ÞINGSETNINGARFUNDUR

laugardaginn 1. okt.

Árið 2005, laugardaginn 1. október, var hundrað þrítugasta og annað löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það hundraðasta og áttunda aðalþing í röðinni en hundrað fertugasta og sjöunda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Valgeir Ástráðsson predikaði og þjónaði fyrir altari ásamt biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
2. Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.
3. Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
4. Árni Magnússon, 11. þm. Reykv. n.
5. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
6. Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.
7. Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.
8. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
9. Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
10. Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.
11. Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
12. Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv. n.
13. Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
14. Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.
15. Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
16. Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
17. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
18. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
19. Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.
20. Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
21. Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.
22. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
23. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
24. Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.
25. Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.
26. Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.
27. Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n.
28. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
29. Helgi Hjörvar, 5. þm. Reykv. n.
30. Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.
31. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.
32. Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.
33. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
34. Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
35. Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.
36. Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
37. Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
38. Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest.
39. Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.
40. Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
41. Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.
42. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
43. Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
44. Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
45. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
46. Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.
47. Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.
48. Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
49. Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.
50. Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.
51. Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.
52. Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.
53. Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
54. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
55. Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
56. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
57. Valdimar L. Friðriksson, 9. þm. Suðvest.
58. Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 8. þm. Suðvest.
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.
61. Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.
62. Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.
63. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Forseti Íslands setur þingið.

[14:12]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Hinn 14. september 2005 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman laugardaginn 1. október 2005.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst klukkan 13.30.

Gjört í Reykjavík, 14. september 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Halldór Ásgrímsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman laugardaginn 1. október 2005."

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir að Alþingi Íslendinga er sett.

Þegar Alþingi kemur saman á ný ber það annan svip en áður. Merkir forustumenn hafa ákveðið að hverfa á braut og taka við nýjum ábyrgðarstörfum; og skipan ríkisstjórnar er einnig breytt.

Það hefur færst í vöxt á síðari árum að alþingismenn sæki á annan vettvang og sjálfsagt fylgir það breyttum tíðaranda að kjörtímabilin marka ekki lengur starfsferil á löggjafarþingi. Ætíð er þó missir að góðum mönnum og vonandi verður það áfram talið virðing og sómi að gegna sem

lengst þeim trúnaði sem þjóðin hefur falið alþingismönnum.

Ég óska Davíð Oddssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni allra heilla í nýjum störfum. Öll eiga þau að baki merkan þingferil og þeir einnig ráðherradóm. Sú reynsla mun tvímælalaust nýtast vel við breyttar skyldur.

Þegar Davíð Oddsson hvarf úr forsæti ríkisstjórnar færði ég honum við þingsetningu þakkir fyrir farsæl störf í þágu þjóðar og samstarf okkar á liðnum árum. Skulu þær þakkir ítrekaðar enn á ný þegar hann víkur af vettvangi þingsins. Ferill hans hefur markað djúp spor í sögu okkar og erfitt mun reynast að fjalla um örlög Íslendinga við aldahvörf án þess að gera þætti fyrrum forsætisráðherra ítarleg skil.

Hin glögga sýn sögunnar beinist ekki síður en kastljós dagsins að verkunum sem hér eru unnin og hollt að hafa í huga að tíminn er hraðfleygur fugl og áríðandi að nýta hann vel. Nú er aðeins einn eftir á þingi úr þeirri vösku sveit sem í salnum var þegar ég kom hér fyrst. Árin hafa svo sannarlega flogið hjá, sagan ein er nú vitnisburður um þingstörf þessara forustumanna.

Alþingi hefur verið meginstoð í þjóðarvitund Íslendinga og löngum notið þess að þjóðin bjó öll við áþekkan veruleika, að viðmið umræðunnar voru öllum ljós, tilvísanir sóttar í sameiginlegan sagnasjóð. Jarðvegur þingsins var sú lýðræðishefð sem Íslendingar áttu allir saman.

Nú bendir hins vegar margt til þess að sú samkennd sé að breytast því lífsreynsla þjóðarinnar er orðin miklu margbrotnari, heildarmyndin ærið flókin og landsmenn sækja í vaxandi mæli efnivið á ólíkar lendur. Áður fyrr fengu allir sömu fréttir, útvarpið var með eina rás, dagblöðin voru í föstum skorðum flokkakerfis. Nú ræður fjölbreytileikinn fréttum dagsins, margar stöðvar keppa um hylli fólksins og flokkarnir eiga ekki lengur á vísan að róa í fjölmiðlunum.

Lýðræðið er í vaxandi mæli vettvangur fólks með ólíka reynslu, mismunandi upplýsingar, fréttir sem berast úr mörgum áttum. Enginn miðill nær lengur til allra.

Nettæknin hefur í auknum mæli fært hverjum og einum tækifæri til að láta í sér heyra; miðlarnir geta í sjálfu sér orðið jafnmargir mannfólkinu. Alþjóðleg áhrif eru daglegt brauð, við sjáum beinar útsendingar á sömu stundu og íbúar í fjarlægum álfum. Áreitið stendur að okkur úr öllum áttum.

Frjálsræði hvers og eins til að velja sér upplýsingar er nú meira en nokkru sinni og forræði valdsmanna á fréttum og umræðuefnum nánast horfið.

Þessi þróun getur á margan hátt orðið lýðræðinu til aukins þroska, fært einstaklingum og almenningi tækifæri til áhrifa og stefnumótunar til jafns við þá sem formlega annast ákvarðanir — en breytingarnar hafa líka fleiri hliðar.

Við sjáum ýmis merki þess að vitundin um sameiginlegan reynslusjóð kunni að dofna, að sameiginlegar minningar þjóðarinnar séu ekki lengur sú undirstaða umræðunnar sem áður var. Brotakenndar tilvísanir sem að okkur streyma á degi hverjum, og rætur eiga í sjálfstæðu vali hvers og eins, geta smátt og smátt dregið úr samstöðu og samkennd sem áður var aðal lítillar þjóðar.

Alheimsvæðing fjölmiðlunar og greiðar götur um netheimana hafa opnað fólki ólíka reynsluheima og er sú þróun ekki aðeins reynsla okkar, hún setur svip á öll Vesturlönd, nánast heiminn allan. Netheimarnir sem veita öllum tækifæri til að láta í sér heyra líkjast helst frumskógi þar sem allt fær að vaxa en ekkert nær þó að marka jarðveginn beinum brautum.

Unga fólkið les nú blöð í minna mæli en áður var og enginn fréttamiðill nýtur lengur hylli heillar þjóðar. Lesendur og áheyrendur eru síbreytilegir minni hlutar.

Lýðræðið mun í tímans rás taka mið af öllu þessu; stofnanir og starfshættir breytast að sama skapi. Þótt Alþingi hafi verið slitið á liðnu vori hafa alþingismenn áfram látið í sér heyra í netheimunum og þjóðin tekið mið af skilaboðum sem henni berast eftir þeim leiðum.

Er tölvan kannski orðin þingmönnum öflugra áhrifatæki en ræðustóllinn hér í salnum? Þarf hinn kjörni fulltrúi ekki lengur á þingfundi að halda til að koma viðhorfum sínum til kjósendanna? Getur rödd eins þingmanns sem berst eftir netslóðum orðið áhrifaríkari en ályktanir þingflokkanna?

Það er erfitt að svara slíku með skýrum hætti eða meta hver áhrifin af öllu þessu kunna að verða, en eitt er víst að viðbrögðin við þessari þróun munu ráða miklu um stöðu þingsins í framtíðinni, um sess þess meðal þjóðarinnar og skipan valds hér innan veggja.

Sú tækni sem nú er orðin almenningseign og margbreytileiki miðlunarinnar sem að okkur berst á hverjum degi hafa brotið vitundarspegil sem áður gaf Alþingi og þjóðinni allri heildarmynd og sú skuggsjá verður aldrei alveg heil á ný.

Í nágrannalöndum hefur verið reynt að kortleggja breytingarnar á lýðræðinu, efna til víðtækra rannsókna á þessari þróun. Á vettvangi Norðurlanda hefur sú greining verið talin brýn. Við Íslendingar deilum þessari reynslu með öðrum og því mikilvægt að fylgjast vel með umræðum og viðbrögðum í sem flestum löndum. Við getum í senn lært og miðlað í þessum efnum.

Ég óska þingmönnum heilla á komandi vetri og beini um leið árnaðaróskum til ráðherra sem nú hafa axlað nýja ábyrgð. Ég bið þingheim allan að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, 7. þm. Reykv. n., að ganga til forsetastóls.

Ávarp aldursforseta.

[14:23]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá von að störf Alþingis, 132. löggjafarþings, sem er að hefjast, verði landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það eins og endranær.

Minning Bergs Sigurbjörnssonar og Steinþórs Geststssonar.

[14:24]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Tveir fyrrverandi alþingismenn hafa andast frá lokum þingfunda síðasta Alþingis. Bergur Sigurbjörnsson viðskiptafræðingur, síðast framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, andaðist 28. júlí, áttatíu og átta ára að aldri. Steinþór Gestsson, bóndi á Hæli í Gnúpverjahreppi, andaðist 4. september, níutíu og tveggja ára að aldri.

Bergur Sigurbjörnsson var fæddur í Heiðarhöfn á Langanesi 20. maí 1917. Foreldrar hans voru hjónin Sigurbjörn Ólason bóndi, lengst af í Staðarseli á Langanesi, og Guðný Soffía Hallsdóttir húsfreyja. Hann lauk námi í Héraðsskólanum á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu árið 1934, stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1939 og viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands 1943. Eftir það stundaði hann nám í hagfræði við Stokkhólmsháskóla árin 1946–1948. Með námi og að loknu viðskiptafræðiprófi stundaði hann skrifstofustörf í Landsbanka Íslands 1941 og í Olíuverslun Íslands 1942–1946. Árin 1948–1954 vann hann hagfræðistörf hjá fjárhagsráði. Hann stundaði hagfræðileg einkastörf 1956–1961, meðal annars í þágu Stéttarsambands bænda. Starfsmaður í Útvegsbankanum var hann 1961–1965, framkvæmdastjóri kjararannsóknarnefndar 1965–1968, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi 1968–1971 og aftur 1975–1982, sat þá á Egilsstöðum. Framkvæmdastjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins í Reykjavík var hann 1972–1974.

Við alþingiskosningar 1953 var hann í kjöri í Reykjavík fyrir Þjóðvarnarflokk Íslands og hlaut sæti landskjörins þingmanns kjörtímabilið 1953–1956. Síðar hlaut hann sæti varaþingmanns í Reykjavíkurkjördæmi fyrir Alþýðubandalagið og tók sæti skamma stund á Alþingi vorið 1964 og aftur vorið 1965, sat á fimm þingum alls.

Bergur Sigurbjörnsson var skipaður í nefnd til að semja frumvarp um Framkvæmdastofnun ríkisins 1971 og kosinn í stjórn Viðlagasjóðs 1973. Hann var meðritstjóri Frjálsrar þjóðar, málgagns Þjóðvarnarflokksins, 1952–1954 og var síðan öðru hverju ritstjóri blaðsins til 1968.

Bergur Sigurbjörnsson var ungur að árum áhugasamur um stjórnmál. Hann valdist til forustu í samtökum ungra framsóknarmanna. Sumarið 1951 fór hann hins vegar í framboð utan flokka við aukakosningu alþingismanns í Mýrasýslu. Árið 1953 var hann einn af stofnendum nýs stjórnmálaflokks, Þjóðvarnarflokks Íslands, og kjörinn til setu á Alþingi. Hann var mikilvirkur í störfum flokksins, vel ritfær og reyndist ötull málsvari hans í ræðu og riti.

Bergur Sigurbjörnsson nam viðskiptafræði og hagfræði. Sú menntun nýttist honum vel til starfa hjá ýmsum stofnunum í fjóra áratugi. Síðast og lengst vann hann fyrir samtök sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Hann var félagslyndur, hugkvæmur og starfsamur, fullur áhuga á framförum í kjördæminu.

Steinþór Gestsson var fæddur á Hæli í Gnúpverjahreppi 31. maí 1913. Foreldrar hans voru hjónin Gestur Einarsson bóndi þar og Margrét Gísladóttir húsmóðir og bóndi eftir lát eiginmanns síns árið 1918. Hann lauk gagnfræðaprófi frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1933 eftir eins vetrar nám í skólanum. Lauk þar skólaferli hans. Hann fór heim að Hæli til aðstoðar móður sinni við búskapinn. Bóndi á Hæli var hann síðan frá 1937–1974 og þar átti hann heima alla ævi. Þegar hann lét af búskap var hann orðinn alþingismaður fyrir nokkrum árum. Árið 1967 var hann í kjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Suðurlandskjördæmi, hlaut kosningu og sat á Alþingi á árunum 1967–1978 og 1979–1983. Hann tók þrisvar varamannssæti á Alþingi, á árunum 1964, 1978 og 1979, sat á 19 þingum alls. Hann var 2. varaforseti sameinaðs Alþingis 1980–1983.

Steinþór Gestsson átti frumkvæði skólaveturinn 1932–1933 að því að stofna söngkvartett skipaðan fjórum nemendum skólans, MA-kvartettinn, sem skemmti með söng í átta ár við miklar vinsældir. Heima í héraði hlóðust á hann ýmis störf, allmiklu fleiri en hér verða talin. Hann var í hreppsnefnd Gnúpverjahrepps 1938–1974, oddviti 1946–1974, og í sýslunefnd Árnessýslu 1946–1970 og 1974–1978. Formaður Landssambands hestamannafélaga var hann 1951–1963. Hann var í Þingvallanefnd 1970–1979 og 1980–1984 og formaður byggingarnefndar þjóðveldisbæjar 1974. Í stjórn Búnaðarfélags Íslands var hann 1979–1991 og í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins 1981–1986, formaður stjórnarinnar frá 1983.

Á stuttum námsferli Steinþórs Geststssonar í skóla komu frábærar námsgáfur hans í ljós en hlutskipti hans var að verða bóndi á föðurleifð sinni og þar naut hann sín vel. Þar fékk hann ráðrúm fyrir fjölþætt áhugamál sín, meðal annars tónlist, leiklist og hestamennsku. Öllum þeim trúnaðarstörfum sem honum voru falin sinnti hann af trúmennsku, hógværð og samviskusemi. Á efri árum samdi hann rit og blaðagreinar, meðal annars um sunnlenskar byggðir, landssamtök hestamanna, MA-kvartettinn og ættir og athafnir Hælsbænda. Á Alþingi sem annars staðar ávann hann sér traust fyrir réttsýni og drenglyndi. Heima á Hæli stóð hann fyrir alkunnu rausnarbúi.

Ég bið háttvirtan þingheim að minnast Bergs Sigurbjörnssonar og Steinþórs Geststssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Afsal þingmennsku.

[14:33]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Borist hafa þrjú bréf um afsal þingmennsku.

Hið fyrsta er frá 3. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, Bryndísi Hlöðversdóttur, dagsett 26. júlí sl. og hljóðar svo:

„Þar sem ég hef verið ráðin deildarforseti lagadeildar Viðskiptaháskólans á Bifröst afsala ég mér þingmennsku frá og með 1. ágúst 2005.

Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.“

Annað bréfið er frá Guðmundi Árna Stefánssyni, 2. þm. Suðvesturkjördæmis, dagsett 30. ágúst sl. þar sem m.a. segir svo:

„Þar sem ég hef verið skipaður sendiherra í utanríkisþjónustunni frá og með 1. september 2005 afsala ég mér þingmennsku frá sama tíma. Ég þakka alþingismönnum

góða samvinnu og samveru þau tólf ár sem ég hef átt sæti á Alþingi Íslendinga.

Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf frá 1. varaþingmanni Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, Ásgeiri Friðgeirssyni, dagsett 30. ágúst sl.:

„Hér með segi ég af mér sem varaþingmaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. Ég mun því ekki taka sæti á Alþingi við þingmennskuafsal Guðmundar Árna Stefánssonar, 2. þm. Suðvest.

Virðingarfyllst,
Ásgeir Friðgeirsson,
1. varaþingmaður Samfylkingarinnar
í Suðvesturkjördæmi."

Þriðja bréfið er frá Davíð Oddssyni, 2. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, dagsett 27. september sl. og hljóðar svo:

„Þar sem ég hef ákveðið að draga mig út úr stjórnmálastörfum og ganga til annarra verkefna afsala ég mér þingsæti mínu frá og með 1. október nk. Þakka ég gott og ánægjulegt samstarf á vettvangi þingsins við samherja, samstarfsmenn og andstæðinga sem og við starfsfólk Alþingis. Sérstaklega minnist ég með ánægju vináttu og viðskipta við forseta Alþingis sjálfan og fyrirrennara hans á þessum tíma.

Virðingarfyllst,
Davíð Oddsson."

Ég býð hina þrjá nýju þingmenn, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Valdimar L. Friðriksson og Ástu Möller, velkomna til starfa á Alþingi. Jafnframt færi ég fráfarandi þingmönnum, Bryndísi Hlöðversdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni og Davíð Oddssyni, þakkir fyrir störf þeirra á Alþingi.

Enn fremur vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka Davíð Oddssyni, fyrrverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra, fyrir langt og farsælt starf hans í þágu þings og þjóðar. Enginn hefur lengur gegnt samfellt forustu í ríkisstjórn á lýðveldistímanum en hann. Hann hefur sett mikinn svip á störf Alþingis og þjóðfélagið allt. Við kveðjum hann og aðra alþingismenn sem hverfa nú af þingi með óskum um velfarnað á nýjum vettvangi. Ég óska þeim og fjölskyldum þeirra allra heilla á komandi árum.

Varamenn taka þingsæti.

[14:37]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Þá hafa borist tvö bréf um forföll þingmanna. Hið fyrra er frá Gunnari Birgissyni, 3. þm. Suðvesturkjördæmis, dagsett 26. september sl. og hljóðar svo:

„Þar sem ég hef verið ráðinn bæjarstjóri í Kópavogi til loka yfirstandandi kjörtímabils sveitarstjórnar get ég ekki vegna anna í því starfi tekið sæti á 132. löggjafarþingi sem verður sett 1. október nk. Ég óska þess vegna eftir leyfi frá þingstörfum án launa frá þingsetningardegi til 1. júní á næsta ári og að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, Sigurrós Þorgrímsdóttir stjórnmálafræðingur, Kópavogi, taki sæti mitt á Alþingi þann tíma.

Virðingarfyllst,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest."

Samkvæmt bréfi þessu liggur fyrir að Sigurrós Þorgrímsdóttir mun sitja allt þetta þing eins og starfsáætlun þess er úr garði gerð. Ég býð hana velkomna til þingstarfa í vetur.

Síðara bréfið er frá Þuríði Backman, 10. þm. Norðaust., dagsett 28. september sl., og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í erindum Alþingis og get ekki verið viðstödd þingsetningu, né heldur sótt þingfundi nokkra daga, óska ég eftir því, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðausturkjördæmi, Hlynur Hallsson myndlistarmaður, Akureyri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust."

Kosning forseta.

[14:40]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Mér hefur borist ein tilnefning, um 5. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, Sólveigu Pétursdóttur. Eru aðrar tilnefningar?

Aðrar tilnefningar hafa ekki borist. Sólveig Pétursdóttir er því ein í kjöri. Þar sem aðeins einn er í kjöri fer kosningin fram með atkvæðagreiðslukerfinu eins og á undangengnum þingum ef ekki eru um það athugasemdir. Kosningin er leynileg. Töflurnar á veggjum munu aðeins sýna hverjir hafa greitt atkvæði en ekki hvernig þeir greiddu atkvæði og sama gildir um geymsluminni tölvunnar. Þeir sem kjósa Sólveigu Pétursdóttur ýti á já-hnappinn en þeir sem skila auðu ýti á hnappinn sem merktur er: Greiðir ekki atkvæði. Gult ljós kviknar við miðhnappinn þegar atkvæði hefur verið greitt, sama á hvorn hnappinn er ýtt, og eins kviknar aðeins gult ljós á veggtöflunni.

[Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Sólveig Pétursdóttir,** 5. þm. Reykv. s., hlaut 46 atkvæði, 12 þingmenn greiddu ekki atkvæði.]

[14:41]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Samkvæmt þessu er Sólveig Pétursdóttir, hv. 5. þm. Reykv. s., rétt kjörin forseti Alþingis. Ég óska henni til hamingju með kosninguna og allra heilla í þessu mikilvæga og vandasama starfi og bið hana að taka við fundarstjórn.

Ávarp forseta.

[14:42]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Háttvirtir alþingismenn. Ég þakka hæstvirtum starfsaldursforseta, Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra, þau hlýju orð sem hann mælti í minn garð. Ég þakka einnig háttvirtum alþingismönnum það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig forseta Alþingis; ég met það mikils. Ég á þá von heitasta á þessari stundu að góð samvinna og sáttfýsi ríki um stjórn þingsins jafnvel þótt tekist verði á um mál sem fyrir Alþingi verða lögð á þeim vetri sem í hönd fer. Við þetta tækifæri vil ég færa fráfarandi forseta Alþingis, Halldóri Blöndal, hv. 2. þm. Norðaust., þakkir fyrir störf hans á þeim rúmlega sex árum sem hann hefur gegnt forsetaembættinu á Alþingi. Í embættistíð Halldórs Blöndals hafa orðið mikil umskipti í húsnæðismálum Alþingis. Vestan við Alþingishúsið er risin nýbygging og á þinghúsinu sjálfu hafa verið gerðar gagngerar endurbætur á síðastliðnum þremur árum. Var verkalokum fagnað fyrir stuttu. Það er sérstaklega ánægjulegt að nú hafa aðgengismál fatlaðra verið leyst á viðunandi hátt og til frambúðar í þinghúsinu. Eftir er þá utanhússviðgerð að hluta, svo og endurnýjun loftræstikerfis, og raunar eitthvað smálegt að auki, en mikið er af og vil ég færa forvera mínum þakkir fyrir ötula forustu um þessi verk. Það verður svo hlutverk nýrrar forsætisnefndar að halda áfram uppbyggingarstarfi á Alþingisreitnum.

Eins og fram kom í máli starfsaldursforseta áðan verða allnokkrar breytingar á skipan Alþingis, nú þegar það kemur saman á ný. Þrír alþingismenn hverfa af þingi. Allir skilja þeir eftir góða minningu um samstarf við þá undanfarin ár. Við alþingismenn óskum þeim allra heilla. Einn þeirra er formaður Sjálfstæðisflokksins, Davíð Oddsson, sem hefur átt sæti hér á Alþingi um 14 ára skeið, lengst af sem forsætisráðherra og forustumaður þingmeirihlutans. Persónulega þakka ég honum fyrir gott samstarf sem við höfum átt, bæði hér á Alþingi og í ríkisstjórn. Um það verður varla deilt að nú kveður Alþingi afar áhrifamikill stjórnmálamaður. Hann hefur stjórnað þjóðarskútunni lengur en aðrir og það á miklu breytingaskeiði í íslensku samfélagi. Ég óska honum velfarnaðar í nýju og ábyrgðarmiklu starfi og honum og fjölskyldu hans alls hins besta á komandi árum.

Þingsetning í dag hefur farið fram samkvæmt hefð og venju. Svo hefur verið síðan hið endurreista Alþingi hóf að starfa í Reykjavík í júlí 1845. Athöfnin er að sönnu látlaus og virðuleg.

Margt hefur breyst á þessum 160 árum. Þá komu saman 25 alþingismenn, allir af sama kyni. 70 ár liðu þar til konur hlutu kosningarrétt, árið 1915, og við fögnuðum einmitt 90 ára afmæli þeirrar réttarbótar í sumar. Og nú er komin á vegg hér í Alþingishúsinu mynd af fyrstu konunni sem tók sæti á Alþingi, hinn 15. febrúar 1923, Ingibjörgu H. Bjarnason. Hlutur kvenna í þingliði var þó furðulega lítill fram yfir 1980. Þó að hlutfall kvenna í þingsal sé nú réttur þriðjungur, og með því hæsta sem gerist í þjóðþingum, má að mínum dómi gera enn betur.

Alþingi er í senn æðsta og elsta stofnun þjóðarinnar. Saga þess er bundin Þingvöllum órjúfanlegum böndum. Á mikilvægum stundum í lífi þjóðarinnar hefur Alþingi komið saman á Þingvöllum. Ég tel að það sé brýnt að treysta böndin milli Alþingis og Þingvalla. Alþingi á að hafa hús eða aðstöðu á Þingvöllum til þess að geta tekið á móti gestum þingsins og til þess að halda smærri fundi til hátíðabrigða. Þannig mætti minna oftar og meira á hina löngu og einstæðu sögu Alþingis sem við erum svo stolt af.

Starfshættir Alþingis eru sífellt umhugsunarefni þeirra sem stjórna hér málum. Um það getur enginn farið í grafgötur að margt má bæta og mörgu breyta í því efni. Ég vil lýsa vilja mínum til þess að eiga samvinnu við alla þingflokka um breytingar á þingsköpum með það að leiðarljósi að færa vinnubrögð okkar nær því sem tíðkast í samtímanum og svara þeirri gagnrýni á störf okkar sem er borin fram með rökum og af velvilja og heilindum. Mikilvægt er þó að þingflokkarnir móti hugmyndir sínar fyrst svo að skýrt komi fram hverju menn vilja breyta. Venja er fyrir því að reyna að ná samkomulagi og sem breiðastri samstöðu meðal þingmanna um slíkar breytingar. Fyrir um þremur til fjórum áratugum varð þingmennska að aðalstarfi, en svo hafði ekki verið áður fyrr, heldur var þingseta aukastarf kjörinna fulltrúa af öðrum sviðum þjóðlífsins. Starfsaðstaða og starfskjör alþingismanna hafa einnig batnað að miklum mun á þessum tíma. Samt sem áður hefur umgjörð þinghaldsins ekki breyst mikið. Þannig hefur t.d. starfstími þingsins verið hinn sami frá stríðslokum og er nokkru skemmri hér en í nálægum löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Þar skeikar um 4 til 8 vikur.

Þótt mikilvægt sé fyrir stofnun eins og Alþingi að halda fast í hefðir og venjur verður þingið eigi að síður að laga sig að tíðaranda og þjóðlífsbreytingum hverju sinni. Hugmyndir um breytingar í þessum efnum eru ekki nýjar af nálinni, en eru jafngóðar fyrir því, og vert að kanna þær nánar. Við skulum þó hafa í huga að það er eðli þessa starfs að þingmenn verða stundum að leggja á sig langar fundasetur, fram á kvöld og nótt, þegar nauðsyn kallar á, og hætt er við því að svo verði oftar en ella meðan ræðutími þingmanna er ótakmarkaður. Þingfundadagar eru hér á Alþingi nálega jafnmargir og annars staðar á Norðurlöndum, þingfundir jafnlangir í klukkustundum mældir og álíka mörg lagafrumvörp eru afgreidd. Hér, hins vegar, ríkir með öðrum orðum meiri vertíðarstemmning en hjá frændum okkar.

Alþjóðlegt samstarf hefur aukist mikið á undanförnum árum eins og flestum er kunnugt. Þessi breyting hefur náð til Alþingis eins og margra annarra stofnana samfélagsins. Alþingi hefur regluleg samskipti við mörg erlend þjóðþing, og þingið er þátttakandi í margvíslegum alþjóðlegum þingmannasamtökum. Margir þingmenn verja því drjúgum tíma til starfa á alþjóðlegum vettvangi. Ég fagna þessari þróun og tel að alþingismenn eigi þar mikinn þátt í að koma íslenskum sjónarmiðum á framfæri, og veiti jafnframt stjórnmálamönnum færi á að víkka sjóndeildarhring sinn og safna nýrri reynslu sem kemur þeim til góða við störf á Alþingi. Nýlega var haldinn í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York alþjóðlegur fundur forseta þjóðþinga til þess m.a. að ræða um hlutverk þinganna í alþjóðlegu samstarfi. Það er ljóst af niðurstöðum þess fundar að alþjóðlegt starf þingmanna mun aukast á næstu árum og við verðum að ætla því þann sess í þingstarfinu sem því ber.

Það skiptir Alþingi og alþingismenn miklu máli að viðhorf landsmanna til þingsins og stjórnmálamanna sé jákvætt, byggt á þekkingu og heilbrigðum væntingum. Alþingi á að leggja sitt af mörkum til að bæta hér um. Vissulega hefur margt ágætt verið gert, hingað í Alþingishúsið koma árlega þúsundir skólanema og annarra gesta og margvíslegt upplýsingarefni er gefið út. Laugardaginn 23. september síðastliðinn komu t.d. hingað í Alþingishúsið rösklega 2.500 manns á fimm tímum til þess að sjá endurbæturnar á húsinu. Þetta sýnir áhuga almennings, og þeim sem tóku á móti þessu fólki ber saman um að ánægju og góðan hug hafi mátt lesa úr nær hverju andliti. En ég hygg að betur megi gera. Til þess höfum við sífellt öflugri samskiptatæki. Við þurfum að gera aðgang almennings að skjölum og gögnum þingsins á vef þess auðveldari, við eigum að opna Alþingishúsið oftar og bjóða þannig til samfunda og samtala við þingmenn hér og ég tel að Alþingi, í samvinnu við fræðsluyfirvöld, eigi að beita sér fyrir sérstakri fræðslu meðal skólanema um löggjafarstörf, og efla þannig skilning og þekkingu þeirra á stjórnskipulagi okkar, starfsháttum Alþingis og lýðræðislegum vinnubrögðum. Ég heiti á stuðning ykkar til þess. Almenn þátttaka í stjórnmálum og almenn þátttaka í kosningum er vitaskuld undirstaða lýðræðis í landinu. Þann almenna áhuga, sem við á Íslandi búum við, megum við ekki missa niður á það stig sem er víða annars staðar.

Ég endurtek svo þakkir mínar til þingheims fyrir að fela mér að gegna forsetaembættinu. Það er ásetningur minn að eiga gott samstarf við alla háttvirta þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa.

Fundi frestað kl. 14:54.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

mánudaginn 3. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
2. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.
   a. Allsherjarnefnd, 9 manna.
   b. Efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna.
   c. Félagsmálanefnd, 9 manna.
   d. Fjárlaganefnd, 11 manna.
   e. Heilbrigðis- og trygginganefnd, 9 manna.
   f. Iðnaðarnefnd, 9 manna.
   g. Landbúnaðarnefnd, 9 manna.
   h. Menntamálanefnd, 9 manna.
   i. Samgöngunefnd, 9 manna.
   j. Sjávarútvegsnefnd, 9 manna.
   k. Umhverfisnefnd, 9 manna.
   l. Utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
3. Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.
   a. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
   b. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   c. Íslandsdeild NATO-þingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   d. Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, 3 manna og 3 varamanna.
   e. Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
   f. Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA, 5 manna og 5 varamanna.
   g. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, 6 manna og 6 varamanna.
   h. Íslandsdeild Norðurlandaráðs, 7 manna og 7 varamanna.
   i. Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál, 3 manna og 3 varamanna.
4. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fjarvistarleyfi:

Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.

[15:01]

Útbýting:

Fjárlög 2006, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 3. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 3.

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

1. varaforseti: Rannveig Guðmundsdóttir (B),
2. varaforseti: Jónína Bjartmarz (A),
3. varaforseti: Birgir Ármannsson (A),
4. varaforseti: Jóhanna Sigurðardóttir (B),
5. varaforseti: Þuríður Backman (B),
6. varaforseti: Drífa Hjartardóttir (A).

[15:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforsetana um fundarstörfin og önnur verkefni forsætisnefndar.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu fastanefnda komu fram hverju sinni þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

Allsherjarnefnd:
Bjarni Benediktsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Birgir Ármannsson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Sigurjón Þórðarson (C),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B).

Efnahags- og viðskiptanefnd:
Pétur H. Blöndal (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B),
Dagný Jónsdóttir (A),
Birgir Ármannsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Ásta Möller (A),
Ögmundur Jónasson (C),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (B).

Félagsmálanefnd:
Guðjón Hjörleifsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Magnús Þór Hafsteinsson (C),
Birkir J. Jónsson (A),
Valdimar L. Friðriksson (B).

Fjárlaganefnd:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Magnús Stefánsson (A),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Helgi Hjörvar (B),
Bjarni Benediktsson (A),
Jón Bjarnason (C),
Birkir J. Jónsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Guðmundur Hallvarðsson (A).

Heilbrigðis- og tryggingnefnd:
Ásta Möller (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Pétur H. Blöndal (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Gunnar Örlygsson (A),
Þuríður Backman (C),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B).

Iðnaðarnefnd:
Kjartan Ólafsson (A),
Helgi Hjörvar (B),
Birkir J. Jónsson (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Sigurjón Þórðarson (C),
Gunnar Örlygsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (B).

Landbúnaðarnefnd:
Drífa Hjartardóttir (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B),
Magnús Stefánsson (A),
Gunnar Örlygsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Jón Bjarnason (C),
Dagný Jónsdóttir (A),
Valdimar L. Friðriksson (B).

Menntamálanefnd:
Sigurrós Þorgrímsdóttir (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Dagný Jónsdóttir (A),
Kjartan Ólafsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (C),
Hjálmar Árnason (A),
Mörður Árnason (B).

Samgöngunefnd:
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Guðjón Hjörleifsson (A),
Kristján L. Möller (B),
Sigurrós Þorgrímsdóttir (A),
Guðjón A. Kristjánsson (C),
Magnús Stefánsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B).

Sjávarútvegsnefnd:
Guðjón Hjörleifsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Jón Gunnarsson (B),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Magnús Þór Hafsteinsson (C),
Hjálmar Árnason (A),
Kristján L. Möller (B).

Umhverfisnefnd:
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Ásta Möller (A),
Mörður Árnason (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (C),
Sigurrós Þorgrímsdóttir (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B).

Utanríkismálanefnd:
Aðalmenn:
Halldór Blöndal (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Drífa Hjartardóttir (A),
Jón Gunnarsson (B),
Bjarni Benediktsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (C),
Jónína Bjartmarz (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B).

Varamenn:
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Sigurrós Þorgrímsdóttir (A),
Guðjón A. Kristjánsson (C),
Dagný Jónsdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B).

Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.

Við kosningu alþjóðanefnda komu fram hverju sinni listar (ýmist tveir eða þrír) með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins:
Aðalmenn:
Ásta Möller (A),
Kristján L. Möller (B),
Hjálmar Árnason (A).

Varamenn:
Bjarni Benediktsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Magnús Stefánsson (A).

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins:
Aðalmenn:
Birgir Ármannsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Siv Friðleifsdóttir (A).

Varamenn:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Birkir J. Jónsson (A).

Íslandsdeild NATO-þingsins:
Aðalmenn:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Magnús Stefánsson (A).

Varamenn:
Kjartan Ólafsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Dagný Jónsdóttir (A).

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:
Aðalmenn:
Pétur H. Blöndal (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Dagný Jónsdóttir (A).

Varamenn:
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Hjálmar Árnason (A).

Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins:
Aðalmenn:
Guðjón Hjörleifsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Gunnar Örlygsson (A).

Varamenn:
Kjartan Ólafsson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A).

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA:
Aðalmenn:
Bjarni Benediktsson (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A).

Varamenn:
Birgir Ármannsson (A),
Jón Gunnarsson (B),
Birkir J. Jónsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Sigurður Kári Kristjánsson (A).

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:
Aðalmenn:
Halldór Blöndal (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Sigurrós Þorgrímsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Sigurjón Þórðarson (C).

Varamenn:
Pétur H. Blöndal (A),
Helgi Hjörvar (B),
Magnús Stefánsson (A),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Magnús Þór Hafsteinsson (C).

Íslandsdeild Norðurlandaráðs:
Aðalmenn:
Drífa Hjartardóttir (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (C).

Varamenn:
Ásta Möller (A),
Katrín Júlíusdóttir (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Bjarni Benediktsson (A),
Mörður Árnason (B),
Sigurrós Þorgrímsdóttir (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (C).

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál:
Aðalmenn:
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Magnús Stefánsson (A).

Varamenn:
Drífa Hjartardóttir (A),
Valdimar L. Friðriksson (B),
Dagný Jónsdóttir (A).

Mannabreytingar í kjörbréfanefnd.

[15:16]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur óskað eftir að gera eftirfarandi breytingar á skipan þingmanna flokksins í kjörbréfanefnd, sbr. 16. gr. þingskapa: Arnbjörg Sveinsdóttir taki sæti Einars K. Guðfinnssonar, Birgir Ármannsson taki sæti Sigríðar A. Þórðardóttur og Bjarni Benediktsson taki sæti Sólveigar Pétursdóttur.

Ef ekki eru athugasemdir verður áðurgreind breyting á skipan kjörbréfanefndar.

Afbrigði um dagskrármál.

[15:17]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Leita þarf afbrigða frá þingsköpum þar sem samkomulag er milli þingflokka um annan ræðutíma í umræðunni um stefnuræðu forsætisráðherra nk. þriðjudagskvöld en kveðið er á um í 2. mgr. 73. gr. þingskapa, þ.e. að umferðir verði þrjár, 12 mínútur, 6 mínútur og 5 mínútur en forsætisráðherra hafi 20 mínútur til framsögu.

Skoðast afbrigðin samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

Enn fremur þarf að leita afbrigða frá þingsköpum, þ.e. lokamálsgreinar 3. gr. þingskapa, um hvernig hluta skal um sæti þingmanna þannig að hv. þm. Helgi Hjörvar geti fengið sæti sem hentar fyrir þann búnað sem hann þarf að hafa í þingsalnum meðan þingfundur stendur. Þetta er sæti 32 fyrir hv. þm. Helga Hjörvar.

Þá hefur orðið samkomulag milli forseta og formanna þingflokka að leggja til að tekin verði frá sæti næst inngangi í salnum fyrir formennina, en þeir dragi innbyrðis um þessi sæti.

Skoðast þessi afbrigði samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:

1. sæti er sæti forseta.
2. sæti er sæti varamanns.
3. sæti hlaut Björgvin G. Sigurðsson.
4. sæti hlaut Sigurður Kári Kristjánsson.
5. sæti hlaut Guðjón Hjörleifsson.
6. sæti hlaut Þuríður Backman.
7. sæti hlaut Guðlaugur Þór Þórðarson.
8. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
9. sæti hlaut Katrín Júlíusdóttir.
10. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
11. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
12. sæti hlaut Einar Már Sigurðarson.
13. sæti hlaut Kristján L. Möller.
14. sæti hlaut Guðjón A. Kristjánsson.
15. sæti hlaut Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
16. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
17. sæti hlaut Jóhann Ársælsson.
18. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
19. sæti hlaut Drífa Hjartardóttir.
20. sæti hlaut Ágúst Ólafur Ágústsson.
21. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
22. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
23. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
24. sæti hlaut Gunnar Örlygsson.
25. sæti hlaut Anna Kristín Gunnarsdóttir.

26. sæti hlaut Magnús Stefánsson.
27. sæti hlaut Valdimar L. Friðriksson.
28. sæti hlaut Jón Bjarnason.
29. sæti hlaut Þórunn Sveinbjarnardóttir.
30. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
31. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir.
32. sæti hlaut Helgi Hjörvar.
33. sæti hlaut Mörður Árnason.
34. sæti hlaut Birkir J. Jónsson.
35. sæti hlaut Bjarni Benediktsson.
36. sæti er sæti varamanns.
37. sæti hlaut Jón Gunnarsson.
38. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
39. sæti hlaut Kolbrún Halldórsdóttir.
40. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
41. sæti hlaut Birgir Ármannsson.
42. sæti hlaut Dagný Jónsdóttir.
43. sæti hlaut Siv Friðleifsdóttir.
44. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
45. sæti hlaut Magnús Þór Hafsteinsson.
46. sæti hlaut Ásta Möller.
47. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
48. sæti hlaut Halldór Blöndal.
49. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
50. sæti hlaut Kjartan Ólafsson.
51. sæti er sæti varamanns.
52. sæti hlaut Jónína Bjartmarz.
53. sæti hlaut Guðrún Ögmundsdóttir.
54. sæti hlaut Gunnar Birgisson.
55. sæti hlaut Sigurjón Þórðarson.
56. sæti er sæti varamanns.
57. sæti er sæti varamanns.
58. sæti er sæti menntamálaráðherra.
59. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.
60. sæti er sæti samgönguráðherra.
61. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármálaráðherra.
65. sæti er sæti landbúnaðarráðherra.
66. sæti er sæti viðskiptaráðherra.
67. sæti er sæti félagsmálaráðherra.
68. sæti er sæti umhverfisráðherra.
69. sæti er sæti sjávarútvegsráðherra.

Fundi slitið kl. 15:31.

---

2. FUNDUR

þriðjudaginn 4. okt.,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

Fjarvistarleyfi:
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

[19:52]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Gengið er til dagskrár og tekið fyrir eina dagskrármálið, stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana sem verður útvarpað og sjónvarpað héðan úr Alþingishúsinu. Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Forsætisráðherra hefur 20 mínútur til framsögu en aðrir þingflokkar en þingflokkur forsætisráðherra hafa 12 mínútur í fyrstu umferð, í annarri umferð hafa þingflokkarnir 6 mínútur en í þeirri þriðju 5 mínútur hver þingflokkur. Röð flokkanna er í öllum umferðum þessi:

Framsóknarflokkur, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn.

Fyrir Framsóknarflokk tala Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í fyrstu umferð, í annarri Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og í þriðju umferð Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurkjördæmis.

Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvesturkjördæmis, í annarri og Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Sjálfstæðisflokk verða Geir H. Haarde utanríkisráðherra í fyrstu umferð, Ásta Möller, 10. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, í annarri umferð og Halldór Blöndal, 2. þm. Norðausturkjördæmis, í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðausturkjördæmis, í fyrstu umferð, í annarri Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, og í þriðju umferð Hlynur Hallsson, 10. þm. Norðausturkjördæmis.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvesturkjördæmis, Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvesturkjördæmis, í annarri umferð, en í þriðju umferð Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurkjördæmis.

[19:52]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Góðir Íslendingar.

Ef brýnir þú plóg og strengir stög
og stendur í vinnuher
þá verði þar jafnan lífs þíns lög,
sem land þitt og tunga er.
Þá finnur þú Íslands æðaslög
hið innra með sjálfum þér.

Þannig kvað alþýðuskáldið Guðmundur Ingi Kristjánsson frá Kirkjubóli og lýsti þar íslenskri þjóðarsál betur en flestir hafa gert; þjóðarsál sem frá örófi alda hefur staðið saman — oft í snörpum stormum sinnar tíðar; þjóðarsál sem neitar að láta fámennið stöðva sig en leggur þess í stað áherslu á stöðu okkar meðal þjóða og einblínir á styrkleika okkar fremur en veikleika.

Við Íslendingar erum gæfusöm þjóð. Samkvæmt nýrri lífskjarakönnun Sameinuðu þjóðanna er Ísland næstbesta landið í heiminum að búa í. Fyrir réttum áratug var staðan önnur og Ísland mun neðar á þeim lista. Þetta er ekki aðeins skoðun ríkisstjórnarinnar heldur virtra alþjóðaefnahagsstofnana og fyrirtækja. Hagvöxtur hefur verið meiri en í nálægum löndum. Atvinnuleysi er hvergi minna. Kaupmáttur heimilanna hefur einnig aukist meira hér en í nokkru nálægu landi. Það endurspeglar þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir, auk launahækkana. Þegar Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hófu ríkisstjórnarsamstarf sitt að loknum alþingiskosningum árið 1995 var staðan allt önnur. Fyrirtæki börðust í bökkum og gjaldþrot voru nær daglegt brauð. Atvinnuleysi var viðvarandi og kaupmáttur heimilanna rýrnaði ár frá ári. Ríkissjóður var rekinn með halla og innlendar og erlendar skuldir hans fóru vaxandi.

Með gjörbreyttri efnahagsstefnu og markvissum aðgerðum hefur tekist að snúa blaðinu við. Ríkissjóður hefur árum saman verið rekinn með umtalsverðum afgangi og skuldir ríkisins nánast greiddar upp þegar tillit er tekið til gjaldeyriseignar hjá Seðlabanka Íslands. Íslensk fyrirtæki hafa margeflst að burðum og eru nú mörg hver umsvifamikil á erlendum vettvangi.

Með hliðsjón af þessari hagstæðu, og ég vil leyfa mér að segja einstæðu, þróun er oft furðulegt að fylgjast með umræðum um efnahagsmál hér á landi. Stundum mætti halda að hér væri allt í kaldakoli og að varla stæði steinn yfir steini. Það þarf ekki nema að líta rétt út fyrir landsteinana til að sjá hvað við stöndum vel að vígi. Flest lönd Evrópu hafa um langt árabil háð oft og tíðum vonlausa baráttu við gífurlegt atvinnuleysi sem hefur jafnvel farið yfir 10%, til dæmis í Frakklandi og Þýskalandi. Ekki þarf að fjölyrða um afleiðingar slíks langtímaatvinnuleysis, bæði efnahagslegar og ekki síður félagslegar. Kaupmátturinn hefur ýmist staðið í stað eða minnkað. Hvað mundu menn segja ef við værum í þeim sporum! Af hálfu ríkisstjórnarinnar er lögð megináhersla á að viðhalda stöðugleika efnahagslífsins með áframhaldandi aðhaldi í ríkisfjármálum árið 2006, þriðja árið í röð. Það hefur skilað sparnaði í almennum rekstri. Jafnframt hefur verið dregið úr framkvæmdum og mun sú stefna ríkja á næsta ári þegar stóriðjuframkvæmdir verða enn miklar.

Fyrir dyrum stendur tugmilljarða uppgreiðsla erlendra skulda ríkissjóðs sem er möguleg vegna sölu Símans. Afgangurinn verður að mestu notaður eða ávaxtaður í Seðlabanka Íslands þar til honum verður ráðstafað frá og með árinu 2007. Þetta skilar ríkissjóði umtalsverðum vaxtatekjum og kemur í veg fyrir þensluáhrif á sama tíma og stóriðjuframkvæmdirnar eru í hámarki. Í þessu ljósi sætir nokkurri furðu gagnrýni um að aðhald ríkisfjármála hafi ekki verið nægilega mikið. Það liggur fyrir að frá árinu 2003 hefur aðhaldsstig ríkisfjármála aukist meira hér en í nokkru öðru ríki OECD. Jafnframt liggur fyrir að stjórnvöld hafa tekið réttan pól í hæðina með því að fylgja skýrri langtímastefnu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt.

Þótt verðbólga hafi aukist meira að undanförnu en spár gerðu ráð fyrir má alfarið rekja það til hækkunar fasteigna- og olíuverðs. Ég tel þó að menn eigi að fara varlega í að fjármagna neysluútgjöld sín með lántökum eins og borið hefur á upp á síðkastið. Það er alltaf hollt að kunna sér hóf.

Frú forseti. Menntun og þekking skiptir sköpum í framtíðinni í hinni hörðu samkeppni þjóða á alþjóðavettvangi. Í nýrri skýrslu frá OECD kemur fram að árið 2002 voru Íslendingar sú þjóð sem varði stærstum hluta þjóðarframleiðslu sinnar, eða 7,4%, til menntamála. Við eigum að líta á útgjöld til menntamála sem fjárfestingu í framtíðinni og rétt eins og aðrir fjárfestar viljum við tryggja að fjárfestingin skili sem mestum árangri. Á þessu þingi hyggst ríkisstjórnin leggja fram frumvörp er taka til grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigsins. Áratugur er liðinn frá því að rekstur grunnskóla var færður frá ríki til sveitarfélaga. Í ljósi reynslu síðustu tíu ára hafa sveitarfélögin og samtök þeirra gert margvíslegar athugasemdir við það sem betur má fara og er markmiðið að sníða slíka annmarka af. Íslenskir háskólanemar hafa aldrei verið fleiri, framlög til háskólamála hafa aldrei verið hærri og námsframboðið aldrei fjölbreyttara. Áformuð eru ný rammalög um háskóla. Markmið þeirra er að tryggja að gæði háskólamenntunar hér séu á heimsmælikvarða og prófgráður njóti fullrar viðurkenningar. Jafnframt er ætlunin að jafna stöðu ríkisrekinna háskóla og þeirra sem reknir eru af öðrum.

Í heilbrigðismálum stendur þjóðin á tímamótum. Ríkisstjórnin tók ákvörðun um að leggja fjórðung þess sem fékkst fyrir Símann í nýtt hátæknisjúkrahús. Þannig er enn á ný skilað til þjóðarinnar verðmætum sem þjóðin skóp. Í tengslum við byggingu nýs spítala er brýnt að endurskilgreina alla sjúkrahúsþjónustuna. Það verkefni er ekki síður mikilvægt en ákvörðun um húsbyggingar og staðsetningu. Undanfarið hefur markvisst verið unnið að sameiningu heilbrigðisstofnana undir eina stjórn víðs vegar á landinu og enn fremur sér fyrir endann á uppbyggingu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hugað hefur verið að réttindum foreldra langveikra barna og er ætlunin að tryggja foreldrum fjárhagsaðstoð þurfi þeir að leggja niður launuð störf eða gera hlé á námi þegar börn þeirra greinast langveik eða alvarlega fötluð.

Ríkisstjórnin hefur einnig ákveðið að einum milljarði króna af söluandvirði Símans verði varið til þess að leysa úr húsnæðisþörf og bæta þjónustu við geðfatlaða. Markmiðið er að eyða biðlistum og tryggja að geðfatlaðir búi við viðunandi aðstæður.

Ég lýsti því yfir um síðustu áramót að kanna bæri stöðu íslensku fjölskyldunnar. Að því verki er nú unnið í fjölskyldunefndinni sem ég skipaði á sínum tíma. Margvíslegar hugmyndir eru þar til skoðunar sem margar taka til samvinnu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fólkið í landinu. Meðal þess er hvernig koma megi til móts við foreldra barna á aldrinum níu til átján mánaða, eða frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til börn komast almennt inn í leikskólann sem skilgreindur hefur verið sem fyrsta skólastigið. Margir foreldrar verða að brúa þetta bil í dag með ýmsum ráðum. Hefur fjölskyldunefndin rætt tillögur í því sambandi enda er hér um brýnt réttindamál að ræða og ég vænti mikils af störfum nefndarinnar.

Á Íslandi á ekki að viðgangast mismunun, hvorki á grundvelli litarháttar, trúarskoðana né kynhneigðar. Þess vegna verður á næstunni lagt fram frumvarp um aukin réttindi samkynhneigðra. Ég er þess fullviss að þingheimur sameinist um að greiða fyrir því máli og hrinda þessari mikilvægu réttarbót í framkvæmd sem fyrst.

Frú forseti. Stefnt er að því að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins með tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009. Þrjú meginmarkmið hafa verið skilgreind. Þau eru í fyrsta lagi að landshlutakjarnar verði efldir jafnframt því að treysta þær byggðir sem búa við fólksfækkun, í öðru lagi að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum og í þriðja lagi að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni. Hagsæld hverrar þjóðar liggur í því hvernig tekst að nýta og virkja þá hæfileika sem í henni búa. Samgöngur og upplýsingatækni skipa þar stóran þátt. Verið er að hrinda í framkvæmd þeirri fjarskiptaáætlun sem Alþingi samþykkti síðastliðið vor. Þar var mörkuð stefna stjórnvalda í háhraða- og farsímavæðingu landsins auk fjölmargra annarra þátta sem skipta okkur máli og horfa til framtíðar. Með því að stofna fjarskiptasjóð og láta renna til hans hálfan þriðja milljarð króna af söluandvirði Símans er staðfestur sá vilji ríkisstjórnarinnar að skapa hér hin bestu skilyrði til að nýta þá auðlind sem í upplýsingatækninni felst í þágu einstaklinga og atvinnulífsins.

Á árunum 2007–2010 verður 15 milljörðum króna varið til framkvæmda í vegamálum, m.a. til byggingar Sundabrautar, og til framkvæmda við helstu þjóðvegi landsins. Með þessu er framkvæmdafé til vegagerðar meira en tvöfaldað á tímabilinu og ljóst að mikil breyting verður til batnaðar á samgöngum landshorna á milli og möguleikar Íslands sem ferðamannalands munu stóraukast.

Lengi hefur staðið til að endurnýja tækjakost Landhelgisgæslunnar og þótt hann hafi þjónað öryggi landsmanna vel og starfsmenn unnið frækileg björgunarafrek er kominn tími til að fá nýtt skip og nýja flugvél. Það hefur nú verið ákveðið og mun það hafa mikla þýðingu fyrir alla landsmenn.

Hinn 8. október nk. ganga íbúar 61 sveitarfélags að kjörborðinu og greiða atkvæði um sameiningartillögur. Ríkisstjórnin mun ekki láta sitt eftir liggja til að liðka fyrir sameiningu. Í því skyni verða allt að 2,4 milljarðar króna veittir úr ríkissjóði, meðal annars til að gera nýsameinuðum sveitarfélögum kleift að byggja upp nýja þjónustu, svo sem leikskóla og grunnskóla.

Höfuðborgin okkar er miðstöð menningar, vísinda og þjónustu. Í lok síðasta mánaðar var kynnt niðurstaða í samkeppni um hönnun á nýju og glæsilegu tónlistar- og ráðstefnuhúsi sem reist verður við Reykjavíkurhöfn. Með byggingu þessa húss verður bylting í tónlistarmálum auk þess sem tónlistarhúsið verður eitt af fegurstu kennileitum höfuðborgarinnar og Íslands.

Frú forseti. Velferð hvers þjóðfélags er ekki hvað síst reist á getu til nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu. Á grundvelli stefnumörkunar Vísinda- og tækniráðs hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir að ríflega tvöfalda úthlutunarfé opinberra samkeppnissjóða á kjörtímabilinu. En betur má ef duga skal. Ég tel framtíð íslensku þjóðarinnar felast í stóreflingu menntunar og vísindarannsókna og að í slíku átaki felist tækifæri til framfara á flestum sviðum. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að skynsamlegt væri að stofna sérstaka sameignarsjóði Nýsköpunarsjóðs, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóðanna í landinu sem gætu fjárfest í sprotafyrirtækjum og eflt nýsköpun og vísindarannsóknir. Ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að verja 2,5 milljörðum króna af söluandvirði Símans til þess að auka eigið fé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Stjórn Nýsköpunarsjóðs verður heimilt að verja allt að 1,5 milljörðum til að stofna sjóð til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum með lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum sem lýst hafa miklum áhuga á málinu. Stefnt er að því að slíkur sjóður hafi til ráðstöfunar 3–4 milljarða króna.

Fyrirtækjum í sjávarútvegi verður gert kleift að auka enn frekar verðmæti þess sjávarfangs sem að landi berst í gegnum verkefnið um aukið virði sjávarfangs. Íslenskt sjávarfang verður að standast allar hugsanlegar kröfur og staðla sem nú eru í gildi og kunna að verða settir um gæði þess og innihald. Frekari rannsóknir, sem ætlað er að tryggja öryggi útflutningstekna, verða unnar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Fyrir þremur árum samþykkti ríkisstjórnin stefnu um sjálfbæra þróun undir heitinu Velferð til framtíðar. Í haust verður boðað til umhverfisþings þar sem árangur þessarar stefnumörkunar verður til umfjöllunar og áherslur næstu ára kynntar. Fyrir okkur Íslendinga skiptir miklu máli að við nýtum náttúruauðlindir okkar á skynsamlegan og sjálfbæran hátt hvort sem það eru hinar lifandi auðlindir sjávar, endurnýjanlegar orkulindir eða sérstæð náttúrufyrirbæri sem laða að ferðamenn. Mikilvægir áfangar hafa náðst á undanförnum árum í að efla hag jafnt bænda sem og neytenda. Má þar nefna samning um starfsskilyrði garðyrkjubænda sem skilaði sér í lægra vöruverði. Mjólkurafurðastöðvar og sláturhús hafa sameinast og orðið stærri og sérhæfðari. Það hefur aftur leitt til þess að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum hefur haldist óbreytt í þrjú ár. Mikil nýsköpun hefur einnig átt sér stað í sveitum landsins. Mest áberandi er hvers konar ferðaþjónusta og skógræktarverkefni sem um 800 bændur taka þátt í.

Frú forseti. Einn mikilvægasti leiðtogafundur í sögu Sameinuðu þjóðanna fór fram nýverið. Þar samþykktu þjóðir heims víðtækar umbætur á starfsemi og skipulagi samtakanna þótt vonir hefðu staðið til að enn lengra mætti ganga í framfaraátt, eins og í mannréttindamálum og skipan

öryggisráðsins. Í ávarpi mínu minnti ég á framboð Íslands til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sem ákveðið var árið 1998 og naut almenns stuðnings á Alþingi. Full samstaða er í ríkisstjórn um að ekki verði vikið frá þeirri stefnu að sækjast eftir sæti í ráðinu árin 2009 og 2010.

Leiðtogafundurinn áréttaði einnig þann vilja þjóða heims að draga verulega úr fátækt í heiminum með því að stórauka framlög til þróunarmála. Ríkisstjórn Íslands ákvað að minni tillögu árið 2004 að opinber þróunaraðstoð sem hlutfall af þjóðartekjum skyldi hækka úr 0,19% árið 2004 í 0,35% árið 2009. Þegar því markmiði verður náð hafa framlög Íslands til þróunarsamvinnu fjórfaldast á réttum áratug og er sá gríðarlegi vöxtur í fullu samræmi við aukinn áhuga Íslendinga á þróunarmálum og vilja til að láta gott af sér leiða.

Frú forseti. Eitt veigamesta verkefni Alþingis og þjóðarinnar allrar er endurskoðun stjórnarskrárinnar. Nefnd sem ég skipaði í upphafi árs til að stýra endurskoðunarstarfinu hefur þegar getið sér gott orð fyrir vönduð og lýðræðisleg vinnubrögð. Rík samstaða þarf að vera um stjórnarskrárbreytingar, meiri samstaða en um lagabreytingar yfirleitt. Það er rík krafa meðal almennings að handhafar ríkisvalds sinni starfi sínu af ábyrgð með almannaheill að leiðarljósi og vandað sé til verka í stjórnsýslu, við lagasetningu og hjá dómstólum landsins. Enn fremur eru uppi óskir um að fulltrúalýðræðið verði endurnýjað þannig að almenningur fái færi á að taka virkan þátt í ákvörðunartöku um sameiginleg málefni, ekki einungis í þingkosningum á fjögurra ára fresti heldur einnig þess á milli, t.d. í þjóðaratkvæðagreiðslum. Í þessu sambandi verðum við að skoða vel reynslu annarra þjóða. Of tíðar þjóðaratkvæðagreiðslur geta haft þveröfug áhrif og dregið úr almennum áhuga á stjórnmálum. Von mín er sú að þegar upp verði staðið getum við sagt með stolti að með gagnsæjum og vönduðum vinnuaðferðum við endurskoðun stjórnarskrárinnar hafi verið rennt nýjum stoðum undir lýðræði á Íslandi.

Á dögunum var frá því greint að íslensk stjórnsýsla væri sú þriðja skilvirkasta í heimi. Samt sem áður má margt betur fara og hef ég látið hefja vinnu sem miðar að því að einfalda stjórnsýsluna og gera hana markvissari og meira í takt við tímann. Það þýðir meðal annars endurskoðun á lögum og reglum um Stjórnarráð Íslands. Ég tel einnig mikilsvert að þing og ráðuneyti hugi að leiðum til að bæta löggjafarstarfið þannig að löggjöf sé eins skýr og einföld og kostur er. Við verðum að hugsa um almenning og fyrirtækin í landinu sem þurfa að haga störfum sínum og háttsemi í samræmi við lögin sem hið háa Alþingi samþykkir. Ríkisstjórnin hefur af þessu tilefni ákveðið að hrinda af stað sérstöku átaki um „Einfaldara Ísland". Gert er ráð fyrir að hvert ráðuneyti fari yfir lög og reglur, sem undir það heyra, með það fyrir augum að einfalda regluverkið, minnka skriffinnsku og auka skilvirkni enn frekar.

Frú forseti. Stefna ríkisstjórnarflokkanna hefur alla tíð miðað að því að skapa hér skilyrði til efnahagslegs stöðugleika og aukins hagvaxtar en hvort tveggja er forsenda öflugs atvinnulífs og bættra lífskjara almennings. Undanfarin ár hefur mikil uppbygging stóriðju öðru fremur leitt efnahagsuppsveifluna og horfur eru á að sama verði uppi á teningnum á næsta ári. Að öðru óbreyttu er hins vegar útlit fyrir að eftir það hægi verulega á umsvifum í efnahagslífinu.

Til þess að bregðast við þessum horfum hefur ríkisstjórnin m.a. lagt fram ítarlegar tillögur um það hvernig ráðstöfun söluandvirðis Símans verði best hagað. Jafnframt hefur ríkisstjórnin lagt mikla áherslu á að treysta undirstöður atvinnulífsins með stórauknum fjárframlögum til rannsóknar- og frumkvöðlastarfsemi. Samhliða er mikilvægt að huga að frekari nýtingu okkar miklu orkulinda þar sem jafnframt verði tekið fullt tillit til umhverfisþátta.

Ég er sannfærður um að allir þessir þættir auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og renna traustari stoðum undir þjóðfélagið. Það skapar skilyrði til frekari skattalækkana, jafnt hjá fyrirtækjum sem einstaklingum, og gefur um leið möguleika á áframhaldandi uppbyggingu velferðar- og menntakerfisins.

Virðulegi forseti. Þau eru sterk æðaslög þjóðarinnar. Það er hlutverk okkar stjórnmálamanna að hlusta á og túlka æðaslög þjóðarinnar, greiða götu hennar og virkja þennan kraft í þágu okkar allra.

Þetta tel ég vera mitt meginverkefni og að því mun ég vinna. — Góðar stundir.

[20:14]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Fyrir tæpum hálfum mánuði voru kynntar niðurstöður í samkeppni um tónlistar- og ráðstefnuhús sem mun rísa í Reykjavík á komandi árum. Í mínum huga markar þetta hús mikil tímamót. Það er tákn nýrra tíma, nýrrar aldar, þar sem menntun, menning og fjölbreytni mun ráða ríkjum, þar sem samkeppnisstaða þjóða mun styrkjast ef fagmennska og framsækni fær að njóta sín en veikjast ef stundarhagsmunir og smásálarháttur fær að ríkja.

Samstarf okkar besta fólks á sviði lista, hönnunar og viðskipta og góður stuðningur stjórnmálamanna úr öllum flokkum var til fyrirmyndar. Tónlistar- og ráðstefnuhúsið er til marks um hverju hægt er að áorka þegar stjórnmálamenn hafa skýr markmið.

Ný öld mun gera allt aðrar kröfur til okkar en sú sem liðin er. Hún mun færa okkur ný tækifæri en líka nýjar ógnanir. Þá mun skipta okkur máli að þekkja styrk okkar og veikleika sem þjóðar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að smæð samfélagsins er þar í lykilhlutverki. Smæðin hefur alið af sér einstaklinga með sterka sjálfsmynd og gott frumkvæði. Hún hefur aukið samheldnina og tilfinninguna fyrir því að við eigum að deila kjörum hvert með öðru, að við höfum öll hlutverki að gegna.

En smæðin og návígið er líka höfuðorsökin fyrir þeirri þröngsýni og þeim sundurlyndisfjanda sem stundum geisar í íslensku samfélagi þegar sært stolt, persónuleg óvild, pólitísk samtrygging eða andúð, nær að slíta sundur friðinn. Við höfum orðið vitni að slíkum ófriði oftar en góðu hófi gegnir á síðastliðnum þremur árum. Oft hafa menn ekki skeytt um heiður eða sóma, grundvallarlög eða leikreglur, orðstír þings eða þjóðar. Íraksstríðið, eftirlaunamálið, skipan hæstaréttardómara, fréttastjóramálið, málskotsréttur forseta, fjölmiðlamálið, olíusamráðið og Baugsmálin. Þessi mál eru of mörg á of stuttum tíma. Þau hafa alið á óvild og tortryggni sem gegnsýrir og veikir allar helstu stofnanir

samfélagsins, og miklu veldur sá sem upphafinu veldur. Íslenskt samfélag þarf ekki á þessu að halda.

Góðir landsmenn. Nú eru rúm fimmtán ár liðin frá því að verkalýðshreyfing, atvinnurekendur og stjórnvöld náðu tökum á verðbólgunni með þjóðarsáttarsamningunum. Þá fyrst fór hugtakið „stöðugleiki" að heyrast í íslenskum stjórnmálum og var réttnefni um það afrek sem þjóðarsáttin var. Ég hygg, góðir landsmenn, að núna eigið þið mörg hver erfitt með að átta ykkur á klisjukenndu tali landsfeðranna sem segjast verja stöðugleikann. Hvaða stöðugleika?

Forsætisráðherra var á þessum nótum í ræðu sinni og dró upp mynd af sýndarveruleika. Raunveruleikinn er allt öðruvísi, blikurnar hrannast upp. Viðskiptahallinn hefur aldrei verið meiri síðan mælingar hófust. Útflutningsgreinar eru í bráðum vanda. Greiningardeildir banka spá allt að 8% verðbólgu. Öll met hafa verið slegin í skuldasöfnun sem leggst þyngst á heimilin og ungt fólk. Forsendur kjarasamninga eru að bresta. Þessar staðreyndir gefa hvorki mynd af aðhaldssamri né ábyrgri fjármálastjórn. Í raunveruleikanum er stöðugleikinn í uppnámi.

Hún var ekki ánægð með stöðugleikann, gamla konan sem hringdi í mig í dag. Hún sagði að þrátt fyrir allt sem hún hefði lagt af mörkum í íslensku samfélagi liði sér eins og niðursetningi. Er það stöðugleiki þegar um 16 þúsund lífeyrisþegar hafa minna en 110 þús. kr. á mánuði sér til lífsviðurværis og borga af því 14% í skatt? Er það til marks um stöðugleika að sú kynslóð sem nú er að hefja búskap sinn byrjar með þyngri skuldabagga en nokkur önnur kynslóð á undan henni? Er það stöðugleiki að kynslóðin sem átti að njóta góðs af 90% lánum og lægri húsnæðisvöxtum þurfi að greiða 35% hærra verð í dag fyrir sína fyrstu íbúð en hún þurfti að gera fyrir ári? Er það til marks um stöðugleika að fjórðungur ungmenna fái ekki menntun við sitt hæfi og 40% fólks á vinnumarkaði skuli án viðurkenndrar framhaldsmenntunar? Það er kannski eins konar stöðugleiki.

Frú forseti. Forsætisráðherra var fáorður um þetta í ræðu sinni. Hann minntist ekki einu orði á hvernig hann ætlaði að takast á við vaxandi ójöfnuð í íslensku samfélagi. Ég fullyrði að þessi ójöfnuður er stærsta ógnin við stöðugleikann. Hann vegur að styrk íslensks samfélags.

Samfylkingin mun því í vetur leggja áherslu á fjölmörg mál sem munu stuðla að nýrri tegund stöðugleika, stöðugleika sem byggir á jafnræði þegnanna og jöfnun tækifæra. Við höfnum skattastefnu ríkisstjórnarinnar sem gerir best við þá sem mest hafa, sem færir milljónkrónamanninum 90 þús. kr. á mánuði í skattalækkun en einstæðu foreldri 10 þús. kr. Þessi skattastefna stríðir gegn hugmyndum þjóðarinnar um samkennd.

Samfylkingin telur réttlátara að bæta fremur hag láglaunafólks og barnafólks með lækkun matarskatts, óbreyttum vaxtabótum og hækkun barnabóta. Við viljum að bætur lífeyrisþega verði hækkaðar um 12 þús. kr. á mánuði til að leiðrétta þá kjaraskerðingu sem þeir hafa orðið fyrir í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Við leggjum fram viðamiklar tillögur í menntamálum sem munu auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að búa sig undir framtíðina og takast á við nauðsynlegar breytingar á atvinnuháttum. Við gerum tillögur um breytingar á stjórnkerfinu sem stuðla að gegnsæjum og heiðarlegum stjórnarháttum þar sem fólki, atvinnugreinum eða fyrirtækjum er ekki mismunað.

Ríkisstjórnin virðist ekki skilja nýja hagkerfið eða nýja atvinnulífið. Klisjan um að viðhalda stöðugleika, án þess að henni sé fylgt eftir með aðgerðum, er orðinn helsti fjötur fagmennsku og framsækni í íslensku atvinnulífi. Hún er skálkaskjól agaleysis í ríkisfjármálum og andvaraleysis um afleiðingar eigin gerða, hvort sem þær lúta að stórum innspýtingum inn í hagkerfið eða hvatningu til ungs fólks um að skuldsetja sig. Lúnir landsfeður vilja halda jól allt árið og gefa gjafir.

Fimmtán árum eftir þjóðarsáttarsamninga þarf nýja hugsun og raunverulegan skilning á því hvernig samkeppnisstaða landsins muni styrkjast. Hæstv. ríkisstjórn verður að vakna ef ekki á illa að fara.

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið, sem ég talaði um í upphafi máls míns, er táknmynd um samvinnu ólíkra afla þar sem framsýni og fagmennska ræður för. Ríkisstjórnin hefur á valdi sínu að fjölga slíkum táknum.

Við lifum í opnu, alþjóðlegu samfélagi. Okkur mun vel farnast ef við ræktum samheldni og jöfnuð í stað þess að ala á sundurlyndi og ójöfnuði. Þjóðin er löngu orðin þreytt á því ástandi og andrúmslofti sem hér hefur ríkt á undanförnum árum. Rætur þess liggja hingað. Ríkisstjórnin á næsta leik. — Góðar stundir.

[20:24]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Það er mikill kraftur með þjóðinni um þessar mundir. Íslenskt samfélag einkennist af sköpunarkrafti og þeirri gleði sem jafnan fylgir því að sjá hluti komast í verk, mannvirki rísa og drauma breytast í veruleika. Þessi kraftur finnur sér farveg jafnt í viðskiptum og atvinnulífi sem menningu, vísindum, skólastarfi og listum. Alls staðar er verið að fást við nýjungar og unga fólkið aflar sér þekkingar um heim allan til uppbyggingar hér heima fyrir. Við lifum á sannkölluðu framfaraskeiði við hraðbraut mikilla umsvifa og breytinga sem engan hefði dreymt um fyrir tiltölulega fáum árum.

Það er við þessar aðstæður sem þau tímamót verða að Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra, ákveður að hverfa af vettvangi stjórnmálanna til annarra starfa. Davíð Oddsson hefur ótvírætt verið fremsti stjórnmálaforingi Íslendinga á glæsilegasta framfaratímabili í sögu þjóðarinnar. Undir hans forustu hefur ríkt festa og öryggi í landsmálum á tímum ótrúlegra breytinga. Þjóðin á honum mikið að þakka.

Frelsi hefur verið leiðarljós þeirra breytinga sem ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar hafa beitt sér fyrir frá 1991. Miklir kraftar hafa verið leystir úr læðingi með einkavæðingu og auknu frelsi og farið sem vorleysing um þjóðfélagið allt. Birtingarmyndir meira frelsis eru hvarvetna sjáanlegar. En áþreifanlegasti mælikvarðinn er áreiðanlega sú mikla tekjuaukning sem orðið hefur í landinu. Kaupmáttur hins almenna launamanns eftir skatta hefur aukist svo mikið að fólk hefur í dag um 50% meira að raungildi úr að spila en fyrir tíu árum. Opinber þjónusta hefur aukist og batnað til muna á þessum tíma einmitt vegna þess að efna-

hagsstefnan hefur bætt afkomu ríkissjóðs sem þar með hefur verið betur aflögufær um fjármagn til þjóðþrifamála. Þótt ósamkomulag og hatrammar pólitískar deilur hafi verið um einstök atriði á þessari vegferð hygg ég að enginn vildi nú vera í þeim sporum sem þjóðin stóð í vorið 1991 þegar síðasta vinstri stjórn hrökklaðist frá völdum.

Efnahagslegur stöðugleiki gerir öllum kleift að hugsa til framtíðar. Ísland er öflugra og betra nú en nokkru sinni fyrr og við erum sem þjóð betur búin undir átök sem geta því miður alltaf dunið yfir. Staða ríkissjóðs er geysisterk. Skuldir hafa lækkað verulega og þar með vaxtakostnaðurinn sem þeim fylgir. Einkavæðing Símans gekk eins og að var stefnt og mun verða til þess að ýmis framfaramál sem ríkið þarf að sinna komast fyrr á dagskrá en ella hefði verið. Síminn mun áreiðanlega eflast og dafna í höndum nýrra eigenda en almenningur, sem áður átti fyrirtækið, hefur fengið til ráðstöfunar allt það fjármagn sem þar var bundið, um 67 milljarða kr., sem ríkisstjórnin hefur nú lagt til í sérstöku frumvarpi að verði ráðstafað til nýs þjóðarsjúkrahúss, brýnna samgönguframkvæmda og annarra þjóðfélagsumbóta allt fram til ársins 2012, auk stórfelldrar niðurgreiðslu skulda. Er nokkur í þessum sal búinn að gleyma því hvernig stjórnarandstöðuflokkarnir ýmist lögðust alfarið gegn þessu máli eða gerðu hvað þeir gátu til að gera það tortryggilegt og leggja steina í götu þess? Háttvirtur síðasti ræðumaður, formaður Samfylkingarinnar, lá þar ekki á liði sínu, jafnvel ekki eftir að niðurstaða í málinu lá fyrir nú í sumar.

Við Íslendingar erum í harðri samkeppni við aðrar þjóðir heims um að skapa sem best lífskjör en það er einmitt markmið okkar í stjórnmálum. Atorkan sem einkennir íslenska þjóð er nú orðin að útflutningsvöru og áræði íslenskra athafnamanna vekur athygli langt út fyrir landsteinana. Með aukinni alþjóðavæðingu, bættum samgöngum og nútímatækni er fyrirhafnarlítið að flytja á milli landa og við þurfum því að leggja okkur enn betur fram um að halda í fyrirtækin okkar og starfsfólk þeirra. Samfélagið er opið, alþjóðlegt, sveigjanlegt og umfram allt samkeppnishæft. Útrásin nýja hefur skapað fjölda einstaklinga áður óþekkt tækifæri. Heimurinn er kvikur og síbreytilegur og snerpa og sveigjanleiki skipta sköpum til að ná árangri. En flestum finnst samt sem áður best að eiga vísan samastað á Íslandi vegna þess að hér eru kjöraðstæður til að ala upp börn og hér er skattaumhverfi sem er betra fyrir fólk og fyrirtæki en víðast hvar annars staðar. Öllu þessu er búið að koma í kring á fáum árum.

Þegar ég lét af embætti fjármálaráðherra fyrir viku síðan hafði ég gegnt því embætti í sjö og hálft ár. Af mörgu markverðu, stóru og smáu, sem tókst að koma í verk á þessu tímabili standa eftirfarandi atriði upp úr í mínum huga:

Gríðarlega góð afkoma ríkissjóðs yfir tímabilið í heild, umtalsverðar skattalækkanir, nýtt fæðingarorlofskerfi, einkavæðing ríkisfyrirtækja og niðurgreiðsla skulda og lífeyrisskuldbindinga framtíðarinnar. En allt stefnir þetta að því sama þegar öllu er á botninn hvolft, sem sé því að tryggja betri og öruggari umgerð utan um fólkið í landinu, utan um einstaklingana og fjölskyldurnar.

Nýr fjármálaráðherra lagði fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár fram á Alþingi í gær. Aðhaldsstigið í frumvarpinu er hátt enda umsvif mikil í hagkerfinu. Efnahagsstjórn við þessar aðstæður er úrlausnarefni sem gengið verður til af ábyrgð og festu. Þá skiptir miklu hve búið er að létta miklum byrðum af ríkissjóði á undanförnum árum og þar með skattgreiðendum framtíðarinnar.

Undanfarin sex ár hefur verið greitt markvisst inn á skuldbindingar ríkissjóðs við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Áætlað er að þær greiðslur muni við lok næsta árs nema um 100 milljörðum kr. að meðtöldum vöxtum. Ef ekkert hefði verið að gert er líklegt að LSR hefði komist í þrot innan fárra ára og hefði þá blasað við svipaður vandi og í mörgum nálægum löndum.

Í okkar fámenna þjóðfélagi skiptir velferð sérhvers einstaklings máli fyrir okkur öll. Það er stefna okkar sjálfstæðismanna að ríkisvaldið eigi að vera nógu sterkt til að verja þá veikari en nógu veikt til þess að hinir sterkari fái notið krafta sinna. Þess vegna er stjórnmálabaráttan tvíþætt af okkar hálfu. Annars vegar snýst hún um að huga að hinni efnahagslegu undirstöðu þjóðfélagsins, að sem mest verðmæti verði til og með sem hagkvæmustum hætti en hins vegar að því að tryggja að enginn verði út undan þegar kemur að því að skipta gæðunum. Frjálst markaðskerfi með skýrum leikreglum sem allir verða að hlíta tryggir best hagvöxt og fjárhagslega velgengni þjóðarbúsins en hinum lakast settu verður að búa viðunandi kjör með tryggingа- og velferðarkerfinu.

Frú forseti. Margt hefur áunnist á síðustu árum. Margt er þó vissulega enn ógert. Verkefni morgundagsins fela í sér margháttuð tækifæri og áskoranir, bæði á innlendum vettvangi sem utan lands. Frelsi í viðskiptum og öðrum samskiptum þjóða í milli er best til þess fallið að efla okkar eigin hag og bæta jafnframt stöðu þeirra þjóða sem við krappari kjör búa.

Ísland hefur margvíslegum skyldum að gegna í alþjóðlegu samstarfi fyrir utan beina hagsmunavörslu gagnvart öðrum ríkjum. Við förum nú með formennsku í Eystrasaltsráðinu og nýlokið er formennskutímabili okkar í Norðurskautsráðinu. Við erum einnig í fyrirsvari fyrir önnur Norðurlönd og baltnesku löndin innan Alþjóðabankans með sama hætti og innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir fáum árum. Sú reynsla mun koma að góðum notum komi til þess að Ísland fái sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eins og að er stefnt.

Tveir fundir hafa í sumar verið haldnir milli samninganefnda Íslands og Bandaríkjanna um varnarmálin og þriðji fundurinn er áætlaður síðar í október. Þótt viðræðurnar séu efnislega enn á fyrstu stigum má segja að þær séu í jákvæðum farvegi. Íslensk stjórnvöld ganga eins og kunnugt er til þessara viðræðna út frá þeirri forsendu að eðlilegt sé að Ísland taki meiri þátt í kostnaði við rekstur Keflavíkurflugvallar en áður í ljósi þess að borgaraleg umferð um völlinn hefur aukist en hernaðarleg umferð minnkað.

Hæstv. forseti. Við þingsetningu síðastliðinn laugardag minnti séra Valgeir Ástráðsson okkur á hversu mikilvægt það er að verða ekki þjónn fégræðginnar og láta ekki stjórnast af löngun í peningaleg verðmæti ein saman. Hinn kristni boðskapur sem sjálfstæðismenn leggja stefnu sinni til grundvallar byggir ekki síður á þeim auði sem mölur og ryð

fá ekki grandað. Þess vegna megum við ekki missa sjónar á því að þótt fjárhagsleg auðlegð þjóðarinnar sé mikilvæg þá á það einnig við um þau verðmæti sem felast í þeim menningararfi og þeim lífsgildum sem gera okkur að Íslendingum og frjálsum einstaklingum. Stjórnmálin snúast um grundvallarviðhorf og um mismunandi afstöðu einstaklinga til þeirra. Ég trúi því að allir alþingismenn hafi á endanum sama markmiðið að leiðarljósi — að gera okkar góða samfélag enn betra. Okkur greinir hins vegar á um hugmyndafræðina að því efni og um leiðirnar að markinu.

Það framfaraskeið sem við upplifum nú er sönnun þess að sú hugmyndafræði sem byggir á frelsi einstaklingsins og minni ríkisafskiptum er margfalt líklegri til að bæta hag almennings en aðrar leiðir sem hafa verið reyndar og boðaðar. Sá góði ásetningur sem býr hjá okkur þingmönnum er því ekki nægilegur. Við verðum að velja réttu leiðina að markinu. Það mun ráða úrslitum um hvort markmiðið næst, hér eftir sem hingað til. — Góðar stundir.

[20:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Góðir landsmenn. Það var ósköp lágt risið á þjóðarleiðtogum heimsins þegar þeir tíndust í ræðustól hjá Sameinuðu þjóðunum á dögunum í tilefni af því að fimm ár voru liðin frá því að þúsaldaryfirlýsingin var samþykkt á allsherjarþinginu hinu 55. í september árið 2000. Lítið bólar á efndum hinna háleitu markmiða um að útrýma hungri, helminga fátækt, tryggja öllum börnum skólagöngu o.s.frv., enda ræddu leiðtogarnir lítið um hvernig menn hefðu notað tímann þessi fimm ár þegar þeir endurtóku að markmiðin væru háleit. Tólf hundruð milljónir manna á þessari jörð búa við það sem er skilgreint sem örbirgð. Átta hundruð milljónir manna eru vannærð, svelta. Þrjátíu þúsund börn deyja á degi hverjum, fjöldi sem nemur einum tíunda af fjölda íslensku þjóðarinnar deyr vegna vannæringar eða skorts á lyfjum við læknanlegum sjúkdómum. Með því að til væri matur, bóluefni og lyf á þeim svæðum heimsins þar sem mest er þörfin mætti á hverjum tíu dögum bjarga lífi jafnmargra barna og við Íslendingar erum að fólksfjölda. Fyrir brot af fjáraustrinum sem fer í stríðsrekstur í Írak einan mætti gerbreyta ástandi þessara mála. Fyrir brotabrot af því sem fer í vígbúnað, heræfingar og hvers kyns stríðsleiki mætti standa við þúsaldarmarkmiðin og gera gott betur.

Og talandi um Íraksstríðið. Það er athyglisvert að nú upp á síðkastið hafa jafnólíkir aðilar og Colin Powell og enska biskupakirkjan beðist afsökunar á Íraksstríðinu. Colin Powell er nógu stór maður til þess að segja að það muni verða blettur á sínum ferli um ókomin ár að hafa orðið fyrir því að leggja röng gögn fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til þess að afla innrásinni stuðnings.

Kofi Annan hefur sagt að Íraksstríðið hafi verið tvímælalaust brot á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, ólöglegt árásarstríð. Þýskur stjórnsýsludómstóll sýknaði í næstliðinni viku þýskan hermann sem hafði neitað að taka þátt í aðgerðum sem tengdust Íraksstríðinu af því að það væri brot á alþjóðalögum. Það eru engir að verða eftir nema Bush, Blair, Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson sem enn reyna að halda því fram að Íraksstríðið hafi verið lögmæt og réttlætanleg aðgerð. Nú er þess tæplega að vænta að Davíð Oddsson muni úr þessu biðja þing og þjóð afsökunar á því hvernig nafn Íslands var misnotað með því að setja það á lista yfir hinar vígfúsu þjóðir. En Halldór Ásgrímsson er hér enn og nú er spurningin: Er hann nógu stór til að viðurkenna mistök og biðjast afsökunar? Colin Powell var það en sennilega hvorki Halldór né Davíð.

Og hingað heim að stefnuræðu forsætisráðherra. Ég marglas þessa ræðu, þrisvar sinnum a.m.k. Ekki af því í sjálfu sér að hún sé svo rífandi skemmtileg eða mikið bókmenntaverk. Það er ekki um það að deila hvað þar er best, það sem haft er eftir skáldinu góða frá Kirkjubóli. Nei, ég las þessa ræðu aftur og aftur til að leita af mér allan grun — hvort það væri virkilega þannig að forsætisráðherra, og yfirmaður efnahagsmála að ég hélt, viki ekki einu einasta orði að því jafnvægisleysi í efnahagsmálum sem mjög er til umræðu alls staðar annars staðar í þjóðfélaginu, enn þá á ríkisstjórnarheimilinu, eða að þeim verkefnum sem fram undan eru í hagstjórn á næstu dögum. En það er staðreyndin. Forsætisráðherra víkur í ræðu sinni ekki einu orði að uppsögnum í sjávarútvegi, að erfiðleikum ferðaþjónustunnar, að gjaldþroti Slippstöðvarinnar á Akureyri og erfiðleikum skipaiðnaðarins eða almennt að skilyrðum útflutnings- og samkeppnisgreina. Staðreyndin er sú, góðir landsmenn, að við erum núna að upplifa af fullum þunga ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar sem eru að ýta öðru atvinnulífi úr vegi. Við upplifum það í gegnum uppsagnir og starfsemi sem er að loka. Við upplifum það í gegnum störf sem flytjast úr landi. Útflutnings- og samkeppnisiðnaðurinn greiðir atkvæði um þetta ástand með fótunum og fer úr landi og þetta eru aðeins sýnilegu áhrifin, þau sem koma í fréttum. Þar við bætast öll glötuðu tækifærin, öll störfin og verðmætasköpunin sem aldrei verður til vegna þess að auðvitað eru skilyrði til nýsköpunar í útflutnings- og samkeppnisrekstri úti í hafsauga við þessar aðstæður. Það er ótrúlegt en satt, góðir landsmenn, að hvergi vottar fyrir því, ekki í stefnuræðu forsætisráðherra, ekki í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins og ekki í fjárlagafrumvarpinu, að ríkisstjórnin ætli að axla ábyrgð á efnahagsmálunum.

Óbreyttri stefnu er haldið áfram með skattalækkanir sem gagnast þeim tekjuhæstu mest og verka sem olía á eld aukinnar einkaneyslu og þenslu. Það er áframhaldandi stóriðjutrúboð. Það er sagt í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins að góðar líkur séu á frekari stóriðjuframkvæmdum á næstunni en þegar hafa verið ákveðnar. Og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra veður um, gengur laus ef svo má að orði komast í þessu samhengi, og boðar álver hér og álver þar, álver í Helguvík, álver á Norðurlandi, stækkun álvers í Straumsvík, rafskautafabrikku í Hvalfirði og hvað það nú er. Auðvitað er þetta algerlega með ólíkindum. Ef troða á þessum framkvæmdum öllum inn í íslenska hagkerfið í viðbót við þá framkvæmdahrinu sem nú stendur yfir eða í beinu framhaldi af henni, er ekkert ljós við endann á göngunum sem menn hafa verið að vona að væri fyrir hönd annars atvinnulífs. Þá verður núverandi ástand með ofurgengi á krónunni, viðskiptahalla og þenslu viðvarandi. Þá óttast ég að einhverjir fari að missa móðinn ef ástandið sem greiningardeild eins bankans kallar ógnarjafnvægi, og Seðla-

bankinn kallar stóraukið jafnvægisleysi, á að verða viðvarandi.

Hvernig stendur á því að forsætisráðherra minnist ekki einu orði í ræðu sinni á þá harkalegu ákvörðun Seðlabankans að hækka stýrivexti um 0,75% svo seint sem 29. síðasta mánaðar eða víkur að því með hversu alvarlegum hætti Seðlabankinn fjallar þar um málin? Hver eru viðbrögð ríkisstjórnarinnar við hjálparbeiðni Seðlabankans, við ákalli Seðlabankans sem aftur og aftur hefur sagt að peningamálaaðgerðir hans einar og sér muni ekki nægja? Þær muni ekki duga til að ná tökum á ástandinu. Hvernig stendur á því að forsætisráðherra víkur ekkert að þessu? Í reynd er það verra en svo. Stundum hefur mátt skilja forsætisráðherra þannig að Seðlabankinn væri vandamálið. En það heitir að skjóta sendiboðann, boðbera hinna válegu tíðinda. Kannski væri það betri samlíking hér að segja að ríkissjórnin vilji kenna slökkviliðinu um eldsvoðann. Ríkisstjórnin fer fyrst um og kveikir í hagkerfinu með stóriðjustefnu sinni, með skattalækkunum, með þeim mistökum sem gerð hafa verið á fasteignamarkaði, með því að ýta undir þenslu, dansar svo í kringum eldana og þegar Seðlabankinn kemur og reynir að slökkva í er honum kennt um brunann. Þannig er þetta. Og það er ekki von á góðu ef ríkisstjórnin ætlar hér eftir sem hingað til að láta sem henni komi þetta ekki við eða láta sem allt sé í himnalagi. Er þá búið að leggja niður ráðuneyti efnahagsmála í ríkisstjórninni? Er það orðið úrelt starfsheiti? Er Halldór Ásgrímsson búinn að segja af sér sem yfirmaður efnahagsmála og hver tók þá við? Guðni Ágústsson kannski? Fróðlegt væri að vita það.

Hvernig er það með Sjálfstæðisflokkinn? Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að elta þennan nýja andlega leiðtoga sinn, Halldór Ásgrímsson, í bandi í gegnum brunarústir íslenskra atvinnuvega allt til enda til þess eins að Framsóknarflokkurinn geti þjónað stóriðjutrúboði sínu? Vandinn er auðvitað sá að báðir stjórnarflokkarnir, og reyndar fleiri, eru draghaltir í þessari umræðu. Framsóknarflokkurinn mun aldrei viðurkenna að neitt sé að stóriðjustefnunni. Sjálfstæðisflokkurinn mun aldrei viðurkenna að ekki sé alltaf rétt að lækka skatta hversu heimskulegt sem það er í hagstjórnarlegu tilliti. Og Samfylkingin er líka draghölt því hún studdi meira og minna, bæði í borgarstjórn og á þingi, þessa stóriðjustefnu og gerðist líka meðvirk í kosningabaráttunni og lofaði milljarðatuga skattalækkunum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð er eini flokkurinn sem hefur lagt fram tillögur um raunhæfar aðgerðir til þess að reyna að ná tökum á ástandinu. Við leggjum til að horfið verði frá hugmyndum um frekari stóriðjuframkvæmdir næstu sjö árin. Við leggjum til að hætt verði við skattalækkanirnar. Við leggjum til að farið verði í nýtt áhættumat í fjármálakerfinu.

Við leggjum til að Seðlabankinn og stjórnvöld vinni saman en ekki hvor gegn öðrum til þess að ná tökum á ástandinu. Við leggjum til að menn leiti eftir víðtæku samstarfi aðila vinnumarkaðar, stjórnvalda og fleiri hagsmunasamtaka í anda nýrrar þjóðarsáttar því það eru alvarlegir tímar.

Vandinn núna, og það sem gerir ástandið miklu hættulegra en nokkru sinni fyrr, er hin gríðarlega skuldsetning heimila, atvinnulífs, sveitarfélaga og þjóðarbúsins í heild út á við. Við erum að slá fleiri Íslandsmet og heimsmet þessa dagana, hæstvirtur forsætisráðherra, en þau sem þar var talið upp. Viðskiptahalli upp á 14% er meiri en nokkru sinni í 60 ára sögu þjóðhagsreikninga. Skuldir heimilanna nálgast nú eitt þúsund milljarða, ígildi einnar landsframleiðslu. Innan tíðar verða íslensk heimili hin skuldsettustu í öllu OECD. Fyrir var íslenskt atvinnulíf skuldsettara en nokkurs staðar annars staðar þekkist við sambærilegar aðstæður. Sveitarfélögin hafa safnað skuldum stanslaust í einn og hálfan áratug, erlendar skuldir þjóðarbúsins voru um mitt sumar 2.500 milljarðar kr. Hreinar erlendar skuldir að frádregnum eignum erlendis, sem menn guma af á móti, eru hærra hlutfall en nokkru sinni fyrr í sögunni eða 135% af hreinni landsframleiðslu. Þar er einnig Íslandsmet að falla.

Því miður er það svo, frú forseti og góðir landsmenn, að góðærið sem menn guma svo mikið af er miklu frekar veisla, eyðsluhátíð þar sem að verulegu leyti er slegið lán fyrir veislufönginum. Því er líka skelfilega misskipt — eða hvað? Ef raunverulegt góðæri er eins mikið á Íslandi og kraftaverkamennirnir, samkvæmt eigin lýsingum, forsætisráðherra og utanríkisráðherra, vilja vera láta, af hverju er þá ekki hægt að gera betur við t.d. þann hluta aldraða sem ekkert hefur nema tryggingabæturnar? Ekki er sá hópur vandamálið í sambandi við viðskiptahalla og skuldasöfnun. Það eru ekki aldraðir Íslendingar á strípuðum tryggingabótunum sem stífla allar hafnir með innflutningi á ameríska pallbílum. Það eru einhverjir aðrir.

Nei, frú forseti, góðir landsmenn, það þarf að koma þessari ríkisstjórn frá og þó fyrr hefði verið. Við erum lánsöm að eiga gott land með mikla möguleika og þó að það komi rysjótt veður og kuldatíð í efnahagsmálunum gengur það yfir. Við munum vinna okkur út úr þessum erfiðleikum en til þess þarf að breyta um stefnu. Þess vegna viljum við mynda velferðarstjórn, vinstri græna velferðarstjórn, sem hefur umhverfisvernd og velferð hins almenna manns að leiðarljósi. Það mun vora fyrr en varir, bæði úti í náttúrunni og líka í stjórnmálunum. Við munum losna við þessa þreyttu menn og taka við og þá fer virkilega að grænka aftur á Íslandi. — Góðar stundir.

[20:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Góðir Íslendingar. Svokölluð Baugsmál hafa vakið athygli á þeirri staðreynd að hér virðast vera sérstakar innvígðar klíkur sem með sérstökum sendingum og samráði er ætlað að leggja línur um málsmeðferð og á það lagt mat hvort t.d. fjármálaráðherra vilji gefa samþykki sitt fyrir því að til þess bærar stofnanir fái mál til meðferðar. Sagt er að það sé svo gott að eiga alla þessa samráðsbræður í málum sem ganga til rannsóknar og dómstóla. Menn verða innmúraðir í trúnaði sínum við sinn flokk eftir að hafa undirbúið „rétta leið" í málsmeðferðinni og fengið vitneskju um að aðförin væri með fullum vilja forustumanna.

Þjóðin fær varla trúað að svona neðanjarðarspilling sé til staðar. Þannig er því einnig farið með þingmenn og miðstjórn Frjálslynda flokksins sem ræddi þessi mál og önnur á fundi í síðastliðinni viku. Við eigum sem betur fer ekki neina aðkomu í klíkuskapinn, tölvupóstinn né matarboðin, sem virðast vera aðdragandinn að því hvort fólk telji mögu-

legt að leita réttar síns. Við í Frjálslynda flokknum ætlum að hafa þá trú að treysta megi því að þeir víki úr máli sem því tengjast svo að almenningur missi ekki trú á íslenskt réttarfar.

Aðkoma forsætisráðherra að einkavæðingu Búnaðarbankans á sínum tíma var í meira lagi vafasöm og hreinn klaufaskapur af hans hálfu að huga ekki að vanhæfi sínu í því máli. Trúverðugleiki er ávallt meira virði en milljónatugir. Það er vandasamt að gæta hlutleysis í litlu fjölskyldu- og vinaþjóðfélagi og ekki fæ ég séð að æðstu menn ríkisstjórnar, Sjálfstæðis og Framsóknar, hafi svo mikið sem reynt að feta slóð jafnræðis. Í öllum verkum og stöðuveitingum njóta flokksmenn þess að vera í forgangsröð. Nægir að minna á skipun dómara, sendiherra, sýslumanna og nú síðast ritstjóra.

Ég vil óska nýjum sjávarútvegsráðherra velfarnaðar. Um leið vil ég leyfa mér að bera þá von í brjósti að hann hafi, þrátt fyrir yfirlýsingar sínar um að fylgja vel eftir einbeittum kvótavilja forvera síns, þá skynsemi og frumkvæði til að bera að opna fyrir innkomu nýliða í útgerð og fækka kvótabundnum fisktegundum. Sjávarbyggðirnar mega alls ekki við því að dugnaðarsjómenn eigi ekki leið til þess að komast að í grunnatvinnuvegi þeirra. Hvernig væri komið fyrir Bolungarvík ef þeir sem þar gera út hefðu ekki átt opna leið inn í útgerð smærri báta á sínum tíma? Sama má segja um Samherjamenn. Ef þeim hefði ekki verið opnuð leið á sínum tíma inn í kvótakerfið væri staða Eyfirðinga ekki sú sem hún er í dag í útgerð og fiskvinnslu.

Við í Frjálslynda flokknum munum óhræddir leggja fram þingmál og stefnu um hvernig megi koma nýjum mönnum að í útgerðinni án þess að þeir hafi fæðst með gullskeið kvótans í munni eða fundið sér mægðaleið inn í útgerðarfyrirtæki.

Sú mikla skuldsetning sem fylgir núverandi kvótabraskskerfi er stórhættuleg fyrir þjóðfélagið. Það er ömurlegt hlutverk dugnaðarsjómanna að vera leiguliðar á óveiddum fiski annarra manna. Slíkt leigu- og sölukerfi drepur niður frumkvæði einstaklinga til atvinnu í sjávarbyggðunum. Það er því miður margt líkt með leiguliðunum að fiskikvótunum nú og því vistarbandi sem fólk bjó við á Íslandi fyrir hundrað árum síðan. Það má beina því til sjónvarpsins að endursýna þættina um það tímabil niðurlægingar þjóðarinnar þegar fáir áttu allt sem vistarmennirnir unnu sér inn annað en lélegt fæði og klæði. Nú er mönnum á nýjan leik þröngvað til að verða leiguliðar að lífskjörum sínum, því miður. Þannig er eignarréttur kvótans í verki.

Framkvæmdum, uppgangi og þenslunni er mjög misskipt á landinu í dag. Segja má að mikið sé um að vera austan lands í verklegum framkvæmdum og húsbyggingum. Það fylgir álverstengdum framkvæmdum. Sama má segja um svæðið norðan Hvalfjarðar og á suðurhluta Vesturlandsins. Þenslan á Stór-Reykjavíkursvæðinu nær einnig til Borgarfjarðar og allt austur á Suðurland. Sama verður ekki sagt um stóran hluta Norðvesturkjördæmis, né um stóran hluta Norðurlands eða Norðausturlands, þar sem undirstaðan er byggð á sjávarútvegi, á landbúnaði ásamt aukinni ferðamannaþjónustu. Ofurgengi íslensku krónunnar er að knésetja atvinnu margra þessara byggða. Samt á enn að skera niður verklegar framkvæmdir eins og vegagerð á næsta ári einmitt á þessum svæðum sem eftir hafa setið við svikin loforð stjórnarherranna.

Á þessu er ein ánægjuleg undantekning. Samþykkt hefur verið að gera jarðgöng á stórhættulegum vegarkafla á Óshlíð sem fyrst. Því ber auðvitað að fagna. Ég hef oft spurt að því hvað 40–50 menn í vegagerð valda mikilli þenslu á skala verðbólgunnar. Við því fást ekki svör hvorki hjá ráðherrum né talnafræðingum þeirra, enda eru þau vart mælanleg og ekki lækkar verðbólgan þó að Almannaskarðsgöngum og Fáskrúðsfjarðargöngum sé lokið, svo dæmi sé tekið. Niðurstaðan er auðvitað sú að 40–50 manna hópur manna við vinnu í jarðgangagerð eða vegagerð mælist ekki í þenslunni. Hvað þá ef unnið er á svæði þar sem enginn hefur orðið þenslunnar var. Heildarumsvif byggingarframkvæmda suðvestan lands eru margföld umfram framkvæmdir í vegagerð og þar á að byggja nýjan háskóla, tónlistarhús og þar rís hvert háhýsið á fætur öðru, en það er svo merkilegt að öllum þessum byggingum sem bankarnir lána til fylgir engin þensla að þeirra mati.

Svo tala menn um að rífa niður eitt stykki flugvöll sem nýbúið er að endurbyggja af því að það þurfi nauðsynlega að byggja fljótt á dýru lóðunum þar sem flugvöllur allra landsmanna er. Ég fagna því að F-listinn í Reykjavíkurborg hefur látið skynsemina ráða í afstöðu sinni til þess að flugvöllurinn verði áfram í Reykjavík. Höfuðborg er miðstöð menningar og þjónustu og samgangna og hún þarf á flugvelli að halda. Okkur landsbyggðarfólki kemur það við hvaða aðgang við höfum að þessari höfuðborg. Okkur kemur það við hvar innanlandsflugið er staðsett. Okkur kemur það líka við þegar bara þarf að fresta framkvæmdum úti á landi. Þá er því logið að fólki að tveggja milljarða niðurskurður í vegagerð ráði niðurlögum verðbólgunnar. En allt má vaða áfram í framkvæmdum á suðvesturhorninu. Hvar er nú jafnræðið og jöfnuður í stefnu þeirra sem ráða ríki og borg? Hvergi.

Við í Frjálslynda flokknum höfum síðastliðin fimm ár flutt tillögu að bættum kjörum eldri borgara sem við köllum „leið að tryggum lágmarkslífeyri ellilífeyrisþega“. Við fögnum því að nú skuli fleiri flokkar á Alþingi vera með málatilbúnað í svipaða veru varðandi bætt kjör eldri borgara sem er í sama anda og við höfum barist fyrir undanfarin fimm ár.

Í ráðstöfun á söluverði Símans vantaði tilfinnanlega á að einhverjum fjármunum væri varið til að bæta kjör eldri borgara og öryrkja. Ég ól samt þá von í brjósti að í fjárlögunum yrðu kjör eldri borgara og jafnvel öryrkja bætt. Það er nú öðru nær. Svokallaður bensínstyrkur er af þeim tekinn. Hafa eldri borgarar og öryrkjar eitthvað til saka unnið? Þolir ríkisstjórnin ekki málflutning þeirra? Fundu menn nú breiðu bökin sem bæta eiga tekjumissinn af niðurfellingu hátekjuskattsins á næsta ári? Hefði ekki verið nær að hækka persónuafsláttinn um 2.800 kr. á mánuði fyrir milljarðana fjóra sem 1% tekjuskattslækkun kostar á næsta ári? Því miður horfir ríkisstjórnin ekki til bættra kjara eldri borgara og öryrkja né annarra með lágar tekjur í skattastefnu sinni.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagst gegn því að sækjast eftir sæti í öryggisráðinu og teljum að þeim fjármunum sem til þess á að kasta sé miklu betur varið í þróunaraðstoð við ríki og þjóðarbrot sem þurfa leiðsögn og hjálp

til betra lífs og menntunar. Við fáum ekki séð að réttlætanlegt sé að ganga svo undir eigin metnaði og þjóðarleiðtogadraumum að til þess sé fórnað mörg hundruð milljónum. Það fé er betur komið til annarra verka og mannúðarmála að okkar mati.

Stjórnarskrá Íslands er nú til endurskoðunar í nefnd stjórnmálamanna og sérfræðinga. Við í Frjálslynda flokknum höfum talið að betra væri að gera landið að einu kjördæmi en að búa lengi við þessa skipan mála með þrjú geysistór landsbyggðarkjördæmi og götuskipta höfuðborg í tvö kjördæmi. Auk þess teljum við af fenginni reynslu að margt megi betur fara við framkvæmd kosninga. Lítið er farið að reyna á hvað gæti orðið samstaða um í nefndinni. Eitt virðist þó stefna í en það er að fólkið í landinu fái beina aðkomu að umdeildum málum með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Eins og jafnan áður munu þingmenn Frjálslynda flokksins styðja þau mál, bæði frá stjórn og stjórnarandstöðu, sem við metum að til heilla horfi fyrir okkar þjóð. — Góðar stundir.

[20:59]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Á nýjum lista Sameinuðu þjóðanna, þar sem ríkjum heims er raðað eftir lífskjörum, er Ísland í öðru sæti. Í könnun Viðskiptaháskólans í Sviss er Ísland í fjórða sæti á lista yfir samkeppnishæfustu þjóðir heims í samanburði 60 landa og í efsta sæti í Evrópu. Alþjóðaefnahagsstofnunin mælir samkeppnisstöðu 117 hagkerfa og er Ísland í sjöunda sæti og hefur hækkað um 18 sæti síðan árið 1995 þegar samstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hófst. Samt talar stjórnarandstaðan hér á Alþingi eins og allt sé að fara norður og niður og Steingrímur J. Sigfússon sér nú bara svart.

Í könnun Alþjóðabankans sem tók til þess hvar viðskiptaumhverfi væri einfaldast eða vænlegast lenti Ísland í ellefta sæti. Atvinnuleysi mælist lægst hér á landi innan allra Evrópuríkja og þótt víðar væri leitað. Í nýrri skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um rannsóknir og þróun kemur í ljós að íslensk stjórnvöld leggja hlutfallslega mest til þessara mála af Norðurlöndunum. Samt talar stjórnarandstaðan um að stjórnvöld sjái ekkert nema stóriðju.

Nýleg samanburðarrannsókn bendir til þess að stjórnarfarslegur stöðugleiki — hvaða stöðugleiki? sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hérna áðan — að stjórnarfarslegur stöðugleiki sé hér sá mesti sem þekkist. Samkvæmt nýrri skýrslu frá Alþjóðaefnahagsstofnuninni erum við Íslendingar í þriðja sæti á eftir Svíþjóð og Noregi þegar skoðuð er staða þjóða í jafnréttismálum. Í enn einni könnuninni kom í ljós að Ísland er ásamt Danmörku í fjórða sæti yfir þau lönd þar sem spilling er talin minnst. Samt talar stjórnarandstaðan sífellt um að spilling tröllríði hér öllu. Já, það er oft skrýtið að hlusta á stjórnarandstöðuna hér á Alþingi en glöggt er gestsaugað.

Allar þessar kannanir sýna að Ísland er á heimsmælikvarða í samanburði þjóðanna. Heldur einhver að það sé tilviljun? Samkeppnisstaða Íslands byggir á réttum ákvörðunum sem m.a. hafa verið teknar af stjórnvöldum.

En eins og kom fram í máli forsætisráðherra áðan má gera enn betur og því er ánægjulegt að geta greint frá auknum fjármunum til ýmissa framfaramála, m.a. í framhaldi af sölu Símans, og mun ég einkum ræða um þá þætti sem snúa að atvinnumálum, þ.e. framlag til nýsköpunar og sprotastarfsemi.

Er það ekki skemmtileg staðreynd að aðalfundur iðnrekenda hjá gömlu herraþjóðinni, Dönum, sem haldinn var í síðustu viku, hafi snúist um það m.a. hvernig við Íslendingar förum að því að ná þeim árangri sem raun ber vitni? Það sem Dönum þykir til fyrirmyndar á Íslandi er m.a. hagstætt skattaumhverfi, ríkur frumkvöðlakraftur og langur starfsaldur. Danskir iðnrekendur hafa reiknað út að ef Danir ynnu jafnmikið og Íslendingar og væru jafnlengi á vinnumarkaði gætu tekjur danska þjóðarbúsins aukist um allt að 85 milljarða danskra kr. Dönum þykir lofsvert að á Íslandi er atvinnuþátttaka eldra fólks um 40% meiri en í Danmörku, eldra fólk hafi hér vinnu og atvinnuleysi sé lítið. Innan OECD er atvinnuþátttaka fólks á aldrinum 60–69 ára hærri hér en alls staðar annars staðar.

Ef litið er nánar til nýsköpunar og frumkvöðlakrafts má segja að með lögum um vísinda- og tækniráð hafi umhverfi rannsókna og tækni verið breytt á þann veg að nú móta ráðherrar vísindasamfélagið og atvinnulífið, stefnuna, sameiginlega í málaflokknum. Ég fullyrði að þetta var mikilvæg breyting sem á eftir að skila sér í gríðarlegum framförum á sviði nýsköpunar.

Í tengslum við þessa breytingu var stofnað til Tækniþróunarsjóðs en hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar. Segja má að með tilkomu hans hafi náðst samfella í opinberum stuðningi frá því að hugmynd að vísindarannsóknum verður til og þar til ný söluhæf afurð er tilbúin til markaðssetningar. Framlög úr sjóðnum eru stigvaxandi og stefnt er að því að 500 millj. kr. verði ráðstafað úr sjóðnum árið 2007.

Þá er rétt að minnast frekar á þá mikilvægu ákvörðun stjórnarflokkanna að auka framlag til Nýsköpunarsjóðs um milljarða króna. Gangi samstarf við lífeyrissjóði og fjárfesta eftir mun eigið fé sjóðsins aukast um allt að fjórum milljörðum kr., sem mun hafa gríðarleg áhrif á atvinnusköpun í landinu. Lögð hefur verið áhersla á að nýsköpun nái til landsins alls og má m.a. nefna að í tengslum við byggðaáætlun var sett á laggirnar nýsköpunarmiðstöð á Akureyri sem hefur skilað miklum árangri og lagt er til að því starfi verði haldið áfram.

Góðir áheyrendur. Þegar á heildina er litið má segja að Ísland og Íslendingar séu stöðugt að auka þátttöku í alþjóðavæðingu á grundvelli bættra starfsskilyrða og aukinnar samkeppnishæfni. Þetta hefur skilað sér í meiri verðmætasköpun og bættum lífskjörum. Svo mun áfram verða ef við höldum vel á málum og nýtum kraft, þekkingu, hugvit og áræðni til að byggja upp fjölbreytta flóru atvinnutækifæra. Þá munu lífskjör hér á landi áfram verða með því besta sem þekkist í heiminum. — Ég þakka áheyrnina.

[21:05]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Sem þingmanni Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi, sem nær frá Siglufirði um Norðurland vestra, Vestfirði, og Vesturland að Hvalfirði, finnst mér nauðsynlegt að rifja upp að þetta

landsvæði er til. Þar er ekki að finna þá alsælu sem hæstv. forsætisráðherra var að lýsa áðan. Ég verð líka að færa hæstv. ráðherra þær fréttir, af því að það virðist vanta svolítið upp á jarðsambandið hjá honum, að fyrirtæki eru að fara á hausinn eða illa stödd í Norðvesturkjördæmi, í Norðausturkjördæmi, í Suðurkjördæmi og líka á höfuðborgarsvæðinu. Er það dæmi um stöðugleikann sem ríkisstjórnin gumar af?

Ég spyr: Hvar er eiginlega þessi stöðugleiki? Birtist hann í verðbólgu sem spáð er að fari í 8%? Birtist hann í síhækkandi vöxtum Seðlabankans? Birtist hann í viðskiptahalla sem er í sögulegu hámarki? Birtist hann í stöðugri skuldaaukningu fyrirtækja og heimila eða stöðugt versnandi afkomu útflutningsgreina? Nei, góðir Íslendingar. Forsætisráðherrann lifir í sýndarveruleika.

Frú forseti. Á landsbyggðinni gilda nákvæmlega sömu lögmál og hér á suðvesturhorni landsins. Samsetning atvinnulífsins verður að vera fjölbreytt. Landbúnaður, fiskveiðar og vinnsla eru þar of stór hluti. Þær eru sem fyrr mjög mikilvægar atvinnugreinar en til þeirra þarf sífellt færra fólk. Ein lausnin á vandanum er að koma upp fjölbreyttum störfum sem krefjast menntunar og staðið geta undir eðlilegri fjölgun.

Íbúar landsbyggðarinnar eru duglegir að mennta sig. Konur eru sérstaklega duglegar að nýta sér fjarnám. En unga fólkið fer burt og kemur ekki til baka ef það fær ekki starf við hæfi menntunar sinnar. Þannig myndast óeðlileg og hættuleg skekkja í aldurssamsetningu. Fólk menntar sig í takt við þarfir nútímans og þarf störf við hæfi. En ríkisstjórnin heldur að nútíminn eigi bara við á nokkrum stöðum á landinu og lætur sem önnur svæði séu ekki til. Samfylkingin vill fjölga störfum á landsbyggðinni sem krefjast menntunar. Þar með lögum við aldursskiptingu, hækkum meðaltekjur, sköpum fleiri störf fyrir konur og komum á eðlilegu jafnvægi í byggð landsins.

Hæstv. forsætisráðherra stærði sig af því hér áðan að af OECD-ríkjunum legðu Íslendingar stærstan hluta þjóðartekna sinna til menntunar. Staðreynd málsins er sú að það eru sveitarfélögin sem hala þessa ríku þjóð upp í meðaltalinu, aðeins á grunnskólastiginu erum við fyrir ofan meðaltal í samantekt OECD. Annars staðar erum við alls staðar undir meðaltalinu, t.d. í 14. sæti í framlögum til framhaldsskóla og í 17. sæti þegar kemur að háskólastiginu. Þess vegna munum við samfylkingarmenn leggja til á þessu þingi að stigið verði skref í átt að því að framhaldsskólinn verði færður til sveitarfélaganna, enda verði þau bæði stækkuð og nægilegt fjármagn tryggt til þess. Það mun stórbæta framhaldsskólana alveg eins og þjónusta grunnskólans batnaði verulega þegar hann var fluttur til sveitarfélaganna.

Samfylkingin gerir sér grein fyrir því að menntun er undirstaða framtíðarinnar og leiðin til jafnaðar er menntun. Því ber að leggja sérstaka áherslu á að greiða götu þeirra sem hafa stutta skólagöngu að baki svo að þeir standi jafnfætis öðrum þegnum landsins í lífsbaráttunni. Samfylkingin vill gefa þeim nýtt tækifæri til náms og flytur tillögur þar um. Sá hópur er hlutfallslega mun stærri á landsbyggðinni og uppbygging skólastarfs þeim mun mikilvægari þar.

Skólar hafa mikla þýðingu fyrir einstaklinginn en þeir hafa einnig mikla þýðingu fyrir nærumhverfi sitt. Við sjáum hin jákvæðu áhrif sem háskólarnir á Hólum í Hjaltadal, á Hvanneyri, Bifröst og Akureyri hafa haft. Við vitum að þar er unnið verðmætt uppbyggingarstarf. Framhaldsskólarnir ollu byltingu á landsbyggðinni á sínum tíma en þá var stigið stórt skref til jafnræðis. Nú þarf að stíga annað skref í menntun þjóðarinnar. Það er því eitt af forgangsverkefnum Samfylkingarinnar í menntamálum að stórefla háskólanám á landsbyggðinni.

Frú forseti. Það er öllum landsmönnum í hag að jafnvægi komist á í byggð landsins, einnig þeim sem búa á svæðinu þar sem allt er að springa vegna offjölgunar. En ríkisstjórnin er orðin svo máttlaus og þreytt að hún mun örugglega engu breyta. Í mínu kjördæmi eru meðaltekjur lægstar á landinu, skólaganga íbúanna er styst og brottflutningur íbúanna mestur. Alla þessa þætti getum við lagfært með bættu aðgengi að menntun og störfum við hæfi. Til þess þarf vilja en þann vilja skortir bersýnilega hjá núverandi ríkisstjórn.

Góðir Íslendingar. Ég fullvissa ykkur um að þann vilja skortir ekki hjá Samfylkingunni. — Góðar stundir.

[21:11]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Mannlíf, velsæld og almennur hagur landsmanna hefur aldrei verið betri í sögu þjóðarinnar. Það staðfesta alþjóðlegir mælikvarðar, umsagnir erlendra álitsgjafa og það er almenn skoðun landsmanna. Þetta er arfleifð Davíðs Oddssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, þegar hann hverfur af vettvangi stjórnmála eftir áratuga forustustörf í þágu þjóðarinnar.

Því er stundum haldið fram að þeir sem gegna valdastöðum í samfélaginu reyni með ýmsum ráðum að auka völd sín og áhrif. Tíð ríkisstjórna Davíðs Oddssonar hefur hins vegar einkennst af hinu gagnstæða. Markvisst hefur verið dregið úr valdi stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna í þeim tilgangi að auka valddreifingu og lýðræði í landinu. Bankar og önnur ríkisfyrirtæki hafa verið einkavædd og færð í hendur atvinnulífsins og losað um viðskiptahömlur. Við það hafa nýir kraftar leyst úr læðingi, sköpunargleði og framtak einstaklinga verið virkjað til hagsbóta fyrir samfélagið allt. Réttarstaða borgaranna gagnvart stjórnvöldum hefur verið efld, m.a. með setningu stjórnsýslulaga og upplýsingalaga. Almannahagur hefur verið hafður að leiðarljósi.

Við Íslendingar lifum í réttarríki og frjálsu samfélagi. Við búum við lýðræðisskipulag sem er okkur dýrmætt. Við virðum tjáningarrétt einstaklinga og viljum standa vörð um rétt þeirra til einkalífs. Umræða um hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi hefur verið áberandi á síðustu missirum og þessa dagana sem aldrei fyrr. Fjölmiðlar eru oft kallaðir fjórða valdið með vísan til áhrifamáttar þeirra. Það má vera að Morgunblaðið, Tíminn, Þjóðviljinn og Alþýðublaðið hafi á sínum tíma verið „í föstum skorðum flokkakerfis," eins og forseti Íslands orðaði það í þingsetningarræðu sinni, með leyfi forseta. Það má þó segja að útgáfa þessara ólíku dagblaða hafi tryggt ákveðna fjölbreytni í fréttamiðlun og ritstjórnarstefna þeirra var öllum ljós. Hún byggðist fyrst og fremst á mismunandi afstöðu til hugmynda og stjórnmálastefna og áhrifa þeirra á líf fólks og þróun samfélagsins.

Það var hægt að vega og meta fréttaflutning með það í huga.

Í dag er raunveruleikinn annar. Eignarhald á stórum hluta fjölmiðlamarkaðarins er á einni hendi og önnur sjónarmið ríkja, eins og við höfum orðið vitni að síðustu daga. Almannahagsmunir og virðing fyrir réttindum fólks hafa vikið fyrir einkahagsmunum. Hugmyndir og stefnur hafa vikið fyrir rógburði, dylgjum, rætni og grimmd gagnvart þeim sem eigendur fréttamiðlanna telja sig eiga í útistöðum við. Mörgum er misboðið.

Ég tel að flestum sé ljóst að fjölmiðlalögin sem numin voru úr gildi á síðasta ári hafi átt rétt á sér. Jafnvel þeir sem börðust hvað harðast gegn frumvarpinu hafa tjáð sig í þá veru. Nú er kallað á slíka lagasetningu vegna almannahagsmuna. Markmiðið er dreift eignarhald á fjölmiðlum til að tryggja frelsi fjölmiðla og lýðræðislega umræðu og skapa okkar annars ágæta fjölmiðlafólki starfsumhverfi sem það á skilið.

Virðulegi forseti. Ný skoðanakönnun Gallups bendir til þess að Sjálfstæðisflokkurinn njóti almenns trausts í samfélaginu. Fólk veit að Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir stefnufestu en lætur ekki stjórnast af hentisemi. Fólk gerir sér grein fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir stöðugleika sem tryggir hag fjölskyldunnar og hann stendur fyrir samábyrgð og velferð. Þess vegna treystir fólk Sjálfstæðisflokknum.

Nú liggur fyrir hinu háa Alþingi að taka ákvörðun um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands. Hluta þess fjármagns verður ráðstafað til að byggja nýtt hátæknisjúkrahús, sem er ánægjuefni. Sérstaklega vil ég þó fagna því að átak verður gert til að bæta hag og lífsskilyrði geðfatlaðra með nýjum búsetuúrræðum utan stofnana. Ég legg áherslu á að átakið taki einnig á vanda geðfatlaðra barna og þörf fyrir búsetuúrræði þeim til handa, en umönnun þeirra er nú fyrst og fremst í höndum fjölskyldna þeirra sem bera oft þunga bagga og óhóflegt álag vegna þess.

Alvarlegur skortur á starfsfólki á fyrstu skólastigum og í öldrunarþjónustu er áhyggjuefni. Fjölskyldur eru í vanda vegna gæslu barna sinna og vegna ættingja sem eru á biðlista eftir vistun á hjúkrunarheimili. Aukið álag er á sérhæfð sjúkrahús sem taka við öldruðum af biðlista til umönnunar. Það sem vekur hins vegar sérstaka athygli er að sjálfstæðir aðilar sem reka sambærilega starfsemi hafa geta fullmannað stöður hjá sér. Að mati Margrétar Pálu Ólafsdóttur, formanns Samtaka sjálfstæðra skóla, er ástæðan fyrst og fremst sú, með leyfi forseta: „... að við búum við ákveðið rekstrarlegt sjálfstæði sem gerir okkur kleift að hafa ákveðið frumkvæði í starfsmannahaldinu."

Ég hef verið talsmaður þess að auka samstarf stjórnvalda og einkaaðila um rekstur velferðarþjónustunnar en fjármagn komi eftir sem áður úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Ég tel fulla ástæðu til að ríkisstjórnin geri átak í þessa veru til hagsbóta fyrir þjónustuna, til betri nýtingar fjármuna og fyrir samfélagið allt. Ég tel mig vita að a.m.k. þingmenn Samfylkingarinnar í stjórnarandstöðu muni styðja slík áform eins og við munum sjálfsagt heyra talsmenn Samfylkingarinnar segja síðar í kvöld.

Virðulegi forseti. Í upphafi ræðu minnar ræddi ég um gæði íslensks samfélags. Góðæri vekur bjartsýni og bjartsýni virkar eyðsluhvetjandi á almenning og fyrirtæki. Viðskiptahallann og hátt gengi krónunnar má m.a. rekja til þessa en staða krónunnar er farin að vega allharkalega að útflutningsatvinnugreinunum og ferðaþjónustunni. Ég tek því undir áhyggjur Seðlabankans og áskorun hans til almennings og fyrirtækja um að auka sparnað og draga úr neyslu. Vaxtahækkun Seðlabankans er ætluð til að stuðla að þessari þróun þótt vissulega megi draga í efa hvort það dugi. Til þess þarf samtaka átak margra og það er verkefnið fram undan. — Góðar stundir.

[21:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Góðir landsmenn. Það sem mér datt í hug meðan forsætisráðherra var að flytja ræðu sína áðan var gömul bíómynd með Mel Brooks þar sem hann lék sólkonunginn í gríðarlegum blúnduskyrtum og sokkabuxum og hælaháum skóm og sagði stöðugt: „Það er gott að vera kóngur." Það var nú tilkomumeiri búningurinn á Mel Brooks en hæstv. forsætisráðherra en óneitanlega var tónninn í ræðunni svipaður tóninum í ræðu Mel Brooks í þessari bíómynd. Það er gott að vera kóngur.

Hvað notaði hæstv. forsætisráðherra oft efsta stigs lýsingarorð? Og sjálfshólið, það fór út yfir öll mörk. Ég held að það hljóti fleirum en mér að hafa blöskrað og sumir hafa kannski bara beðið eftir því að hann segði að við værum hamingjusamasta þjóð í heimi. En þegar forsætisráðherrann lítur í baksýnisspegilinn, hvað sér hann þá? Einhver örfá ár sem Framsóknarflokkurinn var ekki í ríkisstjórn, einhvern tíma fyrir 1995. Þá sér hann ríkissjóð sem rekinn var með halla, þá sér hann gjaldþrot sem voru daglegt brauð. Mér þykir leiðinlegt að þurfa að kippa forsætisráðherra niður á jörðina og spyrja hann hvort hann hafi ekki heyrt um Slippstöðina á Akureyri, hvort hann hafi ekki heyrt um rækjuvinnsluna og hvort hann viti ekki að síðast var halli á ríkissjóði árið 2003. Hlustaði forsætisráðherra ekki á skilaboðin frá stjórn Eflingar í morgun um stöðu kjarasamninganna? Forsendur kjarasamninga eru brostnar. Verðbólgan er nú tvöfalt meiri en forsendur kjarasamninganna gerðu ráð fyrir og kaupmáttur stórs hóps launafólks hefur hrapað. Og hverju kennir stjórn Eflingar um? Rangri stjórnarstefnu. En það má vel vera að það sé gott að vera kóngur.

Verðbólgan vex frá mánuði til mánaðar og launafólk skelfist eðlilega. Hagfræðingar og greiningardeildir bankanna kenna þenslunni um, þenslunni sem allir vita að er heimatilbúin uppskrift, fengin hjá Framsóknarflokknum í eldhúsi þeirra og heitir stóriðjustefna. Þetta virðast allir sjá nema forsætisráðherrann. Hann segir að hækkandi verðbólga sé alfarið — og hann notaði orðið „alfarið" — hækkunum fasteigna og olíuverðs að kenna. Tóku menn eftir þessu? En það er gott að vera kóngur.

Hvernig á fólk að hafa trú á ríkisstjórn sem leggur fram fjárlagafrumvarp sem greinilega hefur enga trú á að Seðlabankanum takist að hemja verðbólguna á næstu árum? Hagfræðingur greiningardeildar Landsbanka Íslands hvatti í morgun til þess að ríkisstjórnin og Seðlabankinn færu nú að tala saman, reyndu að finna sameiginlegar lausnir á málunum. Sömu tillögu er raunar að finna í fyrsta þingmáli Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að menn fari að

tala saman á þessum bæjum. Ég spyr: Hvenær tala þeir ráðherrar sem hér sitja yfir höfuð við nokkurn mann? Hvenær talar ráðherra Framsóknarflokksins við nokkurn mann eða hefur samræður og skapandi hugarflug um sameiginlegar lausnir mála?

Nei, þessum háu herrum dettur auðvitað allt of sjaldan í hug að leita eftir sjónarmiðum t.d. minni hlutans á Alþingi. Í mínum huga er það þannig að lýðræðið einkennist af því að meiri hlutinn taki tillit til sjónarmiða minni hlutans, en slíkt er ekki viðhaft af þessari ríkisstjórn. Hér þumbast menn áfram og fá sitt fram með hausinn ofan í bringu. Nei, þetta er ekki traustvekjandi ríkisstjórn. Það getur vel verið að það sé gott að vera kóngur í þessari ríkisstjórn, sérstaklega þegar maður getur sáldrað um sig silfrinu sem fékkst fyrir söluna á almannafyrirtækinu Símanum en því silfri verður auðvitað ekki útdeilt nema einu sinni, góðir landsmenn, bara einu sinni.

Nú auglýsir félagsmálaráðuneytið daglega: „Takið þátt í umræðunni", en láist að bæta við: Áttið ykkur á því að við munum ekki taka mark á því sem þið ætlið að segja. Slíka pólitík hefur þessi ríkisstjórn viðhaft. Eða er verið að hlusta á Svarfdælinga sem vilja afturkalla sameiningu sína við Dalvíkurbæ eftir að skólanum þeirra var lokað? Er verið að hlusta á Félag eldri borgara, lífeyrisþega eða öryrkja? Það kemur í ljós í fjárlagafrumvarpinu að draga á úr möguleikum öryrkja til sjálfshjálpar með því að ríkisstjórnin ætlar að spara 300 milljónir á kostnað þeirra einna.

Unga fólkið fer ekki varhluta af þessari arfavitlausu hagstjórn. Það fer að verða spurning hvort unga kynslóðin þurfi ekki að fara að gæta hagsmuna sinna og verja þá fyrir ágangi ríkisstjórnarinnar. Kynslóðirnar sem keyptu húsin sín fyrir svona 40, 50 árum náðu að greiða þau að fullu á 10, 20 árum og það var ekki lífsnauðsyn þá að eiga bíl. Þær kynslóðir þurftu heldur ekki að taka dýr námslán. Nú eiga bankarnir unga fólkið og það er að hluta til að kenna arfavitlausri hagstjórn þessarar ríkisstjórnar. Og forsætisráðherra keyrir þensluvaldandi stóriðjustefnu sína áfram með harðri hendi, áformar að bræða hér innan fárra ára 1.400 þús. áltonn ofan í útlenda auðhringa en skellir skollaeyrum við aðvörunum sem koma úr öllum áttum.

Það er alltaf hollt að kunna sér hóf, var það ekki það sem forsætisráðherrann sagði? Já, það er alltaf hollt að kunna sér hóf og ég trúi því ekki að það sé gott að vera kóngur í þessari ríkisstjórn. — Góðir landsmenn, góðar stundir.

[21:25]

Sigurjón Þórðarson:

Gott kvöld, góðir landsmenn. Nú höfum við hlýtt á boðskap forsætisráðherra Íslands, forsætisráðherra Framsóknarflokksins sem hefur auðgast á eigin stjórnarathöfnum og svo auðvitað vinir hans og vandamenn. Þekktur er hann af því að hafa makað krókinn þegar hann beitti sér fyrir að koma á kvótabraskskerfi í sjávarútvegi sem hefur leikið bæði sjávarútveginn og landsbyggðina grátt og svo auðvitað af dæmalausri sölu Búnaðarbanka Íslands, en hann var eins og alþjóð veit seldur fyrir lítið til S-hópi Framsóknarflokksins.

Almenningi misbýður þessi framganga Framsóknarflokksins. Ég var staddur í Kaupfélagi Skagfirðinga á dögunum og hitti þar gamlan framsóknarmann sem spurði mig út í stefnu hins nýja Framsóknarflokks og þá sérstaklega byggðamálin, Íraksstríðið, kvóta og bankabraskmálin. Hann spurði mig ítrekað: Hvað hefur orðið um samvinnuhugsjónina, hvað hefur orðið um minn gamla, góða Framsóknarflokk? Hann undraðist það mjög að forsætisráðherra hefði haldið því fram að hann hefði aldrei efast um óhlutdrægni sína við söluna á Búnaðarbankanum, ekki einu sinni þegar hann stóð í að selja fjölskyldufyrirtæki sínu bankann.

Ég svaraði gamla manninum eitthvað á þá leið að ég væri ef til vill ekki rétti maðurinn til að svara til um misgjörðir hins nýja Framsóknarflokks en honum væri velkomið að vinna þjóðinni gagn og ganga í Frjálslynda flokkinn.

Í stuttu máli var stefnuræðan sem forsætisráðherra flutti áðan mjög óábyrgt blekkingartal um stöðugleika og aðhald í rekstri ríkisins, skreytt með símagulli.

Það er einfaldlega rangt hjá forsætisráðherra að halda því fram að það gæti mikils stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Það þarf ekki frekari vitnanna við en að lesa rit Seðlabankans sem kom út í síðustu viku, en ritið hefst á því að greina frá því að ójafnvægi í þjóðarbúskapnum hafi aukist og það sé meira nú en um langt skeið.

Í riti Seðlabankans segir enn fremur að viðskiptahalli sé meiri en áður, skuldsetning heimila og fyrirtækja meiri og gífurlegar hækkanir á íbúðarhúsnæði. Það er einnig rangt hjá oddvita ríkisstjórnarinnar að gætt hafi einhvers aðhalds í útþenslu ríkisútgjalda og sérstaklega á það við um utanríkisráðuneytið sem oddvitar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafa skipst á að stýra síðustu 10 árin, en það líður varla sá mánuður að ekki berist fréttir af skipan nýs sendiherra og oftar en ekki er um innvígðan og innmúraðan mann í stjórnarflokkunum að ræða.

Í síðasta mánuði kom út ríkisreikningur fyrir árið 2004 og við lestur hans sést svart á hvítu að ríkissjóður hefur ekki verið rekinn með miklu aðhaldi á síðasta ári en útgjöldin í fyrra urðu 27.000 milljónum hærri en upprunalega var reiknað með. Er þetta dæmi um mikið aðhald? Ekki finnst mér það.

Ríkisstjórnin boðar nú í haust að hún ætli ekki að breyta í neinu útgjaldagleði sinni nema þá helst að klípa af elli- og örorkulífeyrisþegum bensínstyrkinn og er það í samræmi við stefnu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks að færa skattbyrðar og álögur í auknum mæli af þeim sem hafa háu launin á þá sem hafa lágu launin og bág kjör. Þetta stríðir algerlega gegn stefnu Frjálslynda flokksins enda hefur flokkurinn boðað hækkun skattleysismarka, en á meðan hafa stjórnvöld einbeitt sér að þveröfugum aðgerðum

Við Íslendingar verðum að spyrja okkur þeirrar spurningar hvað við viljum hafa ójöfnuðinn mikinn í landinu en opinber gögn bera með sér að ójöfnuðurinn hafi aukist gríðarlega í valdatíð Framsóknarflokksins sem gefur sig út fyrir að vera félagshyggjuflokkur. Sömuleiðis hefur hlutur hins opinbera af þjóðarkökunni aukist gríðarlega í valdatíð Sjálfstæðisflokks sem kallar sig stundum flokk einkaframtaksins.

Aukinn ójöfnuður getur valdið ýmsum félagslegum vanda og það getur orðið dýrkeypt í framtíðinni. Við í Frjálslynda flokknum viljum gæta aðhalds í opinberum

rekstri og auka frelsi atvinnuveganna, sérstaklega til sjávar og sveita og koma á öruggri og sanngjarnri afkomu fyrir öryrkja og eldri borgara. Af því væri einnig ávinningur að leita leiða til þess að öryrkjar kæmust í meira mæli út á vinnumarkaðinn á ný.

Það er rangt hjá oddvita ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að ríkissjóður hafi verið rekinn með umtalsverðum afgangi á umliðnum árum. Staðreyndirnar eru því miður þær að ríkissjóður var rekinn með 6,1 milljarðs króna halla árið 2003 og 8,1 milljarðs króna halla árið þar á undan.

Auðvitað er það alvarlegt að forsætisráðherra skuli flytja hér bæði villandi og rangar upplýsingar en alvarlegast af öllu er þó að í stefnuræðunni eru ekki boðaðar neinar aðgerðir í efnahagsmálum eða hvatning til þjóðarinnar.

Óveðurský í efnahagsmálum hrannast upp og flestir eru farnir að viðurkenna að svo sé, nema stjórnarmeirihlutinn sem hefur hér nýjan þingvetur með bundið fyrir augun. Seðlabankinn er einn skilinn eftir með það verkefni að halda aftur af þenslunni í þjóðfélaginu og beitir fyrir sig vaxtahækkunum. Þessar gríðarlegu vaxtahækkanir ýta síðan undir spákaupmennsku og hækkandi gengi íslensku krónunnar sem engin innstæða er fyrir.

Hér er kominn vítahringur sem ábyrg stjórnvöld ættu að ræða sem vanda í stað þess að loka augunum. Útflutningsgreinunum er ætlað að ráða fram úr óviðunandi rekstrarskilyrðum sem stjórnvöld hafa skapað. Afleiðingarnar eru skelfilegar og birtast m.a. í að boðaðar hafa verið lokanir á rækjuvinnslum víða um land. Það er orðið löngu tímabært að leita annarra leiða en að hækka vextina og skoða m.a. að auka bindiskyldu bankanna eða hvetja til sparnaðar.

Frjálslyndi flokkurinn vill boða sparnað meðal almennings. Sú glansmynd sem dregin er upp í stefnuræðu forsætisráðherra er ekki sannleikanum samkvæm. Þessi gífurlegi viðskiptahalli sem er afleiðing þess að við flytjum miklu meira inn í landið en út úr því er ávísun á verðbólgu og gengisfall krónunnar ef ekkert er aðhafst. Skilaboð Frjálslynda flokksins til almennings í landinu eru: Aukið sparnað, ríkisstjórnin gerir það ekki. Það er besta leiðin til þess að verjast mögulegu verðbólguskoti og besta leiðin til sparnaðar er að borga skuldir. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:32]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Sannarlega ríkir mikil gleði og kraftur í íslensku samfélagi. En með sama hætti hlýtur mörgum að renna til rifja að horfa upp á og hlusta á virðulega stjórnarandstöðu steypa sér ofan í þann dýpsta táradal sem málaður hefur verið í sölum Alþingis. Niðri í því myrkviði virðast stunduð það sem ýmist er kallað samræðustjórnmál eða dylgjustjórnmál en birtingarformið er bölmóður, vonleysi og almenn depurð.

Þeir sem trúa á tækifærin, bjartsýnina og gleðina hafa auðvitað þá siðferðilegu skyldu að hjálpa þessum félögum okkar upp úr hinum mikla táradal og til allrar hamingju eru meðulin næg. Komið hefur fram að ríkissjóður hefur aldrei staðið sterkar að vígi en nú. Þrátt fyrir það eru veittir meiri fjármunir til velferðarkerfisins en nokkru sinni, til heilbrigðismála, til félagsmála og til menntamála. Við leggjum í metnaðarfyllri samgöngubætur en nokkru sinni hafa sést. Fjarskiptasjóður er kominn á laggirnar og mun tengja alla landsmenn inn á öldur ljósvakans á 21. öldinni. Nefna má hátæknisjúkrahús svo að ekki sé minnst á milljarða til nýsköpunar sem koma til móts við frumkvöðla og hið unga menntaða fólk sem kemur inn á atvinnumarkaðinn. Þau eru sannarlega næg, meðulin, og ég trúi því að félagar okkar úr stjórnarandstöðunni muni koma upp úr táradalnum, sjá ljósið, sjá tækifærin og öðlast gleði sína að nýju. En nóg um það, frú forseti.

Fyrir rúmum tveimur árum komu forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga til fundar við hæstv. félagsmálaráðherra. Og hvert var erindið? Að hvetja ráðherra og ríkisstjórn til að ganga til liðs við forsvarsmenn sveitarfélaga um að fækka sveitarfélögum og stækka þau með lýðræðislegri sameiningu. Hvað skyldi nú reka forsvarsmenn sveitarfélaga til sameiningarátaks? Það er í raun sú staðreynd að núverandi skipan sveitarfélaga á rætur sínar að rekja til Jónsbókar. Hafi það farið fram hjá einhverjum, sem á stundum mætti halda miðað við orðræðuna, þá hafa orðið miklar breytingar í þjóðfélaginu frá því að Jónsbók var rituð skömmu eftir Sturlungaöldina. Breytingarnar hafa ekki orðið á einu sviði heldur á öllum sviðum, gildismat, þjónusta, búskaparhættir og þar fram eftir götunum. Eitt hefur þó ekki breyst og það er sá grunnur að sveitarfélagaskipan sem Jónsbók mælti fyrir um. Forsvarsmenn sveitarfélaga kalla eftir slíkum breytingum. Þeir vilja breytingar vegna þess að núverandi skipan er orðin akkillesarhæll fyrir mörg sveitarfélög.

Hver er þá ávinningur með hugsanlegri sameiningu? Rekstur sveitarfélaga snýst ekki einungis um skolp eða skóla. Rekstur sveitarfélaga snýst um fjölbreytileika þar sem fjölbreytileiki mun ráða í framtíðinni. Þar sem er fjölbreytileiki í atvinnuháttum, fjölbreytileiki í menningu og fjölbreytileiki á öllum sviðum, mun sumum sveitarfélögum vel farnast en önnur munu eiga mjög erfitt uppdráttar. Eftir því kalla forsvarsmenn sveitarfélaga með því að stækka sveitarfélögin.

Þá hljóta menn að spyrja: Af hverju er sá fjölbreytileiki ekki til staðar hjá hinum minni sveitarfélögum? Og aftur kemur svarið: Smæð þeirra. Þau hafa ekki burði til að taka að sér verkefni sem þess í stað hafa lent í höndum ríkisins og er miðstýrt af ríkisvaldinu, fjarri heimahögum þannig að fólkið sem á að njóta þjónustunnar fær litlu eða engu ráðið um með hvaða hætti þjónustustigið er heima í héraði. Um það munu þessar sameiningarkosningar næsta laugardag snúast. Forsvarsmenn sveitarfélaga hafa kallað eftir því að fá verkefni frá ríki, fá fjármuni frá ríki og fá störf frá ríkinu til að geta haldið uppi þeim fjölbreytileika sem er svo nauðsynlegur fyrir sveitarfélög 21. aldarinnar.

Ég vil að lokum, frú forseti, lýsa ánægju með að sjá hér konu sitja í forsæti. Það er mjög við hæfi því að þann 24. október næstkomandi verður þess minnst að konur hófu hina miklu jafnréttisbaráttu fyrir 30 árum. Mikið hefur áunnist en engan veginn nóg og ég trúi að í tilefni þeirra tímamóta muni það koma fram í orðum okkar og athöfnum á því þingi sem nú er að hefjast.

[21:37]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Stjórnmál snúast ekki einungis um hugsjónir heldur einnig um meðferð valds. Hvernig hefur sú meðferð komið okkur fyrir sjónir undanfarin ár hjá þessari ríkisstjórn? Nægir þar að nefna nokkur mál.

Við sáum fordæmalausan stuðning sem tveir menn ákváðu í okkar nafni við innrásina í Írak. Við sáum áður óþekktan hamagang í fjölmiðlamálinu, sem lauk með því að ráðherrar ætluðu að beygja sjálfa stjórnarskrána eftir eigin höfði. Við sáum skrúfað fyrir fjárframlög til Mannréttindaskrifstofu vegna gagnrýni hennar á stjórnvöld. Við sáum öryrkja sí og æ svikna um gefin loforð. Við höfum þurft að horfa upp á óeðlilegar skipanir á félögum þeirra í sjálfan Hæstarétt. Menn veigra sér ekki einu sinni við að hringja í umboðsmann Alþingis og skamma hann fyrir álit hans. Rauði þráðurinn er að þessi ríkisstjórn hefur verið of lengi við völd.

Frú forseti. Síðustu daga höfum við orðið vitni að ótrúlegri atburðarás sem leiddi til lögreglurannsóknar á Baugi. Í þeirri atburðarás tók innsti kjarni Sjálfstæðisflokksins virkan þátt, þar á meðal framkvæmdastjóri flokksins. Þessi flokkskjarni hittist og ræddi hvernig koma mætti til lögreglunnar máli yfirlýsts andstæðings þeirra, andstæðings sem ítrekað hefur orðið fyrir árásum formanns Sjálfstæðisflokksins. Nú síðast sagði meira að segja ráðherra í þessari ríkisstjórn, sjálfur viðskiptaráðherra, í Kastljósi, að áhrifamenn í Sjálfstæðisflokknum tengdust aðdraganda þessa máls, eins og hún orðaði það sjálf. Hún sagði að sér fyndist margt sérkennilegt hafa komið í ljós sem hún vissi ekki áður. Hún vakti sjálf athygli á ummælum eins þessara kappa um að það þyrfti e.t.v. að bíða eftir komu fjármálaráðherra til landsins upp á að senda málið til skattalögreglunnar. Þetta sagði sjálfur viðskiptaráðherra í vikunni. En í kvöld talar hún hins vegar á allt öðrum nótum og eins og allt sé í himnalagi.

Við mörgu í þessu máli þarf að fá skýr svör. Þetta snýst um meðferð valds. Samfylkingin mun leggja fram frumvarp um óháðar rannsóknir og rannsóknarnefndir eins og tíðkast víða í nágrannalöndum okkar. Þessar nefndir eiga að skoða mikilvæg mál eða stjórnvaldsathafnir sem varða almannahag og stuðla þannig að stjórnfestu og gegnsæi.

Frú forseti. Stjórnmál snúast einnig um stöðugleika. Það eru ekki síst stjórnarflokkarnir sem viðhalda mýtunni um stöðugleikann og þeir halda því áfram í kvöld. En það er ekki til marks um stöðugleika að búa við allt að 40% sveiflu á gengi íslensku krónunnar eða um 5% verðbólgu sem stefnir í ofanálag upp á við á næstu missirum samkvæmt spám. Það er hvorki stöðugleiki þegar skuldir heimilanna og fyrirtækjanna tvöfaldast á 5–7 árum eða þegar húsnæðisverð rýkur upp úr öllu valdi. Erlendar skuldir þjóðarbúsins eru á við þrefalda landsframleiðslu og heimilin skulda tíu sinnum meira en það sem kostar að reka allt heilbrigðiskerfið.

Það er ekki stöðugleiki þegar forsendur kjarasamninga bresta eða þegar árangurslaus fjárnám einstaklinga eru 17 þús. talsins á fjórum árum. Stöðugleiki felur ekki í sér að boða árlega fjárlagafrumvörp sem aldrei nokkurn tíma standast þegar reikningurinn er gerður upp. Það er ekki stöðugleiki þegar bilið á milli stétta og hópa í landinu margfaldast á örfáum árum. Það þýðir ekkert fyrir framsóknarmenn að hágrenja yfir þessum staðreyndum eins og síðasti ræðumaður þeirra gerði í kvöld.

Frú forseti. Samfylkingin vill bjóða upp á raunverulegan stöðugleika hagkerfis og fjölskyldna í landinu. Við viljum að allir fái tækifæri til menntunar en í fyrsta skipti í sögunni hafa Háskóli Íslands og fjölmargir framhaldsskólar hins vegar neyðst til að vísa nemendum frá vegna fjárskorts. Þetta nefndi forsætisráðherrann ekki í ræðu sinni í kvöld. Og nú berast fréttir af ályktunum ungra sjálfstæðismanna um að menntamál eigi ekki að fá neitt opinbert fjármagn. Er þetta stefnan sem Íslendingar vilja?

Samfylkingin vill stórauka fjárfestingu í menntamálum og gera leikskólann gjaldfrjálsan, sem yrði gríðarleg kjarabót fyrir íslensk heimili. Samfylkingin vill hlúa að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og ýta undir nýsköpun og frumkvöðlastarf. Samfylkingin mun hverfa frá vondri þróun á ýmsum sviðum samfélagsins. Af hverju þurfum við að búa við eitt hæsta matvælaverð í heimi? Af hverju þarf stöðugt að þrengja að hag eldri borgara þessa lands? Af hverju hefur fátækt meðal barna í okkar ríka samfélagi aukist?

Frú forseti. Íslendingar eiga skilið ríkisstjórn sem tryggir raunverulegan stöðugleika í samfélaginu, ríkisstjórn sem skilur ekki sumt fólk eftir, hvort sem það eru aldraðir, öryrkjar, stúdentar, hreyfihamlaðir eða börn. Við í Samfylkingunni boðum stefnu sem felur í sér að starfa fyrir opnum tjöldum þar sem stjórnfesta, frelsi og jafnræði ríkir í öllum ákvörðunum. — Góðar stundir.

[21:44]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Ég var undrandi á því að heyra hinn unga varaformann Samfylkingarinnar hefja ræðu sína með hálfum sögum og dylgjum. En það má kannski segja að hann sé engum manni líkur. Ef ég man rétt þá tókst honum að fá 900 atkvæði á fundi þar sem 500 voru mættir.

Það er svo, frú forseti, að mjög mikið hefur verið talað um skuldir heimilanna. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um að þær næmu 1.000 milljörðum kr. En hann gleymdi hinu að eignir heimilanna eru a.m.k. 4.000 milljarðar kr. Hann sagði að skuldir heimilanna væru 1.000 milljarðar kr. en gleymdi því að eignirnar eru 4.000 milljarðar kr., í lífeyrissjóðum, fasteignum og verðbréfum, eða sem svarar til 10 millj. kr. hreinnar eignar á hvern einstakan mann í landinu, ungan sem gamlan. Þetta er athyglisvert og í þessu samhengi sést hvernig hægt er að draga upp ranga mynd með því að segja hálfa sögu eða hluta af sögunni.

Einnig vakti athygli mína hin mikla áhersla sem Vinstri grænir leggja á að berjast gegn stóriðju hér á landi. Við munum það frá þeim dögum er Alþýðuflokkurinn fór með stóriðjumál að illa gekk að byggja upp stóriðjuna. Við munum líka að á þeim tíma versnuðu lífskjör ár frá ári og við vorum í vandræðum vegna þess að gjaldeyristekjur á einstakling minnkuðu. Það var ekki fyrr en með þeirri ríkisstjórn sem nú situr, árið 1995, að það tókst að snúa þessari þróun við. Nú er svo komið að lífskjör hafa vaxið um 50%. Ef við horfum til Miðausturlands þá sjáum við, ég og hv.

þm. Steingrímur J. Sigfússon, að þar ríkir mikil bjartsýni.

Það er alveg rétt, og ég tek undir það sem a.m.k. tveir þingmenn hafa sagt í kvöld, að það voru hörmuleg tíðindi að Slippstöðin skyldi hafa verið lýst gjaldþrota. Hvorki fleiri né færri en 100 manns fóru á atvinnuleysisskrá í dag eins og sagt var frá í kvöldfréttum. En við skulum líka hafa í huga að þetta er traust og gott fyrirtæki, að fjárfestar eru reiðubúnir til að taka upp þráðinn og bæði bæjaryfirvöld og hafnarstjórn hafa lýst sig reiðubúin til samstarfs. Þess mun því að vænta að Slippstöðin geti hafið starfsemi að nýju mjög bráðlega.

Ég vil líka taka undir það sem ýmsir hafa sagt um hinar dreifðu byggðir. Ég heyrði að þingmaður Samfylkingarinnar á Sauðárkróki heldur enn að Siglufjörður tilheyri Norðvesturkjördæmi. Þannig er það nú ekki. En þegar við hugsum um hinar dreifðu byggðir vitum við að sjávarútvegurinn getur ekki tekið við öllu því nýja fólki sem kemur vegna vélvæðingar og af öðrum ástæðum. Þess vegna verður að byggja upp annan grundvallaratvinnuveg í þeim byggðarlögum og við munum eftir því að forustumenn sjávarútvegsins í Neskaupstað og á Eskifirði fögnuðu því að þurfa ekki einir að bera ábyrgð á þróun byggðar og afkomu heimilanna á þeim stað. Af þessum sökum voru þeir mjög áhugasamir um uppbyggingu stóriðju sem við studdum, sem vorum í þeirri ríkisstjórn, og sumir þakka sér meira en aðrir.

Ég vænti þess að við getum tekið höndum saman um það, ég og aðrir þingmenn í Norðausturkjördæmi, að næsta álver rísi við Skjálfandaflóa. Við vitum að byggðirnar á norðausturhorninu eru veikar. Þær þurfa nýtt blóð og meiri kraft. Við höfum nú barist saman á þessum slóðum, við Steingrímur J. Sigfússon, síðan hann flutti sína fyrstu ræðu á sameiginlegum fundi okkar 1978 á Kópaskeri. Það kemur engum á óvart að þá var hann að lýsa andstöðu sinni við álver og hefur haldið þeim tóni síðan. Það er meiri staðfesta en margur annar hefur sýnt í pólitík en ég vil vona satt að segja að nú sé að því komið að við tökum höndum saman um atvinnumál okkar kjördæmis.

Ég vil líka segja að ég skil vel þær áhyggjur sem hann og fleiri þingmenn hafa lýst vegna hins háa gengis krónunnar. En það er þannig að gengi gjaldmiðilsins er sterkt í löndum sem búa við sterkan efnahag og góðan hagvöxt. Seðlabankinn hefur enn hækkað stýrivexti til að slá á verðbólgu og við skulum muna að verðbólga hér á landi er svo sem engin ef við tökum húsnæðiskostnaðinn ekki inn í hana, eins og víðast hvar er gert erlendis. Nú ríður á að halda niðri verðbólgunni og óeðlilegum hækkunum til að tryggja lífskjör og jafnvægi. Ég vil trúa því að gengið hafi náð hámarki og þess sé skammt að bíða að krónan gefi eftir uns nýju jafnvægi er náð. Þess vegna er það brýnt að veita aðhald í ríkisfjármálum eins og gert er í fjárlagafrumvarpinu og hvetja til sparnaðar í landinu. Það viljum við sjálfstæðismenn gera. Við viljum halda þeim vana okkar og vanda að bregðast við aðsteðjandi erfiðleikum með viðeigandi hætti og tryggja viðvarandi velmegun í landinu.

[21:50]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. forsætisráðherra hefur nú flutt frábæra stefnuræðu sína. Hún var að vísu ekki alveg eins skemmtileg og ræða hv. þm. Halldórs Blöndals og ég ætla ekki að eyða tíma í að fara ofan í saumana á þessari stefnuræðu sérstaklega enda hafa margir gert það ágætlega á undan mér. Ég ætla heldur að tala um það sem vantaði sárlega í ræðuna.

Við búum í landi sem státar sig af því að lífskjör séu með þeim bestu sem gerast í heiminum, hvorki meira né minna. En í hverju felast þau lífsgæði? Felast þau í því að eiga sem flesta jeppa og bílastæði fyrir utan 400 fermetra einbýlishús? Eða eru raunveruleg lífsgæði þau að við getum andað að okkur hreinu lofti og að hér ríki jafnrétti, ekki bara í orði kveðnu? Að við berum umhyggju fyrir náunganum en séum ekki í sífelldu kapphlaupi um að hafa það „betra" en hann. Eru lífsgæðin ekki fólgin í því að börnin okkar séu velkomin í þennan heim og að ekki taki á móti þeim auglýsingaflóð og skrum um hluti sem enginn þarf á að halda? Að gamla fólkið geti áhyggjulaust notið elliáranna. Grunnlífeyrir aldraðra á Íslandi í dag er um 20 þúsund kr. Er hægt að lifa af þeirri upphæð sem tekjulægstu ellilífeyrisþegunum og öryrkjum er skömmtuð? Er það með því móti sem við þökkum þeim sem hafa alið okkur upp? Auðvitað ekki. Það er skammarlegt hvernig við höfum látið lífeyrisþega sitja á hakanum meðan forstjórar landsins fá milljónir í mánaðarlaun. Það er kominn tími til að við jöfnum lífskjörin í landinu í stað þess að auka ójöfnuð eins og núverandi ríkisstjórn hefur gert og ætlar að halda áfram að gera með enn meira offorsi en hingað til. En það er hægt að gera hlutina á annan hátt.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð er með tillögur um að lækka og fella niður fjármagnstekjuskatt hjá þeim sem lítið sparifé eiga en láta þá í staðinn bera byrðarnar sem eiga fúlgur fjár. Þeir geta vel borgað 18% fjármagnstekjuskatt án þess að finna mikið fyrir því. Þessi ráðstöfun er raunveruleg kjarabót fyrir þá sem minnst eiga og helst þurfa á skattalækkunum að halda.

Gjaldfrjáls leikskóli er annað dæmi um það sem við í Vinstri grænum leggjum áherslu á og sýnum með því móti að við höfnum skólagjöldum á öllum skólastigum.

Grunnheilbrigðiskerfið á einnig að vera gjaldfrjálst en í því mikla kerfi er hægt að spara háar fjárhæðir, t.d. með því að skoða lyfjakostnaðinn og leita nýrra leiða við að bæta heilsu þjóðarinnar.

Dæmi um óþarfa bruðl er framlag okkar í svokallaða „friðargæslu". Þar ættum við í staðinn að styðja við alvöruþróunaraðstoð og hjálpa fátækasta fólkinu hvar sem er í heiminum svo að það geti hjálpað sér sjálft. Hvaða gagn komum við til með að gera í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna með eitt atkvæði sem mun kosta okkur 500–1.000 milljónir? Hingað til höfum við verið taglhnýtingar Bandaríkjastjórnar þegar kemur að utanríkisstefnu og sá stuðningur náði botninum í stuðningi Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar við ólöglegt árásarstríð gegn Írak, stríð sem virðist engan endi ætla að taka. Hér er við hæfi að vitna í þjóðskáldið Bubba Morthens:

Það fossar blóð í frelsarans slóð.
En faðir, það er vel meint.

Við Vinstri græn erum eini flokkurinn sem kennir sig við femínisma og við erum stolt af því og það er við hæfi á

þessu mikla afmælisári kvennabaráttu að svipta hulunni af launaleyndinni. Með því móti og engu öðru getum við stuðlað að jöfnum launum karla og kvenna.

Góðir Íslendingar. Ég á mér draum um þjóðfélag þar sem raunveruleg lífsgæði eru í forgrunni en ekki gerviþarfir, þar sem réttlæti og jöfnuður ríkir en ekki misskipting og ójöfnuður. Þar sem borin er virðing fyrir öldruðum en þeir ekki afskrifaður þjóðfélagshópur. Þar sem börn eru boðin velkomin í heiminn. Þar sem frumkvæði og sköpunargleði fólks er virkjuð en ekki framin óafturkræf náttúruspjöll til að selja orkuna fyrir slikk til ameríska auðhringa. Það eru ef til vill einhverjir sem kalla mig draumóramann en ég er ekki sá eini. Og einn daginn munu fleiri ganga í lið með okkur og heimurinn verða sem einn. Verið þið velkomin í hópinn.

[21:55]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Gott kvöld, góðir landsmenn. Við þingmenn erum nú fyrir augliti ykkar í Alþingishúsinu við Austurvöll í Reykjavík. Við störfum hér í ykkar umboði. Þið fylgist með og leggið dóma á störf okkar en það gera fleiri. Á laugardag fór fram þingsetningarathöfn. Húsið var þéttsetið af fólki, m.a. erlendum sendiherrum. Ég komst ekki hjá því þá að leiða hugann að því að þetta ágæta fólk, gestir í landi okkar, hefur m.a. það verkefni með höndum að senda heim minnisblöð og skýrslur um atburði líðandi stundar hjá okkur Íslendingum, þ.e. sendiherrarnir greina frá þeim tíðindum sem þeim þykja markverð í lífi þessarar þjóðar við ysta haf og þeir leggja mat og jafnvel dóm á gang mála. Það skapar orðspor Íslands erlendis. Orðtak segir að glöggt sé gestsaugað.

Hvernig skyldi þetta fólk líta á ástandið á Íslandi? Hvernig metur það stöðuna í skýrslum sem fara á milli landa sem diplómatapóstur og eru einungis ætlaðar augum háttsettra embættismanna, stjórnmálamanna og þjóðhöfðingja í heimalöndum sendiherranna? Gætu sendiherrarnir tekið undir hið skefjalausa sjálfshól sem ráðherrar og aðrir ríkisstjórnarliðar hafa flutt um eigin verk í kvöld? Gleypa þeir við blekkingunum og áróðrinum? Þeir hljóta að gera sér grein fyrir að velmegun þjóðarinnar er að stærstum hluta keyrð áfram á skuldasöfnun og gríðarlegum viðskiptahalla. Þeir skynja að hin svokallaða útrás íslenskra fyrirtækja er byggð á lánsfé sem enginn veit hvaðan er komið.

Þeir hljóta að sjá að launamunur í þjóðfélaginu er alltaf að aukast, að hér lifir nýrík og fámenn yfirstétt fólks á ofurlaunum sem aðeins borgar örfáar prósentur af tekjum sínum í skatta á meðan til að mynda fátækar barnafjölskyldur búa við geysihátt húsnæðisverð. Ellilífeyrisþegar og öryrkjar lifa við bága afkomu og allir þessir þjóðfélagshópar og reyndar allir hinir sem ekki fá aðgang að peningasukkinu eru mergsognir af skattheimtu yfirvalda.

Það væri athyglisvert að sjá hvernig gestir okkar lýsa til að mynda ráðstöfun á Búnaðarbankanum og öðrum vandræðagangi ríkisstjórnarinnar með hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, í fararbroddi. Hvernig horfir Baugsmálafarsinn við þeim? Hvað með eftirlaunamálið og brotthvarf Davíðs Oddssonar úr stjórnmálum og skipan hans á sjálfum sér í embætti seðlabankastjóra? Hvaða tiltrú skyldu þeir hafa á nýjum fjármálaráðherra í ljósi þess að hann sló sjálfur taktinn í fjármálasukki þjóðarinnar nokkrum dögum áður en hann tók við hinu nýja embætti með því að selja aðgang að Sparisjóði Hafnarfjarðar fyrir 50 millj. kr.?

Góðir landsmenn. Ég held að þeir hljóti að hlæja dátt að þessari litlu þjóð, ráðamennirnir í London, Kaupmannahöfn, Ósló og víðar þegar þeir lesa skýrslur sendiherranna. Fyrir utanaðkomandi hlýtur þetta að líta út eins og vel skrifað spaugstofuhandrit þó mér finnist þetta reyndar ekkert fyndið.

Góðir Íslendingar. Við í Frjálslynda flokknum störfum í stjórnmálum vegna þess að við viljum breyta þessu. Vinna þarf bug á spillingunni, það þarf að siðbæta íslensk stjórnmál. Allir utanaðkomandi hljóta að sjá að það er lengi mikið búið að vera að í þjóðfélaginu.

Það haustar snemma í ár og fram undan er langur vetur en við vitum að aftur mun vora, að hver dagur sem líður þýðir einum degi færra í lífi þessarar ríkisstjórnar og óðum styttist nú ævi hennar.

Ég vil að lokum fyrir hönd Frjálslynda flokksins óska ykkur öllum góðs og gæfuríks vetrar. — Í guðs friði.

[22:00]

Útbýting:

Aðgerðir í málefnum heimilislausra, 91. mál, fsp. JóhS, þskj. 91.

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, 4. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 4.

Framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, 121. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 121.

Framkvæmd þingsályktunar um stofnun sædýrasafns, 103. mál, fsp. MÞH, þskj. 103.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 21. mál, frv. JBjarn, þskj. 21.

Garðyrkjumenntun að Reykjum í Ölfusi, 132. mál, fsp. MF, þskj. 132.

Gegnumlýsingartæki fyrir tollgæsluna, 100. mál, fsp. GHall, þskj. 100.

Gleraugnakostnaður barna, 95. mál, fsp. JóhS, þskj. 95.

Háhraðanettengingar, 117. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 117.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, og mat á umhverfisáhrifum, 11. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 11.

Jöfnun flutningskostnaðar, 107. mál, fsp. KLM, þskj. 107.

Jörðin Saurbær í Eyjafjarðarsveit, 108. mál, fsp. KLM, þskj. 108.

Kadmínmengun í Arnarfirði, 106. mál, fsp. MÞH, þskj. 106.

Kanínubyggð í Vestmannaeyjum, 104. mál, fsp. MÞH, þskj. 104.

Kóngakrabbi, 105. mál, fsp. MÞH, þskj. 105.

Láglendisvegir, 9. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 9.

Lenging fæðingarorlofs, 134. mál, fsp. KJúl, þskj. 134.

Móttaka ferðamanna við Kárahnjúka, 101. mál, fsp. GHall, þskj. 101.

Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 14. mál, þáltill. JBjart o.fl., þskj. 14.

Námsefni framleitt af aðilum utan skólakerfisins, 123.

mál, fsp. KolH, þskj. 123.

Nýtt tækifæri til náms, 7. mál, þáltill. EMS o.fl., þskj. 7.

Réttur nemenda í framhalds- og háskólanámi til húsaleigubóta, 118. mál, fsp. JBjarn, þskj. 118.

Ríkisútvarpið, 8. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 8.

Skipulögð leit að krabbameini í ristli, 13. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 13.

Skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins, 10. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 10.

Spilafíkn, 99. mál, fsp. GHall, þskj. 99.

Staða framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun, 120. mál, fsp. HlH, þskj. 120.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, 18. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 18.

Starfsumhverfi dagmæðra, 96. mál, fsp. JóhS, þskj. 96.

Stjórn fiskveiða, 17. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 17.

Stofnun stjórnsýsludómstóls, 122. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 122.

Stuðningur við einstæða foreldra í námi, 16. mál, þáltill. HlH, þskj. 16.

Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum, 119. mál, fsp. MF, þskj. 119.

Tryggur lágmarkslífeyrir, 6. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 6.

Úrbætur í málefnum atvinnulausra, 94. mál, fsp. JóhS, þskj. 94.

Viðbúnaðaráætlun vegna fuglaflensu, 92. mál, fsp. JóhS, þskj. 92.

Viðbygging við sjúkrahúsið á Selfossi, 133. mál, fsp. MF, þskj. 133.

Virðisaukaskattur, 12. mál, frv. MÞH o.fl., þskj. 12.

Þjóðhagsáætlun 2006, 2. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

Fundi slitið kl. 22:00.

---

3. FUNDUR

miðvikudaginn 5. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Ruud Schaafsma.
Erindi frá norrænum kvennasamtökum.
Erindi frá Brautinni, bindindisfélagi ökumanna.

[13:32]

Útbýting:

Aðgangur að opinberum háskólum, 114. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 114.

Auglýsingar og kostun í grunnskólum, 116. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 116.

Bifreiða-, ferða- og risnukostnaður, 89. mál, fsp. JóhS, þskj. 89.

Ferðasjóður íþróttafélaga, 24. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 24.

Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, 22. mál, þáltill. GAK og JÁ, þskj. 22.

Hjúkrunarrými, 109. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 109.

Nemendaráð í grunnskólum, 112. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 112.

Rannsókn á þróun valds og lýðræðis, 20. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 20.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 19. mál, frv. SF o.fl., þskj. 19.

Tannlæknakostnaður barna og unglinga, 88. mál, fsp. JóhS, þskj. 88.

Viðskipti fruminnherja á fjármálamarkaði, 87. mál, fsp. JóhS, þskj. 87.

Athugasemdir um störf þingsins.

Steinstöplar á Austurvelli.

[13:34]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil á þessum fyrsta fundi sem ég hef tækifæri til að kveðja mér hljóðs um störf þingsins lýsa yfir ánægju minni yfir því að hinir forljótu steinnökkvar sem hafa verið á Austurvelli eru horfnir. Ég verð að hrósa borgarstjóra fyrir að hafa þó sýnt þá smekkvísi að fjarlægja þessa steinnökkva áður en Alþingi var sett.

Ég vil láta þess getið að ég hef skrifað tveimur borgarstjórum bréf út af þessum nökkvum sem forseti Alþingis. Hvorugu bréfanna hefur verið svarað, sem sýnir með nokkrum hætti þá afstöðu sem borgarstjórar og meiri hluti borgarstjórnar hafa til Alþingis og umhverfis Alþingis. Ég vil óska þess við forsætisnefnd að hún beiti sér áfram fyrir því að Austurvöllur fái að vera í friði. Umhverfi Alþingishúss er í mínum huga helgur reitur. Austurvöllur er hjarta borgarinnar og þar eiga menn ekki að hrúga upp þvílíkum hlutum eins og steinnökkvarnir voru á þessu sumri.

Við sjáum breytinguna sem orðið hefur. Ég hafði stungið upp á að borgarstjórinn reyndi að raða þessum nökkvum í kringum ráðhúsið en af einhverjum ástæðum kaus borgar-

stjórinn að fara ekki að þeim ráðum, sem mér að vísu finnst bera vott um nokkra smekkvísi.

[13:36]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Bara örstutt. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með að hv. þm. Halldór Blöndal skuli hafa lýst óánægju sinni með steinnökkvana á Austurvelli. Ég er honum hjartanlega sammála um að þeir hafa verið lýti á Austurvelli yfir sumartímann þótt á þeim hafi verið ágætar ljósmyndir. Ég held að borgarstjórn Reykjavíkur ætti að sjá sóma sinn í að þessar ljósmyndasýningar verði í framtíðinni annars staðar en fyrir framan Alþingishúsið.

Umræður utan dagskrár.

Þróun efnahagsmála.

[13:37]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Í nýjasta hefti Peningamála, sem kom út í september, segir á fyrstu síðu:

„Á næstu árum verða aðstæður í þjóðarbúskapnum óvenju erfiðar frá sjónarhóli peningastefnunnar. Hvernig tekst að beita henni til þess að koma í veg fyrir að verðbólga umfram markmið festi rætur verður nokkur prófsteinn á hve vel núverandi umgjörð hennar hentar litlu, opnu hagkerfi."

Prófsteinn á hve vel hún hentar, hvað felst í þeim orðum? Mér finnst dálítið merkilegt hve fáir hafa höggvið eftir þessum orðum í septemberhefti Peningamála. En í þessum orðum felst að við eigum bara tvo kosti: að halda okkur við þau verðbólgumarkmið sem Seðlabankanum voru sett með lögunum frá 2001 og sátt varð um hér á Alþingi eða að taka upp annan gjaldmiðil. Það eru bara þessir tveir kostir í stöðunni. Á það er Seðlabankinn að benda í Peningamálum, að halda sig við verðbólgumarkmiðin eða að taka upp annan gjaldmiðil.

Ríkisstjórnin hafnar aðild að Evrópusambandinu en með aðgerðum sínum og andvaraleysi vinnur hún í raun að því að hér verði evran tekin upp sem gjaldmiðill.

Á fundi stjórnar Seðlabankans, þegar hún kynnti þetta hefti og vaxtahækkanir sínar, kom mjög harður tónn frá bankastjórninni. Skilaboðin voru þau að bankinn væri staðráðinn í að gera allt sem í hans valdi stæði til að halda verðbólgu sem næst verðbólgumarkmiði bankans á næstu tveimur árum og til lengri tíma litið, jafnvel þótt það kynni að koma hart niður á ýmsum atvinnugreinum. Bankinn hefur varað við hugmyndum um að hleypa verðbólgunni í gegn, eins og sumir vilja gjarnan, og bendir á að það sé undantekningalaust sársaukafyllri aðgerð að bera hana út aftur en fyrirbyggjandi aðgerðir sem geta komið í veg fyrir innreið hennar. Við Íslendingar höfum af þessu langa og sársaukafulla reynslu eins og þjóðarsáttin bar vott um á sínum tíma. Þess vegna er varað mjög við því að hleypa henni í gegn.

En hver er staðan og af hverju tek ég upp þessa umræðu um stöðu efnahagsmála? Jú, verðbólgan er í annað sinn á þessu ári komin yfir vikmörk Seðlabankans, skuldsetning heimila og fyrirtækja hefur vaxið gríðarlega á síðastliðnu ári og aldrei verið meiri. Útlán bankakerfisins hafa vaxið um 485 milljarða kr. á einu ári eða um 46%. Viðskiptahallinn hefur aldrei verið meiri síðan mælingar hófust og það er athyglisvert að skoða hvenær viðskiptahallinn fór hæst áður. Hann fór hæst árið 1947 í 12,5% í stríðslok, þegar þjóðina vanhagaði um alla hluti og nýsköpunartogararnir voru fluttir inn. Hún fór síðan í 8,8% 1968 við hrun síldarstofnsins, þ.e. annars vegar þegar áföll urðu vegna stríðsreksturs og við vorum að jafna okkur eftir það og hins vegar vegna mikils hruns í útflutningstekjum. Þá tókumst við á við áföllin og þá fór viðskiptahallinn hæst. En núna er hann kominn enn hærra, kominn í 14% og þetta áfall, sem við tökumst nú á við, er framleitt innan lands.

Sterk staða krónunnar, við höfum séð hvernig hún kemur við útflutningsgreinarnar og samkeppnisgreinarnar, þar sem hvert fyrirtækið af öðru leggur upp laupana, segir upp fólki og flytur úr landi vegna þess að fyrirtækin fá ekki staðist samkeppnina. En forsætisráðherra er fáorður um þessi mál. Hann var fáorður um þau í gær og það komu engin skilaboð frá ríkisstjórninni um hvernig hún hygðist taka á málum, takast á við vaxandi þenslu.

Á ársfundi Seðlabankans fyrr á þessu ári sagði forsætisráðherra eitthvað á þá leið að hann hefði enga trú á því að ríkisfjármálin væru hagstjórnartæki til að takast á við skammtímasveiflur. Hann sagði að honum virtist sem, með leyfi forseta:

„... menn átti sig ekki alveg á hagstjórnarhlutverki ríkisfjármála í nútímahagkerfi. Að mínu viti er alveg augljóst að hlutverk ríkisfjármálanna á fyrst og fremst að lúta að langtímasjónarmiðum og skipulagi hagkerfisins. Það á ekki að beita ríkisfjármálunum til þess að draga úr skammtímasveiflum í efnahagslífinu."

Núna kveður við sama tón í þjóðhagsspánni sem lögð var fram í vikunni. Af þessum sökum vil ég leggja eftirfarandi spurningar fyrir ráðherrann:

1. Fjármálaráðuneytið virðist ekki hafa trú á því að Seðlabankanum takist að ná verðbólgumarkmiðum sínum fyrr en á árinu 2009. Er forsætisráðherra sömu skoðunar?

2. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að leggja Seðlabankanum lið í baráttunni við verðbólguna?

3. Hvernig hyggst ríkisstjórnin beita sér andspænis því að forsendur kjarasamninga eru brostnar vegna hækkandi verðbólgu?

4. Er forsætisráðherra enn þeirrar skoðunar sem hann lýsti á síðasta aðalfundi Seðlabankans að þeir tímar séu liðnir að beita eigi ríkisfjármálunum til að draga úr skammtímasveiflum í efnahagslífinu?

[13:42]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Að gefnu tilefni telur forseti rétt að minna hv. þingmenn á, við upphaf nýs þings, að ávarpa hæstv. ráðherra og hv. samþingmenn sína með viðeigandi hætti.

[13:42]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrir að taka upp þessa umræðu, sem ég tel að

sé mjög mikilvæg við þessar aðstæður.

Hún spurði fyrst hvort forsætisráðuneytið væri sammála fjármálaráðuneytinu um að það væri ekki líklegt að Seðlabankanum tækist að ná verðbólgumarkmiði sínu. Fjármálaráðuneytið hefur ekki gefið út neina skoðun á því frekar en aðrir. Við skulum vona það, öll sem hér erum, að við náum sem mestum árangri í baráttunni gegn verðbólgunni á sama tíma og við höldum áfram þeim mikla uppgangi sem er í þjóðfélaginu.

Það varð hins vegar leið villa í skýrslu fjármálaráðuneytisins þar sem tölur um verðbólgu áttu að vera tölur um atvinnuleysi og tölur um atvinnuleysi áttu að vera tölur um verðbólgu. Þannig er sáralítill munur á spá Seðlabankans og spá fjármálaráðuneytisins. Það kemur fram í spá fjármálaráðuneytisins að þeir gera ráð fyrir meðalverðbólgu á árunum 2007–2010 upp á 2,9%. Seðlabankinn spáir að árið 2006 verði verðbólgan upp á 3,7%, fjármálaráðuneytið spáir 3,8%. Á árinu 2007 spáir Seðlabankinn verðbólgu upp á 3,7% meðan fjármálaráðuneytið spáir 4%.

Það er ekki mikill munur á þessum spám og engin ástæða til að gera eitthvað úr honum. Þetta eru svipaðar spár og hafa verið og á þeim hefur ekki orðið mikil breyting. Það er því miður allt of mikið gert úr þessu máli og nauðsynlegt að leiðrétta það. Ég tel ástæðulaust að eyða frekari orðum í það.

Hv. þm. spyr hvað ríkisstjórnin hyggist gera til að leggja Seðlabankanum lið í baráttunni við verðbólguna. Það liggur ljóst fyrir að ríkisstjórnin gerir allt sem í hennar valdi stendur til að halda verðhækkunum í skefjum. En ríkisstjórnin telur jafnframt að það sé afar þýðingarmikið að halda áfram að byggja upp í þjóðfélaginu, skapa meiri verðmæti og meiri atvinnu fyrir fólkið. Við höfum núna lagt fram fjárlög fyrir árið 2006, sem er þriðja árið í röð sem lögð eru fram mjög aðhaldssöm fjárlög. Ég get jafnframt upplýst hv. þingmann um að nú stendur yfir á vegum félagsmálaráðherra gagnger endurskoðun á Íbúðalánasjóði. Ríkisstjórninni er það ljóst að þar á bæ þarf að koma til breyting vegna þeirra breyttu aðstæðna sem komið hafa upp í þjóðfélaginu og við munum flýta þeirri endurskoðun. En það er náttúrlega vitað að m.a. mikil þensla á íbúðamarkaði á allmikla sök á því hverjar verðhækkanirnar hafa orðið. Verðhækkanirnar hafa fyrst og fremst orðið vegna húsnæðisverðs og olíuverðs.

Hv. þingmaður spyr um hvað ríkisstjórnin hyggist gera vegna þess að forsendur kjarasamninga séu brostnar vegna hækkandi verðbólgu. Ég tel allt of mikið sagt þegar fullyrt er að forsendur kjarasamninga séu brostnar. Kaupmáttur launa hefur hækkað um 60% í landinu á undanförnum tíu árum. Er það slæm efnahagsstefna? Er allt í uppnámi út af því? Er það svona slæmt að kaupmáttur hefur aukist svo mikið? Gert er ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann vaxi í ár um 3,7%, 2,7% á næsta ári og 2,1% árið 2007. Ætli það sé ekki alveg ljóst að þetta verði eitt af þeim atriðum sem menn meti þegar þeir fara yfir kjör fólksins í landinu um þessar mundir?

Það liggur fyrir að frá því að kjarasamningar voru gerðir hafa verið teknar ákvarðanir um mikilvægar skattalækkanir sem gjörbreyta þessari stöðu. Ég er fullviss um að besta leiðin til að bæta kjör fólks um þessar mundir er að lækka skattana en ekki að hækka prósentur launa (Forseti hringir.) og við munum halda fast við þá stefnu.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna þessari umræðu. Það er ágætt að eiga þess kost að eiga orðastað við hæstv. forsætisráðherra um efnahagsmál til viðbótar því tækifæri sem gafst í gærkvöldi og gefst á morgun þegar við ræðum hér frumvarp til fjárlaga.

Það er líka mjög mikilvægt að hæstv. forsætisráðherra skuli hafa fallist á að vera viðstaddur þessa umræðu. Það er afar mikilvæg viðurkenning á því að hæstv. forsætisráðherra fari með efnahagsmál í ríkisstjórninni og það er einnig ákveðin viðurkenning á því að ríkisstjórnin telur þrátt fyrir allt að henni komi efnahagsmál við. Það hefur mátt efast um það af framgöngu hæstvirtra ráðherra og því hvernig hæstv. forsætisráðherra hefur talað á köflum eins og hér var m.a. vitnað til, hinni merkilegu ræðu hans á aðalfundi Seðlabankans þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni og hefur reyndar gert í blaðaviðtölum að í raun og veru sé þetta alls ekkert mál ríkisstjórnarinnar. Það sé úrelt og einhver gömul forneskja að ríkisstjórninni komi eitthvað við framgangur efnahagsmála, það sé bara vandamál einhverra annarra, Seðlabankans, bankanna, viðskiptalífsins, heimilanna o.s.frv.

Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra út í samskipti ríkisstjórnarinnar við Seðlabankann. Þessir aðilar virðast aðallega talast við í blöðum, skiptast á skeytum í gegnum fjölmiðla, og þjóðin og þeir sem fylgjast með framvindu efnahagsmála og umræðum um efnahagsmál upplifa þessa aðila sem andstæðinga sem vinni hvor gegn öðrum.

En er það nú svo? Er það samkvæmt laganna hljóðan að þannig eigi það að vera? Nei, það er nefnilega dálítið merkilegt að í 2. mgr. 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, stendur enn þá að Seðlabankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiðum sínum skv. 1. gr., þ.e. verðstöðugleikamarkmiðinu. En þetta felur náttúrlega í sér að tvennt þarf að gerast. Ríkisstjórnin þarf í fyrsta lagi að hafa stefnu í efnahagsmálum til þess að Seðlabankinn geti stuðlað að framvindu hennar og það má heldur ekki vera (Forseti hringir.) grundvallarágreiningur um framgönguna. Það er að mínu mati vandamálið. Það væri fróðlegt að heyra (Forseti hringir.) hæstv. forsætisráðherra tjá sig aðeins betur um samskiptin við Seðlabankann hér á eftir.

[13:50]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég get upplýst það af því að ég er nýhættur í fjármálaráðuneytinu að það eru reglulegir fundir milli þess ráðuneytis og Seðlabankans og hafa verið í mörg ár um þessi mál og þarf ekki að kvarta undan neinu sambandsleysi þar á milli, enda hefur það samstarf verið mjög gott og gengið prýðilega.

Það er einhver misskilningur sem verið er að reyna að koma hér að að allt sé í klessu í efnahagsmálum. Þannig talar hv. síðasti ræðumaður og gerði hér í gærkvöldi. Staðan í

efnahagsmálum er í aðalatriðum mjög góð. Það er viðurkennt af öllum sem hafa kynnt sér þau mál innan lands og utan, aðilum sem hafa um þetta mál fjallað.

Hins vegar er staðan viðkvæm að því leyti til að það eru mikil umsvif í þjóðfélaginu. Það er allnokkur framleiðsluspenna sem lýsir sér m.a. í því að það er lítið atvinnuleysi og sums staðar ekkert og hér er mikið af innfluttu vinnuafli. Áhrif stóriðjuframkvæmdanna eru sennilega minni hvað varðar þenslu í þjóðfélaginu en menn gerðu ráð fyrir áður vegna þess að það hefur verið flutt inn mikið af vinnuafli. Engin ástæða er til að ætla annað en að okkur muni takast að komast út úr þessu ástandi á nokkrum árum með tiltölulega mjúkum og mildum hætti eins og við gerðum síðast þegar svipað ástand var uppi. Menn tala um það sem mjúka lendingu. Ég talaði um það á sínum tíma sem snertilendingu og ég geri mér vonir um að þannig verði það aftur vegna þess að við ætlum okkur að ná efnahagslífinu aftur á flug þrátt fyrir hið neikvæða tal Vinstri grænna og ýmissa annarra gagnvart atvinnuuppbyggingu t.d. í stóriðju.

Það sem er óvænt í þessu ástandi núna er það sem gerst hefur á lánsfjármarkaðnum. Þar urðu óvæntar vendingar í fyrra. Það er gríðarlega mikið framboð á lánsfé, það er það sem hefur sett hlutina í ójafnvægi hvað það varðar og er skýringin á verðbólguhækkununum gagnvart þeim sem hafa verið að kaupa sér húsnæði. Aðrir sem ekki hafa verið í viðskiptum á húsnæðismarkaði (Forseti hringir.) hafa ekki orðið fyrir barðinu á þeim hækkunum.

[13:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin virðist í engu ætla að bregðast við þeim vanda sem fram undan er. Verðbólgan er meiri en kjarasamningar við almenna launamenn tóku mið af og við vitum ekki hvar það endar. Þá getum við auðvitað spurt í þessum stuttu umræðum: Hvað gæti ríkisstjórnin gert til þess að lagfæra stöðu almennra launamanna?

Jú, það er ljóst að bæði sjálfstæðismenn og framsóknarmenn sem stjórna landinu gætu m.a. endurskoðað skattastefnu sína. Þeir gætu hætt við að fella niður hátekjuskattinn, þeir gætu hætt við að hafa flata prósentulækkun, 1% á næsta ári og 2% 2007, og sett þessa fjármuni í persónuafsláttinn. Þeir gætu hækkað persónuafsláttinn á næsta ári um 3.000–4.000 kr. á mánuði og um 5.000–6.000 kr. á mánuði á árinu 2007 fyrir sömu fjármuni og þeir ætla í skattaleið sína. Þetta hefði örugglega veruleg áhrif á að skapa hér umhverfi þar sem almennir launamenn teldu hag sínum betur komið en ella.

Að sjálfsögðu er líka óþarfi að fella niður greiðslu til hreyfihamlaðra, þ.e. eldri borgara og öryrkja, svokallaðan bensínstyrk. Þetta eru vanhugsaðar aðgerðir sem ríkisstjórnin boðar og ekki til þess fallnar að búa hér til stöðugt ástand eða að viðhalda betri kjörum fyrir hinn almenna launamann.

[13:54]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Það er svolítið merkilegt að sitja hér í þingsal og verða vitni að algerri afneitun hæstv. ráðherra á því að vandi steðji að í efnahagsmálum og nauðsynlegt sé að ríkisstjórnin bregðist við. Þeir sem eiga í vanda fara oft í afneitum og neita að horfast í augu við raunveruleikann.

Hæstv. forsætisráðherra sagði okkur áðan að allt væri að mestu í lagi. Er það þá eitthvert rugl sem við heyrum í talsmönnum bankanna, í talsmönnum atvinnulífsins, í Seðlabankanum og í forsvarsmönnum launþegasamtaka að það vanti eitthvað á viðbrögð ríkisins til að bregðast við þenslunni eins og hún er núna?

Þetta hlýtur að vekja spurningu um hver það er sem ruglar. Skilaboð og viðbrögð ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans eru afar misjöfn við þeim vanda sem uppi er og helst að sjá á stundum að þessir aðilar, sem verða að taka sameiginlega á, séu að vinna í sína áttina hvor. Eru hæstv. ráðherra og stjórnarþingmenn orðnir svo heilaþvegnir af eigin stöðugleikatali að það sé ekki nokkur möguleiki á að kveikja skilning þeirra á þeirri staðreynd að nú þurfi sameiginlegt átak til að koma stöðugleikanum á að nýju, átak þar sem ríkisstjórnin getur ekki setið hjá að mestu eins og hún virðist ætla að gera miðað við fjárlagafrumvarpið sem lagt hefur verið fram á Alþingi?

Það gengur ekki lengur að svara öllum spurningum um stjórn ríkisfjármála með því að hér ríki stöðugleiki. Reynið að segja þeim sem standa í útflutningi á sjávarfangi, þeim sem hafa lifibrauð sitt af því að taka á móti ferðamönnum, þeim sem sjá verðtryggðar skuldir sínar hækka stöðugt með aukinni verðbólgu, að stöðugleiki ríki. Ætli þeir hinir sömu mundu ekki tala um rugl?

Ófugmælum um stöðugleika verður að linna og raunveruleg verk og vilji til viðbragða að taka við. Það er það eina sem getur stuðlað að ásættanlegri niðurstöðu í þeim vanda sem við glímum nú við. Er ekki kominn tími til að láta af því sem sumir kalla „stöðugleikalygina“?

[13:56]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum hlustað hér á harmakvein hv. stjórnarandstöðu þar sem halda mætti að allt væri að fara á aðra hliðina í efnahagsmálum þjóðarinnar og engar framfarir hefðu orðið síðustu ár. Þetta er afar sérstök sýn á veruleikann.

Mikilvægasta verkefni stjórnmálanna á hverjum tíma er öflug efnahagsstjórn og því verkefni hefur verið sinnt vel. Ég kannast ekki við þær dylgjur sem fram komu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að hæstv. forsætisráðherra hafi forðast umræður um efnahagsmál. Núverandi stjórnvöldum hefur tekist að snúa við þeirri þróun sem var hér áður og er staða ríkissjóðs gríðarlega sterk. Skuldir hafa verið greiddar niður, hagvöxtur er meiri en í nágrannalöndum okkar og atvinnuleysi með því lægsta sem þekkist. Ráðstöfunartekjur heimilanna halda áfram að hækka og eignamyndun er mikil.

Vandamálin sem við glímum við eru jákvæð viðfangsefni. Við erum að berjast við sterka krónu, mikinn hagvöxt, þenslu og uppsveiflu. Þetta eru atriði sem einkenna sterkt efnahagslíf og virkt þjóðfélag. Við erum í töluvert betri stöðu en nágrannaþjóðir okkar sem stríða við mikið atvinnuleysi og verðbólgu. Verðbólgan hér, án húsnæðisliða líkt og gerist í öðrum löndum, er hverfandi og er það gott að eitthvað sé farið að hægja á húsnæðismarkaðnum eins

og vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu sýnir.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram aukið aðhald í ríkisútgjöldum. Við skulum vera meðvituð um að opinber útgjöld eru að mestu fastar stærðir sem ekki verða dregin saman nema með harkalegum niðurskurði og uppsöfnun. Það hljóta að vera leiðirnar sem hv. stjórnarandstaða vill fara, a.m.k. höfum við ekki heyrt neinar tillögur um í hvaða niðurskurð eigi að ráðast. Á t.d. að byrja á menntamálunum eða heilbrigðismálunum? Við bíðum eftir ábyrgð í málflutningi hv. stjórnarandstöðu.

[13:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er nú svo að oft eru tvær hliðar á sama máli og vissulega er staða ríkissjóðs sterk sem slík en ríkissjóður er bara hluti af heila landskerfinu og getur ekki horft á sig einangraðan hvað það varðar. Það sem hefur verið að gerast í atvinnulífinu á síðustu missirum er víða mjög alvarlegt og það er sorglegt ef forustumenn ríkisstjórnarinnar gera sér ekki grein fyrir því.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra sagði í útvarpsviðtali í júníbyrjun á þessu ári þegar verið var að loka einu stærsta atvinnufyrirtæki á Bíldudal, með leyfi forseta: „Ruðningsáhrif stóriðjunnar geta líka verið af hinu góða." Þetta sagði ráðherrann við þá sem voru að missa vinnuna á Bíldudal.

Síðan hafa fleiri fyrirtæki lokað, fyrirtæki á Súðavík, Blönduósi og Húsavík sem eru að vinna útflutningsvörur fyrir gjaldeyri og styrkja þannig tekjugrunn þjóðarinnar. Gengisvísitalan er nú í kringum 103 eða 104. Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins fyrir þetta ár átti hún að vera 120. Einar Oddur Kristjánsson, einn af sérfræðingum sjálfstæðismanna í efnahagsmálum segir í viðtali við Viðskiptablaðið 8. desember síðastliðinn, með leyfi forseta:

„Fari gengið niður fyrir 110 þá er mér öllum lokið." Er honum lokið?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti ítrekar tilmæli til hv. þingmanna að gæta þess að ávarpa hæstv. ráðherra og hv. þingmenn með réttum hætti.)

[14:01]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það virðist vera mikið tískuorð þessa dagana að tala um afneitun, sérstaklega að ríkisstjórnin sé í afneitun. En mér virðist einna helst að það séu hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem eru í afneitun. Þeir afneita hinni sterku stöðu ríkissjóðs og hinni sterku efnahagslegu stöðu sem þjóðin er í, því opna hagkerfi sem við höfum búið við. Vissulega geta komið upp ýmsir ófyrirséðir hlutir í opnum hagkerfum en ef rétt er á málum haldið er hægt að koma þeim vel á veg þannig að þeir skili sér sem sterkari staða einstaklinganna efnahagslega í hagkerfinu og það kemur auðvitað fram í því, hv. þingmaður sem er að muldra eitthvað ofan í bringu sér, (**Gripið fram í:** Ef rétt er á málum haldið, heyrði ég að hæstv. ráðherra sagði.) að einstaklingarnir geta tekið lán, bankarnir treysta sér til að lána þeim vegna þess að þeir hafa sterka stöðu og það er kannski ekki skrýtið þó að ung þjóð eins og Íslendingar taki meiri lán en gamlar þjóðir sem samanstanda af eldra fólki úti í Evrópu.

Rugl í bönkunum? Nei, ég held að það sé ekki neitt rugl í bönkunum. Hv. þm. Jón Gunnarsson var að ræða um það. Hann var líka að hafa áhyggjur af stöðu útflutningsatvinnugreinanna en það vill þannig til að spá bankanna og spá fjármálaráðuneytisins fer ágætlega saman, kannski sérstaklega í þessum efnum þar sem bæði Íslandsbanki og Landsbankinn spá mjög svipaðri stöðu gengisvísitölunnar á næsta ári eins og fjármálaráðuneytið gerir. Á þeim grunni má því vænta þess að staða útflutningsatvinnuveganna vænkist mjög á næsta ári en óneitanlega hafa þeir þurft að taka á sig ýmislegt til að laga að sig nýjum aðstæðum.

Það er hins vegar dálítið dapurlegt þegar hv. mjög þingreyndir menn leggja það sérstaklega fyrir sig að snúa út úr orðum hæstv. forsætisráðherra og gera lítið úr því sem ríkisstjórnin er að gera í efnahagsmálum og tala um að hún hafi ekki áhuga á þeim málaflokki. Því fer víðs fjarri. (Forseti hringir.) Hún er að vinna mjög kröftuglega að því að styrkja stöðu þjóðarinnar í efnahagsmálum.

[14:03]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að ræða stöðuna eins og hún er í stað þess að dregin sé upp mjög óraunsæ glansmynd. En þegar hlýtt er á hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur finnst mér hún draga upp mjög einhliða mynd af íslensku efnahagslífi, mikla glansmynd þar sem allt er betra nú en það var áður. Ég spyr því: Til hvaða tíma er hv. þingmaður að vitna? Er verið að vitna til þess tíma sem Steingrímur Hermannsson sá um efnahagsmálin eða hvað eru menn að tala um? Eins er mjög einkennilegt að hlýða á hæstv. fjármálaráðherra, sem fyrir viku var sjávarútvegsráðherra, en virðist nú hafa gleymt því að þá bjó hann til skýrslu sem mikil vinna var lögð í þar sem farið var yfir gengismál íslensku krónunnar. Nú er hann kominn í annað starf og þetta virðist ekki vera neitt áhyggjuefni í dag en hefur örugglega verið það fyrir viku.

Eins og áður segir var dregin upp glansmynd og hæstv. forsætisráðherra virðist ekki ætla að fara í neinar aðgerðir heldur láta Seðlabankann einan um að slá á þensluna með vaxtahækkunum og einungis í morgun voru gefin út erlend skuldabréf í íslenskum krónum fyrir 3 eða 4 milljarða. Í allt hafa þessir háu vextir valdið því að inn streyma milljarðar í viku hverri, tugir milljarða. Það er eins og þetta sé ekkert mál. Gengi íslensku krónunnar hækkar og staða sjávarútvegsins versnar en það er eins og allt leiki í lyndi hjá ríkisstjórninni.

[14:06]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir þau svör sem hann gaf hér. Þau voru í sjálfu sér mjög upplýsandi vegna þess að það sem hæstv. forsætisráðherra sagði og síðan hæstv. utanríkisráðherra og fjármálaráðherra líka var í rauninni að ríkisstjórnin ætlar ekkert að gera, hún hefur engu hlutverki að gegna í hagstjórninni og hún beitir ekki ríkisfjármálunum sem sveiflujöfnunartæki. Til lengri tíma litið segjast þeir hafa hlutverki að gegna en að ekki eigi að beita ríkisfjármálunum sem hagstjórnartæki eða til sveiflujöfnunar. Ég hygg að hæstv.

ráðherrarnir séu nokkuð einir um þessa skoðun.

Það eru ekki bara við í stjórnarandstöðunni sem höfum haft áhyggjur af því hver staða mála er. Eins og hér kom fram er það Seðlabankinn, samtök atvinnulífsins, verkalýðshreyfingin og greiningardeildir bankanna. Það er ekki eins og við séum ein á báti að tala um þessa hluti. Auðvitað viðurkenna menn að hér hefur verið öflugur hagvöxtur. Hér er mikil gróska á mörgum sviðum en það eru ákveðnar blikur á lofti og það er óneitanlega til marks um afneitun að ríkisstjórnin skuli ekki taka mið af þessu og taka mark á því sem menn eru að segja hér úti um allt kerfið. Ríkisstjórnin ætlar að gera allt sem í hennar valdi stendur til að halda verðhækkunum í skefjum sagði hæstv. forsætisráðherra, en hvernig? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að gera það? Hvernig ætlar hún að beita sér? Hann var fáorður um það.

Hann taldi að ég væri að taka of mikið upp í mig þegar ég sagði að kjarasamningar væru brostnir. Ég er ekki að segja þetta hér. Þetta er ekkert nýtt fyrir einum eða neinum vegna þess að þetta hefur verið haft eftir forsvarsmönnum verkalýðshreyfingarinnar í fjölmiðlum á undanförnum dögum og ég leyfi mér að segja vikum. Hagfræðingur Alþýðusambandsins sagði síðast í fjölmiðlum í gær að forsendur kjarasamninga væru brostnar þannig að það þarf ekki mig til að segja það. (Forseti hringir.) Þetta segir verkalýðshreyfingin.

[14:08]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins segja út af kjarasamningum og beitingu ríkisfjármálanna í því sambandi. Ég hef ekki trú á því sem hagstjórnartæki að rjúka nú upp til handa og fóta vegna ársins 2006 og hætta við skattalækkanir eða fara í enn frekari niðurskurð. Hvað er það sem hv. stjórnarandstæðingar vilja skera niður? Ég heyrði það ekki á ræðum hv. þingmanna í gærkvöldi að þeir væru búnir að setja sig í slíkar stellingar. Tekjuskattur lækkar um eitt prósentustig á næsta ári. Það eru 4–5 milljarðar. Hafa menn virkilega trú á að það muni breyta öllu við þær aðstæður sem nú eru? Hér hafa verið keypt skuldabréf af erlendum aðilum í íslenskum krónum undanfarið fyrir 70 milljarða. Það er hins vegar von mín og trú að það muni verða verulegar breytingar á næstunni. Það hafa orðið breytingar á húsnæðismarkaðnum. Þess eru merki að innflutningur sé að hjaðna, t.d. bílainnflutningur, þannig að mér finnst ástandið ekki vera eins óskaplega dökkt og hv. þingmenn tala um. Hérna er gott ástand og ég bið hv. þingmenn að lesa nýja úttekt Dana á ástandinu hér á landi þar sem stendur: Ísland vinnur sig fram sem þjóð sem er að vinna, sem er „vindernation“, (**Gripið fram í:** ... sem er að vinna.) já, já, það er tvöföld merking í að vinna en báðar jákvæðar og ég hvet hv. þingmenn, (Forseti hringir.) sérstaklega stjórnarandstöðunnar, til að lesa þessa úttekt Dana á Íslandi. Ég held að stjórnarandstaðan yrði miklu bjartsýnni á eftir og ég held að henni veiti ekki af.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 1. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 3.

[14:11]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi ríkisstjórnarinnar, frumvarpi til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Söluferli á hlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. hófst í byrjun árs 2004 með gerð áreiðanleikakönnunar og verðmats á fyrirtækinu. Hinn 4. apríl 2005 lagði framkvæmdanefnd um einkavæðingu til að hluturinn yrði allur seldur í einu lagi einum hópi kjölfestufjárfesta. Var sú tilhögun í samræmi við tillögu fjármála- og ráðgjafarfyrirtækisins Morgans Stanley.

Sala bréfa til hóps kjölfestufjárfesta var hins vegar háð ákveðnum skilyrðum, m.a. að enginn einn einstakur aðili, skyldir eða tengdir aðilar eignuðust stærri hlut í Landssíma Íslands hf. en 45% fram að skráningu félagsins á hlutabréfamarkaði og að ekki minna en 30% af heildarhlutafé félagsins yrði af hálfu kaupenda boðið almenningi og öðrum fjárfestum til kaups og þá í síðasta lagi í árslok 2007.

Söluferlið var tvíþætt. Í fyrstu, þann 17. maí síðastliðinn, skiluðu bjóðendur á grundvelli fyrirliggjandi útboðsgagna inn óbindandi tilboðum. Við mat á þeim var m.a. horft til verðs, fjárhagslegs styrks og lýsingar á fjármögnun, reynslu af rekstri fyrirtækja, hugmynda og framtíðarsýnar varðandi rekstur Landssímans hf., starfsmannastefnu og þjónustu í þéttbýli og dreifbýli næstu fimm árin, svo og sjónarmiðs bjóðenda hvað varðar markmið ríkisins með sölunni. Alls uppfylltu 12 aðilar, sem að stóðu 35 innlendir og erlendir fjárfestar, skilyrði nefndarinnar og var boðið til þátttöku á síðara stigi söluferlisins. Þeim var síðan gert kleift að fá frekari upplýsingar um Landssíma Íslands hf. í gegnum kynningar, heimsóknir, áreiðanleikakannanir og að gera síðan bindandi tilboð á grundvelli þeirra athugana. Þetta endaði með því að þrír hópar fjárfesta gerðu bindandi tilboð í fyrirtækið.

Eftir að tilboðin voru opnuð hinn 26. júlí 2005 samþykkti fjármálaráðherra, sem fór með eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. í samráði við ráðherranefnd um einkavæðingu, tillögu framkvæmdanefndar um einkavæðingu um að taka hæsta tilboðinu sem kom frá Skipti ehf. og hljóðaði upp á 66,7 milljarða kr. Kaupverðið var greitt til íslenska ríkisins hinn 6. september síðastliðinn eftir að samkeppniseftirlitið hafði samþykkt kaupin fyrir sitt leyti.

Þegar kaupsamningurinn hafði verið gerður nú í sumar og ljóst var hversu mikið fé fengist fyrir hlut ríkisins í Landssímanum þá réð ríkisstjórnin ráðum um hvernig söluandvirðinu skyldi varið og kynnti tillögur um það 6. september síðastliðinn, sama dag og greiðslan barst. Þær tillögur eru nánar útfærðar í því frumvarpi sem hér er lagt fyrir hv. Alþingi.

Við mótun þessara tillagna var það meginsjónarmið að stofna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, sem hér var áðan rædd, ekki í hættu en hún kveður skýrt á um að jafnvægi og stöðugleiki skuli ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Ráðstöfun söluandvirðisins verður í aðalatriðum tvíþætt

samkvæmt frumvarpinu. Annars vegar er lagt til að drjúgum hluta söluandvirðisins verði varið til að greiða niður erlendar skuldir ríkisins. Þetta mun leiða til minni endurgreiðslu og vaxtabyrði fyrir ríkissjóð á komandi árum. Hins vegar er gert ráð fyrir að stærstum hluta söluandvirðisins, þ.e. 43 milljörðum kr., verði varið til þess á næstu árum að styrkja innviði samfélagsins, m.a. til að bæta þjónustu í heilbrigðiskerfinu, efla rannsóknar- og þróunarstarf og örva þannig frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun í atvinnulífinu, treysta undirstöðu byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu með bættum samgöngum og jöfnun aðstöðu landsmanna hvað varðar aðgengi að fjarskiptum.

Til þess að afstýra ofþenslu í efnahagslífinu, sem margir eru nú hræddir um, er gert ráð fyrir að meginhluti framkvæmdanna verði ekki fyrr en eftir að yfirstandandi stóriðjuframkvæmdum lýkur, þ.e. á tímabilinu 2007–2012. Með því að kveða á um ráðstöfun fjárins til svo langs tíma sem raun ber vitni er verið að eyða óvissu um hvert fjármunirnir fara og um leið tryggja að þeir nýtist sem best til þjóðþrifaframkvæmda sem annars yrði ekki kleift að ráðast í. Ég mun nú fara yfir helstu framkvæmdir sem frumvarpið kveður á um.

Á árunum 2007–2010 verður 15 milljörðum kr. varið til framkvæmda í vegamálum. Með þessu er framkvæmdafé til vegagerðar meira en tvöfaldað á þessu tímabili. Helsta vegaframkvæmdin verður lagning Sundabrautar, sem lengi hefur verið á dagskrá, en til hennar verður varið 8 milljörðum kr. og er sú ráðstöfun til þess að gera þá framkvæmd mögulega. Mikið var talað um hana ásamt ýmsum öðrum framkvæmdum þegar samgönguáætlun var hér síðast til umræðu. Þannig verður hægt að ljúka fyrri áfanga Sundabrautar upp í Geldinganes og samhliða er gert ráð fyrir að ráðist verði í seinni áfangann upp á Kjalarnes en hann verði fjármagnaður í einkaframkvæmd sem á eftir að útfæra nánar.

Val á öðrum vegaframkvæmdum sem gert er ráð fyrir að fjármagnaðar verði af söluandvirði Landssímans réðst fyrst og fremst af því hvað Vegagerðin taldi brýnustu verkefni í samgöngumálum landsmanna og allt eru þetta verkefni sem koma við sögu á samgönguáætlun og hafa allar verið margræddar á hv. Alþingi því það eiga alþingismenn a.m.k. sameiginlegt að allir hafa mikinn áhuga á samgöngubótum í landinu.

Einnig má nefna breikkun Reykjanesbrautar, gerð gatnamóta við Nesbraut, framkvæmdir við Vestfjarðaveg, Tröllatunguveg um Arnkötludal, Þverárfjallsveg, Norðausturveg, nýja brú yfir Hornafjarðarfljót, vegtengingu yfir Hvítá í Árnessýslu og Suðurstrandarveg vestur af Þorlákshöfn.

Herra forseti. Það er líka öllum ljóst og mikil samstaða er um það á hv. Alþingi að heilbrigðisþjónusta er svo sannarlega lykilatriði í nútímavelferðarþjóðfélagi, góð og fullkomin heilbrigðisþjónusta. Samkvæmt frumvarpinu verður 18 milljörðum kr. varið til að ljúka mikilvægum áföngum í byggingu nýs hátæknisjúkrahúss sem áformað er að reisa á Landspítalalóðinni við Hringbraut. Áætlaður heildarkostnaður við þá uppbyggingu er mikill eða rúmlega 40 milljarðar kr. Með því framlagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir verður hægt að ljúka skipulagsvinnu og undirbúningi svæðisins, byggja slysa- og bráðaþjónustu, sem er mjög brýnt verkefni, og reisa hús fyrir rannsóknir. Þessi framkvæmd ein og sér mun stuðla að mikilli byltingu í heilbrigðisþjónustu fyrir alla landsmenn og mun hafa mikil áhrif á að bæta heilsu og bjarga mannslífum.

Engum Íslendingi blandast hugur um hversu mikilvægt löggæslu- og björgunarstarf Landhelgisgæsla Íslands vinnur og á hv. Alþingi hefur til margra ára verið talað um nauðsyn þess að við mundum smíða fullkomið varðskip og björgunarskip, bæði til að þjóna landhelgisgæslu og björgunarstarfi. Okkur er það jafnframt ljóst að flugvél Landhelgisgæslunnar er komin mjög til ára sinna og þótt hún hafi þjónað okkur öllum mjög vel í langan tíma er kominn tími til að við endurnýjum þennan tækjakost með því að smíða nýtt skip og kaupa nýja flugvél sem getur þjónað þeim aðstæðum sem uppi eru í dag. Gert er ráð fyrir að 3 milljörðum kr. verði varið til þessa verkefnis sem ég veit að er mikil samstaða um hér á hv. Alþingi.

Í samræmi við það markmið ríkisstjórnarinnar að efla nýsköpun og endurnýjun í atvinnulífinu verður eigið fé Nýsköpunarsjóðs aukið um 2,5 milljarða kr. samkvæmt frumvarpinu. Nýsköpunarsjóður var stofnaður 1998 og fyrir liggur að hann hefur farið í marga góða hluti en hann hefur ekki lengur bolmagn til nýfjárfestinga og þess vegna hefur hann beint kröftum sínum að því að verja þær fjárfestingar sem hann hefur þegar ráðist í. Gert er ráð fyrir að hluta af þessu fjármagni eða 1,5 milljörðum kr. verði varið með þeim hætti að Nýsköpunarsjóður standi að því ásamt lífeyrissjóðunum og fjármálastofnunum og hugsanlega öðrum fjárfestum að fjárfesta í svokölluðum sprotafyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður eigi ekki meira en 50% í slíkum sjóði eða sjóðum og nú eiga sér stað viðræður við lífeyrissjóði og fjármálafyrirtæki um þetta mál og hefur það fram að þessu gengið mjög vel.

Í anda þess meginmarkmiðs frumvarpsins að styrkja innviði samfélagsins verður 2,5 milljörðum varið til uppbyggingar í samræmi við fjarskiptaáætlun. Þetta mál var mjög til umræðu þegar verið var að ræða sölu Símans á Alþingi síðasta vor og sumir héldu því fram að ólíklegt væri að hægt væri að koma á góðu sambandi um allt landið við sölu Símans, en við mörg héldum því fram að því væri einmitt öfugt farið, að með því að ríkið drægi sig út úr þeim rekstri og væri ekki að binda fé í samkeppnisrekstri skapaðist svigrúm til þess að fara í ýmislegt sem annars væri ekki hægt að fara í, þar á meðal að koma á betra fjarskiptasambandi í landinu.

Ráðstöfun fjár til þessa málaflokks miðar að því í fyrsta lagi að auka öryggi vegfarenda með bættri farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins og í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjármunum verði varið til að stuðla að dreifingu stafræns sjónvarps um gervihnött með stórbætta þjónustu fyrir sjófarendur og strjálbýlið að leiðarljósi. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir öflugri uppbyggingu á háhraðatengingum á þeim svæðum sem ekki er líklegt að verði þjónað á markaðslegum forsendum. Samgönguráðherra mun á næstunni flytja frumvarp sem þegar liggur fyrir um stofnun fjarskiptasjóðs en í gegnum þann sjóð verður fjármagni útdeilt í samræmi við framangreind markmið.

Þá er lagt til að farið verði í stórátak í uppbyggingu bú-

setuúrræða og þjónustu við geðfatlaða með því að ráðstafa til málefnisins 1 milljarði kr. af söluandvirði Símans. Miðað er við að 150 einstaklingar muni njóta góðs af þeirri uppbyggingu, einstaklingar sem eru í brýnni þörf. Það var mat manna að það væri ekki síst á þeim vettvangi, þar sem afar miklar þarfir blöstu við, sem væri nauðsynlegt að nota þetta tækifæri til að koma til móts við þessa einstaklinga og þær aðstæður sem þar eru uppi.

Síðast vil ég nefna að það þótti vel við hæfi af hálfu ríkisstjórnarinnar að minnast þess með myndarlegum hætti að árið 2011 verða 100 ár liðin frá stofnun Háskóla Íslands og 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Af því tilefni er lagt til að varið verði 1 milljarði kr. til að reisa nýtt hús fyrir Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, en sú stofnun verður til við samruna Örnefnastofnunar, Orðabókar Háskólans, Íslenskrar málstöðvar og Stofnunar Sigurðar Nordals. Menntamálaráðherra mun á næstunni flytja frumvarp um þessa sameinuðu stofnun. Í þessu nýja húsi verður hægt að hýsa þjóðargersemar okkar, handritin, við bestu hugsanlegu aðstæður og að sjálfsögðu verður þess gætt að þau verði almenningi sem aðgengilegust. Í húsinu verður miðstöð íslenskra fræða, stofnun sem hýsir hugvísindi okkar, og allir eru sammála um að mun leysa úr brýnni þörf sem er fyrir hendi, m.a. þörf Háskóla Íslands, sem verður þess valdandi að háskólinn getur beitt í auknum mæli kröftum að öðrum mikilvægum verkefnum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mikið fleiri orðum um frumvarpið, það skýrir sig að mestu sjálft. Það má eins og alltaf áður að sjálfsögðu deila um hvernig verja beri svo miklum fjármunum sem raun ber vitni. Ég tel að ríkisstjórnin hafi nálgast þetta verkefni af ráðdeild og ábyrgð og ég vonast til að hv. þingmenn geti sameinast um þau þjóðþrifamál sem frumvarpið kveður á um að verði hrint í framkvæmd. Allt eru þetta mál sem vart þarf að deila um.

Með þessu frumvarpi vill ríkisstjórnin undirstrika að einkavæðingin var ekki í þágu fárra heldur þjóðarinnar allrar. Hún gerir ríkinu kleift að styrkja innviði samfélagsins öllum landsmönnum til hagsbóta og ekki síst komandi kynslóðum. Ég tel að þessi sala Símans og einkavæðing hans hafi tekist einstaklega vel og í reynd miklu betur en margir spáðu á háttvirtu Alþingi. Um þetta mál var mikil umræða og þar gætti oft á tíðum nokkurrar svartsýni. Ég tel að í ljós hafi komið að sú svartsýni hafi verið óþörf og átti ekki við rök að styðjast. Nú liggur þetta fyrir og nýir eigendur hafa tekið við þessu ágæta fyrirtæki. Það fyrirtæki verður í samkeppni við önnur fyrirtæki á sama markaði.

Það liggur alveg ljóst fyrir að ekki var lengur þörf fyrir ríkið að vera í þessum rekstri. Ég er viss um að það á eftir að koma enn betur í ljós. En mikilvægast af öllu er að okkur ber að losa fjármagn til mikilvægra samfélagsverkefna ef er ekki lengur ástæða og nauðsyn fyrir ríkið til að þjóna slíkum markaði. Ríkissjóður á ekki að stunda samkeppnisrekstur. Það hefur ríkisstjórnin haft að leiðarljósi og um það ættu allir að geta verið sammála. Með því að stunda samkeppnisrekstur eru menn að binda fjármagn sem þeir geta notað annars staðar. Þá er í reynd komið í veg fyrir að ríkið geti sinnt sínu hlutverki eftir því sem best verður á kosið. Það hefur komið vel í ljós, nú þegar þessu máli er lokið, að við erum á réttri leið í þeim efnum.

Ég vil, hæstv. forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til fjárlaganefndar.

[14:33]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir niðurlagsorð hæstv. forsætisráðherra en ég óskaði eftir andsvari vegna þess að mig langar að vita — það gæti skýrt umræðuna þegar á líður — hvað er á ferðinni í raun og veru. Erum við að tala um fjárlög? Erum við að tala um framtíðarfjárlög? Erum við að tala um Landssímafjárlög eða erum við að tala um fjáraukalög? Erum við í reynd að tala um að þingið sem kosið verður 2007 verði að einhverju leyti svipt fjárstjórnarvaldi sínu? Erum við að tala um að stefna þessarar ríkisstjórnar skuli ná yfir 2–3 kjörtímabil í viðbót eða hvað erum við að tala um?

Í niðurlagi frumvarpsins segir, í athugasemdum frá fjárlagaskrifstofu: „Fyrirhugað er að sækja um útgjaldaheimildir í fjáraukalögum 2005 og fjárlögum áranna 2007–2012 ...“ Eins og ég skil þetta mál er um frumvarp til laga að ræða sem síðar þarf að leita sérstakra heimilda fyrir í fjárlögum framtíðarinnar. Mig langar þess vegna til að kalla eftir því hjá hæstv. forsætisráðherra hvernig hann skilur þetta frumvarp og hvert gildi það hafi.

[14:35]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þetta sé mjög einfalt og mjög gott að hv. þingmaður spurði um þetta. Ég vænti þess að þingmenn geti sameinast um að samþykkja frumvarpið. Þá liggur fyrir mjög skýr vilji Alþingis um hvað gera skuli við fjármagnið. Við getum skipulagt framkvæmdina í framhaldi af því.

Auðvitað getur meiri hluti Alþingis ávallt breytt lögum. Ef meiri hluti Alþingis vill seinna meir breyta lögum og draga eitthvað af því til baka sem Alþingi hefur áður samþykkt þá liggur það ljóst fyrir. Mér finnst hins vegar afar ólíklegt að einhver vilji gera það. Við höfum samþykkt ýmsar áætlanir fram í tímann, vegáætlanir og margar fleiri áætlanir. Við byggjum á því og það hefur ekki verið til siðs að breyta því. Ég tel að með samþykkt frumvarpsins liggi vilji Alþingis skýrt fyrir.

[14:36]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má þá skilja málið þannig að í reynd sé um eins konar ígildi þingsályktunartillögu að ræða, þ.e. yfirlýsing um hver sé vilji Alþingis. En þá hefði kannski verið eðlilegra að hafa þetta í formi þingsályktunartillögu.

Það skiptir vissulega máli að þetta er lagt fram sem lagafrumvarp. Það má vel vera að eftir næstu kosningar komi önnur ríkisstjórn sem hafi aðrar áherslur, aðra forgangsröð og vilji jafnvel nýta fjármagnið að einhverju leyti til að bæta kjör aldraðra, fatlaðra og annarra slíkra hópa sem við viljum leggja lið. Mér finnst skipta miklu máli að strax í upphafi umræðunnar séu hv. þingmenn með það á hreinu hvort um er að ræða lagafrumvarp, þingsályktunartillögu eða ígildi langtímafjárlaga. Mér finnst það skipta máli. Ég held að það sé mikilvægt að þessir hlutir liggi

skýrt fyrir í umræðunni, líka upp á framtíðina að gera.

[14:37]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan þá tel ég að að samþykktu þessu frumvarpi sé það bindandi. Mér þykir afar ólíklegt að menn fari að breyta því síðar. Ef einhver slíkur vilji er fyrir hendi þá vænti ég þess að hann komi skýrt fram við meðferð málsins. Vilji t.d. þingmenn Samfylkingarinnar gera þetta öðruvísi, ekki ráðstafa fjármagni til hátæknisjúkrahúss eða einhvers annars, þá verður það að koma fram við umfjöllun málsins. En ég tel að málið sé þess eðlis að mér finnst það frekar ólíklegt.

Það var miðað við að fénu yrði ekki ráðstafað til rekstrar heldur í fjárfestingar til framtíðar. Það er kjarninn í þessu frumvarpi. Ég vænti þess að um það geti náðst rík samstaða á Alþingi og tel það mjög mikilvægt.

[14:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsætisráðherra lýsti því að allir væru mjög ánægðir með þessa ráðstöfun, sölu Símans o.s.frv. Ég minni á að á milli 70 og 80% þjóðarinnar var andvígur sölu á grunnkerfi Símans fram á síðasta dag samkvæmt skoðanakönnunum. Meira að segja eftir að Síminn var seldur og loforðalistinn kom fram voru menn enn óánægðir með söluna.

Þess vegna spyr ég hæstv. forsætisráðherra: Finnst honum það eðlileg viðbrögð, og í takt við það sem hann og aðrir bjuggust við, að eitt fyrsta verkið var að loka starfsstöðvum Símans á Blönduósi og Siglufirði og láta að því liggja að í farvatninu væru frekari lokanir? Þar er ekki samkeppninni fyrir að fara til að tryggja þjónustu. Finnst hæstvirtum ráðherra þetta allt í lagi?

[14:39]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verða alltaf einhverjar breytingar í rekstri allra fyrirtækja. Ég ætla ekki að dæma um þær breytingar sem þarna hafa orðið. Það er hins vegar engin trygging fyrir því að engar breytingar yrðu ef ríkið stæði í rekstrinum. Mér finnst hv. þingmaður hafa mikla oftrú á ríkisrekstri. Mér virðist sem hann telji að með ríkisrekstri sé nánast allt fullkomið og alltaf geti allir verið ánægðir með ríkisrekstur. Ég held því ekki fram að alltaf verði allir ánægðir með ákvörðun þessa nýja fyrirtækis. En það er engin ástæða til að hafa þessa gífurlegu oftrú á rekstri í höndum ríkisins, að þar með sé allt tryggt til allrar framtíðar. Ég held að það sé misskilningur hjá hv. þingmanni.

[14:40]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur, mér og forsætisráðherra, greinir á um skilgreininguna á fjarskiptum. Fjarskipti eru að mínu viti grunnþjónusta, ekki síst út um hinar dreifðu byggðir. Þær standa undir jafnrétti í búsetu, í atvinnulífi o.s.frv. Eitt af hlutverkum hins opinbera er að tryggja jafnréttið að því leyti.

Hæstv. ráðherra svaraði því ekki hvort honum fyndist eðlilegt og sjálfsagt, sem fyrstu viðbrögð nýs fyrirtækis, sem hann kallar svo, að loka starfsstöðvum í einu mesta dreifbýli á Íslandi á afskiptum stöðum, þar sem maður hefði heldur haldið að tryggja og bæta þyrfti þjónustuna. Voru ekki settar neinar kvaðir á fyrirtækið um að það sýndi samfélagslegan vilja, vilja til að taka þátt í samfélagsþjónustu í atvinnulífi á viðkomandi stöðum? Strax daginn eftir söluna ganga þeir svona fram. Er hæstv. ráðherra sáttur við þessa framkomu?

[14:42]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé engin leið fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma að fara með puttana í samkeppnisrekstur, eins og hv. þingmaður gefur til kynna að gera þurfi. Nú er það svo að ríkið á 100% í póstinum. Ég veit ekki betur en að ýmsar breytingar hafi orðið á starfi þess fyrirtækis þótt ríkið eigi það, vegna þess að það hafa orðið margvíslegar breytingar í heiminum. Menn eru hættir að skrifa bréf og það eru alltaf að verða ... (**Gripið fram í:** Nema í tölvupósti.) Já, það eru komnar tölvur, illu heilli. Það eru gífurlegar breytingar á tækni í heiminum sem hafa áhrif á fyrirtækin. Mér finnst hv. þingmaður stundum gleyma því.

[14:43]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hæstv. forsætisráðherra sé aðeins of fljótur á sér þegar hann hrósar happi yfir því hve einkavæðingin á Símanum hafi tekist vel. Ég tel að það ferli sé í raun aðeins að byrja og þetta frumvarp sé til marks um það. Nú stendur upp á okkur hvernig við ætlum að verja þeim fjármunum. Það verður líka gaman að fylgjast með því hvernig Símanum reiðir af í höndum hinna nýju eigenda. Það er að mínu mati partur af einkavæðingarferlinu.

En mig langar að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort ríkisstjórnin hafi hugsað fyrir því hvernig hún ætli að innheimta vegtolla af síðari hluta Sundabrautar. Fram hefur komið að það eigi að verða einkaframkvæmd. Ég veit ekki betur en að varðandi Hvalfjarðargöngin sé áskilið að bannað sé að innheimta vegtolla á svæðinu frá syðri hluta Hvalfjarðarganga til Reykjavíkurhafnar á þeim tíma sem enn eru innheimt veggjöld af Hvalfjarðargöngum. Það væri fróðlegt að fá að heyra af því.

[14:44]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get því miður ekki svarað spurningunni á þessu stigi. Þetta mál er á byrjunarreit. Það er verið að fara yfir það. Það er ásetningur ríkisstjórnarinnar að hægt verði að ljúka Sundabrautinni í heild sinni fyrir 2010. Ég vænti þess að um það geti náðst góð samstaða. En hvernig því verður nákvæmlega hagað er ekki hægt að segja til um sem stendur. En ég vona að ekki líði of langur tími áður en við fáum heildarmynd af því máli. Í því verður unnið. Það er eðlilegt að spurt sé en ég get á þessu stigi ekki svarað spurningu hv. þingmanns nákvæmar en þetta.

[14:45]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta svar hæstv. forsætisráðherra veldur mér miklum vonbrigðum því að hér er um mjög stórt mál að ræða. Ég tel að við getum ekki afgreitt þetta frumvarp frá hinu háa Alþingi fyrr en við höfum komist til botns í því hvernig við ætlum að fjármagna síðari hluta Sundabrautar, sem er mjög góð og þörf framkvæmd, hvernig við ætlum að fjármagna hana á sama tíma og við erum að innheimta veggjöld í Hvalfjarðargöngum. Við verðum að hafa í huga að vegtollurinn, sem hugsanlega verður settur á, verður hér innan marka höfuðborgarsvæðisins. Þetta verður vegtollur upp í einn af tíu borgarhlutum á Reykjavíkursvæðinu, upp á Kjalarnes, og líka vegtollur áfram norður á svæðin fyrir ofan Hvalfjörð, norður í land og vestur á firði. Ef við ætlum á sama tíma að innheimta veggjöld í Hvalfjarðargöngum lendum við strax í miklum vandræðum.

Það er mikill ábyrgðarhluti fyrir okkur sem hér erum að við hugsum fyrir svona hlutum áður en við afgreiðum lagafrumvörp frá hinu háa Alþingi eins og mér sýnist að ríkisstjórnin ætli að gera.

[14:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að spyrja eftir því sama og hv. síðasti ræðumaður gerði og ég tek eftir því að hæstv. ráðherra veitti honum ekki andsvar í síðara sinni sem hann gat þó gert. Ég tel að þarna sé mjög undarlega að verki staðið. Menn taka ákvarðanir um að fara í einkaframkvæmd, lýsa því yfir og setja það í skýringar með lagatexta að það eigi að gera án þess að hafa upplýsingar um með hvaða hætti standa eigi að þessum málum. Er það virkilega ætlunin að sama fólkið og á að afhenda Hvalfjarðargöngin skuldlaus til ríkisins eftir 20 ára rekstur eigi að borga þessa vegaframkvæmd líka? Ég held að menn hljóti að geta svarað þessari pólitísku spurningu. Ætla menn í þessa göngu svona? Það er gersamlega óviðunandi að menn standi þannig að málum. Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að geta svarað því hvort vilji hans standi til þess.

[14:47]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þingmaður bregðast afar undarlega við þessu máli með Sundabrautina. Það er verið að setja 8 milljarða í þessa brýnu framkvæmd. Ég held að það hljóti að vera ljóst að það hafi verið pólitískt ómögulegt að þessir 15 milljarðar færu eingöngu í það eina mannvirki. Ég á ekki von á að um það geti verið pólitísk samstaða hér á Alþingi.

Það er hins vegar mjög mikilvægt, og ég vona að hv. þingmenn séu sammála því, að lokið verði við þetta mannvirki og unnið í því en hv. þingmenn virðast ekki hafa neina þolinmæði í að farið sé yfir málin. Ég veit ekki hvernig þeir eru vanir að vinna, ég átta mig ekki á því. Við erum nýlega búin að taka ákvörðun um að gera þessa tillögu og síðan er verið að vinna í málinu. Eigum við ekki að sjá hvað kemur út úr því? Ég hef ýmsar hugmyndir sjálfur og ýmsir aðrir um hvernig megi leysa það og ég tel að það sé ekki orðið nægilega þroskað til að ræða það frekar á Alþingi, það getum við gert síðar. En ég vona þá að hv. þingmenn hafi einhverjar hugmyndir um það.

[14:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki eins og verið sé að ræða þessi mál í fyrsta sinn núna. Það er búið að margræða þetta við hæstv. samgönguráðherra á undanförnum missirum og árum og þetta hefur margoft komið til umræðu á hv. Alþingi. Svo mætir ríkisstjórnin með lagafrumvarp í þinginu og þá eru ekki svör við þessum spurningum. Hæstv. ráðherra segir bara: Við erum að vinna í málinu. Það er ágætt ef skýringarnar fást áður en menn afgreiða málið út úr nefnd. (**Forsrh.**: Vill ekki þingmaðurinn viðra sína skoðun?) Mín skoðun hefur alltaf legið fyrir. Það er ekki hægt að bjóða upp á að sumir landsmenn séu látnir borga fyrir að nýta umferðarmannvirki langt fram yfir aðra. Það er ekki upp á það bjóðandi þegar menn keyra frítt í gegnum ný göng annars staðar á landinu að menn haldi áfram að borga í göng á hinum stöðunum og það verði boðið upp á að sömu landsvæðin verði skattlögð fyrir aðgang að höfuðborginni ef þau liggja norðan megin að henni en menn borgi ekki neitt þegar þeir koma að sunnan.

[14:50]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þau verkefni sem hér er lagt til að ráðist verði í á næstu árum eru öll góðra gjalda verð, mjög áhugaverð verkefni og mikilvægt að í þau verði ráðist. Vel má vera að menn kynnu að hafa forgangsraðað þessum verkefnum á annan hátt ef aðrir hefðu komið að þessu enda mýmörg verkefni sem ráðast má í í samfélaginu sem horfa öll til framfara. Ég leyfi mér að fullyrða að þau verkefni sem hér er lagt til að ráðist verði í á næstu árum horfa öll til framfara. Ég get hins vegar tekið undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram hjá tveimur þingmönnum að það er verðugt umhugsunarefni hvort það muni skipta sköpum í framtíðinni hvaðan af landinu menn koma til höfuðborgarinnar, hvort menn þurfa að greiða fyrir það eða ekki. Við hljótum einnig að velta því fyrir okkur hvernig á því standi að til að mynda tvöföldun Suðurlandsvegar er ekki á þessum forgangslista, sem hér er verið að dreifa fjármunum í. Án efa má víða finna verkefni sem aðrir hefðu viljað sjá inni en eru ekki í þessum potti. En gott og vel. Verkefnin eru öll áhugaverð, ég geri ekki lítið úr því. Í þessu samhengi má geta þess að þingmenn Samfylkingarinnar voru fyrstir til að leggja fram þingsályktunartillögu um að ráðist yrði í byggingu hátæknisjúkrahúss í Reykjavík. Hér hefur því einnig verið farið í smiðju stjórnarandstöðunnar og það er vel.

Það sem er kannski umhugsunarvert, og það sem stendur upp úr að þessum orðum sögðum, er að það liggur í reynd ekkert fyrir hvers konar plagg hér er á ferðinni. Hæstv. forsætisráðherra lýsti því aðspurður að hér væri um einhvers konar þingsályktunartillögu eða stefnuyfirlýsingu þingsins til framtíðar að ræða og við hljótum að spyrja okkur: Af hverju á þetta þing, af hverju á það þing sem nú situr, að taka fram fyrir hendurnar á því þingi sem verður kjörið 2007? Af hverju á þetta þing að taka fram fyrir hend-

urnar á þeirri ríkisstjórn sem þá mun sitja? Það hljóta að vera spurningar sem við veltum fyrir okkur og í öðru lagi hljótum við einnig að velta fyrir okkur þeirri spurningu hvort eðlilegt er, eða hvort það gengur einfaldlega upp, að leggja þetta frumvarp fram í lagaformi við hliðina á fjárlögum og ætlast síðan til þess að fjárlög kveði á um þessar heimildir á hverju einasta ári. Þeir sem til þekkja vita að fjárlög breyta ekki almennum lögum og það er mikilvægt að þessi atriði séu á hreinu upp á framtíðina að gera. Með því að leggja þetta fram með þessum hætti gætu menn skapað svo miklar væntingar, sem hefur stundum verið kallað lögmætar væntingar, um að ráðist verði í ákveðin verkefni að það kunni að valda ríkinu bótaskyldu á síðari stigum ef fallið verður frá þeim að einhverju leyti. Þar af leiðandi er mjög áhugavert að velta þessu upp í umræðunni. Ég man ekki til þess að sérstök lög hafi verið sett um ráðstöfun fjármuna svo langt fram í tímann. Við höfum vitaskuld samgönguáætlanir og ýmsar aðrar áætlanir, sem reyndar hefur verið breytt frá ári til árs eftir því hvernig vindar hafa blásið, en ég man ekki eftir því að þetta hafi verið sett í lög með þessum hætti.

Það kunna hins vegar að vera ýmis sjónarmið fyrir því að gera það vegna þess að það kann að skapa mikla óvissu í efnahagslífinu ef jafnmiklir fjármunir liggja fyrir. Eins og hæstv. forsætisráðherra orðaði það ágætlega þá ríkir óvissa um í hvaða farveg þeir munu renna. Því vegast margvísleg sjónarmið á í umræðunni en við hljótum að velta því fyrir okkur hvaða rétt það þing sem nú situr hefur til þess að taka fram fyrir hendurnar á þingum sem koma til með að sitja í framtíðinni. Í stjórnarskránni er kveðið á um að menn skuli ráðstafa fjármunum eitt ár fram í tímann en það er ekki bannað að gera það til lengri tíma. En aðeins er gert ráð fyrir að fjárlög gildi til eins árs.

Það er einnig athyglisvert að skoða þetta í sögulegu samhengi því að eins og hér hefur komið fram hafa margir upplifað þetta sem tilskipanir ráðherra langt fram í tímann um það hvernig þessum fjármunum skuli eytt. Það hefur oft verið skilgreint á þann veg að fjárstjórnararéttur þingsins sé í raun og veru lyklavöldin að þjóðarbúinu og því sé að sumu leyti verið að taka þessi völd af þinginu á þeim þingum sem eiga eftir að sitja á komandi árum. Þetta þarf vissulega að hafa í huga.

Það er kannski einnig vert í þessu samhengi af því að ég er að velta fyrir mér hvað er hér á ferðinni, þ.e. hliðarfjárlög, fjáraukalög, langtímafjárlög, samgönguáætlun, þingsályktunartillaga. Það tók þingin í Evrópu langan tíma, jafnvel breska þingið tvær aldir, að ná þeim völdum til sín að fara með annars vegar skattlagningarvald og hins vegar að geta ráðið útgjöldum ríkisins. Í sögulegu samhengi eru það því athyglisverðar spurningar sem vakna þegar málin eru sett fram á þann hátt sem hér er gert.

Í Evrópu hafa á undanförnum árum m.a. verið kveðnir upp dómar hjá Evrópudómstólnum þar sem menn hafa getað byggt rétt á því sem hefur verið kallað lögmætar væntingar, þ.e. ef breytingar verða svo miklar á umhverfi manna að þeir hafa ekki getað gert ráð fyrir því þá eigi þeir í raun og veru rétt á bótum frá íslenska ríkinu. Reyndar eru fordæmi fyrir slíkum niðurstöðum hjá íslenskum dómstólum. Fyrir um 40 árum þegar minkaeldi var bannað gat einstaklingur sem hafði nýverið reist slíkt bú byggt rétt á því og fengið bætur sökum þess að hann gat ekki séð það fyrir að umhverfinu yrði breytt jafnskjótt og raun bar vitni. Þær lögmætu væntingar sem þingið og löggjafinn skapa með svona yfirlýsingum kunna á síðari stigum að gera mönnum mjög erfitt um vik að breyta frá því sem áður hefur verið ákveðið. Það er þetta sem ég hef í huga þegar ég velti upp þeirri spurningu hvort það þing sem nú situr hafi sérstakt umboð frá kjósendum til að taka fram fyrir hendurnar á því þingi sem kann að sitja eða vera kosið 2007, ríkisstjórn sem þá situr o.s.frv. Það er mikilvægt að menn velti þessu fyrir sér vegna þess að eins og kom fram í andsvari hæstv. forsætisráðherra þá liggur ekki alveg ljóst fyrir hvers konar yfirlýsing hér er á ferðinni. En þetta er a.m.k. lagt fram sem frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands. Þar af leiðandi er þetta lagt fram í sérstöku lagaformi sem ekki verður breytt með fjárlögum en gert er ráð fyrir því í athugasemdum að síðan þurfi að fjalla sérstaklega um þessi útgjöld í fjárlögum. Væntanlega mun fjárlaganefnd að einhverju leyti fjalla um þessar spurningar og skoða hvort hér sé þannig um hnútana búið að það fái að öllu leyti staðist.

Ég hlýt einnig að velta upp þeirri spurningu, og vonast eftir svari hæstv. forsætisráðherra við henni, hvort þeim fjármunum sem hér um ræðir, 66,7 milljörðum kr., verði haldið sérstaklega aðgreindum frá öðrum fjármunum ríkissjóðs á komandi árum. Eða er um að ræða ákveðið hlutfall eða hluta úr ríkissjóði sem renni til þessara verkefna? Það kann einnig að skipta máli í framtíðinni hvort menn hafi einhverja möguleika á að breyta þessu eða setja fjármuni í önnur verkefni án þess að bótakröfur kunni að rísa. Að sjálfsögðu er það þannig að ef þingið samþykkir viljayfirlýsingu í þessum farvegi þá gerir fólk ráð fyrir því að það muni verða að veruleika. Það er ekki óeðlilegt að menn geri ráð fyrir því. Það er spurning hvort ástæða sé til þess að þessum fjármunum verði haldið sérstaklega aðgreindum frá öðrum fjármunum ríkissjóðs.

Það kemur einnig fram í frumvarpinu sem hér liggur fyrir að ætlunin er að stofna a.m.k. tvo sjóði, þ.e. leggja til 1 milljarð kr. í Nýsköpunarsjóð og síðan 1,5 milljarð kr. í viðbótarframlag á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild í stofnun nýrra samlagssjóða, með lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum. Ég held að það mundi skipta miklu máli fyrir þingið, áður en það afgreiðir þetta mál, að það liggi fyrir hvernig þessir sjóðir verða upp byggðir. Verður stjórn yfir þeim? Hvernig verða þær skipaðar og hvernig á að ráðstafa þessum fjármunum? Þetta skiptir ekki síður máli varðandi fjarskiptasjóð sem ætlunin er að koma á laggirnar, þ.e. að leggja 2,5 milljarða kr. til nýs fjarskiptasjóðs sem hafi það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála, m.a. er ætlað að ráðstafa einum milljarði í það verkefni á árinu 2005.

Ég held að það væri ábyrgðarhlutur af hálfu þingsins að afgreiða þetta mál áður en fyrir liggur hvernig með fjármunina verði farið, hvernig þeim verði úthlutað og betur skilgreint í hvaða verkefni þessir fjármunir eiga að fara. Ég tel afar erfitt að hleypa hæstv. ríkisstjórn, sem nú situr, út með 2,5 milljarða kr. upp á vasann án þess að hún hafi nokkur nánari fyrirmæli um hvernig eigi að verja þeim fjár-

munum og hvernig með þá skuli farið. Það væri hollt og gott fyrir afgreiðslu þessa máls, áður en til afgreiðslu þess kemur, að fyrir lægi einhvers konar stofnsamþykkt um hvernig áðurnefndir sjóðir komi til með að líta út, hvernig þeir muni ráðstafa fjármunum sínum og ekki síður hvernig eignum þeirra verði ráðstafað. Verður um að ræða eignir sem verði leigðar fjarskiptafyrirtækjum? Eða hvernig hyggjast menn vinna þessa hluti?

Ég tel mikilvægt að menn hugsi þetta alla leið áður en málið verður afgreitt í þinginu. Hér virðist hins vegar um að ræða einhvers konar sambland af þingsályktunartillögu, viljayfirlýsingu og heimild til að ráðstafa fjármunum. Þá er þetta reyndar farið að líta út eins og — ég veit ekki hvað ég á að kalla það — pólitískur gambítur eða að menn séu að draga pótemkíntjöld fyrir það sem máli skiptir. Ég held að það sé afar mikilvægt að hið háa Alþingi fari vandlega yfir málið og viti nákvæmlega hvað er á ferðinni áður en það verður afgreitt endanlega.

Hér hefur verið nefnt að um nýja leið sé að ræða. Ég man a.m.k. ekki eftir því að svona langtímaútdeiling fjármuna hafi átt sér stað í lögum. Hér er um nýja leið að ræða og menn verða þá að vita hvað hún hefur í för með sér, hvernig menn ætla að vinna þetta, að það sé nákvæmlega njörvað niður hvernig menn hugsa þessa sjóði og hvernig þeim er ætlað að vinna í framtíðinni. Það mun best að tryggja það svo (Forseti hringir.) ekki spinnist af því deilur á síðari stigum.

[15:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst þetta mál afskaplega einfalt. Eign ríkisins var seld fyrir tæpa 70 milljarða kr. Það eru ekki reglulegar tekjur og eðlilegt að Alþingi taki sérstaka ákvörðun um ráðstöfun söluverðsins og það er lagt til með þessu frumvarpi. Auðvitað er það skuldbindandi fyrir framtíðina og auðvitað verður fólk að geta treyst því að við það verði staðið. Það er skuldbindandi fyrir þá flokka sem að málinu standa en ég trúi ekki öðru en að allir flokkar á Alþingi muni standa að því. Ég hef enga trú á öðru.

Að því er varðar fjarskiptasjóð þá verður frumvarp lagt fram um hann næstu daga. Þar kemur skýrt fram hvernig því skal háttað. Ég vil líka taka fram að það lá fyrir, í umræðum um söluna síðasta vor, að gera mætti ráð fyrir að lagt yrði fram frumvarp til laga (Forseti hringir.) um hvernig þeim fjármunum yrði ráðstafað.

[15:07]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi það þannig, þegar þetta frumvarp var lagt fram, að það yrði skuldbindandi fyrir ríkisvaldið inn í framtíðina, þ.e. að um lagafrumvarp væri að ræða um ráðstöfun á tilteknum fjármunum sem væntanlega yrðu sérgreindir á einhvern hátt. En það segir, með leyfi forseta, í athugasemdum Fjárlagaskrifstofu hér í lokin:

„Fyrirhugað er að sækja um útgjaldaheimildir í fjáraukalögum 2005 og fjárlögum áranna 2007–2012 í samræmi við frumvarpið, eins og það verður að lögum."

Skilningurinn á því hvort um lög sé að ræða eða einhvers konar yfirlýsingu skiptir verulegu máli. Skilningur hæstv. forsætisráðherra er sá, ef ég skil hann rétt, að hér sé um skuldbindandi yfirlýsingu þingsins að ræða. (Forseti hringir.) Það skiptir miklu máli fyrir almenning í landinu og þær væntingar sem hann getur (Forseti hringir.) borið til þessara hugmynda.

[15:08]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek það fram einu sinni enn að ég tel ljóst að þetta er skuldbindandi að samþykktu frumvarpinu en að sjálfsögðu verður að taka tillit til þess í fjárlögum hvers árs, eins og með öll önnur útgjöld ríkisins. Í fjárlögum hvers árs þarf ávallt að vera yfirlit yfir öll útgjöld ríkisins. Þar eru útgjöld sem menn ákveða fyrir hvert ár. En það er líka svo að við höfum skuldbundið okkur til lengri tíma í ýmsum málum og það er ekkert nýtt. Ef við byrjum á húsi, t.d. eins og spítala, þá hlýtur það að vera ásetningur okkar að ljúka við það. Það er ekki í fyrsta skipti sem það er gert á Íslandi.

[15:09]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá liggur líka fyrir að hér er brotið í blað hvað það varðar að þing á hverjum tíma telur sig hafa til þess heimildir að ráðstafa fjármunum langt inn í framtíðina, geti það sett tiltekið fjármagn í tiltekinn sjóð og tekið þá ákvarðanir langt fram í tímann þannig að það verði skuldbindandi fyrir alla, skuldbindandi fyrir komandi þing, skuldbindandi fyrir komandi ríkisstjórnir o.s.frv. Hér er í raun brotið í blað og ákveðið að fara nýja leið. Það er ekki óeðlilegt að menn ræði það í þaula hvort það þing sem nú situr hafi í raun heimild til að grípa fram fyrir hendurnar á þeim þingum sem kunna að verða kosin síðar, þeim ríkisstjórnum sem kunna að taka við o.s.frv. Það er eðlilegt að þetta sé rætt.

Ég hins vegar fagna því að hæstv. forsætisráðherra hefur a.m.k. skýrt sitt sjónarmið í þessu máli. Hann lítur svo á að þetta sé heimilt og það er gott að sú yfirlýsing liggur fyrir.

[15:10]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er svolítið skondið, eftir innleggið frá því fyrr í dag þar sem Samfylkingin var með utandagskrárumræðu um stöðu efnahagsmála í landinu. Það er sannarlega gott fyrir okkur að vita að þetta er innlegg Samfylkingarinnar í þá umræðu, að það má alls ekki horfa til framtíðar. Það má ekki gera nein plön til framtíðar. Þeir vilja greinilega geyma þessa tæplega 67 milljarða kr. og ráðstafa þeim ekki. Það yrði fyrst erfitt að gera langtímaspár í hagkerfinu ef slík vinnubrögð yrðu viðhöfð.

Við hljótum einnig að ráða það í orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að Samfylkingin sé á einhvern hátt ósátt við þá ráðstöfun söluandvirðis fyrir Símann sem kemur fram í frumvarpinu. Það væri gaman að fá að heyra hvaða aðrar hugmyndir hv. þingmaður hefur.

[15:11]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi hv. þingmaður verið í salnum þegar ég hóf mál mitt ætti hún að hafa heyrt mig lýsa því að

öll þessi verkefni væru til bóta. Ég sagði að um væri að ræða framfarir á ýmsum sviðum og ég gerði á engan hátt lítið úr þessu verkefni. Ég benti hins vegar á að það skipti máli, samkvæmt þeim hugmyndum sem liggja fyrir, hvort menn mundu þurfa að greiða sérstakt gjald fyrir að koma til borgarinnar eftir því hvort þeir koma norðan og vestan að eða annars staðar frá. Mér fannst það mjög athyglisvert en nefndi einnig að ég saknaði þess að sjá ekki hugmyndir um framlög í að tvöfalda Suðurlandsveg. Ég gerði því ekki lítið úr þeim framkvæmdum sem hugmyndin er að ráðast í.

Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort eðlilegt væri að menn tækju svona ákvarðanir, að það þing sem nú situr skuli ráðstafa fjármunum til svo langs tíma. Við hefðum alveg getað hugsað okkur að þessir fjármunir (Forseti hringir.) hefðu verið lagðir inn í Seðlabankann (Forseti hringir.) en ég skil vel að þingflokkur eins og Framsóknarflokkurinn, sem er á taugum, (Forseti hringir.) þurfi náttúrlega að reyna að kaupa sér einhver atkvæði.

[15:12]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enginn að fara á taugum nema þá kannski hv. þingmaður Samfylkingarinnar vegna þess að hann virðist ekki hafa það alveg á hreinu hvort við á hinu háa Alþingi höfum umboð til þess að ráðstafa fénu eða ekki. Ég tel að við höfum umboð til að ráðstafa fé úr ríkissjóði. En eins og fram kom í máli hæstv. forsætisráðherra er hægt að breyta lögum eftir á.

Hv. þingmaður Lúðvík Bergvinsson talaði um væntingar og að við værum hér að ræða um frumvarp til laga. Lögmætar væntingar geta einnig skapast þótt við séum að ræða þingsályktunartillögu. Það er því alveg ljóst að við höfum umboð til þessa. Mér finnst hafa verið farið mjög faglega í þetta mál en mér finnst erfitt að átta mig á þessari gagnrýni Samfylkingarinnar sem ætlar greinilega að búa hér til einhvern vafa um formsatriði sem liggja skýrt fyrir.

[15:13]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þannig að það liggi fyrir þá hefur aldrei leikið neinn vafi á því að Alþingi hafi heimildir til að ráðstafa fjármunum. Á því hefur enginn vafi leikið. Hins vegar hefur vaknað spurningin um hvort hægt sé að ráðstafa fjármunum mörg ár fram í tímann, jafnvel áratugi, og sú spurning var borin upp.

En vegna orða hv. þingmanns vildi ég upplýsa hana um að hér er verið að ræða frumvarp til laga en ekki þingsályktunartillögu eins og hv. þingmaður nefndi.

[15:14]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við getum öll verið sammála um að vel hafi tekist til með sölu Símans. Með henni er leyst úr læðingi fé sem þjóðin á til að styrkja innviði samfélagsins. Hér er um það mikilvægan hluta af stjórn efnahagsmála að ræða að málið er sett fram í lagafrumvarpi. Það undirstrikar hve vel er staðið að efnahagsmálum í þessu landi, að gera þetta í lagaformi.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var með miklar lögfræðilegar vangaveltur um þetta efni og hvort þetta væri heimilt. Af máli hans mátti samt ráða að honum fyndist það að mörgu leyti mjög skynsamlegt. En ég vil spyrja hv. þingmann: Hvernig hefði hann gert þetta með öðrum hætti?

[15:15]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður skildi mál mitt alveg rétt, þ.e. ég held að á margan hátt sé afar skynsamlegt að menn skoði það vandlega hvernig eigi að ráðstafa miklu fé til að skapa ekki óvissu. Ég velti því hins vegar upp hvaða heimildir þingið hefur til þess að gera það með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég vakti athygli á þeirri spurningu.

Ég vakti einnig máls á því að ríkisstjórnin hefði getað forgangsraðað á annan hátt en hér er gert og nefndi m.a. sérstaklega að ég sé ekki tvöföldun Suðurlandsvegar í þessum fjármunum sem ég hefði kannski viljað sjá. Ég nefndi einnig að hugsanlega hefði mátt leggja þessa fjármuni inn í Seðlabankann ef menn hefðu viljað tryggja það að skapa ekki einhverja óvissu í efnahagsmálum. Það eru margvíslegar leiðir færar. En við vorum að ræða það að hægt er að ráðstafa fjármunum í mörg góð verkefni (Forseti hringir.) en hins vegar er hægt að forgangsraða á mismunandi hátt.

[15:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við getum verið sammála um að það geta verið mörg málefni sem við viljum forgangsraða. Hitt er annað mál að hér er um stofnframkvæmdir að ræða sem eru til þess að styrkja innviðina. Það er mjög mikilvægt að þau skilaboð fari út í efnahagslífið að verið er að ráðstafa þessum fjármunum með þeim hætti en ekki í rekstur. Ég held að mjög mikilvægt sé að menn viti það til framtíðar hvernig þetta er hugsað.

Spurningu minni var hins vegar ekki svarað, hvernig lögfræðilega hv. þingmaður vill gera þetta öðruvísi ef hann hefur efasemdir um lögfræðina í þessu.

[15:17]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi það sérstaklega að ef það væri meginspurningin í þessu máli hvernig væri rétt að gera þetta þannig að tryggt væri að heimildir þingsins væru klárar, þá væri auðveldast að leggja þetta inn í Seðlabankann.

[15:18]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur ekki gert ágreining um hvernig söluandvirði Símans verði varið. Nokkur sátt virðist vera um það hérna í þingsalnum að skynsamlega hafi verið að farið.

Hins vegar gerir hann athugasemdir við aðferðafræðina og þar fannst mér aðeins koma fram sérkennilegur málflutningur hv. þingmanns. Annars vegar dregur hann í efa þá aðferðafræði sem lagt er upp með, að gera langtímaáætlanir um hvernig söluandvirði Símans yrði varið, en hins vegar vill hann gera nákvæma áætlun um hvernig á að verja fjármunum Nýsköpunarsjóðsins. Ég velti því fyrir mér hvaða aðferðafræði hann vill nota. Vill hann langtímaáætl-

anir eður ei? Eða vill hann gera þetta svona nákvæmlega niðurnjörvað eins og hann leggur til varðandi Nýsköpunarsjóðinn?

[15:19]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vel má vera að ég hafi ekki talað nægilega skýrt þegar ég flutti mál mitt. Ég sagði um Nýsköpunarsjóðinn og á sama hátt um væntanlegan fjarskiptasjóð að það yrði að vera alveg klárt að þeir sjóðir hefðu sér ákveðnar stofnsamþykktir sem þeir ynnu eftir um hvernig fjármunum yrði ráðstafað, hvert væri markmið þeirra o.s.frv. en ekki í hvaða verkefni. Það er síðan síðari tíma mál.

Þannig má vel vera að á einhvern hátt megi misskilja það sem ég sagði áðan og ég geri ekkert lítið úr því. En ekki er hægt að leggja það að jöfnu að það liggi nákvæmlega fyrir hvernig þessir sjóðir komi til með að vinna, hvort þeir hafi stjórn, í hvaða verkefni þeir ætli að ráðstafa fjármunum, þeir hafi ákveðnar stofnsamþykktir o.s.frv., eða þá að menn ráðstafi og segi nákvæmlega til um hvar og hvenær menn ætli næstu sjö árin að eyða peningum í tilteknar stofnframkvæmdir.

[15:20]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka svör hv. þingmanns. Það eru til lög um Nýsköpunarsjóð þannig að þær reglur liggja alveg fyrir hvernig fjármagni er úthlutað. En spurningin hjá mér snerist um hvort þingmaðurinn er hlynntur langtímaáætlunum eða ekki. Málið snýst um hvort við ætlum að láta reka á reiðanum, hv. þingmaður, eður ei. Hv. þingmaður nefndi sérstaklega að hann teldi að með því að ráðstafa fénu eins og það er gert núna til lengri tíma mundi það skapa væntingar. Ég hefði einmitt haldið það þveröfuga. Ef það hefði ekki verið gert, ef ekki hefðu verið gerðar þessar langtímaáætlanir þá fyrst hefðu nú væntingar vaknað hjá hinum og þessum því ekki vantar hugmyndirnar í samfélaginu um hvernig á að ráðstafa fénu.

Ég tel því að sú aðferðafræði sem hér er lagt upp með muni einmitt verða til þess að ákveðin sátt skapast í samfélaginu um hvernig þessum fjármunum verði varið en ekki að vekja óþarfa væntingar.

[15:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær hugmyndir sem hér liggja fyrir eru á engan hátt lagðar fram til þess að skapa sátt. Hér er ekki um að ræða hugmyndir sem samið var um eða sjónarmiðum sem kallað var eftir úr samfélaginu. Hér er um að ræða hugmyndir sem forustumenn stjórnarflokkanna tveggja komu sér saman um en ekki að hér sé gerð tilraun til að skapa einhverja sérstaka sátt, það er langur vegur frá því.

Aðeins til að upplýsa hv. þingmann þá er hér um ræða einhvers konar samlagssjóð sem Nýsköpunarsjóður ætlar að leggja í 1,5 milljarða sem algjörlega vantar reglur um hvernig eigi að vinna, enda á eftir að semja um það hugsanlega við lífeyrissjóði, banka og fleiri, og einnig þennan fjarskiptasjóð, sem verður að vera nákvæmlega niðurneglt hvernig á að ráðstafa fjármunum því að þeir sem þekkja sögu ríkisstjórnarinnar treysta henni ekki á þann veg að hún gangi laus til að ráðstafa þeim fjármunum sem hér um ræðir án þess að Alþingi gefi henni einhver skýr fyrirmæli um hvernig það eigi að vera. Ég lagði áherslu á það í máli mínu að áður en þetta mál verður afgreitt úr þinginu liggi slíkar samþykktir eða stofnsamþykktir fyrir. Hæstv. forsætisráðherra sagði reyndar sjálfur áðan að fljótlega yrði lagt fram frumvarp um þennan fjarskiptasjóð og ég fagna því. En við eigum þá eftir að sjá hvernig hinum sjóðnum framvindur.

[15:22]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Hæstv. forseti. Það er kannski ástæða til að byrja á að rifja það upp að þetta frumvarp sem hér er til umfjöllunar í dag er auðvitað niðurstaðan úr miklu og á köflum umdeildu ferli um sölu Símans. Eins og ég sagði í umræðum í gær man ég ekki betur en að hér í þessum sal hafi töluvert verið tekist á um það mál þó að menn vilji nú gjarnan komast í það með ríkisstjórninni að skipta afrakstrinum af þessu máli, þ.e. söluandvirðinu. Það er alveg ljóst að engu söluandvirði væri hér að skipta ef Vinstri grænir, Frjálslyndi flokkurinn eða Samfylkingin hefðu haft sitt fram hvað varðar hina almennu stefnu um að einkavæða Símann.

Úr því sem komið er skiptir náttúrlega engu máli hvaða skoðanir menn höfðu á þessu hér á fyrri tíð. Nú liggur það fyrir að þessi sala hefur átt sér stað. Hún tókst óumdeilanlega afar vel og söluandvirðið varð síst minna en menn gátu gert sér vonir um eða ríflega 1 milljarður Bandaríkjadollara í erlendri mynt. Þar af var sirka helmingurinn greiddur í erlendri mynt, dollurum og evrum, en helmingurinn í íslenskum krónum.

Frumvarpið sem hér er til umræðu er nýmæli. Það er nýmæli að fara þá leið sem hér er lögð til með frumvarpinu, þ.e. að lögbinda tiltekna ráðstöfun á söluandvirði einkavædds fyrirtækis með þessum hætti nokkur ár fram í tímann. Það er sem sagt verið að lögbinda þetta en auðvitað liggur það í hlutarins eðli og er í samræmi við lögin um fjárreiður ríkisins að afla þarf fjárheimilda síðan á hverju einasta ári í fjárlögum til að geta reitt fram fé samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Hins vegar er þetta nú ekki meira nýmæli en svo, eins og við þingmenn hljótum allir að þekkja, að það eru fjöldamörg lög í gildi sem kveða á um tiltekin útgjöld til tiltekinna mála. Það eru svokölluð lögbundin útgjöld sem við erum að reyna að fullnægja hér á hverju einasta ári í fjárlögum hvers árs og í þeirri fjárlagavinnu sem við innum hér af hendi. En það þýðir ekki að þingið geti ekki breytt ákvæðum slíkra laga eða eftir atvikum þessara laga þegar þau verða samþykkt, sem vonandi verður nú fljótlega, vegna þess að þingið hefur sjálft síðasta orðið og það er hægt að breyta öllum lögum ef þingið gerir það rétt. Ef nýr þingmeirihluti myndast nú eftir næstu kosningar (**Gripið fram í:** Vonandi.) — sem verður vonandi ekki — þá getur hann auðvitað ef hann hefur aðra stefnu og vill ekki ráðast í þær framkvæmdir sem hér eru lagðar til tekið sig til og breytt því. Það er þá ný pólitísk ákvörðun og ný pólitísk stefnumótun. En þá ganga menn sem sagt gegn því sem er að

finna í þessu frumvarpi ef þeir ákveða eitthvað slíkt og hlýtur þá að byggjast á því að þeir séu andvígir því sem er í frumvarpinu og vilji fara einhverjar aðrar leiðir.

Þetta er nýmæli, það er alveg rétt. Auðvitað kom til greina eða menn veltu fyrir sér hvort aðrar leiðir væru færar í þessu. En þá verða menn að hafa í huga hvað stendur í fjárreiðulögunum um málefni sem þessi og það er náttúrlega ófrávíkjanlegt og frá því verður ekkert komist að söluhagnaðurinn af Landssímanum á þessu ári verður bókfærður sem tekjur ríkissjóðs á þessu ári. Þá standa menn frammi fyrir því að gríðarlega miklar tekjur koma í ríkissjóð á þessu ári af umræddu máli og ekki er ætlunin að ráðstafa þeim öllum á þessu ári. Hins vegar er meiningin að gera það með tilteknum hætti yfir þetta árabil. Afgangurinn af ríkissjóði, að teknu tilliti til þessara sölutekna, mun verða gríðarlega mikill og meiri en nokkurn tíma hefur sést þegar hann bætist ofan á þann mikla afgang sem verður á ríkissjóði umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir á árinu 2005.

Ekki var ráðlegt að ráðstafa öllum söluhagnaðinum í fjáraukalögum þessa árs til að jafna þessi met heldur var valin sú leið að gera það með sérstökum lögum um hvernig þessum viðbótartekjum ársins 2005 yrði ráðstafað en þá auðvitað samkvæmt fjárheimildum í fjárlögum viðkomandi ára. Við erum sem sagt með þá áætlun — eins og koma mun fram í fjáraukalagafrumvarpinu sem kemur fram í dag eða á morgun — að ráðstafa í ár 2.500 milljónum af þessum söluhagnaði á árinu 2005 samkvæmt þeirri áætlun sem liggur fyrir hér í frumvarpinu, engin útgjöld verða á árinu 2006, vegna þess að þá eru umsvif og framkvæmdir í hámarki í þjóðfélaginu, en síðan frá og með árinu 2007 þannig þó að hæstar fjárveitingar verði á árunum 2008 og 2009 og síðan allt fram til ársins 2012.

Þannig er þetta mál hugsað og hugsað sem svo að það liggi alveg fyrir frá byrjun í hvað peningarnir úr einkavæðingu Símans verða notaðir vegna þess að þetta er allt fært í sama sjóðinn og þá er ekki hægt að gera greinarmun á því hvaðan tilteknir peningar koma og í hvað þeir fara. Það var nú það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson velti fyrir sér áðan: Verður þessu haldið eitthvað aðgreindu? Það er ekki hægt samkvæmt fjárreiðulögunum, þetta fer allt í sama sjóðinn, sama pottinn. Ef menn vilja geta haldið utan um í hvað þessir tilteknu peningar hafa farið er ekki hægt að gera það öðruvísi en með einhverjum svona hætti.

Það er hins vegar nauðsynlegt að gæta að því, og það er athyglisvert, að ríkissjóður verður að greiða sjálfum sér fjármagnstekjuskatt af þeim söluhagnaði sem hér er um að ræða. Ríkissjóður mun greiða 5 komma eitthvað milljarða í fjármagnstekjuskatt vegna þessa máls og það dregst frá söluhagnaðinum sem kemur að sjálfsögðu inn í ríkissjóð sem skatttekjur. Þá gerist það sem ég veit að hv. þingmenn hér í hliðarsal hafa mikinn áhuga á, ef samfylkingarþingmennirnir í hliðarsalnum mundu nú fylgjast með þessu atriði sérstaklega og kannski ekki síst hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Það sem gerist er það að þegar ríkissjóður samkvæmt fjárreiðulögunum verður að greiða sjálfum sér fjármagnstekjuskatt upp á ríflega 5 milljarða, tæplega 6 milljarða, sem dregur úr söluandvirðinu sem bókfærist sem tekjur en kemur inn sem skatttekjur annars staðar í frumvarpinu, hvað gerist þá? Heildarskatttekjur ríkisins aukast. Og hvað gerist þá? Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær 120 milljónir í sinn hlut. (**Gripið fram í:** Ekki veitir nú af.) Þannig að ég þykist vita að þeir sem hafa borið hag sveitarfélaganna sérstaklega fyrir brjósti munu fagna því að þessi aðgerð, sem þeir sumir hverjir hafa haft mikið horn í síðu gagnvart skuli verða til þess að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái 120 milljónir í viðbótarráðstöfunarfé. Er það ekki jákvætt hv. þm. Jón Bjarnason? (**JBjarn:** Það má nú ...) Það má nú deila um það. (**JBjarn:** Það er gott hjá þeim, það er náttúrlega ...) Það er nefnilega það.

Það kemur líka upp úr kafinu í þessu máli þegar það er krufið til mergjar að vegna þess að hluti af þessu breytist yfir í skatttekjur fá þeir sem eru með fasta áskrift að skatttekjum ríkissjóðs þarna aukaávinning eins og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. (**Gripið fram í:** Er ráðherrann ekki ánægður með það?) Jú, ég er bara mjög ánægður með það og gleðst yfir því.

Hins vegar er það líka svo þegar kemur svona aukabúhnykkur í ríkissjóð að þá vakna ýmsar spurningar um lánastýringu og um tilfærslu af ýmsu tagi hvað varðar lán og umhugsun um lán ríkissjóðs innan lands og utan. Erlendi hlutinn af þeim peningum sem þarna komu til ráðstöfunar fór beint í að greiða upp erlend lán, ýmist þau lán sem hægt var að borga strax eða liggur inni á bankareikningum ríkissjóðs fyrir utan íslenska hagkerfið og verður nýttur við fyrsta tækifæri til að lækka skuldir í útlöndum. Þar með mun það fjármagn ekki hafa nein óheppileg áhrif hér innan lands.

Innlendi hlutinn fer líka í lánastýringu á vegum ríkisins vegna þess að þessum peningum verður ekki ráðstafað öllum samtímis. Það liggur í eðli þessa frumvarps að verið er að skipta þessum peningum á mörg ár fram í tímann en greiðslan er komin, greiðslan kom 6. september. Hún var fyrst lögð inn á reikning í Seðlabankanum og henni verður ráðstafað eftir hendinni. En til þess að tryggja það að ríkissjóður fengi örugglega bestu ávöxtun af þessum aurum var samið við Seðlabankann um að kaupa af honum skuldabréf, fjögur talsins reyndar, með mismunandi gjalddögum. Ríkissjóður lánar því Seðlabankanum sem er líka nýjung, áður var það alltaf í hina áttina. Ríkissjóður lánar Seðlabankanum með tilteknum umsömdum vöxtum. Þeir eru hálfu prósenti undir því sem Seðlabankinn fær sjálfur í vexti af endurkræfum lánum og þar með er búið að koma þessum peningum tryggilega fyrir í góðri ávöxtun án þess að það hafi óheppileg áhrif hér á lánamarkaði eða í efnahagsmálunum. Þetta er líka nýjung.

Menn hafa verið að fikra sig áfram með ýmis nýmæli í tengslum við þetta mál, enda er það náttúrlega óvenjulegt að því leyti til að það hefur aldrei gerst áður að svona stór fjárupphæð komi inn í ríkissjóð til að sýsla með og er náttúrlega skylda allra, bæði ríkisstjórnarinnar og þingsins, að reyna að gera það með eins vitrænum hætti og nokkur kostur er. Þetta frumvarp er auðvitað hluti af því að búa þannig um hnútana að þetta gríðarlega mikla fjármagn nýtist með sem skynsamlegustum hætti bæði til skemmri og lengri tíma. Þessar lánastýringaraðgerðir eru til skemmri tíma hér innan lands, lengri tíma hvað varðar uppgreiðslu erlendra lána, en síðan er ráðstöfunin á fjármunum samkvæmt þessu

frumvarpi auðvitað lengri tíma ráðstöfun. Þar með gengur þetta mál alveg upp.

Það þarf að hafa í huga þegar kemur að því að veita fé samkvæmt þessu frumvarpi eða lögum, þegar það verður, vonandi, orðið að lögum, að þær upphæðir sem koma inn í fjárlög áranna 2007–2012 á grundvelli þessara laga eru fjárveitingar sem þegar er búið að fjármagna með þessum peningum. En það mun bara ekki sjást í fjárlögum þeirra ára, það mun auka útgjöldin án þess að tekjur séu á móti í þeim fjárlögum, en það er þá búið að bóka það inni í fjáraukalögum ársins 2005. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þar að kemur vegna þess að fjárreiður okkar eru þannig að það mun ekki sjást á viðkomandi ári, tekjurnar koma núna, útgjöldin koma seinna. Þetta verða menn að hafa í huga og þess vegna er líka mjög gott, og reyndar nauðsynlegt að mínum dómi, að þetta frumvarp liggi fyrir sem lög til að það sé alveg til bókar fært hver vilji Alþingis hefur verið og að geirnegla það, ef svo mætti segja, að þessar fjárveitingar skili sér vegna þess að búið er að fjármagna það með þessari einkavæðingu.

Ég ætla ekki að vekja máls á einstökum atriðum í frumvarpinu vegna þess að ég tel að þess þurfi ekki, það skýrir sig sjálft og forsætisráðherra hefur farið rækilega yfir það í framsögu sinni hvað einstök atriði snúast um. Auðvitað er hægur vandi að deila á einstakar fjárveitingar og segja að þær ættu að vera meiri eða minni. Aðalatriðið er að ég held að allir séu meira og minna sammála um að hér séu allt saman þjóðþrifamál á ferðinni og þau eru að koma til skjalanna núna með öruggari hætti, með meiri vissu og fyrr en verið hefði ef ekki hefði verið ráðist í einkavæðingu Símans. Hefði nokkur getað fullyrt það hér að við hefðum getað útvegað peninga í nýtt þjóðarsjúkrahús frá og með árinu 2008 eða 2009 ef ekki hefði komið til sala Símans? Nei, það hefði enginn getað fullyrt og það hefðu verið eilíf fjárlagaátök um slíkar stórar fjárveitingar á næstu árum eins og við þekkjum vel. Nú hefur verið búið svo um hnútana í þessu máli að þarna er búið að tryggja fjármagn til þessara miklu hagsmunamála, til þessara stóru verkefna sem við hefðum hvort eð er þurft að ráðast í fyrr eða síðar. Vafalaust ekki eins fljótt og nú er gert ráð fyrir ef við hefðum ekki fengið þessa peninga og vafalaust með miklum fjárhagslegum harmkvælum þegar það hefði komið að því að skaffa fjármagn og fjárveitingar til þessara mála.

[15:38]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og við vitum hefur fé til vegaframkvæmda verið skorið niður um 2 milljarða í ár og á síðasta ári og næsta ári um aðra 2 sitt hvort árið eða 6 milljarða alls. Þá var líka sagt að þessum niðurskurði yrði mætt með auknu fé til vegaframkvæmda árið 2007, kosningaárið 2007. Hér er ráðstöfun Símapeninga upp á 3,7 milljarða til vegaframkvæmda í öllum kjördæmum landsins að mér sýnist árið 2007.

Spurning mín í þessu stutta andsvari, sem er reyndar aðeins lengra en ég hélt, það er tvær mínútur, það er ágætt, spurning mín til hæstv. utanríkisráðherra, fyrrverandi fjármálaráðherra, er þessi: Eru þessir 3,7 milljarðar peningar sem koma í staðinn fyrir þennan 6 milljarða kr. niðurskurð til vegamála eða má vænta þess að af tekjum ríkissjóðs og sérmörkuðum tekjustofnun Vegagerðarinnar komi aðrir peningar inn í staðinn fyrir 6 milljarða niðurskurðinn?

[15:39]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessu er fljótsvarað vegna þess að það liggur fyrir að þetta er viðbótarfjármagn. Þegar stefnumótunin var mörkuð hvað varðar langtímaáætlun í ríkisfjármálum og ákveðið að draga saman vegaframkvæmdir miðað við vegáætlun á árunum 2005 og 2006 var ekki vitað að þetta fé yrði til ráðstöfunar. Þá var talað um að draga saman 2005 og 2006 en bæta við 2007 og 2008 og það stendur auðvitað.

Það er hins vegar ekki rétt með farið hjá hv. þingmanni að tala um þennan samdrátt frá vegáætlun sem sérstakan niðurskurð 2005 og 2006 vegna þess að framkvæmdir hafa aldrei verið meiri en núna. Það er enginn samdráttur í vegaframkvæmdum um allt land eins og við vitum, en það eru minni framkvæmdir en ýtrasta samgönguáætlun gerði ráð fyrir.

Svarið er að þetta eru óháð mál.

[15:40]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Ég fagna því að heyra það, virðulegur forseti, að þetta sé óháð og að þetta sé nýtt fé vegna þess að það var líka skilningur minn og rétt að það komi fram á hinu háa Alþingi þannig að það sé skýrt.

Það er auðvitað svo að vegaframkvæmdir fyrir árin 2004, 2005 og 2006 voru skornar niður um 6 milljarða, það hefur komið fram í samgönguáætlun og hefur verið rætt á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Þó að það sé ekki beinlínis tengt þessu tók ég eftir að hæstv. utanríkisráðherra, fyrrv. fjármálaráðherra, talaði um að þarna væri ríkið í raun og veru að lána Seðlabankanum fé og fá fyrir það vexti sem væri hálfu prósenti minna en eitthvað sem ég tók ekki nákvæmlega eftir hvað var. Þó svo að við séum hér að ræða annan þátt er þetta engu að síður þáttur sem hefur haft mjög mikil áhrif á efnahagslífið og hefur komið fram hér að er aðalverðbólguvaldurinn, þ.e. miklar lánveitingar til endurfjármögnunar lána og annars slíks í húsnæðiskerfinu. Hefði kannski verið hægt að nota þessa aðferð fyrir það mikla fé sem kom inn sem inngreiðslufé til Íbúðalánasjóðs, að setja það svona í Seðlabankann í staðinn fyrir að Íbúðalánasjóður hleypti því öllu út á markaðinn með því verðbólguskoti sem orðið hefur?

[15:41]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi spurning er auðvitað langt fyrir utan það efni sem hér er verið að ræða. Eftir á að hyggja hefðu sjálfsagt ýmsir getað lagt fram ýmsar hugmyndir um hvernig Íbúðalánasjóður hefði getað ráðstafað uppgreiðslunum. Það er það sem þingmaðurinn er að tala um, uppgreiðsluféð. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvort þetta hefði verið ein af þeim leiðum sem fara hefði mátt. En eins og forsætisráðherra sagði hér fyrr í dag í umræðum um

efnahagsmál er verið að fara yfir öll málefni Íbúðalánasjóðs um þessar mundir og þar með væntanlega hvernig best er að ráðstafa þeim peningum sem inn koma vegna uppgreiðslna.

[15:42]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tillögum sem koma fram í frumvarpi til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands sem varða byggingu Sundabrautar vekur athygli að það liggja fyrir áætlanir um hvernig staðið skuli að áframhaldandi lagningu brautarinnar upp á Kjalarnes og kemur fram að það er í einkaframkvæmd. En þegar maður skoðar tillögurnar og ber síðan saman við áform um byggingu þjóðarsjúkrahúss, eins og hæstv. ráðherra hefur orðað það, þá liggja ekki fyrir frekari áætlanir um hvernig staðið verði að byggingu seinni hluta áfanga sjúkrahússins. Það er alveg ljóst að sú skipulagsvinna sem farið verður í á næstu mánuðum og árum mun varða allt sjúkrahúsið þangað til það verður fullbyggt. Þess vegna langaði mig að vita hvort einhverjar hugmyndir væru uppi um að standa að áframhaldandi byggingu þjóðarsjúkrahússins með svipuðum hætti og Sundabrautinnar.

[15:43]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur fyrir að ekki er hægt að klára öll verkefni eða ljúka öllu sem gera þarf í þjóðfélaginu næstu árin með andvirði þessarar sölu. Sú stefna var mörkuð að taka viðráðanlega og skynsamlega áfanga í nokkrum stórum málum sem ella hefðu hugsanlega getað orðið okkur ofviða. Sjúkrahúsið nýja getur hugsanlega verið í byggingu alveg fram til ársins 2018 miðað við þær áætlanir sem fyrir liggja. En það er tekið svo stórt skref núna með þessum ákvörðunum að það á ekki að vera mikið mál, álít ég, fyrir þá sem munu ráða för í fjármálum ríkisins árið 2012 að klára það mál, a.m.k. kosti verður það mun auðveldara en ef við hefðum ekki staðið svona að málum. Sama er að segja um Sundabrautina. Verið er að taka þarna langsamlega mikilvægustu áfangana í hvorum tveggja þessum framkvæmdum og þá eiga þeir sem taka við af okkur hér, þegar þar að kemur, auðveldara um vik að klára þessi mál.

[15:44]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi ekki verið misskilin, þ.e. að ég hafi ætlast til að peningarnir kæmu allir á einu bretti í þessum áfanga varðandi þjóðarsjúkrahúsið, en ég var eiginlega að spyrja um hvort einhverjar áætlanir lægju fyrir um áframhaldið. Það er alveg ljóst að þetta er mjög mikilvæg bygging og mikilvæg framkvæmd og ég er sammála hæstv. ráðherra um að ekki hefði verið ráðist í þetta verkefni nema vegna andvirðis af sölu Símans, þannig að þetta er mjög mikilvæg ákvörðun sem hefur verið tekin. Spurning mín varðaði miklu frekar hverjar væru frekari áætlanir um það hvernig staðið verði að framkvæmdum.

[15:45]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er kannski eðlilegast að heilbrigðisráðherrann svari þessu við annað tækifæri. Ef tekst að framfylgja þeirri áætlun að taka tvo fyrstu áfangana í nýja þjóðarsjúkrahúsinu, sem ég leyfi mér að kalla svo, og klára þá á árinu 2012, hefur verið búið þannig um hnútana að áreiðanlega verður hægt að loka öðru af þessum gömlu húsum, væntanlega í Fossvogi, og gera sér mat úr söluandvirði þeirrar eignar og væntanlega einnig margra annarra húseigna sem spítalinn rekur hér í bænum. Þannig verður til fjármagn til þess að halda áfram. Það, til viðbótar þessu, mun gera það enn auðveldara að ljúka því sem þarf að veita í beinum fjárveitingum inn í þetta mál þegar þar verður komið sögu. En það er eftir sjö ár og ég treysti mér ekki alveg til að fullyrða hvernig landslagið verður hér þá, en þó tel ég að það verði nokkuð gott.

[15:46]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er til umræðu lagafrumvarp um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. og hefur verið gumað af því í umræðunni hér á undan hversu gaman það er að taka eignir þjóðarinnar og selja þær og ráðstafa í hinar ýmsu áttir.

Það er mjög mikilvægt að við höldum því til haga, þó að búið sé að selja Landssímann, að fjarskiptin eru hornsteinn fyrir samkeppnishæfa búsetu og atvinnulíf um allt land. Það breytir engu um mikilvægi þessarar þjónustu að menn séu búnir að selja þetta í einkavætt fyrirtæki. Þegar stofnað var til fjarskiptakerfisins Símans hér á landi var lögð á það þung áhersla að þessi fjarskipti tengdust til allra landsmanna. Stöðugt hefur verið rætt um það, og að því hefur verið keppt, að landsmenn sætu við sem jafnastan hlut hvað fjarskiptaþjónustu varðar.

Þegar hæstv. ráðherrar koma hér og segja: Nú kemur þessi þjónusta okkur ekki lengur við vegna þess að nú er þetta komið í einkavætt fyrirtæki, finnst mér menn vera komnir býsna langt frá raunveruleikanum. Enda hefur það verið afstaða þjóðarinnar alveg til þessa dags að hún ætti að eiga grunnfjarskiptakerfi Landssímans.

Það sýndi sig í skoðanakönnun árið 2002 í miðri fyrri söluhrinu, eða aðförinni sem gerð var að Landssímanum þá, að mikill meiri hluti þjóðarinnar vildi að Landssíminn væri áfram í þjóðareign og ekki seldur. Í skoðanakönnunum sem gerðar voru á síðasta vetri í hinni seinni hrinu ríkisstjórnarinnar, hinni seinni aðför ríkisstjórnarinnar að þessari grunnalmannaþjónustu landsmanna sýndi sig að það var mikill meiri hluti. Í febrúar voru 70% þjóðarinnar, samkvæmt þjóðarpúlsi Gallups, andvíg sölunni. Í mars, í miðri umræðunni um það hvað margt væri nú hægt að gera fyrir þá peninga sem kæmu fyrir söluna, sýndi Gallup að 76% þjóðarinnar voru andvíg sölu á grunnfjarskiptakerfi landsmanna. Meira að segja í ágúst, september, eftir að salan hafði farið fram og loforðalistinn um ráðstöfun fjárins var kominn fram, gerði Gallup aftur könnun og þá var enn stærstur hluti aðspurðra þeirrar skoðunar að Landssíminn hefði átt að vera í eigu þjóðarinnar, þrátt fyrir loforðalistann. (Gripið fram í.) Ég bendi á að þá voru 40% aðspurðra

á því að hann ætti að vera áfram í eign þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Nei, hæstv. forseti, hjá þingmanninum Magnúsi Stefánssyni. Nei, 37 eða 38% voru hlynnt því að hann væri seldur. Þrátt fyrir loforðalistann var stærri hluti þjóðarinnar enn þá þeirrar skoðunar. Ég bið því menn að tala af virðingu um þessar eindregnu óskir þjóðarinnar sem voru þarna virtar að vettugi í einkavæðingaræði þessarar ríkisstjórnar sem engin takmörk eru á.

Menn eru ef til vill orðnir það veruleikafirrtir að þeir haldi að þó að samkeppni í fjarskiptum sé komin á hér á höfuðborgarsvæðinu og á Stór-Reykjavíkursvæðinu þá geti menn tryggt þjónustuna og allt sé bara gott um það að segja. En víða úti um land er hér orðið um nánast fullkomna einkavædda einokun að ræða í fjarskiptum eftir að Síminn var seldur.

Þessi sala hefur heldur ekki gengið þrautalaust fyrir sig. Árið 2001 var reynt að selja Símann. Sem betur fer tókst það ekki. Þjóðin var mjög andvíg sölunni þá eins og hún er enn. En vegna þess að það tókst ekki að selja Símann hækkaði hann í verði í áætluðum tölum um milli 20 og 30 milljarða kr. Á sama tíma hefur hann líka greitt ríkissjóði 10, 11, 12 milljarða kr. í arð á þessu fjögurra ára tímabili. Síminn var því ekki neinn vandræðagepill í rekstri ríkisins, síður en svo. Það voru rúmir tveir milljarðar á ári þangað til nú síðasta árið. Þá voru teknir rúmir 4 milljarðar, 4,4 milljarðar, sem voru settir sérstaklega og aukalega út í arð (Gripið fram í.) ? og höfuðstóllinn, það kemur þá niður í söluverðinu, en þetta kom inn í fjármagni og ríkissjóð munaði auðvitað um það.

Allir sem hefðu haft eitthvert viðskiptavit hefðu nú talið að það væri réttara að ríkið ætti áfram þessa góðu eign og beitti síðan styrk hennar til þess að jafna og efla þjónustuna í fjarskiptum úti um allt land. En til þess bar þessi ríkisstjórn ekki gæfu, einkavæðingin og einkavæðingin er þeirra boðorð og almannaheill skal þá víkja þegar hagsmunir einkavæðingarinnar eru hafðir í fyrirrúmi.

Blekið var varla þornað á kaupsamningnum og varla búið að afhenda fyrirtækið þegar hin nýja stjórn greip til þeirra aðgerða sem allir segja að sé jú eðlilegt í einkavæddu fyrirtæki að hagræða.

Þjónustustöð á Blönduósi var lokað og ég leyfi mér, frú forseti, að vitna til þess hvernig bæjarstjórn Blönduóss upplifði einkavæðingardrauma ríkisstjórnarinnar sem þarna voru að rætast, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Blönduóssbæjar mótmælir harðlega þeirri ákvörðun nýrra eigenda Símans að leggja niður starfsstöðina á Blönduósi. Það hefur sýnt sig að næg verkefni eru fyrir hendi á svæðinu í fjarskiptamálum og lýsir bæjarstjórn yfir áhyggjum með að þjónustustig Símans á svæðinu versni og uppfylli ekki þær kröfur sem nútímasamfélag gerir. Bæjarstjórn skorar því hér með á stjórnendur Símans að ákvörðunin um lokun starfsstöðvarinnar verði endurskoðuð.

Jafnframt vill bæjarstjórn benda á að einkavæðing ríkisfyrirtækja hefur komið hvað verst niður á störfum á landsbyggðinni og krefur stjórnvöld um tafarlausar aðgerðir í atvinnumálum á svæðinu í samvinnu við heimamenn."

Þetta var bara tveim dögum eftir — það var bara helgi á milli, annars hefði það farið fyrr — að gengið var frá sölunni. Áfram var haldið til Siglufjarðar. Siglufjörður hefur nú verið talinn sá staður þar sem menn ættu frekar að standa vörð um þjónustuna, ekki síst hvað varðar fjarskipti og öryggismál. Þar var starfsstöð Símans líka lokað tveim eða þrem dögum eftir að gengið var frá sölunni.

Bæjarstjórnin á Siglufirði mótmælir þessu einnig og segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að með aðgerðum þessum eru forsendur samnings sem Siglufjarðarkaupstaður hefur nýlega gert við Símann um þjónustu brostnar af hálfu kaupstaðarins."

Í viðtali við forstjóra Símans var látið að því liggja að að sjálfsögðu yrði farið víðar um landið og leitað eftir hagræðingu. Maður veltir fyrir sér: Hefur svona fjarskiptaþjónusta engar samfélagslegar skyldur, engar staðbundnar samfélagslegar skyldur? Var ekki hægt að setja inn í sölusamninginn einhver ákvæði um að ekki mætti grípa til svona aðgerða, lokunar á starfsstöðvum, strax eftir að gengið hefði verið frá sölu? Ekkert samráð eða samband haft við heimamenn, ekki nokkurn skapaðan hlut? Getur það verið að fyrirtæki sem er búið að vera í eigu þjóðarinnar, almannaþjónustufyrirtæki, í nærri hundrað ár geti á einum degi skellt hurðum og sagt: Ég geri bara það sem mér sýnist, ykkur kemur það ekkert við, íbúar þessa lands, íbúar hinna dreifðu byggða?

Mér finnst þetta hart og ég verð að segja, frú forseti, að ég óttast þessa tegund af viðskiptaviti hjá hinum nýju eigendum Símans. Hvað er vitlausara en að byrja á því að ráðast að grunnþjónustu þessarar starfsemi eins og þarna var gert? Hvað boðar það? Það boðar að stjórn þessa nýja fyrirtækis, það verði ekki hennar að hafa áhyggjur af almannaþjónustu, þjónustustigi í fjarskiptum vítt og breitt um landið. Nei, það verður arðurinn, hámarksarðurinn. Hún hefur fengið þetta uppbyggða þjónustukerfi sem fjarskiptakerfið er í hendurnar og nú skal sækja arðinn. Það er þetta sem íbúar á Blönduósi og íbúar á Siglufirði og síðan víðar um land munu væntanlega reyna ef heldur fram sem horfir.

Ég hefði talið að ríkisstjórnin hefði átt að setja mun strangari reglur, kröfur um þjónustustig þessa fyrirtækis vítt og breitt um landið, bæði út frá öryggissjónarmiði og líka út frá þjónustusjónarmiði. Fólk, hvort sem er á Blönduósi eða Siglufirði, munar um það að verða að leita kannski um tugi hundruða kílómetra eftir þjónustu hvað varðar síma- og fjarskiptalagnir og búnað. Ef kerfið bilar munar það líka í öryggi hversu langt er að sækja viðgerðarþjónustu. Þess vegna hefði ég talið að setja hefði átt mun harðari og ákveðnari reglur þarna um áður en Síminn var seldur. Lög um Fjarskiptastofnun kveða ekki á um þetta þjónustustig, um viðbragðsflýti í viðgerðum. Það er hvergi kveðið á um það.

Það er líka áhyggjuefni, frú forseti, nú þegar verið er að tala um að verja fjármagni til eflingar fjarskiptamálum, þá er það áfram dregið til næstu ára. Við þingmenn í fjárlaganefnd höfum hér inni á borðum hjá okkur kröfur þar sem nánast hvert einasta sveitarfélag úti um land óskar þegar í stað eftir úrbótum í fjarskiptamálum, í GSM-málum, í að koma á háhraðaneti en samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir um ráðstöfun fjárins á að draga það til næstu þriggja, fjögurra, fimm eða sex ára. Mér er spurn: Hvernig standast þessar tillögur um fjármagn til að efla fjarskiptakerfið við þá fjarskiptaáætlun sem við samþykktum í fyrra

þar sem tímasett var hvenær ætti að vera búið að ljúka við GSM-kerfið á aðalþjóðvegum landsins og helstu stofnbrautum? Var það ekki árið 2006? Var það ekki líka árið 2006 sem háhraðanet átti að vera komið á allra þéttbýlustu staðina? Ég er ekki búinn að sjá að þetta verði samkvæmt þessum tillögum sem hér er um að ræða, frú forseti.

Varðandi önnur verkefni sem verið er að ráðstafa fjármagni til er það svo sem gott og blessað og allt saman þörf verkefni þó að menn geti velt fyrir sér forgangsröðun og öðru því um líku. Enda væri það nú annað hvort. En meginmál í þessu sambandi er að tryggja fjarskiptakerfi landsins og það tel ég að sé fyrir borð borið með sölu á Símanum með þeim hætti sem hér er gert, án þess að það hafi verið settar mun harðari og mun strangari kröfur um þjónustustig, um viðbragðsflýti og öryggi í fjarskiptum um allt land sem við höfum haft að leiðarljósi í uppbyggingu fjarskiptakerfisins til þessa en virðast nú litlu máli skipta.

[16:02]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason bregður ekki út af vananum. Hann dregur upp dökka mynd af stöðu mála og sáir fræjum tortryggni og ég vil segja vitleysu að ástæðulausu. Hann heldur því fram að stjórnvöld segi sem svo að við þessa sölu komi fjarskiptaþjónustan þeim ekki lengur við. En hvað segir hv. þingmaður um öll þau lög og reglugerðarverk sem gilda um fjarskiptaþjónustuna? Telur hann að það tryggi ekki þjónustuna? Það er auðvitað grundvallaratriðið í þessu máli að þjónustan batni og henni sé haldið uppi. Það er náttúrlega alveg deginum ljósara að tilkoma fjarskiptasjóðs sem verður stofnaður með þessari sölu mun flýta allverulega uppbyggingu fjarskiptakerfisins í landinu og stuðla að því að landsmenn allir fái bætta fjarskiptaþjónustu um allt land. Getur því hv. þingmaður ekki verið sammála mér um að með þeirri aðgerð að selja Símann og nýta þessa miklu fjármuni í þeim efnum sé bara hið allra besta mál og að því beri að fagna?

[16:03]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Magnúsi Stefánssyni í því að þetta sé allt í lagi sem er að gerast á Blönduósi eða Siglufirði þar sem verið er að loka starfsstöðvum Símans strax á fyrstu dögum nýs fyrirtækis. Ég er ekki sammála honum í því að þetta sé allt í lagi og sjálfsagt og gott. (**MS:** Sagði ég það?) Hv. þingmaður lét að því liggja að það sem væri að gerast væri allt saman mjög gott og þetta er það sem blasir við þessu fólki og ekkert annað. En mörg þessara verkefna hafa verið vanrækt á síðustu árum og til þeirra verður að leggja fjármagn og það er gott og blessað. En varðandi að það hafi verið stofnað til fjarskiptasjóðs. Jú, gott og vel, það er stofnað til fjarskiptasjóðs, það er reynt að bjarga í horn. En þá er ríkið aftur komið með ríkisrekin fjarskipti í gegnum fjarskiptasjóð og þá hefði verið betra að Landssíminn hefði þetta.

[16:04]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi söluna á Símanum og þá fjármuni sem út úr því koma, getur hv. þm. Jón Bjarnason ekki verið ánægður með að geta nýtt þá t.d. í að byggja upp vegi á Barðaströnd, um Arnkötludal og Þverárfjall, styrkt Landhelgisgæsluna, styrkt stöðu geðfatlaðra og með þessu öllu saman skapað aukið svigrúm í fjárlögum næstu ára m.a. til velferðarmála o.s.frv.? Það er auðvitað alveg ljóst ef málið er skoðað í heild að með sölunni á Símanum skapast miklu meiri arður af fjármagninu en verið hefur því Síminn hefur verið að greiða ríkissjóði um 2–3 milljarða á ári í arð. Við sjáum því fram á miklu meiri arðsemi af því fjármagni sem hefur verið bundið í Símanum heldur en áður og ég spyr bara: Getur hv. þingmaður ekki verið mjög ánægður með þessa stöðu mála vegna þess að það er framþróun í fjarskiptaþjónustu og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því að hún verði verri en verið hefur? Hún verður mun betri í framtíðinni þannig að ég spyr bara hv. þingmann þessarar einföldu spurningar.

[16:05]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mesti þjóðararður af því að eiga Símann er að geta skaffað örugga, ódýra og öfluga fjarskiptaþjónustu sem kemur bæði íbúum og atvinnulífi til góða um allt land. Það er mesti arðurinn sem við getum haft af því að eiga svona fyrirtæki og það hefðum við getað gert ef við hefðum átt það.

Varðandi vegaframkvæmdirnar sem hv. þingmaður minntist á, þá er það jú gott og blessað. En ef við hefðum verið fyrirtæki þá hefðum við alveg eins getað slegið lán út á Símann, átt hann og hirt arðinn, og fengið arðinn aftur í ríkissjóð. Mér finnst hv. þingmaður skauta létt yfir, því lokunin á starfsstöð Símans á Blönduósi og Siglufirði er bara upphafið að því sem við getum átt í vændum enda kom framkvæmdastjóri Símans að því að leitað yrði eins mikillar hagræðingar í rekstri fyrirtækisins og kostur væri og það þýðir yfirleitt að starfsstöðvum úti um land verði lokað.

[16:07]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands, mál sem hefur verið mikið hitamál í þjóðfélaginu um margra missira skeið. Þar sem ég stend hér sem fulltrúi flokks míns í þessum umræðum þá vil ég fyrst lýsa því yfir að minn flokkur hefur í sjálfu sér aldrei verið andvígur sölu Landssímans en hins vegar höfum við varað við því að grunnnetið yrði selt með Símanum og ég vil nota tækifærið til að minna á stjórnmálayfirlýsingu frá landsþingi Frjálslynda flokksins frá því í mars á þessu ári þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Frjálslyndi flokkurinn lýsir því hér með yfir að hann er alfarið á móti einkavæðingu Símans með dreifikerfinu eins og ríkisstjórnin boðar. Fyrirtækið veitir samfélagsþjónustu og ríkinu ber að eiga og reka dreifikerfið og tryggja jafnt aðgengi fyrirtækja."

Nú er það svo að Síminn hefur verið seldur og það er staðreynd sem við hljótum að búa við. Dreifikerfið var selt með honum. Við hljótum þá, frú forseti, að treysta því að þeir aðilar sem keyptu Símann verði traustsins verðir og

reki fyrirtækið áfram með öflugum hætti. Í raun og veru hef ég enga ástæðu til að efast neitt um það, við treystum því að þeir ágætu menn geri það og tryggi jafnan aðgang allra landsmanna að dreifikerfinu.

Þegar litið er síðan á frumvarpið sem nú liggur fyrir til umræðu er í sjálfu sér erfitt að bera neitt mikið á móti því. Ég er sammála því að þau atriði sem talin eru upp í frumvarpinu, þær framkvæmdir sem talað er um að fara eigi í eru allt saman þjóðþrifamál, framkvæmdir sem ég held að flestir Íslendingar hljóti að geta tekið undir að sé hið besta mál. Hins vegar er það þannig þegar maður skoðar frumvarpið, les það og les athugasemdir við það, þá vakna ýmsar spurningar og að manni læðist sá grunur að ríkisstjórnin hafi kannski ekki ígrundað alveg nógu vel hvernig við ættum að fara í að ráðstafa þessum fjármunum. Það er að sjálfsögðu vandasamt verk. Þetta eru miklir fjármunir og mjög mikið í húfi og eins og ég sagði áðan í andsvari við hæstv. forsætisráðherra þá tel ég að sú vegferð sem við erum að fara í núna með því að verja þessum fjármunum sé líka hluti af einkavæðingarferli Landssímans og hér sé í raun og veru að hefjast kafli nr. 2 í þessu ferli öllu saman.

Okkur í stjórnarandstöðunni er að sjálfsögðu sönn ánægja að hjálpa ríkisstjórnarflokkunum við að mynda stefnu um hvernig eigi að verja þessum peningum og aðstoða þá við að komast að brúklegri niðurstöðu um hvernig fara eigi í þetta, m.a. benda þeim á annmarka sem virðast vera á því hvernig þeir hafa hugsað sér að eyða þeim og líka hvaða afleiðingar margt af því sem þeir hyggjast gera við peningana og þá er ég að tala um framkvæmdir, t.d. hvaða afleiðingar það hlýtur að hafa í þjóðfélaginu. Sumar af þessum framkvæmdum hljóta a.m.k. að kalla á lausnir annars staðar og á öðrum sviðum. Mig langar til að fara aðeins í þessi atriði hér og nú.

Eins og ég benti á í andsvari mínu við hæstv. forsætisráðherra áðan þá er eins og ekki hafi alveg verið hugsað fyrir því hvernig lokið verði við lagningu Sundabrautar. Í frumvarpinu kemur fram að með sölu Símans losni fé til að setja 8 milljarða í það verkefni en hins vegar dugir það ekki nema hálfa leið. Seinni hluti framkvæmdarinnar upp á Kjalarnes, síðari áfangi verksins, á að fara í einkaframkvæmd sem áætlað er að kosti á bilinu 6–8 milljarða og á að vera lokið árið 2011. Þangað til eru ekki nema 6 ár.

Eins og ég benti á áðan eru nú þegar fyrir hendi mannvirki á svæðinu fyrir norðan Reykjavík þar sem í dag eru innheimtir vegtollar, hér er ég að tala um Hvalfjarðargöngin. Í umræðum um Hvalfjarðargöngin á Alþingi í fyrrahaust benti fyrrverandi samgönguráðherra hv. þm. Halldór Blöndal þingmönnum á að ef menn ætluðu að fara út í að leggja nýja Sundabraut þá væri fyrir hendi samningur við fyrirtækið Spöl, sem á og rekur Hvalfjarðargöngin í dag, sem kvæði á um að óheimilt væri að innheimta vegtolla af vegamannvirkjum á leiðinni, að mig minnir frá suðurenda Hvalfjarðarganga að Reykjavíkurhöfn. Nú geri ég ráð fyrir því að þetta sé rétt hjá hv. þm. Halldór Blöndal. Hann var samgönguráðherra þegar samningurinn var gerður og ætti því að vita hvað hann er að tala um. Fyrst svona er í pottinn búið þá fæ ég ekki séð að hægt verði að fara út í síðari hluta Sundabrautar með vegtollum nema málið verði leyst, þ.e. að vegtollar í Hvalfjarðargöngum verði með einum eða öðrum hætti felldir niður, að menn reyni að finna einhverja lausn þarna, einhverja lendingu og það væri mjög fróðlegt að fá að heyra útlistun ríkisstjórnarinnar á því hvernig hún hyggst leysa þennan hnút sem mér sýnist blasa við.

Hitt er svo annað að ef sett verða veggjöld á síðari hluta Sundabrautar, spottann um Álfsnes og upp á Kjalarnes, þá erum við komin með vegtolla á vegbút sem er innan höfuðborgarsvæðisins því í dag teygir höfuðborgin sig alla leið upp á Kjalarnes. Ég hygg að þetta gæti orðið svolítið flókið í framkvæmd því þá værum við í raun og veru komin með vegtoll á mannvirki sem liggja milli borgarhverfa. Slíkt gæti skapað miklar deilur og úlfúð og hætt er við að ansi mikill hávaði og læti væru höfuðborginni í dag ef við hefðum til dæmis vegtolla sem bitnuðu hvað harðast á íbúum Vesturbæjar eða íbúum Hlíða, ef þeir þyrftu að búa við slíka skattlagningu til að komast til og frá heimilum sínum.

Ég hygg, frú forseti, að við þurfum að skoða málið betur og ígrunda hvernig eigi að leysa þetta. Viljum við setja á vegtolla innan borgarmarkanna? Fáist það í gegn, er þá réttlætanlegt að þeir íbúar sem nota Hvalfjarðargöngin hvað mest í dag, bæði höfuðborgarbúar — gleymum ekki því að þeir nota göngin mjög mikið — og þeir sem búa á svæðunum norðan Hvalfjarðar séu látnir borga tvöfalda vegtolla ef þeir ætla að komast norður fyrir höfuðborgina? Ég hefði gjarnan viljað sjá einhverju af þeim fjármunum sem nú koma inn fyrir sölu Símans varið til að greiða upp Hvalfjarðargöngin og ríkið yfirtæki rekstur þeirra. Í staðinn hefði minni upphæð verið varið til að greiða niður erlendar skuldir. Þeim peningum hefði hreinlega verið varið til að greiða Hvalfjarðargöngin og þar með hefði málið verið leyst.

Það er ekkert vandamál að réttlæta að ríkið yfirtaki rekstur ganganna. Göngin hafa sannað sig sem gríðarlega mikilvægt og gott mannvirki. Það hefur sparað ríkinu stórar fjárhæðir, m.a. í viðhaldi á veginum fyrir Hvalfjörð. Það hefur sparað flutningsleiðir og síðast en ekki síst sparað mannslíf og forðað okkur frá slysum og hörmungum. Ég held að enginn efist um það í dag að þetta hafi verið góð fjárfesting, m.a. góð fjárfesting til að jafna þann mikla aðstöðumun sem er að myndast á milli svæðanna fyrir austan fjall og á Reykjanesskaga og síðan svæðanna fyrir norðan Hvalfjörð. Við sjáum að svæðin fyrir austan fjall og á Reykjanesskaga njóta mikilla og góðra vegaframkvæmda, sem ég lasta ekki, en þær framkvæmdir eru allar greiddar úr ríkissjóði. Framkvæmdir á vegamannvirkjum á svæðum fyrir norðan höfuðborgarsvæðið eru síðan háð vegtollum. Þetta finnst mér ekki sanngjarnt fyrir okkur íbúa landsins, að við mismunum landshlutum með þessum hætti. Landshlutarnir og svæðin umhverfis höfuðborgina eiga að geta lifað saman í sátt og samlyndi á jafnréttisgrundvelli. Nóg um það.

Mig langaði til að koma að öðru en það varðar byggingu hátæknisjúkrahússins. Mér finnst að sú góða framkvæmd hljóti að vekja upp spurningar um hvað við ætlum við að gera við Reykjavíkurflugvöll. Ætlum við að hafa Reykjavíkurflugvöll áfram í Vatnsmýrinni? Við þurfum að svara þeirri spurningu: Er ekki nauðsynlegt að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni ef við ætlum að hafa hér hátæknisjúkrahús? Eða er hægt að flytja flugvöllinn og hafa há-

tæknisjúkrahús landsmanna á Vatnsmýrarsvæðinu? Þurfum við flugvöll í tengslum við þetta sjúkrahús eða ekki?

Varðandi varðskipið og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna þá held ég að við þurfum að svara því hvernig við ætlum að fjármagna bæði kaup og rekstur á varðskipi og flugvél. Ætlum við að leigja þessi tæki? Við þurfum á þessum tækjum að halda. Ætlum við að leigja þau í framtíðinni og getum við tryggt nægt fjármagn til að reka þessi tæki með sómasamlegum hætti í framtíðinni?

Frú forseti. Við eigum í raun í miklu basli með að reka Landhelgisgæsluna. Við eigum líka í miklu basli með að reka skip Hafrannsóknastofnunar. Ég hygg að við þurfum að hugsa þau mál til enda, án þess að ég kasti á nokkurn hátt rýrð á að peningum sé varið til að efla Landhelgisgæsluna. Það er löngu kominn tími til þess.

Varðandi uppbyggingu á símakerfi umhverfis landið, uppbyggingu á fjarskiptum, þá er það mjög þarft og gott verkefni. Það er mjög brýnt að komið verði á GSM-farsímasambandi sem víðast allt í kringum landið. Ég tel að mikil og alvarleg hætta stafi af því að höfum á allt of mörgum stöðum, t.d. á hringveginum, stór svæði þar sem GSM-samband er mjög slæmt og jafnvel ekki fyrir hendi. Á sama tíma hnignar NMT-farsímakerfinu. Það er farið að reynast erfitt að fá NMT-síma og fáir sem eiga slíka síma í dag. Þetta býður hættunni heim því að ef það verða slys á þjóðvegum eða annað slíkt þá er fólk mjög háð því að geta komist í síma. Allir eiga GSM-síma í dag þannig að við sjáum í hendi okkar að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Það er í raun óþolandi að ferðast um landið og líða, í hvert sinn sem maður dettur inn í GSM-samband, eins og maður sé geimfari að koma inn í gufuhvolfið á nýjan leik.

Ég ætla svo sem ekki að segja mikið fleira að sinni, frú forseti, enda er ræðutími minn senn á þrotum. En ég vona að þær spurningar sem ég hef velt upp kveiki á perunni hjá nefndarmönnum sem nú sitja í fjárlaganefnd. Mér skilst að þetta frumvarp eigi að fara þangað og ég vona svo sannarlega að þeir velti þeim fyrir sér. Það er mikilvægt fyrir okkur sem þjóð að við vöndum til verka við að að verja þessum fjármunum og að það verði gert af fullri einurð og alvöru, þótt þetta sé náttúrlega ekki nema lagafrumvarp og ríkisstjórnir framtíðarinnar geti hugsanlega breytt lögunum, ákveðið það að verja peningunum á annan hátt.

Við þekkjum af reynslunni að það getur verið varhugavert að treysta loforðum stjórnmálamanna um ákveðnar vegaframkvæmdir. Við sjáum að vegáætlun hefur á undanförnum árum verið notuð sem eins konar hagstjórnartæki. Ríkisstjórnin hefur oft freistast til þess að blása í belginn en síðan tappa af honum eftir hentisemi þegar menn hafa þurft að nauðlenda hagkerfinu. Við skulum sannarlega vona að það verði ekki raunin með frumvarpið sem hér liggur fyrir. Eins og ég sagði í upphafi máls míns eru þær framkvæmdir sem ríkisstjórnin hyggst fara út í, þótt setja megi spurningarmerki við ýmsar þeirra, hin bestu mál, þjóðþrifamál.

[16:22]

Útbýting:

Einkareknir grunnskólar, 115. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 115.

Frávísanir í framhaldsskólum, 113. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 113.

Fullorðinsfræðsla, 25. mál, þáltill. EMS o.fl., þskj. 25.

Nefnd til að meta færeyska fiskveiðistjórnarkerfið, 27. mál, þáltill. MÞH o.fl., þskj. 27.

Nýskipan í starfs- og fjöltækninámi, 15. mál, þáltill. BjörgvS o.fl., þskj. 15.

Stjórnmálaþátttaka, áhrif og völd kvenna, 29. mál, þáltill. JBjart o.fl., þskj. 29.

Stofnanir fyrir aldraða, 111. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 111.

Tekjuskattur og eignarskattur, 23. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 23.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, 28. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 28.

Þjónustuíbúðir fyrir aldraða, 110. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 110.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 16:24.

---

4. FUNDUR

fimmtudaginn 6. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 2006, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

[10:31]

Útbýting:

Aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, 5. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 5.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ástandið í lyfjamálum.

[10:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna alvarlegs ástands í lyfjamálum hér á landi. Skortur á lyfjum, jafnvel lífsnauðsynlegum lyfjum, hefur verið í landinu um nokkurt skeið. Sykursýkislyf, skjaldkirtilslyf og krabbameinslyf fyrir börn hefur skort og það hefur þurft að panta þau með hraði til landsins. Við heyrum fréttir eins og þessar: „Krabbameinslyf barna var ófáanlegt" og „Í lífshættu vegna lyfjaskorts". Þar er verið að tala um sjúkling með skerta virkni í skjaldkirtli. Fólk er í lífshættu vegna þess að ekki eru til rétt lyf. Aðrir sjúklingar þurfa að líða miklar þjáningar vegna þessa ástands að sögn lækna sem ég hef verið í sambandi við. Kvartanir berast til landlæknis í sambandi við þetta ástand.

Samkvæmt lyfjalögum, þ.e. 33. gr., er lyfjaheildsölum skylt að eiga nægar birgðir af tilteknum nauðsynlegum lyfjum sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir. Með þessu ástandi er verið að brjóta lyfjalögin. Ég spyr, virðulegi forseti: Hvernig hyggst hæstv. heilbrigðisráðherra bregðast við? Mun hann koma með lagabreytingu? Mun hann skerpa á þessum ákvæðum? Aðstoðarlandlæknir segir að ákvæðið sé óljóst og ég tek undir það.

Það er kvartað yfir ýmsu fleiru í lyfjamálunum. Innflytjendur eru hættir að flytja inn algeng lyf og í staðinn koma dýrari ný lyf þó að hin algengu séu ekkert síðri og jafnvel betri. Hvernig hyggst hæstv. ráðherra bregðast við þessu ástandi? Við þetta verður ekki unað.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra hvort það veki ekki áhyggjur hjá honum að fyrirtæki eru hætt að sækja um markaðsleyfi vegna þess að markaðurinn hér er svo lítill.

Virðulegi forseti. Það er mjög brýnt að við þessu verði brugðist fljótt og gripið verði til aðgerða á þinginu.

[10:34]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka upp þá hlið lyfjamála sem hún gerir hér í upphafi þingfundar og það er í framhaldi af umfjöllun um málið á opinberum vettvangi. Ég vil taka það sérstaklega fram að ég lít á þetta sem mjög alvarlegt mál og sé það rétt sem haft er eftir landlækni, að menn séu að fara á svig við lyfjalög. Það verður auðvitað ekki þolað.

Við höfum haft áhyggjur af þessu máli í ráðuneytinu um hríð og landlæknisembættið og Lyfjastofnun. Ég ræddi þessi mál á fundi með Lyfjastofnun 27. september og Lyfjastofnun hefur þegar rætt við innflytjendur um leiðir til þess að koma í veg fyrir að lyf verði tekin af markaði og leiðir til að koma þeim aftur inn á markað. Rétt er að benda á það varðandi lögin sem í gildi eru að sett voru ákvæði í lyfjalög árið 2004 þar sem Lyfjastofnun var heimilt á grundvelli markaðsleyfis í öðru aðildarríki EES og að uppfylltum skilyrðum laganna að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf sem eru afskráð eða ekki sótt um markaðsleyfi fyrir, telji Lyfjastofnun það réttlætanlegt á grundvelli sjónarmiða um almannaheilbrigði eða almannahagsmuni að hafa viðkomandi lyf á markaði.

Ég vil geta þess að innan skamms verður haldinn fundur Lyfjastofnunar, landlæknis og ráðuneytisins með fulltrúum Félags íslenskra stórkaupmanna og lyfjaheildsala þar sem m.a. verða ræddar verklagsreglur og hvernig skuli bregðast við þegar skortur verður á nauðsynlegum lyfjum.

Fyrirmæli mín eru skýr. Það verður að tryggja það að almannaheilbrigði og hagsmunir almennings verði í þessu sambandi tryggðir.

[10:36]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að skortur á lífsnauðsynlegum lyfjum er alvarlegt mál. Ég hef fullvissu fyrir því að hlutaðeigandi aðilar geri sér fullkomlega grein fyrir því að í ákveðnum tilvikum hafi orðið um mistök að ræða. En það sem skiptir mestu máli í þessu sambandi er að þeir bregðist við því og það hafa þeir þegar gert eins og hæstv. ráðherra hefur greint frá, þ.e. að þeir munu bregðast við því og hafa beðið um fund með lyfjayfirvöldum, með landlækni þannig að þetta komi ekki fyrir aftur.

Ég bendi á að miklar kröfur eru gerðar til innflutningsaðila lyfja og ég tel rétt að þessar miklu kröfur séu gerðar. En mestu máli skiptir að þeir geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og ég tel að þeir geri það í þessu máli með því að bregðast við á þann máta að þetta muni ekki gerast aftur.

[10:37]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Það er mjög alvarlegt ef það er lyfjaskortur í landinu og lyf skortir við alvarlegum sjúkdómum og að lyf séu ekki til sem eru þó skráð og eiga að vera til, sérstaklega í þeim tilvikum þegar um mjög alvarlega sjúkdóma er að ræða. Það er mjög óþægilegt bæði fyrir sjúklinga og ekki síður fyrir lækna og lyfjafræðinga þegar sú staða kemur upp.

Það er mjög gott til þess að vita að hæstv. heilbrigðisráðherra ætlar að taka á þessum málum og ég er sannfærð um að innflytjendur og lyfjaheildsalar munu sannarlega gera það líka því að þeirra er hagurinn að til séu næg lyf hér á landi og að þeir uppfylli þær kröfur og þær reglugerðir sem þeim ber að fara eftir. Til þeirra eru gerðar miklar kröfur og við ætlumst til þess að þeir standi undir þeim.

[10:38]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur kærlega fyrir að taka þetta mál upp á þingi. Þær fréttir sem við höfum fengið að undanförnu um að ákveðin lyf, svo sem krabbameinslyf barna, séu ekki fáanleg eru auðvitað hreint út sláandi. Nú hefur kvörtunum rignt yfir landlækni vegna þessa og hefur land-

læknir bent á að skortur á skráðum lyfjum sé brot á lyfjalögum. Landlæknir hefur einnig sagt að ekki eigi að vera neinar undanþágur hvað þetta varðar og að lögin eigi að skerpa.

Ég vil sömuleiðis fagna því að hæstv. heilbrigðisráðherra lítur þetta mál mjög alvarlegum augum eins og hann sagði í ræðu sinni. Ég fagna því einnig að hann ætlar að halda fund um málið. En ég vil ítreka spurningar fyrirspyrjanda um hvort hann sé reiðubúinn á þessari stundu að segja hvort hann ætli að ráðast í lagabreytingar eða skerpa á lögunum því þetta mál þarf að vera klárt og þessi staða á ekki að koma upp í okkar samfélagi. Ég vil því gera þá spurningu fyrirspyrjanda að minni hvort hæstv. ráðherra sé tilbúinn að fara í nauðsynlegar lagabreytingar eða a.m.k. skerpa á þeim lögum sem landlæknir telur að þurfi að skerpa á sérstaklega.

[10:40]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta er tekið upp hér þar sem um mjög alvarlegt mál er að ræða, skort á lyfjum við alvarlegum langvarandi sjúkdómum og ekki síst þegar það snertir börnin þá snertir það okkur tilfinningalega. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra. Ef það er staðreynd að lög hafi verið brotin, að farið hafi verið á svig við lög, þá dugar ekki fyrir mig að sagt sé að innflytjendur hafi gert sér grein fyrir ábyrgðinni og ætli að taka sig á. Það hlýtur að þurfa að taka þá á þessu. Það hljóta að vera til einhvers konar refsiákvæði sem gilda gagnvart brotum á lögum eins og lyfjalögum sem valda skorti á skráðum lyfjum. Á hvern hátt verður tekið á því í ráðuneytinu?

[10:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Menn gera sér grein fyrir hversu alvarlegt ástandið er og ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að taka á þessum málum og halda fund um verklagsreglur með hagsmunaaðilum. Það verður að vera ljóst að við verðum að tryggja hér almannaheill. Ég held að skerpa þurfi ákvæði lyfjalaga og ég spyr hæstv. ráðherra: Megum við vænta frumvarps í þá veru hingað inn í þingið? Talað er hér um að lyfjainnflytjendur verði að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni. Það var vitað að krabbameinslyf fyrir börn mundi vanta. Það var alveg ljóst. En þeir brugðust ekki við, ekki nógu fljótt. Þetta var vitað með nokkrum fyrirvara. Svona hlutir eiga auðvitað ekki að gerast.

Svo er það annað sem varðar börnin. Það hefur einnig skort lyf í barnvænu formi, þ.e. lyf sem auðvelt er að gefa börnum, t.d. mixtúrur. Þessu hafa barnalæknar kvartað yfir og þessu þarf auðvitað líka að kippa í liðinn og tryggja að slík lyf séu til staðar. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að sjá til þess að heilbrigðis- og tryggingnefnd verði upplýst um það hvernig þessum málum vindur fram. Ég vil þakka honum fyrir að hann ætlar að bregðast við og ég veit að hann gerir sér grein fyrir hversu alvarlegt það ástand er þegar lyf skortir og sérstaklega þegar um lífsnauðsynleg lyf er að ræða.

[10:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa það að lyfjalögin eru í endurskoðun. En ég vil taka það fram að um skyldur heildsala á þessu sviði er fjallað í reglugerð frá 1996. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í lyfjaheildsölu skulu ávallt vera til birgðir helstu lyfja sem markaðsleyfi hafa á Íslandi og lyfjaheildsalan annast dreifingu á.

Lyfjaheildsala skal útvega eins fljótt og kostur er, lyf sem ekki eru til í birgðum og veita öllum landshlutum sambærilega þjónustu."

Sömu skyldur eru lagðar á herðar lyfsölum í lyfjabúðum. Um það segir, með leyfi forseta:

„Í lyfjabúð er skylt að hafa á boðstólum lyf sem selja má hér á landi og hafa hæfilegar birgðir miðað við ávísanir lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði."

Ákvæðin í þessu eru því alveg skýr. Lyfjalögin eru í endurskoðun en við störfum á grundvelli ákvæða sem eru alveg skýr í þessu efni. Hins vegar verð ég að segja það líka að stundum taka erlendir framleiðendur lyf af markaði í einhvern ákveðinn tíma og það þarf að bregðast við því. Til dæmis var þekkt skjaldkirtilslyf afskráð og lyf sem kom í stað þess reyndist ekki jafn vel. En lyfið var sett aftur á markað. Um getur verið að ræða ástæður sem er erfitt að ráða við. Ákvæðin í þessu eru skýr og ég vil auðvitað fylgja þeim eftir. En það sem skiptir mestu máli er að ástandið í þessum efnum lagist.

Ég segi það líka að ekki eru öll heildsölufyrirtæki undir sama hatti í þessu. En þetta er jafnslæmt fyrir því ef svona dæmi koma upp sem hér hafa verið rakin.

Fjárlög 2006, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[10:45]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Samkomulag er á milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar sem verður með sama hætti og á síðasta þingi. Ræðutími verður sem hér segir: Ráðherra hefur 35 mínútur í framsögu sinni, síðan 15 mínútur og í þriðja lagi 10 mínútur. Talsmenn flokka hafa 20 mínútur í 1. umferð og síðan tvisvar sinnum 10 mínútur. Aðrir þingmenn hafa 10 mínútur tvívegis. Með talsmönnum er átt við fyrsta ræðumann þingflokka í umræðunni.

Enn fremur er samkomulag um að andsvör verði leyfð frá upphafi umræðunnar, þó þannig að í fyrstu umferð verður aðeins talsmönnum þingflokka og fjármálaráðherra heimilt að veita andsvör. Gert er ráð fyrir að umræðunni ljúki síðar í dag eða í kvöld eftir atvikum.

[10:46]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 sem er 1. mál þessa þings. Ég mun rekja helstu áherslumál ríkisfjármála og forsendur frumvarpsins.

Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálunum fyrir næstu ár er mikilvægur hluti af fjárlagafrumvarpinu. Ekki síst þegar framkvæmdir við virkjanir og stóriðju eru í hámarki og sýnt er að verulega dragi úr þeim á allra næstu árum. Er mikilvægt við þessar aðstæður að hagstjórn verði áfram ábyrg og fylgt sömu staðfestu í ríkisbúskapnum og á undanförnum árum.

Stigvaxandi hagvöxtur hefur einkennt þjóðarbúskapinn undanfarin ár. Þannig benda bráðabirgðatölur til þess að landsframleiðslan hafi vaxið um 6,2% á síðasta ári. Horfur eru á að hagvöxtur verði einnig mikill á þessu ári, eða um 6%, en síðan taki að hægja á árið 2006 og enn frekar árið 2007. Það er því ljóst að hápunkti hagsveiflunnar verður náð fyrr en ætlað var. Mjög svo auknar stóriðjuframkvæmdir og einkaneysla hafa ráðið miklu um hagvöxtinn að undanförnu. Störfum hefur fjölgað ört og atvinnuleysi minnkað. Sú þróun mun líklega vara fram á næsta ár. Það er jákvætt og ekki síst að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hefur haldið áfram að aukast ár frá ári, en áætlað er að hann aukist um 12% á árunum 2004 til 2007. Þrátt fyrir hátt vaxtastig Seðlabanka Íslands frá síðari helmingi ársins 2004 er því spáð að verðbólga verði nærri 4% efri þolmörkum verðbólgumarkmiðs Seðlabankans á komandi árum. Við þær aðstæður er nauðsynlegt að framkalla aðhald í stjórn ríkisfjármála til að viðhalda áframhaldandi stöðugleika efnahagslífsins. Sú stefna hefur verið höfð að leiðarljósi við gerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2006.

Mótvægisaðgerðir í ríkisfjármálum hafa þegar komið fram í fjárlögum tveggja undangenginna ára. Haldið hefur verið aftur af vexti samneyslu- og tilfærsluútgjalda og verulega dregið úr opinberum framkvæmdum. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa og í uppsveiflu áranna 2003 til 2005 jókst afgangur ríkisfjármála um tæp 5% af landsframleiðslu, sem er einn besti árangur í ríkisfjármálum OECD-ríkja á tímabilinu. Í ár er áætlað að tekjuafgangurinn verði tæplega 30 milljarðar króna sem samsvarar 3% af landsframleiðslu og er hagnaður af sölu Landssímans þá ekki meðtalinn. Þetta er 17 milljarða króna meiri afgangur en áætlað var í fjárlögum 2005 og skýrist m.a. af meiri tekjum af umsvifum á fasteignamarkaði og einkaneyslu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 14,2 milljarða króna tekjuafgangi eða sem nemur 1,4% af landsframleiðslu. Samanlagður tekjuafgangur árin 2004–2006 er því áætlaður um 44 milljarðar króna. Á útgjaldahlið ríkisfjármála er áætlað að raunvöxtur samneyslu og tekjutilfærslna ríkis og almannatrygginga verði innan við langtímamarkmið í ríkisfjármálum. Þá hefur staða ríkissjóðs styrkst til muna á árinu með stórfelldum niðurgreiðslum erlendra lána.

Í fjárlagafrumvarpinu er nú þriðja árið í röð lögð fram stefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára. Slík stefnumörkun styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika í efnahagslífinu eins og reyndin hefur sýnt. Helstu markmið stefnunnar í ríkisfjármálum 2006–2009 eru óbreytt frá fjárlagafrumvarpi 2005 og eru þau eftirfarandi:

Fylgt verði aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Þannig verði árlegur vöxtur samneyslu ekki umfram 2% að raungildi og tilfærsluútgjalda ekki umfram 2,5%.

Dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 2 milljarða króna árið 2006, þriðja árið í röð. Framkvæmdir verði aftur auknar um 2 milljarða króna árið 2007 og 2 milljarða árið 2008 en þar til viðbótar kemur fé í samræmi við tillögu ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf.

Á árunum 2006–2009 verði verulegum fjármunum varið til skattalækkana á fyrri hluta tímabilsins, í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, og til forgangsverkefna á síðari hluta þess.

Í þessari stefnumörkun, líkt og í fyrri langtímaáætlunum, er gert ráð fyrir að ríkisfjármálunum verði beitt með öflugum hætti til að halda aftur af innlendri eftirspurn þegar stóriðjuframkvæmdir standa sem hæst og örva hagvöxt þegar þeim lýkur. Dregið hefur verið úr framkvæmdum á vegum ríkisins og mun svo einnig verða á næsta ári. Í spá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman um liðlega 12% á yfirstandandi ári og 15% árið 2006. Framkvæmdir verða síðan auknar á árunum 2007 og 2008 þegar hægir á hagvexti.

Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum er ekki einungis mikilvæg forsenda fyrir stöðugleika í efnahagsmálum næstu árin heldur einnig fyrir framgang skattalækkunaráforma í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og ný lög um það efni. Ríkisstjórnin stóð fast á því að lækka skatta hjá einstaklingum og fyrirtækjum og mun meginþungi og lokaáfangi þeirra verða árið 2007. Enn heyrast þær raddir að fresta eigi þessum aðgerðum, að þær séu ekki tímabærar og muni auka kaupmátt þegar síst skyldi. Ég vil í því samhengi benda á að í spá ráðuneytisins er gert ráð fyrir að árið 2007 vaxi einkaneysla minna en 1% sem þýðir í raun að einkaneysla á mann dregst saman milli ára. Og þetta verður þrátt fyrir skattalækkanir. Einkaneyslan hefur aukist verulega undanfarið og á árabilinu 2003 til 2006 er áætlað að hún vaxi að meðaltali um 6,6% milli ára. Einkaneysla verður því að teljast komin á hátt stig þegar hægir á í efnahagslífinu. Í langtímaspá ráðuneytisins er gert ráð fyrir að hún vaxi að meðaltali um 1,8% árin 2007 til 2010. Ég tel því að skattalækkanir nú komi á ágætum tíma til að vega á móti niðursveiflunni auk þess sem rétt er að láta heimilin njóta þess þegar verulegur tekjuafgangur er á ríkissjóði.

Til að mæta minni tekjum vegna skattalækkana verður tekjuafgangi ríkissjóðs árið 2005 að hluta ráðstafað til að greiða niður skuldir og þar með minnka vaxtabyrði á komandi árum auk þess sem greitt var inn á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs. Það sem eftir stendur verður ávaxtað hjá Seðlabankanum og ráðstafað þegar dregur úr umsvifum í efnahagslífinu.

Sömu sjónarmið voru höfð að leiðarljósi við ákvörðun um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans, en eins og kunnugt er lauk með sölu fyrirtækisins stærstu einkavæðingu Íslandssögunnar. Eins og kom fram í yfirlýsingu frá ríkisstjórninni við söluna er mikilvægt að ráðstöfun söluandvirðisins verði notað til að tryggja enn frekar jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ákveðið var að sá hluti söluandvirðisins sem greiddur var í erlendri mynt yrði notaður til að greiða niður erlendar skuldir ríkissjóðs á árinu 2005. Með þessari ráðstöfun minnka vaxtagreiðslur ríkissjóðs sem stuðlar að meiri afgangi á ríkissjóði. Afgang-

ur sölutekna var settur í skuldabréf Seðlabankans þar sem þær munu skila ríkissjóði umtalsverðum vaxtatekjum á næstu árum. Ríkisstjórnin hefur því haldið fast við þau markmið sín að halda sölutekjunum utan hagkerfisins þar til dregur úr umsvifum.

Skuldir ríkissjóðs hafa snarminnkað á síðustu tíu árum. Þannig hafa þær nær árlega farið stiglækkandi, úr 50% af landsframleiðslu árið 1996 í 20% árið 2005. Hrein staða ríkissjóðs, þ.e. skuldir að frádregnum veittum lánum að viðbættu handbæru fé, stefnir í að lækka verulega á yfirstandandi ári og einnig árið 2006. Gert er ráð fyrir að hrein staða ríkissjóðs verði neikvæð um 5,4% af landsframleiðslu í ár og 4,8% á því næsta. Til samanburðar var hlutfallið neikvætt um 16% árið 2004. Gangi áætlanir fjármálaráðuneytisins eftir verður samanlagður tekjuafgangur ríkissjóðs árin 1999 til 2006 tæplega 100 milljarðar króna og samanlagður lánsfjárafgangur 150 milljarðar.

Í langtímaáætlun er gert ráð fyrir umtalsverðum hagvexti árið 2006 en hægari vexti árin 2007 til 2009. Nú um stundir er verulegur halli á viðskiptum við útlönd. Við því var búist enda mikill innflutningur vegna stóriðjuframkvæmdanna. Hins vegar hefur óvenju sterk króna að auki haft áhrif til að auka verulega innflutning neysluvöru og ferðalög landsmanna til útlanda. Þrátt fyrir það mun mikill viðskiptahalli óhjákvæmilega leiða til þess að krónan gefi eftir og er gert ráð fyrir að hún muni veikjast stig af stigi. Samkvæmt framreikningum er gert ráð fyrir að hagvöxtur árin 2007–2010 verði að meðaltali 2,5%. Ef þetta gengur eftir má segja að mjúk lending náist eftir uppsveifluna sem nú stendur yfir. Ástæða þess að því er spáð að ekki verði harkalegur efnahagslegur samdráttur þegar hægir á stóriðjuframkvæmdunum er meðal annars aukinn útflutningur áls og minni innflutningur í kjölfar framkvæmdanna. Að auki koma til auknar opinberar framkvæmdir á þessu tímabili sem taka mið af því að draga úr niðursveiflunni sem og skattalækkanirnar eins og áður hefur verið nefnt. Meginniðurstaðan er því sú að það muni nást að halda ágætum stöðugleika.

Framreikninga sem þessa verður að taka með nokkrum fyrirvara þegar horft er þetta langt fram á veginn. Við gerð þeirra ber að hafa í huga að íslenskt atvinnulíf stendur á sterkari fótum en oft áður. Efnahagslegt umhverfi fyrirtækja hefur batnað á síðustu árum. Breytingar á fjármála- og peningamarkaði hafa verið miklar. Eins hafa skattkerfisbreytingar eins og lækkun tekjuskatts á lögaðila haft jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækja og þær breytingar sem nú standa yfir og eru fram undan varðandi lækkun skatta stuðla enn frekar að betri grundvelli fyrir rekstri þeirra. Atvinnustarfsemi er orðin fjölbreyttari og öflugri en áður var. Utanríkisverslun er einn meginaflvaki hagvaxtar og ef breytingar í hagvexti á Íslandi eru skoðaðar á síðustu öld má að jafnaði sjá að hagvöxtur fylgir í kjölfar aukins útflutnings. Meginstoð útflutnings var og er enn sjávarútvegur og því skiptir verulegu máli hve vel tókst til við skipulagsbreytingar á auðlindastjórninni. Aukin starfsemi í stóriðju, ferðaþjónustu og hátæknigreinum hefur styrkt stoðir útflutnings og dregið úr einhæfni en sjávarútvegur er þó enn undirstöðugreinin. Þessar forsendur, til viðbótar þeirri aðhaldssömu stefnu í ríkisfjármálum sem hér er gengið út frá, ættu enn frekar að stuðla að því að stöðugleiki haldist og mjúk lending náist þegar stóriðjuframkvæmdum lýkur.

Herra forseti. Ég mun nú víkja að helstu þáttum fjárlagafrumvarps næsta árs. Tekjuafgangur ríkissjóðs árið 2006 er áætlaður 14,2 milljarðar króna, handbært fé frá rekstri er áætlað tæplega 11 milljarðar króna og lánsfjárafgangur 9,6 milljarðar. Áformað er að greiða niður skuldir fyrir 6,6 milljarða króna á næsta ári. Verða skuldir því greiddar niður um samtals 64,3 milljarða á tveimur árum. Lækkun tekjuafgangs á milli ára má einkum rekja til þess að spáð er að einkaneysla vaxi ekki eins mikið á næsta ári og í ár og til lækkunar tekjuskatts einstaklinga og afnáms eignarskatta sem skýrir rúmlega 8 milljarða króna lækkun tekna. Haldið hefur verið aftur af ríkisútgjöldum með ýmsum aðgerðum á gjaldahlið en auknu fjármagni verður varið til forgangsverkefna svo sem til hækkunar barnabóta, úrræða fyrir fatlaða og til eflingar rannsókna og menntunar.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2006 gerir ekki ráð fyrir áframhaldandi vexti efnahagslífsins í eins miklum mæli og á yfirstandandi ári. Spá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 4,6% á árinu 2006, samanborið við 6% í ár. Einnig er gert ráð fyrir að verðbólga verði um 3,8% og kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 2,7%. Á þessum forsendum er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs verði 301,4 milljarðar króna sem er svipuð fjárhæð og á yfirstandandi ári án fjármagnstekjuskatts ríkissjóðs af sölu hagnaði Landssímans. Óbreyttar skatttekjur milli ára þrátt fyrir 5% hagvöxt skýrast meðal annars af lækkun tekjuskattshlutfalls einstaklinga, afnámi eignarskatta og verulega minni tekjum af stimpilgjöldum og vörugjöldum af ökutækjum. Áætlað er að heildartekjur ríkissjóðs verði 327,4 milljarðar króna eða 6,7 milljörðum króna lægri en tekjur yfirstandandi árs án eignasölu. Meginskýring þeirrar lækkunar er eins og áður sagði minni tekjur af fjármagnstekjuskatti sem ríkissjóður greiðir og minni arðgreiðslur eftir sölu Landssímans. Á móti kemur að vaxtatekjur af innstæðu ríkissjóðs í Seðlabankanum hækka.

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2006 eru áætluð 313,2 milljarðar króna og hækka um 16,8 milljarða króna frá fjárlögum 2005 eða um 5,7%. Útgjöldin hækka því um 1,8% að raungildi frá fjárlögum miðað við verðvísitölu neysluverðs. Sé miðað við áætlaða útkomu ársins 2005 standa útgjöldin nánast í stað í krónutölu og lækka að raungildi um 2%. Lækkunin er hins vegar minni, eða tæplega 1%, séu útgjöld vegna sölu Landssímans árið 2005 ekki talin með. Helstu breytingar á milli ára er frekari efling mennta- og rannsóknarmála þar sem Íslendingar hafa skipað sér í fremstu röð, aukin framlög til málefna fatlaðra og til þróunaraðstoðar í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Þá hækka barnabætur um 1,2 milljarða króna vegna hækkunar bótafjárhæða í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hækka um 1,3 milljarða króna frá fjárlögum, einkum vegna samkomulags í tekjustofnanefnd um tímabundið 700 milljóna kr. framlag í sjóðinn og vegna tengingar framlaga í sjóðinn við tekjur ríkis og sveitarfélaga. Framlög til atvinnuleysisbóta lækka á milli ára svo og stofnkostnaður og loks lækka vaxtagjöld ríkissjóðs um 2 milljarða króna frá fjárlögum 2005. Lækkun stofnkostnaðar

frá fjárlögum er í samræmi við langtímastefnumörkun ríkisstjórnarinnar um frestun framkvæmda á meðan stóriðju- og virkjanaframkvæmdir standa sem hæst. Áformað er að stórauka framkvæmdir í vegamálum árið 2007 og það ár hefst einnig ráðstöfun á söluandvirði Landssímans.

Lítil hækkun rekstrarútgjalda og lækkun fjárfestingaútgjalda endurspeglar aukið aðhald í útgjöldum ríkissjóðs. Alls er í frumvarpinu gert ráð fyrir aðgerðum sem skila 4 milljarða króna lækkun útgjalda frá því sem annars hefði orðið. Þar af er gert ráð fyrir tímabundinni 2 milljarða kr. lækkun framlaga til vegamála eins og á þessu ári. Við upphaf fjárlagagerðar var ráðuneytum gert að lækka útgjöld sín um 1 milljarð kr. samtals frá því sem ráð var fyrir gert í langtímaáætlun og hefur því ýmist verið mætt með því að falla frá nýjum verkefnum, lækka framlög til einstaka verkefna eða með hagræðingu í starfsemi. Loks útfærði ríkisstjórnin sérstaklega rúmlega eins milljarðs kr. lækkun útgjalda sem skiptist þannig að áformað er að lækka lyfjaútgjöld um 300 millj. kr., vaxtabætur um 250 millj. kr., fresta hafnarframkvæmdum um 200 millj. kr., fresta verkefnum Ofanflóðasjóðs um 100 millj. kr., fresta stofnkostnaði háskóla um 100 millj. kr. og fresta framkvæmdum við flugvelli um 50 millj. kr. Samtals eru því útgjöld ríkissjóðs 4 milljörðum kr. lægri en orðið hefði að óbreyttu.

Þegar leiðrétt hefur verið fyrir óreglulegum tekjum og gjöldum er tekjuafkoma ríkissjóðs áætluð tæplega 25 milljarðar króna árið 2006. Með óreglulegum tekjum er hér átt við söluhagnað af eignum og endurmat sem færist um tekjuhlið. Með óreglulegum gjöldum er átt við gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna, en þá liði má að stórum hluta rekja til fyrri ára. Tekjuafkoma ríkissjóðs á þennan mælikvarða lýsir betur reglulegri starfsemi ríkisins og áhrifum hagsveiflunnar á hana. Á næsta ári dregur úr tekjuafgangi ríkissjóðs samanborið við áætlaðan tekjuafgang þessa árs og er það í samræmi við spár fjármálaráðuneytisins um að hagvöxtur verði ekki eins mikill á næsta ári og í ár. Áfram verður þó rekin aðhaldssöm ríkisfjármálastefna á næsta ári.

Gangi áætlanir fjármálaráðuneytisins eftir verður samanlagður tekjuafgangur ríkissjóðs frá 1999 til 2006 samtals tæplega 100 milljarðar króna og samanlagður lánsfjárafgangur 150 milljarðar eins og áður kom fram. Staða ríkissjóðs hefur styrkst verulega á þessum tíma og nam uppsöfnuð fyrirframgreiðsla ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ásamt vöxtum um 80 milljörðum króna í árslok 2004. Þá verða skuldir greiddar niður um rúmlega 37 milljarða króna nettó frá árinu 1999 til 2006 á verðlagi hvers árs. Hrein staða ríkissjóðs, þ.e. skuldir að frádregnum veittum lánum, viðskiptareikningum og handbæru fé hjá Seðlabanka, lækkar að óbreyttu úr 35% af landsframleiðslu árið 1996 í 4,8% árið 2006.

Vaxtagjöld ríkissjóðs lækka áfram sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, eða úr 2,8% árið 1998 í 1,3% á næsta ári. Ef hlutfallið hefði haldist óbreytt væru vaxtagjöld tæplega 16 milljörðum króna hærri en áætlað er í frumvarpinu. Verða vaxtagjöld í fyrsta skipti lægri en vaxtatekjur í frumvarpinu. Hefur sú þróun ásamt öflugum hagvexti undanfarinna ára veitt ríkissjóði svigrúm til að lækka skatta á sama tíma og ráðist hefur verið í ný og aukin verkefni í mennta- og velferðarmálum, eins og áður er komið fram. Einnig hefur lækkandi skuldastaða ríkissjóðs styrkt stöðu þjóðarbúsins til að taka á sig óvænt áföll. Hefur það skilað sér í betra lánshæfismati og lægri vöxtum sem fyrirtæki og einstaklingar njóta einnig.

Herra forseti. Staða Íslands er góð borið saman við önnur ríki OECD. Samkeppnishæfni atvinnulífsins hefur batnað og við færumst sífellt ofar á þá lista sem raða ríkjum eftir samkeppnishæfni og lífskjörum almennings. Þessi staða er engin tilviljun. Undanfarin ár hefur íslenskt efnahagslíf verið í mikilli sókn sem má sjá á nær öllum sviðum þjóðlífsins. Það er vandi að stýra ríkisfjármálum við slíkar aðstæður. Margir gagnrýndu ríkisstjórnina þegar hún lækkaði tekjuskatta á fyrirtæki og hóf eina mestu einkavæðingu Íslandssögunnar með sölu á hlut ríkisins í fjármálastofnunum og nú síðast með því að færa ríkið af fjarskiptamarkaði. Einnig hafa háværar úrtöluraddir heyrst vegna þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að nýta endurnýjanlega orkugjafa með uppbyggingu stóriðju. Loks hafa ýmsir stjórnmálamenn reynt að grafa undan fiskveiðistjórnarkerfinu sem fullyrða má að hafi fært sjávarútveginn í gegnum mikla hagræðingu þannig að hann er rekin með hagnaði og getur mætt tímabundnum erfiðleikum vegna sterks gengis krónunnar. Þessar skipulagsbreytingar hafa varðað veginn fyrir þá lífskjarabreytingu og stöðugu kaupmáttaraukningu sem landsmenn hafa notið undanfarin ár. Skipulagsbreytingarnar hafa einnig skilað sér í því að ríkissjóður getur lækkað tekjuskatta einstaklinga, fellt niður eignarskatta og hækkað barnabætur án þess að raska stöðugleika í ríkisfjármálum.

Hagkerfið hefur tekið stakkaskiptum undanfarin ár, skilvirkni hefur aukist við skipulagsbreytingar sem ég nefndi að framan og samkeppni og sveigjanleiki á þeim sviðum sem ríkið hefur dregið sig út úr með einkavæðingu hefur aukist til muna. Íslenskur vinnumarkaður hefur ávallt verið sveigjanlegur og atvinnuleysi jafnan tiltölulega lítið. Velferðarkerfið hefur ekki dregið um of úr hvata til sjálfsbjargar eins og víðar í Evrópu og lífeyriskerfið er ekki baggi á ríkissjóði eins og í mörgum vestrænum ríkjum. Alþjóðavæðing og aukin samkeppni hefur opnað nýja markaði fyrir íslensk fyrirtæki sem hafa ráðist í stórar fjárfestingar í útlöndum sem eftir hefur verið tekið. Aðgengi að erlendu fjármagni og vinnuafli hefur að sama skapi aukið sveigjanleika og afl íslensks efnahagslífs til að vaxa hratt án of mikilla aukaverkana.

Við þessar aðstæður er mikill þrýstingur á að ríkissjóður auki útgjöld sín enda eykst eftirspurn eftir þeim gæðum sem ríkið veitir aðgang að með auknum tekjum þjóðarinnar. Einnig heyrast háværar raddir um að ríkið eigi að draga verulega úr útgjöldum á öllum sviðum til að draga úr aukinni innlendri eftirspurn. Þannig eigi að lækka útgjöld helstu málaflokka svo sem heilbrigðis- og menntamála. Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu að miða útgjaldavöxt yfir lengra tímabil við það að heildarútgjöld vaxi minna en landsframleiðsla og brugðist við tímabundinni innlendri eftirspurn með niðurskurði á framkvæmdum. Þegar dregur úr stóriðjuframkvæmdum verða framkvæmdir ríkissjóðs auknar eins og fram hefur komið.

Ríkisstjórnin hefur einkavætt rekstur sem talið er betra að einkaaðilar sjái um og lagt áherslu á að ríkið einbeiti sér

vel að þeim verkefnum sem það á að sinna. Þannig hefur verið stefnt að markvissari ríkisrekstri og þjónusta efld í mennta- og heilbrigðismálum þar sem miðað er við það besta sem þekkist annars staðar. Til að tryggja góða nýtingu opinbers fjár hefur þjónusta í þessum stóru málaflokkum í auknum mæli verið falin einstaklingum með þjónustusamningum og útboðum. Einnig hefur starfsmannastefna ríkisins stuðlað að endurmenntun og sveigjanleika til að umbuna þeim starfsmönnum sem skila góðu verki. Þannig hefur hlutverk ríkisins verið afmarkað og leitað nýrra leiða við að leysa þau verkefni á hagkvæmari hátt sem samstaða er um að ríkið veiti aðgang að. Verður því verkefni aldrei lokið enda er hagkvæmur ríkisrekstur og góð grunnþjónusta hluti af samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs.

Hlutverk ríkisins í stjórn efnahagsmála er mjög mikið og mikilvægt. Þess vegna hefur verið beitt markvissu aðhaldi í ríkisútgjöldum án þess að ganga nærri grunnþjónustu og á sama tíma dregið verulega úr opinberum framkvæmdum. Ráðstöfun á söluandvirði Landssímans er hluti af þessari stefnu þar sem því verður ekki varið fyrr en stóriðjuframkvæmdum lýkur. Þannig er fénu haldið í Seðlabanka og komið í veg fyrir að það renni óbeislað út í hagkerfið. Ríkisstjórnin axlar því ábyrgð sína í hagstjórnarmálum af fullum þunga og gerir það sem mögulegt er til að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum. Nauðsynlegt er að aðrir axli einnig þá ábyrgð svo sem sveitarfélög og að fjármálastofnanir gæti aðhalds í aukningu útlána við þær aðstæður að eignaverð fer hækkandi.

Í þessu sambandi er vert að minnast á að margir hafa gagnrýnt ríkissjóð fyrir að lækka tekjuskatta einstaklinga á meðan stóriðjuframkvæmdir standa yfir. Þeir sem þannig tala virðast standa í þeirri trú að fé sé betur varið hjá ríkissjóði en hjá þeim sem afla teknanna. Lækkun tekjuskatta er einmitt vel tímasett og er hugsuð sem aðgerð til að draga úr spennu á vinnumarkaði með því að hvetja til aukins vinnuframboðs á sama tíma og eftirspurn eftir vinnuafli fer vaxandi. Lokaáfangi í lækkun tekjuskatta einstaklinga er árið 2007 þegar stóriðjuframkvæmdum lýkur.

Herra forseti. Að lokum vil ég undirstrika þá ríkisfjármálastefnu og meginniðurstöðu sem frumvarpið byggir á. Beitt verður áframhaldandi aðhaldi á næsta ári, en útgjöld verða aukin verulega og skattar lækkaðir markvisst þegar stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi lýkur árið 2007.

Sterk staða ríkissjóðs í alþjóðlegum samanburði hefur skilað sér í góðu lánshæfismati sem einstaklingar og fyrirtæki hafa notið góðs af. Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu hafa lækkað verulega, eða úr 50% af landsframleiðslu árið 1996 í 19% árið 2006.

Lækkun skulda hefur skilað sér í lækkun vaxtagjalda sem eru í frumvarpinu lægri en vaxtatekjur ríkissjóðs. Ríkissjóður hefur haldið fast að útgjöldum en á sama tíma staðið vörð um góða og hagkvæma þjónustu og stóreflt framlög til rannsókna og menntamála.

Síðast en ekki síst hefur ávinningi af fjármálastjórninni verið skilað til almennings með því að lækka tekjuskatta verulega, afnema eignarskatta og sérstakan tekjuskatt einstaklinga.

Tekjuafgangur ríkissjóðs verður rúmlega 14 milljarðar króna á næsta ári og skuldir ríkissjóðs verða lækkaðar um 6,6 milljarða. Stofnkostnaður ríkissjóðs verður í algeru lágmarki á næsta ári og útgjöld ríkissjóðs lækka sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Meginniðurstaða stefnumörkunar í ríkisfjármálum er að áfram mun ríkja stöðugleiki. Hagkerfið mun að öllum líkindum ná mjúkri lendingu með um 2,5% árlegan hagvöxt árin 2007–2009. Viðskiptahalli mun þá minnka verulega og hagvöxturinn vera borinn uppi af auknum útflutningi.

Ég tel að sú stefna sem birtist í fjárlagafrumvarpinu og langtímaáætlun sýni sterka stöðu ríkisfjármála og staðfestu ríkisstjórnarinnar um að beita ríkisfjármálum til að hamla gegn þenslu á þessu og næsta ári. Stefna ríkisstjórnarinnar mun skila áframhaldandi bættum lífskjörum.

Ég legg til, herra forseti, að frumvarpinu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og hv. fjárlaganefndar. Óska ég eftir góðu samstarfi við nefndina nú sem endranær og vona að takast megi að afgreiða frumvarpið í samræmi við starfsáætlun þingsins svo sem verið hefur undanfarin ár.

[11:12]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sérfræðingar leggja mat á fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gagnrýndi harðlega fyrirætlanir hennar þegar í sumar og í vikunni hefur KB-banki sagt að í frumvarpinu séu misvísandi yfirlýsingar um eyðslu og sparnað. Landsbankinn segir okkur að aðhald sé fráleitt nóg og að gefist hafi verið upp við verðbólgumarkmiðið. Íslandsbanki segir okkur að afgangurinn hefði þurft að vera tvöfalt meiri og að þjóðhagsspáin sé ótrúverðug vegna þess að það sé pólitík í henni. Samtök atvinnulífsins segja að viðvarandi verðbólga kippi stoðunum undan kjarasamningum. Alþýðusambandið telur að ekki sé sparað nægilega til að skapa forsendur fyrir skattalækkunum og lýsir sárum vonbrigðum með fjárlagafrumvarpið. Seðlabankinn átti í síðustu viku von á tvöfalt meiri afgangi ríkissjóðs.

Áður en fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2006 kemur til 1. umr. hefur það fengið falleinkunn hjá öllum sérfræðistofnunum sem um málið hafa fjallað. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra, nú þegar fjármálalífið, atvinnulífið og efnahagsstofnanirnar hafa fellt þennan dóm, hvort ekki sé nauðsynlegt að taka frumvarpið til gagngerrar endurskoðunar og hvort hann útiloki að endurskoða að hluta eða í heild skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar. Neyðist hann ekki til að játa, þegar allir þessir sérfræðingar hafa komið fram, að aðhaldsstig fjárlaganna sé fráleitt nóg? Eða getur hæstv. fjármálaráðherra bent okkur á eina stofnun í íslensku samfélagi, aðra en ríkisstjórnina, sem telur að þetta frumvarp takist á við þau verkefni í hagstjórninni sem blasa við okkur og ógna þeim stöðugleika sem svo hart var unnið að að koma á eftir það verðbólgubál sem brann undir lok síðustu aldar?

[11:14]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra hjá hv. þingmanni Helga Hjörvar hve mikla áherslu hann leggur á að viðhalda þeim stöðugleika sem tekist hefur að ná. Með því

viðurkennir hann þann árangur sem ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum náð í hagstjórninni sem hefur að verulegu leyti skilað sér til íbúa landsins.

Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að fjárlagafrumvörp geta verið umdeild og forsendur þeirra geta verið umdeildar líka. Þegar við skoðum það sem gagnrýnendur segja held ég að við þurfum fyrst að athuga hvort þeir eru að gagnrýna þjóðhagsspána. Velta þeir upp einhverjum flötum á því að niðurstaða hennar ætti að vera öðruvísi? Eða eru þeir að gagnrýna þær fyrirætlanir sem ríkisstjórnin byggir á þeirri spá sem fyrir liggur frá fjármálaráðuneytinu?

Ég heyri þá gagnrýna spána og ég heyri þá síðan gagnrýna aðgerðirnar að hluta til. En ég heyri þá ekki gagnrýna aðgerðirnar í tengslum við spána sjálfa. Þeir eru ekki að segja að aðgerðir ríkisstjórnarinnar séu í ósamræmi við spána en þeir eru að gagnrýna spána.

Spá, eins og ég segi, er eðli málsins samkvæmt spá. Spár geta verið umdeildar og menn geta byggt þær upp á mismunandi forsendum og þær geta breyst vegna ófyrirsjáanlegra atburða eins og við höfum oft séð. En þá skiptir mestu máli að það kerfi sem við höfum byggt upp geti brugðist við breyttum aðstæðum. Ef hagvöxturinn verður meiri, tekjur ríkissjóðs meiri, þá verður tekjuafgangurinn líka meiri og þá verður aðhaldið meira. Þannig er kerfið hjá okkur upp byggt.

[11:16]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Því miður, verð ég að segja, er hæstv. fjármálaráðherra alveg einn um það í þessari viku að telja að stöðugleiki sé í efnahagsmálum á Íslandi. Hann er líka alveg einn um það að telja að í þessu frumvarpi komi fram nægilega mikið aðhald. Bæði gagnrýna menn spána sem það byggist á og aðgerðirnar sem í því er að finna.

Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort hann telji það trúverðugt að núna á mesta þenslutíma Íslandssögunnar sé minni þörf á aðhaldi en árin 1999 og 2000. Það er sú forsenda sem hér er lagt upp með. Það er ekki trúverðugt að við á þessum tímum þurfum minna aðhald í ríkisbúskapnum en við þurftum 1999 og 2000. Munum að þá missti ríkisstjórnin verðbólguna upp í 9%, sem hækkaði skuldir heimilanna í landinu gríðarlega í einu vetfangi. Af því eigum við að hafa áhyggjur hér, en líka aðgerðunum.

Það vekur athygli að í þessu fjárlagafrumvarpi er aðeins gerð tillaga um hækkun persónuafsláttar um 2,5% í 4% verðbólgu. Lægst launaða fólkið á ekki einu sinni í persónuafslættinum að fá að halda raungildi af neysluverði, hvað þá að fylgja launum. Við hljótum að spyrja: Er þetta, ofan á það að gefast upp við verðbólgumarkmiðið, framlag ríkisstjórnarinnar í stöðuna á vinnumarkaði og þá kjarasamninga sem verið er að reyna að leysa úr? Eru þetta skilaboðin inn í þær kjaraviðræður að ríkisstjórnin leggi það hér til að rýra raungildi persónuafsláttarins um 1,5%? Eða hefur ríkisstjórnin ekki hugsað sér að vera með nein innlegg í þá erfiðu stöðu sem Samtök atvinnulífsins og Alþýðusambandið eru að fást við? Er það rétt lýsing (Forseti hringir.) hjá aðilum vinnumarkaðarins að ríkisstjórnin komi bara alls ekkert (Forseti hringir.) að því borði og neiti að horfast í augu við þann vanda sem þar er?

[11:18]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Já, það getur breyst heilmikið í forsendum hjá hv. þingmanni á stuttum tíma á milli andsvara. Núna í síðasta andsvari var stöðugleikinn horfinn út í veður og vind og hafði greinilega enginn verið, það var forsendan hjá honum í hinu fyrra andsvari. Þetta sýnir í hnotskurn hvernig málflutningur stjórnarandstöðunnar er.

Fjárlagafrumvarpið byggist auðvitað fyrst og fremst á því hverju er spáð um framtíðina, ekki bara á næsta ári heldur einnig á þar næsta ári og þar á eftir, þannig að það er ákveðin framsýni sem þar kemur fram. Þær aðgerðir sem fjárlagafrumvarpið boðar eru í samræmi við þá spá sem lögð er til grundvallar. Ég held að hv. þingmaður þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því hvernig hlutirnir þróast ef sú spá gengur eftir og fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar ganga eftir.

Svo er það strax í annarri ræðu stjórnarandstöðunnar í þessari umræðu, þar sem hv. þingmaður virtist til að byrja með fyrst og fremst vera að kvarta yfir því að aðhald væri ekki nógu mikið, að hann fer að kvarta yfir því að skattarnir séu ekki lækkaðir nógu mikið. Strax eru þversagnirnar og tvíhyggjan komin fram. En ég spái því að við munum heyra meira af slíku eftir því sem líður á umræðuna í dag.

[11:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur hér talað fyrir fjárlagafrumvarpi sínu og nefnir þar margt til og sumt gott. Vissulega er það fagnaðarefni að staða ríkissjóðs sem slíks sé góð og skuldir ríkissjóðs sem slíks fari lækkandi.

Hins vegar held ég að hæstv. ráðherra hafi rækilega stungið hausnum í sandinn varðandi stöðugleikann í efnahagslífinu. Seðlabankinn talar um vaxandi óstöðugleika, mjög sérkennilegt orðalag að tala um vaxandi óstöðugleika. Verkalýðshreyfingin segir að kjarasamningar séu í uppnámi vegna þess að verðbólga sé mun meiri en viðmiðunarmörk voru sett við gerð kjarasamninga.

Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra vilji ekki kaupa sér áreiðanleikakönnun á þetta fjárlagafrumvarp. Seðlabankinn hefur gagnrýnt það og aðrir aðilar á fjármálamarkaði gagnrýnt það, að það sé óraunhæft.

Lítum á eitt atriði, bara gengismálin. Fyrir árið 2004 var gert ráð fyrir því að gengisvísitalan væri 132–135, það væru forsendur þeirra fjárlaga. Hún reynist 121. Í forsendum fjárlaga fyrir þetta ár var gert ráð fyrir 122–125 í gengisvísitölu. Hún verður líklega undir 110 og spáin fyrir næsta ár að hún verði 114, 115. Er hún ekki jafnóraunhæf og allar þær spár sem hafa áður gilt?

Er ráðherra reiðubúinn að kaupa sér áreiðanleikakönnun því að hér er tekist á um trúverðugleika? Þar þarf ríkisvaldið að ganga fram með góðu fordæmi.

[11:22]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé nú enga sérstaka ástæðu til þess að kaupa slíka könnun. Ég fagna hins vegar þeirri umræðu sem er um þjóðhagsspárnar og fagna því að greiningardeildir bankanna skuli taka þátt í þeirri umræðu. Ég

kveinka mér ekkert undan því þótt umræðan sé gagnrýnin, ég held að það sé af hinu góða að við höfum uppi faglega og efnismikla umræðu um efnahagsmálin og ríkisbúskapinn. Við verðum síðan bara að sjá hvaða spár standast og hverjar ekki og á hvaða forsendum þær gera það. Ég held að reynslan styrki mjög vel málstað ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin hefur náð mjög góðum árangri í ríkisfjármálunum og það hefur hún auðvitað byggt á þeim spám sem starfsmenn ráðuneytisins hafa gert og hún hefur byggt aðgerðir sínar á þeim spám. Það hefur allt gengið mjög vel eftir og staða ríkissjóðs er sterkari nú en hún hefur sennilega verið nokkru sinni. Ég held því að hv. þingmaður þurfi ekki að hafa mjög miklar áhyggjur á þessu stigi málsins.

[11:24]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þarna sé einmitt alvara málsins, að hæstv. ráðherra og ríkisstjórn virðist stinga höfðinu í sandinn. Ráðherranum finnst allt í lagi þó að gengisvísitalan sveiflist um tugi prósenta innan árs og frá áætluðum gildum sem ríkisstjórnin hefur gengið út frá við sína fjárlagagerð. Gerir ráðherrann sér ekki grein fyrir hvaða áhrif það hefur á útflutningsatvinnuvegina? Mér finnst hann tala af mikilli léttúð. Útflutningsatvinnuvegirnir eru að kikna undan þessu háa gengi og hæstv. ráðherra finnst það vera allt í lagi. Spárnar séu bara eins og tölvuleikur.

Ráðherrann minntist ítrekað á að miklar breytingar ættu eftir að verða hér aftur og viðsnúningur þegar stóriðjuframkvæmdunum, sem nú standa yfir, lýkur 2007. Allir á fjármálamarkaði og atvinnumarkaði spyrja: Er það pottþétt að stóriðjuframkvæmdunum ljúki þá, að ekki verði ráðist í frekari stóriðjuframkvæmdir, ekki skrifað undir samninga eða undirbúnar aðrar stóriðjuframkvæmdir þegar þeim lýkur 2007? Við það eru öll viðmið sett. Meira að segja í ræðu hæstv. fjármálaráðherra hér áðan setur hann öll viðmið við það þegar núverandi stóriðjuframkvæmdum lýkur.

Er ráðherra reiðubúinn að gefa hér yfirlýsingu um að þá verði sagt stopp, a.m.k. til næstu tíu ára? Það held ég að skipti miklu máli, herra forseti, fyrir trúverðugleika frumvarpsins sem við erum að ræða.

[11:25]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það séu fáir sem gera sér jafn vel grein fyrir því og ég hversu erfiðar gengissveiflur geta verið fyrir útflutningsatvinnugreinarnar. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvar hv. þingmaður hefur verið undanfarin ár. Við búum í markaðsþjóðfélagi. Gengið og vextir ráðast á markaði.

Við gætum auðvitað haft þetta öðruvísi. Við gætum auðvitað verið með miðstýrðar ákvarðanir og tekið ákvarðanir um gengisstigið og vextina miðstýrt hjá ríkisstjórninni. Við gætum haft það þannig. En það hefur einfaldlega verið niðurstaða allra þeirra sem stýra efnahagsmálum í hinum vestræna heimi að það sé betra að láta þessa hluti ráðast á markaði. Gengissveiflur íslensku krónunnar hafa ekkert verið meiri en aðrir gjaldmiðlar hafa þurft að þola.

Mér leiðist alltaf að þurfa að hryggja menn með svörum mínum en ég verð að hryggja hv. þingmann með því að það eru vonir til þess að stóriðjuframkvæmdir haldi áfram. Það er meira að segja gerð grein fyrir því í heftinu Þjóðarbúskapurinn. Það er ekki frágengið en það eru vonir til þess. Þá munu þær framkvæmdir halda áfram (Gripið fram í.) og þar af leiðandi er ég langt frá því að vera tilbúinn til þess að gefa neina yfirlýsingu um það að ekki verði um frekari stóriðjuframkvæmdir í framtíðinni að ræða. En eins og ég segi, mér þykir leiðinlegt að þurfa að hryggja hv. þingmann með þessu, því að ég veit að hann veit ekkert betra en stöðnun í efnahagsmálum.

[11:27]

Útbýting:

Fjáraukalög 2005, 144. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 144.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 32. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 32.

[11:28]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns fá að nota tækifærið fyrir mína hönd og okkar í Samfylkingunni og óska nýjum hæstv. fjármálaráðherra hjartanlega til hamingju með það að hafa tekið við því ábyrgðarmikla embætti. Við þekkjum Árna Mathiesen af farsælum ferli hans í stjórnmálum og góðu samstarfi í þinginu og væntum góðs af honum í því starfi sem hann á fyrir höndum um leið og við vitum auðvitað að það frumvarp sem hér er lagt fram er ekki nema að forminu til á hans ábyrgð því að það er unnið í tíð annars hæstv. fjármálaráðherra og því kannski að hengja bakara fyrir smið að láta núverandi hæstv. fjármálaráðherra gjalda þess hversu vont plagg þetta frumvarp er. En sem kunnugt var það núverandi hæstv. utanríkisráðherra og fyrrverandi fjármálaráðherra, Geir Haarde, sem hefur haft á höndum fjármálastjórnina um langt árabil og við í stjórnarandstöðunni höfum fylgst með viðvarandi aðhaldsleysi í útgjöldum ríkissjóðs yfir allt það tímabil og gagnrýnt það og varað við ár eftir ár eftir ár.

Í raun og veru erum við ekki að fást við vandann sem er að skapast núna í fjárlögum næsta árs heldur er vandi hæstv. fjármálaráðherra hið uppsafnaða aðhaldsleysi í tíð hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra, Geirs Haarde, en á árunum 1998 og til 2005 jukust raunútgjöld ríkissjóðs á föstu verðlagi um tugi milljarða kr. og raunar yfir 20% á sjö ára tímabili. Það er sá vandi sem hér er við að fást og það er auðvitað ekki hlaupið að því að vinna gegn þeirri útgjaldaaukningu í einu frumvarpi. En við teljum það auðvitað vel til fundið að hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra, Geir Haarde, hafi verið fenginn til þess að taka við utanríkisráðuneytinu og óskum honum alls góðs á þeim vettvangi.

Stundum er sagt að það þurfi sterk bein til að þola góða daga og víst er það þannig að við Íslendingar erum mikið gæfufólk. Hér eru og hafa um áratuga skeið, allt frá síðari heimsstyrjöld, að mestu og í meginatriðum verið lífskjör góð og betri en víðast gerist. Við búum að því að eiga ákaflega öflugt atvinnu- og efnahagslíf, fólkið í landinu er duglegt og fyrirtækin eru útsjónarsöm. En það skapar vanda, þensluvanda, og það er hlutverk ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda að takast á við þann vanda. Ég held að það sé þess vegna þannig að eftir þetta langvarandi aðhaldsleysi í

ríkisfjármálum blasi stórverkefnin við nýjum fjármálaráðherra. Það má a.m.k. skipta þeim í þrjá þætti. Í fyrsta lagi að horfast í augu við veruleikann, við þau hættumerki sem sjá má í efnahagnum, fjalla um það af varúð, fara fyrir í umræðu um aðgæslu, um sparnað og leiðir til þess að ná hvoru tveggja fram en ekki standa einn og segja mönnum að engin tilefni séu til að hafa áhyggjur þó að allt fjármálalífið, allt atvinnulífið, launþegarnir og efnahagsstofnanirnar hafi áhyggjur vegna þess að þannig eiga menn ekki að tala um opinber fjármál á tímum eins og nú eru.

Við ræddum aðeins í andsvörum áðan, ég og hæstv. fjármálaráðherra, um stöðugleikann. Það er rétt að við náðum stöðugleika með þjóðarsáttarsamningunum í tíð vinstri stjórnarinnar 1981–1991 og höfum notið hans að mestu síðan. En því miður hafa á síðustu mánuðum og missirum verið blikur á lofti í gengisþróun, í verðbólgunni, í þenslu og einkaneyslu o.s.frv. Og það er einfaldlega óábyrgt þegar fjármálaráðherrann yfir Íslandi á slíkum tímum þegar allt samfélagið er að tala um þessi hættumerki að ætla bara að halda áfram að segja: Hér er góðæri, hér verður mjúk lending vegna þess að með því er hæstv. fjármálaráðherra að auka væntingar og í raun og eru með óábyrgum hætti að hella olíu á eld væntinganna, t.d. með því að tala í andsvari áðan um að það sé aldrei að vita nema stóriðjuframkvæmdirnar muni bara halda áfram vegna þess að slík yfirlýsing vekur auðvitað væntingar á markaði og væntingar hjá fólki, er hvetjandi til eyðslu og er hvetjandi til fjárfestinga á tímum þegar það er þvert á móti hlutverk fjármálaráðherrans að tala til fólks með aðvörunarorðum, biðja fólk að gæta að sér, að reisa sér ekki hurðarás um öxl, tala fyrir sparnaði og leita leiða til sparnaðar.

Það er líka mikilvægt að hæstv. fjármálaráðherra vinni að því að orðræðunni í stjórnmálunum um hlutverk ríkisfjármálanna verði breytt. Það er verulegt áhyggjuefni að aftur og aftur við umræður koma hv. þingmenn fram og lýsa því yfir að í ríkisfjármálunum séu þetta svo litlar upphæðir að þær skipti hvort eð er engu máli í hagstjórninni. Virðulegur forseti. Ef það á að verða almennt viðhorf í þingsölum að milljarðurinn til og frá í ríkisútgjöldum skipti ekki máli af því að atvinnulífið sé í svo miklum fjárfestingum, þá getum við alveg eins gefist upp við verkefni okkar fyrir fram. Það skiptir verulegu máli á þenslutímum að við í þessum sal sýnum aðhald, að við veltum hverri krónu og leitum allra leiða til að spara í útgjöldum ríkisins, þó vonandi án þess að skerða þjónustu sem mikilvæg er, en við vitum að mörgum af þeim verkefnum sem við fáumst við er hægt að slá á frest eða vinna með ódýrari hætti. Ég hvet því hæstv. fjármálaráðherra til þess að tala ekki með þessum hætti í umræðunni um ríkisfjármálin vegna þess líka að hættumerkin eru svo mörg.

Við skulum skoða skuldirnar sem hafa verið að þróast í landinu í tíð hæstv. ríkisstjórnar og við skulum hafa í huga að sem betur fer hefur hlutabréfaverð hækkað mjög og matsverðið á fasteignum okkar hefur hækkað mjög og þess vegna hafa eignir okkar í landinu aukist mjög á sama tíma. En skuldir ríkisins hafa frá árslokum 1995 og fram á mitt þetta ár á föstu verðlagi lækkað úr 201 milljarði í 191 eða um 10 milljarða. Á sama tíma hafa skuldir sveitarfélaganna aukist úr 57 milljörðum í 120 eða meira en tvöfaldast, aukist um 63 milljarða. Það er þá þannig að skuldir hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, hafa á tímabilinu aukist um tugi milljarða. Skuldir atvinnulífsins hafa auðvitað slegið öll met því að hér hafa verið miklar fjárfestingar í gangi. Þær hafa farið úr 455 milljörðum í árslok 1995 í 1.825.

Þær skuldir sem mest ástæða er þó til að hafa áhyggjur af eru skuldir heimilanna, 437 milljarðar þegar þessi ríkisstjórn var að taka við eða kannski svona rétt um 4 millj. á hvert heimili í landinu. Þær eru nú 967 milljarðar eða yfir 9 milljónir á hvert heimili í landinu og þegar við búum í verðtryggingarsamfélagi eins og við gerum hér og skuldsetning heimilanna er orðin svo mikil, þá er það mikilvægara en nokkru sinni fyrr að halda aftur af verðbólgunni. Það er þess vegna alveg sérstakt áhyggjuefni að ríkisstjórnin skuli gefast upp við markmið sitt í þessu frumvarpi, gefast upp við að halda verðbólgumarkmiðinu sem Seðlabankanum er sett. Þegar fjármálaráðuneytið áætlar nú beinlínis að þessu markmiði verði ekki náð heldur verði hér umtalsvert meiri verðbólga næstu árin, er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort í bígerð sé að breyta verðbólgumarkmiði því sem Seðlabankanum hefur verið sett. Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að hækka markmiðið um 2,5%, í 3,5% eða 4 til þess að endurspegla stefnu ríkisstjórnarinnar eða er ekki eðlilegt að ætla að ríkisstjórnin láti lög standa til stefnu sinnar á hverjum tíma? Og hvaða áhrif mun það þá, hæstv. fjármálaráðherra, hafa á skuldir heimilanna í landinu ef af þeirri uppgjöf verður?

Annað stórt verkefni hæstv. fjármálaráðherra er að snúa af þeirri braut misskiptingar á tekjum í landinu sem þessi ríkisstjórn hefur farið. Það er kannski önnur mesta ógnin við stöðugleikann í íslensku samfélagi. Við þekkjum það og það er alþjóðleg þróun sem við getum kannski ekki nema að takmörkuðu leyti unnið gegn að tekjuskipting er að verða ójafnari. Munur á tekjum manna, hinna hæstu og hinna lægstu vex ár frá ári, ekki bara á Íslandi heldur trúlega um allan hinn vestræna heim. En það sem við getum gert í þessum sal er að sporna gegn þeirri þróun eða a.m.k. tryggja að aðgerðir ríkisins séu ekki til að auka enn á misskiptinguna í samfélaginu, breikka enn bilið á milli þjóðfélagshópanna og valda þannig gliðnun í okkar ágæta samfélagi.

Það hefur verið mikil gæfa íslenskri þjóð að við höfum verið ein þjóð í einu landi og við verðum að gæta þess við ákvarðanir í skattamálum að við búum ekki til tvær þjóðir vitandi vits og með eigin hendi og handaupprettingu. Það er þannig að í tíð þessarar ríkisstjórnar horfum við upp á það að milljónkrónamaðurinn er að fá heilum mánaðarlaunum minna í skattgreiðslur en hann áður fékk. Fyrst var tekjuskatturinn lækkaður um 4% og á þessu kjörtímabili verður hann lækkaður aftur um önnur 4% og auk þess var sérstaki tekjuskatturinn tekinn af um 5%, alls 13%. Þá erum við ekki að líta til annarra skatta sem ívilnað hefur og kemur hátekjufólki til góða. Á sama tíma hefur ellilífeyrisþeginn með 110 þús. kr. farið úr því að borga 2–3% af tekjum sínum í skatt í það að borga 14% eða heilum mánaðarlaunum meira. Þetta er algerlega óviðunandi. Hæstv. fjármálaráðherra, það ógnar stöðugleikanum ef haldið er áfram á þessari braut því að láglaunafólk í landinu mun ekki til lengdar láta bjóða sér að það þurfi ávallt að borga reikninginn fyrir

stöðugleikann og að þegar stöðugleikinn er farinn eins og nú er skuli það bótalaust halda áfram að taka á sig byrðarnar. Þess vegna var það rangt í andsvari hæstv. fjármálaráðherra áðan að ég með ábendingu minni um þróun persónuafsláttar eins og í næstu fjárlögum hefði verið að leggja til aukin útgjöld eða minni tekjur ríkissjóðs. Það er alls ekki rétt og það er óleyfileg ályktun, hæstv. fjármálaráðherra, því eins og hæstv. ráðherra veit þá er verið að lækka skatta. Það sem deilt er um er með hvaða hætti það skuli gert.

Það hefur legið fyrir og þarf engum að koma á óvart að í síðustu kosningabaráttu sagði Samfylkingin það skýrt að loforð ríkisstjórnarflokkanna um skattalækkanir væru of mikil. Þar væri of langt gengið í að skerða tekjur ríkissjóðs og þar af leiðandi yrði aðhald í ríkisfjármálum óviðunandi ef þær næðu fram að ganga. Við síðustu umræðu um fjárlög lögðum við líka fram valkost í skattalækkunarmálum. Tillaga okkar var sú að matarskatturinn yrði lækkaður um helming í stað þess að lækka tekjuskattsprósentuna um 1% og hvað kemur á daginn? Það kemur á daginn að verðbólgan verður meiri á árinu í ár en ætlunin var vegna þess að tekjuskattslækkunin og ýmislegt annað leiðir til of mikillar einkaneyslu og meiri en áætlað var og verðbólgan er meiri en áætlað var. En lækkun á matarskattinum hefði lækkað verðlagið í landinu um 0,6% og tryggt það að verðbólguspá ráðuneytisins hefði staðist. Þannig voru þær tillögur okkar í skattamálum á síðasta ári miklum mun ábyrgari en tillögur ríkisstjórnarinnar enda fyrir þeim verulegur þingmeirihluti og því miður aðeins Framsóknarflokkurinn sem stóð í veginum fyrir því að vilji allra annarra flokka um að fara þessa leið yrði að veruleika, hygg ég.

Þriðja verkefni nýs fjármálaráðherra er augljóslega að stórbæta gerð fjárlaganna. Það hefur því miður verið lenska í samfélagi okkar að í upphafi þings er fjárlagafrumvarpið notað sem einhvers konar áróðurstæki. Haldnir eru blaðamannafundir með hagstæðum glærusýningum og tölfræði í fínum sölum úti í bæ og þess gætt að stjórnarandstaðan fái ekki frumvarpið nema bara nokkrum tímum áður þannig að örugglega öll tölfræðin upp úr frumvarpinu sé tölfræði ríkisstjórnarinnar. Þetta eru kölluð sólskinsfrumvörp og mesti afgangur Íslandssögunnar og ég veit ekki hvað og hvað. En reynslan er sú, með ánægjulegri undantekningu þó í ár vegna hinnar miklu þenslu, að þessi áform ganga engan veginn eftir og þó að afgangurinn verði ánægjulegur í ár ganga áætlanirnar samt ekki eftir. Útgjöldin aukast meira en ætlað var. Fjárlagafrumvarpið er aðeins hluti af sannleikanum því að fjárlagafrumvarpið á eftir að taka útgjaldaauka í þinginu, það á eftir að taka fjáraukalögum, jafnvel fleiri en einum fjáraukalögum, og síðan verða einhverjar allt aðrar tölur í ríkisreikningi.

Skoðum forsendurnar í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið í ár. Þar var spáð einkaneyslu upp á 5%. Raunin varð 9,5% eða nær tvöfalt meiri aukning einkaneyslunnar. Samneyslunni var spáð aukningu um 2%. Nú er henni spáð 2,4%, 20% meiri aukning. Fjárfestingunum var spáð 18%, þar verður um 28,5% aukning. Og þegar við skoðum þjóðarútgjöldin alls eru þau ekki að aukast um 7,5%, hæstv. fjármálaráðherra. Þau eru að aukast um 12,8%.

Væntingar um auknar útflutningstekjur voru 4% en þær aukast aðeins um 1,4%. Áætlun um aukningu á innflutningi vöru og þjónustu hljóðaði upp á 10,5%. Hún varð nærri 20%, 18,2% eða tvöfalt meiri, aukningin á innflutningi. Þetta er áhyggjuefni og á að vera áhyggjuefni að væntingar um útflutningstekjur verði minni en innflutningseyðsla verði meiri.

Verg landsframleiðsla gekk nokkurn veginn eftir, 6% í stað þeirra 5% sem áætlað var. En sá viðskiptahalli sem spáð var, 11%, og þótti flestum nóg um, reynist 13,3% og hlýtur að vera met frá stríðslokum.

Spár um breytingar á kaupgjaldi reyndust flestar nálægt áætlunum. Kauphækkun á mann er 7,6% í stað áætlunar upp á 6,7%, hygg ég. Launaþróunin varð 6,3% í stað 5,2% og kaupmáttaraukningin ánægjulega 0,45% hærri en ætlað var, 3,7% í stað 3,25%. En gengisvísitölunni var spáð 125 og raunin er 112,8. Það hversu langt frá veruleikanum forsendur fjárlaga yfirstandandi árs hafa verið sýnir glögglega að hér þarf að vanda miklu betur til verks. Það er verulegt áhyggjuefni að forsendur þessa fjárlagafrumvarps eru að hér sé minna aðhalds þörf en var á árunum 1999 og 2000 og ég tel, virðulegur forseti, að það sé stórhættulegt vanmat og gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir skuldir heimilanna í landinu.

[11:48]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins eitt atriði í lokin hjá hv. þingmanni. Hann telur að meira aðhald þurfi. Til að umræðan geti gengið skaplega fyrir sig mundi ég gjarnan vilja vita hvað hann telji að aðhaldið þurfi að vera mikið. Ef við gefum okkur að drifkrafturinn í þessu sé landsframleiðslan og hagvöxturinn, hvað þyrfti þá að minnka hagvöxtinn mikið og hvernig telur hann að aðhaldið geti verið til þess að það náist þá þeim tiltekna árangri sem hann vill ná, annars vegar á tekjuhliðinni og gjaldahliðinni í prósentum af landsframleiðslu? Ég er ekki að biðja hann um að segja mér nákvæmlega hvar hann mundi vilja skera niður, ég held að það sé kannski ósanngjarnt í upphafi fjárlagavinnunnar, en ef hann telur að þörf sé á meira aðhaldi hlýtur hann að hafa einhverja stærð í huga um það hversu mikið aðhaldið ætti að vera á gjaldahliðinni og tekjuhliðinni og líka hvaða árangri hann ætlaði sér að ná með því aðhaldi, mælt í minni landsframleiðslu.

[11:50]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir málefnalega spurningu um efni máls míns: Hversu mikið þarf aðhaldið að vera?

Ég held að þeir aðilar sem hafa haft umsögn í vikunni um fjárlagafrumvarpið fari nokkuð nærri um hvert aðhaldið þyrfti að vera við núverandi þensluástand. Mér sýnist að þeim beri nokkuð saman um að það þyrfti að vera tvöfalt á við það sem hér er ráðgert, þ.e. að tekjuafgangur ríkissjóðs þyrfti að vera 3% af landsframleiðslu eða nærfellt 30 milljarðar á næsta ári. Ég vil þó jafnframt lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að það væri óraunsætt að ætla að ná því markmiði í fjárlögum fyrir næsta ár því að það sem við erum að fást við hér er uppsafnað aðhaldsleysi margra ára og tugmilljarðaraunaukning útgjalda ríkissjóðs á örfáum árum,

stefnu- og aðhaldsleysi ríkisstjórnarinnar yfir langt tímabil, og því verður ekki mætt í einum fjárlögum.

Hæstv. fjármálaráðherra mun auðvitað við umfjöllun um fjárlagafrumvarpið fá hér inn í umræðuna tillögur Samfylkingarinnar um breytingar á þessu frumvarpi og með hvaða hætti við sæjum og teldum eðlilegt að aðhald kæmi fram. En tvöfalt meira hefði það þurft að vera og eitthvað talsvert meira en hér er sýnt þó að ég telji ekki að raunsætt sé að ná því markmiði eins og haldið hefur verið á spilunum um langt árabil.

[11:52]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður nefndi aðeins að það þyrfti að vera tvöfalt meira, það þyrftu að vera aðrir 14 milljarðar. Hann nefndi hins vegar ekki hvernig hann mundi þá dreifa því á tekjuhliðina og gjaldahliðina og hvað ætti að ná miklum árangri í landsframleiðslunni.

Hann nefndi líka að óraunsætt væri að leggja upp með þetta vegna aðhaldsleysis, sagði hann. Hann hefur vitnað mikið til greiningardeildanna í ræðum sínum í dag. Ef það er eitthvað eitt sem greiningardeildirnar eru sammála um þá er það að mjög mikið aðhald sé á útgjaldahliðinni í frumvarpinu. Það held ég að þær hafi allar sagt, að mjög mikið aðhald sé á útgjaldahliðinni. Er í lagi að vitna bara stundum í greiningardeildirnar og trúa þeim og stundum ekki?

Síðan, sem er auðvitað lykilspurning í þessu líka, segir hann að aðhaldið þyrfti að vera töluvert meira, það þyrftu að vera 14 milljarðar í viðbót. Er hann þá að miða við að hagvöxtur verði 4,7% eins og forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir? Eða er hann að miða við að hagvöxtur verði annar, eins og einhverjir aðrir spá? Er hann þá með einhverja aðra tölu í huga?

[11:53]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjármálaráðherra spyr um spár. Forstöðumaður efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins sagði á fundi fjárlaganefndar að það væri nú með hagfræðina eins og sjávarlíffræði og veðurfræði að þær væru óvissu háðar. Það kemur auðvitað í ljós þegar þær forsendur sem lagt var upp með í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið í ár eru skoðaðar eftir á.

Víst telja greiningardeildir bankanna að aðhald í ríkisútgjöldum sé ekki nóg. Þær segja það a.m.k tvær alveg skýrt að til þess að skapa svigrúm fyrir þeim skattalækkunum sem ráðgerðar eru sé aðhaldið ekki nóg. Þá er eðlilegt að spurt sé og það vakti athygli að hæstv. fjármálaráðherra skyldi víkja sér undan að svara því hér áðan hvort ríkisstjórnin útiloki að taka til endurskoðunar þær fyrirætlanir sínar að hluta eða í heild um skattalækkanir eins og t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hvatti hana til í sumar.

Hæstv. fjármálaráðherra getur auðvitað ekki gengið hér í ræðustólinn og krafið mig um niðurskurð á tekjum og aukningu útgjalda tveimur sólarhringum eftir að hann lét mig hafa fjárlagafrumvarpið. Ég hef sagt hæstv. fjármálaráðherra að við teljum að aðhaldið þurfi að vera talsvert meira en 1,4%, óraunsætt sé að ná því í 3%. Hann mun fá að sjá tillögur okkar í þessum efnum þegar líður fram á þingið. Ég tel að tillögur okkar við síðustu fjárlagaumræðu, um lækkun á matarskatti og ýmiss konar ráðstafanir á útgjaldahliðinni, hafi verið ábyrgari og skynsamlegri til að ná efnahagsmarkmiðunum í þensluástandi heldur en þær ákvarðanir sem ríkisstjórnin tók og ég finn auðvitað að hluta til til með hæstv. ráðherrum Sjálfstæðisflokksins vegna þess að það voru jú (Forseti hringir.) framsóknarmenn sem vörnuðu því framgangs hér í þinginu.

[11:55]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2006 sem er fyrsta fjárlagafrumvarp nýs hæstv. fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesens. Um leið og ég býð hann velkominn til starfa sem fjármálaráðherra og óska honum velfarnaðar í mikilvægu starfi óska ég honum til hamingju með þetta fyrsta frumvarp hans þó svo að við öll vitum að hann kom að því máli undir lokin en fylgir því mjög vel eftir hér á Alþingi. Ég er þess fullviss að við í fjárlaganefndinni munum eiga mjög gott samstarf við nýjan hæstv. fjármálaráðherra enda er hann gamall meðlimur fjárlaganefndar og þekkir vel til starfa þar og veit hvað þar fer fram og ég hlakka til samstarfs við hann.

Ég vil einnig, hæstv. forseti, nota þetta tækifæri og þakka fráfarandi hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, núverandi hæstv. utanríkisráðherra, fyrir störf hans í fjármálaráðuneytinu og þakka honum fyrir einstaklega gott og ánægjulegt samstarf við fjárlaganefnd.

Umfjöllun um frumvarp til fjárlaga setur jafnan mikinn svip á störf Alþingis á hverju haustþingi enda felur fjárlagafrumvarpið í sér pólitíska stefnumótun ríkisstjórnar á hverjum tíma og samþykkt fjárlaga er auðvitað grundvallarlagasetning um rekstur og starfsemi ríkisins á hverjum tíma, á hverju ári, og hafa fjárlögin því mikil áhrif á þjóðlífið og snerta hagsmuni hvers einasta Íslendings á einhvern hátt.

Samkvæmt starfsáætlun Alþingis er gert ráð fyrir að lokaumræða og afgreiðsla fjárlagafrumvarpsins fari fram viku af desember og það er mikilvægt að Alþingi takist að ljúka afgreiðslu fjárlaga sem fyrst fyrir upphaf þess fjárlagaárs sem það tekur yfir. Það skiptir máli fyrir alla aðila að vita tímanlega um niðurstöður fjárlaga svo þær forsendur sem það felur í sér séu ljósar með góðum fyrirvara þannig að allir aðilar hafi sem best svigrúm í tíma til að gera áætlanir sínar. Til þess að þetta takist allt saman er ljóst að fjárlaganefnd og allir þeir aðilar sem nefndin mun eiga samskipti við vinni markvisst og vel á þeim tíma sem fram undan er.

Virðulegi forseti. Ljóst er að staða ríkissjóðs er mjög sterk um þessar mundir og hefur sjaldan eða aldrei verið betri. Ríkissjóður hefur skilað umtalsverðum tekjuafgangi undanfarin ár og mun gera það á næsta ári. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjuafgangurinn verði um 14 milljarðar kr., sem er um 1,4% af landsframleiðslu. Þetta hefur m.a. gert okkur kleift að greiða niður skuldir og skuldbindingar ríkissjóðs í miklum mæli og nú hillir undir að skuldastaða ríkissjóðs verði með því lægsta sem þekkist og því fylgir að vaxtagreiðslur hafa minnkað mjög verulega.

Ég held að rétt sé að rifja upp að fyrir um tíu árum voru

vaxtagreiðslur álíka stór útgjaldaliður fjárlaga og allt það fjármagn sem varið var á þeim tíma til menntamála, með öðrum orðum u.þ.b. þriðji stærsti útgjaldaliður fjárlaganna. Ef horft er til frumvarpsins fyrir 2006 er gert ráð fyrir að vaxtagjöldin verði rúmir 13 milljarðar eða sjöundi hæsti útgjaldaliðurinn. Í þessu sambandi er ekki úr vegi að nefna að ef skuldastaðan væri nú sú sama og var árið 1998 þyrfti að gera ráð fyrir meiri útgjöldum vegna vaxtagjalda sem nemur um 16 milljörðum kr. og það munar um minna.

Hins vegar er rétt að vekja athygli á því einnig að vaxtatekjur og eignatekjur eru áætlaðar um 14,2 milljarðar í frumvarpinu, sem er um 800 milljónum hærri fjárhæð en vaxtagjöldin. Hér er óneitanlega um athyglisverðar tölur að ræða sem sýnir betur en margt annað hve staða ríkissjóðs er góð um þessar mundir. Þetta er mikil og ánægjuleg breyting sem hefur m.a. skapað aukið svigrúm til útgjalda í öðrum málaflokkum, svo sem til velferðarmála, og með lækkun skulda og vaxtagjalda er verið að búa í hag fyrir komandi kynslóðir. Það er göfugt verkefni og ánægjulegur árangur.

Við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahagsmálum hefur mikið verið rætt um að beita verði ýtrasta aðhaldi í ríkisrekstri til hagstjórnar. Þetta er rétt. Mikilvægt er að sýna aðhald í ríkisútgjöldum, ekki síst við þessar aðstæður. Ég tel að fjárlagafrumvarpið feli í sér verulegt aðhald þótt ýmsir, þar á meðal ýmsir forustumenn stjórnarandstöðunnar, hafi rætt um að svo sé alls ekki.

Ég hef hins vegar ítrekað bent á, og geri það enn á ný, að alltaf megi gera betur varðandi almennt aðhald og aga í rekstri ríkisins. Ég ítreka að alltaf má gera betur í þeim efnum og við höfum margoft farið yfir það

Sumir halda því fram að stjórnvöld séu stikkfrí í hagstjórninni og taki ekki hlutverk sitt alvarlega. Einn orðhvatur forustumaður stjórnarandstöðunnar hefur haldið því fram að í frumvarpi felist afneitun ríkisstjórnarinnar á stöðu efnahagsmála. Það blasir hins vegar við að ýmsir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar virðast afneita öllu því jákvæða og góða sem við búum við um þessar mundir og er vonandi að heilsufar þeirra lagist sem allra fyrst og þeir sjái ljósið.

Staðreyndin er sú að í fjárlagafrumvarpinu felst mikið aðhald. Sem dæmi má nefna að miðað við áætlaða útkomu ársins 2005 eru útgjöld í heild sinni aðeins 1,8% hærri að raungildi, miðað við almennt verðlag, í frumvarpinu 2006. Sé miðað við áætlaða útkomu ársins 2005, án áhrifa á sölu Landssímans, lækka útgjöldin að raungildi um tæplega 1%. Einnig má benda á að í frumvarpinu kemur fram að dregið verði úr fjárfestingum á næsta ári. Gert er ráð fyrir að framkvæmdakostnaður verði alls um 13,2 milljarðar kr., sem er mun lægri fjárhæð en árið 2005. Stærstu framkvæmdaliðirnir eru vegamál, tæpir 6 milljarðar kr., heilbrigðisstofnanir 1,6 milljarðar kr., framhalds- og háskólar 1,5 milljarðar kr. Ég tel að þessar stærðir séu ekki til skiptanna til frekara aðhalds, en fróðlegt væri að heyra hvort stjórnarandstaðan hefur tillögur í þeim efnum. Ég geri ráð fyrir að það muni þá koma fram við þessa umræðu.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrarútgjöld aukist mest til menntamála, til barnabóta, málefna fatlaðra, til löggæslu- og öryggismála og til reksturs sjúkrastofnana og heilsugæslu. Auk þessa eru sérstök framlög til rannsóknar og nýsköpunar og ég er sannfærður um að almennt er góð samstaða um þær áherslur í þessum málaflokkum. Ég tel ekki líklegt að stjórnarandstaðan muni koma fram með sérstakar tillögur um aukið aðhald á þeim sviðum.

Ef rýnt er í frumvarpið og skoðaðar breytingar á tegundagreindum útgjöldum kemur í ljós veruleg hækkun launa. Í áætlun fyrir árið 2005 eru launagjöldin áætluð rúmir 85 milljarðar kr. en hækka í tæpa 92 milljarða kr. samkvæmt frumvarpinu fyrir árið 2006, eða um rúma 6 milljarða kr., sem nemur um 7% milli áranna 2005 og 2006. Þótt allir vilji eflaust hærri laun þá sýnir þetta mikilvægi þess að aðhald sé í launaútgjöldum og kjarasamningum. Það er eitt af lykilatriðum þess að takast megi að halda vexti samneyslunnar þannig að hún aukist ekki umfram 2% á ári yfir langt tímabil, eins og markmiðið er og fram kemur í stefnumótun ríkisstjórnarinnar.

Í ljósi þess að sumir hafa rætt um að ekki sé gætt nægilegs aðhalds í ríkisfjármálum má vísa til upplýsinga frá OECD. Þar kemur fram að aðhaldsstig ríkisfjármála hafi aukist meira á Íslandi en í nokkru öðru ríkja OECD. Ég þori að fullyrða að sú staða hefur ekki breyst.

Einnig verður að halda til haga að ábyrgð í ríkisfjármálum birtist m.a. í því að frá árinu 2003 hafa, samhliða frumvörpum til fjárlaga, verið lagðar fram langtímaáætlanir til næstu ára þar sem fram kemur langtímastefna í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt. Reynslan er sú að markmið þeirra áætlana hafa náðst, enda er það grundvallaratriði ef þessar áætlanir eiga að vera trúverðugar. Ef stjórnarandstöðunni þykir aðhaldið í frumvarpinu ekki nægilega þá hlýtur að vera eðlileg krafa að stjórnarandstaðan leggi fram raunhæfar tillögur um frekara aðhald. Að öðrum kosti er sú umræða ekki trúverðug. Ég heyrði áðan einn hv. þingmann Samfylkingarinnar lýsa því yfir að við mættum eiga von á slíkum tillögum. Ég hlakka til að sjá þær og taka þátt í umfjöllun um þær.

Ég vil nefna það, virðulegur forseti, sem dæmi um það sem ég tel ótrúverðuga umræðu, að í umræðu um stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra á mánudag kom fram í máli hv. þingmanns, varaformanns Samfylkingarinnar, að Samfylkingin vildi stórefla framlög til menntamála og ýmissa annarra málaflokka. Slíkar yfirlýsingar hljóta að teljast ótrúverðugar á sama tíma og talsmenn Samfylkingar, og annarra flokka reyndar líka, halda því fram að aðhald skorti í fjárlagafrumvarpið. Það er mikilvægt að í umræðunni tali menn skýrt og fullt mark megi taka á málflutningi þeirra. En eins og ég sagði áðan geri ég ráð fyrir að við munum sjá tillögur frá stjórnarandstöðunni um aukið aðhald í ríkisfjármálum.

Virðulegur forseti. Í gær mælti hæstv. forsætisráðherra fyrir frumvarpi til laga um ráðstöfun söluandvirðis Landssíma Íslands hf. Það mál er mjög merkilegt fyrir margra hluta sakir. Það liggur fyrir að salan var vel heppnuð og vel að henni staðið. Söluverð eignanna var mjög hátt og reyndar mun hærra en flestir höfðu gert ráð fyrir fyrir fram. Í frumvarpinu liggja fyrir skynsamlegar tillögur um ráðstöfun söluandvirðis. Mestur hluti þeirra fjármuna verður nýttur til að greiða niður skuldir ríkissjóðs, sem ég fagna sérstaklega. Sá hluti söluandvirðisins sem var greiddur í erlendum gjaldmiðlum fer til greiðslu erlendra skulda og það fjár-

magn kemur ekki inn í hagkerfi okkar sem erlendur gjaldeyrir. Miklir fjármunir eru lagðir inn til ávöxtunar hjá Seðlabankanum og munu ekki settir í umferð fyrr en mesta þensluskeiðið er yfirstaðið.

Stór og fjárfrek verkefni verða fjármögnuð með þessu fé, verkefni sem seint eða varla verður svigrúm til að fjármagna með venjulegum hætti í fjárlögum næstu ára. Fyrir utan skynsamlega ráðstöfun þessara fjármuna út frá stöðu efnahagslífsins um þessar mundir skapast aukið svigrúm í fjárlögum næstu ára fyrir ýmis verkefni, þar á meðal í velferðarmálum, m.a. vegna lægri vaxtagjalda og minni greiðslubyrðar ríkissjóðs vegna lægri skulda. Öll þessi ráðstöfun er í þágu framtíðarinnar og komandi kynslóða. Því ber að fagna.

Ljóst er að almennt gengur okkur Íslendingum vel um þessar mundir. Að vísu glímum við við krefjandi verkefni vegna óvenjuflókins samspils ólíkra þátta í efnahagskerfinu en það er tímabundið ástand sem ég er sannfærður um að okkur tekst að leysa. Stóra áhyggjuefnið í þessu sambandi er gengisstig krónunnar sem veldur útflutnings- og samkeppnisgreinum erfiðleikum um þessar mundir. Okkur sem þjóð verður að takast að leysa úr þeirri stöðu þannig að t.d. sjávarútvegur og ferðaþjónusta nái að blómstra enn meira, eins og forsendur eiga að vera fyrir. En þetta úrlausnarefni snertir ekki aðeins Seðlabankann og ríkissjóð. Þar eiga ekki síður hlut að máli fjármálastofnanir og einstaklingar almennt. Ýmsir aðilar beina orðum að Seðlabankanum og ríkissjóði, sem út af fyrir sig er eðlilegt. En það væri ekki úr vegi fyrir fjármálastofnanir sem hafa áhyggjur af stöðu mála að líta aðeins í eigin barm og leggja sitt af mörkum í þessum efnum.

Þá er ekki síður ástæða til að beina því til almennings í landinu að leggja sitt af mörkum með því að draga verulega úr einkaneyslu og snúa sér í meiri mæli að sparnaði. Það er staðreynd að við Íslendingar erum eftirbátar annarra þjóða hvað varðar almennan sparnað.

Í umræðu um efnahagsmál og lífskjör heyrist oft að mörgum finnist á sig hallað en aðrir maki krókinn. Það er söguleg staðreynd, sem á við í dag og mun eflaust eiga við í framtíðinni, að aðstæður fólks eru misjafnar á margan hátt. Okkar hlutverk er að leggja okkur fram um að koma til móts við þá sem af einhverjum ástæðum standa höllum fæti og eiga minni möguleika á að standa undir framfærslu sinni en aðrir. Það höfum við að sönnu gert. Það kemur einnig fram í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2006. En eflaust má alltaf gera betur og meira í þessum efnum.

Í samanburði við aðrar þjóðir kemur Ísland mjög vel út um þessar mundir. Nægir að nefna nýlegar upplýsingar frá Sameinuðu þjóðunum þar sem fram kemur að Ísland er í öðru sæti yfir þjóðir heimsins sé litið er til lífskjara og búsetuskilyrða. Þótt einhverjir kunni að vilja gera lítið úr þessu, þar sem um einhvers konar meðaltalsmælingu er að ræða, þá segir þetta ákveðna sögu. Við eigum að vera stolt og ánægð yfir því. Þegar maður hittir kollega sína frá öðrum þjóðum, jafnvel frá nágrannaþjóðum okkar, þá vekur árangurinn mikla athygli og umræðurnar snúast um hvernig í ósköpunum við Íslendingar förum að því að standa okkur svo vel. Okkur hefur einfaldlega tekist að halda uppi góðum hagvexti undanfarin ár. Atvinnuleysi er sem betur fer mjög lítið og kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur vaxið um 60% síðustu 10 ár. Það er útlit fyrir það, samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs og þjóðhagsáætlun, að okkur takist að halda áfram á þeirri braut næstu árin.

Það er ekki síður krefjandi að halda vel um þegar vel gengur í ríkisfjármálum en þegar þrengir að. Í hagkerfinu er mikið um að vera. Nú ríkir þensluskeið sem stafar ekki nema að litlu leyti af stóriðjuframkvæmdum heldur hefur þensla á húsnæðismarkaði haft afgerandi áhrif síðustu mánuði, auk olíuverðshækkana á heimsmarkaði. Ég treysti að sjálfsögðu stjórnvöldum til að halda þannig á málum að okkur farnist vel í efnahagsmálum hér eftir sem hingað til. Ég kalla einnig eftir því að fjármálastofnanir og almenningur í landinu leggi sitt af mörkum til að svo geti orðið.

Hæstv. forseti. Við 1. umr. um fjárlagafrumvarp ársins 2006 er umræðan eðlilega meira á almennum efnahagslegum nótum en í smáatriðum um einstaka liði frumvarpsins, enda hefur fjárlaganefnd ekki hafið eiginlega umfjöllun um frumvarpið. Ég mun láta nánari umfjöllun um einstaka þætti bíða síðari umræðu eftir að fjárlaganefnd hefur fjallað efnislega um málið.

Ég vil í lokin segja að ég vænti góðs samstarfs í fjárlaganefnd, líkt og verið hefur hingað til, við þá fjölmörgu aðila sem munu koma að vinnu nefndarinnar á næstu vikum. Fram undan er annatími í störfum fjárlaganefndar og mikilvægt að okkur takist að vinna vel og markvisst þannig að starfsáætlanir gangi eftir.

[12:12]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. formanni fjárlaganefndar ræðu hans. Hún var málefnaleg eins og hans er vandi í þinginu. Um leið verð ég að lýsa nokkrum vonbrigðum með hana því að efni hennar og kjarni var í raun að blessa það frumvarp sem hér hefur verið lagt fram.

Af orðum formanns fjárlaganefndar verður ekki annað dregið en að frumvarpið verði að mestu afgreitt óbreytt í gegnum nefndina, a.m.k. gætti í engu gagnrýninnar afstöðu til einstakra þátta frumvarpsins eða sjálfstæðrar stefnu gagnvart því af hálfu formanns fjárlaganefndar Alþingis. Það veldur mér áhyggjum því að ég held að ríkisstjórninni veiti ekki af aðhaldi frá fjárlaganefnd og þinginu, ekki síst frá samherjum ráðherranna í þinginu, sem þó hefur stundum örlað á hjá varaformanni fjárlaganefndar.

En fyrst háttvirtur formaður fjárlaganefndar er svona ánægður með frumvarpið og telur aðhaldið í því nóg er óhjákvæmilegt að spyrja hann eins og hæstv. fjármálaráðherra: Finnst honum sú forsenda sennileg, sem þetta frumvarp er byggð á, að við þurfum minna aðhald í ríkisfjármálum á næsta ári í mestu framkvæmdum Íslandssögunnar þegar tugir milljarða hafa spýst inn í hagkerfið með erlendum innspýtingum og einkaneysla er í hámarki? Finnst honum sennilegt að við þurfum minna aðhald í ríkisfjármálunum en við þurftum á að halda árin 1999 og 2000, þegar ríkisstjórnin missti tökin á verðbólgunni og hún fór í 9% með þeirri afleiðingu að skuldir heimilanna hækkuðu um tugmilljarða króna?

[12:14]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Mér þykir auðvitað vont ef hann verður fyrir vonbrigðum með mig en ég átti svo sem ekki von á að hann mundi hrósa mér mjög mikið, en þó gerði hann það og ég þakka fyrir það.

Hvort frumvarpið verði afgreitt óbreytt er auðvitað nokkuð sem kemur í ljós eftir að fjárlaganefnd hefur farið yfir málið. Það hafa oft orðið breytingar á fjárlagafrumvörpum í meðförum fjárlaganefndar og það hefur verið með ýmsum hætti gegnum tíðina eins og ég veit að hv. þingmaður þekkir, enda á hann sæti í fjárlaganefnd.

Hann spyr hvort það sé sennilegt að við þurfum minna aðhald nú en árið 2000, ef ég tók rétt eftir. Sem svar við því vísa ég til þeirrar spár og áætlana sem liggja að baki frumvarpinu. Ég er í meginatriðum sammála þeim áætlunum eins og fram kom í ræðu minni. Ég get ekki svarað því öðruvísi. Í frumvarpinu felst töluvert aðhald en hvort það þurfi að vera minna eða meira munum við ræða okkar í milli. Ég stend hins vegar að þessu frumvarpi eins og það liggur fyrir og ég tel að spárnar og það sem að baki liggur sé nægileg rök fyrir því sem þar kemur fram.

[12:16]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta lykilatriði, grundvöllur frumvarpsins sjálfs, spáin um þörfina fyrir aðhald á næsta ári er áhyggjuefni í því frumvarpi sem hér er. Það er líka áhyggjuefni ef hv. formaður fjárlaganefndar hefur bara ákveðið að trúa spá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og hafa ekki um hana neinar efasemdir. Við höfum niðurstöðuna af spá sömu skrifstofu fyrir árið í ár og hún var víðs fjarri veruleikanum.

Staðreyndin er sú að spá Seðlabankans um þörf fyrir aðhald á næsta ári segir allt annað. Seðlabankinn segir að hér sé þörf fyrir umtalsvert meira aðhald en á árunum 1999 og 2000. Því er hætt við að í frumvarpinu sé hættulegt vanmat á ferðinni. Álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins styður það einnig en í júní á þessu ári hvatti hann ríkisstjórn Íslands til þess að fresta fyrirhuguðum skattalækkunum á næsta ári. Það er alveg ljóst að eini aðilinn sem telur að ekki sé þörf fyrir mikið aðhald er efnahagsskrifstofa fjármálaráðherrans. Það er áhyggjuefni þegar Alþingi á að leggja sjálfstætt mat á tillögur fjármálaráðuneytisins að formaður fjárlaganefndar hafi ákveðið að trúa fjármálaráðuneytinu en skella skollaeyrum við spám og viðvörunum fjármálalífsins, atvinnulífsins, launþegasamtakanna, Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Fyrir þeirri afstöðu sinni verður hann að færa einhverjar röksemdir og ég spyr hv. formann fjárlaganefndar hvort hann getur bent mér á eina stofnun í íslensku samfélagi, sérfræðistofnun sem hafi í þessari viku lýst því yfir að aðhald í íslenskum fjárlögum sé nóg.

[12:18]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst satt best að segja óþarfi hjá hv. þingmanni að orða það sem svo að ég skelli skollaeyrum við því sem fram kemur frá hinum ýmsu aðilum í þjóðfélaginu varðandi efnahagsmálin og trúi eingöngu því sem kemur frá fjármálaráðuneytinu. Ég verð einfaldlega að vísa þeim ummælum til föðurhúsanna.

En það vill nú svo til núna að gert er ráð fyrir minni hagvexti á næsta ári en gert var ráð fyrir á þeim tíma sem hv. þingmaður er að vísa til og það liggur fyrir að það er meira aðhald í ríkisfjármálum á þessu ári en var á þeim tíma sem hv. þingmaður vísar til. Það væri út af fyrir sig hægt að nefna fleira en það eru ekki algerlega sambærilegar aðstæður í hagkerfinu núna og voru á þeim tíma.

[12:19]

Jón Bjarnason:

Virðulegi frú forseti. Hér er til 1. umr. frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006 og hæstv. fjármálaráðherra hefur mælt fyrir því. Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar og fjárlög sýna í hnotskurn hver stefna ríkisstjórnar er á hverjum tíma. Þar kemur fram hvernig tekna skal aflað, áætlun um tekjur, hvernig tekjuöflun ríkissjóðs er skipt niður á þegnana, á atvinnulífið, á velferðarkerfið, í fjárfestingar o.s.frv.

Í umræðunni um fjárlögin og meðferð þeirra birtist með skýrum hætti munurinn á stefnu stjórnmálaflokkanna í þjóðfélagsmálum eins og við höfum heyrt í dag. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að íslenskt samfélag eigi að einkennast af jöfnuði, frelsi, fjölbreytni og ríkri samkennd. Framtíðarsýn okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er sú að allir eigi að fá að njóta sín á eigin forsendum í samfélagi þar sem samhjálp, virðing og velferð ríkir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill hverfa frá núverandi áherslu á auðhyggjusamfélag þar sem efnahagslegur mælikvarði er lagður á allt og alla. Stefna núverandi stjórnvalda leiðir þjóðfélag okkar nú hratt á hættulegri braut til aukinnar einhæfni í atvinnulífi með ofuráherslum á risavaxnar töfralausnir sem passa sjaldan í okkar fámenna og dreifbýla landi. Við leggjum áherslu á að náttúra, velferð og menning eigi að fá jafnt vægi og efnahagsleg rök. Lausnir á vandamálum jarðarinnar verða aðeins fundnar með því að jafnt sé stillt, jafnt tillit sé tekið til félagslegra, efnahagslegra, lífrænna og menningarlegra þátta. Sé slíkt haft að leiðarljósi, sé unnið eftir þeirri sýn munu sveit og borg blómgast á eigin forsendum. Þar mun verða fjölbreytt mannlíf, fjölbreytt atvinnulíf og fjölbreytt og vistvæn náttúra.

Lögmál um framboð og eftirspurn skýrir ekki eitt og sér óendanlegan fjölbreytileika í tilveru okkar. Það er alveg hárrétt að í efnahagslegu tilliti hefur Íslendingum gengið um margt í haginn á síðustu árum og uppgangur verið talsverður og reyndar mikill á sumum sviðum. En misskipting og vaxandi bil er á milli fátækra og ríkra. Það er mikið áhyggjuefni. Við höfum þungar áhyggjur. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum þungar áhyggjur af aukinni misskiptingu sem er að verða í tekjum og kjörum fólks í landinu. Við höfum áhyggjur af aukinni fákeppni, reyndar einokun á mikilvægum sviðum, í atvinnulífi, í velferðarþjónustu, í almannaþjónustunni. Nýjasta dæmið er sala Símans sem á stórum hluta landsins fer nú með einokunarvald í þeirri mikilvægu almannaþjónustu sem fjarskiptin eru.

Við höfum horft upp á gríðarlega auðsöfnun. Við sjáum blöð og tímarit sem sýna hóp Íslendinga sem státa sig af því að vera komnir í hóp ríkustu manna heims með tilheyrandi velsæld og lífsstíl. Ég er ekki á móti því að fólk verði ríkt. En ég vil að jöfnuður ríki. Það er ekki sanngjarnt að sumir verði ríkir og ríkari en aðrir en þeir fátæku verði fátækari. Það er jöfnuður sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á.

Á vísnakvöldi á hagyrðingamóti á Hólmavík 30. júní sl. var ort um stjórnarfarið. Aðalsteinn Valdimarsson frá Strandseljum í Ögursveit komst svo að orði um stefnu stjórnvalda, með leyfi forseta:

Margur enn af ágirnd kvelst
ekki lífskjör jafnast.
Flestallt sem að fémætt telst
á fáar hendur safnast.

Því miður, frú forseti, blasir þetta við mörgum. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á að skattheimtunni sé skipt með þeim hætti að þeir borgi mest til samfélagsins sem hafa mesta burði til þess. Þegar við ráðstöfum skatttekjum ríkissjóðs þá ráðstöfum við þeim líka þannig að þær rétti kjör, hag og stöðu þeirra sem ekki hafa aðstöðu til þess að hrifsa til sín verðmæti til jafns við aðra. Við leggjum áherslu á að skattkerfinu sé beitt til jafnaðar til að standa undir öflugri velferðarþjónustu. Það er á grunni þeirra forsendna sem ég í þessari ræðu legg mat á og skoða fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar sem hér hefur verið mælt fyrir.

Flestallar tölur í þessu fjárlagafrumvarpi hafa verið margendurteknar í samfélaginu og því kannski ekki nein sérstök ástæða til þess að rekja þær. En við skulum velta því fyrir okkur hverjir eru stærstu atburðirnir á þessu ári sem snerta samfélagið, atvinnulífið, fjárhag, stöðugleika — einmitt stöðugleikann því hann byggist á öflugu atvinnulífi og á jafnræði milli þegnanna hvar sem þeir búa á landinu.

Markaðsvæðing raforkukerfisins var eitt af því sem hóf innreið sína í upphafi árs. Leiðir ríkisstjórnarinnar í því að einkavæða og selja raforku hafa verið nokkrar og raforkufyrirtækin samkvæmt yfirlýsingu hæstv. iðnaðarráðherra sem hann gaf á síðasta vetri. Hverjar eru afleiðingarnar? Jú, við höfum fengið inn á borð til okkar í fjárlaganefnd sveitarstjórnarmenn sem greina okkur frá hvernig rekstur atvinnulífs og mannlífs gengur þar. Allt gengur vel. Ég minnist þess að sveitarstjórin á Súðavík sagði að bara breytingin á raforkuumhverfinu nú í byrjun árs hafi orðið til þess að raforkukostnaður við rækjuverksmiðjuna á ári ók um 2–3 millj. kr. og var það þó atvinnugrein sem ekki hafði burði til þess að fara að borga sérstaklega aukaskatt til markaðsvæðingar og einkavæðingaráforma ríkisstjórnarinnar.

Sveitarstjórinn á Þórshöfn kom og sagði nákvæmlega sömu sögu. Hækkun á rafmagni víða um land, sérstaklega í dreifbýlinu og minni þéttbýlisstöðum. Það þykir sérstök ástæða til þess að með raforkulagabreytingunum séu lagðar auknar álögur á atvinnulíf og fólk í þessum landshlutum.

Í andsvörum áðan við hæstv. ráðherra vorum við að ræða um gengið og gengismálin. Hæstv. sjávarútvegsráðherra gerði ekki mikið úr því þó að spár fjármálaráðherra varðandi gengið rættust ekki. Fyrir þetta ár var spáð gengisvísitölu upp á 120, 125 en reynist síðan rétt um 110 og árið er ekki liðið. En hvaða áhrif ætli þetta hafi á atvinnulífið, frú forseti?

Ágætur framkvæmdastjóri í fyrirtæki á Ísafirði sendi okkur tölvupóst nú á dögunum og ég hef fengið leyfi hjá honum til að vitna aðeins í þetta bréf. Þegar gengisvísitalan var komin niður í 103 og Seðlabankinn hækkaði stýrivextina upp í 10,25 þá fengum við þetta sent frá Elíasi Oddssyni sem er framkvæmdarstjóri fyrir Miðfell, með leyfi forseta:

„Nú get ég ekki orða bundist lengur yfir þeim hörmungum sem stefna Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar í peningamálum er að leiða yfir okkur hér fyrir vestan. Síðan fyrir ári hafa tekjur Miðfells hf. lækkað vegna gengisbreytinga sem nemur tæpum 4 milljónum króna, já, 4 milljónum á viku. Eins og gefur að skilja gengur þetta ekki til lengdar. Áhrif vaxtahækkana Seðlabankans hafa ekki skilað sér í því sem stefnt er að, lækkun verðbólgu, nema að litlu leyti en hefur komið af fullum þunga fram í hækkun krónunnar og þar með tekjurýrnun útflutningsatvinnuveganna.

Eins og fram hefur komið í fréttum er nú undanfarnar vikur búið að tilkynna um lokun tveggja til þriggja rækjuverksmiðja hér á Vestfjörðum. Auk þess hafa lokað nokkur fiskvinnsluhús. Allir sem í sjávarútvegi starfa eru á heljarþröm.

Þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi hækkað verulega frá því í júní sá Seðlabankinn sér ekki fært annað en að ganga þannig til verks að allar líkur eru á að atvinna hér í kjördæminu muni dragast verulega saman. Útsvarstekjur sveitarfélaga fara hratt lækkandi og munu ekki duga fyrir þeim rekstri sem nú er. Fólk er þegar farið að flytja héðan. Það er kannski þess vegna sem ríkisstjórnin boðar stóraukna byggingu leiguíbúða með niðurgreiddum vöxtum. Yfirlýsingar um stórframkvæmdir í eða við höfuðborgina auka enn á þetta misvægi.

Ég get ekki annað en mótmælt þeirri eignaupptöku sem nú fer fram. Verið er að ræna í stórum stíl eignum okkar sem á landsbyggðinni búum og færa til verslunar- og þjónustugreina á höfuðborgarsvæðinu."

Ég held að þetta sé dæmigert hvernig atvinnugreinarnar úti um land, sem hafa staðið undir útflutningstekjunum, standa nú. Hæstv. fjármálaráðherra finnst þetta ekkert mál. Mér finnst þetta mál.

Hæstv. fjármálaráðherra rakti mjög ítarlega og lagði áherslu á áhrif stóriðjuframkvæmdanna á hagkerfið. Hann minntist á að eftir árið 2007 gæti orðið uppstytta á þeim erfiðleikum sem útflutningsgreinarnar búa við nú og gengisstefnan er hrjáð af ef þessum stóriðjuframkvæmdum linnti þá og atvinnulífið gæti farið að jafna sig og ná jafnvægi á ný.

Ég leyfi mér að vitna áfram til Vestfirðinga sem eru að upplifa hágengistefnuna, stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Jens Valdimarsson, framkvæmdastjóri Bílddælings, sagði í viðtali við Bæjarins besta 1. júní sl. þegar hann stóð frammi fyrir lokun eins stærsta fyrirtækis bæjarins, með leyfi forseta:

„Gengi krónunnar hefur styrkst mjög mikið að undanförnu vegna framkvæmda fyrir austan og það hefur veikt grundvöll fiskvinnslunnar. Það eru miklar væntingar til stóriðju og það fundum við á dögunum þegar umræða hófst um hugsanlega stóriðju á Suðurnesjum. Þá styrktist gengi

krónunnar að nýju og því er sjávarútvegurinn og fólkið í sjávarbyggðunum að greiða herkostnaðinn af virkjunum og stóriðjuuppbyggingunni eystra.“

Engin úrlausn hefur enn fengist í atvinnumálunum á Bíldudal en það skiptir víst ekki miklu máli samkvæmt orðanna hljóðan hjá hæstv. fjármálaráðherra. Það er vitað að það eru einmitt gengismálin, staða gengisins sem skiptir máli fyrir stöðu útflutningsgreinanna og gengið kemur ekki að ofan, það kemur vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum.

Í greiningu Íslandsbanka, Þjóðarbúskapurinn fyrir árið 2005, segir svo, með leyfi forseta:

„Segja má að þær sveiflur í hagvexti sem við sjáum fram undan séu að meira eða minna leyti drifnar áfram beint og óbeint af breytingum í stóriðjufjárfestingum. [...] Til viðbótar hinum beinu áhrifum fjárfestingarinnar á landsframleiðsluna hefur gjaldeyrisinnflæði vegna hennar orðið til þess að hækka gengi krónu, sem aftur hefur aukið neyslu almennings og innflutning. [...] Ljóst er að hinar miklu fjárfestingar í stóriðju hafa að einhverju leyti verið á kostnað annarrar fjárfestingar í atvinnulífinu.“ — Það er hóflega til orða tekið, frú forseti. — „Einkum hafa útflutningsfyrirtæki haldið að sér höndum, og fréttir hafa undanfarið borist af því að bróðurpartur vaxtar ýmissa fyrirtækja af því tagi eigi sér nú stað erlendis. Er það nokkuð bagalegt í ljósi þess að mörg þessara fyrirtækja hafa skapað fjölda verðmætra starfa og aflað umtalsverðra útflutningstekna undanfarin ár. Gengisþróun krónu hefur aftur á móti verið þessum fyrirtækjum mótdræg síðastliðin missiri.“

Þegar Íslandsbanki leggur mat á hvert væri jafnvægisgengi krónunnar — krónunnar sem er nú á gengi líklega í kringum 103, milli 103 og 104 — þá segir í greiningu Íslandsbanka að jafnvægisgengið sé einhvers staðar á bilinu 130–135, sem væri þá um lengri tíma, og að við slíkt gengi skapaðist jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Við erum langt frá því. Við erum langt, langt frá því sem greiningardeild Íslandsbanka segir að sé forsenda fyrir að jafnvægi skapist í efnahagskerfinu. Og svo talar hæstv. ráðherrann um að það sé stöðugleiki. Seðlabankastjóri segir að það sé vaxandi óstöðugleiki og er hann þó að taka hógvært til orða.

Það vekur líka athygli, frú forseti, að það er minnst á aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum, 2 milljarða kr. niðurskurð til vegaframkvæmda. Í fyrra sáum við aðhaldsaðgerðir sem lutu að því að hækka skatta á sjúklingum, komugjöld á heilsugæslustöðvar og sjúkrahús. En hvar er nú borið niður? Jú, nú er borið niður á öryrkjum. Því er nú lýst í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu að menn hafi þungar áhyggjur af því að öryrkjum fjölgi og þeim öryrkjum fjölgi sem ekki geta sótt vinnu með eðlilegum hætti. Ástæða er til að hafa áhyggjur af því.

En hvernig mætir ríkisstjórnin þessum áhyggjum? Jú, með því að skera niður stuðning, bensínstyrk sem þessir sömu öryrkjar hafa fengið til að létta sér atvinnusóknina. Þar var punktur sem hægt var að skera niður, þar var hægt að hagræða. Þar er hægt að hagræða um 720 millj. kr., flutt að hluta til yfir á hækkun á tekjutryggingarauka, gott mál, en átti endilega að taka það af bensínpeningum öryrkjanna? Þarna er ríkissjóður að reyna að spara sér, krækja sér í milli 200 og 300 millj. kr. nettó eftir að búið er að draga frá tilfærslurnar milli öryrkjahópa. Þarna á sparnaðurinn að koma niður.

Sparnaðurinn á líka að koma niður í lyfjakostnaði ríkisins upp á 300 millj. kr. Og hvernig kemur það út? Jú, frú forseti, það þýðir hækkað lyfjaverð hjá sjúklingum. Þetta er sú leið sem ríkisstjórnin velur þegar hún beitir hagræðingu, setur kröfur um hagræðingu eða aðhald.

Frú forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Við teljum það eitt brýnasta verkefnið sem Alþingi stendur nú frammi fyrir að taka á þessum málum sameiginlega. Allir aðilar í samfélaginu með Seðlabankann í broddi fylkingar hafa bent á nauðsyn þess, allir aðrir en ríkisstjórnin. Allir aðrir aðilar viðurkenna að vandi sé á höndum (Forseti hringir.) og vilja sterkt og öflugt samráð. Það er megininntak tillögu okkar, frú forseti, (Forseti hringir.) að aðilar setjist nú saman (Forseti hringir.) og komi á efnahagslegum stöðugleika.

[12:39]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason flutti hér mikla gagnrýni og vitnaði til ýmissa aðila í því sambandi. Ég vil spyrja hv. þingmann: Er hann sammála því sem sumir hafa nefnt og hann vitnaði í, að ekki sé nægilegt aðhald í fjárlagafrumvarpinu? Ef hann er sammála því vildi ég gjarnan heyra hvaða tillögur hann hefur í þeim efnum.

Varðandi gengismálin þá er á sama hátt ekki nóg að gagnrýna þau. Ég spyr hv. þingmann hvaða töfralausnir hann geti bent á í því sambandi. Það er nefnilega ekki nóg að gagnrýna, hæstv. forseti, gagnrýni verður hol og klisjukennd ef engar tillögur fylgja. Það er ekki nóg að segja: Það á að gera eitthvað annað. Til að menn séu trúverðugir verða menn að koma fram með raunhæfar tillögur.

[12:40]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. formanni fjárlaganefndar fyrir þessa ágætu spurningu.

Jú, við höfum bent á það. Í þeirri tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í efnahagsmálum sem við leggjum hér fram, leggjum við til að gefin verði afdráttarlaus yfirlýsing um að ekki verði ráðist í frekari stóriðjuframkvæmdir eftir að þeim sem nú standa yfir verður lokið. Það segja allir aðilar. Meira að segja fjármálaráðherrann sagði hér áðan að sá óstöðugleiki sem nú ríkti í efnahagslífinu væri kominn til vegna stóriðjuframkvæmdanna en þegar þeim lyki tæki við nýtt tímabil og þá væri möguleiki á að hin erfiðu og þungu áhrif af stóriðjustefnunni gengju til baka og efnahagslífið jafnaði sig. Númer eitt væri að gera þetta, frú forseti.

Varðandi spurningu hv. þingmanns um hvað við teljum aðhald. Við viljum bara allt aðra skattastefnu. Við viljum ekki að skattalækkanir ríkisstjórnarinnar komi fyrst og fremst þeim til góða sem hæstar hafa tekjurnar, en síðan er persónuafslátturinn skertur eða fylgir ekki verðlagsþróun. Það er ekki stefna sem við fylgjum. Við mundum ekki láta hagræðingaraðgerðir koma niður á öryrkjum eins og verið

er að gera með því að skera niður bensínstyrkinn. Það er af og frá.

Við höfum ekki stutt þessar miklu skattalækkanir og meira að segja hefur verið bent á það af hálfu Seðlabankans að við þessar aðstæður eru skattalækkanirnar sem núna er verið að framkvæma hið mesta óráð. Þetta eru svör mín, frú forseti.

[12:42]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kem eingöngu upp til þess að gefa hv. þingmanni kost á að koma aftur vegna þess að ég verð að segja eins og er að mér finnst það ekki trúverðug svör sem hann kemur hér með. Ég vil gjarnan heyra hann gefa álit sitt á því hvort Vinstri hreyfingin – grænt framboð telji að það þurfi aukið aðhald í útgjöldum ríkissjóðs. Það kom ekkert fram um það.

Þetta tal um að gefa eigi yfirlýsingar um að ekki verði farið í frekari stóriðjuframkvæmdir einhvern tíma í framtíðinni er í sjálfu sér ekkert innlegg í þessa umræðu að mínu mati. En ég vil gefa hv. þingmanni kost á að koma hér aftur ef hann hefur frekari svör.

[12:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég mundi vilja beita auknu aðhaldi með því að falla frá því að skera niður tekjustofna ríkisins eins og tekjuskattinn sem núna kemur fyrst og fremst hátekjufólki til góða. Þessi ríkisstjórn er fyrst og fremst ríkisstjórn hátekjufólks, enda held ég að allur almenningur í landinu hafi löngu áttað sig á því. Skattalækkanirnar sem nú er verið að koma fram með, í fyrra og núna, um milljarða króna, koma fyrst og fremst hátekjufólkinu til góða. Verið er að færa byrðarnar, framlögin til samfélagsþjónustunnar, frá þeim sem hafa hæstar tekjur yfir á þá sem hafa lægri tekjur. Þetta er ekki stefna sem við styðjum, Vinstri hreyfingin – grænt framboð.

Ég ítreka það, frú forseti, að í allri efnahagsumræðunni núna er bent á að stóriðjuframkvæmdirnar sem nú ganga yfir ráði för, ryðji burt öðrum atvinnugreinum. Iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins sagði í útvarpi í júní að ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmdanna gætu líka verið af því góða. Hún sagði þetta við Vestfirðinga sem þá var verið að segja upp. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Auðvitað er gott að vera með fjölbreytt atvinnulíf en einhæft atvinnulíf í formi álverksmiðja getur ekki verið farsælt eins og nú stefnir í.

Þess vegna tel ég mikilvægt að nú verði lýst yfir að þegar þeim stóriðjuframkvæmdum sem nú standa yfir ljúki verði ekki ráðist í nýjar stóriðjuframkvæmdir yfir eitthvert ákveðið tímabil. Það er ein forsendan fyrir því að við náum aftur stöðugleika í efnahagslífinu. Ég minni á að í tillögu okkar, þingmanna Vinstri grænna, um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika er lögð áhersla á að aðilar (Forseti hringir.) vinnumarkaðarins, allir aðilar samfélagsins komi að og taki á þessum málum sameiginlega.

[12:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í upphafi máls vil ég óska nýkjörnum fjármálaráðherra velfarnaðar í starfi og vona að honum farnist vel. Það er auðvitað vandasamt að stýra fjármálum þjóðarinnar ekki síður en sjávarútveginum eins og ráðherra veit mætavel og sjálfsagt betur en ég en ég vona sem sagt ... (Gripið fram í.) ekki veit ég það svo ofboðslega gerla, hv. þingmaður.

Það eru nokkur atriði sem ég vil byrja á að gera að umræðuefni við 1. umr. um fjárlögin. Menn voru rétt áðan að skiptast á skoðunum um m.a. skattana og ég vil víkja að því í upphafi máls míns. Ég held að það sé mikil þörf á því að endurskoða stefnuna í skattamálunum, þó ég þykist vita að fjármálaráðherra og ríkisstjórnin séu mér ekki sammála í því, en ég tel að sú útfærsla sem er í skattalækkunarstefnu ríkisstjórnarinnar þjóni ekki þeim markmiðum að auka jöfnuð í þjóðfélaginu og þjóni ekki heldur nægilega þeim markmiðum að koma til móts við þá sem lægri tekjur hafa í þjóðfélaginu sem ég held að sé mjög nauðsynlegt í núverandi stöðu. Við vitum um mikla óánægju verkalýðshreyfingarinnar um hvernig verðlagsmál hafa þróast hér á landi og þegar verið er að tala um hér að meðaltalskaupmáttur hafi aukist verulega þá er það auðvitað þannig að meðaltalskaupmátturinn tekur mið af þeim launabreytingum sem hafa orðið í þjóðfélaginu og við vitum að þeir sem hafa hærri launin hafa verið að bæta við sig og það er launaskrið sums staðar í fyrirtækjum og einkum í þeim stöðum þar sem er greitt hærra kaupið.

Hinir föstu samningar verkalýðshreyfingarinnar hafa jafnan gert það að verkum að í slíku ástandi dregst kaupmáttur verkamanna meira saman en meðaltöl sýna og það er það sem er gerast hjá okkur nú er að verkalýðshreyfingin telur að umbjóðendur hennar sitji mjög verulega eftir og ég hygg að það sé rétt. Þess vegna er það að mínu mati mjög verðugt verkefni núverandi ríkisstjórnar að endurskoða skattastefnu sína, m.a. með það að markmiði að í stað þess að fara í flata prósentulækkun í skattinum upp á 1% á næsta ári og 2% árið 2007 þá hefði verið skoðað hvort ekki mætti koma til móts við sjónarmið á almennum vinnumarkaði og vera með öðruvísi útfærslu í þessum skattalækkunum. Það er mín skoðun og okkar í Frjálslynda flokknum að miklu nær hefði verið, sérstaklega eins og ástandið er nú að setja þá fjármuni sem gert er ráð fyrir í skattalækkunum á næsta ári, 4 milljarða kr. vegna 1% skattalækkunar yfir í persónuafsláttinn, og ég tel að með þeim 4 milljörðum hefði verið hægt að hækka persónuafsláttinn á bilinu 2.600–2.800 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling og þá hefðum við verið að tala nokkurn veginn um sömu fjárhæð eða um 4 milljarða kr. vegna þess eins. Með sama hætti hefði auðvitað verið hægt að taka næstum því tvöfalt það í janúar 2007 ef menn hefðu valið þá leið. Ég hygg að verkalýðshreyfingin hefði metið það talsvert ef menn hefðu farið slíka leið í skattalagabreytingunum og þannig búið til meiri jöfnuð í þjóðfélaginu og það hefði örugglega komið þeim betur sem lægri hafa launin að fá þessa útfærslu en fá þessa prósentutengdu flötu skattalækkun. Að ég tali ekki um að við hefðum getað sleppt því að fella niður hátekjuskattinn og ekki að setja þá forgangsröðun á undir þessum kringumstæðum að lækka sérstaklega tekjuskatt hátekjufólksins. Svo er sett inn í fjárlagafrumvarpið að sjálfsagt sé að skerða svokallaðan bensínstyrk ellilífeyrisþega sem er gert á sama tíma og hátekju-

skattur er felldur niður af þeim sem mestar hafa tekjurnar í þjóðfélaginu, bæði mér og öðrum. Ég tel að þetta sé röng forgangsröðun og þarna hefði átt að standa öðruvísi að verki. Slíkt hefði getað stuðlað að meiri sátt á vinnumarkaðnum og meiri horfum á því að við lendum ekki í verulegum deilum á vinnumarkaðnum eins og vissulega horfir til nú.

Í þessari 1. umr. hefur oft verið venjan að við reyndum að afla okkur upplýsinga og þegar ég var að lesa mér til í gögnunum um fjárlögin sem við fengum afhent í upphafi þings þá staldraði ég við eina setningu og ætla að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann geti gefið mér skýringu á henni en hún fjallar um afskriftir skattkrafna en þar er sagt að afskriftir skattkrafna verði 4 milljörðum kr. hærri en áætlað var í fjárlögunum. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. fjármálaráðherra færi nokkrum orðum um hvað þarna er að koma til, ef hann eða aðstoðarmenn hans hafa þær tölur hjá sér. Eru þetta sérstakar afleiðingar af gjaldþrotum fyrirtækja eða hvers vegna breytist þetta svona mikið á milli ára að það muni 4 milljörðum kr.? Það er þó nokkur upphæð ekki síst í ljósi þess að við erum að tala um að fjárlögin hækki um 8 milljarða. En ég vonast til að hæstv. fjármálaráðherra geti svarað þessari einföldu spurningu.

Mig langar einnig að ræða það sem kallað er þenslan í íslensku þjóðfélagi, í þessari 1. umr. um fjárlögin, það að menn geri t.d. ráðstafanir til að draga úr verklegum framkvæmdum, aðallega í vegagerð á næsta ári. Þar kæmu um 2 milljarðar til viðbótar við þá 2 milljarða sem dregið var úr á þessu ári og tæpa 2 milljarða sem dregið var úr á árinu þar á undan. Á þremur árum yrði dregið úr framkvæmdum samanlagt um 6 milljarða. Mér sýnist að á árunum 2007 og 2008 komi á móti að að bæta eigi tveimur milljörðum inn, á hvoru ári fyrir sig og síðan eigi símapeningarnir að bæta það upp sem á vantar, þ.e. að tvisvar sinnum verði skilað inn 2 milljörðum á árinu 2007 og 2008. En ég spyr um það sem út af stendur, þ.e. 1,8 milljarðinn sem áður var tekinn og mér sýnist að við séum að setja verulega fjármuni í ýmsar framkvæmdir í vegagerð með þeim peningum sem komu fyrir sölu Símans sem ég tel vera af hinu góða. En ég spyr um hvort það sé réttur skilningur hjá mér að aðeins komi 4 milljarðar til baka af því sem hefur verið skorið niður úr fjárlögum á undanförnum árum en viðbótin komi þá úr símapeningunum, að við séum þannig að fylla í þær tilfærslur sem við höfum staðið fyrir með fjármunum frá sölu Símans.

Ég hlýt líka að spyrja, hæstv. forseti, er það svo að þenslan sé um allt land? Búum við við þenslu alls staðar í landinu og er þá réttlætanlegt á þeim forsendum að beita niðurskurði m.a. í verklegum framkvæmdum í samgöngumálum hvar sem er á landinu að teknu tilliti til þess hvernig ástandið er? Mér finnst mikið skorta á að við séum að skoða ástandið á Íslandi eins og það raunverulega er. Það liggur fyrir að það er mikil þensla á suðvesturhorninu og að sú þensla er að teygja sig til nágrannabyggðanna, bæði upp á Vesturland og austur fyrir fjall, austur á Suðurland og meira að segja er talið að nokkur tilflutningur af fólki sé af höfuðborgarsvæðinu inn á svæði eins og Akranes og Borgarfjarðarsvæðið og síðan austur á Suðurland og til annarra nágrannasveitarfélaga eins og á Reykjanesskagann.

Það er samt verið að byggja mikið á Reykjavíkursvæðinu, mikil þensla er á íbúðamarkaði og mikið um að vera nánast í öllum byggðakjörnunum hér. En við sem erum þingmenn fyrir landsbyggðina nánast horfum á að á svæðum eins og t.d. í stórum hluta Norðvesturkjördæmis, þegar búið er að taka frá þennan suðvestasta hluta á Vesturlandinu og kannski í sumum tilfellum upp á Snæfellsnes, þá er því miður samdráttur í því sem eftir er af kjördæminu og við erum að horfa á lokun fyrirtækja sem þar eru burðarásar í atvinnulífi eins og rækjuverksmiðja og það er ekki ólíklegt, fyrrv. sjávarútvegsráðherra, að á öllu landinu verði á næsta ári innan við einn tugur af rækjuverksmiðjum sem verða í rekstri. Þar er mikið áfall og það sem meira er, að rækjuveiðarnar hafa líka dregist verulega saman og ekki eru miklar horfur á því miðað við núverandi orkukostnað að þær verði stundaðar af miklu kappi hér við land ef miðað er við það verð sem rækjuvinnslan getur greitt fyrir hráefnið. Og þá erum við komin í þá stöðu að vera með nánast allt hráefnið í rækjuverksmiðjurnar innflutt, innflutta iðnaðarrækju af miðum við Kanada, Grænland og Noreg. Og það er nú svo að þegar hráefnið er orðið iðnaðarvarningur sem fluttur er inn, þá er líka hægt að flytja hann til annarra landa þar sem kaupgjald er miklu lægra en hér.

Við höfum horft á það bæði með nokkrum áhyggjum að atvinnufyrirtæki væru að fara úr landi með starfsemi sína, iðnaðarfyrirtæki hafa verið að gera það, og við gætum horft á að rækjuiðnaðurinn að óbreyttum forsendum, gengisþróun og kostnaði, hverfi allur úr landinu. Á því er mikil hætta þegar rækjuveiðarnar eru nánast dottnar niður og aðföng vinnslunnar eru öll innflutt. Það er alveg eins hægt að senda lausvinnslurækju til Lettlands eins og til Íslands og vinna hana þar á verulega lægra kaupi.

Það eru mikil hættumerki, finnst mér, að því er varðar sjávarútveginn þegar við erum að ræða forsendur fjárlaganna næsta árið. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því miðað við þessar forsendur að verðmæti sjávarútvegs hér á landi aukist. Það er ekki bara vegna rækjunnar, við höfum líka skorið aðeins niður þorskinn og við vitum jú að þorskframleiðslan er langverðmætasti hlutinn af sjávarvöruframleiðslunni. Ætli þorskurinn sé ekki að gefa um 40% af botnfiskverðmætunum í útflutningi? Samanlagt sýnist mér því að margt bendi til þess að verðmæti úr sjávarútvegi aukist ekki. Þess vegna held ég að forsendurnar í fjárlögunum séu í raun og veru rangar að þessu leyti.

Á síðustu mánuðum hefur verð á almennum botnfiskafurðum hækkað. Það hefur í raun og veru bjargað því að fiskvinnslan hangir kannski enn á horriminni og getur rekið sig. Það er ekki líklegt að verð á botnfiskafurðum haldi áfram að hækka eftir stökkið sem það hefur tekið á undanförnum mánuðum, sem liggur sennilega á bilinu 8–9%. Það er því mjög óvarlegt að gera ráð fyrir því í forsendum fjárlaganna að þar verði áframhaldandi vöxtur í verðmætum á árinu 2006 og 2007, eins og mér sýnist að gert sé ráð fyrir. Það eru að vísu nokkur atriði í sjávarvöruframleiðslunni sem gefa mikla fjármuni, eins og síldarútvegurinn og vinnsla síldarinnar, og skiptir tugum prósenta í hærra afurðaverði.

Ég held að sjávarútvegurinn muni eiga mjög erfitt með að þola þá gengisstefnu sem rekin er hér á landi og dreg

það reyndar í efa að við eigum að standa að málum eins og við gerum. Það verður ekki aftur tekið ef við missum sjávarútveginn að stórum hluta úr landi. Það eru engar líkur til þess að menn færi þá starfsemi aftur inn í landið ef þeir á annað borð hafa tekið ákvörðun um að færa hana út. Í útflutningi okkar er sjávarútvegur um 60%.

Gengismálin koma einnig afar illa við ferðaþjónustuna og allar líkur á því að þar verði tekjusamdráttur. Ferðamönnum hefur heldur fækkað frá því á síðasta ári og ef ferðamannaiðnaðurinn þarf að hækka verð á þjónustu verulega í erlendri mynt er hætt við að samdráttur verði enn meiri. Staðan er því að mörgu leyti mjög varasöm. Ég er ekki að halda því fram að stjórnvöld séu með auðvelt mál fyrir framan sig þegar við erum að tala um fjárlögin fyrir næsta ár og efnahagsstefnuna.

Mér finnst hins vegar ekki sjálfgefið, virðulegur forseti, að svæði eins og Norðvesturlandið, Norðurland og Norðausturland verði fyrir sérstökum niðurskurði í verklegum framkvæmdum. Ég er ekki viss um að það sé rétt stefna. Ég hef reyndar gert athugasemdir við það áður í sambandi við arðbærar framkvæmdir eins og vegagerð. Sá niðurskurður bitnar á svæðum þar sem samdráttur er í atvinnu og ég held að það megi nú ekki í bæta á þessum landsvæðum.

Það hefði verið fullt tilefni til þess að ræða hér aðeins um eldri borgara og stöðu þeirra. Ég verð að geyma mér það þangað til ég kem í þá seinni ræðu hér í dag. Ég hefði einnig viljað ræða um daggjaldastofnanir en get kannski komið því að í fyrirspurnarformi til ráðherrans núna í lok ræðu minnar. Ég hefði viljað að hæstv. ráðherra upplýsti mig um það hvernig greiðslur ganga frá ríki til hinna svokölluðu daggjaldastofnana. Ég nefni Sóltún, ég nefni DAS, ég nefni Grund og önnur dvalarheimili. Mér sýnist að mun hærri daggjöld séu greidd frá ríki til t.d. Sóltúns en hinna stofnananna sem ég nefndi. Hvernig er þetta fundið út og með hvaða rökum? Ég held að þarna sé um mikla mismunun að ræða. Takk fyrir, ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

[13:06]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins til þess að svara nokkrum af þeim atriðum sem hv. þingmaður spurði um, ég svara öðrum síðar.

Verið er að færa afskriftir skattkrafna í fjárlögunum að því sem gerist í ríkisreikningnum. Ekki er um neinar raunverulegar breytingar í þessu skattkrafnaumhverfi að ræða. Þetta er um áætlanir sem síðan reynast ekki vera réttar, þegar menn skila ekki inn upplýsingum eða skýrslum og þar fram eftir götunum. Það er ekki nein sérstök breyting sem býr þarna að baki.

Síðan varðandi þessa 1,8 milljarða sem hann nefndi, sem var almennur samdráttur í framkvæmdum á árinu 2004. Það var ekki hugmyndin sérstaklega á þeim tíma að það sama gilti um þá og þessa 2 milljarða sem við erum að ræða um á næsta ári og á þessu ári í vegamálunum, þar sem er um beina frestun að ræða. Það sama á því ekki við þó að auðvitað séu sjálfsagt í þessum 1,8 milljarða pakka verkefni sem fyrr eða síðar munu koma til að mestu leyti.

Síðan spyr hv. þingmaður hvort þenslan sé um allt land. Sjálfsagt gætir hennar mjög víða ef ekki víðast. Ég held hins vegar ekki að það sé landsvæðabundið heldur er það kannski frekar eftir geirum atvinnulífsins og því gætu áhrifin verið mismunandi eftir landsvæðum. En ég held að það standist ekki alveg að draga af því sérstakar ályktanir um vegamálin, að þess vegna ætti að fara í vegaframkvæmdir á sérstökum svæðum til þess að vega þar upp á móti. Ég held að það gangi ekki vegna þess að það er frekar þensla í verktakageiranum yfir landið allt.

[13:08]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil nú gefa hæstv. ráðherra kost á að koma hér aftur og reyna þá að svara líka fyrirspurn minni um daggjaldastofnanirnar sem ég spurði um áðan.

Varðandi þessa 1,8 milljarða á árinu 2004 minnist ég þess ekki, en það er auðvitað hægt að fletta því upp, að við höfum sérstaklega rætt um að sú tilfærsla væri óafturkræf, að hún ætti ekki að koma aftur inn í áætlanir um samgöngubætur hér á landi. En það kann að vera að ríkisstjórnin hafi skilið það svo á þeim tíma eða hafi þann skilning nú þegar símapeningarnir eru komnir inn í tillögur um þá fjármuni sem koma í vegagerð.

Hæstv. ráðherra orðaði það svo að þenslan væri ekki um allt land, eigum við ekki að orða það þannig að þenslan sé á vissum svæðum, hæstv. fjármálaráðherra. Hún er örugglega á Miðausturlandi í tengslum við stóriðjuuppbygginguna þar og verður þar sjálfsagt á næstu árum og vonandi þegar álversreksturinn kemst þar á skrið að þá verði þar áframhaldandi betri lífskjör en voru áður en þessar framkvæmdir voru hafnar. Síðan er hún auðvitað hér suðvestanlands. En eigum við ekki frekar að orða það þannig hvað varðar góðærið og þensluna, sem við sjáum greinilega á sumum svæðum landsins, og mikil umsvif, að aðrir landshlutar séu þá að gjalda þess vegna þess að við séum að taka niðurskurðinn heilt yfir en ekki að reyna að stýra honum eftir landsvæðum.

[13:10]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held ekki að það sé rétt að önnur landsvæði gjaldi þess. Ég held að landið allt njóti þess hagvaxtar sem er í gangi. Þó að það það sé kannski ekki hægt að segja að það sé þensla alls staðar held ég að staðan sé betri nánast alls staðar en hún hefði annars verið.

Hins vegar varðandi daggjaldastofnanirnar, og þá er sérstaklega nefnt Sóltún, þá er daggjaldastofnunum almennt greitt eftir fjölda legurúma og hjúkrunarþyngd. Hins vegar er Sóltún sérstakt dæmi þar sem það var samkvæmt útboði, og inni í þeim tölum sem þar eru er líka fjárfestingarkostnaður sem skýrir þann mun sem þar er á.

[13:11]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, Sóltún sérstakt dæmi. Hvar voru sjúklingarnir sem fóru á Sóltún áður en þeir fóru þangað? Voru þeir ekki á einhverjum stofnunum, jafnvel daggjaldastofnunum, þar sem kostnaðurinn fyrir dvöl þeirra af hendi ríkisins var greiddur með miklu minni fjármunum en settir eru í þetta dæmi í dag, þ.e. þetta einstaka heimili? Ég held að

menn ættu að skoða þessi mál upp á nýtt og tel að það þurfi lagfæringar við að þessu leyti, þannig að sum fyrirtæki í öldrunarþjónustu séu ekki með miklu meiri rekstrarvanda en önnur og þetta dæmi sé svona til þess að læra af því.

Þegar talað er um að landsbyggðin sums staðar sé ekki að gjalda þess hvað gerist á ákveðnum svæðum landsins þá nefni ég uppbygginguna hér á byggingariðnaði og þensluna hér og síðan á Austurlandi. Ég held að landsvæðin norðan- og norðvestanlands og norðaustanlands gjaldi þessarar stöðu. Það er mjög hætt við því ef gengisstefna ríkisstjórnarinnar og stefna Seðlabankans helst óbreytt að sjávarútvegurinn á þessu svæði fari halloka og jafnvel annars staðar á landinu líka. Ég vara sérstaklega við því og tel að menn eigi að skoða þessi mál talsvert betur og vona að við endurskoðun fjárlaganna nú í fjárlagavinnunni fari menn yfir þessi dæmi og velti því fyrir sér: Er einhver lógík í því að standa svo að málum að við missum niður grunnatvinnuveginn?

[13:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hv. þingmanns Guðjóns A. Kristjánssonar að hann hafði miklar áhyggjur af stöðu sjávarútvegsins, hann hafði miklar áhyggjur af stöðu rækjuiðnaðarins, hann hafði miklar áhyggjur af stöðu ferðaiðnaðarins og hann hafði miklar áhyggjur yfirleitt af samkeppnisstöðu Íslands *í því gengi sem við búum við*, eins og hann orðaði það.

Nú vill svo til, virðulegi forseti, að *ég deili þessum* áhyggjum með hv. þingmanni. Hann sagði líka að hann hefði efasemdir um þá gengisstefnu sem hér væri í gangi. En hann sagði ekkert meira. Nú vil ég spyrja hv. þingmann: Hvaða ráða telur hann að hægt sé að grípa til? Hvað telur hann rétt að gera í þessari stöðu, eins og hann réttilega orðaði það, þegar atvinnulífið á landsbyggðinni, sem byggir alla tilveru sína á útflutningnum, er í þeim voða sem ég veit að það er í? Hvað telur hann að eigi að gera við þessar kringumstæður?

[13:15]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er stórt spurt og ekki víst að svarið verði algjörlega tæmandi þannig að ég bendi á patentlausnina. Ég held hins vegar að sú vaxtastefna sem haldið hefur verið uppi af Seðlabankanum sé ekki að vinna okkur það gagn sem að er stefnt. Ég hef ekki þá trú að við getum leyft okkur að fórna svo miklu sem við virðumst vera að gera varðandi stöðuna í sjávarútveginum með því að standa að þeirri stefnu sem Seðlabankinn hefur staðið að og ég deili ábyggilega þeim áhyggjum með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni.

Þess vegna held ég að það sé verkefni okkar á þessum haustdögum, þar sem hann situr nú í fjárlaganefnd, ég á reyndar þar áheyrnarsetu, að fara í gegnum þessi mál og spyrja okkur: Getum við haldið þeirri stefnu úti sem ríkisstjórnin hefur haldið úti á liðnum missirum og virðist ætla að gera á næsta ári? Mun sjávarútvegurinn þola þessa gengisstefnu? Ég held að það verði sú spurning sem við verðum að svara nú á haustdögum og velta virkilega fyrir okkur: Er þessi stefna rétt? Ég þykist skynja á orðum hv. þingmanns, þó að hann sé í stjórnarliðinu, að hann hafi þessar sömu áhyggjur og ég, kannski meiri enda þekkir hann vel til í sjávarútveginum.

[13:17]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill þannig til að ég hef nokkuð lengi eða meira en heilt ár talað mjög tæpitungulaust um þessa hluti. Því verð ég að lýsa yfir dálitlum vonbrigðum að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, félagi minn að vestan, maður sem þekkir íslenskan sjávarútveg, hefur starfað þar og við höfum starfað þar hlið við hlið í marga áratugi, að hann telji að við þurfum að nota haustdagana til að átta okkur á því hvort íslenskur sjávarútvegur geti lifað við þessar aðstæður eða ekki. (**Gripið fram í:** Þú ert í stjórnarliðinu.) Virðulegi forseti. Það er ekki þannig að við þurfum að nota haustdagana. Þetta liggur alveg hreint fyrir. Sjávarútvegurinn getur ekki og mun ekki geta starfað við þessar aðstæður, hann getur það ekki. Við vitum hvert gengið er, það er einhvers staðar í 103, 104. Fyrir ári sagði ég í þessum ræðustól að ef gengið færi niður fyrir 110 væru atvinnuvegirnir í lífshættu. Ég ætla að endurtaka það nú. Ég ætla ekki að draga neitt til baka af því sem ég sagði fyrir ári.

Mér eru það vonbrigði að hv. þingmaður — ég hafði vonast til þess að hann kæmi hér og tæki undir með mér og *ég skora á hann að gera það*. Hann fór nefnilega alveg rétt yfir það áðan að allt atvinnulífið er í mjög mikilli hættu og *meira en hættu*, við vitum að það mun leggjast af í stórum landshlutum ef ekkert verður að gert. Þetta gengi fær ekki staðist og *ég skora á hv. þingmann að koma hérna upp að* hliðinni á mér og þora að segja það upphátt.

[13:18]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um að íslenskur sjávarútvegur mun ekki þola þá gengisspá sem er í fjárlagafrumvarpinu. Það held ég að öllum hljóti að vera ljóst. Þess vegna erum við auðvitað sammála um að það verði að bregðast við og því segi ég að við verðum að ræða þessa stefnu. Þetta er stefna stjórnvalda, hún er í fjárlagafrumvarpinu. Við komumst ekkert hjá því að ræða hana. Við erum hérna við 1. umr. og við eigum vonandi eftir að kalla til okkar marga sérfræðinga og ræða við fulltrúa frá hinum ýmsu atvinnugreinum áður en umfjöllun okkar um fjárlögin lýkur.

En ég segi það alveg og meina að ég tel að við þolum ekki óbreytta gengisstefnu fram á næsta ár.

[Fundarhlé. — 13:20]

[13:45]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við erum hér í 1. umr. fjárlaga fyrir árið 2006. Það er athyglisvert og rétt að hafa orð á því hér í upphafi að við kynningu þessara fjárlaga hafa margir aðilar þjóðfélagsins verið að tjá sig um þau. Margar hagdeildir hafa komið þar að verki og nokkuð lengi. Segja má að

ákveðinn samhljómur sé í mjög mörgu, t.d. því sem hefur komið frá Seðlabankanum, greiningardeildum bankanna, Hagfræðistofnun háskólans, aðilum vinnumarkaðarins og mörgum fleiri. Það er svona gegnumgangandi í þeirra tali að það verði að vera meira aðhald í ríkisfjármálunum en þetta frumvarp sýni.

Ég tók eftir því í morgun þegar ég las Morgunblaðið að á bls. 2 þar er lítil grein sem heitir „Ójafnvægi er í efnahagsmálunum".

Þar segir frá ályktun ASÍ. Þar stendur í umfjöllun þeirra um frumvarpið, með leyfi forseta:

„Þetta gerist þrátt fyrir að ASÍ, Seðlabankinn og fleiri aðilar hafi kallað eftir ábyrgri efnahagsstefnu og meiri festu í ríkisfjármálum."

Og svo áfram, með leyfi forseta:

„Miðstjórn ASÍ skorar á ríkisstjórn og Alþingi að taka með ábyrgum hætti þátt í efnahagsstjórninni og beita ríkisfjármálunum með þeim hætti að það dragi úr þörf fyrir harkalegar aðgerðir Seðlabankans í peningamálum samhliða því sem verðbólga lækki."

Virðulegi forseti. Í sömu grein er viðtal við þann ágæta mann, Grétar Þorsteinsson, forseta ASÍ. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það sem er athyglisvert í þeirri stöðu er að við höfum ekkert verið einir með það viðhorf. Seðlabankinn hefur ítrekað áréttað þetta, sama er að segja um OECD og greiningardeildir bankanna. Ég man raunar ekki eftir því að það hafi áður verið svona sameiginlegur tónn eiginlega allra aðila um að stjórnvöld þyrftu að taka með afdráttarlausari hætti á."

Þetta er mjög óvenjulegt og athyglisvert, allrar athygli vert. Ég held að það sé mikil þörf á því að menn átti sig á því og spyrji eftir því hvað menn vilja ef það er svo mikill samhljómur í þjóðfélaginu um að enn eigi að taka hér á í ríkisfjármálunum. Við gerum þá ábyggilega ekkert þarfara núna í þessari umræðu en reyna að átta okkur á því hvað þessi ríkisfjármál eru. Í fjárlagafrumvarpinu á bls. 264 er yfirlit yfir hagræna skiptingu ríkisfjármálanna. Við skulum fara yfir hana hér, virðulegi forseti, og átta okkur á því hvað um er að ræða.

Þar sjáum við, ef við tökum þessa þætti, að fjármagnskostnaður ríkisins hefur mjög farið lækkandi. Það er reyndar þannig, eins og kom fram í ræðu hæstv. fjármálaráðherra, að fjármagnstekjurnar eru meiri en gjöldin þannig að þetta hefur mjög mikið lækkað, verulega mikið lækkað.

Ef við tökum viðhaldið þá er það nokkurn veginn hið sama og það var áður þannig að varla breytir það nú miklu.

Í þriðja lagi verðum við að taka eftir því að fjárfestingar ríkisins eru að dragast verulega saman og eru núna nærri því í sögulegu lágmarki. Þær eru orðnar mjög litlar eða um 13,4 milljarðar samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, sem er sögulegt lágmark, 1,3% af vergri landsframleiðslu. Varla geta það því verið slíkir þættir — ég trúi því nú varla — sem menn eiga við í þessari umræðu um meira aðhald í ríkisfjármálunum, sem að vísu stjórnarandstaðan er, að ég reyndi að giska á eftir að hafa hlustað á ræður hér áðan, að taka undir. Ég er þó ekki alveg viss því að ég var ekki alveg viss um hvað þeir vildu sagt hafa. En það er athyglisvert ef t.d. stjórnarandstaðan vill fara í að skera niður opinberar framkvæmdir enn frekar úr þessum 13,2 milljörðum og þá á að skoða það í fullri einlægni, þ.e. ef menn sjá þörf á því.

Hins vegar liggur fyrir hver þessi útgjöld eru. Útgjöldin eru rekstur ríkisins, sem er 150 milljarðar, og svo rekstrartilfærslurnar eða til atvinnuveganna og neyslutilfærslurnar sem eru 132 milljarðar. Þetta eru útgjöld ríkisins.

Ef við tökum rekstur ríkisins — það má svo sem fjalla um það á margan hátt — þá er alveg sama hvernig það er gert, menn fá alltaf þá niðurstöðu að af þessum rekstri eru um það bil 70% laun, alveg sama hvernig það er reiknað. Og ef tilfærslurnar eru teknar fæst nokkurn veginn það sama út, 70% þeirra eru mjög háð launum beint eða óbeint eða alveg beint. Það geta því allir séð af þessu að launagreiðslur ríkisins eru hinn stóri faktor sem ræður því fyrst og fremst hver þróun ríkisfjármálanna er, þ.e. fjölgun ríkisstarfsmannanna og hækkun launa þeirra. (**Gripið fram í:** Á að lækka þau?)

Þá er spurningin: Úr því að svona mikill samhljómur er í þjóðfélaginu um að taka eigi á í ríkisfjármálunum, hvað getum við þá gert? Er það rétt, virðulegur forseti, höfum við farið óvarlega á undanförnum árum?

Ég get sagt fyrir mig, virðulegi forseti, að ýmislegt í þessari gagnrýni kann að vera rétt. Það er hugsanlegt að svo sé. Við höfum kannski farið óvarlega. En hvar höfum við þá farið óvarlega? Hvað hefur verið að hækka hjá ríkinu? Á undanförnum árum höfum við verið að stórefla og auka það velferðarkerfi sem hér er við lýði og erum að því enn. Ef við skoðum hækkanirnar sem eru í fjárlagafrumvarpinu núna þá eru þær mestar í framlögum til lífeyristrygginga og barnabóta. Þar eru þær mestar. Ef við lítum á lengra tímabil, hvort sem það eru fimm, tíu eða fimmtán ár yfir þetta stjórnartímabil, þá er alveg ljóst að mestu hækkanirnar sem orðið hafa eru í málefnum hverra? Hverjir skyldu það nú vera, virðulegi forseti? Það eru nú ekki allir sem trúa því, en það er í málefnum fatlaðra. Þar hefur þessi ríkisstjórn hækkað mest. Þar hafa hækkanirnar verið langsamlega mestar, sama hvort við tökum fimm, tíu eða fimmtán ár. Það kann að vera, og ég ætla ekki að útiloka það, að menn hafi farið óvarlega fram í að búa til þetta velferðarþjóðfélag. Við áttum kannski að fara vægar í sakirnar. Við þurfum að ræða það við alla þá sem gagnrýna stöðu ríkisfjármálanna í dag. Við þurfum að gera það. En fyrst og síðast er ég viss um að ef við höfum farið óvarlega þá höfum við farið óvarlega í launamálum. Við höfum verið að hækka raunlaun á Íslandi verulega mikið og verulega miklu meira en allar okkar samkeppnisþjóðir og allar okkar nágrannaþjóðir.

Þá spyr ég, virðulegi forseti: Var einhver á móti? Var einhver sem varaði við? Var einhver með efasemdir um að við ættum að hækka launin? Nei, það var enginn. Allir voru sammála um það eða það minnir mig. Verið getur að kannski einn maður hafi eitthvað verið að röfla um þetta, að það væri kannski of mikið og ekki ætti að gera þetta svona. En það hlustaði hvort sem er enginn á hann og enginn vildi taka mark á þeim viðvörunum þannig að við skulum bara gleyma því. Það stóðu allir að þessu. Við skulum vera alveg viss um það. (**Gripið fram í:** Hver var það sem röflaði?)

Svo skulum við fara yfir það hvar við erum komin í þessum launagreiðslum. Þessar símalandi greiningardeildir

bankanna sem núna senda okkur kveðju guðs og sína bæði kvölds og morgna tala ekki um það sem þær ættu nú fyrst og fremst að tala um. Þróunin hefur verið sú, þ.e. ef við tökum þáttatekjurnar — það skiptir öllu máli að fjalla um þær — ef við tökum þáttatekjurnar þá hafa laun á Íslandi verið í kringum 70% af þáttatekjunum núna um nokkurra ára skeið, 70%. Engin önnur þjóð í Evrópu er með þetta launahlutfall. Launahlutfallið í þáttatekjunum er í kringum 60% hjá Evrópuþjóðunum. Sú sem er næst okkur, eina þjóðin sem kemst nálægt okkur, eru Svíar með töluna 64, 65.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að ekkert þjóðfélag getur staðið með þetta launahlutfall. Það er orðið allt of hátt vegna þess að hið óhugnanlega og það sem við eigum að vera hrædd við — menn eru nú að vara hér mikið við og eru með mikið viðvörunartal — er það að á móti hefur hreinn hagnaður þjóðfélagsins, hreinn hagnaður í atvinnurekstrinum, verið að minnka. Hann er kominn núna niður í 10–11% sem er mjög hættulegt. Þetta heitir að borða útsæðið. Það er kannski ekki von að almenningur átti sig á því miðað við þær gríðarlegu tölur sem er verið að segja frá af hagnaði fyrirtækja. En sá hagnaður getur ekki stafað af öðru en velgengni þeirra í útlöndum eða þá eignatilfærslu. Þeir eru hækka hlutabréfin hver í öðrum og búa þannig til nýjan hagnað. Þetta er hið hættulega sem við þurfum að horfast í augu við.

Ef við lítum nú á þróun ríkisútgjaldanna á umliðnum árum og spyrjum: Var einhver á móti? Þá er svarið, virðulegi forseti: Nei, það var enginn á móti. Hins vegar vildu mjög margir bæta enn meira í. Og nú koma menn í stórum hópum, nú kemur hagfræðistofnun eftir hagfræðistofnun, Seðlabankinn og hinir bankarnir og allir þessir og segja: Nú þarf að skera niður í ríkisútgjöldunum.

Það er ágætt ef um það næst samstaða í þinginu að skera niður ríkisútgjöld. Ekki ætla ég að hafa á móti því. En ég bendi á, virðulegi forseti, að í sögulegu samhengi hefur það aldrei tekist. Í nútímasögu Íslands er eitt dæmi til um að tekist hafi að skera niður í ríkisútgjöldum á einum þætti og það var með mjög víðtækri þjóðfélagssátt. Það gerðist árið 1990 þegar samstaða var um að fella út á nokkrum árum útflutningsuppbætur á dilkakjöt. Það er eina dæmið. Það er bara eitt dæmi til. Að vísu reyna menn á hverju ári að stemma aðeins stigu við hækkunum með því að skera niður 100 milljónir hér og 100 milljónir þar. Það er hið eðlilega starf. En niðurskurður á ríkisútgjöldum hefur ekki átt sér stað á Íslandi og það sem meira er, virðulegi forseti, hann hefur ekki átt sér stað í Evrópu. Evrópuþjóðirnar hafa ekki ráðið við þetta.

Virðulegur forseti. Ég tel því að það liggi alveg ljóst fyrir að ef mönnum er alvara í því að vilja stemma stigu við hækkun ríkisútgjalda þá sé kenningin bara ein, að það sé algild kenning um það. Það er ekki hægt að standa að því að lækka ríkisútgjöld eða stemma stigu við hækkun þeirra nema með því að vera á móti áður en það er samþykkt. Þegar búið er að samþykkja það, gera t.d. samning um laun, þá stendur það. Ef menn ætla að vera ábyrgir þá eru þeir á móti því áður en samið er og berjast gegn því. Menn skera ekkert niður íslenska velferðarþjónustu. Hér er ekkert hægt, eins og þessir kappar eru að skora á okkur að gera — menn skera ekkert niður framlög til skóla eða rannsókna eða velferðarmála eða sjúkrahúsa. Þetta er bara vitleysa, virðulegi forseti. Þetta er bara bull sem verið er að segja. Þau geta kannski verið vel menntuð og vel meinandi en þau vita ekkert um hvað verið er að fjalla. Þetta er óframkvæmanlegt og verður ekki gert, hvorki á Íslandi né í öðrum Evrópulöndum.

Vandamál Evrópuþjóðanna sem hafa misst efnahagsmálin út úr höndunum á sér — en það hafa þau nærri því öll gert með undantekningunum Noregi, Íslandi og Sviss — er þetta: Menn eru að hækka ríkisútgjöldin, auka velferðina, hækka, stækka og efla og auka allt sem þeir vilja þegar vel gengur. Svo þegar slær í bakseglin þá er ekkert pólitískt afl til til þess að skera þetta niður. Þá stendur eftir kostnaðurinn. Þetta er ferlið. Við sjáum þetta í sögunni alls staðar. Við skulum því horfast í augu við þetta. Við erum ekkert öðruvísi en aðrir. Við munum ekki standa hér fyrir neinum róttækum aðgerðum þó að menn berji sér á brjóst. Ég á líka eftir að sjá að stjórnarandstaðan, hversu mikið sem við munum krefja hana um það, komi með nokkra einustu tillögu þar að lútandi. Ég veit það alveg fyrir fram, enda er ósanngjarnt að vera að kalla eftir því. Það er bara svona leikaraskapur. Ég ætla ekki að gera það heldur.

Við stöndum frammi fyrir þessu, virðulegur forseti. Ríkisfjármál Íslands eru einhver þau sterkustu í Evrópu og við skulum þakka fyrir það hversu lánlega við höfum komist í gegnum þetta. Ég þakka það nú sérstaklega þeim góðu samningum sem við rötuðumst til að gera á sínum tíma til að byggja upp lífeyrissjóðakerfi Íslendinga (**Gripið fram í:** Og þjóðarsáttinni.) því að annars hefðum við varla staðið svona vel að vígi eins og við gerum í dag. Þess vegna þurfum við að horfast í augu við það hvað er fram undan núna þegar allir eru sammála um að hætta sé á ferðum. Hvaða hætta er þetta? (**Gripið fram í:** ... ríkisstjórn.)

Ef við lítum á spána, á forsendurnar sem fjárlagafrumvarpið byggist á, þá er athyglisvert að gert er ráð fyrir því að stýrivextir Seðlabankans verði óbreyttir í ár og fram eftir næsta ári, þegar þeir fari að lækka. Einnig er gert ráð fyrir því að meðalgengi íslensku krónunnar, sem núna er í 103,7 eða 103,8 verði 114 á næsta ári. Það er líka gert ráð fyrir því að viðskiptahallinn á næsta ári verði 120 milljarðar kr. (**Gripið fram í:** Það verður miklu meira.) Spurningin, virðulegi forseti, er hverju menn vilja trúa í þessu. Þessi spá er eflaust ekki verri en hver önnur. Ég hef hins vegar haldið því fram að þetta sé ákaflega ósennilegt. Það fær enginn mig til að trúa að Íslendingar geti búið til viðskiptahalla á næsta ári, ofan á allt annað, upp á 120 milljarða kr. Það stenst ekki. Ég trúi því ekki.

Ég veit, virðulegi forseti, að útflutningsatvinnugreinar Íslands geta ekki lifað við gengið. Ég er viss um það. Ég hélt ræðu um það 3. desember á síðasta ári og er tilbúinn til að flytja þá ræðu aftur. (**SJS:** Þú verður að segja Halldóri Ásgrímssyni þetta.) Allir sem lyst hafa geta lesið þá ræðu. Ég ítreka, virðulegur forseti, að ég tel að allt sem hefur gerst síðan sanni mál mitt. Hættan fyrir okkur er sú að við sem þjóð höfum hækkað laun okkar, raunlaun Íslendinga — við allir og við berum öll ábyrgð á því — meira en vöxtur efnahagslífsins hefur leyft. Þetta höfum við öll gert sameiginlega og berum sameiginlega ábyrgð á því. Þetta, virðu-

legi forseti, er ekki hægt. Engri þjóð hefur tekist þetta. Ef þetta væri hægt, hvers vegna viðgengst það sem virðulegur þingmaður sagði frá í fyrradag, að það væru 800 milljónir manna vannærðar í heiminum? Það er rétt hjá honum. Ef hægt væri að hækka raunlaunin í heiminum þá væri enginn svangur. Ef þetta væri hægt þá væri líka sagan af Münchhausen baróni sönn, en hvert mannsbarn veit að sá barón var lygalaupur. Hann gat ekki dregið sig upp á hárinu. (**SJS:** Það er góð saga.) Meira að segja litlu börnin sem lesa söguna vita að hann var lygalaupur. Það sér það hver í hendi sér.

Við skulum horfast í augu við að við höfum bætt lífskjörin á Íslandi meira en gerst hefur í nokkru öðru landi. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það hlutfall af þáttatekjunum sem ég nefndi áðan, 70% laun, fær ekki staðist nema í örskamma stund nema vaxtakjörin séu því betri. Svo hefur verið í nokkur ár en fær ekki staðist og því verður að linna. Það bíður að mínum dóm, virðulegi forseti, hvers einasta stjórnmálamanns að þora að segja, horfast í augu við þjóðina og segja að fram undan eigum við helst von á að lífskjörin hljóti aðeins að rýrna. Það verður kjaraskerðing á Íslandi, kannski ekki mikil, vonandi ekki nema svona 1–2%. Kannski sleppum við þar, kannski verður hún meiri. En það ber að segja það vegna þess að menn eiga að segja satt og rétt frá.

Núna stöndum við frammi fyrir þessu. Útflutningsframleiðslugreinar Íslands geta ekki lifað við þá stöðu sem við erum í og engum er greiði gerður með því að þjóðin haldi áfram að safna tugmilljarða skuldum í útlöndum. Menn geta kennt ríkisstjórninni um þetta ef þeir vilja. Það er þó erfitt að finna það út vegna þess að ríkisfjármálin eru mjög sterk. Þessi þjóð hefur sjálf staðið að eyðslunni, allir hafa tekið þátt í henni, við finnum enga sem ekki eru sekir. Menn taka lán og aftur lán og auka neyslu sína. Það er komið að því að við verðum að stoppa, því verður að linna. Við getum ekki haldið genginu svona.

Hvað eigum við þá að gera vegna þeirrar hættu sem upp er komin? Það er ljóst, virðulegi forseti, að við höfum gert ein mistök sem eru greinileg. Það var þegar við hækkuðum hlutfall húsnæðislána. Við eigum þegar í stað, helst í dag, að færa það niður aftur í 80%, helst 75%. Við verðum að gera það. Þetta var augljós vitleysa. Við verðum líka, miðað við vinnumarkaðinn eins og hann er, að galopna landið fyrir þjóðum sem nýgengnar eru í Evrópubandalagið, eins og Pólverjum, galopna það þegar í stað.

Í þriðja lagi verðum við — menn hafa ekki viljað hlusta en nú eru þeir í þeirri stöðu að verða að hlusta — að fara í að skoða verðtryggingar. Það er brýnasta verkefnið, virðulegi forseti, hjá okkur í dag. Við getum hálsbrotnað á þeim núna. Við verðum að taka þær út. Við erum með tvenns konar krónu, þ.e. íslenska krónan og verðtryggða krónan, en á verðtryggðu krónuna bíta vextirnir ekki. Það getur vel verið að það séu góðir menn og gegnir í Seðlabankanum, sem þykjast standa vaktina sína, en þeir geta hækkað stýrivexti í sífellu. En þeir bíta ekki, eins og vextir bíta hjá öðrum þjóðum. Það er brýnt að við breytum þessu.

[14:05]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir að draga fram að allir málsmetandi aðilar í íslensku samfélagi hafa á undanförnum dögum lýst því yfir að þetta fjárlagafrumvarp takist ekki á við það verkefni sem takast þarf á við í hagstjórninni. En hver er boðskapur hv. þingmanns? Það er hræðsluáróðurinn. Eina leiðin til að takast á við vandann, segir hann, er að lækka launin vegna þess að hagnaður fyrirtækjanna er orðinn svo lítill að þau nærast á, hvað var orðið, útsæðinu? (**EOK:** Það heitir að éta útsæðið.) Í hvaða heimi býr hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson? Við sem fylgst höfum með uppgangi efnahags- og atvinnulífs á Íslandi og þeim stóreignamönnum sem hér hafa orðið til vitum betur. Við vitum að það er ekki einvörðungu launafólkið sem á að axla stöðugleikann í samfélaginu.

Hv. þingmaður er ekki fyllilega heiðarlegur þegar hann fjallar um aðhald í ríkisfjármálum sem einvörðungu útgjaldamál. Hann veit vel að þar erum við að fást við uppsafnaðan vanda síðustu ára. Hann veit vel að þar má skera niður víðar, t.d. hátt í milljarðs vöxt á útgjöldum ráðuneytanna á undangengnum árum. Ýmis útgjöld í utanríkisþjónustu hefur hann sjálfur gagnrýnt. Þannig gætum við haldið áfram. En mergurinn málsins, varðandi aðhald í fjárlögunum, er að úr því að ekki er hægt að skera niður útgjöldin þá hljóta menn að þurfa að horfa á tekjuhliðina. Það er því óhjákvæmilegt að spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki einsýnt, eftir þessa útreið fjárlagafrumvarpsins, að ríkisstjórnin fari að ráðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og taki að hluta eða í heild til endurskoðunar áform um skattalækkanir. Hv. þingmaður hefur sjálfur lýst því yfir úr ræðustólnum að ómögulegt verði að skera ríkisútgjöld nægilega niður til að mæta þessum skattalækkunum. Er það ekki hin eina ábyrga afstaða að hafa, virðulegur forseti?

[14:07]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hagstofa Íslands gefur út tölur um skiptingu þáttateknanna. Það er ekki ég sem er að ljúga einhverju að Alþingi, virðulegi forseti. Menn skulu bara lesa þær upplýsingar og bera saman skiptingu þáttateknanna á Íslandi miðað við aðrar þjóðir. Það er ekki uppspuni minn að hagnaður íslenskra fyrirtækja sé 10–11%. Það er ekki uppspuni minn að laun á Íslandi séu 70% af þáttatekjunum þegar þær eru 60% í Evrópu, hæst 64% í Svíþjóð. Þetta eru opinber gögn. Menn geta lesið þau.

Menn skulu gera sér grein fyrir því að ég var bara að upplýsa þá um stöðuna. Ef menn vilja ekki trúa mér er það þeirra vandamál og kannski þjóðarinnar, ef hún vill ekki trúa mér. 70% af þessu eru laun. Ég sagði það áðan, virðulegi forseti, að ég vil ekki trúa að sú gengisstefna sem boðuð er í frumvarpinu fái staðist. Ég hélt því fram að gengið yrði að fara miklu neðar til að framleiðslan gæti lifað. Hvað þýðir það á mæltu máli, virðulegi forseti? Það þýðir að lífskjör munu skerðast á Íslandi. Ég segi það hér framan í alla. Þetta er óumflýjanleg og einhver verður að segja það. Það er óumflýjanleg.

Ríkissjóður Íslands stendur miklu betur en ríkissjóður

allra annarra ríkja Evrópu. Ef þróunin verður sú sem ég tala um þá munu tekjur ríkisins falla verulega. Þá verður strax skorið á einkaneysluna. Það er gott. Það er af hinu góða ef tekjurnar minnka. Ríkissjóður hefur ekkert að gera með allar þær tekjur. Ef það er til að ná jafnvægi í fjármálum, að ríkið missi af tekjuafgangi sínum, þá er það gott. Það er nauðsynlegt. En ég tel að um leið og við vitum að lífskjörin hljóta að skerðast þá sé fátt betra fyrir ríkissjóð en að geta þá komið til móts við þá tekjuskerðingu með lækkun skatta.

[14:10]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er með hreinum ólíkindum að fylgjast með mótsögnunum í málflutningi hv. þingmanns. Hann telur útilokað að ná fram aðhaldi í útgjöldum ríkissjóðs, sem er út af fyrir sig athyglisvert. Hann heldur því annars vegar fram, réttilega, að verkefnin nú séu að hemja einkaneysluna og lántökurnar og draga úr þenslunni. Á sama tíma fullyrðir hann að besta framlagið til þess sé að ráðast í umfangsmiklar skattalækkanir og skapa þar með hátekjufólki, fólki sem hefur greitt hátekjuskatt, meira svigrúm til að flytja inn fleiri bíla og væntingar til að taka fleiri lán. Þetta fær ekki staðist, virðulegur forseti.

En ég fagna því að hv. þingmaður veki athygli á verðtryggingarvandanum. Ég spyr mig sömu spurningar, þ.e. hvort ástæðan fyrir því að við Íslendingar eigum erfiðara með að halda stjórn á hagsveiflum í landinu en aðrar þjóðir, sé ekki einmitt sú sem hv. þingmaður nefndi, verðtryggingarkerfið sem gerir það að verkum að viðleitni Seðlabankans til að halda aftur af lántökum, eyðslu og fjárfestingum með hækkun stýrivaxta, nær ekki fyrr en löngu síðar til verðtryggðra lána og hins stóra hluta neyslunnar og fjárfestingarinnar sem í því felst. Ég spyr þess vegna hv. þingmann hvað hann hyggist gera á Alþingi, sem varaformaður fjárlaganefndar og talsmaður Sjálfstæðisflokksins í þinginu. Hvað hyggst hann gera í verðtryggingarmálum, til að reyna að vinda ofan af þessum kerfislæga vanda og vinna okkur út úr afleiðingunum af honum?

[14:12]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er útúrsnúningur hv. þingmanns að segja að ég hafi sagt að vonlaust væri að skera niður ríkisútgjöld. Ég sagði bara að reynslan væri sú að við færum stundum í það öðru hverju, að skera niður 100 millj. kr. eða einn milljarð hingað og þangað, sem er nauðsynlegt og vissulega hægt að gera. En reynslan er sú á Íslandi, í Evrópu og alls staðar, að það að vera á móti útgjöldunum áður en þau eru samþykkt er hin raunhæfa barátta fyrir því að ríkisútgjöldin vaxi ekki.

Ég veit ósköp vel að það er fitulag víða í ríkisútgjöldunum. Við förum á hverju ári í gegnum það. Það gerum við alltaf og eigum alltaf að gera. Það er eilífðarverkefni. En það er bara venjuleg hreingerning. Það hefur engin úrslitaáhrif á efnahagslíf Íslendinga, hvorki fram né til baka. Ég fagnaði því ef svo undarlega mundi vilja til að stjórnarandstaðan á Íslandi vildi vera við hliðina á okkur og hjálpa til við það. Það er alltaf til bóta þótt það væri ekki einn og einn milljarður hingað og þangað. Við erum alveg reiðubúin til að standa að slíku og höfum alltaf verið. En ég spyr: Hvar voru menn þegar þessi útgjöld voru ákveðin? Stóð stjórnarandstaðan og mótmælti óvarlegri meðferð í launamálum ríkisins? Var því mótmælt af stjórnarandstöðunni? Hefur stjórnarandstaðan á umliðnum árum, yfir þau tímabil er hún vildi meina að óvarlega hefði verið unnið, verið einhvers staðar á vettvangi til að vara við? Eru einhvers staðar til einhver ummæli eftir hana eða tillögur? Virðulegur forseti. Ég veit að svo er ekki.

[14:14]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ræða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, talsmanns Sjálfstæðisflokksins í fjármálum á þinginu, var mjög athyglisverð. Sérstaklega fannst mér athyglisverð sú nafngift sem hann gaf ráðherrum sínum, fjármálaráðherra og forsætisráðherra, að þeir væru eins og Münchhausen sem héldu að þeir gætu dregið sig upp á hárinu. En ég tek undir þá skoðun hans. Hv. þingmaður rakti þetta.

Ég velti fyrir mér gengismálunum. Hann hafði áhyggjur af gengismálunum í fyrra og hefur áhyggjur af þeim enn. Hverju ætlar þingmaðurinn að beita sér fyrir innan flokks síns gagnvart þessum „Münchhausenum" sem hann nefndi hér sjálfur? Gengisspá þessa árs stóðst engan veginn. Í forsendum fjárlaga var spáð gengi upp á 120–125 en það reyndist í kringum 110, undir ráðslagi þessara Münchhausena.

Í gengisspánni fyrir næsta ár er gert ráð fyrir genginu 114,2. Telur þingmaðurinn að það náist, miðað við þau fjárlög sem nú eru sett upp? Miðað við stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, telur hann sig geta „garanterað" þetta gagnvart atvinnulífinu, að þetta náist sem meðalgengi fyrir næsta ár? Það er þó er allt of lágt, eins og við vitum báðir. Það er talið að gengisvísitalan þurfi að vera í 130–135 til að hægt sé að búast við jafnvægi í utanríkisviðskiptum. Ég hefði viljað heyra betur hvernig þingmaðurinn ætlar að bregðast við innan síns flokks.

[14:16]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig vera að tala hér í heilmikilli alvöru og lagði mig fram um það vegna þess að ég tel að málefnið sé alvarlegt. Ég kann því illa þegar menn koma og eru með ómerkilega útúrsnúninga varðandi þetta.

Ég vil hins vegar spyrja hv. þingmann hvort hann sem stjórnarandstöðuþingmaður þori, geti og vilji koma hér upp í pontu og segja það sem hann veit að er rétt og satt, að nauðsynlegt er að rýma fyrir framleiðslunni á Íslandi, búa til rými fyrir íslenska framleiðslu svo við getum lifað í landinu. Þorir hann að segja við Íslendinga að það sé lífsnauðsynlegt og það geti ekki gerst öðruvísi en að kjör almennings muni rýrna aðeins um nokkurn tíma? Þó að ég viti vel að það taki flugið aftur, þjóðfélagið verður mjög fljótt að jafna sig, það þarf kannski ekki nema nokkur missiri. Þorir hann að segja þetta eða vill hann bara halda áfram að snúa út úr og segja einhverjar sögur af Münchhausen? Þorir hann að tala um það? Veit hann ekki að það er rétt að við Íslendingar höfum hækkað laun, raunlaun okkar meira en nokkur önnur þjóð, meira en aukningin hefur verið á

framleiðslunni og við stöndum frammi fyrir því að viðurkenna það? Það er ekki annað hægt. Ég spyr: Þorir hann að segja það eins og honum ber vegna þess að stjórnarandstöðuþingmenn hafa sannarlega ábyrgð eins og aðrir þingmenn og eru ekkert undanþegnir henni. Þeir eiga að koma og þora að segja það, ef þeir hafa meiningar um efnahagslíf á Íslandi, hvað þurfi þar til að koma og hvernig það standi. Því þorir hann þá ekki að segja það heldur hann fer alltaf eins og köttur í kringum heitan graut? Þorir ekki að segja það. Þorir hann að meina að það sé lífsnauðsyn? Gerir hann það eða gerir hann það ekki?

[14:18]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það fór sem mig grunaði að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefði ekki kraft til að fylgja því eftir sem hann sagði áðan. Hann treysti sér ekki til að segja: Ég trúi eða ég treysti því að það gengi sem boðað er á fjárlögum næsta árs í fjárlagafrumvarpinu standist. Enda getur hann það ekki, hann veit að efnahagsstefnan sem nú er keyrð með þeim hætti að það veit enginn hvert ber enda hefur Seðlabankinn og allir aðilar aðrir í fjármálalífinu bent á það eins og þingmaðurinn rakti í upphafi ræðu sinnar áðan.

Hitt er síðan þessi veikleiki þingmannsins að halda að launafólk hins opinbera sé vandi ríkisins. Eru laun leikskólakennara vandi ríkisins? Eru laun starfsmanna sjúkrahúsanna, sjúkraliðanna, vandi ríkisins? Er þetta fólk, sem er kannski með liðlega 100 þús. kr. á mánuði, að mynda viðskiptahallann? Hvar eru gælumennirnir, gæludýrin, þeir sem eru með yfir milljón á mánuði sem hv. þingmaður hefur búið slíkt umhverfi og boðar svo skattalækkanir í þokkabót? Það eru þeir aðilar sem eru að setja gengið um. Það eru þessir aðilar sem búa til viðskiptahallann og kaupa rándýra bíla, ekki starfsfólkið á sjúkrahúsunum. Þorir þingmaðurinn að viðurkenna það?

Ég vil benda á að við þingmenn Vinstri grænna höfum einmitt lagt fram tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Þar eru listaðar þær aðgerðir sem við teljum að þurfi að grípa til. Þær eru vafalaust sársaukafullar fyrir einhverja, sérstaklega þá sem hafa hæstar tekjurnar. En jafnframt er lögð áhersla á að verja kjör þeirra sem lægstir eru og jafnframt tryggja atvinnulegan stöðugleika. (Forseti hringir.) Þingmaðurinn hlýtur að hafa heyrt (Forseti hringir.) orð manna af Vestfjörðum um það hvernig útflutningsgreinarnar standa þar (Forseti hringir.) í því efnahagsumhverfi sem hæstv. ríkisstjórn hefur búið til.

(**Forseti** (DrH): Ég bið hv. þingmenn að virða ræðutíma.)

[14:21]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega eins og við þekkjum fyrri daginn, hv. þm. Jón Bjarnason reynir að vera með einhverja útúrsnúninga.

Það hefur enginn sagt það hér, virðulegur forseti, að hinir lægst launuðu á Íslandi séu valdir að ójafnvæginu. Það hefur verið sagt að launagreiðslur á Íslandi í heild sinni séu hærri en fái staðist. Það er óyggjandi. Svo kemur þingmaðurinn og vill meina að ég sé að ráðast á þá sem — þetta er venjulegt skítkast og ekki svaravert.

Hins vegar er það oft þannig, virðulegur forseti, að mikla lagni þarf til að tryggja það að passað sé upp á hag þeirra sem lakast standa í þjóðfélögum þegar á hallar. Það er bara allt annar hlutur.

Ríkisfjármálin eru ekki vandamál á Ísland í dag. Ríkisfjármál á Íslandi standa betur en hjá nokkurri annarri þjóð í Evrópu, það er ekki vandamálið. Þurfum við á því að halda að stoppa hér aðeins við, þá hefur ríkissjóður Íslands alveg efni á því, hann mun þola það mjög vel. Það gerir ekkert til þó að tekjuafgangurinn hverfi, það er bara hið besta mál.

Hins vegar óttast ég að Íslendingurinn, hinn venjulegi Íslendingur sem hefur verið að ganga þessa götu fram eftir veg á undanförnum nokkrum árum, tveim, þrem, fjórum, og mánuðum, að með því að skuldsetja sig og skuldsetja, þá er ég hræddur um afkomu hans. Ég segi þetta núna vegna þess að það borgar sig að segja þetta við fólk því að ef menn ætla að framlengja þetta í eitt ár eða eitt og hálft ár í viðbót, halda áfram viðskiptahalla upp á 120 milljarða á ári þá veit ég að það verður tíu sinnum sárara þegar kemur að skuldadögunum. Ég tel það rétt og sanngjarnt að segja fólki þetta þó að það vilji ekki heyra það, segja það upp í opið geðið á hverjum Íslendingi. Hann hefur gott af að heyra það vegna þess að öll bið er af hinu verra. Það verður enn þá verra (Forseti hringir.) eftir eitt ár, hálft ár eða tvö ár.

[14:23]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Enn einu sinni er athyglisvert að fylgjast með umræðum um fjárlagafrumvarp. Enn einu sinni kemur stjórnarmeirihlutinn með fjárlagafrumvarp sem því miður er ekki hægt að taka mark á. Enn einu sinni falla menn í gryfju sýndarveruleikans.

Frú forseti. Ég hafði trú á því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson mundi koma hér og færa umræðuna upp á örlítið hærra plan. Hv. þingmaður hefur oft leikið það hlutverk í umræðum að koma hér með aðvörunarorð. Og út af fyrir sig má segja að ekki hafi aðvörunarorðin skort í ræðu hv. þingmanns en því miður voru ábendingar hans eins og úr öfugri átt.

Hv. þingmaður talaði um að ríkisfjármálin skiptu engu máli, þau væru ekkert vandamál. Tekur þar af leiðandi undir sönginn um að ríkisstjórnin þurfi ekkert að hafa áhyggjur af því sem er að gerast í hagkerfinu, það komi líklega ríkisstjórninni ekkert við. Hv. þingmaður sleppti að vísu úr ræðu sinni þeim mikla kafla sem við höfum oft heyrt, að Seðlabankinn væri höfuðvandamál í efnahagslífinu. Þegar hv. þingmaður sagði að engu máli skipti þó að enginn afgangur yrði á ríkissjóði, þá sagði hann í raun og veru: Þá verður Seðlabankinn að sjá um þetta mál.

Hvaða aðferðir, hv. þingmaður, hefur Seðlabankinn til þess að taka á málinu? Hann hefur aðeins eina leið, og hver er hún? Að hækka stýrivexti. Og hver eru áhrifin? Hv. þingmaður þekkir það mjög vel. Hann varaði við því að það mætti ekki gerast. Hvernig stendur þá á því að tengingin hjá hv. þingmanni er ekki betri en svo að hann áttar sig ekki á að þarna eru tengsl á milli, að þarna skiptir öllu máli að

Seðlabankinn og stjórnvöld séu í takt, þau séu í takt að reyna að ná þeim markmiðum sem mér heyrðist að hv. þingmaður vildi ná fram. Og það er hárrétt hjá hv. þingmanni að ef ekkert verður að gert í eitt ár, þ.e. á tíma þess fjárlagafrumvarps sem við nú ræðum, þá er mikil hætta á að skellurinn verði miklu, miklu verri. Þetta er nákvæmlega það sama og við flest höfum verið að reyna að segja í stjórnarandstöðunni og allir þeir aðilar, hefur mér heyrst, á markaðnum sem hafa skipt sér af fjárlagafrumvarpinu hafa tekið undir þetta nema stjórnarliðarnir, sem tala að vísu nokkuð í kross því að hæstv. fjármálaráðherra segir þó að það skipti verulegu máli að afgangur sé á fjárlögum. Telur aðhaldsstigið nægjanlegt, er einn um þá skoðun að vísu, en hann talar þó í þá áttina.

En hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, nei, það skiptir bara engu máli hvernig staðið er að málum í ríkisrekstrinum. Þetta segir okkur auðvitað ýmislegt um hvernig á því stendur að við náum aldrei nokkrum árangri í því að gera alvörufjárlög í landinu. Ef þetta er stefna meiri hluta fjárlaganefndar skilur maður vel að fjárlaganefndin hafi aldrei nokkurn tíma lyft litla putta í að sýna neitt aðhald í ríkisrekstrinum. Þá skilur maður líka af hverju Ríkisendurskoðun ár eftir ár í skýrslum sínum um framkvæmd fjárlaga bendir á að ekkert aðhald sé í málunum og það sé algjör lausaganga í ríkisfjármálunum, þ.e. að útgjöldin séu stjórnlaus, aldrei sé tekið á þeim. Þá skilur maður líka af hverju aðvaranir Ríkisendurskoðunar snúast um að það sé á ábyrgð Alþingis að þetta gerist svona ár eftir ár, og það sé verkefni fjárlaganefndar að taka í taumana vegna þess að fjárlögin segja ekkert til um það í rauninni hver útgjöldin eru. Það er hægt að koma hér ár eftir ár með falleg fjárlög, að vísu misjafnlega falleg eins og þau fjárlög sem nú eru, sem auðvitað sýna ekki nægjanlega fegurð. En, frú forseti, ég verð að segja að það skiptir því miður engu máli vegna þess að engin merking virðist vera á bak við plaggið.

Ekkert er gert í því þó að ár eftir ár séu fjárlagaliðir ýmissa stofnana þannig að uppsafnaður halli sé til fjölda ára og aðrar stofnanir sem safna stöðugt innstæðu. Það er ekkert gert í því að skoða hvernig á þessu standi. Þegar við erum að samþykkja hér fjárlög er fjöldi stofnana í raun búinn með stóran hluta af þeim fjárveitingum sem þær eiga að hafa til þess að reka sig á næsta ári. En aðrar stofnanir hafa hins vegar í sjóði stórar fúlgur til að geta þess vegna aukið útgjöld. Það er ekkert gert í því að skoða þetta, hefur ekki verið gert til fjölda, fjölda ára. Þess vegna kemur Ríkisendurskoðun ár eftir ár með ábendingar um að á þessu verði að taka.

Hún bendir reyndar á það í síðustu skýrslu sinni sem kom nú í sumar að það gæti nú hreinlega verið þannig að það væri í anda stjórnvalda að hafa það svona, það gæti verið að það hentaði hreinlega stjórnvöldum að vera ekkert að breyta þessu vegna þess að með því geti menn lagt fram falleg fjárlög ár eftir ár. En, frú forseti, vegna þess að það hefur nú stundum gerst, og það á síðustu missirum, að ýmsir stjórnarliðar hafa veifað pappírum frá Ríkisendurskoðun og talið þá vera þá markverðustu sem sést hafa er kannski rétt að vitna orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar þannig að hv. þingmenn sumir hverjir haldi ekki að þetta sé eingöngu frá fulltrúum Samfylkingarinnar.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Reyndar má spyrja hvort stjórnvöld hafi í raun nokkurn áhuga á að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur á framkvæmd fjárlaga þar sem það geti bara hentað ágætlega. Í fjárlögum megi þannig sýna aðhald með ríkisútgjöldum enda þótt ljóst sé að raunveruleg útgjöld verði í mörgum tilvikum hærri.“

Orðrétt tilvitnun í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Skömmu síðar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Strangt aðhald með ríkisfjármálum sé ekki líklegt til vinsælda á vettvangi stjórnmálanna, sérstaklega ekki þegar auknar tekjur ríkissjóðs vegna uppsveiflu í hagkerfinu geri gott betur en að mæta meiri útgjöldum.“

Frú forseti. Það er nákvæmlega þetta sem við sjáum í því fjárlagafrumvarpi sem hér liggur fyrir. Og það er nákvæmlega þannig því miður sem haldið hefur verið um ríkisfjármálin á undanförnum árum, og sérstaklega á þessu ári þegar sveiflan er í þá áttina að fjármagn streymir inn í ríkissjóð. Þá er ekkert aðhald við útgjöldin og það er auðvitað vandamálið. Þess vegna er það áhyggjuefni þegar varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem oft hefur talað hér af mikilli ábyrgð um að sýna þurfi aðhald í útgjöldum ríkissjóðs — það er minnisstætt að þegar efnahagslífið var að byrja að rísa aftur eftir síðasta fall var hv. þingmaður hér með miklar ræður um hversu mikilvægt væri að varast þetta þensluástand og reyna að sýna sem mest aðhald — að nú virðist hv. þingmaður genginn í björg og sér ekkert annað en Seðlabankann og vill láta hann um allt, vill láta hann leysa allan vanda. Hef ég grun um að því fylgi eitthvað. Við höfum heyrt einstaka sinnum að hv. þingmaður telji að nú þurfi að breyta hreinlega verðbólgumarkmiðum Seðlabankans og þannig eigi að leysa málið. En hv. þingmaður hefur möguleika til þess seinna í umræðunni að skýra betur út hugmyndir sínar um hvernig við eigum að komast út úr því sem nú blasir við og veldur okkur mörgum áhyggjum og það er eðlilegt að það valdi okkur áhyggjum. Hv. þingmaður sagði það áðan að hann vildi tala um þessi mál af fullri alvöru og ég trúi því og treysti að hv. þingmaður muni gera það í seinni ræðum sínum.

Ég talaði áðan um vinnubrögðin. Það er mjög víða sem við rekumst á að vinnubrögðin eru afar sérstök og óábyrg. Ég nefni eitt lítið dæmi en samt sem áður nokkuð dæmigert. Í sumar heyrðum við að ákveðið hefði verið á einhverri skrifstofu hér í borginni að leggja niður Listdansskólann. Hann er aflagður sisona, það er ekki haft samráð við einn eða neinn og það veit enginn hvað við tekur. Við sjáum svo í fjárlagafrumvarpinu að þeir peningar sem þangað áttu að fara, ja, þeir eru bara nægjanlegir og varla það til þess að keyra þennan skóla áfram það skólaár sem nú er hafið. Trúlega mun það ekki duga vegna þess að ef ég man rétt þá er hali til margra ára á þessari stofnun sem aldrei hefur verið tekið á. Þetta er líklega mesta uppgjör sem maður hefur séð í því að taka á vanda stofnunar en afar einfalt, leggja hann bara niður.

Fleira vekur athygli. Ég sé það í 6. gr., afar sérstakri grein þar sem kemur í ljós að undirbúningskostnaður vegna þess stóra mannvirkis sem á að reisa við austurhöfnina í Reykjavík á að leysast með því að í heimildarákvæði má borga allan kostnaðinn. Ég spyr, frú forseti: Hvernig stend-

ur á því að svo slælega er staðið að málum? Þetta verkefni er búið að undirbúa til fjölda ára og enn situr í fjárlagafrumvarpinu heimild til þess að greiða allan þennan kostnað. Ég spyr: Veit enginn hver þessi kostnaður er? Er þetta bara opinn tékki í allar áttir? Er ekki unnið eftir neinum áætlunum? Hvernig stendur á því að þegar við erum farin að sjá í blöðunum myndir af því hvernig þessi glæsibygging á að líta út þá er ekki einu sinni í fjárlagafrumvarpinu nokkur upphæð um það hvað áætlaður kostnaður verður um þessa byggingu? Nei. Það er áfram haldið með að hafa opinn tékka, heimildarákvæði um að nú skuli allan kostnað greiða. Það eru engar upplýsingar um hvernig hann eigi að skiptast eða í hvaða hæðum hann er.

Ég sagði, hæstv. forseti, að ég ætlaði að nefna örfá dæmi og lítil út af fyrir sig en þau eru táknræn um vinnubrögðin. (Forseti hringir.) Svona á ekki að vinna, hæstv. forseti. (Forseti hringir.) Það á að vinna af ábyrgð að ríkisfjármálum.

[14:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það vekur undrun mína hvernig sá ágæti virðulegi þingmaður Einar Már Sigurðarson nennir að koma hér upp, fjasa og masa um það sem hann veit að er hreinn tilbúningur hans sjálfs. Ég sagði áðan í ræðu minni, virðulegi forseti, að ef þjóðfélag stendur frammi fyrir því að lífskjör þegnanna þurfi að skerða í smátíma sé sjálfsagt að fórna ríkissjóði fyrir það. Þá minnkar einkaneyslan strax og tekjur ríkisins minnka og það er sjálfsagður hlutur. Það er fagnaðarefni að umframeyðslan í þjóðfélaginu hverfi og hinar óraunhæfu tekjur ríkissjóðs hverfi. Ég hélt að hvert mannsbarn skildi þetta og auðvitað skildi nafni minn og hv. þingmaður þetta. Honum fannst bara sjálfsagt og gaman að masa um þetta, hann sneri þessu öllu á hvolf og masaði og fjasaði um að þar með hefði ég lýst því yfir að ríkisfjármál skipti engu máli o.s.frv. o.s.frv. út og suður, eintómt hugarfóstur og bull. En ef hann hefur gaman af þessu þá er það náttúrlega eins og sagt er — nei, ég ætla ekki að segja það.

Jæja, virðulegi forseti. En ég vil hins vegar benda hv. þingmanni á að 6. gr. heimildin sem er þarna inni varðandi undirbúning að tónlistarhúsinu er bara eðlileg og veitir heimild til þess að undirbúa þessa gjörð. Hins vegar liggur það alveg ljóst fyrir í mínum huga, og ég skal taka það fram hér, að fjármögnun þessa húss og þátttaka ríkisins í þeirri fjármögnun, hvort sem það er 45% eða 55%, ég man það ekki, hversu margir milljarðar sem það eru, það getur aldrei haft gildi nema flutt sé um það lagafrumvarp, sérstök lög um þetta tónlistarhús. Skuldbinding ríkisins hefur ekkert gildi fyrr en Alþingi hefur samþykkt hana.

[14:35]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta innslag hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar var afskaplega merkilegt og í raun og veru betri skýring á því sem fram hafði komið hjá hv. þingmanni í ræðu hans. Hv. þingmaður hefur gefist upp á því og hefur enga trú á því að ríkisstjórnin muni taka þátt í því að reyna að verja lífskjörin. Hann telur að það sé ekki hægt að verja lífskjörin. Okkar áhyggjuefni er nákvæmlega þetta, að það verði ekki hægt að verja lífskjörin vegna ábyrgðarleysis í ríkisfjármálum. Þess vegna skiptir máli að tekið sé á ríkisfjármálunum. Það er auðvitað áhyggjuefni þegar báðir aðilar á vinnumarkaði, þ.e. Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands, eru sammála um að forsendur kjarasamninga eru brostnar, verðlagsforsendur kjarasamninga eru brostnar. Þá er hættan sú að segja þurfi upp kjarasamningnum og semja á ný. Það væri auðvitað miklu æskilegra að hjá því væri hægt að komast og að hægt yrði að gera samninga sem giltu eitthvað fram í tímann en þeir verða þá að byggjast á einhverju trausti. Ég verð að trúa því, herra forseti, og treysta að aðilar vinnumarkaðarins, líkt og síðast þegar við stefndum í svipaða stöðu, hafi vit fyrir ríkisstjórninni, dragi hana að borðinu og hjálpi henni við að komast að skynsamlegri niðurstöðu. Það er í raun og veru, sýnist mér, okkar eina von vegna þess að það virðist enga von að hafa í stjórnarliðunum. Hv. þm. Einar Oddur boðar bara lífskjaraskerðingu og ég hef ekki trú á því að nýir kjarasamningar verði reistir á þeim forsendum. Ég trúi því og treysti að aðilar vinnumarkaðarins komi hér til aðstoðar og bjargi okkur frá þeirri stefnu sem ríkisstjórnin nú fylgir og greinilega með stuðningi hv. þingmanns eins og oft áður.

[14:38]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það vilji allra að reyna að verja lífskjör Íslendinga. Það hafa allar ríkisstjórnir alltaf reynt að gera. Lífskjör Íslendinga, raunlaunin, raunkaupmátturinn, hafa vaxið hér meira en annars staðar. Ég er margbúinn að segja þetta og þetta vita allir.

Ég met stöðu atvinnulífsins þannig að það væri öllum fyrir bestu að við yrðum að búa til rými fyrir útflutningsframleiðsluna. Í fjárlagagerðinni og þeim grundvelli sem hún er byggð á er gert ráð fyrir því að áfram verði 120 milljarða viðskiptahalli, að kaupmáttur muni aukast um 2,7%. Það er viðmiðunin. Ég lét þess getið, virðulegi forseti, að ég tryði þessu ekki af því að ég tryði ekki grunntölunni, þ.e. viðskiptahallanum. Ég vona og ég þykist viss um að þetta fær ekki staðist. Þegar við stöndum frammi fyrir því að launin kunni að rýrna eitthvað smávegis, 1–2% giska ég á, eftir 10 ára velgengni, eftir að hafa hækkað að raungildi milli 50 og 60% þá er það ekkert voðalegt áfall. Það er ekkert skelfilegt áfall. Það er hlutur sem borgar sig að tala um og tala um af fullri hreinskilni og auðvitað er eðlilegt að ríkið komi þar inn í og reyni með öllu móti að hjálpa til við að gera þetta eins sársaukalítið og hugsast getur, m.a. með skattalækkunum. Það má fjalla um það á ýmsan hátt og fara í gegnum það. Auðvitað gerir hún það og auðvitað á ríkissjóður að fórna tekjum sínum þegar tekjur almennings eru að rýrna. Enda er það ekkert markmið í sjálfu sér að ríkissjóður sé alltaf rekinn með miklum afgangi. Það er mjög nauðsynlegt á velgengnistíma en þegar verr gengur er líka alveg eins lífsnauðsynlegt að ríkið sé tilbúið til að fórna sínum hlut.

[14:40]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar kom hv. þingmaður loksins með áhyggjuefnið og ég get tekið undir það með hv. þingmanni

að það er auðvitað mikið áhyggjuefni hvernig staða útflutningsatvinnuveganna er, og þar með atvinnulífsins í heild. Það er nákvæmlega það sem minn málflutningur gekk út á. Munurinn á okkur hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og mér er sá að ég tel að við eigum í ríkisfjármálunum að taka þátt í þessu. Við eigum ekki að segja að það skipti ekki máli, eins og hv. þingmaður hefur því miður endurtekið hér, að það megi fórna afgangnum af ríkissjóði til þess að reyna að bjarga málunum fyrir horn. En þá skilur hann þetta allt eftir í fangi Seðlabankans og það gengur ekki vegna þess að þá erum við um leið að riðla afstöðu útflutningsatvinnuveganna og atvinnulífsins í heild og það gengur auðvitað ekki upp. Hv. þingmaður sagði reyndar að hann tryði ekki á grundvöll fjárlagafrumvarpsins og út af fyrir sig er hægt að taka undir það. Hann gengur ekki upp og það er auðvitað mikið áhyggjuefni. Ég ætla að vona að hv. þingmaður taki af heilindum þátt í störfum fjárlaganefndar, sem verður augljóslega að koma meira að þessu máli en oft áður og taka hugsanlega þátt í því með aðilum vinnumarkaðarins að bjarga kúrsinum. Ég sé ekki að við höfum aðra möguleika í stöðunni og því fyrr því betra. Ég vona að hv. þingmaður komi af fullri einurð til þeirra starfa.

Það var einnig mjög athyglisvert hjá hv. þingmanni að hann taldi að það sem ég nefndi í 6. gr. frumvarpsins væri í raun merkingarlaust, það skipti í raun engu máli vegna þess að ekki lægi einu sinni fyrir lagafrumvarp um framkvæmdina og þetta öðlaðist ekki gildi fyrr en það væri samþykkt. Þetta er auðvitað hárrétt hjá hv. þingmanni og það er algerlega með ólíkindum að þetta skuli ekki vera löngu búið. Sýnir því miður kæruleysið sem er allt of víða. Þessi framkvæmd er komin á það stig að hér ættu að liggja fyrir tölur og áætlun um kostnað á næsta ári. Það er eiginlega lágmarkskrafa.

[14:42]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006, frumvarp sem einkennist fyrst og fremst af aðhaldi og ábyrgð, nú sem fyrr. Hæstv. fjármálaráðherra fór ágætlega yfir það fyrr í dag. Á uppgangstímum eins og nú eru er mjög mikilvægt að allir aðilar, hið opinbera, sem sagt ríki og sveitarfélög, og aðrir aðilar á markaði gæti aðhalds og sýni ábyrgð. Ég vil ekki gera lítið úr hlut þeirra. Við sem höldum utan um ríkisfjármálin höfum sýnt aðhald með niðurskurði í stofnframkvæmdum á vegum ríkisins. Það er líka mikilvægt að sveitarfélögin í landinu sýni aðhald og einnig aðilar á markaði.

Menn tala mikið um að ríkisstjórnin sýni ekki nægilegt aðhald og að hún þurfi að sýna enn meira aðhald en gengur og gerist. Ef við skoðum þá þróun sem hefur átt sér stað úti á markaðnum þá eru útlán bankanna frá ágúst 2004 til ágúst 2005 312 milljarðar, sem er hátt í öll fjárlög íslenska ríkisins. Erlendar skuldir íslenskra bankastofnana, að frádregnum eignum, voru um áramót 780 milljarðar kr. en eru í dag um það bil 1.050 milljarðar og breytast nú dag frá degi. Ef við setjum þetta í slíkt samhengi hljóta menn að sjá að það er ekki ríkið eitt sem ber ábyrgð á því hvernig þenslunni er nú komið. Ég dreg ekkert úr því að þensla er í íslensku samfélagi og öllum ber að stefna að því að draga úr henni til þess að varðveita stöðugleikann.

Hæstv. forseti. Því miður er það svo að stærstur hluti útgjalda ríkissjóðs er bundinn í kjarasamningum og rekstri ríkisstofnana. Það er því ljóst að ef fylgja á eftir aðhaldsskilaboðum sem komið hafa fram í dag frá hv. stjórnarandstöðu þarf að grípa til mikilla aðgerða. Segja þarf upp opinberum starfsmönnum í hundraðatali. Aðilar á markaði hafa tjáð okkur að ef ríkið ætlar að stunda hagstjórn á þessum markaði þurfum við að skera niður á bilinu 30–40 milljarða svo eitthvert mark sé takandi á. Hagkerfið er um 1.000 milljarðar kr. og 1 milljarður eða 5 milljarðar skipta engu máli í því samhengi. Það þurfa þá að koma til tuga milljarða króna tillögur. Ég hjó eftir því áðan að hv. þm. Helgi Hjörvar sagði að Samfylkingin kæmi með niðurskurðartillögur sem mundi væntanlega muna um við 2. umr. fjárlaga. Ég mun bíða eftir þeim niðurskurðartillögum í ljósi þess að rekstur ríkissjóðs er að 70–80% leyti múlbundinn og menn skulu þá finna þessi fitulög upp á 30–40 milljarða þannig að muni um. Ábyrgur flokkur eins og Samfylkingin hlýtur að fylgja þeirri ræðu sem hv. þm. Helgi Hjörvar flutti sem talsmaður Samfylkingarinnar í efnahagsmálum eða innan fjárlaganefndar.

Hæstv. forseti. Hagstjórnin hefur því verið ábyrg og aðhaldssöm. Kaupmáttaraukning hefur verið um 60% frá árinu 1995. Hvergi á Vesturlöndum hefur kaupmáttaraukning einnar þjóðar verið jafngríðarlega mikil og í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Nú standa yfir skattalækkanir og ég ætla að fara yfir þær í ræðu minni á eftir. Enginn stjórnarandstöðuþingmaður mótmælti þeim skattalækkunum, greiddi atkvæði gegn skattalækkunaráformum ríkisstjórnarinnar. Það er því mjög áhugavert að hlusta á málflutning Samfylkingarinnar í dag um að nú þurfi að taka skattalækkunaráformin til endurskoðunar. Ég hjó eftir því að hv. þm. Helgi Hjörvar talaði um að við þyrftum að hækka enn frekar persónuafsláttinn. Hvaðan ætlar hv. þingmaður að taka þá fjármuni? Eigum við að minnka tekjuskattsprósentulækkunina sem Samfylkingin lofaði fyrir síðustu kosningar og sagði á hverjum fundinum á fætur öðrum að væri öflugasta vopnið til að minnka jaðaráhrifin í skattkerfinu? Sem er reyndar rétt.

Stefna Samfylkingarinnar í skattamálum er kapítuli út af fyrir sig. Í þeim umræðum sem átt hafa sér stað hér um skatta- og efnahagsmál á síðustu árum hefur Samfylkingin alloft gripið tækifærið og verið fylgjandi lækkun á tekjuskattsprósentunni, a.m.k. greiddi hún ekki atkvæði gegn þeim áformum ríkisstjórnarflokkanna. Það er vinsælt hjá Samfylkingunni að tala um gjaldfrjálsan leikskóla. Lækkun á virðisaukaskatti er skattalækkunaráform sem Samfylkingin talar um í nærri því hverri einustu ræðu um efnahagsmál, afnám stimpilgjalds og svo núna hækkun persónuafsláttar. Hvað þýðir þetta fyrir ríkissjóð? Þetta eru tuga milljarða króna skattalækkanir sem Samfylkingin hefur boðað út og suður. Ég fullyrði það að ef Samfylkingin færi með stjórn efnahagsmála væri hér allt í kaldakoli ef við hefðum samþykkt tillögur hennar í skattamálum. (**EMS:** Ertu bara farinn að rugla?) Hv. þm. Einar Már Sigurðarson spyr hvort ég sé farinn að rugla og ég sé að hv. þingmanni líður ekki vel undir þessari ræðu því að sannleikanum verður oft hver sárreiðastur. Samfylkingin er einfaldlega út og suður í mál-

flutningi sínum þegar að skattamálum kemur. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Af því að svo má skilja að Samfylkingin sé á móti því að við lækkum tekjuskattsprósentuna um 4% þá skulum við fara yfir hverjum það gagnast helst. Jú, ungu skuldsettu fólki sem er að koma sér þaki yfir höfuðið, oft og tíðum dýru húsnæði, er að koma úr kostnaðarsömu námi og er að hefja sitt líf. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar töluðu mjög hlýlega til þessa þjóðfélagshóps fyrir síðustu kosningar. Þetta fólk borgar gríðarlega háa skatta vegna þess að það er með háar tekjur. Það fær nærri því engar barnabætur og engar vaxtabætur vegna þess að það er með mjög háar tekjur. Hvað eigum við að gera til að koma til móts við þetta fólk? Það þarf að lækka tekjuskattsprósentuna. Þetta er fólkið sem lendir í viðjum jaðarskattsins sem ég man ekki betur en Samfylkingin talaði gegn fyrir síðustu kosningar. Ekki hefur Samfylkingin talað fyrir áhrifum jaðarskattsins á íslenskar fjölskyldur. Því miður heyrist mér í þessari umræðu að Samfylkingin sé á móti því að við lækkum tekjuskattsprósentuna og þá skal hv. þm. Helgi Hjörvar koma hér upp og segja að Samfylkingin sé á móti því, því þá er Samfylkingin að tala þvert um hug sér miðað við hvernig hún talaði fyrir síðustu alþingiskosningar.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að lausatök formanns Samfylkingarinnar á þingflokki sínum, og hef ég samanburðinn hér, virðast vera alger því fólk talar út og suður og erum við þó bara við 1. umr. fjárlaga og ég býst við að margar tillögur eigi eftir að koma frá Samfylkingunni í því skyni að auka útgjöld ríkisins. Ég kalla því eftir og fer ekki úr þessum sal fyrr en ég fæ svar við því hver stefna Samfylkingarinnar er í skattamálum. Það er prinsippatriði í stjórnmálum.

Því miður gefst mér ekki tími til að fara yfir hvernig ríkisstjórnarflokkarnir hafa náð þeim árangri sem raun ber vitni á síðustu tíu árum, árangri sem við sjáum hvergi annars staðar viðlíka í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Mig langaði að koma inn á umdeilda sjávarútvegsstefnu, um það er þó stjórnarandstaðan sammála. Það er eina málið sem stjórnarandstaðan getur verið sammála um að auðvitað eigi að fyrna kvótaeign íslenskra fyrirtækja (Gripið fram í.) — það er nú svo glæsileg staðan hjá íslenskum fyrirtækjum. Íslensku sjávarútvegsfyrirtækin hafa skipt íslensku fjárlögin mikið, hv. þm. Jón Gunnarsson ætti að vita það manna best, hagvaxtaraukandi atvinnuvegur sem hefur skilað okkur gríðarlegum tekjum en stjórnarandstaðan var þó sammála um að reyna að leggja þann ágæta atvinnuveg í rúst. Það er kannski ágætt að fylgja þeim tillögum eftir miðað við það hagstæða umhverfi sem sjávarútvegurinn býr við.

Annað er atvinnuuppbygging á landsbyggðinni, uppbygging iðnaðar. Þar hefur Samfylkingin haft þrjár skoðanir, Vinstri grænir eru náttúrlega á móti, en allt þetta miðar að því að auka atvinnu hér á landi, auka tekjur ríkissjóðs. Þannig höldum við áfram að byggja upp velferðarkerfið en okkur greinir á um leiðirnar. Aðalatriðið er að stjórnmálaflokkar tali einum rómi, tali ekki út og suður og séu með endalaus pólitísk yfirboð eins og Samfylkingin hefur gert, t.d. í umræðu um skattalækkanir ríkisstjórnarinnar í fyrra og hittiðfyrra. Ég tel því mjög mikilvægt að fá skýr svör frá hv. forustumönnum Samfylkingarinnar hér í þinginu.

[14:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mikil ræða og skörulega flutt. Ég ætla ekki að blanda mér í djúpar deilur um þær dýpstu röksemdir sem hv. þingmaður flutti fyrir því að fjárlagafrumvarpið væri svona gott en það er eitt sem mér leikur hugur á að spyrja hv. þingmann um. Hann hefur víða komið við á sínum skamma þingferli, sem ég vona að verði mjög langur, og alls staðar hefur hann komið fram í líki bjargvættarins. Það líkar mér vel.

Hv. þingmaður er líka formaður iðnaðarnefndar og fyrir skömmu lýsti hann því yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að hún mundi koma til bjargar og endurreisa rekstur Slippstöðvarinnar á Akureyri. Mig langar því til að spyrja hv. þingmann hvort hann muni þá fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og sem fulltrúi í fjárlaganefnd leggja til við 2. umr. fjárlaga það fjármagn sem nauðsynlega þarf til að leggja Slippstöðinni svo hægt sé að hefja rekstur hennar á nýjan leik.

[14:54]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir þessa fyrirspurn og að ég skuli geta fengið að bregðast við því úr ræðustól á Alþingi.

Það var gríðarlegt áfall þegar Slippstöðin á Akureyri varð gjaldþrota, um hundrað manns misstu vinnuna. Gríðarleg verkþekking er innan þessa fyrirtækis og fyrirtækið hefur malað gull fyrir þjóðarbúið og íslenskan sjávarútveg í gegnum áratugina. Það vitum við hv. þingmaður. Það er mjög mikilvægt að stjórnvöld, hver sem þau eru á hverjum tíma, tryggi rekstrarumhverfi fyrirtækja á borð við Slippstöðina á Akureyri. Lagðar voru fram tillögur á sínum tíma sem höfðu það að markmiði að bæta umhverfi íslensks skipasmíðaiðnaðar. Því miður hefur þeim tillögum ekki verið fylgt nægilega vel eftir og ég tel að það sé verkefni okkar sem hér erum að fylgja þeim tillögum eftir til þess að bæta umhverfi þessa iðnaðar hér á landi sem er gríðarlega mikilvægur. Við erum væntanlega sammála um það, ég og hv. þingmaður, að við viljum ekki sjá að þessi starfsemi flytjist úr landi og menn vinni þessi verk nær eingöngu einhvers staðar í Austur-Evrópu. Því segi ég það enn og aftur að ég mun leggja mikið á mig til þess að umhverfi þessa iðnaðar verði bætt þannig að rekstrarumhverfi væntanlegs iðnaðar á Akureyri og víða um landið verði blómlegt og blómlegra eftir það.

[14:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hv. þm. Birkir J. Jónsson erum sammála um svo margt og við erum sammála um að það þurfi með einhverjum hætti að standa við þau ágætu loforð og drengilegu sem hv. þingmaður gaf fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um að rekstur Slippstöðvarinnar yrði endurreistur. Við erum líka sammála um það, ég og hv. þm. Birkir J. Jónsson, að menn þurfi að vera samkvæmur sjálfum sér. Hv. þingmaður flutti góða ræðu um það áðan sem var auð-

vitað þörf áminning fyrir okkur öll sem erum í þessum sal.

Hv. þingmaður sagði að skapa þyrfti gott starfsumhverfi fyrir skipasmíðaiðnaðinn svo að hann flyttist ekki allur til Austur-Evrópu. Herra forseti. Má ég rifja upp minni virðulegs forseta og þingheims um hvað hugsanlega var mesta áfallið fyrir þessa ágætu skipasmíðastöð á umliðnum missirum. Það var þegar ríkisstjórnin sem hv. þingmaður styður tók ákvörðun um að flytja mjög mikilvæg viðhaldsverkefni á vegum íslenska ríkisins, viðhald á varðskipum, til Póllands, til Austur-Evrópu. Það var öll hjálpin sem hæstv. iðnaðarráðherra beitti sér fyrir. Þess vegna gladdi það mig þegar ég heyrði hv. þingmann gefa þessi drengilegu loforð gagnvart starfsmönnum Slippstöðvarinnar vegna þess að mér þótti, af því að hv. þingmaður er það ungur að árum, sem hann væri þarna að reyna eins og gott og jákvætt er að bæta fyrir syndir sinna pólitísku formæðra.

Nú spurði ég hv. þingmann bara einnar spurningar og hún var sú: Hyggst hann við 2. umr. fjárlaga standa við loforð sín sem hann gaf fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og leggja fram tillögu um fjármagn sem þarf til að koma rekstri stöðvarinnar aftur af stað? Þetta er einföld spurning. Hv. þingmaður er greindur, ungur þingmaður. Hann hefur öll skilningarvit í lagi og hann skilur þessa spurningu. Spurning mín er, virðulegi forseti: Ætlar hann að standa við þetta?

[14:57]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er dálítið fljótur á sér nú kannski sem endranær, enda bráðlátur maður og skapríkur og mikill ágætismaður. Nú er allt of snemmt að spyrja að því hvort ég hyggist leggja fram einhverja tillögu við 2. umr. fjárlaga sem fer kannski ekki fram fyrr en eftir rúman einn og hálfan mánuð. Hver veit nema hæstv. ríkisstjórn verði búin að bregðast við fyrir þann tíma. Það er allt of snemmt fyrir mig að gefa einhver slík fyrirheit nú en þegar ég tala um endurreisn Slippstöðvarinnar á Akureyri þá stend ég við það að það er skylda stjórnvalda að tryggja þessum iðnaði slíkt umhverfi að hann geti staðið í samkeppni við erlendar skipasmíðastöðvar. Það er það sem við getum lagt hér á vogarskálarnar og er skylda okkar því það er gríðarlegt áfall, ekki einungis fyrir Akureyri heldur útgerðina alla í landinu. Það vill svo til að sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, ef sjávarútvegurinn getur ekki fengið þá þjónustu sem fyrirtæki eins og Slippstöðin á Akureyri hefur veitt í gegnum áratugina. Það er gríðarlegt hagsmunamál og ég hef trú á því að þessi iðnaður verði reistur þarna. Það er ekkert vit í öðru. Þarna er dugmikið fólk með gríðarlega verkþekkingu og það er mjög mikilvægt að þessi starfsemi verði áfram á Akureyri.

[14:59]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún var að mörgu leyti skrýtin ræðan hjá hv. þm. Birki J. Jónssyni um fjárlagafrumvarpið. Á þeim tiltölulega stutta tíma sem hann hafði fannst mér honum takast að tala bæði út og suður og upp og niður um málefnið því hann byrjaði á því að segja að fjárlagafrumvarpið einkenndist af aðhaldi. Hann hældi ríkisstjórninni fyrir að leggja fram þetta aðhaldssama fjárlagafrumvarp, ríkisstjórnin væri með því að bregðast við þenslunni eins og hún væri, og tók sérstaklega fram að verið væri að fresta framkvæmdum upp á 2 milljarða í vegamálum og það sýndi hve ábyrg og föst stjórn á peningamálunum væri hjá ríkisstjórninni.

Örstuttu síðar í ræðu sinni sagði hann að aðilar á markaði segðu að ekkert þyddi annað en skera niður 30–40 milljarða ef menn ætluðu að hafa einhver áhrif á hagstjórnina og peningamálin. Þá sagði hv. þingmaður: Það munar ekkert um 5–10 milljarða í því efni. Búinn að segja örstuttu áður að þeir 2 milljarðar sem verið væri að skera niður í vegamálum skiptu öllu máli í hinum aðhaldssömu fjárlögum sem væri verið að leggja fram. Því er ekki úr vegi að spyrja hv. þingmann hvort hann meini í raun að fjárlögin séu aðhaldssöm og það skipti miklu máli að fresta vegaframkvæmdum upp á 2 milljarða eða hitt sem hann sagði stuttu síðar að það skipti engu máli þó að skorið væri niður um 5–10 milljarða því það þyrfti í raun að spara um 30–40 milljarða til að það hefði einhver áhrif. Ég verð þó að hæla hv. þingmanni fyrir að hann viðurkenndi hér að það ríkti þensla og ég held að þetta sé fyrsti stjórnarþingmaðurinn í langan tíma sem talar um peningamál án þess að nefna orðið stöðugleiki. Ég heyrði ekki orðið stöðugleiki í ræðu hv. þingmanns og er það gott því eins og allir vita er stöðugleikinn ekki fyrir hendi.

[15:01]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var ágætt innlegg hjá hv. þingmanni Jóni Gunnarssyni.

Ég er á því að niðurskurður upp á 6 milljarða á þremur árum í vegamálum skipti ekki sköpum í efnahagslífi þjóðarinnar. Hins vegar er það mjög mikilvægt að stjórnvöld á hverjum tíma sendi út skilaboð. Ég hef ekki orðið var við að hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafi verið að hæla þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Þeir hafa komið hér upp, hv. þingmenn, hver á fætur öðrum og gagnrýnt niðurskurð í vegamálum. Svo koma hinir sömu hv. þingmenn hér upp og kalla á aðhald og ekkert smáræðis aðhald, það skal vera eitthvað sem munar um.

En ég vil benda hv. þingmanni á að það eru ekki einungis 2 milljarðar sem ríkisstjórnin ætlar að fresta í vegamálum á næsta ári heldur 3 að auki í ýmsum öðrum stofnframkvæmdum og ég hef trú á því að þau skilaboð sem stjórnvöld eru að senda út bæði til sveitarfélaga og annarra aðila á markaðnum skipti máli. En hv. þingmaður Jón Gunnarsson verður náttúrlega að vera samkvæmur sjálfum sér þegar talar um samgöngumál í Suðurkjördæmi eða um fjárlögin. Við verðum að sýna aðhald í ríkisrekstri, við verðum að sýna ábyrgð, en eins og ég sagði áðan finnst mér oft á tíðum að Samfylkingin tali með nokkru ábyrgðarleysi þegar að efnahagsmálum kemur.

[15:03]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var þó ærlegt af hv. þingmanni Birki Jóni Jónssyni að viðurkenna að aðhaldið væri ekki nægjan-

legt til að hafa einhver áhrif sem heitið gætu. Það er gott þegar menn viðurkenna sannleikann eins og hann liggur fyrir og allir sjá hver er.

Aðeins um skattamálin sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni í ræðu sinni. Mig langar að rifja upp umræðu sem ég tók sjálfur talsverðan þátt í á síðasta þingi um hvort ekki væri ástæða til að lækka svokallaðan matarskatt. Sú umræða stóð ansi lengi og virtist sem það væri almennur vilji þingsins að ráðast í að lækka þennan óréttláta skatt. En það sáu allir og menn sögðu það hér í umræðunni, jafnt sjálfstæðismenn sem aðrir, að fyrirstaðan í því efni væri Framsóknarflokkurinn. Framsóknarflokkurinn vildi ekki lækka skattinn á matvælum og þannig endaði það, því að í ríkisstjórn þar sem tveir flokkar eru þá þýðir ekki að valta yfir samstarfsflokkinn og það tókst ekki að fá Framsóknarflokkinn til þess að viðurkenna það í fyrra að kannski væri rétt að taka þá ákvörðun að lækka matarskattinn. (**Gripið fram í:** Er það stefna Samfylkingarinnar?) Það var stefna Samfylkingarinnar og er stefna Samfylkingarinnar. Samfylkingin lagði fram þingmál um lækkun matarskattsins sem hv. þingmenn Framsóknarflokksins treystu sér ekki til að styðja.

Væri nú ekki gott í allri þessari þenslu ef matarverðið hefði nú lækkað sem næmi þessari lækkun? Væri nú ekki gott í þessari verðbólgu sem við erum að horfa á ef matarverðið hefði lækkað með þeim áhrifum sem það hefði á vísitölu neysluverðs? Mig langar að spyrja hv. þingmann um það núna hvort það hefði kannski verið skynsamlegt af Framsóknarflokknum á þessum tíma að samþykkja lækkun matarskattarins eins og um var talað og hafa þannig áhrif til að slá á þensluna eins og ég lýsti áðan.

[15:05]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var merkileg innkoma hjá hv. þingmanni Jóni Gunnarssyni. Ég veit ekki betur en að Samfylkingin hafi stutt þau fyrirheit okkar að gera leikskólann gjaldfrjálsan. Menn hafa slegið á að það séu um 5 milljarðar kr. (**JGunn:** Ég var að tala um matarskattinn.) Ég veit ekki betur en að Samfylkingin hafi líka talað um að lækka matarskattinn um ein 7%. Ég held að það séu aðrir 5 milljarðar kr. Hér kom hv. þingmaður og spilaði út einum 10 milljörðum, nema hann sé ekki sammála hinum félögum sínum í Samfylkingunni um að rétt sé að gera leikskólann gjaldfrjálsan í áföngum.

Ég spyr: Hefur hv. þingmaður ekki hlustað á talsmenn Neytendasamtakanna? Hafa neytendur notið þess að fullu að gengið hafi styrkst svona sem raun ber vitni? Hefur það skilað sér algjörlega í vasa neytenda? Nei, aldeilis ekki. Ætli það sé ekki einhver milliliður þarna á milli sem hirðir nú eina og eina krónu? En eins og við öll vitum hafa hv. þingmenn Samfylkingarinnar mikla trú á þeim aðilum. Hvort er þá betra að gera leikskólann gjaldfrjálsan í áföngum eða að lækka matarskattinn? Því að það er nú þannig að ríkissjóður er ekki botnlaus og við verðum að velja á milli aðgerða, en þetta er mjög einfalt hjá Samfylkingunni, hún vill bara hvort tveggja. Svo vill hún lækka stimpilgjöldin, sem eru nokkrir milljarðar til viðbótar, og við eigum væntanlega von á slíkum tillögum við 2. umr. fjárlaga.

Reyndar boðaði forustumaður Samfylkingarinnar aðhald í ríkisfjármálum þannig að ég veit ekki hvar þessi málflutningur Samfylkingarinnar endar. En í þessum tveimur andsvörum sem ég hef fengið hér og þeim ræðum sem Samfylkingin hefur flutt í dag þá kristallast það enn og aftur að hún talar út og suður.

[15:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er nú dálítið sama tuggan og í umræðum um stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra hér fyrir nokkrum dögum þar sem við tökumst á, stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar, um það hvernig staðan í þjóðarbúskapnum sé í raun og veru, hvort peningastefna Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar sé að ganga upp eða ekki, og menn heyrðu skilaboð varaformanns fjárlaganefndar áðan. Þau voru skýr. Vandamálið liggur ekki í ríkisútgjöldunum, það er ekki vandamálið.

Hvert er vandamálið að mati hv. varaformanns fjárlaganefndar? Það er eyðslusemi og skuldasöfnun Íslendinga, annarra en ríkissjóðs, lá í orðunum. Og hættið nú að safna skuldum, góðir Íslendingar, voru skilaboð hv. þingmanns til þjóðarinnar, hættið að skuldsetja ykkur.

En ég spyr: Eru það bara einstaklingar og fyrirtæki einkaaðila úti í bæ sem eru að safna skuldum eða skuldsetja sig þessa dagana? Ekki ef marka má þetta fjárlagafrumvarp þar sem á einni af fyrstu blaðsíðum þess getur að líta heimildir fyrir ýmiss konar lántökum. Þar stingur auðvitað mest í augun lántökuheimild til handa Landsvirkjun upp á 41 milljarð kr. Tengist þetta kannski því sem við höfum verið að tala um, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að það sé að hluta til stóriðjustefnan og sú gegndarlausa eyðsla og þensla sem hún kveikir í og espar upp, hvort það sé að hluta til þessari stefnu að kenna hvernig komið er í peningamálunum? Auðvitað er það svo.

Ég spyr: Hvers vegna ljá hv. stjórnarliðar þessu ekki einu sinni eyra? Þeir blása á þau rök okkar að stóriðjustefnan sé hér stór orsakavaldur og hæstv. forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni fyrir tveimur dögum síðan að þetta væri nánast eingöngu olíuverðshækkunum og íbúðaverðshækkunum um að kenna.

Í sama streng tekur hv. þingmaður Birkir Jón Jónsson í ræðu sinni áðan og reynir að verjast fimlega þegar þingmenn stjórnarandstöðunnar reyna að reka hann á gat í þessum fræðum og telur að hér sé allt í stakasta lagi. En ég verð þá að benda hv. þingmanni á að tónninn sem er í síðustu útgáfu Peningamála Seðlabankans er auðvitað mjög geigvænlegur. Hann er mun neikvæðari en hann hefur verið undanfarið og Seðlabankinn segir það raunar berum orðum, svo að ég fái að vitna í kafla um strangt peningalegt aðhald þar sem Seðlabanki Íslands segir í Peningamálum, 3. hefti 2005, með leyfi forseta:

„Ójafnvægið er jafnvel meira nú:“ — en á árunum 2001–2002 — „viðskiptahalli meiri, raungengi hærra, íbúðaverð lengra yfir langtímajafnvægi og skuldsetning heimila, fyrirtækja og þjóðarbúskaparins í heild töluvert meiri.“

Sem sagt, vandamálin sem við erum að glíma við núna eru töluvert meiri en vandamálin í dýfunni á milli áranna

1999 og 2000. Þetta er mat Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn er greinilega hræddur við þessa stöðu því að hann tekur það fram í nýjasta hefti Peningamála að á næstu árum verði aðstæður í þjóðarbúskapnum óvenju erfiðar og það virðist vera að Seðlabankinn sé hræddur við að peningastefnan standist ekki þessa prófraun, þessi vandamál sem nú er við að glíma, og ótti hans byggir á því að verðbólgan komi ekki til með að víkja umtalsvert nema í skamma hríð frá verðbólgumarkmiðunum sem honum ber lögum samkvæmt að halda. Bankinn telur að takist ekki að halda sig innan verðbólgumarkmiðanna á næstu árum, á næstu missirum, sé hætt við að trúverðugleiki Seðlabankans og peningastefnunnar sem heildar bíði skaða af og það getur auðvitað verið erfitt að endurheimta þann skaða, segir Seðlabankinn.

Ég fæ því ekki betur séð en að þær áhyggjur sem þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa látið í ljós séu studdar af áhyggjum Seðlabankans.

Við nefnum stóriðjustefnuna. Þingmenn vinstri grænna og hv. þingmaður Jón Bjarnason, talsmaður okkar í fjárlaganefnd, gerði í ræðu sinni að hluta til grein fyrir þeim tillögum sem við höfum lagt til málanna, en þær er að finna á sérstöku þingmáli sem er 5. mál þessa löggjafarþings, þar sem við leggjum til í einum sex tölusettum liðum ákveðnar aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Þingmálið verður auðvitað rætt frekar innan fárra daga, trúi ég, hér í þinginu og ég fer svo sem ekkert ítarlega í það núna. En eitt af því sem við erum þó að benda á í því er að stóriðjustefnan og afleiðingar hennar sé orsakavaldur í þessu ástandi og við styðjum það ákveðnum rökum sem koma fram í greinargerð með málinu.

Hæstv. fjármálaráðherra vék að stóriðjuframkvæmdunum örfáum orðum í inngangsræðu sinni fyrr í dag. Hann telur að ríkisstjórnin sé að fara skynsamlega að ráði sínu þar sem er frestað allri ráðstöfun söluandvirðis Landssímans þangað til stóriðjuframkvæmdum lýkur. Gott og vel, hvenær lýkur þeim? Að öllum líkindum út frá mati hæstv. fjármálaráðherra um 2007. En hvað þýða þá þessi orð sem hér standa í haustskýrslu fjármálaráðuneytisins um þjóðarbúskapinn?

Á bls. 6 getur að líta eftirfarandi um stóriðjuframkvæmdirnar, með leyfi forseta:

„Formleg ákvörðun liggur ekki fyrir um frekari stóriðjuframkvæmdir og því ekki gert ráð fyrir þeim í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Þar á meðal er ekki reiknað með seinni áfanga stækkunar Norðuráls en það yki 40 þúsund tonna ársframleiðslugetu við núverandi stækkun um 130 þúsund tonn en líkur á þeirri framkvæmd eru taldar góðar."

Hvenær er gert ráð fyrir þeim framkvæmdum, 2005, 2006, 2007? Hvað er ríkisstjórnin að reyna að segja? Eru menn að tala austur og vestur? Ætla menn í áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir eða ekki? Ætla menn að ljúka stóriðjuframkvæmdum 2007 eða ekki? Það liggur ekki fyrir. Skilaboðin eru afar loðin og sannarlega ekki vanþörf á að við fáum skýringar frá stjórnarherrunum um þessi mál.

En ríkisfjármálin eru ekki vandamálið, sagði hv. varaformaður fjárlaganefndar. Þið sem eruð þarna úti í samfélaginu lifið um efni fram, þið eruð vandamálið. Þessu mótmæli ég, virðulegi forseti, því að vandamálið liggur hér á stjórnarheimilinu og hvergi annars staðar. Þegar menn berja sér á brjóst og fjalla um ábyrga stjórn ríkisfjármála þá nægir að lesa Peningamál Seðlabankans til þess að sjá að það er ansi holur hljómur í málflutningi ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðar.

Mig langar, virðulegi forseti, að fara örfáum orðum um þau mál sem lúta að þeim nefndum sem ég starfa í á vegum Alþingis. Þar er m.a. um að ræða menntamálanefnd og ég vil nota tækifærið og fagna hækkuðum framlögum til háskólastigsins en þar getur að líta umtalsverða hækkun sem fyrst og fremst er ætluð til rannsókna eða rannsóknaþáttarins í háskólunum. Því ber auðvitað að fagna en þó er líka hægt að gagnrýna það að hluta því að áherslan í þessari hækkun er auðvitað á dekurbörn hæstv. menntamálaráðherra, þ.e. einkaskólana á háskólastiginu sem geta að mörgu leyti ákveðið sjálfir hvað þeir taka inn marga nemendur og fá þannig framlög úr ríkissjóði sem samsvara nemendafjölda þeirra á sama tíma og einn af okkar opinberu háskólum, Kennaraháskóli Íslands, þarf ár eftir ár að hafna um þúsund umsækjendum með góð stúdentspróf.

Ég sé, hæstv. forseti, að ég kemst ekki lengra í þessari ræðu minni, frekari umfjöllun um hækkun til rannsóknaþáttar háskólanna þarf ég að láta bíða til síðari ræðu minnar en það eru ákveðnir þættir, sérstaklega er varðar Háskóla Íslands, sem þarf aðeins að gefa gaum að.

[15:17]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo ég svari einu atriði hjá hv. þingmanni er varðar stóriðjuna þá er það hárrétt að stóriðjuframkvæmdirnar eru hluti af hagvextinum. Það væri eitthvað skrýtið ef svo væri ekki. En þær eru langt frá því að vera allur hagvöxturinn. Það er svo margt annað sem er að gerast í þjóðfélagi okkar sem skiptir máli og veldur því að hagvöxturinn er svo mikill um þessar mundir sem raun ber vitni.

Varðandi framhald á stóriðjuframkvæmdum þá er, eins og fram kemur í Þjóðarbúskapnum, fyrirhuguð stækkun á Grundartanga um 40 þús. tonn og eftir því sem mér skilst, samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir, er lokið umhverfismati og starfsleyfi fyrir stækkuninni. En fyrirtækið sjálft hefur ekki tekið ákvörðun um hvort í þetta verði ráðist eða ekki. Þar af leiðandi er ekki forsvaranlegt að taka þessa framkvæmd inn í áætlanir þar sem ekki er búið að taka ákvörðun um að fara í framkvæmdirnar. Miðað við gróft mat á því hvað svona framkvæmd mundi kosta og hve langan tíma tekur að ganga í gegnum ferlið þá verða það sennilega tvö ár. Líklegt er að ef yrði af framkvæmdum þá mundu bætast 0,2% við hagvöxt á ári í þau tvö ár sem framkvæmdin væri í gangi. Þá ætti hv. þingmaður að hafa allar þær upplýsingar um þetta sem völ er á.

[15:19]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra þessar upplýsingar. En mig langar að benda honum á að annað álfyrirtæki áformar stækkun, þ.e. álverið í Straumsvík, Alcan. Þar er um talsvert meiri stækkun að ræða en 40 þús. tonna viðbót. Þar er sennilega um rúmlega 200 þús. tonna viðbót að ræða.

Í orðum hæstv. ráðherra liggur að Norðurál virðist eiga að fá grænt ljós hjá ríkisstjórninni með sínar stækkanir, af því að það vegi svo lítið í heildinni. Hvað ætla þeir þá að segja við Alcan? Er ríkisstjórnin á því að það sé allt í lagi að halda stóriðjustefnunni áfram á sömu nótum, af þeirri stærðargráðu sem þau álfyrirtæki sem hér starfa hafa gefið í skyn að verði gert? Ef svo er, af hverju segir þá hæstv. ráðherra í ræðunni sinni að ráðstöfun á söluandvirði Landssímans sé hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar, sem verði ekki eytt fyrr en stóriðjuframkvæmdunum lýkur? Hæstv. ráðherra á auðvitað að nota önnur orð um þetta ef það er ekki spurning um að þessum stóriðjuframkvæmdum fari að ljúka.

[15:20]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki orð um að ríkisstjórnin leyfði þetta vegna þess að þetta væri svo lítið. Ekkert slíkt kom fram í orðum mínum. Hins vegar er einfaldlega ekki búið að taka ákvarðanir um stækkun. Við vitum það bara ekki og getum við ekki tekið það inn í áætlun. Við vitum ekki betur en að stóriðjuframkvæmdum hér á landi ljúki þegar framkvæmdum við Kárahnjúka og álver í Reyðarfirði er lokið. Síðan eru fyrirætlanir hjá Alcan í Straumsvík. Það er alveg rétt. Það eru líka fyrirætlanir hjá bæði Alcan og Alcoa um að byggja álver fyrir norðan. Það eru líka fyrirætlanir um það hjá Norðuráli að byggja álver í Helguvík. Ég held að við ættum að fagna því að í þessar framkvæmdir verði farið. Hvenær það gerður gert getur enginn sagt um á þessu stigi. Ég held að það sé afskaplega ólíklegt að það gerist allt á sama tíma. Við þurfum því ekki að hafa stórkostlegar áhyggjur af því að það rekist neitt sérstaklega á.

Tímasetningar í þessu liggja ekki fyrir en það sem menn vita gefur enga ástæðu til að hafa áhyggjur. Ég held að það muni skipta miklu máli fyrir okkur í framtíðinni til að við getum tryggt áframhaldandi hagvöxt. Við vitum að 2,5% hagvöxtur, sem við sjáum fram á í áætluninni á árunum 2007–2009, er ekki nægilega mikill fyrir jafnunga þjóð sem vex jafnhratt og okkar. Við eigum að fagna því að einhverjir vilji koma hingað til að fjárfesta í stóriðju á næstu árum.

[15:22]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa því yfir að orð hæstv. fjármálaráðherra róa mig engan veginn, þvert á móti. Þau auka enn á kvíða minn og óróa hvað þetta varðar. Það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra sér ekkert athugavert við þá stefnu sem keyrð hefur verið varðandi álversframkvæmdir og stóriðju. Hann fær þvert á móti glampa í augun. Álglampinn kemur í augun á hæstv. ráðherra eins og svo mörgum öðrum í ríkisstjórn. Jafnvel þótt hæstv. ráðherra viti að arðsemin af iðnaði á borð við þungaiðnað sé sáralítil fyrir þjóðarbúið. Auðvitað verður hagvöxtur meðan á framkvæmdum stendur en það getur líka verið hagvöxtur ef það er veruleg óöld eða skálmöld í landi. Hagvöxtur er ekki upphaf og endir alls. Hagvöxturinn er einn og sér ákveðinn mælikvarði sem allt í lagi er að líta til. En svo verðum við að gá að okkur. Hvað gerist þegar álbræðslurnar eru komnar á fullt? Þá er arðsemin af framleiðslunni sáralítil. Ég vil ráðleggja hæstv. fjármálaráðherra að taka alvarlega þau skilaboð sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa fært héðan úr ræðustól, að ríkisstjórnin ætti að sýna skynsemi og gefa út yfirlýsingu um að ekki verði farið út í frekari álversframkvæmdir, a.m.k. á næstu sjö árum. Þess í stað verði áhersla lögð á annars konar iðnað og atvinnustarfsemi, t.d. smáa og meðalstóra iðnaðarkosti af viðráðanlegri stærð, þ.e. fyrir hagkerfi okkar. Hagkerfi okkar er lítið og stóriðjuframkvæmdir af því tagi sem hér standa til, eins og mætur maður sagði fyrir tveimur árum og vitnað var til í ræðustól, eru eins og að græða fílshjarta í barn.

[15:24]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Skilaboð okkar í Frjálslynda flokknum til almennings við þessa umræðu eru að spara. Ástæðan fyrir því er sú að ríkisstjórnin er ekki að spara. Frumvarpið sem við ræðum um hér er mjög óábyrgt. Það sér ekki fyrir endann á útgjaldagleði ríkisstjórnarinnar. Í umræðunni hefur ríkisstjórnin ítrekað spurt okkur í stjórnarandstöðunni: Hvernig eigum við að spara? Þeir virðast ekki hafa neinar hugmyndir um hvernig eigi að spara. Það eina sem fram hefur komið í umræðunni er að klípa eigi ökutækjastyrk af öryrkjum og eldri borgurum. Það eru einu hugmyndirnar. Annað stendur ekki til boða, sem er eftir öðru í umræðunni.

Ég hlýddi fyrr í dag á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Hann hélt því fram fullum fetum að það sem hefði hleypt upp fjárlögum undanfarin ár væri að öryrkjar, eða fatlaðir eins og hann orðaði það, hefðu hrifsað til sín stærri og stærri hluta af kökunni. Það er einfaldlega ekki rétt. Staðreyndin er sú að lífeyrisgreiðslur til öryrkja hafa ekki fylgt almennri launaþróun. Einnig má benda á að lífeyrisgreiðslur til öryrkja hafa ekki heldur fylgt lífeyrisgreiðslum til æðstu embættismanna þjóðarinnar, svo það komi enn og aftur fram.

En fyrst að stjórnarliðar hafa þráspurt um það í dag hvernig eigi að spara þá er best að reyna að bjarga stjórnarliðum. Við í Frjálslynda flokknum höfum m.a. bent á mikla óráðsíu í utanríkisþjónustunni. Í þessum fjárlögum eiga framlög til hennar að hækka um heilan milljarð á milli ára, 1000 millj. kr. greiðsla í utanríkisþjónustuna. Nánast í hverjum mánuði berast fréttir af nýjum og nýjum sendiherra sem oftar en ekki er innvígður og innmúraður í stjórnarflokkana. Þetta er náttúrlega með ólíkindum, að þegar á að slá á þensluna þá sé farið í slíka óráðsíu. Mér finnst að stjórnvöld ættu að íhuga þessi skilaboð til þjóðarinnar.

En hvernig á að ná fram sparnaði? Það á ekki að ná fram sparnaði með því að klípa í einn og einn fjárlagalið, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson benti svo barnalega á. Auðvitað eiga menn að skoða verkferla í hinu opinbera. Benda má á að í Morgunblaðinu kom fram að veitingahúsamenn hefðu rætt um að stjórnsýslan í sambandi við leyfisveitingar væri mjög flókin og hana þyrfti að einfalda. Það eru einmitt svoleiðis hlutir sem þarf að fara yfir en ekki klípa einn og einn fjárlagalið, t.d. að klípa í ökutækjastyrk öryrkja og eldri borgara. Mér finnst undarlegt að menn sjái þetta ekki.

Af því að formaður allsherjarnefndar er hér inni mætti t.d. skoða stofnanirnar sitt hvorum megin við Snorrabrautina en þar eru verkferlar og verkaskipting oft og tíðum ekki

alveg ljós. Það er ríkislögreglustjóri og lögreglustjórinn í Reykjavík. Önnur stofnunin er með rúman milljarð og hin á þriðja milljarð. Auðvitað eiga menn að fara yfir það hvort nýta megi þá fjármuni betur og athuga hvort ekki megi samnýta eitthvað hjá þeim við Snorrabrautina, hjá ríkislögreglustjóra annars vegar og lögreglustjóranum í Reykjavík hins vegar. Eins ætti að skoða áherslur embættis ríkislögreglustjóra og hvort eitthvert vit sé í áherslunum. Er vit í að auka t.d. fjárframlög til víkingasveitar um 100 millj. kr. eða meira? Væri ekki nær að skoða hvort ná mætti fram sparnaði, t.d. hvað varðar umferðarslys? Mig minnir að orðið hafi 23 banaslys á síðasta ári og yfir 100 alvarleg umferðarslys. Það væri nær að beina kröftunum þangað en að efla víkingasveit sem hefur það eitt verkefni að vera á réttarböllum í Skagafirði.

Þessi mál þarf að skoða og ég vona að hæstv. fjármálaráðherra leggi við hlustir, t.d. að skoða ferðir opinberra starfsmanna til útlanda. Ég legg til að um að það verði gert skylt að þegar menn fari slíka ferð á vegum hins opinbera þá skrifi menn þrjár línur um tilganginn, að ferðin hafi skilað einhverjum árangri og það verði þá öllum aðgengilegt. Það er með ólíkindum að embættismenn séu sendir um hálfan hnöttinn, t.d. að fylgja eftir eiturefnasamningum í Sri Lanka. Til hvers?

Það eru þessir þættir sem fara þarf yfir. Eins ættu stjórnvöld að sjá að sér varðandi framboð sitt til öryggisráðsins. Það er ekkert vit í því. Það er eitt af þeim verkefnum sem íslenska þjóðin getur bara tapað á að taka þátt í.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði um að ekki væri hægt að hemja ríkisútgjöldin. Þetta væri bara eins og náttúrulögmál. Það er með ólíkindum að heyra að flokkur sem kennir sig stundum við einkaframtak skuli vera búinn að auka svona ríkisútgjöldin og komi síðan og biðji vinstri flokkana í þinginu og okkur frjálslynda um hjálp. Hann ræður ekkert við þetta og segir að þetta sé eins og náttúrulögmál og spyr: Hvað eigum við að gera? Ég ætla að benda hv. þingmanni á að það er ýmislegt hægt að gera. Til dæmis eiga menn ekki að samþykkja frumvörp um að skipta upp ríkisstofnunum eins og þegar Samkeppnisstofnun var skipt upp í tvær stofnanir. Ég efast um að það hafi verið einhver sparnaður í því. Eða frumvarpinu sem sjálfstæðismenn lögðu mjög mikla áherslu á að samþykkja um gæðamat á æðardún. Ég skil ekki að það hafi verið mjög mikill sparnaður í því eða til að minnka útgjöld hins opinbera að stofna Ferðamálastofu, eitthvert nýtt eftirlitsbatterí í ríkisrekstrinum. Nú höfum við fjármálaráðherra sem áður var sjávarútvegsráðherra og það væri fróðlegt að fá að heyra hjá honum t.d. hvað hann hafi náð fram miklum sparnaði, af því að honum hefur örugglega verið umhugað um það, þegar hann flutti Fiskistofu í Hafnarfjörð, hvort þar hafi náðst fram einhver sparnaður. Ég get ekki betur séð en að fjárframlög til Fiskistofu hafi aukist um nokkur hundruð milljónir á nokkrum árum. Það er mjög nauðsynlegt þegar verið er að auka svona fjárframlög til einhverra stofnana að menn skýri þá ávinninginn af starfseminni.

Eins vil ég ræða lítillega um menntakerfið á þeim skamma tíma sem ég hef. Ég las í Morgunblaðinu að hæstv. menntamálaráðherra hreykti sér mjög af því að verið væri að auka fjárframlög til menntunar og hún væri hagvöxtur framtíðarinnar. Jú, jú, ég get svo sem tekið undir það. En ef maður les fjárlagafrumvarpið blasir við að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa enga trú á iðnmenntun. Það kemur nefnilega í ljós að skorið er niður á rekstrargrunni Iðnskólans í Reykjavík um heilar 8 milljónir. Það er líka mjög athyglisvert að einnig er skorið niður til framhaldsskólans á Höfn í Hornafirði og mér finnst það í rauninni táknrænt að í heimabæ sjálfs hæstv. forsætisráðherra skuli koma niðurskurður til menntamála. Það lýsir í rauninni afstöðu Framsóknarflokksins til landsbyggðarinnar að þar skuli niðurskurðarhnífurinn koma niður, sérstaklega vegna þess að verið er að auka fjárframlög almennt til menntunar. Einnig má sjá að í heimabæ mínum er skorið niður og ekki veit ég hvers vegna. En það sem ég vil vara við, hæstv. fjármálaráðherra, er niðurskurðurinn til Verkmenntaskóla Austurlands vegna þess að það kom fram á ráðstefnu á Höfn í Hornafirði sem ég sótti á dögunum að það er skortur á iðnaðarmönnum til að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem á sér stað á Austurlandi. Því er mjög einkennilegt að hæstv. menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skuli leggja til að skera niður einmitt þar. Þar eru fjárframlög mjög naumt skorin. (Forseti hringir.) Maður áttar sig ekki á hvers vegna.

[15:35]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil svara örfáum atriðum sem komu fram hjá hv. þingmanni. Það er auðvitað góðra gjalda vert hjá Frjálslynda flokknum að hvetja þjóðina til sparnaðar. Ríkisstjórnin tekur undir það með Frjálslynda flokknum og er reyndar að því í fjárlagafrumvarpinu. Eins og komið hefur fram eru útgjöldin að raungildi miðað við það sem stefnir í á þessu ári um 1% minni.

Þingmaðurinn spurði um Fiskistofu. Það er auðvitað rétt að það eru auknar fjárveitingar þangað vegna aukinna umsvifa stofnunarinnar og eins vegna þess að verið er að flytja stofnunina út á land og setja upp ný útibú víða um landið. Hins vegar verður það auðvitað að viðurkennast að flutningur höfuðstöðvanna til Hafnarfjarðar hefur ekkert nema kostnað í för með sér því þar er um dýrara húsnæði að ræða en húsnæðið sem Fiskistofu var sagt upp í. Auglýst var eftir húsnæði og þetta var það besta sem út úr þeirri auglýsingu kom og síðan fylgir því auðvitað alltaf kostnaður að flytja. Það var ekki verið að flytja vegna þess að það væri einhver tilgangur í því í sjálfu sér. Það var einfaldlega flutt vegna þess að Fiskistofu var sagt upp því leiguhúsnæði sem hún var í.

Loks varðandi spurningar um framhaldsskólana. Þeir framhaldsskólar sem hv. þingmaður tiltók fá lægri fjárframlög samkvæmt frumvarpinu vegna þess að gert er ráð fyrir því að færri nemendur verði þar á næsta ári en eru á yfirstandandi ári. Það er út af fyrir sig eðlilegt að fjárframlög minnki þegar nemendum fækkar. Hvers vegna þeim fækkar get ég ekki svarað. Hins vegar er augljóslega verið að ýta undir tæknínám í landinu. Verið er að styðja við sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík og auka þar fjárframlög og það mun skila sér á mjög jákvæðan hátt í tækni- og iðnmenntun landsins.

[15:37]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Því miður varð ég ekki var við það við lestur á fjárlagafrumvarpinu að verið væri að ýta undir iðnnám, alls ekki, þvert á móti. Ég komst ekki fyrr í dag með andsvar við ræðu hæstv. fjármálaráðherra og þess vegna langar mig að nýta tækifærið og beina einni fyrirspurn að hæstv. fjármálaráðherra en hún er á þá leið að þegar ríkisreikningur fyrir árið 2003 kom út var niðurstaðan sú að ríkisreikningur sýndi að útgjöld voru heilum 27 milljörðum hærri en voru áætluð í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003. Sömu sögu var að segja fyrir árið 2004 þegar það var gert upp að þar munaði heilum 27 þús. milljónum

Mig langar að beina þeirri fyrirspurn að hæstv. fjármálaráðherra hvort eiga megi von á viðlíka fráviki í þessum fjárlögum eða hvort vinnubrögðin við fjárlagafrumvarpið hafi að einhverju leyti verið bætt þannig að við eigum von á minni mun á útgjaldahlið þess.

[15:38]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki er alveg hægt að bera saman uppgjör fjárlaganna og uppgjör ríkisreiknings því inni í ríkisreikningnum eru liðir sem ekki endilega koma inn í fjárlögin vegna þess að þeir tilheyra ekki útgjöldum þess árs sem fjárlögin fjalla um. Það er því ekki hægt að segja til um það fyrir fram hvort það verði minni eða meiri munur á uppgjörinu. Maður veit það bara ekki, eins og t.d. með skattakröfur sem koma inn. Eins er með lífeyrisgreiðslur. Ef svigrúm er hjá ríkissjóði til að greiða inn á lífeyrissjóðina vænti ég þess að það verði notað en það mun þá koma sem útgjöld í ríkisreikningnum en þau tilheyra ekki endilega því ári sem greiðslurnar fara fram á.

Þetta var reyndar skýrt mjög skilmerkilega í fjárlagaræðu fjármálaráðherra á síðasta ári þannig að ég á erfitt með að útskýra það betur í stuttu andsvari. Ef hv. þingmaður vill fá nákvæmari skýringar þá vísa ég honum á að fletta upp í tölvunni ræðu fjármálaráðherra frá í fyrra. Þar er þetta skýrt mjög skilmerkilega.

[15:40]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006 og ekki verður um það deilt að staða ríkissjóðs er sterk. Þá verður varla um það deilt heldur að allur almenningur og atvinnulífið á Íslandi hefur mjög notið góðs af þeirri traustu efnahagsstefnu sem við höfum fylgt undanfarinn áratug og rúmlega það. Um þetta vitna staðreyndir eins og þær að kaupmáttur almennings hefur aukist um 50% á umliðnum tíu árum og eins bera öll þau stóru verkefni sem við höfum getað ráðist í á þessu tímabili vitni um hið sama. Við höfum fylgt mjög farsælli stefnu þegar kemur að þeim málum sem við erum að taka hér til umfjöllunar.

Við höfum lækkað skuldir ríkissjóðs verulega og við njótum góðs af því með lægri vaxtagjöldum. Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hafa jafnframt verið greiddar niður. Ríkisfyrirtæki hafa verið einkavædd, skattar hafa stórlega lækkað á fólk og fyrirtæki. Við höfum á þessu tímabili þrátt fyrir allt þetta sem ég hef nú talið fram getað stóraukið framlög til velferðarmála. Það höfum við gert jafnt og þétt yfir þetta tímabil. Það er því sérstaklega ánægjulegt þegar við komum nú til þings á þessu hausti að við skulum geta með jafnkröftugum hætti og frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands kynnir okkur, með jafnkröftugum hætti og það frumvarp gengur út frá, haldið áfram á þeirri sömu braut að verja fjármunum til framfara- og velferðarmála á Íslandi. Þar er gerð grein fyrir því hvernig 43 milljörðum verður varið til þessara málaflokka fram til ársins 2012.

Þeir sem gagnrýnt hafa sölu Landssímans hafa ekki verið mjög háværir um þau verkefni sem þar eru tilgreind enda eiga þeir eflaust innra með sér mjög erfitt með að andmæla því að þar sé um framfaramál að ræða fyrir þjóðina. Í hinu pólitíska samhengi hafa hins vegar þeir sömu aðilar sem mynda stjórnarandstöðu á þinginu átt mjög erfitt með að sætta sig við að Landssíminn yrði seldur og í því birtist kannski sá ágreiningur sem um það mál hefur verið að þeirra leið til þess að hrinda þessum verkefnum í framkvæmd hefði aldrei getað orðið önnur en sú að hækka skatta. (Gripið fram í.) Nei, við gerðum það ekki. Við losuðum úr viðjum verðmæti sem að óþörfu voru vistuð hjá ríkinu og á sama tíma og við hrindum í framkvæmd skattalækkunum er ráðist í þessi verkefni.

Aftur að frumvarpinu sem hér er til umræðu þá er að finna í því yfirlit yfir hagvöxtinn eins og hann hefur þróast frá árinu 2000. Það verður auðvitað að segjast að það er með miklum ólíkindum hversu mikill hagvöxtur hefur verið hér á árunum frá 1995. Í frumvarpinu er sérstakt yfirlit yfir árin frá 2000 og útlitið fram til 2010 er áfram sérstaklega jákvætt. Við erum reyndar öfunduð af öðrum þjóðum af þeim hagvaxtartölum sem við höfum búið við hér á landi og þeim hagvaxtartölum sem við horfum fram á.

Um leið og ég óska hæstv. fjármálaráðherra Árna M. Mathiesen velfarnaðar í nýju starfi er ástæða til að óska fráfarandi hæstv. ráðherra, Geir H. Haarde, til hamingju með þann glæsilega feril sem hann hefur átt í ráðuneyti fjármála. Það hafa sannarlega orðið mikil umskipti á íslensku samfélagi og efnahagsástandi landsins í fjármálaráðherratíð hans í ríkisstjórnum undir forustu Davíðs Oddssonar og nú síðast Halldórs Ásgrímssonar.

Ég hef fylgst með umræðunum á hinu háa Alþingi í dag og ég verð að segja að umræðan og gagnrýni stjórnarandstöðunnar á það frumvarp sem hér er til umfjöllunar er einhver sú allra bitlausasta sem ég hef orðið vitni að. Það kann að vera að ástæðan sé sú að hér sé ekkert annað á ferðinni en endurómur af þeirri bölsýni sem við höfum mátt hlýða á undanfarin ár um þetta sama mál. Á sama tíma og sú afstaða hefur verið uppi af hálfu stjórnarandstöðunnar að hér væri allt að fara í bál og brand þá hafa kjör almennings batnað ár frá ári. Ár eftir ár kemur stjórnarandstaðan fram með gagnrýni á fjárlagafrumvarpið og dregur upp dökka mynd af horfunum en ár eftir ár batna kjörin, skuldir ríkisins lækka, skattar almennings fara niður og atvinnulífið blómstrar. Auðvitað er þetta vandræðaleg staða fyrir stjórnarandstöðuna og þeim er að vissu leyti vorkunn að hafa ekki fengið að taka virkan þátt í þeirri miklu umbyltingu á samfélaginu sem styrk stjórn efnahagsmála undanfarin ár hefur tryggt.

Ég segi að gagnrýni stjórnarandstöðunnar hér í dag sé bitlaus vegna þess að þingmenn hennar hafa ekki boðið upp á neinar lausnir á vandanum sem verið er að lýsa. Þeir hafa í raun og veru ekki gert neitt annað en draga upp mynd af því sem þeir telja að sé í vændum og þeirra sýn á stöðuna án þess að leggja fram hugmyndir til lausnar á þeim mikla vanda sem þeir telja að verði til staðar.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson kom upp áðan og sagði ríkisstjórnarflokkana, okkur þingmenn meiri hlutans á þinginu, vera að kalla eftir svörum frá stjórnarandstöðunni um hvernig ætti að bregðast við. Það er auðvitað þannig, hæstv. forseti, að svör okkar birtast í fjárlagafrumvarpinu. Þau birtast í langtímaáætluninni og þau birtast í því hvernig við höfum hagað ríkisfjármálunum. Þar eru okkar svör. Vilji menn gagnrýna þessi svör okkar við þeirri stöðu sem núna er uppi þurfa menn að koma með einhver svör við því hvaða leiðir væru heppilegri. Það þýðir ekkert í því samhengi að tína til einhverja smávægilega liði þótt þeir hver fyrir sig kunni að vera mikilvægir. Við getum rætt um það en það þýðir ekkert að vera að tína þá til í samhengi við stöðu efnahagsmála, í samhengi við hagvöxt, í samhengi við viðskiptajöfnuð og aðra slíka þætti. Það þýðir ekki að tína til einstök embætti og aðra slíka hluti. Við erum að tala um stóru drættina í efnahagsmálum þegar við ræðum um stöðuna og horfurnar í efnahagsmálum ríkisins.

Þegar rætt hefur verið um þau krefjandi verkefni sem við okkur blasa þá eru þau ekki ný af nálinni. Við höfum vitað það allan tímann að hagstjórnarverkefnin yrðu mjög krefjandi á tímum stóriðjuframkvæmda. Við höfum vitað þetta allan tímann og menn eru ekki að koma með neina speki inn á þingið þegar þeir tala um að gengið sé hátt, að það sé mikill ójöfnuður í viðskiptum við útlönd eða að vextir séu háir. Þetta eru bara staðreyndir sem allir þekkja. Það þýðir ekkert að koma hingað upp í ræðustól á Alþingi og þylja þetta allt saman upp og segja óveðurssky hrannast upp og að blikur séu á lofti. Við erum ekki kjörin hingað inn á þing til að gera þjóðinni grein fyrir því hver staðan er. Við erum komin hingað til að segja þjóðinni hvernig við ætlum að greiða úr þeim vandamálum sem að okkur steðja og það er þess vegna sem ég sakna þess frá stjórnarandstöðunni að hún komi með einhver svör við því hvernig eigi að bregðast við stöðunni sem vissulega er krefjandi.

Hvar eru lausnirnar? Menn segja að aðhaldið sé ekki nóg. Það er greint frá því í haustskýrslu fjármálaráðuneytisins, Þjóðarbúskapnum, að stjórnvöld hafa aukið aðhald í ríkisfjármálum og það er áætlað, eins og fram kemur í skýrslunni, með leyfi forseta:

„... að afgangur ríkissjóðs verði 2,8% af landsframleiðslu árið 2005." — Samkvæmt þjóðhagsreikningsdæmi. — „Frá árinu 2003 til ársins 2005 er búist við að tekjuafkoman batni um tæplega 5% af landsframleiðslu sem er með besta árangri í ríkisfjármálum OECD-ríkja á þessu tímabili."

Það er aukið aðhald í þessu frumvarpi. Menn eru að fresta framkvæmdum og kynna auknar framkvæmdir þegar stóriðjuframkvæmdum lýkur. Þetta eru svörin sem fjárlagafrumvarpið geymir við þeim vanda sem hér er verið að tala um.

Síðan er það spurningin hvort hér komi til með að verða einhver samdráttur í skamman tíma. Það kann vel að vera og ég tek undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Við getum ekki endalaust aukið kaupmáttinn með þeim hætti sem við höfum gert undanfarin ár. Það er ekki endalaust hægt að gera það. Hugsanlega höfum við farið of geyst en hversu dýrt er það gjald að upplifa hér eitt og hálft ár þar sem kaupmátturinn vex ekki eða við fáum skammvinnt samdráttarskeið, sem reyndar er ekki spáð í þessu fjárlagafrumvarpi. En jafnvel þó að þær spár gangi eftir, hversu mikið gjald er það í samhengi við allan þann ávinning sem við höfum haft hér af stjórn efnahagsmála síðustu 10–15 ár. Það er smávægilegt, segi ég.

[15:50]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég bjóst við að hv. þingmenn stjórnarliðsins tækju betur þeim sparnaðartillögum sem fram kæmu en raun ber vitni, en ég vona að hv. þm. Bjarni Benediktsson átti sig á því að margt smátt gerir stórt. Ég vil snúa þessari spurningu við: Hvers vegna er hann ásamt stjórnarliðunum að klípa ökutækjastyrkinn af öryrkjum ef þessar litlu upphæðir skipta engu máli?

Við erum að tala um lægri upphæð en verið er að auka til utanríkisþjónustunnar og mér finnst málflutningur eins og borinn er hér á borð ekki boðlegur. Að segja að það skipti engu máli þegar verið er að setja fram málefnalegar tillögur og hvetja til sparnaðar. Ég vil einnig spyrja hv. þingmann: Tekur hann ekki undir með okkur í Frjálslynda flokknum að það sé ráðlegt að beina þeim tilmælum til fólksins í landinu að spara? Besta leiðin til þess er að greiða niður skuldir. Það mun slá á þensluna. Eigum við ekki að sameinast um að flytja jákvæð skilaboð út í þjóðfélagið?

[15:52]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka það fram að auðvitað get ég tekið undir með hv. þingmanni Frjálslynda flokksins: Það er skynsamlegt fyrir almenning að spara og skynsamlegt fyrir stjórnvöld að greiða niður skuldir. Það er ekki hægt að andmæla því og við erum fullkomlega sammála um þetta atriði. Ég var að vekja athygli á því hér að það þýðir ekkert að tína til einhver smávægileg sparnaðarúrræði þegar við erum að tala um horfur í efnahagsmálum, þegar við erum að tala um viðskiptajöfnuðinn við útlönd og annað þess háttar. Það þýðir samt sem áður ekki að það kunni ekki að vera til í kerfinu, og hjá hv. þingmanni og öðrum þingmönnum, fjölmargar minni háttar hagræðingartillögur sem geta horft til sparnaðar í ríkisfjármálum, en þær skipta engu máli í því samhengi sem við erum að ræða hér, nákvæmlega engu máli. Þær telja ekkert þegar kemur að úrlausn þess vanda sem stjórn ríkisfjármálanna snýst um.

250 millj. Ég efast um að hv. þingmaður geti fundið slíka fjárhæð með einhverri hagræðingu á milli lögreglunnar í Reykjavík og ríkislögreglustjóra. Mér þætti gaman að sjá hvar hann ætlar að finna þá fjárhæð. Hér er komið fram fjárlagafrumvarp og hv. þingmaður vék að ökutækjastyrk. Við skulum bara sjá hverjar lyktir þess máls verða. Ég hef í sjálfu sér ekki sérstaklega mælt fyrir þeim niður-

skurði. Við skulum bara sjá það mál þróast á þinginu. En ég held að það væri ágætt að hv. þingmaður notaði seinni ræðu sína í dag til að gera grein fyrir því hvar hann hyggst skera niður í stóru málaflokkunum. Við setjum í þessu fjárlagafrumvarpi 3 milljarða í aukin útgjöld til menntamála miðað við fjárlög ársins 2003. Við setjum 1,5 milljarða í aukin útgjöld til velferðarmála og almannatrygginga, rúman milljarð í heilbrigðismál o.s.frv. Er það þarna sem hv. þingmaður vill skera niður? Vill hann hætta við framlög til þessara velferðarmála eða hvar er það sem hv. þingmaður hefur hugmyndir um að hægt sé að ná milljörðunum?

[15:54]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil minna hv. þm. Bjarna Benediktsson á að Sjálfstæðisflokkurinn hefur blásið út hið opinbera á umliðnum árum og það hefur ekki gerst í einu vetfangi heldur hefur þetta gerst smám saman, m.a. með æðardúnsfrumvarpinu sem Sjálfstæðisflokkurinn barðist mjög hart fyrir að ná í gegn. Síðan með skiptingu Samkeppnisstofnunar í tvær stofnanir og svona má lengi telja. Sjálfstæðisflokkurinn hefur smátt og smátt verið að blása út hið opinbera og ef við ætlum að ná tökum á þessu, þá vona ég að Sjálfstæðisflokkurinn gangi í lið með okkur í Frjálslynda flokknum, verður að gera þetta smám saman og vinda ofan af þessu og gefast ekki upp fyrir fram og segja: Það er hægt. Það er ekki hægt. Ég hef trú á því, hv. þingmaður.

[15:55]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef jafnmikla trú á því og hv. þingmaður að hægt sé að ná fram auknu aðhaldi og sparnaði í ríkisrekstrinum. Ég efast ekki um það eina mínútu. En ég held að við ættum þá að einbeita okkur að stóru málaflokkunum frekar en að vera að tala um æðardúnsfrumvarpið í samhengi við fjárlög ársins 2006.

Ég vona að hv. þingmaður hafi hlýtt á ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar þar sem hann dró fram hvaða stærðir er um að ræða hérna. Hverjir eru áhrifavaldarnir í ríkisfjármálunum? Það er ekki æðardúnsfrumvarpið, hv. þingmaður, það eru liðir eins og fjöldi ríkisstarfsmanna og launaþróun hjá opinberum starfsmönnum. Það eru liðir sem skipta verulegu máli þegar kemur að ríkisfjármálum, ekki æðardúnsfrumvarpið.

[15:56]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Stöðugleiki ríkir í efnahagsmálum er klisja sem hefur dunið yfir frá ríkisstjórninni árum saman og hefur líka dunið yfir frá ríkisstjórninni í þessari umræðu ef frá er talinn hv. þm. Bjarni Benediktsson sem talaði hér á undan mér og fagna ég því að hann sé töluvert jarðbundnari en margur annar.

Meira að segja núna segir ríkisstjórnin að stöðugleiki sé þegar viðskiptahallinn er 13,3% sem er sögulegt hámark frá stríðslokum. Stýrivextir Seðlabankans eru komnir yfir 10%. Greiningardeildir bankanna spá allt að 8% verðbólgu og að fram undan sé skarpt gengissig jafnvel upp á 15–25%. Skuldir heimila og ekki síður fyrirtækja hrannast upp. Forsendur kjarasamninga eru að bresta, eins og við höfum heyrt frá verkalýðshreyfingunni á undanförnum dögum, og útflutningsgreinarnar eru í miklum vanda. Þetta kýs hæstv. ríkisstjórn að kalla stöðugleika og loka eyrunum fyrir viðvörunum sem blasa við alls staðar í þjóðarbúskapnum.

Ef skoðuð eru einföld línurit af stöðunni og yfir þennan mikla stöðugleika, sem ríkisstjórnin kallar svo, bara frá árinu 2000 þá verða orð hæstv. ríkisstjórnar um stöðugleika vægast sagt kómísk. Línuritið yfir gengisvísitöluna lítur út um það bil eins og Mont Blanc fjallgarðurinn. Gengisvísitalan tók flugið á árinu 2000 frá 110 stigum og hefur rokið upp í tindinn í tæplega 150 stig í lok árs 2001 og hefur með sveiflum hrapað niður í 103–104 stig sem krónan liggur núna í. Er þetta stöðugleikinn, hæstv. ríkisstjórn?

Línuritið yfir stýrivexti Seðlabankans minnir helst á hjólabrettapall. Léttir pallar upp og niður til að byrja með, smáupphitun, en með vöxtum frá 9% í 5,5% og síðan tekur hjólabrettakappinn tilhlaupið upp og upp í Skaftárbrekku fyrir lokastökkið í 10,7% vexti sem nú eru eftir síðustu vaxtahækkun Seðlabankans. Er þetta stöðugleikinn, spyr ég, hæstv. ríkisstjórn?

Línuritið yfir skuldir heimilanna er reyndar öllu einfaldara. Það er bara eins og vangasvipurinn á Holmenkollen, skíðastökkpallinum fræga. Það sama má segja um fyrirtækin nema pallurinn er heldur brattari þar og hafa skuldir fyrirtækja í landinu meira en tvöfaldast frá árinu 2000. Er þetta stöðugleikinn? Maður verður að spyrja sig. Bábiljan um stöðugleikann er bara ekki trúverðug þegar þetta er skoðað svart á hvítu. Ríkisstjórnin er ein um að halda að hér ríki stöðugleiki.

Virðulegi forseti. Undanfarin ár hefur ríkissjóður bólgnað út og útgjöld ríkisins snaraukist og verða á næsta ári samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi 313 milljarðar, sem er 12 milljarða hækkun frá árinu í fyrra á verðlagi þess árs. Samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi er áætlað að tekjur ríkissjóðs verði 895 milljónir á dag alla daga vikunnar og yfir hátíðir. Því sviður manni að sjá yfirlit ríkisstjórnarinnar í þessu fjárlagafrumvarpi yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum frumvarpsins. Á síðu 451 í frumvarpinu er yfirlit yfir þær lagabreytingar sem ríkisstjórnin hyggst ráðast í til að áform frumvarpsins nái fram að ganga eins og þar segir. Í þessu yfirliti eru einungis tvær breytingar vegna gjaldahliða frumvarpsins og hverjar eru þær? Jú, á þessu metári ríkisútgjalda á að kroppa fjármuni af þeim sem allra síst skyldi, nefnilega hreyfihömluðum og skuldugu fólki. Einu lagabreytingunum sem gera þarf til að áform ríkisstjórnarinnar í frumvarpinu nái fram að ganga á að beina gegn þessum tveimur hópum.

Af hreyfihömluðum á að kroppa bensínstyrk sem er forsenda þess hjá mörgum að þeir geti stundað vinnu og tekið þátt í samfélaginu.

Af þeim sem skulda mikið í íbúðum sínum og bera þunga vaxtabyrði, sem er að langstærstum hluta til ungt fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuð, á að kroppa í vaxtabæturnar.

Virðulegi forseti. Þetta finnst mér rangt að gera. Þetta er ofsalega óréttlátt. Fjárlagafrumvarpið er stefnumarkandi plagg. Það er því stefna ríkisstjórnarinnar að á næsta ári skuli kroppa aurana af hreyfihömluðu fólki og unga fólkinu

með húsnæðisskuldirnar. Þannig ætlar ríkisstjórnin að mæta hagræðingarkröfunni eins og hún er kölluð. Ég hefði haldið að hagræðing þýddi að skera niður óþarfa lúxus, eða eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson orðaði hérna áðan, svona ákveðið fitulag. Ég verð því að spyrja: Telur núverandi ríkisstjórn að bensínstyrkur til hreyfihamlaðra sé lúxus eða óþarfa fitulag? Telur ríkisstjórnin að vaxtabætur vegna húsnæðiskaupa nú á tímum uppsprengds húsnæðisverðs sé lúxus á venjulegum íslenskum heimilum barnafjölskyldna? Við í Samfylkingunni teljum svo ekki vera. Munurinn á forgangsröðun Samfylkingarinnar og núverandi ríkisstjórnar kristallast í þessu máli og er alveg skýr.

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra hefur verið tíðrætt um stöðu fjölskyldunnar í landinu, nú síðast í stefnuræðu hér á Alþingi síðasta þriðjudagskvöld. Ég fagna þeirri auknu umræðu um málefni barnafjölskyldna. Einmitt þess vegna skil ég ekki hvers vegna á að kroppa í vaxtabætur ungra barnafjölskyldna og skerða þær annað árið í röð. Meinar hæstv. forsætisráðherra ekkert með orðum sínum þegar hann boðar fjölskylduvænt samfélag?

Á barnafjölskyldum hvíla miklar byrðar. Þar vegur þungt hátt matvælaverð, skólagjöld í leikskóla, gjöld fyrir dagvistun yngri barna í grunnskólum, hár læknakostnaður og þá ekki síst tannlæknakostnaður og ekki síst núna himinhár húsnæðiskostnaður. Daglegur rekstur heimilanna og ekki síst þeirra sem börn búa á er afar kostnaðarsamur í samfélagi okkar og hefur hækkað mikið undanfarin ár.

Virðulegi forseti. Annað árið í röð á að skerða vaxtabætur til þeirra sem standa í húsnæðiskaupum með því að breyta lögum þannig að greiddar vaxtabætur skuli nema 95% af útreiknuðum bótum, eða eins og segir í texta fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2006, á bls. 391, með leyfi forseta:

„Við breytingar á vaxtabótum á síðasta ári var miðað við að vaxtabætur við álagningu ársins 2005 yrðu 95% af því sem gildandi reglur skv. b-lið 68 gr. laga nr. 90/2003 kveða á um. Ákveðið hefur verið að framlengja þá ráðstöfun í samræmi við áform um aðhald með útgjöldum ríkissjóðs.“

Virðulegi forseti. Þetta er aðhald hæstv. ríkisstjórnar. Eða er þetta kannski fjölskyldustefna hæstv. forsætisráðherra? Maður hlýtur að spyrja sig þeirrar spurningar þegar einungis þessar tvær aðgerðir eru settar sem forsendur frumvarpsins.

Nú þegar húsnæðisverð hefur rokið upp og skuldir ungra barnafjölskyldna vegna húsnæðiskaupa hafa aukist að sama skapi ætlar ríkisstjórnin, sem boðar fjölskyldustefnuna, að kroppa í vaxtabæturnar. Við vitum að einmitt á ungum barnafjölskyldum hvílir þyngsta vaxtabyrðin vegna húsnæðiskaupa. Við vitum líka að skuldir ungs fólks eru að stærstum hluta vegna húsnæðiskaupa.

Í svari við fyrirspurn Helga Hjörvars til ráðherra um skuldir eftir aldri, sem lögð var fram á 131. löggjafarþingi, kom nákvæmlega þetta fram, að árið 2003 var hlutfall húsnæðisskulda fólks á aldrinum 21–45 ára 75% af heildarskuldum vegna húsnæðis. Það þarf varla að taka fram að hlutfallið var hærra eftir því sem yngra fólk er. Þetta unga fólk er ekkert að bruðla eða taka óþörf lán eins og hér hefur verið gefið í skyn af hv. þingmönnum ríkisstjórnarinnar. Það er einfaldlega að koma sér og fjölskyldu sinni upp þaki yfir höfuðið, ekki eru flóknari hlutir á ferðinni en svo. Ef ungar barnafjölskyldur hafa einhvern tíma þurft fullar vaxtabætur þá er það nú í þessari stöðu. Mér finnst það því vond ákvörðun hjá ríkisstjórninni að lækka vaxtabæturnar og Samfylkingin er henni algjörlega ósammála. Vaxtabæturnar eru tæki til þess að koma til móts við ungar barnafjölskyldur sem ríkisstjórnin á að nota ef hún meinar eitthvað með því að hér eigi að vera stefna sem er barnafjölskyldum landsins í hag.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég hef orðið fyrir ofsalegum vonbrigðum með þetta vegna þess að mér finnst það lýsa hugarfari sem að mínu mati er algjörlega óþolandi, að þegar á að leita að einhverjum krónum til að kroppa í þá skal fara þangað sem síst er von á mótmælum. Ungu barnafjölskyldurnar hafa ekki enn myndað með sér samtök en ég tel að tími sé til kominn til að svo verði gert vegna þess að það þarf svo sannarlega að verja hag þeirra í samfélaginu. Skattalækkanirnar komu þeim ekki til góða, langstærstum hópi kom það ekki til góða. Barnabæturnar sem voru teknar af þeim og mun verða skilað til baka á næsta ári munu gera eitthvað en ekki nándar nærri nóg. Því eigum við að nota öll þessi tæki sem við höfum til að koma til móts við barnafjölskylduna, barnabæturnar, vaxtabæturnar, skattkerfið til að bæta hag þeirra, ekki að skerða vaxtabæturnar með þeim hætti sem nú er gert þegar húsnæðisverð er upp úr öllu valdi.

[16:06]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var falleg ræða hjá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur. Hæstv. ríkisstjórn er einmitt að mæta því fólki sem henni var svo tíðrætt um í ræðu sinni. Ungt fólk með mikla greiðslubyrði, sem er að koma sér þaki yfir höfuðið og stofna fjölskyldu, er fólk sem er oftar en ekki að koma úr dýru námi. Við hv. þingmaður hljótum að vera sammála um það, hún sem fyrrverandi forustumaður námsmanna innan Háskóla Íslands. Þetta fólk er að koma úr dýru námi, það er með gríðarlega háa greiðslubyrði en það er líka með há laun. Það er líka með há laun vegna þess að það hefur haft fyrir því að afla sér menntunar við hæfi.

Nú ætlar ríkisstjórnin að lækka tekjuskattsprósentuna um 4% á þennan hóp sem er með gríðarlega miklar tekjur. Þetta fólk fær engar vaxtabætur eins og hv. þingmaður gaf í skyn. Þetta fólk fær litlar barnabætur eins og hv. þingmaður vill gefa í skyn. Svo töluðu aðrir hv. þingmenn Samfylkingarinnar um það hér í dag að ekki hefði átt að fara í þessa lækkun á tekjuskattsprósentunni.

Ég vil fá það á hreint, er hv. þingmaður sammála því sem ríkisstjórnin er að gera, að lækka tekjuskattsprósentuna um 4% eða ekki? Það kemur ungu fólki sem er að koma úr kostnaðarsömu námi til góða, sem er með há laun og hefur haft mikið fyrir því að afla sér þeirra tekna. Er hún sammála því eða ekki að lækka tekjuskattsprósentuna um 4% á þennan þjóðfélagshóp? Þannig talaði hv. þingmaður fyrir síðustu kosningar. Það er ekki bæði sleppt og haldið í þessum efnum.

Unga fólkið á að stofna samtök, sagði hv. þingmaður. Ég var á fundi á Bifröst fyrir ári þar sem voru miklar um-

ræður um hvernig sá hópur fer út úr jaðarsköttunum í samfélaginu. Við kynntum þessar skattalækkanir og það var hrópað húrra þar. Nú viljum við fá að heyra hver er stefna Samfylkingarinnar gagnvart ungu fólki.

[16:08]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir þessu, hv. þm. Birkir Jón Jónsson hélt svipaða ræðu áðan um alla þá hálaunamenn og allt það unga fólk sem er með háu launin og fær það mikið út úr skattkerfinu að það fær engar barnabætur og engar vaxtabætur vegna hárra launa. Þá vil ég benda hv. þingmanni á að það er ekki allt ungt fólk og ungar barnafjölskyldur með há laun eða í þessum hálaunahópi. Ég vil benda honum á að við höfum látið reikna út dæmi að hálaunahjón með um 960 þús. kr. tekjur á mánuði fá um 66 þús. kr. í skattalækkun á mánuði eða tæplega 800 þús. á ári miðað við skattkerfisbreytingar eða skattalækkanir ríkisstjórnarinnar. En í fjölmennasta hópi millitekjuhjóna fær fólk rúmlega helmingi lægri upphæð en þetta og er langfjölmennasti hópurinn.

Virðulegi forseti. Stefna Samfylkingarinnar í þessum efnum er alveg skýr, hún var það í fyrra. Við lögðum til að matarskatturinn yrði lækkaður í stað þess að lækka tekjuskattinn um 1% vegna þess að það kæmi öllum til góða, öllum jafnt. Hv. þingmaður hlýtur að vita og hafa reiknað það út að flöt tekjuskattslækkun þýðir að þeir sem hafa mest fá mest í vasann, þetta er ekki flókin reikningskúnst. Þetta er því alveg klárlega stefna okkar og var okkar stefna, við lögðum hana fram í fyrra, að við vildum lækka matarskattinn til þess að barnafjölskyldur fengju lægra matarverð og þannig kæmi það öllum til góða, ekki bara unga fólkinu með háu launin, sem er ekki í meiri hluta í samfélaginu.

[16:10]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er afstætt hvað eru há laun og hvað eru lág laun. En það er staðreyndin að ungt menntað fólk er yfirleitt með meðaltekjur eða vel það. En þetta fólk er að koma yfir sig mjög dýru húsnæði eins og gefur að skilja.

Hv. þingmaður segir að Samfylkingin hafi ekki verið fylgjandi því að lækka tekjuskattsprósentuna um 1% á síðasta ári. Af hverju í ósköpunum greiddi þá Samfylkingin ekki atkvæði á móti því? Hvers lags tvískinnungur er þetta? Samfylkingin var ekki á móti því að lækka tekjuskattsprósentuna í fyrra, hv. þingmaður getur ekki komið hér upp og sagt slíka hluti.

Við erum líka að stórhækka barnabætur, um 2,4 milljarða, sem mun koma sérstaklega lágtekju- og millitekjufólki til góða, því er ekki eingöngu verið að hampa hátekjufólki eins og hv. þingmenn Samfylkingarinnar gefa í skyn. En við megum heldur ekki reka þannig skattastefnu að það sé letjandi fyrir fólk að hafa há laun, að það sé letjandi fyrir fólk að vera duglegt og vinna. Ég vil ekki lifa í slíku þjóðfélagi. Við eigum að skapa því fólki sem fer utan í mjög dýrt nám þær aðstæður að það geti flutt hingað heim og rekið heimili sitt með sóma. Ég veit ekki í hvaða umhverfi hv. þm. Katrín Júlíusdóttir lifir en ég þekki mörg heimili þar sem ungt fólk er með meðaltekjur og það berst í bökkum. Þetta fólk fær ekki fullar vaxtabætur ef það er með rúmlega meðaltekjur og það fær ekki fullar barnabætur. Hvernig ætlar Samfylkingin að koma til móts við það fólk? Það er ósköp eðlilegt að spurt sé.

Málflutningur Samfylkingarinnar almennt — hún hefur boðað það að hún ætli að afnema stimpilgjald, lækka matarskatt, gera leikskólann gjaldfrjálsan, þetta eru orðnar tillögur upp á 15 eða 20 milljarða, stórhækka skattleysismörkin. Hvar endar þessi stefna Samfylkingarinnar? Hvar endar Samfylkingin?

[16:12]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr í hvaða heimi ég lifi. Virðulegi forseti, ég verð að segja að ... (**Gripið fram í:** ... Kópavogi.) Já, ég bý í Kópavogi reyndar, það er hárrétt, enda er gott að búa í Kópavogi. (**Gripið fram í:** Gott að búa í Kópavogi.) En ég vil segja þetta við hv. þingmann: Ég veit mætavel að það eru fjölmargir með millitekjur sem berjast í bökkum.

Hann talar um að eitthvað eigi að gera fyrir þennan hóp. Þá spyr ég til baka: Er þessi þingmaður, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, þá stoltur af sínum mönnum í Framsóknarflokknum sem hafa verið í ríkisstjórn síðan 1995 (Gripið fram í.) sem eru í þessu fjárlagafrumvarpi að leggja til lagabreytingar til að skerða vaxtabæturnar? Er hv. þm. Birkir Jón Jónsson stoltur af mönnum sínum í Framsóknarflokknum sem hafa hlunnfarið barnafólk á undanförnum árum með því að skerða barnabætur en ætla núna að koma reyndar með einhverja sárabót en skila einungis (**Gripið fram í:** Hvað gerði Jóhanna?) á árunum 2006–2007 fjórðungi af því sem þær voru 1995 ef þær hefðu fengið að þróast hér eðlilega en voru skertar.

Virðulegi forseti. Mér þykir því gríðarlegur tvískinnungur í málflutningi hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar sem í annan stað talar um að hér eigi að vera flöt skattalækkun fyrir þá sem eru með svo há laun að þeir fá ekki barnabætur og vaxtabætur, síðan á hinn bóginn talar hann með fólki sem er með millitekjur og berst í bökkum en er á sama tíma að samþykkja að skerða vaxtabætur til þess hóps. Þetta þykir mér afar rangt vegna þess að sá hópur á auðvitað að fá eitthvað líka. Hann fær ekki þessar skattalækkanir í sama mæli og hátekjufólkið, þ.e. millitekjuhópurinn, hann fær það ekki. Og hann á að fá það í gegnum vaxtabæturnar þess í stað.

[16:15]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru tvö atriði sem mig langar til að ræða hérna. Annað er það að hv. þingmaður fór yfir það í upphafi ræðu sinnar að hún hefði miklar áhyggjur af jafnvægisleysi eða skorti á stöðugleika í efnahagslífinu. Það er ekkert nema gott um það að segja að menn hafi áhyggjur af slíku vegna þess að það er rétt að vera á varðbergi. En ég heyrði ekki eitt einasta orð um hvernig hún telur að bregðast eigi við þessu og hvað væri helst til ráða ef útlitið er þannig að við getum átt von á að meira ójafnvægi verði hér en við höfum vanist nú um langan tíma. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að þingmenn komi fram með það og segi

skoðun sína á því þannig að við getum áttað okkur á hvernig menn líta á þetta og hverjar væru þá tillögurnar.

Annað atriði sem hv. þingmaður kom inn á finnst mér ástæða til að gera að umræðuefni. Hún fór að ræða um þann texta sem kemur fram frá heilbrigðisráðuneytinu um breytingu á svokölluðum bensínstyrk. Nú geta ráðuneyti og ríkisstjórnir breytt styrkjum fram og til baka og í því sambandi eru alltaf umræðuefni og deilumál hvað sé rétt og rangt. En ég ætla að taka það fram að textinn sem stendur þarna, að ráðuneyti heilbrigðismála ætli að eyða 224,5 milljónum til að mæta hagræðingarkröfunni sem það hefur, er náttúrlega annaðhvort ósvífni eða bara hreint bull. Ég get lofað hv. þingmanni því að Alþingi mun örugglega aldrei láta eitt ráðuneyti komast upp með svona vitleysu. Ráðuneytinu ber að svara kröfunni um hagræðingu, sem er nú ekkert mjög mikil, og þetta ráðuneyti kemst ekkert upp með það frekar en annað ráðuneyti. Það verður að svara kröfunni um hagræðingu. Það væri nú aldeilis ef einhver ráðuneyti ætluðu að fara að afgreiða kröfuna með þessum hætti að breyta bótum eða hverju sem væri til þess að geta svarað þessu. Þetta er fráleitt og ég lofa þingmanninum því að þetta fer aldrei í gegn.

[16:17]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi síðustu orð hv. þingmanns Einars Odds Kristjánssonar fagna ég því að þetta eigi ekki að fara í gegn, við hljótum að fagna því. En það sem ég var að segja er að þetta stendur einfaldlega í fjárlagafrumvarpinu og í texta um þennan svokallaða bensínstyrk.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun leggja fram frumvarp til laga fyrir Alþingi þess efnis að uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna reksturs bifreiðar, svokallaður bensínstyrkur, verði felld niður frá og með 1. janúar 2006 en styrkurinn er áætlaður 720 millj. kr. Af þeim fjármunum er lagt til að 100 millj. kr. verði millifærðar til að efla starfsendurhæfingu sjúkratrygginga og 393,6 til að hækka tekjutryggingarauka hjá elli- og örorkulífeyrisþegum og 226,4 millj. kr. notaðar til að mæta hagræðingarkröfu."

Virðulegi forseti. Ég fagna því ef hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson er sammála mér um að þetta sé röng leið til að mæta hagræðingarkröfu, þá finnum við án efa flöt á því innan fjárlaganefndar að þetta hverfi út, þessi ákvörðun sem hér liggur fyrir og hér er kynnt og er einnig kynnt í yfirliti yfir lagabreytingar sem gera þarf.

Varðandi það hvaða leiðir við mundum fara til bóta og til að koma meira jafnvægi á efnahagsástandið þá get ég upplýst hv. þingmann um að ef hann t.d. læsi yfir þær róttæku breytingar sem við höfum áætlað að gera á Stjórnarráðinu þá er ég alveg viss um að þar mundi felast töluverð hagræðing fyrir stjórnkerfið þar sem við munum fækka ráðuneytunum úr 12 í 9 og sameina krafta þeirra ráðuneyta sem ættu að vera saman.

En auðvitað hefði átt að byrja að taka á þessum málum árið 2000 þegar menn sáu í hvað stefndi. En það var þá sem ríkisstjórnin byrjaði að kalla: Stöðugleiki, stöðugleiki, og hætti að hlusta og hætti að gera nokkuð í málunum sem hefði getað komið í veg fyrir þetta

[16:19]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað sagði ég ekkert um það hvort bætur gætu breyst, hækkað eða lækkað. Það getur alltaf verið þannig. En ég sagði að eitt ráðuneyti kemst aldrei upp með að neita að svara hagræðingarkröfunni og að ætla að breyta einhverjum bótum til að nota peningana í það, það er fjarstæða og bull. Svo geta bæturnar breyst, ég var ekkert að segja um það.

En nú höfum við fengið að heyra þetta, virðulegi forseti, hvernig á að bregðast við aðsteðjandi vanda í efnahagsmálum og hættu á miklu ójafnvægi. Breyta í Stjórnarráðinu, þá lagast þetta. Þannig að það má svona með herkjunni fiska upp eitt og eitt svona, það má fiska upp tillögur um það hvernig eigi að gera þetta. (Gripið fram í.) En litlu munaði, segir nú sagan að músin hafi sagt, litlu munaði, þegar hún meig í sjóinn. En þetta er þó viðleitni að hagræða þá aðeins og fækka ráðherrum. Það er aldrei að vita nema það sé gott og ég fagna því og ég get kannski stutt það. En ég er hræddur um það að menn sem ætla að tala í alvöru um efnahagsmálin og þá stöðu sem atvinnulífið er í þurfi að taka sig aðeins á og koma með aðeins skýrari hugmyndir um hvernig hægt sé nálgast þann stóra vanda, sem ég veit að er, og hugsa málið í heild sinni. Það er ágætt að krukka eitthvað í Stjórnarráðið, ég er ekkert á móti því. Menn verða að gera það, stjórnarandstaðan verður að gera það, hún kemst ekkert upp með það að vera í umræðum við okkur heilan dag og það kemur ekki ein einasta meining um það hvernig þau vilji standa að þessu.

[16:21]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsti því áðan að við hefðum lagt fram þessar róttæku breytingar á Stjórnarráðinu. Auðvitað fylgir því að farið yrði í gegnum öll ráðuneyti, alla verkferla og allar undirstofnanir þeirra, sem án efa mun fela í sér töluverðar breytingar þar. Við vitum það mætavel, ég og hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson, að kallað hefur verið eftir því af aðilum atvinnulífsins, verkalýðshreyfingunni og þeim sem hafa verið að gagnrýna ríkisfjármálin að undanförnu, að það sjáist á ríkisútgjöldum að ríkisvaldið sé að gera eitthvað og taka þátt í því í samfélaginu að koma á meiri stöðugleika og styrkja efnahagslífið.

Staða ríkissjóðs er góð. Hér flæðir allt í fjármunum. En þeir flæða líka jafnhratt út. Og það er eitthvað sem við verðum auðvitað að skoða sem virkir þátttakendur í þessu. Grunnbyrjunin, upphafið að því er að fara í gegnum allt Stjórnarráðið, í gegnum ráðuneytin, verkferlana og í gegnum undirstofnanir. Leiðin er ekki að kroppa eitthvað í meint fitulag, eins og hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson kallaði það hér áðan, með því að kroppa í vaxtabætur hjá ungu fólki með húsnæðisskuldir, bensínstyrk hjá hreyfihömluðum eða aðrar viðlíka aðgerðir. Við hljótum að hafna þeim. Það eru ekki leiðirnar.

Við vonumst auðvitað til þess að ríkisstjórnin sé tilbúin til að fara að vinna raunverulega að því að skapa hér umhverfi til að ráðast í breytingar á Stjórnarráðinu sem eru

löngu, löngu tímabærar og yrðu í mun meiri takt við nútímann en raunin er núna.

[16:23]

Útbýting:

Aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum, 34. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 34.

Bensíngjald og olíugjald, 30. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 30.

Háspennulínur í jörðu, 128. mál, fsp. DrH, þskj. 128.

Húsnæðismál geðfatlaðra, 145. mál, fsp. JóhS, þskj. 145.

Lífeyrisréttindi hjóna, 33. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 33.

Rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögu, 98. mál, fsp. GHall, þskj. 98.

Ríkisjarðir, 129. mál, fsp. DrH, þskj. 129.

Saksókn og ákæruvald í skattamálum, 126. mál, fsp. JóhS, þskj. 126.

Samráðsvettvangur stjórnvalda og samtaka aldraðra, 93. mál, fsp. JóhS, þskj. 93.

Skatteftirlit með stórfyrirtækjum, 127. mál, fsp. JóhS, þskj. 127.

Skattlagning söluhagnaðar af hlutabréfum og vaxta til erlendra aðila, 124. mál, fsp. JóhS, þskj. 124.

Sveigjanlegur vinnutími í ríkisstofnunum og ráðuneytum, 148. mál, fsp. GÖg, þskj. 148.

Tekjuskattur einstaklinga, 97. mál, fsp. RG, þskj. 97.

Upplýsingaskylda í ársreikningum, 125. mál, fsp. JóhS, þskj. 125.

Útflutningur dilkakjöts, 130. mál, fsp. DrH, þskj. 130.

[16:25]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér var auglýst eftir hugmyndum og tillögum frá stjórnarandstöðunni. Hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar, sagðist sakna þess að frá stjórnarandstöðunni kæmu engar tillögur fram. Hér eru tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs: „Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika." Ítarlega og vel unnið plagg sem við höfum gert grein fyrir í fjölmiðlum á undanförnum vikum og dögum og munum síðan taka til umfjöllunar í þinginu fljótlega.

Á tíu mínútum er aðeins unnt að stikla á stóru. Um almennar áherslur og stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vísa ég til framsöguræðu hv. þingmanns Jóns Bjarnasonar sem talaði fyrstur úr okkar hópi við þessa umræðu og ég vil gera hans orð og hans áherslur að mínum. Ég ætla að víkja í örstuttu máli að fjórum meginsviðum, stórum og smáum, að öryrkjum, að dvalarheimilum aldraðra, að sölu Landssímans og að lokum fara almennum orðum um þá stefnu sem boðuð er í fjárlagafrumvarpinu að þessu sinni.

Ég sagði að ég ætlaði að víkja að stórum og smáum málum. Hvað eru stór mál og hvað eru smá mál? Metum við stærð mála eftir krónutölu eða pólitískum ásetningi? Hvernig sem á málin er litið er aðförin sem boðuð er að kjörum öryrkja stórmál. Og þó að erfitt væri að ráða í orð hv. þingmanns Einars Odds Kristjánssonar, varaformanns fjárlaganefndar, hér áðan þá eru skilaboðin frá Öryrkjabandalagi Íslands mjög skýr.

Í yfirlýsingu sem kom frá bandalaginu fyrir fáeinum dögum segir, með leyfi forseta:

„Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár kemur fram að heilbrigðisráðherra muni leggja fram frumvarp á Alþingi sem kveður á um að uppbót á elli- og örorkulífeyri vegna reksturs bifreiðar, oft nefnd bensínstyrkur, verði felld niður frá og með 1. janúar næstkomandi. Styrkurinn er áætlaður um 720 millj. kr. Lagt verður til að þessum fjármunum verði varið til hækkunar á tekjutryggingarauka hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, um 393 milljónir, 100 milljónir verði millifærðar til að efla starfsendurhæfingu sjúkratrygginga og 226 milljónir verði skornar niður til að mæta hagræðingarkröfu, eins og það er orðað í greinargerð frumvarpsins. Hér er um beina ávísun á kjararýrnun fjölda hreyfihamlaðra að ræða.

Einnig er gert ráð fyrir að útgjöld vegna laga um félagslega aðstoð lækki um 226 millj. kr., óhjákvæmilega bein ávísun á kjararýrnun fjölda öryrkja."

Tilvitnun lýkur í yfirlýsingu frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Hér er um að ræða háar fjárhæðir þar sem að hluta til er um millifærslu að ræða og að hluta til um beina kjaraskerðingu að ræða. Ég lít á þetta sem stórmál sem við eigum eftir að takast á um í haust áður en fjárlögin verða afgreidd.

Annað atriði sem ég ætlaði að víkja að varðar dvalarheimili aldraðra. Hæstv. fjármálaráðherra var spurður um þetta efni og skýringu á því að einkarekið dvalarheimili fái hlutfallslega meira fjármagn en sjálfseignarstofnanir eða stofnanir sem eru reknar beint á vegum hins opinbera. Hann svaraði á þá lund að ástæðan væri hærri fjárfestingarkostnaður. Ég tel að hér sé um misskilning að ræða. Ég tel þetta vera rangt.

Ríkisendurskoðun telur þetta líka rangt vegna þess að fjárfestingarkostnaðurinn hjá hinum stofnununum er, ef eitthvað er, hærri en hjá hinum einkarekna aðila sem fær húsnæðiskostnaðinn að fullu greiddan úr ríkissjóði, ekki hinir. Ástæðan fyrir því að gjöldin eða framlagið frá ríkinu er hærra er samkvæmt niðurstöðu Ríkisendurskoðunar sú að eigendur hins einkarekna heimilis hljóti að krefjast arðs, að þar sé komin skýringin á hærra framlagi.

Í þriðja lagi ætlaði ég að víkja sölu Símans, að einu litlu atriði þar. Hv. þingmaður Bjarni Benediktsson sagði áðan að hugsunin að baki einkavæðingu og sölu Símans væri sú að ríkið losaði fjármagn út viðjum ríkisreksturs og færði yfir í önnur uppbyggileg verkefni. Þetta er ákveðin hugsun sem við höfum oft heyrt, að taka peninga úr þjónustufyrirtækinu Símanum og færa annað, til að mynda í hátæknisjúkrahús. Þetta er ágæt hugsun. En það er einn grundvallarmunur á þessum tveimur stofnunum. Hann er sá að fyrrnefnda stofnunin, Síminn, gefur okkur skattborgurunum, okkur sem eigum ríkissjóð, arð. Hann færir okkur fjármuni en sjúkrahúsið veldur einvörðungu kostnaði. Á þessu er að sjálfsögðu grundvallarmunur.

Nú kemur að fjórða atriðinu sem ég vildi nefna. Hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson fór orðum um fjárlagafrumvarpið, fór með okkur í ferðalag yfir á síðu 264

þar sem segir frá tekjum og kostnaði. Hann benti réttilega á að samkvæmt frumvarpinu er dregið úr fjárfestingum. Hann spurði í framhaldinu: Þeir sem vilja lægri útgjöld ríkisins verða að gera grein fyrir því hvar þeir vilji skera niður. Hann benti einnig réttilega á að útgjöld ríkisins væru fyrst og fremst rekstrarkostnaður. Vissulega er hægt að hagræða víða, t.d. í utanríkisþjónustu og í ýmsum framkvæmdum, en fyrst og fremst er um rekstrarkostnað að ræða. Hann sagði: Við erum öll ábyrg fyrir því hvert stefnir. Nei, það er rangt.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð varaði við þeirri stefnu sem tekin var í kjölfar síðustu kosninga. Vinstri hreyfingin, einn flokka, varaði við skattalækkunum, ekki aðeins vegna þess að það væri óheppilegt á þessum þenslutímum, það mundi valda frekari þenslu heldur og vegna þess að við mundum þegar fram liðu stundir lenda í vandræðum með rekstur hins opinbera. Ríkisstjórnin mun skera niður á milli 20 og 30 milljarða kr., skerða tekjur ríkisins um á milli 20 og 30 milljarða kr., þegar skattalækkanirnar verða komnar til framkvæmda. Menn segja: Já, en er ekki allt í lukkunnar velstandi? Núna er afgangur. Já, það er afgangur, eftir að Landssíminn er seldur. Hann er aðeins seldur einu sinni. Og ef við lítum á þá tekjuaukningu sem er að finna í þessu frumvarpi frá því sem áður hafði verið ætlað þá er um tímabundnar tekjur að ræða.

Það kemur fram í fylgigagni með frumvarpinu. Hér segir, með leyfi forseta:

„Tekjur ríkissjóðs hafa aukist verulega vegna aukinna umsvifa í efnahagslífinu og aukinnar neyslu. Af einstökum tekjuliðum er áætlað að eftirtaldir skattar muni skila ríkissjóði rúmlega 20 milljarða krónum meiri tekjum en áætlað var í fjárlögum; tekjuskattur einstaklinga 5,5 milljörðum, stimpilgjald 4,4 milljörðum, virðisaukaskattur 7 milljörðum og vörugjöld af ökutækjum um 3,3 milljörðum króna. Þá er fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði um 6,3 milljörðum meiri en áætlun fjárlaga, sem skýrist aðallega af sölu Landssímans, og arðgreiðslur um 4,3 milljörðum króna meiri vegna sérstakrar arðgreiðslu frá Landssímanum."

Allt er þetta tímabundið. Þetta eru tímabundnir þensluog einkavæðingarskattar, ágóði af einkavæðingu. Við þessu höfum við varað og það er rangt að gera okkur samábyrg í þeirri stefnu sem ríkisstjórnarflokkarnir og aðrir flokkar, (Forseti hringir.) allir aðrir en Vinstri hreyfingin – grænt framboð, boðuðu fyrir síðustu kosningar. Ég mun (Forseti hringir.) gera nánar grein fyrir öðrum þáttum í síðari ræðu minni.

[16:36]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil segja örfá orð við þá umræðu sem farið hefur fram í dag um fjárlagafrumvarpið. Ég tek undir það sem stjórnarliðar hafa talað um, að um er að ræða gott frumvarp að langmestu leyti. Það er gott innlegg í efnahagsmálin í samfélaginu. Að öðru leyti vildi ég halda mig við þann málaflokk sem ég fer með og nefna örfá atriði um stefnu okkar, sem ég tel til bóta.

Áðan töluðu menn um stór mál og smá. Mér er mikil ánægja að geta skýrt frá nokkrum smærri málum sem þetta frumvarp þokar áleiðis. Við gerum átak í meðferð átröskunarsjúklinga á Landspítalanum. Við greiðum niður gleraugu fyrir börn, sem er ekki stórt mál en hins vegar stórt mál fyrir þá sem í hlut eiga. Við ætlum að gera sérstakt átak í Hafnarfirði og bæta þar 20 rýmum við fyrir alzheimersjúklinga. Við leggjum mjög mikla áherslu á endurhæfingu í þessu frumvarpi höldum áfram uppbyggingu í heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Ætlunin er að koma tveimur nýjum heilsugæslustöðvum í not á því svæði.

Af því að ég minntist á endurhæfingu vil ég hafa nokkur orð um mál sem nefnt hefur verið af flestum í umræðunni. Það eru tillögur sem er að finna í frumvarpinu, um svokallaðan bensínstyrk sem verður felldur niður frá áramótum. Það hefur verið gagnrýnt, bæði í fjölmiðlum og af stjórnarandstöðunni á Alþingi. Ég vil undirstrika að um leið og bensínstyrkurinn er lagður niður hækkar tekjutryggingarauki um rúmlega fimmtung, eða sem nemur um 400 millj. kr. 100 millj. kr. renna svo til endurhæfingar. Afgangurinn, rúmlega 220 millj. kr., er svo nýttur til að mæta almennum hækkunum í almannatryggingakerfinu.

Bætur almannatrygginga hækka frá fjárlögum þessa árs um 2.600 millj. kr., af því eru verðbætur um 1.000 milljónir af upphæðinni þannig að bein hækkun bóta, m.a. vegna fjölgunar í þessum flokki, er um 1,6 millj. kr.

Bensínstyrkurinn var í upphafi hugsaður sem styrkur við hreyfihamlaða og er lögum samkvæmt félagslegt úrræði, viðbót við þá aðstoð sem tiltekinn hópur manna fær til að kaupa bíl og viðbót við þá þjónustu sem sveitarfélögin veita með akstursþjónustu sinni. Útgjöld vegna hans hafa tvöfaldast frá árinu 2000, þá voru þau 389 millj. kr. en hefðu að óbreyttu orðið 750 millj. kr. á næsta ári. Nú fá 6.800 manns svokallaðan bensínstyrk til að reka bíla sína, 2.650 öryrkjar og rúmlega 4.000 ellilífeyrisþegar. Tæplega 4.600 manns missa bensínstyrkinn og eru ekki með tekjutryggingarauka, sem þýðir að þeir fá enga hækkun á móti. Af þessum hópi eru um 2.500 ellilífeyrisþegar og rúmlega 1.900 öryrkjar. Þeir sem aftur á móti fá fimmtungshækkun á tekjutryggingarauka eru tæplega 11.000 talsins eða um 6.300 ellilífeyrisþegar og um 4.200 öryrkjar.

Meðaltal viðmiðunarbóta og tekna öryrkja sem missa bensínstyrkinn er um 200 þús. á mánuði en þeir sem fá í staðinn hærri tekjutryggingarauka eru með samsvarandi tekjur á mánuði, um 127 þús. kr. Meðaltal viðmiðunartekna og bóta ellilífeyrisþega hins vegar sem missa bensínstyrkinn var um 153 þús. kr. á mánuði í maí síðastliðnum en meðaltal tekna og bóta þeirra sem fá í staðinn fimmtungshækkun tekjutryggingarauka var hins vegar um 108 þús. kr. á mánuði á sama tíma.

Í hópi hreyfihamlaðra hafa þeir einir fengið þennan þátt félagslegra bóta sem eiga bíl en hinir ekki sem eru bíllausir. Stuðningurinn, þ.e. bifreiðakaupastyrkir, hjálpartæki bifreiða, niðurfelling bifreiðagjalda og annað sem hefur komið í hlut þeirra sem eiga bíl hefur ekki gagnast þeim sem t.d. hafa ekki ráð á að kaupa sér og reka bíl. Þeir sjá hins vegar fram á fimmtungshækkun tekjutryggingaraukans.

Það er rétt að geta þess að með þessari aðgerð er starfsendurhæfing efld umtalsvert með því að fjölga úrræðum í starfsendurhæfingu og reyna þannig að koma í veg fyrir að einstaklingar fari á örorkubætur. Það skal ítrekað að í frumvarpinu er það fjármagn þrefaldað sem varið er til starfsendurhæfingar frá fjárlögum þessa árs.

Virðulegi forseti. Í ljósi umræðunnar um þetta mál hef ég ákveðið að fara fram á fund með forustumönnum Öryrkjabandalagsins um þetta mál. Ég hef rætt við formann Öryrkjabandalagsins og mun þeim fundum verða komið á eftir helgina. Þessar aðgerðir þarfnast lagabreytingar en ég hef ákveðið að fara rækilega yfir málið með forsvarsmönnum Öryrkjabandalagsins áður en ég legg það frumvarp fram, sem mun og á að fylgja fjárlagafrumvarpinu.

Ég vildi koma þessum skýringum á málinu á framfæri í fjárlagaumræðunni vegna þess að þetta hefur verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu og eins hér á Alþingi.

[16:43]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. heilbrigðisráðherra um að hann hyggist fara í viðræður við Öryrkjabandalagið um þessar breytingar. Betra hefði verið að það hefði verið gert áður því að þá hefði mátt forðast þessi mistök. Ég vil bara kalla þennan tillöguflutning það sem hann er, mistök.

Ég minni hæstv. ráðherra á að meginreglur Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra kveða á um þá skyldu stjórnvalda að hafa samráð við samtök fatlaðra áður en gripið er til aðgerða gegn þeim. Það hefði verið farsælla í vinnslu þessa máls að gera svo.

Það að afnema bifreiðastyrk til hreyfihamlaðra er einfaldlega vond hugmynd. Ég held að það hafi ekki verið hægt að ráða annað af ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra en að hann viti að svo er. Ég trúi því tæpast að hér sé þingmeirihluti fyrir því að grípa til þeirra aðgerða. Ég held að ég láti ógert að fara yfir þau rök sem til þessarar skoðunar minnar standa, ég held að það sé Alþingi farsælast og best og hæstv. heilbrigðisráðherra og hreyfihömluðum líka, að við þurfum aldrei aftur að ræða þessa hugmynd heldur vinni ráðherra með Öryrkjabandalaginu að því að komast að þeirri niðurstöðu að hætta við þessa breytingu enda held ég að hún hafi mætt andstöðu hvarvetna í þjóðfélaginu, hjá háum sem lágum og fólki úr öllum flokkum. Við gætum, þegar fram líða stundir, bara skrifað þetta á reikning mistaka í ráðuneytinu.

[16:45]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil minna á varðandi samráð að samkvæmt hinum venjulegu reglum og þingsköpum sem gilda hér þarf að flytja slíkar breytingar sem fylgifrumvarp með fjárlagafrumvarpinu. Ég hef ákveðið að áður en ég legg það frumvarp fram að fara yfir málið með Öryrkjabandalaginu og hef rætt það við formann þess. En ef svo hefði ekki verið hefði Öryrkjabandalagið vissulega komið að vinnslu þessa máls í þinginu eins og venja er til.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um málið á þessu stigi. Málið fer í vinnslu og ég hef ákveðið að kanna hug Öryrkjabandalagsins til þessa máls og hvaða tillögur þeir eru með. Ég hef ekkert horfið frá því að ég tel að þessi tegund bóta sé gölluð og þurfi endurskoðunar við og það er sjálfsagt að fara yfir það mál.

[16:47]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fjölmörgum hv. þingmönnum fyrir hlý orð í minn garð og góðar óskir. Það er ágætt að geta byrjað starfið á slíkri umræðu á hv. Alþingi.

Það hafa líka komið fram þó nokkrum sinnum í umræðunni óskir um að orðræðan væri á tiltekinn hátt eða að menn lýstu hlutunum eins og þeir væru en væru ekki með einhvern sýndarveruleika á takteinum. Ég get svo sannarlega tekið undir það, það fer alltaf best á því að lýsa hlutunum eins og þeir eru, lýsa raunveruleikanum. Ef menn geta ekki lýst hlutunum eins og þeir eru þá lýsi þeir þeim alla vega eins og þeir sjá þá, að menn séu ekki með hræðsluáróður og heldur ekki með óraunsæjar væntingar.

Það er einmitt nákvæmlega það sem við erum að reyna að gera í fjármálaráðuneytinu eða í þjóðhagsspánni, að lýsa raunveruleikanum eins og við sjáum hann út frá þeim upplýsingum sem við höfum eins vel og við getum. Það vita hins vegar allir að þar sem um spár er að ræða geta menn haft mismunandi skoðanir á því hvað er lagt til grundvallar og hvernig hlutirnir þróast. En ég get fullvissað hv. þingmenn um að í þjóðhagsspánni eru hlutirnir eins og við sjáum þá best.

Eins og eðlilegt er er mikið talað um fjármuni í fjárlagaumræðunni og skiptingu fjármuna, menn hafa rætt um misskiptingu fjár, misskiptingu auðs og þróun í þá veru. Einn hv. þingmaður, hv. þm. Jón Bjarnason, lýsti því yfir að hann væri alls ekki á móti því að fólk yrði ríkt, hann vildi hins vegar að það ríkti jöfnuður. Það mætti vissulega leggja þessi orð út á þann veg að þarna væri um þversögn að ræða en ég vil frekar túlka þau þannig að hann hafi verið að meina að hann vildi gjarnan að fólk hefði það gott og jafnvel að það væri ríkt en hann vildi hins vegar ekki að munurinn væri of mikill og að það að einn væri ríkur þýddi að aðrir væru fátækir. Þetta er falleg hugsun af hans hálfu og held ég meira að segja raunhæf hugsun ef við horfum á hana í samhengi þjóðfélags okkar. Það sem hefur verið að gerast hjá okkur hefur gerst á þann hátt að allir hafa það betra í dag en þeir höfðu áður, t.d. ef við miðum tíu ár aftur í tímann. Það er enginn sá þjóðfélagshópur sem ekki hefur það betra nú en hann hafði það þá og það er alveg sama á hvaða mælikvarða menn bera þetta saman, þannig lítur það út.

En ef hlutirnir skyldu nú æxlast þannig að einhverjir af einhverjum orsökum yrðu ofboðslega ríkir, hvað eigum við þá að gera? Eigum við að banna það? Eigum við að reyna að koma í veg fyrir það, eigum við leggja stein í götu fólks sem vill verða ríkt, vill eiga mikla peninga? (**Gripið fram í:** Hætta að gefa þeim gullið.) Það snýst kannski ekki um það, hv. þingmaður, því að í flestum tilfellum er það fólkið sjálft sem aflar fjárins. Það er í fæstum tilfellum svo að verið sé að gefa það af hálfu ríkisins.

Eigum við að banna þetta? Ættum við þá að hafa það eins og einn hv. þingmaður talaði um hérna, að það væri alveg óþolandi að gengið sveiflaðist svona, alveg óþolandi að vextirnir sveifluðust svona. Ætlum við þá að fara að miðstýra því hverjir vextirnir eigi að vera, hvað gengið á að vera og hvort eða hverjir megi verða ríkir? Ég held að það

yrði þjóðfélag sem enginn hér á landi vildi búa í, en auðvitað koma upp svona hugmyndir í hita leiksins í umræðunni.

Hætta að gefa þeim gullið, sagði hv. þingmaður, og þá á hann væntanlega við skattalækkanir sem hér hafa líka verið til umræðu. (**Gripið fram í:** ... bankarnir.) Bankarnir voru seldir, hv. þingmaður. Skattar hafa eðlilega verið nokkuð fyrirferðarmiklir í umræðunni, en þær skattalækkanir sem ákveðnar hafa verið eru tekjuskattslækkanir, eignarskattslækkanir. Þær koma langsamlega flestum til góða, ef ekki öllum ef þeir á annað borð borga skatta. Eignarskattslækkanir koma sérstaklega þeim öldruðu til góða sem eiga skuldlausar eignir og hafa kannski takmarkaðri tekjur á efri árum. Ég hef heyrt það á þingmönnum að það eru mjög margir hér sem bera hag þeirra fyrir brjósti. Það vill líka þannig til að við það að tekjuskattsprósentan er lækkuð hækka skattleysismörkin og á milli ára nú munu skattleysismörkin hækka um 5%. Þegar allar skattalækkanirnar hafa tekið gildi hafa skattleysismörkin hækkað um 20%. Það getur verið að menn hafi ekki áttað sig á þessari virkni. Menn hafa verið að tala um persónuafsláttinn og verið að gera því skóna að þeir sem minnst hefðu væru ekki að hagnast á þessu. En það að skattleysismörkin hækka á þennan hátt hjálpar einmitt þeim hópi.

Einnig hefur mikið verið talað um aðhald og að aðhald skorti í fjárlögin. Auðvitað hlýtur það að vera álitamál á hverjum tíma hvert aðhaldið á að vera og einnig hversu mögulegt er að hafa aðhaldið mikið. En til þess að hafa umræðuna nokkuð skikkanlega verða menn að leggja eitthvað til grundvallar, hafa einhvern útgangspunkt um hverju þeir ætla að ná fram með aðhaldinu. Þá þurfa menn væntanlega að hafa hagvaxtarspá og síðan eitthvert markmið um hvaða áhrif þeir ætla að hafa á hagvaxtarspána á landsframleiðsluna með því aðhaldi sem þeir ætla sér að ná. Við höfum heyrt hér loforð frá hv. þingmanni Samfylkingarinnar um að Samfylkingin muni leggja fram tillögur um aukið aðhald í ríkisfjármálunum og er gott eitt um það að segja. En ég verð að leggja ríka áherslu á að menn skilgreini það þá hver útgangspunkturinn er, út frá hverju er verið að ganga og hvaða markmiðum ætla menn að ná og hvernig ætla þeir að ná þeim. Og af því að ég vil gjarnan að þær tillögur verði sem bestar úr garði gerðar að hafa það þá í huga að máli skiptir á hvora hliðina verið er að sækja aðhaldið, hvort það er á tekjuhliðina eða gjaldahliðina.

Einhverjir hafa talað um að vandamálin í dag séu meiri en þau voru um aldamótin, á árunum 1999, 2000, 2001. Ég er ekki alveg viss um að það sé rétt, ég er ekki viss um að þenslan eða spennan sé meiri nú en hún var þá eða réttara sagt verði meiri á næsta fjárlagaári en hún var á því tímabili. Það gæti hafa litið út fyrir það um tíma en miðað við hvernig hagvöxturinn hefur þróast þá hefur hann færst til. Þunginn í framkvæmdunum, þunginn í efnahagsumsvifunum hefur færst framar og er fyrr á ferðinni en við ætluðum. Ég er því alls ekki viss um að þegar við horfum fram á næsta ár sé um það að ræða að þá verði spennan meiri en hún var á þessu fyrra skeiði sem nefnt hefur verið og vísað hefur verið til og þess vegna sé nauðsynlegt að hafa meira aðhald á næsta ári en var t.d. á árinu 2000.

Ég var beinlínis spurður að því hvort til stæði að breyta verðbólgumarkmiðunum vegna þeirra verðbólgutalna sem sést hafa og þeirra vaxtatalna sem sést hafa í stýrivöxtum Seðlabankans. Ekkert slíkt stendur til. Mér fannst á máli hv. þingmanns að það gæti verið að hann teldi að verðbólgumarkmiðin væru sett með lögum, sem ég held reyndar að sé ekki raunin og mekanisminn sé sá að Seðlabankinn setji markmiðin með samþykki eða staðfestingu forsætisráðherra, þannig að við höfum það bara á hreinu til þess að umræðan geti gengið greiðlega fyrir sig.

Auðvitað hefur þetta allt saman mikil áhrif á gengið. Ég vil meina að enginn viti það betur en ég, kannski veit einhver það jafn vel og ég, hversu erfitt það getur verið fyrir sjávarútveginn að mæta sveiflum í genginu. Hann hefur hins vegar gert það, held ég, með alveg ótrúlegum hætti síðustu missirin og sýnt alveg gríðarlega mikinn styrk og ég held að þær breytingar sem við höfum gert á fiskveiðistjórnarkerfi okkar á undanförnum árum og áratugum sýni virkilega hvers megnugar þær eru og hversu megnugur sjávarútvegurinn er við þessar aðstæður.

Einn hv. þingmaður vísaði til jafnvægisgengis, að það ætti að vera 130 stig eða þar um bil. Það er vissulega rétt að talað var um þetta fyrir nokkrum missirum en ég er næstum því viss um að í dag er þetta orðið breytt. Að minnsta kosti talaði framkvæmdastjóri í sjávarútvegi þannig við mig að hagræðingin er gengin það langt að þessi tala er orðin einhver önnur í dag en hún var fyrir nokkrum missirum. (Gripið fram í.) Það getur vel verið að einhverjir hafi þá skoðun og ekki ætla ég að gagnrýna Íslandsbanka sérstaklega, þessar tölur eru komnar frá honum, því að mér sýnist reyndar að þjóðhagsspá Íslandsbanka sé líkust þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins af þessum spám og ekki mikið sem þar ber í milli, kannski eru þetta bara hinir bestu menn sem þar eru og ég eigi að hlusta meira á þá. Þannig víkur þessu við mér. Að minnsta kosti ber Íslandsbanka, Landsbanka og fjármálaráðuneytinu saman um það að gengið muni breytast á næsta ári og fara upp í það vera að meðaltali á bilinu 114, 115 stig og mun auðvitað verða mikill munur frá því sem það er í dag gagnvart útflutningsatvinnuvegunum.

Einn flokkur lýsti því yfir að hann hvetti til sparnaðar. Ekki er annað hægt en taka undir það því að út af fyrir sig er það rétt að það sem kannski skortir einna helst á hjá okkur almennt er þjóðhagslegur sparnaður. Talað hefur verið um það hérna af mörgum að óþarflega mikil eyðsla og mikil skuldasöfnun sé meðal þjóðarinnar og ekki ætla ég að hvetja til skuldasöfnunar, frekar vil ég hvetja til sparnaðar. Við skulum hins vegar einnig hafa það í huga að á bak við þær skuldir sem heimilin, fyrirtækin og jafnvel sveitarfélögin hafa stofnað til eru eignir þó að það eigi kannski síst við um sveitarfélögin og kannski allra síst við um höfuðborgina.

Farið var út í útgjaldaþróun og skuldaþróun eins og eðlilegt er. Þar fóru menn því miður ekki rétt með tölur og ég vísa mönnum í talnaheftið, annars vegar með þjóðarbúskapnum og hins vegar með frumvarpinu, til þess að fara yfir útgjaldaþróun sem hlutfall af landsframleiðslu og skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu, það er óþarfi fyrir mig að lesa upp heilu töflurnar. (**Gripið fram í:** Hvaða menn voru það?) Hv. þingmenn, þakka þér fyrir leiðréttinguna, hv. þingmaður.

Talsvert hefur verið minnst á stóriðju. Hún á auðvitað

sinn þátt í þeim hagvexti og kannski má þá segja í þeirri þenslu sem við sjáum hér nú um stundir. Það er hins vegar fleira sem þar kemur til. En ég held að ég verði að vara við því sem fram kemur í efnahagstillögum frá Vinstri grænum í þingmáli þeirra þar sem að eitt helsta vandamálið virðist vera stóriðjan og að við mundum leysa öll mál með því að hætta við stóriðjuna, að setja bann á hana í einhvern tiltekinn tíma. Við sjáum það hins vegar í framreikningum í þjóðhagsspánni að þegar framkvæmdunum lýkur, þeim framkvæmdum sem við vitum að verða og eru í gangi, mun hagvöxturinn minnka umtalsvert. Ef við ætlum að halda áfram því þjónustustigi sem við erum með og þeim framkvæmdum sem við viljum fara í, þá verður um halla að ræða hjá ríkissjóði. Það segir okkur að 2,5% hagvöxtur er ekki nægjanlegur fyrir þessa þjóð sem er svona ung og er að stækka svo ört. Ég er því hræddur um að ef gefin yrði út yfirlýsing um að engar stóriðjuframkvæmdir yrðu í sjö ár yrðu það sjö mögur ár. Jafnvel þótt Vinstri grænir væru þá komnir í ríkisstjórn og þjóðin mundi fljótt skipta um skoðun þá gæti skaðinn verið skeður og við mundum þrátt fyrir stuttan stjórnartíma samt upplifa sjö mögur ár af þeirra völdum.

[17:02]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjármálaráðherra sagði að allir hefðu það betra en fyrir tíu árum. Víst er það svo í vestrænum samfélögum, sem betur fer, að kaupmáttur vex eftir því sem tímarnir líða fram og öll höfum við það sýnu betra þennan áratuginn en hinn síðasta, en það sem skiptir máli er tekjuskiptingin í samfélaginu.

Ef hæstv. fjármálaráðherra kynnir sér kjör hinna ýmsu hópa í samfélaginu held ég að hann verði ekki eins glaðbeittur í yfirlýsingum sínum vegna þess að til að mynda um ellilífeyrisþega er það að segja að þó að bætur þeirra hafi hækkað nokkuð umfram verðlag hafa þær langt í frá hækkað í samræmi við laun. Á móti þessum hækkunum hefur það vegið að haldið hefur verið aftur af persónuafslættinum þannig að nú greiðir ellilífeyrisþeginn ekki 3% í skatt eins og hann áður gerði heldur 14%. Þar með er hækkun bóta umfram verðlag í rauninni tekin aftur með hinni hendinni. Því er ómótmælt að skattaaðgerðir ríkisstjórnarinnar gera það að verkum að hálaunamenn, eins og til að mynda við sem störfum í þessum sal, fá allt að heilum mánaðarlaunum í lægri skattbyrði á ári hverju meðan þessir ellilífeyrisþegar greiða heilum mánaðarlaunum meira.

Það er óhjákvæmilegt að spyrja nýjan hæstv. fjármálaráðherra hvort það sé stefna hans að halda áfram að beita skattkerfinu til þess að auka mismununina og misskiptinguna í samfélaginu með skattaaðgerðum ofan á þá þróun sem við sjáum í launum og almennt á markaðnum til aukinnar misskiptingar í launum. Er það stefna hæstv. fjármálaráðherra að halda þessari gliðnun íslensks samfélags í ólíka tekjuhópa, ríka og fátæka, áfram með sérstökum skattaaðgerðum?

[17:04]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þingmaður sé að vísa til samanburðar við launaflokka sem voru hækkaðir á sínum tíma umfram aðra launaflokka til að hækka laun hinna lægst launuðu sérstaklega. Það voru mjög fáir í þessum launaflokkum. Það var sérstakt samkomulag sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu og um það var talað að þessir launaflokkar og þessi hækkun ætti ekki að vera til viðmiðunar á einn eða neinn hátt. Ef þetta er hins vegar skoðað út frá þróun á framfærsluvísitölum þá hafa kjör allra þessara hópa sem verið er að ræða um í þessari umræðu batnað umtalsvert og kjör þeirra hópa sem eru á bótum batnað meira en annarra.

Það er rétt að í flestum löndum Vestur-Evrópu eru kjör almennt að batna. Hins vegar verður því ekki á móti mælt að kjör á Íslandi hafa batnað hraðar og meira en á flestum öðrum stöðum.

Varðandi það hvort ég ætli að halda áfram þeirri stefnu að beita skattkerfinu til að auka á misskiptinguna þá lít ég þannig á að skattkerfi almennt séu til jöfnunar. Hvort hægt sé að beita því á þann hátt sem hv. þingmaður lýsir og hvað þá að ég ætli að halda því áfram er eiginlega spurning sem er bara ekki hægt að svara því að hún styðst ekki við raunveruleikann.

[17:06]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að ég láti ellilífeyrisþegum sjálfum eftir að svara hæstv. fjármálaráðherra um þróun kjara þeirra. Þeir vitna sennilega best um það, enda sá eldurinn heitastur er á sjálfum brennur. En ég fullvissa hæstv. ráðherra um að fullyrðingar mínar um að ellilífeyrisþegar hafi dregist aftur úr almennri kjaraþróun í landinu eiga svo sannarlega við rök að styðjast.

Það þýðir ekkert fyrir hæstv. fjármálaráðherra að ætla að hafna því hér að skattkerfinu hafi á síðustu árum í tíð þessarar ríkisstjórnar verið beitt skipulega til þess að auka tekjulega misskiptingu í landinu. Það blasir einfaldlega við. Ég og hæstv. fjármálaráðherra þurfum að borga mánaðarlaunum minna í skatta þegar þetta er um garð gengið en við þurftum að gera áður, en nefndir ellilífeyrisþegar þurfa að borga mánaðarlaunum meira og það munar um minna. Það hryggir mig að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekki einu sinni gangast við sínum eigin stjórnarathöfnum að þessu leyti.

Ég vil líka nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji það ekki óviðeigandi að þær tvær stofnanir sem eiga að fara með hagstjórnina, fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn, skuli vera ósammála í grundvallaratriðum um stöðu efnahagsmála, spá með gerólíkum hætti fyrir um þensluna hér á næsta ári. Og er það ekki óviðunandi að fjármálaráðuneytið sé búið að ákveða að hér verði föst 4% verðbólga um margra ára skeið en Seðlabankanum er á sama tíma sett að stefna að 2,5% verðbólgu og halda henni þar? Telur hæstv. fjármálaráðherra ekki nauðsynlegt að Seðlabankinn og ríkisstjórnin noti sama landakortið (Forseti hringir.) í þeim leiðangri að reyna að halda tökum á efnahagsmálefnum í landinu?

[17:08]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað rétt hjá hv. þingmanni að við eigum ekki að þurfa að deila hér um staðreyndir, við getum bara fengið þær á blaði í tölum. Þegar hann talar um að einhverjir borgi meiri skatta og aðrir borgi minni skatta þá eru það væntanlega þeir sem hafa meiri tekjur en þeir höfðu áður sem borga meiri skatta. Það felst einfaldlega í því.

Varðandi það hvort fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn geti verið ósammála þá held ég að engin leið sé að koma í veg fyrir þann möguleika. Það er talað um að við séum með sjálfstæðan seðlabanka, og eins og margoft hefur verið farið yfir í dag er nú einfaldlega þannig komið með hagfræðina eins og fleiri fræðigreinar, eins og fiskifræðina sem ég veit mætavel, að þar geta menn haft mismunandi skoðanir og mismunandi sjónarmið, komist að mismunandi niðurstöðum og beitt mismunandi aðferðum og það er ekki hægt að segja að annar hafi rétt fyrir sér eða hinn hafi rangt fyrir sér.

Hins vegar verða menn að hafa það í huga þegar verið er að bera saman spár, annars vegar Seðlabankans og hins vegar fjármálaráðuneytisins, að spá Seðlabankans er gerð áður en hann grípur til sinna aðgerða en spá fjármálaráðuneytisins tekur tillit til þeirra aðgerða sem Seðlabankinn hefur gripið til. Ef það kemur upp úr kortunum að fjármálaráðuneytinu sýnist verðbólguþróunin verða eitthvað tiltekið verður fjármálaráðuneytið auðvitað að segja eins og er en horfa ekki á markmiðin sem Seðlabankanum eru sett bara vegna þess að honum hafa verið sett þau markmið.

Síðan er kannski líka ágætt, ef menn hafa áhyggjur af því að menn séu ósammála, að bera saman við greiningardeildirnar. Þá fáum við enn þá meiri breidd í spárnar um það hvernig málin muni þróast á næstu missirum og árum.

[17:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra velti vöngum yfir ríkidæmi og jöfnuði og vísaði í hugleiðingar okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um það efni. Að sjálfsögðu höfum við ekkert á móti því að þjóðirnar verði burðugri, ríkari, auðugri, en við leggjum áherslu á jöfnuðinn. Á að banna misskiptinguna? spyr þá hæstv. ráðherra.

Stjórnmálin snúast í og með um þetta. Annars vegar eru þeir sem telja misskiptinguna vera í lagi og hins vegar hinir sem vilja draga úr henni. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum að reyna að koma í veg fyrir stjórnvaldsaðgerðir og lagasetningu sem stuðlar að aukinni misskiptingu. Við höfum t.d. gagnrýnt það þegar auðmönnum eru afhentar dýrmætar ríkiseignir á spottprís. Slíkt stuðlar að aukinni misskiptingu í þjóðfélaginu.

Allir hafa það betra, segir hæstv. ráðherra. Ég er ekki viss um það. Reyndar er ég handviss um að hið gagnstæða er uppi. Hér vara ég við því að einblína á tekjur, það sem kemur í vasann hjá fólki. Til þess að við áttum okkur á því hvort fólk hafi það betra eða verra verðum við að skoða samhengið á milli tekna annars vegar og útgjalda hins vegar. Þess vegna er erfiðara núna en fyrir fimmtán árum að vera fátækur og heilsulaus. Þetta er hið pólitíska samhengi sem hæstv. ráðherra virðist ekki koma auga á.

Að hætta við stóriðjuna er allra meina bót telur ráðherra vera það sem upp úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði standi. Svo er ekki. Við höfum hins vegar bent á samhengið á milli stóriðjuframkvæmda, neikvæðra viðskiptakjara og aukinnar (Forseti hringir.) skuldsetningar þjóðarinnar.

[17:13]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er fullkomlega meðvitaður um að pólitíkin snýst um það hvernig menn vilja deila ríkidæminu og hvaða aðferðir menn telja vænlegastar til þess að hægt sé að auka það. Þar greinir mig og hv. þingmann einfaldlega á alveg eins og í stóriðjunni. Það er út af fyrir sig ekkert ljótt við það og hvorugum okkar til vansa að það komi fram í umræðunni og ekki hægt að ætlast til að við verðum sammála um það.

Hins vegar sýna tölulegar staðreyndir að jafnvel með þeirri útfærslu á því að menn hafi það betra sem hv. þingmaður nefndi — það heitir reyndar kaupmáttur — jafnvel á þeim mælikvarða hafa allir hópar það betra. Ég var farinn að halda að hv. þingmaður ætlaði svo að fara út í það til viðbótar hvernig menn hefðu það andlega en það er út af fyrir sig kannski ekki að stóru leyti hluti af fjárlagafrumvarpinu þó að það snerti það auðvitað að einhverju leyti líka eins og flest annað í þjóðfélaginu.

[17:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það væri þess virði að gerð yrði rækileg könnun á lífskjörum á Íslandi og horft þar sérstaklega til fátækasta hluta þjóðarinnar og þá einkum þeirra sem búa við heilsubrest eða eru húsnæðislausir og við skoðuðum tilkostnaðinn sem hlýst af auknum lyfjakostnaði og aukinni gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu.

En aðeins til að botna það sem ég vildi sagt hafa um stóriðjuna og samhengið sem er á milli stóriðjuframkvæmda, neikvæðra viðskiptakjara og skuldaaukningar þjóðarinnar þá höfum við bent á að krónan sé sterk að hluta til og að verulegu leyti vegna þess að eftir henni er spurt. Það er aukin eftirspurn eftir henni og til hvers? Jú, til að nota í framkvæmdir tengdar stóriðju.

Þegar krónan styrkist verður erlend vara ódýrari og við kaupum meira erlendis frá. Og það sem meira er, á undanförnum mánuðum og vikum hefur tugum milljarða verið pumpað inn í hagkerfið þar sem fjármálamenn eru að hagnast á háum vöxtum á Íslandi. Það er um 7 prósentustiga munur á vöxtum í evrulöndunum og því sem gerist hér. (**Gripið fram í:** 70 milljarðar.) 70 milljarðar hafa komið svona inn í landið.

Fjármálamenn sem gera þetta taka eina áhættu og það er krónan, það er gengið. Ef krónan rýrnar í verði tapa þeir. En þeir fá hins vegar vissu fyrir því að þeir hafi ekkert að óttast í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem lofar eða öllu heldur hótar áframhaldandi stóriðjuframkvæmdum á komandi árum. (Forseti hringir.) Þarna er samhengið á milli yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar, (Forseti hringir.) gengisins og viðskiptahallans.

[17:17]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var svo sem ekkert í grundvallaratriðum rangt við þessar útleggingar hv. þingmanns á því hvernig vextirnir, gengið og verðlagið spilar saman og eftirspurnin eftir krónunni nema að því leyti til að stóriðjan er ekki orsakavaldur nema að hluta til á þeirri eftirspurn sem við sjáum í dag. Hins vegar verðum við líka að horfa til þess að þegar stóriðjuframkvæmdunum lýkur og stóriðjan fer að framleiða og flytja út þá munum við fá arðinn og hagnaðinn í útflutningnum (**JBjarn:** Hverjar verða skuldirnar?) og þá breytist auðvitað jafnan og viðskiptajöfnuðurinn verður hagstæðari okkur svo um munar og ekki mun okkur þá veita af, sérstaklega ef búið verður að taka ákvörðun um sjö mögur ár á vegum Vinstri grænna. En það er sennilega bara hv. þingmönnum Vinstri grænna sem finnst að ég sé að hóta þeim meiri stóriðju því ég hef ekki vald til að geta tekið slíkar ákvarðanir jafnvel þótt ég hafi vilja til að það verði meiri stóriðja hér á landi, því það eru auðvitað þeir sem byggja orkuverin og verksmiðjurnar sem ráða því endanlega. En ég tel að við þurfum á frekari uppbyggingu á orkufrekum iðnaði að halda í framtíðinni til þess að geta staðið undir þeim lífskjörum sem við viljum bjóða íslenskri þjóð í framtíðinni.

[17:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ástæða til að óska hæstv. fjármálaráðherra til hamingju með embættið af því að hann er hér í fyrstu eldskírn sinni sem fjármálaráðherra við þessa fjárlagaumræðu og ég ætla líka að óska honum sérstaklega til hamingju með að hafa þó náð því að verða fjármálaráðherra á árinu 2005 en ekki 2006 því ég er nokkuð sannfærður um að það fer að minnka hamingjan yfir því að koma saman fjárlögum ef svo heldur fram sem horfir hjá hæstv. ríkisstjórn.

Það gefur auðvitað auga leið að það er auðvelt að koma saman fjárlögum á veltiárum eins og við erum að upplifa nú þegar ríkissjóður fær inn geysilegar tekjur af viðskiptahalla, umframeyðslu og þenslu þjóðarbúsins og þetta sýna allar breytur í búskapnum á yfirstandandi ári. Áhyggjuefnið er hins vegar það að ríkisstjórnin er með skattalækkunarstefnu sinni að skerða verulega hina beinu og stöðugu tekjustofna ríkisins en þannig er það jafnan að þegar hagsveifla gengur til baka og niðursveifla kemur þá eru það beinu skattarnir sem eru stöðugastir og halda sér uppi á meðan kannski tekjur ríkissjóðs af innflutningi, tollum og aðflutningsgjöldum og jafnvel af veltusköttum, virðisaukaskatti geta dregist snöggt saman.

Nú liggur það fyrir að með þessu skattalækkunarprógrammi ríkisstjórnarinnar, gangi það allt til enda, er í tekjuskattinum einum, þ.e. í fjögurra prósentustiga lækkun tekjuskattsins á þremur árum og niðurfellingu hátekjuskattsins, verið að afsala ríkissjóði tekjum sem eru í nágrenni við 20 milljarða kr. á núgildandi verðlagi. Það eru ekki litlir peningar. Og ætli það geti ekki farið svo að fjármálaráðherrar framtíðarinnar muni sakna vinar í stað þar sem er þessi tekjustofn svona mikið skertur og hann verður þó orðinn þegar hagsveiflan snýst við og það dregur snöggt og verulega úr tekjum ríkissjóðs af þeirri eyðslu sem núna er uppistaðan í auknum tekjum ríkissjóðs. Skattalækkanirnar eru m.a. af þessum ástæðum varhugaverðar en verstar eru þær auðvitað vegna þess að þær eru svo bersýnilega rangt útfærðar. Að því marki sem menn gætu orðið sammála um að svigrúm væri til skattalækkana þá á auðvitað að nota það svigrúm til að leiðrétta og færa til baka þá auknu skattbyrði sem lágtekjufólk á Íslandi hefur tekið á sig síðastliðin 15 eða nær 20 ár frá því að staðgreiðsla var tekin upp með meira og minna stanslausri raunlækkun skattleysismarka. En það er auðvitað veruleikinn. Þar er hin stóra tilfærsla skattbyrði sem orðið hefur hægt og hljótt í gegnum það að skattleysismörkin hafa ekki fylgt þróun verðlags og þaðan af síður þróun launa, ættu að vera eitthvað um 85–90 þús. kr. ef þau hefðu fylgt þróun verðlags og 115–120 þús. kr. ef þau hefðu fylgt þróun launa frá því sem var á sínum tíma.

Það er fróðlegt fyrir menn — það er ekki tími til þess nú en ég tók hið fræga blað Frjálsrar verslunar með tekjuyfirliti ársins í fyrra eins og það birtist núna í álagningunni og skoðaði aðeins hvernig þessar jólagjafir koma út hjá hæstv. ríkisstjórn gagnvart tekjuhæstu hópum samfélagsins. Það er athyglisvert að það fjölgar hratt á milli ára t.d. í þeim hópnum sem fer yfir 2 millj. kr. í mánaðarlaun. Við erum sem sagt komin með milli 70 og 80 einstaklinga sem lenda inni á þessu yfirliti og þeir eru auðvitað fleiri, sem hafa 2 millj. kr. eða meira, allt upp í 20 millj. kr. í laun á hverjum einasta mánuði, tuttuguföld lágmarkslaun launamanna eins og þau eru í dag, rétt skríða yfir 100 þús. kr. Þessum hópum, 2 millj. kr. mönnunum eru færðar milli 50 og 60 þús. kr. í gjöf á mánuði hverjum bara með breytingunum núna, með niðurfellingu 2% leyfa af hátekjuskatti og 1% lækkun almenns tekjuskatts. En láglaunafólkið sem er á lægstu umsömdu kauptöxtum milli 100 og 110 þús. kr. fær hundraðkalla. Þetta er réttlæti stjórnarflokkanna. Þetta er skattastefna þeirra. Sjálfstæðisflokkurinn hefur algerlega haft sitt fram og Framsóknarflokkurinn veður flórinn alveg upp að hnjám og er að framkvæma einhverja mestu frjálshyggjustefnu í skattamálum sem sést í allri Vestur-Evrópu. Þegar þetta prógramm hefur verið keyrt í gegn með þessum lágu skattleysismörkum og engum hátekjuskatti verður íslenski tekjuskatturinn einn sá flatasti sem fyrirfinnst í heiminum og minnst prógressívur sem sagt, eins og það er stundum kallað, þannig að þetta verður paradís fyrir hátekjufólk.

Síðan vil ég víkja aðeins að því sem hæstv. fjármálaráðherra sagði um stóriðju og tillögu okkar Vinstri grænna. (**HBl:** Það er nú það sem við viljum, hafa paradís á jörðu.) Já, fyrir hátekjufólkið en ekki fyrir almenna launamenn og langt er nú hv. þm. Halldór Blöndal kominn frá uppruna sínum. Einu sinni hafði hann skilning eða hans ættmenni a.m.k. á kjörum allrar alþýðu en það er liðin tíð. Nú eru það bara þessi 3–5% þjóðarinnar sem hagnast sérstaklega og stórkostlega á skattastefnu ríkisstjórnarinnar sem hafa ástæðu til að gleðjast. Milljón krónu flokkurinn og tveggja milljón krónu flokkurinn, 10 millj. kr. hópurinn og 20 millj. kr. hópurinn, mælt í launum á mánuði hverjum, þeir fá stórar gjafir um næstu jól frá ríkisstjórninni, það munar um 500, 1.000, eina milljón, eða hvað það verður mikið sem gjafirnar verða hjá þessu fólki. Það er ekki dónalegt fyrir

mann sem hefur 20 millj. kr. í laun á mánuði eins og dæmi eru um á Íslandi að fá 3% lækkun tekjuskatts með niðurfellingu hátekjuskatts og 1% flatri lækkun.

Vegna þess sem hæstv. fjármálaráðherra sagði um stóriðjuna og áherslur okkar í þeim efnum, þá vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra á móti um þau vandamál sem hann sagði að kæmu varðandi hagvöxt eftir 2007 þegar engar væru stóriðjuframkvæmdirnar. Er hæstv. fjármálaráðherra Árni M. Mathiesen af gamla skólanum og trúir hann því virkilega að ekkert nema erlendar stóriðjufjárfestingar geti drifið áfram hagvöxt í íslenska hagkerfinu? Er það virkilega svo að við sitjum enn uppi með eftirlegukindur sem hafa þessa undarlegu skoðun að engir burðir séu til þess í hinu almenna atvinnulífi í formi nýrra vaxtargreina íslensks atvinnulífs að halda hérna uppi eðlilegu hagvaxtarstigi ef skilyrði eru til þess? Þau eru það auðvitað ekki í dag með gengi á krónunni eins og raun ber vitni eða öðrum aðstæðum. Svo kemur klisjan um að 2,5% hagvöxtur sé ekki nóg á Íslandi af því að við séum svo ung þjóð. Halda menn að það sé vandamál að við erum ung þjóð? Átta menn sig ekki á því að það er styrkur fyrir íslenska hagkerfið að við erum ung þjóð. Það eru stærri árgangar á leiðinni á vinnumarkaðinn og aldurssamsetning þjóðarinnar efnahagslega betri en flestra annarra þjóða í Vestur-Evrópu. Það eru aðeins Írar sem eru okkur sambærilegir í þessum efnum og við erum tvær yngstu þjóðir Evrópu að þessu leyti og það er gott, það er styrkur fyrir efnahagslífið. Það sem þarf að tryggja er að þetta unga fólk eigi kost á góðri menntun og þess bíði hagstæð skilyrði þegar það kemur út á vinnumarkaðinn eða vill hasla sér völl í atvinnulífinu. Þannig að þetta er alveg, ótrúleg afdönkuð hugmyndafræði sem hér er borin á borð fyrir menn af tiltölulega ungum hæstv. fjármálaráðherra. Að ekkert nema þessi gamaldags þungaiðnvæðing geti drifið áfram hagvöxtinn. Þetta er hugmyndafræðin frá 5. og 6. áratugnum sem menn eru algerlega búnir að kasta fyrir róða alls staðar þar sem nútímaleg nálgun í sambandi við nýsköpun er í atvinnulífi og fjölbreytni og stuðningur við nýgræðinginn eru lykilorðin. En svo kemur einn hæstv. fjármálaráðherra, að vísu úr þessari ríkisstjórn sem er drifinn áfram af þessu eina hugsjónamáli, þungaiðnvæðingunni, og ber það á borð fyrir okkur að það megi alls ekki fara í neitt stóriðjubindindi til að hægja hér á og kæla niður hagkerfið vegna þess að þá detti hagvöxturinn niður. Þvílík vantrú á öllu öðru sem getur skapað verðmæti í þjóðfélaginu og skilað okkur fram á veginn.

Það sem er einmitt hættulegast við stóriðjustefnuna er það hvernig hún er að rústa möguleikum til nýsköpunar og verðmætasköpunar á öðrum sviðum í atvinnulífinu. Ruðningsáhrifin eru geigvænleg eins og við erum að verða vitni að þessa dagana og það eru ekki bara láglaunastörf í ferðaþjónustu eða fiskvinnslu. Það eru t.d. hátækni- og þekkingargreinar sem núna flýja land í stórum stíl. Þetta er ekki bara eitthvað sem ég er að finna að, þetta segja forsvarsmenn þeirrar starfsemi.

Að síðustu hlýt ég að nefna gæluverkefni ríkisstjórnarinnar sem eins og venjulega er á sínum stað. Það er alveg kostulegt að lesa það að eina ferðina enn bólgnar ríkislögreglustjóraembættið út, ekki til að efla almenna löggæslu sem væri full þörf á. Nei, það eru gæluverkefnin, það er sérsveitin, það er herinn í útlöndum, það eru vopnakaup, þá eru til nógir peningar. En það eru ekki til peningar til að halda áfram að greiða öryrkjum bensínstyrk. Þetta eru áherslurnar hjá hæstv. ríkisstjórn. Við getum tekist lengi á um hin stóru mál sem varða stöðuna og óstöðugleikann í efnahagsmálum, hagstjórnarverkefni o.s.frv. En verkin sýna merkin í svona löguðu. Það er rifinn bensínstyrkurinn af öryrkjum. Það eru settir tugir og hundruð milljóna í gæluverkefni ríkisstjórnarinnar á sviði vopnakaupa, (Forseti hringir.) vígvæðingar, hergagnaflutninga út um heiminn og þar fram eftir götunum.

[17:29]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst af ræðu hv. þingmanns að hann mun sakna skattteknanna. Hann mun sakna þess að geta ekki ráðstafað þeim úr ráðherrastóli eins og hann gerði á sinni tíð í stað þess að einstaklingarnir fái að ráðstafa sínum peningum sjálfir.

Varðandi hagvöxtinn. Það er spáð 2,5% hagvexti 2007, 2008 og 2009. Það er þá án stóriðju. Þetta er hagvöxtur sem er að koma úr öðrum greinum, sem byggist á mannauðnum, sjávarauðlindinni og ferðaþjónustunni og öðru því sem við höfum verið að byggja upp á undanförnum árum þannig að þessi spá, sem er í þjóðarspá fjármálaráðuneytisins, ber einmitt vitni um að við höfum trú á öðrum greinum en stóriðju. En 2,5% hagvöxtur væri bara talið harla gott víðast hvar í Evrópu nú um stundir hjá ákveðnum þjóðum sem eru öðruvísi samsettar en við. En ung þjóð eins og við sem er að stækka, það er auðvitað styrkur, það er rétt hjá hv. þingmanni en þessir stóru árgangar þurfa atvinnutækifæri og til að skapa þau þurfum við líka að nýta orkuna. Og til þess að geta gert það þurfum við stóriðjuna með hinu.

Með öðrum orðum þurfum við fjölbreytnina og við höfum ekki efni á því að segja nei við þeim hagvexti sem felst í því að virkja og nýta í stóriðju.

[17:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað eru hrottalegar mótsagnir í málflutningi ríkisstjórnar sem í öðru orðinu stærir sig af öllum sínum glæsilega árangri, vitnar í alls konar erlendar mælingar og skýrslur og montar sig af því að við séum í hópi allra ríkustu þjóða heimsins, en svo er í næstu setningu talað um að við höfum ekki efni á því að afsala okkur stóriðjunni jafnvel þó að hún sé að stórskemma náttúru landsins og það sem verra er, fyrir liggi að arðsemi þessara fjárfestinga er hörmulega lítil ef nokkur. Hún ryður öðru út úr atvinnulífinu og efnahagskerfinu um leið og hún kemur þar inn eins og dæmin sanna núna. (Gripið fram í.) Hér er, gleiðbrosandi framan í mig, hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, með gjaldþrot Slippstöðvarinnar á bakinu og 500 uppsagnir í fiskvinnslu á síðastliðnum níu mánuðum. Það eru 500 störf farin út úr íslenska sjávarútveginum í formi uppsagna á ári eða níu mánuðum samkvæmt frétt í blaði í gær.

Það er rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra að ég sakna skattteknanna, þ.e. ef undirstaða samábyrgs velferðarkerfis á Íslandi veikist og veikist með endalausum hægri áherslum

í skattamálum. Staðreyndin er sú að opinber samneysla á Íslandi er núna mun lægri en á nokkru hinna Norðurlandanna, 40% eða tæplega það. Það er mun lægra hlutfall, (Gripið fram í.) 41–42% í mesta lagi. Það er lægra hlutfall en við sjáum á hinum Norðurlöndunum og reyndar víða annars staðar í Vestur-Evrópu. Veruleikinn er sá, hvað sem menn segja, hversu mikið sem menn sperra hér stél og tala um að fólkið eigi að fá að ráðstafa þessu sjálft, eins og allir hafi eitthvað til að ráðstafa, veruleikinn er ósköp einfaldur: Við rekum ekki norrænt, samábyrgt velferðarkerfi á Íslandi með amerískum skatthlutföllum. Það gerum við bara ekki. Valið stendur um hvers konar þjóðfélagsgerð við viljum. Viljum við áfram tilheyra Norðurlöndunum með öflugu öryggisneti og samábyrgri velferðarþjónustu eða ætlum við að ameríkanísera þjóðfélagið (Forseti hringir.) enn frekar en búið er að gera?

[17:33]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hljóta náttúrlega að vera alveg skelfilegir stjórnmálamenn sem hafa staðið þannig að málum hér undanfarin ár að atvinnuleysisspá þjóðhagsbúskaparins er 1,8%. Þetta hlýtur að vera alveg skelfilegt ástand, hv. þingmaður.

[17:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra flúði í það að tala um að hér væri ekki atvinnuleysi þegar hann hafði greinilega engin rök til að svara öðru sem hér var tekið upp.

Auðvitað er gott að hér sé ekki atvinnuleysi. Það hefur mjög lengi verið aðall okkar á Íslandi að við höfum náð að hafa full verkefni fyrir okkar að vísu fámennu þjóð. Við erum fámenn þjóð í stóru landi með mikla möguleika þannig að það er auðvitað margt sem hefur hjálpað okkur og lagst með okkur í því. Við höfum verið að byggja mjög mikið upp okkar þjóðfélag, sem er líka gott, og á slíkum skeiðum í sögu þjóðar er það gjarnan svo að það er auðveldara að halda uppi fullri atvinnu. Sumir mundu jafnvel segja að það væri stundum meira en nóg af því góða. Hluti af ójafnvæginu sem við glímum við núna er auðvitað spennan á ákveðnum sviðum vinnumarkaðarins. Hér eru þúsundir erlendra farandverkamanna sem við eigum eftir að sjá hvernig til tekst með og mætti búa betur að eins og raun ber vitni. Það er líka tengt því að við erum ung að það er vöxtur í þjóðfélaginu. Fólki fjölgar og það kallar á uppbyggingu þannig að allt er þetta hvað öðru tengt. Mér finnst því að hæstv. ríkisstjórn ætti ekki að reyna að slá umræðunni út í þessu. Það er enginn ágreiningur um að það er gott að hér sé full atvinna en það hefur jú langlengst af öllum eftirstríðstímanum verið svo hjá okkur, ekki satt? Tel ég þar allar ríkisstjórnir eiga svipaðan hlut að. Hér hafa komið tímabundnar atvinnuleysisveiflur eins og á viðreisnarárunum þegar sjálfstæðismenn sátu í stjórn en það var vegna þess að þjóðarbúið varð fyrir ýmsum áföllum, það varð síldarbrestur og fleira í þeim dúr. Þannig gætum við farið yfir þá sögu.

Mergurinn málsins er að mínu mati sá að hæstv. ríkisstjórn er ekki á nokkurn hátt að horfast af raunsæi í augu við veruleikann, jafnvægisleysið í efnahagsmálunum. Það eru verulegar blikur á lofti varðandi framhaldið og ég spái hæstv. fjármálaráðherra því, þ.e. verði hann svo óheppinn og þjóðin svo óheppin að hann verði áfram í embætti á árinu 2006, (Forseti hringir.) að þá verði ekki eins gaman að koma saman fjárlögum.

[17:36]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þau viðurkenningarorð sem hann fór um þá skattastefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið fyrir. Við erum að reyna að koma hér á sem flötustum skatti, það liggur fyrir. Við höfum lækkað skattprósentuna á Íslandi, en það er af og frá að við höfum lækkað skattinn vegna þess að aðalatriðið í skattlagningu er að varðveita skattstofninn. Við vorum einu sinni með 50% skatt á fyrirtækjum, við höfum lækkað hann niður í 18%. Allan tímann var skatturinn að aukast. Ég er sannfærður um það, herra forseti, að ef við lækkum hann enn meira mun hann vaxa enn hraðar.

Það sama á við um tekjuskattinn. Tekjuskatturinn er að aukast, hann er ekki að minnka. Það er einmitt með því að varðveita það gildi og passa upp á að þjóðin sé vinnufús sem skiptir öllu máli. Það er jaðarskatturinn sem er fráhrindandi og hættulegur hverju samfélagi.

Síðan vildi ég spyrja hv. þingmann af því að hann ræddi hér um starfsskilyrði atvinnuveganna: Telur hann þegar fyrir liggur að í fyrra voru 17 milljarðar af viðskiptahallanum vegna stóriðjuframkvæmdanna, í ár eru það 37 milljarðar og á næsta ári eitthvað svipað eða 25% áætlað, telur hann að stóriðjuframkvæmdirnar einar sér valdi þessu háa gengi? Eða vill hann ekki viðurkenna að það hlýtur að vera eitthvað annað og fleira sem veldur því að við erum með svona hátt gengi? Vill hann ekki segja okkur frá því hvort hann líti svo á að þetta sé eðlilegt eða heilbrigt og ef hann sér einhvern flöt á því, telur hann þá ekki rétt að við færum gengið til jafnvægis í stað þess að halda því uppi með handafli eins og Seðlabankinn stendur fyrir í dag?

[17:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn kemur ræðan um hinn vonda Seðlabanka sem sé meinsemdin í þessu öllu saman. Það er út af fyrir sig rétt að ef maður tekur stóriðjufjárfestingarnar sem slíkar og setur þær í samhengi við ýmsar aðrar stærðir í hagkerfinu eins og útlánaþenslu bankanna o.s.frv. þá eru þær ekkert óskaplega stórar en við vitum að þær verka á tvo vegu. Annars vegar eru hin beinu efnislegu áhrif af þeim og hins vegar eru það væntingarnar. Það neitar því varla nokkur ábyrgur maður í umræðum um efnahagsmál að það sem aðallega varð til að keyra þetta af stað voru hinar stórfelldu samþjöppuðu stóriðjuframkvæmdir og væntingarnar sem þær keyrðu upp í þjóðfélaginu. Í viðbót kom svo skattalækkunarprógramm ríkisstjórnarinnar, lögfest langt fram í tímann, sem auðvitað var arfavitlaust þegar það bætist við það sem þá þegar lá fyrir í sambandi við stóriðjuna. Í þriðja lagi hafa menn keyrt hér algjörlega út af hvað varðar ástandið á fasteignamarkaði og má segja útlánaþenslu bankanna þar í viðbót.

Hvað varðar stóriðjustefnuna þá verður ekkert af henni þvegið að hún er verulegur upphafsorsakavaldur í þessu. Það er bara þannig. Ef menn boða svo áfram meira í beinu framhaldi af núverandi framkvæmdahrinu þá fara menn að gæla við það í huga sér að kannski verði bara ástandið svona áfram.

Tekjuskattur lögaðila var einu sinni 50%, segir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, og ég sé það í súluritum hér frá merkum ráðuneytum. Vilja menn þá ekki vera svo góðir að reikna þetta á raungrunni? Tekjuskattur lögaðila var 50% í 30% verðbólgu í eftirágreiddum skatti. Það þarf heldur betur að leiðrétta fyrir því. Auðvitað var rauntekjuskattsprósenta lögaðila aldrei svona há og það er ótrúlegt að menn skuli bera þetta á borð sisona endalaust. Ég bið um að í næsta fjárlagafrumvarpi fylgi þá leiðrétt skjal að þessu leyti.

Varðandi vinnustundir hér á landi og að það sé aðalatriðið að þjóðin sé vinnufús. Það hefur ekki verið vandi okkar hingað til með langlengstu vinnuviku í Evrópu og á uppleið, 48 stundir (Forseti hringir.) að meðaltali. Það er því dálítið sérkennilegt að heyra menn koma með þessi klisjurök hér.

[17:40]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sakna þess að hv. þingmaður svaraði mér ekki um gengismálin. Það liggur alveg fyrir hversu stór hluti af viðskiptahallanum er vegna stóriðjunnar.

Hann vill ekki horfast í augu við það að Ísland er með langhæstu vexti í Vestur-Evrópu og þó að við leituðum alls staðar nema í Afríku, við getum fundið það í Kenía eða einhvers staðar þar. Við erum með svo háa vexti að það brýstir hér inn fjármagni, við erum að dæla hér inn peningum, við erum með ranga peningastefnu sem veldur atvinnuvegunum mjög miklum erfiðleikum, svo miklum erfiðleikum að ekki verður við það lifað.

Hann talar um 500 störf í fiskiðnaði sem hafi fallið á tiltölulega skömmum tíma. Ég fullyrði að þau munu margfaldast á næstu missirum ef við snúum ekki af þessari braut. Vill hann ekki taka undir það sem ég hef verið að segja hér að það er óumflýjanlegt að við bætum stöðu samkeppnisiðnaðarins á Íslandi, framleiðsluna í heild? Við verðum að gera það því hver er kaupmáttur atvinnulauss fólks? Hann er enginn.

Það verður ekki frá því vikist, hvernig sem við gerum það, að segja þetta opinberlega og þannig stuðlum við að betri stöðu í þjóðfélaginu. Auvitað kostar þetta kjararýrnun en það vilja þeir ekki segja því þessir hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni telja það skyldu sína að segja alltaf það sem þeir halda að aðrir vilji heyra. Þeir vilja ekki koma hér og segja það sem er óþægilegt. En böggull fylgir skammrifi, það er nauðsynlegt að horfast í augu við staðreyndir. Það getur komið sú staða að við þurfum að stoppa hér við, kannski hálft ár, kannski eitt ár, og segja við fólk: Nú getum við ekki bætt kjör ykkar, nú verður að vera bið. Síðan getum við haldið áfram á fullri ferð með þetta mjög svo vel smurða og vel skipulagða hagkerfi. Við verðum að segja mönnum þetta opinskátt. Ef stjórnarandstaðan telur sig vera ábyrga, hvers vegna í ósköpunum vill hún ekki taka undir það, (Forseti hringir.) vitandi að framleiðslan getur ekki þolað þetta?

[17:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það verður nú að segja, virðulegur forseti, að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur þó alltaf það að hann er gamansamur maður. Hér kemur stjórnarliðinn Einar Oddur Kristjánsson og þenur sig og skammar stjórnarandstöðuna fyrir ábyrgðarleysi í þessum efnum og að hún skuli ekki sjá það að gengið sé allt of hátt og vilji ganga í lið með honum til að lækka það. Bíddu, hvaðan kemur hv. þingmaður svona fyrir utan það að vera af Vestfjörðum? Hann er úr stjórnarliðinu. (Gripið fram í.) Er þetta ekki stuðningsmaður ríkisstjórnar Halldórs Ásgrímssonar? Er ekki Einar Oddur Kristjánsson búinn að gera Halldór Ásgrímsson að andlegum leiðtoga sínum? Hvað sagði Halldór Ásgrímsson okkur um þessi mál í fyrrakvöld? Þetta er allt í fína lagi, það er bara svartagallsraus í Vinstri grænum og öðrum slíkum bölsýnismönnum að eitthvað sé að hér í efnahagsmálum, og utanríkisráðherra gekk undir þennan málflutning. Svo kemur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og segir: Gengið er allt of hátt og þetta er að fara til fjandans — og það er rétt hjá honum. En það þýðir ekkert að kenna Seðlabankaræflinum einum um það. Það er algjörlega út í hött, hv. þingmaður, eða hvað á Seðlabankinn að gera? Hann starfar samkvæmt lögum sem fyrirskipa honum að hafa eitt aðalmarkmið sem er verðstöðugleiki og hann vinnur samkvæmt yfirlýsingu frá ríkisstjórn frá því í maí 2001 um að hann skuli reyna að halda verðmiðunum við 2,5%. Meðan ríkisstjórnin breytir ekki þeim viðmiðunum sem Seðlabankinn sækir um heimild til ríkisstjórnarinnar til að hafa þá ættu stuðningsmenn stjórnarliðsins að hafa sig hæga. Einar Oddur Kristjánsson þarf fyrst og fremst að halda uppi þessum málflutningi á þingflokksfundum Sjálfstæðisflokksins og ræða það við leiðtoga sinn, Halldór Ásgrímsson, hvort þetta sé kannski ekki alveg í jafngóðu lagi og raun ber vitni. Það stendur ekki á okkur í þeim efnum. Við erum eini þingflokkurinn, Vinstri grænir, sem höfum síðan í fyrravetur talað fyrir og rökstutt nauðsyn aðgerða í þessum efnum. Við erum með í sex tölusettum liðum það sem við teljum vera hægt að gera til að leggja viðleitni Seðlabankans lið þannig að hann þurfi ekki að halda áfram þessari kannski vonlitlu baráttu með því að hækka stýrivextina. Það er gróft meðal, það er alveg ljóst, en hvað á hann að gera?

[17:45]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í fyrri ræðu minni ræddi ég um þá nauðsyn sem ég tel á að menn endurskoði allar hugmyndir sínar um að hafa tvær myntir, þ.e. krónuna og hina verðtryggðu krónu. Ég er sannfærður um að eitt það brýnasta sem við getum gert núna er að endurskoða þetta og hverfa frá verðtryggingunni sem menn voru þó sammála um á sínum tíma að hefði nokkurt gildi. Við þurfum að hverfa frá henni til að tryggja að vextir á Íslandi fari að bíta. Vextir bíta ekki neitt. Seðlabanki Íslands, svo að við höldum áfram umræðunni, hækkar og hækkar stýrivexti. Þeir voru hækkaðir um 0,75% í lok síðasta mánaðar. Hvað gerðist?

Ekkert nema það að gengið styrktist. Hafði það áhrif á vexti á Íslandi? Mér er sagt að á skemmstu eða stystu lánunum, 16 mánaða lánunum, hafi það styrkst um 20 punkta um morguninn en það var horfið til baka um hádegið. Það voru áhrifin vegna þess að vextir bíta ekki neitt. Hér er allt verðtryggt. Þessar aðferðir þeirra eru vonlausar. Ég fór yfir það, virðulegi forseti, í byrjun desember á síðasta ári og ég gæti gert það aftur núna.

Við verðum að horfast í augu við, það er rétt sem síðasti ræðumaður sagði um það, að við höfum sett okkur verðbólgumarkmið. Það er rangt sem formaður Samfylkingarinnar sagði í ræðu í gær, að það hafi verið lögbundið verðbólguviðmið. Það er ekkert lögbundið. Mér finnst ástæða til þess að endurskoða þetta viðmið, sérstaklega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi þarf að skoða hvernig mælt er, hver mælingin er. Við vitum hvernig eignaverðbólgan virkar í þessu. Í öðru lagi verðum við að endurskoða á hverjum tíma hvað er raunhæft í þessu sambandi. Við verðum að halda þannig á spöðunum að framleiðslan í landinu hafi svigrúm, geti lifað, veitt atvinnu og haldið þessu uppi. Að því leyti tel ég þetta óraunhæft hjá ríkisstjórninni. Ég hef gagnrýnt það mikið og mjög lengi. Það er ekkert nýtt. Ég tel að hún eigi að endurskoða það. Ég fagna því þegar ég sé í forsendum fjárlaganna að fjármálaráðuneytið geri ráð fyrir því að stýrivextirnir breytist ekki það sem eftir er af þessu ári, verði óbreyttir fram eftir næsta ári og fari svo að lækka.

Ég er hins vegar ekki alveg viss um að að þetta gangi eftir. Ég trúi því ekki að við getum safnað 120 milljörðum kr. í nýjar skuldir á næsta ári. Ég hef hvatt til að menn horfist í augu við þetta, hvatt til að menn reyni að ná mjúkri lendingu. En það hefur í för með sér að sú spá sem liggur fyrir í fjárlagafrumvarpinu, að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 2,7%, fær ekki staðist. Það á að segja við fólk það sem við höldum að sé rétt og ég segi að það fái ekki staðist.

Jafnvel þótt kaupmátturinn vaxi ekkert á næsta ári, þótt að hann rýrni um 1–2% þá teldi ég það engan voða. Íslensk fyrirtæki mundu þegar í stað blómgast á ný. Þó að Íslendingar, eins og allar aðrar þjóðir, verði fyrir því að kaupmáttur vaxi ekki eitt árið eða rýrni kannski um 1–2% eftir að hann hefur vaxið stöðugt í tíu ár, vaxið um rúm 50%, þá er það enginn voði. Ég tel rétt að tala um þetta opinskátt vegna þess að ég trúi því að þetta sé rétt. Hættan er miklu meiri ef við ofkeyrum þetta, ef kemur ofris í gengið og menn missa síðan móðinn. Þá er hætta á að fall gengisins verði miklu meira en efni standa til og það fari neðar en þarf til að ná jafnvægisgengi.

Ég sé ógnina og skora á menn að fara varlega, hætta þessu og horfast í augu við að verðbólgan sem kæmi færi bara í gegn. Það brennur ekki annað í verðbólgu en það sem brunnið getur. Það er fyrst og fremst kaupmáttur sem á sér ekki stoð í forsendum efnahagslífsins. Menn eru tregir til að segja þetta og mönnum finnst þetta kannski ósvífið. Það er hins vegar rétt að tala opinskátt og segja þetta framan í þá, það er miklu betra en að fara aftan að mönnum.

Hins vegar er staðan á Íslandi mjög góð. Það er ástæða til að fara yfir það að ríkissjóður Íslands stendur enn einu sinni best allra ríkissjóða í Evrópu. Það er okkar gæfa, sem við skulum þakka fyrir. Jafnvel þótt svo fari, sem ég held að gerist innan tíðar, að kaupmátturinn minnki og tekjur ríkissjóðs minnki fyrir vikið — ég gæti alveg trúað því og bið menn að búa sig undir það — þá er ríkissjóður Íslands mjög sterkur og getur alveg tekið við því. Það er enginn voði fram undan þó að tekjurnar rýrni um skeið. Það hefur verið búið þannig um hnútana í skattakerfinu að það hvetur til vinnu, hvetur fyrirtækin til að vera á Íslandi og hafa Ísland sem miðstöð hagnaðar síns. Það skiptir okkur öllu máli, að hvetja fyrirtækin til að vera á Íslandi. Það hefur tekist mjög vel. En aðrar þjóðir hafa verið það ógæfusamar að missa fyrirtæki sín úr landi, misst sitt besta fólk úr landi og setið eftir án tekna, hafa kannski háa skattprósentu en engar tekjur. Það hefur gerst víða en það höfum við getað forðast með þeirri skattastefnu sem markvisst hefur verið rekin í meira en tíu ár. Það hefur verið gert vitandi vits hvað við værum að gera. (**Gripið fram í:** Hvaða stefnu?) Hið sterka lífeyrissjóðakerfi Íslands, sem er einstakt í Evrópu, tryggir enn þá frekar að ríkissjóður Íslands standi traustum fótum. Þetta verðum við að horfast í augu við.

Ég tók það fram í fyrri ræðu minni að ég gæti alveg ímyndað mér það að margir þeir sem gagnrýnt hafa þetta fjárlagafrumvarp hafi rétt fyrir sér að því leyti að aðhald sé ekki nægjanlegt. Ég skal alveg taka undir það. Aðhald er nefnilega aldrei nægjanlegt þegar um ríkisbúskapinn er að ræða. Við getum gert betur og hefðum átt að gera betur. En ég nefndi einnig að það að skera niður ríkisútgjöldin eftir á er allt í lagi ef menn vilja fara í það, ekki skal standa á mér við það verk. Hið raunhæfa er þó að læra af reynslunni, átta sig á því að það var áður en við ákváðum útgjöldin sem menn áttu að standa vaktina og verja ríkissjóð, þ.e. áður en samningar eru undirritaðir, áður en launasamningar eru undirritaðir. Menn fara ekki eftir á og eyðileggja það. Þetta er málið, virðulegur forseti, og við verðum að gera okkur grein fyrir því.

Ég fór yfir það einnig að það hefur sannarlega verið lausung í launamálum á Íslandi. Það er hárrétt. Það liggur fyrir hjá kjararannsóknarnefnd hvar launahækkanirnar hafa orðið. Þar tróna á toppnum íslenskir bankar og peningastofnanir. Enda held ég stundum að þeir telji sig ekki af þessum heimi. Kannski er það rétt hjá þeim, að þeir séu ekki af þessum heimi. Þeir telja sig ekki vera það. Þeir hafa farið mjög óvarlega.

Næstir í röðinni eru íslensk sveitarfélög sem hafa því miður líka farið mjög óvarlega. Ég held að eitt af því sem við getum gagnrýnt í fjármálastjórn ríkisins sé t.d. að við höfum sýnt mikla linku við sveitarfélögin og látið undan kröfum þeirra um tekjur. Þau krefja ríkið um tekjur eftir að þau eru búin að semja óvarlega og óábyrgt um laun.

Í þriðja sæti er ríkið og þar fyrir neðan er hinn almenni markaður, sem hefur dregið vagn ábyrgðarinnar í launamálum. Hinn almenni verkamaður hefur gert minni kröfur og verið ábyrgari allan þennan tíma. Þegar ég segi að komið sé að lokum þess í bili að við getum bætt lífskjörin þá skil ég mætavel að hinum almenna verkamanni sárni. Það er mjög eðlilegt. Þeir hafa verið hinir ábyrgu og það væri ekki skynsöm ríkisstjórn sem skoðaði ekki undir þeim kringumstæðum hvort von væri á dýfu kjararýrnunar og reyndi ekki með öllum ráðum að minnka þann sársauka gagnvart þeim sem lakast standa. Það verður ríkisstjórnin að gera. Ég trúi því

að hún muni gera það vegna þess að þetta er í vændum, menn eiga að búa sig undir það.

[17:55]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það líður nú á seinni hluta umræðunnar í dag sem hefur verið ágæt og málefnaleg. Sú mynd sem við okkur blasir er ákaflega skýr. Allir málsmetandi aðilar í íslensku samfélagi hafa í þessari viku fellt þann dóm yfir fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2006 að þar sé hvergi nærri nógu mikið aðhald og að það takist ekki á við það verkefni sem við blasir, að halda aftur af verðbólgunni. Þegar talað er um aðhald í þessu sambandi er ekki aðeins um útgjöldin að ræða heldur er líka verið að tala um tekjurnar.

Ljóst er af ræðum stjórnarliða að ríkisstjórnin hefur gefist upp við verkefnið. Komið hefur fram við umræðuna að menn treysta sér hvorki til að draga úr þeim útgjöldum sem þeir hafa lagt til né hitt, að auka tekjurnar. Þá er full ástæða til að hafa áhyggjur. Þá spáir jafnvel sjálft fjármálaráðuneytið því að verðbólga verði hér viðvarandi umfram þau markmið sem við höfum sett okkur. Það er jafnvel hætta á því, eins og kom fram hjá hv. þingmanni Einari Oddi Kristjánssyni, að hér verði einhver skellur þó að vonandi verði það mjúk lending. Þetta er ekki hræðsluáróður. Þetta er staða mála að bestu manna yfirsýn. Við höfum reynsluna fyrir okkur. Það eru aðeins örfá ár síðan hið sama gerðist.

Það sem hæstv. ríkisstjórn kallar mjúka lendingu var 9% verðbólga árið 2001. Það er það sem við köllum mjúka lendingu og guð forði okkur þá frá því að hún verði harkaleg því að 9% verðbólga á einu ári, í landi þar sem meðalheimilið skuldar tíu milljónir kr., hækkar skuldir þess heimilis í einu vetfangi um nærfellt milljón kr. Ef það er mjúk lending þá skulum við vona að hér takist mönnum að halda þannig á spilunum að hún verði a.m.k. ekki harkaleg. Til þess að svo megi verða er ljóst, fyrst að ríkisstjórnin hefur gefist upp við viðfangsefnið og treystir sér ekki til að sýna það aðhald í ríkisfjármálunum sem nauðsynlegt er, að aðrir aðilar í samfélaginu verða að hjálpa ríkisstjórninni við að takast á við vandann. Það verður Seðlabankinn að gera með vaxtastefnu sinni, það verða bankarnir að gera í útlánastefnu sinni og það verða aðilar vinnumarkaðarins að gera í þeim viðræðum sem þeir eiga í. Upp á okkur í stjórnarandstöðunni stendur þá að leggja ríkisstjórninni gott til og hafa tillögur fram að færa hér við 2. umr. um fjárlögin, um það sem betur má fara.

Sá vandi sem við er að glíma er uppsafnað aðhaldsleysi margra ára. Það er ljóst að á því verður ekki unnið í einu vetfangi. Ég held að það sýni sig að við þurfum að ræða um grundvallarkerfisbreytingar. Við skulum tala um veruleikann eins og hann er.

Hér er ekki voðinn vís, sagði hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson. Vissulega er það hætta og voði ef verðbólgan fer af stað. En við skulum minnast þess að efnahags- og atvinnulíf landsins er öflugt og við höfum náð miklum árangri á undanförnum árum. Við höfum ástæðu til að vera bjartsýn á framtíðina. En við höfum líka reynsluna af því að kollsigla okkur með sveiflum í íslensku hagkerfi vegna þess að menn hafa ekki tekið hlutverk sitt nægilega alvarlega, ekki tekið það nægilega alvarlega að jafna hagsveifluna. Til þess að gera það hljótum við að þurfa að ræða og hrinda í framkvæmd kerfisbreytingum sem gætu leitt okkur til farsælli stjórnar ríkisfjármála og þar með efnahagsmála á komandi árum.

Við höfum í þessari umræðu sagt að mikilvægasta kerfisbreytingin til að tryggja hér áframhaldandi stöðugleika sé að hverfa af braut aukinnar misskiptingar í skattheimtu landsmanna. Ég lýsi áhyggjum af því að hæstv. fjármálaráðherra sýnir því ekki skilning að það getur ekki gengið til lengdar að auka hér sífellt skattaálögur á þá sem minnst hafa. Við höfum bent á að ellilífeyrisþegar með 110 þúsund kr. á mánuði greiða umtalsvert hærra hlutfall af tekjum sínum í skatta en áður var meðan hátekjufólkið fær hvern jólapakkann á fætur öðrum. Frá því kerfi verður að snúa því að sú þróun sundrar samfélaginu sjálfu, sem við erum að stjórna, í svo ólíka hópa að ekki verður við unað. Slík misskipting fjármuna ógnar stöðugleikanum. Hv. þm Einar Oddur Kristjánsson talaði hér áðan um verkafólkið og sagði réttilega að það hefði axlað ábyrgðina á stöðugleikanum. En verkafólkið getur ekki gert þetta endalaust ef stjórnvöld eru síðan sífellt að létta sköttum af hátekjufólkinu en þyngja skattheimtuna á hina lægst launuðu.

Við hljótum líka að þurfa að taka ríkisfjármálin miklu fastari tökum. Ég bendi hæstv. fjármálaráðherra á að lesa í upphafi ferils síns síðu 45 í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga. Hún rekur ágætlega þá lausung sem hér hefur viðgengist í ríkisfjármálum og þar segir berum orðum að sá háttur sem hafður hefur verið á í því þekkist hvergi hér í löndunum í kringum okkur. Það er einfaldlega þannig að í aðhaldi í útgjöldum í ríkisfjármálum eru fáar töfralausnir. Þar þarf aga og festu í vinnubrögðum frá degi til dags til þess að vandinn í útgjöldunum safnist ekki upp ár frá ári og verði jafnmikill og við okkur blasir núna. Hér þarf áætlunargerð að vera miklum mun nákvæmari en verið hefur.

Tuttugu milljarða frávik frá frumvarpi til fjárlaga og til niðurstöðu í ríkisreikningi ár eftir ár eftir ár getur ekki gengið lengur, að fjárlagaliðir og stofnanir tugum saman fari ár eftir ár langt fram úr fjárheimildum sínum án þess að við því sé brugðist, menn áminntir eða gripið til þeirra aðgerða sem þörf krefur. Það getur ekki gengið lengur. Hér verður að kalla eftir miklu meira aðhaldi og eftirliti í ríkisrekstrinum og ég vona svo sannarlega að hæstv. fjármálaráðherra, nýr, einhendi sér í að skerpa aðhald og eftirlit í ríkisrekstrinum og stuðla að því að áætlunargerðin og fjárlögin sjálf haldi frá því að þau eru lögð fram og þar til þeim er hrint í framkvæmd. Fjárveitingavaldið er hér hjá Alþingi og á ekki að vera eftir geðþótta manna í einstökum stofnunum framkvæmdarvaldsins og í framúrkeyrslum ár eftir ár. Þannig munum við fyrst og fremst geta haldið aftur af ríkisútgjöldum til lengri tíma með aðhaldi frá degi til dags og þá kerfisbreytingu þurfum við að gera.

Við hljótum líka að þurfa að skoða þá kerfisbreytingu sem snýr að íslensku myntinni, sem er nú ekki stór mynt eins og menn þekkja. Samfylkingin hefur flutt tillögu hér á Alþingi um að tekið verði til skoðunar hvort og þá hvaða mynt gæti leyst íslensku krónuna af hólmi. Það er engum blöðum um það að fletta að sveiflur hafa verið á henni und-

anfarin ár. Árið 2000, trúi ég, úr því að vera 70 krónur í hverjum dollara í það að vera 115, eða helmingi veikari. Þetta skapar okkur erfiðleika í áætlunargerð og veldur óstöðugleika.

Að síðustu vil ég nefna þá kerfisbreytingu sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson nefndi hér áðan. Það er verðtryggingarkerfið okkar og við hljótum að þurfa að spyrja: Hvers vegna gengur okkur verr en öðrum þjóðum að hemja hagsveiflurnar? Hvers vegna erum við að taka þessa skelli? Þá hljótum við að skoða hvað er öðruvísi hjá okkur en hjá nágrannaþjóðum okkar. Eitt af því sem er öðruvísi hjá okkur og einstakt fyrir Ísland (Forseti hringir.) er hve verðtryggingin er ríkur þáttur í lánakerfinu og hefur þau áhrif að vaxtastefna Seðlabankans bítur ekki nóg (Forseti hringir.) þó að vissulega bíti hún.

[18:05]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur verið farið vítt yfir sviðið í umræðunni. Það sem stendur upp úr í mínum huga eru þær ásakanir sem bornar eru á ríkisstjórnina að efnahagsstefnan og hagstjórnin skapi samfélag fyrir hátekjufólk og í því kapphlaupi gleymist að það er fleira fólk í þessu samfélagi sem ríkisstjórnin þarf að huga að. Það er fleira fólk í þessu samfélagi sem ríkisstjórnin hefur skyldum að gegna við. Skyldum sem hún sinnir ekki.

Það hefur verið haft hér á orði að Ísland sé að verða paradís fyrir hátekjufólk með skattastefnu ríkisstjórnarinnar þar sem milljarðar og milljarðatugir á hverju ári eru í raun og veru afþakkaðir inn í sameiginlega sjóði landsmanna, inn í þá sjóði sem eiga að standa straum af kostnaði við velferðarkerfið, sjóði sem eiga að standa straum af því sem það kostar að fólk geti borið höfuðið hátt og lifað mannsæmandi lífi.

Mig langar til að vitna hér til orða Íslendings sem lét í sér heyra í Tímariti SFR fyrir skemmstu. Gróa Salvarsdóttir er fyrrverandi formaður lífeyrisþegadeildar SFR, en hún var fyrir skömmu að hætta afskiptum af félagsmálum eftir 70 ára dygga og öfluga þátttöku. Gróa sendir ríkisstjórninni tóninn í viðtali í þessu blaði sem ríkisstjórnin þarf að hlusta á. Hún talar um stjórnvöld sem setji verkalýðshreyfingunni og verkalýðsfélögunum sífellt stólinn fyrir dyrnar með því að koma í veg fyrir ýmis framfaramál sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir að nái fram að ganga.

Hún segir, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld og atvinnurekendur skammta launafólki skít úr hnefa vegna þess að þessir aðilar virðast ekki gera sér grein fyrir því hvað fólkið í landinu þarf til að geta staðið á eigin fótum og lifað mannsæmandi lífi.“

Þetta er mergurinn málsins, virðulegi forseti. Þegar stefna stjórnvalda í skattamálum er skoðuð og einnig launastefnan sjáum við að þeim er að mistakast með velferðarkerfið. Lífeyrisþegar eru að greiða skatta, öryrkjar eru að greiða skatta. Það er verið að taka bensínstyrk af öryrkjum. Hvenær á þessu að linna? Hvenær ætlar ríkisstjórnin að gera sér grein fyrir því að þessi stefna stefnir okkur í verulegan voða?

Við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum verið að benda á þessi hættumerki og höfum reifað tillögur um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Við höfum haldið því fram að hér séu stjórnmálamenn sem geri sér grein fyrir afleiðingunum af skattastefnu ríkisstjórnarinnar og stefnunni í hagstjórninni en sá söngur heyrist eilíflega frá stjórnarliðum að gagnrýni stjórnarandstöðunnar sé marklaus. Það er ekki rétt. Stjórnarandstaðan setur fram efnismikla gagnrýni og mjög alvarlega, gagnrýni sem byggist á því að ekki sé bara tyllt undir þá sem hæst standa heldur ekki síður þá sem hafa borið þetta þjóðfélag uppi í áranna rás, t.d. eldri borgara þessa lands.

Hæstv. heilbrigðisráðherra keyrir þá stefnu að eldri borgarar og eldra fólk eigi að fá að vera heima hjá sér sem lengst, að allt eigi að gera sem hægt er til þess að fólk geti dvalið lengur inni á heimilunum. Ekki eigi að koma eldra fólki inn á stofnun um leið og einhver aðstoð þarf að koma til. En þá spyr ég: Hverjir eiga að aðstoða eldra fólkið? Það fæst ekkert fólk í heimahjúkrun. Þeir sem fást í heimahjúkrun vilja vera á einkareknu heimili fyrir eldri borgara af því að einkarekna heimilið getur í skjóli ríkisvaldsins greitt þessu fólki hærri laun. Þetta er hluti af stefnu stjórnvalda, þetta er ein af birtingarmyndum þeirrar stefnu sem verið er að gagnrýna hástöfum þegar fjárlagafrumvarpið er til umræðu.

Segi menn svo að gagnrýni stjórnarandstöðunnar sé efnisrýr og bragðlítil. Það er ekki rétt, ég vísa því til föðurhúsanna. Það er ekkert réttlæti í því að koma svona fram við það fólk sem ber ekki meira úr býtum en lífeyrisþegar og öryrkjar gera. Það ber vott um verulega skammsýni hjá ríkisstjórninni og ég vona sannarlega að henni verði refsað fyrir það í næstu kosningum. Ég trúi ekki öðru en langlundargerð þjóðarinnar sé á þrotum.

Hæstv. forseti. Það er ekki langur tími eftir af ræðu minni. Mig langaði til að nefna hér nokkur atriði í fjárlagafrumvarpinu, sem ég var reyndar farin að ýja að í fyrri ræðu minni. Þá var ég fyrst og fremst að huga að menntamálunum, einum af þeim málaflokkum sem ég hef reynt að sinna í störfum mínum sem þingmaður. Ég fagna hækkuðum framlögum samkvæmt fjárlagafrumvarpinu til háskólastigsins en gagnrýni jafnframt ákveðna þætti í þeim efnum. Ég gagnrýni þá áherslu sem er á einkaskólana og sú áhersla er á kostnað hinna opinberu háskóla eins og t.d. Kennaraháskóla Íslands sem, eins og ég sagði áðan, hefur verið að synja u.þ.b. þúsund umsækjendum um skólavist á hverju ári núna undangengin ár. Ég sé ekki að samkvæmt þessu frumvarpi geti orðið nokkur breyting þar á. Þetta er grafalvarlegt þegar við horfum til þess að okkur sárvantar menntaða kennara. Okkur sárvantar menntaða kennara í leikskólana og inn í fullorðinsfræðsluna til dæmis.

Lítum þá aðeins á stöðuna hjá Háskóla Íslands. Það kemur fram í fjárlagafrumvarpinu að Háskóli Íslands sé að fá hækkun og því ber að fagna, hækkunin er þó nokkur. En henni er fyrst og fremst ætlað að taka á tilteknum vandamálum sem Háskóli Íslands hefur átt við að stríða undanfarin ár og varða grunnnámið í skólanum. Hækkuninni til Háskóla Íslands er í fyrsta lagi ætlað að koma til móts við fjölgun nemenda, en við vitum að undanfarið hafa einhver hundruð nemenda verið í námi í skólanum án þess að nokkur greiðsla hafi komið frá hinu opinbera. Nú er verið að

leiðrétta það og er það vel. Samt sem áður er leiðréttingin einungis til hálfs eða að hluta, skrefið er ekki stigið til fulls. Maður hlýtur að spyrja sig: Úr því að verið er að leiðrétta augljóst misrétti, hvers vegna er skrefið þá ekki stigið til fulls? Hvert er svarið við því?

Í öðru lagi er hækkuninni til Háskóla Íslands ætlað að leiðrétta ákveðið misræmi sem hefur myndast á milli opinberra framlaga vegna launa og raunverulegra launagreiðslna. Um árabil hefur Háskóli Íslands verið að vekja athygli menntamálanefndar Alþingis á þessu misræmi en því miður hefur háskólafólk talað fyrir daufum eyrum þar til núna. Þess vegna er það ánægjuefni að nú skuli loksins ætlað fé í þessar launaleiðréttingar. En eins og ég sagði rétt áðan, hæstv. forseti, þá eru þessar leiðréttingar fyrst og fremst vegna grunnnáms við skólann. Háskóli Íslands hefur hins vegar verið að byggja upp öflugt doktorsnám og talið að það þarfnaðist viðurkenningar frá stjórnvöldum.

Til þess að Háskóli Íslands geti gert tilkall til þess að vera kallaður rannsóknarháskóli í fremstu röð þarf hann að efla doktorsnámið til mikilla muna. Hann þarf að fjölga doktorsnemum en það kostar umtalsverða fjármuni. Nú er reyndar verið að hækka framlögin til samkeppnissjóðanna sem doktorsnemar geta sótt um laun í, og það er gott, en skólinn ber líka ákveðinn grunnkostnað af doktorsnemunum. Þetta þurfa stjórnvöld og við í menntamálanefnd Alþingis að skoða núna þegar fjárlagafrumvarpið kemur inn til umfjöllunar. Við verðum að sjá til þess að Háskóli Íslands fái þetta viðurkennt. Háskóli Íslands er að mennta doktorsnema en hann gæti gert svo miklu, miklu meira af því ef hann fengi örlitla viðurkenningu frá okkur sem förum með fjármál ríkisins.

Hækkunin til rannsóknarþáttar Háskóla Íslands er upp á 20 milljónir og hún er mjög afmörkuð. Hún er eingöngu hugsuð til þess að greiða þeim greinum sem háskólinn er nú að taka við frá Tækniháskólanum sem var lagður niður fyrr á þessu ári. Þetta eru tvær greinar, geislatækni og lífeindatækni, og þessar 20 milljónir eru ætlaðar til að efna samkomulag sem menntamálaráðuneytið var búið að gera við Tækniháskólann áður en hann var lagður niður. Menn verða því að hafa í huga að hér er ekki um að ræða hækkað framlag til þeirra rannsókna sem hafa verið stundaðar í Háskóla Íslands.

Ég hefði gjarnan viljað fara nánar út í ákveðin atriði en læt nægja í lokaorðum mínum að nefna Mannréttindaskrifstofu Íslands. (Forseti hringir.) Hvers vegna eru (Forseti hringir.) framlög til Mannréttindaskrifstofunnar ekki leiðrétt í þessu fjárlagafrumvarpi?

[18:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hvers vegna er ekki gerð leiðrétting á framlagi til Mannréttindaskrifstofu Íslands? Umræðu um Mannréttindaskrifstofuna er ekki lokið og ég er ansi hræddur um að fjárlagafrumvarpið verði ekki afgreitt hávaðalaust ef ekki verður ráðin bót þar á.

Í fyrri ræðu minni vék ég að tillögum sem varða kjör öryrkja og áformum um að skerða þau. Síðan gerist það við umræðuna í dag að hæstv. heilbrigðisráðherra lýsir því yfir að teknar verði upp viðræður við forsvarsmenn Öryrkjabandalags Íslands um þann þátt og fyrir mitt leyti vil ég lýsa mikilli ánægju með að svo verði gert. Það er greinilegt að mótmælin sem borist hafa frá Öryrkjabandalagi Íslands og fulltrúum stjórnarandstöðu hafa borið árangur. Að vísu eigum við eftir að sjá þann árangur í verki, að fyrirhugaðar lagabreytingar eða áður boðaðar lagabreytingar nái fram að ganga, en við hljótum að vona það besta í því efni.

Síðan hafa menn einnig talað á mjög almennum nótum um nauðsyn þess að frumvarpinu verði fylgt rækilega eftir, að séð verði til þess að stofnanir fari ekki fram úr rammanum sem þeim er ætlaður samkvæmt því. Í því sambandi vil ég minna á að ástæður fyrir því að stofnanir fara fram úr fjárlögum og fjárlagaheimildum eru stundum orðnar til vegna þess að of naumt er skammtað. Það er skammtað er á óraunsæjan hátt og niðurskurður á undanförnum árum hefur þar að auki stundum verið af pólitískum ástæðum. Þar vil ég minna á niðurskurðinn hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, sem var þröngvað til að einkavæða ýmsa starfsemi á vegum stofnunarinnar.

Menn hafa velt því fyrir sér hvort íslenska efnahagskerfið og íslenskur efnahagur, sú velsæld sem blasir við okkur á ýmsum sviðum, sé byggð á bjargi eða sandi. Menn halda hinu gagnstæða fram, annars vegar stjórn og hins vegar stjórnarandstaða. Ég held að hið rétta sé að þetta vitum við ekki með vissu, ekkert okkar. Við byggjum á líkindum og skoðum ýmis teikn sem eru á lofti, þar á meðal á skuldastöðu þjóðarinnar, á viðskiptakjörum við útlönd. Ég hef aðeins staðnæmst við þetta með nokkurn ugg í brjósti. Það er staðreynd að skuldir íslensku þjóðarinnar hafa stóraukist á undanförnum árum.

Skuldir eru ekki endilega af hinu illa. Menn ráðast í fjárfestingar og ef þær gefa okkur arð í framtíðinni eru þær að sjálfsögðu til góðs. Þannig breyting varð á Íslandi fyrir 100 árum þegar við fórum út úr kyrrstöðuþjóðfélagi og Skúli Thoroddsen og félagar hans á Alþingi töluðu um nauðsyn þess að taka lán og láta kapítölin borga sig, byggja upp. Spurningin er hins vegar hvort þær miklu fjárfestingar sem við erum að ráðast í séu til þess fallnar að skapa arð og þá vísa ég sérstaklega í stóriðjuframkvæmdirnar. Við tökum eftir því að í hópi hagfræðinga og sérfræðinga sem sérstaklega hafa kynnt sér þessi mál fer þeim fjölgandi þeim sem efast stórlega um að svo sé, að þetta séu skynsamlegar fjárfestingar og þeir hafa fært mjög ítarleg rök fyrir máli sínu.

Ef við lítum aðeins nánar á skuldsetningu þjóðarinnar þá er svo komið að á síðasta ári námu skuldir Íslendinga þegar á heildina er litið 2.650 milljörðum kr. og samkvæmt tölum Seðlabanka er því spáð að þær verði yfir 2.800 milljarðar á þessu ári. Ef erlendar skuldir, nettóskuldir, eru skoðaðar einvörðungu er talan lægri en þó rétt undir 900 milljörðum kr. Þegar litið er á hlutföllin þá eru þau að versna mjög. Skuldirnar verða sífellt stærra hlutfall af landsframleiðslu og ég staðnæmist nokkuð við stöðu ríkissjóðs í því efni. Það stendur upp úr hverjum manni að ríkisstjórnin hafi haldið vel á málum hvað ríkissjóð snertir. Ég skal taka undir það að ríkisstjórnin hefur sýnt mikla fyrirhyggju að sumu leyti. Miklir peningar hafa verið látnir renna inn í lífeyriskerfið, inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, LSR, á undanförnum árum en fyrirsjáanlegt var að sá sjóður stefndi í þrot ef ekkert yrði að gert og þá er ég að vísa í gömlu deild

lífeyrissjóðsins. Hinni nýju A-deild er ætlað að vera sjálfbær í þeim skilningi að iðgjöld eiga að rísa undir útgjöldunum. Þarna hefur ríkisstjórnin sýnt fyrirhyggju á undanförnum árum.

Þegar niðurgreiðslan eða uppgreiðslan á skuldum ríkisins er hins vegar skoðuð þá eru menn að horfa mjög skammt aftur í tímann. Menn horfa aðeins 10 ár aftur í tímann, aftur á miðjan síðasta áratug. Mestar urðu skuldirnar sem hlutfall af landsframleiðslu árið 1995, fóru yfir 32%. Á næsta ári varð hlutfallstalan rétt undir 30% og sama gildir um árið þar á eftir. Síðan fór þetta smálækkandi. Núna nema skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana rúmum 17% af vergri landsframleiðslu. Hvert skyldi þetta hlutfall hafa verið í byrjun 10. áratugarins? Það var rétt rúmlega 18%. Það hlutfall sem ríkissjóður og ríkisstofnanir skulda nú er mjög svipað og þær gerðu fyrir 15 árum. Hins vegar hefur staða sveitarsjóðanna stórversnað á tímabilinu. Bæjar- og sveitarfélög skulda núna sem nemur rúmum 12% af vergri landsframleiðslu en skulduðu rúmlega 6% fyrir 15 árum. Þannig að þegar það stendur upp úr hverjum manni að staða ríkissjóðs hafi batnað stórlega að þessu leyti þá eru menn að horfa mjög skammt aftur í tímann, menn eru að horfa aftur til samdráttarskeiðsins eða öllu heldur þess sem gerðist í kjölfar þess, um miðjan síðasta áratug. Þetta eru staðreyndir. Staða ríkissjóðs, ef skuldirnar eru reiknaðar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, er því svipuð núna og hún var fyrir 15 árum.

Ég hef ekki tíma til að ræða hin mögru ár sem hæstv. ráðherra spáir að gengju í garð ef Vinstri hreyfingin – grænt framboð kæmist til áhrifa. Ég tel að við fylgjum mjög ábyrgri efnahagsstefnu. Við höfum sett fram ítarlegar og vel ígrundaðar tillögur um hvernig beri að taka á efnahagsvandanum og höfum gert grein fyrir til hvaða aðgerða við viljum láta grípa til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika á Íslandi.

[18:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var þannig að fyrri ræðumaður gerði skuldir dálítið að umræðuefni. Það er ástæða til að taka undir það með honum að skuldasöfnun einstaklinga og fyrirtækja á Íslandi er mjög mikil. Hún er meiri en hjá öðrum þjóðum og menn fara víða mjög glannalega. Ég hef ekki dæmi um hvaða eignir standa þar á bak við en það er ástæða til þess að óttast það og hvetja mjög til þess að menn fari af meiri gát en þeir hafa gert. Hins vegar fór hann með skuldir ríkisins og fór þá ekki rétt með.

Skuldir ríkisins í upphafi þessa árs voru einhvers staðar kringum 16–17% af vergri landsframleiðslu. Skuldir ríkisins núna eru einhvers staðar kringum 10% ef við tökum afganginn af ríkissjóði í ár og hagnaðinn af sölu Símans, kringum 10%. Í alþjóðlegum samanburði þegar menn bera saman ríkisskuldir heimsins þá er vant að reikna þannig að gjaldeyrisvarasjóður viðkomandi lands er alltaf dreginn frá þannig að skuldir hins opinbera, íslenska ríkisins eru í dag eins og þetta er reiknað, eru milli 4 og 5% af landsframleiðslu sem er með því allægsta sem við þekkjum í hinum vestræna heimi. Það er eitthvað sem gefur okkur mikil tækifæri í framtíðinni vegna þess að þetta er grundvöllurinn að lánshæfismati Íslands og við sem höfum þetta góða lánshæfismat eigum mikla möguleika í framtíðinni til að mæta jafnvel þeim erfiðleikum sem kunna að verða á vegi okkar — við erum einu sinni katastrófuþjóð heimsins, við skulum alltaf búa okkur undir það — en Ísland og íslenska ríkið stendur mjög vel að vígi, betur en flestar aðrar þjóðir Evrópu.

[18:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er hið stóra álitamál hve traustum fótum íslenskur efnahagur stendur og við verðum að skoða þar ýmis teikn á lofti. Ég legg mikið upp úr því að fara rétt með þær tölur sem ég nefni og ég vísa hér í tölur sem koma frá Seðlabanka Íslands. Samkvæmt þeim tölum námu skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana á síðasta ári 21,67% af vergri landsframleiðslu. Samkvæmt tölum Seðlabankans er áætlun fyrir þetta ár 17,09%. Þetta eru nýjar tölur sem liggja fyrir frá Seðlabanka Íslands.

Það er alveg rétt að nú er búið að selja Símann. Það er ekki búið að ráðstafa öllum þeim fjármunum sem þar koma inn. En ég legg áherslu á að ég er að lesa hér upp úr og vísa til gagna sem koma frá Seðlabanka Íslands.

[18:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég stend við það sem ég sagði áðan. Ég skal ekki nákvæmlega segja til um hvort einhver ríkisfyrirtæki eru inni í þessu, ég hef ekki þau gögn. En ég veit þetta: við seldum Símann og þegar við tölum um skuldir ríkisins erum við að tala um nettóskuldir. Ríkissjóður á mjög miklar inneignir í Seðlabankanum í dag. Hann á líklega um, og ætlast er til að hann eigi um áramótin kringum 50 milljarða. Þar af hefur þegar verið ákveðið að setja rúmar 30 þeirra á skuldabréf, 20 milljarðar eru þar fyrir utan. Þegar við tölum um skuldir ríkisins eða nettóskuldirnar, eru nettóskuldir íslenska ríkisins í dag einhvers staðar í kringum 100 milljarðar.

Ef ég fer aftur yfir þetta þá er inneign gjaldeyrisins dregin frá. Þetta er alþjóðlegur samanburður og þetta er staðan. Ég fullyrði að íslenska ríkið stendur í dag betur en allar aðrar þjóðir Vestur-Evrópu að Sviss og Noregi undanskildum, þetta eru tölurnar. Ef til vill eru einhverjir hnökrar á þessu, t.d. ef einhver ríkisfyrirtæki eru inni í þessu, ég átta mig ekki alveg á því, en þetta eru tölurnar og þannig stöndum við í dag og við skulum fagna því þar sem þetta gefur okkur hin miklu sóknartækifæri framtíðarinnar.

[18:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér gerast menn mjög miklir spekingar. Við vísum í tölur frá Seðlabanka Íslands. Reynist þær tölur rangar skulum við einfaldlega leiðrétta það. Það er hins vegar staðreynd að Íslendingar eru að verða ein skuldsettasta þjóð í heiminum. (**Gripið fram í:** Allt annað mál.) Það er allt annað mál. En ég vísaði í hlutfall ríkisins og ríkisstofnana, þ.e. skuldastöðu, hlutfall hennar af vergri landsframleiðslu samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. (**EOK:** Frá hvaða tíma?) Ég er ekki með dagsetningu á

þessu en þetta eru nýjar tölur.

Hins vegar væri fróðlegt að heyra álit hv. þingmanns, sem fór mikinn í ræðu sinni í dag og hafði uppi mikil varnaðarorð. Hann tók þátt í því ásamt félögum sínum í Sjálfstæðisflokknum og samstarfsmönnum í Framsóknarflokknum að færa niður tekjur ríkissjóðs um á milli 20 og 30 milljarða kr., þegar allt er komið til, þ.e. þegar kjörtímabilið er úti. Hann horfir síðan upp á hagstæðar tölur ríkissjóðs sem eru til orðnar vegna tímabundins hagnaðar, vegna þensluskatta og einkavæðingar. Síðan kemur hv. þingmaður og segir að hér sé allt í lukkunnar velstandi. Mér finnst gæta mikilla mótsagna í afstöðu hv. þingmanns til þessa.

[18:33]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Skattastefna ríkisstjórnarinnar miðar að því að efnahagslífið og einstaklingarnir í þjóðfélaginu geti blómstrað, vaxið og dafnað. Þannig hefur íslenska ríkisstjórnin miðað allt við að skattstofninn sjálfur sé til staðar. Þannig hafa tekjur ríkisins vaxið þrátt fyrir það að skattprósenta hafi lækkað. Það er því engin tvísögn í þessu. Þetta er nákvæmlega eins og við ætluðum að gera það og það hefur borið ríkulegan ávöxt. Þess vegna stendur íslenska ríkið svo vel sem ég lýsti áðan. Þótt eitthvað beri á milli talna frá því í september frá Seðlabankanum þegar við drögum frá afganginn á ríkissjóði í ár plús sölu Símans þá fáum við nákvæmlega sömu tölu.

Íslenska ríkið veit að þannig búum við best í haginn fyrir framtíðina. En það er mikil misheyrn hjá hv. þingmanni ef hann hefur heyrt mig segja það í dag að allt væri í hinum besta blóma. Ég hef einmitt varað við því hvernig hlutirnir standa og hvatt menn til að fara varlega. Ég hef jafnframt sagt að þó við yrðum fyrir einhverjum smávandræðum þá væri íslenskt efnahagslíf og íslenska ríkið það vel búið að við mundum strax ná fluginu aftur. Menn skulu ekki örvænta um stöðu þess. Þetta er málið sem við horfumst í augu við. Þannig er staðan í dag. Hún er blómleg þótt menn verði að gæta sín á því að hættur geti verið á næsta leiti.

[18:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Annars vegar segir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að efnahagurinn hvíli á mjög traustum grunni. Hann vísar þar í kannanir sem sýna að við stöndum í fremstu röð. Hins vegar hefur hv. þingmaður uppi mikil varnaðarorð um að hér geti stefnt í óefni. Mig langar til að spyrja hann hvaða afleiðingar það muni hafa þegar dregur úr tímabundnum þensluskattum, sem nú streyma inn í ríkissjóð, um 20 milljarðar umfram það sem áætlað hefur verið. Eins og kemur fram í fylgigagni með fjárlagafrumvarpinu er þar um að ræða rúma 4 milljarða í stimpilgjöld, virðisaukaskatt, gjöld af ökutækjum og fjármagnstekjuskatt vegna sölunnar á Símanum. Allt eru þetta tímabundnir skattar, tímabundið innstreymi í ríkissjóð.

Þegar það síðan gerist að skattbreytingar ríkisstjórnarinnar hafa náð fram að ganga í lok kjörtímabilsins, sem mun rýra tekjur ríkissjóðs um á milli 20–30 milljarða kr., hvernig gengur þá dæmið upp hjá manninum, sem sagði okkur í dag og útlistaði hve erfitt væri að skera niður rekstrargjöld ríkisins? Hvernig gengur það dæmi upp? Þegar sleppir þensluskattunum, þegar þeir eru horfnir og ekkert er hægt að selja til að hagnast á, einkavæðingin er búin og þessar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar hafa náð fram að ganga, hvernig gengur það dæmi upp? Það væri fróðlegt að fá örlitla kennslustund í því.

[18:37]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá er best að hefja kennslustundina. Ríkissjóður fær vissulega umframtekjur í dag vegna innstreymis peninga, vegna eyðslunnar sem er í samfélaginu umfram verðmætasköpun, vegna viðskiptahallans. Hv. þingmaður varaði við viðskiptahallanum og sagði að hann væri hættulegur og slæmur, hversu mjög Íslendingar ykju skuldir sínar. Ég tók undir það með honum. Það er nauðsynlegt að við reynum að ná jafnvægi og stöðva þessa eyðslu fólks og fyrirtækja. Það er mjög nauðsynlegt.

Ef okkur tekst að ná sæmilegu jafnvægi í viðskipti við útlönd munu tekjur ríkisins lækka um 12–15 milljarða kr. Ég segi, virðulegi forseti, að það er gott. Það er prýðilegt. Ríkið hefur ekkert með þá peninga að gera, bókstaflega ekki neitt. Ríkissjóður er í jafnvægi og skuldar lítið. Aðalatriðið fyrir ríkissjóð gagnvart framtíðinni er að atvinnustarfsemin, fólkið í landinu, standi sem best.

Við höfum vitnisburð erlendra stofnana um samanburð þjóðanna. Við erum talin einhver best menntaða þjóð heimsins. Við erum talin sú þjóð sem er einna heilbrigðust og talin sú þjóð sem hefur sýnt mesta framleiðniaukningu. Allt þetta mun koma okkur til góða. Það eru engin vandamál. (**ÖJ:** Hvenær hefst kennslustundin?) Þess vegna er ég að kenna hv. þingmanni þetta að hann má ekki líta á það sem stórkostleg vandræði fyrir ríkissjóð að þessar umframtekjur hverfi. Það er bara gott. Við erum sammála um það að leita jafnvægis í viðskiptunum en þá munu tekjurnar minnka. Ríkissjóður er núna ætlaður með 14 milljarða kr. afgangi. Það er ekkert keppikefli í sjálfu sér að ríkið sé rekið með einhverjum stórkostlegum afgangi á hverju ári. Það er ekkert keppikefli. Aðalatriðið er að við stöndum þannig að málum að atvinnufyrirtækin geti blómstrað og menn hafi mikla vinnu.

[18:40]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég þakka fyrir mjög málefnalega umræðu um fjárlagafrumvarpið sem fram hefur farið í dag. Menn hafa aðeins farið í talnaleiki nú í lokin. Menn ná ekki alveg að láta tölurnar standast á hver hjá öðrum.

Ég held að það sem skipti mestu máli varðandi skuldastöðu ríkissjóðs sé að á næsta ári verða vaxtatekjur ríkissjóðs í fyrsta skipti meiri en vaxtagjöldin. Ég held að það hljóti að segja meira en nokkuð annað um skulda- og eignastöðuna þar á móti. (**ÖJ:** Hvað er það til langs tíma?) Um það getur auðvitað enginn sagt nákvæmlega en þannig verður staðan á næsta ári miðað við þær áætlanir sem uppi eru.

Hv. þm. Helgi Hjörvar heldur því fram að ríkisstjórnin hafi gefist upp við hagstjórnina. Því fer víðs fjarri. Við grípum til þeirra úrræða sem við teljum nauðsynleg út frá

stöðunni í dag og Þjóðarbúskapurinn skýrir þá mynd betur en nokkuð annað, hvernig við teljum að málin standi og hvernig þau muni þróast á næsta ári og næstu ár þar á eftir. Hann segir jafnframt að aðrir verði að taka á vandanum.

Ég tek hins vegar undir með Seðlabanka Íslands. Hann segir að til viðbótar því sem Seðlabankinn sé að gera verði ríkissjóður, atvinnulífið og bankakerfið jafnframt að taka á. Ég lít svo á að allir sem koma að því að gera þetta hagkerfi þurfi að takast á við þær breytingar sem við stöndum frammi fyrir. Sumar hverjar hafa orðið óvænt á því tímabili sem núverandi fjárlög gilda fyrir.

Hv. þingmaður talaði jafnframt um kerfisbreytingar, að veita þurfi meira aðhald í ríkisfjármálunum og hafa meira eftirlit. Ég vil kannski ekki taka undir með honum með að gera þurfi kerfisbreytingar en get alveg verið sammála honum um að alltaf sé svigrúm til að auka aðhald og eftirlit með því hvernig farið er með fjármuni ríkisins. Það mun ekki standa á því að ég geri mitt ýtrasta til þess að það sé í góðu lagi.

Ég er hins vegar svolítið hissa á umræðu Samfylkingarinnar um hugsanlega myntbreytingu og um evruna, sérstaklega í ljósi þeirrar áherslu sem ég hef orðið var við hjá talsmönnum Samfylkingarinnar á virkni Seðlabankans og áhrif Seðlabankans á hagstjórnina. Ef við tækjum upp aðra mynt, t.d. evruna, þá mundum við missa það stjórntæki sem Seðlabankinn er. Ég tel að Seðlabankinn sé mikilvægt stjórntæki og tel að hann hafi jákvæð áhrif í umhverfi okkar í dag, þótt vissulega fylgi þeim áhrifum ákveðin neikvæð áhrif, a.m.k. tímabundið. En undir öðrum kringumstæðum, undir þeim kringumstæðum að um almenna verðlagsverðbólgu væri að ræða en ekki eignaverðbólgu, bæði í fasteignum og hlutabréfum, þá held ég að virkni Seðlabankans væri miklu meiri en hún virðist í dag og þau neikvæðu áhrif sem við sjáum yrðu jafnframt miklu minni. Ég er ekki viss um að það sé rétt ályktun að draga af stöðunni í dag, að það sé rétt að skipta um mynt eða að hún kalli sérstaklega á að taka það til skoðunar núna. Ég sé ekki rökin fyrir því.

Ég get vel tekið undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni með að skuldir þjóðarinnar, þ.e. heildarskuldir þjóðarinnar, einstaklinga, fyrirtækja, sveitarstjórna og auðvitað ríkisins líka — skuldir ríkissjóðs eru í dag bara brot af þeim heildarskuldum en voru áður yfirgnæfandi — er nokkuð sem maður þarf alltaf að hafa áhyggjur af, þ.e. að skulda of mikið, hvort sem það er í stóru eða litlu samhengi. Maður þarf að gæta að því að eiga fyrir skuldunum. Hins vegar eru skuldararnir, þeir sem eiga þær skuldir, fjölmargir. Þeir hafa tekið lánin á mismunandi forsendum en ég ætla að vona að þeir hafi gert það á þeim forsendum að þeir væru borgunarmenn fyrir þeim. Þeim hefur líka verið lánað í þeirri trú að þeir væru borgunarmenn. Þessi lán eru lán á markaði og enginn er þvingaður til að taka lánin. Það er enginn þvingaður til að veita þau. Þeim fylgir viðskiptaáhætta á báða bóga en viðskiptakerfi okkar á að vera í stakk búið til að takast á við ýmsar uppákomur í þeim efnum. Bak við þetta eru auðvitað eignir sem skila arði til þeirra að standa þar að baki.

En ég tel, hæstv. forseti, að við höfum átt góðar og gagnlegar umræður í dag. Þetta er auðvitað 1. umr. Umræðunni í heild er langt frá því lokið. Ég vil þakka fyrir umræðuna og óska þess að okkur takist að afgreiða fjárlögin frá þinginu á tilsettum tíma.

[18:46]

Útbýting:

Aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga, 157. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 157.

Afleiðingar hlýnunar og viðbrögð við þeim, 156. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 156.

Afsláttarkort vegna lækniskostnaðar, 152. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 152.

Dánarbætur, 151. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 151.

Fyrri störf sendiherra, 163. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 163.

Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 35. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 35.

Hjúkrunarrými í Suðvesturkjördæmi, 164. mál, fsp. VF, þskj. 164.

Íslenskir friðargæsluliðar eða hermenn í Afganistan, 161. mál, fsp. SJS, þskj. 161.

Jafnréttisfræðsla o.fl. í grunn- og framhaldsskólum, 146. mál, fsp. GÖg, þskj. 146.

Kjarabætur til vistfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum, 159. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 159.

Kjarnorkuvinnslustöðin í Sellafield, 170. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 170.

Kostnaður við aðal- og svæðisskipulag, 149. mál, fsp. JÁ, þskj. 149.

Leyfi til olíuleitar, 154. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 154.

Leyfisveitingar til fyrirtækja, 169. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 169.

Málefni aldraðra, 174. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 174.

Nauðgunarmál, 147. mál, fsp. GÖg, þskj. 147.

Óbyggðanefnd, 168. mál, fsp. MF, þskj. 168.

Óhollt mataræði í skólum, 160. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 160.

Ráðstöfun hjúkrunarrýma, 153. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 153.

Sjúkraflutningar í Árnessýslu, 158. mál, fsp. MF, þskj. 158.

Útflutningur á íslensku vatni í neytendaumbúðum, 102. mál, fsp. GHall, þskj. 102.

Veggjöld, 150. mál, fsp. JÁ, þskj. 150.

Viðbúnaður Landhelgisgæslunnar, 155. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 155.

Þjóðlendumál, 167. mál, fsp. MF, þskj. 167.

Þriggja fasa rafmagn, 131. mál, fsp. DrH, þskj. 131.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:50.

5. FUNDUR

mánudaginn 10. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Fjárlög 2006, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktun Félags eldri borgara í Kópavogi.

Varamenn taka þingsæti.

[15:00]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hafa þrjú bréf um forföll þingmanna. Hið fyrsta er frá 9. þm. Suðurk., Magnúsi Þór Hafsteinssyni, dags. 6. október 2005, og hljóðar svo:

„Hér með óskar undirritaður tímabundins leyfis frá þingstörfum vegna setu á þingi Sameinuðu þjóðanna með vísan til 53. gr. þingskapa og að 1. varaþm. minn í Suðurk., Grétar Mar Jónsson, taki sæti á Alþingi frá og með 10. október í tvær vikur."

Annað bréf er frá 9. þm. Norðaust., Birki J. Jónssyni, dags. 7. október 2005, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York í erindum Alþingis og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Norðaust., Þórarinn E. Sveinsson forstöðumaður, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þriðja bréfið er frá 1. þm. Suðurk., Margréti Frímannsdóttur, dags. 7. október 2005, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í erindum Alþingis og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðurk., Brynja Magnúsdóttir sjúkraliði, Keflavík, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Grétar Mar Jónsson, Þórarinn E. Sveinsson og Brynja Magnúsdóttir hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning um kjör embættismanna fastanefnda og alþjóðanefnda.

[15:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningu embættismanna fastanefnda:

Allsherjarnefnd: Bjarni Benediktsson formaður og Jónína Bjartmarz varaformaður.

Efnahags- og viðskiptanefnd: Pétur H. Blöndal formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

Félagsmálanefnd: Siv Friðleifsdóttir formaður og Guðlaugur Þór Þórðarson varaformaður.

Fjárlaganefnd: Magnús Stefánsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Heilbrigðis- og tryggingnefnd: Jónína Bjartmarz formaður og Ásta Möller varaformaður.

Iðnaðarnefnd: Birkir J. Jónsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Landbúnaðarnefnd: Drífa Hjartardóttir formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Menntamálanefnd: Sigurður Kári Kristjánsson formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

Samgöngunefnd: Guðmundur Hallvarðsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Sjávarútvegsnefnd: Guðjón Hjörleifsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Umhverfisnefnd: Guðlaugur Þór Þórðarson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Utanríkismálanefnd: Halldór Blöndal formaður og Siv Friðleifsdóttir varaformaður.

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kjör embættismanna alþjóðanefnda:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins: Ásta Möller formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins: Birgir Ármannsson formaður og Siv Friðleifsdóttir varaformaður.

Íslandsdeild NATO-þingsins: Össur Skarphéðinsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs: Jónína Bjartmarz formaður og Drífa Hjartardóttir varaformaður.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins: Halldór Blöndal formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA: Guðlaugur Þór Þórðarson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál: Sigurður Kári Kristjánsson formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins: Guðjón Hjörleifsson formaður og Gunnar Örlygsson varaformaður.

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu: Pétur H. Blöndal formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

Tilkynning um stjórnir þingflokka.

[15:04]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um stjórnir þingflokka á þessu þingi:

Þingflokkur framsóknarmanna: Hjálmar Árnason formaður, Magnús Stefánsson varaformaður og Dagný Jónsdóttir ritari.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins: Magnús Þór Hafsteinsson formaður, Sigurjón Þórðarson varaformaður og Guðjón A. Kristjánsson ritari.

Þingflokkur Samfylkingarinnar: Margrét Frímannsdóttir formaður, Kristján L. Möller varaformaður og Þórunn Sveinbjarnardóttir ritari.

Þingflokkur sjálfstæðismanna: Arnbjörg Sveinsdóttir formaður, Guðlaugur Þór Þórðarson varaformaður og Drífa Hjartardóttir ritari.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs: Ögmundur Jónasson formaður, Þuríður Backman varaformaður og Kolbrún Halldórsdóttir ritari.

[15:05]

Útbýting:

Áfengislög, 50. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 50.

Barnabætur og barnabótaauki, 166. mál, fsp. ÖJ, þskj. 166.

Fátækt barna og hagur þeirra, 140. mál, beiðni um skýrslu HHj o.fl., þskj. 140.

Göngubrú yfir Ölfusá, 38. mál, þáltill. KÓ o.fl., þskj. 38.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 45. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 45.

Nýting stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga, 64. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 64.

Sala áfengis og tóbaks, 47. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 47.

Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, 48. mál, frv. RG, þskj. 48.

Skil á fjármagnstekjuskatti, 36. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 36.

Skilgreining á háskólastigi, 39. mál, þáltill. HjÁ og DJ, þskj. 39.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 165. mál, fsp. ÖJ, þskj. 165.

Tekjuskattur og eignarskattur, 31. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 31;

frv. GAK o.fl., þskj. 37.

Textun, 42. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 42.

Vextir og verðtrygging, 58. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 58.

Vöktun vegna teknesíum-99 í hafinu, 175. mál, fsp. KolH, þskj. 175.

Þróunarsamvinna Íslands við önnur ríki, 137. mál, þáltill. ÞSveinb o.fl., þskj. 137.

Öryggi og varnir Íslands, 40. mál, þáltill. ISG o.fl., þskj. 40.

Umræða um sameiningu sveitarfélaga.

[15:07]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Í gær og í dag hafa forseta borist óskir frá fjórum hv. alþingismönnum um að fram fari umræður utan dagskrár um niðurstöður í kosningum sem fram fóru sl. laugardag um tillögur um sameiningu sveitarfélaga. Enn fremur er forseta kunnugt um að a.m.k. tveir hv. þingmenn höfðu ætlað að fá hið sama mál tekið upp hér í dag með vísan til annarra ákvæða þingskapa.

Ég hafði því frumkvæði að því í morgun að hæstv. félagsmálaráðherra hæfi umræðu um málið þannig að bæði hann og þingmenn gætu brugðist við þeim tíðindum sem urðu í þessum kosningum þegar í dag, jafnvel þótt með stuttum og knöppum hætti væri, en jafnframt yrði séð til þess að ráðherrann gæti síðar, t.d. þegar úrslit liggja fyrir í þeim kosningum sem fram fara í kjölfar þeirra sem voru sl. laugardag, tekið málið upp aftur þar sem kostur væri á því að ræða málið enn frekar og með rýmri tíma.

Það er að vísu venja sem forseti hefur haldið að þingmönnum að ekki fari fram umræða um störf þingsins á undan fyrsta dagskrárliðnum, sem er fyrirspurnir til ráðherra, en þar sem svo sérstaklega stendur á sem í dag telur forseti að rétt sé að gera undantekningu sem þó ber ekki að skilja sem fordæmi á nokkurn hátt.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sameiningarkosningar sveitarfélaga.

[15:09]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Í þjóðfélagsumræðunni hefur lengi verið rætt um nauðsyn þess að almenningi gefist kostur á að taka með virkari hætti þátt í stefnumótun um einstök mál en verið hefur. Mikið er rætt um þörfina á að bera mál millilíðalaust undir atkvæði þjóðarinnar í auknum mæli. Sameiningarkosningar sveitarfélaga sl. laugardag voru í anda þessara sjónarmiða.

Íbúar sveitarfélaganna hafa nú kveðið upp sinn dóm. Það er ekki mikið meira um það að segja. Þannig er lýðræðið. Ég vil hins vegar lýsa ánægju minni með þá miklu og almennu umræðu um málefni sveitarfélaganna sem fram hefur farið vegna þessa átaks og er sannfærður um að sú vinna öll mun nýtast sveitarfélögunum í landinu í framhaldinu við að styrkja þetta mikilvæga stjórnsýslustig.

Þegar átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins hófst haustið 2003 voru sveitarfélögin í landinu 103. Að fengnum niðurstöðum sameiningarkosninga sl. laugardag, ásamt niðurstöðum þeirra atkvæðagreiðslna sem fram fóru 20. nóvember 2004 og 23. apríl 2005, munu sveitarfélögin verða 89 talsins að loknum sveitarstjórnarkosningum næsta vor. Síðastliðinn laugardag var ein sameiningartillaga samþykkt en 15 var hafnað. Íbúar 20 sveitarfélaga samþykktu sameiningu en íbúar 41 höfnuðu henni. Um 32% kjósenda tóku þátt í kosningunni. Í raun eru þetta hliðstæðar niðurstöður og í því sameiningarátaki sem gert var árið 1993. Nú eins og þá var ein tillaga samþykkt óbreytt. Þá voru sameiningartillögur samþykktar í 64 sveitarfélögum af 185 sem

er nálægt þriðjungi líkt og nú. Endurtekningarkosningar í fimm sveitarfélögum á næstu vikum gætu leitt til enn frekari sameiningar.

Hæstv. forseti. Sveitarstjórnarmenn úr öllum flokkum höfðu frumkvæði að þessu átaki. Félagsmálaráðuneytinu ber samkvæmt sveitarstjórnarlögum að stuðla að fækkun og stækkun sveitarfélaga í samráði við sveitarstjórnarmenn. Það kom því að sjálfsögðu aldrei annað til greina en að taka þátt í þessu verkefni með sveitarstjórnarmönnum.

Þverpólitísk sameiningarnefnd sem í sitja fulltrúar Alþingis, sveitarfélaga og ríkis setti fram ákveðnar tillögur eftir víðtækt samráð við sveitarstjórnarmenn. Hlutverk ráðuneytisins var fyrst og fremst að vera samræmingaraðili milli sveitarstjórna, ríkis og Alþingis. Ég fullyrði að ráðuneytið sinnti þessum skyldum sínum, sömuleiðis alþingismenn, sveitarstjórnarmenn og aðrir þeir sem að verkefninu komu. Undir það hafa forsvarsmenn Sambands sveitarfélaga tekið. Það lá hins vegar ávallt fyrir, hæstv. forseti, að sú aðferð sem við Íslendingar höfum beitt við að vinna að eflingu sveitarstjórnarstigsins er lýðræðislegri en í öðrum löndum og í henni felst að íbúar hvers sveitarfélags hafa í raun og veru neitunarvald um hvort til sameiningar kemur. Því valdi hefur meiri hluti þeirra nú beitt og þeirri niðurstöðu verður að sjálfsögðu að una.

[15:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin og þeir sem hafa undirbúið þessa vinnu hafa upp skorið eins og þeir hafa sáð. Það nægir að rifja upp hvernig sú nefnd sem hæstv. ráðherra nefndi var skipuð. Það er umhugsunarefni þegar ríkisstjórnin ætlar að ná samvinnu um málin að þá skuli ekki öllum vera hleypt að borðinu, eða hvernig var staðið að því að velja fulltrúa stjórnarandstöðunnar inn í hana? Var það ekki ríkisstjórnin sem skammtaði stjórnarandstöðunni aðild að þessari nefnd? Ekki man ég betur.

Hæstv. forseti. Ég tel að niðurstaðan lýsi því að tekjustofnanefndina bar á sínum tíma upp á sker. Hún kom ekki með neinar trúverðugar tillögur í tekjustofnamálunum eða til úrbóta í tekjustofnamálum sveitarfélaganna og þar vantar enn varanlega úrlausn. Þess vegna hljótum við nú að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort ríkisstjórnin ætli að láta sér þetta að kenningu verða og þeir sem að þessum málum hafa unnið hingað til, hvort væntanlegar séu tillögur til úrbóta sem gera sveitarfélögunum kleift að standa þannig straum af kostnaði við rekstur lögbundinna verkefna og nauðsynlegrar þjónustu í sveitarfélögunum að þau telji það vera viðunandi, þ.e. að sveitarfélögunum verði gert kleift, sama hverrar stærðar þau eru, að standa að sínum málum með reisn.

Það verður að segjast alveg eins og er, virðulegi forseti, að tekjustofnanefndin kom allt of seint með tillögur sínar og á sama tíma og hún kemur með tillögur sínar og niðurstaða þessara kosninga liggur fyrir þá vitum við öll að ríkisstjórnin telur sig geta orðið af tugum milljarða tekna í formi skattalækkana en það er ekki verið að koma með varanlegar hugmyndir um úrbætur til sveitarfélaganna. Þetta er auðvitað óviðunandi og það eru viðbrögð við þessu sem við getum lesið út úr niðurstöðu kosninganna sem fóru fram á laugardaginn.

[15:14]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er ekkert launungarmál að úrslit kosninganna sl. laugardag voru mikil vonbrigði. Það á ekki að fela slíkt. Við erum búin að vinna að því um langt skeið að efla sveitarstjórnarstigið en úrslit kosninganna sýna það og sanna að það hefur mistekist.

Hver er ástæðan fyrir því? Það er hárrétt hjá fyrrverandi ræðumanni að tekjustofnanefndin sem vann að því að leiðrétta tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga var allt of lengi að finna lausn. Sá tími nýttist illa. Hann jók á vantraust milli sveitarstjórna og ríkisvalds og það er að mínu mati ein meginorsök þess að svo illa fór. Við erum með allt of mikilvægt mál í höndunum til þess að við getum látið það fara svona. Það átak sem nú var gert er á margan hátt svipað og gert var árið 1993. Það fór svipað en það vannst síðan upp að nokkru leyti á árunum þar á eftir. Ég segi, frú forseti: Við höfum ekki tíma til þess einu sinni enn að bíða eftir því að það gerist á sama hátt. Því er nauðsynlegt að hæstv. félagsmálaráðherra svari því á eftir, ef hæstv. ráðherra er sammála mér í því að það sé eitt af mikilvægustu málum íslensks samfélags í dag að efla sveitarstjórnarstigið, hvaða lærdóm á að draga af þessum kosningum og hver eru næstu skref. Það er augljóst mál að ekki er hægt að bíða endalaust. Það var líka gert ráð fyrir því í þessu verkefni að verkefni yrðu færð til sveitarfélaganna. Það liggur ljóst fyrir að ef við náum ekki að stækka þau og fækka þeim þá verða þau ekki hæf til þess að taka við verkefnunum.

Frú forseti. Hér erum við með verkefni sem skiptir samfélagið miklu máli og ekki síst landsbyggðina. Ef við höldum áfram þessa leið get ég ekki sagt að framtíðin sé nógu björt fyrir landsbyggðina.

Ég verð þó, frú forseti, að nota þetta tækifæri vegna þess að ég er svo heppinn að búa á svæði þar sem sameining var samþykkt að fagna því alveg sérstaklega en verð að segja um leið að ég átti von á að það yrði miklum mun víðar og hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) kemst ekki hjá því að gera okkur grein fyrir því hvernig hann ætlar að axla ábyrgðina af því hvernig fór.

[15:16]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Þetta er einkennileg umræða og einkennilegur málflutningur. Atkvæðagreiðsla hefur farið fram í fjölda sveitarfélaga um sameiningu og niðurstaðan er sú í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu að kjósendurnir hafa ekki áhuga á sameiningu, eins og kom fram í Grýtubakkahreppi, kjósendur eru bara tiltölulega ánægðir með sveitarstjórnarfyrirkomulagið eins og það er og þjónustustigið sem sveitarfélög veita. Þá koma upp þingmenn og reyna að finna einhvern blóraböggul og kenna einhverjum um, þetta sé einhverjum að kenna, þetta og hitt hafi ekki verið gert, þetta hafi ekki verið kynnt og undirbúið nógu vel. Niðurstaðan er svo afgerandi að eins og sakir standa er ekki eftirspurn eftir því að sameina sveitarfélögin og gera þau stærri og, eins og hv. þm. Einar Sigurðarson sagði, að þau tækju þá til sín

fleiri verkefni. Eins og sveitarstjórinn í Grýtubakkahreppi sagði: Kjósendur eru tiltölulega ánægðir með stöðuna eins og hún er í dag. Og meðan þeir eru það þá verður hún auðvitað þannig og sátt verður um niðurstöðuna. Það þýðir ekkert annað. (**ÖJ:** Þetta eru nú útúrsnúningar.)

[15:17]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Staðreyndin er sú að íbúar landsbyggðarinnar sjá ekki hag sinn af því að fara að ráðleggingum hæstv. félagsmálaráðherra og þeir sögðu nei við hann. Þeir sögðu nei við formann þingflokks Framsóknarflokksins og nei við tillögu formanns þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Það er staðreynd málsins.

Við skulum líka hafa það í huga að þessi áróður fyrir sameiningu sveitarfélaga er oft á tíðum sá að verið er að forðast vanda landsbyggðarinnar. Verið er að forðast að ræða vanda landsbyggðarinnar og menn fara þá út í að ræða sameiningu sveitarfélaga í stað þess að taka á meginvanda sveitarfélaganna. Það er alltaf verið að ræða um að færa eigi einhver verkefni til sveitarfélaga en það er alveg einsýnt að sveitarfélög, þó að íbúum fjölgi úr því að vera 400 í 600, t.d. eins og á Ströndum, að þar mun ekki verða nein geta til þess að taka við auknum verkefnum, það er alveg einsýnt.

Öll þessi umræða um sameiningu sveitarfélaga er á villigötum. Ef litið er þröngt á þennan málaflokk væri miklu nær að líta á það að ná fram sparnaði í opinberum rekstri með því að sameina sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Frú forseti. Fólk á landsbyggðinni hefur fyrst og fremst áhyggjur af atvinnumálum og það sér engan augljósan hag af sameiningu. Þó svo að sveitarfélög verði sameinuð verður lítil breyting þar á. Hefur orðið einhver breyting í Vesturbyggð eða í Skagafirði við sameiningu sveitarfélaga? Nei, því miður ekki. Það er kominn tími til að sú ríkisstjórn sem nú situr að völdum og hefur gert það síðasta áratug fari að tala um raunverulegan vanda í stað þess að þvæla út og suður um sameiningu á einhverjum stjórnsýslueiningum.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það gátu allir vitað það sem vildu að fyrst þurfti að taka til í núverandi samskiptum ríkis og sveitarfélaga og fyrst þurfti að sjá sveitarfélögunum fyrir fullnægjandi tekjustofnum til að standa sómasamlega að núverandi verkefnum áður en þyddi að fara að tala um flutning frekari verkefna til þeirra eða eftir atvikum sameiningu á ákaflega óljósum forsendum.

Það sem var einfaldlega að gerast í þessum efnum var að menn eru orðnir leiðir á því að kaupa köttinn í sekknum. Menn ætla ekki í þessari umferð að láta svelta sig til hlýðni. Hæstv. ríkisstjórn byrjar eins og stundum áður á öfugum enda. Fyrst þurfti að koma núverandi rekstri sveitarfélaganna í landinu í viðunandi horf og vel að merkja, hæstv. fjármálaráðherra, það er engin sérstök ánægja í byggðum landsins með afkomu hinna dæmigerðu meðalstóru sveitarfélaga. Ég veit ekki á hvaða plánetu hæstv. núverandi fjármálaráðherra lifir en það er alla vega ekki á Jörðinni ef hann heldur virkilega að það sé þannig.

Síðan þyrfti að móta framtíðarstefnu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og þá geta menn tekið skipulagsþáttinn til skoðunar og skoðað hver hjá sér hvernig þeir telja skynsamlegast að standa að málum hvað varðar mörk sveitarfélaga og annað í þeim dúr. Niðurstaða tekjustofnanefndar varð auðvitað algjör hörmung. Þegar hún seint og um síðir fæddist með töngum var í henni fólgin nánast engin varanleg úrlausn í framtíðartekjustofnum sveitarfélaganna. Þetta voru fyrst og fremst gulrætur sem voru þá tengdar við sameininguna en engin varanleg úrlausn. Þar með féll málið. Og það hlýtur, frú forseti, að vera ríkisstjórninni og silkihúfunefndum hennar, undir forustu stjórnarþingmanna og öðrum sem að þessu hafa unnið með ærnum kostnaði, nokkurt umhugsunarefni hvernig þetta er komið. Þar á meðal líka forsvarsmönnum Samtaka sveitarfélaga og sérstaklega stjórnarliðum á þeim bæ. Þar hljóta menn að fara að velta því fyrir sér hvort þeir hafi kannski lotið að fulllitlu í samskiptum við flokkssystkini sín á stjórnarheimilinu.

[15:22]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Töluverð samstaða hefur verið á Alþingi um þá pólitísku stefnumörkun að stækka og efla eigi sveitarfélögin og flytja til þeirra verkefni. Nýr ráðherra félagsmála fékk þetta sem sitt stærsta og mesta verkefni á þessu kjörtímabili. Hann er nú kominn úr þeirri sjóferð. Hann gleymdi að beita línuna eða vildi það ekki og kemur nánast með öngulinn í rassinum úr þeirri ferð. Það eina sem gerist er að samþykkt var á einu svæði að sameinast. Svo eru menn bara ánægðir með þetta, þetta er bara fínt, fólkið hefur talað. Sums staðar eru kannski 16 menn sem geta myndað meiri hluta um að segja já eða nei. Það er lýðræðislínan sem er dregin.

Á Alþingi hefur ekki verið farið yfir það hvort menn hafi myndað grunninn eins og eðlilegt væri fyrir þessum hlutum. Hér hafa menn farið af stað með leið sem ekki var undirbyggð á eðlilegan hátt. Það þurfti auðvitað að sjá til þess, úr því menn ætluðu sér að flytja verkefni til sveitarfélaganna, að þau yrðu nægilega öflug til að taka við þeim verkefnum og það eru þessi litlu sveitarfélög ekki. Þann grunn þurfti að tryggja hér á Alþingi og það var ekki gert.

Til viðbótar því fór hæstv. félagsmálaráðherra ásamt félögum sínum í eitthvert þvarg við sveitarstjórnarmenn um hve mikla peninga þyrfti til að reka sveitarfélögin og út úr því kom ekki neitt. Niðurstaðan varð sú, (**Gripið fram í:** ... 10 milljónir.) aðalniðurstaðan er sú að ekki er hægt að treysta sveitarstjórnarmönnum fyrir því að hafa eitthvert svigrúm til þess að leggja á íbúa sína. En hér treysta menn sér til að hafa það með höndum að ákveða hver skattheimtan eigi að vera. (Forseti hringir.) Og það er það sem vantar.

[15:24]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Sem nefndarmanni í sameiningarnefnd voru niðurstöður þessara kosninga ákveðin vonbrigði. Unnið var mjög gott starf í nefndinni þar sem fulltrúar meiri hluta og minni hluta á Alþingi og fulltrúar í sveitarfélögum sem störfuðu saman náðu saman sem einn maður.

Nefndin hélt kynningarfundi um allt land. Nokkuð góð mæting heimamanna var á flesta fundi. Skýrslan sem við gerðum tók á öllum þáttum um kosti og galla sameininga en önnur nefnd fjallaði um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Það sem kemur mér á óvart er að einungis 22 þúsund einstaklingar skuli kjósa en tæp 70 þúsund voru á kjörskrá. Þetta er um 32% kosningaþátttaka. Það virðist vera lítill áhugi fyrir þessum sameiningum, því miður.

Frú forseti. Mjög ósanngjörn umræða hefur farið af stað hjá minni hlutanum á Alþingi að kenna hæstv. félagsmálaráðherra eða ríkisstjórninni um þessar niðurstöður. Málið var lagt upp með þeim hætti að íbúalýðræði væri virt og einstaklingar heima í héraði höfðu ákvörðunarvald um framtíð síns sveitarfélags, ekki sveitarstjórnir eða ríkisvaldið.

Frú forseti. Hvað varðar fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga koma tæpir 10 milljarðar til sveitarfélaganna á rúmum þremur árum, annars vegar með beinum framlögum og hins vegar með ýmsum tilhliðrunum sem eru ígildi peninga fyrir sveitarfélögin. Hluti af skýringum á niðurstöðum þessara kosninga er misjöfn fjárhagsstaða sveitarfélaga. Sveitarfélög sem standa vel og eru með rekstur sinn í lagi eru ekki eins spennt fyrir sameiningu við sveitarfélög sem eru mikið skuldsett. Ríkisstjórnin lofaði samt sem áður að setja 2,4 milljarða viðbótarframlag í jöfnunarsjóð til þess að skapa betra umhverfi í kjölfar sameiningar sveitarfélaga. Það var mikið rætt um hvort setja eigi lög um sameiningu sveitarfélaga, lög sem segja til um lágmarksstærð þeirra. Hér er á ferðinni vandmeðfarið mál sem þarf mikla skoðun ef það á annað borð verður lagt fyrir Alþingi.

Að endingu, frú forseti, ber að geta þess að það voru sveitarfélögin sem höfðu frumkvæði að því að fara í þessar sameiningartilraunir, ekki ríkisstjórnin, en það eru ekki allir sem virðast átta sig á því í þessari umræðu.

[15:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það hljóta allir í þjóðfélaginu að muna eftir miklum deilum milli ríkis og sveitarfélaga út af tekjuskiptingunni. Þær hafa staðið lengi og eru ekki fullleystar hvað sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar segja um það mál. Það er einfaldlega svo að sveitarfélögunum er ekki séð nægilega vel fyrir í tekjustreyminu þó svo að ríkið hafi talsverðan afgang í fjárlögum. Sveitarfélögin þurfa auðvitað að hafa vissu fyrir tekjum til verkefna sinna og þegar kjósa á um sameiningu þurfa menn að vera nokkuð vissir um hvað stendur til boða og hvað fylgir með. Sporin hræða því miður í þessum efnum og hægt er að finna þau spor alveg aftur til 1990.

Þær sameiningar sem áttu sér stað á síðasta áratug síðustu aldar eru í mörgum tilfellum sameiningar sem fólk er ekki mjög sátt með, einkum þau loforð sem þar voru gefin sem áttu að fylgja. Samgöngur eru sums staðar mjög mikill þrándur í götu fyrir sameiningu sveitarfélaga og fólk telur að það þurfi að sjá fyrir endann á bættum samgöngum eða loforðum um slíkt til að geta gengið til þessa verks með þeim hætti að vilja sameininguna. Það sem liggur fyrir úr þessari atkvæðagreiðslu er að fólk er einfaldlega ekki tilbúið að stíga þessi skref. Hafi ríkisstjórnarflokkarnir gengið með þá hugsun að það væri það þá er það greinilega á misskilningi byggt.

Þverpólitísk nefnd, sagði hæstv. ráðherra hér áðan. Ég vil taka fram að við frjálslyndir fengum ekki sæti í þeirri nefnd.

[15:29]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu. Ég vil byrja á að segja að tekjustofnaviðræðum lauk í mars með samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, samkomulagi um verulega aukna fjármuni til sveitarfélaganna svo hleypur á milljörðum króna, raunar nálægt 10 milljörðum nánar tiltekið.

Menn geta haft sínar skoðanir á því samkomulagi en fulltrúar ríkis og sveitarfélaga komust að niðurstöðu með einni undantekningu, hæstv. forseti. Menn mun ávallt greina á um tekjustofna sveitarfélaga, það er ekkert nýtt. Það er ágreiningur í öllum löndum um þessi mál og á Evrópuvettvangi.

Um að tillögurnar hafi verið felldar vegna óuppgerðra mála í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga er það að segja að sáralítil umræða var um þessa hlið mála á íbúafundum. Almennt voru íbúar ekkert að velta þessu fyrir sér. Almennt ræddu íbúar um þau mál sem ástæðu þess að þeir væru á móti sameiningu sem hér má rekja, hæstv. forseti, mismunandi skuldastöðu sveitarfélaga í þéttbýli annars vegar og dreifbýli hins vegar, ótti við hina stóru, ótti við hið óþekkta í kjölfar sameiningar, óttinn við að verða jaðarbyggð, samgönguvandamál, fjallskil, jarðir, afréttir og skólann, mun meira var rætt um þetta, hæstv. forseti, en tekjustofna. Þetta sama ræða menn nú í Danmörku þar sem verið er að fækka sveitarfélögum stórlega með lagasetningu en ekki kosningum.

Hæstv. forseti. Kjarni málsins er þessi: Sveitarstjórnarmenn óskuðu eftir því að ríkisvaldið kæmi að verkefni sameiningu sveitarfélaga. Við því var að sjálfsögðu orðið. Alþingi samþykkti þá aðferð sem beitt var fyrir fáeinum missirum. Hið sama fólk og situr í salnum í dag, hæstv. forseti. Kosningin hefur farið fram. Fyrir liggur lýðræðisleg niðurstaða. Við unum henni að sjálfsögðu að stjórnarandstöðunni undanskilinni. Það er óskiljanlegt, hæstv. forseti, að lýðræðisleg niðurstaða kosninga skuli fara svo í taugarnar á lýðræðislega kjörnum fulltrúum fólksins í landinu hér á Alþingi.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Vaxtahækkun Seðlabankans.

[15:31]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Nú er því spáð að stýrivextir Seðlabankans geti farið í allt að 12% á næsta ári, jafnvel fyrr, m.a. vegna þess að verðbólguhorfur hafa versnað. Vaxtahækkanir

Seðlabankans hafa óhentuga hliðarverkun þar sem þær hvetja m.a. til frekari útgáfu á erlendum skuldabréfum í krónum talið.

Erlend skuldabréf í krónum eru nú að nálgast — ég hefði skrifað 70 milljarða í síðustu viku en sú upphæð hefur hækkað í nálægt 83 milljarða núna í vikubyrjun. Ef það gengur eftir sem hér hefur verið lýst, ásamt gegndarlausum innflutningi og áframhaldandi viðskiptahalla, þá getum við átt von á að gengisvísitalan fari í 100 stig, jafnvel neðar, með hrikalegum afleiðingum fyrir útflutningsfyrirtæki landsins. Það hefur komið fram, t.d. hjá fulltrúum útvegsmanna, að sjávarútvegsfyrirtækin muni mörg hver ekki þola þetta lengur og við taki frekari lokanir, uppsagnir og jafnvel gjaldþrot með tilheyrandi erfiðleikum, miklu atvinnuleysi og ógn við stöðugleika hjá því fólki sem missa mun atvinnuna. Þetta kemur sér auðvitað verr fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni, þar sem sjávarútvegur er höfuðatvinnuvegur, en hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem innflutningsfyrirtækin eru flest og græða sem aldrei fyrr.

Frú forseti. Seðlabankinn virðist einn eiga að standa verðbólguvaktina. Hann telur sig hafa aðeins eitt úrræði, þ.e. að hækka stýrivexti með tilheyrandi styrkingu krónunnar. Því langar mig, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. forsætisráðherra, ráðherra efnahagsmála, og fá álit hans á því hvort ekki sé ástæða til að huga að og skoða alvarlega að nota reglur um eiginfjárstöðu bankanna og annarra fjárfestingarsjóða meira sem hagstjórnartæki með því að hækka þau viðmið sem gilda og draga þar með úr þörf banka og sjóða til að lána fé.

[15:33]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég held að við verðum að hafa í huga að við búum við frjálsa fjármagnsflutninga. Það er rétt hjá hv. þingmanni að þau skuldabréfakaup sem hafa átt sér stað undanfarið hafa styrkt gengið. Að mínu mati dregur það úr þörf Seðlabankans til að hækka stýrivexti á næstunni.

Ég hef áður lýst skoðunum mínum á að breyta eiginfjárhlutfalli bankanna við þessar aðstæður. Ég tel að það sé ekki mikilvægt. Ég tel að staða bankanna sé almennt góð og eiginfjárstaða þeirra mjög sterk. Hins vegar er ljóst að útlán bankanna hafa verið mikil að undanförnu vegna þess að það ríkir mikil bjartsýni í þjóðfélaginu. Það eru hins vegar merki um hjöðnun á húsnæðismarkaði. Eftirspurn eftir lánum hefur hjaðnað og eftir þeim upplýsingum sem ég hef hafa jafnvel stærstu eignir lækkað í verði upp á síðkastið. Ég tel því ekki jafnmikla ástæðu til þeirrar gífurlegu svartsýni sem virðist ríkja hjá stjórnarandstöðunni í þessum málum. Það ríkir mikil bjartsýni og er mikill hugur í landsmönnum. Það er af hinu góða. Við göngum í gegnum sveiflu í efnahagslífinu og það ætti öllum að vera ljóst. Ég tel að íslenskt efnahagskerfi hafi alla burði til að þola þá sveiflu og finnst að stjórnarandstaðan á Alþingi ætti að vera heldur bjartsýnni í samræmi við aðra landsmenn.

[15:35]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svarið þótt ég sé ekki sammála honum. Ég vil geta þess að ekki minni maður og fjármálaspekúlant en stjórnarformaður KB-banka lýsti því fyrir tæpu ári að það að hækka eiginfjárstöðu bankanna, breyta þeim reglum og nýta þær heimildir sem Fjármálaeftirlitið hefur í þessu sambandi, væri liður í að draga úr hinni óhóflegu þenslu og hinni miklu þörf bankanna fyrir að lána fé, að koma peningunum út.

Inn í þetta blandast líka, virðulegi forseti, önnur staða á peningamarkaði. Það var t.d. afar athyglisvert að heyra lýsingu á því hjá forráðamönnum Íbúðalánasjóðs að þegar bindiskylda bankans var minnkuð fyrir einu og hálfu ári síðan fylltust allar peningastofnanir af peningum sem þurfti að koma út á markaðinn. Það skyldi þó ekki vera að einhvers staðar væri brotalöm í þessu kerfi, t.d. með innborgunum til Íbúðalánasjóðs sem hafi haft áhrif á gengisvísitöluna og valdið verðbólguáhrifum í landinu.

Aðgangur að gögnum einkavæðingarnefndar.

[15:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra út í aðgang Alþingis og þingmanna að gögnum og vinnu einkavæðingarnefndar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að einkavæðingarnefnd hefur tamið sér ákaflega lokuð vinnubrögð. Skortur á upplýsingum til Alþingis, t.d. á sundurliðun á kostnaði við störf nefndarinnar, hefur áður orðið að hörðu deiluefni á þinginu. Stjórnskipuleg staða einkavæðingarnefndar er óljós sem og í reynd ráðherranefndar um einkavæðingu. Á þetta hafa bæði Ríkisendurskoðun bent og umboðsmaður Alþingis óbeint með spurningum sínum til hæstv. forsætisráðherra.

Einkavæðingarnefnd hefur með höndum ráðstöfun mikilla fjármuna. Komið hefur á daginn að hún kaupir sér ráðgjöf fyrir óheyrilegar upphæðir, svo nemur hundruðum milljónum kr., og virðist hafa mikið sjálfdæmi um hvernig hún stendur að verki og, það sem alvarlegra er, hvað eða yfir höfuð hvort hún gerir nokkurn skapaðan hlut með þær ráðleggingar sem hún kaupir dýrum dómum. Frægt er orðið að þóknun Morgan Stanley fyrir sölu Landssímans er hartnær 700 millj. kr., hvort sem farið var að ráðunum eða ekki. Einnig hefur það gerst að fjölmiðlar hafa fengið sér dæmdan aðgang að upplýsingum sem einkavæðingarnefnd hefur haldið leyndum fram að því. Þá kemur á daginn að ýmist hefur ekkert verið gert með sumar hinna dýru ráðlegginga eða jafnvel hið gagnstæða, gert öfugt við það sem lagt var til í þeim ákvörðunum sem menn hafa tekið í einkavæðingarnefnd eða ráðherranefnd um einkavæðingu.

Ég tel að hlutur Alþingis og aðkoma að þessum málum sé með öllu óásættanleg. Það gengur ekki að Alþingi og þingmenn séu allra síðastir til að sjá gögn um mikilsverð mál af þessu tagi. Ég vil því spyrja hæstv. forsætisráðherra: Verður séð til þess að alþingismenn fái a.m.k. ekki lakari aðgang að gögnum, skýrslum og öðru slíku frá einkavæðingarnefnd, en fjölmiðlar hafa fengið sér dæmdan á grundvelli úrskurðarnefndar um upplýsingamál?

[15:39]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég vil í upphafi taka fram að framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur leitað tilboða í sambandi við ráðgjöf í þessum málum. Síðan hefur verið unnið úr því hvað rétt væri að gera í því sambandi og fyrirtækið Morgan Stanley varð ofan á í þeim efnum. Mörg önnur alþjóðleg fyrirtæki og innlend fyrirtæki buðu jafnframt fram krafta sína við þá ráðgjöf.

Hv. þingmaður sagði að það hefði ekki að öllu verið farið að þessari ráðgjöf. Nú er það ekki þannig, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að þegar menn leita eftir ráðgjöf beri að fara að þeirri ráðgjöf í einu og öllu. Er hv. þingmaður að segja að um leið og menn hafa fengið alþjóðlegt fyrirtæki sem ráðgjafa í þeim málum séu menn búnir að binda sig við að fara í einu og öllu eftir því sem það leggur til? Það er eðlilegt að ráðgjöfin sé rædd í framkvæmdanefnd um einkavæðingu og farið yfir það. Hún er rædd við viðkomandi fyrirtæki og komist að niðurstöðu.

Að því er varðar upplýsingar til Alþingis þá finnst mér að sjálfsögðu að Alþingi eigi að hafa jafnmikinn aðgang að gögnum og upplýsingum og fjölmiðlar. Hér er farið eftir löggjöf sem Alþingi hefur sett um þessi mál. Komi upp deilur um þessi lög er sérstök nefnd sem fellir úrskurð í því sambandi. Ég veit ekki betur en meðlimir í framkvæmdanefnd um einkavæðingu hafi mætt á fundi hjá þingnefndum til að gefa upplýsingar um þessi mál, hafi verið leitað eftir því.

[15:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Heldur var þessi vörn fátækleg. Að sjálfsögðu er það ekki endilega þannig að menn þurfi að skuldbinda sig fyrir fram til að fara eftir hverju því sem hin dýru ráðgjafarfyrirtæki leggja til. En maður hlýtur þá að spyrja fyrst: Er ástæða til að kaupa hina svakalega dýru ráðgjöf ef menn telja nánast aukaatriði hvort eitthvað er gert með hana eða ekki? Hvað kemur í staðinn ef ekki er farið að tillögum hinna ráðnu ráðgjafa? Er það þá pólitískur geðþótti? Er það niðurstaðan?

Ég tel að Alþingi hljóti að þurfa að taka til skoðunar á vettvangi þingnefnda eða þingflokka hvort við það verði unað að Alþingi skuli ekki sjálft hafa greiðari aðgang að upplýsingum um þessi mál og frekari möguleika en reyndin hefur verið, til að halda uppi sjálfstæðu eftirliti með því hvernig farið er með þessa miklu fjármuni, þegar selt er úr eigu þjóðarinnar tugmilljarða eða hátt í 100 milljarða kr. fyrirtæki. Það gengur auðvitað ekki, frú forseti.

[15:42]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Hv. þingmaður talar um pólitískan geðþótta. Það er væntanlega orðið sem hann notar yfir pólitískar ákvarðanir. Til þess eru stjórnmálamenn kjörnir að taka ákvarðanir á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir hafa í höndum, þar á meðal frá ráðgjöfum. Það má gjarnan kalla það pólitískan geðþótta. En dæmi um slíka ákvörðun er t.d. að ráðgjafarfyrirtækið Morgan Stanley taldi eðlilegt að ekki yrði farið út í að gera kröfu um dreifingu á eignaraðild að því er varðar Símann. Niðurstaðan varð hins vegar sú að gera það. Hv. þingmaður getur haldið því fram að það hafi verið einhver pólitískur geðþótti. En mér leikur forvitni á að vita hvort hann er því sammála eða ekki. Þetta liggur fyrir, hv. þingmaður.

[15:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þetta rökstyður, enn frekar en hingað til hefur legið fyrir, þörfina á að fram fari ítarleg og tæmandi opinber rannsókn á vinnubrögðunum í öllu þessu einkavæðingarferli. Það æpir allt á það þegar í ljós kemur hvernig að því hefur verið staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Þessi leið er allt frá byrjun vörðuð aðfinnslum frá þeim aðilum sem yfir höfuð hafa komist að málinu eða fengið um það upplýsingar. Það kostaði eftirrekstur og klögumál að fá fyrstu og einu verklagsreglurnar settar, mörgum árum eftir að einkavæðingarferlið hófst. Enn hefur ekki verið settur lagarammi um hvernig farið skuli með þá miklu fjármuni sem menn hafa þar haft handa á milli.

Enn vantar skýringar á hver sé stjórnskipuleg staða framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Síðast í áliti Ríkisendurskoðunar nú í vetur sem leið er tekið fram að hún sé í lausu lofti. Hið sama má ráða af spurningum umboðsmanns til forsætisráðherra nýverið.

Það er von að maður spyrji hvort það sé pólitískur geðþótti sem kemur í staðinn fyrir ráðgjöf fyrirtækjanna þegar það gerist aftur og aftur að annaðhvort er ekkert gert með ráðleggingarnar eða hið gagnstæða er gert, eða heimtaðar nýjar niðurstöður af því að þær fyrstu voru ekki nógu þóknanlegar stjórnarflokkunum.

[15:45]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það liggur fyrir að allra dómi að einkavæðing Símans var afskaplega vel heppnuð. Nú veit (Gripið fram í.) ... nema þá kannski Vinstri grænna. Ég hef ekki heyrt frá neinum öðrum. En mér finnst þá að Vinstri grænir hér á Alþingi eigi ekki að tala fyrst og fremst um formsatriði heldur halda sig við málið, þ.e. að þeir hafi verið andvígir einkavæðingu Símans. Það er heiðarlegt og þá afstöðu hafa þeir að sjálfsögðu heimild til að taka. Einkavæðing Símans var afskaplega vel heppnuð og það vill svo til að hún er til umræðu á eftir.

Auðvitað hafa verið gerðar athugasemdir í þessum málum. Síðast lagði umboðsmaður Alþingis fram ákveðnar spurningar. Þeim verður að sjálfsögðu svarað og þetta ferli hefur allt saman verið opið og framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur haldið mjög vel utan um málið og þá sérstaklega núna síðast í sambandi við einkavæðingu Símans.

Lækkun matarskatts.

[15:46]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það hefur legið fyrir nokkuð lengi að víðtæk sátt er um það í þinginu að lækka beri skatta af matvælum. Fyrir síðustu kosningar fóru allir flokkar fram með

margvíslegar tillögur í skattamálum, ýmsar hugmyndir í skattamálum og a.m.k. tveir flokkar voru með þær hugmyndir að það bæri að lækka matarskattinn. Annars vegar Samfylkingin og hins vegar Sjálfstæðisflokkurinn. Síðan hefur það legið í loftinu hér í þinginu að allvíðtækur stuðningur væri við að fara þá leið í skattamálum, m.a. vegna þess að ekki aðeins kemur sú leið vel út fyrir þá sem hafa lágar tekjur eða meðaltekjur, heldur líka er þetta leið sem getur slegið á þensluna. Lækkun matarskattsins um helming getur þýtt að neysluverðsvísitalan lækki um 0,9%. Samfylkingin hefur talað fyrir þessu í þinginu á síðasta ári og einnig á yfirstandandi ári. Síðan kemur í ljós að stuðningur virðist vera við þessa leið í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Þannig var talað við varaformann fjárlaganefndar á Stöð 2 í gærkvöldi um að fara þessa leið í skattamálum núna og hann endurtók það sem hann hefur kannski sagt áður að þetta væri mál sem sjálfstæðismenn hafi verið með, þeir vildu gjarnan lækka matarskattinn, og hann sagði, með leyfi forseta:

„Við höfum sagt að við ætlum að reyna að koma því að einhverjum hluta á, á þessu kjörtímabili" sagði þingmaðurinn Einar Oddur Kristjánsson á Stöð 2 í gær.

Það er ekki mikill tími til stefnu. Það er annaðhvort að gera það núna við afgreiðslu fjárlaga að lækka matarskattinn eða að ári. Það er ekki öðrum tímapunktum til að dreifa ef það á að gera þetta á kjörtímabilinu. Því vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé tilbúinn til samstarfs um að matarskatturinn verði lækkaður núna við afgreiðslu fjárlaga.

[15:49]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það er út af fyrir sig ánægjulegt að rifja upp hvernig þessi mál fóru öll fram í kosningabaráttunni síðast þegar Sjálfstæðisflokkurinn ákvað á landsfundi sínum að setja það í kosningastefnuskrá sína að lækka matarskattinn. Síðan voru aðrir flokkar spurðir út í það af fjölmiðlum og Samfylkingin svaraði nei, hún ætlaði ekki að lækka matarskattinn. Síðan breyttist tónninn reyndar þar og Samfylkingin tók upp þá stefnu og það var út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Menn hafa auðvitað leyfi til þess að skipta um skoðun.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur auðvitað ekkert skipt um skoðun í þessu efni, við höfum enn þá áhuga á því að lækka matarskattinn. Við erum að vinna í því máli með samstarfsflokki okkar og þar höfum við líka heyrt jákvæðar yfirlýsingar í sömu veru. Ég tel hins vegar ekki að það sé skynsamlegt eins og Samfylkingin hefur lagt fram núna að fresta þeim tekjuskattsákvörðunum sem teknar hafa verið til að færa þá fjármuni yfir í matarskattinn á þessu stigi málsins en við munum vinna að þessu áfram á sama hátt og við höfum gert hingað til.

Hins vegar er það ekki rétt sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði að það að lækka matarskattinn slái á þensluna. Það breytir hins vegar mælingunni en ef það er þenslan sem menn hafa áhuga á þá mun hún eftir sem áður verða fyrir hendi, mælingunni verður einungis breytt með þessu.

[15:51]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég veit eiginlega ekki alveg hvernig ég á að taka þessu svari hæstv. fjármálaráðherra sem sagði að sjálfstæðismenn væru að vinna að þessu áfram eins og hingað til. Það hefur ekki farið mikið fyrir þeirri vinnu, a.m.k. ekki svo að við sem sitjum á þingi sjáum. Það hefur þá gerst í einhverjum bakherbergjum á bak við luktar dyr að menn hafi verið að reyna að vinna málinu fylgi.

Það er ljóst að bæði hjá þingi og þjóð er stuðningur við að lækka matarskattinn. Það er víðtækur stuðningur í þinginu. Mælingar Gallups sýna að mun víðtækari stuðningur er við lækkun matarskattsins en lækkun tekjuskattsins. Ég tel að þegar svo víðtæk pólitísk samstaða er í samfélaginu þá eigi menn að freista þess að fara þá leið og ná saman um málið.

Hæstv. fjármálaráðherra segist ekki vilja fórna tekjuskattslækkuninni fyrir matarskattinn. Getur hæstv. fjármálaráðherra bent á aðra leið til að ná fram þessu brýna hagsmunamáli fyrir það fólk sem hefur minnstar tekjur í samfélaginu? Því það er alveg ljóst að þetta er sú leið sem mun ekki síst gagnast því fólki.

[15:52]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það liggur greinilega mikið á hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að ná fram öllum kosningaloforðum Sjálfstæðisflokksins. Kjörtímabilið er ekki nema rétt liðlega hálfnað þannig að við eigum heilmikið eftir að starfa áður en við göngum aftur til kosninga. Við erum þegar búnir að taka ákvarðanir um viðamiklar skattalækkanir sem þegar hafa verið lögfestar og eins og ég segi, ég tel ekki rétt að rífa þær ákvarðanir upp. Við höfum lagt fram aðhaldssöm fjárlög og ef hv. þingmaður vill að við bætum því við að lækka virðisaukaskatt á matvæli inn í þær áætlanir sem við erum þegar búin að gera fyrir næsta ár í ríkisfjármálunum þá er hún einfaldlega að ganga gegn sínum eigin yfirlýsingum og sinna manna um að hún vilji auka aðhaldið.

Það er einfaldlega verið að drepa umræðunni á dreif og rugla almenning. Við náum þeim málum fram þegar réttur tími er kominn.

[15:53]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð að játa að mér finnst það ekki sæma hæstv. fjármálaráðherra að vera með svona útúrsnúning og hótfyndni í pontunni þegar við erum að ræða skattamál. Samfylkingin hefur sett fram þá stefnu að það beri að fara í lækkun á matarskattinum í stað þess að fara í lækkun á tekjuskattinum. Okkar afstaða í því máli liggur alveg ljós fyrir.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði í pontu áðan að hann væri ekki tilbúinn að fara þá leið og þá spurði ég einfaldlega: Vill hann fara einhverja aðra leið til að ná fram þessu máli sem víðtæk sátt er um í samfélaginu og á þinginu? Ráðherrann hefur ekki svarað því og segir að nægur tími sé enn eftir af kjörtímabilinu. Ef það gerist ekki núna verður

það að gerast næst. Það er engum öðrum tímapunktum til að dreifa.

Ég hygg, virðulegur forseti, að það geti vafist fyrir mönnum með þær skattalækkunartillögur og hugmyndir sem uppi eru að ári í tekjuskattinum að fara þá jafnhliða í lækkun á matarskatti ef það vefst fyrir mönnum á þessu ári.

[15:54]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ef það að reyna að svara spurningum hv. þingmanns á hreinskilinn hátt er einhver hótfyndni þá er það hennar mat en ekki mitt. Það er auðvitað ekki hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem setur þær áætlanir sem ríkisstjórnin vinnur eftir. Það er þegar búið að lögfesta gríðarmiklar skattalækkanir. Það er þegar verið að vinna í því hvernig nálgast eigi virðisaukaskatt á matvæli. Ég hef sagt að það er talsverður tími eftir fram að næstu kosningum og við höfum góðan tíma til að vinna það og eins og ég segi væri það hvorki í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar né það sem ég heyri frá Samfylkingunni að þetta ætti að gerast á næsta ári miðað við að ekki verði dregið úr lækkun á tekjuskatti og það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar.

Að setja málið fram og reyna að útskýra það á þennan hátt er ekki hótfyndni, frú forseti.

Meiðyrðalöggjöf og Lugano-samningurinn.

[15:56]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Nýfallinn meiðyrðadómur yfir Íslendingi í Bretlandi er um margt athyglisverður burt séð frá að í hlut eiga tvær ákaflega umdeildar persónur á Íslandi, þeir Jón Ólafsson kaupsýslumaður og Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor við Háskóla Íslands.

Það sem hlýtur að vekja mesta athygli við dóminn og verða prófmál til framtíðar að mörgu leyti, lýtur að eðli eða inntaki netsins sem fjölmiðils. Það sem hér er undir og hlýtur í framtíðinni að skoðast sem prófmál snýr annars vegar að varnarþingum einstaklinga og hins vegar að netinu sem miðli. Heyra skrif á netinu alltaf undir tjáningarfrelsi eða meiðyrðalöggjöf þess lands sem sá sem birtir skrif á netinu býr í? Eða ræðst það af á hvaða tungu skrifin eru birt ef þau beinast gegn einstaklingi sem býr á því málsvæði sem tungan er töluð á? Í umræddum dómi yfir Hannesi Hólmsteini er um að ræða málssókn gegn Íslendingi á erlendri grund vegna ummæla sem falla á Íslandi.

Það sem gerir málið hins vegar snúið er ekki hin háa bótaupphæð í sjálfu sér heldur eðli netsins. Hvar féllu ummælin í rauninni? Hvar höfðu ummælin áhrif? Birti ég t.d. á heimasíðu minni ummæli á ensku sem þykja rógur eða níð um mann sem býr á ensku málsvæði og yrði sóttur til saka af viðkomandi, hvar á að sækja mig til saka? Því hlýtur að mega halda fram með rökum að birting á þeirri tungu geti valdið viðkomandi alvarlegum skaða á því málsvæði öllu, ekki bara á Íslandi, málsvæði sem í þessu tilfelli er ákaflega stórt þar sem um er að ræða enskuna rétt eins og væri rógur borinn á íslenskan mann búsettan í Frakklandi og ummælin birt á íslenskri heimasíðu á frönsku. Um þetta snýst málið. Hvað leyfist manni á internetinu?

Því vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann hyggist taka upp einhvers konar endurskoðun á meiðyrðalöggjöfinni í þessu ljósi þannig að menn vissu hvar þeir stæðu gagnvart slíku þar sem um er að ræða fordæmi og fordæmalaust mál að mörgu leyti. Einnig spyr ég um túlkun hans á Lugano-samningi um fullnustu á dómskröfum á milli landa í tilfelli sem þessu og lýtur að meiðyrðalöggjöf og hliðstæðum skrifum á netinu.

[15:58]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég hef ekki velt fyrir mér að taka meiðyrðalöggjöfina upp í tilefni af þessu máli. Málið er fyrir dómstólunum og þeir munu komast að þeirri niðurstöðu sem verður leiðbeinandi fyrir okkur eins og aðra í þjóðfélaginu. Ef menn telja nauðsynlegt að breyta íslenskum lögum í tilefni af þessu máli þá er sjálfsagt að huga að því og það geta fleiri en dómsmálaráðherra hugað að því.

Hins vegar varðandi Lugano-samninginn þá liggja skýringar og túlkanir á honum fyrir og voru lagðar fram í þinginu þegar þingið samþykkti fullgildingu hans, mjög ítarlegar leiðbeiningar um hvernig bæri að túlka þann samning. Þær túlkanir er hægt að nálgast á vefsíðu dómsmálaráðuneytisins og kynna sér en hugsanleg niðurstaða í málinu getur verið leiðbeinandi fyrir okkur um það hvernig samningurinn er túlkaður. Ég tel að málið sem er tilefni fyrirspurnarinnar sé fyrir dómstólum og því beri að ljúka fyrir dómstólum og síðan verði að taka mið af því ef þeir telja nauðsynlegt að breyta lögum í ljósi þess dóms sem fellur.

[15:59]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Það er ástæða til að taka undir það með hæstv. dómsmálaráðherra að hér er um merkilegt mál að ræða sem hlýtur að vekja menn til umhugsunar um meiðyrðalöggjöfina og lagasetninguna alla í kringum þetta þar sem um er að ræða mjög athyglisvert mál sem getur komið upp aftur og aftur.

Mikill fjöldi Íslendinga býr á erlendum málsvæðum og því geta tilvik sem þetta komið upp aftur og aftur og því þarf réttarstaða Íslendinga hvað þetta varðar að sjálfsögðu að vera ljós. Í þessu tilfelli er um að ræða verulegar fjárhæðir og hefur dómurinn yfir umræddum prófessor ekki síst vakið athygli fyrir þá háu bótaupphæð sem eru held ég einar 12 millj. kr. sem hann er krafinn um vegna meiðyrða sinna sem talið er að fallið hafi samkvæmt hinum breska dómi og upphæðin orðið til þess að viðkomandi lendir í vandræðum og málið vekur sérstaka athygli út af því.

Það hlýtur því að koma upp sú krafa að stjórnvöld endurskoði málið og taki afstöðu til þess hvort við þurfum að endurskoða meiðyrðalöggjöfina sérstaklega með þetta fyrir sjónum.

Fjárlög 2006, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 3.

[16:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs í þessari umræðu vegna þeirrar merku ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að leggja til uppbyggingu nýs hátæknisjúkrahúss, og eins og sjálfsagt er fagna ég þeirri ákvörðun mjög. Hún hvílir á þeirri skoðun að verulegum hluta af söluandvirði Símans verði varið í að bæta þjónustu í heilbrigðiskerfinu, styrkja rannsóknar- og þróunarstörf og örva þannig frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun í atvinnulífinu, treysta undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu með bættum samgöngum og jöfnum aðstæðum landsmanna hvað varðar aðgengi að fjarskiptum.

Með þessu öllu er verið að skila þjóðinni aftur þeim verðmætum sem hún skóp með rekstri Símans. Þetta þýðir með öðrum orðum að lagt er til að 18 milljörðum kr. verði varið til uppbyggingar hátæknisjúkrahúss á Landspítalalóðinni á árunum 2008–2012. Með þessu framlagi er unnt að ljúka skipulagsvinnu og undirbúningi svæðisins, byggja aðstöðu fyrir slysa- og bráðaþjónustu og koma upp aðstöðu fyrir rannsóknarstarfsemi. Þetta liggur nú fyrir samkvæmt þeirri undirbúningsvinnu sem hefur verið unnin nú þegar, en mikil undirbúningsvinna hefur verið í gangi á undanförnum árum varðandi þetta stóra verkefni. Á miðvikudag skila fulltrúar þeirra sjö hópa sem valdir voru til að taka þátt í hugmyndasamkeppni um skipulag á Landspítalalóðinni sinni vinnu og þá verða hugmyndirnar kynntar og dómnefnd skilar af sér.

Fyrir mig sem heilbrigðisráðherra eru þau tímamót í heilbrigðisþjónustunni sem nú eru í augsýn afar ánægjuleg. Það er þetta sem við höfðum vonast til að samkomulag næðist um og þetta er sá draumur sem við höfum átt í heilbrigðiskerfinu. En þetta er flókin framkvæmd og í fyrirætluninni felst mikil áskorun fyrir heilbrigðisyfirvöld, stjórnendur og alla starfsmenn spítalans. Það verður að vanda mjög þessa framkvæmd og nauðsynlegt að taka með sér farangur fortíðarinnar inn í þá framtíð sem blasir við.

Ég ætla ekki að dvelja við fortíðina en sú ákvörðun var tekin af forvera mínum í embætti að sameina spítalana og í því hefur náðst árangur. Einnig hefur náðst árangur í rekstri spítalans og það er ein af skýringunum á víðtækri sátt um að fara þá leið að byggja upp nýjan og glæsilegan spítala við Hringbraut. Í ákvörðuninni felst líka hvatning fyrir okkur öll að halda áfram að gera þjónustuna fjölbreyttari. Í henni felast möguleikar á því að setja ný viðmið í lækningum og hjúkrun og þar skapast enn betri möguleikar á að bera okkur saman við það sem best gerist með öðrum þjóðum í heilbrigðisþjónustunni.

Ég vil taka það fram að nýr spítali knýr okkur líka til að hugsa spítalaþjónustu á þessu stigi upp á nýtt. Við þurfum að skilgreina hlutverk hins nýja spítala og ekki síður þá starfsemi og raunar þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er í tengslum við eða í námunda við þá stofnun sem þjónar öllum landsmönnum. Þannig er verkefnið sem bíður okkar núna. Það er ekki bara að reisa hús og byggingar. Það er ekki síður að taka ákvarðanir um starfsemina sem á að fara fram á spítalanum og hvað er gert á öðrum sviðum heilbrigðisþjónustunnar. Landspítalinn er, hefur verið og verður meginstoð heilbrigðisþjónustunnar í skilningi lækninga og hjúkrunar svo ekki sé talað um rannsóknir og kennslu. Mikilvægi rannsókna á vísinda- og heilbrigðissviði fer vaxandi og þar gegna einmitt háskólasjúkrahús lykilhlutverki. Ég sé fyrir mér að þetta verði hlutverk hins nýja Landspítala – háskólasjúkrahúss. Ég sé fyrir mér nýjan Landspítala – háskólasjúkrahús sem veitir fyrirtaksþjónustu þar sem unnt er að framkvæma flóknar aðgerðir á sem flestum sviðum.

Við erum hér í raun og veru að tala um þekkingarmiðstöð framtíðarinnar á heilbrigðissviði, miðstöð eða háskólaspítala sem allir geta sótt í þekkingu, hátækni og sérfræðiþjónustu. Með ákvörðun um byggingu nýs spítala við Hringbraut, eða tillögunni sem hér liggur fyrir Alþingi, er okkur falið erfitt verkefni. Það er flókið en umfram allt ögrandi og það skiptir okkur sem þjóð miklu máli að okkur takist að leysa það vel af hendi.

Eins og áður segir tel ég að sú ákvörðun sem hér hefur verið tekin marki tímamót og muni hafa áhrif á heilbrigðiskerfið á miklu víðara sviði en það er að byggja hús, svo mikil nauðsyn sem það er.

[16:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagðist ekki ætla að dvelja við fortíðina í þessu máli og horfa bara til framtíðar og það er nú rétt hjá hæstv. ráðherra.

Ég ætla hins vegar aðeins að leyfa mér að horfa aftur í tímann, um leið og ég óska honum til hamingju með þann áfanga sem felst í því að menn ætla nú að ráðast í byggingu nýs hátæknisjúkrahúss. Ég rifja það upp að sá sem fyrstur hóf máls á því var einmitt hv. þm. Kristján L. Möller. Það var Kristján L. Möller sem tók það mál upp og ruddi því brautina á opinberum vettvangi með grein í Morgunblaðinu og með því að leggja fram þingsályktunartillögu sem nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar fluttu. Ég er alveg nógu stór til að koma hingað og segja: Þetta er mikilvægur áfangi og, eins og ég gerði hér áðan í máli mínu, að óska hæstv. ráðherra til hamingju með þetta. En væri ekki bragur að því, frú forseti, ef hæstv. ráðherra þakkaði hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir að hafa átt frumkvæði að þessu góða máli? Ég held að það skipti máli þegar við erum að vega þetta og meta að samstaða skuli ríkja um svona mikilvægan þátt í uppbyggingu heilbrigðiskerfisins.

Mig langar líka, frú forseti, að spyrja hæstv. ráðherra nú

þegar verið er að, eigum við að segja, endurdreifa til þjóðarinnar þeim miklu verðmætum sem hún átti í Símanum með því að ráðast í ýmis mikilvæg verkefni: Er hann þá ekki hnugginn yfir því að ekki skuli hafa tekist að ákveða að veita fjármagn t.d. til aldraðra í formi þess að ráðast í áfanga varðandi byggingu dvalar- og hjúkrunarheimila? Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann ekki koma til greina að það verði tekið sérstaklega upp í umfjöllun þingsins vegna þess að mér finnst þeir afskiptur hópur hvað þetta varðar? Þetta fólk hélt jú landinu uppi á meðan Síminn varð að þeirri miklu eign sem hann var þegar hann var seldur.

[16:12]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er auðvitað ljúft og skylt að þakka Kristjáni Möller, hv. 3. þm. Norðvest., fyrir tillöguflutning hans í þessu máli. Hins vegar finnst mér kannski of mikið sagt að málið hafi ekki verið komið á dagskrá þegar hv. þm. Kristján Möller flutti sína ágætu tillögu. Þetta mál er búið að vera á döfinni í nokkur ár og hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf og þess vegna er málið á dagskrá. En ég vil að sjálfsögðu þakka tillöguflutning Samfylkingarinnar og hv. þingmanns í þessu máli. Það sýnir að samstaða er um málið og ég met það mikils.

Það er vissulega rétt hjá hv. þingmanni, 1. þm. Reykv. n., að það er þörf á uppbyggingu í hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. En það er nú einu sinni svo að þetta var tekið út úr sem verkefni sem ekki er unnt að vinna með hinum venjulega hætti sem við höfum við fjárveitingar. En það gefur þó rými til þess að taka á öðrum málum og ég vona að það gefist rými til að taka á því máli.

Ég vil líka taka það mjög skýrt fram, af því að við metum það mjög mikils í heilbrigðisráðuneytinu, að milljarður var settur í búsetumál geðfatlaðra. Þó að það heyri ekki beinlínis undir okkar ráðuneyti þá er þar um okkar skjólstæðinga að ræða. Það met ég afar mikils og lagðist á árarnar með það. En vonandi gefst tækifæri til þess að taka á í hinu málinu.

[16:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Heiður þeim sem heiður ber og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að segja að hann sé þakklátur hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir að hafa átt frumkvæði að því að koma fram með þessa hugmynd. Ég átti ekki við að hv. þingmaður eða Samfylkingin hefði komið fyrst fram með þá hugmynd að reisa einn spítala undir hið sameinaða hátæknisjúkrahús. Ég man ekki eftir því að nokkur maður innan þings eða utan hafi orðað það áður að nota andvirði eða hluta af andvirði við sölu Símans til þess að reisa þetta hús, en það var Kristján L. Möller sem kom fram með þá hugmynd og rökstuddi hana ákaflega vel bæði í ræðu hér og riti annars staðar.

Frú forseti. Þegar maður lítur yfir það hvernig símasilfrinu er dreift yfir landið kemst maður ekki hjá því að sjá glögg merki um að þeir fá mest sem eru frekastir, þeir sem eru duglegastir í kjördæmapotinu fá mest. En hver talar fyrir aldraða? Aldraðir hafa verið afskiptur hópur og það er enginn sem er sérstaklega að berjast fyrir þá a.m.k. ekki á sama grunni og þeir sem eru að berjast fyrir sín kjördæmi. Það kemur í ljós að þarna hefði verið tækifæri til að taka myndarlega á í uppbyggingu dvalarheimila og hjúkrunarheimila fyrir þá kynslóð sem byggði upp landið þegar Síminn varð að því stórfyrirtæki sem hann var þegar hann var seldur. Um hana er ekki hugsað.

Drottinn minn, ég tek svo sannarlega undir með hæstv. ráðherra. Það er verulegt gleðiefni að þarna var settur milljarður í málefni geðfatlaðra. Það var stórkostlegt og ríkisstjórninni sé þó þökk fyrir að hafa ræna á því. En hitt verð ég að segja að ég er bæði hnugginn og dapur yfir því að í þessu birtist enn og aftur að hæstv. ríkisstjórn gleymir öldruðum og hún verður minnt á þetta aftur og aftur meðan þetta mál er til umræðu í þinginu.

[16:16]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki taka undir það að ríkisstjórnin gleymi öldruðum. Við höfum verið í sérstöku átaki undanfarin ár við að byggja upp hjúkrunarheimili þó að þurfi að gera betur á því sviði, auka heimahjúkrun og heimaþjónustu. Hér verður utandagskrárumræða á morgun sem hv. 9. þm. Reykv. s., Ögmundur Jónasson, hefur beðið um og mun ég þá gera grein fyrir þessum málum.

En varðandi símapeningana þá munu þeir að sjálfsögðu gera það að verkum að rými skapast fyrir önnur verkefni og við getum ekki sinnt öllum verkefnum með þeim peningum. Hluta af þeim var varið til að borga niður skuldir og þegar við borgum niður skuldir skapast rými fyrir ný verkefni. Ég vona svo sannarlega að aldraðir njóti góðs af því. Ég vil einnig taka fram að það stóra verkefni sem ég gerði sérstaklega að umræðuefni og markar tímamót að mínu mati, að auðvitað njóta aldraðir þess eins og aðrir landsmenn vegna þess að aldraðir þurfa eðli málsins samkvæmt mjög mikið á spítalaþjónustu að halda. Þetta er verkefni í þágu allrar þjóðarinnar, þess vegna er það svo mikilvægt og ég vildi gera það sérstaklega að umtalsefni í þessari umræðu.

[16:19]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem við nú ræðum, ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., er frumvarp sem ég held að hljóti að vera skynsamlegt þrátt fyrir ýmsar athugasemdir eða skoðanir flokka á því þegar Síminn var seldur, hvort átti að selja hann allan eða að hluta til. Ég get ekki ímyndað mér annað en að menn komist að sameiginlegri niðurstöðu um að hér sé skynsamlega að verki staðið og sett niður. Ég tók reyndar eftir því við 1. umr. að svolítil gagnrýni er á þinglega meðferð málsins, þ.e. að verið sé að ráðstafa fé langt fram í tímann. En eins og fram hefur komið hjá hæstv. utanríkisráðherra, fyrrverandi fjármálaráðherra, lýsti hann því hins vegar hvernig þurfi í hvert og eitt skipti að sækja fjárheimildir, þær sem hér eru boðaðar, til fjárlaga hvers árs fyrir sig. Það er hin eðlilega málsmeðferð. En hér er þetta sem sagt sett svona fram.

Þegar hugsað er aftur í tímann til þess tíma þegar ríkisstjórnin efndi til blaðamannafundar til að boða fagnaðarerindið, hvernig þessu skyldi varið, þá blönduðust inn í það

aðrir stóratburðir sem voru að ganga í gegn á næstu dögum þar á eftir, þ.e. þegar hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, ákvað að draga sig út úr stjórnmálum á Íslandi. Þetta var eitt af hans síðustu verkum.

Virðulegi forseti. Þó að alltaf sé hægt að ræða það og skiptast á skoðunum um hvernig þessu sé ráðstafað og hvað sé gert og sitt sýnist hverjum, þá eru samt sem áður hlutir í frumvarpinu sem mikil samstaða er um að fara í, t.d. nýbyggingu við Landspítala, sem stundum er kallað háskólasjúkrahús, Landspítala – háskólasjúkrahús eða hátæknisjúkrahús ætlaði ég frekar að segja sem stundum er notað um þessa byggingu þó svo að skiptar skoðanir séu um hvað felist í hátæknisjúkrahúsi. Kannski er betra að nota annað orð eins og komið hefur hér fram, ég man ekki hvort það var fyrst hjá hæstv. forsætisráðherra, að við erum að tala um byggingu nýs þjóðarsjúkrahúss. Það getur verið að það sé betra.

En af því að ég er farinn að ræða það, virðulegi forseti, ætla ég sérstaklega að fagna því sem þarna kemur fram og minnast aðeins á tillögu til þingsályktunar, sem ég var 1. flutningsmaður að ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar, sem var lögð fram 3. febr. 2004 og rædd 4. mars og vísað til nefndar og fékk ágætisumsagnir frá þeim aðilum sem málið var sent út til. Í þeirri þingsályktunartillögu, virðulegi forseti, var það nefnt og settur sérstakur fókus á að þegar kæmi til sölu Landssímans yrði stór hluti af söluandvirði Símans notaður til að skapa þjóðarátak, þjóðarsátt og þverpólitíska sátt um Landspítala fyrir Landssíma, eins og sagði í þingsályktunartillögunni. Því hlýt ég, virðulegi forseti, að fagna mjög þeim kafla í frumvarpi þessu þar sem kemur fram að áætlað er að verja 18 milljörðum kr. á næstu árum í þetta þjóðarátak sem ég hygg að verði þverpólitískt og vona að verði þverpólitísk samstaða um að byggja þótt við séum ekki að leggja til fjármuni í að byggja það allt en gott er verkið þegar hafið er og farið er af stað með eins og hér er gert ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar áðan var rætt um gamla fólkið. Við teljum okkur oft hafa sett fram sterk rök fyrir því að gamla fólkið gleymist oft og við höfum gagnrýnt slíkt. Í áðurnefndri þingsályktunartillögu er það nefnt að skoða ætti hver framtíðarnotkun Borgarspítalans yrði. Það er nefnt, virðulegi forseti, í þingsályktunartillögunni að það verði skoðað alveg sérstaklega hvort nýta megi þá byggingu undir dvalarheimili fyrir aldraða og ég hvet, virðulegi forseti, hæstv. heilbrigðisráðherra til, ef hann heyrir mál mitt, að það verði gert og skoðað vegna þess að mikil þörf er fyrir dvalarheimili fyrir aldraða og hún eykst vegna þess hve þjóðin er að eldast.

Jafnframt sagði ég líka, virðulegi forseti, í tillögunni að það mætti hugsanlega kanna hluta af því húsnæði undir sjúkrahótel eða sem kannski er mikilvægara að byggja sjúkrahótelið við væntanlega viðbyggingu eða nýbyggingu Landspítalans sunnan við Hringbraut. Sjúkrahótelið er nefnilega ákaflega mikilvægur liður í rekstri heilbrigðisþjónustunnar og léttir á spítalanum sjálfum og er þar með miklu ódýrari stofnun ef svo má að orði komast.

Þess má t.d. geta, virðulegi forseti, að ég hef heyrt sögur af því að Landspítalinn sé yfirfullur núna og margt fullorðið fólk liggi þar sem ekki þarf endilega að liggja á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og pláss sé á ýmsum stofnunum úti í bæ en ekki sé hægt að færa það þangað vegna þess að starfsmenn vantar á þær stofnanir sem við köllum stundum dvalarheimili eða elliheimili.

Þetta vildi ég láta koma fram í inngangi mínum, virðulegi forseti, um þennan þátt. Ég endurtek og fagna því að þessi hugmynd hafi fengið stuðning ríkisstjórnar. Það var reyndar fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, sem setti hana fram á fundi hjá Sjálfstæðisflokknum eftir að hafa legið á Landspítala og ég fagnaði því að sjálfsögðu strax að fá svo öflugan bandamann að tillögu minni.

Hvenær bygging hefst ætla ég ekki að eyða tíma í núna. Vonandi verður unnið vel að því verki. Mig minnir að á næstu dögum eigi að skýra frá hugmyndasamkeppni um bygginguna og verður gaman að sjá hvernig hún verður. En grundvallaratriðið er, virðulegi forseti, að þverpólitísk samstaða sé um það á Alþingi að hefja þetta verk og það er vel. Þjóðin fær þá sinn þjóðarspítala fyrir þann mikla auð sem þjóðin sjálf hefur skapað í Póst og síma sem í lokin hét Landssíminn.

Gaman er að segja frá því, virðulegi forseti, að í fyrrnefndri þingsályktunartillögu er talað um að það mætti fá 35–40 milljarða fyrir Símann en við það að salan dróst, hætt var við hana á sínum tíma við erfiðar aðstæður í heiminum, þá hækkaði verðgildið og fékkst svo gott verð sem raun ber vitni fyrir Símann þó að ég taki það skýrt fram að um það var að sjálfsögðu ágreiningur á Alþingi. Við í Samfylkingunni töldum t.d. að ekki ætti að selja grunnnetið með.

Ég ætla aðeins að koma að einum þætti til viðbótar, virðulegi forseti, þ.e. framkvæmdum í þágu geðfatlaðra. Reiknað er með 1 milljarði á næstu 3–4 árum eða á árunum frá 2005 þar sem veittar eru 200 millj. kr. núna í ár og síðan 200 millj. kr. 2007 og 300 millj. kr. árið 2008 og 2009, samtals 1 milljarður kr. Ég tel mikla þörf á að þetta sé gert og tel að þurfi reyndar að fara miklu hraðar í úrbætur í málefnum geðfatlaðra. Án þess að ég ætli að gera það að umræðuefni hér og nú, þá hef ég fengið — ég veit ekki hvaða orð, virðulegi forseti, ég má nota yfir það — lýsingu frá Íslendingi, þegni í þessu landi sem má búa við að hafa ekki fengið nein úrræði frá kerfinu til að vista einhverfan son sinn, ungling, sem er 16 ára gamall. Og að heyra þá lýsingu, virðulegi forseti, frá þeim aðila hvernig hann lýsir baráttu sinni við kerfið, hvernig hann lýsir því hvað líf hans breytist mikið við að þurfa sjálfur fyrir utan skólagöngu að sjá um þennan son sinn er allsvakalegt. Ég hygg að ef fleiri alþingismenn fengju að heyra þá lýsingu eða lesa um það sem þarna er, þá ættu menn að einhenda sér meira út í að finna úrlausn fyrir geðfatlaða einstaklinga vegna þess að á því er sannarlega mikil þörf. Ég ætla ekki að fara frekar út í það, virðulegi forseti, á þeim stutta tíma sem ég hef. En þetta kom upp í hug minn, virðulegi forseti, þegar ég las tilvitnun í lög um réttindi sjúklinga sem ég setti inn í þingsályktunartillögu mína sem röksemd fyrir þessu, þar sem stendur í 3. gr., með leyfi forseta:

„Sjúklingur á rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita."

Ég tel það ekki fullkomna heilbrigðisþjónustu, virðulegi

forseti, að foreldrar þurfi jafnvel nánast að leggja vinnu sína og einkalíf í rúst við að annast það sem við ætlum samfélaginu að gera í þessum efnum og ekki meira um það hér að sinni.

Kem ég þá að öðru áhugamáli mínu. Fram kemur að veita á fé til ýmissa samgöngubóta af þessum símapeningum og ég fagna því að þeir peningar eru viðbótarpeningar. Þeir koma ekki í staðinn fyrir aðrar peningaupphæðir sem koma til Vegagerðarinnar af mörkuðum tekjustofnum hennar eins og af bensíngjaldi og olíugjaldi. Þær verða ekki skertar á næstu árum heldur kemur þetta inn sem viðbót, eins og kom fram í stuttu andsvari hæstv. utanríkisráðherra, fyrrverandi hæstv. fjármálaráðherra, við mig þegar málið var fyrst rætt. Það er auðvitað fagnaðarefni. Við skulum halda því til haga að framkvæmdir í vegamálum verða skornar niður um 6 milljarða kr. á árunum 2004–2006. Hér eru verkefni tekin fyrir sem ég hygg að samstaða sé um eins og framkvæmdir við Sundabraut, sem ég tek skýrt fram og vil ítreka að eru ekki eingöngu mál höfuðborgarsvæðisins og þeirra sem búa hér. Þær eru eins og aðrar samgöngubætur á landinu — fyrir okkur öll.

Við sérmerkjum ekki einstakar framkvæmdir sem framkvæmdir fyrir tiltekna íbúa. Sem dæmi má nefna að ég hef aldrei heyrt að Hvalfjarðargöng væru gerð fyrir íbúa Skorradalshrepps, eða hvað hann heitir sá ágæti hreppur sem liggur að þeim göngum. Þau eru fyrir landsmenn alla. Þannig verður auðvitað með allar framkvæmdir, sama hvort það er Sundabraut, framkvæmdir á norðausturhorni landsins eða jarðgöng úti á landi eins og Fáskrúðsfjarðargöng, Almannaskarðsgöng eða Héðinsfjarðargöng, svo að ég nefni eitthvað í þessum efnum. Ég fagna því þeim peningum sem þar eru komnir inn og vona að framkvæmdir við Sundabraut geti hafist sem allra fyrst og málið verði leyst með úrskurði hæstv. umhverfisráðherra um þau mál sem enn er deilt um þannig að hefja megi frekari hönnun og undirbúning framkvæmda en hér er gert ráð fyrir að þær eigi að hefjast árið 2007.

Jafnframt eru settar upphæðir í aðra vegi og aðrar framkvæmdir og því skipt niður á kjördæmi landsins. Ég vil halda því til haga að ef maður skiptir upphæðinni allri niður þá sér maður að að meðtöldu þjóðarátakinu, þjóðarsjúkrahúsi fyrir alla Íslendinga sem staðsett verður á höfuðborgarsvæðinu, ásamt öðrum framkvæmdum sem ætla má að ráðist verði í á höfuðborgarsvæðinu, fara 30 milljarðar kr. af þeim 43 milljörðum kr. sem til þessa svæðis. Þetta segi ég, virðulegi forseti, vegna harðrar umræðu sem varð við afgreiðslu samgönguáætlunar þar sem deilt var um framkvæmdir. Þá létu höfuðborgarþingmenn ýmis orð falla. Mig minnir að einn þingmaður hafi sagt að þetta yrði svona núna en landsbyggðarmenn skyldu passa sig næst, án þess að ég nefni nöfn í þeim efnum.

Mér virðist, virðulegi forseti, að um 1.800 millj. kr. af þessum peningum komi í hlut Norðvesturkjördæmis, um 1,5 milljarðar kr. til Norðausturkjördæmis og sama í Suðvesturkjördæmi eða um 4,8 milljarðar kr. alls. Óskipt getum við svo sett, í formi nýsköpunar, fjarskipta eða til Landhelgisgæslunnar, um 8 milljarða kr. samtals sem þarna koma. Það er rétt, virðulegi forseti, að þetta komi fram að fram vegna þess að þetta skiptist ekki kannski ekki alveg eftir kjördæmum. En ég vil ítreka það sem hefur komið fram, að þetta liðkar til fyrir fjárveitingum af fjárlögum næstu ára til ýmissa brýnna verkefna. Ég hika ekki við að nefna ýmis brýn verkefni í samgöngumálum á landsbyggðinni sem hljóta að taka til sín töluvert fjármagn á næstu árum. Þar er mikið verk að vinna.

Í lokin, varðandi fjarskiptasjóðinn sem á að stofna, á að gefa GSM-samband á flestum þjóðvegum landsins, hringveginum og öðrum vegum þar sem gott er að koma því við. Eins verður hægt að skapa íbúum landsbyggðarinnar, í mörgum dreifðum og smáum byggðarlögum, þau skilyrði að þeir geti fengið háhraðatengingar. Auðvitað ber að fagna því að þetta skuli sett hér inn en ég vil aðeins segja að það var ekki þörf á að selja Símann til að gera þetta þarfa átak. Það er auðvitað mjög alvarlegt að það sé fyrst árið 2006 eða jafnvel árið 2007 að loksins fáist niðurstaða í þau mál. Hún hefði auðvitað átt að vera komin fyrir lifandis löngu. Það að byggðarlög á landinu skuli ekki öll hafa aðgang að háhraðatengingu, t.d. vegna skólastarfs, vegna fjarnáms, er náttúrlega þannig að ekki er annað hægt en að minnast á það og gagnrýna, eins og við höfum oft gert í ræðustól á Alþingi. Ríkisstjórnin hefur verið ótrúlega sinnulaus gagnvart þessum litlu byggðarlögum og þörf fólks fyrir að sitja við sama borð og íbúar stærri staða, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, sem fengu slíkar tengingar hjá Símanum á sínum tíma.

Virðulegi forseti. Þar sem tíma mínum er að ljúka þá ætla ég að ítreka að ég er sérstaklega ánægður með það sem hér kemur fram og ég hef notað mest af tíma mínum til að ræða, þ.e. þá fjármuni sem settir eru í það þjóðarátak, sem við höfum kosið að kalla svo, að byggja nýjan Landspítala. Vonandi verður þverpólitísk samstaða um það, þjóðarátak þar sem þjóðin fær Landspítala fyrir Landssíma.

[16:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég hefði gjarnan kosið að hæstv. forsætisráðherra væri viðstaddur þessa umræðu. Um er að ræða óskabarn hans og hann stærir sig af fáu meir þessa dagana en því afreki að selja Símann. Það hefði auðvitað verið æskilegt að hann væri við.

(**Forseti** (RG): Forsætisráðherra er kominn.)

Sem ég segi þetta gengur forsætisráðherra í salinn. Svona á þetta að vera.

Ég vil byrja á því að vekja athygli á því, þótt það skipti kannski ekki miklu, að bæði í framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra sem og í greinargerð með frumvarpinu byrjar tímatalið ekki fyrr en 2004. Af einhverjum ástæðum velja höfundar greinargerðar frumvarpsins og framsögumaður að minnast ekki einu orði á fyrri tilraunir til að einkavæða Símann. Það hefði sögunnar vegna verið gaman að sjá smásamantekt á því máli, þ.e. hvernig til tókst á árinu 2001. En það passar ekki inn í glansmyndina sem reynt hefur verið að draga upp af því hve einstaklega vel þetta hafi verið heppnað, eins og hæstv. forsætisráðherra komst að orði áðan þegar við áttum orðastað um vinnu einkavæðingarnefndar. Ég verð að segja að þau ummæli sem þá féllu um að einkavæðingarnefnd hefði unnið alveg sérstaklega opið að verkefnum sínum er með meiri öfugmælum sem ég hef

heyrt seinni mánuði. Staðreyndin er sú að það hefur þurft að sækja hvert einasta hæti til einkavæðingarnefndar með töngum, draga fram í dagsljósið, annaðhvort í krafti upplýsingarréttar þingmanna eða þá að fjölmiðlar, eins og Fréttablaðið nú síðast, hafa beitt fyrir sig úrskurðarnefnd um upplýsingamál til að draga fram skýrslur og gögn sem skipta máli við að meta vinnubrögðin, þegar menn selja úr hendi hins opinbera milljarðatugaverðmæti. Ef það kemur ekki eitthvað við Alþingi og almenningi, sem á þessar eignir, þá veit ég ekki hverjum það kemur við.

Það er ástæða til að halda því til haga, frú forseti, að það að ríkisstjórnin klúðraði því að selja Símann á árinu 2001 hefur skilað þjóðinni a.m.k. 35 milljörðum í tekjur umfram það sem orðið hefði, ef þeim hefði tekist ætlunarverkið á síðari hluta árs 2001, að selja Símann fyrir 42 milljarða kr. Það er nefnilega þannig að síðan það gerðist hefur Síminn greitt í ríkissjóð 11,5 milljarða kr. í arð og hefur aukist að verðmæti um tæpa 25 milljarða, ef bornar eru saman tölurnar. 42 milljarðar voru á verðmiðanum, ef minni mitt svíkur ekki sem var settur á Símann haustið 2001 en endanlegt söluandvirði nú er upp á 66,7 milljarða. Þá eru það 36,2 milljarðar, sé þetta tvennt lagt saman, sem þjóðin hefur hagnast á að snillingunum tókst ekki að selja Símann fyrir fjórum árum. Má þá ekki leyfa sér að álykta að kannski gæti verið býsna góður bisness að eiga hann áfram um aftur nokkur ár? Kannski við yrðum þá enn nokkrum tugum milljörðum króna ríkari.

Frú forseti. Það er vert að draga athyglina að því hvernig menn stæra sig af því sem afreki að hafa náð að selja eina verðmætustu sameign þjóðarinnar. Það er svolítið kostulegur málflutningur. Mundi einhver heimilisfaðir koma heim rígmontinn og hælast um við fjölskyldu sína að honum hefði tekist að selja undan fjölskyldunni — ég segi nú kannski ekki húsið en segjum bíllinn — fjölskyldubílinn og nú væri best að fara til útlanda í ærlegt frí. Svo kæmi að vísu fjölskyldan heim nokkrum vikum síðar og ætti þá engan bíl en það gæti verið góð ferð. Halda menn virkilega að almenningur í landinu sé ekki nógu dómbær og skynsamur á þessa hluti til að sjá að það er ekkert sérstakt afrek hjá ráðamönnum, til að ganga um bólgnir af monti yfir að selja úr eigu þjóðarinnar í eitt skipti fyrir öll verðmætar sameignir hennar, sem þar með eru farnar, verða ekki notaðar aftur, gefa ekki af sér frekari arð og vaxa ekki að verðmæti í eigu þjóðarinnar.

Mér hefur fundist, frú forseti, þessi málflutningur ótrúlega einfeldningslegur og í raun virðingarleysi við heilbrigða skynsemi fólks að halda að menn slái keilur á því að monta sig af því að selja svona fjölskyldusilfur. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur verið andvíg einkavæðingu Landssímans af fjórum meginástæðum. Við erum í fyrsta lagi andvíg því að einkavæða almannaþjónustu. Hér skiptir miklu máli hvernig menn nálgast hlutina. Líta menn á fjarskiptin í landinu sem bisness, sem hverja aðra atvinnustarfsemi til að græða á henni, eða líta menn á hana sem mikilvæga almannaþjónustu í samfélaginu, ekki síst í upplýsingasamfélagi nútímans.

Í öðru lagi erum við andvíg því að selja fyrirtæki eins og Landssímann með grunnfjarskiptanetinu þegar við blasir að af því hlýst fákeppni og einokun, sambland af þessu. Hvar er hæstv. viðskiptaráðherra, sem samkeppnismál heyra undir? Veltir virkilega enginn því fyrir sér hvað er verið að gera með því að búa til einkavædda einokun og einkavædda grimma fákeppni á þessu mikilvæga sviði viðskipta og þjónustu í landinu? En það er niðurstaðan. Það fá menn út úr þessum breytingum, að tveir fjarskiptaaðilar, annar risi og hinn stubbur, skipta markaðnum algerlega á milli sín. Er það fyrirkomulag sem við teljum eftirsóknarvert, að búa til enn eitt svið þar sem slík hörkufákeppni eða einokun ríkir, ég tala ekki um þegar um náttúrlega einokun er að ræða í þeim skilningi að það er aðeins eitt grunnfjarskiptanet í landinu.

Í þriðja lagi erum við andvíg því að ríkið láti úr hendi sinni tækið sem hið opinbera fjarskiptafyrirtæki er og hefur verið til að framkvæma þá stefnu í fjarskiptamálum sem stjórnvöld vilja stuðla að á hverjum tíma. Það verður að vísu að segjast að þar hefðu menn getað gert betur undanfarin ár. En lengi vel stóðu Póstur og sími og síðan Landssíminn sig vel í því að tryggja Íslendingum góð nútímaleg fjarskipti á hagstæðum kjörum, alveg sérlega góð ef haft er í huga hversu hér býr fámenn þjóð í stóru landi. Íslendingar voru t.d. í hópi allra fyrstu þjóða til að taka upp tækninýjungar eins og stafrænan síma, langdræga farsímakerfið og skammdræga farsímakerfið. Það sagði sína sögu um það fyrirkomulag sem við bjuggum við og hafði nýst okkur vel.

Í fjórða lagi er ástæða til að hafa miklar efasemdir um þetta ráðslag sem hreina viðskiptaákvörðun. Er það endilega góð ráðstöfun opinberra fjármuna að selja þetta fyrirtæki þótt menn telji sig fá mikla fjármuni fyrir það? Auðvitað eru 66,7 milljarðar heilmiklir peningar en menn eru líka að láta frá sér í eitt skipti fyrir öll gífurlega verðmæta eign sem hefur skilað eiganda sínum, þjóðinni, mjög miklum arði undanfarin ár, svo maður tali ekki um „extraordíner" arðgreiðsluna í ár, sem var upp á 6.330 millj. kr., sem var í raun útgreiðsla á eigin fé Símans að hluta og yfir öllum venjulegum arðsemismörkum. En tökum bara árin tvö á undan, 2.146 millj. kr. hvort ár. Það er dálaglegt búsílag fyrir ríkissjóð. Það eru allar forsendur til þess að fyrirtækið hefði á komandi árum getað greitt þetta eða meira í ríkissjóð. Það er ekki fráleitt að miða við að 3 milljarða arðgreiðsla, miðað við stærð fyrirtækisins í dag, hefði orðið reglan næstu árin. Og hve lengi er þá Síminn að borga sig aftur og verða skuldlaus eign ríkisins eða þjóðarinnar á nýjan leik? Hann er 15 ár að því, 12–15 ár miðað við 3 milljarða arðgreiðslur á ári og kannski 1–2 milljarða verðmætisauka í fyrirtækinu á ári.

Í svari við fyrirspurn frá mér er það rakið, frú forseti, á þskj. 1092 frá síðasta þingi, að Síminn hafi, frá því að hann hóf að greiða eiganda sínum, þ.e. ríkinu fyrir hönd þjóðarinnar, arð — það var reyndar á árinu 1989 í tíð ónefnds samgönguráðherra — greitt 23,8 milljarða í ríkissjóð. Á þessum rúma eina og hálfa áratug hefur Síminn skilað í sjóði okkar, til viðbótar skattgreiðslum eftir að hann varð fyrirtæki sem slíkt, þessari fjárhæð. Það er meiri fjárhæð en hæstv. heilbrigðisráðherra var að gleðjast yfir að fá út úr þessu dæmi til að byggja nýtt hátæknisjúkrahús. Má ég minna hæstv. heilbrigðisráðherra á að það þarf að gera fleira en að byggja sjúkrahús. Það þarf að reka þau líka og það þarf tekjur til þess.

Sumum finnst auðvitað dálítið verið að byrja á röngum enda að lofa núna 18 milljörðum í byggingu hátæknisjúkrahúss á sama tíma og rekin er sveltistefna gagnvart rekstri mikilvægustu heilbrigðisstofnana í landinu. Það þarf líka að huga að rekstrinum og ætli menn muni þá ekki sakna vinar í stað þar sem m.a. var Síminn sem skilaði myndarlegum fjárhæðum árlega í sameiginlega sjóði í formi arðgreiðslna?

Nú geta menn haft þá pólitík og þá trú að það eigi bara að einkavæða og það er út af fyrir sig sjónarmið. Það getur vel verið að Framsóknarflokkurinn sé alfarið búinn að taka upp þá stefnu að það eigi bara að einkavæða af því bara. Í Noregi hafa t.d. setið hægri stjórnir við völd, hægri miðjustjórn eins og sú síðasta, sem Norðmenn eru að vísu sem betur fer að losna við núna, en hvaða afstöðu hefur hún tekið til eigna ríkisins í verðmætum stórum fyrirtækjum? Hún hefur tekið mjög praktíska afstöðu til þeirra. Það mega þó hægri menn í Noregi eiga að þeir hafa hafið sig upp úr kreddunni og sagt: Hvernig er hagstæðast að halda á þessum hlut hins opinbera í þessum verðmætu fyrirtækjum, símafyrirtæki, banka, olíufyrirtæki. Þar hafa menn sagt: Þetta er að skila ágætum arði til ríkisins, það er bara býsna góð ráðstöfun að ríkið eigi þetta áfram. Ef menn hafa farið út í breytingar hafa þeir trappað niður eignarhald ríkisins mjög rólega og selt í smáum skömmtum út á markaðinn hlut þannig að ríkið dregur sig í rólegheitum til baka eða niður í eign viðkomandi fyrirtækja. Dæmi: ríkisolíufyrirtækið Statoil.

Hvað halda menn nú að Norðmenn hafi grætt á því að fara þessa opinberu leið, sem búið er að gera að skammaryrði yfirleitt alls staðar að ríkið komi nálægt nokkru eða félagslegir aðilar, í staðinn fyrir að fara dönsku leiðina? Þegar Norðmenn og Danir stóðu frammi fyrir því að hefja vinnslu á svarta gullinu úr Norðursjó fóru þeir í grundvallaratriðum ólíkar leiðir og það er gaman að bera þetta saman. Norðmenn byggðu upp öflugt ríkisolíufyrirtæki í eigu norsku þjóðarinnar sem er orðið að heimsveldi í dag með viðskipti og stöðvar úti um allan heim og hefur skilað gríðarlegum auðæfum inn í norskt þjóðarbú, er m.a. einn aðalgreiðandinn að hagnaði inn í olíusjóðinn svonefnda. Danir, sem þá voru undir stjórn hægri manna, fóru þá leið að afhenda A.P. Möller olíuvinnslu- og gasvinnsluréttindin í Norðursjó. Jú, A.P. Möller er ágætt fyrirtæki og hefur greitt heilmikla skatta en allur verðmætisaukinn hefur hins vegar farið í þetta einkafyrirtæki sem nú er að hluta til orðið í ameríkskri eigu. Danir eiga ekkert Statoil í dag, Danir eiga engin milljarðahundruð í formi verðmæts fyrirtækis sem þeir byggðu þarna upp. Það má segja að á sinn hátt hafi Síminn okkar verið dæmi um það að á sínum tíma fóru menn þessa opinberu leið. Það var kannski ekki mikið annað að gera á þeim tíma en nú er hins vegar öldin önnur og nú þykir það afrek, sem mann ganga um og hæla sér af á torgum, að hafa selt þessa verðmætu sameign þjóðarinnar í eitt skipti fyrir öll.

Það hefur verið gaman að fylgjast með greinaskrifum fótgönguliðanna úr stjórnarflokkunum, sem nú halda að þeir séu loksins komnir í aðstöðu til að slá keilur og skrifa greinar, þar sem þeir hælast um af þessum glæsilega árangri stjórnarinnar að hafa náð að selja Símann, að hafa afrekað það í annarri tilraun að selja Símann, eins og peningarnir komi bara innan úr brjóstinu á þeim sjálfum af því að ríkisstjórnin seldi Símann. Það er nú ekki þannig. Þetta er verðmæt sameign sem byggst hefur upp gegnum áratugi og notendur hafa í raun og veru byggt upp með gjöldum sínum, hefur verið hagkvæmt og praktískt fyrirkomulag og væri það áfram.

Meginástæða þess að ég er í grundvallaratriðum sannfærður um að hér er ekki verið að fara skynsamlega leið tengist hins vegar ekki þessum fjárhagslegu spekúlasjónum og jafnvel ekki því að með þessu er verið að búa til einkavædda fákeppni og einokun. Ég held að það langalvarlegasta sé það sem snýr að framtíðinni og stöðu þessara mála og þjónustu inn í framtíðina, t.d. gagnvart hinum dreifðu byggðum landsins. Þá eigum við engan Síma, við höfum ekkert tæki í okkar höndum þar sem stjórnvöld geta komið fram opinberri fjarskiptastefnu og tryggt með einföldum hætti í reynd að hún sé virk, t.d. í gegnum áframhaldandi fjárfestingar og uppbyggingu í grunnfjarskiptanetinu úti um landið. Hvernig er það mál afgreitt? Fjarskiptasjóður. Það eiga að fara 2,5 milljarðar á einhverjum árum inn í fjarskiptasjóð. Má ég þá spyrja hæstv. forsætisráðherra: Af hverju er það kallað sjóður? Er það ekki eins og hver önnur fjárveiting? Á þetta að verða varanlegu sjóður og hefur hann þá tekjustofna? Eða þornar hann upp um leið og þessum 2,5 milljörðum hefur verið varið? Væru menn að tala um 25 milljarða og að fyrir afraksturinn eða arðinn af þeim fjármunum yrði hægt að tryggja árleg framlög inn í framtíðina til að borga upp þær fjárfestingar sem nauðsynlegar eru ef landsmenn ætla að búa við jafnræði en ekki endilega arðbærar frá sjónarhóli fyrirtækisins, þá værum við að tala um eitthvað sem hægt væri að ræða af viti. En 2,5 milljarðar, sem slett er inn í þetta í eitt skipti og búið, er auðvitað eins og dropi í hafið. Eða vita menn ekki að Landssíminn einn hefur verið að fjárfesta í kerfinu fyrir 3–5 milljarða á ári í mörg, mörg undanfarin ár? Þetta er ekki einu sinni eins árs meðalfjárfesting annars símafyrirtækisins hvað þá meira.

Mér finnst því ástæða til að spyrja, fyrir utan það að hér hefur líka verið hreyft spurningum sem eru áhugaverðar, um þá aðferð að leggja fram frumvarp sem eftir sem áður þarf síðan að ganga inn í fjárlög og samgönguáætlun. Hér er ríkisstjórnin auðvitað að búa til sína eigin samgönguáætlun fram hjá þinginu, vel að merkja þessar framkvæmdir sem og yfirleitt allar þær sem hér fá eyrnamerkta fjármuni úr ríkissjóði á komandi árum, og eru meira og minna þarfar og góðar, um það er enginn ágreiningur. Að sjálfsögðu gleðjast menn yfir því að hægt sé að draga upp þá framtíð að miklir fjármunir verði til ráðstöfunar í að byggja upp hátæknisjúkrahús, að hægt sé að ráðast í umtalsverðar samgöngubætur o.s.frv. En sala Landssímans var engin forsenda slíks, ekki á nokkurn hátt. Að sjálfsögðu stóð eignin á móti og óx að verðmæti þó að í þetta hefðu verið lagðir fjármunir úr ríkissjóði með venjulegum hætti eða yfir vegáætlun á komandi árum. Það er eins og hver annar barnaskapur að reyna að telja mönnum trú um að við hefðum ekki haft efni á því að ráðast í þessi verk nema selja Símann þegar staðan verður svo kannski sú að innan 15 ára hefðum við átt hann hvort sem er á nýjan leik í formi arðgreiðslna og aukins verðmætis sem hann hefði skilað okkur bara með því að eiga hann áfram. Það er ósköp einfaldlega þannig.

Við fögnum auðvitað líka t.d. því að nú á að setja fjármuni í Nýsköpunarsjóð, þar á meðal einn milljarð í fjáraukalögum á þessu ári, sem er nákvæmlega sú tillaga sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði til í frumvarpi í fyrra sem við fluttum hér og töluðum að vísu þá fyrir daufum eyrum og hæstv. viðskiptaráðherra gerði lítið með það. Við lögðum til að þá yrði settur milljarður í Nýsköpunarsjóð sem er fullfjárfestur og það hamlar bersýnilega nýsköpun í landinu. Fyrir utan hin afleitu rekstrarskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina hefur það mjög hamlað hvers kyns atvinnuuppbyggingu í nýjum fyrirtækjum að Nýsköpunarsjóður hefur enga lausa fjármuni haft og áhugi stærri fjárfesta hér á landi er fyrst og fremst bundinn við útlönd eins og kunnugt er. Menn eru að keppast við að sigra heiminn í útlöndum en ekki að fjárfesta á Íslandi.

Menn hafa líka haft hér uppi t.d. orðalag af því tagi að með þessari ráðstöfun væri verið að skila þjóðinni aftur eign sinni. Bíddu, var hún einhvern tíma frá henni tekin? Var þetta ekki allt í lagi á meðan þjóðin átti saman þetta fyrirtæki og hafði af því góðan arð og hið opinbera hafði þá í höndum sér tæki til að knýja fram þau markmið sín í fjarskiptamálum sem menn vildu, að því marki sem það var þá yfir höfuð gert og hefði náttúrlega mátt gera betur? Ég held nú ekki. Það er því einnig holt undir þeim málflutningi ef betur er að því gáð.

Herra forseti. Það er auðvitað framtíðin og hún ein sem mun síðan dæma um það þegar frá líður hvernig til tókst og hversu gáfuleg og góð þessi ráðstöfun var. Ég ætla auðvitað að vona, úr því sem komið er, að betur takist til hjá okkur en þeim þjóðum mörgum sem hafa anað út í þetta fen og hafa af því mjög blendna reynslu, sums staðar mjög slæma. Ég var í Nýja-Sjálandi fyrir tæpu ári síðan og spurði menn þar rækilega út í það sem ég hafði auðvitað kynnt mér og lesið um, reynsluna af einkavæðingu símans í Nýja-Sjálandi, og þar var mikill meiri hluti þeirra sem ég hitti að máli og ræddi við, að vísu yfirleitt fólk í sveitum og strjálbýli Nýja-Sjálands, á því að þetta hefði verið hin hörmulegasta ráðstöfun hvað það snerti. Menn gætu sennilega unað sæmilega við sinn hlut í höfuðborginni Wellington og stærstu borginni Auckland en þar með væri það upp talið. Nú horfa menn á eftir arðinum af nýsjálenska símanum renna til útlanda og gengu menn þó betur frá því þar en hér var gert að Nýsjálendingar hafi eitthvað um málið að segja jafnvel þó að eignarhaldið lendi á erlendar hendur. Það er ekki einu sinni eitt einasta gullbréf inni í Símanum eða ráðstöfun eða skilyrði eða fyrirvarar af hálfu seljandans, ríkisins, að stjórn þessa fyrirtækis skuli um aldur og ævi vera skipuð að meiri hluta af Íslendingum. Það var þó sett inn í þetta í Nýja-Sjálandi.

Í Kanada, í fylkinu Manitoba þar sem við hæstv. forsætisráðherra vorum báðir gestir í sumar, var sömuleiðis farið út á þessa braut og mér heyrðist nú blendin reynslan, svo vægt sé til orða tekið, af því hvernig það hafi komið út.

[16:55]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil gera athugasemdir við þann málflutning að þær framkvæmdir sem farið er út í við sölu Símans beri engan arð. Hv. þingmaður heldur því hér fram að við munum missa arðinn af Símanum. Jú, það er rétt, en það fjármagn sem við losum á móti mun að sjálfsögðu bera gífurlegan arð. Í fyrsta lagi munum við borga upp verulegar skuldir hjá ríkinu og losna þar með við vaxtagjöld. Það liggur alveg ljóst fyrir að þær miklu samgönguframkvæmdir sem farið verður út í munu bera mikinn arð og þær framkvæmdir sem farið verður í í heilbrigðismálum munu bera mikinn arð og ég er viss um að þær munu m.a. bjarga mörgum mannslífum.

Mér finnst alveg fráleitt þegar hv. þingmaður lítur fram hjá því og heldur því hér fram að við hefðum getað farið í alla þessa hluti án þess að selja ríkiseignir. Ég skil ekki þessa hugmyndafræði, hv. þingmaður. Og mér finnst það beinlínis vera rangtúlkun sem Vinstri grænir eru með að það komi málinu ekkert við að selja Símann, við hefðum bara getað átt hann áfram og farið út í alla þessa hluti.

Ég skil hins vegar þann hugmyndalega ágreining sem er milli Vinstri grænna annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar um það sem Vinstri grænir halda fram að ríkið eigi að vera í samkeppnisrekstri, það eigi að vera í fjármálaþjónustu, það eigi að vera í fjarskiptaþjónustu jafnvel þótt þar sé komin mikil samkeppni og þar séu einkaaðilar. Það er út af fyrir sig einfaldur hugmyndalegur ágreiningur en ég tel það fjarstæðukennt að ríkið sé almennt í samkeppnisrekstri.

[16:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er náttúrlega útúrsnúningur á máli mínu að við teljum að þær framkvæmdir sem hér sé verið að ráðast í á hinn bóginn eða eyrnamerkja fé, séu ekki arðsamar eða góðar. Ég tók það einmitt sérstaklega fram að þetta væru allt saman meira og minna bráðþarfar og góðar framkvæmdir. Það er sjálfstætt ákvörðunaratriði í hverju tilviki ef menn vilja þá yfirleitt meta það reikningslega, t.d. hvað varðar byggingu hátæknisjúkrahúss. Erum við ekki sammála þar um að arðurinn komi fyrst og fremst í betri heilbrigðisþjónustu og vellíðan fólks að því leyti til?

Spurningin er þá bara sú: Erum við svo fátæk í dag að við getum ekki ráðist í þessar framkvæmdir, vegaframkvæmdir eða byggingu spítala nema að selja á móti Símann? Ég er að segja að við séum það ekki. Við höfum alla burði til að ráðast í þessar vegaframkvæmdir, byggja hátæknisjúkrahús og vonandi reka það, sérstaklega ef menn verða ekki búnir að rýja ríkissjóð af öllum tekjustofnun með skattalækkunum. Við þurfum ekki að selja frá okkur eign sem sér um sig og skilar góðum arði fái hún að halda áfram í okkar hendi.

Það er fullgildur málflutningur og að sjálfsögðu verðurðu alltaf að meta það ef þú ákveður að selja eitthvað úr þinni eigu, sérstaklega ef þú ert í atvinnurekstri, hvort það borgi sig miðað við þann arð og þann verðmætisauka sem þú þar með verður af borið saman við að eiga eignina áfram. Það tel ég að sé ekki vel grundað í þessu dæmi. Auðvitað eru t.d. samgönguframkvæmdirnar, og það vitum við vel, með því allra arðsamasta sem við getum ráðist í, það er yfirleitt ekki um það deilt, og þær eru þar fyrir utan mikilvægt innlegg í byggðapólitísku samhengi, umferðaröryggi og hvað það nú er.

Varðandi svo það að ríki eigi eða eigi ekki að vera í samkeppnisrekstri, þá notar hæstv. forsætisráðherra orðið „samkeppnisrekstur". En erum við hér að tala um samkeppnisrekstur? Má ekki vefengja það? Hvað verður til með einkavæðingu Símans annað en grimmileg, einkavædd fákeppni og einokun? Það er einokun á grunnfjarskiptaneti landsins. Öðrum aðilum er að vísu tryggður þvingaður aðgangur að því en það er aðeins einn aðili sem á það og aðeins einn aðili sem hefur arðinn af starfrækslu þess, grunnfjarskiptanetsins, og nú er það einkaaðili.

[17:00]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður heldur því hér fram að við ættum að fara út í allar þessar framkvæmdir sem við ætlum að fara í vegna sölu Símans með því að stofna til frekari skulda og borga af þeim vexti. Það er það sem hann er að segja. Hann heldur því fram að það sé tryggt að þessi eign, Síminn, komi til með að vaxa að verðmæti í höndum ríkisins. Ég hef miklar efasemdir um það.

Hann heldur því fram að ekki sé samkeppnisrekstur hér á landi. Að minnsta kosti eitt annað öflugt fyrirtæki er starfandi á þessu sviði og mörg önnur fyrirtæki eru að byggja upp fjarskiptaþjónustu af ýmsu tagi. Síðan er alþjóðleg samkeppni á þessu sviði. Því skyldum við, eina þjóðin nánast í Vestur-Evrópu, standa í þeim sporum að ríkið haldi áfram þessum rekstri þrátt fyrir við séum á sameiginlegu markaðssvæði í Evrópu? Ég sé engin rök hníga til þess.

Það er alveg ljóst, hv. þingmaður, að ef við hefðum ekki farið út í þessa sölu gætum við ekki farið í þær framkvæmdir sem verið er að fara í. Það liggur alveg ljóst fyrir. Að halda öðru fram er í besta falli sjálfsblekking og hv. þingmaður hlýtur að átta sig á því.

[17:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er bara algjörlega ósammála hæstv. forsætisráðherra. Það kemur kannski að því að ég hafi meiri trú á ríkissjóði og möguleikum hans inn í framtíðina en hæstv. ráðherra hefur haft. Ég viðurkenni að vísu að ef menn reita tekjustofnana af ríkissjóði jafnötullega og hæstv. ríkisstjórn gerir með skattalækkunaráformum sínum upp á hátt í 3 tugi milljarða á þremur árum þá munar auðvitað um það og ríkissjóður verður að því marki veikari hvort heldur er til rekstrar eða fjárfestinga á komandi árum.

En ég bendi líka á það, frú forseti, að allar þessar stóru framkvæmdir hafa verið í undirbúningi. Við erum að tala hér um samgönguframkvæmdir sem eru nánast án undantekninga inni á vegáætlun. Við erum að tala um hátæknisjúkrahús sem hefur verið til umræðu í mörg ár og í undirbúningi, samanber skipulagsákvarðanir á Landspítalalóð o.s.frv. Það hefur aldrei verið rætt um þessa hluti þannig fyrr en nú að forsenda þess að við gætum ráðist í þær væri að selja eignir ríkisins. Það eru bara heimatilbúin rök ríkisstjórnarinnar til að reyna að láta þennan gjörning líta betur út og reyna að sætta þjóðina við hann sem reyndar sér í gegnum það og er, þrátt fyrir að búið væri að tilkynna um hvernig nota ætti silfrið, að meiri hluta til andvíg einkavæðingu Símans samkvæmt nýjustu skoðanakönnun Gallups þar um. Það hefur ekki gengið betur en svo hjá öllu batteríinu að flytja fram málstað og rök ríkisstjórnarinnar að meiri hluti þjóðarinnar er enn andvígur þessari ráðstöfun samkvæmt mjög marktækum vísbendingum bæði úr eldri og nýjum skoðanakönnunum.

Loks endurtek ég að það er eins og hver annar brandari að tala um samkeppnisrekstur af því að hér er verið að búa til einkavædda einokun og fákeppni, setja einn einkaaðila í lykilstöðu til þess að hagnast á náttúrulegri einokum í fjarskiptamálum landsmanna. Þetta hafa aðrar þjóðir m.a. reynt að varast með því að eiga áfram einhvern hlut í stóru opinberu fjarskiptafyrirtækjunum þó að þau hafi að hluta til verið einkavædd. (Forseti hringir.) Þannig á t.d. franska ríkið enn þá meira en helming í France Telecom og þýska ríkið á meira en helming í Deutsche Telekom svo dæmi séu tekin. Menn viðurkenna nú að hrakspár um að þessi fyrirtæki væru komin á fallanda fót vegna tæknibreytinga og mundu rýrna í verði hafa ekki gengið eftir heldur hið gagnstæða. (Forseti hringir.) Menn hafa vanmetið lykilaðstöðu þeirra í fjarskiptum í viðkomandi löndum.

(**Forseti** (RG): Ég bið þingmenn að virða ræðutíma.)

[17:04]

Útbýting:

Náttúruvernd, 180. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 180.
Úrvinnslugjald, 179. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 179.

[17:05]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að ríkisstjórnin væri að leggja fram samgönguáætlun fram hjá þinginu með þessu frumvarpi. Ég veit ekki betur, frú forseti, en að þingið sé að ræða þessa tillögu þannig að þetta er ekkert fram hjá þinginu, þetta er mál sem liggur fyrir þinginu.

Hann hefur margoft sagt að verið sé að selja mjólkurkúna og það er endalaus ólund í hv. þingmanni út af því. Auðvitað erum við að selja eina mjólkurkú og fá aðra sem er miklu nythærri og miklu betri sem felst í því að greiða niður skuldir, greiða niður skuldir ríkissjóðs bæði innan lands og erlendis.

Svo hafa menn sagt, og mig langar til þess að spyrja hv. þingmann að því, að Seðlabankinn sé einn á vaktinni gagnvart verðbólgunni. Nú er það svo varðandi þessa sölu og ráðstöfun fjárins að það er eingöngu 2,5 milljörðum af 66,7 ráðstafað á næstu tveimur árum. Restin fer í að greiða niður erlendar skuldir en líka að stórum hluta innlendar skuldir og verður lögð inn hjá Seðlabankanum til frystingar. Er nokkurs staðar önnur aðgerð sem stendur eins mikið gegn þenslu og verðbólgu? Það er líklegt að afgangur á ríkissjóði verði ekki 10 milljarðar, eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir þetta ár, heldur 98 milljarðar, 9–10% af þjóðarframleiðslu. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hann þekki nokkurt land í heiminum sem hafi einhvern tíma skilað öðrum eins afgangi á ríkissjóði og hvort ríkisstjórnin sé ekki komin við hliðina á Seðlabankanum í því að standa vörð um verðbólguna en láti hann ekki einan um það.

[17:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er tvennt. Hið fyrra varðar samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar fram hjá þinginu. Það er ósköp einfaldlega þannig að samkvæmt vegalögum, sem nú heita væntanlega lög um samræmda samgönguáætlun, er gert ráð fyrir ákveðnu vinnuferli þegar samgönguframkvæmdir eru ákvarðaðar. Það gengur út á að samgönguráðherra undirbýr tillögu, ramma, leggur fyrir þingið og þingið ákveður sjálft þær framkvæmdir sem ráðist er í á grundvelli rammans. En hér ákveður ríkisstjórnin sjálf í hvaða vegarspotta nákvæmlega hve margar krónur skuli fara. Þarna er gengið lengra en nokkru sinni fyrr í því að ýta hinu lögbundna vinnuferli til hliðar og að ýta til hliðar hlutverki nefnda þingsins eins og fjárlaganefnd sem gerð er að eins og hverjum öðrum brandara aftur og aftur með slíkum vinnubrögðum, fær að telja baunir frá því í september og fram að jólum, en stóru fjárhæðirnar ákveður ríkisstjórnin á hnjám sér. Og stóru samgönguframkvæmdirnar núna og á næstu árum verða með þessum hætti ákvarðaðar fram hjá því vinnuferli og vinnulagi sem lög um samræmda samgönguáætlun gera nú ráð fyrir, sem ætla m.a. þinginu, samgöngunefnd og þingmannahópum kjördæmanna það hlutverk sem ríkisstjórnin tekur þarna að sér. Sú var tíðin að bæði framsóknarmenn og sjálfstæðismenn gagnrýndu ríkisstjórnir sem þá sátu fyrir að gera einmitt nákvæmlega þetta.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefnir svo um að það sé alveg einstaklega ábyrgt af ríkisstjórninni að taka ekki alla símapeningana og nota þá strax og þetta sé alveg heimsmet í ábyrgð, þá segi ég nú bara: Þakka skyldi það. Á að fara að hrósa ríkisstjórninni sérstaklega fyrir það að selja Símann og nota ekki alla peningana í hvelli í þenslunni? Bíddu, er það ekki ríkisstjórnin sem er gerandinn með því að selja Símann? Skárra væri það nú þó að hún biti ekki höfuðið af skömminni með því að taka alla peningana og nota þá í hvelli á meðan eldarnir loga sem glaðast í hagkerfinu. Mér finnst það ekki mikið til að hrósa sér af. Þá er hv. þingmaður búinn að gefa sér þá forsendu fyrir fram (Forseti hringir.) að það verði að selja Símann á þessum tímapunkti.

[17:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki betur en að hæstv. samgönguráðherra sé hluti af hæstv. ríkisstjórn og það sem hann leggur fram þar getur varla verið í andstöðu við það sem hann leggur til annars staðar. Þetta mál liggur fyrir Alþingi og Alþingi er að fjalla um það núna, einmitt núna. Ég sé því ekki að þetta sé gert fram hjá þinginu.

Varðandi hvernig fénu er ráðstafað og það notað þá fer stór hluti af því til greiðslu erlendra skulda og það breytir að sjálfsögðu engu um þenslu innan lands. En mjög stór hluti er tekinn út úr atvinnulífinu hér á landi, um 20–30 milljarðar eru teknir út úr atvinnulífinu og frystir. Það þykir góð lenska í því að berjast gegn verðbólgu. Margur hefði gjarnan viljað nota þá peninga til þess að fara í framkvæmdir en það var ekki gert og það finnst mér vera mjög ábyrgt í þessari stöðu. Það þýðir að ríkisstjórnin stendur þétt við hliðina á Seðlabankanum í því að berjast gegn verðbólgu.

[17:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Aftur varðandi samgönguáætlunina þá hvet ég hv. þingmann til að lesa lögin um samræmda samgönguáætlun. Þar er þessu vinnuferli lýst og það talar fyrir sig sjálft. Það má segja að menn hafi sér það til afsökunar hér í því tilviki að yfirleitt eru þessar framkvæmdir á vegáætlun eða langtímaáætlun þannig að það er minna stílbrot en ella væri ef ríkisstjórnin væri þarna, eins og stundum hefur verið gert, að taka inn algerlega nýjar framkvæmdir fram hjá öllu sem áður hefur staðið í vegáætlun. Það hefur gerst, t.d. þegar göng um Almannaskarð skutu allt í einu upp kollinum í sérstakri samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar og höfðu aldrei ratað inn á vegáætlun eða langtímaáætlun um vegagerð áður. Þetta er svo sem ekki stórt mál í mínum huga en svona visst prinsippmál og það ætti þá einfaldlega að breyta lögunum um samræmda samgönguáætlun og taka út hlutverk þingsins, þingnefnda og þingmannahópa kjördæmanna ef þetta á að verða vinnulagið eftirleiðis.

Varðandi þessa miklu ábyrgð og að ríkisstjórnin standi vaktina við hliðina á Seðlabankanum. Minnstu þensluáhrifin væru auðvitað fólgin í því að selja ekki Símann og hafa það fé áfram bundið í því ágæta fyrirtæki og láta það ávaxtast þar og aukast að verðmætum og þjóna þeim markmiðum hins opinbera í fjarskiptamálum sem menn vilja gera. (Gripið fram í.) Með því að gefa sér það hins vegar að selja eigi Símann á þessum tímapunkti kemur upp spurningin um hvernig fjármununum sé ráðstafað. Ég skal fúslega viðurkenna að það er heppileg og skynsamleg ráðstöfun við þessar aðstæður að borga niður erlendar skuldir. Ég held að ég hafi sagt það opinberlega að ef eitthvað væri hefði jafnvel að mínu mati mátt nota enn stærri hluta þessara fjármuna beint í það, vegna þess að með því að kaupa gjaldeyri eða fá greiðslu í gjaldeyri og nota það fé til að borga erlendar skuldir hefur það líka jákvæð áhrif ef eitthvað er á gengi krónunnar.

Það eru hins vegar ákveðin væntingaáhrif sem myndast með því að lofa þessum miklu fjárveitingum til framkvæmda strax á árinu 2007. Það má líka velta því fyrir sér af því að ekki eru nema 15 mánuðir þangað til hvort fara eigi að taka af þessum sjóði í verulegum mæli, hvort það sé jafnvel ekki fullskammur tími ef út í það er farið, ef við vildum ræða þetta eingöngu út frá þenslurökunum. Almannarómur er nú sá að ríkisstjórnin geri í raun og veru allt vitlaust sem hægt er að gera vitlaust í efnahagsmálum og vinni á móti Seðlabankanum, ég held að flestir viðurkenni það nema ríkisstjórnin sjálf. Það er almannarómur (Forseti hringir.) úti í efnahagslífinu um þessar mundir að aðalvandamálið sé ríkisstjórnin og ég er mjög sammála þeirri skoðun og því mati.

[17:13]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Sala Símans á auðvitað snúast um fjarskipti en það frumvarp sem við ræðum hér um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans snýst um áróður og í rauninni mjög

ómerkilegan áróður. Ég er hissa á því að stjórnarflokkarnir skuli bera þvílíkt og annað eins á borð og ætlast til að fólk trúi þessu. Það ekki aðeins verið að ráðstafa fé á þessu kjörtímabili eða því næsta heldur líka á þar næsta kjörtímabili. Þetta er með ólíkindum og það er ætlast til þess að fólk gleypi þetta hrátt. Mér finnst þetta vera mjög undarlegt. Hvers vegna er ríkisstjórnin með þetta ómerkilega áróðursplagg sem flestir ættu að sjá í gegnum? Ástæðan er auðvitað sú að hér er um mjög óvinsælt mál að ræða, að selja Símann með grunnnetinu sem hugnast almenningi í landinu ekki og þess vegna er búið til eitthvert ómerkilegt áróðursplagg sem kallast frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands.

Þetta frumvarp er lítil vegáætlun, lítil heilbrigðisáætlun, lítillega fjallað um Landhelgisgæsluna og nýsköpun. En við sem höfum fylgst með vegáætlun vitum að það er ekkert að marka hana. Ríkisstjórnin hefur margoft boðað sömu framkvæmdirnar og koma fram í þessu frumvarpi, svo sem Suðurstrandarveg og ég man ekki betur en búið sé að lofa honum fjórum sinnum. En nú allt í einu á að lofa honum enn og aftur og veita í hann fé og það er sett í tengslum við söluna á Símanum. Þetta er ómerkilegt. Ég held að allir ættu að taka undir að það er mjög ómerkilegt að bera þetta á borð og ég er alveg hissa á því að stjórnarflokkunum detti þetta í hug og ætlist til að fólk gleypi þetta hrátt. En auðvitað á þetta að snúast um fjarskipti en ekki vegáætlun eða heilbrigðismál.

Sá alvarlegi hlutur sem ríkisstjórnin gerði var að selja Símann með grunnnetinu og það er einmitt það sem við í Frjálslynda flokknum vildum alls ekki. Og hvers vegna ekki? Vegna þess að reynslan erlendis frá er ekki góð. Þetta var gert í sumar í Bretlandi og um reynslu Breta á hvernig ástandið var og er þar mátti lesa í Financial Times. Þegar farið er að skoða málin þar kemur upp úr dúrnum að hagnaður þeirra símafyrirtækja sem voru seld með grunnnetinu er gífurlegur og hann er mjög óeðlilegur og ekki nóg með það, þá ráða eftirlitsstofnanir ekki við að veita þessum stóru fyrirtækjum aðhald. Það er ekki einungis að neytendur séu látnir blæða heldur hefur þetta komið í veg fyrir að önnur fyrirtæki geti þrifist í samkeppni við stóru fyrirtækin sem ráða yfir grunnlínunni. Þannig hafa stóru símafyrirtækin einokunarstöðu á þeim sviðum gagnvart öðrum fyrirtækjunum í samkeppninni og það er alvarlegt. Þetta er einmitt það sem við í Frjálslynda flokknum höfum varað við. Það er vert að þingmenn fari nú yfir nefndarálitið sem lá fyrir þegar salan á Símanum var samþykkt vorið 2001. Í því nefndaráliti, sem hv. þáverandi formaður samgöngunefndar Árni Johnsen skrifaði, kemur fram að til þess að eftirlitið yrði virkt þyrfti að bæta við 2–3 störfum hjá Samkeppnisstofnun og síðan hjá Póst- og fjarskiptastofnun. (**Gripið fram í:** Það er búið að því.) Ja, ég veit ekki til þess að það hafi verið gert vegna þess að þau mál sem hafa heyrt undir þessar ákveðnu stofnanir til að fylgja eftir eftirliti á sviði fjarskiptamála, þar hefur biðtíminn eftir úrskurði verið gríðarlangur. Þetta ættu menn að hafa í huga áður en þeir fara að koma á einokunaraðstöðu einkafyrirtækis; að fara yfir þau mál og reyna að greiða úr þeim deiluefnum um samkeppnismál sem uppi hafa verið, en sú virðist ekki vera raunin.

Síðan er auðvitað í framhaldi af því um að ræða mjög misvísandi skilaboð. Við sjáum að ríkisstjórnin þykist vera að boða aðhald með því að draga úr vegafé um 1 milljarð. Síðan kemur aftur vegafé í gegnum Símann. Það er í rauninni mjög erfitt að átta sig á því hvað menn eru að fara með svona umræðum, í þjóðhagslegu tilliti. Það er verið að skera niður og bæta í á sama árinu. Þetta er mjög undarlegt.

Það skiptir einnig máli að fara yfir þessa 2,5 milljarða vegna þess að ég vil að við höldum okkur við fjarskipti, ekki fara að tala um heilbrigðismál og eitt og annað sem kemur fram í þessu máli sem er hreinn áróður. Það væri fróðlegt að fá að heyra hvernig menn ætla að ráðstafa þessum 2,5 milljörðum í fjarskiptasjóði. Er þetta hugsað sem afsláttur fyrir Landssímann eða ætla menn að byggja upp eitthvert mínígrunnlínunet sem allir eiga jafnan aðgang að? Menn hljóta að hafa hugsað það mjög djúpt hvernig á að ráðstafa fénu, milljarði núna og síðan 500 millj. á hverju ári allt til ársins 2009. Menn hljóta að hafa haft einhverja áætlun nema þá auðvitað að þetta sé hreinn áróður, sem ég reikna þó með. En mér finnst að menn ættu að útskýra hvað liggur að baki vegna þess að það er mjög aðkallandi að greiða úr ákveðnum fjarskiptamálum á landsbyggðinni. Við sem förum mikið um vegi landsins þekkjum það að þegar Landssíminn varð hlutafélag þá gerðust mjög undarlegir hlutir, þá dró úr allri GSM-uppbyggingu og það nær stöðvaðist að bæta við sendum á landsbyggðinni. Það væri því mjög fróðlegt að menn gerðu grein fyrir því hvernig þessum 2,5 milljörðum verði varið því menn eru greinilega búnir að hugsa mjög langt og marga leiki fram í tímann, jafnvel til ársins 2009. Í því sambandi er t.d. mjög aðkallandi að bæta ljósleiðarasamband á Vestfjörðum en þar virðast æ ofan í æ verða truflanir og það liggur mjög á að hringtengja ljósleiðarann á Vestfjörðum. Þess vegna væri æskilegt að menn gerðu lítillega grein fyrir því hvernig enn ætla að tryggja aðgang allra að þeirri uppbyggingu sem menn ætla sér allt til ársins 2009.

Það er vert að rifja upp í þessu máli að það snýst um fjarskipti og um samkeppni á þeim markaði í framtíðinni og við höfum varað mjög við því að með sölu grunnnetsins verði einmitt komið í veg fyrir samkeppni vegna þess að það er ljóst að menn standa ekki jafnfætis á markaðnum. En Sjálfstæðisflokkurinn virðist hafa haft mjög litlar áhyggjur af því hvort menn stæðu jafnfætis. Það má t.d. rifja upp svör sem fyrrum fjármálaráðherra og núverandi hæstv. utanríkisráðherra gaf varðandi það en þá virtist sem engu máli skipti hvort Landssíminn færi að samkeppnislögum og hvort hann hefði haft rétt við varðandi samkeppni við þau fyrirtæki sem voru á þeim markaði.

Það má kannski líta svo á að þetta áróðursplagg sem og sala Landssímans með grunnnetinu lýsi því og festi í sessi að menn hafi e.t.v. engan áhuga á samkeppni á þessum markaði. Þá er einfaldlega réttast að menn segi bara þannig frá og tali hreint út um hlutina.

Ég vil enn og aftur og ljúka ræðu minni á því að lýsa því yfir að það er fáheyrt að lofa fjármagni ekki bara á þessu kjörtímabili og því næsta heldur nokkur kjörtímabil fram í tímann. Það sjá allir.

[17:23]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um ráðstöfun og söluandvirði Landssíma Íslands hf. Hér hafa verið fluttar ýmsar ræður bæði í dag og eins í síðustu viku þar sem þetta mál hefur verið rætt og ég verð að segja það alveg eins og er eftir að hafa hlustað á umræðuna að það er misgáfulegt sem kemur frá mönnum í henni, því miður. Sumt af því er byggt á pólitískum áróðri sem er út af fyrir sig. Annað er byggt á vanþekkingu nema menn vilji vísvitandi halda fram málum með röngum hætti þó að þeir viti betur. Ég skal ekki um það segja. En svona er þetta nú og mér finnst sumt í þessari umræðu bera keim af því.

En varðandi söluna á Landssímanum þá hefur málið auðvitað haft langan aðdraganda eins og við þekkjum en ég tel að framkvæmd sölunnar sem er nýafstaðin hafi tekist mjög vel, verið vel heppnuð og vel að henni staðið og öllum til sóma sem að henni stóðu.

Það var lengi deilt um í fyrsta lagi hvort ætti að selja Símann eða ekki og í öðru lagi hvort ætti að selja hann eins og það var gert núna eða ekki. Sumir héldu því fram að það ætti að halda eftir því sem menn kalla grunnnet, ég hef reyndar aldrei fengið botn í hvað menn hafa átt við með grunnneti því það hefur ekki verið mjög skýrt skilgreint í umræðunni. Ég hef alla tíð verið sammála því að það ætti að selja fyrirtæki á þann hátt sem gert var núna þannig að ég fagna því sérstaklega og lýsi ánægju með framkvæmdina.

Í frumvarpinu koma fram tillögur frá ríkisstjórninni um hvernig skuli farið með söluandvirðið og mér finnst þær ákaflega skynsamlegar fyrir margra hluta sakir. Þar er m.a. tekið tillit til stöðu í efnahagsmálum um þessar mundir og þar eru gerðar tillögur um ráðstöfun fjármuna á næstu árum, til málefna sem eru öll hvert á sinn hátt ákveðin þjóðþrifamál.

Svo við förum aðeins yfir þá hlið sem snýr að efnahagsmálunum þá er gert ráð fyrir því í tillögunni að sá hluti söluandvirðisins sem er greiddur í erlendum gjaldeyri verði nýttur til að greiða niður erlendar skuldir þannig að þeir fjármunir munu ekki koma inn í hagkerfi okkar en að sjálfsögðu njótum við þess að lækka skuldir með þessum hætti og það er auðvitað mjög jákvætt miðað við þær aðstæður sem við búum við í dag. Hins vegar er gert ráð fyrir að hinn hluti söluandvirðisins verði að mestu leyti lagður inn í Seðlabankann til ávöxtunar og það er auðvitað mjög skynsamleg aðgerð við núverandi aðstæður. Á þennan hátt erum við auðvitað að lækka skuldir ríkissjóðs allverulega. Við erum að létta verulega á vaxtabyrðinni á næstu árum og allt er þetta gríðarlega ánægjulegt og ég lýsi sérstakri ánægju með að gert sé ráð fyrir að greiða skuldir ríkissjóðs niður eins og hér er gerð tillaga um.

Það blasir auðvitað við að aukið svigrúm verður í fjárlögum allmargra næstu ára til hinna ýmsu málaflokka, velferðarmála, fjárfestinga eða hvað sem er, að því leyti til virkar þetta allt mjög jákvætt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjármunir verði nýttir til fjárfestinga og framkvæmda eftir að mesta þensluskeiði lýkur árið 2007 og þar með er auðvitað verið að beita ríkissjóði til sveiflujöfnunar í hagkerfinu sem er auðvitað mjög skynsamleg ráðstöfun.

Í frumvarpinu er gert ráð að 15 milljörðum kr. verði varið til framkvæmda í vegamálum. Sumir hafa kallað þetta samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar, gefið þessu hin ýmsu heiti en það er auðvitað ljóst að hér er um að ræða mjög stórar framkvæmdir sem verða fjármagnaðar á þennan hátt og að sjálfsögðu blasir það við að með því skapast meira svigrúm í samgönguáætlun og vegáætlun næstu ára en ella.

Í þessari umræðu um sölu Símans hefur mikið verið rætt um að verið sé að selja mjólkurkúna eða ættarsilfrið eða hvernig sem menn hafa orðað það og því er haldið fram sérstaklega af Vinstri grænum að hér sé ekki rétt að farið því að ríkissjóður hafi fengið svo mikinn arð af Símanum undanfarin ár en það er auðvitað eins og m.a. hefur fram komið hjá hæstv. forsætisráðherra að með umræddri ráðstöfun erum við auðvitað að fá miklu meiri arð af þessari eign okkar en ef hún væri bundin áfram í Landssímanum. Þar er ekki bara um að ræða fjárhagslegan arð heldur líka ýmsan annan. Við getum talað um að hér er gert ráð fyrir að kaupa nýtt skip fyrir Landhelgisgæsluna og nýja flugvél, er það ekki arður fyrir þjóðina sem býr við þær áherslur í sjávarútvegi sem við þekkjum, að efla öryggi sjófarenda? Ég kalla það bara stórkostlega mikinn arð ef við leyfum okkur að tala um þetta með þeim hætti og hið sama má segja um sjúkrahús o.s.frv. Þannig að við erum að losa fjármagn sem við ætlum að nýta til tiltekinna hluta sem auðvitað eru stór þjóðþrifamál og ber að fagna.

Í umræðunni fyrr í dag kom fram hjá formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að það væri alveg hægt að fara í þetta allt saman sem hér er gerð tillaga um, þó svo að við seljum ekki Símann. En mér finnst slíkur málflutningur ekki bera vott um mikla ábyrgð hins vegar gæti verið að þarna sannaðist það sem sumir hafa haldið fram að vinstri menn haldi stundum að peningarnir detti hreinlega af himnum ofan og ég skal ekki um það segja.

Í þessu máli er auðvitað margt sem væri vert að fara yfir, t.d. að það er svo skrýtið að með þessari sölu ber ríkissjóði að greiða sjálfum sér fjármagnstekjuskatt. Það er bara samkvæmt lögum og út af fyrir sig er verið að færa peninga úr einum vasa í annan. En hvað skyldi þetta hafa í för með sér? Jú þetta hefur það í för með sér að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær meira framlag úr ríkissjóði fyrir vikið vegna þess að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miðast við ákveðið hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs. Það sem hér er um að ræða er að ríkið þarf að greiða sjálfu sér fjármagnstekjuskatt, það hækkar skatttekjurnar og færir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga aukið framlag. Þannig fá ýmsir ávinning af þessu, arð ef við viljum fara út í það, og þannig fá sveitarfélögin ákveðna hlutdeild í söluandvirðinu.

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að hlaupa á nokkrum atriðum í frumvarpinu. Það er ljóst að við slíkar aðstæður þar sem verið er að leggja fram tillögur um ráðstöfun eins mikilla fjármuna og hér er gert ráð fyrir þá hafa hinir ýmsu aðilar að sjálfsögðu alls konar hugmyndir um hvað gera ætti við þá og það er út af fyrir sig skiljanlegt og alls ekkert óeðlilegt við það.

Fyrst varðandi vegaframkvæmdirnar en þar um að ræða 15 milljarða þar sem gerð er tillaga um tilteknar vegaframkvæmdir. Þessar framkvæmdir allar koma hver fyrir sig fram í langtímaáætlun um vegamál sem Alþingi hefur sam-

þykkt þannig að hér er ekki um að ræða neinar nýjar framkvæmdir að því leyti en hins vegar er verið að flýta þeim allverulega, þ.e. stórum framkvæmdum. Ég ætla ekki að fara yfir þær hverja fyrir sig í smáatriðum en þær koma fram í þingskjali og ég lýsi ánægju með það eins og þetta lítur út.

Síðan er hér stórt mál sem hefur verið mikið í umræðunni og það er uppbygging Landspítala – háskólasjúkrahúss. Í umræðunni í dag hafa menn m.a. verið að takast aðeins á um hver hafi verið fyrstur að nefna það eða koma með það mál inn í þingið. Ég ætla ekki að taka þátt í því en málið er jafngott fyrir það.

Mig langar aðeins, virðulegi forseti, að leggja inn í umræðuna um þjóðarsjúkrahúsið, eins og menn hafa nefnt það, að gert er ráð fyrir að sú uppbygging fari fram á lóð Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík. Ég hef hins vegar velt því fyrir mér hvort menn hefðu ekki átt að skoða þann möguleika að færa þessa starfsemi vegna þess að mér finnst ekki sjálfgefið og út af fyrir sig að mörgu leyti óeðlilegt að slík starfsemi verði byggð upp á þessu svæði hér rétt við miðborgina. Við vitum hvernig umferðin er hér til og frá og allt í kring. Ég velti því upp hér í umræðunni, og það væri gaman að heyra viðbrögð manna við því, hvort ekki hefði verið skynsamlegt að velja annan stað fyrir þessa stofnun. Það blasir við að eignir sjúkrahússins í Fossvogi verði seldar og jafnframt þau lóðarréttindi sem þar eru og það er gríðarlega mikill húsakostur við Hringbrautina. Með því að selja hann einnig fást gríðarlegir fjármunir til uppbyggingar. Hér er gert ráð fyrir að byggja við gamalt, gamlar byggingar sem sumir telja að þjóni ekki kröfum tímans. En með því að færa þessa starfsemi annað, sem ég ætla út af fyrir sig ekki að gera tillögu um hér nákvæmlega, mætti auðvitað hanna þjóðarsjúkrahús frá grunni sem hlýtur að vera hagkvæmara að mörgu leyti. Sú umræða hefur ekki farið fram, a.m.k. ekki í mín eyru, en ég tel að þegar við ræðum svo stórt og mikið mál sem nær svo langt inn í framtíðina sem raun ber vitni beri okkur að ræða það út frá ýmsum hliðum og komast að niðurstöðu um það.

Ýmislegt fleira er í frumvarpinu. Þar er gert ráð fyrir 2,5 milljörðum í svonefndan fjarskiptasjóð sem nýta á samkvæmt ákvæðum í fjarskiptaáætlun sem Alþingi samþykkti síðastliðið vor. Í frumvarpinu kemur fram að hæstv. samgönguráðherra muni fljótlega leggja fram frumvarp um hvernig með þetta skuli farið og það er auðvitað vel. Ég legg áherslu á, og vil þar með taka þátt í þeirri umræðu hver var fyrstur með hvað, að við framsóknarmenn lögðum mikla áherslu á það á sínum tíma þegar ákveðið var að selja Símann að tekið yrði frá verulegt fjármagn í þessu skyni til þess að byggja upp fjarskiptin, sérstaklega úti á landsbyggðinni, og ég fagna því mjög að þetta mál skuli vera hér til umræðu og er sannfærður um að það mun hafa mikið að segja varðandi aðgengi manna að fjarskiptaþjónustunni.

Virðulegi forseti. Hægt væri að fara yfir margt fleira í frumvarpinu, mörg einstök atriði, en ég ætla ekki að teygja tímann með því en aðeins taka þátt í umræðunni sem hér hefur farið fram um form málsins. Nokkrir hv. þingmenn hafa velt því fyrir sér hvort eðlilegt sé að leggja málið upp með þessum hætti, þ.e. í frumvarpi til laga, og hér hafa verið haldnar lærðar ræður um það og út af fyrir sig komið margar ágætar ábendingar í því efni. Ég held að það sé ekkert óeðlilegt við það að lagt sé fram frumvarp með þessum hætti vegna þess að það er munur á lögum annars vegar og þingsályktun hins vegar. Og það er eins með þetta mál og öll önnur lög að þingmeirihluti á hverjum tíma getur auðvitað gert breytingar á þeim.

Síðan velta menn fyrir sér hvort eðlilegt sé og hægt sé að binda útgjöld svona langt fram í tímann með þessum hætti. Þá er rétt að benda á að við búum við alls konar lög sem gera ráð fyrir starfsemi og útgjöldum langt fram í tímann. Tína mætti til fjölmörg lög í því sambandi en öll hafa þau það sammerkt, þar á meðal þetta frumvarp líka, að leita ber fjárheimilda í fjárlögum hvers árs fyrir viðkomandi starfsemi þannig að það er eins með þetta mál og önnur lög sem við þekkjum.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt öllu lengra, ég hef komið á framfæri helstu atriðum sem ég vildi nefna í þessari umræðu en hún er fyrir margt mjög athyglisverð. Menn hafa komið með ýmsar skoðanir á málinu, bæði varðandi sína pólitík og stefnu, um rekstrarform og allt hvaðeina, en hér er auðvitað um að ræða mjög stórt og víðfeðmt mál sem er allrar athygli vert.

Ég vil bara segja að lokum, virðulegi forseti, að ég lýsi ánægju með hvernig salan á eignarhlut ríkisins í Landssímanum tókst til. Við sjáum fram á að geta nýtt þessa gríðarlega miklu fjármuni með þeim hætti sem hér er lagt upp með til framtíðar og allt mun þetta skapa okkur aukið svigrúm til annarra hluta einnig. Við horfum fram á þá núna að eftir að búið er að greiða niður skuldir á þann hátt sem gert er ráð fyrir m.a. vegna þessa máls, fyrir utan góðan afgang fjárlaga, að þá verði ríkissjóður Íslands með þeim minnst skuldsettu í okkar heimshluta. Því ber auðvitað að fagna og það styrkir stöðu okkar til framtíðar. Við munum lækka vaxtabyrði og vaxtagjöld á næstu árum og allt er þetta, eins og málið í heild sinni, í þágu framtíðarinnar og því ber sérstaklega að fagna. Ætla ég ekki að hafa fleiri orð um málið að sinni, virðulegi forseti.

[17:38]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Rétt er að taka það fram í upphafi að það var skoðun okkar í Frjálslynda flokknum að ekki hefði átt að selja dreifikerfið með Símanum en það hefur nú verið gert og verður ekki gert meira mál úr því, enda tilgangslaust eftir að salan hefur farið fram. Þá verðum við auðvitað að ræða um hvernig þessir fjármunir verða nýttir og út af fyrir sig geri ég ekki neinn sérstakan ágreining um það hvernig menn setja upp þá áætlun þó að auðvitað megi velta því fyrir sér hvort einstök atriði vanti inn í áætlunina. Ég hef t.d. nefnt og nefndi fljótlega þegar þetta kom upp að gjarnan hefði mátt gera ráð fyrir einhverri lagfæringu á stöðu eldri borgara, m.a. í þessu máli. En eins og formaður fjárlaganefndar sagði áðan þá er e.t.v. meira rými í fjárlagafrumvarpinu til að skoða það og ég legg þann skilning í orð hans án þess að ég sé að gera honum upp skoðanir, hv. þingmaður getur þá leiðrétt það.

Hins vegar hvað varðar vegaféð þá sýnist mér þegar maður les fjárlagafrumvarpið og þetta frumvarp um ráð-

stöfun á söluandvirði Símans saman að það gleymist tæpir 2 milljarðar eða kannski 1,8 milljarðar frá árinu 2004 því það hefur verið niðurskurður á verklegum framkvæmdum um tæpa 6 milljarða miðað við næstkomandi ár, 2006, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem við erum með í höndunum og ég get ekki séð í því að það eigi að koma til baka nema 4.

Ég spyr: Lítur formaður (Forseti hringir.) fjárlaganefndar svo á að það sé verið að fylla í skarðið með símapeningunum?

[17:40]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi vegaféð lít ég svo á, og vísa þar m.a. til svars hæstv. fjármálaráðherra sem kom fram í síðustu viku við umræðuna þá, að tekin hafi verið ákvörðun um að fresta vegaframkvæmdum upp á þá fjármuni sem hv. þingmaður nefnir og gert sé ráð fyrir að þeir komi aftur inn í vegaframkvæmdir á síðari tímum.

Ég vísa til þessa svars og hef í sjálfu sér ekkert meira um það að segja. Ég geri ráð fyrir að þetta mál komi til okkar í fjárlaganefnd og þar munum við eflaust fara yfir það hönd í hönd og fá þessar upplýsingar alveg á hreint. Ég hef því í raun ekkert meira um það að segja en það sem fram kom hjá hæstv. fjármálaráðherra í umræðunni að þetta fé komi til baka.

[17:41]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þá spurningu sem hv. þingmaður velti upp í sambandi við staðsetningu hátæknisjúkrahúss, hvort hátæknisjúkrahús ætti endilega að vera staðsett þar sem það er í dag. Ég held að þetta sé mjög áhugaverð spurning, að menn velti þessu vandlega fyrir sér, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem er um Reykjavíkurflugvöll. Þetta tengist allt saman því að landsmenn horfa auðvitað til hátæknisjúkrahúss sem þeir eigi aðgang að, jafngóðan aðgang og aðrir landsmenn, og að þetta sé sjúkrahús sem geti tekið við verulega slösuðu fólki og mikið sjúku fólki.

Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort hann hafi m.a. velt því upp þegar hann nefndi að skoða ætti staðsetningu hátæknisjúkrahúss annars staðar en ráð er fyrir gert. Ég held að það komi vel til greina að skoða það í tengslum við ýmislegt annað sem verið er að ræða í þjóðfélaginu.

[17:42]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi staðsetningu sjúkrahússins þá vitna ég bara í það sem ég sagði áðan að það hafa auðvitað verið uppi umræður um þetta áður, ef ég man rétt. Þetta er því mál sem ég tel eðlilegt að menn fjalli um í þessu sambandi.

[17:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að salan á Símanum hafi tekist að mörgu leyti vel. Ég var hins vegar þeirrar skoðunar að ekki hefði átt að selja dreifikerfið. Það var tekin ákvörðun um það af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég tel að verðið fyrir Símann hafi verið giska gott og ég tel líka að hæstv. ríkisstjórn hafi tekið mið af margvíslegri gagnrýni sem kom fram á fyrri einkavæðingargerninga hennar og þessi sala hafi verið gegnsærri en hinar.

Við hv. þm. Magnús Stefánsson vil ég segja þetta: Ræða þín skal vera já, já og nei, nei. Hv. þingmaður kemur hingað og spyr okkur þingmenn hvort við teljum að reisa hefði átt hátæknisjúkrahúsið einhvers staðar annars staðar. Annars staðar hvar? Hv. þingmaður hefur ekki kjark til þess að segja hvar annars staðar hann er að ræða um. Er það kannski innlegg í kosningabaráttu Framsóknarflokksins í Reykjavík að leggja til að það eigi að taka þetta hátæknisjúkrahús sem verið hefur á Reykjavíkursvæðinu og flytja það eitthvert annað? Er það svo? Hv. þingmaður þarf að upplýsa það fyrir okkur til þess að við getum svarað spurningu hans.

Ég vil svo segja það, frú forseti, að ég er ánægður með ýmislegt í áformum ríkisstjórnarinnar um að verja þessum peningum. Ég er ánægður með að geðfatlaðir skuli fá milljarð. Ég spyr hins vegar hv. þingmann: Hvernig stendur á því að aldraðir eru algerlega settir hjá í þessu? Við vitum að nú er fram undan nauðsyn á mikilli uppbyggingu dvalarheimila aldraðra og hjúkrunarheimila. Hvernig stendur á því að ekkert er tekið á því í þessu máli? Telur hv. þingmaður, og virðulegur formaður fjárlaganefndar, að það komi til greina í umfjöllun þingsins að skoða breytingar á frumvarpinu eða þingmálinu með þeim hætti að gert verði ráð fyrir fjármagni til þess að byggja upp (Forseti hringir.) t.d. hjúkrunarheimili aldraðra á næstu árum?

[17:45]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um staðsetningu sjúkrahússins. Mér finnst hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem er oft mjög frjór í hugsun, seilast heldur langt, að ég sé með einhver plott eða leikfléttur um það mál. Ég er einfaldlega að velta því fyrir mér af praktískum ástæðum hvort Hringbrautin sé besta staðsetningin fyrir þjóðarsjúkrahús. Ég leyfi mér að efast um það. Það hlýtur líka að vera praktískt út frá starfsemi svona stórs sjúkrahúss til framtíðar að það sé hannað frá grunni í staðinn fyrir að það sé verið að sauma það við eldri byggingar. Það er fyrst og fremst þetta. Allt varðandi einhverjar kosningar í framtíðinni, það er bara eitthvað sem hv. þingmaður hefur fundið í sínu hugskoti.

Varðandi annað sem hann nefndi um aldraðra vísa ég til svars hæstv. heilbrigðisráðherra fyrr í dag í þessari umræðu þar sem hann benti m.a. á að það er unnið að ákveðinni áætlun um uppbyggingu hjúkrunarrýma fyrir aldraða. Hann fór yfir það og ég veit að hv. þingmaður var hér viðstaddur þegar sú umræða fór fram og vísa ég til þess.

[17:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst það merkilegt að jafnveigamikill þingmaður og hv. formaður fjárlaganefndar er skuli koma hingað og gagnrýna það frumvarp sem hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir sitt leyti á þátt í að leggja hér fram.

Hv. formaður fjárlaganefndar gagnrýnir tvennt sem er megineinkenni á þeim hluta frumvarpsins sem lýtur að

hæstv. heilbrigðisráðherra. Í fyrsta lagi lýsir hv. þingmaður því yfir að hann hafi efasemdir um að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi tekið rétta ákvörðun um staðsetningu sjúkrahússins. Hvað veldur því?

Í öðru lagi gagnrýnir hv. formaður fjárlaganefndar þá ákvörðun hæstv. heilbrigðisráðherra að fara þessa leið við að búa til hið sameinaða hátæknisjúkrahús. Ég spyr hv. þingmann: Hefur hann viðrað þessa gagnrýni sína innan þingflokks Framsóknar og er það svo að þingflokkur Framsóknarflokksins sé þá klofinn um þessi tvö grundvallaratriði að því er varðar byggingu hátæknisjúkrahússins?

[17:48]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður er, eins og ég sagði áðan, oft frjór í hugsun og hefur gaman af því að spinna málin. Það er enginn ágreiningur um þetta mál, þó að ég leyfi mér í þessari umræðu að velta þessu upp með staðsetningu sjúkrahússins. Mér finnst bara eðlilegt að menn ræði það í þessu sambandi og það er engin ástæða til þess að búa til einhverjar samsæriskenningar um annað í þessu máli.

[17:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort ég á að leiðrétta hv. þm. Magnús Stefánsson, formann fjárlaganefndar, þegar hann sagði að það væru mörg dæmi þess í lögum að verið væri að ráðstafa tekjum á svipaðan eða sambærilegan hátt og hér um ræðir. Það eru engar hliðstæður þess. Hins vegar eru ákvæði í lögum um hvernig skuli ráðstafa framtíðartekjum og þá framtíðargjöldum en það byggist náttúrlega á forsendum hvers árs fyrir sig. Við sjáum því á hverju ári ákvæði sem oftar en ekki byrja á „þrátt fyrir" vegna þess að forsendur eru breyttar og hv. þingmenn taka ákvörðun um að gera hlutina á annan hátt en upphaflega hugmyndin er. Kjarni málsins er sá að það hefur aldrei áður verið ráðstafað peningum í hendi á þann hátt sem hér um ræðir. Það gerir líka þinginu erfitt um vik í framtíðinni, að minni hyggju, að breyta þessum ákvörðunum. En á móti kemur að ég hef einnig sagt að þetta eru mörg fín verkefni og ég geri ekki neinar athugasemdir við það. Ég vildi aðeins nefna þetta.

Megintilefni þess að ég óskaði eftir að veita andsvar er að ég hef ekki náð alveg utan um það ákvæði hvernig menn hugsa þennan fjarskiptasjóð og hvernig menn hugsa þessar framkvæmdir og hvernig menn hugsa það að láta þær frá sér. Erum við í raun og veru að tala um að ríkið ráðist í framkvæmdir og leigi þær fyrir lítið fé, er um einhvers konar niðurgreiðslu að ræða til þeirra símafyrirtækja sem nú starfa eða hvernig er þetta hugsað? Hér er oftar en ekki vísað til þess að hæstv. samgönguráðherra skuli á síðari stigum leggja fram frumvarp sem á einhvern hátt útskýri þetta frekar. En mér finnst ekki mikið þó að í þessari umræðu verði okkur greint frá því hver grunnhugsunin er á bak við þessa leigu og hvernig menn hugsa þetta. Mér finnst það skipta miklu máli í þeirri umræðu sem fram undan er varðandi þennan fjarskiptasjóð að við fáum nokkuð skýra mynd af því hvernig þetta er hugsað.

[17:50]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson spyr eðlilega út í fjarskiptasjóðinn, hvernig hann sé hugsaður. Ég skal fúslega vera ærlegur og viðurkenna það fyrir hv. þingmanni að ég er kannski ekki rétti maðurinn til að svara því í smáatriðum. Það er gert ráð fyrir því að hæstv. samgönguráðherra leggi fram frumvarp um þennan fjarskiptasjóð þannig að það hefði verið eðlilegt að hæstv. samgönguráðherra svaraði því. Síðan er gert ráð fyrir því í grófum dráttum í greinargerð í þessu frumvarpi hvernig þetta er hugsað í útlínum en ég vísa til þess að ráðherra samgöngumála mun leggja fram frumvarp þar sem kveðið verður á um þetta.

[17:51]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur algera sérstöðu hér. Við höfum ekki séð mál sett fram með þessum hætti. Við vitum ekki í raun og veru hvað við eigum að kalla málið. Þetta heitir frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. og er í eðli sínu líkt samgönguáætlun eða byggðaálætlun. Menn benda á tiltekna fjármuni, sem eru til staðar vegna sölu Símans, og búa til eins konar áætlun, sem er í lagaformi, um hvernig skuli gera þetta. Þetta virðist vera hugsað til þess að ríkisstjórnin geti lifað eftir sinn dag, hennar ákvarðanir standi inn í framtíðina um það hvernig eigi að ráðstafa þessum fjármunum, líklega vegna þess að þeim finnst að þeir eigi þessa fjármuni, þeir hafi aflað þeirra með ráðstöfunum sínum, svita og tárum á undanförnum árum. Þetta hefur jú tekið langan tíma og mönnum finnst þeir hafa unnið mikil afrek.

Ég er mjög ósammála því að svona skuli staðið að málum. Mér finnst allt í lagi að ríkisstjórnin hafi skoðun á því hvað eigi að gera við þessa fjármuni. En mér finnst undarlegt að ekki skuli mega fara með þá með eðlilegum hætti í gegnum fjárlög og vegáætlun. Menn eiga eftir að glíma við það á næstu árum að taka alltaf tillit til þess sem hér hefur verið komið fram eða taka afstöðu til þess að það verði ekki gert því að auðvitað getur þetta „þrátt fyrir"-ákvæði, sem margir þekkja hér og allir, komið til greina gagnvart þessum lögum þegar þar að kemur.

Það er nefnilega ýmislegt óljóst í þessu lagafrumvarpi og mér er nær að halda að ýmislegt muni breytast í framtíðinni af því sem þarna stendur. Mér nægir að benda á það sem dæmi að hér er talað um það í sambandi við fjármuni til Landhelgisgæslunnar að þar muni menn kaupa eða leigja fjölnota varðskip, kaupa eða leigja eftirlitsflugvél. Ég hef skilið það þannig að ef menn leigja eitthvað sé það rekstur, ef menn kaupa eitthvað sé það fjárfesting. Ég held að verulegur munur sé á því sem Landhelgisgæslan þarf á hverju ári til reksturs og því sem hún þarf á að halda vegna kaupa á þessum skipum og þeirri flugvél sem hér er talað um. Þess vegna gætum við staðið frammi fyrir því að það yrði allt önnur þörf fyrir fjármuni til Landhelgisgæslunnar árlega eftir því hvort skip eða flugvélar hafa verið tekin á leigu eða keypt. Fleira gæti auðvitað komið upp sem gæti orðið öðruvísi og menn þyrftu að setja „þrátt fyrir"-ákvæði í lög í sambandi við fjárlög á þeim árum sem fram undan

eru. En aðalatriðið er að mér finnst það óeðlilegt að menn ráðstafi málum langt fram í tímann löngu eftir sinn dag á ríkisstjórnarbekkjunum.

Þetta er samgönguáætlun í sjálfu sér, eins og ég nefndi áðan, og við höfum séð þær margar á ferli þessarar ríkisstjórnar og ferli fyrrverandi ríkisstjórnar aftur í tímann sem ég hef fylgst með. Þá hefur það verið eins og með vorið, annað hvort ár hafa komið einhverjar nýjar ákvarðanir í samgöngumálum sem ríkisstjórnin hefur tekið. Af góðsemi sinni hefur hún útvarpað því til landsmanna að nú hafi hún ákveðið að fara í þennan eða hinn vegspottann eða þessa eða hina framkvæmdina, göngin eða hvað það nú er. Svo hratt gengur þetta fyrir sig að frá því að þetta frumvarp var lagt fyrir hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um að fara í ný jarðgöng á Vestfjörðum. Ég vil því spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort við eigum von á því að sú framkvæmd verði fjármögnuð inni í þessum pakka, inni í þessu lagafrumvarpi, eða með öðrum hætti. Ég fagna því og mér finnst það út af fyrir sig eðlilegt að menn hafi tekið ákvörðun um að fara í framkvæmdir á Vestfjörðunum en ég held að það væri gott að menn fengju að vita hvort nota á í þær aðra fjármuni en þá sem eru til útdeilingar og þá hvernig ríkisstjórnin hugsar sér að fjármagna þau göng.

Mér finnst ástæða til að spyrja annarrar spurningar. Ég tók eftir því í fréttum þegar kom að sölu Símans að sett var fram regla sem ég hafði aldrei heyrt um fyrr. Reglan var á þann veg að ef þeir sem buðu í Símann byðu svo nærri hver öðrum, ef tölurnar yrðu það líkar að það væru — ég man ekki hvað það var — 4–5 milljarðar á milli, þá skyldi halda áfram að bjóða fram eftir deginum. Ég fékk aldrei að heyra neina útskýringu á því að þessi regla var höfð þarna með. Það reyndi að vísu ekki á hana vegna þess að sá sem átti hæsta tilboðið í Símann var svo hátt fyrir ofan þann sem næstur kom að ekki kom til þess að ákvæðið yrði notað. En ég tel fulla ástæðu til þess að upplýsa það við umræðuna hver tilgangurinn með þessari reglu var, mér fannst hún ótrúlega undarleg. Mér fannst að hún gæfi þeim sem ætlaði sér að kaupa Símann, þeim sem hafði til þess bestu þekkinguna að gera sér grein fyrir verðmæti hans, þeim sem ætlaði sér að hremma þetta fyrirtæki í þessu útboðsferli, tækifæri til þess að skoða tilboð sitt út frá því. Sá sem ætlaði sér að ná í fyrirtækið með hæsta boði sá fram á að geta lækkað það um þann mismun sem þar væri á ferð. Hann vissi fyrir fram að hann gæti gert tilboð aftur ef fram kæmi tilboð sem væri hærra en hans. Sá sem hafði metið Símann á 72 milljarða hefði getað lækkað tilboð sitt niður í 67 milljarða þar sem hann sá fram á að hann fengi tækifæri til að bjóða aftur ef einhver annar færi upp fyrir þessa tölu. Það er nauðsynlegt að menn viti hvernig þessi regla var hugsuð og hvort hún var tillaga frá þeim aðilum sem gáfu ráðin eða hvort hún kom inn síðar í ferlinu því að einhverja útafbreytni hafa menn nú stundað í sambandi við þá ráðgjöf sem þeir hafa fengið við sölu á ríkisfyrirtækjum á undanförnum árum.

Vegaframkvæmdirnar eru stór liður í þeirri ráðstöfun sem hér er á ferð og eru allar hin bestu mál, með fyrirvara um það sem ég hef sagt hér áður um að menn eigi ekki að ráðstafa hlutum með þeim hætti sem hér er gert. En það er eitt sem ég get ekki sætt mig við. Hér er sett fram tillaga um það hvernig Sundabrautin skuli fjármögnuð. Við þá tillögu er hengd, að því er virðist, ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hluti af Sundabraut skuli fjármagnaður í einkaframkvæmd og að gjald skuli innheimt fyrir að nýta þau mannvirki í framtíðinni. Það vill svo til að Sundabrautin tengir höfuðborgarsvæðið norður og vestur um landið, en einmitt á þeirri leið hafa menn þurft að greiða fyrir að fá að fara í gegnum umferðarmannvirki. Menn hafa borgað það mikið fyrir það umferðarmannvirki að ríkið mun eignast það skuldlaust á 20 árum.

Samgönguráðherra hefur á undanförnum árum margoft lýst því yfir að einhvers konar stefnumörkun stæði yfir hvað varðar gjaldtöku af umferðarmannvirkjum. En þrátt fyrir að ríkisstjórnin taki nú þessa ákvörðun, og lýsi því í raun og veru yfir að það standi til að byggja hluta af þessari leið vestur og norður um land í framhaldi af Sundabrautinni með einkaframkvæmd og að innheimta þar veggjöld, þá fylgir ekkert með um það hver sú stefnumörkun er. Það liggur beint við að menn álykti sem svo að hugmyndin sé sú að áfram skuli það vera þannig að þeir sem koma að norðan og vestan til höfuðborgarsvæðisins skuli sko borga fyrir aðganginn en þeir sem koma að sunnan og austan skuli ekki gera það.

Það er nú ekki eins og það hafi ekki kostað töluvert að byggja umferðarmannvirki sem liggja sunnan og austan að borginni. Það er nú ekki eins og ekki hafi á undanförnum árum verið veitt í það neinum fjármunum að bæta samgöngur til borgarinnar að sunnan og austan. Ég tek þetta hér til umræðu vegna þess að mér finnst það ekki vansalaust að ekkert skuli hafa komið út úr yfirlýsingum hæstv. samgönguráðherra hvað eftir annað um þessa stefnumörkun sem átti að liggja fyrir fyrir meira en ári, líklega tveim árum síðan fyrst, um gjaldtöku af umferðarmannvirkjum, af samgöngum í landinu. Það kann vel að vera að í pokahorni ríkisstjórnarinnar eða samgönguráðherrans séu einhverjar leiðir sem við höfum ekki fengið að sjá, sem tryggja einhvers konar sanngirni hvað varðar innheimtu vegna umferðarmannvirkja. En það er ekki gott að ræða þær þegar þær hafa ekki komið fram. Mér finnst það ekki þolandi að ríkisstjórnin leggi fram tillögu sem er svona stór í sniðum og lýsi því yfir að það eigi að fjármagna þetta í einkaframkvæmd og útskýri það ekki nánar. Menn hljóta að draga þá ályktun að það eigi að borga og að þeir skuli borga sem nýta þessi mannvirki. Sá hópur sem kemur til með að borga þetta mannvirki er því mjög sviplíkur þeim hópi sem hefur verið að greiða Hvalfjarðargöngin. Ég hefði talið ástæðu til þess að menn gerðu grein fyrir því hvað þeir ætla sér, hvort það er eitthvað sem alþingismenn ekki vita, eitthvað sem væri uppi í ermi eða í pokahorni ríkisstjórnarinnar eða hæstv. samgönguráðherra, og það komi þá fram í þessari umræðu.

Síðan er það fjarskiptaáætlunin. Ég hefði gjarnan viljað fá að vita svolítið meira um það hvernig menn ætla að standa að því máli. Gert er ráð fyrir því að til verði sérstakur sjóður, fjarskiptasjóður. Hann á að nota til að sjá til þess að bætt verði við fjarskiptakerfið í landinu þannig að fólk á landsbyggðinni sérstaklega fái þá þjónustu sem eðlilegt er að veita og að menn haldi áfram með uppbyggingu þess kerfis sem til þess þarf.

Þessari leið ríkisstjórnarinnar fylgir erfiður vandi. Hér er

talað um að það eigi að bjóða þessi verkefni út. Það vill bara þannig til að þeir sem keyptu Landssímann hafa séraðstöðu til þess að uppfylla öll þessi verkefni. Það kann að vera að litli samkeppnisaðilinn, hann er kannski ekki beint lítill en hann er mjög lítill í samanburði við Landssímann, geti veitt einhverja samkeppni á einhverjum tilteknum svæðum. En Landssíminn sjálfur er með grunnnetið um allt land og viðbætur við kerfið eru að öllum líkindum miklu auðveldari og ódýrari í framkvæmd og rekstri fyrir Landssímann en fyrir einhverja nýja aðila.

Ég get ekki betur séð en að Landssíminn hafi bókstaflega tak á þessum fjarskiptasjóði, geti verðlagt ný verkefni eins og honum sýnist einfaldlega vegna þess að enginn annar aðili eigi möguleika á að bjóða í verkefnin á líkum grunni. Slíkar framkvæmdir gætu því kostað miklu meira en raunvirðið. Ég held að þarna þurfi menn að gá mjög vel að sér og jafnvel að það þurfi að nota einhverjar aðrar leiðir til þess að ná fram hagstæðum tilboðum. Það kann ekki góðri lukku að stýra ef þessi stóri aðili hirðir allar viðbætur á verði sem hann ákveður sjálfur við sitt skrifborð vegna takmarkaðrar samkeppni, því að auðvitað er ekki nóg að bjóða út verkefnin sjálf, það þarf líka að bjóða út rekstur á þeim og þá kemur auðvitað þessi séraðstaða Landssímans til.

Menn hafa verið býsna hreyknir af þessu verkefni, að einkavæða Landssímann, og hafa kallað þetta stærstu einkavæðingu sögunnar. Víst eru þetta stórar tölur í okkar augum. Mér finnst aftur á móti að við þurfum að halda til haga gagnrýninni sem hefur verið á þetta mál, fyrst og fremst þeirri einokunaraðstöðu og fákeppnisaðstöðu sem Síminn er í og þeim mikla vanda sem eftirlitsaðilar standa nú frammi fyrir. Auðvitað hafa eftirlitsaðilar alltaf átt við ákveðinn vanda að glíma en hann verður enn meiri nú en áður. Þeir þurfa að sjá til þess að einhvers konar samkeppni ríki á markaði og að þessi stóri aðili geti ekki nýtt sér einokunaraðstöðu sína. Ég held að alþingismenn verði að hafa sérstakt eftirlit með þessu á næstu árum vegna þess að það er ekkert sem bendir til þess að þetta fyrirtæki verði ekki í svipaðri aðstöðu í framtíðinni og það hefur verið í fortíðinni. Og þó að þessi eini aðili sem er burðugur á markaðnum sé eitthvað að stækka þá er fákeppnin oft og tíðum lítið betri en einokunin. Það höfum við séð og við sjáum það á rekstri fyrirtækja sem hafa fákeppnisaðstöðu hér á landi að þau hagnast gríðarlega. Það má t.d. nefna að í byggingarvöruverslun á Íslandi hafa tvö fyrirtæki nánast náð öllum markaðnum. Þeir aðilar sem áttu þessi fyrirtæki á árum áður eru báðir búnir að selja þau fyrirtæki fyrir gríðarlega fjármuni þannig að sá rekstur hefur gefið ótrúlega mikinn arð sem segir bara eina sögu, að samkeppnisumhverfið var ekki í lagi. Þessi fyrirtæki eru líka áfram tvö ein og yfirgnæfandi á þessum markaði og ég er algjörlega sannfærður um að það vantar samkeppni á byggingarvörumarkaðinn.

Það er mikill vandi í hinu litla samfélagi okkar að sjá til þess að samkeppnin skili okkur eðlilegu vöruverði. Fákeppnisumhverfi eins og hér er er auðvitað ekki gott. En ég vona að hæstv. forsætisráðherra svari þeim spurningum sem ég lagði fram. Hvort hann gerir það í andsvari við mig núna eða í lok þessarar umræðu kemur í ljós.

[18:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað ákaflega ánægjulegt tilefni sem við höfum hér til þess að ræða eitt lítið lagafrumvarp með stóru og miklu innihaldi. Við erum að ræða hér um ráðstöfun söluandvirðis af Landssíma Íslands hf. og það er auðvitað afskaplega ánægjulegt tilefni. Þetta er einkavæðing, stór og mikil einkavæðing, sem skilar sér vel til íbúa landsins og við eigum að vera hreykin af því, og við megum vera hreykin af því, í tilefni af orðum hv. síðasta ræðumanns. Það hefur tekist afskaplega vel til með þessa einkavæðingu og vel var að henni staðið, þess vegna getum við verið mjög ánægð með að geta flutt þetta frumvarp nú.

Auðvitað er nauðsynlegt að leggja strax línur um hvernig við ætlum að ráðstafa þessu fé. Hæstv. forseti. Hér er farin ný leið í því hvernig við förum að við þessa ráðstöfun. Hér er farin ný leið, við erum að lögbinda ráðstöfun á þessu tiltekna fé. Við þekkjum það að til eru lögbundin framlög í ýmsum lögum sem eru síðan tekin inn í fjárlög og það er rétt að taka það sérstaklega fram, og hefur komið hér fram í umræðunni, að á fjárlögum hvers árs er gert ráð fyrir þessu fé. Þrátt fyrir að hér skuli vera lagafrumvarp, sem vonandi verður að lögum fljótlega, þarf að gera ráð fyrir því í fjárlögum hvers árs og reyndar er gert ráð fyrir því í fjáraukalögum þessa árs að þessi ráðstöfun komi þar inn hvað varðar árið í ár.

Við þekkjum líka að á Alþingi eru samþykktar þingsályktunartillögur um samgönguáætlanir, landgræðsluáætlun, skógræktaráætlun og fleira þannig svo kannski má segja að hér sé brotið í blað að það skuli vera gert með þessum hætti en ég er jafnframt sannfærð um að það var algerlega nauðsynlegt að leggja mjög skýrar línur um hvernig þetta skyldi gert. Samkvæmt fjárreiðulögum er söluandvirðið allt bókfært á þessu ári og því verður mikill eða má eiginlega segja allsvakalegur afgangur af ríkissjóði í ár, árið 2005, og því er enn frekar mikil nauðsyn á að binda í lagafrumvarp hvernig við ætlum að ráðstafa söluandvirðinu og gera grein fyrir hvernig því verður varið.

Með þessu frumvarpi er líka hægt að afgreiða það fé sem við fáum inn í ríkissjóð með þessari einkavæðingu frá venjulegu veltufé ríkissjóðs. Þarna kemur líka fram meginstefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, við viljum að hér ríki stöðugleiki og ef ég má vitna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þá segir þar, með leyfi forseta:

„Að tryggja að jafnvægi og stöðugleiki ríki í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með því skapast skilyrði til enn frekari vaxtar þjóðartekna og aukins kaupmáttar almennings. Jafnframt er stöðugleiki í efnahagsmálum forsenda aukinnar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs."

Af öllum þessum orsökum er að mínu mati mjög nauðsynlegt að í lagafrumvarpinu komi fram hvernig söluandvirðinu verði varið og þá í fyrsta lagi að þetta fé mun ekki koma inn í efnahagslífið nema að litlum hluta í ár, 2,5 milljarðar, annars vegar í undirbúning á uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss og hins vegar í fjarskiptasjóð Nýsköpunarsjóðs og síðan 200 millj. til uppbyggingar á þjónustu- og búsetuúrræðum fyrir geðfatlaða. Það er sem sagt þannig að af söluandvirðinu í heild, rúmum 66 milljörðum, fara 43 milljarðar til að styrkja innviði samfélags-

ins. Þar er auðvitað horft til ýmissa átta, það er horft til heilbrigðiskerfisins, rannsóknar- og þróunarstarfs og frumkvöðlastarfs og að treysta undirstöðu byggðar í landinu með samgöngubótum og jöfnu aðgengi landsmanna að fjarskiptum. Ég tel skipta alveg gífurlega miklu máli þegar við horfum til byggðamála að þarna er nú þegar hægt að grípa til ráðstafana hvað það varðar að jafna aðgengi landsmanna að fjarskiptum, hvort sem eru háhraðatengingar, stafrænt sjónvarp eða GSM-væðing landsins. Svo skiptir auðvitað miklu máli að við gerum ráð fyrir að erlendar skuldir verði greiddar niður sem hefur þau áhrif að í framtíðinni minnkar endurgreiðslubyrði og vaxtabyrði ríkissjóðs og þegar á þessu ári er gert ráð fyrir að hreinar erlendar skuldir ríkisins nemi einungis 79 millj. kr. Enn og aftur, allt er þetta gert til að eyða óvissunni, að menn hafi stefnuna fyrir framan sig í efnahagsmálum, menn viti það hver stefna Alþingis er varðandi það hvernig fénu verði ráðstafað.

Ef horft er til þess hvaða einstök mál eru efst á baugi þá skiptir auðvitað miklu máli að nú er ráðist í vegaframkvæmdir upp á 15 milljarða til viðbótar því sem áður er gert ráð fyrir með því að 8 milljörðum kr. verði varið til gerðar Sundabrautarinnar. Þarna er um mikla og mjög nauðsynlega samgöngubót að ræða hvort sem er fyrir höfuðborgarsvæðið eða landsbyggðina. Þetta er tenging inn til höfuðborgarinnar sem mun skila sér til allra og þá skiptir ekki máli hvort menn horfa til höfuðborgar eða landsbyggðar eins og auðvitað má segja um allar góðar samgönguframkvæmdir. Ég vil setja þessa framkvæmd mjög hátt á þann lista sem hér er upp talinn og ég ætla ekki að fara í, í einstökum atriðum en get þó ekki gert að því að mig langar til að nefna sérstaklega að nú verði séð fyrir endann á uppbyggingu vega til Vestfjarða og á norðausturhorninu. Norðausturvegur fær t.d. 1,5 milljarða og með þeim fjármunum er séð fyrir endann á því að klára vegasamgöngur til Þórshafnar og Raufarhafnar. Það hefur oft og tíðum verið okkur þingmönnum Norðausturkjördæmis mikið áhyggjuefni hvernig ætti að sjá fyrir endann á þeirri stóru, miklu og mikilvægu framkvæmd og auk þess að tengja Vopnafjörð inn á hringveginn. Þetta er stórmál fyrir þessar byggðir ef þær eiga að fá að lifa, dafna og vaxa til framtíðar. Ég vil geta þessa sérstaklega því fyrir utan þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á Vestfjörðum, en þar á nákvæmlega það sama við, þá er þarna er um mikið byggðamál að ræða sem er nauðsynlegt fyrir þessar byggðir.

Þetta vildi ég segja varðandi vegamálin, hæstv. forseti. Eins og aðrir fagna ég auðvitað byggingu hátæknisjúkrahúss og að við skulum sjá áform um varðskip fyrir Landhelgisgæsluna. Búsetuúrræði fyrir geðfatlaða eru á líka dagskrá en mikil nauðsyn var að ráðast í þau og því fagna ég.

Síðan er það auðvitað ánægjulegt að við sjáum fram á að hægt verði að halda sérstaklega upp á afmæli Háskóla Íslands með nýbyggingu fyrir stofnun íslenskra fræða. Ég tel mjög vel við hæfi að ráðist skuli í það af þessu tilefni því þá eru liðin 100 ár frá stofnun Háskóla Íslands og 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Það er einmitt í slíkum tilfellum sem við sem þjóð viljum standa vel að svona sérstökum átaksverkefnum. Þarna gefst sérstakt tækifæri og við sjáum fram á að geta staðið að því með myndarbrag.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég víkja aðeins að fjarskiptaáætluninni. Hér er lagt til að verja 2,5 milljörðum kr. til uppbyggingar í samræmi við fjarskiptaáætlun sem liggur fyrir og við höfum alltaf rætt það á þeim forsendum að þegar kæmi til einkavæðingar Landssímans mundi vera hægt að ráðast í þær framkvæmdir. Landssíminn er auðvitað fyrirtæki á samkeppnismarkaði og þess vegna hefur ekki verið hægt að skikka hann í ákveðin verkefni. Það er nauðsynlegt að ráðast í verkefni til að sinna dreifðari byggðum landsins þar sem dreifing á síma og háhraðaneti er kannski ekki ábatasöm. En samkvæmt fjarskiptaáætlun er ákveðið að ráðast í það nú sem er auðvitað nauðsynlegt til þess að standa vel að byggðamálum. Síðan er gert ráð fyrir því að stuðla að aukinni útbreiðslu GSM-farsímanetsins í fyrsta lagi við hringveginn og í öðru lagi helstu stofnvegi. Við megum ekki gleyma því, hæstv. forseti, að hér er verið að tala um alla helstu stofnvegi og fjölfarna ferðamannastaði sem auðvitað skiptir mjög miklu máli hvað varðar ferðaþjónustuna. Það er auðvitað svo að fólk er almennt farið að líta á GSM-símann sem öryggistæki og af þeim ástæðum er mjög nauðsynlegt að ráðast í þetta. Við þekkjum það sem ferðumst mikið yfir heiðar og fjöll að þar hittir maður oft fyrir fólk sem ekki hefur gert ráð fyrir því að það sé ekki GSM-samband á öllu þjóðvegakerfinu. Og bæði með tilliti til þess hvað notkun á GSM-símanum er orðin almenn og með tilliti til erlendra ferðamanna þá er algerlega nauðsynlegt að ráðast í þetta.

Síðan er það dreifing stafræns sjónvarps. Það er auðvitað nauðsynlegt að tryggja sjófarendum og íbúum í strjálbýli aðgang að stafrænu sjónvarpi og nútíminn kallar eftir því hvar sem er á landinu að hægt sé að ná í þá þjónustu.

Að síðustu vildi ég nefna uppbyggingu á háhraðatengingunni á þeim svæðum sem ekki er líklegt að verði þjónað á markaðslegum forsendum. Eins og komið hefur fram í umræðunni er gert ráð fyrir að fjarskiptasjóður verði að veruleika og að hann muni sinna því að hægt verði að koma á háhraðatengingum og hér hefur aðeins verið í umræðunni hvernig staðið verður að því. Eins og ég hef skilið málið, þá mun sú þjónusta verða boðin út með nákvæmlega sama hætti og flugleiðir eru boðnar út eða ferjusiglingar og landsamgöngur, þetta er mjög algengt í samgöngumálum. Þess vegna er þá eðlilegt í þessu tilfelli líka, til þess að ná fram markmiðum stjórnvalda um útbreiðsluna á GSM-símanum og á háhraðatengingunum, að þjónustan verði boðin út og að hægt verði að bregðast við því með fjarskiptasjóði. Þarfagreining um hvar slíkrar þjónustu sé þörf þarf auðvitað að liggja fyrir og hvar markaðslegar forsendur séu ekki fyrir því að hún verði veitt með öðru móti, þannig að ég held að hér sé staðið mjög eðlilega að verki og þetta munum við auðvitað sjá þegar samgönguráðherra leggur fram sérstakt frumvarp um stofnun fjarskiptasjóðs.

Hæstv. forseti. Ég held að við megum fagna því sérstaklega að einkavæðing Símans hefur tekist mjög vel. Þarna er staðið vel að verki. Við sjáum fram á verkefni sem verða að veruleika mun fyrr en við höfum gert ráð fyrir áður vegna þess að við höfum þessa fjármuni til ráðstöfunar og þetta eru allt verkefni sem munu styrkja innviði samfélagsins.

[18:30]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Við heyrum hvern þingmanninn á fætur öðrum lýsa því yfir hve vel hafi tekist til, jafnvel ákaflega vel eða mjög vel, með einkavæðingu Símans. Á ræðumönnum er helst að heyra að aðeins sé um einn mælikvarða að ræða á því hvort vel hafi tekist til eða ekki, þ.e. hve mikið af peningum hafi komið í ríkiskassann fyrir söluna og hve marga aura hæstv. ríkisstjórn fái til þess að deila út í pökkum til kjósenda. Sjálfsagt veitir ekki af að gleðja. En þetta er þó aðeins einn mælikvarði og að mínu áliti alls ekki sá mikilvægasti. Hið mikilvægasta er að skoða hvort íbúum landsins verði þjónað jafn vel eftir einkavæðinguna og áður. Ég tel ástæðu til að setja spurningarmerki við það.

Við sjáum að nú þegar hefur verið dregið saman í þjónustu Símans úti á landi. Við sjáum dæmin á Blönduósi og Siglufirði. Aðeins tíminn mun leiða í ljós hvort notendum að þjónustu Símans á þessu svæði verður þjónað jafn vel eftir sem áður.

Hv. þingmaður minntist líka áðan á fjarskiptasjóð sem á að standa undir framkvæmdum sem teljast óhagkvæmar fyrir fyrirtækið eftir að búið er að einkavæða vegna fámennis og strjálbýlis. Í dag eiga sér væntanlega ekki stað síðustu tækniframfarir í símamálum. Ætli það komi ekki að því í framtíðinni að fámenn og strjálbýl svæði verði látin sitja á hakanum og verði jafnvel algjörlega afskipt vegna þess að það borgar sig ekki fjárhagslega fyrir einkafyrirtæki að sinna þeim. Ég óttast það, (Forseti hringir.) frú forseti, og held að enginn (Forseti hringir.) geti sagt til um það í dag hvort þessi sala hafi heppnast vel eða ekki.

(**Forseti** (JBjart): Þingmaður hefur kost á að halda máli sínu áfram í öðru andsvari.)

[18:32]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er hörð á þeirri skoðun minni að ákaflega vel hafi tekist til við einkavæðingu Símans, bæði út frá mælikvarða peninganna en einnig út frá því að sett voru ákveðin skilyrði í söluferlinu sem þau fyrirtæki undirgengust sem keyptu.

Það er eðlilegt að menn hafi áhyggjur af því að dreifbýlinu verði ekki þjónað nægilega vel. Til þess er einmitt fjarskiptasjóður. Við höfum þau markmið að þjóna dreifbýlinu vel. Það eru markmiðin sem sett eru fram í okkar áætlunum, eins og komið hefur fram í stefnuyfirlýsingum. Fjarskiptasjóðurinn er settur á til þess að hægt sé að bjóða út þá þjónustu, að við getum staðið vel að því að veita þjónustu um landið. Ég á ekki von á öðru en að þar takist vel til.

Hv. þingmaður nefndi einnig tæknimálin, að þau eru alltaf að breytast. Tækninni fleygir stöðugt fram og ný tækni er að verða til sem ég held að geri ekki annað en að hjálpa til við að þjóna landsbyggðinni. Ef það gerist ekki á markaðslegum forsendum þá höfum við fjarskiptasjóðinn til þess að leysa úr þeim málum.

[18:34]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki þess umkomin að dæma um hve vel þessi fjarskiptasjóður dugir en vonandi dugir hann vel og lengi.

Ég get ekki látið hjá líða, af því að hv. þingmaður minntist á fé til vegaframkvæmda, að minnast á hvernig því fé sem á að verja í vegaframkvæmdir á landinu er varið. Þar er notuð sú aðferð að setja 1,5 milljarða kr. í hvert dreifbýliskjördæmanna fyrir sig alveg, burt séð frá því hversu mikil þörfin er í viðkomandi kjördæmum.

Ég minni á að á Vestfjörðum er langmest eftir í vegaframkvæmdum og dýrustu vegaframkvæmdirnar. Þar sem hæstv. ríkisstjórn er nú örlát og á svo mikinn pening til að spila út fyrir hönd landsmanna allra þá hefði ekki verið úr vegi að leggja aðeins meiri vinnu í að meta þörfina á vegaframkvæmdum en nú er gert. Á norðvesturhorninu er vissulega mikil þörf fyrir framkvæmdir en Vestfirðirnir skera sig algjörlega úr og þar hefði virkilega (Forseti hringir.) verið ástæða til að veita (Forseti hringir.) miklu meira fé en gert er.

[18:36]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við getum verið sammála um að víða er mikil þörf á vegaframkvæmdum um landið. En svo ég haldi því til haga þá eru það 1,8 milljarðar kr. sem fara til Norðvesturkjördæmis, sem sagt 300 millj. kr. meira en í önnur kjördæmi, sem ég held að hv. þingmaður hljóti að fagna sérstaklega. Ef við tíundum það sem þar er gert ráð fyrir þá fara 700 millj. kr. til Vestfjarðavegar, 800 millj. kr. í Arnkötludal og 300 millj. kr. í Þverárfjallsveg. Ég held að hv. þingmaður hljóti að fagna því sérstaklega og geti fagnað því með öðrum hversu vel hefur tekist til í einkavæðingarferlinu og þeim góðu verkefnum sem það leiðir af sér.

[18:37]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar ég hlýddi á ræðu hv. þingmanns hélt ég að ég væri staddur í miðri byggðaáætlun. En svo var ekki heldur var mikill fögnuður, mikill árangur og engar áhyggjur. En í andsvörum eru komnar eðlilegar áhyggjur og ekki jafnmikill fögnuður þegar hv. þingmaður var spurður um landsbyggðina.

Ég get upplýst hv. þingmann um að það ríkir ekki sérstakur fögnuður með sölu Símans á Siglufirði og Blönduósi. Í máli hv. þingmanns kom fram að fjarskiptasjóður ætti að leysa öll vandamál á landsbyggðinni. Þess vegna langar mig að fá upplýsingar um það hjá formanni þingflokks Sjálfstæðisflokksins hvort fjarskiptasjóður eigi að leysa að einhverju leyti þau mál sem komið hafa upp á Siglufirði. Þar var þremur mönnum sagt upp. Kemur til greina að veitt verði fé úr fjarskiptasjóði, af þessum 1.000 millj. kr. sem áttu öllu að redda á landsbyggðinni þannig að menn þyrftu engar áhyggjur að hafa vegna einkavæðingar Símans?

Fólk hefur áhyggjur. Það er ekki einungis út af þeim störfum sem talin hafa verið upp í umræðunni, þessum fimm störfum, heldur einnig vegna framtíðarstefnu Símans. Menn óttast að með þessum uppsögnum hafi tónninn verið sleginn. Það er mikil óánægja með að í sömu andrá og Síminn var einkavæddur hafi fólki verið sagt upp á landsbyggðinni. Eiga þessar 1.000 millj. kr. að ganga í að greiða fyrir

því að störfin verði áfram unnin á viðkomandi stöðum? Það væri fróðlegt að fá að heyra það hjá hv. þingmanni.

[18:39]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi nú gert grein fyrir því að fjarskiptasjóði er ætlað að dreifa bæði GSM-símasambandi um landið og háhraðatengingum. Það er ekki gert ráð fyrir, af þessu tilefni, að taka sérstaklega á starfsmannamálum innan Landssímans enda væri það mjög sérkennilega ráðstöfun ef fjarskiptasjóður eða ríkisvaldið hlutaðist til um það hvernig Landssíminn stýrir málum sínum.

Við höfum á samkeppnismarkaði þó nokkur fyrirtæki sem sinna þessari þjónustu, sinna fjarskiptaþjónustu á ýmsum sviðum. Að gera ráð fyrir áframhaldandi ríkisrekstri á slíku fyrirtæki er nokkuð sem ég held að við getum verið sammála um að gangi ekki í nútímalegu markaðsvæddu samfélagi. Þess vegna var það náttúrlega, eins og margoft hefur komið fram, nauðsynleg ráðstöfun, að selja Landssímann, þannig að á þeim markaði ættu allir jafna möguleika, allir þeir sem sinna fjarskiptaþjónustu við landsmenn.

[18:41]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú eigum við að gæta að því í umræðunni að ekki megi ræða um Símann eins og hann er núna og starfsmannastefnu hans vegna þess að hann er svo mikið einkafyrirtæki. En á Norðurlandi er annað fyrirtæki sem stjórnarliðar hafa verið að ræða um í sömu viku. Það er skipasmíðastöð á Akureyri. Menn hafa tjáð sig um að hana verði að endurreisa. Það er því sitt hvað sem gildir í þessari umræðu.

Fólk hefur áhyggjur. Mér finnst að fyrst að salan hefur gengið svo ákaflega vel fyrir sig og menn eru svona stoltir ættu menn að gera betur grein fyrir því hvernig mál muni þróast á landsbyggðinni. Mundi hv. þingmaður styðja það að Landssíminn gerði að einhverju leyti grein fyrir stefnu sinni. Hv. þingmaður hefur rætt um málið eins og um sé að ræða eitthvert byggðamál þegar fólkið á landsbyggðinni skynjar það (Forseti hringir.) með allt öðrum hætti, frú forseti.

[18:42]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mikilvægt að allir íbúar landsins hafi greiðan aðgang að fjarskiptaþjónustu og rafrænum samskiptum.

Segja má að fjarskipta- og upplýsingatækni hafi skapað forsendur til að íbúar í öllum landshlutum gætu sótt sér menntun og ekki síður uppbyggingu á atvinnukostum. Ýmsir atvinnukostir hafa skapast við almennilega uppbyggingu á fjarskiptum og þar sjáum við mikla möguleika fram undan, bæði hvað varðar fjarvinnu og ekki síður í því að samkeppnisstaða fyrirtækja sem fyrir eru mun batna gagnvart öðrum fyrirtækjum í landinu.

Það er auðvitað þannig (Forseti hringir.) að fyrirtæki og atvinnulífið reiðir sig (Forseti hringir.) á upplýsingatækni, sem við verðum að byggja upp á landsbyggðinni.

[18:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er margt gott í frumvarpinu sem hér liggur fyrir. Ef menn á annað borð hafa tekið ákvörðun um að verja peningunum með það fyrir augum að endurdreifa andvirði Símans þannig að sem réttlátast sé þá er hægt að sjá margt jákvætt í frumvarpinu. Ég er t.d. ákaflega ánægður með að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðið skuli hafa tekið svo glæsilega undir tillögu hv. þingmanns Kristjáns L. Möllers varðandi það að nota andvirði Símans til að byggja upp hátæknisjúkrahús. Ég er líka mjög ánægður með að ríkisstjórnin skuli hafa tekið ákvörðun um að setja milljarð í málefni geðfatlaðra.

Ef maður skoðar þetta frumvarp kemur í ljós að peningarnir eru nýttir til að stoppa upp í göt. Það var búið að lýsa því yfir, bæði af hálfu formanns Sjálfstæðisflokksins og síðar af hæstv. heilbrigðisráðherra, að gera ætti átak í málefnum geðfatlaðra. Núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Davíð Oddsson, hefur margsinnis lýst því yfir. Það hefur alltaf skort peninga til þess en nú koma þeir.

Það lá fyrir að kaupa þyrfti nýtt varðskip og byggja það en til þess vantaði peninga. Þeir eru teknir þaðan. Gott og vel, ég ætla ekki að deila á það.

En það er eitt sem mér finnst sárvanta í þetta frumvarp og það er alúð við aldraða. Aldraðir Íslendingar voru á blómaskeiði og héldu uppi þessu samfélagi þegar Síminn byggðist upp. Af hverju er ekki sett fjármagn í átak til þess að mæta þörfum þeirra fyrir hjúkrunarheimili og dvalarheimili? Við vitum að það er rík þörf á því á næstu árum. Af hverju gleymast þeir? Af hverju gleymdust þeir í togstreitu kjördæmapotaranna þar sem hver reyndi að hrifsa til sín eins og hægt var: vegi hér, vegi þar, varðskip þar, flugvél hérna.

Frú forseti. Ég spyr formann þingflokks sjálfstæðismanna: Finnst henni ekki vanta þennan þátt í frumvarpið?

[18:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er verið að taka á nokkrum ágætum verkefnum og við erum sammála um það, heyri ég, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og ég, að þetta eru góð verkefni, góð og öflug verkefni sem skipta okkur mjög miklu máli. Og við erum þá ekki að taka út úr fjárlögunum á hverju ári hvað varðar þau verkefni, því að eins og hann sagði hafa fyrirheit verið gefin um mörg af þessum verkefnum. Það er hægt að ráðast í þau fyrr en ella, það er hægt að undirbúa þau betur en ella af því að nú vita menn að þessir fjármunir eru til reiðu.

Hann spyr sérstaklega um átak í málefnum aldraðra. Það er alveg ljóst að mikil og vaxandi þörf er á því að byggja upp hjúkrunaraðstöðu fyrir aldraða sem auðvitað kemur. Á því er verið að taka á hverju ári, áætlanir eru hjá heilbrigðisráðherra um það efni. Það er ekki eins og við séum að slaufa hér öllum fjárlögum. Við erum að vinna hér að mörgum góðum málefnum fyrir utan þau ákveðnu verkefni sem við erum að takast á við núna af því að við höfum þetta tækifæri sem skapast við sölu Landssímans.

Ég lít svo á að við séum jafnt og þétt að takast á við það verkefni að leysa úr þörfinni, og ég samþykki að hún er

víða brýn, hvað varðar hjúkrunarheimili fyrir aldraða og þess sjást auðvitað merki í fjárlögum.

[18:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gleðst yfir því að hv. þingmaður tekur undir það með mér að brýn þörf er á því að setja meira fjármagn í að byggja upp hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Hv. þingmaður vísar til þess að áætlanir séu í gangi til þess að mæta þessari brýnu þörf. Það er bara rangt. Þegar við skoðum fjárlögin og berum síðan saman við þær áætlanir sem liggja fyrir í fórum hæstv. heilbirgðisráðherra kemur í ljós að það vantar mikið upp á.

Staðreyndin er þessi: Aldraðir gleymdust. Ég held ekki að þingmönnum Framsóknarflokksins eða Sjálfstæðisflokksins sé eitthvað sérstaklega illa við aldraða. Þeir bara gleymdu öldruðum, þetta voru mistök. Ég held að aldraðir gjaldi þess að þeir eiga engan almennilegan málsvara í þessum flokkum. Það er þess vegna sem ég ætla að spyrja hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, formann þingflokks Sjálfstæðisflokksins: Telur hún ekki koma til mála að leiðrétta þetta í meðferð þingsins á þessu málefni?

[18:49]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér liggur frammi mjög ákveðin og skýr áætlun. Ég hef engin áform um að breyta þeirri áætlun. Hitt er annað mál að hún kemur auðvitað til fjárlaganefndar og þar getur það góða fólk sem þar situr fjallað um það hvort þessu sé betur varið á annan hátt en hér er gert ráð fyrir.

Ég á ekki von á að það breytist, hv. þingmaður, og ég veit ekki betur en nú nýverið hafi hæstv. heilbrigðisráðherra verið að skrifa undir samninga um hjúkrunarheimili og brugðist við því sem við auðvitað erum öll sammála um. Með því að þjóðin er að eldast þá vex þessi þörf og við eigum að bregðast við því á hverjum tíma eins og nauðsyn ber til og það getum við auðvitað betur, hv. þingmaður, ef þú mátt hlýða á mál mitt, það getum við auðvitað betur af því að hér höfum við ákveðin verkefni sem við erum búin að klára og þarf þá ekki að taka út úr þeim stofnkostnaði sem við höfum í fjárlögunum á hverju ári.

[18:50]

Útbýting:

Háskólar, 59. mál, frv. KolH og SJS, þskj. 59.

Lögreglulög, 46. mál, frv. SigurjÞ, þskj. 46.

Mat á mannaflaþörf í atvinnugreinum, 67. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 67.

Ríkisendurskoðun, 60. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 60.

Vegagerð um Stórasand, 43. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 43.

[18:50]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Menn hafa komið nokkuð víða við í umræðunni og verð ég að játa að frá því að ég settist á þing man ég ekki eftir undarlegri umræðu í þingsal en um þetta mál. Allt er það góðra gjalda vert sem hér hefur verið imprað á. Hvort það sé rétt eða rangt að hluti Sundabrautar sé í einkaframkvæmd. Það er líka þess virði að ræða um Þverárfjallsveg, 200 millj. kr. framlag í hann árið 2007 og 100 millj. kr. árið 2008. Hið sama á við um Landhelgisgæsluna. Er gott eða slæmt að kaupa fjölnota varðskip eða á frekar að leigja það? Og formaður fjárlaganefndar veltir vöngum yfir því hvort heppilegt sé að hátæknisjúkrahús sé reist við Hringbrautina í Reykjavík. Þá hefur einn sérstakan áhuga á því að ræða um fjarskiptasjóð, hvaða hugmyndir liggja að baki honum, hvernig á að skipuleggja hann. Síðan eru það framkvæmdir í þágu geðfatlaðra og aldraðra og að sjálfsögðu nýbygging fyrir Stofnun íslenskra fræða, Árnastofnun. Hér kennir margra grasa.

Ég áfellist þá ekki fyrir að gleðjast, forsvarmenn aðskiljanlegrar starfsemi, sem eygja að fá hlutdeild í söluandvirði Símans. Ég áfellist ekki heldur alþingismenn sem vilja stuðla að því að þessir fjármunir verði notaðir á skynsamlegan og réttlátan hátt. En við megum ekki missa sjónar á því sem hér er að gerast, hinni pólitísku gjörð.

Hér er ríkisstjórnin og stjórnarmeirihluti að reyna að kaupa sér vinsældir. Það er verið að framkvæma mjög óvinsæla aðgerð, að selja frá þjóðinni Símann sem hefur fært ríkissjóði miklar tekjur á ári hverju. Nú á að búa svo um hnúta að það verði aðrir sem þar njóti góðs af. Í rauninni hafa sjónarmið okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði komið vel fram við þessa umræðu og af þeim sökum ekki ástæða til að halda langar ræður. Hins vegar er allur málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar með slíkum endemum og svo óheiðarlegur að þetta ferli má hreinlega ekki falla í gleymskunnar dá, það má ekki gerast.

Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sagði hér fyrir stundu að í markaðsvæddu samfélagi gengi ekki að reka stofnun eins og Símann í eigu ríkisins. Ég vil minna á að þegar haldið var út á þessa braut árið 1995 var viðtal við þáverandi samgönguráðherra þar sem hann talaði á allt annan veg.

Hann sagði í BSRB-tíðindum í september árið 1995, Halldór Blöndal, hæstv. þáverandi samgönguráðherra, eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn geldur Póstur og sími óneitanlega þess í daglegum viðskiptum og markaðssetningu að vera opinber stofnun sem er rekin eftir fjárlögum. Póstur og sími getur t.d. ekki gerst hluthafi í hlutafélögum þótt í smáu sé nema slík ákvörðun hafi áður verið lögð fyrir Alþingi. Ákvarðanataka með þessum hætti er of þung í vöfum og samræmist ekki nútímaviðskiptaháttum. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma til þess að styrkja samkeppnisstöðu hans og starfsöryggi þess fólks sem þar vinnur. Ég legg áherslu á að í mínum huga kemur ekki annað til greina en að Póstur og sími verði áfram alfarið í eigu ríkisins."

Síðan er hæstv. þáverandi samgönguráðherra spurður hvort hann sé að tala um að stofnuninni verði breytt í hlutafélag í ríkiseign.

Hæstv. fyrrverandi ráðherra svarar eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Já, ég tel að það rekstrarform sé ákjósanlegt bæði fyrir ríkissjóð, neytendur og starfsmenn Pósts og síma."

Reyndar segir þáverandi ráðherra einnig á þá leið að hvort sem við hugsum um Póst og síma sem stofnun eða fyrirtæki sé hann ein af stærstu rekstrareiningum landsins

með sterka eiginfjárstöðu og flókinn og margbreytilegan rekstur.

Þessi orð komu mér í hug þegar ég hlustaði á hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, þingmann Sjálfstæðisflokksins, tala um hlutskipti þess fólks sem hefur verið að missa vinnuna á Blönduósi og Siglufirði, að sjálfsögðu sé það ekki hlutverk ríkisins að amast við þessu, við séum að tala um fyrirtæki á einkamarkaði. En hafa fyrirtæki á einkamarkaði, sérstaklega þegar þau eru rekstrareining af þeirri stærðargráðu sem Síminn er, enga samfélagslega ábyrgð? Hafa slík fyrirtæki enga samfélagslega ábyrgð? Ég spyr.

Tvenns konar rök hafa verið færð fyrir því að selja Símann. Annars vegar hafa menn sagt: Það er eðlilegt þegar samfélagið hefur byggt upp þjónustu á tilteknu sviði og hún er farin að ganga vel og skila sínu að þá séu fjármunir losaðir og færðir yfir í ný verkefni, nýja uppbyggingu sem komi til með að skila arði. Þetta er önnur röksemdin sem hefur verið færð fram fyrir sölu á Símanum. Hin röksemdin sem hefur verið færð fyrir sölu Símans er sú að á endanum muni þetta gagnast samfélaginu betur, koma til góða eigendum og notendum. Samkeppni á markaði muni skila þjóðinni árangri þegar til langs tíma er litið. Ég ætla að fara nokkrum orðum um báða þessa þætti.

Síminn var seldur fyrir 66,7 milljarða kr. Í fyrra greiddi Síminn í skatta um hálfan milljarð króna. Skatttekjur ríkisins af Símanum blikna hins vegar þegar arðgreiðslurnar eru annars vegar. Hann hefur verið gerður upp með rúmlega 2 milljarða kr. hagnaði undanfarin ár eftir skatta. Síminn hefur því skilað miklu í ríkissjóð, hann hefur greitt 30% arð af liðlega 7 milljarða kr. hlutafé að nafnvirði, sem gerði t.d. á síðasta ári 2.110 millj. kr. og af því fékk ríkið 99%. Á þessu ári námu arðgreiðslurnar rúmum 6 milljörðum eða 6.330 millj. kr., allt peningar sem runnu og renna í ríkissjóð.

En þetta segir ekki alla söguna. Það segir kannski enn meiri sögu að Síminn skilaði í rekstri í fyrra tæpum 7.400 millj. kr. Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir voru nákvæmlega 7.381 millj. kr. Veltufé frá rekstri var 6.800 millj. kr. Þarna er því geysileg fjármunamyndun á ferðinni og hrikalegt til þess að hugsa hvaða gullkvörn ríkisstjórnin er að selja frá þjóðinni. Það er skelfilegt að verða vitni að þeim viðbrögðum sem við höfum upplifað hér í dag, þessi samræmda gleðistund, þessi mikla gleði á ráðherrabekknum og hjá stjórnarliðinu þegar verið er að taka þessa gullkvörn frá þjóðinni.

Síðan aftur að röksemdinni um að færa peninga frá tilteknu þjónustusviði yfir í annað, þá er að sjálfsögðu ekki saman að jafna Símanum, sem skapar okkur arð og hagnað á hverju einasta ári annars vegar, og hins vegar sjúkrahúsi sem við komum til með að greiða til annaðhvort sem skattgreiðendur eða notendur, vonandi sem skattgreiðendur. Auðvitað skapar góð samfélagsþjónusta, þar með heilsugæsla og heilbrigðisþjónusta arð, hún styrkir innviði samfélagsins vissulega, en að bera þetta tvennt saman er fráleitt, aldeilis fráleitt. Þetta var um að færa fjármuni af einu sviði yfir á annað.

Hvað með samkeppnina? Kemur þetta til með að gagnast okkur sem notendum þegar fram líða stundir vegna þess að þjónustan verður betri? Staðreyndin er sú að um miðjan tíunda áratuginn, áður en Síminn var gerður að hlutafélagi, bauð hann upp á ódýrustu innanlandssamtöl í víðri veröld. Ekkert land í heiminum bauð upp á lægri símgjöld, ekkert. Það átti líka við um farsímana. Um þetta eru til ítarlegar rannsóknir. Síminn á Íslandi stóð í fremstu röð í heiminum.

Ég minnist þess að ég ræddi einhvern tíma við forsvarsmenn Símans sem höfðu verið í samstarfi við Norðurlandaþjóðirnar og aðrar þjóðir um uppbyggingu innan þessa geira. Þeir sögðu mér hvernig andrúmsloftið hefði breyst á samstarfsfundunum eftir að þessar stofnanir voru gerðar að hlutafélagi og markaðsvæddar. Í stað þess að menn kæmu saman til finna ráð til að styðja hvern annan voru allir komnir með hnífinn uppi í erminni. Nú voru menn orðnir samkeppnisaðilar, ekki samstarfsaðilar. Þetta er það sem er að breytast.

Forsenda þess hins vegar að samkeppni komi til með að færa okkur ávinning er sú að hún verði raunverulega fyrir hendi. Ég held að hér á landi stefni í besta falli í fákeppni ef ekki einokun, í besta falli í fákeppni. Það er mjög dýr samkeppni. Við yrðum að borga fyrir tvenns konar yfirbyggingu, auglýsingar og annað slíkt.

Skyldi einhver halda að kaupendur Símans séu í góðgerðastarfsemi? Skyldi einhver trúa því að menn hafi bara haft þessa 66,7 milljarða og nú sé lag að láta þá ganga inn í íslenskt samfélag til að styrkja innviði þess? Nei. Til að ná hverri einustu krónu til baka, öllum 66,7 milljörðunum, hverri einustu krónu. Og síðan hagnað þar ofan á á bilinu 15–30%. Hverjir skyldu eiga að borga fyrir það? Það erum við, það er að sjálfsögðu þjóðin, það eru notendur. Hafa fagnendurnir, húrrahrópendurnir hér í salnum hugsað út í þetta?

Svo ég víki aftur að fjarskiptasjóðnum þá eiga 2.500 milljónir að fara í hann þegar menn færa sig fram á árið 2009, þá verði það allt komið inn í sjóðinn. Halda menn ekki að þessi uppbygging verði til frambúðar? Henni lýkur aldrei vegna þess að tæknin heldur áfram að þróast. Það sem hins vegar gerist núna er að starfsemi, sem nú er eðlilegur þáttur af rekstri Símans og á að vera það og ætti að vera það, verður á herðum skattborgarans. Það er breytingin. Það eru sem sagt aðrir, nýir eigendur, sem eiga að fá arðinn, sem eiga að mala gullið en það er skattborgarinn sem á að greiða fyrir þetta. (**Gripið fram í:** Hvernig?) Hvernig? Hvernig skyldi skattborgarinn eiga að greiða fyrir þetta? Hann á að greiða fyrir þetta annaðhvort með beinum framlögum eða í gegnum neyslugjöld einhvers konar, það á hann að gera. (Gripið fram í.)

Það sem hefur verið gert í dag er að við höfum verið með þetta allt í samfélagslegri eign. Staðreyndin er sú að þegar litið er til baka og horft á Póst og síma á sínum tíma þá var það mjög gott fyrirkomulag. Það hentaði landsbyggðinni afar vel, þetta voru allsterkar litlar einingar á hverjum stað, Póstur og sími, og hugmyndir manna um að þessar stofnanir mundu fjarlægjast hvor aðra eða sú starfsemi sem er innan þeirra hefur ekki reynst vera rétt. Bréfið, símtalið og boðskiptin eru öll að renna saman í eitt. Þetta voru mjög heppilegar og góðar rekstrareiningar fyrir íslenskt umhverfi. Það sem gerðist þarna var að ágóði á einum stað færðist yfir á tap á öðrum. Sá sterki aðstoðaði hinn veikari. Þannig gerðist þetta.

Núna á hins vegar að taka ágóðann og færa hann í vasa

nýrra eigenda. Allir segja: Þetta hlýtur að vera óskaplega gott vegna þess að samkeppnin verður svo stórkostleg. (Gripið fram í.) Jú, skatttekjurnar í fyrra voru hálfur milljarður. Ég las upp tölur áðan um hvernig skatttekjurnar eru aðeins agnarsmár hluti af því fjármagni sem runnið hefur inn í ríkissjóð í formi arðgreiðslna. Þess vegna ásælast fjárfestarnir að sjálfsögðu þessa dýrmætu eign. Það segir sig sjálft.

Ég sagði í upphafi máls míns að ekki væri þörf á að hafa um þetta langt mál því að þau sjónarmið sem við höfum sett fram hafi komið fram. Ég er hins vegar búinn að hafa lengra mál um þetta en ég ætlaði, og þá ekki síst til að leggja áherslu á að þetta ferli allt saman, óheiðarleikann í yfirlýsingum. Ég er ekki að víkja sérstaklega að — ég vitnaði í fyrrverandi. hæstv. samgönguráðherra, ég er ekki að tala um hann persónulega. Ég er að tala um ríkisstjórnir. Ég trúi því að hann hafi meint þetta á sínum tíma. Auðvitað geta komið upp aðstæður þar sem viðhorf manna breytast, ég er ekki að segja það. Ég er hins vegar að segja að formúlan er alltaf hin sama. Það er einkavætt og því er haldið fram og það staðhæft að til þess eins séu menn að gera þetta að viðkomandi starfsemi geti betur tekist á við vanda sem upp komi í umhverfinu, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra sem ég vitnaði til. En síðan í öllum tilvikum er hlaupið til og selt. Það gerist alltaf. Þetta eru ráðleggingar sem útsmognir spesíalistar og sérfræðingar í einkavæðingarfræðum hafa ráðlagt ríkisstjórnum, að fara varlega og hægt í sakirnar, leggja málin þannig upp að hér sé einvörðungu um að ræða formbreytingu, nauðsynlega formbreytingu, en það standi ekki til að ganga alla leið. Alltaf gerist það hins vegar að áfram er gengið ef — og það er hin mikilvæga forsenda — ef eignin gefur nýjum eigendum arð eða er líkleg til þess.

[19:10]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður staðhæfði að gamla formið, gamli Póstur og sími hefði hentað landsbyggðinni mjög vel.

Af því að hv. þingmaður rifjaði upp orð hæstv. samgönguráðherra, Halldórs Blöndals, á þeim tíma, 1995, að fara yrði í hlutafjárvæðingu á Símanum, vil ég rifja það upp að fyrst og fremst voru nú ekki önnur fyrirtæki á þeim tíma á markaði þannig að ekki var um samkeppnisumhverfi að ræða í því tilfelli.

En hins vegar vil ég rifja það upp líka að þegar við landsbyggðarþingmenn töluðum um jöfnun símkostnaðar sögðu einmitt embættismenn gamla Pósts og síma að það væri ekki hægt, það mætti ekki jafna símkostnað í landinu. Það væri á móti öllum reglum, það þyrfti að hafa þetta kostnaðarbundið. Það var sem sagt algjörlega ómögulegt að ná fram því réttlætismáli að jafna símkostnaðinn í landinu.

Það er rétt að nefna að það var ekki fyrr en með hlutafjárvæðingu Pósts og síma, þegar Landssíminn varð til, að hægt var að jafna símkostnaðinn í landinu. Það gerðist með þeim hætti, hæstv. forseti. Þarna var það algjörlega nauðsynlegt á byggðarlegum forsendum að hlutafjárvæða Símann því að öðruvísi var ekki hægt að ná þessu fram gegn öllum embættismönnum Pósts og síma sem lögðust á eitt um þá skoðun og man ég vel eftir öllum þeim slag að fá það sjálfsagða réttlætismál að hafa sömu gjaldskrá í landinu öllu hvað varðar símann.

Gaman væri að heyra sjónarmið hv. þingmanns (Forseti hringir.) að þessu leyti, hvort þetta var ekki (Forseti hringir.) nauðsynleg ráðstöfun á sínum tíma.

[19:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það nú fremur slakt að ætla að kenna embættismönnum Símans um það sem úrskeiðis hefur farið. Það sem hins vegar hefur verið að gerast í seinni tíð er að samkvæmt markaðsvæðingarhugsuninni hafa menn verið að hneigjast til þess að skilgreina alla verkþætti á grundvelli kostnaðar. Þetta var að gerast á tíunda áratugnum, það var því við ramman reip að draga gagnvart þeirri hugsun og þetta er náttúrlega sú hugsun sem við þekkjum innan Evrópusambandsins, undanfari markaðsvæðingarinnar.

Hins vegar ef fyrir því hefði verið pólitískur vilji og engar alþjóðlegar skuldbindingar staðið í vegi fyrir því þá skal nú enginn sannfæra mig um annað en að þeir ráðamenn sem réðu yfir Símanum hefðu getað fengið þessu framgengt. Þetta er hlutur sem ég mundi vilja kanna nánar en ég hef ekki trú á öðru en að pólitískur vilji hefði þarna náð fram að ganga ef hann hefði verið fyrir hendi. Mér finnst slakt að ætla að kenna embættismönnum þarna um.

Varðandi gamla formið á Pósti og síma stend ég við það. Ég tel að það hafi verið mjög hentugt form, hentað okkur vel. Síðan þekkja það náttúrlega allir sem reka héraðsblöð, félagstímarit og annað af því tagi hvað einkavæðing og markaðsvæðing póstþjónustunnar hefur haft í för með sér fyrir þá aðila.

[19:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kenni ekki embættismönnum um neitt. Ég er viss um að þeir hafa talið sig fara eftir bestu samvisku á þeim tíma. Þarna er hins vegar um ríkisstofnun að ræða. Rekstur á ríkisstofnunum verður alltaf þungur og erfiður. Ríkisstofnanir eiga erfitt með að bregðast við í samkeppnisumhverfi og þess vegna eiga þær ekki að standa í samkeppnisrekstri. Ég held að það séu lögmál sem við erum öll farin að læra, jafnvel hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Það sem gerst hefur eftir allar þær breytingar sem við höfum upplifað á fjarskiptamarkaði er að símgjöld hafa lækkað og öll þessi þjónusta, bæði vegna samkeppninnar og ekki síður vegna tæknibreytinga sem orðið hafa. Nú er boðið upp á ein lægstu símgjöld sem við þekkjast á Íslandi. Það er vel staðið að þeim málum á Íslandi (Forseti hringir.) á einkamarkaði.

[19:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að rekstur ríkisfyrirtækja sé stundum þunglamalegur og stundum ekki. Stundum er rekstur einkafyrirtækja þunglamalegur, stundum ekki. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir setti þetta hins vegar fram sem lögmál. Ég held að það sé afskaplega vafasamt. Ef við töl-

um á þeim nótum getum við ekki vænst þess að komast að skynsamlegum niðurstöðum. Stundum á ríkisrekstur við, í öðrum tilvikum á hann ekki við. Stofnanir í ríkiseign hafa ekki átt erfitt sem slíkar með að bregðast við á samkeppnismarkaði. Menn verða að finna orðum sínum stað áður en þeir slengja slíku fram. (**ArnbS:** Nefna dæmi.) Ég get nefnt fjölmörg dæmi.

Varðandi símgjöldin þá skulum við ekki reyna að drepa því á dreif sem ég sagði áðan, að áður en Póstur og sími var gerður að hlutafélagi í ársbyrjun 1996 voru símgjöld á Íslandi, þar með talið farsímagjöld, þau lægstu í heiminum og Síminn stóð í fremstu röð. Síðan væri fróðlegt að gera á því könnun. (Gripið fram í.) Þetta byggir á könnunum sem gerðar voru.

Ég held að það væri fróðlegt að láta gera slíkar kannanir að nýju (Forseti hringir.) þannig að við byggðum ekki málflutning okkar á getgátum heldur á staðreyndum.

[19:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði að fyrirtækið hefði fært ríkissjóði miklar tekjur en nú ættu aðrir að njóta góðs af. Þeir borga 67 milljarða fyrir að fá að njóta góðs af. Ríkissjóður mun græða miklu meira með lækkun vaxta af erlendum skuldum og innlendum.

Það kom mjög skýrt fram í máli hv. þingmanns, að hann hefur enn þá trú á að hagnaður eins sé annars tap. Þetta er reyndar trú sem Jón Sigurðsson frelsishetja Íslendinga reyndi að útiloka, koma úr hugum manna. En nú nærri 200 árum seinna grasserar hún enn í hugum sumra.

Hugsum okkur tvö fyrirtæki, annað er rekið með snilli, skilar alltaf hagnaði og getur borgað há laun. Hitt er illa rekið með tapi öll ár og borgar lág laun. Þau geta verið með nákvæmlega sömu þóknanir, nákvæmlega sama vöruverð o.s.frv. Hvort viljið þið? Er hagnaður vel rekna fyrirtækisins tekinn frá einhverjum? Hann er ekki tekinn frá neinum. Hann verður bara hreinlega til. Þetta hefur sýnt sig í einkavæðingu bankanna, að þeir voru kross á ríkissjóði öll ár og skiluðu engum hagnaði. Það þurfti meira að segja að styðja þá. Nú þegar þeir hafa verið einkavæddir skila þeir myljandi hagnaði þannig að arðgreiðslurnar eða hagnaðurinn sem þeir borga skatt af er farinn að hlaupa á milljörðum. Ég bið hv. þingmann að reyna að komast yfir þessa hugsun, að hagnaður eins sé tap annars. Það er nefnilega þannig í viðskiptum að allir eiga að græða, báðir aðilar sem eiga viðskipti saman.

Hann nefndi að hagnaðurinn af þessum 67 milljörðum yrði að vera 15% að lágmarki. Það þýðir 9 milljarða í hagnað. Af því munu menn borga 1,6 milljarða í skatta, með 18% skattprósentu, sem er þeföldun á skattgreiðslum til dagsins í dag. Það er forsendan sem hv. þingmaður gaf sér sjálfur.

[19:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum náttúrlega að tala um peninga sem koma frá okkur, frá þjóðinni. Spurningin er hvort og hve marga milliliði þeir peningar eiga að fara í gegnum. Hv. þingmaður nefndi söluupphæðina, 66,7 milljarða, sem ríkissjóður fær í sinn hlut til að greiða niður skuldir o.s.frv. Ágætt. En við eigum að horfa á þessi mál til mjög langs tíma, ekki til skamms tíma.

Hv. þingmaður telur að ég líti svo á að hagnaður eins sé annar tap og ég telji að það sé lögmál, ófrávíkjanleg regla. Það er ekki rétt. Ég segi að í þessu tilviki, þegar við erum að tala um grunnþjónustu í landinu sem mun mala gull til frambúðar, sé óráðlegt að færa hana úr eignarhaldi ríkisins.

Varðandi bankana og þá staðhæfingu hv. þm. Péturs H. Blöndals að þeir hafi verið kross á ríkissjóði og ríkið hafi þurft að hlaupa undir bagga þá man ég eftir einu slíku tilviki gagnvart Landsbankanum kringum 1990. Þeir peningar voru greiddir til baka. Þar er því röng staðhæfing hjá hv. þingmanni.

Síðan skulum við ræða um það við tækifæri hvað er að gerast í fjármálaheiminum og hvort bankarnir, einkavæddir bankar, sýni þá ábyrgð í fjármála- og efnahagslífi okkar sem við helst vildum. Það skulum við ræða frekar en þar hef ég talsverðar efasemdir.

[19:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður svaraði ekki spurningunni um hvort það væri rétt eða rangt að hagnaður eins væri tap annars, sem er mjög mikilvægt.

Varðandi það hvort við hugsum til langs tíma eða skamms tíma þá hverfa vaxtagreiðslur ríkissjóðs af þeim erlendu lánum sem greidd eru upp, 32 milljarðar, ekki til skamms tíma. Þær hverfa um alla framtíð. Um alla framtíð mun ríkissjóður ekki borga vexti af þeirri upphæð. Það er því ekki rétt að peningarnir séu einungis nýttir til skamms tíma. Auk þess er fjárfesting í heilsugæslu og ýmsu öðru líka fjárfesting til langframa.

[19:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt og má til sanns vegar færa og ég hef jafnan verið talsmaður þess að við styrktum velferðarþjónustuna og innviði samfélagsins, það sem styrkir okkur sem samfélag og sem efnahagseiningu.

Varðandi þetta með tapið og hagnaðinn þá er ég fylgjandi blönduðu hagkerfi. Ég vil að á sumum sviðum nýtum við okkur kosti markaðar. Á öðrum sviðum tel ég að við eigum að standa saman að málum. Þar vísa ég í grunnþjónustu samfélagsins. Varðandi þá almennu staðhæfingu að við hljótum alltaf að velja markaðsleiðina þá verð ég að segja það að ég hef fengið nóg af þeirri áráttu og tilhneigingu ríkisstjórnarinnar, og stjórnarmeirihlutans sem hún styðst við, að hlaða undir fjármálamenn á Íslandi sem eru (Forseti hringir.) að gleypa nánast allt samfélagið (Forseti hringir.) með húð og hári.

[19:24]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er sjálfum sér samkvæmur. Ég virði skoðun hans og get tekið undir það með honum með að miklar breytingar hafa orðið á ýmsum málum.

Jöfnun símkostnaðar var mikið baráttumál og tók mörg

ár. Það var ekki fyrr en Alþingi tók á því máli að af því varð. Ég man vel þá tíð að dýrara var að hringja út á land eða utan af landi til Reykjavíkur en innan bæjar. Þar munaði gríðarlega miklu. Ég man líka þá tíð að pósturinn kom þrisvar sinnum í viku með mjólkurbílnum. Vill hv. þingmaður fara aftur til þess tíma? Nú er pósti dreift alla daga vikunnar nema laugardaga og sunnudaga og kemur með góðum skilum.

Svo langar mig að spyrja hv. þingmann, varðandi arðgreiðslur frá Símanum, sem hann talaði mjög mikið um. Getur hann upplýst um hve miklar þær hafa verið frá árinu 1996? Ég tel að þær hafi ekki verið miklar þar til nú síðustu tvö ár. En það væri gott ef hv. þm. Ögmundur Jónasson gæti frætt okkur um það.

[19:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei, ég er enginn áhugamaður um að pósturinn komi með mjólkurbílnum tvisvar eða þrisvar í viku. Að sjálfsögðu fagna ég öllum breytingum og framförum sem hafa orðið á Íslandi í tímans rás. Mér finnst þetta svolítill útúrsnúningur hjá hv. þingmanni.

Ég tel það hins vegar ekki, svo að ég snúi mér efnislega að röksemdum hv. þingmanns, hafa verið forsendu þess að jafna símkostnað að stofnunin yrði gerð að hlutafélagi. Ég var alveg sammála hv. þingmanni um að jafna símkostnaðinn. Ég var í liði með þeim sem vildu uppræta þau tregðulögmál sem þar voru fyrir hendi, hvort sem það var í embættismannakerfi eða í pólitík. Í því verkefni höfum við eflaust verið samherjar. En mér finnst rangt að gefa þá mynd að forsenda þess hafi verið sú að markaðsvæða fyrirtækið. Það er alveg fráleitt. Ég óttast að þegar fram líða stundir eigum við eftir að sjá meira af því sem upp hefur komið á Blönduósi og Siglufirði, þ.e. uppsagnir sem fyrirtæki kalla hagræðingu.

Munum við eftir hvað gerðist í strandsiglingunum? Þær eru búnar. Hvers vegna? Vegna þess að nýir eigendur eru komnir annað með peninga sína til að ávaxta þá.

Varðandi arðgreiðslurnar þá hafa þær frá árinu 1989 verið tæplega 1,5 milljarðar að meðaltali, eða samtals um 24 milljarðar á þeim tíma, samkvæmt upplýsingum í svari fjármálaráðuneytis frá því í fyrra eða fyrr á þessu ári. Ég hef þetta sundurliðað. Þar hafa geysilegir fjármunir komið inn í ríkissjóð skattborgurum til góða.

[19:28]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fékk ekki mjög skýr svör varðandi arðgreiðslurnar. Ég held að þær hafi nefnilega verið þetta háar vegna þess að ríkisstjórnin ákvað að taka út arð, 4 milljarða kr., á síðasta ári, en arðgreiðslurnar hafi ekki verið svo miklar áður. Það eru kannski 6 milljarðar kr. í allt.

En af því að hv. þingmaður nefndi strandsiglingar og að það væri ríkisstjórninni að kenna að strandsiglingar voru lagðar af þá held ég að strandsiglingar hafi lagst af vegna breytinga í þjóðfélagsgerðinni. Fólk vill fá vörurnar strax og það er fljótlegra að flytja þær með bílum en með skipum hringinn í kringum landið og það hlýtur að vera ódýrara. Þetta er hagkvæmari kostur og þess vegna hefur hann orðið ofan á en það er ekki þannig að ríkisstjórnin hafi ákveðið að strandsiglingar yrðu lagðar af.

[19:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði ekki að það væri ríkisstjórnin hefði ákveðið að leggja af strandsiglingar. Hún greip til ráðstafana sem urðu til þess að strandsiglingar lögðust af. Auðvitað vill fólk fá mjólkurvöru með skömmum fyrirvara en sé varan traktor eða jarðýta þá hefði ég talið heppilegra að flytja hana á sjó en á vegum, sem að sjálfsögðu þarf að byggja upp. Ég man eftir ágætri umræðu í þingsal þar sem nánast allir, úr öllum flokkum, voru sammála um kosti þess að efla strandsiglingar vegna þess að það væri þjóðhagslega hagkvæmara.

Varðandi arðgreiðslurnar þá er ég með þetta allt sundurliðað og get svarað því mjög nákvæmlega. Árið 1992, svo að ég taki dæmi, voru arðgreiðslurnar 1.408 millj. kr. í ríkissjóð. Árið 1993 1.180 millj. kr. Það var 1 milljarður kr. árið 2002. (Forseti hringir.) Árið 2003 voru það 2.146 millj. kr. Geysilegir fjármunir hafa runnið í ríkissjóð frá þessari gullkvörn sem ríkisstjórnin er að selja frá okkur.

[19:30]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Ég fagna því frumvarpi sem liggur fyrir þinginu. Það má eins og alltaf áður að sjálfsögðu deila um hvernig verja beri svo miklum fjármunum sem hér eiga í hlut en ég tel að ríkisstjórnin hafi nálgast þetta verkefni af skynsemi og ábyrgð. Ég tel að við hljótum að geta sameinast um þau þjóðþrifamál sem frumvarpið kveður á um að verði hrint í framkvæmd. Allt eru þetta mál sem vart þarf að deila um. Með þessu er ljóst að einkavæðingin var ekki í þágu fárra heldur í þágu allrar þjóðarinnar. Hún gerir ríkinu kleift að styrkja innviði samfélagsins öllum landsmönnum til hagsbóta og ekki síst komandi kynslóðum. Sala Símans og einkavæðing hans hefur tekist afskaplega vel og hefur verið vel að henni staðið. Miklu hærra verð fékkst fyrir Símann en búist var við og að mínu viti hefur sá ferill allur verið vandaður eins og kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra fyrr í dag.

Mikið hefur verið rætt um sölu Símans í langan tíma og flestir hafa verið sammála um að fara þessa leið en að sjálfsögðu ekki allir. Það hefur til að mynda komið sterkt fram hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, svo að því sé haldið til haga, að þeir eru þessu algjörlega mótfallnir eins og þeir eru mótfallnir sölu á öllum ríkisfyrirtækjum. Við vitum hvar við höfum þá og þeirra skoðun er skýr og það þarf ekkert að deila um það, ég virði þá fyrir það.

Svo voru aðrir sem voru ekki mjög bjartsýnir á að þetta gæti gengið upp og mundi takast eins vel og raun varð. En nú er þetta í höfn, það er búið að selja Símann, góð sala, nýir eigendur hafa tekið við þessu ágæta fyrirtæki og það fyrirtæki verður í samkeppni við önnur fyrirtæki á sama markaði. Það má geta þess sérstaklega að fyrirtækið var góð söluvara vegna þess að það hafði verið vel rekið. En sú þörf er ekki lengur fyrir hendi að ríkið sé í þessum rekstri, ríkið á einfaldlega ekki að vera í samkeppnisrekstri.

Undanfarin ár hefur ríkið verið að losa sig út úr samkeppnisrekstri með góðum árangri og mikil áhersla hefur verið lögð á að ríkið einbeiti sér að þeim verkefnum sem það á að sinna. Má þar nefna að þjónusta hefur verið efld í mennta- og heilbrigðismálum þar sem miðað er við það besta sem þekkist í heiminum. Staða Íslands er góð, í lífskjarakönnun Sameinuðu þjóðanna er staða Íslands sú næstbesta af þeim löndum sem þar eru og staða Íslands er góð borið saman við önnur ríki í OECD.

Hæstv. forseti. Það mikilvægasta af öllu er að nú er verið að losa fjármagn til mikilvægra samfélagsverkefna og um það ættu allir að geta verið sammála. Ráðstöfun söluandvirðisins verður í aðalatriðum tvíþætt samkvæmt frumvarpinu. Annars vegar er lagt til að drjúgum hluta söluandvirðisins verði varið til að greiða niður erlendar skuldir ríkisins. Þetta mun leiða til minni endurgreiðslu og vaxtabyrði fyrir ríkissjóð á komandi árum. Hins vegar er gert ráð fyrir að stærstum hluta söluandvirðisins, þ.e. 43 milljörðum kr., verði varið til þess á næstu árum að styrkja innviði samfélagsins, m.a. til að bæta þjónustu í heilbrigðiskerfinu; efla rannsóknar- og þróunarstörf og örva þannig frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun í atvinnulífinu; treysta undirstöðu byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu með bættum samgöngum og jöfnun aðstöðu landsmanna hvað varðar aðgengi að fjarskiptum. Nánast öll landsbyggðarsveitarfélögin sem hafa komið til fjárlaganefndar núna í haust hafa kallað eftir betra aðgengi að fjarskiptum og betra GSM-sambandi og í þessu frumvarpi er ætlunin að styrkja þá innviði samfélagsins. Verður 2,5 milljörðum varið til uppbyggingar í samræmi við fjarskiptaáætlun. Meginmarkmiðið með ráðstöfun fjárins er í fyrsta lagi að auka öryggi vegfarenda og aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins en flestir líta orðið á GSM-símana sem algjörlega nauðsynleg tæki og raunar sem tryggingu fyrir því að þeir nái í hjálp ef eitthvað bregður út af.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjármunum verði varið til að stuðla að dreifingu stafræns sjónvarps um gervihnött með stórbætta þjónustu fyrir sjófarendur og strjálbýli að leiðarljósi.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir öflugri uppbyggingu á háhraðatengingum á þeim svæðum sem ekki er líklegt að verði þjónað á markaðslegum forsendum. Upplýsingatækni er leiðandi í hagvexti og atvinnuuppbyggingu í Evrópu og víðast annars staðar, m.a. hér á landi. Áætlað er að stuðla að og hraða þróun upplýsingasamfélagsins svo allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu.

Hæstv. forseti. Með því að kveða á um ráðstöfun fjárins til svo langs tíma sem raun ber vitni er verið að eyða óvissu um hvert fjármunir fara og um leið að tryggja að þeir nýtist sem best til þjóðþrifaframkvæmda sem annars yrði ekki kleift að ráðast í. Á árunum 2007–2010 verður 15 milljörðum kr. varið til framkvæmda í vegamálum. Með því er framkvæmdafé til vegagerðar meira en tvöfaldað á tímabilinu. Það er mjög mikilvægt að halda því til haga að aldrei hefur jafnmiklu fjármagni verið varið til vegagerðar og undanfarin ár, aldrei nokkurn tíma í sögu Íslands.

Það hafa allir miklar skoðanir í samgöngumálum og einhverjir hefðu viljað sjá aðra vegi í þessu frumvarpi. Það hefur hver sína skoðun á því. Val á vegaframkvæmdum sem fjármagna á af söluandvirði Landssímans hefur trúlega fyrst og fremst ráðist af því hver Vegagerðin hefur talið brýnustu verkefnin í samgöngumálum landsmanna og allt eru þetta verkefni sem koma við sögu á samgönguáætlun og hafa öll verið margrædd hér á háttvirtu Alþingi. Það er eitt sem allir alþingismenn eiga sameiginlegt, þeir hafa allir mjög mikinn áhuga á samgöngubótum í landinu.

Ég er fyrir mitt leyti ánægð með hvað kemur í hlut Suðurkjördæmis. Það eru 3,1 milljarður kr. af þessum 15 milljörðum og má fyrst til nefna tvöföldun Reykjanesbrautarinnar. Í hana á að fara 1,6 milljarðar, í hringveginn um Hornafjarðarfljót 800 millj. kr. og það gerir það að verkum að leiðin frá Reykjavík til Hornafjarðar mun styttast um allt að 10 km, sem hlýtur að vera mikið hagsmunamál fyrir Hornfirðinga.

Þá er gert ráð fyrir að Bræðratunguvegur um Hvítá fái 300 millj. kr. og er sá vegur ný vegtenging yfir Hvítá í Árnessýslu og mun þar brúa tvö sveitarfélög sem er mjög mikilvægt. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir nærliggjandi byggðir og þetta er mál sem hefur verið lengi á döfinni og má segja að það sé núna loksins í höfn og er það vel. (Gripið fram í.)

Síðan er það Suðurstrandarvegur með 400 millj. kr. og nú þegar er byrjað á Suðurstrandarvegi, það er kaflinn um Festarfjall austan Grindavíkur, og í haust verður næsti áfangi boðinn út sem er stuttur kafli næst Þorlákshöfn. Allt eru þetta vegabætur sem skipta miklu máli. Með þessari ákvörðun verður hægt að leggja miklu meiri áherslu á aðra vegi og vil ég þá nefna Hellisheiðina. Halda þarf áfram þeim góðu samgöngubótum sem þar er nýlokið við, unnið fyrir um 400 millj. kr., þreföldun á vegi og mislæg gatnamót. Þetta verkefni var ekki á vegáætlun og er mjög mikilvægt að ráðist var í það, verður til þess að haldið verður áfram með þann veg þannig að hann verður allur 2+1 alla leið frá Reykjavík og að Hveragerði, og síðan tel ég að það eigi að halda þessu áfram að Þjórsárbrú.

Með þessari ákvörðun er framkvæmdafé til vegagerðar meira en tvöfaldað. Og ég vil þá leggja mikla áherslu á að hugað verði að tengi- og safnvegum á landsbyggðinni sem margir hverjir eru gamlir malarvegir, holóttir og nánast ónýtir. Eftir þessum vegum ferðast skólabörn til og frá á hverjum degi og fullorðnir sækja vinnu. Á þessu er mjög brýnt að taka því að æ fleiri kjósa að búa úti á landi og sækja vinnu til Reykjavíkur eða annarra þéttbýlisstaða og það er mjög mikilvægt fyrir byggðina í landinu að þessum vegum sé sinnt.

Samkvæmt frumvarpinu eru miklir fjármunir ætlaðir til byggingar á nýju þjóðarsjúkrahúsi og ég held að við það verkefni geti allir verið mjög sáttir, ekki síst þeir sem vinna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Það munar miklu þegar hægt verður að reka sjúkrahúsið, sem er núna rekið á tveimur stöðum, á einum stað. Ég held að það hljóti að teljast mikið hagsmunamál fyrir alla.

Þá er gert ráð fyrir að verja 3 milljörðum kr. til löggæslu- og björgunarstarfa. Mikið hefur verið rætt um það hér á Alþingi að smíða þurfi fullkomið varðskip og björgunarskip, bæði til að þjóna landhelgisgæslu og björgunarstarfi, og nú eru fjármunir ætlaðir í það. Flugvél Landhelg-

isgæslunnar er líka komin til ára sinna og því var kominn tími til að endurnýja þennan tækjakost allan og er 3 milljörðum vel varið í þennan málaflokk.

Í samræmi við það markmið ríkisstjórnarinnar að efla nýsköpun og endurnýjun í atvinnulífinu verður eigið fé Nýsköpunarsjóðs aukið um 2,5 milljarða samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að hluta af þessu fjármagni, eða 1,5 milljörðum kr., verði varið með þeim hætti að Nýsköpunarsjóður standi að því ásamt lífeyrissjóðunum og fjármálastofnunum og hugsanlega öðrum fjárfestum að fjárfesta í svokölluðum sprotafyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður eigi ekki meira en 50% í slíkum sjóði eða sjóðum. Nú eiga sér stað viðræður við lífeyrissjóðina og fjármálafyrirtæki um þetta mál og hefur það vonandi gengið vel.

Þá er lagt til að farið verði í stórátak í uppbyggingu búsetuúrræða og þjónustu fyrir geðfatlaða með því að ráðstafa til málefnisins einum milljarði kr. af söluandvirði Símans. Miðað er við að 150 einstaklingar njóti góðs af þeirri uppbyggingu, einstaklingar sem eru í brýnni þörf. Það var mat manna að það væri ekki síst á þeim vettvangi, þar sem þörfin væri afar mikil, að nauðsynlegt reyndist að koma til móts við einstaklinga og bæta úr þeim aðstæðum sem þeir búa við.

Árið 2011 verða 100 ár liðin frá stofnun Háskóla Íslands og 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar og af því tilefni er lagt til að einum milljarði kr. verði varið til að reisa nýtt hús fyrir Stofnun íslenskra fræða, Árnastofnun, en sú stofnun verður til við samruna Örnefnastofnunar, Orðabókar Háskólans, Íslenskrar málstöðvar og Stofnunar Sigurðar Nordals.

Hæstv. forseti. Ég tel að söluverði Símans sé vel varið í að greiða niður skuldir, sem skiptir miklu máli, og í að styrkja innviði samfélagsins en þetta frumvarp er nýmæli. Það er nýtt að fara þá leið sem nú er lögð til, þ.e. að lögbinda ráðstöfun á söluandvirði einkavædds fyrirtækis með þessum hætti fram í tímann. En að sjálfsögðu verður gert ráð fyrir því í fjárlögum fyrir hvert ár þegar þar að kemur. Hæstv. forseti, ég hef þá lokið máli mínu.

[19:45]

Útbýting:

Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, 68. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 68.

Mat á fasteignum og álagningarstofn fasteignaskatts, 41. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 41.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 53. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 53.

Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, 56. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 56.

[19:46]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands. Þann 6. september 2005 var kaupverðið greitt, 66,7 milljarðar, 66.700 millj. kr. Þar af voru greiddir 32 milljarðar í erlendri mynt, staðgreitt. Þeir peningar fóru til greiðslu á erlendum skuldum ríkissjóðs sama dag. Það gladdi hjarta mitt því að ég sé fyrir mér að vaxtagreiðslur ríkissjóðs muni lækka um alla framtíð og sú ráðstöfun hefur engin áhrif á innlent efnahagslíf.

Afgangurinn, 35 milljarðar kr., var staðgreiddur með íslenskum krónum sem voru lagðar inn á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum. Þeir peningar, 35 milljarðar kr., voru þannig dregnir úr efnahagslífinu, frú forseti, og hafa annaðhvort verið teknir að láni, verið eigið fé viðkomandi fyrirtækja eða fluttir inn frá útlöndum. Í þessu tilfelli var því um að ræða aðgerð sem dregur verulega úr þenslu.

Síðan er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að 2,5 milljörðum kr. verði ráðstafað til ýmissa verkefna á þessu ári. Sú ráðstöfun fer í gang núna og gengur hægt og rólega og fer jafnvel yfir á næsta ár því að það tekst ekki að eyða peningunum fyrir áramót. Stærsti hlutinn af kaupverðinu er því dreginn út úr efnahagslífinu, það sem ekki fer til greiðslu á erlendum skuldum. Þetta er mjög gott og dregur stórlega úr þenslu enda verður afgangur á ríkissjóði sennilega 8–9% af landsframleiðslu á þessu ári, sem er með eindæmum eins og ég gat um fyrr í umræðunni. Ég efast um að nokkurt land sé með annan eins afgang.

Afganginn af peningunum, söluverðinu, á svo að nota til framkvæmda eftir 2007 og síðar, miklu síðar, þannig að þetta er mjög góð aðgerð til að draga úr þenslu.

Varðandi ráðstöfun fjárins þá er gert ráð fyrir að í vegaframkvæmdir fari 15 milljarðar kr., í spítala 18 milljarðar kr. og í minni liði 10 milljarðar kr., samtals 43 milljarðar kr. Afganginum, 24 milljörðum kr., verður varið til varanlegar lækkunar á skuldum ríkissjóðs.

Sumir hafa sagt að þeir sakni tiltekinna liða, að sjálfsögðu, eins og gengur, til aldraðra o.s.frv. Þar hafa menn aðallega nefnt aldraða. Ég sakna líka liðarins skattalækkunar. Ég hefði viljað sjá að skattgreiðendur, þ.e. borgarar þessa lands, hinn vinnandi maður, fengju hluta af þessu fjármagni til að ráðstafa í eigin þágu til sparnaðar eða til kaupa á hlutabréfum í Landssímanum. (**ÖJ:** Ekki veitir af þegar gullkýrin er tekin frá þeim.) Ekki veitir af þegar gullkýrin er tekin frá þeim, frú forseti. Ég hef margoft heyrt að menn hafi selt bestu kusuna í fjósinu. Ég held að það sé ekki þannig. Við erum að selja eina kusu og fá aðra miklu nythærri því að sú gamla mjólkaði ekki sérstaklega vel. Nýja kusan er niðurgreiðsla á erlendum skuldum. Það hefur verið íslenska ríkinu afskaplega þungbært að borga vexti, sérstaklega þegar vextir hafa verið hærri en þeir eru einmitt núna. Líklega kemur sú staða aftur upp á heimsmarkaði að vextir verði ekki svo óskaplega lágir.

Menn hafa rætt um einstakar framkvæmdir, t.d. 8 milljarða kr. í Sundabraut. Það er mjög jákvætt, finnst mér sem þingmanni Reykjavíkur. Svo hafa menn rætt um spítalann. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram, að það mætti skoða betur staðarvalið. Það er ekki þar með sagt að ég sé kominn í stjórnarandstöðu, frú forseti, eins og menn gjarnan vilja túlka það. Ég bendi einfaldlega á að hugsanlega megi finna betri lausn á staðarvalinu með tilliti til þess að Landspítalalóðin er ekki lengur í miðju Reykjavíkursvæðisins, heldur er hún eiginlega komin út úr. Hugsum okkur mann með hjartaáfall uppi Breiðholti, að það þarf að keyra hann alla leið vestur í bæ í gegnum þunga umferð. Þá væri betra að hafa Landspítalann nær miðju svæðisins. En að sjálfsögðu tekur maður afstöðu til slíks þegar staðarvalið er

ákveðið. Það er líka neikvætt að byggja við hliðina á gömlum spítala því að þá er alltaf hugsanlegt að menn reyni að nýta eitthvað af gamla spítalanum, sem er ávallt slæmt.

Svo vil ég endilega leggja til, ef menn ætla að byggja nýjan spítala, að þeir flytji inn teikningar af spítala sem hefur verið teiknaður erlendis, t.d. norskum spítala, þannig að við gerum ekki sömu mistökin og með flugstöðina, að við verðum að hanna allt upp á nýtt og kannski ekki á bestan hátt. (**ÖJ:** Þetta er mjög markviss umræða.)

Varðandi aðra liði þá er það eina sem ég er ekki beint sáttur við þar framlag í Nýsköpunarsjóð. Ég hef enga trú á því og hef margoft sagt að opinberir starfsmenn geta ekki stundað nýsköpun, stutt hana eða staðið í fjárfestingu á nýsköpun. Mér sýnist reynslan hafa sýnt það. Nýsköpunarsjóður er illa settur.

Ég vil ekki ljúka ræðu minni án þess að lýsa því yfir ég er afskaplega ánægður með söluna sem slíka, að Landssíminn hafi verið seldur, sem hefur lengi verið draumur minn, og fyrir hann hafi fengist óskaplega hátt verð. Þetta er óskaplega hátt verð og miklu hærra en ég átti von á. Það nota menn síðan til að greiða niður skuldir og draga fjármagn út úr atvinnulífinu, það er mjög ánægjulegt. Nú er lítið orðið eftir að selja, frú forseti, nema kannski Landsvirkjun. (**Gripið fram í:** Póstinn.) Já, póstinn, en hann er ekki nándar nærri eins stór. En Landsvirkjun er eflaust næsta stofnun til að selja. Þá fer atvinnulífið að verða nokkuð lipurt fyrir utan það að menn fara kannski að hugleiða að flytja eitthvað af mennta- og heilbrigðiskerfinu yfir í einkaframkvæmd. Þá er ég ekki að tala um að ríkið hætti að greiða fyrir þá þjónustu heldur verði hún færð yfir í einkaframkvæmd þar sem meiri samkeppni ríkir þannig að verðið lækki, eins og sýnir sig t.d. hjá bönkunum.

[19:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að hv. þm. Pétur H. Blöndal skýri aðdróttanir sínar í garð opinberra starfsmanna. Hann heldur því fram í ræðustól á Alþingi að opinberir starfsmenn geti ekki staðið fyrir nýsköpun. Hvers konar staðhæfing og bull er þetta eiginlega? Þetta er ekki aðeins aulaleg yfirlýsing, hún er líka mjög alvarlegs eðlis og slæmur vitnisburður um hv. þingmann.

[19:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta segir ekkert um opinbera starfsmenn nema að þeir séu kannski ekki best hæfir til að taka áhættu. Þeir hafa valið sér starf hjá ríkinu vegna þess öryggis sem ríkið veitir og tryggingar á starfsöryggi og öðru slíku. Þeir geta verið mjög hæfir og góðir starfsmenn. Flestir opinberir starfsmenn eru mjög hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu en hafa kosið öryggi. Það fólk er alla jafna ekki tilbúið að taka þá áhættu sem fylgir því að fara út í áhætturekstur og nýsköpun. Það er mín skoðun.

Þeir sem standa í áhætturekstri er áhættuglatt fólk og það vinnur helst ekki hjá ríkinu. Það er munurinn og segir ekkert um það hvort opinberir starfsmenn séu verri eða betri en annað fólk. En ég tel að hjá hinu opinbera starfi menn sem sækjast í öryggi og vinna af staðfestu með jöfnu framlagi alla daga og skili vissulega góðu starfi í því umhverfi, t.d. á spítölum, í háskólum og öðrum skólum eða hvar sem er. Þar skila þeir góðu starfi. En ég hef ekki trú á opinberum starfsmönnum í nýsköpun. Nýsköpun krefst þess að menn taki mikla áhættu og jafnvel tapi einhverju og alloft tapa menn á nýsköpun. Sumir tapa og aðrir græða. Að mínu mati þarf til þess aðra tegund af fólki en opinbera starfsmenn.

[19:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir þetta svar. Ég er heldur sáttari við hann eftir svarið en eftir yfirlýsingar hans áðan. Ég er hins vegar ósammála hv. þingmanni. Ég tel að framfarir verði ekki einvörðungu vegna áhættu sem menn eru reiðubúnir að taka. Það á við í einhverjum tilvikum, það er alveg rétt, en í miklu fleiri tilvikum verða framfarirnar vegna samvinnu manna í milli. Það á við um framfarir á 20. öld, á sviði vísinda og í læknavísindum. Þar sem við höfum verið að ræða um Póst og síma þá urðu geysilegar framfarir á sviði fjarskipta, einnig hér á landi, innan ríkisrekins Pósts og síma.

[19:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hafa orðið miklar framfarir, t.d. í menntakerfinu, þar sem menn vinna með öryggi ríkisstarfsmannsins að leiðarljósi. Það sem ég sagði hefur ekkert með það að gera. Samvinna og öryggi geta verið góð á vissum sviðum og í rólegra umhverfi.

Hins vegar er nýsköpun í atvinnulífinu alltaf áhættusöm. Ég hef ekki kynnst þeirri nýsköpun sem er örugg því að þá væri það varla nýsköpun. Þegar menn fara út í nýsköpun eru þeir að búa til nýtt fyrirbæri, nýtt fyrirtæki sem enginn veit hvort muni standast tímans tönn, enda sýnir það sig að mörg og eiginlega flest nýsköpunarfyrirtæki fara á hausinn. Það er bara hluti af eðli nýsköpunar. Talið er að tvö af hverjum tíu fyrirtækjum standi upp úr og eitt af þeim skili virkilega góðum hagnaði til að borga fyrir öll tíu. Þetta er áhætta sem ég tel að henti ekki endilega opinberum starfsmönnum enda hefur það sýnt sig að þeir starfsmenn sem vinna hjá Nýsköpunarsjóði eru helst í öruggum fjárfestingum, öndvert við einstaklingana sem þora að taka áhættu til að græða mikið eða tapa ella.

[19:59]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Fyrst menn á annað borð tóku ákvörðun um að selja Símann verð ég að láta í ljós þá skoðun mína að mér finnst sem ágætlega hafi tekist til með þá sölu. Ég held að verðið sem fékkst fyrir Símann hafi verið mjög hátt og ekki sýti ég það að þeir sem keyptu voru dugmiklir íslenskir athafnamenn.

Hins vegar var ég því algerlega andsnúinn, eins og minn flokkur Samfylkingin, að dreifikerfið skyldi vera selt með Símanum. Ég er líka algerlega mótfallinn þeim rökum sem hefur verið teflt gegn því viðhorfi okkar að ekki hafi annarra kosta verið völ af tæknilegum orsökum. Ég held að

nýjar upplýsingar um framvindu tækninnar hafi sýnt þetta alveg ótvírætt.

Ég held líka að sjálf meðferð sölunnar að þessu sinni hafi tekist vel. Ég held að sú gagnrýni sem stjórnarandstaðan lagði fram á fyrri einkavæðingar hafi haft áhrif. Ég nefni alveg sérstaklega fyrri sölulotu þessa fyrirtækis sem tókst hraksmánarlega illa. Ríkisstjórninni tókst þar ákaflega illa upp og braut margvísleg prinsipp við þann gjörning. En í tengslum við þessa sölu sáust engin skuggaleg verk í gangi. Því miður er að koma á daginn að hægt er að viðhafa slík orð um t.d. sölu bankanna þar sem bæði hæstv. forsætisráðherra og fyrrverandi forsætisráðherra voru með ósæmilegum hætti með puttana í sölunni. Ég rifja það upp, frú forseti, þegar virtur sjálfstæðismaður í einkavæðingarnefnd forsætisráðherra, ríkisstjórnarinnar, Steingrímur Ari Arason, sagði af sér á sínum tíma og vildi ekki tilgreina neinar ástæður. Nú held ég að það liggi alveg ljóst fyrir eftir síðustu upplýsingar um þau efni hvers vegna hann gerði það.

Frú forseti. Þó að ég hafi verið mótfallinn því að dreifikerfið væri selt með þá tel ég að salan hafi að flestu leyti tekist vel. Nú ræðum við það með hvaða hætti á að verja andvirði þessa mikilvæga ríkisfyrirtækis. Hér hafa ýmsar hugmyndir verið ræddar og studdar rökum og margar góðar. Margt af því sem hefur komið fram í umræðunni er jákvætt. Ég er t.d. alveg sérstaklega ánægður með að verja eigi drjúgum hluta af andvirði Símans til þess að byggja nýtt hátæknisjúkrahús. Ég tel að það sé mikilvægt, bæði fyrir þróun heilbrigðiskerfisins og til þess að vel takist að lokum til með sameiningu spítalanna tveggja. Ég geri engar athugasemdir við staðsetningu hátæknisjúkrahússins. Ég held að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi valið því prýðilegan stað og að því leyti til er ég á öndverðri skoðun við hv. þingmann og virðulegan formann fjárlaganefndar, Magnús Stefánsson, sem hefur haft uppi hugsanlega léttvægar efasemdir, en eigi að síður efasemdir, um að staðarvalið sé rétt. Að því leyti til treysti ég hæstv. heilbrigðisráðherra betur en formaður fjárlaganefndar virðist gera.

Ég er ekki á því að ekki sé heppilegt að nota þau húsakynni sem hugsanlega er hægt að nota inn í hinn nýja spítala, eins og mér virðast þeir tvílembingar hv. formaður fjárlaganefndar og hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar vera sammála um. Ég treysti hæstv. heilbrigðisráðherra betur en þeir. Þá fannst mér mannsbragur á því hjá hæstv. heilbrigðisráðherra fyrr í dag þegar hann þakkaði hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir það frumkvæði sem hann átti að því að tvinna þetta tvennt saman, annars vegar sölu Símans og hins vegar byggingu hátæknisjúkrahússins. Ég rifja það upp, frú forseti, að þó að hugmyndir hafi að sjálfsögðu verið á kreiki um margra ára skeið um að byggja nýtt hátæknisjúkrahús þá veit ég ekki betur en hv. þm. Kristján L. Möller hafi verið sá fyrsti sem tengdi þetta tvennt. Hann gerði það fyrst í grein í Morgunblaðinu og síðan með þingmáli sem hann flutti um málið og hafi hann þökk fyrir. Hæstv. heilbrigðisráðherra, sá góði drengur, á auðvitað heiður skilið fyrir að þakka honum með þeim hætti sem hann gerði í ræðu sinni í dag. — Ég sé að hv. þm. Ögmundur Jónasson hlær við fót með heldur óviðurkvæmilegum hætti. Ég hafna þeirri ásökun sem felst í þeim hlátri, að sú yfirlýsing hæstv. heilbrigðisráðherra hafi verið dregin upp úr honum með töngum. Það var ekki svo. Þar var um frjálsan og fúsan vilja hæstv. ráðherra að ræða.

Hins vegar er því ekki að leyna að ég tel að það sé hæstv. ríkisstjórn heldur til álösunar þegar maður skoðar með hvaða hætti á að verja fénu að öðru leyti. Þar sjáum við auðvitað kjördæmapotið ná hámarki. Ég man ekki eftir því áður að hafa séð svona háar upphæðir sáldrast í gegnum greipar þeirra sem mest hafa sig í frammi í kjördæmapotinu. Það má segja með vissum hætti að þessi dagur sé eins konar uppskeruhátíð fyrir þá sem berjast harðast og grimmast fyrir sín kjördæmi. Ekki er ég í hópi þeirra, eins og hv. þingmenn landsbyggðarinnar vita, sem hafa verið að agnúast yfir því að fé sé lagt til samgöngubóta á landsbyggðinni, nema síður væri. Ég og hæstv. forsætisráðherra erum til að mynda báðir sammála um nauðsyn og gagnsemd Héðinsfjarðarganga sem hafa þó mjög verið gagnrýnd af kjósendum í okkar ágæta kjördæmi. Ég tel sem sagt að það sé heppilegt og gott að verja fjármagni til að bæta samgöngur á landinu. En við erum auðvitað eldri en tvævetur, við sem í þessum sal sitjum. Og þegar maður skoðar tillögurnar sem hér liggja fyrir um hvernig eigi að verja þessu fjármagni þá sér maður auðvitað að þeir gripu mest í hnakktöskuna heim í héruð til að afla sér atkvæða sem riðu harðast yfir. Maður þarf ekki annað en lesa í hófförin sem liggja um allt yfir þetta frumvarp.

Ég sé það t.d. að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem ég hef reyndar nýlega lýst aðdáun minni á í mínum örlitla miðli, heimasíðu minni, kemur langbest út úr þessu og fær í kringum 3 milljarða þar sem heitir Nýsköpunarsjóður og hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar var að lýsa algeru frati á. Ég vil hins vegar gleðja hæstv. forsætisráðherra með því að hann á í því máli betri stuðningsmann í mér en í hv. þm. Pétri Blöndal, formanni efnahags- og viðskiptanefndar, sem var að lýsa því yfir að þessu fé væri nánast sóað vegna þess að opinberir starfsmenn sem ynnu að nýsköpunarmálum væru svo illa hæfir til þess að fara með það að það væri með engu móti hægt að verja það. Þetta eru orð hv. þm. Péturs H. Blöndal. Ég get ekki annað en tekið undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem fór hörðum og verðskulduðum orðum um þau ummæli Péturs H. Blöndals.

Þegar maður kemur að öðrum framsóknarmönnum sér maður að hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformaður Framsóknarflokksins, hefur verið óvenjulega ódrjúgur í sókninni til símasilfursins. Hann fær einungis í sinn hlut brú yfir Hvítá, kennda við Bræðratungu. Það er út af fyrir sig vel við hæfi að sú brú skuli kennd við þann stað sem maður Snæfríðar Íslandssólar bjó á, þeirrar sem sagði: Heldur þann versta en þann næstbesta. Mér finnst sem Guðni hafi ekki staðið sig nægilega vel í þessu en sjálfstæðismennirnir voru miklu harðari. Einar K. Guðfinnsson, sem í kjölfar þessarar ákvörðunar hófst til ráðherravegsemdar, verðskuldaðrar líka, sýndi það hins vegar að hann er líklegur til að verða aflakóngur á Vestfjarðamiðum. Hann fékk tvo fína vegi, veginn um Þverárhlíðarfjall og veginn um Arnkötludal. Varaformaður fjárlaganefndar hefur oft verið harðsækinn, sá góði maður, en hann fékk ekki nema vegarspotta á milli Bjarkalundar og Flókalundar og að vísu yfir í fjörð feðra minna, Dýrafjörð. Það má kannski segja að fráfarandi

forseti þingsins, Halldór Blöndal, sem margir héldu að væri hættur að sækja á miðin, hafi verið aflakóngur dagsins. Hann sló Einari Oddi algerlega við og fékk veg á milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar og alla leið yfir í Vopnafjörð og meira að segja með sérstökum slitlagsenda við Brunahvammsháls.

Frú forseti. Við sem höfum verið hér í nokkur ár þekkjum þetta. Við þekkjum þessa menn. Við vitum að þetta eru málin sem þeir hafa verið að berjast fyrir árum saman en hvað var það svo sem hv. formaður þingflokks framsóknarmanna, stoð og stytta hæstv. forsætisráðherra, fékk í sinn hlut? Illa sýnist mér sem hæstv. forsætisráðherra hafi þar launað góðan stuðning. Hann fékk ekkert nema Suðurstrandarveg. Ef hæstv. forsætisráðherra vildi vera svo elskulegur að rifja það upp fyrir mér þá mundi hann kannski segja þingheimi það hér á eftir: Í hvaða sinn er hv. þm. Hjálmar Árnason að fá það loforð? Ég gæti svarað því fyrir hæstv. forsætisráðherra: Í fjórða sinn.

Ég kom ungur maður inn á þing árið 1991. Skömmu upp úr því fóru menn að lofa íbúum í því kjördæmi Suðurstrandarvegi. Og ég minnist þess að þegar verið var að véla um síðustu kjördæmabreytingu, og búa til eitt kjördæmi úr Reykjaneskjördæmi hinu gamla og Suðurlandskjördæmi, þá var Suðurstrandarvegi lofað til þess að gera þá breytingu lystugri í munn kjósenda í þeim tveimur kjördæmum. Svo var það svikið strax eftir kosningar og nú kemur hæstv. forsætisráðherra með einn til reiðar, hv. þm. Hjálmar Árnason, og lofar Suðurstrandarvegi enn einu sinni. Nú ætla ég að vísu að leyfa mér þann munað að trúa því að Suðurstrandarvegur verði að veruleika, hið fornkveðna segir jú: Fullreynt er í fjórða sinn.

Ég er líka giskaglaður yfir því, sem þingmaður Reykvíkinga, að leggja eigi drjúga upphæð í Sundabraut. Ég hef hins vegar tekið eftir því að þegar hæstv. forsætisráðherra hefur tjáð sig um það mál, og hefur verið inntur eftir því með hvaða hætti á að ganga frá fjármögnun þeirrar framkvæmdar, hefur hann talað á þann veg að hugsanlega verði vegtollar teknir þar upp. Ég fæ a.m.k. ekki séð það, heyrt og skilið á annan hátt. Mig langar því, af því að svo vel ber í veiði að hæstv. forsætisráðherra heiðrar okkur með nærveru sinni þegar við ræðum þetta merkilega frumvarp hans, að spyrja hann hvort það sé mögulegt að gert sé ráð fyrir því að vegtollar verði í framtíðinni teknir upp til þess að fjármagna afganginn af Sundabrautinni. Það er mikilvægt að það komi fram.

Síðan vil ég segja það hæstv. forsætisráðherra og stjórnarliðum til hróss að ég er mjög ánægður með að þeir skuli hafa tekið ákvörðun um að verja 1 milljarði til málefna geðfatlaðra. Geðfatlaðir eru afgangshópur í samfélaginu sem á ekki nema örfáa góða hugsjónarmenn, eins og hv. þm. Ögmund Jónasson og nokkra í þessum sal, sér til varnar og stuðnings. Þetta er hópur sem hefur ekki mikla þrýstigetu og því hafa þeir oft setið á hakanum. En þetta er þakkarvert, þó að það hafi kannski ekki komið algerlega á óvart. Hæstv. félagsmálaráðherra hefur verið með það í pípunum og hefur verið að boða áætlun um búsetuúrræði fyrir geðfatlaða. Hann boðaði slíka áætlun fyrir tveimur árum og þá biðu menn í ár en hún kom ekki. Loksins kom hún og sannarlega er þar horft til framtíðar en þá vantaði peninga og nú koma þeir þannig að þar er verið að fylla upp í ákveðna holu. Ekki ætla ég að lasta það. En það er eitt sem brennur á mér þegar ég horfi yfir þetta svið, sé hvert peningarnir fara og sé hverjir hafa verið grimmastir í því að fá fjármagn til sinna kjördæma, til sinna umbjóðenda. Þá staldra ég auðvitað við það að hæstv. forsætisráðherra hefur margsinnis sagt að það væri réttlátt að Síminn yrði seldur og andvirðinu veitt aftur til þjóðarinnar, til þeirra sem áttu Símann. Ef það er eitthvert réttlæti í því máli þá hlýtur að koma til álita að sérstaklega verði tekið á þörfum þeirrar kynslóðar sem var á sínum sokkabandsárum, sem var í blóma lífsins, sem byggði þetta land og stóð undir því á meðan Síminn var að vaxa og verða að því verðmæta fyrirtæki sem hann varð. Þetta eru þeir sem núna teljast aldraðir. Ég ætla mér ekki að leggja það til að fjármunir sem verða til við sölu á ríkisfyrirtæki verði settir í að standa undir einhvers konar rekstri á vegum ríkisins eða þjónustu. En þarna er hins vegar verið að verja peningum í framkvæmdir og ég hef talið upp ýmislegt sem mér hefur fundist jákvætt. Ég hef fundið að aðferðum við að dreifa þessum fjármunum og ég velti því fyrir mér: Af hverju er ekki álitleg upphæð sett til aldraða Íslendinga, til að uppfylla þörf fyrir hjúkrunarheimili fyrir aldraða og dvalarheimili fyrir aldraða? Í skúffu eða á skrifborði hæstv. heilbrigðisráðherra liggja áætlanir um þá þörf til næstu ára. Við vitum það öll að þjóðin er að eldast, okkur fer að fjölga á næstu árum sem þurfum á þessari þjónustu að halda og sennilega höfum við öll í þessum sal átt foreldra sem sannarlega hafa þurft á slíkri þjónustu að halda.

Er einhver skilningur á þessu í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra? Nei. Það er ekki. Ég tel ekki, eins og ég hef áður sagt, að hv. þingmenn stjórnarliðsins séu svo illa gerðir að þeir vilji ekki ráðast í sérstakt átak fyrir þennan hóp. Ég held að menn hafi gleymt öldruðum. Ríkisstjórnin gleymdi öldruðum og það er að mínu mati alvarlegt mál. Mér finnst því að við meðferð þessa máls í þinginu eigi menn að skoða þann möguleika að frumvarpinu verði breytt með einhverjum hætti þannig að tekin verði upp sérstök upphæð og hún verði sett til þessa verkefnis. Þá getum við sagt að ákveðnu réttlæti hafi verið fullnægt og mig langar til að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Kemur það ekki til greina að sérstakt átak verði gert í þessu fyrir hluta af andvirði Símans? Ég ætla að biðja hæstv. forsætisráðherra að gera mér það ekki að koma hér upp og segja að með því að setja peninga hingað og þangað skapist aukið svigrúm í framtíðinni vegna þess að þá þurfi ekki að setja peninga í þau verkefni og þá verði hugsanlega til einhver skerfur sem hægt sé að taka til aldraða. Ég frábið mér slíkar skýringar. Ég er bara með einfalda spurningu: Kemur það til greina á vegferð þessa máls í gegnum þingið að menn skoði hvort unnt sé að breyta málinu með einhverjum hætti þannig að sérstök fjárveiting fari til þessa málaflokks?

[20:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir að hrósa framkvæmd á einkavæðingu Símans og mér finnst það drengskapur hjá honum að koma hér upp og segja að þarna hafi verið vel að verki staðið. Ég var hins

vegar ekki alveg jafnánægð með að mér fannst hann tala óvirðulega um vegaframkvæmdir á landsbyggðinni en hann kallaði þær kjördæmapot. Mér finnst þetta óvirðulega talað um nauðsynlegar framkvæmdir sem við þurfum auðvitað að ráðast í. Af því að hv. þingmaður fékk mikinn og góðan stuðning á landsbyggðinni í formannskjöri í flokki sínum þá veit ég að hann á eftir að koma upp og draga þessi orð til baka því hér er verið að tala um lífsnauðsynlegar framkvæmdir á landsbyggðinni.

Þrátt fyrir að hv. þingmaður frábiðji sér að talað sé um að þessar framkvæmdir rýmki til fyrir öðrum framkvæmdum þá er það auðvitað svo að við erum með fjárlög í gildi og mikla fjármuni og þeim erum við að ráðstafa til margra góðra verka, þar á meðal til byggingar hjúkrunarrýma fyrir aldraða. Ég vil líka minna hv. þingmann á að fyrir tveimur árum var gerður samningur við aldraða og unnið hefur verið eftir áætlunum varðandi það að byggja upp hjúkrunarrými og einungis fyrir nokkrum dögum síðan var gerður samningur um 120 ný hjúkrunarrými í Reykjavík. Ég held að hv. þingmaður hljóti að fagna þessu framtaki sem bara nú nýverið er eitt af þessum dæmum. En auðvitað eru mörg verkefni sem eru í gangi og sífellt verið að ræða um og gera áætlanir um ný hjúkrunarrými.

[20:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður þarf ekkert að þakka mér að hafa farið tiltölulega jákvæðum orðum um aðferðina við sölu Símans. Ég hef fylgst með þessu máli. Ég var mjög ósáttur þegar farið var um þetta hið fyrra sinni. Ég hef lýst fyrirvörum mínum. Ég er á móti því að dreifikerfið hafi verið selt. En staðreyndin er bara sú að ríkisstjórnin tók ákvörðun um að selja. Ég vildi að það hefði verið staðið öðruvísi að því en ég hef hins vegar ekki séð neina sérstaka hnökra á sölunni og ég er ánægður með verðið. Ef ég man rétt er verðið 10 millj. meira en ég og aðrir töldu að mundi fást fyrir þetta og við gripum þá tölu ekki út úr loftinu heldur leituðum til manna, svo ég er ánægður með það. Ég er ánægður með margvíslegar framkvæmdir sem á að nota þetta fé í. Ég hef verið hér í allan dag og lýst ánægju minni t.d. sérstaklega með milljarðinn til geðfatlaðra. Það er tiltölulega flott mál.

Ég skal hins vegar segja hv. þingmanni það alveg hreint út að ég vil heldur draga úr vegaframkvæmdum sem eru ákvarðaðar með framkvæmd frumvarpsins og setja í framkvæmdir vegna aldraðra. Það er bara mín ærleg og einlæg sannfæring. En ég á við sama reip og draga og aðrir sem tala svona. Ég ímynda mér að jafnvel þó ég mætti ráða því sjálfur væri það erfitt innan míns eigin flokks vegna þess að þar ríkja sömu lögmál og ég er ekkert að draga dul á það. Ég hika hins vegar ekki við að segja að auðvitað sé ég fingraför, kjördæmapot er á þessu. Hvers vegna segi ég það? Vegna þess að ég hlusta. Ég sit í þessum sal og ég hlusta og er búinn að gera það árum saman. Ég veit um óskir ykkar. Ég veit hver gæluverkefnin ykkar eru. Ég þekki þetta allt saman og ég sé það bara að þeir sem ég tel vera þyngsta og frekasta í stjórnarliðinu, kjördæmi þeirra fá mest. Það er svo einfalt mál.

Ég ítreka það aftur að hv. þingmaður hefði frekar átt að berjast svolítið fyrir því að aldraðir fengju rúma fjárveitingu til þess að byggja dvalarheimili og hjúkrunarheimili.

[20:21]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svo ótrúlegt að ef er verið að tala um framkvæmdir á landsbyggðinni þá heitir það kjördæmapot. Hv. þingmaður talar t.d. heldur jákvætt um Sundabraut. Er það af því að annar endi hennar eða sennilega öll brautin liggur innan hans kjördæmis? (Gripið fram í.) Mér finnst eiginlega ekki alveg nógu gott hjá þingmanninum að tala með þessum hætti um góðar framkvæmdir í vegamálum.

Ég vil líka benda á að til Framkvæmdasjóðs aldraðra fara í því fjárlagafrumvarpi sem við erum að fjalla um nú haustdögum 1 milljarður kr., nánar tiltekið 1.002 millj. En auðvitað er verið að vinna í uppbyggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða með mjög ábyrgum og góðum hætti. Það er verið að efla heimahjúkrunina og heimaþjónustuna sem skiptir auðvitað mjög miklu máli því að það er nú einu sinni svo að hér á landi er stofnanauppbyggingin meiri en annars staðar þekkist og það hefur orðið sú stefnubreyting að menn vilja frekar veita öldruðum þjónustu heima fyrir sem lengst en auðvitað eigum við að standa vel að því að byggja upp þau hjúkrunarrými sem þörf er á og ég ítreka að það er verið að gera. Það er verið að gera í Hlíð á Akureyri, á Hrafnistu, á Droplaugarstöðum og eins og ég sagði áðan, fyrir örfáum dögum síðan var skrifað undir samning um 120 ný hjúkrunarrými í Reykjavík. Hér er verið að vinna að mörgum góðum verkefnum sem er auðvitað mjög nauðsynlegt og við getum verið sammála um það en þar er unnið samkvæmt áætlun.

[20:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Á að gilda eitthvað annað um aldraða en vegi? Þarf sérstakar fjárveitingar til þess að ýta undir vegagerð á landsbyggðinni, með ýmsum rökum, sem er síðan ekki hægt að nota gagnvart öldruðum vegna þess að þar er verið að vinna samkvæmt áætlun? Má ég minna hv. þingmann á að þar var verið að vinna samkvæmt alveg prýðilegri áætlun um samgöngubætur á Íslandi. Það er ekki svo að ég hafi verið að segja að það sé eitthvað sérstaklega illa staðið að því að þróa aðhlynningu aldraðra en það er einfaldlega þannig að þegar menn eru ábyrgir fyrir því að reka ríki þá þurfa þeir að taka tillit til margra sjónarmiða. Það er vægi sjónarmiðanna sem veldur endanlegri niðurstöðu. Ég er ekki að halda því fram og ekki sérstaklega á seinni árum að þá hafi menn ekki haft augun á þörfum aldraðra. Ég er hins vegar að segja eftirfarandi: Það eru sérstakar aðstæður, við stöndum með potta úr silfri í höndunum og erum að velta því fyrir okkur hvernig eigi að verja því og menn hafa tekið ákvörðun um það. Ég er einfaldlega að segja að ég hefði viljað sjá ákvarðanirnar teknar með svolítið öðrum hætti. Ég hefði viljað sjá sérstakar fjárveitingar settar til að þjónusta betur framtíðarþarfir aldraðra vegna þess að við munum ekki aftur standa með þennan silfurpott í fanginu, það er bara núna. Það eru rök mín. Í því felst ekki endilega að ég sé að setja fram harða gagnrýni á aðbúnað aldraðra í landinu. Mér er mætavel kunnugt um að það hefur verið

stöðug framför hvað varðar aðhlynningu aldraðra, heimahjúkrun og heimaþjónustu. Ég er alveg sammála því þótt ég telji að þar sé í flestum tilvikum miklu frekar sveitarfélögum að þakka en ríkinu. Ég vil ekki deila við hv. þingmann um það. Ég er bara að segja að núna stöndum við frammi fyrir því að endurdreifa til þeirra sem byggðu upp Símann á sínum tíma og þá finnst mér sú kynslóð vera afskipt. Það er sjónarmið mitt.

[20:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður talaði um kjördæmapotara og nafngreindi ýmsa landsbyggðarþingmenn, þá sem væru þyngstir og frekastir. Nú vill svo til þegar maður horfir á þessi útgjöld þá er Sundabraut og Landspítalinn hvort tveggja í Reykjavíkurkjördæmi norður. Ég hef alltaf talið mig vera þingmann allrar Reykjavíkur og alls landsins reyndar og er á móti því að vera að skipta þessu niður á kjördæmi. Ég hef notað vegi um allt land og spítala og annað slíkt.

En nú vill svo til að hv. þingmaður er 1. þm. Reykv. n. Er hann þá ekki mesti potarinn? Er hann ekki að fá 26 milljarða af 60 í sitt kjördæmi, þ.e. 60% af allri upphæðinni og ekkert fer til Reykjavíkurkjördæmis suður?

[20:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir auðvitað vænt um að hv. þm. Pétur Blöndal álíti pólitíska vigt mína og áhrif mjög mikil. Mér þykir auðvitað vænt um að hann komi hingað og geri því skóna að ég eigi ósmáan þátt í því að 26 milljarðar fari í mitt kjördæmi.

Nú er það svo að það er ekkert sérstaklega kalt á milli mín og ríkisstjórnarinnar en ég verð samt að trúa hv. þingmanni fyrir því að áhrif mín á ríkisstjórn Íslands ná ekki svo langt að ég hafi getað haft þessi áhrif. Sannast sagna hef ég því miður ekki haft nokkur áhrif á þetta frumvarp sem við höfum nú til umræðu. Ég lít heldur ekki svo á að þessar framkvæmdir, hátæknisjúkrahúsið og Sundabrautina megi sérstaklega setja á reikning höfuðborgarinnar eða færa henni sérstaklega til eignar, og alls ekki öðru kjördæminu af þeim tveimur sem saman mynda höfuðborgina.

Ég tel að hátæknisjúkrahúsið sé eitthvað sem gagnist allri landsbyggðinni og ég held að það séu rökin fyrir því að menn treysta sér til að setja svona stóran hluta í það. Ég held sömuleiðis að Sundabrautin sé ekki mál Reykvíkinga sérstaklega. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur ekki misst sjónar á þeirri staðreynd að menn aka ekki bara út úr Reykjavík heldur koma til baka og þeir sem búa á landsbyggðinni aka til Reykjavíkur og síðan fara þeir sína leið aftur til baka þannig að þetta er samgöngubót sem gagnast öllum. Það er ekki ég sem held því fram endilega. Þeir sem hafa verið hvað skeleggastir í röksemdafærslunni fyrir því eru hv. þingmenn landsbyggðarinnar sem hafa tekið undir nauðsyn þeirrar samgöngubótar. (Gripið fram í.) Ég er gamall sjómaður af Raufarhöfn þannig að ég veit allt um vegasambandið þangað.

[20:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður skildi greinilega ekki hæðnina sem fólst í þessum orðum mínum þannig að ég þarf sennilega að fara að setja gæsalappir utan um þetta. Auðvitað var ég að hæðast. Ég sagði sjálfur að ég notaði alla vegi landsins og nú langar mig til að spyrja hv. þingmann: Getur það verið eða vill hann lofa því að hann muni ekki nota Suðurstrandarveginn eða Þverárfjallsveginn? Getur hann lofað því? Allir vegir landsins eru notaðir af öllum landsmönnum í báðar áttir að sjálfsögðu og ég hef margoft lagt áherslu á það og ég er á móti því að menn séu að skipta landinu upp í kjördæmi varðandi framkvæmdir.

Auðvitað verður háskólasjúkrahúsið notað af öllum landsmönnum. Auðvitað verður Sundabraut notuð af landsbyggðafólki eins og öðrum. Það vill svo til að við erum með eitt land og við erum löggjafarsamkunda fyrir allt landið.

[20:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil fullvissa hv. þm. Pétur H. Blöndal um að mér eru allir vegir færir. Það er hins vegar ekki víst að ég notfæri mér þá alla ef það verður hlutskipti hæstv. forsætisráðherra að setja einhverja ofurtolla á ferðalög mín og annarra Íslendinga, t.d. á þeirri leið eða hluta þeirrar leiðar sem við höfum rætt um. En því svarar væntanlega hæstv. forsætisráðherra á eftir.

Ég vil líka biðja hv. þm. Pétur H. Blöndal afsökunar á því ef ég hef ekki svo næman húmoríska sans að ég skilji hans djúpu fyndni. Svona er ég bara gerður og það getur enginn afsakað nema sá sem skapaði mig. Kannski er ég bara ekki nægilega mikill húmoristi til að skilja þessa íhaldsbrandara sem hv. þingmaður flytur hér úr ræðustól. Málflutningur hv. þingmanns er oft þannig að hann vekur manni hlátur án þess að hann sé endilega mjög fyndinn en það er svo önnur saga af hverju það kynni að stafa.

Ég er þeirrar skoðunar að í þessu frumvarpi sjáist gleggri merki um kjördæmapot en ég hef áður séð. Það er mín skoðun. Ég hef marga fjöruna sopið á þingi, stundum í liði með Sjálfstæðisflokknum og stundum ekki. Ég veit auðvitað að margt sem gengur á í stjórnmálunum og alls konar ákvarðanir teknar, hugsanlega þar sem þær ættu ekki að vera teknar. En herra trúr, ég hef aldrei séð svona stórfelldan gjörning sem hægt er að fella undir þetta hið heldur loðna hugtak „kjördæmapot“. Víst er að fingraför þeirra sem eru harðastir til fjörsins og sprettbestir á reiðinni í þinginu eru um allt á þessu frumvarpi. Það vita þeir sem hér hafa setið árum saman, eins og ég hef gert, og hlustað og muna.

[20:32]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir umræðuna og fagna því að allgóð samstaða virðist um ráðstöfun þess fjármagns sem frumvarp þetta fjallar um. Ég fagna því einnig að almennt hafa menn lýst því yfir að sala Símans hafi tekist vel. Ég geri mér grein fyrir því að það var ágreiningur um það mál. Ýmsir aðilar á Alþingi vildu ekki selja Símann en aðr-

ir á Alþingi vildu selja Símann með einhverjum allt öðrum hætti, þ.e. að aðskilja grunnnetið, sem var farið rækilega í gegnum og lá fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar að væri aðferð sem gengi ekki upp. Sú aðferð hefur ekki verið notuð í öðrum löndum þegar sambærileg sala hefur átt sér stað, svo einfalt er það mál. Þess í stað var farin sú leið að tryggja aðkomu samkeppnisaðila að grunnnetinu eins og gert hefur verið í öðrum löndum. Þetta hefur margoft verið rætt og ég ætla ekki að fara yfir það nú.

Niðurstaðan er sú að þessi sala hefur farið fram og að það hefur fengist gott verð fyrir Símann. Það verður til þess að við getum farið í ýmis mál sem við hefðum annars ekki getað sinnt. Það hefði verið fráleitt að ætla sér í þau verkefni með lántökum og taka t.d. lán erlendis við þær aðstæður sem eru í íslensku þjóðfélagi núna og á næstu árum og veita út í efnahagslífið. Salan átti sér þannig stað að 30 milljarðar kr. voru greiddir með erlendum gjaldeyri. Það fjármagn var ekki tekið hingað heim. 37 milljarðar kr. voru greiddir með innlendu fé. Kaupin eru að því leyti fjármögnuð innan lands. Sá hluti andvirðisins er þar með tekinn út úr íslensku efnahagslífi, kemur þaðan, eins fjármagn sem gengur til ríkisins, hvort sem það er með skattlagningu eða á annan hátt. Það væri því ekki sambærilegt að fara út í sömu framkvæmdir fyrir lánsfé. Ég undrast að að það skuli hafa verið rætt með þeim hætti sem gert var fyrr í dag. En nóg um það.

Það má að sjálfsögðu lengi deila um hvernig slíku fjármagni skuli ráðstafað og hvaða verkefni njóti þar forgangs. Ég verð að segja um ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, varðandi að hann sæi fingraför kjördæmapotsins um allt ... (**ÖS:** Og hófför líka.) Ég botna ekkert í þeim fundi hv. þingmanns og hvernig í ósköpunum hann fer að því að finna það út.

Ef við tökum vegaframkvæmdirnar fyrst þá liggur fyrir að það eru allt vegaframkvæmdir sem eru á áætlunum en höfðu ekki verið fjármagnaðar. Menn fóru þá einföldu leið að biðja Vegagerðina um lista yfir þær framkvæmdir á vegáætlun sem ekki hefðu verið fjármagnaðar og þær voru teknar inn. Þetta er nú allt kjördæmapotið.

Hv. þingmaður þóttist sjá för ýmissa þingmanna í þessu máli. Auðvitað eru för ýmissa þingmanna á þessu máli vegna þess að sem betur fer hafa hv. þingmenn á undanförnum árum rætt um öll þessi mál á Alþingi. Það hefur komið glöggt fram í máli margra alþingismanna hve mikilvægar framkvæmdirnar væru.

Þar má líka nefna Sundabrautina sem til er varið 8 milljörðum kr. sem nægir til að leggja þá braut upp í Grafarvog. Síðan er að sjálfsögðu mikilvægt að ljúka þeim vegi alla leið upp á Kjalarnes þannig að hann nýtist að fullu. Þar er gert ráð fyrir því að fara út í svokallaða einkaframkvæmd. Það liggur hins vegar ekki fyrir á þessari stundu hvernig farið verður í endurgreiðslu þess fjármagns. Það er einfaldlega í vinnslu. Hugsanlega verður það að einhverju leyti gert með veggjaldi. Það kemur vissulega til greina. Ég bendi á að veggjald vegna Hvalfjarðarganganna fer lækkandi og mun fara lækkandi á næstu árum. Það er vel hugsanlegt að fjármagna eftirstöðvar þeirra skulda á lengri tíma. Við skulum bara ganga til þess máls. En ég vænti þess að það verði ekki til þess að þingmenn Samfylkingarinnar leggist gegn málinu. Ég vænti þess að þingmenn Samfylkingarinnar séu sammála því að mikilvægt sé að sjá lagningu þess vegar til enda. Ég treysti því að um það sé hægt að ná góðri samstöðu. Hér hafa menn því ekki unnið sérstaklega með ákveðin kjördæmi í huga heldur mikilvægar framkvæmdir um allt land sem áður höfðu verið ræddar á Alþingi.

Síðan kemur spurningin um hvort einhverjir verði sérstaklega út undan í sambandi við ráðstöfun þessa fjármagns. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi sérstaklega eldri borgara í því sambandi. Reyndin er sú að við ráðstöfun þessa fjármagns eru aldurshópar ekki hafðir sérstaklega í huga. Það liggur alveg ljóst fyrir að sjúkrahús gagnast öllum landsmönnum hvort sem þeir eru yngri eða eldri. Ég tel ekki rétt að fara út í slíka skiptingu við ráðstöfun fjármagnsins. Unnið er að mörgum framkvæmdum sem tengjast eldri borgurum, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Hér kom fram að nýbúið er að gera samning um hjúkrunarheimili í Sogamýrinni þar sem eru 110 hjúkrunarrými. Áætlanir eru uppi um 90 hjúkrunarrými á svokallaðri Lýsislóð. Eins eru áætlanir um stækkun á Sóltúni. Það eru áætlanir uppi um hjúkrunarrými víða um land og í gangi hafa verið viðræður milli ríkisstjórnarinnar og Félags eldri borgara um þessi mál. Þau mál eru í eðlilegum farvegi.

Auðvitað komum við ekki til með að leysa öll mál með sölu þessa fyrirtækis en það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þingmanni að með fjármagninu rýmkast um, hvort sem honum líkar það betur eða verr. Ég hlýt að endurtaka orð hans um að auðvitað rýmkast um í fjármálum ríkisins. Við getum ekki komið öllu að í þessu sambandi en það er ekki óeðlilegt að sérstaklega verði spurt um málefni eldri borgara eins og hann gerði, að spyrjast fyrir um hvort þeim verði ekki sinnt áfram með eðlilegum hætti. Ég fullyrði að svo verður.

Hins vegar er það rétt sem hann kom inn á, að málefni geðfatlaðra hafa mikla sérstöðu. Menn höfðu ekki séð fyrir endann á því að fjármagna það mál. Þess vegna þótti rétt að gera það með þessu frumvarpi og ég heyri að hv. þingmaður er því algjörlega sammála.

Síðan er gengið í önnur mál eins og nýsköpunina. Ég vænti þess að allir hv. þingmenn leggi áherslu á nýsköpun. (**Gripið fram í:** Ekki Pétur Blöndal.) Auðvitað leggur hv. þm. Pétur Blöndal líka áherslu á nýsköpun. Ég mótmæli því að honum séu gerðar upp slíkar skoðanir, að hann sé á móti nýsköpun. Hann vill ef til vill sinna því með öðrum hætti. Þarna er farin blönduð leið. Annars vegar fer hluti fjármagnsins til Nýsköpunarsjóðs en hinn hlutinn fer í sameiginlegan sjóð ríkisins og fjármálafyrirtækja sem unnið er að. Ef ég heyrði rétt þegar ég hlýddi á mál hv. þm. Péturs Blöndals þá lagði hann einmitt áherslu á að fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir, bankar og aðrir, komi að málinu. Að því er lagður grunnur með þessari ráðstöfun mála.

Ég hef heyrt það frá háttvirtri stjórnarandstöðu á undanförnum árum að núverandi ríkisstjórn legði allt of mikið upp úr svokallaðri stóriðju. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að segja að banna ætti þá atvinnugrein, a.m.k. næstu tíu árin. Það er fáheyrt að slík tillaga hafi komið fram í heiminum. Með þessu hefði ég því haldið að það yrðu mikil fagnaðarlæti í stjórnarandstöðunni, að nú ætti að leggja

meira upp úr öðrum atvinnugreinum, sem ríkisstjórnin hefur gert en aldrei lagt fram jafnviðamiklar áætlanir um að sinna nýsköpun í framtíðinni. Ég hef ekki heyrt betur á undanförnum árum en að allir leggi mikið upp úr því að setja fjármagn í að styrkja fjarskiptin.

Ef þetta er kjördæmapot, sem ég veit ekki alveg hvað þýðir, þá er það að því leyti rétt að hlustað hefur verið á raddir Alþingis við þessa tillögugerð. Á ekki að gera það, hv. þingmaður? Verðum við ekki að líta svo á að Alþingi endurspegli raddir landsmanna og áherslur fólksins í landinu? Hafi verið framin einhver stórkostleg afglöp eða allt að því mistök þá eru þau í því fólgin að hafa hlustað á þær raddir. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Ég held að aðalatriðið í þessu máli, þrátt fyrir alla forsöguna, sé að góð sátt virðist um þá ráðstöfun sem hér er lögð til. Einhverjir gætu hugsað sér að ráðstafa fjármagninu í önnur mál. Það kemur ekki á óvart. Hins vegar verður þetta ekki gert svo öllum líki og öll mál leyst. Ég held að það sé rangt að flokka ráðstöfunina eftir aldri eða landshlutum. Hér hefur verið farið í mál sem snerta þjóðina alla og menn hafa haft það að leiðarljósi. Ég vænti þess að þingheimur allur geti sameinast um frumvarpið þegar upp verður staðið.

[20:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að leiða það hjá mér þótt hæstv. forsætisráðherra hafi notað lokaorð sín til að gefa stjórnmálamönnum og stjórnmálaflokkum einkunnir í samræmi við afstöðu þeirra til stóriðju og stóriðjuáforma stjórnvalda. Sumar þær hugmyndir, tillögur og ákvæði sem er að finna í þessu frumvarpi eiga án efa eftir að koma til umfjöllunar á Alþingi síðar, ekki síst þær sem lúta að fjárveitingum til framkvæmda á næsta og jafnvel þar næsta kjörtímabili. En hinu vil ég halda til haga að þó að hæstv. forsætisráðherra hafi vissulega sagt að ekki hafi allir verið á einu máli um þessi mál á Alþingi, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi t.d. verið andvíg því að selja Símann, að markaðsvæða hann og selja hann, andvíg þeirri ráðstöfun á öllum stigum máls, þá er andstaðan gegn þessari gjörð miklu víðtækari en nemur þessari andstöðu innan veggja Alþingis. Gerðar hafa verið nokkrar kannanir á meðal þjóðarinnar um afstöðu hennar til markaðsvæðingar og sölu Símans. Allar hafa þær verið á sama veg. Þjóðin hefur verið því andvíg.

Hvað grípur ríkisstjórnin þá til ráðs? Hún reynir að kaupa sér vinsældir. Við höfum orðið vitni að því í dag hvernig fjármunir fyrir sölu á Símanum eru eyrnamerktir umfram aðra fjármuni sem koma inn í ríkissjóð til þess að kaupa þessari aumu ríkisstjórn vinsældir og þess vegna er höfðað til geðfatlaðra, til sjúkra o.s.frv. (Forseti hringir.) Þetta er einhver sá aumasti málatilbúnaður sem ég hef nokkurn tíma orðið vitni að.

[20:47]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var eiginlega hikandi við að standa upp eftir að hafa hlustað á hv. þingmann því mér finnst málflutningur hans vera með slíkum eindæmum. Ég veit ekki hvað honum gengur til að halda því fram að verið sé að kaupa menn til fylgis. Er ekki eðlilegt þegar tækifæri gefst til að nota það tækifæri til að koma mikilvægum málum í framkvæmd? Og enda þótt hv. þingmaður hafi verið algerlega á móti því að skapa það tækifæri á sínum tíma fyndist mér það vera honum til sóma að standa að því að ráðstafa þessum fjármunum skynsamlega til mála sem hann hefur m.a. lagt áherslu á hér. Að halda því fram að þeir sem að þessu máli standa geri það til að kaupa menn til fylgis og að einhverjar skoðanakannanir sem gerðar voru um þessi mál fyrir einhverjum mánuðum eigi að vera ráðandi um hvað menn geri — það er alveg nýtt fyrir mér ef Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill í einu og öllu láta skoðanakannanir ráða gerðum sínum. Ég er ekki viss um að flokkurinn væri til ef leitað hefði verið eftir skoðanakönnunum um það. Ég efast um að flokkurinn hefði nokkurn tíma orðið til. Þessi málflutningur um skoðanakannanir í þessu sambandi er sá auðvirðilegasti sem ég hef heyrt.

[20:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Skoðanakannanir stjórna ekki skoðunum mínum. Ég bendi hins vegar á þá staðreynd að skoðanakannanir gefa til kynna að sala Símans sé óvinsæl með þjóðinni. Ég vil taka þátt í því að ráðstafa fjármunum sem koma inn í ríkissjóð en þegar það gerist að þessir peningar eru sérstaklega eyrnamerktir umfram aðra peninga sem koma inn í ríkissjóð — þessar krónur eru ekkert öðruvísi en peningarnir sem við greiðum í skatt inn í ríkissjóð — og þetta er að ganga upp hjá ríkisstjórninni að hún kaupi sér vinsældir með því að eyrnamerkja þetta fjármagn, mér finnst það auðvirðilegur málatilbúnaður.

[20:50]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri á hv. þingmanni að honum finnst mjög slæmt að það sem ríkisstjórnin gerir skuli falla almenningi í geð. Ég skil vel að hv. þingmanni líði illa yfir því að eitthvað skuli heppnast hjá ríkisstjórninni. Ég heyrði það á hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það var allt annar málflutningur hjá honum. Hann á það þó til að hrósa því sem vel er gert þó að hann sé andstæðingur ríkisstjórnarinnar. Ég heyri það á hv. þingmanni að hann virðist ekki einu sinni geta glaðst yfir því að við getum núna ráðist í að byggja upp sjúkrahús fyrir alla landsmenn sem ekki hefði verið hægt með þessum hætti ef Síminn hefði ekki verið seldur og farið eftir því sem Vinstri grænir vilja.

[20:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hafði gaman af því og mér fannst skondið þegar hæstv. ráðherra sagði að í tilteknu efni sem hann ræddi hér sérstaklega hefði verið hlustað á Alþingi og hvort ekki ætti að fara eftir því sem Alþingi segði. Það er reynsla mín af þessari ríkisstjórn að aldrei fyrr hefur drottnun framkvæmdarvaldsins yfir löggjafarvaldinu verið jafnmikil og einmitt á þessum síðustu árum. Ég nefni ekki hrikalegustu dæmin en ég gæti nefnt eitt sem ég ætla að ræða við hæstv. ráðherra á morgun.

Það sem mér þykir þó merkilegast í máli hæstv. ráðherra

er að hann lýsti því yfir að til skoðunar væri að taka upp veggjald til þess að fjármagna seinni áfanga Sundabrautar. Það sem hæstv. ráðherra sagði um möguleika á því að lengja lán vegna Hvalfjarðarganganna skaut auðvitað stoðum undir það. Mér finnst mikilvægt að það komi fram að Framsóknarflokkurinn er að velta því fyrir sér og reyndar ríkisstjórnin að leggja sérstakan toll á þá sem munu notfæra sér þessa framkvæmd í framtíðinni. Ég held að það sé mikilvægt innlegg í málið og ég verð að upplýsa hæstv. forsætisráðherra um að ég hef miklar efasemdir um það.

Síðan varpaði ég spurningu til hæstv. forsætisráðherra um aldraða og þakka honum fyrir að hafa svarað því skilmerkilega. Svar hans var eftirfarandi: Það er sjálfsagt að flýta vegum sem allir voru á áætlun en þó að það sé líka á áætlun að reisa hjúkrunarheimili fyrir aldraða þá gegnir allt öðru máli um það. Það er þess vegna sem ég leyfi mér að draga þá ályktun, af því að ég veit að hv. stjórnarþingmenn eru ekkert illa gerðir, þeim er ekkert illa við aldraða, að þeir hafa gleymt öldruðum í þessu dæmi. Það er þess vegna sem ég varpaði þeirri fyrirspurn til hans: Kemur til mála að breyta þessu frumvarpi með það fyrir augum að taka sérstaklega á þessum málum? Svarið er nei.

[20:54]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni er alveg einstaklega lagið að leggja öðrum orð í munn og fara vitlaust með. Ég sagði ekkert um að ekki ætti að sinna málefnum aldraða. Ég var einmitt að tala um að áætlanir væru um það og það er verið að vinna í þeim málum. Ég sagði líka að ekki væri hægt að reikna með að öll mál sem uppi væru yrðu leyst með þessu máli. Þetta var sérstaklega rætt, hv. þingmaður. Þetta var ekki gleymt. Það var farið yfir það. Menn töldu hins vegar á vettvangi félags- og velferðarmála að eitt mál stæði sérstaklega upp úr og það væri málefni geðfatlaðra. Það var ákveðið að taka það hér inn.

Við gerðum okkur hins vegar grein fyrir að það væri ekki ólíklegt að málefni aldraðra kæmu sérstaklega til umræðu eða hugsanlega málefni námsmanna, stúdentagarðar og ýmislegt annað. Það var farið yfir þetta hv. þingmaður. Ég vildi bara að það lægi fyrir. Þetta varð niðurstaðan og ég heyri að hv. þingmanni finnst hún allgóð en auðvitað er eðlilegt að hann nefni ýmsa aðra málaflokka í þessu sambandi.

Að því er varðar hugsanlegt veggjald þá skulum við fara yfir það en við skulum ekki leggja orð í munn manna út af því. Það er einfaldlega ekki komin niðurstaða í það en menn verða að hafa úthald í að fara í gegnum þá umræðu.

[20:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú finnst mér sem málstaður hæstv. forsætisráðherra sé virkilega farinn að versna. Það kemur upp úr kafinu að það hefur verið rætt hvort flýta ætti framkvæmdum sem eru á áætlun varðandi aldraða og niðurstaðan var að gera það ekki. Það var rætt hvort flýta ætti framkvæmdum vegna vega sem eru á áætlun og niðurstaðan var að gera það. Hvaða ályktun getur maður dregið af þessu? Að hæstv. ríkisstjórn er annara um steypu, malbik og asfalt en að byggja dvalarheimili fyrir aldraða. Ekki er hægt að draga aðra ályktun en nákvæmlega þetta. Það gegnir öðru máli um vegi en aldraða. Ég get ekki dregið aðra ályktun af þessu. Ég segi það alveg ærlega að mér finnst þetta ranglátt, það er mín pólitíska skoðun. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið í lagi að klípa af vegaframkvæmdum, líka í mínu kjördæmi, til þess að sinna þörfum aldraða. Það er bara skoðun mín og ég get ekki sagt annað en hana.

[20:57]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þingmanninum er að sjálfsögðu heimilt að hafa þá skoðun. Mér heyrðist hann vera að leggja til að tekið yrði fé af Sundabrautinni og flutt í önnur mál. Það liggur fyrir að þessi áfangi Sundabrautar kostar um 8 milljarða þannig að við verðum þá að taka ákvörðun um að hafa ekki nægilegt fjármagn í það verk. Það er ekki flóknara en það. (**ÖS:** Og hækka bara vegtollinn?) Ég bið hv. þingmann að reyna að taka þessi mál alvarlega, að henda ekki bara gaman að þessu. Ég veit að þingmanninum er það lagið og hann er oft mjög sniðugur en þetta eru þrátt fyrir allt nokkuð alvarleg mál, hv. þingmaður. (**Gripið fram í:** Fyrir aldraða?) Fyrir aldraða eru þetta líka sérstaklega alvarleg mál. Ég tel að málefnum aldraðra hafi aldrei verið jafn vel sinnt, sem betur fer, og nú um þessar mundir. Auðvitað má sinna þeim betur en það er mjög margt á prjónunum í þeim efnum.

[20:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra sagði að þeir í ríkisstjórninni hefðu hlustað á raddir og þá hefur hæstv. forsætisráðherra örugglega heyrt þær raddir að ekki sé eðlilegt að menn hafi þann háttinn á að innheimta vegtoll öðrum megin að borginni, að hafa skattland fyrir norðan og vestan en ekki fyrir sunnan og austan. Ég tel að hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnin þurfi að leita annarra leiða til þess að fjármagna þann hluta Sundabrautar sem þarna er talað um. Mér finnst ekki vansalaust að menn skuli koma með þetta mál inn í þingið án þess að hafa hugsað það betur því að nógur hefur tíminn verið til þess. Það liggur fyrir að hæstv. samgönguráðherra hefur verið með nefnd í málinu og ríkisstjórnin hlýtur að hafa rætt þetta margoft. Niðurstaðan er sú að koma hingað með þetta mál svona án þess að geta svarað spurningunum um hvernig eigi að gera þessa hluti.

Ég spurði hæstv. ráðherra í ræðu minni fyrr í dag — hann hefur líklega ekki heyrt það. Af því að hann talaði í ræðu sinni fyrr í dag um að reglurnar hefðu verið gegnsæjar í þessu útboði þá spurði ég um undarlegt ákvæði sem var í útboðsskilmálunum sem gekk út á það að ef tilboð lægju það nálægt hvert öðru þegar fyrir lægi hvernig boðið hefði verið í Símann þá skyldi boðið aftur í það fram eftir deginum. Það hefur aldrei verið útskýrt hvaða markmiði menn ætluðu að ná með þessu og ég bið hæstv. ráðherra að útskýra það fyrir a.m.k. mér.

[21:01]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Forseti. Ég tel að það þurfi ekki að útskýra þetta sérstaklega. Mér finnst þetta skýra sig sjálft. Farið var að ráðgjöf

þeirra sem komu að þessu máli og mér fannst þetta ágæt ákvörðun.

Út af þessu með vegtollinn þá finnst mér stórkostlegt að hlusta á málflutning Samfylkingarinnar í skattamálum síðustu daga. Fyrir nokkrum dögum heyrði ég tillögu frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að lækka gjöld á bensín og olíu. Svo heyrði ég í fréttum nýlega tillögu frá Samfylkingunni um að hætt yrði við allar skattalækkanir. Nú er nefnt veggjald sem hugsanlegt úrræði í stað þess að hækka skattlagningu á eldsneyti og þá er það líka ómögulegt.

Hver er eiginlega stefna þessa flokks í skattamálum? (**Gripið fram í:** Að lækka matarskattinn.) Það er ótrúlegt að hlusta á þennan málflutning. Svo koma fulltrúar hans og segja að það sé ekkert aðhald í fjárlögunum, að auka verði aðhaldið í fjárlögunum um 14 milljarða. Það var einn daginn. Ég verð að segja eins og er við hv. þingmenn Samfylkingarinnar, að maður er alveg hættur að skilja hvert þeir eru að fara.

Það voru gerð göng undir Hvalfjörð. Það var leyst með veggjaldi. Var það rangt? Kemur þá aldrei aftur til álita að hugleiða þá aðferð eða fara yfir það? (**ÖS:** Það þarf þá að liggja fyrir.) Liggja fyrir, nú liggur aðallega fyrir tillöguflutningur frá Samfylkingunni um að skoða hitt og þetta, Evrópusambandið, evruna og skoða (Forseti hringir.) hlutina út og suður. Ég er frekar fylgjandi því að skoðað hlutina áður en menn taki ákvarðanir.

[21:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því brá fyrir sem oft gerist, að þegar menn hafa ekki svör við spurningunum þá fara þeir að tala um eitthvað annað. Við vorum að tala um veggjald og ég setti út á að ríkisstjórnin skyldi mæta í þingsal með þetta frumvarp eins og það er, setja það fram að það skuli fjármagnað í einkaframkvæmd og hafa ekki svörin við því hvernig eigi að fjármagna það í framtíðinni. Við höfum fyrir okkur dæmið. Það lítur þannig út, og hefur ekki enn þá verið útskýrt nógu vel fyrir okkur ef það er ekki þannig, að selja eigi aðgang að borginni ef menn ætla að keyra norður og vestur en ekki ef þeir fara út úr eða að borginni austur eða suður. Er hægt að bjóða upp á það áratugum saman að menn borgi veggjald að borginni með slíkum hætti? Það er ekki eins og það þurfi ekki umferðarmannvirki að henni báðum megin.

[21:04]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri það kallað að selja aðgang að borginni að innheimta veggjald um Hvalfjarðargöng. Ég veit ekki betur en að hv. þingmaður hafi staðið að því og stutt það. Svo kemur hann upp og fordæmir að komið geti til álita að hið sama gildi í öðrum tilvikum þegar um það er að ræða að menn geti valið aðrar leiðir.

Ég hélt satt að segja að hv. þingmaður væri áhugamaður um að ljúka Sundabrautinni. En það virðist ekki vera. Hann virðist bara vilja leggja hana hálfa leið upp í Grafarvog og síðan eigi að hætta. Hann vill ekki einu sinni ræða fjármögnun seinni hlutans. (**JÁ:** Ég er að því.) Hann krefst þess að ríkisstjórnin komi með svör en hefur engin svör sjálfur. Ég hef svarað því fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að við erum að fara yfir þessi mál. (**Gripið fram í:** Skoða það?) Skoða það, skellum þessu í umræðustjórnmál (Forseti hringir.) sem er tillaga Samfylkingarinnar í öllum málum.

[21:05]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs og flyt aðra ræðu fyrst og fremst til að kveða niður útúrsnúninga hæstv. forsætisráðherra. Það vita allir sem vilja vita að Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill styrkja velferðarþjónustuna í landinu og styrkja innra stoðkerfi samfélagsins.

Við vitum líka að það er eitt að reisa byggingar og mannvirki, að það getur kostað mikið fé. En við þurfum líka að hugsa til langs tíma. Það þarf að reka þá starfsemi sem fram fer innan þeirra stofnana. Þannig viljum við hugsa og það var á þeim forsendum sem við vöruðum við skattalækkunaráformum ríkisstjórnarflokkanna, og reyndar fleiri flokka einnig, fyrir síðustu alþingiskosningar. Við stöndum nú frammi fyrir skattalækkunaráformum sem koma til með að nema á milli 20 og 30 milljörðum kr. þegar upp er staðið, í lok kjörtímabilsins. Þetta er nokkuð sem við höfum varað við vegna þess að við viljum hafa fjármuni til ráðstöfunar í rekstur velferðarþjónustunnar í landinu og innra stoðkerfis.

Það var á þeim sömu forsendum að við vöruðum við því að Síminn yrði seldur úr eign þjóðarinnar. Við höfum fært rök fyrir því að hann malaði þjóðinni gull. Hann færði okkur mikinn arð og við teljum þetta vera skammtímalausn þótt menn sjái að sjálfsögðu að tímabundið koma umtalsverðir fjármunir í ríkissjóð.

Ég gagnrýni hins vegar að búin séu til sérstök fjárlög, eins konar einkavæðingarfjárlög, til að réttlæta nokkuð sem ég tel óvinsæla gjörð. Á einkavæðingarfjárlögum ríkisstjórnarinnar er ekki framlag til NATO. Á einkavæðingarfjárlögum ríkisstjórnarinnar er ekki framlag til sendiráða sem sum hver — ég vil ekki alhæfa um utanríkisþjónustuna — eru nokkuð umdeild. Á einkavæðingarfjárlögum ríkisstjórnarinnar eru ekki kaup á sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Nei, á einkavæðingarfjárlögum ríkisstjórnarinnar er einvörðungu að finna mál og málefni sem eru talin líkleg til vinsælda. En staðreyndin er sú að krónurnar sem koma í ríkissjóð fyrir sölu Símans eru nákvæmlega eins að eðli til og krónurnar sem þangað koma sem skattgreiðslur frá einstaklingum eða fyrirtækjum. Þetta eru sömu peningarnir.

Hvers vegna skyldu vera búin til sérstök einkavæðingarfjárlög? Það er til þess að réttlæta óvinsæla ráðagjörð. Þetta vildi ég gagnrýna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 21:09.

6. FUNDUR

þriðjudaginn 11. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fátækt barna og hagur þeirra, beiðni um skýrslu, 140. mál, þskj. 140. *Hvort leyfð skuli.*
3. Fjáraukalög 2005, stjfrv., 144. mál, þskj. 144. — 1. umr.
4. Málefni aldraðra, stjfrv., 174. mál, þskj. 174. — 1. umr.
5. Nýtt tækifæri til náms, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.
6. Ríkisútvarpið, frv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
7. Láglendisvegir, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
8. Skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
9. Hollustuhættir og mengunarvarnir, og mat á umhverfisáhrifum, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh., 1. þm. Norðaust.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Að loknum atkvæðagreiðslum um fyrstu tvö dagskrármálin hefst umræða utan dagskrár um kjör aldraðra. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Útbýting:

Átaksverkefni í ferðamálum í Norðvesturkjördæmi, 65. mál, þáltill. JBjarn, þskj. 65.

Djúpborun á Íslandi, 61. mál, þáltill. MÁ o.fl., þskj. 61.

Fiskverndarsvæði við Ísland, 52. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 52.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar, 181. mál, fsp. MF og AKG, þskj. 181;

fsp. AKG og MF, þskj. 182.

Samkeppnisstaða fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, 66. mál, þáltill. GÞÞ o.fl., þskj. 66.

Staða hjóna og sambúðarfólks, 69. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 69.

Stjórnarskipunarlög, 55. mál, frv. HHj o.fl., þskj. 55.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ummæli dómsmálaráðherra á heimasíðu sinni.

[13:32]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Sjálfstætt og óháð ákæruvald er forsenda þess að ríkið geti talist til réttarríkis. Markmið ákæruvalds og lögreglu er ekki aðeins að rannsaka og fjalla um það sem getur leitt til sakfellingar heldur einnig það sem getur leitt til sýknu. Ákæruvaldið verður því að vera óháð í störfum sínum eins og nokkur er kostur. Það er forsenda þess að það njóti trausts og trúverðugleika meðal almennings í landinu.

Umræðan um Baugsmálið hefur frá upphafi einkennst af ásökunum sakborninga um að upphaf málsins megi rekja til pólitískra afskipta trúnaðarmanna og forustumanna Sjálfstæðisflokksins. Fyrir liggur að trúnaðarmenn Sjálfstæðisflokksins funduðu um málið í aðdraganda þess. Þá hefur formaður Sjálfstæðisflokksins lýst því yfir að ef pólitískur fnykur væri af málinu þá yrði því fleygt út úr dómsölum.

Í ljósi þessa, virðulegi forseti, verður að skoða ummæli hæstv. dómsmálaráðherra, Björns Bjarnasonar, á heimasíðu sinni í gær en blekið hafði vart þornað á dómi Hæstaréttar er hann lýsti því yfir að réttarkerfið hafi ekki sagt sitt síðasta í málinu og ákæruvaldið skuli taka mið af því sem fram kemur hjá Hæstarétti. Það er vegna þessara ummæla, hæstv. forseti, sem ég kveð mér hljóðs um störf þingsins.

Hvað þýða svona ummæli? Er dómsmálaráðherra að gefa ákæruvaldinu fyrirmæli um að áfram skuli haldið með málið? Er það skilningur ráðherrans að dómstólar hafi það hlutverk að gæta leiðbeiningarskyldu gagnvart ákæruvaldinu? Má túlka þetta sem hótun um að réttarkerfið komist að „réttri niðurstöðu" eða er ráðherra að segja að afskiptum sjálfstæðismanna af málinu sé ekki lokið? Hæstv. dómsmálaráðherra og aðrir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar verða að taka af öll tvímæli um að hér sé ekki um að ræða fyrirmæli frá framkvæmdarvaldinu til ákæruvaldsins. Það er í reynd mál að afskiptum sjálfstæðismanna af þessu máli linni.

[13:34]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Mér finnst þessi umræða vera dálítið sorgleg og einkennileg. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson reynir hér að draga upp þá mynd af dómsvaldinu að það sé ekki sjálfstætt og ákæruvaldið sé háð duttlungum framkvæmdarvaldsins og einstakra ráðherra og vísar til þeirra ummæla sem féllu á heimasíðu hæstv. dómsmálaráðherra um að réttarkerfið hefði ekki sagt sitt síðasta orð í þessu máli. Það vita allir að dómur hefur fallið um frávísun 32 ákæruliða í málinu og málið mun halda áfram. Réttarkerfið hefur ekki sagt sitt síðasta orð í málinu. Við vitum það. Réttarfarsreglurnar sem gilda í landinu ganga út á það.

Ég vil benda hv. þingmanni á að það segir beinlínis á bls. 27 í dómi Hæstaréttar:

„Lýkur því málinu ekki með dómi þessum gagnvart neinum þeirra." Það er að segja þeirra aðila sem bornir eru sökum. Hvað þýðir þetta? Hæstiréttur er einfaldlega að

segja að réttarkerfið hafi ekki sagt sitt síðasta orð í þessu máli og það er einmitt það sem hæstv. dómsmálaráðherra sagði á heimasíðu sinni. Svo koma hér hv. þingmenn og tala fjálglega um að í þessu felist einhver pólitísk afskipti. Ætla hv. þingmenn eins og Kristinn H. Gunnarsson ekki að halda því fram að Hæstiréttur Íslands sé að beina einhverjum skipunum til ákæruvaldsins? Auðvitað er ekki svo. Við höfum réttarfarsreglur í landinu. Eftir þeim er farið og þessi ummæli hæstv. dómsmálaráðherra sanna ekkert eða sýna ekkert fram á það að Sjálfstæðisflokkurinn hafi eitthvað með þetta mál að gera. Nú er það komið í hendur réttra aðila, sem er ríkissaksóknari, og við skulum bara sjá hvernig málinu vindur fram og leyfa þeim aðilum sem hafa það með höndum að vinna vinnu sína í friði. Ég tel að stjórnmálamenn og við sem sitjum á Alþingi eigum ekkert að vera að hlutast til um það hvernig þessir menn vinna vinnuna sína.

[13:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er nokkur skaði að hæstv. dómsmálaráðherra skuli ekki vera hér til að ræða þessi mál við Alþingi. Það færi betur á því að alþingismenn gætu átt orðastað við hæstv. ráðherra hér heldur en þurfa að lesa um skoðanir hans á heimasíðu sem hæstv. ráðherra þar fyrir utan kannast ekki við að því er virðist og telur sig ekki bera ábyrgð á, a.m.k. ekki í gervi dómsmálaráðherra. Það er auðvitað sérkennilegt ef sá siður er að þróast í landi hér að menn geti sagt alla skapaða hluti á heimasíðum sínum sem þeir þurfa svo ekki að standa við almennt opinberlega í eigin líki.

En ég ætla þá fyrst og fremst að vekja athygli á því að hæstv. dómsmálaráðherra þarf að svara á Alþingi fyrir og bera ábyrgð á afglöpum undirmanna sinna sem þau væru hans eigin. Það er nefnilega þannig að áfellisdómur Hæstaréttar yfir lögreglu og ákæruvaldi er um leið áfellisdómur yfir dómsmálaráðherra sem ber hina pólitísku ábyrgð á þessum málaflokki. Þess vegna er það auðvitað ekki þannig að hæstv. ráðherra geti skotið sér undan ábyrgð með því að blaðra eitthvað á heimasíðunni eða flýja til útlanda.

Það sem er mjög alvarlegt í þessu máli, frú forseti, er og það að hér er eitt stærsta og dýrasta embætti þjóðarinnar, ríkislögreglustjóraembættið, og ákæruvaldið sem þar heyrir undir auðvitað sekt um algerlega ótæk vinnubrögð. Verður þó ekki borið við fjárskorti eða umhyggjuskorti af hálfu fjárveitingavaldsins undanfarin ár því þetta embætti hefur útnað út meira en nokkur önnur og það hefur tekið sér langan tíma, satt best að segja ámælisvert langan tíma í þessa rannsókn, væntanlega viðamikil. En það að útkoman skuli vera svona hörmuleg, samanber áfellisdóm í reifun Hæstaréttar, er auðvitað ekki ásættanlegt. Fyrir þetta verður hæstv. dómsmálaráðherra að svara.

(**Forseti** (SP): Forseti vill láta þess getið að hæstv. dómsmálaráðherra er með fjarvistarleyfi í dag vegna skyldustarfa erlendis.)

[13:39]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Hér er hreyft afskaplega stóru og mikilvægu máli og það er mikilvægt að í þeirri umræðu sé útgangspunkturinn sjálfstæði ákæruvaldsins. Fyrir liggur að fulltrúi ákæruvaldsins hefur gefið sér tíma til þess að skoða og yfirfara forsendur frávísunardóms Hæstaréttar og það er afskaplega mikilvægt að fulltrúi ákæruvaldsins hafi svigrúm til þess að fara yfir þær forsendur og hefur lýst því yfir að í framhaldinu muni hann bregðast við. En auðvitað hljótum við að velta meðferð málsins fyrir okkur, með hvaða hætti það megi gerast að bæði héraðsdómur og Hæstiréttur skuli vísa málinu frá og telja það vanreifað þannig að ekki sé hægt að taka efnislega afstöðu til þess. Hvernig má slíkt gerast? Auðvitað hlýtur það að þurfa skoðunar við.

Jafnframt hljóta menn að velta því upp hvort rétt sé upp byggt þegar fulltrúi ákæruvalds sinnir bæði rannsókn og síðan ákæru málsins, hvort þurfi þar aðskilnað á milli. Meginatriðið er að halda ró sinni og gefa fulltrúa ákæruvaldsins það svigrúm sem nauðsynlegt er. Við þurfum að horfa á og einblína á sjálfstæði ákæruvaldsins vegna réttarríkisins og það gerum við ekki með stórum orðum.

[13:41]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði eitthvað á þá leið að Sjálfstæðisflokkurinn hefði ekki komið nálægt þessu máli. En nú blasa staðreyndir málsins við. Ritstjóri Morgunblaðsins og framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins hleyptu þessu máli af stað, það eru staðreyndir málsins. Síðan má greina rödd sársvekkts manns á heimasíðu hæstv. dómsmálaráðherra, svekktur yfir dómi Hæstaréttar.

Ég get verið sammála hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni um að dómstólar og réttarfarið eigi að vinna í friði en það er einmitt það sem hæstv. dómsmálaráðherra er ekki að gera. Hann er ekki að láta menn vinna í friði með umræddum ummælum. Ég skora á hæstv. dómsmálaráðherra að biðjast einfaldlega afsökunar á ummælum sínum og draga skrifin til baka en dæmi eru um að hann hafi breytt skrifum sínum á meðan hann hefur verið staddur í útlöndum og ég skora á hæstv. dómsmálaráðherra að gera það enn á ný.

[13:42]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Enn heldur áfram þessi hringavitleysa og klúður ákæruvaldsins í Baugsmálinu en hæstaréttardómurinn er að sjálfsögðu alvarlegur áfellisdómur eftir þriggja ára rannsókn ríkislögreglustjóraembættisins. Lagaprófessorar segja að þeir hafi aldrei lesið jafnharða gagnrýni Hæstaréttar á ákæruvald í nokkru máli og að sjálfsögðu eiga menn að sæta ábyrgð vegna þessa.

En hver eru síðan viðbrögð hæstv. dómsmálaráðherra? Hæstv. ráðherra er yfirmaður þessara manna, en í staðinn fyrir að fara yfir hvað fór úrskeiðis og leyfa ákæruvaldinu að taka sjálfstæða ákvörðun um framhaldið gefur hann út skilaboð um hvað ákæruvaldinu ber að gera sama dag og dómurinn fellur. Það þarf engan snilling til að sjá hvað felst í þessum orðum hæstv. dómsmálaráðherra: „Réttarkerfið hefur ekki sagt sitt síðasta orð í málinu.“ Hér er verið að koma mjög skýrum skilaboðum til ákæruvaldsins um að því beri að halda þessu máli áfram og annað er bara hártogun.

Íslendingar eru engir bjánar og það sér hver maður hvað liggur hér að baki.

Afskiptum stjórnmálamanna Sjálfstæðisflokksins af þessu máli verður að linna en við vitum auðvitað hvernig aðdragandi þessa máls var. En núna hefur hv. stjórnarþingmaður og þingmaður Framsóknarflokksins sagt að þessi ummæli ráðherrans verði ekki misskilin og honum finnist að Framsóknarflokkurinn ætti ekki að bera ábyrgð á slíkum ráðherra. Hann segir að í ummælum hæstv. ráðherra sé ljóst að ráðherra vilji að málið haldi áfram og hann sé að leggja línur um það og ekki sé við hæfi að dómsmálaráðherra gefi slíka línu út gagnvart embætti sínu, það eigi að starfa óháð afskiptum ráðherrans. Og það sem meira er, hv. stjórnarþingmaður segir að þetta séu ummæli sem ráðherra beri að draga til baka.

Frú forseti. Ástæða er til að kalla eftir viðbrögðum frá hv. þingmönnum Framsóknarflokksins. Eru þeir sammála samþingmanni sínum, hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni? Telja þeir að Framsókn eigi ekki að bera ábyrgð á þessum ráðherra? Hvað segir formaður Framsóknarflokksins, sem var hérna í salnum í upphafi umræðunnar en virðist hafa farið? Hvað segir hv. varaformaður Framsóknarflokksins? Hvað segir þingflokksformaður Framsóknarflokksins? Eru þeir sammála því að Framsóknarflokkurinn eigi ekki að bera ábyrgð á þessum ráðherra?

[13:44]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég tel í fyrsta lagi að afar óheppilegt sé að þessi umræða fari hér fram í fjarvist hæstv. dómsmálaráðherra. Þeim sem áttu frumkvæðið að þessari umræðu var fullkunnugt um að hann átti þess ekki kost að vera viðstaddur umræðuna. Ég held líka að það sé seint hægt að segja um nokkurn ráðherra að hann sé ekki tilbúinn til að standa opinberlega við það sem fram kemur á heimasíðu hans eða annars staðar þar sem hann tjáir sig, því verður a.m.k. seint fram haldið um hæstv. dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason.

Í sjálfu sér er næsta lítið annað að segja um það sem hér er verið að ræða en að þetta er auðvitað ekkert annað en útúrsnúningur af hálfu þeirra sem vilja lesa í orð dómsmálaráðherra. Hann er ekki að senda nein skilaboð, hann er ekki að senda nein fyrirmæli og það gengur ekki að menn taki hér út úr texta hans og skilji eftir það sem mestu máli skiptir sem er nefnilega það að hann vekur athygli á því í þessu samhengi að það standa lögheimildir til þess fyrir ákæruvaldið að taka mið af því sem Hæstiréttur hefur þegar sagt. Ekkert annað skiptir máli af því sem fram kemur á heimasíðu hæstv. dómsmálaráðherra.

Hér koma menn upp og telja mikilvægt að hér starfi sjálfstætt og óháð ákæruvald. Hvað er það sem gefur mönnum tilefni til að ætla að svo sé ekki í þessu máli eða öðrum málum? Mér finnst þetta vera mjög alvarlegar ásakanir sem menn verða þá að geta staðið við. Það er ekkert sem fram hefur komið hér um að ráðherrar eða aðrir sem að þessu máli koma séu með óeðlileg afskipti. Þetta mál er í einu og öllu í lögmætum farvegi og ég sé ekki betur en þeir sem eiga upphaf þessarar umræðu séu að reyna að koma því í einhvern annan farveg en því ber lögum samkvæmt.

[13:47]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta hefur um margt verið athyglisverð umræða og einkanlega varnarræður fulltrúa sjálfstæðismanna hér á þingi. Ræður þeirra hafa fyrst og fremst gengið út á það að hér sé um að ræða einhvers konar afskipti af ákæruvaldinu og meðferð málsins. En hvað eru ummæli hæstv. dómsmálaráðherra á heimasíðu sinni annað en bein afskipti af málinu? Hæstv. dómsmálaráðherra er ekki einhver náungi úti í bæ sem hefur ekkert um málið að segja, sem hefur einhver viðhorf til málsins. Hann er yfirmaður ákæruvaldsins í landinu og honum er ekki ætlað að gefa því skýr fyrirmæli um hvernig fara eigi með málið. Málið er og hefur að hluta til verið hjá dómstólum og verður þar áfram, öðru hefur verið kastað á brott. Þar af leiðandi er málið ekki lengur hjá dómstólum. Ákæruvaldið hefur núna tekið þá ákvörðun að færa það á milli stofnana, þ.e. færa það frá ríkislögreglustjóra til ríkissaksóknara. Við hljótum öll að fagna því í ljósi þess hvernig þetta mál hefur þróast undanfarin ár.

Afskipti dómsmálaráðherra af þessu máli eru með öllu ólíðandi og við köllum eftir skýringum á þeim. Við erum að reyna að fá skýringar á því hvernig á því standi að hann skuli með þessum orðum sínum, þegar blekið er vart þornað af dómi Hæstaréttar, stíga fram og segja: Réttarkerfið hefur ekki sagt sitt síðasta orð. Það er það sem hæstv. ráðherra segir þegar málinu hefur á ný verið vísað til ákæruvaldsins. Hæstv. dómsmálaráðherra er yfirmaður ákæruvaldsins og honum ber að gæta hófs í orðum sínum. Það er ekki hans að leggja línurnar fyrir óháð og frjálst ákæruvald í þessu landi því að þá búum við ekki í réttarríki.

[13:49]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni er svo mikið niðri fyrir í þessu máli að það mætti halda að hann væri aðili að málinu og það beindist gegn honum. Því er haldið hér fram að hæstv. dómsmálaráðherra hafi verið að gefa ákæruvaldinu skýr fyrirmæli um það hvernig það ætti að halda á þessu máli.

Hæstv. dómsmálaráðherra er ekkert að því. Hann er einfaldlega að segja það á heimasíðu sinni að réttarkerfið hafi ekki sagt sitt síðasta orð í málinu og það kemur líka fram í dómi Hæstaréttar.

Þar segir: „Lýkur því málinu ekki með dómi þessum gagnvart neinum þeirra.“ Það er að segja þeirra aðila sem bornir eru sökum í málinu. Hvað er nýtt í því sem fram kemur á heimasíðu hæstv. dómsmálaráðherra umfram það sem segir í þessum dómi? Að halda því fram að hæstv. dómsmálaráðherra sé að beina því til ríkissaksóknara að hann skuli gefa aftur út ákæru í þessu máli vegna þeirra 32 ákæruliða sem vísað var frá dómi er náttúrlega fráleitt. Hæstv. dómsmálaráðherra er bara að lýsa því sem Eiríkur Tómasson, prófessor í réttarfari við Háskóla Íslands, hefur einnig haldið fram og allir þeir lögfræðingar sem um þetta mál hafa rætt, nema kannski hv. þingmaður, að lögheimildir standa til þess þegar opinberum málum er vísað frá að þau séu höfðuð að nýju. Það sem meira er, við höfum

ákvæði í almennum hegningarlögum sem gera beinlínis ráð fyrir því.

Það er því ekkert í þeim ummælum sem fram koma á heimasíðunni sem gefur til kynna að hæstv. dómsmálaráðherra hafi verið að gefa skýr skilaboð eða skýr fyrirmæli til ríkissaksóknara um það hvernig hann eigi að halda á málinu. Hann er bara að lýsa því ástandi sem gildir á þessu réttarsviði. Þeir þingmenn hv. sem halda því fram að framkvæmdarvaldið (Forseti hringir.) hafi slík afskipti eru að grafa undan réttarríkinu og þeim ágætu lagareglum sem gilda í landinu.

[13:51]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég vil ítreka fyrirspurnir mínar til hv. þingmanna Framsóknarflokksins, sem sitja nú í þessum sal, að bregðast við ummælum síns stjórnarþingmanns og síns samþingmanns, Kristins H. Gunnarssonar, um að hér sé hæstv. dómsmálaráðherra að leggja línur um það að ákæruvaldið eigi að halda áfram. Hv. þingmaður segir einnig að Framsóknarflokkurinn eigi ekki að bera ábyrgð á svona ráðherrum og Framsóknarflokkurinn eigi ekki að líða svona. Ég kalla eftir viðbrögðum frá hv. þingflokksformanni framsóknarmanna, sem stendur þarna, eða hv. varaformanns Framsóknarflokksins: Eru þeir sammála þessum orðum kollega síns í Framsóknarflokknum?

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Fátækt barna og hagur þeirra.

Beiðni HHj o.fl. um skýrslu, 140. mál. — Þskj. 140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]

Beiðni leyfð til forsætisráðherra með 52 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Kjör aldraðra.

[13:54]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ekki veit ég hvort menn gera sér almennt grein fyrir því að þriðjungur aldraðra, um 11.000 manns, er með 110 þús. kr. á mánuði eða minna. Einstaklingur með 110 þús. kr. mánaðartekjur greiðir nú 13% skatt af tekjum sínum. Það gerði hann eða hún ekki þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp árið 1998. Frá þeim tíma hefur hallað undan fæti hjá öldruðum í samanburði við aðra hópa í þjóðfélaginu. Sé litið á þróunina frá 1990 og þar til á síðasta ári kemur í ljós að 23,5% vantar upp á að grunnlífeyrir hafi fylgt almennri þróun launa verkafólks og ef við sláum saman í eitt grunnlífeyri og tekjutryggingu þá nemur gliðnunin 18,15% eða 17 þús. kr. á milli þessara greiðslna til ellilífeyrisþegans annars vegar og verkamannalauna hins vegar.

Varðandi lyfjakostnað og margvíslegan kostnað tengdan sjúkdómum hefur einnig hallað á eldra fólk. Biðlistar eftir hjúkrunarheimilum eru enn svo langir að þriðjungur þeirra sem eru á slíkum biðlistum hverfur af þeim fyrir andláts sakir án þess að hafa fengið nauðsynlega þjónustu. Staðreyndin er nefnilega sú að margir aldraðir hafa ekki tíma til að bíða.

Á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum eru nú um 270 einstaklingar sem skilgreindir eru í mjög brýnni þörf. Þetta er svo þrátt fyrir samkomulag sem Landssambandi eldri borgara tókst að knýja fram í nóvember árið 2002, um að á næstu þremur árum yrðu byggð hjúkrunarheimili með 150–200 vistunarrýmum, og þrátt fyrir nýtt hjúkrunarheimili í Sogamýri, sem opna á 2007, er líklegt að biðlistinn verði álíka langur þá og hann er nú.

Í fréttum fylgjumst við með baráttu Landssambands eldri borgara. Haldnir eru samráðsfundir, stopulir þó, en um síðustu mánaðamót var skipaður enn einn vinnuhópurinn. Fyrsta spurning mín til hæstv. heilbrigðisráðherra er: Hvað er þessum vinnuhópi ætlað að gera, hvenær liggja niðurstöður fyrir og hvað verður gert með þær ef í ljós kemur að þær tölur sem Landssamband eldri borgara hefur reitt fram verða staðfestar?

Fjárlagafrumvarpið lofar satt að segja ekki góðu og er alveg ljóst að til þess eins að halda í horfinu verður að breyta því. Í því kemur fram að ellilífeyrir á að hækka um 5,9% á næsta ári en í forsendum frumvarpsins kemur jafnframt fram að fjölgun bótaþega er áætluð 3%. Þegar dæmið er gert upp í 4% verðbólgu er ljóst að um rýrnun er að ræða. Tekjutryggingaraukinn á hins vegar að hækka um hærri hlutfallstölu en með því að hafa kjarabætur af hreyfihömluðu fólki. Í frumvarpinu segir einmitt að 393,6 milljónir, sem áður hafi runnið til hreyfihamlaðra, aldraðra og öryrkja til reksturs bifreiðar, verði notaðar og nú leyfi ég mér að vitna, með leyfi forseta: „... til að hækka tekjutryggingarauka hjá elli- og örorkulífeyrisþegum."

Síðan er talað um að taka 226,4 milljónir til að mæta óskilgreindri hagræðingu, orð sem oft er notað um niðurskurð.

Ég ætla á þessu stigi að gefa mér að fallið verði frá þessari siðlausu fyrirætlun en spyrja þess í stað, og er það önnur spurning mín til hæstv. heilbrigðisráðherra, hvort ríkisstjórnin sé reiðubúin að fara að tillögum Landssambands eldri borgara og hækka grunnlífeyri um 17 þús. kr., eða að öðrum kosti helming þeirrar upphæðar, jafnframt því sem skatti yrði aflétt af þessari upphæð. Mér skilst að niðurstaðan yrði sú sama.

Þriðja og lokaspurningin til hæstv. ráðherra er hvort ekki standi til að endurskoða áform um smíði hjúkrunarheimila þannig að takast megi að koma biðlistum í viðun-

andi horf. Ljóst er að stórefla þarf heimahjúkrun og heimilishjálp til að koma í veg fyrir að listarnir lengist en einnig þurfa 200–300 rými að koma til sögunnar fyrir 2008 svo að þetta takmark náist. Ég læt bíða til síðari tíma að ræða þá hrikalegu mismunun sem hjúkrunarheimilin í landinu búa við varðandi fjárveitingar úr ríkissjóði.

[13:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 9. þm. Reykv. s. fyrir að gera ákveðna þætti málefna eldri borgara að umtalsefni hér á Alþingi. Það hefur löngum verið tekist á um tölur um bætur, um tekjur og kjör eldri borgara í prósentum og hv. 9. þm. Reykv. s. gerir einmitt tekjuþróun lífeyrisþega hér að umtalsefni. Hann nefnir tölur um það sem hann kallar gliðnun tekna þeirra annars vegar og launa verkafólks hins vegar. Fullyrt er að kjör hinna fyrrnefndu hafi rýrnað umtalsvert borið saman við seinni hópinn.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef lítur dæmið öðruvísi út þegar byggt er á skattagögnum. Samkvæmt þeim upplýsingum og þegar miðað er við alla lífeyrisþega jókst kaupmáttur þeirra um tæp 10% á móti 14% aukningu almennrar launavísitölu á árunum 1988–2003. Þegar hins vegar er horft til þess þriðjungs ellilífeyrisþega sem lægstar hefur tekjurnar kemur í ljós að kaupmáttur þess hóps jókst á tímabili um 21% á móti 14% aukningu kaupmáttar samkvæmt almennri vísitölu. Hér erum við að tala um meðaltekjur á mánuði úr skrám ríkisskattstjóra, sem ég trúi að gefi hvað gleggstar upplýsingar um raunverulega afkomu ellilífeyrisþega og ég trúi því raunar að það sé skilningur málshefjanda.

Varðandi hjúkrunarheimilin sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni þá hefur okkur skilað verulega áfram á því sviði. Það bíða of margir eftir vistun og það er forgangsmál að stytta þann biðtíma. Markvisst hefur verið unnið að því að fjölga rýmum og þær aðgerðir voru m.a. liður í samkomulagi sem gert hafði verið við Samtök aldraðra fyrir þremur árum, samkomulagi sem ég tel að hafi skilað verulegum árangri fyrir aldraða á Íslandi almennt talað í hjúkrunarrýmum og í heimaþjónustu. Í því samkomulagi var gert ráð fyrir að hjúkrunarrýmum mundi fjölga um 168 á árunum 2004 og 2005 og árlegur rekstrarkostnaður vegna þessara viðbótarrýma yrði rúmlega 800 millj. kr. Við þetta var staðið.

Þessu til viðbótar hefur verið gert samkomulag við Reykjavíkurborg um uppbyggingu 110 rýma heimilis í Sogamýri, sem tekið verður í notkun 2007, og til stendur að byggja 90 rýma heimili á Lýsislóðinni, sem svo er nefnd. Þannig bætast við um 200 rými á höfuðborgarsvæðinu innan skamms en þar er þörfin brýnust.

Einnig eru Hafnarfjörður, Kópavogur og Suðurnesin á forgangslista ráðuneytisins um uppbyggingu hjúkrunarrýma á næstunni en þar er brýnt að efla uppbygginguna, m.a. til að rýma til á þeim heimilum sem þar eru fyrir.

Hv. 9. þm. Reykv. s. beinir til mín þremur spurningum. Þeirri síðustu, sem snýr að hjúkrunarheimilunum, hef ég svarað. En hann spyr í fyrsta lagi um viðræður við Landssamband eldri borgara og um verkefni vinnuhóps sem var skipaður til að fara yfir nokkra þætti er varða samskipti og samkomulag sem gert var við eldri borgara.

Samráðsnefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er ætlað að fara yfir samkomulagið sem á sínum tíma var gert við eldri borgara til að kortleggja hvað áunnist hefur og jafna hugsanlegan meiningarmun um það samkomulag. Í öðru lagi að fara yfir og meta stöðu aldraðra eins og hún er nú og komast að sameiginlegri niðurstöðu um það.

Það er spurt hvenær þessi vinnuhópur skili niðurstöðum sínum og er því til að svara að ég vonast til að það verði á næstunni eða á allra næstu vikum, í lok mánaðarins eða í byrjun næsta mánaðar. Fyrr en niðurstöðurnar liggja fyrir er ekki hægt að svara í smáatriðum hvernig brugðist verður við þeim.

Í öðru lagi spyr hv. þingmaður um það hvort ríkisstjórnin sé reiðubúin að hækka grunnlífeyri um 17 þús. kr. á mánuði. Svar mitt við þeirri spurningu er nei. Ástæðan er sú að hækkun grunnlífeyris allra lífeyrisþega um 17 þús. kr. á mánuði þýðir bráttóútgjöld fyrir ríkissjóð upp á 8,5 milljarða kr. á ári.

Önnur ástæða fyrir því að ég svara neitandi er sú að mér finnst það nærtækara að beina kjarabótum til þess hóps sem stendur verst frekar en að hækka grunnlífeyri til allra og þeirra sem betur standa meðal ellilífeyrisþega.

Ég endurtek að það er þörf á því að ræða þessi mál og ég þakka málshefjanda fyrir að hefja máls á þessu.

[14:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Núverandi ríkisstjórnar verður ekki síst minnst fyrir það hvernig hún jók á misskiptinguna í þjóðfélaginu og skildi aldraða og öryrkja eftir í góðærinu. Á valdaferli þessarar ríkisstjórnar hafa tekjur ríkissjóðs aukist um rúmlega 100 milljarða umfram hækkun á vísitölu neysluverðs. Samt hafa stjórnarflokkarnir skorið niður lífeyrisgreiðslur aldraða og öryrkja á þessum sama tíma um nærri 5 milljarða kr. Lífeyrisgreiðslur til þeirra væru um 150 þús. kr. hærri á ári ef þær hefðu fengið að halda raungildi sínu eins og þær voru áður en stjórnarflokkarnir tóku við völdum. Þessum fjármunum munum við í Samfylkingunni skila til baka til aldraðra og öryrkja þegar við komumst til valda. Það er líka ömurlegt að sjá hvernig stjórnarflokkarnir vakna upp með reglulegu millibili bara rétt fyrir kosningar og muna þá eftir öldruðum og öryrkjum.

Ég minni á að þrátt fyrir samkomulag sem gert var við aldraða á árinu 2002 hefur ekki verið staðið við loforð um fjölgun hjúkrunarrýma eða sveigjanleg starfslok en 500 aldraðir eru nú á biðlista eftir hjúkrunarrýmum. Kjarabæturnar í auknum lífeyri sem aldraðir fengu fyrir kosningar 2003 hafa líka verið teknar aftur í auknum lyfja- og læknaskostnaði, stórlega skertum skattleysismörkum og aukinni skattbyrði lífeyrisþega sem margfaldast hefur í tíð ríkisstjórnarinnar. Í fjárlögum fyrir næsta ár er raunlækkun á grunnlífeyri lífeyrisþega og skerðing á bifreiðastyrk um 720 millj. kr. sem bitnar harkalega á öldruðum og öryrkjum og stór hluti lífeyrisþega býr ekki við mannsæmandi aðstæður í þjóðfélaginu.

Lífeyrisþegar hafa bara eitt svar við þessum sviknu loforðum og árásum stjórnarflokkanna á kjör þeirra sem hafa verið margvísleg og mörg í gegnum setu þessara stjórnarflokka og það er að refsa þeim rækilega í næstu kosningum.

[14:06]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Alþjóðlegar stofnanir ráðleggja að öldruðum verði tryggð afkoma í gegnum þrjár stoðir, frjálsan sparnað, skyldusparnað í lífeyriskerfi og almannatryggingar. Við höfum verið að byggja upp kerfi nákvæmlega á þennan hátt. Þetta tekur auðvitað tíma, það tekur langan tíma að byggja upp lífeyristryggingakerfi í gegnum lífeyrissjóði, svo tekur líka tíma að byggja upp sparnað. Á meðan er kannski of mikill þungi á hlutverki almannatrygginganna hjá okkur en hlutverk almannatrygginga er mjög mikilvægt í þessu kerfi því að við vitum líka að ekki mun öllum takast á sama hátt að byggja upp eigin sparnað á starfsævi sinni og ekki hafa allir jafngóðar tekjur til að byggja upp inneign sína í lífeyriskerfinu. Þess vegna þarf almannatryggingakerfið að hafa þar áhrif til þess að hjálpa þeim sem verr eru staddir.

Það hjálpar hins vegar ekkert í umræðunni að menn komi hér hvað eftir annað með algjörlega ómarktækan samanburð, beri saman tölur og miði við launataxta sem hætt er að nota, launataxta sem menn gerðu samkomulag um að taka út úr taxtakerfinu og miða ekki við í framtíðinni, þegar allur samanburður við neysluvísitöluna sýnir að aldraðir hafa notið mjög vel þess bata í hagkerfinu sem allir aðrir hafa notið og jafnvel umfram aðra. Það hjálpar ekkert í þessari stöðu.

Ég velti því líka fyrir mér að einn hluti af þessu vandamáli er greinilega hvernig við stillum saman tekjutengingunum, hvernig félagsmálaráðherra þeirrar ríkisstjórnar sem innleiddi tekjutenginguna getur komið hér upp hvað eftir annað og barið sér á brjóst og verið með heitstrengingar um það hvað hún ætli að gera þegar og ef hún einhvern tíma kemst í ríkisstjórn. Er þetta virkilega trúverðugt, frú forseti, og mun þetta hjálpa okkur í því að leysa þann vanda sem þetta fólk er í?

[14:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að koma með þetta mál til umræðu, það er full þörf á því.

Við í Frjálslynda flokknum höfum í fimm skipti með þessu hausti lagt fram sérstakt mál til að taka m.a. á ákveðnum vanda eldri borgara. Það snýr að tengingu almannatryggingakerfisins og lífeyriskerfisins eða tekjukerfisins ef menn eru enn þá á vinnumarkaði. Það er einfaldlega svo að kerfið gerir það að verkum að með 45% skerðingartengingu skerðist lífeyrir frá almannatryggingum beint í hlutfalli við inneign í lífeyrissjóðum. Ég tel að það kerfi sem við erum með sé mjög óréttlátt og þess vegna höfum við verið að flytja þetta mál á undanförnum fimm árum, að breyta tengingunni þannig að fyrstu 50 þús. kr. sem fólk fær út úr lífeyrissjóði skerði ekki bætur almannatrygginga. Ég held að þetta væri mjög virk og góð kjarabót. Það er mjög óeðlilegt að skerðingin skuli byrja á 45% og að í henni séu ekki nokkur einustu þrep. Það er engin aðlögun fyrir það fólk sem hefur minnstu réttindin úr lífeyrissjóði.

Það er sama þótt fólk eigi jafnvel engin réttindi og þurfi að vera á vinnumarkaði þá kemur skerðingin nákvæmlega eins nema hún er heldur verri því að þá hverfur ellilífeyririnn, grunnlífeyririnn, 22 þús. kr. Sama á við með fjármagnstekjur en þær eru þó skertar með helmingi, helmingurinn er dreginn frá áður en skerðing verður. Þetta kerfi er gjörsamlega óboðlegt fyrir eldri borgara. Það hlýtur að vera kominn tími til þess fyrir okkur á hv. Alþingi að skoða m.a. það mál sem við frjálslyndir höfum verið að leggja hér fram og vita hvernig má útfæra það þannig að ásættanlegt sé fyrir alla.

[14:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra og sömuleiðis þátttöku hæstv. fjármálaráðherra í þessari umræðu. Hæstv. heilbrigðisráðherra segir að dæmið líti allt öðruvísi út hjá sér en á blöðum þeim sem hv. frummælandi lagði fyrir þingheim nú rétt í þessu. Og hvað segir hæstv. fjármálaráðherra? Hann segir að hér sé verið að bera fram tölur sem séu ómarktækur samanburður.

Ætla þessir hæstv. ráðherrar að neita því að þriðjungur aldraða eða um 11 þúsund manns séu með um 110 þús. kr. á mánuði eða minna? Er það vitleysa sem haldið hefur verið fram í umræðunni? Komi þeir þá og haldi því fram. Eða ætla menn að mótmæla því að einstaklingur sem er með 110 þús. kr. mánaðartekjur greiði nú 13% í skatt, ætla þeir að mótmæla því? Þeir geta það ekki vegna þess að það er rétt.

Aldraðir búa við skert skattleysismörk. Aldraðir hafa þurft að þola stóraukna skattbyrði, loforðin um fjölgun hjúkrunarrýma hafa ekki verið efnd. Þetta eru staðreyndir sem við höfum verið að tína hér fram og Samtök aldraða hafa verið að álykta um og Félag eldri borgara í Reykjavík. Eru þetta einhverjar vitleysur? Af hverju svara hæstv. ráðherrar á þennan hátt? Eða hvaða ástæður hafa aldraðir til þess að nota orð í ályktunum sínum eins og þau sem Félag eldri borgara gerir í ályktunum á síðasta aðalfundi sínum þar sem talað er um að öldruðum sé sýnd lítilsvirðing af stjórnvöldum, að marka þurfi heildarstefnu í málefnum aldraðra sem byggi á hugmyndafræði um jafnrétti og mannréttindi? Mundu eldri borgarar álykta á þessum nótum ef þeir teldu ekki á sér brotið?

Ég efast um að aldraðir, sem ég tel vera mjög seinþreytta til vandræða, noti svo stór orð í ályktunum sínum nema vegna þess að það er full ástæða til. Og ég held að hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni verði að fara að taka alvarlega þau orð sem aldraðir beina til þeirra.

[14:12]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er mitt mat að hæstv. heilbrigðisráðherra geti verið mjög stoltur af störfum sínum á vettvangi málefna aldraðra.

Það kom fram áðan hjá einum hv. þingmanni að stjórnarsinnar vöknuðu upp rétt fyrir kosningar og muni þá eftir öldruðum. Þetta er algjörlega fráleitt. Það er munað eftir öldruðum allt kjörtímabilið. Og það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra varðandi hjúkrunarheimilin að í samkomulaginu sem var gert við aldraða 19. nóv. 2002 var gert ráð

fyrir að hjúkrunarrýmum yrði fjölgað um 168 rými á árunum 2004 og 2005 og árlegur rekstrarkostnaður vegna þessara rýma yrði um 800 millj. kr. Við þetta var staðið og þetta kom fram í ræðu hæstv. ráðherra.

Eins kom fram hjá honum að verið er að fara yfir samkomulagið og greina það en of snemmt er að segja til um öll atriði. En það er alls ekki þannig að vaknað sé upp rétt fyrir kosningar og þá sé farið að gera hlutina. Nei.

Ég vil líka minna á að nýbúið er að skrifa undir samning við Reykjavíkurborg um 110 hjúkrunarrými í Sogamýrinni. Auðvitað verður staðið við það samkomulag. Það er í skoðun að setja upp rými á svokallaðri Lýsislóð, 90 rými, ef samningur næst þar. Að sjálfsögðu verður staðið við hann. Það er því verið að tala um 200 ný rými á þennan hátt á næstunni, 100 rými á ári. Sumir tala um stofnanavæðingu, að við séum komin of langt í stofnanavæðingu, ég held nú samt ekki af því að það eru biðlistar. En það er algjörlega fráleitt að hægt sé að saka hæstv. heilbrigðisráðherra um að standa sig ekki í stykkinu gagnvart öldruðum. Mikil útgjöld fara til aldraðra, staða þeirra er mjög misjöfn. Verið er að reyna að aðstoða þá sem standa höllustum fæti og það sýndi ráðherrann vel fram á í ræðu sinni.

[14:15]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Miðað við umræðuna sem fram fer í dag, greinaskrif í dagblöðum og samþykktir á landsfundum, nú síðast ályktun frá Félagi eldri borgara í Kópavogi, ætti okkur öllum að vera ljóst að stór hópur aldraðra hefur tekjur undir fátæktarmörkum. Aldraðir hafa dregist aftur úr frá því að klippt var á tengsl launa og lífeyris fyrir um 10 árum.

Við skulum fara aðeins yfir tölurnar og skoða raunverulega kjör aldraðra. Tökum sem dæmi einhleypan ellilífeyrisþega sem ekki hefur atvinnutekjur. Hann fær í grunnlífeyri rúmar 21 þús. kr., rúmar 43 þús. kr. í tekjutryggingu, í tekjutryggingarauka rúmar 21 þús. kr. og heimilisuppbót upp á 18 þús. Samtals eru þetta 104 þús. kr. Síðan kemur tekjuskattur ofan á öll þessi ósköp þannig að ráðstöfunartekjurnar eru rúmar 93 þús. kr.

Ef ellilífeyrisþeganum bjóðast atvinnutekjur, t.d. 50 þús. kr. fyrir að leika í auglýsingu um áhyggjulaust ævikvöld, þá lækkar tekjutryggingin og heimilisuppbótin og tekjutryggingaraukinn fellur niður. Af þessum 50 þús. kr. atvinnutekjum fengjust rúmar 17 þús. kr., þ.e. atvinnutekjurnar skerðast um 65%.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar áðan á samkvæmt fjárlagafrumvarpinu að hækka tekjutryggingaraukann með því að taka kjarabætur af fötluðum. Það á að fella niður bensínstyrk sem er til þess fallinn að aðstoða fatlaða við að bjarga sér sjálfir. Er það virkilega eina lausnin sem ríkisstjórnin hefur til að bjarga tekjuskorti aldraðra, að egna þessum tveimur hópum saman? Fyrr skal ég dauður liggja.

[14:17]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er leiðinlegt hve rangt menn geta farið með staðreyndir. Það hefur aldrei verið klippt á sambandið milli launa og bóta. Það er þveröfugt. Í lögum segir að bæturnar skuli fylgja almennri launaþróun eða neysluvísitölu, eftir því hvort er hærra, þannig að aldraðir og öryrkjar séu tryggðir gegn kjaraskerðingu. Þetta er grundvallaratriði og meiri réttindi en þeir hafa í nokkru öðru landi. Það skulu menn muna.

Eins er öllu snúið á hvolf þegar menn tala um skerðingu vegna tekna. Minnumst þess hvaðan þessi regla er komin. Það var 1971 að hið stóra samkomulag var gert milli aðila vinnumarkaðarins og allra stjórnmálaflokka á Íslandi. Það var þverpólitísk samstaða um þá vegferð, að byggja upp almenna lífeyrissjóði vegna þess að menn stóðu mismunandi að vígi. Hinn almenni markaður var rétt að byrja meðan ríkisstarfsmenn og aðrir voru komnir nokkuð langt á veg með að byggja upp sjóði sína. Þá var samkomulag um að búa til tekjutryggingu til að tryggja þá sem verr stóðu. Menn verða að hafa þetta í huga. Vegna þess sem komið hefur fram er nauðsynlegt að fara í gegnum þetta, endurskoða þetta og vita hvert við ætlum að stefna, en þá eigum við að hafa þetta fyrir meginmarkmið.

Aldraðir eru ekki samstæður hópur. Aldraðir samanstanda af fólki á mismunandi aldri. Þeir sem teljast aldraðir í dag standa mun betur að vígi en þeir sem urðu aldraðir fyrir 20 árum. Eldri hluti eldri borgaranna er vandamálið sem við þurfum að stríða við. Við skulum fara yfir málið á þeim grundvelli sem við lögðum 1971. Sá grundvöllur getur einn leitt okkur til þeirrar niðurstöðu sem við ætluðum alltaf að ná, að lífeyrissjóðakerfið og sparnaðurinn gæti staðið undir heilbrigðri og góðri stöðu aldraðra.

[14:19]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum höfum orðið rækilega vör við að víða er pottur brotinn í málefnum aldraðra. Það þarf að taka rækilega til hendinni. Við státum okkur af því að vera ein ríkasta og yngsta þjóð í Evrópu og ætti ekki að vera skotaskuld úr því að bæta úr ástandinu.

Eitt brýnasta málið fyrir okkur stjórnmálamenn að beina kastljósinu að eru dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra. Á dögunum var ég staddur á dvalarheimili aldraðra á Akranesi, Höfða. Þar var aðbúnaður allur til fyrirmyndar. Samt sem áður voru dæmi um að aldraðir þyrftu að deila herbergi með ókunnugum. Því verðum við stjórnmálamenn að taka á. Við þurfum að gæta að því að þær kynslóðir sem koma núna inn á dvalarheimili eru vanar öðrum aðbúnaði en kynslóðirnar á undan þeim.

Það er brýnt að við stjórnmálamenn förum rækilega yfir kjör aldraðra þannig að eitthvert samræmi sé í þeim aðbúnaði sem boðið er upp á, bæði hvað varðar hjúkrunar- og dvalarheimili. Ég hef undir höndum mjög slæma greinargerð um aðbúnaðinn, m.a. á Sólvangi í Hafnarfirði. Úr því verður að bæta. Þar er reglan sú að þrír séu á herbergi og meira að segja dæmi um að fimm séu á herbergi. Þetta er óviðunandi og þessu þarf að breyta. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um hvort gerð hafi verið samræmd úttekt á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða og hvort í framhaldinu eigi ekki að gera bragarbót á aðstöðunni, sérstaklega þar sem skórinn kreppir hvað mest.

[14:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að menn eiga að vera nákvæmir í orðavali. Það sem gerðist um miðjan síðasta áratug var að tryggingabætur voru slitnar úr tengslum við lægstu verkamannataxta, sem þá voru. Þær kerfisbreytingar urðu til að stórrýra kjör eldri borgara. Nú situr vinnuhópur og skoðar þessi mál. Upp hefur risið ágreiningur á milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og Landssambands eldri borgara hins vegar. Menn rýna í þennan ágreining en áður en niðurstaða liggur fyrir kemur fulltrúi ríkisstjórnarinnar, hæstv. ráðherra, í ræðustól og segir: Jafnvel þótt Landssamband eldri borgara hafi rétt fyrir sér þá verður það að engu haft. Þetta er undarlegt framlag inn í samningaviðræður sem nú fara fram.

Ég ætla ekki að nota stór orð eða munnhöggvast við ríkisstjórnina en ég hvet þjóðina til að fylgjast með þeim samningaviðræðum sem nú fara í hönd á milli stjórnvalda annars vegar og Landssambands eldri borgara hins vegar.

Það er rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að tryggingabætur eiga lögum samkvæmt að fylgja verðlagi að lágmarki. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, eins og það liggur fyrir, mun það ekki gerast. Að óbreyttu frumvarpinu verða brotin lög á eldri borgurum.

Vert er að minnast á framlag hæstv. fjármálaráðherra, sem kemur og talar um trúverðugleika. Fyrir liggur stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar, ekki bara í kjaramálum aldraðra heldur einnig varðandi byggingu hjúkrunarheimila. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir má vita að sú yfirlýsing var birt rétt fyrir kosningarnar 2003, í marsmánuði í flóðlýsingu í Þjóðmenningarhúsinu. Ég held að menn eigi að spara sér flóðljósin á þeim bæ.

[14:24]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á, varðandi hjúkrunarrýmin, að taka fram að það samkomulag hefur verið efnt. Hins vegar er mikil þörf fram undan. Í fyrsta lagi er biðlisti á höfuðborgarsvæðinu. Í öðru lagi þurfum við að laga aðstöðuna á nokkrum hjúkrunarheimilum þar sem enn viðgengst margbýli. Kröfur um slíkt hafa vaxið og ekkert nema gott um það að segja. En það er verkefnið fram undan. Því þurfum við að mæta. Samkomulagið hefur verið efnt. Við erum hins vegar mjög stofnanamiðuð hér á landi varðandi hjúkrunarheimilin. Við þurfum mjög á því að halda að efla heimaþjónustu við aldraða. Samtök aldraðra eru algerlega sammála stjórnvöldum í því efni. Formaður Landssamtaka aldraðra hefur margsinnis tekið það fram við mig að taka þurfi á í heimahjúkrun við aldrað fólk. Það er ljóst.

Ég vil taka fram, varðandi kjörin, að í mjög merkilegu erindi, sem Ásmundur Stefánsson hagfræðingur flutti á fundi Tryggingastofnunar ríkisins fyrir ári, bar hann saman kjör eldri borgara á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Niðurstaða hans varð sú að hér byggju eldri borgarar við betri kjör gegnumsneitt. Hins vegar vil ég taka fram að ef við getum bætt kjörin þá eigum við að bæta kjör þeirra sem eru eingöngu á bótum og hafa ekki nein úrræði annars staðar frá. Það er forgangshópurinn að mínu mati.

Fjáraukalög 2005, 1. umr.

Stjfrv., 144. mál. — Þskj. 144.

[14:26]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 á þskj. 5. Með frumvarpinu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð áætlun um tekjur og tillögur um breytingar á fjáraukalögum ýmissa fjárlagaliða ársins 2005. Mikilvæg breyting á forsendum er að Landssími Íslands hf. var seldur á árinu. Það hefur mikil áhrif á tekjur og gjöld. Frumvarpið byggir einnig á endurmati á hagrænum forsendum fjárlaganna, áhrifum af lögbundnum fjárlagaliðum og ýmsum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um mál sem fram hafa komið eftir afgreiðslu fjárlaga.

Eins og undanfarin ár var lögð áhersla á að leggja frumvarpið fram í upphafi þinghaldsins samhliða fjárlagafrumvarpinu. Með því móti er þingi og fjárlaganefnd gert kleift að fjalla samtímis um áætlanir fyrir bæði árin og ljúka afgreiðslu frumvarpanna tímanlega, eins og ráðgert er samkvæmt starfsáætlun þingsins. Ég mun í framsögu um frumvarpið stikla á stærstu atriðum þess og vísa að öðru leyti til skýringa á einstökum málum í greinargerð frumvarpsins.

Samkvæmt fjárlögum þessa árs, sem afgreidd voru í byrjun desember á síðasta ári, var áætlað að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 306 milljarðar kr. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að heildartekjur ársins verði um 396 milljarðar kr. eða rúmlega 90 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þar af er söluhagnaður vegna Landssímans hf. 57,5 milljarðar og fjármagnstekjuskattur vegna sölunnar 5,7 milljarðar kr. Án sölu Landssímans hækka tekjur ríkissjóðs um rúmlega 26 milljarða kr. Það jafngildir rúmlega 8,5% hækkun frá tekjuáætlun fjárlagaársins. Endurmat teknanna tekur mið af innheimtu það sem af er þessu ári. Það ber með sér að hápunkti hagsveiflunnar verður náð á árinu, sem skýrist m.a. af auknum umsvifum á fjármálamarkaði og aðgengi almennings að lánsfé auk þess að hápunktur stóriðjuframkvæmda hefur færst fram og verður á þessu ári. Þá er áætlað að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 3,7% frá fyrra ári sem á þátt í vexti einkaneyslu. Talið er að hagvöxtur verði 6% á þessu ári en við undirbúning fjárlaga var áætlað að hann yrði 4,9%. Talið er að einkaneysla vaxi um 9,5% í stað 5,1% eins og áætlað var í fjárlögum. Hin auknu umsvif í efnahagslífinu valda því að skattar, tekjur og eignir einstaklinga og lögaðila eru taldar verða 11,8 milljörðum hærri en samkvæmt áætlun fjárlaga. Skattar af launaveltu og viðskiptum með vörur og þjónustu er taldir verða um 10 milljörðum kr. hærri.

Loks verða tekjur af sköttum á eignir um 4,9 milljörðum kr. hærri en áætlað var og skýrist það að mestu af 4,4 milljarða kr. hærri tekjum af stimpilgjöldum.

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um tæplega 16 milljarða kr. viðbótarfjárheimildir til að mæta ýmsum útgjaldatilefnum. Þar af er greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs 6,3 milljarðar kr. og áætlaðar afskrifaðar skattkröfur 4 milljarðar kr. Einnig er gert ráð fyrir að ráðstafað verði 1,5 milljörðum kr. af söluandvirði Landssímans til ákveðinna verkefna í samræmi við frumvarp ríkisstjórnarinnar þar um.

Að frátöldum þessum þáttum er gert ráð fyrir tæplega

4,2 milljarða kr. útgjöldum nettó en það svarar til 1,4% hækkunar frá fjárlögum ársins. Mun ég koma nánar að helstu frávikum hér á eftir. Hafa verður í huga að munur er á áætlaðri útkomu ársins 2005 og þeim útgjaldaheimildum sem hér er sótt um. Eins og í fyrri fjáraukalögum stafar sá munur annars vegar af því að jafnan eru einhverjar heimildir í frumvarpinu vegna útgjalda sem þegar hafa verið gjaldfærð á liðnum árum og hins vegar af því að afgangsfjárheimildir og umframgjöld eru flutt frá fyrra ári og einnig til næsta árs. Nýting á fjárheimildum ársins getur þannig verið dálítið breytileg milli ára og verður að leggja mat á helstu tilvikin hverju sinni. Gjaldfærð útgjöld ársins 2005 eru þess vegna áætluð 8 millj. kr. hærri en í fjárlögum án sölu Landssímans hf. Samkvæmt þessu verður tekjuafgangur ársins tæplega 20 millj. kr. meiri en í fjárlögum eða tæplega 20 millj. kr. meiri en í fjárlögum eða tæplega 30 milljarðar án áhrifa Landssímans. Staða ríkissjóðs hefur því styrkst verulega frá því sem áætlað var í fjárlögum og aðhaldsstig ríkisfjármálanna aukist og er áætlað um 2,8% af vergri landsframleiðslu.

Þá vildi ég, frú forseti, víkja nokkrum orðum að breytingum á sjóðstreymi ríkissjóðs sem fram koma í 2. gr. frumvarpsins. Áætlað er að handbært fé frá rekstri aukist svipað frá fjárlögum og tekjuafgangurinn eða um tæplega 20 milljarðar kr. í stað þess að rýrna um tæplega 1 milljarð eins og búist hafði verið við. Það á að mestu rætur að rekja til aukinnar innheimtu tekna á árinu. Fjármunahreyfingar aukast um 66,7 milljarða nettó vegna áhrifa frá söluandvirðis Landssímans hf. Gerð er tillaga um að ráðstafa 1.000 millj. kr. af söluandvirðinu í stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í samræmi við frumvarp ríkisstjórnarinnar þar um. Niðurstaðan er að horfur eru á að lánsfjárafgangur batni um tæpa 87 milljarða og hann verði því nærri 100 milljarða kr. á árinu 2005. Þessi aukni lánsfjárafgangur gerir kleift að greiða niður skuldir um 54 milljarða kr. til viðbótar við þá 3,7 milljarða sem gert var ráð fyrir í fjárlögum og einnig að styrkja stöðuna við Seðlabanka Íslands um tæplega 40 milljarða.

Ég kem þá aftur að gjaldahlið frumvarpsins og helstu útgjaldatilefnum. Lagt er til að fjárheimildir ríkissjóðs verði auknar um tæplega 16 milljarða kr. á árinu 2005. Þar af er sótt um 10,7 milljarða kr. fjárheimild hjá fjármálaráðuneytinu en það skýrist að mestu af 6,3 milljarða kr. fjármagnstekjuskatti af söluhagnaði og arði vegna Landssímans sem færist til gjalda og tekna hjá ríkissjóði og af 4 millj. kr. fjárheimild vegna endurskoðunar á áætlun um afskrifaðar skattkröfur. Þá má nefna 210 millj. kr. til að fjármagna aukin útgjöld í tengslum við heimildagrein fjárlaga 2005 og 150 millj. kr. vegna áhrifa kjarasamninga. Útgjöld samgönguráðuneytisins aukast um 1,3 milljarða kr. samkvæmt frumvarpinu. Þar af er sótt um 1 milljarð kr. vegna ráðstöfunar af söluandvirði Landssímans hf. í fjarskiptasjóð. 173 millj. kr. er hækkun á útgjöldum umferðarstofu. Útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis aukast um 1,3 milljarða kr. Þar af eru 600 millj. kr. til að koma til móts við uppsafnaðan halla Landspítala – háskólasjúkrahúss, 300 millj. kr. vegna ráðstöfunar á söluandvirði Landssímans til byggingar hátæknispítala, 134 millj. kr. til að mæta uppsöfnuðum halla sjúkrastofnana og 120 millj. kr. til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla á stofnkostnaði við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Útgjöld menntamálaráðuneytis aukast um rúmlega 930 millj. kr. Þar af eru um 250 millj. kr. til endurbóta á Þjóðleikhúsinu, 126 millj. til uppgjörs á endurbótasjóði menningarbygginga, 110 millj. kr. til að greiða umframgjöld Háskólans á Akureyri, 100 millj. kr. til að mæta fjölgun nemenda í framhaldsskólum og rúmar 80 millj. kr. til að mæta kostnaði við hæstaréttardóm um úthlutun úr Ritlauna- og rannsóknarsjóði prófessora.

Útgjöld forsætisráðuneytis aukast um rúmar 850 millj. kr. samkvæmt frumvarpinu. Þar af eru 750 millj. kr. kostnaður við sölu Landssímans hf. og 35 millj. kr. vegna sjúkraflugs vegna hamfaranna í Suðaustur-Asíu.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis aukast um rúmar 730 millj. kr. Þar af eru 600 millj. kr. endurmat framlaga í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 365 millj. kr. endurskoðuð útgjöld Fæðingarorlofssjóðs og 200 millj. kr. til búsetuúrræða fyrir geðfatlaða af söluandvirði Landssímans hf. Á móti lækka útgjöld vegna atvinnuleysisbóta um tæplega 520 millj. kr. og útgjöld Ábyrgðasjóðs launa um 118 millj. kr.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis hækka um rúmlega 500 millj. kr. Þar af eru rúmlega 220 millj. kr. vegna stuðnings við landbúnað, 150 millj. kr. til landbúnaðarskóla og 120 millj. kr. umframgjöld og tapaðar kröfur embættis yfirdýralæknis.

Útgjöld utanríkisráðuneytis aukast um tæplega 500 millj. kr. Þar af eru 274 millj. kr. uppsafnaður halli sendiráða, 137 millj. kr. vegna flutninga fyrir NATO og til uppbyggingar þróunarstarfs á Sri Lanka.

Útgjöld iðnaðarráðuneytis aukast um rúmar 400 millj. kr. Þar af eru 275 millj. kr. endurgreiddur kostnaður við kvikmyndagerð á Íslandi og 100 millj. kr. auknar niðurgreiðslur á rafhitun.

Útgjöld annarra ráðuneyta aukast minna. Þó má nefna 180 millj. kr. aukin útgjöld umhverfisráðuneytisins vegna Ofanflóðasjóðs, vaxtagjöld ríkissjóðs lækka um rúmlega 1,3 millj., kr. einkum vegna lækkunar skulda og útgjöld Úrvinnslusjóðs lækka um tæplega 500 millj. kr. Aðrar breytingar eru minni og koma fram vegna ýmissa ófyrirséðra atvika, samninga og lagabreytinga auk nýrra ákvarðana.

Ég hef nú, frú forseti, farið nokkrum almennum orðum um frumvarpið og þau áhrif sem það hefur til að auka lánsfjárafgang og rekstrarafgang ríkissjóðs. Legg ég því til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjárlaganefndar Alþingis.

[14:36]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru á margan hátt sérstakar aðstæður nú við umræðuna um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005 þar sem hæstv. fjármálaráðherra er nýsestur í þann stól og því varla hægt að segja að hann beri mikla ábyrgð á því sem er í þessu frumvarpi. Hæstv. ráðherra hlýtur þó að bera ákveðna ábyrgð og er að sjálfsögðu hér til svara um frumvarpið.

Ég hef lagt það í vana minn nokkur undanfarin ár að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann telji að þau frumvörp til fjáraukalaga sem við höfum rætt á undanförnum ár-

um séu skref í þá átt að farið sé að lögum um fjárreiður ríkisins. Ég vil, frú forseti, leyfa mér að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvaða einkunn hann gefi fyrirrennara sínum í því frumvarpi sem við ræðum nú varðandi það hvort við höfum nálgast það að fara eftir lögum um fjárreiður ríkisins.

[14:38]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég geti ekki annað en gefið forvera mínum ágæta einkunn, ekki bara hvað varðar þetta frumvarp heldur einnig önnur frumvörp sem hann hefur lagt hér fram. Ég held að á þeim tölum til hækkunar sem hér eru lagðar til á fjárlögum séu mjög eðlilegar skýringar. Vissulega eru tölurnar háar en þær koma til af sölu Landssímans að langsamlega mestu leyti og síðan vegna afskrifta skattkrafna þar sem verið er að gera breytingar á þeim forsendum að færa þær nær því sem fram kemur í ríkisreikningi og held ég að enginn geti gert athugasemd við það.

Önnur aukin útgjaldatilefni upp á 1,4%, án þess að ég hafi gert á því fræðilega úttekt af þessu tilefni, eru tiltölulega lítil miðað við það sem ég man og kannast við frá því að ég sat í fjárlaganefnd á árum áður og því tel ég að við séum að færast nær því að fjárlögin standist að mestu leyti óbreytt fyrir árið en ég held hins vegar að hv. þingmaður geri sér grein fyrir því að það geta komið tilefni á árinu sem kalla á að fjáraukalögum sé beitt og það væri rangt af okkur að hafa ekki opna möguleika fyrir slíkt.

[14:40]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get verið sammála hæstv. ráðherra í því að það eru vissulega töluvert miklar framfarir og menn hafa nálgast mjög lög um fjárreiður ríkisins frá því hæstv. ráðherra var í fjárlaganefnd því nokkuð er um liðið síðan það var. En samt sem áður verð ég að segja að mér þykir það ganga ansi hægt því að enn er víða pottur brotinn og það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðherra að hinar stóru tölur hafa þær skýringar sem hæstv. ráðherra fór hér með, þ.e. sala Símans. Við getum reyndar deilt um hvort það sé fyllilega rétt að því máli staðið gagnvart lögum um fjárreiður ríkisins en látum það vera.

Ég ætla að skýra hæstv. ráðherra frá, og ég vona að það verði honum lexía og hann muni ráða enn betri bót á, að fyrir ári síðan þegar við ræddum frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004 þá hafði fjárlaganefnd ekki fengið eitt einasta erindi frá ríkisstjórn þar sem gerð var grein fyrir því að eitthvað ófyrirséð hefði verið ákveðið, við fengum ekki eina einustu tilkynningu en samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins ber um leið og slík ákvörðun hefur verið tekin að tilkynna það fjárlaganefnd. Á þessu ári hafa framfarir orðið alveg gífurlegar, þ.e. frá núll og upp í sjö. Við höfum fengið sjö erindi á þessu ári þar sem okkur hefur verið tilkynnt um ákvarðanir ríkisstjórnarinnar varðandi slík fjárútlát en ég leyfi mér að fullyrða, frú forseti, að þau sjö atriði sem okkur hefur verið tilkynnt um eru aðeins lítill hluti þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið, ég mun fara betur yfir það í ræðu minni á eftir, en ég vona að hæstv. ráðherra komi upp nú í andsvari og tilkynni að á þessu verði breyting og þegar við ræðum frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2006, eftir ár, verði hægt að segja frá því að okkur hafi verið tilkynnt um allar ákvarðanir sem teknar hafa verið eins og lög um fjárreiður ríkisins gera ráð fyrir.

[14:42]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta eru út af fyrir sig athyglisverðar upplýsingar. Auðvitað ber okkur að fara að lögum um fjárreiður ríkisins. Það vill þannig til að á sinni tíð sat ég í sérnefndum um þau mál þannig að ég kann þau lög mætavel. En þar sem hv. þingmaður tilkynnti að hann ætlaði að fjalla frekar um þetta efni í ræðu sinni þá bíð ég spenntur eftir því að heyra ræðu hans.

[14:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi sínu til fjáraukalaga og jafnframt undirstrikað að hann sé gamall í hettunni og það að fara á svig við lögin hafi verið verra áður.

Nú stendur í lögum um fjárreiður ríkisins að ekki megi skuldbinda ríkissjóð hvað varðar neina greiðslu nema fyrir liggi samþykki Alþingis. Þó er hér undantekning á ef eitthvað ber óskaplega brátt að, náttúruvá eða annað slíkt þannig að ekki verði undan vikist, þá skal þegar í stað tilkynna það fjárlaganefnd og Alþingi eftir atvikum til ákvörðunar.

Í þessu fjárlagafrumvarpi stöndum við frammi fyrir milljarða króna breytingum á fjárlögum þessa árs. Meginhluti þeirra tillagna er frágenginn og afgreidd mál af hálfu framkvæmdarvaldsins og nánast formsatriði að bera þau undir þingið og láta meiri hlutann samþykkja. Mörg af þeim eru mál sem við bentum á við afgreiðslu fjárlaga að væru vanáætluð. Ég bendi á Háskólann á Akureyri þar sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttum tillögu um að eiginlega væri óumflýjanlegt að bæta inn nákvæmlega sömu upphæð og þarna er bætt við. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir því nú að sett verði fjáraukalög að vori sem taki á þeim ákvörðunum og breytingum sem orðið hafa þá þegar innan ársins á útgjöldum og tekjum ríkisins. En þá gæti Alþingi tekið afstöðu til þess og síðan flutt önnur fjáraukalög á haustin eins og nú er gert og síðan lokafjárlög þannig að útgjöld séu stöðugt ákvörðuð af Alþingi en ekki af ráðherravaldinu.

[14:45]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef ekkert skoðað hugmyndir eins og þessa sérstaklega og er ekki tilbúinn til þess núna að taka afstöðu til þess hér.

[14:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að neita þessu ekki algjörlega. Ég hef undanfarin ár flutt frumvarp um að fjáraukalög verði sett að vori og þá farið yfir þau mál sem eru komin og áherslur Alþingis endurskoðaðar. Ég fagna því ef ráðherrann vill taka þetta til skoðunar og það

verður hér flutt.

Annað atriði sem ég vil spyrja um, frú forseti, er um mál sem lýtur að Sæðisskrifstofu málefna fatlaðra. Í kjarasamningum frá í vetur, sem komu til framkvæmda 1. febrúar sl., var kveðið á um að stuðningsfulltrúar og félagsliðar fengju fatapeninga í stað hlífðarfatnaðar er næmi um 1.500 kr. á mánuði. Það hefur ekki enn verið staðið við þessa undirskrift af hálfu fjármálaráðherra og þessir stuðningsfulltrúar og félagsliðar voru einmitt að funda nú í dag og þeim fundi er lokið fyrir skömmu. Þeir óskuðu eftir því að ráðherra stæði við þessi loforð, þennan kjarasamning sem gerður var um fatapeninga (Forseti hringir.) og ég óska svars frá ráðherra.

[14:46]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þekki þetta mál ekki svo að ég get ekki svarað hv. þingmanni. En hafi verið gerður um þetta samningur þá á eðlilega að standa við hann.

[14:47]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að lýsa nokkrum áhyggjum af þeirri léttúð sem nýr hæstv. fjármálaráðherra sýnir framúrkeyrslunni í ríkisrekstrinum hér í yfirlýsingum sínum. Þegar frá er dreginn Síminn er útgjaldabreyting þegar við þurfum mest á því að halda að aðhald sé í útgjöldum ríkisins, þegar þenslan er í hámarki. Þá er færslan 8 milljarðar, að vísu að teknu tilliti til afskrifta skattkrafna. Þá eigum við eftir að fá lokafjárlög og þá eigum við eftir að fá ríkisreikning. Það er rétt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvað hann telji að skekkjan verði mikil á útgjöldunum frá því að frumvarpið var lagt fram í fyrra og þangað til við fáum ríkisreikninginn. Verða það 20 milljarðar eins og venjulega og telur hann að það sé ásættanlegt og verður það viðmiðið í hans fjármálaráðherratíð að það sé í lagi að hafa 20 milljarða skekkju hér?

Gagnrýnir ekki hæstv. nýr fjármálaráðherra framúrkeyrslu á litla landbúnaðarráðuneytinu upp á yfir hálfan milljarð kr.? (Forseti hringir.) Gagnrýnir hann ekki framúrkeyrslu hjá sendiráðunum upp á um 300 millj. kr.? Og gagnrýnir hann ekki framúrkeyrslu í viðhaldi menningarstofnana upp á 376 millj. kr.?

[14:48]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Jú, út af fyrir sig er það gagnrýnisvert í öllum tilfellum þegar farið er fram úr án þess að fyrir því séu heimildir. En í því tilfelli sem hv. þingmaður var að nefna er um uppsafnaðan vanda að ræða sem verið er að leysa, sérstaklega í tilefni af því sem hann spurði um sendiráðin og nauðsynlegt að taka á því á þessum tímapunkti, tel ég. Það hefur hins vegar ekki þensluhvetjandi áhrif.

Hins vegar, það sem hann spyr um ríkisreikninginn þá get ég ekkert sagt til um það eins og sakir standa hver niðurstaðan verður. Hann er að vissu leyti gerður upp á annan hátt en fjárlögin eru. En ég geri mér auðvitað vonir um að lokafjárlögin verði í öllum meginatriðum eins og við leggjum drög að í þessu fjáraukalagafrumvarpi. Það á auðvitað eftir að fara með þetta frumvarp hér í gegnum þingið og nefndina og afgreiða það endanlega þannig að ég get ekki sagt nákvæmlega til um hver niðurstöðutalan verður.

[14:49]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Uppsafnaður vandi, það má svo sem segja. Sendiráðin hafa hins vegar notið hinnar sterku stöðu íslensku krónunnar, trúi ég, og varaformaður fjárlaganefndar hefur gefið út opinbera yfirlýsingu um að fjárlaganefnd Alþingis þurfi að taka sendiráð landsins í sérstaka fjárhagslega gjörgæslu. Það hlýtur að vera tilefni til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra um álit hans á þeirri yfirlýsingu og hvort hann telji mat varaformanns fjárlaganefndar á framúrkeyrslunni í sendiráðunum vera málefnalegt og hvort það sé verulegt áhyggjuefni hvernig þar hefur verið haldið á spilunum.

Hér erum við að fá fjáraukalagafrumvarp og ég skoðaði sjö ár aftur í tímann. Við erum hér með liði inni sem eru sjöunda árið í röð á fjáraukalögum. Forsætisráðuneytið sjálft, höfuð ríkisstjórnarinnar, er 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004 og 2005 alltaf á liðnum Ýmislegt. Menntamálaráðuneytið, viðhald og stofnkostnaður, öll árin sjö. (Forseti hringir.) Félagsmálaráðuneytið, Ýmis starfsemi, heilbrigðisráðuneytið, koll af kolli. (Forseti hringir.) Við hljótum að spyrja nýjan hæstv. fjármálaráðherra hvort hann ætli ekki (Forseti hringir.) að leggja metnað sinn í að taka þessa lausung einhverju taki.

[14:50]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég nefndi áðan þá held ég að sú prósentutala sem hér er um að ræða sé í lægra lagi miðað við það sem verið hefur. Hins vegar er það auðvitað rétt hjá hv. þingmanni að það er hlutverk Alþingis að veita aðhald og ég vænti þess að Alþingi geri það. Orð varaformanns fjárlaganefndar eru því fullkomlega í takt við hlutverk hans og hlutverk þingsins og ég get ekki annað en fagnað því að menn taki það hlutverk sitt alvarlega.

[14:51]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það frumvarp til fjáraukalaga sem við ræðum nú fyrir árið 2005 ber auðvitað merki þess að mikil þensla er í samfélaginu og ekki síður merki þess að Síminn var seldur á árinu. Það eru auðvitað hinar stóru tölur sem tengjast því og hér í andsvörum hefur verið farið yfir það að ýmislegt er óljóst varðandi fjáraukalagafrumvarpið vegna þess að fjáraukalagafrumvarpið segir oft svolítið um það hversu vel agað kerfið okkar er gagnvart fjárlögunum. Það verður auðvitað að segjast eins og er, bæði þegar litið er í þetta frumvarp og horft nokkur ár aftur í tímann, að allt of mikil lausung virðist vera hvað varðar umgengni um fjárlögin. Við virðumst því miður ekki ná því að bera sömu virðingu fyrir fjárlögum og ýmsum öðrum lögum og við virðumst ekki ná svipuðu stigi í þeim efnum og ýmsar nágrannaþjóðir okkar.

Vegna þess að ég var að ræða við hæstv. ráðherra áðan um það hvernig gengi að uppfylla lögin um fjárreiður ríkis-

ins, og hæstv. ráðherra upplýsti að hann hefði setið í þeirri nefnd sem samdi það frumvarp og þau lög, og sé því á heimavelli þegar um þau lög er fjallað, þá er auðvitað eðlilegt við upphaf þessarar umræðu að við rýnum örlítið í þau lög og áttum okkur á því hvað það er sem í raun og veru á að vera í frumvarpi til fjáraukalaga.

Það er raunverulega bara þrennt sem þar á að vera, þ.e. það sem er ófyrirséð, kjarasamningar og ný lög. En því miður er ýmislegt fleira í þessu frumvarpi eins og oft áður. Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hér örfáar línur í frumvarpinu sem eru mjög alvarlegar og segja okkur það að strax í inngangi frumvarpsins er raunverulega sagt að ekki sé í þessu frumvarpi farið að lögum.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Vakin er athygli á því að ekki er beint samhengi á milli þeirra fjárheimilda sem sótt er um í frumvarpinu og áætlaðra útgjalda á árinu. Kemur þar einkum tvennt til: Annars vegar er í frumvarpinu sótt um fjárheimildir vegna umframgjalda fyrri ára sem þegar hafa verið færð í reikningum ríkissjóðs. Hins vegar verða ekki öll umframgjöld bætt á árinu og færast til frádráttar fjárveitingum næsta árs eða stofnanir ganga á ónýttar fjárheimildir fyrri ára. Með sama hætti er gert ráð fyrir að fjárheimildir verði ekki að fullu nýttar á árinu og færist á næsta ár."

Frú forseti. Hér er sem sagt gefin yfirlýsing um það strax í upphafi að því sem segir í fjárreiðulögunum um það sem eigi að vera í slíku frumvarpi sé ekki að öllu leyti fylgt. Hér á í þessu frumvarpi eingöngu að vera það sem tilheyrir árinu 2005. Það er mjög skýrt í lögum um fjárreiður ríkisins. Samt sem áður er þessi yfirlýsing gefin hér og ég velti fyrir mér: Hvert er tilefni hennar?

Það er eiginlega aðeins eitt sem kemur mér í hug, það er greinargerð frá Ríkisendurskoðun um framkvæmd fjárlaga árið 2004. Í þeirri skýrslu eru mjög alvarlegar athugasemdir gerðar við það hvernig menn umgangast fjárlög í okkar kerfi. Þar er m.a. sagt frá því að það sé gengið svo langt gagnvart forstöðumönnum og, frú forseti, ég held að það sé rétt að lesa þetta orðrétt. Hér segir í greinargerð Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2004:

„Forstöðumenn hafa ýmist verið lattir til þess að grípa til sparnaðarráðstafana, sérstaklega ef sýnt þykir að þeim fylgi óþægilegur samdráttur í starfsemi eða þeir ekki verið áminntir með þeim hætti sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir hlíti þeir ekki fjárlögum. Í raun og veru virðist liggja fyrir að stjórnvöld hafi samþykkt í verki (ef ekki í orði) að útgjöld viðkomandi stofnana séu aukin með þessum hætti. Með öðrum orðum er fyrst stofnað til útgjalda en heimilda til þeirra aflað síðar, stundum mörgum árum eftir að til útgjaldanna var stofnað."

Frú forseti. Það eru auðvitað dæmi um þetta hér í þessu frumvarpi. Fjármálaráðuneytið sér sérstaka ástæðu til þess að setja hér sérstakan kafla inn í frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005 þess efnis að svona eigi raunverulega ekki að haga sér, eins og Ríkisendurskoðun segir í sinni greinargerð. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt þegar stofnunum ber ekki betur saman heldur en hér kemur í ljós.

Frú forseti. Það er fleira í greinargerð Ríkisendurskoðunar sem er rétt að rifja hér upp.

Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Þegar hins vegar horft er í gegnum fingur við að fjárlögum sé ekki fylgt grefur það undan þeirri virðingu og þeim aga sem þarf að ríkja gagnvart Alþingi og fjárlögum sem það setur. Slíkt ástand tíðkast hvergi í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Í reynd hlýtur meginábyrgð á þessu ástandi að liggja hjá Alþingi sem ekki gengur eftir því að fyrirmælum þess sé hlítt."

Frú forseti. Ég held að það sé hárrétt hjá Ríkisendurskoðun að ábyrgðin er að sjálfsögðu hjá Alþingi og það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni fyrir fjárlaganefnd hvernig hún á að taka því ástandi að hér eru skeytasendingar frá fjármálaráðunetyinu til Ríkisendurskoðunar um það hvernig eigi að umgangast fjárlög ríkisins. Ég verð að segja alveg hreint eins og er að manni bregður nokkuð við að lesa þennan kafla þar sem það er hreinlega sagt að eftir lögum um fjárreiður ríkisin sé ekki farið í því frumvarpi sem hér liggur fyrir.

Það eru auðvitað mýmörg dæmi sem sýna að þessi inngangskafli er skýrandi fyrir margt sem hér kemur fram. En það eru líka aðrar skýringar sem hér eru gefnar sem því miður standast ekki heldur þannig að frumvarpið er ekki einu sinni í samræmi innbyrðis.

Hér segir á bls. 59 í frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Loks er í nokkrum tilvikum lagt til að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana eða verkefna verði bættur að hluta eða öllu leyti. Er það gert í þeim tilvikum að verkefni er lokið eða sýnt þykir að gripið hafi verið til þeirra aðgerða að rekstur verði innan fjárheimilda og hallarekstur verði stöðvaður."

Hér er í raun og veru sett upp regla sem maður skyldi ætla að væri þá fylgt alveg í gegnum frumvarpið, þó svo að ég líti á, eins og ég sagði áðan, að hluti af þessari reglu falli ekki að lögum um fjárreiður ríkisins, þ.e. það er verið að bæta uppsafnaðan halla. Slíkan halla á að bæta á fjárlögum næsta árs ef það er ekki gert á fjárlögum þess árs sem í hlut á. Það er auðvitað hægt að bæta halla sem er innan ársins sem er ófyrirséður, það er eðlilegt að hann sé í fjáraukalögum.

Ég las þessa reglu að gefnu tilefni vegna þess að ég hef nokkur dæmi um að í frumvarpinu er hreinlega sagt að þessari reglu sé ekki fullnægt. Ég tek hér dæmi af handahófi og tek það fram, þannig að það valdi nú engum misskilningi, að dæmin sem ég tek hér eru ekki sett fram vegna ásakana til þeirrar stofnana sem eiga í hlut, heldur vegna þess að ég tel að það sé ekki rétt að málum staðið.

Hér er m.a. fjallað um Háskólann á Akureyri, stofnun sem hefur verið í mjög örum vexti og hefur átt við má segja að sumu leyti eðlilega fjárhagserfiðleika að etja vegna þess að nemendafjölgunin hefur oft verið meiri en áætlað var fyrir. En hér segir, og ég les þetta í samhengi við það sem ég las áðan um það hvernig uppsafnaður halli er bættur og hvenær:

„Farið er fram á 110 millj. kr. aukafjárveitingu til að koma til móts við uppsafnaðan halla á rekstri skólans en hann hefur vaxið hraðar en gert var ráð fyrir. Auk þess varð skólinn fyrir auknum útgjöldum þegar hann flutti starfsemi sína úr húsi í eigu ríkisins sem selt var á yfirstandandi ári, yfir í nýtt rannsóknarhús sem hann greiðir leigu fyrir." — Frú forseti. Svo segir hér og það er raunverulega aðalsetn-

ingin með vísun í það sem ég las áður. — „Skólinn vinnur með stuðningi menntamálaráðuneytisins að ýmsum breytingum í rekstri sínum sem eiga að leiða til þess að hallinn verði jafnaður á næstu árum.“ — Eiga að leiða til þess ef það heppnast.

Reglan sem sett var áðan er greinilega ekki í gildi gagnvart þessari stofnun og það eru nokkur fleiri dæmi um slíkt í frumvarpinu þar sem augljóslega er ekki búið að komast fyrir vandann en samt sem áður er þetta sett inn. Hér er því miður ekki einu sinni samhengi á milli hluta.

Þá er auðvitað rétt, frú forseti, og ástæða til að geta þess sem vel er gert. Ég sagði áðan að ýmsar framfarir hefðu orðið á síðustu árum, tilgreindi í andsvari áðan alveg sérstakan árangur sem náðst hefur varðandi það að koma tilkynningum til fjárlaganefndar þó svo að það sé ekki árangur sem er viðunandi en þó framför.

Ég fagna því alveg sérstaklega, einkum í ljósi þeirrar upptalningar sem hv. þm. Helgi Hjörvar fór með áðan á ýmsum stofnunum og ráðuneytum sem hafa verið fastir liðir a.m.k. síðustu sjö ár í frumvarpi til fjáraukalaga, að æðsta stjórn er ekki í þessu frumvarpi. Ég man varla það ár þar sem þau hafa ekki komið við sögu. Hér er greinilega um mikla framför að ræða. Og af því að við berum sérstaka umhyggju fyrir þeirri stofnun sem við störfum við, Alþingi, eru það auðvitað sérstaklega gleðileg tíðindi að Alþingi skuli ekki koma við sögu hér þrátt fyrir að miklar framkvæmdir voru í þessu ágæta húsi okkar í sumar. Þetta eru gífurlegar framfarir og ber auðvitað þakka það að áætlanagerðin hér er orðin með slíkum ágætum að ekkert er keyrt fram úr við allar þær framkvæmdir. Bara til að rifja upp og sýna hversu mikil framförin er tek ég sem dæmi að þegar við ræddum frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004 höfðu líka verið ýmsar framkvæmdir það ár í þessu húsi og þá var hér upphæð sem gerði ráð fyrir að bætt yrði 60% við upphæðina sem fyrir var. Þær framkvæmdir fóru því heil 60% fram úr. Ég tel ástæðu til að geta þess að það er alveg sérstakt gleðiefni að Alþingi skuli hafa staðið sig svo vel þetta árið.

Ég nefndi æðstu stjórn og það verður auðvitað að segja að því miður komu þau tíðindi á fund fjárlaganefndar í morgun að við megum búast við að sá liður verði ekki alveg auður þegar við afgreiðum lögin frá Alþingi í desembermánuði eða í lok nóvember vegna þess að það kom fram að væntanleg er einhver upphæð vegna embættis forseta Íslands þar sem enn hefur ekki alveg náðst utan um áætlanagerð þar. Við megum því búast við einhverjum erindum um það en vonandi verður það þó þannig að málinu verði lokið. Ég ítreka enn og aftur að ég er alveg sérstaklega ánægður með að Alþingi skuli ekki vera í þessu frumvarpi til fjáraukalaga.

Ef farið er yfir einstök ráðuneyti vekur það strax athygli að hjá forsætisráðuneytinu, sem er fastur liður í þessu frumvarpi ár eftir ár, er nú óskað eftir fjárveitingu vegna kostnaðar við ráðningu lögfræðings á aðalskrifstofu. Skýringin er sú að ráðherraskipti hafi orðið haustið 2004. Haustið 2004 urðu ráðherraskipti í forsætisráðuneytinu og eru það út af fyrir sig ekki ný tíðindi en það eru hins vegar tíðindi fyrir okkur að ekki skuli hafa uppgötvast fyrr en nú á seinni hluta ársins 2005 að einhver lögfræðingur hafi glatast úr ráðuneytinu við ráðherraskiptin og það þurfi að bjarga því. Þetta er auðvitað ekki dæmi um það sem hægt er að flokka undir ófyrirséð vegna þess að menn hljóta að verða varir við það þegar þeir týna heilum lögfræðingum. Það er ekki eitthvað sem kemur upp í miðju sumarfríi.

Stærsti liðurinn þarna er auðvitað eins og fram hefur komið sala Símans. Við höfum áður tekið nokkra rimmu um það í þessum sal hvort hægt sé að áætla fyrir slíku. Það hefur verið skoðun hæstv. fjármálaráðherra, væntanlega bæði fyrrverandi og þess sem nú starfar, og fjármálaráðuneytisins að ekki sé gerlegt að áætla fyrir slíku. (Gripið fram í.) Það er hins vegar ekki í samræmi við skoðanir ýmissa annarra, auðvitað á að vera hægt að áætla fyrir slíku og þó svo að ekki sé hægt að gera það nákvæmlega hlýtur að vera hægt að nálgast það.

Síðan er hér sérkennileg tilfærslubeiðni þar sem óskað er eftir að færa tæpar 15 millj. kr. á rekstrarviðfangsefni af fasteignum forsætisráðuneytisins til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda. Þetta hlýtur að leiða hugann að því hvernig áætlanir eru gerðar gagnvart þessum lið. Er verið að fresta einhverju í viðhaldi fasteignanna eða er búið að ljúka því? Hvað er að gerast þarna? Þetta er fært yfir á rekstrarviðfangsefni og þá er auðvitað spurningin: Er kannski búið að nota eitthvað af þessum peningum? Hefur það kannski verið gert í ljósi þess að hér er nokkuð traustur þingmeirihluti sem hefur ekki sýnt sig í því að rísa mikið gegn þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur tekið? Þetta er dæmi um það sem ég kannast ekki við að hafi verið tilkynnt til fjárlaganefndar eins og gera á samkvæmt fjárreiðulögum.

Menntamálaráðuneytið er einnig eitt af þeim ráðuneytum sem er fastur liður í frumvarpi til fjáraukalaga. Það vekur athygli að heimsfundur kvenkyns menningarráðherra kemur fram í fjáraukalögunum. Ég vona að hæstv. ráðherra hafi skýringar á því og að þetta hafi verið algerlega ófyrirséð, þ.e. að fundurinn hafi ekki verið orðaður fyrr en á þessu ári. Ég skil vel að ef það býðst að halda slíkan fund að menn hlaupi til og geri það. En það er eðlilegt að spyrja hvenær og hver ákvað að þessi fundur yrði haldinn hér og þar af leiðandi sá kostnaður sem honum fylgdi því að ég veit ekki betur en að þessi fundur sé búinn og þar af leiðandi væntanlega búið að greiða flesta reikninga sem honum fylgdu. (Gripið fram í.) Það er heimsfundur kvenkyns menningarráðherra, hv. þingmaður, stór og mikill fundur.

Síðan kemur hér að vísu ekki há upphæð, og það er auðvitað rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra að oft er hér ekki um mjög háar upphæðir að ræða, en samt sem áður er þetta spurning um hversu mikinn aga við sýnum í meðförum varðandi fjárlög ríkisins, en hér eru 5 millj. kr. vegna kostnaðar við nefnd um málefni fjölmiðla. Það er eðlilegt að greiddur sé kostnaður við þessa nefnd en það er sérkennilegt að ekki skuli hafa uppgötvast fyrr en nú að slíkt þyrfti að gera vegna þess að nefndin tók til starfa 5. nóv. 2004. (Gripið fram í.) Nefndin hóf störf 5. nóv. 2004 og ég geri ráð fyrir að menn hafi ætlað að eitthvað þyrfti að greiða fyrir þau störf.

Hér er annað ágætt mál, Orðabók Háskólans, þar sem óskað er eftir 15 millj. kr. vegna nýrrar rafrænnar orðabókar með um 50 þúsund uppflettiorðum ásamt skýringum á sænsku, norsku og dönsku. Þarft mál og brýnt, en hvenær

var þetta verk ákveðið og hvar og er það kannski byrjað? Þetta vekur upp slíkar spurningar.

Við getum haldið áfram með menntamálaráðuneytið. Allt það sem snýr að Tækniháskóla Íslands hefði í raun átt að vera í fjárlögum þessa árs því það lá auðvitað fyrir hvað þar var að gerast. Síðan vekur sérstaka athygli, að vísu ekki há upphæð, hjá Námsmatsstofnun þar sem farið er fram á 10 millj. kr. framlag vegna kostnaðar sem féll á stofnunina árið 2004. Enn einu sinni kem ég að því sama að megnið af þessum tölum er eitthvað sem ekki á að vera í þessu frumvarpi. Í raun og veru ætti þingið að taka á sig rögg og gera svipað og ýmsir dómstólar hafa gert að undanförnu varðandi það þegar pappírar eru ekki betur gerðir en þetta, það ætti að vísa þeim aftur heim og láta menn vinna verkið upp og gera það eins og á að gera. En eins og ég sagði áðan er meiri hluti þingmanna hér ekki þekktur fyrir að sýna mikið aðhald fyrir þá ríkisstjórn sem nú starfar. Af hverju vekur þessi tala sérstaka athygli? Jú, vegna þess að hún er um 50% aukning. Þarna hlýtur að vera fullkomin skýring en ég trúi varla skýringunni sem hér er gefin en hún er að þetta hafi verið kostnaður við að flytja á milli húsa. Það kostar stofnun sem hefur um 20 millj. kr. á fjárlögum 10 milljónir að flytja á milli húsa. Það hlýtur að vera löng leið og mikið að flytja. Þetta var árið 2004 og eins og ég sagði áðan, frú forseti, á þetta að sjálfsögðu ekki heima hér.

Frú forseti. Ég sé að tími minn er að lokum kominn og ég verð því að gera hlé og halda áfram í seinni ræðu minni á eftir, en ég ætla að reyna að ljúka menntamálaráðuneytinu. Hér er talað um 100 millj. kr. til framhaldsskólanna almennt og sagt vegna nemendafjölgunar. Ég spyr: Dugir þetta til að mæta þeirri nemendafjölgun sem orðin er í framhaldsskólunum? Ég hef því miður grunsemdir um að því sé víðs fjarri og þetta sé eins og oft áður eitthvað sem að þarf að laga, því er nú verr og miður.

Loks eru hér tveir liðir um Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólann. Það eru afar sérkennilegir liðir og skýringar þar vegna þess að ég veit ekki betur en að Fjöltækniskóli Íslands hafi tekið við starfsemi þessara beggja skóla. Ég held að það hafi verið árið 2004 eða 2003 sem sá skóli tók til starfa þannig að ég átta mig engan veginn á því hvað þessir liðir eru að gera í þessu fjáraukalagafrumvarpi

Frú forseti. Tími minn er liðinn en umræðuefnið fjarri því að vera búið þannig að ég bið forseta að skrá mig aftur á mælendaskrá.

[15:11]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir málefnalega umræðu og yfirferð yfir einstaka liði frumvarpsins. Ég treysti því að hann muni fara yfir þetta í nefndinni eins og vera ber og þar munu nákvæmari skýringar verða gefnar en þær sem ég hef getað reitt fram hér. Einu verð ég hins vegar að hafna hjá hv. þingmanni að það séu einhverjar skeytasendingar í greinargerð með frumvarpinu til Ríkisendurskoðunar. Það eru miklu hægari heimatök til þess að hafa samskipti við Ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðanda en svo að það þurfi að vera með einhverjar skeytasendingar í fjáraukalagafrumvarpinu.

Mér fannst hins vegar athyglisverð umfjöllun hv. þingmanns um aðferðafræðina sem verið var að lýsa í samskiptum ráðuneytanna við stofnanir. Einnig var athyglisvert dæmið sem hann tók af Háskólanum á Akureyri, en mér fannst einhvern veginn eins og endahnútinn vantaði á gagnrýnina þar. Er hann að gagnrýna það að háskólinn skuli fá 110 millj. kr. samkvæmt frumvarpinu og ætti þá háskólinn ekki að fá þær eða ætti hann að fá meira? Hvort leggur hv. þingmaður til?

[15:13]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að þetta er ekki skeytasending til Ríkisendurskoðunar en þegar maður les saman greinargerð þeirra og þennan kafla dettur manni eiginlega ekki neitt annað í hug. En ég tek auðvitað orð hæstv. ráðherra trúanleg í því að þarna sé ekki um skeytasendingar að ræða. Ég verð því að reyna að leita frekari skýringa á þessum sérstaka kafla.

Varðandi Háskólann á Akureyri þá tók ég sérstaklega fram að ég væri að velta fyrir mér vinnubrögðum en ekki því hvað þar væri raunverulega verið að gera. Hins vegar er það svo með Háskólann á Akureyri að þetta er uppsafnaður vandi sem að mínu mati hefði átt að vera búið að bæta og miðað við það sem þarna segir er augljóst mál að ekki er verið að ljúka vandanum. Ég er þeirrar skoðunar að það sem tilheyrir árunum fyrir 2005 tel ég vera í samræmi við fjárreiðulögin, það eigi að vera í fjárlögum ársins 2006. Hins vegar á árið 2005 að vera í þessu frumvarpi. Ég get því miður ekki svarað hæstv. ráðherra hvort þessi tala er nægjanleg til að rétta við árið 2005 eða ekki, ég hef ekki gögn um það, en ég tel að í þessu frumvarpi eigi auðvitað að mæta þeim vanda sem snýr að þessu ári. Háskólinn á Akureyri er mjög mikilvæg stofnun sem hefur vaxið afskaplega kröftuglega og menn hafa staðið sig mjög vel þar. Það er full ástæða til að fara yfir það hvernig stofnunin getur staðið sig sem best en ég tel að í þessu frumvarpi og ég segi enn og aftur í samræmi við fjárreiðulögin, á meðan við höfum þau óbreytt, eigi talan sem á við Háskólann á Akureyri að snúa eingöngu að árinu 2005. Ef eitthvað er hins vegar vegna fyrri ára eigi það að vera í fjárlögum 2006 og síðan eigi að leggja grunninn fyrir 2006 út frá því hvaða útkoma er á árinu 2005 og hvaða áætlanir eru um árið 2006.

[15:15]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005. Ég held að áður en ég fer í einstaka efnisþætti frumvarpsins sé nauðsynlegt að átta sig á því hlutverki sem fjáraukalög gegna. Hver er stjórnsýsluleg staða fjáraukalaga innan fjárlagaársins og innan laga um fjárreiður ríkisins.

Að hausti er unnið fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár sem fer í gegnum þingið til meðferðar fjárlaganefndar Alþingis og er afgreitt skömmu fyrir jól. Þar eru lagðar línur í efnahagsstjórninni, fyrir þróun efnahagsmála og jafnframt kveðið á um hver gjöldin skuli vera, skipt á einstaka gjaldaliði, áætlaðar tekjur o.s.frv.

Þingið starfar áfram. Eftir áramót kemur þing aftur saman og þá eru samþykkt lög og ýmsar samþykktir gerðar sem

geta haft áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs innan þess árs. En jafnframt er kveðið strangt á um það í fjárreiðulögum, sem er gott, að ekki megi stofna til útgjalda af hálfu ríkisins, skuldbindinga eða annars, nema að fyrir liggi samþykki Alþingis. Það er meira að segja bundið í stjórnarskrá. Þess vegna er mjög mikilvægt að vinnu Alþingis sé hagað þannig að hún uppfylli lagaskyldur en einnig að sem tryggast sé að þingið ákveði fjárlög ríkisins, útgjöld og tekjugrunn.

Á undanförnum árum hefur tíðkast að leggja fram fjáraukalagafrumvarp að hausti, svipað og við erum með í höndum, sem tekur á breytingum á tekjuforsendum ríkissjóðs en kveður einnig á um ákvarðanir um og tillögur að nýjum útgjöldum. Í lögum um fjárreiður ríkisins er kveðið á um að heimilt sé að breyta fjárlögum innan ársins ef óumflýjanlegar aðstæður kveða á um það eða Alþingi samþykkir annað. Það má gera hvenær sem er en þó að undangengnu samþykki Alþingis, nema um náttúruvá eða eitthvað slíkt sé að ræða þannig að ekki sé hægt kalla Alþingi skjótt saman en það skal gert svo fljótt sem unnt er.

Það er fjarri því að vinnulagið á Alþingi sé samkvæmt þeim lögum. Því fer fjarri. Við höfum þetta frumvarp sem gott dæmi um það. Hér eru lögð til útgjöld upp á hundruð milljóna kr., jafnvel milljarða kr. Mörg þeirra útgjalda eru í hæsta máta eðlileg og ekkert við þeim að segja. Þau eru brýn og nauðsynleg. Mörg af þeim útgjöldum koma til vegna þess að ríkisstjórnin og meiri hlutinn á Alþingi valdi að beita blekkingum við fjárlagagerðina á sínum tíma, vafalaust til að fá betri niðurstöðutölu. Hér hefur Háskólinn á Akureyri verið nefndur. Það lá fyrir hjá skólastjóranum og hjá öllum sem komu að þeim málum, að Háskólann á Akureyri mundi skorta fé á árinu. Við lögðum fram breytingartillögu við afgreiðslu fjárlaga síðasta haust sem laut að því að rétta það a.m.k. að hluta. Það lá alveg fyrir. En samt valdi ríkisstjórnin, þáverandi fjármálaráðherra og meiri hluti Alþingis, að tuddast áfram og samþykkja fjárlög sem vitað var að voru alls ekki í takt við raunveruleikann og ekki heldur í takt við þann pólitíska vilja Alþingis til þeirrar góðu starfsemi sem þar er rekin. Fleiri slík dæmi eru í þessu frumvarpi, um lélega vinnu af hálfu meiri hluta Alþingis og þeirra ráðherra sem hlut eiga að máli.

Ég hef á Alþingi ítrekað lagt til að lögum um fjárreiður ríkisins verði breytt og staða Alþingis gagnvart fjárlagagerðinni og framkvæmd fjárlaga verði styrkt með því að skylt verði að leggja fram fjáraukalög að vori, við þinglok að vori verði lögð fram fjáraukalög sem taki til þeirra breytinga sem þegar eru orðnar með samþykktum Alþingis, öðrum breytingum í samfélaginu og nýjum áherslum. Það væri síðasta verk þingsins fyrir vorið og auk þess yrði strax að hausti lagt fram fjáraukalagafrumvarp, eftir því sem þörf er á, til að taka á þeim breytingum sem menn vilja leggja fyrir þingið eða eru óumflýjanlegar.

Menn hafa áður rætt þetta á þinginu. Á síðasta þingi fengu hugmyndir um slíkt vinnulag vaxandi undirtektir, ekki síst meðal þingmanna sem telja sig til stjórnarmeirihluta sem eru oft á tíðum bara í því hlutverki að stimpla ákvarðanir framkvæmdarvaldsins, t.d. margar af þeim tillögum sem liggja fyrir í frumvarpinu hér.

Ég vil því árétta þessa tillögu mína um breytingar sem gera verði til þess að vinna Alþingis verði skilvirkari og samkvæmt lögum um meðferð og framkvæmd fjárlaga, að Alþingi ákveði fyrst og síðan vinni framkvæmdarvaldið eftir þeim ákvörðunum.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum líka lagt áherslu á að gera þingið sterkara í vinnubrögðum sínum og færara um að takast á við þau flóknu verkefni sem lúta að efnahags- og fjármálum á vegum ríkisins. Eftir að Þjóðhagsstofnun sáluga var lögð niður er engin sjálfstæð eða óháð efnahagsskrifstofa sem þingið getur leitað til eða einstakir þingmenn. Það var hægt að leita til Þjóðhagsstofnunar, sem gaf a.m.k. í megindráttum sjálfstæð álit og stundum svo sjálfstæð að það þótti ástæða til að leggja hana niður eins og frægt er orðið. Það var mjög umrætt í þingsölum að ástæðan fyrir því að Þjóðhagsstofnun var lögð niður var að hún hafði vogað sér að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum.

Núna erum við algjörlega háð efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins varðandi það að leggja mat á hinar ýmsu efnahagslegu stærðir og önnur atriði er lúta að gerð, forsendum og framkvæmd fjárlaga. Við eigum Ríkisendurskoðun að í ákveðnum þáttum við framkvæmd fjárlaga og það er gott. En annars er það því miður mun magrara en áður var. Því höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt til að stofnuð verði sérstök efnahagsstofa við þingið, sjálfstæð stofa sem starfi á vegum þingsins en ekki á vegum framkvæmdarvaldsins, sem þingmenn og þingnefndir geti þá leitað til um sjálfstætt mat og sjálfstæða vinnu, tillögur og mat á tillögum í efnahags- og fjármálum. Eins og er erum við fullkomlega háð framkvæmdarvaldinu sjálfu. Við höfum reyndar bankana, hinir ýmsu viðskiptabankar eru með efnahagsmál og vinna afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála, en þeir útreikningar eru yfirleitt á grundvelli þeirra eigin forsendna og mati á þeirra eigin starfsemi en ekki á sömu forsendum og þingið vinnur eftir. Þetta vildi ég gera að umtalsefni, frú forseti.

Það er athyglisvert að sjá hvernig tekjuliðir þessa frumvarps hafa breyst. Hæstv. fjármálaráðherra benti á að tekjur hefðu farið umtalsvert fram úr því sem áætlað var og fagnar því að ríkissjóður skuli fitna sem því nemur. Vafalaust finnst stjórnarliðum það létta mönnum róðurinn að lækka skattana, lækka tekjuskattinn á hátekjufólki, skatta sem koma fyrst og fremst hátekjufólki til góða þegar auknar tekjur koma inn í ríkissjóð. Hverjar eru þessar auknu tekjur sem er hér verið að mæra? Halda menn að þær séu varanlegar? Nei, frú forseti. Það eru tekjur af þenslu, vegna viðskiptahalla og sölutekjur af Landssímanum sem hefði betur verið í þjóðareigu áfram. Tekjurnar af sölu Landssímans koma ekki inn aftur en meðan þjóðin átti hann skilaði hann arði sem kom reglulega inn í ríkissjóð.

Nei, tekjur af stimpilgjöldum, tekjur af auknum umsvifum, sérstaklega á húsnæðis- og fasteignamarkaði fóðra tekjuaukninguna. Hverjir borga þessi stimpilgjöld? Jú, ungt fólk sem kaupir hús eða færa sig á milli húsa, úr minna húsi í stærra. Þetta fólk verður að borga aukna skatta til ríkisins í formi óréttlátra stimpilgjalda. Dragist síðan húsnæðismarkaðurinn saman skreppur sá tekjustofn líka saman.

Menn monta sig af því að tekjur af sköttum af vöru og þjónustu hækki um rúma 9 milljarða kr. frá áætlun. Nú, er

það ekki viðskiptahallinn, og viljum við hafa hann? Nei, þessi tekjustofn er líka falskur og ekki til að monta sig af. Þótt mönnum finnist gott að fá krónur í ríkiskassann þá er ekki sama hvernig þær koma.

Einnig er talað um fjármagnstekjuskattinn af sölu Símans, drottinn minn dýri. Ríkið greiðir sjálfu sér fjármagnstekjuskatt upp á nærri 6 milljarða kr. af sölu Símans. En eins og ráðherra minntist á áðan þá verður jú að færa til gjalda söluupphæð þannig að báðir liðir hækka sem því nemur. Þetta eru reikningskúnstirnar við að reikna saman tekjur og gjöld hjá ríkissjóði.

Lítum á hinar forsendurnar, á gengismálin. Lagt var upp með þá forsendu fyrir gengisþróun þessa árs að meðalgengi ársins yrði 120–125, það voru forsendur fjárlaga sem við störfum eftir. Svo seint sem í júní á þessu ári gaf fjármálaráðuneytið út spá sína fyrir árið. Þá hélt það að gengið yrði 119. Það hafði þó staðið í kringum 112–113 þá um langa hríð. Nú eru horfurnar á að gengið fyrir þetta ár verði að meðaltali niður undir 110. Síðustu fregnir herma að það gæti farið enn neðar. Það stendur í 103 rúmlega og greiningardeild Íslandsbanka spáir því að það eigi eftir að fara enn neðar, krónan eigi eftir að hækka enn meira á þeim mánuðum sem eftir lifa ársins, verði ekki breyting á stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Hvaða áhrif hefur það?

Við erum einmitt með samþykktir hér frá samtökum fiskvinnslunnar, frá samtökum útgerðarinnar, frá samtökum ferðaþjónustunnar og frá fjölmörgum öðrum sem eru að reyna að basla í útflutningsgreinunum, útflutningsiðnaðinum og nýsköpuninni. Menn horfa á gengið síga stöðugt meir á ógæfuhliðina fyrir þessar atvinnugreinar og ekkert er gert. Ég tel það alvarleg skilaboð sem fjáraukalagafrumvarpið staðfestir hér, að það er ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að gera neitt til þess að tryggja og bæta rekstrarstöðu útflutningsgreinanna. Það var spáð gengisvísitölu upp á 120–125 á þessu ári. Var sú spá merkileg? Spáin fyrir næsta ár hljóðar upp á 115. Að óbreyttu hefur enginn trú á því að það náist. Íslandsbanki segir að jafnvægisgengið liggi á bilinu 135 um nokkurn tíma til þess að jafnvægi náist í viðskiptum við útlönd.

Ráðherrann vék ekki að þeim alvarlegu hlutum sem eru að gerast í efnahagslífinu, hinni gríðarlegu skuldasöfnun, viðskiptahallanum við útlönd, háu gengi og erfiðri stöðu útflutningsgreinanna. Menn vita ekki sitt rjúkandi ráð hvernig bregðast á við. Þetta tel ég að ráðherra hefði átt að segja þó ekki væri nema eina setningu um, hafandi nýlega fengið ályktun t.d. frá samtökum fiskvinnslunnar þar sem þungum áhyggjum var lýst yfir stöðu mála hvað varðaði samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna og var þar krafist aðgerða þegar í stað til þess að rétta stöðuna. En það heyrist ekki bofs í þá veruna, þetta er víst allt í lagi að mati ráðherra.

Frú forseti. Það er hægt að fara í gegnum þetta frumvarp og fara yfir einstakar tölur. Sumum ráðuneytum virðist vera reistur sjálftökuréttur úr ríkissjóði. Tökum utanríkisráðuneytið sem dæmi, bara til að eitt sé nefnt. Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytisins verði aukin um 499 millj. kr. á þessu ári. Þar eru lagðar til 50 milljónir til að mæta uppsöfnuðum halla á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins og 276 millj. kr. framlagi til sendiráða. Þetta er bara viðbót á fjáraukalögum sem einungis eiga að taka til brýnna og óhjákvæmilegra atriða. En þarna er verið að leika sér með þetta og fara út og inn. Svona er hægt að fara víðar um.

Ég spyr fjármálaráðherra: Er hann sáttur, ætlar hann að láta svona vinnubrögð viðgangast? Það fer engin efnisleg umræða fram á Alþingi um það hvort nauðsynlegt sé að auka þessi framlög til sendiráða, fjölga sendiherrum. Nei, þau eru ákveðin og koma svo eftir á til Alþingis til meðferðar. Ætlar hæstv. fjármálaráðherra að segja að þetta sé nú bara gamalt og gott, þetta sé ekki verra en það var þegar hann var sjálfur í fjárlaganefnd?

Svo eru einstaka aðilar aðrir sem þykir ástæða til að standa ekki við samninga og ég minntist á í andsvari við ráðherra hér áðan. Við sjáum í fjáraukalagafrumvarpinu að utanríkisþjónustan, fjölgun sendiherra, fær sitt og ríkislögreglu- og vopnasveitir fá sitt. Það vantar ekki. En þegar kemur að því að efna hluta af kjarasamningi við starfsmenn hjá Sæðisskrifstofu málefna fatlaðra, stuðningsfulltrúa og félagsliða, sem var samið um í upphafi þessa árs og átti að koma til framkvæmda 1. febrúar sl., er annað upp á teningnum. Samið var um sérstakar greiðslur vegna vinnufatnaðar sem starfsmenn verða að vera í á þessum vinnustöðum, 1.458 kr. á mánuði. Að vísu sagði hæstv. ráðherra hér áðan, og ég treysti því að það megi ganga að því sem vísu að hann standi við orð sín, að sé þetta kjarasamningur þá verði þessu þegar í stað kippt í liðinn. Þetta fólk var á félagsfundi í dag og ræddi þar stöðuna. Þar samþykktu starfsmennirnir ályktun og skoruðu á viðsemjendur sína, sem í meginatriðum er ríkissjóður, fjármálaráðherra, að standa við þá samninga sem gerðir hefðu verið um slíkar greiðslur. Því er borið við að ekki sé fé á fjárlögum. Drottinn minn dýri, fé á fjárlögum til að standa við kjarasamning við starfsmenn á Sæðisskrifstofum málefna fatlaðra. Nei, frú forseti.

Það er einmitt tilgangur fjáraukalaga að taka á ef kjarasamningar kveða á um viðbót og ég treysti því að hæstv. ráðherra láti ekki það mál sem ég hef rakið hér standa lengur (Forseti hringir.) út af borðinu, frú forseti.

[15:36]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005. Það birtist skýrt í þessu frumvarpi hve gríðarlega sterk staða ríkissjóðs er um þessar mundir og einnig má í því sjá merki um þau gríðarlegu umsvif sem eru í efnahagskerfinu.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur gert grein fyrir frumvarpinu og þar kemur sala Símans auðvitað fram, þær gríðarlegu tekjur sem komu inn í ríkissjóð að þessu sinni vegna sölunnar á honum. Þar er söluhagnaður upp á 57,5 milljarða tekjufærður. Það vekur auðvitað athygli, í framhaldi af því að hin miklu umsvif í efnahagskerfinu sjást, að allar hagstærðir sem lágu til grundvallar fjárlagafrumvarpinu sem var samþykkt fyrir tæpu ári hafa breyst. Það er nánast sama hvar gripið er niður í þeim efnum, það er greinilega mikið um að vera í okkar hagkerfi. Tekjurnar fyrir utan sölu Símans hafa vaxið mjög mikið frá fjárlögum sem gilda fyrir þetta ár þannig að allt ber þetta að sama brunni.

Gjaldahlið frumvarpsins er tæpum 16 milljörðum kr. hærri en fjárlögin segja til um. Þar spilar sala Símans stóra

rullu þar sem ýmsir liðir koma þar inn til útgjalda á sama hátt og tekjur. Ef leiðrétt er fyrir sölu Símans eru þetta líklega um 3 milljarðar, eitthvað nálægt því, sem um er að ræða í auknum útgjöldum. Ég hef nú ekki skoðað það nákvæmlega en ég geri ráð fyrir að umfangið sé minna en oft hefur verið. Það breytir því ekki, eins og fram hefur komið í umræðum hér, að ákveðnir liðir í þessu fjáraukalagafrumvarpi eru, eins og stundum er sagt, gamlir kunningjar og hafa verið hér í fjáraukalagafrumvörpum síðustu ára. (**EMS:** Allt of lengi.) Ég get tekið undir það sem fram kom hér fyrr í umræðunni að þessir hlutir þurfa að breytast og vonandi tekst að ná utan um það þannig að ekki þurfi að vera með sömu eða nánast sömu útgjaldaliði ár eftir ár í fjáraukalagafrumvarpi.

Samhliða þessum miklu umsvifum og auknu tekjum og því sem birtist í frumvarpinu er stór liður hér sem breytist frá fjárlögum. Lántökuheimild fjármálaráðherra lækkar úr 40 milljörðum kr. í 13,5. Það er mjög ánægjulegt að sjá fram á að skuldir ríkissjóðs séu að lækka verulega mikið, það er auðvitað framtíðarmál og ber að fagna því. Að sjálfsögðu vegur salan á Símanum þar þungt en það er eigi að síður staðreynd að skuldir ríkissjóðs lækka mjög mikið.

Lánsfjárjöfnuðurinn, samkvæmt þessu frumvarpi, er um 98 milljarðar kr. sem er auðvitað gríðarlega há fjárhæð. Ég heyri að hv. þingmenn Samfylkingar smella í góm en það er engu að síður staðreynd sem við horfum hér fram á.

Virðulegur forseti. Það er margt í þessu frumvarpi sem vert væri að fara í gegnum í smáatriðum. Við erum nú að byrja að fjalla um þetta í fjárlaganefndinni. Það er t.d. eitt atriði sem ég tel ástæðu til að nefna, sem er auðvitað mál sem við eigum eftir að fjalla mun betur um. Ég ætla svo sem ekki að fara fram á það við hæstv. fjármálaráðherra að hann fari yfir það mál í þessari umræðu. Það tengist heimildagrein í 4. gr. frumvarpsins þar sem er í lið 7.16 fjallað um heimild til að ganga til samninga um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík á grundvelli útboðs sem við þekkjum og fór fram fyrr á þessu ári. Þar er fjallað um hver hlutur ríkissjóðs er í þessu máli o.s.frv. Þetta mál er að mínu mati eitt af stærri málum í þessu frumvarpi. Hér er um að ræða mál sem á að teygja sig 35 ár fram í tímann, hvorki meira né minna.

Við ræddum í gær um frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Símans þar sem eru tillögur um að útgjaldaliðir teygi sig fram í næsta kjörtímabil og jafnvel fram yfir það. Hér erum við að tala um mál sem teygir sig 35 ár fram í tímann. Þetta þurfum við að fara í gegnum og finna leið til þess að meðhöndla með réttum hætti í þessu laga- og reglugerðarverki öllu saman sem við vinnum eftir. Ég hef fundið fyrir því að mikil samstaða er um þetta mál efnislega og ég lít svo á að það sé sameiginlegt viðfangsefni okkar í fjárlaganefndinni og víðar að finna lausn á því. Ég taldi ástæðu til þess, hæstv. forseti, að nefna þetta núna.

Eins og kemur fram í frumvarpinu snúa ýmsar útgjaldatillögur að því að bæta halla sem nokkrar stofnanir hafa verið að safna upp. Það á ekki, eins og við höfum margoft farið yfir í umræðum um fjárreiður ríkisins, að vera sjálfgefið að slíkur halli sé gerður upp. Við vitum að forstöðumenn ýmissa stofnana reka stofnanir sínar með miklum myndarbrag og gæta þess í hvívetna að halda fjárheimildir. Síðan eru aðrar stofnanir af ýmsum ástæðum, ég ætla ekkert að halda því fram að það sé af einhverjum slóðaskap eða slæmri stjórnun, gerðar upp með halla. Það hefur einnig brunnið við að jafnvel þær sömu stofnanir eru með ákveðnu millibili gerðar upp í fjáraukalögum. Við höfum margoft rætt þetta og ég hygg að menn séu almennt sammála um að fara þurfi yfir þetta. Við höfum m.a. farið yfir þetta í fjárlaganefnd með Ríkisendurskoðun, sem hefur fjallað um þessi mál, og ég hygg að menn séu sammála um að á þessu þurfum við að ná betri tökum.

Annað atriði vil ég líka nefna. Það er gert ráð fyrir að gera upp 50 millj. kr. halla á Tækniháskólanum, sem var lagður niður og sameinaðist Háskólanum í Reykjavík, eins og við vitum, og er eftir þá sameiningu einkarekin háskólastofnun. Það var að vísu gert ráð fyrir því í frumvarpinu um að leggja niður Tækniháskólann, sem fjallað var um í þinginu, að þar væri einhver halli sem þyrfti að gera upp út af fyrir sig. En ég bendi á að önnur stofnun hefur orðið til með samruna nokkurra stofnana, þ.e. Landbúnaðarháskóli Íslands, og þar situr eftir töluverður halli sem ég tel að menn þurfi að skoða sérstaklega. Ég hef áður nefnt að þetta þurfum við að fara yfir og skoða, bæði út af jafnræði og öðru, og gæta þess að gera öllum jafnt undir höfði.

Ég vil líka vekja athygli á öðru máli hér sem tengist sölu Símans. Ég heyrði það áðan að hv. þm. Jón Bjarnason var hálfpartinn að gera grín að því að ríkið væri að greiða sjálfu sér fjármagnstekjuskatt. Það er auðvitað sérkennilegt að ríkið greiði sjálfu sér fjármagnstekjuskatt en það er bara í samræmi við lög um fjármagnstekjuskatt. En þessu fylgir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær stóraukin framlög vegna aukinna skatttekna ríkissjóðs í formi fjármagnstekjuskattsins. Svona virkar þetta nú. Samkvæmt fjáraukalagafrumvarpinu sem við erum hér að fjalla um er gert ráð fyrir því að jöfnunarsjóður fái yfir 600 milljónir í aukið framlag og ég geri ráð fyrir því að það sé að stærstum hluta, eða jafnvel að öllu leyti, vegna þessara mála. Sveitarfélögin í landinu njóta því ávinnings af þessum gjörningi og það er auðvitað ánægjuefni. Ég er alveg viss um að hv. þm. Jón Bjarnason er mér algjörlega sammála í því, því hann hefur margoft komið hér upp í ræðustól og rætt um fjármál sveitarfélaganna.

Einnig er vert að vekja athygli á því að undir liðnum Atvinnuleysistryggingasjóður er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái 518 millj. kr. lægra framlag en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Það stafar auðvitað af því að við erum hér að upplifa það að atvinnuleysi í landinu er minna en fjárlögin gera ráð fyrir sem nemur 0,4 prósentustigum og það skilar ríkissjóði beint sparnaði upp á 518 milljónir fyrir utan hversu ánægjulegt það er að atvinnuleysi skuli vera svona lítið um þessar mundir.

Á móti kemur annað mál sem er hér. Það er Fæðingarorlofssjóður sem samkvæmt frumvarpinu á að fá 350 milljónir til viðbótar. Það hefur líka verið þannig núna í tvö ár að við höfum þurft að auka við heimildir Fæðingarorlosfssjóðs til þess að standa undir hlutverki hans.

Virðulegi forseti. Ég vil líka nefna hér annað mál. Ég sé ástæðu til þess að nefna Landspítala – háskólasjúkrahús. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 600 millj. kr. til að gera upp uppsafnaðan halla sem stóð miðað við síðustu áramót. Að

öðru leyti er ekki gert ráð fyrir uppgjöri á halla varðandi sjúkrahúsið. Í þeim upplýsingum sem við höfum fengið á þessu ári kemur í ljós að Landspítalinn verður væntanlega nánast í jafnvægi á þessu ári og það er auðvitað mjög ánægjulegt að upplifa það eftir ýmislegt sem á hefur gengið á undanförnum árum. Ég sé ástæðu til þess við þessa umræðu að hrósa sérstaklega stjórnendum Landspítala – háskólasjúkrahúss fyrir þann árangur sem virðist vera að nást þar, sem er mjög ánægjulegur. Ég tel ástæðu til að geta þess sem vel er gert og svo er í þessu sambandi.

Ég tek undir með hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni sem vakti athygli á því að hér er ekki um að ræða neinar tillögur um aukin framlög til æðstu stjórnar ríkisins. Ég get tekið undir hrósyrði hans í garð Alþingis. Ég geri orð hans að mínum í því sambandi og sé ástæðu til þess að taka undir það. Á móti kemur, eins og hv. þingmaður nefndi, að það kom fram í fjárlaganefnd í morgun að við getum átt von á því að fá hingað tillögur um fjárheimildir til forsetaembættisins. Það hefur nú verið þannig undanfarin ár að hallarekstur hefur verið á því embætti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem komu fram í morgun gæti uppsafnaður halli í lok þessa árs verið nálægt 100 millj. kr. þannig að þar þarf greinilega eitthvað að taka á eins og víðar.

Hæstv. forseti. Ég vil líka, svona í samhengi við það að við erum hér að sjá fram á lækkaðar skuldir ríkissjóðs, nefna og leggja áherslu á það að samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að vaxtagjöld ríkissjóðs lækki um rúmlega 1,3 milljarða kr. frá fjárlögum ársins. Það er sérstaklega ánægjulegt að við skulum upplifa það.

Eins og ég sagði í upphafi þá ber þetta fjáraukalagafrumvarp í megindráttum í sér sterka stöðu ríkissjóðs og það er ánægjuefni út af fyrir sig og allt gott um er það að segja. En ég vil víkja nokkrum orðum að þessum málum svona almennt séð. Ég hef áður sagt að ég tel eðlilegt að hér sé fjallað um fjáraukalög vor og haust og er um það sammála mínum ágæta kollega, hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Við höfum oft lagt á þetta áherslu og ég veit að aðrir félagar mínir í fjárlaganefnd hafa tekið undir það og eru því sammála. Ég vil því við þessa umræðu nefna þetta atriði og leggja áherslu á það.

Einnig vil ég nefna annað sem hefur komið fram í umræðunni. Það varðar fjárreiðulögin og samskipti ríkisstjórnar og fjárlaganefndar varðandi það sem menn kalla ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um útgjöld. Við höfum gert athugasemdir við það fyrirkomulag sem verið hefur. Eins og fram kom hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni hefur orðið nokkur breyting á því á þessu ári en við þurfum að ganga lengra í því þannig að þessi samskipti verði eins og fjárreiðulögin kveða á um. Ég hef sem formaður fjárlaganefndar lagt mikla áherslu á það og mun fylgja því eftir. Vonandi tekst að ná fullkomnum árangri í því.

Ég held líka að ástæða sé til þess fyrir fjárlaganefndina sérstaklega að fara fram á að fá upplýsingar jafnóðum um ýmsa samninga sem gerðir eru. Ég nefni sem dæmi tvo samninga sem birtast í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár. Þeir eru annars vegar um uppbyggingu í Reykjanesbæ í tengslum við víkinga og fyrri aldir og hins vegar Hoffellsstofu í Skaftafellssýslu. Þarna er um að ræða mál sem út af fyrir sig eru góð mál. Ég ætla ekkert að segja annað um þau. En þetta eru samningar sem ríkisstjórn eða ráðherrar gera og birtast í fjárlagafrumvarpi. Fjárlaganefnd er einmitt á hverju ári að fjalla um ýmis erindi sem eru af sama meiði þannig að þetta er nokkuð sem ég tel að við þurfum að fara yfir og koma í betra horf.

Virðulegur forseti. Svona rétt í lokin vil ég bara segja að ég ítreka það sem ég hef áður sagt að það er almennt séð nauðsynlegt að auka aðhald við framkvæmd fjárlaga og almennt að auka aga í ríkisfjármálum og í ríkisrekstri. Það á við um ríkisstofnanir, það á við um ráðuneyti o.s.frv. og eitt af því sem við á Alþingi þurfum að leggja aukna áherslu á er að fylgja því eftir. Ríkisendurskoðun hefur fjallað um þessi mál. Ég tek undir þær ábendingar sem þar hafa komið fram. Þetta er verkefni sem ég tel að við þurfum að stórefla. Við höfum átt erfitt með það í fjárlaganefndinni að sinna þessu eftirlitshlutverki, sem ég vil kalla svo, með fullnægjandi hætti vegna þess að það hefur verið erfiðleikum bundið að fá upplýsingar úr rekstri ríkisins vegna breytinga sem urðu þar á tölvukerfum. En mér sýnist að það sé allt að komast í betra horf þannig að ég vænti þess að við fáum tækifæri og aðstæður til þess að fylgja þessu betur eftir í framhaldinu.

Ég ætla ekki að hafa þetta miklu lengra, virðulegur forseti. Þetta er almenn umræða um fjáraukalagafrumvarpið. Fjárlaganefndin mun fara yfir þetta á næstu vikum og við munum síðan ræða þetta frumvarp við 2. umr. Ég vænti góðs samstarfs við félaga mína í fjárlaganefnd í þessu verkefni.

[15:52]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka undir aðfinnslur mínar í garð þeirra liða sem hér eru ár eftir ár og sumir hverjir sjö ár samfleytt á fjáraukalögum. Ég vona að nýr hæstv. fjármálaráðherra hafi verið að hlusta þegar formaður fjárlaganefndar sagði að auka þyrfti aðhaldið, eftirlitið og agann í ríkisfjármálunum bæði hjá ráðuneytunum og stofnunum því að þar fer hann sannarlega rétt með.

Ég vil af þessu tilefni spyrja hv. formann fjárlaganefndar að því hvernig hann meti aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins sem hér er sjötta árið, af sjö undanförnum árum, á fjáraukalögum og þó ekki síður þær fjárveitingar sem hér eru lagðar til til sendiráða landsins erlendis. Það eru 274 milljónir í aukafjárveitingu eftir að við höfum stóraukið framlög til þessarar starfsemi ár frá ári og enn er óuppgerður gengishagnaður sendiráðanna vegna hinar sterku stöðu krónunnar í ár. Varaformaður fjárlaganefndar hefur sagt opinberlega að taka þurfi sendiráðin í gjörgæslu og ég vil lýsa þeirri skoðun að fjárlaganefnd þarf að taka þetta til sérstakrar athugunar. Ég vil spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvort hann telji þetta ekki gefa fullt tilefni til þess að fjárlaganefnd hefji rannsókn á því hvernig á því standi að þrátt fyrir stórauknar fjárveitingar á undanförnum árum til sendiráðanna sé sú lausung í rekstri þeirra að um sé að ræða hundruð milljóna króna framúrkeyrslu því að auk þessara 274 milljóna hygg ég að enn sé nokkuð óuppgert.

[15:54]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins og tilvísun hv. þingmanns í orð varaformanns fjárlaganefndar um að taka þurfi þessi mál í gjörgæslu þá get ég út af fyrir sig tekið undir skoðun varaformanns fjárlaganefndar. Ég vil hins vegar ekki alveg ganga svo langt að tala um gjörgæslu. En ég tel að þetta sé mál sem við þurfum að fara yfir og ég er tilbúinn að gera það. Ég held að full ástæða sé til þess. Það er svo kannski um fleiri mál en þetta. En ég held að þetta sé mál sem við þurfum að skoða sérstaklega, hvort sem við köllum það rannsókn eða ekki. En auðvitað er allt rannsókn sem fjárlaganefnd gerir, t.d. þegar við förum yfir fjárlagafrumvörp o.s.frv. Ég tek því bara undir þetta en ætla ekkert að öðru leyti að dæma það mál án þess að hafa tækifæri til að fara ofan í það í smáatriðum.

[15:55]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að formaður fjárlaganefndar taki undir að í fjárlaganefnd Alþingis þurfi að rannsaka eða taka til sérstakrar athugunar sívaxandi útgjöld til sendiráðanna og óheimilar og ólöglegar framúrkeyrslur þeirra úr fjárheimildum.

Ég vil þá spyrja hv. þingmann um annað atriði sem hann nefndi í sínu máli, þ.e. fjárveitingar til landbúnaðarháskólanna. Svo einkennilega vill til að hér eru háskólar í landinu sem heyra ekki undir menntamálaráðuneytið heldur eitthvert allt annað ráðuneyti. Það hefur komið fram að þau reiknilíkön sem gilda um fjárveitingar til annarra háskóla í landinu gilda ekki um þessa landbúnaðarskóla og þar virðast öll fjármál vera í miklum ólestri, bæði á Hólum og á Hvanneyri. Við hljótum að spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvort ekki sé tilefni til þess að reiknilíkanið sem gildir fyrir aðra háskóla verði líka látið gilda um þessa háskóla og hvort ekki sé nauðsynlegt að einhver reglufesta ríki í þessum fjárveitingum.

Sömuleiðis vil ég, vegna þess að hann nefndi samninga landbúnaðarráðuneytisins, (Forseti hringir.) spyrja hann um álit hans á þessum samningi, um 100 millj. kr. kostnað við kynbætur og aðra þess háttar hluti, við Stéttarsamband bænda.

[15:56]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst um það sem hv. þingmaður nefndi síðast. Ég hygg að það sé atriði sem er í samningum milli ríkis og Bændasamtakanna og ég vísa bara í þá samninga.

Að öðru leyti get ég alveg tekið undir það með landbúnaðarháskólana að ég held að reynslan sýni okkur að einhvern veginn þurfi að ná þeim málum í betri farveg. Ég bendi hins vegar á að við getum ekki alveg borið þetta saman. Ef við tökum dæmi af Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri sem er með starfsstöð á Hvanneyri og rekstur þar, RALA og Garðyrkjuskólann þá er náttúrlega ekki hægt að bera þann rekstur saman við háskóla, t.d. Háskólann í Reykjavík. Það er eins og að bera saman epli og appelsínu vegna þess að landbúnaðarháskólarnir eru í bullandi rekstri þannig að það er ekki sambærilegt. Ég er hins vegar sammála því að full ástæða sé til að reyna að koma þessum málum í betri farveg en hefur verið þannig að menn hafi betur fyrir framan sig hvernig hlutirnir eigi að vera.

[15:57]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að fagna ummælum hv. þm. Magnúsar Stefánssonar um aðhald í ríkisrekstrinum og eftirlitsstörf fjárlaganefndar. Ég vona að gott á vísi vegna þess að það er rétt hjá hv. þingmanni að nú virðist loks, eftir tugmilljóna króna útstreymi, upplýsingakerfi ríkisins vera farið að virka. Það skapar því alveg nýja möguleika fyrir nefndina til að fylgjast með framkvæmd fjárlaga sem auðvitað er full nauðsyn á. Ég trúi því og treysti að nýr hæstv. fjármálaráðherra fagni því líka að nefndin gangi í lið með honum við að reyna að auka agann í hinum opinbera rekstri og skapa þá virðingu sem fjárlög þurfa að njóta þannig að eftir þeim sé farið eins og öðrum lögum og að við náum að nálgast aðrar þjóðir í umgengni um þau lög.

Ég vil spyrja hv. þingmann vegna þess að hér var rætt örlítið um sendiráðin. Það er rétt að rifja upp að á undanförnu ári hafa verið skipaðir níu nýir sendiherrar. Það eru óvenju mikil afköst á því sviði. Í ljósi þess að þarna hefur verið um töluverða framúrkeyrsla að ræða í mörg ár er full ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að skipta upp fjárlagaliðnum en fyrir nokkrum árum síðan voru að beiðni ráðuneytisins öll sendiráðin sett undir einn fjárlagalið. Ég held að það skapi aðstæður sem ekki eru æskilegar, þ.e. þetta dregur úr því að auðvelt sé að sjá hvernig hvert sendiráð er að skila sér o.s.frv. Þetta er því eins og safnliður sem því miður virðist síðan alltaf fara úr böndum. Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort hann sé ekki tilbúinn að hugleiða það með okkur hvort ekki sé rétt að færa þetta aftur í fyrra horf.

[15:59]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hv. þingmaður nefndi að sendiráðin eru öll sett undir sama hatt, í einn pott getum við sagt. Ég tel að ákveðin rök séu fyrir því að hafa það öðruvísi. En ég held að þetta sé mál sem við þyrftum að fara yfir með fjármálaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu þannig að menn komist að niðurstöðu um hvernig þetta ætti að vera. Ég ætla að öðru leyti ekki að tjá mig um þetta mál en ég lýsi mig tilbúinn til þess að fara yfir það sérstaklega eins og annað.

[16:00]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég átti eftir að taka undir í einu atriði með hv. þingmanni, það snýr að hinni miklu byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík. Það er rétt hjá hv. þingmanni að þar er verið að skuldbinda sig með samningi 35 ár fram í tímann. Hins vegar er fagnaðarefni að menn skuli vera að ganga frá þessu núna þrátt fyrir að við munum ekki sjá þetta á fjárlögum fyrr en 2009, það eru ágæt vinnubrögð.

En í samhengi við annan lið sem ég gerði að umræðu-

efni og varðar fjárlagafrumvarpið á næsta ári þykir mér það vera miklu meiri lausung og ekki dæmi um festu í ríkisfjármálunum að þar skuli standa í heimildalið líka að greiða hlut ríkisins í undirbúningskostnaði Austurhafnar TR, þ.e. að ekki sé sett ákveðin upphæð í frumvarpið. Nú er verið að undirbúa samninginn eða verið er að fá heimild til þess að skrifa undir hann, sem er út af fyrir sig hið besta mál, en það er alveg með ólíkindum að upphæðin skuli ekki liggja fyrir, (Forseti hringir.) hvað undirbúningskostnaðurinn (Forseti hringir.) sé mikill og hvað ríkið þurfi að borga í honum.

[16:01]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi þetta mál um Austurhöfn og undirbúningskostnaðinn sem er gert ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga 2006 að verði gerður upp, þá tel ég að fjárlaganefnd hljóti að kalla eftir upplýsingum um hvaða stærðir sé þar um að ræða. Ég held að það sé bæði nauðsynlegt og eðlilegt.

[16:02]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna undirtektum hv. formanns fjárlaganefndar við því máli sem ég hef ítrekað flutt um að lögð verði fram formleg fjáraukalög oftar á ári, að vori og síðan aftur að hausti, og að reynt verði að taka fastari tökum hina lögformlegu og þinglegu umgjörð fjárlaganna. Ég fagna því.

Einnig fagna ég þeim áherslum sem formaður fjárlaganefndar kom inn á varðandi vinnu og sjálfstæði fjárlaganefndar og þingsins gagnvart ráðuneytunum og framkvæmdarvaldinu við gerð fjárlaga. Við höfum jú sagt þetta áður hér en gengið misjafnlega en til þess erum við hér að halda út og koma skikki á þessi vinnubrögð. Auðvitað gengur það ekki að ráðuneytin fari stöðugt bara eigin leiðir.

Formaður fjárlaganefndar ítrekaði og lagði áherslu á hvað það væri gott með sölu Símans að meira að segja fjármagnstekjuskatturinn skilaði tekjum til sveitarfélaganna, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. En þetta gerist bara einu sinni og sama er um aðra slíka skatta sem tengjast svona sölu. Það sem aftur er verið að gera af hálfu ríkisvaldsins og meiri hlutans hér er að verið er að lækka tekjuskattinn og skerða hinn fasta grundvöll bæði fyrir tekjur ríkissjóðs og einnig fyrir jöfnunarsjóðinn því að hann fær sínar prósentur af skatttekjunum, hluta af öllum skatttekjum sem koma í ríkissjóð og þar með líka tekjuskattinum. Það er hann sem er verið að lækka en hann er hinn fasti grunnur, hitt er ekki til að byggja á.

Hvernig líst hv. þingmanni á þann hluta af skattheimtunni og skattstefnunni sem ríkisstjórnin er hér að framkvæma gagnvart sveitarfélögunum?

[16:04]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alltaf ánægjulegt þegar við hv. þingmenn, ég og Jón Bjarnason, erum sammála og reyndar erum við það ansi oft þótt stundum kastist í kekki ef má orða það þannig.

Þetta með fjáraukalögin, ég ætla svo sem ekkert að orðlengja það, ég fór yfir það í ræðu minni og eins með eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Menn eru sammála um það og við þurfum að finna því farveg. Ég er sannfærður um að bara það eitt að fjárlaganefnd eða þingið beiti sér í eftirliti hefur ákveðin aðhaldsáhrif út í kerfið og þannig þarf það að vera.

Varðandi sölu Símans er vissulega alveg rétt að ríkið greiðir sjálfu sér fjármagnstekjuskattinn bara einu sinni. Engu að síður skapar það jöfnunarsjóði töluverðar tekjur á þessu ári og það er gott fyrir sveitarfélögin. Það er ekkert síðra en það sem oft hefur verið gert á hverju ári, þ.e. að veita sérstakt aukaframlag til jöfnunarsjóðs og menn hafa jafnan fagnað því hér . Ég held að út af fyrir sig sé það svipað að þessu sinni. Ég held því að þetta sé hið besta mál ef við lítum til sveitarfélaganna.

[16:05]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. formaður fjárlaganefndar minntist á Landbúnaðarháskóla Íslands sem var sameinaður á síðasta ári og gengur núna inn á fyrsta ár sem slíkur, var sameinaður úr þremur stofnunum en er sendur af stað með gríðarlegan halla. Ég tek alveg undir að á því á að taka.

Síminn skilaði líka arði til ríkissjóðs, reglulegum arði, og meira að segja á þessu ári 6–7 milljörðum kr. Sá arður kemur ekki aftur inn í ríkissjóð eftir að búið er að selja Símann. Það er nú svo með slíkar eignir að söluandvirðið kemur bara einu sinni. Við höfðum átt að eiga þessa góðu mjólkurkú eins og við höfum áður talið, Símann, til að beita öflugu tæknikerfi hans til að styrkja (Forseti hringir.) fjarskipti úti um landið og síðan að fá (Forseti hringir.) arð inn í ríkissjóð, frú forseti. Það væri miklu öruggara til framtíðar.

[16:07]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins fyrst, ég náði ekki að klára að svara með Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þá vísa ég aðeins til samkomulags sem ríki og sveitarfélög gerðu fyrr á þessu ári eða hvenær sem það var síðast um þau mál.

Virðulegur forseti. Ég hef ekki tíma til að taka aftur upp umræðuna um sölu Símans sem við ræddum í gær og höfum oft rætt áður. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt um það mál að hinir miklu fjármunir sem við fáum fyrir söluna á Símanum skila okkur auðvitað gríðarlegum arði á svo mörgum sviðum. Við erum t.d. í þessu frumvarpi að sjá fram á milljarða lækkun vaxtagjalda, sem er m.a. vegna þess að við erum að greiða niður skuldir af þessum söluhagnaði. Hægt er að telja þetta og tína fram og til baka. Ég held að við hv. þingmaður ættum að fá okkur kaffibolla og fara yfir þetta. Ég er alveg sannfærður um að ef við gerum það í rólegheitum næ ég að sannfæra hv. þingmann um hversu gríðarlega gott mál þetta er. (**JBjarn:** Kaffi, komdu og fáðu þér kaffi.)

[16:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Búið er að ræða lengi dags eða þó nokk-

uð þetta fjáraukalagafrumvarp og ætla ég í sjálfu sér ekki að endurtaka mikið af því sem þegar hefur verið sagt í þessum ræðustól. Fyrri ræðumenn hafa farið yfir fjárreiðulögin og gert athugasemdir við það sem stendur fremst í frumvarpinu um hvað betur mætti fara í sambandi við fyrirkomulag fjárheimilda. Óþarfi er að lesa það upp aftur, þetta er á bls. 56 í frumvarpinu.

Mér finnst hins vegar rétt að vekja athygli á einu atriði sem snýr að þessum þætti málsins vegna þess að mér finnst eiginlega óviðeigandi að texti í fjáraukalagafrumvarpinu sé eins og hann er á bls. 93 undir lið 401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Lögð er til 38,9 millj. kr. fjárveiting af tveimur tilefnum. Annars vegar er farið fram á 36,5 millj. kr. fjárveitingu vegna uppsafnaðs rekstrarhalla Náttúrufræðistofnunar."

Síðan segir:

„Um er að ræða halla sem aðallega er til kominn vegna lækkunar sértekna á síðustu árum ?"

Það er ekki eins og þetta sé eitthvað nýtt sem er að koma upp, þetta er það sem mönnum er búið að vera ljóst lengi, að stofnunin var rekin með halla.

Svo segir:

„... ásamt fyrirsjáanlegum rekstrarhalla ársins í ár."

Ég tel að svona texti undir þeim lið sem ég vitnaði til í fjáraukalagafrumvarpinu ætti ekki að sjást, því að hann er í rauninni að segja að ár eftir ár erum við að afgreiða fjárlög og fjáraukalög án þess að taka á þeim vanda sem vitað er að er til staðar í ákveðnum stofnunum. Það er kannski það sem hv. þingmenn hafa verið að gera að umræðuefni fyrr í dag varðandi fjárreiðulögin. En ég tek þetta eina dæmi vegna þess að mér finnst það sýna skýrt að jafnvel eru textar settir í fjáraukalögin sem sýna okkur beinlínis hversu mikið á skjön við förum við fjáraukalög, fjárreiðulög og almenn lög varðandi fjárheimildir ríkisins. Þetta er afar skýrt dæmi um að svona texti ætti auðvitað ekki að sjást því að það sem er fyrirséð er eitthvað sem við eigum að taka á en ekki að velta á undan okkur, jafnvel í mörg ár eins og þessi texti gefur skýrt til kynna.

Síðan er annað sem mig langar að gera að umræðuefni og er að vísu mál sem ég er ákaflega hlynntur. Það er málefni sem snýr að tilraun til að útrýma mink á ákveðnum svæðum og taka betur á við eyðingu refa eða það verkefni að halda refastofninum á Íslandi í skefjum og koma í veg fyrir skefjalausa fjölgun. Ég vil gera það sérstaklega að umræðuefni sem kemur fram í fjáraukalagafrumvarpinu um að fara í sérstakt verkefni við að eyða mink úr náttúru Íslands á þremur völdum svæðum.

Ég er þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að slík stefnumótun sem kemur fram í fjáraukalagafrumvarpinu hefði náttúrlega átt að vera í fjárlögum þessa árs, eðlilega hefði hún átt að vera þar. Þar hefði stefnumörkunin átt að koma fram en ekki að við séum að ræða hana í fjáraukalagafrumvarpi þegar tveir og hálfur mánuður eru eftir af árinu og vafasamt að verkefnið komist af stað á þessu ári, einkanlega þegar það er upplýst í fjárlaganefnd að ekki er búið að velja þau svæði sem þessi framkvæmd á að fara fram á. Ekki hefur verið ákveðið hvar á að gera þessa tilraun, sem ég tek fram til að eyða öllum misskilningi að ég er mjög jákvæður fyrir og tel mjög gott að við förum í þetta verkefni. En við tökum 45 millj. kr. fjárveitingu í fjáraukalögin og við erum að leggja upp með ákveðna stefnumótun um hvernig við ætlum að standa að því að gera þetta verkefni á komandi árum. Ég tel að slík stefnumótun eigi tvímælalaust heima í fjárlagafrumvarpi en ekki í fjáraukalagafrumvarpi og er ég þá ekki að leggjast gegn því verkefni sem hér er lagt upp með. Ég tel að það sé mjög af hinu góða að við tökum á því að reyna að útrýma minknum, ef það er þá hægt, úr íslenskri náttúru. Við stóðum vissulega sjálf að því að flytja hann inn og missa hann út í íslenska náttúru og ekki víst að okkur takist að útrýma honum. En þetta er held ég mjög virðingarverð tilraun sem hér er lagt upp með þó að, eins og ég sagði áðan, ekki liggi enn þá fyrir hvernig á að standa að henni. Þar af leiðandi held ég að þessi stefnumótun hefði átt að vera í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár því að langt er nú liðið á árið. Þetta vildi ég sagt hafa um þetta atriði.

Hæstv. forseti. Ég tel einnig að betur þurfi að taka á hallanum hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Ég tel að við séum ekki að taka nægilega á þar. Það var vitað hver þessi halli var og það var vitað að við sameiningu og stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands mundi verða verulegur kostnaður. Ég tel að við eigum að taka myndarlega á þessu og eyða því vandamáli. Það er afar erfitt fyrir nýja stofnun eins og Landbúnaðarháskóla Íslands að draga skuldahala inn í sína nýju framtíð og ekki rétt að leggja slík vandamál á stofnun sem við væntum mikils af á komandi árum. Þess vegna væri best að tekið yrði svo vel á því vandamáli að myndum í raun eyða þessum halla.

Mér sýnist að kannski sé verið að fara svolítið misjafnlega að. Mér sýnist að staðið hafi verið nokkuð öðruvísi að málum varðandi Háskólann í Reykjavík og niðurlagningu Tækniháskólans og sameiningu þeirra. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort hann telji að aðfinnslur mínar við það að klára ekki að taka á vanda Landbúnaðarháskólans eigi við rök að styðjast og hvaða skoðun hann hafi á nýstofnuðum skóla sem dregur skuldahala á eftir sér inn í framtíðina. Ég tel að það dragi niður kraft í nýrri stofnun og vil gjarnan sjá að tekið yrði á þessu máli enda eigum við í raun að gera það. Við eigum ekki að að velta vanda á undan okkur sem við teljum að sé nokkuð þekktur. Það er ekki rétt meðferð fjármuna að ýta málum þannig fram og til baka.

Það var líka vitað að halli yrði hjá Háskólanum á Akureyri og að auðvitað yrði að taka á því. Á þetta var bent við afgreiðslu fjárlaganna á liðnu ári og reyndar einnig varðandi framhaldsskólana. Vonandi er nú verið að taka þannig á að það dugi til þess að lagfæra þann halla.

Mig langar aðeins að víkja að erindi í fjáraukalagafrumvarpinu, lið á bls. 90 sem heitir Niðurgreiðsla á húshitun. Þetta eru síðari viðbrögð við hinum margfræga raforkulögum sem hafa skipt upp stöðu byggðanna m.a. þannig að sumar byggðir, sérstaklega hinar fámennari, eru mun verr settar eftir þessa lagasetningu en fyrir og þeir sem þar búa ásamt atvinnurekstrinum greiða verulega hærra raforkuverð en áður. Ég vil vekja athygli á þessu máli alveg sérstaklega vegna þess að ég sat í vor aðalfund Rariks og óskaði þar alveg sérstaklega eftir því við forustumenn þess fyrirtækis að þeir legðu með sér á borðið sundurliðaða reikninga um það hvað fólk væri að borga á hinum einstöku landsvæðum,

annars vegar fyrir lagabreytinguna og hins vegar eftir lagabreytinguna, þannig að menn þyrftu ekki að rífast um hvort húshitunarkostnaður hefði hækkað um 10% eða 40%, eins og dæmi eru til um, alla vega samkvæmt tölum sem við þingmenn höfum séð í reikningum sem við höfum fengið senda. Ég óskaði eftir því við fyrirtækið í ræðu sem ég hélt á þessum aðalfundi að þeir sýndu nú þann manndóm að fara yfir orkusölusvæði sín og taka saman reikninga fyrir sambærileg hús fyrir og eftir breytingu, íbúðarhús af minni gerðinni, stærri íbúðarhús, kannski upp undir 200 fermetra, og minni og stærri fyrirtæki á viðkomandi svæðum og að þetta fyrirtæki sendi okkur á Alþingi slíkar upplýsingar núna á haustdögum þannig að við gætum rætt þessi mál út frá raunverulegri samantekt sem gerð væri á fleiri en einu stöku húsi, en þegar einstaklingar senda okkur reikninga þá senda þeir reikninga frá einstökum húsum. Alla vega hafa mér ekki borist þessar upplýsingar í hendur. Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann hafi séð slíka útreikninga. Það var tekið nokkuð vel í þessa tillögu mína, tel ég, á þessum fundi og ég hefði vænst þess að fyrirtækin sæju sér hag í því að vinna upp slíkar tölur þannig að menn væru ekki að tala út og suður um eitthvað sem ætti ekki við rök að styðjast eins og þeir báru sig undan á þessum aðalfundi hjá Rarik að væri að gerast. Ég tala nú ekki um iðnaðarráðherrann sem bar sig alveg sérstaklega undan því að hallað væri réttu máli í þessu og hann hefur gert það líka hér í hv. Alþingi.

Ég held að það sé kominn tími til þess að við fáum að vita hvað er nákvæmlega satt og rétt í þessu og ég geri þetta að umræðuefni vegna þess að hér er beðið um sérstaka fjárveitingu upp á 100 millj. kr. vegna niðurgreiðslu á rafhitunarkostnaði. Ég tel að við alþingismenn eigum að fá þessar upplýsingar frá þeim fyrirtækjum sem selja á mismunandi svæði, annars vegar byggðum undir 200 íbúum og hins vegar yfir o.s.frv. þannig að hægt sé að tala um þetta vandamál, því að þetta er vandamál. Því miður fylgdu þessari lagasetningu leiðinleg vandamál og hún hefur ekki orðið til þess að bæta atvinnulíf eða búsetu á landsbyggðinni heldur þvert á móti. Má þá minnast t.d. orða manna úr Súðavík sem sýndu fram á að rækjuvinnslan þar borgaði 1,5–2 millj. kr. meira í orkukostnað en rækjuverksmiðja í stærri byggð ekki allfjarri. Þetta er náttúrlega mismunun sem kemur sér afar illa í hinum dreifðu og smærri byggðum.

Ég vildi víkja að þessu atriði, hæstv. forseti, vegna þess að ef hæstv. fjármálaráðherra veit eitthvað um þetta mál þá held ég að ágætt væri að á það yrði minnst hér. En kannski hefur hann ekki fengið þessar upplýsingar í hendur frekar en sá sem hér stendur. Það er auðvitað leitt þegar ekki er hægt að fá upplýsingar frá fyrirtækjum um svona atriði þannig að menn geti rætt þetta út frá samanburðarhæfum tölum því að það eru auðvitað fyrirtækin sem hafa þær.

Undir lok ræðu minnar, hæstv. forseti, vil ég spyrja um óbyggðanefnd. Spurningin er sú hvort hæstv. fjármálaráðherra hafi um það vitneskju hversu mikill heildarkostnaður hefur hlotist af óbyggðanefndinni og því ferli öllu saman sem þar fór af stað og hversu mikið ríkissjóður hefur þurft að leggja út fyrir því á undanförnum árum. Ég geri ráð fyrir því að ríkissjóður hafi lagt hér út verulega fjármuni og er ekki viss um að ríkissjóður hafi haft nokkurn einasta hag af þeirri vegferð sem farið var í á sínum tíma. Það væri afar fróðlegt ef hægt væri að upplýsa það, þ.e. ef ráðherrann veit það, án þess að ég sé að fara fram á að það sé nákvæmt, hver heildarkostnaðurinn er orðinn af þessu ferli. En ef hann veit það ekki fer ég fram á það við hæstv. fjármálaráðherra að hann láti vinna upplýsingablað þar sem kemur fram hversu mikill kostnaður hefur fylgt þessu verkefni á undanförnum árum og að þar væri líka svolítið sundurliðað hvað væri lögfræðikostnaður og hver væri kostnaður þeirra sem sótt hefur verið á, því að ef ég man rétt þá tók ríkissjóður að sér að greiða kostnaðinn fyrir þá bændur eða landeigendur sem sótt var á af hálfu ríkisins.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið því sem ég vildi koma á framfæri við þessa umræðu. Við höfum auðvitað tækifæri við 2. umr. til þess að fara betur í gegnum þessi mál og við fjárlagaumræðuna. En það eru einmitt svona upplýsingar sem mér finnst skorta til þess að við getum unnið verk okkar nógu vel.

[16:25]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta voru þrjár spurningar. Í fyrsta lagi hvað varðar Hólaskóla þá lít ég svo á að það samkomulag sem þarna næst leysi vanda skólans. Þess sér stað bæði í fjáraukalagafrumvarpinu og eins í þeim fjárveitingum sem lagt er til að skólinn fái á næsta ári til þess að styrkja stöðu skólans fyrir framtíðina.

Síðan varðandi rafhitunina. Það er auðvitað rétt hjá hv. þingmanni að þessi breyting hefur reynst afar flókin. En ég hef ekki þær upplýsingar sem hann var að spyrja um og get ekki svarað honum um það efni.

Í þriðja lagi varðandi óbyggðanefnd þá hef ég ekki neina samantekt yfir þann kostnað. En legg til að hann leggi bara fram formlega skriflega fyrirspurn um þetta. Þá verður henni auðvitað svarað greiðlega. Hins vegar var ekki lagt upp í það mál til þess að bæta hag ríkisins. Ég held því að ekki sé til neinn mælikvarði sem við getum lagt á kostnaðinn, þ.e. hvort svarað hafi kostnaði að fara í þessa vegferð eða ekki því að henni er fyrst og fremst ætlað að greiða úr ýmsum deilum varðandi réttarstöðu annars vegar ríkisins og hins vegar einstaklinga. Ég held að það skipti verulega miklu máli að úr þessu sé greitt. Við hefðum eiginlega ekki mátt bíða lengur með að fara í þetta mál samanber það að nágrannar okkar, Norðmenn, fóru í sams konar aðgerð fyrir 100 árum síðan. Ég tel afar mikilvægt að í þetta sé farið og legg áherslu á að það var ekki gert til þess að ríkissjóður ætlaði sér að hagnast á því sérstaklega.

[16:26]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra svörin og mun að sjálfsögðu leita eftir því með skriflegri fyrirspurn að fá þessar upplýsingar fram. En mig undrar nú samt svolítið að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekki hafa heyrt neitt um afleiðingarnar eða kostnaðaraukann af raforkulögunum. Ég trúi því varla að við höfum í landinu heila hæstv. ríkisstjórn sem hefur ekkert skoðað afleiðingarnar af lagasetningunni um raforkumálin. Það finnst mér alveg með ólíkindum og

einnig að það hafi ekki neitt verið rætt á ríkisstjórnarfundum.

En ef svo er ekki þá er náttúrlega fullt tilefni til þess að reyna að fá fram slíkar upplýsingar sem eru þá samanburðarhæfar þannig að við getum talað um þetta mál eins og það liggur fyrir en ekki út frá innsendum ákveðnum reikningum frá ákveðnum einstaklingum.

[16:28]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sagði hvorki að þetta hefði ekki verið rætt á stöðum þar sem ég hef verið né að ég hafi enga útreikninga séð. En ég hef ekki séð útreikninga eins og hv. þingmaður er að tala um. Hann var að tala um hús annars vegar stærri en 200 fermetra eða minna en 200 fermetra og hins vegar minni eða stærri fyrirtæki á Rariksvæðinu. Svoleiðis útreikninga tel ég mig ekki hafa séð þannig að ég get ekki svarað honum um þá. Ég hef séð ákveðna útreikninga fyrir talsvert mörgum mánuðum síðan sem samkvæmt mínu minni eru ekki í þá veru sem hv. þingmaður er að spyrja um og ég get bara ekki svarað honum betur en þetta. Hann verður því bara að spyrjast fyrir um þetta á annan hátt en hann gerir hér.

[16:29]

Útbýting:

Áhrif veiða á erfðagerð þorsksins, 184. mál, fsp. ÖS, þskj. 184.

Dreifikerfi Ríkisútvarpsins fyrir stafrænt sjónvarp, 188. mál, fsp. SÞorg, þskj. 188.

Eldi á villtum þorskseiðum, 185. mál, fsp. ÖS, þskj. 185.

Háskólanám sem stundað er í fjarnámi, 183. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 183.

Kosningar til Alþingis, 73. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 73.

Kosningar til sveitarstjórna, 75. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 75.

Láglaunahópar og hlutur þeirra í tekjuskiptingunni, 70. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 70.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, 143. mál, frv. KHG, þskj. 143.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 189.

Skuldir eftir aldri, 187. mál, fsp. HHj, þskj. 187.

Styrkir til erlendra doktorsnema, 186. mál, fsp. ÖS, þskj. 186.

Þingsköp Alþingis, 72. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 72.

[16:30]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Við höfum rætt nokkuð almennt um frumvarp til fjáraukalaga sem hér hefur verið lagt fram. Eins og fram hefur komið við umræðuna er erfitt að gera nýjan fjármálaráðherra ábyrgan fyrir fjármálastjórn forvera hans lengst af árinu. En þetta er hins vegar frumvarp hæstv. fjármálaráðherra. Við hljótum að treysta því að hann leggi ekki neitt til nema þau atriði sem hann hefur kannað gaumgæfilega áður að eigi við rök að styðjast og ekki verði komist hjá að setja í fjáraukalög. Ég vildi þess vegna einfaldlega beina nokkrum spurningum um einstök mál til hæstv. fjármálaráðherra.

Í fyrsta lagi vil ég spyrja um það sem lýtur að utanríkisráðuneytinu. Þar er margumrædd aukafjárveiting upp á 274 millj. kr. til sendiráða landsins sem hafa, eins og fram hefur komið, fengið kappnógar fjárveitingar á undanförnum árum. Maður skyldi ætla að það nægði miðað við þá aukningu. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort ákveðin sendiráð, tiltekin sendiráð, hafi skapað þennan vanda, þessa framúrkeyrslu. Hvaða sendiráð eru það þá? Eða standa almennt öll sendiráðin svona illa að fjármálastjórn sinni? Vegna þess að sundurliðunin er ekki lengur í fjárlögunum tel ég nauðsynlegt að hæstv. fjármálaráðherra upplýsi okkur um hvað er á bak við þennan lið og geri grein fyrir því hvaða sendiráð valdi þessum vanda. Það þarf að liggja fyrir í umræðunni þannig að hægt sé að takast á við þann vanda.

Næst kemur landbúnaðarráðuneytið og rétt að spyrja nokkuð um það. Það er auðvitað til marks um ótrúlegan skort á aðhaldi í ríkisfjármálum að landbúnaðarráðuneytið fái yfir hálfan milljarð króna í aukafjárveitingum. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra sérstaklega um fjárveitingu vegna samnings við Bændasamtökin frá því í maí, þar sem gert er ráð fyrir 35 millj. kr. aukafjárveitingu á þessu ári, ef ég man það rétt, vegna kynbóta og þróunar. Það eru ný útgjöld að því er virðist og samningur sem mér er a.m.k. ekki kunnugt um að hafi verið fjallað um í þinginu eða ákvarðanir teknar um hann hér. Nauðsynlegt er að hæstv. fjármálaráðherra geri okkur grein fyrir hinum nýju verkefnum sem hann telur ástæðu til að gefa aukafjárveitingu fyrir til Bændasamtakanna með þessum hætti, til þessa nýja kostnaðarliðar upp á yfir 100 millj. kr. á ári. Jafnframt mætti hann segja okkur hversu lengi við erum bundin af þeim samningi.

Hitt sem vekur hvað mesta eftirtekt í landbúnaðarráðuneytinu er að þar koma inn aukafjárveitingar vegna samninga um búvöruframleiðsluna. Þær fjárveitingar, fyrir utan grænmetisframleiðsluna, eru settar inn með tilvísun til reiknilíkans og eiga að vera uppgjör á greiðslunum yfir tímabilið frá 2001 til 2005, þótt þetta eigi bara að vera fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2005. Hæstv. fjármálaráðherra ætti því að upplýsa okkur um hvaða reiknilíkan þetta er og hvenær það var búið til. Það hefur augljóslega ekki verið notað á síðustu árum fyrst að hér er verið að gera upp árin 2001–2004 með þessu reiknilíkani. Það er nauðsynlegt að fyrir liggi með hvaða hætti þingið er skuldbundið af þessu reiknilíkani og nákvæmlega hvað í þessum líkönum kallar á hinar miklu aukafjárveitingar til landbúnaðarráðuneytisins.

Að síðustu, virðulegur forseti, tek ég fyrir atriði sem hæstv. ráðherra þekkir mjög vel og ítarlega. Það eru atriði sem falla undir hans fyrra ráðuneyti, þ.e. sjávarútvegsráðuneytið. Við sjáum þar 25 millj. kr. aukafjárveitingu vegna vísindaveiða á hval. Við hljótum að spyrja hæstv. fjármálaráðherra og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, Árna M. Mathiesen, hvort þær veiðar hafi ekki verið fullkomlega fyrirsjáanlegar. Hvers vegna var ekki gert ráð fyrir þeim á fjárlögum yfirstandandi árs og í hvað fara þessar 25 millj. kr.? Hver er ráðstöfunin á þessum 25 millj. kr.? Hvaða kostnaðarliðir eru þetta, fyrir hvað er verið að borga? Er þetta geymslukostnaður á kjötinu eða hvað er um að ræða?

Að síðustu er leitt að sjá í fjáraukalagafrumvarpi fjármálaráðuneytið sjálft og ekki síst Fjársýslu ríkisins. Það er mikilvægt að Fjársýsla ríkisins og fjármálaráðuneytið sjálft gangi á undan öðrum stofnunum ríkisins með góðu fordæmi í þessu efni. En þar sjáum við 27,4 millj. kr. kostnaðaraukningu vegna samnings við Skýrr um hugbúnaðarkerfi fyrir Fjársýsluna. Það er leitt til þess að vita að sá samningur fari fram úr áætlunum. Við höfum áður heyrt talsverðar áhyggjur af því hve illa gekk að innleiða þetta kerfi. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hver kostnaðurinn er þá orðinn af þessum Skýrr-samningi á yfirstandandi ári.

Ég held að þetta láti ég nægja við 1. umr. um fjáraukalög. Okkur gefst gott tækifæri til að ræða einstakar fjárveitingar þegar fjárlaganefnd hefur farið yfir frumvarpið og það kemur inn til 2. umr.

[16:37]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Yfirlitið yfir sendiráðin hef ég ekki á staðnum en ég skal gera ráðstafanir til þess að það verði kynnt í fjárlaganefnd.

Varðandi spurningar um samninga við Bændasamtökin og bændur þá er um að ræða heföbundna samninga sem hafa verið endurnýjaðir að undanförnu. Á þeim hafa verið gerðar breytingar. Með þeim er brúað bilið á milli eldri og nýrri samninga. Reiknilíkönin snúast um kynbóta- og þróunarverkefni, hvernig til tekst í þeim efnum og hvort þar þarf að fara í mikið starf. Það liggur því til grundvallar. Ég veit ekki hversu miklu nákvæmari skýringar hv. þingmaður vill fá um hvernig kynbótastarf gengur fyrir sig. Ég gæti haldið langa og lærða fyrirlestra um það og þyrfti ekki mikinn undirbúning til þess. En um þetta snúast þessir samningar sem ættu að vera flestum í þinginu að góðu kunnir.

Varðandi tölvubúnaðinn þá held ég að það sé reynsla margra að þegar farið er út í viðamiklar breytingar á tölvubúnaði þá sé erfitt að áætla allt nákvæmlega fyrir fram. Ég held að miðað við umfangið séu þessi frávik ekki mikil.

Ég var farinn að hafa áhyggjur af því að enginn mundi spyrja um neitt í sjávarútvegsráðuneytinu. En það er fljótlegt að svara því, að auðvitað fer megnið af þeim fjármunum í kostnað vegna veiðanna og að hluta til í úrvinnslu úr sýnunum. Þar fer ekkert í geymslukostnað því að þeir sem veiða eignast kjötið. En ákvarðanir um þetta hafa aldrei verið teknar fyrr en í upphafi veiðitímabils.

[16:39]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Víst vissi ég að hæstv. fjármálaráðherra Árni Mathiesen væri vel að sér um kynbætur og trúi að hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson sé það líka. En mér er spurn: Hvað knýr menn til að gera samning í maí síðastliðnum við Bændasamtökin um ný verkefni og láta þau hefjast 1. september og kalla eftir aukafjárveitingum upp á tugi milljóna kr.? Hvað er svo knýjandi í þeirri samningsgerð um ný verkefni að þannig þurfi að standa að verki?

Í öðru lagi spyr ég: Hversu skuldbundið er þingið af þeim reiknilíkönum sem hæstv. fjármálaráðherra vísar til? Eru það óhjákvæmileg útgjöld eða einhvers konar eftirásamkomulag um viðbótargreiðslu vegna búvörusamninganna sem þingið getur tekið afstöðu til og samþykkt eða hafnað eftir atvikum?

Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir að ætla að leggja fram sundurliðað yfirlit yfir sendiráðin í fjárlaganefndinni. Það mun koma að góðum notum við þá sérstöku athugun sem fjárlaganefnd þarf að láta fara fram og formaður hennar hefur lýst yfir að fari fram á fjárreiðum sendiráða og því aðhaldsleysi sem þar virðist í útgjöldum.

[16:41]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er svo, þegar menn gera samninga og komast að góðri niðurstöðu, að þá vilja menn gjarnan hrinda þeim í framkvæmd sem fyrst. Þarna er um verulegar breytingar að ræða á skipulagi kynbótastarfsins. Með þeim eru færðar til greiðslur þannig að greiðslur sem bændur greiddu áður í gegnum sjóðina greiða þeir annars vegar beint fyrir þjónustuna og hins vegar koma greiðslur á móti í gegnum samninginn inn í kynbótastarfið sjálft. Ég held að þar sé um mjög skynsamlega breytingu að ræða og að rétt hafi verið að hrinda henni í framkvæmd sem fyrst.

Ég stend í þeirri meiningu að búvörusamningurinn hafi verið lagður fyrir þingið og búið sé að samþykkja hann. Ef einhver telur að svo sé ekki þá bið ég um að ég verði leiðréttur með það.

Það sem er hins vegar skemmtilegt við breytinguna sem hv. þingmaður Helgi Hjörvar spyr um er að hún gæti leitt til þess að einstakir bændur geti í ríkari mæli en áður haldið naut þannig að þau verði ekki bara á hinum svokölluðu nautastöðvum. Það mun hugsanlega gefa meiri breidd í kynbótastarfið en áður var. Maður mun kannski á ferðum sínum um landið mæta bændum að leiða naut sín á milli bæja í þjónustustarfinu.

[16:43]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég efa ekki að það verði gaman að sjá naut víðar en verið hefur og Guttorma hér og Guttorma þar.

Ég verð þó að lýsa vonbrigðum mínum með að nýr hæstv. fjármálaráðherra gefi út þá yfirlýsingu að ef einhverjar skynsamlegar breytingar eða þörf verkefni séu í ríkiskerfinu þá sé um að gera að ráðast í þau strax og gefa út aukafjárveitingar fyrir þeim eins og hér er um að ræða. Ég held að mýmörg þörf verkefni séu á öllum sviðum þjóðlífsins sem full ástæða væri til að setja fjármuni í en það eigi að vera grundvallarsjónarmið að fjárlög haldi og ráðherrar eigi ekki að kvitta upp á samninga vor og haust um aukafjárveitingar hér og aukafjárveitingar þar. Það skapar aðhalds- og agaleysi í ríkisrekstrinum öllum og mun auka ríkisútgjöld allt of mikið, einkanlega nú á þessum þenslutímum. Mér þykir leitt að heyra hæstv. fjármálaráðherra, á sínum fyrstu dögum, mæla slíkum vinnubrögðum bót. Ég fékk ekki betur séð en að ýmsum þingmönnum kæmi á óvart hinn nýi útgjaldasamningur við Bændasamtökin sem gerður var á vordögum. Ég held að hann hafi fengið heldur litla kynningu í þinginu sem þrátt fyrir allt á að fara með fjárveitingavaldið.

[16:45]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Búið er að ræða lengi dags frumvarp til fjáraukalaga og fara nokkuð vel yfir það frumvarp sem fyrir liggur. Ég ætla þó að leyfa mér að bæta aðeins í þá umræðu og kannski sérstaklega vegna þess að ég tók talsverðan þátt í umræðunni um fjárlög ársins verandi í fjárlaganefnd á þeim tíma. Margt af því sem við sjáum í fjáraukalögum nú kemur í sjálfu sér ekki á óvart og talsvert margt af því sem þar kemur fram held ég að við getum fundið í umræðunni um fjárlögin sjálf frá því á síðasta ári þar sem verið var að benda á að það hlyti að þurfa að taka ákveðna hluti upp í fjáraukalögum og ég held að þeir séu hér.

Við í stjórnarandstöðunni höfum nokkuð lengi gagnrýnt fjárlagavinnuna eða fjárlögin eins og þau eru lögð fram á hverjum tíma og bent á með gildum rökum að ég tel að oft sé ekki mikið að marka fjárlögin í sjálfu sér þegar þau eru lögð fram á hverjum tíma. Einnig höfum við haldið því fram, og með nokkuð réttu held ég, að þrátt fyrir fjáraukalög sé langt frá því að búið sé að ná utan um gjaldaliði sérstaklega. Minnir mig að við höfum reiknað það út á síðasta ári að munað hafi u.þ.b. 20 milljörðum á hverju ári ef borin voru saman fjárlög hvers árs og síðan ríkisreikningurinn sem eru lokin á hverju ári fyrir sig.

Maður veltir fyrir sér af hverju sé svona erfitt að áætla, af hverju sé svona erfitt að gera sér grein fyrir því á milli ára hvernig gjöld muni þróast eða hvernig tekjur muni þróast, sérstaklega þegar maður hlustar á það úr þessum ræðustól aftur og aftur að það ríki svo mikill stöðugleiki í þjóðfélaginu að maður gæti helst haldið að hlutirnir væru það stöðugir að þeir væru eins frá ári til árs. Ég held að það sem við sjáum í fjáraukalagafrumvarpinu sé hin mikla þensla sem einkennir þjóðarbúskapinn eins og er. Maður veltir líka fyrir sér af hverju sú þensla virðist koma þeim sem áætla í fjármálaráðuneytinu svona mikið á óvart á hverju ári. Kannski er það vegna þess að menn trúa að það ríki stöðugleiki og að hægt sé að treysta því að hlutirnir breytist ekki svo mikið á milli ára. Í raunveruleikanum er langt frá því að svo sé.

Í fjáraukalagafrumvarpinu er tafla yfir helstu þjóðhagsstærðirnar, hver magnbreytingin á þeim er milli ára. Í fyrsta lagi er tekið fram í þessari töflu hvernig fjárlög ársins voru og síðan hvernig þeir sömu og áætluðu í fjárlögunum áætla að þau endi á þessu ári þegar árið er langt gengið. Það verður að segjast eins og er og hefur örugglega verið nefnt áður að munurinn á þessum magnbreytingum á helstu þjóðhagsstærðum er geysilega mikill, munurinn á því sem áætlað var á fjárlögum ársins 2005 og því sem menn áætla nú að raunin verði þegar árið 2005 endar.

Sums staðar er munurinn nánast helmingur. Magnbreyting einkaneyslu var áætluð á fjárlögum 5,1% á milli ára en reynist vera 9,5%. Það er munur upp á 4,4%. Það eru stórar skekkjur í þessum tölum. Fjárfesting átti að aukast um 18% samkvæmt fjárlögunum en eykst samkvæmt nýjustu spá um 28,5%. Þjóðarútgjöldin alls áttu að aukast um 7,5% en aukast samkvæmt nýjustu spá um 12,8%. Það er nánast sama hvaða þjóðhagsstærðir við tökum og berum saman hvernig voru í fjárlögum ársins 2005 og hvernig menn áætla að þær endi núna, alls staðar er svona mikill munur á áætlunum og því sem menn telja að verði raunin. Ef hér ríkti stöðugleiki væri þetta ekki svona. Ef hér ríkti stöðugleiki væri mjög einfalt í sjálfu sér að áætla magnbreytingarnar, hverjar þær yrðu á helstu þjóðhagsstærðum milli ára.

Í fjáraukalagafrumvarpinu segir að aukin umsvif í efnahagsmálum og aukin neysla hafi einkennt yfirstandandi ár og tekjurnar hafi þar af leiðandi aukist verulega. Þar kemur einnig fram að hlutfall skatttekna af landsframleiðslu, landsframleiðslu sem hefur hækkað mjög mikið, hækki frá áætlun fjárlaga. Fjárlögin gerðu ráð fyrir að hlutfall skatttekna eða skattbyrði landsmanna yrði 29,1% af landsframleiðslunni en nú er gert ráð fyrir að hún verði 31,2%. Í þessum fjáraukalögum er því gert ráð fyrir meiri skattbyrði á landsmenn af landsframleiðslu en fjárlögin gerðu ráð fyrir.

Eins og ég sagði eru í þessu fjáraukalagafrumvarpi margir gamlir kunningjar frá því í fjárlagaumræðunni. Var sagt úr þessum ræðustól áðan að sumt af þessu væri af því að menn væru að bæta uppsafnaðan halla vegna þess að náðst hefði utan um rekstur ýmissa stofnana. Menn væru í raun að umbuna stofnunum fyrir að hafa náð tökum á rekstri sínum með því að bæta halla fyrri ára þó að slíkt eigi ekki að gera í fjáraukalögum samkvæmt fjárreiðulögunum heldur fjárlögum hverju sinni. Ég læt það liggja á milli hluta. Ber að fagna því ef svo er að annaðhvort sé farið að áætla rétt fyrir gjöldum stofnana eða að stofnanir sem hingað til hafa verið með uppsafnaðan halla ár eftir ár og bætt við hann á hverju ári séu farnar að reka sig nálægt því sem ráð er fyrir gert.

Eitt er það sem ég hef talsvert mikið gagnrýnt í sambandi við áætlun í fjárlögum og full ástæða til að gagnrýna kannski líka í fjáraukalögum eru svokallaðar afskriftir skattkrafna. Þetta eru stórar tölur í þessum frumvörpum og maður veltir fyrir sér og ég hef velt þeirri spurningu upp áður í þessum ræðustól: Hvað ræður því þegar verið er að áætla hverjar verði afskriftir skattkrafna? Gert var ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu að afskriftir á þessum kröfum yrðu 4 milljarðar kr. Nú er bætt í og gert ráð fyrir að þær verði 8 milljarðar kr. Það er u.þ.b. helmingi hærri tala en áður var gert ráð fyrir. Ef skoðað er aftur í tímann sér maður að afskriftir á þessum sömu skattkröfum í ríkisreikningi fyrir árið 2004 voru 10 milljarðar. Þegar maður horfir á slíka tölu og sér síðan áætlun árið eftir upp á 4 milljarða veltir maður fyrir sér hvað ráði því hvernig menn áætla þetta.

Svona hefur þetta verið á hverju ári. Núna loksins eftir að hafa áætlað þessar afskriftir 4 milljarða mörg ár í röð virðast spámenn fjármálaráðuneytisins hafa áttað sig á að þarna þyrfti kannski að gera betur og í fjárlögum fyrir næsta ár sem liggja fyrir þinginu er gert ráð fyrir að afskriftirnar verði 6 milljarðar kr. en ekki 4.

Hvað eru afskriftir skattkrafna? Er þetta allt vegna þess að einstaklingar eða fyrirtæki verða gjaldþrota og að afskrifa þurfi skattkröfur af þeim þess vegna? Nei, ég held að uppistaðan í þessum stóru tölum séu áætlanir skattstjóra, arfavitlausar áætlanir skattstjóra sem áætlaðar eru bæði á einstaklinga og lögaðila sem ekki skila skattframtölum eða virðisaukaskattsskýrslum í rekstri. Þá koma svona arfavitlausar áætlanir inn til ráðuneytisins og það lítur út eins og ríkiskassinn eigi þessa peninga hjá einhverjum en þegar

upp er staðið er þetta ekkert annað en bull og vitleysa. Það stendur ekkert á bak við þessar kröfur annað en einhverjar áætlanir sem gerðar eru hjá hverjum skattstjóra fyrir sig og oft og tíðum alveg óskiljanlegt hvað ræður þeim áætlunum sem fram eru settar.

Ég hef spurt um það áður úr þessum sama ræðustól og hvort ekki standi til að breyta þessum vinnubrögðum með einhverjum hætti þannig að við vitum betur hvaða tekjur það eru sem ríkið geti átt von á í skatti og hvort ekki sé rétt að breyta vinnubrögðunum við að áætla skatta á þá sem ekki skila skýrslum. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta þarf að gera á einhvern máta, það þarf að áætla jafnvel með þeim hætti að það hvetji einstaklinga til að standa sig í því að skila skattskýrslum, og eins að fyrirtæki standi skil á skýrslum eins og vera ber. En fyrr má nú rota en dauðrota, frú forseti, í þessum efnum, og þegar það sést ár eftir ár að skekkjan er svona mikil frá áætlun til þess sem raunin verður hlýtur það að vera réttmæt krafa að fjármálaráðuneytið og embættismenn þar taki aðeins á þessu máli og reyni að færa þetta nær því sem eðlilegt getur talist.

Ég ætla að koma aðeins að nokkrum atriðum í frumvarpinu sjálfu, sumt af því hefur verið nefnt áður og ég kannski rétt tæpi á því eða bæti aðeins við það. Það vakti athygli mína eins og fleiri að hjá menntamálaráðuneytinu er óskað eftir 25 millj. kr. fjárveitingu vegna aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins. Uppistaðan í henni eru 20 millj. kr. eins og áður hefur komið fram „í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um að íslensk stjórnvöld bjóði til heimsfundar kvenkyns menningarráðherra sem haldinn var í haust".

Hvað er þetta að gera í fjáraukalögum? Full ástæða er til að spyrja hvort þetta sé heildarkostnaðurinn við heimsfund kvenkyns menningarmálaráðherra. Eða var kostnaðurinn meiri? Mér þætti vænt um ef hæstv. fjármálaráðherra gæti svarað mér, sem er kannski ekki sanngjarnt að ætlast til við þessa umræðu, hvernig kostnaðurinn skiptist við þessa 20 millj. kr. veislu. Það hlýtur að hafa verið nokkuð góð og mikil veisla fyrir 20 millj. kr. Eða var verið að borga hinum erlendu kvenkyns menningarráðherrum fyrir að koma á þennan heimsfund sem ríkisstjórnin taldi allt í einu að halda þyrfti á Íslandi eftir að við fengum kvenkyns menningarráðherra?

Hér hefur verið rætt um Háskólann á Akureyri og hvernig staðið hefur verið að fjárveitingum til þess skóla á undanförnum árum. Það þarf engum að koma á óvart að Háskólinn á Akureyri skuli vera inni í fjáraukalögum. Ég held að við höfum bent á það við hverja einustu umræðu um fjárlög að vöxturinn á þeim skóla og krafturinn sem fylgir skólanum er það mikill að það virðist alltaf eins og ríkið sé á eftir þegar kemur að því að áætla hvað reksturinn á honum komi til með að kosta, og ég verð að segja eins og er að ég skil ósköp vel að sá skóli skuli vera hér í fjáraukalögum.

Sama má kannski segja með framhaldsskólana, 100 millj. kr. aukafjárveiting til að greiða aukin útgjöld. Þetta er nokkurs konar pottur sem allir framhaldsskólarnir eiga að geta gengið í. Ég velti fyrir mér, og gott væri ef hæstv. fjármálaráðherra gæti svarað því, hvernig þessar 100 milljónir skiptast á skóla, hvort búið sé að skipta þessari fjárveitingu á skólana eða hvort þetta er enn þá óskilgreindur pottur sem þeir muni koma til með að þurfa að slást um.

Í framhaldi af því sem sagt hefur verið fyrr í dag að verið sé að ganga frá uppsöfnuðum halla stofnana sem hafi bætt sinn rekstur og séu komnar með reksturinn í lag, þá veltir maður því fyrir sér þegar maður skoðar utanríkisráðuneytið hvort þá sé hægt að draga þá ályktun að nú sé reksturinn á utanríkisráðuneytinu, bæði á aðalskrifstofunni og sendiráðunum, kominn í lag, því hér er verið að færa 50 millj. kr. til aðalskrifstofunnar til að bæta uppsafnaðan halla og 274 millj. kr. til að bæta uppsafnaðan halla sendiráðanna.

Landbúnaðarráðuneytið vekur athygli. Hálfur milljarður í fjáraukalögum til landbúnaðarráðuneytis. Það vakna spurningar þegar maður veltir fyrir sér í hvaða liði fjármunir fara á fjáraukalögum. Maður veltir því fyrir sér hvort það hefði frekar átt heima í fjárlögum hvers árs. Hér er t.d. 60 millj. kr. fjárveiting til að mæta töpuðum kröfum á hendur sláturleyfishöfum fyrir vinnu við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum. Þarna er um að ræða yfirdýralækni, lögboðið eftirlit sem greiða ber fyrir ákveðin gjöld. Innheimtan á þeim gjöldum virðist ekki betri en svo að nú þurfi að taka 60 millj. kr., væntanlega eru uppsafnaðar til margra ára, og fella niður vegna þess að sláturleyfishafar hafa ekki greitt fyrir reglubundið eftirlit.

Hér er líka, frú forseti, fjósbygging á Hvanneyri. Í mörg ár hefur verið rifist um hvort endurgreiða eigi virðisaukaskatt af þeirri framkvæmd eða ekki. Nú virðist menn loks komnir að niðurstöðu um það og þá þarf að leggja Landbúnaðarháskóla Íslands til 22,3 millj. kr. til að borga virðisaukaskatt af framkvæmdinni, reyndar í sama vasa og tekið er úr.

Annar gamall kunningi í frumvarpinu er reiðskemma á Hólum í Hjaltadal. Lengi hefur verið deilt um það með hvaða hætti ætti að reisa þá skemmu, hvort ætti að reisa hana og hver ætti að reisa hana. Hér sé ég að verið er að hreinsa það upp með því að ríkið kaupi reiðskemmuna fyrir 60 millj. kr. Þá á ríkið formlega hina miklu reiðskemmu á Hólum og þarf ekki að rífast um það meira.

Varðandi sjávarútvegsráðuneytið, af því að hæstv. fjármálaráðherra þekkir það afskaplega vel, fer ég í sama lið og fleiri hafa kannski gert, þ.e. Hafrannsóknastofnun. Auðvitað vissu menn að við ætluðum að rannsaka hrefnustofninn og auðvitað vissu menn að áætla þyrfti til þess fjármuni. En svo virðist sem vísindaveiðar á hrefnu kalli alltaf á fjármuni í fjáraukalögum. Spurningin er, eftir að menn hafa stundað þetta í tvö eða þrjú ár og ætla að halda áfram að stunda þetta, hvort ekki sé hægt að áætla í fjárlögum hvað þetta á að kosta og koma því þar inn.

Hins vegar eru hér 19 millj. kr. vegna útgjalda stofnunarinnar við loðnuleitarleiðangra sem eru utan rannsóknaráætlunar fyrir árið 2005. Að sjálfsögðu getur verið full ástæða til þess. Oft og tíðum verða menn að bregðast við breytingum með því að breyta rannsóknaráætlunum og stundum getur það kostað meira en menn gerðu ráð fyrir. En í þessu sambandi hlýtur maður að velta fyrir sér hvort Hafrannsóknastofnun hafi ekki fengið fjármuni úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins eins og til stóð. Ef ég man rétt áttu rúmar 400 millj. kr. að koma úr Þróunarsjóði þegar hann

yrði gerður upp. Hefur Hafró ekki fengið neitt af þessum peningum til að mæta kostnaði við rannsóknir sem ekki voru á áætlun? Mannl skildist, þegar Þróunarsjóðurinn var lagður niður, að nota ætti fjármunina í slíkt.

Atriði sem eiga heima í fjáraukalögum, sem ég held að enginn geti deilt um, er t.d. fjárveiting til Landhelgisgæslu Íslands. Til hennar eru veittar 9,8 millj. kr. til sprengjuleitar og -hreinsunar á Patterson-svæði á Suðurnesjum. Þegar það kemur upp óvænt að menn finna ósprungnar sprengjur á ákveðnum svæðum þá ber að sjálfsögðu að bregðast við og veita til þess fjármuni til að koma í veg fyrir að þeir sem leið eiga um þau svæði slasi sig á þeim vítistólum sem liggja allt of víða um Suðurnes.

Hjá heilbrigðisráðuneyti er af mörgu að taka. Vegna þess að tíma mínum er að ljúka í fyrstu ræðu minni í umræðunni ætla ég að halda mig við það sem ég þekki best. Ég hef staðið hér í pontu og rætt fram og til baka um að ekki væru veittir nægir fjármunir til Heilbrigðisstofnunarinnar í Vestmannaeyjum og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Í fjárlagaumræðunni fyrir árið 2005 var mikið um það talað að vanáætlað væri á báðar þær stofnanir og yrði að taka á rekstrarhalla þeirra. Það er gert með þessu frumvarpi og ég held að það komi til með að hjálpa áðurnefndum stofnunum. Einnig er tekið á stofnkostnaði við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja upp á 50 millj. kr. Það er skref í áttina að því að efna það samkomulag sem hæstv. heilbrigðisráðherra gerði við Suðurnesjamenn um uppbyggingu á 3. hæð svokallaðrar D-álmu, þótt það uppfylli ekki þann samning eins og að var stefnt á sínum tíma. Þetta er þó skref í áttina að því.

[17:05]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til fjárlaukalaga fyrir árið 2005, sem sýnir á margan hátt afskaplega gleðilega niðurstöðu. Í fyrsta lagi mun venjulegur rekstur ríkissjóðs leiða til breyttrar niðurstöðu fjárlaga, úr 10 milljarða kr. afgangi í tæplega 30 milljarða kr. afgang. Það er í sjálfu sér mjög góð afkoma, frú forseti. En auk þess mun salan á Símanum bæta um betur og hækka afganginn upp í 85 milljarða kr., sem er 7–8% eða 8–9% af landsframleiðslu. Það held ég að sé algjört einsdæmi meðal þjóða í heiminum. (Gripið fram í.)

Það skemmtilegasta við söluna á Landssímanum er að hluti af andvirðinu, 32 milljarðar kr., fara til greiðslu á erlendum skuldum sem lækka vaxtabyrði þjóðarinnar um alla framtíð. Hinn hlutinn er tekinn út úr efnahagslífinu til að byrja með, utan 2–3 milljarða sem fara seigfljótandi út á næsta hálfa ári, eða eitthvað slíkt. Þannig eru 35 milljarðar kr. teknir út úr efnahagslífinu og settir inn í Seðlabankann til geymslu. Ég veit ekkert tæki betra til að slá á þenslu en slíka aðgerð því að Síminn var staðgreiddur. Hann var staðgreiddur með 35 milljörðum íslenskra króna og þær krónur voru teknar út úr efnahagslífinu. Þetta sýnir því betur en margt annað að Seðlabankinn stendur ekki einn í baráttunni við þensluna, langt í frá.

Frumvarpið sýnir líka — við þurfum alltaf að skoða það — hvernig fjárlagafrumvarpið var. Hvernig voru fjárlögin sem samþykkt voru, hvernig líta fjáraukalögin út og hvernig lítur ríkisreikningurinn út? Þetta á náttúrlega allt að sýna samhengið eins og bent hefur verið á í umræðunni. Helst eiga að vera sem minnst frávik þar á milli en þau eru reyndar ansi mikil. En þau skýrast af miklu góðæri, mikilli þenslu og umsvifum í atvinnulífinu, sem ég get varla sagt að sé leiðinlegur vandi að glíma við, frú forseti.

Ég tek undir athugasemdir stjórnarandstæðinga, t.d. athugasemdir hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar sem eru réttmætar, um sambandið við fjárreiðulögin. Ég bið hæstv. fjármálaráðherra að skoða það vel. Ég þarf ekki að hafa um það fleiri orð sjálfur.

Það eru tvö atriði í þessu frumvarpi sem láta afskaplega lítið yfir sér, mjög lítið. Það er liður 7.14 á bls. 6. Þar er bara lítil setning: „Að kaupa eignarhluta sveitarfélaga í Landsvirkjun.“ Þetta er eitthvert smotterí og svo stendur á bls. 64 um þessa grein: „Heimildir 7.14 og 7.15 skýra sig að mestu sjálfar.“

Hvað erum við að tala um? Við erum að tala um 25–30 milljarða kr., frú forseti. Liður 7.15 er um að taka þátt í hlutafjáraukningu í Fiskeldi Eyjafjarðar, það eru 0,04 milljarðar kr. en liður 7.14, varðandi Landsvirkjun, er sennilega upp á 25–30 milljarða kr. Maður afgreiðir þetta ekki svona. Þótt um sé að ræða eignabreytingu, þ.e. að ríkið láti peninga af hendi og fái eitthvað í staðinn þá er þetta náttúrlega stórkostleg ríkisvæðing, ef við lítum á sveitarfélögin sem eitthvað frábrugðin ríkinu. Þetta bætist við óskaplega ríkisvæðingu sem felst í framkvæmdum við Kárahnjúka, sem eru á vegum Landsvirkjunar. Ég vil benda á þetta og draga fram í umræðuna að þarna er ríkinu ætlað að kaupa í Landsvirkjun, og um það getið með tveimur setningum í frumvarpinu, fyrir upphæð sem slagar upp í söluverð Landssímans.

Svo er önnur lítil setning, hún er reyndar örlítið lengri. Það er liður 7.16 á sömu síðu: „Að ganga til samninga um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík á grundvelli fyrirliggjandi útboðs.“

Um það segir síðan, með leyfi frú forseta:

„Heimild 7.16 er til að ganga til samninga um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík á grundvelli útboðs sem fram fór fyrr á árinu. Hlutur ríkisins í samningsgreiðslum er 54% eða um 324 millj. kr. á ári frá því húsið verður tekið í notkun, en áætlað er að það verði á árinu 2009. Heildargreiðslur ríkisins á hinum 35 ára samningstíma nema því um 6,5 milljörðum króna að núvirði.“

Ég held að sumir gætu farið dálítið illa á þessu góðæri, ekki bara einstaklingar heldur líka ríkið og sveitarfélög. Sé það metið 6,5 milljarðar kr. sem greiðist af ríkinu er hægt með dálitlum reikningskúnstum að finna út að framlag Reykjavíkurborgar er 5,5 milljarðar kr., samtals 12 milljarðar kr., sem þessir tveir opinberu aðilar, ríki og Reykjavíkurborg, ná allt í einu saman um. Frú forseti, þá er náttúrlega engin gagnrýni til í þjóðfélaginu, þegar R-listinn og ríkisstjórnin ná saman. Eiginlega hefur ekkert heyrst annað en hallelúja um þetta fyrirbæri. Það er eins og guð almáttugur hafi gefið Íslendingum þetta og það sé ógurlega gaman. En þetta er að sjálfsögðu borgað og verður borgað af börnum okkar. Þeir sem eru nýfæddir í dag borga síðustu krónuna til þessa þegar þeir verða 35 ára, fyrir utan alla hina. Þetta eru óskaplegar upphæðir. Ég reiknaði út í gamni

hvað þetta væri mikið á fjögurra manna fjölskyldu í Reykjavík, þ.e. hlutur Reykjavíkurborgar. Það eru 220 þús. kr. á fjögurra manna fjölskyldu. Hlutur ríkisins dreift á alla Íslendinga, þ.e. hverja fjögurra manna fjölskyldu, er 90 þús. kr. til viðbótar. Í Reykjavík er því um að ræða 310 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Ég veit ekki hvað almenningur segir um þetta. Það er kannski voðalega gaman að fara á tónleika en við eigum fullt af húsum. Það er ekki meiningin að taka þau úr sambandi og það gengur illa að reka þau.

Ég vildi benda á þetta vegna þess að mér virðist sem menn séu komnir með góðærisglýju í augun og nú bætist ríkisvaldið og Reykjavíkurborg í hóp þeirra Íslendinga sem eru afskaplega kátir og glaðir að taka lán, eyða og spenna, kaupa jeppa o.s.frv., sem gleymt hafa góðum dyggðum eins og sparnaði og ráðdeild. En ég ætla að minna þessa aðila, bæði ríkisstjórnina og R-listann í Reykjavík, borgarstjórn, á að það er ekki alltaf góðæri og ekki gefið, ekkert náttúrulögmál, að launin hækki eins gífurlega og þau hafa gert á síðustu tíu árum. Ég vona að þau haldi áfram að hækka. Ef þessi ríkisstjórn verður áfram þá eru miklar líkur á því en það eru líka líkur á að aðrir flokkar komist í stjórn eða að eitthvað fari úrskeiðis. (**Gripið fram í:** Ertu eitthvað svartsýnn?) og þetta verði ekki alveg svona glimrandi gott til framtíðar. (Gripið fram í.)

Ég held að einstaklingar, fyrirtæki, kannski sérstaklega sveitarfélög, og ríkissjóður þurfi að skoða sinn hug í þessu máli, að muna eftir því að ráðdeild og sparnaður eru líka ágætis dyggðir.

Það er dálítið undarlegt að hér er talað um þenslu, verið að tala um aumingja Seðlabankann sem stendur einn í baráttunni. Ég gat um það áðan að þetta frumvarp sýnir að ríkisstjórnin stendur nú með honum. Menn tala um þenslu. Það má ekki byggja vegi á Vestfjörðum þótt menn sjái þar ekki einu sinni vegina þegar þeir keyra eftir þeim. Maður heldur að maður sé úti í móa. En það er ekki hægt að gera vegi þar af því að það er svo mikil þensla. Það má ekki byggja sjúkrahús og ekki gera þetta eða hitt af því að þenslan sé of mikil. Það er alveg rétt. Það má ekki byggja Sundabraut af því að það er svo mikil þensla. En það er hægt að fara út í þessa framkvæmd eins og ekkert sé og á henni verður byrjað strax. Strax og búið er að samþykkja þetta með einhverjum hætti á Alþingi — því að það þarf sem betur fer að samþykkja hana — þá munu menn byrja að grafa. Fyrst á að á að rífa öll húsin sem fyrir eru. Það tekur nú dágóðan tíma og kostar aldeilis mannafla og vinnuvélar, í samkeppni við Austurland. Svo þarf að fara að grafa grunn, mjög djúpan, og svo þarf að byggja. Þetta á allt að klárast á fjórum árum. Það verður sko dúndurgangur á því, frú forseti, og menn óttast ekki neina þenslu eða neitt slíkt í miðri Reykjavík. (Gripið fram í.) Þetta finnst mér dálítið undarlegt.

En það er ekki bara það að bygging hússins muni valda þenslu heldur kostar það gífurlega mikið í rekstri þegar það verður tilbúið. Ég hef ekki séð — hef reyndar ekki kynnt mér þá samninga sem þarna eru að baki — hvað menn ætla að gera ef forsendurnar ganga ekki eftir, um hve margir sækja tónleika o.s.frv. Það á að byggja hótel við hliðina, fimm stjörnu hótel þar sem kostar sennilega 30 þús. kr. nóttin eða þar um bil. Hvernig menn ætla að manna það allt, fylla það af gestum? Skyldu allar þessar forsendur ekki ganga eftir, hvað gerist þá? Þá stendur þarna heljarinnar hús niðri við höfn sem er bara ekki í rekstri. Þá munu að sjálfsögðu ríkissjóður, borgarsjóður eða báðir tveir grípa undir og koma með viðbótarfé eins og gerst hefur í Þjóðleikhúsinu, í Borgarleikhúsinu (Gripið fram í.) og hjá sinfóníunni, sem illa gengur að reka, eða hjá Ríkisútvarpinu (Gripið fram í.) eða kvikmyndahátíð. Bara að nefna það. Ég vil biðja menn að ganga hægt um gleðinnar dyr í þessu efni.

Ég mátti til með að nefna þetta af því að þetta er svo lítilsvert mál í fjáraukalögunum. Á þetta hefur eiginlega enginn minnst nema formaður fjárlaganefndar, hv. þm. Magnús Stefánsson. Hann nefndi þetta. Aðrir hafa ekki nefnt þetta enda skilst mér á mörgum að þeir haldi að þetta borgi ekki einn einasti maður á Íslandi.

[17:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á mörg athyglisverð atriði í fjárlagafrumvarpinu. Hann féll reyndar í þá gryfju að fagna sölu Landssímans og þeim tekjum sem hann taldi að væru þar að koma inn, en verið er að selja eina af dýrmætustu eignum þjóðarinnar sem hefur skilað arði í ríkissjóð og auk þess verið tæki til þess að skapa góða þjónustu.

En hann fann einnig hvað ætti næst að selja. Það var Landsvirkjun. Og til þess að ríkið gæti selt hana þyrfti náttúrlega að leysa til sín eignarhlut sveitarfélaganna.

Ég vil spyrja hv. þingmann: Er hann sammála þeirri stefnuyfirlýsingu sem hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra kom með á síðasta vetri um að nú þyrfti að ná Landsvirkjun undir ríkið svo hægt væri næst að einkavæða og selja Landsvirkjun og reyndar (Forseti hringir.) orkufyrirtæki hins opinbera? (Forseti hringir.) Þetta væri liður í þeirri stefnu. Er hann sammála þeirri stefnu?

(**Forseti** (DrH)**:** Ég bið hv. þingmenn að gæta að tímanum. Það er aðeins ein mínúta.)

[17:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég man ekki til þess að ég hafi minnst á að selja Landsvirkjun en það er ágætis hugmynd.

[17:18]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulega frú forseti. Ég vissi að ég kæmi þarna einmitt við einkavæðingarhjarta hv. þingmanns því að hann getur ekki hugsað sér að ríkið eða samfélagið eigi neitt sem getur verið því til stoðar og styrktar.

Ég vil samt benda þingmanninum á að markaðsvæðing raforkukerfisins til þessa hefur ekki verið að leiða neina farsæld yfir þjóðina. Við höfum fengið hér hvern fulltrúann á fætur öðrum frá sveitarfélögunum, frá Súðavík, Austurlandi og víðar að þar sem þeir benda á stórhækkað raforkuverð í kjölfar markaðsvæðingarinnar sem þegar er hafin. Kannski er þetta tekjuöflunin sem hv. þingmaður horfir til. Búið er að selja bankana og það fleytti ríkissjóði. Nú er verið að selja Landssímann og það fleytir ríkissjóði. Samtímis

eru tekjustofnar ríkissjóðs veiktir með því að létta á tekjuskattinum og nú skal selja Landsvirkjun til þess að (Forseti hringir.) halda eyðslunni áfram. Ég er á móti þessu, frú forseti.

[17:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður segist vera á móti því að selja Landsvirkjun en sú sala mun að sjálfsögðu verða kölluð Jónssala því að hann stakk upp á henni.

Varðandi það að þetta séu dýrmætar eignir og annað slíkt, ég minni á það sem við ræddum í gær að sala Landssímans lækkar skuldir ríkissjóðs og sparar vaxtagreiðslur um alla framtíð. Ég hygg að það muni koma ríkissjóði og skattþegnum landsins miklu betur en að eiga þetta fyrirtæki miðað við þann arð sem hefur fengist af því undanfarið, um 2 milljarðar á ári að jafnaði. Það er ekki mikill arður af 66 milljarða virði.

Ef við seldum Landsvirkjun mundum við geta greitt upp allar skuldir ríkissjóðs og við gætum auk þess lækkað skatta á landsmenn og við gætum hugsanlega byggt tónlistarhús.

[17:21]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir góðar undirtektir við fyrri ræðu mína. Ég skildi það svo að hann væri raunverulega að taka undir það sem ég hefði þar sagt. Ég heyrði þetta að vísu ekki nákvæmlega vegna þess að ég var rétt að koma inn í salinn en ég heyrði ekki betur en undirtektirnar hefðu verið slíkar. Ég fagna því auðvitað og það er akkur í því að hafa hv. þingmann sem liðsmann í að reyna að ná tökum á agaleysinu í ríkisfjármálum og að við stöndum þétt við bakið á þeim sem það vilja. Ég held að mikilvægt sé að liðsmenn séu líka í flokki hæstv. fjármálaráðherra gagnvart því svo að aðhaldið verði allt um kring því að ekki veitir af.

Athugasemdirnar eru líka réttar hjá hv. þingmanni sem ég hafði ekki komið að í ræðu minni varðandi heimildarákvæðin. Það er alveg með ólíkindum að heimildarákvæðin, sem eru upp á 25–30 milljarða, eigi að skýra sig að mestu sjálf. Þetta held ég að sýni vel hugsunarháttinn sem þarna er. Það getur vel verið að það sé rétt orð hjá hv. þingmanni að góðærisglýjan sé slík í augum hæstv. fjármálaráðherra að þetta sé skýring en veit þó ekki hvort það er nákvæm skýring, hv. þingmaður. (Forseti hringir.) Við þyrftum kannski að ræða það örlítið nánar.

[17:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni að ég dásamaði ræðu hans. Hann sagði þar það sem ég hef venjulega sagt um þetta frumvarp þegar það hefur verið lagt fram á haustþingi, ég þurfti ekki að fara í gegnum þá rullu alla.

Varðandi tónlistarhúsið og hvernig það yrði meðhöndlað, ég gleymdi því áðan í ræðunni, frú forseti, þá þyrfti að sjálfsögðu að setja það inn á lánsfjárlög. Það getur ekki komið inn á fjárlög því að þetta eru árlegar greiðslur. Mér sýnist þetta þurfa að komast inn á lánsfjárlög vegna þess að gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði 324 milljónir árlega í 35 ár nákvæmlega eins og af 35 ára láni sem ríkissjóður tekur, reyndar án vaxta.

[17:23]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að þetta sé rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað þarf að vanda miklum mun meir vinnubrögðin varðandi þessar heimildargreinar. Ég man eftir því í umræðum um fjárlagafrumvarpið að fram kom hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að hann teldi algjörlega nauðsynlegt að lagafrumvarp kæmi fram varðandi tónlistarhúsið og ég held að það sé rétt, ég held að við þurfum að fara yfir þetta.

Sama er um ákvæðið um kaup á hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Við þurfum, a.m.k. í fjárlaganefnd, að fá mjög nákvæma skýrslu um hvernig það mál stendur og hvaða upphæðir menn eru að tala um því að þetta sem hér kemur fram er bara hreinlega ekki nóg. Þetta sýnir mér liggur við að segja virðingarleysi gagnvart þinginu að fullyrða að sú heimild skýri sig að mestu sjálf. Ég man ekki eftir að við höfum fengið neinar skýringar á því hvað þarna er á ferðinni og við þurfum auðvitað að fara yfir það mál allt saman.

Frú forseti. Þannig hafa mál þróast hér í þessari ágætu umræðu og m.a. í ágætri ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals, að megnið af því sem ég hafði ætlað að fjalla um í seinni ræðu minni er komið fram. Ég fell því frá orðinu.

[17:24]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég skal ekki lengja umræðuna. Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir mjög málefnalega umræðu. Það voru nokkur atriði sem ég náði ekki að svara, sérstaklega hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni, en það varðar fund kvenkyns menningarráðherra. Hann kom upp í upphafi ársins eftir að fjárlög höfðu verið samþykkt og því ekkert óeðlilegt við að hann komi fram í fjáraukalögum.

Hv. þm. Jón Gunnarsson fjallaði líka talsvert um afskriftir á skattkröfum. Hann sagðist reyndar hafa spurst fyrir um þetta áður enda svaraði hann eiginlega spurningum sínum sjálfur. En það er einmitt á þeim forsendum sem hann nefndi í ræðu sinni sem verið er að skoða þessi mál upp á nýtt og hækka þá afskriftirnar til samræmis við það sem raunveruleikinn hefur sýnst vera.

Hann nefndi síðan yfirdýralæknisembættið til sögunnar. Það snýst um þá erfiðleika sem ýmsir sláturleyfishafar hafa átt í á undanförnum árum, að innheimtan hefur ekki gengið eftir og sláturleyfishafar hafa verið að fara á hausinn og því hefur staða embættisins orðið slakari en ella hefði verið og úr því þurfti að bæta.

Hvað varðar Hafrannsóknastofnun, hrefnuna og loðnuna, eru þessi hvalamál okkar öll ansi erfið viðfangs eins og hv. þingmenn þekkja. Vísindaveiðarnar fara fram í framhaldi af þingsályktun frá því veturinn 1998–1999. Við höfum reynt að fara varlega í þetta, reynt að ögra ekki umhverfi okkar og því rétt að taka ákvarðanirnar svona eftir því hvernig á hefur staðið en samt innan þess vísindalega

ramma sem nauðsynlegt er. Þess vegna hafa ákvarðanir ekki verið teknar fyrr en upphaf veiðitímabilsins hefur nálgast og þar af leiðandi hefur ekki verið talið rétt, þar sem ákvarðanir hafa ekki legið fyrir, að áætla fyrir því í fjárlagafrumvarpinu eins og að ákvarðanirnar hefðu verið teknar þegar sú var ekki raunin.

Loðnurannsóknirnar eru hins vegar svolítið öðruvísi. Gríðarlega miklar breytingar hafa verið á göngumynstri loðnunnar undanfarin ár sem hefur kallað á auknar rannsóknir. Ekki lá fyrir þegar áætlanir voru gerðar hversu nauðsynlegt væri að fara í miklar rannsóknir því að veiðitímabilið sem ákvarðanir eru teknar um og rannsóknirnar eru grundvöllur að, eru raunverulega á tveimur fjárlagaárum. En það hefur verið talið rétt að fara í þessar rannsóknir og ég held að það hafi skilað sér í því að við höfum fengið þokkalegar loðnuvertíðir undanfarin ár og staðan hefði jafnvel verið sú að þær hefðu ekki orðið ef ekki hefði verið lagt í þessar auknu rannsóknir, en það var heldur ekki fyrirséð.

Síðan nefndi hv. þingmaður Þróunarsjóðinn. Ég fer nú með það eftir minni, ég held að það eigi að vera búið eða um það bil að ganga frá uppgjöri en endanleg skil hafa held ég ekki farið fram þannig að sjávarútvegsráðuneytið hefur ekki fengið til ráðstöfunar þá fjármuni sem áttu að renna í verkefnissjóðinn svokallaða en ekki beint til Hafrannsóknastofnunar samkvæmt þeim breytingum sem gerðar voru á lögum þar að lútandi á síðasta þingi. Þeir fjármunir hefðu þar af leiðandi ekki verið til afnota í þeim tilgangi sem hv. þingmaður nefndi sérstaklega varðandi loðnurannsóknirnar.

Varðandi fjáraukalagafrumvarpið nefndi ég það í upphafi að að teknu tilliti til óreglulegra liða væru umframfjárveitingar sem lagðar eru til 1,4% af heildarfjármagninu sem til ráðstöfunar væri. Ég sagði í upphafsræðu minni eða í andsvari í framhaldi af henni að ég teldi að þetta væri með því minnsta sem sést hefði undanfarin ár. Ég hef látið kanna þetta átta ár aftur í tímann eða til ársins 1998 og á sömu forsendum er þetta langsamlega minnsta aukningin sem lögð er til og nálgast að vera helmingi minna en það sem er næstmest.

[17:30]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því að hæstv. fjármálaráðherra hafi sagt að ekki væru komnir neinir fjármunir til sjávarútvegsráðuneytisins úr Þróunarsjóðnum. Ég er ekki viss um að þetta sé alveg rétt munað hjá hæstv. ráðherra. Ég hef grun um að það séu ekki mjög margir dagar eða vikur síðan veruleg fjárhæð, yfir 600 milljónir, var færð úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins inn á líklega reikninginn um aukið verðmæti í sjávarútvegi (**Gripið fram í:** Verkefnasjóðinn.) í verkefnasjóðinn í sjávarútvegsráðuneytinu. Ég man eftir umræðunni um Þróunarsjóðinn á sínum tíma þegar við reyndum að fá þeirri ályktun Alþingis fylgt eftir að eitthvað af þeim fjármunum sem í sjóðnum væru færu í að varðveita gömul skip. Þá var talað um að upphæðin sem út úr Þróunarsjóði kæmi gæti að hámarki náð kannski 500 milljónum. Ég hygg að þeir fjármunir sem sjávarútvegsráðuneytið fær úr uppgjöri Þróunarsjóðsins sé nær því að vera 700 milljónir og mér er nær að halda að ráðuneytið hafi þegar fengið yfir 600 milljónir af þeim fjármunum inn á sinn reikning. Ég furða mig á, miðað við þá ákvörðun sem tekin var á hv. Alþingi, ef Hafrannsóknastofnunin hefur ekki fjármuni til að standa straum af þessum 19 milljónum vegna aukinna loðnurannsókna sem allir máttu sjá fyrir.

[17:32]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var alla vega ekki búinn að sjá þessa peninga áður en ég fór. Eins og kom fram í orðum mínum á þetta uppgjör u.þ.b. að vera að ganga í garð. Það getur vel verið að það sé, ég man bara ekki dagsetninguna sem það átti að vera frágengið.

Það breytir ekki því sem ég sagði áðan að þessir peningar renna ekki beint til Hafrannsóknastofnunar eins og lögin gerðu ráð fyrir upphaflega vegna breytinga sem gerðar voru á síðasta þingi. Hvað verður þá gert við þessa peninga? Þeir verða til ráðstöfunar í verkefnasjóðnum fyrir hæstv. sjávarútvegsráðherra og við verðum bara að sjá hvað úr þeim verður í höndunum á honum.

[17:33]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla út af fyrir sig ekki að halda uppi neinum sérstökum ágreiningi við hæstv. fjármálaráðherra um þessa fjármuni, ég vek einfaldlega athygli á því að við tókum þessa umræðu síðastliðið vor og þá var talið að þeir væru kannski að hámarki 500 milljónir. Ég hygg að þetta verði u.þ.b. 200 milljónum meira. Ég furða mig svolítið á því ef Hafrannsóknastofnun þarf sérstaklega 19 milljónir til að standa undir loðnurannsóknum miðað við þá fjármuni sem Alþingi ráðstafaði beint úr Þróunarsjóðnum í aukin rannsóknarverkefni, og er ég þá ekkert að gera lítið úr því verkefni. Ég held að það sé afar nauðsynlegt eins og hitafar sjávar er hér við land að fylgjast nákvæmlega með loðnurannsóknum og skoða lífríkið og þær breytingar á lífríkinu sem þar eru að verða. Það er auðvitað margt fleira sem mun fylgja því ef loðnan færist af Íslandsmiðum og lengra norður í höfin, ég tala nú ekki um ef hún færist yfir lögsöguna Grænlandsmegin. Það er fullt tilefni til að sinna því verkefni vel og ég geri ekki lítið úr því að þær rannsóknir þurfi að stunda. Ég velti því hins vegar fyrir mér vegna umræðunnar sem hér varð um þessa fjármuni í Þróunarsjóðnum á sínum tíma hvort tekin hefði verið mikil áhætta ef settar hefðu verið eins og 50 milljónir í að bjarga Kútter Sigurfara á Akranesi frá þeirri niðurníðslu og fúnun sem á skipinu er að verða. Við þurfum að taka virkilega vel á ef við ætlum að varðveita þetta eina eintak sem við eigum úr siglingasögunni af þeirri skipagerð hér á landi. Það mætti taka Færeyinga þar til fyrirmyndar sem eiga þrjú siglandi skip af slíkri gerð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 174. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 174.

[17:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 5,87% eða úr 5.738 kr. í 6.075 kr. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga en gert er ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 5,87% frá verðlagi í desember 2003 til desember 2004.

Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Úr sjóðnum eru m.a. veittir styrkir til byggingar öldrunarstofnana. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra stjórnar sjóðnum og gerir árlega tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um úthlutun úr honum.

Virðulegi forseti. Ég tel brýnt að frumvarp þetta hljóti afgreiðslu á haustþingi þannig að það fylgi fjárlagafrumvarpi og leyfi mér því að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr.

[17:37]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að blanda mér aðeins inn í þessa umræðu um frumvarp hæstv. heilbrigðisráðherra um breytingu á lögum um málefni aldraðra, ekki síst í tilefni af þeirri umræðu sem fram fór fyrr í dag þar sem m.a. var nokkuð rætt um skort á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða og hæstv. ráðherra gumaði sérstaklega af því að hann hefði staðið við þá samninga sem gerðir voru við Samtök aldraða á árinu 2002.

Mér finnst að hæstv. ráðherra hefði átt að fara betur yfir málin en hann gerði í þessari örstuttu ræðu sinni, þar sem hann greindi fyrst og fremst frá því að hér væri um að ræða hækkun á þeim skatti sem rennur í Framkvæmdasjóð aldraðra, og gera betri grein fyrir þeirri þróun sem verið hefur á framlögum í framkvæmdasjóðinn og hvernig þeim hefur verið ráðstafað.

Þegar við lítum á þær áætlanir sem fyrir liggja, ég er með þær alveg fram til 2004 og ég veit ekki hvort nokkur veruleg breyting hafi orðið á árinu 2005 eða áform um árið 2006, þá er það góður meiri hluti af þeim framlögum sem fara í Framkvæmdasjóð aldraðra eða um helmingur sem rennur til annarra verkefna en í stofnkostnað og framkvæmdir. Okkur er auðvitað kunnugt um þörfina fyrir hjúkrunarrýmí þegar 500 manns eru á biðlista eftir rýmum og þar af 270 manns í mikilli neyð. Ég held að full ástæða sé til þess að hæstv. ráðherra og stjórnvöld skoði það þegar þau skera svona niður stofnkostnaðarframlög úr þessum sjóði og láta þau renna að verulegu leyti til viðhalds hve stór hópur aldraðra er á bráðadeildum spítalanna og bíður eftir hjúkrunarrými þar sem um miklu dýrari rými er að ræða, og að hæstv. ráðherra skoði í því samhengi hvað sparaðist í rekstrarkostnaði ef hraðað yrði uppbyggingu á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða.

Hæstv. ráðherra hlýtur að gera sér grein fyrir því þegar 500 manns eru á biðlista eftir hjúkrunarrýmum að aldurspíramídinn er þannig að öldruðum mun fjölga á komandi árum sem kallar að sjálfsögðu á enn meiri þörf fyrir hjúkrunarrými en er í dag. Kostnaður við að hafa sjúkt fólk á bráðadeildum er t.d. þrisvar til fjórum sinnum meiri en ef þeir fengju hjúkrunarrými. Eftir því sem ég er upplýst um eru a.m.k. 80 einstaklingar á bráðadeildum sem bíða eftir hjúkrunarrými. Það er því lítill sparnaður eða fyrirhyggja að hafa þetta fyrirkomulag á.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort heildarendurskoðun á húsnæðismálum aldraðra og uppbyggingu á hjúkrunarrýmum standi fyrir dyrum. Við höfum farið yfir það hér sem er auðvitað til vansa og skammar að fyrirkomulagið sé víða með þeim hætti hjá öldruðum að það séu kannski tveir og þrír og jafnvel fleiri saman í herbergi. Við þurfum að setja upp markvissa framkvæmdaáætlun um uppbyggingu á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða sem miða að því að aldraðir geti lifað við það mannsæmandi aðstæður á síðustu ævidögum sínum að þeir þurfi ekki að deila herbergi með öðrum. Ég spyr ráðherrann hvort það sé eitthvað til skoðunar í ráðuneyti hans.

Þá er full ástæða til að nefna að í þeirri áætlun sem gerð hefur verið um uppbyggingu á öldrunarþjónustu var gert ráð fyrir að bið eftir hjúkrunarrými væri ekki nema þrír mánuðir en biðin er núna, að því er ég best veit, a.m.k. ár ef ekki meira. Það hefur því alls ekki verið staðið við það sem menn stefndu að í uppbyggingu á öldrunarþjónustu.

Hæstv. ráðherra sagði fyrr í dag að staðið hefði verið að fullu við samkomulag um uppbyggingu á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða sem gerður var samningur um við Samtök aldraða á árinu 2002 rétt fyrir kosningar. Það hefur ekki verið gert samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá Samtökum aldraðra. Það vantar um 60 rými upp á það sem hefði átt að vera búið að skila á árinu 2005 til að sá samningur hefði staðist. Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlar hann að halda því fram og endurtaka það hér í ræðustól að það hafi verið staðið fyllilega við samkomulagið við aldraða sem gert var á árinu 2002 að því er varðar uppbyggingu á hjúkrunarrýmum?

Af því að þetta samkomulag kom til umræðu fyrr í dag þá er alveg ljóst að ekki hefur verið staðið við samkomulag sem gert var við aldraða um sveigjanleg starfslok í samningnum sem gerður var 2002 þar sem gert var ráð fyrir að þeir sem frestuðu töku lífeyris til að mig minnir 72 ára gætu fengið 6% hærri lífeyri á ári. Mér finnst full ástæða til að ráðherrann ræði það mál við þessa umræðu um Framkvæmdasjóð aldraðra, sérstaklega í tilefni af því sem hann sagði hér fyrr í dag að hann hefði ekki tækifæri til að fara yfir það vegna þess forms sem er á utandagskrárumræðum.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki ástæðu til að gera skipulega og markvissa áætlun, t.d. til fimm ára, um uppbyggingu á hjúkrunarheimilum sem miðaði að því að stærri skerfur af framlögum úr Framkvæmdasjóði aldraðra renni til uppbyggingar á hjúkrunarheimilum og minna í aðra þætti eins og fram hefur komið að undanförnu. Í því skema sem ég hef um breytingar á heimiluðum öldrunarrýmum frá árinu 2002–2004 kemur fram að vissulega hefur orðið fjölgun á hjúkrunarrýmum þó að hún sé

ekki eins mikil og gert var ráð fyrir í samkomulaginu við aldraða, en á móti hefur dvalarrýmum fækkað og þróunin á dagvistarrýmum hefur ekki verið sem skyldi. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi hugleitt að fara þá leið.

Loks, af því að ég ætla ekki að lengja umræðuna, þá spyr ég hæstv. ráðherra af því að við ræðum hér skattamál — þetta er nefskattur sem tekinn er af öllum 16 ára og eldri, er það ekki, fyrir utan aldraða? — hvort ekki sé eðlilegra af því að hér er um skattamál að ræða að þetta mál fari til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd en ekki í heilbrigðis- og trygginganefnd eins og verið hefur. Mér fyndist a.m.k. vel koma til greina að menn skoðuðu málið út frá því að hér er um skattamál að ræða sem yfirleitt er þá vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

Eins og fram hefur komið í ræðu minni hef ég þungar áhyggjur af stöðunni að því er varðar uppbyggingu á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða og tel að setja þurfi miklu meiri kraft í þau verkefni en verið hefur að undanförnu. Þó að vissulega beri að þakka það sem þar hefur verið gert er staðan samt þannig að það er ekki sparnaður í því að láta málin vera með þeim hætti sem þau eru í dag að fjöldi aldraðra sem geta verið í hjúkrunarrýmum skuli vera á bráðadeildum spítalanna. Ég spyr af því tilefni hvort ráðherrann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að gerð verði markviss áætlun til t.d. næstu fimm ára þar sem framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra til stofnkostnaðar og uppbyggingar verði aukin með tilliti til þess að hraða uppbyggingu á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða og breyta þeirri stefnu líka, virðulegi forseti, og ég ítreka það, sem verið hefur í húsnæðismálum aldraðra þannig að aldraðir geti búið við mannsæmandi aðstæður í húsnæðismálum á ævikvöldi sínu.

[17:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum. Sambærileg frumvörp hafa komið inn í þingið nánast árvisst undanfarin ár þar sem verið er að hækka skatta á skattgreiðendur vegna framlaga í Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég hef hingað til lagt fram breytingartillögu við þessi frumvörp vegna þess að ég hef talið það óeðlilegt að ákveðnir láglaunahópar greiði slíkt gjald, en eins og menn e.t.v. muna greiða aldraðir ekki umrætt gjald og ákveðnir hópar sem eru undir ákveðnum tekjum.

Verið er að hækka þetta gjald um rúmar 300 kr. Ég veit ekki hvort það hefur neinn tilgang að vera að koma með breytingartillögu í þá veru sem við höfum gert því ekki hefur verið tekið undir það hér í þinginu og slíkar tillögur felldar ítrekað. Við höfum líka lagt til að það verði sett inn í lögin að tryggt verði að meiri hluti af þessum greiðslum úr Framkvæmdasjóði aldraðra fari í uppbyggingu á hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum fyrir þá sem þurfa á hjúkrun að halda, en eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hefur það ekki verið að öllu leyti svo.

Ég vil einnig benda á, eins og hún gerði reyndar í máli sínu áðan, að mjög mikil þörf er á fjölgun hjúkrunarrýma. Þó svo að gert hafi verið samkomulag árið 2002 við aldraða um fjölgun hjúkrunarrýma er ljóst að um 500 manns bíða eftir hjúkrunarrýmum og duga þau 200 rými skammt, fyrir árið 2007, sem hæstv. ráðherra talaði um fyrr í umræðu í dag og eru væntanlega á höfuðborgarsvæðinu. Öldruðum fjölgar hér á landi og læknisfræðinni fleytir fram og menn lifa lengur þannig að búast má við að aldraðir muni þurfa frekari þjónustu á ævikvöldinu í framtíðinni.

Ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra, vegna þess að nú hefur verið lögð mikil áhersla á að auka heimaþjónustu fyrir aldraða til að þeir geti búið sem lengst heima og þurfi þá ekki að fara á hjúkrunarheimili fyrr en þeir eru orðnir það illa haldnir að þeir geti ekki dvalið heima, hvað er væntanlegt í aukinni heimaþjónustu fyrir aldraða? Má búast við að eitthvað af þeim fjármunum sem fara í Framkvæmdasjóð aldraðra komi þá jafnvel í að byggja upp slíka þjónustu?

Vissulega er full ástæða til að skoða hvort það borgar sig ekki að fjölga enn frekar hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu í ljósi þess hversu margir aldraðir hjúkrunarsjúklingar bíða í dýrum sjúkrarúmum á sjúkrahúsunum. Þetta höfum við margoft rætt og full ástæða til að taka á.

Varðandi hjúkrunarrýmin hefur það verið að gerast um leið og menn hafa verið að byggja upp hjúkrunarheimili að gömlu hjúkrunarheimilunum hefur verið breytt til að mæta kröfum nýrra tíma um að fólk búi í einbýlum. Bent var á aðstæðurnar á Sólvangi í dag. Auðvitað þarf að taka á slíku, það er ekki boðlegt að aldraðir dvelji þrír, jafnvel fleiri, allt upp í fimm saman á stofum á hjúkrunarheimilum.

Ég vil gjarnan fá svör við því við þessa umræðu hvað er fram undan í sambandi við aukna heimaþjónustu svo aldraðir geti verið lengur heima og hvort væntanleg uppbygging er á slíkri þjónustu og hvenær menn megi búast við því að hægt verði að mæta þeirri þörf sem lýsir sér í þeim fjölda sem bíður í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Þetta mál mun koma til heilbrigðis- og trygginganefndar þar sem ég á sæti og mun ég og félagar mínir úr Samfylkingunni þar skoða hvort við leggjum til einhverjar breytingar á frumvarpinu áður en það fer frá nefndinni. En ég get tekið undir að full ástæða er til að efnahags- og viðskiptanefnd skoði málið því að þetta er vissulega skattamál um leið og þetta er náttúrlega málefni aldraðra.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri en vonast til þess að hæstv. ráðherra svari þeim fyrirspurnum sem hafa verið lagðar fram í dag.

[17:52]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við fjöllum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra sem felst í því að hækka gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra um 5,87%. Þetta er einn af tveimur eða þremur nefsköttum í kerfinu. Þeir eru þetta gjald, sem er nálægt 500 kr. á mánuði, og persónuafsláttur sem er mínusgjald, mínusnefskattur, ég man ekki alveg upphæðina en það eru um 26 þús. kr. á mánuði sem hver Íslendingur fær til greiðslu skatta. Síðan má segja að útvarpsgjaldið sé eins konar nefskattur líka því að það leggst á fjölskyldur og nú eru flestir eða allir með útvarp eða sjónvarp þannig að útvarpsgjaldið má líta á sem eins konar persónu- eða nefskatt.

Ég hefði talið eðlilegt að sameina þessa skatta og lækka

persónuafsláttinn um þetta gjald, þ.e. 500 kr. á mánuði, og fella það niður. Það yrði mikil einföldun og er í samræmi við ræðu hæstv. forsætisráðherra um einfaldara Ísland. Það yrði mikil bót að því. Það mundi fækka sköttum sem fólk þarf að muna og reyna að skilja og flestir muna náttúrlega ekkert eftir þessu og vita ekkert hvað þetta er og spyrja sennilega á hverju einasta ári: Hvað er eiginlega þetta gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra?

Í rauninni breytist ekki neitt við það að lækka persónuafsláttinn og það mætti meira að segja marka tekjur, að þessi hluti af persónuafslættinum eða lækkun persónuafsláttarins renni til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Það mundi ekkert breytast nema gagnvart öldruðum sem núna njóta skattfrelsis, þeir sem eru sjötugir og eldri. Í staðinn mætti hækka ellilífeyrinn um 500 kall, bara með einni aðgerð í eitt skipti þannig að þeir gætu borgað þetta gjald og gerðu það í þágu einfaldleikans. Það mundi líka leiða til flatari tekjuskatts sem er í samræmi við þróun sem er víða erlendis að menn eru að reyna að einfalda skattkerfið með því að taka upp flatari tekjuskatt.

Síðan tek ég undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að þetta mál á eðlilega heima í efnahags- og viðskiptanefnd. Þetta er skattamál og ekkert annað. Verið er að leggja skatt á alla Íslendinga, nefskatt, og mjög eðlilegt að það fari til efnahags- og viðskiptanefndar. Verði ekki sú reyndin leggjum við til að heilbrigðis- og trygginganefnd vísi málinu til umsagnar í efnahags- og viðskiptanefnd því að það er sú nefnd þingsins sem á að fjalla um skattamál.

[17:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja umræðuna mikið en fannst rétt að ég kæmi hér upp og ræddi þessi mál örlítið, sérstaklega eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég tel að sú hugmynd sem hann var með auki ekki réttlæti í skattheimtu hér á landi. Það yrði til þess að þeir sem lægri hafa tekjurnar í þjóðfélaginu færu að bera þyngri byrði af því fé sem hér er verið að innheimta til ráðstöfunar fyrir bættum hag aldraðra.

Ég held að til að dreifa skattbyrðinni væri miklu nær að mínu viti að hafa þessu tölu örlítið hærri og taka þá betur á varðandi húsnæði og aðbúnað aldraðra en setja þá líka tekjumark hjá þeim sem lægstar hafa tekjurnar eða tekjur undir því sem talið er þurfa til eðlilegrar framfærslu, sem er sennilega vel yfir 100 þús. kr., lágmarksframfærslan á landinu í dag fyrir einstakling. Það væri vel hægt að hugsa sér að hækka þá viðmiðunartölu eitthvað og fara frekar með hærri prósentu inn í þetta hækkunarverð.

Ég held að við eigum að stíga það skref að reyna að ná þeim áföngum sem við viljum ná í vistunar- og öldrunarmálum að þessu leyti. Ég efast ekki um að hver Íslendingur sem hefur á annað borð eðlilegar tekjur sér til framfæris sé tilbúinn að greiða þetta gjald. Ég tek því ekki undir þá útfærslu sem hv. þingmaður nefndi áðan. En það er sjálfsagt að skoða þessi mál frá öllum hliðum en útfærsla sem eykur greiðslubyrði þeirra sem lægstar hafa tekjurnar, á það held ég að sé ekki á bætandi miðað við þá skattastefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið.

[17:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var ekki að leggja til neina aukningu á réttlæti vegna þess að þetta breytti nánast engu, bara engu, nema það mundi laga þetta skrýtna fyrirbæri að ef menn eru akkúrat í kringum skattleysismörkin og hafa einni krónu meira í tekjur, þá þurfa þeir allt í einu að borga fimm þúsund krónur í skatt, þeir sem eru rétt undir mörkunum en það eru ekki nema sárafáir. Þetta var því ekki hugsað sem réttlæti nema að því leyti að einfalt kerfi er alltaf réttlátara vegna þess að almenningur skilur það. Það þarf ekki að fara í háskólann til að læra um skattalög til að vita hvað þessi lína þýðir: Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Flækja á öllu kerfinu, á bótakerfinu, flækja á öllu í þjóðfélaginu kemur sérstaklega þeim sem eru veikastir verst vegna þess að þeir kunna ekki á kerfið, það er bara þannig. Það eru ekki allir að fjalla um lög alla daga eins og við hv. þingmenn.

Það mundi auka réttlæti almennings að kerfin yrðu einfölduð, að því leyti mundi þetta auka réttlætið. En þessi hugmynd var alls ekkert ætluð til þess að auka réttlætið, þetta ætti að koma nákvæmlega eins út.

[18:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að hv. þm. Pétur Blöndal sé haldinn dálítilli kórvillu. Hann fullyrti áðan að einfalt kerfi, skattkerfi í þessu tilviki, væri alltaf réttlátara, að einfalt skattkerfi væri alltaf réttlátara.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann telji að niðurfelling hátekjuskattsins hafi aukið réttlæti hér á landi og við það að sleppa hátekjuskattinum hafi réttlæti skattborgaranna aukist og tekjudreifingin jafnast. Eða hvort stefna ríkisstjórnarinnar um 1% flata skattalækkun í gegnum tekjuskatt auki réttlæti í tekjudreifingunni. Hvort tveggja vinnur algjörlega öfugt, það eykur misrétti. Það er alveg hörmulegt að hlusta á það að þingmaðurinn sé haldinn þessari kórvillu.

[18:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég gat um var ekki meiningin að auka réttlætið. Hins vegar er það viðurkennt af flestum að einfalt skattkerfi og einfalt bótakerfi sem allir skilja og vita hvenær þeir eiga rétt og hvenær þeir eiga ekki rétt og hvað þeir eiga að greiða í skatta og hvað þeir eigi ekki að greiða í skatta, er réttlátara en það kerfi sem enginn botnar neitt í og þarf dýra endurskoðendur til að telja fram fyrir sig. Þannig var það fyrir nokkrum árum en nú er skattkerfið orðið tiltölulega einfaldara, þannig að menn geta margir hverjir talið fram sjálfir. Hins vegar eru margir sem ekki treysta sér til þess og fá endurskoðanda og borga honum mikla peninga fyrir. Það tel ég ekki vera réttlátt, frú forseti, ef það er óþarfi.

Sú hugmynd sem ég var með felst í því að menn borga nákvæmlega það sama og áður nema kerfið er einfaldara. Það þarf ekki að kenna eins mikið vestur í háskóla í skattalögfræði og fólkið skilur hvað það er að greiða. Núna kemur gjald hjá öllum Íslendingum, eitthvert gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og ég geri ráð fyrir að svona 70–80%

af fólki klóri sér í hausnum og segi: Hvað er þetta nú eiginlega? Hvað gjald er þetta og af hverju er ég að borga það? Og ef skyldi nú vera vitlaust lagt á þá er fólk ekki í nokkurri aðstöðu til að tékka það af hvort það sé rétt eða rangt. Það felst í flækjunni. Þeir sem t.d. fjalla um endurgreiðslu á virðisaukaskatti á byggingarstað vita að fjöldi manns sækir ekki um hana af því að það er svo flókið. Flækja í kerfum er alltaf ófélagsleg. Þeir sem hafa nóga peninga til að borga dýra endurskoðendur geta notað flækjurnar alveg til hins ýtrasta sér í hag, en hinn fátækari, launþeginn, getur það ekki.

[18:03]

Útbýting:

Barnalög, 78. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 78.

Byggðastofnun, 190. mál, fsp. AKG, þskj. 190.

Einkamálalög, 82. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 82.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 76. mál, frv. BjörgvS o.fl., þskj. 76.

Starfslok og taka lífeyris, 81. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 81.

Upplýsingalög, 80. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 80.

Útvarpslög, 79. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 79.

Varðveisla Hólavallagarðs, 83. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 83.

[18:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem verið hefur um frumvarpið. Beint var nokkrum fyrirspurnum til mín.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s., spurði hvort í gangi væri í heilbrigðisráðuneytinu heildarendurskoðun á hjúkrunarrýmum. Því er til að svara að við erum alltaf með slíka endurskoðun í gangi. Við þörfnumst þess bæði vegna þess biðlista sem hefur verið til umræðu í dag og eins vegna breyttra aðstæðna og breyttra krafna um aðbúnað á hjúkrunarheimilum. Það eru til hjúkrunarheimili, eins og hefur verið rætt um, sem eru margbýli og það er ekki talið hæfa í dag. Á ýmsum hjúkrunarheimilum hefur verið í gangi vinna til að breyta því og við þurfum að skoða það vissulega hvernig við getum mætt því.

Til dæmis er þörf á að bæta við 60 rýmum í Hafnarfirði en hrein viðbót verður ekki nema 20 rými vegna þess að það þarf að rýma til á Sólvangi um 40 rými ef vel ætti að vera. Þetta er það sem við gætum að og höfum vissulega verið í vinnu í ráðuneytinu að skoða þetta. En ekki síður verður sú vinna að miða að því að meiri fjölbreytni verði í búsetuúrræðum, menn hafi aðgang að íbúðum í nánd við þjónustukjarna. Ýmsar hugmyndir eru uppi í því efni og við verðum að fylgjast rækilega með. Ég tel að fjölga þurfi valkostum í búsetunni. Þetta höfum við verið með til skoðunar og full þörf á að skoða það.

Við höfum í fjárlagafrumvarpinu núna bætt töluverðum peningum í dagvistun og stærsti þátturinn í því er dagvistun fyrir minnissjúka í Hafnarfirði þar sem við tökum í notkun ein 20 pláss á næsta ári. Það skref er fagnaðarefni og mikil þörf á því sviði.

Varðandi heimaþjónustuna, sem hv. 4. þm. Reykv. s., Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, spurði um var ákveði í hinum margumtalaða samningi um að bæta fjármunum inn í heimahjúkrunina og það hefur verið gert á undanförnum árum. Stærsta skrefið í því er samningur við Reykjavíkurborg um að samþætta félagsþjónustu borgarinnar og heimahjúkrun á vegum heilsugæslunnar. Unnið hefur verið að þeirri samræmingu á undanförnum árum og við bindum miklar vonir við það þegar það er farið að snúast og komið að fullu til framkvæmda.

Við höfum verið í viðræðum við Samtök aldraða um framkvæmd samningsins, teljum að hann hafi staðist varðandi hjúkrunarrýmin en við erum í viðræðum við þá um túlkanir þeirra á því máli. Það sem skiptir mestu er hvað fram undan er í því efni. (**JóhS:** ... sveigjanleg starfslok.) Varðandi sveigjanleg starfslok höfum við ekki komist að niðurstöðu og þar þurfum við að taka á. Ég ætla ekki að deila við hv. þingmann um það, þannig er staðan. Það er auðvitað mál sem við þurfum að vinna í. Ég hef hug á að taka það upp.

Hvort vísa á þessu máli til efnahags- og viðskiptanefndar vegna þess að þetta er skattamál þá ætla ég að halda mig við tillögu mína um að frumvarpinu verði vísað til heilbrigðis- og tryggingnefndar vegna þess að þetta snertir hjúkrunarrýmin og málefni aldraðra. Hins vegar hef ég ekkert á móti því að heilbrigðis- og tryggingnefnd vísi málinu til efnahags- og viðskiptanefndar eða biðji um umsögn hennar eins og var stungið upp á. Ég set mig ekkert á móti því enda hefur þingið forræði yfir því máli auðvitað. En ég held mig við tillögu mína um heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Ég hlustaði á ábendingar hv. 3. þm. Reykv. s., Péturs H. Blöndals, um skattamál en ég ætla ekki að fara út á þann hála ís að fara að ræða þau almennt enda heyra þau undir annað ráðuneyti. Vegna þess að um þetta mál gilda sérstök lög hefur það verið venjan að heilbrigðisráðherra flytji það í tengslum við fjárlögin. En málið er í sjálfu sér rútínumál þó að þetta snerti auðvitað þennan mikilvæga og stóra málaflokk sem eru öldrunarmálin.

[18:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér ágætt að fá þennan hala á utandagskrárumræðuna sem við höfðum hér í dag þegar við áttum orðastað við hæstv. heilbrigðisráðherra um málefni aldraðra og kjör þeirra í samfélaginu.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra í síðari ræðu hans að búsetumál aldraðra séu í umræðu og í deiglunni í ráðuneytinu. Ég fagna því, hæstv. forseti, að það skuli vera í bígerð að marka þá einhvers konar stefnu um búsetumál aldraðra og önnur form eða valkosti í þeim efnum og nefni þar málefni fatlaðra og það hvernig búsetumál fatlaðra hafa þróast. Auðvitað er eðlilegt að búsetumál aldraðra fái að þróast á svipuðum nótum.

Einnig krafan um að hjúkrunarrýmin verði einbýli og eins manns rými, þ.e. að fólk hafi sitt prívat pláss sem það geti þó kallað heimili sitt. Annað er auðvitað fullkomlega óviðunandi og hæstv. ráðherra tekur auðvitað undir það. Samt heyrir maður í umræðunni í fjölmiðlum að verið sé að reisa hjúkrunarheimili á Selfossi þar sem enn sé gert ráð fyrir tvíbýlum. Nú vil ég bara fræðast um það af hæstv. ráð-

herra hvort það sé rétt. Erum við enn að reisa hjúkrunarheimili í dag þar sem þessari hugmyndafræði um sérbýli fyrir hvern og einn er ekki framfylgt eða fullnægt?

[18:12]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek að í gangi er vinna í ráðuneytinu um að marka stefnu sem vissulega liggur fyrir, við þurfum bara að skoða stöðuna. Stefna okkar í búsetumálum aldraðra hefur legið fyrir. Stefna okkar er sú að gera öldruðum kleift að búa í sínu umhverfi sem lengst og það séu fjölbreytt úrræði. Við höfum markað þá stefnu að fækka og útrýma margbýlum. Hins vegar kann að vera að það séu einhver tvíbýli sem getur þá markast af því að t.d. sambúðarfólk eða hjón búi á þeim tvíbýlum. En stefnan er sú að útrýma því að margir séu í sama rými á hjúkrunarheimilunum. Það er stefna okkar og hefur verið.

Hins vegar tek ég fram, eins og ég tók fram í utandagskrárumræðunni í dag, að mjög áríðandi er að gera fólki kleift með þjónustu að vera í sínu umhverfi sem lengst eða þá að vera í þjónustuíbúðum eða í auknu öryggi. En ef fólk þarf sólarhringsþjónustu þá þurfum við hjúkrunarrými, það er alveg ljóst. Hjúkrunarrými eru hér fleiri en í nágrannalöndunum, við erum meira stofnanamiðuð en þar.

[18:15]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel í sjálfu sér svar hæstv. ráðherra varðandi það sem við höfum heyrt um tvíbýlin á Selfossi fullnægjandi. Ég geri þá ráð fyrir að það sé hugsað fyrir hjón eða sambúðarfólk sem er auðvitað góðra gjalda vert og gott mál.

Hæstv. ráðherra kemur hér inn á stefnu sína í þessum málum, þ.e. að það sé stefna hans og ríkisstjórnarinnar að eldri íbúum þessa lands sé gert kleift að vera eins lengi og mögulegt er í sínu eigin umhverfi á sínu eigin heimili. Ég er fylgjandi þeirri stefnu, ég tel hana rétta og allra góðra gjalda verða. En hins vegar verður hæstv. ráðherra að horfast í augu við veruleikann í þeim efnum.

Við eigum við það að glíma að heimahjúkrunin, sem er nauðsynlegt úrræði fyrir þá aldraða sem búa heima lengi, virkar ekki sem skyldi. Heimaþjónustan er, ég segi ekki í molum, en hún á verulega undir högg að sækja og hvers vegna? Vegna þess að fólk fæst ekki til starfa. Mínar heimildir segja að mikill flótti sé úr heimaþjónustunni á höfuðborgarsvæðinu núna og skjólstæðingar hennar halda því fram að það sé að hluta til því að kenna að Sóltúnsheimilið, sem er mannaflafrekt og óskar eftir fólki með reynslu, getur boðið fólki sem hefur verið að starfa í heimaþjónustunni hærri laun í krafti þeirra fjármuna sem heimilið hefur umfram aðrar stofnanir í þessum efnum. Þetta ástand er algerlega óviðunandi og hæstv. ráðherra verður auðvitað að segja eitthvað annað um þessi mál en hann sagði í Morgunblaðinu þann 20. sept. sl., með leyfi forseta:

„... við höfum því miður ekki haft afl til þess að taka Sóltúns-samninginn upp alls staðar. Ef við ætlum okkur að lyfta öðrum heimilum upp í þann „standard", sem er á Sóltúni, þá þurfum við einfaldlega meira fjármagn inn í þennan rekstur."

Það er auðvitað mergurinn málsins. (Forseti hringir.)

[18:17]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Háttv. þingmaður kemur hér inn á mál sem er vissulega vandamál. Ég vil nú ekki taka undir að það sé allt saman Sóltúni að kenna, vandkvæðin á vinnumarkaði hér á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Það er spenna á vinnumarkaði og það hefur komið niður á ýmsum þjónustustörfum, m.a. heimahjúkrun og dagvistarheimilum á höfuðborgarsvæðinu. En það er alveg rétt að Sóltún er með sérstakan samning. En sá samningur er um húsnæðiskostnað. Þeir byggðu húsnæðið sem þeir eru með í Sóltúni algerlega og fá þann kostnað uppiborinn í daggjöldunum, það er munurinn á þeim samningi og öðrum. Hjúkrunarþyngd á einnig að vera mjög mikil þar og við höfum sérstök mælitæki á það sem er RAI-matið.

Spenna á vinnumarkaði skapar auðvitað vandkvæði í heimahjúkrun og heimaþjónustu eins og öðrum greinum. Við höfum verið að bæta verulegum fjármunum inn í heimahjúkrunina á undanförnum árum, samkvæmt þeim samningi sem við gerðum við Samtök aldraðra á sínum tíma. Og í samþættingunni við þjónustu Reykjavíkurborgar felast miklir möguleikar sem ég lít með bjartsýni til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýtt tækifæri til náms, fyrri umr.

Þáltill. EMS o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.

[18:19]

Flm. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um nýtt tækifæri til náms. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Mörður Árnason og Össur Skarphéðinsson. Tillögutextinn er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi áætlun um átak í menntun þeirra sem ekki hafa lokið námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmiðið er að hækka menntunarstig þjóðarinnar og skapa nýtt tækifæri til náms og auðvelda fólki að taka aftur upp þráðinn í náminu þar sem frá var horfið. Við undirbúning og framkvæmd verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, samtök sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, Atvinnuleysistryggingasjóð og menntastofnanir. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2006."

Herra forseti. Þessi þingsályktunartillaga hefur verið lögð áður fram á Alþingi, bæði á 128., 130. og 131. löggjafarþingi. Nýtt tækifæri til náms fyrir þá sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsskólanámi er eitt brýnasta verkefni í menntamálum samtímans. Samfélaginu ber skylda til að skapa þeim nýtt tækifæri sem horfið hafa frá námi, t.d. vegna takmarkaðrar þjónustu menntakerfisins eða persónulegra erfiðleika. Þekkingu á ýmsum námserfiðleikum hefur fleygt fram og nú er t.d. hægt að greina bæði lestrar- og stærðfræðierfiðleika með viðeigandi greiningartækjum.

Margir hurfu frá námi af félagslegum ástæðum og þurfa nú aðeins hvatningu, upplýsingar eða ráðgjöf til að hefja nám á ný. Með sérstöku átaki innan menntakerfisins opnast þessum hópi, sem má áætla að í séu um 40 þús. manns, ný leið til menntunar.

Nýtt tækifæri til náms á að byggjast á aðgengilegu grunn-, framhalds- eða starfsnámi auk sérstakra námstilboða fyrir þá sem vilja bæta við fyrri menntun eða hasla sér völl á nýjum sviðum. Þannig má jafna tækifæri til náms, stuðla markvisst að því að allir nýti tækifæri sín og virkja þann auð sem hvað mestu skiptir, þ.e. mannauðinn.

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofunnar síðustu ár eru um 30% þeirra sem eru á vinnumarkaði með grunnskólapróf eða minni menntun. Þetta er markhópur umrædds átaks og er því um 40 þús. manns. Hluti þessa hóps er hinn svokallaði brottfallshópur framhaldsskólans sem talinn er vera allt að 33% af árgangi. Það bendir til þess að þörf sé á nýju tækifæri til náms, auk hins formlega framhaldsskólanáms. Þá er þessi hópur hlutfallslega stærstur meðal atvinnulausra og fellur fyrst út af vinnumarkaði þegar að þrengir.

Átak um nýtt tækifæri til náms hefur einnig mikið gildi litið til framtíðar því að rannsóknir sýna tengsl milli háskólanáms og menntunar foreldra, samanber t.d. sænska rannsókn sem sýnir að 9% barna verkafólks sækja háskóla en um 85% barna háskólamenntaðra. Stéttaskipting framtíðarinnar gæti markast af því hverjir hefðu aðgang og tækifæri til menntunar og hverjir ekki og tekur verkefni sem hér er gerð tillaga um mið af þessu. Annað markmið tillögunnar er að koma í veg fyrir að til verði tvær þjóðir í landinu, þ.e. sú sem hefur tækifæri til þess að afla sér þekkingar og hin sem ekki fær tækifæri til þekkingaröflunar.

Mikil áhersla hefur verið lögð á sí- og endurmenntun undanfarin ár og margt gott verið gert í þeim efnum. Líkt og víða erlendis hefur það hins vegar komið í ljós hérlendis að sá hópur sem minnsta menntun hefur nýtir sér slík námstækifæri síður en aðrir. Er það mat flutningsmanna að ríkisvaldið, atvinnulífið, sveitarfélög og samtök launafólks þurfi að taka höndum saman um átak í þessum tilgangi. Er það sjálfsögð skylda samfélagsins að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms.

Skýringar á því hvers vegna þeir sem hafa styttri skólagöngu nýta sér síður tækifæri til sí- og endurmenntunar geta verið margar. En þessar eru taldar helstar: Í fyrsta lagi slæm reynsla og neikvæðar minningar frá fyrri skólagöngu. Í öðru lagi langur tími liðinn frá því að nám var stundað. Í þriðja lagi lítil námshvatning úr umhverfinu. Í fjórða lagi lág laun og minni skilningur á gildi náms og í fimmta lagi fá tækifæri til náms.

Margar nágrannaþjóðir okkar hafa skipulagt sams konar átak til að hækka menntunarstigið. Má þar nefna Svía, Dani, Norðmenn, Finna og Skota sem hafa skipulagt sérstakt átak til að gefa þeim sem stysta skólagöngu hafa nýtt námstækifæri. Átakið byggist á þeim grunni að örar tæknibreytingar og alþjóðavæðing gerir kröfu um aukna hæfni. Hugmyndafræðin er m.a. byggð á því að mannauðurinn sé mikilvægasta auðlindin og hana megi ekki vannýta. Auka megi hæfni þjóðarinnar með því að leggja áherslu á nám fyrir þann hóp sem hefur stysta skólagöngu, tryggja jafnan rétt allra til náms og sí- og endurmenntun auki hæfni einstaklinga í atvinnulífinu til að mæta sem best kröfum morgundagsins.

Mikilvægt er að tekið verði fullt tillit til þeirrar reynslu sem einstaklingar hafa aflað sér utan hins hefðbundna skólakerfis og hún verði metin sem hluti af námi. Efla þarf formlegt matskerfi sem mælir hæfni einstaklings umfram formlega skólamenntun, slíkt er bæði hvatning til að bæta við þekkingu og til að nýta sér ný námstækifæri. Byggð verði upp ráðgjöf sem sniðin er að þörfum þeirra sem ekki hafa lokið formlegri menntun til að meta og aðstoða við skipulagningu námsins. Venjan er sú að meta menntun út frá formlegu námi, en á tímum símenntunar, þegar þekkingar er aflað eftir ýmsum leiðum, bæði formlega og óformlega, er afar brýnt að slík þekking verði metin á viðeigandi hátt.

Átakinu má skipta eftir hópum, t.d. þeir sem hafa lokið grunnskólanámi, þeir sem lokið hafa grunnskólanámi en þurfa styrkingar og upprifjunar við og þeir sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og eru án grunnmenntunar. Mikilvægt er að allir eigi kost á raunverulegri náms- og starfsráðgjöf, en nú er nánast ekkert slíkt fyrir hendi. Í ráðgjöfinni fælist hvatning og stuðningur til náms og mat á þörfum fólks. Enn fremur þarf að veita upplýsingar um námsframboð og leiðbeiningar um vinnubrögð í námi.

Til að átak sem þetta heppnist er nauðsynlegt að tryggja eins konar þjóðarsátt milli stjórnvalda, samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingar um hækkun menntunarstigs þjóðarinnar. Í því felst að skipta þarf kostnaði milli aðila þar sem allt samfélagið mun hagnast til lengri tíma litið. Í raun er fórnarkostnaður lítill þar sem átakið mun skila hagnaði til allra. Átakið þarf að taka mið af þörfum þeirra sem minnsta menntun hafa og skapa þeim jafnframt aðgengileg tækifæri til náms. Þarfir einstaklingsins þurfa að hafa forgang, námstilboðin þurfa að vera opnari og sveigjanlegri en þau sem boðið hefur verið upp á hingað til og fjölbreytni þarf að vera sem mest. Tengja þarf saman nám og vinnustaði, meta þá reynslu sem fæst með vinnu og auka tengsl fræðslustofnana og atvinnulífs. Þá þarf átakið að tryggja að einstaklingarnir hverfi ekki af vinnumarkaði þótt þeir afli sér viðbótarmenntunar.

Með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var stigið mikilvægt skref í sömu átt og markmið tillögunnar. Mikilvægt er að sú reynsla sem þar hefur fengist nýtist sem best en ljóst er að þjónustusamningur menntamálaráðuneytisins við Fræðslumiðstöðina dugar ekki til að ná þeim árangri sem nauðsynlegur er fyrir markhóp tillögunnar. Við endurskoðun þjónustusamningsins er nauðsynlegt að fyrir liggi áætlun um það átak sem tillagan fjallar um, svo taka megi tillit til þess í nýjum þjónustusamningi en samningurinn rennur út í árslok 2006.

Herra forseti. Í skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Eflingu, Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Starfsmenntaráð um menntareikninga koma fram ýmsar upplýsingar og rökstuðningur sem tengjast þessari tillögu til þingsályktunar. Í upphafskafla skýrslunnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Almennt er talið að menntun auki hagvöxt og framleiðni og bæti lífskjör fólks, enda er eitt helsta hlutverk rík-

isins að tryggja jafnrétti til náms. Kröfur um menntun og starfsþekkingu hafa enn fremur vaxið á síðustu árum í atvinnulífinu og tekjubilið milli faglærðra og ófaglærðra breikkað. Þessa þróun má að einhverju leyti rekja til aukinna tækniframfara og alþjóðaviðskipta en hennar gætir um allan hinn vestræna heim. Íslendingar standa að sumu leyti vel í samanburði við aðrar þjóðir hvað menntun áhrærir, einkum hvað varðar fjölda háskólamenntaðs fólks. Hins vegar er ekki sömu sögu að segja um lægri skólastig, en vegna mikils brottfalls úr framhaldsskólum er framhaldsskólamenntun ekki jafn almenn hérlendis og meðal annarra vestrænna ríkja."

Á mynd 1, sem fylgir hér í greinargerðinni, má sjá að hlutfall þeirra sem lokið hafa framhaldsskólanámi á Íslandi er mun lægra en annars staðar á Norðurlöndunum. Miðað við þær upplýsingar sem hér koma fram, sem eru um þá sem lokið hafa framhaldsskólanámi á aldrinum 25–31 árs á Norðurlöndunum, þá kemur í ljós að hlutfall okkar Íslendinga er aðeins 61% meðan að í Danmörku er það 86%, í Finnlandi 87%, Svíþjóð 91% og í Noregi 93%. Hér er sem sagt um verulegan mun að ræða. En áfram segir í skýrslu Hagfræðistofnunar, með leyfi forseta:

„Þetta hlýtur að teljast áhyggjuefni fyrir íslenskt samfélag þar sem möguleikar og hæfileikar margra einstaklinga eru ekki nýttir sem skyldi vegna skorts á menntun og fagþjálfun. Af þeim sökum má færa rök fyrir því að nauðsyn sé á nýjum úrræðum í menntamálum sem ná til þeirra sem hafa hætt námi eftir grunnskóla en vildu gjarnan bæta við sig þekkingu. Í þessari skýrslu er stungið upp á sérstökum sparnaðarreikningum — svokölluðum menntareikningum — sem nýrri leið að þessu markmiði. Grunnhugmyndin um menntareikninga byggist á því að tekið er fast hlutfall af launum hvers starfsmanns sem er síðan ávaxtað í séreignasjóði með skattfríðindum þar til viðkomandi launþegi ákveður að nýta sér innstæðuna til að sækja sér menntun eða þjálfun. Til viðbótar gæti komið framlag atvinnurekenda sem væri þá einnig fast hlutfall af launum starfsmanns. Ef launþegi hefur ekki nýtt sparnaðinn þegar hann fer af vinnumarkaði getur hann nýtt hann sem lífeyrissparnað. Þetta fyrirkomulag er ekki ólíkt fyrirkomulagi viðbótarlífeyrissjóða hér á Íslandi þó þar sé um mun hærri upphæðir að ræða. Hægt væri að byggja reikningana á því söfnunarkerfi sem nú þegar er til staðar, en það hefur reynst vel og hafa aðilar á vinnumarkaði fengið traust á því.

Þegar kemur að menntun er lykilatriði að þeir einstaklingar sem ljúka menntun, hvort sem hún er starfstengd eða ekki, hljóti einhverja staðfestingu á áunninni færni. Þar kemur fram nauðsyn þess að samræma skráningu menntunar hjá stofnunum sem bjóða upp á menntun og starfsþjálfun þannig að atvinnurekendur og aðrir geti gengið að því vísu hvaða menntun einstaklingur hefur að loknu námskeiði. Norðmenn hafa verið í fararbroddi hvað varðar sameiginlegt skráningarkerfi, svokallað raunfærni kerfi, þar sem frammistaða einstaklinga í námi og þjálfun og færni í vinnu er metin að verðleikum. Markmiðið er að setja upp kerfi sem skráir og metur hæfni, getu, reynslu og þekkingu einstaklinga sem hægt er að nýta á vinnumarkaði og í skólakerfinu. Raunfærni tekur til allrar menntunar og skipulags náms, sjálfsnáms og þekkingar sem aflað er í vinnu, félagsstörfum, námskeiðum og með almennri þátttöku í samfélaginu. Kerfinu er ætlað að vega upp á móti síbreytilegum þörfum vinnumarkaðarins og auka samkeppnishæfni fyrirtækja. Íslendingar standa höllum fæti hvað varðar menntun á framhaldsskólastigi. Í stað þess að halda uppi ósveigjanlegum reglum skólakerfisins væri hægt að koma til móts við þá sem vilja mennta sig frekar. Ljóst er að aðilar á vinnumarkaði eru í fararbroddi þegar kemur að símenntun og ýmiss konar fullorðinsfræðslu á Íslandi, þar sem félagsmönnum er þá boðið upp á möguleika til að bæta við sig þekkingu og auka hæfni í gegnum hina ýmsu starfsmennta- og fræðslusjóði. Stigið hefur verið skref í þá átt að þróa heilsteypt kerfi símenntunar á Íslandi með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í desember 2002 sem er samstarfsverkefni ASÍ og SA, en eitt af markmiðum hennar er að vinna skipulega að því að meta og votta óformlegt nám og starfsþjálfun í samstarfi við fræðsluaðila og atvinnulífið.

...

Menntareikningum er ætlað að efla símenntun og byggja á því samstarfi sem nú þegar er milli aðila á vinnumarkaði og fræðsluaðila og þannig sporna gegn aukinni misskiptingu menntunar í landinu. Vorið 1998 gerði Félagsvísindastofnun könnun á símenntun á Íslandi miðað við síðastliðna 12 mánuði, en þar kom í ljós að um helmingur þeirra sem svöruðu hafði hlotið fræðslu eða menntun utan skólakerfisins á umræddu tímabili, um 34% sóttu starfstengd námskeið og um 20% tómstundanámskeið. Í könnun um símenntun, sem IBM gerði fyrir menntamálaráðuneytið í febrúar 2003, kom fram að um 49,3% aðspurðra höfðu stundað eitthvert nám á síðustu 12 mánuðum sem er svipað hlutfall og var árið 1998. Niðurstöður Félagsvísindastofnunar sýndu fram á að einkenni þeirra sem sóttu ekki símenntun voru, að vera eldri en 45 ára, hafa stutta skólagöngu að baki og vinna sérhæfð störf. Það kom fram að þeir sem hafa stutta skólagöngu að baki og gætu haft mestan ábata af símenntun sækja hana þó aðeins í litlum mæli. Sá hópur ætti hins vegar að vera eins konar forgangshópur hvað varðar símenntun á Íslandi ef hún á að einhverju leyti að koma til móts við þá sem hafa ekki sótt framhaldsskólanám."

Herra forseti. Í þessari greinargerð eru sterk rök fyrir þeirri þingsályktunartillögu sem hér hefur verið mælt fyrir og ég vil mælast til þess, herra forseti, að að lokinni umræðu verði tillagan send til menntamálanefndar.

[18:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eingöngu koma hér upp til þess að lýsa yfir ánægju minni með þá tillögu sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson mælti fyrir. Ég tel hér hreyft ákaflega góðu og þörfu máli og lýsi yfir stuðningi mínum við að það fái brautargengi. Ég tel að það muni koma fólki á vinnumarkaði mjög vel á næstu árum ef þetta gæti gengið eftir. Ég vonast til að málið fái jákvæða meðferð í nefnd og komi hér aftur inn í þing eins og önnur góð mál sem verið er að leggja fram í þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisútvarpið, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 8. mál (stjórn, afnotagjöld). — Þskj. 8.

[18:34]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið. Frumvarpið flyt ég ásamt öðrum þingmönnum í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænu framboði, hv. þingmönnum Jóni Bjarnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Hlyni Hallssyni. Þetta frumvarp var lagt fram á 131. löggjafarþingi á sama tíma og stjórnarfrumvarp um Ríkisútvarpið en var aldrei tekið til umræðu. Við fundum að því á þeim tíma að svo var ekki gert. Hefði þótt eðlilegt að öll þingmál, sem voru fleiri en þessi tvö sem fram komu um Ríkisútvarpið, hefðu farið til umsagnar á sama tíma þannig að umsagnaraðilar gætu vegið og metið kosti og galla.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Ríkisútvarpið sem hafa þann tilgang að renna styrkari stoðum undir rekstur þess og efla lýðræðislega stjórn þess með beinni þátttöku starfsmanna og kjörinna fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi í yfirstjórn þess. Með breyttri stjórnsýslu eins og hér er lögð til kæmu einnig fleiri aðilar að stjórn Ríkisútvarpsins eins og ég mun gera grein fyrir. Þessi breytta stjórnsýsla mun hafa það í för með sér að flokkspólitísk stjórn að stofnuninni verður rofin, fulltrúar Alþingis koma að stjórninni en þeir ráða ekki í krafti meirihlutavalds sem endurspeglar ríkisstjórn eins og nú er.

Flutningsmenn telja að Ríkisútvarpið hafi miklum lýðræðislegum og menningarlegum skyldum að gegna, auk þess sem það er öryggistæki fyrir alla landsmenn. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins og að það hafi góðar tekjur svo það rísi undir skyldum sínum. Stöðugur og traustur rekstur þess er kjölfesta í lýðræðislegri umræðu í þjóðfélaginu og tryggir hlutlæga umfjöllun og þátttöku landsmanna í landsmálum. Ég held að í ljósi þess sem er að gerast á fjölmiðlamarkaði hafi margir meiri skilning á þessu en oft áður.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórnsýslu og stjórnarformi Ríkisútvarpsins sem fela í sér að dagskrárráð og framkvæmdastjórn skipi veigamikinn sess í rekstri þess. Frumvarpið byggist á núgildandi ákvæðum um hlutverk Ríkisútvarpsins en í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skerpt verði á skyldum Ríkisútvarpsins til að sinna innlendri dagskrárgerð.

Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til ný skipan og hlutverk framkvæmdastjórnar. Lagt er til að framkvæmdastjórn beri ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins og í þeirri grein er samsetning hennar og valdsvið skilgreint. Í framkvæmdastjórn eiga samkvæmt frumvarpinu að sitja útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar allra deilda Ríkisútvarpsins og jafnmargir fulltrúar kjörnir af starfsmönnum, einn frá hverri deild, og fulltrúi dagskrárráðs, en hann hafi málfrelsi og tillögurétt. Útvarpsstjóri er samkvæmt frumvarpinu formaður framkvæmdastjórnar og er framkvæmdastjóri fjármáladeildar varamaður hans.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á almennum rekstri, mannaráðningum, samræmingu á starfi deilda og annarri stjórn Ríkisútvarpsins. Sem áður segir er lagt til að fulltrúi dagskrárráðs eigi sæti í framkvæmdastjórn með málfrelsi og tillögurétt til að styrkja tengsl innan stofnunarinnar. Flutningsmenn telja rétt að áhrif starfsmanna í stjórn stofnunarinnar verði efld til að stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum, fagmennsku og samábyrgð.

Í 4. gr. er gerð tillaga um að útvarpsstjóri verði skipaður af ráðherra en samkvæmt tillögu dagskrárráðs. Verði frumvarpið að lögum verður tillaga dagskrárráðs bindandi en þannig er lýðræðisleg skipun tryggð betur en nú. Hlutverk dagskrárráðs um mannaráðningar verður því aðeins að gera tillögu um útvarpsstjóra. Að öðru leyti yrðu mannaráðningar í höndum framkvæmdastjórnar, eða ábyrgðin hvíldi þar. Útvarpsstjórinn annast að forminu til mannaráðningar, en að sjálfsögðu yrði það í reynd þannig að einstaka deildir sæju um slíkt.

Samkvæmt frumvarpinu tekur dagskrárráð yfir flest störf útvarpsráðs. Lagt er til að ráðið verði skipað fulltrúum þingflokkanna, sveitarfélaga, Neytendasamtakanna og Bandalags íslenskra listamanna, auk þess sem útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar hljóðvarps og sjónvarps og fulltrúi starfsmanna eigi sæti í ráðinu. Dagskrárráð verði ekki umsagnaraðili um mannaráðningar eða skipan mála innan stofnunarinnar eins og útvarpsráð er samkvæmt gildandi lögum, ef frá er talin skipun útvarpsstjóra. Höfuðhlutverk þess verði að fjalla um útsenda dagskrá og er brýnt að þannig verði um hnútana búið að gagnrýni og fyrirspurnir fái skriflega afgreiðslu frá stofnuninni. Ráðið á að endurspegla ólík sjónarmið í þjóðfélaginu en ekki valdahlutföll, auk þess sem aðild starfsmanna stuðlar að tengslum við innra starf stofnunarinnar. Við skipun í ráðið skal þess gætt að bæði byggðasjónarmið og kynjasjónarmið séu höfð til hliðsjónar.

Ákvæði gildandi laga um framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins í 5. mgr. 9. gr. fellur brott með vísan til 3. gr. frumvarpsins. Þá er einnig gerð tillaga um breytingu á 6. mgr. 9. gr. laganna sem fjallar um mannaráðningar að teknu tilliti til efnisákvæða frumvarpsins í samræmi við það sem hér hefur verið rakið.

Þá er í frumvarpinu lagt til að sérstök lög verði sett um afnotagjöld Ríkisútvarpsins þar sem kveðið verði nánar á um gjaldið, stofn þess og innheimtu. Hingað til hafa gjöldin alltaf verið miðuð við skráð viðtæki með þeirri undantekningu að ekki er innheimt nema eitt gjald á hverju heimili þar sem viðtæki er skráð.

Hins vegar er lögð til sú grundvallarbreyting frá gildandi lögum að stofn afnotagjalds verði íbúðir og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á. Með þessu er afnotagjaldinu fundinn nýr farvegur sem tryggir jafnræði milli notenda og Ríkisútvarpinu eðlilegar tekjur af afnotagjaldi. Því er lagt til að gjaldið verði framvegis miðað við fjölda íbúða í landinu og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á. Því er slegið föstu að hverri íbúð fylgi réttur til að nýta þá þjónustu sem Ríkisútvarpið veitir landsmönnum. Fyrir þann rétt sé síðan greitt afnotagjald eftir nánari reglum sem settar verða í sérlögum.

Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni umræðu vísað til umfjöllunar í menntamálanefnd.

[18:43]

Mörður Árnason:

Forseti. Nokkur orð um frumvarpið fyrst og fremst til að fagna því að það skuli vera fram komið og tekið hér til umræðu. Það kom fram í fyrra og náði þá ekki að komast í umræðu. Það gerði heldur ekki þingsályktunartillaga okkar samfylkingarmanna þar sem ég var 1. flutningsmaður. En Frjálslyndi flokkurinn hafði verið svo kænn að leggja fram sitt þingmál í upphafi þings þannig að við náðum nokkurri umræðu um það þá, að ég held í fjórða eða fimmta skipti, en það dregur ekki úr því að það var ágæt umræða og hefði þurft að halda áfram út veturinn eins og hún var þá. Við höfum ekki endurflutt þingsályktunartillögu okkar á þessu þingi. Ef til vill er full ástæða til þess vegna þess að hún var ekki rædd í fyrra, komst þar með ekki í nefnd frekar en frumvarp hv. þm. Ögmundar Jónassonar og félaga, fékk þess vegna engar umsagnir af faglegum vettvangi og vettvangi almennings, neytenda og eigenda Ríkisútvarpsins. Við vorum reyndar með tvö mál í viðbót, fjölmiðlamál, á þinginu þar áður, um vernd heimildarmanna og um gagnsæi og ritstjórnarfrelsi. Kannski ætti að endurlífga þetta allt saman snöggvast til þess að menn hafi nógu úr að moða þegar hér koma inn þau frumvörp sem boðuð hafa verið af hálfu ríkisstjórnarinnar, nefnilega frumvarp um fjölmiðla annars vegar og hins vegar frumvarp um Ríkisútvarpið. Þau eru ekki komin enn.

Mér þótti athyglisvert að skoða þingsályktunartillögu okkar samfylkingarmanna frá í fyrra. Þar var gert ráð fyrir að vel skipuð nefnd fjallaði um málefni Ríkisútvarpsins, samfara þeirri umfjöllun sem maður hélt að menntamálaráðherra ætlaði að beita sér fyrir um fjölmiðla almennt, til að koma saman nýju frumvarpi eftir fjölmiðlanefndina síðari. Þetta hefði getað orðið samfelld vinna okkar stjórnmálamanna, fagmanna og annarra fulltrúa af þeim vettvangi í vor og í sumar. En niðurstaðan er sú að ekkert varð af þeirri vinnu og bæði þessi mál, fjölmiðlamálið og ríkisútvarpsmálið, kaus ríkisstjórnin að loka inni í menntamálaráðuneytinu þar sem ekki hefur sést til þeirra enn og aðeins borist af þeim óljósar fréttir.

Síðast heyrðist reyndar að Evrópa stæði gegn því frumvarpi sem flutt var í fyrra og heimtaði persónulega að rekstrarforminu yrði breytt frá sameignarfélagi í hlutafélag. Þrátt fyrir að það væri sagt í fréttum hafa ekki enn komið fram gögn frá viðkomandi Evrópuapparati sem áttu að benda til þessa. Það er auðvitað löngu kominn tími til að þau komi fram nú þegar þingið er komið saman. Það er rétt að nota tækifærið og kalla eftir því á allra næstu dögum ef ráðherra leggur það ekki sjálfur fram í þinginu.

Það er best að segja strax að ég hef efasemdir um að við þurfum af evrópskum ástæðum að velja eitthvert rekstrarform öðru fremur á Ríkisútvarpið án þess að ég neiti því með öllu. Það að ráðherra skuli ekki leggja fram þá pappíra, þær ábendingar og bréf sem hafa farið á milli, bendir til að fréttirnar af þessu máli séu ofsagðar. Það kann vel að vera að milli stjórnarflokkanna hafi þessar fréttir gegnt einhverju hlutverki, í samspili flokkanna, en staðreyndin er sú að ekkert frumvarp er komið fram af hálfu menntamálaráðherra og virðist ekki vera von á því á næstunni.

Ég ætla ekki að fjalla í smáatriðum um einstök atriði frumvarps hv. þm. Ögmundar Jónassonar og félaga hans. Ég vil bara segja að þegar slík frumvörp og tillögur koma fram þarf að bera þau við nokkur grunnatriði sem ég og minn flokkur, og að ég held að ýmsu leyti flokkur hv. þm. Ögmundar Jónassonar, teljum að öll skipan ríkisútvarpsmála verði að fara eftir.

Í fyrsta lagi skal Ríkisútvarpið vera raunverulegt almannaútvarp. Þá spyrja menn: Hvað er það? Sú skilgreining er til í evrópskum plöggum sem við eigum aðild að. Hún er önnur en þær skilgreiningar sem taldar voru upp og hlaðið var saman í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra frá í fyrra. Í ákaflega stuttu máli er almannaútvarp útvarp sem tengir saman þjóðina, sem hugar að menningarlegri og félagslegri samstöðu meðal þjóðarinnar og á því menningarsvæði sem þjóðin er hluti af. Það er vettvangur almennrar umræðu og leggur áherslu á innlenda dagskrárgerð.

Til þess að vera burðugt almannaútvarp þarf í öðru lagi að tryggja Ríkisútvarpinu sjálfstæði, bæði pólitískt og viðskiptalegt sjálfstæði. Hér kemur við sögu skipulag Ríkisútvarpsins og starfshættir þess. Galli hefur verið á Ríkisútvarpi okkar frá því það var stofnað að það hefur verið undir pólitískri stjórn sem hefur orðið æ bagalegri síðari ár. Það er líka galli að sú pólitíska stjórn sem blasað hefur við Ríkisútvarpinu á síðustu áratugum hefur þrýst því til hörkulegrar samkeppni við aðrar stöðvar á fjölmiðlavettvangi. Viðskiptasjónarmið ráða því orðið allt of miklu um rekstur Ríkisútvarpsins og koma í veg fyrir að það geti sinnt hlutverki sínu sem almannaútvarp. Þetta merkir að mínu viti að viðskiptalegt sjálfstæði þýðir að Ríkisútvarpið verður að vera sem óháðast tekjum af auglýsingum og kostun án þess að útiloka þar með slíkar tekjur í eitt skipti fyrir öll.

Ég tók eftir því, skrifaði reyndar um það grein sérstaka, að nýr útvarpsstjóri, Páll Magnússon, er sammála mér um þetta og reyndar ýmislegt fleira sem varðar Ríkisútvarpið. Þess vegna lítur maður með nokkurri tilhlökkun til framtíðarinnar í þeim efnum.

Í þriðja lagi þarf ríkisútvarp sem almannaútvarp að vera öflugt, annars er það til lítils. Útvarp sem ætlar sér með auman fjárhag að gera einungis það sem aðrar stöðvar sinna ekki er ekki ríkisútvarp með neitt gildi. Það hefur engin áhrif og í raun gustuk að láta það lifa. Til að reka það þarf tryggan fjárhag, tekjustofna sem eru jafnir frá ári til árs og stöðugir. Það er svo með tekjustofna Ríkisútvarpsins að enginn kostur er þar sérlega góður og kannski allir vondir en þó misvondir. Menn þurfa að vera praktískir í því sem þeir velja í þeim efnum. Auðvitað þarf að gæta þess að tekjurnar séu jafnar og hæfi rekstri Ríkisútvarpsins og hins, að tekjuleiðin sé þannig að sjálfstæði útvarpsins skerðist ekki.

Þetta eru í grunninn þeir þrír mælikvarðar sem þarf að bera við allar tillögur og hugmyndir um framtíð Ríkisútvarpsins. Ég tel, fljótt á litið, að frumvarp hv. þm. Ögmundar Jónassonar og félaga hans uppfylli ýmsar þær kröfur sem þessir mælikvarðar setja. Ég hef efasemdir um aðrar. Ég hef t.d. nokkrar efasemdir um að gert sé ráð fyrir framhaldi á pólitískum fulltrúum við stjórnvöl í Ríkisútvarpinu. En með tímanum hef ég orðið skotnari í þessu tvíveldi sem frumvarpið gerir ráð fyrir og Frjálslyndi flokkurinn hefur líka verið með, með öðrum hætti. Sama má jafnvel segja um Kvennalistann til að byrja með, í upphafi níunda áratug-

arins. Þar er annars vegar framkvæmdastjórn sem sér um daglegan rekstur, ég tel að í henni eigi fyrst og fremst að vera fagmenn. Hún styðji sig við stefnumótun og stórákvarðanir sem teknar eru af stærra ráði þar sem sætu fulltrúar almennings eða eigenda. Síðan geta menn haft ýmsar uppskriftir að því hvernig á að raða í það ráð.

Önnur athugasemd mín um frumvarp hv. þm. Ögmundar Jónassonar er sú að ég fagna því að flutningsmenn skuli hafa hugrekki til að nefna húsnæðisgjald sem hugsanlega tekjuleið fyrir útvarpið. Þá leið þyrfti að athuga og í framtíðinni gæti komið til greina að setja hana á. Hún er auðvitað pólitískt viðkvæm og þess vegna ber að fagna því að menn skuli hafa hugrekki til að setja hana fram. Sú leið hefur ýmsa kosti fyrir Ríkisútvarpið en hins vegar þann galla — fyrir utan að öll tenging við húsnæði í fjárheimtu er viðkvæm — að sveiflur á húsnæðismarkaði samsvara ekki endilega sveiflum á fjölmiðlamarkaði. Upp gæti komið sú staða að í tekjulitlum árum á húsnæðismarkaði þyrfti Ríkisútvarpið meira fé til sinnar starfsemi. Þetta er svona svolítil athugasemd sem við ræðum auðvitað síðar. Ég vona að okkur gefist tækifæri til þess.

Að lokum segi ég hið sama og í upphafi, að ég fagna því að flutningsmenn skuli hafa fært hugmyndir sínar í frumvarpsbúning. Ég tel að frumvarpið eigi að skoða með opnum huga og rannsaka ásamt öðrum tillögum í menntamálanefnd og í almennri umræðu um málefni Ríkisútvarpsins og fjölmiðlanna sem við berum vonandi gæfu til að halda uppi í vetur.

[18:55]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð. Ég vil þakka jákvæða og uppbyggilega umræðu af hálfu hv. þm. Marðar Árnasonar. Ég vona að málefni Ríkisútvarpsins fái þá umræðu sem þessari merku stofnun ber. Ef hún yrði í þessum anda þá væri vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–9. mál.

Fundi slitið kl. 18:56.

7. FUNDUR

miðvikudaginn 12. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til félagsmálaráðherra:

1. Starfsumhverfi dagmæðra, fsp. JóhS, 96. mál, þskj. 96.

2. Húsnæðismál geðfatlaðra, fsp. JóhS, 145. mál, þskj. 145.

Til fjármálaráðherra:

3. Gegnumlýsingartæki fyrir tollgæsluna, fsp. GHall, 100. mál, þskj. 100.

Til menntamálaráðherra:

4. Einkareknir grunnskólar, fsp. BjörgvS, 115. mál, þskj. 115.

5. Námsefni framleitt af aðilum utan skólakerfisins, fsp. KolH, 123. mál, þskj. 123.

Til umhverfisráðherra:

6. Kjarnorkuvinnslustöðin í Sellafield, fsp. SigurjÞ, 170. mál, þskj. 170.

Til heilbrigðisráðherra:

7. Viðbúnaðaráætlun vegna fuglaflensu, fsp. JóhS, 92. mál, þskj. 92.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):

Um klukkan 15.30 síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um stöðu loðnustofnsins. Málshefjandi er hv. þm. Hjálmar Árnason. Hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:32]

Útbýting:

Atvinnuréttindi útlendinga, 62. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 62.

Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, 139. mál, þáltill. BJJ o.fl., þskj. 139.

Lega þjóðvegar nr. 1, 84. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 84.

Staðbundnir fjölmiðlar, 138. mál, þáltill. DJ o.fl., þskj. 138.

Veiting virkjunarleyfa, 74. mál, þáltill. MÁ o.fl., þskj. 74.

Verðbréfaviðskipti, 77. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 77.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 86. mál, frv. MÞH, þskj. 86.

Starfsumhverfi dagmæðra.

Fsp. JóhS, 96. mál. — Þskj. 96.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Mikilvægt er að fá fram afstöðu hæstv. félagsmálaráðherra til þess hvernig hægt er að bæta starfsumhverfi dagforeldra sem aðallega eru dagmæður en starf þeirra er afar þýðingarmikið til að bæta stöðu ungbarnafjölskyldna. Bættri stöðu dagmæðra fylgir betri þjónusta við ungbarnafjölskyldur en starfi þeirra fylgir mikil ábyrgð og er afar mikilvægt meðan við höfum ekki þjónustu almennra leikskóla fyrir börn eftir að fæðingarorlofi lýkur að fullu og þar til leikskóli tekur við sem yfirleitt er við 18 mánaða aldur.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því, sem er auðvitað nátengt þessari fyrirspurn, hvort hann sé reiðubúinn að taka upp samvinnu við sveitarfélögin um hvernig hið opinbera geti bætt stöðu ungbarnafjölskyldna eftir að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskóli tekur við. Þar er um að ræða einmitt það sem þessi fyrirspurn fjallar um sem er bættur stuðningur við dagmæður og brýnt er auðvitað að stefna að lengra fæðingarorlofi.

Nýverið var starfsumhverfi dagmæðra í skattamálum bætt en frádráttur vegna kostnaðar við daggæslu hefur verið óbreyttur í krónutölu um margra ára skeið og það er fyrst nýlega eftir þrýsting frá dagmæðrum að því hefur verið breytt. Brotalöm í starfsumhverfi dagmæðra sem hart bitnar á fjölda foreldra er m.a. mismunur í niðurgreiðslum hjá sveitarfélögum sem getur verið allt frá 10 þús. kr. fyrir hvert barn og upp í 40 þús. kr. Í Hafnarfirði er niðurgreiðslan t.d. 20 þús. kr. og í Reykjavík 15.500 kr.

Skoðun mín er sú að ákveðið viðmið sé eðlilegt í lögum og reglum til að samræmis sé gætt í niðurgreiðslum hjá einstaka sveitarfélögum og ungbarnafjölskyldum sé ekki mismunað eftir búsetu. Slíka mismunun, sem kemur hart niður á fjölda ungbarnafjölskyldna, á ekki að líða og hlýtur ákveðin jafnræðisregla að þurfa að gilda í því sambandi, t.d. þannig að niðurgreiðslur fari ekki niður fyrir ákveðin sanngirnismörk. Ég spyr ráðherra hvort hann hafi skoðað það mál og hvort von sé á breytingum á reglugerð eða lögum sem bætir stöðu dagmæðra og ungbarnafjölskyldna sem njóta þjónustu þeirra.

Auk samræmingar í niðurgreiðslum spyr ég ráðherra hvort hann telji eðlilegt að mismunur líðist eins og nú er þegar niðurgreiðslur eru mismunandi eftir að barnið nær 18 mánaða aldri eftir því hvort barn er í leikskóla eða hjá dagforeldri. Þannig eykst niðurgreiðsla til foreldra leikskólabarna og eins í einkareknum leikskólum eftir að barnið nær 18 mánaða aldri en niðurgreiðsla eykst að sama skapi ekki til ungbarnafjölskyldna sem hafa börn sín hjá dagmæðrum eftir 18 mánaða aldur. Í kerfinu nú er því mismunur í niðurgreiðslum eftir því hvar þjónustan er veitt og líka í hvaða sveitarfélögum. Ég spyr ráðherra hvort til greina komi að heimila aðeins fjögur börn hjá dagmæðrum í stað fimm án þess að draga úr niðurgreiðslum þannig að það bitni ekki á foreldrum eða dagmæðrum.

[13:36]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hér er spurt hvað félagsmálaráðherra hyggist gera til að bæta starfsumhverfi dagmæðra. Ég vil í upphafi leggja á það ríka áherslu að félagsmálanefnd eða félagsmálaráð í hverju sveitarfélagi ber almenna ábyrgð á velferð barna í sveitarfélaginu og skal sjá til þess að aðbúnaði þeirra sé ekki áfátt, samanber lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Umsjón og eftirlit með starfsemi dagforeldra er því í höndum sveitarfélaganna en félagsmálaráðuneytið hefur eftirlit með því að sveitarfélögin veiti lögboðna þjónustu samkvæmt lögum. Ráðuneytið hefur lagt áherslu á að sinna þessu eftirlitshlutverki sínu, m.a. með því að kanna aðstæður barna hjá dagforeldrum.

Á vegum félagsmálaráðuneytis var í desember 2001 unnin viðamikil könnun á aðstæðum barna hjá dagforeldrum í landinu. Niðurstöður hennar bentu til að nokkuð skorti á að framkvæmd þjónustunnar væri í samræmi við ákvæði reglugerðar um daggæslu í heimahúsum frá árinu 1992. Til að mynda leiddi könnunin í ljós að dagforeldrar höfðu of mörg börn í gæslu og í mörgum tilvikum fengu dagforeldrar leyfi til starfans án þess að hafa uppfyllt öll skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi, svo sem um sakavottorð, skoðun eldvarnaeftirlits og slysatryggingu. Sama ár kannaði félagsmálaráðuneytið afstöðu stærstu sveitarfélaganna til þess að dagforeldrum yrði veitt heimild til að fjölga börnum í gæslu úr fimm í sex börn samtímis. Jafnframt var óskað álits Félags íslenskra leikskólakennara um þetta atriði. Samdóma álit þeirra sem leitað var til var að ekki væri rétt, með hliðsjón af hagsmunum og velferð barna, að breyta reglugerðinni þannig að börnum í gæslu hjá dagforeldrum yrði fjölgað í sex og tek ég undir það sjónarmið. Rökin fyrir þeirri afstöðu eru einkum þau að dagforeldrar bera mikla ábyrgð á líðan barna meðan á dvöl hjá þeim stendur.

Í kjölfar þessa var hafist handa við gerð nýrrar reglugerðar um starfsemi dagforeldra. Drög að henni lágu fyrir fyrra hluta árs 2004 og í júní sama ár var skipaður starfshópur til að fjalla um hana. Ég skipaði formann hópsins en í honum voru jafnframt fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samtökum dagforeldra í Reykjavík og Kópavogi og fulltrúi Kennaraháskóla Íslands. Starfshópurinn hefur nú lokið störfum og ný reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum hefur verið send til birtingar í Stjórnartíðindum og mun öðlast gildi 1. nóvember nk.

Hæstv. forseti. Veigamesta breytingin í drögum að nýrri reglugerð sem var lögð fyrir starfshópinn var tillaga um að fækka hámarksfjölda barna hjá dagforeldrum úr fimm börnum í fjögur. Hugmyndin að baki þessu var sú að sveitarfélögin hækkuðu niðurgreiðslur sínar þannig að dagforeldrar yrðu ekki fyrir 20% tekjuskerðingu. Ekki náðist samkomulag um þetta og var því fallið frá þessari tillögu og er því barnafjöldi hjá dagforeldrum í nýju reglugerðinni, sem mun öðlast gildi 1. nóvember nk., sá sami og hann var í reglugerðinni frá árinu 1992, þ.e. fimm börn.

Helstu nýmæli reglugerðarinnar eru að allt eftirlit og umsjón með starfsemi dagforeldra er eflt til muna með það að markmiði að tryggja öryggi og barnanna sem best. Í nýju reglugerðinni sem unnin var í fullri samvinnu við dagfor-

eldra sem áttu tvo fulltrúa af fimm í starfshópnum er lögð áhersla á ábyrgð sveitarfélagsins varðandi stuðning, eftirlit og fræðslu. Þá er einnig hugað vel að öllu öryggi barnanna. Öll málsmeðferð er jafnframt gerð mun skýrari ef áhyggjur vakna um að aðbúnaður barnanna sé ekki sem skyldi.

Í nýju reglugerðinni er eins og ég gat um mun skýrar kveðið á um ábyrgð og skyldur dagforeldra og þann aðbúnað sem börnum er boðið upp á. Til að mynda skulu húsakynni dagforeldra, lóð, leiktæki og leikföng uppfylla ákvæði reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002. Bæði leikrými og hvíldaraðstaða barna skulu vera í fullnægjandi íbúðarherbergjum. Lögð er rík áhersla á að heimili dagforeldra beri ekki með sér einkenni stofnana.

Að mínu mati er daggæsla barna í heimahúsum mjög viðurkennt dagvistarúrræði fyrir ung börn og ég tel að ef fara á þá leið að styrkja þetta úrræði verði m.a. að efla stuðning, ráðgjöf og fræðslu og auka eftirlit með starfseminni eins og lögð er áhersla á í hinni nýju reglugerð. Vissulega þarf þó að hafa í huga friðhelgi heimila í eftirliti með starfsemi dagforeldra. Einkaheimilin eru starfsvettvangur dagforeldra en það setur starfsemina í nokkra sérstöðu. Taka þarf sérstakt tillit til hennar m.a. þegar eftirlit er annars vegar en það er eins og ég fyrr gat um, hæstv. forseti, í höndum sveitarfélaganna.

Ég hygg að flestir hér í þingsalnum hafi nýtt sér þá þjónustu sem dagmæður hafa boðið upp á í gegnum tíðina. Þær hafa verið mikilvægur hlekkur fyrir okkur og atvinnuþátttöku okkar eða nám. Ég tel að auk þess skýra ramma sem mikilvægt er að sé fyrir hendi á hverjum tíma, bæði fyrir dagforeldra og eftirlitsaðila, þá geti samskipti foreldra og dagforeldra ráðið úrslitum um hvort daggæslan gangi vel. Í fyrrnefndri könnun félagsmálaráðuneytisins frá árinu 2001 kom í ljós að börn dvelja að meðaltali sex klukkustundir á dag hjá dagforeldrum og að um helmingur þeirra er í gæslu allan daginn. Umönnun og uppeldi dagforeldranna skiptir því miklu máli varðandi velferð barns á þessu viðkvæma þroskaskeiði sem fyrstu árin óneitanlega eru.

Hæstv. forseti. Ég tel það ekki í mínum verkahring sem félagsmálaráðherra að fjalla sérstaklega um skattamál þessa hóps. Það er mun fremur á verksviði fjármálaráðherra að fjalla um þau mál en það sem hv. þingmaður nefndi hvað varðar tímabilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til 18 mánaða aldri barns er náð þá tel ég mig geta upplýst að það mál er til sérstakrar umfjöllunar í fjölskyldunefnd þeirri sem forsætisráðherra skipaði á sínum tíma og ég vænti þess að við fáum niðurstöður af þeirri vinnu áður en langt um líður.

[13:41]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Þetta er mikilvæg umræða en ég tel hins vegar að hv. þingmaður sé að ræða við rangan aðila. Dagvistarmál barna eru á ábyrgð sveitarfélaga ekki síst hvað varðar niðurgreiðslu á þjónustu eins og þingmaðurinn spurði sérstaklega um. Hún ætti því að beina orðum sínum og áhrifum til félaga sinna sem mynda t.d. meiri hlutann hér í Reykjavíkurborg.

Í Reykjavík er vandi fjölskyldna með lítil börn einna mestur og ekkert sveitarfélag hefur gengið jafnhart gegn sjálfstæðri starfsemi dagmæðra og Reykjavíkurborg. Það sést best á því að dagforeldrum hefur fækkað úr 210 í 140 eða um þriðjung í Reykjavík á síðustu fimm árum, þar af um 20 í sumar. Það stefnir í enn meiri fækkun og forsvarsmenn dagforeldra telja að ábyrgðin sé fyrst og fremst hjá borgaryfirvöldum. Valkostum fjölskyldnanna hefur verið fækkað og vandi þeirra eykst. Ég skora því á hv. þingmann að taka þetta mál upp við rétta aðila og þá sem raunverulega bera ábyrgð á slæmu starfsumhverfi dagmæðra.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ég tók þetta mál upp við hæstv. félagsmálaráðherra vegna þess að hann getur sett starfsramma í kringum starf dagmæðra og haft áhrif á það m.a. að ekki sé verið að mismuna í niðurgreiðslum milli sveitarfélaga, sem hæstv. ráðherra svaraði ekki. Ég nefni að hæstv. ráðherra setti reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga þar sem sett var viðmið um lágmarksfjárhæð í fjárhagsaðstoð. Hæstv. ráðherra getur því eðlilega sett ákveðið viðmið varðandi niðurgreiðslurnar þannig að ekki sé eins mikill mismunur milli sveitarfélaganna og raun ber vitni að hann geti verið allt að tvö- til þrefaldur og jafnvel fjórfaldur. Ég spyr ráðherra um þetta af því að mikið er kvartað yfir þessu af dagmæðrum og ekki síst af ungbarnafjölskyldum og vegna þess að þarna er verið að brjóta á jafnræði ungbarnafjölskyldna eftir búsetu. Ég tel eðlilegt að ráðherra setji í reglugerð ákveðið viðmið varðandi niðurgreiðslurnar sem ekki sé hægt að fara niður fyrir og tel að fordæmi fyrir því sé hjá fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Síðan finnst mér mjög sérkennilegt að niðurgreiðslurnar séu mismunandi eftir að barn nær 18 mánaða aldri, að þær aukist ef um er að ræða niðurgreiðslu á leikskólum en ekki hjá dagmæðrum að sama skapi. Mér finnst að þarna eigi að vera jafnræði á milli og ég spyr um það líka. Eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni er mjög mikilvægt að dagmæðrakerfið sé styrkt þar sem ekki er fullkomin þjónusta fyrir börn á leikskólaaldri eins og er víða í mörgum sveitarfélögum.

Frú forseti. Ég fann ekki mikil nýmæli í svari ráðherra áðan og hvet til þess að hann svari þeim fyrirspurnum sem ég beindi til hans í máli mínu.

[13:45]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hvað varðar leiðbeiningar til sveitarfélaganna um niðurgreiðslu vegna daggæslu barna í heimahúsum þá er mér ekki kunnugt um að sveitarfélögin hafi leitað til félagsmálaráðuneytisins um að útbúa slíkar leiðbeiningar um niðurgreiðslur vegna dagforeldra frá því að reglugerðin tók gildi árið 1992. Hlutverk félagsmálaráðuneytisins varðandi dagforeldra lýtur fyrst og fremst að aðbúnaði barnanna en ekki fjárhagslegum hliðum daggæslunnar og það verður að hafa í huga að sömu ákvæði gilda ekki um dagforeldra og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Um skyldur sveitarfélaganna til þess að veita fjárhagsaðstoð gilda almenn ákvæði laga um félagsþjónustu. Í þeim lögum er ekki kveðið á um skyldur sveitarfélaga til að veita þjónustu dagforeldra. Skyldur sveitarfélaganna lúta að leyfis-

veitingum samkvæmt lögunum og aðbúnaði barnanna sem og umsjón og eftirliti með starfsemi dagforeldra samkvæmt reglugerð.

Hæstv. forseti. Ég er hins vegar alveg tilbúinn til að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að útbúa slíkar leiðbeiningar um niðurgreiðslu ef sveitarfélögin leita eftir því. Það sama kæmi þá til með að gilda um það sem nefnt var hér á undan um leiðbeiningar um fjárhagsaðstoð. Þær eru einungis lagðar fram sem hjálpartæki fyrir sveitarstjórnirnar sem hafa þær til hliðsjónar ef þær kjósa.

Ég vil hins vegar, hæstv. forseti, hnykkja sérstaklega á því sem ég fjallaði um í fyrra svari mínu, þ.e. nýja reglugerð um starfsemi dagforeldra og aðbúnað barna sem ég tel að sé mikil bót fyrir börnin og foreldra þeirra og dagmæður sömuleiðis enda er full sátt um hana í þeim hópi sem um hana fjallaði og dagforeldrar áttu ríkan þátt í.

Umræðu lokið.

Húsnæðismál geðfatlaðra.

Fsp. JóhS, 145. mál. — Þskj. 145.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Nýlega kom fram að stór hópur geðfatlaðra, á að giska 100 einstaklingar, búa ekki í húsnæði við hæfi. Nefnt var að ástæða þess væri að félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti komi sér ekki saman um hver eigi að greiða fyrir þjónustu geðfatlaðra. Afleiðing þess er að fjöldi geðfatlaðra einstaklinga fær ekki úrlausn sinna mála og verður bitbein þessa ágreinings með þeim afleiðingum að þurfa að búa hjá ættingjum eða á gistiheimilum. Afleiðing þessa ástands er líka það að hópur geðfatlaðra einstaklinga festist inni á sjúkrahúsi vegna þessa. Margir úr hópi geðfatlaðra flakka úr einum stað í annan vegna þessa sem kallar á mikið rótleysi og því þurfi geðfatlaðir að leita tíðar en ella á geðdeildir.

Í dagblaði nýverið kom fram að máli sama einstaklings sé vísað milli stofnana sem heyra undir sitt hvort þessara tveggja ráðuneyta og hliðstætt eigi sér stað milli félagsþjónustu sveitarfélaga og svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Það er óþolandi, frú forseti, að geðfatlaðir þurfi að líða fyrir skörun á milli stofnana eða ráðuneyta sem bitnar síðan harkalega á þeim eða fjölskyldum þeirra. Það er líka vissulega mikið áhyggjuefni hve skortir mikið á alla eftirfylgni og þjónustu við geðfatlaða bæði á félags- og heilbrigðissviði eftir að meðferð t.d. á geðsviði Landspítalans lýkur.

Það fjármagn sem nú á að verja til að bæta þjónustu við geðfatlaða er vissulega mikið fagnaðarefni og mikilvægt er að því verði ráðstafað í fullu samráði við Geðhjálp, geðsvið Landspítalans og svæðisskrifstofur og að tekið verði mið af því þjónustumati sem gert var af félagsráðgjöfum á geðsviði Landspítalans varðandi þá 100 einstaklinga sem nú þurfa húsnæði, eftirfylgni og þjónustu eftir að meðferð lýkur. Ég spyr hæstv. ráðherra hvernig haldið verði á úthlutun þessa fjármagns og hvernig þeir aðilar sem ég nefndi muni koma að þeirri úthlutun og hvernig Alþingi muni koma að ráðstöfun þessara fjármuna.

Þrátt fyrir að þetta fjármagn liggi fyrir, sem ég fagna mjög eins og aðrir, liggja þó ekki enn fyrir skýr skil um hvernig kostnaðarskipting milli ráðuneyta heilbrigðis- og félagsmála eigi að vera þannig að deilur milli ráðuneytanna um það bitni ekki á geðfötluðum og aðstandendum þeirra eins og ég hef lýst. Þess vegna hef ég lagt þessa fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra:

Hver var niðurstaðan af samstarfi félagsmálaráðuneytisins við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um húsnæðismál geðfatlaðra, en tillögur um aðgerðir áttu að liggja fyrir í lok síðasta árs eða byrjun árs 2005?

Síðan spyr ég:

Er það rétt sem fram hefur komið opinberlega að félagsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið komi sér ekki saman um hver eigi að greiða fyrir þjónustu við geðfatlaða? Ef svo er, hvaða hugmyndir eru uppi um úrlausnir og hefur ágreiningurinn verið tekinn fyrir í ríkisstjórninni?

[13:50]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Félagsmálaráðuneytið lét í samvinnu við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gera umfangsmikla könnun á landsvísu um þarfir geðfatlaðra fyrir búsetu og stoðþjónustu. Könnunin fór fram á fyrri hluta þessa árs með því að aflað var upplýsinga frá 19 aðilum, geðheilbrigðisstofnunum, svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, félagsþjónustu stærri sveitarfélaga og sveitarfélögum sem hafa tekið að sér framkvæmd þjónustu við fatlaða á grundvelli samnings við félagsmálaráðuneytið.

Fyrstu niðurstöður komu fram í áfangaskýrslu sem var unnin í maí síðastliðnum. Þær lúta einkum að óskum fólks um breytingar á búsetuhögum en í framhaldinu verður athyglinni beint enn frekar að þörfum fyrir stoð-, dag- og endurhæfingarþjónustu við þennan hóp. Í könnuninni veittu flestir veitendur þjónustu upplýsingar um alla þá aðila á skrám sínum sem teljast búa við geðfötlun og við kjósum að nefna notendur. Upplýsingar bárust um 493 notendur. Eðli málsins samkvæmt njóta allir einhverrar þjónustu í dag, mismikillar eftir atvikum. Í mörgum tilvika er búseta og stoðþjónusta talin viðunandi og ekki þörf fyrir frekari aðstoð. Meginniðurstaða könnunarinnar var að 215 manns óskuðu sjálfir eftir breyttum búsetuhögum eða þeir sem veita þjónustuna fyrir þeirra hönd. Notendur í þessum hópi óskuðu ýmist eftir búsetu á sambýli, í íbúð eða íbúðarkjarna eða á áfangaheimili á vegum svæðisskrifstofu eða félagsþjónustu. Hluti hópsins kýs að búa á eigin vegum og þarfnast þá í flestum tilvikum liðveislu. Af þessum hópi dvelja um 50 manns á geðheilbrigðisstofnunum, flestir á langlegu- eða endurhæfingardeildum. Um 40 einstaklingar dvelja hjá foreldrum eða öðrum ættingjum.

Í umræddri könnun var auk þarfagreiningar áætlaður kostnaður við þá þjónustu sem veita þarf þessum hópi, bæði rekstrar- og stofnkostnaður. Sú ákvörðun sem tekin hefur verið, að veita 1 milljarð af söluandvirði Símans og 500 millj. kr. að auki úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til búsetuúrræða fyrir geðfatlaða á árunum 2006–2010 byggist á þeirri áætlun. Það er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki.

Hæstv. forseti. Jafnframt er lögð áhersla á að hugað verði vel að öðrum úrræðum, einkum endurhæfingu til þátttöku í samfélaginu sem og dag- og stoðþjónustu með það að markmiði að auka lífsgæði þessa fólks til frambúðar. Náin samvinna við geðheilbrigðiskerfið verður að sjálfsögðu áfram eitt af lykilatriðum þeirrar vinnu.

Í dag eru 108 af þeim 215 einstaklingum sem um ræðir þjónað af heilbrigðiskerfinu en 107 af svæðisskrifstofum og félagsþjónustu sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að allur hópurinn muni með breyttum búsetuhögum fyrst og fremst njóta þjónustu svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga. Áhersla er þó jafnframt lögð á greiðan aðgang að geðheilbrigðisþjónustu, þar á meðal innlagnir á geðdeildir ef sjúkdómsástand raskast svo mikið að það er talið æskilegt eða nauðsynlegt.

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt sem hv. þingmaður spyr um, þ.e. hvort ágreiningur sé á milli félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis um hver eigi að greiða fyrir þjónustu við geðfatlaða. Það verkefni sem hér um ræðir hefur verið unnið í samvinnu þessara ráðuneyta. Um það hefur ekki verið og er ekki neinn ágreiningur, hvorki um framkvæmd né skiptingu kostnaðar enda um samvinnuverkefni að ræða. Gert er ráð fyrir að fé til rekstrar verði að hluta til fært frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytisins enda er í raun verið að færa þjónustu við hluta þessa hóps frá fyrrnefnda ráðuneytinu til þess síðarnefnda á grundvelli laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

Segja má að þar sé byggt á nýrri framtíðarsýn sem felur í sér að styrkja geðfatlað fólk til sjálfsbjargar í auknum mæli þannig að það geti tekið þátt í samfélaginu á sama hátt og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Það er, hæstv. forseti, í samræmi við þær hugmyndir sem vex stöðugt fylgi, að færa þjónustu við fólk með geðraskanir í ríkara mæli út í samfélagið frá hefðbundnum sjúkrahúsum, rjúfa einangrun og efla sjálfstæði þess og virkja þá reynslu og þekkingu sem það býr yfir. Þær hugmyndir eru hluti af nýrri stefnumótun félagsmálaráðuneytisins í málefnum fatlaðra sem nú er á lokastigi. Sú stefnumótun sem að sjálfsögðu nær einnig til búsetumála verður lögð til grundvallar við útfærslu þess verkefnis sem hér um ræðir.

Það er verið að undirbúa skipun verkefnisstjórnar til að stýra uppbyggingu þessa verkefnis í samráði við hagsmunasamtök og fagaðila. Í verkefnisstjórninni munu m.a. sitja fulltrúar beggja ráðuneytanna, félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og ég get fullvissað alþingismenn og hagsmunaaðila alla raunar um að þessu verkefni verður fylgt einarðlega eftir í fullri sátt ráðuneytanna sem að því koma með það að markmiði að mikilvæg þjónusta við þennan hóp fatlaðra verði stórlega bætt á næstu árum og það til frambúðar.

[13:54]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þann 10. október síðastliðinn var alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn haldinn og af því tilefni hélt Rauði krossinn ráðstefnu um geðheilbrigðismál á Íslandi. Þar kom fram að tugir þúsunda Íslendinga berjast við einhvers konar geðraskanir á hverjum tíma. Það kom líka fram að á næstu árum mun þunglyndum stórlega fjölga á Íslandi sem og víðast hvar annars staðar, því miður. Í þessum hópi er því að fjölga og þeir sem eru þar hvað verst staddir þurfa fjölþætt úrræði. Ég vil draga það sérstaklega fram að með sölu Símans skapaðist svigrúm til að stórefla þennan málaflokk. Eins og hér kom fram hjá hæstv. félagsmálaráðherra fer 1 milljarður af þeim fjármunum til búsetuúrræða, dagvistunarúrræða og endurhæfingarúrræða fyrir þennan hóp, sem er mjög jákvætt skref, fyrir utan þær 500 millj. sem fara úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Ég tel því að við séum að stíga mjög stórt framfaraskref í þessum málaflokki.

[13:55]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og lýsa ánægju minni með þá stefnubreytingu sem hefur orðið í málefnum geðfatlaðra á síðustu missirum. Hana má m.a. merkja í átaki sem gert verður í búsetumálum geðfatlaðra fyrir hluta af söluandvirði Símans. Fólki sem hefur dvalið langdvölum á stofnunum vegna fötlunar sinnar verði gert kleift að búa við eins eðlilegar aðstæður og kostur er utan stofnana á eigin heimili og eigin umhverfi í sambýli við aðra geðfatlaða.

Vandinn sem hv. þingmaður bendir hins vegar á í fyrirspurn sinni um skipta ábyrgð ráðuneyta í málefnum geðfatlaðra er hins vegar staðreynd. Málefni geðsjúkra falla undir heilbrigðisráðuneytið en málefni geðfatlaðra undir félagsmálaráðuneytið. En hér er um sömu einstaklingana að ræða sem þurfa að leita stuðnings vegna fötlunar sinnar. Þessi skipting er afar óheppileg og mörg dæmi eru um að hún hafi komið niður á þjónustu við þá. Við verðum að leita leiða til að skapa samfellu í þessum kerfum og best væri að fyrirhuguð breyting á starfsemi Stjórnarráðsins leiði til þess að málefni geðfatlaðra og geðsjúkra falli undir sama ráðuneyti.

[13:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Kannanir og verkefnisstjórnir eru ágætar og nauðsynlegar en í dag búa allt of margir geðsjúkir við óviðunandi aðstæður bæði miðað við fötlun þeirra og heilsufar. Við þingmenn fáum annað veifið erindi frá aðstandendum sem eru að leita ráða. Í morgun fékk ég t.d. bréf frá aðstandanda vegna sjúklings sem hefur verið vistaður í tvö ár á geðdeild og hún spyr mig: „Eru engin úrræði?“ Það þýðir ekkert að vísa hér í sölu Símans, í peninga sem koma eftir nokkur ár. Þessi sjúklingur er búinn að vera inni á geðdeild í tvö ár og hann þarf önnur úrræði fljótt. Hann er heimilislaus og þess vegna er ekki hægt að útskrifa hann af sjúkrahúsi og það er dýrt að vera með fatlaða inni á sjúkrahúsum sem þurfa allt aðrar aðstæður og allt aðra aðhlynningu. Ég kalla eftir því frá hæstv. ráðherra að þeir vinni saman því skiptingin milli ráðuneytanna hefur bitnað á þessum hópum.

[13:58]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég mátti til með að koma hér upp vegna athugasemdar sem var

flutt áðan. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir talaði um að ekkert þýddi að vitna í sölu Símans, peninga sem koma eftir nokkur ár. Auðvitað þýðir að vitna í sölu Símans og tala um þann milljarð sem stjórnvöld ætla að nota til að koma til móts við geðfatlaða. Hér er verið að gera stórátak í uppbyggingu búsetuúrræða og þjónustu líka og ég held að það sé gríðarlega mikilvægt fyrir aðstandendur að geta horft fram á að stjórnvöld ætli að taka stórlega á í þessum málum þannig að ég held að ekki sé við hæfi að tala um þessa upphæð af léttúð.

Einnig hefur komið fram að setja eigi í þetta 500 millj. kr. aukalega úr Framkvæmdasjóði fatlaðra þannig að þetta eru 1,5 *milljarðar sem skipta, eins og ég segi, aðstandendur* og einnig geðfatlaða gríðarlegu máli, þ.e. að geta horft fram á þetta næstu árin.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þær upplýsingar sem hann hér setur fram. Ég tel afar mikilvægt að við alla framkvæmd sem fram undan er til úrlausna í málefnum geðfatlaða verði fylgt því þjónustumati sem gert hefur verið varðandi alla uppbyggingu sem er mikilvæg forsenda til þess að vel til takist.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, af því að mér fannst það ekki koma nægilega skýrt fram hjá honum, um skipan þessarar verkefnisstjórnar. Ráðherrann talaði um að hafa samvinnu við aðila. En ég vil spyrja af því að ég tel mikilvægt upp á alla framkvæmd að þekking og reynsla sem til staðar er nýtist við alla framkvæmd og úrlausn þessara mála: Mun t.d. fulltrúi Geðhjálpar vera í þessari verkefnisstjórn eða fulltrúar geðsviðs Landspítalans? Ég tel mikilvægt að þetta verkefni sé unnið í nánu samráði við þessa aðila og svæðisstjórnir.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær munu geðfatlaðir og aðstandendur þeirra finna að þetta verkefni komi til framkvæmda? Hvenær verður þessari þjónustu hrundið af stað? Er þetta eitthvað sem þarf að bíða eftir í tvö, þrjú ár eins og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir nefndi þegar hún sagði frá einum aðila sem hefur þurft að líða fyrir skort á þjónustu við geðfatlaða.

Síðan vil ég segja við hæstv. ráðherra að hann hefur væntanlega ekki skilið fyrirspurn mína vegna þess að það er skörun milli ráðuneyta varðandi kostnaðarskiptingu sem *hefur bitnað með fullum þunga á geðfötluðum* og aðstandendum þeirra og það hefur ekki verið leyst með þessum peningum sem hér er verið að tala um. Hæstv. ráðherra má ekki blanda þessu saman enda hafa t.d. hv. 10. þm. Reykv. n. Ásta Möller og hv. 4. þm. Reykv. s. Ásta R. Jóhannesdóttir sem vel þekkja til þessara mála staðfest það sem ég sagði í framsögu minni um þennan þáttinn. Það verður bara að leysa úr þessu máli til þess að það bitni ekki á geðfötluðum eins og það hefur gert í allt of langan tíma.

[14:02]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég bið hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur afsökunar á því ef ég hef misskilið hana. Það var þá ekki með vilja gert. Það er vissulega rétt sem hefur komið fram í umræðum að dæmi þekkjast þess að skörun verður milli þessara tveggja ráðuneyta, félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Þetta verkefni sem ég hef hér lýst, hæstv. forseti, tekur m.a. á því. Eins og fram kom í máli mínu áðan mun búseta þessa fólks að stórum hluta til færast undan ábyrgð heilbrigðisráðuneytisins yfir til félagsmálaráðuneytisins (**JóhS:** Að hluta til.) að stærstum hluta og með því mun þessum atvikum sem hér hefur verið vitnað til fækka til muna.

Hins vegar get ég alveg tekið undir það sem fram hefur komið í máli m.a. hv. þm. Ástu Möller að ein leiðin til þess að útiloka slíka hluti væri sú að sameina velferðarsvið þessara tveggja ráðuneyta. Ég get vel tekið undir hugmyndir um það.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir sagði að það væri dýrt að vista á sjúkrahúsi geðfatlaða einstaklinga sem gætu nýtt sér önnur úrræði svo sem sjálfstæða búsetu, ýmiss konar endurhæfingu o.fl. Það er alveg hárrétt og það er einmitt það sem þetta verkefni gengur út á, hæstv. forseti. Við erum því eins og stundum áður sammála um það að hér sé vel að verki staðið, ríkisstjórnin sé á réttri leið og það er ánægjulegt að finna stuðning í þingsalnum við þetta verkefni. Enda er það svo að ekki hafa áður verið teknir til hliðar jafnmiklir fjármunir til verkefnis sem þessa og það er vel. Við erum væntanlega sammála um það líka að rík þörf er á því.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr: Hvenær kemur þetta verkefni til framkvæmda? Gert er ráð fyrir að því ljúki á fimm árum. Það þýðir að við hefjumst handa nú þegar. Við erum að ganga frá skipun verkefnisstjórnar. Við munum eiga nána samvinnu og samráð við Geðhjálp, aðstandendur geðfatlaðra og þá fagaðila sem á þessu sviði starfa. Það er fullur vilji til þess hæstv. forseti. Um það þurfa menn ekki að velkjast í neinum vafa.

Umræðu lokið.

Einkareknir grunnskólar.

Fsp. BjörgvS, 115. mál. — Þskj. 115.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra hvort von sé á almennri löggjöf utan um einkarekna grunnskóla, þ.e. skóla sem reknir eru af öðrum en opinberum aðilum utan ramma hverfisskólanna. Í öðru lagi hvort slík löggjöf ætti að mati ráðherra að samræma framlög til slíkra skóla og hvort takmarka eigi eða banna innheimtu skólagjalda ofan á opinberu framlögin.

Fjölbreytni í starfsemi grunnskólanna er mikilvæg og svigrúm hverfisskólanna til aukins sjálfstæðis. Hverfisskólarnir búa við töluvert sjálfstæði sem má auka með t.d. breytingum á námskrá þar sem meira er lagt upp úr valfrelsi nemenda á ýmsa lund. Þannig er auðveldara fyrir marga nemendur að finna réttu fjölina sem ekki finnast í skólakerfinu núna. Grunneiningin í grunnskólunum á að vera hverfisskóli þar sem sveitarfélagið tryggir jafnrétti til náms

og það er athyglisverð hugmynd að fleiri en einn skóli sé í hverju hverfi til að auka valfrelsi foreldra og nemenda. En til viðbótar við hverfisskólana eiga að mínu mati að fá að blómstra sem valkostur utan við ramma hverfisskólanna sjálfstætt starfandi skólar þar sem nemendum er ekki mismunað á efnalegum forsendum. Sjálfstætt starfandi grunnskólar, einkareknir fyrir opinbert fé eru að mínu mati góð viðbót við hverfisskólana. Grunnskólar sem eru reknir utan um ákveðna tiltekna hugmyndafræði standa öllum opnir og innheimta ekki skólagjöld, skólar á borð við barnaskóla Hjallastefnunnar sem er myndaður utan um mjög merkilega hugmyndafræði.

Aukin fjölbreytni á grunnskólastigi að þessu leyti getur af sér betra menntakerfi, betri grunnskóla og þar af leiðandi betri menntun fyrir börnin. Töluverð umræða hefur átt sér stað um stöðu einkareknu grunnskólanna á köflum. Hún er ekki nægjanlega góð og það skortir skýran lagaramma utan um starfsemi skólanna. Eins og staðan er núna er ekkert sem segir til um stöðu þeirra eftir að leyfi hefur fengist frá stjórnvöldum til að hefja rekstur á grunnskóla. Nauðsynlegt er að þrýsta á menntamálayfirvöld að marka skólunum skýran ramma og því beini ég þeirri fyrirspurn minni til hæstv. menntamálaráðherra.

Margar reglur sem mætti hafa til viðmiðunar eru t.d. að þær taki mið af jöfnuði og að viðkomandi skóli fái rekstrarstyrk sem nemur meðaltali á hvern nemanda í borgarskólunum í umræðunni eða miðist við stærð hans, að skólanum verði óheimilt að innheimta skólagjöld og hann megi ekki mismuna nemendum við inntöku, sæki fleiri en einn um pláss beri að beita hlutkesti. Slíkar reglur mætti hafa til hliðsjónar við þá lagasmíð og því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra menntamála hvort slík löggjöf sé á leiðinni, t.d. við endurskoðun á grunnskólalögunum núna í vetur.

[14:07]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefur beint til mín tveimur spurningum.

Í fyrsta lagi: „Er von á almennri löggjöf um einkarekna grunnskóla, þ.e. skóla sem reknir eru af öðrum en opinberum aðilum, utan ramma hverfisskólanna?“

Og í öðru lagi: „Ef svo er, ætti í slíkri löggjöf að mati ráðherra að samræma framlög til einkarekinna grunnskóla og takmarka eða banna innheimtu skólagjalda til viðbótar við opinbera framlagið?“

Hvað fyrri spurninguna varðar hefur á undanförnum missirum verið unnið að því af hálfu ráðuneytis menntamála að kanna þörf á breytingum á grunnskólalögum, m.a. með tilliti til þeirrar reynslu sem fengin er eftir að rekstur grunnskólans fluttist frá ríkinu til sveitarfélaga árið 1996 en gildandi grunnskólalög eru eins og menn vita frá 1995. Við þá athugun hefur verið litið almennt til framkvæmdarinnar og þeirra álitamála sem upp hafa komið m.a. tengd úrskurðum ráðuneytisins vegna grunnskólastigsins. Auk þess hafa sérstaklega verið til athugunar heimildir til stofnunar og reksturs einkarekinna grunnskóla, viðurkenningum þeirra og rétti til opinberra framlaga.

Vinna við grunnskólafrumvarpið er nú á lokastigi í menntamálaráðuneytinu en við höfum verið að vinna úr athugasemdum frá ýmsum hagsmunaaðilum sem við höfum kynnt frumvarpið, þ.e. Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samtökum skólastjóra, kennara og foreldra og Samtökum sjálfstæðra skóla. Að því loknu verður frumvarpið sem er breyting á núverandi grunnskólalögum lagt fyrir Alþingi á þessu haustþingi.

Ég vil ítreka það og undirstrika að ekki er gert ráð fyrir sérstakri löggjöf af því að sérstaklega var talað um það í spurningu þeirri sem var beint til mín, að ekki er gert ráð fyrir sérstakri löggjöf um einkarekna grunnskóla heldur verða ákvæði um einkarekna skóla gerð skýrari í þeim lögum sem nú eru í gildi um grunnskóla.

Sjálfstætt reknir skólar á skyldunámsstigi gegna mikilvægu hlutverki í flestum ef ekki öllum þróaðri ríkjum heims. Í sumum ríkjum eru þeir í meiri hluta skólastofnana, t.d. 65% grunnskóla í Hollandi, annars staðar hlutfallslega færri og má nefna að 13% grunnskóla í Danmörku eru einkareknir. Hér á landi eru þeir einungis lítið brot af grunnskólum landsins. Alls staðar eiga þessir skólar það sameiginlegt að vera reknir fyrir opinbert fé að mestu leyti og þá í samræmi við fjölda nemenda. Þeir eru engu að síður í samkeppni um nemendur við skóla sem reknir eru af sveitarfélaginu eða ríkinu. Dönsku skólarnir eru að vísu ekki fjármagnaðir af opinberu fé nema að þremur fjórðu, afgangurinn er sjálfsaflafé. Skólarnir starfa alls staðar eftir reglum sem settar eru af opinberum eftirlitsaðilum og eftir aðalnámskrám hvers ríkis fyrir sig sem þeir verða að fylgja. Þetta getur þýtt að opinber skóli sem ekki stendur sig vel að mati foreldra þarf að sjá á eftir nemendum til sjálfstætt starfandi skóla á sama svæði og það að foreldrar hafi slíkt val hefur hvarvetna reynst mikill hvati fyrir skólakerfið í heild og ekki síst fyrir hina opinberu skóla.

Hvað varðar síðari spurninguna er rétt að taka fram að í þeirri vinnu sem unnin hefur verið af hálfu ráðuneytisins við endurskoðun grunnskólalaganna er gert ráð fyrir að ákveðið fjárframlag sveitarfélags verði til reksturs sjálfstætt starfandi grunnskóla að tilteknum skilyrðum uppfylltum til að tryggja enn frekar rekstrargrundvöll þeirra en einnig er rétt að undirstrika að það er í ákvörðun sveitarfélaga að heimila hvort slíkir skólar séu starfandi innan þeirra svæðis og hvort þeir vilji yfir höfuð hafa fjölbreytni innan þeirra raða.

Ákvæðið um einkaskóla í grunnskólalögum hefur verið óbreytt allt frá gildistöku þeirra 1974 og í þeim lögum var tekið fram að einkaskólar ættu ekki kröfu til styrks af almannafé. Í gildandi lögum eru ákvæði um einkaskóla í 56. gr. nánast samhljóða lögunum frá 1974. Nokkrir einkaskólar eða sjálfstætt starfandi grunnskólar hafa verið reknir hér á landi um langan tíma eins og Ísaksskóli, Landakotsskóli, Suðurhlíðarskóli og Tjarnarskóli og síðan eru einnig starfandi tveir Waldorfskólar og nýjasti sjálfstætt rekni skólinn er barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ sem hv. fyrirspyrjandi kom inn á og er dæmi um mjög vel heppnaðan einkarekinn skóla sem hefur aukið fjölbreytni í skólastarfi. Flestir þessara skóla hafa átt í fjárhagserfiðleikum þar sem framlag sveitarfélaga til þeirra hefur ekki nægt til að reka skólana með viðunandi hætti. Þar sem engin ákvæði hafa

verið í lögum um rétt þessara skóla til framlaga hefur það alfarið verið ákvörðunaratriði sveitarfélaga með hvaða hætti starfsemi þeirra hefur verið styrkt. Þær breytingar sem lagðar eru til í 56. gr. gildandi grunnskólalaga í frumvarpinu miðast við að gera stöðu þessara skóla, sjálfstætt starfandi grunnskóla hér á landi, sterkari en nú er miðað við núgildandi löggjöf.

Ef ég svara stutt, af því að tími minn er á þrotum í ræðustól í bili, hvort ég ætli að beita mér fyrir því að banna eigi innheimtu skólagjalda til viðbótar við opinbera framlagið þá er svarið nei.

[14:13]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson tók í ræðu sinni algerlega skarið af með það að hann er hlynntur starfsemi einkarekinna skóla og þar sker hann sig úr meðal félaga sinna innan Samfylkingarinnar í þeim efnum. Kunnara er en frá þurfi að segja að sá stjórnmálaflokkur hefur verið í herferð gegn sjálfstæðum grunnskólum og má þar m.a. benda á Áslandsskóla í Hafnarfirði, en félagar hv. þingmanns þar hreinlega slátruðu þeim skóla sem sjálfstæðum skóla í pólitískum tilgangi fyrst og fremst en voru ekki með hagsmuni barnanna þar í huga.

Á sama hátt hafa félagar hans í Reykjavík markvisst dregið úr starfsemi sjálfstæðra skóla. Má þar nefna Landakotsskóla og Ísaksskóla í því sambandi. Mér þætti hins vegar áhugavert að heyra frá hv. þingmanni hvort vænta megi stefnubreytinga á viðhorfi Samfylkingarinnar til einkarekinna grunnskóla eins og gagnvart einkarekstri í heilbrigðisþjónustu. Ef ekki þá þætti mér áhugavert að heyra skoðun þingmannsins á því hvort einhver eðlismunur sé á einkarekstri í grunnskólum og einkarekstri í heilbrigðisþjónustu sem hluta af almannaþjónustu.

[14:14]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér er svarið athyglisvert sem hæstv. ráðherra gefur hv. fyrirspyrjanda við síðari spurningu hans, þ.e. spurningunni um hvort ráðherra telji að samræma eigi framlög til einkarekinna grunnskóla, takmarka eða banna innheimtu skólagjalda til viðbótar við opinbera framlagið. Hæstv. svaraði því afdráttarlaust neitandi. Mig langar þá að skjóta inn í viðbót við þessa spurningu hv. fyrirspyrjanda og spyrja hvort hæstv. ráðherra sjái ekki hættuna í því þegar einkaskólarnir geta tekið skólagjöld, mishá eftir atvikum, að þarna geti verið innbyggður möguleiki fyrir þá sem það vilja að búa til gap á milli þeirra sem mikil efni hafa í samfélaginu og hinna sem ekki hafa mikil efni.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa fínu umræðu. Hér eru margar og stórar spurningar á sveimi. Að sjálfsögðu finnst mér einkarekstur í menntakerfinu eiga rétt á sér rétt eins og í heilbrigðiskerfinu. Um það blandast mér ekki hugur, svo ég svari hv. þm. Ástu Möller afdráttarlaust um það. Hvað varðar afstöðu Samfylkingarinnar, sem ég túlkaði hér, þá kemur hún deilunni um Áslandsskóla alls ekki við í þessu efni. Hún er af allt öðrum rótum sprottin.

Að mínu mati á að samræma reglur um einkareknu skólana þannig að þeir eigi rétt á tilteknu framlagi. Vera kann að sveitarfélögin telji sig ekki geta mætt því, vegna þess að þau eru misstór. Það er svolítið dapurlegt að gengi sjálfstæðu skólanna eða einkareknu skuli ráðast mest af því hvernig staðan er í hverju sveitarfélagi. Þau eru misöflug eins og við vitum eftir nýafstaðnar sameiningarkosningar þar sem litlar breytingar urðu á sveitarstjórnarstiginu og fjölda lítilla og vanmáttugra sveitarfélaga. Mín skoðun er sú að það eigi að samræma reglurnar og marka sjálfstæðu grunnskólunum skýran lagaramma þannig að rekstur hans verði auðveldari og gagnsærri. Ég er sannfærður um að hann efli verulega skólastig okkar. Það bætir grunnskólastigið að það séu til staðar sjálfstætt starfandi skólar utan um tiltekna hugmyndafræði. Ég skora á hæstv. ráðherra að gefa afdráttarlaust upp í síðara svari sínu hvernig hún vilji sjá breytingar á grunnskólalögunum. Þau ákvæði sem hún talaði um að yrðu gerð skýrari í endurskoðun núna í vetur, hvernig sér hún fyrir sér að þeim málum verði háttað?

Ég tek ekki undir með ráðherra þegar hún hafnar því að banna eða takmarka innheimtu skólagjalda ofan á opinbera framlagið. Ég tel að það komi vel til greina að skilyrða opinbera framlagið við að ekki séu innheimt skólagjöld, eins og er gert í barnaskóla Hjallastefnunnar. Það yrði til að koma í veg fyrir að efnamunur foreldra ráði því hvort barn geti gengið í tiltekinn skóla eða ekki. Þar þarf að tryggja jafnrétti til náms.

[14:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er rétt að undirstrika að mig og háttvirtan fyrirspyrjanda greinir á í mörgum hlutum varðandi þetta mikilvæga mál. Það verður að segjast eins og er að það hefur verið nokkuð holur hljómur í málflutningi hv. þingmanns þegar kemur að einkarekinni þjónustu í hinum opinbera geira, sérstaklega á sviði menntamála. Við höfum heyrt margar ræður sem sýna andúð Samfylkingarinnar á einkareknum skóla, hvort sem það er á leikskólastigi, grunnskólastigi, framhaldsskólastigi eða háskólastigi. Það er hægt að rekja það og lesa í þingtíðindum.

Á hinn bóginn vil ég undirstrika að ég tel að það sé sveitarfélaganna að meta hvort þau vilji skilyrða framlag sitt til rekstrar viðkomandi einkaskóla við að skólinn geti ekki tekið skólagjöld. Ég tel að það sé mál sveitarfélaganna. Þar er enn og aftur munurinn á mér og hv. þingmanni. Hv. þingmaður vill setja þetta í lög en ég vil láta sveitarfélögin ákveða hvort þau semji um þetta við rekstraraðila grunnskólanna. Það var t.d. gert í Garðabæ. Þar var skilyrt að ekki yrðu tekin skólagjöld í barnaskóla Hjallastefnunnar. Ég tel það til fyrirmyndar en það hefur m.a. aukið valfrelsi og möguleika foreldra og barna sem þar búa.

En það er líka rétt sem kemur fram hjá háttvirtum fyrirspyrjanda, að að vissulega eru sveitarfélögin misöflug. Þá hlýt ég að spyrja: Er þá Reykjavíkurborg ekki nægilega sterk að því leyti til að ekki hafi verið haldið nægilega vel utan um aðstöðu og rekstur einkaskólanna á þessu svæði. Það hefur beinlínis verið pólitískt markmið að fara gegn

rekstri þessara mikilvægu skóla sem hafa aukið fjölbreytni í skólakerfinu í gegnum árin og áratugina, eins og Ísaksskóla og fleiri góðra skóla, t.d. Landakotsskóla.

Umræðu lokið.

Námsefni framleitt af aðilum utan skólakerfisins.

Fsp. KolH, 123. mál. — Þskj. 123.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég legg fyrir hæstv. menntamálaráðherra fyrirspurn að gefnu tilefni. Spurningin hljóðar svo eins og fram kemur á þingskjali sem liggur á borðum þingmanna:

„Telur ráðherra það samrýmast ákvæðum aðalnámskrár grunnskóla um gagnkvæmt traust skóla og foreldra að aðilar utan skólakerfisins framleiði námsefni fyrir grunnskólabörn í skyldunámi eða að börnunum sé boðin þátttaka í umdeildum verkefnum?“

Tilefni fyrirspurnar minnar, virðulegi forseti, er bréf Landsvirkjunar til allra skólastjóra grunnskólanna fyrir skemmstu. Þar er skólastjórnendum boðið upp á það að leggja námsefni, sem Landsvirkjun hannar, fram sem hluta af námsefni fyrir börnin á ólíku aldursskeiði. Í kynningu Landsvirkjunar á verkefninu er tekið fram að námsefnið geti hentað til kennslu á ólíkum námsgreinum innan skóla.

Hæstv. forseti. Þetta tilboð Landsvirkjunar hefur vakið veruleg viðbrögð úti í samfélaginu. Meðal þess sem ritað hefur verið um þetta mál er að finna á Netlu, veftímariti um uppeldi og menntun, sem gefið er út af Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Þar skrifar Ólafur Páll Jónsson heimspekingur, og að því er ég best veit kennari við Kennaraháskóla Íslands, grein um þetta mál. Hann er afar harðorður í garð Landsvirkjunar fyrir það að fyrirtækið skuli leggja þetta til eins og gert er.

Í fyrsta lagi segir Ólafur Páll Jónsson í grein sinni að það sé ekki hlutverk Landsvirkjunar að búa til námsefni fyrir grunnskóla landsins. Í öðru lagi segir hann að Landsvirkjun eigi ekkert erindi inn í starf grunnskólanna. Í þriðja lagi segir hann að grunnskólar landsins séu ekki vettvangur til að velja börn til þátttöku í mestu og umdeildustu virkjanaframkvæmdum Íslandssögunnar. Í fjórða lagi segir hann að verið sé að nota börnin sem tæki til að vinna hagsmunum Landsvirkjunar brautargengi.

Grein Ólafs Páls Jónssonar á Netlu er afar yfirgripsmikil og fín lesning. Hann vitnar m.a. til aðalnámskrár grunnskóla, í grein sem fjallar um þá frumábyrgð á uppeldi og menntun sem hvíli á foreldrunum og hlut grunnskólans, sem felist einkum í að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og því að taka þátt í félagslegri mótun þeirra. Það segir í aðalnámskrá að þetta sé sameiginlegt verkefni milli heimila og skóla og kalli á náin tengsl, gagnkvæmt traust, gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu. Nú finnst mér þeirri samábyrgð og samvinnu ógnað og spyr hæstv. ráðherra hvort hún sé sama sinnis.

[14:23]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Í lögum um grunnskóla er kveðið á um námsefni til kennslu í grunnskóla og sérstaklega kveðið á um það í 93. gr. grunnskólalaga. Þar segir m.a. að Námsgagnastofnun hafi það lögbundna hlutverk að sjá skólum fyrir námsefni, eins og við þekkjum, og það skuli vera nemendum að kostnaðarlausu. Stofnunin framleiðir efnið sjálf en er einnig heimilt að útvega það frá öðrum aðilum og dreifa til skóla.

Ráðuneytið hefur ekkert við það að athuga að aðrir aðilar en Námsgagnastofnun, þ.e. aðilar utan skólanna, dreifi námsefni til skólanna sem samrýmist ákvæðum aðalnámskrár grunnskóla ef ekki þarf að greiða fyrir efnið. Ég tel það í raun nokkuð jákvæða þróun.

Mörg dæmi eru um slíka dreifingu efnis frá stofnunum og samtökum og má nefna Lýðheilsustöð, Rauða kross Íslands, lögregluna og Umferðarstofu. Auk þess býður Menntagátt margs konar námsefni í rafrænu formi án endurgjalds. Það er í samræmi við stefnu menntamálaráðuneytisins í upplýsingatækni að námsefni verði aðgengilegt fyrir nemendur á rafrænu formi þeim að kostnaðarlausu. Ráðuneytið er því mjög jákvætt gagnvart þessari þróun og fagnar hvers kyns vel unnu námsefni að því skilyrði uppfylltu að það sé nemendum að kostnaðarlausu og uppfylli ákvæði aðalnámskrár.

Einnig má nefna að Skólavefurinn framleiðir og birtir fjölbreytt efni í áskrift til foreldra og nemenda sem einnig er góð þróun. Þar geta foreldrar keypt viðbótarefni fyrir börn sín gegn vægu gjaldi.

Ég held að það sé fagnaðarefni að samfélagið taki virkan þátt í námi grunnskólanemenda og sjái sér fært að búa til námsefni sem kennarar og fagfólk innan skólanna getur síðan valið um að kenna. Það er mikilvægt að kennarar séu faglega sterkir og vel menntaðir til að velja námsefni sem síðan fellur undir markmið aðalnámskrár. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskólans er val námsefnis alfarið í höndum skólanna sjálfra. Hver skóli tekur sjálfstæða ákvörðun um hvaða efni er nýtt til kennslu. Fagfólki sem starfar í íslenskum grunnskólum er fullkomlega treystandi til að velja besta námsefnið til að uppfylla þau markmið sem sett eru í aðalnámskrá grunnskóla.

Ég vil einnig geta þess að auk námsefnis frá öðrum aðilum en opinberum hefur grunnskólum á undanförnum árum í vaxandi mæli verið boðin þátttaka í ýmsum verkefnum. Sem dæmi má nefna ritgerðarsamkeppni, nýsköpunarsamkeppni, ljóðasamkeppni, myndasamkeppni, samkeppni um gerð vefsvæðis og slagorðasamkeppni. Í flestum tilvikum er um að ræða verkefni án beinnar aðkomu eða þátttöku ráðuneytisins. Í sumum tilvikum er frumkvæðið þó komið frá stjórnvöldum, t.d. samvinna menntamálaráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis á síðasta ári um samkeppni sjávarútvegsvef í grunnskólum. Einnig hefur ráðuneytið styrkt verkefni af ýmsu tagi, t.d. nýsköpunarkeppni grunnskólanna, stóru upplestrarkeppnina, stærðfræðikeppni í grunnskólum á vegum framhaldsskóla og norrænu stærðfræðikeppnina KappAbel.

Einnig senda ýmsir aðilar boð til grunnskóla um ýmis

verkefni án vitneskju ráðuneytisins. Ég tel að fyrirtæki og stofnanir verði að gæta hófs í að senda skólum efni sem tengjast alfarið ákveðnu fyrirtæki eða vörumerki. Í öllum verkefnum af þessu tagi er ákvörðun um þátttöku í höndum grunnskólanna sjálfra og þeirra fagmanna sem þar starfa. Að mínu mati er það jákvætt að grunnskólar taki þátt í ýmsum verkefnum á vegum aðila utan skólans. Slíkt eykur oft víðsýni nemenda og gefur þeim kost á að leggja jákvæðu málefni lið og koma á framfæri skoðunum sínum og viðhorfum ungs fólks til málefnisins.

Meginatriðið er, hæstv. forseti, að ákvörðunin um þátttöku er í höndum skólanna sjálfra án afskipta menntamálaráðuneytisins. Ég treysti kennurum og fagfólki til að velja það námsefni sem uppfyllir þær kröfur sem við gerum í aðalnámskrá.

[14:27]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég tek fram að ég tel hið besta mál að aðilar utan skólakerfisins framleiði námsefni fyrir grunnskólabörn í skyldunámi. Það er oft ágætismál. Ég treysti skólastjórnendum ágætlega til að vinsa þar úr og velja fyrir nemendur sína. En það sem orkar tvímælis í þessu máli, ef ekki beinlínis ósmekklegt, er hugmynd Landsvirkjunar og framganga vegna eðlis verkefnisins. Um er að ræða Kárahnjúkavirkjun, eitthvert umdeildasta pólitíska mál og örugglega mestu umhverfisspjöll Íslandssögunnar. Mér finnst ástæða til að benda á að það er ósmekklegt af fyrirtækinu að ganga fram með þessum hætti og ætlast til að grunnskólarnir noti námsefni um jafnheitt, viðkvæmt og alvarlegt mál og það inn í skóla sína. Það er erfitt að umgangast málið þannig að ekki komi upp tortryggni, ótti við að rekinn sé áróður o.s.frv. Í þessu máli, af því að hv. þingmaður vakti máls á því, finnst mér það ósmekklegt af Landsvirkjun. En á hinn bóginn tel ég ágætt að aðilar utan kerfisins framleiði námsefni.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég varð fyrir gríðarlegum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi grautar hún öllu saman í svari sínu. Hún gerir engan greinarmun á Lýðheilsustofnun og Landsvirkjun. Ég verð að benda hæstv. ráðherra á að Landsvirkjun er umdeild stofnun og umdeilt fyrirtæki. Kárahnjúkavirkjun er svo umdeild að 40% þjóðarinnar svöruðu því til, í könnun sem Náttúruverndarsamtökin létu gera, að þau væru mótfallin því að farið yrði í þessa virkjun. Ætlar hæstv. ráðherra að segja mér að henni sé alveg sama, láti sér það í léttu rúmi liggja, þótt Landsvirkjun vaði inn í grunnskóla landsins, þó að 40% foreldra grunnskólabarna í skyldunámi hafi mótmælt framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ætlar hæstv. menntamálaráðherra að segja að hún láti sér þetta í léttu rúmi liggja og að það sé sama hvaða aðili framleiði námsefnið? Hann geti bara „dömpað" því yfir skólabarn í skyldunámi?

Hæstv. forseti. Þetta er svívirðilegt, að hæstv. menntamálaráðherra skuli tala svo ábyrgðarlaust. Námsgagnastofnun er stofnunin sem á að sjá um námsgagnagerð. Fari aðilar í gegnum Námsgagnastofnun með hugmyndir sínar um námsefni fyrir börn í skyldunámi þá mundu allir foreldrar samþykkja það. Þeir vita að Námsgagnastofnun er óháður aðili. Það er Landsvirkjun sannarlega ekki. Ég held að hæstv. ráðherra verði að hugsa þessi mál á nýjan leik og viðurkenna að námsefnið sem börnin okkar fá í grunnskólunum verður að vera hafið yfir allan vafa um að það þjóni tilteknum hagsmunum, sérstaklega umdeildum hagsmunum. Hafa verður ákveðin gildi í huga þegar námsefni er samið, t.d. hlutlægni, trúverðugleika og sanngirni í garð ólíkra sjónarmiða. Við verðum að hafa tryggingu fyrir því að viðeigandi upplýsingar komi fram, að það sem tekið er fyrir í náminu sé í raun það sem skiptir máli.

Hæstv. forseti. Ég treysti Landsvirkjun ekki til að framleiða námsefni fyrir mín börn.

[14:30]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Það er alveg ljóst að mig og hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur greinir á um marga hluti og sérstaklega hvað þetta varðar. Ég treysti fagfólkinu í skólunum, ég treysti kennurunum og skólastjórunum til að velja námsefni sem er í samræmi við aðalnámskrá. Út af þeirri stefnu ætla ég ekkert að breyta. Ég ætla ekki að fara að miðstýra því alveg ofan úr ráðuneyti hvaða fyrirtæki, hvort sem þau eru opinber eða einkaaðilar, megi senda grunnskólum eða framhaldsskólum landsins námsefni. Það ætla ég ekki að gera. Ég treysti fagfólkinu innan skólanna til þess að meta hvort það námsefni sem verið er að bjóða þeim sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í aðalnámskrá. Það er enginn betur til þess fallin að meta það en fagfólkið sem slíkt.

Ég undirstrika líka það sem okkur greinir á að ég er hlynnt því að það séu fleiri aðilar utan hins opinbera, fyrir utan Námsgagnastofnun, sem koma til með að framleiða og gefa út námsefni, þannig að það sé á hreinu. Svo lengi sem menn uppfylla þær kröfur sem menn gera í aðalnámskrá er það hið besta mál ef fleiri aðilar, einkaaðilar sem opinberir aðilar, koma að því að framleiða gott námsefni fyrir börnin okkar. Það skiptir meginmáli að það uppfylli kröfur aðalnámskrár. Það er mjög til fyrirmyndar hvernig staðið er að málum t.d. í Finnlandi. Ég fagna því sérstaklega að fulltrúar m.a. Samfylkingarinnar skuli styðja það að fleiri en hinir opinberu aðilar komi að námsgagnagerð og ég tel það nokkur tímamót að menn fari að ræða um einkaaðila í þeim efnum.

Umræðu lokið.

Kjarnorkuvinnslustöðin í Sellafield.

Fsp. SigurjÞ, 170. mál. — Þskj. 170.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Íslensk stjórnvöld ættu að leggja höfuðáherslu á umhverfismál og hreinleika hafsins í áherslum sínum í alþjóðamálum. Það væri miklu nærtækara að verja

háum upphæðum í þann málaflokk í stað þess að eyða hundruðum og jafnvel þúsundum milljóna í það að komast inn í öryggisráðið.

Ein hættan sem steðjar að lífríki hafsins er geislavirk mengun. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem varðar grundvallarhagsmuni Íslendinga, þ.e. að fiskimiðin spillist ekki vegna geislavirkrar mengunar.

Í Sellafield á Bretlandseyjum er starfrækt kjarnorkuendurvinnslustöð sem losar geislavirk efni út í umhverfið en ítrekað hefur orðið vart við leka frá stöðinni. Fyrrum umhverfisráðherra, Guðmundur Bjarnason, skrifaði breskum yfirvöldum á sínum tíma vegna atviks sem átti sér stað fyrir nokkrum árum. Á vormánuðum varð enn og aftur vart við leka frá stöðinni og í kjölfarið skrifaði núverandi hæstv. umhverfisráðherra bréf til yfirvalda í Bretlandi og krafðist skýringa. Þess má geta að umhverfisráðherrar Norðurlandanna hafa krafist þess að hætt verði við að losa geislavirk efni út í umhverfið. Í kjölfar frétta af slysinu skrifaði hæstv. umhverfisráðherra bréf til breskra yfirvalda eins og áður segir og í tengslum við þetta mál hef ég ákveðið að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. ráðherra:

1. Hefur skýrsla breskra stjórnvalda, sem ráðherra óskaði eftir í bréfi til breskra yfirvalda þar sem lýst var yfir miklum áhyggjum af starfrækslu kjarnorkuvinnslustöðvarinnar í Sellafield og leka geislavirkra efna frá henni, borist íslenskum stjórnvöldum?

2. Hyggst ráðherra fylgja málinu frekar eftir, og þá hvernig?

Þetta er mál sem gengur þvert á alla pólitíska flokka. Við ættum, öll þjóðin, að geta staðið sem einn maður að baki málinu, fá skýr svör og fylgja því mjög fast eftir. Að vísu hefur borið á því að framsóknarmenn hafi verið að hnýta í núverandi hæstv. umhverfisráðherra vegna málsins. Á heimasíðu ungra framsóknarmanna í Skagafirði hefur komið fram mikil gagnrýni á hæstv. umhverfisráðherra um að hún hafi ekki sinnt þessu máli sem skyldi, eins og sagt er að fyrrum ráðherra hafi gert. Ég ætla ekki að taka undir það að þessu sinni heldur sjá hver afrakstur af starfi hennar verður við að fylgja eftir þessu máli sem við Íslendingar eigum að standa saman að sem einn maður.

[14:35]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Það er alveg ljóst að í þessu máli er enginn ágreiningur vegna þess að því hefur verið fylgt mjög fast eftir af umhverfisráðherrum okkar Íslendinga í langan tíma og það er vert að rifja það upp að sú barátta hefur skilað góðum árangri. Þess vegna urðu það sérstök vonbrigði og mjög mikið áhyggjuefni þegar fréttir bárust um að málin væru í því ástandi sem raun ber vitni í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield.

Bresk stjórnvöld hafa ekki lokið við gerð skýrslu um atvikið sem átti sér stað þegar um 83 þúsund rúmlítrar af geislavirkum vökva láku úr skemmdu röri í endurvinnslustöðinni í Sellafield. Vinna við gerð skýrslunnar er í höndum The Health and Safety Executive Nuclear Installations Inspectorate og samkvæmt upplýsingum sem fengust frá breska iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu er ekki vitað á þessari stundu hvenær vinnu við gerð skýrslunnar lýkur.

Strax og upplýsingar bárust um atvikið ritaði ég umhverfisráðherra Bretlands, frú Margareth Beckett, bréf og lýsti áhyggjum Íslendinga af ástandi mála í kjarnorkuendurvinnslustöðinni. Jafnframt tók ég málið upp á fundi norrænu umhverfisráðherranna í Illulisat á Grænlandi í ágúst sl. og hvatti til þess að Norðurlöndin stæðu saman eins og þau hafa gert í að þrýsta á bresk stjórnvöld með úrbætur á öryggismálum í endurvinnslustöðinni. Málið verður rætt frekar á fundi norrænu umhverfisráðherranna þann 26. október nk. í Reykjavík. Ísland hefur ásamt hinum Norðurlöndunum ítrekað brýnt fyrir breskum stjórnvöldum þá hættu sem hreinleika Norður-Atlantshafsins stafar af losun geislavirkra efna frá endurvinnslustöðinni í Sellafield. Enn fremur hef ég rætt þessi mál við írska umhverfisráðherrann því það er alveg ljóst að áhyggjur Íra eru af sama toga og okkar hér.

Umhverfisráðuneytið mun áfram fylgjast náið með málinu og þrýsta á um að ráðist verði í fullnægjandi úrbætur. Í bréfi mínu til breska umhverfisráðherrans, sem vísað er til hjá fyrirspyrjanda, eru bresk stjórnvöld eindregið hvött til að taka til athugunar lokun stöðvarinnar séu fullnægjandi úrbætur ekki mögulegar. Ég mun fylgja þessu sjónarmiði eftir ef ástæða verður til en frekari viðbrögð umhverfisráðuneytisins munu m.a. ráðast af þeim upplýsingum sem fram koma í væntanlegri skýrslu breskra stjórnvalda. Ég tel því að það sé alveg augljóst að unnið er mjög markvisst í þessum málum í umhverfisráðuneytinu.

[14:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina og geta þess að það verður kannski framhaldssaga hjá hæstv. ráðherra í þessum efnum því ég hef sjálf lagt fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra um vöktun vegna teknesíum-99 í hafinu kringum Ísland þar sem ég kem einmitt inn á stöðina í Sellafield og Dounreay.

Nú er ljóst að bresk stjórnvöld hafa gefið út yfirlýsingu um að það eigi að vera búið að draga marktækt úr útdælingu teknesíum-99 fyrir 2020, svo mikið að þeir segja að þá eigi það ekki að vera merkjanlegt. Þau eru líka búin að gefa út yfirlýsingar um að loka eigi Dounreay-stöðinni eigi síðar en í febrúar 2006, ef ég man rétt. Það er auðvitað eðlilegt að hæstv. umhverfisráðherra brýni stjórnvöld í Bretlandi ásamt með ráðherrum á Norðurlöndum, sem hafa líka látið sig þessi mál skipta. Við verðum auðvitað að halda vöku okkar í þessum efnum og halda áfram að láta bresk stjórnvöld finna og heyra að hér er fylgst með málunum og þau komast ekki upp með neinn slóðaskap í þessum efnum ef ég þekki okkur rétt.

[14:40]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Því miður er það svo að yfirvöld í Bretlandi hafa komist upp með slóðaskap varðandi starfrækslu Sellafield-kjarnorkuversins. Hvað eftir annað höfum við heyrt fregnir af því að það hefur sloppið út töluvert magn af geislavirkum úrgangsefnum. Jafnvel þótt um sé að ræða efni sem eru af tiltölulega lágu geislastigi miðað við ýmislegt annað þá er þetta mjög óþægilegt. Sérstaklega er þetta

slæmt með tilliti til þess efnis sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi áðan, teknesíum-99. Þar er um að ræða efni sem er allt öðruvísi en þau efni sem áður voru notuð þarna. Eyðingartími þess er miklu lengri þannig að efnið mun verða miklu lengur í náttúrunni og við vitum að straumafar er þannig að þau berast að lokum hingað norður eftir og setjast í lífríkið, í fiskinn og það er ekki gott mál.

Ég vildi síðan vekja eftirtekt á því í þessari umræðu að núna eru umræður í breskum fjölmiðlum um möguleg áform breskra stjórnvalda að einkavæða stöðina í Sellafield. Það breytir málinu og verður miklu erfiðra við að eiga ef af þeim áformum verður.

[14:41]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að koma með þessa spurningu til hæstv. umhverfisráðherra vegna þess að hér er um afar mikilvægt mál að ræða og einmitt sá punktur sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á áðan. Fréttir segja okkur að nú eigi að einkavæða kjarnorkuvinnslu í Bretlandi sem er mál sem við þurfum að taka föstum tökum og það þýðir að við verðum að bregðast skjótt við og hvetja bresk stjórnvöld til að loka þessari kjarnorkuvinnslu áður en það er um seinan. Menn eiga að einhenda sér í þetta og bíða ekki boðanna heldur taka málið strax upp og ég vil sjá hörð viðbrögð frá umhverfisráðherra.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir svörin og get tekið undir með hv. þm. Hlyni Hallssyni að Íslendingar ættu að sýna hörð viðbrögð í þessu máli vegna þess að hér liggur mikið undir. Því miður eru nýjar fréttir af þessu máli sem ekki eru ekki mjög upplífgandi. Fyrir tíu dögum birtust í Independent fréttir af því að blaðið hefði undir höndum innanhússskýrslu frá stöðinni og það er miður falleg saga sögð í skýrslunni en þar kemur fram að hún opinberi röð mistaka sem átt hafi sér stað í umræddri stöð, bæði hvað varðar framleiðsluferlið og starfrækslu þess og síðan hvað varðar gæða- og öryggiseftirlit.

Ég óska eftir að hæstv. umhverfisráðherra fari ofan í þessar fréttir og gangi úr skugga um hvort einhver fótur sé fyrir þeim vegna þess að það gerir stöðuna auðvitað enn alvarlegri að þar varð leki síðastliðið vor og síðan berast fréttir af einhverri innanhússskýrslu sem segir að hver mistökin hafi rekið önnur í umræddri starfrækslu í stöðinni. Það er eitthvað sem við Íslendingar, sem nýtum náttúruauðlindir hafsins, getum einfaldlega ekki sætt okkur við.

[14:43]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir þessa umræðu. Það er mjög mikilvægt fyrir mig sem umhverfisráðherra að finna þann einhug sem er í þessu máli á hv. Alþingi. Eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni munu umhverfisráðherrar Norðurlandanna koma saman á fundi í Reykjavík síðar í mánuðinum og þá munum við ræða þessi mál sérstaklega og stöðu þeirra. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að bresk stjórnvöld hafa augsýnilega komist upp með slóðaskap. Ef málin hefðu verið í góðum farvegi hefði þetta ekki verið með þessum hætti.

Enn eru að berast fréttir af slóðaskap í þessum efnum eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson nefndi hér. Þá er ég ekki að vísa til þeirrar skýrslu sem Independent komst yfir í Bretlandi og birti, heldur eru ýmsar fleiri fréttir um smærri atvik að berast þessa dagana, bæði í Sellafield og Dounreay. Það er alveg ljóst að þarna er pottur brotinn og augljóst að bresk stjórnvöld þurfa að standa betur að málum hvað þessa hluti varðar. Það kemur auðvitað almenningi t.d. í Bretlandi heilmikið við þegar líka er verið að viðra þar áform um uppbyggingu orkuvinnslu með kjarnorku.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 14:46]

Viðbúnaðaráætlun vegna fuglaflensu.

Fsp. JóhS, 92. mál. — Þskj. 92.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Fyrirspurnin sem hér er lögð fram um viðbúnaðaráætlun vegna fuglaflensu var lögð fram í upphafi þings áður en ríkisstjórnin kynnti viðbrögð sín og áætlanir vegna hugsanlegs heimsfaraldurs af völdum fuglaflensu. Ég sá þó ekki ástæðu til að draga fyrirspurn mína til baka vegna þess að ég tel mikilvægt að Alþingi ræði þetta alvarlega mál og tel reyndar að það sé skylda heilbrigðisráðherra að halda Alþingi og þingnefndum vel upplýstum um stöðu þessara mála á öllum stigum, sem ráðherra hefur ekki enn séð ástæðu til að gera.

Ef farsótt brýst út eru afleiðingar auðvitað mjög ógnvekjandi en engu að síður er mikilvægt að málið sé rætt yfirvegað og án þess að vekja upp óþarfa ótta hjá almenningi. Að sama skapi er mikilvægt að allt verði gert til að byggja upp markvissar og öflugar forvarnir þannig að við verðum sem best undir það búin ef þessi ógn yrði að veruleika. Það getur haft víðtæk áhrif á allt samfélag og heimsbyggðina alla ef heimsfaraldur brytist út.

Mér finnst mikilvægt að fá fram hér frá ráðherra hvort hann meti það svo að allar viðbúnaðaráætlanir séu eins góðar og kostur er og ekki síðri en gerist í þeim löndum sem best búa sig undir heimsfaraldur vegna fuglaflensu og þá ekki síst hvað varðar lyfjabirgðir. Er eitthvað sem kallar á lagabreytingar til þess að allar heimildir séu til staðar í forvörnum og neyðarráðstöfunum sem grípa þarf til og hefur það verið kannað að hverju þær lúta og ég spyr ráðherra: Er stefnt að því að lögfesta þær á þessu þingi?

Hvað hefur verið gert sérstaklega í sóttvörnum hér á landi til að koma í veg fyrir að smitsjúkdómar geti borist milli dýra og manna og er samkomulag milli yfirdýralæknis og sóttvarnalæknis um fyrirbyggjandi aðgerðir í því efni? Ég tel líka mikilvægt að fá fram hvort beiðnir hafi borist til stjórnvalda frá heilbrigðisyfirvöldum um fjármagn til fyrirbyggjandi aðgerða gegn fuglaflensu og hversu miklu fé hefur verið varið eða verður varið til forvarna og ég bæti við:

Hvað liggur fyrir um kostnaðaráætlun og er gert ráð fyrir fjármagni í fjárlögum nú til forvarna og nauðsynlegra aðgerða? Er samstaða milli heilbrigðisyfirvalda, almannavarna, sóttvarnayfirvalda og annarra þar til bærra yfirvalda um aðgerðir? Ég vildi líka gjarnan fá fram hvernig ráðherrann hyggst standa að kynningu og fræðslu til almennings um fyrirbyggjandi viðbrögð vegna þessarar ógnar. Hyggst ráðherra gera Alþingi og nefndum þingsins grein fyrir stöðu og framvindu mála? Eftir því sem fram hefur komið munu niðurstöður liggja fyrir í desember og ég tel afar mikilvægt að hæstv. ráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu mála þegar upplýsingar um viðbúnaðaráætlun og aðgerðir liggja fyrir í desember nk.

Ég lét, virðulegi forseti, ráðherra vita um það í gær að ég yrði með fleiri spurningar vegna þess hvernig þetta bar að hjá ríkisstjórninni og hæstv. ráðherra á að vera kunnugt um það.

[15:20]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á og leiða þetta alvarlega mál inn í þingsali. Ég tel mikla ástæðu til þess að ræða það hér.

Ég tel það sjálfsagt að þingið komi að þessu máli og það sé rætt hér. Ég er tilbúinn til að gefa þinginu skýrslu ef eftir því er leitað og tel mér það skylt. Það er einnig sjálfsagt að t.d. heilbrigðis- og trygginganefnd fái sérfræðing okkar á sinn fund til þess að fara yfir málið. Ég tel það mjög gagnlegt að þingið fylgist sem best með málinu og ég mun gera mitt til þess að það verði.

Svar mitt er nokkuð viðamikið en ég mun reyna á þeim stutta tíma sem ég hef að stikla á stóru um þessi mál. Á undanförnum árum hafa íslensk stjórnvöld kerfisbundið aukið viðbúnað við alvarlegum heilbrigðisógnunum, þar með talið heimsfaraldri af völdum inflúensu. Slíkir faraldrar ganga að jafnaði þrisvar á öld og nú eru liðin tæp 40 ár síðan síðasti heimsfaraldur reið yfir. Þegar heimsfaraldur inflúensu geisar eru nánast allir næmir fyrir sjúkdómnum. Þeir ná því mun meiri útbreiðslu en hefðbundnir inflúensufaraldrar og afleiðingarnar eru misalvarlegar en þær eru alltaf verri en í hefðbundnum faraldri.

Eftir að fuglainflúensa, sem er auðkennd sem H5N1, hófst í Asíu fyrir nokkrum árum hefur hún náð að breiðast talsvert út og valda miklu tjóni í alifuglarækt. Það alvarlega við þennan fuglaflensufaraldur er að á annað hundrað manns í nokkrum löndum Suðaustur-Asíu hafa sýkst af fuglum og meira en helmingur þeirra látist en enn sem komið er eru engin merki þess að sjúkdómurinn smitist manna á milli. Ef ekki tekst að uppræta fuglainflúensuna er óttast að hún geti með tímanum stökkbreyst og öðlast hæfni til að smitast manna á milli og þar með valdið heimsfaraldri. Ekkert verður þó um þetta fullyrt og hugsanlegt er að næsta heimsfaraldri valdi allt önnur inflúensuveira. Sóttvarnalæknir hefur unnið að viðbragðsáætlun með samvinnu við heilbrigðisstofnanir og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra á undanförnum missirum. Slíkar áætlanir eru einnig unnar í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, Evrópusambandið og Norðurlöndin.

Þar sem líklegt er að nýr heimsfaraldur inflúensu muni snerta alla innviði samfélagsins ákvað ríkisstjórnin 1. mars sl. að setja á laggirnar nefnd ráðuneytisstjóra heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis sem fékk það meginhlutverk að gera úttekt á stöðu mála hér á landi vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu og leggja fram tillögur um aðgerðir hér á landi af því tilefni. Hefur nefndin fundað með mörgum ráðuneytum, stofnunum og aðilum atvinnulífsins hér á landi vegna viðbúnaðarráðstafana. Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur nefndarinnar sem hafa verið kynntar opinberlega. Það kemur fram að gerð viðbúnaðaráætlana er fyrst og fremst í höndum heilbrigðisráðuneytisins, sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Jafnframt er lagt til að samstarf yfirdýralæknis og sóttvarnalæknis verði aukið vegna smitsjúkdóma sem geta borist á milli dýra og manna. Einnig að yfirdýralæknir standi að rannsókn í samstarfi við sóttvarnalækni og Umhverfisstofnun og faraldsfræði fuglainflúensu hér á landi meðal farfugla og eldisfugla með það fyrir augum að afla þekkingar á útbreiðslu fuglainflúensunnar og kanna líkur á smiti frá villtum andfuglum yfir í alifugla hér á landi.

Mikilvægustu aðgerðirnar sem grípa þarf til er að afla bóluefna og inflúensulyfja. Vitað er að bóluefni verður af skornum skammti í upphafi heimsfaraldurs inflúensu vegna takmarkaðrar framleiðslugetu lyfjaiðnaðarins. Því lögðu norrænu heilbrigðisráðherrarnir til í júní sl. að kannaðir yrðu möguleikar á því að hefja framleiðslu inflúensubóluefnis á Norðurlöndunum og hefur nefnd sérfræðinga hafið störf til að kanna þessi mál. Búist er við að hún skili tillögum sínum til ráðherra um miðjan nóvember nk. Til eru lyf sem geta stytt sjúkdómstíma og dregið úr einkennum sjúkdómsins ef þau eru notuð rétt. Ríkisstjórnin heimilaði kaup á nokkru magni af slíkum inflúensulyfjum sem nefnast Tamiflú og Relensa árið 2004. Á þessu ári hafa verið keyptar til viðbótar umtalsverðar birgðir af inflúensulyfinu Tamiflú sem nota má til meðferðar og fyrirbyggjandi meðferðar inflúensu. Til eru lyfjabirgðir í landinu fyrir um þriðjung þjóðarinnar en það hlutfall er með því hæsta sem þekkist meðal þjóða.

Einnig er mikilvægt að sett verði ákveðin lög um möguleika á neyðarráðstöfun vegna lyfjaframleiðslu. Lagt er til að hefja framleiðslu dreypilyfja hér á landi sem gert er í flestum ef ekki öllum nágrannalöndum okkar og öryggisbirgðir dreypilyfja og annarra nauðsynlegra lyfja í landinu verði ávallt samsvarandi a.m.k. þriggja mánaða notkun. Hefur heilbrigðisráðuneytinu verið falið að hefja vinnu við málið.

Ég á svolítið eftir af svarinu en ég mun ljúka því í seinni ræðutíma mínum.

[15:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því að við erum að ræða viðbúnað vegna fuglaflensunnar í þingsölum og lýsa ánægju minni með að íslensk stjórnvöld hafa brugðist skjótt við þeirri ógn sem heilsufari okkar gæti stafað af slíkum faraldri og ætla að tryggja okkur lyf og hefja framleiðslu á bóluefni með Norðurlöndunum. En ég vil taka undir það með frummælanda að það er mikilvægt að þingið fylgist

með gangi þessara mála. Ég legg áherslu á að við verðum upplýst um það á Alþingi, og þá sérstaklega heilbrigðis- og trygginganefnd, hvað þessum málum líður og hvernig gengur að vinna að því að ná þessari lyfjaframleiðslu og öðru því sem snýr að viðbúnaði við fuglaflensu hér á landi.

[15:26]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil rifja það upp að það var ekki síst að frumkvæði þingsins að hér var fyrir nokkrum árum samþykkt tillaga og frumvarp um embætti sóttvarnalæknis og það hefur komið í ljós að það var ákaflega farsæl ákvörðun.

Mig langaði til að draga eftirfarandi fram í þessari umræðu: Ég held að hæstv. heilbrigðisráðherra og íslensk stjórnvöld hafi staðið sig mjög vel í undirbúningi fyrir þessa aðvífandi vá. En það er merkilegt að sjá hvernig mismunandi þjóðfélagsgerðir leiða til mismunandi viðbragða. Við sjáum að norræna módelið, sem einkennir samfélög sem jafnaðarmenn hafa byggt upp á Norðurlöndum, er ákaflega vel undirbúið þegar vá af þessu tagi steðjar að. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku, þar sem ameríska módelið tröllríður öllu, sjáum við hins vegar að menn eru mjög illa undirbúnir. Kerfið sem við höfum byggt upp á Íslandi er miklu betur í stakk búið til að taka á málum af þessu tagi en kerfið í stóru ríki eins og í Bandaríkjunum.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég hafði beint til hans nokkrum spurningum sem mig langaði til að fá svör við og vona að ráðherrann komi að því í síðari ræðu sinni. En mig langar að spyrja um fleira. Það hefur komið fram að skýrsla sem lögð var fyrir ríkisstjórnina um viðbragðsáætlun og undirbúning áætlunarinnar hefur hingað til verið trúnaðarmál og ég vil spyrja hvort sá trúnaður ríki enn eða hvort t.d. heilbrigðis- og trygginganefnd gæti fengið þá skýrslu. Mig langar líka að vita hvernig ráðherra ætlar að standa að kynningu og fræðslu fyrir almenning og ég fagna því að hann ætlar reglubundið að gera þinginu grein fyrir stöðu og framvindu mála.

En ég spyr líka: Er samstaða milli heilbrigðisyfirvalda, almannavarna og sóttvarnayfirvalda og annarra þar til bærra aðila um hvernig eigi að standa að þessu? Ég spurði líka hvort orðið hefði verið við öllum þeim beiðnum sem komið hafa frá heilbrigðisyfirvöldum og öðrum aðilum um fjármagn til þess að byggja á forvarnir og aðrar aðgerðir sem grípa þarf til til að bregðast við fuglaflensu ef hún kæmi hingað. Ég vil líka spyrja um lagabreytingar sem, eins og komið hefur fram, þarf að grípa til til þess að allar heimildir séu til staðar í forvörnum. Er stefnt að því að lögfesta slíkar lagabreytingar á yfirstandandi þingi og er í núverandi fjárlögum, frú forseti, gert ráð fyrir nauðsynlegu fjármagni á næsta ári í forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir? Þetta tel ég mjög mikilvægt að fá fram við þessa umræðu.

Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðherra fyrir svörin og treysti því að hann haldi þinginu og heilbrigðisnefnd upplýstum um þetta mál og gefi Alþingi reglubundið skýrslu um framvindu mála.

[15:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er sjálfsagt að heilbrigðis- og trygginganefnd fái aðgang að öllum þeim upplýsingum sem til eru um þetta mál og þeim skýrslum sem teknar hafa verið saman nú þegar. Samstarf heilbrigðisyfirvalda, almannavarna og yfirdýralæknis hefur verið mjög gott og samstarf dómsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis hefur verið mjög náið um málið og það hefur gengið mjög vel.

Varðandi fjármagn hefur verið orðið við öllu sem við höfum farið fram á hingað til. Til innkaupa á inflúensulyfjum hefur verið varið rúmum 100 millj. kr. en það er af varasjóði okkar sem er til ef eitthvað kemur upp af þessu tagi. Árið 2003 voru keyptar færanlegar öndunarvélar fyrir 30 millj. kr. Við höfum lagt til að yfirdýralæknir fari í rannsóknir fyrir 1,8 millj. kr. sem er ekki mikil upphæð en ég hef ekki áhyggjur af að það verði fyrirstaða í því. Að öðru leyti munum við vissulega eftir því sem málinu miðar fram og ef eitthvað nýtt kemur upp fara fram á fjármuni til þess, t.d. ef kaupa þyrfti að meira af bóluefni.

Varðandi löggjöf þarf að koma í lög heimild fyrir innlenda lyfjaframleiðendur til að framleiða lyf í neyðartilvikum sem er einkaleyfi fyrir. Við höfum beint því til viðskiptaráðherra að undirbúa slíka löggjöf.

Ég vona að ég hafi svarað fyrirspurnum hv. þingmanns. Ég endurtek að ég vil kappkosta að halda þinginu vel upplýstu um þetta alvarlega mál. (Forseti hringir.) Það er mikið ábyrgðarleysi að búast ekki við slæmum hlutum í þessu efni en vonandi fer þetta allt á besta veg.

Umræðu lokið.

Umræður utan dagskrár.

Staða loðnustofnsins.

[15:33]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég vil í byrjun óska hæstv. sjávarútvegsráðherra til hamingju með nýtt starf og óska honum alls velfarnaðar í því.

Ég kveð mér hljóðs til að velta upp nokkrum spurningum um ástand loðnustofnsins, ekki til að fella neinn dóm eða kveða upp úr um ástand hans eða horfur, miklu fremur til að velta upp spurningum því ástandið er að sögn margra sem láta sig málið varða grafalvarlegt. Lengi hefur verið rætt um það meðal sjómanna, fiskverkenda, útflutningsaðila, stjórnmálamanna og annarra sem láta sig fiskveiðar og efnahagsmál einhverju varða að ástand loðnustofnsins kunni að vera með þeim hætti að ástæða sé til að hafa áhyggjur af því og þær jafnvel nokkuð þungar. Því er m.a. haldið fram að æti í sjónum um þessar mundir sé með minnsta móti og það gangi svo langt að t.d. varp ýmissa fuglategunda, eins og fýls, lunda og kríu, hafi misfarist algerlega á mörgum stöðum. Staðkunnugir telja að æti í sjónum hafi verið með minnsta móti með þeim afleiðingum sem ég nefndi áðan. Þannig halda Vestmannaeyingar því fram að sandsíli við lundabyggðir hafi verið með minnsta móti, Skaftfellingar halda því fram að fýllinn sé allt að því

30% léttari en áður var, að ekki sé minnst á það sem fram kemur í ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar um loðnuinnihald í maga þorsks sem sé mun minna en áður var.

Við hljótum því, frú forseti, að velta upp þeirri spurningu hvað valdi þessu ástandi. Við henni eru ugglaust engin afgerandi svör, enda þekking á lífríki sjávar í rauninni afskaplega takmörkuð. Ýmsar skýringar hafa þó heyrst og nægir þar að nefna hækkun sjávarhita sem kann að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir lífríkið í sjónum umhverfis Ísland. Aðrir telja að við höfum gengið of nærri loðnustofninum með þeim afleiðingum m.a. að bolfisktegundir gangi þá á aðrar tegundir svo sem rækju og sandsíli og sumir hafa velt því upp hvort rekja megi hrun í rækjustofni til þessa.

Inn í þessa umræðu koma svo áleitnar spurningar sem heyrst hafa, t.d. um stefnu okkar í veiðum almennt, ekki síst umræðan um tengsl einstakra fisktegunda við aðrar eða svokölluð fjölstofnaveiðistefna þar sem metið er hvaða tegundir lifi á hverjum, hvaða tegundir gefi þjóðarbúskapnum mest verðmæti, mestan arð, og hvort ástæða sé til að vernda eina fisktegund umfram aðra í trausti þess að verðmætari tegundir dafni fyrir vikið. Þá má ekki líta fram hjá spurningunni um veiðitækni. Þannig hafa margir horn í síðu flottrollssveiða á loðnu og enn aðrir telja sumarveiðar loðnunnar afskaplega varasamar.

Frú forseti. Á meðan síldarárin svokölluðu voru og hétu, blessuð sé minning þeirra, hirtum við í sjálfu sér lítt um loðnuveiðar. Þar fékk að vera í friði mikill lífmassi í sjónum sem undirstaða fyrir aðrar tegundir. Segja má að loðnuveiðar hefjist ekki að ráði fyrr en upp úr 1970 eða eftir að norsk-íslenski síldarstofninn hrundi. Það vekur athygli að síðan þá má segja að uppbygging þorskstofnsins hafi gengið hægt, allt of hægt að flestra mati. Er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort einhver tengsl kunni að vera þar á milli.

Í framhaldi af þessu leyfi ég mér að beina þeim spurningum til hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort hann hafi í hyggju að einblína á þá þætti sem hér hafa verið nefndir og velti upp spurningu hvort ástæða sé til að draga úr loðnuveiðum að einhverju leyti í því skyni að byggja upp aðra fiskstofna og verðmætari. Er ástæða til að breyta veiðitíma og veiðiaðferðum við loðnuveiðar? Er talið að hækkun hitastigs hafi haft áhrif á göngumunstur loðnustofnsins eða er loðnustofninn almennt í hættu?

[15:38]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að hefja þessa umræðu og enn fremur góðar óskir mér til handa.

Frá árinu 1992 hefur loðnuveiðum á íslenska loðnustofninum verið stjórnað með þeim hætti að aflamark hefur verið ákvarðað með því markmiði að tryggt sé að a.m.k. 400 þús. tonn af loðnu séu skilin eftir til hrygningar. Þegar upphafskvóti hefur verið ákveðinn hefur 67% af áætluðum heildarafla vertíðar verið úthlutað. Endanlegt aflamark hefur síðan verið ákvarðað á grundvelli ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar að afloknum bergmálsmælingum seint að hausti eða í janúar og febrúar.

Á seinustu vertíð veiddust ekki um 200 þús. tonn af útgefnum aflaheimildum og 135 þús. tonn á vertíðinni þar á undan. Það er ekki nýjung að loðnukvótinn náist ekki og liggja til þess margar ástæður eins og hv. þingmenn vita, erfitt tíðarfar og léleg sumarveiði svo að dæmi sé tekið. Þannig náðist ekki t.d. að veiða 430 þús. tonn af aflaheimild vertíðarinnar 1995–1996 og 150 þús. tonn brunnu inni á vertíðinni 1999–2000. Frá því á vertíðinni 1992–1993 og fram á síðustu vertíð hefur hrygningarstofninn ávallt verið yfir 400 þús. tonnum en að meðaltali eru 516 þús. tonn talin hafa hrygnt. Sú vinnuregla að skilja eftir 400 þús. tonn til hrygningar virðist hafa verið árangursrík og hefur ekki leitt til neikvæðrar þróunar á nýliðun í loðnustofninum.

Miklar breytingar hafa á undanförnum árum orðið á útbreiðslu loðnu að sumarlagi og fyrri hluta vetrar. Loðnan virðist undanfarin sumur og haust hafa haldið sig langt utan við íslenska landgrunnið og því hvorki verið aðgengileg til mælinga, veiða né sem fæða fyrir aðra nytjastofna fyrr en seint í desember eða janúar. Vegna þessara breytinga á göngum og útbreiðslu loðnu við Ísland hefur íslenskur þorskur ekki haft aðgang að loðnu nema í mjög takmörkuðum mæli á undanförnum árum. Að því er varðar feita og orkuríka fullvaxna loðnu sem mest áhrif hefur á vöxt og viðgang þorsks fyrir Norðurlandi hefur þetta ástand varað a.m.k. í fimm ár og frá því á vertíðinni 2001–2002 hefur smáþorskurinn heldur ekki haft aðgang að ungloðnu sem neinu nemur. Þess vegna hefur m.a. dregið úr vexti þorksins eins og kunnugt er.

Það er óvissa um samspil þorsks og loðnu en fæðusýni og meðalþyngdir þorsks sýna þó að loðna er langmikilvægasta fæða íslenska þorsksins, 30% munur var á meðalþyngd þorsks þegar loðnustofninn var í lágmarki og þegar hann var í hámarki. Loðna er um 45% af þeirri fæðu sem greind hefur verið í þorskmögum frá 1980. Át þorsks á loðnu er mest á haustin og veturna frá október til nóvember þegar loðnan kemur til baka úr sumargöngum sínum og þar til hún hefur lokið hrygningu í mars eða apríl.

Enginn vafi er á því að veiðar hafa áhrif á framgang fiskstofna, loðnu við Ísland ekki síður en aðra. Það má hins vegar telja mjög líklegt að heildarveiði loðnu hafi almennt ekki haft umtalsverð áhrif á vöxt og viðgang þorsks á Íslandsmiðum. Undantekning frá þessu eru þó árin 1978–1981.

Síðan 1983 hefur árleg sumarveiði verið til jafnaðar um 370 þús. tonn og seinustu sex árin um 215 þús. tonn. Sókn í sumarloðnu á undanförnum árum hefur jafnframt verið miklu minni en var um langt árabil, m.a. vegna þess að skipin hafa verið í öðrum verkefnum á þessum tíma, t.d. kolmunna og norsk-íslenskri síld. Niðurstaðan er því sú að loðnuveiðar að sumarlagi hafa að líkindum ekki haft umtalsverð neikvæð áhrif á vöxt og viðgang íslenska þorskstofnsins seinustu 25 árin.

Svo spurningu hv. þingmanns sé svarað beint þá er ég ekki þeirrar skoðunar að banna eigi sumarloðnuveiðar. Það er hins vegar skynsamlegt að reyna að hafa hóf á þeim og vitaskuld verðum við að ganga þarna um af fyllstu varkárni. En miðað við þær tölur sem við höfum um litla sumarloðnuveiði og allar aðstæður eru þannig að við getum ekki búist við öðru en að þær verði litlar þá tel ég ekki ástæðu til að banna þessar veiðar auk þess sem þær aðstæður eru í

hafinu eins og við vitum að það gefur ekki tilefni til banns á sumarloðnuveiðum.

Við vitum að á undanförnum árum hafa veiðiaðferðir á djúpmiðum að vetrarlagi breyst mikið og það kann auðvitað að hafa haft einhver áhrif á viðgang loðnustofnsins. Til nokkurs tíma var fyrst og fremst veitt með nót en undanfarin ár hefur veiði með flottrolli aukist eins og kunnugt er. Því er ekki að leyna að mjög margir sjómenn og skipstjórnarmenn hafa haft samband við mig út af þessu máli sérstaklega og lýst áhyggjum sínum. Þeir telja að veiðar með flotvörpu splundri torfunum, trufli göngumunstur þeirra og loðnan drepist vegna smugs. Hafa margir jafnvel talið þetta eina ástæðu þess að loðnan hefur ekki gengið að ráði vestur fyrir Reykjanes. Mér er ljóst að um þetta mál eru skiptar skoðanir og margir telja að áhrif flotvörpunnar séu ofmetin. Ég hef því óskað eftir því við Hafrannsóknastofnun að hún leggi sérstaka vinnu í að skoða þessi mál. Stofnunin er nú með tækni til að mæla þessi áhrif. Sú vinna er farin af stað þó að öllum sé ljóst að þessar rannsóknir eru bæði tímafrekar og erfiðar. Engu að síður verðum við að komast til botns í þessu mikla álitamáli. Hagsmunir kunna að vera miklir og auk þess er ekki gott að uppi séu deilur um málið. (Forseti hringir.) Hagsmunir okkar liggja í því að komast til botns í þessu deiluefni og bregðast síðan við í samræmi við það.

[15:43]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að þetta mál skuli vera tekið upp á Alþingi og menn ræði einu sinni um loðnurannsóknir. Það hefur margoft komið fram á fundum sjávarútvegsnefndar, m.a. hjá fulltrúum Hafrannsóknastofnunar eins og Hjálmari Vilhjálmssyni, okkar helsta loðnusérfræðingi, að það vanti meira fé í loðnurannsóknir og stofnunin hafi ekki getað sinnt þeim rannsóknum sem hún hefði viljað framkvæma, m.a. á hlýnun sjávar vegna loftslagsáhrifa. Það hefur ekki verið hægt. Ég heiti á bæði hv. fyrirspyrjanda og aðra stjórnarþingmenn að það verði tryggt meira fé til Hafrannsóknastofnunar einmitt til loðnurannsókna. Það skyldi þó ekki vera, virðulegi forseti, eins og hæstv. ráðherra sagði áðan, að gangan á loðnunni hafi breyst það mikið að hún sé miklu norðar en áður. Og að það gæti líka verið, virðulegi forseti, að þar sem hún sækir í kaldari sjó fylgi þorskurinn kannski á eftir. Það skyldi þó ekki vera? Þetta þurfum við að rannsaka.

Ég tek undir það, virðulegi forseti, með hæstv. sjávarútvegsráðherra að það er engin ástæða til að banna sérstaklega sumarveiðar. Ég tek líka undir að það er full ástæða til að kanna flottrollsveiðar og láta rannsaka þær og það er óskandi að Hafrannsóknastofnun geti gert það. Sumarloðna og haustloðna er verðmætasta loðnan sem bræðslufiskur og fæst mest út úr henni. Í dag eru skip að fara til leitar, ekki frá Hafrannsóknastofnun heldur skip, og vonandi finna þau hana og hefja haustveiðar vegna þess að um þessar mundir er hættulegt ástand á mörkuðum erlendis þar sem við Íslendingar getum tapað mörkuðum vegna þess að við höfum hvorki lýsi né loðnumjöl. Vonandi að það gangi.

Virðulegi forseti. Ég vil svo í lokin, eins og hv. fyrirspyrjandi, óska hæstv. sjávarútvegsráðherra velfarnaðar í starfi og vænti þess að við megum eiga gott samstarf um sjávarútvegsmál á Alþingi og að sjávarútvegsumræða komi kannski meira inn á Alþingi eins og hvað varðar hafrannsóknir og það að fylgjast með lífríki hafsins.

[15:45]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil byrja á að óska sjávarútvegsráðherra velfarnaðar í starfi og bjóða hann velkominn til starfa sem sjávarútvegsráðherra.

Loðnuveiðar hófust að marki upp úr 1970, eins og hér hefur komið fram, og hafa veiðarnar sum árin numið allt upp í 1 milljón tonna. En áratugum saman voru einnig veidd um 500 þúsund tonn af þorski á Íslandsmiðum, miðum sem þá voru opin ekki einungis íslenskum bátum heldur fjölda stórvirkra erlendra fiskiskipa. Nú er þorskkvótinn einungis um 200 þúsund tonn og sumum þykir ofrausn.

Við vitum að hver lífvera er háð annarri og það að vaða skyndilega inn í lífmassann meðfram ströndum landsins og taka þaðan allt upp í 1 milljón tonna af loðnu, getum við vænst þess að þess sjái hvergi stað? Sýna ekki vísindalegar athuganir að loðna og síli ýmiss konar eru aðalfæða þorsksins? Ef loðnan er ofveidd, hvað verður þá þorskurinn að éta? Sumir telja að hann ráðist og hafi ráðist á innfjarðarækjuna, þess vegna sé hún búin. Hver veit?

Gríðarleg flottroll eru dregin af aflmiklum loðnubátum fram og til baka um loðnumiðin. Opin á þeim eru eins og tveir til þrír knattspyrnuvellir og þeir eira engu. Getur einhver fullyrt að þessi veiðiaðferð hafi engin áhrif á lífríkið? Það sjá allir áhrif jökulánna þar sem þær falla til sjávar, gríðarlegu framburður þeirra leirlitar sjóinn lagt á haf út og hefur gert um þúsundir ára. Geta menn vænst þess eða fullyrt að það hafi engin áhrif á lífríki sjávarins meðfram ströndinni að stífla jökulárnar og hefta framburð þeirra og flóð? Og stjórnvöld eru með á prjónunum að stífla allar helstu jökulár landsins án þess að huga að afleiðingunum fyrir lífríkið meðfram ströndinni. Finnst mönnum að þau eigi að komast upp með þetta?

Frú forseti. Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er verndun og sjálfbær nýting auðlindarinnar til framtíðar og við leggjum áherslu á vistvænar veiðar og heildstæðar rannsóknir á lífríkinu.

[15:48]

Grétar Mar Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að vekja athygli á þessu máli því að þetta er vissulega stórt mál. Almennt eru hafrannsóknir og peningar til hafrannsókna allt of litlir að mínu mati, allt of litlir peningar fara í hafrannsóknir. Það þarf að merkja fleiri fisktegundir en loðnu og gera þarf atferlisrannsóknir og síðast en ekki síst þarf að gera meira af DNA-rannsóknum á fiski.

En við erum að tala hérna um loðnu og er mjög tímabært að ræða um hana. Illa horfir með loðnustofninn og án efa er það að einhverju leyti því að kenna að við erum að veiða of mikið magn, taka of mikið úr stofninum. Fyrir átta eða níu árum byrjaði ég að tala fyrir því að fleiri fengju að koma að rannsóknum en Hafrannsóknastofnun. Ég held að það sé leið sem við eigum einmitt að nota í sambandi við loðnuna, þ.e. að hleypa fleirum að til að rannsaka.

Ég held að flottrollsveiðar séu ákveðin bölvun í loðnunni og menn þurfa að fara mjög varlega í það. Á meðan við erum að ná upp loðnustofninum aftur tel ég að við eigum að stefna að því að veiða bara í vinnslu með nót og minnka bræðsluveiðarnar eins og hægt er. Það er mikill munur á því verðmæti sem við fáum í vinnslu, bæði fyrir Rússland og Japan, þ.e. frysta loðnu. Það munar miklu hvort við veiðum til bræðslu eða til frystingar.

Að lokum vil ég óska nýjum sjávarútvegsráðherra til hamingju með starf sitt og vona að hann muni taka tillit til sjónarmiða okkar í Frjálslynda flokknum eitthvað meira en síðustu ráðherrar hafa gert.

[15:50]

Þórarinn E. Sveinsson:

Frú forseti. Þær spurningar sem hv. þm. Hjálmar Árnason tekur upp í fyrirspurn sinni utan dagskrár til hæstv. sjávarútvegsráðherra eru mikilvægar grundvallarspurningar og ég tek heils hugar undir þær allar. Nauðsynlegt er að velta fyrir sér svörunum og fara skipulega yfir þau gögn sem til eru og safnast hafa upp á liðnum árum, samræma þau og athuga hvort og hvað við getum lært af fortíðinni. Mikið efni er til hjá stofnunum sjávarútvegsins og nauðsynlegt er að fara skipulega yfir það með kannski svolítið öðrum hætti en við gerum oft þegar við erum að ákveða fiskveiðistjórnina, samræma það og athuga hvort og hvað við getum lært af fortíðinni og nota síðan þá þekkingu til að taka ákvarðanir um næstu fiskveiðistjórn. Ég er ekki að segja að það hafi ekki verið gert, þetta er það sem menn gera, en nú er komið efni til að skoða langan tíma aftur og byggja á því.

Það er auðvitað háalvarlegt mál ef við erum að ganga of nærri loðnustofninum með veiðum eða veiðitækni okkar eða öðrum aðgerðum. Ég vil ekkert fullyrða um að við gerum það en þetta er samt áleitin spurning eins og komið hefur fram í ræðum margra þingmanna. Það ýtir enn frekar undir nauðsyn þess að byggja á reynslu okkar í umgengni við þennan undirstöðuhlekk fæðukeðjunnar. Samkvæmt ársskýrslu Hafró hefur loðnuinnihald í maga þorsksins farið úr 40% niður í 10%. Sú staðreynd segir okkur, þó að ekki væru neinar aðrar staðreyndir, að þetta eru verulegar breytingar á lífríkinu og nauðsynlegt fyrir okkur að leita skýringa á því.

Um leið og ég óska nýjum sjávarútvegsráðherra til hamingju með starfið vil ég brýna hann til að taka þessi mál föstum tökum og ég veit að hann gerir það eins og kom fram í svari hans áðan, og setja af stað skipulegt verkefni til lengri tíma sem leitar skýringa á þessum breytingum lífríkisins. Ef viðbótarrannsókna er þörf treysti ég því að stofnunum sjávarútvegsins verði skapað svigrúm, peningalegt sem annað, til að finna sem réttust svör samkvæmt bestu þekkingu okkar tíma.

[15:52]

Guðjón Hjörleifsson:

Frú forseti. Ég tek undir hamingjuóskir til hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einars K. Guðfinnssonar, og óska honum velfarnaðar í starfi.

Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir þessa umræðu. Þegar rætt er um loðnustofninn er hann annars vegar mikilvægur sem veiðistofn og hins vegar undirstaða í fæðu þorsksins. Það hefur gerst á 10–12 ára fresti að loðnustofninn hefur farið í lægð en ekki er hægt að tengja skýringarnar við veiðarnar. Hvað varðar flottrollsveiðar á loðnu eru skiptar skoðanir um þær en margir telja að þær geti haft töluverð áhrif á þorskstofninn. Hafró er nú komin með búnað til að mæla þessi áhrif og því er mikilvægt að unnið sé ötullega við þessar rannsóknir svo niðurstöður geti legið fyrir sem fyrst. Að því loknu verði tekin ákvörðun um hvort leyfa eigi flottrollsveiðar á loðnu.

Frú forseti. Hvað varðar sumarloðnuveiðar hefur loðnan haldið sig langt utan við íslenska landgrunnið. Þar af leiðir að mælingar og veiðar hafa ekki verið sem skyldi. Loðnan er því ekki fæða fyrir aðra nytjastofna fyrr en seinast á árinu eða í byrjun árs. Þorskurinn hefur því haft takmarkaðan aðgang að loðnu á undanförnum árum. Ég tel að leyfa eigi veiðar á sumarloðnu en með takmörkunum. Meira eftirlit þarf að vera og loka svæðum þar sem smáloðna fer um. Slík leið er hvað ásættanlegust í dag.

Loðnan er án efa langmikilvægasta fæðutegund þorsks en um 45% fæðunnar sem greinst hefur í þorskmögum er loðna.

Frú forseti. Það er samt sem áður mat Hafrannsóknastofnunar að líklega hafi heildarveiði í loðnu almennt ekki haft áhrif á vöxt og viðgang þorsks á Íslandsmiðum að undanskildum árunum 1978–1981 þegar sumarveiðar voru allt of miklar. Það hefur verið vinnuregla hjá Hafró að þegar mælingar á loðnu liggja fyrir séu 400 þúsund tonn skilin eftir til hrygningar. Hrygningarstofninn hefur frá því á vertíðinni 1992–1993 ávallt verið yfir 400 þúsund tonn og er að meðaltali talað um að 516 þúsund tonn hafi hrygnt, sem eru rúm 25% yfir viðmiðun Hafró.

Virðulegi forseti. Við þurfum að stjórna loðnuveiðum eins og öðrum veiðum. Við erum með ábyrgt fiskveiðistjórnarkerfi og þegar teknar eru ákvarðanir um útgefnar aflaheimildir á lífríkið að njóta vafans. Rannsóknaráætlun liggur fyrir og því mikilvægt að henni verði fylgt eftir.

Á síðasta þingi var samþykkt að loka Þróunarsjóði sjávarútvegsins og nettóandvirði hans, sem gæti verið (Forseti hringir.) í kringum 500 milljónir, skyldi notað til hafrannsókna. Hluti af þeim fjármunum gæti nýst í að fá niðurstöðu í þetta mikilvæga mál.

[15:55]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég óska nýjum sjávarútvegsráðherra allra heilla í starfi því sem hann er að taka að sér. Vera kann að ræða mín þyki nokkuð undarleg í ljósi þess sem menn hafa sagt hér á undan.

Loðnustofninn er mikilvæg auðlind sem við Íslendingar höfum nýtt undir ströngu vísindalegu eftirliti að því best er vitað. Þó hafa áhrif þessarar nýtingar á lífríkið og aðra stofna ekki verið metin og það liggur ekkert fyrir um þau. Uppsjávarfiskar eins og loðnan eru almennt taldir hafa mjög breytilega stofnstærð vegna umhverfisskilyrða og afráns annarra tegunda. Fljótlega var sú stefna mörkuð að skilja ætti eftir 400 þúsund tonn til viðhalds stofninum. Hafró mælir síðan stofninn og gerir tillögur um veiðarnar.

Það sem hefur vakið athygli mína á undanförnum árum er hve ótrúlega lítill munur er á útgefnu aflamarki á grundvelli þessara mælinga. Í 18 ár af 21 ári hefur heildaraflamarkið verið frá 900 þúsund og upp í 1.300 þúsund tonn, einu sinni meira og tvisvar sinnum minna.

Ef við lítum til annarra stofna hefur sveiflan á ýsunni á sama tíma verið frá 35 þúsund tonnum og upp í 90 þúsund tonn. Í ufsanum hefur sveiflan verið frá 30 þúsund tonnum upp í 92 þúsund tonn. Í þorski á sama tíma hefur sveiflan verið frá 155 þúsund tonnum upp í 350 þúsund tonn. Og frá því að aflareglan tók gildi frá 205 þúsund tonnum og niður í 155 þúsund tonn.

Spurning mín er þessi: Eru þetta trúverðugar niðurstöður? Eru vísindin að sýna okkur eitthvað sem stenst? Ég held að full ástæða sé til að nýr sjávarútvegsráðherra láti skoða málið til enda og menn velti því virkilega fyrir sér hvort þær upplýsingar sem hér eru fram settar (Forseti hringir.) séu réttar.

[15:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að taka þetta mál til umræðu. Rétt er að draga það fram í umræðunni að við erum að lifa mikla breytingatíma á hafsvæðum við Ísland. Mikið innflæði hefur verið af hlýjum sjó norður fyrir land, seltumiklum sjó, og næsta víst að það hafi orðið til þess að færa til hin svokölluðu kuldaskil sem liggja norðvestan og vestan við landið á mótum hlýsjávarins og kaldsjávarins.

Einnig er næsta víst að við erum að horfa til þess að verulegur hluti af loðnustofninum sé á grænlensku yfirráðasvæði stóran hluta ársins eins og nú hagar til við Ísland. Og mikið skyldi það nú vera undarlegt ef þorskurinn hefði ekki fylgt á eftir ætinu að einhverju leyti og væri þar líka.

Hitt fer ekki á milli mála að á hverju ári ber loðnan inn á Íslandsmið afar mikinn orkuforða úr Norðurhöfum og kemur hér inn til hrygningargöngu á hverjum vetri og hefur svo verið og verður vonandi áfram um árabil. Svo virðist sem það að skilja eftir 400–500 þúsund tonn hafi dugað til þess að viðhalda hér loðnustofninum á undanförnum árum.

Hinu verður ekki á móti mælt að þorskur sem ekki kemst í loðnu heldur sér ekki í góðum holdum yfir árið og sést það best á því hversu mikil fiskigengd hefur verið á norðurmiðum í sumar eftir að loðna kom inn á norðvesturmiðin og að Norðurlandi þar sem þorskur hefur verið ákaflega vel haldinn miðað við það sem annars staðar hefur verið við landið.

Rétt er að vekja athygli á að þó að mikið samspil sé á milli ætis og þorskstofnsins er líka rétt að draga fram að (Forseti hringir.) ýsustofninn hefur stækkað hér við land þó að hann væri undir miklu veiðiálagi að mati Hafró.

[15:59]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin sem og þeim þingmönnum sem tóku til máls. Ég vil sérstaklega lýsa ánægju með það að hér hefur farið fram heil umræða um sjávarútvegsmál án þess að menn væru með hróp, köll eða einfaldar patentlausnir sem því miður hefur allt of oft einkennt umræðu um sjávarútvegsmál. Ætli það séu hin jákvæðu áhrif frá nýjum sjávarútvegsráðherra? Ekki veit ég um það, en ég fagna því.

Ég tek undir það sem hér kom fram að auðvitað er þekking okkar á lífríkinu í kringum hafið og samspili einstakra þátta afskaplega takmörkuð. Aukin þekking og auknar rannsóknir á því sviði eru e.t.v. undirstaða að efnahag okkar því að sjávarútvegur er enn þá það burðarmikil stoð í efnahagslífi okkar. Nægir þar einungis að benda á hvaða áhrif breytt hitastig hefur á einstaka þætti lífríkisins, breytingar á atferli fiska o.s.frv.

Ég velti því upp, frú forseti, að þau 400 þúsund tonn sem ákveðið hefur verið að skilja eftir með þeim rökum að það dugi til að viðhalda stofninum sem hrygningarstofni og við getum þar af leiðandi skilgreint það sem sjálfbæra veiðistefnu, hvort það dugi með hliðsjón af öðrum tegundum. Það kann að duga til að stunda þær loðnuveiðar sem við höfum stundað. En stóra spurningin er hvort það dugar gagnvart öðrum tegundum sem við erum í samkeppni um, t.d. þorski. Þetta held ég að sé eitt af þeim málum sem mikilvægt er fyrir okkur að velta upp. Við þurfum að horfa á heildarhagsmunina, hvernig við náum mestum verðmætum úr þeim lífmassa, úr þeim fisktegundum sem við veiðum og sækjumst eftir. Þar verða auðvitað meiri hagsmunir að ganga fyrir minni hagsmunum.

Ég fagna áherslum hæstv. sjávarútvegsráðherra og tel að þær muni einungis auka þekkingu okkar og það má hann vita að hv. sjávarútvegsnefnd mun standa þétt við (Forseti hringir.) bakið á honum í þeirri stefnu.

[16:02]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka kærlega fyrir góðar óskir mér til handa sem fram hafa komið í þessari umræðu og enn fremur þakka fyrir þessa ágætu umræðu sem hefur verið ákaflega málefnaleg og upplýsandi því að við erum hér að fjalla um mál sem skiptir mjög miklu.

Ég held að við þurfum að hafa í huga nokkrar staðreyndir. Í fyrsta lagi þetta sem við höfum verið að ræða um, þ.e. þá ákvörðun að skilja þurfi eftir um 400 þús. tonn af loðnu til þess að standa undir því að loðnan verði sjálfbær og sé sjálfbær stofn. Nú hafa menn velt því fyrir sér hvort rétt sé mælt. Ég hef í sjálfu sér engin gögn sem benda til annars en að þetta sé rétt mæling. Við höfum farið um og leitað að loðnu og fram hefur farið mæling og hún hefur haft í för með sér tiltekna niðurstöðu og á þeim grundvelli er síðan gefinn út kvóti.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að við höfum á undanförnum árum ekki skilið eftir 400 þús. tonn heldur að meðaltali 30% meira. Við höfum skilið það eftir, og það hafa komið til hrygningar um 516 þús. tonn að jafnaði á undanförnum árum. Mér sýnist því þegar við skoðum þessar tölur að allt bendi til þess að við höfum ekki gengið of nærri loðnustofninum. Hann er með öðrum orðum fullkomlega sjálfbær stofn og ætti þess vegna að duga til þess sem við erum að reyna að gera, þ.e. að tryggja að hann skapi nægjanlegt fæðuframboð fyrir þorskinn og aðra nytjastofna.

Það er hins vegar mikið áhyggjuefni okkar að við höfum ekki getað fylgt eftir þeim mælingum sem hafa farið fram á

loðnustofninum. Loðnan hefur leitað norður í höf og við höfum ekki haft aðstöðu til þess að fylgja því betur eftir. Það er nokkuð sem við þurfum hins vegar að geta lagt áherslu á og vonandi tekst okkur það á næstunni því að þarna er heilmikið í húfi, ekki bara fyrir loðnuna heldur ekki síður fyrir samspilið í hafinu sem við erum hér að ræða um.

Menn hafa líka rætt heilmikið um sumarloðnuna. Ég hef vakið athygli á því að hún hefur verið mjög lítil og hefur greinilega ekki umtalsverð áhrif, a.m.k eins og sakir standa. Enn fremur hef ég vakið athygli á því að nauðsynlegt sé að fram fari mælingar á áhrifum flottrollsins og mér heyrist (Forseti hringir.) hv. þingmenn almennt vera fylgjandi því, því að við vitum ekki nægilega mikið um áhrifin af flottrollinu og þess vegna er nauðsynlegt að við fáum niðurstöðu í þetta mál, þetta gamla deiluefni sem við þekkjum.

[16:04]

Útbýting:

Fjarskiptasjóður, 191. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 191.

Innheimtulög, 136. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 136.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, 171. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 171.

Stjórn fiskveiða, 85. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 85.

Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, 176. mál, þáltill. JBjarn og KolH, þskj. 176.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 16:05.

---

8. FUNDUR

fimmtudaginn 13. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2005, stjfrv., 144. mál, þskj. 144. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Málefni aldraðra, stjfrv., 174. mál, þskj. 174. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Nýtt tækifæri til náms, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Ríkisútvarpið, frv., 8. mál, þskj. 8. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
6. Aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.
7. Tryggur lágmarkslífeyrir, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Fyrri umr.
8. Láglendisvegir, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
9. Skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
10. Hollustuhættir og mengunarvarnir, og mat á umhverfisáhrifum, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Kl. 1.30, að loknu hádegishléi, fer fram atkvæðagreiðsla um fyrstu dagskrármálin. Þá vill forseti geta þess að að loknum atkvæðagreiðslum fer fram umræða utan dagskrár um framtíðaruppbyggingu Háskólans á Akureyri. Málshefjandi er hv. þm. Hlynur Hallsson. Hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:31]

Útbýting:

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, 172. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 172.

Stimpilgjald, 177. mál, frv. MF o.fl., þskj. 177.

Takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru, 162. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 162.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 141. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 141.

Vextir og verðtrygging, 173. mál, frv. ÖJ, þskj. 173.

Athugasemdir um störf þingsins.

Beiðni um utandagskrárumræðu.

[10:32]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina þeirri fyrirspurn í kurteisi til hæstv. þingforseta hvort verið sé að taka upp ný vinnubrögð á hinu háa Alþingi. Við í Frjálslynda flokknum höfum beint því til hæstv. forseta að hún samþykki utandagskrárumræðu um stöðu útflutningsatvinnugreinanna. Þetta gerðum við um leið og þing kom saman. En svo virðist vera að við fáum okkar mál ekki rædd utan dagskrár. Ég vil því spyrja hæstv. forseta í fullri kurteisi hvernig standi á því vegna þess að fram hefur komið að sumir þingflokkar hafa fengið að koma sínum málum tvisvar á dagskrá.

Það sem er einna verst í þessu máli er að þegar verið er að ræða þetta á fundum hjá hæstv. þingforseta fást engin svör um hver staða málsins er eða hvað upp á vantar. Þess vegna óska ég eftir því að hæstv. forseti geri grein fyrir hvort við munum fá í framtíðinni sömu afgreiðslu og aðrir

flokkar og ef það er eitthvað sem við höfum sagt eða gert sem kemur í veg fyrir það, t.d. að við greiddum hæstv. forseta ekki atkvæði okkar við kosningu þingforseta, það komi þá einfaldlega fram þannig að fólk viti af því í þjóðfélaginu.

[10:34]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti er nokkuð undrandi á þessum orðum hv. þingmanns og vill láta þess getið að reynt er að gæta fyllsta jafnræðis meðal stjórnmálaflokka og þingflokka sem eiga sæti á Alþingi. Það eru fleiri stjórnmálaflokkar sem ekki hafa komist að með utandagskrárumræður, þar á meðal Sjálfstæðisflokkurinn.

Ég vil líka láta þess getið að út af þessari beiðni frá hv. þingmanni hef ég þegar rætt við viðskiptaráðherra og óskað eftir því að hún mundi athuga hvenær væri hægt að bregðast við þessari beiðni. Í ljós hefur komið að ekki er víst að þetta mál heyri undir hæstv. viðskiptaráðherra. Það er því ljóst að kanna þarf málið, en ég geri ráð fyrir að reynt verði að bregðast við og fá þessa umræðu sem fyrst, jafnvel í næstu viku.

[10:35]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Mér þykir vænt um að fá það upplýst hjá hæstv. forseta að til greina komi að við í Frjálslynda flokknum fáum utandagskrárumræðu jafnvel í næstu viku. Mér þætti vænt um að það gæti legið fyrir áður en þessi vika líður hvort svo verður. Það er einfaldlega þannig að við viljum gjarnan vita hvort við eigum að fá að ræða í utandagskrárumræðu þau mál sem við teljum brýn eða ekki og þá helst hvenær.

[10:35]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Á fundi þingflokksformanna með forseta var farið yfir hvaða beiðnir um utandagskrárumræður lægju fyrir. Samkomulag var um að það yrði rætt við ráðherra og starfsmenn þingsins reyndu að koma því þannig fyrir á dagskrá að sem flestir kæmust að. En ég vil vekja athygli á að það er ekki eingöngu Frjálslyndi flokkurinn sem ekki hefur komist að með beiðnir um utandagskrárumræðu. Það á einnig við um Sjálfstæðisflokkinn. Þó svo að þetta raðist upp á þennan hátt núna á fyrstu dögum þingsins þá finnst mér einkennilegt ef það á að verða stórmál að ekki gæti jafnræðis akkúrat á fyrstu tveimur vikunum.

Við verðum auðvitað að haga störfum þingsins þannig að störfin geti almennt gengið þokkalega fyrir sig. Ef allar þær beiðnir um utandagskrárumræður sem liggja fyrir ættu að ganga fram á fyrstu tveimur vikunum gerðum við ekkert annað og þær kæmust ekki einu sinni allar fyrir á fundartíma þingsins. Við verðum því að horfa til þess hvernig hægt er að skipuleggja störf þingsins í heild sinni. Ég held að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins hljóti að skilja það ef þeir horfa yfir sviðið í heild hvernig við ætlum að halda áfram þingstörfum fram eftir hausti. Ef við eigum eingöngu að vera í utandagskrárumræðum getum við í sjálfu sér kannski ákveðið það en almenn mál þingsins munu þá ekki ganga fram eins og til er ætlast.

[10:37]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég eiginlega skil ekki hvaða geðvonskutónn þetta er hjá hv. þingmanni. Eins og komið hefur fram liggja fyrir líklega um 20 beiðnir um utandagskrárumræður og ef þingið ætti strax að bregðast við gerðum við ekkert annað alla daga en vera í utandagskrárumræðum. Eins og ávallt hefur verið á fundum formanna þingflokka með hæstv. forseta var á síðustu fundum reynt að komast að samkomulagi um með hvaða hætti eigi að raða þessum beiðnum niður og sýnist sjálfsagt sitt hverjum um það en menn hafa gert það í sátt og samlyndi. Þess vegna finnst mér kveða við algerlega nýjan tón að hlaupa hér upp um störf þingsins vælandi undan því að hafa ekki komist strax á dagskrá. Það hefur komið fram að hæstv. forseti er að skoða málið eins og ávallt hefur verið gert og ég vildi hvetja til þess að við getum gengið til dagskrár hið fyrsta.

[10:39]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég þakka fyrir svörin en ég vil koma því að vegna þess að fram hefur komið í umræðunni að mörg mál bíði afgreiðslu, þá tókum við í Frjálslynda flokknum þá ákvörðun að biðja bara um eina umræðu, þá sem okkur þótti brýnust. Það er staða útflutningsatvinnugreinanna. Og mér finnst leitt þegar við erum að ræða um störf þingsins í alvöru að verið sé að tala um að það sé gert í einhverri geðvonsku eða væli. Ég hef ekki merkt það á neinum ræðumanni hér inni að svo hafi verið gert heldur finnst mér þetta hafa verið mjög þörf umræða sem hér hefur farið fram og þakka hæstv. forseta fyrir að hún ætlar að sýna okkur sanngirni og við munum láta reyna á það.

[10:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Aðeins út af ummælum hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur áðan, þá er það ekki svo að við í Frjálslynda flokknum höfum raskað störfum þingsins með endalausum utandagskrárumræðum. Það væri kannski fróðlegt fyrir þingheim að fá það uppgefið hversu margar beiðnir við höfum farið fram á eða tekið umræður um utan dagskrár í þinginu á undanförnum tveimur árum. Ef það er vandi forsætisnefndar að raða niður dagskrá þingsins vegna mikils fjölda beiðna um utandagskrárumræður á það ekki við um okkur í Frjálslynda flokknum. Ég vil að það komi hér fram svo ekki megi leggja það út af orðum hv. þingmanns að við séum að einoka þingið með beiðnum um utandagskrárumræður. Það er ekki svo og ég vil að hv. þingmaður leiðrétti þau orð.

[10:41]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal fúslega leiðrétta það ef hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur skilið orð mín þannig að óskir um utandagskrárumræður af hendi Frjálslynda flokksins trufluðu störf þingsins verulega. Ég held ég hafi alls ekki

sagt það. Ég sagði hins vegar í heild eru þessar beiðnir mjög margar.

Þannig stendur á núna að það er ein ósk frá varaþingmanni, sem er að fara út af þingi, sem ákveðið var að bregðast við og verður tekin fyrir seinna í dag. Ég held að í sjálfu sér sé ágætissvipur á því þó svo að þar með hafi einn flokkur fengið tvær utandagskrárumræður í þessari viku.

Við skulum líka minnast þess að hér liggur fyrir mikill fjöldi af þingmannamálum. Því var ákveðið að taka þann kúrs að jafnmörg þingmannamál kæmu á dagskrá frá þingflokkum óháð því hversu stórir eða smáir þeir væru sem þýðir að í upphafi verður þingmannamálum raðað þannig að tíu þingmál koma frá hverjum þingflokki, sama hvort í þeim þingflokki eru þrír þingmenn eða 23. Það hlýtur því líka að teljast inn í þessa umræðu ef við erum almennt að tala um hvernig störfum er raðað niður á þinginu og hvernig menn komast að með sín mál.

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

[10:43]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja. Mál þetta er flutt af öllum þingflokki Samfylkingarinnar og er mál sem Samfylkingin leggur mjög mikla áherslu á því fátt er eins brýnt í þjóðfélaginu og að bæta kjör lífeyrisþega og annarra tekjulágra hópa sem hafa orðið undir í því góðæri sem við höfum búið við á umliðnum árum. Ástæða er til að nefna hér í upphafi máls míns það sem verið hefur í fréttum nýverið að ójöfnuður hér á landi hefur stóraukist á síðustu árum og hafa lífeyrisþegar ekki síst fundið fyrir því.

Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, virðulegi forseti, að allt of margir þjóðfélagsþegnar búa við kjör sem duga ekki fyrir nauðþurftum eða lágmarksframfærslu. Neyslukostnaður einstaklinga er samkvæmt upplýsingum Hagstofu um 160–170 þús. kr. á mánuði en mörgum lífeyrisþegum eða um þriðjungi þeirra er gert að lifa af tekjum sem eru undir 110 þús. kr. Um er að ræða aldraða, öryrkja, stóran hóp einstæðra foreldra, atvinnulausa og þá sem búa við langvarandi sjúkdóma. Við viljum breyta þessu með því að koma á afkomutryggingu fyrir þá hópa sem búa við fátækt og óvissu um kjör sín og þessi tillaga er fyrsta skref okkar í þessa átt og lýtur hún að afkomutryggingu aldraðra og öryrkja.

Það er staðreynd, virðulegi forseti, að stjórnvöld skulda lífeyrisþegum leiðréttingu á kjörum þeirra og að bjóða t.d. ekki lífeyrisþegum upp á þann makalausa blekkingarleik með tölur sem hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson fór með í fyrradag. Maður undrar sig á upp úr hvaða hatti hann hefur dregið slíkar tölur. Þar hélt hæstv. ráðherra því fram að kaupmáttur lífeyrisþega almennt hefði aukist um tæp 10% á móti 14% aukningu almennrar launavísitölu á árunum 1998–2003. Þetta er rangur samanburður, launavísitalan sýnir ekki kaupmátt, launavísitalan á þessu tímabili hefur hækkað um 250% og að frádreginni verðbólgu er kaupmáttur almennra launa milli 30–40% á þessu tímabili en ekki 14%. Réttur samanburður er því að bera saman 10% kaupmáttaraukningu lífeyrisþega á móti 30–40% aukningu almennra launa. Þegar ráðherrann ber saman þann þriðjung ellilífeyrisþega sem lægstar hafa tekjurnar og segir að kaupmáttur þeirra hafi aukist um 21% á tímabilinu 1988–2003 þá er aukning kaupmáttar almennra launa milli 30–40% til samanburðar. Kaupmáttur ellilífeyrisþega og lífeyrisþega almennt hefur því aukist þrefalt til fjórum sinnum minna en annarra launþega og litið til þess þriðjungs lífeyrisþega sem lægstar hafa tekjurnar hefur kaupmáttur þeirra aukist tvöfalt minna.

Ég skil satt að segja ekki, virðulegi forseti, hvað vakir fyrir hæstv. ráðherra að halda á lofti slíkum blekkingum í stað þess að leggja hér á borð í þinginu hvaða áætlanir ríkisstjórnin hefur uppi til að skila lífeyrisþegum aftur þeirri skerðingu sem þeir hafa orðið fyrir í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Ljóst er að stjórnarflokkarnir ætla að halda áfram þessari skerðingu og sama atlagan að halda áfram. Ef við lítum bara á hækkun grunnlífeyris samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nú á grunnlífeyririnn að hækka mun minna en verðlagsforsendur fjárlaga þannig að grunnlífeyrir hækkar aðeins um 2,8% í 4% verðbólgu sem áætluð er á næsta ári og lækkar því að raungildi. Og þótt verið sé að hækka tekjutryggingarauka þá eru það 300–400 lífeyrisþegar sem njóta góðs af því en fjármagn til þess er tekið af hreyfihömluðum lífeyrisþegum með því að lækka bifreiðastyrk til þeirra um hundruð milljónir króna þannig að hækkun tekjutryggingarauka til 300–400 manns, sem eru vissulega vel að því komnir, greiða hreyfihamlaðir sem hafa haft bensínstyrk.

Ég hélt satt að segja, virðulegi forseti, að þegar við erum í bullandi góðæri, tekjuafgangur ríkissjóðs er sennilega helmingi meiri en áætlaður var á þessu ári, þá sé það varla forgangsverkefni hjá ríkisstjórnarflokkunum að gera enn eina atlöguna að kjörum aldraðra. Þegar hæstv. ráðherra heldur því fram að samanburður á lífeyrisgreiðslum hér á landi og öðrum Norðurlöndum sé lífeyrisþegum hér í hag og að lífeyrisgreiðslur þar séu lægri en hér er það bara ekki réttur samanburður frekar en annað hjá hæstv. ráðherra fyrr í þessari viku. Hæstv. ráðherra ber saman lífeyrisgreiðslur annars staðar á Norðurlöndum saman við atvinnutekjur og lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega hér á landi. Það er auðvitað ekki réttur samanburður að taka atvinnutekjurnar inn í lífeyrisgreiðslurnar og bera síðan saman við lífeyrisgreiðslur eingöngu á öðrum Norðurlöndum. Þetta er auðvitað allt saman tóm blekking.

Ég held að það sé rétt sem ég hef haldið fram að stjórnarflokkarnir muna bara eftir öldruðum og lífeyrisþegum rétt fyrir kosningar eins og núna á landsfundi sjálfstæðismanna sem er fram undan. Hér er einn þingmaður sjálfstæðismanna til svara um það sem hann hefur haldið á lofti í þingsölum, a.m.k. áður en hann fór í þingflokk sjálfstæðismanna, um málefni aldraðra. Það sjáum við í ályktun Sjálfstæðisflokksins sem á að fara að ræða á þinginu sem fram undan er. Þar segir, í þeim drögum sem nú liggja fyrir um málefni eldri borgara, að sérstök áhersla sé lögð á að samþykkt verði að allir þeir sem náð hafa eftirlaunaaldri njóti lífeyris og tengdra bóta almannatrygginga án tillits til

greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Það verður fróðlegt að vita hvernig þingmenn Sjálfstæðisflokksins greiða þessari tillögu atkvæði á landsfundinum. Hér kemur m.a. fram að þá sé brýnt að hjón eða sambýlisfólk njóti fullra lífeyrisgreiðslna án tillits til tekna maka. Og orðrétt segir, með leyfi forseta, í ályktun um málefni eldri borgara:

„Landsfundur samþykkir að afnema skuli tekjutengingu við upphæðir sem nemur óskertum lífeyrisgreiðslum almannatrygginga, það er grunnlífeyri, tekjutryggingu, tekjutryggingarauka og heimilisuppbót, til þeirra sem náð hafa 67 ára aldri.“

Það fylgja þessu að vísu ekki útreikningar en ég geri ráð fyrir af því að við erum að tala um þá leið sem við viljum fara, að hækka lífeyri aldraðra um 12 þús. kr. á mánuði til þess að skila þeim til baka skerðingunni frá 1995, að hún kosti um 5 milljarða. Og ef við tökum skerðinguna frá 1990 þá eru það um 8,5 milljarðar samkvæmt því sem ráðherrann upplýsti í gær. Það væri fróðlegt að ráðherrann upplýsti við þessa umræðu hvað sú tillaga sem liggur fyrir landsfundi sjálfstæðismanna muni kosta ríkissjóð.

Maður spyr: Er nauðsynlegt að ráðast að lífeyrisþegum enn eina ferðina eins og gert er í fjárlagafrumvarpinu? Við getum litið til þess, og það kemur fram í því þingskjali sem við ræðum nú, að tekjur ríkissjóðs hafa vaxið gífurlega á sama tíma og lífeyrir hefur verið skertur. Tekjur ríkissjóðs að raungildi hafa vaxið um 100 milljarða kr. en lífeyrir lífeyrisþega hefur á sama tíma verið skertur um 5 milljarða. Í greinargerðinni, sem ég hef ekki tíma til að fara yfir, hefur verið farið rækilega yfir hvernig þessi skerðing hefur farið stöðugt vaxandi. Þar er vitnað til ýmissa útreikninga, m.a. sem gerðir hafa verið af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins og landssamtaka aldraðra, sem allt ber að sama brunni; að ráðist hefur verið mjög harkalega að kjörum aldraðra og lífeyrisþega á síðustu tíu árum. Við getum borið það saman, eins og hér kemur fram, að á árunum 1995–1999 var kaupmáttaraukning lífeyrisgreiðslna þrisvar sinnum lægri en kaupmáttaraukning verkafólks. Á árunum 1999–2002 var kaupmáttaraukning atvinnuleysisbóta 1% en lífeyris 2%. Á sama tíma var kaupmáttaraukning launa verkafólks um 10%. Grunnlífeyrir hefur farið stöðug minnkandi sem hlutfall af lágmarkslaunum verkafólks svo dæmi sé tekið.

Ég vil spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra af því að vitnað er í ummæli sem hann viðhafði þegar málefni lífeyrisþega voru rædd hér, ég hygg að það hafi verið á síðasta þingi, en hann hefur tekið undir að það komi til álita, hann gerði það í tengslum við umræðu um vaxandi fátækt hér á landi, en þá sagði ráðherra orðrétt, með leyfi forseta:

„Við höfum líka verið með það í skoðun hvort bætur geti fylgt launaþróun og að launaskrið sé líka bætt.“

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað hefur hann gert eftir að þessi ummæli féllu til þess að koma því til framkvæmda sem hann setti í orð á sínum tíma?

Það er ekki nóg með að lífeyrisgreiðslurnar hafi dregist aftur úr heldur hefur skattbyrði aukist verulega hjá lífeyrisþegum. Við höfum margoft farið í gegnum það í þinginu og við nefnum sem dæmi að 10 þúsund ellilífeyrisþega sem nú er gert að lifa af tekjum undir 110 þús. kr. á mánuði greiða nú um 14% af tekjum sínum skatt en greiddu 2–3% af samsvarandi tekjum fyrir tíu árum þannig að sífellt er verið að taka stærri og stærri hlut af lífeyrisgreiðslum lífeyrisþega í ríkissjóð á sama tíma og verið er að lækka skattbyrði þeirra sem hafa það betra og af fjármagnstekjueigendum. Það er öllu snúið á hvolf í þessu sambandi. Það er alltaf verið að gera betur við þá sem hafa það gott í þjóðfélaginu, gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. Það er alveg sama hvar er borið niður. Við höfum talað um lífeyrisgreiðslurnar, hvernig þær hafa verið skertar, hvernig skattbyrðin hefur þyngst hjá ellilífeyrisþegum og lífeyrisþegum og við getum líka tekið hvernig sífellt er verið að auka gjaldtökur í heilbrigðiskerfinu, bæði í lyfja- og lækniskostnaði.

Ef við tölum um skattbyrðina af því að hún er mér mjög ofarlega í huga þá skilur maður ekki þegar svigrúm er í þjóðfélaginu til skattalækkana að þá fái þeir minnst í sinn hlut sem eru með lágar tekjur og að aldrei takist að rétta hlut þeirra sem verst hafa það. Skattleysismörkin hafa svo langt í frá haldið raungildi sínu á síðustu tíu árum, við höfum reiknað það út frá línuriti frá fjármálaráðuneytinu sjálfu að raunlækkun skattleysismarka frá 1989 sem mest kemur fram eftir árið 1995, var tiltölulega lítil á árunum 1989–1995, er svo harkaleg að samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins má ætla að ríkissjóður hafi tekið hvorki meira né minna en 36,4 millj. kr. meira til sín árið 2003 en hann hefði gert ef skattleysismörk hefðu fylgt launavísitölu. Ef við miðum bara við neysluvísitölu og hvernig skattleysismörkin hefðu verið þá, þau eru 71.296 kr. að mig minnir á þessu ári, en ættu að vera 114 þús. ef þau hefðu fylgt launavísitölu og 85.709 ef þau hefðu fylgt neysluvísitölunni. Við erum því að tala um að ríkissjóður hafi tekið til sín 36,4 milljörðum meira með því að skerða svona skattleysismörkin miðað við launavísitölu og ef við miðum við neysluvísitölu eru það 16,3 milljarðar.

Hvernig hefur þessum peningum verið varið, virðulegi forseti? Þeim hefur verið varið þannig að farið hefur verið í skattalækkanir á fyrirtæki, gott og vel, og líka á einstaklinga, en þeim hefur verið skipt þannig að þeir sem lægstar hafa tekjurnar, fólk með lágar og meðaltekjur, hafa fengið langminnst í sinn hlut, m.a. vegna þessarar skerðingar á skattleysismörkum. Það er full ástæða til að vekja athygli á því að það sem hefur líka orsakað það sem við stöndum frammi fyrir í dag, hin mikla tekjuskerðing á lífeyrisgreiðslum, er að þessi ríkisstjórn var ekki fyrr komin til valda á árinu 1995 en að hún fór þá leið að klippa á tengsl launa og lífeyris. Það hefur þýtt það sem við ræðum hér, að skerðingin frá 1995 er um 12 þús. kr. á mánuði eða 144 þús. á ári hjá lífeyrisþegum miðað við desember 2004 og það er það sem við í Samfylkingunni ætlum að skila aftur til lífeyrisþega þegar við komumst til valda og það er það sem felst í þeim samningi sem við viljum gera við lífeyrisþega um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja. Við viljum að grunnlífeyrir og tekjutrygging verði sem næst lágmarksframfærslu eins og hún verður skilgreind í samræmi við neysluútgjöld lífeyrisþega. Við viljum að raungildi grunnlífeyris og tekjutrygginga verði ekki lægra við upptöku afkomutryggingar en það var á árinu 1995 og við viljum að sá samningur taki gildi 1. janúar 2007. Auk þess sem er afar mikilvægt að skerðingarhlutfall grunnlífeyris og tekjutrygginga verði rýmkað verulega til að auka svigrúm til at-

vinnuþátttöku. Það kemur hér fram að það er alveg skelfilegt að sjá hve litlar atvinnutekjur lífeyrisþega geta skerst mikið ef lífeyrisþegar hafa smávegis atvinnutekjur. Bent er á dæmi að af 10 þús. kr. í auknar atvinnutekjur á mánuði er tekið í skerðingu og skatta 84,44%. Þessu viljum við breyta með því að draga verulega úr skerðingarhlutföllum grunnlífeyris og tekjutrygginga.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tíma til að ræða meira þetta brýna mál en óska eftir að fara aftur á mælendaskrá til að geta lokið því sem ég hef fram að færa í þessari umræðu.

[10:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég stend við allt sem ég hef sagt um þessi mál undanfarna daga. Ég var að tala um skatttekjur í samanburði við Norðurlöndin. Ég var ekki að tala um bætur í því sambandi en skatttekjurnar markast náttúrlega af því að þar inni er atvinnuþátttaka eldra fólks og aukinn réttur í lífeyrissjóðum.

Varðandi forsendurnar í fjárlögunum núna þá eru almennar launahækkanir í upphafi árs áætlaðar 2,5%, verðlagsspá 3,9%. Það er 1,9% hækkun vegna fjölgunar bótaþega en verðlagshækkun 4%. Þeir sem koma nýir inn núna hafa meiri tekjur af lífeyrisgreiðslum en áður þannig að það er ekki rétt að bæturnar hafi lækkað í fjárlögunum í ár. Hins vegar er sú gamla deila og mismunandi skoðun um það hvort bætur eigi að fylgja launaþróun. Það er rétt að deilt er um það og við eigum í viðræðum við eldri borgara um þessi mál eins og fram hefur komið.

Varðandi tillögur á landsfundi Sjálfstæðisflokksins vil ég taka fram að ég hef ekki verið í undirbúningsnefndum fyrir tillögugerð á þeim fundi þannig að ég get engu svarað til um hvað þar fór fram.

[11:01]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég trúi því ekki að hæstv. heilbrigðisráðherra haldi því fram að ekki sé verið að lækka grunnlífeyri almannatrygginga í fjárlögum næsta árs, lækka þau að raungildi þegar grunnlífeyririnn hækkar aðeins um 2,8% þegar við erum búin að draga frá fjölgunina í 4% verðbólgu. Auðvitað er verið að skerða grunnlífeyrinn og ekkert annað. Þó að tekjutryggingaraukinn aukist hjá 300–400 manns er fjármagn til þess fengið með því að lækka bifreiðastyrk öryrkja og aldraða. Það er ekki stórmannlegt, virðulegi forseti, að fara þá leið ofan á allar skerðingar sem þessir hópar hafa mátt sæta í tíð núverandi ríkisstjórnar. Og ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra komi eina ferðina enn upp í þennan ræðustól og vefengi útreikninga Samtaka aldraðra. Þetta eru sambærilegir útreikningar og t.d. ASÍ hefur sett fram en það stendur ekki steinn yfir steini í þessum útreikningum hæstv. ráðherra. Maður furðar sig á upp úr hvaða hatti hann hefur dregið þessar tölur og hvaðan þær eru fengnar vegna þess að ekki er hægt að vera með þennan samanburð eins og hæstv. ráðherrar gerir. Hann ber saman og segir að lífeyrisgreiðslur hafi aukist um 10% á móti 14% aukningu almennrar launavísitölu árin 1998–2003. Eru ekki ráðherrarnir, m.a. hæstv. forsætisráðherra, alltaf að guma af því að kaupmáttur hafi aukist um 50%? Af hverju er ráðherrann að tala um 14%? Þær tölur sem ráðherrann ber fram, hann þarf hreinlega að endurskoða þær vegna þess að þær eru rangar. En þær tölur sem ég fór með, sem Samtök aldraðra hafa nefnt í þessu sambandi og ASÍ eru réttar og síðan er mælikvarðinn ekki síst vasi og budda lífeyrisþega sem hafa fundið grimmilega fyrir þessum skerðingum sem þeir hafa orðið fyrir á undanförnum árum.

[11:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tölur þessar sem ég er með eru einfaldlega upp úr forsendum fjárlagafrumvarpsins. En við erum í viðræðum við Samtök aldraðra og markmiðið í þeim viðræðum er að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þær tölur sem þau hafa sett fram. Það er alveg ljóst að við þurfum að tala einni tungu í því efni og það sagði ég í umræðum nýverið. Það er engin dauðasynd að fara yfir þær tölur. Það þarf að gera og ég hef sett af stað, og ríkisstjórnin, vinnu í því að fara yfir stöðu bótanna, fara yfir kjörin. Þar inni eru auðvitað skattamál líka sem heyra ekki undir ráðuneyti mitt reyndar, en við þurfum að gera þetta.

Deilan um launavísitöluna er þekkt, við höfum rætt um hana lengi.

[11:04]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mjög gott og ég fagna því að stjórnvöld skuli vera í viðræðum við Samtök aldraðra. Það var löngu tímabært. Árið 2002 átti að setja upp — það var rétt fyrir kosningar — samráðsvettvang við aldraða þar sem reglubundið samráð við aldraða átti að vera á þessu tímabili. Er þetta ekki fyrsti eða annar fundurinn frá árinu 2002 sem er verið að halda í samráði við aldraða? Það er eins gott að eitthvað komi út úr því samráði. Það eru kosningar eftir nokkra mánuði en það er það sem þessi ríkisstjórn er þekkt fyrir, að kalla aldraða og öryrkja til sín rétt fyrir kosningar.

Ekki hefur verið efnt loforð frá árinu 2002 um sveigjanleg starfslok. Það viðurkenndi ráðherra hér í ræðustól. Það átti að hækka lífeyri þeirra sem frestuðu töku lífeyris til 72 ára aldurs um 6%. Það hefur ekki verið gert og 60 hjúkrunarrými vantar upp á að staðið hafi verið við loforðin frá og með árinu 2002. Það er því eins gott að hæstv. ríkisstjórn standi við þau loforð sem gefin voru á árinu 2002 áður en farið verður að gefa ný loforð. Ég vona að hæstv. ráðherra komi með rétta útreikninga næst þegar hann kemur í ræðustól um þessi mál.

[11:06]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagðist vona að afstaða mín í baráttu minni fyrir bættum kjörum aldraðra hefði ekki breyst þó um flokkaskipti hefði verið að ræða. Ég fullyrði við hv. þingmann að baráttuhugur minn hefur ekkert breyst í þessum efnum. Ég vil líka trúa því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem sjálf skipti um stjórnmálaflokka fyrr á tíð, að hennar innri maður hafi ekki breyst við þau flokkaskipti þó svo þau hafi átt sér stað á árum áður. Það sama er upp á teningnum í þessu tilviki.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að tíðrætt var um söluandvirði Símans og hvernig verja ætti þeim fjármunum á sínum tíma fyrr í þinginu. Ég leyfi mér að segja að ég var talsmaður þess að eldri borgarar sem í raun byggðu upp það fyrirtæki fengju sinn skerf af þeim fjármunum. Hins vegar hef ég fengið þau svör og þær upplýsingar innan minna raða að öflugt starf er í gangi undir stjórn hæstv. heilbrigðisráðherra, vinnuhópur þar sem saman kemur fólk úr ráðuneyti og fulltrúar aldraðra. Ég bind miklar vonir við niðurstöður þeirrar vinnu og mun fylgjast með þeim niðurstöðum ákaflega vel.

Í annan stað vil ég nefna að landsfundur sjálfstæðismanna sem verður haldinn núna um helgina gefur til kynna að það verði — það kom strax í kvöldfréttum í gær að eitt helsta baráttumálið á þeim fundi yrði einmitt kjör aldraðra. Ég mun ekki láta mitt eftir liggja í þeirri baráttu og gleðst ákaflega mikið yfir því eftir að hafa verið í stuttan tíma í Sjálfstæðisflokknum að þar eru mjög sterk öfl sem vilja vinna öldruðum bættan hag og ég mun ekki láta mitt eftir liggja í þeim efnum. (**ÖJ:** Er það barátta við Framsóknarflokkinn?)

[11:08]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég óska hv. þm. Gunnari Örlygssyni góðs gengis á landsfundi þeim sem hann situr núna um helgina og ég mun fylgjast spennt með fréttum, hlusta á rödd hans þar sem hlýtur að verða mjög hávær miðað við það sem hann segir í ræðustól og miðað við áhuga hans á þessu máli. Ég dreg það ekki í efa. Það var fyrst og fremst aðvörun sem ég vék að hv. þingmanni og vona að hann hafi ekki breytt um skoðun þó að hann hafi breytt um flokk. Ég bíð auðvitað spennt eftir að heyra í hv. þingmanni á landsfundi sjálfstæðismanna. Hann hlýtur að hafa þá verulegt fylgi við þessa skoðun miðað við að þetta kemur fram í landsfundarályktun, að afnema eigi tekjutengingu við upphaf sem nemur óskertum lífeyrisgreiðslum almannatryggginga, þ.e. grunnlífeyrir, tekjutryggingarauki og heimilisuppbót. Ætli við séum ekki að tala um fjárhæð upp á um 10–15 milljarða kr. og ég tel að ellilífeyrisþegar og öryrkjar séu ekkert of sælir af þeirri fjárhæð.

En við vorum í gær að tala um fjárhæðir, 12 þús. og 17 þús. kr., sem átti að skila til baka af því sem hafði verið tekið af ellilífeyrisþegum sem kosta ekki nema 5 og 8 milljarða og hæstv. heilbrigðisráðherra þurfti ekki að hugsa sig um tvisvar. Hann kom hérna upp í ræðustól og neitaði því alfarið að það stæði nokkuð til að hækka lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega um þá fjárhæð. Þá spyr ég: Er þetta enn einn blekkingarleikurinn í þessum ályktunum sem fram koma á landsfundi sjálfstæðismanna? Ég man nefnilega eftir að hafa séð þessa ályktun áður, fyrir tveimur árum og fjórum árum. Þetta kemur aftur og aftur upp í landsfundarályktunum sjálfstæðismanna en það er alltaf gengið þveröfugan veg og ekki staðið við eitt eða neitt, kjör aldraðra aldrei bætt heldur þvert á móti hafa þau verið skert eins og við höfum farið í gegnum hér. Aldraðir eiga ekki skilið að verið sé að blekkja þá eins og verið er að gera í þessum landsfundarályktunum Sjálfstæðisflokksins sem ekkert, engin innstæða virðist vera á bak við.

[11:10]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að vekja jafnmikla athygli á því baráttumáli sem fram undan er innan vébanda Sjálfstæðisflokksins á komandi landsfundi. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir það. Ég geri ráð fyrir að augu landsmanna muni beinast að þessu baráttumáli sem og öðrum sem verða uppi á þessum landsfundi og eins og áður kom hér fram mun ég ekki láta mitt eftir liggja.

Hitt vil ég ekki dæma um, enda kannski ekki eins sögufróður um pólitík og hv. þingmaður, hvort Sjálfstæðisflokkurinn hafi staðið við fyrri ályktanir eða ekki. En ég vil trúa því og vona að þær ályktanir sem verða lagðar fram í þessu tiltekna máli munu skila sér inn í þingsali og inn í lagabálk Íslendinga.

[11:11]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins enn vera með árnaðaróskir til hv. þingmanns og óska honum góðs gengis á landsfundinum og segja að við munum hafa næg tækifæri til þess eftir landsfundinn til að bera saman orð og efndir og ég hlakka til þess.

[11:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru fjöldi atriða í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem ég ætla að gera athugasemdir við. Í fyrsta lagi: Allar götur síðan ég man eftir mér var verkalýðshreyfingin að reyna að hækka lægstu laun. Alltaf skyldi það fara inn í alla taxta uppmælingaaðalsins og hátekjumannanna. Aldrei tókst það, aldrei nokkurn tíma fyrr en 1995. Þá sóru menn þess eið að nota þau laun ekki sem viðmiðun við eitt eða neitt, hvorki uppmælingu né taxta né lífeyri. Ég man að þegar ég kom inn á þing voru lægstu laun 42 þús. kr. og algerlega til skammar. Nú er búið að hækka þau upp í rúmlega 100 þús. kr. (**Gripið fram í:** Algerlega til skammar.) Það getur vel verið að hækka megi þau meira en þá skal hv. þingmaður stofna fyrirtæki og borga há laun ef það er svona auðvelt. Ég gerði það nefnilega.

En svo leyfir Landssamband eldri borgara sér að nota þessi laun til viðmiðunar. (**Gripið fram í:** Þetta eru ... menn.) Sömu menn, annar í forustusveit þeirra stóð að þessum samningum sjálfur og nú leyfa þeir sér að segja að grunnlífeyririnn hafi farið stöðugt lækkandi sem hlutfall af lægstu launum. Það á ekkert að miða við lægstu laun. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Nei. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Nei, það á ekki að gera það vegna þess að unnið er að því að hækka þau án þess að það hafi áhrif annars staðar. Öll umræðan snýst um þetta, viðmiðunina. Auðvitað á að miða við meðallaun. Þar hefur grunnlífeyririnn hækkað, miða ætti við meðallaun allra landsmanna og annarra.

Varðandi þau tíu þúsund manns sem eru með undir 100 þús. kr. í tekjur. Ég bendi á að þeir sem eru á elliheimili fá felldar niður allar tekjur. Þeir eru með tekjurnar núll en fá allt greitt frá ríkinu, allt. (**Gripið fram í:** Líka vasapeningana?) Þeir fá einhverja vasapeninga, 10–20 þús. kall en samkvæmt skattalögum eru tekjurnar felldar niður, skv. 65.

gr. Þeir koma fram með tekjurnar núll (**Gripið fram í:** En þeir sem eru heima?) og eru um það bil tvö þúsund af þeim ellefu þúsund sem nefnd hafa verið.

[11:13]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég trúi ekki að það hafi verið meining neins, ekki verkalýðshreyfingarinnar eða annarra, þó að skammarlega lág laun í landinu, þ.e. lágmarkslaunin hafi hækkað lítillega, að það hafi átt að verða til þess að draga niður lífeyrisgreiðslur.

En ég hef bara eina spurningu fram að færa til hv. þingmanns: Mun hann styðja þá ályktun sem fram er borin á landsfundi sjálfstæðismanna sem felur í sér að allir sem náð hafa eftirlaunaaldri njóti lífeyris og tengdra bóta almannatrygginga án tillits til greiðslna úr lífeyrissjóðum?

[11:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hélt að ég væri í andsvari við þingmanninn en ekki hún við mig.

Mig langar til að segja líka að hv. þingmaður sagði að skattbyrðin hefði þyngst. (**Gripið fram í:** Ætlarðu ekki að svara spurningunni?) Ég ætla að gera það á eftir, nógur er tíminn. Það er ekkert skrýtið að skattbyrðin þyngist þegar launin og lífeyrir hækkar allt saman langt umfram verðlag, það er ekkert skrýtið. Skattkerfið er þannig upp byggt að þeir sem hafa hærri tekjur borga hlutfallslega meira. Það er ósköp eðlileg skýring á því. Það er kannski vandamál að launin hækki svona svakalega og lífeyririnn líka.

Síðan vil ég benda hv. þingmanni á að ég veit ekki til þess að hún taki þátt í landsfundi Sjálfstæðisflokksins og það er ekki einu sinni búið að setja þann fund, þannig að ég ætla ekki að ræða það neitt sérstaklega.

[11:15]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að hv. þingmanni finnst það bara allt í lagi, eðlilegt og sjálfsagt að lífeyrisþegar greiði núna miklu hærra hlutfall í skatt en þeir greiddu fyrir 10 árum af samsvarandi tekjum. Það er alveg ljóst, virðulegur forseti, þegar litið er á skattatillögur ríkisstjórnarinnar sem við höfum rætt á umliðnum þingum, að lífeyrisþegar og tekjulágir hópar hafa farið mjög illa út úr því, m.a. vegna skerðingar á skattleysismörkum sem ég hef farið hér í gegnum.

Ég skil það líka vel, virðulegi forseti, að hv. þingmaður treystir sér ekki til að taka afstöðu til þeirrar tillögu sem fram kemur á landsfundi sjálfstæðismanna miðað við það hvernig hann hefur talað. Ég hef ekki séð tillögu frá hv. þingmanni, hvorki í orðum hans í ræðustól né í þingskjölum um það hvernig hann vill bæta kjör lífeyrisþega og aldraða. Þess vegna er ég ekkert hissa á því þó hann vilji ekki taka undir tillöguna sem liggur fyrir frá landsfundi sjálfstæðismanna en það verður fróðlegt að fylgjast með því á landsfundinum.

[11:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þær áherslur sem birtast í þessu þingmáli endurspegla og eru mjög í samræmi við áherslur og stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. VG leggur höfuðáherslu á að stórbæta kjör öryrkja og eldri borgara, eins og þegar hefur komið fram í umræðum á þingi, enda kusum við að gera þennan málaflokk að fyrsta málaflokki sem við tækjum upp í þinginu.

Það er þrennt sem ég vil nefna sérstaklega í tengslum við þetta þingmál sem er mér og okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að skapi. Í fyrsta lagi að beina þessum málum inn í samráðs- eða samningaferli. Hér segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við samtök aldraðra og öryrkja, að beita sér fyrir því að komið verði á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega. Skoðuð verði þátttaka almannatrygginga og lífeyrissjóða í afkomutryggingu."

Í fyrsta lagi erum við sammála því að stefna að afkomutryggingu og að um hana verði samið. Hér er talað um samráð en spurning hvort ganga eigi enn lengra og beina þessu inn í eiginlegan samningaferil en ég er ánægður og við erum ánægð með þessa áherslu. Við höfum haft vísi að samningum á undanförnum árum og þetta er að færast smám saman inn í þennan farveg vegna öflugrar baráttu Öryrkjabandalagsins og Landssambands eldri borgara sem hafa knúið mjög á um þetta. Það þýðir náttúrlega að þá samninga sem kunna að verða gerðir þarf að virða gagnstætt því sem gerðist eftir samningana sem gerðir voru við Öryrkjabandalag Íslands undir flóðljósum í Þjóðmenningarhúsinu í aðdraganda kosninganna 2003. Það var ekki staðið við þá samninga þrátt fyrir heitstrengingar og miklar yfirlýsingar í aðdraganda kosninganna á þeim tíma.

Ég vil minna á í þessu sambandi af því að hér er vísað í samspil á milli almannatrygginga og lífeyrissjóða að á árinu 1995, í upphafi stjórnarsamstarfs Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, var því lýst yfir, og það var að finna í stefnuyfirlýsingu þeirrar ríkisstjórnar, að þetta samspil yrði sérstaklega skoðað auk skattanna, samspil trygginga, lífeyrissjóða og skatta. Nefnd var sett á fót sem átti að fara í saumana á þessum málum. Hún kom saman til nokkurra funda og síðan ekki söguna meir. Það er mjög slæmt að sú vinna skyldi ekki hafa farið fram en ég bind miklar vonir við þær viðræður sem nú fara í hönd þótt ég væri ekki sáttur við svörin sem hæstv. heilbrigðisráðherra gaf mér í utandagskrárumræðu í fyrradag, sem ég skildi nánast sem svo að niðurstöður þeirra viðræðna yrðu virtar að vettugi, en ég ætla að vona að þar verði uppi breyttar áherslur.

Ég fagna því einnig að gengið skuli til viðræðna við Öryrkjabandalag Íslands um þá makalausu yfirlýsingu sem er að finna í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar um að bæta tekjutryggingarauka ellilífeyrisþega með því að ganga á hlut hreyfihamlaðra öryrkja og eldri borgara. Þetta er fáheyrt og mun aldrei verða látið ganga hér í gegn án mikillar baráttu af hálfu okkar í stjórnarandstöðunni. Ég þykist viss um að óhætt sé að tala fyrir hönd hennar allrar, hvort sem það er Samfylkingin, Frjálslyndir eða Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Þetta er það fyrsta sem ég vildi nefna: Hve

mikilvægt er að beina þessum málum inn í samningaferli og ég hvet fólk enn og aftur til að fylgjast með þeim viðræðum sem fara í hönd við Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalag Íslands um kjör þeirra skjólstæðinga.

Í öðru lagi er í þingmálinu talað um að skerðingarhlutföll grunnlífeyrissjóðs tekjutryggingar verði rýmkuð verulega til að auka svigrúm til atvinnuþátttöku. Þetta tel ég mjög gott. Kröfur um þetta hafa komið frá samtökum eldri borgara og öryrkja og ég tel mjög brýnt að þarna verði svigrúmið rýmkað. Ég vil því taka undir þá áherslu sem fram kemur í þingmáli þingmanna Samfylkingarinnar.

Í þriðja lagi vil ég nefna að hér segir um gólfið sem eigi að vera gagnvart tekjutryggingunum:

„Grunnlífeyrir og tekjutrygging verði sem næst lágmarksframfærslu eins og hún verður skilgreind í samræmi við neysluútgjöld lífeyrisþega. Raungildi grunnlífeyris og tekjutryggingar verði ekki lægra við upptöku afkomutryggingar en það var á árinu 1995."

Ég bið hér um síðbúið leyfi til að vitna orðrétt í þingskjalið. Þetta er góðra gjalda vert þó að við eigum ekki að gefa okkur niðurstöðurnar úr samningaviðræðum við Landssamband eldri borgara þá er ekkert óeðlilegt að hér sé tilmælum beint til annars samningsaðilans, þ.e. ríkisvaldsins, um hvar þetta viðmið eigi að liggja. Hitt er annað mál að það hefur hallað á eldri borgara í lengri tíma og ég nefndi það í utandagskrárumræðu í fyrradag að þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp 1988 þá borguðu ellilífeyrisþegar ekki skatta af grunnlífeyri og tryggingaraukanum en gera það nú. Núna borga þeir skatta eins og aðrir sem 37,7% af tekjum umfram skattleysismörkin en þau liggja núna, eins og fram kom í máli hv. 1. flm. Jóhönnu Sigurðardóttur, í 71.296 kr.

Ég nefndi það um daginn að hér væri um að ræða 13% skatt þegar litið er á heildina en að sjálfsögðu eru lífeyrisþegar að greiða skatt með sama hlutfalli og aðrir gera. Að sjálfsögðu, segi ég. Þar vísa ég aðeins í prósentuna. Hins vegar finnst mér fráleitt að þeir séu ekki undanþegnir skerðingum af grunnlífeyrinum eins og samtök þeirra hafa óskað eftir.

Hæstv. forseti. Ég legg áherslu á stuðning Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við þetta þingmál.

[11:25]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég kem upp í pontu til að lýsa stuðningi við það mál sem hér er lagt fram um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja. Þennan málaflokk er mjög mikilvægt að ræða í hv. Alþingi og vil ég vekja athygli á því í upphafi máls míns að við munum vonandi ræða aðra tillögu síðar í dag, tillögu Frjálslynda flokksins um tryggan lágmarkslífeyri sem gengur í raun og veru út á sömu hugsun og hér er lögð fram að hluta til því að í þingsályktunartillögu þingmanna Samfylkingarinnar segir orðrétt í niðurlagi, með leyfi forseta:

„Auk þessa verði skerðingarhlutföll grunnlífeyris og tekjutryggingar rýmkuð verulega til að auka svigrúm til atvinnuþátttöku."

Sú tillaga sem hér er um afkomutryggingu lífeyrisþega og að þátttaka almannatrygginga og lífeyrissjóða í afkomutryggingunni verði skoðuð. Þetta er mál sem allir ættu að vera mjög áhugasamir um að lagfæra. Það er auðvitað vegna þess að staða eldri borga í þjóðfélaginu og öryrkja einnig er að mörgu leyti mjög sérstök og hefur þróast á verri veg á undanförnum árum, eins og hér hefur komið fram í máli ræðumanna. Það er því nauðsynlegt að taka á þessum málum í heild sinni. Það er einfaldlega þannig að raungildi bótanna hefur ekki haldist á undanförnum árum, eins og kemur greinilega fram í greinargerð með þessari tillögu, og það liggur fyrir að lífeyrir fólks sem það fær úr almannatryggingum og lífeyrissjóði dugar iðulega ekki fyrir framfærslu.

Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt sérstaka áherslu á að skoða samtengingu almannatrygginga og almannatryggingabóta og lífeyristekna. Í framhaldi af því skoðuðum við einnig hvernig ellilífeyrisþegar fara út úr því ef þeir hafa ekki lífeyristekjur en þurfa, vegna þess hve slök afkoma þeirra er úr almannatryggingum, jafnvel að stunda vinnu ef þeir fá það eða geta, hlutastarf eða eitthvað, og hvernig þær tekjur skerða svo aftur almannatryggingabætur þeirra. Það verður að segjast eins og er að það fyrirkomulag sem er í gildi hjá okkur býr ekki til þá afkomutryggingu sem dugar eldri borgurum. Það er því algerlega rökrétt að það mál sem þingmenn Samfylkingarinnar leggja hér fram sé skoðað. Þingsályktunartillaga Frjálslynda flokksins, sem vonandi fæst rædd síðar í dag, gengur nákvæmlega út á þá sömu hugsun að tryggja fólki lágmarkslífeyri til þess að lifa af.

Það er auðvitað ljóst, því miður, að kaupmáttur lífeyris úr almannatryggingum hefur ekki haldið raungildi sínu og ekki haldið við þær viðmiðanir sem menn hafa talið nauðsynlegar. Við höfum lengst af gengið út frá því að öllum þegnum landsins væri tryggð lágmarksafkoma en því miður hafa eldri borgarar dregist aftur úr varðandi launaviðmiðun. Það liggur einfaldlega fyrir að um 10–11 þúsund manns lifa á launum undir 110 þús. kr. á mánuði.

Þetta er auðvitað hægt að lagfæra með ýmsum hætti. Við völdum þá leið í Frjálslynda flokknum að stinga upp á að ákveðinn hluti lífeyris skerti ekki bætur. Niðurstaðan yrði þá sú að úr almannatryggingum væri greiddur fullur lífeyrir og síðan lágmarkstekjur til viðbótar sem ekki hefðu áhrif til skerðingar. En eins og allir vita virkar tryggingakerfið þannig að allar tekjur sem fólk hefur skerða bæturnar úr almannatryggingunum með svokallaðri 45% reglu sem segir þá að fyrir hverjar 10 þús. kr. sem fólk fær úr lífeyrissjóði lækka bæturnar hjá Tryggingastofnun um 4.500 kr. Þannig er reglan nema þegar um fjármagnstekjur er að ræða, þá er fyrst deilt í með tveimur og síðan er 45% reglan notuð. Svo kemur auðvitað tekjuskatturinn þar á eftir. Við höfum ekki lagt til að honum væri breytt að því er varðar eldri borgara. Ég sé það ekki heldur í þessari útfærslu Samfylkingarinnar, þar er einfaldlega verið að tryggja að afkoman sé það góð út úr bótunum að það dugi fólki til framfærslu.

Auðvitað spilar þar allt saman, skattkerfið, stefna ríkisstjórnarinnar í þeim málum, fjármunir sem fólk fær út úr almannatryggingum og jafnvel einhverjar aðrar tekjur. Ekki er hægt að ræða þessi mál án þess að víkja örlítið að skatta-

stefnu ríkisstjórnarinnar svo ótrúleg sem hún er. Það er náttúrlega alveg sérstakt þegar ríkisstjórnarflokkarnir hafa tekið sér það fyrir hendur að fjölga skattgreiðendum í neðstu tekjumörkunum en létta skattbyrðina í hæstu tekjuflokkunum, afnema hátekjuskattinn en fjölga ellilífeyrisþegum og öryrkjum sem greiða skatt. Það er stefnan í reynd og það er alveg sama hversu oft menn reyna að snúa sig út úr því í ríkisstjórnarflokkunum. Þetta er reisnin í stefnu þeirra og þýðir ekkert að berja hausnum við steininn með það. Þetta er reisnin.

Það hefur komið fram, m.a. í ræðu fjármálaráðherra, að hann hefur hreykt sér af því að fleiri greiða nú tekjuskatt en áður hefur verið og auðvitað er það vegna þess að það er verið að fjölga skattgreiðendum neðar í tekjuhópunum. Þetta hangir allt saman, óréttlát skattstefna ríkisstjórnarinnar, óréttlát framkvæmd að því er varðar tengingar launa, lífeyris og almannatrygginga og yfirleitt er verið að ganga á hlut þeirrar stéttar eldri borgara og öryrkja. Það er verið að ganga á hlut þess fólks sem, meðan það var á vinnumarkaði og gat unnið, byggði upp þetta velferðarríki sem við köllum svo, Ísland. Ég held að það sé okkur öllum til sóma sem störfum hér á Alþingi að það verði tekist virkilega vel á við það að lagfæra þessa stöðu. Til þess eigum við að leggja saman í stjórnarandstöðunni. Ekki mun af veita eins og stefnan hefur verið.

[11:33]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þegar við komum til þings á þessu hausti er mikill samhljómur í tillögum sem stjórnarandstaðan flytur og þeim málum sem hún mælir fyrir á fyrstu dögum þingsins. Þannig er og um þetta, eitt fyrsta þingmál Samfylkingarinnar, afkomutryggingu lífeyrisþega. Í fyrradag fór fram utandagskrárumræða að frumkvæði Ögmundar Jónassonar og Frjálslyndi flokkurinn er með þingmál, sem væntanlega kemur á dagskrá í dag, um svipaða hluti, þ.e. um skerðingarhlutfallið í lífeyrisgreiðslum aldraðra. Við erum öll með mál af þessum toga sem okkar fyrstu mál á þinginu. Það er ekki að ástæðulausu. Ástæðan fyrir því er sú að aldraðir eru sá hópur í samfélaginu sem hefur, ásamt ýmsum öðrum, setið eftir í því góðæri sem verið hefur á undanförnum árum. Þessi hópur hefur augljóslega og mælanlega setið eftir í góðærinu.

Forsætisráðherra talaði fyrir helgi um að kaupmáttaraukningin í samfélaginu hefði ekki aðeins verið 50% heldur 60%. Hæstv. forsætisráðherra talaði um 60% aukningu. Kaupmáttaraukning aldraðra hefur ekki náð helmingnum af þeirri kaupmáttaraukningu sem almennt hefur orðið í samfélaginu. Ástæðan er einfaldlega sú að tenging launa og bóta var afnumin á Alþingi þegar til meðferðar voru fjárlög fyrir árið 1996, hygg ég vera. Þá var þessi tenging einfaldlega afnumin sem þýðir að lífeyrisþegar hafa setið eftir og ekki fengið þá kaupmáttaraukningu sem almennt hefur orðið í samfélaginu.

Ég segi eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, að það er ekki hægt að tala um þessa hluti nema í samhengi við annað sem gerst hefur í samfélaginu. Þetta gerðist í tíð ríkisstjórnarinnar, þ.e. hófst fyrsta starfsár hennar við afgreiðslu fyrstu fjárlaga þessarar ríkisstjórnar. Þá hófst, ef við getum orðað það svo, hin hljóðláta bylting sem orðið hefur á síðustu tíu árum. Þessi hljóðláta bylting er bylting í átt til aukins ójafnaðar. Samfélagið hefur þróast með áþreifanlegum og mælanlegum hætti í átt til aukins ójafnaðar síðasta áratug í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það hefur ekki bara gerst óvart, ekki gerst fyrir slysni. Það hefur ekki gerst vegna þess að menn hafi gleymt einhverju. Það hefur gerst markvisst með þeim ákvörðunum sem þessi ríkisstjórnin hefur tekið. Þetta hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið stefna þessarar ríkisstjórnar að auka ójöfnuð í samfélaginu.

Ýmsir stjórnarliða eru þeirrar skoðunar að það eigi ekki að tengja saman launaþróun og þróun bóta. Margir stjórnarliða eru þeirrar skoðunar að auka eigi kostnaðarþátttöku fólks í heilbrigðiskerfinu, í menntakerfinu og víðar. Margir stjórnarliða eru þeirrar skoðunar að færa eigi niður skattleysismörkin til þess að fjölga skattgreiðendum, eins og hér kom fram. Þetta hefur allt saman gengið eftir og allt verið gert undanfarin tíu ár, sem hefur leitt til aukins ójafnaðar sem er mælanlegur í íslensku samfélagi en er ekki mældur með markvissum hætti af hæstv. ríkisstjórn.

Í Morgunblaðinu í dag, hygg ég, var vísað í grein á heimasíðu Þorvaldar Gylfasonar prófessors sem sýnir fram á það með mælanlegum hætti hvernig ójöfnuður hefur aukist í íslensku samfélagi síðastliðinn áratug, í tíð þessarar ríkisstjórnar. Mælieiningin sem notuð er yfir þetta er gefin út, held ég, í nánast öllum OECD-ríkjum. En hér hættu menn því, eftir því sem prófessorinn sagði, þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður af ríkisstjórninni. Þessi stuðull mælir jöfnuðinn í samfélaginu. Í þeim samfélögum á Vesturlöndum þar sem jöfnuðurinn er hvað mestur, hjá Norðurlöndum, Belgíu og reyndar er Japan í þeim hópi, merkilegt nokk, er þessi stuðull í kringum 25. Ísland er ekki í þeim hópi. Ísland er ekki í hópi með öðrum Norðurlandaþjóðum hvað varðar jöfnuð í samfélaginu. Við komum þar á eftir og erum komin með þennan stuðul í 30. Hann var rétt liðlega 21 eða 22 þegar ríkisstjórnin tók við. Það hefur því orðið sannanleg og mælanleg gliðnun í samfélaginu í tíð ríkisstjórnarinnar.

Hægt væri að nefna margar tölur þessu til staðfestingar. Það hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gert. Hún hefur sýnt hvernig skattleysismörkin hafa færst niður miðað við það sem þau ættu að gera ef þau héldu í við verðlagsþróunina. Hún hefur sýnt hvernig lífeyrisgreiðslur til aldraðra og öryrkja hafa skerst vegna þess að þær hafa ekki haldið í við launaþróunina. Hún hefur sýnt fram á hvernig misskiptingin hefur aukist á undanförnum 10 árum. Allt á það rót sína að rekja til ársins 1995 þegar ríkisstjórnin tók við völdum og afgreiddi sín fyrstu fjárlög.

Að undanförnu hefur mikið verið talað um, varðandi stöðuna sem nú er á vinnumarkaðnum, að það væri gott að fá aldraða í auknum mæli til að taka þátt í atvinnulífinu, vinna í verslunum, á leikskólum og þar sem vantar fólk. En hvers vegna í ósköpunum ættu aldraðir að gera það þegar þess er gætt að bæti þeir við sig einhverjum atvinnutekjum þá halda þeir sáralitlu eftir vegna skerðingarákvæða á lífeyrinum. Ef við tökum sem dæmi einhleypan ellilífeyrisþega sem býr einn og fær um 50 þús. kr. út úr lífeyrissjóði og um 82 þús. kr. frá Tryggingastofnun ríkisins. Hann hefur

um 132 þús. kr. alls í tekjur. Þegar búið er að taka af honum skatt, því að skatt greiðir hann, þá standa eftir 110 þús. kr. Færi hann að vinna og bætti við sig 70 þús. kr. í atvinnutekjum, fengi sér vinnu og bætti við sig 70 þús. kr. í atvinnutekjum, þá héldi hann eftir, eftir skatt, 126 þús. kr. Hann hefur 15.700 kr. upp úr krafsinu vegna skerðingarákvæða í lögum um almannatryggingar. Auðvitað þarf þetta að breytast, hæstv. forseti, þannig að fólk geti tekið þátt í atvinnulífinu ef það svo kýs, þótt það sé komið á eftirlaunaaldur.

[11:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði að lífeyrisþegar hefðu ekki náð helmingi af kaupmáttaraukningu almennra launþega. Þetta sagði hún. Ég vil að hún finni þeim orðum stað.

Í svari hæstv. heilbrigðisráðherra við fyrirspurn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur kemur allt annað fram. Það svar er að finna á þskj. 1383, frá löggjafarþinginu 2004–2005. Ég hef farið í gegnum það í flýti og mér sýnist á töflu sem þar er sett fram að lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar hafi allar hækkað meira en laun almennt og sumar verulega mikið meira. Ég held að hv. þingmaður ætti að kynna sér þetta svar hæstv. heilbrigðisráðherra til samflokksmanns hennar hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur.

[11:43]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það þýðir kannski lítið að ræða þessi mál við hv. þm. Pétur Blöndal ef hann tekur ekki þau svör gild sem hann hefur þegar fengið úr ræðustól í dag. Hv. þingmaður Samfylkingarinnar, Jóhanna Sigurðardóttir, fór vel yfir málið áðan og hvernig svör heilbrigðisráðherra og upplýsingar sem hann gaf í umræðunni í fyrradag væru einfaldlega villandi.

Það kann vel að vera, ég skal ekki deila við hv. þm. Pétur Blöndal um það úr ræðustól vegna þess að við höfum ekki þau gögn undir höndum, að lífeyrir hafi hækkað meira en launataxtar. En launaþróunin í landinu hefur verið sú að kaupmáttaraukningin hefur verið yfir 50% eftir því sem hæstv. forsætisráðherra sagði. En kaupmáttaraukning lífeyrisþega hefur alls ekki haldið í við það. Það er auðvitað kaupmáttaraukningin sem við hljótum að horfa til í þessu sambandi. Það er það sem launavísitalan mælir en ekki bara launataxtar.

Ég þakka þingmanninum fyrir að gefa mér tækifæri til að koma í ræðustól aftur vegna þess að ég ætlaði, hæstv. forseti, að nefna það sem eldri borgarar sögðu um þetta efni árið 1995. Þá beindu þeir m.a. orðum sínum til háttvirtra alþingismanna og sögðu, með leyfi forseta:

„Nú er mál að linni. Þótt aldraðir liggi vel við höggi erum við ekki dauð úr öllum æðum þó að aldurinn færist yfir okkur. Það er a.m.k. ekki búið að afnema kosningarrétt okkar enn þá við ákveðin aldursmörk.“

[11:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir á eftir að finna þeim orðum sínum stað að kaupmáttaraukning lífeyrisþega hafi verið helmingi minni en launþega almennt. Í svari hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á síðasta þingi við fyrirspurn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur á þskj. 1383 kemur fram að lífeyrisgreiðslurnar hafa hækkað meira en launavísitalan sem Hagstofa Íslands reiknar út sem meðalhækkun launa allra landsmanna. Það eru ekki taxtar, það eru laun allra landsmanna. Þau hafa hækkað um 40% og lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun hafa hækkað töluvert meira samkvæmt þessu svari. Ég hef enga ástæðu til að rengja Hagstofuna um að koma með rétta viðmiðun. Hins vegar hafa eldri borgarar notað lægstu laun sem viðmiðun. En það gengur náttúrlega ekki þegar búið er að hækka þau svo ofboðslega mikið. Það var sameiginlegt átak. Þau voru skammarlega lág og eru kannski enn þá of lág.

En það sem menn nefna ekki, og Samtök aldraðra hafa ekki nefnt, er að lífeyrir frá lífeyrissjóðunum hækkar eins og verðlag en ekki eins og laun og þetta er það sem aldraðir sömdu um sjálfir á sínum tíma. Öll útlánin, húsbréfin og allt saman var verðtryggt miðað við verðlag en ekki laun og sá lífeyrir hefur ekki haldið í við laun, að sjálfsögðu ekki þegar launin hækkuðu um 40%. Að því leyti eru aldraðir illa settir en það nefna þeir aldrei nokkurn tíma. Það skyldi þó ekki vera vegna þess að annar forustumanna þeirra var forstöðumaður lífeyrissjóðs í 40 ár og stóð að þessum breytingum?

[11:47]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Upplýsingarnar sem ég var með hér um kaupmáttaraukningu almennt voru frá hæstv. forsætisráðherra. Upplýsingarnar sem ég var með um kaupmáttaraukningu aldraðra lífeyrisþega eru frá Landssamtökum eldri borgara. (Gripið fram í.)

Varðandi þær tölur sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi um þessa miklu aukningu hjá tilteknum hópi lífeyrisþega hefur það þegar komið fram í þingsalnum í dag að þarna er verið að tala um hækkun sem varð hjá þeim 300 einstaklingum sem eru með tekjutryggingarauka, 300–400 einstaklingum. Af 35 þús. öldruðum (Gripið fram í.) er það allur hópurinn sem er með tekjutryggingaraukann, hv. þingmaður, og það er aðeins lítill hluti aldraðra í landinu.

[11:48]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. „Þjóðfélag getur ekki talist velferðarþjóðfélag nema vel sé búið að öldruðum og öryrkjum og þeim tryggð sómasamleg kjör.“

Svo segir meðal annars í þingsályktunartillögu sem allir þingmenn Samfylkingarinnar flytja um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja.

Þessi orð eru kannski allt of sjaldan sögð úr ræðustól á hinu háa Alþingi og því miður hefur stjórnarmeirihlutinn engan áhuga á að horfa á þennan þjóðfélagshóp og lagfæra hlutina, heldur hefur frá árinu 1995 þegar samstjórn þessara tveggja flokka, sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, hófst haft uppi stórkostlegar árásir á aldraða og skert mjög kjör þeirra.

Í umræddri þingsályktunartillögu eru mjög miklar upplýsingar sem og rökstuðningur fyrir því sem hér er sett fram sem hefur verið farið vel yfir og ég ætla ekki að dvelja við í þeim stutta tíma sem maður hefur til að ræða tillöguna.

Ég ætla hins vegar að taka dæmi úr lífeyriskerfinu. Ég ætla að taka dæmi þar sem rúmlega áttræður einstaklingur fær frá Tryggingastofnun samkvæmt greiðsluseðli — og ég er mjög ánægður með að hv. þm. Pétur Blöndal sé í salnum og hlusti á þetta — 90.534 kr. Þessi einstaklingur hefur misst maka sinn og fær úr lífeyrissjóði rúmar 25 þús. kr. Ríkissjóður hefur fundið þennan einstakling og hirðir af honum í skatt 15 þús. kr. á mánuði. Eftir standa 100 þús. kr. sem viðkomandi hefur til að lifa af og býr í eigin húsnæði. Það væri ánægjulegt ef hv. þm. Pétur Blöndal gæti veitt okkur upplýsingar um hvað það kostar að reka heimili, hvort hægt sé fyrir þennan hundraðþúsundkall að halda heimili og draga fram lífið.

Hv. þingmaður sagði áðan: Ríkið skaffar þeim sem eru á dvalar- eða hjúkrunarheimilum allt. Hvað með þá fjöldamörgu einstaklinga sem hafa þessar 100 þús. kr. og geta sem betur fer enn þá búið í eigin húsnæði úti í bæ? Hvernig eiga þeir að draga fram lífið, hv. þm. Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins?

Ég ætla að halda áfram að taka dæmi um þetta lífeyrissjóðakerfi. Setjum sem svo að viðkomandi hafi átt maka sem var í Lífeyrissjóði verkamanna, ekki opinberra starfsmanna þar sem ríkissjóður hellir inn peningum af og til þegar hann vantar. Lífeyrissjóður verkamanna fór illa á verðbólguárum og brann kannski upp. Fullur makalífeyrir eftir þann mann greiðist í þrjú ár. Helmingur fæst í tvö ár í viðbót og síðan ekki neitt.

Virðulegi forseti. Það er svolítið erfitt að segja þessa hluti þannig að maður skaði ekki neinn en hefði þessi einstaklingur dáið tveimur árum fyrr hefði eftirlifandi maki fengið úr lífeyrissjóði þess sem féll frá. Þetta er það lífeyrissjóðakerfi sem fjölmargir búa við. Þessir lífeyrissjóðir skaffa þær litlu bætur sem ég gerði að umtalsefni. Svo get ég farið yfir í Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna þar sem eftirlifandi maki opinbera starfsmannsins fer með 250–300 þús. kr. út úr því dæmi.

Virðulegi forseti. Það er óþolandi misrétti sem á sér stað í þessu þjóðfélagi. Lífeyrissjóðir eru skyldugir til að breyta reglum sínum ef þeir eiga ekki fyrir reiknuðum skuldbindingum, almennir lífeyrissjóðir sem verkafólk og aðrir borga í. Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna fær framlag frá ríkissjóði til að verðtryggja sig til að geta haldið áfram að greiða út háan lífeyri. Og ég segi: Þetta er óþolandi misrétti.

Nýlega barst mér til eyrna hvernig tryggingakerfið kemur við fjöldamarga, fólk sem lendir í alvarlegum veikindum. Tryggingastofnun tekur þátt í ferðakostnaði eftir einhvern ákveðinn tíma en ég hef séð dæmi þar sem Tryggingastofnun tekur ekki þátt í ferðakostnaði, uppihaldi og öðru slíku hjá maka sem þarf að fylgja með þegar sjúklingur sækir sér læknisþjónustu sem er hvergi annars staðar hægt að fá en í Reykjavík. Það stendur ekki endilega til að veita hana um allt land heldur væri sanngjarnt að skattkerfið kæmi þar á móti. En maður hefur séð dæmi þar sem fjárhagsleg afkoma eftirlifandi maka hefur algjörlega hrunið eftir veikindi vegna þess að viðkomandi hefur þurft að borga flug- og húsnæðiskostnað, bílaleigubíla, uppihald í Reykjavík o.s.frv. Erum við Íslendingar stolt af þessu kerfi? Ég segi nei. Það er einn mesti smánarblettur á þessu landi hvernig við komum fram við aldraða og öryrkja eins og ég hef hér gert að umtalsefni og, eins og ég hef líka gert að umtalsefni, hvernig við komum fram þar sem alvarleg veikindi herja á fólk.

Þetta er sem sagt það þjóðfélag sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa verið að fikta í frá 1995. Þeir hafa verið að taka skatta af þessu fólki, eins og ég tók hér dæmi af, 15 þús. kr. af þeim sem fær þessar smánarbætur sem ég var að tala um áðan. Það er notað til að draga saman útgjöld ríkissjóðs svo að fjármálaráðherra geti komið hingað í upphafi þings og m.a. lýst því hve góð afkoma sé af ríkissjóði og mikill afgangur í þeim glansumbúðum sem settar eru fram en hrynja svo fljótlega, yfirleitt áður en Íslendingar taka upp jólapakkana sína.

Ég dáist að því, virðulegi forseti, að hv. þm. Pétur Blöndal taki stundum þátt í umræðum um þessi mál við okkur jafnaðarmenn. Hann á heiður skilinn fyrir það vegna þess að aðrir sjálfstæðismenn láta ekki sjá sig og eru á flótta frá málinu. Þess vegna held ég að aldraðir og öryrkjar ættu að horfa á setningu landsfundar Sjálfstæðisflokksins í dag þar sem Davíð Oddsson, formaður flokksins, flytur sína síðustu ræðu. Undir forsæti hans frá 1995 hafa tekjur aldraðra og öryrkja verið skertar svo mjög sem við höfum gert að umtalsefni. Aldraðir og öryrkjar ættu líka að hugsa til þess næst þegar hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson kemur í fjölmiðla og talar um þjóðarhag, metafkomu, aukinn kaupmátt o.s.frv. að það er sá ráðherra, formaður Framsóknarflokksins, sem hefur staðið í þeim stórkostlegu skerðingum sem við erum að ræða um og viljum leiðrétta. Það eru 12 þús. kr. á mánuði sem mundu bætast við, 144 þús. kr. á ári, ef þessi tillaga næðist í gegn.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan gefst ekki mikill tími til að fara vandlega í gegnum þetta mál á þeim átta mínútum sem okkur þingmönnum eru ætlaðar til að ræða þingsályktunartillögur en við getum komið aftur. Ég hef þó tekið nokkur dæmi og mér finnst miklu betra að taka svona dæmi og leggja þau fram en að rífast um kaupmátt, hvort hann er í plús 20% eða 30% eins og mér finnst hv. þm. Pétur Blöndal yfirleitt gera þegar við ræðum þessi mál.

[11:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil gera athugasemdir við þær yfirlýsingar sem hv. þm. Kristján Möller gaf um lífeyrissjóði. Ég fékk ekki betur skilið en að hann væri að stilla upp sem andstæðum annars vegar hinu spillta lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og hins vegar lífeyrissjóðum innan gamla SAL-kerfisins. Þetta er málflutningur sem ég felli mig ekki við.

Ef það á að stilla upp andstæðum, spillingunni annars vegar og hinu réttláta hins vegar, skulum við annars vegar horfa til lífeyrissjóðs þingmanna, lífeyrisréttinda alþingismanna og ráðherra, og hins vegar almenns launafólks. Þar er spilling annars vegar og almenn réttindi hins vegar. Ef við ætlum að stilla upp andstæðum skulum við ekki stilla upp þessum kerfum heldur hátekjumanninum og lágtekju-

manninum. Við skulum horfa til tekna og lífeyrisréttinda strætisvagnabílstjórans, sjúkraliðans, hjúkrunarfræðingsins, slökkviliðsmannsins og annarra annars vegar og hins vegar forstjóranna og ofurlaunafólks. Þá skulum við fara að tala um andstæður. Hv. þingmaður talar um að þegar upp á hafi vantað sletti ríkissjóður stórum summum inn í lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Við skulum fara í gegnum hvað gert var við þessa sjóði fyrr á tíð, þá peninga sem haldið var eftir og notaðir í þágu ríkissjóðs, þá peninga sem óbeint runnu inn í almannatryggingakerfið og ollu því að gamli sjóðurinn innan þessa kerfis varð peningalítill.

[11:58]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég efast ekki um að hv. þm. Ögmundur Jónasson þekki lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna betur en ég þótt ég hafi greitt í það á uppvaxtarárum mínum.

Það sem ég var einfaldlega að tala um, virðulegi forseti, var dæmi úr hinum almennu lífeyrissjóðum sem verkamaðurinn var í, borgaði í og féll frá, þar sem makalífeyrir er ekki greiddur. Vegna þess að lífeyrissjóðurinn átti samkvæmt útreikningi ekki fyrir skuldbindingum sínum þurfti stjórn sjóðsins að breyta reglunum sem varð til þess að makalífeyrir einstaklings sem hefði fallið frá í gær hefði fengist eftir hann um ókomin ár en eftirlifandi maki þess sem félli frá í dag hefði ekki fengið neinar greiðslur. Þetta er svona. Ég er að gera þessa athugasemd og benda á það óréttlæti sem er í lífeyrissjóðakerfinu í landinu. Ég er ekkert að tala um spilltan opinberan lífeyrissjóð. (**ÖJ:** ... í honum.) Ég er að tala um það hver mismununin er milli þess fólks sem vinnur hjá hinu opinbera, hvort sem það er ríki eða sveitarfélög, og verkafólks sem borgar í þá sjóði sem þar voru. Þessi lífeyrissjóður sem ég geri að umtalsefni var sem sagt þannig að útreikningar voru um að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar og þá er farið í þessar breytingar.

Það er þess vegna sem ég segi, virðulegi forseti, að það megi segja með dálitlum gálgahúmor að viðkomandi einstaklingur sem ég tók dæmi af hafi dáið of seint. Ég er bara ekki sammála svoleiðis tryggingakerfi.

[12:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn vandi sig í þessari umræðu. Staðreyndin er sú að við höfum búið við mismunandi lífeyriskerfi. Innan opinbera lífeyriskerfisins var það t.d. svo að menn fengu ekki framreiknaðar örorkubætur ef þeir slösuðust eða veiktust utan starfs. Þar var lakari réttur en gerðist innan annarra lífeyrissjóða. Hins vegar er það alveg rétt að lífeyriskerfi opinberra starfsmanna veitti meiri og tryggari réttindi og hefur gert það um langan tíma en gerist á almennum vinnumarkaði. Ég tel það vera keppikefli og baráttumál að bæta þessi réttindi og jafna þessi réttindi upp á við. (Gripið fram í.) Jú, ég hlustaði á hv. þingmann sem varð þess valdandi að ég tók á sprett úr skrifstofu minni til þess að koma í andsvar vegna þess að ég kunni ekki við þann tón sem ég þóttist heyra í ræðu hv. þingmanns.

Ég man líka eftir því að sitja við samningaborð fyrir hönd starfsmanna í opinberri þjónustu í langan tíma þar sem bent var á að kaupkröfur gætu ekki náð fram að ganga vegna þess að réttindin væru svo mikil. Ég tel rétt að horfa á allan pakkann, réttindi og laun. Auðvitað á að horfa á það sem einn pakka en þannig var það að menn guldu þess í langan tíma í launum sínum hve réttindin voru góð. En við skulum ekki gleyma því heldur að þó að þessi lífeyrisréttindi séu betri en hjá þeim sem búið hafa við lökust og allt of lök réttindi þá er það svo um láglaunafólkið og jafnvel meðaltekjufólkið innan raða opinberra starfsmanna að þeir eru ekki of sælir af því sem þeir fá úr lífeyrissjóðum sínum.

[12:02]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem ég held að sé talsvert sammála mér um þessi atriði, tók á sprett frá skrifstofu sinni og hingað í ræðustól Alþingis þegar hann heyrði mig tala um opinbera lífeyrissjóði og opinber störf. Það er gott. Ég tók á sprett, virðulegi forseti, inn á Alþingi þegar ég sá að ég hafði tækifæri til að taka dæmi af þeim lífeyrissjóði sem ég hef gert að umtalsefni og þeim réttindum sem fylgja í þeim sjóði og þeim smánarbótum sem hægt er að greiða úr honum vegna þess að hann er ekki nógu öflugur. Hann hefur ekki ávaxtað sitt pund, peningar hans hafa sennilega brunnið upp í verðbólgu og kannski brunnið upp líka vegna þess að viðkomandi lífeyrissjóður lagði e.t.v. fram peninga til að halda við atvinnu í ákveðnum byggðarlögum á því svæði sem lífeyrissjóðurinn náði yfir og e.t.v. hafa fyrirtæki farið á hausinn og fé tapast úr sjóðnum. Þetta var meðan svo var. Það gerði það að verkum að stjórnin þurfti að koma saman og skerða þau réttindi sem viðkomandi fólk átti eins og ég hef tekið skýrt dæmi um þannig að spretthlaup mitt og hv. þingmanns er ekkert ólíkt.

Hv. þingmaður tók á sprett vegna Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Ég get tekið dæmi um opinberan starfsmann til mótvægis við dæmið sem ég kom með um þennan verkamannalífeyrissjóð, virðulegi forseti, en ég ætla ekki að gera það hér í ræðustól. (**ÖJ:** Jú, gerðu það.) Nei, ég ætla að gera það á eftir augliti til auglitis við þig vegna þess að það dæmi er of rekjanlegt að mínu mati. En það var hinn og haf milli þeirra réttinda sem verkamannafjölskyldan hafði og opinberi starfsmaðurinn hafði úr sínum sjóði. Og hvernig skyldi opinberi sjóðurinn hafa verið borgaður? Hann var töluvert mikið borgaður úr öðrum opinberum sjóði. Virðulegi forseti. Það dæmi ætla ég að fá að eiga við hv. þingmann.

(**Forseti** (SP): Forseti vill minna hv. þingmenn á að ávarpa aðra hv. þingmenn með réttum hætti.)

[12:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það væri skemmtilegra ef hv. þingmaður hlustaði á andsvarið. — Ég ætla að vona að maður geti ekki dregið neinar ályktanir af þessu. (**Gripið fram í:** Hann er að koma.) — Ég vil þá fá að auka tímann, frú forseti, ef mögulegt er.

(**Forseti** (SP): Forseti treystir því að hv. þingmaður verði í salnum, enda kom hann hér með mjög röskum hætti,

enda sprettharður mjög.)

Frú forseti. Hv. þingmaður nefndi dæmi um lífeyrisþega sem er með 120 þús. kr. á mánuði í lífeyri og bætur frá lífeyrissjóði og Tryggingastofnun og er með 100 þús. kr. til ráðstöfunar fyrir sjálfan sig. Ég hygg að hv. þingmaður ætti að fara úr sínum fílabeinsturni og kynna sér það að hæsti taxti Eflingar, sem er stéttarfélag hér á landi, er 120 þús. kr. Fjöldi fólks á vinnumarkaði er með lægri tekjur en þetta og það þótt það hafi jafnvel fyrir börnum að sjá, sem ellilífeyrisþegar hafa almennt ekki, og þurfi að borga í félagsgjald og í lífeyrissjóð 4 og 1%, 6 þús. kr. af þessum 120 þús. kr. Þannig er staðan. Ég held að hv. þingmaður ætti að líta út fyrir þingmannslaun sín og átta sig á að það er til fólk í landinu sem ekki er með slík laun.

Hvað varðar umræðuna um opinbera starfsmenn þá er það mál sem ég er margbúinn að nefna. Það er ekki bara svo að þetta sé eins hjá öllum opinberum starfsmönnum heldur eru þeir með B-deild sem er best tryggð, A-deild sem er lakar tryggð og svo eru opinberir starfsmenn sem ekki eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins heldur í SAL-sjóðunum, almennu sjóðunum, og þeir eru verst tryggðir. Ef þessir sjóðir skyldu fara illa, þessir opinberu sjóðir, grípur ríkið inn í. Þeir eru með tryggð réttindi, iðgjaldið er breytilegt og ríkið borgar það. Þá ætti hv. þingmaður að horfa á vextina á markaðnum. Ef þeir fara niður fyrir 3,5% þarf að skerða almennu sjóðina stórkostlega. (Forseti hringir.) Frú forseti. Má ég rétt aðeins ljúka af því að ég byrjaði of seint? Þá þarf að skerða stórkostlega almennu sjóðina.

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður hefur lokið þeim tíma sem honum er ætlaður í þingsköpum en forseti vekur athygli á að hann getur komið aftur upp í ræðustól.)

[12:07]

Kristján L. Möller *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar á því að hafa farið úr salnum. Mér var mikið í mun að ræða við hv. þm. Ögmund Jónasson um þetta mál augliti til auglitis eins og ég sagði áðan. Ég bið hv. þingmann afsökunar á því að hafa farið úr salnum, ég hafði bara ekki tekið eftir að það væri annað andsvar. Ég ætla ekki að svara miklu af því sem sagt var vegna þess að hv. þingmaður fékk of stuttan tíma. Ég ætla aðeins að segja að það er alveg hárrétt að þingmannslaun mín og laun verkamanns eru með þokkalegt meðaltal en það bætir ekkert fyrir verkamanninn þó að svo sé, þó að við tökum það meðaltal, ekki frekar en manni sem er mjög kalt að vera með annan fótinn í heitu vatni og hinn í köldu. Það er ekki alveg víst hvernig það fer. En ég bíð eftir öðru andsvari hv. þingmanns og því sem ég missti af í byrjun. Ég hygg að sjónarmið okkar hvað varðar almenna lífeyrissjóði, eins og ég tók dæmi um varðandi verkamenn, og svo varðandi opinbera lífeyrissjóði, fari e.t.v. svolítið saman um að það sé mikið óréttlæti þarna á milli, a.m.k. vona ég að svo sé.

[12:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þingmaður nefndi í ræðu sinni mismuninn á milli opinberu sjóðanna og almennu sjóðanna og ég er margbúinn að benda á þann mismun. Hann á eftir að verða miklu alvarlegri ef vextir á markaði fara niður fyrir 3,5% sem ég sé þá stefna í.

Það sem ég nefndi áðan um dæmið sem hv. þingmaður var með, 100 þús. kr. dæmið, þá er bara margt fólk sem verður að lifa af minna en 100 þús. kr. fyrir sjálft sig. Ef slíkur einstaklingur á húsnæði borgar hann enga leigu, ef hann er í leiguhúsnæði fær hann húsaleigubætur, ef hann skuldar eitthvað fær hann vaxtabætur þannig að dæmið er ekkert skýrt til enda. Það er ekki búið að klára það a.m.k. eftir lýsingu hv. þingmanns. Ef viðkomandi einstaklingur borgar engan húsnæðiskostnað, á húsnæði skuldlaust, þá hugsa ég að margir séu verr settir en þessi lífeyrisþegi með 100 þús. kr. til ráðstöfunar fyrir sig einan til matarkaupa og fatakaupa.

Varðandi Lífeyrissjóð þingmanna, frú forseti, þá veit ég ekki um neinn þingmann sem hefur lagt til að breyta því kerfi nema mig. Ég er búinn að flytja frumvarp í tvígang um að breyta lífeyriskerfi þingmanna þannig að þeir njóti almennra réttinda eins og launþegar í landinu. Ég veit ekki til þess að hv. þm. Kristján Möller hafi flutt þingsályktunartillögu eða þingmál um að breyta lífeyrisréttindum þingmanna. Það hef ég gert.

[12:10]

Kristján L. Möller *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það kann e.t.v. að vera að allt í einu sé kominn samhljómur milli okkar hv. þm. Péturs H. Blöndals hvað varðar mismun á opinberum sjóðum og almennum sjóðum. Vona ég að hv. þingmaður sé sammála mér um þau dæmi sem ég tók áðan og nefndi að það sé óásættanlegt misrétti sem þarna á sér stað. Það er bara svo.

Hins vegar hvað varðar 100 þús. kr. manninn sem ég gerði að umtalsefni þá verð ég aftur ósammála hv. þingmanni. Ég get ekki tekið undir þann málflutning sem hann hefur um 100 þús. kr. launin þó að ég viti að margir hafi það verra með lágmarkslaunin sín og kannski minni vinnu, atvinnuleysisbætur o.s.frv. Ég ætla ekki að fara að karpa um það og get það ekki í stuttu andsvari en ég leyfi mér að efast um það, virðulegi forseti, að hvorki ég né hv. þm. Pétur Blöndal getum lifað af þeim 100 þús. kr. sem þarna er skammtað og það bætir ekki stöðu atvinnulausra og þeirra sem eru með minna en það. Þarna komu rétt um 20 þús. kr. úr lífeyrissjóði vegna þess að lífeyrissjóðsiðgreiðslur viðkomandi einstaklings voru litlar. Þær komu seint inn, e.t.v. var lítil vinna og e.t.v. var viðkomandi heimavinnandi eða án atvinnu stundum sem oft gerðist og þess vegna eru lífeyrisréttindin ekki betri.

Það sem ég tel að gera þurfi, virðulegi forseti, er að bæta kjör þessa fólks, þessa þriðjungs sem er með þær smánarbætur sem þarna eru vegna þess að ég hygg að eftir 10–20 ár verði lífeyrisréttindi flestallra Íslendinga töluvert betri en þau eru í dag og vonandi góð ef tekst að halda lífeyrissjóðunum í góðu horfi og þeir verða ekki fyrir áföllum með fjármuni sína.

[12:12]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja. Að þessari tillögu

stendur allur þingflokkur Samfylkingarinnar. Þetta er fyrsta málið sem við flytjum á þessu þingi eins og fram hefur komið og sýnir kannski forgangsröðunina sem er hjá okkur og er gaman að bera hana saman við þá forgangsröðun sem við höfum séð hjá hæstv. ríkisstjórn.

Tillagan gengur út á að í samráði við samtök aldraðra og öryrkja verði ríkisstjórninni falið að beita sér fyrir því að komið verði á afkomutryggingu, skoðuð verði þátttaka almannatrygginga og lífeyrissjóða í afkomutryggingunni og í greinargerð er gert ráð fyrir því að ríkisvaldið, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins, bæði frá launþegum, atvinnurekendum svo og lífeyrissjóðum, komi að málinu og setjist niður yfir þetta brýna mál og finni lausn sem tryggir öldruðum afkomutrygginu þannig að enginn þurfi í raun að una því eins og fram hefur komið áður að eiga ekki fyrir nauðþurftum.

Við heyrðum það í upphafi þings og höfum reyndar heyrt það oft áður að á Íslandi ríki góðæri og rétt er það að tekjur ríkissjóðs hafa aldrei verið meiri en síðustu missiri en það er svolítið í mótsögn við þá glansmynd sem upp er dregin af stjórnarherrunum þegar við horfum á að kjör stórra hópa í þjóðfélaginu hafa rýrnað á sama tíma. Samtök aldraðra hafa t.d. lengi bent á að kjör þeirra hafi rýrnað á þessum góðæristíma. Samtökin hafa lagt talsvert mikið á sig til að kynna þetta mál fyrir öllum sem viljað hafa hlusta á þau, almenningi, stjórnmálaflokkum og fjölmiðlum, og mér virðist sem Samtökum aldraðra gangi nokkuð vel núna að koma málstað sínum á framfæri alls staðar nema hjá hæstv. ríkisstjórn. Það virðist ekki vera að þær staðreyndir sem verið er að leggja á borðið nái eyrum hæstv. ráðherra og er alveg ótrúlegt að við skulum þurfa að standa í ræðustól á Alþingi og rífast fram og til baka um staðreyndir sem liggja á borðinu og þvæla þessa umræðu með tali um staðreyndir þegar við ættum í raun og veru að tala um það hvernig aldraðir hafa það og hvort einhver hópur aldraðra þurfi á því að halda að við tryggjum kjör þeirra betur en gert hefur verið.

Sú ríkisstjórn sem nú situr lýsti því yfir fyrir síðustu kosningar að nú yrði efnt til reglulegs samráðs við Samtök aldraðra og farið yfir það á hverjum tíma hver kjör þeirra væru og hvort þau þyrfti að einhverju leyti að bæta. Eins og fram hefur komið hér, og kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, hefur lítið farið fyrir þessu loforði eftir kosningar. Það er fyrst núna, eftir að ákveðinn þrýstingur hefur byggst upp um að skoða þurfi kjör þeirra í hópi aldraðra sem verst hafa það, að ríkisstjórnin virðist að einhverju leyti ætla að fara að efna þetta loforð sitt frá því fyrir síðustu kosningar og hefja einhvers konar samráð eða samræður við Samtök aldraðra.

Tilgangurinn með þessari tillögu okkar í Samfylkingunni er einfaldlega sá að færa lífeyri aldraðra og öryrkja sem næst skilgreindu lágmarki sem þarf til framfærslu á hverjum tíma. Ég verð að segja alveg eins og er að það er hálfskammarlegt og reyndar undarlegt að þurfa að standa hér og rífast um hvort lífeyrisþegar eigi að eiga fyrir nauðþurftum eða ekki. Ef ákveðinn hópur lífeyrisþega á ekki fyrir nauðþurftum, og hægt er að sýna fram á það með fullgildum rökum, eru þá ekki allir sammála um að við þurfum að gera eitthvað í því? Eru þá ekki allir sammála því að við þurfum að taka höndum saman og koma í veg fyrir að hópur aldraðra eða öryrkja eigi ekki fyrir lágmarksframfærslu? Ég hélt við þyrftum ekki að standa hér og rífast um það hvort við ættum að grípa til einhverra aðgerða eða ekki en svo virðist vera. Þegar maður heyrir andsvör eins og hjá hv. þm. Pétri Blöndal veltir maður því fyrir sér hvernig í ósköpunum stendur á því að til eru hv. þingmenn sem virðast ekki skilja einfalda hluti eins og það að nauðsynlegt sé að bregðast við ef einhver hópur í þjóðfélaginu líður skort eða býr við neyð.

Það segir kannski svolítið um forgangsröð stjórnmálaflokka hvernig umræður eru hér á Alþingi og hvernig þátttaka er í þeim umræðum. Það virðist vera eins og hv. þm. Pétur Blöndal sé nánast eini stjórnarliðinn sem hefur áhuga á því að ræða þetta við okkur flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu. Hann kemur hér upp að mér virðist aðallega til að lýsa þeirri skoðun sinni að Samtök aldraðra fari með fleipur, að Samtök aldraðra segi ósatt. Ef maður hlustar á málflutning hv. þingmanns gæti maður helst haldið að þetta væri hópur einhverra óþokka að leyfa sér að fara með staðreyndir með þessum hætti.

Við hljótum að þurfa að álykta sem svo að þetta sé rödd Sjálfstæðisflokksins í umræðunum. Hér kom hv. nýr þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Gunnar Örlygsson, og lýsti því yfir að í Sjálfstæðisflokknum væri stór hópur sem hefði áhuga á kjörum aldraðra, stór hópur sem væri að skoða þau mál. En þegar einungis einn hv. þingmaður úr röðum sjálfstæðismanna kemur upp í andsvör og situr við umræðuna þá hlýtur hann að vera talsmaður þessa flokks og maður veltir þá fyrir sér: Er hann talsmaður þessa hóps sem hv. þm. Gunnar Örlygsson var að minnast á?

Það verður fróðlegt að sjá hvað kemur út úr landsfundi þeirra sjálfstæðismanna sem hefjast á í dag. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að þær skoðanir sem við höfum heyrt úr pontunni hjá hv. þm. Pétri Blöndal í þessari umræðu séu skoðanir sem endurspegla skoðanir meiri hluta þeirra sem mæta á landsfundinn.

Það er ekki bara það að kjörin hjá öldruðum hafi setið eftir ef við miðum við launaþróun í landinu. Það gæti nefnilega verið að skattastefna þessarar ríkisstjórnar — en hv. þm. Pétur Blöndal sagði í útvarpinu að hann hefði aldrei verið glaðari í pólitík vegna þess að svo vel hefði tekist til við að lækka skatta — sé partur af rýrnandi kjörum aldraðra. Persónuafslátturinn hefur setið eftir þannig að nú greiða aldraðir skatta af launum eða bótum sem þeir greiddu ekki skatta af áður. Ég held að við hljótum að geta tekið höndum saman á þingi og farið yfir þetta mál. Ef það er hópur úti í þjóðfélaginu, aldraðir og öryrkjar, sem býr við skort hljótum við í þessu allsnægtaþjóðfélagi að geta tekið höndum saman og lagfært hlutina á þann veg að svo verði ekki.

[12:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður segir að ég hafi sagt að Samtök aldraðra segi ósatt. Það sagði ég aldrei. Ég sagðist hins vegar efast um að þeir mættu nota lægstu laun til viðmiðunar þegar þeir reikna út hækkun á lífeyri. Þeir segja alltaf að lífeyrir frá Tryggingastofnun hafi lækkað miðað við lægstu

laun. Það er ekkert skrýtið, frú forseti, vegna þess að lægstu launin voru hækkuð umfram allt annað. Þau voru skammarlega lág. En það átti ekki að nota þau neins staðar til viðmiðunar. Það voru svardagar þeirra sem stóðu að samkomulaginu 1995. Þess vegna finnst mér ekki heiðarlegt af Samtökum aldraðra að nota það sem viðmiðun. Þeir eiga að miða við launaþróunina almennt og aftur leyfir hv. þingmaður sér, þó að í svari frá hæstv. heilbrigðisráðherra til hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur komi fram að lífeyrir frá Tryggingastofnun hafi hækkað meira en launaþróun í landinu, að halda því fram enn einu sinni að svo sé ekki. Þetta kemur fram í svari frá hæstv. heilbrigðisráðherra.

Þetta er dálítið dapurleg umræða og sérstaklega fyrir þá sem hafa áhuga á því að bæta kjör aldraðra, sem ég hef. Þá er það dapurlegt þegar menn nota bæði rangar viðmiðanir og horfa fram hjá því sem kemur fram í svörum frá ráðherra miðað við launaþróun sem Hagstofa Íslands reiknar út almennt. Svo halda menn fram allt öðru en stendur í þingskjölum. Hvers lags umræða er þetta eiginlega?

[12:22]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er háttur hv. þm. Péturs Blöndals þegar rætt er um kjör þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu að draga upp tölur og töflur máli sínu til stuðnings, en það vill nú þannig til að oft og tíðum eru þessar tölur og töflur þannig til komnar að veigamiklum þáttum er sleppt úr.

Það svar sem hv. þingmaður vitnaði í hér áðan, ef ég man það rétt, miðaðist við ráðstöfunartekjur aldraðra fyrir skatt. Þar var því ekki svarað hverjar ráðstöfunartekjur aldraðra væru og hvernig þær hefðu þróast miðað við raunráðstöfunartekjur þegar búið væri að borga skatta og skyldur til ríkisins. Getur hv. þingmaður ekki verið sammála mér um það að aldraðir séu farnir að greiða meiri skatt til ríkisins og í raun af lægri heildarupphæð en þeir gerðu áður? Getur hv. þingmaður ekki verið mér sammála um það að kjör aldraðra hafi rýrnað vegna þess að persónuafslátturinn hafi hvorki fylgt vísitölu neysluverðs né launavísitölum?

Ef hv. þingmaður er ekki að segja að aldraðir segi ósatt í málflutningi sínum, hvað er hann þá að segja? Hér hefur verið farið með tölur, og það gerði ég sjálfur áðan, sem koma beint frá Samtökum aldraðra. Ef þær tölur eru ekki réttar heldur rangar, eins og mér heyrist hv. þingmaður halda fram, hvernig á þá að vera hægt að draga aðra ályktun en þá að hann telji að forsvarsmenn aldraðra séu í raun að segja okkur ósatt?

[12:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vonaðist til að þurfa ekki að endurtaka það sem ég hef áður sagt en ætla samt að gera það, frú forseti. Ég hélt ræðu fyrr í andsvari um það að árið 1995 var ákveðið að hækka lægstu laun í landinu. Menn höfðu reynt að gera það áratugum saman þar áður en það hafði alltaf farið í gegnum alla kjarasamninga, upp í gegnum uppmælingataxta og allt. Það var reynt að hækka lægstu laun án þess að það hefði neins staðar áhrif. Það tókst. Það tókst, frú forseti, með samstilltu átaki allra. Það tókst að hækka lægstu laun sem voru skammarlega lág, þau voru 42 þús. kr. þegar ég kom á þing 1995 og eru núna 103 þús. kr. Sumir halda því fram að þau séu enn of lág og ég get alveg fallist á það. En þessi laun hafa hækkað miklu meira en nokkuð annað og þau áttu að gera það. Þess vegna segi ég að það sé ekki heiðarlegt, ég sagði ekki heiðarlegt, af Samtökum aldraðra að nota þessi laun til viðmiðunar af því að það hentaði og kemur ekki vel út. Þeir eiga að sjálfsögðu að nota launaþróunina almennt eins og kemur fram í þessu svari. Ég er hér með samanburð af kaupmætti greiðslna Tryggingastofnunar til fjögurra tilbúinna lífeyrisþega í þessu svari og þær hafa allar hækkað jafnmikið eða meira en launaþróun almennt í landinu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Ekki taxtar heldur launaþróun almennt.

Svo varðandi það að menn borgi núna skatta. Menn geta að sjálfsögðu fengið þessa útreikninga eftir skatta, með ráðstöfunartekjum eftir skatta. Það mundi ekki breyta niðurstöðunni því að launþegar borga líka skatta. En vandamálið sem menn glíma nú við, sýnist mér, er það að tekjur landsmanna og lífeyrir hafa hækkað svo ofboðslega mikið. Það er voðalega leiðinlegt því nú þurfa menn að greiða skatta. Mér finnst það ekki leiðinlegt. Mér finnst það bara ágætt að tekjur landsmanna hækki svo mikið að menn séu almennt farnir að greiða skatta. Mér finnst það líka gott að lífeyrisþegar séu farnir að borga skatta af því að lífeyrir er orðinn svo hár. Það er ekki vandamál í mínum huga heldur greiða þeir bara skatta eins og annað fólk, eins og skattkerfið er uppbyggt. Skattkerfið er jú þannig uppbyggt að þegar menn hækka í launum borga þeir hlutfallslega meira af tekjum sínum í skatta.

[12:27]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki vil ég leggja hv. þm. Pétri Blöndal orð í munn en eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu þá gat ég ekki annað skilið en hann hefði sagt að talsmenn aldraðra hefðu sagt ósatt í málflutningi sínum þegar þeir væru að bera saman tekjutryggingu og slíkt við laun. (Gripið fram í.) Allt í lagi, hann sagði sjálfur, þegar hann kom í pontu, hv. þingmaður, að þeir hefðu verið óheiðarlegir í málflutningi sínum. Við getum alveg látið það sitja eftir að talsmenn aldraðra, að mati hv. þingmanns, séu óheiðarlegir í málflutningi sínum þegar þeir bera saman hækkun lægstu launa og síðan lífeyri. (Gripið fram í.) Það er ekki leiðinlegt að borga skatta. Það er ekki leiðinlegt að borga skatta þegar maður hefur efni á því. En það er leiðinlegt að borga skatta þegar heildartekjur manns eru undir því sem maður þarf fyrir lágmarksframfærslu. Þá er leiðinlegt að borga skatta. Ef maður á ekki fyrir brýnustu lífsnauðsynjum og getur engan veginn látið enda ná saman af þeim bótum sem maður fær, að þurfa þá að greiða skatta, eins og nú er, það er að mínu mati leiðinlegt og lítil ástæða til að gleðjast yfir því.

Hv. þingmaður sagði: Er ekki fínt að lífeyrisþegar borgi skatta af því að lífeyririnn er orðinn svo hár? Snýst málið ekki um það að lífeyririnn fyrir þá sem ekkert hafa nema strípaðar bætur er einfaldlega of lágur? Ef menn eiga ekki fyrir brýnustu lífsnauðsynjum og geta ekki framfleytt sér á þeim bótum sem þeir hafa þá er ekki hægt að koma í pontuna á Alþingi og halda því fram að það sé of hár lífeyrir.

[12:29]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru orðnar fínar umræður, finnst mér. Menn eru svona smátt og smátt að draga fram kjarna málsins. Ég hygg að sá sem hér stendur og hv. þm. Jón Gunnarsson séum sammála um að þjóðfélag geti ekki talist velferðarþjóðfélag nema það sé þannig upp byggt að eldri borgarar og öryrkjar hafi það sem hægt er að kalla mannsæmandi afkomu og geti lifað mannsæmandi lífi.

Komið hefur verið inn á það hér að skattgreiðendum hafi fjölgað. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann álíti ekki, eins og ég, að það megi að hluta til skýra með því að persónuafsláttur hefur verið látinn dragast aftur úr. Þannig hafi mönnum í ríkisstjórnarflokkunum tekist að fjölga skattgreiðendum.

Síðan vil ég spyrja hv. þingmann varðandi þá umræðu sem stundum hefur verið í þjóðfélaginu um það að í framtíðinni, innan kannski eins eða tveggja áratuga, ætti það fólk sem ætti peninga í lífeyrissjóði gulltrygga framtíð, eins og kom fram í máli Ásmundar Stefánssonar. Nú liggur það fyrir, m.a. í þessu skjali hér, að 43% öryrkja eiga alls engar innstæður í lífeyrissjóði. Við munum eftir umræðunni um Lífeyrissjóð bænda á síðasta þingi, en bændur eiga mjög litlar innstæður og laun í lífeyrissjóði.

Við vitum líka að margt láglaunafólk, heimavinnandi húsmæður o.s.frv., á lítil sem engin réttindi í lífeyrissjóði. Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann sé sammála mér um að það sé talsvert lengra í þessa gullnu framtíðarsýn heldur en sumir hafa látið í veðri vaka í þessum umræðum.

[12:31]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Að sjálfsögðu er ég sammála hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að þjóðfélag getur ekki kallað sig velferðarþjóðfélag ef einhver hópur af þeim sem minna mega sín, hvort sem það eru aldraðir, öryrkjar eða aðrir, á ekki fyrir nauðþurftum. Við getum ekki kallað slíkt velferðarþjóðfélag.

Skattgreiðendum hefur fjölgað og ein af meginforsendunum fyrir þeirri fjölgun er að persónuafsláttur inn og þar af leiðandi skattleysismörkin hafa hvorki fylgt verðlagi né launum. Það er nöturleg staðreynd þegar maður veltir því fyrir sér og fer í gegnum að þeir tæplega 30 þúsund einstaklingar sem eru með tekjur á bilinu frá skattleysismörkum, sem eru 71.296 kr., og upp í 100 þús. kr. hafi á síðasta ári borgað 2 milljarða kr. í skatt til ríkisins. Ætli að það séu þeir einstaklingar sem hv. þm. Pétur Blöndal talaði um að hefðu svo háan lífeyri og svo háar bætur að þeir ættu að fagna því að borga skatt?

Hvað lífeyrissjóðina varðar get ég verið sammála hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að ég held að kannski sé ívið lengra í þá framtíð sem hann var að lýsa en margur heldur en það er partur af þingsályktunartillögu þingflokks Samfylkingarinnar að við viljum að aðilar fari saman í að semja um þessa afkomutryggingu fyrir aldraða og öryrkja, þá erum við að tala um ríkið, sveitarfélögin, aðila vinnumarkaðarins og þar með talið lífeyrissjóðina. Ef allir þessir aðilar setjast niður og koma að verkinu af fullum heilindum þá efast ég ekkert um að menn nái niðurstöðu sem bæði aldraðir og öryrkjar, og við hér getum verið fullsæmd af.

[12:34]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem eiginlega bara upp í andsvari í annað sinn til að þakka skýr og góð svör. Ég heyri að við hv. þm. Jón Gunnarsson erum mjög sammála um forsendur þess sem við erum að tala um sem virðist ólíkt og hjá þeim sem tala fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Þeir virðast líta svo á að eldri borgarar hafi það bara fjandi gott, svona heilt yfir. Ég fagna þessari umræðu og vonast til þess að hún leiði það í ljós sem er satt og rétt í þessum málum, að það hefur verið gengið á rétt eldri borgara á undanförnum 10 árum í tíð núverandi ríkisstjórnar.

[12:35]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er nú þannig þegar við förum í umræðu eins og nú fer fram, þá er mikilvægt að menn haldi sig við að skoða málin út frá því hvernig þau liggja í raun. Einhvern tíma var sagt: Það er enginn vandi að ljúga með tölfræði, það er einfaldasta lygin, en við eigum ekki að þurfa að vera að rífast hér um tölfræði til eða frá. Við eigum einfaldlega að ræða hver kjör þessa hóps sem við erum að tala um séu og hvernig við viljum tryggja að þau verði þannig að hann eigi að minnsta kosti fyrir brýnustu lífsnauðsynjum.

Partur af þessari þingsályktunartillögu eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson veit er að farið verði í að skoða hver framfærslukostnaður aldraða og lífeyrisþega sé. Hver er þessi framfærslukostnaður? Hann hefur ekki verið skilgreindur. Og við segjum einfaldlega: Förum í þá vinnu. Skilgreinum hver lágmarksframfærslukostnaðurinn er og tryggjum síðan að enginn sé undir honum. Þetta getur varla verið að mínu viti meira „common sense“. Við erum ekkert að búa til einhverjar tölur uppi eða niðri. Förum bara í þessa athugun, einhendum okkur í hana, komumst að því hver sé lágmarksgrunnur og lágmarksþörf og tryggjum að svo sé til handa öllum sem á þurfa að halda.

Félagsmálaráðuneytið var einhvern tíma með könnun og út úr því kom að það þyrfti 140 þús. kr. fyrir einstakling til að framfleyta sér. Það er langt síðan það var og ég veit ekkert hvaða tala þetta er en bendi bara á að þúsundir aldraðra eru með tekjur í kringum 100 þús. kr. og þar undir. Ef lágmarkið er 140 þús. kr. er þá ekki verk að vinna?

[12:37]

Útbýting:

Brottfall laga um stimpilgjald, 178. mál, frv. MF o.fl., þskj. 178.

Fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar, 205. mál, fsp. SJS, þskj. 205.

Fjárframlög til grunnskólastigsins, 193. mál, fsp. KJúl, þskj. 193.

Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 49. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 49.

Herflugvélar yfir Reykjavík, 202. mál, fsp. MÁ, þskj. 202.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 51. mál, frv. PHB o.fl., þskj. 51.

Kostnaður við sameiningarkosningar, 192. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 192.

Kynbundið ofbeldi, 195. mál, fsp. KolH, þskj. 195.

Könnun á fjarsölu og kostun, 194. mál, fsp. KolH, þskj. 194.

Kötlugos, 204. mál, fsp. HBl, þskj. 204.

Tvöföldun Vesturlandsvegar, 198. mál, fsp. VF, þskj. 198.

[12:41]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það hafa spunnist fjörlegar umræður um tillögu til þingsályktunar sem þingmenn Samfylkingarinnar leggja fram. Meginmarkmið hennar er að verja aldraða og verja þá sem lifa af bótum úr almannatryggingakerfinu fyrir þeim samfelldu árásum sem ég vil halda fram að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafi haft uppi síðustu árin. Það gleður mig alveg sérstaklega, frú forseti, að hér í salnum skuli þó a.m.k. vera einn úr þeirra hópi til varnar fyrir Sjálfstæðisflokkinn, hv. þm. Gunnar Örn Örlygsson.

Nú vill svo til að í dag hefst landsfundur Sjálfstæðisflokksins. Samkvæmt þeim upplýsingum sem hv. þingmaður lagði inn í umræðuna fyrr í dag á eitt af meginefnum flokksins að vera að bæta kjör aldraðra. En vegna þess að þetta er líklega fyrsti landsfundurinn sem hv. þingmaður situr, a.m.k. eftir að hann gerðist sjálfstæðismaður upp á nýtt, þá get ég ekki annað en leiðbeint hinum unga þingmanni örlítið og sagt honum frá því hvernig hlutirnir gerast á landsfundum Sjálfstæðisflokksins.

Því miður hefur reynslan sýnt það, frú forseti, að ákaflega lítið er að marka þær ályktanir sem þar eru lagðar fyrir. Vegna þeirrar fortíðar sem hv. þm. Gunnar Örn Örlygsson hefur í þessum málum og sökum þess að meðan hann var í liði okkar í stjórnarandstöðunni þá tók hann þráfaldlega undir með okkur með sterkum rökum um að ríkisstjórnin hefði brugðist öldruðum. Því langar mig að spyrja hv. þm. Gunnar Örn Örlygsson: Ætlar hann að halda þessum málflutningi áfram á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í dag? Ætlar hann að vera sjálfum sér samkvæmur eða ætlar hann að láta sig sýga undir borðið og þegja? Ætlar hann að láta af þeirri vösku baráttu sem hann tók þátt í með okkur í stjórnarandstöðunni til að verja hlut aldraðra gagnvart núverandi ríkisstjórn?

Lengi skal manninn reyna, frú forseti. Ekki vil ég gefa mér neinar niðurstöður um það fyrir fram. Ég spái því þó að rödd hv. þingmanns muni ekki heyrast mjög hátt í umræðum um bætt kjör aldraðra. Ekki vegna þess að hv. þingmanns skorti viljann heldur vegna þess hvernig slíkir fundir eru háðir. Við sem höfum um langan aldur tekið þátt í þessari varnarbaráttu og reynt af fremsta megni að slá skjaldborg um kjör aldraðra, við vitum að á landsfundum Sjálfstæðisflokksins er tillögum af því tagi sem nú liggja fyrir á fundinum einungis veifað til skrauts. Þær eru einungis notaðar sem agn til þess að friðþægja eldri borgara og slá ryki í augu þeirra. Við höfum svo oft séð að landsfundir sjálfstæðismanna hafa samþykkt glæsilegar tillögur með það að markmiði að bæta kjör aldraðra en nokkrum dögum síðar eru fulltrúar af landsfundi Sjálfstæðisflokksins komnir aftur hingað í þessa sali og gera ekkert með það sem þeir hafa samþykkt þar. Hversu oft höfum við ekki séð svipaðar tillögur og þar liggja fyrir nú? Aldrei verður neitt úr þeim.

Ég vil þó, frú forseti, leyfa hv. þm. Gunnari Erni Örlygssyni að njóta vafans í þessu máli. Hitt hygg ég að hann verði tekinn upp í umræðum um þessi mál þegar dregur fram yfir helgi.

Það er hins vegar athyglisvert, frú forseti, að það er ekki hv. þm. Gunnar Örn sem er talsmaður Sjálfstæðisflokksins nú í umræðunni. Það er hv. þm. Pétur H. Blöndal og það er miður að hv. þingmaður skuli ekki vera í salnum nú. Talsmaður Sjálfstæðisflokksins hefur hvað eftir annað í umræðunni komið í ræðustól og haldið því fram að landssamtök aldraðra beiti óheiðarlegum málflutningi. Hann hefur ekki sagt það einu sinni og ekki tvisvar heldur þrisvar sinnum á þessum morgni.

Hann hefur sömuleiðis komið fram og sagt að upplýsingar sem er að finna í skýrslum frá Landssamtökum eldri borgara séu rangar. Það sem er langverst er að talsmaður Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu sem snýst um kjör aldraðra og öryrkja hefur talað eins og Sjálfstæðisflokkurinn hafi engan áhuga á að bæta þau kjör. Það er óhjákvæmilegt að draga þá ályktun að með því að láta talsmann sinn í umræðunni tala þannig sé Sjálfstæðisflokkurinn í reynd að gefa það sterklega til kynna að það sé ekkert að marka þá tillögu sem liggur fyrir landsfundi flokksins. Það er hins vegar ekkert skrýtið að hv. þm. Pétur H. Blöndal tali svona. Hann hefur áður farið hörðum orðum um aldraða og öryrkja í samfélaginu.

Ég rifja það upp, frú forseti, og hefði því kosið að hv. þm. Pétur H. Blöndal væri í heyrnarfæri, að það var einmitt sá þingmaður sem sagði það opinberlega að aldraðir og bótaþegar sóuðu þeim fjármunum sem þeir hefðu milli handanna í óreglu og annað. Það var talsmaður Sjálfstæðisflokksins í þessum málaflokki sem leyfði sér að tala um bótaþega eins og þeir væru hálfgerðir óreglupésar og það er viðhorfið sem liggur þarna að baki. Í ljósi þeirra ummæla ber að skoða þær samfelldu árásir hv. þm. Péturs H. Blöndals á málstaðinn sem hér er verið að verja. Í því ljósi ber líka að skoða afstöðu Sjálfstæðisflokksins sem beitir slíkum manni til þess að tala fyrir sig í umræðum af þessu tagi.

Frú forseti. Það hefur komið fram nú í umræðunni að kjör aldraðra hafa legið eftir kjörum annarra. Það hefur líka komið fram að margt af því sem hæstv. ríkisstjórn hefur lofað öldruðum og öryrkjum hefur verið svikið. Ég rifja það upp að því var sérstaklega lofað að lífeyrisþegar sem frestuðu töku lífeyris til 72 ára aldurs ættu að fá sérstakar bætur. Það var svikið. Hv. þm. Pétur Blöndal og aðrir sem tóku þátt í umræðunni, þar á meðal hæstv. heilbrigðisráðherra, lýstu því í morgun að það hefði verið gerður ákveðinn samningur við aldraða m.a. um fjölgun hjúkrunarrýma. Ég veit ekki betur en það vanti sex tugi hjúkrunarrýma miðað við dagsetninguna í dag til þess að staðið hefði verið við þann samning. Það loforð hefur því verið svikið líka, frú forseti. Og ég kalla það ekkert annað en svik þegar skattkerfinu er beitt með þeim hætti að hagur aldraðra og öryrkja rýrnar. Ríkisstjórnin sagði það alveg skýrt og ég man

ekki betur en talsmaður þeirra í umræðunni, Pétur H. Blöndal, hafi tekið sérstaklega fram þegar menn réðust í skattkerfisbreytingar fyrir nokkrum árum að þær ættu ekki að leiða til þess að hagur aldraðra eða bótaþega rýrni. Hins vegar þegar skoðað er hvernig breytingar á skattkerfinu í tíð núverandi ríkisstjórnar hafi leikið það fólk, þá kemur í ljós að vegna þess að skattfrelsismörkin hækka ekki eins og eðlilegt hefði verið þá er sá hópur að borga skatta af hærri hluta af naumum tekjum, naumu ráðstöfunarfé en áður. Þetta leiðir til þess að ríkisstjórnin er í dag farin að skattleggja aldraða og öryrkja, sem áður greiddu nánast engan skatt, svo miklu nemur. Ég vísa til þess, og hv. þm. Pétur H. Blöndal getur þá komið og sagt að það sé líka vitleysa eins og hann hefur sagt um allt annað sem hefur komið frá landssamtökum öryrkja og aldraðra, að Öryrkjabandalagið hefur í tengslum við afgreiðslu skattalagafrumvarps ríkisstjórnarinnar á síðasta ári bent á að lífeyrisþegi sem hefur ekkert nema bætur almannatrygginga er farinn að greiða jafngildi tveggja mánaða útborgunar á hverju ári í skatta. Er það þetta sem við viljum að hið opinbera geri til þess að bæta kjör aldraðra og öryrkja? Eru þetta efndir loforðanna um að skattkerfisbreytingar ættu ekki að koma verr niður á þeim sem lifa við svona efni? Að sjálfsögðu ekki. Ég held að þeir talsmenn Sjálfstæðisflokksins sem halda því fram að það sé rangt þegar stjórnarandstaðan bendir á að loforð hafi verið svikin verði að færa betri rök fyrir máli sínu en þeir hafa gert hér í dag.

Það er óhjákvæmilegt að rifja upp, frú forseti, vegna þess að 1. flutningsmaður tillögu um afkomuöryggi aldraðra og öryrkja er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að þegar hún fór úr ríkisstjórn greiddi þessi hópur 2% af tekjum sínum í skatta. Í dag greiðir sami hópur 13–14%. Þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór úr ríkisstjórn fyrir miðbik síðasta áratugar þá var sterk tenging á millum almennrar launaþróunar og lífeyrisbóta og það var sú tenging sem var í senn sverð, skjöldur og hlíf aldraðra og öryrkja og það voru Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn sem slitu þá hlíf í sundur sem hefur leitt til þess að kjör aldraðra og bótaþega hafa samfellt rýrnað síðan.

[12:49]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni góð ráð fyrir komandi landsfund.

Ég vil byrja á að spyrja hv. þingmann eftirfarandi spurningar. Í upphafi ræðu sinnar talaði hann um samfelldar árásir Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks á kjör eldri borgara. Var afnám eignarskattsins að mati hv. þingmanns árás á eldri borgara?

Í framhaldi af því vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann hafi ekki áhyggjur af breytingum á fasteignamarkaði, að hækkun á fasteignagjöldum svo gott sem jafni út þá kjarabót sem niðurfelling eignarskatts var fyrir eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu á sínum tíma. Ég spyr hv. þingmann: Hefur hann spurt félaga sína í borgarstjórnararmi Samfylkingarinnar hvort til standi að lækka fasteignaálögur, fasteignagjöld á eldri borgara í Reykjavík?

Eitt eigum við þó sameiginlegt, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að við viljum kjarabætur til handa eldri borgurum á Íslandi. Það mun koma á daginn hvað ríkisstjórnin gerir í þeim málaflokki á næstu missirum. Eitt er ég viss um, að eitthvað gott kemur út úr því innan skamms.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór inn á skattamálin. Ef hann hefur hlustað á ræður mínar og lesið skrif mín varðandi skattamál á undanförnum missirum ætti hann að vita að ég er talsmaður þess að hafa lágan flatan tekjuskatt í anda tillagna frá Verslunarráði Íslands frá síðasta ári. Yrði það ekki mikil kjarabót, spyr ég hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að hér yrði flatur tekjuskattur 15–18% (**JóhS:** Og enginn persónuafsláttur?) á alla þegna landsins? Það mundi muna — og ég kem inn á það í seinna andsvari á eftir — töluverðum peningum fyrir lífeyrisþega ef tekjuskatturinn yrði lækkaður sem þessu nemur.

[12:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við síðustu spurningunni er svar mitt: Nei, ég tel að það yrði ekki nein kjarabót fyrir aldraða og öryrkja þótt hér yrði settur upp flatur tekjuskattur. Ég þekki skrif hv. þingmanns um þetta efni. Ég hef ekki orðið var við að hann geri ráð fyrir sérstökum persónuafslætti fyrir þessa hópa. Svarið er því: Nei..

Hins vegar þakka ég hv. þingmanni fyrir að benda mér á það sem ég vissi áður, að nú þegar hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar leitt til þess að sú kjarabót sem aldraðir og öryrkjar, sem áttu einhverjar eignir, fengu á síðasta ári í formi niðurfellingar eignarskatta er uppurin og brunnin. Á hvaða báli? Á því báli sem flokkur hv. þingmanns kveikti sjálfur með aðgerðum sem leiddu til þess að húsnæðisverð hækkaði, vegna þess að þök voru hækkuð á lánum og hlutfall lána hækkað, tveimur árum fyrr en hafði verið boðað áður. Þessi lánasprengja leiddi til verðsprengju á húsnæði. Það hefur leitt til þess, eins og hv. þingmaður segir, að eignarskattslækkunin er horfin.

Þar fyrir utan vil ég upplýsa hv. þingmann, úr því að hann er sérstakur áhugamaður um borgarstjórn Reykjavíkur, um að sú borgarstjórn hefur gengið lengra en aðrar sveitarstjórnir í landinu að því varðar sérstakan afslátt af fasteignagjöldum til aldraðra og öryrkja. Ef hv. þingmaður bæri saman framkomu borgarstjórnar Reykjavíkur gagnvart öldruðum og öryrkjum við meðferðina sem sami hópur fær í ýmsum sveitarfélögum þar sem flokkur hv. þingmanns ræður er ég viss um að hann mundi taka þá ákvörðun að sennilega væri best að eldast undir stjórn Reykjavíkurlistans.

[12:54]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Að mínu mati voru svörin hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni nokkuð ódýr þegar hann vék að þeirri þróun sem verið hefur á fastaeignamarkaðnum. Er þessi þróun eingöngu ríkisstjórninni að kenna? Getur verið að þessi þróun hafi átt sér stað í nágrannaríkjunum á undanförnum missirum? Getur verið að fasteignamarkaður í nágrannaríkjunum hafi þróast með sama hætti og við höfum séð á Íslandi síðustu tvö ár? Svarið er já.

Að sjálfsögðu verður ríki jafnt sem borg að bregðast við þeim breytingum. Áhrif breytinga á húsnæðismarkaði hafa

orðið hvað mest á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel það skyldu borgarstjórnar og borgaryfirvalda að bregðast þannig við að fasteignaálögur á eldri borgara verði lækkaðar svo einhverju skipti.

Ég spyr því enn og aftur hv. þm. Össur Skarphéðinsson hvort hann hafi skrifað um það efni eða óskað eftir því hjá félögum sínum í borgarstjórnararmi Samfylkingarinnar að álögur á eldri borgara í Reykjavík yrðu lækkaðar umtalsvert.

[12:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef ekki skrifað borgarstjórn Reykjavíkur sérstaklega bréf um málið. Ég fylgist hins vegar með almennum fréttum. Af þeim hef ég fengið upplýsingar um að lækkanir og afsláttur á fasteignagjöldum til þessa hóps eru í hæsta kanti miðað við það sem gerist hér á landi. Ég tel að borgarstjórn Reykjavíkur standi sig ákaflega vel í því efni eins og mörgum öðrum.

Að því er varðar hækkun fasteignaverðs þá er alveg rétt hjá þingmanninum að hér er farin af stað svipuð þróun og maður hefur séð erlendis. Hvergi erlendis hefur þó orðið jafnrosaleg sprenging og hérna. Þar hefur þróunin verið hæg og sígandi. Hér má segja að umskiptin hafi orðið á einu ári. Af hverju? Eins og sumir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa bent á þá var það stjórnvaldsaðgerð sem hleypti henni af stað. Íbúðalánasjóður, sem er eins konar ríkisbanki, sturtaði gríðarlegu fjármagni inn á markaðinn. Hann fór í samkeppni við bankana sem urðu að svara henni. Skyndilega fór af stað bylgja sem leiddi til þess að að sjálfsögðu hækkaði fasteignaverð, eins og gerist jafnan þegar menn hafa skyndilega aðgang að miklu og ódýru lánsfé til húsnæðiskaupa. Þetta er ástæðan.

Þess vegna, frú forseti, er að mínu viti fyrst og fremst að leita til stjórnvalda um aðalorsakir fyrir því að bylgjan fór af stað og hvers vegna þróunin hér varð hraðari, örari og óhamdari en annars staðar. Það er svo aftur orsök þess sem hv. þingmaður er að kvarta undan, að fasteignaverðið, og hækkanir á gjöldum sem af því stafa, hafa leitt til þess að það eina sem segja má að hafi verið kjarabót til aldraðra og öryrkja sem áttu einhverjar eignir, þ.e. eignarskattslækkunin, er að engu orðin. Það er allt afrek ríkisstjórnarinnar.

[12:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þeir sem hafa áhuga á að breyta og laga stöðu aldraðra verða að kanna málið með réttum aðferðum og nota réttar tölur. Hv. þingmenn úr stjórnarandstöðunni virðast allir lenda í rökþroti. Sumir fara að tala hátt, eins og hv. þm. Jón Gunnarsson, af því að hann hefur ekki rök. Aðrir koma með dylgjur og vitleysu, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Hingað til hefur eingöngu hv. þm. Kristján Möller minnst á að ég hafi sagt að allir ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar væru fyllibyttur. Ég sagði einu sinni að þau vandamál sem ég hefði séð hjá öryrkjum sem væru óleysanleg, frú forseti, stöfuðu af óreglu. Þau örfáu dæmi sem ég hef séð um slíkt fela ekki í sér að ég hafi þar með sagt að allir örorkulífeyrisþegar væru fyllibyttur. Því fer fjarri. Þeir eru alls ekki fyllibyttur. Ég þekki fjölda öryrkja og margt aldrað fólk sem er ósköp venjulegt fólk og í engri óreglu. En að hv. þingmaður skuli leggjast svo lágt að taka undir þennan kór þykir mér dapurlegt. Það er tilraun til að skemma mannorð og ekkert annað.

Hv. þingmaður segir að tenging milli launaþróunar og bóta hafi rofnað. Það hefur í hæsta lagi rofnað upp á við, samkvæmt svari frá hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Af hverju eru menn með svona málflutning? (**JGunn:** Þú talar of hátt.) Af hverju geta menn ekki notað þær tölur og þær staðreyndir sem liggja fyrir, launaþróun samkvæmt útreikningum Hagstofunnar?

Svo vil ég benda hv. þingmanni á að ég hef, einn þingmanna, lagt til að breyta reglum um lífeyrissjóð þingmanna. Ég veit ekki til að hv. þingmaður hafi gert nokkuð annað en að bæta þau kjör ef eitthvað er.

[13:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður Pétur H. Blöndal kemur hér og kveinar mjög. Undan hverju? Undan því að hans eigin orð ríða nú eins og svipa um hrygglengju hans. Hv. þingmaður Pétur H. Blöndal var nú að enda við að staðfesta það hér í ræðustól að hann hefði sagt að sá vandi sem óleysanlegur væri hjá eldri borgurum stafaði af því sem hann kallaði sjálfur óreglu.

Frú forseti. Menn eiga ekki að taka svona til orða. Menn eiga ekki að dæma stóra hópa með þessum hætti. Þegar hv. þingmaður kemur og segir að verið sé að vega að mannorði þá tek ég undir það. En það er ekki verið að vega að mannorði hans. Það er verið að vega að heiðri stórs hóps og svona eiga menn einfaldlega ekki að tala. Það er Sjálfstæðisflokknum til skammar að senda hv. þingmann hingað sem talsmann sinn í þessa umræðu.

Hver hefur ræða hans í allan morgun verið? Hún hefur verið ein samfelld árás á málflutning eldri borgara. Hann hefur sagt að þeir beiti óheiðarlegum málflutningi vegna þess að þeir noti röng viðmið. Hann hefur sagt að tölur sem koma úr skýrslum þeirra séu rangar. Viðhorfið er alltaf hið sama og það dylst engum. Það er eins og þessum manni sé ekki vel við að menn standi hér í heiðarlegri og málefnalegri baráttu fyrir því að reyna að bæta kjör eldri borgara. Af hverju situr þá bara ekki hv. þingmaður einhvers staðar annars staðar en hér ef hann þolir síðan ekki að koma í umræðuna og heyra sín eigin orð og viðhorf endurtekin?

[13:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú þarf ég að stafa þetta mjög hægt. Ég sagði eitt sinn fyrir löngu síðan að þau vandamál sem ég hef kynnst hjá öryrkjum og væru óleysanleg — hjá einstökum öryrkjum, fimm, sex manns ... (**Gripið fram í:** Það er þá ekkert mál.) Ég sagði að þau vandamál sem ég hefði kynnst hjá öryrkjum stöfuðu oftast af óreglu. Ég sagði ekkert um öryrkja alla, enda fráleitt. Það væri fráleitt að segja það. Ég sagði ekkert annað en þetta, að þau vandamál sem ég hefði kynnst hjá öryrkjum, fimm, sex manns sem hafa hringt í mig, stafa af því að menn höfðu skrifað upp á fyrir

einhvern eða orðið gjaldþrota eða hreinlega að börnin þeirra væru í óreglu. Það var eitt dæmið sem ég var með, þ.e. barnið er eiturlyfjasjúklingur, ekki öryrkinn sjálfur. Þessi vandamál eru óleysanleg. Ég sagði ekkert um öryrkja almennt og þeir sem ekki skilja þetta — ja, ég veit ekki hvað á að gera. Ég held að menn ættu að biðja mig afsökunar á þessari rógsherferð.

Síðan talaði ég um Samtök aldraðra. Ég sagði ekki að það væri vitleysa eins og allt það sem kemur frá Samtökum aldraðra. Ég sagði það aldrei. Ég sagði heldur ekki að þeir hefðu verið með rangar tölur. Ég sagði það ekki, frú forseti. Ég sagði að það væri ekki heiðarlegt af þeim að nota lægstu laun sem viðmiðun vegna þess — og nú tala ég mjög hægt — að lægstu laun voru hækkuð umfram allt annað í þjóðfélaginu til að bæta kjör þeirra sem höfðu lægstu launin og það var samkomulag og svardagi allra sem að því stóðu að þau yrðu ekki notuð til viðmiðunar. Samt nota Samtök aldraðra lægstu laun til viðmiðunar varðandi ellilífeyri til að sýna fram á að ellilífeyrir hafi lækkað miðað við þau laun. Það finnst mér ekki heiðarlegt. En ég segi ekki að það sé neitt rangt sem þeir segja og ég sagði heldur ekki að það væri vitleysa. Ég sagði það aldrei. Þau orð leggur hv. þingmaður mér í munn og ég kann ekki við svoleiðis. Ég vil að menn séu nákvæmir í orðalagi, sérstaklega þegar þeir bera ávirðingar á mann.

[13:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hv. þingmaður ætti að lesa ljóðabókina Borg og sund eftir Sigfús Daðason. Þar segir í upphafi eins ljóðs: „Orð eru dýr." Það er nákvæmlega það sem hv. þingmaður er að upplifa, orð eru dýr. Menn eiga að tala gætilega. Ef menn tala ógætilega og telja að þeir hafi meitt einhvern þá eiga þeir að biðjast afsökunar. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður talaði þannig um öryrkja á sínum tíma, eins og frægt varð, að það var eins og hann væri að dæma heilan hóp. Hann hefði á þeim tímapunkti þegar sú umræða kom fram einfaldlega átt að biðjast afsökunar.

En orðræða hans er öll með sama blæ þegar þessi hópur er annars vegar. Jafnvel þó að hann telji að aldraðir hagi málflutningi sínum þannig að honum finnst hann ekki réttur þá hefur hann ekkert leyfi til þess að koma hingað og segja að það sé ekki heiðarlegt. Hvað felst í því að halda því fram að einhver sé ekki með heiðarlegan málflutning? Jú, í því felst að hann sé vísvitandi að reyna að beita einhvers konar lævi til þess að blekkja. Þess vegna eiga menn ekki að nota svona orð.

Þess vegna er það svo: „Þetta sem helst nú varast vann / varð þó að koma yfir hann." Það viðmót sem hv. þingmaður lætur uppi gagnvart þessum hópi í umræðu er fullkomlega leyfilegt að beita hann sjálfan. Þegar hv. þingmaður kemur hérna og dansar alveg á jaðri þess sem er leyfilegt þá verður hann einfaldlega að selja sig undir sömu meðferð. Það er þess vegna sem menn taka harkalega á hv. þingmanni Pétri H. Blöndal í þessari umræðu. Hann talar ógætilega um hóp sem ekki er alveg í færum með að verja sig, a.m.k. ekki í þessum sal.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:06]

Fjáraukalög 2005, frh. 1. umr.

Stjfrv., 144. mál. — Þskj. 144.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 174. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 174.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Nýtt tækifæri til náms, frh. fyrri umr.

Þáltill. EMS o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Ríkisútvarpið, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 8. mál (stjórn, afnotagjöld). — Þskj. 8.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Framtíðaruppbygging Háskólans á Akureyri.

[13:33]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi Háskólans á Akureyri fyrir samfélagið á Eyjafjarðarsvæðinu og í rauninni menntun í landinu öllu. Það voru uppi miklar efasemdaraddir þegar skólinn var stofnaður en á þeim árum sem liðin eru hefur tekist svo um munar að sýna fram á mikilvægi háskólans, ekki einungis fyrir menntun og rannsóknir á svæðinu heldur hefur skólinn haft mikil áhrif á landsbyggðinni og verið í fararbroddi í háskólamenntun sem hefur haft áhrif víða í samfélaginu.

Sem dæmi má nefna að fjöldi fagmenntaðra kennara,

bæði í grunnskólum sem og í leikskólum, hefur margfaldast á Akureyri og á Norðurlandi og má að verulegu leyti þakka þá þróun útskrifuðum kennurum frá Háskólanum á Akureyri. Sama gildir um aðrar háskólamenntaðar fagstéttir, t.d. hjúkrunarfæðinga. Háskólinn hefur einnig verið í fararbroddi í uppbyggingu fjarnáms sem þjónar öllu landinu.

Skólinn hefur vaxið ört og það er vel. Nám í auðlindadeild og sjávarútvegsfræði var nýmæli í háskóla á Íslandi og upplýsingatæknideildin við háskólann hefur vakið athygli út fyrir landsteinana og starfar á alþjóðlegum vettvangi. Félagsvísinda- og lagadeild eru í örum vexti og hafa varpað nýrri sýn á þau fög og tengt þau saman á spennandi hátt. Heilbrigðis- og kennaradeildir eru svo fjölmennustu deildirnar.

En nú bregður svo við að stjórnendur skólans hafa séð sig knúna til að ráðast í sársaukafullar sparnaðaraðgerðir eins og þær að innrita ekki nemendur á fyrsta ári í tölvunarfræði í upplýsingatæknideildinni. Sú ákvörðun var eingöngu tekin af fjárhagslegum forsendum og framtíð tölvunarfræðinámsins, sem er framúrskarandi nám, er í mikilli óvissu. Nú blasir mögulega við fækkun kennara og annars starfsfólks verði fjárhagur háskólans ekki bættur verulega. Í haust var brugðist við fjárhagsvanda þessa árs með viðbótarframlagi frá ríkissjóði, sem var gott, en það dugar því miður skammt. Framtíðaruppbygging skólans og vöxtur eru því í hættu verði ekki brugðist skjótt við.

Fjárveitingar til kennslu við Háskólann á Akureyri eru nær eingöngu metnar út frá reiknilíkani menntamálaráðuneytisins. Háskóli Íslands fær sérstaka rannsóknarfjárveitingu og Háskólinn á Akureyri fær fjárveitingu til rannsókna sem nægir aðeins fyrir um helmingi rannsóknarútgjalda. Þetta verður að laga.

Fjárveitingar til kennslu við einkaháskóla eins og Háskólann í Reykjavík eða Viðskiptaháskólann á Bifröst eru samkvæmt reiknilíkani ráðuneytisins, en því til viðbótar hafa þeir skólar heimild til að innheimta skólagjöld sem þeir nota til að fjármagna kennslu og rannsóknir. Eins og kunnugt er eru skólagjöldin endurgreidd af ríkinu í gegnum endurgreiðslur frá LÍN. Því til viðbótar fá einkaskólarnir rannsóknarfjárveitingar frá ríkinu sem eru reyndar stórauknar í nýju fjárlagafrumvarpi.

Fyrir ríkisháskóla sem heyra undir menntamálaráðuneytið er óþolandi að búa við slíkt fjárhagskerfi. Þrátt fyrir mikið aðhald í rekstri hefur Háskólinn á Akureyri verið rekinn með halla síðan 2002. Ef auknar fjárveitingar fást ekki blasir við stöðnun á uppbyggingu skólans og jafnvel að skera þurfi niður þá starfsemi sem fyrir er.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram tillögur um auknar fjárveitingar til Háskólans á Akureyri en þær tillögur hafa því miður verið felldar af stjórnarflokkunum hér á Alþingi.

Ég spyr því menntamálaráðherra:

Er vilji fyrir því innan ráðuneytisins að breyta því reiknilíkani sem nú er unnið eftir við fjárveitingu til háskólanna?

Skólinn hefur verið í mikilli uppbyggingu enda aðsókn að honum ört vaxandi. Fyrir tveimur árum var tekið í notkun nýtt rannsóknarhús við háskólann. Illu heilli var það hús hins vegar byggt sem einkaframkvæmd og leiga á fermetra er um þrisvar sinnum hærri en gengur og gerist á Akureyri og mörgum sinnum hærri en stofnanir háskólans höfðu greitt áður. Það gefur augaleið að ekki er hægt að bregðast við slíkri hækkun með niðurskurði og aðhaldi í rekstri eingöngu. Verulegt aukið fjármagn verður að koma frá ríkinu og ég spyr því hæstv. menntamálaráðherra:

Af hverju var ekki gert ráð fyrir auknu fjármagni til Háskólans á Akureyri til að koma til móts við stórhækkaða leigu þegar hið einkarekna rannsóknarhús var tekið í notkun?

Uppbygging Háskólans á Akureyri og stofnunum tengdum honum er dæmi um það sem vel má gera á landsbyggðinni og er sambærilegri starfsemi á Ísafirði og á Austurlandi mikil hvatning og gott fordæmi. Mikilvægi háskólasamfélagsins á Akureyri er augljóst fyrir allt landið og því er það einlæg von mín að menntamálaráðherra geri allt sem í hennar valdi stendur til að (Forseti hringir.) efla háskólann og stöðva ekki þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað.

Ein spurning að lokum:

Hver er framtíðarsýn menntamálaráðherra varðandi uppbyggingu Háskólans á Akureyri?

[13:38]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Háskólinn á Akureyri hefur verið í örum vexti og má segja að skólinn glími við ákveðna vaxtarverki vegna þess.

Fjölgun nemenda við Háskólann á Akureyri hefur orðið mun meiri en annars staðar. Þannig hefur ársnemendum sem greitt er fyrir fjölgað úr 520 árið 2001 í 1090 árið 2005 eða um 109% á fimm árum. Ýmiss konar nýbreytni sem bryddað hefur verið upp á hefur ekki tekist sem skyldi þó að mikill metnaður hafi verið lagður t.d. í upplýsingadeild við skólann. Þar starfar margt hæft fólk og sérstakt átak hefur verið gert til að ná til nemenda. Niðurstöður innritunarinnar núna verða hins vegar að teljast ákveðin vonbrigði. Af Íslendingunum sem sóttu um í upplýsingatæknideildina, og ég veit að hv. þingmaður og fyrirspyrjandi veit vel af því, voru einungis tveir sem uppfylltu inntökuskilyrði skólans með stúdentspróf, og af 14 útlendingum sem komu til greina taldi skólinn sjálfur raunhæft að ná til landsins alls eða um það bil níu. Niðurstaðan varð því sú að innrita ekki nýnema í deildina þó að deildin sjálf væri starfrækt áfram.

Skólinn hefur skilað áætlun til ársins 2008 sem ráðuneytið hefur fallist á með fyrirvara um fjárveitingar. Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstur skólans verði því sem næst á núlli árið 2005 með þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til, í jafnvægi árið 2006 og síðan að skólinn geti byrjað að vinna á uppsöfnuðum rekstrarvanda árið 2007.

Reiknilíkanið sem hv. þingmaður spyr um grundvallast á reglum um fjárveitingar til háskóla. Þessar reglur eru nú í endurskoðun hjá starfshópi sem ég hef skipað og er starfshópurinn í fullu og algjöru samráði við skólana.

Í menntamálaráðuneytinu er að sjálfsögðu alltaf vilji til að taka til skoðunar tillögur um breytingar á reiknilíkaninu fyrir háskólastigið sem og í raun öðrum reiknilíkönum. Reiknilíkaninu er m.a. ætlað að auka gegnsæi hvað varðar fjármögnun háskólakennslu og ýta undir stöðugleika í

rekstrarumhverfi háskóla sem geri þeim kleift að gera áætlanir til lengri tíma og vinna eftir þeim. Jafnframt er nauðsynlegt að reglubundin endurskoðun á reiknilíkaninu fari fram til þess að unnt sé að bregðast við þróun háskólastigsins og utanaðkomandi breytingum í rekstrarumhverfi háskóla.

Ég ítreka það hve þýðingarmikið er að fjármunum sé skipt með sanngjörnum hætti og líkanið geti mætt þeirri öru og jákvæðu þróun sem við upplifum nú innan háskólaumhverfisins. En um leið bendi ég á að líkanið verður að vera lifandi og þá er líka þýðingarmikið að ákveðinn stöðugleiki gildi þannig að skólarnir geti gert sínar áætlanir sem haldi.

Húsnæðisþörf háskóla er æðimismunandi og háð því hvers konar starfsemi þeir reka, bóknám, verklega kennslu eða rannsóknarstarfsemi. Mismunandi verðflokkun reiknilíkans fyrir háskóla er m.a. ætlað að taka á mismunandi rýmisþörf einstakra námsgreina og mismunandi aðstöðu. Þannig er reiknaður hlutur húsnæðis í framlögum á nema mismunandi eftir námsgreinum. Þess vegna er t.d. læknaneminn dýrari en viðskiptafræðineminn af því þar er tekið tillit til aukinna húsnæðisþarfa fyrir læknanemann.

Vegna þessa er aldrei gert ráð fyrir því þegar háskólar taka í notkun viðbótarhúsnæði að því fylgi sérstakar fjárveitingar umfram það sem fylgir þeirri starfsemi sem húsnæðinu er ætlað að hýsa. Í ljósi þess að skólinn er í örum vexti og það á eftir að koma í ljós hvernig tekst til með ýmsa starfsemi sem verið er að leggja upp með var þó ákveðið að hækka framlög til rannsókna við skólann um 55 millj. kr. árið 2004 en skólinn flutti í hið nýja hús í nóvember 2004. Þá var það liður í hagræðingu húsnæðismála hjá háskólanum að húsnæði skólans í Glerárgötu yrði selt og var ákveðið að verja andvirði sölunnar til þess að koma til móts við skólann á meðan á hagræðingaraðgerðum stendur.

Þegar reiknilíkan fyrir háskóla var fyrst tekið í notkun beindust áhyggjur manna að því að með tilliti til víðtæks námsframboðs væri skólinn of lítil eining til þess að geta borið sig í samkeppni við aðra háskóla. Þá var strax lögð áhersla á að stækka skólann og Háskólinn á Akureyri er sá háskóli sem hefur stækkað langmest á undanförnum árum eða ríflega tvöfaldað sig á fimm árum eins og ég gat um áðan. Skólinn hefur nú þegar náð þeim styrk sem nauðsynlegur er fyrir hann til þess að geta staðist samkeppni og hefur þegar sýnt fram á mikilvægi sitt svo um munar fyrir íslenskt samfélag. Næstu skref hljóta því að vera þau að skólinn nái jafnvægi í rekstri og fái þannig tækifæri til þess að styrkja innviðina og dafna með eðlilegum hraða. Það er einnig í samræmi við auknar gæðakröfur sem gerðar eru og verða gerðar til háskólastarfsemi hér á landi sem annars staðar.

Ég vil undirstrika að Háskólinn á Akureyri hefur verið einn af lykilþáttunum, og svo við bregðum fyrir okkur íþróttamáli, einn af lykilleikmönnunum í þeirri menntasókn sem við höfum staðið fyrir á háskólastiginu á undanförnum árum. Og ég ítreka að fjárlagafrumvarpið eins og það lítur út í dag undirstrikar mikilvægi þess að halda þeirri menntasókn áfram og það munum við að sjálfsögðu gera.

[13:43]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Sú umræða sem hér fer fram hefur sýnt okkur og sannað hversu mikið gæfuspor það var þegar Háskólinn á Akureyri var stofnaður. Þarna er um gífurlega mikilvæga stofnun að ræða bæði fyrir menntakerfið almennt og ekki síst fyrir landsbyggðina. Það er mikilvægt að fólk átti sig á því að þeir nemendur sem hafa útskrifast frá Háskólanum á Akureyri hafa skilað sér miklum mun betur til starfa á landsbyggðinni en þeir sem hafa útskrifast úr öðrum háskólum landsins. Skólinn skiptir því mjög miklu máli fyrir landsbyggðina og þess vegna er auðvitað mikilvægt þegar fjármunum er skipt til háskóla að sérstakt tillit sé tekið til þess. Það er eðlilegt að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort ekki sé hugsanlegt við skóla eins og Háskólann á Akureyri að hann sé á einhvern hátt tengdur byggðamálum, þ.e. að ákveðið fjármagn sé eyrnamerkt því, vegna þess hve hlutur skólans er gífurlega mikill í byggðamálum.

Það er líka eðlilegt að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort það hafi ekki verið mistök að rannsóknahúsið skyldi hafa verið byggt í einkaframkvæmd vegna þess, eins og kom fram í máli hv. þingmanns, frummælanda, er húsaleigan í því húsi um þrisvar sinnum hærri en almennt gengur og gerist á þessu svæði. Það er ljóst að þetta kemur niður á starfsemi þeirra stofnana sem þarna eru. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á hefur að örlitlu leyti verið brugðist við því varðandi háskólann. En það er rétt að upplýsa að við vinnu í fjárlaganefnd hefur verið óskað sérstaklega eftir frá fjármálaráðuneytinu að nefndin fái yfirlit yfir leiguna sem þarna er greidd. Nefndin hefur því ákveðið að málið verði skoðað alveg sérstaklega og farið yfir hvernig það kemur út fyrir þær stofnanir sem þar eru inni, því það er ljóst að sá skaði sem hefur orðið við að stofnanir hafa þurft að greiða hærri leigu en þær gerðu í húsnæði sem þær voru í áður hefur ekki alls staðar verið bættur.

[13:45]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka málshefjanda fyrir umræðuna. Það er engin spurning að við viljum öll hag háskólans sem mestan. Hann hefur átt við ákveðna erfiðleika að stríða og ég tel að stjórn skólans hafi komið fram af mikilli ábyrgð varðandi aðhaldsaðgerðir. Hitt er annað að enginn vafi leikur á því að rekstrarumhverfi hans hefur kannski ekki verið svo auðvelt fyrir ungan skóla sem er að vaxa en stjórnvöld hafa komið til móts við skólann og má þar nefna aukafjárveitingu vegna þessa árs þannig að hallarekstur er ekki lengur til staðar og ber að þakka fyrir það.

Við verðum þó áfram að huga að þeim þáttum sem mest vantar upp á en þeir eru nemendafjölgun, húsaleiga og rannsóknir. Það er mikilvægt í þeirri umræðu að tryggja námsframboð til nemenda. Þeir verða að sjá fram á að geta lokið því námi sem þeir hófu á réttum forsendum. Má nefna sem dæmi að nemendur í lögfræði eru orðnir nokkuð uggandi yfir því hvað taki við eftir grunnnámið Allri óvissu um þetta verður að eyða.

Í menntamálaráðuneytinu er verið að vinna að frumvarpi til laga um háskóla. Ég tel mikilvægt að inn í þá umræðu fáum við nákvæman samanburð á íslenskum háskól-

um sem tekur til fjárveitinga á fjárlögum, tekna af skólagjöldum, tekna af rannsóknum og annarra tekna og framlaga. Þeir listar sem liggja fyrir virðast ekki birta allar þessar upplýsingar og því ekki hægt að meta samkeppnishæfnina til fulls. Styrkir til að mynda frá atvinnulífinu eru mjög mismunandi milli skóla og spurning hvort rekstrarformið bjóði upp á slíka mismunun.

Ég fagna orðum hæstv. menntamálaráðherra um að vinna við endurskoðun á reiknilíkani standi yfir. Samkeppnishæfnin snýst ekki bara um erlendan markað. Hún snýst ekki síst um háskóla erlendis. Við erum að fara í breytingar á lögunum vonandi í vetur og ég vona að okkur lánist að efla sjálfsforræði og ekki síst samkeppnisstöðu okkar ríkisrekna háskóla.

[13:48]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Okkur í Frjálslynda flokknum er mjög umhugað um Háskólann á Akureyri og má nefna í því sambandi að fyrrum formaður Frjálslynda flokksins var helsti forvígismaður þess að háskólinn var stofnaður einmitt á Akureyri.

Háskólinn á Akureyri er mjög mikilvæg stofnun og ekki einungis mjög mikilvæg fyrir Akureyringa heldur landsmenn alla. Háskólinn hefur útvegað mikið af fagmenntuðu fólki til starfa á landsbyggðinni, í hinum dreifðu byggðum. Einnig hefur háskólinn verið brautryðjandi í fjarnámi. Það skiptir verulegu máli á landsbyggðinni og fyrir þá sem eru bundnir heima hjá sér.

Það sem veldur mér miklum áhyggjum er að hæstv. menntamálaráðherra virðist ekki gera sér grein fyrir mikilvægi skólans og það sést í fjárlagafrumvarpinu. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði að háskólinn hefði fengið aukafjárveitingu einmitt á þessu ári en fjárveitingin fyrir næsta ár tekur ekki tillit til þess heldur er hún í samræmi við fjárveitinguna fyrir þetta ár, 2005. Því er eins víst að Háskólinn á Akureyri lendi enn og aftur í vandræðum á næsta ári ef fram heldur sem horfir. Það er visst áhyggjuefni þar sem hæstv. menntamálaráðherra er að boða einhverja menntasókn. En hún virðist ekki ná norður í land og hún virðist heldur ekki ná til iðnmenntunar í landinu. Við sjáum það á fjárframlögum, m.a. til Verkmenntaskólans á Austurlandi og víðar, að ekki er gert ráð fyrir því.

Ég vil að hæstv. menntamálaráðherra komist upp úr því fari að vera alltaf að tala um reiknilíkön. Það er alveg með ólíkindum að tala alltaf um reiknilíkön. Við verðum að horfa á þjóðfélagið, að halda þurfi úti fjölbreyttri menntun en ekki einhverri hagkvæmri menntun samkvæmt reiknilíkani. Þessi menntasókn hæstv. ráðherra endar með ósköpum því hún endar með því að allir verða að læra annaðhvort rekstrarfræði eða lögfræði. Það er mjög hagkvæmt samkvæmt reiknilíkönum hæstv. ráðherra.

[13:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Í máli hæstv. menntamálaráðherra kom fram hvílík gríðarleg nemendafjölgun hefur orðið í Háskólanum á Akureyri og hún nefndi tölur frá síðastliðnum fimm árum. Maður spyr því, hvers vegna er þessi nemendafjölgun, sem greinilega er þörf fyrir, ekki viðurkennd í fjárlagafrumvarpinu? Ljóst er að 16,6% hækkun sem á að koma til skólans samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2006 gerir ekkert annað en að standa straum af kostnaði við verðlagshækkanir og launaliði skólans. Hún nægir alls ekki fyrir neinni nemendafjölgun. Af þessu sést að það má ekki bæta við nemendum á næsta ári og þá spyr maður: Hvernig getur það haldist í hendur að hæstv. menntamálaráðherra gumar af fjölgun nemenda en svo er ekki gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu að hægt verði að fjölga? Menn verða að vera samkvæmir sjálfum sér í þessum efnum og fjárveitingarnar verða að fylgja þeirri stefnu sem hæstv. menntamálaráðherra þykist vilja fylgja.

Svo verða stjórnvöld menntamála líka að viðurkenna að þau eru farin að reka sig óþyrmilega á að reiknilíkanið til kennslu gengur ekki upp. Það endurspeglar ekki raunkostnað og það er ekki seinna vænna að menn viðurkenni það og komi til fulls til móts við háskólana hvað það varðar. Þetta á líka við um Háskólann á Akureyri.

Þegar maður fer að undirbúa umræðu eins og af þessu tagi og maður fer að lesa fjárlagafrumvarpið rekur maður sig á það að búið er að breyta framsetningu þess þannig að framsetningin á fjárveitingu til kennslu og rannsókna í háskólum í frumvarpinu eru ekki lengur aðgreindar eins og verið hefur heldur eru tölurnar settar fram í einni spyrðu. Það er ekki lengur nokkur leið fyrir okkur sem reynum að fylgjast með fjárveitingum til skólanna og teljum það vera hluta af starfi okkar að átta okkur á því með hvaða hætti þeim fjármunum verður skipt. Þetta hlýtur að valda skólunum erfiðleikum í skipulagningu og er í alla staði tortryggilegt. Þetta vekur upp grunsemdir um að hér sé verið að reyna að fela eitthvað því ég geri ráð fyrir að hver skóli hafi upplýsingar um þetta í gegnum ráðuneytið. En það er mjög erfitt að átta sig á því í gegnum frumvarpið og það er til mikils vansa.

[13:52]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Ég vil fyrst lýsa ánægju minni yfir að málshefjandi skuli hafa sett upp bindi áður en hann hefur umræður um Háskólann á Akureyri.

Ég tel auðvitað gott og þarft að taka upp slíka umræðu því að Háskólinn á Akureyri hefur sýnt það þann tíma sem hann hefur starfað að hann hefur orðið til ómetanlegs gagns og styrktar, ekki aðeins á Eyjafjarðarsvæðinu heldur víðs vegar um landið. Það hefur komið í ljós að þeir nemendur sem þangað hafa sótt úr hinum dreifðu byggðum eru líklegri til þess að snúa aftur til sinna heimahaga en þeir nemendur sem suður sækja.

Eins og fram kom í ágætri ræðu hæstv. menntamálaráðherra hefur nemendum fjölgað á síðustu fimm árum um helming. Fjöldi þeirra hefur tvöfaldast. Ég vil einnig vekja athygli á því að rannsóknarstarfsemi við Háskólann á Akureyri er orðin miklu meiri en nokkur þorði að láta sig dreyma um á þeim árum þegar við vorum að vinna að stofnun Háskólans á Akureyri. Það var einmitt áhyggjuefni og raunar árásarefni háskólans hér fyrir sunnan, ýmissa prófessora sem þar voru, að slíkri rannsóknarstarfsemi yrði ekki hægt að koma upp fyrir norðan. Háskólinn hefur því

sannað sig að þessu leyti, bæði með því að veita nemendum sínum gott traust og eins með því að taka virkan þátt í rannsókn og vísindastarfsemi í landinu. Ég sé það fyrir mér í framtíðinni að háskólinn muni beita kröftum sínum í vaxandi mæli að náttúrurannsóknum, auðlindadeildin muni styrkjast. Þá horfi ég sérstaklega til þjóðgarðs sem á að stofna norðan Vatnajökuls og þeirrar starfsemi sem nú fer fram í Náttúrurannsóknarstöðinni við Mývatn. Ég held þess vegna að við eigum að vera bjartsýn og metnaðarfull fyrir Háskólann á Akureyri og vera óhrædd að fela honum ný verkefni.

[13:55]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Fjölgun háskóla á Íslandi er fagnaðarefni og nauðsynleg. Þrátt fyrir það eigum við enn langt í land með að veita landsmönnum viðunandi aðstöðu til menntunar enda stöndum við samanburðarlöndum okkar langt að baki varðandi menntun. Ísland er í 17. sæti í samanburði OECD í framlögum til háskólastigsins og þótt fyrirhugað sé að bæta í á komandi ári er enginn efi í mínum huga að ekki er nóg að gert.

Frú forseti. Ég er ekki viss um að fólk almennt geri sér grein fyrir þeirri byltingu sem íslenskir háskólar hafa hrint af stað með fjarkennslu. Kennaraháskóli Íslands reið á vaðið en Háskólinn á Akureyri fylgdi í kjölfarið og veitir fjölmörgum íbúum dreifbýlisins tækifæri til náms í góðri samvinnu við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar. Það er ómetanlegt bæði fyrir einstaklingana og samfélagið. Ríkisvaldið hefur aldrei metið þetta mikla og dýrmæta framlag Háskólans á Akureyri til menntunar þess hluta landsmanna sem einmitt mesta hafa þörfina. Ef ekki væri fyrir aðkomu sveitarfélaganna er nær öruggt að háskólinn hefði neyðst til að leggja upp laupana í þessu efni en sveitarfélög hafa staðið straum af kostnaði við fjarkennsluna utan Reykjavíkur og Akureyrar. Mér er kunnugt um að sá kostnaður nam um 4 milljónum á Vesturlandi á síðasta ári og mikil ósanngirni að honum skuli velt yfir á veikburða sveitarfélög sem auðvitað eiga mikið undir því að íbúarnir hafi tækifæri til að mennta sig á heimaslóð.

Ég á eftir að sjá að tekið verði tillit til þess í rekstrarframlagi til Háskólans á Akureyri að búið er að stofnsetja háskólasetur á Vestfjörðum og annað er í undirbúningi á Austfjörðum sem eiga að fá kennslu m.a. frá Háskólanum á Akureyri. Ég spái því að eins og vanalega verði sett á flugeldasýning í upphafi en síðan sitji þeir aðilar sem málin snertir dags daglega uppi með útbrunnin prikin og allt of lítið fjármagn.

[13:57]

Þórarinn E. Sveinsson:

Frú forseti. Ég fagna því sérstaklega að umræða um framtíð Háskólans á Akureyri fari fram í sölum hins háa Alþingis. Á tiltölulega stuttri starfsævi sinni hefur Háskólanum á Akureyri tekist að sanna sig með miklum ágætum. Þegar umræða fer fram um skólamál og rætt er um framhaldsmenntun og háskólamál á Íslandi er Háskólinn á Akureyri ávallt með í þeirri umræðu og er hann jafnan fremstur meðal jafningja þegar það á við. Hinn fríði hópur útskrifaðra nemenda sem gegna ýmsum störfum vítt og breitt um samfélagið bera einnig góðu skólastarfi vitni.

Ég get vitnað um það persónulega því ég hef verið þarna starfsmaður í nokkur ár og það er ekki sjálfgefið að vel takist til í skólastarfi frekar en öðru sem við mannfólkið tökum okkur fyrir hendur. Gamalt spakmæli segir eitthvað á þá leið: Ef þú veist ekki hvert þú ætlar, hvernig geturðu þá búist við því að komast þangað? Háskólinn á Akureyri hefur alltaf haft nokkuð skýra stefnu og markmið og hvet ég þingmenn sem aðra til að kynna sér hana t.d. á heimasíðu skólans unak.is. Þar segir m.a. um hlutverk skólans, með leyfi forseta:

„HA býður kennslu og sinnir rannsóknum sem tengjast náið atvinnulífi þjóðarinnar og stuðla að framþróun þess. HA býr nemendur af kostgæfni undir fjölbreytt störf í alþjóðlegu þekkingarsamfélagi í sátt við umhverfi sitt og með vakandi auga fyrir þeim kostum sem hvert landsvæði býður upp á. Háskólinn ljær þeim að auki trausta heimanfylgju til símenntunar og framhaldsnáms á fræðasviðum sínum."

Háskólinn á Akureyri hefur þannig ávallt leitast við að vera í sem bestu sambandi við atvinnulífið og rannsóknir atvinnuveganna. Þá tengingu þarf að styrkja og efla og skólinn þarf þannig að vera í takt við samfélagið á hverjum tíma. Fagleg samkeppni milli háskóla er nauðsynleg og gerir bara gott starf betra. Þannig hefur háskólanám á Íslandi eflst með tilkomu Háskólans á Akureyri. Byggðarlegt mikilvægi HA er einnig óumdeilanlegt og hefur staðfest skólabæinn Akureyri á Íslandskortinu í byrjun aldar, raunar nákvæmlega eins og Menntaskólinn á Akureyri gerði í byrjun þeirrar síðustu. Alltaf má gera betur en þegar litið er til baka hefur tekist vel til með uppbyggingu Háskólans á Akureyri. Sú reynsla hvetur okkur til að stíga enn betur í ístaðinu við áframhaldandi uppbyggingu skólans og ég treysti því að svo verði gert.

[13:59]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég þakka ráðherra fyrir umræðurnar og þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í þeim. Ég er afar ánægður með þann samhljóm sem málið hefur fengið og vildi óska þess að það kæmi fram á ákveðnari hátt með auknum framlögum til Háskólans á Akureyri. Það er gott að heyra að reiknilíkanið er í endurskoðun og vonandi verður það lagfært verulega. En ég vil benda á að vitað var að hið einkarekna rannsóknarhús yrði mun dýrara fyrir háskólann en það húsnæði sem fyrir var. Ég fagna því þeim upplýsingum sem komu frá hv. þm. og fulltrúa í fjárlaganefnd, Einari Má Sigurðarsyni, að óskað hafi verið eftir upplýsingum um leiguverð í húsnæðinu.

Ég vil benda hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur á að hallarekstur er því miður til staðar á háskólanum enn þá. Það var uppsafnaður vandi sem var að hluta til lagfærður í haust.

Oft er talað um Eyjafjarðarsvæðið sem eitt helsta vaxtarsvæði utan höfuðborgarinnar og með tilkomu Háskólans á Akureyri var snúið við þeirri hnignun sem átti sér stað á svæðinu. Nú starfa nokkrar stofnanir í tengslum við Háskólann á Akureyri eins og Byggðarannsóknarstofnun, skólaþróunarsvið, ferðamálasetur, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Með tilkomu háskólans hafa verið

auknir möguleikar á því að flutningur stofnana út á land ætti að ganga greiðar jafnframt því sem nýir starfsmöguleikar verða fyrir hendi og allt það góða fólk sem útskrifast frá skólanum eflir atvinnulífið og stofnar fyrirtæki sem geta vaxið og dafnað.

Framtíð Háskólans á Akureyri er björt fái hann þann stuðning sem honum ber. Auka þarf námsframboð og fjölga deildum þannig að skólinn geti þróast eðlilega. Viljinn er fyrir hendi en það skortir fjármagn. Ef til vill þarf áræði og kjark til að taka af skarið en málin eru fyrst og fremst í höndum hæstv. menntamálaráðherra sem ég vona að bregðist ekki í þessu máli.

[14:01]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég held að þingheimur verði að hafa það hugfast að hér ríkir ákveðin stefna varðandi háskóla og hún er sú að við búum við sjálfstæði háskóla. Það eru háskólarnir sjálfir sem hafa ákveðið svigrúm, ákveðin réttindi til ákvarðanatöku, en þeir hafa líka ákveðna ábyrgð. Þeir þurfa að axla ábyrgð og það hafa þeir gert.

Skólastjórnendur stjórna inntöku nemenda, þeir stjórna kennslutilhögun, vinnumagni, námsframboði og fleiri kostnaðarþáttum í rekstrinum. Í ráðuneyti menntamála höfum við beitt okkur ítrekað fyrir því að hækka fjárveitingar til skólans en raunaukning þeirra frá árinu 2000 fram til ársbyrjunar 2005 er tæp 90%. Sótt var um tæplega 70 millj. kr. raunhækkun í fjárlagafrumvarpi 2004 og aftur 109 millj. kr. í fjárlagafrumvarpi 2005, sem báðar voru samþykktar. Síðan er sótt um 110 millj. kr. aukafjárveitingu í frumvarpinu fyrir 2005. Að auki er rétt að undirstrika að skólinn hefur fengið framlög af safnliðum menntamálaráðuneytisins og nú vinna ráðuneytið og Háskólinn á Akureyri saman að því að rétta af rekstur skólans.

Ég ítreka mikilvægi þess að haldið verði áfram metnaðarfullri uppbyggingu háskólanáms á Akureyri sem víðar um landið og við getum verið mjög bjartsýn með þá framtíð sem er fram undan. Það styrkir að sjálfsögðu byggðina í landinu að efla háskólanám en ekki síður samkeppnisstöðu okkar Íslendinga þegar til lengri tíma er litið.

Við stöndum í dag á ákveðnum tímamótum. Okkur hefur tekist að fjölga háskólanemum svo um munar. Við ætluðum okkur að gera það og við höfum náð því. Við höfum að auki hækkað framlög okkar til háskólamála hraðar en nokkur önnur OECD-þjóð á síðustu árum og því starfi ætlum við að sjálfsögðu að halda áfram um land allt. Nú þurfum við hins vegar, ágætu þingmenn, að leggja aukna áherslu á að fylgja eftir tilteknum gæðakröfum sem gera verður til kennslu og rannsókna innan háskólanna og það verður gert í því frumvarpi sem ég mun leggja fram fyrir hv. Alþingi.

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

[14:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum verið að ræða þingsályktunartillögu þingmanna Samfylkingarinnar um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja frá því í morgun. Það er ánægjulegt að verða vitni að því hve samstaða stjórnarandstöðunnar er mikil í þessu máli en allir flokkar stjórnarandstöðunnar hafa lýst yfir stuðningi við þetta þingmál. Það er ekki að ástæðulausu að við ræðum um kjör aldraðra og öryrkja í þinginu í þessari viku og jafnvel fram í næstu viku því að eins og komið hefur fram hefur hallað á þann hóp.

Samþykktir landsfundar Sjálfstæðisflokksins hafa komið til umræðu í morgun en ég ætla ekki að gera þær að umræðuefni því að mín reynsla er sú að þær hafi yfirleitt verið marklaus plögg. Þessar sömu ályktanir hafa komið fram á hverjum landsfundi, um bætt kjör aldraðra, en þær ályktanir og samþykktir hafa ekki skilað sér inn í þingsali. Ég ætla því ekki að eyða tíma mínum í að ræða þær þó að án efa verði fróðlegt að sjá hverju núverandi ályktunartillögur muni skila inn í þingið og hvort einhver breyting verði á, sem ég leyfi mér að efast um.

Í þingsályktunartillögunni sem allir þingmenn Samfylkingarinnar eru flutningsmenn að, um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja, er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni, í samráði við samtök aldraðra og öryrkja, að beita sér fyrir því að komið verði á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega. Í tillögunni er gert ráð fyrir að grunnlífeyrir og tekjutrygging verði sem næst lágmarksframfærslu eins og hún verður skilgreind í samræmi við neysluútgjöld lífeyrisþega.

Í dag er grunnlífeyrir aldraðra og öryrkja um 22 þús. kr. Tekjutryggingin, sé hún óskert, er um 43 þús. kr. fyrir aldraða og 44 þús. kr. fyrir öryrkja. Þetta eru því um 65 þús. kr. sem við erum að taka hér fyrir og teljum að eigi að verða sem næst lágmarksframfærslu.

Eins og komið hefur fram í umræðunni hefur það verið eitt helsta stefnumál okkar í Samfylkingunni að þessari afkomutryggingu verði komið á þannig að enginn þurfi að búa við fátækt og óvissu um kjör sín. Og hér erum við sem sagt að leggja fram fyrsta skrefið. Við viljum einnig taka á þeirri fátæktargildru sem er í almannatryggingakerfinu í dag og snýr að þeim sem vilja á einhvern hátt auka tekjur sínar með vinnu. Það eru yfirleitt þeir sem hafa framfærslu sína af almannatryggingagreiðslum nánast einvörðungu en þeir lenda í þessari svokölluðu fátæktargildru að ná ekki að auka tekjur sínar vegna mjög harðra tekjutenginga og skattheimtu. Við leggjum til að þær tekjutengingar verði minnkaðar þannig að svigrúm til atvinnuþátttöku aukist fyrir þá sem vilja taka áfram þátt í atvinnulífinu. Við höfum lagt til að grunnlífeyririnn sem býr núna við 30% skerðingu, verði 20%, og tekjutryggingin sem sætir 45% skerðingu vegna tekna, verði 30% til að koma til móts við þessa hópa.

Mig langar til að nefna nokkur atriði sem hafa ekki komið fram í umræðunni og hnykkja á öðrum. Eitt af því sem hefur verið að gerast núna undanfarið við það að ör-

yrkjar hafa fengið aldurstengdar örorkugreiðslur úr almannatryggingunum áður en öryrkinn verður 67 ára. Áður fyrr var það þannig að hann lækkaði um þúsund krónur í greiðslum frá Tryggingastofnun við að ná 67 ára aldri og verða ellilífeyrisþegi en nú er þetta að verða meira högg fyrir öryrkja að komast á bæturnar og þeir þurfa að sæta mun meiri skerðingu við það að fara á ellilífeyri og aldurstengda örorkugreiðslan fellur niður. Þetta er nokkuð sem við þurfum að skoða og ég verð vör við að lífeyrisþegar sem lenda í þessu hafa verið að koma að máli við mig vegna þessara þátta og þá þarf auðvitað að skoða.

Ríkisstjórnin er alltaf að veitast að þessum hópi á einhvern hátt og nú síðast í fjárlagafrumvarpinu. Þá leggja menn til að bensínstyrkurinn verði tekinn af hreyfihömluðum. Þar fundu þeir breiðu bökin að þessu sinni og ætla að taka bensínstyrkinn af þeim sem eru hreyfihamlaðir, rúmar 8 þús. kr. á mánuði. En það er ekki bara að hreyfihamlaðir eða lífeyrisþegar missi þær 8 þús. kr. við þetta heldur þurfa þeir að fara að greiða bifreiðagjöldin, sem voru hlunnindi sem hreyfihamlaðir lífeyrisþegar höfðu ef þeir voru með bensínstyrkinn.

Á móti á að koma hækkaður tekjutryggingarauki. En það hjálpar lífeyrisþegum lítið því að það eru örfáir með tekjutryggingaraukann eða milli 300 og 400 manns. Þarna eru á ferðinni tillögur frá ríkisstjórninni sem við munum aldrei sætta okkur við og munum berjast gegn af fullum krafti og því hafa aðrir í stjórnarandstöðunni einnig lýst yfir. Ég trúi því ekki að þeir stjórnarliðar sem hafa verið að berjast hér og tala fyrir bættum kjörum aldraðra muni samþykkja að það eigi að fara að taka af hreyfihömluðum bensínstyrkinn, 8 þús. kr., og hafa af þeim hlunnindin sem bifreiðagjöldin eru. En það er einmitt lagt til í fjárlagafrumvarpinu núna.

Ég vil einnig nefna vasapeningana, sem eru náttúrlega til skammar, vasapeningar þeirra sem eru á stofnunum. Mörgum öldruðum svíður það hvað mest að þurfa að sækja um þá ölmusu sem vasapeningarnir eru þegar þeir eru komnir á hjúkrunarheimili eða aðrar stofnanir. Vasapeningarnir, eins og þeir eru í dag, eru mjög tekjutengdir. Þetta eru rúmar 20 þús. kr. og ef lífeyrisþeginn er með yfir 7 þús. kr. annars staðar í tekjur skerðast þessar greiðslur um 65%. Þarna er því líka á ferðinni hlutur sem við þurfum að skoða mun betur einmitt við þá vinnu sem við leggjum til að farið verði í til að bæta kjör þeirra sem búa við greiðslur almannatrygginga sér til framfærslu.

[14:13]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrr í morgun fór ég í andsvör við hv. þm. Össur Skarphéðinsson um sama mál og vil í framhaldi af því spyrja hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur spurninga. Sú snerra sem við Össur tókum í morgun var á þá vegu að ég spurði hv. þingmann hvort aðgerðaleysi borgarstjórnararms Samfylkingarinnar í fasteignagjöldum til handa eldri borgurum á höfuðborgarsvæðinu sé að valda því að sú mikla kjarabót sem var samþykkt hér á síðasta ári, lækkun eignarskatts, hafi hreinlega fuðrað upp hjá eldri borgurum á höfuðborgarsvæðinu. Hann svaraði á þá leið að það væri ríkisstjórninni að kenna hvernig fasteignamarkaðurinn hefði þróast.

Ekki er langt síðan við hv. þingmenn í sölum Alþingis samþykktum frumvarp sem félagsmálaráðherra lagði fram um 90% lán til handa Íbúðalánasjóði þar sem allir hv. þingmenn Samfylkingarinnar samþykktu tiltekið frumvarp og opnuðu um leið á þær gáttir sem hafa valdið þeirri miklu þenslu sem einkennir fasteignamarkaðinn í dag. (Gripið fram í.) Telur hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir eðlilegt að hennar fyrrverandi formaður leggi slík rök í svörum sínum við þessari spurningu minni? Getur verið, frú forseti, að Samfylkingin eigi jafnmikla ábyrgð á því og aðrir flokkar að fasteignamarkaðurinn sé í þeirri þenslu sem hann er, getur það verið? Ég held svo, já.

Í upphafi ræðu sinnar áðan sagði hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir að landsfundur Sjálfstæðisflokksins skilaði af sér engu öðru en marklausum plöggum. Ég spyr í lok andsvars míns: Er þetta bara allt saman marklaust tal þegar talsmenn Samfylkingarinnar mæta hér sem riddarar á hvítum hesti í röðum, auglýsa í útvarpi þessa ræðu svo allir fylgist með, en eru svo sjálfir ábyrgir þeim miklu álögum á herðar eldri borgara í formi fasteignagjalda á undanförnum missirum? (Gripið fram í.)

[14:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði að samþykktir landsfundar Sjálfstæðisflokksins um málefni aldraðra eins og sú um að aftengja almannatryggingabætur tekjum hafa verið marklaus plögg hingað til því ekki hafa borist hingað í þingsali neinar breytingar í þá veru frá Sjálfstæðisflokknum þó svo að menn hafi verið að samþykkja slíkar ályktanir á landsfundum. Og meðan að svo er þá kalla ég náttúrlega þetta marklaus plögg sem þau vissulega eru. En kannski ætlar hv. þingmaður að sjá til þess að þær ályktanir sem liggja núna fyrir landsfundinum muni skila sér inn í frumvarpsformi frá hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, ef þeir samþykkja þessar tillögur einu sinni enn. En hingað til hafa þær ekki skilað sér hingað inn.

Varðandi þær spurningar sem hv. þingmaður bar hér upp við mig þá ætla ég nú ekki að fara að taka þátt í andsvörum vegna ræðunnar sem var haldin í morgun. En mér þætti fróðlegt að vita frá hv. þingmanni hvort hann ætlar að samþykkja þessa ályktun sem Sjálfstæðisflokkurinn er með um aftengingu almannatryggingabóta við lífeyrissjóðsgreiðslur og koma með hana inn í þingið og samþykkja hana. Síðan vildi ég gjarnan fá að vita það frá hv. þingmanni hvort hann hyggist samþykkja það sem ríkisstjórnin áformar, þ.e. að taka bensínstyrkinn af hreyfihömluðum lífeyrisþegum og skerða þannig greiðslur til þeirra um rúmar 8.000 kr. á mánuði. Einnig missa þeir þá þau hlunnindi að þurfa ekki að borga bifreiðagjöldin. Ætlar hv. þingmaður að samþykkja það í þingsölum eftir allt hans tal um bætt kjör til aldraðra?

[14:17]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni svörin. Ég skil svo sem mæta vel að hún geti ekki svarað fyrir flokksbróður sinn hv. þingmann Össur Skarphéðinsson vegna þeirrar

spurningar sem ég lagði fyrir hana í andsvari mínu, enda er greinilega mjög erfitt um svör á þeim bænum.

Varðandi spurningar hennar til mín um afstöðu mína til landsfundarins og málsins sem við erum að ræða þá greindi ég frá því hér í morgun að ég mun ekki láta mitt eftir liggja í þeirri umræðu sem munu eiga sér stað á komandi landsfundi.

Hvað varðar bensínstyrkinn sem slíkan þá verð ég að viðurkenna það fyrir hv. þingmanni að þetta er mál sem ég hef ekki sett mig nógu vel inn í en mun að sjálfsögðu gera þegar til kasta kemur í þingflokki á næstu missirum.

[14:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi nú að hv. þingmaður Össur Skarphéðinsson hefði svarað ágætlega fyrir sig í umræðunni í morgun og taldi mig ekki hafa neinu við það að bæta.

Varðandi afnám bensínstyrksins þá hefði ég nú haldið að hv. þingmaður hefði átt að að kynna sér það mál því þarna er verið að taka bensínstyrk, rúmar 8.000 kr., af öllum hreyfihömluðum lífeyrisþegum. Það á að taka þá peninga, það á að taka hluta af þeim til þess að hækka tekjutryggingarauka sem rúmlega 300 manns fá frá almannatryggingunum. Bensínstyrkinn, sem allir hreyfihamlaðir með vottorð um að þeir þurfi á bíl að halda til þess að geta komist leiðar sinnar eiga rétt á, á að taka af þeim og um leið missa þeir réttinn til þess að fella niður bifreiðagjöldin. Ég hvet hv. þingmann til þess að kynna sér þetta og ég vil gjarnan fá svar frá honum áður en þessari umræðu okkar í andsvörum lýkur um það hvort hann ætli að samþykkja það því að nú hefur verið boðað þingmál frá hæstv. heilbrigðisráðherra um breytingar á almannatryggingunum í þessa veru þar sem á að svipta stóran hóp fólks þessari upphæð, 8.000 kr. rúmum á mánuði, og það var þá hópurinn, hreyfihamlaðir lífeyrisþegar, sem eru breiðu bökin hjá þessari ríkisstjórn.

[14:20]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hvers vegna kjósum við þingmenn Samfylkingarinnar að flytja sem eitt okkar helsta mál á þessu þingi þá þingsályktun sem hér liggur fyrir um afkomutryggingu? Jú, það er vegna þess að við teljum að eitt brýnasta verkefnið í íslensku samfélagi í dag sé að ríða þéttar það öryggisnet sem að við höfum í velferðarsamfélaginu traust okkar á að leggja og teljum algerlega einboðið að það þurfi að efla og styrkja frá því sem nú er. Ég verð að segja að þegar þessi tilgangur er hafður í huga að þá undrar það mann að hv. þingmaður Gunnar Örlygsson og hv. þingmaður Pétur Blöndal, þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem helst hafa hér tekið þátt í umræðunni af hálfu Sjálfstæðisflokksins, skuli koma endurtekið í ræðustólinn til að fjargviðrast yfir málflutningi þessum og finna honum ýmislegt til foráttu. Ég hélt satt að segja að það hlyti að vera hverjum manni augljóst að þessa er ekki aðeins þörf, þ.e. að styrkja og bæta afkomu lífeyrisþega í landinu, heldur er það orðin alger nauðsyn vegna þess að í okkar góða samfélagi er að verða slík gliðnun á milli tekjuhópa að það ógnar samstöðunni og stöðugleikanum í samfélaginu.

Við Íslendingar höfum búið að þeirri gæfu að hér hefur misskipting tekna til langs tíma verið fremur lítil miðað við það sem að tíðkast hefur í kringum okkur og við höfum látið okkur varða hvert um annað og keppst við að hafa hér eitt velferðarsamfélag. En sú öra þróun til misskiptingar sem orðið hefur í stjórnartíð Davíðs Oddssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins og hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, hlýtur að vekja okkur öllum nokkurn ugg. Það sýnir sig að á síðustu tíu árum að hefur misskiptingin í landinu orðið meiri, en ekki aðeins meiri heldur hefur misskiptingin verið að aukast hraðar en í öllum þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Þetta hefur núna gengið þannig fram síðan 1995. Og það sýnir sig að ef það heldur áfram að ganga með þessum hraða að auka misskiptinguna á milli hinna efnuðu og hinna efnaminni þá munum við að öðrum tíu árum liðnum vera sú þjóð Efnahags- og framfarastofnunarinnar þar sem að misskipting er mest. Þá hefðum við á einum aldarfjórðungi, aðeins á liðlega 20 árum, farið úr því að vera það samfélag sem státaði af hvað mestum jöfnuði og yfir í það að vera það samfélag sem státar af hvað mestum ójöfnuði. Það væri sannarlega mikið ógæfuspor fyrir þjóðina alla, ekki aðeins hina efnaminnstu, því að rannsóknir fræðimanna sýna að jöfnuður hefur áhrif á hagvöxt. Jöfnuður skapar hagvöxt. Jöfnuður leiðir þannig til aukinnar og bættrar afkomu fyrir þjóðarbúið allt. Norðurlandaþjóðirnar eru auðvitað í heiminum kristaltært dæmi um þetta. Óvíða eru tekjur og velmegun meiri. Óvíða er jöfnuður meiri. Það helst í hendur, hæstv. forseti, og þess vegna er það hagsmunamál okkar allra að halda í þann jöfnuð sem við hér höfum notið um áratuga skeið.

En hvernig hefur þetta gerst? Þetta hefur ekki gerst í einu vetfangi, nei, en þetta hefur þó aðeins gerst á tíu árum og það hefur einkum gerst með tvennum hætti. Það hefur annars vegar gerst þannig að bætur lífeyrisþega hafa aðeins hækkað í samræmi við verðlag á neysluvörum, eins og á yfirstandandi ári, meðan að laun í landinu hafa hins vegar hækkað um 2% meira. Þannig er það nú einfaldlega í iðnsamfélögum okkar daga að kaupmáttur eykst að jafnaði ár frá ári um kannski 2% og ef lífeyrisþegar njóta ekki þeirrar kaupmáttaraukningar þá kann mönnum ekki að finnast muna mikið um 2% á einu ári. En þegar það safnast upp yfir tíu ára tímabil þá munar auðvitað verulega um það. Það er þannig t.d. að á árunum 1995–1999 jókst kaupmáttur lífeyrisþega þrisvar sinnum minna en almenns launafólks. Og 2% á ári í tíu ár eru 20% eða heill fimmtungur af því sem lítið er, virðulegur forseti, af því sem lítið er.

Og hver er hinn þátturinn sem að hefur verið að skerða kjör lífeyrisþeganna? Það er þróunin í skattamálunum. Ég heyrði hv. þingmann Pétur H. Blöndal í morgunsjónvarpi Stöðvar 2 í morgun því sem næst dansa upp á borðum af kæti yfir því hversu mjög þessi stjórn hefði frá árinu 1995 lækkað skattana í landinu. Við þessi orð könnuðust ekki þeir 30 þúsund lífeyrisþegar sem eru með undir 110.000 kr. á mánuði. Þeir könnuðust ekkert við þann veruleika sem Pétur H. Blöndal alþingismaður var að lýsa vegna þess að hv. alþingismaður Pétur H. Blöndal hefur ekki verið að lækka skatta þessa fólks. Ellilífeyrisþegar með 110.000 kr. í lífeyri á mánuði eru nú að borga 14% af tekjum sínum. Það var fyrir tíu árum síðan rétt um 3% af sambærilegum bótum

og þannig hefur skattbyrði þeirra aukist um heil mánaðarlaun á ári. Og þegar þetta leggst saman, annars vegar að lífeyrisþegarnir fylgja ekki kaupmáttaraukningu okkar hinna og hitt að skattbyrði þeirra þyngist meðan að skattbyrði okkar hátekjufólksins í þessum sal léttist, þá eykst misskiptingin. Svo einfalt er það. Eins og ég gat um áðan, virðulegur forseti, þá eykst hún svo hratt að hún eykst að líkindum hraðar en í nokkru öðru landi OECD og haldi hún áfram að vaxa með þeim hraða sem hún hefur verið að gera er hætta á því að að áratug liðnum verði misskipting hér meiri en í öðrum OECD ríkjum.

Það er full ástæða fyrir hv. alþingismenn, hvar í flokki sem þeir standa, að taka þessa þróun mjög alvarlega. Það er eitthvert brýnasta verkefni okkar að berja í þessa bresti, að styrkja hér öryggisnetið í samfélaginu, að taka af myndarskap á málefnum lífeyrisþega, hvort sem það eru öryrkjar eða aldraðir, vegna þess að það er sameiginlegt hagsmunamál okkar allra að standa vörð um jöfnuðinn í þessu samfélagi, þann hagvöxt sem að honum fylgir og varðveita þann stöðugleika sem hann skapar.

[14:28]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni Helga Hjörvar fyrir ágæta ræðu. Margt ágætt kom fram í hans máli. Ég fagna því, og hér hefur það verið nefnt, að stjórnarandstaðan beri hag þessa fólks fyrir brjósti og það vel og ég held að við séum sammála um það.

Það er hins vegar nokkuð holur hljómur í þessum málflutningi þegar maður lítur til þess að þessi sama stjórnarandstaða hefur stýrt stærsta sveitarfélagi landsins hvorki meira né minna og hefur markvisst unnið að því að hækka gjöld á þetta fólk með stefnu í skipulagsmálum sem hefur leitt af sér stórhækkað fasteignaverð, stórhækkað fasteignamat og stórhækkuð fasteignagjöld. Á sama hátt hafa þeir ekki samþykkt t.d. tillögur um lækkun fasteignaskatta þessa ágæta fólks.

Ég vil því spyrja hv. þingmann Helga Hjörvar: Hvers vegna er þessi munur á málflutningnum hér og svo eftir að menn eru farnir héðan yfir Vonarstrætið í Ráðhúsið að ræða sömu mál? Hvers vegna eru menn ekki áhugasamir um það þar að bæta hag þessa fólks með því að reyna að lækka gjöld á húsnæði sem að er sannarlega algjör frumþörf fyrir alla, jafnt þetta fólk sem annað? Mér þætti vænt um, virðulegi forseti, ef hv. þingmaður mundi svara því.

[14:30]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er út af fyrir sig athyglisvert að hv. þingmaður Guðlaugur Þór Þórðarson kjósi að reyna að beina athyglinni frá því umræðuefni sem hér er, sem er afkoma lífeyrisþeganna í landinu.

Hvað varðar fasteignagjöld í Reykjavík, sem ég hef þó ekki fylgst nægilega náið með hin síðari ár, verandi vara-borgarfulltrúi nú, þá veit ég ekki betur en við veitum afslætti af fasteignagjöldum til lífeyrisþega, þess hóps sem hér er verið að tala um, 100%, 80% og 50%, og þær tilvísanir sem hv. þingmaður er með eigi ekkert við um þann hóp þó að vissulega hafi fasteignaskattar hjá ýmsum fasteigna-eigendum og m.a. úr hópi aldraðra þyngst verulega á síðari árum. Það hefur hins vegar ekki farið eftir sveitarfélögum eða eftir því hvaða pólitíski meiri hluti hefur verið. Það hefur einfaldlega fylgt þróun fasteignaverðs í landinu.

Ég vil hins vegar nota tækifærið og spyrja hv. þingmann hvort hann styðji þá aðför að hreyfihömluðum sem gefur að líta í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir komandi ár og hvort hann sé talsmaður þess, varaformaður félagsmálanefndar, að 100 þús. kr. árlegur stuðningur við nærri sjö þúsund hreyfihamlaða Íslendinga verði af þeim tekinn með einu pennastriki. Ég treysti því að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson geti greint okkur frá afstöðu sinni til þess grundvallarmáls sem nú er til umfjöllunar í sölum Alþingis.

[14:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar spurningu hv. þingmanns finnst mér það sýnt að endurskoða þurfi fjárlagafrumvarpið með það fyrir augum að skoða nákvæmlega þennan þátt sem hann nefndi og ég ligg ekkert á þeirri skoðun minni, ef einhver rök eru gegn því þá hef ég ekki séð þau.

Hins vegar getur hv. þingmaður ekki komið hér upp og reynt að þvo hendur sínar af því sem snýr að lífeyrisþegum og öldruðum í Reykjavíkurborg, það er bara einfaldlega ekki hægt. Hv. þingmaður er afskaplega virkur í borgarstjórn eins og við vitum og þekkir vel til og er vel lesinn og getur ekki borið það fyrir sig að hafa ekki getað fylgst með borgarmálum á undanförnum árum. Sú skýring dugar ekki.

Hér erum við að tala um afkomu þessa fólks. Það skiptir ekki máli í hvorn endann litið er, hvort talað er um útgjöld eða tekjur, það segir sig alveg sjálft. Það liggur alveg fyrir og hv. þingmaður veit það að tillögur hafa verið felldar um að lækka slík gjöld á þetta fólk, en það er bara einn anginn.

Hinn anginn er sá að með þeirri lóðaskortsstefnu sem við þekkjum hafa menn beint og óbeint hækkað gjöld á alla borgarbúa en þó kemur það sérstaklega niður á því fólki sem hefur hvað minnst. Og af því að ég veit að hv. þingmaður ber hag þessa fólks fyrir brjósti hefði ég viljað sjá hann beita sér fyrir öðruvísi vinnubrögðum og öðruvísi áherslum þar sem Samfylkingin er í meiri hluta og stýrir. Þarna hefðu Samfylkingin og Vinstri grænir hreint og klárt komið að og getað hjálpað þessu fólki.

Þess vegna ber ég fram þá spurningu: Af hverju er það ekki gert? Því þarna er svo sannarlega hægt að gera hluti sem hjálpa þessu ágæta fólki.

[14:34]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna yfirlýsingu hv. þingmanns um að hann styðji ekki aðförina að hreyfihömluðum og bensínstyrknum til þeirra. Ég trúi því núorðið að ekki sé einu sinni þingmeirihluti á hinu háa Alþingi fyrir þeim tillöguflutningi og treysti því að þau orð muni standa þegar fjárlögin koma til afgreiðslu síðar.

Það stendur ekkert á mér, virðulegur þingmaður, að leggjast á árarnar handan við Vonarstræti þegar kemur að málefnum þeirra sem verst standa. Ég held að sá meiri hluti sem þar situr þurfi ekki að skammast sín í þeim efnum. Við höfum aukið gríðarlega framboð á félagslegu leiguhúsnæði,

keypt 100 nýjar íbúðir á hverju ári um langt árabil. Við höfum bætt svo í húsaleigubætur til þeirra sem tekjulægstir eru í þessum hópum að hundruðum milljóna hefur verið aukið við þau framlög frá ári til árs. Við höfum líka veitt verulega afslætti til tekjulágs fólks af fasteignasköttum og hv. þingmaður getur kynnt sér með hvaða hætti ég stóð að hækkunum á framlögum til fólks í fjárhagserfiðleikum hjá Reykjavíkurborg og hækkunum þeirra frá ári til árs þegar ég var formaður félagsmálaráðs Reykjavíkur. Ég vísa því einfaldlega á bug og hv. þingmaður (Gripið fram í.) veit það auðvitað sjálfur að ekki er holur hljómur í málflutningi mínum þegar kjör öryrkja og ellilífeyrisþega eru annars vegar. Ég trúi því og treysti (Gripið fram í.) að í því hafi ég verið samkvæmur sjálfum mér og vona að hv. þingmaður geti haldið ró sinni og hætt frammíköllum sínum.

[14:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég hef áður kvatt mér hljóðs í umræðunni og ítreka það sem ég hef áður sagt en mun víkja að örfáum atriðum til viðbótar. Ég tel að hér hafi farið fram mjög góð umræða um mjög gott málefni. Ég styð þetta þingmál mjög eindregið og tala þar fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs en við leggjum mjög ríka áherslu á að kjör eldri borgara og öryrkja verði stórbætt frá því sem nú er.

Annað sem við höfum lagt mikla áherslu á og kemur einnig fram í umræddu þingmáli er að þessum málum verði beint í farveg samráðs og samninga. Það á að virða samningsrétt hjá Öryrkjabandalagi Íslands annars vegar og hjá Landssambandi eldri borgara hins vegar sem hafa beitt af sér af miklum krafti í kjarabaráttu fyrir hönd skjólstæðinga sinna á undanförnum árum sem ég tel að séu nú farnir að eygja ávöxt af sínu mikla erfiði en til þess þarf mikinn stuðning í samfélaginu. Ég held að ákaflega mikilvægt sé að menn fylgist mjög vel með þeim samningaviðræðum sem í hönd fara á milli ríkisvaldsins annars vegar og Landssambands eldri borgara hins vegar.

Það hefur komið fram að ágreiningur er um tölur, annars vegar á milli Landssambands eldri borgara og hins vegar ríkisstjórnarinnar. Sá ágreiningur kom m.a. fram í utandagskrárumræðu sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði stóðum fyrir í fyrradag um þetta málefni. Hæstv. heilbrigðisráðherra vefengdi þær tölur sem ég setti fram hér í ræðustól en eru í samræmi við það sem Landssamband eldri borgara hefur haldið fram. Ég tel mjög brýnt að farið verði vel í saumana á þeim tölum sem koma frá þessum aðilum. Ég hef trú á að ríkisstjórnin byggi á röngum forsendum í útreikningum sínum þannig að hún byggi um of og reikni út meðaltal með hliðsjón af tekjutryggingarauka ellilífeyrisþega.

Hversu margir skyldu fá hann óskertan? Það eru 314 manns af 25–27 þúsund. Þarna liggur skekkjan í útreikningum ríkisstjórnarinnar að því er ég tel. Ef við lítum á fjárlagafrumvarpið kemur fram að tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega eigi að hækka um 25%, en ellilífeyrir, þ.e. grunnlífeyrir, um 5,9%. Nú þarf að hafa í huga að þessar tölur byggja á allskuggalegum forsendum, tekjutryggingaraukann á að hækka á kostnað hreyfihamlaðra öryrkja og ellilífeyrisþega, nokkuð sem mun náttúrlega aldrei ganga eftir. Við heyrum hver viðbrögð eru hér í þingsal við þessu og við höfum heyrt viðbrögð í samfélaginu, frá Landssambandi eldri borgara og frá Öryrkjabandalagi Íslands. Þessi samtök munu aldrei láta þetta yfir sig ganga að sjálfsögðu.

Varðandi hina töluna, 5,9%, hef ég áður gert grein fyrir að þegar höfð er hliðsjón af því að lífeyrisþegum mun að öllum líkindum fjölga um 3% á komandi ári og reiknað er með 4% verðbólgu þá er um kjararýrnun að ræða. En ég set þessar tölur engu að síður upp til að sýna fram á hvers vegna forsendur ríkisstjórnarinnar eru rangar. Tekjutryggingaraukinn er aðeins einn sjöundi hluti af ellilífeyrisgreiðslunum, af grunnlífeyri. Þegar þessi tala, þegar tekjutryggingaraukinn er lagður til grundvallar sem meðaltal í meðaltalsútreikningum ríkisstjórnarinnar sjá menn hvers vegna ríkisstjórnin fer vill vegar í þessu máli og hvers vegna hún heldur fram röngum tölum bæði í þingsalnum og í fjölmiðlum þegar þau mál ber á góma.

Eitt sem ég vildi leggja áherslu á og ég hef verið nokkuð spurður eftir í umræðunni er um skatta á lágtekjufólk. Ég nefndi þar töluna 12–13% af 110 þús. kr. Aðeins til að setja þetta inn í samhengi og skýra þetta nánar. Staðreyndin er sú að þriðjungur ellilífeyrisþega er með minna en 110 þús. kr. á mánuði. Það sem ég lagði og legg áherslu á er að sá hópur borgar núna skatt en borgaði engan árið 1988 þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp. Núna greiðir þessi hópur 37,73% í tekjuskatt. Sú upphæð nemur 41.503 kr. Frá því er dreginn persónuafsláttur upp á 28.321 kr. Alls gerir þá skatturinn 13.182 kr. eða 11,98%, eftir standa 96.818 kr. Við erum því ekki að tala um 110 þús. kr. tekjur, við erum að tala um tekjur undir 100 þús. kr. Við skulum ekki gleyma því að sumt fólk er þar fyrir neðan og sumir búa við afarkjör og við höfum fengið að sjá það í fjölmiðlum í sumar hvernig í hópi fátæks fólks á Íslandi eru stórir hópar aldraðra.

Að lokum um lífeyrissjóðina. Ég tel brýnt að styðja lífeyrissjóðina. Ég hef stutt frumvörp frá Frjálslynda flokknum sem hafa verið flutt hér ítrekað um að nauðsynlegt sé að koma að stuðningi við Lífeyrissjóð sjómanna. Þar voru loforð svikin í kjölfar samninga upp úr 1980. Í landinu eru lífeyrissjóðir sem búa við mjög erfiðan kost, bændur og ýmsir aðrir.

En missum ekki sjónar á því sem hér er verið að fást við. Við erum að tala almennt um kjör lífeyrisþega á Íslandi, um kjör eldri borgara á Íslandi. Við megum ekki láta ríkisstjórnina komast upp með það lengur að rýra kjör þessa fólks. Nú er mál að linni. Ég vona að samfélagið vakni upp, fylgist með þeim samningaviðræðum sem Landssamband eldri borgara hefur hafið við ríkisvaldið (Forseti hringir.) og við eigum að standa þétt að baki samninganefnd þess.

[14:44]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Tillagan sem hér um ræðir er mjög jákvæð. Samkvæmt henni á að kanna stöðu mála og tryggja að öryrkjar og eldri borgarar hafi mannsæmandi kjör. Maður furðar sig þess vegna á umræðunni sem farið hefur fram í dag, að þeir stjórnarliðar sem þó mæta og taka þátt í umræðunni skuli vera svo viðskotaillir og jafnvel að reyna að

drepa umræðunni á dreif. Ég hélt að þetta væri mál sem geti gengið þvert á alla flokka og menn gætu sameinast um að koma þessum hlutum í lag. Menn hafa stært sig af því að við værum ein yngsta þjóð í Evrópu. Við ættum því að geta hugsað þokkalega vel um eldri borgara landsins sem hafa komið okkur á legg.

Nei, það má ekki heldur skal drepa umræðunni á dreif með því að rugla hana. Til dæmis tala menn um fasteignaskatta, að þeir séu allt í einu aðalvandamál eldri borgara í sumum sveitarfélögum. En það er af og frá. Þótt ýmislegt megi segja um hækkun fasteignaverðs þá getur það í ýmsum tilfellum haft jákvæð áhrif fyrir eldra fólk sem minnka við sig húsnæði og getur að einhverju leyti losað peninga. En þetta mál snýst ekki um þann hluta eldri borgara heldur um þá sem hafa verstu kjörin. Hvers vegna geta ekki sjálfstæðismenn og framsóknarmenn, sem einhvern tíma kenndu sig við samvinnuhugsjón og félagshyggju, rætt þessi mál í alvöru? Hvers vegna er það ekki hægt? Hvers vegna ræða menn ekki um hvernig eigi að leysa þessi mál? Það er ekki gert. Nei, inn á borð okkar kemur fjárlagafrumvarp þar sem eina sparnaðartillagan er að skerða kjör þessa hóps.

Við munum öll eftir svikum hæstv. heilbrigðisráðherra, er hann sveik unga öryrkja um hátt í fimm hundruð milljónir. Hvers vegna getum við ekki snúið þessari umræðu við og tekið saman á þessum málum? Ég held að það sé mikill vilji í þjóðfélaginu til þess. Ég furða mig á því að sjálfstæðismenn vilji ganga til landsfundar í kvöld með það á bakinu að hafa gert lítið úr umræðunni um þá sem verstu kjörin hafa í samfélaginu. Ég held því fram að ójöfnuðurinn í þjóðfélaginu hafi aukist, það er staðreynd. Í svari við fyrirspurn sem ég beindi til hæstv. fjármálaráðherra um ójafnar tekjur, um svokallaðan Gini-stuðul, kom á daginn að sá ójöfnuður hafði vaxið. Hvers vegna ræða menn það ekki? Pétur H. Blöndal getur þá komið og verið stoltur yfir árangrinum ef honum finnst að þróunin eigi að vera svona. Þannig er hún. Þetta þurfum við að ræða. Ég er á því að tekjuójöfnuður geti skapað ýmis vandamál. Hann mun gera það áður en langt um líður.

Hið sérkennilega við tekjuójöfnuðinn er að hann er ekki vegna þess að hlutur ríkisafskipta hafi minnkað heldur hefur hlutur hins opinbera af þjóðarkökunni stækkað. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur ekki minnkað hlut hins opinbera heldur hefur hið opinbera ráðstafað stærri hluta kökunnar til fárra. Mér finnst það mjög einkennilegt, fyrir svokallaða hægri stjórn eða samvinnustjórn — en ég veit reyndar ekki hvað Framsóknarflokkurinn er núna — að menn ráðstafi fé í gegnum ríkisvaldið til færri aðila, taki meira af þeim sem hafa lítið og ráðstafi stærri hluta til þeirra sem hafa meira.

Annað sem vert er að ræða í þessu sambandi eru skattalækkanir. Þegar menn tala um að orðið hafi skattalækkanir þá eru það algjör öfugmæli. Það hafa ekki orðið neinar skattalækkanir á Íslandi. Það hefur orðið prósentulækkun á einu og hækkun á öðru. Hvernig metur maður hvort skattar hafi verið hækkaðir eða lækkaðir? Það er auðvitað út frá hlut ríkisins og því hvort ríkisútgjöld aukist. Einhver þarf að borga fyrir þetta og það er gert í gegnum skattana. Sjái maður tölurnar í fjárlagafrumvarpinu hækka þá eru skattarnir að hækka. Þeir eru bara teknir annars staðar.

Það er rétt að verið er að lækka hátekjuskattinn en það er sömuleiðis verið að þyngja byrðarnar á þeim sem hafa lágu tekjurnar. Það er eitt af því sem t.d. framsóknarmenn hafa ekki boðað. Þetta eru mál sem þarf að ræða í alvöru. Ég óska eftir því að sjálfstæðismenn komi hér til umræðunnar og ræði þetta af alvöru í stað barnalegra útúrsnúninga og málfundaleikfimi með því að ræða um fasteignaskatta og annað sem kemur málinu ekkert við.

Það kemur málinu við þegar menn spyrja hverjar breytingarnar séu. Hvaða áhrif hafa breytingarnar á ójöfnuðinn í þjóðfélaginu. Þeirri spurningu hefur verið beint til hæstv. fjármálaráðherra. Ég spurði hann: Hver verður ójöfnuðurinn þegar skattbreytingar ríkisstjórnarinnar hafa komið til framkvæmda? Þegar þeirri spurningu er beint til hæstv. fjármálaráðherra er ekki hægt að reikna. Þá stöðvast allar reiknivélar. Þetta er mjög alvarlegt. Við þingmenn sem viljum sjá fyrir okkur framtíðina og hver ójöfnuðurinn verður ættum að krefjast þess að fjármálaráðherra gefi svör um þessa hluti. Það er óþolandi að skattbreytingar séu boðaðar en síðan þurfi menn að þrasa um möguleg eða ómöguleg áhrif.

Það er sérkennilegt að horfa upp á aðgerðir ríkisstjórnarinnar þegar kemur að því að spara. Það eru nokkur hundruð milljónir í ökutækjastyrkjum fyrir aldraða og öryrkja en síðan fara menn að snúa út úr og þrasa um hvort eða hver leggi mestar byrðar á eldri borgarana.

Samt eru til þingmenn í Sjálfstæðisflokknum sem séð hafa í gegnum blekkingarleik ríkisstjórnarinnar. Ég er með grein eftir ágætan sjálfstæðismann sem fletti ofan af umræddum blekkingarleik sjálfstæðismanna sjálfra. Hann skrifaði á þessu ári grein þar sem hann segir að áhrif eignarskattsbreytinga ríkisstjórnarinnar fyrir eldri borgara séu ofmetin. Hann bendir á það með réttu að í landinu séu rúmlega 15 þúsund eldri borgarar sem ekki muni greiða 600 millj. kr. á ári í eignarskatt. Stærsti hluti eldri borgara greiðir ekki eignarskatta. Umræddur sjálfstæðismaður hefur í raun flett ofan af (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokknum og bent á, frú forseti, að málflutningur þeirra sé ótrúverðugur.

[14:53]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Í þeirri þingsályktunartillögu sem er hér til umræðu kemur m.a. fram að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni, í samráði við samtök aldraða og öryrkja, að beita sér fyrir því að komið verði á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega sem komi til framkvæmda í byrjun ársins 2007.

Okkur ætti öllum að vera orðið ljóst að í þjóðfélaginu búa allt of margir við og jafnvel undir fátæktarmörkum, þ.e. hafa ekki tekjur sem duga fyrir nauðþurftum. Aldraðir, öryrkjar, einstæðir foreldrar og þeir sem haldnir eru langvarandi veikindum eru þar stór hluti og búa ekki við það sem við mundum vilja kalla mannsæmandi tekjur. Það er ekki hægt að segja að þessir hópar hafi fengið hlut af hinu svokallaða góðæri.

Eins og hér hefur komið fram var árið 1996 afnumin tenging bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu. Það hefur valdið gífurlegri skerðingu á lífeyri aldraðra og öryrkja. Á síðustu árum hefur dregið í

sundur með lífeyrisþegum og þeim sem hafa lægstu launin þrátt fyrir að ekki sé annað hægt að segja en að lægstu laun séu til háborinnar skammar. Grunnlífeyrir og full tekjutrygging væru um 12–13 þús. kr. hærri ef raungildi þeirra greiðslna væri hið sama á árinu 2005. Það má jafnframt benda á að stór hluti ellilífeyrisþega, um þriðjungur, er með um eða undir 110 þús. kr. í tekjur á mánuði.

Þingmenn meiri hlutans hafa í dag, líkt og oft áður, reynt að breiða yfir hve lágar tekjur ellilífeyrisþegar hafa en við skulum taka hér dæmi af launaseðli einhleyps ellilífeyrisþega sem ekki hefur atvinnutekjur. Hann fær í grunnlífeyri 21.993 kr., tekjutryggingu 43.113 kr., tekjutryggingarauka 21.258 kr. og heimilisuppbót 18.080 kr. Þetta gerir samtals 104.444 kr. á mánuði. Þegar tekjuskatturinn er tekinn af hefur viðkomandi einstaklingur ráðstöfunartekjur upp á rúmar 93 þús. kr.

Ef viðkomandi ellilífeyrisþega bjóðast atvinnutekjur, t.d. 50 þús. kr. á mánuði, eru refsingar í gildi. Þær hafa í för með sér lækkun á tekjutryggingu og lækkun á heimilisuppbót, tekjutryggingaraukinn fellur alveg niður en tekjuskatturinn hækkar að sjálfsögðu. Af þessum 50 þús. kr. skerðast því tekjurnar um 65%, þ.e. af 50 þús. kr. aukatekjum eru einungis 17.1180 kr. eftir. Ljóst er að þetta er ekki til þess fallið að hvetja menn til vinnu.

Staða flestra lífeyrissjóða er sem betur fer traust og því munu aukin lífeyrisréttindi bæta kjör eldri borgara á komandi árum. En hér ræðum við um nútímann. Tekjur þeirra munu batna í framtíðinni en ekki í dag og við því þarf að bregðast.

Á undanförnum missirum hafa þær litlu hækkanir sem runnið hafa til lífeyrisþega yfirleitt verið teknar af aftur með ýmiss konar aðferðum. Þar á meðal eru dæmi um að lífeyrisþegar hafi þurft að greiða sem svarar mánaðarlífeyrisgreiðslum fyrir lyf á ári. Húsnæðiskostnaður öryrkja og aldraðra hefur líka hækkað á síðustu árum. Styrkir til bifreiðakaupa öryrkja eru nú færri og að raungildi eru þeir lægri en árið 1995. Auk þessa hefur ríkisstjórnin afnumið hagstæð bifreiðakaupalán sem öryrkjum stóðu áður til boða.

Síðast en ekki síst er rétt að leggja áherslu á það sem áður hefur komið fram varðandi tillögu meiri hlutans um að bæta hag aldraðra um einhverjar krónur. En hvernig á að fara að því? Það á að afnema bensínstyrk fatlaðra, þ.e. þeirra sem nýta bíla til að komast til og frá vinnu eða í nám til að reyna að bæta hag sinn, til að verða sjálfbjarga. Þar á að ná í meira en 700 millj. kr. og hluta af því ætla menn að setja í lífeyrinn. Þrátt fyrir bullandi hagvöxt, góðæri og tekjuafgang virðist þetta vera eina leiðin sem ríkisstjórnin sér færa til að reyna að bæta hag aldraðra, að taka tekjur af fötluðum.

Með þingsályktunartillögunni leggja flutningsmenn, þ.e. Samfylkingin, áherslu á að eitt af forgangsverkefnunum í þjóðfélaginu á næstunni verði að bæta kjör tekjulágu hópanna, m.a. með því að styrkja almannatryggingakerfið og að þeir hópar fái eðlilegan og sanngjarnan hlut í auknum hagvexti og þjóðartekjum.

Ég minni í tilefni af þessu máli á þingsályktunartillögu sem margoft hefur komið fram frá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, Sjálfstæðisflokki, um umboðsmann aldraðra. Þá tillögu hefur hann ásamt öðrum lagt fram oftar en einu sinni en einhverra hluta vegna virðist aldrei komast í gegn hjá samflokksmönnum hans. Ég velti því fyrir mér, miðað við ástandið hjá öldruðum í dag, hvort ekki sé kominn tími til að taka upp þá tillögu til að tryggja að aldraðir hafi sinn málsvara.

[15:00]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Sú tillaga til þingsályktunar sem við ræðum nú hefur vakið miklar umræður og ég veit að úti í samfélaginu er fylgst vel með því sem hér fer fram.

Þrátt fyrir að nokkrir þingmenn hafi komið í ræðustólinn, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, og látið sem svo að þessi þingsályktunartillaga sé allsendis óþörf, þá hygg ég að allir viti í hjarta sínu að hér er um mjög þarft mál að ræða. Ég hygg að allir þekki til dæma sem sanna, svo ekki verður um villst, að hér er réttlætismál á ferðinni. Dæmin eru því miður ekki fáein heldur eru þau mörg og þau eru almenn.

Ég var á fundi fyrir stuttu þar sem aldraður maður tók til máls. Hann lýsti m.a. kjörum sínum og undir lokin klökknaði hann. Hann klökknaði þegar hann var að lýsa því að hann gæti ekki glatt sína nánustu. Hann gæti ekki glatt börnin sín og hann gæti ekki glatt barnabörnin sín.

Það er áhrifamikið að verða vitni að slíkri lýsingu. Ég vildi óska þess að sjálfstæðismenn, sem hafa verið að tala á móti þessari tillögu hér og gera gys að okkur, fengju að heyra svona lýsingar og legðu eyrun við. Ég vildi óska að þeir reyndu að læra eitthvað af því, því að það virðast þeir ekki gera. Þeir bregða hins vegar upp pótemkin-tjöldum.

Ég ætla, frú forseti, að fá að lesa aðeins upp úr tillögu að ályktun sem verður lögð fyrir 36. landsfund Sjálfstæðisflokksins, sem er að hefjast núna á eftir í Laugardalshöllinni.

Þar segir svo, frú forseti, í ályktun um málefni eldri borgara, með leyfi:

„Landsfundur samþykkir að afnema skuli tekjutengingu við upphæð sem nemur óskertum lífeyrisgreiðslum almannatrygginga, það er grunnlífeyri, tekjutryggingu, tekjutryggingarauka og heimilisuppbót, til þeirra sem náð hafa 67 ára aldri. Þessi upphæð taki árlegum breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar. Við fráfall eftirlaunaþega haldi eftirlifandi maki/sambýlismaður óskertum launum hins látna í 6 mánuði sem skerðist þá í áföngum og falli niður að 12 mánuðum liðnum.“

Ég hygg að við getum vel tekið undir að þetta sé réttlætismál og mér þykir gott að sjálfstæðismenn hafa komið auga á þessi ágætu atriði.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Landsfundur lýsir yfir ánægju með niðurstöður samráðshóps ríkistjórnarinnar og Landssambands eldri borgara og það formlega samráð sem þar var stofnað til með það fyrir augum að skilgreina brýn úrlausnarefni, m.a. í lífeyrismálum, hjúkrun og aðhlynningu. Fagnað er þeim framlögum sem ríkisstjórnin ákvað að veita til þessara verkefna.“

Gott mál. Aðeins neðar stendur, með leyfi frú forseta:

„Móta þarf heildstæða stefnu og tryggja framboð leiguhúsnæðis, dagvistunar- og hjúkrunarrýmis fyrir aldraða.

Neyðarástand hefur skapast hjá mörgum öldruðum vegna skorts á leiguhúsnæði og vistunarrými á hjúkrunarheimilum. Þess vegna telur landsfundur brýnt að stórátak verði gert til úrbóta."

Hver getur ekki tekið undir þetta? En ég vil nota tækifærið og benda á að sjálfstæðismenn hafa verið í ríkisstjórn a.m.k. — eru það ekki tíu ár, frú forseti? Ég held það bara. (Gripið fram í.) Síðan 1991. Það er mál til þess að þeir vakni, frú forseti. Skyldi það vera Framsóknarflokkurinn sem stendur í vegi fyrir því að þessi ágætu áhugamál þeirra sem semja ályktunina nái fram að ganga? Ég spyr. Eða skyldi það vera svo að þeir sem ráða ferðinni fyrir sjálfstæðismenn hér á Alþingi telji það brýnna að gera gys að málum sem lúta að bættum aðbúnaði aldraðra og fatlaðra hér á Íslandi árið 2005?

Það er okkur mikil áminning að heyra fréttirnar í útvarpinu í gærkvöldi, og hefur aftur verið minnst á í dag, um að misskipting á Íslandi sé að aukast og sé að verða sú mesta í heiminum. Við erum að fara fram úr Bandaríkjunum á næstu árum ef svo fer sem horfir. Ég ætla að minna á að þetta er allt gert undir leiðsögn Sjálfstæðisflokksins, og það er ekki von á öðru, frú forseti.

En mér mun þykja forvitnilegt og ég mun fylgjast vel með því, eins og örugglega margir fleiri í þessum sal og aldraðir og fatlaðir úti í samfélaginu, hvernig verður farið með þessa ályktun eða tillögu til ályktunar á landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Enn þá forvitnilegra verður að fylgjast með því hvort ríkisstjórnarflokkarnir, sem hafa öll völd í hendi sér og geta gert það sem þeir vilja til að bæta hag aldraðra og öryrkja, muni starfa í þeim anda sem lagt er til í tillögunni sem ég vitnaði í áðan.

[15:06]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Sem 1. flutningsmaður þessa mikilvæga máls, sem flutt er af öllum þingflokki Samfylkingarinnar, vil ég þakka fyrir góða umræðu um kjör lífeyrisþega. Ég tel það forgangsverkefni og minn flokkur, enda fluttum við það sem fyrsta mál á þessu þingi, að bæta kjör lífeyrisþega. Það sem stendur upp úr þessari umræðu er hin breiða samstaða milli stjórnarandstöðunnar. Vinstri grænir og Frjálslyndir hafa líka með sínum hætti lagt fram tillögur og staðið fyrir því að þetta brýna mál yrði rætt. Ég vil einlæglega leyfa mér að vona að hér verði ekki bara talað. Þó að orð skipti máli og séu til alls fyrst þá skiptir framkvæmdin sköpum fyrir þann stóra hóp lífeyrisþega sem hefur þurft að búa við skert kjör á við aðra í góðærinu. Það skiptir máli að orðum fylgi efndir. Ég veit að minn flokkur, þegar hann tekur við stjórnartaumunum, mun setja þetta mál í forgang.

Það hefur líka vakið athygli mína í dag að stjórnarflokkarnir eru í fílabeinsturni. Þeir fáu sem hafa tekið til máls hafa haft allt á hornum sér og út úr orðum þeirra má lesa að ekki þurfi að bæta kjör aldraðra, þeir hafi lifað hér blómaskeið í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er líka athyglisvert að sá eini sem hefur tekið þátt í umræðunni af hálfu Framsóknarflokksins er hæstv. heilbrigðisráðherra sem átti hér í vök að verjast þegar hann var á þriðjudaginn að reyna að fegra kjör aldraðra með einhverri talnaleikfimi. En aldraðir vita betur, þeir finna það á pyngju sinni að kaupmáttur launa þeirra hefur ekki vaxið sem samsvarar kaupmætti launa hjá öðrum hópum.

Þau eru líka athyglisverð loforðin sem síðasti ræðumaður vitnaði í, og við höfum fleiri vitnað í. Loforðin sem nú munu skreyta borð landsfundar sjálfstæðismanna um að bæta kjör lífeyrisþega. Það vantar aldrei þegar þeir flagga sínum landsfundi eða rétt fyrir kosningar. En aldraðir vita, lífeyrisþegar vita og tekjulægstu hóparnir vita að það er ekkert að marka það sem stendur í landsfundarsamþykktum þeirra að því er varðar þessi mál. Í landsfundarsamþykktum skjóta gamlir draugar aftur og aftur upp kollinum án þess að staðið sé við þau loforð sem þar koma fram. Ég hvet þá sem eru í Sjálfstæðisflokknum og bera hag aldraðra fyrir brjósti að berjast hart á þessum landsfundi fyrir því að opna augu forustunnar fyrir því hve illa hefur verið farið með lífeyrisþega í tíð ríkisstjórnarinnar og berjast fyrir því að ná árangri á landsfundinum þannig að efndir fylgi orðum.

Það er rétt sem hér hefur komið fram, virðulegi forseti, að í tíð ríkisstjórnarinnar, á valdaferli hennar, hefur ójöfnuður vaxið mjög. Við höfum heyrt það í fréttum nú undanfarið hvernig ójöfnuður hefur stóraukist síðustu árin.

Hér segir í frétt Morgunblaðsins, með leyfi forseta:

„Tiltækar upplýsingar um tekjur á mann sýna að ójöfnuður hér á landi hefur stóraukist síðustu árin og er aukningin meiri en dæmi eru um frá nálægum löndum, að því er fram kemur í pistli á heimasíðu Þorvaldar Gylfasonar, prófessors við HÍ."

Það þarf auðvitað engan Gini-stuðul til þess að leggja þetta á borð. Við í stjórnarandstöðunni höfum fundið að tekjuminnstu hóparnir í þjóðfélaginu hafa verið settir hjá í þeirri gósentíð, í því góðæri, sem við höfum búið við. Á sama tíma og tekjur samkvæmt vísitölu neysluverðs hafa hækkað um 100 milljarða kr. á örfáum árum, á tíu árum, hefur ríkisstjórnin gengið hart fram í því að skerða kjör aldraðra. Á sama tíma og raunaukning um hundrað milljarða kemur í ríkiskassann hefur lífeyrir lífeyrisþeganna verið skertur um 5 milljarða kr. Þetta er ríkisstjórninni fullkomlega til skammar. Þessu viljum við breyta.

Mig langar aðeins, forseti, að fara nánar ofan í hvaða þýðingu þessi tillaga hefur fyrir öryrkja og aldraða ef hún nær fram að ganga og ef hún kemst til framkvæmda. Ég á ekki von á því, virðulegi forseti, að það verði fyrr en Samfylkingin kemst til valda. Við viljum gera samning við lífeyrisþega um afkomutryggingu. Við viljum í fyrsta lagi skila þeim til baka því sem af þeim hefur verið tekið á síðustu tíu árum. Það þýðir að hækka þarf grunnlífeyri og tekjutryggingu um 12 þús. kr. og er þá miðað við desember 2004. Það eru 144 þús. kr. á ári, þannig að menn sjá hvað ríkisvaldið hefur tekið mikið af lífeyrisþegum.

Á sama tíma viljum við að fram fari úttekt á því hver neysluútgjöld lífeyrisþega eru. Það hefur komið fram hjá Hagstofunni að neysluútgjöld einstaklinga eru 160–170 þús. kr. Við viljum fá það staðfest hve mikil neysluútgjöld lífeyrisþega eru.

Þegar við erum búin að stilla lífeyrinn af miðað við það sem af hefur verið tekið, skila til baka þessum 144 þús. kr. á ári, setjum við markið á það að lífeyrir aldraðra og lífeyrisþega verði sem næst þessum skilgreindu afkomumörkum í neysluútgjöldum lífeyrisþega. Við viljum að samningur-

inn taki gildi 1. janúar 2007 og að frá þeim tíma breytist lífeyrir almannatrygginga í samræmi við launavísitölu. Þessu var kippt úr sambandi á árinu 1995 og var það fyrsta verk ríkisstjórnarinnar.

Jafnframt felst í þessari tillögu afar mikilvægur þáttur í kjörum aldraðra, þ.e. að draga úr skerðingarmörkunum. Það hefur verið farið yfir það hvað þessi skerðing er mikil, bæði varðandi grunnlífeyri og tekjutryggingu.Við viljum miða við það að lækka skerðingarhlutfall grunnlífeyris úr 30% í 20% og skerðingarhlutfall tekjutryggingar úr 45% í 30% og það mun kosta um 1.320 millj. kr. Skerðingin er svo gífurleg og Landssamtök eldri borgara hafa sett fram sláandi dæmi um hvaða áhrif þessi skerðing hefur ef lífeyrisþegar afla sér örlítilla tekna.

Þeir hafa t.d. sýnt fram á að fái lífeyrisþegar einhvers staðar 10 þús. kr. í atvinnutekjur á mánuði hækka ráðstöfunartekjur þeirra í mörgum tilfellum aðeins um 1.556. Aðeins 1.556 kr. af þessum 10 þús. kr. skila sér í vasa aldraðra og öryrkja. Þá erum við að tala um skerðingu og skatta sem skerða þessar 10 þús. kr. um 84,44%. Maður spyr: Hvar er hvatinn til aukins vinnuframlags fyrir lífeyrisþega og aldraða? Er það ekki þjóðfélaginu í hag að nýta sér starfskrafta aldraðra og öryrkja sem á annað borð geta verið eitthvað á vinnumarkaðnum, í hlutastarfi þó ekki sé meira eða unnið einhvern hluta vikunnar o.s.frv.? Vissulega er það til hagsbóta fyrir þjóðfélagið. Við vitum hvernig aldurskúrfan er og píramídinn í framtíðinni þar sem öldruðum mun fjölga og færri verða á vinnumarkaði. Auðvitað eigum við að nýta vinnuframlag aldraðra og lífeyrisþega og sjá til þess að þeir fái sómasamlega til baka það sem þeir vinna sér inn og að ekki sé allt hirt í skerðingu og skatta.

Við getum tekið sem dæmi, sem þjóðin þekkir, að t.d. ráðherrar eða þingmenn sem hætta og fara í fulla vinnu annars staðar fá líka lífeyri. Það er ekki verið að skerða hann. Það er ekki verið að skerða lífeyri þeirra um eina einustu krónu. Ef þeir halda áfram í fullu starfi einhvers staðar, í Seðlabankanum eða hvar sem það er, þá er ekki verið að skerða lífeyri þeirra út af þeim peningum sem þeir fá þar, en við skerðum lífeyri aldraðra og öryrkja svo mikið að þeir fá ekki nema 1.556 kr. af 10 þús. kr. tekjum sem þeir hafa aukreitis. Það er eitt mesta sanngirnismálið sem við stöndum frammi fyrir að leiðrétta að taka á þessum skerðingarmálum.

Ég vil líka nefna skattana, virðulegi forseti, og fer ég nú að ljúka máli mínu. Það er auðvitað til skammar að af 110 þús. kr. séu hirtar upp undir 15 þús. kr. í skatt. Þetta er ekki einu sinni fyrir brýnustu nauðþurftum. Við höfum það fyrir okkur að Hagstofan hefur mælt hver neysluútgjöld einstaklinga eru. Þau eru 170 þús. kr. og stjórnvöld leggjast svo lágt að taka 10–15 þús. kr. í skatt af þessum tekjum. Það er til skammar, virðulegi forseti, að hér á landi skuli neyðaraðstoð vera skattlögð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Þegar fólk á kannski ekki fyrir mat nema fyrstu 10 daga mánaðarins og fer til sveitarfélags síns til að fá eitthvað til að skrimta af, bara til að geta borðað út mánuðinn, leggjumst við svo lágt að skattleggja þetta, við skattleggjum þessa neyðaraðstoð fólks.

Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum flutt tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks, um að afnema eða lækka verulega tekjuskatta lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum. Finnar hafa farið þá leið, þeir hafa farið endurgreiðsluleiðina. Hún er flókin en það á ekkert að vera of flókið fyrir okkur þegar um er að ræða að leiðrétta kjör þessara hópa og láta þá hafa sinn eðlilega skerf af því sem til skiptanna er í samfélaginu. Og þó að við séum að ræða hér um lífeyristryggingu og afkomutryggingu þeirra viljum við vekja athygli á því að í þessari tillögu er aðeins gert ráð fyrir að þetta sé fyrsti áfanginn vegna þess að við segjum að í næsta áfanga þurfum við að beita okkur fyrir því að teknar verði upp viðræður milli ríkisvaldsins, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um afkomutryggingu þeirra sem af félagslegum, heilsufarslegum eða öðrum óviðráðanlegum ástæðum hafa ekki sér til framfærslu sem samsvarar lágmarkslaunum í þjóðfélaginu. Þar erum við m.a. að tala um atvinnulausa sem eru með 90 þús. kr. á mánuði. Verkalýðshreyfingunni tókst að tosa þetta upp, þetta voru 77 þús. kr. fyrir örfáum missirum. Þetta fólk, atvinnulausir, fær hvorki jólauppbót né orlofsuppbót sem aðrir í þjóðfélaginu fá og líka lífeyrisþegar sem betur fer, en atvinnulausir eru snuðaðir um þessar greiðslur sem er auðvitað til skammar og við í stjórnarandstöðunni höfum flutt tillögur um að bæta það.

Það er ekki bara, virðulegi forseti, að við höfum sett fram tölur um hve skerðingin er mikil hjá þessum hópum að því er varðar lífeyrisgreiðslurnar — ef litið er aftur til 1995 er hún 12 þús. á mánuði eða 144 þús. kr. á ári — heldur hefur lyfja- og lækniskostnaður þessa fólks hækkað. Öryrkjabandalagið hefur t.d. bent á að hjá mörgum sem þurfa að nota mikið af lyfjum eða leita oft til læknis fari tvenn mánaðarlaun í lyfja- og lækniskostnað. Ég spyr, virðulegi forseti: Búum við í velferðarsamfélagi þegar þeir sem sjúkir eru í þjóðfélaginu og þurfa á miklum lyfjum og læknisaðstoð að halda verða að borga sem samsvarar tveimur mánaðargreiðslum af lífeyri sínum í lyfja- og lækniskostnað auk þess að búa við alla þá skerðingu á lífeyri sem núverandi ríkisstjórn hefur boðið þeim upp á?

Og húsnæðiskostnaðurinn — hvað hefur leigukostnaður hækkað mikið á umliðnum árum hjá öldruðum, lífeyrisþegum og tekjulágu fólki sem er ofurselt leigumarkaðnum? Sumt af þessu fólki þarf kannski að borga sem samsvarar 75–80 þús. kr. í leigu á mánuði af 110 þús. kr. tekjum.

Virðulegi forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Ég fagna þeirri samstöðu sem verið hefur milli stjórnarandstöðunnar um þetta mál í dag. Við munum breyta því þegar við erum komin í ríkisstjórn og ég segi við þá sem þurft hafa að búa við þau smánarkjör sem stjórnarflokkarnir hafa skammtað þeim: Refsið ráðherrunum á þessum bekkjum í næstu kosningum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

[15:22]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Þetta er 5. mál þessa þings og fyrsta þingmálið sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð flytur. Með því leggjum við auðvitað af okkar hálfu áherslu á þetta viðfangsefni.

Hér er að stofni til um endurflutta tillögu að ræða frá því á útmánuðum síðasta þings en í marsmánuði síðastliðnum kom efnislega nokkurn veginn samhljóða tillaga fram, enda voru þær aðstæður sem enn blasa við í efnahagslífi okkar í aðalatriðum hinar sömu og þá nema hvað staðan hefur versnað að flestra þeirra dómi sem um hlutina fjalla og kemur það t.d. glöggt fram í mati Seðlabankans á aðstæðum nú á haustmánuðum 2005.

Ég fagna því að hæstv. forsætisráðherra sér sér fært að vera viðstaddur upphaf þessarar umræðu og sömuleiðis væri áhugavert þegar henni fram heldur, væntanlega á næsta fundi því að skammt lifir eftir þessa fundar, að hér væru þá t.d. viðstaddir hæstv. sjávarútvegsráðherra og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur verið að tjá sig lítillega að undanförnu um stöðu sjávarútvegsins og afkomuna þar. Forveri hans í starfi, hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, Árni M. Mathiesen, skipaði sérstaka nefnd, svokallaða hágengisnefnd til að fara ofan í saumana á rekstrarskilyrðum sjávarútvegsins og var þó gengi krónunnar þá mun lægra en það er núna, gengisvísitalan væntanlega upp undir 110 eða jafnvel yfir 110 þegar hágengisnefndin var að störfum en núna stefnir hún jafnvel niður fyrir 100. Það eru spár um að gengisvísitalan gæti jafnvel farið niður fyrir 100 á næstu vikum eða mánuðum og raungengi krónunnar þar af leiðandi orðið hærra, þ.e. krónan sterkari en nokkru sinni fyrr í sögunni með auðvitað þeim afleiðingum sem það hefur fyrir afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina.

Þær aðstæður sem eru orsök þessa tillöguflutnings eða tilefni hans segja sig auðvitað sjálfar. Þeir sem fylgjast með umræðum um efnahags- og atvinnumál komast ekki hjá því að sjá þær þungu áhyggjur sem í raun og veru flestir sem tjá sig um þessi mál, nema þá hæstv. ríkisstjórn, hafa af ástandinu. Seðlabankinn bætir þannig t.d. mjög í lýsingu sína á því hversu alvarlegar horfurnar séu og hversu mikið jafnvægisleysið í þjóðarbúskapnum sé í síðasta hefti Peningamála frá því um mánaðamótin. Þar segir í kafla um þróun og horfur í efnahags- og peningamálum, með leyfi forseta: „Ójafnvægi í þjóðarbúskapnum hefur aukist verulega frá því að Seðlabankinn gaf út þjóðhags- og verðbólguspá í byrjun júní.“ Framar í sama riti segir að ójafnvægið í þjóðarbúskapnum hafi aukist og það séu vonbrigði að þrátt fyrir verulega hækkun stýrivaxta bankans allt frá því í maí á síðastliðnu ári séu verðbólguhorfur til næstu tveggja ára enn óviðunandi, einkum þegar einnig er tekið tillit til þeirrar verðbólguhættu sem fólgin er í mögulegri lækkun gengis krónunnar.

Þetta eru nokkuð sterk orð að tala um að jafnvægisleysið eða ójafnvægið í þjóðarbúskapnum hafi aukist verulega. Það var til staðar en hefur aukist verulega frá því í júní og verðbólguhorfurnar til næstu tveggja ára eru óviðunandi. Þetta er orð Seðlabankans. Greiningardeild eins bankanna kallar ástandið ógnarjafnvægi, talar um ógnarjafnvægi í efnahagslífinu sem auðvitað er hálfgert orðskrípi og reyndar viðurkenna síðan höfundar orðalagsins aftar í textanum að í reynd sé ekki hægt að kalla þetta ástand jafnvægi.

Harkalegar aðgerðir Seðlabankans, reyndar umdeildar og nokkuð um það deilt hvaða áhrif þetta helsta stýritæki hans, vaxtaákvarðanirnar, hafi, hafa sem sagt ekki dugað og kemur engum á óvart, enda hefur Seðlabankinn margbeðið í aðstoð og núna í eitt til eitt og hálft ár lýst því yfir að peningamálaaðgerðir hans einar og sér muni ekki duga til að ná tökum á ástandinu. Seðlabankinn biður um aðstoð, um stuðning frá skynsamlegri stjórnarstefnu og auðvitað fleiri aðilum í þjóðfélaginu en hann fær hann ekki enn sem komið er a.m.k.

Helstu ástæður þessa ástands eða vanda sem við okkur blasir eru vel þekktar og tæpast hægt að deila mikið um þær. Þær eru í fyrsta lagi hinar gríðarmiklu samanþjöppuðu stóriðjuframkvæmdir sem Seðlabankinn segir að nemi um einum þriðja af landsframleiðslu heils árs og koma inn í hagkerfinu á 3–4 árum. Seðlabankinn segir að ekkert annað land sem býr við sambærilegar aðstæður og beitir sömu aðferðum í efnahagsmálum, þ.e. með opið hagkerfi og frjálsa fjármagnsflutninga, glími við svona viðfangsefni. Í öðru lagi liggur fyrir að skattalækkanirnar hafa neikvæð áhrif. Þær eru olía á þann eld þenslu og viðskiptahalla sem við er að glíma. Til staðfestingar má vitna bæði í umsagnir greiningardeilda banka og Seðlabanka. Í þriðja lagi er útlánaþenslan, gríðarleg útlánaaukning banka og ástandið á fasteignamarkaði. Og í fjórða lagi er ekki nokkur minnsti vafi á því að andvaraleysi, eða ég leyfi mér að kalla sofandaháttur, ríkisstjórnarinnar og röng skilaboð sem þaðan eru send er hér valdur að líka. Þetta er nefnilega þannig að það þarf bæði að skoða, í hverju tilviki fyrir sig, þegar stóriðjustefnan á í hlut, þegar skattalækkanirnar eiga í hlut eða stefna ríkisstjórnarinnar, hver eru hin efnislegu áhrif af því sem þar er á ferðinni, hversu mikið munar um 300–400 milljarðana í stóriðjufjárfestingum inn í landið bæði vegna framkvæmdanna eystra, í Hvalfirði og víðar á 3–4 árum.

Svo þarf líka að skoða væntingaáhrifin sem þetta hefur, áhrifin á andrúmsloftið, á hinn sálræna eða huglæga þátt efnahagsmálanna sem allir vita og viðurkenna að er mjög stór. Þar er það sem ríkisstjórnin bregst auðvitað mest vegna þess að með góðæristalinu, með aðgerðaleysinu og með því að neita að horfast í augu við að um alvarlegar aðstæður sé að ræða er ríkisstjórnin að senda röng skilaboð eða óheppileg skilaboð Væri ríkisstjórnin að takast á við þetta verkefni með Seðlabankanum og gæfi út skýr skilaboð um að menn ætluðu sér að ná utan um hlutina þá væri öðru til að dreifa. Það mundi slá á væntingarnar í staðinn fyrir að aðgerðir ríkisstjórnarinnar ýta meira og minna undir þær.

Það að lögfesta þessar miklu skattalækkanir langt fram í tímann, sem eru talsverðar upphæðir þegar lagt er saman, á þriðja tug milljarða sem taka á úr ríkissjóði og í umferð

með þessum hætti, og þær væntingar sem því fylgja, stóriðjustefnan og það að boða áframhald á henni — jafnvel í sjálfri greinargerð fjárlagafrumvarpsins er gefið í skyn að það líti vel út með enn frekari stóriðjuframkvæmdir á næstu missirum, t.d. frekari stækkun á Grundartanga — eru ekki beint heppileg skilaboð út í ástandið eins og það er. Það sama má reyndar segja um ráðstöfun söluhagnaðar Símans sem menn hæla sér af og telja sérstaklega ábyrga, þ.e. að depónera því fé fram á árið 2007. Það er nú ekki mjög langt þangað til, 15 mánuðir, og einnig þá á að fara að setja mikla fjármuni í umferð. Og þá fara menn auðvitað að velta því fyrir sér hvort ekki sé þá best að stinga sér í gegnum þetta og láta veisluna halda áfram, halda áfram að eyða, halda áfram að taka lán og mun ekki gengið haldast hátt.

Við teljum að það sé algerlega óumflýjanlegt að grípa til víðtækra ráðstafana og út á það gengur tillaga okkar. Það sem við teljum að sé mikilvægast er: Að verðbólgan náist niður fyrir viðmiðunarmörk Seðlabankans, á því hanga m.a. forsendur kjarasamninga, að stöðugleiki haldist á vinnumarkaði og kaupmáttur launa verði varðveittur því að bakgrunni liggur sú hætta að það verði verulegt kaupmáttarhrun með verðbólguskoti og erfiðleikum sem munu fylgja í kjölfarið ef mönnum tekst ekki að ná tökum á ástandinu. Að stöðugleiki haldist sem sagt á vinnumarkaði og kaupmáttur launa sé varðveittur og að sjálfbær þróun verði leiðarljós í orku- og atvinnumálum. Það þarf að tryggja útflutnings- og samkeppnisgreinum viðunandi starfsskilyrði en þau eru ekki til staðar í dag því uppsagnir, lokanir og gjaldþrot berast okkur dögum oftar sem fréttir. Það liggur fyrir að miklir erfiðleikar ganga yfir sjávarútveginn, fiskvinnsluna, ferðaþjónustuna, útflutnings- og samkeppnisiðnaðinn og hann, þ.e. sá hluti hans sem er hreyfanlegur, er að greiða atkvæði um þetta ástand með fótunum og fara úr landi. Það liggur þannig alveg fyrir að störf eru að tapast hundruðum saman ef ekki þúsundum á móti því sem stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar skilar inn í staðinn. Þetta eru hin illræmdu ruðningsáhrif. Þau eru að birtast okkur í reynd, kristallstært fyrir framan augun á okkur. Á móti þeim störfum sem stóriðjan kemur með sem eru fá fyrir hvern milljarð í fjárfestingum hverfa núna hundruðum saman störf úr sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Eitt af dagblöðunum taldi að um 500 störf væru núna horfin út úr sjávarútveginum á níu mánuðum til einu ári og var þá eingöngu byggt á því að leggja saman fréttir í fjölmiðlum síðastliðna mánuði um uppsagnir.

Það þarf auðvitað að ná tökum á viðskiptahallanum og stöðva þá geigvænlegu skuldasöfnun þjóðarbúsins sem er í gangi. Það þarf að viðhalda stöðugleika í fjármálakerfinu og það er jafnvel full ástæða til að fara yfir hvort hætta sé á að hér gætu gerst sambærilegir hlutir í fjármálakerfinu og bankakerfinu og gerðust á hinum Norðurlöndunum í kringum 1990. Og það verður ósköp einfaldlega að ná jafnvægi í þjóðarbúskap okkar almennt á nýjan leik. Það hefur glatast. Og í þessu skyni leggjum við til eftirfarandi aðgerðir:

1. Að gefin verði formleg yfirlýsing um að ekki verði af hálfu opinberra aðila stuðlað að né veitt leyfi fyrir frekari stórvirkjunum né uppbyggingu meiri orkufrekari stóriðju en þegar er í byggingu, a.m.k. til ársloka 2012. Áhersla verði þess í stað lögð á fjölbreytta, smáa og meðalstóra iðnaðarkosti af viðráðanlegri stærð fyrir hagkerfið og aðstæður viðkomandi byggðarlaga.

2. Að þeim tilmælum verði beint til Fjármálaeftirlitsins að hugað verði vandlega að áhættumati í bankakerfinu svo sem hvað varðar áhrifin af snöggri gengislækkun krónunnar eða lækkun fasteignaverðs. Hætturnar á hvoru tveggja blasa við, t.d. að krónan geti hrunið eða það eitt að erlendir aðilar hafa nú gefið út skuldabréf í krónum og borgað fyrir með gjaldeyri svo nemur líklega á milli 70–80 millj. kr. í dag (Gripið fram í.) eða 90 millj., maður hefur varla við að fylgjast með því hvernig talan hækkar. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að fjármagn á skammtímakjörum er komið inn en getur horfið aftur jafnsnöggt og það kemur inn því að þessi bréf eru flest til nokkurn veginn jafnlangs tíma, eins og hálfs, tveggja ára eða svo. Með öðrum orðum eftir eitt og hálft til tvö ár geta þessir fjármunir, þessi gjaldeyrir sópast til baka út úr hagkerfinu ef aðstæður hafa þá breyst þannig að menn veðja ekki á að endurnýja bréfin í krónum. Þetta eykur gengisáhættuna og þetta getur gert það að verkum að útslagið verði miklu meira en ella og þá þarf bankakerfið og fjármálakerfið að takast á við það. Það sama gildir um fasteignaverðið sem hefur bólgnað upp langt umfram raunkostnað eða eðlilegar aðstæður eða jafnvægisaðstæður. Það viðurkenna allir, og slíkar bólur hafa oft misst loftið hratt eins og við þekkjum og það átti sinn þátt í bankakreppunni á hinum Norðurlöndunum um 1990.

Sem sagt, Fjármálaeftirlitið hugi að áhættumati í bankakerfinu og markmiðið verði að hraður vöxtur útlána að undanförnu skapi ekki hættu fyrir efnahagslífið. Í þessu sambandi væri skynsamlegt að fara yfir eiginfjárlágmörk og áhættugrunn fjármálastofnana eins og Fjármálaeftirlitið hefur auðvitað heimildir til að gera.

Í þriðja lagi leggjum við til að tilmælum verði beint til Seðlabanka Íslands um að íhuga t.d. mögulega beitingu bindiskyldu eða aðrar aðgerðir til að styðja við sameiginlegar aðgerðir stjórnvalda og bankans til að ná tökum á ástandinu eins og Seðlabankinn hefur fullar heimildir til að gera samanber 2. mgr. 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands. Við leggjum til að aðferðir við mælingu verðlags verði yfirfarnar og athugað sérstaklega hvernig vænlegast sé að meta húsnæðiskostnað í vísitölu en það er ljóst að hækkun fasteignaverðs hefur átt verulegan þátt í hækkun vísitölu neysluverðs að undanförnu.

Við leggjum til, til þess að tryggja aðhald í ríkisfjármálum og slá á þenslu, að stjórnin leggi fyrir Alþingi tillögur um að falla frá eða fresta eftir atvikum a.m.k. hluta þeirra skattalækkana sem lögfestar voru fram í tímann í desember 2004. Í staðinn komi aðgerðir til að bæta stöðu tekjulægstu hópa samfélagsins og barnafjölskyldna.

Að síðustu leggjum við til að leitað verði eftir víðtæku samstarfi aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka, samtaka bænda, neytenda, öryrkja, aldraðra og annarra þeirra sem eiga mikið í húfi að það takist að endurheimta þann stöðugleika sem nú hefur glatast og kostaði blóð, svita, tár og miklar fórnir að ná með þjóðarsáttinni árið 1990.

Ég legg svo til, frú forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og efnahags- og viðskiptanefndar.

[15:37]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég tel afskaplega mikilvægt að hér á Alþingi sé umræða um efnahagsmál og að flokkarnir geti sagt sínar skoðanir á þeim eins og flokkur hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hefur gert.

Ég get tekið undir það markmið sem kemur fram í þessari tillögu að miklu leyti, sérstaklega það sem segir í fyrstu liðunum með hliðsjón af mikilvægi þess, nema kannski það sem segir í síðasta liðnum að jafnvægi náist á nýjan leik í þjóðarbúskapnum almennt. Ég tel ekki að óskaplegt hættuástand ríki í þjóðarbúskapnum eins og hv. þingmaður heldur fram. Það gengur vel í íslensku efnahagslífi og hv. þingmaður talar um að við sem stöndum fyrir ríkisstjórn landsins séum að senda röng skilaboð. Þetta er ekki aðeins álit okkar heldur virtra fjármálastofnana og margra annarra aðila erlendis. Það sýnir sig m.a. í því að menn hafa trú á íslensku krónunni og eru að kaupa skuldabréf þó það komi á óvart hversu mikið það er og ég get tekið undir að það eru ákveðin hættumerki í því. En þetta er vandamálið sem felst í að reka lítið hagkerfi á alþjóðlegum markaði, hagkerfi sem er opið fyrir peningalegum straumum bæði inn og út. Alltaf er vandasamt að reka slíkt hagkerfi en það hefur tekist mjög vel. Það er einstakt í heiminum að á undanförnum 10 árum hefur okkur tekist að auka kaupmátt launa um 60% og á næstu tveimur árum eru áætlanir um að kaupmáttur muni aukast um ein 5%, þ.e. á árunum 2006–2007 eða rúm 5% ef bæði árin eru talin með. Ég vona að við séum sammála um það, ég og hv. þingmaður að það er mjög mikilvægt að það takist að halda áfram að bæta kjör almennings í landinu og að jafnframt höfum við svigrúm til að bæta opinbera þjónustu og viðhalda og efla velferðarkerfi okkar.

Í þessu sambandi er mikið talað um skattalækkanir og sagt að nú sé mikilvægast af öllu að draga þær til baka. Það segir í þessari tillögu að hætt skuli við skattalækkanir og í staðinn komi aðgerðir til að bæta tekjulægstu hópa samfélagsins og barnafjölskyldna. Ég veit ekki betur en að á næsta ári verði barnabætur hækkaðar um 1.200 millj. og 1.200 millj. á árinu 2007. Ég vænti þess að það sé ekki verið að tala um að hætta við það. Síðan segja menn að tekjuskattslækkunin, þ.e. prósentulækkunin komi ekki nægilega vel þeim til góða sem minnstar hafa tekjurnar. En ég bið menn að líta ekki aðeins til þeirra tekna sem fjölskyldur hafa heldur líka þeirrar greiðslubyrði sem þær hafa. Þær fjölskyldur sem hafa mesta greiðslubyrði í þessu þjóðfélagi eru fjölskyldur sem eru að stofna heimili og það er almennt millitekjufólk, fólk sem þarf að vinna mikið til að koma upp heimili. Þetta fólk þarf að borga af húsnæðislánum, af námslánum og með börnunum sín á dagheimilum og þetta fólk þarf því að vinna mikið til að standa undir útgjöldum heimilanna.

Ég verð var við það hjá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar að þeir vilja eingöngu líta til teknanna í þessum umræðum. Það liggur fyrir að þeir sem minnstar hafa tekjurnar í þjóðfélaginu eru m.a. eldri borgarar á tiltölulega lágum bótum en það fólk hefur ekki sömu greiðslubyrði og þeir sem eru að stofna heimili. Þetta fólk greiðir hins vegar oft og tíðum háa eignarskatta sem nú er verið að fella niður sem mun koma því fólki mjög til góða.

Það sem hér er lagt til er að taka upp eitthvað sem heitir bann við tilteknum iðnaði í landinu eins og hann sé eitthvað sérstaklega hættulegur. Hvar á að draga mörkin? Hvað er vondur iðnaður og hvað er góður iðnaður? Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telja að það sem þeir kalla stóriðju séu af hinu vonda. Það séu hlutir sem alls ekki eigi að fara í þó að það byggi á orkulindum þjóðarinnar og sjálfbærri þróun eins og kemur fram í þessari þingsályktunartillögu. Auðvitað byggir það á sjálfbærri þróun. Þetta er ein af mikilvægustu auðlindum landsins. Það kemur að sjálfsögðu ekki til greina að senda út þau skilaboð að ekki verði ráðist í slíkt á næstu 10 árum.

Það er áhugi fyrir því að stækka meira uppi í Hvalfirði, ekki mjög mikið. Á að leggja bann við því? Það stenst engar reglur í samskiptum milli atvinnulífs og ríkisvalds og að sjálfsögðu verður það ekki gert.

Ég tek hins vegar undir það með hv. þingmanni að útlán bankakerfisins hafa verið mjög mikil. Ég vænti þess að þar sé farið að hægja á og af því að hér er rætt um að beina þeim tilmælum til Seðlabanka Íslands að hann beiti aukinni bindiskyldu hjá innlánsstofnunum þá hefur verið farið yfir það mál. Það er mikilvægt að hafa í huga í því samhengi að bankarnir geta tekið lán erlendis á frjálsum markaði eins og þeir vilja og þeir hafa mikið lánstraust. Seðlabankinn telur að það úrræði kæmi ekki að notum.

Frú forseti. Ég hefði mikla ástæðu til þess að fara miklu ítarlegar í gegnum þessi mál en hér er mjög skammur tími og ég vænti þess að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skilji að ég hef engan möguleika á að gera því öllu skil sem hann hefur komið inn á. Hann bað mig um að vera viðstaddur þessa umræðu sem ég féllst að sjálfsögðu á fyrst ég hafði tækifæri til þess.

[15:46]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir þátttöku í umræðunni. Auðvitað höfum við fullan skilning á því að hvorki hann né í raun nokkurt okkar sem ræðum um málin í takmarkaðan tíma getum gert því tæmandi skil. Ég endurtek óskir mínar um að aðrir ráðherrar úr ríkisstjórninni sem þetta mál snertir sérstaklega, og þeir eru margir fleiri en hæstv. forsætisráðherra þó hann fari með yfirstjórn efnahagsmála, verði við á mánudaginn þegar tillagan verður væntanlega rædd áfram. Sérstaklega áhugavert væri að fá hæstv. sjávarútvegsráðherra og ráðherra málefna iðnaðarins til þess að vera hér og ræða starfskjör og aðstæður þeirra greina.

Hæstv. ráðherra telur að í sjálfu sér séu markmiðin góðra gjalda verð, flest þau sem sett eru upp í tillögunni. En mat hans á ástandinu er greinilega í grundvallaratriðum frábrugðið því sem ég hef og ég tel mig ekki vera einan þar á ferð, samanber þau gögn sem ég hef vitnað í og lesið upp úr frá Seðlabanka, viðskiptabönkunum og fleiri sérfróðum aðilum. Hæstv. ráðherra telur sem sagt að það gangi mjög vel í íslenskum efnahagsmálum og reiðir fram til vitnis álit erlendra fjármálastofnana.

Jú, þær eru margar hverjar hrifnar eins og þær eru forritaðar af þeirri nýfrjálshyggjustefnu sem hér hefur verið fylgt og hrósa henni yfirleitt þangað til allt er komið í kalda kol.

Það gerðu þær t.d. gagnvart ríkjum Mið- og Suður-Ameríku sem einkavæddu og fylgdu sömu stefnu, eins og Argentína þangað til allt hrundi. En þó verður líka að geta þess að þær hinar sömu alþjóðastofnanir hafa mælt mjög alvarleg varnaðarorð líka sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar minnast sjaldan á, t.d. hvað varðar stóraukna skuldsetningu þjóðarbúsins. Ég hef lesið það mjög grannt og í skýrslum OECD, Alþjóðabankans og fleiri aðila er þó ævinlega sleginn sá mikli varnagli að veikleikarnir í íslenska efnahagsundrinu sem stundum er kallað svo felist í hinni gríðarlegu skuldsetningu.

Þegar hæstv. ráðherra og aðrir tala um aukningu kaupmáttar er rétt að menn muni tvennt. Launa- og lífskjaramunur á Íslandi hefur vaxið gríðarlega. Við erum að tala um meðaltöl og hitt að hagvöxturinn er að verulegu leyti drifinn áfram af einkaneyslu og skuldsetningu.

[15:48]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er allt saman rétt að skuldsetning þjóðarbúsins út á við á undanförnum árum hefur verið mikil, ekki skuldsetning ríkissjóðs heldur skuldsetning einstaklinga og þá líka fyrirtækja. En við verðum að hafa í huga í því sambandi að fyrirtækin hafa verið að eignast mikið á móti. Íslensk fyrirtæki hafa verið að fjárfesta mjög mikið erlendis. Hér eru því ekki eingöngu skuldir heldur eignir á móti. Rétt er að hafa það í huga. Íslensk fyrirtæki hafa verið mjög huguð í uppbyggingarstefnu sinni. Það er líka rétt hjá hv. þingmanni að margir hafa á undanförnum árum efnast mjög mikið í íslensku samfélagi og þá ekki síst einstaklingar í viðskiptalífinu. Þar er um að ræða fjárhæðir sem eru raunverulega alveg nýjar og er nýtt í tilveru okkar.

En ég held að það sé samt rétt að hafa í huga að mikilvægt er að Íslendingar geti tekið þátt í alþjóðavæðingunni. Margir efnast í alþjóðavæðingunni og mikilvægt er að landar okkar séu þar þátttakendur. Mér hefur fundist það mjög mikilvægt að þeir aðilar hafa síðan verið að fjárfesta mikið á Íslandi og höfuðstöðvar þeirra fyrirtækja sem hafa verið að standa sig best á alþjóðavettvangi eru á Íslandi. Þetta er ekki t.d. í baltnesku löndunum. Þar eru höfuðstöðvarnar gjarnan í Helsinki eða Stokkhólmi, en hér á landi eru mjög öflug fyrirtæki sem hafa aðalstöðvar sínar á Íslandi og hafa að mörgu leyti drifið áfram þá miklu efnahagslegu uppbyggingu sem hefur átt sér stað.

[15:51]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Viðskiptahalli samkvæmt þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins og tölum sem nú liggja fyrir verður upp á 500 milljarða kr. samanlagt að núvirði á árunum 2003–2010. 500 milljarða kr. viðskiptahalli. Viðbótarskuldsetning þjóðarbúsins á þessu tímabili er ekkert smáræði og fyrir liggur að meira en helmingurinn af þessum viðskiptahalla er enn sem komið er ekki vegna varanlegrar fjárfestingar, er ekki vegna fjárfestinga í framleiðslutækjum eða uppbyggingu og fjárfestingu í atvinnulífinu heldur vegna innflutnings umfram útflutning.

Nettóskuldastaða þjóðarbúsins. Vissulega hafa myndast eignir í gegnum fyrirtækjakaup o.s.frv. erlendis en horfum þá á nettóskuldastöðuna. Hvernig hefur hún þróast? Því miður þannig að nettóskuldir, hreinar erlendar skuldir að frádregnum eignunum úti eru núna 135% af vergri landsframleiðslu, hærri tala en nokkru sinni fyrr. Hvert vafasama skuldasöfnunar- eða viðskiptahallametið á fætur öðru er að falla þessa dagana, bæði heimsmet og Íslandsmet. Það er veruleikinn því miður, frú forseti.

[15:52]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt að viðskiptahallinn er mikill en uppbyggingin hér á landi er gríðarleg. Það er ekkert óeðlilegt við það að viðskiptahalli sé þegar farið er í mikla uppbyggingu og fjárfestingu. Ég vil biðja hv. þingmann að lesa áfram þær spár sem bæði Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið eru með í sambandi við efnahagsþróun á Íslandi á næstu árum. Segja má að hagvöxturinn sé að nokkru leyti drifinn áfram núna vegna þessa mikla innflutnings og miklu fjárfestinga sem við erum að fara í en síðan er gert ráð fyrir að hagvöxturinn verði drifinn áfram af útflutningstekjum, þ.e. það sem við erum að fjárfesta í dag komi síðan fram í stóraukinum útflutningi m.a. í áli. Ég vil einnig benda hv. þingmanni á að samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir stóraukinni fjármögnun til nýsköpunar á næstu árum.

[15:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því í máli hæstv. forsætisráðherra að hann orðaði það eitthvað á þá leið að æskilegt væri að áfram tækist að bæta kjör fólksins í landinu og út af fyrir sig held ég að við séum ekki ósammála um það. En ég held að við séum töluvert ósammála um þá aðferð sem ríkisstjórnin hefur lagt upp með til að bæta kjör fólksins í landinu, einkanlega þá útfærslu á skattalækkunarprógrammi ríkisstjórnarinnar sem að því er mér sýnist kemur langmest til góða því fólki sem hefur hæstar tekjurnar en verst út fyrir það fólk sem hefur lægstar tekjurnar.

Hæstv. forsætisráðherra vék áðan í máli sínu að ungu millistéttar- og hátekjufólki og að taka þyrfti sérstakt tillit til þess í skattaútfærslunni. Ég skil orð hæstv. ráðherra þannig að útfærslan hafi beinlínis tekið mið af þessu fólki, fólki sem vinnur mikið og aflar tekna, er að kaupa sér hús, er með húsnæðislán o.s.frv. En ef ég man rétt, hæstv. forseti, voru vaxtabætur lækkaðar á síðasta ári. Eignarskattarnir koma ekki mikið til góða fólki sem skuldar mikið og ég dreg mjög í efa að það prógramm sem stefnt er að af ríkisstjórninni með niðurfellingu hátekjuskattsins nýtist almennt fólki á þessum aldri. Þó að það vinni mikið og afli sér tekna þarf það að hafa samanlagt verulega há laun eða a.m.k. milljón á mánuði til þess að það fari að nýtast. Ég tel að stefna ríkisstjórnarinnar hafi fyrst og fremst þjónað hagsmunum hátekjufólks.

[15:55]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nei, það er ekki rétt að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar þjóni fyrst og fremst hátekjufólki. Það liggur ljóst fyrir að eignarskattarnir koma best við þá sem eru

skuldlitlir og það er einkum eldra fólkið í landinu og þetta sýna allir útreikningar.

Svo er eitt sem hv. þingmenn verða að hafa í huga í sambandi við skattamál og það er atvinnuþátttakan. Atvinnuþátttakan hér á landi er mjög mikil. Það kemur t.d. fram í nýlegum samanburði við Dani að ef atvinnuþátttaka í Danmörku væri álíka og á Íslandi, sérstaklega þeirra sem eldri eru en 65 ára, gætu þjóðartekjur Dana hækkað um 85 milljarða danskra kr. eða álíka mikið og þjóðartekjur okkar. Ljóst er að víða um Evrópu eru menn að leggja áherslu á að taka upp flata skattlagningu, eina skattprósentu með svipuðum hætti og við höfum gert. Ef menn líta til umræðunnar í Þýskalandi og Bretlandi og þess hvað þau ríki sem eru að ganga inn í Evrópusambandið eru að gera, t.d. baltnesku löndin, þá er þetta álitið að sé mjög ríkur þáttur í því að þjóðir haldi samkeppnishæfni sinni. Við Íslendingar erum mjög samkeppnishæfir í öllum samanburði við aðrar þjóðir. Ég tel að okkur hafi auðnast að byggja upp mjög gott skattkerfi sem bæði þjónar því sjónarmiði að tryggja mikla atvinnuþátttöku og einnig sjónarmiðum ríkisins, að ríkið fái nægilegar tekjur til að halda uppi velferðarkerfi okkar.

[15:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í þessu stutta andsvari vil ég eingöngu leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra: Telur hæstv. forsætisráðherra það ekki þjóna hagsmunum okkar til framtíðar að horfa til þess sem verkalýðshreyfingin segir varðandi það að reyna að tryggja hér stöðugleika og koma í veg fyrir að kjarasamningum verði sagt upp? Gerir hæstv. forsætisráðherra þá ekkert með orð verkalýðshreyfingarinnar um að þær skattalagabreytingar sem ríkisstjórnarstefnan hefur keyrt á þjóni ekki hagsmunum hins venjulega manns? Telur hæstv. forsætisráðherra að breytingar í þá veru sem kæmu betur fyrir fólk með lág laun, ykju hér stöðugleika og jöfnuðu kjör, séu ekki þess virði að sækjast eftir þeim?

[15:59]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Að sjálfsögðu er mjög mikilvægt að það haldi áfram að ríkja sátt á vinnumarkaði og þeir kjarasamningar sem núna eru í landinu haldi gildi sínu fram til ársins 2008. Það er mikilvægt fyrir okkur öll. Það er mikilvægt fyrir verkalýðshreyfinguna, það er mikilvægt fyrir atvinnulífið, það er mikilvægt fyrir ríkissjóð og þjóðfélagið í heild sinni.

Ég hef ekki heyrt aðila frá verkalýðshreyfingunni segja að skattalækkanir komi ekki fram hjá hinum venjulega manni. Ég hef hins vegar heyrt mismunandi sjónarmið þar á bæ eins og gengur og það eru mismunandi sjónarmið í þessu máli, bæði á Alþingi og meðal launþega. En ég tel hins vegar að mjög gott jafnvægi hafi tekist í þessum skattalækkunum og ég tel enga ástæðu til að breyta þeim ákvörðunum.

[16:00]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bregðast við orðum hæstv. forsætisráðherra um að stjórnarandstaðan vildi bara líta til tekna. Hæstv. forsætisráðherra hefur misst af umræðum dagsins í dag, um aðgerðir í þágu aldraða. Kjör þeirra hafa farið mjög versnandi frá árinu 1995.

Hæstv. forsætisráðherra virðist ekki kannast við gagnrýni á óstöðugleikann í umhverfi ungs fólks, ungra fjölskyldna. 10 millj. kr. íbúð hefur hækkað í 14 millj. kr. milli ára. Hvað segir hæstv. forsætisráðherra við ungt par sem hefur verið að safna sér upp í fyrstu íbúð? Hvaða gagn er að því að safna af harðfylgi 3 millj. kr. þegar íbúðin hefur hækkað um 4 millj. kr.? Þeir sem eru búnir að kaupa, gera greiðsluáætlun miðað við greiðslugetu og hafa tekið jafnvel 90% lán. Hver verður greiðslubyrðin, þó að vextir séu ekki meiri en 4–5%, ef verðbólgan rokkar á milli 5–8%? Við erum þá að tala um 10% vaxta- og verðbólgugreiðslur.

Hvað með vaxtabætur sem fólk veit ekki hvort það má treysta á vegna umræðunnar um skerðingu eða afnám þeirra? Ætlar ríkisstjórnin að viðhalda vaxtabótum? Veit ráðherrann að fyrst árið 2007 munu barnabæturnar, sem ríkisstjórnin hefur talað um, ná raungildi miðað við árið 1995 þegar Framsóknarflokkurinn komst í ríkisstjórn? Ég vil bara nefna að í dag hefur í umræðunni verið ítrekað verið bent á, varðandi kjör aldraða og öryrkja, að ætlunin er að draga úr stuðningi við þá verst settu í öðrum hópnum til koma örlítið til móts við þá verst settu í hinum hópnum. Hvernig getur hæstv. forsætisráðherra komið hingað og sagt að stjórnarandstaðan horfi eingöngu til tekna?

[16:02]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er stundum þannig að menn sjá vandamál í öllu. Hv. þingmaður sér það sem mikið vandamál að eignir hafi verið að hækka í verði. Jú, auðvitað getur það verið vandamál fyrir þá sem ekki hafa keypt eign og hafa verið að safna fyrir íbúð. En er það ekki ljóst að lánakjörin núna eru miðuð við að auðvelda ungu fólki að kaupa sér íbúðarhúsnæði og koma sér þaki yfir höfuðið? Þar er orðið allt annað umhverfi en áður var.

Ég get tekið undir það að eftir því sem húsnæðið verður dýrara þeim mun erfiðara verður að kaupa það. En á sama tíma stórhækka eignir þeirra sem hafa keypt sér íbúðarhúsnæði í verði. Það er þannig í lífinu, hv. þingmaður, að það er alltaf einhver mál að glíma við. En þessi þróun er fyrst og fremst jákvæð.

Síðan er farið út í að reikna út eitthvað sem heitir raungildi barnabóta. Ég heyri að samfylkingarmenn eru miklir sérfræðingar í að miða þetta við verðlag, laun og alls konar vísitölur. Aðalatriðið er það að þessar bætur stórhækka á næsta ári og munu koma fólki til góða með sama hætti og skattar eru að lækka. En á sama tíma fær ríkið meiri tekjur vegna vaxandi umsvifa og tekjuöflunar í þjóðfélaginu. Þetta eru staðreyndir málsins.

[16:04]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er illa brugðið. Ég átti ekki von á að hæstv. forsætisráðherra mundi bregðast við orðum mínum með því að segja þetta jákvæða þróun. Að sjálfsögðu er allt hlutfallslegt. Ef ég sel húsið mitt og kaupi annað dýrara er munurinn hlutfallslegur. Það skiptir ekki svo miklu máli

fyrir mig að húsið mitt hafi hækkað í verði. Það skiptir fyrst máli ef ég sel það til að kaupa ódýrara eða til að gera eitthvað allt annað fyrir það.

En að tala um að það sé jákvæð þróun, þótt hægt sé að bjóða 90% lán, að vextir, miðað við verðbólgu, eru 10% og það skipti engu máli hvernig það líti út fyrir ungt fólk sem er að borga námsskuldir og ætlar að kaupa fyrstu íbúðina sína, mér er illa brugðið að heyra viðbrögð forsætisráðherrans.

[16:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir leitt ef hv. þingmanni er illa brugðið. Fasteignaverð hefur hækkað í öllum löndum þar sem hagvöxtur er mikill. Það er fylgifiskur þess þegar tekjur hækka og hagvöxtur er mikill. Fasteignaverð hækkar í öllum þeim löndum þar sem er uppgangur. Fasteignaverð lækkar hins vegar eða stendur í stað þar sem lítið er að gerast. Viljum við skipta á því? Það er þannig í lífinu að ekki geta allar stærðir verið í eina átt. (**RG:** Og hvergi verðtryggð lán.) Hvergi verðtryggð lán, það alveg rétt en vextir hafa lækkað mjög mikið á húsnæðislánum á undanförnum árum og greiðslubyrðin lækkað. Þar hefur orðið mikil umbreyting þannig að í öllum aðalatriðum er allt heldur jákvætt í samfélagi okkar sem betur fer.

[16:07]

Útbýting:

Aukatekjur ríkissjóðs, 63. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 63.

Barnabætur, 197. mál, fsp. JóhS, þskj. 197.

Flutningur innanlandsflugs úr Vatnsmýri, 207. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 207.

Fæðingarorlof, 90. mál, fsp. JóhS, þskj. 90.

Gini-stuðull, 208. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 208.

Gjaldfrjáls leikskóli, 26. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 26.

Hælisleitendur, 206. mál, fsp. GÖg, þskj. 206.

Íbúðalánasjóður, 196. mál, fsp. JóhS, þskj. 196.

Lánasjóður landbúnaðarins, 203. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 203.

Undirbúningur nýrrar fangelsisbyggingar, 199. mál, fsp. KolH, þskj. 199.

Veggjald vegna seinni áfanga Sundabrautar, 201. mál, fsp. ÖS, þskj. 201.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 57. mál, frv. HBl, þskj. 57.

Vöktun og bókhald yfir útstreymi gróðurhúsalofttegunda, 200. mál, fsp. KolH, þskj. 200.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–10. mál.

Fundi slitið kl. 16:09.

9. FUNDUR

mánudaginn 17. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Frh. fyrri umr.
3. Tryggur lágmarkslífeyrir, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Fyrri umr.
4. Láglendisvegir, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
5. Skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
6. Hollustuhættir og mengunarvarnir, og mat á umhverfisáhrifum, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.
7. Skipulögð leit að krabbameini í ristli, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Fjarvistarleyfi:
Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:00]

Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 6. þm. Suðurk., Hjálmari Árnasyni, dags. 14. október 2005:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi, Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Ísólfur Gylfi Pálmason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[15:01]

Útbýting:

Sívinnsla við skil skattframtala, 142. mál, þáltill. VF o.fl., þskj. 142.

Athugasemdir um störf þingsins.

Bensínstyrkur öryrkja.

[15:03]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er ástæða til þess að óska íslensku þjóðinni hjartanlega til hamingju með þau forustuskipti sem urðu í Sjálfstæðisflokknum í gær. Það ber hins vegar minna á stefnubreytingu hjá hinni nýju forustu en þó er stefnubreyting í einu máli á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, þ.e. í aðförinni að hreyfihömluðum. Landsfundarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Bergur Þorri Benjamínsson, knúði fram ályktun þess efnis að Sjálfstæðisflokkurinn skuli á næsta ári auka bensínstyrk til hreyfihamlaðra en skerða hann ekki eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi Árna Mathiesens, nýs fjármálaráðherra, í fjárlagafrumvarpi sem Geir H. Haarde, hæstv. utanríkisráðherra, samdi.

Það er þess vegna ástæða til að spyrja nýjan fjármálaráðherra hvort það sé ætlun sjálfstæðismanna, ráðherra og þingmanna hér í þinginu, að fara eftir stefnusamþykkt Sjálfstæðisflokksins og auka í raun og veru bensínstyrkinn til hreyfihamlaðra eða hvort það eigi bara að hafa þessa landsfundarsamþykkt um lífeyrismál að engu eins og oft áður. Og það er ástæða til að spyrja því Bergur Þorri Benjamínsson, landsfundarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sagði sem var að svar hæstv. fjármálaráðherra á landsfundinum um þetta atriði væri algjörlega ótækt. Nýr fjármálaráðherra vék sér undan ábyrgð á eigin fjárlagafrumvarpi. Þetta er fjárlagafrumvarp lagt fram af Árna Mathiesen, hæstv. fjármálaráðherra. Hann kannaðist ekkert við að bera ábyrgð á því að hér eigi að taka 720 millj. úr bensínstyrkjum til hreyfihamlaðra og hann vísaði allri ábyrgðinni á heilbrigðisráðherra.

Maður hlýtur að spyrja: Eru tvær ríkisstjórnir í landinu, eða eru þær 12? Ber þessi ríkisstjórn ekki sameiginlega ábyrgð á ákvörðunum sínum? Hvað segir Framsóknarflokkurinn við þessu? Hefur Sjálfstæðisflokkurinn bara ekki undan í ríkisstjórninni við að verja öryrkja og ellilífeyrisþega atlögum Framsóknarflokksins? Er það þannig sem á að skilja þetta?

Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra, Árna Mathiesen, hvort þess sé að vænta í framhaldi af landsfundarsamþykkt Sjálfstæðisflokksins að breyting verði gerð á fjárlagafrumvarpinu þess efnis að bensínstyrkur til hreyfihamlaðra hækki en lækki ekki eins og landsfundur Sjálfstæðisflokksins hefur samþykkt.

[15:04]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það er ánægjulegt að heyra að hv. þingmenn hafa fylgst vel með landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Hins vegar sýnist mér að allt stefni í það sem ég reyndar spáði fyrir um við 1. umr. fjárlaga, að meira yrði um þversagnir í málflutningi hv. þm. Helga Hjörvars. Hv. þingmaður talar bæði um að hann vilji fá aukið aðhald í fjárlögin og svo er hann að hvetja til útgjalda.

Ég ætla að vona að hann hafi lesið landsfundarályktunina nákvæmlega því að eins og þar stendur er þar áskorun til hæstv. heilbrigðisráðherra um að hann finni farveg hag-

ræðingar í ráðuneytinu á annan hátt en í gegnum bensínstyrkinn svokallaða. Eins og fram kemur í 2. hefti fjárlagafrumvarpsins, bls. 362, er þar gerð grein fyrir því hvernig þessum málum er háttað, hvernig eigi að færa þessa fjármuni til og í hvaða tilgangi.

Það kom reyndar líka fram við 1. umr. fjárlaga, og það á hv. þm. Helgi Hjörvar að vita mætavel og muna því að hann er glöggur maður, að hæstv. heilbrigðisráðherra hafði boðað þá þegar fulltrúa öryrkja til fundar við sig til að ræða þetta mál. Þessi fundur hefur þegar farið fram og hæstv. heilbrigðisráðherra er að vinna í því að fara yfir þessi mál í ráðuneyti sínu. Eins og hv. þingmenn vita vinnum við samkvæmt svokölluðu rammafjárlagakerfi þar sem ráðherrar hafa nokkurt frjálsræði innan síns ramma um hvernig útgjöldum er raðað og eins um það hvernig þeir útfæra hagræðingarkröfur.

Eins og hv. þingmenn vita liggur svo auðvitað síðasta orðið hjá hv. Alþingi þegar fjárlög verða afgreidd.

[15:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í fjárlagaumræðu við 1. umr. fjárlaga er kerfisbreyting á bensínstyrk komin til vegna hagræðingarkröfu til ráðuneytisins. Breytingin var lögð til vegna þess að þetta var í upphafi styrkur sem var ætlaður hreyfihömluðum en hafði þróast út í það að vera nokkuð almennur styrkur. Ég gerði grein fyrir ástæðunum við fjárlagaumræðuna.

Þetta var einn af mörgum erfiðum kostum sem við stóðum frammi fyrir í hagræðingu. Menn skulu gera sér grein fyrir því, bæði innan þings og utan, að öll mál sem undir heilbrigðisráðuneytið heyra eru viðkvæm. Það er alveg sama hvar borið er niður. Við erum að höndla um málefni sjúklinga, við erum að höndla um málefni lífeyrisþega og það eru engir auðveldir kostir í niðurskurði eða hagræðingu í heilbrigðiskerfinu. Þess vegna var þetta einn af erfiðum kostum sem ég stóð frammi fyrir.

Eins og kom hins vegar fram hjá hæstv. fjármálaráðherra áðan ákvað ég að leggja ekki fram frumvarp um málið fyrr en ég hefði átt fundi með forustu Öryrkjabandalagsins sem mótmælti þessari aðferð harðlega. Ég hef átt slíka fundi og hef verið að fara yfir þetta mál upp á nýtt. Ég hyggst ljúka þeirri yfirferð fyrir 2. umr. fjárlaga. Auðvitað mun ég líta á alla þætti málsins og ég verð, ef horfið verður frá þessu, að finna aðrar hagræðingarleiðir og færa þá til baka þær hækkanir á bótum sem voru áætlaðar í fjárlagafrumvarpinu.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Auðvitað er þessi niðurskurður í fjárlagafrumvarpinu á bensínstyrk til hreyfihamlaðra forkastanlegur og í hróplegu ósamræmi við góðærisröflið í stjórnarliðinu svo að maður tali ekki um jólagjafirnar til hátekjufólks, að skerða þurfi bensínstyrk til hreyfihamlaðra á sama tíma og menn telja sig geta gefið hátekjufólkinu í landinu sérstaka skattalækkun í jólagjöf með því að fella niður leifarnar af hátekjuskattinum upp á 2%.

Hitt verð ég að segja að afar sérkennilegt var að heyra fréttirnar af landsfundi Sjálfstæðisflokksins um að Sjálfstæðisflokkurinn, með fjármálaráðherra í broddi fylkingar, afneitaði fjárlagafrumvarpinu. Ég minnist þess ekki áður að hafa heyrt stjórnarflokk með fjármálaráðherrann í broddi fylkingar vísa jafnalfarið ábyrgðinni af tilteknum hluta innihalds stjórnarfrumvarps yfir á fagráðherra og Framsóknarflokkinn. Einhvern tíma hefði verið talað um rýtingsstungu í bakið. Er fjárlagafrumvarpið kannski ekki stjórnarfrumvarp? Er það bara þannig að hver ráðherra ber ábyrgð á sínum kafla? Var þetta ekki tekið fyrir í ríkisstjórn og samþykkt til framlagningar? Var þetta ekki blessað af þingflokkum beggja stjórnarflokkanna? Ég hélt það.

Ég held að þá sé tímabært að ríkisstjórnin og ráðherrar upplýsi hvernig unnið er að þessu á stjórnarheimilinu. Og það verð ég að segja að ekki öfunda ég hæstv. fjármálaráðherra af því að koma saman fjárlagafrumvarpi næst ef þetta er það sem í vændum er, að allt það sem til óvinsælda er fallið í frumvarpinu skuli vera á kostnað og reikning viðkomandi fagráðherra. Halda menn að fjárlagafrumvarpið sé eitthvað öðruvísi stjórnarfrumvarp þó að þar sé notuð einhver rammaaðferð? Bera stjórnarflokkarnir ekki sömu pólitísku ábyrgð á stjórnarfrumvörpum eftir því hvaða aðferð er notuð við að búa frumvörpin til? Hvers konar endemis þvæla er þetta?

Auðvitað er það þannig að stjórnarflokkarnir báðir og hver einasti þingmaður sem styður þessa ríkisstjórn og studdi framlagningu fjárlagafrumvarpsins bera hina sömu pólitísku ábyrgð á þessari óhæfu. Það var satt best að segja lágkúrulegt að svona lítið skyldi leggjast fyrir þennan mikla flokk á landsfundi sínum að reka þarna rýtinginn í bakið á hæstv. heilbrigðisráðherra. Er ég þó ekki að afsaka það að hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson skuli láta hafa sig út í þetta.

[15:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég trúi því ekki að hæstv. heilbrigðisráðherra finni breiðu bökin hjá hreyfihömluðum lífeyrisþegum þegar kemur til hagræðingar í heilbrigðisráðuneytinu. Hann talar um að bensínstyrkurinn sé orðinn almennur styrkur: Það þarf hvorki meira né minna en vottorð um hreyfihömlun frá lækni til þess að fá þennan styrk, þær 8 þús. kr. á mánuði sem felast í þeim bensínstyrk sem hér er verið að ræða um að eigi að falla niður samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Það er líka furðulegt að hlusta á nýjan fjármálaráðherra afneita fjárlagafrumvarpinu eins og hann gerði í umræðunni.

En ég vil fá það fram í þessari umræðu: Eru ályktanir landsfundar Sjálfstæðisflokksins marklaus plögg eins og við höfum talað um eða er eitthvað að marka þær? Ætla þingmenn Sjálfstæðisflokksins að styðja það að bensínstyrkur til hreyfihamlaðra verði felldur niður þegar það mál kemur til afgreiðslu eða ætla þeir að fara eftir landsfundarsamþykktum sínum? Þá kemur í ljós hvort það er eitthvað að marka þessar ályktanir. Hingað til hefur ekkert verið að marka þær því að þær hafa ekki borist hingað inn í þingið þó svo að menn hafi samþykkt einhverjar fagrar ályktanir eins og þarna eru. Ég vil fá það fram í þessari umræðu og finnst full ástæða til þess, virðulegi forseti, að þingmenn

Sjálfstæðisflokksins upplýsi það hér hvort þeir ætli að styðja það að bensínstyrkurinn verði felldur niður og að um leið missi allir hreyfihamlaðir þessar 8 þús. kr. og þurfi að fara að borga bifreiðagjöldin sem hafa fylgt þessum styrk og fallið niður hjá þeim sem hafa haft bensínstyrkinn. Styðji þeir þetta ekki er ekki stuðningur í þinginu fyrir afnámi bensínstyrks.

Það verður að upplýsast í umræðunni. Annars eru þessar ályktanir Sjálfstæðisflokksins á landsfundum tómt píp.

[15:14]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vek athygli á því að ekki hafa fengist svör hér í umræðunni um hvort það eigi að skerða ökutækjastyrk hreyfihamlaðra. Ætla menn að standa við nýgerða samþykkt landsfundarins eða á að halda áfram? Mér heyrist að hæstv. ráðherrar séu að reyna að drepa málinu á dreif og mér finnst mjög sérkennilegt að verða hér vitni að því að Framsókn nái að beygja Sjálfstæðisflokkinn í þessu máli. Það er margt sem rökstyður það að þetta mál sé einmitt á höfuðábyrgð Framsóknarflokksins, sérstaklega í ljósi þess að á fimmtudag hafði einn hv. þingmaður í umræðunni um ellilífeyris- og örorkuþega aldrei heyrt minnst á þessa skerðingu á ökutækjastyrknum.

Mér finnst líka vera nóg komið hjá Framsóknarflokknum. Hann hefur gengið hér á undan með slæmu fordæmi á kjörtímabilinu hvað eftir annað. Framsóknarmenn sviku samning við öryrkja sem var gerður í Þjóðmenningarhúsinu, sviku öryrkja þar um 500 milljónir. Svo koma þeir enn og aftur og ætla að taka ökutækjastyrk af hreyfihömluðum til að spara sjö hundruð og eitthvað milljónir.

Við verðum að líta til þess að það er einmitt Framsóknarflokkurinn, reyndar með Sjálfstæðisflokknum, sem hefur blásið út ríkisbáknið, og þá helst utanríkisþjónustuna. Það á hins vegar alltaf að spara á öryrkjum. Mér finnst til skammar og ekki við hæfi að Framsóknarflokkurinn kenni sig við félagshyggju. Það er orðið svo langt komið að meira að segja sjálfstæðismönnum blöskrar hægri stefna Framsóknarflokksins. Hvað á þetta að ganga langt, hæstv. heilbrigðisráðherra?

[15:16]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Fjárlagafrumvarpið er ríkisstjórnarinnar allrar, fjárlagafrumvarpið er samþykkt úr ríkisstjórn og það er ríkisstjórnin öll sem stendur að fjárlagafrumvarpinu.

Niðurfelling bensínstyrksins var að hluta viðbrögð hæstv. heilbrigðisráðherra við sparnaðarkröfu fjármálaráðherra. Miðað við verðlagsforsendur fjárlaga hefði bensínstyrkurinn orðið 750 milljónir á næsta ári, 500 milljónir til aldraðra og 220 milljónir til öryrkja. Ætlun heilbrigðisráðuneytisins var að í stað bensínstyrksins yrði stærsti hluti þeirrar fjárhæðar eða 400 millj. kr. notaður til að hækka tekjutryggingaraukann um a.m.k. 20%, en sá bótaflokkur, tekjutryggingarauki, er ætlaður þeim sem hafa engar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga sér til framfærslu og það eru þeir lífeyrisþegar sem við flestöll erum sammála um að eru verst settir. Ætlunin var að flytja fjármagn til þeirra lífeyrisþega sem verst eru settir, verja jafnframt 100 milljónum til starfsendurhæfingar og loks að mæta sparnaðarkröfu fjármálaráðherra.

Frú forseti. Ef það er vilji til að falla frá sparnaðarkröfu á heilbrigðisráðuneytið og vilji er til að halda bensínstyrknum inni er það fagnaðarefni í sjálfu sér en þá verður tekjutryggingaraukinn ekki hækkaður um 20% (Gripið fram í.) til þeirra sem eiga rétt á honum, og það eru þeir lífeyrisþegar sem verst eru settir, nema til komi þá viðbótarfjárveiting á fjárlögum til þeirra hluta.

[15:17]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að fylgjast með ýmsu sem gerðist hjá sjálfstæðismönnum á þessum fundi, þar á meðal þeirri fyrirspurn sem kom til hæstv. fjármálaráðherra frá Þorvaldi Ingvarssyni, yfirlækni á Akureyri. En mér þótti miklu merkilegra svar hæstv. ráðherra þar sem hann lýsti því hvernig þetta kom til, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir, að þetta hafi sem sagt komið sem tillaga frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og þar á bæ hefði mönnum þótt þetta skynsamlegt, eins hæstv. fjármálaráðherra sagði, að þar á bæ hefði mönnum þótt þetta skynsamleg ákvörðun.

Mér brá mjög við þetta svar og þótti það — ég veit ekki hvaða orð ég má nota, virðulegi forseti, í ræðustól Alþingis, mér fannst þetta mjög smekklaust af hæstv. fjármálaráðherra að láta þetta koma svona fram, fyrir utan að það hlýtur auðvitað að vera rýtingsstunga í samráðherra, hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þó svo að ég hafi ekki í sjálfu sér áhyggjur af því þó að þeir fari að skylmast.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra, sem ég veit að hér á eftir að koma: Er hæstv. fjármálaráðherra e.t.v. sammála því sem hann taldi að hefði komið úr heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, þ.e. að þetta væri skynsamleg ráðstöfun að ráðast á þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, aldraða og öryrkja, og taka þessa bensínpeninga af þeim? Er þetta skynsamlegt, hæstv. fjármálaráðherra?

[15:19]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér erum við að tala um hagræðingarkröfuna varðandi bensínstyrkinn og það er rétt sem fram hefur komið að meginþunginn er hjá ellilífeyrisþegum og styrkurinn hefur farið til þeirra sem eiga bíl. Meiningin var að hækka tekjutryggingaraukann um 20% hjá þeim sem eru verst staddir, þannig að það má nú sjá jákvæða hluti líka í þessum breytingum.

En hvað skeði á landsfundi Sjálfstæðisflokksins? Í fyrirspurnatíma sat hæstv. fjármálaráðherra fyrir svörum með geislabaug og vængi og hengdi allt málið á hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, og gerði enga tilraun til að útskýra málið efnislega fyrir landsfundarfulltrúunum, þvoði hendur sínar af málinu.

Framsóknarmenn eru seinþreyttir til vandræða og við reynum að sýna samstöðu með samstarfsflokknum í viðkvæmum málum þótt okkur finnist það ekki alltaf jafnauðvelt. Við ætlumst til þess sama af forustu samstarfsflokksins. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem viðkvæm mál koma upp en maður er ekki að tjá sig um þau á opinberum vett-

vangi almennt. Nú tók hins vegar steininn úr og ég vil mótmæla því að málinu sé alfarið ýtt á Jón Kristjánsson, hæstv. heilbrigðisráðherra.

Virðulegur forseti. Í landinu eru ekki tvær ríkisstjórnir. Hér er ein ríkisstjórn. Þannig reynum við framsóknarmenn að haga okkur þó að okkur sé ansi illt í bakinu um þessar mundir.

[15:21]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það hefur ýmislegt alveg fráleitt komið fram í þessari umræðu og er ég eiginlega mest hissa á fyrrverandi ráðherrum sem eiga að þekkja til verka í þessum efnum, hvernig þeir tala hér.

Ég tek hins vegar undir með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, sem mætti nú eiginlega vera augljóst, að það er ein ríkisstjórn í landinu og hún leggur fram fjárlagafrumvarpið og hún stendur auðvitað á bak við það.

Hæstv. forseti. Talað er um að ríkisstjórnin sé svo yfirþyrmandi að aldrei megi gera neinar breytingar vegna hennar og verið sé að binda hendur þingsins. Það er vart liðin vika frá því að fjárlagafrumvarpið var í 1. umr. að upp er komin umræða undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins þar sem gerð er krafa um að því sé svarað hver verði niðurstaða fjárlagafrumvarpsins þegar fjárlagafrumvarpið hefur gengið í gegnum nefndarstarf í þinginu og a.m.k. tvær umræður til viðbótar. Gerð er krafa um að ríkisstjórnin eða hæstv. ráðherrar svari þingmönnum þessu.

Eru hv. þingmenn ekki að gera lítið úr sjálfum sér og lítið úr starfi sínu þegar þeir tala svona? Man einhver eftir því að fjárlagafrumvarp hafi farið óbreytt í gegnum þingið? Nei, ég held að enginn muni eftir því að fjárlagafrumvarp hafi farið óbreytt í gegnum þingið og sennilegast eru það fæst frumvörp sem hafa farið óbreytt í gegnum þingið. Ég er hins vegar ekki að tala fyrir því að við minnkum aðhaldið í frumvarpinu, við þurfum að gæta þess. Ég er ekki að segja að ekki megi gera á því neinar breytingar, ég er hins vegar ekki að tiltaka þær breytingar. En númer eitt er, og það er aðalatriðið, að við gætum aðhalds í frumvarpinu.

[15:23]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Framsóknarflokknum er illt í bakinu, sagði hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, vegna þess að sjálfstæðismenn eru svo vondir við þá í stjórnarsamstarfinu. Ég segi við Framsóknarflokkinn: Verið þá ekki að burðast með þessi óhæfuverk á bakinu.

Við höfum vakið athygli á því að það er algerlega fráleitt að skerða bifreiðastyrk til hreyfihamlaðra um 720 milljónir. Þingið er sammála okkur um það, það er ekki þingmeirihluti fyrir þeirri ákvörðun og verður ekki nema ýtrasta flokksaga verði beitt. Það er heldur ekki þjóðarvilji. Það er lágt lagst hjá nýjum hæstv. fjármálaráðherra að láta hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, sitja einan uppi með svartapétur, því að það er eins og hv. þingmenn Jónína Bjartmarz og Siv Friðleifsdóttir hafa bent á, það er ríkisstjórnin sem ákvað þessa forgangsröðun, það er ríkisstjórnin sem ákvað að létta sköttum af hátekjumönnum í landinu og gerir kröfu sameiginlega á heilbrigðisráðuneytið um að spara fyrir þeim skattalækkunum. Og hvar sparar heilbrigðisráðuneytið? Ég ætla ekki að bera í bætifláka fyrir það, en það á auðvitað að spara í sínum rekstri og margvíslegum útgjöldum en ekki að taka hagræðingarkröfuna alla út á hreyfihömluðum og í lyfjakostnaði sjúklinga. Auðvitað er það sjálfsagt að ráðuneytið reyni sjálft í rekstri sínum og stofnana sinna að hagræða. En ljóst er, virðulegur forseti, af þessari umræðu að Sjálfstæðisflokkurinn hefur enga stefnu um bensínstyrki til hreyfihamlaðra. Þó að landsfundur hans hafi samþykkt það samhljóða um helgina, hygg ég, að hækka eigi bensínstyrki til hreyfihamlaðra, þá kemur nýr fjármálaráðherra hér aftur og aftur í ræðustólinn og hefur enga stefnu í málinu, getur engu lýst yfir heldur snýst bara fram og til baka að því er virðist algerlega ráðalaus um það hvernig hann eigi að svara fyrir það fjárlagafrumvarp sem hann hefur þó sjálfur lagt fram í þinginu og í nafni allrar ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) en ekki bara Jóns Kristjánssonar.

Afkomutrygging aldraðra og öryrkja, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.

Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

[15:27]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þá tökum við upp þráðinn þar sem frá var horfið síðast þegar þing kom saman við að ræða þingmál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Fyrsti flutningsmaður tillögunnar, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fór ítarlega yfir málið í síðustu viku. Ég mun því aðeins stikla á stóru en minni á að í upphafi tillögunnar eru skilgreind þau markmið sem við viljum ná.

„a. verðbólga náist sem fyrst niður fyrir viðmiðunarmörk Seðlabankans,

b. stöðugleiki haldist á vinnumarkaði og kaupmáttur launa verði varðveittur,

c. sjálfbær þróun verði leiðarljós í orku- og atvinnumálum og þróun þjóðlífsins almennt,

d. tryggja útflutnings- og samkeppnisgreinum viðunandi starfsskilyrði,

e. bæta skilyrði til nýsköpunar í atvinnulífinu og til uppbyggingar sprotafyrirtækja,

f. draga úr viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun,

g. viðhalda stöðugleika í fjármálakerfinu og halda aftur af skuldasöfnun heimilanna,

h. jafnvægi náist á nýjan leik í þjóðarbúskapnum almennt.“

Þetta eru þau markmið sem við skilgreinum og viljum ná. Síðan eru ítarlegar tillögur um hvernig eigi að ná þeim markmiðum fram. Ég ætla að nefna nokkur.

Í fyrsta lagi viljum við að út verði gefin formleg yfirlýsing um að hvorki verði af hálfu opinberra aðila stuðlað að né veitt leyfi fyrir frekari stórvirkjunum né uppbyggingu meiri orkufrekrar stóriðju en þegar er í byggingu, a.m.k. til ársloka 2012.

Hvers vegna segjum við þetta? Er það vegna þess að við óttumst að það verði ótryggur grunnur undir efnahagslíf framtíðarinnar ef villtustu draumar hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, ná fram að ganga um að hér á landi verði framleidd 1,4 millj. tonna af áli á ári hverju en sem kunnugt er er framleiðslan núna innan við 300 þúsund tonn? Er það einvörðungu vegna þess? Nei. Við teljum þetta hins vegar mjög óráðlegt að Íslendingar framleiði 5% af öllu áli í heiminum. Það sem við erum að horfa til eru skammtímaáhrifin. Við höfum orðið vitni að því að innlendir og erlendir peningabraskarar eru að pumpa tugum milljarða inn í íslenska hagkerfið til að hagnast á þeim vaxtamun sem er á milli Íslands og útlanda.

Það sem skiptir þessa braskara máli er hvert gengi krónunnar verður. Þeir vita að í genginu liggur þeirra áhætta. Ef krónan veikist þá eru þeir að taka mikla áhættu með peningana sína. (**Gripið fram í:** Þá tapa þeir.) Þá tapa þeir. Yfirlýsingar viðskiptaráðherrans um að á komandi árum verði ráðist í áframhaldandi stóriðjuuppbyggingu fela það í sér að hún er að segja við þetta fólk að framhald verði á eftirspurn eftir krónunni sem þá tryggi og styrki krónuna. Það er vísbending og grænt ljós til braskaranna um að halda áfram að dæla peningum inn í fjárkerfið.

Við viljum beina þeim tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að hugað verði vandlega að áhættumati í bankakerfinu, svo sem hvað varðar áhrif af snöggri gengislækkun krónunnar eða lækkun fasteignaverðs. Við viljum beina þeim tilmælum til Seðlabanka Íslands að íhuga vandlega að beita aukinni bindiskyldu hjá innlánsstofnunum, a.m.k. tímabundið, yfirfara aðferðir við mælingar og þróun verðlags og athuga sérstaklega hvernig vænlegast sé að meta húsnæðiskostnað í vísitölu neysluverðs. Við viljum tryggja aðhald í ríkisfjármálum og þar viljum við láta endurskoða áform um skattalækkanir og við viljum efna til víðtæks samstarfs við aðila vinnumarkaðarins, samtök bænda, neytenda, öryrkja og aldraðra og aðra þá aðila sem efni standa til um aðgerðir þessar og þátttöku um að tryggja á nýjan leik efnahagslegan og félagslegan stöðugleika. Við viljum víðtækt samráð í samfélaginu og sameiginlegt átak til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika á Íslandi.

Ég hef ekki margar mínútur til ráðstöfunar en vil þó segja þetta: Það er margt í íslensku efnahagslífi sem lofar góðu. Víða er uppbygging í atvinnustarfsemi. Þegar á heildina er litið hefur kaupmáttur farið vaxandi og velsæld verið mikil hjá stórum hópum í samfélaginu. Allt er þetta ágætt. Atvinnuleysi er tiltölulega lítið miðað við það sem verið hefur á undanförnum 10–12 árum. Það er um 1,4%. Það er of mikið en það er tiltölulega lítið miðað við það sem verið hefur.

Við sem berum ábyrgð á efnahagsstefnunni, og þá er ég að horfa til Alþingis, fyrst og fremst ríkisstjórnar og þeirra sem eiga að veita henni aðhald, okkar í þingsal, við hljótum að spyrja: Er byggt á bjargi eða er byggt á sandi? Það er enginn vandi að slá mikil lán og eyða og spenna og kaupa nýja bíla og auka kaupmáttinn. Það sem máli skiptir er að halda vel á spöðunum. Það er þetta sem við óttumst að sé ekki gert. Hér horfum við til vaxandi skulda íslensku þjóðarinnar, 310–315% af vergri landsframleiðslu, meira en nokkru sinni í sögu þjóðarinnar. Við stefnum í 14% viðskiptahalla á þessu ári, 140 milljarða. Á árinu 2003–2010 ætla menn að samanlagður viðskiptahalli nemi 500 milljörðum kr. Með öðrum orðum, þetta góðæri virðist vera byggt á sandi, á skuldum og meira að segja kemur fram í Peningamálum, riti Seðlabankans, að það sem er afgangs hjá ríkinu er einvörðungu vegna tímabundinna pensluskatta og það eru þessir hlutir sem við viljum horfa til. Að sjálfsögðu horfum við með ugg í brjósti á þá vaxandi mismunun og misrétti sem einkennir íslenskt þjóðfélag.

Þegar ég segi að við fögnum því að atvinnuleysi sé tiltölulega lítið þá er það einu sinni svo að við erum að tala um 2.267 einstaklinga í mánuði sem eru án atvinnu og þetta fólk hefur 91 þúsund rúmar í mánaðartekjur eða 85.252 þegar búið er að skattleggja það. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Ég hefði viljað ræða þessi mál miklu frekar og miklu nánar og við eigum eftir að gera það að sjálfsögðu á komandi vikum og mánuðum en þetta þingmál okkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er tilraun til að taka á þeim vanda sem blasir við og reyna að færa málin til betri vegar.

[15:36]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert þegar maður hlustar á svona ræður að óskhyggjan virðist algerlega ráða ferðinni. Hv. ræðumaður sagði áðan að hann vildi að kaupmáttur launanna héldist. Draga samt úr skuldasöfnun heimilanna og bæta hag útflutningsgreinanna. Bíddu nú við. Hvernig gekk þetta upp? Hvernig í veröldinni átti þetta að gerast? Hann sagði ekkert um það, hann sleppti því.

Það er nefnilega þannig að það er svo einfalt að tala fallega um hlutina en sleppa því alveg að horfast í augu við veruleikann. Ég held það sé nú fyrsta skrefið sem hver og einn ætti að stíga, virðulegi forseti, ef við ætlum að takast á við vandamál okkar, að reyna að horfast í augu við veruleikann.

Við erum með kaupmátt Íslendingar sem hefur þróast þannig að raunlaun hafa hækkað meira en stærð hagkerfisins. Það leiðir til umframeyðslu. Útflutningsgreinarnar geta ekki lifað við svo hátt gengi eins og nú er á Íslandi, það hef ég margsagt, virðulegi forseti, úr þessum stól. Til þess að útflutningsgreinarnar geti staðist og til þess að samkeppnishæfni okkar haldist verður gengið að gefa eftir. Það er óhreinskilni, virðulegi forseti, að vilja ekki segja það sem allir vita og allir sjá og allir kunna. Auðvitað dregur það úr kaupmættinum. Annað er alveg útilokað. Af hverju eru menn, jafnvel hinir bestu menn, að stinga svona höfðinu í

sandinn og þykjast ekki sjá það sem allir sjá? Þetta er nauðsynlegt að gera. Þetta mun gerast, virðulegi forseti, fyrr en síðar, en þá á líka að segja það og tala um það.

[15:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er að reyna að átta mig á því hvað hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson raunverulega átti við. Hann segir að við búum við umframeyðslu. Hann segir að gengið sé of hátt. Hann segir okkur ekki nákvæmlega hvað það er sem hann vilji gera en ásakar mig, og okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, um að horfast ekki í augu við veruleikann. Það erum við sem horfumst einmitt í augu við veruleikann og viljum taka á honum og höfum þess vegna sett fram ítarlegar tillögur um hvernig við eigum að bera okkur að.

Varðandi raunsæið og trúverðugleikann þá var það Vinstri hreyfingin – grænt framboð sem einn flokka á Alþingi lagði fram raunsæjar tillögur í skattamálum. Ríkisstjórnin er að lækka skatta á Íslandi, sérstaklega á þeim sem standa vel að vígi. Þeir eru sérstaklega teknir og lagðir í bómull. Ríkisstjórnin er að lækka skatta á Íslandi um á milli 20 og 30 milljarða á ári. Síðan bendir stofnun ríkisstjórnarinnar og þjóðarinnar, Seðlabankinn, á það að tekjuafgang ríkissjóðs sé hægt að skýra einvörðungu vegna tímabundinna þensluskatta. Síðan þekkjum við það hvað er að koma inn í ríkissjóð vegna sölu á ríkiseignum.

Við þessar aðstæður, og þetta er tillaga sem við höfum lagt fram, ber að endurskoða áform um skattalækkanir? Er þetta ekki raunsæi? Er þetta ekki tillaga? Er hægt að saka mig og okkur um að setja ekki fram ákveðnar tillögur? Ég nefni aðeins eina. Við erum með margar fleiri. Þegar talað er um kaupmátt þjóðarinnar erum við að sundurgreina þjóðina. Við horfum til öryrkjans og hins atvinnulausa og erum með tillögur um hvernig eigi að vernda og bæta kaupmátt þessara aðila sérstaklega ef fer sem hv. þingmaður talar um að krónan veikist og dregur úr kaupmætti af þeim sökum.

[15:41]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður las upp fyrir okkur hver væru meginmarkmið tillögunnar: Að varðveita kaupmáttinn, að draga úr skuldasöfnun heimilanna og að bæta hag útflutningsgreinanna. Ég er aðeins að benda á að þetta gengur hvert gegn öðru. Það gengur algerlega þvert hvert á annað. Ef við bætum hag útflutningsgreinanna og lækkum gengið, eins og verður að gera, og það mun koma að því, mun kaupmáttur Íslendinga rýrna, allra nema öryrkja og eldri borgara því að kjör þeirra eru tryggð í lögum. Þeir munu ekki verða fyrir kjaraskerðingu. Það eru lögin frá 1997, þjóðin öll ætlar að standa undir því. Öryrkjar og eldri borgarar verða ekki fyrir kjaraskerðingu. Allir aðrir verða fyrir kjaraskerðingu, það liggur alveg fyrir.

Og að koma hér upp með tillögu þar sem allt gengur 180 gráður hvert á annað og segja: Við ætlum að bæta hag útflutningsins og varðveita kaupmáttinn. Það vita það allir menn, það þýðir ekkert fyrir hv. þingmann að tala hér út og suður. Auðvitað gengur þetta hvert gegn öðru. Þessi óhreinskilni að þora ekki að segja það að þegar við verðum að bæta stöðu íslenskrar framleiðslu, þá hefur það í för með sér að kaupmáttur rýrnar. Hann gerir það um sinn. Við förum í gegnum ölduna. Það þarf ekki að vera mjög lengi, 1–2 ár kannski, ½ ár, ég veit það ekki, get ekki sagt um það. En við komumst ekki hjá því og þessi hræsni, virðulegi forseti, þessi hræsni að þykjast bæði geta stigið til hægri og vinstri, þykjast bæði geta farið fram og aftur, er náttúrlega blekking ein og ég skil ekki til hvers menn eru að þessu. Það hefur engan tilgang að vera að þessu. Ættu menn ekki að segja hlutina eins og allir vita að þeir eru frekar en vera með þetta fjaðrafok út af engu?

[15:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég á mér eina ósk: Að sem flestir heyri þessa umræðu, heyri talsmann Sjálfstæðisflokksins tala og meti svo málflutning okkar og það sem við höfum haft fram að færa. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum varað við því hvert stefndi í allt sumar og allt haust. Nú er staðan sú að efnahagssérfræðingar, hagfræðingar hjá greiningardeildum bankanna og aðilar sem eru óháðir ríkisstjórn og stjórnvöldum, taka undir með okkur og við höfum að sjálfsögðu einnig hlustað á ráðleggingar þeirra. Ég er sannfærður um að það er meiri samhljómur með því sem við erum að segja annars vegar og þessum aðilum í þjóðlífinu almennt en kvakinu í hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. — Ég ætlaði ekki að tala svona niðrandi til hans og bið hann afsökunar á því. — En við höfum lagt áherslu á að gengi íslensku krónunnar þurfi að endurspegla íslenskan veruleika, veruleikann í íslensku efnahagslífi, og við höfum bent á að svo sé ekki. Við höfum bent á leiðir til að ná samræmi þar á milli og við höfum einnig rætt um það hve mikilvægt er að verja tiltekna hópa í samfélaginu ef til kaupmáttarskerðingar kemur (**EOK:** Þeir eru varðir.) hjá íslensku þjóðinni almennt. Þeir eru varðir, segir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Við ræddum það núna í síðustu viku hvernig ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hafa haft kjörin af öryrkjum og öldruðum á Íslandi en við skulum fara út í þá umræðu síðar.

[15:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum tillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þingsályktunar um að tryggja og endurheimta stöðugleika í efnahagsmálum. Ég hugsa að það sé sameiginlegt áhugamál allra þingmanna, hvar í flokki sem þeir standa, að þörf sé á að huga mjög vel að stöðu efnahagsmála um þessar mundir. Þau má m.a. lesa út úr þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Það er ekki eins og fjármálaráðuneytið vari ekki við því á hvaða vegferð við erum. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Óhjákvæmileg afleiðing umfangsmikilla stóriðjuframkvæmda og aukinnar einkaneyslu heimilanna er vaxandi viðskiptahalli sem spáð er að nái hámarki í ár og verði 13,3% af landsframleiðslu og rúm 12% á næsta ári. Með auknum álútflutningi og samdrætti í innflutningi mun viðsnúningur í utanríkisviðskiptum einkenna hagvöxtinn árið 2007.“

Þessu er spáð fyrir árið 2007. Þá skulum við velta því

fyrir okkur hvort spáin er í samræmi við það sem menn virðast vinna að í ríkisstjórninni. Í ríkisstjórninni vinna menn að ýmsu. Á minnisblaði sem ég hef fyrir framan mig segir að verið sé að skoða stóriðjukosti á miðju Norðurlandi. Þar segir að verið sé að skoða álver í Helguvík. Þetta er allt til viðbótar við það sem við vitum að er til staðar. Við vitum af framkvæmdunum fyrir austan, að þar er mikil uppbygging og þensla. Það er líka mikil þensla á suðvesturhorninu. Það tengist m.a. miklum húsbyggingum, lánveitingum bankanna og öðrum framkvæmdum á svæðinu. Inn í þetta kemur hækkun á íbúðaverði o.s.frv.

Við vitum að álverið í Straumsvík mun stækka á næstu árum. Mér finnst framsetningin á minnisblaðinu frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti í þá veru að við getum horft til erfiðleika lengra inn í framtíðina en hér um ræðir, a.m.k. miðað við þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Vissulega sjást hættumerkin og við erum ábyggilega öll sammála um að menn megi hafa miklar áhyggjur af stöðu útflutningsgreinanna og gengismálum. Það liggur fyrir að þegar gengið fellur mun það hafa áhrif á kaupgetu fólks í landinu. Það mun gerast, hvort sem það gerist fyrr eða síðar. Að því leyti hefur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson algerlega rétt fyrir sér, að þegar gengið fellur mun kostnaður fólks við vöruinnkaup o.s.frv. almennt aukast.

Það er ekki einfalt að stýra efnahagslífinu um þessar mundir. Bankarnir búa við frjálsræði, hafa fengið frelsi. Ég hlustaði á föstudag á fyrirlestur seðlabankastjóra á landsfundi Landssambands smábátaeigenda. Þar ásakaði hann bankana um mikla útþenslustefnu í lánum, um að þeir misnotuðu frelsið sem þeim hefur verið fengið. Frelsið sem þeir fengu kom með einkavæðingu bankanna og síðan var farið í það að bjóða fasteignaveð á hagstæðum lánum til íbúðakaupa landsmanna. Því miður hefur allt þetta orðið til þess að þenslan hefur magnast umfram það sem ráð var fyrir gert. Ég held að enginn deili um það, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu.

En þá spyr maður. Hvað getur ríkisstjórnin gert í þessari stöðu? Það er a.m.k. þó nokkuð sem ríkisstjórnin getur gert. Ég ætla sérstaklega að gera eitt atriði að umræðuefni í lok ræðu minnar. Það er skattstefna ríkisstjórnarinnar. Ég tel að ríkisstjórnin geti haft veruleg áhrif til að tryggja vinnufrið og tryggja að verkalýðshreyfingin eigi kost á að taka af fullri ábyrgð á komandi kjarasamningum. Við vitum jú að miðað við stöðu kjarasamninganna og verðbólguþróun geta kjarasamningarnir verið í uppnámi. Við höfum svo sem heyrt ýmsar yfirlýsingar frá verkalýðshreyfingunni um það, samtökum launamanna. Ég hef nokkrum sinnum sagt það í þessum ræðustól að ég tel að það hafi verið rangt hjá ríkisstjórninni að aflétta hátekjuskattinum og koma síðan með flata prósentulækkun í tekjuskattinum. Það hefði mátt velja leiðir sem hefðu kostað hið sama og jafnvel minna, eftir því hvernig þær væru útfærðar, a.m.k. að því er nemur að viðhalda ekki 4–5% hátekjuskatti. Ég held að það hafi verið afar misráðið.

Hins vegar hefði mátt fara með eitthvað af þeim fjármunum sem menn ætla til skattalækkana í persónuafsláttinn. Þannig hefði mátt hafa áhrif á launajöfnuð fólks í landinu. Slíkar aðgerðir gerðu það að verkum að verkalýðshreyfingin og fólk á hinum almenna vinnumarkaði sæi að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar hefðu áhrif til jöfnunar á kjörum landsmanna. Með því væri ekki aukið á misskiptingu þeirra sem hæstar hafa tekjurnar hér á landi og þeirra sem eru á lægri töxtum.

Ég hef miklar áhyggjur af því, hæstv. forseti, að misskipting í landinu aukist milli þeirra sem lakar eru settir og þeirra sem ofurlaunin hafa.

[15:53]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Í tillögunni eru nokkur meginatriði sem við leggjum til að unnið verði eftir. Tillögur okkar eru gerðar á grundvelli upplýsinga og álits frá hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum í samfélaginu, frá bönkunum og aðilum viðskiptalífsins en ekki hvað síst frá samtökum atvinnulífsins, einstökum greinum atvinnulífsins vítt og breitt um landið.

Við viðurkennum fúslega að margt er gott og sterkt í efnahagslífi okkar. En það hefur einnig veikleika sem við eigum að hafa alla burði til að takast á við og færa til betri vegar ef við höfum vilja til og skiljum hvað um er að ræða. Við höfum heyrt ræður forustumanna ríkisstjórnarflokkanna, stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra í haust og ræður forustumanna Sjálfstæðisflokksins. Þeir halda því fram að allt sé fullkomlega gott í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar og því engin ástæða til að vera á verði eða grípa til aðgerða til að halda þjóðarskútunni á réttum kili og vel á floti. En ef við lítum á raunveruleikann þá er hann ekki eins og þeir segja.

Háttvirtir þingmenn Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson hafa einmitt rakið það hver skuldastaða þjóðarbúsins er gagnvart útlöndum, að skuldir hafa hækkað stórlega og skert þannig efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og möguleika hennar til að taka á sig aukin verkefni. Gengið hefur heldur betur, frú forseti, sigið á ógæfuhliðina og ekkert af þessu kom af himnum ofan. Þetta er vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og efnahagsmálum sem ekkert er reynt að rétta af.

Mig langar að vitna í ummæli nokkurra manna úr atvinnulífinu, frú forseti. Í Bæjarins besta segir í frétt frá 31. ágúst á þessu ári, með leyfi forseta:

„Pétur Sigurðsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga, segir það skelfileg tíðindi sem bárust í morgun að rækjuvinnslu hjá Frosta hf. í Súðavík verði hætt, um sinn að minnsta kosti, síðar í haust. ... Pétur segir ljóst að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leggja allt undir í efnahagslífinu með virkjunum og byggingu álvers á Austurlandi sé farin að hafa skelfilegar afleiðingar víða á landsbyggðinni. „Það er öllum ljóst að meginvandamál sjávarútvegsfyrirtækja er hin sterka staða krónunnar um þessar mundir og afleiðingar þeirrar stefnu erum við að upplifa hér vestra þessa dagana.““

Ef við lítum, frú forseti, á ályktun Útvegsmannafélags Norðurlands segir í frétt í Ríkisútvarpinu 5. október síðastliðinn, með leyfi forseta:

„Þær aðstæður sem nú eru í efnahagsmálum skapa útflutningsatvinnuvegunum mikla erfiðleika, segir í ályktun

aðalfundar Útvegsmannafélags Norðurlands. Gengi krónunnar sé allt of hátt og mun hærra en þessar greinar geti búið við.

Þessi þróun leiði til þess að afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi sé óviðunandi, fyrirtækin í taprekstri og eigið fé þeirra glatist verði haldið áfram á sömu braut, segir í ályktuninni. Á sama tíma og hátt gengi sé að sliga útflutningsgreinarnar hafi olíuverð hækkað ...“ — sem gerir samkeppnisstöðu þessara greina mun erfiðari.

Greint er frá skoðun framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda í kvöldfréttum útvarps 1. október síðastliðinn. Þar kom fram, með leyfi forseta:

„Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir: „Við höfum af þessu miklar áhyggjur og ég hef verið að funda með mínum félögum núna undanfarið og hafa streymt inn ályktanir þar sem þess er jafnvel krafist að stjórnvöld geri allar mögulegar ráðstafanir til að hamla gegn hinu gífurlega háa gengi krónunnar.““

Í sama fréttatíma er viðtal við Ernu Hauksdóttur, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, sem tekur undir að hið opinbera eigi að aðstoða útflutningsgreinarnar við þær aðstæður sem nú eru. Hún vill reyndar líka aukið fjármagn til markaðsstarfa sem var skorið niður á fjárlögum þessa árs. En hún bendir einnig á hið gríðarlega háa gengi. Hún óttast afleiðingarnar ef ekki verði gerð leiðrétting fyrir næsta sumar þegar aðaltími ferðaþjónustunnar rennur upp og kynna verður þetta háa raungengi sem við nú búum við.

Það er kannski táknrænt fyrir ástandið að í dag var í fréttum sagt frá því að verið væri að bjóða upp eignir fyrirtækisins Sindrabergs á Ísafirði, sem miklar vonir voru bundnar við. Í frétt Bæjarins besta sagði frá því er rekstur fyrirtækisins stöðvaðist. Þar segir með, leyfi forseta:

„Með stofnun Sindrabergs ehf. 1999 var gerð tilraun til merkilegrar nýsköpunar á Ísafirði. Strax í upphafi var eðlilega gert ráð fyrir tapi af framleiðslunni fyrstu missirin og það gekk eftir. Fyrirtækið vakti verðskuldaða athygli fyrir framleiðslu sína innan lands sem utan. Flestir hafa starfsmenn verið um 30, en fyrirtækið hefur verið mikilvægur hlekkur í atvinnulífi heimamanna. Mikill rekstrarbati á árinu 2004 gaf von um að ná mætti endum saman á árinu 2005. Þróun gengis íslensku krónunnar gerði það hins vegar að verkum að þær vonir urðu að engu auk þess sem samkeppni jókst sem ekki var hægt að bregðast við m.a. vegna sterkrar stöðu krónunnar.“

Ég vitna hér í nokkur ummæli sem okkur þingmönnum hafa borist og lesin hafa verið upp í fréttum. En ríkisstjórnarflokkarnir segja að þetta allt í lagi. Ruðningsáhrifin eru líka af því góða, sagði hv. iðnaðarráðherra í fréttaviðtali í sumar þegar var verið að loka fyrirtækjum á Vestfjörðum og fólkið að missa atvinnuna. (Forseti hringir.) Eini maðurinn í stjórnarliðinu sem óttast þetta og tekur undir með okkur er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson þótt hann skilji kannski ekki málið alveg til fulls.

[16:02]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Ég fór aðeins yfir það í andsvörum um þessa tillögu og benti á hvernig þetta gengi hvað gegn öðru. En í tillögunum er nú gengið lengra, hér er komið með sex tillögur um hvað eigi að gera til að forða þessari vá og eins og ég hef lesið hér upp er fyrsta tillagan yfirlýsing um að ekki verði farið í frekari álverksmiðjur.

Ég veit ekki hver á að standa að því, ég veit ekki betur en orkuöflunin sem á sér stað á Reykjavíkursvæðinu í kringum Norðurál sé á vegum R-listans í Reykjavík, ég veit ekki betur en hann standi að þeim framkvæmdum og Reykjavíkurborg eigi Orkuveitu Reykjavíkur þannig að ég skil ekki hvað Alþingi hefur með það að gera.

Það er líka ástæða til að átta sig á því að í viðskiptahallanum, sem er ætlaður 120–140 milljarðar í ár og annað eins næsta ár, er reiknað með 36 milljörðum þar af vegna framkvæmda við orkufyrirtækin og álbræðslurnar, 36 milljarðar af 140, þannig að eitthvað fleira þarf að koma þarna til.

Í þriðja lagi er gerð áskorun til Fjármálaeftirlitsins. Sú áskorun hlýtur alltaf að vera uppi til Fjármálaeftirlitsins, það þarf alltaf að skoða stöðu bankanna.

Í fjórða lagi er beint til Seðlabankans, um aukna bindiskyldu. Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að það kann að hafa verið rangt fyrir nokkrum árum að minnka hana. Í dag liggur alveg fyrir að þó að við aukum bindiskylduna þá geti hinir stóru bankar, þeir þrír sem eru með mikla starfsemi erlendis, auðveldlega hlaupist undan því og enginn vandi fyrir þá að gera það. Það eru aðeins litlir sparisjóðir úti á landi, sem eru að reyna að hjálpa til við atvinnulífið þar, sem mundu lenda í þessari bindiskyldu.

Í fimmta lagi er komið inn á þennan vafasama mæli sem hafður er til grundvallar verðbólgunni og við höfum gagnrýnt hér mjög, ég gerði það fyrir ári síðan. Hvað er verið að mæla þegar eignaverðbólgan er svona mikil? En það er nú búið að mæla eignirnar upp í verðbólgunni og við sitjum uppi með það. Það eru margir sem trúa því, og ég ætla bara að vona að það sé rétt, að við séum komin að endimörkum þeirrar þenslu. Íbúðaverð hefur verið kyrrt í eina tvo mánuði og það eru mjög margir sem spá því að við fáum það aðeins niður. Að fasteignaverð fari niður er eiginlega grundvallarnauðsyn þess að við getum komist út úr þeim vanda sem við sannarlega erum í í dag. Við þurfum að stuðla að því ef við mögulega getum. Þá er rétt að hafa það inni í vísitölunni, úr því að við erum búin að mæla þetta á leiðinni upp skulum við ekki sleppa því að mæla það á leiðinni niður.

Í sjötta lagi er talað um að tryggja aðhald í ríkisútgjöldum. Það er allt rétt og satt og ef stjórn og stjórnarandstaða, ef Alþingi í heild, virðulegi forseti, ber gæfu til þess væri það ábyggilega mjög til bóta fyrir okkur að auka aðhald í ríkisfjármálum. Það er ekki nógu mikið á Íslandi, ég hef margsinnis farið í gegnum það á umliðnum árum, þar getum við gert miklu betur. En það dugir ekki eitt sér að vera með sýndaryfirlýsingu þar um heldur skulum við þá standa frammi fyrir því hvað um er að ræða.

Ég fór í gegnum útgjöld ríkisins hér fyrir tíu dögum og sýndi mönnum fram á í hvað þau skiptist þannig að menn eiga að kunna það. Við erum með 13 milljarða í fjárfestingar, við erum með 5 milljarða í viðhald o.s.frv. Hitt er rekstur, tilfærslur og laun. Það er auðveldara um að tala en í að komast eins og ég hef áður bent á. Raunhæfast í því sambandi er að standa gegn útgjöldunum áður en þau verða til.

Í sjöunda lagi, virðulegi forseti, er talað um æskilegt

samráð aðila vinnumarkaðarins. Það er ástæða til að taka undir það, það er alltaf af hinu góða. Ég tel að það hafi verið ákveðin handleiðsla og samráð sem varð okkur til hjálpar árið 2001 þegar við fengum hrun í gengið. Þá hjálpuðumst við að við að ná því aftur upp í jafnvægi og það var af hinu góða. Ég held að menn eigi alltaf að vera opnir fyrir slíku samstarfi og það eigi alltaf að vera til staðar.

Það er hins vegar ástæða til þess að fara í gegnum þetta vandamál. Hvert er þetta vandamál? Jú, vandamálið er gríðarleg aukning á peningum í umferð. Það má rekja það til ýmissa mistaka. Ég er alveg sannfærður um það og ég held að enginn þræti fyrir það í dag að hækkun á lánum Íbúðalánasjóðs voru mistök. Við gerðum rangt í því, við fórum að egna óbilgjarnan, við fórum að egna bankana, fá þá í samkeppni við okkur, það var slæmt mál. Ef við eigum þess nokkurn kost, virðulegi forseti, þá eigum við í dag að stefna að því að draga úr þeim lánum, reyna að ná samstöðu um það á bankamarkaði. Ég er viss um og hef fyrir mér dálitla vissu um að viðskiptabankarnir mundu taka því mjög vel. Það er mikil þörf á því að draga úr þessu peningaflæði inn í fasteignirnar, ef nokkur möguleiki er á því, vegna þess að lækkun fasteignaverðs er það sem gæti hjálpað okkur við handleiðslu krónunnar í leit að jafnvægi.

Ég hef gagnrýnt þá stefnu Seðlabankans núna í meira en ár að við skyldum hækka svo stýrivextina og efast mjög um hversu raunhæfar aðgerðir það væru því það hefði engin áhrif á langtímavexti á Íslandi en hins vegar bein áhrif á gengið. Það hefði einfaldlega þau áhrif að við værum að auka vaxtamuninn milli Íslands og útlanda þannig að við værum að þrýsta meira og meira á að peningar streymdu inn í landið. Hver hefur nú orðið raunin?

Ég veit alveg hvað Seðlabankinn er að hugsa. Hann er mjög hræddur við að hætta á þeirri vegferð sem hann er á, því þegar gengið sígur þá verður víxlverkun sem væri erfitt að komast út úr þegar svona mikil þensla er í þjóðfélaginu. Þetta kann að vera alveg rétt hjá þeim. En ég fullyrði og hef fullyrt það áður að við getum aldrei haldið íslenskum útflutningsgreinum með genginu einhvers staðar milli 100 og 105, það endar bara með skelfingu fyrir okkur, fjöldauppsögnum og atvinnuleysi sem íslenskt þjóðfélag getur ekki borið. Þess vegna er það rétt stefna og óumflýjanleg að Seðlabankinn hætti á þessari vegferð sinni, hætti að hækka vextina. Við vitum að þá mun gengið síga, það er lífsnauðsynlegt að það sígi, við verðum að hjálpa því. Seðlabankinn þarf að gefa út markmið sín um hvernig hann ætlar að ná vöxtunum niður og hvenær hann ætlar að hafa lokið því, hvaða jafnstöðu hann ætlar að reyna að ná gagnvart evrunni, vera þar 2–3% yfir, segja frá því þannig að íslenskt viðskiptalíf geti áttað sig á því þannig að ekki grípi um sig hræðsla. Það verður þá sig á genginu, við þurfum að ná því a.m.k. í 120, eitthvað svoleiðis. Þá mun atvinnulífið blómgast á ný, þá munum við ná stöðu.

Það verður hins vegar lífskjararýrnun hjá flestum í þjóðfélaginu, öllum öðrum en öryrkjum og ellilífeyrisþegum. Við gerum ráð fyrir 2,7% kaupmáttaraukningu í fjárlagafrumvarpinu, ég mundi spá því að það gæti orðið 2–3% rýrnun kjaranna. Við eigum að segja það við fólk og við eigum að ræða það við verkalýðshreyfinguna, við eigum að ræða það við aðila vinnumarkaðarins. Við eigum að átta okkur á því að þetta er óumflýjanlegt og reyna að finna mögulegar leiðir til þess að bæta um þar sem sárast kann að vera hjá fólki, þar sem mestur sársauki kann að vera. Ég hef áður bent á að öryrkjar eru þó tryggðir og ellilífeyririnn er líka tryggður. Hins vegar þurfum við kannski að skoða fleiri hópa vandlega í því sambandi.

Aðalatriðið er þetta: Lífskjararýrnunin er óumflýjanleg. Ef við getum leitt gengið niður og veitt þá handleiðslu í því, þá þarf það ekki að vera neitt mikið áfall fyrir þjóðfélagið. Það verður rýrnun á kaupmætti kannski tvö, þrjú, fjögur missiri. Síðan er íslenskt efnahagslíf mjög sterkt, það mun taka við aftur og við munum aftur geta haldið þá miklu vegferð sem við erum á, að auka kaupmátt og kaupgetu fólks. Þetta er samt alda sem við þurfum að fara í gegnum og það borgar sig fyrir alla aðila að tala um það, horfast í augu við það og viðurkenna það.

Ástæðan er einföld. Við höfum farið óvarlega. Það getur enginn maður komið hér og sagt að hann beri ekki ábyrgð á því. Auðvitað ber ríkisstjórnin ábyrgð á því, auðvitað bera aðilar vinnumarkaðarins ábyrgð á því. Við höfum hækkað hér laun meira en aðrir. Alla forustu í þessu lauslæti hafa íslenskir bankar haft. Þeir hafa verið mjög kærulausir, sérstaklega í launamálum og útlánamálum. Þeir verða að átta sig á stöðu sinni í nýfengnu frelsi, að þeir bera ábyrgð í samfélaginu og geta ekki verið með — jæja, virðulegi forseti — þá hegðun sem þeir hafa sýnt fram að þessu. Þeir bera mikla ábyrgð í þessu opna, frjálsa samfélagi. Þeir verða að gæta sín og þau mistök sem hafa verið gerð á undanförnum missirum, menn verða að horfa til þeirra og gæta þess að láta þau ekki endurtaka sig. Það skiptir okkur öllu máli, vegna þess að Ísland hefur þessa glæsilegu stöðu, að geta haldið áfram sem frjáls og sjálfstæð þjóð, öllum öðrum óháð, að efla atvinnulíf sitt meira og betur en aðrir. Við eigum ótæmandi möguleika í þessu landi. Við þurfum bara alltaf að gæta okkar að vera ekki svona óskaplega — ja, hvað eigum við að segja, virðulegi forseti — vera ekki með þennan óhemjuskap. Þetta er óhemjuskapur sem við Íslendingar eigum að geta komist út úr og vanið okkur af. Reynslan er ótvíræð, það er kaupmátturinn sjálfur sem skiptir máli fyrir fólkið, ekki hvað þú hækkar kaupið mikið. Þetta voru menn búnir að læra, þess vegna tókst okkur að koma okkur út úr þessari vitleysu með þjóðarsáttarsamningunum. Við megum ekki falla í sömu gryfjuna aftur. Við verðum að vera þolinmóð. Tvö til þrjú prósent raunhækkun launa er meiri launahækkun en nokkur önnur þjóð gerir kröfur til og veit að er hægt að gera. Þannig siglum við þessu þjóðfélagi hratt og örugglega fram úr öðrum þjóðfélögum en verðum að passa okkur að ofreisa okkur ekki eins og við höfum sennilega gert. Fara varlega, það skiptir máli.

Auðvitað eigum við að hafa samráð og það kann að vera allra góðra gjalda vert hjá þeim tillögumönnum sem leggja þessa þingsályktun fram. En ég gagnrýni enn og aftur þá óhreinskilni sem þeir hafa alltaf við, að vilja ekkert segja nema það sem þeir halda að aðrir vilji heyra. Þeir búa ekki yfir neinum töfralausnum sem geta bætt hag framleiðslunnar án þess að kaupmáttur Íslendinga rýrni um einhvern tíma.

[16:14]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er út af fyrir sig virðingarvert hjá hv. þingmanni Einari Oddi Kristjánssyni að koma hér einn stjórnarliða og ræða þessi mál. Ég saknaði viðveru t.d. hæstv. sjávarútvegsráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem hefðu alveg mátt gera sér erindi í þingsalinn í dag til þess að ræða stöðuna í útflutnings- og samkeppnisgreinum í landinu.

Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að bankarnir bera heilmikla ábyrgð á þeirri gríðarlegu útlánaþenslu sem hér hefur verið. En það þýðir náttúrlega ekki að ræða þetta eins og ríkisstjórnin hafi hvergi komið nálægt neinu. (**EOK:** Ég gerði það ekki.) Nei, en það þýðir heldur ekki að gera lítið úr þætti stóriðjustefnunnar í þessu, bæði hvað varðar hin beinu efnislegu áhrif og væntingaáhrifin sem auðvitað voru gíruð upp með þessum stóriðjuframkvæmdum og eru áfram svo lengi sem það er óbreytt stjórnarstefna að troða öllum þeim stóriðjuframkvæmdum og fjárfestingum sem mögulega er hægt að landa hér með opinberum tilstyrk inn í hagkerfið, en það er stefna iðnaðar- og viðskiptaráðherra og virðist vera stefna allrar ríkisstjórnarinnar.

Það er auðvitað ekki þannig að þetta séu bara einhverjar sjálfstæðar ákvarðanir markaðsaðila úti í bæ. Ef eitthvað eru opinberar framkvæmdir þá eru það nú t.d. bygging Kárahnjúkavirkjunar og framkvæmdirnar eystra þar sem opinbert fyrirtæki reisir virkjunina, þar sem opinbert fé er notað til að reka áróður fyrir því að erlendir aðilar komi hér og fjárfesti, og rekin er markaðsskrifstofa fyrir tugi milljóna á ári hverju af opinberu fé. Og jafnvel þó að í einhverjum tilvikum séu aðrir aðilar en Landsvirkjun að framleiða rafmagnið, eins og í stækkun á Grundartanga, þá eru það leyfisskyldar framkvæmdir. Það eru sett sérlög um þær stóriðjuframkvæmdir eins og aðrar, sérskattaákvæði o.s.frv.

Varðandi það að í framsetningu og málflutningi okkar sé fólginn einhver tvískinnungur eða hræsni þá hafna ég því. Við gerum okkur vel grein fyrir því að ef gengi krónunnar lækkar, sem auðvitað verður að gerast vegna þess að það er langt yfir öllum jafnvægismörkum, þá dregur eitthvað úr kaupmætti almennings gagnvart innfluttri vöru. En það mun væntanlega líka draga úr innflutningnum og draga úr viðskiptahallanum. Það eru miklu meiri hagsmunir í húfi að verja stöðugleika, að missa ekki upp verðbólgu og auðvitað skiptir (Forseti hringir.) það máli að halda kyrrð á vinnumarkaði og verja kaupmátt umsaminna launa eins og kostur er. Það er út á það sem þessi tillaga gengur.

[16:16]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá erum við komin að lokum í þessu máli og þetta er allt saman ljóst. Við erum þá sammála um málið. Þar kom að því. Auðvitað dregur úr kaupmætti á erlendum varningi, ég er að tala um það og það yrði að segja fólki frá því. Auðvitað minnkar þá innflutningurinn og dregur úr einkaneyslunni og auðvitað minnka tekjur ríkisins sem því nemur. Ég fór yfir það í fyrstu fjárlagaumræðunni í síðustu viku og taldi það af hinu góða að gera það. Auka þarf getu, umsvif og möguleika til samkeppni hjá útflutningsgreinunum. Það er óumflýjanlegt. Við getum ekki haldið þessari stefnu áfram, við verðum að hjálpa genginu til að ná jafnvægi. Við erum meira og minna sammála um þetta, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, og ég fagna því.

Í þingsályktunartillögunni stendur að verja eigi kaupmáttinn og ég las það þannig. Ég gerði athugasemdir við það. Þeir hafa bara ekki skrifað það nógu skýrt í textann að auðvitað fylgdi með að kaupmáttur erlends varnings færi niður. Þeir gerðu það ekki og ég gerði athugasemdir við það, en ef þeir hafa meint annað, meint það sama og ég segi, þá skulum við ekki eyða tíma í að rífast. Þá erum við bara sammála.

[16:18]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður þarf ekki að óttast að hann þurfi að kenna mér stafrófið alveg frá a í umræðum um þessi mál. Auðvitað er algerlega ljóst hvað í því er fólgið að tala um að gengið verði að aðlaga sig að íslenskum veruleika eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á áðan. Það stendur hvergi í þessari tillögu að markmiðið sé að varðveita að fullu kaupmátt íslensku krónunnar gagnvart erlendum varningi, enda verður þá auðvitað ekkert hreyft til. Þarna eru 6–8 mikilvæg og jafngild markmið sett fram sem auðvitað verður að leita bestu málamiðlana á milli. Það er ljóst að með því að nefna forsendur kjarasamninga og mikilvægi þess að halda stöðugleika á vinnumarkaði erum við auðvitað að vísa til þess ástands sem þar er uppi núna. Eða heldur hv. þingmaður, og fyrrverandi formaður Vinnuveitendasambands Íslands á sinni tíð, að það auðveldi okkur glímuna við að ná aftur tökum á ástandinu og koma í veg fyrir allar þær fórnir sem færðar voru á sínum tíma og eru okkur báðum minnisstæðar, mér og hv. þingmanni, til þess að ná stöðugleikanum á tímum þjóðarsáttar; að það verði auðveldari glíma ef við missum tökin á ástandinu á vinnumarkaði og missum þar allt upp í loft?

Eitt af allra mikilvægustu markmiðunum er líka að verja eftir föngum kaupmátt umsaminna launa en það skiptir máli hvernig að því er staðið og hvernig það er gert. Hættan er sú ef ríkisstjórnin vaknar ekki af þyrnirósarsvefni sínum, og það er við ríkisstjórnina sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson þarf fyrst og fremst að tala og jagast við en ekki við okkur, að þá verði hrunið miklu meira, þá verði gengiskollsteypan meiri og verðbólguskotið meira og þá vitum við hvernig fer með kaupmáttinn og skuldbindingar almennings þar sem lánin eru verðtryggð nánast að fullu. Það eru því ríkir hagsmunir í húfi gagnvart því að verja kjörin almennt eins og kostur er og standa þarf sérstaklega vörð um veikustu hópana. Það er að sjálfsögðu aðalverkefnið hér og það sem þessi tillaga tekur fyrst og fremst útgangspunkt í og það er með því hugarfari sem lesa ber markmiðin sem þarna eru sett upp.

[16:20]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég las þetta bara eins og það stóð. Hér stendur: „Stöðugleiki haldist á vinnumarkaði og kaupmáttur launa verði varðveittur.“ Ég gagnrýndi það. Ég sagði að þetta væri óraunhæft, þetta væri ekki hægt. Ég gagnrýndi ekkert annað. Ég sagði að þetta markmið gengi ekki upp.

Það er alveg hárrétt, virðulegi forseti, hjá hv. þingmanni að auðvitað á að reyna að verja kaupmáttinn eins og mögulegt er. Ég er alveg sammála honum um það, nákvæmlega. Ég er líka sammála honum um að það er glannalegt að halda þessari vegferð áfram vegna þess að ef við reisum krónuna enn þá meira, ef við lendum í þeirri ógæfu að það komi eins og sagt er „run" í gengið, þ.e. að það falli, þá getur það fallið miklu meira en það þarf til að ná jafnvægi. Þá fyrst erum við í vondum málum. Þá gæti samstaðan á vinnumarkaði brotnað upp og ég hef áður sagt í þessum ræðustól að ég þekki engan sem kann að líma hana saman. Mér sýnist hv. þingmaður vera mér ótrúlega mikið sammála um það og ég fagna því, virðulegi forseti, að svo sé. Þetta er viðfangsefnið. Við munum reyna að verja kaupmáttinn eins og við getum en við megum ekki segja að við getum varðveitt hann í heild sinni. Það er ekki hægt. Einkaneyslan hlýtur að fara niður vegna þess að kaupmátturinn í erlendum varningi hlýtur að fara niður. Við getum varið hann og í núgildandi lögum er vörn fyrir kaupmátt öryrkja. Það segir svo í lögum um almannatryggingar. Það er líka vörn fyrir kaupmátt ellilífeyrisþega. Við skulum athuga hvort verja þarf eitthvað fleira en við skulum reyna að gera það þannig að rýrnunin verði sem minnst. Því fyrr því betra, en við getum aldrei varið kaupmáttinn.

Ég fagna því aftur að við skulum vera svo innilega sammála sem raun ber vitni.

[16:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er að heyra á hv. þingmanni að hann geri kröfu um að Seðlabankinn lækki vexti sína til að gengi íslensku krónunnar lækki. Seðlabankinn hefur ekki þessa háu vexti að þarflausu, hann er að halda aftur af verðbólgunni í landinu. Mig langar að spyrja hv. varaformann fjárlaganefndar hvort hann sé að boða það að Seðlabankinn eigi að falla frá verðbólgumarkmiðum sínum og að við eigum einfaldlega að sætta okkur við verðbólgu í einhvern *ákveðinn tíma*.

[16:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þriðja desember á síðasta ári, daginn *eftir* að Seðlabankinn hækkaði stýrivexti sína um 100 punkta, hélt ég langa ræðu hér um gengisstefnuna og hávaxtastefnuna. Ég gagnrýndi þar þá viðmiðun sem Seðlabankinn notaði. Ég fór yfir að verðbólgan svokallaða væri fyrst og síðast eignaverðbólga og það hefði ekkert upp á sig að *sperra upp* íslenskt gengi til að berjast gegn þeirri eignaverðbólgu. Í hæsta máta gæti það virkað öfugt. Ég gagnrýndi það mjög hörðum orðum í langri ræðu sem ég veit að hv. þm. Steingrímur Sigfússon man vel því að hann stóð fyrir henni að meira og minna leyti.

Ég fór líka yfir hvað það þýddi að hugsa sem svo að við ættum að berjast gegn verðbólgu ef hún kæmi af einhverjum völdum erlendis frá, eins og t.d. olíuverðshækkun. Við getum engu ráðið um það, enda skulu menn átta sig á því, virðulegi forseti, að t.d. þegar Bandaríkjamenn meta verðbólgu hjá sér miða þeir hana við sitt eigið efnahagslíf og taka ákvarðanir út frá því. Þetta gagnrýndi ég fyrir ári og *gagnrýni mín er nákvæmlega eins í dag*. Ef ég ætti að flytja þessa ræðu aftur breytti ég varla einum stafkrók í henni. Þetta er því ekkert nýtt frá minni hendi. Ég taldi þá að þetta væri vegferð sem gæti endað með skelfingu og fór yfir það lið fyrir lið hvernig útflutnings- og samkeppnisgreinarnar *gætu farið út úr henni og stend við að allt í dag*.

[16:25]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst slæmt þegar hv. þingmaður sem hefur gengið hart fram og sakað aðra *um tvískinnungshátt* og að tala ekki hreint út um hlutina, t.d. að ekki sé hægt að ná fram markmiðum sem koma fram í þingsályktunartillögunni sem hér er til umræðu, svarar því ekki hvort Seðlabankinn eigi að falla frá vaxtastefnu sinni sem mun þá leiða til verðbólgu. Eigum við að sætta okkur við hana?

Það er nokkuð ljóst að ef Seðlabankinn lækkaði vextina leiddi það til þess að gengið mundi ekki bara síga heldur mjög líklega hrapa. Fjárstreymið sem nú kemur inn, um 80 milljarðar á nokkrum vikum, hefur leitt til þess að gengi krónunnar hefur risið mjög hratt og *ef* það *fjárstreymi hættir* er hætt við að gengi krónunnar muni ekki síga heldur hrapa og leiða til verðbólgu. Er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að segja að við eigum að sætta okkur við verðbólgu í einhvern ákveðinn tíma?

Nú veit ég að í Seðlabankann er að koma maður að nafni Davíð Oddsson og ég hef þá trú að þeir séu að einhverju leyti sammála um vaxtastefnuna og að þar muni því verða veruleg breyting á. Það væri fróðlegt að heyra það hjá hv. þingmanni hvort hann vænti þess að veruleg breyting verði á vaxtastefnu Seðlabankans við þessi mannaskipti í Seðlabankanum.

[16:27]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þingmaður læsi skrif Seðlabankans gaumgæfilega þá stendur þar mjög skýrum stöfum að að sjálfsögðu telji þeir að gengið muni leita jafnvægis síns á árunum 2006 og 2007. Þetta stendur í plöggum Seðlabankans. Hvað gerist þá? Halda menn að því fylgi ekki verðbólga? Jú, en Seðlabankinn telur að spíraláhrifin geti orðið minni ef við verðum komin út úr þeirri spennu sem þeir telja að peningamálin séu í í dag. Það er þeirra stefna, það hafa þeir sagt og þetta er eflaust sjónarmið sem við skulum bera virðingu fyrir.

Ég hef hins vegar haldið því fram að ef við hættum að hækka þessa stýrivexti, eins og t.d. ef við hefðum látið það vera að hækka stýrivexti 29. september sl. þá hefði gengið sigið niður í 108–110 sem hefði þó verið miklu betra, það hefði haldið áfram að síga. Það er óumflýjanlegt að við náum jafnvægi. Ég tel að við getum ekki beðið í tvö ár eftir að ná jafnvægi, að útflutningsframleiðslan muni hrynja á þeim tíma og gengið hrynja í kjölfarið. Menn muni missa trúna á þetta efnahagskerfi, það kæmi flótti og hræðsla í liðið og þá gætu afleiðingarnar orðið miklu verri eins og við fórum yfir áðan, virðulega forseti.

Það sem ég er að segja er að við eigum að fara varlega, reyna eftir fremsta megni að láta gengið síga þannig að framleiðslan geti lifað en bláni ekki upp og deyi. Ég er að

tala um að fara varlega til að koma í veg fyrir hrun í genginu, en auðvitað undir öllum kringumstæðum kemur einhver verðbólga. Við verðum bara að sætta okkur við hana, fara í gegnum það en byrja svo upp á nýtt.

[16:29]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við erum að ræða tillögur til aðgerða til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Ég tel að þessi umræða sé mjög þörf. Í raun finnst mér sú gagnrýni sem hefur komið fram hjá ýmsum stjórnarliðum á þessar tillögur vera mjög ómakleg. Þegar menn bera á borð málefnalegar tillögur þá saka þeir þá um ákveðinn tvískinnung. Og hverjir eru að segja að tvískinnungur sé í gangi? Hafa ekki formenn stjórnarflokkanna einmitt sýnt mikinn tvískinnung í umræðunni? Því hefur verið haldið fram að mikill stöðugleiki ríki í alla staði þrátt fyrir að neyðaróp berist frá útflutningsgreinum í landinu. Einnig má fara yfir það að það er ákveðinn tvískinnungur að tala um að aðhald sé í ríkisfjárlögum þegar á sama tíma verið er að dreifa Símasilfri vítt og breitt um landið og boða bæði niðurskurð og framkvæmdir á sama tíma. Það gengur ekki upp. Það sem ég hefði viljað sjá og mér finnst vanta í þessa tillögu er að hamra á því að hvetja fólk í landinu til sparnaðar — það er mjög mikilvægt við þessar kringumstæður — og vara fólk við þessum falsvonum og glansraunveruleika ríkisstjórnarinnar um að hér sé mikill stöðugleiki. Það á einmitt að segja fólki að hafa varann á sér og greiða niður skuldir ef það hefur einhvern kost á því. Eini maðurinn kannski sem hefur talað af einhverri hreinskilni um efnahagsmál í stjórnarliðinu er hv. varaformaður fjárlaganefndar. Hann hefur boðað í rauninni verðbólgu á meðan allir aðrir hafa einmitt sagt að hér sé mikill efnahagslegur stöðugleiki og að þessi vandi sé varla nokkuð til að tala um.

Fyrsta tillagan sem er til umræðu er sú að það eigi að gefa út af opinberri hálfu að ekki verði stuðlað að mikilli stóriðju fyrr en í fyrsta lagi eftir árslok 2012. Ég tel að það sé einsýnt að menn fara ekki út í neinar stóriðjuframkvæmdir a.m.k. ekki til ársins 2008. Ég tel að flestir hér inni ættu að geta tekið undir einmitt þessa tillögu þó að þeir séu miklir stóriðjusinnar. Það er mjög skynsamlegt út frá efnahagslegum forsendum að boða einfaldlega ekki neinar stórframkvæmdir eða mikla stóriðju á tímabilinu allt til 2008. Síðan get ég ekki séð að það sé nokkuð athugavert við tillögu um að beina þeim tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að hugað verði vandlega að áhættumati í bankakerfinu. Ég tel það vera vel þess virði að Fjármálaeftirlitið fari yfir þá hluti. Við eigum einmitt að hvetja til þess.

Eins vil ég ræða 5. liðinn um að tryggja eigi aðhald í ríkisfjármálum og slá á þenslu með því að leggja fyrir Alþingi nú í haust tillögur um að fresta eftir atvikum hluta þeirra almennu skattalækkana sem lögfestar hafa verið. Það er nú svo að þessi tillaga er í miklu samræmi við tillögu frá nefnd sem skipuð var af sjávarútvegsráðuneytinu um hágengismálin í landinu. Það má vera að þetta sé skynsamlegt og vonandi tekur ríkisstjórnin það alvarlega að skoða þær leiðir að boða til sparnaðar meðal almennings og draga úr þenslunni og peningamagni í umferð. Það er mjög sérstakt að hlýða á hv. varaformann fjárlaganefndar halda því fram að það sé vandamál hvað miklir peningar séu í umferð og taka síðan þátt í því að samþykkja skattalækkanir sem munu koma enn meiri peningum í umferð. Þetta kemur ekki heim og saman og eiginlega eru engin rök á bak við þetta. Menn verða að færa einhver rök fyrir þessu. Ef mikið peningamagn í umferð er vandamál, hvers vegna á þá að fara með meira af peningum inn í hagkerfið?

Það fer líka fyrir brjóstið á mér að þegar rætt er um aðhald að ríkisfjármálum þá er eins og stjórnarliðar og spyrji alltaf vinstri flokkana og okkur í Frjálslynda flokknum hvar við viljum spara. Það er eins og þeir séu orðnir algerlega hugmyndasnauðir. Þeir eru alltaf fastir í því sama, alltaf að skerða af öryrkjum og aftur og aftur af öryrkjum. Sér í lagi virðast framsóknarmenn hafa það alveg á heilanum að þar megi ná miklu fram, að þar séu greinilega peningarnir í landinu, þ.e. hjá öryrkjunum. Sviknar voru 500 milljónirnar frá samningi sem var handsalaður í Þjóðmenningarhúsinu og síðan er verið að boða í fjárlagafrumvarpinu nú í haust að taka ökutækjastyrk af hreyfihömluðum. Svo virðist sem sjálfstæðismenn viti ekki af þessum tillögum. Það kom fram hér í umræðunni í síðustu viku á fimmtudaginn að tveir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfðu aldrei heyrt þessara tillagna framsóknarmanna getið. Þetta er mjög sérstakt að þarna séu einmitt breiðu bökin.

Við í Frjálslynda flokknum viljum tryggja aðhald í ríkisfjármálunum og við höfum ýmsar hugmyndir þar um. Það á ekki endilega að vera að krukka í þá fjárlagaliði sem fyrir eru. Það má skoða það að slá saman stofnunum og skoða ýmislegt í hlutverki ríkisins. Það er t.d. óskiljanlegt með löggæsluna að sitt hvorum megin við Snorrabrautina í Reykjavík eru tvær stofnanir, önnur hefur yfir rúmum milljarði að ráða. En hinum megin við Snorrabrautina er stofnun sem sinnir einnig löggæslu og verkefni þeirra skarast á margvíslegum sviðum. Hún hefur yfir rúmum 2 milljörðum að ráða. Þarna hlýtur að vera hægt að ná fram sparnaði og menn hljóta að fara að skoða það í alvöru

Varðandi lið 6, að efna til víðtæks samstarfs við aðila vinnumarkaðarins, þá tel ég að þetta sé mikilvæg tillaga, þ.e. að skoða hvert þjóðfélagið er að stefna varðandi jöfnuð og ójöfnuð í þjóðfélaginu. Það er ekki nóg með að framsóknarmenn með aðstoð sjálfstæðismanna skerði kjör öryrkja og eldri borgara heldur virðast þeir líka vilja skattleggja þetta fólk í meira mæli en gert hefur verið áður. Ég tel að ef við ætlum að ná fram samstöðu um að taka á efnahagsmálunum í þjóðfélaginu þá ættum við að reyna að ná (Forseti hringir.) fram víðtækri sátt, frú forseti. Ég tel einmitt að þá þurfi að fara yfir jöfnuðinn í samfélaginu.

[16:37]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem hér hefur orðið bæði á fimmtudaginn var og aftur núna í dag um þessa tillögu okkar um efnahagsmál. Ég vil sérstaklega þakka þingmönnum sem hér hafa tekið til máls úr Frjálslynda flokknum og Sjálfstæðisflokknum fyrir þátttöku í umræðunni. Ég get ekki neitað því að ég sakna þess svolítið að fulltrúar annarra flokka, þ.e. Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins að því slepptu sem hæstv. forsætisráðherra tók þátt í umræðum síðastliðinn fimmtudag, hafi

ekki tjáð hug sinn til málsins. En þeir velja sér væntanlega einhver önnur tækifæri til að gera það þá sem þeir telja heppilegri og betur til þess fallin.

Ég held að það verðskuldi alveg umræður á hinu háa Alþingi að ræða þá dapurlegu staðreynd að við þurfum að ræða orðið um efnahagslegan stöðugleika *í landinu í þátíð*. Það hefur enginn mótmælt þeim titli þessarar þingsályktunartillögu að viðfangsefnið sé að endurheimta efnahagslegan stöðugleika því hann er ekki til staðar. Til marks um það eru vitnisburðir sérfræðinga og stofnana eins og Seðlabankans, greiningardeilda bankanna og alþjóðastofnana sem ítrekað vara nú við því jafnvægisleysi sem er í efnahagsmálum.

Ég held að það sé alveg ljóst að þær hættur sem við stöndum frammi fyrir í þessu efni eru margvíslegar og tengjast óstöðugleikanum og jafnvægisleysinu. En það er tvennt sem augljóslega gerir ástandið langalvarlegast. Það er annars vegar sú hætta sem blasir við, þ.e. að hagkerfið brotlendi vegna þess að gengi krónunnar og afkoma útflutnings- og samkeppnisgreina er algerlega óviðunandi og horfurnar í þessum efnum til næstu tveggja ára eða svo slæmar. Verðbólguhorfur næstu tveggja ára eru enn óviðunandi að *mati* Seðlabankans. Þeim mun lengur sem þetta ástand varir þeim mun meiri er hættan á harkalegri brotlendingu, á gengiskollsteypu og verðbólguskoti sem leiði yfir í fjármálakerfið í formi greiðsluerfiðleika o.s.frv. Hitt sem gerir ástandið mjög varhugavert er hin gríðarlega skuldsetning, skuldsetning heimilanna, skuldsetning atvinnulífsins og skuldsetning þjóðarbúsins út á við því að þjóðarbúið og þessir aðilar eru mjög viðkvæmir fyrir breytingum í gengi og vöxtum vegna þungrar greiðslubyrði af erlendum skuldum. Heimilin eru að vísu sem betur fer ekki í stórum mæli enn farin að taka erlend lán eða lán í erlendri mynt. En lán heimilanna eru nánast að uppistöðu til verðtryggð þannig að um leið og verðbólgan hreyfir sig fer greiðslubyrðin af *þeim lánum* upp á við og á fulla ferð. Þess vegna er svo mikilvægt að reyna að afstýra þessu þensluástandi, þessu jafnvægisleysi sem allir viðurkenna að er, og að menn fari að reyna að ná tökum á ástandinu, snúa hlutunum við og tryggja að þetta geti aðlagast og komist í eðlileg horf án þess að veruleg brotlending verði. Þess vegna var það nokkurt umhugsunarefni að hæstv. forsætisráðherra kom hér upp í þessum umræðum á fimmtudaginn var og endurtók í raun sama stefið um hvað allt væri gott og stórkostlegt á Íslandi og að hér væru í raun engin vandamál. Menn láta eins og það séu engin vandamál af því að viðfangsefnið sé að ná tökum á spennu, á þenslu, á verðbólguhættu og hættu á gengishruni og að það sé svona góðkynjaður vandi sem menn eru að glíma við og að það sé eitthvað annað en að kljást við atvinnuleysi og samdrátt. Auðvitað vill enginn atvinnuleysi og samdrátt. En sýnir ekki reynslan okkur að einmitt þessar aðstæður eru stundum undanfari verstu áfalla sem menn verða fyrir sem jafnvel enda í atvinnuleysi ef illa tekst til, ef illa fer? Hvað eru uppsagnir fólks í stórum stíl í útflutnings- og samkeppnisgreinum annað en ávísun á færri störf og minni umsvif þeirra greina þegar frá líður? Auðvitað er það ekkert annað.

Sveiflan getur verið mjög hröð. Þetta getur snúist snöggt við frá því að hér hefur verið skortur á vinnuafli í ákveðnum greinum og hundruð og þúsundir útlendinga við störf yfir í hitt að aftan að okkur læðast verulegir erfiðleikar í okkar heföbundna atvinnulífi. Þeir blasa nú við hverjum þeim sem vill leggja við því eyru og hv. þm. Jón Bjarnason las hér upp m.a. nokkrar ályktanir og vitnaði í fjölda *forsvarsmanna í atvinnulífinu því til stuðnings*.

Það var athyglisvert þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fór yfir þessa tillögu áðan að í aðalatriðum var hann þegar upp var staðið efnislega sammála öllum meginliðum tillögunnar sem eru í 6 tölusettum liðum, nema þá kannski helst þeim fyrsta, þ.e. að það gengi ekki að stjórnvöld færu í stóriðjubindindi og lýstu því yfir til þess að hjálpa til í þessum efnum og kæla hagkerfið niður að nú yrði ekki stuðlað að af opinberri hálfu né veitt leyfi fyrir frekari stórvirkjunum né uppbyggingu meiri orkufrekrar stóriðju en þegar hefur verið ákveðið á ákveðnu árabili. Menn hafa, og hæstv. forsætisráðherra einnig, talað eins og það sé ekki á valdi stjórnvalda, það sé ekki á færi hins opinbera að hafa áhrif á framvinduna á þessu sviði. Þetta er mikill misskilningur, frú forseti. Eru menn búnir að gleyma því að það er akkúrat hið opinbera sem knýr þessar framkvæmdir áfram og keyrir þær inn í hagkerfið algerlega? Hver var það sem boðaði fyrstur stóriðjuframkvæmdirnar eystra? Það var hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra. Og hverjir standa fyrir framkvæmdunum? Það er hið opinbera fyrirtæki Landsvirkjun. Hverjir veita leyfin? Það eru ráðherrar í ríkisstjórnum og það eru sveitarstjórnir. Hverjir ábyrgjast lánin? Það er ríkið. Hverjir flytja frumvörp og setja sérlög um skattaleg atriði þessara framkvæmda? Það er ríkið og það er Alþingi. Ramminn utan um þessar framkvæmdir allar er algerlega opinber og ef það er niðurstaða okkar að hagkerfið þoli ekki að troðið sé fleiri slíkum stórframkvæmdum inn í það á skömmum tíma með tilheyrandi ruðningsáhrifum og tilheyrandi þenslu og spennu þá höfum við öll tök á því sem betur fer, a.m.k. að þessu leyti, að hafa áhrif á framvindu mála. Það er alveg augljóst mál.

Það væri náttúrlega illa komið ef við gætum það ekki, ef þannig væri að stjórnvöld yrðu að taka við hverju sem kemur af þessum toga og við yrðum þá að færa þá fórn á móti að ryðja út enn meiru af öðru atvinnulífi í staðinn og skerða kaupmáttinn eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lét í rauninni að liggja hér, að fórnarkostnaðurinn yrði þá m.a. falinn í því að skerða kaupmáttinn því annars færi allt í vitleysu. Þá færu kannski að renna grímur á einn og einn mann sem hefur asnast til að styðja þessa blindu stóriðjustefnu hingað til ef það bætist við að við séum algerlega varnarlaus fórnarlömb gagnvart henni. En það er ekki þannig. Auðvitað er það ekki þannig að við þurfum að sitja upp við iðnaðarráðherra sem flakkar á milli landshluta og boðar stóriðju hér og stóriðju þar, stóriðju í álveri í Helguvík, álver fyrir norðan, stækkun á Grundartanga, stækkun í Straumsvík, rafskautaverksmiðju í Hvalfirði og eitthvað fleira. Þetta er allt í gangi og það er látið eins og það sé alveg mögulegt, að taka þetta allt saman inn í hagkerfið þó að við mönnum blasi að til viðbótar því sem var auðvitað harðasta deiluefnið, sem eru umhverfisspjöllin sem t.d. *Kárahnjúkavirkjun eru samfara, þá er núna allt að sannast* sem við sögðum og vöruðum við gagnvart ruðningsáhrifum

þeirra stórframkvæmda í hagkerfinu. Það er bara ósköp einfaldlega þannig.

Mér er með öllu óskiljanlegt að menn skuli láta þessa stefnu halda óbreytta áfram og láta eins og ekkert sé. Ég hef spurt að því áður og get endurtekið það: Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að láta Framsókn leiða sig í bandi í gegnum brunarústirnar á íslensku atvinnulífi allt til enda, bara til að Framsókn geti þjónað áfram stóriðjutrúboði sínu? Hvað þurfa uppsagnirnar að verða margar í sjávarútvegi áður en einn og einn sjálfstæðismaður fer að vakna til lífsins? Eða er þeim alveg sama þó að landvinnsla á sjávarfangi leggist að meira eða minna leyti af á Íslandi? Það er m.a. það sem er að gerast mjög ört þessa dagana. Það er sá hluti keðjunnar sem skilar þrátt fyrir allt mestum virðisaukanum inn í landið og mestum margfeldisáhrifum eins og nýlegar úttektir hagfræðinga sýna ef hann er sleginn af.

Sama gildir í rauninni um skattstefnuna sem ríkisstjórnin getur ekki viðurkennt að hafi verið mistök. Það blasir við öllum. Það er varla nokkur maður sem er kominn á annað missiri í hagfræði sem ekki veit að skattalækkanir við þessar aðstæður upp á tugi milljarða kr. eru bara eins og hrein della. Það er olía á eldinn. Þegar viðfangsefnið er bullandi viðskiptahalli og þensla og hætta á verðbólgu, og við blasir að handan við hornið getur tekjustreymi til ríkissjóðs þornað mjög snögglega upp, hvað ætla menn þá að gera þegar allt í einu snöggdregur úr tekjum ríkissjóðs af innflutningi og neysluskattstofnum? Þá verða menn búnir að henda út beinum og traustum tekjustofnum upp á hátt í 30 milljarða kr. ef svo heldur sem horfir frá og með áramótum 2006– 2007. Þá verður ekki mjög gaman að vera fjármálaráðherra. Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin er ótrúlega ábyrgðarlaus í þessari framgöngu sinni, ótrúlega ábyrgðarlaus. Það getur vel verið að þeir séu að veðja um það að veislan haldi, að það takist að halda veislunni áfram fram yfir kosningar 2007, vorið 2007 og það virðist allt ganga út á það núna hjá talsmönnum stjórnarflokkanna, nema þá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að láta sem ekkert sé. Vandamálið er ekki til ef menn viðurkenna ekki tilvist þess, ef menn aðeins afneita því. Þá er það ekki þarna. Það er aðferðafræði hæstv. forsætisráðherra sem á að heita yfirmaður efnahagsmála í núverandi ríkisstjórn.

Það er til önnur samlíking yfir þá aðferð. Hún er ættuð frá Ástralíu. Að stinga hausnum í sandinn. Það er það sem strúturinn gerir í Afríku og emúfuglinn gerir í Ástralíu. Þegar hætta steðjar að er bara eitt að gera, það er að stinga hausnum í sandinn, þá sér maður ekki hættuna, hún er ekki til. Þetta gefst nú svona og svona.

Auðvitað væri eina vitið við þessar aðstæður að stjórnvöld boðuðu nú á nýjan leik til samræðu í þjóðfélaginu um það hvernig við náum tökum á ástandinu ef illa fer, kölluðu til aðila vinnumarkaðarins, kölluðu til heildarsamtök og hagsmunaaðila og segðu: Nú er vá fyrir dyrum. Við erum í stórkostlegri hættu með að fórnirnar sem voru færðar á sínum tíma til að ná tökum á verðbólgunni og innleiða stöðugleika í íslenskt efnahagslíf verði aftur til einskis og við gætum þurft að endurtaka leikinn með því blóði, þeim svita og þeim tárum sem það tók og því gríðarlega átaki sem það var fyrir íslenskt þjóðarbú að ná tökum á ástandinu eftir verðbólguáratugina á síðustu öld. Þeim sem gengu í gegnum þá lífsreynslu er það mjög minnisstætt. Þess vegna finnst mér mjög undarlegt af hversu mikilli léttúð sumir sem eiga þó að búa að þeim reynslusjóði fjalla um þá hluti þessa dagana, að vera á fullkomnu afneitunarstigi gagnvart því að ástandið sé eins og raun ber vitni.

Hæstv. forsætisráðherra vísaði mikið í máli sínu í glæsilega einkunnagjöf alþjóðastofnana og tíndi út úr því það sem hentaði frá Alþjóðabankanum, Efnahags- og framfarastofnuninni OECD o.s.frv. Þetta varð mér tilefni til þess, frú forseti, að fara í árshefti OECD fyrir Ísland sem kom út í aprílmánuði síðastliðnum. Ég fletti m.a. upp á því sem OECD segir um skattalækkanirnar og hvað er þar sagt? Þar segir OECD að þær séu einstaklega illa tímasettar og varar við þeim. Hvað hefur Alþjóðabankinn verið að segja í sínum álitsgjöfum? Hann hefur varað við skuldsetningunni, hann hefur varað við viðskiptahallanum. Auðvitað hæla þessar stofnanir sem eru forritaðar í anda nýfrjálshyggjunnar þeim sem eru að einkavæða og reka hægri stefnu í skatta- og efnahagsmálum en þær eru þó það heiðarlegar að þær mæla mjög alvarleg varnaðarorð á móti. Nei, frú forseti. Það getur vel verið að meira þurfi til en þessa tillögu okkar Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs og þær umræður sem hér hafa farið fram til þess að vekja hæstv. ríkisstjórn af þyrnirósarsvefni sínum. En því miður er það svo að hún mun fyrr eða síðar vakna. Hitinn mun vekja hana. Hitinn af eldunum sem fara að loga í hagkerfinu mun vekja ríkisstjórnina. Spurningin er bara hversu sviðin verður hún orðin þegar þar að kemur. Ég mundi ekki sofa mikið lengur rólegur í þeirra sporum ef ég ætlaði ekki að verða illa brenndur á fiðrinu áður en lýkur. Ég spái ekki vel fyrir því, frú forseti, ef ríkisstjórnin aðhefst ekkert í þessum efnum, nær ekki einhverju sambandi við aðila vinnumarkaðarins, fer ekki að vinna með Seðlabankanum í staðinn fyrir að vinna á móti honum í þessum málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggur lágmarkslífeyrir, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

[16:53]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um tryggan lágmarkslífeyri. Tillagan hefur verið flutt af þingmönnum Frjálslynda flokksins undanfarin ár og ég held að nú séum við að leggja hana fram í fimmta sinn til umræðu í hv. þingi. Ég geri mér vissulega vonir um að að lokum muni dropinn hola steininn og það muni draga til þess að efni tillögunnar nái þeirri stöðu í umræðunni að menn skoði hana af fullri alvöru á ríkisstjórnarheimilinu en á það hefur mér fundist skorta verulega á undanförnum árum.

Tillagan gengur út á að draga verulega úr þeim skerðingarákvæðum sem núna eru varðandi tekjur fólks úr lífeyrissjóði og að þær tekjur sem fólk hefur aflað sér með því að spara í lífeyrissjóðum sínum til margra ára verði ekki til þess að bætur almannatrygginga séu skertar eins og gert

hefur verið á undanförnum árum með svokallaðri 45% skerðingarreglu.

Þannig er, hæstv. forseti, að bætur almannatrygginga sem allir ellilífeyrisþegar eiga rétt á eru skertar af tekjum sem fólk hefur safnað sér upp sem inneign í lífeyrissjóði með 45% reglunni og verður þá til þess að fyrir hverjar 10 þús. kr. sem fólk fær úr lífeyrissjóði sínum eru bætur skertar um 4.500 kr., þ.e. bótaflokkurinn í heild sinni lækkar um 4.500 kr. Bætur fólks úr almannatryggingunum eru misjafnar eftir því hvort um er að ræða einstaklinga eða hjón og síðan eru tekjutengingar á milli sambúðarfólks og maka. Til að einfalda umræðuna held ég að einfaldast sé að halda sig við stöðu einhleypings í málinu og velta því upp án þess að tengja það beinlínis við tekjur maka eða eignarstöðu hvernig sú skerðingarregla sem núna er notuð í almannatryggingum virkar.

Eins og ég sagði áðan í máli mínu er það einfaldlega þannig að ef einstaklingur á réttindi í lífeyrissjóði upp á 10 þús. kr. missir hann niður 4.500 kr. af bótum sínum úr almannatryggingum. Þegar einstaklingur hefur tekjur úr lífeyrissjóði upp á 144 þús. kr., ef hann hefur verið svo heppinn sem því miður margir eru ekki að hafa verið í þannig stöðu á starfsævi sinni að vera komnir með þann rétt í lífeyrissjóði að eiga 144 þús. kr. útgreiðslu á mánuði út úr lífeyrissjóði sínum, en ef hann væri í þeirri stöðu að fá þá upphæð er staðan sú í tryggingakerfinu, í bótunum sem samanlagðar lágmarksbætur geta hugsanlega numið hjá einstaklingi allt að 104 þús. kr. á mánuði, þá er staðan sú að það sem eftir lifir af bótum almannatrygginga er eingöngu 21.993 kr. eða grunnlífeyrir, það sem oft hefur verið kallaður ellilífeyrir eða var það í gamla daga en er núna kallaður grunnlífeyrir.

Grunnlífeyririnn skerðist ekki við tekjur úr lífeyristryggingakerfinu. Grunnlífeyririnn skerðist hins vegar ef ellilífeyrisþegi færi út á vinnumarkaðinn og aflaði sér atvinnutekna til viðbótar, þá mundi hann missa niður grunnlífeyrinn. Það hefur verið sýnt fram á og er vitað og hefur verið rætt hér á undanförnum árum að ef fólk þarf á því að halda sem margir þurfa, þ.e. að fara út á vinnumarkaðinn og afla sér viðbótartekna, að þegar búið er að taka tillit til annars vegar skerðingarákvæða Tryggingastofnunar og hins vegar tekjuskattsins þá heldur fólk í rauninni ekki eftir nema rétt tæpum 1.600 kr. af hverjum 10 þús. kr. sem það þénar. Ef fólk er búið að nýta persónuafslátt sinn og á réttindi í lífeyrissjóði lendir það í skerðingum, þ.e. ef það á litla inneign í lífeyrissjóði, undir 144 þús. kr., fær það 45% skerðingu vegna viðbótartekna í atvinnulífinu og síðan kemur skattlagning. Þegar þetta er allt saman lagt saman og búið að *fullnýta persónuafsláttinn kemur þetta svona út*, að fyrir hverjar 10 þús. kr. sem fólk aflar sér með atvinnu til viðbótar við lífeyristekjur og almannatryggingar heldur það eftir tæplega 1.600 kr., þ.e. skerðingin er tæplega 85% á viðbótartekjunum.

Tillaga okkar í Frjálslynda flokknum gengur einfaldlega út á að leggja til að staða eldri borgara verði lagfærð með því að setja inn í regluverkið og lögin að fyrstu 50 þús. kr. frá lífeyrissjóði skerði engar bætur frá almannatryggingum og því engar samþykktar lágmarksbætur almannatrygginga. Þar af leiðandi fengju þeir sem ættu undir 50 þús. kr. þann pening án þess að það skerði bætur almannatrygginga. Þeir fengju þannig 50 þús. kr. til viðbótar við 104 þús. kr. eða 154 þús. kr. Þær tekjur yrðu ekki skertar en mundu að sjálfsögðu skerðast vegna skattlagningar, eftir sem áður væru tekjurnar samanlagðar notaðar sem skattstofn, miðað við lög okkar í dag.

Löngum hefur verið bent á að persónuafslátturinn hafi ekki hækkað á undanförnum árum eins og nauðsynlegt hefði verið. Við höfum oft fært fyrir því rök í þessari umræðu. Ég ætla svo sem ekki að fara mörgum orðum um það en það er ljóst að hægt væri að hækka persónuafsláttinn um 2.700 kr. á mánuði fyrir hvern einasta landsmann ef ríkisstjórnin hefði valið það að nota ekki 1% flatan tekjuskatt heldur hækka persónuafsláttinn. Það kostar 4 milljarða kr. svipað og 1% lækkunin en hefur allt önnur áhrif í kerfinu. Þar með værum við að nota skattalækkunina til jöfnunar og til að bæta afkomu þeirra sem lægri hafa tekjurnar. Kjarabætur þeirra sem betri tekjurnar hafa verða hins vegar mestar með tillögu ríkisstjórnarinnar um skattalagabreytingar.

Við höfum lagt til að í stað þess að 45% reglan taki við strax og 50 þús. kr. er náð úr lífeyrissjóði þá komi þrepaskipting í skerðinguna. Fyrir fyrstu 10 þús. kr. umfram 50 þús. kr. verði skerðingin 9%, eða einn fimmti þess sem nú er. Fyrir næstu 10 þús. kr., frá 60–70 þús. kr., verði hún 18%, fyrir næstu 10 þús. kr. frá 70–80 verði hún 27%, fyrir næstu 10 þús. kr. þar á eftir 36% o.s.frv. Það er ekki fyrr en við teljum í 100 þús. kr. að skerðingin nær 45% eins og hún er í dag. Þetta mun auðvitað hafa í för með sér að rauntekjur ellilífeyrisþega mundu lagast verulega og hefði mikil áhrif til að bæta stöðu ellilífeyrisþega. Við fjölluðum um þetta í umræðum um tillögu Samfylkingarinnar í síðustu viku. *Sú tillaga fjallar um afkomutryggingu eldri borgara* og tekur að hluta til á sama máli. En við höfum í tillögu okkar útfærslu sem við teljum að gæti dugað við samtengingu launa, lífeyristekna og tryggingabóta, þ.e. með því að fara með þetta svona í þrepum.

En nú ber nýrra við, hæstv. forseti. Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins segir í ályktun um tryggingabætur og samtengingu lífeyris, sem þeir hafa hafnað að taka inn í stefnumótun á undanförnum árum:

„Landsfundur samþykkir að afnema skuli tekjutengingu á grunnlífeyri, skerðingarhlutföll tekjutryggingarauka verði lækkuð í áföngum úr núverandi 45% og að lokum afnumin. Frítekjumörk vegna tekjutryggingar og heimilisuppbótar verði endurskoðuð til hækkunar.“

Guð láti gott á vita. Það er gott að sjálfstæðismenn séu farnir að ályktа um að endurskoða þurfi þessi mál. En við eigum eftir að sjá hvort hugur fylgir máli. Svona ályktanir hafa iðulega komið frá landsfundum Sjálfstæðisflokksins, því miður án þess að mikill vilji hafi verið til að fylgja þeim eftir. En á það mun reyna.

Nú liggur fyrir tillaga sem ég hef mælt fyrir, hæstv. forseti. Ég vonast til að hún verði til þess að þessi mál verði endurskoðuð. Einnig liggur fyrir tillaga Samfylkingarinnar um þessi mál og Vinstri grænir tóku utandagskrárumræðu um málefni eldri borgara. Ég held því að stjórnarandstaðan öll sé sammála um, og hafi verið það lengi, að þessi mál þurfi að lagfæra. Auðvitað mun reyna á það á þessu þingi hvort ríkisstjórnarflokkarnir vilja vinna sig í átt að tillög-

unni sem hér um ræðir og fleiri hafa tekið undir, m.a. hv. þm. Ögmundur Jónasson. Með þeirri útfærslu yrði til brú fyrir eldri borgara sem í dag eiga engan veginn nægilegan lífeyri í lífeyrissjóði sínum, næga inneign í lífeyrissjóði til að geta lifað af honum. Þótt Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari hafi spáð því að stutt væri í gullna tíð eldri borgara á landinu, vegna öflugra lífeyrissjóða þeirra, þá vitum við að því miður eru margir sem eiga lítið í lífeyrissjóðum. Ef ég man rétt eiga 45% öryrkja enga inngreiðslu í lífeyrissjóð, engan rétt.

Margar húsmæður eiga sáralítinn rétt í lífeyrissjóði. Sumar stéttir eiga sáralítinn rétt í lífeyrissjóði, ég get nefnt bændur sem dæmi. Verkamenn, sem ekki hafa haft há laun í gegnum tíðina, eiga litlar eignir í lífeyrissjóði. Ég held, því miður, að það sé lengra í hina gullnu framtíð eldri borgara en menn hafa nefnt. Ég held að þessi tillaga væri ákaflega góð brú yfir til þess tíma er lífeyririnn verður styrkasta stoð eldri borgara.

[17:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Við ræðum í þriðja sinn á stuttum tíma afkomu og aðbúnað aldraðra og öryrkja eða málefni því tengt, enda ekki vanþörf á. Hv. þm. Ögmundur Jónasson stóð fyrir umræðu í síðustu viku um aðbúnað og kjör aldraðra. Sömuleiðis var rædd tillaga Samfylkingar um afkomutryggingu aldraðra. Hér er á ferðinni þingmál sem Frjálslyndi flokkurinn hefur flutt á undanförnum þingum sem lýtur að sérstökum aðgerðum til að bæta stöðu eftirlaunafólks sem lítilla eða engra tekna nýtur úr lífeyrissjóðum og draga úr þeirri skerðingu sem tekjur frá lífeyrissjóðum valda á greiðslum úr almannatryggingakerfinu, þar til komið er upp fyrir viss mörk.

Ég tel augljóst að aðgerðir af þessu tagi séu einn stærsti liðurinn í að jafna kjör þessara hópa í landinu. Enn sem komið er og í a.m.k. 15–25 ár til viðbótar munu mismunandi greiðslur úr lífeyrissjóðum valda verulegum afkomumun hjá þeim sem fara á eftirlaun eða fá nú þegar greiðslur úr lífeyrissjóðum eða almannatryggingakerfinu sem eftirlaunaþegar. Þetta stafar af því að þrátt fyrir okkar ágæta lífeyrissjóðakerfi og uppbyggingu þess, sem er vel að merkja mikið gæfuspor og ég veit að við erum öll sammála um það sem hér erum inni, þá vitum við að lífeyrisréttur þeirra sem eru nú fara á eftirlaun er ákaflega mismunandi. Í sumum tilvikum er hann hverfandi lítill. Það verða áfram hópar eins og öryrkjar svo sem hér var réttilega nefnt, sem miðað við núverandi ástand mynda alls ekki neinn lífeyri og koma til með að þurfa að byggja á öflugu almannatryggingakerfi áfram hvað varðar afkomu sína, hafi þeir ekki aðrar tekjur.

Ef við veltum því aðeins fyrir okkur hver er stærsti hópurinn sem mundi njóta verulega góðs af þingmáli eða aðgerðum af þessu tagi þá held ég að svarið sé ósköp einfalt. Það eru konur. Ef við skoðum upphæðir úr lífeyrissjóðum, eins og þær eru greiddar um þessar mundir, þá fá fjölmennar kvennastéttir langlægstu greiðslurnar. Það er satt best að segja ótrúlega algengt að greiðslur til kvennastétta séu enn 10 þús. kr. á mánuði úr lífeyrissjóðum, eða þaðan af minna. Vissulega eru einstakir hópar eins og bændur eða jafnvel sjómenn sem hafa slakan lífeyrisrétt vegna þess að sjóðir þeirra standa illa eða vegna þess hve seint farið var að greiða í þá af öllum tekjum. En það stendur auðvitað til mikilla bóta sem betur fer. Það er þó rétt að hafa í huga að það var í raun ekki fyrr en með breytingunum 1996 eða 1998 sem náðist utan um það mál að fullu, þ.e. að allir fóru að greiða af öllum tekjum og frá því gengið að allir sem á vinnumarkaði eru greiddu inn í lífeyrissjóði. Það er því enn býsna langt í land með að þetta kerfi komist í fullt jafnvægi, verði fulluppbyggt og aftur er rétt að hafa í huga þá hópa sem alls ekki eru inni í kerfinu, þ.e. komast ekki inn í það vegna þess að þeir hafi vegna skertrar starfsorku aldrei verið á vinnumarkaði.

Ég tel mikilvægt að sest verði yfir það í alvöru að ná um þetta viðfangsefni sátt í þjóðfélaginu. Að mínu mati þar sem hundurinn liggur grafinn, þar sem vandinn brennur á gagnvart þeim sem eru ósáttastir við kjör sín af þeim sem nú eru á eftirlaunaaldri eða eru að fara á eftirlaun um þessar mundir. Við höfum næg efni í þjóðfélaginu til að brúa þetta bil. Ef við gerum það ekki verðum við að svara þeirri siðferðilegu spurningu: Finnst okkur sanngjarnt að dæma tiltekna kynslóð, fólkið sem hefur byggt upp landið, sem komið er á eftirlaun eða er í þann veginn að fara á eftirlaun, til mun lakari lífskjara en þeir munu njóta sem hefja töku lífeyris eftir 15– 25 ár þegar kerfið verður betur upp byggt? Það er þá niðurstaðan sem menn verða að horfast í augu við og afleiðing þess ef ekkert verður að gert. Við sjáum á skerðingarhlutföllunum eins og þau eru í dag að á löngu tekjubili, þ.e. vegna tekna sem koma úr lífeyrissjóðum, svo ekki sé talað um ef menn eru að reyna að bæta stöðu sína með utanaðkomandi tekjum, að skerðingarnar eru þannig að menn í raun og veru spóla. Menn bæta nánast ekkert stöðu sína fyrr en komið er upp fyrir 130–150 þús. kr. tekjur og allar skerðingar uppurnar í kerfinu. Við erum í raun að festa þann hóp algerlega til þeirra lífskjara sem þessar skerðingarformúlur bjóða upp á í dag og dæma þá sem fyrir þessu verða, þolendurna, til að sæta mun lakari lífskjörum en auðvitað allt stefnir í að geti orðið þegar lífeyrissjóðakerfið verður að fullu uppbyggt. Þó verður lífeyrisrétturinn þar mjög misjafn, því miður, og áfram þörf fyrir öflugt almannatryggingakerfi.

Má ég líka minna á, frú forseti, að um er að ræða hópa sem gjarnan eiga í hlut þegar talið berst að breytingum í velferðarþjónustunni sem hafa læðst aftan að okkur lymskulega undanfarin ár og stórrýrt kjör þeirra sem þurfa t.d. á lyfjum að halda, sem þurfa að leita sér aðstoðar í heilbrigðiskerfinu og hafa fengið af fullum þunga á sig komugjöld, aukinn lyfjakostnað og skertar endurgreiðslur vegna þjónustu sem þar er veitt. Það er sláandi þegar maður ber saman stöðu okkar Íslendinga að þessu leyti við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum hve mun lakar er búið að þeim hópi, hversu miklu lægri almennar óskertar greiðslur úr tryggingakerfinu eru á Íslandi miðað við aðra staði í kringum okkur. Það að menn skuli fara niður á strípaðan ellilífeyrinn, 22 þús. kr. tæpar eins og það er sett upp í töflunni, er náttúrlega ekki merkilegt framlag frá samfélaginu til fólks sem hefur stritað allt sitt líf, greitt skatta sína og skyldur og byggt upp þetta þjóðfélag, þegar það

kemst á eftirlaunaaldur og ætlar að njóta þess sem eftir er af ævinni.

Við höfum efni á því að gera betur en þetta, frú forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til að lýsa stuðningi mínum og okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs við þá hugsun sem liggur að baki tillögunni. Þetta er að mörgu leyti skynsamlega útfærð nálgun sem er fullrar skoðunar virði varðandi það að taka á málefnum þessa hóps.

[17:17]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 209. mál, frv. ÁÓÁ o.fl., þskj. 209.

Fullvinnsla á fiski hérlendis, 212. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 212.

Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, 213. mál, þáltill. GÖg o.fl., þskj. 213.

Úrbætur í málefnum barna sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi, 135. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 135.

[17:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér kjör lífeyrisþega þriðja eða fjórða daginn í röð, held ég, frá því að þing kom saman 1. október. Nú er það þingsályktunartillaga frá hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins um tryggan lágmarkslífeyri. Fyrir helgi ræddum við um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja frá Samfylkingunni og daginn áður, síðasta miðvikudag, ræddum við um kjör aldraðra í utandagskrárumræðu.

Þetta segir nokkuð um stöðu þessa hóps, hve nauðsynlegt við teljum að tekið sé á kjörum hans. Það hefur verið ánægjulegt að hlýða á umræður í þingsalnum, sérstaklega í ljósi þess að stjórnarandstaðan er sammála okkur um nauðsyn þess að tekið sé á þessum málaflokki. Ég vonast til þess að þegar umrædd þingmál verða komin til heilbrigðis- og tryggingaefndar, þar sem ég á sæti, verði þau tekin til afgreiðslu og komist aftur inn í þingið, þ.e. þingsályktunartillögurnar frá Samfylkingunni og frá Frjálslynda flokknum. Það er full ástæða til að þessi mál fari lengra en bara inn í heilbrigðis- og tryggingaefndina.

Það er auðvitað hægt að tala mikið og lengi um stöðuna í þessum málum. Mig langar að byrja á því, af því að við vorum að tala um þá tillögu ríkisstjórnarinnar að skerða réttindi ákveðins hóps lífeyrisþega í fjárlagafrumvarpinu, að ræða ályktun frá landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Þar er eina ferðina enn komin fram ályktun, og hefur verið samþykkt, um að afnema tekjutengingu grunnlífeyris. Ég verð að segja að sem jafnaðarmaður þá finnst mér það ekki vera forgangsmál að afnema tekjutengingu á grunnlífeyri. Það væri nær að hækka aðra bótaflokka elli- og örorkulífeyris. En hinir bótaflokkarnir, tekjutryggingin, heimilisuppbótin, tekjutryggingaraukinn, eru fyrir þá sem hafa minna, þannig að nær væri að fara þá leið. En við þurfum líklega ekki að hafa miklar áhyggjur af þessum ályktunum því að þær hafa nú yfirleitt ekki skilað sér sem neinar tillögur hér inn í þingið. Þetta er meira svona til að látast við þennan hóp þegar Sjálfstæðisflokkurinn kemur saman á landsfundum sínum.

En ég held að umræðan hér og þessi þingmál segi okkur að það er orðið mjög brýnt að endurskoða almannatryggingalögin og lögin um félagslega aðstoð og færa þau til nútímans. Þessi lög eru að grunni til frá 1971, eins og menn þekkja, og hafa ekki verið endurskoðuð í heild síðan þá. Það er því orðið mjög brýnt að tekið verði á þeim.

Í þingmáli Samfylkingarinnar um afkomutryggingu fyrir aldraða og öryrkja er lagt til sem fyrsta skref að grunnlífeyrir og tekjutrygging verði sem næst lágmarksframfærslu eins og hún verði skilgreind í samræmi við neysluútgjöld lífeyrisþega. Við leggjum einnig til að þegar afkomutryggingin verður tekin upp verði raungildi grunnlífeyris og tekjutryggingar ekki lægra en það var á árinu 1995. Menn hafa reiknað það út að þarna vanti upp á 12 þús. kr. á mánuði, en eldri borgarar hafa reiknað þetta út upp á 17 þús. kr., það fer eftir því hvernig þeim útreikningum er hagað. En það er alveg ljóst að þarna vantar heilmikið upp á.

Við leggjum einnig til að skerðingarhlutföll bæði grunnlífeyris og tekjutryggingar verði rýmkuð þannig að lífeyrisþegar geti í auknum mæli farið út á vinnumarkaðinn. Það hefur sýnt sig að þessar reglur, eins og þær eru núna, koma í veg fyrir að lífeyrisþegar fari út á vinnumarkaðinn eða afli sér nokkurra tekna til viðbótar við lífeyri vegna þess að það skilar mjög litlu í vasa lífeyrisþega þegar upp er staðið. Við vitum líka að þátttaka í atvinnulífinu er mörgum mjög mikilvæg og þar vil ég nú sérstaklega tala um karla, ég þekki að þeir eigi mjög erfitt með að hætta algjörlega atvinnuþátttöku þegar ellilífeyrisaldri er náð.

Varðandi þingmál hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar og félaga hans í Frjálslynda flokknum þá er það rétt, eins og kom fram í umræðunni áðan, að það eru örugglega að mestu leyti konur sem munu hagnast verulega á því vegna þess að mjög margar konur eiga lítinn sem engan rétt í lífeyrissjóðum. Margar af þeim konum sem nú eru komnar á ellilífeyri hafa ekki verið úti á vinnumarkaðnum, hafa verið heimavinnandi húsmæður. Það má einnig nefna bændur, eins og gert var áðan, ég veit að þeir eru margir illa staddir hvað varðar greiðslur úr lífeyrissjóði.

Svo er náttúrlega annar hópur sem við skulum ekki gleyma og það eru öryrkjar sem aldrei hafa farið út á vinnumarkaðinn, þeir eiga lítinn sem engan rétt á lífeyri úr lífeyrissjóðum. Kjör þessa fólks þarf auðvitað að bæta verulega og það er einmitt tekið á því í báðum þessum þingmálum.

Það þarf líka að skoða það sem er að gerast núna fyrst á síðustu árum, það er að öryrkjarnir sem verða ellilífeyrisþegar skerðast mjög í tekjum við það að verða 67 ára. Það er ótrúlegt að hlusta á þá öryrkja sem hafa lent í þessu undanfarið, hvað þetta kemur þeim á óvart. Áður voru þetta ekki nema þúsund krónur sem lífeyririnn lækkaði ef menn voru nánast eingöngu á almannatryggingagreiðslunum en nú er þetta orðið miklu meira högg. Ég þarf ekki annað en að vísa í bréf frá fullorðinni konu sem skrifaði þáttastjórnendum í útvarpi um þessa reynslu sína og mikið hefur verið vitnað í. Þar kemur hún inn á það hversu illa hún var stödd eftir að hún náði ellilífeyrisaldri. Hún taldi sig í raun ekki hafa efni á því að verða ellilífeyrisþegi. Hún taldi sig verða að halda áfram í því starfi sem hún var í þar sem hún hefði ekki í sig eða á af þeim greiðslum sem hún fengi eftir að hún náði 67 ára aldri. En þessi kona var öryrki og hafði þó

nokkuð mikinn kostnað af heilsufari sínu. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég sé að tíma mínum er lokið. Ég hefði getað talað mun lengur um þessa hluti en ég vonast til að málið verði afgreitt úr heilbrigðis- og trygginganefnd þegar það kemur þangað.

[17:26]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það blandast engum hugur um það sem fylgist með þjóðmálaumræðunni á Íslandi að það er að skapast mikil undiralda víða í samfélaginu og meðal eldri borgara vegna þeirra kjara sem þeir búa við. Umræðan er að verða hávær og forsvarsmenn og forustumenn eldri borgara hafa beitt sér af miklum þrótti á undanförnum missirum og vakið með mjög áhrifaríkum hætti athygli á kjörum sinna umbjóðenda, kjörum sem eru fráleitt viðunandi í svo allt of mörgum tilfellum. Nú ræðum við hér, eins og fram kemur, þingsályktunartillögur frá þingmönnum Frjálslynda flokksins um tryggan lágmarkslífeyri og höfum rætt svipuð mál á síðustu dögum. Það er því ljóst að eitt af brýnustu verkefnunum í samfélaginu núna og á næstunni er að ná einhvers konar sátt og samkomulagi um að stórbæta kjör margra lífeyrisþega og eldri borgara þannig að sómi sé að. Það er ekki sátt um stöðu þeirra eins og hún er núna og margar mjög sláandi staðreyndir hafa verið dregnar fram sem eru sterkar röksemdir fyrir því að ráðast verði í verulegar umbætur á kjörum þessa fólks. Á sama tíma og rætt er um skattamál og skattalækkanir, skattalækkanir ríkisstjórnarinnar á hátekjuhópana upp á milljarða króna ár eftir ár, er dragnast áfram við að bæta kjör lífeyrisþega og eldri borgara svo nemur örfáum milljörðum. Menn hljóta að spyrja um forgangsröðunina í þessum málum. Hagsmunir eldri borgara eru alla vega ekki forgangsmál eins og ríkisstjórnin hefur gengið fram á síðustu missirum og margar tölur styðja þau orð með mjög sláandi og róttækum hætti þannig að engum blandast hugur um. Síðustu tíu árin eru sérstaklega höfð sem viðmið um hvernig komið er fyrir lífeyrisþegum og eldri borgurum nú og þá.

Á fundi Félags eldri borgara í Reykjavík í febrúar á þessu ári, 2005, var þess krafist að grunnlífeyrir aldraða frá almannatryggingunum næði aftur sama hlutfalli af viðmiðunarlaunum og árið 1995, fyrir tíu árum. Þá kom fram að á þessu tíu ára tímabili hefði kaupmáttur lágmarkslauna aukist um 56% en kaupmáttur lífeyris aðeins um 25%. Hjá Landssambandi eldri borgara kom fram að samkvæmt áformum ríkisstjórnarinnar frá síðasta þingi um lækkun skatta muni kaupmáttur ráðstöfunartekna eldri borgara aðeins hækka um 9,3% frá árinu 1995 til loka kjörtímabilsins 2007 en ekki um 55% eins og fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa haldið fram.

Í því sambandi má benda á að stór hluti ellilífeyrisþega, um þriðjungur þeirra, er með undir 110 þús. kr. á mánuði. Einnig var bent á að í skýrslu um kjör öryrkja, sem Samfylkingin óskaði eftir frá forsætisráðherra og var lögð fyrir 126. löggjafarþing, kemur fram að 43% allra öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði. Þá má benda á að 22% ellilífeyrisþega eða um sex þúsund manns voru með ráðstöfunartekjur upp á um 70 þús. kr. á mánuði sér til framfærslu árið 1999.

Þetta eru mjög alvarlegar og sláandi staðreyndir og renna styrkum stoðum undir það að grípa þurfi til aðgerða í þessum málum eins og lagt er til í þeirri þingsályktunartillögu sem við ræðum hér frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og fleiri þingmönnum frjálslyndra og í tillögu til þingsályktunar um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja frá Jóhönnu Sigurðardóttur og öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar. Það þarf að grípa til aðgerða til að bæta stórlega hag þeirra lífeyrisþega og eldri borgara sem búa við hvað kröppust kjör, kjör sem eru langt undir því sem viðunandi telst. Samkvæmt þessu greiða ellilífeyrisþegar nú um 14% af tekjum sínum í skatta en greiddu 2–3% af samsvarandi tekjum í skatt fyrir tíu árum. Á sama tíma og verið er að lækka stórkostlega skatta á fyrirtæki, á sama tíma og verið er að lækka álögur á þá sem hafa góð laun um fleiri, fleiri milljarða er verið að skattleggja þessar lágu og allt of lágu tekjur. Það kom einmitt fram í frétt á Stöð 2 fyrir tveimur dögum að innan OECD eru skattar á fyrirtæki hvað lægstir hér en við hirðum hvað mest af almenningi og langmest í veltuskatta hvers konar og eins er tekjuskatturinn tiltölulega hár.

Þá er ekki hægt annað en að minnast á mjög athyglisverða könnun eða niðurstöðu sem kom fram í fréttum um daginn um samkeppnishæfi landa heimsins. Þar var sýnt fram á það að þau lönd sem stóðu sig langbest eiginlega í öllu tilliti voru Norðurlöndin önnur en Ísland og trónaði Sviþjóð á toppnum. Í því ljósi er mjög athyglisvert að skoða útgjöld eða fjárfestingar þessara landa til velferðarmála hvers konar, því að það er nær að líta á framlög til velferðarmála sem fjárfestingu að stórum hluta. Slík fjárfesting skilar sér líka með einum eða öðrum hætti til baka, m.a. í miklu heilbrigðara og betra samfélagi eins og er um að ræða annars staðar á Norðurlöndunum. En velferðarkerfið á Íslandi er miklu veikara en þar og útgjöld ríkissjóðs miklu lægri en annars staðar gerist. Opinber útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega eru t.d. miklu lægri hér á landi en í flestum OECD-löndunum. Í samantekt norrænu hagskýrslunefndarinnar á sviði félagsmála frá október 2004 um útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum árið 2002 kemur fram að útgjöld til félags- og heilbrigðismála aldraðra og öryrkja sem hlutfall af landsframleiðslu eru lægst á Íslandi. Á Íslandi er hlutfallið 9,8% af landsframleiðslu en allt upp í 16,7% af landsframleiðslu í Svíþjóð, í Danmörku tæp 13%, sama í Finnlandi og Noregi.

Margt annað í umhverfi eldri borgara þarf að sjálfsögðu að skoða um leið og rætt er um afkomu þeirra, afkomutryggingar og tryggan lágmarkslífeyri, og má þar m.a. nefna dvalar- og hjúkrunarheimilin. Fram kom í svari hæstv. heilbrigðisráðherra til mín fyrir nokkrum mánuðum að um eitt þúsund eldri borgarar þurfa að deila herbergi á dvalar- og hjúkrunarheimilum án þess að um sé að ræða maka eða sambýling. Ég held að allir geti tekið undir að þetta er ófremdarástand sem þarf að taka inn í umræðuna um fjárfestingar í kjörum og umhverfi lífeyrisþega og eldri borgara. Ástæða er til að fagna þeirri miklu pólitísku umræðu sem nú á sér stað á Íslandi um kjör þessara hópa.

[17:34]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er tillaga frá okkur í Frjálslynda flokknum sem gengur út á að bæta kjör eldri borgara landsins. Ég tel að tillagan sé mjög góð enda hafa þeir eldri borgarar sem við höfum kynnt hana fyrir tekið mjög vel undir hana. Það má líka finna ákveðinn samhljóm meðal stjórnarandstöðunnar í tillögum til þess að bæta kjör eldri borgaranna. En þrátt fyrir að innan herbúða stjórnarliða megi heyra einstakar raddir um að vilji sé til þess að bæta kjör þeirra eru verkin sem við horfum upp á því miður allt önnur.

Það segir meira en mörg orð að enginn framsóknarmaður hefur tekið þátt í umræðunni og kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Þeir mundu eflaust hópast hér í ræðustólinn ef við værum að ræða um álver eða eitthvað viðlíka en ef það á að ræða um fólkið í landinu og velferð þess er eins og þessi mál komi flokknum nánast ekkert við. En við eigum von á einum hv. þingmanni Sjálfstæðisflokksins til að taka þátt í umræðunni og er það vel. Það verður fróðlegt að fá að heyra boðskap hv. þingmanns og hvort samhljómur verði meðal hans og þeirra radda sem bárust frá landsfundi Sjálfstæðisflokksins. En ég er ekkert viss um að svo sé, langt í frá. Ekki ef marka má t.d. það sem hv. þingmaður Pétur H. Blöndal sagði í sjónvarpinu í morgun. Það var nánast eins og allt léki í lyndi hjá eldri borgurum landsins. En það er ekki svo. Það má einfaldlega sjá á því að það eru 11.000 eldri borgarar sem þurfa að framfleyta sér og greiða skatta af tekjum sem eru undir 110 þús. kr., það er þriðji hver eldri borgari í landinu.

En eins og ég sagði má greina aðrar raddir úr herbúðum stjórnarflokkanna og m.a. frá fyrrum þingmanni Sjálfstæðisflokksins, Guðmundi H. Garðarssyni, núverandi formanni eldri borgara Sjálfstæðisflokksins, en hann vildi einmitt koma þeim skilaboðum að á landsfundinum að breyta þyrfti tekjuskattskerfinu og kjörum eldri borgara. Hann tekur því algjörlega undir stefnu okkar í Frjálslynda flokknum. Ég segi við þann ágæta mann: Hvað í ósköpunum er hann að gera í Sjálfstæðisflokknum þegar Sjálfstæðisflokkurinn gengur alltaf meira og meira á kjör eldri borgara? Hvers vegna gengur þessi maður ekki einfaldlega til liðs við okkur í Frjálslynda flokknum í stað þess að róa á móti stefnumiðum sínum sem hann boðar á fundum? En það er ekki að sjá t.d. hér í salnum eða í stjórnarstefnunni að stjórnarflokkarnir vilji breyta neinu.

Nánast einu sparnaðartillögurnar í ríkisrekstrinum gengu út á að skerða kjör hreyfihamlaðra. Nú er það svo að margir eldri borgarar eða sumir hverjir eru hreyfihamlaðir þannig að þetta voru skilaboðin í fjárlagafrumvarpinu. Það er í rauninni mjög sérstakt að menn skuli enn þá halda sér innan þessara flokka sem ganga þvert á hagsmuni þeirra og blása út alls konar montstofnanir hingað og þangað, vilja jafnvel fara inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og eyða peningum hér og þar.

En það eru ekki allir þannig. Í morgun hringdi í mig fyrrum liðsmaður stjórnarflokkanna sem hafði tekið eftir umræðu okkar í Frjálslynda flokknum varðandi kjör eldri borgara. Hann sagði einfaldlega: Þetta getur ekki gengið lengur. Ég er hér með uppgjörið mitt og á því er 82.171 kr. Af því þarf ég að borga, sagði hann, 2.682 kr. í skatt til hæstv. formanna stjórnarflokkanna, Geirs H. Haarde og Halldórs Ásgrímssonar. Auðvitað þurfa þeir að fá peninga til að leggja í hin og þessi verkefni og allt í góðu. En ég er ekki viss um að það þurfi að taka þá af þeim mönnum sem eru með langt undir 100 þús. kr., að þar eigi að skerða um 2.500 kr. Mér finnst það vera della. Það er einmitt það sem formaður Félags eldri borgara í öðrum stjórnarflokknum sagði, þessu þarf að breyta. Það þarf að breyta tekjuskattskerfinu því það er komið út í ógöngur. Menn eru farnir að skattleggja eldri borgara í auknum mæli og þá sem hafa lök kjör, ég held að allir geti tekið undir það, öryrkjar eru skattlagðir til þess að aflétta sköttum af öðrum, þ.e. hátekjuskattinum. Þetta er bara vitleysa og ég vona að hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson taki nú undir með okkur Guðmundi H. Garðarssyni, formanni Félags eldri borgara. Þessu þarf að breyta, það er ekkert vit í þessu.

Í síðustu viku tóku ágætir hv. þingmenn, sjálfstæðismenn, þátt í umræðunni um kjör eldri borgara og ræddu um að fasteignaskattarnir væru aðalvandamálið. Ég ræddi einmitt við áðurnefndan mann af Vestfjörðunum sem greiðir fasteignaskatt til Ísafjarðarbæjar og forvitnaðist um hversu mikið hann greiddi. Hann greiddi 60 þús. kr. með afslætti í fasteignagjöld til Ísafjarðarbæjar en þar ráða sjálfstæðismenn ríkjum. Ég vona að menn hafi tekið eftir því að það sem hefur runnið í skatt til ríkisins á þessu ári verður eitthvað svipuð upphæð þannig að ég held að þetta geti verið að einhverju leyti ? þetta er ekki sú upphæð. Ég held að menn verði að skoða úr hverju þetta fólk hefur að spila. Ég vona að hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson átti sig á því að þetta eru ekki góð kjör.

Það hefur verið minnst á konur í þessu sambandi, að þær eigi ekki mikinn lífeyrisrétt, og einnig hefur verið rætt um bændur. Síðan er þriðji hópurinn sem þessi ágæti maður að vestan tilheyrði en það eru fyrrum atvinnurekendur sem hafa e.t.v. ekki greitt í lífeyrissjóð öll árin. Það þarf að líta til þess hóps líka, þó svo að þessi tillaga gangi aðallega út á að ekki sé verið að skerða lífeyri greiddan úr lífeyrissjóði, lágar upphæðir sem eru kannski ekki hærri en 50 þús. kr. Enda er það orðið mjög sérstakt að sá lífeyrir skuli skerðast, þarna er fólk búið að spara allt lífið. Þetta er eins og í slönguspilinu, það sama hvað hvað lagt er fyrir inn á lífeyrissjóðsreikning, fólk stendur í sömu sporum á eftir. Því get ég tekið undir að það megi ekki algjörlega líta fram hjá þeim hópum sem hafa ekki (Forseti hringir.) greitt í lífeyrissjóði.

[17:43]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um breytingu á almannatryggingalögum.

Það hafa verið töluverðar deilur í þjóðfélaginu nokkuð lengi um kjör eldri borgara og lífeyrissjóðina og hvernig þetta komi inn í skattkerfið. Það er rétt sem hefur komið fram nú og oft á undanförnum árum að það er mikil þörf á að menn endurskoði í heild og reyni að semja og setja upp áætlun um hvernig við ætlum lífeyrissjóðunum að taka við hlutverki almannatrygginga og að hve miklu leyti og hvernig. Þetta höfum við ekki gert. Við höfum lagt í þá vegferð nokkrum sinnum, við höfum haldið nokkur seminör um

þetta, farið í gegnum þetta, og það er mjög mikið efni til. En menn hafa aldrei klárað málið til fulls, að horfa til þess heildstætt. Inn í þetta kemur að sjálfsögðu skattkerfið í heild og það sem mönnum hefur kannski orðið mest tíðrætt um, þ.e. skattaáhrifin, jaðaráhrif skattanna.

Það er mikil þörf á því, virðulegur forseti, að við förum aðeins í gegnum þetta og rifjum upp hvernig þetta er allt til komið. Fyrir um 35 árum voru hér til lífeyrissjóðir ríkisstarfsmanna, bankamanna og nokkurra annarra en þá tók hinn almenni markaður þá ákvörðun að við hæfum uppbyggingu á söfnunarlífeyrissjóðum á grundvelli samtryggingar. Það var mikill og farsæll áfangi sem við tókum þá sem menn gerðu sér mjög vel grein fyrir því að þeir stæðu ákaflega mismunandi að vígi gagnvart lífeyrissjóðum sínum.

Það var einmitt þess vegna sem við tókum upp tekjutrygginguna árið 1971. Hún var tekin upp vegna þess að menn gerðu sér grein fyrir því að verkamenn, sjómenn og bændur stóðu miklu verr að vígi en t.d. ríkisstarfsmenn. Sú hugsun lá að baki að reyna að brúa þetta bil þar til menn væru búnir vinna upp þessa lífeyrissjóði sem við gerðum okkur vonir um þá að takast mundi í kringum 2015. Ýmislegt hefur breyst síðan. Lífaldurinn hefur breyst, töflurnar hafa breyst, örorkulífeyristöflurnar hafa líka breyst þannig að við erum kannski nær því að tala um árið 2025 núna en 2015, þó að það sé kannski ekki nákvæmt.

Menn mega ekki gleyma því að tekjutryggingin var tekin upp til að tryggja afkomu þeirra sem stóðu verst að vígi. Þetta eiga menn að vita og gleyma því ekki í umræðunni þegar verið er að reikna jaðaráhrif skatta og menn eru að tvíreikna þetta, eins og ágætur hv. þingmaður, Guðjón A. Kristjánsson, gerði hér í frumræðu sinni. Hann tók bæði skerðingarákvæði tryggingana plús skattana og fékk út 85% jaðaráhrif skattanna. Þarna er náttúrlega verið að mála skrattann á vegginn þó að þetta sé rétt reiknað hjá honum. (**Gripið fram í:** Af hverju ...?) Það er vegna þess að þetta er tekjutrygging. Við megum ekki gleyma því. Ef við tækjum hana af yrði það aldrei á annan veg en að þá færu þeir verst út úr því sem standa lakast að vígi í dag. Það megum við ekki gera.

Því má heldur ekki gleyma þegar við ræðum um kjör eldri borgara að þeir eru ekki einn samstæður hópur. Það er langt frá því. Þeir sem eru að komast á ellilífeyri í dag standa mun betur að vígi en þeir sem urðu ellilífeyrisþegar fyrir 20 árum þannig að okkur hefur að sumu leyti tekist að ná því sem við ætluðum að gera en að sumu leyti ekki. Við megum ekki gleyma því að þeir sem standa lakast að vígi hvað þetta varðar er að sjálfsögðu elsti hluti eldri borgaranna. Þeir áttu flestir hverjir ekki möguleika á að safna neinu í lífeyrissjóð. Auk þess eru nokkrar stéttir sem hafa verið með hálfgerða gervilífeyrissjóði, eins og Lífeyrissjóður bænda því miður, að ógleymdum heimavinnandi húsmæðrum sem aldrei hafa safnað neinu í lífeyrisreikning.

Ef við tökum tillit til allra þessara atriða, virðulegur forseti, sjáum við að það er ekki einfalt mál að ná viðtækri sátt í þjóðfélaginu um það hvernig við eigum að haga þessum málum. Eigi að síður er mjög brýnt að leggja í þá vegferð. Við verðum að reyna að ná sátt um málið og við verðum að gera það undir því formerki — og vonandi tekst okkur að ná einhverri pólitískri sátt um það — að bætur eru til þeirra sem standa lakast að vígi. Það er ekkert sjálfgefið að einhverjir eigi endilega að fá bætur af því að þeir eru svo og svo gamlir. Ég lít þannig á málið. Hvað eiga bæturnar að vera, hvar ætlum við að hafa bótamörkin?

Það er alveg rétt að þeir sem njóta bóta eru ekki vel staddir. En menn mega ekki gleyma því heldur að verkamenn og verkakonur sem vinna hér í samfélaginu eru ekki á háum launum. Það er svo langt í frá. Þó að tekist hafi að bæta kaupmáttinn verulega á undanförnum 10–15 árum er langt frá því að hinn vinnandi verkamaður sé á einhverjum háum launum. Eiga bæturnar að vera þannig að þær séu hærri en kaup verkamanna? Ég held að hvaða ríkisstjórn sem er eða hvaða pólitíska afl sem er gæti lent í meiri háttar vandræðum með slíkt. Það getum við aldrei gert.

Þarna eru atriði, virðulegi forseti, sem sannarlega er ástæða til þess að skoða og þau eru ekki einföld. Það eru skattleysismörkin. Það er mjög eðlilegt að menn vilji skoða þau vegna þess að áhrif þeirra geta virkað mjög illilega.

Í þriðja lagi er höfuðnauðsyn þegar við tökum allan þennan málaflokk upp og reynum að búa til úr honum samstæða heild að gleyma ekki því sem er aðalatriði málsins fyrir ríkið til að það geti haldið áfram að borga bæturnar og það er að gæta að skattstofninum. Við megum ekki fæla fólk frá því að vinna, það er hárrétt. Ef við getum haft það þannig að hann sé ekki vinnufælandi þá erum líka við að vinna ríkinu mjög mikið gagn. (Gripið fram í.) Að því leyti hafa sumir sagt hér ákaflega rétta hluti og góða og ég tek undir það. Það er nauðsynlegt að gæta að skattstofninum og fæla menn ekki frá vinnu. Þetta verðum við að hafa í huga.

Virðulegi forseti. Ég hef efasemdir um að smábætur á þetta kerfi geti nokkurn tíma orðið okkur að gagni. Þær tillögur sem eru í þingmálinu sem mælt var fyrir áðan og eru eflaust vel hugsaðar gagnast ekki þeim sem hafa allra minnstu tekjurnar, elsta fólkinu sem hefur heldur ekki möguleika til að vinna. Við skulum því fara yfir málið í heild, virðulegi forseti, og skoða það. Vonandi tekst að ná pólitískri sátt í þjóðfélaginu um það hvernig við högum þessum málum.

[17:51]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var athyglisverð og ágæt ræða hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Hann talaði um mikilvægi þess að ná nýrri sátt um málefni eldri borgara, að ástæða væri til að taka málið upp og ná nýrri sátt um það í samfélaginu. Nefndi hann sérstaklega atvinnuþátttöku eldra fólks, við mættum ekki fæla það frá vinnu. Því spyr ég hv. þingmann hvort við ættum ekki að skoða sérstaklega atriði sem lúta að skerðingarhlutföllum grunnlífeyris og tekjutryggingar þannig að þau verði rýmkuð til að auka svigrúm og hvetja eldri borgara til atvinnuþátttöku.

Ef miðað væri við að lækka skerðingarhlutfall grunnlífeyris úr 30% í 20% og skerðingarhlutfall tekjutryggingar úr 45% í 30% yrðu útgjöld því samfara um 1,3 milljarðar miðað við lífeyrisgreiðslur eins og þær voru í desember 2004. Sem dæmi um hvernig skerðingarhlutfallið virkar núna, um gífurlega skerðingu á lífeyri ef aldraðir hafa atvinnutekjur, má nefna að við 10 þús. kr. í auknar atvinnutekjur á mánuði

hjá hjónum hækka ráðstöfunartekjur þeirra í mörgum tilfellum aðeins um rúmar 1.500 kr. Skerðing og skattar eru þá tæp 85%. Hvatinn til aukins vinnuframlags er því að sjálfsögðu hverfandi. Þvert á móti fælir þetta fólk frá því að sækja vinnu, að drýgja tekjur sínar með þátttöku á vinnumarkaði, fyrir utan mikilvægi þess og gagns af því að njóta starfskrafta þess á vinnumarkaði. Skerðingarhlutfallið, sem er svo hátt, hlýtur að vera eitt af því sem við skoðum fyrst og umfram ýmislegt annað og breyting á því væri kannski ein af þeim breytingum sem mest ástæða væri til að ná nýrri sátt um í málefnum eldri borgara. Þess vegna spyr ég hv. þingmann sérstaklega út í þetta atriði af því að hann ræddi um atvinnuþátttökuna.

[17:53]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú dálítið síðan ég skoðaði þetta reiknilíkan og það er vafalaust rétt að þetta hefur áhrif. Ég hélt þó á sínum tíma þegar ég skoðaði þetta síðast að við *mættum passa okkur á skerðingunum* vegna þess að menn eru að tvíreikna þetta þegar verið er að taka bæði skattinn og að þetta sé tekjutrygging vegna þess að menn geti ekki unnið. Við erum að reyna að búa til bætur fyrir þá sem geta ekki unnið.

Ég hallaðist alltaf að því að skattleysismörkin gætu verið enn þá effektífari hlutur í þessu þó að ég ætli ekki alveg að fullyrða um það af því að ég er ekki með þessar tölur fyrir framan mig en hvort tveggja kemur til greina. Við hljótum að skoða skattleysismörkin í þessu sambandi því ég er viss um að það kemur inn til ríkisins að stórum hluta aftur.

[17:54]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að tengingarnar í þessu kerfi eru að ýmsu leyti flóknar og það er kannski rétt að fara yfir það í örstuttu máli. Í fyrsta lagi skerða lífeyristekjur einstaklinga allar bætur aðrar en grunnlífeyrinn, 21.900 kr., lífeyrissjóðurinn skerðir þær ekki.

Ef við tökum fjármagnstekjur þá skerða þær allar bætur en það er hins vegar deilt í þær með tveimur áður en skert er þannig að það er helmingur fjármagnstekna sem skerðir bætur.

Ef við hins vegar tökum atvinnutekjur, og þá erum við kannski komin að stöðu þess fólks sem á lítinn og engan rétt neins staðar, þá skerða þær allar bætur, líka grunnlífeyrinn, þannig að eldri borgari sem vinnur úti á vinnumarkaði *og á rétt á almannatryggingabótum, hinum samsettu* lágmarksbótum almannatrygginga, tapar ekki bara tekjutryggingunni, tekjutryggingaraukanum og heimilisuppbótinni eins og taflan sýnir hér heldur missir hann líka 22 þús. kr. grunnlífeyrinn.

Það væri náttúrlega mjög auðvelt að lagfæra stöðu þeirra sem eru á vinnumarkaðnum og eiga engan lífeyrisrétt með því að setja sams konar reglu varðandi grunnlífeyrinn og er um lífeyristekjur þannig að atvinnutekjur skertu ekki grunnlífeyrinn. Og þá værum við líka að segja að allir Íslendingar, hvað sem þeir hafa í tekjur, fái 22 þús. kr. frá Tryggingastofnun.

[17:56]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er langt frá því að ég hafi komið hér og haldið því fram að þær reglur sem við erum með í dag séu þær reglur sem við endilega eigum að hafa. Það er langt í frá. Ég tók einmitt fram að við þyrftum að skoða þetta mjög vel með tilliti til þess að reyna að varðveita skattstofninn til þess að auka tekjur ríkisins í heild. Við megum samt ekki gleyma hinu sem ég sagði áðan og ég endurtek það aftur og aftur: Við megum ekki gleyma þeim sem geta ekki bjargað sér, *við verðum að hugsa um þá*. Það er fullt af fólki sem er á þeim aldri og með þá heilsu að hafa enga aðra möguleika, við megum ekki tvíreikna skerðinguna vegna þess að tekjutryggingin er handa þeim sem ekki geta bjargað sér. Það er því villandi þegar menn finna út þessi 85%, þá erum við bara að tvítelja skerðinguna.

Ég tók það fram áðan, virðulegi forseti, að auðvitað kæmi til greina að við færum í gegnum þetta mál í heild sinni og veltum því fyrir okkur í heild. Það væri ekkert sem væri heilagt í því í sjálfu sér, alls ekkert. Ég hélt því alls ekki fram að við værum endilega með lausn og kannski kunnum við ekki að vera með neina heildarlausn. Við eigum að leitast við að ná sátt um þetta sem flestir geta unað við og gæta þess líka um leið að fólk hafi vilja til að vinna því að þannig varðveitum við skattana. Við megum aldrei gleyma því að ríkið verður að geta borgað þær bætur sem það vill borga. Það er aðalatriðið. Auðvitað skulum við skoða kerfið í heild, lífeyrissjóðina, tryggingakerfið og skattkerfið. Ég tók aldrei annað fram.

[17:58]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem bara hér upp til þess að fagna því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, talsmaður Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu, tekur undir að þessi mál þurfi að fara í gegnum endurskoðun. Ég tek líka undir það sjónarmið hans að það má ekki vera þannig að skattkerfið og þessar tengingar fæli fólk frá vinnu en þær gera það eins og þetta er í dag. Það er einfaldlega svo að ef fólk þarf einhverra orsaka vegna að bæta við sig vinnu tapar það fyrst út þessum 22 þús. kr. í grunnlífeyri og borgar þar að auki tekjuskatt til viðbótar. Það er hins vegar algjörlega rétt að skerðingin getur farið upp í 85% meðan grunnlífeyririnn eyðist. Þegar því er lokið greiða menn auðvitað bara skattprósentuna 37% eða hvað hún er á hverjum tíma.

[17:59]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti yfir áhyggjum með að sumir væru ekki á háum launum hér í þjóðfélaginu og ég get verið honum sammála hvað það varðar. Deilir hann þá ekki því sjónarmiði með okkur í Frjálslynda flokknum og Guðmundi H. Garðarssyni að þessi skattlagning á lágu tekjurnar sé e.t.v. komin út í öfgar hjá ríkisstjórninni? Það væri fróðlegt að fá svar við því, en það er sífellt verið að færa skattbyrðina meira og meira á þá

sem hafa lágu launin.

Síðan er vert að vekja athygli á því að landsfundur Sjálfstæðisflokksins samþykkti um helgina tillögu í sömu átt og við í Frjálslynda flokknum flytjum hér nema hvað hún gengur lengra, hún gengur miklu lengra en sú sem við erum að ræða. Það væri fróðlegt að fá að vita hvort hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi stutt þá tillögu og hvort sjálfstæðismenn hafi ekki lent í ákveðnum vandræðum þegar þeir komu með tillögurnar af landsfundinum hingað til þingflokksins og séu einfaldlega ekki tilbúnir að fallast á þetta. Við vorum einmitt að ræða hér annað mál sem skiptir miklu máli í dag, þ.e. að afnema bensínstyrk til hreyfihamlaðra. Það kom upp úr dúrnum að framsóknarmenn voru hugmyndasmiðirnir á bak við þá tillögu. Ég trúi því að hv. þingmaður hafi samþykkt þessa landsfundartillögu sem gengur lengra en sú tillaga sem við í Frjálslynda flokknum flytjum hér. Það væri fróðlegt að fá að heyra hvort hv. þingmaður hafi samþykkt þessa tillögu og hvort hann geti þá ekki samþykkt þá tillögu einnig sem við ræðum hér nú.

[18:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bæði rétt og skylt að gera þingheimi grein fyrir því hvernig hlutir ganga á landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Ég skil að menn hafi áhuga á því. Ég get alveg upplýst að ég tók þátt í nefndarstörfum um málefni aldraða. Ég get upplýst að ég var sammála í öllu þeirri samþykkt sem þar var gerð nema að einu leyti. Ég var ósammála einu atriði í henni. En það var einmitt um skattlagningu. Ég taldi hana ekki standast og ekki nokkur leið að koma henni í framkvæmd. Að öðru leyti var ég sammála samþykktinni.

Ég tók fram og menn verða að hafa það í huga að bótakerfið verður að miðast við framleiðnina í þjóðfélaginu. Eina leiðin til að bæta kjör verkamanna er að bæta kjör atvinnurekstrarins. Öðruvísi bætum við ekki kjör Íslendinga. Við skulum líta á þetta allt saman í heild sinni. Aðferðin til þess er að tryggja jafnræði, tryggja viðskipti og tryggja framleiðslustöðu Íslands og samkeppnisstöðu. Það eru aðeins ríkar þjóðir sem hafa efni á því að hafa víðfeðm og stór tryggingakerfi. Fátækar þjóðir geta það ekki, þar eru menn úti á gaddinum. Einmitt vegna þess að við erum rík þjóð og efnahagslífið gengur vel á Íslandi höfum við efni á því að reka víðtækt almannatryggingakerfi, hvað við viljum reka og ætlum okkur að reka áfram.

Ég fór nákvæmlega yfir það að ég teldi að réttari leiðin væri að skoða þetta allt í samhengi, skattkerfið, almannatryggingakerfið og lífeyrissjóðina. Það væri vinna því okkur hefur láðst að vinna á umliðnum árum, við kæmumst ekki hjá því að leggja í þá vinnu, ættum að gera það, ættum að leggja okkur fram um það því mjög mikil þörf væri á því ef við næðum nú pólitískri sátt á Alþingi og á vinnumarkaðnum um það hvernig við höguðum þessum hlutum.

[18:03]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þetta andsvar hv. þingmanns. Það er að heyra að hann sé sammála okkur hvað varðar umrædda þingsályktunartillögu og að hann hafi þá stutt tillögur sem hafa gengið lengra og ætti þess vegna að geta greitt þessari tillögu okkar Frjálslynda flokksins örugga leið í gegnum nefnd. Ég er viss um að það er ákveðinn samhljómur í þjóðfélaginu um að leiðrétta kjör eldri borgara, þó svo að heyra megi ef til vill einhverjar efasemdaraddir, sérstaklega hjá framsóknarmönnum í þjóðfélaginu. Við sjáum að menn hafa gert hér að umtalsefni að forðast ætti þau mál sem geta dregið úr atvinnuþátttöku. Mig langar þess vegna að spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson varðandi þá hugmynd að skerða bensínstyrkinn til hreyfihamlaðra, hvort að það geti ekki einmitt verið einn liðurinn í því að draga úr atvinnuþátttöku þess hóps.

[18:04]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umræðu um fjárlögin kom þetta atriði dálítið til umræðu. Ég tjáði mig um það. Ég skal að gera það aftur. Ég er ekki tilbúinn til að taka afstöðu á neinn hátt til þeirra tillagna um breytingar á bótum sem þar komu fram. Það er eitthvað sem menn verða að ræða sín á milli og ég var ekki tilbúinn að tjá mig um það og ég áskil mér rétt til þess seinna.

Hins vegar gerði ég athugasemd við það í fjárlagaumræðunni að einstök ráðuneyti geta ekki smeygt sér fram hjá kröfunni um hagræðingu í rekstri með því að taka slíkt út af einstökum bótaflokkum. Ég sagði í umræðunni að það væri óhæfilegt. Við gætum ekki liðið það. Við (**KHG:** Það er tillaga ríkisstjórnarinnar.) værum að samþykkja fjárlög sem byggðust á rammafjárlögum þar sem ráðherrarnir allir í heild sinni hafi gengið undir það jarðarmen sem rammarnir væru. Þeir hafa allir í heild sinni samþykkt þær hagræðingarkröfur í rekstri sem settar voru upp í upphafi. Þeir gætu ekki, alveg sama hver þeirra væri, hlaupist undan hagræðingarkröfunni. (**Gripið fram í:** Ekki utanríkisráðuneytið.) Þeir gætu það ekki. (Forseti hringir.) Skiptir ekki máli hvaða ráðuneyti það er. Ég hef látið það í ljós, bæði í þinginu svo og í störfum í fjárlaganefnd.

[18:06]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Við lok umræðunnar vil ég þakka þátttöku þeirra hv. þingmanna sem hafa komið upp í ræðustól og rætt þessi mál. Ég ætla ekki að hafa langt mál að þessu sinni. Ágætisumræða um málefni eldri borgara hefur farið fram í hv. Alþingi á undanförnum dögum og umræðan í dag hefur vissulega upplýst þessi mál enn frekar.

Það er kannski eitt samt sem ég vil víkja að í framsetningu tillögu okkar. Eins og menn vita er hún byggð þannig upp að í stað þess að skerðingarnar komi beint með 45% reglunni eru sett þrep, þ.e. 50 þús. kr. skerði ekkert og síðan komi þrep á hverjar 10 þús. kr. þar á eftir upp að 100 þús. kr. Þá sé þeirri fullu skerðingu náð sem núna er 45%. Þetta held ég að sé ákveðin leið til að ná meira réttlæti í þessari útfærslu. Ég vek líka athygli á að þessi útfærsla gerir það að verkum að þegar fólk fer að eiga hærri inneignir í lífeyrissjóði sem verður vonandi á næstu árum, þó ég sé alveg sannfærður um, því miður, að við munum búa við það sennilega ein 20 ár í viðbót eða jafnvel lengur að þó nokkur hópur Íslendinga muni ekki eiga mikil réttindi í lífeyris-

sjóði, þá muni lífeyrisréttur fólks batna. En samt sem áður mun þeim örugglega fjölga sem á komandi árum munu eiga aukinn rétt í lífeyrissjóði.

Það er rétt sem sagt hefur verið að stoðir lífeyriskerfisins á komandi árum verða þrjár. Það verður almannatryggingalífeyririnn, það verða almennu lífeyrissjóðirnir, söfnunarsjóðirnir okkar og það verður séreignarsparnaðurinn. Þetta er lífeyriskerfi eins og við höfum ákveðið að byggja hér upp. Eftir því sem fleiri Íslendingar eiga hærri upphæðir í lífeyrissjóði og geta fengið þær út um hver mánaðamót, þá minnkar vægi þessarar tillögu og þar af leiðandi mun kostnaður ríkissjóðs af þessari útfærslu minnka á komandi árum. Það gerist ekki hratt, það gerist mjög hægt vegna þess að fólkið sem á yfir 100 þús. kr. lífeyri fjölgar ekkert svakalega hratt á komandi árum, því fjölgar en það gerist kannski á næstu 25 árum eða svo. Ef þessar viðmiðunartölur haldast óbreyttar þýðir þetta að það verða færri sem njóta þessarar reglu, þ.e. smátt og smátt verður lífeyririnn meiri stoð í afkomu fólks en verið hefur.

Þegar við erum í hv. Alþingi að búa til texta og lagatexta, ég tala nú ekki um þegar við erum að útfæra eitthvert fyrirbæri eins og tryggingakerfi og samspil skatta og tekna, þá er þetta eilífum breytingum undirorpið á milli ára og áratuga í okkar þjóðfélagi. Þess vegna er það svo að þótt við séum hér að leggja til tillögur sem við höldum að geti verið til mikilla bóta sem afkomutrygging og lágmarkslífeyrisafkoma fyrir eldri borgara, þá munu þær tillögur auðvitað þurfa endurskoðunar við á komandi árum þó að þær yrðu samþykktar.

Ég held að rétt sé að vekja í lokin aðeins athygli á því, hæstv. forseti, sem komið var inn á í umræðunni, að það er ákaflega skrýtin regla sem er í gildi í skerðingarákvæðiskerfinu. Það er þegar öryrkjar verða eldri borgarar. Dæmi er um það sem ég hygg að margir þingmenn hafi undir höndum og var nefnt af hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur áðan. Hægt er að sýna fram á það með dæmi núlifandi konu sem hefur m.a. verið í fjölmiðlum að kynna það, að tekjur hennar eftir að hún varð löggildur ellilífeyrisþegi í júlí sl. lækkuðu um 30 þús. kr. á mánuði. Þannig virkar það. Hún var öryrki að hluta til en stundar atvinnu á vinnumarkaðnum og svona virkaði þessi útfærsla fyrir hana. Ég hef líka vakið máls á því að ef fólk vill auka tekjur sínar af því það hefur ekki nægilegar tekjur samanlagt til afkomu sinnar úr almannatryggingum og úr lífeyrissjóði, og vill auka tekjur sínar á vinnumarkaði, þá gerist það á meðan að ellilífeyririnn eyðist, þessar 22 þús. kr. sem kallast grunnlífeyrir í dag. Skattbyrðin er þá með jaðarskattsáhrifum allt að 85% þangað til 22 þús. kr. eru horfnar. Til þess þarf auðvitað viðkomandi ellilífeyrisþegi að þéna a.m.k. yfir 50 þús. kr. á mánuði til þess að eyða 22 þús. kr. því þetta eyðist með 45% reglunni. En bara af atvinnutekjum. Það eru bara atvinnutekjur sem geta eytt grunnlífeyrinum. Aðrar tekjur, eins og fjármagnstekjur, eyða öllum hinum bótaflokkunum, þ.e. tekjutryggingunni, tekjutryggingaraukanum og heimilisuppbótinni en eyða ekki grunnlífeyrinum. Það gerist hins vegar ef fólk neyðist til að fara út á vinnumarkaðinn. Það er auðvitað ákaflega sárt hjá fólki sem langar til að vera á vinnumarkaði vegna félagslegra ástæðna eða einfaldlega vegna þess að það þarf þess til að komast af, ef það síðan horfir á það þegar það fær útborgað og skoðaðar eru samtengingar grunnlífeyris, tekjutryggingar, tryggingabótakerfis og skattkerfisins og þegar það er búið að greiða gjöld til síns stéttarfélags o.s.frv., þá eru eftir í umslaginu tæpar 1.600 kr. af hverjum 10 þús. kalli upp fyrir 50 þús. krónurnar meðan verið er að eyða grunnlífeyrinum. Þessi útfærsla er ákaflega letjandi fyrir fólk og ekki við því að búast að fólk sækist mikið eftir því að vera á vinnumarkaði meðan reglurnar eru svona útfærðar.

Ég vil því segja að lokum, hæstv. forseti, að mjög nauðsynlegt er að þessi mál séu rædd og skoðuð í samhengi í gegnum skattkerfið, að búið sé til dæmi þar sem farið er með fólk í gegnum skattkerfið og tryggingabótakerfið eftir því hvort það hefur atvinnutekjur, lífeyristekjur eða fjármagnstekjur. Fjármagnstekjurnar skerða að hálfu, deilt er í með tveimur áður en þær skerðast. Þetta er svona í meginatriðum reglurnar að því er varðar þessi skerðingarákvæði. Ég held því að það væri afar nauðsynlegt fyrir okkur í hv. Alþingi að lagfæra stöðu eldri borgara og ég tel að við getum það með skynsamlegum vinnubrögðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Láglendisvegir, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 9. mál. — Þskj. 9.

[18:16]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um láglendisvegi. Tillagan gengur út á það að við setjum okkur þau markmið að aðalvegakerfið hér á landi verði leyst til framtíðar með því að gera jarðgöng þar sem við á. Við leggjum til að málinu verði raðað upp til nokkuð margra ára — við erum að tala um 20 ár — og að þeim jarðgangaverkefnum sem m.a. voru upptalin í skýrslu sem unnin var á árinu 1999 og gefin út í janúar 2000 og hét Jarðgangaáætlun, verði raðað upp í sérstakan forgangsflokk. Það var reyndar gert í þessari ályktun á sínum tíma en hefur ekki verið endurskoðað eins og þó var mælt fyrir um í þessari tillögu.

Í fylgiskjali með þeirri tillögu til þingsályktunar segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að jarðgangaáætlun sé gerð til tíu ára hverju sinni og endurskoðuð á fjögurra ára fresti.“

Við hefðum því átt að endurskoða áætlunina og raða verkefnum upp á nýtt.

Þar segir einnig, með leyfi forseta:

„Líklegt má telja að í þeim áfanga“ — þ.e. að endurraða upp á nýtt — „væru einhver verkefnanna nr. 5–7 af Vestfjörðum og nr. 11–15 af Austfjörðum.“

Svo segir í niðurlagi þessa fylgiskjals með þingsályktunartillögunni.

Verkefnin nr. 5–7 voru: 5. Óshlíð, 6. Ísafjörður – Súðavík, 7. Eyrarfjall í Djúpi. Þetta var á Vestfjörðum.

Verkefnin nr. 11–15 á Austfjörðum voru: 11. Vopnafjörður – Hérað, undir Hellisheiði eystri, 12. Seyðisfjörður – Hérað/Norðfjörður, 13. Norðfjörður – Eskifjörður, 14.

Fáskrúðsfjörður – Stöðvarfjörður, 15. Stöðvarfjörður – Breiðdalsvík. Þetta voru tillögur nr. 11–15.

Þessi tillaga var kynnt hér á Alþingi, og þessi skýrsla, og rædd og í henni voru mörkuð þrjú ákveðin verkefni sem ætti að vinna að. Það var Reyðarfjörður – Fáskrúðsfjörður, sem er búið að framkvæma. Það var Siglufjörður – Ólafsfjörður, Héðinsfjarðargöng sem nú er verið að auglýsa eftir áhugasömum verktökum í. Svo var það Arnarfjörður – Dýrafjörður sem átti að vera næsta verkefni eftir Héðinsfjarðargöngum. Þannig var þetta sett upp á sínum tíma.

Tillaga okkar í Frjálslynda flokknum gengur út á það að Alþingi ályktar að Vegagerðinni skuli falið að vinna tillögur sem byggist á því að allar helstu leiðir á þjóðvegi 1, Vestfjörðum og norðausturhorni landsins verði á láglendi, undir 200 m hæð yfir sjó. Einkum verði lagt til grundvallar aukið öryggi og stytting leiða milli suðvesturhornsins og annarra landsvæða, og eins innan landsvæða.

Meginákersla verði lögð á jarðgöng og þverun fjarða við útfærsluna og horft til mesta mögulega sparnaðar miðað við t.d. 50 ára notkun mannvirkja. Reiknaður verði út sparnaður samfara nýju vegakerfi, t.d. við flutning á raforku því sums staðar er hægt að nýta sér það að leggja rafstrengi í gengum jarðgöng í staðinn fyrir að fara með þá yfir fjöllin. Ég nefni t.d. jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Oft hefur komið fyrir að raflínan þar yfir í Dýrafjörð frá Mjólkárvirkjun hafi farið úr sambandi í vondum veðrum. Þar væri hægt að leggja jarðstreng og ná þannig miklu öruggari flutningsleið að vetri til.

Einnig má hugsa sér að sums staðar þar sem jarðgöng yrðu gerð á komandi tímum væri hugsanlegt að nýta þau til þess að flytja heitt vatn ef það er til staðar, stytta vegalengdir milli staða varðandi hitaveitur, ef það kemur upp. Á þetta er bent hér sem hliðaráhrif við það sem hugsanlegt væri að skoða, einkum þegar verið er að tengja saman byggðir með jarðgöngum sem gætu gert þetta mögulegt. Þess vegna er vikið að þessu.

Síðan er vikið að því hver ávinningurinn af hugsanlegri lagfæringu vegakerfisins yrði, t.d. fækkun flugvalla og hafskipahafna. Því er nú verr að lítið er um hafskipaflutninga út á land orðið. Þeir hafa að meginstofni lagst niður. En við vitum að þegar vegalengdir frá ákveðnum stöðum til Reykjavíkur, þ.e. akstursvegalengdir, eru komnar niður fyrir um það bil þrjár klukkustundir þá fer flugið að láta á sjá. Það er bara reynslan sem segir okkur þetta. Við sáum flugið leggjast af á Snæfellsnesi bæði til Rifs og Stykkishólms. Við sáum það leggjast af á Blönduósi eftir að vegakerfið lagaðist. Við sáum það leggjast af til Hólmavíkur. Og þegar búið verður að lagfæra Þverárfjall ætli flugið eigi þá ekki mjög undir högg að sækja á Sauðárkrók? Mér kæmi það ekki á óvart. Við sjáum því að ákveðið samspil er á milli akstursvegalengda til höfuðborgarsvæðisins og þess hvort flug haldi velli á höfuðborgarsvæðið og gætum við tengt þessa umræðu við flugvöllinn og staðsetningu hans. En ég ætla að sleppa því í þessari ræðu og umfjöllun um þetta mál.

Við höfum í þessari tillögu talið upp, hæstv. forseti, þó nokkra fjallvegi þar sem kæmi til greina að gera jarðgöng. Í fyrsta lagi nefnum við Arnarfjörð – Dýrafjörð og eins og ég sagði áðan þá liggur fyrir að þau göng eiga að vera næst á dagskránni á eftir Héðinsfjarðargöngum samkvæmt fyrri ákvörðun. Þess vegna má segja að vonandi liggi sú ákvörðun fyrir þó framkvæmdir séu ekki hafnar og ekki sé farið að huga að útboðum. Búið var þó að rannsaka nokkuð berglög og menn hafa nokkurn veginn áttað sig á því hvar göngin mundu liggja.

En það er nú svo með göng úr Arnarfirði yfir í Dýrafjörð að þau leysa ekki vandann. Eftir stendur Dynjandisheiði og menn verða þá að gera annaðhvort að finna vegstæði eða lagfæra vegstæðið á Dynjandisheiði þannig að það verði ökufært eða, sem auðvitað væri betra, að finna áframhaldandi leið með jarðgöngum til að tengja byggðirnar saman og tengja saman vegakerfið. Þess vegna er Dynjandisheiði sett á þennan lista. Vegagerðin heldur því hins vegar fram að vel megi leggja akfæran veg yfir Dynjandisheiði og ætla ég ekkert að hafna því vegna þess að það hagar einfaldlega þannig til á Dynjandisheiði að mun snjólétt-ara er á sunnanverðri heiðinni en að norðanverðu. Uppkeyrslan á Dynjandisheiði að norðanverðu í dag er auðvitað þannig að ef eitthvað snjóar þá er hún lokuð.

Sumt af því sem talið er upp í þessari tillögu hefur þegar verið leyst. Við getum nefnt Óshlíð. Búið er að taka ákvörðun um að lagfæra veginn um Óshlíð þó um það séu deilur heima í héraði enn þá hvaða leið eigi þar að fara. Sumir vilja fara 1.200 metra jarðgöng í Óshlíðinni sjálfri. Aðrir vilja fara inn í Vestfjarðagöngin svokölluðu, þríarma göngin milli Ísafjarðar, Flateyrar og Suðureyrar. Það er kannski ekki alveg sátt um það. Alla vega liggur ákvörðun ríkisstjórnarinnar — eða ég skil það svo að ríkisstjórnin sé ákveðin í því að skoða alla vega kostinn um Óshlíð. Menn eiga auðvitað eftir að meta þar stöðuna og hvaða möguleikar eru til þess.

Ísafjörður – Súðavík, það er annar vegartálmi á Vestfjörðum sem nauðsynlegt er að horfa á til framtíðar hvernig eigi að leysa. Við höldum að það verði best gert í framtíðinni með því að búa til jarðgöng á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar.

Eyrarfjall í Djúpi nefnum við hér. Eins og ég sagði áðan þá er þegar búið að taka ákvörðun um að fara með veginn yfir Mjóafjörð, yfir Hrútey, þannig að af sjálfu leiðir ef menn fara þá leið að þá dettur Eyrarfjallið út. Það liggur algjörlega fyrir þó að það verði kannski opið sem sumarvegur. En þjóðvegurinn mundi þá liggja yfir Mjóafjörð, yfir Skálavíkurháls og síðan um Vatnsfjörð og yfir í Reykjafjörð og þannig tengjast þjóðvegakerfi landsins. Þegar því verki lýkur þá er auðvitað kominn vegur með bundnu slitlagi frá Ísafirði og inn á vegina um Steingrímsfjarðarheiði.

Tröllatunguheiði. Það liggur einnig fyrir að menn hafa tekið nokkra ákvörðun um að leggja veg yfir heiðina úr Arnkötludal og yfir í Gautsdal þannig að þar verður ekki um jarðgöng að ræða ef menn fara þá leið.

Siglufjörður – Ólafsfjörður. Ég nefndi áðan að það er þegar komið á framkvæmdastig.

Öxnadalsheiði. Það er spurningarmerki hvort fara eigi þar eða einhvers staðar annars staðar úr Skagafirði sem hagkvæmari kostur telst. Ég tel að menn þurfi bara að athuga virkilega vel hvað teljist besti kosturinn á þeirri leið.

Vaðlaheiðin er hér nefnd. Menn hafa talað þar jafnvel um einkaframkvæmd en það er alveg ljóst að Víkurskarðið

er vegartálmi, sérstaklega þegar veður er erfitt.

Vopnafjörður – Hérað. Að mínu viti er mjög áríðandi að þar séu gerð göng og vegalengdir frá Vopnafirði til Héraðs styttar með varanlegri lausn. Ég tel best að gera það með göngum, hvort sem farið yrði undir Hellisheiði eystri eða annars staðar á milli Héraðs og Vopnafjarðar.

Síðan eru talin upp þau göng sem nefnd hafa verið á Austfjörðum, Seyðisfjörður – Hérað/Norðfjörður og Norðfjörður – Eskifjörður. Þar eru að vísu göng á milli en þau standa mjög hátt í landinu og eru einbreið og engan veginn samgöngumáti sem dugar til framtíðar.

Svo eru það Fáskrúðsfjörður – Stöðvarfjörður, Stöðvarfjörður – Breiðdalsvík, Skriðdalur – Berufjörður, þ.e. Öxi. Við veltum þessu upp hér.

Undir Berufjörð var ein af hugmyndunum í jarðgangaáætlun á sínum tíma. Svo eru það Reynisfjall í Mýrdal og Hellisheiði er hér nefnd. En þar er hins vegar verið að gera verulega bragarbót á þjóðveginum og engar líkur eru til þess að menn leggi í þann kostnað og ætli svo að gera jarðgöng stuttu á eftir. Ég sé því ekki fyrir mér að Hellisheiði eigi lengur heima á þessum lista miðað við þá forgangsröð sem menn hafa farið í.

Auðvitað hefur margt fallið af þessum lista. Einu sinni var áætlað um að gera jarðgöng yfir í Kolgrafarfjörð. Það er fallið út eftir að Vatnaheiðin var gerð og þverun vegar yfir Kolgrafarfjörð.

Við teljum að með því að vinna þetta skipulega, fara skipulega í þetta verk að skoða jarðgangakosti sem æskilegir teljast og hagkvæmir þá munum við standa eftir með — ja, hvað eigum við að segja — 15 jarðgöng sem gætu hugsanlega, miðað við ákvarðanirnar í dag eins og þær liggja fyrir, *verið samtals um 70 km. Við teljum að til 20 ára megi* búa til áætlun um það hvernig að þessu sé best að standa. Ef við gerum það verðum við að merkja úr vegafé um það bil 1,5 milljarða á ári í jarðgangalausnir. Við erum þá að horfa kannski til 20–25 ára, þ.e. að þá verði þeim endanlega lokið. *Ef til vill kemur svo fram annað mat á þeim tíma.*

En ég tel nauðsynlegt að fara að ræða hvernig við ætlum að haga þessum málum í framtíðinni. Ég tel mjög bagalegt að líða skuli mörg ár á milli svona framkvæmda eins og hefur gerst eftir að við lukum Vestfjarða- og Hvalfjarðargöngum og fórum síðan í Austfjarðagöngin. Það liðu mörg ár á milli. (**Gripið fram í:** Almannaskarð.) Almannaskarð, já. Ég gleymdi að nefna það. Það var reyndar aldrei inni á áætlun. Því var kippt svona inn svipað eins og þeir gera með Óshlíðina núna. En allt gott um það. Þetta held ég að við eigum að gera í hv. Alþingi og skipuleggja þessi mál af skynsemi. Um það þarf ekki lengur að deila hvað mikið umferðaröryggi hefur fylgt þessum framkvæmdum, t.d. Hvalfjarðargöngum og Vestfjarðagöngum. Við eigum að setja þetta í forgang.

[18:31]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er athyglisverð tillaga og fróðlegt að sjá jarðgangahugmyndir og fleira tekið saman í eina stutta og hnitmiðaða tillögu.

Ég vil spyrja hv. þingmann og 1. flutningsmann tillögunnar, Guðjón Arnar Kristjánsson, — en að sjálfsögðu er það lagt til í tillögunni að Vegagerðinni verði falið að reikna út kostnað og annað *við einstakar framkvæmdir og* framkvæmdaheildina alla — hvort hann hefði svona til hliðsjónar látið slá á annars vegar kostnað við jarðgangagerðina og hins vegar hugsanlega hagkvæmni af henni og því að færa þessa vegi niður á láglendið. Því það er hægt að *líta þannig á að slíkar fjárfestingar, slík útgjöld til vega og* samgöngumála skili sér með mjög margvíslegum hætti beint og óbeint inn í þjóðarbúið sem hreinar fjárfestingar í grunngerð samfélagsins og kannski þeirri mikilvægustu þar sem það er oft spurning um líf og dauða hvernig fólk kemst *um vegina við misjöfn veðurskilyrði. Og einnig líf og* dauða fyrir einstök byggðarlög þar sem samgöngur innan svæða og milli svæða skipta öllu í nútímasamfélagi, t.d. hvort einhver möguleiki sé að reisa við byggð úti á landi þar sem hefur hallað undan fæti kannski mörg undanfarin *ár út af því að kvótinn hefur verið seldur burtu úr byggðinni* eða af öðrum orsökum en þá skipta fjárfestingar í þessari grunngjörð öllu máli.

Því vildi ég spyrja hv. þingmann, þó að hann hafi ekki lagt kostnaðarútreikninga fram sem fylgiskjal hvort hann *hafi kannski látið slá á* það eða hafi einhverja hugmynd um annars vegar kostnað og hins vegar hagkvæmnina á móti fyrir samfélagið.

[18:33]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum nú ekki látið gera það enda værum við þar að fara í þá vinnu sem tillagan felur í sér, því að þar segir jú:

„Alþingi ályktar að Vegagerðinni skuli falið að vinna tillögur sem byggist á því?“ o.s.frv.

Síðan segir í greinargerðinni:

„Ekki fer á milli mála að þekkingu við gerð jarðganga hefur fleygt fram hér á landi og að kostnaður fer lækkandi á hvern kílómetra í jarðgangagerð. Verkhraði er einnig meiri en áður?“ o.s.frv.

Nú vitum við að svona almennt talað í jarðgangagerðinni eru menn að tala um u.þ.b. 500 milljónir fyrir kílómetrann. Ég hef spurt samgönguráðherra að því hver kostnaðurinn hafi verið við jarðgöngin á Austurlandi, en ekki fengið tölur um það. En við vitum jú að það gekk ákaflega vel með Almannaskarðsgöng og einnig með göngin milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar þannig að ég gæti svo sem vel trúað að menn væru að tala um lægri tölur en ég nefndi. Það hefur heldur ekki farið fram úttekt hjá Vegagerðinni um hver raunverulegur sparnaður af Hvalfjarðargöngum og Vestfjarðagöngum sé. Þetta þarf Vegagerðin auðvitað að fara að gera og láta þær upplýsingar koma fram hér fyrir hv. Alþingi og samgöngunefnd. Þeir verða að fara að leggja mat á og segja okkur hvað hefur sparast við að gera slíkar varanlegar lausnir. Miðað við slit og slys í þessum göngum þá verða þeir líka að geta sagt okkur miðað við spá hvað mun sparast á næstkomandi 10, 20, 30, 40 árum. Þetta eru auðvitað upplýsingar sem okkur vantar og í ljósi þess verður Vegagerðin að vinna svona tillögu og koma fram með tölur um þetta. Síðan er það auðvitað afstætt hvenær nákvæmlega menn horfa til sparnaðar. Ég kem kannski aðeins betur að því hér á eftir.

[18:36]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Þetta er athyglisverð umræða sem hér fer fram. Þessa þingsályktunartillögu, sem sett er fram af hófstillingu og sanngirni, ætti að vera hægt að samþykkja hér á Alþingi, hver sem viðhorf manna til jarðgangagerðar eru. En umræðan um jarðgangagerð hefur kannski farið svolítið úrskeiðis á síðustu missirum af því að oft er, kannski sérstaklega meðal margra á höfuðborgarsvæðinu, talað um jarðgangagerð sem einhvers konar óþarfa útgjöld og byggðabruðl þar sem slíkt standi aldrei undir sér, engin raunveruleg þörf sé á jarðgöngum og þetta sé frekar dæmi um mikil ítök einstakra landsbyggðarþingmanna á þingflokka sína. Umræðan um jarðgangagerð og láglendisvegi eins og hér kveður á um hefur því farið mjög úr leið en hún er mjög brýn og mikilvæg.

Í tillögunni eru jarðgangakostir taldir upp og þar er t.d. lagt til að í þessi verkefni verði farið á næstu tveimur áratugum. Hv. 1. flutningsmaður nefndi að hver kílómetri kostaði sirka 500 milljónir, kannski eitthvað minna, ætli það hafi ekki farið eitthvað undir það t.d. fyrir austan við Almannaskarðsgöngin. Það var mjög tilkomumikið að verða vitni að því þegar samgönguráðherra sprengdi þar síðasta haftið í fyrra, þetta eru merkileg göng sem gjörbreyta leiðinni austur fyrir íbúa Hornafjarðar og að sjálfsögðu íbúana fyrir austan sem fara suður.

Einstaka framkvæmdir sem hér eru taldar upp geta því gjörbreytt byggðunum og gjörbreytt því hvort byggð eigi sér einhverja lífsvon eða ekki. Þess vegna er það mjög mikilvægt og sanngirnismál bæði fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar á landinu að gerð verði gagnger úttekt á kostunum sem fyrir liggja, þörfinni, hagkvæmnismatinu og fleiru. En það er hægt að reikna svo margt inn í þegar rætt er um hagkvæmni við gerð ýmiss konar samgöngumannvirkja, jarðganga, tvöföldunar vega og annað af því að það sparast svo fjöldamargt. Hvert alvarlegt bílslys kostar samfélagið ótrúlega fjármuni, tölur sem ég treysti mér ekki til að fara með af því að ég er ekki með þær alveg handbærar. En það eru ótrúlegir fjármunir sem hvert alvarlegt slys kostar samfélagið með svo margvíslegum hætti. Það er að sjálfsögðu tilfinnanlegt tjón fyrir fjölda manns í hvert sinn sem alvarlegt bílslys á sér stað, fyrir utan beint tjón á eignum. Síðan má einnig líta á hverju það skilar byggðunum og samfélaginu aftur, eða hagvexti í landinu, að eitthvert svæði taki við sér og fari að framleiða á ný, sem skiptir öllu máli því þannig geta byggðir öðlast nýtt líf. Það verður aldrei um raunverulegan uppgang ýmissa jaðarbyggða að ræða, eins og oft er talað um núna, eða landsbyggðarinnar lengst fyrir norðvestan og norðaustan nema til komi mjög umfangsmiklar samgöngubætur eins og þær sem verið er að tala um hérna, burtséð frá hvaða viðhorf menn hafa til þess.

En svona aðeins til að rétta umræðuna af og kannski áherslur í vegagerð er Sundabraut náttúrlega á dagskrá, en það er mjög mikilvæg samgönguframkvæmd og samgöngufjárfesting fyrir samfélagið allt, bæði fyrir þá sem búa úti á landi eða hér á suðausturhorninu af því að allt tengist þetta nú með einum eða öðrum hætti.

Hérna er Hellisheiðin aðeins nefnd, sem er örugglega langfjölfarnasti fjallvegur á Íslandi. Meðaldagsumferð um hana er nú um 700 þúsund bílar en umferð um veginn hefur aukist um 70% á áratug og það þykir gríðarleg umferðaraukning. En ef marka má umræðuna þá virðist ekki þykja skynsamlegt að farið verði í að bora jarðgöng undir Hellisheiði, það verði seint eða aldrei gert, þar verði aðrar samgöngubætur að koma til. Hérna segir að unnið sé að verulegum samgöngubótum sem væntanlega reynist vel. Vissulega er verið að bæta leiðina austur fyrir fjall nú þegar með mjög ágætum hætti sums staðar en umdeilanlegum annars staðar. Stóra áfanga á þeirri leið, sérstaklega Hellisheiðina sjálfa og brekkurnar upp hana og niður þarf að sjálfsögðu að tvöfalda þannig að skilið sé algjörlega á milli akreina. Það er ekki nóg að gera það með mjóum víraleiðara eins og verið er að gera núna á öðrum hlutum leiðarinnar þar sem örmjó braut liggur þeim megin sem vegurinn er einfaldur, mjög undarleg framkvæmd að öllu leyti. Menn hljóta að skoða mjög vandlega hvernig er staðið að þessu þar sem vegaxlir virðast hverfa inn í stæði sem fer undir leiðarann, en ákveðið var eftir að framkvæmdin hófst að skilja á milli akreina með víraleiðara. Það er aldrei ávísun á mikla gæfu þegar svo handahófslega er staðið að verki. En það tengist því vissulega hversu fjölfarinn vegurinn er hve hættulegur hann er. Þar getur líka brostið á með alveg ótrúlegum veðravítum og oft hefur legið við mjög alvarlegum og mannskæðum slysum þó að oft hafi sloppið, kannski út af viðbragðsflýti og röskleika björgunarsveita og lögreglu fyrir neðan heiðina, þannig að það þarf að skoða sérstaklega. Þegar ég tók það upp við samgönguráðherra hér á Alþingi í fyrra hver kostnaðurinn væri við að tvöfalda leiðina austur fyrir fjall frá Rauðavatni að Selfossi kom fram að heildarkostnaðurinn við það væri trúlega í kringum sjö milljarðar, sem eru að sjálfsögðu mjög miklir peningar. En við þreföldun eða þrígreiningu væri kostnaðurinn líklega tveir til þrír milljarðar og menn lögðu áherslu á að farið það yrði í þær framkvæmdir þar sem það þótti raunhæfara að berjast fyrir því, sem er bæði skiljanlegt og skynsamlegt.

Á stórum hluta leiðarinnar austur fyrir fjall og sérstaklega yfir sjálfa heiðina þurfa endurbætur að ganga miklu hraðar og miklu lengra. Nú við endurskoðun samgönguáætlunar hljóta lok á endurbótum á Suðurlandsvegi að fara inn á áætlun þannig að við sjáum fyrir endann á þeim framkvæmdum þar sem lagt er fyrir að vegurinn yfir Hellisheiði verði tvöfaldaður og helst lýstur. Það eru reyndar deildar meiningar um kosti þess að lýsa fjallvegi en ég er alveg sannfærður um að það mundi margborga sig að lýsa veginn yfir Hellisheiði vegna umferðaröryggis. En þar verður ábyggilega aldrei láglendisvegur og því þarf að grípa til annarra ráða eins og að breikka veginn. Svo hafa menn rætt um ýmsa aðra kosti, t.d. að leggja snjóbræðslu sem ég hef heyrt að geti reynst erfitt yfir fjallveg sem getur verið jafnsnjóþungur og erfiður og heiðin.

Mikilvægast er að tvöfalda brautina og lýsa og svo er hitt sem stundum hefur verið nefnt en ekki farið mikið inn í umræðuna, en það er hvernig það kæmi út og hver væri kostnaður við að byggja jafnvel yfir einhverja hluta, t.d. brekkurnar upp á heiðina sitt hvorum megin, þ.e. Kambana og Hveradalsbrekkuna. Ef þessi tillaga færi inn í nefnd væri fróðlegt að bæta slíkum hugmyndum inn í úttektina, t.d.

hver kostnaður væri við slíkar umbætur á einhverjum hlutum leiðarinnar. Tillagan er athyglisverð og kemur af stað merkilegri umræðu hér í þinginu.

[18:45]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með þá tillögu sem hér er komin fram. Tillagan væri í raun óþörf í þeirri mynd sem hún liggur fyrir ef staðið hefði verið við samþykkta jarðgangaáætlun, eins og fram kom í máli hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar. Þar er gert ráð fyrir endurskoðun á fjögurra ára fresti. Eins og fram kom hefur sú endurskoðun ekki farið fram, sem er mjög miður. Það hefur leitt til þess að á síðustu árum hafa verið teknar skyndiákvarðanir í jarðgangagerð. Upp er komin einhvers konar tilviljanakennd röð á jarðgöngum. Það ætti ekki að eiga sér stað. Við höfum nokkur dæmi um slíkt á síðustu árum og nægir að nefna veginn um Almannaskarð. Síðasta dæmið er áætlanir um jarðgöng frá Bolungarvík. Báðar tillögurnar, þ.e. jarðgöngin undir Almannaskarð og áætlun um jarðgöng frá Bolungarvík, eru til komnar vegna slysa og ákveðinna aðstæðna.

Skoðanir eru skiptar um hvar göng frá Bolungarvík skuli liggja og afar slæmt að sá tími sem hefur gefist til að skoða mismunandi leiðir og undirbúa jarðgangagerð hafi ekki verið nýttur betur. Það hefur ekki verið gert. Þar af leiðandi er kominn upp ágreiningur milli íbúa á Bolungarvík, svo að ég taki dæmi. Hluti þeirra, m.a. minni hlutinn í bæjarstjórn Bolungarvíkur, vill að farið verði með göng úr Bolungarvík inn í göngin milli Súgandafjarðar og Ísafjarðar. Það tel ég mjög áhugaverðan og spennandi kost því að þar með mundu menn ekki einungis tengja Ísafjörð og Bolungarvík heldur líka verið að tengja þessi smærri byggðarlög saman og jafnframt stytta leiðina frá Bolungarvík um suðurfirðina þegar þar að kemur.

Ég er sannfærð um að framtíðin verði í anda þessarar þingsályktunartillögu, að vegirnir verði færðir niður á láglendi. Það getur ekki verið að Íslendingar þurfi að standa frammi fyrir því alla tíð að fara með umferð upp á háa fjallvegi, í hvaða veðri sem er.

Við höfum einmitt dæmi frá suðurfjörðum Vestfjarða um hve mikil skammsýni fylgir því oft að setja vegina upp háa hálsa og fjallvegi. Á einum fjallveginum háttar svo til að vöruflutningabílstjórar keðja bílana sína jafnvel á sumardögum ef rignir af því að það er svo hált að þeir geta ekki haft stjórn á bílum sínum, jafnvel í rigningu. Það segir meira en mörg orð.

Ég er þeirrar skoðunar að gera eigi, um þetta mikla hagsmunamál okkar, vegasamgöngur, áætlanir til lengri tíma. Ég tel að það sé skynsamlegt sem lagt var til og samþykkt í jarðgangaáætlun sem er í gildi, að endurskoða áætlanir á ákveðnu árabili eins og er yfirleitt alltaf gert þegar gerðar eru langtímaáætlanir. Auðvitað breytast aðstæður og taka þarf nýja hluti inn í dæmin og ekkert nema gott eitt um það að segja.

Ég vek líka athygli á því að vegabætur, jarðgöng eða tillögur að göngum sem hér eru taldar upp, eru flestar á Vestfjörðum og Austfjörðum. Vestfirðir eru það svæði sem langlengst á í land í vegasamgöngum og brýnt að gera virkilega góða og raunhæfa áætlun um hvernig við ætlum að standa að því, íslenska þjóðin, að bæta samgöngur við þann landshluta. Nútímamaðurinn vill hafa greiðar samgöngur og öruggar á milli staða. Það er nauðsynlegt með tilliti til atvinnulífs og nútímalífshátta.

Eins og fram hefur komið eru flutningar að mestu leyti komnir á vegina, því miður vil ég segja. Í því felst ekki neitt öryggi, nema kannski fyrir neytandann sem fær vörur sínar með stuttum fyrirvara. En það er fleira sem taka þarf tillit til en það. Af þessu skapast oft á tíðum mikil hætta og óöryggi fyrir aðra vegfarendur því að flutningabílarnir fara illa með vegina. Þeir voru ekki byggðir þannig í upphafi að þeim væri ætlað að þola þá þungaumferð sem víðast hvar fer um vegina nú til dags. Á Vestfjarðasvæðinu er því sem næst allur flutningur á landi og því brýnna en áður að bæta þar vegasamgöngur.

Ég er mjög fylgjandi þeirri tillögu sem hér er komin fram og vona að hún leiði a.m.k. til þess að jarðgangaáætlunin verði tekin upp til endurskoðunar.

[18:51]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við ræðum hér um samgöngumál. Þegar samgöngumálin eru rædd að þá kemur í ljós að óþrjótandi verkefni bíða Íslendinga hvað þau varðar. Hér er til umræðu þingsályktunartillaga er fjallar um láglendisvegi. Það hefur komið fram í umræðunni að það eru vegir sem byggja á jarðgangagerð til að tengja annars vegar Vestfirði og hins vegar Austfirði betur saman innbyrðis.

Mig langaði, frú forseti, að koma með annan vinkil í þessa umræðu. Ég held að við verðum jafnframt að líta á að við þurfum að ná styttingu leiða í landinu jafnframt. Það háttar þannig með hugmyndir um hálendisveg um miðhálendið, um Kjöl, að Kjalvegur uppbyggður kostar ekki nema um 3 milljarða kr. Það er lítil upphæð miðað við þá kílómetra sem þar um ræðir í samanburði við kostnað við hvern kílómetra í jarðgöngum. Slíkur vegur væri gríðarleg stytting á milli Suðurlands og Norðurlands. Ég vildi koma með þennan vinkil inn í þessa umræðu, að hálendisvegir geta verið gríðarleg arðbærir og svo yrði klárlega um þann veg.

Í dag er verið að undirbúa stofnun félags um einkaframkvæmd á þessum vegi. Ég er sannfærður um að sá vegur mun standa undir sér með veggjöldum. Hann mundi gera byggðunum á Norðurlandi, Eyjafirði, Skagafirði og Húnavatnssýslum, sem og á Suðurlandi, gríðarlega gott, bæði gagnvart ferðaþjónustu, atvinnurekstri og fleiri þáttum. Við eigum ekki einvörðungu að tala um samgöngur eins og allar leiðir liggi til Reykjavíkur. Það er mikið atvinnulíf norðan og sunnan Kjalvegar sem getur nýtt sér slíkan veg og mér finnst rétt að nefna hann sem valkost í umræðunni sem hér á sér stað.

Hins vegar get ég tekið undir það sem hér kom fram í máli hv. þm. Björgvins Sigurðssonar, að Hellisheiðin á Suðurlandi er náttúrlega langsamlega mest nýtt af hálendisvegum, þ.e. þjóðvegum okkar yfir heiðar. Þá leið verður auðvitað að bæta og það mun gert á næstu árum.

[18:54]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Verkefnið sem hv. þm. Kjartan Ólafsson nefndi áðan um Norðurveg er gott verkefni og nær vonandi fram að ganga. Það mundi að sjálfsögðu breyta miklu um tenginguna á milli Norðurlands og Suðurlands og hefur marga kosti í för með sér.

En ég vildi hafa orð á því við hv. þingmann að breikkun Suðurlandsvegar, sem er einn fjölfarnasti vegur landsins og einn sá hættulegasti líka eftir að tvöföldun Reykjanesbrautar er í sjónmáli, og úrbætur almennt á Suðurlandsvegi hafa enn ekki allar verið færðar á samgönguáætlun. Við sjáum því ekki fyrir endann á framkvæmdunum þrátt fyrir þau tímamót að Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafi ítrekað forgangsraðað ályktunum, kröfum í samgöngumálum og vegagerð, þannig að úrbætur og þrígreining vegarins austur fyrir fjall, frá Rauðavatni á Selfoss, ætti sér stað.

Þrjá milljarða kostar Norðurvegurinn, Kjalvegurinn, gott og vel. Það er talað um að tvöfaldur Suðurlandsvegur frá Rauðavatni til Selfoss kosti í kringum sjö milljarða og í sjálfu sér eru engar kröfur uppi um að ráðist verði í það á fáum árum að tvöfalda alla leiðina. En það er alveg klárt að það þarf t.d. að ljúka hið bráðasta úrbótum á Hellisheiðinni, sem er algjörlega óboðleg sem stendur. Hún er slysagildra. Hún stendur ekki undir þeim gríðarlega umferðarþunga sem þar er. Það er með ólíkindum hvernig hæstv. samgönguráðherra hefur dregið lappirnar í því máli. Hann tók því raunar fjarri hér í umræðum í þinginu í fyrra að það væri forgangsverkefni að þrígreina þessa leið.

Spurningin til hv. þingmanns var fyrst og fremst: Þarf ekki að leggja allt kapp á að ljúka þeim framkvæmdum sem ég nefndi og koma á samgönguáætlun?

[18:57]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála því að Hellisheiðarveginum þurfi að ljúka. Það er alveg ljóst. Við munum taka fyrir í þinginu langtímasamgönguáætlun. Þá munum við vinna að því að sá vegur fái þær úrbætur sem þarf.

Ég vil hins vegar benda á að hugmyndir sem ég hef lagt fram um Kjalveg mundu á engan hátt draga úr fjármunum sem þurfa að fara til Hellisheiðarinnar. Hugmyndin um Kjalveg er sú að það verði einkaframkvæmd. Framkvæmdin sem slík mun einungis auka álag á Hellisheiði og þar með þrýsta á frekari umbætur þar frá því sem nú er.

[18:58]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ágætt að heyra að hv. þingmaður tekur undir það að leggja þurfi allt kapp á að koma breikkun Suðurlandsvegar og samgöngubótum þar á samgönguáætlun og að menn sjái fyrir endann á þeim umbótum. Á því hefur staðið af hálfu stjórnarflokkanna hingað til þó að veruleg viðhorfsbreyting virðist hafa átt sér stað, enda vaxandi þrýstingur frá grasrótinni í héraði á að engu megi eira fyrr en því verkefni er í höfn komið.

Ég spurði hv. þingmann sérstaklega að þessu af því að hann hefur unnið að hugmyndinni að Norðurvegi og því verkefni, sem er hið besta mál. En þurfa menn ekki að setja kraftana í það, einmitt þessa mánuðina, að þrýsta á ríkisstjórnina og hæstv. samgönguráðherra með að koma til byggða í þessum málum, ef svo má segja? Verkefninu þarf að ljúka miklu fyrr en útlit hefur verið fyrir, enda er það ekki á samgönguáætlun. Menn hafa vísað í Suðurstrandarveg og slík verkefni, sem hæstv. ríkisstjórn hefur reyndar svikið þrisvar sinnum, að ég held. Hvort þeir svíkja það í fjórða skiptið, eftir að hafa lofað honum fyrir símapeningana á alveg eftir að koma í ljós.

En samgöngubætur og öryggismál á Suðurlandsvegi eiga að ganga fyrir eins og er, þessa mánuði og síðan fara menn að sjálfsögðu í næstu verkefni. Þessi gríðarlega fjölfarna leið má ekki verða útundan út af öðrum framkvæmdum. Þess vegna beindi ég fyrirspurn minni til hv. þingmanns, af því að nú verða menn að taka höndum saman til að ljúka verkefninu, að Suðurlandsvegur verði tvöfaldaður á köflum og lokið við lýsingu og þrígreiningu á þeim hlutum sem það á við, að sjálfsögðu sérstaklega á veginum upp á Hellisheiðina beggja vegna.

[19:00]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér ræðum við mikið framfaramál, ekki einungis fyrir landsbyggðina heldur fyrir þjóðina. Jarðgöng eru framtíðin og þegar verið er að leggja drög að framtíðarmannvirkjum, samgöngumannvirkjum, er vert að skoða heildardæmið eins og við í Frjálslynda flokknum höfum gert, sjá hvað þetta er stór framkvæmd og hvað hún kostar. Okkur telst til að ef við ætlum að framkvæma þessa áætlun á 20 árum þá séu þetta kannski 1,5 milljarðar á ári og það er engin ofrausn að leggja í þann kostnað til þess að gerbreyta samgöngukerfinu. Það er einmitt mjög mikilvægt að hafa heildarsýn yfir það verkefni sem þarf að leysa. Það hefur sýnt sig að jarðgöng eru ekki einungis mikil samgöngubót heldur einnig mjög mikilvæg upp á öryggismál. Það þarf ekki að fjölyrða um það að jarðgöngin undir Hvalfjörð hafa sparað gríðarlega mikla peninga og einnig hafa þau skipt verulega miklu máli hvað varðar umferðaröryggi. Ég tel mjög mikilvægt að ræða þennan kostnað í sambandi við þessa jarðgangaáætlun. Þegar menn fara að skoða þetta mál þá átta þeir sig á því að þetta er skynsamlegt. Það þarf að ræða um samgöngumál, og sérstaklega jarðgöng, af meiri jákvæðni en gert hefur verið. Þetta eru í raun ekki nema 100 km samanlagt og mundi gerbreyta samgöngumálum víða um land.

Ég vil taka undir að þó að menn fari í þessi jarðgöng eiga þeir ekki endilega að kasta því alveg fyrir róða að bæta vegi yfir hálendið. Ég tel það mjög áhugavert sem hv. þm. Kjartan Ólafsson lagði til að skoða hagkvæmni þess að bæta Kjalveg. Hann er þá væntanlega að hafna leið hv. þm. Halldórs Blöndals um Stórasand, það væri fróðlegt að fá viðhorf hans til þeirrar framkvæmdar. Sú framkvæmd er mjög mikilvæg, ekki síður en jarðgöng vegna þess að það mundi skipta verulegu máli upp á ferðaþjónustuna.

Ég tel að í jarðgangaáætlun sem við höfum lagt fram séu jarðgöng á suðurfjörðum Vestfjarða mjög mikilvæg og þá ekki eingöngu út frá byggðasjónarmiðum. Ég tel að aðrir þættir skipti þar meira máli en einmitt þessi göng, það er aðgengi íbúa að náttúruauðlindum sem þeir hafa notað og

nýtt um aldir en hafa skyndilega verið sviptir af kvótaflokkunum, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki. Það er mjög mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna í landinu að fara að nýta þessi gríðarlega fallegu svæði sem eru á Suðurfjörðum Vestfjarða, Látrabjarg, Vatnsfjörðinn og fleiri fallega staði, og ég er á því að þessi jarðgöng sem eru á suðurfjörðunum, um Arnarfjörð, Dýrafjörð og Dynjandisheiði, séu ekki síður og *miklu frekar verðmæt fyrir ferðaþjónustuna í landinu*. Ég tel því að landsmenn allir eigi að líta með meiri jákvæðni en oft virðist gert til jarðgangagerðar vegna þess að þetta er einfaldlega framtíðin rétt eins og Sundabrautin. Þetta eru skynsamlegar framkvæmdir sem þjóðin á að sameinast um að fara í.

[19:04]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið ágæt umræða þótt ekki séu margir eftir í þingsalnum. En þeir sem verið hafa hér hafa tekið þátt í umræðunni og er það af hinu góða. Það hefur auðvitað margt borið á góma eins og alltaf þegar menn fara að ræða samgöngumál. Samgöngur skipta alla landsmenn verulegu máli og ekki er hægt að tala um framkvæmdir hér á landi sem einhver einangruð fyrirbæri sem miðist bara við einhverjar ákveðnar byggðir. Þegar við leysum alvarlegan samgönguvanda á varanlegan hátt, eins og með jarðgöngum, með þverun fjarða og styttingu vegalengda, erum við auðvitað að vinna þarft verk fyrir framtíð lands og þjóðar. Það á alveg jafnt við um það að byggja jarðgöng, þar sem það hentar best og verður til hagræðingar og öryggis í vegagerð, og það að leggja Sundabrautina. Ég tel Sundabrautina eitt af betri verkefnum í samgöngumálum. Hún getur þjónað landsmönnum í framtíðinni, ekki bara Reykvíkingum heldur öllum landsmönnum. Sama á auðvitað við um vegakerfið hvar sem það er. Batnandi samgöngur auka umferðaröryggi, þær stytta vegalengdir og efla byggðirnar, þær auðvelda samgöngur fólks milli svæða og breyta í raun og veru oft stöðu byggðanna. Ég þekki það vel af Vestfjörðum t.d.

Það hefur ýmislegt komið til umræðu og ég tók það fram í máli mínu að menn mættu ekki taka það svo að upptalningin í þingsályktunartillögu okkar séu tæmandi. Við erum ekki búnir að benda á allt það sem gera þarf hér á landi. Því fer auðvitað víðs fjarri eins og umræðan um Óshlíð og þann hættulega vegarkafla leiðir í ljós. Ég held að það sé einnig rétt að vekja athygli á því að nú nýlega kom í ljós í geysilegum úrkomukafla á Austur- og Suðausturlandi að vegir þar, t.d. um Þvottárskriður og Hvalnesskriður, geta hreinlega sópast burt í heilu lagi. Menn hljóta því að spyrja sig: Er eitthvert vit í því að treysta á þessa vegi til framtíðar? Ég held að svo sé ekki, ekki nema menn geti þá sýnt fram á að hægt sé að leggja þá þannig að þeir teljist öruggir. Þeir eru ekki öruggir í dag. Það er algerlega háð veðri og vindum og sérstaklega úrkomu.

Við skulum ekki gleyma því að vegagerðin milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar var fyrst og fremst til þess ætluð að stytta vegalengdir en líka til að losna við hættulegan veg. Áherslur geta breyst á hverjum tíma og ég tel að það sé einboðið að menn skoði vandlega hvort vegirnir um Þvottárskriður og Hvalnesskriður séu þeir framtíðarvegir sem hægt er að una við. Ég endurtek það sem ég sagði fyrr í umræðunni að þessi upptalning í tillögunni okkar um varanlegar lausnir í vegamálum er ekki tæmandi og hún verður sjálfsagt ekki tæmandi. Við þurfum auðvitað alltaf að meta hlutina á hverjum tíma en samt er það svo að við þekkjum orðið erfiðustu fjallvegina okkar og við þekkjum hættulegustu vegina. Við þurfum auðvitað að setja þetta í ákveðna forgangsröð, út frá umferðaröryggi og út frá hagkvæmni ákveðinna framkvæmda, hvort sem það eru jarðgöng, þveranir fjarða eða lagfæringar á mjög hættulegum vegi. Ég tel að bestu lausnir sem við getum farið í miðað við aðstæður á Íslandi séu þær að koma vegunum inn í fjöllin ef það á annað borð er fært. Þar erum við laus við veðurfarið okkar og menn mega ekki gleyma því að þó að snjólétt hafi verið hér á landi undanfarin 2–3 ár þá er það engin ávísun á að hér verði snjólétt um alla framtíð. Fólk virðist vera búið að gleyma því að hér geti orðið mikil og erfið snjóalög.

Ég man vel eftir margra metra háum snjósköflum í byggð, jafnvel niður á láglendi eins og í Austur-Barðastrandarsýslunni og hálsarnir þar verða náttúrlega alveg kolófærir á slíkum snjóavetrum. Þó að þeir séu ekki háir sem fjallvegir þá er það staðreynd að þegar vetur verða erfiðir og mikil snjóalög þá eru margir fjallvegir ófærir vikunum saman. *Menn voru stundum að moka stálið daglega* og það var fullt aftur daginn eftir, margra metra há fönnin. Jarðgöng eru einn þátturinn í varanlegum vegabótum, alveg eins og að þvera firði og komast frá fjarðarbotnunum og fjallshlíðunum. Með úrbótum af þessu tagi erum við ekki eins háð snjóalögum og veðurfari.

Í jarðgangaáætluninni sem unnin var á árunum 1999 og lögð fram og rædd á Alþingi árið 2000 var forgangsraðað að hluta til. Gefnar voru forsendur og forsendurnar voru m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Meginröksemdir fyrir þessu vali eru þessar:

Seinni tvö verkefnin stækka atvinnu- og þjónustusvæði mikilvægra byggðakjarna á landsbyggðinni, þ.e. Miðausturlands og Eyjafjarðarsvæðis.“ — Þar var annars vegar um að ræða Siglufjörð – Ólafsfjörð og hins vegar Reyðarfjörð – Fáskrúðsfjörð sem þegar hafa verið gerð.

„Þessi sömu verkefni komast næst því að sýna arðsemi með hefðbundnum reikniaðferðum, þar sem um töluverðar styttingar vegalengda er að ræða.“ — Það var eitt atriðið.

„Öll verkefnin stytta vegalengdir milli þéttbýlisstaða verulega.“ — Það var annað atriði sem lagt var til grundvallar.

„Í öllum tilfellum þarf innan fárra ára að fjárfesta í vegabótum sem nýtast lítið ef jarðgöng koma síðar.“ — Það var annað atriði að menn væru ekki að lappa upp á vegi sem mundu ekki duga til framtíðar.

„Jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar eru skilyrði fyrir heilsárssamgöngum innan landshlutans.“ — Það vita allir landsmenn sem á annað borð hafa einhvern tíma komið til Vestfjarða að vegurinn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar yfir Hrafnseyrarheiði eins og hann er í dag verður varla nokkurn tímann vetrarvegur. Þess vegna hafa menn valið að setja göng þar á milli.

Við nefnum hins vegar fleiri leiðir á Vestfjörðum í tillögu okkar. Við bendum t.d. á leiðina úr Fjarðarhornsdal í Kollafirði og yfir í Djúp. Ég held að sú leið verði mjög

áhugaverður kostur þegar búið er að þvera Gufufjörð, Djúpafjörð og Þorskafjörð, ef af því verður. Þá er auðvitað búið að stytta vegalengdir geysilega mikið miðað við það sem nú er og þá kemur sú einkennilega staða upp að bundið slitlag verður á vegum á Barðaströndinni og í Ísafjarðardjúpinu beint á móti. Þar á milli eru svo tveir dalir, Fjarðarósdalur inn úr Kollafirði og Múladalur inn úr Ísafirði, og á milli þeirra er fjallvegur sem hefur verið kallaður Kollafjarðarheiði. Skip frá Breiðafirði sem gera átti út í Djúpinu voru reyndar dregin yfir hana í gamla daga en það er önnur saga. Þar væri hægt að gera tiltölulega stutt jarðgöng ef dalverpin væru notuð eins og mögulegt væri til beggja átta og þá væru menn komnir með samtengingu á láglendisvegi frá Ísafirði til Reykjavíkur. Þá væru menn sem sagt á láglendisvegi inn allt Djúp, gætu keyrt inn Múladalinn og síðan undir Kollafjarðarheiði og komið út í Kollafirði og væru þar af leiðandi á láglendisvegi alla leiðina til Reykjavíkur. Ég hef hingað til ekki kallað Svínadalinn hálendisveg og ef svo skyldi fara að nýr vegur á Bröttubrekku yrði ófær þá væri auðvitað hægt að fara Heydal og ef allt um þryti og menn þyrftu nauðsynlega að komast væri hægt að fara út fyrir Snæfellsnes. Þetta eru staðreyndir málsins og þess vegna hygg ég, hæstv. forseti, að þegar þessum vegarkafla á Vestfjörðum lýkur muni koma mjög sterk krafa þaðan um að tengja saman veginn úr Kollafirði yfir í Ísafjarðardjúp, enda mjög skynsamlegt að mínu viti að tengja þar saman með góðri vegagerð. Þá þyrftum við kannski ekki að vera að djöflast í því að moka Steingrímsfjarðarheiði yfir háveturinn og þyrftum ekki að aka hana frekar en við vildum ef hún væri akfær.

Það var minnst áðan á Hellisheiðina og ég sagði í inngangi mínum að þó við hefðum nefnt hana í tillögum okkar þá væri ekki lengur ástæða til þess því menn væru að hamast við að tvöfalda veginn þar og lagfæra hann. Ég geri ráð fyrir að menn haldi áfram að endurbæta hann á komandi árum þannig að hann verði tvöfaldur yfir heiðina beggja megin í brekkunum og menn komist með öruggum hætti leiðar sinnar. Ég hef hins vegar alltaf furðað mig á því, hæstv. forseti, að menn skuli aldrei hafa hugleitt að setja jarðhita í brekkurnar beggja megin í Hellisheiðinni með allan þann óhemjujarðhita sem er á þessu svæði. Ég hef satt að segja undrast að Vegagerðin skuli aldrei hafa skoðað hvort ekki sé hægt að nota þennan mikla jarðhita til að hita upp þessar tvær brekkur sem hættulegastar eru þannig að vegurinn verði nánast auður þar þó hann væri ekki upphitaður yfir heiðina sjálfa. En menn virðast ekki hafa hugleitt þetta. Ég furða mig reyndar á því og var svolítið undrandi á því í umræðunni áðan, þegar tveir hv. þingmenn úr Suðurkjördæmi ræddu þennan möguleika, að þeir skyldu ekki nefna að með allri þeirri orku sem er á þessu svæði ætti að vera auðvelt að leggja jarðhitalagnir í þennan veg, alla vega hættulegustu kaflana og bröttustu brekkurnar. Ég leyfi mér að vekja athygli á þessari hugmynd og það væri auðvitað fróðlegt ef það væri skoðað. Það mundi örugglega efla mjög umferðaröryggi á þeirri leið að hafa þessa kafla upphitaða. Það væri fróðlegt að gera tilraun með þetta á einhverjum kafla á Hellisheiðinni og sjá hvernig það kæmi út.

Hvað varðar styttingu leiða milli Norðurlands og Suðurlands yfir Kjöl, sem komið var inn á áðan, þá er það auðvitað þannig að það er búið að leggja þó nokkra fjármuni í það að byggja upp veginn yfir Kjöl á undanförnum árum og áratugum og það er sjálfsagt alveg rétt hjá hv. þingmanni sem vék að þessu áðan að kostnaður við að leggja varanlegan uppbyggðan veg yfir Kjöl er miklu minni heldur en að gera einhvern annan hálendisveg. Ég veit ekki hvað hv. þingmaður hefur fyrir sér þegar hann nefnir 3 milljarða en ég gæti vel trúað því að það væri nokkuð nærri lagi því það er búið að lagfæra Kjalveg talsvert mikið. Ég tel það alls ekki fráleitan kost þegar menn hugsa til framtíðar varðandi vegtengingar milli Norður- og Suðurlands að þessu leyti.

Hæstv. forseti. Það hefur stundum verið talað um að menn þyrftu að leggja mat á hægðarauka og sparnað o.s.frv. Ég hef alltaf talið að það væri hlutverk Vegagerðarinnar að reikna út þær hugmyndir sem menn eru með í vegagerð og við erum með þessa gömlu jarðgangaáætlun frá árinu 1999. Hún var kynnt hér á þingi 2000. Síðan vill svo til að sveitarstjórnirnar í Reykhólahreppi, á Tálknafirði og í Vesturbyggð létu vinna sérstaka skýrslu í sumar, m.a. um samlegðaráhrif af vegagerð á Vestfjörðum og tengingu með jarðgöngum o.s.frv. Það er auðvitað svolítið skrýtið ef hvert sveitarfélag þarf að fara að gera arðsemisútreikninga fyrir ákveðnar vegaframkvæmdir. Mér finnst að Vegagerðin eigi að gera það og hún hlýtur að hafa marktækustu upplýsingarnar um umferðarslys, umferðarkostnað, umferðaröryggi og alla möguleika um kostnað við að leggja nýja vegi, þvera firði og gera jarðgöng. Það á að vera hennar hlutverk að leggja mat á þetta og það er það sem tillaga okkar gengur út á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:20]

Útbýting:

Áfengislög, 71. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 71.

Út af dagskrá voru tekin 5.–7. mál.

Fundi slitið kl. 19:20.

---

10. FUNDUR

þriðjudaginn 18. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Tryggur lágmarkslífeyrir, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Láglendisvegir, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Úrvinnslugjald, stjfrv., 179. mál, þskj. 179. — 1. umr.

5. Náttúruvernd, stjfrv., 180. mál, þskj. 180. — 1. umr.

6. Skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.

7. Hollustuhættir og mengunarvarnir, og mat á umhverfisáhrifum, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.

8. Skipulögð leit að krabbameini í ristli, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.

9. Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.

10. Nýskipan í starfs- og fjöltækninámi, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Fyrri umr.

11. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.

12. Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Fyrri umr.

13. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 23. mál, þskj. 23. — 1. umr.

14. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.

[13:29]

Útbýting:

Fjöldi nemenda í starfsnámi, 218. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 218.

Framlög til framhaldsskóla, 217. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 217.

Fræðsla í grunn- og framhaldsskólum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, 216. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 216.

Fræðsla í Kennaraháskóla Íslands um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, 215. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 215.

Raunfærnimat, 214. mál, fsp. AKG, þskj. 214.

Skatttekjur ríkissjóðs árið 2004, 219. mál, fsp. HHj, þskj. 219.

Upplýsingaréttur um umhverfismál, 221. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 221.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar.

[13:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra og fleiri ráðherrum í ríkisstjórninni verður það gjarnan fyrir þegar rætt er við þá um alvarlegt ástand í efnahagsmálum að bera fyrir sig að hér sé allt í himnalagi og vitna til rökstuðnings í einkunnagjöf alþjóðastofnana. Þetta gerði forsætisráðherra í stefnuræðu sinni og í umræðum hér fyrir helgi um tillögu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika.

Nú vill svo til að við höfum í höndum glænýja skýrslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum en það er einmitt ein af þessum stofnunum sem ríkisstjórnin vitnar í gjarnan um það hvað allt sé hér gott og í góðu lagi. En þar segir m.a., með leyfi forseta:

„The staff advised that the tax cuts planned for 2006 and beyond be postponed until it was clear that excess demand conditions had dissipated fully."

Sem sagt, sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins leggja til að skattalækkunum áformuðum strax fyrir árið 2006 og þeim sem á eftir koma, þ.e. 2007, verði slegið á frest þar til þenslunni lýkur og þeir telja að skattalækkanirnar muni auka á ofhitun hagkerfisins, ekki síst í ljósi mikils aðgangs að ódýru fjármagni. Í skýrslu OECD sem kom í aprílmánuði sl. kveður við sama tón. Þar segir, með leyfi forseta:

„However, in the current economic context, the tax cuts are ill-timed ..."

Sem sagt, tímasetning skattalækkananna er illa valin í ljósi efnahagsaðstæðna hér á landi. Þessar tvær alþjóðastofnanir sem hæstv. ríkisstjórn vitnar gjarnan í máli sínu til stuðnings leggja til við ríkisstjórnina aðgerðir til að reyna að endurheimta hér efnahagslegan stöðugleika. Báðar fókusera á illa tímasettar eða rangar skattalækkanir við núverandi aðstæður. Ætlar ríkisstjórnin að vera sjálfri sér samkvæm og gera eitthvað með ráðleggingar þessara stofnana (Forseti hringir.) þegar þær leggja til breytingar eða bara þegar ríkisstjórninni er hrósað?

[13:33]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að ég hef vitnað í vitnisburð alþjóðlegra stofnana í sambandi við efnahagsástandið á Íslandi. Það er alveg rétt að stofnunin sem hann tiltekur hér kom með þessar ábendingar en ekkert núna nýverið. Þær voru hér í sumar og héldu blaðamannafund og þá kom þetta jafnframt fram.

Það liggur alveg fyrir að meginþungi skattalækkananna verður á árinu 2007 þegar framkvæmdir, sérstaklega í stóriðju, verða að mestu gengnar yfir. Þetta eru mjög mikilvægar skattalækkanir sem auka kaupmátt ráðstöfunartekna á næsta og þarnæsta ári og það stendur ekki til að breyta því. Ég hef sagt það áður að hér sé ekki um að ræða stærðir sem skipta slíkum sköpum í efnahagsumhverfinu að ástæða sé til að falla frá þessum skynsamlegu aðgerðum. Þó að menn vilji gera mikið með það sem ýmsar alþjóðastofnanir segja og ráðleggja er ekki þar með sagt að það eigi að fara eftir því öllu saman, að einu aðilarnir sem höndli sannleikann séu alþjóðastofnanir þó að merkar séu. Stefna ríkisstjórnarinnar er alveg skýr og það stendur ekki til að breyta stefnu hennar á vettvangi skattamála.

[13:35]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni sérstaklega fyrir að vekja athygli okkar á þessari skýrslu því að hún er afskaplega jákvæð. Ríkisstjórnin fær mikið hrós í henni fyrir tök

sín á efnahags- og ríkisfjármálunum á undanförnum árum og fyrir það hversu sterk staða ríkissjóðs er. Ríkisstjórnin fær meira að segja sérstakt lof í þessari skýrslu fyrir einkavæðingu Símans, hvernig að henni var staðið og hvernig ráðstöfun þeirra fjármuna verður háttað.

Hins vegar eru gerðar tilteknar athugasemdir við skattalækkanir og útgjöld í fjárlagafrumvarpinu. Þær forsendur sem þar er byggt á eru þannig úr garði gerðar að þær gera ráð fyrir miklum mun minna aðhaldi á yfirstandandi ári en verður raunin. Gert er ráð fyrir því að afgangur ríkissjóðs á þessu ári verði 1,4% af landsframleiðslu í staðinn fyrir 2,8% sem verður raunin þannig að það tekur ekki tillit til þess sem kemur fram í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins að hápunktur framkvæmdanna fyrir austan og hápunktur þenslunnar hefur færst fram frá því sem áður var. Ég tel að þessar athugasemdir þeirra eigi ekki eins vel við í dag og þær hefðu hugsanlega átt við fyrr vegna þess að draga fer úr hagvextinum og hann verður kominn væntanlega niður í 2,5% á árinu 2007. Þess vegna eru skattalækkanirnar vel tímasettar með tilliti til þess.

Eins getur líka haft jákvæð áhrif að á tímum þenslu og eftirspurnar hafa skattalækkanir jákvæð áhrif til þess að auka framboð á vinnuafli og þar með draga úr þenslunni á vinnumarkaðnum.

[13:37]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég þakka umræðuna því að þessi skýrsla er svo jákvæð fyrir ríkisstjórnina, bæði á síðustu árum og nú á yfirstandandi ári, að það er allt að því vandræðalegt, maður verður feiminn.

Það er tvennt neikvætt sem hún nefnir, annars vegar skattalækkanirnar sem hún telur neikvæðar. Nú er það þannig að laun hafa hækkað óskaplega á Íslandi, óskaplega, lífeyrir og allt saman. Af því hvernig skattkerfið er uppbyggt þýðir það að skattheimtan vex hlutfallslega af launum. Þeir sem hafa hærri laun borga hlutfallslega meiri skatta. Það þýðir að skattheimtan vex sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og líka sem hlutfall af launum. Þær skattalækkanir sem við stöndum fyrir eru í rauninni minnkun á skattahækkun og ef skattkerfið væri öðruvísi uppbyggt værum við ekki að tala um skattalækkun. Þetta er það sem þessi alþjóðastofnun ætti að horfa á, að skattar sem hlutfall af heildartekjum landsmanna eða af landsframleiðslu fara vaxandi.

En ég ætla rétt aðeins að geta pínulítið um það jákvæða í skýrslunni. Þeir bera lof á þann árangur sem náðist við einkavæðingu Símans. Það er náttúrlega alveg stórkostlegt. Ríkisstjórnin stendur með Seðlabankanum í að halda niðri þenslu með því að draga 30 milljarða í peningum út úr hagkerfinu. Það er aldeilis gott. Og svo segir hérna dálítið athyglisvert, sérstaklega fyrir evruvini, að þessi góða niðurstaða byggist á miklum sveigjanleika íslenska hagkerfisins, ekki síst í gengismálum. Það er nefnilega mjög jákvætt, segir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Hann ætti að hafa vit á því, hann fjallar um gjaldeyri.

[13:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er auðvitað ekki sérstaklega uppörvandi að heyra hæstv. ráðherra koma hér og játa það beinlínis með framgöngu sinni að viðhorf þeirra til alþjóðastofnana sé það að það hentar að vitna í þær þegar ríkisstjórninni er hrósað en síðan er ekkert gert með varnaðarorð og ráðleggingar þegar það hentar ekki ríkisstjórninni hér heima fyrir. Þá er þetta allt saman misskilningur og vitleysa, menn hafa ekki áttað sig á tímasetningum o.s.frv. Það er greinilegt að ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að allir aðrir misskilji ástandið. Seðlabankinn misskilur þetta botnlaust. Aðilar vinnumarkaðarins eru úti að aka. Greiningardeildir bankanna vita ekkert hvað þær eru að tala um. Alþjóðastofnanir eru í tómu rugli þegar þær hvetja ríkisstjórnina til að falla frá skattalækkunum og draga úr stórframkvæmdum.

Það þarf dálítið til, frú forseti, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem er forritaður samkvæmt prógrammi nýfrjálshyggjunnar leggi til að fresta skattalækkunum. Það þarf nefnilega dálítið til að þessar stofnanir sem meira og minna ganga allar fyrir lögmálum nýfrjálshyggjunnar í efnahagsmálum telji ástandið svo alvarlegt að þær leggi til hluti af þessu tagi, bæði Efnahags- og framfarastofnunin og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. En ríkisstjórnin ætlar að sjálfsögðu ekkert að gera með það. Og hæstv. fjármálaráðherra segir að þetta sé allt saman í lagi vegna þess að þungi stóriðjuframkvæmdanna hafi færst fram. En hvað er hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra í sömu ríkisstjórn og fjármálaráðherra — eða hún var það a.m.k. þangað til fjárlagafrumvarpið var lagt fram að ég held — að gera? Hún ríður um landið og býður álver hér og álver þar ofan í það sem nú er í gangi, í Helguvík, á Norðurlandi, stækkun í Hvalfirði, stækkun í Straumsvík. Veit Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kannski af því?

Svo er eitt enn, frú forseti, sem þarf að ræða við hentugt tækifæri, sá djúpstæði ágreiningur sem birtist í skýrslunni þegar sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vitna annars vegar í Seðlabankann og fleiri aðila sem þeir hafa rætt við og hins vegar í ríkisstjórnina. Þeir draga fram í dagsljósið hversu (Forseti hringir.) djúpstæður ágreiningur er um stöðu efnahagsmála á Íslandi þar sem ríkisstjórnin rær ein á báti móti straumnum.

[13:41]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég tel að hv. þingmaður sé að oftúlka mjög það álit sem þarna liggur fyrir. Það liggur alveg ljóst fyrir að í skýrslunni nefna þeir hvort rétt væri að fresta skattalækkunum. Að öðru leyti tala þeir afskaplega jákvætt um ástandið á Íslandi, mjög jákvætt. Ég tek eftir því að það er mjög erfitt fyrir hv. þingmann að lesa þetta og honum líður greinilega hálfilla yfir því að menn skuli líta svona jákvætt á ástandið hér á landi. Eigum við ekki að gleðjast yfir því?

Síðan geta menn haft mismunandi skoðanir á því hvenær skattalækkanir eru rétt tímasettar. Ég býst við því að skattalækkanir séu aldrei rétt tímasettar hjá hv. þingmanni. Ég á ekki von á því að hann vilji ... (**SJS:** ... grein fyrir því ...) Ég reikna með því að hann vilji engar skattalækkanir, hann vill hækka skatta og hjá slíku fólki eru náttúrlega

skattalækkanir alltaf vitlaust tímasettar.

Aðalatriðið er það, hv. þingmaður, að efnahagsástandið er hér mjög gott. Hér eru miklar framfarir, meiri en í flestum öðrum löndum og það er aðalatriðið. Þess vegna höfum við efni á því að fara út í skattalækkanir og ég tel að við eigum að gleðjast yfir því vegna þess að það kemur til með að auka kaupmátt verulega. Það er alveg ljóst að við þær aðstæður sem núna eru í þjóðfélaginu í sambandi við umræður um kjarasamninga væri það að sjálfsögðu það vitlausasta sem menn gerðu af öllu að hætta við fyrirhugaðar skattalækkanir.

Aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tryggur lágmarkslífeyrir, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Láglendisvegir, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 9. mál. — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Úrvinnslugjald, 1. umr.

Stjfrv., 179. mál (reikningur, endurgreiðsla og lækkun gjalds). — Þskj. 179.

[13:45]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Frumvarp það sem ég mæli fyrir felur ekki í sér veigamiklar breytingar á lögum um úrvinnslugjald en þær eru engu að síður mikilvægar til að tryggja að rekstur úrvinnslugjaldskerfisins gangi vel og greiðlega fyrir sig. Úrvinnslugjaldslögin eru einnig gamall kunningi hv. Alþingis en gera þarf breytingar á þeim reglulega eins og ljóst var frá upphafi. Þrjár meginbreytingar eru lagðar til:

Í fyrsta lagi er lagt til að ráðherra verði heimilt með reglugerð að setja sérstakar reiknireglur um greiðslu úrvinnslugjalds vegna pappa, pappírs og plastumbúða. Þessar reiknireglur geta innflytjendur nýtt sér þegar þeir hafa ekki nákvæmar upplýsingar um magn umbúða utan um vöru en meginregla laga um úrvinnslugjald gerir ráð fyrir að innflytjandi vöru viti hversu mikið af umbúðum eru utan um þá vöru sem hann flytur til landsins og að hann greiði úrvinnslugjald í samræmi við þær upplýsingar.

Framangreindar reiknireglur gefa upp prósentutölu fyrir annars vegar pappa- og pappírsumbúðir og hins vegar plastumbúðir vegna ákveðinna vara og er notast við númerakerfi tollskrárinnar. Gert er ráð fyrir að innflytjandi geti flett upp tollskrárnúmeri fyrir þá vöru sem hann er að flytja inn og greiði þá úrvinnslugjald í samræmi við það. Til nánari skýringa má taka raunhæft dæmi um innflytjanda sem ætlar að flytja inn tíu örbylgjuofna sem eru samtals 100 kg að þyngd. Innflytjandi getur þá flett upp tollskrárnúmeri örbylgjuofna og samkvæmt tillögum sem verið er að vinna að hjá Úrvinnslusjóði ætti hann að greiða úrvinnslugjald miðað við það að 8% af heildarþyngdinni séu vegna pappa- og pappírsumbúða og 3% séu vegna plastumbúða. Samkvæmt gildandi lögum á að greiða 10 kr. af hverju kíló af innfluttum pappa, pappírs- og plastumbúðum. Af 100 kg af örbylgjuofnum þyrfti innflytjandi því að greiða 80 kr. vegna pappa og pappírsumbúða og 30 kr. vegna plastumbúða, í heild 110 kr. úrvinnslugjald. Úrvinnslugjaldið vegna pappa, pappírs- og plastumbúða á hvern örbylgjuofn yrði því um 11 kr.

Verið er að leggja lokahönd á tillögu að slíkum prósentutölum hjá Úrvinnslusjóði en sjóðurinn vinnur tillögur sínar á grunni upplýsinga sem hann hefur fengið frá danska fyrirtækinu Logisys sem sérhæfir sig í að reikna út meðalþyngd umbúða utan um vöru. Úrvinnslusjóður sendir tillögur þessar til afgreiðslu umhverfisráðherra verði þetta frumvarp til breytinga á lögunum samþykkt.

Ég vil hins vegar leggja áherslu á að meginreglan er og verður sú að innflytjendur eiga að fá upplýsingar um hversu þungar umbúðirnar eru og greiða í samræmi við það. Ætla má að með tímanum verði greitt samkvæmt þeirri reglu í flestum tilvikum. Hins vegar tekur nokkurn tíma fyrir fyrirtæki að afla slíkra upplýsinga og í sumum tilvikum gæti það orðið mjög erfitt og jafnvel ómögulegt að nálgast þær. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að fyrirtækjum verði heimilt að greiða úrvinnslugjald með þeim hætti sem hér hefur verið lýst. Vert er að taka fram að sátt er um þetta mál, enda hefur verið unnið að því í samráði við hagsmunaaðila, jafnt samtök innflytjenda og þá sem þurfa að færa þessar tillögur inn í tollafgreiðslukerfið.

Hvað varðar innlenda framleiðslu má gera ráð fyrir að sá sem framleiðir vöru viti ætíð hversu mikið af umbúðum eru utan um hana og greiði hann því í samræmi við fyrrnefnda meginreglu um raunverulega þyngd umbúða.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á reglum um niðurfellingu og endurgreiðslu úrvinnslugjalds. Lagt er til að sett verði sérstakt ákvæði sem heimilar að fyrirtæki fái undanþágu frá því að greiða úrvinnslugjald af svokölluðum hreinum umbúðum þegar fyrir liggur við innflutning að þær verði notaðar utan um afurðir sem síðan verða fluttar úr landi. Dæmi um slíkar umbúðir eru pappakassar sem ætlað-

ir eru utan um íslenskan fisk sem síðan er seldur úr landi. Í stað þess að sækja þurfi sérstaklega um endurgreiðslu í slíkum tilfellum er í b-lið 1. gr. frumvarpsins lagt til að nánar tilgreindir vöruflokkar pappa, pappírs- og plastumbúða verði undanþegnir úrvinnslugjaldi að því skilyrði uppfylltu að því sé lýst yfir að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og ekki komi til úrvinnslu hennar hér á landi. Með þessu er komið til móts við hagsmuni útflutningsatvinnuveganna, til að mynda fiskútflytjenda.

Að mati framleiðenda og innflytjenda umbúða má gera ráð fyrir að um 75–80% pappa- og pappírsumbúða sem settar eru á íslenskan markað fari til notkunar utan um framleiðslu til útflutnings. Stór hluti plastumbúða fer sömu leið. Tekið skal fram að sömu reglur munu gilda um innlenda framleiðslu, þ.e. innlendir framleiðendur þurfa ekki ef tillögur þessar ná fram að ganga að greiða úrvinnslugjald vegna umbúða sem fara til notkunar utan um framleiðslu þegar fyrir liggur að varan verði flutt úr landi.

Þau tilvik geta einnig komið upp að ekki sé ljóst þegar umbúðir eru fluttar inn eða þær eru framleiddar hérlendis hvort þær verða notaðar innan lands eða til útflutnings. Samkvæmt gildandi lögum er það Úrvinnslusjóðs að endurgreiða úrvinnslugjaldið ef aðili getur sýnt fram á að hann hafi greitt af umbúðunum en síðan hafi þær verið fluttar úr landi.

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á þessari reglu þannig að skattstjórar sjá um endurgreiðslu úrvinnslugjalds í stað Úrvinnslusjóðs áður. Byggist þessi tillaga á þeirri staðreynd að í dag er lítið um að úrvinnslugjald sé endurgreitt en gera má ráð fyrir að eftir að úrvinnslugjald verður lagt á umbúðir muni endurgreiðslur aukast stórlega. Mitt mat sem byggt er á samráði við hagsmunaaðila er að skattstjórar séu réttu aðilarnir til að sjá um slíkar endurgreiðslur.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu lögð til þriðjungslækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða svo að úrvinnslugjald sem áður var t.d. 30 kr. vegna hjólbarða undir venjulega heimilisbíla verði 20 kr. Þessi lækkun nemur um 72 millj. kr. á ári miðað við núverandi umsvif. Úrvinnslusjóður fer reglulega yfir þær forsendur sem hann gefur sér um upphæð úrvinnslugjalds á einstaka gjaldaflokka. Komið hefur í ljós að mun meira hefur verið flutt inn af hjólbörðum en útreikningar Úrvinnslusjóðs gerðu ráð fyrir og er það aðallega vegna þess að innflutningur á bílum er umfram spár. Nái þessi tillaga fram að ganga má gera ráð fyrir að úrvinnslugjald á hjólbarða nái jafnvægi á um fjórum árum.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. umhverfisnefndar að lokinni 1. umr.

[13:53]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil í upphafi fagna því hversu snemma þetta frumvarp er fram komið. Þetta hefur verið árlegur viðburður síðustu árin síðan úrvinnslugjaldið komst á, eðli málsins samkvæmt vegna þess að upphæðir þarf að laga hverju sinni og vegna þess að þessi mál hafa verið í framþróun frá því að frumvarp um þau var fyrst samþykkt, og borið hefur við á síðasta þingi og að ég held á þinginu þar áður að frumvörp sem flókin eru og tæknileg um þetta mál komu fram seint. Á síðasta þingi tókum við sérstaklega til þess í salnum að hæstv. umhverfisráðherra var sammála okkur um það og lofaði bót og betrun og ég þakka hér með fyrir að sú bót og betrun skuli vera komin til skila því að þetta er sem sé eitt af fyrstu málum þingsins eins og eðlilegt er að svo sé.

Ég vil í öðru lagi fagna því sem er viðburður í þessum afmarkaða málaflokki að nú hefur náðst síðasti áfanginn af þeim sem tilteknir voru í upphafi þessarar ráðagerðar og pappírs- og plastumbúðir eru komnar inn í þetta gjaldakerfi. Það hefur gengið töluvert á að koma þeim inn, verið ákveðin tregða í því en vissulega líka tæknilegir erfiðleikar og ber að fagna því að þetta er loksins komið á. Við frestuðum því í fyrra og hittiðfyrra með semingi fyrir orð hæstv. umhverfisráðherra í fyrra og þökkum líka fyrir það að hér hefur verið staðið að því er virðist vel að verki.

Um frumvarpið sjálft er kannski ekki mikið að segja við 1. umr. Það er flókið og tæknilegt. Mér virðist við fyrstu sýn að þær leiðir sem farnar eru um pappa, pappírs- og plastumbúðamál séu hyggilegar og það sé jákvætt að til standi að breyta öðrum reglum. Reglurnar um þetta allt saman eru að skýrast, agast og þjálfast og eru að verða einfaldari að því er virðist, í þokkalega góðri samvinnu milli stjórnvalda og eftirlitsstofnana okkar annars vegar og hins vegar þeirra sem helst standa í því að framfylgja frumvarpinu þ.e. framleiðenda, innflytjenda og kaupsýslumanna ýmiss konar þó að við sem almenningur borgum að lokum.

Um hjólbarðana er ekki margt að segja fyrir menn sem ekki þekkja mikið til hjólbarða en ég efast ekkert um það núna að þarna sé verið að koma á jafnvægi, hafði reyndar mjög gaman af að fara yfir þennan kafla, 4. gr., því þar er margt af orðum sem okkur málfræðingum þykir gaman að sjá: púðurhjólbarðar, ámokstursvélar, sjálfknúnir valtarar, götuhreinsibifreiðar, úðunarbifreiðar, röntgentækjavagnar, þetta þarf að komast upp á Orðabók Háskólans til sérstakrar orðtöku. Ég hafði mjög gaman af því að kynnast vandamálinu um mismun á þyngd hjólbarða og felgna á sama dekkinu en Úrvinnslusjóður og stjórn hans sérstaklega hefur beitt sér í því máli og hefur ákveðið að í tilteknu tollskrárnúmeri verði þyngd hjólbarðans annars vegar og felgunnar hins vegar ákveðin fyrir fram, 50% hvor um sig. Það eru sem sagt hjólbarðar á stálfelgum, álfelgum og léttmálmsfelgum, þingheimi til upplýsingar.

Þegar þessi áfangi hefur náðst er kannski kominn tími til að umhverfisráðherra og umhverfisnefnd skoði framtíðina í þessum efnum. Við ræddum um það í fyrra og ég hygg hittiðfyrra líka og þar áður að skoða þyrfti pappírsvörur sérstaklega, ekki pappír sem umbúðir heldur þá vöru og þau gögn sem beinlínis samanstanda fyrst og fremst af pappír. Þá er átt við einna helst dagblöð og ýmis auglýsingablöð og í rauninni í prinsippinu líka bækur og tímarit. Svör fengust lítil við þessu máli í fyrra hjá hæstv. ráðherra en það var áberandi þegar rætt var við sveitarstjórnarmenn í nefndinni að þeir höfðu hins vegar miklar áhyggjur af þessu máli, auknu pappírsflæði um heimili og samfélag af ýmsu tagi. Það kann að vera kominn tími til þess og ég hygg að hann sé kominn að þetta verði tekið fyrir og athugað hvort með úrvinnslugjaldi sé hægt að slá á þetta pappírsflæði eða tryggja að það komist að lokum í þá öruggu höfn sem aðrar úrvinnslugjaldsvörur lenda í, skulum við vona samkvæmt

þessu frumvarpi.

Ég hlýt í þessu sambandi þó að það varði ekki frumvarpið að minnast á athugasemdir sem við samfylkingarmenn og fleiri höfum gert um stjórn Úrvinnslusjóðs. Ég tel að skipan hennar sé eitt af því sem þarf að athuga á næstu árum þegar tími gefst til frá hinum flóknu og tæknilegu úrlausnarefnum sem hér er við að fást. Að öðru leyti endurtek ég það úr ræðum okkar samfylkingarmanna við fyrri umfjöllun um frumvarp af þessu tagi að við styðjum þetta málefni. Við teljum það horfa til framtíðar, við fögnum þeirri samstöðu sem hefur tekist um meginpartinn af þessum úrvinnslu- og skilagjaldsmálum öllum saman og þótt umhverfisnefnd verði auðvitað að leggjast yfir þetta mál vendilega og kalla til sín þá sem það varðar held ég að ég geti heitið því fyrir hönd okkar samfylkingarmanna að við munum greiða för frumvarpsins í gegnum þingið þannig að það verði afgreitt sem allra fyrst og aðilum gefist þá góður tími til undirbúnings fyrir þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

[14:01]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á lögum um úrvinnslugjald. Eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns er það árviss viðburður að frumvarp af þessu tagi komi til afgreiðslu hér. Hins vegar er þetta frumvarp viðameira en þessi árlegu frumvörp því að verið er að koma á reiknireglum sem ekki hafa verið til staðar í lögum hingað til. Öll sú vinna sem liggur að baki umræddu frumvarpi er komin til vegna skuldbindinga Íslands um að draga úr urðun úrgangs og þar höfum við tímasett markmið sem við þurfum að uppfylla. Satt að segja er ekki seinna vænna að þetta frumvarp líti dagsins ljós. Ég fagna því að það skuli loks vera á borðum okkar. Þetta er vonum seinna að mínu mati en ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því eins og kom fram í máli hæstv. umhverfisráðherra að það er gríðarlega viðamikið og flókið að reikna þetta allt saman eftir þeim kúnstarinnar reglum sem hér hafa verið notaðar. Sú skemmri skírn sem var til umræðu í fyrra að fara, þ.e. að setja 15% gjald á allt, var auðvitað ófær eða a.m.k. óásættanleg fyrir atvinnulífið og þá sem eftir þessum lögum eiga að vinna.

Það er mikilvægt þegar þessi mál eru skoðuð að tryggja að kerfið sé skilvirkt og að óathuguðu máli get ég ekki annað en vonað að þetta sé skilvirkt kerfi sem hér er verið að koma upp. Þetta er í sjálfu sér afar flókið og mikið umstang í kringum þetta allt saman. Mér sýnist af greinargerðinni og ræðu hæstv. ráðherra að málin séu undirbúin þannig að þau séu í samvinnu við hlutaðeigandi aðila, þá aðila sem þurfa að starfa eftir þessu og í góðri sátt þar um. Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að nefna að það stingur mig ævinlega í augun þegar þessi mál eru rædd að þeir sem að lagasetningum koma og reglugerðum eru eingöngu frá atvinnulífinu en aldrei frá þeim aðilum sem starfa að umhverfismálum í landinu. Þá er ég fyrst og fremst að tala um frjáls félagasamtök sem láta sig þessi mál miklu skipta og hafa ítrekað reynt að komast að ákvarðanatöku er varða umhverfismál. Þetta er dæmigerð ákvarðanataka þar sem sjálfstæð og frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála eiga auðvitað að koma að málum. Það er ekki eðlilegt að verkefnisstjórn af því tagi sem skipuð var til þess að vinna þetta mál sé eingöngu skipuð fulltrúum frá Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum iðnaðarins, Félagi íslenskra stórkaupmanna, tollstjóra sem er auðvitað eðlilegt að sé til staðar, og fyrir hönd tollmiðlara fulltrúi frá TVG-Zimsen, frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Félagi fiskvinnslustöðva auk fulltrúa frá Úrvinnslusjóði. Ég spurði hæstv. ráðherra um þetta á síðasta ári: Hvers vegna er ekki aðkoma félagasamtaka sem starfa á sviði umhverfismála opnari að þessari ákvarðanatöku og ég spyr hana enn. Sú tregða er óskiljanleg að þessi mál skuli ekki vera opin og aðgengileg og ekki sé kallað til það fólk sem starfar í þessum geira innan sjálfstæðra og frjálsra félagasamtaka.

Ég ítreka enn athugasemdir mínar og treysti því að hæstv. umhverfisráðherra fari að láta sér segjast í þessum efnum. Hún hefur Árósasamninginn sem er okkar rammi, okkar skuldbindandi rammi um hvernig við eigum að starfa í þessum málaflokki. Nú er að vísu komið fram frumvarp um lögfestingu á einni af þremur stoðum Árósasamningsins. Mér finnst það slóðaskapur af umhverfisyfirvöldum á Íslandi að ætla einungis að lögfesta eina af þremur stoðum þess samnings. Ég tel að samningurinn eigi að njóta lögfestingar, allar hans þrjár stoðir. Þá er ég að tala um í fyrsta lagi aðgang að upplýsingum, í öðru lagi þátttöku í ákvörðunum er varða umhverfismál og í þriðja lagi réttláta málsmeðferð fyrir dómstólum. Þó að ekki sé búið að lögfesta allan samninginn tel ég að hugmyndafræði hans skuldbindi hæstv. ráðherra og þá á hún að horfa til þess á hvern hátt sjálfstæðir aðilar sem starfa að umhverfismálum geti komið að ákvarðanatöku í þessum efnum.

Einn þáttur frumvarpsins varðar lækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða. Það er ekkert sérstakt fagnaðarefni að það skuli vera hægt að lækka úrvinnslugjald á hjólbörðum því að skýringin er eingöngu sú að það er svo gríðarlegur innflutningur á hjólbörðum og bifreiðum að til vandræða horfir í Úrvinnslusjóði. Það er innheimt allt of mikið af gjaldi til þess að farga hjólbörðum á Íslandi. Ég get ekki sagt, hæstv. forseti, að mér finnist þetta fagnaðarefni. Mér finnst til skammar fyrir okkur að það skuli vera svo mikið, umfram allar áætlanir, flutt inn af hjólbörðum og bílum að við skulum standa í þessum sporum nú.

Það er annað sem hæstv. umhverfisráðherra má bæta við syndaregistur sitt. Hvenær ætlar hæstv. umhverfisráðherra að fara að berjast fyrir sjálfbærum samgöngum á Íslandi og sjá til þess að hlutur einkabílsins í umferð á Íslandi sé minnkaður, að dregið sé úr honum á þann hátt að við séum þá að efla almenningssamgöngur í staðinn? Ég tel orðið tímabært að hæstv. umhverfisráðherra beiti sér í þeim efnum en ekki að eina merkið um að hún sé að beita sér í samgöngumálum sé að lækka úrvinnslugjald á hjólbarða af því að verið er að flytja inn svo gríðarlega mikið af einkabílum. Mér finnst þetta ekki til að hrópa húrra fyrir.

Síðan verð ég að ítreka, hæstv. forseti, að það er sannarlega orðið tímabært að dagblaðapappírinn komi inn í þetta kerfi. Það er ekki nokkur hemja að sveitarfélög vítt og breitt um landið skuli þurfa að auka kostnað sinn sem samfélagskostnað af förgun dagblaða bara eftir því hversu mörgum einkaaðilum úti í bæ dettur í hug að fara að gefa út

dagblöð sem borin eru í hvert hús. Eigum við ekki að fara að axla einhverja ábyrgð í þessum efnum? Hvernig gerum við það, löggjafarsamkundan? Við setjum auðvitað úrvinnslugjald á pappír. Við sjáum til þess að pappír skili sér í úrvinnslu og þá verðum við að setja hann inn í gjaldtökuna.

Hæstv. forseti. Ég á eftir að fara betur ofan í saumana á þessu máli með hv. umhverfisnefnd. Þetta er ekki einfalt mál að fara í gegnum og við sem höfum setið í nefndinni í nokkur ár þekkjum það svo sem af fenginni reynslu að þetta er eitt af hinum flóknari málum sem koma til nefndarinnar og mikið mál að setja sig vel inn í það. En ég veit að umhverfisnefnd Alþingis vinnur vel og er samviskusöm nefnd og á eftir að setja sig vel inn í þetta allt saman.

Í lokin langar mig til að nefna að Alþingi Íslendinga, sem á að vera fyrirmyndarstofnun í umhverfismálum sem öðrum málum, hlýtur að verða að fara að setja sér umhverfisstefnu, endurvinnslustefnu og úrvinnslustefnu. Ég fullyrði að þó að við séum að reyna eftir veikum mætti án nokkurra reglna að flokka einhvern pappír þá er það ekki með þeim hætti sem vera skyldi og hvort sem það yrði hæstv. forseti sem hefði forgöngu þar um eða hæstv. umhverfisráðherra þá tel ég að Alþingi Íslendinga eigi að setja sér umhverfisstefnu.

[14:09]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar aðeins að gera tvennt að umtalsefni varðandi ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Það er annars vegar það að hún bendir á að einungis hagsmunaaðilar hafi verið við vinnu varðandi samantekt á frumvarpinu. Ég vil benda á að eftir 1. umr. í dag mun málið væntanlega fara til hv. umhverfisnefndar og þá gefst nefndinni tækifæri til að vísa málinu til þeirra frjálsu félagasamtaka sem hugsanlega hafa áhuga á að gefa umsögn í málinu. Því má spyrja hvort það sé ekki nægjanlegt þar sem þeir aðilar sem eru í slíkum atvinnurekstri eru fagaðilarnir sem þekkja mætavel til í þessum málaflokki.

Hitt vil ég svo aðeins koma inn á sem er gúmmígjaldið. Svo virðist vera, já, að það sé meiri innflutningur og það skal engan undra. Það er mikill innflutningur á ökutækjum og notkun ökutækja er mikil. Gríðarlegur innflutningur er á ökutækjum sem nota gúmmí sem tengist hinni miklu uppbyggingu á Austurlandi sem við eigum náttúrlega að fagna fyrst og fremst. Það er gríðarlegur gúmmíinnflutningur sem skilar sér þá væntanlega inn í þetta gjald hér og ég held að við getum einmitt fagnað því að svo mikil umsvif skuli vera í landinu að aukning sé á hráefninu til þeirra framkvæmda.

[14:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað mun umhverfisnefnd Alþingis senda málið til umfjöllunar hjá frjálsum félagasamtökum en það er ekki ásættanlegt að þau félagasamtök sem starfa á sviði umhverfismála skuli ekki fá að koma að málum meðan verið er að semja þau á sama hátt og hagsmunaaðilar í atvinnulífinu fá. Það er á því stigi sem málið er á borði ráðherra, meðan það er í samningu, sem umhverfissamtökin eiga að koma að borðinu. Ég skil ekki tregðuna í að hleypa þeim þangað. Auðvitað koma þau til með að gefa umsagnir um málið og þau telja sér það ljúft og skylt, veit ég, og þau koma til með að senda okkur umsagnir. En það er ekki á því stigi sem við erum að sýna þeim þá virðingu sem þau eiga skilið og þá aðkomu sem þau eiga skilið samkvæmt þeim alþjóðlegu samningum sem við höfum undirritað eins og Árósasamninginn sem ég nefndi áðan.

Varðandi hitt atriðið sem hv. þingmaður nefndi í andsvari sínu, að hann fagnar því með roða í vöngum hve mikið við fáum af afgjaldi inn í Úrvinnslusjóðinn vegna þess að verið er að flytja inn svo mikið af dekkjum undir búkollurnar sem eru að eyðileggja náttúruna okkar á hálendinu norðan Vatnajökuls. Auðvitað fær hv. þingmaður mig ekki til að fagna því. Ef hv. þingmaður er að reyna að æsa og espa mig upp í ræðu gegn Kárahnjúkavirkjun þá er ég til í að taka þann slag hvenær sem er. En ég ítreka það sem ég sagði áðan. Það er til skammar allur þessi innflutningur á hjólbörðum hvort sem það er undir búkollur eða einkabíla, annars konar búkollur. Það er ekki eðlilegt að þjóð á borð við okkur sé að sprengja allar áætlanir ár eftir ár varðandi innflutning á bifreiðum, þá er eitthvað að. Og það sem er að er að við erum að hunsa almenningssamgöngur, við erum ekki að nýta þær sem skyldi, við erum ekki að greiða götu þeirra sem skyldi, við erum ekki að búa til umhverfisvæna pólitík á þann hátt sem við ættum að vera að gera.

[14:13]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frumvarpi og lýsi jafnframt yfir ánægju minni hve snemma það kemur inn í þingið, eins og hv. þm. Mörður Árnason gerði. Eins og komið hefur fram í umræðunni eru úrvinnslumál og úrvinnslugjöld einmitt eitt af því flóknara sem umhverfisnefnd Alþingis fjallar um. Sorphirða og gámavellir og þess háttar verður æ kostnaðarsamari þáttur í rekstri sveitarfélaga á Íslandi. Þetta eru í raun peningar sem sveitarfélögin sjá á vissan hátt mjög mikið eftir. Við sjáum ekkert eftir peningum sem við verjum til uppeldismála, menningarmála og þess háttar en við sjáum eftir þeim peningum sem við verjum í þennan málaflokk. Þess vegna á hann að vera sem sjálfbærastur, þ.e. þeir sem menga borgi þann kostnað sem til fellur. Þessi málaflokkur verður líka sífellt flóknari með tíð og tíma með þeirri þróun sem á sér stað í samfélaginu. Endurnýting og endurvinnsla eru lykilorð í framtíðarskipan þessara mála. Nýverið hefur verið kynnt svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Íslandi á árabilinu frá 2005–2020. Þá hafa fjögur sorpsamlög tekið sig saman og myndað ákveðna áætlun hvað þetta varðar og þar kemur í ljós hve mikil aukning verður á ýmiss konar úrgangi í framtíðinni.

Í frumvarpinu er að bætast við í málaflokkinn úrvinnslugjald sem tengist pappír, plasti og pappa. Við settum lög um úrvinnslugjald varðandi plast fyrir nokkrum árum sem er mjög flókið að framfylgja, t.d. hvað varðar landbúnaðarplast sem berst á sorpstöðvarnar. Menn eru til þess að gera óánægðir með hve illa gengur að fá til baka þá peninga sem þeir í raun og veru eiga að fá. Þar er um ákveðnar krónutölur að ræða og mönnum finnst þetta dálítið flókið ferli. Því er nauðsynlegt að í öllum þessum umhverfismálum og úrvinnslugjaldamálum sé þetta eins einfalt og mögulegt er

þannig að það gangi vel fyrir sig að menn fái til baka það sem þeim ber.

Býsna vel hefur tekist til varðandi bílhræ og annað slíkt. Það hefur gengið mjög vel en ekki eins vel t.d. í sambandi við landbúnaðarplastið sem hefur gengið allt of treglega.

Enn og aftur fagna ég framkomu frumvarpsins og ég vona að það verði til þess að þessi mál skýrist enn frekar og við berum gæfu til að umræddur málaflokkur standi undir sér, þ.e. að þeir sem menguninni valda þurfi að greiða fyrir hana.

[14:16]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir ágæta umræðu og tek undir með þeim að það skiptir auðvitað mjög miklu í þessu efni öllu að kerfið sé einfalt og skilvirkt þannig að það þjóni sem best þeim sem við það þurfa að búa.

Hv. þingmenn Mörður Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir nefndu sérstaklega dagblaðapappírinn. Ég á afskaplega auðvelt með að skilja að sveitarfélögin vilji, ef horft er frá þeirra sjónarhorni, koma þessum hluta úrgangsmálanna sem hjá þeim er undir Úrvinnslusjóð en ég tel það ekkert endilega sjálfsagt. Það eru mál sem þarf að skoða. Því hefur verið þannig fyrir komið að þessi þáttur er hlutverk sveitarfélaganna í förgunarmálum en hvort einhverjar breytingar ættu að verða á því þarf alveg sérstaka umræðu og skoðun. Það er ljóst að kerfið sem við höfum byggt upp gengur ágætlega og get ég mjög vel séð það fyrir mér að ef ég væri í sporum sveitarstjórnarmanns þætti mér kannski ekki slæmt að geta horft til þess að komast yfir fjármuni til förgunarmála á þann hátt að leggja á úrvinnslugjald. En ég ítreka að það er ekki endilega sjálfsagt. Það þarf að skoða það í samhengi við þessi mál öll til framtíðar litið.

Hvað varðar stjórn Úrvinnslusjóðs sem hv. þm. Mörður Árnason kom inn á áðan þá lýsi ég þeirri skoðun minni að ég tel að ekki eigi að fjölga í þeirri stjórn. Það kæmi frekar til greina að fækka ef gera ætti einhverjar breytingar. Ég veit að nefndin mun að sjálfsögðu fara vandlega yfir þau mál en þetta er ekki hluti af því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Ég nefni þetta af því að ég hef mjög ákveðna afstöðu í þessum efnum og vildi bregðast við því.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fór nokkrum orðum um að frjáls félagasamtök ættu að eiga aðild að undirbúningi máls eins og þess sem hér liggur fyrir. Mér fannst gæta heilmikils misskilnings í málflutningi hennar. Í þessu máli er í raun og veru verið að skipa verkefnisstjórn til að fara ofan í mjög tæknilegt mál og ég vek athygli á því að umhverfisráðuneytið var ekki með fulltrúa í verkefnisstjórninni. Þetta er eingöngu tæknilegt mál til að auðvelda framkvæmd á máli sem búið er að taka ákvörðun um og þannig stendur þetta tiltekna mál.

Loks vil ég líka árétta að úrvinnslugjaldinu er eingöngu ætlað að standa undir kostnaði við úrvinnslu og því þurfum við að skoða árlega þær upphæðir sem lagðar er á og það er m.a. þess vegna sem lagt er fram frumvarp á hverju einasta ári þegar breyta þarf upphæðinni.

Einnig var komið inn á landsáætlanir í förgunarmálum sem eru mjög til framfara. Ég legg áherslu á að þessi mál þurfa að vera í sem allra besta lagi og að kerfið þarf að vera eins einfalt og skilvirkt og kostur er.

[14:21]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. umhverfisráðherra segir að það sé ekki endilega sjálfgefið að sínu mati að dagblaðapappírinn fari inn í þetta úrvinnslusjóðskerfi. Ég er ósammála henni í þeim efnum og vil minna hæstv. ráðherra á að umhverfisnefnd gaf út yfirlýsingu í nefndaráliti fyrir sennilega tveimur árum síðan við vinnslu á frumvarpi er varðaði Úrvinnslusjóð og úrvinnslugjald. Nú ber þetta svo brátt að að ég man ekki nákvæmlega hvaða nefndarálit þetta var en ég á sennilega auðvelt með að finna það. En sú umhverfisnefnd sem þá starfaði gaf yfirlýsingu um að hún teldi nauðsynlegt að flýta vinnu við að koma dagblaðapappír undir sama kerfi. Ég bendi því hæstv. umhverfisráðherra á að hér talar hún þvert ofan í vilja umhverfisnefndar sem sat fyrir tveimur árum. Ég þori að fullyrða að það sé mjög mikill vilji hjá þeirri umhverfisnefnd sem núna starfar fyrir því að koma dagblöðunum undir þetta kerfi. Ég get ekki fullyrt að það sé meiri hluti en það mál verður örugglega tekið upp á fundum nefndarinnar þegar frumvarpið fer þangað til umfjöllunar.

Hæstv. ráðherra segir að það sé misskilningur minn að fólk frá frjálsum félagasamtökum þurfi að koma að undirbúningi þessa máls af því að það sé svo tæknilegt og flókið. Frú forseti. Ég tel að félagasamtök sem starfa á sviði umhverfisnefndar eigi það skilið að vera kölluð til, frekar oftar en sjaldnar, þegar umhverfisráðherra þarf að skipa verkefnisstjórnir í nákvæmlega svona málum því að innan vébanda umhverfisverndarsamtaka er fólk sem er faglega mjög vel að sér í öllum málum er lúta að umhverfisvernd og þess vegna líka sorpflokkun og förgun úrgangs. Umhverfisverndarsamtökum væri sýnd tilhlýðileg virðing ef hæstv. umhverfisráðherra boðaði þau til þegar verið er að semja mál af þessu tagi.

[14:23]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um dagblaðapappírinn. Það er skoðun mín að það sé ekki sjálfgefið að dagblaðapappír eigi að fara undir álagningu úrvinnslugjalds, að það sé mál sem menn eigi að skoða í samhengi við heildarfyrirkomulag á þessum málum. Og hvað snertir félagasamtökin eiga þau auðvitað að koma að ákvörðunum á sviði umhverfismála. Ég er ekki að draga fjöður yfir það eða leggjast gegn því á nokkurn hátt. Ég tel það bara sjálfsagt í nútímasamfélagi.

Hins vegar er þarna ekki um ákvarðanatöku að ræða. Það er búið að taka ákvörðun og það er einfaldlega verið að gera framkvæmd hennar eins auðvelda og kostur er. Það tel ég vera meginmálið en ekki nákvæmlega hverjir sátu í verkefnisstjórninni.

[14:25]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel ekki neina þörf á að spinna þennan

þráð neitt lengra. Ég fagna því eingöngu að hæstv. umhverfisráðherra skuli segja það hér í ræðustóli að hún telji sjálfsagt að frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála komi að ákvarðanatöku í samfélaginu. Það skiptir langmestu máli en ekki hvort þau koma akkúrat að samningu þessa máls. Ég tel mikilvægt að við hæstv. umhverfisráðherra séum sammála í þessu prinsippatriði sem þetta mál snýst um.

[14:25]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þegar ég beindi athygli að stjórn Úrvinnslusjóðs gerði ég það í framhaldi af umræðum um það mál í fyrra. Eins og staðan er núna eru í raun og veru þrenns konar þátttakendur í stjórninni. Það eru í fyrsta lagi tæknimenn úr ráðuneytunum eða frá ráðherranum. Í öðru lagi aðilar frá sveitarfélögunum. Í þriðja lagi menn skipaðir af atvinnurekendum. Þetta getur út af fyrir sig verið heppileg skipan. Þarna koma að málinu þeir sem skipta miklu máli, atvinnurekendur sem þurfa að annast þessar greiðslur, sveitarfélögin sem sjá um förgun og þurfa að hirða sitt dót hvert á sínum stað. Einn fulltrúa vantar í þennan hóp og það er ósköp einfaldlega fulltrúi þeirra sem borga brúsann, þ.e. fulltrúi neytenda. Við töluðum svolítið um það í fyrra þegar stjórnarmál skiptu máli í frumvarpinu vegna þess að þá var verið að leggja niður hollusturáð sem áður kom nálægt þessum sjóði. Tillaga mín og okkar var sú að þarna kæmu inn menn, t.d. frá Alþýðusambandinu eða Neytendasamtökunum, óháð því hvaða álit þeir hafa á umhverfismálum og væru þeir þá fulltrúar þeirra sem borguðu brúsann. Ég held að það sé mál sem þyrfti að kanna og ég skora á ráðherrann að gefa því gaum og jafnvel fara með þessi mál öll í endurskoðun. Ég sagði áðan að nú væru þessi lög loksins að verða eins og þeim var ætlað í upphafi og þá er kannski kominn tími til að athuga hvort ekki má laga ýmislegt, ýmsar þær mannasetningar sem í upphafi voru gerðar.

Örstutt um dagblaðapappírinn. Ég tel að hæstv. umhverfisráðherra hafi gefið hér loforð um að hún ætli að skoða það mál og kannski ættum við hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir að ýta á það með sérstakri þingsályktunartillögu.

[14:28]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í beinu framhaldi af ágætri ræðu hæstv. umhverfisráðherra þá er ég mjög sammála því að kerfið þarf að vera eins einfalt og skilvirkt og mögulegt er. Ég hvet velviljaðan umhverfisráðherra og fyrrverandi sveitarstjórnarmann til að beita sér fyrir að úrvinnslugjald verði lagt á dagblaðapappír. Eins og allir þekkja berst inn á hvert heimili gríðarlegt magn af pappír, alls konar dagblaðapappír og reyndar glanspappír líka. Mér finnst mjög brýnt að lagt verði úrvinnslugjald á þennan pappír. Og í framhaldi af því sem við höfum talað um áður eiga þeir aðilar sem í raun og veru menga að borga brúsann. Ég hvet ráðherrann til dáða í þessum efnum enda þekkir hún afar vel til sveitarstjórnarmála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (efnistaka úr gömlum námum). — Þskj. 180.

[14:29]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Frumvarpið er í meginatriðum samið af starfshópi sem umhverfisráðherra skipaði í júní 2003 til að gera tillögur um með hvaða hætti binda mætti leyfi um töku efna úr gömlum námum. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi síðasta vetur en náði ekki fram að ganga.

Samkvæmt gildandi lögum skal afla framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar fyrir allri efnistöku á landi og úr hafsbotni innan netlaga. Þetta gildir um allar námur þar sem efnistaka hófst eftir gildistöku náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, þ.e. eftir 1. júlí 1999. Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, ná einnig til slíkrar efnistöku ef hún nær tilteknu umfangi eða er á náttúruverndarsvæðum. Um öll ný efnistökusvæði gilda því ákveðnar reglur sem tryggja að sveitarstjórnir og önnur stjórnvöld á borð við Umhverfisstofnun geti haft áhrif á hvernig efnistakan fer fram.

Hins vegar hefur verið talið að framangreind ákvæði nái ekki til eldri efnistökusvæða, þ.e. þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999. Þar sem mikill meiri hluti allra náma í landinu fellur undir þann flokk hefur ekki tekist að koma eðlilegu eftirliti á stóran hluta þeirra efnisnáma sem í landinu eru. Til að taka af allan vafa er í frumvarpinu sem ég mæli fyrir lagt til að skýrt verði kveðið á um að um eldri námur gildi sömu reglur og um nýjar. Er gert ráð fyrir að þetta verði gert í tveimur áföngum. Tilgangurinn með frumvarpinu er ekki að koma í veg fyrir efnistökuna heldur fyrst og fremst að tryggja virkt eftirlit af hálfu náttúruverndaryfirvalda og vönduð vinnubrögð svo að efnistakan fari fram eins og kostur er í sátt við umhverfið og einnig að frágangur náma þegar efnistöku lýkur verði með samræmdum hætti hvort sem um er að ræða gamlar eða nýjar námur.

Í frumvarpinu er í fyrsta áfanga lagt til að eftir 1. júlí 2008 þurfi framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar fyrir efnistöku í eldri námum þegar eitt af eftirfarandi skilyrðum eigi við:

1. Þegar áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25 þúsund fermetra eða meira.

2. Þegar áætlað er að taka 50 þúsund rúmmetra af efni eða meira á viðkomandi efnistökusvæði.

3. Þegar áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökustaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði, um 25 þúsund fermetra eða meira.

4. Þegar efnistaka fer fram á verndarsvæði.

Gert er ráð fyrir að lög um mat á umhverfisáhrifum taki einnig til þessara náma eins og um nýja framkvæmd væri að ræða. Það þýðir í flestum tilfellum að tilkynna ber efnistökuna til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort hún skuli fara í mat á umhverfisáhrifum. Allra stærstu námurnar í þessum flokki verða hins vegar sjálfkrafa matsskyldar, þ.e. þar sem fyrirhuguð er stækkun efnistökusvæðis um 50 þúsund fermetra eða meira eða þar sem fyrirhugað er að teknir verði yfir 150 þúsund rúmmetrar af efni.

Í öðrum áfanga frumvarpsins er síðan gert ráð fyrir að

eftir 1. júlí 2012 þurfi allar starfandi námur framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Eftir þann tíma eiga því sömu reglur að gilda um allar námur í landinu og framkvæmdin á efnistöku með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum að verða samræmd.

Ég hef rakið meginefni frumvarpsins og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

[14:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum og snýr frumvarpið að þáttum laganna sem varða eldri námur eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra. Þetta mál kom fram á síðasta þingi en var ekki afgreitt. Þá settum við í Samfylkingunni fram nokkrar spurningar hvað þetta varðar.

Ég fagna því að þetta mál skuli vera komið inn í þingið og tel mjög mikilvægt að settar verði ákveðnar reglur um námur og lög verði sett um þær. Ég veit að hagsmunaaðilar hafa kallað eftir slíkri lagasetningu, svo sem Landvernd og náttúruverndarsamtök.

Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er gert ráð fyrir að efnistaka verði óheimil eftir 1. júlí 2008. Í frumvarpinu sem kom fram á síðasta þingi var miðað við árið 2007. Hér er verið að fresta þeirri gildistöku um eitt ár og ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort ekki sé ástæða til að hraða þessari lagasetningu og gildistöku og halda sig við þá dagsetningu sem var í frumvarpinu á síðasta vetri. Sama á við um gildistöku á framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999. Í fyrra var gert ráð fyrir að það tæki gildi 2010 en nú er miðað við árið 2012, gildistökunni er frestað um tvö ár. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki sé hægt að halda sig við dagsetningarnar sem gert var ráð fyrir á síðasta þingi.

Ég hef gert malarnám og námur að umtalsefni. Fyrir nokkrum árum, þegar ég átti sæti í umhverfisnefnd, var töluvert fjallað um Seyðishólana. Þar voru ákveðnar náttúrumyndanir sem voru nánast eyðilagðar af malarnámi og ég fagna því sérstaklega í ljósi þeirrar umræðu að lagasetning sé á næsta leiti. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram niðurstaða starfshópsins sem undirbjó þetta frumvarp, en í júní 2003 skipaði umhverfisráðherra starfshóp sem vann þetta verk. Í greinargerðinni koma fram margar gagnlegar upplýsingar um stöðu mála, m.a. rak ég augun í það, sem ég vissi ekki áður, að um 8 millj. rúmmetra eru notaðar á hverju ári af jarðefnum og þar af fara um 60% til vegagerðar. Síðan er vitnað í námuskrá Vegagerðarinnar og þar eru skráðar núna 3.040 námur og eru um 55% af þeim eða 1.658 námur skráðar ófrágengnar. Eru þetta óbreyttar tölur? Hefur námum ekkert fjölgað frá því í fyrra því þetta eru sömu tölur og komu fram með frumvarpinu í fyrra. Hefur þetta ekkert breyst?

Eftir því sem mér heyrðist á hæstv. ráðherra, hún ítrekar það þá kannski bara í seini ræðu sinni, mun þetta frumvarp ná til allra þessara náma. Munu þá verða komin lög yfir allar námur þegar þetta frumvarp verður orðið að lögum? Í niðurstöðu starfshópsins er vakin athygli á því að mörgum náttúrufyrirbrigðum hafi verið spillt með námum og það verður ekki aftur tekið. Við vitum að efnistaka skilur víða eftir sig mjög ljót sár í umhverfinu og þeim sárum þarf að fækka og koma í veg fyrir. Þess vegna er lögð mikil áhersla á að frágangur verði vandaður þar sem efnistaka hefur farið fram.

Nú stendur fyrir dyrum að umhverfisnefnd fari og skoði námur og þá sérstaklega námur hér í nágrenninu. Ég tel að það verði fróðlegt fyrir nefndina, þar sem við þurfum að vinna þetta þingmál, að kynna sér þær námur sem eru í nágrenninu og ekki síst í ljósi þess hve gífurlega margar námur eru hér.

Mig langar til að nefna eitt atriði sem kemur fram í 1. gr. frumvarpsins og það er um efnistöku á verndarsvæðum. Þar er gert ráð fyrir viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum þar sem nám fer fram á verndarsvæðum. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra hvort ekki standi til að banna nám á friðlýstum svæðum eða á svæðum sem er áformað að friðlýsa.

Ég held að ég geri ekki frekari athugasemdir við þetta mál. Ég á sæti í umhverfisnefnd og við munum fara yfir þetta en ég fagna því að lög verði sett um malarnám. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er ekki gert ráð fyrir að þetta komi í veg fyrir malarnám en að settar verði ákveðnar reglur um umgengni við námur og einnig reglur um eldri námur og frekara malarnám í þeim. En ég mun koma að þessu máli í nefndinni og vænti þess að þar komi frekar fram athugasemdir frá þeim sem málið varðar. Ég tek eftir því að í starfshópnum hefur þess verið gætt að sem flestir komi þar að, bæði þeir sem starfa við námurnar og einnig náttúruverndaraðilar og aðrir hagsmunaaðilar. Mér sýnist að þar hafi vel verið staðið að verki.

[14:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég fagna því að þetta mál um það hvernig eldri námur verði settar undir núgildandi ákvæði náttúruverndarlaga skuli vera komið aftur fram og tel mjög brýnt að því verði hraðað sem mest má.

Við fjölluðum um þetta mál í umhverfisnefnd á síðasta þingi og sendum það út til umsagnar. Við fengum inn talsvert af umsögnum og það kemur auðvitað í ljós, eins og ég veit að hæstv. umhverfisráðherra er kunnugt, að skoðanir eru skiptar og það fer þá allt eftir því hverra hagsmuna viðkomandi aðilar eiga að gæta. Umhverfisverndarsamtök fagna fram komnu frumvarpi og telja að það komi fram vonum seinna en hagsmunaaðilar mótmæla því og vilja helst ekki að settar séu neinar reglur um eldri námur.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um eitt af því að ég geri ráð fyrir að farið hafi verið vel yfir þessar umsagnir allar í umhverfisráðuneytinu og það vekur athygli mína að umsögn Umhverfisstofnunar frá því í desember 2004 leggur til breytingu á c-lið 1. gr. Athugasemd Umhverfisstofnunar varðar orðalagið „á sama svæði" en c-liður hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökustaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði, um 25 þúsund fermetra eða meira."

Nú sé ég að hæstv. umhverfisráðherra hefur farið að tillögu umhverfisverndar og hefur bundið orðalagið í þessa mælieiningu, „25 þúsund fermetrar eða meira." En eiga

þetta ekki að vera rúmmetrar?

Umhverfisstofnun hafði orð á því í umsögn sinni að hugtakið „sama svæði“ hefði ekki verið skilgreint á fullægjandi hátt, hvorki í lögum né í úrskurðum eða leiðbeiningaritum sem Skipulagsstofnun hefur gefið út um mat á umhverfisáhrifum. Hún taldi að að óbreyttu mundi þessi liður, c-liður frumvarpsins, bjóða upp á misskilning eða ólíka túlkun um hvað teldist vera sama svæði. Í umsögn sinni taldi Umhverfisstofnun eðlilegt að varpa fram spurningum um það hvort um eitt eða tvö námusvæði væri að ræða ef unnið væri efni t.d.:

„... sitt hvoru megin við ein vatnaskil, á sínum hvorum bakka sömu ár, ofan eða neðan við sömu flúðir eða í sitt hvorri skriðukeilu í Esjunni.“

Stofnunin nefnir ákveðin dæmi og leggur síðan til að c-liðnum verði breytt á þann veg að orðin „á sama svæði“ verði felld burt og c-liðurinn hljómi á eftirfarandi veg, með leyfi forseta:

„Áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökusvæða vegna sömu framkvæmda um 25 þúsundir rúmmetra eða meira.“

Hér er Umhverfisstofnun greinilega með einhverja hugmynd um rúmmetratölu, þ.e. hversu mikið megi taka því að ég skil, þó ég sé ekki glögg á að lesa rúmmetra eða fermetra en svo er búið að breyta ákvæðinu sé ég við nánari lestur hjá hæstv. umhverfisráðherra þar sem lagt er til að orðalagið sé eins og sagði í máli mínu áðan. Það er kannski hægt að varpa frekari ljósi á þetta rúmmetra eða fermetra tal í andsvörum eða í síðari ræðu hæstv. umhverfisráðherra.

Úr því að ég er að grauta í umsögnum sem komu til nefndarinnar á síðasta ári, þegar málið var lagt fram, langar mig að nefna að Fornleifavernd ríkisins gerði athugasemd sem ég tel eðlilegt að verði skoðuð og tel að hæstv. umhverfisráðherra hafi kíkt á þá umsögn eins og aðrar. Fornleifavernd ríkisins þykir rétt að benda umhverfisnefndinni á að efnistaka getur raskað fornleifum líkt og náttúruminjum og telur nauðsynlegt að gerð sé ákveðin úttekt á fornleifum í nágrenni efnistökustaða hvort sem um er að ræða eldri námur eða nýjar námur. Hún vildi beina þeim hugmyndum inn í störf nefndarinnar hvort lagaákvæði um úttekt á fornleifum í tengslum við efnistöku eigi heima í lögum um náttúruvernd og það kann vel að vera að svo sé. Við gleymum kannski oft fornminjunum sem mögulega geta legið í landinu og ég tel alveg þess virði að athuga hvort þarna sé ábending sem vert er að skoða.

Svo var Samband íslenskra sveitarfélaga líka með efnismikla athugasemd vegna þess að ekki hafði farið fram kostnaðarmat í fyrra á þessu frumvarpi eins og samkomulag milli stjórnvalda og Sambands sveitarfélaga segir til um að eigi að gera. Það væri ágætt að fá að heyra það frá hæstv. umhverfisráðherra hvort kostnaðarmat af því tagi sem Samband sveitarfélaga óskaði eftir í fyrra hefði farið fram við endurnýjun þessa frumvarps.

Síðan held ég að skoða þurfi nánar þær umsagnir sem fyrir liggja, t.d. þarf að skoða efnismikla umsögn frá Skipulagsstofnun og það verður auðvitað gert í umhverfisnefndinni. En eins og ég segi, þetta með c-liðinn vakti athygli mína og kannski verður ljósi varpað á misskilning minn hvað hann varðar í síðari ræðu hæstv. umhverfisráðherra.

[14:49]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað lýsa ánægju minni með að þetta frumvarp er komið fram. Við lestur þess og greinargerðarinnar virðist sem mjög vönduð vinnubrögð hafi verið höfð í frammi við gerð frumvarpsins.

Það er einkum tvennt sem vakti upp spurningar hjá mér og það eru þær sömu og fram komu í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, þ.e. dagsetningin sem fyrirhugað er að lögin taki gildi, 1. júlí 2008, og að ekki skuli alfarið bönnuð efnistaka á friðlýstum svæðum eða svæðum sem fyrirhugað er að friðlýsa.

Þegar frumvarpið er lesið yfir kemur ósjálfrátt í hugann fjall sem heitir Ingólfsfjall. Þar háttar einmitt nákvæmlega þannig til að ekki var hægt að koma böndum á efnistöku framan úr fjallinu vegna þess að núgildandi lög náðu ekki yfir framkvæmdir sem hófust fyrir tiltekna dagsetningu. Ef þetta frumvarp verður að lögum munu þau væntanlega koma böndum yfir efnistöku úr Ingólfsfjalli en nú er eins og kunnugt er tekið efni ofan af fjallinu, þ.e. því er ýtt fram af fjallinu og niður og hirt upp þar. Í frumvarpinu eru bæði settar skorður við umfangi landsvæðis, hversu stórt landið má vera umfangs sem efnið er tekið af og eins hversu mikið efni má taka af tilteknu svæði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir skorðum við 50 þúsund teningsmetrum og jafnframt 25 þúsund rúmmetra svæði sem má taka af, svo ég vitni beint í frumvarpið, með leyfi forseta:

„... áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökustaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25 þúsund fermetra eða meira.“

Mér dettur enn og aftur í hug Ingólfsfjall. Það háttar nefnilega þannig til að uppi á því fjalli er vatnsból Selfyssinga eftir því sem ég best veit, vatnið kemur undan Ingólfsfjalli. Þarna á sem sagt að vera heimilt að taka mjög mikið magn af efni fram til 1. júlí 2008. Mér er því spurn: Hefur verið rannsakað gaumgæfilega hvort þessi mikla efnistaka úr Ingólfsfjalli geti hugsanlega haft áhrif á vatnsból Selfyssinga og nágranna? Mér finnst mjög mikilvægt að það sé skoðað. Og að öðru leyti: Hvaða áhrif hefur öll þessi efnistaka á fjallið og umhverfi þess?

Heilmikið er talað um frágang á námum og jafnframt, eins og kom fram áðan, um fjölda náma sem eru til á landinu. Eins og stendur eru þær 3.040 sem eru á skrá Vegagerðarinnar. Rúmlega 25% af þeim munu vera, eftir því sem fram kemur hér, án starfsleyfis, ef ég man rétt.

Ég kannast við námur sem Vegagerðin hefur tekið úr og ég verð að hrósa henni mjög fyrir frágang á þeim námum. Mér finnst Vegagerðin ganga mjög vel um þá staði sem hún fer um. En á síðustu árum hefur verklag Vegagerðarinnar breyst að því leyti til að hún annast ekki framkvæmdir sjálf nema að litlu leyti heldur býður þær út. Mér er því spurn: Hvaða kröfur eru gerðar til þeirra sem taka að sér verktöku fyrir hönd Vegagerðarinnar um frágang á námum? Eru gerðar kröfur til þeirra í útboði hvað það varðar?

Ég tel frumvarpið annars vera til mikilla bóta en hef þessar spurningar varðandi Ingólfsfjall sérstaklega af því að það er svo langt þangað til þessi lög eiga að ganga í gildi.

Þeir sem eru með námur án starfsleyfa og annars sem krafist er í eldri lögum geta haft sína hentisemi allt fram til 1. júlí 2008. Það er hægt að gera ansi mikið og taka ansi mikið á þeim tíma með öllum þeim stórvirku vinnuvélum, búkollum og púðurdekkjum og öllu því sem við vorum að tala um hér áðan.

[14:55]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frumvarpi. Það er mjög líklegt að umfjöllunin verði öll faglegri þegar það kemur fram jafntímanlega og raun ber vitni og ég er viss um að umhverfisnefnd á eftir að fjalla mjög rækilega um það. Efnistaka er mjög viðkvæm en engu að síður nauðsynleg og þess vegna verða lög um efnistöku að vera afar skýr og eins einföld og mögulegt er. Við verðum líka að tryggja virkt eftirlit í þessum efnum. Við byggjum hús og við gerum miklar kröfur um samgöngubætur í vegakerfi og öðru slíku. Þess vegna verðum við oft og tíðum að færa ákveðnar fórnir fyrir það. En eftir því sem lögin eru skýrari og öruggari þeim mun meiri líkur eru á að vel takist til.

Ég vil líka fagna því að framkvæmdaleyfi verði sett í hendur sveitarfélaganna því að engir eru betur til þess fallnir en heimamenn að fjalla um þessi mál, gefa umsagnir og leyfi sýnist mönnum að ástæða sé til þess. Þess eru reyndar mjög mörg dæmi að afar illa hafi verið gengið um slíkar námur vítt og breitt um landið en sem betur fer eru líka dæmi þess að menn gangi vel frá námunum og þar tekst oft mjög vel til eins og kom fram í ræðu hv. þingmanns rétt áðan. Vegagerðin hefur bætt sig til mikilla muna í þessum efnum. Mjög algengt er þegar námuleyfi eru veitt að sérstakir samningar séu um að gengið skuli frá námunum með ákveðnum hætti.

Einnig er afar brýnt að kostnaðarmat fylgi þannig að menn geri sér grein fyrir hversu mikill kostnaður býr að baki fyrir sveitarfélögin og aðra þá sem að málinu koma.

Enn og aftur fagna ég frumvarpinu og hvet til þess að eftirlit verði eins virkt og mögulegt er og engir eru betur til þess fallnir en heimamenn að fjalla um hvar námur eigi að vera og hvernig skuli gengið frá þeim.

[14:57]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við ræðum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44 frá 1999, sem fjallar um eldri námur. Mig langar að koma inn á örfá atriði varðandi frumvarpið. Ég vil taka undir þakkir þeirra þingmanna sem hafa talað á undan um hversu fljótt frumvarpið er komið fram, en minna má á að málið lá fyrir þinginu í fyrravetur og fyrir hv. umhverfisnefnd. Það hefur því fengið mikinn og góðan undirbúning og þess vegna ættum við að hafa gott tækifæri til að fara yfir málið nú í vetur.

Það sem ég vil benda á og held að nefndin ætti að fara vandlega yfir eru þau stærðarmörk sem hér hafa verið nefnd. Það eru annars vegar þeir 25 þúsund fermetrar sem þingmenn hafa verið að tala um og svo þessir 50 þúsund rúmmetrar sem hafa farið svolítið á milli flokka, en hvað um það. Það eru þær stærðareiningar sem ég tel að við þurfum að fara betur ofan í og er ekki nákvæmlega sannfærður um að séu réttar einingar.

Ég vil minna á að með frumvarpinu fylgir umsögn fjármálaráðuneytisins. Í þeirri umsögn kemur fram að það séu 100 námur sem muni falla undir þessi lög og má benda á að ef þessar námur færu allar í umhverfismat getur umhverfismat verið á bilinu frá 1–3 og allt upp í 10 millj. kr. á hverja námu.

Þegar við fögnum því að það skuli hafa verið hagsmunasamtök eða reyndar aðilar frá áhugamannahópum sem hafi starfað í nefndinni þá eru það einungis aðilar frá Vegagerðinni sem eru notendur að þessum námum og hafa verið í starfshópnum, en ekki námurétthafar eða eigendur náma. Ég held að þetta sé sá þáttur sem við þurfum að fara svolítið yfir í hv. umhverfisnefnd.

[15:00]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka fyrir umræðuna. Það er augljóst að hv. þingmenn hafa heilmikinn áhuga á að frumvarpið nái fram að ganga. Ég efast ekki um að þeir sem sitja í umhverfisnefnd afgreiði það hratt og greiðlega.

Spurt var um dagsetningar sem breyst hafa frá frumvarpinu í fyrra. Spurt var hvort ekki væri réttara að hafa þær annars vegar 2007 og hins vegar 2012. Svar mitt við því er mjög einfalt, að það er eðlileg tillitssemi og aðlögun fyrir þá sem búa við lögin, þ.e. verði frumvarpið að lögum. Þess vegna var þessum dagsetningum breytt. Það er líka nauðsynlegt ef fara þarf í mat á umhverfisáhrifum í einhverjum af þessum námum. Það er ljóst að það mun taka einhvern tíma. Þannig standa þau mál.

Einnig var spurt hvort námum hefði fjölgað frá því í fyrra. Ég tel að það sé óverulegt en hins vegar ætti að vera auðvelt fyrir þingnefndina að fá upplýsingar um það frá Vegagerðinni.

Jafnframt var spurt hvort þetta frumvarp næði yfir allar námur, yrði það að lögum. Það er alveg hárréttur skilningur. Verði frumvarpið að lögum munu þau eftir 2012 ná yfir allar námur. Hvað verndarsvæðin snertir þá eru verndarsvæði víðtækara hugtak en friðlýst svæði og þess vegna er þetta sett upp með þessum hætti.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir spurði um fermetrafjöldann í c-liðnum. Það eiga sem sagt að vera fermetrar og ég vil sérstaklega benda á að það er sama orðalag og notað er í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þetta er sama orðalag og þarna er þetta samræmt.

Hvað snertir Fornleifavernd ríkisins og ábendingar hennar þá veit ég að þingnefndin mun fara vel í það mál og mér finnst það sjálfsagt. Svar við athugasemdum sveitarfélaganna um sérstakt mat á kostnað sveitarfélaganna er að það er enginn kostnaðarauki fyrir sveitarfélögin. Það fellur enginn kostnaður á þau við þetta frv. Það eru fyrst og fremst þeir sem reka námurnar sem bera þurfa kostnaðinn en ekki sveitarfélögin sjálf. Eingöngu leyfisveitingin er í þeirra höndum.

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir fór síðan sérstaklega yfir námureksturinn í Ingólfsfjalli. Ég vildi þá sérstaklega nefna að tilgangur frumvarpsins er ekki síst að skýra það réttarsvið sem hér er fjallað um. Það er þannig að mati ráðuneytisins að framkvæmdaraðilar hafa í mörgum tilvik-

um túlkað lög um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög á þann veg að þeir væru algerlega óháðir þeim reglum, hafi efnistaka með einhverjum hætti hafist fyrir gildistöku þeirra laga. Eins og kemur fram í nýlegum úrskurði ráðuneytisins um efnistöku í Ingólfsfjalli er ráðuneytið ekki sammála þeirri túlkun. Niðurstaðan í því máli var, eftir mjög ítarlega skoðun innan ráðuneytisins, að efnistaka í gömlum námum sem færi út fyrir ákveðin mörk, t.d. vegna stækkunar efnistökusvæðis, félli undir lög um mat á umhverfisáhrifum og væri tilkynningarskyld breyting á framkvæmd sem hafin var fyrir gildistöku laganna. Þetta vildi ég taka sérstaklega fram.

Síðan var spurt um verktaka fyrir Vegagerðina, hvort þeim væri skylt að ganga frá námum. Það er alveg ljóst, að þeir falla að sjálfsögðu undir þessi lög, náttúruverndarlögin, varðandi frágang. Þau lög gilda sem sagt um allar námur í landinu eftir 2012 ef þetta frumvarp verður að lögum.

[15:05]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Bara örfá orð varðandi c-lið 1. gr. frumvarpsins. Ég sé ekki annað en að sá misskilningur sem Umhverfisstofnun hefur varað við að geti komið upp vegna þessara mála sé enn til staðar með orðalaginu á c-lið. Ég sé ekki annað heldur en við komum til með að lenda í deilum um hvað sé sama svæði. Er svæðið sitt hvoru megin við ein vatnaskil sama svæði eða á sínum hvorum bakkanum við sömu ána? Er það sama svæði? Ég sé ekki annað en að við þurfum að fara vel ofan í saumana á því hvort orðalag c-liðar í 1. gr. sé þannig að hægt sé að vinna eftir því ákvæði eins og það er í frumvarpinu.

Það verður auðvitað skoðað í umhverfisnefnd. Við getum vonandi klárað þetta mál á skömmum tíma í umhverfisnefnd. Ég vil benda því fólki sem fagnað hefur því hve snemma þetta mál kemur fram á að það var lagt fram 13. október í fyrra og talað fyrir því í upphafi síðasta þings. Það lá fyrir umhverfisnefnd í allan fyrravetur, við unnum talsvert mikið í því en það var ekki vilji hjá meiri hluta nefndarinnar til að afgreiða málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

[15:07]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Frú forseti. Ekki þarf að fjölyrða um hve mikilvægt er að almennt sé borið traust til ákvarðanatöku í stjórnsýslunni, hvers eðlis sem hún er, að virðing sé borin fyrir vinnubrögðum ráðamanna. Það er mikilvægt að menn treysti því að vönduð og fagleg vinnubrögð séu viðhöfð, líka í ráðningarmálum ríkisins. Því miður er það ekki alltaf raunin. Allmörg dæmi eru til um að þannig hafi verið staðið að ráðningarmálum við skipan í stöður æðstu embættismanna að tortryggni hafi vaknað. Það er vont og óæskilegt.

Þegar ég segi að slíkt hafi ekki alltaf verið með besta móti þá er ég ekki að kasta rýrð á einstaklinga sem kunna að hafa verið ráðnir til starfa. Ég bendi einfaldlega á hve mikilvægt er að ekki leiki nokkur vafi á faglegum vinnubrögðum og réttmæti ákvarðana sem teknar eru. Til eru nýleg dæmi úr ráðuneyti um að gengið hafi verið fram hjá umsækjendum með góðan bakgrunn, með yfirburðareynslu og þekkingu í viðkomandi málaflokki, án þess að fengist hafi viðhlítandi skýringar á því. Önnur dæmi eru um það sem utan frá virðist fljótræðisleg skipun, þar sem tilkynnt er um ráðningu eða skipan í háttsetta stöðu embættismanna stuttu eftir að síðustu umsóknum um embættin hefur verið skilað, jafnvel svo að fremur megi telja í klukkustundum en dögum. Við slíkar aðstæður er ljóst að varla hefur verið um mjög faglegar skoðanir umsókna að ræða, hvað þá að umsækjendur hafi verið kallaðir til og möguleikar þeirra í starfinu kannaðir.

Það er því miður algengara en hitt upp á síðkastið að ráðið sé í háttsettar stöður, jafnvel án þess að kalla fólk í viðtal, fólk með mikla menntun, reynslu og þekkingu. Hægt væri að nefna dæmi þar um.

Í öðru lagi vil ég nefna, virðulegi forseti, að í lögum er heimild fyrir stjórnmálamenn, fyrir ráðherra, til að ráða sér pólitíska aðstoðarmenn. Það er annars eðlis en fagleg ráðning í yfirmannsstöður í ráðuneytum. Nú hefur þeim aðstoðarmönnum fjölgað sem ráðherrar hafa valið sér. Þeir eru jafnvel nokkrir hjá hverjum ráðherra. Réttarstaða þeirra er óljós og óljós lagaheimild til þess hve marga pólitíska aðstoðarmenn heimilt er að ráða. Það er því löngu tímabært að skoða skipan þessara mála.

Við, nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar, sem eru ásamt mér: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Gunnarsson og Össur Skarphéðinsson, höfum lagt fram tillögu til þingsályktunar um skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins. Þar segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða fyrirkomulag á skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins í því skyni að skilja pólitísk störf frá faglega skipuðum embættum Stjórnarráðsins."

Frú forseti. Í fyrsta bindi sögu Stjórnarráðs Íslands 1964–2004 kemur fram að í stjórnskipulagi Vesturlanda sé að jafnaði gerður skýr greinarmunur á pólitískri yfirstjórn annars vegar og æðstu stjórn embættismannakerfis hins vegar. Með sama hætti er skipunar- eða ráðningafyrirkomulag tvenns konar. Þeir sem tilheyra hinni pólitísku forustu eru valdir af ráðherra án auglýsingar eða sérstakra hæfnisskilyrða. Hér getur verið um að ræða aðstoðarráðherra, aðstoðarmenn og ráðgjafa ráðherra. Aðrir starfsmenn ráðuneyta og annarra stjórnarskrifstofa sem tilheyra svokölluðu embættismannakerfi skulu eingöngu skipaðir eða ráðnir á grundvelli verðleika, svo sem starfsreynslu, menntunar eða annarrar skilgreindrar hæfni. Þessi greinarmunur er talinn vera forsenda fyrir vönduðum vinnubrögðum stjórnsýslunnar sem skulu m.a. endurspeglast í kunnáttu, jafnræði, hlutleysi, ráðvendni og ábyrgð.

Í áðurnefndri bók kemur fram að á Íslandi hafi skilin milli embættismanna og stjórnmálamanna verið óljós allt

frá stofnun Stjórnarráðsins. Bent er á að staða embættismannavaldsins hafi veikst þegar Íslendingar fengu heimastjórn. Takmarkaður áhugi hafi verið fyrir því hjá Alþingi og ráðherra að efla veg innlendrar embættismannastéttar. Ekki hafi reynst áhugi fyrir því að innleiða danskar hefðir við ráðningar og framgang embættismanna. Í stað þess hafi ráðningar pólitískra samherja orðið áberandi. Ýmsar heimildir styðja þá fullyrðingu að á þeim hundrað árum sem Stjórnarráðið hefur starfað hafi ekki tekist að skilja pólitískar skipanir frá faglegum. Ísland virðist hafa nokkra sérstöðu í alþjóðlegum samanburði hvað varðar mikil ítök ráðherra við skipanir embættismanna.

Með setningu núgildandi laga um Stjórnarráð Íslands var heimilað að ráðherra gæti kvatt mann utan ráðuneytis sér til aðstoðar enda hverfi hann úr starfi um leið og ráðherra. Með þessari heimild skapaðist forsenda til að styrkja pólitíska forustu ráðuneytanna. Ekki eru þó vísbendingar um að þetta fyrirkomulag hafi dregið úr afskiptum ráðherra af skipunum ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins.

Líkur eru á að umtalsverðar framfarir hafi orðið í vinnubrögðum stjórnsýslunnar á undanförnum tveimur áratugum. Hér skiptir mestu setning stjórnsýslu- og upplýsingalaga, aukin hagnýting upplýsingakerfa innan Stjórnarráðsins og vaxandi aðhald umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar. Það skýtur því skökku við að á sama tíma hafi ekki verið teknir upp vandaðri starfshættir við skipan embættismanna. Á allra síðustu árum virðist umdeildum skipunum í embætti jafnvel hafa farið fjölgandi.

Gera verður þá kröfu til kjörinna fulltrúa þjóðarinnar að þeir tryggi að ávallt sé skipaður hæfasti umsækjandinn í störf æðstu embættismanna þjóðarinnar. Óvenjufáar umsóknir um stöður ráðuneytisstjóra og önnur sambærileg embætti benda til þess að það almenna viðhorf ríki að embætti séu eingöngu auglýst til málamynda og almennt ráði ekki fagleg sjónarmið við stöðuveitingar sem þessar.

Nauðsynlegt er að skoða leiðir til að skýra skilin milli pólitískrar forustu og faglegrar. Í grein sem birtist í Morgunblaðinu 11. september 2004 er bent á þrjár leiðir sem komi til álita:

„1. Óbreytt fyrirkomulag en ráðuneytisstjóri hætti störfum um leið og ráðherra. Þessari leið svipar til fyrirkomulags á flestum stjórnsýslustigum í Bandaríkjunum, þar sem æðstu stjórnendur eru pólitískt ráðnir en fara úr embætti um leið og ráðherra. Gallinn við þetta fyrirkomulag felst í að mikilvæg þekking og reynsla geta farið forgörðum við ráðherraskipti en meginkostur hennar er að pólitísk skilvirkni er betur tryggð en í öðrum kerfum.

2. Pólitísk forusta verði styrkt með því að bæta við pólitískt skipuðum yfirmanni ráðuneytis sem hafi fullt boðvald yfir embættismönnum þess en jafnframt sé starfandi faglegur yfirmaður sem sé æðsti maður stjórnsýslunnar. Þetta fyrirkomulag tíðkast í Noregi og Svíþjóð. Þannig var 1947 sett á laggirnar í Noregi sérstakt embætti „statssekretær" til að styrkja pólitíska forustu ráðuneytanna sem þá var talið nauðsynlegt til að vega upp á móti öflugu embættismannakerfi. Starfstími „statssekretær" er sá sami og ráðherra. Æðsti embættismaður eða embættismenn ráðuneytisins" — í Noregi „departementsråd" og í Svíþjóð „expeditions- og rättschefen", oftar en ekki tveir eða jafnvel fleiri — „sinna daglegum stjórnsýsluverkefnum og eru skipaðir með faglegum hætti. Kostur þessarar leiðar er að með því er pólitísk forusta efld án þess að það komi niður á styrk embættismannakerfisins. Galli aðferðar felst í hættu á að skörun verði milli ábyrgðarsviðs þessara æðstu stjórnenda.

3. Ráðuneytisstjórar verði eingöngu skipaðir á grundvelli hæfni, „merita", þar sem tekið yrði tillit til faglegrar þekkingar, stjórnunarreynslu og annarra þátta sem skilgreindir væru til hlítar og væru opinberir. Það virðist vera almenn skoðun fræðimanna að í Danmörku sé slíkt fyrirkomulag í gildi, það er að segja að ráðherra skipi ráðuneytisstjóra fyrst og fremst á grundvelli faglegra þátta en ekki pólitískra. Ástæðan er m.a. sú samstöðuáhersla sem einkennir dönsk stjórnmál. Ef íslenskir ráðamenn færu þessa leið gæti verið skynsamlegt að sérstök ráðninganefnd sérfræðinga, svo sem þekkist í Bretlandi, hefði með mat á umsóknum að gera og gæfi ráðherra álit. Með þessari leið verður pólitísk forusta ráðuneyta hins vegar ekki jafn öflug og með leiðum 1 og 2."

Flutningsmenn leggja til að ríkisstjórnin kanni hvernig reynslan er af þeim leiðum sem lýst er hér að framan og láti meta hvaða leið henti best Stjórnarráði Íslands. Sömuleiðis verði skoðað hvort ástæða sé til að styrkja pólitíska forustu ráðuneytanna og þá með hvaða hætti. Að lokum verði metið með hliðsjón af fyrirkomulagi í nágrannaríkjunum hvernig best sé að standa að faglegum skipunum embættismanna ráðuneytanna.

Virðulegi forseti. Ég treysti því að þetta góða þingmál fái brautargengi á háttvirtu Alþingi. Allir sem hafa fylgst með málum á liðnum missirum vita að koma þyrfti málum í betra horf hérlendis en verið hefur. Við eigum að líta til nágrannalandanna og reynslunnar af þeirri leið sem valin hefur verið í hverju landi fyrir sig. Síðan eigum við að velja það besta fyrir Ísland.

[15:21]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Þingmaður Samfylkingarinnar, Rannveig Guðmundsdóttir, hefur gert ágæta grein fyrir inntaki þingsályktunartillögu okkar og þeim rökum sem þar liggja að baki. Ég þarf í sjálfu sér ekki að fara um það mörgum orðum. Þó vil ég nefna að ég tel það skipta verulegu máli, bæði fyrir stjórnsýsluna sem og fyrir það fólk sem hefur hugsað sér að sækja um störf í stjórnsýslunni, að það liggi algjörlega ljóst fyrir hvaða störf er ráðið í einvörðungu á grundvelli faglegrar, hlutlægrar hæfni og þekkingar og í hvaða störf er ráðið á grundvelli faglegrar hæfni en ekki síður vegna pólitískra verðleika, skulum við segja. Pólitík fylgja vissulega ákveðnir verðleikar, ákveðin þekking og ákveðin reynsla. Því er mjög skiljanlegt að ráðherrar vilji hafa með sér inn í ráðuneyti sín einhverja sem eru sömu pólitískrar skoðunar og þeir en jafnframt með faglega hæfni til að aðstoðað ráðherra við að koma málum fljótt og vel í framkvæmd. Það er eðlilegt og við skulum bara horfast í augu við það.

Þá er líka eðlilegt að skilgreina þau störf sem þannig eru hugsuð svo að fólk sé ekki dregið á asnaeyrunum og því boðið upp í dans eins og þetta séu opnar stöður sem ein-

vörðungu sé valið í á grundvelli faglegrar hæfni og látið sem þær séu öllum opnar þegar raunin er sú að þannig er því alls ekki farið. Þess vegna er mikilvægt að þetta sé skilgreint, þ.e. hvaða stöður eru pólitískar stöður og þá ráði ráðherrann í þær, jafnvel án auglýsingar. Það þarf ekki að auglýsa þær stöður. En hins vegar væri ljóst hvaða stöður lúta algjörlega faglegu hæfnismati og standa öllum opnar sem um þær vilja sækja. Það er mikilvægt, virðulegur forseti, að þetta sé gert vegna þess að við höfum orðið vitni að því æ ofan í æ að ráðnir hafi verið einstaklingar, m.a. í ráðuneytisstjórastöður eða aðrar stjórnunarstöður í ríkiskerfinu, vegna þess að fyrir fram hafi verið ákveðið að ráða þá einstaklinga meðan aðrir sem sóttu um komu aldrei til greina.

Hægt væri að nefna mörg dæmi í þessu sambandi. Þegar ég nefni þau dæmi sem ég ætla að gera hér þá er það ekki vegna þess að ég vilji með einhverjum hætti vanvirða það fólk sem ráðið var í stöðurnar, það er fólk sem vissulega hefur hæfni og þekkingu og reynslu til að bera, en það verður ekki endilega sagt að gengið hafi verið úr skugga um að þeir væru hinir hæfustu sem völ var á í viðkomandi embætti. Mér dettur í hug, þegar ég stend hér í ræðustól, hæstv. forseti, að það nægir í sjálfu sér að nefna seðlabankastjórastöðurnar. Það vill svo til með þær að þær eru ekki auglýstar þannig að þar véla bara tveir um, sá sem ræður og sá sem ráðinn er. Sú ráðning lýtur ekki öðru eftirliti en þeirra tveggja einstaklinga.

Ég get líka nefnt ráðuneytisstjórastöður. Það er ekki langt síðan að ráðið var í ráðuneytisstjórastöðu í sjávarútvegsráðuneytinu. Þar varð fyrir valinu ágætur hæfur maður sem hafði þá verið þingmaður Sjálfstæðisflokksins um langt árabil en komst ekki inn á þing í síðustu kosningum. Hann var ráðinn í ráðuneytisstjórastöðu þar. Það er hæfur einstaklingur, ágætur maður og ekkert við því að segja. En spurningin er: Var þetta pólitísk ráðning eða fagleg ráðning? Um það er efinn. Það er hvorki þeim sem ráðinn er, þeim sem sækja um eða hinu opinbera kerfi til hagsbóta að vafi leiki á því.

Ég get nefnt annað dæmi, vegna þess að þar var í sjálfu sér ekki tekist á um pólitík heldur um hæfni, þ.e. þegar ráðið var í ráðuneytisstjórastöðu í félagsmálaráðuneytinu. Það mál fór til umboðsmanns Alþingis, sem er náttúrlega sá farvegur sem fólk hefur ef það telur að á rétti sínum sé brotið þegar það sækir um slíka stöðu. Síðan eru liðnir 14 mánuðir og enn liggur ekki niðurstaða fyrir í málinu. Fólki sem sækir um slíkar stöður og fær þær ekki en telur á rétti sínum brotið býðst því varla neitt kæruferli vegna þess að það tekur svo langan tíma. Þegar niðurstaðan kemur er jafnvel ekkert hægt að gera með hana.

Ég nefni þetta í dæmaskyni, virðulegur forseti, og auðvitað væri hægt að nefna fleiri dæmi. En mig langar í lokin að geta þess aðeins hvernig þessum málum er fyrir komið í Bretlandi. Framsögumaður þessa máls og fyrsti flutningsmaður, Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, gerði grein fyrir því hvernig þessu er háttað í Noregi og Svíþjóð. Í Bretlandi var sett nokkuð víðtæk löggjöf á árinu 1995. Af því að menn halda alltaf að þegar við tölum um Bretland séum við að vísa í Blair og það sem hann hefur gott gert, sem er auðvitað ótalmargt, þá bendi ég á að það er fyrir daga Blairs sem þessar samþykktir eru gerðar. Þær eru frá 1995. Þær eru annars vegar um hvernig standa eigi að ráðningu fólks í opinbera þjónustu, ráða fólk í opinber embætti, og hins vegar hvernig eigi að standa að því að velja fólk til setu í stjórnum, nefndum og ráðum sem ráðherra skipar í.

Þetta mundi t.d. eiga við um ráðningar í störf í ráðuneytum. Hins vegar mundi þetta eiga við þegar fólk væri skipað til setu í stjórn Landsvirkjunar eða í stjórn Símans, eins og var áður, þar sem ráðherra einn fór með skipunarvaldið. Þar lýtur það skipunarvald ákveðnu eftirliti. Það þarf rökstuðning fyrir því af hverju tilteknir einstaklingar eru skipaðir í viðkomandi stjórnir en ekki aðrir. Hvað hafa þeir til brunns að bera sem eftir er leitað í viðkomandi stjórnum annað en að ráðherrar hafi pólitíska velþóknun á þeim? Þegar ráðherra er kominn með þetta skipunarvald, í nefndir og ráð og stjórnir, þá er framkvæmdarvaldið þar að verki og þá á ekki að vera um pólitískar skipanir að ræða.

Þegar Alþingi kýs vita allir að um er að ræða pólitíska kosningu en þegar ráðherrann skipar er það ekki svo og það á ekki að lúta pólitískum lögmálum heldur faglegum. Það er full ástæða til að benda á hvernig menn fara með þetta í Bretlandi. Þeir hafa búið til verkferla í kringum þetta til að tryggja gegnsæið, tryggja jafnræðið og tryggja að allir sitji við sama borð — tryggja að stjórnsýslan fái það hæfasta fólk sem völ er á hverju sinni í opinber embætti. Þegar um pólitísk embætti er að ræða lýtur það einfaldlega öðrum lögmálum og þess vegna á að skilgreina þau embætti sérstaklega þannig að fólk sé ekki dregið á asnaeyrum þegar að slíkum ráðningum kemur.

[15:29]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni hið merkasta mál sem er hluti af málaröð frá hinum ýmsu þingmönnum Samfylkingarinnar, sem fjallar um og tekur til stjórnfestu, opnari stjórnsýslu og heilbrigðara lýðræðis. Má nefna mörg dæmi í því sem tengjast beint umræðunni um póltískar ráðningar eins og þingmálið um skipun hæstaréttardómara, ráðningu í slíkar stöður, og hér hafa verið nefnd fleiri ágæt dæmi.

Það sem stendur upp úr er að almenningur á Íslandi hefur mjög sterkt á tilfinningunni að mjög margar og flestar ráðningar eins og hér um ræðir, skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins, séu meira og minna rammpólitískar þar sem flokksgæðingum hvers konar er raðað á jötuna á kostnað faglegra ráðninga. Margar mjög umdeildar ráðningar hafa átt sé stað á liðnum árum svo notað sé hófstillt orðalag yfir það. Að mínu mati er almennt vantraust og neikvætt viðhorf til slíkra ráðninga vegna yfirgangs framkvæmdarvaldsins við slíkar ráðningar, freklegra pólitískra ráðninga sem hafa einmitt náð til skipunar hæstaréttardómara eins og skipun hæstaréttardómaranna Jóns Steinars Gunnlaugssonar og Ólafs Barkar Þorvaldssonar eru gleggstu dæmin um. Þar held ég að hægt sé að fullyrða að hafi verið nokkuð viðtekin viðhorf mjög margra að um hafi verið að ræða pólitískar skipanir í sjálfan Hæstarétt á kostnað faglegra skipana og eðlilegra stjórnarhátta.

Málin sem taka til þessara hluta þurfa að vera nokkuð mörg og hér er eitt af þeim sem tekur á skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins. Raktar eru nokkrar ágætar leiðir sem farnar eru annars staðar við að skipa ráðuneytisstjóra og embættismenn stjórnarráða því það er alveg á hreinu að það er mjög mikilvægt að um sé að ræða mjög greinilega pólitíska forustu í ráðuneytunum líka. Það er engin ástæða til að draga fjöður yfir það. Þegar nýir ráðherrar koma til starfa í ráðuneytum sínum eiga þeir að sjálfsögðu að geta tekið með sér menn sem þeir treysta til að vera pólitískir samherjar sínir og samstarfsmenn innan ráðuneytanna. Eins og hér er vísað er til hófst það að hluta til þegar ráðherrar fengu heimild til að ráða aðstoðarmenn sem var bæði sjálfsögð og góð breyting. En það sem eftir stendur er að ráðuneytisstjórar voru áfram í flestum tilfellum skipaðir pólitískt þó svo að heimild væri til að ráða pólitíska aðstoðarmenn og það er það sem þetta mál tekur á.

Það er fráleitt að því sé svo fyrir komið og er klárlega á kostnað faglegra vinnubragða og faglegra skipana að verið er að skipa pólitíska forustu ofan á pólitíska forustu og aðstoð við ráðherrana í ráðuneytunum. Þá víkja faglegu sjónarmiðin fyrir þeim pólitísku og það er slæmt og alvarlegt og á því tekur þetta mál. Dæmi um það hafa verið rakin í umræðunni nú þegar, eins og ég nefndi áðan um skipun hæstaréttardómara þar sem sannfæring mjög margra var að þar væri verið að skipa pólitíska vildarvini og flokksgæðinga Sjálfstæðisflokksins beint inn í Hæstarétt sjálfan og þar með verið að varpa skugga á hæfi hans og hlutleysi til að taka á hinum ýmsu málum. Búið er að veikja Hæstarétt Íslands verulega með þeim ráðningum og skapa mjög útbreitt vantraust á þessum æðsta rétti okkar í lögum og rétti í landinu. Það er mjög slæmt og alvarlegt mál sem þarf líka að taka á og tengist þessu máli að því leyti að þar er um að ræða pólitískar skipanir, pólitískan yfirgang við Hæstarétt Íslands á kostnað faglegra sjónarmiða.

Hv. 1. flutningsmaður málsins, Rannveig Guðmundsdóttir, rakti þrjár leiðir sem birtust í grein í Morgunblaðinu 11. sept. 2004, eins og hér kemur fram, þar sem skilin á milli pólitískrar forustu og faglegrar eru skýr. Allar leiðirnar koma að sjálfsögðu til greina og eru lagðar hér til grundvallar í málinu fyrir þingnefnd að skoða og koma með tillögur um verði þessi ágæta þingsályktunartillaga samþykkt. Þær leiðir voru raktar áðan.

Fyrsta leiðin er sú sem mér hugnast best persónulega og er mitt mat að gæfist ágætlega. Þó að þær komi allar til greina og geti örugglega allar gengið upp væri kannski erfiðast að fara þriðju leiðina með farsælum hætti vegna þeirrar stjórnmálahefðar sem ríkir á Íslandi, þeirrar harkalegu átakahefðar sem er í íslenskum stjórnmálum og eitraða andrúmslofts sem að mörgu leyti ríkir og hefur ríkt síðustu tíu árin í vaxandi mæli í íslenskum stjórnmálum. Í Danmörku er löng og ágæt hefð fyrir slíkri málafylgju í mjög mörgum málaflokkum, enda hefð fyrir nokkuð farsælum minnihlutastjórnum þar til áratuga eins og á hinum Norðurlöndunum.

Í fyrstu leiðinni segir svo, með leyfi forseta:

„Óbreytt fyrirkomulag en ráðuneytisstjóri hætti störfum um leið og ráðherra. Þessari leið svipar til fyrirkomulags á flestum stjórnsýslustigum í Bandaríkjunum, þar sem æðstu stjórnendur eru pólitískt ráðnir en fara úr embætti um leið og ráðherra."

Það er lykilatriði að þeir fara úr embætti um leið og ráðherrann. Gallinn við þetta segir hér er að mikilvæg þekking og reynsla geta farið forgörðum við ráðherraskipti en meginkostur er pólitísk skilvirkni. Að sjálfsögðu eru einhverjir gallar við allar leiðir en það sem ég held að skyggi aðeins á leið tvö þar sem pólitískur ráðuneytisstjóri yrði skipaður við hliðina á faglegum er að það gæti örugglega valdið togstreitu og árekstrum og erfiðleikum í framkvæmd en sú leið kemur líka til greina. Ég er hrifinn af fyrstu leiðinni, hún er hrein og bein, þar koma menn til verka í ráðuneytum sínum með sína menn og fara með þá með sér þegar nýr maður tekur við. Ég tala nú ekki um þegar valdaskipti verða í landinu og ný ríkisstjórn tekur við þá er langeðlilegast að pólitískir trúnaðarmenn fyrrverandi ráðherra víki og fari með þeim pólitísku lagsmönnum sínum sem þeir komu með. Það gefst langbest. Það er fráleitt eins og er hér að menn sitji áfram eftir slík valdaskipti af því að það er svo erfitt að skilja þarna á milli. Starfið í ráðuneytunum hlýtur að vera þess eðlis að þar sé mjög pólitísk málafylgja og málarekstur dag frá degi og þar þurfa að vera pólitískir trúnaðarmenn hvers ráðherra fyrir sig til að hlutirnir gangi eðlilega eftir. En málið er gott og hægt að hafa um það langt mál og mikið.

[15:37]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins. Mig langar í framhaldi af orðum hv. þingmanns að spyrja hann vegna þeirra ummæla sem hann hafði uppi áðan: Er það virkilega mat þingmannsins að í Hæstarétti Íslands sitji menn sem hafa verið skipaðir þar sem hæstaréttardómarar en séu vanhæfir? Er þingmaðurinn að segja okkur að dómar Hæstaréttar séu ekki neins virði og að Hæstiréttur Íslands sé vanhæfur að taka á þeim málum sem honum ber lögum samkvæmt?

Ég vara við því að þingmenn séu að grafa undan trúverðugleika Hæstaréttar.

[15:38]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi tillaga nær ekki til þeirra mála. Ég nefndi þessi mál áðan og það er sjálfsagt að svara hv. þingmanni fyrst hann spyr. Nei, nei, að sjálfsögðu eru dómar Hæstaréttar ekki marklausir. En sú aðferð sem viðhöfð er við skipun hæstaréttardómara og hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur að því er virðist vaðið yfir réttinn á undanförnum árum við skipun dómaranna og skipað menn úr sínum innsta hring og nánasta frændgarði sem dómara í Hæstarétti gerir það að verkum að sá grunur hlýtur að læðast að manni og þær efasemdir að um sé að ræða pólitískar skipanir en ekki faglegar. Það var það sem ég átti við. Vinnubrögðin sem viðhöfð eru við að skipa hæstaréttardómara eru með þeim hætti að þau grafa undan tiltrú almennings á réttinum. Með réttu eða röngu gera vinnubrögðin ein og sér það, ég tala nú ekki um hvernig vinnubrögð voru ástunduð af framkvæmdarvaldinu á síðustu missirum og þeim sem er ný-

hættur störfum sem formaður Sjálfstæðisflokksins og farinn upp í Seðlabanka til að ráðskast þar með málin. Það var það sem ég átti við. Vinnubrögðin eru einfaldlega óviðunandi. Og rétt eins og vinnubrögðin sem lagt er til í þessari tillögu að tekin verði upp við skipun æðstu embættismanna og ráðuneytisstjóra hjá Stjórnarráðinu þarf að breyta hinum reglunum líka til að eyða efasemdum og grunsemdum um að vaðið sé yfir æðstu stofnanir samfélagsins á pólitískum forsendum á kostnað þeirra faglegu.

[15:40]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar sem hópur þingmanna Samfylkingarinnar hefur lagt fram, tillögu sem lætur kannski lítið yfir sér við fyrstu sýn en skiptir meira máli en kannski er hægt að álykta í fljótu bragði.

Þingsályktunartillagan felur í sér að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að endurskoða fyrirkomulagið sem ríkt hefur á skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins í því skyni að skerpa skil á milli pólitískra ráðninga og ráðninga sem eiga að vera eingöngu faglegar og ráðninga á embættismönnum Stjórnarráðsins sem ráðnir eru til lengri tíma en þær ráðningar fara í dag að engu leyti eftir setutíma ráðherra eða kjörtímabilum.

Að mati okkar sem stöndum að flutningi þessarar þingsályktunartillögu er þetta að mörgu leyti spurning um trúverðugleika. Þetta er spurning um traust, trúverðugleika og ímynd. Við sem íbúar í landinu verðum að geta treyst því að þegar ráðið er í störf æðstu embættismanna í Stjórnarráðinu og ráðuneytisstjóra séu það ekki pólitískar duttlungar sem ráði slíkum ráðningum. Við hljótum að þurfa að geta treyst því að þeir hæfustu sem bjóða sig fram til slíkra starfa, bæði menntunarlega og reynslulega séð og á öllum þeim mælikvörðum sem lagðir eru og auglýstir eru jafnvel í auglýsingu, hljóti starfið svo lengi sem þeir metist faglega hæfastir en standi ekki frammi fyrir því, þrátt fyrir að hafa sýnt þann kjark að sækja um sem margir gera ekki í dag vegna þess að þeir ganga út frá því fyrir fram jafnvel að ekkert þýði að sækja um vegna þess að búið sé að úthluta stöðunni á bak við tjöldin, að það sé eingöngu til að skemmta skrattanum að sækja um hana.

Við hljótum að velta því fyrir okkur í hvaða stöðu við séum þegar slíkar efasemdir geta verið uppi, að þegar stöður sem eiga að vera eingöngu faglega skipaðar, að fólk sem gæti vel hugsað sér að starfa þar, hefði til þess hæfi og alla þá kosti sem þyrfti, þori í sjálfu sér ekki að sækja um vegna þess að það gefur sér að því verði hafnað á einhverjum öðrum mælikvörðum en lagðir eru til grundvallar þegar starf er auglýst, að þeim verði hafnað á mælikvarða pólitíkur sem á ekki að skipta neinu máli þegar kemur að ráðningu í viðkomandi starf.

Ég verð að segja alveg eins og er að hvort sem það er raunin, hvort við getum fullyrt að pólitíkin ráði of miklu við skipun embættismanna í Stjórnarráðinu, þá skiptir máli að einmitt slík spurning skuli vera uppi vegna þess að svo lengi sem þeir sem hugsa sér að sækja um slíka stöðu trúa því ekki að þeir verði metnir á faglegan hátt þá sækja þeir ekki um og við sitjum uppi með allt of fáa umsækjendur eins og kannski hefur verið raunin við auglýsingar á slíkum störfum undanfarið og erum ekki viss um að við höfum náð í hæfustu einstaklingana í þau störf.

Það sem við gerum með þessari þingsályktunartillögu er að benda á leiðir, benda á hvernig slíkum málum er fyrir komið í nágrannalöndunum, og förum í raun fram á að þetta mál verði skoðað. Við erum í sjálfu sér ekkert að leggja til einhverja eina ákveðna leið heldur að ríkisstjórnin taki á sig rögg og skoði hvort verið geti að það sé einhver halli á þessum málum, hvort nauðsynlegt sé að breyta þarna einhverjum reglum og skilja betur á milli hinna pólitísku starfa innan ráðuneytanna og Stjórnarráðsins og svo aftur þeirra sem ekki eiga að byggjast á pólitík, og komi svo að þeirri skoðun lokinni og í góðu samráði við okkur á Alþingi fram með reglur sem geta breytt því ástandi sem nú ríkir.

Við höfum verið að horfa á það undanfarin ár, eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni, að þjóðfélagið hefur verið að opnast. Upplýsingalög og stjórnsýslulög hafa gert það að verkum að við eigum að geta séð betur hvað ræður ákvörðunum hverju sinni, í hvaða feril mál fara og skoðað og lagt á það mælikvarða hvort farið sé að þeim reglum sem gilda. Það hlýtur að vera eðlileg og sjálfsögð krafa að við getum gert það líka í ráðningarmálum í æðstu stöður í Stjórnarráðinu. Við hljótum að gera þá kröfu til kjörinna fulltrúa þjóðarinnar að þeir tryggi að sá hæfasti sem sækir um starf hverju sinni verði ráðinn en þurfi ekki að una því að á hann sé lögð pólitísk mælistika og honum hafnað jafnvel þó að hæfi hans sé mest og best af þeim sem um sækja.

Ég vona satt að segja, frú forseti, að þingsályktunartillaga okkar nái fram að ganga. Ég sé ekki alveg í fljótu bragði af hverju hún ætti ekki að geta gert það. Eins og ég sagði fyrr er verið að fara fram á að ríkisstjórnin skoði þessi mál, velti því hlutlaust upp hvort ástæða sé til að skerpa á milli pólitískra starfa og embættismanna. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að ekki sé vilji hjá stjórnarflokkunum og hv. þingmönnum stjórnarflokkanna að styðja okkur í því að láta þessa skoðun fara fram nú og tryggja eins og hægt er með reglum að pólitík ráði ekki skipun í stöður og störf þar sem pólitík á engu að ráða.

[15:47]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það er svo sem ekki miklu við það að bæta sem félagar mínir, hv. þingmenn Samfylkingarinnar, hafa sagt um þingsályktunartillögu um skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins. Ég vil þó leggja nokkur orð í belg vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að það ráðningar- og skipunarkerfi sem við höfum búið við undanfarin ár og áratugi sé ekki bara gamaldags, enda liggja rætur þess allt aftur til heimastjórnaráranna, heldur vinni það líka gegn faglegum og lýðræðislegum stjórnarháttum í samfélaginu.

Á erlendum málum er til orðið „meritocracy" sem þýðir það að við búum í samfélagi þar sem hver fái að njóta verðleika sinna. Sú tillaga sem hér um ræðir snýst um það að fólk njóti raunverulegra verðleika sinna í samfélaginu og við störf í Stjórnarráðinu. Ég hygg að sú hugsun að njóta verðleika sinna, hafi verið og sé vanmetin víða í hinu opin-

bera kerfi á Íslandi. Ég er ekki viss um að málum sé þannig háttað í einkarekstri og í einkafyrirtækjum. Ég held reyndar að þar séu menn komnir langt á undan hinu opinbera, t.d. við mannaráðningar og aðra stjórnun, mannlaus stjórnun heitir það víst nú á dögum. Ég tel að hið opinbera kerfi þurfi víða að fara að taka sig á og taka til í þessum efnum.

Þetta snýst líka um sanngirni og jafnræði einstaklinga á vinnumarkaði. Hér á Alþingi ræðum við oft um stöðu kynjanna á vinnumarkaði og vissulega tekur umfjöllun um þetta mál á þeim þætti. Hún kemur líka inn á þá staðreynd að við uppskerum eins og til hefur verið sáð í hinni miklu menntasókn sem verið hefur á Íslandi alla 20. öldina, og ekki síst menntasókn kvenna. Málið snýst ekki aðeins um það að starfslýsing sé skýr og kröfur skýrar þegar starf er auglýst laust til umsóknar — fyrir utan þá einföldu forsendu að störf séu auglýst, að það sé reglan en ekki undantekningin — heldur líka um það að ráðningarferlið sé gegnsætt og öllum kunnugt og að ráðningin sé rökstudd, hvers vegna og hvernig tiltekinn einstaklingur er ráðinn til starfa.

Ég held að við höfum öll sem hér sitjum einhvern tímann í okkar starfi fengið símtal frá fólki sem spyr: Heldurðu að það þýði nokkuð að sækja um þetta? Ég hef fengið nokkur slík símtöl í tímans rás þar sem fólk mér kunnugt, og jafnvel fólk sem er mér ekki kunnugt, hringir og spyr um tiltekna stöðu sem hefur verið auglýst í ríkisstofnun eða einhvers staðar annars staða. Þetta fólk spyr: Er vitað hver á að fá stöðuna? Fólk hringir vegna þess að það vill ekki leggja nafn sitt að veði í ferli sem er ósanngjarnt, ógegnsætt og þegar búið er að ákveða fyrir löngu hver fær stöðuna. Það fengist auðvitað aldrei viðurkennt neins staðar, en fólk spyr ekki að ástæðulausu. Það spyr vegna reynslu sinnar af því ráðningarkerfi sem við höfum því miður búið við allt of lengi hér á Íslandi. Þess vegna hringir það og spyr: Heldurðu að það þýði nokkuð að sækja um þetta? Það er dapurlegur vitnisburður um það hvernig staðið hefur verið að mannaráðningum víða í hinu opinbera kerfi á undanförnum árum og áratugum.

Það á aldrei að leika neinn vafi á því að hæfasti einstaklingurinn sé ráðinn í tiltekna stöðu. Það á heldur aldrei að leika neinn vafi á því að staðan sé auglýst vegna þess að til standi að fara í gegnum skipulegt og gegnsætt ráðningarferli. Annars er betra að auglýsa ekki. Auglýsingar til málamynda gera engum greiða og eru stjórnkerfinu til vansa. Við höfum séð í kringum okkur, t.d. í stærsta sveitarfélagi landsins, að gagngerar breytingar á stjórnkerfi hafa leitt til þess að fólk hefur flykkst þangað til starfa. Ekki síst konur, frú forseti, vegna þess að þær hafa þá vitað að umsóknir þeirra yrðu metnar hlutlægt og að þær yrðu metnar að verðleikum. Það er þannig kerfi sem við þurfum að koma á fót í Stjórnarráði Íslands. Það kerfi á ekki bara að vera samtímanum samboðið, eða nútímalegu stjórnkerfi, heldur þarf það einnig að tryggja þá lýðræðislegu fúnksjón sem slíkt kerfi á að hafa.

[15:53]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft afar merkilegu máli, máli sem löngu er tímabært að ræða á Alþingi. Ég sakna þess að hv. þingmenn úr fleiri flokkum en Samfylkingunni taki ekki þátt í umræðunni um þetta mikilvæga og athyglisverða mál.

Hér er verið að reyna að skilja að einhverju leyti á milli hinnar pólitísku stefnu sem fylgir nýjum ríkisstjórnum og nýjum áherslum og festu embættismannakerfisins. Stjórnmálamenn eru ráðnir til fjögurra ára. Þeir hafa ákveðin viðhorf og stefnu, þeir vilja sjá hverju þeir geta hrint í framkvæmd. Þeir þurfa að sjálfsögðu aðstoðarmenn til þess að koma stefnu sinni áfram. Á hinn bóginn er geysilega mikilvægt að í stjórnkerfinu ríki festa, þannig að tiltrú almennings á því sé eins mikil og nokkur er kostur.

Sú tillaga sem hér er sett fram er einmitt tilraun til þess að skilja á milli tveggja þátta: annars vegar er um að ræða mikilvægi þess að hafa festu og skýrar reglur en hins vegar er um að ræða hinn pólitíska þátt þess að reka stjórnkerfið og Stjórnarráðið. Annars vegar er um að ræða embættismannakerfið, sem menn hugsa til lengri tíma og er kjölfestan í stjórnkerfinu, og hins vegar er um að ræða möguleika tiltekinna stjórnmálamanna á því að kalla til verka, þá tímabundið, einstaklinga sem þeir vilja vinna með þann tíma sem þeir hafa hugsanlega umboð til.

Því er hér stórmerkilegt mál á ferð sem á að fá mikla athygli því, eins og rakið hefur verið í mörgum ræðum, hafa skilin þarna á milli oft verið afar óljós. Það hefur jafnvel verið forsenda framgangs í stjórnkerfinu eða Stjórnarráðinu að skrá sig í einhvern stjórnmálaflokk, vinna sig upp til áhrifa og eiga þá á einhverjum tímapunkti nánast rétt á því að þiggja starf í stjórnarráðinu. Þetta gengur ekki upp ef við viljum hafa öflugt og gegnsætt stjórnkerfi sem við getum treyst. Þess vegna er svo mikilvægt að þessi umræða fari fram, annars vegar um hinn pólitíska þátt kerfisins, sem er til staðar, og menn skulu ekki gera lítið úr því, og hins vegar embættismannanna sem ráðnir eru til lengri tíma. Mér finnst grunnurinn í þeirri merkilegu tillögu sem hér er lögð fram vera sá að stjórnmálamenn geti, eða ráðherrar, ráðið fólk tímabundið inn í ráðuneytin á sínum forsendum og ekkert sé óeðlilegt við það. En einnig þarf að ráða embættismenn til lengri tíma sem sjá þá um að tryggja festu og gegnsæi og allt sem þarf að vera til staðar.

Mér finnst ágætt að rifja upp nú af því að langt er um liðið, og af því að þessi umræða hefur oft og tíðum verið á allt að því athyglisverðum villigötum ef ég má orða það svo. Fyrir nokkrum árum var ónefndur ráðherra gagnrýndur mjög harðlega fyrir það að hann hafði ráðið mág sinn sem aðstoðarmann. Hér var um að ræða pólitískan aðstoðarmann og að sjálfsögðu er það fullkomlega eðlilegt að ráðherra á hverjum tíma ráði mann eða konu sem hann treystir til verka. Hér er um að ræða algerlega pólitíska ráðningu á ábyrgð þess sem það gerir. Menn mega heldur ekki rugla þessu saman við það þegar um er að ræða að ráða embættismenn til þess að sinna ákveðnum verkum. Í raun og veru til þess að vera sú kjölfesta í stjórnkerfinu sem við viljum hafa og við viljum geta treyst.

Þess vegna finnst mér þessi umræða afar merkileg og ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að eiga frumkvæði að því að leggja hana fram. Það er mikilvægt að þessi mál verði rædd og ég vonast til þess þegar svona hugmyndir koma fram, hugmyndir sem að mörgu leyti eru vatnaskil hvað varðar það hvernig kerfið hefur verið rekið í

áratugi. Hér er verið að setja inn nýja hugsun, nýja hugsun í íslensk stjórnmál, þó að sjálfsögðu sé kannski fátt nýtt undir sólinni. Í Bandaríkjunum t.d., eins og hér er rakið, fara hinir pólitískt ráðnu embættismenn eða starfsmenn út um leið og viðkomandi ráðherra fer. Það hefur þann kost að sá sem tekur við hefur þá nánast autt borð og getur tekið við og ráðið það fólk sem hann telur henta sinni stefnu. En gallinn við þá reglu er að sjálfsögðu sá að það tapast ákveðin þekking og festa og það er stundum um það talað að stjórnkerfið í Bandaríkjunum sé allt að því óstarfhæft fyrstu þrjá til sex mánuðina eftir að stjórnarskipti eiga sér stað.

Það er svo sem alveg sama hvaða reglu við setjum okkur, þær hafa sjálfsagt allar kosti og galla. En mér finnst geysilega mikilvægt að skilið verði á milli, eins og kostur er, pólitískra ráðninga og ráðninga sem ætlað er að vera partur af stjórnkerfinu, ráðninga sem við viljum geta treyst. Að skilið verði á milli pólitískra ráðninga og ráðninga sem er ætlað að vera partur af stjórnkerfi sem við viljum geta treyst af því það er gegnsætt og heiðarlegt og af því að þar er unnið á eins faglegum forsendum og nokkur er kostur.

Að þessum orðum sögðum vil ég enn og aftur ítreka ánægju mína með að þessi tillaga er komin fram.

[16:00]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka kærlega fyrir þessa ágætu umræðu. Ég er þess mjög meðvituð að sú umræða sem hér hefur farið fram hefur leitt mjög í ljós hvert Samfylkingin stefnir í málum eins og þessu, hvað Samfylkingin er að tala um þegar hún talar um stjórnfestu, hvað Samfylkingin er að tala um þegar hún segir að hún vilji betra lýðræði á öllum sviðum í landinu og að Samfylkingin meinar eitthvað með því þegar hún segir að hún vilji viðhafa öðruvísi vinnubrögð þegar hún kemst til valda.

Einhver af félögum mínum, og það hafa fyrst og fremst verið þingmenn Samfylkingarinnar sem hafa talað í þessu máli í dag, nefndi að þetta væri ekki stórt mál og það er rétt. Þetta er lítil tillaga en stórt mál vegna þess að þetta er mál um að breyta á mjög þýðingarmiklu sviði. Þetta er tillaga um fagleg og lýðræðisleg vinnubrögð, þetta er tillaga um að byggja upp traust og þetta er tillaga um að búa til faglegt ferli sem er þannig að það er virt að fólk menntar sig og nær sér í reynslu til að geta tekist á við þýðingarmikil störf í æðstu stjórnsýslu ríkisins og veit og treystir að það verði lagt undir réttláta mælistiku. Um það snýst málið.

Til þess að það verði með besta móti er lagt til að skoðuð verði reynsla annarra af ólíkum leiðum og nokkrar slíkar nefndar hér, auk þess sem formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fór nokkrum orðum um hvernig þessum málum er skipað í Bretlandi. Allt eru þetta leiðir sem ástæða er til að skoða og allar eru leiðirnar betri en þær sem þekkjast á Íslandi, hjá okkur. Um það snýst málið, að komast út úr ferli sem er tortryggt af öllum þorra fólks sem horfir á með hvaða hætti valið hefur verið inn í stjórnsýsluna á liðnum árum, með réttu eða röngu, tortryggni sem hefur verið byggð upp í landinu vegna vinnubragða sem ekki eru góð.

Virðulegi forseti. Mér finnst ekki slæmt að Samfylkingin hafi verið ein í þessari umræðu. Oft erum við, þegar við flytjum mál, að kalla eftir því að þingmenn komi frá öðrum flokkum og blandi sér í umræðuna. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að þingmenn annarra flokka hafi ekki tök á eða velja að hleypa umræðu fram hjá sér. Stundum erum við óánægð með það en í þessu máli er ég, sú er hér stendur og er 1. flutningsmaður að þessu máli, ekki ósátt við að Samfylkingin er ein í umræðu um þetta mál vegna þess að við erum að boða að við viljum öðruvísi vinnulag, við viljum meiri stjórnfestu.

Auðvitað er ég að vona að þetta mál náist fram á hv. Alþingi, ég hef ekki ástæðu til að vera vongóð. En umræðan boðar þá framtíðarsýn sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum um hvernig flokkur okkar ætlar að vera þegar hann verður sterkt leiðandi afl í ríkisstjórn á Íslandi og örugglega ekki síðar en eftir næstu kosningar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:05]

Útbýting:

Hreyfing sem valkostur í heilbrigðiskerfinu, 220. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 220.

Höfundalög, 222. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 222.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, og mat á umhverfisáhrifum, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 11. mál (kæruréttur). — Þskj. 11.

[16:05]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum um mat á umhverfisáhrifum sem flutt er af öllum hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Mál þetta byggir á frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi, 131. löggjafarþingi, en í ljósi breytinga sem gerðar hafa verið á lögum um mat á umhverfisáhrifum síðan þá, breytingar sem gengu í gildi 1.október 2005, hef ég útvíkkað þetta mál og varðar nú breytingar á tvennum lögum í stað einna áður. Það náði eingöngu til laganna um hollustuhætti og mengunarvarnir á síðasta ári en nær núna einnig til laga um mat á umhverfisáhrifum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ný málsgrein bætist við 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og að 2. og 3. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum verði breytt. Því er ætlað að taka af öll tvímæli um kærurétt vegna ákvarðana Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi og það áréttar löggjafarvilja að mínu mati við setningu laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sambærilegur kæruéttur gilti samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fram að því er Alþingi samþykkti breytingar á þeirri löggjöf með lögum nr. 74 24. maí 2005. Fram til þess tíma hafði niðurlagsmálsgrein 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum verið svo, með leyfi forseta:

„Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipu-

lagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr."

Með breytingunni í maí 2005 var málskotsrétturinn þrengdur og hann bundinn eingöngu við þá sem eiga lögvarða hagsmuni tengda viðkomandi ákvörðunum Skipulagsstofnunar. Þá var málskotsrétti vegna 8. og 9. gr. laganna einnig breytt og hann einvörðungu bundinn við framkvæmdaraðila. Þessar breytingar málskotsréttarins stríða að mati okkar hv. flutningsmanna frumvarpsins gegn þeirri þróun sem hefur átt sér stað bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Þróunin hefur verið í þá átt að auka aðkomu almennings að ákvörðunum er varða umhverfismál, bæði aðgang að upplýsingum og rétt til málskots. Sá réttur almennings á að vera tryggður í Árósasamningnum, sem íslensk stjórnvöld undirrituðu 1998, en hafa látið undir höfuð leggjast að fullgilda. Árósasamningurinn gerir ráð fyrir að öllum almenningi sé tryggður aðgangur að upplýsingum, þátttaka í ákvörðunum og aðgangur að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Þetta er gert í því skyni að vernda réttindi hvers einstaklings af núlifandi og komandi kynslóðum til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hans. Í ljósi þessa má gera ráð fyrir að þrenging málskotsréttarins stríði gegn einu af grundvallaratriðum Árósasamningsins. Ekki verður heldur séð að ákvæði 12. gr. laganna, eins og þau hafa verið fram til 1. október 2005, hafi verið til mikilla trafala í málsmeðferð hingað til, verður að segjast, og þess vegna eru að mínu mati engin haldbær rök fyrir afstöðu löggjafans. Allt um það kom fram í máli mínu þegar umræddar breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum fóru hér í gegn síðasta vor.

Greinargerðin sem fylgdi þessu máli á 131. löggjafarþingi er óbreytt og er sömuleiðis birt með þessu frumvarpi núna. Ég ætla að stikla á stóru að fara yfir þá greinargerð. Þar kemur fram að tilefni frumvarpsins sé öðru fremur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. janúar 2005 í ákveðnu máli sem Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi alþingismaður, höfðaði gegn Alcoa á Íslandi, Fjarðaáli, Reyðaráli, fjármálaráðherra, umhverfisráðherra og íslenska ríkinu. Hjörleifur krafðist ómerkingar í fyrsta lagi á úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum um 420 þús. tonna álver í Reyðarfirði, í öðru lagi á úrskurði umhverfisráðherra að ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu álvers í Reyðarfirði skuli óbreytt standa, í þriðja lagi á ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Reyðaráls og í fjórða lagi ákvörðun umhverfisráðherra um að vísa frá kæru stefnanda á ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Reyðaráls.

Frú forseti. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að Hjörleifur hefði ekki haft stöðu „aðila" við meðferð og útgáfu Umhverfisstofnunar á starfsleyfi til Reyðaráls ehf. og því hafi honum ekki verið heimilt að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar til ráðherra. Þessi niðurstaða dómsins, virðulegi forseti, stangast að mínu mati á við þann vilja löggjafans sem ég tel koma fram í umræðum á Alþingi og sem ég mun vitna til síðar í máli mínu. Engu að síður voru meginrök dómsins í fyrsta lagi þau að í lögskýringargögnum væri ekki að finna afstöðu löggjafans til þess hvort almenningur sem gert hefur athugasemdir við auglýsta tillögu Hollustuverndar ríkisins, sem nú er Umhverfisstofnun, um starfsleyfi skuli hafa rétt til stjórnsýslukæru til ráðherra og þá með hvaða hætti og í öðru lagi að ekki verði talið að stefnandi hafi sýnt fram á stjórnsýsluvenju þess efnis að allir sem gert hafi athugasemd við auglýsingu um starfsleyfi njóti heimildar til stjórnsýslukæru til ráðherra skv. 2. mgr. 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Á þessum forsendum komst dómarinn að þeirri niðurstöðu að um stjórnsýslukæru af því tagi sem Hjörleifur Guttormsson hafði lagt fram skyldi fara samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar. Samkvæmt því sé einungis svokölluðum aðila máls heimilt að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis til umhverfisráðherra. Stefnandi í þessu tilfelli hafi sem sagt ekki þeirra hagsmuna að gæta sem geri hann að aðila máls í skilningi stjórnsýslulaganna.

Virðulegi forseti. Þegar rýnt er í umfjöllun Alþingis Íslendinga um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem varð að lögum nr. 7/1998, verður ekki betur séð en vilji löggjafans sé alveg skýr. Hann byggist á þeirri meginstefnu, sem innleidd er með nútímalegum umhverfisrétti, að almenningi skuli tryggð aðkoma að málum og hlutdeild í ákvarðanatöku. Sú stefna kemur skýrt fram í ræðu umhverfisráðherra, Guðmundar Bjarnasonar, þegar hann mælti fyrir frumvarpi til laga um hollustuhætti í október 1997. Í máli fyrrverandi ráðherra, Guðmundar Bjarnasonar, kemur fram hvað eftir annað að hann telur mikilvægt að allur almenningur eigi þess kost að gera athugasemdir við útgáfu starfsleyfa starfsleyfisskyldra framkvæmda. Formaður umhverfisnefndar, sem á þessum tíma var Ólafur Örn Haraldsson, tekur undir með fyrrverandi ráðherra og kemur skýrt fram í máli hans hversu mikilvægt sé að aðkoma almennings að starfsleyfisveitingum sé greið. Í 2. umr. um málið segir fyrrverandi þingmaður, Ólafur Örn Haraldsson, um kosti þessarar nýju lagasetningar, með leyfi forseta:

„Ég tel líka að kæruferlið hafi verið stórbætt. Þótt endalaust megi segja að það eigi að vera lengra eða annars konar, þá er ljóst hvernig það er núna. Ég vil láta það koma fram hér að átta vikur þurfa að líða frá því að auglýsing Hollustuverndar kemur fram þar til athugasemdafrestur rennur út. Hollustuvernd hefur síðan fjórar vikur til að gaumgæfa og vinna að þeim athugasemdum sem koma fram og kynna mönnum niðurstöður. Síðan hefur sá sem kært hefur eða gert hefur athugasemdir, tvær vikur til að ákveða hvort hann vill kæra áfram og þá til ráðherra og þar tel ég að við séum með mun betri lausn en áður hefur verið á þessum málum, þ.e. að ráðherrann tekur á þessu öllu. Þá hefur ráðherra fjórar vikur til að úrskurða um málið. Ég legg áherslu á að kærandanum er í hag að fá úrskurðinn sem fyrst í stað þess að þurfa að bíða lengi eftir honum. Að vísu hefur ráðherrann lengri tíma ef um stórmál er að ræða. Þetta hvort tveggja er grundvallaratriði í þessum málum og lýtur að almannarétti sem mönnum er mjög kær og hefur einmitt komið til mikillar umræðu núna við útgáfu starfsleyfa og starfrækslu stóriðju og reyndar fleiri tegunda atvinnurekstrar. Það er almannarétturinn, réttur hvers einstaklings, réttur hvers Íslendings, réttur félaga, réttur fyrirtækja og stofnana til að gera athugasemdir og hafa áhrif á umhverfi sitt og þróun atvinnulífsins, sem er tryggður þarna og fram hjá þessum grundvallaratriðum megum við aldrei

horfa þó við séum ósammála um ýmis atriði."

Virðulegi forseti. Svo mörg voru þau orð fyrrverandi formanns umhverfisnefndar Alþingis, Ólafs Arnar Haraldssonar, þegar hann mælti fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um hollustuhætti á Alþingi á sínum tíma, 1998. Ég er ekki með dagsetninguna nákvæmlega núna.

Ég tel að það sé alveg afdráttarlaust hver vilji löggjafans var. Ég ítreka því þennan skilning, eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson greindi frá í ræðu sinni, að það sé réttur alls almennings sem eigi að gilda, réttur til kæru til umhverfisráðherra á þeim málum sem um ræðir. Og hann ítrekar þennan skilning sinn á rétti almennings til kæru í andsvari síðar í 2. umr. um málið, en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Við glímum við grundvallaratriðin, verndun umhverfisins, rétt almennings og uppbyggingu atvinnulífsins."

Litlu síðar í sömu ræðu segir, með leyfi forseta:

„Ég vil þó minna á eitt aðalatriði, eina aðallínu sem við getum fikrað okkur eftir. Við höfum að undanförnu verið að setja lög um áhrif almennings á umhverfismál og ég vil nefna mat á umhverfisáhrifum sem væntanlegt er inn í þingið, bygginga- og skipulagsmál og núna um starfsleyfi. Í öllum þessum lögum er gert ráð fyrir að almenningur komi að með umsagnarrétti, tillögurétti og afskiptum þannig að áður en til starfsleyfis kemur hafa hin stærri mál og mjög mengandi atvinnurekstur eða þar sem grunur er um mjög mengandi atvinnurekstur, þurft að fara í gegnum þrenns konar ferli þar sem okkur gefst tækifæri, almennum borgurum, til að taka á þessum málum. Þetta er þó verulegur réttur sem við skulum ekki gleyma. Við höfum reynt í starfi okkar að tryggja þennan rétt því þegar við erum farin héðan, hvort sem við erum ráðherrar eða almennir þingmenn þá standa lögin eftir og öllum er okkur kær réttur borgaranna til að móta það umhverfi sem við teljum best í landinu, bæði í umhverfismálum og í atvinnumálum."

Virðulegur forseti. Svo mæltist hv. fyrrverandi þingmanni, Ólafi Erni Haraldssyni.

Í þessu síðasta andsvari sínu vísaði formaður umhverfisnefndar til laga um mat á umhverfisáhrifum, sem stóð til að endurnýja. Þegar nýtt frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum kom fram á 125. löggjafarþingi gat þar að líta afar skýrt ákvæði er varðar kærurétt til ráðherra. Það er að finna í 12. gr. laganna, sem fjallar um málskot og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ágreiningi um framkvæmd laga þessara má skjóta til úrskurðar umhverfisráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd, sem tilgreind er í 2. viðauka, sbr. 6. gr. laganna, sé matsskyld má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 11. gr. má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann var birtur og fer um kæruna samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, og skal hún vera skrifleg.

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr."

Hæstv. forseti. Öllum er heimilt að kæra til ráðherra, stóð í lögum um mat á umhverfisáhrifum fram til 1. október í ár. Eins og fram kom í upphafi máls míns var þessu orðalagi téðrar 12. gr. sem nú er 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum breytt og lokast þar með í raun hringurinn í þessari röksemdafærslu okkar hv. flutningsmanna þessa frumvarps, þ.e. við höfum þar með rökstutt á hvern hátt við teljum að hér sé búið að afhjúpa eða skýra vilja löggjafans á sínum tíma og þar með varpa ljósi á það á hvern hátt hæstv. núverandi ríkisstjórn er að þrengja þennan rétt meðvitað leynt og ljóst með breytingum á þeim lögum sem um ræðir.

Frú forseti. Í mínum huga tel ég okkur hér á löggjafarsamkundunni þurfa að gaumgæfa það afar vel hvernig umhverfisréttur hefur þróast undanfarin ár, í honum hefur ekki hvað síst verið lögð rík áhersla á andmæla- og upplýsingarétt almennings. Má í því sambandi benda á Ríóyfirlýsinguna, sem er grundvölluð á samstarfi og samvinnu milli ríkja, mikilvægra atvinnugreina samfélagsins og fólks almennt en 10. regla yfirlýsingarinnar fjallar beinlínis um mikilvægi þess að almenningur hafi trygga aðkomu að öllum þáttum er varða umhverfismál. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Best verður tekist á við umhverfismál með þátttöku allra þegna sem hlut eiga að máli á viðkomandi sviðum. Í hverju ríki skal sérhver einstaklingur hafa aðgang, eftir því sem við á, að upplýsingum um umhverfið sem eru í vörslu opinberra aðila, þar á meðal upplýsingum um hættuleg efni og hættulega starfsemi í samfélagi þeirra, svo og tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku. Ríki skulu auðvelda og örva skilning og þátttöku almennings með því að veita honum greiðan aðgang að upplýsingum. Raunverulegur aðgangur skal veittur að réttar- og stjórnsýslukerfum, þar á meðal að réttarúrræðum."

Á þessari grein yfirlýsingarinnar byggist Árósasamningurinn en honum er einmitt ætlað að tryggja aðgengi almennings að upplýsingum um umhverfismál, aðgengi almennings að ákvarðanatöku um umhverfismál og síðast en ekki síst aðgengi almennings að dómskerfinu til að fá skorið úr málum er varða ákvarðanatöku um umhverfismál.

Einnig rétt að benda á 5. og 6. gr. tilskipunar 85/337/EBE, sem fjalla um skyldur yfirvalda til að upplýsa um áform framkvæmdaraðila og um að aðgangur almennings að þeim upplýsingum sé tryggður og sömuleiðis á tilskipun 97/11/EB en með henni er verið að tryggja þátttöku almennings í ákvarðanatöku stjórnvalda og aðgang almennings að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Byggjast ákvæði tilskipunarinnar á ákvæðum Árósasamningsins. Anda þeirra tilskipana og samninga sem hér hafa verið nefndir er að finna í lögunum um Evrópska efnahagssvæðið, en þar segir að einstaklingar muni gegna mikilvægu hlutverki á Evrópska efnahagssvæðinu vegna beitingar þeirra réttinda sem þeir öðlast með samningnum. Í sömu lögum eru einnig áminningar til þeirra sem með völdin fara um að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða. Einn veigamikill þáttur í slíku er hið virka samspil stjórnvalda og almennings í landinu, en þá þarf líka að vera tryggt í löggjöf að almenningur hafi raunverulega möguleika á að beita stjórnvöld aðhaldi.

Eins og þessi mál eru að þróast núna er sá möguleiki að lokast og það er í hróplegu ósamræmi við Árósasamninginn sem mér skilst að eigi þó að lögfesta, a.m.k. eina stoð hans á Alþingi í vetur, en tvær aðrar meginstoðir hans liggja enn án þess að frumvarp um þær hafi litið dagsins ljós. En í því augnamiði að það verði tryggt í löggjöf að almenningur hafi raunverulega möguleika á að beita stjórnvöld aðhaldi er þetta mál lagt fram af öllum hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs.

Fylgiskjal með greinargerðinni, virðulegi forseti, er lokakafli úr dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli því sem *ég gat um í upphafi máls míns og er að hluta til tilefni* þessa frumvarps og ég bendi áhugasömum á að kynna sér frekar þá dómsniðurstöðu til þess að komast alveg að kjarna málsins.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, óska ég eftir að málinu verði vísað til hv. umhverfisnefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 18. mál (vanskil á vörslufé). — Þskj. 18.

[16:23]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sem á þessum tvennum lögum hafa orðið.

Frumvarp þetta varðar breytingar á ákvæðum laganna sem varða vanskil á vörslufé en ásamt mér flytja málið þingmenn frá öllum stjórnmálaflokkunum, hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ögmundur Jónasson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Sólveig Pétursdóttir, Pétur H. Blöndal, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón Hjörleifsson, Halldór Blöndal og Birgir Ármannsson.

Mál þetta er ekki að koma inn í sali hins háa Alþingis í fyrsta skipti því það var flutt á 131. löggjafarþingi en varð ekki útrætt þá. Engu að síður fékk málið umtalsverða umfjöllun innan veggja þingsins og var á því löggjafarþingi, þ.e. því síðasta, afgreitt úr efnahags- og viðskiptanefnd með breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar sem birtust á þskj. 1189 ásamt nefndaráliti á þskj. 1188 og síðan framhaldsnefndaráliti og breytingartillögum á þskj. 1409. En þar afturkallaði nefndin fyrri breytingartillögur sínar.

Þrátt fyrir umrædda málsmeðferð náðist ekki að afgreiða frumvarpið sem lög frá Alþingi fyrir þinglok og er það því lagt fram að nýju með þeim breytingum sem meiri hluti hv. efnahags- og viðskiptanefndar lagði til við meðferð þess á 131. löggjafarþingi.

Eins og frumvarp það sem hér er til umræðu var þegar það var lagt fram á 131. löggjafarþingi var gert ráð fyrir að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum, sem lögfest var árið 1995, skyldi ekki eiga við þegar um svokölluð vanskil á vörslufé væri að ræða hefði brotamaður skilað réttilega skilagrein svo ljóst mætti vera að ekki væri um að ræða tilraun til undanskots. Gerði frumvarpið annars vegar ráð fyrir að við 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda bættist nýr málsliður svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu á lögmæltum tíma skal fésektarlágmark þessa ákvæðis ekki eiga við.“

Hins vegar gerði frumvarpið ráð fyrir því að við 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt bættist við nýr málsliður svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu á lögmæltum tíma skal fésektarlágmark þessa ákvæðis ekki eiga við.“

Frú forseti. Frumvarp það sem nú er til umræðu felur eftir sem áður í sér að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum, sem nú eru að lágmarki tvöföld vangoldin skattfjárhæð, eigi ekki við þegar um vanskil á vörslufé er að ræða en gjaldandi hefur skilað skilagrein á réttum tíma, þannig að ekki sé um að ræða tilraun til undanskots, og vanskil hafi verið gerð upp áður en til ákvörðunar refsingar kemur. Lagt er til í frumvarpinu að í slíkum tilvikum ráði mat dómara þyngd refsingar, sem getur þá verið allt að tíföld, þó að ekkert lögbundið lágmark verði til staðar. Með öðrum orðum, við þessar aðstæður er dómstólunum gefið *mat á því hvort rétt sé að horfa í gegnum fingur sér gagnvart fólki sem ekki hefur tekist að greiða vanskil á virðisaukaskatti* en ljóst að menn hafi ekki verið í rekstri sínum að reyna að svíkja undan skatti.

Menn hafa bent á og ég tel að við þurfum að taka þá umræðu innan veggja þingsins að rétt sé að ganga jafnvel lengra en þetta frumvarp gerir ráð fyrir í þá átt að veita dómstólunum enn frekari heimild til að framkvæma slíkt mat í niðurstöðum sínum. Á það hefur verið bent nýlega í grein Garðars Gíslasonar héraðsdómslögmanns sem birtist í Morgunblaðinu þar sem hann leggur til að gengið sé lengra í að veita dómstólum mat *í þá átt sem ég vísaði til og ég tel* að það verði framtíðarverkefni okkar sem höfum haft áhuga á þessum málum og gefið þeim gaum. Ég tel hins vegar rétt að leggja málið fram í þeim búningi sem það er núna vegna þess að það er í samræmi við þá niðurstöðu sem hv. efnahags- og viðskiptanefnd komst að við meðferð málsins á síðasta löggjafarþingi þegar það var lagt fram þá af þáverandi hv. þingmanni, núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einari K. Guðfinnssyni.

Frú forseti. Vanskil á vörslufé vegna greiðsluerfiðleika eru nokkuð ólík öðrum skattalagabrotum. Slík brot hafa sjaldnast þau einkenni sem algengt er að fylgi skattsvikum, svo sem vanhöld á færslu bókhalds, og ekki er heldur fyrir að fara þeirri leynd sem að jafnaði einkennir skattsvik og önnur skattalagabrot. Oft eiga brotlegir sér einnig málsbætur umfram þær að fremja önnur skattalagabrot en skýringa er ósjaldan leitað í því að forsvarsmenn fyrirtækja hafa lent í greiðsluerfiðleikum sem oft enda með gjaldþroti.

Tilgangur breytingarinnar sem þetta frumvarp kveður á

um er einnig sá að gefa dómstólum meira svigrúm til að ákvarða refsingu, einkum með hliðsjón af málsbótum sem brotlegir kunna að hafa. Þær breytingar sem lögfestar voru árið 1995, og ég vék hér að áðan, miðuðust fyrst og fremst við alvarleg skattalagabrot, en undir þau falla vanskil alla jafna ekki nema þau nái yfir langt tímabil, um verulegar fjárhæðir sé að ræða eða ítrekuð brot eða ef aðstæður auka saknæmi verknaðarins en þá varða brotin jafnframt við 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Falla þau þá utan lagabreytinganna sem hér eru lagðar til.

Það er ekki skilyrði þessa ákvæðis að gjaldskyldur lögaðili eða einstaklingur hafi bætt ríkissjóði eða öðrum rétthafa gjaldanna það tjón sem hann kann að hafa valdið, en slíkt kemur til skoðunar við mat á refsingu. En það er einnig í samræmi við meginreglu 74. gr. almennra hegningarlaga að tekið skuli tillit til slíks við refsiákvörðun hjá aðila sem leitast við að bæta af sjálfsdáðum tjón sem hann hefur valdið og með ákvæðum sem hér eru lögð til yrði tekið af skarið um að slík háttsemi skyldi virt til refsilækkunar. Úr slíku tjóni verður aðeins bætt með því að greiða það sem vanrækt var að greiða.

Leggja verður áherslu á að vextir og álag sem leggjast á vangoldna fjárhæð samkvæmt lögum teljast ekki til refsiverðra vanskila. Telja verður að vörslufé aukist ekki þó því sé haldið tímabundið og því ekki ástæða til að lögfesta að vangreiddir vextir geti orðið grundvöllur refsinga. Með öðrum orðum þýðir þetta í raun og veru að hafi sá sem vangreiðir skatta lagt inn á greiðslu sem greidd hefur verið inn á höfuðstól þess skatts sem vangreiddur er getur dómari lagt það til grundvallar en þarf ekki að líta til þeirra vaxta og eftir atvikum dráttarvaxta eða innheimtukostnaðar sem á skuldina hefur lagst. Í praxís hefur það verið þannig að þegar menn hafa verið að greiða upp sínar skattskuldir þá hefur ríkið litið þannig á að mönnum beri fyrst að greiða þennan kostnað, hvort sem það eru vextir eða annar kostnaður, og síðast komi höfuðstóll þess sem vangoldið er til greiðslu.

Það hefur verið venjubundin framkvæmd hérlendis í mörg ár, bæði af hálfu skattrannsóknastjóra ríkisins og í gengnum dómum í héraði og í Hæstarétti, að ekki er höfðað refsimál vegna yfirstandandi rekstrartímabils þegar aðili fer í þrot, enda verður ekki séð að greiðsluskylda hafi myndast þegar þannig stendur á. Sama á við um ógreidda útistandandi reikninga gjaldskylds aðila við gjaldþrot hans enda er þá ekki unnt að vísa til vangoldins vörslufjár. Flutningsmenn telja að þeir gjaldendur sem af ýmsum ástæðum skila ekki inn skilagrein eða virðisaukaskattsskýrslu á réttum tíma hafi því miður engan fjárhagslegan hvata í núgildandi kerfi til að upplýsa um stöðu mála með því að skila inn skilagrein eða virðisaukaskattsskýrslu eftir að frestur er liðinn og gera upp skuldir sínar að hluta vegna þess hvernig núverandi fyrirkomulagi um löggjöf er háttað.

Ástæður þess að gjaldendur skila ekki inn upplýsingum geta í sjálfu sér verið af margvíslegum toga. Má í því sambandi nefna að fyrirtæki geta orðið undir í samkeppni eða markaðir brugðist þannig að rekstur þeirra líði fyrir. Hjá einstaklingum má oft kenna um fjármálaóreiðu, fjárskorti, vanþekkingu, veikindum, óreglu eða einbeittum brotavilja. Fyrir utan síðustu ástæðuna sem hér var nefnd, þ.e. einbeittan brotavilja, eru þessum aðilum allar bjargir bannaðar samkvæmt núgildandi lögum en samkvæmt þeim vofir yfir þessum aðilum sekt að lágmarki tvöföld skattfjárhæð, hvort sem þeir upplýsa um málið og greiða hluta hins vangoldna skatts eða ekki. Gerir núverandi fyrirkomulag því ekki ráð fyrir neinni aðstoð eða hvatningu til þessara aðila til þess að ráða við þann vanda sem þeir hafa komið sér í hverjar sem ástæður þess kunna að vera. Og það hlýtur að teljast allra hagur, herra forseti, jafnt innheimtuaðila sem gjaldenda, að löggjöfin feli í sér hvatningu fyrir gjaldendur til þess að upplýsa um stöðu mála og til þess að gera upp skuldir sínar eins og þeir mögulega geta. Of harðar og of ósveigjanlegar reglur sem þessar, sem ekki taka mið af fjölbreytilegum aðstæðum, eru frekar til þess fallnar að brjóta niður í stað þess að vera uppbyggjandi. Við þessu þarf löggjöfin að bregðast með því að gera skattkerfið sveigjanlegra og manneskjulegra án þess að draga úr markmiði þess að allir greiði þá skatta sem þeir hafa innheimt fyrir ríkið af þriðja aðila.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja jafnframt að breytingin sé mikið réttlætismál fyrir forsvarsmenn í atvinnustarfsemi í rekstrarerfiðleikum sem hafa leitt til vanskila á staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatti. Á hinn bóginn telja flutningsmenn að hafa beri í huga að á undanförnum árum hefur greinilegrar tilhneigingar orðið vart í þá átt að einstaklingar stofni ný fyrirtæki í kringum sama atvinnureksturinn. Æðioft eru einu breytingarnar á rekstrinum þá ný auðkenni og ný kennitala. Þegar þannig hefur háttað til er það oft vörslu- og innheimtufé eins og staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur sem er í vanskilum og verður eftir sem ógreiddar kröfur í þrotabúið. Flutningsmenn telja brýnt að sporna áfram gegn þeirri þróun með ráðum og dáð. Endurtekin vanskil sömu rekstrareininga undir mismunandi kennitölu mundu dómstólar að öllum líkindum meta sem meiri háttar brot gegn lögum og varða þá við 262. gr. almennra hegningarlaga. Fellur sú háttsemi því ekki undir þær breytingar sem hér eru lagðar til. Það er mjög mikilvægt að menn hafi það í huga þegar þeir taka afstöðu til þessa máls. Það er ekki verið að rétta þeim sem vísvitandi brjóta gegn skattalögunum hjálparhönd. Það er einungis verið að reyna að gera kerfið réttlætanlegt og réttlátara gagnvart því fólki og þeim fyrirtækjum sem hafa farið á hausinn en að öðru leyti haft allt sitt á hreinu, skilað inn réttum skattskýrslum og skilagreinum og greitt inn á skuldir sínar.

Ekki verður betur séð, herra forseti, en meiri hluti hv. efnahags- og viðskiptanefndar, sem afgreiddi forvera þessa frumvarps á 131. löggjafarþingi, hafi tekið undir þær röksemdir sem færðar hafa verið fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til með þessu frumvarpi. Þannig sagði meiri hluti nefndarinnar m.a. í framhaldsnefndaráliti sínu, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er að því stefnt að þeir sem skila inn réttum skýrslum og sýna vilja til að greiða skuldir við ríkið njóti þess að því leyti að vikið verði frá sektarlágmarki og mat dómara ráði þess í stað. Er þar byggt á því að þegar þannig háttar til sé ekki um eiginleg skattsvik að ræða. Þessu markmiði verður ekki náð nema að mjög takmörkuðu leyti samkvæmt fyrri breytingartillögum meiri hlutans. Eftir að hafa skoðað málið nánar telur meiri hlutinn rétt að leggja til breytingar á frumvarpinu sem ekki gera eins miklar kröf-

ur til þess að vikið verði frá sektarlágmarki, m.a. varðandi það hvort skýrslu er skilað á réttum tíma eða ekki. Meiri hlutinn telur rétt að girða ekki fyrir að þeir sem hafi greiðslugetu og greiðsluvilja sjái sér hag í því að lækka skattfjárhæð áður en til sektarákvörðunar kemur. Megináherslan hlýtur að liggja á því að gjaldandi, eða sá sem ábyrgð ber á greiðslum, sjái hag í því að skila inn réttum skýrslum og greiða eins mikið og unnt er áður en niðurstaða dómstóla eða yfirskattanefndar liggur fyrir. Lögin taka sérstaklega á síðbúnum skilum með ákvörðun álags og dráttarvaxta og fellur meiri hlutinn frá þeirri tillögu að kveða á um greiðslu þessa hluta kröfunnar í þeim ákvæðum sem lagt er til að breytt verði og fjalla um sakarmat. Af framkvæmd verður ráðið að við ákvörðun refsingar sé tekið tillit til þeirra greiðslna sem inntar hafa verið af hendi og miða tillögur nú að því að ekki verði breyting þar á."

Með þessum tilvitnuðu orðum lagði meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar til að gerðar yrðu breytingar á frumvarpinu sem eru samhljóða þeim ákvæðum sem fram koma í 1. og 2. gr. þess frumvarps sem ég hef hér mælt fyrir og lagði til á síðasta þingi að frumvarpið yrði þannig samþykkt sem lög frá Alþingi. Ég tek þetta sérstaklega fram vegna þess að ég leyfi mér, herra forseti, að mælast til þess og óska eftir því að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til umræðu og umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd, en ég tel engu að síður að málið sé fullrætt og útrætt innan þeirrar nefndar. Ég tel að nefndin hafi í sjálfu sér tekið efnislega afstöðu til þeirra atriða sem fram koma í 1. og 2. gr. frumvarpsins og í rauninni lagt til þá niðurstöðu eða þær breytingar sem þar koma fram. Ég lít því ekki svo á að þetta frumvarp þurfi að fara til umsagnar um allt þjóðfélagið vegna þess að umsagnir um þetta mál liggja nú þegar fyrir og niðurstaða meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar gerir það líka, hún gerir það í þessu frumvarpi.

Að lokum vil ég segja, herra forseti, að ég tel að í þessu máli felist veruleg réttarbót fyrir þá sem málið varðar. Ég tel að ef frumvarpið verður samþykkt verði skattkerfið gert mun sveigjanlegra og dómurum þessa lands og skattyfirvöldum sem hafa með rannsókn og úrskurði í skattamálum að gera verði gert kleift með mun ríkari hætti en áður hefur verið að meta aðstæður hverju sinni þegar tekin er ákvörðun um það með hvaða hætti beri að taka á vanskilum einstaklinga og fyrirtækja vegna opinberra gjalda og virðisaukaskatts. Við höfum horft á það trekk í trekk, og það hefur verið mikið í umræðunni, að dómstólar þessa lands hafa verið að fella dóma yfir fólki sem hefur borið ábyrgð á atvinnurekstri, eins og ég hef vikið hér að, dóma sem eru þess eðlis að ætla mætti að um sakamenn væri að ræða sem hefðu ekkert annað í huga en að svíkja undan skatti. Í mörgum þessara mála hafa aðstæður verið þannig að svo hefur ekki verið. Hins vegar hefur dómstólum verið sá kostur nauðugur að dæma þetta fólk til langrar fangelsisvistar og hárra refsinga eða sektargreiðslna einfaldlega af þeirri ástæðu að lögin eru þannig úr garði gerð að dómstólar hafa ekki fengið tækifæri eða haft svigrúm eða heimildir til að meta til refsilækkunar þau atriði sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir að dómstólar hafi heimild til að líta til í framtíðinni verði frumvarpið að lögum. Ég tel að í þessu felist veruleg réttarbót gagnvart þeim sem hér um ræðir.

Ég ítreka það að flutningsmenn þessa frumvarps koma úr öllum stjórnmálaflokkum. Það hefur með öðrum orðum myndast breið pólitísk samstaða um að grípa til aðgerða vegna þessara mála og gera skattkerfið okkar manneskjulegra og sveigjanlegra, hafa það þannig að þeim sem hafa með réttmætum hætti, ef svo má segja, a.m.k. heiðarlegum, farið á hausinn sé gert það kleift að standa aftur í lappirnar án þess að þurfa að sæta löngum fangelsisrefsingum eða háum sektargreiðslum sem leitt geta til þess að viðkomandi aðilar fá ekki rönd við reist í framtíðinni vilji þeir hefja annað líf á vinnumarkaðnum eða í fyrirtækjarekstri.

Að svo búnu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

[16:46]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstvirtur forseti. Ég vildi nýta mér andsvarsréttinn, kannski misnota andsvarsréttinn, til að taka undir með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni varðandi það að efnahags- og viðskiptanefnd hafi í raun lokið umfjöllun um þetta mál. Ég held að það sé nauðsynlegt að efnahags- og viðskiptanefnd taki þetta mál fljótt fyrir og sé í raun ekki ástæðu til annars en að það verði klárað fljótt í þinginu.

Eins og hér kom fram í máli hv. þingmanns, hann gerði góða grein fyrir þessu máli, er um gífurlega réttarbót að ræða. Ég veit að dómarar hafa beðið eftir því að geta hreinlega dæmt eftir sæmilega réttlátum lögum. Hér hafa komið upp mörg grátleg dæmi, eins og hv. þingmaður fór yfir, að heiðarlegt fólk hafi verið dæmt í miklar fésektir og í fangelsi fyrir hluti sem eru til komnir vegna ófyrirsjáanlegra atvika. Viðkomandi aðilar hafa alls ekki getað séð við því með neinum hætti. Þar eru satt að segja grátleg dæmi um að fólk hafi mátt sæta þungum refsingum fyrir engar sakir.

[16:48]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni Arnbjörgu Sveinsdóttur kærlega fyrir undirtektir hennar. Ég held að það sé hárrétt sem hv. þingmaður nefndi og ég gat um í ræðu minni, að hv. efnahags- og viðskiptanefnd hefur þegar tekið efnislega afstöðu í þessu máli, tekið afstöðu til þeirra lagaákvæða sem fram koma í frumvarpinu og þeirra breytinga sem þar er lagðar til. Það væri í sjálfu sér furðulegt ef að nefndin kæmist að annarri niðurstöðu nú, fáum mánuðum eftir að málið var þar síðast til meðferðar.

Ég veit að þeir hv. þingmenn sem sitja í nefndinni eru samkvæmir sjálfum sér. Þeir ættu af þeirri ástæðu að geta klárað þetta mál hratt og vel í nefndinni þannig að frumvarpið geti sem allra fyrst orðið að lögum og dómstólar landsins þurfi ekki að komast að niðurstöðum eins og þeim sem við höfum orðið vitni að á síðustu mánuðum og missirum. Þær geta ekki talist sanngjarnar og koma sérstaklega illa niður á fólki sem hefur ekki sýnt þann brotavilja að ástæða sé til að refsa því, líkt og við séum að refsa brotamönnum eða glæpamönnum. En kerfið eins og það er núna og lögin sem dæmt hefur verið eftir eru á þá leið að fólkið, sem við hugsum um og tölum fyrir í þessu máli, er í raun

sett á sömu hillu og þeir sem einskis svífast í að brjóta gegn (Forseti hringir.) þeim skattareglum sem hér gilda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulögð leit að krabbameini í ristli, fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 13. mál. — Þskj. 13.

[16:50]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um skipulagða leit að krabbameini í ristli. Ásamt mér eru flutningsmenn Margrét Frímannsdóttir, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson, Halldór Blöndal, Rannveig Guðmundsdóttir, Siv Friðleifsdóttir. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í samráði við landlækni að hefja undirbúning að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi þannig að skipuleg leit hefjist 1. júlí 2006."

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010, sem samþykkt var af Alþingi og gefin út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 2001, er fjallað um krabbameinsvarnir. Þar segir m.a. að aðalmarkmiðið sé að dánartíðni vegna krabbameina hjá fólki yngra en 75 ára lækki um 10%.

Þá er fjallað almennt um krabbamein en um þriðjungur þjóðarinnar fær krabbamein á lífsleiðinni og nálægt fjórðungur landsmanna deyr af völdum þess. Tíðni krabbameina fer vaxandi upp að ákveðnum aldri. Rannsóknir benda til þess að tengsl séu á milli lífshátta og krabbameina. Einnig eru ýmis efni í umhverfinu krabbameinsvaldandi. Að öllu óbreyttu er búist við áframhaldandi hækkun á nýgengi og dánartíðni krabbameina umfram eðlilegar aldurshækkanir. Miklar framfarir hafa orðið í meðferð ýmissa tegunda krabbameina þannig að margir fá nú bót meina sinna og öðrum er gert mögulegt að lifa lengur með sjúkdóm sinn en áður þekktist. Þá er að lokum getið þeirra leiða sem beita skal til að ná fyrrgreindum markmiðum:

1. Fræðsla um áhættuþætti krabbameina.
2. Aðgerðir sem hvetja til heilbrigðra lífshátta.
3. Gerð klínískra leiðbeininga er lúta að greiningu og meðferð krabbameina.
4. Skipulögð krabbameinsleit og eftirlit með áhættuþáttum.
5. Efling rannsókna á tengslum krabbameina og lífshátta, umhverfishátta og þjóðfélagsstöðu.

Hér á landi hefur skipulögð leit að leghálskrabbameini verið framkvæmd um 40 ára skeið og leit að brjóstakrabbameini hófst 1986. Krabbamein í ristli og endaþarmi er annað algengasta krabbameinið meðal Íslendinga og önnur algengasta dánarorsökin af völdum krabbameina en fram til þessa hefur fræðsla og forvarnir gegn því ekki verið forgangsverkefni. Á vegum landlæknisembættisins var þó lögð mikil vinna til gerðar klínískra leiðbeininga um ristilkrabbamein með yfirskriftinni: Skimun fyrir krabbameinum í ristli og endaþarmi.

Mikilvægi þess að geta fækkað dauðsföllum af völdum krabbameina er öllum ljóst. Krabbamein í ristli og endaþarmi eru í dag orsök mikils heilsutjóns og eru þriðja algengasta dánarorsök af völdum krabbameina meðal Íslendinga. Nokkrar mjög stórar rannsóknir þar sem einstaklingum hefur verið fylgt eftir í nálægt tvo áratugi hafa sýnt óyggjandi að fækka má dauðsföllum af völdum þessara krabbameina með skimun þar sem leitað er að blóði í hægðum. Þar sem bein áhætta er lítil og minnkun áhættu með skimun tekur fjölda ára að koma fram er ekki óeðlilegt að enn hefur ekki verið sýnt fram á minnkun heildardánartíðni vegna skimunar.

Þann 8. mars 2000 skipaði Sigurður Guðmundsson landlæknir starfshóp sem fékk það hlutverk að gera tillögur að leiðbeiningum um skimun fyrir ristilkrabbameini á Íslandi. Hópurinn hefur nú skilað áliti sínu til landlæknis. Niðurstaða starfshópsins var að mæla með því að hafin verði skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi á Íslandi. Slík skimun á að beinast að:

1. Einstaklingum, körlum og konum, 50 ára og eldri, sem eru án einkenna og teljast í meðaláhættu.
2. Einstaklingum, körlum og konum, með aukna áhættu á krabbameinum í ristli eða endaþarmi.

Fyrir einstaklinga, karla og konur, 50 ára og eldri, sem eru án einkenna og teljast í meðaláhættu verði eftirfarandi leitaraðferð beitt: Leit að blóði í hægðum einu sinni á ári og stutt ristilspeglun hjá þeim sem greinast með blóð í hægðum. Lagt til að kannaður verði betur grundvöllur þess að gera slembirannsókn þar sem leit að blóði í hægðum er borin saman við ristilspeglun. Ýmislegt bendir til að með ristilspeglun verði unnt að finna stóran hluta af forstigum krabbameina í ristli og endaþarmi, en rannsókn vantar þar sem þessar tvær skimunarleiðir eru bornar saman til að meta lækkun á dánartíðni af völdum krabbameina í ristli og endaþarmi.

Í öðru lagi eru einstaklingar, karlar og konur, með aukna áhættu á krabbameinum í ristli eða endaþarmi. Þeir sem eiga náinn ættingja, foreldra, systkin eða barn, með krabbamein í ristli eða endaþarmi.

Ef einn fyrsta stigs ættingi hefur greinst eftir 55 ára aldur með krabbamein er gert ráð fyrir sömu skimun og við meðaláhættu, en hefja skimunina við 40 ára aldur. Ristilspeglun fari fram á 5–7 ára fresti og fyrsta speglun við 40 ára aldur eða 10 árum yngri en ættinginn var þegar hann greindist með sjúkdóminn. Ef þrír fyrsta stigs ættingjar hafa greinst er mælt með sama eftirliti og greiningaraðferðum og ráðlagt er varðandi HNPCC.

Fyrir þá sem hafa fjölskyldusögu um HNPCC er mælt með erfðarannsókn og ristilspeglun á 1–2 ára fresti, fyrsta speglun við 25 ára aldur eða við 5 ára yngri aldur en yngsti meðlimur fjölskyldunnar sem hefur greinst með ristilkrabbamein.

Þeir sem hafa fjölskyldusögu um FAP, þ.e. Familial Adenomatous Polyposis, er gert ráð fyrir erfðarannsókn og stuttri ristilspeglun.

Ég ætla ekki að lesa allt sem hér kemur fram en nefni að fyrir þá sem hafa fyrri sögu um krabbamein í ristli eða endaþarmi og hafa farið í aðgerð með lækningu í huga er mælt með ristilspeglun innan þriggja mánaða frá aðgerð, ef hún var ekki framkvæmd fyrir skurðaðgerðina. Síðan ristil-

speglun eftir 3 ár og síðan á 5 ára fresti.

Farið hefur fram skipulagt fræðsluátak undir yfirskriftinni Vitundarvakning gegn ristilkrabbameini. Það byrjaði í október árið 2002 og var alfarið kostað af fyrirtækjum sem sýndu málefninu skilning og velvild. Öll undirbúningsvinna var unnin í sjálfboðavinnu, svo sem gerð fræðslubæklinga, sjónvarpsþáttar og fyrirlestra og gerð vefsíðunnar www.vitundarvakning.is.

Vert er að minnast ómetanlegs stuðnings Árna heitins Ragnars Árnasonar alþingismanns sem sýndi þessu verkefni brennandi áhuga vegna skilnings hans á aukinni fræðslu um þennan sjúkdóm og mikilvægi þess að fólk hafi góða þekkingu á tilurð og fyrstu einkennum hans. Hann var fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um auknar forvarnir gegn krabbameinum í meltingarvegi. Góð samstaða fékkst um tillöguna meðal alþingismanna allra stjórnmálaflokkanna og 3. maí 2002 var samþykkt á Alþingi eftirfarandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra í samráði við landlækni að gera tillögur um hvernig staðið skuli að forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi fyrir þá sem teljast vera í áhættuhópi og undirbúa framkvæmd starfsins. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttunni við aðrar algengustu tegundir krabbameina hér á landi."

Í mörg ár hefur verið deilt um réttmæti skimunar, kembileitar, og markvissra forvarna gegn krabbameini í ristli og endaþarmi. Ítarlegar og vandaðar rannsóknir hafa verið gerðar með þátttöku nokkur hundruð þúsund einkennalausra einstaklinga á aldrinum 45–75 ára. Niðurstöður þeirra rannsókna benda eindregið til að með skipulagðri skimun fyrir ristilkrabbameini megi fækka dauðsföllum vegna þessa sjúkdóms um 15% til 33%. Með aðferðum sem er beitt í heilsuhagfræðinni hefur jafnframt verið sýnt fram á að kostnaðarvirknihlutfall fyrir leit að þessu krabbameini er hagkvæm forvarnaíhlutun. Þeim sömu aðferðum beita heilbrigðisyfirvöld víða í vaxandi mæli þegar teknar eru ákvarðanir um forgangsröð í heilbrigðismálum. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur birt skýrslu um kostnað og ábata kerfisbundinnar skimunar eftir krabbameini í ristli og endaþarmi í nóvember 2002. Í samantekt skýrslunnar segir: „Mikilvægar vísbendingar eru til þess að skimun dragi úr nýgengi og dánartíðni vegna krabbameina í endaþarmi og ristli."

Staðreyndir um krabbamein í ristli og endaþarmi.

Eins og fram hefur komið er krabbamein í ristli annað algengasta krabbameinið sem greint er hjá Íslendingum og önnur algengasta dánarorsök af völdum krabbameina. Það greinast um 120 einstaklingar árlega með þetta krabbamein og um 50 Íslendingar deyja árlega af völdum þessa sjúkdóms. Nýgengi, (ný tilfelli sem greinast á ári) sjúkdómsins fer vaxandi samkvæmt nýlegri spá um nýgengi krabbameina á Norðurlöndum fram til ársins 2020 og vegna hækkandi aldurs er spáð verulegri fjölgun tilvika eða 46% hjá körlum en 22,6% hjá konum. Hér á landi er spáð fjölgun greindra tilvika um 85% hjá körlum en um 70% hjá konum ef miðað er við meðaltal áranna 1993–97 til meðaltals áranna 2018–2020.

Dauðsföllum hefur fækkað um 15–33% hjá einkennalausum einstaklingum sem leitað er hjá borið saman við einstaklinga þar sem ekki er leitað að blóði í hægðum.

Ristilkrabbamein er nú algengasta krabbameinið (304.687 tilfelli) í Evrópu samkvæmt nýjustu upplýsingum frá WHO Globocan, þegar austur hlutinn og EFTA-löndin eru tekin með, þ.e. hærra nýgengi en nýgengi lungnakrabbameins, sem voru töluvert færri.

Hverjir fá svo þetta krabbamein? Áhættuþættir þessa sjúkdóms eru vel þekktir en þeir vega ekki allir jafnþungt. Meira en þrír fjórðu hlutar (75%) þessara krabbameina greinast hjá fólki með meðaláhættu, þar sem hækkandi aldur skiptir mestu máli. Flest krabbameinanna greinast hjá einstaklingum sem eru komnir yfir fimmtugt. Margir þeirra eru engu að síður á „besta" aldri þegar áfallið kemur.

Hér á Íslandi greinast 67% fólks fyrir 75 ára aldur, 56% fyrir 70 ára aldur og tæp 40% fyrir 65 ára aldurinn. Árlega greinast um 50 einstaklingar með sjúkdóminn á aldrinum 45–65 ára.

Er mögulegt að fyrirbyggja ristilkrabbamein? Þessari spurningu er hægt að svara játandi og ekki er deilt um það lengur. Flest þessara krabbameina hafa góðkynja forstig, sem nefnt er kirtilæxli eða ristilsepi. Um 20–25% þeirra sem eru 50 ára og eldri hafa þegar myndað þessa sepa, en ekki nema lítill hluti þeirra (4–6%) verður illkynja. Þar sem þetta forstig er oftast einkennalaust, eins og reyndar byrjandi krabbamein í ristli, þarf að leita að þessum meinsemdum hjá einkennalausu fólki. Það skiptir sköpum að greina meinsemdina snemma og þarna skilur á milli lækningar og alvarlegra veikinda vegna krabbameins með meinvörpum þar sem fimm ára lífslíkur eru verulega skertar.

Í baráttunni við þennan sjúkdóm er mikilvægt að þekkja fyrstu einkenni hans, en ef verulegur árangur á að nást verður að greina hann hjá einstaklingum sem eru einkennalausir. Nú greinast yfir 60% Íslendinga með sjúkdóminn með staðbundna útbreiðslu (í eitla) eða útbreiðslu til fjarlægari líffæra (t.d. lifrar).

Eru greiningaraðferðir flóknar og hættulegar? Þessu er hægt að svara neitandi. Rannsóknaraðferðirnar eru aðallega tvenns konar: leit að blóði í hægðum og ristilspeglun.

Athugun á blóði í hægðum er einföld, ódýr og hættulaus rannsókn.

Ristilspeglun er flóknari og fyrirhafnarmeiri, en að sama skapi nákvæmari rannsókn til að greina þessi mein.

Hverju skilar skimun? Flestir sem hafa skoðað þetta mál til hlítar eru sammála um að það sé mjög skynsamlegt að hvetja til skimunar fyrir þessu krabbameini. Rannsóknirnar þrjár, sem áður er vitnað til, leiddu í ljós að ýmist þurfti að leita hjá 360, 470 eða 747 einstaklingum í 13, 10 og 7, 8 ár, til að koma í veg fyrir eitt dauðsfall af völdum ristilkrabbameins. Samnorræn rannsókn (Hristova og Hakama, 1997) spáði að hægt væri að lækka dánartíðni af völdum ristilkrabbameins um 15–20% með kembileit sem framkvæmd væri frá árunum 1993 til 2017.

Forkönnun á skimun var framkvæmd á vegum Krabbameinsfélags Íslands á árunum 1986 og 1988. Þá fundust þrír einstaklingar með krabbamein, eða eitt tilfelli af hverjum 800 sem tóku þátt í rannsókninni.

Þar sem tími minn er búinn að þessu sinni, hæstv. for-

seti, mun ég nota seinni ræðutíma minn til frekari umræðu um málið.

[17:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er gott mál sem við erum að ræða hér og við erum ekki að ræða það í fyrsta sinn eins og fram kom hjá hv. 2. þm. Suðurkjördæmis, Drífu Hjartardóttur. Í máli hennar kom fram að það var fyrst flutt af fyrrverandi þingmanni, Árna Ragnari Árnasyni, og ég var strax þá meðflutningsmaður á málinu. Mér fannst bæði að hann væri kjarkmikill að flytja málið og mér fannst að rök hans fyrir því að hefja ætti skipulega leit að krabbameini í ristli rétt og féllst á þau og ég er enn þá sannfærð um það.

Það er mjög mikilvægt líka að líta til þess hve mikilvægt er að vera með fræðslu um áhættuþætti, eins og fram kemur í greinargerðinni, hvetja til heilbrigðra lífshátta og auk þess sé möguleiki á að skipuleg krabbameinsleit fari fram. Þetta höfum við konurnar þekkt þar sem við höfum búið við það í nokkra áratugi að fram hefur farið skipuleg krabbameinsleit að krabbameini í brjóstum og legi. Ég held að ekki nokkur kona mundi vilja að hætt yrði við þá forvörn sem sú krabbameinsleit er. Þetta hefur verið mikilvægur þáttur í forvarnastarfi fyrir konur. Nú er vitað að krabbamein í ristli er líka það algengt að full ástæða er til að vera með slíkt forvarnastarf sem skipuleg leit er og koma þessari þingsályktun í gegnum þingið.

Hv. þm. Drífa Hjartardóttir benti á að deilt væri um réttmæti slíkrar skoðunar eða skimunar. Þau sjónarmið finnast reyndar að ekki sé nægilegt gagn að almennri krabbameinsleit og það eigi líka við um leit að krabbameini í brjóstum og legi, sem við höfum búið við í þann tíma sem ég benti á. En ég býst við að allir þeir sem hafa notið þess að það hafi verið uppgötvað nægilega snemma einmitt vegna þessa forvarnastarfs mundu hafna slíkum sjónarmiðum.

Það sem vekur með mér áhyggjur er hversu oft við höfum fjallað um þetta þingmál. Það er tiltölulega einfalt og skýrt. Þeir starfshópar sem hafa verið að skoða málið og flutningsmaður vísaði til komust að sameiginlegri niðurstöðu, mæla eindregið með að farið verði í þessa skipulögðu leit. Samt sem áður hefur þetta ekki náðst í gegn. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvað valdi því. Er talið að ekki sé til nóg starfsfólk eða sérfræðingar til að sinna þessu máli ef farið yrði í þá skipulögðu leit sem hér er lögð til á tilteknum aldurshópum? Er það kostnaðurinn sem fælir frá? Eru til nýjustu tölur um kostnað við að fara í þessa skipulögðu leit? Er þetta eitthvað sem væri hægt að taka í áföngum? Er það í raun og veru kostnaðurinn við leitina sem gerir það að verkum að tillagan hefur ekki fengist afgreidd? Liggur það þá fyrir að til séu einhverjar aðrar upplýsingar en þær sem greint er frá í greinargerðinni þar sem segir að starfshópurinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að það sé kostnaðarlega hagkvæmt að fara í skipulagða leit?

Það er einnig annað sem ég vil nefna, virðulegi forseti. Þegar við ræddum þetta mál á þeim tíma sem fyrrverandi þingmaður, Árni Ragnar Árnason, flutti málið kom einmitt fram í umræðu að svipað og með gigtarættir virðist vera meiri áhætta í sumum ættum frekar en öðrum. Nokkrar stórar gigtarættir eru þekktar hér á landi og fólk er þá oft meðvitaðra um að kvillar sem upp koma geti kannski hugsanlega verið af slíkum toga. Þannig var það líka upplýst í umræðu að það væri þekkt að svona krabbamein gæti verið ættgengt og að full ástæða væri til að vera á varðbergi.

Virðulegi forseti. Ég styð að sjálfsögðu þessa tillögu. Mér finnst það áhyggjuefni hversu oft hún hefur verið flutt og ég ætla að leyfa mér að vonast eftir því að hún fáist a.m.k. skoðuð í nefnd og að hægt verði að kalla til einstaklinga sem geti svarað því hver sé raunkostnaður af því að fara í skipulagða leit að krabbameini í ristli miðað við það sem ávinnst og fá að vita hvort einhverjir aðrir annmarkar eru en hugsanlega kostnaðurinn sem veldur því að tillagan hefur ekki fengist samþykkt.

[17:12]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að fagna þessari tillögu til þingsályktunar um skipulagða leit að krabbameini í ristli sem er flutt af hv. þingmönnum Drífu Hjartardóttur, Margréti Frímannsdóttur, Ögmundi Jónassyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Halldóri Blöndal, Rannveigu Guðmundsdóttur og Siv Friðleifsdóttur. Með henni fylgir mjög góð og ítarleg greinargerð og fylgiskjöl. Eins og komið hefur fram hefur tillagan áður verið flutt en ekki hlotið samþykki. Hvers vegna veit ég ekki en slæmt er ef áætlaður kostnaður við rannsóknina veldur því að tillagan hefur ekki farið hér áður í gegn.

Eins og fram hefur komið er krabbamein í ristli annað algengasta krabbameinið á Íslandi og jafnframt annað í röð þeirra krabbameina sem getur dregið fólk til dauða. Því nauðsynlegt að taka upp forvarnaaðgerðir, t.d. skimun, eins og bent er á í tillögunni. Niðurstöður erlendra rannsókna benda til þess að með skipulegri skimun fyrir ristilkrabba megi fækka dauðsföllum um allt að 33%. Hér er greinilega um árangursríka aðferð að ræða. Auk þess að koma í veg fyrir þær líkamlegu og andlegu þjáningar sem þessi sjúkdómur veldur hefur verið sýnt fram á fjárhagslega hagkvæmni sem fylgir forvarnastarfsemi.

Jafnframt hefur komið fram að aukning er á sjúkdómstilfellum og þjóðin er að verða eldri, hún er að verða langlífari. Ég tel því nauðsynlegt að hefja undirbúning að skipulagðri ristilkrabbameinsleit eins og kemur hér skýrt fram í þessari ályktun.

[17:14]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég lýsi fullum stuðningi við tillögu til þingsályktunar um skipulagða leit að krabbameini í ristli. Þingsályktunartillagan er endurflutt en ég hef verið meðflutningsmaður á samsvarandi tillögu áður. Ég tel að tillagan sé vel ígrunduð og vel unnin og mjög mikilvægt sé að fara að undirbúa skipulagða leit að krabbameini í ristli eins og hér er lagt til. Við höfum góða reynslu af skipulagðri leit að krabbameini í brjóstum kvenna og leghálsi en það er Krabbameinsfélag Íslands sem hefur haft veg og vanda af þeirri leit og séð um framkvæmd hennar og skipulag um allt land. Í þessari þingsályktunartillögu er ekkert sagt um hvernig fara eigi í þessa leit eða skimun en til þess að hægt sé að mæla með skimun af þessu tagi þarf hún að vera ein-

föld, örugg og tiltölulega ódýr, meðferðarúrræði þurfa að vera þekkt og árangursrík þannig að til þess að það sé til einhvers að leita að sjúkdómnum sé möguleiki á að meðhöndla hann og lækna.

Það hefur sýnt sig í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið með skimun fyrir krabbameini í ristli, að einföld skimun og leit að blóði í hægðum er árangursrík og enn árangursríkari ef bætt er við ristilspeglun ef blóð finnst. Því tel ég mikilvægt að undirbúa slíka skimun vel og ganga tryggilega frá því hverjir eiga að framkvæma hana. Ég tel mjög mikilvægt að jafnt aðgengi sé fyrir fólk um allt land því að gert er ráð fyrir að þessi skimun sé fyrir alla fimmtíu ára og eldri án einkenna og fyrir einstaklinga óháð aldri sem falla undir ákveðna áhættuhópa sem eru vel skilgreindir í þingsályktunartillögunni. Þetta er því töluverður fjöldi. Ef karlar og konur sinna þessu kalli og fara samkvæmt leiðbeiningum í skimun eftir því sem mælt er með verður talsvert álag á heilsugæslustöðvarnar ef skimunin fer fram þar, sem ég tel að sé í raun og veru rétti starfsvettvangurinn, og því verði að gefa þessari skimun þann tíma að búið sé að tryggja bæði fjármagn og starfsfólk til að sinna þessu verkefni því að það mun valda auknu álagi sem ég tel mig hafa vissu fyrir að verði vel tekið, þ.e. ef starfskraftar eru fyrir hendi.

Skimunin er einföld þegar leitað er eftir blóði í hægðum en málið er flóknara þegar kemur að ristilspegluninni. Ég tel að einföld ristilspeglun gæti farið fram á flestum heilsugæslustöðvum eða þá að leitin yrði skipulögð með sama hætti og leit að krabbameini í brjóstum að ferðir sérfræðinga yrðu skipulagðar um allt land.

Númer eitt, tvö og þrjú tek ég undir þessa þingsályktunartillögu og vona að undirbúningurinn verði nægur og góður því að núna höfum við bæði tækni til að greina og tækni til að meðhöndla og þar með auka lífslíkur fjölmargra einstaklinga sem annars mundu greinast síðar á ævinni með þennan alvarlega sjúkdóm sem dregur allt of marga til dauða.

Fræðsla um áhættuþætti krabbameina er góð forvörn og eins er fræðsla til fólks um einkenni þessa sjúkdóms líka góð forvörn þannig að einstaklingar sem verða varir við blóð í hægðum sinni því og leiti læknis. Þó svo að skimun sé ekki þegar farin í gang er mikilvægt að kynna einkenni ristilkrabbameins. Orsakir krabbameins eru að sumu leyti þekktar og í flestum tilfellum má leita orsakanna í umhverfi okkar, í lífsháttum okkar og svo mun vera með ristilkrabbameinið líka. Því er fræðsla um mataræði og áhættuþætti sem þekktir eru hvað varðar ristilkrabbamein líka mikilvæg. Maðurinn er það sem hann borðar, má kannski segja um þennan sjúkdóm eins og holdafarið.

Enn og aftur fagna ég því að þessi þingsályktunartillaga komi fram svo snemma á þinginu að mögulegt verði að vinna hana vel í heilbrigðis- og tryggingaefnd og að þess sjáist merki í fjárlagagerðinni að þessi vinna eigi að fara í gang.

[17:21]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum fyrir góðar undirtektir við málið. Ég tek undir það sem fram hefur komið um þá mikilvægu krabbameinsleit sem verið hefur fyrir konur í landinu. Leghálskrabbameinsleit hefur verið stunduð í 40 ár og frá 1986 hefur verið skipuleg leit að brjóstakrabbameini. Við vitum hvað þetta hefur skipt miklu máli og hvað það skiptir miklu máli ef krabbamein er á ferðinni að það uppgötvist sem fyrst. Það þekkjum við öll hér. Mikið talað um að slík leit sé dýr og við spyrjum í tillögunni:

„Er skimun „góð kaup"? Fáir illkynja sjúkdómar fullnægja nær öllum settum skilyrðum fyrir skimun eins og raunin er með krabbamein í ristli. Þess vegna er oft á tíðum fullyrt að koma megi í veg fyrir þetta krabbamein með réttum aðgerðum. En það kostar fyrirhöfn og fjármuni. Áður hefur verið minnst á aðferðir eins og kostnaðarvirknigreiningu sem notuð er til að meta afleiðingar og kostnað aðgerða sem ætlað er að bæta heilsu almennings.

Nýleg skýrsla hagfræðideildar Háskóla Íslands staðfestir hagstætt eða lágt kostnaðarvirknihlutfall á skimun fyrir krabbameini í ristli. Íhlutun sem hefur lágt hlutfall mundi því í þessu samhengi teljast góð kaup og njóta forgangs við ráðstöfun heilbrigðisútgjalda. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri og viðameiri erlendar athuganir á kostnaðarvirknigreiningu skimunar fyrir ristilkrabbameini og er hlutfallið lágt. Þar gildir einu hvaða þekktri leitaraðferð er beitt og kostnaðarvirknihlutfallið er lægra en við margar aðrar íhlutanir sem við nú beitum og greiðum fyrir í heilbrigðisþjónustunni."

Svo vísað sé til vinnuhóps landlæknis þá segir í því áliti að ítarlegar og vandaðar rannsóknir hafi verið gerðar á gagnsemi skipulegrar skimunar fyrir blóði í hægðum með þátttöku nokkur hundruð þúsund einkennalausra einstaklinga á aldrinum 45–75 ára. Niðurstöður eru skýrar og benda eindregið til þess að með slíkri leit megi fækka dauðsföllum vegna sjúkdómsins um allt að fjórðung. Slík leit er jafnframt talin hagstæð þegar miðað er við aðrar forvarnaaðgerðir. Fyrir rúmum tveimur árum birtist grein í erlendu tímariti þar sem reynt var að meta innbyrðis mikilvægi ýmissa forvarnaaðgerða. Litið var bæði til forvarnagildis aðgerðanna og hlutfalls kostnaðar og virkni. Höfundar gáfu forvarnaaðgerðum stig á grundvelli þessarar úttektar. Meðal þeirra aðgerða sem fengu 8 eða fleiri stig af 10 mögulegum voru ungbarnabólusetningar, tóbaksvarnir, sjónpróf hjá 65 ára og eldri, vímuvarnir hjá unglingum, skimun fyrir leghálskrabbameini, skimun fyrir ristilkrabbameini, PKU- og TSH-skimun hjá nýburum, háþrýstingsleit og inflúensubólusetningar. Víða í Evrópu, t.d. í Þýskalandi, Ítalíu, Póllandi, Tékklandi og Frakklandi, hafa heilbrigðisyfirvöld tekið einarða afstöðu með ristilkrabbameinsleit og greiða fyrir hana. Heilbrigðisnefnd Evrópusambandsins hefur nú hvatt heilbrigðisyfirvöld aðildarlanda til að beita sér fyrir slíkri skimun.

Hagfræðistofnun áætlaði kostnað vegna leitar í aldurshópnum 50–75 ára á bilinu 117–147 millj. kr. Var þá gert ráð fyrir að 38 þúsund manns undirgengjust skimun, 3.000 ristilspeglanir yrðu gerðar og 64 tilvik fyndust. Vitað er að um fjórðungur fólks á þessum aldri er með sepa og má áætla að slíkt fyndist þá hjá um 750 manns með ristilspeglun. Vitað er að um 6% sepa í ristli geta leitt til krabbameins sem í þessu tilviki svarar til um 45 manns. Má því gera ráð

fyrir, séu separ með forstigum krabbameins teknir með í reikninginn, að 110 manns greindust með krabbamein eða forstig á grundvelli framangreindrar skimunar. Kostnaður við að finna hvert tilvik yrði því um 1,4 millj. kr. Vinnuhópurinn mælir því með:

1. skimun á tveggja ára fresti,
2. skimun í aldurshópnum 55–70 ára,
3. að leitin sé skipuleg, þ.e. að boðun, skimun, skráning og eftirlit verði miðstýrð,
4. gerð skrár fyrir einstaklinga sem eru í mikilli áhættu.

Hvert stefnir? Flestir eru sammála um að ekki sé lengur réttlætanlegt að hika við að ráðleggja skimun fyrir þessu krabbameini. Sem stendur er fyrst og fremst deilt um „bestu" aðferðina en því hefur einnig verið haldið fram að besta aðferðin sé raunverulega sú sem beitt er. Í mörgum löndum, eins og ég greindi frá áðan, hafa heilbrigðisyfirvöld tekið einarða afstöðu. Þau mæla með skimun fyrir þessu krabbameini og greiða að fullu fyrir ákveðnar skimunaraðferðir. Þá hafa Finnar hafið skipulega skimun (23. september 2004) og bresk heilbrigðisyfirvöld hafa gefið vilyrði um að hefja slíka skimun eða leit í byrjun árs 2006. Danir eru að huga að því að hefja skimun á næsta ári. Þá hafa ýmis fagfélög og samtök, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, mælt með markvissum fræðsluaðgerðum og skimun fyrir þessu krabbameini. Bandaríkjamenn eru þjóða ötulastir á þessu sviði en þar í landi hafa sérfræðingar á liðnum árum merkt lægri tíðni ristilkrabbameina og færri dauðsföll af þeim sökum. Þar í landi álykta menn að öflug fræðsla og hvatning til fólks yfir fimmtugu um að koma í skoðun hafi skilað tilætluðum árangri. Þar hefur lengi verið lögð áhersla á baráttuna gegn þessu krabbameini og nú eru Evrópuríkin farin að gera sér grein fyrir nauðsyn þess að gera slíkt hið sama. Heilbrigðisnefnd Evrópusambandsins hefur hvatt heilbrigðisyfirvöld í aðildarlöndunum til að beita sér fyrir skimun að þessu krabbameini, ásamt skimun fyrir leghálss- og brjóstakrabbameini. Nefndin hefur og tekið skimun fyrir ristilkrabbameini upp í endurskoðuðum tilmælum, sýnum og reglum í baráttunni gegn krabbameini (European Code Against Cancer). Það er athyglisvert að þetta er í fyrsta sinn sem mælt er með skimunaraðgerðum er beinast að karlmönnum.

Mikilvægt er að hugað sé vel að kostnaðarvirknigreiningunni og árangursmati á greiningu og meðferð á ristilkrabbameini og væntanlegri fjölgun tilfella á næstu áratugum. Íslendingar geta í rauninni tekið forustu á þessum vettvangi vegna mikillar kunnáttu og reynslu af skimunaraðgerðum sem framkvæmdar hafa verið hér á landi í áratugi með einstökum árangri.

Mikið og gott forvarnastarf á ýmsum sviðum hefur verið unnið hér á landi í mörg ár. Í þessum verkefnum hefur bestu þekkingu á hverjum tíma verið beitt og áhersla lögð á bættan lífsstíl, þ.e. hollt mataræði, reykleysi, góða hreyfingu og stjórn á líkamsþyngd. Það er skynsamlegt að beita fræðslu og aðgerðum til að auka lífsgæði og forða fólki frá sjúkdómum. Orðatiltækið „of seint er að byrgja brunninn, þá barnið er dottið ofan í" segir allt sem segja þarf.

Það er eðlilegt að nútímafólk spyrji: Hvað get ég gert til að auka lífsgæði mín og forðast sjúkdóma? Þá verðum við að vera reiðubúin að liðsinna því með jákvæðu hugarfari og miðla þeirri þekkingu sem fyrir liggur á hverjum tíma. Fortölur og neikvæð viðhorf gagnast ekki fólki á tímum aukinnar þekkingar og framfara í læknavísindum.

Fræðsla til almennings er lykilatriði í baráttunni gegn þessum sjúkdómi. Fyrir tveimur árum var farið í fræðsluátak sem gekk undir nafninu Vitundarvakning gegn ristilkrabbameini. Gallup-könnun sem gerð var skömmu áður opinberaði vanþekkingu okkar hér á landi á þessu algenga krabbameini. Í könnun sem gerð var í Austurríki kom í ljós að aðspurðir óttuðust jafnmikið dauða vegna slysfara og krabbameina. Þessar dauðaorsakir óttuðust aðspurðir líka mest. Hins vegar er athyglisvert, þegar rýnt er í tölfræðina, að venjulegur Evrópubúi er í 2,5 sinnum meiri áhættu að deyja af völdum ristilkrabbameins en að deyja í umferðarslysi.

Skimun er því fyllilega tímabær og tímabært að beita markvissum aðgerðum með fræðslu, forvörnum og skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi sem er önnur algengasta dánarorsök af völdum krabbameina hér á landi. Mannslífum verður bjargað og með betri meðferð batna horfur fólks og lífsgæði. Rök gegn forvarnaaðgerðum sem beinast að krabbameini í ristli og endaþarmi verða að vera mjög sterk í ljósi þeirrar þekkingar sem nú liggur fyrir varðandi þennan sjúkdóm.

Nýgengi sjúkdómsins fer vaxandi og vegna vaxandi aldurs þjóðarinnar munum við verða fyrir auknum búsifjum af hans völdum í náinni framtíð. Hér á landi er áratuga reynsla á sviði skipulagðrar leitarstarfsemi að krabbameinum. Þá þekkingu og reynslu ber að nýta og mun það auðvelda allar aðgerðir á þessu sviði. Með slíkt veganesti getum við verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar í baráttunni gegn þessum banvæna sjúkdómi sem fer ekki í manngreinarálit, getur brugðið fæti fyrir okkur öll og kemur alltaf á óvart.

Hæstv. forseti. Að loknum þessum umræðum óska ég eftir að þingsályktunartillögunni verði vísað til heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. JBjarn, 21. mál (beingreiðslur til kúabænda). — Þskj. 21.

[17:33]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frumvarpið lýtur fyrst og fremst að því að markaður sé rammi í lögum um stærð framleiðslueininga, fyrst og fremst til að tryggja framleiðsluöryggið en einnig til að tryggja gæði framleiðslunnar og að þau markmið fari saman við stefnu stjórnvalda í landbúnaðarmálum og í takt við almannahag. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sami aðili getur að hámarki verið

handhafi réttar til beingreiðslna sem svara til 1% af heildargreiðslumarki. Einkahlutafélag getur því aðeins verið handhafi réttar til beingreiðslna samkvæmt greiðslumarki að ábúandi á viðkomandi lögbýli eigi að minnsta kosti 10% hlutafjár og fari með að minnsta kosti 50% atkvæða í félaginu."

Þetta frumvarp var lagt fram á síðasta þingi en komst þá ekki á dagskrá. Það er því endurflutt.

Á árunum 1996–2004 fækkaði kúabúum á Íslandi úr 1.291 í 854 eða um 34%. Nýjustu tölur fyrir árið 2005 sýna að fjöldi kúabúa á landinu er kominn niður fyrir 800. Meðalframleiðsla á bú jókst á sama tíma um 67%. Þessari þróun hefur fylgt mikil tilfærsla á greiðslumarki í mjólkurframleiðslu og verð á greiðslumarki hefur að sama skapi hækkað gífurlega hin síðustu ár. Mesta hreyfingin á greiðslumarkinu er hjá stærri búunum, eins og sést á því að í árslok 2003 voru þau 140 kúabú sem höfðu hvorki keypt né selt greiðslumark frá árinu 1992 að meðaltali með rúmlega 65.000 lítra, sem er rétt rúmur helmingur af framleiðslu meðalbúsins árið 2003. Þá var enn um fjórðungur kúabænda í landinu með greiðslumark innan við 100.000 lítra. Af þessu sést greinilega að það eru stærri búin sem stækka mest.

Margar ástæður eru fyrir samþjöppun á greiðslumarki í mjólk undanfarin 10–12 ár. Þar má nefna kröfur um hagræðingu, ný viðhorf til aðbúnaðar búfjár, auknar gæðakröfur til mjólkurframleiðenda, fólksfækkun í sveitum, fækkun mjólkursamlaga, vélvæðingu í búskap og, síðast en ekki síst, hið geysiháa verð á greiðslumarki og hækkandi verð á bújörðum á frjálsum markaði.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að réttur til beingreiðslna, þ.e. greiðslna sem ríkið greiðir til framleiðenda vegna mjólkurframleiðslu er takmörkuð auðlind, þ.e. hún er bundin í samningum við ákveðið fjármagn miðað við ákveðinn fjölda lítra. Mikil eftirspurn og hátt verð hafa að undanförnu breytt miklu um möguleika þeirra sem vilja starfa við kúabúskap til að hasla sér völl í greininni. Ekki er einungis að nýliðun sé nær útilokuð, því svo mikið fjármagn þarf til að bæta verulega við greiðslumark hvers starfandi bús að sífellt færri eiga þess kost nema með mikilli skuldsetningu. Enda eru mörg kúabú nú á landinu orðin afar skuldsett. Þróunin minnir óneitanlega sífellt meira á framvindu mála í sjávarútvegi eftir að verslun með aflamark var gefin frjáls. Ekki þarf að tíunda hér þær harðvítugu deilur sem urðu og standa enn um eignarhald á veiðiheimildum í sjávarútvegi. Það mál er reyndar óleyst enn og við vitum að margar byggðir blæða fyrir þá stefnu sem þar ríkir.

Ljóst er að viðlíka ástand í landbúnaði mundi gerbreyta viðhorfum landsmanna til stuðnings við innlenda framleiðslu. Sú bærilega sátt sem hefur til þessa ríkt um íslenskan land búnað vegna atvinnu-, byggða- og öryggissjónarmiða hvílir fyrst og síðast á þeim grunni að framleiðslan sé á höndum fjölskyldubúa en ekki verksmiðjubúa, sem þekkt eru frá öðrum löndum. Stefnan hér hefur verið sú að búvöruframleiðslan haldist í fjölskyldurekstri í öllum meginatriðum.

Jafnframt liggur í augum uppi að þróun mjólkurframleiðslunnar í átt til færri og stærri búa fylgir vaxandi áhætta eftir því sem sú samþjöppun gengur lengra. Áföll af einhverju tagi hjá örfáum stórframleiðendum geta sett framboð á innlendum mjólkurvörum í uppnám þegar einstök bú standa undir mjög stórum hluta mjólkurframleiðslunnar í landinu.

Hér er því lagt til að sami handhafi geti að hámarki farið með 1% af heildargreiðslumarki. Velta má fyrir sér hversu hátt slíkt hlutfall á að vera. Markmið frumvarpsins er að takmarka samþjöppun á rétti til beingreiðslna og koma í veg fyrir að hátt verð á greiðslumarki geri minni framleiðendum ókleift að stækka við sig. Enn fremur að stuðla að því að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til að treysta undirstöður búvöruframleiðslunnar, byggð og atvinnulíf í dreifbýli skili sér til starfandi bænda en séu ekki teknir til annarra nota af kaupsýslumönnum.

Þessi mál hafa mjög verið til umræðu meðal bænda og má í því sambandi benda á erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga og Svínaræktarfélags Íslands til búnaðarþings árið 2004. Búnaðarþing ályktaði þá sérstaklega um ákveðna þætti þessa máls. Landssamband sauðfjárbænda ályktaði jafnframt um málið á aðalfundi sínum í vor.

Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna aðeins í þær ályktanir sem snerta þetta:

Í erindi til búnaðarþings í janúar 2004 ályktar Búnaðarsamband Skagfirðinga:

„Bændafundur haldinn í Svaðastöðum, 21. janúar 2004, beinir eftirfarandi til búnaðarþings og búgreinafélaga:

Nú liggur fyrir að gera og/eða endurskoða samninga um rekstrarumhverfi fyrir nautgriparækt, sauðfjárrækt og loðdýrarækt. Í þeirri samningagerð telur fundurinn að meginmarkmið eigi að vera:

1. Að það fjármagn sem ríkið leggur fram verði notað til að viðhalda og efla byggð í sveitum landsins.

2. Stuðla að því að fjármagnið renni til framleiðslunnar á hverjum tíma og verði raunverulegar tekjur fyrir starfandi bændur."

Því er þessi ályktun sett fram að þær beingreiðslur sem renna, t.d. til mjólkurframleiðslunnar, eru bundnar við framleidda lítra. En þar er ekki nein takmörkun á stærð búa til þess að njóta réttarins til beingreiðslna. Við samþjöppun á framleiðsluréttinum verða framleiðendur bara færri og byggðin getur af þeim orsökum skroppið saman. Um þetta er Búnaðarsamband Skagfirðinga að ályktа, að það geti ekki verið tilgangur ríkisins með beingreiðslum að setja bú með beinum eða óbeinum hætti í eyði.

Svínaræktarfélag Íslands ályktaði um þessi mál í mars 2004, en í svínaræktinni er framleiðslan komin á örfárra manna hendur. Mörgum kann að finnast það skondið en ég held að KB-banki sé langstærsti svínabóndi landsins. Það er í sjálfu sér umhugsunarvert þegar fjármálastofnanir stunda landbúnaðarframleiðslu árum saman og eru jafnvel í samkeppnisrekstri eins og í svínarækt. En þannig er þetta. Það hefur orðið gríðarlega hröð fækkun í framleiðslu svínakjöts og því ærin ástæða til að hafa af því áhyggjur út frá öryggissjónarmiði, ef við ætlumst til þess að innlend framleiðsla fullnægi innlendri eftirspurn eftir þeirri vöru.

Ályktun Svínaræktarfélags Íslands var svohljóðandi:

„Framleiðsluöryggi, samkeppni og sjálfbær þróun í íslenskum landbúnaði.

Búnaðarþing 2004 samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnvalda að skipuð verði nefnd til að kanna umgjörð og starfsskilyrði kjötframleiðslunnar í landinu. Markmiðið verði að leita leiða til að tryggja, eftir því sem unnt er, að íslensk kjötframleiðsla verði rekin á forsendum sjálfbærrar þróunar og að framleiðendur og neytendur búi við ákveðið framleiðsluöryggi og lágmarkssamkeppnisskilyrði. Reynt verði að finna leiðir til að hindra fákeppni í kjötframleiðslu hér á landi.

Sérstaklega verði hugað að eftirfarandi:

1. Að sett verði þak á hámarkshlutdeild hverrar framleiðslueiningar innan sömu framleiðslugreinar, í því skyni að ná fram markmiðum um framleiðsluöryggi og til að hindra fákeppni."

Það er athyglisvert, herra forseti, að þarna er verið að benda á að framleiðslan geti verið komin á svo fáar hendur að öryggi hennar gagnvart neytendum geti verið í hættu. Það þarf ekki nema að upp komi veiki á einu búi sem er með stóran hluta af framleiðslunni og vara þaðan gæti ekki farið á markað. Þarna er því verið að benda á að öryggi neytenda þeirrar vöru geti verið ógnað ef hún er komin á of fárra manna hendur.

Í öðru lagi segir í ályktun Svínaræktarfélags Íslands:

„2. Að komið verði á fót sérstöku innra eftirliti með því að vara sé ekki seld langtímum saman undir sannanlegu kostnaðarverði. Jafnframt verði hugað að breytingum á samkeppnislögum í sama tilgangi."

Við höfum rætt þetta atriði áður á Alþingi, þ.e. hvaða ógn getur stafað af því þegar framleiðsla ákveðinnar vöru er komin í hendur mjög fárra aðila. Þá er í rauninni ekki nein samkeppni lengur og ekki síst eins og við höfum mátt búa við þegar bankar og fjármálastofnanir hafa yfirtekið stór bú eins og í svínakjötsframleiðslunni og þess eru reyndar líka dæmi í kjúklinga- og eggjaframleiðslu að bankar og fjármálastofnanir hafi yfirtekið búin og rekið þau áfram í samkeppni við bændur sem reka bú sín á rekstrarlegum forsendum. Þessar fjármálastofnanir eða aðrir slíkir stóraðilar geta leyft sér að bjóða fram vöruna á undirverði í takmarkaðan tíma til þess að styrkja samkeppnisstöðu sína. Slíkt er afar óréttmætt og ætti náttúrlega ekki að vera heimilt enda eru víða erlendis skorður við því að það megi til lengri tíma undirbjóða vörur sem eru á samkeppnismarkaði eða selja þær undir framleiðslukostnaðarverði, eins og við máttum upplifa á kjötmarkaðnum fyrir nokkrum missirum. Þetta getur vofað yfir okkur hvenær sem er þegar framleiðslan er komin á örfárra manna hendur, í hendur örfárra fyrirtækja sem geta leyft sér að dumpa verðinu niður tímabundið til þess að ná markaði. Við þessu er varað í samþykkt Svínaræktarfélags Íslands.

Þar er einnig lögð áhersla á að öll kjötframleiðsla í landinu lúti sömu grundvallarskilyrðum varðandi starfsleyfi og að skilyrði verði sett í starfsleyfi bús um að það hafi yfir að ráða nægilega stóru landi til að dreifa á búfjáráburði í samræmi við íslenskar aðstæður.

Þarna er verið að vitna til gríðarlegs máls varðandi svínabúin og að einhverju leyti líka varðandi kjúklingabúin. En fyrst og fremst varðar þetta svínabúin þannig að verði þau mjög stór eiga að gilda reglur um hvernig farið skuli með mykjuna frá þeim. Erlendis er krafist að hvert bú hafi yfir að ráða það miklu landi til dreifingar eða hafi samninga um dreifingu á þessum búfjáráburði að engin hætta eða mengun geti stafað af. Slíkar reglur eru ekki til hér og engin eftirfylgni eftir að svo sé. Þetta er eitt af því sem þeir benda á að þurfi að huga að þegar búin eru orðin stór og þeir leggja til að tekin séu upp starfsleyfi þar sem m.a. er kveðið á um þessa þætti. Þetta hefur áður verið rætt í þingsölum varðandi svínabúin, um dreifingu eða meðferð á úrgangi, mykju og öðru frá þeim og mér vitanlega hafa ekki komið neinar viðhlítandi reglur um það né yfirlýsing um að fullnægjandi ástand sé á þeim búum sem núna eru rekin. Þetta bendir Svínaræktarfélag Íslands á varðandi hættuna sem verður við samþjöppun og fákeppni í framleiðslu landbúnaðarvara.

Í ályktun frá búnaðarþingi frá í mars árið 2004 segir eftirfarandi:

„Búnaðarþing árið 2004 beinir því til landbúnaðarráðherra að skipuð verði nefnd til að kanna umgjörð og starfsskilyrði landbúnaðarins. Markmiðið verði að tryggja, eftir því sem unnt er, að íslenskir framleiðendur og neytendur búi við ákveðið framleiðsluöryggi. Sérstaklega verði hugað að eftirfarandi:

„1. Að sett verði hámarkshlutdeild einstaka framleiðslueininga innan hverrar framleiðslugreinar, byggt á öryggis- og umhverfissjónarmiðum fyrir neytendur og framleiðendur."

Það er viss stefnubreyting sem þarna er ýjað að í ályktun búnaðarþings, að fákeppni, stærð bús, hlutfallsleg stærð bús miðað við heildarframleiðsluna og þörf neytenda geti ógnað öryggi neytenda, geti líka ógnað gæðum vörunnar, geti líka ógnað umhverfisþáttum framleiðslunnar og að þessu þurfi landbúnaðarframleiðslan að huga en hefur gert mjög takmarkað til þessa. Það verður að segjast, því miður, herra forseti.

„2. Að opinbert eftirlit með búvöruframleiðslu verði samræmt um land allt. Einnig að skilyrði starfsleyfa verði samræmd í þeim greinum þar sem þeirra er krafist."

Varðandi starfsleyfin til að reka bú þá er þarna aftur áréttað hversu veik umgjörð búrekstursins er að setja þurfi ákvæði um starfsleyfi þar sem kveðið er á um öryggi og gæði framleiðslunnar og síðan hina ýmsu umhverfisþætti sem verða að vera í lagi til að landbúnaðarframleiðslan falli að þeim kröfum sem við gerum. Við skulum líka vera minnug þess að Ísland og íslensk stjórnvöld hafa undirgengist skuldbindingar um að landbúnaðarframleiðslan sem og önnur framleiðsla lúti og sé gerð samkvæmt lögmálum um sjálfbæra þróun. Þetta höfum við undirritað en í þeim ályktunum sem ég er að lesa upp er bent mjög rækilega á að það skortir verulega á að sú umgjörð sem við höfum sett landbúnaðarframleiðslunni uppfylli þær reglur og kröfur sem sjálfbær þróun gerir til öryggissjónarmiða og umhverfisþátta framleiðslunnar. Enda segir líka áfram í ályktun búnaðarþings frá 2004:

„3. Að starfsleyfisskyld bú geti sýnt fram á að þau hafi nægilegt land til dreifingar á búfjáráburði, eða að þau geti ráðstafað honum á annan viðunandi hátt, í samræmi við íslenskar aðstæður og umhverfissjónarmið."

Þarna áréttar einnig búnaðarþing og tekur undir ályktanir Svínaræktarfélags Íslands um þessi umhverfisskilyrði

sem hvert bú verði að hafa til þess að hafa starfsleyfi.

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda, 7.–8. apríl árið 2005, ályktar einnig um þetta mál en þar segir, með leyfi forseta:

„Skilyrði fyrir greiðslum úr sauðfjársamningi er að greiðsluþegi hafi fasta búsetu á svæðinu (innan 50 km) þar sem framleiðslan fer fram. Sé sauðfjárbú rekið af lögaðila skal einn af eigendum, sem á að lágmarki 25% af félaginu, hafa búsetu á svæðinu þar sem framleiðslan fer fram."

Þarna eru Landssamtök sauðfjárbænda að hnykkja á nákvæmlega sömu atriðum og aðrir eins og t.d. í Svínaræktarfélag Íslands sem ég vitnaði í. Landssamtökin kalla eftir lögum og reglum til að starfa eftir varðandi þau atriði sem ég hef hér minnst á, framleiðsluöryggisatriði, búsetuatriði, umhverfisatriði og öryggi gagnvart neytendum.

Búnaðarþing ályktar einnig ítrekað um málið 6.–10. mars árið 2005. Í ályktun búnaðarþings stendur:

„Búnaðarþing 2005 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að skipa starfshóp sem fái það hlutverk að meta hvort setja eigi reglur, og þá hvers konar, um hámarkshlutdeild framleiðslueininga í beingreiðslum í landbúnaði. *Hópurinn fái enn fremur það hlutverk að meta hvort þörf sé á aðgerðum sem beinast gegn samþjöppun á eignarhaldi bújarða.* Stjórn Bændasamtaka Íslands leiti eftir því við Landssamband kúabænda, Landssamtök sauðfjárbænda og Samband garðyrkjubænda að þau tilnefni einn mann hvert í starfshópinn og að tveir komi frá stjórn Bændasamtaka Íslands."

Búnaðarþing sem haldið var á síðastliðnum vetri ákvað að setja niður formlegan starfshóp í málið til að fara yfir þessi atriði, þessa umgjörð, hvort setja eigi reglur um hlutfallslegar hámarksstærðir á búum, hvort það sé verjandi og rétt að beingreiðslur ríkisins fari til framleiðslueininga í landbúnaði, mjólkur- og sauðfjárframleiðslu óháð bústærð, eða hvort setja eigi þar einhverjar skorður við. Ég er þeirrar skoðunar og hef heyrt það hjá fleirum að setja ætti ákveðnar skorður, beingreiðslur í landbúnaði ættu að miðast upp að einhverri ákveðinni bústærð en trappast síðan niður og hverfa þegar bústærð fer yfir ákveðið mark þannig að ríkið sé ekki að styðja við slíkan stórbúrekstur, það verði að vera innri hagkvæmni sem drífur það áfram. En að sjálfsögðu verður að setja öll önnur umhverfisatriði og öryggisatriði varðandi framleiðsluna í forgrunn.

Herra forseti. Það er því alveg augljóst að flestöll samtök bænda vilja að tekið verði á þessum málum og ég hef því í því frumvarpi sem ég legg hér fram lagt til að það verði gert. Ég legg til varðandi t.d. mjólkurframleiðsluna að mörkin séu að einn framleiðandi megi bara eiga 1% af heildargreiðslumarki í mjólkurframleiðslunni. Það þýðir að rúmlega ein milljón lítra á bú sé sett sem hámark. Það er *mjög brýnt að setja slík mörk hvort sem það er sú stærð eða* önnur sem mönnum finnst ásættanleg.

Við heyrum nú talað um að einstakir aðilar séu að kaupa upp framleiðslurétt bæði í mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu og geti m.a. fært þá framleiðslu á milli búa. Ef sú aðgerð gengur of langt getur hún stefnt framleiðsluöryggginu í hættu, hún getur stefnt þeim gæðakröfum sem gerðar eru í mjólkurframleiðslunni í hættu og hún getur einnig stefnt framleiðsluöryggi og gæðaöryggi á vörunni gagnvart neytendum í hættu. Ég tel mjög mikilvægt að tekið sé á þessum þremur atriðum.

Ýmis önnur atriði sem tengjast þessu væri vert að ræða. Það væri vert að ræða hversu rétt sú þróun sé að fyrirtæki eða einstaklingar kaupi upp jarðir og safni framleiðslurétti, t.d. ef sami aðili er kominn með verulega stóran hluta af framleiðslurétti í mjólk. Hann er þá ekki aðeins farinn að geta haft áhrif á framleiðsluöryggið heldur er hann þá einnig orðinn stærri eigandi í viðkomandi afurðasölufyrirtæki. Eins og við vitum eru afurðastöðvar bænda eins og mjólkurstöðvarnar efnuð og sterk fyrirtæki og hafa mjög sterka eiginfjárstöðu. Þannig geta einstaklingar sem komast yfir stóran hlut í mjólkurframleiðslunni aukið rétt sinn í því fyrirtæki og síðan farið að gera hærri arðsemiskröfur og óska eftir útgreiðslu á arði.

Ég ætla þó ekki að gera þetta að aðalumtalsefni hér heldur, eins og ég hef gert, það sem lýtur að öryggi gagnvart framleiðendum og neytendum og því að varan sé framleidd hér á landi í sátt við umhverfið samkvæmt lögmálum um sjálfbæra þróun sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist.

Frú forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hefur einmitt flutt tillögur í þinginu varðandi landbúnaðinn sem lúta að þessum þáttum málsins. Ég nefni tillögu sem við fluttum um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum þar sem farið *er inn á það að ríkið og samfélagið* standi að öðrum stuðningsaðgerðum við atvinnulíf og búsetu í sveitum en magntengdum greiðslum. Í því frumvarpi sem ég legg fram er lögð áhersla á að marka þurfi þessum framleiðslugreinum í landbúnaði ákveðinn sess, ákveðinn ramma þar sem hagsmunir neytenda og þjóðarinnar eru hafðir í fyrirrúmi.

Frú forseti. Að lokinni umræðu óska ég eftir að frumvarpi mínu verði vísað til hv. landbúnaðarnefndar.

[18:01]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta frumvarp til laga um að setja skorður á beingreiðslur og stærð búa sé algjörlega ótímabært. Ég vil leiðrétta hv. þm. Jón Bjarnason þar sem hann segir að verð á mjólkurkvóta hafi farið mjög hækkandi. Það gerðist í nokkur ár en nú er svo komið að lítrinn í mjólkurkvóta hefur farið hraðlækkandi vegna þess að mikil eftirspurn er orðin eftir mjólk og það er miklu meiri sala á mjólk og mjólkurafurðum en var fyrir nokkrum árum. Ég tel að framboð og eftirspurn eigi að fá að ráða þarna og sá háttur sem hefur verið hafður á varðandi mjólkurframleiðsluna sé afskaplega mikilvægur. Það er alls ekki komið að þeim tímapunkti að það þurfi að fara að setja skorður við stærð búa. Ég held að það sé ekki eitt einasta bú í landinu sem er með eina milljón mjólkurlítra í framleiðslu. Ég held að hlutirnir verði bara að fá að þróast af sjálfu sér og ekki verði farið að setja lög um stærð búa fyrr en það verður í augsýn að þess þurfi.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hann ætli að *setja líka stærðarskorður við fjárbú á landinu*, fyrst hann vitnaði svona mikið í sauðfjárræktina, og eins á svínabú og hvaða stærðir hann sé þá með í huga í þeim greinum.

[18:03]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Lögmál framboðs og eftirspurnar óheft getur svo sem gilt um vöru sem hægt er að sækja á stóran markað. Við höfum hingað til gert ráð fyrir að Íslendingar verði sjálfum sér nógir um mjólk og mjólkurvörur, það þyrfti ekki að flytja þær inn, ekki a.m.k. dagvörurnar. Það þýðir að við erum með ákveðinn grunn hér sem við viljum byggja upp.

Það er alveg hárrétt hjá þingmanninum að það er alvarlegt núna ef framleiðslan annar ekki eftirspurn því að það ýtir þá undir að farið verði að kalla á innflutning á mjólkurafurðum. Ein ástæðan fyrir því einmitt hve erfiðlega gengur að aðlagast þessari aukningu núna er hve búin eru orðin fá. Stærstu búin sem standa undir mestu framleiðslunni hafa mjög litla möguleika til þess að auka framleiðsluna því að þau hafa þegar sett framleiðsluna í topp.

Ég tel ekki rétt og spyr þingmanninn hvort hún telji að ríkið eigi að koma með magntengdar beingreiðslur, óháð stærð búa, alveg út í hið óendanlega. Ég er ekki þeirrar skoðunar.

Ég var einmitt að vitna áðan í samtök bænda um að mjög nauðsynlegt sé að skoða þessi mál, fara yfir þau og hvort ekki sé rétt að setja þarna ákveðin mörk sem ekki er þá þegar búið að sprengja og þess vegna ætti að vera hægt að koma þeim til framkvæmda.

Ég tel, frú forseti, mjög mikilvægt að þetta mál fái vandaða meðferð og umfjöllun eins og samtök bænda kalla eftir.

[18:06]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að engin hætta sé á því að við þurfum að fara að flytja inn mjólk því að þannig hefur það verið að við höfum ekki getað framleitt meira en 105 milljónir mjólkurlítra á ári. Verið er að hækka það núna upp í 108 milljón lítra, að mig minnir, en það er ekki vegna þess að annars þurfi að kalla á innflutning. Eins og hv. þingmaður hlýtur að vita hafa menn haft einmitt þær þröngu skorður að hafa ekki getað framleitt eins mikið og þeir hafa viljað og hafa oft og tíðum orðið jafnvel að hella niður mjólk eða senda hana í mjólkurbúin án þess að fá nema lítinn hluta afurðaverðs fyrir mjólkina af því að ekki hefur verið beingreiðsla fyrir henni. Ég held því að hv. þingmaður þurfi ekki að óttast það.

Aðeins til að geta þess hvað varðar beingreiðslur í mjólk þá eru þær afskaplega gegnsæjar og þetta er gegnsætt og gott kerfi. Ríkið veit nákvæmlega hvað það er að kaupa og ég held að það væri ekki gæfuspor að fara í sömu spor og Evrópusambandið gerir, að greiða út á eitthvað ótilgreint. Þetta kerfi okkar hefur verið mjög gott og ég vil minna á að mjólkurafurðir hafa ekki hækkað í verði núna síðustu ár. Tvö til þrjú ár hefur verið sama verð á mjólk og mjólkurafurðum sem bendir til þess að mjólkuriðnaðurinn hefur ákveðið að taka þátt í því að halda við stöðugleika í landinu.

[18:08]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir er þá bara á annarri skoðun en samtök bænda sem telja að huga eigi að þessum málum og huga einmitt að hlutfallslegum stærðarmörkum og betra sé að gera það fyrr en seinna.

Mér kemur á óvart ef hv. þingmaður hefur ekki heyrt áhyggjuraddir úti um land yfir samþjöppun á greiðslumarki í bæði mjólk og sauðfé og uppkaup á jörðum, margar jarðir í hendur sama aðila. Mér kemur á óvart ef hv. þingmaður hefur ekki heyrt það.

Hér er verið að leggja til að út frá hagsmunum neytenda, hagsmunum framleiðenda og einnig samkvæmt pólitískum markmiðum stjórnvalda um byggð og búsetu í sveitum verði hugað að setningu laga sem takmarka hlutfallslega stærð búa. Ég bendi á, frú forseti, hvað gerðist ef mjólkurframleiðslan væri komin að stórum hluta á nokkur stór bú og síðan kæmu þar upp veikindi þannig að það þyrfti að loka. Ég bendi á að reglurnar núna eru þannig að komi upp eitthvað á búi getur búið ekki lagt inn í heila viku og það getur haft áhrif bæði á framboð vörunnar til neytenda og vinnslu viðkomandi mjólkurstöðvar.

Það er einmitt þetta öryggi neytenda sem ég tel að bændur og landbúnaðarframleiðsla eigi að hafa í fyrirrúmi. Þess vegna er þetta frumvarp flutt.

[18:10]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum berum hag hinna dreifðu byggða mjög fyrir brjósti og við teljum að þetta frumvarp eigi fullan rétt á sér og umræðan sem hér fer fram er mjög þörf, sérstaklega hvað það varðar hvað ríkið á að styrkja hvern og einn framleiðanda, hvað ríkið á að styrkja hvern og einn ábúanda mikið. Við teljum að þær skorður sem reistar eru í frumvarpi séu jafnvel of háar. Eitt prósent er að mínu viti nálægt 45 milljónum.

Ég botna ekkert í því sem kom fram hjá hv. formanni landbúnaðarnefndar að finnast það vera of miklar takmarkanir. Ég held einmitt að ef við ætlum að hafa sátt um þetta kerfi, styrktarkerfið í landbúnaði, þá þurfi það að vera markmiðið að það nái til sem flestra, að við höfum ekki búin það stór að fólki ofbjóði sem er að borga skatta og það fari jafnvel 45 milljónir á einstaka bú.

Þess vegna langar mig að beina þeirri spurningu til hv. þm. Jóns Bjarnasonar hvort þetta ætti ekki að vera lægra en 1%, því mér sýnist þetta vera um 45 milljónir.

[18:12]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka fyrir stuðningsorð hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar og veit að hann í starfi sínu sem heilbrigðisfulltrúi þekkir líka þann aðbúnað sem þarf að vera við framleiðslu á matvörum og þau umhverfisatriði sem þar þarf að taka tillit til.

Það sem lagt er til varðandi mjólkurframleiðsluna er að eitt bú á einum stað fari ekki yfir nálægt 1% af heildargreiðslumarkinu sem núna er um 105 milljónir lítra. Reyndar er búið að auka heimildina núna upp í 114, en það er bara tímabundið, það er ekki hluti af samningnum við ríkið, heldur eru það afurðastöðvarnar sem greiða fyrir þá umframframleiðslu, þ.e. sem er umfram þann samning.

Það má vel vera að 1% sé of hátt eða of lágt. Ég er ekki

hér að gefa neinn endanlegan dóm um það. Ég legg þetta til en færa má rök fyrir einhverju öðru, 1,1, 1,2, 1,5, 0,8, það má velta því fyrir sér. En meginmálið er: Til að uppfylla kröfur um öryggi gagnvart neytendum, um gæðaöryggi vörunnar, um öryggi á umhverfisþáttum í framleiðslu vörunnar og að tryggja byggð og búsetu í sveitum og þar með líka framleiðsluöryggið, þá þarf að setja þarna mörk.

[18:14]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil ítreka að þessi umræða á fullan rétt á sér. Ég sá það í Bændablaðinu fyrir ekki svo löngu að skorður eru reistar í Danmörku við því að menn geti verið að safna jörðum vegna þess að menn líta þar svo á, í því þéttbýla landi þó, að mikils virði sé að halda bújörðum í byggð. Þess vegna tel ég að hv. formaður landbúnaðarnefndar, sem mun flytja ræðu á eftir, ætti að endurskoða sitt mál.

Ég vil ítreka að mér finnst þetta 1% vera fullhátt, sérstaklega í ljósi þess að það skiptir svo miklu máli að friður sé um þetta kerfi og að þeir sem borgi slíkar beingreiðslur, skattgreiðendur, skynji að þetta fari í það að halda byggð í landinu. Ég er á því að það sé einmitt almennur vilji meðal skattborgara í Reykjavík að þessar greiðslur fari til þess en renni ekki til einhverra stórbúa. Það tel ég að endi með ósköpum. Ég er á því að bændur sjái einmitt þessa hættu að þegar beingreiðslur fara á einn stað, segjum eins og þetta frumvarp getur mögulega gert ráð fyrir, tugi milljóna á einn stað, komi upp þær raddir hjá skattgreiðendum í landinu: Hingað og ekki lengra. Við viljum líka fá hagræðingu sem verður á stórbúunum og viljum þá mögulega minnka greiðslur til landbúnaðarins.

Ég tel að menn eigi að skoða þetta og ræða þetta í fullri alvöru, frú forseti.

[18:16]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta eru tvö aðskilin atriði sem hv. þingmaður var að ræða um, annars vegar um stuðning ríkisins eða beingreiðslurnar, sem eru framleiðslutengdar, og hins vegar hvað rétt væri að binda í starfsleyfum um stærð búa á einum stað. Ég get alveg tekið undir það með hv. þingmanni að magntengdar beingreiðslur af hálfu ríkisins til mjólkurframleiðslunnar ættu ekki að vera upp í milljón lítra, alls ekki. Ég hef nefnt að þar gætum við verið að tala um 200–300 þúsund lítra og síðan hyrfi það við einhvern ákveðinn lítrafjölda sem mönnum þætti henta miðað við hin pólitísku markmið sem sett eru. En framleiðslueining á sama stað ætti ekki að fara hærra en þetta og ég bendi á hversu varasamt þetta reyndist t.d. í svínaræktinni þegar svínabúin fóru á hausinn hvert á fætur öðru og bankar urðu að fara að reka þau til þess að tryggja kjöt á markaði við aðstæður sem við vorum heldur ekki ásátt með, þá fóru þeir að greiða niður kjötið.

Þessi mörk geta verið breytileg eftir búgrein. Það getur verið rétt að það sé einhver önnur prósentutala við sauðfjárframleiðslu, önnur prósentutala við svínakjötsframleiðslu o.s.frv. En það þarf að setja mörk til að tryggja hagsmuni neytenda, tryggja að þeir fái örugglega á hverjum tíma þessa vöru af sem bestum gæðum og á sem besta verðinu. Það er það sem þarf að tryggja, frú forseti.

[18:18]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Það þarf enginn að efast um góðvilja hv. þm. Jóns Bjarnasonar til landsbyggðarinnar og til bænda og það er ekki þar sem okkur greinir á. Ég hef þann sama hug líka en ég vil hafa meira frelsi. Ég vil ekki binda fólk þannig að það geti ekki lifað af jörð sinni og það er mjög langt frá því að nokkurt bú sé komið í þann áhættuflokk sem hv. þm. Jón Bjarnason er með hér. Ég vil því segja enn og aftur: Þetta er ótímabært.

Það má líka segja, og er alveg rétt sem kom fram í máli hv. flutningsmanns Jóns Bjarnasonar hvað varðar svínabúin og það mikla stríð sem varð á kjötmarkaðinum ekki fyrir svo löngu, að sauðfjárræktin hafi þurft að líða fyrir það. Nú sjáum við í fyrsta skipti í mörg ár að það er ekkert kjötfjall til, það er ekkert uppsafnað lambakjöt í landinu og það er mjög gott. Staðan er allt önnur en verið hefur og við sjáum það líka að salan á lambakjöti hefur aukist. Ég vil minnast á það mikla og góða starf sem Baldvin Jónsson hefur verið að vinna í Bandaríkjunum með sölu lambakjöts í sérvaldar verslanir og þann ánægjulega árangur að nú er einnig farið að selja skyr og smjör til Bandaríkjanna í þessar sömu verslanir. Þarna er sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað fyrst þessar góðu vörur okkar eru farnar að seljast svona vel. Ég tel að það sé mjög bjart fram undan í íslenskum landbúnaði, virkilega bjartir dagar fram undan.

Það er oft talað um að það sé engin nýliðun í íslenskum landbúnaði, en samt sem áður er ótrúlega mikil nýliðun meðal kúabænda og jafnvel sauðfjárbænda líka. Þegar maður kemur á fund hjá Landssambandi kúabænda sér maður mikinn og stóran hóp af ungu fólki og það sama má segja um fund hjá Landssambandi sauðfjárbænda síðasta vor, þar var mikið af ungu fólki.

Ég er líka alveg sammála hv. þingmanni um öryggisþáttinn. Auðvitað skiptir hann miklu máli. Það skiptir miklu máli að öryggismál séu í lagi og ég get alveg tekið undir, og er hjartanlega sammála því sem kemur fram í fylgiskjali varðandi erindi sem Svínaræktarfélag Íslands lagði fram, að það skilyrði verði sett í starfsleyfi bús að það hafi yfir að ráða nægjanlega stóru landi. Það skiptir miklu máli, ég er alveg sammála því. Það skiptir líka máli að þeir sem eru með hesta eigi nægilegt beitiland og að hugað sé að þeim þáttum. Þegar ég var sveitarstjórnarmaður fyrir austan, í Rangárvallahreppi, flutti maður í þorpið með töluvert marga hesta og hann ætlaðist til þess að sveitarfélagið skaffaði sér land fyrir hrossin sín. Þannig á það náttúrlega ekki að vera. Auðvitað eiga menn að bera ábyrgð á því sem þeir eiga og hafa bæði nægilegt fóður og nægilegt landrými. Það er líka það sem hamlar því að búin verði mjög stór, það er vegna þess að þau þurfa landrými. Tökum stór kúabú sem dæmi, það er bannað hér á landi að loka kýr inni allt árið og kýrnar þurfa að fara út á beit og þær þurfa víðáttu til að hreyfa sig á og bíta gras.

Það sama á við um sauðfjárbúin. Það hefur oft verið talað um að þeir sem vilja hafa sem stærstu búin eigi að hafa svo og svo margt fjár en það eru landið og landgæðin sem

takmarka það og ég hef þá trú að það sama sé upp á teningnum í mjólkurframleiðslunni. Það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að hafa marga gripi á hverju búi.

Sem betur fer er margt gott að gerast í landbúnaðinum og ég vil geta þess mikla og góða árangurs sem er orðinn í kornrækt. Það er verið að reyna að koma línræktinni áfram. Það er verið að byggja upp feygingarverksmiðju í Þorlákshöfn. Það er erfiður róður en ríkið er að reyna að hjálpa til við að koma þeirri verksmiðju upp. Það er eitt sóknarfærið fyrir bændur landsins og með aukinni kornrækt er hægt að brugga úr korninu og margir hugsa sér gott til þess og ég vona að hv. þm. Jón Bjarnason sé mér sammála um hvað það er mikilvægt.

Síðan er ég viss um að við erum ekki sammála um annað mál, en það er lyfjaframleiðsla úr genabreyttu korni sem gæti orðið milljarðahagnaður af ef vel tekst til. Síðan er náttúrlega margt annað gott að gerast og ég minnist þess að á síðasta vetri, þegar hv. landbúnaðarnefnd var að ræða um æðardúnsfrumvarpið, að nefndarmenn vildu leggja mikla áherslu á að dúnninn yrði nýttur sem best og það yrði sem mestur virðisauki frá honum í landinu. Svo má nefna aukna ferðamennsku og þá kröfu ferðaþjónustuaðila að geta farið að framleiða vöru á búum sínum til að selja til almennings, selja til ferðamanna. Ég veit að verið er að vinna í því í landbúnaðarráðuneytinu. Ég tel að það sé sátt um samninginn sem hefur verið gerður við bændur, mjólkursamninginn. Þó að hv. þm. Sigurjón Þórðarson telji að hætta sé á að landsmenn verði ósáttir við hann held ég að það sé sátt eins og þetta er í dag. Og ég er ekki hrædd við að samþjöppun verði svona mikil á búum, en ég er líka alveg tilbúin að skoða það að ef það lítur út fyrir að óhóflega miklar beingreiðslur fari á eitt bú þá verði halli á þeim greiðslum. Það hef ég alltaf sagt og mér finnst eðlilegt að það sé skoðað. En ég álít að það sé ekki tímabært að setja eina milljón lítra á hvert bú, þau eru þá ekkert mjög mörg búin eftir í landinu ef öll ættu að fara upp í þessa háu lítraframleiðslu.

[18:27]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Frumvarpið sem við erum að ræða snýst m.a. um það að ekki fari meira af fé skattborgaranna en 45 millj. kr. um það bil á hvern og einn stað, 45 millj. kr. Ég tel að ef sátt eigi að vera um þetta landbúnaðarkerfi sé það jafnvel of há tala. Þetta snýst ekkert um frelsi eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir virðist halda. Þetta snýst um það að takmörk séu á því hvað skattborgararnir eru að borga á einn stað. Það þarf að vera ákveðin pólitísk umræða um það. Það er mjög gott að hún fari fram, hún er mjög þörf. En vegna þess að hv. þingmaður talar svo mikið um frelsið og viðskiptafrelsið, þetta virðist snúast um það, þá væri fróðlegt að fá afstöðu hv. þingmanns til þess fyrirtækis sem hefur ákveðið að standa algerlega fyrir utan þennan stuðning frá ríkinu. Þá er ég að tala um Mjólku.

[18:28]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit alveg, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, um hvað þetta frumvarp fjallar nákvæmlega. Ég hef bara sagt að þetta sé ekki tímabært. Það er ekki í augsýn að nokkurt einasta bú komist í það að framleiða 1 milljón lítra af mjólk. Nú eru líka í gangi viðræður í WTO og það getur vel verið að það þurfi að breyta öllum þessum greiðslum í mjólkurframleiðslunni þannig að við vitum ekkert hvernig þetta verður.

Hvað varðar Mjólku, sem hv. þingmaður spurði mig um, þá tel ég það í góðu lagi ef þeir sem eiga Mjólku treysta sér til þess að reka það bú án ríkisstuðnings að þeir geri það. Það er mér að meinalausu.

[18:29]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott að heyra að þingmaður Sjálfstæðisflokksins er mjög jákvæður í garð frelsisins en ég heyri enn fremur á máli hv. þingmanns að þetta sé ekkert í augsýn. En nú eru búin að stækka og hv. þingmanni finnst einmitt að þegar þessi bú eru komin upp í milljón lítra séu þau óþarflega stór. Þess vegna heyri ég ekki annað en hv. þingmaður, formaður landbúnaðarnefndar, sé einmitt mjög sammála frumvarpinu og telji þessa umræðu þarfa. Þó að hún segi í öðru orðinu að hún sé óþörf, þá má í hinu orðinu skilja að hún sé þörf og það sé ekki jákvæð þróun að 45 millj. kr. af skattfé fari á einn stað. Það getur einfaldlega splundrað þeirri sátt sem er um kerfið og landsbyggðin þarf einmitt á að halda meiri sátt um þennan stuðning, hún þarf að fá meiri hljómgrunn fyrir þessum stuðningi.

[18:31]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég endurtek það einu sinni enn að ég tel þetta ekki tímabært, m.a. vegna þess að nú stendur yfir lokaáfangi WTO-samninganna yfir. Við vitum ekki hvernig farið verður með þessar beingreiðslur eftir að sá samningur verður að veruleika. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson er að reyna að túlka mín orð. Ég hef aldrei sagt að ég teldi þetta vera of stór bú. Það er meira með greiðslurnar. Búin hafa verið að stækka. Þau hafa orðið hagkvæmari. Fólk getur lifað af þessum búum núna sem það gat kannski ekki áður og það er vegna þess að það hefur getað keypt og selt mjólkurkvóta. Bændur sem hafa selt mjólkurkvóta, kannski fullorðnir bændur, hafa fengið sæmilegt verð fyrir það. Þetta er kannski það sem þeir hafa eftir sitt lífsstarf. Það er bara ekkert að því að þeir hafi eitthvað fyrir sig.

Eins og ég sagði áðan þá held ég að það sé ekkert bú komið upp í þetta. Margir eiga meira að segja erfitt með að framleiða upp í þann mjólkurkvóta sem þeir hafa í dag. Síðan má ekki gleyma því að mjólkurframleiðslan er svo viðkvæm vegna náttúrunnar að ef það er grasleysi, ef það er kal, ef það er mikið rigningarsumar þá gengur bara erfiðlega að heyja og fóðrið verður ekki nógu gott og þar af leiðandi verður minni mjólk.

Síðan vil ég bara minna á að nú eru aftur að hefjast umræður um hvort eigi ekki að flytja inn nýtt kúakyn, t.d. norsku kúna.

[18:33]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég dreg ekki í efa áhuga hv. þm. Drífu Hjartardóttur á landbúnaði og því að vilja styðja hann af

öllum þeim mætti sem hún og við megum hér í þinginu. Ég vil þó spyrja hv. þingmann hvort það sé ekki hin pólitíska stefna sem við höfum m.a. miðað ríkisþátttöku okkar við, að fjölskyldubú séu grunneiningin í landbúnaði, a.m.k. í nautgripa- og sauðfjárrækt.

Ég vil spyrja þingmanninn annarrar spurningar. Erum við ekki sammála um að hin pólitíska yfirlýsing um að fjölskyldubúskapurinn sé grunneining sé engin tilviljun? Er þetta ekki svo að teknu tilliti til hagsmuna neytenda, gæða og öryggis framleiðslunnar, hagsmuna framleiðenda, umhverfisþáttanna og byggða- og búsetutengdra atriða, þ.e. allra þessara atriða? Miðað við það sem ég þekki til þessa máls eru alla vega þessi atriði öll lögð til grundvallar hinni pólitísku stefnumörkun um að þau skuli vera fjölskyldubú. Hér er einmitt verið að leggja til að setja þessum markmiðum mörk með öryggissjónarmið neytenda og framleiðenda í huga.

[18:35]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er sjálfsagt mál að ræða hér hvað búin eiga að vera stór, hvort þau eiga að vera stór eða lítil. Þessi umræða er afskaplega eðlileg og sitt sýnist hverjum.

Fjölskyldubú eru mjög mismunandi. Það sem einn lætur sér nægja gerir annar ekki. Þetta er alltaf álitamál. Ég mundi gjarnan vilja spyrja hv. þingmann á móti um það hvaða stærðartakmörk hann vilji hafa á svínabúum og hvaða stærðartakmörk hann vilji hafa á fjárbúum. Ég held að það sé mjög varhugavert að setja svona stærðartakmarkanir þegar þess er ekki þörf. Ég tel að óþarft sé að gera þetta, ótímabært og að menn eigi ekki að vera með þessa takmörkun á þessari stundu. Það er langt frá því að það sé tímabært.

[18:36]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vitnaði í ræðu minni til tillagna og erinda hinna ýmsu samtaka bænda. Ég vitnaði til bændafundar í Skagafirði þar sem óskað var eftir að þessi mál yrðu skoðuð. Ég vitnaði til ályktunar frá Svínaræktarfélagi Íslands þar sem óskað var eftir að þessi mál yrðu skoðuð. Ég vitnaði til ályktunar búnaðarþings, bæði frá árinu 2004 og líka frá árinu 2005 þar sem óskað var eftir að þessi mál yrðu skoðuð. Ég vitnaði einnig til erindis Landssamtaka sauðfjárbænda þar sem líka var samþykkt að þessi mál yrðu skoðuð, þessi öryggismál, þessi stærðarmörk bæði hvað varðar öryggi neytenda, öryggi framleiðenda og þátttöku ríkisins. Öll þessi samtök hafa óskað eftir því að þessi mál yrðu skoðuð. Það er ég að leggja til í mínu frumvarpi. Ég legg þarna til ákveðna nálgun. En mál þetta fer til landbúnaðarnefndar og síðan til umsagnar hinna ýmsu aðila úti í samfélaginu, hagsmunaaðila bæði hjá framleiðendum og neytendum og þá fáum við fram sjónarmið þeirra. En öll samtök bænda telja tímabært að þetta sé tekið upp, frú forseti, og þess vegna er þetta frumvarp líka flutt. Ég styð reyndar þau sjónarmið samtaka bænda að brýnt sé nú þegar að skoða þetta. Þar er talað um að nú þegar eigi einhver lögaðili yfir milljón lítra í framleiðslurétti og er hann þar af leiðandi líka, eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson nefndi, kominn með um 45–50 millj. kr. frá ríkinu í beingreiðslum, sami lögaðili. Þetta heyrist sagt.

[18:38]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þessi umræða hafi ekki átt sér stað nægilega mikið innan Bændasamtakanna og búnaðarþings eins og þyrfti að vera áður en þetta kemur inn á Alþingi. Ég held að þessi umræða verði að fara fram miklu meira í greininni sjálfri áður en sett eru lög um það hér hve miklar takmarkanir eigi að vera á hverju búi fyrir sig.

Ég hef ekki heyrt það fyrr að eitt bú væri orðið þetta stórt. Það væri nú fróðlegt að vita hvort þau hafi þá getað framleitt upp í allan þennan lítrafjölda sem þau eru með greiðslumark fyrir því beingreiðsla kemur ekki til nema fyrir framleiddan mjólkurlítra þannig að ef eitthvert bú á, segjum til að mynda, 250 þús. lítra beingreiðslurétt en framleiðir ekki nema 200 þús. þá dettur hitt niður. Við skulum líka halda því til haga.

[18:40]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Málið sem hér er til umræðu er býsna athyglisvert og gott að hv. þm. Jón Bjarnason tók þetta hér upp. Þetta var reyndar einnig flutt á síðasta þingi.

1. gr. frumvarpsins fjallar í rauninni um tvennt, þ.e. hámarksrétt til beingreiðslna sem einstakur aðili getur fengið og svo að öðru leyti skyldur einkahlutafélags eða réttindi einkahlutafélaga varðandi beingreiðslur. Hvort tveggja er í rauninni mjög athyglisvert og mikilvægt atriði.

Varðandi fyrri hlutann, þ.e. þar sem lagt er til að hámarksréttur til beingreiðslna megi ekki nema nema 1% þá þýðir það að ef þetta skiptist jafnt niður þá fengju 100 aðilar á Íslandi þennan styrk eða stuðning ríkisins við bændur, framleiðendur og neytendur því að í rauninni er verið að styrkja alla þessa aðila með þessum beingreiðslum. Þá fengju sem sagt 100 aðilar þennan styrk.

Nú er raunin sú, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, að þetta skiptist niður á 854 aðila árið 2004. Það segir mér að verið sé að setja ansi rúm mörk með því hámarki sem þarna er sett. Ég get ekki betur séð. Ég tel að full ástæða sé til að setja hámark. Ég er ekki fylgjandi því að stefnt sé í einhver risabú sem ég held að muni leiða af sér ómanneskjulegra umhverfi ef svo má segja. Ég fullyrði reyndar ekki að þau verði ekki eins væn dýrunum og smærri bú. En í það minnsta er það þó þannig að eftir því sem búin verða stærri þeim mun erfiðara verður að koma gripunum í grashaga því kýr eru stórar og þungar skepnur sem troða mjög niður í kringum sig og þær geta heldur ekki gengið mjög langt í haga.

Það verður fróðlegt að fá þetta mál í hv. landbúnaðarnefnd og gott að það skuli hafa fengist til umræðu á hinu háa Alþingi. Það hefur verið allt of lítið af því þann tíma sem ég hef setið á Alþingi að þingmannamál komist til nefndar. En hér höfum við reyndar í byrjun vetrar séð talsvert af því.

Síðan vil ég, frú forseti, taka fram að ég er allsendis ósammála hv. formanni landbúnaðarnefndar eða því sem

kom fram í máli hennar áðan, að það væri eðlilegra að stefnumótun í málefnum landbúnaðarins færi fram fyrst hjá bændum áður en hún væri tekin til umræðu á hinu háa Alþingi. Ég tel að hið háa Alþingi geti fullt eins vel haft skoðun á því hvernig málefnum landbúnaðarins sé hagað án þess að fara þurfi fram stefnumótun áður hjá samtökum bænda. Þegar málið er tekið til umræðu hér tökum við að sjálfsögðu alltaf til greina aðstæður í landinu og reyndar jafnframt aðstæður víðar því að við hljótum að líta til nágrannalanda og Evrópu, jafnvel víðar í heiminum þegar við ræðum málefni íslensks landbúnaðar.

Þetta mál verður núna sent til umsagnar og það verður mjög fróðlegt fyrir okkur nefndarmenn í landbúnaðarnefnd að sjá viðbrögð þeirra sem fá málið til umsagnar.

[18:45]

Flm. (Jón Bjarnason):

Virðulega frú forseti. Ég vil þakka þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni um þetta mikilsverða mál sem lýtur að framleiðslu landbúnaðarafurða og tengdum þáttum, stuðningi ríkisins við byggð og búsetu í sveitum. Af umræðunni er ljóst að það er fyllilega tímabært, eins og hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir kom inn á, að málið sé rætt á þinginu og fari út til umsagnar. Þá getum við metið viðbrögðin sem það fær. Ýmis samtök bænda hafa ályktað um að taka beri á málinu.

Við höfum heyrt af ótta framleiðenda, neytenda og íbúa landsbyggðarinnar, við þá miklu samþjöppun sem nú á sér stað í þessum framleiðslugreinum: sauðfjárrækt, mjólkurframleiðslu, svínarækt. Menn óttast að sú samþjöppun geti komið neytendum illa með óöryggi um framleiðsluna og einnig pólitískum markmiðum um byggð og búsetu í sveitum, öfluga byggð og búsetu um allt land. Hin pólitísku markmið gætu líka orðið að víkja ef þetta heldur þannig áfram.

Í samfélaginu, úti um hinar dreifðu byggðir, er ótti við þá þróun sem á sér stað. Jafnframt er líka hægt að taka undir það sem hefur áður verið nefnt, að íslenskur landbúnaður á mörg sóknarfæri. Þau þurfum við líka að standa vörð um og gefa svigrúm. Þetta frumvarp miðar að því, frú forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýskipan í starfs- og fjöltæknínámi, fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

[18:47]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um nýskipan í starfs- og fjöltæknínámi. Þar segir:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa í starfshóp fulltrúa þingflokkanna, atvinnulífsins og skólasamfélagsins sem vinni tillögur um átak til að efla starfsnám í framhaldsskólum, um stofnun nýrra, styttri starfsnámsbrauta og um stofnun fjöltæknínámsbrauta innan tiltekinna fjölbrautaskóla.“

Þetta mál flytja auk mín þó nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar. Við höfum áður flutt mál um eflingu verknámsins, eflingu starfsnámsbrauta innan framhaldsskólanna með fjölgun og eflingu styttri námsbrauta með það að markmiði. Við viljum fjölga þeim sem það nám sækja og minnka með því brottfall. Við viljum að fleiri fari í starfsnám og finni sig í því námi í stað þess að hætta eða útskrifast með bóknám sem þeir byggja aldrei ofan á. Einnig viljum við auðvelda fólki að bæta við fyrri menntun sína síðar á ævinni. Það tengist líka fullorðinsfræðslu, nýjum námstækifærum fyrir fullorðna með stutta skólagöngu sem hafa kannski ekki lokið annarri formlegri skólagöngu en grunnskólanámi. Allt fellur þetta í eina voð. Við flytjum í haust nokkur þingmál af þessu tagi, t.d. þingsályktun um heildarlöggjöf um fullorðinsfræðsluna, annað mál um lagaumhverfi fræðslunetanna í landinu og einnig sérstakt mál um nýtt tækifæri í námsframboði fyrir fullorðna.

Markmið tillögunnar eru m.a. að efla starfsnám verulega, fjölga valkostum iðnmenntaðra og fólks með styttri formlega skólagöngu til að bæta við menntun sína og draga úr brottfalli í framhaldsskólum. Enn fremur að stofna styttri námsbrautir sem eru þeirrar gerðar að nemendur geta alltaf bætt nýju námi ofan á, eyða úreltri aðgreiningu milli verknáms og bóknáms. Sú skipting hefur lengi háð íslensku skólakerfi og íslenskum framhaldsskóla. Hin rótgróna aðgreining á milli bóknáms og verknáms hefur valdið því að miklu fleiri velja sér bóknám en verknám og hætta námi, falla brott sem kallað er, áður en þeir ljúka námi í stað þess að geta valið úr úrvali starfsnámsbrauta.

Við viljum endurskoða samsetningu náms í grunnskólum með tilliti til verknáms, efla framhaldsskólastigið markvisst og tryggja nægjanlegt framboð verkmenntaðs fólks á vinnumarkaði. Með starfsnámi, sem er yfirheiti, er átt við nám sem fellur undir iðn-, verk- og listnám hvers konar í framhaldsskólum. „Starfsnám“ er lipurt orð yfir allar greinarnar.

Við viljum einnig endurskoða reiknilíkanið sem er notað til að deila út fjármagni til framhaldsskólanna og hefur m.a. gert það að verkum að fjölda umsækjenda sem hyggst snúa aftur til náms er vísað frá skólunum vegna fjárskorts þeirra af hálfu ríkisvaldsins. Sú dæmalausa staða hefur komið upp í haust og í fyrrahaust að talsverðum fjölda nemenda — tölurnar liggja ekki almennilega fyrir vegna þess að skráningarkerfið er ekki nógu vel samræmt — sem ætlaði að snúa aftur til náms, sem vildi snúa aftur í framhaldsskóla, hafði einhvern tíma hætt, gert hlé á námi eða fallið á brott, eins og stundum er sagt, hefur verið vísað frá. Í stað þess að gera allt sem hægt er að gera til að hvetja fólk til að snúa aftur í skólana og stuðla að því að það efli og bæti við skólagöngu sína er því vísað frá. Það undarlega ástand hefur komið upp í framhaldsskólum að vegna fjárskorts hafa þeir ekki getað tekið við miklum fjölda nemenda. Einhvern veginn hefur ekki verið gert ráð fyrir hinum stóru árgöngum sem komið hafa í skólana á síðustu árum.

Við teljum áríðandi að efla verk- og tæknimenntun í landinu. Það er glænýtt í þessu þingmáli að það fjallar um fjöltæknínám, það sem heitir „polytechnic“ á ensku. Fjöltæknínám er kannski ekki gangsætt heiti yfir námið en það er notað hér og hefur bæði verið notað af Alþýðusambandinu í menntastefnumótun þeirra sem og í drögum að stjórn-

málaályktunum í starfi framtíðarhóps Samfylkingarinnar. Þar var hugtakið notað. Við sóttum að sjálfsögðu í smiðju Alþýðusambands Íslands, framtíðarhópsins og fleiri við vinnslu málsins.

Fjöltækninám er mikilvægt og merkilegt námsstig, ef svo má segja, sem tengist mjög frumgreinadeildinni sem til var og starfrækt við Tækniháskólann, áður en hann rann inn í Háskólann í Reykjavík. Sú merkilega námsbraut lagðist af að hluta þótt fyrirheit hafi verið gefin um það af stjórnvöldum að halda úti einhvers konar fornámsbraut eða grunndeild. Viðskiptaháskólinn á Bifröst hefur verið með slíkt nám þar sem þeir sem ekki hafa lokið stúdentsprófi geta lokið því áður en þeir hefja formlegt nám í öðru við skólann. Við viljum marka þessu skýran bás enda er þetta mjög mikilvægur þáttur í menntakerfinu.

Þegar við, nokkrir fulltrúar Samfylkingarinnar, heimsóttum Iðnskólann í Reykjavík síðasta vetur — hittum þar Baldur Gíslason skólameistara, Hauk Má Haraldsson í Iðnskólanum og fleiri öfluga fulltrúa þess merkilega og rótgróna skóla — kom fram ríkur vilji hjá þeim til að stofna slíka deild við Iðnskólann, deild sem mundi falla undir fjöltækninám. Ég ætla að rekja stuttlega hvað við eigum nákvæmlega við með fjöltækninámi.

Við teljum áríðandi að efla verkmenntun og koma á fót fjöltækninámi á sérstökum námsbrautum, m.a. til að auka framboð á fjölbreyttu verk- og tækninámi að loknum framhaldsskóla. Fjöltækninám er skólastig sem tekur við af framhaldsskóla og gegnir m.a. hlutverki frumgreinadeilda fyrir þá sem hafa lokið verknámi, eða starfsnámi hvers konar, en ekki stúdentsprófi. Við teljum að meta eigi starfsreynslu fólks á vinnumarkaði og óformlegt nám til formlegs náms þegar menn vilja hefja nám á nýjan leik þannig að stúdentspróf sé ekki sá mælikvarði sem notaður er til að sigta fólk inn í háskólana, hvaða nöfnum sem þeir nefnast. Háskólarnir eru fjölskrúðugir á Íslandi en við búum við þetta eina heiti „háskóli" yfir skólastig sem á erlendum tungum flokkast jafnvel í nokkur heiti.

Fjöltækninám er skólastig sem tekur við af framhaldsskóla og gegnir m.a. hlutverki frumgreinadeilda fyrir þá sem lokið hafa einhvers konar starfsnámi. Með slíku námi teljum við að gefist tækifæri til mikillar sóknar í starfs- og tæknimenntun þar sem iðnmenntuðu fólki og öðrum með styttri formlega skólagöngu að baki opnast greið leið til að bæta við menntun sína.

Lítil þróun hefur verið í almennu verk- og tækninámi að loknum framhaldsskóla. Að þessu leyti hefur fjölbreytni í framboði á námi að loknum framhaldsskóla verið takmörkuð. Þegar Tækniháskólinn var sameinaður Háskólanum í Reykjavík ræddum við margítrekað um þetta og bentum sérstaklega á það, í umræðunum á hinu háa Alþingi í fyrravetur, að tryggja yrði starfsemi slíkrar frumgreinadeildar sem starfrækt var við Tækniháskólann.

Til að efla fjöltækninám og háskólastigin er mikilvægt að auka fjölbreytni varðandi námsleiðir þannig að sem flestir finni sér nám við hæfi. Sérstaklega ber að skoða með hvaða hætti megi byggja upp fjöltækniskóla sem bjóði upp á fjölbreytt verk- og starfsnám að loknum framhaldsskóla. Slíkt nám gæti hentað stórum hópi nemenda og gagnast fjölmörgum starfs- og atvinnugrein um, bæði hefðbundnum og nýjum t.d. þeim sem tengjast vaxtargreinum í verslun og þjónustu af ýmsu tagi.

Ég vísaði áðan í mál um ný tækifæri til handa þeim sem styttri skólagöngu hafa að baki sem mælt var fyrir í síðustu viku. Þá kom fram að 40 þúsund Íslendingar á vinnumarkaði búa ekki að annarri formlegri menntun en grunnskólamenntun. Það er gífurlega stór hópur fólks á vinnumarkaði og verulegur fjöldi þess er úti á landi. Það hefur komið fram í umfjöllun ýmissa þingmanna Samfylkingarinnar og kemur kannski nánar fram í umræðunum á eftir. Slíkt nám mundi því henta stórum hópi nemenda en til þess þarf gagngerar breytingar, ný námstækifæri fyrir fullorðna og viðunandi lagaumhverfi fyrir fræðslunetin í landinu. Þau eru í uppnámi út af fjárskorti og mismunun á milli landsvæða. Við viljum sérstaklega tengja þetta vaxtargreinum í verslun og þjónustu af ýmsu tagi.

Tryggja þarf fjölbreyttari aðgangsmöguleika að háskólastiginu þannig að viðurkenndar verið ólíkar leiðir að háskólanámi, svo framarlega sem eðlilegum kröfum um þekkingu og reynslu sé mætt. Hér er mikilvægt að viðurkennt verði að hægt sé að fara ólíkar leiðir að sama marki, með formlegu stúdentsprófi eða þeirri leið sem hér um ræðir, og að nemendahópur með ólíkan bakgrunn og ólíka reynslu geti auðgað skólastarfið og skilað meiri verðmætum. Setja þarf skilgreind markmið fyrir þessi skólastig um magn og gæði þar sem m.a. verði tekið á framboði á námi, fjölda nemenda og minna brottfalli úr námi. Öflugt fjöltækninám, öflug frumgreinadeild, t.d. við Iðnskólann í Reykjavík og fleiri skóla, m.a. öflugustu fjölbrautaskólana úti á landi þar sem er að sjálfsögðu nauðsynlegt að námsframboðið sé gott. Upp á slíka fjöltækninámsbraut væri boðið í öllum stóru skólunum í hverjum landshluta fyrir sig þannig að nemendur þar eigi ekki síðri aðgang að náminu en nemendur á höfuðborgarsvæðinu.

Eitt af því sem við leggjum sérstaklega til í þingsályktunartillögu okkar er að starfshópurinn fari í að útfæra hvernig slíkum fjöltækninámsbrautum, frumgreinadeildum, verði komið á fót við tiltekna fjölbrautaskóla og verkmenntaskóla á Íslandi: Iðnskólann í Reykjavík, Verkmenntaskólann á Akureyri, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskólanum á Suðurnesjum og fleiri slíka skóla. Námið standi til boða í öllum landshlutum og landsvæðum verði ekki með neinum hætti mismunað í aðgangi að fjöltækninámsbrautum. Slíkar námsbrautir eru að mörgu leyti jafnmikilvægar og framhaldsskólinn sjálfur þar sem námið höfðar til mjög margra. Því nær sem námið er fólkinu því meiri líkur eru á að menn nýti sér það. Það er ómögulegt ástand að slíkar deildir séu einungis starfræktar við sjálfstætt rekna háskóla eins og Háskólann í Reykjavík og Viðskiptaháskólann á Bifröst, sem eru ekki opinberir skólar.

Eftir að Háskóli Íslands var fjársveltur til þess tjóns sem orðið hefur síðustu tvö til þrjú ár hefur hann beitt öllum brögðum sem honum er leyfilegt að beita til að takmarka fjölda nemenda í skólanum, beita fjöldatakmörkunum án þess að sú aðferð hafi verið samþykkt. Ein af þeim fjöldatakmörkunum er að veita þeim nemendum ekki aðgengi að skólanum, þ.e. nýta ekki undanþáguheimild skólans til að taka inn nemendur sem eru ekki með formleg stúdentspróf.

Þessa heimild hefur háskólinn ekki nýtt nema að litlu leyti á síðustu árum. Hundruðum hefur því verið meinað að sækja nám við Háskóla Íslands á þeim forsendum, ekki það að yfirvöld eða stjórnendur háskólans vilji meina fólki sem ekki hefur stúdentspróf að nema við skólann heldur hafa þeir þurft að grípa til örþrifaráða til að takmarka fjölda nemenda við skólann.

Fjöltækninámsbrautir yrðu mikilvæg viðbót í skólakerfi okkar, sérstaklega til að svara eftirspurninni eftir að Tækniháskólinn lauk starfi sínu sem slíkur. Við komum inn á margt annað í þessari tillögu. Ég kem kannski inn á það síðar í umræðunni. Eitt af því er hátt brottfall. Samkvæmt opinberum tölum útskrifast innan við 70% íslenskra framhaldsskólanema en meðaltalið er 82% innan OECD-ríkjanna. Yfir 90% af hverjum árgangi útskrifast í Svíþjóð en einungis 70% á Íslandi. Þetta mikla brottfall er eitt af okkar stóru vandamálum sem má að hluta rekja til lítils framboðs á starfsnámi og styttri námsbrautum. Margt fleira kemur til, t.d. skortur á námsráðgjöf bæði í grunn- og framhaldsskólum og lítil kynning á kostum verknámsins.

Það er mikilvægt í þessu sambandi, um leið og við eflum starfsnám og byggjum upp við skólana, að efla námsráðgjöfina í grunn- og framhaldsskólunum. Lítil kynning hefur átt sér stað á kostum verknámsins. Eins og ég kom inn á í upphafi er viðhorf margra til verknáms og starfsnáms mjög brenglað, mjög skakkt. Þess vegna er mikilvægt að auka námsráðgjöf í framhaldsskólunum en með því móti væri hægt að stemma að einhverju leyti stigu við brottfallinu.

Ég kemst ekki lengra í blábyrjun málsins en mun fylgja því betur eftir síðar.

[19:02]

Útbýting:

Útvarpslög o.fl., 54. mál, frv. PHB og BÁ, þskj. 54.

[19:02]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Á meðan 40% þeirra sem eru á vinnumarkaði hafa aðeins lokið grunnskólaprófi eða minna erum við Íslendingar á rangri braut í menntamálum og á meðan brottfall í íslenskum skólum er jafnmikið og raun ber vitni, eins og rakið var hér áðan, erum við á rangri braut.

Þessari þingsályktunartillögu sem hv. þm. Samfylkingarinnar, Björgvin G. Sigurðsson, fylgdi úr hlaði fyrir hönd nokkurra þingmanna Samfylkingarinnar er ætlað að vera eitt af þeim atriðum sem gætu ráðið bót á þeirri stöðu sem ég lýsti áðan. Þingsályktunartillögunni er líka ætlað að stuðla að því að hæfileikar Íslendinga nýtist betur en þeir gera í dag þegar jafnmargir og raun ber vitni fá ekki menntun við hæfi. Hún mun örugglega stuðla að því að sjálfsmat fólks verður betra en það er fátt eins óhollt nokkurri manneskju og að þurfa að hrekjast úr námi. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að fólk bíður þess varla bætur ef það hefur ekki getað lokið skólanámi og mjög margir treysta sér ekki til að leggja í hann aftur, ef svo má segja, vegna þess að þeir hafa ekki fengið viðfangsefni við hæfi.

Íslenskt samfélag þarfnast fólks sem er menntað á fjölbreyttan hátt. Við höfum aftur á móti stöðugt verið að þrengja möguleika fólks til að afla sér fjölbreyttrar menntunar. Það gerðist m.a. þegar við breyttum lögum um framhaldsskóla á þann veg að framhaldsskólum landsins var gert sífellt erfiðara að bjóða upp á verknám. Það nám hefur flust meira og minna til Reykjavíkur eða Akureyrar og lagabreytingunni var beinlínis ætlað að flytja námið frá skólunum vítt og breitt um landið til stærri skóla á þessum tveimur svæðum. Það var rökstutt með því að slíkt nám þyrfti svo flókinn tækjabúnað að það væri aðeins hægt að koma honum upp á fáeinum stöðum.

Staðreyndin er hins vegar sú að hægt er að kenna fjölmargar greinar án þess að hafa mjög mikinn tækjabúnað við hendina og nefni ég þar bara hárgreiðslu sem dæmi. Eitt af því sem fram kom í heimsókn okkar í Iðnskólann í Reykjavík á síðasta vetri var að nemendur úr Reykjavík fá ekki aðgang nema að takmörkuðu leyti vegna þess að nemendur utan af landi þurfa að fá aðgang líka og það er aðeins hægt að læra hárgreiðslu í Reykjavík. Hvað mælir á móti því að hægt sé að læra til hárgreiðslu eða til bakara, eins og hægt var á Sauðárkróki í mínu ungdæmi, á fleiri stöðum en í Reykjavík? Þetta er bara örlítið dæmi um hvernig búið er að snúa málefnum framhaldsskólans til verri vegar. Skólamönnum finnst að með þeirri styttingu sem verið er að boða í framhaldsskólanum sé enn verið að snúa til verri vegar og það er ákaflega vont mál

Það sem kynnt er í tillögunni er að bjóða upp á fleiri námsmöguleika fyrir fólk þannig að það geti nýtt sér og ræktað þá hæfileika og hæfni sem það býr yfir sjálfu sér og þjóðfélaginu til hagsbóta.

Eins og ég sagði áðan hefur mjög hátt hlutfall af vinnuaflinu hér á landi ekki átt þess kost að sækja sér menntun eða hefur hrakist úr námi og eitt af því sem við þurfum að sinna er að bjóða þessu fólki upp á annað tækifæri til náms og reyna að tryggja að sú reynsla sem það hefur aflað sér úti á vinnumarkaðnum utan skóla sé metin að verðleikum. Unnið er að því í samvinnu við ráðuneytið, þ.e. ráðuneytið hefur reyndar úthýst þeirri vinnu, að komið verði upp ákveðnu matskerfi þannig að fólk sem ekki hefur lokið námi geti átt greiða leið inn í skóla aftur. Það er eitt af því sem ég held að reki enn á eftir því að boðið verði upp á fjölbreyttara námsframboð en nú er.

Staðreyndin er líka sú, frú forseti, að fjölmargir þeirra sem hefja iðnnám í dag treysta sér ekki í sveinspróf þegar upp er staðið vegna þess að þeir treysta sér ekki til að taka próf í tilteknum bóklegum greinum. Spurningin er hvort við verðum ekki að skoða einmitt þann þátt mjög nákvæmlega þannig að sú kunnátta sem fólk hefur aflað sér geti nýst því og fólk fái réttindi enda þótt það geti ekki leyst þung próf í stærðfræði eða svarað dönskuprófi upp á háa einkunn. Ég held að það hljóti að vera hægt og hagkvæmt.

Það er fagnaðarefni að þessi tillaga til þingsályktunar hafi fengist rædd á Alþingi og henni verður væntanlega vísað til menntamálanefndar til umsagnar þar.

[19:09]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um nýskipan í starfs- og fjöltækninámi. Tillagan er flutt af nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar og er hv. þm.

Björgvin G. Sigurðsson 1. flutningsmaður hennar. Hann fór vel yfir meginatriði málsins áðan en ég ætla að reyna að bæta einhverju við það.

Að minni hyggju er afskaplega brýnt að tillagan fái fljóta og skjóta afgreiðslu á Alþingi. Hún hefur áður verið flutt, að vísu er hún nú í endurbættu formi, en hér er verið að taka á hluta þess vanda sem við búum við í íslensku skólakerfi, þ.e. hversu mjög hallar á verklegt nám miðað við bóklegt. Þar sem hlutföll hjá okkur eru alveg þveröfug við það sem er í helstu nágrannaríkjum okkar finnst mér afar brýnt að við sinnum þessu máli markvisst. Því er vel til fundið að fela hæstv. menntamálaráðherra að skipa starfshóp sem er samansettur eins og hér er gerð tillaga um, þ.e. að þar séu fulltrúar þingflokka, atvinnulífsins og skólasamfélagsins. Það er afskaplega mikilvægt að þessir hópar nái saman um slíkt átak ef árangur á að verða sem bestur.

Því miður hefur það allt of oft verið þannig að ákveðin gjá er á milli skólanna og atvinnulífsins. Það hefur jafnvel stundum verið svo að gengið hafa skeyti á milli sem ekki er til að auka traust milli þessara aðila. Hins vegar er það hlutverk þeirra að þeir verða og eiga að standa saman að þessari mikilvægu uppbyggingu. Þannig hefur t.d. þróast upp margs konar starfsnám í skólum sem keyrðir eru áfram af atvinnulífinu en ekki er fullur taktur með atvinnulífinu og hinum opinberu skólum. Það er mjög alvarlegt mál og hefur haft ýmsar afleiðingar sem eru mjög slæmar fyrir samfélagið. Oft og tíðum hefur það þó verið þannig að á landsbyggðinni þar sem skólarnir og atvinnulífið eru í meira návígi hefur tekist mun betra samstarf en á höfuðborgarsvæðinu þar sem þessir aðilar hafa jafnvel á stundum verið í samkeppni sem að sjálfsögðu á ekki við um jafnmikilvægt mál og þetta.

Það er athyglisvert, eins og ég nefndi áðan, að hlutföllin á milli starfsnáms og bóknáms hér á landi eru allt önnur en hjá nágrannaþjóðum okkar og það er verulegt umhugsunarefni. Að hluta til er það áreiðanlega hið almenna viðhorf, sem mjög oft kemur fram hjá fólki, að bóknám sé fyrir alla þá sem geta lært á bókina en starfsnám sé fyrir hinn hópinn. Þetta eru auðvitað afskaplega alvarleg viðhorf vegna þess að það er ekki síður þörf á að fá sem allra mest hæfileikafólk í verknám. Það er undirstaðan að flestöllu í atvinnulífinu og það er margreynt að fólk sem hefur t.d. farið þá leið í verkfræðinám, svo dæmi sé tekið, að það hefur fyrst farið út í atvinnulífið og jafnvel lært ákveðna iðngrein, sé hvað bestu verkfræðingar landsins, a.m.k. á ákveðnum sviðum.

Það er afskaplega mikilvægt að þessu sé sinnt sem allra jafnast og við eigum í raun og veru eins og staðan er núna að vera með jákvæða mismunun, ef við getum notað það hugtak í þessu samhengi, þ.e. við eigum að gjörbreyta áherslum okkar. Við þurfum að byrja strax í grunnskólunum að reyna að breyta þessu viðhorfi þannig að fólk líti á starfsnám sem valkost númer eitt í námi og það á ekki síður að beina þangað þeim sem við köllum oft og tíðum úrvalsnemendur því að þeir þurfa svo sannarlega að koma þar við sögu og sem betur fer höfum við mýmörg dæmi um slíkt.

Slíkt gerist auðvitað gerist ekki nema með samstilltu átaki eins og hér er verið að boða og það þarf að byrja sem allra fyrst á því. Þess vegna orðaði ég það svo áðan að ég teldi mikla nauðsyn á að þessi þingsályktunartillaga fengi mjög hraða afgreiðslu í þinginu vegna þess að það má í raun og veru engan tíma missa.

Við höfum heyrt í fréttum undanfarið að verið er að flytja töluvert mikið af vinnuafli til Íslands, og þegar grannt er skoðað kemur í ljós að þar er töluvert mikið af verkmenntuðu fólki, iðnlærðu fólki sem kemur vegna þess að heilu stéttirnar á Íslandi eru að hverfa. Við getum ekki þróað þessar iðngreinar áfram vegna þess að við erum með svo fámennan hóp af menntuðu fólki. Verið er að flytja inn fólk til margs konar verka og það þýðir væntanlega að stór hluti þess eða jafnvel allt fer aftur til síns heima og sú þekking og þróun sem á sér stað í greininni mun þar af leiðandi ekki skila sér nægjanlega vel inn í íslenskt skólakerfi og íslenskt samfélag. Þetta er verulegt áhyggjuefni.

Frú forseti. Það eru ýmsar fleiri hliðar á þessu máli sem eru líka áhyggjuefni. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom hér inn á brottfall úr námi sem er því miður allt of hátt og virðist vera töluvert hærra hjá okkur en mörgum öðrum þjóðum. Það hefur hins vegar komið í ljós að brottfallið er yfirleitt ívið minna hjá nemum sem eru í verknámi en í bóknámi og ýmsir leiða að því líkur að það sé vegna þess að í bóknámi sé ansi stór hópur sem það hentar ekki eins vel og hann nær ekki sömu tengslum við, þ.e. að áhuginn liggi raunverulega miklu nær verknámi og vinnu í slíku námi en í bóknámi og því flosni margir upp úr því. En þetta er aðeins hluti af brottfallinu, það hefur auðvitað ýmsar aðrar skýringar.

Það er t.d. í raun ótrúlegt að frá menntamálayfirvöldum komi skýr eða a.m.k. óljós skilaboð um að nemandi sem hefur hætt námi í framhaldsskóla eigi að vera númer tvö í röðinni á eftir nýnemahópnum, þ.e. að nýnemar hafi forgang í framhaldsskólana en þeir nemendur sem t.d. hafa byrjað í bóknámi en hafa síðan áttað sig og vilja fara í verknám þurfa að sitja á hakanum af því að nýnemarnir ganga fyrir. Þetta viðhorf er stórhættulegt og er eiginlega með ólíkindum að það skuli þekkjast á Íslandi vegna þess að nær allar þjóðir sem við berum okkur saman við eru með sérstakt átak þar sem verið er að reyna að draga inn í skólana það fólk sem af einhverjum ástæðum hefur horfið úr þeim til að reyna að fá alla til þess að ljúka einhverju námi. Hér er skólunum gert erfiðara að sinna þessum hópi í staðinn fyrir að hann ætti í raun og veru að hafa forgang.

Það er auðvitað fleira, frú forseti, sem hér mætti nefna. Ég ætla að enda á því að fjalla aðeins um það sem við köllum styttri námsbrautir, þ.e. námsbrautir þar sem hægt er að stunda nám og ljúka því með ákveðnum réttindum, t.d. sem aðstoðarmenn í ýmsum iðngreinum og öðru þess háttar. Slíkar námsbrautir vantar meira og minna í íslenskt skólakerfi en er hins vegar afskaplega fjölbreytt flóra víðast hvar í nágrannalöndum okkar.

Eins og fram hefur komið í umræðunni höfum við býsna mikið verk að vinna á þessu sviði og þess vegna er mikil ástæða til að sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir fái skjóta og greiða afgreiðslu í gegnum þingið.

[19:18]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Okkur vantar meira af menntuðu fólki úr

málmiðnaði. Þessi orð lét Jón Sigurðsson, sem er forstjóri Össurar nafna míns, einhvers framsæknasta hátæknifyrirtækis sem við Íslendingar eigum, falla á ráðstefnu sem Samfylkingin hélt fyrir einu og hálfu ári. Hann lagði mikla áherslu á að það sem helst hefti framgang og vöxt fyrirtækisins hér á landi væri skortur á fólki sem hefði verknám að baki og sér í lagi fólki sem hefði byggt ofan á það verknám aðra og fjölþættari menntun. Hann sagði: Þessi blanda er það sem okkur skortir í dag og þessa blöndu er erfitt að fá úr íslenska skólakerfinu.

Þetta, frú forseti, er ástæðan fyrir því að við þingmenn Samfylkingarinnar, með hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson í broddi fylkingar, leggjum þetta mál fram. Hér er verið að reyna, og ekki í fyrsta skipti, að sníða af ýmsa vankanta, og ég vil segja alvarlega ágalla, sem er að finna á íslenska menntakerfinu eftir nánast samfellda stjórn Sjálfstæðisflokksins á þeim í yfir tvo áratugi.

Þessi þingsályktunartillaga er um nýskipan í starfs- og fjöltækninámi og með henni leggur Samfylkingin enn og aftur þunga áherslu á að settar verði upp styttri námsbrautir í verknámi. Við teljum að það sé eitt af því sem skorti mjög alvarlega í menntakerfinu. Við teljum að langvarandi stjórn Sjálfstæðisflokksins á þessum málaflokki hafi leitt til þess að ákveðin gliðnun hefur orðið á milli bóknáms og verknáms. Uppbygging menntakerfisins á Íslandi hefur að þessu leyti hvorki fylgt þörfum atvinnulífsins né þeirri þróun sem við sjáum í nágrannalöndunum og þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Ef Íslendingar ætla sér að reyna að virkja þá auðlind sem býr í mannshuganum og virkja unga fólkið til þess að skapa atvinnulíf í framtíðinni sem verður ekki bara samkeppnishæft við heiminn heldur með ákveðið forskot — sem á að vera hægt sökum sérstakra aðstæðna hér í ýmsum greinum — þá verðum við að breyta uppbyggingu menntakerfisins. Við höfum þráfaldlega reynt að benda hæstv. menntamálaráðherra á þetta en hún hefur skellt skollaeyrum við og það er eins og það sé ómögulegt að opna augu Sjálfstæðisflokksins fyrir því hve nauðsynlegt þetta er.

Það vantar ekki að það eru margir sem taka undir með okkur í þessum efnum. Ég nefndi hér áðan forstjóra framsækins hátæknifyrirtækis og það hafa fleiri í hópi þeirra sem stýra hátæknifyrirtækjum haft orð á þessu. Þessar áherslur hafa þráfaldlega komið fram hjá samtökum í iðnaði. Þessar áherslur hafa líka þráfaldlega komið fram hjá skólamönnum sjálfum.

Mig langar því, frú forseti, að vekja eftirtekt á því að við í Samfylkingunni höfum á þessu hausti lagt mikið upp úr því að stjórnvöld horfi til framtíðar og stígi skref í áttina að því að færa framhaldsskólann yfir til sveitarfélaganna. Við höfum reynslu af því að menntakerfið hefur batnað verulega, þ.e. þeir hlutar þess sem hafa verið lagðir undir sveitarfélögin, og er ég þá að tala um færslu grunnskólans á síðustu árum. Sem foreldri og sem alþingismaður sem hefur áhuga á menntamálum segi ég að ákveðin kaflaskipti hafi orðið á síðustu árum einmitt hvað gæði grunnskólans varðar. Ég tel að sú skoðun Samfylkingarinnar að færa eigi framhaldsskólann yfir til sveitarfélaganna sé góð leið til þess að bæta úr þeim ágöllum sem við erum hér að ræða.

Því segi ég það? Vegna þess að við höfum árum saman, Samfylkingin, aðrir stjórnmálaflokkar, samtök í iðnaði og skólamenn, verið að leggja áherslu á þetta og það gengur ekki. Hugsanlega verður það ekki fyrr en Samfylkingin er komin í ríkisstjórn og farin að stýra menntamálunum sem tekst að koma þessum málum í höfn, og þá e.t.v. með sameiginlegu átaki ríkisvaldsins og sveitarfélaganna.

Hv. þingmenn hafa rætt það af töluverðum þunga að brottfall úr framhaldsskóla sé meira á Íslandi en annars staðar. Það er töluvert meira en t.d. á Norðurlöndunum, sem við eigum að bera okkur saman við, ekki bara vegna þess að það eru grannlönd og frændlönd heldur vegna þess að þar er ástandið eins og það gerist best. Við eigum einungis að bera okkur saman við ástandið þar sem það gerist best. Þar hefur orðið öðruvísi uppbygging á a.m.k. síðasta áratug og þar er gríðarlega mikið lagt upp úr möguleikum ungs fólks til þess að verða sér úti um verkmenntun og jafnframt að geta byggt ofan á hana það sem við köllum stundum bóknám. Mér er að vísu meinilla við að draga skörp skil, eins og menn gera þegar þeir tala annars vegar um bóknám og hins vegar um verknám. Menn eiga ekki að gera það lengur, hvort tveggja er háð hinu.

Við teljum að það sé nauðsynlegt að byggja undir þennan hluta menntakerfisins, m.a. til þess að svara þörfum nemendanna sjálfra, svara þörfum þeirra kynslóða sem eru að ganga gegnum skólastigin og finna ekki alveg réttan tón, finna ekki alveg þá blöndu sem hæfir þeim og sem gerir þeim kleift að verða sér úti um þá menntun og reynslu sem þau vilja og telja sig þurfa til þess að hasla sér völl í atvinnulífinu þegar að því kemur.

Þessi tillaga byggir líka undir annan mikilvægan þátt í málflutningi okkar varðandi menntakerfið og það er nýtt tækifæri, eins og hv. þm. Anna K Gunnarsdóttir nefndi hér áðan og hugsanlega fleiri. Margir í samfélaginu sem eru komnir til vits og ára og farnir að taka þátt í atvinnulífinu áttu þess aldrei kost, af ástæðum sem eru margar og ég ætla ekki að rekja hér, að verða sér úti um annað en hugsanlega bara grunnskólapróf, jafnvel minna en grunnskólapróf. Það eru töluvert margir, eins og við höfum nefnt, sem detta út úr skólakerfinu og koma án þeirrar þjálfunar sem það veitir þeim út í atvinnulífið. Þetta fólk vill oft og tíðum, þegar það hefur fótað sig á áhugaverðu sviði í atvinnulífinu, verða sér úti um aukna þjálfun og færni til þess að geta náð lengra, fengið betri laun og oft betri tækifæri til þess að auka gæði lífs síns. Það hefur nú verið handleggur fyrir þetta fólk að komast aftur í nám. Við höfum nú lagt fram, þingmenn Samfylkingarinnar, sérstakar tillögur um það, en í þessari þingsályktunartillögu er einmitt verið að leggja til að fólk sem hefur náð ákveðnum aldri og hefur tiltekna menntun að baki í verknámi eigi kost á því að bæta bóklegri menntun ofan á það til þess að geta notað það sem eins konar stökkbretti til hærra náms í tækniskólum, í háskólum. Það er þess vegna sem fjöltækninámið hefur hér sérstakt vægi.

[19:26]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Í fyrri ræðu minni stiklaði ég á stóru og minntist á örfá atriði sem ástæða er til þess að tala um í þessari umræðu.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson minntist á afskaplega stóran hlut sem tengist þessu máli og ég ætla að byrja á því að fjalla örlítið meira um, þ.e. þá hugmynd okkar þingmanna í Samfylkingunni að framhaldsskólinn eigi frekar heima hjá sveitarfélögum en ríkisvaldinu. Ég vil á vissan hátt tengja þá hugmynd þessari tillögu af þeirri einföldu ástæðu, sem ég gat um áðan, að það er mjög nauðsynlegt að framhaldsskólinn og atvinnulífið tengist sterkum böndum. Ég sagði líka áðan að víða úti um land hefðu framhaldsskólar náð býsna góðu samstarfi og sambandi við atvinnulífið og á því á að byggja. Við teljum að framhaldsskólinn eigi heima hjá sveitarfélögum, m.a. vegna þess að framhaldsskólanám er nærþjónusta, þjónusta sem á að vera sem næst þeim sem hana nota og það er eðlilegt að það fólk sem býr í því umhverfi hafi það með höndum að stýra og stjórna þeirri þjónustu.

Ef sveitarfélögin hefðu yfirumsjón með framhaldsskólunum væri miklu einfaldara að tengja saman atvinnulífið og skólann. Ég sé það fyrir mér að atvinnulífið á ákveðnum svæðum, og þess vegna heildarsamtök atvinnulífsins í samvinnu við atvinnulífið á hverju svæði fyrir sig, gæti komið að rekstri skólanna með sveitarfélögunum. Í fyrri ræðu minni gat ég þess að víða hefði atvinnulífið einmitt beitt sér fyrir ákveðnu námi og við vitum að samtök atvinnulífsins koma að rekstri skóla. Það væri mjög spennandi kostur að sveitarfélögin og atvinnulífið kæmu saman að rekstri framhaldsskólanna. Það gæti verið með ýmsum hætti, en ef skólarnir væru í höndum sveitarfélaganna þá er ég alveg 100% viss um að sú samvinna væri miklu auðveldari og árangursríkari en þegar allt er rekið í gegnum hið miðstýrða apparat hér í borginni, eins og nú er.

Við höfum ýmislegt fyrir okkur sem bendir til þess arna, vegna þess að framhaldsskólakerfið okkar byggðist upp að frumkvæði sveitarfélaganna. Meðan verið var að byggja upp hið fjölbreytta nám um allt land var um að ræða samrekstur ríkis og sveitarfélaga, sem er reyndar vandræðarekstur, en það bjargaði uppbyggingu framhaldsskólanna að sveitarfélögin tóku frumkvæðið og byggðu upp framhaldsskóla um allt. Þess vegna er fyrirkomulagið jafnfjölbreytt og raun ber vitni og þess vegna eru framhaldsskólarnir svo víða. Það var reyndar ekki bara úti á landi sem þetta gerðist. Fjölbrautskólinn í Breiðholti varð til á þennan hátt og þannig getum við farið allan hringinn um landið. Ég er viss um að ef framhaldsskólinn væri hjá sveitarfélögunum mundum við sjá alveg nýtt þróunarskeið hjá honum og ekki er vanþörf á. Það verður að segja alla hluti eins og þeir eru og því miður er ástandið þannig núna, og búið að vera allt of lengi, að flestir framhaldsskólarnir hafa verið rígbundnir í fjárhagslegt svelti. Kraftarnir hafa farið í það að lifa af og reyna að kroppa af alls staðar þar sem hægt er en þróunarstarf situr eðlilega nokkuð á hakanum við slíkar aðstæður. Það er þó aðdáunarvert hvernig margir framhaldsskólar hafa náð að brjóta sig gegnum múra fjársveltisins og byggt sig upp af ótrúlegri fjölbreytni.

Við sjáum líka hvað er að gerast úti um land þar sem nýir framhaldsskólar koma til. Nýjasti framhaldsskólinn er á Snæfellsnesi. Ríkið stendur að vísu að rekstri þess skóla en sveitarfélögin völdu þá leið að taka höndum saman og byggja skólahúsið og leigja það síðan ríkinu til þess að flýta fyrir því að skólinn yrði til og kæmist í sómasamlegt húsnæði.

Við sjáum hvað er að gerast á næsta stað, í Borgarfirði, Borgarnesi og Borgarbyggð og nágrannasvæðunum. Þar er sveitarfélagið í samstarfi við ýmsa aðila í héraði að reyna að byggja upp framhaldsskóla. Ég man í raun og veru ekki eftir því að frumkvæði hafi komið frá ríkisvaldinu við það að byggja upp framhaldsskóla, sem sýnir að þessi þjónusta á heima einhvers staðar allt annars staðar en hjá ríkinu. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu í Samfylkingunni að framhaldsskólinn sé dæmi um þjónustu sem eigi heima hjá sveitarfélögunum.

Eins og ég sagði áðan, og einmitt í tengslum við þessa tillögu, þá held ég að það sé kristaltært að ef átak af þessu tagi á að ganga verða allir aðilar að ná saman. Ef framhaldsskólarnir yrðu færðir til sveitarfélaganna yrði hægt að byggja þá mjög sterkt upp með atvinnulífinu á hverju svæði fyrir sig.

Herra forseti. Það eru miklu fleiri hliðar á málinu og eitt af því sem minnst er á í greinargerð með þeirri tillögu sem við ræðum hér er skortur á námsráðgjöf í bæði grunn- og framhaldsskólum og lítil kynning á kostum verknámsins. Þessu þarf að breyta. Námsráðgjöf hefur verið allt of lítil, sérstaklega í grunnskólum en líka í framhaldsskólum. Mjög víða um land er jafnvel engin námsráðgjöf í grunnskólum og sáralítil kynning á þeim möguleikum sem bjóðast í verknámi. Síðan er algjör skortur á því, sem er líka áhyggjuefni, að til séu framtíðarspádómar um það hvar þörfin verður. Flestar nágrannaþjóðir okkar hafa slíkar framtíðarspár, sem m.a. nemendur geta notað sér til aðstoðar við að velja sér framtíðarleið. En þetta vantar algjörlega hjá okkur og er full ástæða til að slíkra upplýsinga sé aflað og þeim beint til nemenda sem eru að velta fyrir sér framtíðinni. Það er jú ein af mikilvægustu spekúlasjónum þeirra sem eru í námi að velta því fyrir sér hvað tekur við. Það liggur fyrir að þeim nemendum sem vita hvert þeir eru að fara gengur mun betur í námi en þeim sem eru í mikilli óvissu.

Sú staðreynd að bóknámsleiðin er mun greiðfærari í gegnum skólakerfið, og liggur miklu beinna við, hefur einnig ýtt undir að mun fleiri fara í bóknám en flestir telja æskilegt. Hinar leiðirnar krefjast meiri umhugsunar og það þarf að hnýta fleiri lausa enda.

Herra forseti. Enn á ný er tími minn á þrotum og ég læt hér staðar numið.

[19:34]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í prýðilegri umræðu um framhaldsskólann og starfsmenntun innan hans.

Ég vil koma sérstaklega að máli sem tengist því mjög að efla framhaldsskólann sem slíkan, t.d. styttri námsbrautir innan hans, starfsnámið og stofnun nýrra námsbrauta. Það voru fyrirrætlanir stjórnvalda frá því bæði í fyrra og hittiðfyrra og gott ef ekki hafa verið gerðar þrjár atlögur að málinu um að stytta stúdentsprófið með sérstakri tillögugerð um að skera einn vetur aftan af bóknámsskólunum og í rauninni gengisfella stúdentsprófið sem slíkt í einingafjölda og uppbyggingu til að spara peninga í skólakerfinu, til að

flýta nemendum í gegnum framhaldsskólann, til að koma fleirum í gegn fyrir miklu minni peninga og spara hundruð milljóna á hverju einasta ári. Þannig átti að því er virtist að mæta nemendafjölgun í framhaldsskólunum sem fólust í stærri árgöngum og því að margir vildu snúa til baka og taka upp þar sem frá var horfið, þar sem þræðinum var sleppt fyrir kannski mörgum árum og hefja nám á nýjan leik.

Þessu átti ekki að mæta með því að auka framlög til framhaldsskólanna heldur með því að gengisfella stúdentsprófið, stytta stúdentsprófið með þeim aðgerðum sem fyrst voru kynntar í skýrslu starfshóps á vegum þáverandi menntamálaráðherra, Tómasar Inga Olrichs, sem nú er sendiherra í París. Síðan var gerð önnur atlaga í fallegri búningi og flottari skýrslu á vegum starfshóps hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Þegar grannt var skoðað og betur að gáð var sú tillaga jafnóheppileg, ómöguleg og óframkvæmanleg og sú fyrri sem hafði komið fram árinu áður.

Sem betur fer mættu þessar tillögugerðir mikilli andstöðu strax, bæði í skólasamfélaginu og meðal þingmanna á Alþingi Íslendinga sem áhuga hafa á skólamálum og vilja framhaldsskólanum og skólakerfinu okkar vel og vaka yfir því. Þar af leiðandi kom aldrei fram margboðað þingmál um að stytta framhaldsskóla og stytta nám til stúdentsprófs með þeim hætti sem lagt var til í skýrslu starfshópsins. Hæstv. menntamálaráðherra var síðan spurð af þeim sem hér stendur í febrúar eða mars á þessu ári hvort von væri á þingmáli sem lyti að því að stytta námið, byggðu á tillögunni og sagði hæstv. ráðherra að málið kæmi fram.

Eftir það var haldinn aðalfundur Félags framhaldsskólakennara sem gagnrýndu tillögurnar mjög harkalega, tóku mjög undir málflutning okkar í stjórnarandstöðunni sem höfðum fjallað um málið og aldrei kom málið frá hæstv. ráðherra. Hvort það kemur fram í vetur á eftir að koma í ljós. En ég vona að það komi aldrei fram aftur af því að þar var verið á alrangri braut. Það sem rennir stoðum undir að málið komi aldrei fram aftur er landsfundarsamþykkt Sjálfstæðisflokksins sem ég las mér til skemmtunar í dag.

Þar eru margar dæmalausar ályktanir í mörgum málaflokkum. Ég ætla ekki að fjalla um tillöguna um að afnema málskotsrétt forseta Íslands, eins og lagt er til í einni ályktuninni, heldur halda mig við skóla- og fræðslumálin og framhaldsskólann. Eins og ég sagði áðan hafa tveir síðustu menntamálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins boðað tillögur og kynnt starfshópatillögur um að stytta stúdentsprófið og þar með að mínu mati að stórlaska framhaldsskólann, stórlaska stúdentsprófið og gengisfella stúdentsprófið mjög rækilega. En það sem rennir stoðum undir að þessi mál séu ekki á leiðinni er stefnumið Sjálfstæðisflokksins frá því á landsfundinum um daginn.

Þar segir, með leyfi forseta, í ályktun um skóla- og fræðslumál, undirkafli framhaldsskóli:

„Á undanförnum árum hefur heildartími náms í grunnskóla verið lengdur til muna sem gefur tækifæri til styttingar heildarnámstíma til stúdentsprófs. Landsfundur leggur áherslu á að sjálfstæði framhaldsskóla verði tryggt ...“ Síðan segir: „Fagnaðarefni er hve framhaldsskólar eru tilbúnir til þess að bjóða nemendum á grunnskólastigi áfanga á framhaldsskólastigi og flýta þannig fyrir námslokum þeirra nemenda sem kjósa að útskrifast fyrr eða taka nám sitt með auknum hraða.“

Þetta tek ég undir og þessu höfum við þingmenn Samfylkingarinnar mælt mjög fyrir, að sveigjanleiki á milli skólastiga verði aukinn. Það sé leiðin til að stytta námið, fjölga þeim sem útskrifast fyrr úr framhaldsskólanum. Við eigum að stefna að því að miklu fleiri útskrifist með stúdentspróf fyrr en þeir gera núna, 18, 19 ára.

Áfram segir í ályktuninni:

„Þessi fljótandi skil á milli skólastiga eru í anda einstaklingsmiðaðs náms ? Þá leggur landsfundur til að samræmd stúdentspróf verði lögð niður.“ Sem eru líka tíðindi af því að hæstv. menntamálaráðherra hefur nú ekki léð máls á því hingað til.

Þetta tengist því þingmáli sem hér er að því leyti að ef efla á skólana og nám innan þeirra, þ.e. styttri námsbrautir og starfsnámið, þá mundi það ekki ganga eftir ef stytta ætti námið og laska það með þeim hætti sem til var lagt í tillögunum og þar var aldrei fjallað á neinn hátt um verknámið. Ekki var tekið á því hvort það ætti þá að styttast líka eða hvað, þetta stefndi því í óefni.

En við leggjum mikla áherslu á að mikilvæg viðbót við framhaldsskólamenntun okkar sé fjölbreytt framboð á styttri námsbrautum í ýmsum starfsgreinum með þjónustu og öðrum störfum sem heyra ekki undir neinar faggreinar og eru miðaðar við að leið fólks sé alltaf greið til að bæta við nýjum námsgreinum ofan á sitt fyrra nám. Nemendur geti alltaf með greiðum og augljósum hætti bætt við nýju námi. Dyrnar í skólann þurfa alltaf að vera opnar og námið þannig sniðið að auðvelt sé að byggja ofan á það. Taki nemandi stutta, tveggja til þriggja anna, starfsnámsbraut og öðlist ákveðin réttindi sé leiðin alltaf greið fyrir hann aftur inn í skólann til að bæta ofan á námið og öðlast meiri réttindi, hvort sem því námi lýkur svo með stúdentsprófi, fjöltækninámi og síðar háskólanámi eða tækniskólanámi, það fer allt eftir aðstæðum. Framboð á slíkum námsbrautum mundi að mínu mati valda miklum breytingum fyrir marga unga nemendur sem eru óráðnir og óákveðnir og óar kannski við því að binda sig við lengra hefðbundið starfsnám eða hafa ekki áhuga eða aðstæður til að ljúka hefðbundnu stúdentsprófi og sjá kannski ekki fram á að ljúka slíku námi enda hafi þeir ekki áhuga á því.

Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi í upphafi ræðu sinnar er skortur á iðnaðarmönnum innan ýmissa faggreina. Þeir sem reka mörg af okkar framsæknustu fyrirtækjum í dag, eins og Marel og Össur og fleiri fyrirtæki, og byggja að mjög stórum hluta og kannski að mestu leyti á annars vegar verkmenntuðu fólki, starfsmenntuðu fólki, og hins vegar tæknimönnum og verkfræðingum, byggja á starfsmenntun hvers konar, þeir vita allir og sjá fram á alvarlegan skort ekki síst í þeim iðngreinum sem teljast til hinna hefðbundnu gömlu iðngreina eins og málmiðnaðarmanna, trésmiða, rafiðnaðarmanna og fleiri slíkra.

Vandi starfsmenntunarinnar lýsir sér m.a. í því að aðsókn að mörgum greinanna hefur minnkað og skortur á fagmönnum í einstökum greinum, eins og járn- og málmiðnaði blasir við. Hefur skólastjóri Iðnskólans, Baldur Gíslason, einnig fjallað sérstaklega um að allt of fáir innritist í t.d.

járn- og málmiðnaðargreinarnar og verði ekki gert sérstakt átak til þess að efla starfsnámið og kynna það fyrir nemendum grunnskólanna, sérstakar, einstakar greinar, þá horfi til verulegra vandræða. Ef fer að skorta fólk í þessar undirstöðugreinar í allri okkar samfélagsgerð horfir illa og samfélagið lendir í vanda.

Hætt er að mörgu leyti að kenna verknámið á landsbyggðinni, eins og hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir nefndi áðan. Heilu greinarnar hafa verið lagðar af í kennslu við marga skóla úti á landi, eins og t.d. í bílgreinum hvers konar. Mér skildist í heimsókn í Verkmenntaskólann á Akureyri til Hjalta Jóns Sveinssonar fyrir um tveimur árum að bíliðngreinarnar hefðu lagst þar af, þær væru einfaldlega svo dýrar og miklu ódýrara væri að halda úti ýmsum öðrum greinum. Skólinn fengi ekki peninga til að kenna kannski fáum nemendum dýrar greinar. Námið fer til Reykjavíkur eða er eingöngu í boði við iðnskólana í Hafnarfirði og Reykjavík. Þar með hætta norðanmenn að menntast í greininni og skortur verður á iðnaðarmönnum á svæðinu og horfir til mikilla vandræða. Þetta er eitt dæmi um mikilvægi starfsmenntaðs fólks úti um allt land.

Iðnaðurinn skapar að sjálfsögðu miklar tekjur og má nefna að þrjár af hverjum tíu krónum í landsframleiðslunni verða til í ýmsum greinum iðnaðar, t.d. stóriðju, byggingariðnaði, matvælaiðnaði, trjávöruiðnaði, pappírsiðnaði, málmiðnaði, verktakastarfsemi, upplýsinga- og tækniiðnaði o.s.frv. Þetta kemur fram í tölum frá Þjóðhagsstofnun.

Þann vanda starfsmenntunar sem uppi er er víða að finna. Hann er að finna í viðhorfum almennings, hann er að finna í skorti á námsráðgjöf, alvarlegum skorti á námsráðgjöf í grunnskólunum sem kemur víða fram. Þó ég ætli nú að halda mig við starfsmenntun í framhaldsskólanum í þessari umræðu þá er slík námsráðgjöf mjög mikilvæg, eins og sérmenntaðir menn á því sviði, t.d. Gísli Baldvinsson, námsráðgjafi norður á Akureyri, hefur ítrekað haldið fram m.a. á sinni glæsilegu heimasíðu, sem er mikill fróðleiksbrunnur fyrir áhugamenn um menntamál og námsráðgjöf og hvað eina sem að því lýtur, þá vantar verulega að efla hana í skólunum.

Eitt af því sem rætur vandans liggja til er reiknilíkanið sem er notað. Það skilar starfsnáminu ekki því sem eðlilegt er til að halda því úti með sómasamlegum og öflugum hætti. Við þessu hafa stjórnvöld ekki brugðist og hafa afleiðingarnar t.d. verið þær að aðsókn að einstökum greinum hefur minnkað, starfsnám, eins og ég gat um áðan, lagst af í mörgum skólum, sérstaklega úti á landi, og lítil og allt of lítil þróun átt sér stað í stofnun nýrra, styttri námsbrauta. Skólarnir hafa einfaldlega lagt slík verkefni á hilluna því þá skortir fjármagn til að halda þeim úti.

Alvarlegasti vandinn við reiknilíkanið er að sjálfsögðu frávísanirnar inn í framhaldsskólana fyrir fólkið sem ætlar að snúa aftur til náms, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni.

Að mínu mati er ein mikilvægasta undirstaða nýsköpunar í atvinnulífinu gott starfsnám sem svarar kröfum tímans og er fyrst og fremst eftirsótt af unga fólkinu, nám sem nemendurnir, unga fólkið sækir í að loknum grunnskóla. Þar er sérstaklega athyglisvert að skoða hvernig hlutföllin eru annars staðar á Norðurlöndunum samanborið við Ísland, hve stór hluti nemenda fer í einhvers konar verknám eða í bóknám. Þar eru hlutföllin má segja þveröfug þó svo að skólakerfið sé svolítið öðruvísi byggt upp. Það fer miklu stærri hluti nemenda t.d. í Svíþjóð í einhvers konar verknám eða starfsnám, enda er nánast búið að eyða brottfalli í Svíþjóð. Vel yfir 90%, 93–94% held ég af hverjum árgangi framhaldsskólanema útskrifast með einhverja gráðu, hvort sem það er styttri námsbrautir, starfsnám eða hefðbundið stúdentspróf. Þetta er frábær árangur á sama tíma og við höfum frekar verið að fara í hina áttina á Íslandi. Það kom mér mjög á óvart þegar ég sá það í tölum á síðasta vetri að þeim fækkar frekar en fjölgar sem útskrifast úr framhaldsskóla, þ.e. ef hver árgangur er tekinn hver fyrir sig, þeim er ekki að fjölga. Fjölgunin er fyrst og fremst hjá þeim sem eru að snúa aftur til náms eftir að hafa hætt náminu. Þar liggur fjölgunin fyrir utan stærri árganga. En þeim sem útskrifast úr hverjum árgangi er ekki að fjölga.

Við höfum engum árangri náð í þessum málum og hæstv. menntamálaráðherra og menntamálayfirvöld síðustu missira og ára hafa ekki sýnt málinu nokkurn einasta áhuga enda hefur ekkert verið gert sérstakt nema halda ágætlega orðaðar ræður á tyllidögum í starfsnámsskólunum um mikilvægi og gildi starfsnámsins. Þeim orðum hafa ekki fylgt neinar efndir. Það er óviðunandi. Því flytjum við þessa tillögu, nýja og endurnýjaða, til að efla starfsnámið og nýskipan í starfsnámi og fjöltækninámi, um leið og ég fagna því að landsfundur Sjálfstæðisflokksins lagði ekki til að stúdentsprófið yrði stytt með þeim hætti sem lagt hefur verið til af ráðherrum Sjálfstæðisflokksins hingað til.

Það er áríðandi að grípa til markvissra aðgerða til að rétta hlut starfsnámsins samhliða því að tryggja því nauðsynlegt fjármagn. Það mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulífið ef hnignun starfsnámsins heldur áfram og ekki verður gripið til markvissra aðgerða til að snúa þróuninni við. Samhliða átaki í kennslu og kynningu starfsnámsins og fjölgun styttri námsbrauta þarf einnig að breyta uppbyggingu og samsetningu náms í grunnskólum og gera list- og starfsnámsgreinunum þar hærra undir höfði og veita þeim skólum svigrúm til að gera svo.

Að lokum vil ég þakka þeim sem tóku þátt í umræðunni með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir að hafa gert það og er glaður yfir því að við höfum náð að mæla fyrir tillögunni hér við upphaf þings þannig að hún fari nú til menntamálanefndar þar sem við fáum hana vonandi afgreidda í vor enda hlýtur málið að vera þverpólitískt og um það ætti að geta náðst góð samstaða í menntamálanefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, fyrri umr.

Þáltill. GAK og JÁ, 22. mál. — Þskj. 22.

[19:49]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fisk-

vinnslu. Þetta er mál sem nokkrum sinnum hefur verið hreyft af þeim sem hér stendur og meðflutningsmanni hans, hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Við höfum flutt þetta mál nokkrum sinnum á undanförnum árum í hv. Alþingi og höfum gert það í þeirri trú að smátt og smátt mundu opnast augu t.d. Sjálfstæðisflokksins, hins mikla flokks frjálsrar samkeppni og einstaklingsframtaks og að menn mundu sjá að eðlilegt væri að viðskipti í sjávarútvegi með ekki ómerkari afurð en fiskinn okkar sem gefur okkur 60% af útflutningsverðmætunum mundu leita í þann farveg að þar sætu allir við sama borð í viðskiptum þegar fram líða stundir. Við, hv. flutningsmenn þessarar tillögu, gerum okkur grein fyrir því að hér þarf að huga að ýmsum málum. Þess vegna höfum við lagt til að skipuð verði þriggja manna nefnd til að vinna þetta mál þannig að menn fari yfir það hvaða skref sé rétt að stíga. En við höfum lagt það til í þessari ályktun eins og segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2007.“ — Sem sagt eftir 14–15 mánuði hér frá.

„Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði og stuðla að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum, og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.“

Þetta er efni tillögunnar og hefur svo sem verið rætt hér oft áður. Í greinargerð er vitnað til samkeppnislaga: Við settum nú ný samkeppnislög á liðnu vori, lög nr. 44/2005, þar sem við breyttum svolítið formi samkeppnislaganna, þ.e. Samkeppniseftirlit kom í staðinn fyrir Samkeppnisstofnun. En að meginstofni eru þau lög samt eins að því er varðar þær greinar sem hér er vitnað til í greinargerðinni varðandi lögin, þ.e. við höfum vitnað hér til 10 gr., 11. gr., og 14. gr. og það er aðeins ein breyting á þessum lögum um Samkeppniseftirlitið. Felld voru út á einum stað í þeim greinum sem við höfum vitnað til orðin „óréttmætum viðskiptaháttum“. Ástæða þótti til að fella það niður úr lögunum og það var gert. Að öðru leyti eru þau lög eins að því er varðar málatilbúnað sem hér er vitnað til.

Síðast þegar þetta mál var rætt í hv. Alþingi urðu um þessar tillögur þó nokkrar umræður. Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, tók m.a. þátt í þeirri umræðu og fann þessu máli ýmislegt til foráttu. Hæstv. þáverandi forseti þingsins, Halldór Blöndal, tók einnig þátt í umræðunni og fann þessu máli margt til foráttu. Hann taldi að það væri nokkuð ábyrgðarlaust af okkur að leggja til að skoða þessi mál eins og við stingum upp á og að það væri litið til þess að viðskipti með ferskan fisk í sjávarútvegi gætu nú kannski ekki alveg talist eðlileg með tilliti til samkeppnislaga og þeirra reglna sem við höfum undirgengist t.d. með EES-samningnum. Í greinargerð okkar er m.a. vitnað til samkeppnislaganna og í henni segir, með leyfi forseta:

„Þingsályktunartillaga þessi á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,

b. vinna gegn ... skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,

c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.““

Ég var svo heppinn að ég fékk í hendur samþykkt landsfundar Sjálfstæðisflokksins um efnahagsmál, minnir mig að það hafi verið. Á fyrstu síðu þeirrar ályktunar er víða vikið að því sem þessi lög voru að marka sem ég var að lesa hér. Það er vikið að frelsi og framtaki einstaklingsins til athafna. Það er vikið að því að það þurfi að auka samkeppni og að hún sé vísasta leiðin til að tryggja grósku og velmegun landsmanna. Vikið er að því að fjölskyldur eigi að geta fundið sinn eigin farveg í lífinu þar sem frumkvæði einstaklinganna fái notið sín og að hver og einn eigi að eiga möguleika til að njóta sín í eðlilegu samkeppnisumhverfi. „Fyrirtæki útflutningsgreinanna verða að vera öflug,“ segir síðan. Og svo segir í niðurlagi þessa kafla, með leyfi forseta, í þessari ályktun um efnahagsmál á landsfundi Sjálfstæðisflokksins nýafstöðnum:

„Þrátt fyrir uppgang nýrri greina byggist velsæld íslensku þjóðarinnar enn að stórum hluta á skynsamlegri nýtingu auðlinda til lands og sjávar.“ — Og svo segir: „Mikilvægt er að umgjörð auðlindanýtingar sé í föstum skorðum og óvissa lágmörkuð og samræmis gætt varðandi nýtingu þeirra.“

Þar með finnst mér að þarna sé búið að slá svolítið kalt það sem undan var í stefnumörkun Sjálfstæðisflokksins og brustu þar með vonir mínar um það að Sjálfstæðisflokkurinn mundi koma að því að styðja okkur þingmenn frá Frjálslyndum og Samfylkingunni í því að eðlilegt væri að skoða viðskipti með fisk hér á landi og eðlilegt væri að stefna til þess að engar viðskiptahindranir væru í þessari atvinnugrein. Þess vegna er það auðvitað svo, eins og ég las hér upp úr samkeppnislögunum áðan, að við teljum mjög margt í framkvæmd fiskviðskipta hér á landi ekki standast samkeppnislögin og því sé nauðsynlegt að fara yfir þessi mál. Þess vegna höfum við verið svo þráir í því að leggja þetta mál hér fram aftur og aftur, þ.e. vegna þess að við höfum álitið að það væri meirihlutaviðhorf fyrir því í stjórnmálaflokkum á hv. Alþingi að menn skyldu sitja við sama borð, eins og sagði í ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins, í samkeppni og að það sé grundvallarsjónarmið að treysta því að samkeppnislögin gildi að fullu líka varðandi viðskipti með sjávarafla. En því miður er ekki svo, hæstv. forseti, og er það auðvitað mjög leitt að svo skuli vera. Í 14. gr. samkeppnislaganna segir, með leyfi forseta:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki

niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.“

Hæstv. forseti. Lögin um stjórn fiskveiða gera það að verkum að mjög margir útgerðaraðilar sem jafnframt eru með fiskvinnslu fá úthlutað á hverju ári verulegum auðæfum í úthlutun aflaheimilda. Við vitum að miklar deilur hafa verið á undanförnum árum um verðmyndun á fiski. Nánast hver einasta sjómannadeila undanfarinna áratuga, leyfi ég mér að segja, hefur snúist um verðmyndunarkerfið og gerði það reyndar einnig síðast. Menn deildu þá auðvitað um það. Það fólst margt fleira í þeirri deilu eins og alltaf er. Þó að við höfum á undanförnum árum búið við fyrirkomulag í verðmyndun sjávarfangs sem byggist að nokkru leyti á störfum Verðlagsstofu skiptaverðs sem staðsett er á Akureyri þá er það samt þannig því miður að fiskvinnsla án útgerðar hér á landi sem kaupir allan sinn afla á fiskmarkaði greiðir miklu hærra verð fyrir fiskinn sem hún vinnur heldur en þau fyrirtæki sem eru með útgerð á sinni hendi og hafa fengið sérstaka kvótaúthlutun til að gera út. Þetta er bara staðreynd. Það þarf svo sem ekki að fara um langan veg til að sannreyna hana. Menn geta t.d. farið á vef Verðlagsstofunnar og skoðað verð þar. Ég gerði það að gamni mínu í gærkvöldi. Ég skoðaði verðið eins og það hefur verið á nokkrum landsvæðum. Ég skoðaði Vestfirði og slægðan þorsk þar frá því í janúar 2005 til ágústloka 2005. Það kemur í ljós að meðalverð á þorski sem fer beint til fiskverkanda, sem er oftast nær í einhvers konar tengdum viðskiptum eða þá að menn eru að útvega viðkomandi bát sem landar hjá þeim kvóta o.s.frv., er 86 kr. og 25 aurar fyrir þorskinn. En hvað skyldi það nú vera á mörkuðunum á sama tímabili? Ég ætla að taka það fram að ég strikaði út tölur þar sem selt var á mörkuðum undir 100 tonnum til þess að hafa eitthvert lágmark. Þá kemur í ljós að meðalverð á fiskmörkuðum á þessu svæði var 123 kr., þ.e. á móti 86, og sennilega nokkru hærra ef miðað er við það að ég strikaði þarna út viðskipti undir 100 tonnum.

Ef maður skoðaði annað svæði, t.d. Norðurland vestra, voru mjög góð aflabrögð þar í maí, júní, júlí og ágúst á þessu ári. Þar er verðmunurinn miklu minni, af hvaða orsökum sem það er. Þar er verðmunurinn annars vegar 116 kr. og hins vegar 131 kr. Ef maður hins vegar skoðar Suðurnesin, eða Reykjanes, ég tók út þegar magnið fór niður fyrir 100 tonn eins og ég sagði. Ef ég skoða það í júní til maí er verðið annars vegar 107 kr. og hins vegar 138 kr. og 30 aurar. Það munar því auðvitað verulegu hvort menn eru í beinum viðskiptum sem oftast nær tengjast þá aflahlutdeild, eða hvort menn eru í viðskiptum á fiskmarkaði. Það er algerlega ljóst að fiskvinnsla án útgerðar kaupir hér hráefnið á miklu hærra verði, hefur reyndar orðið að selja afurðirnar úr landi á hæsta verði sem hún hefur getað og hefur gert það vel á undanförnum árum. En hinir sem hafa þetta samkeppnisforskot koma í kjölfarið og hirða markaðina út á kvótaúthlutunina og sín lágu verð.

[20:05]

Guðjón Hjörleifsson:

Herra forseti. Enn á ný er komin fram tillaga um skipun nefndar sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu hins vegar. Ég lýsi furðu minni á því að enn á ný sé þessi tillaga lögð fram. Hve oft hefur verið rætt um fiskvinnslu á landsbyggðinni og áhyggjur af stöðu hennar? Halda hv. þingmenn að fiskvinnsla aukist hér á landi?

Ég kem úr sveitarfélagi þar sem aflamark er mikið en töluvert af fiski hefur verið flutt út. Ég hef rætt við stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja sem eru bæði með veiðar og vinnslu. Þeir segja að ef þessi breyting gengi eftir mundi fiskvinnsla í Eyjum leggjast af. Ég veit að slíkt mundi gerast á fleiri stöðum á landinu. Aflinn yrði allur fluttur til útlanda.

Það er mikilvægt fyrir styrkingu sjávarbyggða að hafa vinnslu og veiðar á sömu hendi. Ljóst er að fiskvinnslufyrirtæki sem hafa yfir aflaheimildum að ráða og geta stýrt þeim heim í hérað til landvinnslu þurfa jafnframt að kaupa fisk á markaði til þess að tryggja stöðuga vinnslu. Ef slíkur aðskilnaður nær fram að ganga munu flutningsmenn tillögunnar eingöngu að fækka vinnslustörfum í landvinnslu enn frekar en orðið er. Ljóst er að miklar tækniframfarir og hagræðing hefur þegar fækkað stöfum í fiskvinnslu.

Norðmenn hafa aðskilið veiðar og vinnslu. Hver er árangurinn? Sjávarútvegsnefnd var bent á ummæli norska sjávarútvegsráðherrans Sveins Ludvigsens sem birtust á skip.is. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég hef komið inn í verslanir þar sem fiskborðin eru 30 metra löng og það er enginn norskur fiskur í hillunum. Hins vegar er þar jafnan gott framboð af góðum fiski frá Íslandi. Ég hef spurt verslunarmennina hverju þetta sætti og svarið sem ég hef fengið er einfaldlega það að þeir séu með viðskiptavini sem kaupi fisk 364 daga á ári og því þýði ekki að treysta á fyrirtæki sem aðeins geti útvegað hann í einn eða tvo mánuði á ári.“

Herra forseti. Það er einmitt hægt að stýra hráefnisöflun hjá þeim sem eru bæði með skip og fiskvinnslu. Það versta sem fiskvinnslan lendir í er að hafa ekki hráefni alla daga. Arðsemi vinnslunnar er ekki slík að hún hafi bolmagn til þess að missa úr vinnsludaga.

Í umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva um þetta mál á þarsíðasta þingi segir, með leyfi forseta:

„Við teljum að slíkar breytingar gætu á skömmum tíma orðið til þess að minnka atvinnuöryggi í fiskvinnslu og möguleika sjávarútvegsfyrirtækja til útrásar í framtíðinni. Rekstur sjávarútvegsfyrirtækja krefst skipulagningar jafnt í veiðum, vinnslu og markaðssetningu afurðanna. Rofni þessi keðja er afkoman í hættu. Sjávarútvegur á ekki og má ekki snúast nær eingöngu um ráðstöfun fiskaflans.

Á seinni árum hefur sú þróun verið ríkjandi hér á landi að fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sameinast og stækkað. Á sama tíma hefur öflug starfsemi innlendra fiskmarkaða stuðlað að viðgangi fjölmargra minni fiskvinnslufyrirtækja.

Á sama tíma hefur norsk fiskvinnsla átt í miklum rekstrarerfiðleikum. Að margra mati er orsakanna að leita til aðskilnaðar veiða og vinnslu. Norsk fiskvinnsla hefur farið halloka í samkeppni um hráefnið við fyrirtæki í láglaunalöndum. Það er því rík ástæða til þess að vera á varðbergi og aðhafast ekkert sem gæti orðið til þess að veikja samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs.“

Herra forseti. Mörg sjávarútvegsfyrirtæki eru með langtímasamninga vegna sölu á afurðum sem unnar eru innan

lands. Ég er fullviss um að ef rekstur veiða og vinnslu yrði aðskilinn yrði erfitt að uppfylla þá samninga sem fyrir hendi eru. Forsendan hlýtur að vera örugg hráefnisöflun og vinna alla daga vikunnar. Annars detta menn sjálfkrafa út af markaði og fiskurinn frekar sendur á erlenda markaði sem þýddi að vinnslan gæti flust úr landi.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum taka það fram að ég vitnaði í umsögn um þetta mál sem flutt var á 130. löggjafarþingi en einnig hafa borist umsagnir þar sem mælt var með frumvarpinu eða ekki tekin afstaða til þess.

Ég starfaði sem bæjarstjóri í Vestmannaeyjum til tólf ára en aflaheimildir Eyjamanna hafa verið í kringum 10% af heildinni. Þar hefur oft verið rætt um fiskútflutning, stöðu fiskvinnslunnar og hvaða breytingar gætu orðið ef fiskvinnslan væri aðskilin frá veiðunum. Það er ekki eingöngu að fiskvinnslan legðist af og störfum í landvinnslu fækkaði, það yrði líka mikil atvinnuskerðing hjá öllum þeim þjónustuaðilum er sinna fiskvinnslunni.

Virðulegi forseti. Að lokum ber að geta þess að hjá sjávarútvegsfyrirtækjum, þar sem eru bæði veiðar og vinnsla, er bókhald aðskilið. Þar kemur fram sundurliðun á því hvernig rekstur veiða gengur svo og rekstur vinnslunnar. Þetta er gegnsætt hjá fyrirtækjunum. Hér er farið eftir bókhaldslögum og í ársreikningum fyrirtækja árita löggiltir endurskoðendur reikningana. Þessi aðskilnaður í bókhaldi er eðlilegur og mikilvægur í þessari umræðu en annar aðskilnaður skaðar fiskvinnsluna, sérstaklega á landsbyggðinni.

[20:10]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að sú tillaga sem við flytjum snúist ekki eingöngu, eins og fram kom í máli hv. þingmanns, um verðmyndunina. Ég tel að til langtíma þjóni það Íslandi best að verðmyndun í sjávarútvegi, verðmyndun á fiski, sé sem mest á markaðnum sjálfum og að þeir brengluðu viðskiptahættir sem átt hafa sér stað á undanförnum árum, með tengingu við kvótaverð, hverfi úr þessum viðskiptum. Ég tel að þau fyrirtæki sem starfa í fiskvinnslunni, en fjölmörg þeirra eru án útgerðar og kaupa nánast allt sitt hráefni á fiskmörkuðum, eigi skýlausan rétt á að starfa í viðskiptaumhverfi sem er ekki þannig að það stangist á við samkeppnislögin. Ég tel að svo sé þótt Samkeppnisstofnun hafi ekki tekið málið til meðferðar.

Það er ekki hægt að una við að fiskvinnslufyrirtæki með skip í útgerð, sem vinna sitt eigið hráefni eða greiða fyrir það lægra verð en markaðir gefa til kynna að eðlilegt væri, komi á erlenda markaði og undirbjóða þá sem þar hafa unnið sér inn markaðshlutdeild á undanförnum árum og hafa í raun verið í forustu um að ná því háa verði sem fengist hefur fyrir ferskan fisk.

[20:12]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér í þessum þingsal hefur oft verið rætt um vanda sjávarbyggða og vanda fiskvinnslunnar. Ég tel, eins og flestir þeir sem ég hef talað við um málið, að af þessu yrði mikil bylting sem mundi skapa óöryggi hjá fiskvinnslufólki. Það er alveg ljóst.

Ég spyr hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson: Hvað gerðist ef þetta yrði gert með loðnuna líka? Þar eru stórir aðilar bæði með bræðslur og frystingu sem eiga skipin. Ef menn eiga að fara að bjóða í það, þessar bræðslur hafa ekki undan, held ég verð fyrir loðnu til sjómanna mundi lækka töluvert. (Gripið fram í.)

Það er einnig ljóst að þeir sem hafa rekið fiskvinnslu hafa oft rekið hana með tapi. Það er alveg ljóst. En þeir eru líka með gott starfsfólk sem er til í að vinna á álagstímum þegar mestu verðmætin eru, í febrúar og mars, þegar loðnufrystingin er til staðar. Þau fyrirtæki hafa oft bjargað sér á þeim fáu mánuðum í loðnuvinnslunni og greitt niður frystinguna og vinnsluna heima. (Gripið fram í.) Þetta er staðreynd.

Menn þurfa að hugsa um það sem er að gerast heima í héraði. Menn vilja halda fólki í vinnu, halda því góða fólki. Vinnslan er ekki alltaf rekin með hagnaði. Þess vegna þurfum við að vanda okkur við þessa umræðu og það væri vonlaust að mínu mati ef þetta frumvarp ætti að ganga eftir.

[20:14]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski rétt að vekja athygli á því, vegna orða hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar, að tillagan bannar mönnum ekki að eiga viðskipti. Hún kveður hins vegar á um að fyrirtæki sem eru bæði í útgerð og fiskvinnslu hafi algjörlega aðskilinn fjárhag, fyrir útgerðina annars vegar og fiskvinnsluna hins vegar.

Við gerum okkur vonir um, ég leyni því alls ekki og tel að það væri gott upp á framtíðina, að slík þróun sem hér er gert ráð fyrir muni leiða til þess að verðmyndun á sjávarfangi verði almennt á markaðslegum forsendum. Ég tel að það geti gengið en verðmyndun á uppsjávarfiski í Noregi hefur farið fram í gegnum uppboðsmarkaði. Ætli Norðmenn hafi ekki á undanförnum árum gert meiri verðmæti úr uppsjávarfisknum en við Íslendingar, þótt við Íslendingar séum vissulega komnir upp að hliðinni á þeim, sérstaklega í síldveiðunum með því að vinna síldina á sjó og nýta heimildir okkar í norsk-íslenska síldarstofninum?

Ég vek athygli á því að það er mikill misskilningur ef menn halda að þessi tillaga geri það að verkum að viðskipti innan fyrirtækja yrðu bönnuð. Það er gerð krafa um fjárhagslegan aðskilnað á rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Við vonumst hins vegar til að það muni smátt og smátt leiða til að menn sjái kosti þess og aukin krafa verði um að verðmyndun afla verði á fiskmarkaði.

[20:16]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig nú ekki alveg á umræðunni um fjárhagslegan aðskilnað í þessu tilfelli. Ég held að menn séu bara að tala um hvort verið er að borga úr einu eða tveimur heftum. Þetta er allt fært eðlilega samkvæmt bókhaldslögum og menn geta séð niðurstöðu á rekstri vinnslunnar alveg sér í öllum ársreikningum og þetta er alls staðar tekið fram. Ég átta mig því ekki alveg á þessu.

Ég spurði hv. þingmann hvað gerðist hér hvað varðar þau fyrirtæki sem eru í loðnu ef markaðsöflin eiga að ráða. Ef menn eiga að bjóða í hver hjá öðrum og nóg er af loðnu, hvernig telur hann þá að verðlagsþróun yrði? Ég ítreka því

að flestir þeirra sem ég hef talað við, og ég hef rætt við nokkra menn í stjórnarandstöðunni sem búa nú í sjávarbyggðum, eru sammála því að það er mikil hætta á að fiskvinnsla legðist af ef þetta yrði að veruleika.

[20:17]

Grétar Mar Jónsson:

Þingforseti. Fyrir einu og hálfu ári skipaði þáv. sjávarútvegsráðherra, Árni Mathiesen, nefnd til að kanna möguleika á að auka verðmæti sjávarfangs. Það kom náttúrlega lítið frá þeirri nefnd af því að ekki var talað um það sem skipti máli, það var ekki talað um að tryggja þyrfti fiskvinnslum, sem eru með bestu markaðssetninguna sína á erlendum mörkuðum, aðgang að hráefni, annars vegar með því að allur fiskur fari inn á fiskmarkað og hins vegar með því að aðskilja veiðar og vinnslu. Það hefði þá leitt það af sér, eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að fyrirtækin yrðu rekin annars vegar í kringum veiðar og hins vegar í kringum vinnslu. Það yrði til þess að fiskverð hækkaði og allir hefðu sama möguleika á að kaupa hráefni fyrir vinnsluna í gegnum fiskmarkaði því að mörg fyrirtæki í fiskvinnslu eru án útgerðar eru með mjög góða markaðssetningu.

Það er auðvitað sorglegt til þess að vita að við skulum ekki geta tryggt þeim aðgang að hráefni. Þeir eru oft og tíðum að fá 20–30 og upp í 40% hærra verð á hvert kíló sem þeir framleiða en stærri fyrirtæki sem framleiða í massavís í einhverjar fimm punda pakkningar.

En það er ótrúlegt að Sjálfstæðisflokkurinn, sem á tyllidögum kennir sig við það að vera flokkur markaðslögmálanna, flokkur samkeppni og annað, skuli vera í þessu hlutskipti að verja svona kommúníska system eins og þetta er núna hjá okkur. Það eru pilsfaldakapítalistar sem hugsa eins og Sjálfstæðisflokkurinn og Guðjón Hjörleifsson fyrir þeirra hönd í umræðunni hér.

Síðustu þrír sjávarútvegsráðherrar hæstvirtir hafa verið strengjabrúður LÍÚ. LÍÚ hefur nánast ákveðið hvernig leikreglur væru og fengið sínu fram í gegnum kvótakerfið og allt sem snýr að sjávarútvegi. Það er búið að brjóta niður atvinnufrelsi hjá fjölda manna, það er fullt af sjómönnum sem eru orðnir leiguliðar og fullt af sjómönnum sem eru farnir út úr atvinnugreininni og hafa að litlu að hverfa, menn sem lærðu bæði sem vélstjórar, skipstjórar og stýrimenn og þrautreyndir sjómenn á öllum sviðum. Þeir hafa orðið að hverfa burt úr þessari atvinnugrein.

Guðjón Hjörleifsson, hv. þingmaður, nefndi hér áðan Vestmannaeyjar og loðnuna. Flestar útgerðir í Vestmannaeyjum eru ótengdar fiskvinnslu og þeim gengur nú bara þokkalega vel og hafa haldið uppi mikilli atvinnu þar. Það eru raunverulega ekki nema tvö stór fiskvinnslufyrirtæki í Vestmannaeyjum í dag, ef ég man rétt, og svo eru nokkur smærri fyrirtæki.

Ef skilið yrði á milli veiða og vinnslu yrði verð á loðnunni að öllum líkindum hærra. Það er nú einu sinni hægt að sigla með loðnu, og hefur verið gert, til Noregs, Hjaltlands og Færeyja og ef því er að skipta til Danmerkur, þannig að það eru miklir möguleikar á því að fá hærra verð út úr því.

Í lokin vil ég lýsa yfir furðu minni á því að hér í þingsalnum eru ekki nema fjórir þingmenn þessa stundina.

[20:22]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Það er fullt tilefni til þess að ræða þetta mál lengur og ítarlegar en verður í þessari umræðu, sýnist mér. Hér er um talsvert stórt mál að ræða, þ.e. stefnumarkandi mál um það hvernig viðskiptin gerast í sjávarútvegi með ferskfisk til landvinnslunnar.

Þetta er þingsályktunartillaga um að skipuð verði nefnd til þess að semja lagafrumvarp um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar sem falli þá að núgildandi samkeppnislögum. Við getum ekki fullyrt um það nákvæmlega ef tillagan yrði samþykkt hér í hv. þingi hvernig slíkt frumvarp mundi líta út þegar það kæmi til meðferðar.

En ég held að menn hljóti að spyrja sig að því hvort það sé neikvætt fyrir íslenskt þjóðarbú ef fiskverð almennt leitar þess jafnvægis að nálgast markaðssvæðin. Ég held að það hljóti að verða jákvætt fyrir íslenskt þjóðarbú. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum og jafnvel áratugum. Sum fiskvinnslufyrirtæki hafa starfað utan útgerðar í áratug eða meir og þau hafa verið að kaupa allan fisk á fiskmörkuðum á verulega hærra verði en fiskvinnslan sem er í viðskiptum við eigin útgerð. Það hefur sýnt sig að þessar fiskvinnslur hafa verið að leita markaða og selja afurðir á hærra verði en heföbundna fiskvinnslan. Það er ekki fyrr en kannski síðustu fimm árin eða svo sem hin heföbundna fiskvinnsla, þ.e. stórfyrirtækin sem reka bæði öfluga útgerð og fiskvinnslu, er að fara inn á þá markaði sem fiskvinnslur án útgerðar hafa fundið fyrir ferskan fisk.

Oft er talað um að það hafi áhrif á atvinnustigið að vinna ferskan fisk. Nú er það svo að þessi ferski fiskur er yfirleitt flakaður og snyrtur og jafnvel beinhreinsaður og roðrifinn og sendur þannig út. Í raun og veru fer þá sama vinnslan fram í fiskvinnslustöðvunum eins og var þegar átti að frysta fiskinn. Eini munurinn felst í því að fiskurinn er ekki frystur heldur er honum pakkað í umbúðir sem halda honum köldum og fluttur þannig á erlendan markað annaðhvort með flugi eða skipi. Kælitæknin hefur verið að batna á undanförnum árum og menn eru sér meðvitaðir um það hversu miklu máli það skiptir að fiskur komi vel kældur að landi til þess að það sé hægt að vinna hann áfram.

Þetta hafa menn séð á undanförnum árum og það er ekkert launungarmál að fyrirtæki eins og Samherji, sem rekur fiskvinnslu á Dalvík, hefur verið að fara inn á sömu markaði og minni vinnslur voru búnar að ryðja brautina inn á. Og það er vissulega gott, menn eru þá að auka magnið inn á markaðinn. Það er hins vegar slæmt, og er ég þá ekki að fullyrða að Samherji hafi gert það, ef þær fiskvinnslur sem eru reknar með útgerðarþættinum eru að koma inn á markaði, þar sem fyrir eru fyrirtæki sem hafa á undanförnum árum verið í viðskiptum við ákveðna aðila, og bjóða þar verulega niður verðið sem hinir voru búnir að ná upp. Það eru örugglega til dæmi um það, því miður. Menn þurfa ekki nema fara hér í heimsókn til aðila sem hafa verið að reka fiskvinnslu án útgerðar á undanförnum árum til þess að fá dæmi beint á borðið um það hvernig slíkt hefur gengið fyrir sig.

Við fórum á síðasta ári í heimsókn á Suðurnes, á fiskmarkaði og í fiskvinnslur, og ræddum við þá aðila sem voru

að kaupa allt sitt hráefni á fiskmörkuðunum, félaga sem störfuðu innan Samtaka fiskvinnslu án útgerðar og þá sem eru starfandi á fiskmörkuðunum. Menn höfðu auðvitað ýmislegt við þetta fyrirkomulag að athuga og vitnuðu iðulega til samkeppnislaga þegar þeir færðu rök fyrir máli sínu og það er ekkert undarlegt að menn geri það. Hvernig hljóðar ekki 11. gr. samkeppnislaganna, með leyfi forseta?

Hún hljóðar svo:

„Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð."

Og hvað er markaðsráðandi staða? Ætli það megi ekki leiða að því rök að þeir aðilar sem fá úthlutað verulegum aflaheimildum á hverju einasta ári, hafa aflaheimildir til þess að versla með eða leigja eða til þess að láta veiða fyrir sig á sínum eigin skipum, hafi nokkuð markaðsráðandi stöðu á því svæði sem þeir starfa á? Ég hygg það. Það fannst alla vega þeim aðilum sem ræddu við okkur.

Síðan segir áfram í 11. gr. samkeppnislaganna:

„Misnotkun skv. 1. mgr. getur m.a. falist í því að:

a. beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir."

Skyldu menn geta sett eitthvert samhengi á milli þessara orða og þeirra viðskipta sem víða eiga sér stað um hráefni hér á landi þegar kvótinn er settur inn sem verðmæti á móti fiskviðskiptunum?

Síðan segir, með leyfi forseta, áfram í b-lið:

„b. settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns,

c. viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt."

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að ég er að lesa upp úr samkeppnislögunum.

Í niðurlagslið, d-lið, 11. gr. segir:

„d. sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna," — í þessu tilfelli verðsamningum um fisk — „hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju."

„Hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju", hæstv. forseti. Ég var að lesa hér upp úr samkeppnislögum.

Ég held, hæstv. forseti, að það sé fullt tilefni til þess fyrir hv. Alþingi að gefa sér tíma til að fara ofan í þessi mál og ég held að það væri fróðlegt fyrir hæstv. sjávarútvegsráðherra ef þessi tillaga yrði samþykkt og hann skipaði þá nefnd til þess að skoða þessi mál. Af sjálfu sér leiðir að ef hv. sjávarútvegsnefnd vill breyta efni tillögunnar á þann veg að þessi mál séu fyrst skoðuð áður en lagafrumvarp er boðað þá mun meiri hlutinn auðvitað ráða því. En ég trúi því varla að menn ætli algjörlega að berja hausnum við steininn og segja sem svo: Ja, þrátt fyrir samkeppnislögin og þrátt fyrir viðskiptaumhverfið og þrátt fyrir þær tölur sem ég las hér upp um verð á ferskum fiski upp úr sjó, annars vegar í beinum viðskiptum, samkvæmt upplýsingum Verðlagsstofu skiptaverðs, og hins vegar á markaði, að þá sé ekkert óeðlilegt við það þó að í fleiri, fleiri mánuði muni 50–60 krónum á hvert einasta kíló upp úr sjó af sama svæði.

Eigum við að trúa því að það teljist eðlilegt, og eigi að ganga þannig fyrir sig, að verð á fiski í beinum viðskiptum á Vestfjörðum sé 86 kr., sem er aðeins sjö krónum yfir lágmarksverðinu, en lágmarksverð fyrir undirmálsfisk er 77 krónur og einhverjir aurar? Ég tek þetta bara sem dæmi vegna þess að þetta er svo nálægt undirmálsfiskverðinu.

Það er auðvitað þannig að á vertíðinni er fiskur almennt verðmeiri, hann er fullur af hrognum og lifur og hvort tveggja eykur verðmætið. Það er því ýmislegt sem skekkir kannski verðmiðunina, sérstaklega á óslægðum fiski eins og þessar tölur sem ég var að bera saman hér. Þess vegna er nauðsynlegt að þessi mál séu skoðuð bæði eftir árstíð og svæðum. Það er vafalaust til mikill gagnagrunnur hjá Verðlagstofu skiptaverðs, sem er á Akureyri, um það hvernig verðmyndun verður til hér á landi og hvernig hún hefur verið á undanförnum árum.

Ég tel að ef við mundum taka þessa tillögu til alvarlegrar skoðunar mundi verðmæti sjávarfangsins á Íslandi aukast. Vorum við ekki að stofna sérstakan sjóð um aukið verðmæti í sjávarútvegi, AVF-sjóðinn, til þess að stuðla að því? Það er eins og mig minni það, hæstv. forseti, og það séu settir í hann einhverjir tugir milljóna, ég held bara 200 milljónir, á ári til þess að vinna að þeim verkefnum. Ég tel að við séum með þessari tillögu að þjóna þeim markmiðum að auka verðmæti sjávarfangs.

Það er ekki að ástæðulausu sem þessi tillaga er hér flutt ár eftir ár og ég verð að segja það í lok máls míns, hæstv. forseti, að ég furða mig á því — miðað við samkeppnislögin á Íslandi, miðað við það sem menn vita um viðskiptin eins og þau ganga á eyrinni, annars vegar í beinni sölu og hins vegar á fiskmarkaðnum, miðað við hvernig kvótanum er blandað inn í fiskviðskiptin — að menn skuli ekki vilja hafa forustu um það hér á hv. Alþingi að þessi mál séu skoðuð ofan í kjölinn.

Þau eru mörg hættumerkin í sjávarútvegi á Íslandi og það er ýmiss konar þróun í gangi sem ekki er jákvæð að mínu mati. Ég hef horft á það hve miklu máli það skipti fyrir landsbyggðina að sjávarútvegurinn væri öflugur og að sjávarþorpin fengju að njóta þeirra landkosta að liggja vel við fiskimiðum. Þau hafa að sumu leyti náð vopnum sínum undanfarin ár í gegnum smábátakerfið en þar eru því miður blikur á lofti, hæstv. forseti. Á fundi Landssambands smábátaeigenda var upplýst að krókaaflamarksbátum hefði fækkað um 108 á einu ári eftir að kvótasett var. Þeim mun örugglega halda áfram að fækka. Ég hygg að því miður muni þetta koma víða niður á sjávarbyggðunum í framtíðinni og það fer ekkert á milli mála að á þessum 108 bátum hafa örugglega starfað yfir 100 manns, sennilega um 200 sjómenn, á undanförnum árum og einhver hefur þjónustað þá.

Því miður virðist allt stefna í það að atvinna í sjávarþorpunum dragist saman. Fiskvinnslur sem starfað hafa án útgerðar hafa ekkert verið í lakari rekstri en fiskvinnslur sem hafa starfað með útgerð og hafa flestar haldið uppi fullri vinnu fyrir sitt fólk, þannig að ég tel að við eigum að skoða þá tillögu vandlega sem hér er rædd og vita hvað megi þar verða til góðs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 23. mál (birting skattskrár). — Þskj. 23.

[20:37]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 90 frá 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Það frumvarp sem ég mæli hér fyrir gerir ráð fyrir því að opinber birting og framlagning á álagningar- og skattskrám landsmanna verði lögð af. Með öðrum orðum er lagt til að einkaskattrannsókn borgaranna hver á öðrum verði afnumin.

Meðflutningsmenn að þessu frumvarpi eru hv. þingmenn Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón Hjörleifsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Pétur H. Blöndal og Drífa Hjartardóttir.

Í stuttu máli má segja, eins og hér hefur komið fram, að frumvarpið geri ráð fyrir því að framlagning og birting á álagningar- og skattskrám landsmanna verði lögð ef, en eins og kunnugt er þá er það þannig að samkvæmt núgildandi lögum eru þessar skattskrár lagðar fram og þá liggja í rauninni frammi upplýsingar um tekjur allra Íslendinga, hvort sem þeir hafa óskað eftir því eða ekki.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að þeirri framlagningu verði hætt.

Herra forseti. Núgildandi löggjöf leggur þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagningar- og skattskrár fram til birtingar og þeim er jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar liggja frammi. Jafnframt heimila núgildandi lög opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa þeirra upplýsinga sem fram koma í skránum í heild eða að hluta til er heimil. Hér á Íslandi eru t.d. gefin út blöð þar sem tíndir eru til ákveðnir einstaklingar og rækilega gert grein fyrir launakjörum þeirra, hvort sem launin eru há eða lág. Það sama má segja um ljósvakamiðlana, þeir hafa gert laun nafngreindra einstaklinga að fréttaefni.

Ef við förum nú aðeins yfir forsöguna þá er það þannig að skattyfirvöldum hefur um áratuga skeið verið skylt samkvæmt lögum að leggja skattskrár einstaklinga fram til birtingar og að auglýsa framlagningu þeirra sérstaklega. Af orðalagi eldri laga um tekjuskatt og eignarskatt er ljóst að tilgangurinn með þessu hefur verið sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins, en jafnframt að tryggja gjaldendum heimild til að fá upplýst hjá skattyfirvöldum um grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og jafnframt kæruheimild vegna slíkra ákvarðana. Enn fremur tryggðu ákvæði eldri laga sérhverjum gjaldanda kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatts. Með öðrum orðum og á mannamáli var tilgangur laganna í öndverðu sá að gefa almenningi tækifæri til að kynna sér álagningu á samborgara sína, enda var það talið nauðsynlegt til þess að tryggja að mögulegt væri að ganga úr skugga um að allir skattgreiðendur landsins greiddu þá skatta sem þeim bæri í samræmi við greiðslugetu og að skattálagning annarra gengi ekki gegn hagsmunum almennings. Það var sem sagt þannig á þessum tíma að almenningi voru heimilaðar svokallaðar samanburðarákærur ef grunsemdir voru um að tekjur og eignir tiltekinna einstaklinga væru of lágt taldar eða ótaldar. Með öðrum orðum höfðu menn heimild til þess að kæra nágranna sinn ef þeir töldu að viðkomandi væri ekki að greiða það sem honum bæri að greiða til hinna sameiginlegu sjóða.

Þessi regla kom fram í 35. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 74, a.m.k. í lögunum frá árinu 1921. Í 36. gr. laganna frá 1921 var að finna þær kæruheimildir sem ég nefndi hér áðan. Ég ætla ekki að lesa upp lagaákvæði gömlu skattalaganna, eins og þau voru á þeim tíma, en ég vek athygli á því að þessi lagaákvæði eru tekin upp í greinargerð með frumvarpinu í heild sinni. Sambærileg ákvæði var síðan að finna í 36. gr. og 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 frá árinu 1935, og einnig í 37. gr. og 38. gr. tekjuskattslaganna frá árinu 1954.

Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 70/1962, var gerð veigamikil breyting á þessum ákvæðum. Samkvæmt 39. gr. og 40. gr. laganna var skattstjórum eftir sem áður gert að leggja fram skattskrár í umdæmum sínum. Hins vegar var felld niður sú kæruheimild sem gjaldendur höfðu vegna ákvörðunar skatta á tekjur og eignir þriðja manns. Með öðrum orðum, samanburðarkærurnar voru felldar niður, mönnum leyfðist ekki lengur samkvæmt íslenskum lögum að kæra náungann, kæra nágranna sinn ef þeir höfðu ástæðu til að eigin mati vegna þess að þeir töldu að viðkomandi greiddi ekki þá skatta sem honum bar í hina sameiginlegu sjóði. Í greinargerð með frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem varð að lögum nr. 70/1962, kemur fram rökstuðningur fyrir þessari breytingu, þ.e. að fella niður kæruheimildir Þar segir, með leyfi forseta:

„Fellt er niður ákvæði 2. málsl. 38. gr. núgildandi laga um heimild gjaldenda til þess að kæra út af því, að tekjur og eign annarra gjaldenda sé of lágt ákveðin o.s.frv. Þessu ákvæði mun sjaldan eða aldrei hafa verið beitt, og verður því að teljast óþarft. Auðvitað getur hver gjaldþegn eftir sem áður komið á framfæri við skattstjóra eða umboðsmann hans hverjum þeim upplýsingum og ábendingum, sem hann telur ástæðu til."

Herra forseti. Fram til ársins 1979 lögðu skattyfirvöld einungis fram skattskrár, meðal annars samkvæmt þeim ákvæðum sem ég hef hér lýst. Fram að þeim tíma var ekki gerður neinn lagalegur munur á skattskrám annars vegar og álagningarskrám hins vegar. Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, var slíkur greinarmunur gerður og skattstjórum gert skylt að leggja bæði álagningar- og skattskrár fram árlega, samkvæmt ákvæðum 98. gr. laganna. Með 8. gr. laga nr. 7/1984 var opinber birting og útgáfa álagningar- og skattskráa síðan heimiluð og hefur verið það síðan. Í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem fylgdi lagabreytingunni árið 1984 kom fram það álit meiri hluta nefndarinnar að ótvírætt væri að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar væri í heild til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald og að slík birting gegndi að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Framlagning álagningar- og skattskráa væri þannig hugsuð sem

þáttur í virku skatteftirliti og ætlað að koma í veg fyrir undanskot frá skatti.

Frá því að síðastnefndu breytingarnar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt voru gerðar hefur framkvæmd laganna verið sú að skattstjórar hafa árlega lagt fram álagningar- og skattskrár í hverju umdæmi og jafnframt hefur, eins og ég sagði áður, efni þeirra verið gerð ítarleg skil í fjölmiðlum. Með frumvarpi þessu er lagt til að breyting verði gerð þar á.

Ef við víkjum stuttlega að því, eftir þessa réttarsögulegu yfirferð sem hófst með yfirferð á ákvæðum tekjuskattslaganna frá 1921, hvaða reglur gilda í löndunum í kringum okkur, þ.e. á Norðurlöndunum, þá eru reglur um birtingu upplýsinga um skattgreiðslur einstaklinga ekki samræmdar þar. Ákvæði norskra laga munu vera sambærileg núgildandi ákvæðum íslenskra laga um tekjuskatt og eignarskatt hvað varðar birtingu upplýsinga úr skattskrám. Samkvæmt sænskum lögum hafa þarlend skattyfirvöld víðtækar heimildir til að birta upplýsingar um skattgreiðslur einstaklinga. Í dönskum lögum er hins vegar kveðið á um algera leynd um skattgreiðslur einstaklinga, en Danmörk er það land sem við höfum kannski fyrst og fremst miðað okkur við og litið til í lagasetningu á Íslandi. Þessar reglur er því mismunandi á Norðurlöndunum en ég vil taka fram að mér er ekki kunnugt um hvaða reglur gilda í Finnlandi.

Hægt er að nefna ýmsa annmarka á núgildandi löggjöf hvað varðar álagningar- og skattskrár einstaklinga. Þar er fyrst að telja að tölvutæknin gerir það að verkum að álagningar- og skattskrár eru nú unnar á tölvutæku formi. Með afhendingu skránna kunna að rísa fjölmörg álitamál. Þannig má nefna að með samtengingu slíkra skráa við aðrar skrár er hægt að kalla fram nákvæmar persónuupplýsingar um alla landsmenn. Slíkar upplýsingar má nota í ýmsu skyni og sú hætta er fyrir hendi að þær kunni að verða notaðar jafnvel í annarlegum tilgangi.

Núgildandi löggjöf leysir þennan vanda ekki að öllu leyti. Samkvæmt lögum ber að leggja álagningarskrárnar fram síðsumars en endanleg skattskrá er ekki lögð fram fyrr en í janúarmánuði. Ólík ákvæði gilda reyndar um birtingu skránna. Þannig er ótvírætt tekið fram að skattskrá megi birta og gefa út í heild eða að hluta. Um álagningarskrána segir hins vegar einvörðungu að hún skuli liggja frammi til sýnis í tiltekinn tíma. Ekki er hins vegar kveðið á um það í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt hvort afhenda megi skrárnar á tölvutæku formi eða hvort vinna megi úr þeim líkt og tíðkast í fjölmiðlum, en auðvitað lægist að manni sá grunur að það sé gert, a.m.k. þegar maður fylgist með umfjöllun fjölmiðla um þessar upplýsingar.

Víkjum þá að helstu rökunum fyrir frumvarpinu og þeim breytingum sem lagðar eru til á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt. Eins og áður segir er ljóst að tilgangurinn með því að skylda skattyfirvöld til að leggja fram skattskrár einstaklinga var í fyrsta lagi sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins og grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimild vegna slíkra ákvarðana. Í öðru lagi var tilgangurinn sá að tryggja almenningi kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatts. Af orðalagi eldri lagaákvæða má vera ljóst að forsenda þess að gjaldendur gætu neytt kæruheimildar sinnar gagnvart þriðja manni var sú að skattskrárnar lægju frammi. Að öðrum kosti, og það segir sig sjálft, hefði almenningi verið ómögulegt að beita kæruheimild sinni. Þegar lögfest var breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt árið 1962 og kæruheimild felld niður brustu þær forsendur sem lágu að baki framlagningu skattskráa einstaklinga. Það sér hver maður í hendi sér að erfitt hefði verið að beita þessari kæruheimild og kæra náungann ef upplýsingarnar hefðu ekki legið frammi í þessum skrám.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum 98. gr. tekjuskattslaganna hvílir á skattstjórum sú skylda að senda hverjum gjaldanda sérstaka tilkynningu eða álagningarseðla með upplýsingum um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir á viðkomandi skattári. Í slíkum tilkynningum koma fram sömu upplýsingar og birtar eru í þessum skrám. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að breyting verði gerð á þeirri framkvæmd. Í ljósi hennar verður hins vegar ekki séð að framlagning skránna samkvæmt núgildandi löggjöf feli í sér annan tilgang en að gefa almenningi kost á að kynna sér fjárhagsleg málefni náungans vegna þess að hver og einn fær þær upplýsingar sem hann varða sendar heim til sín. Viðkomandi getur þá farið yfir sína skattseðla og álagningarseðla til að kanna hvort rétt er farið með hjá skattyfirvöldum.

Herra forseti. Veigamestu rökin að baki frumvarpinu eru þau að telja verði að að birting álagningar- og skattskráa samkvæmt ákvæðum núgildandi laga brjóti gegn rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs. Það er gömul saga og ný að fjárhagsleg málefni einstaklinga eru meðal viðkvæmustu persónuupplýsinga í nútímasamfélagi sem flutningsmenn telja eðlilegt og sanngjarnt að fari leynt. Ljóst má vera að með framlagningu álagningar- og skattskráa fer fram birting á upplýsingum sem gefa glögga mynd af tekjum nafngreindra einstaklinga. Færa má rök fyrir því að notkun upplýsinganna hafi breyst verulega frá því að tryggja kærurétt gjaldenda gagnvart samborgurum sínum til þess að vera orðnar að þaulskipulagðri markaðsvöru. Í framkvæmd hefur þróunin orðið sú á síðustu árum að framlagning álagningar- og skattskráa hefur orðið uppspretta frétta um fjárhagsleg málefni einstaklinga. Eins og ég sagði áðan er það orðinn árlegur viðburður að fjölmiðlar vinni upplýsingar upp úr álagningar- og skattskrám um tekjur manna. Birtir eru listar yfir tekjuhæstu einstaklingana í hverri starfsgrein, gjarnan með samanburði frá ári til árs. Leiða má líkur að því að fjölmiðlaumræða af slíku tagi feli í sér hættu á að einstaklingar verði fyrir óverðskuldaðri áreitni vegna tekna sinna, ýmist vegna þess að þær þyki of háar eða of lágar. Við höfum dæmi um það frá Noregi, sérstaklega í smáum plássum þar sem nálægðin er mikil, að börn einstaklinga með lágar tekjur hafa orðið fyrir einelti og aðkasti í skólum vegna þess hversu illa staddir foreldrar þeirra eru fjárhagslega. Þetta mál á sér ýmsar hliðar og það hafa komið upp óheppileg atvik, m.a. í Noregi, sem leitt hafa til þess að umboðsmaður barna í Noregi hefur mælst til þess við norska löggjafann og þarlend skattyfirvöld að gerðar verði breytingar á þeim reglum sem gilda um þessa framlagningu.

Flutningsmenn frumvarpsins telja að framlagning þessara skráa geti haft fleiri ókosti í för með sér. Birting upplýsinga um tekjur einstaklinga er til þess fallin að grafa undan

því trúnaðarsambandi sem viðgengist hefur á vinnumarkaði um launakjör í frjálsum vinnusamningum. Á flestum vinnustöðum eru launakjör starfsmanna trúnaðarmál launþega og vinnuveitanda. Með því að skylda skattstjóra til að leggja álagningar- og skattskrár fram gerir ríkisvaldið þennan trúnað að engu. Það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að fylgjast með launamun kynjanna og öðru slíku. Stéttarfélögin og aðrir sem slíku sinna munu eftir sem áður geta gert sínar launakannanir og barist gegn þeirri slæmu þróun sem ójafnrétti í launum felur í sér. Framlagning á persónugreindum upplýsingum hefur ekkert með það að gera vegna þess að þær upplýsingar liggja ekki frammi nema í hálfan mánuð í senn.

Allt frá því að lögfest voru lagaákvæði um framlagningu á þessum skrám fyrir áratugum síðan hafa átt sér stað gríðarlegar umbætur hvað varðar réttarstöðu einstaklinga gagnvart ríkisvaldinu og réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífsins hefur verið bættur verulega, ég held að við þurfum ekki að rífast neitt um það hér því þannig er það. Í því sambandi má nefna setningu laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, stjórnsýslulaga og upplýsingalaga. Þá hefur í íslenskri löggjöf verið lögð aukin áhersla á vernd mannréttinda meðal annars með lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu og með endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar árin 1995 og 1997. Á sama tíma má segja að réttarvitund almennings hafi tekið breytingum og það má ætla að almennir borgarar geri sér nú betur grein fyrir réttindum sínum en áður og þeim takmörkunum sem ríkisvaldinu eru sett gagnvart þeim, þar á meðal hvað varðar meðferð ríkisvaldsins og annarra aðila á viðkvæmum persónuupplýsingum. Nægir þar að nefna þær umræður sem sköpuðust um meðferð heilsufarsupplýsinga einstaklinga í aðdraganda setningar laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði árið 1998.

Þá er rétt að geta þess, herra forseti, að víða í íslenskri löggjöf er réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs tryggður og hömlur settar við meðferð, birtingu eða opinberun á viðkvæmum persónuupplýsingum einstaklinga. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar er friðhelgi einkalífs einstaklinga vernduð. Sambærilega reglu má finna í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig má nefna að í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, frá árinu 2000, er kveðið á um friðhelgi einkalífs en skv. 1. gr. laganna er þeim m.a. ætlað að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Þá er víða í löggjöfinni kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna um einkahagi einstaklinga, svo sem um fjárhagsmálefni þeirra. Þannig er skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Hið sama gildir um þá sem veita áðurnefndum aðilum aðstoð við störf þeirra eða fjalla á annan hátt um skattframtöl.

Þess má geta að í 22. gr. lögreglulaga frá 1996 er lögð þagnarskylda á lögreglumenn og annað starfslið lögreglu um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Þar er tekið sérstaklega fram að þagnarskyldan nái m.a. til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari.

Í 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki er kveðið á um bankaleynd fjármálafyrirtækja. Þar er mælt fyrir um að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu slíkra fyrirtækja séu bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varða viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þeirra, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Samkvæmt þessum lögum gildir þagnarskyldan jafnframt um hvern þann sem veitir viðtöku upplýsingum sem getið er um í lögunum og ég vék hér að áðan. Sambærileg ákvæði um þagnarskyldu um persónuleg málefni einstaklinga, þar á meðal fjárhagsleg málefni þeirra, gilda samkvæmt lögum um endurskoðendur frá árinu 1997 og lögum um lögmenn frá árinu 1998.

Menn hljóta að sjá, herra forseti, að ekki verður annað sagt en að núgildandi ákvæði 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um framlagningu álagningar- og skattskráa og þar með þeirra upplýsinga sem við höfum verið að fjalla um, fjárhagslegar upplýsingar einstaklinga, séu í verulegu ósamræmi við þau sjónarmið sem fram koma í þeim lögum sem ég hef hér rakið og þær meginreglur sem lögfestar hafa verið í sérlögum um þagnarskyldu um upplýsingar sem varða fjárhagsleg málefni einstaklinga. Ekki verður betur séð en að þetta tvennt rekist hvort á annars horn og telja verður að slík framlagning brjóti í bága við þær meginreglur sem 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs fela í sér.

Flutningsmenn frumvarps þessa telja að gildar ástæður þurfi að liggja til grundvallar löggjöf sem mælir fyrir um svo yfirgripsmikla röskun á friðhelgi einkalífs einstaklinga sem núgildandi löggjöf kveður á um. Hugsanlega nýtur þessi regla og birting þessara upplýsinga meira samþykkis eða skilnings í þjóðfélaginu vegna þess að það eru fyrst og fremst þeir sem hafa hæstu tekjurnar sem þurfa að sæta þessari birtingu. En auðvitað gilda sömu prinsipp um alla aðra, allir þurfa að þola framlagninguna. Mig grunar að heyrast mundi hljóð úr horni einhvers staðar frá ef menn færu á grundvelli nákvæmlega sömu prinsippa og fram koma í ákvæði núgildandi laga að birta upplýsingar um bætur og styrki sem einstaklingar hljóta úr opinberum sjóðum. Ég held að mönnum þætti það mjög ósmekkleg birting á persónulegum gögnum um fjárhagsleg málefni og annars konar félagslegri stöðu einstaklinga. Ég efast ekki um að margir sem sæti eiga á hinu háa Alþingi mundu bregðast við ef sú regla væri í íslenskri löggjöf. Ástæðan fyrir því að ég vík að þessu atriði er að slík birting er í eðli sínu sú sama og að birta upplýsingar um tekjur einstaklinga. Það á ekki að skipta neinu máli varðandi þau grundvallarprinsipp sem ég hef farið yfir og okkar meginreglur um friðhelgi einkalífs snúa að hvort um háar tekjur eða lágar er að ræða. Þetta byggir allt á sama grunni.

Gildar ástæður þurfa að liggja til grundvallar sem mæla fyrir svo yfirgripsmikilli röskun á friðhelgi einkalífsins og

núgildandi löggjöf kveður á um. Með vísan til þess sem ég hef sagt hér verður ekki talið að slíkar ástæður séu fyrir hendi og því er nauðsynlegt að gera þær breytingar sem flutningsmenn frumvarps þessa leggja til að gerðar verði á ákvæðum 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Að lokum vil ég geta þess að frumvarpið felur ekki að neinu leyti í sér að dregið verði úr þeim úrræðum sem skattyfirvöldum eru veitt í núgildandi löggjöf til að sinna virku skatteftirliti, bregðast við undanskotum frá skatti eða til að beita öðrum heimildum sem felast í núgildandi löggjöf eða hún kveður á um. Frumvarpið gerir ráð fyrir að núverandi eftirlit verði eftir sem áður í höndum skattyfirvalda en með því ljúki, verði það samþykkt sem lög frá Alþingi, einkaskattrannsóknum borgaranna hver á öðrum, enda eru þær óeðlilegar og ógeðfelldar og ekki í takt við þá réttarþróun sem átt hefur sér stað á Íslandi á síðustu árum og áratugum.

Virðulegur forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 28. mál. — Þskj. 28.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 21:08.

---

11. FUNDUR

miðvikudaginn 19. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Leyfisveitingar til fyrirtækja, fsp. SigurjÞ, 169. mál, þskj. 169.

Til fjármálaráðherra:

2. Gegnumlýsingartæki fyrir tollgæsluna, fsp. GHall, 100. mál, þskj. 100.

Til iðnaðarráðherra:

3. Jöfnun flutningskostnaðar, fsp. KLM, 107. mál, þskj. 107.

4. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar, fsp. AKG og MF, 182. mál, þskj. 182.

Til samgönguráðherra:

5. Veggjöld, fsp. JÁ, 150. mál, þskj. 150.

Til heilbrigðisráðherra:

6. Stofnanir fyrir aldraða, fsp. BjörgvS, 111. mál, þskj. 111.

7. Kjarabætur til vistfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum, fsp. ÁRJ, 159. mál, þskj. 159.

Til félagsmálaráðherra:

8. Kynbundið ofbeldi, fsp. KolH, 195. mál, þskj. 195.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður verða í dag. Hin fyrri hefst strax á eftir, áður en gengið er til dagskrár, og er um stöðu útflutningsgreina. Málshefjandi er hv. þm. Sigurjón Þórðarson, hæstv. forsætisráðherra verður til andsvara.

Hin síðari hefst um kl. 3.30 í dag og er um Reykjavíkurflugvöll. Málshefjandi er hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, hæstv. samgönguráðherra verður til andsvara.

Umræðurnar fara fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

Athugasemdir um störf þingsins.

Niðurstaða fjölmiðlanefndar.

[13:32]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins vegna nokkuð sérkennilegrar uppákomu sem varð á landsfundi Sjálfstæðisflokksins og í framhaldi af þeim fundi. Mig langaði til að beina orðum mínum til hæstv. forsætisráðherra af því tilefni. Nú kann einhverjum að þykja það sérkennilegt að vilja tala við hæstv. forsætisráðherra um uppákomur á þingi sjálfstæðismanna sem hann ber auðvitað ekki ábyrgð á en ástæðan er sú að þetta sneri að fjölmiðlunum og þeirri sátt í fjölmiðlamálinu sem ég og, held ég, þingheimur allur og þjóðin hélt að hefði náðst í því máli síðasta vor.

Eins og menn rekur minni til varð mikið uppistand í þessu samfélagi á árinu 2004, og lék raunar allt á reiðiskjálfi út af fjölmiðlamálum. Mikið kapp var lagt á það þegar menntamálaráðherra setti niður nefnd um fjölmiðlamálið að menn næðu sátt og samstöðu í þeirri nefnd. Svo mikið kapp var á það lagt að nefndin sammæltist um að allar tillögur hennar skyldu koma til framkvæmda saman, það skyldi ekki vera þannig að það væri hægt að taka einhverjar þeirra út úr og setja í löggjöf, heldur væru þær allar fyrir eina og ein fyrir allar. Það var svo mikið kapp lagt á þessa sátt að ekki var einu sinni gert ráð fyrir bókunum í þessari nefnd. Um þetta sammæltumst við öll og því vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort þessi sátt standi eða hvort til standi að rjúfa hana, rjúfa þessa sátt núna á þessu þingi.

Stendur hún og mun fjölmiðlafrumvarp koma fram sem byggir á þessum tillögum eða er verið að rjúfa þessa sátt?

[13:34]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Engin sátt hefur verið rofin. Það er náttúrlega alveg ljóst að allir stjórnmálaflokkar í landinu verða að hafa svigrúm og tækifæri til að marka sína stefnu og koma með hana fram. Það er það sem hefur gerst á þessum fundi Sjálfstæðisflokksins og er ekkert við það að athuga.

Hins vegar hefur komið út skýrsla í þessu máli sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók þátt í að semja og vann þar ágætt starf. Ég tel að niðurstöður nefndarinnar séu mjög góðar og ég hef lýst því yfir áður að ég geng út frá því að áfram verði byggt á starfi hennar. Hæstv. menntamálaráðherra hefur gert það jafnframt þannig að ég vænti þess að það starf haldi áfram á þeim grundvelli og að við varðveitum þá sátt sem þar hefur verið. En auðvitað kann svo að vera að einstakir flokkar hafi eitthvað mismunandi áherslur í þessu máli eins og alltaf er. Það ætti samt ekki að koma í veg fyrir að menn geti náð saman í málinu.

[13:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Mér þótti það nokkuð miður í morgun þegar ég skoðaði blöðin og sá að Morgunblaðið greindi frá því að hæstv. menntamálaráðherra teldi allt of hátt þetta tiltekna hlutfall eignaraðildar sem nefndin sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir nefndi hér áðan komst að niðurstöðu um. Ég verð að viðurkenna að mér finnst að í þeim efnum hafi hæstv. ráðherra gert lítið úr ákveðinni sáttargjörð sem hún hafði miklar mætur á fyrir örfáum mánuðum og gerði mjög mikið úr. Mér þykir afar miður að hæstv. ráðherra skyldi ekki leyfa sér að standa með þeirri sáttargjörð sem hún kallaði svo sl. vor þegar komið var inn á landsfund flokks hennar, Sjálfstæðisflokksins. Mér finnst að hæstv. ráðherra láti í það skína að hún hafi jafnvel alltaf haft þá skoðun að 25% hámarkseignarhlutfall sé of hátt. Mér finnst það skjóta skökku við ef skoðuð eru orð hennar í fjölmiðlum í fyrra þar sem hún sagði berum orðum að hún teldi að það bæri að líta á tillögur nefndarinnar sem eina heild og sagðist mundu leggja fram frumvörp til laga á Alþingi Íslendinga sem mundu byggja á tillögum fjölmiðlanefndarinnar.

Ég gerði grein fyrir þessum sjónarmiðum mínum á heimasíðu minni í morgun. Ég fer þar nánar í ummæli hæstv. ráðherra en mér þykir reyndar gott að heyra hæstv. forsætisráðherra segja það að hann telji þessa sátt þess virði að það þurfi að varðveita hana. Ég skil þá orð hans svo að hann vilji að áfram verði byggt á þeim sáttagrundvelli sem náðist í störfum fjölmiðlanefndarinnar þannig að ég tel svo sem að ekkert sé að brenna þó að hæstv. menntamálaráðherra hafi sagt það sem hún sagði. Ég treysti því bara enn að hæstv. ríkisstjórn standi við þann grundvöll sátta sem náðist í starfi fjölmiðlanefndarinnar.

[13:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér finnst afar leitt ef hæstv. menntamálaráðherra sem boðaði til sérstaks fundar þegar við lukum störfum í svokallaðri fjölmiðlanefnd hefur nú skipt um skoðun og lítur svo á að sú sáttargjörð sem hæstv. ráðherra kynnti með miklum fögnuði síðasta vor sé ekki sú sem byggja megi á, og eins að haft sé eftir henni í Morgunblaðinu að 25 prósentin sem náðist sátt um sé allt of hátt hlutfall.

Ég tek líka fram fyrir hönd okkar í Frjálslynda flokknum að við lögðum þeirri niðurstöðu lið, þessari tölu, til að ná sátt um málið og við teljum þá niðurstöðu sem þarna náðist varðandi takmörkun á eignarhaldi alveg viðunandi.

Mér virðist hins vegar, hæstv. forseti, að upp sé kominn enn einn ágreiningurinn milli ríkisstjórnarflokkanna eftir landsfund Sjálfstæðisflokksins. Hér birtist skýr ágreiningur um öryrkjamálið, varðandi styrk fyrir hreyfihamlaða, eftir landsfundinn og nú hefur forsætisráðherra sagt hér að hann teldi að þetta væri sátt sem ætti að byggjast á. Tveir ráðherrar í ríkisstjórninni, hæstv. ráðherrar Geir Haarde og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, telja hins vegar svo ekki vera. Ég fagna þó þeirri afstöðu hæstv. forsætisráðherra að það eigi að byggja á þessari skýrslu en það hins vegar opinberar enn einn ágreininginn á ríkisstjórnarheimilinu þannig að alls ekki virðist vera ljóst að það sé nein sátt í þessu máli, því miður.

[13:39]

Mörður Árnason:

Forseti. Var það ekki hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem sagði að útkominni fjölmiðlaskýrslunni að þarna hefði fengist söguleg sáttargjörð? Mig minnir það. En einn mann virðist hafa gleymst að sætta við þessa skýrslu, Davíð Oddsson, fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Þegar Davíð Oddsson sagði á landsfundi Sjálfstæðisflokksins að þessi skýrsla væri handónýt og öll sú vinna sem í hana hefði verið lögð, handónýt, og það þyrfti að taka þetta mál upp aftur, já, þá snerust tveir vindhanar í rétta átt. Þeir voru hæstv. utanríkisráðherra Geir Haarde, nýorðinn formaður Sjálfstæðisflokksins, og hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ráðherra hinnar sögulegu sáttargjörðar. Þá snerust þau 180° vegna þess að enn þá stjórnar Sjálfstæðisflokknum Davíð Oddsson.

Við í Samfylkingunni gerðum þær athugasemdir við þessa málamiðlun sem varð í fjölmiðlanefndinni að þessi prósenta væri sérkennileg. Ég vakti athygli á því að með þessari prósentu þyrfti að taka upp eignarhald Morgunblaðsins sem enginn hafði þangað til og hingað til gert athugasemdir við eignarhaldið á, það þyrfti að taka það upp, það þyrfti að segja eigendum Morgunblaðsins að skipta sér, fara í frumuskiptingu. Það er sérkennileg niðurstaða að við þyrftum að gera það, það hlýtur nú ráðherra hinnar sögulegu sáttargjörðar að taka undir. En nei, það á að fara enn lengra, það á að draga prósentuna enn lengra niður og forsvarsmaður þess, hinn nýi varaformaður Sjálfstæðisflokksins, ætlar að gera það meðan hún leggur fram frumvarp um það að hún ein, hæstv. ráðherra, fari með 100% vald í einum fjölmiðli á landinu, þeim sterkasta, Ríkisútvarpinu. Er hægt að taka mark á þessu fólki? (**Gripið fram í:** Nei.)

[13:41]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Fjölmiðlaskýrslan markaði tímamót, það er alveg rétt. Það voru ákveðnar sögulegar sættir sem fengust með fjölmiðlaskýrslunni en ég veit ekki betur en að einmitt til að mynda hv. þm. Mörður Árnason hafi lýst því yfir að það þyrfti að athuga þessa prósentu eitthvað betur. Ef hv. þm. Mörður Árnason má hafa sína persónulegu skoðun á því hvort þetta sé of há eða lág prósenta, af hverju má ég ekki hafa hana líka? Og ég hef alla tíð sagt það, það er mín skoðun, að þetta sé of há prósenta. Við byrjuðum með 5%, við fórum upp í 10% og síðan var þessu breytt.

Að sjálfsögðu tek ég undir það sem hæstv. forsætisráðherra sagði. Við munum leggja skýrsluna til grundvallar og við munum gera allt til þess að halda áfram þeirri sögulegu sátt sem náðist með fjölmiðlaskýrslunni og virkja alla flokka sem eru á þingi, alla þingflokka. (**MÁ:** Framsóknarflokkinn líka?) Menn sem þora að koma fram undir nafni koma að sjálfsögðu að því að mynda og móta þetta frumvarp sem við munum setja niður um fjölmiðla.

En ég verð að segja að það eru heldur kaldar kveðjur sem formaður stjórnmálaflokks sendir út til síns eigin flokksfólks. Hvað hefur gerst síðan fjölmiðlaskýrslan var samþykkt? Jú, eitt og annað hefur gerst í samfélaginu, m.a. landsfundur Sjálfstæðisflokksins, og hvernig forustumenn eru það í flokki sem eftir heilan landsfund sem fer í gegnum mjög mikla málefnavinnu, ætla síðan ekki að leggja við hlustir og ekki að útskýra hver stefna flokksins er? Eru það skilaboðin sem til að mynda formaður Samfylkingarinnar vill senda út til síns fólks þegar það er með aðalfund, að þegar Samfylkingin er með sinn landsfund eða flokksþing sé bara sagt: Nei, heyrðu, það sem þið ályktið, við ætlum ekkert að hlusta á ykkur? Þannig virkar þetta ekki í Sjálfstæðisflokknum. Við hlustum á það sem sagt er á landsfundi og við segjum fólki hver línan er.

Og hver er línan, með leyfi forseta?

„Koma þarf í veg fyrir samþjöppun og einokun á fjölmiðlamarkaði svo stórir aðilar á markaði fái ekki neytt aflsmunar til þess að hafa áhrif á fréttaflutning og skoðanamyndun í landinu." Þetta er sú skoðun sem landsfundur gaf út, fjölmennasti landsfundur sem sögur fara af.

[13:44]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta er athyglisverð umræða sem hér fer fram. Þetta er umræða um hina sögulegu sáttargjörð sem talið var að tiltekin nefnd sem var skipuð af hæstv. menntamálaráðherra hefði komist að niðurstöðu um. Í þeirri nefnd sátu fulltrúar allra flokka, m.a. a.m.k. tveir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins. Það er merkilegt þegar verið er að leita að sátt í jafnstóru máli, máli sem hefur skekið samfélagið um langt skeið og verið var að leita að niðurstöðu í, ef nú á að hlaupast undan merkjum, ef Sjálfstæðisflokkurinn, þ.e. flokkurinn sem skipaði nefndina, flokkurinn sem hafði frumkvæði að því að koma þessari nefnd á laggirnar, ætlar við þessar aðstæður að hlaupast undan merkjum. Það eru athyglisverð skilaboð, skilaboð líka til stjórnarandstöðunnar þegar verið er að óska eftir samstarfi, ef sameiginleg niðurstaða er ekki virt lengur en það hentar.

Það er rétt sem hv. þm. Mörður Árnason sagði áðan. Auðvitað eru það fyrst og fremst áhrif verðandi seðlabankastjóra, fyrrverandi formanns flokksins, sem gera það að verkum að formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hæstv. ráðherrar, koma núna með gjörbreytta afstöðu frá því sem var fyrir viku. Þetta er mjög athyglisvert.

Ég vil um leið lýsa velþóknun minni á því að hæstv. forsætisráðherra virðist ekki hafa vikið af þeirri línu sem gefin var og sættir náðust um í vor. Ég lýsi sérstakri ánægju með það og það hefur komið skýrt fram í þessari umræðu að hæstv. forsætisráðherra er ekki á hlaupum eftir viðhorfum upprennandi seðlabankastjóra.

[13:46]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Samfylkingin hefur á síðustu árum talað mikið um lýðræði og reynt að uppmála sig sem helsta málsvara lýðræðis á Íslandi og hefur þar fremst farið í flokki núverandi formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Nú kemur hv. þingmaður hingað upp í ræðustól Alþingis og lýsir því að sérkennileg uppákoma hafi átt sér stað á landsfundi Sjálfstæðisflokksins og í kjölfar þess fundar, þ.e. að hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. utanríkisráðherra lýsi því yfir að þeir séu samþykkir og sammála þeim ályktunum sem samþykktar eru á 2000 manna landsfundi flokksins.

Það er þannig á landsfundi Sjálfstæðisflokksins og í skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins að það er landsfundur sem skapar stefnu okkar og við hlustum á fólkið í flokknum okkar. Það er það sem fær að búa til þá stefnu sem við störfum eftir og auðvitað koma ráðherrar okkar og þingmenn sem starfa samkvæmt ályktunum flokksins og tala í takt við það sem þar fer fram. Skárra væri það nú ef það væri ekki gert og það furðar mig að stjórnmálamanni sem talar fyrir lýðræði og gefur sig út fyrir að vera mikill lýðræðissinni þyki slíkt verklag vera sérkennilegt, að það sé sérkennileg uppákoma. Auðvitað er það ekki svo. Þetta eru eðlileg lýðræðisleg vinnubrögð sem við vinnum eftir.

Ég vil líka taka fram að það stendur ekki til að rjúfa neina sátt sem komist hefur verið að. En með fullri virðingu fyrir þeirri fjölmiðlanefnd sem sat hér og komst að niðurstöðu vil ég benda á að fjölmiðlanefndin setur engin lög. Það er Alþingi Íslendinga sem kemur til með að setja lög um fjölmiðla ef það verður niðurstaðan, ekki þessi fjölmiðlanefnd. Og það verður Alþingi en ekki nefndin sem mun segja sitt síðasta orð í því máli.

[13:49]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja það að mér finnst viðbrögð hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar æðisérkennileg í ljósi þess að fjölmiðlaumhverfið hefur verið til mikillar umræðu. Menn hafa rætt mismunandi lausnir í því sambandi.

Það er rétt sem fram hefur komið að þegar skýrsla menntamálaráðherra kom út á liðnu vori tóku þingmenn úr öllum flokkum jákvætt í þá niðurstöðu. Það lá hins vegar alltaf ljóst fyrir að sú niðurstaða sem þar varð var einungis

grundvöllur undir væntanlegt lagafrumvarp og ég held að það sé enginn vafi í hugum manna að það frumvarp verður, eins og hæstv. menntamálaráðherra greindi frá áðan, byggt á niðurstöðu nefndarinnar, byggt á ákveðinni sátt um ákveðin grundvallarsjónarmið sem þar koma fram. Við vitum hins vegar að í meðförum þings og í umræðum sem munu fara fram í því sambandi skoða menn auðvitað ýmsa þætti varðandi útfærslu og þess háttar.

Nú er ég ekki að segja hver niðurstaðan verður, ekki hef ég hugmynd um það. Frumvarpið höfum við ekk séð og þess vegna eru umræður um væntanlegt frumvarp fullkomlega ótímabærar. Hins vegar er enginn vafi í huga mínum að það starf sem var unnið í nefndinni verður mikilvægur grundvöllur lagasetningar á þessu sviði jafnvel þótt menn hafi ólíkar skoðanir á útfærsluatriðum eins og oft hefur komið fram. Ég minni á að í umræðum um skýrsluna þegar hún var kynnt á liðnu vori þá var helst að heyra efasemdaraddir úr ranni Samfylkingarinnar. Ég minnist þess sérstaklega að hv. þm. Mörður Árnason var eini þingmaðurinn sem gerði verulegan fyrirvara við skýrsluna í þeim umræðum.

[13:51]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég talaði áðan um sérkennilegar uppákomur á landsfundi Sjálfstæðisflokksins og ég var þar að sjálfsögðu ekki að vísa til þess að flokkurinn hefði markað sér stefnu í einu og öðru þó að auðvitað megi hafa um það einhver orð. Hin sérkennilega uppákoma var auðvitað ræða fráfarandi formanns flokksins og einnig hvernig eftir fundinn núverandi formaður og varaformaður runnu í þá slóð sem formaðurinn markaði áður en hann stóð upp úr formannsstólnum.

Ég skoða samþykktir landsfundar Sjálfstæðisflokksins af fullri alvöru. Ég hef ekki orðið vör við að þar standi neitt um neinar prósentur í samþykktum um eignarhald á fjölmiðlum. Ég varð ekki vör við að þar væri nefnd nein prósenta yfirleitt, ekki 25%, 10% eða 5%. Það er því algerlega túlkun þessara ráðamanna að 25% séu of há og að prósentan eigi að vera eitthvað lægri. Og núna stendur hæstv. menntamálaráðherra í þeim sporum að hún verður að gera annað tveggja, hlaupast undan merkjum sáttar sem náðist hér þvert á alla pólitíska flokka í vor og líka sátta við alla þá sem koma að fjölmiðlum í landinu eða hitt að hún verður að hlaupast undan merkjum þeirrar stefnu sem mörkuð var á landsfundi Sjálfstæðisflokksins miðað við þá túlkun sem hún leggur í stefnuna í ræðustól Alþingis.

Ég lít hins vegar svo á að ég hafi orð hæstv. forsætisráðherra fyrir því að það frumvarp sem lagt verði fram byggi á tillögunum sem fjölmiðlanefndin kom sér saman um og voru samþykktar þar. Hvað gerist með það frumvarp í þinginu er svo önnur saga því að þingið tekur það auðvitað til umfjöllunar. En að frumvarpið verði lagt fram og byggi á tillögum fjölmiðlanefndar tel ég mig hafa orð hæstv. forsætisráðherra fyrir.

[13:53]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það hárrétt sem hefur komið fram í máli stjórnarþingmanna og hæstv. forsætisráðherra að frumvarpið verður byggt á fjölmiðlaskýrslunni sem var lögð fram í vor. Fjölmiðlaskýrslan sem slík gerir fólk hins vegar ekki skoðanalaust, a.m.k. ekki mig. Þetta er mín skoðun, mér finnst hlutfallið of hátt. En frumvarpið er á lista mínum um lagafrumvörp og mun verða lagt fyrir á þessu þingi. Ég hef þegar sagt að ég mun gera allt til þess að það verði sem mest sátt um það. Þess vegna hef ég sagt að ég tel mikilvægt að allir stjórnmálaflokkar komi að samningu frumvarpsins á einn eða annan hátt þannig að sem mest samstaða náist um það.

Afstaða mín er skýr og afstaða Sjálfstæðisflokksins er skýr. Menn eiga að setja lög um fjölmiðla sem fela í sér breytt eignarhald og skarpar línur í þá veru að tryggja sem fjölbreyttasta og frjálsasta fjölmiðlun hér á landi. Þetta mál er alveg skýrt hvað það varðar.

Ég ítreka einnig það sem ég sagði áðan: Mér finnst það mjög ankannalegt þegar landsfundur Sjálfstæðisflokksins er nýafstaðinn að við, formaður og varaformaður, segjum ekki hver stefna flokksins sé. Mér finnst það mjög skrýtin skilaboð ef það á algerlega að hunsa þau skilaboð sem þaðan koma. Mér finnst sjálfsagt að menn veki athygli á þeim. En fjölmiðlaskýrslan var lögð fyrir í vor og það mun verða byggt á henni. Síðan er annað mál hvað þingið mun gera í kjölfar þess frumvarps sem lagt verður fyrir.

Umræður utan dagskrár.

Staða útflutningsgreina.

[13:55]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra hefur haldið fram sí og æ að það gæti mikils stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Það er rétt að hæstv. forsætisráðherra viðurkenni að svo er ekki. Rétt eins og hann ætti fyrir löngu að vera búinn að viðurkenna að ekki var rétt að styðja innrásina í Írak. Hvers vegna er rétt að viðurkenna það sem m.a. Seðlabankinn bendir á, að það ríkir ójafnvægi í þjóðarbúskapnum? Það er vegna þess að forsætisráðherra sem yfirmaður efnahagsmála á að senda réttu skilaboðin út í þjóðfélagið og bregðast við hættunum sem allir aðrir en framsóknarmenn sjá. Það er helst að það örli eitthvað á áhyggjum yfir stöðunni hjá hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur en hún tjáir áhyggjur sínar í nokkrum pistlum á heimasíðu sinni. Fólk á höfuðborgarsvæðinu sér ójafnvægið í því að íbúðaverð hækkar um 40% á einu ári.

Að undanförnu hefur mest verið rætt um augljósan vanda fiskvinnslunnar, hás gengis og lokun rækjuverksmiðja víða um land, svo sem á Stykkishólmi, Húsavík, Blönduósi og víðar. Það bætir gráu ofan á svart sem byggðaeyðing kvótakerfis hæstv. forsætisráðherra hefur þegar stigið fæti niður.

Það eru fleiri útflutningsgreinar sem eiga erfitt uppdráttar, svo sem ferðaþjónustan. Ferðaþjónustan er sú atvinnu-

grein sem hefur vaxið hvað hraðast fiskur um hrygg á síðustu árum og hefur ferðamönnum fjölgað um liðlega fimmtung á hverju ári frá 1995. Í vor sem leið fannst aðilum í ferðaþjónustunni nóg um hátt gengi krónunnar en síðan þá hefur krónan styrkst um liðlega 10% og enn sigið á ógæfuhliðina. Fyrirtæki sem kynnir og selur þjónustu sína í erlendri mynt fær einfaldlega 10% færri krónur í kassann. Stór kostnaðarliður fyrirtækja í ferðaþjónustu eru laun greidd í íslenskum krónum sem munu miklu frekar hækka en standa í stað.

Ferðaþjónustuaðilar eru þessa dagana að verðleggja þjónustuna fyrir næstu sumarvertíð og þeim er vandi á höndum. Hver eru skilaboð hæstv. forsætisráðherra til þeirra? Er það áframhaldandi tekjuskerðing fyrirtækjanna í gegnum enn hærra gengi krónunnar? Hætt er við að ferðaþjónustuaðilar veigri sér við að hækka verðið mjög í erlendri mynt vegna hættu á að verðleggja sig út af markaðnum. Við verðum að hafa í huga að staðan í mörgum fyrirtækjum er viðkvæm þar sem eiginfjárhlutfall í ferðaþjónustunni er lágt eða undir 5%. Ferðaþjónustan er vaxtarbroddur í íslensku efnahagslífi sem stjórnvöld verða að umgangast með virðingu.

Orsökin fyrir þessu háa gengi krónunnar er sú viðleitni Seðlabankans að stemma stigu við þenslu og aukinni verðbólgu með því að hækka vextina. Æ sterkari efasemdir eru farnar að heyrast um að þessi aðferð Seðlabankans dugi ein og sér og jafnvel er leitt að því líkum að vaxtahækkunin sé farin að snúast upp í andhverfu sína, þ.e. að háir vextir leiði til innflæðis á erlendu lánsfé sem hækkar gengi krónunnar enn þá meira. Þessi ofurháa króna slær ekki á þensluna heldur þvert á móti lækkar verð á innfluttum vörum sem streyma í stríðum straumum inn í landið og auka enn á ójafnvægið í efnahagsmálum. Þeim sem blæðir eru einkum útflutningsatvinnugreinarnar en einnig allur almenningur þegar fram líða stundir.

Efasemdaraddirnar um vaxtastefnu Seðlabankans eru farnar að berast úr herbúðum stjórnarliða og er það einkum varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem fer reglulega með játningar í þessum efnum. Þá má nefna dæmalausa ræðu sem hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einar Kristinn Guðfinnsson, flutti hjá Samtökum fiskvinnslustöðva en þar sló hann úr og í eins og honum einum er lagið. Einnig má nefna ræðu sem Vilhjálmur Egilsson sjálfstæðismaður flutti þann 13. september síðastliðinn en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ef Seðlabankinn neyðist enn og aftur til að hækka vextina og gengisvísitalan fer að rokka á bilinu 100–105 tel ég að það muni virka eins og að enda veisluna með látum."

Frú forseti. Það er einmitt það sem hefur gerst. Í framhaldi af efasemdaröddum sjálfstæðismanna um vaxtastefnu Seðlabankans og skipan foringjans Davíðs Oddssonar í Seðlabankann er rétt að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort vænta megi breytingar á vaxtastefnu bankans nú um helgina þegar foringinn tekur til starfa. Ætla stjórnvöld að einhverju leyti að bregðast við þröngri stöðu útflutningsgreinanna og hvernig þá, frú forseti?

[14:00]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég tel fullkomlega eðlilegt að hv. þingmaður og aðrir hv. þingmenn hafi áhyggjur af stöðu útflutningsgreinanna. Við vitum að gengi krónunnar er mjög hátt og við erum að ganga í gegnum allverulega erfiðleika í þeirri miklu efnahagsuppsveiflu sem er, ég segi erfiðleika fyrir útflutningsgreinarnar, það liggur ljóst fyrir. En efnahagsuppsveiflan er mjög jákvæð og hún skiptir miklu máli fyrir þjóð okkar og þjóðarbúskap og við verðum að líta á það ástand sem við nú göngum í gegnum sem tímabundið ástand.

Hins vegar verða menn að líta til allra þátta í þessu máli. Það liggur t.d. alveg ljóst fyrir að atvinnulífið er betur í stakk búið til að ganga í gegnum þessa uppsveiflu, m.a. vegna stóriðjuframkvæmdanna, en það var fyrir nokkrum árum. Hér hafa verið miklar skipulagsbreytingar, skattar á fyrirtæki hafa lækkað mjög mikið, breytingar á fjármálamarkaði hafa verið mjög miklar, fyrirtæki hafa verið sameinuð og margvísleg hagræðing hefur átt sér stað í þjóðfélaginu. Allt hefur þetta orðið til þess að fyrirtækin eru sterkari og betur í stakk búin til að taka á sig slíkar sveiflur.

Einnig má geta þess að ávöxtun á hlutabréfamarkaði hefur verið góð og mjög góð. Úrvalsvísitalan hefur hvorki meira né minna en hækkað um 37,8% frá áramótum og þar af um 12% á þriðja ársfjórðungi þannig að það er nú ekki eins og allt sé hér í kaldakoli.

Síðan eru útflutningsgreinarnar misjafnlega staddar í þessu sambandi. Sem betur fer er hægt að segja það um sjávarútveginn að verð á sjávarafurðum hefur farið hækkandi frá því í lok síðasta árs og meðaltal verðvísitölu sjávarafurða í SDR var tæplega 9% hærra í janúar til ágúst í ár borið saman við sama tímabil árið 2004. Það er náttúrlega alveg ljóst að þetta léttir málið fyrir sjávarútveginn. Einnig liggur fyrir að mjög mikill hluti af útgjöldum fiskveiðanna er kostnaður sem ekki er háður genginu og talið að það sé um tveir þriðju. Þessu er að vísu öðruvísi farið í fiskvinnslunni þar sem kostnaðurinn fylgir að langmestu leyti verðlagsþróun innan lands.

Það er enn fremur rétt hjá hv. þingmanni að ferðaþjónustan stendur frammi fyrir erfiðum málum og vonandi verður breyting þar á. Gert er ráð fyrir að gengisvísitalan í ár verði að meðaltali 110 og í þeirri spá sem liggur fyrir frá fjármálaráðuneytinu er gert ráð fyrir að hún verði að meðaltali 114 á næsta ári og tæplega 120 árið 2007.

Auðvitað vitum við ekki nákvæmlega hver raunveruleikinn verður. En ég held að allir geti verið sammála um að mikilvægt sé að mál þróist til þessarar áttar og menn líti til framtíðar með því hugarfari og þá sérstaklega þau fyrirtæki sem þurfa að ganga í gegnum vissulega verulega erfiðleika af þessum sökum. En aðalatriðið er að hagkerfi okkar er mjög sterkt og öflugt. Hér hefur verið mikill hagvöxtur, mikil kaupmáttaraukning og það skiptir öllu að sú þróun haldi áfram. Liður í því er að ljúka við þær framkvæmdir sem við stöndum nú í til þess að auka útflutning okkar sem mun drífa áfram hagvaxtarsveifluna í framtíðinni.

[14:05]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Lítið var um svör hjá hæstv. forsætisráðherra varðandi stöðu útflutningsgreinanna og hvað ríkisstjórnin hygðist gera í þeim efnum við að bæta þá stöðu. Ég næ því nú ekki alveg hvernig gengisvísitalan á að meðaltali að geta orðið 110 á þessu ári ef hún var 110 fyrsta fjórðung ársins, síðan hefur gengið styrkst jafnt og þétt. Hæstv. ráðherra hlýtur þá að vera að segja okkur að gengið komi til með að falla mjög skart það sem eftir lifir ársins til þess að meðaltalið geti orðið 110.

Útflutningsgreinarnar, sagði hæstv. ráðherra, eru í misjafnri stöðu og það er að hluta til rétt. Sjávarútvegurinn er í ívið betri stöðu en aðrar greinar vegna þess að afurðaverð hefur verið að hækka á erlendum mörkuðum. Eftir sem áður eru sjávarútvegsfyrirtækin við núverandi aðstæður rekin að meðaltali með halla. Þegar við lítum á meðaltöl og sjáum að stóru og sterku fyrirtækin eru kannski að reka sig betur hlýtur að vera orðið ansi erfitt hjá þeim sem minni eru, enda sjáum við að minni fyrirtækin og sérstaklega í fiskvinnslunni eru að láta verulega undan síga þessa dagana og við erum að verða vitni að því að forráðamenn þessara fyrirtækja, bæði smærri fyrirtækjanna og eins þeirra stærri, eru að lýsa því yfir þessa dagana að rekstrarumhverfið sé orðið óbærilegt.

Það er í raun ekki boðlegt við þessar aðstæður að koma hér upp og yppa öxlum nánast og segja: Við gerum ekkert í þessu. Það hefur verið línan frá hæstv. ríkisstjórn að það sé á herðum Seðlabankans að sjá um þessi mál og ríkisstjórnin sé stikkfrí.

Frú forseti. Þetta getur ekki gengið. Sjávarútvegsfyrirtækin og fyrirtækin í útflutningi segjast hvorki geta lifað né dáið við núverandi aðstæður og það versta sem gert er er að gera ekki neitt, eins og mér finnst að hæstv. ráðherra sé að boða.

[14:07]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það voru mjög einkennilegar ályktanir sem hv. þingmaður dró upp í ræðu sinni í þá veru að ríkisstjórnin gerði ekki neitt. Verulegt aðhald hefur verið í ríkisfjármálum á undanförnum árum og hefur sennilega aldrei verið meira en er á þessu ári þó að hv. þingmenn sumir hverjir hafi ekki tekið eftir því (Gripið fram í.) og það er fyrirsjáanlegt að það aðhald verður viðvarandi á næsta ári.

Það sem auðvitað er erfiðast fyrir útflutningsgreinarnar er staða gengisins vegna hárra vaxta hjá Seðlabankanum. Hins vegar ber öllum saman um það sem um þetta hafa spáð að gengið muni breytast á næsta ári og gengisvísitalan muni hækka og þar með muni hagur útflutningsgreinanna vænkast. Það er bæði spá fjármálaráðuneytisins og spá greiningardeildanna að gengið muni verða á bilinu 114–115 á næsta ári, sem er talsvert hærra en það er í dag. Því er líka spáð hjá fjármálaráðuneytinu að vextir Seðlabankans muni lækka á næsta ári, fara úr því að vera 10,25 eins og það er núna í dag í að vera að meðaltali 9,9 á næsta ári. Þetta er í takt við það sem gert er ráð fyrir, þ.e. að framkvæmdir við stóriðju muni dragast saman og ljúka í lok næsta og byrjun þarnæsta árs og þá muni hagvöxtur minnka. Því er fyrirsjáanlegt að hagur útflutningsgreinanna mun vænkast á næstu missirum og verða miklum mun sterkari. Og þegar við erum komin í gegnum þetta mikla umbreytingaskeið við það að taka í notkun nýtt orkuver og nýtt álver verður hagkerfið miklu sterkara og þjóðin mun hafa það miklu betra.

[14:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að hefja þessa umræðu og draga hæstvirta ráðherra í salinn til að ræða afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina eða öllu heldur óviðunandi afkomu þeirra. Ég held að það veitti ekki af að hafa eina svona umræðu á dag þangað til hæstv. ríkisstjórn fer að átta sig á að það er eitthvað að, það þýðir bara ekki endalaust að stinga höfðinu í sandinn.

Tekjutap sjávarútvegsins miðað við núverandi gengi er a.m.k. 30 milljarðar á ársgrundvelli. Og þó svo að þar komi ef til vill á móti 5–10 milljarðar, sem er þó sennilega tæplega það, í hækkandi afurðaverði hallar þarna samt á sjávarútveginn um rúmlega 20 milljarða. Þetta eru ósköp einfaldlega nauðaeinfaldir útreikningar. Ef við tökum heildarframleiðsluverðmæti sjávarútvegsins upp á 120 milljarða í fyrra miðað við gengisvísitölu yfir 120 þá er þetta ekki flókið dæmi.

Raunhæfasti mælikvarðinn eru þó kannski upplýsingar um framlegð í greininni. Nú er það talið samkvæmt þjóðhagsáætlunum, m.a. frá ríkisstjórninni, að framlegð sjávarútvegsins verði aðeins 16% á árinu, sú lægsta síðan fyrir 1990. Sjálfur bókhaldarinn, hæstv. forsætisráðherra, ætti þó að taka mark á þessu. Það ætti að segja hæstv. forsætisráðherra eitthvað að núna er spáð minnstu framlegð í höfuðútflutninsgreininni, sjávarútvegi, í meira en einn og hálfan áratug.

Um ferðaþjónustuna þarf náttúrlega ekki að ræða. Þar eru menn að gera upp eftir sumarið samninga um gistingu og þjónustu sem gjarnan voru gerðir fyrir einu til tveimur árum. Hvernig halda menn að það komi út ef samið var á meðan evran var í 110, 120 kr. eða dollarinn vel yfir 100 kr.? Það er dúndrandi tekjufall á sama tíma og kostnaður fer upp innan lands.

Hæstv. ríkisstjórn ætlar ekki að gera neitt. Það er alveg sama hvaðan ráðleggingarnar koma, t.d. um að fresta skattalækkunum — þó að þær komi úr skýrslum ríkisstjórnarinnar sjálfrar eins og frá nefndinni um hágengi í sjávarútvegi, sem nefnir þann möguleika (Forseti hringir.) að fresta skattalækkunum. (Forseti hringir.) En það er alveg sama, ríkisstjórnin hefur ákveðið að láta frekar innlenda atvinnuvegi hrynja en að láta af stóriðju- (Forseti hringir.) og skattalækkunartrúboði sínu.

[14:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Óbreyttri skattastefnu skal fram haldið var haft eftir Halldóri Ásgrímssyni, hæstv. forsætisráðherra í blöðunum í dag. Hvorki skal breyta áherslum í þá veru að skattabreytingar gagnist betur lágtekjufólki sem fer með allar tekjur sínar í daglegar þarfir, né heldur með t.d. hærri persónuafslætti eða lækkun virðisaukaskatts af matvælum. Nei, áfram skal ýtt undir eyðslu þeirra sem mestar hafa

tekjurnar með afnámi hátekjuskatts og flatri prósentulækkun tekjuskattsins.

Ráðherrar í ríkisstjórninni tala sitt á hvað um gengismálin. Sjávarútvegsráðherra segir í Fréttablaðinu 13. október sl. að það sé skylda hans að koma til móts við eðlilega gagnrýni útflutningsfyrirtækja á hátt gengi krónunnar með raunhæfum aðgerðum. Hann nefnir hærri bindiskyldu fjármálastofnana, breytta umgjörð íbúðalána og umfangi þeirra, skoða starfsemi Íbúðalánasjóðs, marka nýja stefnu um gjaldeyriskaup Seðlabankans til jafns við það sem útlendingar eru núna að kaupa af íslenskum skuldabréfum.

Á að gera eitthvað af þessum áherslum, hæstv. forsætisráðherra? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera nú eftir að verkalýðshreyfingin hefur lýst því yfir að forsendur kjarasamninga séu brostnar? Sjávarbyggðirnar standa víða illa vegna stefnu ríkisstjórnarinnar og vafasamt um framtíðarrekstur fiskvinnslu við þessi skilyrði. Þar til viðbótar veikjast byggðirnar vegna kvótasetningar í krókaaflamarki og atvinnutækifærum fækkar. Gengi íslensku krónunnar er í sögulegu hámarki. Vaxtahækkanir Seðlabankans hækka gengið. Tekjuafgangur ríkissjóðs er vegna viðskipta og þenslu á vissum svæðum landsins, einkum höfuðborgarsvæðinu og á Austfjörðum. Sveitarfélög horfa víða fram á minnkandi atvinnu og tekjusamdrátt. Stjórnvöld verða að bregðast við miklum vanda landsbyggðarinnar og útflutningsgreinanna og ferðaþjónustunnar.

Það er auglýst eftir aðgerðum. Á að gera eitthvað af því sem aðrir ráðherra í ríkisstjórninni segja?

[14:14]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Staða útflutningsgreina hefur verið mikið í umræðunni undanfarið. Það er ekki óeðlilegt þar sem flest skilyrði eru útflutningsgreinum óhagstæð í dag. Mikil styrking krónunnar gerir vissulega mörgum fyrirtækjum erfitt fyrir þar sem þau fá færri krónur fyrir afurðir sínar en ella. Á móti kemur þó að skuldir þessara fyrirtækja erlendis lækka. Þetta snertir margar atvinnugreinar en sérstaklega hefur þó verið rætt um sjávarútveg og ferðaþjónustu.

Varðandi sjávarútveginn hefur skellurinn ekki orðið eins mikill vegna þess að fyrirtæki í sjávarútvegi hafa eflst gríðarlega síðustu ár. Hins vegar horfum við ekki fram hjá því að störf í sjávarútvegi hafa glatast, ekki einungis vegna tækniþróunar heldur einnig vegna hás gengis krónunnar.

Útvegsmannafélag Norðurlands ályktaði um málið fyrir stuttu og sagði þar m.a., með leyfi forseta, að:

„... vari þetta ástand áfram eru þúsundir starfa í uppnámi.“

Nánast allar tekjur þessara fyrirtækja eru í erlendri mynt og heggur hækkunin beint í tekjurnar með áðurgreindum afleiðingum. Það þarf líka að horfa á að aðrar ástæður koma til eins og hátt olíuverð.

Við verðum að líta til þess að vegna þess hve markaðurinn er opinn hefur ríkið þetta ekki algjörlega í hendi sér. Það er ekki nóg að einungis ríkið beiti sérstökum aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum líkt og það hefur gert. Vaxtatæki Seðlabankans er ekki eins öflugt og áður. Vaxtamunurinn gefur erlendum aðilum tækifæri til að fjárfesta í innlendum skuldabréfum. Ljóst er að mikið innflæði styrkir krónuna. Seðlabankinn verður að endurskoða aðferðir sínar þar sem skiptar skoðanir eru um hvort þær skili árangri eða ekki.

Ekki er rétt að segja að hæstv. forsætisráðherra boði að ekkert eigi að gera. Aðhaldsstig ríkisfjármála hefur verið meira hér en í nokkru öðru OECD-ríki síðustu ár og verður áfram. Eins hefur ríkisstjórnin kynnt langtímastefnu í ríkisfjármálum sem skiptir gríðarlega miklu máli í slíku sambandi.

[14:16]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þingmönnum Frjálslynda flokksins fyrir að taka þetta mál upp til umræðu á þinginu því það er nauðsynlegt að ræða það. Ég held líka að allir þingmenn hér hljóti að fá sterk skilaboð um það ekki síst frá landsbyggðinni sem stynur undan því háa gengi sem hér hefur verið nú um nokkurt skeið. En það er eiginlega alveg sama hversu oft við ræðum þessi mál, hversu oft við ræðum stöðuna í efnahagsmálum og þær sveiflur sem þar eiga sér stað, það eru eiginlega tvö lykilorð sem notuð eru í umræðu stjórnarliða hér í þinginu. Það er annars vegar hugtakið stöðugleiki og nú er komið nýtt hugtak til sögunnar sem er hugtakið aðhald. Það er stöðugleiki og aðhald. Forsætisráðherra segir stöðugleiki og fjármálaráðherra segir aðhald.

Hér í eina tíð þegar Soffía frænka var beðin um að syngja á þorpshátíðinni í Kardimommubænum sagðist hún bara kunna eitt lag og það ætti ekki við hér. Ég held að þessir ágætu ráðamenn ættu að taka sér hana til fyrirmyndar og gera sér grein fyrir því að þó að þeir kunni þetta lag ágætlega þá á það kannski ekki alveg við hér í þeirri stöðu sem nú er uppi.

Auðvitað er ekkert svartnætti í efnahagsmálum á Íslandi. Auðvitað hefur margt gengið vel. Það hefur verið mikil gróska og öflugt atvinnulíf á mjög mörgum sviðum en við stöndum engu að síður andspænis meiri sveiflum en oft áður og í Peningamálum sem gefin eru út af Seðlabankanum kemur m.a. fram að það þurfi að fara allt aftur til ársins 1980 til að finna viðlíka ójafnvægi í þjóðarbúskapnum og við þær aðstæður, hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra, þá eiga þessi hugtök ekki við. Menn eiga að horfast í augu við staðreyndirnar og þó að vandinn sé erfiður viðureignar þá er hann ekki óviðráðanlegur en það þarf auðvitað samráð fjölmargra aðila um málið.

[14:19]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Í ljósi orða síðasta hv. ræðumanns held ég að rétt sé að halda þessum tveimur hugtökum hátt á lofti, stöðugleika og aðhaldi. Þetta er kjarninn, stöðugleikinn er það markmið sem við hljótum jafnan að stefna að en það er ekki stöðugleiki kyrrstöðu heldur stöðugleiki efnahagslegs vaxtar.

Að undanförnu höfum við keyrt efnahagslífið mjög hart, það er alveg ljóst. Það er alveg ljóst að sá mikli hagvöxtur sem við höfum séð á undanförnum missirum veldur því að það tekur nokkuð í í efnahagsmálunum. Það birtist í vaxta-

ákvörðunum Seðlabankans en eins og oft hefur komið fram í þinginu eru skiptar skoðanir um þær. Sumum, þar á meðal mér, þykir Seðlabankinn hafa verið full einstrengingslegur í vaxtapólitík sinni með þeim afleiðingum að gengið hefur hækkað meira en efni standa til.

Hins vegar er kannski mikilvægast fyrir okkur í þessari umræðu að reyna að átta okkur á því hvað við sem stjórnmálamenn getum gert í þessu. Þar hefur fjármálaráðherra að sjálfsögðu eins og allir þeir sérfræðingar sem um málið hafa fjallað lagt áherslu á aðhaldið. Við megum ekki gleyma því að aðhaldið í opinberum fjármálum er mikilvægur kjarni þess sem ríkisstjórnin getur gert til þess að standa vörð um stöðugleikann. Aðhaldið er, samkvæmt langtímaáætlunum fjárlaga, að vöxtur ríkisútgjalda og opinberra útgjalda verði mun minni en vöxtur landsframleiðslunnar, með þeim afleiðingum að þáttur hins opinbera dragist saman. Það er gríðarlega mikilvægt að við höldum okkur við þetta markmið og ef við eigum liðsvon í Samfylkingunni eða öðrum hv. þingmönnum stjórnarandstæðinga þá er það fagnaðarefni en miðað við útgjaldahugmyndirnar sem maður heyrir frá þeim í hinu orðinu þá er ég efins um að við náum samstöðu um það.

[14:21]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Sprotafyrirtækin og nýsköpunin fá lítið svigrúm í háu gengi krónunnar. Útflutningsatvinnuvegunum er fórnað en viðskiptahallinn vex sem aldrei fyrr. Bílddælingur á Bíldudal, Særún á Blönduósi, Fiskvinnslan Kolka á Hofsósi, sushi-verksmiðjan Sindraberg á Ísafirði, Perlufiskur á Þingeyri, Frosti á Súðavík, beituverksmiðjan Aðlögun á Ísafirði sem var verið að loka í dag, rækjuverksmiðjan í Stykkishólmi. Allt þetta talar sínu máli um hvernig staðan er. Ferðaþjónustan mun kvíða næsta ári ef gengið breytist ekki.

Ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar, segir Seðlabankinn. Það var varað við þessu. Ruðningsáhrif stóriðjunnar, segir atvinnulífið. Það var varað við þessu.

Greiningardeild Íslandsbanka segir að jafnvægisgengi íslensku krónunnar til að ná jöfnuði í erlendum viðskiptum liggi í kringum 135 en er núna nálægt 100, eða nálægt 40% hærra en jafnvægisgengið þarf að vera.

Hæstv. forsætisráðherra var að tala um einhverja spá fyrir gengið. Veit hæstv. forsætisráðherra hver spáin var fyrir þetta ár? Hin opinbera spá var 125 en lendir nú nærri 110 svo við sjáum hvers konar spádóm er hér um að ræða.

Frú forseti. Ruðningsáhrif stóriðjunnar geta líka verið af hinu góða, sagði iðnaðarráðherrann þegar hún var að tala um kosningaloforðin í frammíkalli áðan. (**Gripið fram í:** ... hárétt.) Og þetta eru skilaboð hæstv. ráðherra og kosningaloforð Framsóknarflokksins til fólksins á Vestfjörðum: Að loka atvinnufyrirtækjunum sem fórn fyrir stóriðjustefnu iðnaðarráðherrans og Framsóknarflokksins. Hvenær ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að segja stopp við þessu stóriðjuæði og þeim miklu fórnum sem Framsóknarflokkurinn er að krefjast af byggðum landsins?

[14:23]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það er mjög jákvætt að heyra að hæstv. forsætisráðherra er farinn að hafa áhyggjur af ástandinu þótt hann hafi ekki boðað neinar breytingar eða boðað einhverjar aðgerðir. Annað sem ég vildi minnast á er að hæstv. forsætisráðherra svaraði ekki annarri fyrirspurninni sem ég lagði fyrir hann en það var hvort vænta mætti einhverra breytinga nú um helgina þegar nýr seðlabankastjóri tekur við. En ég á von á því að hann geri það hér á eftir í svari sínu.

Það sem ég vil minna á er að þær spár sem hafa verið gerðar yfirstandandi ár hafa ekki gengið eftir. Nú hefur hæstv. fjármálaráðherra komið með nýja spá og ég vona að honum gangi betur að spá fyrir um gengið og þróun efnahagsmála en honum hefur gengið hingað til að spá fyrir um vöxt þorskstofnsins sem frekar minnkaði en hitt í stjórnartíð hans í sjávarútvegsráðuneytinu. *Ég vil einnig spyrja hvort* hann sé sammála orðum Vilhjálms Egilssonar, þ.e. að ef þróun efnahagsmála yrði eins og hún varð og hefur orðið þá mundi þessi veisla sem staðið hefur yfir enda með hvelli. Er hann sammála orðum Vilhjálms Egilssonar hvað það varðar?

Nú er það svo að Vilhjálmur Egilsson er ekki eingöngu *sjálfstæðismaður. Hann er einnig ráðuneytisstjóri í sjávarút*vegsráðuneytinu og ég tel við hæfi að heyra hvort hæstv. fjármálaráðherra sé sammála fyrrum ráðuneytisstjóra sínum um þróun efnahagsmála. Ef þróunin sem hefur orðið hefur gengið eftir, hvort þetta endi með hvelli. Ég er sannfærður um að við verðum að bregðast við og taka á málunum og ég vona svo sannarlega að hægt sé að vekja ríkisstjórnina af *værum blundi í þessum efnum.*

[14:26]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Þetta hefur um margt verið athyglisverð umræða en það er svo með stöðugleikann að hann mun aldrei viðhaldast nema með stefnufestu. Það mun aldrei verða stöðugleiki hér ef menn eru alltaf að breyta um stefnu og alltaf að breyta um kúrs og ég heyri ekki betur en stjórnarandstaðan vilji það. Hún kvartar yfir því að hér sé sungið sama lagið. Það er einmitt það sem við verðum að gera ef það á að vera stefnufesta og stöðugleiki, það er að syngja sama lagið en vera ekki alltaf að breyta um stefnu þótt vindar blási úr einhverjum öðrum áttum. Og það sem er mikilvægast í efnahagsmálum á næstunni er að viðhalda sátt á vinnumarkaði. Það er langmikilvægast af öllu. Hvað er stjórnarandstaðan að leggja til í því sambandi? Að hætta við skattalækkanir á næsta ári? Að hætta við skattalækkanir á árinu 2007? Telja menn að það sé mjög gott innlegg í þá umræðu sem snýr að kaupmætti launþega?

Mér finnst það alveg með eindæmum hvað stjórnarandstaðan leggur til í þessu sambandi. Og svo er bætt við að það sé rétt að banna uppbyggingu ákveðinnar framleiðslustarfsemi. (**SigurjÞ:** Ekki gleyma að svara.) Það á að vera innlegg í stöðugleika og uppbyggingu til framtíðar. (**SigurjÞ:** *Verður breyting um helgina?*) Frú forseti. Ég hélt að allir hv. þingmenn þekktu lögin um Seðlabankann og sjálfstæði hans og ég hvet hv. þm. Sigurjón Þórðarson til að lesa

lögin en hann hefði átt að lesa þau áður en hann fór í pontu.

Leyfisveitingar til fyrirtækja.

Fsp. SigurjÞ, 169. mál. — Þskj. 169.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra hefur boðað að stjórnsýslan skuli einfölduð og gerð skýrari og afkastabetri. Ég tel það vera mjög þarft mál og ég er tilbúinn að styðja hann hvað það varðar í einu og öllu. Það er ein tillaga og eitt mál sem ég tel mjög brýnt að hæstv. forsætisráðherra fari rækilega yfir, en það eru leyfisveitingar til fyrirtækja, sérstaklega þeirra sem eru í veitingarekstri. Fyrirtæki þurfa orðið að fá fjöldann allan af leyfum og sækja þau til margra aðila. Það þarf að fá veitingaleyfi hjá sýslumanni. Síðan þarf að fá vínveitingaleyfi hjá sveitarfélaginu en mér skilst að það hafi komið til þegar sveitarfélögin heimtuðu það vegna tilkomu súlustaða. En það flækti stjórnsýsluna mjög mikið að Reykjavíkurborg vildi fá að veita þau leyfi til þess að geta komið í veg fyrir útgáfu vínveitingaleyfa til þeirra staða. Síðan eru það leyfi til heilbrigðisnefnda, t.d. tóbakssöluleyfi. Og þá þarf að fara fram mikil hringekja vegna þess að öll þessi leyfi þurfa að fá umsögn hjá fjölmörgum aðilum í samfélaginu. Það þarf að fá leyfi hjá eldvarnaeftirliti, hjá vinnueftirliti og til útgáfu vínveitingaleyfis þarf umsögn heilbrigðiseftirlits, m.a. til að meta innanhúsmuni veitingahússins.

Þessar reglur eru orðnar svo flóknar að þær verður að einfalda, sérstaklega í ljósi þess að um er að ræða mjög lítil fyrirtæki. Í umræðunni um þetta hef ég lagt til að þessu verði breytt á þann hátt að sýslumenn haldi utan um leyfið. Síðan komi umsagnir frá mismunandi aðilum í samfélaginu, eldvarnaeftirliti, heilbrigðiseftirliti og sveitarfélögum, en að haldið verði utan um leyfið á einum stað. Ég held að það fari mjög vel á því að það verði hjá sýslumönnum en það er líka gott að efla þær stofnanir. En að endurskoða þessi leyfismál öll er ekki einungis áhugaefni hjá okkur í Frjálslynda flokknum heldur hefur það heyrst að mönnum í atvinnulífinu finnist nóg um og að það hljóti að vera hægt að einfalda þetta. Ég er sannfærður um það og það verður fróðlegt að heyra afstöðu hæstv. forsætisráðherra í því efni.

[14:31]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr hvort ríkisstjórnin hyggist beita sér fyrir því að einfalda leyfisveitingar til fyrirtækja, svo sem til veitingahúsa. Svarið við því er einfalt, svarið er já. Fyrir stuttu síðan samþykkti ríkisstjórnin áætlun undir nafninu „einfaldara Ísland". Það var tillaga sem forsætisráðherra lagði fram og það starf er þegar farið í gang. Gert er ráð fyrir því að hvert og eitt ráðuneyti fari í gegnum þessa hluti, einfaldi reglugerðir sínar, bendi jafnframt á hvað hægt væri að einfalda í löggjöfinni. Ég tel mjög mikilvægt að ekki einungis ráðuneytið hafi þetta í huga heldur og Alþingi, þannig að við lagavinnuna á Alþingi hefðu menn hliðsjón af því. Mér finnst nauðsynlegt að allir leggist á eitt um þau mál og ég fagna áhuga hv. þingmanns í þeim efnum.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka fyrir svörin. Ég vonast til að vinnan skili miklum árangri og ég er sannfærður um að hægt verður að ná mjög miklum árangri varðandi leyfisveitingar til fyrirtækja. Það muni einfaldlega skila betri löggjöf og meiri árangri.

Umræðu lokið.

Gegnumlýsingartæki fyrir tollgæsluna.

Fsp. GHall, 100. mál. — Þskj. 100.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra vegna starfa tollgæslunnar við eftirlit með innflutningi í gámum.

Þannig háttar til að árið 2004 voru 150 þús. 20 feta gámar fluttir til landsins og ætla má að á þessu ári verði þeir 165 þús. Aðeins um 1% þeirra eru skoðaðir. Við hverja skoðun á gámi þurfa tollverðir að opna hann og fjarlægja innihaldið, þ.e. handlanga út úr gámnum til þess að geta skoðað innihald hans.

Tollgæslan í Reykjavík hefur hins vegar sendibíl með gegnumlýsingartæki og í ársskýrslu árið 2004 segir um gegnumlýsingarbifreiðina, með leyfi forseta:

„Á síðastliðnu ári náðist góður árangur í baráttu gegn innflutningi fíkniefna, m.a. fyrir tilstilli gegnumlýsingarbifreiðar embættisins. Starfsmenn gegnumlýsingarbifreiðar áttu þátt í að finna nokkrar af stærstu fíkniefnasendingum sem reynt var að smygla til landsins. Þar komu að vísu nokkrir aðrir til sögunnar eins og áhættugreiningardeild tollsins og tollverðir líka. Auk þess fannst töluvert af öðrum ólöglegum varningi. Alls voru 10.338 pakkar eða hlutir gegnumlýstir á liðnu ári."

Þannig er með sendibílinn og gegnumlýsingartækið að handlanga þarf hvern pakka í gegnumlýsingartækið. Ég spyr hins vegar í þessu tilviki um tæki sem er til að gegnumlýsa gáma, sem getur skoðað gám án þess að varningur sé tekinn út úr honum. Það tekur aðeins 3 mínútur að keyra í gegnum slíkt gegnumlýsingartæki. Þeir aðilar sem eru við skoðun með þeim búnaði geta séð hvort þar séu hlutir sem óæskilegir eru eða ekki ættu að vera þar. Ég tel mikilvægt að verða sér úti um slíkt tæki. Það kostar um 80 millj. kr. og væri fljótt að borga sig upp. Auk þess mætti til reynslu taka slíkt tæki á leigu.

Ég hef leyft mér að leggja fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra: Er fyrirhugað að kaupa eða leigja tæki fyrir tollgæsluna til að gegnumlýsa gáma, farartæki, pallavöru og fleira, við innflutning til að herða eftirlit með innflutningi fíkniefna?

[14:37]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Tækið sem um er fjallað í fyrirspurn hv. þingmanns er afskaplega gagnlegt en hann spurðist einnig fyrir um svipuð eða sams konar tæki í vor. Þá var farið yfir það hver þróunin hefur verið í þessum efnum hér á landi og á Norðurlöndunum. Hér eru til tveir minni bílar sem geta sinnt þessum störfum en stærri bílar hafa komið í notkun í nágrannalöndunum að undanförnu. Jafnframt kom fram að á fjárlögum þessa árs væri gert ráð fyrir að kaupa tæki til að gegnumlýsa pakka í sama tilgangi.

Þarna er um talsvert miklar fjárfestingar að ræða. Þess vegna hefur verið í gangi vinna á vegum tollstjórans í Reykjavík til að kanna hvað væri heppilegasta lausnin fyrir okkur í þessum efnum. Þeirri athugun er ekki lokið og því væri of mikið sagt að segja að fyrirhugað sé að kaupa slík tæki. Ég held að við verðum að láta þeirri athugun ljúka áður en við getum tekið ákvarðanir. Fyrr get ég ekki kveðið upp úr með að fyrirhugað sé að kaupa tækin.

Eins og fyrr segir, frú forseti, er verið að skoða hver sé heppilegasta tæknilega lausnin frá okkar bæjardyrum séð. Að því loknu verða teknar ákvarðanir.

[14:39]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Í þessu sambandi vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort fyrirhugaðar séu úrbætur á aðstöðu tollafgreiðslunnar við höfnina á Seyðisfirði þar sem Norræna kemur að. En samkvæmt lýsingum sem við höfum fengið er þar nánast engin aðstaða. Þar er tollskoðað úti á götu, úti á plani. Þar eru menn berskjaldaðir fyrir veðri og vindum og engin aðstaða til að láta fara fram raunverulega tollskoðun eða eftirlit á því sem flutt er til landsins. Þegar menn fara í að skoða það betur er farangur fólks tættur upp úti á götu innan um annað fólk sem er að koma til landsins.

Aðstaðan er fullkomlega óviðunandi. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki séu aðgerðir af hans hálfu til að koma þessu í sómasamlegt horf.

[14:40]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Hér er um athyglisverða fyrirspurn að ræða. Ég hvet nýjan fjármálaráðherra til að beita sér í þessum málum. Talað er um að mesta vá sem steðjar að ungu fólki í dag séu eiturlyf. Þess vegna eigum við að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að hægt sé að smygla eiturlyfjum til landsins. Við þurfum að leggja pening í að kaupa öll þau bestu tæki sem hugsanleg eru til að herða það eftirlit því að það er hræðilegt að sjá á eftir ungu efnilegu fólki verða eiturlyfjum að bráð. Ég hvet enn og aftur hæstv. fjármálaráðherra til að beita sér af alefli í þessum efnum.

[14:41]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að bera upp þessa fyrirspurn til fjármálaráðherra. Ég tel mikilvægt að sú vinna sem hann gat um að færi fram á vegum tollstjórans í Reykjavík gangi eins hratt og hægt er. Margt gott er gert og verið að hækka fjárframlög vegna fíkniefnasmygls. Ég vil geta þess að undir lið 09-262 fóru 21,8 millj. kr. í sérstakt átak. Eins er varið í sérstakt átak 4,6 millj. kr. á lið 03-201 til sýslumannsins í Keflavík.

Ég legg áherslu á að við reynum allt sem við getum til að sporna við innflutningi eiturlyfja. Það er afskaplega brýnt. Að lokum vil ég nefna að gert hefur verið sérstakt átak í að fjölga fíkniefnahundum sem hefur skilað góðum árangri. Það eru ódýr tæki.

[14:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli. Ég verð að segja að þeim peningum sem varið er til að koma í veg fyrir innflutning á fíkniefnum er vel varið. Ég hvet hæstv. ráðherra til að finna peninga til að kaupa svona tæki. Það kostar 80 millj. kr. Ég get bent hæstv. ráðherra á eina sparnaðarleið á móti. Hann gæti t.d. sparað með því að hætta við vopnakaup sem eru áformuð. Það kæmi þar upp á móti og sjálfsagt væri víðar hægt að finna peninga í þetta. Ég hvet fjárlaganefnd til að skoða þetta líka.

Þótt kaupa þurfi tæki til að gegnumlýsa pakka þá þarf auðvitað meira til. Það kom fram í umræðunni að aðeins 1% af gámunum sem fluttir eru inn eru skoðaðir. Það er algerlega óviðunandi þannig að ég hvet hæstv. ráðherra til að drífa í að kaupa svona tæki. Sú fjárfesting mundi fljótt skila sér.

[14:43]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það skiptir miklu máli að allt sem mögulegt er sé gert til að koma í veg fyrir innflutning á fíkniefnum. Við eigum ekki að horfa í peninginn í því efni þegar við horfum á það mikla böl sem fíkniefnin valda þeim sem ánetjast þeim. Við metum það ekki til fjár þegar hægt er að fara í aðgerðir eins og þær að kaupa gegnumlýsingartæki til að fylgjast með vörusendingum í gámum. Þá hljótum við að gera það.

Við höfum náð árangri á Keflavíkurflugvelli. Það eru göt í kerfinu á Seyðisfirði og í þessum vörugámum. Auðvitað eigum við að bregðast við og þétta þau göt. Fyrsta skrefið er að kaupa þetta gegnumlýsingartæki, næsta skref að efla fíkniefnaeftirlit á Seyðisfirði.

[14:44]

Guðjón Hjörleifsson:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og ráðherra fyrir svör hans. Ég vona að vinnan hjá tollstjóranum beri árangur. Ég hef séð þennan búnað í notkun. Þetta er virkilega góður búnaður og hann nýtist ekki aðeins til eftirlits með fíkniefnum heldur sér hann allt sem í gámunum er. Ég veit að það er fleira smygl en bara fíkniefni.

Ég held að hægt væri að spara á móti. Ég hef rætt við aðila sem hafa áhuga á þessum málum um að þeir ættu að fara í viðræður við ríkisvaldið, stofna fyrirtæki og fá ákveðinn grunnkostnað greiddan. En ef menn mundu árangurstengja þær greiðslur þá held ég að tollurinn mundi fá margfaldar tekjur fyrir þessum kostnaði, ef rétt er staðið að.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir hans svör. Málið er í athugun og væntanlega verður það skoðað. Ég held að full ástæða sé til þess, hæstv. fjármálaráðherra, að athuga hvort ekki sé rétt að taka svona tæki á leigu til að skoða í ljósi þess að umhverfi í innflutningi til landsins er orðið svo breytt. Hér hefur Seyðisfjarðarhöfn komið mikið til umræðu. Þangað koma þúsundir ferðamanna. Þar er mjög léleg aðstaða til að skoða bíla. Þar er mjög léleg aðstaða til að fylgjast með í samræmi við Schengen-samkomulagið sem við höfum gengist undir. Menn eru nánast með stækkunargler að skoða þar vegabréf en þörf er á miklu fullkomnari tækni til að skoða þau og fylgjast með. Við stöndum frammi fyrir því að Grundartangahöfn er að verða ein umsvifamesta höfn landsins og önnur er að koma til sögu, þ.e. Reyðarfjörður. Að meðaltali kemur skip til Reyðarfjarðar annan hvern dag og þannig er það á Grundartanga.

Bifreiðin sem við erum að tala um og sem hugsanlega væri hægt að taka á leigu er svo afkastamikil að ekki tekur nema þrjár mínútur að skoða 40 feta gám. Við sjáum hagræðinguna í því miðað við að þurfa tíu tollverði í að losa einn gám til að geta skoðað hann. Við verðum að passa okkur á því að dragast ekki aftur úr í þessu óprúttna eiturlyfjaumhverfi eins og það er orðið. Það er orðið svo ósvífið að við getum ekki setið með hendur í skauti og látið þetta fara fram hjá okkur og standa svo frammi fyrir því að við liggur að íslensk æska geti labbað út og keypt sér eiturlyf og jafnvel á auðveldari hátt en að fá sér karamellur.

[14:47]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég verð bara að þakka hv. þingmönnum fyrir afskaplega jákvæða og málefnalega umræðu. Það er auðvitað öllum ljóst sem að þessum málum koma og með þessum málum hafa fylgst að við þurfum að standa okkur í því að fylgjast með þessum innflutningi og við höfum heilmikla möguleika til þess. Ég held reyndar að löggæsluyfirvöld hafi náð þó nokkuð góðum árangri á undanförnum missirum í þessum efnum.

Hins vegar þurfum við að gæta að því eins og alltaf að við fáum þau tól og tæki sem hagkvæmust eru hverju sinni, skila árangri fyrir það verð sem fyrir þau þarf að greiða og auðvitað þurfum við að gæta að því að aðstaða fyrir starfsmenn til þess að sinna sínu starfi sé slík að þeir geti unnið það með fullum sóma þannig að það skili árangri fyrir land og þjóð.

Umræðu lokið.

Jöfnun flutningskostnaðar.

Fsp. KLM, 107. mál. — Þskj. 107.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Hæstv. ríkisstjórn heldur áfram að stuðla að hækkun flutningsgjalda með aukinni skattheimtu eins og sífellt er að koma fram. Nægir þar að benda á að fyrir um það bil tveimur árum hækkaði hæstv. ríkisstjórn þungaskattinn um 8% til að undirbúa frekari upptöku olíugjalds. Það fór auðvitað þráðbeint út í verðlagið. Í sumar var tekið upp olíugjald í staðinn fyrir þungaskattinn og með því fylgdi líka áfram þungaskattur á ákveðinn hátt á stærri bíla, þ.e. flutningabíla. Þetta hefur haft í för með sér hækkun líka, töluvert mikla hækkun sem líka hefur farið út í verðlagið og er sennilega enn á leiðinni þangað. Svo er hátt olíuverð með töluverðri skattheimtu til ríkissjóðs af þessu í formi virðisaukaskatts. Allt leiðir þetta til þess sama, þ.e. að hækka enn frekar þegar allt of há flutningsgjöld.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að talið er að a.m.k. helmingur flutningsgjaldanna sé skattur sem rennur beint til ríkissjóðs. Þannig hefur þetta verið. Ég bendi á að hæstv. ráðherra sagði í þingræðu að upptaka olíugjalds mundi hafa þessar afleiðingar í för með sér, þ.e. íþyngja atvinnurekstri á landsbyggðinni.

Haustið 2001 var þetta rætt í ríkisstjórn, þ.e. hinn síhækkandi flutningskostnaður sem var að sliga atvinnurekstur og skekkja mjög verulega samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu og auka erfiðleika þeirra vegna þessa. Þetta var sem sagt rætt í ríkisstjórn fyrir fjórum árum ef ekki er lengra síðan.

Í framhaldi af því lét samgönguráðuneytið, hæstv. samgönguráðherra, vinna skýrslu um þetta mál sem tók 15 mánuði þar sem ekkert nýtt kom í raun fram heldur staðfesti bara það sem menn hafa áður sagt. Síðan var þetta töluvert mikið rætt fyrir alþingiskosningarnar 2003 og þá einkanlega kannski mest af hæstv. iðnaðarráðherra þar sem boðaðar voru aðgerðir til þess að sporna gegn þessum hækkunum og til að lækka. Ríkisstjórnin sendi þessa skýrslu og beiðni til Byggðastofnunar með ósk um að þeir skoðuðu þetta og Byggðastofnun var látin skila tillögum til ríkisstjórnar og þar var þetta rætt líka.

Virðulegi forseti. Hér hef ég farið stuttlega yfir sögu fjögurra, fimm ára þar sem ekkert gerist í þessu nema að talað er og skýrslur gerðar. Ekkert hefur því gerst annað en að flutningsgjöldin hafa hækkað enn frekar. Þess vegna, virðulegi forseti, hef ég leyft mér að leggja fram svohljóðandi fyrirspurn fyrir hæstv. iðnaðarráðherra sem fer með þetta:

Hvað líður aðgerðum til að jafna flutningskostnað, samanber loforð ríkisstjórnarinnar fyrir síðustu alþingiskosningar?

[14:52]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég veit ekki til hvers hv. þingmaður var að spyrja því hann svaraði sjálfum sér í ræðunni. Ég ætla engu að síður að fara yfir það hvernig þetta hefur farið fram af hálfu ríkisstjórnar. (Gripið fram í.)

Þannig var að í kjölfar umfjöllunar ríkisstjórnarinnar um flutningskostnað á fundi haustið 2001 skipaði samgönguráðherra starfshóp er skyldi fjalla um almennan flutningskostnað miðað við þarfir atvinnulífsins. Starfshópinn skipuðu fulltrúar samgöngu-, iðnaðar- og fjármálaráðuneytis. Hópnum var m.a. ætlað að gera yfirlit um flutningskostnað

fyrirtækja og hvernig hann hefði þróast, fjalla um leiðir til að lækka flutningskostnað og skila tillögum um aðgerðir sem stuðluðu að sem mestri samkeppni og lágum flutningskostnaði á landsbyggðinni.

Skýrsla starfshópsins var kynnt fyrir ríkisstjórn 4. febrúar 2003. Ríkisstjórn fól Byggðastofnun þá að fara yfir skýrslu nefndarinnar og þær tillögur sem þar voru kynntar í tengslum við aðrar aðgerðir í byggðamálum, að meta umfang flutningaatvinnugreina sem talið var að ættu undir högg að sækja staðsetningar sinnar vegna samanber niðurstöðu nefndarinnar og í þriðja lagi að meta hver styrkþörfin gæti verið.

Byggðastofnun skilaði niðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra í september árið 2003. Síðan þá hefur iðnaðarráðuneytið kannað leiðir til að lækka flutningskostnað framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni. Ráðuneytið komst að þeirri niðurstöðu á grundvelli tillagna Byggðastofnunar að vænlegasta leiðin til þess að jafna aðstöðu þessara fyrirtækja væri að taka upp endurgreiðslur á hluta flutningskostnaðar þeirra. Fjallað var um tillögur þessa efnis á ríkisstjórnarfundi í október 2003 og samþykkt að hugmyndir um framkvæmd endurgreiðslu flutningskostnaðar yrðu útfærðar nánar á næstu mánuðum og kannað hjá Eftirlitsstofnun EFTA hvort slíkt endurgreiðslukerfi stæðist áður en frekari ákvörðun yrði tekin um framhald málsins.

Fulltrúar iðnaðarráðuneytis og Byggðastofnunar áttu í kjölfarið fund með starfsmönnum ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, þar sem farið var yfir helstu skilyrði sem uppfylla þyrfti til að endurgreiðslur stæðust kröfur stofnunarinnar og Byggðastofnunar og Byggðastofnun vann að beiðni iðnaðarráðherra að nánari útfærslu endurgreiðslukerfisins.

Málið var svo á ný til umfjöllunar í ríkisstjórn 9. júlí 2004 og það varð að samkomulagi milli iðnaðarráðherra, samgönguráðherra og fjármálaráðherra að það yrði tekið til nánari umfjöllunar embættismanna þessara ráðuneyta. Til þess að gera langa sögu stutta þá hefur ekki náðst samstaða um framgang málsins milli þessara þriggja ráðuneyta eins og ég upplýsti ríkisstjórn um á fundi í lok ágúst síðastliðinn og þannig stendur málið.

[14:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þróun flutningskostnaðar innan lands og ekki síður breytt skipulag flutninga hér innan lands er mikið umhugsunarefni. Strandsiglingar hafa lagst af að heita má hjá þessari eyþjóð og allir þungaflutningar eru komnir upp á vegina sem þó eru á engan hátt í stakk búnir til að taka við þeim. Mikil fákeppni eða í raun alger fákeppni ríkir á þessum markaði þar sem tveir risar skipta honum nær öllum saman á milli sín.

Flutningskostnaður hefur sannarlega hækkað og íþyngir mjög bæði framleiðslustarfsemi, atvinnulífi og íbúum dreifðra byggða og kemur niður á lífskjörum þar. Engu að síður hefur hæstv. ríkisstjórn verið að gaufast við þetta mál, eins og við heyrðum í svari ráðherra, í þrjú, fjögur, fimm ár. Hér var rakinn skýrslugangur og vandræðagangur og ferli og fundarhöld út og suður og samtöl milli ráðuneyta í þrjú, fjögur, fimm ár og niðurstaðan er engin. Það er engin samstaða í ríkisstjórninni um að gera eitt eða neitt og er þó ekki búið að lofa svo litlu.

Mér heyrðist hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) kalla fram í áðan að stjórnarflokkarnir stæðu alltaf við kosningaloforðin. Þetta var líka kosningaloforð, hæstv. ráðherra, á framboðsfundunum í Norðausturkjördæmi, (Forseti hringir.) að það yrði gripið til ráðstafana til þess að lækka flutningskostnað.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill benda hv. þingmönnum á að þegar þeir gera stutta athugasemd við fyrirspurn þá hafa þeir eina mínútu samkvæmt þingsköpum.)

[14:57]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hér var lögð fram einföld spurning en fram kom skrýtið svar. Spurt var hvað liði aðgerðum til að jafna flutningskostnað og hæstv. ráðherra fór hér yfir það að ákveðið hefði verið í ríkisstjórn á ríkisstjórnarfundi að hausti til árið 2003 að endurgreiða að hluta til flutningskostnað til að jafna verð á landsbyggðinni, haustið 2003. Hæstv. ráðherra fór síðan yfir það í nokkuð löngu máli að málið hefði verið lagt fyrir ESA og að menn hefðu velt fyrir sér hvernig það kæmi að þeim reglum en sagði svo að í júlí 2004 hefði þetta aftur verið tekið fyrir í ríkisstjórn og síðan hefði ekki náðst niðurstaða.

Hvað þýðir þetta á mæltu máli? Hvaða ráðherrar voru tilbúnir til að gera þetta og standa við þetta loforð og hvaða ráðherrar ekki tilbúnir til að gera þetta og standa við þetta loforð? Við hljótum að eiga kröfu á því að það verði upplýst vegna þess að þetta mál er búið að vera á borðum ríkisstjórnarinnar síðan 2003 og axarsköftin og vitleysan ríða ekki við einteyming í þessu máli frekar en mörgum öðrum hjá núverandi ríkisstjórn.

[14:58]

Kjartan Ólafsson:

Hæstv. forseti. Það er orðinn vani og hefð að hv. þm. Kristján Möller komi inn á flutningsjöfnun og flutningskostnað og það er ágætt. Það er svona jafnmikil hefð fyrir því og að þing kemur saman og sláturtíð hefst. (Gripið fram í.)

Nú vil ég benda á það sem hv. þingmaður sagði áðan að olíugjald var tekið upp og það er nýmæli og það er rétt hjá honum. Það er nýmæli og mér finnst full ástæða til að skoða hvernig sú kerfisbreyting hefur tekist til. Ég hef lengi haft þá skoðun að það ætti að kanna það mál, þ.e. hvort ekki væri rétt að láta olíugjald á alla olíunotkun á landi sem kæmi þá landflutningunum til góða. Þá yrði gjaldið lægra og það mundi gera það að verkum að flutningskostnaður um þjóðvegina yrði lægri en ella. Þetta finnst mér eðlilegt að yrði skoðað. Jafnframt vil ég benda á það að eftirlit með þungaflutningum er mjög mikið og það mætti kannski spara (Forseti hringir.) eitthvað í þeim eftirlitsiðnaði.

[14:59]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Jöfnun og lækkun flutningskostnaðar úti um land var eitt af hinum digru kosningaloforðum Framsóknarflokksins sem núna hafa farið í ruslakörfuna eins og svo mörg önnur sem lúta að landsbyggðinni og sérstaklega að

hinum félagslegu þáttum þar. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti upplýst hvenær ætlunin sé að standa við þetta kosningaloforð. Í skýrslu sem Hagfræðistofnun vann fyrir samgönguráðuneytið líklega 2002 um þróun flutningskostnaðar minnir mig að hefði staðið að flutningskostnaður til Ísafjarðar hefði hækkað um 70–80% umfram almennar verðlagshækkanir og skyldi maður þó halda að samþjöppunin og einokunin og fákeppnin sem hefur hafið innreið sína í flutningageirann hefði þó kannski átt að lækka flutningskostnaðinn.

Ég vil spyrja ráðherrann: Hvaða eftirlit er með hinum slæmu afleiðingum einokunar og fákeppni í flutningageiranum, hvaða eftirlit er með því (Forseti hringir.) hvernig það fer fram?

[15:01]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hlusta á stjórnarandstöðuna þegar hún kemur upp í ræðustól varðandi flutningsjöfnun á vöru út á land. Ég minnist þess að einn þingmaður Vinstri grænna vildi leggja miklu hærri skatta á olíuna til að minnka mengun. Áttaði sig ekki á málinu eins og hv. þm. Kristján Möller kom inn á að er ekkert smámál.

Nokkrar nefndir hafa fjallað um þetta og hafa m.a. komist að því — og af orðum hv. þm. Jóns Bjarnasonar kemur í ljós að 30–40% ódýrara var að flytja vöru frá Ísafirði til Reykjavíkur með skipi en bíl. Þetta er sá kostur sem hins vegar dreifbýlið hefur valið sér og ekkert óeðlilegt í sjálfu sér þegar litið er til matvöru. Hins vegar er það annað þegar litið er á þungavörurnar. Ég tel að nokkrar nefndir séu búnar að skoða þennan þátt og ég tel að full ástæða sé til að á þetta sé litið í heild sinni hvernig megi fara með álagningu á olíu eða þungaskatt á vöruflutningabíla þannig að ekki þurfi að koma til verulegrar hækkunar á flutningi matvöru.

[15:02]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt sem hér hefur komið fram að mikil breyting hefur orðið í landinu þar sem sjóflutningar eru algerlega aflagðir og allir flutningar eru komnir á þjóðvegina. Það er í rauninni ekki mjög auðvelt mál að koma upp svona jöfnunarsjóði. Ég vil benda hv. þingmönnum á að á síðasta ári lögðum við niður sementsjöfnunarsjóð sem átti að vera og var til þess að jafna sementskostnaðinn niður á landsbyggðina. Ég held að flestir þingmenn hafi verið — reyndar tók ég ekki þátt í þeirri atkvæðagreiðslu þar sem ég átti þá sæti í sementsjöfnunarsjóði. Við höfum síðan olíujöfnunarsjóð og það er líka umdeildur sjóður.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra að þetta er kannski ekki mjög auðvelt mál, en ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort hún viti hvernig svona flutningsjöfnun er á Norðurlöndunum.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég get þakkað fyrir það svar sem hér kom fram þó að ekkert nýtt væri í því heldur nánast endurtekning á því sem ég rakti í aðdragandanum, hversu lengi þetta er búið að vera hjá ríkisstjórn í vinnslu og ekkert gerist. Það er líka hárrétt sem hv. þm. Kjartan Ólafsson nefndi að ég mun vekja athygli á þessu máli eins og þarf þar til þetta næst upp. Ég minnist þess líka að margt jákvætt kom fram í fyrra eins og það að steypubílar væru notaðir við sláturtíð á Suðurlandi, eins og einn ágætur fréttahaukur, Haukur Hauksson, nefndi en nóg um það.

Ég hlýt, virðulegi forseti, að stoppa aðeins við það svar sem hæstv. iðnaðarráðherra veitti. Hún rakti hvernig hún hefur verið að bögglast með þetta inni í ríkisstjórn en fengið litlar undirtektir. Ég ætla að gefa mér, virðulegi forseti, að einhver áhugi sé hjá hæstv. ráðherra á því að taka upp annaðhvort flutningsjöfnun eða það sem ég hef bent á að er kannski álitlegra og fljótvirkara, að lækka skattheimtu, en ekki hafi náðst samstaða um það í ríkisstjórn, eins og hæstv. ráðherra sagði. Er það þá svo, virðulegi forseti, má lesa það út úr þessu svari að ráðherrar Sjálfstæðisflokksins stoppi þetta mál? (**Gripið fram í:** Já, já.) Já, já, heyrði ég (**Gripið fram í:** Það hlýtur að vera.) já, hérna hægra megin þá.

Það hlýtur að vera svo, virðulegi forseti, og þá finnst mér að iðnaðarráðherra eigi bara að segja okkur það. Ég mundi þá vissulega taka upp aðra hætti og fara kannski að skamma hæstv. fjármálaráðherra og spyrja hann í staðinn fyrir að vera alltaf að spyrja iðnaðarráðherra sem getur ekkert nema endurtekið gömul lúin svör, gamlar lummur þar sem ekkert nýtt kemur fram. Það er ekkert gert í þessu máli. Það er staðreyndin, virðulegi forseti, og ég spyr aftur: Er það svo, virðulegi forseti, að ráðherra Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn og Sjálfstæðisflokkurinn í heild sinni stoppi aðgerðir í þessum efnum?

[15:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil segja út af þessari síðustu spurningu að ég brá mér úr landi og frétti að það hefði verið umræða um að hér væri bara ein ríkisstjórn í landinu og ég er sammála því. Ég fer því ekki að benda á einstaka ráðherra sem hafi einhverjar sérstakar skoðanir, kannski ekki alveg sömu (**ÁRJ:** Er það leyndarmál?) og ég í málinu.

Ég er búin að fara yfir þessa sögu og hún er að verða dálítið margbreytileg. Málið er að ekki er búið að taka neina ákvörðun um að fara út í flutningsstyrki og það er ekkert í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að fara út í slíkt fyrirkomulag. Og það er stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem er það plagg sem við vinnum eftir.

Hins vegar getur vel verið að einhverjir flokkar hafi haft stefnu fyrir kosningar sem hafi síðan ekki komist inn í þetta plagg. Það er mál út af fyrir sig og það þýðir ekkert að staglast á því að þetta hafi verið kosningaloforð einhverra fyrir kosningar og ég kannast alveg við það að hafa talað um þetta mál sem mikilvægt mál og stend við það.

En ég ætla að ítreka að við vorum ekkert að tala um neinn jöfnunarsjóð. Við vorum að tala um styrki, styrkveitingar til að koma til móts við hluta af þeim kostnaði sem iðnfyrirtæki á landsbyggðinni verða fyrir vegna þess að þau eru staðsett á landsbyggðinni en ekki þar sem markaðurinn er stærstur, sem er hérna á suðvesturhorninu. Það er málið. Og ESA gat alveg fallist á það, eða heyrðist mér, það er

ekki búið að fara formlega með þetta til ESA. En Norðurlöndin eru með svipað fyrirkomulag og það virðist hafa verið fallist á það.

Hvað varðar einokun í flutningsgeiranum og eftirlit hlýtur hv. þm. Jón Bjarnason að vita að við erum með samkeppnisyfirvöld í landinu sem fylgjast með slíku.

Ég vil síðan segja að síðustu að mér finnst að ekki hafi verið sérstaklega mikill þrýstingur frá atvinnulífinu sjálfu um að taka upp þetta fyrirkomulag. Ég veit alveg um þrýsting frá hv. þm. Kristjáni Möller og einhverjum fleirum en þrýsting frá atvinnulífinu hefur skort.

Umræðu lokið.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar.

Fsp. AKG og MF, 182. mál. — Þskj. 182.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar eru tíu talsins í dag. Þær starfa við mjög breytilegar aðstæður sem felast m.a. í því að landsvæði sem þær þjónusta er mjög misstórt. Ein þjónar t.d. öllu Suðurlandi en önnur Vestmannaeyjabæ. Íbúar svæðanna eru mismargir og á einum stað er háskóli á aðalstarfssvæði símenntunarmiðstöðvarinnar. Þannig hafa sumar stöðvar allt að sex útstöðvar sem kennt er í og þjónustaðar, t.d. á Vesturlandi og Norðurlandi vestra á meðan aðrar hafa starfsemi sína eingöngu eða nánast eingöngu á einum stað. Dæmi um það eru Vestmannaeyjar, Suðurnes og Akureyri.

Í sumum tilfellum er þjónusta við háskólanemendur stærsti einstaki þátturinn í starfsemi þeirra á meðan þjónusta við fyrirtæki er veigamest hjá öðrum. Allar stöðvarnar hafa fengið sama lágmarksfjármagn árlega á fjárlagalið menntamálaráðuneytisins og þannig ekki verið tekið tillit til mismunandi aðstæðna. Sumar þeirra hafa jafnframt fengið aukafjárveitingu til tiltekinna mála. Má þar nefna fræðslumiðstöð Vestfjarða og fræðslumiðstöð Austurlands. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum hefur ekki verið settur lagarammi og fjármagni til þeirra er útdeilt árlega af menntamálaráðuneytinu án þess að settar hafi verið viðmiðanir eða tekið tillit til sérstöðu hverrar og einnar eftir því sem best verður séð.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra: Hefur ráðuneytið styrkt fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar? Ef svo er, hversu háir hafa styrkirnir verið sl. fimm ár, sundurliðað eftir árum og stofnunum, og til hvaða verkefna fóru þeir?

[15:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Til mín er beint fyrirspurn um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar. Spurt er hvort iðnaðarráðuneytið hafi styrkt slíkar miðstöðvar og ef svo sé, hversu háir slíkir styrkir hafi verið síðustu fimm ár.

Rétt er að geta þess í upphafi að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar heyra undir verksvið menntamálaráðuneytis en iðnaðarráðuneytið hefur engu að síður styrkt fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sl. þrjú ár á grundvelli samkomulags við menntamálaráðuneytið um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni. Samkvæmt samkomulaginu skuldbinda ráðuneytin sig til þess að leggja hvort um sig fram að lágmarki 50 millj. kr. á ári til sameiginlegra verkefna árin 2003, 2004 og 2005 eða alls um 300 millj. kr. Hluti þessarar fjárhæðar hefur runnið til eflingar fræðslu- og símenntunarmiðstöðva en það er á herðum menntamálaráðuneytisins að útbúa áætlun um samstarfsverkefni ráðuneytanna á grundvelli samkomulagsins. Menntamálaráðuneytið hefur einnig yfirumsjón um fjársýslu verkefnanna.

Efling símenntunarmiðstöðva og uppbygging háskóla eða þekkingarsetra er sérstakur liður í samkomulagi iðnaðarráðuneytis og menntamálaráðuneytis en í byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005 er lögð áhersla á að starfsemi símenntunarmiðstöðva verði efld. Á grundvelli samkomulags ráðuneytisins var 16 millj. kr. ráðstafað til þekkingarseturs á Egilsstöðum árið 2003 og sömu fjárhæð árið 2004. Áætlun er um að veita sömu fjárhæð til þekkingarsetursins á þessu ári.

Markmiðið með fjárveitingunni hefur verið að byggja upp og reka háskólasetur á Egilsstöðum, að tengja háskólanám rannsóknarstarfsemi og atvinnulífi á Austurlandi og taka þátt í þróun fjarnáms á háskólastigi.

Þekkingarsetur á Húsavík fékk 5,4 millj. kr. á árinu 2003, 5 millj. kr. á árinu 2004 og sömu fjárveitingu í ár. Markmiðið er að stuðla að eflingu rannsókna og háskólanáms í Þingeyjarsýslum í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands, Fræðslumiðstöð Þingeyinga og háskóla. Til eflingar þjónustu vegna háskólanáms og símenntunar á Vestfjörðum var ráðstafað 10 millj. kr. 2003, 6 millj. 2004 og áætlað er um 40 millj. kr. fjárveitingu í ár. Markmiðið hefur verið að byggja upp þekkingarsetur á Ísafirði með samvinnu háskóla, rannsóknastofnana, Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, sveitarfélaga og fyrirtækja á Vestfjörðum. Sá markverði árangur náðist í vor að háskólasetur Vestfjarða var stofnað á Ísafirði en tilgangur þess er að stuðla að fjölbreyttri uppbyggingu háskólamenntunar, rannsókna- og þekkingarstarfs á Vestfjörðum, vera samstarfsvettvangur þeirra aðila er vinna að verkefnum á sviði rannsókna, háskóla og símenntunar, fjölþjóðlegra samstarfsverkefna, nýsköpunar og byggða- og atvinnuþróunar. Þá er 10 millj. kr. varið til eflingar símenntunarmiðstöðva um land allt árið 2003 á grundvelli samkomulags iðnaðarráðuneytis og menntamálaráðuneytis. Sömu fjárhæð var varið til verkefnisins árið 2004 og áætlun hljóðar upp á sömu fjárveitingu í ár. Markmiðið með fjárveitingunni er að tryggja fjarskipta- og myndfundaþjónustu fyrir símenntunarmiðstöðvar um land allt. Í þessum tilgangi hefur verið lokið við uppbyggingu FS-nets sem er háhraðanet fyrir framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva á Íslandi og styrkir hafa verið veittir til símenntunarmiðstöðva til að koma til móts við fjarskiptakostnað.

[15:13]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það sem stendur upp úr þessu máli

sem snýr að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum um allt land er að þeim er gróflega mismunað eftir landshlutum, mismunað í skjóli orðhengilsháttar. Fræðlsumiðstöðvarnar á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi lepja dauðann úr skel og ramba á barmi þess að hægt sé að reka þær. Þær eiga allt sitt undir árlegu samkomulagi fjárlaganefndar um styrk til reksturs þeirra og nú er svo komið að háskólanám um fjarnám í gegnum fræðslumiðstöðvarnar sem ég nefndi eru í uppnámi. Ef fer fram sem horfir leggst námið af, þetta dýrmæta nám sem mörg hundruð manns stunda nám í gegnum. Síðan er verið að mjatla til einstakra háskólasetra eða símenntunarstöðva eftir því hvað þetta heitir og hvar þær eru staðsettar á landinu, peningum í gegnum önnur ráðuneyti. Það skortir allan lagaramma utan um þetta og það sem upp úr stendur er að þeim er gróflega mismunað eftir því hvar þær eru staðsettar á landinu.

[15:14]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það að símenntunarstöðvarnar hafa kvartað mjög mikið undan því hvað þeim er mismunað. Þetta er afskaplega mikilvægt starf sem símenntunarstöðvarnar inna af hendi. Aukningin á fjarnámi og menntun í landinu hefur aukist ár frá ári og sýnir hvað þessi þáttur er mikilvægur.

Mig langar aðeins að geta þess af því að ég er með fjárlagafrumvarpið fyrir framan mig, að á vegum menntamálaráðuneytisins fer í þennan málaflokk 191,4 millj. kr. og þar af eru símenntunarmiðstöðvarnar með 9,9 millj. fyrir næsta ár í frumvarpinu. Síðan má geta þess að til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er áætlað að fari 66,1 millj. kr. Þetta er gríðarlega mikilvægt og ég vil taka undir að styrkari lagaramma vantar utan um þessar stöðvar. Þær eru mjög mismunandi, það er mjög mismunandi starf sem þar fer fram. Og það er ekkert óeðlilegt við að það sé sér símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum.

[15:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að við getum öll tekið undir það, sérstaklega við landsbyggðarþingmenn sem höfum kynnt okkur það mjög vel, að sú starfsemi sem fer fram í fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum er mjög mikilvæg. Hún er mjög mikilvæg sem byggðamál en það breytir auðvitað ekki því að setja þyrfti um það skýrari línur hvert við erum að stefna.

Starfið í fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum hófst sem grasrótarstarf og er rétt að halda því til haga að það var á Austurlandi eins og margt gott á uppruna frá. Þetta var eins konar grasrótarstarf sem í upphafi var stutt af fjárlaganefnd. Nú er starfsemin orðin viðamikil og margir í námi í þessum háskólasetrum og annars staðar þar sem kannski er frekar hægt að kalla fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar. Þetta er mismunandi starfsemi, það þarf að gera ákveðnar kröfur og við hljótum (Forseti hringir.) að stefna að því að setja ákveðinn lagaramma um þetta þegar fram líða stundir.

[15:17]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir fyrirspurnina og svarið. Auðvitað skipta þessar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar afar miklu máli fyrir hvert svæði í heild og það átak sem er í þessum efnum er mjög af hinu góða. Það er líka mjög brýnt að gera ekki upp á milli stöðvanna. Starfið hefur þróast með tímanum og setja þarf ákveðinn lagaramma um það. Það skiptir Íslendinga mjög miklu máli en það skiptir líka svokallaða nýbúa afar miklu máli. Við þurfum að leggja miklu meiri áherslu á að erlent fólk sem býr hér á landi hafi möguleika á að læra íslensku. Þess eru dæmi að allt upp í 10% íbúa ákveðinna sveitarfélaga séu af erlendu bergi brotin og til þess að þeir geti verið fullgildir þegnar í samfélaginu verða þeir að læra íslensku. Símenntunarmiðstöðvarnar eiga einmitt að beita sér fyrir því og ég hvet hæstv. ráðherra, bæði menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra, að beita sér af alefli í þessum efnum.

[15:18]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Þær tíu fræðslu- og símenntunarstöðvar sem eru á landinu skipta mjög miklu máli á þeim stöðum þar sem þær eru starfræktar. Það er varla til skýrari dæmi um mismunun milli opinberra stofnana en þegar maður skoðar hvaða fé fer til reksturs þessara fræðslu- og símenntunarstöðva.

Ég verð að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig velur hæstv. ráðherra úr þessum tíu fræðslu- og símenntunarstöðvum þær stöðvar sem fá tugi milljóna króna. í aukið rekstrarfé á því tímabili sem hér var spurt um? Hvaða reglur gilda þar þannig að aðrar símenntunarstöðvar, sem ekki hafa notið þessara sem ég vil kalla geðþóttaákvarðana ráðherra, geti þá sóst eftir því að fá fé á sömu samræmdu forsendunum og hinar stöðvarnar? Ég geng út frá því að hér sé um gegnsæjar ákvarðanir að ræða, byggðar á ákveðnum forsendum, og ef aðrar stöðvar séu tilbúnar til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fái þær sama rekstrarfé frá ríkinu og þær stöðvar sem mest fá.

[15:19]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir þingmenn þakka fyrir þessa fyrirspurn og umræðuna sem hér hefur orðið. Mér sýnist það einboðið og að þverpólitísk samstaða sé um það að starf fræðslu- símenntunarstöðvanna verði endurskoðað. Við köllum auðvitað eftir því að jafnræði sé milli stöðvanna. Við þekkjum starfsemi slíkra stöðva í Suðurkjördæmi þar sem þær eru mjög öflugar en fá ekki nema lágmarksframlag til þessa verkefnis. Við viljum sjá að þarna sé samræmis gætt og þeim sé umbunað sem standa sig vel á þessu sviði. Ég hvet hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra til að taka þetta mál til gagngerrar endurskoðunar og koma með heildarstefnu í málinu.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir svarið sem afhjúpaði einhverja mestu mismunun sem ég hef

orðið vitni að í seinni tíð. Ég heyri það á þingmönnum sem tekið hafa til máls, sama hvar í flokki þeir standa, að þeim blöskrar því það hlýtur að vera ætlun okkar þingmanna að þegnum þessa lands sé gert jafnhátt undir höfði. Það eru undarleg skilaboð sem hæstv. ráðherrar senda íbúum landsins að mikilvægara sé að styðja við menntun á sumum svæðum en öðrum, en ekki er hægt að skilja þessa mismunun öðruvísi en svo.

Mér er kunnugt um að á Suðurlandi er kostnaður símenntunarmiðstöðvarinnar eða Fræðslunets Suðurlands eins og það heitir áætlaður um 14,5 milljónir á ári vegna háskólamenntunar einnar. Þessi tiltekna miðstöð nýtur engra annarra styrkja af hálfu ríkisins en 9 millj. kr. eins og grunnstyrkurinn er. Sama er að segja um símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og á Norðurlandi vestra. Þar er ekki um neinn aukabónus að ræða og reyndar heldur ekki í Vestmannaeyjum. Og ég vil taka það fram, hv. þm. Drífa Hjartardóttir, að það er mjög ágætt að hafa sérstaka símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum en hins vegar ber að taka tillit til þess í fjármagni að þar er um lítið svæði að ræða og fáa einstaklinga sem þarf að þjónusta. Á mörgum öðrum svæðum stundar mjög margt fólk nám (Gripið fram í.) við mjög mismunandi aðstæður og það hlýtur að vera eðlilegt að taka tillit til mismunandi aðstæðna.

[15:23]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vildi gjarnan koma því að vegna ummæla hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur að það er kannski ekki sanngjarnt að leggja málið út á þann veg sem hún gerði að draga upp mikinn meintan mismun á framlögum til menntamála eftir landshlutum. Það verður auðvitað að skoða framlög til menntamála í heild til að fá raunhæfan samanburð á því hvað fer til menntamála á viðkomandi landsvæði. Þannig væri sanngjarnt að taka tillit til þess að talsvert fé fer til menntunar á Norðurlandi með framlögum til Hólaskóla, á Vesturlandi með framlögum til Landbúnaðarháskóla Íslands og Viðskiptaháskólans á Bifröst. Ég held að nauðsynlegt sé að hafa þessa hluti til hliðsjónar þegar menn gera þann samanburð sem hv. þingmaður gerði og mér fannst að sumu leyti vera ósanngjarn.

[15:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að fá að endurtaka fyrirspurnina sem upp var borin. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Hefur ráðuneytið styrkt fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar? Ef svo er, hversu háir hafa styrkirnir verið sl. fimm ár, sundurliðað eftir árum og stofnunum, og til hvaða verkefna fóru þeir?“

Ég endurtek spurninguna vegna þess að eins og ég sagði í svari mínu fer ég ekki með þessi mál, það er hæstv. menntamálaráðherra sem fer með málefni símenntunarmiðstöðva. En vegna þess hversu mikilvægt byggðamál þetta er, og ég tek undir það sem kom fram í umræðunni hvað það varðar, höfum við lagt fjármagn á móti menntamálaráðuneytinu í þennan málaflokk, 300 milljónir, og ég tel það hafa verið mikilvægt. Ég held að ekki sé hægt að tala um að verið sé að mjatla peningum, þetta eru peningar sem skipta verulega miklu máli á landsbyggðinnni.

Ég geri mér grein fyrir að þetta er málaflokkur sem þarf að efla frekar en hitt og hvað varðar lagarammann þá hlýtur hæstv. menntamálaráðherra að fjalla um hann, ég tel mér ekki skylt eða að ég eigi í raun ekki að að fjalla um hann hér vegna þess að hann heyrir ekki undir ráðuneyti mitt.

Þær tillögur sem koma fram og það sem við höfum sett niður í samkomulagi okkar eru tillögur sem koma frá menntamálaráðuneytinu þar sem fagþekkingin er þar. Ég efast ekki um að þar er vilji til að gera eins gott úr þessu og kostur er. Um er að ræða 30 millj. kr. vegna samningsins auk þeirra fjármuna sem koma á fjárlögum hvers árs.

Ég held að umræðan hafi engu að síður verið mikilvæg þó að hún hefði kannski átt að eiga sér stað að einhverju leyti gagnvart hæstv. menntamálaráðherra. Málið hefur þó a.m.k. verið reifað hér og mér finnst allir vera sammála um að þarna sé um mikilvæga starfsemi að ræða sem eigi að efla frekar en hitt og ég tek eindregið undir það.

Umræðu lokið.

Tilhögun þingfundar.

[15:26]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Eins og greint var frá fyrr á þessum fundi hefur verið boðuð utandagskrárumræða um Reykjavíkurflugvöll kl. 15.30 og verður því ekki unnt að taka fleiri fyrirspurnir fyrir á þessum fundi. Forseti hyggst gera hlé á fundinum í 4 mínútur en utandagskrárumræðan hefst kl. 15.30.

[Fundarhlé. — 15:27]

Umræður utan dagskrár.

Reykjavíkurflugvöllur.

[15:31]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár til að ræða framtíð Reykjavíkurflugvallar. Ástæðan fyrir að ég geri það er að ég tel það mjög mikilvægt að fram fari málefnaleg umræða um hann og framtíð flugs í landinu. Nú vitum við að umræðan hefur svo sannarlega verið til staðar en hún hefur kannski oft verið á þeim nótum að menn hafa farið í skotgrafir annaðhvort fylgjandi því að hafa flugvöll í Vatnsmýrinni eða andstæðir, og ég er ekki alveg viss um að besta leiðin til þess að ná góðri niðurstöðu sé að nálgast hlutina með þeim hætti. Það er að sjálfsögðu sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna að hér séu góðar flugsamgöngur, bæði milli landa og sömuleiðis innan lands.

Kostirnir við að flytja flugvöllinn eru augljósir. Það segir sig sjálft að hér er um mjög verðmætt land að ræða í hjarta borgarinnar og við mundum án nokkurs vafa geta byggt hér upp enn betri borg með því að nýta það svæði undir annað en flugvöll. Á sama hátt eru augljósir gallar við að flytja flugvöllinn þar sem það mundi skaða innanlandsflugið og samgöngur á landinu þyrftu að taka miklum breytingum til þess að ná þeirri stöðu sem uppi yrði ef flug-

völlurinn færi og einnig þyrftum við að bæta mjög samgöngur til Vatnsmýrarinnar ef við værum þar með öfluga íbúabyggð.

Þegar ég lít á þetta mál sé ég nokkrar forsendur. Í fyrsta lagi held ég að nauðsyn þess að hafa varaflugvöll nálægt Keflavíkurflugvelli sé alveg ljós og einnig viljinn til þess. Ástæðan er fyrst og fremst öryggissjónarmið. En síðan og ekki síður er hér um mikilvægan þátt að ræða fyrir þá flugrekstraraðila sem starfa hér á landi. Þeir hafa mikla fjárhagslega hagsmuni af því að þurfa ekki að nota eins mikið eldsneyti og þeir þyrftu að gera ef flugvöllurinn væri ekki jafnnálægt Keflavíkurflugvelli.

Í annan stað hlýtur það að vera hagsmunamál að hafa innanlandsflugið sem næst miðju Reykjavíkurborgar og ég held að þeir aðilar sem starfa á þeim vettvangi séu sammála um það.

Í þriðja lagi er ljóst að flugvöllurinn fer ekki strax, jafnvel þó að vilji væri fyrir því. Það liggur fyrir að fyrrv. borgarstjóri, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, samdi við núverandi samgönguráðherra um að hafa flugvöllinn til ársins 2016 og í skipulagi Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að hann verði til 2024. Þó svo að hægt sé að breyta þessu þá liggur það fyrir að ætli menn að færa flugvöllinn fyrir 2016 þá þurfa tveir aðilar að komast að þeirri niðurstöðu.

Í fjórða lagi held ég að það liggi fyrir að rekstrarkostnaður í tengslum við flugvöll er ekki svo ýkja mikill. Hér er fyrst og fremst um fjárfestingarkostnað að ræða. En það er orðið ljóst, sérstaklega eftir að lóðaverð hefur hækkað svo mikið í Reykjavíkurborg sem raun ber vitni, að það eru orðin mun meiri verðmæti í Vatnsmýrinni núna en áður var og væri örugglega hægt að fjármagna uppbyggingu á nýjum flugvelli með lóðasölu á þeim stað.

Í fimmta lagi liggur það fyrir að mjög mikil aukning hefur orðið á flugi og að farþegum hefur fjölgað mikið í Keflavík. Farþegar eru núna um 1,4 milljónir og hefur fjöldinn aukist jafnt og þétt á hverju einasta ári. Álagstímar eru samt ekki svo margir, kannski tveir á sólarhring í Keflavík, en það liggur þó fyrir að menn eru nú þegar farnir að huga að stækkun flugstöðvarinnar vegna þess að umferð um hana er svo mikil.

Í sjötta lagi liggur alveg fyrir að það verður aldrei millilandaflugvöllur í Vatnsmýrinni. Og í rauninni erum við í þeirri sérstöku stöðu að við erum með þessa stóru fjárfestingu þar sem við munum frekar reyna að ýta frá umferð en að fá hana til okkar. Þá er ég að vísa í snertilendingar, kennsluflug og annað því um líkt.

Ég velti því þess vegna fyrir mér hvort það sé ekki rétt í þessu máli að skoða það, og þá er ég að vísa til lengri tíma, hvort ekki sé hreinlega þörf fyrir annan millilandaflugvöll á suðvesturhorninu. Reykjavíkurflugvöllur er fyrst og fremst innanlandsflugvöllur og varaflugvöllur en ég velti því fyrir mér hvort við ættum að skoða það í þessu samhengi, þegar við erum að fara í gegnum hagkvæmnisathuganir í tengslum við þetta, hvort á næstu árum, ég tala ekki um áratugum, sé þörf fyrir annan millilandaflugvöll.

Ég vil því beina þrem fyrirspurnum til ráðherra:

1. Nú liggur fyrir að þær ákvarðanir sem teknar eru í tengslum við flug eru langtímaáætlanir sem hafa áhrif áratugi fram í tímann. Telur ráðherra að ekki gæti verið sóknarfæri fyrir íslenska ferðaþjónustu að fá annan millilandaflugvöll á suðvesturhornið?

2. Er ekki eðlilegt að skoða það í tengslum við þær hagkvæmnisathuganir sem nú fara fram að fá annan millilandaflugvöll á suðvesturhornið?

3. Er ekki eðlilegt í því ljósi að taka staðsetningu flugvallar á Miðdalsheiði inn í hagkvæmnisathuganir ráðuneytisins?

[15:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að gefa okkur enn eitt tækifæri til þess að ræða um flugvallarmál hér á hinu háa Alþingi. En það blasir við að augu manna eru að opnast fyrir því hversu mikilvægt innanlandsflugið er og hverjar skyldur höfuðborgarinnar eru gagnvart því að hér á höfuðborgarsvæðinu verði miðja íslenska samgöngukerfisins. Fleiri og fleiri koma fram og viðurkenna að taka verði tillit til þess að hagsmunir innanlandsflugsins og allra þeirra mörgu sem starfa á þeim vettvangi liggja undir þegar verið er að fjalla um flugvallarmálin hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem Reykjavíkurflugvöllur er miðja innanlandsflugsins á Íslandi.

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins þar sem fjallað var m.a. um flugvallarmál og samgöngumál á mjög breiðum grundvelli var borin upp tillaga um að flugvöllurinn hyrfi úr Vatnsmýrinni í áföngum. Þeirri tillögu var vísað frá með miklum atkvæðamun. Landsfundurinn samþykkti hins vegar tillögu sem er algerlega í þeim anda sem ég hef unnið eftir.

Í hverju er hún fólgin? Hún er fólgin í því að leggja áherslu á að tryggja hagsmuni innanlandsflugsins og því að leita allra leiða til þess að ná sátt um þessi málefni. Það er þess vegna sem á mínum vegum og í góðu samráði við borgaryfirvöld var settur af stað vinnuhópur til þess að fara yfir alla þætti þessa máls, hvernig við tryggjum framtíð innanlandsflugsins á Íslandi. Sá vinnuhópur er núna að störfum og fer yfir alla kosti. Að sjálfsögðu lítur hópurinn fyrst á það hvernig við getum komið Reykjavíkurflugvelli vel fyrir þar sem hann er staðsettur í dag en forskriftin er jafnframt sú að skoða aðra kosti fyrir innanlandsflugið á höfuðborgarsvæðinu. Ég legg mikla áherslu á að við horfum til framtíðar.

Að sjálfsögðu horfum við til framtíðar, við erum nýbúin að byggja Reykjavíkurflugvöll upp og hann verður ekki rifinn þar upp með rótum svo auðveldlega á næstunni. Þess vegna þurfum við í þessu starfi, sem er á vegum borgaryfirvalda og samgönguráðuneytisins, að horfa rækilega til allra átta. Hvaða kostir eru það í framtíðinni í stöðunni sem við verðum að leggja upp með? Ég vil undirstrika þetta alveg sérstaklega vegna þess að ég geri mér grein fyrir því að við verðum að ná bærilegri sátt um flugvöllinn en í mínum huga er aðalatriðið að við eigum að tryggja hagsmuni innanlandsflugsins og þeirra sem að því koma.

Það hafa verið og verða kallaðir til starfa á vegum þessa vinnuhóps erlendir og innlendir sérfræðingar til þess að meta alla kosti, þar á meðal væntanlega þann kost sem hv. málshefjandi nefndi, sem er Miðdalsheiði. Það hafa ýmsir kostir verið ræddir sem framtíðarmúsík í flugvallarmálum

þó að í dag miðum við að sjálfsögðu við að áframhaldandi þjónusta verði til ársins 2016 frá Reykjavíkurflugvelli úr Vatnsmýrinni í það minnsta, eins og áður var nefnt. En það hafa verið nefndir kostir eins og Löngusker og Álftanes, Álftnesingar hafa nú ekki tekið því blíðlega, en við þurfum að fara yfir þetta og það er hlutverk nefndarinnar.

Hvað varðar spurninguna um það hvort til greina komi að við byggjum annan millilandaflugvöll sé ég það ekki alveg fyrir mér á þessu stigi sem möguleika. En það er hins vegar alveg hárrétt sem málshefjandi nefndi að Reykjavíkurflugvöllur sem annar af tveimur flugvöllum sem geta þjónað millilandaflugi hér á suðvesturhorninu er geysilega mikilvægur, bæði vegna rekstrar flugfélaganna og sem öryggisþáttur. Á þetta allt saman verðum við að líta og það er verið að vinna að þessu á þeim vettvangi sem ég nefndi hér fyrr og ég vona svo sannarlega að menn nái sæmilegum áttum áður en langt um líður, jafnvel hér á þingi. (Forseti hringir.) Þeir þingmenn sem áður hafa snúist algjörlega (Forseti hringir.) gegn Reykjavíkurflugvelli verða að viðurkenna mikilvægi hans.

[15:42]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Framtíðarmúsík Sjálfstæðisflokksins í flugvallarmálunum er fölsk. Það var sérkennilegt að hlusta á fulltrúa Sjálfstæðisflokksins ræða um málefni flugvallarins í Vatnsmýrinni hérna á undan mér, flugvöllurinn er sem sagt ekkert að fara en hann á bæði að vera og fara og síðan á að byggja annan millilandaflugvöll nokkra kílómetra frá Keflavík. Þetta var svona megininntakið í málflutningi sjálfstæðismanna að loknum landsfundi hér í umræðunum áðan.

Það blasir við, virðulegi forseti, að þegar Reykjavíkurflugvöllur fer úr Vatnsmýrinni fer hann til Keflavíkur. Það væri sóun á almannafé að byggja upp annan flugvöll annars staðar á suðvesturhorninu. Við munum aldrei byggja þennan flugvöll ef rekstri núverandi flugvallar í Vatnsmýrinni verður hætt. Flugið færist til Keflavíkur og verður rekið með millilandaflugvellinum sem þar er fyrir og við öxlum sífellt meiri byrðar við rekstur hans. Þegar flugvöllurinn fer þá fer hann til Keflavíkur, annað er sóun á fjármunum og kemur örugglega aldrei til greina þó að ýmislegt annað heyrist þegar hitamælarnir stíga upp í prófkjörum reykvíska sjálfstæðismanna þar sem nú fer fram harður slagur um oddvitastöðu minni hlutans í borginni.

Undir þetta sjónarmið tók hæstv. samgönguráðherra á fundi þar syðra á dögunum og sagði: „Keflavík er eini kosturinn ef flugvöllurinn fer úr mýrinni.“ Nú opnar hæstv. ráðherra hins vegar á, samkvæmt umræðum hér áðan og af landsfundarfréttum sjálfstæðismanna, að skoða beri aðra kosti. Hann segir nú að fari flugvöllurinn sé Keflavík ekki sá sjálfsagði kostur sem hann sagði hann vera á dögunum.

Þessi hringlandaháttur hæstv. ráðherra er í besta falli furðulegur og maður hlýtur að spyrja sig hvort það hafi ekkert verið að marka yfirlýsingar hæstv. ráðherra á fundinum syðra. Eða kollvarpar prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík öllum fyrri yfirlýsingum sjálfstæðismanna um Reykjavíkurflugvöll? Keppinautarnir um fyrsta sætið í prófkjörinu hamast nú við að lýsa því yfir að flugvöllurinn skuli víkja þó að þær heitstrengingar hafi líklega útvatnast í því litlausa moði sem samþykkt var á landsfundi Sjálfstæðisflokksins (Forseti hringir.) um málefni Vatnsmýrarinnar.

[15:44]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að Framsóknarflokkurinn hefur skýra stefnu varðandi flugvallarmál hér í Reykjavík. Við teljum að miðstöð innanlandsflugs eigi að vera áfram í Reykjavík, það segir í höfuðborgarstefnu okkar. Við viljum láta skipuleggja flugvallarsvæðið þannig að landið sem fer undir flugvöllinn minnki en við viljum ekki ýta flugvellinum úr Reykjavík.

Að sjálfsögðu eru bæði kostir og gallar við það að hafa flugvöllinn í Reykjavík, en að okkar mati eru kostirnir mun fleiri. Maður verður að spyrja sig að því: Er ekki líklegt að innanlandsflugið leggist meira eða minna af ef flugvöllurinn fer úr Reykjavík og er það framtíðarsýnin sem við viljum sjá? Ég held að svo sé ekki. Það er mikilvægt að hafa öflugt innanlandsflug bæði fyrir landsbyggðina en líka fyrir fólkið á höfuðborgarsvæðinu. Ég vil þar að auki benda á að það eru flugvellir inni í borgum annars staðar, t.d. London City Airport, það eru talin gæði að hafa flugvöll í borg. Það getur farið saman að hafa öfluga borg og öflugan flugvöll inni í borginni.

Það má heldur ekki gleyma því að við höfum ákveðnum skyldum að gegna gagnvart sjúklingum þessa lands og sjúkraflug á Íslandi er ansi viðamikið. Árið 2004 flugu 381 sjúklingur með sjúkraflugi og þá er ég ekki að tala um þyrlurnar, bara sjálft sjúkraflugið. Þetta var þannig að það komu 50 frá Vestmannaeyjum, 160 frá Austurlandi, 100 frá Norðurlandi eystra og 40 frá Vestfjörðum, þetta er því umfangsmikið sjúkraflug. Það er talað um svokallaða gullnu klukkustund, „The Golden Hour“ þannig að ef flutningur á bráðveiku fólki fer mikið yfir klukkutíma minnka mjög mikið líkurnar á að það fólk hafi það af. Við skulum því ekki gleyma því að við erum að byggja upp glæsilegt hátæknisjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu, sem nýlega var kynnt í samkeppni, og það er mikilvægt að sjúkraflugið verði áfram öflugt. Það hníga því öll rök að því að Reykjavíkurflugvöllur verði (Forseti hringir.) áfram í Reykjavík.

[15:46]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Flugvöllurinn í Vatnsmýrinni hefur verið umdeildur allt frá því að Bretar settu hann niður á hernámsárunum. Í gegnum tíðina hafa komið fram háværar kröfur um að hann verði aflagður, fyrst af öryggisástæðum, en í dag er krafan frekar byggð á verðmæti landsins sem byggingarlands.

Þriðjungur Vatnsmýrarinnar hefur þegar verið skipulagður og með uppbyggingu tveggja flugbrauta hefur helgunarsvæði brautanna takmarkast mjög. Samkvæmt samgönguáætlun verður innanlandsflugið á núverandi stað næstu árin og því brýnt að vinna hið fyrsta að nýrri og sómasamlegri þjónustumiðstöð fyrir farþega samkvæmt fyrirliggjandi tillögu.

Flugsamgöngur skipa æ stærri sess í öllu samgöngukerfinu. Því er staðsetning innanlandsflugsins í Vatnsmýrinni

ekki eingöngu spurning um deiliskipulag svæðisins og mál Reykvíkinga, heldur starfsemi sem snertir alla landsmenn. Það að flytja innanlandsflugið krefst uppstokkunar í heilbrigðisþjónustu og stjórnsýslu. Í sjúkraflutningi bráðveikra sjúklinga skiptir tíminn miklu máli og staðsetning flugvallarins við lóðarmörk Landspítala – háskólasjúkrahúss og síðar hátæknisjúkrahúss veitir mikið öryggi. Lengri ferðatími kallar á endurskipulagningu heilbrigðisþjónustunnar og frekari uppbyggingu bráðaþjónustu víða um land.

Sama á við um stjórnsýsluna. Lengri ferðatími kallar á aukna þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Allar hugmyndir um að byggja nýjan flugvöll á uppfyllingum úti í sjó ætti að leggja til hliðar þar sem taka verður alvarlega spár um hækkun sjávarborðs. Við erum hér á virku eldfjallasvæði og í því sambandi er flugvöllurinn mikið öryggisnet fyrir höfuðborgarbúa. Af sömu ástæðu og vegna aukins millilandaflugs verður að fullgera flugvellina á Egilsstöðum og Akureyri sem alþjóðaflugvelli. En með því að takmarka umferð á Reykjavíkurflugvelli að mestu við innanlandsflugið, flytja æfingasvæði og þjónustu við litlar flugvélar ásamt flugvallarskýlum burt af svæðinu, næst frekari sátt um starfsemi og staðsetningu flugvallarins.

[15:48]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel rétt að koma því á framfæri af því að F-listinn á ekki enn þá borgarfulltrúa í þinginu að F-listinn í borgarstjórn hefur algjöra sérstöðu í flugvallarmálinu því hann er eina stjórnmálaaflið sem hefur tekið þá afstöðu að ekki komi til greina að flytja flugvöllinn.

Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir að taka málið á dagskrá vegna þess að þetta mál þarf að ræða á víðari grundvelli. Að vísu er ég ekki sammála honum hvað það varðar að flytja flugvöllinn upp á heiðar, á Miðdalsheiðina, vegna þess að það skapar ákveðin vandamál. Þar er lægra skýjafar og þoka þannig að sá flugvöllur mundi ekki nýtast eins vel og sá sem er nú í notkun.

Í fjölda umræðuþátta hafa menn algerlega hlaupið yfir að ræða hvernig koma eigi til móts við sjónarmið fólks af landsbyggðinni. Það er eins og sjónarmið fólks af Austfjörðum, Vestfjörðum, Norðurlandi og Vestmannaeyjum skipti engu máli í umræðunni. Þetta lýsir ákveðinni firringu í þjóðfélaginu. Einnig er eins og menn ætli að leysa öll skipulagsvandamál Reykjavíkurborgar með því einu að flytja flugvöllinn. Þetta er rosalega barnaleg einföldun, það er eins og menn haldi að Reykjavík verði einhver meiri háttar borg sem verði boðleg fínu fólki ef hægt að reisa skýjakljúfa upp í loft og þétta byggð. Ef skoðað er hvar byggð er þéttust í Reykjavík er það á Grettisgötunni og ekki eru skýjakljúfar þar.

Við í Frjálslynda flokknum höfum bent á að þetta er flugvöllur allrar þjóðarinnar og fólk hvaðanæva af landinu á rétt á greiðum aðgangi að höfuðborg sinni, miðstöð stjórnsýslu, verslunar og mikilvægra sjúkrastofnana. Það er staðreynd að töluverður hluti af skattfé kemur af landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðið og þess vegna verða menn að (Forseti hringir.) koma því þannig fyrir að fólk af landsbyggðinni (Forseti hringir.) eigi aðgang að þeirri þjónustu sem það greiðir fyrir.

[15:51]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Deilurnar um framtíð Reykjavíkurflugvallar ganga þvert á flokkslínur. Samkvæmt síðustu skoðanakönnun vill aðeins fjórðungur landsmanna að miðstöð innanlandsflugs verði flutt frá Reykjavík. Á landsbyggðinni var andstaðan mest við flutninginn og á höfuðborgarsvæðinu var einnig meiri hluti á móti.

Flugsamgöngur eru fljótvirkasti ferðamátinn og því mjög mikilvægar nú þegar tíminn er peningar og það þarf að vera stutt á áfangastað frá flugvelli. Er líklegt að milljörðum verði varið til byggingar nýs flugvallar, innanlandsflugvallar við Reykjavík, á sama tíma og nýuppgerður innanlandsflugvöllur er þar fyrir? Það finnst mér afar ólíklegt. Hverfi Reykjavíkurflugvöllur mun innanlandsflugið að öllum líkindum flytjast til Keflavíkur. Það gæti leitt til þess að mikið af innanlandsfluginu legðist af vegna þess hve tímafrekt það yrði fyrir farþega að fara á milli höfuðborgarinnar og Keflavíkur.

Áður en ákvörðun um að Reykjavíkurflugvöllur verði fjarlægður úr Vatnsmýrinni verður tekin þurfum við að ákveða hvers konar samgöngur við viljum. Það þýðir ekki að hrópa „flugvöllinn burt" án þess að hugsa um samgöngumálin í heild. Er þjóðvegakerfi okkar tilbúið að taka við allri þeirri umferð sem færi út á vegina ef innanlandsflugið legðist af? Það tel ég svo sannarlega ekki. Vegirnir eru að hrynja á stórum köflum vegna hins mikla álags sem vöruflutningar um þá hafa skapað eftir að strandsiglingar lögðust af. Það væri ógnun við umferðaröryggi að stuðla að slíku ástandi.

Ég minni líka á sjúkraflugið og þjónustu Landspítalans við alla landsmenn. Við verðum að horfa á málið heildstætt og af skynsemi og á meðan það tekur jafnlangan tíma og nú að fara milli Reykjavíkur og Keflavíkur og þjóðvegirnir eru eins og þeir eru er það ábyrgðarleysi að tala um Reykjavíkurflugvöll burt. Höfuðborgin hefur skyldur við landsmenn alla og þeir eiga rétt á greiðum samgöngum vegna þeirrar þjónustu sem þeir þurfa að sækja hingað. Það verður að skoða samgöngumálin heildstætt (Forseti hringir.) áður en ákvörðun er tekin í þessu máli.

[15:53]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Enn á ný er rætt um Reykjavíkurflugvöll og Vatnsmýrina. Frambjóðendur fyrir borgarstjórnarkosningar hafa opnað þessa umræðu þrátt fyrir niðurstöður í atkvæðagreiðslu sem fram fór árið 2001.

Hér er um mjög verðmætt land að ræða og getur flutningur flugvallarins gerbreytt skipulagsmálum í hjarta borgarinnar eins og komið hefur fram en þá hljóta að vakna spurningar hvar innanlandsflugið eigi að vera. Hvað með sjúkraflugið, hvað með öryggisþættina? Hér er um að ræða mál sem snertir annars vegar borgarbúa þar sem gríðarlega deildar meiningar eru um málið og hins vegar landsbyggðarfólk sem nýtir sér innanlandsflugið og afstaða þess fólks er mjög skýr í þessum efnum. Í nútímanum skiptir gríðarlega miklu máli að komast hratt á milli staða og það verður að taka tillit til þess í þessum vangaveltum því að hér er einungis um vangaveltur að ræða.

Talið er að það kosti um 8–12 milljarða að byggja nýjan flugvöll. Það er líka talað um að það kosti um 1,7 milljarða á ári að reka slíkan flugvöll. Þá spyr ég: Treystum við okkur til að borga þann munað að byggja nýjan flugvöll? Eigum við hugsanlega að nýta flugvöllinn í Keflavík, enda stefnir allt í að Íslendingar taki við rekstri vallarins? Hér er líka um atvinnuspursmál að ræða. Fari svo, og þá horfi ég til framtíðar, að innanlandsflugið flytji til Keflavíkur, sem er gríðarlega mikil andstaða við úti á landsbyggðinni, verður að tryggja hraðbraut á milli Keflavíkur og Reykjavíkur. Það verður jafnvel að tryggja að það verði einteinungur sem fer með ógnarhraða á milli þessara staða. Þetta kostar allt mikla peninga. Við verðum að taka tillit til fólksins í landinu því að öryggisþættirnir skipta miklu máli í þessum efnum.

[15:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er góðra gjalda vert að hvetja menn til að stíga upp úr skotgröfunum í þessu mikla deilumáli eins og hv. málshefjandi Guðlaugur Þór Þórðarson leggur til og ég vil taka undir orð hans hvað það snertir. Hins vegar verður ekki fram hjá því horft að hér er um að ræða mikið deilumál. Menn deila um grundvallaratriði og miklar tilfinningar eru í þessum deilum. Menn horfa til hagsmuna innanlandsflugsins, um 360 þúsund manns nýta sér innanlandsflugið á ári hverju. Menn horfa til atvinnuhagsmuna bæði hér og í Keflavík og annars staðar. Talið er að flugvellinum tengist 500 störf, 1.200 þegar afleidd störf eru einnig skoðuð. Síðan horfa menn til hagsmuna landsbyggðarinnar. Spurningin er hvort við getum alhæft um það efni.

Þannig eru það hagsmunir þeirra sem starfa innan stjórnsýslu og fyrirtækja að komast skjótt til höfuðborgarinnar á fundi og síðan fyrir þá sem fara út á land að komast skjótt á milli. En það eru aðrir hagsmunir líka. Það eru hagsmunir þess fólks sem fer til Keflavíkur á leið til útlanda og það eru hagsmunir þess að geta lent þar. Ég held að reyndin verði sú að Reykjavíkurflugvöllur muni flytja sig sjálfur að verulegu leyti til Keflavíkur. (Gripið fram í.) Það eru ákveðnar staðreyndir sem við þurfum að horfa á. Það var atkvæðagreiðsla í Reykjavík, að vísu tók aðeins þriðjungur eða rúmlega þriðjungur borgarbúa þátt í henni. Allir áttu kost á að taka þátt. Meiri hlutinn var því fylgjandi að flugvöllurinn yrði fluttur. Ekkert gerist hins vegar á allra næstu árum. Það er ekki fyrr en á árabilinu 2016–2024 sem breytingar (Forseti hringir.) gætu átt sér stað. En þar sem tími minn er þorrinn vil ég taka undir með hv. þingmanni að það er mjög mikilvægt (Forseti hringir.) að við ræðum framtíð innanlandsflugsins á Íslandi.

[15:58]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að flestir þingmenn sem hafa komið upp hafa lýst skoðun sinni og skilningi á því að það sé mikilvægt að hafa flugvöll á Reykjavíkursvæðinu, á höfuðborgarsvæðinu. Ég tek eftir því að sumir fulltrúar flokkanna hafa aðra skoðun hér sem þingmenn en fulltrúar þeirra í borgarstjórn höfðu þann 20.september sl. en þá greiddu allir flokkar atkvæði gegn tillögu Ólafs F. Magnússonar, borgarfulltrúa F-listans, um að borgarstjórn tryggði áframhald innanlands-, öryggis- og sjúkraflugvallar á höfuðborgarsvæðinu og að ekki kæmi til greina að flytja Reykjavíkurflugvöll til Keflavíkur eins og nú standa sakir.

Ef menn verða svo skammsýnir að fá því ráðið að flytja Reykjavíkurflugvöll tel ég næsta víst að hann endi í Keflavík. Ég sé ekki fyrir mér, hæstv. forseti, að menn byggi upp annan flugvöll sem geti tekið við sem varaflugvöllur fyrir millilandaflugið einhvers staðar í nágrenni Reykjavíkur ef færa á flugvöllinn algjörlega út af þessu svæði, og þá er ég að tala um höfuðborgarsvæðið og nálægt miðborg Reykjavíkur. Það er hins vegar kostur að færa flugbrautirnar eitthvað til, út í Skerjafjörðinn, en það er þá hins vegar músík sem tekur við einhvern tíma eftir árið 2016 eða jafnvel eftir 2024. Ég ætla að vona að menn skynji það hversu mikilvægur Reykjavíkurflugvöllur er fyrir landsbyggðina, hversu miklu máli skiptir að hann sé hér sem sjúkraflugvöllur og öryggisflugvöllur. Það er t.d. alveg ljóst að Landhelgisgæslan þarf á varaflugvelli að halda nálægt Reykjavík (Forseti hringir.) þó að flugið yrði flutt til Keflavíkur. Öðruvísi styttist öryggisstig Gæslunnar verulega.

[16:00]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil nú bara gangast við því að þetta er eitt það skemmtilegasta sem ég hef sett af stað lengi og ég hvet áhugamenn um stjórnmál til að fara í samanburðarrannsóknir á afstöðu þingmanna Samfylkingarinnar á þingi versus borgarfulltrúa í borgarstjórn. Í leiðinni geta þeir líka borið saman afstöðu frjálslyndra, ekki bara á þingi og í borgarstjórn, heldur líka þeirra sem tóku þátt í umræðunni hér. (Gripið fram í.) En formaðurinn benti réttilega á að tillaga og afstaða frjálslyndra í borgarstjórn gengur út á að halda flugvellinum á höfuðborgarsvæðinu en hv. þingmaður Sigurjón Þórðarson sagði að það væri skýr afstaða frjálslyndra að hafa hann þar sem hann væri og flytja flugvöllinn ekki nokkurn skapaðan hlut.

Við sjálfstæðismenn höfum ekki farið í neinar grafgötur með að það er ekki sátt á meðal þingmanna sjálfstæðismanna um þetta mál, það er ekkert leyndarmál. Ég vek athygli á því að ég hef tekið nokkrar snerrurnar við samflokksþingmenn mína hér í sölum Alþingis og haft bara gaman og gott af.

En aðalatriðið í mínum huga er þetta — sem að vísu tókst nú kannski ekkert sérstaklega vel núna — að menn skyldu rífa sig aðeins upp úr skotgröfunum og reyna að ræða þetta málefnalega. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör og það að hann er að reyna að fara málefnalega yfir alla þætti málsins og skoða þá eins vel og hægt er miðað við æsingarástandið sem er hér í salnum þegar þetta ber á góma. Þetta er ekkert smámál og þetta er líka framtíðarmál. Hér eigum við ekki að hugsa nokkrar vikur eða mánuði fram í tímann, ekki einu sinni nokkur ár heldur áratugi. Við völdum ekki hvar flugvöllurinn ætti að vera, hvorki í Reykjavík né í Keflavík. Það voru hernaðaryfirvöld í öðrum löndum. Þegar við horfum áratugi fram í tímann er eðlilegt að skoða hvort við þurfum ekki á nýjum millilandaflugvelli að halda, það er ekkert að því. Það að setja hann hér aðeins ofar í Reykjavík eða á höfuð-

borgarsvæðinu er enginn glæpur.

Varðandi sjúkraflugið (Forseti hringir.) skal hafa það á hreinu að bráðaflugið fer um þyrlur, (Forseti hringir.) en ekki flugvélar.

[16:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að umræðan hér hefur birst mér á þann veg sem ég nefndi í upphafi, að augu manna eru mjög að opnast fyrir því hversu ríkir hagsmunir það eru að við stöndum þannig að málum að hagsmunir innanlandsflugsins séu tryggðir. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir umræðuna út frá því sjónarhorni.

Engu að síður velta menn ýmsu fyrir sér og ég hlýt að vekja athygli á ómálefnalegu innleggi hv. þingmanns Björgvins G. Sigurðssonar þegar hann reynir að gera að umtalsefni og telja mönnum trú um það hér í þessum sal að ég hafi hringlað í afstöðu minni til þessa máls. Allar götur síðan í júnímánuði 1999 þegar borgarstjórinn í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, kom til mín til þess að leita eftir samningum um endurbyggingu flugvallarins, hef ég unnið hörðum höndum að því að byggja upp Reykjavíkurflugvöll, fyrst í mjög góðu samstarfi við borgaryfirvöld og með öllum leyfum til þess. Ég hef síðan þá staðið í þeirri orrustu og nú er búið að endurbyggja Reykjavíkurflugvöll.

Það er hins vegar í samræmi við það sem hv. málshefjandi nefndi, en hann vill skoða málið á mjög víðum grundvelli, að þegar við lítum til framtíðar þá hef ég sagt: Ef Reykjavíkurflugvöllur fær ekki frið hér í Vatnsmýrinni og ef við leysum það ekki með því að byggja flugvöll á Álftanesi eða á Lönguskerjum eða á öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, þá eigum við engra kost völ annarra, ef við förum út fyrir höfuðborgarsvæðið, en að fara til Keflavíkur. Ég tel t.d. að það væri óráð að byggja flugvöll við hliðina á Keflavíkurflugvelli í Hvassahrauni.

Ef hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson vill vitna til þess sem ég hef sagt þá þarf hann að gera það rétt. (Forseti hringir.) Að öðru leyti vil ég þakka fyrir ágætu umræðu og fagna því hversu marga stuðningsmenn ég á orðið í þessum sal. (Gripið fram í.)

[16:05]

Útbýting:

Rannsóknamiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, 223. mál, þáltill. ÍGP, þskj. 223.

Út af dagskrá voru tekin 5.–8. mál.

Fundi slitið kl. 16:05.

---

12. FUNDUR

fimmtudaginn 20. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
3. Stjórnmálaþátttaka, áhrif og völd kvenna, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Fyrri umr.
4. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 31. mál, þskj. 31. — 1. umr.
5. Lífeyrisréttindi hjóna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.
6. Hlutur kvenna í sveitarstjórnum, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Fyrri umr.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður verða í dag. Hin fyrri hefst nú strax á eftir áður en gengið er til dagskrár og er um þróun matvælaverðs. Málshefjandi er hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, verður til andsvara.

Hin síðari hefst upp úr kl. 1.30 á nýjum fundi og er um skipulag ákæruvalds í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

Þá vill forseti tilkynna að atkvæðagreiðslur verða á þingfundi sem hefst kl. 1.30.

[10:32]

Útbýting:

Aðbúnaður hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 236. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 236.

Kvótabundnar fisktegundir, 226. mál, þáltill. GMJ o.fl., þskj. 226.

Kynbundinn launamunur, 224. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 224.

Þingsköp Alþingis, 225. mál, frv. MÁ, þskj. 225.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðræður um framtíð varnarliðsins.

[10:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Samkvæmt fréttum í gærkvöldi og í morgun virðist hafa orðið alger uppstytta í fyrirhuguðum samningaviðræðum íslenskra og bandarískra stjórnvalda um framtíð eða kannski á öllu heldur að segja ekki framtíð herstöðvarinnar í Keflavík. Málið blasir þannig við formanni bandarísku viðræðunefndarinnar að Íslendingarnir hafi einfaldlega hætt við að mæta á fundinn sem þeir voru þó komnir vestur um haf til að sækja. Þeir voru komnir til Washington svo ekki var það það að þeir kæmust ekki á fundinn, segir hann.

Í útvarpsviðtali í vikunni var utanríkisráðherra hins vegar bjartsýnn. Málið klárast nú e.t.v. ekki á þessum fundi, heyrði ég með mínum eigin eyrum utanríkisráðherra segja og bjóst hann þar greinilega við miklum árangri af fundinum.

Í fréttaflutningi af málinu kemur fram að ástæða fýluferðarinnar til Washington séu hugmyndir Bandaríkjamanna um kostnað sem séu allt aðrar og miklu hærri en þær sem Íslendingar hafi hugsað sér, óraunsæjar segir í Morgunblaðinu. Samkvæmt fréttum virðist hins vegar ekki hafa verið rætt um að þoturnar margfrægu, þessar fjórar, færu í burtu, þessar þotur sem íslensk stjórnvöld hafa hengt sig á að séu nauðsynlegar hér vegna loftvarna og þá er spurningin: Snerist þetta þá um peninga eftir allt saman en ekki loftvarnir? Eru íslensk stjórnvöld á hnjánum frammi fyrir bandarískum að biðja um áframhaldandi og mikil tilgangslaus hernaðarumsvif hér á landi peninganna vegna?

Og loks um framhaldið. Hvert verður það? Verður þá áfram óbreytt ástand, að óvissan hangi þarna yfir og samdrátturinn og ákvarðanirnar um fyrirkomulag mála í Keflavík ráðist alfarið af einhliða ákvörðunum Bandaríkjamanna? En þannig hefur það verið. Er kannski kominn tími til að íslensk stjórnvöld horfi í eigin barm og viðurkenni hversu arfavitlausa pólitík þau hafa rekið í þessum viðræðum, fyrir utan hvað hún er niðurlægjandi fyrir þjóðina?

[10:35]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það eru vissulega vonbrigði að viðræðunum sem fyrirhugaðar voru í Washington í þessari viku skyldi ekki miða meira áfram. Það var ekki haldinn formlegur samningafundur eins og til stóð heldur hittust formenn samninganefndanna og fóru yfir þau sjónarmið sem fram hafa komið og liggja fyrir af beggja hálfu í málinu. Ég hafði eins og hv. þingmaður rifjaði upp gert mér vonir um að hnika mætti þessu máli lengra og koma því í höfn áður en mjög langt um líður.

Það er auðvitað ekkert útilokað og ekki er hægt að tala um einhverja sérstaka uppstyttu í málinu. Framhaldið verður það að það verða fundir, ekki hefur verið ákveðið með hvaða hætti þeir verða eða hvenær. En aðalatriðið er að við höfum af Íslands hálfu lýst því yfir, eins og hefur margkomið fram af minni hálfu, að við erum tilbúnir að taka ríkari þátt í kostnaði við rekstur flugvallarins í Keflavík en verið hefur vegna þess að borgaraleg flugumferð hefur þar aukist mjög en hernaðarleg umferð minnkað. Þetta eru þær forsendur sem við viljum leggja til grundvallar. Bandaríkjamenn hafa önnur sjónarmið. Það er lengra bil á milli en við höfum gert ráð fyrir og þess vegna er niðurstaðan þessi sem hún er í bili.

Vonandi tekst að koma málinu aftur í þann jákvæða farveg sem *ég taldi að það hefði verið í þannig að við getum* lokið því og eytt allri óvissu á báða bóga fyrir alla hlutaðeigandi aðila eins og æskilegast er í málum sem þessum.

[10:37]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Þegar fréttir bárust um þróun viðræðna við bandarísk stjórnvöld um framtíð varnarsamningsins og varnarliðsins hér á landi bað ég strax um utandagskrárumræðu til að ræða þetta alvarlega mál og ég þykist nú vita að meiri tími gefist við þær umræður til að ræða þetta efnislega betur heldur en hægt er að gera hér á þeim stutta tíma sem ætlaður er. Ég vona þá að hæstv. utanríkisráðherra verði betur í stakk búinn til að svara þeim spurningum sem hafa vaknað í framhaldi af þeim fréttum sem við höfum heyrt.

Ég hef úr þessum stól oftar en einu sinni og oftar en tvisvar spurt þáverandi hæstv. utanríkisráðherra hvernig miði í viðræðum við Bandaríkjamenn og það síðasta sem ég vissi var að þetta væri komið í formlegan farveg, þetta væri komið á forræði utanríkisráðuneytisins og samningaviðræður væru hafnar. Því kom mér mjög á óvart þegar ég las í Morgunblaðinu í morgun haft eftir Alberti Jónssyni sendiherra eftirfarandi. Þar segir Albert, með leyfi forseta:

„Þetta er enn þá alveg á fyrstu stigum. Þetta er ekki komið á það stig að við getum talað um að efnislegar samningaviðræður séu hafnar."

Nú er ég hættur að skilja. Svör úr þessum stól við spurningum um hvernig þessum málum miði hafa verið á þann veg að þetta sé í formlegu viðræðuferli, samningaviðræður eigi sér stað milli bandarískra stjórnvalda og íslenskra stjórnvalda um málið. Því hlýtur maður að spyrja þegar maður les svona lagað haft eftir þeim sem leiðir sendinefnd okkar vestur um haf, sem hættir síðan við að eiga fund með bandarískum stjórnvöldum, að samningaviðræður séu í raun ekki hafnar, hvort það sé raunin, hvort okkur hafi þá í raun ekki verið sagt satt úr þessum ræðustól að við ættum formlegar samningaviðræður við Bandaríkjamenn um framtíð varnarsamningsins og varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Ég held að það hljóti að vera mikilvægt að við fáum svar við þeirri spurningu hér.

[10:39]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Þau tíðindi sem nú berast vegna viðræðna íslenskra og bandarískra stjórnvalda um framtíð varnarsamningsins ýta vissulega undir þá skoðun sumra að þar hafi meiri óvissa ríkt um langa hríð en íslensk stjórnvöld hafa verið viljug til að viðurkenna. Ég bjóst reyndar við því, frú forseti, strax og ég heyrði þessar fréttir að boð kæmu um að funda ætti í hv. utanríkismálanefnd og fjalla um þessi nýju tíðindi þar. Það boð hefur ekki borist en ég á von á að það

berist okkur eigi síðar en strax í dag.

Það sem hið háa Alþingi og hv. þingmenn þurfa að fá að vita er hvort efnislegar og formlegar viðræður séu hafnar og ef svo er ekki, um hvað snúast þau samtöl sem hafa átt sér stað á milli formanna samninganefndanna og hvers vegna fer hin efnislega umræða ekki fram? Er það vegna þess að fulltrúar íslenskra stjórnvalda vilja ekki taka á efnisatriðum eða er það vegna þess að fulltrúar bandarískra stjórnvalda vilja það ekki? Af fréttum að dæma virðist svo vera að það séu fulltrúar íslenskra stjórnvalda sem treysti sér ekki til að taka á efnisatriðum þessara samningaviðræðna og þá er helst þar að nefna kostnaðinn. Er það þá þannig, frú forseti, að sá verðmiði sem settur hefur verið á kostnaðinn við að reka flugvöllinn sé einfaldlega svo hár að íslensk stjórnvöld treysti sér ekki til að reka hann?

[10:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir upplýsingarnar. Einnig er áhugavert að sjá að hæstv. forsætisráðherra er hér viðstaddur en kýs ekki að blanda sér í umræðuna enn sem komið er a.m.k. En sú var tíðin að forsætisráðherra ríkisstjórnar tók gjarnan yfir þennan málaflokk þegar mikið lá við, eins og menn muna þegar hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, tók málið að sér þegar það var komið að hans mati í nokkurn hnút hér á vordögum 2003 og fór með það nokkuð síðan. En kannski er aftur ný verkaskipting uppi að utanríkisráðherrann sé utanríkisráðherra í málinu og forsætisráðherra leiði það þá hjá sér.

Ég vil láta koma fram að ég óskaði einnig eftir því að utanríkismálanefnd fengi fund og fengi hæstv. utanríkisráðherra sem fyrst til viðtals til að fara yfir málið þar, eftir atvikum þá í trúnaði að því marki sem hæstv. utanríkisráðherra telur málið svo viðkvæmt að það megi ekki ræða það frammi fyrir alþjóð.

Ráðherrann ræddi fyrst og fremst um rekstrarkostnað flugvallarins í Keflavík. Er það mál ekki tiltölulega einfalt? Ef herinn fer þá rekum við Íslendingar auðvitað okkar millilandaflugvöll, og erum væntanlega menn til þess. Ég held að málið snúist um meira en það. Ég held að það snúist ekki um þann kostnað, enda er það auðvitað ekki ofverkið okkar að reka eitt stykki millilandaflugvöll. Málið snýst um að íslensk stjórnvöld eru að rembast við að reyna að halda í sem mest umsvif í herstöðinni í Keflavík að því er virðist fyrst og fremst peninganna vegna. Það er dapurlegt að standa frammi fyrir því og þegar aðstæður eru orðnar þær að Bandaríkjamenn vilja fara, að allir helstu sérfræðingar og fræðimenn á þessu sviði segja: Þróunin er í þessa átt. Hefðbundnar gamaldags herstöðvar Bandaríkjamanna í Vestur-Evrópu eru allar að hverfa nema með örfáum undantekningum þar sem stöðvar eru í algeru lykilhlutverki eins og Ramstein, þá eru það íslensk stjórnvöld sem eru á hnjánum til að biðja um þessi tilgangslausu hernaðarumsvif hér. Þvílíkt endemi. Dapurlega ætlar þessari sögu hernámsins að ljúka.

[10:44]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er eins og endranær að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er við sitt gamla heygarðshorn í varnar- og öryggismálunum. Það er enginn maður á hnjánum í þessu máli, hv. þingmaður. Það eru hér tvö fullvalda ríki að reyna að leita lausna á grundvelli samnings sem gerður var árið 1951 um varnir Íslands og viðræður um þetta hafa átt sér stað allnokkra hríð. Gerðar voru tilteknar bókanir um þessi mál 1994 og 1996 og það hefur verið ætlunin að halda þessu ferli áfram og komast að niðurstöðu um þau atriði sem hafa verið í óvissu. Hins vegar liggur ekki fyrir, og það er skýringin á því af hverju efnislegar samningaviðræður eru ekki hafnar, nákvæmlega á hvaða grunni þær eiga að vera og um það eru mismunandi sjónarmið. Það liggur fyrir af okkar hálfu það sem ég sagði áðan varðandi kostnaðarskiptinguna og gagnaðilinn hefur síðan sín sjónarmið. Þegar menn hafa ætlað að koma sér saman um þau atriði nákvæmlega hvað þeir ætla að semja um, þá er hægt að setjast niður og vinna frekar í málinu. Ég geri mér sem sagt vonir um að málið komist á þetta stig áður en mjög langt um líður án þess þó að ég geti um það fullyrt.

Umræður utan dagskrár.

Þróun matvælaverðs.

[10:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Frú forseti. Samfylkingin telur að lækkun matarverðs komi öllum til góða, ekki bara útvöldum hópum eins og þeim sem skattalækkanir ríkisstjórnarinnar beinast að. Viðhorf ríkisstjórnarinnar til lækkunar á matarverði er á reiki. Hjá ríkisstjórninni er lækkun matarverðs ekki forgangsmál.

Árið 2001 sýndi skriflegt svar ráðherra Hagstofunnar við fyrirspurn Samfylkingarinnar að samanburður á þróun matvælavísitölu á Norðurlöndunum við Evrópusambandið frá 1990 til ársins 2001 var Íslendingum afar óhagstæður. Þó stjórnarliðar og hagsmunaaðilar vefengdu og andmæltu í þeirri umræðu leiddi áframhaldandi umfjöllun um matarverðið staðreyndir í ljós.

Undirrituð, ásamt þingmönnum Samfylkingarinnar, lagði fram sem fyrsta mál á haustþingi árið 2002 tillögu til þingsályktunar um að ríkisstjórnin leitaði orsaka mismunandi matvælaverðs á Norðurlöndum og í ríkjum Evrópusambandsins. Skoðuð yrðu skilyrði sem matvælaframleiðslu og matvöruverslun væru búin og samanburður gerður á matvöruframleiðslu og verslunarháttum á Norðurlöndum og í ríkjum Evrópusambandsins og hvort ólík tenging landanna við Evrópusambandið hefði þarna áhrif. Samanburður fylgdi úr skýrslum Hagstofu á verðlagi á Norðurlöndum og meðalverði í Evrópu sem sýndi allt að 69% hærra matarverð hér.

Tillaga okkar var samþykkt hér á Alþingi og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands var falið verkefnið. Reyndar var því sleppt að kanna þátt aðildar að Evrópusambandinu á mismunandi matarverð á Norðurlöndum en skýrslan var góð.

Fyrsta þingmál Samfylkingarinnar eftir síðustu kosning-

ar var tillaga um lækkun virðisaukaskatts á matvæli úr 14 í 7%. Tillagan var endurflutt á síðasta þingi árangurslaust. Lækkun virðisaukaskatts á mat er auðvitað hluti aðgerða sem grípa þarf til ef ná á niður matarverðinu. Verðstríðið í vetur, aðgerðir með grænmetisverð, sem voru mjög jákvæðar, og gengi krónunnar hafa haft áhrif til tímabundinnar lækkunar en engan veginn í takt við hækkað gengi.

Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskólans, sem staðfesti upplýsingar Samfylkingarinnar um matarverðið og hugmyndir um aðgerðir til verðlækkunar, var loks lögð fram á síðustu dögum vorþings 2004 en fékkst því miður ekki rædd á Alþingi. Því ákvað undirrituð að bera fram fyrirspurnir til skriflegs svars til þeirra ráðherra er ábendingar beindust til og bárust því miður rýr svör.

Varðandi það að styðja landbúnaðinn með beinum greiðslum í stað tolla — hvaða vinna væri í gangi í ráðuneytum til að lækka eða fella niður tolla af innfluttum vörum, hvort ráðherra telji ríkisstuðning fyrirsjáanlegri og sýnilegri með beinum greiðslum í stað tolla, hvort slíkt sé til skoðunar í ráðuneytinu — vísuðu bæði fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra til viðræðna á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og/eða til fríverslunarviðræðna eða að ekki væri unnt að leggja mat á málið. Engin vinna í gangi.

Um könnun á að hvaða marki matvara lækkaði með hækkuðu gengi, um eftirlit með að gengisbreytingar skiluðu sér til neytenda, hvort fákeppni á matvörumarkaði hefði áhrif á matarverð vísaði viðskiptaráðherra til Neytendasamtakanna, greinargerða ASÍ og verkefna Samkeppnisstofnunar. Engin vinna í gangi. Um hvort fyrir liggi samanburður á stærð verslunarhúsnæðis við nágrannalönd, hvort meira sé fjárfest hér og þá mat á hvort það skili sér út í matarverð hér fengust engar upplýsingar. Óskoðað. Um afstöðu viðskiptaráðherra til þess að birgðahús yrðu skyldug til að bjóða öllum smásölum sömu kjör svo stærðarhagkvæmni í heildsölu og vörudreifingu nýtist án þess að samkeppni í smásölu skaðist hefur ekki enn þá borist svar.

Því spyr ég hæstv. forsætisráðherra hver afstaða forsætisráðherra sé til hugmynda í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans um aðgerðir til að lækka matarverðið, hvort hann muni beita sér fyrir að unnið verði með hugmyndir Hagfræðistofnunar í viðkomandi ráðuneytum. Er forsætisráðherra fylgjandi lækkun virðisaukaskatts á matvæli og er forsætisráðherra fylgjandi því yfirleitt að grípa til aðgerða til að lækka matarverðið? Og ef svo er, til hvaða aðgerða?

[10:50]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Eins og kom fram hjá hv. þingmanni þá kannaði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að beiðni forsætisráðuneytisins matvælaverð á Íslandi í samanburði við helstu nágrannalönd og jafnframt var í þeirri skýrslu gerð grein fyrir hugsanlegum ástæðum mismunandi matvælaverðs í þessum löndum.

Það má segja að niðurstöður skýrslunnar hafi aðallega verið tvenns konar, í fyrsta lagi að reynt verði að tryggja samkeppni með því að vera vel á verði og fylgja eftir samkeppnislögum hér innan lands og auk þess að opna fyrir viðskipti við útlönd eftir því sem heilbrigði og sóttvarnir leyfa.

Samkeppnisstofnun er mikilvæg stofnun sem er verið að efla og það er afar þýðingarmikið að sú stofnun fylgist vel með þessum málum. Hér er um sjálfstæða stofnun að ræða og mér finnst hv. þingmaður tala einum of mikið um það að öðrum opinberum yfirvöldum beri að grípa þar inn í. Ég vænti þess að hv. þingmaður treysti Samkeppnisstofnun í þessu hlutverki.

Hins vegar er það rétt hjá hv. þingmanni að matvælaverð, þó að það hafi lækkað nú að undanförnu, hefur ekki lækkað í takt við hækkandi gengi. Ég kann ekki fullar skýringar á því en það sýnir að auðvitað getum við ekki treyst því algjörlega í frjálsri samkeppni að þetta breytist ávallt í takt við gengisbreytingar og það virðist vera tilhneiging til þess að það komi seinna fram en æskilegt væri. Það má því reikna með því, og vonandi verður það, að hækkun gengisins skili sér áfram á næstu mánuðum.

Í öðru lagi kom fram í umræddri skýrslu að það er talið kostnaðarsamara að styrkja landbúnað með tollum og innflutningshöftum en með beinum styrkjum. Ástæða þess sé m.a. sú að höftin skekki ákvarðanir um framleiðslu. Þetta er viðurkennt í heimsviðskiptum. Við höfum að sjálfsögðu viljað vernda okkar innlendu framleiðslu sem sjálfstæð þjóð og það hefur verið stefna þessarar ríkisstjórnar og annarra ríkisstjórna sem hafa setið á Alþingi. Við höfum hins vegar tekið þátt í þeirri vinnu sem fer nú fram á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um að breyta styrkjum vegna landbúnaðar í þá átt að þar verði í meira mæli um beina styrki að ræða. Þar er um flóknar samningaviðræður að ræða sem hafa tekið alllangan tíma og standa enn yfir. Það er að okkar mati ekki tímabært að gera einhliða breytingar fyrr en við sjáum betur út úr því máli.

Að því er varðar spurningar hv. þingmanns um lækkum virðisaukaskatts þá kemur það vissulega til greina eins og allar aðrar skattalækkanir. Ríkisstjórnin hefur ákveðið skattalækkanir sem felast fyrst og fremst í lækkun tekjuskatts. Það hefur hins vegar verið til athugunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar hver verða næstu skref. Við höfum talið að það væri rétt að lækka tekjuskattinn fyrst enda er það tryggara að slík lækkun skili sér til almennings alveg með sama hætti og gengið. Þá höfum við ekki sömu tryggingu fyrir því að skattalækkun skili sér með sama hætti til almennings.

Ég hef skilið það svo hér á hv. Alþingi að það væri verið að vara við skattalækkunum og stjórnarandstaðan vilji draga skattalækkanirnar til baka. Við höfum ekki útilokað lækkun virðisaukaskatts. En í fjárlögum næsta árs, svo það sé alveg skýrt, er ekki svigrúm til frekari skattalækkana.

[10:56]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Margt af því sem hv. þingmaður, frummælandi hér í þessari umræðu, hefur haldið fram í þessum málum er virkilega góðra gjalda vert og ég get tekið undir margt af því sem hún segir. Auðvitað yrði lækkað matarverð umtalsverð kjarabót fyrir fjölskyldur í landinu. En mér finnst hins vegar oft og tíðum örla á þráhyggju hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar varðandi það sem þau kalla

gjarnan Evrópuverð á matvælum því að ég sé ekki að það sé raunhæft að fjalla um það sem einhvers konar eitt staðlað fyrirbæri.

Mér finnst skipta verulegu máli að gengisstaðan, þ.e. sterk staða krónunnar, virðist ekki skila sér til neytenda. Mér finnst það umhugsunarefni fyrir okkur, þenslan og hið hrikalega magn af peningum í umferð virðist gera það að verkum að almenningur missir verðskyn og meðan allt selst, sama hvaða verð er sett á það, þá er spurning hvort verslunin finnur sig knúna til að lækka verð. Mér finnst þetta mjög alvarlegt og mér finnst að við þurfum að gefa þessu gaum.

Svo er það annað sem þarf að skoða. Ég hef áhyggjur af þeirri óhollustu sem verið er að bjóða t.d. börnum upp á á fjölda heimila og veitingastaða. Mér finnst ýmislegt af því sem í boði er vera vafasamt í verslunum og nefni ég þá t.d. grænmeti og rifja upp hryllingsmynd sem sjónvarpið sýndi fyrir nokkrum missirum um eiturefnanotkun við grænmetis- og ávaxtaræktun á Spáni, vitandi það hversu mikið er flutt inn af grænmeti og ávöxtum frá Suður-Evrópu þar sem mikil eiturefnanotkun er.

Mér finnst því skipta verulegu máli að við tökum holla fæðið inn í umræðuna, við þurfum að lækka verð á því. Við þurfum að sjá til þess að lífrænir bændur á Íslandi fái sjálfstæðan, sérstakan stuðning, tímabundinn stuðning, til þess að þeir geti komið vel undir sig fótunum þannig að við tryggjum það að innlenda framleiðslan okkar verði (Forseti hringir.) sú hollasta sem hægt er að bjóða upp á.

[10:58]

Sigurrós Þorgrímsdóttir:

Frú forseti. Hér er til umræðu þróun matvælaverðs en birtar hafa verið tvær opinberar skýrslur sem sýna hana vel. Önnur skýrslan er rannsókn Hagstofunnar sem birt var í sumar og sýnir niðurstöður úr könnun á neysluvenjum tvö þúsund heimila á landinu. Í skýrslunni kemur fram að neysluútgjöld heimilanna árið 2001–2003 eru nánast óbreytt frá tímabilinu 2000–2002. Hlutfall mat- og drykkjarvöru í heimilisútgjöldum hefur þó lækkað og er nú 15,2%. Útgjöld heimilanna í kaupum á mat- og drykkjarvöru hefur því lækkað um tæp 9% frá árinu 1995. Á sama tíma hefur kaupmáttur aukist umtalsvert.

Í skýrslunni kemur fram m.a., með leyfi forseta:

„Ráðstöfunartekjurnar hafa hækkað umfram atvinnutekjur og launavísitölu ef tekið er tillit til þess að heimilin hafa minnkað; ráðstöfunartekjur á mann hafa hækkað um 82% frá 1995 til 2003."

Hin skýrslan er sú sem Hagfræðistofnun vann fyrir forsætisráðherra um samanburð á matvælaverði á Íslandi, Norðurlöndum og í ríkjum ESB, sem gefin var út núna í maí 2004. Ljóst er að verð á matvöru á Íslandi hefur sveiflast nokkuð miðað við verð á sambærilegri matvöru í Evrópulöndum undanfarin 15 ár. Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar var Ísland í þriðja efsta sæti á listanum árið 2001. Rekja má þróun á Íslandi til gengisbreytinga og efnahagsástands á hverjum tíma. Þá hefur matvöruverð á Íslandi að jafnaði verið svipað og á hinum Norðurlöndunum og hefur í heild yfirleitt verið ofarlega á listanum. Í ljósi lækkandi verðlags á dagvörumarkaði á Íslandi árið 2005 verður að telja líklegt að staðan hafi batnað eitthvað gagnvart öðrum Evrópulöndum í ár.

Meginástæðu fyrir lækkandi matvöruverði á Íslandi má rekja til gengishækkunar (Forseti hringir.) á krónunni á síðustu missirum og verðstríðs á dagvörumarkaði sem braust út snemma á þessu ári.

[11:00]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það er örugglega rétt að verð á matvælum er hærra hér á Íslandi en í nágrannalöndunum og það er líka rétt að ef náum verðinu niður mun það bæta kjör fjölskyldnanna. En það er mjög erfitt að bera saman matvælaverð á milli landa vegna þess að það þarf að taka tillit til t.d. styrkjakerfis, hvort verið er að styrkja tiltölulega meira hér framleiðslu matvæla og hvernig á að meta það inn í hvort matvæli séu dýr eða ódýr. Það þarf líka að líta til fleiri þátta. Það þarf að líta til þess hvar maturinn er keyptur á landinu. Ég veit að þar sem lágvöruverslun hefur verið opnuð á landsbyggðinni hefur það bætt kjör manna mjög mikið og þeir sem eiga ekki aðgang að slíkri verslun búa við miklu verri kjör en aðrir.

Nú síðustu vikurnar hefur lækkun matarskattsins úr 14% í 7% verið margrædd og menn hafa spurt sig hvort umrædd lækkun skili sér til neytenda. Ég tel einsýnt að það ráðist af samkeppninni. Ég get tekið undir það sem hæstv. forsætisráðherra sagði, að það skiptir öllu máli að samkeppni sé virk á markaðnum. Nýleg könnun ASÍ sýndi fram á, þar sem var gerð samræmd vörukaupakönnun, að verð á matvælum hafði hækkað um 17% frá því í sumar í einni lágvöruverslininni. Það sýnir að þegar menn slaka á samkeppninni hækkar einfaldlega vöruverðið.

Eins er áhyggjuefni að hækkandi gengi krónunnar skuli ekki skila sér frekar í lægra matvælaverði.

En það er líka brýnt að hvetja neytendur til þess að vera á vaktinni og sýna aðhald því að það skiptir ekki síður máli (Forseti hringir.) en allar þessar eftirlitsstofnanir.

[11:03]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sú umræða sem hér fer fram er mjög nauðsynleg vegna þess að þó að margvíslegur neysluvarningur sé óþarfur komumst við ekki af án þess að borða. Öll þurfum við að kaupa mat og því stærri sem fjölskyldurnar eru og þeim mun lægri sem tekjurnar eru þeim mun þyngra vegur matarverðið í útgjöldum heimilanna.

Þegar kemur að matvælaverði þurfum við Íslendingar auðvitað að bera okkur saman við Evrópubúa og sjá hvaða verði þeir kaupa sína matvöru og svo aftur við. En við þurfum auðvitað líka að bera okkur saman hér innbyrðis á Íslandi, þ.e. hvert er matvöruverðið á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og hvert er verðið úti á landi þar sem samkeppni nýtur ekki við? Með þessu þurfum við auðvitað að fylgjast því að það er rétt sem hér kom fram að samkeppnin skiptir auðvitað verulegu máli eins og sést t.d. í vöruverði úti á landi. En það er auðvitað fleira sem þar kemur til, það eru flutningsgjöld, það eru álögur hins opinbera, það eru vörugjöld og tollar og fleira slíkt.

Ég held að aðgerðir hins opinbera í þessum málum skili

sér. Við þurfum ekki annað en að horfa á grænmetisverðið, vísitölu grænmetisverðs. Hún var komin í 138 árið 1999 en er núna 98, þannig að þær aðgerðir sem gripið var til af hálfu opinberra aðila til þess að ná niður kostnaði á grænmeti hafa beinlínis skilað sér.

Það er ekki að öllu leyti rétt, sem hér hefur verið sagt, að engin tenging sé á milli þróunar gengis og innflutts matvöruverðs vegna þess að þar var vísitala matvöruverðs 132 árið 2001 og er núna 113. Það er því ákveðin tenging þar á milli þó að hún sveiflist kannski ekki alveg nákvæmlega með genginu og skili sér kannski aðeins seinna. En við þurfum að fylgjast vel með þessum hlutum, Samkeppnisstofnun þarf að vera virk í þessu og eins eru (Forseti hringir.) auðvitað aðgerðir hins opinbera til þess fallnar að lækka matarverð.

[11:05]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Maður getur spurt sig hvort hér sé samkeppni eða ekki. Það er ágætt að rifja upp samráðið í grænmetinu, sem var kennt við Öskjuhlíðina á sínum tíma, og samráðið í olíuversluninni. Þetta eru nýleg dæmi sem sýna að það hefur verið farið á bak við neytendur.

Í skýrslu sem kom út fyrir stuttu um matvælaverð kom fram að kaupmönnum hefði fækkað og mestöll verslunin væri komin á hendur fárra fyrirtækja. Þrjár stærstu verslunarkeðjurnar voru í árslok 2003 með 80–90% markaðshlutdeild. Það kemur líka fram að lítil og minnkandi samkeppni á matvörumarkaði býður vitaskuld heim hættu á aukinni álagningu. Í skýrslu frá 2001 taldi Samkeppnisstofnun að finna mætti skýr merki um þá þróun árin á undan.

Hvað segir þetta okkur, virðulegur forseti? Það er verið að færa hér ágæt rök fyrir því að það sé fákeppni á matvörumarkaði. Og hvað þýðir það? Geysileg freisting til samráðs. Það er mjög erfitt að sanna verðsamráð, það höfum við séð í gegnum tíðina. Ég spyr mig því: Hvernig getum við tekið á þessu?

Um daginn var ágætt viðtal í sjónvarpinu við hagfræðing, Guðmund Ólafsson, um matarskattinn, virðisaukaskatt á matvælum. Þar færði hann rök fyrir því að ef við lækkum matarskattinn skilar það sér ekki allt til neytandans. Það væri mjög freistandi fyrir verslunarkeðjurnar að taka lækkunina til sín.

Maður spyr: Ef við lækkum matarskattinn, sem ég vil ekki útiloka, *alls ekki, eins og hér kom fram hjá hæstv.* forsætisráðherra, erum við þá að hjálpa neytendum eða erum við að hjálpa stóru verslunarkeðjunum? Hver græðir á því?

Það er búið að færa rök fyrir því, sem mér þóttu mjög góð, að svarið væri á þann veg að við værum að hjálpa stóru verslunarkeðjunum. Er það það sem við viljum? Það held ég ekki. Ég held því að það þurfi að skoða matarskattinn mjög vel og það liggur ekki ljóst fyrir að lækkun á honum yrði eins mikið til hagsbóta fyrir neytendur og (Forseti hringir.) við kannski höldum í fyrstu.

[11:07]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er mjög mikilvægt að taka matarverðið til umfjöllunar. Verðlag á matvælum er afgerandi þáttur í lífskjörum fólks og þá tek ég undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að við þurfum einnig að horfa til gæðanna ekki síður en til verðlagsins.

Ég vil þakka hv. málshefjanda, Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir að taka þetta mál til skoðunar og hvetja til þess *að það sé skoðað heildstætt. Ég tek undir nálgunina hjá hv.* þingmanni. Við þurfum að finna hvað það er sem veldur því að verðlag á matvælum er hærra hér en gerist í okkar samanburðarríkjum og leita leiða til að færa verðlagið niður og horfa þá til heilnæmis og einnig til hagsmuna íslenskra framleiðenda og íslensks atvinnulífs. Við þurfum að sjálfsögðu að skoða þetta mál heildstætt.

Mönnum hættir til að horfa á afmarkaða þætti. Núna er það matarskatturinn, virðisaukaskatturinn. Hann var mjög til umræðu í byrjun tíunda áratugarins og þá var skiptingin í pólitíkinni og á atvinnumarkaði sú að Sjálfstæðisflokkur, Alþýðubandalag og Alþýðusambandið voru á því að færa skattinn niður. Alþýðuflokkur, Framsóknarflokkur og BSRB *höfðu um þetta efasemdir og vildu fara aðrar leiðir,* töldu betra t.d. að beina sjónum að barnafólki, öryrkjum og völdum hópum í samfélaginu. Sjálfur er ég enn þeirrar skoðunar þannig að það eru að sjálfsögðu mismunandi sjónarmið uppi hvað þetta snertir. En ég hvet til þess að við skoðum þessi mál heildstætt.

Mín skoðun er sú að við eigum fyrst og fremst núna að beina sjónum okkar að hringamyndun á matvörumarkaði. Þar er mikinn vanda að finna, tel ég vera, og við eigum að reyna að mynda breiðfylkingu í samfélaginu eins og gert var á fyrstu árum tíunda áratugarins (Forseti hringir.) þar sem samstaða myndaðist um að reyna að ná og þrýsta á að verðlag yrði fært niður.

[11:09]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég vil taka undir þakklæti hv. þingmanna til framsögumanns, hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Umræðan er mjög nauðsynleg. Þrátt fyrir að hlutur matvælaverðs í framfærslukostnaði fari lækkandi þá skiptir hann þó töluverðu máli, sérstaklega fyrir þá tekjulægri.

En það hefur líka komið fram að lækkun á verði erlendrar myntar hefur ekki komið fram í matarverði eða þá mjög seigfljótandi. Það virðist vera þannig að hækkanir á erlendu gengi koma hratt í gegn en lækkanir afskaplega seint og seigt, þannig að öll hugsun t.d. um að lækkun á virðisauka*skatti komi fólki og sérstaklega lágtekjufólki til góða er* ekki rétt. Hún mun aðallega koma verslunum til góða. Ég held því að menn ættu að hugleiða aðrar leiðir til að koma þeim fimm milljörðum sem menn ætla að lækka tekjur ríkissjóðs um með lækkun matarskattsins til lágtekjufólks með öðrum hætti, sérstaklega vegna þess að lækkun á matarverði kemur jú öllum til góða, líka hátekjufólki, þó að það sé hlutfallslega minna.

Hvers vegna er þetta svona? Getur verið að skortur sé á samkeppni? Er of mikil samþjöppun á markaðnum? Er fákeppni eða getur verið að eftirspurnin sé of mikil? Þetta er það sem við þurfum að skoða og við þurfum sérstaklega að hafa í huga að það er nýbúið að efla og setja upp nýtt samkeppniseftirlit og menn binda nú ákveðnar vonir við það.

Ég vil minna á að í mars í vor, 11. mars, keypti ég í

ákveðinni lágvörumatarverslun, en þær verslanir hafa bætt kjör láglaunafólks alveg sérstaklega, einn lítra af mjólk. Hann kostaði eina krónu og svo fékk ég afslátt upp á eina krónu. Ég geri nú ekki ráð fyrir því að menn búist við að slíkt verðlag haldi lengi.

[11:12]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Forseti. Ég þakka umræðuna, hún hefur leitt í ljós það sem ég hef verið að tala um, það þarf að taka á þessu máli. Eins og hér hefur komið fram var matarverð örlítið að lækka út af því sem hefur verið lýst og fór niður um átta stig frá árinu 2002 til júní í ár, það hefur rokið upp um fimm stig núna frá júní til október, og það er óásættanlegt.

Ef fara á í þá vinnu sem þarf til að breyta verulega matarverðinu eins og það er á Norðurlöndum — við erum bara að tala núna um samanburð okkar við Norðurlöndin, ekki eitthvað meira — þá þarf að fara í það af alvöru. Samkeppnisstofnun tekur ekki þá ákvörðun. Hún tekur ekki ákvörðun um hvernig stuðningurinn á að vera við landbúnaðinn, ekki um aðgerðir vegna umhverfis innflutnings, varðandi skattana eða annað, ekki um tollabreytingar, ekki um hvort taka á helming af stuðningi við landbúnað, sem er 12–13 milljarðar í dag, í matarverðinu beint eða fara í beingreiðslur eins og mun verða gert með tímanum og mun verða það sem kemur í framtíðinni, en við höfum ekki döngun í okkur til að skoða það sjálf og koma til móts við fólkið í landinu.

Það var skoðað í Noregi hvað það mundi þýða fyrir fjögurra manna fjölskyldu ef matarverðið lækkaði eða verðlag færi niður í þær verðbreytingar sem urðu í Svíþjóð eftir Evrópusambandsaðild. Það voru 250 þúsund ísl. kr. á ári. Hvað erum við eiginlega að tala um?

Ég vil líka taka það fram hvað varðar virðisaukaskattinn að í Danmörku er hann 25% á mat eins og öllu öðru. Samt er maturinn þar miklu ódýrari af því að tollar og umgjörð innflutnings á framleiðslu er annað. Svíþjóð hefur hins vegar lækkað í 14% og Noregur lækkaði fyrir tveimur árum í 14%. Ekki væri vert að menn um að það væri ekki hægt að taka ákvarðanir með lögum af því að það mundi ekki skila sér. Er það eitthvert hyski sem sér um verslun hér á Íslandi að við skulum tala svona í sölum Alþingis?

[11:14]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það er engin ástæða til þess að tala illa um þá sem standa í verslun á Íslandi, (Gripið fram í.) ég held að það hafi enginn gert það í þessari umræðu. Hins vegar þurfa þeir aðhald eins og aðrir og það þarf að veita þeim aðhald. Umræða eins og þessi er mjög góð, hún veitir aðhald, sýnir að það er áhugi á málinu á hv. Alþingi, sem er gott.

Samkeppnisstofnun skiptir að sjálfsögðu sköpum í þessum málum. Ég sé nú ekki ástæðu til að treysta þeim sem standa í verslun algjörlega fyrir verðlaginu. Ég held að það sé líka mikilvægt að gerðar séu samanburðarkannanir. Samanburðarkannanir verkalýðshreyfingarinnar hafa verið mjög góðar. Almenningur getur lesið í blöðum nánast vikulega um slíkar kannanir sem hjálpa til við að auka verðskyn neytandans því að það er verðskyn neytandans sem er að sjálfsögðu langbesta tryggingin fyrir því að matarverð haldist í skefjum.

Ég tek undir það að grænmetið er ágætt dæmi um það sem vel heppnaðist í sambandi við matvælaverð. Við höfum tekið fullan þátt í því á alþjóðavettvangi að leita nýrra leiða í þessu sambandi, við gerum það á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Hv. þingmaður segir að við höfum engan áhuga á málinu og að við höfum ekki djörfung til þess að vaða í málið.

Þetta gerist ekki þannig. Við þurfum að ná samkomulagi, við þurfum að halda vel á okkar spilum í þessum harða heimi, sem er samkeppni milli þjóða, og það höfum við gert. En það er alveg ljóst, eins og hefur komið fram hér, að styrkveitingar til landbúnaðarins munu færast í þessa átt og ég er viss um að það verður neytendum til góðs.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. SF o.fl., 19. mál (þingseta ráðherra). — Þskj. 19.

[11:16]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Meðflutningsmenn eru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Pétur H. Blöndal og Gunnar Örlygsson.

Í 1. gr. frumvarpsins segir svo, með leyfi forseta:

„Síðari málsliður 51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Sé þingmaður skipaður ráðherra skal hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherradómi og tekur varamaður hans sætið á meðan.“

Frumvarp sama eðlis flutti sú er hér stendur á 123. löggjafarþingi og á síðasta löggjafarþingi.

Í dag má segja að við búum við svokallað ráðherraræði, þ.e. ráðherrarnir hafa meiri völd en eðlilegt getur talist, sérstaklega hér á löggjafarsamkomunni. Íslenskt réttarríki byggist á hugmyndum franskra umbótasinna á 18. öld um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi þríþætta skipting valds er mörgum kunn af því að hún er kennd í skólum landsins. Hugsunin með slíkri skiptingu var að hver valdhafi um sig takmarkaði vald hinna, en hver hluti ríkisvaldsins fyrir sig átti þó að vera sem sjálfstæðastur. Þó að stjórnarskrá okkar byggist á þessum hugmyndum gerir hún samt ráð fyrir að ráðherrar geti jafnframt verið alþingismenn þannig að þeir séu á sama tíma fulltrúar framkvæmdarvaldsins og fulltrúar löggjafarvaldsins, þeir sitja má segja beggja vegna borðsins. Það er því mín skoðun, virðulegi forseti, að hér sé ekki um að ræða aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds eins og skilningurinn er í 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Í nágrannalöndum okkar er þessum málum ekki háttað eins og hér á Íslandi í mörgum tilvikum. Ég vil vekja athygli á því að í Noregi og Svíþjóð verða þingmenn að víkja af þingi á meðan þeir gegna ráðherradómi. Þar er skýr aðskilnaður á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds.

Þetta kemur skýrt fram bæði í 9. gr. sænsku stjórnarskrárinnar og 74. gr. norsku stjórnarskrárinnar.

Sumir hafa haldið því fram að embættismannakerfið eða flokkarnir fái meiri völd ef af því verður að ráðherrar geti ekki verið þingmenn. Virðulegur forseti, það er fátt sem bendir til þess. Í Svíþjóð, þar sem þessi regla hefur verið viðhöfð í áratugi, hefur þróunin ekki verið sú að fleiri ráðherrar hafi komið utan frá flokkakerfinu, þ.e. úr embættismannakerfinu, og það hefur heldur ekki styrkt völd flokkanna í að hafa aðskilnað á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það má einmitt segja að vegna þess hve ráðherraræðið er sterkt á Íslandi stjórna forsvarsmenn flokkanna, sem yfirleitt eru ráðherrarnir, óeðlilega miklu í þingflokkum sínum. Ég hef stundum tekið dæmi af ríkisstjórnum þar sem hlutfallslega margir þingmenn í viðkomandi þingflokki eru ráðherrar, sem eru þá búnir að samþykkja eitthvert frumvarp í ríkisstjórn, taka það síðan inn í sína þingflokka og greiða þar atkvæði, ef til þess kemur, um sömu mál. Þá er auðvitað mjög sterk tilhneiging hjá þeim að reyna að koma málunum meira eða minna óbreyttum í gegnum sína þingflokka. Það eru til dæmi, m.a. frá mínum flokki, þar sem við vorum með helming ráðherra í þingflokki á sama tíma, og það eru líka dæmi frá stjórn Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Þá hafði Alþýðuflokkurinn tíu þingmenn og af þeim tíu þingmönnum voru fimm ráðherrar.

Sagt er að stærsti hluti hinnar eiginlegu vinnu í þinginu fari fram í þingnefndum og það er rétt. Þar er mikil vinna og sú hefð hefur skapast að ráðherrar eigi ekki sæti í nefndum þingsins. Þetta þýðir að sjötti hluti þingheims, þ.e. ráðherrarnir, er ekki nema að mjög litlu leyti virkur í þingstarfinu. Þetta eru einnig rök fyrir því að stíga það skref sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Það getur líka komið upp erfið staða fyrir þingmenn sem eru ráðherrar en þurfa að fara úr þeim stóli. Ef ekki verður gerð sú breyting sem hér er lögð til þá mundu þeir detta út. Það eru því líka rök sem má benda á varðandi þetta mál.

Nokkrir flokkar hafa ályktað um það að ráðherrar eigi ekki að vera þingmenn á sama tíma. Þar hefur Framsóknarflokkurinn ályktað nokkrum sinnum og er með mjög skýra stefnu og hún var samþykkt á síðasta flokksþingi okkar núna í febrúar 2005. Ég vil líka benda á að Samfylkingin hefur skýra stefnu að þessu leyti. Samfylkingin hefur ályktað um að þingmenn eigi ekki að gegna ráðherradómi á sama tíma þannig að það má segja að nú séu tveir flokkar í hinu íslenska stjórnkerfi eða pólitíska umhverfi sem styðja þessa leið.

Ég vil vekja sérstaka athyli á því að um þessar mundir er nefnd að störfum undir forustu Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra sem er að endurskoða stjórnarskrána og þar eiga pólitísku flokkarnir aðkomu og mér finnst, miðað við það sem maður heyrir, að það sé nú ekki samstaða um allar breytingar sem þar eru til umræðu. En ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að þessa breytingu, að ráðherrar víki af þingi meðan þeir gegna ráðherradómi, styðja tveir flokkar og hafa gert um tíma. Ég tel því mjög eðlilegt að málið verði tekið föstum tökum og vonandi verður það samþykkt í þessari nefnd þannig að einhverjar líkur séu á því að það komi til afgreiðslu á hinu háa Alþingi þegar niðurstaða nefndarinnar lítur dagsins ljós. En ég átta mig á því að ekki eru allir stjórnmálaflokkar sammála þessari leið en bið þá að hafa í huga að við eigum að hafa hér aðgreiningu valds í löggjafar-, dóms- og framkvæmdarvald og eins og staðan er nú er að mínu mati ekki hægt að segja að um þann aðskilnað sé að ræða.

[11:24]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir markmið þessa frumvarps til stjórnarskipunarlaga um að efla þrígreiningu ríkisvaldsins enda er hægt að fullyrða að henni er verulega áfátt hér á Íslandi þar sem löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið renna með mjög undarlegum og dæmalausum hætti saman. Það ástand hefur versnað stórkostlega á síðustu tíu árum, er óhætt að fullyrða. Í tíð núverandi ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur þetta versnað hrikalega þannig að frumkvæði um málagerð og málafylgju af hálfu þingsins er lítið og hverfandi og allt frumkvæði kemur úr ráðuneytunum. Þaðan koma málin sem eru oft keyrð í gegnum þingið á ógnarhraða, oft illa undirbúin, og þinginu gefst þar lítið tóm. Ég tek undir markmiðið sem hér er mælt fyrir en efast að mörgu leyti um aðferðina sem hér er lögð til.

Ég veit að þetta hefur gefist ágætlega í Noregi þar sem ráðherrar segja tímabundið af sér þingmennsku. Þar er um að ræða stórt þjóðþing þar sem slíkt hefur ekki mikil áhrif. En hér í okkar litla þjóðþingi — burt séð frá því að nú er hinn litli Framsóknarflokkur í ríkisstjórn með fáa þingmenn og þar af leiðandi fáa óbreytta þingmenn vegna þess að helmingurinn af þingflokknum er á ráðherrabekk — mundi það hafa mjög mikil áhrif á þingið á kostnað hinna flokkanna og til hagsbóta fyrir litlu flokkana, dvergflokkana, sem hafa verið notaðir hér sem hækjur í ríkisstjórnum Sjálfstæðisflokksins áratugum saman meira og minna linnulítið. Þetta kæmi þeim fyrst og fremst vel þar sem þingliði þeirra, í þessu tilfelli Framsóknarflokksins, mundi fjölga um helming á kostnað hinna flokkanna sem eru með sinn réttkjörna þinghóp sem er kosinn í þingkosningu. Það er því hægt að halda því fram að þetta væri mjög ósanngjarnt fyrir hina flokkana og ósanngjörn ívilnun fyrir hækju Sjálfstæðisflokksins í hvert sinn eins og þetta hefur verið tíðkað hér á Íslandi.

[11:26]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skildi hv. þingmann þannig að hann styddi málið almennt, enda er Samfylkingin með skýra stefnu.

Í stjórnmálaályktun landsfundar Samfylkingarinnar árið 2005 segir:

„*Ráðherrar gegni ekki þingmennsku sem m.a. stuðlar að* því að skerpa aðgreiningu löggjafar- og framkvæmdavalds." — Það er stefna Samfylkingarinnar.

Það er alveg rétt að þegar ráðherrar færu út af þingi þá kæmu varamenn inn. Þá kæmi þar floti af þingmönnum úr stjórnarflokkunum, ekki þá bara í þessu tilviki, ef þetta væri gert núna, úr Framsóknarflokki heldur líka úr Sjálfstæðis-

flokki. Það skekkir auðvitað myndina, það er rétt, það er sem sagt stærri hópur virkur í atvinnumennsku í pólitík, ef svo má segja.

Þess vegna hef ég velt því fyrir mér hvernig hægt væri að koma til móts við það. Ein leið er að styrkja stjórnarandstöðuna betur en nú er gert með framlögum, og finnst mér það vel koma til greina. Núna eru flokkarnir styrktir með sérstökum framlögum sem eru reiknuð miðað við þingstyrk og eftir ákveðnum lykli. Mér fyndist eðlilegt að styrkja stjórnarandstöðuflokkana til að vega upp á móti þessu þannig að það væri ekki þessi mikli munur á stjórnarflokkunum og stjórnarandstöðunni sem gæti skapast við þessa breytingu. Ég þekki ekki hvort þetta er gert þannig í Noregi og Svíþjóð þar sem framkvæmdin er með þessum hætti en ég geri mér grein fyrir því að það væri eðlilegt að skoða einhverjar aðgerðir til að vega upp á móti því sem hv. þingmaður hefur hér áhyggjur af.

[11:28]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er akkúrat kjarni málsins. Ég held að það sé meira en áhyggjuefni að það mundi halla verulega á stjórnarandstöðu hvers tíma. Ef við tökum þetta út fyrir þann tímaramma sem við lifum í núna þá væri ekki hægt að verja breytingu af þessu tagi í svona litlu þjóðþingi þar sem hún hefði svo mikil áhrif. Það eru einungis 63 þingmenn í þessu fámenna landi en slík breyting hefði mikil áhrif til ábata fyrir stjórnarflokkana á hverjum tíma á kostnað stjórnarandstöðunnar, réttkjörinnar stjórnarandstöðu í landinu. Það er því ekki hægt að verja breytingu af þessu tagi nema með því að vega á einhvern hátt upp á móti henni þannig að réttilega væri fram gengið.

Ég sé satt að segja ekki alveg hvernig á að gera það. Ég held að það sé ekki nóg að auka fjárveitingar og styrkja þar með starfsmannahald stjórnarandstöðuflokkanna þó að sú breyting og sú umgjörð væri vissulega góð og kæmi að einhverju leyti til móts við það. Þó að ég taki undir markmiðið og hafi samúð með málinu, hef ég um það efasemdir. Ég efast um að það gengi einfaldlega upp að þessu leyti hvað varðar stjórnarandstöðuna á hverjum tíma.

Ég hallast því að annarri leið til að efla þrígreiningu ríkisvaldsins en hún er sú að menn skoði það af fullri alvöru að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu. Um það var flutt þingmál fyrir 22 árum af Vilmundi heitnum Gylfasyni, þá þingmanni Alþýðuflokksins. Hann flutti það sem 1. þingmál Bandalags jafnaðarmanna, sem þá var í pípunum að stofna. Lagt var til að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu og þar útfærir hann það ágætlega. Ég held að menn ættu að skoða það og taka það upp í stjórnarskrárnefndinni hvort það væri raunhæfur kostur að ná hér raunverulegri þrígreiningu ríkisvaldsins — fyrir utan það nú að gera landið að einu kjördæmi og ná þannig sanngirni í þau mál — með því að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu þannig að þrígreining ríkisvaldsins væri algjör og raunveruleg en ekki bara til málamynda og óraunveruleg eins og hún er á Íslandi núna. Við verðum að finna leiðir til að efla þrígreiningu ríkisvaldsins.

[11:30]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þingmaðurinn verða að botna málið ef kjósa á framkvæmdarvaldið beinni kosningu. Eiga ráðherrarnir, sem væntanlega væru kosnir beinni kosningu, þá ekki sæti á þinginu af því þeir eru ekki kosnir í almennum þingkosningum? Er meiningin að fækka þingmönnum þar með? Það þarf að botna þessa hugsun. Mér þykir það frekar fjarlægt að kjósa ráðherrana beinni kosningu, ég hef ekki velt því mikið fyrir mér en við fyrstu sýn tel ég að það væri ekki æskilegur kostur þó að ég vilji ekki útiloka hann. En það væri eðlilegt fyrst hv. þingmaður hefur efasemdir um þessa leið, hefur samúð með málinu en efasemdir um það í svo litlu samfélagi, að hann svaraði því til hvað Samfylkingin hefur hugsað sér af því að stefnan er alveg skýr hjá henni. Þeir vilja að ráðherrar víki af þinginu. Hvernig vilja þeir leiðrétta fyrir þeim halla sem þar með skapast? Hv. þingmaður hefur fylgst betur með þeirri umræðu innan Samfylkingarinnar en ég og hefur væntanlega tekið þátt í henni þar og þá heyrt á flokksfélögum sínum hvaða leið Samfylkingin vill fara. Ég bendi líka á það sem eru ákveðin rök með þeim málflutningi sem hv. þingmaður hefur haft hér uppi að stjórnarflokkarnir hafa auðvitað talsverðan styrk aukalega út úr því að setjast í ríkisstjórn. Ráðherrar velja sér aðstoðarmenn sem yfirleitt eru aktífir stjórnmálamenn sem gerast atvinnupólitíkusar þar með. Það er því alveg rétt að við þessa breytingu sem hér er lögð til kæmi halli á stjórnarandstöðuna en ég tel að við eigum að styrkja hana með fjárframlögum á móti.

[11:33]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að frumvarp þetta skapi mjög góða umræðu sem eigi að fara fram um leikreglur lýðræðisins. Ég hef vissar efasemdir um frumvarpið og það er vegna þess halla sem skapast hjá stjórnarandstöðunni þegar 12 nýir þingmenn koma inn en ég heyri á máli frummælanda að hún hefur að einhverju leyti hugsað fyrir þeim halla. Ég sló á að það mundi kosta u.þ.b. 200 milljónir að jafna leikinn. Er það eitthvað nálægt þeim útreikningum sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur gert? Aðstöðumunurinn hjá stjórnarflokkum og stjórnarandstöðuflokkum er mjög mikill og ég tel að áður en við færum út í að gera hann enn meiri væri kannski réttara að leiðrétta þann mun sem nú er. Við sjáum að ráðuneytin vinna oft á mjög gráu svæði hvað varðar flokkspólitíska vinnu í ýmsum málum. Þangað eru ráðnir ekki endilega embættismenn heldur einnig aðstoðarmenn og svo má sjá mjög flokkspólitískar ráðningar í margar stöður. Þetta sjá allir. Við eigum að viðurkenna þetta og jafna leikinn og hugsa fyrir því áður en við gerum hann ójafnari eins og staðan er nú.

[11:35]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ágætt að upp komi þingmaður frá frjálslyndum af því að ég hef ekki alveg áttað mig á stefnu þeirra gagnvart málinu. Varðandi þá tölu sem hér var nefnd, 200 milljónir, þá hef ég ekki látið reikna þetta út en það getur vel verið að sú tala passi. Það er mjög auðvelt að

reikna út hvað 12 þingmenn kosta almennt í útgjöldum. Vegna þess að margir hafa bent á þau rök að með þessari breytingu væri verið að borga 12 þingmönnum kaup sem ekki er gert í dag þá kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að það sé eðlilegt að skoðað verði hvort fækka eigi þingmönnum. Það kemur ekki fram í sjálfu frumvarpinu, bara í greinargerðinni. Og þótt það standi þar hef ég vissar efasemdir um að rétt væri að taka það skref miðað við hve álagið í þingstörfum er mikið nú í hnattrænum heimi. Starfsemi þingsins gagnvart öðrum ríkjum eykst stöðugt. Það tekur ákveðinn kraft frá þingmönnum og væru þeir færri álít ég að við gætum ekki sinnt því starfi, sem ég tel vera mjög mikilvægt. Þó að mörgum finnist gaman að gagnrýna erlend samskipti þá er ég ekki í þeim hópi. Ég tel geysilega mikilvægt fyrir land eins og Ísland að vera mjög virkt í alþjóðasamstarfi, sérstaklega fyrir þingmenn og embættismannakerfið, frjáls félagasamtök og alla sem hafa áhrif á þróun samfélagsins.

[11:37]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefði verið fróðlegt að fá skýr svör hjá hv. þingmanni um hvort ekki væri rétt að fara yfir stöðuna eins og hún er og þann aðstöðumun sem er vissulega fyrir hendi milli stjórnar og stjórnarandstöðu og hvort ekki ætti að jafna hann áður en komið er með frumvarp til að gera stöðuna enn þá ójafnari. Ég tel það vera nauðsynlegt fyrir lýðræðið vegna þess að stjórnarandstaðan gegnir mjög mikilvægu hlutverki í að rýna stjórnarfrumvörp. Oft er það hlutverk stjórnarliða að reyna að greiða leið frumvarpa í gegn og skoða þau ekki með mjög gagnrýnum hætti í nefndum þingsins. Það verður að segjast eins og er þó svo að þar sé vissulega undantekning á. En oftar en ekki er það sérstakt hlutverk stjórnarandstöðunnar að rýna og fara rækilega í gegnum stjórnarfrumvörp og því skiptir mjög miklu máli að þessi aðstöðumunur sé jafnaður. Ég tel mjög nauðsynlegt að jafna þann mun áður en við gerum hann enn ójafnari og væri fróðlegt að fá að heyra hvort hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sé tilbúin að fara yfir þau mál.

[11:38]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki í hyggju að fara neitt sérstaklega yfir þá stöðu sem nú er. Það hefur tíðkast þegar flokkar taka sæti í ríkisstjórn að því fylgir ýmislegt eins og að ráða sér aðstoðarmenn, sem við erum einmitt að ræða um í þessu tilviki. Það hefur komið í hlut þeirra flokka sem taka að sér störf í ríkisstjórn, hvort heldur það eru núverandi flokkar í ríkisstjórn eða aðrir flokkar sem hafa verið í ríkisstjórn. Þetta hefur tíðkast og ég hef ekki í hyggju að fara neitt sérstaklega yfir það. Frumvarpið sem við ræðum nú gengur út á að aðskilja löggjafarvald og framkvæmdarvald. Mér finnst hins vegar eðlilegt ef það yrði samþykkt, þ.e. 12 nýir þingmenn frá stjórnarsinnum, að staðan yrði skoðuð sérstaklega. En ég mun ekki beita mér fyrir því að það verið skoðað afturvirkt miðað við hvernig hún er núna. Hv. þingmaður getur flutt mál um það ef hann telur það mjög mikilvægt, það er opið, en ég mun ekki gera það.

[11:40]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Það er mjög mikilvægt að borgarinn sé varinn fyrir ofurvaldi ríkisins. Fram komu kenningar fyrr á öldum, fyrir 2–3 öldum, um að slíkt yrði best gert með því að skipta ríkisvaldinu í þrennt, framkvæmdarvald, dómsvald og löggjafarvald, og að þessar einingar ríkisvaldsins væru óháðar en þannig væri borgarinn best tryggður fyrir ofurvaldinu. Ekki hafa komið fram betri kenningar að mati bestu manna í því efni.

Við Íslendingar brjótum þessa reglu nokkuð víða, t.d. með því sem hér er verið að ræða, að sami maður getur verið bæði framkvæmdarmegin sem ráðherra og löggjafarmegin sem þingmaður. Þá erum við með embætti forseta Íslands sem bæði er framkvæmdarmegin með því að hann skipar í æðstu embætti framkvæmdarvaldsins og löggjafarmegin með því að honum ber að undirrita lög. Reyndar er spurning um hversu valdamikill hann er. Það er svo aftur spurning sem menn geta deilt um.

Loks erum við með þau vinnubrögð sem ekki eru bundin í lög að Alþingi vasast í alls konar framkvæmdum í fjárlagafrumvarpinu þar sem fjárlaganefnd Alþingis tekur afstöðu til og leggur í alls konar framkvæmdir, eins og að byggja brýr og vegi og því um líkt. Meira að segja hafa sumir þingmenn litið á það sem meginmarkmið sitt á löggjafarsamkundunni að standa í slíkum framkvæmdum fyrir kjördæmi sitt. En slíkt gerir það að verkum að þeir eru bæði í löggjafarsamkundunni og framkvæmdarvaldinu. Alþingi er að byggja torfkofa á Grænlandi og alls konar, t.d. að rækta hinn fræga fíkniefnahund í Vestmannaeyjum sem er tillaga frá Alþingi Íslendinga. (Gripið fram í.) Að standa í hundauppeldi í Vestmannaeyjum, Alþingi hefur fíkniefnahund þar í uppeldi.

Og svo það sem kannski er verst að flestöll frumvörp sem Alþingi samþykkir eru ekki samin af alþingismönnum. Þau eru samin af ráðuneytunum, þ.e. framkvæmdarvaldinu, og jafnvel af þeim stofnunum sem standa í framkvæmdinni, skattyfirvöldum og samkeppnisyfirvöldum og slíkum. Auðvitað liggur þekkingin þar en það er mjög hættulegt ef sérfræðingarnir sem þekkja best til fá það vald að smíða vopnin í hendurnar á sjálfum sér í baráttunni við borgarana. Það er mjög varasamt þó að þekkingin liggi þar.

Þess vegna vil ég að menn hugleiði það alvarlega að Alþingi taki að sér meira frumkvæði í lagasetningu, þ.e. samningu lagafrumvarpa, og eins að Alþingi hætti að skipta sér af framkvæmdinni því að framkvæmd sem Alþingi hefur ákveðið getur það ekki gagnrýnt. Eftirlitið með þeirri framkvæmd er horfið, það er enginn eftirlitsaðili. Alþingi ber að fela framkvæmdarvaldinu ákveðnar framkvæmdir og veita því fjárveitingu en síðan á framkvæmdarvaldið að svara fyrir Alþingi um framkvæmdina. Það er að sjálfsögðu ekki hægt þegar Alþingi sjálft ákveður framkvæmdina eins og með fíkniefnahundinn. Það getur enginn gagnrýnt það fyrirbæri.

Málið sem við ræðum hér, um að þingmenn séu ekki jafnframt ráðherrar eða að ráðherrar séu ekki jafnframt þingmenn, er hluti af þessum vanda sem verið er að taka á. Ég er meðflutningsmaður í málinu og tek hjartanlega undir það. Ég vil hins vegar að þingmönnum sé fækkað um 12.

Af hverju? Vegna þess að ekkert breytist við það. Ráðherrar starfa ekki í þingnefndum, ráðherrar eru ekki í utanlandssamstarfi þingsins. Það mundi ekkert breytast, nákvæmlega sami fjöldi þingmanna ynni þessi mál í nefndum, í umræðum á þinginu og í utanlandssamstarfinu. Það eina sem breyttist væri að þingmönnum fækkaði um 12. Kostnaðurinn mundi minnka eitthvað við það og að sjálfsögðu þyrfti að hækka laun ráðherranna þar sem þingfararkaupið dettur niður hjá þeim.

Ég styð þetta mál og alveg sérstaklega með hliðsjón af því að verja borgarana fyrir löggjafarvaldinu.

Í andsvörum hafa nokkrir hv. stjórnarandstæðingar sagt að þetta muni breyta samsetningu á þinginu. Ég vil minna þá á að enda þótt það sé frekar vonlítið að þeir komist einhvern tíma í stjórn verður það kannski ekki alveg vonlaust eftir svona 20–30 ár. (**Gripið fram í:** Eftir eitt og hálft ár.)

[11:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Örfá orð um þetta mikilvæga málefni og ég tek undir það með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að það er mjög gagnlegt að fá þessa umræðu fram. Það var talað um að flokkar hefðu tekið afstöðu til þess og svo er eflaust í einhverjum tilvikum. Í mínum huga er þetta fyrst og fremst þverpólitískt mál. Ég tala fyrst og fremst fyrir sjálfan mig en ekki fyrir hóp manna.

Ég er mjög andvígur málinu. Ég tel að við þær aðstæður sem við búum við sé þetta ekki heppileg leið til að ná því ágæta markmiði sem hér er tíundað, að efla þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég tel þetta ómarkvissa og mjög dýra leið til að ná því markmiði og vil fara aðrar leiðir í því efni.

Í fyrsta lagi hefur verið á það bent að það dragi úr vægi stjórnarandstöðu á þingi við þessar breytingar nema það gerist að kallaðir verði til nýir þingmenn. Þar erum við komin að þessum stóraukna kostnaði. Ég skildi hins vegar á öðrum flutningsmanni, hv. þm. Pétri H. Blöndal, að hann vildi fækka almennt í þinginu. Þá sitjum við eftir með þann vanda að vægi stjórnar hefur aukist á kostnað stjórnarandstöðu og þaðan hefur komið eftirlitið og aðhaldið gagnvart framkvæmdarvaldinu, það er bara staðreynd.

Staðreyndin er nefnilega sú að þegar um það er að ræða að efla þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu þá er það vissulega spurning um skipulag að einhverju leyti en ekki síður spurning um hugarfar, spurning um afstöðu og hugarfar. Mér hefur þótt mjög slæmt að horfa upp á hvernig þingmönnum í stjórnarmeirihluta hefur iðulega verið þröngvað til að fylgja meirihlutalínunni, fylgja því sem stjórnarmeirihlutinn boðar. Mér hefur þótt slæmt að horfa upp á þetta gerast, ekki síst með unga þingmenn sem eru að koma hingað inn, iðulega fullir af hugsjónum, og þurfa að láta þær víkja fyrir þessum þrýstingi. Ég held að það væri miklu betur komið fyrir okkur og lýðræðislega heppilegra að menn færu stundum hægar í sakirnar í umdeildum málum og stuðluðu að því að fólk fylgdi sinni sannfæringu. Ég held að það sé að nokkru leyti spurning um hugarfar.

En þetta er líka spurning um skipulag og ég tek undir þann þátt í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals hér áðan að það ber að efla þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu varðandi lagasmíð og annað af því tagi. Ég hefði talið og tel að fjármunum sem yrði varið til þessa væri betur varið með því að styrkja stoðkerfið, sérfræðingavinnu á vegum þingsins þannig að þingmenn ættu greiðari aðgang að upplýsingum og sérfræðivinnu og smíði lagafrumvarpa, styrkja með öðrum orðum þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu að þessu leyti. Ég tel það miklu heppilegri leið.

En ég endurtek að þessi umræða er mjög góð. Ég er ósammála þeirri leið sem hér er lögð til til þess að ná mjög eftirsóknarverðu markmiði.

[11:49]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig langar að nýta tækifærið hér vegna orða hv. þm. Ögmundar Jónassonar um að fylgja sannfæringu sinni. Hann sagðist álíta að stjórnarþingmenn geri það ekki og ungir þingmenn komi inn fullir af hugsjónum og síðan þurfi þeir að fylgja sínum stjórnarflokki o.s.frv.

Maður hefur nefnilega velt því svolítið fyrir sér varðandi Vinstri græna: Eru Vinstri grænir tækir í ríkisstjórnarsamstarf? Mig langar að spyrja hv. þingmann að því vegna þess að maður hefur séð að sumir vinstri flokkar í nágrannaríkjum okkar eða í Evrópu hafa oft mjög sterkar skoðanir til vinstri, sem er ósköp eðlilegt, þeir standa fyrir það. Sumir þeirra hafa ekki viljað fara í ríkisstjórnarsamstarf af því að þá þurfa þeir að slá af sínum ýtrustu kröfum.

Ég velti þessu fyrir mér þegar hv. þingmaður, ekki bara núna heldur margoft áður, kemur inn á það hve það sé mikilvægt að fylgja sannfæringu sinni og auðvitað er það mikilvægt. En þegar maður er í samstarfi í ríkisstjórn þarf að semja um hlutina og þá geta flokkar lent í því að þurfa að slá af sínum ýtrustu kröfum. Þess vegna spyr ég hv. þingmann hreint út: Eru Vinstri grænir tækir í ríkisstjórnarsamstarf, þegar það er þeim svona ofarlega í huga að menn eigi ávallt að fylgja hugsjónunum og sinni ýtrustu sannfæringu? Auðvitað á maður að gera það eins og maður getur en það er stundum ekki hægt. Í ríkisstjórnarsamstarfi þarf að semja.

Spurning er því: Eru vinstri grænir tækir í ríkisstjórnarsamstarf einhvern tíma með hv. þm. Ögmund Jónasson innan borðs og aðra sem eru hér á þingi fyrir vinstri græna?

[11:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er spurt um mína persónulegu afstöðu og okkar þingflokks og flokks, hvort við getum samið. Sjálfur hef ég nú staðið í samningum í langan tíma á vettvangi verkalýðshreyfingar og oft og iðulega náð samningum og niðurstöðu. Við höfum lagt okkar mál þannig fram í þingkosningum að þau séu líkleg til þess að ná fram að ganga. Ég nefni hugmyndir okkar í efnahagsmálum, í skattamálum o.s.frv. Ég tel að við höfum iðulega sett fram raunsærri og raunhæfari tillögur en margir aðrir. Við höfum reynt að forðast það að ganga í augun á kjósendum á fölskum forsendum.

Að sjálfsögðu gerum við okkur grein fyrir því, eins og allir aðrir, að oft þarf fólk að slá af ýtrustu kröfum og reyna að ná samkomulagi þó með það að leiðarljósi að menn fórni

ekki sínum hugsjónum. En sem betur fer er það nú þannig í íslensku samfélagi að ef menn leggja sig fram þá ná menn landi. En vissulega eru það sumir þættir sem við erum ekki tilbúin að slá af. Ég horfi þar t.d. til stóriðjustefnunnar og það má nefna önnur sjónarmið. Á slíkt mundi reyna þegar gengið yrði til samkomulags um stjórnarsáttmála. Ég held að menn geti alveg treyst því að þegar kemur að samstarfi erum við ekki síður til samstarfs fallnir en aðrir stjórnmálaflokkar, að sjálfsögðu erum við það ekki.

Ég ítreka hins vegar hitt að ég held að það eyðileggi eitthvað í fólki þegar því er þröngvað til að ganga gegn sannfæringu (Forseti hringir.) sinni eins og ég hef margoft horft upp á hér, einkum í stjórnarmeirihlutanum.

[11:54]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég náði nú ekki alveg hvort hv. þingmaður sagði: Já, við erum tækir í ríkisstjórnarsamstarf eða nei, það má ekki slá af ýtrustu kröfum. Mér fannst hann slá svolítið í og úr, sem er kannski mannlegt í þessari stöðu. En þó áttaði ég mig á því að hv. þingmaður sagði, og það réttilega, að í sumum málum er ekki hægt að slá af. Auðvitað er það þannig í pólitík að flokkar standa fyrir ákveðin mál. Vinstri grænir standa fyrir vinstri hugmyndirnar og hægri menn standa fyrir þær hægri og við framsóknarmenn erum í miðjunni.

En mér fannst merkilegt að heyra hvað hv. þingmaður tíndi helst til sem málefni sem vinstri grænir mundu ekki slá af, kæmi til ríkisstjórnarþátttöku þeirra, en það var stóriðjan. Vinstri grænir hafa staðið fyrir því að vera gegn stóriðju á Íslandi og væntanlega mun það þrengja mjög möguleika þeirra til að verða tækir í ríkisstjórnarsamstarf. Ég hef ákveðnar efasemdir um að aðrir stjórnmálaflokkar muni hafa það á stefnuskrá sinni að útiloka alla stóriðju á Íslandi. En eins og hér kom fram væri það málefni sem vinstri grænir mundu ekki slá af, ættu þeir kost á því að fara í ríkisstjórnarsamstarf.

[11:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Ég er hér að skírskota til stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún hefur verið sett fram. Að sjálfsögðu eru það önnur málefni sem við leggjum ríka áherslu á. Við viljum jöfnuð í samfélaginu. Við erum með ýmsar hugmyndir um hvernig eigi að ná því markmiði fram og erum til viðræðu um leiðir að því marki. En þetta er að sjálfsögðu grundvallaratriði í okkar stefnu og í okkar hugsjón og af henni munum við alls ekki slá, það munum við ekki gera. En við erum reiðubúin að ræða leiðir að því marki að sjálfsögðu.

Ég eiginlega skil ekki þetta tal um það hvort við erum tæk til stjórnarsamstarfs. Vinstri hreyfingin – grænt framboð og fulltrúar hennar hafa verið í stjórnarsamstarfi við aðra flokka hér í Reykjavík, í Skagafirði og á margvíslegum vettvangi. Við höfum tekið þátt í starfi nefnda hér í þinginu. Er hv. þingmaður að halda því fram að við séum ekki tæk til umræðu og til samstarfs á slíkum vettvangi umfram aðra flokka? Ég ætla ekki að leggja þetta út á slæman veg, ég ætla að taka þessu á jákvæðan hátt og líta svo á að þingmaðurinn sé í rauninni að hrósa okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fyrir staðfestu okkar og fylgispekt við okkar hugsjónir.

[11:57]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það fer fram gagnmerk og prýðileg umræða um þrígreiningu ríkisvaldsins og hlutverk Alþingis, hlutverk framkvæmdarvaldsins í því öllu saman og hvernig megi ná fram skýrari aðgreiningu þarna á milli. Ég held að allir sem hafa fylgst sérstaklega með þróun síðustu tíu ára hafi séð hvernig fjarað hefur undan aðgreiningu á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds þannig að hún er í huga ansi margra orðin nánast að engu. Alþingi virkar sem einhvers konar stimpilstofnun, afgreiðslustofnun fyrir málefni ríkisstjórnarinnar, málatilbúnað sem kemur meira og minna og næstum því að öllu leyti ofan úr ráðuneytunum. Þingmannamálin, sem hér eru rædd þegar ekki liggja fyrir stjórnarfrumvörp, eru rædd hér í 1. umr., fara síðan til þingnefnda þar sem þau sofna og koma aldrei aftur. Það er þó einhver hefð sem hefur skapast fyrir því að hleypa einu máli á ári í gegn, eins og til að hæðast að löggjafarvaldinu. Það er svona háðsglósa framkvæmdarvaldsins til Alþingis, að taka nú eitthvert eitt mál, eitthvað sem skiptir kannski ekki miklu máli og kostar ekki allt of mikið, og hleypa því í gegn. Þetta er kurteisisleg hæðniskveðja framkvæmdarvaldsins til löggjafans.

Hv. 1. flutningsmaður þessa máls, Siv Friðleifsdóttir, spurði mig frekar út í það sem ég nefndi hér áðan um beina kosningu framkvæmdarvaldsins. Ég gat um þetta sem eina leið sem menn hljóta að skoða til að ná fram því markmiði að greina á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, sem eina leið sem hefur áður verið uppi á borðinu í íslenskum stjórnmálum.

Gylfi Þ. Gíslason skrifaði töluvert um þá leið að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu með það að markmiði að skilja þar á milli, hann skrifaði töluvert um það á sínum tíma. Vilmundur Gylfason, sonur hans, fyrrverandi alþingismaður, tók það síðan upp og flutti um það sérstakt þingmál hér á Alþingi fyrir 22 árum, held ég. Ég held að það hafi verið 1983. Það var þá boðað sem fyrsta þingmál væntanlegs þingflokks Bandalags jafnaðarmanna, þess merkilega stjórnmálaflokks sem skildi mörg merkileg mál eftir sig á stuttum ferli og sérstaklega mál sem fjalla um og lúta að stjórnskipan og lýðræði.

Eitt af þeism málum var bein kosning framkvæmdarvaldsins, mál sem ég kynnti mér ágætlega í fyrra og hef lesið mér til gagns og gamans og hef tekið undir ýmislegt sem þar kemur fram. Eins og málin eru lögð fram þar um beina kosningu þá er forsætisráðherra — hvað sem við köllum hann, forsætisráðherra, forseti eða hvað, þar er hann kallaður forsætisráðherrann — kosinn í beinni kosningu, tveimur umferðum, líkt og við þekkjum t.d. frá Frakklandi. Að lokum yrði kosið á milli þeirra tveggja sem eru eftir og sá fer með framkvæmdarvaldið sem vinnur þá kosningu. Hann skipar síðan ríkisstjórnina, annaðhvort úr röðum alþingismanna eða annarra þeirra úr samfélaginu sem hann treystir. Hann getur sótt sér tvo, þrjá þingmenn eða fleiri og hann sækir þá hingað og þangað, eins og við svo sem þekkjum annars staðar úr Skandinavíu og Evrópu. Nýjasta dæmið er

utanríkisráðherrann í Noregi. Jens Stoltenberg, foringi norska verkamannaflokksins og forsætisráðherra í Noregi, myndaði glæsilega ríkisstjórn sem maður hrífst af og fylgist með stíga sín fyrstu skref. Í Noregi er í fyrsta sinn í yfir 20 ár meirihlutastjórn jafnaðarmanna og vinstri flokka með þátttöku miðflokksins, hrein vinstri stjórn. Menn gáfu ekki kost á öðru, annaðhvort yrði kosið á milli vinstri blokkar eða hægri blokkar. Þar virkar þetta, þar virka valkostirnir. Hérna vita kjósendur aldrei hvað þeir fá, þeir kaupa köttinn í sekknum. Þeir geta fengið einhvern óskapnað út úr kosningunum. Ég má nú ekki til þess hugsa hvað gæti komið þar upp.

Með því að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu er sú hætta ekki til staðar. Þá er það skýrt hver fer með framkvæmdarvaldið. Sá sem með það færi veldi sína ríkisstjórn, hún þyrfti svo að hljóta samþykki Alþingis eða verða formfest á einhvern annan hátt. Þannig kysum við ekki alla ráðherrana heldur einungis forsætisráðherrann. Svo yrði Alþingi kosið sér og óháð því og virkaði fullkomlega óháð framkvæmdarvaldinu og sem algjört aðhald á það, líkt og við þekkjum úr Bandaríkjunum og víðar.

Það eru til margar leiðir að þessu, það eru til margar leiðir um skilin og skiptin á milli forsetans eða forsætisráðherrans og Alþingis. Við getum tekið Frakkland, Finnland, Bandaríkin, fjöldamörg dæmi, en við yrðum að sjálfsögðu að finna okkar eigin leið.

Þetta er hugmyndin sem kynnt var af Vilmundi og ég hef áður hvatt til þess að menn skoði það vel og vandlega og taki því ekki sem fjarlægri hugmynd út af hinu heilaga þingræði sem virkar ekki á Íslandi. Það er ósköp broslegt á köflum hvernig það virkar og hvernig framkvæmdarvaldið veður yfir löggjafann aftur og aftur á skítugum skónum. Hv. þm. Ögmundur Jónasson lýsti því nú ágætlega hvernig einstakir þingmenn virðast stundum neyddir til að ganga gegn sannfæringu sinni til að tiltekið mál nái fram að ganga, alla vega hafa slíkar sögur verið sagðar.

Það þarf að ná fram skýrri aðgreiningu. Ein leiðin er sú að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu og ég tel að menn eigi að skoða þann kost. Við eigum að skoða þann kost rétt eins og þann sem hér er kynntur um að ráðherrar segi af sér þingmennsku, það hefur marga augljósa galla þó að við mundum fækka þingmönnum um tólf. Áfram hallar verulega á stjórnarandstöðuna þar sem ríkisstjórnarflokkar hvers tíma hafa áfram sína, eins og núna er, tólf ráðherra hér í þinginu auk þeirra þingmanna sem mundu bætast við á bekkina úr þeirra eigin röðum. Áfram hallar því á stjórnarandstöðu hvers tíma og það er ekki hægt að sætta sig við það heldur. Það þarf að finna betri leiðir til að þetta mál geti náð fram að ganga með þessum hætti. Ég styð markmiðið heils hugar og við eigum að setjast yfir það vel og vandlega hvernig er best að ná því fram og auðvitað er verið að vinna að stjórnarskrárbreytingum núna. Það á eftir að koma í ljós hvað kemur út úr því en við skulum vona það besta.

[12:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var einungis tvennt í ræðu hv. þingmanns sem ég vil gera athugasemd við. Í fyrsta lagi segir hann að áhrifavald framkvæmdarvaldsins hafi stóraukist á undanförnum árum. Ég hugsa að minni hv. þingmanns nái ekki langt aftur vegna þess að einu sinni voru allir bankar landsins eða flestir í eigu ríkisins. Þá tilnefndi Alþingi menn í bankaráð í kosningu á Alþingi og hefð var fyrir því að þingmenn yrðu bankastjórar. Þessir menn ráðskuðust með sparifé landsmanna með því deila því út í lánum til fyrirtækja og einstaklinga. Ef menn telja það ekki vera áhrif framkvæmdarvaldsins og samtvinnun löggjafarvalds og framkvæmdarvalds þá veit ég ekki hvar þeir eru staddir. Búið er að selja þessa banka, búið er að selja mjög mörg ríkisfyrirtæki og það er einmitt stefnan, að minnka völd ríkisins í atvinnulífinu.

Í öðru lagi sagði hv. þingmaður að vaðið væri yfir þingmenn á skítugum skónum og átti þá við hv. stjórnarþingmenn. Ég held að flestir þingmenn, þegar þeir taka afstöðu til mála, vegi og meti hvort þeir hagsmunir sem þeir eru að verja séu meiri eða minni en þeir sem tapast. Ég hef alltaf litið þannig á að ríkisstjórnin sé að gera mjög góða hluti og ég er afskaplega ánægður með að hafa stutt ríkisstjórnir síðustu 10 ára og ég vil að þessi ríkisstjórn haldi velli. Ef einhver hætta væri á að hún héldi ekki velli, jafnvel í einhverju máli sem ég þyrfti að beygja eða taka krók á sannfæringu mína, vildi ég frekar að ríkisstjórnin héldi velli og héldi sínu góða starfi áfram með að lækka skatta, hækka laun o.s.frv. en að sannfæring mín næði fram í því máli. Það hefur ekki reynt mikið á það vegna þess að það vill svo til, frú forseti, að gjörðir ríkisstjórnarinnar eru yfirleitt í mínum anda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 31. mál (hlutfall fjármagnstekjuskatts). — Þskj. 31.

[12:06]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum. Frumvarpið er flutt af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þetta þingmál hefur áður komið fram á þinginu, það var á síðasta löggjafarþingi, 131. þingi, en varð ekki afgreitt. Málið er flutt að nýju óbreytt að öðru leyti en því að greinargerð sem því fylgir hefur verið breytt til samræmis við breytt fjárlagafrumvarp og breyttar aðstæður að öðru leyti.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10% í 18% en jafnframt verði sett skattleysismörk við 120 þús. kr. tekjur einstaklinga á ári, þ.e. að menn geti þénað 120 þús. kr. á ári án þess að komi til skattlagningar. Miðað við forsendur frumvarpsins má áætla að fjármagnstekjur ársins 2004 hefðu orðið rúmir 10 milljarðar kr. á rekstrargrunni í stað 7 milljarða kr., eða 3 milljörðum kr. hærri.

Í frumvarpi til fjárlaga árið 2006 er gert ráð fyrir 12.300 millj. kr. fjármagnstekjuskatti á rekstrargrunni. Miðað við

forsendur frumvarpsins yrðu tekjur af fjármagnsskatti rúmir 17 milljarðar kr., eða sem svarar aukningu upp á rúma 5 milljarða kr.

Gera má ráð fyrir að ef við reiknum með 120 þús. kr. skattleysismörkum verði rúm 90% einstaklinga og ríflega 70% hjóna sem nú greiða fjármagnstekjuskatt undanþegin skattinum. Það þýðir að að uppistöðu til eru þeir sem hafa tekjur af fjármagni mjög fáir. Þótt hlutfallið sé hátt er hér fyrst og fremst um að ræða smásparnað almennings sem hefur yfirleitt sínar tekjur af launavinnu.

Á undanförnum árum hefur fjölgað þeim einstaklingum hér á landi sem afla töluverðs hluta heildartekna sinna með tekjum af fjármagni, sem þeir greiða aðeins 10% skatt af. Um leið breikkar bilið milli þeirra tekjuhæstu og tekjulægstu. Ætla má að fjármagnstekjur séu meira en helmingur af tekjum þeirra 5% framteljenda sem hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu. Þessir aðilar greiða lægra hlutfall af tekjum sínum til samfélagsins en launafólk gerir. Það teljum við vera mjög óeðlilegt og heppilegt að reyna að færa skattheimtuna inn í farveg þar sem hlutfallið er hið sama. Vinnandi fólk greiðir sem kunnugt er 37,7% skatt. Tekjur þeirra auðugustu í landinu, þ.e. þeirra sem eiga fjármagnið og þeirra sem þiggja hluta tekna sinna af hlutabréfakaupum eða kaupréttarsamningum, eru aftur á móti mestmegnis fjármagnstekjur. Af þeim greiða þeir, eins og fyrr segir, aðeins 10% skatt

Flutningsmenn vilja að brugðist verði við breyttu tekjumunstri í þjóðfélaginu og því óréttlæti sem stafar af misræmi í skattlagningu fjármagnstekna og launa. Þá mun sú lagabreyting sem hér er lögð til afla ríkissjóði aukinna tekna til að standa straum af nauðsynlegri velferðarþjónustu.

Stundum hefur verið sagt að færum við of hátt upp með þennan skatt flýi fjármagnið, eigendur peninganna fari annað. Vissulega hafa verið nokkur brögð að því að þeir hafi leitað til svokallaðra skattaparadísa í Ermarsundinu, Guernsey, og víðar. Er ömurlegt til þess að hugsa að þetta fólk sé ekki reiðubúið að axla samfélagslega ábyrgð eins og oft er reyndar höfðað til hjá launafólki, að standa saman þegar á móti blási og sýna ábyrgð gagnvart samfélaginu. Þessi mannskapur telur sig jafnan undanþeginn öllum slíkum siðferðilegum kröfum.

Menn spyrja oft þeirrar spurningar hvert menn kæmu til með að flýja með peningana ef fjármagnstekjuskatturinn yrði hækkaður. Leiti þetta fólk ekki inn í svokallaðar skattaparadísir þá er stór spurning hvert það færi, vegna þess að staðreyndin er sú að fjármagnstekjuskattur er víðast hvar mun hærri en hann er hér á Íslandi. Í Bandaríkjunum er notað stighækkandi skatthlutfall sem ræðst af tekjum og félagslegri stöðu fólks, allt frá 10% og upp í 38,6%. Fastur frádráttur er 4.750 bandaríkjadalir fyrir einstakling. Hægt er að draga frá persónuafslátt að upphæð 3.050 dalir.

Við þetta bætast ýmsir sveðisbundnir skattar þar sem skattstofninn er svipaður en persónuafsláttur og frádráttur eru mismunandi eftir einstökum ríkjum. Skatthlutfallið er oftast stighækkandi frá 3% upp í 25%.

Í Bretlandi eru þrjú skattþrep í almennum tekjuskatti: 10% á tekjur upp að 1.920 pundum, 22% á tekjur á bilinu 1.921–29.900 pund og 40% á tekjur umfram 29.900 pund. Um fjármagnstekjuskatt gildir að skattprósenta á söluhagnað ræðst af tekjuskattsstofni hvers einstaklings, nema ef fjármagnstekjur eru í milliflokknum en þá bera þær aðeins 20% skatt.

Í Danmörku eru fjármagnstekjur skattlagðar með öðrum tekjum. Innheimtur er 28% skattur af arðgreiðslum upp að 41.100 dönskum kr. en 43% af hærri upphæðum.

Í Finnlandi eru fjármagnstekjur skattlagðar með flötum 29% skatti.

Í Kanada eru mismunandi skattþrep. Heildarskattprósenta má þó aldrei vera hærri en á bilinu 39–48,6%. Fjármagnstekjur eru yfirleitt skattlagðar með lægra skatthlutfalli þar sem aðeins þarf að greiða skatt af helmingi hreinna fjármagnstekna. Það skal tekið fram að það flækir náttúrlega þessa mynd þegar hún er skoðuð að það eru alls kyns undanþágur og kannski vafasamt í sumum tilvikum að horfa á skattprósentuna eina.

Í Noregi eru fjármagnstekjur skattlagðar með almennum tekjum (hreinum tekjum). Þar er að hámarki lagður 28% skattur á hreinar tekjur, skatthlutfall ríkisins er að hámarki 10,35% en sveitarfélaga að hámarki 17,65%. Síðan kemur persónuafsláttur.

Í Svíþjóð er flatur fjármagnsskattur upp á 30% og síðan eru margvísleg skattþrep.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta en ég er aðeins að reyna að draga upp þá mynd sem blasir við. Þegar fjármagnstekjuskattur er gaumgæfður í öðrum löndum kemur á daginn að við erum með lægri fjármagnstekjuskatt en víðast hvar þekkist. Ég tel að við eigum að stefna að því að færa skattlagningu á laun og aðrar tekjur, og þess vegna tekjur af peningum, inn í svipaðan farveg og stefna þar að samræmingu.

Því er ekki að leyna að við erum líka að horfa til skatttekna ríkisins. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum mikla áherslu á að styrkja velferðarþjónustu landsmanna. Hún er til tekjujöfnunar í samfélaginu og jafnar annan aðstöðumun og býr auk þess til réttlátara samfélag. Til þess þurfum við peninga og þá þurfum við að koma fram með tillögur um hvar við viljum taka þá peninga. Síðast en ekki síst horfum við á það sem er að gerast í íslensku samfélagi, stóraukinn mun, stóraukið tekjubil og það skýrist að hluta til af því að hluti þjóðarinnar hefur framfæri sitt af launavinnu en aðrir af fjármagninu. Þarna þarf að ráða bót á og við viljum stíga það skref með þessum tillögum um breytingar á skattkerfinu.

Ég legg svo til að málinu verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar þingsins til umfjöllunar.

[12:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður veltir því fyrir sér hvert skattstofninn mundi fara. Þá ætti hann að kynna sér hvaðan skattstofninn kom, því hann var enginn áður en fjármagnstekjuskatturinn var lækkaður og breytt í 10%. Skattur á söluhagnað var t.d. 47% þegar verst lét og þá seldi enginn, frú forseti. Það seldi enginn eign sína þegar ríkið ætlaði að hirða helminginn af hagnaðinum. Skattstofninn varð til úr engu. Það er nákvæmlega það sama sem gerist ef við förum aftur að skattleggja of mikið, þá verður skattstofninn að

engu, hann fer til útlanda eða hann minnkar því að menn draga úr sparnaði, sparsama fólkið bara hættir að spara og fer að eyða eins og hinir. Að mínu mati er það ljóður á Íslendingum, sumum hverjum, að þeir eyða ansi glannalega og mættu spara pínulítið meira. Hugmyndir af þessu tagi koma í bakið á þeim sem spara og þeir fara kannski að eyða eins og hinir.

Þetta er nefnilega mjög hvikur skattstofn og að gera ráð fyrir því að hann sé óbreytanlegur þó að skattprósentan sé hækkuð um 80% er, ég veit ekki hvað á að kalla það, barnaskapur.

Auðvitað breytist skattstofninn og ég vil nefna að stærstu skattsvikamál á Íslandi eru ekki í tekjuskatti, þau eru í fjármagnstekjuskatti sem er þó ekki nema 10%. Hann virðist sem sagt vera of hár fyrir suma.

[12:19]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki með það kortlagt hve stór þessi skattstofn er t.d. í Bandaríkjunum, Kanada, Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Bretlandi, þeim ríkjum sem ég vísaði til og eru öll með hærri skattprósentu á fjármagnstekjur en Íslendingar. Við erum væntanlega öll sammála um að við viljum standa straum af kostnaði við velferðarþjónustu, að verulegu leyti alla vega, úr ríkissjóði, úr opinberum sjóðum. Til þess að svo megi verða þarf að afla peninga. Spurningin er þá þessi: Hvernig á að gera það? Ætlum við að gera það með því að ná því öllu í gegnum tekjuskatt á laun launafólks? Ætlum við að taka það í óbeinum sköttum, fyrirtækjasköttum eða skattlagningu á fjármagn? Við leggjum það til að við reynum að færa þessa skattlagningu í það horf að hlutfallið sé það sama og þetta er skref í þá átt. Finnst mönnum eitthvert réttlæti í því að skattleggja launamann fyrir hans vinnu um 37,7% en hinn sem hefur tekjur og framfæri sitt af fjármagni um 10%? Mér finnst ekkert réttlæti í því. Spurningin er: Hvar ætlum við að afla peninganna og hvernig ætlum við að afla peninganna?

[12:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessa umræðu höfum við tekið mjög oft. Fjármagnstekjur eru ekki hreinar tekjur. Vextir fela í sér verðbætur sem ekki eru tekjur, það er viðurkennt. Leigutekjur hafa innifalið kostnað við húsnæði sem ekki má draga frá, það er líka viðurkennt. Arður felur í sér áhættu ef hlutabréfin tapast og sömuleiðis söluhagnaður. Ríkinu kemur tapið ekkert við. Menn geta ekki dregið tapaðar fjárfestingar frá tekjum sínum um alla framtíð. Það væri aldeilis munur ef það væri hægt. Fjármagnstekjur eru annars eðlis en launatekjur sem koma beint í vasann hjá mönnum og meira að segja á ábyrgð ríkissjóðs.

En talandi um tekjur ríkissjóðs og þá áráttu að reyna að skipta kökunni. Tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjum hafa stórhækkað, frú forseti, eftir að skatturinn var settur í 10%. Hann var sums staðar lækkaður úr 47% og sums staðar var hann tekinn upp, eins og á vexti, en tekjur ríkissjóðs hafa stórhækkað, möguleikar ríkissjóðs til þess að fjármagna velferðarkerfið hafa stóraukist. Þessi lága skattprósenta hefur líka valdið því að umsvifin í atvinnulífinu hafa aukist gífurlega, útrásin og allt þetta sem við upplifum. Það hefur gert fyrirtækjunum kleift að borga gífurlega hækkuð laun. Launahækkanir á Íslandi eru einsdæmi og ég vil biðja hv. þingmann að nefna eitthvert land þar sem launin hafa hækkað annað eins og á Íslandi síðustu 10 árin. Allt er þetta vegna þess að skattlagningin er lítil og hófleg og hvetur menn til dáða og gerir það að verkum að fyrirtækin geta borgað há laun.

Nú veit ég ekki hvort hv. þingmaður telur það eitthvert sérstakt vandamál hve íslenskir launþegar hafa há laun en ég tel það ekki vera vandamál.

[12:22]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Almennt tel ég það ekki vera vandamál að íslenskt launafólk hafi of há laun, það hefur allt of lág laun. Hins vegar er það vandi hve þeir sem hafa aðstöðu til, sjálftökufólkið, klóra mikið niður í sína eigin vasa. En þegar kemur að fjármagnstekjum er það svo að meira en helmingur af tekjum þeirra 5% framteljenda sem hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu er af fjármagnstekjum. Við erum að ræða um að það fólk borgi til samfélagsins eins og aðrir.

Fjármagnstekjur eru í eðli sínu frábrugðnar launatekjum, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. Að hluta til er það rétt, að hluta til ekki. Ekki finnst þeim sem aka um í stóru, fínu bílunum og lifa munaðarlífi neitt abstrakt við þessar tekjur. Þeir snúa þessum peningum og verðmætum yfir í lúxus af því tagi. Sú er staðreynd málsins.

Hv. þingmaður dregur upp glansmynd af íslensku samfélagi. Við lesum um það í útgefnum skýrslum að það stefnir í að verða í hópi þeirra þjóðfélaga í heiminum þar sem misskipting er allra mest. Við lesum um það í fjölmiðlum að svo sé komið fyrir öldruðu fólki, lágtekjufólki og öryrkjum að það eigi varla fyrir mat. Svo leyfir hv. þm. Pétur H. Blöndal sér að koma upp í pontu og tala til þessa fólks með þessum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, fyrri umr.

Þáltill. JBjart o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

[12:25]

Flm. (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Þetta er 14. þskj. og 14. mál á þessu þingi en auk mín eru flutningsmenn hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Katrín Júlíusdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir.

Markmið þingsályktunartillögunnar er að vekja athygli á því mikla brottfalli í framhaldsskólanum sem við búum við, og höfum búið við mörg undanfarin ár, og benda á þá leið að það sé sérstaklega kannað hvaða gildi það hafi að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum sem úrræði gegn brottfallinu.

Það er svolítið á reiki, og fer tvennum sögum af því, hvert raunverulegt brottfall er í framhaldsskólunum. Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal gerðu rannsókn árið 2002 og með leyfi forseta segir í skýrslu þeirra:

„Brottfall nemenda úr framhaldsskólum á Íslandi er vandamál. Samkvæmt íslenskum rannsóknum má ætla að hlutfall þeirra sem ljúka ekki framhaldsskólanámi eða neinu formlegu námi sé rúmlega 40%."

En þetta brottfall er ferli sem nemandi gengur í gegnum og er því ekki mælanlegt á einum tímapunkti og það er mikilvægt að hægt sé að grípa inn í þetta ferli með markvissum hætti til að koma nemandanum til aðstoðar. Það eru margir þættir sem hafa áhrif á brottfall og það er ekki hægt að einblína á einn þessara þátta frekar en annan. Í þessu sambandi má t.d. nefna námsárangur nemandans, viðhorf nemanda til náms, óheppilegt námsval, áhrif foreldra og síðan félagslegan stuðning. Þetta eru þeir þættir sem lúta að nemandanum sjálfum en við megum ekki gleyma því að brottfallið er ekki eingöngu persónulegur vandi, það er líka stórt vandamál fyrir þjóðfélagið í heild og í því tilviki sem við hér ræðum fyrir íslenskt þjóðfélag.

Það er ekki við að styðjast útreikning á því hvað brottfallið kostar íslenskt þjóðfélag en á Bretlandi hefur ákveðin skrifstofa, National Audit Office, reiknað út að hver einstaklingur á aldrinum 16–19 ára sem er ekki í námi, vinnu eða hefur lokið einhvers konar starfsþjálfun kosti breska þjóðfélagið 98 þús. pund eða sem samsvarar tæplega 12,5 millj. íslenskra króna.

Þær tölur sýna að það er verðugt viðfangsefni að kanna leiðir til að draga úr brottfallinu og þessi tillaga, eins og ég sagði í upphafi máls míns, gengur út á það að gildi þess að stórauka náms- og starfsráðgjöf sé kannað. Eins og er er skipulögð aðstoð við nemendur innan skólakerfisins, bæði í höndum kennara og stjórnenda og eins í höndum þeirra sem eru sérstaklega menntaðir og þjálfaðir til slíkra starfa en það er sú stétt sem heitir starfs- og námsráðgjafar. Þetta er mjög nýleg grein í háskólanámi og frá því að kennsla hófst í námsráðgjöf við Háskóla Íslands árið 1991 hafa 160 námsráðgjafar útskrifast þaðan. Auk þess hafa um 10 námsráðgjafar sem starfa á Íslandi numið við erlenda skóla.

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda námsráðgjafa í menntakerfinu en ætla má að um 80 starfi á grunnskólastiginu, 40 í framhaldsskólum og rúmlega 20 á háskólastigi og svo eru einhverjir sem starfa víða á vinnumiðlunum um land allt.

Árið 1998 skilaði þar til skipuð nefnd menntamálaráðuneytinu áliti sínu og mig langaði, með leyfi forseta, að vísa beint í tillögur frá henni en þar segir:

„Náms- og starfsráðgjöf hefur það að markmiði að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika, þannig að þeir fái notið sín í námi og starfi. Sjálfsþekking gerir fólk hæfara til að takast á við álag og kröfur samfélagsins og auðveldar því að meta hvaða vettvangur hentar best. Aðstoð við ráðgjöf við námsval og aðstoð og ráðgjöf meðan á námi stendur eru tveir meginþættir í starfi náms- og starfsráðgjafa. Fagleg greining á persónulegum vanda nemanda og samráð við sérfræðinga sem vísað er til hjálpar þeim að takast á við líf og störf og búa þeim um leið viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima."

Mig langar líka, með leyfi forseta, að vísa í og lesa upp hluta úr áliti nefndar sem skilaði ráðuneytinu niðurstöðum sínum 1991, en þar segir:

„Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum miðar að því að styrkja persónuþroska nemenda og efla trú á eigin færni til að gera hann betur færan að yfirvinna vanda og ná settum markmiðum í námi og starfi. Meginverkefni náms- og starfsráðgjafar eru: náms- og starfsráðgjöf, persónuleg ráðgjöf, náms- og starfsfræðsla, kannanir, mat, þróunarstarf og fyrirbyggjandi starf."

Í tillögu nefndarinnar frá 1998, sem ég vísaði fyrst til, koma fram ýmsar hugmyndir um eflingu náms- og starfsráðgjafar, t.d. að náms- og starfsfræðsla verði gerð að skyldunámsgrein í 8. og 10. bekk og að framhaldsskólar bjóði skyldu- og valáfanga í náms- og starfsfræðslu. Enn fremur eru þar nefndar leiðir til að takast á við brottfall í framhaldsskóla, m.a. að kanna skipulega viðhorf nemenda í 10. bekk í grunnskóla til náms og starfs, taka upp markvissa kennslu í námstækni og vinnubrögðum og efla stuðning við nemendur í sértækum vanda.

Sumar þessar tillögur hafa komið til framkvæmda en þó í mismiklum mæli og það er mjög mikilvægt að stjórnvöld hugi að heildarstefnumótun á þessu sviði. Hvarvetna í menntakerfinu má greina þörfina fyrir starfs- og námsráðgjöf og um það er víða rætt. Í skólastefnu Kennarasambands Íslands 2002–2005 er til að mynda fjallað um hlutverk náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum en við búum hins vegar við mjög óskýran lagaramma um þessi sérfræðistörf, um störf náms- og starfsráðgjafa. Við getum tekið sem dæmi að í grunnskólalögunum, nr. 66/1995, er fjallað um sérfræðiþjónustu og þar er kveðið á um að námsráðgjöf sé hluti af sérfræðiþjónustu skólanna en ekki er tiltekið neitt nánar um útfærslu eða innihald þeirrar starfsráðgjafar.

Í áliti nefndarinnar frá 1998, sem fjallar um fjölgun stöðugilda í náms- og starfsráðgjöf í skólum, er m.a. lagt til að eitt stöðugildi í námsráðgjöf verði á hverja 300 nemendur í grunn- og framhaldsskólum en þeir leggja áherslu á að aldrei verði ráðið í minna en hálft stöðugildi. Engu af þessu hefur verið hrundið í framkvæmd og það er nauðsynlegt að horfa mun betur en við höfum gert til laga- eða reglugerðarsetningar um málefni náms- og starfsráðgjafar, bæði í grunn- og í framhaldsskóla.

Í aðalnámskrá grunnskóla árið 1989 er náms- og starfsfræðsla skilgreind sem einn af nýjum lykilþáttum í skólastarfi en í nýrri aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 voru markmiðin fyrir náms- og starfsfræðslu sett undir nýja námsgrein sem nefnist lífsleikni. Það má segja að það sé engan veginn ljóst hvert vægi þessa námsþáttar sem skyldunámsgreinar hefur orðið við þá breytingu. Mér sýnist alla vega að með þessu sé ekki verið að gefa náms- og starfsráðgjöfinni meira vægi en áður. Hún er þvert á móti sett í einhvern pott undir heitinu lífsleikni en þeir sem hafa kynnt sér það sérstaklega vita sem er að það er mjög mismunandi eftir skólum við hvaða námsefni er stuðst í þeirri grein og hvernig hún er útfærð. En það er sífellt fleira sem kallar á fræðslu um nám og störf í nútímasamfélagi, auk þess sem breyttar þjóðfélagsaðstæður kalla á sí- og endurmenntun. Samfélagið hefur breyst og það þarf að búa ungt fólk undir aðrar aðstæður á vinnumarkaði. Fólk er ekki lengur í sama

starfinu alla ævi eins og við þekktum í meira mæli áður fyrr heldur skiptir það um starf og nám oft á lífsleiðinni. Vert er að árétta í þessu samhengi að tækniþróun, aukin samkeppni og alþjóðavæðing hafa leitt til mjög víðtækra breytinga og haft áhrif á líf og störf fólks.

Aukið valfrelsi í grunnskólanum kallar líka á aukna náms- og starfsráðgjöf. Inntökuskilyrði hafa breyst og námsleiðum á framhalds- og háskólastigi fjölgað. Nú búum við auk þess við mismunandi fornámskröfur eftir námsleiðum, en allt þetta krefst vandlegrar ígrundunar í náms- og starfsvali. Eins og við vitum hefur líka verið mikið rætt um að stytta nám til stúdentsprófs um alla vega ár, hvort sem þá styttingu ber niður í framhaldsskólanum eða grunnskólanum, og þess vegna er auðvitað enn meiri nauðsyn á því að huga að námsvali strax í grunnskóla og fylgja því eftir um leið og í framhaldsskólann er komið með öflugri og einstaklingsbundinni ráðgjöf. Þetta getur bæði sparað fjármuni og ekki er síður vert að þetta getur líka hlíft einstaklingum við að lenda á reki í kerfinu og jafnvel að bíða skipbrot í upphafi starfsævi sinnar.

Í þessu samhengi má benda á doktorsritgerð dr. Guðbjargar Vilhjálmsdóttur frá 2003 en Guðbjörg er lektor í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Þar koma fram mjög mikilvægar vísbendingar sem allar renna stoðum undir þá sannfæringu flutningsmanna að aukin og markviss náms- og starfsráðgjöf sé til þess fallin að draga verulega úr brottfalli úr framhaldsskóla í íslensku samfélagi.

Það er líka vert að horfa aðeins til nánustu frændþjóða okkar á þessu sviði og þess má geta að þær gefa náms- og starfsráðgjöf mun meiri gaum en við gerum. Sem dæmi má nefna að 1. ágúst 2004 voru sett ný lög um náms- og starfsráðgjöf í Danmörku og þar segir beint að börn og ungt fólk upp að 25 ára aldri eigi rétt á náms- og starfsráðgjöf. Þar er gert ráð fyrir 46 náms- og starfsráðgjafarmiðstöðvum sem sveitarfélögin reka. Ungt fólk og fullorðið á sama rétt á ráðgjöf um framhaldsnám og störf á svæðismiðstöðvunum sjö og námsráðgjafarmiðstöðvar eru skyldugar til að fylgja eftir fólki yngra en 19 ára sem er ekki í formlegu námi eða á vinnumarkaði. Síðan er leitað leiða til að koma viðkomandi til aðstoðar og gera áætlun um að hann hefji nám, þjálfun eða starf.

Þá er rétt að vísa í góða útkomu Finna í svokallaðri PISA-rannsókn. Þeir ganga eiginlega lengst og með lögum sem voru sett 1998 er tryggt að allir nemendur eigi rétt á náms- og starfsráðgjöf og hver nemandi eigi rétt á minnst tveimur klukkustundum á viku á skólaárinu. En Finnarnir hafa gengið lengst í því að setja löggjöf sem tryggir nemendum rétt til náms- og starfsráðgjafar og það hlýtur þá að vera í þeirri trú og sannfæringu að það hafi mikil áhrif á framgang þeirra í námi og síðar í starfi. Við búum við flókið upplýsingaumhverfi og það er ljóst að það þarf að aðstoða væntanlega þátttakendur í skólakerfi eða atvinnulífi og það er líka ljóst að brottfall nemenda og skortur á úrræðum fyrir þann hóp sem hættir námi kostar einstaklingana mikið, persónulega, fjárhagslega og félagslega, auk kostnaðarins fyrir skólakerfið og þjóðfélagið. Skilvirkar leiðir í náms- og starfsráðgjöf eru að mati okkar flutningsmanna ein af forsendum þess að fólk geti eflt færni sína til að stunda nám og starf farsællega. Það er ljóst að þetta þarf að efla á Íslandi.

Eftir að þessu máli var dreift á síðasta löggjafarþingi fengu flutningsmenn ábendingu um að fleiri sérfræðingar innan grunn- og framhaldsskóla sinni náms- og starfsráðgjöf, bæði sálfræðingar og skólafélagsráðgjafar. Af því tilefni vilja flutningsmenn ítreka að markmiðið er að kanna gildi þess að auka náms- og starfsráðgjöf en ekki er ætlunin að útiloka eina stétt ráðgjafa frekar en aðra. Við leggjum áherslu á að kanna gildi ráðgjafar sem má ætla að sé til þess fallin að draga úr brottfalli nemenda.

Tillögugreinin, frú forseti, hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem kanni gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval. Nefndin kanni sérstaklega ástæður þess að svo stór hluti nemenda velur bóknám að loknum grunnskóla, hver séu áhrif foreldra og kennara á náms- eða starfsval og hvaða hugmyndir grunnskólanemendur hafi um framhaldsnám og störf að námi loknu. Jafnframt geri nefndin samanburð á náms- og starfsráðgjöf í helstu nágrannalöndum, svo og árangri ráðgjafar og annarra úrræða gegn brottfalli. Ráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöður nefndarinnar, þar á meðal tillögum um aukna náms- og starfsráðgjöf og fyrirkomulag hennar ef niðurstöður hníga í þá átt, fyrir 15. nóvember 2006."

[12:40]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mjög athyglisvert og gott mál sem ég styð heils hugar. Ég er stoltur af því að vera einn af flutningsmönnum þess.

Eins og hv. 1. flutningsmaður, Jónína Bjartmarz, mælti svo prýðilega áðan þá er þetta mál, um mikilvægi þess að efla náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, mjög vandað og stutt góðum rökum. Slík ráðgjöf er meginúrræði til þess að draga úr brottfalli í framhaldsskólum — sem er mjög hátt á Íslandi, allt of fáir þeirra sem hefja nám í framhaldsskólum útskrifast þaðan — og til þess að sem flestir nemendur séu farsælir í náms- og starfsvali. Hér er rætt um að nefndin kanni sérstaklega ástæður þess að svo stór hluti nemenda velur bóknám að loknum grunnskóla og hver séu áhrif foreldra og kennara á náms- og starfsval.

Það fara allt of margir í bóknám á Íslandi og allt of fáir í starfsnám og það er allt of skýr greinarmunur gerður á þessu tvennu. Það þarf að eyða þessari úreltu skiptingu í tvennt af því að þetta á að vera eitt og hið sama. Það á ekki að vera svona stíf aðgreining á milli þeirra sem fara í bóknám og útskrifast með stúdentspróf og hinna sem leggja fyrir sig starfsnám. Starfsnámið á að vera partur af þessu öllu saman og nemendur í starfsnámi eiga að geta lokið námi með prófi sem yrði sambærilegt við stúdentspróf. Allt of margir fara í bóknám og þarna er námsráðgjöfin algert lykilatriði.

Það eru allt of fáir námsráðgjafar á hvern nemanda á Íslandi. Það þarf að fjölga verulega náms- og starfsráðgjöfum í grunnskólunum sem og í framhaldsskólunum. Hlutfall þeirra sem ljúka ekki framhaldsskólanámi eða neinu formlegu námi er rúmlega 40%. Það er gríðarlega hátt hlutfall

og ekkert bendir til þess að það hlutfall sé að breytast. Það bendir ekkert til annars en að það verði svipað hlutfall hvers árgangs sem útskrifast eða lýkur formlegri skólagöngu að loknum grunnskóla nú og fyrir 10, 20, 30 árum síðan. Það hefur ekki margt breyst í því. Fjölgunin í framhaldsskólunum liggur meira í stærri árgöngum og þeim sem eru að koma aftur eftir að hafa fallið á brott og hefja nám á nýjan leik sem er náttúrlega mjög gleðileg þróun.

Námsráðgjöfin er í þessum efnum algert grundvallaratriði og það er mjög fróðlegt að lesa skrif sérfræðinga á því sviði. Ég les mjög oft mér til gagns það sem Gísli Baldvinsson, náms- og starfsráðgjafi, skrifar á sinn vef og í fagtímarit ýmiss konar. Ein mjög athyglisverð grein sem hann birti, að ég held í fyrra, heitir „Líður börnunum illa í skóla?", algert grundvallaratriði, þar sem náms- og starfsráðgjafi og þær fagstéttir sem taka á slíku hafa mikið að segja. Gísli segir að í almennum líðanakönnunum komi í ljós að á milli 9–12% nemenda, sem sagt meira en tíunda hverjum nemanda, líði alltaf eða mjög oft illa í skólanum. Það er náttúrlega mjög há tala og mjög alvarleg vísbending um að eitthvað sé að. Auðvitað er alltaf eitthvað að, auðvitað verður aldrei neitt fullkomið og skólinn er stórt, hávært og að mörgu leyti harkalegt samfélag margra barna og unglinga og erfitt að koma í veg fyrir að árekstrar verði og mörgum líði illa. En það slær mann hversu há þessi tala er, að 9–12% nemenda líði alltaf eða mjög oft illa. Það hlýtur að vera alvarleg vísbending um að tíunda hvert barn fari í skólann á hverjum einasta degi með kvíðahnút í maganum. Það er hörmulegt að vita til þess og tillaga okkar um eflingu náms- og starfsráðgjafar tekur mjög á þessu. Öll aðstoð fagstétta innan skólanna er til þess fallin að leiðbeina börnum og unglingum til þeirra verka og til þess náms sem hugur þeirra stendur til í framhaldsskóla, en einnig til þess að þeim líði betur og þeim gangi betur að læra. Um leið aukast líkurnar á því að þau velji sér eitthvað sem þau vilja læra og þá dregur úr líkum á því að þau falli eða hætti námi áður en því lýkur.

Þá kemur einnig fram í grein Gísla að þetta skiptist eftir kynjum og drengjum líði almennt verr í skólanum. Það speglast að sjálfsögðu í mörgum öðrum samfélagsvandamálum. Ef börnum líður alltaf eða mjög oft illa í skóla eru þau miklu líklegri til að lenda í vandræðum utan skólastofunnar, hvað sem veldur því. Þau eru miklu líklegri til að fá útrás utan skólastofunnar með neikvæðum hætti og eru mun líklegri til að neyta bæði löglegra og ólöglegra fíkniefna. Þau eru miklu líklegri til að fara að drekka áfengi og neyta annarra eiturlyfja miklu fyrr en ella. Það er bara þannig. Þetta vita allir. Þau eru um leið líklegri til að lenda í öðrum vandamálum, afbrotum og slíku. Þau eru einfaldlega líklegri til að lenda utan garðs í samfélaginu og það er fullkomlega óviðunandi að tíunda hverju barni líði alltaf eða oftast illa í skólanum. Það er eitt af því sem við þurfum að bregðast við.

Þessi prýðilega þingsályktunartillaga er vandvirknisleg og vel unnin og mjög góðum rökum studd. Þar eru tekin dæmi frá öðrum Norðurlöndum, eins og Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, og þar er okkur gefin sýn á ýmsar aðferðir til að mæta þessum hlutum og úrræði ýmiss konar. Samfélagið sem við lifum í er flókið og ógagnsætt. Það er erfitt fyrir 15–16 ára ungling að ákveða hvað hann vilji gera það sem eftir er ævinnar. Það er ein af stærstu ákvörðunum í lífinu að velja sér nám, ein af allra stærstu ákvörðununum. Á þeim aldri eru nemendur að velja sér braut og af því vali ræðst kannski hvort viðkomandi einstaklingur lýkur einhverju réttindanámi eða stúdentsprófi og síðan háskólanámi eða ekki. Það hefur áhrif á ævitekjurnar, það hefur áhrif á það hvort einstaklingurinn verður ánægður eða hamingjusamur í lífinu eða ekki — þeim sem líður illa í vinnunni eða í skólanum líður líka illa þar fyrir utan. Þetta er því grundvallaratriði. Það væri fróðlegt að leggja frekara mat á hver staðan er um þessar mundir. Sá stuðull er notaður að tala um stöðugildi námsráðgjafa á hverja 300 nemendur í grunn- og framhaldsskólum. Þetta varpar boltanum til frekari umræðu um málið og ég vona innilega, af því að nú er mælt fyrir þessari þingsályktunartillögu í upphafi þings í annað sinn, að hún nái fram að ganga á Alþingi í vetur.

[12:48]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Ég tel þetta mjög brýnt mál og alveg sérstaklega vegna þeirra talna sem við heyrum um brottfall í landinu sem eru allt að því skelfilegar. Talað er um 40% í könnun frá 2002, það gæti reyndar hafa lagast eitthvað en jafnvel þótt það hefði lagast væri enn þá slæm staða.

Í hvert skipti sem nemandi hættir námi verður ákveðin brotlending. Hann þarf að horfast í augu við að hann stenst ekki þá kröfu sem hann sjálfur og aðrir gera til hans og hann býr við minna sjálfstraust í lengri tíma á eftir, starfsævi hans styttist sem þessu nemur og þetta er mikill persónulegur áfellir og tap líka. — Eitt sem gleymist oft í námi er að nám er fjárfesting. Það er annars vegar fjárfesting af hendi ríkisins sem leggur fram byggingar, mannskap og þekkingu til að kenna og hins vegar fjárfesting af hendi námsmannsins sjálfs sem er miklu meiri því að hann vinnur kauplaust og fórnar tekjum sem hann gæti haft annars staðar og starfsframa sem hann gæti aflað sér á sama tíma. Sá kostnaður er örugglega 1,5–2 milljónir að lágmarki á hvern nemanda á ári. — Fyrir samfélagið er það líka tap vegna þess að búið er að leggja í fjárfestingu til að kenna þessum nemanda, ætla má að það kosti 2 milljónir fyrir ríkissjóð eða rúmlega það að kenna einum nemanda í fjögur ár í framhaldsskóla. Þegar nemandi hættir í miðjum klíðum og öll kennsla fer í vaskinn og allt það starf er það raunverulegt tap fyrir samfélagið. Samanlagt er það því mikið tap bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið þegar menn hætta í skóla og það verður brottfall.

Hér er lagt til að auka náms- og starfsráðgjöf. Ég mundi raunar ekki kalla það náms- og starfsráðgjöf heldur fjárfestingarráðgjöf því verið að ráðleggja unga manninum eða ungu stúlkunni hvernig þau eigi að fjárfesta í námi. Ég hugsa að það mundi líta dálítið öðruvísi út ef þetta yrði gert þannig og með þá hugsun í huga að nemandinn sé í raun inni að fórna vinnutíma kauplaust o.s.frv.

Önnur atriði þyrfti líka að skoða. Af hverju leiðist krökkum í skóla, af hverju líður þeim illa eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á? Það er hlutur sem þyrfti ekki síður

að skoða en það sem hér er lagt til. Hvers vegna vantar „motivation" eða hvatningu í skólunum, af hverju eru krakkarnir ekki áhugasamari um að læra? Þetta allt finnst mér þurfa að skoða. Það er spurning hvort framhaldsskólinn eigi að gera samning við hvern einasta nemanda, skólinn lofi að veita honum kennslu í fjögur ár og nemandinn lofi að stunda námið og klára það. Slíkur samningur gæti hugsanlega veitt ákveðið aðhald.

Ég held að hv. menntamálanefnd, sem fær málið til skoðunar, ætti að hugleiða mjög vel hvort ekki mætti jafnvel breyta nafni tillögunnar þannig að hún heiti tillaga til þingsályktunar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum og aðgerðir til að koma í veg fyrir brottfall, þannig að meginþunginn sé á það fyrirbæri sem er brottfall. Að öðru leyti lýsi ég stuðningi við málið.

[12:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég kem í pontu til að lýsa yfir stuðningi mínum við þá þingsályktunartillögu sem ræðum hér um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.

Ég tel að hér sé á ferðinni ákaflega gott mál og þarft. Það er mikið vandamál hversu brottfallið er hátt og mjög nauðsynlegt að skoða hvernig ungt fólk tekur ákvarðanir um að velja sér námsbraut til menntunar. Oft hefur verið talað um misvægið milli starfsmenntunar annars vegar og svokallaðs bóknáms hins vegar og ég held að það sé afar nauðsynlegt að huga vel að því hvernig það hefur þróast hér á landi undanfarin ár. Svokallað starfsnám virðist fara halloka og að ekki sé nægileg sókn í það af ungu fólki. Ég tel það mjög varasamt fyrir íslenskt þjóðfélag til framtíðar ef sú þróun heldur áfram og því held ég að efni þeirrar tillögu sem við ræðum hér, um að skipa nefnd til að kanna gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum fyrir farsælt náms- og starfsval, sé afar nauðsynlegt.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið en vil samt láta þess getið að í stefnu okkar í Frjálslynda flokknum höfum við beinlínis ályktað um þetta efni og segjum í stefnuskrá okkar að Frjálslyndi flokkurinn vilji efla náms- og starfsráðgjöf í framhaldsskólum til að sporna gegn brottfalli nemenda og efla eftirfylgni með brottfallsnemendum. Það er í raun og veru sama hugsun og er í þeirri tillögu sem hér er flutt og hefur verið rædd af þingmönnum, um eflingu starfs- og námsráðgjafar. Ég lýsi því yfir miklum stuðningi okkar í Frjálslynda flokknum við málið. Ég vona sannarlega að það fái góða umfjöllun í menntamálanefnd og að tekið verði jákvætt á því og tillagan fái brautargengi í hv. Alþingi. Ég tel að tillagan sé ákaflega vel unnin og að hv. þm. Jónína Bjartmarz eigi þakkir skildar fyrir að hafa lagt málið fram á Alþingi með þeim hætti sem hún gerir í þingskjalinu og lýsi aftur stuðningi okkar í Frjálslynda flokknum við málið.

[12:56]

Flm. (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég vil í örstuttu máli að þakka hv. þingmönnum sem tekið hafa þátt í þessari umræðu, Guðjóni Arnari Kristjánssyni, Pétri H. Blöndal og Björgvin G. Sigurðssyni, miklum skólamönnum öllum að heyra.

Það er ljóst og kom mjög skýrt fram, ekki síst í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals, að hér er um arðbæra fjárfestingu að ræða. Auðvitað kostar eitthvað að efla náms- og starfsráðgjöf bæði í grunn- og framhaldsskólum en miðað við það mikla tjón sem samfélagið verður fyrir af völdum brottfallsins, sem skólakerfið og þjóðfélagið í heild verða fyrir, og kostnaðinn við að nemendur ljúka ekki námi að ógleymdri brotlendingunni fyrir nemandann að hafa ekki staðið sig í því sem hann tók sér fyrir hendur hverjar sem ástæðurnar eru, þá er alveg ljóst að um arðbæra fjárfestingu er að ræða. Það er fjárfesting sem kemur til með að skila sér ef menn ráðast í að efla þetta starf innan grunn- og framhaldsskólanna.

Flutningsmönnum barst ályktun frá félagsfræðiskor félagsvísindadeildar Háskóla Íslands vegna þessa máls og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Við sem vinnum að menntun náms- og starfsráðgjafa erum sannfærð um að unnt er að minnka brottfallið með öflugri náms- og starfsráðgjöf. Raunar eru vísbendingar í nýlegri rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur um að svo sé. Við teljum einnig að þó að einhverju þurfi að kosta til eflingar náms- og starfsráðgjöf muni á móti draga úr því ómælda tjóni sem núverandi staða er að valda einstaklingum og samfélaginu öllu."

Frú forseti. Ég geri ráð fyrir að að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til hv. menntamálanefndar þar sem ég vona að það fari til hefðbundinnar umsagnar og fái síðan brautargengi út úr nefndinni að lokinni meðferð hennar á því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:58]

Útbýting:

Aldur og menntun á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu, 231. mál, fsp. AKG, þskj. 231.

Ábyrgð Byggðastofnunar, 234. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 234.

Byggðakvóti fyrir Bíldudal, 229. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 229.

Seðlabanki Íslands, 44. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 44.

Styrkir til kúabænda, 230. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 230.

Viðskipti með hunda, 232. mál, fsp. JGunn, þskj. 232.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 5.–7. mál.

Fundi slitið kl. 13:00.

13. FUNDUR

fimmtudaginn 20. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning eins aðalmanns í bankaráð Seðlabanka Íslands, í stað Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, alþm., til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 26. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.
2. Úrvinnslugjald, stjfrv., 179. mál, þskj. 179. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Náttúruvernd, stjfrv., 180. mál, þskj. 180. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Hollustuhættir og mengunarvarnir, og mat á umhverfisáhrifum, frv., 11. mál, þskj. 11. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Skipulögð leit að krabbameini í ristli, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Nýskipan í starfs- og fjöltækninámi, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frv., 18. mál, þskj. 18. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 23. mál, þskj. 23. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Stjórnarskipunarlög, frv., 19. mál, þskj. 19. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 31. mál, þskj. 31. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 189. mál, þskj. 189. — 1. umr.
17. Fjarskiptasjóður, stjfrv., 191. mál, þskj. 191. — 1. umr.
18. Höfundalög, stjfrv., 222. mál, þskj. 222. — 1. umr.
19. Stjórnmálaþátttaka, áhrif og völd kvenna, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Fyrri umr.
20. Lífeyrisréttindi hjóna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.
21. Hlutur kvenna í sveitarstjórnum, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Fyrri umr.
22. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.

Svar við skriflegu erindi þingmanns.

[13:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseta barst síðastliðinn þriðjudag bréf frá Merði Árnasyni alþingismanni þar sem hann óskar tiltekinna upplýsinga er lúta að þeirri ákvörðun forsætisnefndar að láta rita sögu þingræðis á Íslandi og óskar jafnframt eftir því að forseti geri þinginu grein fyrir málinu.

Það hefur ekki verið venja að forseti svari skriflegum erindum sem þingmenn beina til hans úr forsetastól. Forseti hefur hins vegar fallist á að verða við tilmælum þingmannsins af tveimur ástæðum.

Í fyrsta lagi er um að ræða málefni er varða stjórnsýslu þingsins en ekki pólitísk störf Alþingis. Forseta er kunnugt um að þingmaðurinn hefði kosið að beina fyrirspurn um slíkt stjórnsýsluatriði til forseta í fyrirspurnatíma en þingsköp gera hins vegar eingöngu ráð fyrir að fyrirspurnum sé beint til ráðherra og því verður slík fyrirspurn til forseta eigi flutt.

Í öðru lagi er ekki talið heppilegt að forsætisráðherra, sem samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands fer með málefni er varða tengsl Stjórnarráðsins við Alþingi, svari fyrirspurn um ákvarðanir forsætisnefndar Alþingis þar sem um er að ræða mál sem ráðherrann hefur ekki komið að og lýtur að ákvörðunum æðstu stjórnsýslu þingsins, samanber ákvæði 9. gr. þingskapa sem segir að forseti beri ábyrgð á rekstri Alþingis og hafi æðsta vald í stjórnsýslu þess.

Ég nefni þessi atriði til að leggja áherslu á að svar mitt úr forsetastól getur ekki talist fordæmi um svör við bréflegum erindum þingmanna til forseta. Mun ég nú lesa bréf þingmannsins og svara einstökum spurningum hans.

„Á vefsetri Alþingis 28. september síðastliðinn birtist frétt um að forsætisnefnd þingsins hefði ákveðið að láta rita sögu þingræðis á Íslandi. Nokkur umræða hefur orðið um þessa ákvörðun í dagblöðum og í netmiðlum. Ég hefði kosið að kostur væri á því að beina spurningum um þetta efni til forseta Alþingis á fyrirspurnatíma en þar sem þingsköp gera eingöngu ráð fyrir að fyrirspurnum sé beint til ráðherra er slíkt ekki mögulegt nema með því að beina fyrirspurn til forsætisráðherrans um rekstur og stjórnsýslu Alþingis. Það eru því tilmæli mín til forseta að hann geri þinginu grein fyrir þessari ákvörðun með öðrum hætti. Þar sem nokkuð er um liðið frá því að ég bar þetta erindi fyrst upp við forseta vænti ég þess að það geti orðið sem fyrst.

Ég óska eftir að forseti upplýsi þingið um eftirtalið:

1. Hver eru tildrög ákvörðunar um að láta rita bók um sögu þingræðis á Íslandi?

2. Hvaða hugmyndir hefur forsætisnefnd um kostnað við ritun og útgáfu þessa rits?

3. Hvers vegna var tilteknum manni falið þetta verk? Hvers vegna var ekki auglýst eftir umsóknum fræðimanna um verkefnið?

4. Hyggst forsætisnefnd bjóða vinnslu bókarinnar út eða hefur þegar verið samið við útgáfu- eða dreifingarfyrirtæki um útgáfu eða dreifingu?“

Svör forseta við spurningum þingmannsins eru eftirfarandi:

1. Fyrir nokkrum árum eða nánar tiltekið í ársbyrjun 2000 kynnti fyrrverandi forseti Alþingis, Halldór Blöndal,

þá hugmynd í forsætisnefnd að Alþingi stæði að samningu rits um sögu þingræðis á Íslandi og hlaut það góðan hljómgrunn í nefndinni. Tilefnið var að þá var fram undan aldarafmæli þingræðis hér á landi en þingræðisreglan varð virk í íslenskri stjórnskipun með skipun Hannesar Hafsteins alþingismanns í embætti ráðherra Íslands 1904. Endanleg ákvörðun um að ráðast í verkið var hins vegar ekki tekin fyrr en á fundi forsætisnefndar í byrjun september síðastliðins.

2. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hver kostnaður við ritun verksins verður. Ætla má að verkið birtist í einu bindi og ætti það að gefa einhverja hugmynd um kostnað. Í samþykkt forsætisnefndar um ritun verksins var ritstjóra og ritnefnd falið að skilgreina í upphafi starfs síns verklag og efnistök og leggja fram kostnaðar- og tímaáætlun fyrir verkið. Tillögur og áætlanir nefndarinnar verða lagðar fyrir forsætisnefnd áður en vinna við verkið hefst.

3. Í ljósi þess að þingræðisreglan er ekki síst stjórnskipunarlegt og réttarsögulegt viðfangsefni hlýtur að teljast skynsamlegt og eðlilegt að leita eftir lögfræðingi til að hafa á hendi meginritun verksins. Að tillögu fyrrverandi forseta Alþingis, Halldórs Blöndals, var ákveðið að óska eftir því við Þorstein Pálsson sendiherra að hann tæki að sér að vera ritstjóri verksins og hafa jafnframt á hendi ritun þess að meginhluta. Þorsteinn er lögfræðingur að mennt, hefur látið sig stjórnskipunarrétt varða og situr í stjórnarskrárnefnd.

Forseta er ljóst að þótt verulegur þáttur verksins verði á sviði stjórnskipunarréttar og réttarsögu þá skarast það milli þriggja fræðigreina, lögfræði, sagnfræði og stjórnmálafræði. Þegar fyrir lá ákvörðun forsætisnefndar um að lögfræðingur yrði valinn til að vera meginhöfundur verksins var þess gætt að fræðimenn á öðrum sviðum kæmu að mótun efnis og ritun þess. Forsætisnefnd ákvað í framhaldi af því að skipa tveggja manna ritnefnd sem hefði ásamt ritstjóra umsjón með verkinu. Í ritnefnd voru skipuð Helgi Skúli Kjartansson, prófessor í sagnfræði við Kennaraháskóla Íslands, og dr. Ragnhildur Helgadóttir, lektor og stjórnskipunarfræðingur við Háskólann í Reykjavík. Jafnframt hefur forseti ákveðið að fela dr. Þorsteini Magnússyni, stjórnmálafræðingi og forstöðumanni á skrifstofu Alþingis, að vera ritnefnd til aðstoðar af hálfu skrifstofu þingsins.

4. Fyrir liggur að ætlunin er að Alþingi gefi ritið út en þegar texti verksins liggur fyrir verður kannað hvaða útgáfufyrirtæki bjóða hagstæðustu kjör líkt og tíðkast hefur þegar Alþingi hefur ráðist í útgáfu annarra verka. Má í því sambandi minna á útgáfu ritsins um sögu kristni á Íslandi í eitt þúsund ár sem Alþingi gaf út og Hið íslenska bókmenntafélag annaðist dreifingu á.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ritun sögu þingræðis á Íslandi.

[13:39]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir meðferð þess erindis sem ég átti við forseta. Hún hefur leyst mjög ljúflega úr þeim formflækjum sem fyrir hendi voru. Ég vil geta þess að ég hef lagt fram frumvarp sem bætir úr þessum ágalla á þingsköpum, sem ég tel vera, og kemur það vonandi til umræðu síðar í haust.

Um svarið sjálft er það fyrst að segja að eðlilegt hefði verið að fyrrverandi forseti, sem lét sér þetta til hugar koma árið 2000 og við erum fyrst að frétta af nú fimm árum síðar, hefði, með forsætisnefnd ef verkast vildi, flutt um þetta þingsályktunartillögu á þinginu þannig að við í salnum, fulltrúar almennings og fjárveitingavaldið, hefðum getað rætt þessa hluti í ró og næði með þinglegum hætti og á góðum tíma. Í staðinn fer fyrrverandi forseti af stað og ræðir við hina og þessa, samkvæmt upplýsingum úr blöðunum, og staðnæmist að lokum við áhugamann sem um þessar mundir hefur lítið að gera. Síðan kvittaði næsti forseti og forsætisnefnd gjörvöll upp á ákvörðun fyrrverandi forseta Alþingis, nú hv. þm. Halldórs Blöndals.

Maðurinn sem velst, hver er hann? Það er gamall stjórnmálamaður, fyrrverandi sendiherra, nú á nokkuð vænum eftirlaunum, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins sem enn gegnir pólitískum störfum fyrir þann flokk. Hann situr í stjórnarskrárnefnd skipaður af Sjálfstæðisflokknum.

Það er mætur maður, Þorsteinn Pálsson — mætur maður, lögfræðingur að mennt. Það er hins vegar þannig að Þorsteinn Pálsson er byrjandi í fræðiskrifum, að því er mér virðist. Þegar flett er upp í Gegni, gagnasafni Landsbókasafns – Háskólabókasafns, þá finnst ekkert fræðiverk eftir Þorstein Pálsson.

Það er sérkennilegt að Alþingi ætli sér að ráðast í útgáfu byrjendaverka og skipi til þess þrjá leiðbeinendur. Maður óskar auðvitað upplýsinga um það hvort þetta eigi að halda svona áfram, hvort Alþingi ætli sér að verða eins konar endurmenntunarstöð fyrir fyrrverandi formenn Sjálfstæðisflokksins. Fróðlegt.

[13:41]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég hafði farið fram á utandagskrárumræðu um þetta mál og óska enn og aftur þess að hún fari fram. Ég tel að yfirmaður menntamála í landinu þurfi að svara fyrir þetta fúsk sem þingið stefnir í, að láta lögfræðing ganga í verk sem hann hefur ekki fagþekkingu til að stýra. Ég er ekki einn um þá skoðun.

Til er félagsskapur undir nafninu Hagþenkir sem vill að fram fari umræða um þetta mál, að menn séu ekki að fúska við að fá einhverja sendiherra til að sinna fræðistörfum. Ég fer þess á leit að yfirmaður menntamála í landinu svari því hver afstaða hennar er til þessa máls. Þetta er ákveðin vanvirðing við sagnfræðinga landsins og ég tel að þingið eigi einfaldlega að draga þessa ákvörðun til baka og endurskoða hana.

Við getum ekki skipað til verka fólk sem hefur enga þekkingu á málefnunum. (**SKK:** Hann var þó forsætisráðherra.) Jú, hann var forsætisráðherra. Ég heyri að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er mjög ánægður með þetta fúsk. En það eru bara ekki ráðherrar sem rita fræðibækur og hafa það að atvinnu. Ég vona að hv. þingmaður taki tillit til þeirra radda í þjóðfélaginu sem telja að menn geti ekki haldið áfram með þessa sendiherravæðingu, að láta þá í hin

og þessi störf, ritstörf af því að það passar inn í eftirlaunalög sem þjóðin er á móti.

[13:42]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseta finnst sérkennilegt að dregin sé í efa hæfni Þorsteins Pálssonar til að rita sögu þingræðis með vísan til stjórnmálaþátttöku hans. Forseti minnir á að hið merka rit Réttarsaga Alþingis var ritað af stjórnmálamanni, Einari Arnórssyni, sem hafði verið atkvæðamikill í íslenskum stjórnmálum sem ráðherra og þingmaður á fyrri hluta 20. aldar.

Fleiri fyrrverandi stjórnmálamenn og ráðherrar hafa annast ritun merkra fræðirita sem í dag eru talin til klassískra verka á sínu sviði. Forseti vísar því á bug öllum aðdróttunum um að Þorsteinn Pálsson geti ekki sinnt þessu verki af sóma og óhlutdrægni.

[13:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er kannski ekki nægilega góður svipur á því í sjálfu sér að þurfa að taka mál af þessu tagi til umfjöllunar úr þessum ræðustól. Ég hefði auðvitað óskað þess að við gætum leyst ágreiningsmál af þessu tagi í þeim farvegi sem við þingmenn höfum til að ræða innri störf þingsins og stjórnsýslu þingsins. Það lýsir kannski því að við þurfum að skoða samskipti okkar hér innan dyra varðandi innri stjórnsýslu löggjafarsamkundunnar og hvernig þau virka. Eflaust má finna þar ákveðna þætti sem betur mættu fara.

Ákvörðun af því tagi sem hér er til umfjöllunar hefði örugglega mátt taka á annan hátt en gert var, að betur athuguðu máli, með meiri samvinnu manna á milli og milli stjórnmálaflokka. Þá þyrftum við ekki að standa í þeim sporum sem við stöndum í núna, með ályktanir frá félagi fræðarithöfunda og ályktanir frá Sagnfræðingafélagi Íslands þar sem þessi ákvörðun er átalin. Við fáum ákúrur fyrir að hafa staðið að málum eins og gert var. Þannig hefur stjórn Hagþenkis, Félags höfunda fræðirita og kennslugagna, mótmælt þessari ráðstöfun forsætisnefndar. Ég verð að segja að ég finn í hjarta mínu mikinn samhljóm með þeim sjónarmiðum sem þar koma fram. En þar er eingöngu talað um að fræðirithöfundum og fræðimönnum sem hafa starf af því að rita bækur á borð við þá sem nú skal rituð skuli hunsaðir og ekki leitað til þeirra, fyrstra manna, þegar annast þarf verk af því tagi sem hér um ræðir.

Mig langar líka, varðandi kostnað við þetta rit, að geta þess að nú er Menningarsjóður okkar fjarri góðu gamni. Sá sjóður hefði auðvitað getað fjármagnað rit af þessu tagi. Ég vil nefna það að Launasjóður fræðihöfunda fær samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs eingöngu 11,4 millj. kr. Halda menn að það muni nægja fyrir þessu riti?

[13:46]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að játa að það kemur mér verulega á óvart að umræðan um þetta verkefni skuli vera með þessum hætti. Mál þetta var, eins og hefur komið fram, tvívegis rætt í forsætisnefnd nú í september og var samstaða um þá niðurstöðu sem þar náðist. Það kemur mér því verulega á óvart að um þetta skuli gerður ágreiningur með þeim hætti sem við sjáum hér í dag.

Í málflutningi hv. þm. Marðar Árnasonar og hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar finnst mér gæta verulegs misskilnings þegar látið er í veðri vaka að sá maður sem ráðinn var til þessa verks hafi ekki til að bera þá hæfni eða þann bakgrunn sem hentar til verkefnis af þessu tagi. Mér finnst þetta mjög sérkennilegt og lýsa á einhvern hátt misskilningi varðandi það verkefni sem hér um ræðir.

Eins og hæstv. forseti gat um áðan hefur það nú verið svo að þeir sem ritað hafa um stjórnskipunarsögu Íslendinga hafa undantekningarlaust verið lögfræðingar að mennt. Þeir hafa jafnframt átt sér bakgrunn í stjórnmálum sem hefur gefið þeim aukinn skilning á þeim viðfangsefnum sem þeir fást við. Það sama á við um Þorstein Pálsson. Hann er lögfræðingur að mennt, hann hefur gegnt virðingarmiklum og ábyrgðarmiklum störfum í stjórnmálum sem gera það að verkum að hann hefur kynnst starfi þingsins sérstaklega, störfum í ríkisstjórn sérstaklega, og þess vegna finnst mér það sérstakt fagnaðarefni að maður með reynslu og bakgrunn Þorsteins Pálssonar skuli fást til þessa verks á þessum tímapunkti. Það er í rauninni alveg sérstakt tækifæri að fá mann eins og Þorstein með þennan bakgrunn til verksins.

Það verður að geta þess líka að (Forseti hringir.) með honum í ritnefnd eru settir tveir afar vandaðir fræðimenn sem að sjálfsögðu munu leggja gott til málanna við ritun verksins.

[13:48]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ekkert við það að athuga að forsætisnefnd þingsins hafi frumkvæði að því að rituð verði saga þingræðisins á Íslandi. Hún er þannig viðfangsefni að það er eðlilegt að menn hugi að því að taka saman þá sögu.

Ég tel hins vegar að val á manni til að rita söguna orki mjög tvímælis, bæði út frá faglegum forsendum og kannski ekki síður vegna þess að sá sem valinn var var þátttakandi í þeirri sögu. Hvernig í ósköpunum á maður að skrifa um eigin verk í sögu þingræðisins? Hann var ekki bara þátttakandi sjálfur á tímabili í þessari sögu heldur var hann formaður í stærsta stjórnmálaflokki landsins lengst af þessari sögu þingræðisins. Hvernig á hann að geta litið óhlutdrægt á þátt þess stjórnmálaflokks í þeirri sögu?

Virðulegi forseti. Almennar vanhæfisreglur stjórnsýsluréttarins dæma menn vanhæfa í svona stöðu. Menn eiga ekki að ganga fram í þessu efni með þeim hætti sem gert var. Ég tek þó fram að ég tel að Þorsteinn sé mætur maður og tel að hann hafi verið vandaður í störfum sínum sem þingmaður og ráðherra þannig að ekki er gagnrýni mín byggð á því að ég sé að víkja að honum persónulega.

Þá finnst mér það líka aðfinnsluefni að ekki skuli liggja fyrir nein áætlun um kostnað við verkið. Hvernig ætlar Alþingi að setja stofnunum ríkisins fjárlagaramma og hvetja þær til þess að fara vel með opinbert fé og gætilega þegar svona er staðið að málum hjá Alþingi sjálfu?

[13:50]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti leggur á það áherslu að sú ákvörðun að láta rita

sögu þingræðis fól ekki í sér að ætlunin væri að láta rita stjórnmálasögu Íslands síðustu 100 ár. Ritinu er fyrst og fremst ætlað að fjalla um sögu þingræðis, þ.e. um þingræðisregluna, um efni hennar og uppruna, stöðu hennar í stjórnskipuninni og framkvæmd hér á landi frá árinu 1904. Það er mikilvægt að öllum hv. þingmönnum sé þetta ljóst.

[13:51]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Það er alveg ótrúlegur misskilningur sem er hér á ferðinni og kom fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Sá sem fenginn hefur verið til þessa verks er ekki að fara að skrifa sína eigin sögu. Hann er að fara að skrifa um sögu þingræðisins á Íslandi. Þorsteinn Pálsson er mjög faglega hæfur til að rita sögu þingræðis á Íslandi. Hann er lögfræðingur, hann er fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, hann er fyrrverandi forsætisráðherra, hann er fyrrverandi ritstjóri og hann er vandur að öllu því sem hann hefur tekið sér fyrir hendur. Með honum í ritnefnd verða mjög faglegir aðilar eins og hann, Helgi Skúli Kjartansson og Ragnhildur Helgadóttir.

Talandi um fúsk, hæstv. forseti, þá legg ég til að hv. þm. Sigurjón Þórðarson taki þau orð og geri þau fyrir sjálfan sig. Ég segi bara: Maður, líttu þér nær. (**Gripið fram í:** Berðu af þér sakir.) (**SigurjÞ:** Ég er líffræðingur.)

Það er fagnaðarefni að Þorsteinn Pálsson skuli hafa verið fenginn til þessa verks. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson sagði að hér væri fúsk á ferð. Ég segi: Maður, líttu þér nær. Þorsteinn Pálsson er ekki fúskari, hann er vel menntaður og vel til verksins fallinn og það mun verða sómi að því sem hann gerir eins og öllu því sem hann hefur gert.

[13:52]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það sem ég átti við með fúski er það þegar ekki er valinn hæfasti maðurinn til verksins. Það er ekki einungis ég sem held því fram heldur þeir sem hafa atvinnu að því að rita sagnfræði. Ég vona að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins átti sig á því að þetta er ekki eingöngu mitt persónulega mat heldur er þetta mat þeirra sem hafa atvinnu af því að skrifa sögu. Þar stendur hnífurinn í kúnni.

Svo eru menn að bera saman Einar Arnórsson, prófessor og sérfræðing í réttarfarssögu, og nýgræðing á sviði sagnaritunar, Þorstein Pálsson, með fullri virðingu fyrir honum og hans fyrri góðu verkum. Þetta er auðvitað bara vitleysa og auðvitað eiga menn að sjá að sér, hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, og hætta að bjóða þjóðinni upp á svona dellu.

[13:53]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill minna á að þessi ákvörðun var tekin í forsætisnefnd þar sem flestir þingflokkar hér á Alþingi eiga fulltrúa, ekki einungis Sjálfstæðisflokkurinn.

[13:53]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er fullkominn misskilningur að ég haldi, eða einhverjir aðrir hér í salnum, að fyrrverandi stjórnmálamenn séu ekki hæfir til ýmissa verka. Tökum nú bara sjálfan Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands. Er einhver hér í salnum sem efast um hæfni Ólafs Ragnars Grímssonar? Það er ekki svo.

Hins vegar er rétt að þegar menn fást við viðfangsefni sem krefjast faglegrar þekkingar og færni þá hafi þeir sýnt fram á slíka færni og slíka þekkingu áður en þeir eru valdir umfram aðra til þess að gera á kostnað ríkisins þá ritgerð eða þá bók sem hér um ræðir. Ég er að gagnrýna að ekki skuli hafa verið leitað til fræðimanna allra á þeim sviðum sem hér um ræðir og síðan valinn sá hæfasti af þeim. Það er það sem ég er að gagnrýna.

Enn er hægt, forseti, að bjarga þessu máli. Það er hægt að gera það með því að forsætisnefnd beri undir þingið allt þetta mál, í þingsályktunartillögu frá nefndinni eða frá forsetanum sjálfum, eins og það liggur fyrir þegar leiðbeinendurnir þrír og meistaraneminn Þorsteinn Pálsson leggja fram áætlun sína um kostnað og tilhögun verksins. Það er auðvitað fróðlegt að vita hvað Þorsteini Pálssyni finnst um þingrofið 1931 eða myndun ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens þannig að maður nefni tvö dæmi um það þegar reynt hefur á þessa þingræðisreglu.

En er Þorsteinn Pálsson of góður til þess að búa til sitt eigið handrit og fara með það til bókaforlaganna, Eddu – útgáfu, JPV, Hins íslenska bókmenntafélags o.s.frv., o.s.frv.? Er það þannig að Alþingi þurfi á því að halda að taka við, það sé svo illa komið fyrir byrjendum í fræðiritun á landinu að Alþingi ætli sér að taka við handritum frá þeim þegar þeim þóknast og þegar fræðimennirnir, þegar byrjendurnir í fræðimennsku, eru þá sérstaklega þóknanlegir forseta Alþingis og forsætisnefnd? Ég segi nei við því. Ég vil fá að ræða það hér með venjulegum, þinglegum hætti í umræðu um þingsályktunartillögu forseta og forsætisnefndar, ef vill, og ég skora á þessa ágætu þingmenn og háttvirta að gera það.

[13:56]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti ítrekar það sem hún sagði áðan, þar sem Mörður Árnason, hv. þingmaður, er þingmaður Samfylkingarinnar, að Samfylkingin á tvo fulltrúa í forsætisnefnd.

[13:56]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Það er tvennt sem mér þykir athyglisvert í þessu máli að fá upplýst. Það er í fyrsta lagi að fá upplýsingar um það hvort fulltrúar stjórnarandstöðunnar í forsætisnefnd frá árinu 2000 til dagsins í dag hafa gert einhvern ágreining um þá ákvörðun sem við erum að fjalla hér um og meðferð hennar. Hefur einhver fulltrúi stjórnarandstöðuflokkanna gert einhvern ágreining í þessu máli? Ég veit ekki til þess. Það væri þá ágætt að fulltrúar stjórnarandstöðunnar og samflokksmenn hv. þm. Marðar Árnasonar gæfu sig fram og skýrðu út sín sjónarmið til þess máls.

Svo langar mig til að víkja orðum mínum til hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar vegna þess að mér þykir miður að menn skuli leyfa sér að nota eða misnota, leyfi ég mér að segja, ræðustól Alþingis með þeim hætti sem hér hefur verið gert til þess að sverta mannorð Þorsteins Pálssonar og

draga í efa hæfileika hans og þekkingu til þess að skrifa sögu þingræðis á Íslandi. Þetta eru einhverjar vafasömustu og vitlausustu fullyrðingar sem ég heyrt síðan ég settist hér inn á þing.Við erum að tala hér um það að það er lögfræðingur sem verður fenginn til þess að rita þessa sögu og fara yfir sögu þingræðisins og þetta er ekki bara hver sem er heldur fyrrum forsætisráðherra á Íslandi og maður sem jafnframt hefur gegnt embættum dóms- og kirkjumálaráðherra og sjávarútvegsráðherra og hefur þar af leiðandi um árabil verið hluti af löggjafarvaldinu hér á Íslandi og framkvæmdarvaldinu og hefur tekið þátt í að praktísera þingræði. Ef slíkur maður hefur ekki þekkingu til þess að skrifa sögu þingræðis á Íslandi þá hefur það enginn. (Gripið fram í.)

Um fundarstjórn.

Þátttaka forseta í umræðu.

[13:58]

Mörður Árnason:

Forseti. Þessi umræða er mjög óvenjuleg eins og tekið var fram í upphafi hennar. Eitt af því sem reyndist óvenjulegt við hana var það að forseti tók efnislegan þátt í umræðunni úr forsetastóli. Það er ekki heppilegt. Raunar er sérstök regla í þingsköpum sem við því varar, skulum við segja. Ég vona að þetta gerist ekki aftur og minni enn á þá tillögu sem ég hef flutt um breytt þingsköp þegar svo háttar til sem nú hefur orðið.

[13:59]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill taka fram að hann hefur fjallað um efni málsins og hlýtur að hafa fulla heimild til þess.

[13:59]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Út af þessum síðustu orðum hv. þm. Marðar Árnasonar er auðvitað rétt að koma því á framfæri að hæstv. forseti svaraði auðvitað úr forsetastóli þeim athugasemdum sem hv. þingmenn beindu til hans. Það er að sjálfsögðu á engan hátt óeðlilegt þegar í hlut á umræða um störf og stjórnsýslu þingsins. Ég held að þessi síðasta athugasemd hv. þingmanns um fundarstjórn forseta hafi alls ekki átt við.

Umræður utan dagskrár.

Skipulag ákæruvalds í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar.

[14:00]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það felst mikil ábyrgð í því að fara með ákæruvald. Ákærandi getur með ákvörðunum sínum valdið einstaklingum og fyrirtækjum miklu tjóni og sársauka. Á sama hátt er mikilvægt að ákært sé í tilvikum þegar rétt er að gefa út ákærur. Meðferð ákæruvalds skiptir sköpum þegar kemur að trausti almennings á réttarvörslukerfinu.

Skipulag íslenska kerfisins, þ.e. ákæruvald ríkislögreglustjóra í efnahagsbrotamálum, og sú framkvæmd sem hér ríkir á sér ekki hliðstæðu í öðrum löndum að ég best veit. Fyrirkomulagið er að einhverju leyti að norskri og norrænni fyrirmynd en þar eru miklu skýrari línur milli þeirra sem rannsaka mál og þeirra sem gefa út ákærur.

Lögmannafélag Íslands galt mikinn varhug við því að þessi leið yrði farin hér á landi. Félagið taldi mikla hættu á slysum ef leitt yrði í lög að sami aðili stjórnaði rannsókn og gæfi út ákæru. Undir þetta tók meiri hluti allsherjarnefndar þegar málið var hér til umfjöllunar.

Því vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann telji tilefni til þess að breyta frá núverandi framkvæmd. Stærsti hluti útgefinna ákæra leiðir til sakfellingar. Ástæðan er einföld. Lög kveða skýrt á um að ekki skuli gefin út ákæra nema líklegt sé að hún leiði til sakfellingar. Mörg mál sem upp koma eru sem betur fer einföld auk þess sem í mörgum málum liggja fyrir játningar sakborninga þegar ákæra er gefin út.

Það er ekki aðeins þetta sem veldur mönnum áhyggjum. Þær lúta frekar að getu og hæfni ríkislögreglustjóra til að fara með ákæruvald í stórum og flóknum málum. Dæmin eru til staðar. Má þar nefna svokölluð málverkafölsunarmál, málefni frjálsrar fjölmiðlunar, brot sem fyrntust í grænmetismáli í höndum embættisins, auk þess má nefna svokallað endurskoðendamál og nú síðast Baugsmál. Fleiri mál má nefna þó það verði ekki gert hér. Aðalatriðið er að í stórum og alvarlegum málum hefur ríkislögreglustjóri beðið faglegt skipbrot. Útreiðin sem ríkislögreglustjóri fékk í dómi Hæstaréttar í Baugsmálinu er reyndar einsdæmi í íslenskri réttarsögu. Við sem teljum markaðskerfið skynsamlegt fyrirkomulag og viljum tryggja að eftirlit með markaðnum sé öflugt teljum mikilvægt að stofnanir sem sinna þessu eftirliti séu öflugar. Við viljum tryggja að þeir sem fremja svokölluð efnahagsbrot, á stundum nefnd hvítflibbabrot, komist ekki upp með það vegna getuleysis opinberra stofnana. Þar liggur hin pólitíska ábyrgð ráðherrans. Það er því ekki að undra að menn hafi af því miklar áhyggjur að alvarlegasta svikamál síðari tíma, svokallað olíumál, skuli vera til meðferðar hjá ríkislögreglustjóra.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann telji eitthvað það hafa komið upp sem gefi tilefni til þess að ríkislögreglustjóri verði látinn á einhvern hátt bera ábyrgð á niðurstöðum þessara stóru og flóknu mála sem hafa misfarist. Í ljósi þess að ríkissaksóknari hefur sagt sig frá meðferð svokallaðs Baugsmáls eftir að Hæstiréttur vísaði 32 ákæruliðum þess máls frá dómi vakna spurningar um hvort rétt sé að núverandi hæstv. dómsmálaráðherra eigi að skipa nýjan saksóknara eða hvort rétt sé að skipa sérstakan seturáðherra til þess að taka þá ákvörðun, þ.e. til þess að fara með málið.

Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að fara eigi varlega í að telja ráðherra vanhæfa vegna yfirlýsinga þeirra. Ráðherrar eru stjórnmálamenn. Hlutverk þeirra er að taka þátt í umræðu samfélagsins. Ég tel því ekki sjálfgefið, þrátt fyrir óyfirvegaðar og vanstilltar yfirlýsingar hæstv. dómsmálaráðherra um ákærðu í Baugsmálinu, að hann sé vanhæfur.

Á hinn bóginn viðurkenni ég að ég tel það afar óheppilegt fyrir framhald málsins að hæstv. dómsmálaráðherra

skipi sérstakan saksóknara. Það gerði frekari meðferð erfiða, jafnvel ótrúverðuga, og gerir og gerði nýjum saksóknara augljóslega erfitt um vik. Ég hef ekki trú á því að vilji ráðherra standi til þess. Dómsmálaráðherra hlýtur að vera sammála mér um að vanda þurfi sérstaklega allar frekari aðgerðir yfirvalda í þessu máli svo málið fái rétta niðurstöðu.

Spurning mín til hæstv. dómsmálaráðherra er því sú hvort hann telji rétt að víkja sæti þegar kemur að því að fjalla um og skipa nýjan saksóknara til að halda áfram með málið.

[14:05]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það gerðist hinn 10. október sl. að Hæstiréttur vísaði frá héraðsdómi hluta þess opinbera máls sem hv. þingmaður nefndi Baugsmálið, nánar tiltekið 32 ákæruliðum af 40 en lagði fyrir héraðsdóm að taka 8 ákæruliði til efnismeðferðar og hnekkti þar með frávísunarúrskurði héraðsdóms hvað þá liði varðaði. Hv. þingmenn vita að ákæruvaldið hefur þá lagaskyldu að sjá til þess að ákært sé vegna refsiverðrar háttsemi, ef því því þykir hún hafa átt sér stað. Þótt ákæruvaldið hljóti ætíð að búa ákærur sína svo úr garði að þær fái efnismeðferð má ekki hrapa svo að ályktunum að frávísun máls frá dómi séu fáheyrð tíðindi. Það er sífellt verið að vísa málum frá dómi, einkamálum oftast en einnig opinberum málum.

Eftir þá frávísun sem hér um ræðir sneri ríkislögreglustjóri sér til ríkissaksóknara hinn 11. október og að beiðni hans ákvað ríkissaksóknari að taka til athugunar þau gögn málsins sem liggja að baki ákæruliðunum 32 til að ganga úr skugga um hvort efni væri til þess að höfða mál að nýju á grundvelli gagnanna.

Í bréfi til mín, dagsettu 13. október, segist ríkissaksóknari hafa hugað að því hvort skyldleiki sinn við starfsmenn hjá KPMG endurskoðun hf. og starfstengsl þeirra við ákærða endurskoðendur gætu valdið vanhæfi sínu, en hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Ríkissaksóknari segist hins vegar síðar hafa orðið þess var að óhlutdrægni sín við meðferð málsins væri dregin í efa vegna þessara tengsla og þar með teldi hann sig ekki bæran til að ganga til þess verks sem áður er lýst og þess vegna væri nauðsynlegt að setja annan löghæfan mann til að vinna verkið eins og fyrir er mælt í 1. mgr. 30. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Eftir að þetta bréf barst mér hinn 14. október sl. hef ég unnið að því að finna þennan löghæfa mann og vænti ég þess að geta innan skamms tíma skýrt frá því hver hann verður. Ég legg á það ríka áherslu að til starfa sem ríkissaksóknari í þessu einstaka máli ráðist lögfræðingur með mikla lögfræðilega þekkingu og reynslu, lögfræðingur sem nýtur óskoraðs trausts og fær aðstöðu, aðstoð og tóm til að leiða þennan þátt málsins til lykta. Málinu þarf að ljúka af festu og alvöru. Við fjöllum hér um úrlausnarefni sem hvílir þungt á hinum ákærðu, réttarkerfinu, viðskiptalífinu og í raun allri þjóðinni. Við þingmenn hljótum að vilja að málið sé til lykta leitt í samræmi við þau lög sem hér hafa verið sett.

Því hefur verið haldið fram, að vísu ekki af hv. fyrirspyrjanda, að ég sé vanhæfur til að bregðast við þessu erindi ríkissaksóknara. Fullyrðingar í þá átt styðjast hvorki við stjórnsýslulög, skýringar á þeim né dómafordæmi hér á landi eða í Noregi og Danmörku svo aðeins tvö nálæg ríki séu nefnd til sögunnar.

Ég leyfi mér í lok máls míns að vitna í tvo fræðimenn á sviði stjórnsýsluréttar. Hans Gammeltoft Hansen, umboðsmaður danska þingsins, lýsti í fræðiriti um stjórnsýslurétt frá árinu 2002 þeirri skoðun sinni að ummæli stjórnmálamanna um viðhorf þeirra til ákveðinna mála í tilefni af einhverjum atburðum líðandi stundar yllu almennt ekki vanhæfi þeirra. Dr. Páll Hreinsson, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, sem samið hefur doktorsritið Hæfisreglur stjórnsýslulaga, telur að hafi ráðherra tjáð sig um viðkvæm einkamálefni manns í tengslum við úrlausn máls sem ekkert tilefni hafi verið til að fjalla um á opinberum vettvangi kunni ráðherra að verða vanhæfur til meðferðar málsins. Í því máli sem hér um ræðir er atvikum alls ekki þannig háttað.

[14:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er full þörf á þessari umræðu. Hér á grundvallarmál í hlut og auk þess stórt og mjög umtalað. Ég held að það sé ástæða til að leggja á það áherslu í fyrsta lagi að hæstv. dómsmálaráðherra ber hina pólitísku og stjórnskipulegu ábyrgð á málaflokknum sem í hlut á. Þess vegna er ekki bara hægt að skoða stöðu hans eða aðild að þessu tiltekna máli þröngt og einangrað.

Hæstv. ráðherra ber þar með ábyrgð á, pólitíska og stjórnskipulega ábyrgð, eftir atvikum lagalega ábyrgð, samanber lög um ráðherraábyrgð, á framgöngu undirmanna sinna og eigin stjórnsýslu í þessum málaflokki. Hæstv. ráðherra getur ekki sett sjálfan sig til hlés eða skipt sér út af í þeim efnum.

Í öðru lagi finnst mér mikilvægt að farið verði yfir það rækilega í framhaldi af þessari umræðu hvort ástæða sé til að gera skipulagsbreytingar og aðskilja með skýrum hætti rannsókn máls annars vegar og ákæruþáttinn hins vegar.

Í þriðja og síðasta lagi finnst mér að hæstv. dómsmálaráðherra gerði rétt í því að hugleiða það mjög vandlega hvort það sé ekki bæði málinu og honum til framdráttar að hann fái annan ráðherra settan í það hlutverk að skipa nýjan saksóknara, jafnvel þó ég geti tekið undir með hæstv. ráðherra og hv. málshefjanda að það á ekki að lenda út í ógöngur í þeim efnum að telja ráðherra endalaust vanhæfa þó þeir hafi tjáð sig í pólitískri umræðu um mál. En hér á ekki alveg venjulegt mál í hlut og í bakgrunni þess liggja umræður um hluti sem ganga það nærri ráðherranum sjálfum og flokki hans að það undrar mig dálítið að hæstv. ráðherra skuli ekki, bæði sjálfs sín vegna og annarra og vegna framvindu málsins, einfaldlega velja þennan kost þó að hann telji sig alls ekki knúinn til þess af einhverjum augljósum eða rökstuddum vanhæfisástæðum.

[14:12]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að niðurstaða Hæstaréttar í Baugsmálinu hafi verið áfellisdómur yfir ákæru-

valdinu og ég er líka þeirrar skoðunar að þetta gefi vissulega tilefni til að huga að breytingum á skipulagi ákæruvaldsins í efnahagsbrotamálum. Mér finnst þetta gefa tilefni til að huga að því hvort ekki sé eðlilegra til að tryggja fulla hlutlægni, til að tryggja fjarlægð við lögreglurannsóknina, fjarlægð milli lögreglurannsóknar og ákæruvaldsins, að þetta sé aðskilið, að við tryggjum að það sé ekki sami maðurinn sem stýrir lögreglurannsókn og fari með ákæruvald. Og hvað sem líður erlendum fyrirmyndum á þessu sviði þá er, vegna smæðar samfélagsins hér og vegna smæðar viðkomandi deildar, fullt tilefni til að við gefum þessu sérstakan gaum. Við höfum áður gert breytingar á ákæruvaldinu þar sem hefur verið skipaður sérstakur saksóknari í tilteknum málaflokkum. Það fyrirkomulag hefur verið tekið til baka og ég held að það felist engir stórir dómar í því þó að við viðurkennum að þetta kallar á það að að þessu skipulagi sé hugað og að breytingum á því.

Hvað varðar hæfi hæstv. dómsmálaráðherra til að skipa sérstakan saksóknara eftir að ríkissaksóknari hefur sagt sig frá því þá vil ég, frú forseti, öðru fremur leggja áherslu á að þetta er eitthvað sem hæstv. dómsmálaráðherra sjálfur hlýtur að huga mjög alvarlega í ljósi ummæla sinna um málið. Ég ætla ekki að gerast neinn dómari um hæfi hans til þess og tek að miklu leyti undir sjónarmið málshefjanda. Ráðherra verður að hafa ákveðið frelsi til að tjá sig pólitískt um mál. En hins vegar verður hæstv. dómsmálaráðherra að gæta þess að gefa ekkert tilefni til þess að óhlutdrægni hans *sé dregin í efa. Það er inntakið í hæfisreglum, jafnt innan* stjórnsýslunnar og hjá dómstólunum, og almenningur á rétt á því að geta borið ótakmarkað traust til sjálfstæðra og óháðra dómstóla.

Að öðru leyti vil ég, frú forseti, fagna því hvað þessi umræða er hófstillt og málefnaleg í alla staði.

[14:14]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það hefur óneitanlega mikið gengið á í lögsókninni gegn Baugi og málið klúðrast í höndunum á ríkislögreglustjóra því miður. Ég er sammála hv. málshefjanda að ríkislögreglustjóri eigi að íhuga stöðu sína og jafnvel að segja sig frá embættinu vegna þess að þetta getur einfaldlega rýrt trúverðugleika lögreglunnar í landinu.

En nú stendur til að hæstv. dómsmálaráðherra skipi nýjan saksóknara í lögsókninni á hendur Baugi og ég er á því að hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason eigi að segja sig frá málinu. Það leynir sér ekki að hæstv. dómsmálaráðherra hefur mikla óbeit á fyrirtækinu. Það er eins og fyrirtækið hafi tekið við af kommúnismanum sem upphaf alls ills og það er einfaldlega þannig að málsins vegna ætti hæstv. dómsmálaráðherra að segja sig frá málinu.

Það er einnig óumdeilt að Sjálfstæðisflokkurinn hratt málinu af stað. Fyrrum formaður flokksins, Davíð Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins og framkvæmdastjóri flokksins voru í miklum samskiptum við aðalhvatamann þessarar rannsóknar og áttu í tölvusamskiptum, fundarhöldum og ég vil bara spyrja hæstv. dómsmálaráðherra: Tók hann þátt í leiknum? Var hann í tölvusamskiptum við þennan hvatamann að rannsókninni?

Það eru áhöld um hæfi annarra ráðherra í þessu máli og það verður að segjast eins og er að ég tel að sjálfstæðismenn ættu að segja sig í heilu lagi frá málinu og láta einfaldlega hæstv. forsætisráðherra taka við þessu. Hann hefur lýst því yfir að hann beri fulla ábyrgð á hæstv. dómsmálaráðherra og það fer mjög vel á því að hann taki málið að sér. Því af orðum hans má trúa að hann sé skotheldur hvað varðar vanhæfi í öllum málum, meira að segja hvað varðar mál þegar hann stendur í að selja fjölskyldufyrirtækjum eignir ríkisins.

[14:17]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Meðferð opinbers máls má skipta í þrennt, rannsókn, ákærustig og dómsmeðferð. Ríkissaksóknari fer með ákæruvald vegna þeirra brota sem þyngst refsing liggur við og í sjaldgæfari og vandasamari opinberum málum. Þetta eru t.d. stórfelld fíkniefnabrot, manndráp, meiri háttar líkamsmeiðingar, kynferðisafbrot, rán og fjárkúganir. Lögreglustjórar höfða önnur opinber mál en þau sem ríkissaksóknari höfðar og eru það t.d. þessi algengustu brot sem við þekkjum en síðan fer ríkislögreglustjóri með bæði rannsóknar- og ákæruvald í skatta- og efnahagsbrotum og eru þau brot rannsökuð í sérstakri deild hjá því embætti.

Vinnubrögð ríkislögreglustjóraembættisins í nokkrum veigamiklum málum undanfarin missiri vekja að sjálfsögðu upp spurningar sem lúta bæði að hæfni embættisins til að sinna slíkum verkum sem og sjálfu fyrirkomulaginu. Er það *heppilegt að ríkislögreglustjóri rannsaki og taki síðan* ákvörðun um hvort ákæra skuli gefin út á grundvelli þeirrar rannsóknar sem hann sjálfur hefur staðið fyrir.

Við höfum nú þegar sérstakt embætti ríkissaksóknara *sem er æðsti handhafi ákæruvaldsins í landinu. Ef til vill* hentar það betur að efnahagsbrot sem varða oft gríðarlega hagsmuni, eins og nýjustu dæmin sýna, verði áfram rannsökuð hjá ríkislögreglustjóra en ákveðnar ákærur verði alfarið hjá ríkissaksóknara. Þannig er þetta í öðrum veigamiklum málum og eiga efnahagsbrot ekki heima í þeim flokki? Með því fengjum við aðskilnað milli rannsóknarvalds og ákæruvalds í þessum mikilvægu málum og annar óháður aðili kæmi að málinu sem gæti metið framhaldið sjálfstætt. En ég tel a.m.k. að tilefni undanfarinna mánaða eigi að hvetja okkur, og sérstaklega hæstv. dómsmálaráðherra, til að skoða þetta fyrirkomulag vel og mig langar að fá fram afstöðu hæstv. ráðherra til þessara hugmynda um aðskilnað rannsóknar og ákæruvalds.

[14:19]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Hér eru stór mál til umfjöllunar, það er ekkert minna en það að menn vilja taka allt ákæruvaldið til endurskoðunar í tilefni af einstökum dómsmálum sem eru til meðferðar hjá dómstólum og ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér þykir tilefnið svona heldur léttvægt til þessara stóru spurninga sem hér eru bornar uppi.

Í fyrsta lagi veltir maður því fyrir sér hvort það er í sjálfu sér eðlilegt að menn séu í tilefni af einstökum dómsmálum að fella dóma á borð við þá sem hér hafa fallið í ræðustóli í dag, á borð við þá að ríkislögreglustjóraembættið hafi beðið faglegt skipbrot og fleiri slíka dóma. Ég held

jafnframt að það sé afar takmarkaður tími í utandagskrárumræðu til að leiða svona mál til lykta en það sem kannski skiptir meira máli og er nær okkur í tíma er það sem snýr að hæfinu. Ég hef ekki hér úr ræðustól heyrt nein fagleg rök fyrir því sem menn hafa haldið fram um að dómsmálaráðherra sé vanhæfur til þess að skipa saksóknara í þessu máli. Hvar eru faglegu rökin? Hér koma menn eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hann langar greinilega til að segja að dómsmálaráðherra sé vanhæfur, hann langar til að segja það vegna þess að hann segir að það eigi að fara varlega og það sé ekki sjálfgefið að hann eigi að víkja sæti en það sé óheppilegt að hann skipi sætið og að væntanlega verði saksóknari í erfiðri stöðu. Hann langar til þess að segja að ráðherrann sé vanhæfur. Hér er verið að sá einhverjum fræjum sem eiga að koma dómsmálaráðherra illa og það er algerlega ólíðandi að menn noti þennan vettvang til að blanda sér inn í atburðarás sem er í lögmætum farvegi. Það er engin ástæða til að efast um hæfi ráðherrans til að taka ákvörðun í þessu máli á faglegum forsendum og hann hefur reyndar nú þegar fært fyrir því rök að hann sé til þess hæfur.

[14:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hv. málshefjandi varpar fram tveimur spurningum. Sú fyrri er: Eigum við að breyta því fyrirkomulagi sem er í dag að hluta til að sami aðili fari með rannsókn máls og gefi út ákæru. Ég vil svara þeirri spurningu fyrir mitt leyti þannig: Já, við eigum að gera það. Reynslan af Baugsmálinu er þannig og í fleiri málum þar á undan að við eigum að gera það.

Gleymum því ekki að upphaf Baugsmálsins fólst í tveimur efnislegum atriðum sem tekin voru til athugunar. Annað atriðið var það að gefinn hafði verið út reikningur að upphæð 589 þús. bandaríkjadalir og sakborningunum var ætlað að hafa með því verið að færa verðmæti út úr fyrirtækinu, taka sér verðmæti sem þeir áttu ekki með sviksamlegum hætti.

Við athugun málsins kom í ljós að það var ekki þannig vaxið heldur þvert á móti vegna þess að reikningurinn var ekki debet, hann var kredit. Á því er dálítill munur, eins og þeir vita sem hafa starfað við bókhald. Annað er vinstra megin og hitt er hægra megin eða eins og einhver sagði: Debet er út við gluggann og kredit er frammi á gangi. Nei, þá kom í ljós að þeir sem eru til rannsóknar í málinu voru að færa verðmæti inn í fyrirtækið en ekki taka það út og þá var náttúrlega eðlilegt að rannsóknaraðilinn felldi niður það atriði og gæfi út ákæru á grundvelli hins sem eftir stóð. En það sem menn gerðu var að þeir fóru að rannsaka fleiri atriði og augljóslega, eða svo virðist, að leita að öðrum hvötum, öðrum brotavilja en ætlað var og rannsóknin byggðist á. Þetta er algerlega út í hött, virðulegi forseti. Svona eiga menn ekki að starfa sem vinna að rannsókn dómsmála, alls ekki. Þess vegna segi ég já. Við eigum að breyta þessu fyrirkomulagi og skilja þetta í sundur. Við eigum ekki að setja þá sem rannsaka í þá stöðu að verða dómarar í eigin sök, herra forseti.

[14:23]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þingmönnum sem hér hafa tekið til máls það innlegg sem þeir hafa haft í þessa umræðu sem mestan part hefur verið mjög málefnaleg ef undan er skilið innlegg hv. þm. Bjarna Benediktssonar, formanns allsherjarnefndar, sem hér fór á allt annað flug og ræddi allt aðra hluti en hér hafa verið á dagskrá.

Ég vildi aðeins vegna þess innleggs sem hv. þingmaður var með aðeins nefna það þegar hv. þingmaður talaði um að menn vildu segja að hæstv. ráðherra væri vanhæfur en gerðu það ekki. Ég ítreka þau viðhorf sem ég hef í þessum málum en vildi kannski sem dæmi taka yfirlýsingu á heimasíðu hæstv. dómsmálaráðherra frá 25. apríl 2002, en þar segir, með leyfi forseta:

„Heift í garð stjórnvalda ræður ríkjum innan Baugsveldisins. Er einsdæmi að stjórnendur verslunar- og fjölmiðlasamsteypu beiti sér með þeim orðum gagnvart ríkisstjórn og löggjafarvaldi sem við blasir um þessar mundir. Verður spennandi að sjá hvaða stjórnmálamenn skortir þrek til að standast þetta áhlaup í krafti fjármagns og fjölmiðla."

Ég held að orð af þessum toga geri það að verkum og kalli fram þá umræðu sem fram hefur farið að það yrði afar óheppilegt ef hæstv. dómsmálaráðherra skipar nýjan saksóknara. Vel má vera að vel takist til en hættan er sú að málið kunni að bíða enn frekara skipbrot en orðið er og það held ég að sé hvorki þessu samfélagi, réttarkerfinu né dómstólum til nokkurra bóta ef eitthvað slíkt gerðist í framhaldinu. Það er mikilvægt að vel verði á þessu máli haldið, það er mikilvægt að það verði leitt til lykta, það er mikilvægt að rétt niðurstaða fáist og þess vegna er mikilvægt að yfirvöld vandi sig eins og nokkur er kostur við frekari meðferð þessa máls. Ég ítreka því það sem ég sagði í fyrra máli mínu að það væri heppilegt ef hæstv. dómsmálaráðherra segði sig frá málinu.

[14:26]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá umhyggju sem hefur komið fram í minn garð, að mér sé fyrir bestu og það sé heppilegt og það kunni að vera best fyrir mig að segja mig frá þessu máli. En menn hafa ekki þann kost í minni stöðu. Það verða að vera alveg skýrar, lögbundnar skyldur sem varða vanhæfi ráðherra. Menn geta ekki af umhyggjusemi fyrir sjálfum sér eða einhverjum öðrum eða vegna góðra óska þingmanna um velgengni tekið ákvörðun um það að lýsa sig vanhæfa. Það er ekki þannig, lögum er ekki þannig háttað. Okkar stjórnsýslulögum er ekki á þann veg háttað. Það er ekki þannig fyrir ráðherra að þeir séu að velja af matseðli eða geti valið rúsínurnar úr tebollunni. Þeir sitja uppi með allan pakkann og verða að taka ákvarðanir sínar og vega og meta. Ef þeir taka ákvarðanir um að þeir séu vanhæfir þá verða þeir að hafa fyrir því rök og það hefur komið fram í þessum umræðum að menn hér í þingsalnum eða aðrir hafa ekki fundið nein rök fyrir því að ráðherra geti vísað til einhverra málefnalegra sjónarmiða og sagt að hann sé vanhæfur. Það mál liggur ljóst fyrir og umræðan hefur staðfest það. Eins og ég segi, ég þakka þá umhyggju sem

fram hefur komið í minn garð, að mér sé heppilegast og það sé best fyrir sjálfan mig og aðra að ég dragi mig í hlé í þessu máli en málið er bara ekki í þeim farvegi.

Varðandi það að skilja á milli rannsóknar og saksóknar í málum þá er það þannig, sérstaklega hvað varðar efnahagsbrotin, að þróunin er alls staðar á þann veg að þessi tengsl séu mikil og náin. Alls staðar í heiminum er verið að færa saman rannsókn og saksókn í málum af þessum toga og ég tel að það þurfi þess vegna alveg sérstök rök hér á landi, í *því umhverfi sem við erum, ef við ætlum að fara allt aðra leið að þessu leyti en aðrar þjóðir.*

Kosning eins aðalmanns í bankaráð Seðlabanka Íslands, í stað Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, alþm., til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 26. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Jón Þór Sturluson hagfræðingur.

Þar sem varamaður hafði verið kosinn aðalmaður lagði forseti til að varamaður yrði kosinn á fundinum. Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Ellert B. Schram varaþingmaður.

Úrvinnslugjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 179. mál (reiknireglur, endurgreiðsla og lækkun gjalds). — Þskj. 179.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (efnistaka úr gömlum námum). — Þskj. 180.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, og mat á umhverfisáhrifum, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 11. mál (kæruréttur). — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Skipulögð leit að krabbameini í ristli, frh. fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 13. mál. — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Nýskipan í starfs- og fjöltæknínámi, frh. fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 18. mál (vanskil á vörslufé). — Þskj. 18.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Frv. JBjarn, 21. mál (beingreiðslur til kúabænda). — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK og JÁ, 22. mál. — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 23. mál (birting skattskrár). — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 28. mál. — Þskj. 28.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.

[14:35]

Mörður Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Hér háttar þannig til að um er að ræða mjög sérstæða tillögu sem flutningsmaður hefur flutt af miklu atfylgi og dugnaði. Ég tel að til sé í hefðum þingsins sú regla að tillögur af þessu tagi geti farið án afskipta nefndar til næstu umræðu og geri það að tillögu minni að svo verði gert. Ef það er ekki tel ég ástæðu til að þetta mál fari til menntamálanefndar þar sem hér ræðir um þjóðleg verðmæti og menningarlega stöðu þinghússins og þingsins í heild.

[14:35]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill taka fram að flutningsmaður gerir tillögu um að þessari tillögu verði vísað til allsherjarnefndar. Forseti telur því rétt að hv. þingmenn greiði atkvæði um málið.

[14:36]

Guðmundur Hallvarðsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þennan óvænta stuðning sem hér kemur fram við þetta mál mitt og beini þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta hvort ekki sé möguleiki á því að sá sem hér stendur geti dregið þessa tillögu til baka og tillaga hv. þm. Marðar Árnasonar verði tekin til afgreiðslu.

[14:36]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti telur rétt að fresta þessari atkvæðagreiðslu um sinn. (**SJS:** ... tillögunni minni?) Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon óskar eftir að greidd séu atkvæði um að málinu verði vísað til allsherjarnefndar. (**GHall:** Forseti. Ef flutningsmaður óskar eftir því að tekin verði til afgreiðslu tillaga Marðar Árnasonar um að þingheimur afgreiði málið án ...) Það er ekki vaninn að hv. þingmenn séu að tala úr sínu sæti heldur komi hér í ræðustól.

Forseti tekur ákvörðun um að fresta þessari atkvæðagreiðslu um sinn.

Atkvæðagreiðslu frestað.

Um fundarstjórn.

Frestun atkvæðagreiðslu.

[14:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er afar óhefðbundið að hætta í miðri atkvæðagreiðslu. Við erum í miðri atkvæðagreiðslu um að vísa þessu máli til síðari umr. og til nefndar, búin að samþykkja hið fyrra og byrjuð á afgreiðslu hins síðara þegar allt í einu er flutt tillaga um að málið fái óhefðbundna meðferð sem ekki er í samræmi við venjur og hefðir þingskapa að mál gangi milli nefnda milli umræðna og ég er ekki tilbúinn til að fara að skapa slíkt fordæmi í þessu máli.

Síðan er algerlega ljóst að í þingsköpum stendur að kalli menn tillögu sína til baka getur hver annar þingmaður sem það kýs tekið hana upp og gert hana að sinni og þá hefur hún sömu stöðu og áður var að hún liggur fyrir. Ákvörðun forseta er þá um að hætta í þessari atkvæðagreiðslu miðri sem er óhefðbundið en tillagan hlýtur að liggja fyrir. Það er alveg skýrt að tillagan um nefndina liggur fyrir og slíka tillögu má taka upp munnlega.

[14:38]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill taka fram að það er rétt hjá hv. þm. að tillaga hans liggur að sjálfsögðu fyrir en samkvæmt 44. gr. þingskapa getur forseti tekið ákvörðun um að fresta atkvæðagreiðslu. (**SJS:** Í miðri atkvæðagreiðslu?) Í miðri atkvæðagreiðslu. Það verður nú gert.

Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjart o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:39]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. SF o.fl., 19. mál (þingseta ráðherra). — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 31. mál (hlutfall fjármagnstekjuskatts). — Þskj. 31.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 1. umr.

Stjfrv., 189. mál (skráning upplýsinga um einstaklinga og hluti, EES-reglur). — Þskj. 189.

[14:41]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á lögum um Schengen-kerfið á Íslandi vegna fjögurra gerða Evrópusambandsins sem okkur ber skylda til að innleiða í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar. Þrjár þeirra eru komnar til vegna baráttunnar gegn hryðjuverkum en sú fjórða vegna aukinna bílþjófnaða í aðildarríkjunum.

Vegna fjölgunar aðildarríkja Evrópusambandsins er unnið að stækkun á Schengen-upplýsingakerfinu. Fyrirhugað er að breytingar vegna stækkunarinnar taki gildi á árinu 2007. Með þeim ákvæðum sem kynnt eru í frumvarpinu er búið í haginn fyrir þessar breytingar og einkum litið til tæknilegra þátta. Lagt er til að fjölgað verði því sem hægt er að skrá í kerfið en við bætast t.d. skip, bátar, loftför, atvinnutæki og gámar og einnig fleiri tegundir skjala, svo sem ferðaskilríki, dvalarleyfi, hlutabréf og skuldabréf sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir miðlun sérstakra viðbótarupplýsinga í tengslum við skráningu í kerfið. Þessar upplýsingar eru ekki skráðar í kerfið sjálft heldur geta verið til í skrám hjá þar til bærum yfirvöldum í hverju aðildarríki. Þær geta reynst nauðsynlegar þegar einstaklingur eða hlutur sem skráður hefur verið í kerfið finnst svo hægt sé að grípa til viðeigandi aðgerða. Upplýsingarnar má ekki geyma lengur en nauðsynlegt er í samræmi við tilgang skráningarinnar og aldrei lengur en í eitt ár eftir að skráningu viðkomandi einstaklinga eða hlut hefur verið eytt í upplýsingakerfinu.

Í þriðja lagi er lagt til að fleirum verði bætt í hóp þeirra sem hafa beinlínuaðgang að upplýsingakerfinu. Gerðirnar kveða á um að heimilt sé að veita dómsmálayfirvöldum í aðildarríkjum slíkan aðgang, þar með talið þeim sem fara með saksókn. Í samræmi við það er lagt til að ríkissaksóknari fái slíka heimild en þeir sem fara með saksókn í héraði hafa þessa heimild samkvæmt núgildandi lögum og eðlilegt þykir að ríkissaksóknari hafi sömu heimild.

Þá er einnig í einni gerðanna kveðið á um að þeim yfirvöldum sem sjá um skráningu bifreiða verði heimilaður beinlínuaðgangur að kerfinu. Sá aðgangur er þó verulega takmarkaður, væri einungis til upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að kanna hvort ökutækjum hefur verið stolið eða þau seld ólöglega. Ákvæðinu er ætlað að sporna við skipulögðum bílþjófnuðum yfir landamæri. Umferðarstofa sér um skráningu ökutækja hér á landi og er því lagt til að hún fái þessa heimild.

Í fjórða lagi er í frumvarpinu lagt til í samræmi við áskilnað gerðanna að aðgangur Útlendingastofnunar að upplýsingakerfinu verði rýmkaður lítillega. Samkvæmt gildandi lögum hefur Útlendingastofnun beinlínuaðgang að upplýsingum um endurkomubann vegna brottvísunar útlendinga. Samkvæmt frumvarpinu verður stofnuninni veittur sambærilegur aðgangur að upplýsingum um persónuskilríki og óútfyllt skilríki sem hafa horfið, verið stolið eða seld ólöglega.

Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir að reglur sem gilda um tímamörk eyðingar gagna verði einfaldaðar en um það er fjallað í 5. gr. frv.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir meginefni frumvarpsins og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[14:45]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Við fjöllum um frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra sem lýtur að því að innleiða fjórar gerðir Evrópusambandsins en til þess þarf að breyta lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi. Þær hafa einkum í för með sér að fjölgað er tegundum upplýsinga sem hægt er að skrá inn í Schengen-upplýsingakerfið. Miðlun nauðsynlegra viðbótarupplýsinga í tengslum við skráningu kerfisins er auðveldað og fleirum veittur aðgangur að því en áður. Að sama skapi eru ákvæði um eyðingu upplýsinga einfölduð og sérstök ákvæði eru sett um eyðingu viðbótarupplýsinga og eftirlit með aðgangi að kerfinu hert.

Meðal breytinga sem hægt er að finna í frumvarpinu er að tegundum þess sem hægt er að skrá inn í kerfið er fjölgað. Þar bætast við fleiri tegundir farartækja og hluta, t.d. skip, bátar, loftför, atvinnutæki, gámar og síðan ákveðnar tegundir skjala, svo sem ferðaskilríki, dvalarleyfi, hlutabréf og skuldabréf. Fleiri aðilum bætt í hóp þeirra sem hafa beinlínuaðgang að upplýsingakerfinu og gerðirnar kveða á um að heimilt sé að veita dómsmálayfirvöldum í aðildarríkjum beinlínuaðgang þar með talið þeim sem fara með saksókn.

Eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins er það lagt fram vegna fjögurra gerða Evrópusambandsins sem hæstv. dómsmálaráðherra segir skylt að innleiða í okkar

rétt. Mig langar þó að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort þetta frumvarp gangi lengra en þörf krefur. Er þessi leið eina leiðin sem gerðirnar áskilja okkur að fara eða er eitthvað brugðið út af þeim varðandi efnisatriði þeirra, en gerðirnar sjálfar fylgja ekki með frumvarpinu?

Í mínum huga er mikilvægt að íslenskir ríkisborgarar geti ferðast hindrunarlítið á milli landa og ég tel nauðsynlegt að tryggja að Íslendingar sem og aðrir EES-borgarar hafi sama rétt og ESB-borgarar hvað varðar ferðafrelsi milli þessara landa.

Við í allsherjarnefnd munum að sjálfsögðu skoða þetta mál mjög vel. En mig langar að vekja athygli á stöðu flóttamanna í ljósi f-liðar í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Þetta er nýtt ákvæði. Eins og við vitum geta flóttamenn verið með fölsuð eða stolin skilríki. Ég geri ráð fyrir að þessar gerðir séu í fullu samræmi við flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna en ef hæstv. ráðherra vill eitthvað bæta stöðu flóttamanna jafnframt þessu frumvarpi þá væri ágætt að heyra af því núna.

Frumvarpið vekur sömuleiðis spurningar um fórnarlömb mansals, sem sömuleiðis hafa oft fölsuð eða stolin skilríki. Í þessu samhengi tel ég að skoða ætti Palermo-samninginn og hvort eitthvað sé í þessu sem fari í bága við þann samning.

Í þriðja lagi munum við að sjálfsögðu skoða þetta í allsherjarnefnd út frá persónuvernd. Mig minnir að í 18. gr. þeirra laga, um persónuvernd, sé fjallað um að Persónuvernd sem stofnun eigi að hafa eftirlit með því að skráning og meðferð persónuupplýsinga í upplýsingakerfi sé í samræmi við reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. En við í allsherjarnefnd fáum án efa heimsókn frá fulltrúum Persónuverndar í tengslum við það.

Enn eitt atriði mætti hæstv. ráðherra endilega koma inn á en það varðar 3. gr. frumvarpsins. Þar er talað um að ríkislögreglustjóra sé heimilt að veita þar til bærum yfirvöldum í öðru Schengen-ríki nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í tengslum við skráningu í upplýsingakerfið. Mig langar að forvitnast um hvort hæstv. dómsmálaráðherra geti nefnt dæmi um slíkar viðbótarupplýsingar, hvort hann hafi á takteinum hver hugsunin er með heimild um að bæta við viðbótarupplýsingum.

Á þessu stigi ætla ég ekki að gera frekari athugasemdir. Mig minnir að málið hafi verið lagt fram með svipuðu sniði í fyrra. Það var þá ekki afgreitt frá allsherjarnefndinni. En við í allsherjarnefnd munum skoða málið vel, bæði út frá stöðu flóttamanna, út frá stöðu fórnarlamba mansals og ekki síst út frá stöðu persónuverndar.

[14:50]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Mér finnst öll þau atriði sem hv. þingmaður nefndi eðlilegt athugunarefni í nefndinni. Ég tel mig geta fullyrt að með þessu frumvarpi fullnægjum við því sem okkur ber, samkvæmt aðild okkar að Schengen, og engu bætt inn í þetta af okkar hálfu. Þetta er sameiginlegt upplýsingakerfi fyrir öll aðildarríki Schengen-samstarfsins og um samræmdar reglur á milli allra ríkjanna að ræða. Það er talið nauðsynlegt að fá lagaheimildir fyrir þessum þáttum m.a. vegna þess að þeir snerta persónuleg málefni og talið eðlilegt að löggjafarþing í aðildarríkjunum fjalli um málið. Ég vænti þess að allsherjarnefnd muni gera það.

Þess hefur verið gætt við gerð þessa frumvarps, sem er afsprengi gerðanna frá Schengen, að það stangist ekki á við skuldbindingar ríkjanna, hvorki að því er persónuvernd varðar, reglur um mansal, Palermo-samninginn eða hvaðeina sem ríkin hafa gengist undir. Ég tel víst að allsherjarnefnd fái staðfestingu á því að þetta frumvarp samræmist öllum þeim kröfum sem til okkar eru gerðar á grundvelli annarra samninga.

Varðandi það að ríkislögreglustjóra sé í 3. gr. heimilað að veita þar til bærum yfirvöldum í öðru Schengen-ríki nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í tengslum við skráningu í upplýsingakerfið, sem og þegar hlutir eða einstaklingar sem skráðir hafa verið í kerfið finnast, þá spyr þingmaður: Hver eru þessi þar til bæru yfirvöld í öðru Schengen-ríki? Það fer eftir Schengen-samkomulaginu. Menn tíunda ekki nöfnin á einstökum sambærilegum yfirvöldum og ríkislögreglustjóranum hér. Þetta er spurning um að þau yfirvöld sem leita frá Schengen-ríkjum eftir upplýsingum séu innan þeirra marka sem umsamið er að þau eigi rétt til.

Það er umræðuefni á vettvangi Schengen-samstarfsins hvaða kröfur eigi að gera í sambandi við upplýsingamiðlun á milli landa. Hvaða kröfur menn geti gert þegar beðið er um upplýsingar, hvaða fyrirhafnar geta menn stofnað til til þess að svara o.s.frv.? Í þessu tilliti er gaumgæfilega farið yfir málefnið og ég er viss um að í nefndinni geta menn einnig fengið nánari skýringu á þessu. Þetta er sem sagt eins og segir hér:

„Með þar til bærum yfirvöldum í ákvæðinu er átt við yfirvöld í Schengen-ríki sem hafa beinan aðgang að Schengen-upplýsingakerfinu."

Það eru yfirvöld í Schengen-ríki sem hafa beinan aðgang að upplýsingakerfinu og þá verða menn að skoða hvernig því er háttað í einstökum löndum, fá skrá yfir það og átta sig á því hvernig það er. Þessar spurningar allar eru málefnalegar og réttmætar. Ég tel víst að allsherjarnefnd muni fá ítarlegri svör við þeim þegar hún fjallar um málið og fer yfir það.

Varðandi frumvarpið sem flutt var í vor þá er það rétt hjá hv. þingmanni að fram kom frumvarp sem ekki var útrætt á þinginu. En það náði aðeins til eins hluta af þeim fjórum þáttum sem frumvarpið spannar núna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:53]

Fjarskiptasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 191. mál. — Þskj. 191.

[15:01]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um fjarskiptasjóð. Frumvarpið er lagt fram í framhaldi af frumvarpi til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., sem liggur fyrir virðulegu Alþingi, og tekur hliðsjón af því. Með þessu frumvarpi er lagt til að stofnaður

verði sérstakur sjóður til að fjármagna framkvæmdir á sviði fjarskiptamála í samræmi við þingsályktun um fjarskiptaáætlun. Í frumvarpinu er einnig kveðið á um stjórn og skipulag sjóðsins. Með þessu er styrkari stoðum rennt undir ályktun Alþingis um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010 sem ég lagði fram á hinu háa Alþingi síðasta vor og var samþykkt 11. maí sl.

Í þeirri þingsályktunartillögu og þeirri þingsályktun er sett fram stefna stjórnvalda í fjarskiptamálum til ársins 2010, eins og fyrr segir, og lagður grunnur að aðkomu þeirra að grunnþáttum upplýsingasamfélagsins til næstu ára. Samhliða samþykkt fjarskiptaáætlunar samþykkti Alþingi breytingar á fjarskiptalögum sem lögfesta gerð fjarskiptaáætlunar og reglulega endurskoðun hennar í ljósi þróunar og breyttra aðstæðna á hverjum tíma. Eins og þekkt er er þróunin á sviði fjarskipta geysilega hröð og mikilvægt að horfa til allra átta þegar verið er að fjalla um þau málefni og þátttöku og þátt stjórnvalda í þeim.

Meginmarkmið með stofnun sjóðsins er að koma skipulagi á fjármögnun ríkisins og aðkomu þess að uppbyggingu fjarskipta í landinu. Miðað er við að fjarskiptasjóður taki þátt í kostnaði við verkefni fjarskiptaáætlunar sem ætla má að ekki verði ráðist í á markaðslegum forsendum. Þau snúa einkum að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta, stuðla að öryggi fjarskipta í landinu og samkeppnishæfni þjóðarinnar.

Einkum er lögð áhersla á að sjóðurinn fjármagni uppbyggingu GSM-senda á hringveginum, helstu stofnvegum og á fjölförnum ferðamannastöðum. Einnig er miðað við að sjóðurinn taki þátt í kostnaði við dreifingu stafræns sjónvarps um gervihnött með stórbætta þjónustu fyrir sjófarendur að meginleiðarljósi.

Loks er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki þátt í kostnaði við uppbyggingu á háhraðatengingum á þeim svæðum sem ætla má að ekki verði þjónað á markaðslegum forsendum. Ekki er gert ráð fyrir að um verði að ræða beina ráðstöfun fjár til einstaklinga eða einstaklingsbundinna verkefna. Gert er ráð fyrir að þátttaka sjóðsins í einstökum verkefnum uppfylli öll skilyrði um gagnsæi og hlutlægni og að farið verði að ákvæðum fjarskiptalaga um útboð verkefna. Þá verði í samræmi við heimildir laganna miðað við að Póst- og fjarskiptastofnun sjái um framkvæmd útboða, samningsgerð og eftirlit með þeim.

Samgönguráðherra skipar fimm menn í stjórn fjarskiptasjóðs til þriggja ára í senn. Stjórn sjóðsins er jafnframt verkefnisstjórn sem hefur yfirumsjón með framkvæmd fjarskiptaáætlunar, auk þess sem tilnefndir verða tengiliðir frá stofnunum eða öðrum ráðuneytum vegna framkvæmda einstakra verkefna sem undir þau heyra. Þá er í frumvarpinu mælt fyrir um að stjórn sjóðsins skili skýrslu um starfsemi sjóðsins til samgönguráðherra sem leggur hana fyrir Alþingi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sjóðurinn heyri stjórnskipulega undir samgönguráðuneytið.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til stofnfé að fjárhæð 2.500 millj. kr., samanber framangreint frumvarp um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Stjórn sjóðsins ákveður greiðslu fjárins til einstakra verkefna í samræmi við fjarskiptaáætlun og ákvæði fjarskiptalaga.

Eins og kemur fram í gildistökuákvæðinu er sjóðnum markaður tími til ársloka 2011. Gert er ráð fyrir að fyrir þann tíma muni liggja fyrir reynsla af verkefnum sjóðsins og þörf fyrir sjóðinn, endurskoðuð með hliðsjón af henni.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[15:06]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er hæstv. samgönguráðherra að mæla fyrir frumvarpi til laga um fjarskiptasjóð. Það hefði verið óþarfi ef þjóðin hefði áfram átt Landssímann og getað beitt honum til þess að koma á öflugu fjarskiptakerfi um allt land, en ríkisstjórnin velur að einkavæða fjarskiptin og síðan að reyna að bæta í götin sem koma.

Ég leyfi mér að spyrja ráðherra: Hvers vegna er þessu fjármagni ekki hreinlega deilt út á fjárlögum og þá í samræmi við fjarskiptaáætlun eins og hún liggur fyrir, hliðstætt því sem gert er með fjármagn til vegamála þó að vegamál séu náttúrlega alfarið í höndum ríkisins. Engu að síður ætlar ríkið þarna að fara að axla ábyrgð á fjarskiptaþjónustu sem ekki er talin arðbær. Ég vil því spyrja ráðherra hvort það hefði ekki verið miklu skynsamlegra að setja þetta með beinum hætti inn í gegnum fjárlögin en sleppa því að vera að búa til apparat eins og þennan fjarskiptasjóð, sem mun náttúrlega bara lengja á stjórnsýslunni og taka til sín eigið fé.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja ráðherrann að því hvernig á að draga mörkin á milli þeirrar þjónustu sem er arðbær og þeirrar þjónustu sem er óarðbær og hvernig ætlar þá þessi sjóður að ákvarða hvenær hann kemur inn og hvenær hann ekki kemur inn? Síminn eða önnur fjarskiptafyrirtæki munu náttúrlega setja hámaksarðsemiskröfu á alla sína starfsemi eins og við þegar höfum orðið vitni að, t.d. með lokun þjónustustöðvarinnar á Blönduósi. Hvar verða þessi mörk dregin og hvenær kemur ríkið inn?

[15:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var við því að búast að hv. þm. Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, hefði ekki áttað sig á því að við störfum á hinu Evrópska efnahagssvæði þar sem frelsi í fjarskiptum er staðreynd og samkeppni á sviði fjarskiptamála er staðreynd og hvergi nokkurs staðar á byggðu bóli er það orðið þannig að ríkið eigi fjarskiptafyrirtæki og standi í harðri samkeppni við önnur fyrirtæki á þeim vettvangi. Þetta er nútíminn og miklar hagsbætur hafa fylgt því fyrir okkur að koma á samkeppni á sviði fjarskipta, það fer ekkert á milli mála.

Hins vegar liggur það alveg fyrir að við gerum ráð fyrir á grundvelli fjarskiptalaga svokallaðri alþjónustu og að markaðsráðandi símafyrirtæki verði að sinna henni og þar til viðbótar gerum við ráð fyrir að ríkissjóður kosti tiltekin verkefni í mesta dreifbýlinu.

Hvar eiga mörkin að liggja og hvers vegna er þetta ekki sett í gegnum fjárlög? Það er nú þannig að við erum með Vegasjóð og það apparat, svo að ég noti orð hv. þingmanns, er Vegagerðin sem sér um að taka ákvarðanir um framkvæmdir á sviði vegamála. Með sama hætti er það Póst- og fjarskiptastofnun og stjórn fjarskiptasjóðsins, sem verður verkefnisstjórn einnig, sem mun meta hvar þessi mörk

liggja, hvar á að taka ákvörðun um útboð á þjónustu og uppbyggingu þessarar þjónustu. Ég treysti þeim aðilum mætavel og mjög vel. Það liggur mikil undirbúningsvinna að baki þeirri ákvörðun að setja þetta frumvarp fram af hálfu bæði ráðuneytisins og Póst- og fjarskiptastofnunar sem mun sjá um að leggja mat á þetta.

[15:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það fór sem mig grunaði að hæstv. ráðherra gæti litlu um þetta svarað, hvernig þetta ætti að ganga upp í framtíðinni, og minntist á þetta með alþjónustukvöðina. Alþjónustukvöðin er bara ákveðin kvöð sem núna stendur en hún fylgir ekkert þróuninni.

Ég leyfi mér að ítreka spurningu til hæstv. ráðherra: Hefði ekki verið miklu skynsamlegra, úr því að út í þetta er komið, að verkefnið hefði verið falið Vegagerðinni og fjármagn, sem á að ráðstafa í þetta, verið sett á fjárlög samkvæmt fjarskiptaáætlun? Hefði það ekki verið skynsamlegra en að búa til nýtt apparat, nýjan sjóð, nýja sjóðsstjórn, nýtt apparat til þess að gera útboð og meta þessar kvaðir og meta hvar á að koma inn? Fjarskiptastofnun er eingöngu eftirlitsaðili en ekki framkvæmdaraðili á nokkurn hátt. Ég spyr því: Hver á þá að framkvæma þá hluti sem ætlunin er að framkvæma á grundvelli þessarar áætlunar þar sem sjóðurinn kemur inn?

Það er líka forvitnilegt að vita hvaða hugmyndir ráðherrann hefur um reksturinn, áframhaldandi rekstur á hinum óarðbæru einingum sem ráðherrann velur að kalla svo, þar sem fjarskiptafyrirtækið telur sig ekki fá fullnægjandi arð. Hér er fyrst og fremst verið að hugsa alfarið um stofnkostnaðinn, eða er það ekki rétt skilið hjá mér, frú forseti? Hvernig á þá líka að hugsa um reksturinn sem hlýtur þá að vera jafnóarðbær?

Því miður, frú forseti, mér sýnist það sem hér er lagt fram vera mjög vanhugsað.

[15:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er náttúrlega fyrst og fremst afstaða Vinstri grænna til þessa máls sem er vanhugsuð, það er mjög athyglisvert. Hér erum við að leggja á ráðin um stórbætta þjónustu á sviði fjarskipta um allt land. Ætlar sá flokkur, Vinstri grænir, að leggjast gegn því? Það er mjög athyglisvert.

Hvers vegna er þetta ekki falið Vegagerðinni? Vegagerðin hefur ekki neitt með fjarskiptamálefni að gera og ég tel það ekki skynsamlegt að blanda henni inn í þá starfsemi, hún hefur alveg nóg á sinni könnu. En Póst- og fjarskiptastofnun hefur þekkingu innan sinna vébanda til þess að sinna þessu verkefni að því marki sem þeirri stofnun er ætlað að gera það.

Síðan er alveg ljóst að framkvæmdin verður á þann veg að það verður útboð á þessari uppbyggingu og það verða fjarskiptafyrirtækin sem sjá um framkvæmdina. Það er útboð á uppbyggingu senda og uppsetningu búnaðar til gervihnattasendinga og rekstri. Það er því gert ráð fyrir að fjarskiptafyrirtækin sjái algjörlega um uppsetningu á þessum sendum og þessum búnaði og reksturinn. Fjarskiptafyrirtækin fá síðan tekjur vegna aukinna viðskipta og aukinnar þjónustu um þessi kerfi sem gert er ráð fyrir að setja t.d. á sviði GSM-sendinganna við þjóðvegina og á helstu ferðamannastöðum.

Við vekjum athygli á því sem er óarðbært, svo sem eins og fjarskiptasendingum á Hárekksstaðaleið. Þar er mjög lítil notkun, en við teljum að það sé bæði öryggisatriði og sjálfsögð þjónusta að byggja þar upp. Við viljum láta þennan sjóð byggja upp á slíkum svæðum og það eru fjarskiptafyrirtækin sem munu gera það.

[15:15]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er hlynntur því sem hér er verið að gera og ég ætla að koma betur að þessu máli á eftir. En spurning mín í stuttu andsvari við hæstv. ráðherra er eingöngu um stjórn sjóðsins samanber það sem segir í 3. gr. vegna þess að mér finnst ekki eins og verið sé að tala um sama hlutinn í athugasemdum um frumvarpið og svo í 3. gr. þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn sjóðsins er jafnframt verkefnastjórn fjarskiptaáætlunar ...“

En í athugasemdum við frumvarpið er hins vegar talað um að samgönguráðherra skipi stjórn sjóðsins sem jafnframt skipar verkefnastjórn. Svo er talað um að verkefnastjórn skipi fimm manna hópur. Ég veit ekki hvort ég misskil þetta, en þá kemur skýring frá hæstv. ráðherra. En mér finnst ekki eins og að verið sé að fara í sömu áttina. Ég held að það sé bara ágætt að fimm manna stjórn sé skipuð og að hún sé jafnframt þannig skipuð að þar sé fólk sem hafi fullt vit á þessu, peningahliðinni, ávöxtun sjóðsins og verkefninu og geti verið verkefnastjórn í leiðinni. En mér finnst að í athugasemdum sé talað um að það eigi að skipa sérstaka verkefnastjórn.

Virðulegi forseti. Mig langar að heyra útlistingar hæstv. samgönguráðherra á þessu atriði.

[15:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa ábendingu. Ef þetta orðalag er óljóst er nauðsynlegt að ég skýri það út á þann veg að við gerum ráð fyrir að það séu sömu aðilarnir sem skipa stjórnina og eru í verkefnisstjórninni þannig að það fari ekki á milli mála að við viljum skipa þarna einstaklinga sem hafa þekkingu á fjármálaumsýslu, þ.e. skiptingu fjármuna til tiltekinna verkefna á sviði fjarskipta. Þarna þarf því að vera til staðar samfélagsleg þekking og þekking á sviði fjármálaumsýslu og fjarskipta. En það er alveg ljóst að ekki verður sett upp hátimbruð skrifstofa til að reka þennan sjóð. Það er nokkuð öruggt. Reynt verður að nýta þær stofnanir sem hafa fjármálaumsýslu þegar á sinni könnu. Hafnabótasjóður hefur t.d. verið rekinn árum saman og haft það hlutverk í gegnum tíðina að hlaupa undir bagga með sveitarfélögum þegar tjón verður á hafnargörðum eða hafnarmannvirkjum. Í gegnum Hafnabótasjóð flæða núna samkvæmt nýrri löggjöf fjárveitingar til hafnargerðar. Hann hefur verið vistaður hjá Seðlabankanum. Það er því ekki verið að leggja af stað með nýja bankastofnun, svo að það sé alveg ljóst, heldur er reynt að hafa þetta eins hagkvæmt

og vel undirbúið og nokkur kostur er og m.a. með því að sami hópur manna skipi stjórn sjóðsins og verkefnastjórnina.

[15:18]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég hef áður greitt hér atkvæði með stofnun fjarskiptasjóðs en ég verð að segja það enn einu sinni að því fylgir eiginlega að betra er seint en aldrei vegna þess að nokkrum sinnum hef ég komið í þennan ágæta ræðustól og fjallað um það sem hér á að gera núna með fjarskiptasjóðnum. Ég er, virðulegi forseti, að reyna að segja að ég er þeirrar skoðunar að þetta átti að vera búið að gera fyrir lifandi löngu, sérstaklega t.d. með háhraðatengingar til ýmissa smærri staða á landsbyggðinni sem hafa setið eftir og ekki setið við sama borð og aðrir landsmenn vegna þess að þar hafa menn ekki átt aðgang að háhraðatengingum fyrr en þá í framhaldi af stofnun þessa sjóðs. Þess vegna segi ég: Betra seint en aldrei.

Auðvitað var mikið misræmi í því og misrétti sem fólk var beitt í þessum efnum. Fólk t.d. á hinum ýmsu smástöðum úti á landi átti þess ekki kost að fá háhraðatengingar frá Símanum vegna þess að ekki nógu margir notendur ætluðu að kaupa þjónustuna. Síminn taldi það með öðrum orðum ekki arðbært. Þá hafa þeir ekki setið við sama borð og aðrir t.d. við að stunda fjarnám eða börnin við að nýta sér tækni netsins og það sem það hefur upp á að bjóða. Ekki þurfum við lengur að ræða það, virðulegi forseti, að dálítið mikill munur er á því að hafa háhraðatengingu eða lélegar nettengingar sem maður helst ekki fer inn á þegar maður hefur ekki aðgang að háhraðatengingunum.

Virðulegi forseti. Ég segi að það er gott að festa það inn og ég taldi það nauðsynlegt að þegar talað er um að setja í þetta peninga frá sölu Símans að gera það eins og hér er gert í sérstakan fjarskiptasjóð. Ég hef lýst því áður og skal endurtaka það hér og nú vegna þess að mér finnst það til bóta að sjóðurinn er til og það er búið að eyrnamerkja fé í þetta sem að sjálfsögðu þarf að sækja í fjárlög hvers árs eins og hér hefur komið fram, en að það sé gert þannig að sitjandi ríkisstjórn hvers tíma á erfiðara með að draga hugsanlega úr þessum upphæðum við fjárlagagerð. Hér á að ganga í verkefni sem eru löngu tímabær, t.d. uppbyggingu GSM-senda á hringveginum og dreifingu stafræns sjónvarps um gervihnött til sjómanna og annarra plús þessar háhraðatengingar sem ég hef gert að umtalsefni.

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í stuttu andsvari mínu við hæstv. ráðherra um stjórn sjóðsins og verkefnastjórn að það er ljóst að þetta á bara að vera fimm manna stjórn sem er stjórn sjóðsins og jafnframt verkefnastjórn. Ég er hlynntur því vegna þess að það er einfaldari stjórnsýsla. Það er nóg að hafa fimm manna stjórn sem jafnframt er verkefnastjórn þannig að í raun er kannski einu orði ofaukið í athugasemdunum sem mátti misskilja. En þetta hefur komið fram í andsvari hæstv. ráðherra.

Ég vil líka segja að ég lít svo á að stjórnin, sem jafnframt á að ávaxta tekjur sjóðsins, hafi þá heimild til þess að dreifa þeim ávöxtunarmöguleika eða þeirri stýringu sem hún á að hafa á þeim peningum þannig að takast megi að ávaxta pund sjóðsins, ef svo má að orði komast, eins mikið og hægt er og þess vegna að semja við fjármálafyrirtæki án þess að tekin sé of mikil áhætta, þ.e. að ávaxta þessar tekjur þannig að við getum vafalaust gert meira úr þeim. Ég lít svo á, virðulegi forseti, að þessar upphæðir verði greiddar inn í fjarskiptasjóð og að sjóðurinn fái að njóta ávaxta þess en að ekki verði bara greitt út úr ríkissjóði þegar fé vantar til að greiða út úr sjóðnum við ákveðin verkefni.

Virðulegi forseti. Til að hafa sagt það líka hér þá er verið að fara í útboð á þessum rásum og á þessari þjónustu sem vantar víða og það er ekkert ólíkt því sem við gerum á ýmsum öðrum sviðum, t.d. því að bjóða út áætlunarflug til nokkurra staða, smástaða, á landinu sem flugfélög treysta sér ekki til að halda uppi arðbæru flugi til og það er styrkt með fé úr ríkissjóði. Það sama erum við að gera núna með almenningssamgöngurnar. Þar hefur nýlega farið fram útboð þar sem fé kemur úr ríkissjóði til að styrkja þær áætlunarleiðir, en viðkomandi aðilar sem í það bjóða þurfa hins vegar að festa sig undir ákveðin skilyrði um ferðafjölda og annað slíkt. Þess vegna er ég hlynntur því sem hér er gert, virðulegi forseti, og vil jafnframt segja að ég vildi óska þess að hæstv. ríkisstjórn hefði þessa sömu skoðun og væri tilbúin að fara þessa sömu leið varðandi strandsiglingar við Ísland. En mér virðist ríkisstjórnin ekki hafa áhuga á því. Ég nefni þetta, virðulegi forseti, vegna þess að tækifærið gefst. Ég er hiklaust þeirrar skoðunar að við eigum að fara þá leið að bjóða út strandsiglingar til ákveðinna staða á landinu m.a. til að minnka flutninga á þjóðvegakerfi landsins, draga flutninga af þjóðvegum og á sjóinn aftur. Þetta á að bjóða út. Ég tel að skipafélögin mundu slást um það, ef svo má að orði komast, að halda þeim flutningum. Þó svo að það mundi hafa nokkurra tuga milljóna kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð að styrkja þessar strandsiglingar þá held ég að það komi margfalt til baka í minna vegsliti á þjóðvegum landsins, að ég tali ekki um minni slysahættu.

Virðulegi forseti. Nóg um þetta. Þetta gerist í framhaldi af sölu Símans. Við fengum mikla peninga við sölu Símans. Ég get alveg tekið undir hún að tókst vel og við fengum mikla fjármuni fyrir Símann sem betur fer úr því að við fórum þessa leið. Ég tek enn einu sinni fram að ég var hlynntur sölu samkeppnishluta Símans. Hins vegar vil ég líka nota tækifærið og segja að ég óttast að við munum sjá á næstu missirum, einu og hálfu ári, að starfsmönnum Símans fækki mjög mikið. Ég hef heyrt tölur nefndar, 200, 250 jafnvel 300 manns sem verða þá fórnarlömb hagræðingarkröfu nýrra eigenda sem borguðu mikið fé fyrir Símann og því miður kemur þetta sennilega mjög mikið niður á landsbyggðinni. En vonandi verður það þannig að Síminn kaupi þá þjónustu af öðrum aðilum á landsbyggðinni eftir þetta. Þessi sjóður er að sjálfsögðu stofnaður í framhaldi af þessu. Ég segi: Það mátti gera þetta fyrr. Lokaorð mín eru því: Betra seint en aldrei.

[15:26]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum sammála um frumvarpið sem hér liggur fyrir og kem ég nánar að því á eftir. Ég hef aðeins athugasemd um það sem beindist að strandsiglingum varðandi ríkisstyrk til þess að taka upp strandsiglingar aftur. Ég verð að segja að þó að ég sé einarður stuðningsmað-

ur strandsiglinga þá efast ég um það í ljósi þeirra staðreynda sem fyrir liggja að strandsiglingar eigi sér mikinn hljómgrunn meðal útgerða vegna þess að við sjáum að atvinnurekendur víða úti á landi hafa frekar notað landflutninga heldur en sjóflutninga í ljósi þeirrar staðreyndar að dýrara er að flytja með bílum heldur en skipum. Ég hef varpað eftirfarandi fyrirspurn áður fram. Hvernig má það gerast að t.d. Vestfirðingar nota fremur landflutningana þrátt fyrir að það sé 30–40% dýrara að flytja 40 feta gám landleiðina en sjóleiðina? Getur ríkisstyrkt skipaútgerð haft þau áhrif að einhver straumhvörf verða á þessum flutningum? Ég efa það stórlega. Það þarf eitthvað meira að koma til.

Ég endurtek að ég er einlægur stuðningsmaður þess að strandsiglingar verði teknar upp að nýju. En ef ríkisstyrkt skipaútgerð breytir í einhverju hugarfari atvinnurekenda og framleiðenda úti á landi þá er það mál sem þarf frekari skoðunar við. En ég spyr: Hvers vegna lagðist þá skipaútgerð af?

[15:28]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Guð forði okkur frá því að taka upp ríkisstyrkta skipaútgerð á ný enda er ég ekki að tala um það. Hún kemur aldrei aftur. Hins vegar hef ég sagt að hægt sé að skoða það hvort strandsiglingar muni ekki koma í kjölfarið á útboðsleiðinni og kannski samkeppni þessara tveggja flutningafyrirtækja sem eru á markaðnum í dag, þ.e. ákveðið siglingaprógramm meðfram ströndinni sem tengja má svo til annarra staða með akstri. Ég held að þessi leið sé fær. Ég bendi á að sennilega fara hæstu styrkir úti í Evrópu og í nágrannalöndum okkar sem ríkisstjórnir veita til flutningastarfsemi hvort sem það er til járnbrautarlesta eða annars og með öllum þeim flutningum sem því fylgir.

Herra forseti. Mér finnst voðalega skrýtið ef menn þurfa að flytja t.d. 40 feta gám fullan af frosnum fiski að það þurfi endilega að gerast á fjórum til fimm tímum eftir þjóðvegakerfi landsins. Ég held að það væri hægt að skipuleggja flutningana öðruvísi en að gera það svoleiðis. Ég bendi t.d. á, virðulegi forseti, að menn geta lestað gám í einhverri höfn, híft hann til vinstri og sett á flutningabíl. Þá ber hann engin gjöld til hafnarinnar. En ef hann er hífẗur til hægri um borð í flutningaskip þá ber hann alls konar gjöld um leið og hann fer í skipið. Við þurfum því kannski líka að skoða í leiðinni gjaldskrár hafna og annað slíkt. Þar blandast t.d. inn í það sem hv. þingmaður og stjórnarmeirihlutinn tók þátt í, þ.e. að breyta lögum um hafnir. Ég viðurkenni að menn eru nú farnir að tala um að fresta því eitthvað. Þar var gerð töluverð árás á hafnirnar, því miður. En ég hygg að við hv. þingmaður séum sammála um leiðina. En guð forði mér frá því að taka hér þátt í umræðu um ríkisstyrkta skipaútgerð. Það er ekki ætlunin.

[15:30]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum sammála um tvennt. Í fyrsta lagi að ríkisstyrkt skipaútgerð á enga framtíð fyrir sér. Í annan stað að skoða þurfi gjaldskrá hafna sem kemur ekki við þær lagabreytingar sem gerðar voru um frjáls hafnargjöld og frjálsa álagningu á skipakomur í hafnir.

Við stöndum frammi fyrir því að þegar hefur farið fram nokkur athugun á kostnaði í höfnum versus kostnaði við losun og lestun á flutningabílum og það kom í ljós í skýrslu sem unnin var að það er allt upp í 800% kostnaðarmunur á losun og lestun skipa í höfnum og losun og lestun flutningabíla. Því hefur verið haldið fram að gjaldskrá hafna hafi í allt of ríkum mæli verið slík að óviðunandi hafi verið fyrir útgerðina að búa við, ég vil kannski ekki kalla það okur en við þá gjaldskrá sem við lýði var. Ég hef nefnt dæmi um vörugjald þar sem fiskverkandi í Sandgerði keypti afskurð af frystihúsi á Ísafirði. Fyrst var aflanum landað á Ísafirði og borgað aflagjald, síðan var afskurðurinn settur um borð í skip á Ísafirði og borgað vörugjald, honum var landað í Hafnarfirði og þar var greitt vörugjald, þá var hann fluttur til Sandgerðis þar sem hann var frystur, settur í pönnur, og aftur um borð í skip og borgað vörugjald í þriðja skipti. Þetta er náttúrlega óeðlilegt og það má segja að ástandið í strandsiglingum sé að hluta til þessi gjaldskrá hafna sem hefur haft mjög neikvæð áhrif á útgerðina.

Ég er sammála hv. þm. Kristjáni L. Möller að fara þarf rækilega ofan í þetta mál og skoða hvort ekki sé hægt að koma á strandsiglingum á ný en þá auðvitað í frjálsri samkeppni.

[15:32]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf kannski ekki að bæta miklu við, mér heyrist vera samhljómur á milli okkar hvað þetta mál varðar. Það er alveg rétt eins og hér hefur verið sagt að gjaldskrá hafna var mjög há miðað við lestun á flutningabíla eins og ég tók dæmi um og það er auðvitað ein af ástæðunum fyrir því að strandsiglingar lögðust niður.

Mig langaði, virðulegi forseti að spyrja, og kannski gefst tækifæri til að svara því á eftir þó að við séum að ræða um fjarskiptasjóðinn og þetta blandist inn í það, hvort hv. þingmaður geti ekki verið sammála mér um að fara útboðsleiðina með strandsiglingarnar líkt og við gerum með fjarskiptasjóðinn, almenningssamgöngurnar og flugið til nokkurra staða á landinu. Þarna erum við komin með módel, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt í þessum tilteknu atriðum og stundum við aðrir þingmenn, til að freista þess að taka upp strandsiglingar aftur með því að bjóða þær út og sjá hvað gefa þyrfti með þeim, ef svo má að orði komast. Sparnaðurinn kæmi margfalt til baka í ríkissjóð í minna vegsliti á þjóðvegum landsins og þar af leiðandi minna viðhaldi vegna þungaflutninganna að maður tali ekki um að slysahættan minnkaði.

[15:33]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vildi leggja orð í belg og fagna sérstaklega því frumvarpi sem hér er lagt fram um fjarskiptasjóð og rifja aðeins upp söguna í því sambandi. Sjóðurinn er stofnaður þar sem sala Símans tókst ágætlega vel og með sölu hans skapaðist svigrúm til að koma þessum fjarskiptasjóði á, enda fara 2,5 milljarðar af söluverðmæti Símans til sjóðsins.

Í upphafi þegar kom til tals að selja Símann varð mikil

umræðu um það mál í Framsóknarflokknum, í þingflokknum og á vettvangi flokksins, og sitt sýndist hverjum. Að lokum var ákveðið að styðja sölu Símans en við lögðum sérstaka áherslu á að byggja upp fjarskiptakerfi um allt land þannig að sem flestir landsmenn hefðu aðgang að sambærilegri þjónustu fyrir sambærilegt verð og að sjálfstæður sjóður yrði stofnaður í því skyni, þ.e. fjarskiptasjóður. Ég fagna því að málið hefur þróast í takt við að sem við vildum og er nú alveg að komast í höfn þar sem þetta frumvarp hefur verið lagt fram.

Það verður að segjast eins og er að fjarskipti á Íslandi hafa verið góð. Stundum má heyra á þingmönnum og ýmsum aðilum að þau hafi verið í slæmum farvegi en það er alls ekki svo. Á Íslandi höfum við búið við svokallaða alþjónustu. Ákveðin skilyrði voru sett í lög sem fjarskiptafyrirtæki og stjórnvöld hafa reynt að uppfylla sameiginlega, þ.e. ákveðin lágmarksskilyrði um þjónustu fyrir alla landsmenn, sérstaklega hvað varðar aðgengi að síma og háhraðatengingum. Því má segja að við höfum netvætt landið mun hraðar og mun víðtækar en flestar aðrar þjóðir og nú er svo komið að aðgengi að háhraðatengingum hérlendis er með því besta í heiminum, ég held að það sé hvergi betra. Notkun á háhraðatengingum er mjög mikil og netnotkun er óvíða eins útbreidd og hér á landi en árið 2004 notaði 81% einstaklinga netið á Íslandi og ekkert nágrannaríki toppar það, enginn er hærri. Í nágrannaríkjunum er notkunin að meðaltali 66–77% og í ESB um 50%.

Ég vil líka minnast á að notkun á farsíma er einnig með því mesta sem gerist í heiminum. Við teljum það ómissandi gæði að hafa aðgang að háhraðaneti og farsíma og þeirri tækni. Þess vegna er líka hollt fyrir okkur að rifja upp að það er ótrúlega stutt síðan þessi tækni hóf innreið sína, það eru t.d. einungis 16 ár síðan stafrænt samband fyrir internetið var opnað til útlanda og tveimur árum áður hafði verið opnað gagnaflutningsnet hér á landi. Hvað halda menn að sé langt síðan GSM-síminn var tekinn í notkun á Íslandi? Það eru 11 ár. Það er ótrúlega stutt síðan GSM-síminn kom til og núna þykir okkur GSM-síminn algerlega ómissandi og menn gagnrýna það mjög ef þeir hafa ekki GSM-samband alls staðar. Við skulum ekki gleyma því hve er stutt síðan þessi tækni hóf innreið sína og hvað við höfum þrátt fyrir allt verið öflug í að byggja hana upp.

Hvað varðar fjarskiptaáætlunina þá eru ákveðnar væntingar gerðar til hennar. Í henni kemur fram að allir landsmenn sem þess óska eigi að hafa aðgang að háhraðatengingum árið 2007 og að GSM-farsímaþjónusta eigi að verða aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum, helstu ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum að mig minnir árið 2006 þ.e. strax á næsta ári. Fjarskiptasjóður er því verkfæri til að tryggja að markmiðum fjarskiptaáætlunar verði náð.

Virðulegur forseti. Ég vil fagna sérstaklega þessu mikla framfaramáli og minna á að við höfum gert mjög vel. Það var erfitt að skikka fjarskiptafyrirtækin til að taka frekari skref þar sem ekki voru markaðslegar forsendur fyrir því en með sölu Símans skapaðist svigrúm fyrir stuðning af hálfu ríkisvaldsins til þeirra fyrirtækja sem munu keppa um þetta fé til að koma upp betri þjónustu fyrir landsmenn.

Ég tel ástæðu til að óska hæstv. samgönguráðherra til hamingju með þetta góða frumvarp og fagna því að það er einmitt í takt við vilja Framsóknarflokksins, þann vilja sem við komum á framfæri í upphafi þegar ákveðið var að selja Símann. Með frumvarpinu tryggjum við að landsmenn allir muni búa meira og minna við sömu þjónustu. Auðvitað munum við ekki ná hverjum einasta manni, hverjum einasta bæ í öllum tilvikum en við getum borið höfuðið mjög hátt og munum fara langt fram úr öðrum þjóðum varðandi aðgengi að háhraðatengingum og þjónustu fyrir GSM-símnotendur og skora hæst í öllum heiminum í þessu eins og svo mörgu öðru.

[15:39]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér skilst af ræðu hv. þingmanns að þetta sé allt saman Framsókn að þakka og framsóknarmenn hafi komið vitinu fyrir sjálfstæðismenn með stofnun þessa sjóðs og væri gaman að heyra það hjá hæstv. samgönguráðherra á eftir hvort svo hafi verið.

Ég kem aðallega upp til að veita andsvar við ræðu hv. þingmanns vegna þess að hún talaði um að fjarskiptin væru góð. Þau eru það sannarlega á hluta landsins en ég er ekki viss um að íbúar í Hrísey hefðu getað skrifað upp á það fyrir einu eða einu og hálfu ári síðan. Þeir þurftu sjálfir að taka sig til og borga allan stofnkostnað við að skapa sér háhraðasamband sem er náttúrlega mjög óréttlátt vegna þess að þeir sátu ekki við sama borð og íbúar í næsta byggðarlagi, t.d. Dalvíkurbyggð, sem fengu háhraðasambandið með því að Síminn setti upp tæki og tól til þess. Og ég er ekki viss um að íbúar t.d. á Raufarhöfn og öðrum stöðum séu heldur tilbúnir til að skrifa upp á þetta.

Mér datt í hug þegar hv. þingmaður talaði um þetta að ég heyrði ágæta sögu um háhraðatengingar austur á landi í kjördæmavikunni fyrir ári síðan. Þar töluðu sveitarstjórnarmenn fyrir nauðsyn háhraðatenginga og öðru slíku og þar var framsóknarmaður sem bjó á Hallormsstað sem keyrði niður á Egilsstaði til að prenta út gögn af netinu. Ég segi þetta, virðulegi forseti, til að andmæla því að fjarskiptin hafi alls staðar verið góð. Þau eru sannarlega góð á mörgum stöðum á landinu en það vantar marga.

[15:41]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sagði ekki í ræðu minni að þjónustan væri alls staðar góð. Það er hún ekki og mun líklega aldrei verða það. Ég held að við munum aldrei geta veitt fullkomnustu þjónustu alls staðar, ég tel það mjög ólíklegt, en þjónustan hér á landi hefur verið mjög góð miðað við öll önnur ríki sem við miðum okkur við. Ég var að koma því á framfæri áðan.

Aðgengi að háhraðatengingum hérlendis er með því besta í heiminum og netnotkun er óvíða eins útbreidd og hér. Við höfum staðið mjög vel að þessum málum en auðvitað vilja þeir sem búa t.d. þar sem aðgengi að háhraðatengingum hefur ekki verið fyrir hendi fá betri þjónustu. Að sjálfsögðu. Við settum hins vegar í lög á sínum tíma ákvæði um alþjónustu og slíkt ákvæði er, miðað við þær upplýsingar sem ég hef, hvergi að finna annars staðar hjá öðrum ríkjum. Við settum fram miklar kvaðir og miklar

kröfur um þjónustu fyrir íbúa á Íslandi og með fjarskiptasjóði getum við tekið viðbótarskref. Í fjarskiptaáætlun sem þingheimur samþykkti á síðasta þingi settum við okkur mjög háleit markmið um háhraðatengingar fyrir landsmenn með ákveðnum undantekningum væntanlega því líklega verður aldrei hægt að ná hverjum einasta bæ, ég á ekki von á því, og einnig á að GSM-væða hringveginn og fjölsóttustu ferðamannastaði. Ég tel að við séum að stíga hér miklu framsæknara skref en nokkurt annað ríki og við megum vera stolt af því.

Ég vil líka ítreka að Framsóknarflokkurinn setti fram ákveðnar óskir þegar Landssíminn var seldur, m.a. um að komið yrði til móts við þessar tengingar úti á landi. Það varð niðurstaðan og við höfum átt mjög gott samstarf við Sjálfstæðisflokkinn um að setja á stofn þennan fjarskiptasjóð og það ríkir mjög mikil samstaða um hann. En við settum fram alveg sérstakar óskir í þessu sambandi í upphafi og þær eru að verða að veruleika núna.

[15:43]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst þetta miklu skýrara núna, að fjarskiptin væru ekki alls staðar góð, og þá erum við orðin sammála um það eins og ég tók dæmi um. Hv. þingmaður ræddi líka um alþjónustuna sem við settum í lög. Það var merkilegt ákvæði á sínum tíma sem allir voru mjög stoltir af og ánægðir með. En framþróunin og tæknin er slík að kannski einu ári seinna eða svo var ISDN-tengingin sem við vorum að bjóða upp á, m.a. til bænda, orðið dálítið úrelt og lélegt samband. Það er þannig í dag að þegar maður þekkir háhraðatengingar, eins og t.d. við þingmenn búum við, og maður þarf að nota ISDN-samband þá get ég sagt fyrir mitt leyti að ég sleppi því frekar. Tækniþróunin er slík að það var eiginlega orðið úrelt rétt eftir að við samþykktum ákvæðið. Tækniþróunin er svo mikil og sífellt er boðið upp á meiri hraða í örbylgju. Ég vonast því til að fjarskiptasjóðurinn sem verið er að stofna taki dálítinn þátt í því að koma meiri háhraða eins og til bænda í gegnum örbylgjusamband. Ég tók einu sinni dæmi um Trabant eða Mercedes Benz sem ráðherrabíl og ég ætla ekki að halda þá ræðu einu sinni enn en ISDN-tengingum í dag líki ég við Trabant og ADSL sem ráðherrar nota og Benz er töluvert betra.

[15:45]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem komið hefur fram að tækninni fleygir mjög mikið fram í þessum geira. En það verður samt ekki frá okkur tekið að alþjónustukröfurnar voru mjög framsæknar. Við sáum ekki sambærilegar kröfur hjá öðrum ríkjum og vorum að gera rétta hluti þar. En það er rétt að tækninni fleygir fram. Eins og fjarskiptaáætlun er núna á það almennt að vera svo að almenningur um allt land á að hafa aðgang að háhraðatengingum árið 2007.

Vissulega kann að koma ný tækni bráðlega sem við sjáum ekki fyrir og að okkur finnist þetta allt frekar úrelt eftir nokkur ár. Ég skal ekki segja til um það. Það er alveg geysileg þróun í þessari tækni, sérstaklega í símtækninni. En af því að hv. þingmaður var að tala um að hann vildi ekki nota ISDN af því að hann væri vanur ADSL þá verð ég að viðurkenna að stundum þegar maður notar ADSL þá finnst mér það líka hægvirkt. Menn gera svo miklar kröfur um hraða í dag. Sé eitthvað hraðvirkara í boði fyrir lítinn pening þá mundi maður auðvitað vilja það.

[15:46]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hæstv. samgönguráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um fjarskiptasjóð sem er eitt afsprengi svokallaðrar símasölu sem hér hefur líka verið rædd. Ég tel vert að rifja upp að í skoðanakönnunum í aðdragandanum að sölu Símans var afgerandi meiri hluti þjóðarinnar andvígur því að grunnfjarskiptakerfi Símans yrði selt. Síðasta skoðanakönnun, í mars síðastliðnum, sýndi að nærri 80% væru andvíg því.

Meira að segja eftir að Síminn hafði verið seldur, þegar búið var að útbúa svokallaðan jólagjafapakka þar sem öllu sem hefur verið vanrækt á undanförnum árum var raðað inn, kom fram í Gallup-könnun að stærsti hluti þeirra sem svaraði teldi að óskynsamlegt hefði verið að selja Símann. Menn vildu að hann yrði áfram í þjóðareigu. Ég tel mikilvægt að halda þessu til haga enda eru fjarskiptin einn af öflugustu og mikilvægustu þáttum samfélags okkar til að byggja upp samkeppnishæft og framsækið samfélag um allt land. Þess vegna hefði að mínu mati verið mikilvægt að grunnfjarskiptakerfið héldist áfram í eigu þjóðarinnar og því beitt til að ná þessum markmiðum.

Það var ekki svo að Síminn væri rekstrarlegur baggi á ríkinu, fjarri því. Hann hefur að jafnaði skilað 2–3 milljarða kr. arði í ríkissjóð á undanförnum árum. Auk þess var sérstaklega tekinn arður út úr Símanum upp á rúma 6 milljarða kr. Þetta var því jafnframt einn af sterkustu tekjustofnum ríkissjóðs sem þar var kastað burt. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt til að þjóðin hefði átt Símann og beitt þessum milljörðum, þeim peningum sem komu í gegnum arð, til að styrkja og efla fjarskiptakerfið um allt land. Hæstv. ráðherra tókst ekki að selja Símann á árinu 2001 og 2002. Síðan þá er talið að Síminn hafi hækkað um 20–30 milljarða kr. Hvað hefði orðið ef við hefðum átt hann áfram. Þegar hæstv. ráðherrar og þingmenn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hæla sér af sölu Símans þá held ég að þeir ættu að tala mjög varlega. Þjóðin sér í gegnum þann loddaraleik.

Hv. þm. Kristján L. Möller fagnaði sölu Símans og fannst hún hafa gengið vel og verið góð, og það verið gott að fá þetta. Ég minnist þess einnig að hv. þingmaður fagnaði líka markaðsvæðingu raforkukerfisins þegar hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins mælti fyrir því, þá fagnaði hv. þm. Kristján Möller líka. En svo, þegar í ljós kom að markaðsvæðingin þýddi stórhækkun á rafmagnsverði um allt land og gríðarlegar hækkanir í byggðum fjarri meginþéttbýlinu þá sneri hv. þingmaður við blaðinu og varð andvígur markaðsvæðingu raforkukerfisins. Ég held að hv. þm. Kristján L. Möller ætti að fara varlega, varaþingflokksformaður Samfylkingarinnar, í að fagna markaðsvæðingu fjarskiptaþjónustu og bíða og sjá hvað gerist. Það tókst ekki svo hönduglega til þegar hann fagnaði markaðsvæðingu raforkukerfisins.

Staðreyndin er sú að bæði hérlendis og erlendis þýðir

markaðsvæðing og einkavæðing á grunnþjónustu til almennings yfirleitt hærra verð og lélegri þjónustu, sérstaklega í dreifbýli. Þannig er það, því miður. Meginmarkmiðið með þessu frumvarpi er að reyna að bæta þar úr, reyna að stoppa í verstu götin, vanræktu framkvæmdirnar sem markaðsvæðing eða einkavæðing fjarskiptanna hefur í för með sér. Það er virðingarverð viðleitni. Ég tek undir þau sjónarmið sem í þessu frumvarpi eru um að ná fram skilgreindum markmiðum í að bæta og efla fjarskiptaþjónustuna, háhraðatenginguna og GSM-þjónustuna, um allt land innan mjög skilgreinds tíma. Ég tek undir að mikilvægt er þannig að þau markmið nái fram að ganga og að þau hefðu átt að nást með því að Síminn væri í eigu þjóðarinnar. Þá hefðum við það auðvitað frekar í hendi okkar í stað þess að reka tvöfalt kerfi, annars vegar markaðsvætt kerfi og hins vegar ríkisstutt.

Ég velti fyrir mér stofnun fjarskiptasjóðs, með þeim hætti sem hér er gert, að búa til eins konar ríkisstofnun, sjálfstætt ríkisfyrirtæki sem ekki á að lúta beint vilja Alþingis. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er ætlunin að það fjármagn sem úthlutað er úr fjarskiptasjóði fari í gegnum fjárlög eða er ætlunin að það fari beint úr sjóðnum og til einstakra verkefna, þ.e. að bara sjóðstjórnin og ráðherra ráði þar?

Ég hef ekkert út á það að setja, frú forseti, úr því að Síminn var seldur, að ákveðið fjármagn skuli lagt til hliðar til að efla fjarskiptakerfið. Úr því að menn fóru þá óskynsamlegu leið að selja Símann þá finnst mér það hafa verið góð ákvörðun. En ég hefði talið að leggja ætti fjármagnið til hliðar og veita það í gegnum fjárlög, í gegnum fjarskiptaáætlun, sem fengi þar með hliðstæða stöðu og vegáætlun. Hún yrði pólitískt afgreidd á Alþingi og forgangsröðin ákveðin þar. Eins og við þingmenn þekkjum koma langflestar sveitarstjórnir, af öllu landinu, með erindi inn til Alþingis um að bæta fjarskiptakerfið, bæta GSM-þjónustuna, bæta háhraðatenginguna o.s.frv. Það er því enn, *að ég tel, eitt af stærri málum Alþingis, að bæta og efla fjarskiptakerfið um allt land.* Ég tel að það eigi að vera á ábyrgð Alþingis. Ég tel að þessi sjóður, sem hér er verið að stofna og verkefni hans, eigi að vera á ábyrgð Alþingis og fá stjórnsýslulega meðferð í gegnum fjárlögin. Ég teldi annað fyrirkomulag gagnrýnisvert og vil að útdeiling fjármunanna fari í gegnum Alþingi eins og fjárlög.

Eins og fram kom í andsvörum áðan var hlutverk sjóðsins að koma inn og standa að framkvæmdum við svokallaðar óarðbærar framkvæmdir í fjarskiptum. Hver á að skilgreina hvað er óarðbært? Það er Póst- og fjarskiptastofnun, segir hæstv. ráðherra. Þá veltir maður fyrir sér hvaða arðsemiskrafa verður lögð þar til grundvallar. Hvernig á að meta hvaða framkvæmd er arðbær og hver er óarðbær? Það verður ekki einfalt mál. Þetta fjármagn á fyrst og fremst að nota til stofnkostnaðar. Því er ekki ætlað að koma inn í rekstur um ótakmarkaðan tíma. Ef hæstv. ráðherra vill *meina, með sinni óbeinu þátttöku í umræðunni, að fjarskiptasjóður eigi líka að koma að rekstri þá fer málið að vandast.* Þá erum við komin með tvöfalt fjarskiptakerfi. Annars vegar óarðbæra fjarskiptakerfið sem ríkið á að standa að meira eða minna leyti að, leggja til stofnkostnað og sinna rekstri, og hins vegar hið arðbæra fjarskiptakerfi sem aðrir vilja reka. En einmitt þessi uppsetning er mjög varhugaverð. Auðvitað reyna fjarskiptafyrirtæki á samkeppnismarkaði að hala inn peninga frá ríkinu en eins og við vitum er ekki um neina samkeppni að ræða víða úti á landi. Ef það hefði verið raunveruleg samkeppni í fjarskiptum þá hefði Síminn ekki lokað starfsstöð sinni á Blönduósi eða á Siglufirði. Við vitum það. (**Samgrh.:** Samkeppnin er góð.) Samkeppnin er góð, ég tek alveg undir það, þar sem hún er virk. Þar er samkeppnin góð. En einkavædd einokun *í þjónustu á grunnfjarskiptakerfi eins og Símanum er slæm.* Það er bara svo einfalt.

Ég held að við stöndum frammi fyrir því að ríkið ætli að reka óarðbært fjarskiptakerfi en fjarskiptafyrirtæki á markaði reki fyrirtæki sem eru talin arðbær. Við erum komin með tvöfalt kerfi.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra eftir hverju verði farið þegar menn setja sér áætlun. Verður t.d. farið eftir þeirri ágætu þingsályktunartillögu sem var samþykkt í fyrra, þingsályktunartillögu sem hæstv. ráðherra samgöngumála lagði fram um stefnu og áfanga í fjarskiptamálum? Þar er tímasett, virðulegur forseti, að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi eitt og öðrum helstu stofnvegum, á helstu ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum fyrir árið 2006. Verður staðið við það? Verður staðið við það sem stendur í áætluninni sem Alþingi samþykkti, frú forseti? Það eru bara nokkrir mánuðir síðan við samþykktum þessa áætlun. Hún var *samþykkt samhljóða í þinginu*, að rétt væri að ná þessum markmiðum. Verður stafrænt sjónvarp og háhraðanet boðið út árið 2005? Árið 2005 mun senn liðið. Einnig segir að allir grunnskólar verði tengdir öflugu háhraðaneti og við það náist ákveðinn áfangi árið 2006, sem er skilgreindur og annar árið 2007. (**Gripið fram í:** Nokkuð gott.) Já, enda var þessi áætlun sett fram og samþykkt samhljóða á Alþingi fyrir nokkrum mánuðum, á síðasta vorþingi. Er ætlunin að standa við hana?

Ég vil að hæstv. ráðherra svari með hvaða hætti verður *staðið við tímasetta fjarskiptaáætlun, um aðgerðir í fjarskiptamálum* sem við samþykktum á vorþingi. Það sem skiptir máli er það sem gert er en ekki það sem menn setja á blað og segjast ætla að gera í framtíðinni.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg fleiri orð um málið. Ég vil þó spyrja hæstv. ráðherra: Er meiningin að GSM-þjónustan verði hluti af öryggiskerfi þjóðarinnar? Hér er talað um hve mikilvæg GSM-þjónustan sé í öryggisskyni. Það er heimild til þess í fjarskiptalögum að skilgreina ákveðna þætti sem öryggismál. Þá eru þeir meðhöndlaðir sem slíkir. Eitt af því eru fjarskiptin sem hafa grundvallarþýðingu fyrir öryggi íbúa og vegfarenda hvar sem er á landinu og sem allra víðast. Það á ekki síst við um GSM-farsímaþjónustuna. Við þekkjum dæmi frá því í haust að menn voru hætt komnir í Húnavatnssýslu, norður á Ströndum, vegna slyss. Fjarskiptaþjónustan var ekki fyrir hendi og hvorki hægt að ná í lækni né sjúkraaðstoð. Þá spyr ég hæstv. *ráðherra: Er meiningin að GSM-farsímaþjónustan* verði hluti af þessu öryggiskerfi, meðhöndluð sem slík og tryggt að hún nái til landsmanna í það ríkum mæli að hún veiti raunverulegt öryggi? Ég tel það mikilvægt.

Ég tel að GSM-farsímaþjónustan eigi að vera hluti af öryggisviðbúnaðinum. Það er dæmi út af fyrir sig að þegar á

reyndi á Ströndum að þá virkaði ekki farsímaþjónustan en það er annað mál. En það sýnir að máli skiptir að GSM-farsímaþjónustan verði hluti af öryggiskerfi þjóðarinnar og byggt upp sem slíkt.

Frú forseti. Ég hef rakið málið og tel að úr því að farið er út í að stofna fjarskiptasjóð, eða taka frá fjármagn á sölu Símans til að byggja upp fjarskiptin sem við teljum í sjálfu sér skynsamlegt, sé eðlilegra að útdeila því fé samkvæmt fjarskiptaáætlun sem hluta af öðrum framkvæmdaáætlunum sem þingið lætur vinna eins og vegáætlun, flugmálaáætlun o.s.frv. Ég tel að fjármagninu ætti að úthlutað eftir því í stað þess að búa til nýjan millilið, nýja stofnun sem muni starfa á eigin vegum. Ég tel að skynsamlegast hefði verið að skoða hvort ekki ætti að fela öflugu ríkisþjónustufyrirtæki, eins og Vegagerð ríkisins, sem er með sérfræðinga á sínum snærum og umfangsmikla þjónustu, ber ábyrgð á stórum hluta af umferðaröryggismálum sem fjarskiptin eru, að bjóða út og halda utan um málið að öðru leyti. Þá þyrfti ekki að búa til nýja stofnun um þessi mál en framkvæmdaáætlun og úthlutun fjármagns færi að öðru leyti í gegnum Alþingi sem bæri endanlega ábyrgð á þeirri úthlutun.

[16:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af því sem fram kom í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar um að nauðsynlegt sé að þetta fari í gegnum fjárlög. Allt er það rétt enda gerum við ráð fyrir að sjálfsögðu að fjarskiptasjóður sé á fjárlögum. Við höfum það einmitt í fjáraukalagafrumvarpinu fyrir árið 2005 að þar er fjárveiting til fjarskiptasjóðs sérstaklega tilgreind 1 milljarður kr. á þessu ári og fjarskiptasjóður hefur þar með, þegar búið er að afgreiða fjáraukalögin, milljarð til þess að vinna að fyrstu verkefnunum á sviði uppbyggingar fjarskiptakerfa í dreifbýli í samræmi við fjarskiptaáætlun að sjálfsögðu. Þar ber fyrst að telja uppbyggingu GSM-símkerfanna á þjóðvegum og helstu ferðamannastöðum. Það er því allt saman í fullkomlega eðlilegum farvegi.

Mér heyrist satt að segja að hv. þingmaður sé að færast alltaf nær okkur í þessu máli og sé alltaf að átta sig betur og betur á því að við erum algjörlega á hárréttri leið þegar hann er farinn að leggja alveg sérstaka áherslu á að nauðsynlegt sé að fara eftir þeim nótum sem við höfum verið að leika eftir og birtast m.a. í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 þar sem útdeilt er fjármunum til fjarskiptasjóðs.

[16:06]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég dreg ekki í efa einlægan áhuga hæstv. ráðherra til að bæta og efla fjarskipti í landinu, persónulegan áhuga hans til þess, það geri ég ekki. Ég tel að hann hafi a.m.k. í orði og að sumu leyti í verki sýnt að hann hafi einlægan áhuga til að gera það, ég dreg það ekki í efa. Hann hefur á margan hátt haldið þeim málstað öflugt fram þó svo að árangurinn hafi ekki orðið með þeim hætti sem við hefðum viljað sjá.

En enn þá er stjórnsýslulega óljóst hvernig með meðferð á þessu fé og þessari áætlun skuli farið. Það er töluverður munur á því hvort fjármagni er úthlutað í samræmi við fjarskiptaáætlun eða samkvæmt fjarskiptaáætlun. Ég hefði viljað sjá að þarna stæði að fjármagn yrði veitt úr sjóðnum samkvæmt fjarskiptaáætlun, áætlun sem Alþingi hefði þá samþykkt þar sem kvæði á um forgangsröðun á þeim atriðum sem þar væru. En ef það væri samræmi er það, eins og reyndar frumvarpið gerir ráð fyrir, þessi sjóðstjórn sem er skipuð af ráðherra sem á í rauninni að fara með það vald — þá leiðréttir hæstv. ráðherra mig — sem á að fara með það valda að velja, forgangsraða eða ákveða til hvaða þátta í þeim fjarskiptamálum sem um ræðir verið er að veita fjármagn á hverjum tíma en ekki þingið.

[16:08]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason fór vítt og breitt um samgöngumál og verður að segja og ég held að hann sé sammála mér um að þetta er eitt af athyglisverðustu málum á sviði samgöngumála sem flutt hefur verið um nokkuð langan tíma í ljósi þess að lengi hefur verið deilt á að ekki sé nægjanlega gott GSM-kerfi meðfram þjóðvegi eitt. Hér er tillaga um að verulega verði bætt úr. Eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kom inn á áðan hefur verið ótrúlega hröð uppbygging á GSM- eða NMT-kerfi sem aðeins er orðið ellefu ára gamalt. Svo hratt hefur þetta gengið yfir að ég held að það sé nú orðið nokkuð gott.

Hins vegar hjó ég eftir því að hv. þm. Jón Bjarnason talaði um að það væri eðlilegt og rétt að Alþingi sæi um þessi mál eða að Vegagerðin hefði með þetta að gera, sem náttúrlega hefur fyrst og fremst með öryggi á vegum að gera, en þetta er miklu víðfeðmara en það að hér sé aðeins um GSM-kerfi að ræða á þjóðvegi eitt. Það er auðvitað hugbúnaðurinn, hér eru tölvurnar og sá flutningur allur sem landsbyggðin býður eftir og vill fá með miklu meiri hraða en er í dag og það er skiljanleg krafa.

En að fara síðan í hinn staðinn að tala um arðsemi þessara framkvæmda, hvernig það eigi að halda, dettur þá hv. þm. Jóni Bjarnasyni í hug að ef Alþingi hefði með þetta að gera þá yrði mjög mikið arðsemisálit hvernig ætti að framkvæma þetta verk? Eins og lagt er til þ.e. að þetta verði unnið af sérfræðingum á þessu sviði með það að leiðarljósi sem hæstv. samgönguráðherra hefur lagt upp með, að leita leiða til að þjóna landsbyggðinni sem best og mest má vera, hefði ég haldið að þingmenn hinnar dreifðu byggðar mundu bara segja amen eftir efninu. Við fögnum þessu og styðjum þetta af heilum hug.

[16:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það voru ýmsir þingmenn sem fögnuðu markaðsvæðingu raforkukerfisins og stofnun millifyrirtækja eins og Landsnets fyrir ári en gerðust síðan miklir efasemdarmenn, meira að segja þingmenn úr Sjálfstæðisflokknum, um ágæti þeirrar markaðsvæðingar sem þar var á ferð, að hún væri nú það besta sem væri verið að gera fyrir hinar dreifðu byggðir. Enda líka fáum við fjölda dæmi þess að raforkuverð hefur snarhækkað t.d. í Súðavík. Þar talaði sveitarstjórinn um að raforkan til að reka rækjufyrirtæki, sem þeir síðan urðu að loka vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og hás gengis, hefði hækkað um 3 milljónir á árinu, bara sú stjórnsýslubreyting. Meira að segja

þingmenn Sjálfstæðisflokksins fóru sumir að efast um að þetta hefði nú allt verið til góðs. Það er því ýmislegt að varast.

Arðurinn af Símanum meðan ríkið átti hann, 2–3 milljarðar á ári undanfarin ár, hefði verið góð upphæð til að verja til uppbyggingar fjarskiptakerfa og m.a. GSM-farsímaþjónustu. Nú koma þeir peningar ekki inn.

Hitt er síðan annað mál að ef af þessu verður verða menn að takast á við það sem fram undan er. Til dæmis framkvæmd vegáætlunar þar sem samgöngunefnd, þingmenn, þ.e. Alþingi, forgangsraðar. Við fáum reyndar tillögur frá Vegagerðinni og frá ráðherra að forgangsröðun í vegamálum, en það er þingið, það eru þingmennirnir sem bera síðan endanlega ábyrgð á þeirri forgangsröðun sem ráðist er í. Hér er ekki gert ráð fyrir slíkri ábyrgð. Hérna er verið að leggja til nýja tegund af ríkisstofnun. Sjálfstæðisflokkurinn er kannski svona hrifinn (Forseti hringir.) af því að fjölga ríkisstofnunum.

[16:13]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er náttúrlega ekki verið að leggja til að setja einhverja silkihúfu ofan á aðra sem fyrir er heldur verður þessu stýrt af samgönguráðuneytinu. Ég trúi því og treysti að þar muni menn leita leiða til hagkvæmni og til að fá það mesta út úr fjármunum til að tryggja öryggi og *þjónustu við hina dreifðu byggðir.*

Síminn seldur og þá sé nánast búið að slátra mjólkurkúnni er náttúrlega ekki rétt vegna þess að það fjármagn, hluti af fjármagninu sem fæst fyrir Símann, er notað til að greiða niður erlendar skuldir og þar um leið er sparað mikið fé í vaxtagreiðslur sem annars hefði þurft að inna af hendi. Það kemur því á móti og til langtíma litið er þetta rétt og eðlilegt að ríkið losi sig við Símann og ég er sannfærður um að þarna verður miklu betri þjónusta.

Við skulum ekki gleyma heldur einum þætti í þessu líka sem eru t.d. sendingar í gegnum gervihnetti til sjómanna á hafi úti sem mun auðvitað skila sér líka í auknu öryggi. Einnig má benda á að GSM-kerfið er náttúrlega stórt öryggismál því að það hefur oftar en ekki komið fyrir að verið er að leita að aðilum sem hafa verið með GSM-síma á sér og því hefur verið hægt að miða þá aðila út og finna þá ef þeir hafa týnst, sem dæmi eru um.

En ég held, virðulegi forseti, að þetta mál sé hið besta mál og eins og ég segi, þetta er eitt af þeim mestu málum sem hafa verið lögð fram hér um nokkurn tíma á sviði samgöngumála. Auðvitað eru mörg stór mál sem hafa verið lögð fram eins og samræmd samgönguáætlun sem varðar sjó, land og flug. Það var stóra skrefið sem stigið var.

Hv. þingmaður er mjög efins um að einhver framkvæmd verði úr því sem hér kemur fram og efast um dagsetningar sem settar eru. En, hv. þingmaður, orð eru til alls fyrst.

[16:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var ágætt að heyra frá hv. formanni samgöngunefndar að ætlunin væri að standa við tímasetningar í þingsályktun sem við sömdum um fjarskiptaáætlun í fyrra. Ég fagna því ef hv. þingmaður ætlar að beita sér fyrir því að staðið verði við þær tímasetningar. En þá má nú fara að láta hendur standa fram úr ermum.

Ég vil ítreka að verið er að búa til milliríkisstofnun. Fjármálaráðuneytið segir í umsögn sinni að áætlaður kostnaður við rekstur sjóðsins, sem þeir kalla, geti numið á bilinu 10–15 millj. kr. á ári. Hingað til hefur fjármálaráðuneytið aldrei ofáætlað, ekki svo ég muni, rekstur nýrrar stofnunar. *Reyndin hefur verið sú að kostnaður hefur rokið upp úr öllu* valdi, minnugur Fiskistofu sem var stofnuð og átti nú bara að vera þriggja, fjögurra manna apparat, ekki satt?

Hér er því verið að gefa því undir fótinn að setja á laggirnar nýja ríkisstofnun og henni er sjálfri ætlað að ákveða sér reglur og úthluta en ekki þinginu, ég bendi á það.

Hér segir: „Mikilvægt er að stjórn sjóðsins setji sér skýrar reglur um greiðslur úr sjóðnum, m.a. í samræmi við forgangsröðun ríkisstjórnarinnar.“ — Ekki þingsins.

Ég tel því að stjórnsýslulega ætti þetta mál að fara undir þingið, undir þingnefndir — fjármagnið verði tekið til hliðar og úthlutað samkvæmt áætlunum sem þingið staðfestir. Ég tel að við höfum nú þegar ríkisstofnun, Vegagerðina, eins og ég hef nefnt, sem gæti vel tekið að sér þessa þjónustu. Við þurfum ekki að búa til annan stjórnsýslulegan millilið, nýja ríkisstofnun, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum að ekki sé talað um rekstrarkostnað. Ég hélt einhvern veginn að það hefði átt að vera hægt að fá stuðning frá sjálfstæðismönnum þegar verið er að leggja til að setja ekki *á fót nýjar ríkisstofnanir heldur nota þær sem fyrir eru* og nota þá fjármagnið til þeirra verkefna sem ætlað er.

[16:18]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar til að mæla fáein orð um þetta mál. Hér ætla menn að reyna að sjá til þess að þjónusta Símans, sem áður var, og þeirra aðila sem hafa komið inn á það svið, verði til staðar fyrir sem allra flesta í landinu og það er ekkert nema gott um það að segja. Ég vil hins vegar koma því til skila hér, og alveg sérstaklega til nefndarmanna sem munu fjalla um þetta mál, að vandlega verði rætt við aðra aðila á markaði um þessar framkvæmdir. Það er nefnilega ekki einfalt að bjóða út nýjar viðbætur við þetta kerfi og rekstur á þeim. Síminn er í einokunaraðstöðu, hann er í fákeppnisaðstöðu. Það er bara eitt annað fyrirtæki, sem stendur undir nafni, í keppni við hann. Síminn er með 75% af markaðnum, eða hvað það nú er, og hitt fyrirtækið með yfir 20%. Það er sem sagt alla vega yfir 70% og yfir 20% markaðshlutdeild, það er yfir 90% hjá þessum tveimur aðilum.

Hverjir geta þá keppt, þegar ráðist verður í að bjóða út viðbætur við þetta kerfi? Hvernig fer sú verðlagning fram? Ég ímynda mér að það geti verið freistandi fyrir stóru fyrirtækin á þessu sviði að láta það bíða svolítið að ráðast í viðbætur við kerfin, jafnvel þó að möguleiki sé til þess að slíkar viðbætur geti staðið undir sér, vegna þess að þau eiga von í því að ríkissjóður borgi brúsann. Það er full ástæða til þess að hafa gætur á þessu og einnig á því að ekki er endilega víst að útboðin sem fara fram skili einhverju skynsamlegu verði. Ég held að það þurfi að hafa opna möguleika á því að meta alveg sérstaklega tilboð í viðbætur af þessu tagi vegna þess að þeir sem koma til með að bjóða í verkið, sem

eru þá fyrst og fremst þessi tvö stóru fyrirtæki, bjóða ekki eingöngu út frá því hvað er hagkvæmt fyrir þau heldur hlýtur það að hafa áhrif hve langt þeir telja sig komast gagnvart þeim aðila sem er að bjóða út. Aðrir eiga minni möguleika á því að bæta við þessi kerfi en þeir sem þar eru fyrir. Nefndin þarf að fá betri mynd af þessum vanda með því að ræða við þá litlu aðila sem eru á markaðnum, hvernig hægt sé að ganga úr skugga um, þegar farið verður að bjóða út viðbætur, að þar sé ekki verið að hafa fjármuni af ríkinu til uppbyggingar á kerfum sem gætu alveg staðið undir sér í samkeppninni.

Ég ætla svo að gera litla athugasemd við orðalag hér. Í 3. gr. stendur að samgönguráðherra skipi fimm menn í stjórn fjarskiptasjóðs, þar af formann og varaformann auk varamanna. Það er nú venjan að það komi fram hvað varamennirnir eiga að vera margir. Ég gef mér að þarna eigi þeir að vera jafnmargir og stjórnarmennirnir en það er þó ekkert alveg ótvírætt í því. Mér finnst að það þurfi að vera skýrt.

Svo langar mig að vekja athygli á einu sem kemur hér fram. Það er sagt hér í 1. gr., markmiðsgreininni:

„Sjóðurinn er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir samgönguráðuneytið."

En þar á undan stendur:

„Stofna skal sérstakan sjóð, fjarskiptasjóð, sem hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar."

Í athugasemdum við frumvarpið, og ég vek athygli á því, í lok athugasemdanna, á undan athugasemdum við einstakar greinar, stendur:

„Meginreglan verður að framlög taki mið af fjarskiptaáætlun" — allt svo meginreglan — „og verði í samræmi við nánari útfærslu verkefna hverju sinni. Mikilvægt er að stjórn sjóðsins setji sér skýrar reglur um greiðslur úr sjóðnum, m.a. í samræmi við forgangsröðun ríkisstjórnarinnar."

Bíddu, hvað er hér á ferðinni? Ég bara spyr, mér finnst þetta svolítið undarlegt. Það er talað um fjarskiptaáætlun. Hún á að koma fyrir Alþingi og hún á að liggja fyrir sem plagg sem á vera meginstefnan í því sem verið er að gera hér, en svo er allt í einu ríkisstjórnin komin inn og nefndin á að liggja yfir einhverri forgangsröðun frá henni. Ég held að það sé full ástæða til þess að heyra í hæstv. samgönguráðherra með það hvað er átt við með þessu. Á ríkisstjórnin að vera með einhverja aðra forgangsröðun en kemur fram í fjarskiptaáætlun? Hvernig stendur á því að hér er sérstaklega vikið að því að einhver forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í þessum málum eigi að vera á dagskrá þeirrar stjórnar sem fjalla á um málin? Ef til vill er það eitthvað sem ég átta mig ekki á og fæ þá skýringar á. En mér fannst ástæða til þess að spyrja um þetta vegna þess að ég vildi taka mark á því að sú fjarskiptaáætlun sem yrði kynnt væri í alvöru. Að ekki væri einhver önnur fjarskiptaáætlun ríkisstjórnarinnar sem ætti síðan að taka sérstakt mið af eins og manni gæti dottið í hug.

Ég ætla ekki að hafa mitt mál langt í þessu. Ég endurtek að ég tel að full ástæða sé til þess að nefndin skoði þetta vandlega og reyni að velta því fyrir sér með hvaða hætti sé hægt að láta meta eftirlit með þessum útboðum, alveg sérstaklega vegna þess einokunarfyrirbrigðis sem er þarna í gangi. Síminn á nánast öll grunnkerfin í landinu, í dreifbýlinu, og það hlýtur að verða freisting fyrir þá sem stjórna á þeim bæ að bíða með framkvæmdir á svæðum sem kannski er tæpt með að standi undir sér, þar sem þeir hafa von um að fá peninga úr ríkissjóði til þess að fjármagna þær framkvæmdir. Þess vegna þarf að vanda sig alveg sérstaklega við það að veita fjármunum í þennan farveg og passa upp á að menn verðleggi hlutina ekki of hátt.

Ég held reyndar að þar verði menn jafnvel að velta fyrir sér einhverjum öðrum leiðum til viðbótar og mér finnst að nefndin ætti að skoða það vandlega hvort útboð er eina leiðin, t.d. að hægt væri að hafna niðurstöðum útboða á grundvelli skoðunar og láta framkvæma verkefnið á vegum nefndarinnar, ef um það er að ræða, eða bjóða það út aftur eða hvernig sem menn vilja hafa það.

Þetta er ekkert einfalt mál þegar svo mikil fákeppni er á ferðinni eins og þarna er.

[16:27]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég á það erindi fyrst og fremst í þennan ræðustól að fagna því frumvarpi sem hér er komið fram. Ef maður lítur aðeins til baka þá rifjast upp fyrir manni umræðan sem var hér á sínum tíma þegar frumvarp kom fram um sölu Landssíma Íslands og fyrirvarar sem ýmsir höfðu þá við það að grunnnetið yrði selt með. Þá tók þingflokkur Framsóknarflokksins þá afstöðu að þetta væri framfaraspor en hafði jafnframt þann fyrirvara við málið að þar sem ekki væri hægt að byggja upp fjarskiptakerfi í eitt skipti fyrir öll vegna tækniþróunar og framfara yrði einhvern veginn að tryggja að á hverjum tíma væri hægt að bregðast við því með tilliti til hagsmuna landsbyggðarinnar, svo að hún sæti ekki eftir þegar kæmi að því að byggja upp fjarskiptakerfi sem væri sjáanlega ekki jafnarðbært þar og í þéttbýliskjörnum landsins.

Hv. þm. Jón Bjarnason hefur, sem von er, flest á hornum sér og blandar inn í umræðuna breyttu skipulagi á raforkumálum og ýmsum öðrum ótengdum málum, en mér sýnist að með frumvarpinu sem hér er komið fram, og er sannfærð um það, séum við að tryggja það til lengri tíma litið að landsbyggðin sitji ekki eftir.

Á sínum tíma, þegar frumvarpið um að selja hlut ríkisins í Landssímanum kom fram, var áætlun í gangi hjá Landssímanum sem unnið var eftir um að ISDN-væða landið allt. Þá héldu menn að það væri það besta sem væri í boði til einhverrar framtíðar. ADSL-tenging fyrir einstaklinga þótti þá fráleit vegna þess kostnaðar sem fylgdi. Síðan fleygði tækninni fram og nú er gerð krafa um háhraðatengingu, jafnvel á fjarlægustu bóndabýlum. Von mín er sú að með þessum sjóði náum við því markmiði sem réttlátir og framsýnir þingmenn Framsóknarflokksins höfðu á sínum tíma, að tryggja það að hagsmunir landsbyggðarinnar yrðu ekki bornir fyrir borð.

En mér kemur það svolítið spánskt fyrir sjónir þegar hv. þm. Jón Bjarnason hefur á orði að það eigi að setja stjórn þessa fjarskiptasjóðs undir þingið. Ég skil eiginlega ekki hvernig hv. þingmaður ætlar sér þá framkvæmd og hvernig hún fellur á nokkurn hátt undir nútímastjórnsýslu. Það hlýtur að þurfa að ganga frá þessu máli þannig að það sé Al-

þingi á hverjum tíma sem samþykki stefnu í fjarskiptamálum fram í tímann. Það hlýtur að vera sú meginstefnumótun sem byggt er á og síðan hljóta fjárframlög á hverjum tíma að taka mið af henni.

Í ágætum athugasemdum, stuttum og gagnmerkum, við þetta lagafrumvarp er greint frá því hvernig uppbyggingunni er ætlað að vera. Þar er minnt á að samgönguráðherra hafi lagt fram á sínum tíma þingsályktunartillögu um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010. Hún var samþykkt 11. maí sl.

Síðan segir þar:

„Með samþykkt fjarskiptaáætlunar var lagður grunnur að stefnumótun stjórnvalda og aðkomu þeirra að uppbyggingu ýmissa þátta upplýsingasamfélagsins til næstu ára."

Síðan segir jafnframt:

„Samhliða samþykkti Alþingi breytingar á fjarskiptalögum sem lögfesta gerð fjarskiptaáætlunar og endurskoðun hennar í ljósi þróunar og breyttra aðstæðna."

Mér finnst miklu eðlilegra, frú forseti, að slík endurskoðun í ljósi þróunar og breyttra aðstæðna sé hjá fagfólki hvers konar og að sjóðstjórn, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, leiti þá eftir þekkingu og kunnáttu til slíkrar sjóðstjórnar, en ekki að þingið eða einhver sérstök þingnefnd sé að sýsla með þessi mál á hverjum tíma. Þó að mikil sérfræðiþekking liggi fyrir í þingnefndum þá efa ég að í nokkurri þingnefnd sé hún næg til þess að takast þetta verkefni á hendur.

En þarna er gert ráð fyrir sérstökum sjóði og honum er ætlað að skjóta stoðum undir ályktun Alþingis um stefnu í fjarskiptamálum. Síðan er gert ráð fyrir því að ríkissjóður leggi sjóðnum til stofnfé, allt að 2,5 milljörðum, og stjórn sjóðsins ákveði síðan greiðslu fjárins til einstakra verkefna í samræmi við fjarskiptaáætlun og ákvæði fjarskiptalaga.

Hv. þm. Jón Bjarnason, sem mér verður tíðrætt um í þessum ræðustól, enda sjaldan sem við erum sammála þegar talið berst að fjarskiptamálum, efaðist ekki um einlægan vilja ráðherra fjarskiptamála til að byggja upp fjarskipti á landinu öllu. Ég held að hann efist ekkert um einlægan vilja stjórnarmeirihlutans til að standa að því sama. Og, frú forseti, ég held að með því fyrirkomulagi sem þetta frumvarp gengur út á við stofnun þessa sjóðs sé endanlega sýnt fram á að samfara því að selja Landssímann var það einlægur vilji stjórnarflokkanna að tryggja hag landsbyggðarinnar og hinna dreifðu byggða þar sem uppbygging fjarskiptakerfisins er líklega ekki og augljóslega ekki jafnarðbær og uppbyggingin er hérna í þéttbýinu þar sem menn keppast um að veita þjónustu.

[16:33]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að okkur þingmönnum og alþjóð komi ekki á óvart einlægur vilji forustu Framsóknarflokksins til að einkavæða almannaþjónustuna. Það hefur sýnt sig svo rækilega á síðustu árum að forusta Framsóknarflokksins gengur þar meira að segja þannig fram að Sjálfstæðisflokkurinn má hafa sig allan við til að fylgja eftir í þeim einkavæðingaráhuga sem forusta Framsóknarflokksins sýnir.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz gæti kannski rifjað upp hvaða skoðun kjósendur Framsóknarflokksins hafa á stefnu hans í einkavæðingarmálum þegar Gallup-könnun varðandi sölu Landssímans sýndi hvað eftir annað að 70–80% af því fólki sem hafði kosið Framsóknarflokkinn síðast voru andvíg einkavæðingu og sölu Landssímans en stjórn og forusta Framsóknarflokksins keyrði það fram. Einkavæðingaráhugi Framsóknarflokksins á almannaþjónustunni og raforkukerfinu eins og hv. þm. minntist á kemur því engum á óvart. Þar gekk Framsóknarflokkurinn fram í markaðsvæðingu raforkukerfisins og hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins lýsti því yfir í fyrravetur að næst á dagskrá væri að selja orkufyrirtækin. Einkavæðingaráhugi Framsóknarflokksins kemur engum á óvart. En forustan ætti kannski að athuga að kjósendur Framsóknarflokksins við síðustu alþingiskosningar — ég vona að þeir kjósi hann ekki næst — eru ekki sama sinnis samkvæmt skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið og forusta Framsóknarflokksins er í einkavæðingarmálum. Það tekur til Símans og það tekur til raforkunnar og það ætti hv. þingmaður að hafa hugfast.

[16:35]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason reynir enn sem fyrr að gera það tortryggilegt að Framsóknarflokkurinn hafi staðið að einkavæðingu Landssímans. Gert var ráð fyrir því í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að Landssíminn yrði seldur og það er stefna Framsóknarflokksins eins og fleiri flokka að rekstri sem er betur kominn í höndum einkaaðila eigi einkaaðilar að sinna en ekki ríkið að ógleymdum EES-reglunum sem gera ráð fyrir að þetta sé samkeppnisrekstur. Samkeppnisrekstur teljum við betur kominn hjá einkaaðilum en hjá ríkinu.

Hvað varðar skoðanakönnun sem gerð var á því hvort selja ætti Landssímann þá minnir mig, frú forseti, að hún hafi gengið út á hvort ætti að selja grunnnetið með. Það var í rauninni síðasta vígi Vinstri grænna að gera það tortryggilegt að grunnnetið yrði selt með heldur ætti að halda því eftir við söluna en hins vegar held ég að það segi sig alveg sjálft þegar andvirðið er skoðað og það sem fékkst fyrir Landssímann þegar hann var seldur að það hefði ekki orðið sú fjárhæð sem raun ber vitni hefðum við haldið grunnnetinu eftir. Enda eins og hv. þingmaður líklegast veit eða ætti að vita gat svo sem enginn gert grein fyrir því hvað væri grunnnet og hvað væri ekki grunnnet og hvað það væri þá sem ætti að halda eftir.

En ég segi fyrir mitt leyti, frú forseti, að þetta er liðin tíð. Landssíminn hefur verið seldur. Mikil sátt er um það í samfélaginu og sátt um það hvernig andvirði sölunnar verður varið. Hluta af því andvirði verður varið til að byggja upp þennan fjarskiptasjóð til að tryggja jafnræði við landsbyggðina og ég held að flestir sjái það í dag að allri þeirri tortryggni sem Vinstri grænir reyndu eðlilega að sá varðandi söluna á sínum tíma verður eytt þegar fólk verður upplýst um hvernig ríkisstjórnarflokkarnir ætla að standa að því að tryggja hagsmuni landsbyggðarinnar.

[16:37]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur legið fyrir hvað grunnnetið er í

sjálfu sér, hvert megingrunnfjarskiptakerfið var. Hv. þingmaður er því að fara á aðra leið en raun ber vitni.

Ég hef, frú forseti, áhyggjur af því hversu Framsóknarflokkurinn er genginn langt í einkavæðingartrúboði sínu, ég hef bara áhyggjur af því, ég segi það eins og er. Ég held að íbúar úti um hinar dreifðu byggðir hafi einnig áhyggjur, á Vestfjörðum, í Húnavatnssýslum, Norðausturlandi, Austurlandi og víðar þar sem er vitað að engin virk samkeppni verður á fjarskiptamarkaði. En sú grunnþjónusta sem fjarskiptin eru er forsenda fyrir samkeppnishæfri búsetu á þessum svæðum og þeir íbúar vita ósköp vel að einkavæðing og almannaþjónusta leiðir til dýrari og lélegri þjónustu í dreifbýli, enda er reynslan sú annars staðar, hjá öðrum þjóðum. En Framsóknarflokkurinn vill kaupa það hvað sem það kostar.

Ég held t.d. að íbúar á Blönduósi séu ekki ánægðir þar sem fyrstu starfsstöð Landssímans var lokað tveim dögum eftir að gengið var frá greiðslu eða kaupum endanlega. Starfsstöð Landssímans á Siglufirði var lokað. Ég held að þeir viti ósköp vel hvað gerist. Þeir hafa fundið það strax á eigin skinni hvað gerist við einkavæðingu og sölu á almannaþjónustu. Það er dapurt ef forusta Framsóknarflokksins áttar sig ekki á því að hún er komin þarna fullkomlega á skjön við fyrrverandi kjósendur sína í einkavæðingartrúboði sínu á almannaþjónustu út um land, því miður, frú forseti.

[16:39]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason taldi upp ekki einu sinni fjarlægar byggðir, taldi þó upp Vestfirðina þar sem hann taldi að hagur þeirra yrði fyrir borð borinn með sölu Landssímans. En þá liggur næst við að spyrja sem ég ætla þó ekki að gera en ég ætla að árétta það við hv. þingmann — ég ætla ekki að spyrja hann af því að hann geti ekki svarað — að til þess er fjarskiptasjóðurinn þar sem er sjáanlega ekki jafnarðbært að byggja upp fjarskipti og annars staðar á landinu. Það voru slíkir hagsmunir þessara byggða sem við framsóknarmenn og aðrir í ríkisstjórn höfðum í huga og vildum tryggja þegar við samþykktum sölu Landssímans, að tryggt væri að þessar byggðir sem hv. þm. Jón Bjarnason taldi upp, ekki bara Vestfirðirnir heldur aðrir nærtækari og nær þéttari byggðakjörnum, yrðu ekki fyrir borð bornar.

En gagnvart því að Framsóknarflokkurinn vilji einkavæða almannaþjónustuna leyfi ég mér líka að fullyrða, frú forseti, að skammt sé milli mín og Jóns Bjarnasonar þegar kemur að því að einkavæða almannaþjónustu, nánar tiltekið velferðarþjónustuna, því að einkavæðingu vil ég ekki sjá, hvorki í heilbrigðiskerfinu né menntakerfinu. En hins vegar er einkavæðing og einkarekstur, frú forseti, sitt hvað og Framsóknarflokkurinn hefur, þó hann vilji ekki einkavæða og muni aldrei ráðast í það, stutt það þegar kemur að heilbrigðis- og menntakerfinu að tiltekin verkefni séu boðin út og einstaklingar og fyrirtæki taki þau að sér á grundvelli þjónustusamninga. Það sem skiptir meginmáli er að skattborgararnir fái sem mest fyrir þær skatttekjur sem ríkissjóður fær frá þeim, að þetta sé rekið á sem hagkvæmastan hátt án þess að það komi niður á gæðunum og það á við um fjarskiptin alveg eins og velferðarþjónustuna.

[16:41]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð sem ég mælti fyrir og er til meðferðar í þinginu.

Það er kannski aðeins ástæða til að rifja upp nokkur atriði sem tengjast þessu í tilefni þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram. Í fyrsta lagi vil ég segja að í aðdraganda þess að Síminn var seldur og í tengslum við umræður um heimild til sölu Símans var alla tíð mjög skýrt af hálfu beggja stjórnarflokkanna að við legðum mjög ríka áherslu á framfarir á sviði fjarskiptanna og við legðum ríka áherslu á að tryggja eðlilega samkeppni á þessu sviði og við legðum ríka áherslu á að í hinu nýja umhverfi, þar sem við gerum ráð fyrir samkeppnismarkaði á sviði fjarskipta, væri þannig um hnútana búið að hagsmunir hinna dreifðu byggða yrðu ekki fyrir borð bornir. Þetta væri algert grundvallaratriði og ég hef flutt hverja ræðuna á fætur annarri þar sem ég hef fjallað um þetta mikilvæga atriði.

Eitt af því sem ég nefndi í umræðunni var að ég teldi að það að selja grunnnet fjarskiptaþjónustunnar sem væri í eign Símans með, væri partur af því að tryggja til frambúðar eðlilega samkeppni á þessum markaði og tryggja hagsmuni landsbyggðarinnar vegna þess að það regluverk sem við höfum sett upp á grundvelli laga um aðgang að netum og aðgang að heimtaug o.s.frv. eru lykilatriði gagnvart markaðsráðandi fyrirtæki til þess m.a. að tryggja hagsmuni hinna dreifðu byggða. Ég tel að stjórnarflokkarnir hafi verið fullkomlega samkvæmir sjálfum sér í allri þessari vegferð og allri þessari umræðu þegar við tölum um að við viljum með öllum tiltækum ráðum tryggja hagsmuni á sviði fjarskipta fyrir íbúa um landið allt. Þess vegna er þetta frumvarp flutt, frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, sjóður sem á að tryggja slíka hagsmuni.

Við höfum mikla reynslu af þessari framkvæmd sem við erum að leggja upp með á sviði fjarskiptanna. Við erum að leggja upp með fjarskiptasjóð sem er ætlað að bjóða út — og Póst- og fjarskiptastofnun á að sjá um þá framkvæmd — þessa þjónustu. Ég tel að hv. þm. Jón Bjarnason ætti að hlusta vandlega núna vegna þess að hér er heilmikið lykilatriði á ferðinni. Hann hefur nefnilega allt á hornum sér og virðist vera á móti þessari fyrirhuguðu stórkostlegu uppbyggingu í þjónustu um landið og það verður rifjað upp þegar það passar á réttum stöðum til þess að upplýsa fólk um framgöngu hv. þingmanna Vinstri grænna.

Við höfum mikla reynslu í þessari aðferðafræði. Hver er hún? Jú, að sjálfsögðu höfum við mikla reynslu í uppbyggingu samgöngukerfisins, veganna, hafnanna og flugvallanna þar sem við bjóðum út framkvæmdir og þjónustu, t.d. rekstur ferjuþjónustunnar. Við höfum boðið það allt saman út með miklum og góðum árangri. Það hefur sýnt sig. Sem dæmi þar um er að við höfum boðið út ferjusiglingarnar til Vestmannaeyja og við höfum náð þeim árangri að við höfum fjölgað ferðum um 72% frá því að ferjusiglingarnar voru boðnar út en kostnaðurinn er mjög í hófi. Við höfum boðið út flug til jaðarbyggða og við erum að bjóða núna út sérleyfin, fólksflutninga á landi, þannig að við höfum mikla

reynslu á því að fara þessa leið, útboðsleið, til að tryggja almannaþjónustu á sviði samgangna. Ég tel því að sú leið sem við erum að velja hér sé hárrétt og við höfum aflað okkur mikillar reynslu við að byggja þetta upp.

Hv. þm. Kristján L. Möller sagði að við hefðum átt að gera þetta allt saman fyrir löngu sem við erum að leggja á ráðin um í fjarskiptaáætluninni. Hvernig væri það ef við hefðum nú ákveðið fyrir löngu hvernig þetta ætti allt saman að vera í fjarskiptunum? Hv. þm. Jónína Bjartmarz kom réttilega inn á það hér að fyrir nokkrum árum settum við í lög að ISDN-þjónustan væri partur af alþjónustunni vegna þess að þá var hún sú tækni þá sem allir sóttust í. Allir voru að sækjast eftir því að fá ISDN-tengingarnar heim til sín og ég flutti frumvarp til laga um breytingar á fjarskiptalögunum sem skyldaði markaðsráðandi fyrirtæki til að veita þessa þjónustu. Síðan líður tíminn og tækninni fleygir fram. Við höfum varla haft við að taka við þessum miklu breytingum á sviði tækni í fjarskiptum þannig að það sem við hefðum átt að vera fyrir löngu búnir að gera í gær er kannski orðið úrelt á morgun. Við skulum gæta okkar á því að (**JBjarn:** Við vorum ...) ætla okkur ekki um of í þessu. En aðalatriðið er að með fjarskiptasjóði erum við að leggja á ráðin um að hann standi fyrir uppbyggingu þjónustu sem dugar okkur í framtíðinni.

Hv. þm. Jón Bjarnason sagði að hér væri verið að stoppa í verstu götin í uppbyggingu kerfisins. Ég tel að það sé rangt. Með þeim áformum sem fjarskiptaáætlunin gerir ráð fyrir erum við að brjóta ísinn um leið og við fylgjum þróuninni og nýtum okkur tæknina. Ég minni á að nýlega er búið að bjóða tíðnir vegna stafræns útvarps og sjónvarps og þar kepptust aðilar um að fá úthlutað tíðnum á því sviði. Hér er satt að segja allt á fljúgandi ferð í því að nýta tæknina og fylgja henni eftir.

Ég gat þess í andsvari við ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar vegna þess að hann kvartaði undan því að þetta færi ekki í gegnum fjárlagaafgreiðslu, að í fjáraukalögunum fyrir árið í ár er sjálfsögðu fjallað um þetta. Heill milljarður er settur í fjáraukalögin á þessu ári til þess að geta boðið út strax og búið er að samþykkja þessi lög. Við höfum þá milljarð króna til að bjóða út uppbyggingu GSM-símkerfisins á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Ég vil segja að gefnu tilefni að ekkert annað stendur til en að fylgja fjarskiptaáætluninni og við gerum ráð fyrir því að bjóða út farsímakerfin eins og ég hef margsinnis getið um.

Spurt var hvaða arðsemiskröfur yrðu gerðar þarna. Það verður að sjálfsögðu stjórnar sjóðsins og verkefnastjórnarinnar að fara yfir það. En kröfurnar sem við gerum með þessu frumvarpi og kröfurnar sem við gerðum í fjarskiptaáætluninni voru þær að þessi þjónusta yrði veitt á þjóðvegum landsins, þ.e. farsímaþjónustan, og á fjölförnum ferðamannastöðum og að veitt yrði þjónusta í gegnum gervihnetti, þ.e. útvarps- og sjónvarpssendingar, og að við legðum ríka áherslu á að háhraðatengingar byggðust upp á næstu missirum. En auðvitað verðum við að fara leiðir — ég ætla ekki að fara nánar út í það — sem tryggja okkur það að sjálfsögðu að fjarskiptafyrirtækin keppist um að veita þessa þjónustu án stuðnings. Þarna er mjög vandmeðfarið og vandratað meðalhófið og það verður mjög vandasamt verkefni að finna út hvar þau svæði eru sem á að styrkja úr þessum sjóði uppbyggingu t.d. farsímakerfisins. Ég tek því bara undir að það er ekkert gefið fyrir fram hvar þessi svæði verða eða hvar þau eiga að verða sem ríkissjóður í gegnum fjarskiptasjóðinn á að veita stuðning til uppbyggingar. En ég hef mikla trú á því að það ágæta fólk sem mun vinna að þessu, m.a. á vettvangi Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem eru okkar öflugustu sérfræðingar á þessum sviðum, muni leysa það verkefni. Ég tek undir það að farsímakerfin eru öryggiskerfi. Ég hef marglýst því yfir hér og við þurfum að vinna þetta í því ljósi.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson vakti athygli á því að hér væri ekki tilgreint hversu margir varamenn ættu að vera skipaðir í stjórnina. Ég tel sýnt að þeir ættu að geta verið jafnmargir og aðalmenn í stjórninni þó að það sé út af fyrir sig ekki alls staðar meginregla í stjórnum að varamenn séu jafnmargir. En samkvæmt frumvarpinu er það í valdi ráðherra hversu marga varamenn hann skipar í stjórnina.

Vegna þeirra athugasemda sem hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði við þann texta sem hér er í almennum athugasemdum um að greiðslur úr sjóðnum eigi að vera í samræmi við forgangsröðun ríkisstjórnarinnar þá er ekki átt þar við að tvær fjarskiptaáætlanir eigi að vera í gangi heldur verðum við að sjálfsögðu að gera ráð fyrir því að greiðslur úr þessum sjóði séu í samræmi við fjármálastjórn ríkisins innan hvers fjárlagaárs þannig að þar sé öllu til skila haldið, þar sé góð reiða á fjármálum og þeir hlutir allir í góðu fari. Annað er ekki hugsað þarna. Það er ekki svo að það eigi að vera sérstök fjarskiptaáætlun ríkisstjórnarinnar sem er önnur en fjarskiptaáætlun sú sem Alþingi hefur fjallað um og samþykkt.

Virðulegur forseti. Ég held að ekki sé ástæða til að hafa þessi orð fleiri. Ég vil bara þakka fyrir ágætar undirtektir. Í grunninn heyrist mér að þeir ágætu þingmenn sem hér hafa talað séu sammála í raun. Ég undirstrika það sem kom fram hjá hv. þingmönnum Jónínu Bjartmarz og Siv Friðleifsdóttur að stjórnarflokkarnir hafa markað mjög skýra stefnu um að við viljum tryggja, um leið og við höfum selt með þvílíkum ágætum Símann, þessa þjónustu á sviði fjarskiptanna sem best um allt land þannig að við getum nýtt okkur til atvinnuuppbyggingar kosti fjarskiptakerfanna og getum nýtt okkur þá t.d. til þess að auka aðgengi almennings að menntun um landið allt og skapað þannig betri búsetuskilyrði í landinu.

[16:55]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra fór aðeins meira inn á hvernig þessi nýi fjarskiptasjóður starfar og ég tek undir það að mjög mikilvægt er að það markmið náist að byggja upp öflugt fjarskiptakerfi um allt land eins og fjarskiptaáætlun segir til um.

Eitt atriði finnst mér þó standa út af og vil heyra álit ráðherrans á því. Segjum að upp komi upp ágreiningur um hvort það að byggja upp ákveðin fjarskipti á viðkomandi svæði sé það óarðbært að ríkið eigi að koma þar að eða ekki. Við skulum taka sem dæmi GSM-þjónustu í Vestur-Húnavatnssýslu. Sjóðurinn segir að þetta sé það arðbært að fjarskiptafyrirtækin geti gert þetta. Fjarskiptafyrirtækin segja að þetta sé ekki nægilega arðbært til að þau geri það.

Er hægt að skikka fjarskiptafyrirtækin til þess að setja upp þjónustu við þær aðstæður sem þarna um ræðir? Sjóðurinn telur að arðsemin sé næg en fyrirtækið segist ekki hafa áhuga á að gera þetta núna strax. Fjarskiptaáætlun segir að þetta eigi að gerast og til að fjarskiptaáætlun nái fram að ganga þarf að vera hægt að beita boðvaldi annars vegar gagnvart þessum sjóð og hins vegar gagnvart fjarskiptafyrirtækjunum. Eru lagaheimildir fyrir hendi til þess að beita fjarskiptafyrirtækin því boðvaldi?

[16:57]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sennilega þyrfti mjög mikið til að koma ef stjórnvöld gætu beitt boðvaldi. Af því að ég veit að hv. þingmaður þekkir vel til í landbúnaðinum, hvernig litist honum þá á sem gömlum bónda ef tilskipun kæmi frá landbúnaðarráðherranum um hversu mikið hann ætti að framleiða og hann ætti að framleiða það hvað sem það kostaði, hvort sem það væri arðbært eða óarðbært? Það liggur alveg fyrir að stjórnvöld geta ekki skikkað fjarskiptafyrirtækin til að byggja upp kerfi. Þess vegna tel ég engar líkur á því að gerð verði tilraun til þess. Ég held hins vegar að samkeppnin hjá fjarskiptafyrirtækjunum sé nægjanlega mikil til þess að ekki þurfi að beita þau neinum þrýstingi til þess að koma upp viðskiptatækifærum til þess að hagnast á þeim þar sem það er hægt. Ég held að hinn frjálsi markaður sem Adam Smith skrifaði svo ágætlega um á sínum tíma, og hv. þingmaður Vinstri grænna ætti að kynna sér alveg sérstaklega og rifja upp, muni sjá um þetta. Sóknin í viðskipti á sviði fjarskipta mun verða til staðar þar sem arðs er von.

[16:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir þau lokaorð hæstv. ráðherra að fjarskiptafyrirtækin muni náttúrlega leggja sig fram um að skapa þjónustu þar sem arðs er von. En þar sem arðs er ekki von munu þau náttúrlega ekki leggja sig fram.

Staðreyndin er sú að hér ríkir hreint fákeppnisumhverfi í fjarskiptum og á stórum hluta landsins ríkir hrein einokun í fjarskiptum, einkavædd einokun. Það er ekkert um að ræða neina frjálsa samkeppni sem drifkraft í stórum hluta landsins. Og hvaða samkeppni er það að vera kannski með eitt eða tvö meginfyrirtæki á hinum hluta landsins? Það er fákeppni, frú forseti. Ég verð að segja að sá heimur sem hæstv. ráðherra hrærist í varðandi það að samkeppniskrafturinn dríf áfram þjónustuna getur verið raunverulegur í meginþéttbýlinu. En út um land er hann ekki fyrir hendi og ekki er fyrirsjáanlegt að hann verði fyrir hendi á næstunni. Við munum þar standa frammi fyrir fákeppni og jafnvel einkavæddri einokun í fjarskiptum á stórum hluta landsins. Það verður vandi að sjá hvernig hægt er að tryggja jöfnuð um land allt hvað þetta varðar.

[17:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að á sumum hlutum landsins erum við í þeirri stöðu að nauðsynlegt er að ríkissjóður komi að fjarskiptaþjónustunni. Þess vegna er þetta frumvarp flutt og það er mergurinn málsins.

Við höfum markað mjög skýran ramma um hvernig skuli standa að þessu. Ég tel að samgöngunefnd, sem fær það hlutverk að fara yfir þessar hugmyndir og frumvarpið sem hér er til meðferðar, geti kallað til þá sem þekkja best til þessara mála til að skýra fyrirhugaða framkvæmd sem allra best. Ég er sannfærður um að hv. samgöngunefnd mun vinna það verk vel eins og annað sem hún tekur sér fyrir hendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnmálaþátttaka, áhrif og völd kvenna, fyrri umr.

Þáltill. JBjart o.fl., 29. mál. — Þskj. 29.

[17:02]

Flm. (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um könnun á viðhorfum og væntingum til stjórnmálaþátttöku, áhrifa og valda kvenna. Tillagan er á þskj. 29 og þetta er 29. mál.

Ég verð að segja, frú forseti, að það gleður mig sérstaklega að fá að mæla fyrir tillögunni í lok þessa þingfundar í dag þar sem þetta er síðasti þingfundur fyrir næstkomandi mánudag, mánudaginn 24.október, en þá verða liðin 30 ár frá kvennafrídeginum. Því gleður það mig sérstaklega að fá tækifæri til að mæla fyrir máli þessu hér og nú.

Frú forseti. Hugmyndin að viðfangsefni þessarar tillögu til þingsályktunar varð til á málþingi íslenskra, grænlenskra og færeyskra þingkvenna um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum sem haldið var á vegum færeyska þingsins í Þórshöfn á síðastliðnu sumri. Umræðurnar snerust öðru fremur um ástæður þess að ekki eru fleiri konur á þingi svo og um muninn sem er á hlut kvenna á þingum þessara þriggja landa. Tölur sýna að gengi þingkvenna er mjög mismunandi í þeim. Konum fækkaði á Alþingi í síðustu alþingiskosningum. Þeim fjölgaði á hinn bóginn mikið á grænlenska þinginu og eru nú yfir 30% þingmanna, meðal annars vegna þeirrar breytingar að landið var gert að einu kjördæmi. Hins vegar kom það spánskt fyrir sjónir að ekki eru nema þrjár konur á færeyska þinginu, 9% þingmanna. Það stafar einkum af kosningafyrirkomulaginu en þær fengu samtals 20% atkvæða.

Við lok málþingsins voru dregnar saman helstu áherslur í inngangserindum og umræðum. Ein þeirra, sem þingheimur var sammála um, laut að þörf þess að kanna viðhorf meðal kjósenda og hverjar væntingar þeirra væru til stjórnmálaþátttöku kvenna.

Það var svolítið sérkennilegt — en þetta er ein af okkar nánustu grannþjóðum, Færeyingar — að heyra á færeysku þingkonunum að þær töldu það ríkjandi viðhorf í Færeyjum, ekki síst hjá færeyskum konum meðal kjósenda, að stjórnmál væru hlutverk karla, að karlar ættu að sinna stjórnmálum en hlutur konunnar væri að vera heimavinnandi. Þetta sögðu færeysku þingkonurnar blákalt, að þær nytu ekki stuðnings kvenna vegna hugmynda færeyskra kjósenda, m.a. kvenkyns kjósenda, um hlutverkaskiptingu.

Þær vildu meina að fylgi þeirra væri ekkert síður frá körlum en konum.

Þá vöknuðu spurningar um að hugsanlega væru mismunandi viðhorf til kvenna hjá þessum þremur frændþjóðum og að gerðar væru mismunandi væntingar meðal þeirra til þátttöku kvenna í stjórnmálum. Okkur flutningsmönnum þessarar tillögu þótti vel við hæfi að Alþingi Íslendinga ætti frumkvæði að gerð slíkrar könnunar. Það mætti hugsa sér að hinar nánu frændþjóðir okkar gætu síðar notið góðs af og haft hana til hliðsjónar við sambærilega vinnu í þjóðþingum sínum.

Meðflutningsmenn ásamt mér á þessu máli eru hv. þingmenn Anna Kristín Gunnarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir, sem sátu allar þetta málþing. Auk þeirra eru meðflutningsmenn að málinu hv. þingmenn Gunnar Örlygsson, Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Segja mætti að útgangspunktur þessa máls sé sá að jafnræði með körlum og konum á vettvangi stjórnmálanna snýst, eins og á öðrum sviðum, um að samfélaginu nýtist sá auður sem býr í krafti kvenna. Ætla má að um það ríki almenn sátt í íslensku samfélagi að það sé bæði eðlilegt og sanngjarnt að konur og karlar komi jafnt að allri stefnumótun og ákvarðanatöku, áhrifum og völdum. Raunin er hins vegar önnur. Ef við tökum mið af Gallup-könnun sem gerð var haustið 2003 þá kom fram að 83,9% þeirra sem spurðir voru töldu stöðu karla vera betri en stöðu kvenna í íslensku samfélagi.

Á vettvangi stjórnmálanna hefur hægt miðað við að ná því markmiði að tryggja jöfn lýðréttindi kvenna og karla og mun hægar á Íslandi en hjá nánustu frændþjóðum okkar, sem hafa í mun meira mæli beitt sérstökum úrræðum, eins og kynjakvótum og fléttulistum, til að tryggja aukinn hlut kvenna. Tölulegar kyngreindar upplýsingar og staðreyndir sýna svart á hvítu hver staða kvenna er. Í greinargerð með þessari tillögu er staðhæft að þær upplýsingar sýni afturför á ákveðnum sviðum. Það hefur vissulega orðið framgangur á ákveðnum sviðum en afturför eða stöðnun á öðrum. Það vekur ugg um hvert stefnir. Annars vegar eru upplýsingar sem einar og sér sýna mjög sterka og þýðingarmikla stöðu kvenna í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Marktækt fleiri konur en karlar ljúka námi í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum. Í háskólum er hlutur kvenna 63%. Menntun kvenna vegur því þyngra en karla fyrir mannauðinn sem talinn er grunnurinn að samkeppnishæfni þjóðarinnar. Þrátt fyrir þetta, mikla atvinnuþátttöku og hátt menntunarstig, eiga íslenskar konur hlutfallslega næstflest börn allra kvenna í Evrópu. En barneignir eru ráðandi þáttur fyrir efnahagslega afkomu vegna aldurssamsetningar þjóðarinnar.

Eins og ég nefndi er atvinnuþátttaka kvenna meiri hér en í nokkru öðru OECD-ríki, eða 83%. Enn eru ekki merki um það, sem menn hafa t.d. séð í Þýskalandi og Sviþjóð, að konur velji að eiga ekki börn til að geta óhindrað einbeitt sér að því að nýta menntun sína og ná frama í starfi. Þetta er orðið áhyggjuefni í sumum nágrannalöndum okkar vegna áhrifanna á aldurssamsetninguna. Það er kannski rétt að geta þess í þessu samhengi að Frakkar, las ég nýlega í blaðagrein, eru farnir að verðlauna konur sérstaklega sem ná því marki að eignast þriðja barnið. Þetta sýnir kannski hve mikið er lagt upp úr barneignum og aldurssamsetningu samfélagsins meðal annarra þjóða.

Ég hef talið upp nokkur atriði sem sýna hve sterka stöðu konur hafa og hve þýðingarmiklar þær eru fyrir íslenskt atvinnulíf. Hins vegar sýna staðreyndir og tölulegar upplýsingar hve illa konur standa gagnvart öllum áhrifum og völdum í samfélaginu. Innan stjórnsýslunnar eru aðeins tvær konur ráðuneytisstjórar og aðeins 15 deildarstjórar af 60 eru konur. Meðaltalshlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta er aðeins 30%. Engin kona er forstjóri eða stjórnarformaður í 10 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum né 10 stærstu fjármálafyrirtækjunum. Í 50 stærstu íslensku fyrirtækjunum er aðeins einn kvenforstjóri og einn kvenstjórnarformaður.

Svo er það kynbundinn launamunur sem mikið hefur verið rætt um upp á síðkastið, ekki síst í tengslum við næstkomandi mánudag, 24. október og 30 ára afmæli kvennafrídagsins. Ef litið er fram hjá lengd vinnutíma þá nema laun kvenna aðeins rúmum 60% af launum karla. Á seinustu árum var meira að segja talið að hlutur kvenna hefði lækkað um skeið. Ekki má gleyma því að hlutur kvenna í sveitarstjórnum var 2002 31,1%, sem var aðeins 3% fjölgun frá kosningunum 1998.

Í sjálfu sér er enginn ágreiningur um formleg markmið og leiðir í baráttunni fyrir jöfnum rétti og jafnri stöðu karla og kvenna. Jafnréttisáætlanir hafa verið samþykktar einróma af þingheimi og almenn samstaða er um samþættingarleiðina. Lagaleg staða karla og kvenna er orðin jöfn, þ.e. eftir orðanna hljóðan, eftir að karlar fengu sama rétt og konur til fæðingarorlofs. Á hinn bóginn standa eftir fjölmörg ákvæði í lögum sem eru ókynbundin í orði en koma misjafnlega við konur og karla, svo sem ýmis ákvæði kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Að mörgu leyti hefur lítið miðað í rétta átt undanfarin ár í baráttunni fyrir jöfnum rétti og jafnri stöðu karla og kvenna. Auk þess þykjast margir sjá merki um bakslag á ýmsum sviðum, sem leita þurfi skýringa á, ekki síst því að þingkonum fækkaði í síðustu alþingiskosningum.

Markmið þessarar tillögu er að leita að rót vandans en tillagan er takmörkuð við könnun á stöðu kvenna í stjórnmálum og leit að ástæðum hennar í afstöðu og viðhorfum meðal almennings, kvennanna sjálfra og innan fjölmiðlanna.

Raunin er sú að konur hafa sýnt að þær standa körlum hvergi að baki, hvorki á vettvangi stjórnmálanna né annars staðar. Ein eða fleiri kvenfyrirmyndir eru til á nær öllum sviðum íslensks samfélags í hefðbundnum karlastörfum og -stöðum. Konur hafa hin síðari ár öðru fremur gert þá kröfu að vera aðeins metnar að verðleikum og almennt ekki reynt að höfða til kjósenda sem konur, vegna kynbundinna verðleika eða sérstakra áherslna á hin svokölluðu mjúku mál. Hvorki konur né karlar hafa sérstaklega haldið á lofti árangri eða ávinningi samfélagsins af stjórnmálaþátttöku kvenna eða þeim breytingum sem orðið hafa á viðfangsefnum í stjórnmálum með auknum hlut kvenna.

Margir halda því fram að rýrari hlutur kvenna í stjórnmálum stafi fyrst og fremst af rýrari hlut þeirra sem félagsmanna í stjórnmálaflokkum og einnig er því oft haldið fram

að starf í stjórnmálaflokkum sé allt á forsendum karla, veki síður áhuga kvenna og laði þær síður að. Aðrir halda því fram að litlu skipti þó að konum fjölgi á Alþingi, jafnvel þó að þær næðu 40% hlut, meðan þær vinna ekki saman þverpólitískt og verða raunverulegt pólitískt afl. Sumir halda því fram að karlar í stjórnmálum noti konur til að sýna kjósendum jákvæða hlið sína og flokksins, þeim sé bara hossað og hampað fyrir kosningar en ýtt til hliðar og frá völdum og áhrifum að kosningum loknum. Sumir kenna þessu um og því væri áhugavert að fá að heyra viðhorf kjósenda, ekki síst kvenkyns kjósenda. Sumir telja að þær vanti baklandið, sterkt bakland kvenna sem styðji þær og hvetji þær til að standa fyrir sínu. Það vekur spurninguna, sem er viðfangsefni þessarar tillögu, um hvað konur standa fyrir í íslenskri pólitík í augum kjósenda. Sjá kjósendur skýrar ástæður til að styðja aukinn hlut kvenna í stjórnmálum? Óhjákvæmilega yrði það á kostnað karla því að valda- og áhrifastöður eru fyrir fram ákveðin stærð.

Í greinargerð er staðhæft að viðhorf kjósenda ráði í raun öllu um hvort konur ná jafnræði á við karla. Ég er ekki viss um að það sé rétt en þau ráða a.m.k. mestu um hvort konur ná jafnræði við karla á vettvangi stjórnmálanna.

Síðan þarf náttúrlega að huga að hlut fjölmiðla í þessum málum. Þegar hlutur kvenna í fjölmiðlum, í undanfara síðustu alþingiskosninga, var skoðaður áttu þær aðeins 24% hlut sem þátttakendur í umræðuþáttum. Gaf þessi fjórðungsþátttaka fyrir fram óyggjandi vísbendingu um hver uppskera kvenna yrði?

Frú forseti. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd er kanni viðhorf til kvenna í stjórnmálum, til áhrifa kvenna og valda og til gildis og þýðingar stjórnmálaþátttöku kvenna fyrir samfélagið. Nefndin kanni sérstaklega afstöðu almennra kjósenda, karla og kvenna, en leiti jafnframt eftir sjónarmiðum kvenna sem tekið hafa þátt í stjórnmálastarfi, svo og viðhorfum fjölmiðla, þ.e. blaðamanna og þáttastjórnenda af báðum kynjum.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar og mat á þeim fyrir 1. desember 2006."

[17:18]

Brynja Magnúsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er alls ekki andsvar þar sem ég er fyllilega sammála þingsályktunartillögunni. Eins og komið hefur fram töldu 83,9% aðspurðra í einni Gallupkönnuninni stöðu karla vera betri en stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Upplifun þessa fólks á samfélaginu eða mat þess hlýtur að koma einhvers staðar frá og má álíta sem svo að kvenfyrirmyndir skorti hvort heldur er í fjölmiðlum, atvinnulífi eða stjórnmálum. En í greinargerð með tillögunni segir, með leyfi forseta: „Tölulegar kyngreindar upplýsingar og staðreyndir sýna svart á hvítu hver staða kvenna er, þær sýna afturför á ákveðnum sviðum og vekja jafnframt ugg um hvert stefnir."

Það er staðreynd að hlutur útskrifaðra kvenna í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum er 63% og því virðist sem við stöndum okkur nokkuð vel á menntasviðinu. Eins er atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi mjög mikil eða um 83% en þrátt fyrir það stöndum við illa að vígi hvað varðar áhrifa- og valdastöður í þjóðfélaginu. Ég tel því mikilvægt að fara yfir þessi mál með sérstöku tilliti til kvenfyrirmynda eða birtingarmynda kvenna til að grafast fyrir um undirliggjandi ástæður, hvort viðhorf í samfélaginu séu ástæða þess að ákveðið bakslag er komið í jafnréttisbaráttuna eða hvort einhverjar aðrar ástæður liggi að baki, og þess vegna er ég ánægð með þessa þingsályktunartillögu.

[17:19]

Flm. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég stóð í þeirri trú að hv. þingmaður væri með ræðu og hafi falist spurning í andsvarinu fór hún að einhverju leyti fram hjá mér. En því má halda fram að bakslag hafi orðið og ástæðan fyrir því að ég segi það er kannski fyrst og fremst að raunin er sú að þegar konur ræða jafnréttismál, og það eru yfirleitt konur sem ræða jafnréttismál, tala þær yfirleitt yfir öðrum konum. Oftar en ekki er það svo þegar konur vilja ræða jafnréttismál við karla að þá hefur sýnt sig að áhuginn er óskaplega lítill. Ég held að til þess að ná árangri á þessu sviði — ég veit ekki hvort hægt væri að skipta um nafn og kalla baráttuna einhverju öðru nafni — náum við aldrei neinum árangri nema karlar komi að þessu máli með konunum. Þið sjáið bara réttlætið í því og að það eru ekkert annað en góð og gild og jafnvel fjárhagsleg rök fyrir því fyrir samfélagið að nýta þann auð sem er í krafti kvenna. Það má segja að þar sem prósentutölur sýna fram á rýrari hlut kvenna sé ekki verið að nýta þann auð sem býr í krafti kvenna til jafns við karla. Það hlýtur að vera endanlega markmiðið. Það er tækifæri samfélagsins að nýta hann en ekki endilega kvennanna þó að segja megi að endanlegt jafnrétti hafi auðvitað ekki náðst fyrr en karlar og konur skipta öllu með sér til helminga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Höfundalög, 1. umr.

Stjfrv., 222. mál (EES-reglur). — Þskj. 222.

[17:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 43/1975, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta sem samið var á vegum ráðuneytis menntamála er nú lagt fram öðru sinni en ekki reyndist tími til að ljúka afgreiðslu þess á síðasta þingi. Meginefni þess er höfundaréttur og skyld réttindi í upplýsingasamfélaginu, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001, um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða nær sama frumvarp og lagt var fram á síðasta þingi en þó hefur verið gerð ein breyting á því sem ég mun gera grein fyrir síðar í ræðu minni.

Rétt er að fara aðeins yfir aðdraganda tilskipunarinnar

en með tilkomu netsins hefur höfundarétturinn orðið enn alþjóðlegri en áður. Í desembermánuði 1996 í Genf samþykktu 120 þjóðir á ráðstefnu Alþjóðahugverkastofnunarinnar tvo samninga til þess að takast á við þau vandamál sem fylgja hinni nýju tækni, og eru þeir af þeim sökum í daglegu tali kallaðir Internet-samningar WIPO. Annars vegar er samningur um réttindi höfunda og hins vegar samningur um réttindi listflytjenda og framleiðenda hljóðrita. Báðir samningarnir gengu í gildi á árinu 2002 þar sem tilskilinn fjöldi ríkja, þ.e. 30, hafði þá fullgilt samningana. Með tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu gefa ESB-ríkin og EFTA-ríkin innan EES forskrift að samræmingu höfundaréttar síns til þess að mæta kröfum Internet-samninga WIPO.

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti tilskipunina sem breytingu á XVII. viðauka EES-samningsins um hugverkaréttindi á fundi sínum 9. júlí 2004 og varð tilskipunin hluti af EES-samningnum 10. júlí 2004. Á síðasta þingi var samþykkt tillaga til þingsályktunar um staðfestingu þessarar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XVII. viðauka við EES-samninginn sem fjallar eins og áður sagði um hugverkaréttindi.

Auk þess að laga EES-réttinn að ákvæðum WIPO-samninganna er tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu almennt ætlað að samræma frekar höfundarétt á EES-svæðinu til þess að misræmi í löggjöf ríkjanna hafi ekki skaðleg áhrif á starfsemi innri markaðarins. En tilskipunin um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu er sú sjötta í röðinni og í raun hin umfangsmesta fram til þessa.

Meginþættir og helstu nýmæli tilskipunarinnar eru í fyrsta lagi að þar kemur fram að tilskipunin feli í sér útvíkkun á einkarétti rétthafa til eftirgerðar. Tekin eru af öll tvímæli um að einkarétturinn til eftirgerðar nær einnig til eintaka á stafrænu formi. Rétthöfunum er þannig áskilinn einkaréttur til að heimila eða banna, með beinum eða óbeinum hætti, tímabundna eða varanlega eftirgerð með hvaða hætti sem er og í hvaða formi sem er, í heild eða að hluta, þar með talið á stafrænu formi.

Einkarétturinn til eftirgerðar er veittur höfundum vegna verka þeirra, listflytjendum vegna upptakna á flutningi þeirra, framleiðendum hljóðrita vegna hljóðrita þeirra, framleiðendum frumupptakna kvikmynda vegna frumrita og afrita af kvikmyndum þeirra og útvarpsfyrirtækjum að því er varðar upptökur á útvarpi þeirra, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þar með talið útsendingar um kapal eða gervihnött. Að mati höfundaréttarnefndar er ákvæði 3. gr., sbr. 2. gr. gildandi laga, nægilega víðtækt til að fela í sér allt framangreint eins og nánar kemur fram í greinargerð með frumvarpinu.

Í tilskipuninni er í öðru lagi mælt fyrir um einkarétt til miðlunar verka til almennings og einkarétt til að gera annað efni aðgengilegt almenningi. Í hinu síðarnefnda felst réttur höfunda til að heimila eða banna hvers konar miðlun verka sinna til almennings um þráð eða þráðlaust, þar með talið að gera verk sín aðgengileg með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs. Hér er átt við miðlun til almennings sem er ekki staddur á þeim stað þar sem miðlunin fer fram, t.d. á netinu.

Einkaréttur til þess að gera annað efni en höfundaverk aðgengilegt almenningi er veittur rétthöfum hinna skyldu réttinda. Að mati höfundaréttarnefndar er hugtakið „birting" samkvæmt ákvæðum 3., 4., 5. og 6. mgr. 2. gr. gildandi laga svo víðtækt að það telst fela í sér allt framangreint eins og kemur einnig fram í greinargerðinni, svo vitnað sé höfundaréttarnefnd og mat hennar.

Tilskipunin áskilur í þriðja lagi höfundum einkarétt til þess að heimila eða banna hvers konar dreifingu til almennings á frumritum eða afritum verka þeirra með sölu eða á annan hátt. Samkvæmt gildandi íslenskum höfundalögum má líta svo á að dreifingarréttur höfunda sé talinn vera hluti af einkarétti hans til birtingar á verki eins og segir í 3. gr., sbr. 2. mgr. 2. gr. höfundalaga.

Tilskipunin felur jafnframt í sér að tekin skuli upp svokölluð evrópsk tæmingarregla. Í tæmingu dreifingarréttar felst í reynd að réttur höfundar til þess að hamla dreifingu verka sinna á markaði fellur niður þegar búið er að selja fyrsta eintakið af verkinu, enda standi höfundur sjálfur að sölunni.

Yfirleitt er litið svo á að tæming dreifingarréttarins sé alþjóðleg, nema annað sé sérstaklega ákveðið, þ.e. að ef verk er komið löglega í dreifingu einhvers staðar í heiminum geti höfundur ekki stöðvað frekari dreifingu. Svæðisbundin tæmingarregla, eins og hin evrópska tæmingarregla samkvæmt tilskipuninni, hefur það hins vegar í för með sér að höfundi er áskilinn réttur til þess að hamla dreifingu innan EES nema fyrsta eintak þess hafi verið selt eða með öðrum hætti framselt innan svæðisins. Sem dæmi um beitingu hinnar evrópsku tæmingarreglu má nefna að höfundur, sem sett hefur eintök verks síns á markað í Bandaríkjunum, getur ákveðið að þeim eintökum megi ekki dreifa á EES-svæðinu.

Í norrænum höfundarétti hefur til þessa verið byggt á reglunni um alþjóðlega tæmingu, en nú ber að taka upp evrópska tæmingarreglu.

Samkvæmt tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu gildir tæming dreifingarréttarins aðeins um áþreifanleg eintök höfundaverks, en kemur ekki til álita þegar um þjónustu er að ræða og þá einkum beinlínuþjónustu.

Í fjórða lagi geymir tilskipunin ákvæði um þær takmarkanir sem höfundar og rétthafar skyldra réttinda þurfa að sæta eða geta þurft að sæta á þeim einkaréttindum sem þeim eru tryggð með tilskipuninni. Takmarkanirnar þjóna þeim megintilgangi að auðvelda notendum, í sérstökum tilvikum, aðgang að efni sem fellur undir vernd höfundaréttar. Í forsendum tilskipunarinnar er lögð á það áhersla að endurmeta þurfi gildandi undantekningar frá réttindum og takmarkanir á þeim með hliðsjón af hinu nýja rafræna umhverfi. Bent er á að sá munur sem er á undantekningum og takmörkunum í ríkjunum hafi bein, neikvæð áhrif á starfsemi innri markaðarins fyrir höfundarétt og skyld réttindi. Til þess að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins beri að skilgreina slíkar undantekningar og takmarkanir á samræmdari hátt.

Samræmingin að því er lýtur að undantekningunum er því aðallega fólgin í tveimur atriðum. Í fyrsta lagi var tekin upp ein undantekning frá einkaréttindunum sem skylt er að

gera. Þessi undantekning heimilar, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, tímabundnar og tilfallandi eftirgerðir, sem verða til í tækniferli, til dæmis við umferð gagna á netinu, og var nauðsynleg vegna þess að einkarétturinn til eftirgerðar í 1. gr. var skilgreindur svo víðtækur að hann nær meðal annars til þess háttar eftirgerða. Í öðru lagi var sett í tilskipunina skrá um tuttugu valfrjálsar undantekningar á einkaréttinum til eftirgerðar og einkaréttinum til miðlunar til almennings. Þessi skrá er tæmandi. Undantekningar í landslögum, sem ekki falla undir þessa skrá, ber því að fella úr gildi eða breyta þeim. Þess mun ekki gerast þörf að fella alveg niður neinar undantekningarheimildir sem nú eru í höfundalögunum, en í ýmsum tilvikum þarf að laga undantekningar að skilyrðum sem áskilin eru í tilskipuninni. Þær breytingar eru einkum bundnar við að notkun fari ekki fram í tilgangi sem skilgreina má sem fjárhagslegan.

Í fimmta lagi hefur tilskipunin að geyma ákvæði um vernd tæknilegra ráðstafana. Með beitingu slíkra ráðstafana er ætlun rétthafa að koma í veg fyrir óheimil not af efni. Dæmi um tæknilega ráðstöfun er afritunarvörn á hljómdiskum og mynddiskum. Annars konar tæknileg ráðstöfun er til dæmis aðgangsstýring að efni á netinu, en allmikið er tíðkað að aðgangur að efni sé háður samningsskilmálum, meðal annars um greiðslu áskriftar, og ekki veittur öðrum en þeim sem hafa fengið úthlutað lykilorði.

Óheimilt rof á tæknilegum verndarráðstöfunum og óheimil eftirgerð tæknilega verndaðs efnis hefur leitt til þess að óhjákvæmilegt er talið að veita tæknilegum ráðstöfunum rétthafa sérstaka vernd. Skylt er að veita lögvernd gegn því að farið sé fram hjá hvers konar skilvirkum tæknilegum ráðstöfunum, enda viti viðkomandi aðili eða hafi fulla ástæðu til að vita að hann stefnir að því marki.

Tilteknar ráðstafanir til undirbúnings því að fara fram hjá þess háttar ráðstöfunum skulu einnig vera óheimilar.

Ljóst er að sú lögvernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana sem ákvæðum frumvarpsins er ætlað að tryggja tekur eingöngu til þeirra atriða er falla undir einkaréttindi höfunda og annarra rétthafa. Ákvæðum frumvarpsins um vernd tæknilegra ráðstafana er með öðrum orðum ekki ætlað að vernda ýmsar ráðstafanir útgefenda hljóð- og myndrita til að skipta heiminum upp í tiltekin markaðssvæði eða stjórna því að endurmiðlun slíkra verka geti aðeins fram farið í tölvum með stýrikerfi af tiltekinni gerð. Þvert á móti nær lögvernd tæknilegra ráðstafana er tengjast áþreifanlegum eintökum hljóð- og myndrita eingöngu til þess að varna óheimilli eftirgerð þeirra. Hafi eigandi hljóð- eða myndrits eignast það með lögmætum hætti og tæknilegar ráðstafanir varna honum að nýta það vegna framangreindra atriða telst vera um óheimila aðgangsstýringu að ræða sem ekki nýtur verndar að höfundarétti. Við slíkar aðstæður kann eigandanum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að vera heimilt að sniðganga hinar tæknilegu ráðstafanir.

Sú breyting sem orðið hefur á frumvarpi þessu frá síðasta þingi og ég minntist á í upphafi máls míns að ég mundi gera frekari grein fyrir snertir þann þátt frumvarpsins um vernd tæknilegra ráðstafana en um er að ræða breytingu á b-lið 13. gr. frumvarpsins. Breytingin felur í sér að nú er mælt fyrir um það í umræddu ákvæði að eintakagerð til einkanota eftir einstöku útgefnu eintaki verndaðs tölvuforrits eða eintaki véllæsilegs gagnagrunns sem látinn hefur verið af hendi með samþykki rétthafa telst vera refsilaus. Jafnframt er eintakagerð sem fram fer með sniðgöngu tæknilegra ráðstöfunar afritunarvarnar lýst refsilaus þegar um eintakagerð til einkanota er að ræða. Felur þessi breyting m.a. í sér að refsilaust verður að afrita efni hljómdisks með afritunarvörn yfir á Ipod eða sambærilega MP3 spilara til einkanota. Með þessu er verið að taka tillit til þess að notkun ýmiss konar tæknibúnaðar leiðir til eintakagerðar en lögmæti hennar kann að orka tvímælis. Því er mælt fyrir að gerð eintaka sem þannig verða til skuli vera refsilaus enda sé um lögleg afnot að ræða að öðru leyti, þar með talið að notað sé löglegt eintak verks sem viðkomandi hefur eignast með samþykki rétthafa.

Í sjötta lagi hefur tilskipunin að geyma ákvæði um vernd upplýsinga um réttindaumsýslu. Vernda skal rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu sem höfundar og aðrir rétthafar, sem ákvæðið verndar, setja á verk sín og annað efni. Með upplýsingum um réttindaumsýslu er átt við upplýsingar sem rétthafar veita og sem auðkenna verk eða annað efni og auðkenna höfundinn eða aðra rétthafa eða upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verka eða annars efnis. Með slíkum aðferðum geta rétthafar varnað ólögmætri eftirgerð verndaðs efnis og fylgst með notkun þess.

Eins og yfirlitið að framan um efni tilskipunarinnar ber með sé tekur hún sérstaklega á þeim vandamálum sem hin stafræna tækni hefur í för með sér fyrir eigendur höfundaréttar og skyldra réttinda, fyrst og fremst að því er varðar tónlist og kvikmyndir og þá ekki síst vegna möguleika til dreifingar slíkra verka á netinu. Þessi tækni gefur möguleika til svo fullkominnar afritunar verka og annars efnis á stafræna miðla, t.d. á geisladiska, að afrit ná fullum gæðum frumrita. Með tilkomu netsins skapast ný tækifæri til víðtækrar dreifingar efnis sem nýtur höfundaréttarverndar. Í því felast hættur fyrir höfunda og útgefendur því unnt er að miðla útgefnum verkum á stafrænu formi á augabragði heimshorna á milli með slíkum gæðum að ekki verður greint á milli frumrita og afrita verkanna. Er sú hætta einkum fyrir hendi með svonefndum skráardeiliforritum og jafningjanetum. Það gefur augaleið að sporna verður við því að hin nýja tækni, sem vissulega gagnast höfundum, öðrum rétthöfum og öllum almenningi með margvíslegum hætti, sé notuð til óheimillar hagnýtingar á efni sem nýtur höfundaréttarverndar. Auk hagsmuna höfunda, flytjenda og framleiðenda eru þjóðhagslegir hagsmunir síst minni. Í nútímaþjóðfélögum er framlag vöru og þjónustu, sem byggist á höfundarétti, til þjóðarframleiðslunnar mikið og fer sífellt vaxandi. Í nýlegri bók kemur fram að framlag menningar til landsframleiðslu sé 4%, sem sé meira en öll veitustarfsemi og nær þrefalt meira en landbúnaður annars vegar og ál- og kísilframleiðsla hins vegar. Jafnframt kemur þar fram að 5.000 manns starfi við menningu hérlendis, sem er álíka fjöldi og starfar í útgerð annars vegar og hótel- og veitingarekstri hins vegar.

Aðrar helstu breytingar sem frumvarp þetta felur í sér frá gildandi höfundalögum eru breytingar á ákvæðum laganna um skilyrði réttarverndar varðandi útgáfu verka og listflutnings hér á landi og atriða sem ráða því hvort verk

njóta verndar eða eigi, þ.e. vegna svokallaðra tengslaskilyrða.

Þá er bætt við nokkrum ákvæðum um takmörkun á höfundaréttinum og önnur ákvæði þar að lútandi skerpt og skýrð, allt í samvinnu og að mati höfundaréttarnefndar.

Við undirbúning breytinganna á höfundalögum vegna ákvæða tilskipunarinnar um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu og nokkur önnur atriði hafa þau ráðuneyti hjá Norðurlandaþjóðunum, sem með höfundaréttarmálefni fara, haft með sér samráð. Er löng hefð fyrir því að Norðurlandaþjóðirnar leitist við að hafa sem mest samræmi í höfundalöggjöf sinni. Við samningu frumvarpsins hefur sérstaklega verið höfð hliðsjón af ýmsum ákvæðum í frumvarpi Dana til breytinga á höfundalögum þeirra sem lagt var fram í danska þjóðþinginu 2. október 2002 og varð að lögum 11. desember sama ár.

Ég vil taka fram, hæstv. forseti, að frumvarp þetta er fyrsti áfangi í heildarendurskoðun höfundalaga sem er orðin brýn vegna hraðrar lagaþróunar á sviði höfundaréttar. Áætlað er að heildarendurskoðun höfundalaga muni taka allnokkurn tíma. Því var ákveðið að draga þá þætti út úr endurskoðuninni er snúa að innleiðingu tilskipunarinnar og mæla fyrir þeim sérstaklega í frumvarpinu. Höfundaréttarnefnd, sem er menntamálaráðherra til ráðuneytis í höfundaréttarmálefnum samkvæmt 58. gr. höfundalaga, hefur farið yfir drög að frumvarpinu og gert á því ýmsar breytingar. Er frumvarpið síðan lagt fram á Alþingi eins og höfundaréttarnefnd leggur til að það verði samþykkt.

Virðulegi forseti. Í greinargerð með frumvarpinu er farið ítarlega yfir hverja efnisgrein frumvarpsins fyrir sig. Ég vil sérstaklega vekja athygli hv. þingmanna á þeirri ágætu greinargerð sem fylgir frumvarpinu þar sem farið er nánar og ítarlega yfir helstu breytingar og mælt fyrir um útfærslu á höfundaréttarlögunum. Ég hef rakið efni frumvarpsins eins ítarlega og hægt er að gera í framsögu. Eins og fram hefur komið er megintilgangur frumvarpsins að lögfesta ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu. Með tilskipuninni og frumvarpinu er áréttaður einkaréttur höfunda, flytjenda og framleiðenda til að stjórna eftirgerð og birtingu stafrænna eintaka af verkum sínum og öðru efni, einkum á netinu. Í því felast mikilvægir hagsmunir, ekki síst þjóðhagslegir, eins og ég hef þegar rakið. Jafnframt tel ég að leitast hafi verið við að gæta jafnræðis milli hagsmuna rétthafa og notenda með því að viðhalda núverandi undantekningum í höfundalögum með þeim breytingum sem tilskipunin kallar á. Enn fremur hef ég reifað sjónarmið um túlkun og beitingu nýrra tæknilegra verndarráðstafana þar sem tekið er sanngjarnt tillit til hagsmuna notenda.

Að gerðum þeim breytingum sem hér eru lagðar til á höfundalögum er rétt að ítreka að tímabært er að fram fari heildarendurskoðun á lögunum. Er að því stefnt að hún geti hafist nú síðar á árinu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni umræðu vísað til hv. menntamálanefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:38]

Útbýting:

Aðgengi að hollum matvælum, 233. mál, fsp. KJúl, þskj. 233.

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 210. mál, frv. DrH og HBl, þskj. 210.

Alþjónusta í fjarskiptum, 244. mál, fsp. ÞES, þskj. 244.

Áfengislög, 235. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 235.

Breikkun Suðurlandsvegar, 227. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 227.

Framtíð íslensku krónunnar, 246. mál, þáltill. ISG o.fl., þskj. 246.

Hvalnes- og Þvottárskriður, 228. mál, fsp. DJ, þskj. 228.

Mannaráðningar hjá Ríkisútvarpinu, 249. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 249.

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, 238. mál, þáltill. ÞBack, þskj. 238.

Samgönguminjar, 239. mál, þáltill. ÞBack, þskj. 239.

Samræmd stúdentspróf, 240. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 240.

Siglufjarðarvegur um Almenninga, 243. mál, fsp. JBjarn, þskj. 243.

Skammtímaatvinnuleyfi ungmenna, 245. mál, fsp. ÞES, þskj. 245.

Svæði sem lotið hafa forræði varnarliðsins, 248. mál, fsp. JGunn, þskj. 248.

Svörun í þjónustusíma, 247. mál, fsp. JBjarn, þskj. 247.

Togveiði á botnfiski á grunnslóð, 242. mál, fsp. JGunn, þskj. 242.

Umferð vélknúinna farartækja í ósnortinni náttúru, 241. mál, fsp. KolH, þskj. 241.

Yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, 237. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 237.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum, fyrri umr.

Þáltill. SF o.fl., 34. mál. — Þskj. 34.

[17:40]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég flyt tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum. Málið var lagt fyrir á síðasta löggjafarþingi en var ekki rætt þar og er því endurflutt.

Í þingsályktunartillögunni segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að félagsmálaráðherra feli Jafnréttisstofu það verkefni að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum.“

Þingmenn úr öllum flokkum flytja þessa tillögu ásamt þeirri er hér stendur sem er 1. flutningsmaður.

Það er mjög mikilvægt núna í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga að við beitum markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnum. Ein leið til þess er að fela Jafnréttisstofu, sem býr yfir mikilli þekkingu á stöðu kvenna í samfélaginu, að annast slíkar aðgerðir eins og gert er ráð fyrir í tillögu þessari. Fjárveitingar til Jafnréttisstofu þyrftu að sjálfsögðu að aukast samhliða slíkum aðgerðum.

Sveitarstjórnarkosningar verða haldnar næsta vor og af

því tilefni hefur verið umræða um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum. Þrátt fyrir mikla umræðu og átaksverkefni er ljóst að enn vantar mjög mikið upp á að hlutur kvenna í sveitarstjórnum geti talist eðlilegur. Ef við skoðum önnur lönd sjáum við að Ísland situr talsvert mikið eftir miðað við Norðurlöndin. Hlutur kvenna í sveitarstjórnum eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar árið 2002 var 31,1% og var það 3% fjölgun frá kosningunum 1998. Ísland er því með 31,1%, Noregur er með 36%, í Svíþjóð er hlutur kvenna í sveitarstjórnum 42%, í Finnlandi 34% en í Danmörku 27%, þannig að Danirnir eru svartipétur í þessu sambandi á Norðurlöndunum. Þeir eru lægri en Ísland og það þykir nokkuð fréttnæmt í þessu sambandi af því að Ísland hefur verið lægst bæði gagnvart hlut kvenna á þingi og gagnvart hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum hefur aukist mjög hægt eins og sjá má af tölulegum upplýsingum. Með svipuðu áframhaldi mun það taka um þrjá áratugi að ná því takmarki að konur verði helmingur sveitarstjórnarmanna, þannig að sú er hér stendur verður eitthvað upp undir áttrætt þegar það verður ef krafturinn verður ekki meiri en þetta.

Virðulegur forseti. Í síðustu alþingiskosningum árið 2003 varð alvarlegt bakslag í hlut kvenna á Alþingi en þá fækkaði konum verulega, eða úr 36,5% við lok kjörtímabilsins á undan í 30,2%. Við erum því með versta hlutfallið á Norðurlöndunum í sambandi við hlut kvenna á þingi. Við erum með rétt rúmlega 30%, Noregur var með 38%, þeim fækkaði eitthvað í síðustu kosningum þar, Svíar eru með 45%, í Finnlandi er þessi tala 37% og líka í Danmörku 37%. Við erum því með tæplega þriðjung þingmanna sem eru konur og er þetta versta hlutfallið á þeim Norðurlöndum sem við berum okkur saman við. Við erum með færri konur hér á þingi en t.d. á Kúbu og Spáni, Kostaríka, Argentínu, Rúanda, Suður-Afríku og Írak. Það þykir nú frétt til næsta bæjar að við á Íslandi séum með lægra hlutfall kvenna á þingi en þau ríki sem ég taldi upp rétt áðan.

Í þessu sambandi vil ég rifja upp ágætisviðtal sem tekið var við nokkrar konur í blaði fyrir ekki mjög löngu síðan. Þar ræddi m.a. hv. þm. Ásta Möller stöðu kvenna í þinginu. Sjálfstæðisflokkurinn lenti í þeirri stöðu að margar konur duttu út í prófkjöri hjá þeim í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Hv. þm. Ásta Möller talaði um sú staða hefði að hluta skýrt rýra uppskeru Sjálfstæðisflokksins í síðustu alþingiskosningum, þ.e. slök útkoma kvenna í prófkjörum hjá Sjálfstæðisflokknum. Það er mjög brýnt að tryggja, virðulegi forseti, að ekki verði sambærilegt bakslag varðandi hlut kvenna í komandi sveitarstjórnarkosningum heldur takist að auka þann hlut verulega. Konur eru í meiri hluta í níu sveitarfélögum en engar konur eru aðalmenn í sjö sveitarfélögum.

Áður hefur verið farið í verkefni með svipað markmið og þessi tillaga gerir ráð fyrir. Á 122. löggjafarþingi 1997–1998 var samþykkt þingsályktunartillaga um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum almennt. Sú er hér stendur var 1. flutningsmaður þeirrar tillögu. Sú tillaga var samþykkt og í kjölfarið var komið á fót þverpólitískri nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem stóð fyrir slíkum aðgerðum í fimm ár. Það verður að segjast eins og er, að árangurinn varð mjög góður í kjölfarið. Hlutur kvenna á þinginu jókst um 10% í alþingiskosningunum árið 1999, m.a. vegna aðgerða nefndarinnar og umræðunnar sem þær aðgerðir sköpuðu innan flokkanna og í samfélaginu á þeim tíma. Ég man t.d. eftir því að hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagði opinberlega, í viðtali, að aðgerðir þessarar nefndar hefðu haft góð áhrif, m.a. á gengi hennar í prófkjöri hjá Sjálfstæðisflokknum í Reykjaneskjördæmi. Mér þótti vænt um að konur töluðu um það opinberlega að starf þessarar nefndar hefði skilað sér vel. Skýrslu um störf nefndarinnar er að finna á slóð félagsmálaráðuneytisins.

Í lokaorðum þeirrar skýrslu kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Konur eru helmingur þjóðarinnar og það hlýtur því að vera mikið réttlætismál að fleiri konur gefi kost á sér til stjórnmálastarfa. Tilgangurinn er að bæði konur og karlar taki sameiginlega ákvarðanir í stjórnmálum og þar með aukast líkur á að ákvarðanir séu teknar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. En hvað þarf þá að koma til svo hlutur kvenna í stjórnmálum verði aukinn?

Svörin eru í grófum dráttum þessi:

1. Fleiri konur þurfa að gefa kost á sér til stjórnmálastarfa. Til þess að svo megi verða þarf að auka fræðslu meðal almennings, í fjölmiðlum og í skólum um mikilvægi aukins jafnréttis í stjórnmálum sem annars staðar.

2. Konur þurfa meiri hvatningu en karlar, ef til vill vegna þess að þær hafa færri kvenfyrirmyndir í stjórnmálum en karlar.

3. Það þarf að vera vilji til þess innan stjórnmálaflokkanna að fjölga konum á framboðslistum og þar skipta fyrstu sætin mestu máli."

Þar sem reynslan af markvissum opinberum aðgerðum til að auka hlut kvenna í stjórnmálum er góð eins og ég hef rakið er rétt að félagsmálaráðuneytið feli Jafnréttisstofu að beita slíkum aðgerðum nú í aðdraganda komandi sveitarstjórnarkosninga og útvegi stofunni fjármagn til aðgerðanna.

Ég vil einnig gera að sérstöku umtalsefni, virðulegur forseti, að í nýlegri grein sem Ingunn H. Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, og Róbert Ragnarsson, verkefnisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, skrifa í síðasta hefti Sveitarstjórnarmála, um áhrif sameiningar og þátt kvenna í sveitarstjórnum, kemur fram að konur virðast ekki endast jafn vel og karlar í sveitarstjórnum. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Könnunin sýndi enn fremur að töluverður munur er á nýliðun eftir kynjum. Nýliðun á meðal kvenkyns sveitarstjórnarfulltrúa milli kosninga 1998–2002 var 62,3% en 41,8% á meðal karlkyns fulltrúa. Þær niðurstöður gefa vísbendingar um að konur sitji að jafnaði skemur í sveitarstjórn en karlar og væri vert að kanna nánar hvað veldur."

Þetta er hið sama og við höfum séð á öðrum Norðurlöndum. Þar virðist líka tilhneiging til að konur sitji skemur í sveitarstjórnum. Það er að mínu mati skaði af því að þá nái þær ekki eins langt í stjórnmálum, vegna tíðra skiptinga. Ég tel að vert væri að skoða það frekar hvort hægt sé að beita einhvers konar aðgerðum til að styrkja betur konurnar og styðja við bakið á þeim þannig að þær telji sér fært að vera

lengur í stjórnmálum en þessar tölur gefa til kynna.

Það er mjög mikilvægt að vilji innan stjórnmálaflokkanna til að auka hlut kvenna aukist og meira verði gert í að styðja við þær konur sem þegar hafa náð árangri á stjórnmálasviðinu, hafa treyst sér til þeirra starfa og vilja starfa í þeim. Í síðustu alþingiskosningum var t.d. hægt að greina á fylginu hvort konur og karlar vildu styðja viðkomandi framboð. Við sjáum það t.d. hjá Framsóknarflokknum að marktækur munur var í fylgi á milli kynja. Það var um 19,1% fylgi meðal kvenna en 16,2% meðal karla. Konur studdu Framsóknarflokkinn marktækt meira en karlarnir og hið sama mátti sjá hjá Samfylkingunni. Samfylkingin átti ágætisstuðning meðal kvenna en síður meðal karla. Þessu var öfugt farið hjá Sjálfstæðisflokknum. Þar var meira fylgi meðal karla en minna meðal kvenna.

Það er alveg ljóst að kyn er breyta í kosningum, það hefur áhrif og kjósendur líta til þess hvort flokkarnir bjóði upp á breiðan hóp frambjóðenda eða ekki. Ég tel mikilvægt að flokkarnir beiti sér frekar heldur en þeir hafa gert í að reyna að jafna kynjamuninn sem hefur verið svo hrópandi í stjórnmálum fram að þessu. Menn sjá að flokkarnir hafa reynt að gera sitt til að koma til móts við þessar niðurstöður, sem greiningin á fylginu sýnir, kynjagreiningin. Það er ástæða til að fagna því.

Ég vil að lokum leyfa mér, virðulegur forseti, að draga það fram að Samfylkingin stofnaði fyrir stuttu kvennasamtök innan sinna raða. Ég fagna því mjög. Ég tel að meðan við höfum ekki náð stöðugleika í hlutfalli kynja í stjórnmálum, sé mikilvægt að innan flokkanna séu einhver samtök, stuðningshópur sem styðji við bakið á konum. Í Framsóknarflokknum höfum við um áratuga skeið verið með heildarsamtök, landssamtök sem heita Landssamband framsóknarkvenna. Sérstaklega hefur verið reynt að styðja við bakið á konum í stjórnmálum. Hið sama má segja um Sjálfstæðisflokkinn, þar hafa verið starfandi virk kvennasamtök og nú ætlar Samfylkingin að fara sömu braut. Þar hafa verið stofnuð kvennasamtök og ég sé sérstaka ástæðu til að óska þeim til hamingju með það.

Ég tel að það sé brýnt og gott hjá Samfylkingunni að gera það. Það gæti haft áhrif hjá þeim eins og hjá öðrum flokkum. Það er ljóst að meðan við höfum ekki náð stöðugleika milli kynjanna í stjórnmálum þá er þörf á sérstökum aðgerðum til að jafna kynjahlutföllin. Það er ekki hægt að líða, virðulegi forseti, að við sem kennum okkur við lýðræði og réttlæti í íslensku samfélagi búum við það árið 2005 að hlutur kvenna sé svo rýr sem tölurnar hafa sýnt. Þriðjungur á þinginu og þriðjungur í sveitarstjórnum er ekki ásættanlegt. Ég vonast til að þessi umræða fái brautargengi í þinginu og vænti þess.

[17:53]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, sem er 1. flutningsmaður að þessari þingsályktunartillögu, fyrir ágæta framsögu um málið. Ég er meðal margra meðflutningsmanna hv. þingmanns að málinu. Í tillögunni er m.a. lögð áhersla á að tryggt verði, með aðgerðum nefndar sem félagsmálaráðherra skipi, að ekki verði hliðstætt bakslag varðandi hlut kvenna í komandi sveitarstjórnarkosningum eins og varð í síðustu alþingiskosningum.

Það eru ekki margir dagar síðan kynnt var skýrsla nefndar, svokallaðrar tækifærisnefndar, sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði. Skýrsla þeirrar tækifærisnefndarinnar var kynnt á dögunum og í kjölfarið hafa verið haldnir fundir bæði á vegum Verslunarráðs og líka á vegum FKA, Félags kvenna í atvinnurekstri. Þar hefur orðið mikil umræða um kvóta, kvóta kvenna í stjórnum fyrirtækja. Skýrslan leggur það í raun ekki til en greinir vandann og ástæður þess hvað konur eru fáar í stjórnum fyrirtækja á Íslandi, ekki nema um 7% í þeim sem skráð eru í Kauphöllinni. Það er lægra hlutfall en er í stjórnum í öllum nágrannalöndunum okkar.

Við vitum að Norðmenn settu fyrir nokkru lög sem kváðu á um að að ákveðnum aðlögunartíma liðnum — ég man ekki hve mörg árin voru — yrði tekinn upp kvóti sem skyldaði öll fyrirtæki til að fylgja þessum lögum og tryggja 40% hlut kvenna.

Þessa 40% tölu höfum við heyrt í þessu samhengi áður og rætt um það. Til að mynda ákvað Framsóknarflokkurinn, flokkur minn og háttvirts 1. flutningsmanns málsins, Sivjar Friðleifsdóttur, á síðasta flokksþingi að binda í lög flokksins að hlutur kvenna, hvarvetna í trúnaðarstöðum á vegum flokksins og þar á meðal á framboðslistum, yrði aldrei undir 40%.

Af því að hér er talað um að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum, alveg eins og við konur í Framsóknarflokknum veltum fyrir okkur hvernig við ætlum að láta 40% regluna virka og tryggja jafnan hlut. Skoðun sumra okkar er sú að við getum aldrei gert það nema við séum að tala um 40% af virkum sætum. Ef flokkurinn á einhvers staðar þrjá sveitarstjórnarmenn þá gildir þetta aldrei og skilar engum árangri nema kveðið sé á um að þar séu fléttulistar, konur og karlar séu í öðru hvoru sæti. Um leið og menn koma sér saman um að tryggja, t.d. þar sem flokkurinn á tvo eða þrjá sveitarstjórnarmenn, að gæta skuli jafnræðis í sex efstu sætunum er hættan sú að konur raðist í 4., 5. og 6. sæti en karlarnir í fyrstu þrjú. Þá erum við ekki að tala um virk sæti.

Ég vildi nefna þetta við þessa umræðu. Tillagan gengur ekki út á að halda því á lofti að fléttulistar séu nauðsynlegir til að tryggja jafnan hlut og ná jöfnu hlutfalli á listunum. En umræðan varðandi niðurstöðu tækifærisnefndar hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hjá fundi Félags kvenna í atvinnurekstri laut að því meira og minna, það kom fram hjá meiri hluta þeirra kvenna sem tóku til máls, að það gengi svo seint að fjölga konunum að binda ætti í lög 40% kvóta í stjórnum fyrirtækja eins og Norðmenn hafa gert. Það gætti mikillar óþolinmæði hjá konunum. Þetta hefur gerst svo hægt og síðustu daga höfum við séð bakslag. Hver og ein kona sem sest sem framkvæmdastjóri í stórfyrirtæki eða stjórnarformaður hefur mikið vægi. Nýlega hætti ein kona, ein af þeim konum sem við höfðum haldið á lofti sem ákveðinni fyrirmynd. Það er bakslag þótt það sé aðeins ein kona af því að þær eru svo fáar fyrir.

Á áðurnefndum fundi var ríkjandi stuðningur við að koma á 40% reglunni, að lögbinda hana og gefa ákveðinn aðlögunartíma, einhver ár þannig að fyrirtæki gætu brugðist við þessu. Hugsunin var ekki sú hjá konunum að skapa

konum tækifæri heldur væri þetta þvert á móti tækifæri fyrir viðskipta- og efnahagslífið. Við kærum okkur ekki um að vera þröngvað inn í einhverjar stjórnir, sögðu sumar konurnar. En aðrar sögðu: Um leið og við erum komnar þar inn eyðum við fordómunum og sýnum fram á gagnsemi þess og nytsemi fyrir fjölbreytileikann að kynin séu þar bæði. Ýmis sjónarmið eru á lofti en ég velti fyrir mér hvort ganga hefði átt lengra í þingsályktunartillögunni sem hér er og fela Jafnréttisstofu það verkefni að leggja fram ákveðnar tillögur, t.d. um fléttulistana, sem virðist vera eina leiðin, samanber það sem ég sagði áðan um virk sæti til að tryggja fullt jafnræði. Þetta er eitthvað sem við á vettvangi Framsóknarflokksins þurfum að taka á. Við þurfum að átta okkur á því hvernig við ætlum að útfæra það þannig að 40% ákvæðið sé ekki bara bókstafur heldur eitthvað sem leiði okkur til þessa markmiðs sem ætlunin er að ná.

Jafnréttisstofa hefur í hendi sér að leggja eitthvað slíkt til. Ég minni t.d. á að í nágrannalöndum okkar, nánustu frændþjóðum svo sem í Noregi, er ekki nokkur stjórnmálaflokkur sem býður upp á annað en fléttulista. Fremskrittspartiet, eins og hann heitir, er eini flokkurinn í Noregi sem býður kjósendum ekki upp á það. Allir aðrir flokkar gera það. Það hefur leitt til þess að meira jafnræði er á norska þinginu og meira jafnræði hvað varðar ráðherrastóla heldur en t.d. hjá okkur. Sömu söguna er að segja um Svíþjóð.

Frú forseti. Ég vildi hnykkja á þessu í samhengi við framsögu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur. Það þarf að vera ljóst hvert við stefnum. Ég velti því fyrir mér, þegar Jafnréttisstofa skilar síðan vinnu sinni, hvort mögulegt sé að hún leggi eitthvað slíkt til þannig að þetta séu ekki bara orðin tóm heldur sé markmiðið að tryggja jafnan hlut karla og kvenna.

[18:01]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð um þá merkilegu tillögu sem hér er flutt um leið og ég lýsi fullum stuðningi við hana. Það er miður að það þurfi að flytja slíka tillögu á Alþingi, að grípa þurfi til svona aðgerða, en eins og við sjáum hér og sýnt er í töflu er hlutur kvenna í sveitarstjórnum allt of lítill. Það vantar of mikið upp á til þess að fullt jafnræði sé meðal karla og kvenna í sveitarstjórnum.

Ég hef oft velt því fyrir mér hvort það geti verið að í litlu sveitarfélögunum hindri launin bæði konur og karla í því að koma til starfa, ég held að þetta sé mjög illa launað starf í litlu sveitarfélögunum. Ég sat í bæjarstjórn í mínu sveitarfélagi í tólf ár og það var dýrasta hobbýið sem fjölskyldan stundaði, að ég væri að vasast í bæjarstjórnarpólitíkinni.

Í stóru sveitarfélögunum getur það verið þannig að harka í prófkjörum og fjárútlát í kringum þauýti fólki frá og þá kannski sérstaklega konum. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál að þær hindranir skuli vera til staðar sem gera það að verkum að konur gefa ekki kost á sér. Ég tel fulla ástæðu til að samþykkja þessa tillögu og að félagsmálaráðuneytið beiti sér fyrir sérstökum aðgerðum, kannski námskeiðahaldi eða annarri hvatningu, til þess að fleiri konur gefi kost á sér til setu í sveitarstjórnum.

Ég vil, virðulegi forseti, í þessu sambandi nefna átak sem ég hef oft tekið sem dæmi og var alveg sérstaklega ánægjulegt, en það var átakið Auður í krafti kvenna. Nokkur fyrirtæki hér á landi tóku sig til ásamt fleirum og stofnuðu til þessa námskeiðs og það er alveg stórkostlegt að hugsa til allra þeirra krafta sem þar voru virkjaðir og allra þeirra fjölmörgu fyrirtækja sem voru stofnuð í framhaldinu. Þetta sýnir hvað hægt er að gera. Þetta mætti flytja yfir í pólitíkina, Auður í krafti kvenna – til að bjóða sig fram til sveitarstjórna eða hvað sem það er. Eitthvað þarf til, einhvern stuðning, eitthvað til að ýta á og það er hið besta mál. Ég held að margt af þessu mundi kannski gera það að verkum líka, ég tala nú sérstaklega um litlu sveitarfélögin sem ég þekki best til, að fleiri gæfu kost á sér.

Ég óttast, virðulegi forseti, að í komandi sveitarstjórnarkosningum verði töluverður skortur á frambjóðendum til sveitarstjórnarmála vegna þess hve tekjustofnar sveitarfélaga eru orðnir lélegir. Sveitarstjórnarmenn segja sumir: Við gerum ekkert lengur annað en leiðinlega hluti, skera niður eða skerða þjónustu, sem við erum svo hundskömmuð fyrir vegna þess að það er svo lítið til af peningum til að gera eitthvað ánægjulegt.

Ég vildi aðeins segja að það er full þörf á þessu átaki, ég trúi ekki öðru. Ég hefði viljað getað sagt að við ættum að vera hér á fundi á Alþingi á mánudaginn kemur, 24. október, klukkan 14.08, við karlmennirnir, og mynda hér þingmeirihluta til að samþykkja þessa tillögu og koma þessu strax í verk. En hlutirnir ganga ekki svo hratt fyrir sig á hinu háa Alþingi þannig að við verðum bara að óska þess að málið komist til nefndar sem fyrst og að þverpólitísk samstaða verði um að samþykkja þessa tillögu, þannig að sveitarstjórnarkosningarnar verði nú ekki liðnar áður en þetta kemur til lokaafgreiðslu. Þær verða 27. maí. Ég veit að við jafnréttissinnar í Samfylkingunni, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem hér stendur, ásamt öðrum góðum mönnum, munum leggja okkar af mörkum svo að þessi tillaga nái fram að ganga. Það þarf að gera átak í því að fjölga konum í sveitarstjórnum. Við höfum mikla þörf fyrir það, þann auð sem er í konum til stjórnunarstarfa þarf að virkja inn í sveitarstjórnir.

[18:06]

Útbýting:

Sveitarstjórnarlög, 250. mál, frv. SigurjÞ, þskj. 250.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 189. mál (skráning upplýsinga um einstaklinga og hluti, EES-reglur). — Þskj. 189.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fjarskiptasjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 191. mál. — Þskj. 191.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Höfundalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 222. mál (EES-reglur). — Þskj. 222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Stjórnmálaþátttaka, áhrif og völd kvenna, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjart o.fl., 29. mál. — Þskj. 29.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, frh. fyrri umr. (frh. atkvgr.).

Þáltill. GHall o.fl., 28. mál. — Þskj. 28.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:10]
Till. vísað til allshn. með 32:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, BÁ, BjarnB, BBj, BrM, DrH, EKG, GAK, GÞÞ, GÖrl, ÍGP, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÖJ, ÖS.

nei: MÁ.

30 þm. (ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, DJ, EOK, EMS, GHH, GMJ, GHj, GHall, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, HHj, ISG, JóhS, JGunn, KHG, KLM, LB, RG, SigurjÞ, SÞorg, VF, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 20. og 22. mál.

Fundi slitið kl. 18:11.

14. FUNDUR

fimmtudaginn 3. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Upplýsingaréttur um umhverfismál, stjfrv., 221. mál, þskj. 221. — 1. umr.
2. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 236. mál, þskj. 236. — 1. umr.
3. Virðisaukaskattur, frv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.
4. Rannsókn á þróun valds og lýðræðis, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Fyrri umr.
5. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
6. Fullorðinsfræðsla, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.
7. Kostir og gallar færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Fyrri umr.
8. Bensíngjald og olíugjald, frv., 30. mál, þskj. 30. — 1. umr.
9. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 32. mál, þskj. 32. — 1. umr.
10. Lífeyrisréttindi hjóna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.
11. Skil á fjármagnstekjuskatti, þáltill., 36. mál, þskj. 36. — Fyrri umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.
13. Göngubrú yfir Ölfusá, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.
14. Skilgreining á háskólastigi, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Fyrri umr.
15. Öryggi og varnir Íslands, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.
16. Mat á fasteignum og álagningarstofn fasteignaskatts, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Fyrri umr.
17. Textun, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Hádegishlé í dag og á morgun verður frá því upp úr kl. 1 og til kl. 2 því áformaðir eru nefndafundir í hádeginu. Þá vill forseti geta þess að engar atkvæðagreiðslur verða í dag eða á morgun.

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður verða í dag. Hin fyrri hefst strax á eftir, áður en gengið er til dagskrár, og er um starfsmannaleigur. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon verður til andsvara.

Hin síðari hefst kl. 2 og er um aflaheimildir frá Vestfjörðum. Málshefjandi er hv. þm. Sigurjón Þórðarson. Hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson verður til andsvara. Umræðurnar fara fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

Umræður utan dagskrár.

Starfsmannaleigur.

[10:33]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það hefur verið dapurlegt að fylgjast með því hvernig Ísland hefur orðið að gróðrarstíu fyrir ófyrirleitnar starfsmannaleigur. Það hefur ekki síður verið dapurlegt að fylgjast með því að stjórnvöld hafa tæpast lyft litla fingri til að hefta óprúttna starfsemi manna sem hafa orðið uppvísir að því sem varla er hægt að kalla annað en hreina villimennsku. Ég kalla það villimennsku þegar mannréttindi eru brotin á fátæku erlendu verkafólki. Ég kalla það villimennsku þegar vinnuafl fólks frá atvinnuleysislöndum er selt á verði sem er stundum langt undir umsömdum taxta. Ég kalla það villimennsku þegar útlendir verkamenn eru látnir búa við aðstæður sem við Íslendingar mundum stundum segja að væru varla hundum bjóðandi. Og ég kalla það líka villimennsku þegar veikindaréttur og orlof er ekki virt og þegar menn komast upp með að gjalda keisaranum ekki það sem keisarans er. Ég kalla það meðvirkni af hálfu ríkisstjórnarinnar þegar hún rær undir með aðgerðaleysi sínu.

Frú forseti. Ég vil þó ekki draga hæstv. ríkisstjórn til ábyrgðar fyrir það ljótasta sem fjölmiðlar hafa upplýst af starfsemi þessara sjóræningja nútímans þegar eitt af þessum fyrirtækjum varð uppvíst að því að hvetja yfirmenn sína beinlínis til að berja pólska verkamenn. Ég segi það fullum fetum, frú forseti, að það eru glæpafyrirtæki sem haga sér svona og glæpafyrirtæki skulu þau heita.

En jafnvel þótt yfirmenn slíkra fyrirtækja yrðu uppvísir að því fyrir dómi að hvetja til ofbeldis af þessum toga dreg ég í efa að hægt væri að loka starfsemi þessara fyrirtækja. Ástæðan er sú að ekki eru til nein lög um starfsemi starfsmannaleigna og á því ber hæstv. ráðherra töluvert mikla ábyrgð. Hann vísar jafnan til nefndar sem situr núna að störfum við að smíða frumvarp um starfsmannaleigur og þar situr fulltrúi hans, fulltrúi ASÍ og atvinnurekenda. En hæstv. ráðherra hefur í reynd sett atvinnurekendum sjálfdæmi um niðurstöðuna. Hann lýsti því sjálfur á ársfundi atvinnurekenda um daginn að hann liti á hlutverk fulltrúa síns sem sáttasemjara. Atvinnurekendur þurfa því ekkert annað en móast gegn réttmætum tillögum verkalýðshreyfingarinnar og meðan fulltrúi ráðuneytisins skiptir í hlutlausa gírinn

verður auðvitað ekkert frumvarp til. Það er þess vegna, frú forseti, sem nefndin hefur setið að störfum árangurslaust í meira en ár og það er enn ekki orðið til neitt frumvarp. Ég segi hiklaust: Þessi staða er á ábyrgð hæstv. ráðherra.

Hver er þá ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin hefur látið þetta sleifarlag viðgangast? Ég tel að hún sé sú að í augum ríkisstjórnarinnar séu starfsmannaleigurnar ekkert annað en hentug aðferð til að útvega skítódýrt vinnuafl til þess að vinna gegn þenslunni. Ég tel að ríkisstjórnin líti á starfsmannaleigurnar sem hagstjórnartæki til þess að sporna gegn verðbólgu.

Ég er hins vegar viss um að það er fyrir löngu komin brýn þörf á að setja lög um starfsmannaleigur. Lögin þurfa að tryggja að þeim sé skylt að hafa starfsleyfi svo hægt sé að útiloka þær sem verða uppvísar að því að brjóta samninga og réttindi á verkamönnum og jafnvel hvetja til þess að þeir séu lamdir. Þau verða að banna að starfsmannaleigur geti hýrudregið verkafólk með því að draga af þeim hluta launanna sem þjónustugjald og lögin verða að tryggja að starfsmannaleigur útvegi einungis vinnuafl til tímabundinna verkefna en ella gildi fast hefðbundið ráðningarsamband milli notenda fyrirtækis og hinn erlenda starfsmanns. Lögin þurfa að tryggja að haft sé eftirlit með aðbúnaði starfsmanna og þau þurfa líka að stoppa upp í glufur sem varða ýmis réttindi eins og þau sem tengjast uppsagnarfresti og veikindum. Og það verður að tryggja að trúnaðarmenn geti fengið upplýsingar um launagreiðslur. Annars tel ég ekki hægt að koma í veg fyrir að verkamönnum sem koma hingað mállausir og tengslalausir til skammrar dvalar og hafa enga möguleika á því að sækja rétt sinn sé greitt langt undir taxta.

Frú forseti. Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér fyrir að þau atriði sem ég taldi upp verði sett í lög? Ég spyr hann líka: Ef ekki næst samstaða á allra næstu vikum í nefndinni, mun hann þá eigi að síður leggja fram sitt eigið frumvarp og hvenær má vænta þess að hið háa Alþingi fái að taka það til umræðu?

[10:38]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Umræða um erlent vinnuafl hefur eðlilega verið áberandi undanfarið, bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu og ekki síst á Norðurlöndunum sem við berum okkur einkum saman við. Sú umræða hefur stundum verið óljós og varðað mismunandi hluti. Hún hefur í senn varðað innlendar og erlendar starfsmannaleigur og þá grundvallarþætti EES-samningsins sem varða frjálsa för launafólks og þjónustuviðskipti. Það sem við öll skiljum og snertir okkur eru þó upplýsingar sem varða kaup og kjör erlends verkafólks sem starfar tímabundið hér á landi en fyrir liggur að undanfarin ár og áratugi hefur erlent verkafólk, og þá ekki síst frá Póllandi, verið mikilvægur hlekkur í atvinnulífi okkar.

Starfsmannaleigur er hafa staðfestu í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins hafa heimildir til að gera samning við innlend fyrirtæki um veitingu þjónustu á grundvelli samningsins um EES. Það eru hins vegar lög í landinu sem kveða á um að þessar starfsmannaleigur skuli virða þær reglur sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Þar á meðal eru ákvæði um gildi kjarasamninga um lágmarkskjör og vinnuvernd. Um þessi atriði þurfa menn ekki að deila, hvorki hér né úti í samfélaginu.

Mikill uppgangur á innlendum vinnumarkaði leiðir til þess að vinnuveitendur leita út fyrir landsteinana eftir vinnuafli. Hafa fyrirtæki því m.a. leitað til erlendra starfsmannaleigna. Meginástæða þess var sögð sú að hægt hafi gengið að afgreiða atvinnu- og dvalarleyfi hjá stjórnvöldum. Ég tel að sú skýring heyri sögunni til hafi hún einhvern tíma átt rétt á sér. Stjórnvöld fóru yfir málin og brugðust við þessari gagnrýni með því að breyta verklagi sínu í byrjun septembermánaðar með það að markmiði að útgáfa atvinnu- og dvalarleyfa til handa starfsmönnum frá hinum nýju aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins væru gerð skilvirkari. Aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um að það hafi tekist. Það tekur nú tvær vikur að afgreiða leyfin þannig að ég get ekki séð að það sé afsökun lengur að ráða fólk í gegnum starfsmannaleigur hafi tregða í útgáfu leyfanna yfirleitt verið meginskýringin á því að sú leið varð fyrir valinu.

Ég höfða, hæstv. forseti, í þessu sambandi til ábyrgðar fyrirtækjanna í landinu um að meginreglan á íslenskum vinnumarkaði er ótímabundnar ráðningar starfsfólks. Hér gildir ákveðinn sveigjanleiki á vinnumarkaði í ráðningum sem ég tel að við séum sammála um að varðveita og það á ekki síst við fyrirtækin í landinu. Menn eiga því ekki að þurfa á öðrum ráðningarformum að halda nema í undantekningartilvikum.

Enn fremur virðist það hafa týnst nokkuð í umræðunni um þessi mál að það eru margvíslegar aðrar skyldur sem hin erlendu fyrirtæki bera samkvæmt íslenskum lögum. Þeim ber t.d. að tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skattyfirvalda átta dögum áður en starfsemi þeirra hefst hér á landi og þeim ber að greiða virðisaukaskatt af veittri þjónustu. Þá ber þessum fyrirtækjum jafnframt að tilkynna til Útlendingastofnunar að þau hafi í hyggju að starfa á innlendum vinnumarkaði á grundvelli þjónustu og viðskipta. Að mínu mati á að byrja á því að fara yfir hvort regluverk sem þegar er fyrir hendi í lögum sem Alþingi hefur samþykkt virki sem skyldi áður en menn samþykkja breytingar eða nýmæli. Ég hef þó sagt, hæstv. forseti, og ítreka það í þessum sal að ég er reiðubúinn að leggja fram frumvarp um sérstaka löggjöf um starfsmannaleigur eða breytingu á gildandi löggjöf þar sem fram koma sérákvæði sem taka sérstaklega á starfsmannaleigum sem hafa staðfestu hér á landi.

Nefnd sem ég skipaði og hv. þingmaður fjallaði um hefur fjallað um starfsmannaleigur og mun ljúka störfum á næstu dögum. Þar liggja ákveðnar hugmyndir á borðinu sem menn eru að fara yfir hjá aðilum vinnumarkaðarins. Ég held að ég geti fullyrt að þar eru menn sammála um að finna þurfi ráð til að koma skipulagi á ýmsa þætti og fyrirbyggja þann misskilning að Ísland sé eitthvert fríríki þar sem engin lög eða reglur gilda. Það er óásættanlegt að mínu mati og ég tel að við séum öll sammála um það.

Það gilda tilteknar leikreglur á íslenskum vinnumarkaði sem leikmenn þurfa að virða. Það er mikilvægt að samtök aðila vinnumarkaðarins haldi þeim mikilvægu grundvallarhlutverkum sínum að halda uppi skipulagi á vinnumarkaði

og þar með því vinnumarkaðskerfi sem við höfum þróað í sameiningu í tugi ára, kerfi sem við ætlum að varðveita.

Verkalýðshreyfingin á heiður skilinn fyrir þátt sinn í þessu máli og ég hef fengið upplýsingar um það undanfarið að þar innan borðs eru menn nú að ná til þeirra útlendinga sem telja vera brotið á rétti sínum. Á sama tíma, hæstv. forseti, finnst mér hins vegar sorglegt að íslensk fyrirtæki taki þátt í þeirri vitleysu sem mér virðist hafa viðgengist. Það er skammarlegt ef hvarflað hefur að íslenskum fyrirtækjum að brjóta gildandi kjarasamninga þegar lög eru í landinu sem segja að hér gildi kjarasamningar í hlutaðeigandi starfsgrein sem lágmarkskjör. Efni þessara laga ætti ekki að koma mönnum á óvart. Þau hafa lengi verið í gildi. Ég á þá ekki síður við þau fyrirtæki sem hafa óbeint tekið þátt í því með viðskiptum við starfsmannaleigur án þess að ganga úr skugga um eða tryggja með einhverjum hætti að útlendingar er starfa á vinnustöðum þeirra og undir þeirra stjórn njóti kjarasamningsbundinna réttinda. Það kann vel að menn telji sig vera í fullum rétti þegar talað er um innrás erlendra starfsmannaleigna, svikahrappa sem eyðileggja vinnumarkað okkar. En lítum okkur nær. Taka íslensku fyrirtækin ekki fullan þátt í því með því að eiga viðskipti við þessi fyrirtæki? Vonir mínar standa til að þessum hildarleik ljúki senn og menn sjái sóma sinn í að virða leikreglurnar. Þar eiga menn ekki að firra sig ábyrgð og segja að þessi mál komi sér ekki við. Hér hljótum við öll að bera samfélagslega ábyrgð.

Hæstv. forseti. Ég stefni að því að leggja fram frumvarp á Alþingi fyrir jólahlé varðandi starfsmannaleigur. Ég get eðli málsins samkvæmt ekki upplýst þingmenn að svo stöddu um efni þess enda eru ákveðin atriði nú í skoðun hjá þeim er að málinu hafa komið. Ég á von á að um málið takist sátt á þinginu. Vilji minn er skýr. Ég vil gera allt sem í mínu valdi stendur til að ljúka þessum málum faglega til frambúðar.

[10:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í tvö ár hefur hæstv. félagsmálaráðherra verið að væflast með þetta mál án aðgerða. Fyrir rúmu ári var skipuð nefnd sem átti að semja frumvarp um aðkomu starfsmannaleigna að íslenskum vinnumarkaði. Ekkert hefur gerst en eins og nú boðuð frumvörp í framtíðinni. Þetta er sáraeinfalt mál. Í reynd hefur legið fyrir á Alþingi og beðið afgreiðslu frumvarp sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram á síðasta þingi að frumkvæði hv. varaþingmanns VG, Atla Gíslasonar, um þetta málefni og hefur það nú verið endurflutt. Í því frumvarpi er tekið á kjarna vandamálsins sem er sá að verið er að flytja inn farandlaunafólk á kjörum sem eru undir íslenskum kjarasamningum. Að gera það er skýlaust brot á lögum um starfskjör launafólks.

Í frumvarpi VG eru tekin af öll tvímæli um réttarstöðu erlendra launamanna sem koma til starfa hér á landi. Kveðið er á um aðgengi trúnaðarmanna stéttarfélagsins að ráðningarsamningum og launakjörum og kveðið á um heimildir til sekta og miskabóta. Þetta er allt saman í þessu frumvarpi. Það þarf engar nefndir. Einvörðungu með því að samþykkja frumvarp frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem legið hefur fyrir þá er búið að setja lög um starfsmannaleigur. Og hvernig stendur á því að á sama tíma og ríkisstjórnin vill koma upp íslenskum her og er óspör á fjármuni til slíkra verkefna er horft upp á lögbrot á Keflavíkurflugvelli? Eða hvað skyldi hópur 30 Pólverja vera að vilja hingað til lands í þrjá mánuði sem ferðamenn, fara síðan í helgarfrí til Kaupmannahafnar og koma svo aftur sem ferðamenn til Íslands? Hér eru að sjálfsögðu á ferðinni launamenn án atvinnuleyfa, leiksoppar óprúttinna mannabraskara. Hér kalla ég einnig fjölmiðla til ábyrgðar. Þegar Vinnumálastofnun á fullkomlega (Forseti hringir.) löglegan og eðlilegan hátt reynir að upplýsa um svínaríið er henni legið á hálsi fyrir það.

[10:45]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Umhverfi íslensks vinnumarkaðar hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Auknar verklegar framkvæmdir hafa kallað á vinnuafl sem er umfram það sem innlendur vinnumarkaður stendur undir. Því hefur þurft að leita út fyrir landsteinana eftir fólki til að takast á við störf sem fylgja framkvæmdagleði landans. Við það er ekkert að athuga. Miklu fremur ættum við að fagna því að geta fengið erlenda þekkingu inn í landið og veitt faglærðu iðnverkafólki atvinnu og tækifæri til að afla sér lífsviðurværis sem það hefur ekki getað í heimalöndum sínum. Störf þeirra skjóta jafnframt styrkari stoðum undir íslenskt efnahagslíf og hagsæld í landinu öllu.

Íslenskt atvinnulíf nýtur þess að vel er búið að íslensku vinnuafli og sterk hefð er fyrir því að stéttarfélög standi fast við bak félagsmanna sinna. Borin er virðing fyrir umsömdum réttindum starfsmanna. Jafnframt hafa aðilar vinnumarkaðarins borið gæfu til að skapa starfsumhverfi hjá fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra sem bera merki sanngirni og sveigjanleika. Þá hefð viljum við standa vörð um.

Starfsmannaleigur eru nýtt fyrirbrigði hér á landi og ekki ljóst hvernig slík starfsemi hefur aðlagast íslenskri hefð á vinnumarkaði. Aðalatriðið er að starfsumhverfi erlends vinnuafls sé í samræmi við íslenska löggjöf um störf þeirra sem koma tímabundið til starfa hér á landi á vegum erlendra vinnuveitenda og virt séu ákvæði um lágmarkslaun. Benda má á að hér á landi gilda nú þegar skýrari reglur um lágmarkslaun erlends vinnuafls en tíðkast í nágrannalöndum okkar. Meginhugsunin á að vera sú að grundvallargildi íslensks vinnumarkaðar gildi um erlent vinnuafl, það sé ekki misnotað og vanvirt með nokkrum hætti. Það verður ekki liðið.

Að lokum er mikilvægt að ítreka það sem kom fram hjá hæstv. félagsmálaráðherra hér á undan að aðilar vinnumarkaðarins eru að skoða íslenska löggjöf með tilliti til starfsemi erlendra starfsmannaleiga og er að vænta niðurstöðu á næstu dögum. Við skulum spara stóru orðin þar til niðurstaða þeirrar vinnu liggur fyrir.

[10:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Aðförin sem nú er gerð á grundvelli umsaminna launa fólks á vinnumarkaði er ekki nýtilkomin. Lengi hafa verið starfandi á kaupskipum í eigu Íslendinga

erlendir menn á lægri kjörum en samningar sjómanna hér á landi kváðu á um sem lágmarkslaun fyrir þau störf á farskipunum. Það vantaði sem sagt ekki íslenska farmenn. Það voru lágu launin sem menn voru að sækja í.

Sú þróun hefur nú leitt til þess að öll farskip í eigu Íslendinga sem eru í millilandasiglingum eru undir erlendum fána og störfin mönnuð að miklu leyti með erlendum mönnum sem þess vegna geta verið ráðnir hjá starfsmannaleigum.

Nú er sá veruleiki sjómanna til margra ára að verða með sama móti við margs konar störf á almennum vinnumarkaði. Það var því af nauðsyn sem ASÍ hóf baráttuna „einn réttur, ekkert svindl" gegn atvinnurekendum sem misnotuðu erlent verkafólk á þann hátt sem verið hefur á undanförnum missirum.

Það virðist ljóst að atvinnurekendur muni sækja í það að ná til sín vinnuafli sem þeir geta greitt lægri laun. Ef svo væri ekki væri þetta vandamál ekki til staðar. Menn nota starfsmannaleigur til að ná í erlent vinnuafl og greiða lægri laun en um var samið og ganga fram hjá þeim rétti sem launamenn á Íslandi eiga að hafa. Ráðning á fólki með aðstoð starfsmannaleiga er aðferð til að lækka laun og ganga á snið við önnur réttindi. Þá þróun verður að stöðva og það strax.

[10:49]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegur forseti. Í umræðunum áðan sagði hæstv. félagsmálaráðherra: Það þarf að höfða til ábyrgðar fyrirtækja í landinu.

Miðað við þær umræður sem hafa verið hér í dag og hafa verið í þjóðfélaginu að undanförnu og þær deilur sem við höfum séð virðist það ekki duga að höfða til ábyrgðar fyrirtækja. Þess vegna þarf í þessu sambandi að setja sérstök lög um starfsmannaleigur. Vinnuafl má ekki lúta sömu reglum og gilda um vöru og þjónustu. Það þarf að banna alla gjaldtöku og alla aukagjaldtöku af starfsmönnum. Það verður að tryggja í lögum upplýsingaskyldu fyrirtækja og starfsmannaleigna gagnvart starfsmönnum og gagnvart stjórnvöldum. Jafnframt þarf að lögbinda að þau fyrirtæki sem nota þessa þjónustu beri ábyrgð á öllum kröfum starfsmannanna. Það þarf að tryggja þríhliða vinnuréttindasamband til að koma í veg fyrir að grafið sé undan réttindum starfsmanna og til að tryggja að ekki dragi úr skyldum atvinnurekenda. Enn fremur þarf að tryggja að starfsmönnum sé ekki mismunað. Allt tekur sinn tíma en maður veltir því fyrir sér: Hverjum er það virkilega í hag að þetta taki svona langan tíma að koma lögum yfir starfsmannaleigur?

[10:51]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að taka málefni starfsmannaleiga upp á Alþingi og þakka jafnframt hæstv. félagsmálaráðherra svörin. Hér er nefnilega um gríðarlega alvarlegt mál að ræða. Mannréttindi og kjarasamningar erlends vinnuafls hafa í einhverjum tilvikum verið þverbrotnir og slíkt er óásættanlegt. Okkur Íslendingum hefur gengið vel að byggja upp sveigjanlegan vinnumarkað á undanförnum árum og íslensk verkalýðshreyfing hefur staðið vörð um réttindi launafólks og kaupmáttaraukning hefur verið gríðarleg í þjóðfélaginu á undanförnum árum.

Nú bregður hins vegar svo við að þjóðarsátt á vinnumarkaði er ógnað með starfsemi svokallaðra starfsmannaleiga. Undirboð launa á íslenskum vinnumarkaði í þessu samhengi er staðreynd, sem mun aftur á móti leiða til þess að kaupmáttur launafólks og heimilanna í landinu mun minnka. Þá er eðlilegt að spurt sé hér á Alþingi hvort við stjórnmálamenn getum gripið inn í þá þróun, og svarið er já. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. félagsmálaráðherra þess efnis að frumvarp til laga um starfsmannaleigur muni líta dagsins ljós von bráðar þar sem slíkri starfsemi verða takmörk sett.

Hæstv. forseti. Það hefur verið lenska í umræðunni, m.a. hjá hv. málshefjanda, að skella skuldinni alfarið á vinnumálayfirvöld þegar kemur að starfsemi starfsmannaleigna í landinu. Skattyfirvöld og lögregla bera einnig ábyrgð og ljóst að frumkvæði þeirra aðila í þessum málum hefur verið af skornum skammti. Hér er um samstarfsverkefni þessara aðila að ræða og við hljótum að gera þá kröfu að þær stofnanir vinni saman að úrlausn þessara mála og noti þær heimildir sem fyrir hendi eru til að koma í veg fyrir ólögleg (Forseti hringir.) undirboð á íslenskum vinnumarkaði.

[10:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Menn mega ekki ræða þetta mál eins og þetta sé eitthvert einangrað vandamál. Hvenær brast þessi stífla? Hún brast þegar ríkisstjórnin hrinti af stað framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun. Þá fyrst brast sú stífla, þær varnir sem við höfðum reynt að halda uppi fram að þeim tíma. Það er því stefna ríkisstjórnarinnar í þeim málum sem gerði það að verkum að stíflan brast og nú erum við stödd í því feni sem raun ber vitni og hv. alþingismenn hafa lýst hér.

Við verðum að viðurkenna að þetta er afleiðing af hnattvæðingu á forsendum gráðugra stórfyrirtækja, stórfyrirtækja sem við höfum boðið hingað inn á gafl til okkar. Við skulum því horfa á þetta í hinu stóra samhengi. Framsóknarmenn sem koma í pontu og ræða um það að við verðum að fara að grípa eitthvað inn í áttu að taka ákvarðanir um Kárahnjúkavirkjun með opin augu en ekki bundið fyrir þau.

Það getur vel verið að mönnum finnist það fyndið þegar bent er á það stóra samhengi. En það er skömm að því sem er að gerast í þessum málum og það er skömm að því að framsóknarmenn skuli ekki geta opnað augu sín fyrir samhenginu og hinni stóru mynd.

Sú tregða er líka ótrúleg sem hefur gilt bæði hjá stjórnvöldum og ekki síður hjá lögregluyfirvöldum í þessum málum. Við höfum hlustað á ábendingar Samiðnar, á ábendingar aðaltrúnaðarmanns á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka síðan 2003. Hversu oft hafa þeir félagar Þorbjörn Guðmundsson og Oddur Friðriksson ekki komið í fréttir með ótrúlega alvarlegar ábendingar og hefði átt að vera hægur vandinn að fá lögreglu til að koma og gaumgæfa það. Svo þegar nokkrir mótmælendur mættu á Kárahnjúkasvæðið með spreybrúsa var víkingasveitin send á svæðið. Hvaða forgangsröðun er þetta?

Ríkisstjórnin verður að átta sig á því að þetta er veruleiki sem þarf að taka á með róttækum hætti og ég held að forsendan fyrir því að uppræta (Forseti hringir.) þetta í landinu sé sú að horfast í augu við stóra vandamálið og ábyrgð ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

[10:56]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka upp þetta mál. Það er eðli málsins samkvæmt alvarlegt þegar mannréttindi eða lög um lágmarksréttindi eru brotin. Ég tel þó nokkuð langt seilst ef menn leggja mál þannig upp að ef menn hvetja til ofbeldis eða beita ofbeldi að það sé eitthvað sem sé ekki bannað í íslensku þjóðfélagi núna. Það er stóralvarlegt mál. Því fer fjarri og fráleitt að reyna að leggja mál þannig upp að slíkt sé með einhverjum hætti löglegt.

Öllum hlýtur að vera ljóst að lög um lágmarkskjör gilda óháð því hvort viðkomandi starfsmaður er ráðinn af starfsmannaleigu eða á annan hátt. Og menn eiga ekki að tala með öðrum hætti hér í sölum Alþingis, menn eiga ekki að gera það.

Það liggur fyrir og hvarflar ekki annað að mér en að málshefjandi, sem þekkir vel til EES-samningsins, viti að hér á landi eru í gildi Evrópureglur sem voru innleiddar um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja. Þar er skýrt kveðið á um að um starfskjör þessa fólks gildi íslensk lög að því er varðar lágmarkslaun, yfirvinnugreiðslur, réttindi til orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma, vinnuvernd o.fl. Þetta liggur alveg fyrir.

Menn þekkja það líka að hér eru skýrari reglur um lágmarkslaun og þær eru fortakslausari en í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það er afskaplega mikilvægt að þessu sé haldið til haga. Ég tek undir með hæstv. ráðherra og það hlýtur að eiga við hér og alltaf að ábyrgð, hvort sem það er fyrirtækja (Forseti hringir.) eða einstaklinga sem stýra þessum fyrirtækjum, er mikil.

[10:58]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það mátti ráða af máli hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar að viðhorf flokks hans er í reynd það að gott sé að nota starfsmannaleigurnar eins og þær eru núna til að sporna gegn þenslu. Það er nefnilega Sjálfstæðisflokkurinn sem dregur lappirnar í þessu máli og það er aflið sem hæstv. ráðherra þarf að berjast við.

Mig langar að upplýsa hv. þingmann um að mér hefur verið sýndur sá trúnaður af þessu þingi að sitja í Evrópuráðinu. Þar hefur mér verið falið að gera skýrslu um starfsmannaleigurnar sem ég er að vinna að um þessar mundir. Ég get upplýst þingið og hv. þingmann um að mér er enn þá ekki kunnugt um neitt land í Evrópu þar sem ástandið varðandi starfsmannaleigur er jafnslæmt og hér á Íslandi. Hvergi er ríkjandi sama sjóræningjaástand og hérna. Mjög víða eru lög um starfsmannaleigur. Lög um starfsmannaleigur í Póllandi eru t.d. miklu fullkomnari en víða annars staðar og að sjálfsögðu fullkomnari en hér.

En ég fagna því sem vel er gert. Þó að hæstv. ráðherra hafi áður talað fagurlega um nauðsyn þess að setja lög um starfsmannaleigur kom hann þó hingað og sagði að fyrir jól mundi hann leggja fram frumvarp. Ég tek það loforð gilt af hálfu góðs framsóknarmanns. Hann sagði líka að í þeim lögum yrðu sérákvæði sem varða sérstaklega starfsemina hér á landi.

Ég vil svo taka hjartanlega undir með hv. þm. Birki Jóni Jónssyni sem gagnrýndi harkalega að hæstv. dómsmálaráðherra og hæstv. fjármálaráðherra hafa lekið niður og standa sig ekki í stykkinu við að halda uppi öflugu eftirliti með lögum og skattheimtu. Þetta er nákvæmlega það sem við höfum verið að gagnrýna. En því miður er staðan þannig að hæstv. félagsmálaráðherra var varaður við fyrir tveimur árum þegar Impregilo byrjaði með sína vondu iðju við Kárahnjúka. Hann trúði ekki þá að þetta mundi gerast en nú hefur hæstv. ráðherra lagt höndina í sárið eins og Tómas forðum og hann trúir. Ég fagna því að hann ætlar að bregðast við með frumvarpi.

[11:00]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hefur farið fram um þetta mikilvæga mál. Ég tel að hún hafi verið góð og til gagns.

Við umræðuna hefur réttilega verið bent á að þetta frumvarp hefur ekki orðið til á einni nóttu eins og stundum tíðkast á hv. Alþingi. Við höfum stigið varlega til jarðar og gefið okkur tíma til að skoða málin frá ýmsum hliðum, m.a. leitað til rannsóknaseturs í jafnréttis- og vinnumálum við Viðskiptaháskólann á Bifröst sem skilaði okkur greinargerð um málið. Það er margþætt og flókið en eins og ég sagði áðan þarf að greina milli þess hvort starfsmannaleiga hefur staðfestu hér á landi eða veitir tímabundna þjónustu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, hæstv. forsti, get ég ekki greint hér og nú frá efni þeirra hugmynda sem liggja á teikniborðinu um innihald frumvarps. Reyndar get ég upplýst um eitt atriði sem m.a. var minnst á, að starfsmannaleigum eigi að vera með öllu óheimilt að taka gjald af starfsfólki sínu. Það er nokkuð sem ég tel einsýnt að verði í slíku frumvarpi enda er ekki venja hér á landi að atvinnurekendur taki fé af fólki þegar þeir ráða það til starfa.

Ég hef eins og aðrir orðið var við fregnir um hugsanlegt ólöglegt vinnuafl hér á landi, jafnvel að því hafi fjölgað á síðustu missirum. Eflaust eiga þær við rök að styðjast. Þess vegna tel ég mikilvægt að efla lögregluefirlit með því að útlendingar sem hér starfa hafi tiltekin skilríki, skilríki sem heimili þeim að starfa hér á landi. Í mínum huga er enginn efi á að við getum samstillt aðgerðir lögreglu, skattyfirvalda og vinnumálayfirvalda betur þannig að þær verði virkari en verið hefur.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum ítreka að fyrir jól mun ég leggja fram frumvarp á Alþingi sem tekur á starfsemi starfsmannaleiga, annaðhvort með sérlögum eða með viðbót við þau lög sem þegar gilda í landinu.

Upplýsingaréttur um umhverfismál, 1. umr.

Stjfrv., 221. mál (EES-reglur). — Þskj. 221.

[11:03]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um upplýsingarétt um umhverfismál. Frumvarp þetta er samið í þeim tilgangi að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna EES-samningsins. Markmið þess er að innleiða tilskipun 2003/4/EB frá 28. janúar 2003, um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EB, um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Frumvarpið var unnið í samráði við forsætisráðuneytið vegna tengsla þess við upplýsingalög, nr. 50/1996. Verði frumvarpið að lögum falla úr gildi lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem voru sett á grundvelli eldri tilskipunar um sama efni.

Í alþjóðlegum umhverfisrétti hefur aukin áhersla verið lögð á að almenningur hljóti fræðslu um umhverfismál og hafi aðgang að upplýsingum um þau og má sjá þess merki í ýmsum alþjóðayfirlýsingum og samningum á sviði umhverfismála. Tilskipun þeirri sem frumvarpið byggir á er ætlað að innleiða fyrstu stoð Árósasamningsins í löggjöf Evrópubandalagsins en sá hluti samningsins lýtur að almennum aðgangi að upplýsingum um umhverfismál en tilskipunin gengur þó lengra um nokkur atriði.

Markmið frumvarpsins er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál.

Í 2. gr. frumvarpsins eru þau stjórnvöld sem falla undir frumvarpið skilgreind en þar er um að ræða sömu stjórnvöld og falla undir gildissvið upplýsingalaga. Ákvæðið tekur þó ekki bara til stjórnvalda í hefðbundnum skilningi heldur einnig til fyrirtækja sem rækja opinbert hlutverk að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hlutafélög og sameignarfélög í eigu ríkis eða sveitarfélaga, svo dæmi séu tekin, geta fallið undir frumvarpið og ber því að veita upplýsingar um umhverfismál. Til einföldunar á framsetningu greinarinnar eru allir þeir sem falla undir gildissvið frumvarpsins nefndir stjórnvöld. Undir frumvarpið falla einvörðungu þeir löggaðilar sem falið hefur verið opinbert hlutverk eða sem veita almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið. Opinbera þjónustan eða verkefnið þarf þannig að hafa áhrif á umhverfið, t.d. sorphirða á vegum sveitarfélaga sem verktaki rækir á grundvelli samnings.

Skilgreint er í 3. gr. frumvarpsins hvaða upplýsingar teljast til upplýsinga um umhverfismál en sem dæmi um það má nefna upplýsingar um ástand afmarkaðra þátta eins og andrúmslofts, lofthjúps og vatns, um fyrirbæri á borð við hávaða, um úrgang og um ástand sem varðar heilbrigði manna, svo sem mengun matvæla.

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu stjórnvalda til að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi upplýsingum um umhverfismál en takmarkanir eru á þeim upplýsingarétti samanber 6. gr. frumvarpsins. Rétturinn til aðgangs að upplýsingum tekur ekki aðeins til upplýsinga sem eru í vörslu stjórnvalda heldur einnig til upplýsinga sem eru geymdar fyrir þeirra hönd af öðrum aðilum eins og áður sagði. Synji stjórnvald um aðgang að upplýsingum að hluta eða í heild ber því að rökstyðja þá ákvörðun sína og tilkynna það skriflega samanber 14. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að ákvörðun stjórnvalds um synjun um aðgang að upplýsingum sé kæranleg til úrskurðarnefndar um upplýsingamál en ekki þykir rétt að setja á fót nýja úrskurðarnefnd heldur fela úrskurðarnefnd um upplýsingamál að úrskurða í slíkum málum enda þótt hún heyri ekki stjórnarfarslega undir málefnasvið umhverfisráðherra. Gert er ráð fyrir að almenningur eigi ávallt rétt á því að fá aðgang að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið. Helstu takmarkanir á aðgangi almennings hvað þennan þátt varðar eru því felldar niður samanber 8. gr. frumvarpsins. Þannig er ekki heimilt að takmarka aðgang að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið enda þótt slíkar upplýsingar geti skaðað ímynd eða samkeppnisstöðu þess fyrirtækis sem í hlut á. Hér eru hagsmunir almennings látnir vega þyngra en hagsmunir fyrirtækja þannig að almenningi er veittur réttur til að fá aðgang að slíkum upplýsingum.

Meginreglan er sú að stjórnvöld skulu gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar í því formi eða með því sniði sem þær eru varðveittar nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi samanber 13. gr. frumvarpsins. Þegar upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi getur aðili valið á milli þess að fá þær á því formi eða útprentaðar á pappír. Stjórnvöldum er hins vegar ekki skylt að búa til gögn eða taka saman upplýsingar heldur aðeins að veita aðgang að fyrirliggjandi upplýsingum.

Frú forseti. Ég hef rakið meginefni frumvarpsins um upplýsingarétt um umhverfismál og legg til að frumvarpinu verði vísað til umhverfisnefndar að lokinni 1. umr.

[11:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Áður en haldið er inn í umræðu um þetta frumvarp sem hæstv. umhverfisráðherra hefur talað fyrir þætti mér fengur að því að fá svar við einni spurningu sem vaknar við að hlusta á mál hennar. Þar kemur fram að hér sé verið að færa í lög eina stoð Árósasamningsins svokallaða, eina af þremur stoðum þess samnings. Árósasamningurinn var staðfestur og undirritaður fyrir Íslands hönd ef ég man rétt árið 1998 eða 1999 og stoðir hans eru þrjár. Það er í fyrsta lagi aðgangur að upplýsingum um umhverfismál, í öðru lagi þátttaka í ákvörðunum er lúta að umhverfismálum og í þriðja lagi trygging fyrir réttlátri málsmeðferð. Nú langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra: Þó að ekki sé komin tilskipun um síðari tvær stoðirnar sem ég taldi upp hvað hefur þá verið rætt í herbúðum hæstv. umhverfisráðherra varðandi innleiðingu þeirra tveggja stoða sem út af standa? Eigum við von á því að þær verði lögleiddar á sama hátt og sú sem hér er til umfjöllunar eða ætla stjórnvöld að láta það bíða þangað til tilskipun kemur frá Evrópusambandinu um það mál? Mér finnst það í hæsta máta vera sleifarlag og slóðaskapur. Ég hef ítrekað reynt að fá íslensk stjórnvöld til að opna augu sín fyrir því hversu mikilvægt er að lögleiða allan Árósasamninginn. Ég hefði talið að hér væri tækifæri

til þess og mig langar til að heyra hæstv. umhverfisráðherra rökstyðja hvers vegna stoðirnar tvær sem út af standa eru ekki með í frumvarpinu.

[11:10]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í febrúar á þessu ári skipaði ég nefnd til að fara yfir efni samningsins. Verkefni hennar er að fara yfir ákvæði Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Hlutverk nefndarinnar er að greina efni samningsins, m.a. með hliðsjón af þeim tilskipunum Evrópusambandsins sem samþykktar hafa verið á grundvelli hans og mun væntanlega verða hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og að greina hvaða opinberar leyfisveitingar falla undir hann. Þá skal nefndin fara yfir hvaða breytingar á lögum þarf að gera vegna framangreindra tilskipana og enn fremur hvaða breytingar þurfi að gera á lögum þegar og ef Ísland fullgildir samninginn. Þessi nefnd er að störfum þannig að það er alveg ljóst að þessi mál eru til skoðunar.

[11:12]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ágætt að heyra að hæstv. ráðherra sé með málið í nefnd en mér finnst liðin það mörg ár frá því að Íslendingar staðfestu samninginn að það sé vonum seinna að hæstv. umhverfisráðherra setji saman nefnd til að skoða hvaða áhrif hann komi til með að hafa. Við höfum einu sinni komist svo langt að hæstv. utanríkisráðherra lagði fram þingsályktunartillögu um að samninginn yrði lögfestur, leiddur í íslensk lög. Hann hrökklaðist til baka með það af einhverjum undarlegum tæknilegum ástæðum og síðan hefur ekkert gerst í málinu. Samningurinn hefur verið látinn liggja og eina alvarlega lífsmarkið er núna þegar tilskipun kemur frá Evrópusambandinu, þá er rokið upp og búið til frumvarp.

Ég segi, hæstv. forseti, að hér þurfi auðvitað að halda þannig á málum að skörulegar sé að verki staðið en raun ber vitni. Ég treysti því að þeirri nefnd sem hæstv. umhverfisráðherra hefur skipað verði haldið við efnið þannig að þess sé ekki langt að bíða að við fáum frumvörp sem lögleiði seinni tvær stoðirnar úr Árósasamningnum.

[11:13]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er ekki einfalt mál. Þegar það var skoðað á sínum tíma gerði réttarfarsnefnd athugasemdir við ýmsar breytingar sem þyrfti að gera á lögunum, það var ástæðan fyrir því að málið gekk ekki fram á þeim tíma.

Það er líka vert að veita því athygli að löggjöf í hinum ýmsu löndum sem þetta mál snertir er mjög mismunandi og sem dæmi um það er t.d. að Svíar þurfa að gera grundvallarbreytingar á lögum hjá sér. (**Gripið fram í:** Þeir eru búnir að því.) Það hefur ekki verið mjög auðvelt fyrir þá því að þeir þurftu að fara í stjórnarskrána. Ég hélt reyndar að því yrði ekki að fullu lokið fyrr en á næsta ári.

[11:14]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál. Eins og fram kom í andsvari hjá mér áðan er það vonum seinna að málið skuli lagt fram en engu að síður er ástæða til að fagna því. Ég tel að um verulega réttarbót sé að ræða með því að almenningur hafi skilgreindar reglur um á hvern hátt sé hægt að nálgast upplýsingar um umhverfismál en þessi lög munu gilda bæði um opinberar stofnanir, alla stjórnsýslu og sömuleiðis um einkafyrirtæki.

Auðvitað er það rétt sem kemur fram í máli hæstv. umhverfisráðherra, að umhverfisréttur í veröldinni hefur þróast á þann hátt að farið er að leggja verulega mikið upp úr því að almenningur hafi slíkan aðgang, hljóti fræðslu í umhverfismálum frá stjórnvöldum og sé upplýstur um rétt sinn í þeim efnum. Það er verulega þýðingarmikið að íslensk stjórnvöld sinni því kalli sínu að fræða fólk um réttinn sem fólginn er í þessum lögum. Mér hefur iðulega fundist skorta á að stjórnvöld séu nógu iðin við að láta almenning vita hver réttur hans er. Það skipti verulegu máli að taugin á milli stjórnvalda og almennings í þessum málum sé þannig að almenningur viti hver réttur hans er. Ég árétta að fræðsluhlutverk stjórnvalda er nokkuð sem hnykkja þarf á í tengslum við þá innleiðingu sem hér er til umfjöllunar.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að markmiðssetning laganna er göfug og vel orðuð:

„Markmið laga þessara er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál.“

Að hluta má segja að ein af stoðunum í Árósasamningnum sem út af stendur, sem ekki er lögleidd með þessu frumvarpi, sé til staðar í markmiðssetningu laganna. Ég tel það vel, þ.e. setningin um að almenningur eigi að hafa kost á aukinni þátttöku í ákvarðanatöku um umhverfismál. Mér hefur fundist sem íslensk stjórnvöld töluðu tveimur tungum í þeim efnum.

Mér hefur ekki fundist íslensk stjórnvöld virða þann sjálfsagða rétt almennings að fá allar upplýsingar og eiga aðkomu að ákvarðanatöku. Mér virðist sem íslensk stjórnvöld hafi fremur þrengt að almenningi hvað þetta varðar. Til marks um það hafa þau t.d. haft horn í síðu frjálsra félagasamtaka sem ítrekað hafa reynt að komast að borðinu. Ég veit ekki betur en að samstarf á milli umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka sé sáralítið. Ég tel að þar þurfi að gera mun betur til að við getum sagt að hin frjálsu félagasamtök, sem almenningur á aðild að, hafi í alvöru aðgang að ákvarðanatökunni, aðgang að þeim forsendum sem stjórnvöld ganga út frá við ákvarðanatöku í umhverfismálum. Þau þurfa greiðan aðgang að þeim upplýsingum. Hæstv. umhverfisráðherra þarf að viðurkenna þetta. Vonandi gerir hún það og fer að starfa í þeim anda að íslensk frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála eru bandamenn hæstv. ráðherra og þurfa því að eiga opna og greiða leið að málunum.

Mér virðist einnig sem stjórnvöld hafi sniðgengið fag-

menn í umhverfisgeiranum. Ég minnist þess er náttúruverndarráð var starfandi samkvæmt lögum. Fyrir örfáum árum gengu stjórnvöld fram fyrir skjöldu og lögðu niður náttúruverndarráð, sem var samstarfsvettvangur fagaðila sem starfa að náttúruvernd. Ég tel það gríðarlegan skaða að svo skyldi hafa farið. Á þeirri spýtu héngu um 8 millj. kr. sem stjórnvöld sögðu að ættu að fara til frjálsu félagasamtakanna. Hins vegar hefur reynst þrautin þyngri að fá stjórnvöld til að viðurkenna þörfina fyrir það að þeir peningar fari óritskoðað til frjálsu félagasamtakanna. Stjórnvöld hafa viljað ritstýra þeim fjármunum og velja þau verkefni sem fjármunirnir eru nýttir til. Það er fyrir neðan allar hellur og stríðir í sjálfu sér gegn markmiði 1. gr. þessa frumvarps sem við ræðum hér. Það verður að tryggja að stjórnvöld tali ekki tveim tungum, beri ekki kápuna á báðum öxlum. Þau verða að ganga fram fyrir skjöldu og sýna að hugur fylgi máli.

Við getum líka nefnt aðgerðir stjórnvalda á síðustu missirum, þar sem réttur almennings til að gera athugasemdir í umhverfismálum og sækja rétt sinn í gegnum dómstóla hefur verið þrengdur. Þar er ég að tala um að gjafsóknarrétturinn hefur verið þrengdur og tekinn frá fólki. Allir vita að gjafsóknarrétturinn náði yfir mál af því tagi, mál sem varða umhverfið. Þegar fólk vildi leita réttar síns í umhverfismálum fyrir dómstólum átti það heimild til gjafsóknar. Ég man ekki í svipinn hvort það var samkvæmt blið 126. gr. í lögunum um meðferð opinberra mál sem var breytt, þar sem gjafsóknarrétturinn hefur verið þrengdur. En sú breyting bitnar á því fólki sem vill leita réttar síns í umhverfismálum. Stjórnvöld eru því ekki að praktísera það sem þau predika í þessum efnum.

Ég tel skorta verulega á að stjórnvöld taki til hendinni og viðurkenni þann nútímalega umhverfisrétt sem í orði kveðnu er viðurkenndur. Þegar greinargerðin með þessu frumvarpi er lesin virðast stjórnvöld viðurkenna þann rétt en annað er upp á teningnum þegar til kastanna kemur. Allur tvískinnungur í þessu máli, frú forseti, verður að heyra sögunni til.

Að öðru leyti er hér að baki tilskipun sem er nokkuð flókin. Auðvitað þekkja menn það sem hafa farið í gegnum tilskipanir Evrópusambandsins að þær eru svona og svona og ekki alltaf einfalt að fóta sig í þeim texta. Ég sé hins vegar á greinargerðinni með frumvarpinu að vel hefur verið að verki staðið. Hér eru ýmsar greinargóðar upplýsingar sem eiga eftir að koma að gagni í umhverfisnefnd þegar farið verður yfir frumvarpið. En það sem ég tel mikilvægast í málinu og kem til með að árétta við síðari meðferð þess er að tvískinnungur stjórnvalda í umhverfismálum og afstöðu þeirra til almennings og frjálsra félagasamtaka verður að heyra sögunni til. Sömuleiðis verða stjórnvöld að átta sig á því að handan við hornið er að lögleiða tvær síðari stoðirnar í Árósasamningnum.

[11:22]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér er öðru sinni komið fram frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál. Það kom fyrst fram seint í fyrra, of seint til að ná í 1. umræðu. Málið fór þar með ekki til nefndar og hefur hvorki fengið skoðun þar né umsagnir borist þinginu utan frá, frá kunnáttumönnum, samtökum og stofnunum.

Hæstv. ráðherra hefur reifað málið og farið yfir kosti þess, sem einnig er gerð ágæt grein fyrir í greinargerðinni, í stuttu máli í IV. kafla greinargerðarinnar, að ég hygg. Ætli það merkasta af réttarbótum þar sé ekki það að í frumvarpinu er víðari skilgreining á hugtakinu stjórnvöld en hefðbundin er. Hún tekur sérstaklega til fyrirtækja sem rækja opinbert hlutverk. Rétturinn til upplýsinga er ekki aðeins réttur til upplýsinga sem eru beinlínis í vörslu stjórnvalda heldur líka til upplýsinga sem aðrir geyma fyrir þeirra hönd. Eftir því sem séð verður við skjóta yfirsýn virðist þetta vera gert þannig að það sé skothelt og uppfylli þær kröfur sem gera verður til þess arna. Rétt er að menn fái það hrós sem hver og einn á skilið en hér stendur Evrópusambandið á bak við og tilskipun 2003/4/EB sem frumvarpið byggist á.

Vegna orða síðasta ræðumanns, hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, um 1. gr. frumvarpsins er rétt að beina þeirri spurningu til ráðherra hvort eitthvað búi á bak við það orðalag, um markmið laganna. Frumvarpið er um upplýsingarétt um umhverfismál og þess vegna vekur spurningar hve sterklega þetta er orðað um markmiðið. Það er ekki bara að tryggja eigi almenningi aðgang að þessum upplýsingum heldur á markmiðið að vera að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings við töku ákvarðana um umhverfismál. Það vekur auðvitað athygli að markmiðið skuli vera svo víðfeðmt. Hér er einungis um að ræða þriðjung af þeim efnisatriðum sem tiltekin eru í Árósasamningnum, sem stendur að baki þessu öllu. En með markmiðunum er í raun gert ráð fyrir tveimur þriðju af efnisatriðum hans eða svo. Ég kem að því síðar en ég vona að þetta orðalag sé ekki notað til þess að reyna með einhverjum hætti að ná yfir þann þriðjung sem hér er bætt við, um aukna þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál. Þetta frumvarp eykur ekki þá þátttöku með nokkrum hætti, nema að því leyti að auknar upplýsingar auka þátttöku.

Í 1. umræðu er ekki annað að gera en að fagna þeim réttarbótum sem felast í þessu frumvarpi og berast okkur frá Evrópu, eins og flestar réttarbætur þessi árin, frá Evrópusambandinu góða sem ég veit að við öll, sem stödd erum í salnum, erum hrifin af. En íslensk stjórnvöld hefðu ekki ein sér, þrátt fyrir góðan vilja, vænti ég, komið með slíkar réttarbætur.

Rétt er að minnast þess að í greinargerðinni kemur fram að tilskipun Evrópusambandsins hefði átt að innleiða í febrúar en varð það ekki. Við erum þegar orðin of sein að taka hana inn samkvæmt ströngustu reglum. Vonandi tekst nefndinni að fara skjótt yfir frumvarpið. Það er nokkuð tæknilegt og þarf rækilega athugun en þar er hægt að styðjast við umsagnir.

Eitt vekur strax athygli í frumvarpinu, sem er tiltekið rækilega og ágætlega skýrt í kafla IV, sem ég minntist á áðan, í greinargerðinni. Það er að sé miðað við upplýsingalög þá er bein undanþága sem ekki er að finna berum orðum í upplýsingalögum. Þessi undanþága varðar sértæka þagnarskyldu sem lög kveða á um. Málum er þannig háttað að samkvæmt 4. gr. skapar almenn þagnarskylda í lögum ekki

undanþágu frá rétti almennings til upplýsinga. Það ákvæði í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að þeir séu almennt bundnir þagnarskyldu við störf sín getur ekki hindrað almenning í að sækja sér upplýsingar en í 6. gr. er hins vegar ákvæði um að sérstök þagnarskylda í lögum skapi undanþágur frá væntanlegum lögum um upplýsingarétt um umhverfismál. Höfundar greinargerðarinnar gera okkur þann greiða að telja beinlínis upp hvaða sérstöku ákvæði það eru þannig að ekki leiki neinn vafi á því.

Í fylgiskjali I eru hin sérstöku tilvik rakin. Þar er margt sem er fullkomlega sjálfsagt að skapi slíka undanþágu, svo sem ákvæði um leynd við störf barnaverndarnefnda eða ákvæði um leynd yfir tilteknum upplýsingum í Seðlabanka Íslands, leynd sem tengist skattrannsóknum, einkunnum í grunnskóla og fleira slíku sem sjálfsagt er. En þarna eru einnig verndarákvæði á sviðum sem vel gætu orðið umdeild þegar almenningur sækir rétt sinn til upplýsinga um umhverfismál, svo sem atriði sem varða svokallaða framleiðslu- og verslunarleynd í lögum um matvæli, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Vel er líklegt að þar verði til upplýsingar sem almenningur þarf að geta sótt sér vegna umhverfismála, fremur en það sem gerist í störfum barnaverndarnefnda eða einkunnir í grunnskóla. Það þarf að gæta þess að með ákvæði af þessu tagi verði upplýsingum um umhverfisþætti framleiðslu í sjávarútvegi og öðrum matvælaiðnaði, og í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, ekki blandað saman við viðskiptaleyndarmál, þ.e. menn geti ekki skotið sér á bak við viðskiptaleyndarmál þegar veita skal upplýsingar um umhverfismál. Þetta er eitt af því sem liggur fyrir nefndinni að fara vel í gegnum þannig að ekki verði neinar glufur sem menn kynnu að reyna að nota til að fela sig. Þetta þarf að skoða mjög nákvæmlega.

Ég sagði áðan, forseti, að hér væri á ferðinni einn lögþáttur sprottinn af Árósasamningnum sem svo er kallaður, sem fjallar um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Málið snýst um þetta þrennt: upplýsingar, þátttöku í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð, þ.e. það sem snýr að dómstólunum. Um þennan samning má auðvitað lesa í greinargerð með frumvarpinu og víða annars staðar. Af þessu sést hvers vegna ég spurði um hvers vegna væri í 1. gr. frumvarpsins bæði talað um rétt til upplýsinga og aukna þátttöku almennings, hvort hér væri gert ráð fyrir að aldrei yrðu festar í lög á Íslandi tilskipanir um aukna þátttöku almennings en hins vegar verði Evrópusambandinu og ESA-dómstólnum sýnt þetta frumvarp, þegar það verður orðið að lögum, til að sanna að við höfum þó sýnt lit í því að auka þátttöku almennings. Ef svo er þá held ég að við ættum að taka það atriði út því að þetta mál snýst eingöngu um upplýsingar og á eingöngu að vera um upplýsingar.

Árósasamninginn skrifuðu Íslendingar undir strax árið 1998 ásamt miklum meiri hluta Evrópuþjóða. Hins vegar bregður svo við, sjö árum síðar, að við höfum ekki enn staðfest samninginn eða fullgilt hann þótt við séum nú að lögleiða part úr honum. Sú lögleiðing stafar sem sé ekki af undirskrift okkar undir samninginn heldur erum við nánast tilneydd til þess vegna samstarfsins í EES. Núna, sjö árum síðar, eru Íslendingar, samkvæmt upplýsingum sem ég fékk á vefsetri samningsins í gær, ein af aðeins átta Evrópuþjóðum sem ekki hafa staðfest samninginn, ein af átta. 38 ríki hafa staðfest samninginn, bæði ríki sem skrifuðu undir 1998 og ríki sem síðar hafa gerst aðilar að honum. Sum þeirra hafa kannski verið á mörkum þess að vera til árið 1998. Allar norrænu þjóðirnar hafa staðfest eða fullgilt samninginn, Norðmenn, Danir og Finnar strax 1998, Svíar í maí í vor, vegna þeirrar flækju sem þar blasti við en þeir gengu í að leysa. Ég hef ekki upplýsingar um hvort þeir hafa breytt stjórnarskránni eða réttara sagt stjórnskipunarlögunum því að með slík grundvallarlög háttar öðruvísi í Svíþjóð en hér. En þeir eru a.m.k. reiðubúnir til þess, svo reiðubúnir að þeir hafa þegar fullgilt samninginn.

Það er alkunna hér á þingi en þó rétt að rifja það upp að hæstvirtur þáverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, flutti frumvarp til fullgildingar á samningnum á þinginu árið 2002. Hann mælti fyrir því 23. apríl það ár. Áður hafði hæstvirtur umhverfisráðherra sem þá sat, nú hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, heitið þeirri staðfestingu eða fullgildingu í samningi við félagasamtök í mars 2002. Málið sofnaði á því þingi en síðan hefur verið margspurt um það. Ötulastur þingmanna í þeim fyrirspurnum hefur einmitt verið sú sem hér talaði áðan, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og hafi hún þökk fyrir það atfylgi. Svarið hefur alltaf verið að þetta sé ægilega flókið og erfitt, að réttarfarsnefndin hafi gert við þetta athugasemdir og nánast þurfi að umsteypa öllum lagabálkum á Íslandi. Ekkert gerist í málinu frá apríl 2002 til nóvember 2003 en þá er utanríkisráðherra enn einu sinni spurður um þetta mál. Hann upplýsti þá, með leyfi forseta, að „nýlega" hefði verið ákveðið, í nóvember 2003, að skipa starfshóp undir forustu umhverfisráðuneytisins. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Nýlega var ákveðið að skipa formlegan starfshóp undir forustu umhverfisráðuneytis til að gera nákvæma úttekt á þeim lagabreytingum sem fullgilding Árósasamningsins hefði í för með sér. Umræddar lagabreytingar varða málefni ýmissa ráðuneyta og er gert ráð fyrir að fulltrúar dóms- og kirkjumálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og utanríkisráðuneytis auk umhverfisráðuneytis eigi sæti í þeim starfshóp."

Þetta segir utanríkisráðherra 5. nóvember árið 2003. Mér skilst hins vegar — hæstv. umhverfisráðherra leiðréttir það ef rangt reynist — að þessi starfshópur hafi ekki verið skipaður fyrr en í janúar á þessu ári, í janúar 2005. Þannig virðist hafa liðið heilt ár og rúmur mánuður frá yfirlýsingunni um að nýlega hafi verið ákveðið að skipa starfshóp þar til hann var skipaður.

Ég vona að hæstv. umhverfisráðherra geti sagt okkur frá árangri starfshópsins því að mér skilst líka að það sé rétt á mörkunum að þessi starfshópur hafi nokkurn tíma komið saman vegna þess að nefndarmenn, sem eru náttúrlega sex ákaflega mikilvægir og merkilegir embættismenn úr öllum þessum ráðuneytum, séu svo mikið í útlöndum að þeir geti ekki sótt fundi í starfshópnum. Er það svo, forseti? Hefur starfshópurinn komið saman? Hvað líður hans verkum? Er ekki rétt að hæstv. umhverfisráðherra segi okkur frá því eftir alla þessa sögu?

Það sem skín af þessari litlu sögu um íslensk stjórnvöld og Árósasamninginn er það að Árósasamningurinn, innihald hans, er ekki í forgangi hjá íslenskum stjórnvöldum. Það er enginn áhugi á því hjá íslenskum stjórnvöldum, í þessum sex ráðuneytum, að koma Árósasamningnum til verka. En nú er svipan á eftir hæstv. umhverfisráðherra með að koma í gegn þessum hluta af samningnum sem þegar er orðinn rúmu hálfu ári á eftir þeim tíma sem gert var ráð fyrir að hann yrði fullgiltur. En í aðra hluta Árósasamningsins sést ekki neitt nema í hinum góða starfshópi sex embættismanna úr jafnmörgum ráðuneytum.

Hvað ættum að fá út úr Árósasamningnum? Hverjir eru hinir partarnir? Jú, einn varðar aðgengi almennings að dómskerfinu til að fá skorið úr málum sem snerta það þegar menn taka ákvarðanir um umhverfismál. Það hefur verið umdeilt hér á landi og löng saga að segja frá því, sem ég endist ekki til hér. En við þekkjum þær deilur, bæði úr þingmálum og annar staðar að. Og þriðji hlutinn fjallar um aðgengi almennings að ákvarðanatöku um umhverfismál. Hér er auðvitað talað um almenning en þar með teljast samtök almennings, þ.e. frjálsu félagasamtökin í landinu. Það verður þó að segjast umhverfisráðuneytinu og umhverfisráðherrum sem hér hafa setið til hróss — ég vil gera það á skjön við það sem síðasti ræðumaður sagði — að þar ríkir ákveðin samstarfshefð í þeim efnum. Ráðuneytið hefur frá upphafi haft ákveðið samstarf við frjáls félagasamtök og talið það skyldu sína. Ég tel að það sé gott og ráðuneytið hafi í raun staðið sig betur en flest önnur ráðuneyti, eldri systur þess og bræður. Þannig hefur það gengið fram að þessu og vonandi að svo verði enn. Þrátt fyrir ýmis tíðindi sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir rakti, sem eðlilegt var, hefur þessi samstarfshefð verið fyrir hendi.

Maður spyr sig hins vegar að því hvort ástæðan fyrir því að þessi seinkun hefur orðið sé sú að hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson og núverandi hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, en þau og Framsóknarflokkurinn lofuðu þessu á sínum tíma, mætt fyrirstöðu. Að manni læðist sá grunur að Sjálfstæðisflokkurinn hafi einhverja þá hugmyndafræði sem stendur gegn því að almenningur öðlist þennan rétt, að Sjálfstæðisflokkurinn telji að lýðræðið sé þannig að forminu til að það eigi að kjósa fólk með einhverjum ráðum og síðan eigi það fólk að ráða í fjögur ár sem til þess hefur umboð en þar eigi ekki aðrir að koma að. Maður spyr sig hvort það er þess vegna sem Árósasamningurinn hefur ekki verið fullgiltur og staðfestur og þess vegna hafi menn ekki komið honum inn í lög hér á landi, fyrr en þeir eru barðir áfram með svipunni frá Evrópu.

Mér sýnist, þegar maður fylgist með hugmyndafræðilegri umræðu sem er kannski fremur af skornum skammti í Sjálfstæðisflokknum, að þessi grunur eigi nokkurn rétt á sér. Þegar ég segi af skornum skammti þá á ég við að þeir séu kannski ekki margir sem taka til máls um hugmyndafræði í Sjálfstæðisflokknum. Einn gerir það þó og á mikið hrós skilið fyrir það. Það er hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason. Hann skrifaði á heimasíðu sína fyrir nokkrum vikum, í framhaldi af fundi Mont Pelerin-samtakanna á Íslandi, sem var mikil hátíð hjá hægri mönnum og gaman að þeir skulu skemmta sér öðru hvoru. Hann tekur upp eftir einhverjum frægasta og harðsvíraðasta frjálshyggjumanni sem nú er við völd í Evrópu, Tékklandsforsetanum Vaclav Klaus, mikinn passus í ræðu hans á fundinum. Björn telur ásamt Klaus að verið sé að búa til einhvers konar nýjan sósíalisma. Þar er m.a. — ég hef ekki tíma til að lesa þetta allt — gagnrýndur svokallaður „umhverfisismi", sem er orð eftir Björn Bjarnason og Vaclav Klaus, og „róttækur mannréttindaismi" og síðan er gagnrýnd hugmyndafræðin um samfélagslegt þjóðfélag sem ekki sé annað en póstmarxísk útgáfa af þjóðfélagsgerð þar sem skipulagðir hópar skuli njóta sérréttinda sem leiði til nýs lénsskipulags. Þetta nefni ég sem dæmi um hæðirnar í hugmyndafræði Björns Bjarnasonar. Hann nefnir líka „fjölmenningarisma" og „femínisma" og „andpólitíska teknókratisma" og „alþjóðaisma", sérstaklega hinn evrópska þátt sem kallast „evrópuismi" og það hraðvaxandi fyrirbæri sem Vaclav Klaus kallar „NGO-isma", en NGO er enska skammstöfunin fyrir frjáls félagasamtök.

Það er rétt að hæstv. umhverfisráðherra svari því nú, af því að hún hlýtur að vera með í hugmyndaumræðunni innan Sjálfstæðisflokksins, hvort hún taki undir hugmyndir Vaclavs Klaus annars vegar og hins vegar Björns Bjarnasonar um að það beri að berjast gegn þessum „NGO-isma" sem sé ekki annað en einhvers konar póstmarxismi og nútímaútgáfa af kommúnisma. Einmitt það að tortryggja Árósasamninginn með þessum hætti, sem virðist samevrópsk hægri stefna, bendir til að þeir sem fyrir því standa séu andstæðingar hins svokallaða NGO-isma. Um þetta vil ég gjarnan heyra frá hæstv. umhverfisráðherra, að hún segi okkur það hvort hún sé þessarar skoðunar, hvort hún sé í þeim armi Sjálfstæðisflokksins sem berst gegn öllum þessum „ismum" eða hvort hún hefur aðra skoðun á því efni.

[11:42]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Hér fara fram áhugaverðar umræður um frumvarpið um rétt almennings til upplýsinga um umhverfismál. Tveir háttvirtir þingmenn veltu sérstaklega fyrir sér hvort orðalaginu í 1. gr. frumvarpsins þar sem segir:

„Markmið laga þessara er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál."

Þetta orðalag er fyrst og fremst byggt á a-lið 1. gr. tilskipunarinnar og 1. töluliðar formálsorða hennar. Þannig er orðalagið til komið. Ég tel einsýnt að það að almenningur hafi rétt til upplýsinga um umhverfismál hljóti að leiða af sér að sterkari vitund verði um málefni á umhverfissviði, frjáls skoðanaskipti og aukna þátttöku almennings við töku ákvarðana. Það að geta nálgast upplýsingar styrkir stöðu almennings í að taka þátt í umræðum og ákvörðunum varðandi þessi mál.

En margt fleira var nefnt. Árósasamningurinn var gerður að sérstöku umræðuefni, þ.e. að Ísland skuli ekki hafa fullgilt hann. Það gætti ákveðins misskilnings í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar. Þannig er að annars vegar var að störfum óformlegur vinnuhópur og þrjú ráðuneyti sem áttu fulltrúa í honum, þ.e. umhverfisráðuneyti, dóms- og kirkju-

málaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Sú vinna leiddi í ljós að vinna þyrfti málið nánar með fleiri ráðuneytum. Þess vegna skipaði ég nefnd í febrúar og í henni eiga sæti fulltrúar frá umhverfisráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Sú nefnd er að störfum, svo að það sé alveg ljóst.

Síðan gerði hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir að sérstöku umtalsefni að stjórnvöld væru að tala tungum tveim, eins og hún orðaði það. Hún hélt því fram að samstarf umhverfisráðuneytis og frjálsra félagasamtaka væri sáralítið eða nánast ekki neitt. Ég verð að segja að ég kannast ekki við þá mynd sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir dregur upp. Það hefur verið alveg einstaklega gott samstarf á milli umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka. Í gildi er samkomulag um samstarf þar sem veittur er fjárstuðningur til frjálsra félagasamtaka. Á þessu ári hækkaði ég þann fjárstuðning úr 8 milljónum í 10. Í rauninni er það mjög eðlileg málsmeðferð að sótt sé um til ráðuneytisins til ákveðinna verkefna. Það er ekkert óeðlilegt við það. Mér finnst mjög furðulegt að gera það eitthvað tortryggilegt og það er engin ritskoðun í því fólgin. Félagasamtökin ráða því auðvitað sjálf og ákveða til hvaða verkefna þau sækja til umhverfisráðuneytisins.

Mér finnst að þetta sýni hreint og klárt vanþekkingu Kolbrúnar Halldórsdóttur á samstarfi umhverfisráðuneytisins og hinna frjálsu félagasamtaka. Við eigum mjög tíða fundi um hin ýmsu mál og ég hef fengið mjög fínar ábendingar og átt mjög mikið samstarf um einstök mál. Ég nefni eitt mjög mikilvægt mál sem dæmi. Það er akstur utan vega þar sem frjálsu félagasamtökin ásamt ráðuneytinu hafa virkilega lagt mikið á sig og lagst mjög á sveifina með okkur til að reyna að koma þeim málum í gott horf. Það skortir sannarlega ekki á vilja af hálfu ráðuneytisins til að eiga gott samstarf. Eins og ég nefndi eigum við mjög tíða fundi um hin ýmsu mál og tökumst á við þau saman.

Einnig var nefnt hér það sem hv. þm. Mörður Árnason kallaði NGO-isma og hélt því fram að ýmsar skoðanir væru á því að berjast ætti gegn NGO-isma. Ég verð að viðurkenna að ég veit ekki hvað þessi NGO-ismi er.

Hins vegar er algerlega klárt í mínum huga að það er mjög mikilvægt fyrir umhverfismál í landinu að gott samstarf sé við frjáls félagasamtök og það er það sem við höfum verið að leggja áherslu á í umhverfisráðuneytinu. Ég ætla ekki að hafa svar mitt við þessari spurningu öðruvísi því greinilegt er að Mörður hefur farið miklu nákvæmar ofan í þetta en sú sem hér stendur. Ég veit hreinlega ekki hvað hann á við með NGO-isma.

(**Forseti** (SP): Forseti vill minna hæstv. ráðherra á að ávarpa hv. þingmann með tilhlýðilegum hætti.)

[11:50]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gagnrýni hæstv. umhverfisráðherra í sambandi við samstarfið við frjáls félagasamtök. Ég get auðvitað viðurkennt að það samstarf sem er til staðar er gott. Hins vegar held ég mig við það að það mætti vera svo miklu meira, svo miklu opnara, og það mætti vera í málum sem eru líka deilumál. Sannleikurinn er sá að umhverfisráðuneytið hefur viljað vinna með frjálsum félagasamtökum í óumdeildum málum eins og hæstv. ráðherra nefndi, akstur utan vega, sem er algerlega óumdeilt mál og skaðlaust fyrir stjórnvöld að vinna með frjálsu félagasamtökunum í slíku máli. En hvernig gekk þegar verið var að berjast hér blóðugri baráttu um Kárahnjúkavirkjun? Þá voru eldglæringar á milli frjálsu félagasamtakanna, a.m.k. sumra þeirra, og umhverfisráðuneytisins. Það verður hæstv. umhverfisráðherra að viðurkenna. Þau sár sem þar urðu til eru ekki gróin, þau eru enn til staðar. Þau gera það að verkum að frjálsu félagasamtökin geta ekki sótt til umhverfisráðuneytisins eða treyst á umhverfisráðuneytið í pólitískum deilumálum. Það er bara þannig. Stundum finnst mér að hæstv. umhverfisráðherra eigi að vera andófsmaður í ríkisstjórninni og ég hvet hæstv. ráðherra til að vera það, sem er svo sem ekki löngu byrjuð í þessu starfi. Ég sagði í ræðu minni áðan að frjálsu félagasamtökin og hver sá sem stýrir umhverfismálunum í ríkisstjórninni á hverjum tíma, eigi að vera bandamenn og það sé gríðarlega mikils virði að unnið sé í þeim anda. Það er barnaskapur af hæstv. ráðherra að halda því fram að það sé eðlileg málsmeðferð að ríkisstjórnin stýri þeim verkefnum sem frjálsu félagasamtökin fara í. Að sjálfsögðu eiga frjálsu félagasamtökin að ráða sjálf verkefnum sínum og þess vegna eiga opinberir fjármunir sem renna til þeirra að vera óskilgreindir. Þeir eiga að fara í almennan rekstur, þann rekstur sem félagasamtökin sjálf skilgreina (Forseti hringir.) sem brýn verkefni.

[11:52]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að rétt væri af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að hún kynnti sér þessi mál betur. Það er auðvitað þannig að frjálsu félagasamtökin velja sjálf þau verkefni sem þau eru að sækja um fjármuni í. Það er því fullkomlega eðlilega staðið að þessum málum. Hvað það snertir að ráðherra í ríkisstjórn eigi að vera einhver andófsmaður þar, þá geta vissulega verið skiptar skoðanir á því. En það er nú einu sinni svo að þótt ríkisstjórnin sé fjölskipað stjórnvald er ein ríkisstjórn í landinu.

[11:53]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra. Félagasamtökin velja sjálf þau verkefni sem þau sækja um. En það er ekki á þeirra valdi hvaða verkefni fá náð fyrir augum fjárveitingavaldsins, þ.e. umhverfisráðherra í þessu tilfelli, og hvaða verkefnum er hafnað. Ef um deilumál er að ræða, pólitískt hitamál, leiðir það af sjálfu sér að umhverfisráðherra fer ekki að styrkja frjáls félagasamtök sérstaklega til að berjast. Það er bara þannig. Þess vegna eiga stjórnvöld að vera það þroskuð að þau eiga að útdeila þeim fjármunum sem eru til ráðstöfunar í þessum efnum, ótilgreint, þannig að frjálsu félagasamtökin ákveði sjálf á hvern hátt þau síðan berjast fyrir hagsmunamálum sínum og þau þurfa oft, eðli málsins samkvæmt, að taka snerrur við stjórnvöld. Stjórnvöld eiga ekki að kveinka sér undan þeim, þau eiga bara að taka því sem að höndum ber í þeim efnum.

Það er afskaplega athyglisvert og gaman að fá áður-

nefnda tilvitnun frá hv. þm. Merði Árnasyni í heimasíðu hæstv. ráðherra Björns Bjarnasonar, um NGO-ismann. Ég held að gríðarlega mikið sannleikskorn sé í því sem hv. þingmaður bendir okkur á með þeirri tilvitnun. Sannleikurinn er nefnilega sá að ríkisstjórn hæstv. forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, er ekkert um afskiptasemi frjálsra félagasamtaka gefið. Það hefur verið þannig núna undanfarin ár að hatrömm barátta hefur verið í gangi. Stjórnvöld hafa kveinkað sér verulega og þau gera það enn og ég sé ekki að það séu neinar sættir í sjálfu sér í sjónmáli, þó svo stjórnvöld geti auðvitað unnið í sakleysislegum og (Forseti hringir.) þörfum málum með frjálsu félagasamtökunum, sem er vel.

[11:55]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst þessi umræða mjög undarleg, um styrkina til frjálsu félagasamtakanna. Eins og ég nefndi áðan velja þau sjálf til hvaða verkefna þau sækja styrki. Í þeim geta verið fólgnir t.d. ferðastyrkir.

Ég er ekki að kveinka mér undan gagnrýni frjálsra félagasamtaka. Þau hafa allan rétt á henni og sjálfsagt fyrir frjáls félagasamtök að gagnrýna stjórnvöld ef þeim finnst ekki að þau standi í ístaðinu gagnvart ýmsum málum. Ég nefni t.d. ferðastyrki þar sem er verið að fara á ráðstefnur erlendis og þá gætu jafnvel komið út úr því gagnrýni á íslensk stjórnvöld. Hvað er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir að tala um? Ég skil ekki þessa umræðu. Vegna þess að það er alveg augljóst að eitthvað af þeim fjármunum sem fara til frjálsra félagasamtaka gæti verið notað í verkefni sem væru m.a. til þess fallin að gagnrýna síðan íslensk stjórnvöld. Það er því ekki verið að ritskoða það á einn eða neinn hátt. Það er algjör firra.

Að halda því fram í einhverri alvöru að hægri menn séu á móti umhverfismálum eða frjálsum félagasamtökum, það finnst mér vera að snúa hlutunum algerlega á hvolf. Í mínum huga sem hægri manns, sem ráðherra Sjálfstæðisflokksins eru frjálsu félagasamtökin eitt af því sem við höfum í gegnum tíðina alltaf staðið vörð um.

[11:57]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Mér þykja það góð tíðindi að NGO-ismi hæstv. ráðherra Björns Bjarnasonar og Vaclavs Klaus, forseta í Tékklandi, skuli ekki hafa enn þá borist upp í Mosfellsbæ og ég vona að hann komist ekki yfir sauðfjárveikivarnir í landinu heldur verði hrakinn burt „völskunum meður" eins og fyrrverandi nágranni hæstv. umhverfisráðherra sagði á 19. öld.

Hitt þarf hæstv. umhverfisráðherra að segja okkur skýrt vegna þess að hún hefur ekki enn þá talað um Árósasamninginn eins og hún á að gera. Það er best að leggja fyrir hæstv. ráðherra þá spurningu hvort hæstv. umhverfisráðherra telur æskilegt að fullgilda Árósasamninginn þegar búið er að skýra þær meintu lagaflækjur sem um er rætt í máli hennar og annarra. Það er hin mikilvæga spurning, og þá skulum við láta eiga sig hversu lengi hefur verið að verið, eins og ég rakti í ræðu minni áðan. Telur hæstv. umhverfisráðherra þetta æskilegt þegar sá tími kemur að búið er að greiða úr flækjum eða telur hún það ekki?

[11:58]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil sjá niðurstöður nefndarinnar áður en ég tek beina afstöðu til þessa máls. Ég vil sjá hvaða flækjur eru þar á ferðinni áður en ég tek efnislega afstöðu til málsins.

[11:59]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hér kemur nýtt upp á teninginn því flækjurnar sem um er að ræða eru ljósar. Réttarfarsnefnd hefur sagt okkur frá því hvaða flækjur það eru í stórum dráttum. Þetta er spurning um tæknilegar flækjur fyrst og fremst, hverju það mundi breyta í lögunum og hvort þurfi að breyta stjórnarskrá eins og í Svíþjóð, ég get ekki ímyndað mér það. En ég er ekki fræðimaður á því sviði. Hingað til hafa menn eins og Halldór Ásgrímsson, núverandi hæstv. forsætisráðherra, verið að tala um tæknilega hluti. Spurning mín var pólitísk. Er hæstv. umhverfisráðherra, sem hlýtur að þekkja Árósasamninginn, annars væri hún ekki ráðherra í þessu ráðuneyti, tilbúin að fallast á meginreglur hans með því að fullgilda hann og leiða í lög þau ákvæði sem hér þarf í lög að leiða vegna þátttöku okkar í honum? Eða ætlar hæstv. umhverfisráðherra, með ríkisstjórninni, að bíða eftir því hvað Evrópusambandið gerir og hvað er hægt að þvælast fyrir Evrópusambandsviljanum í EES-samstarfinu? Og hvernig er hægt að koma þessu þá þannig við að íslensk stjórnvöld, þessi frægu hægri stjórnvöld, þurfi sem minnst að skipta sér af þessu? Þess vegna vil ég endurtaka þetta. Ég veit að um getur verið að ræða tæknileg vandræði, við skulum mæta þeim. Er hæstv. umhverfisráðherra pólitískt samferða Árósasamningnum? Er hún samþykk honum eða ekki?

[12:00]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti Hv. þm. Mörður Árnason verður að sætta sig við að ég svari þessari spurningu efnislega þegar málið liggur ljóst fyrir.

[12:01]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég átti ónotaðan réttinn til að flytja aðra ræðu. Ég skal hafa hana ákaflega stutta. Hún gengur einfaldlega út á það að orðaskiptin í andsvörum áðan segja þingheimi og landslýð að umhverfisráðherra var ekki tilbúin til að fallast á að svara spurningu minni um hvort hún væri pólitískt sammála Árósasamningnum. Þá er uppi á borðinu að samningur sem við höfum undirritað en ekki fullgilt er í því lausa lofti að sjálfur hæstv. umhverfisráðherra ríkisstjórnarinnar er ekki tilbúinn að taka undir meginatriði samningsins.

Næsta spurning er í raun um hvort Íslendingar eigi að draga undirritun sína til baka af þessum samningi. Íslensk

stjórnvöld eru ekki tilbúin til að stíga næsta skref. Eftir undirritun samningsins árið 1998 sat þó sama ríkisstjórn, að flokkum til a.m.k., en annar umhverfisráðherra og annar utanríkisráðherra. En þeir sem fóru með þetta vald voru þá frá Framsóknarflokknum.

Margt hefur vont verið sagt um Framsóknarflokkinn undanfarin missiri en kannski er hann að þessu leyti skárri en hinn stjórnarflokkurinn, sem nú heldur um bæði þessi ráðuneyti, utanríkisráðuneytið og umhverfisráðuneytið, að hann var pólitískt sammála Árósasamningnum. En Sjálfstæðisflokkurinn virðist ekki vera það. Mér þykja þetta nokkur tíðindi og satt að segja átti ég síður von á þeim. Ég hélt að hæstv. umhverfisráðherra væri maður til þess að standa í lappirnar í málaflokki sínum og a.m.k. til að standa almennt og pólitískt við þær skuldbindingar sem felast í undirritun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar undir Árósasamninginn 1998. Svo virðist þó ekki vera og ég harma það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 1. umr.

Stjfrv., 236. mál (EES-reglur, læknar í starfsnámi). — Þskj. 236.

[12:03]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Frumvarp þetta er lagt fram í því skyni að tryggja fulla innleiðingu á tilskipun um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma en eins og kunnugt er var meginefni hennar innleitt með lögum á árinu 2003. Þá var vinnutími lækna í starfsnámi undanskilinn gildissviði vinnuverndarlaganna en með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði laganna um vinnutíma starfsmanna gildi einnig um þann hóp.

Efni frumvarpsins mun hafa áhrif á vinnuskipulag innan stærri sjúkrahúsanna og því þótti ástæða til að innleiða regluna um vikulegan hámarksvinnutíma í þrepum fram til miðs árs 2009. Sömu reglur munu þó gilda um viðmiðunartímabilið og um aðrar starfsgreinar sem vinnuverndarlögin gilda um.

Vikulegur hámarksvinnutími lækna í starfsnámi verður þá 58 klukkustundir að meðaltali á fjögurra mánaða tímabili fram á mitt ár 2007 en 56 klukkustundir fram að miðju ári 2009. Að öðru leyti munu ákvæði laganna um vinnutíma taka gildi þegar frumvarpið verður að lögum.

Enn fremur er gert ráð fyrir að vinnuveitandi hafi samráð við fulltrúa starfsmanna með góðum fyrirvara með það í huga að ná samkomulagi, þar sem því verður viðkomið, um tilhögun vinnutíma á aðlögunartímabilinu. Hlutaðeigandi samtökum aðila vinnumarkaðarins er jafnframt heimilt að gera með sér samkomulag um tilhögun lækna í starfsnámi á sama tímabili.

Skilgreining á hugtakinu læknir í starfsnámi liggur fyrir. Þar er átt við læknakandídata sem hafa lokið læknaprófi en eru ekki komnir með lækningaleyfi og starfa í kandídatsstöðum sem eru viðurkenndar til öflunar lækningaleyfis. Enn fremur er átt við lækna sem starfa í stöðum sem auglýstar eru sérstaklega sem námsstöður vegna sérnáms og uppfylla skilyrði reglugerðar um veitingu lækningaleyfa og sérfræðingsleyfa.

Frumvarpi þessu er jafnframt ætlað að renna styrkari stoðum undir þær reglur sem þegar höfðu verið settar með heimild í lögunum fyrir gildistöku laga nr. 68/2003. Þá var félagsmálaráðherra falið að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins en áður hafði stjórn stofnunarinnar sett reglu sem ráðherra síðan staðfesti. Nokkur óvissa hefur því ríkt um gildi framangreindra reglugerða. Þykir því ástæða til að taka af allan vafa um að þær haldi gildi sínu þar til nýjar hafa verið settar.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og félagsmálanefndar.

[12:06]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er vonum seinna að hæstv. félagsmálaráðherra mælir fyrir þessu máli um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Samkvæmt tilskipuninni sem hér er unnið eftir átti að vera búið að innleiða ákvæðin í ágúst 2004, varðandi hámarksvinnutíma lækna og unglækna. Er eðlilegt að spurt sé hvers vegna þessi dráttur hefur orðið.

Ég furða mig jafnframt á því, af því að hér er nokkuð stórt mál á ferðinni, að hæstv. ráðherra skyldi ekki eyða fleiri orðum í frumvarpið og hvaða áhrif það hefði. Ég gat t.d. ekki heyrt að hæstv. ráðherra hefði mörg orð um hve mikið fjölga þyrfti unglæknum. Það kemur fram í umsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu að þeim muni fjölga þegar þessi ákvæði hafa að fullu verið innleidd. En ríkisstjórnin eða ráðherra hefur kosið að gera þetta í áföngum fram til 2009.

Lengi hafa staðið yfir deilur sem gengið hafa út á að allar reglur um hvíldar- og frítökudaga unglækna á sjúkrahúsum séu brotnar. Ég bar upp fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um þetta mál á árinu 2002 og get ekki séð að neitt hafi breyst varðandi vinnu- og hvíldartíma unglækna þrátt fyrir lögin sem sett voru árið 2003, sem áttu m.a. að taka á vinnutíma og hvíldartíma unglækna og afnema þá undanþágu sem verið hefur að því er varðar hvíldartíma þeirra. Ég held að ekki sé ofsagt, virðulegi forseti, að allar tilraunir til að leysa þetta mál hafa orðið að tómu klúðri. Svo var komið að unglæknar leituðu með málið til dómstóla og verður það mál gegn Landspítala – háskólasjúkrahúsi dómtekið 8. nóvember.

Ég hygg að meira en þrjú ár séu síðan heilbrigðisráðherra skipaði nefnd sem skilgreina átti hverjir væru læknar í sérnámi, sem deilur hafa einnig staðið um. Það leiddi til að allir læknar sem ekki höfðu lokið sérfræðinámi voru flokkaðir sem læknar í starfsnámi. Vinnutímatilskipunin náði því ekki til þeirra og hafa þeir ekki notið sama hvíldartíma og réttinda og aðrir læknar. Það er raunar ekki forsvaranlegt, virðulegi forseti, að ekkert hafi breyst varðandi hvíldartíma

lækna. Það er ekki forsvaranlegt upp á öryggi sjúklinga og rétt lækna til hvíldar að svo lengi hafi tíðkast að ungir læknar standi sólarhringsvaktir á sjúkrahúsum án hvíldar. Dæmi eru um að menn hafi staðið allt að þrjá sólarhringa samfellt á bundinni vakt á sjúkrahúsum sem hafa lækna í starfsnámi.

Ég man eftir bréfi sem yfirlæknir Vinnueftirlitsins og landlæknir sendu sameiginlega til heilbrigðisráðherra fyrir 3–4 árum. Þar segir að líkur á mistökum aukist og þekkt séu ýmis dæmi um mistök lækna sem rekja megi að öllu eða hluta til til óhóflegs vinnutíma unglækna.

Það er full ástæða til, frú forseti, að fagna frumvarpinu sem við ræðum nú, um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Með því á að innleiða ákveðna þætti varðandi skipulag og vinnutíma lækna í starfsnámi og fella algerlega úr gildi þær undanþágur sem gilt hafa. Á hinn bóginn hefur tekið ótrúlega langan tíma að koma þessu máli í þingsal. En það er náttúrlega mjög hægt farið í þetta mál því að hæstv. ráðherra ætlar að gera það í áföngum og taka fjögur ár í að innleiða þessa mikilvægu tilskipun sem miklu skiptir fyrir öryggi sjúklinga og hvíldartíma unglækna.

Ég spyr, virðulegi forseti: Var haft samráð við félag unglækna um þessa skipan mála? Eru þeir sáttir við þá skilgreiningu sem hér er sett fram, t.d. á því hverjir falli undir skilgreininguna á lækni í starfsnámi?

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, virðulegi forseti, hefur þetta mál ekki verið unnið í samráði við Félag unglækna. Svo virðist sem stjórnvöld bregðist við í þessu máli eftir að Félag unglækna lagði fram kæru á hendur Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi vegna ágreinings um hvíldartíma. Ég held ég muni það rétt að heilbrigðisráðherra hafi sent bréf til stjórnenda Ríkisspítala þar sem farið var fram á að vinnutími unglækna yrði lagfærður þannig að hann færi eftir lögum um hvíldartíma. Þrátt fyrir að heilbrigðisráðherra hafi sent þá fyrirskipun verður ekki séð að það hafi breytt neinu varðandi hvíldartíma læknanna og að leiðrétt hafi verið þau brot sem eru á hvíldartíma sem ná raunverulega 2–3 ár aftur í tímann.

Í samtölum mínum við forsvarsmenn Félags unglækna hefur komið fram að ekki hafi farið fram nein vinna á vegum stjórnvalda til að skoða hvort þetta sé yfirleitt framkvæmanlegt sem hér er verið að leggja til, hvað þetta muni kosta og hvernig eigi að skipuleggja vinnu unglækna samkvæmt þessari tilskipun. Ljóst er að himinn og haf er á milli þess sem Félag unglækna telur að þurfi að fjölga unglæknum miðað við þessa tilskipun þegar hún er að fullu komin til framkvæmda og þess álits sem fram kemur í umsögn fjármálaráðuneytisins, fjárlagaskrifstofu, um hve mikið fjölga þurfi unglæknum.

Samkvæmt því sem Félag unglækna upplýsir er fjöldi unglækna nú um 150 og þarf að fjölga þeim í 200, eða um allt að 50, þegar þessi tilskipun og hvíldartíminn er að fullu kominn til framkvæmda. Í umsögn fjárlagaskrifstofu segir um þetta:

„Að óbreyttu er ekki óraunhæft að gera ráð fyrir að stöðum unglækna við sjúkrahúsin fjölgi um tíu ár hvert næstu ár vegna innleiðingar tilskipunarinnar og verði um 160 til 170 í lok árs 2008.“

Félag unglækna segir að þeim þurfi að fjölga í 200 í lok tímabilsins og munar það hvorki meira né minna en upp undir 40–50 stöðugildum. Því þarf að fara mjög vandlega yfir þetta í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar sem væntanlega er félagsmálanefnd. Í umsögninni kemur einnig fram að árleg aukning útgjalda ríkissjóðs næmi þá um 35 millj. kr. við þá aukningu sem þeir áætla sem er tíu á ári ár hvert. En ljóst er að útgjaldaaukningin verður margfalt meiri en fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir í þessu sambandi.

Hæstv. ráðherra talaði um þessa innleiðingu, hvernig hún ætti að eiga sér stað. Í 2. gr. er talað um að hámarksvinnutími lækna í starfsnámi á viku að yfirvinnu meðtalinni skuli ekki vera umfram 58 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili og fari niður í 56 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

Þá ætla ég að vitna til þess, virðulegi forseti, að í greinargerð með þessu frumvarpi segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Að því er varðar lækna í starfsnámi er aðildarríkjum engu síður veittur sérstakur aðlögunartími þannig að heimilt er að innleiða meginreglu vinnutímatilskipunarinnar um 48 klukkustunda vikulegan hámarksvinnutíma í þrepum á allt að átta árum samkvæmt sérstökum skilyrðum og er veitt tiltekið svigrúm með tilliti til viðmiðunartíma vikulegs hámarksvinnutíma ...“

Er það ekki réttur skilningur, og ég spyr hæstv. ráðherra að því, að við erum að tala um að fara með þetta niður í 48 klukkustunda vikulegan hámarkstíma eins og fram kemur í greinargerðinni? En við lestur á lagagreininni sjálfri mætti misskilja þetta þannig að verið sé að tala um annan fjölda af klukkustundum.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra, vegna þess að það er mikilvægt að fá það fram sérstaklega þegar maður lítur til umsagnar fjármálaráðuneytisins, hvaða úttekt hafi farið fram og kortlagning á þörfinni fyrir að fjölga unglæknum miðað við þær breytingar sem hér eru lagðar til. Eru þetta bara einhverjar tölur upp úr hatti sem fjármálaráðuneytið dregur fram og byggir fjárþörfina á eða hefur það verið skilgreint nákvæmlega hver þörfin sé á að fjölga unglæknum til þess að hægt sé að standa við þennan hvíldartíma upp á 48 klukkustundir eins og tilskipunin felur í sér?

Það er líka alveg ljóst — og ég spyr hvort hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því — að þegar við erum komin niður í 48 klukkustundir og litið er til þess mikla álags sem hefur verið á unglæknum þar sem þeir hafa staðið vaktirnar kannski í einn sólarhring og í sumum tilvikum lengur, eins og ég nefndi áðan, þá mun þetta skerða kjör unglækna, sem þeir sjálfir nefna, um 25%. Auðvitað er það svo að hámarkshvíldartíma verða unglæknar að fá og skilgreina þarf hámarksvinnutímann þannig að það sé allt gert út frá öryggi sjúklinganna og nauðsynlegum hvíldartíma unglækna. Engu að síður standa þeir frammi fyrir skerðingu á kjörum sínum um 25% þegar þetta verður að fullu komið til framkvæmda.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra að því hverju hann telur að lögin um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem voru samþykkt í apríl 2003 þar sem átti að afnema þessa undanþágu, hafi raunverulega breytt. Unglæknar segja mér að vinnutími þeirra

sé nákvæmlega sá sami og hann hefur verið á umliðnum árum þrátt fyrir þessa lagabreytingu og í raun og sanni hafi ekkert breyst í þessu efni og þess vegna hafa þeir farið með mál sitt til dómstólanna.

Virðulegi forseti. Það er alvarlegt ef í ljós kemur að sú umsögn sem fram kemur hjá fjármálaráðuneytinu er hreinlega villandi og röng vegna þess, virðulegi forseti, að ráðherrum ber að setja réttar upplýsingar fyrir þingið og greina frá áhrifum af þeim frumvörpum sem þeir leggja fram. Þess vegna verður að leggja í það vinnu, ef það hefur ekki verið gert á vegum ráðuneytisins, að skoða hvers vegna svona mikið beri á milli umsagnar fjármálaráðuneytisins um þörfina á fjölgun á stöðugildum og því sem fram kemur hjá unglæknum sjálfum. Við erum að tala um alla vega 40 ef ekki nálægt 50 stöðugildi sem þarna ber á milli. Eins og staðan er núna liggja þessir unglæknar ekkert á lausu og því er haldið fram í mín eyru að það skorti unglækna í dag bæði á LSH og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Fróðlegt væri að vita hvaða kortlagning hafi farið fram á því á vegum stjórnvalda hvernig þeir ætla að finna 40–50 unglækna til viðbótar miðað við ákvæði þessarar tilskipunar.

Þetta vildi ég láta koma fram af því að hér er mál á ferðinni sem hefur verið deilumál innan og utan þingsala. Það er mikilvægt þegar við fáum þetta mál núna til þingsins að frá því sé gengið á viðunandi hátt þannig að þetta séu ekki bara orð á blaði, orð í lagabókstaf sem er svo ekki hægt að hrinda í framkvæmd m.a. vegna þess að skortur er á unglæknum og m.a. vegna þess að ekki er áætlað rétt um útgjaldaþörf og fjölda stöðugilda við þessa breytingu. Það er mikið í húfi, virðulegi forseti, og skal ég ljúka nú máli mínu með því að segja að ég vona að frá málinu verði þannig gengið, og ekki vonum seinna því þetta hefur tekið langan tíma, að við allt í senn tryggjum nauðsynlegan hvíldartíma unglækna, gerum ráðstafanir til að hægt sé að mæta þeim stöðugildum sem þetta frumvarp kallar á að því er varðar fjölgun á unglæknum og síðast en ekki síst að þannig sé frá hvíldartíma unglækna gengið að öryggi sjúklinga sé í öllu tryggt.

Virðulegi forseti. Ég hef beint ákveðnum spurningum til hæstv. ráðherra sem ég vona að hann veiti hér svör við.

[12:21]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir innlegg hennar í þessa umræðu og mun gera mitt ýtrasta til að svara þeim spurningum sem hún hefur til mín beint þó ekki geti ég svarað þeim öllum í hörgul.

Það er rétt sem hv. þingmaður bendir á, að með því að mæla fyrir þessu frumvarpi eru orð í tíma töluð á Alþingi og hefði það mátt gerast fyrr. En eins og hv. þingmaður þekkir er það vilji stjórnvalda að í lengstu lög takist aðilum vinnumarkaðarins að koma sér saman um efni þeirra reglna sem á vinnumarkaðnum gilda. Það hefur hins vegar ekki tekist í þessu efni eins og hv. þingmaður vék að. Um þetta hafa verið deilur í samfélaginu. Með réttu hefðum við átt að vera búin að taka í gildi þær tilskipanir Evrópusambandsins sem hér um ræðir í ágúst í fyrra. Því má segja að hver sé að verða síðastur í þeim efnum.

Hv. þingmaður spyr hvort unglæknar séu sáttir við efnisinnihald þess frumvarps sem hér er til umræðu. Ég geri mér ekki grillur um það, hæstv. forseti, að þeir séu í öllum atriðum sáttir við efnisinnihaldið. Þeim hefur verið gerð grein fyrir því. Ég tel þó að mér sé óhætt að segja að Félag unglækna fagnar því að frumvarpið sé fram komið og það komi til efnislegrar umræðu og fái þá afgreiðslu sem því ber á Alþingi.

Hv. þingmaður spyr hvort ekki sé rétt skilið að þegar til fullrar framkvæmdar er komið gildi sú regla að hámarksvinnutími unglækna verði 48 stundir á viku. Það er rétt skilið. Með leyfi forseta vil ég vitna í athugasemdir við frumvarpið. Þar segir:

„Læknar í starfsnámi eru undanskildir meginefni IX. kafla laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem fjallar um hvíldartíma, frídaga og hámarksvinnutíma, en meginreglan um daglega lágmarkshvíld og vikulegan frídag sem tengist daglegum hvíldartíma hefur gilt um vinnutíma þeirra, sbr. 2. tölul. 52. gr. a laganna. Er því lagt til með frumvarpi þessu að aðrar meginreglur vinnutímatilskipunarinnar, svo sem um hlé á vinnu, hámarksvinnutíma á viku og vinnutíma næturvinnustarfsmanna, gildi einnig um vinnutíma lækna í starfsnámi. Að því er varðar lækna í starfsnámi er aðildarríkjum engu síður veittur sérstakur aðlögunartími þannig að heimilt er að innleiða meginreglu vinnutímatilskipunarinnar um 48 klukkustunda vikulegan hámarksvinnutíma í þrepum á allt að átta árum samkvæmt sérstökum skilyrðum og er veitt tiltekið svigrúm með tilliti til viðmiðunartíma vikulegs hámarksvinnutíma ..."

Það er einmitt, hæstv. forseti, lagt til í þessu frumvarpi að meginreglan um vikulegan hámarksvinnutíma verði innleidd hér á landi í þrepum á fimm árum. Önnur ákvæði laganna um vinnutíma koma að fullu til framkvæmda við gildistöku laganna verði frumvarpið samþykkt.

Hv. þingmaður spyr sömuleiðis hvaða áhrif þetta muni hafa á spítölunum. Það sem liggur hér fyrir, hæstv. forseti, og betri upplýsingar hef ég ekki og á þær verð ég að reiða mig, kemur fram í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins. Það kemur mér satt best að segja talsvert á óvart ef jafnmikið ber í milli og hv. þingmaður bendir hér á. En framhald málsins verður að sjálfsögðu í höndum aðila vinnumarkaðarins þ.e. atvinnurekandans og félags launþeganna. Þeirra er núna, ef frumvarp þetta verður að lögum, hæstv. forseti, að semja á grundvelli þessara laga um tilhögun starfsins á spítölunum. Ég er, og ítreka það, hæstv. forseti, ekki í stakk búinn til þess að leggja á það frekara mat hér en þegar hefur verið gert og kemur fram í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins. En þar segir, með leyfi forseta:

„Að óbreyttu er ekki óraunhæft að gera ráð fyrir að stöðum unglækna við sjúkrahúsin fjölgi um 10 ár hvert næstu ár vegna innleiðingar tilskipunarinnar og verði um 160 til 170 í lok árs 2008. Árleg aukning útgjalda ríkissjóðs næmi þá um 35 millj. kr."

Ég hef ekki heldur ástæðu til að rengja það en get ekki annað en treyst á það sem hér hefur komið fram og hef ekki aðrar og betri upplýsingar til að reiða mig á.

Eins og ég hef áður sagt legg ég til að þessu frumvarpi verði vísað til hv. félagsmálanefndar til umfjöllunar þar. Komi eitthvað þar fram sem ekki hefur komið fram við

þessa umræðu þá verðum við að sjálfsögðu að horfa til þess og taka tillit til þess við lokafrágang frumvarpsins.

[12:27]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka að ég harma að ekki hafi verið haft betra samráð og samvinna við Félag unglækna um þetta mál og að hæstv. ráðherra eða embættismenn í ráðuneyti hans hafi ekki sest yfir það með unglæknum að leggja mat á þörfina fyrir fjölgun unglækna þar sem verulega ber á milli. Unglæknar telja að stöðugildi þurfi að vera 200 í lok tímabilsins en fjármálaráðuneytið talar um 160–170. Við erum því að tala um kannski 100 millj. kr. eða 150 millj. kr. sem þarna ber á milli eða meira. Mér sýnist að það sé til vansa að senda málið með þessum hætti til umfjöllunar í félagsmálanefnd sem hefur ekki nokkur tök á því að fara í þá vinnu sem þarf til að meta og leita skýringa á því hvað ber þarna á milli og komast að því hver sé skýringin á því. Ég óska eftir því við hæstv. félagsmálaráðherra til að flýta fyrir meðferð þessa máls í hv. félagsmálanefnd, enda er málið síðbúið, að hæstv. ráðherra leggi nú í það vinnu í sínu ráðuneyti með fulltrúum fjármálaráðuneytisins og kalli þá til sín fulltrúa Félags ungra lækna til að fara yfir hvað beri á milli í þessu mati þannig að félagsmálanefnd fái skýringu á því frá ráðuneytinu. Mér finnst það vera skylda ráðuneytisins þegar fram koma svona misvísandi upplýsingar um grundvallaratriði í þessu frumvarpi að hæstv. ráðherra kalli þessa aðila til þannig að félagsmálanefnd fái skýringar á málinu.

Nefndin hefur engin tök á að leggja í þá vinnu sem þarf til þess að fá þetta útkljáð. Það mun bara vera orð á móti orði ef kalla á til fulltrúa fjármálaráðuneytisins og fulltrúa unglækna. Ég held að hæstv. ráðherra verði sjálfur að fá fram skýringu á þessu og koma henni til hv. félagsmálanefndar.

[12:29]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er óþarft að orðlengja þetta frekar. Það er bara sjálfsagt mál og eðlilegt að verða við beiðni þingmannsins um að við gerum okkar besta til að komast til botns í því sem þingmaðurinn hefur hér bent á, þ.e. hvort og þá hvers vegna beri svo mikið í milli við mat á kostnaði. Við munum að sjálfsögðu verða hv. félagsmálanefnd innan handar um það og hafa um það frumkvæði.

[12:30]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka skjót viðbrögð hæstv. ráðherra við beiðni minni um að ráðuneyti hans leggi í þessa vinnu sem ég tel nauðsynlega til undirbúnings fyrir umfjöllun nefndarinnar um þetta mál. Ég geng út frá því að ráðherrann muni bregðast strax við og kalla aðila til fundar við sig þannig að félagsmálanefnd hafi skýrar línur í því hvað sé rétt og rangt í þessu efni því ég tel að annað muni torvelda allt starf nefndarinnar. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að bregðast skjótt við og lýsa því yfir að hann muni leita skýringar á því misvísandi mati sem fram kemur annars vegar hjá fjármálaráðuneytinu og hins vegar hjá unglæknum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. MÞH o.fl., 12. mál (samgöngumannvirki, blöð og tímarit). — Þskj. 12.

[12:31]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Guðjón Arnar Kristjánsson og Sigurjón Þórðarson. 1. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

„6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna [um virðisaukaskatt] orðast svo: Fólksflutningar og afnotagjald eða aðgangseyrir sem innheimtur er fyrir notkun samgöngumannvirkis. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum tölulið.

2. gr. 5. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða, hvort sem þau eru seld prentuð eða á rafrænu formi.

3. gr. *Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.*“

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögunum vegna innheimtu virðisaukaskatts af samgöngumannvirkjum annars vegar og útgáfu blaða og tímarita hins vegar. Í 1. gr. er gerð tillaga um að sala aðgangs og afnot af samgöngumannvirkjum, t.d. göngum, verði undanþegin virðisaukaskatti. Okkur sem flytjum þetta frumvarp eða stöndum fyrir því finnst ósanngjarnt að ríkið innheimti virðisaukaskatt fyrir gjöld sem reidd eru af hendi fyrir notkun samgöngumannvirkis. Hið opinbera innheimtir veruleg gjöld í dag með ýmsum álagningum á farartæki og eldsneyti. Okkur ætti öllum að vera kunnugt um þau gjöld. Við finnum öll fyrir þeim. Engin rök mæla með því að sanngjarnt sé að leggja aukaálögur í formi virðisaukaskatts á ferðir slíkra ökutækja þegar þau fara um samgöngumannvirki eða með ferjum.

Virðulegi forseti. Eina samgöngumannvirki landsins í dag þar sem innheimt eru afnotagjöld eða veggjöld eru göngin undir Hvalfjörð. Þau göng voru tekin í notkun 11. júlí árið 1998. Hið opinbera endurgreiddi á sínum tíma virðisaukaskatt vegna kostnaðar við gerð ganganna en hefur frá því að þau voru opnuð innheimt 14% virðisaukaskatt af veggjöldum sem ferðalangar greiða þegar þeir fara um þetta mannvirki. Frá því að göngin voru opnuð þann 11. júlí árið 1998 voru árleg veggjöld á bilinu 770–900 millj. kr. á ári. Virðisaukaskattur var á bilinu 114–130 millj. kr. á ári.

Þann 1. apríl síðastliðinn voru gjöldin í göngin lækkuð verulega eða um allt að 38% fyrir þá sem nota þau mest og nýta mesta afsláttinn. Tölurnar hafa því sennilega eitthvað breyst en á móti hefur komið að umferð um göngin er alltaf að aukast og hefur t.d. aukist verulega á þessu ári.

Við vitum að Hvalfjarðargöngin eru merkilegt mann-

virki og þau hafa fyrir löngu sannað gildi sitt sem samgöngubót sem hefur komið landsmönnum öllum til góða. Þau hafa stytt vegalengdir og aukið umferðaröryggi og styrkt byggðarlög. Enginn vafi leikur á því að hið opinbera hefur sparað verulegar fjárhæðir sem annars vegar hefðu einkum runnið til viðhalds og reksturs vegarins fyrir Hvalfjörð. Við höfum einnig sparað mikla fjármuni með því að slysatíðni á veginum fyrir Hvalfjörð er núna nánast engin og hefur ekki verið frá því að göngin voru opnuð. Fyrir tíma Hvalfjarðarganga voru alvarleg umferðarslys sem leiddu til örkumla og dauða árlegur viðburður á veginum fyrir Hvalfjörð. Það hefur heldur ekki orðið neitt slys í göngunum sem valdið hefur skaða á fólki og engin dauðaslys heldur.

Hvalfjarðargöngin hafa orðið mikilvæg forsenda fyrir því að styrkja Vesturland sem atvinnusvæði en þau hafa líka komið öðrum landshlutum til góða, höfuðborgarsvæðinu, einnig Norðurlandi og jafnvel Suðurlandi og Reykjanesi. Göngin hafa auðveldað íbúum á höfuðborgarsvæðinu sem nýta sér dýrmæta möguleika til útivistar og ferðalaga um Vesturland, Vestfirði og Norðurland.

Virðulegi forseti. Ég hef nefnt hér ótal marga jákvæða þætti og eflaust mætti tína þá fleiri til en allir þessir jákvæðu þættir hljóta þó að gera það að verkum að innheimta virðisaukaskatts af veggjöldum er ósanngjörn. Hún er mjög ósanngjörn og þess vegna ætti að leggja hana af.

Við sem flytjum frumvarpið teljum að þetta litla frumvarp okkar gæti orðið verulegt skref í þá átt að lækka gjöldin í Hvalfjarðargöngin enn frekar. En við förum heldur ekki leynt með þá skoðun okkar að við teljum að ríkið ætti hreinlega að yfirtaka göngin alfarið hið fyrsta vegna þess að þetta merka mannvirki hefur sannað gildi sitt svo um munar.

Fram til þessa hef ég verið mjög efins um að ríkið ætti að yfirtaka þessi mannvirki. Ástæðan er sú að ég er mjög fylgjandi því að það sé skoðað að fara í einkaframkvæmdir þegar um miklar vegabætur er að ræða, sérstaklega þegar um er að ræða vegabætur sem við vitum að munu skila okkur sem búum í landinu miklum ávinningi.

Ég mælti m.a. fyrir þeim hugmyndum í fyrra í opinberri umræðu að íhuga ætti að fara út í einkaframkvæmdir á Reykjanesbrautinni og jafnvel líka yfir Hellisheiði. Þarna er um að ræða tvo mjög fjölfarna vegi. Mikil umferð er á þeim vegum og þeir hafa einnig verið með hættulegustu vegum landsins. Því miður verður Hellisheiðin enn í dag að teljast mjög hættulegur vegur þó að þar hafi verið gerðar miklar umbætur. En samt hefur mikið breyst. Eins og ég nefndi hafa verið gerðar umbætur á Hellisheiðinni og meiri umbætur verða gerðar þar. Einnig hafa verið gerðar verulegar umbætur á Reykjanesbraut með tvöföldun hennar og á að halda því ágæta verki áfram. Allar þessar framkvæmdir verða gerðar fyrir opinbert fé, m.a. fyrir tilstilli þess fjármagns sem fékkst fyrir sölu Landssímans nú á dögunum.

Ég vil nota þetta tækifæri, virðulega forseti, til að leyfa mér að viðra þá hugmynd að flytja ætti breytingartillögu við það frumvarp sem liggur nú fyrir Alþingi um hvernig landssímapeningunum skuli varið. Gera ætti breytingartillögu þannig að hluta af landssímapeningunum skuli hreinlega varið til þess að greiða niður þær skuldir sem nú hvíla á Hvalfjarðargöngunum, annaðhvort að ríkið yfirtaki mannvirkið alfarið eða þá að sá tími verði styttur verulega sem við þurfum áfram að búa við þá áþján, sem ég vil kalla svo, að þurfa að greiða vegtoll fyrir að fara í gegnum umrætt mannvirki. Ég tel að sá vegtollur sé á margan hátt alvarlegur hemill fyrir okkur sem þjóð, því að eins og ég sagði áðan hefur það margsannað sig að þetta mannvirki er til mikilla hagsbóta fyrir alla þjóðina. Ég tel einfaldlega að eins og mál hafa þróast, þ.e. að ríkið virðist ekki hafa vilja til þess að fara út í frekari einkaframkvæmdir að sinni í því skyni að endurbæta vegakerfi okkar landsmanna, þá tel ég einfaldlega rangt að við séum með tollmúr á þessum eina stað. Ég tel að það sé ósanngjarnt og óréttlátt og að vegtollurinn sé alvarlegur hemill á framþróun t.d. atvinnulífs á mjög mikilvægu svæði fyrir okkur öll í efnahagskerfi landsmanna, sem er náttúrlega svæðið norðan Hvalfjarðar og alla leið norður í land og vestur á firði og jafnvel víðar um landið. Þegar tillit er tekið til þessa og til þeirra þátta sem ég nefndi áðan, þ.e. sá fjárhagslegi ávinningur sem þegar hefur orðið af gerð og notkun þessa mannvirkis, þá tel ég að það sé einfalt sanngirnismál að við leitum öll leiða til þess að samfélagið allt í heild sinni yfirtaki þetta mannvirki og sjái um það til framtíðar.

Með þessu er ég þó ekki að slá á þær hugmyndir að hér með eigi að hætta öllum einkaframkvæmdum við samgöngumannvirki, alls ekki. Það má ekki skilja orð mín svo. Hugmyndir um slíkar framkvæmdir annars staðar á landinu eru þá seinni tíma mál sem okkur ber að skoða að sjálfsögðu og jafnvel fara út í ef við teljum að sátt geti náðst um slíkt.

Virðulegi forseti. Í 2. gr. frumvarpsins, svo við víkjum nú að öðru, er talað um allt annað mál en Hvalfjarðargöng. Við tókum þetta hins vegar með í frumvarpinu vegna þess að einnig er um að ræða breytingar á lögum um virðisaukaskatt en ekki í tengslum við samgöngumannvirki. Hér erum við að tala um útgáfu blaða og tímarita.

Í 2. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að 5. tölulið 14. gr. laganna um virðisaukaskatt verði breytt þannig að sala þeirra blaða og tímarita sem þar er kveðið á um falli undir 14% virðisaukaskatt, þ.e. öll þessi útgáfa falli undir sama virðisaukaskatt hvort heldur verið er að gefa út og selja efni á prenti eða á rafrænu formi. Í dag er það þannig að 14% virðisaukaskattur er lagður á útgáfu blaða og tímarita ef hún er á pappír en hins vegar ber svo undarlega við að það er 24% virðisaukaskattur ef útgáfan er einnig boðin til sölu á netinu. Þetta er ósamræmi sem styðst ekki við nein rök og það rýrir möguleika útgáfufélaga til að selja efni sitt á rafrænu formi með hjálp tölvutækni.

Við sjáum og vitum öll að með bættri tækni og aukinni flutningsgetu um internetið verður það sífellt algengara að blöð og tímarit séu boðin til sölu á rafrænu formi, að viðskiptavinum sé gefinn kostur á að kaupa áskrift eða aðgang að blöðum og tímaritum í gegnum netið, hægt sé að hlaða niður blöðum í gegnum netið og lesa þau á tölvuskjá og hugsanlega taka útskrift af slíkum útgáfum. Sá dreifingarmáti á blöðum og tímaritum auðveldar og eykur möguleika neytenda, sem búa t.d. fjarri útgáfustöðum annaðhvort innan lands eða erlendis, á að njóta útgefins efnis um leið og það kemur út, þ.e. í gegnum tölvur. Við megum ekki

gleyma því að mjög margir Íslendingar búa og starfa erlendis. Ég tel að það sé einfalt réttlætismál að við lagfærum þetta misræmi í virðisaukaskattslögunum þannig að þetta falli allt saman undir sama þrep í virðisaukaskatti.

Virðulegi forseti. Ég hef kynnt þessi mál í stuttu máli. Ég vil að lokum ítreka að lagt er til að þessi lög öðlist gildi 1. janúar 2006, þ.e. um næstu áramót en þar er þó tekið mið af uppgjörstímabili virðisaukaskatts.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, leggja til að málið verði sent til meðferðar hjá hv. efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

[12:44]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða frumvarp tiltölulega einfalt í texta og ekki langt í prentuðu máli en það er í raun mikilvægt mál og stefnumótun um það hvernig ríkið taki inn til sín tekjur af samgöngubótum, í þessu tilfelli af Hvalfjarðargöngum.

Frumvarpið kveður á um það í 1. gr. að felldur verði niður virðisaukaskatturinn í notkun Hvalfjarðarganganna, þ.e. að virðisaukaskattur verði ekki lagður á gjöldin fyrir að aka í gegnum göngin. Í greinargerð með frumvarpinu sést hvað ríkið hefur haft í tekjur fram til júní 2004 af virðisaukaskatti sem lagður er sérstaklega á þann samgöngumáta að fara í gegnum Hvalfjarðargöng sem að vísu eru sérstök að einu leyti og allt öðruvísi en önnur jarðgöng á Íslandi, því við förum niður í sjávarbotninn og undir sjóinn. En varla getur það verið ástæðan fyrir því að menn hafi virðisaukaskatt á Hvalfjarðargöngum heldur er ástæðan sú að á sínum tíma var þetta mannvirki framkvæmt í einkaframkvæmd og tekið upp það fyrirkomulag að göngin skyldu greidd niður með akstursgjöldum þar í gegn.

Mér finnst það hins vegar ekki réttlæta, hæstv. forseti, að það verði til þess að ríkið hafi sérstakar viðbótartekjur af þessari fjárfestingu sem einkaaðilar lögðu í með því að taka til sín sérstök gjöld fyrir það að menn nýti sér þessa afar þörfu og góðu framkvæmd, Hvalfjarðargöngin. Þess vegna höfum við þingmenn Frjálslynda flokksins lagt til að nú verði stigið það skref að virðisaukaskatturinn verði felldur niður af þessu samgöngumannvirki og menn þurfi ekki sérstaklega að greiða ríkinu virðisaukaskatt fyrir að aka um þetta góða mannvirki sem hefur að mínu viti fært okkur marga áfanga. Það hefur stytt vegalengdir. Það hefur gert það að verkum að allir landsmenn njóta þess að vegalengdir á þjóðveginum vestur og norður í land eru styttri en áður var. Við losnuðum við að aka fyrir Hvalfjörðinn í öllum veðrum og því miður var það nú svo með Hvalfjörðinn að þar urðu stundum mjög hörmuleg slys. Ég held að ég muni það örugglega rétt að í Hvalfjarðargöngunum hafi ekkert alvarlegt slys orðið, þ.e. slys þar sem veruleg meiðsl hafi orðið á fólki eða dauðaslys. En því miður áttum við við það að búa iðulega á veginum fyrir Hvalfjörð þegar aðstæður voru sem verstar og hálka og vond veður.

Hæstv. forseti. Þó á það megi benda að hægt sé að aka fyrir Hvalfjörð á jafnfallegum dögum og núna hér á suðvesturhorni landsins og að það geti verið ákaflega heilsusamlegur rúntur að fara fyrir Hvalfjörðinn í góðviðri og skemmtilegt — þar er fögur náttúra o.s.frv. — og fjölskyldur geri það kannski á góðviðrisdögum af og til að aka fyrir Hvalfjörð þá finnst mér það ekki nein rök fyrir því að halda áfram þessari gjaldtöku sérstaklega til ríkisins. Þeir sem nota göngin mest eru þeir sem búa á Vesturlandi. Eftir að þessi góðu samgöngumannvirki voru tekin í notkun er miklu auðveldara fyrir þá að sækja sér ýmsa þjónustu inn á Reykjavíkursvæðið og einnig að njóta þeirrar menningar sem höfuðborgarsvæðið býður upp á. En þeir greiða jafnframt mest til ríkisins í virðisaukaskatt fyrir að nota Hvalfjarðargöngin.

Samt er nú svo, og rétt er að taka það fram til þess að valda ekki misskilningi í þessari umræðu, að framkvæmdir eins og Hvalfjarðargöng nýtast öllum landsmönnum eins og reyndar allar varanlegar lausnir í vegamálum gera þegar þær eru teknar í notkun hér á landi, hvort sem við erum að stytta vegalengdir og auka umferðaröryggi með því að þvera firði og lagfæra verulega erfiða vegarkafla með því eða, eins og við höfum lagt til í Frjálslynda flokknum, að fara undir fjöllin í staðinn fyrir að fara yfir þau með því að leggja láglendisvegi með jarðgöngum til að losna þannig við erfiðustu hjallana í aðalsamgöngukerfi landsins. Við höfum sem sagt flutt um það mál að móta beri stefnu um að hér verði gerð þau jarðgöng sem við teljum okkur þurfa á næstu 20 árum sem geta orðið til þess að færa vegakerfið almennt á láglendisvegi og ná því umferðaröryggi sem m.a. jarðgöngin undir Hvalfjörð hafa sýnt að hægt er að ná.

Ég get tekið annað dæmi, Vestfjarðagöngin þar sem reynslan er eiginlega sú sama, að slysatíðni er í algjöru lágmarki miðað við það sem við höfum þekkt á þjóðvegum landsins að ég tali nú ekki um ef við bærum saman Vestfjarðagöngin annars vegar og það sem við þurftum að búa við þar áður, að aka yfir fjöllin þar í öllum veðrum, yfir Breiðadals- og Botnsheiðar. Sama reynslan hefur nefnilega orðið af Vestfjarðagöngunum og Hvalfjarðargöngunum. Þetta er mikið umferðaröryggismál og mikið hagkvæmnismál sérstaklega fyrir íbúana sem næst búa. En að sjálfsögðu njóta allir landsmenn þessara framkvæmda þegar þeir eru á ferð um landið og Hvalfjarðargöngin eru einfaldlega þannig í sveit sett að landsmenn allir nota sér þau auðvitað mjög mikið.

Þess vegna er það einfaldlega niðurstaða okkar í Frjálslynda flokknum að nú sé kominn tími á að taka enn einn áfangann í því að reyna að lækka þessa gjaldtöku með því að fella niður virðisaukaskattinn. Við höfum líka velt því fyrir okkur og höfum reyndar bent á það, sérstaklega í umræðunni um Sundabraut, að ekki sé með nokkrum hætti hægt að færa fyrir því rök að leggja Sundabraut í einkaframkvæmd og taka gjöld þar og vera jafnframt áfram með gjaldtöku í Hvalfjarðargöngum. Allir sjá sem sjá vilja að slíkt fyrirkomulag, ef af verður, er mjög ósanngjarnt fyrir utan það að það er nú bara mjög illframkvæmanlegt að mínu viti að taka gjald á Sundabrautinni því hún felst nú ekki bara í því að tengja saman Kjalarnesið og Reykjavík — það er reyndar sama byggðin — heldur styttir hún auðvitað vegalengdir og eykur umferðaröryggi. Við sjáum það bara einfaldlega ekki í hendi okkar í Frjálslynda flokknum hvernig menn ætla að útfæra það svo sanngjarnt geti talist. Við höfum bent á að það sé a.m.k. algjör forsenda þess að leggja eitthvert gjald á Sundabrautina að búið verði að fella

niður gjaldtökuna í Hvalfjarðargöngum og við höfum bent á það sem eðlilegan þátt í því máli að skoða Sundabrautina og Hvalfjarðargöngin í samhengi.

Ekki er um það deilt lengur, held ég, á Íslandi að þar sem hægt er að stytta vegalengdir verulega eða hægt að auka umferðaröryggi verulega með gerð jarðganga að þá skuli það gert. Þó að sú ákvörðun hefði náttúrlega verið miklu betur tekin fyrir mörgum árum síðan að gera göng úr Hnífsdal yfir í Bolungarvík heldur en að fara Óshlíðarleiðina þá er það nú samt svo að þrátt fyrir alla þá geysilegu fjármuni sem búið er að leggja í Óshlíðarveginn þá var ríkisstjórnin nýlega að ákveða að viðunandi umferðaröryggi næðist ekki þar nema með því að taka að minnsta kosti stóran hluta af þeim vegi og færa inn í jarðgöng. Þetta eru auðvitað sömu aðferðir og önnur ríki hafa beitt við að búa til varanlegar lausnir í vegamálum. Þurfum við ekki annað en líta til Færeyinga og Norðmanna í því tilliti til þess að sannfærast um að þetta eru þær aðferðir sem best duga við varanlega vegagerð og aukið umferðaröryggi, þ.e. að gera jarðgöng þar sem hægt er að stytta vegalengdir og auka umferðaröryggið.

Við Íslendingar höfum verið ansi seinir til í þessa veru þó að vonandi sé að verða breyting á. Ég vonast til þess að tillaga okkar um 20 ára áætlun um það hvernig vegunum verði komið á láglendið með því að gera ein 15 jarðgöng sennilega í viðbót við það sem nú er, fái jákvæða afgreiðslu í nefndum þingsins. Ég er sannfærður um að með slíkri stefnumótun séum við að taka algjörlega réttar ákvarðanir fyrir framtíðina. Það hafa m.a. Hvalfjarðargöngin sýnt okkur, Vestfjarðagöngin núna vonandi, Fáskrúðsfjarðargöngin, göngin undir Almannaskarð og auðvitað höfum við síðan hin fyrri göng sem voru sett undir fjöll sem lausnir á sínum tíma, t.d. Strákagöng, Ólafsfjarðargöng og göngin úr Eskifirði yfir í Norðfjörð. En þau eru nú börn síns tíma. Þetta voru framkvæmdir sem urðu auðvitað til mikils hagræðis og umferðaröryggis á sinni tíð. En þau þarf nú sjálfsagt að betrumbæta og lagfæra enda hafa menn tekið ákvörðun um að gera sérstök göng á Norðurlandi úr Siglufirði yfir í Héðinsfjörð og síðan yfir í Ólafsfjörð.

Við þekkjum umræðuna fyrir austan og ég er ekki hissa á því þó að þeirri umræðu vaxi fiskur um hrygg og að hún aukist mjög þegar menn sjá hvers konar samgöngubætur eru af jarðgöngunum. En það er eins og menn þurfi eiginlega að upplifa þessa staðreynd til þess að átta sig á því hversu mikils virði þetta er. Eins og eðlilegt er er komin upp hávær umræða um það á Austfjörðum að losna við Hvalnesskriður og gera jarðgöng úr Lóni yfir í Álftafjörð. Það er mjög eðlilegt miðað við það vegarstæði og áhættuna af því. Þar gilda eiginlega sömu rök og fyrir Óshlíðarveginn. Það eru þessi rök, annars vegar um umferðaröryggið og hins vegar um styttingu vegalengdanna, orkusparnað og bara betra og fullkomnara vegakerfi fyrir framtíðina, sem gera það að verkum hversu mikla áherslu menn leggja núna á umræðuna um jarðgangagerð hér á landi. Það er ekki spurning um það í mínum huga að hún er sú leið sem við eigum að fara til að stytta vegalengdir og auka umferðaröryggið.

Þetta vildi ég segja almennt um þetta mál. Ég tel að nú sé kominn tími á að fella niður virðisaukaskatt í Hvalfjarðargöngin og síðar að fella niður gjaldtökuna. Eftir sem áður verður ekki undan því vikist varðandi Hvalfjarðargöngin að hafa þar ákveðið eftirlit með umferðinni og það verður auðvitað að vera vaktstöð við göngin til að tryggja þar umferðaröryggi og bregðast sérstaklega við slysum því það er nauðsynlegt að mínu viti.

Það var niðurstaða okkar í Frjálslynda flokknum að leggja til að fella virðisaukaskattinn niður í Hvalfjarðargöngunum. Einnig segir í 2. gr. frumvarpsins, eins og hv. 1. flutningsmaður, Magnús Þór Hafsteinsson, vék að áðan, að lækka eigi virðisaukaskatt af sölu tímarita og dagblaða, landsmálablaða og héraðsfréttablaða hvort sem þau eru seld prentuð eða í rafrænu formi. Hér erum við að tala um ákveðið samræmingaratriði og við teljum eðlilegt að á þessu sé tekið. Við höfum þess vegna tekið það inn í þetta mál þó að um alls óskyldan hlut sé að ræða miðað við gjaldtökuna í Hvalfjarðargöng sem er meginmál þessa frumvarps.

Ekki fer á milli mála, hæstv. forseti, að sparast hafa miklir fjármunir á undanförnum árum við Hvalfjarðargöngin vegna styttri vegalengda og einkum vegna færri slysa. Ég tel að við eigum að draga af þessu lærdóm. Þetta er skýrt dæmi um hvaða áfangar eru okkur til mikilla hagsbóta. Við eigum að velja þær leiðir í framkvæmdum sem skipta mestu máli á komandi árum.

Rökin fyrir gjaldtökunni í Hvalfjarðargöngin á sínum tíma voru þau að hægt væri að aka fyrir Hvalfjörð. Með sama hætti ræða menn að gera megi göng undir Vaðlaheiði í einkaframkvæmd og taka þar gjald fyrir og benda á að enn sé til staðar vegurinn um Víkurskarð. En ég tel ekkert sjálfgefið, hæstv. forseti, að vera með sérstaka gjaldtöku á ákveðnum leiðum í samgöngumálum, hvort sem við erum að laga vegi yfir fjöll, gera þá t.d. tvöfalda og gera þá örugggari, eða leysa þetta til varanlegrar framtíðar um áratugi og árhundruð með gerð jarðganga. En auðvitað kann svo að vera að í einstökum tilfellum finnist rök, vilji menn leggja þau með sér, til að flýta framkvæmdum með einkaframkvæmd og taka þá fyrir það gjald í einhver ár. En það hlýtur að því að koma, hæstv. forseti, að slíkri gjaldtöku linni og það er einmitt það sem við höfum reyndar velt upp, þó ekki sé það lagt til í þessu frumvarpi, að skoða hvenær megi fella alfarið niður gjaldtökuna í Hvalfjarðargöngin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:03]

Útbýting:

Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 254. mál, fsp. JóhS, þskj. 267.

Barnabætur og barnabótaauki, 166. mál, svar fjmrh., þskj. 253.

Bílaumferð og varpstöðvar, 262. mál, fsp. MÞH, þskj. 275.

Diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf, 258. mál, fsp. MÁ, þskj. 271.

Eldsneytisflutningar til Keflavíkurflugvallar, 261. mál, fsp. MÞH, þskj. 274.

Færanleg sjúkrastöð í Palestínu, 211. mál, þáltill. JBjart o.fl., þskj. 211.

Hælisleitendur, 206. mál, svar dómsmrh., þskj. 255.

Jafn réttur til tónlistarnáms, 264. mál, fsp. KolH og JBjarn, þskj. 277.

Jafnréttisfræðsla fyrir ráðherra og stjórnendur opinberra stofnana, 256. mál, fsp. JóhS, þskj. 269.

Póst- og fjarskiptastofnun, 267. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 280.

Rafræn sjúkraskrá, 257. mál, fsp. VF, þskj. 270.

Ríkisjarðir, 129. mál, svar landbrh., þskj. 256.

Skuldir eftir aldri, 187. mál, svar hagstrh., þskj. 259.

Störf hjá Rarik, 260. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 273.

Sveigjanlegur vinnutími í ríkisstofnunum og ráðuneytum, 148. mál, svar fjmrh., þskj. 254.

Tannlækningar, 252. mál, frv. JGunn o.fl., þskj. 252.

Útgáfa talnaefnis um umhverfismál, 263. mál, fsp. KolH, þskj. 276.

Vatnalög, 268. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 281.

Verð á heitu vatni, 259. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 272.

[Fundarhlé. — 13:05]

Umræður utan dagskrár.

Aflaheimildir frá Vestfjörðum.

[14:02]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það dylst engum sem fer um sjávarbyggðir landsins að kvótakerfið hefur leikið byggðirnar grátt. Kerfinu var upphaflega komið á til þess að byggja upp þorskstofninn. Það markmið hefur ekki gengið eftir enda vafamál hvort þessi uppbyggingarfræði standi á traustum grunni. Staðan eftir 20 ára svokallað uppbyggingarstarf er að þorskafli nú er aðeins helmingur þess sem hann var áður en kerfið var tekið upp.

Frú forseti. Sjávarbyggðirnar hafa áratuga reynslu af ömurlegri stjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Af ræðu formanns Samfylkingarinnar á LÍÚ-þingi virðist sem sá flokkur sé að taka undir stefnu ríkisstjórnarinnar í fiskveiðimálum. Það er því deginum ljósara að til þess að koma á réttlátri og skynsamlegri fiskveiðistjórn þarf að efla Frjálslynda flokkinn.

Málflutningur hæstv. sjávarútvegsráðherra er algerlega óskiljanlegur þessa dagana ef hann er borinn saman við málflutning sama manns í gegnum árin. Fyrir kosningar hefur frambjóðandinn sem nú gegnir stöðu ráðherra boðað að hann mundi ekki styðja ríkisstjórn sem viðhéldi óbreyttu kvótakerfi. Samt sem áður hefur hann æ ofan í æ stutt breytingar þess til hins verra. Þessi sami maður boðaði fyrir síðustu kosningar að staðinn yrði vörður um sóknarkerfi minnstu handfærabáta landsmanna og þar áður að þorskaflahámarkskerfinu væri sérstaklega ætlað að styðja rétt hinna smærri sjávarbyggða. Hann hefur staðið að því að leggja hvort tveggja niður.

Öll framangreind loforð hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra svikið. Og ekki nóg með það, nýi hæstv. sjávarútvegsráðherrann heldur því líka fram að mikil sátt ríki í sjávarútveginum. Allt leiðir þetta að líkum að því að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi ekki meint eitt eða neitt með málflutningi sínum í gegnum tíðina, hann hafi einfaldlega leikið tveim skjöldum til þess að blekkja kjósendur til fylgis við sig og Sjálfstæðisflokkinn.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra kennir sig stundum við Vestfirði og er rétt að fara yfir hvernig verk hans, sem hann er afar sáttur við, hafa leikið Vestfirðinga. Á þessu kjörtímabili studdi hann, eins og áður segir, kvótasetningu á handfæratrillum. Þess ber að geta að hann var ekki eini Vestfirðingurinn sem studdi þetta óhæfuverk gagnvart byggðunum, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Kristinn H. Gunnarsson studdu það jafnframt með ráðum og dáð.

Í Morgunblaðinu þann 19. október sl. segir frá því að í kjölfar kvótasetningar á trillum hafi aflaheimildir streymt frá útgerðum á Vestfjörðum. 1.840 tonn hafa farið frá landshlutanum en það svarar til þess að velta vestfirskra útgerða hafi minnkað um 250 millj. kr. Það er enn ískyggilegra að bera saman landaðan þorskafla á árinu 2004 og á fyrstu níu mánuðum yfirstandandi árs.

Tölurnar bera með sér að 4.000 tonnum minna var landað af þorski á Vestfjörðum á tímabilinu janúar til september í ár en á sama tímabili í fyrra sem var vel að merkja síðasta árið sem sóknardagakerfið var við lýði. Þetta svarar til þess að verðmæti landaðs afla á Vestfjörðum hafi minnkað um hálfan milljarð kr. Þess ber að geta að fleiri landshlutar hafa farið illa út úr þróun mála. Landaður afli á Vesturlandi hefur minnkað, og umtalsvert á Akranesi.

Ég beini þess vegna eftirfarandi spurningum til hæstv. sjávarútvegsráðherra:

1. Telur ráðherra að afnám sóknardagakerfis sem Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur stóðu að sé orsök mikils flutnings aflaheimilda frá Vestfjörðum?

2. Hvað má ætla að mörg störf hafi þar með flust frá Vestfjörðum?

3. Samkvæmt fréttum eru stærri útgerðir nú farnar að gera út báta í krókaaflamarkskerfinu í auknum mæli. Hvaða augum lítur hæstv. sjávarútvegsráðherra þá þróun? Telur hann hana jákvæða? Ef ekki, ætlar hann að bregðast við með einhverjum hætti?

4. Er hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála sáttur við stöðu mála í sjávarútvegi á Vestfjörðum?

[14:06]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ljóst mál að heilmiklar breytingar hafa orðið í starfsumhverfi smábátaútgerðarinnar. Í meginatriðum er smábátaútgerðin núna í heild sinni sterkari en nokkru sinni áður. Aflaheimildir smábátaútgerðarinnar hafa vaxið ár frá ári. Við tókum þá ákvörðun á sínum tíma þegar ljóst var að lagaumhverfið var að breytast að auka veiðirétt smábátanna. Það hefur tekist, m.a. í þorski, ýsu og steinbít. Það sjáum við hvarvetna þar sem við lítum í kringum okkur.

Við höfum verið að reyna að gera ýmislegt fleira í þessu sambandi. Sett hefur verið á löggjöf sem lýtur að línuívilnun og það er alveg ljóst mál að sú línuívilnun hefur gagnast hinum minni sjávarbyggðum mjög vel, m.a. á Vestfjörðum. Við þurfum ekki annað en að skoða yfirlitið af reynslunni á síðasta fiskveiðiári sem ég lét taka saman. Það sýnir þetta ákaflega vel.

Tökum dæmi. Tálknafjörður með 184 tonn, Flateyri 413 tonn, Suðureyri 303 tonn, Bolungarvík 543 og Ísafjörður 160, Hólmavík 103. Allt er þetta auðvitað til þess fallið að styrkja stöðu smábátaútgerðarinnar. Vitaskuld er það þannig að smábátaútgerðin þróast og ýmsar breytingar verða í sambandi við hana. Við vitum t.d. að handfæraveiðarnar eru mjög háðar bæði tíðarfari og aflabrögðum á grunnslóð og við vitum að þetta umhverfi hefur ekki verið sérstaklega hagfellt fyrir handfæraútgerðina á síðasta fiskveiðiári. Það hefur auðvitað haft áhrif, m.a. þau að handfæraveiðin hefur dregist saman fyrir Vestfjörðum en aukist annars staðar. Handfæraveiðin hefur svo sem minnkað í heild sinni og línuaflinn aukist af ástæðum sem öllum eru ljósar sem þekkja eitthvað til í þessari atvinnugrein. Þetta hefur auðvitað haft einhver áhrif.

Engu að síður blasir það við sem staðreynd að smábátaútgerðin núna er miklu öflugri en áður. Og það sem máli skiptir er að við höfum líka verið að gera breytingar í þá veruna að gera mönnum kleift að gera út stærri báta í smábátakerfinu þar sem aðgangurinn hefur verið auðveldari og það hefur valdið því að margar útgerðir hafa stækkað og eflst sem gefur þeim jafnframt færi á að styrkja sig í aflamarkskerfinu. Það er m.a. sú þróun sem við sjáum verða á Vestfjörðum. Menn hafa verið að reyna að búa betur um sig í aflamarkskerfinu með stærri bátum til þess m.a. að styrkja vinnslugrundvöllinn sem skiptir miklu máli fyrir atvinnusköpunina á stöðum eins og Vestfjörðum.

Það hefur verið að takast. Við sjáum þróunina, við sjáum að aflamarkshlutdeildin á Vestfjörðum hefur verið að aukast. Það er vissulega vel. Við þurfum ekki annað en að skoða t.d. tilfærslurnar í þorskinum, þá blasir það við að í þorskinum hefur hlutur Vestfirðinga í aflamarkinu aukist. Það er rétt að hann hefur nokkuð gefið eftir í krókaaflamarkinu og það skýrist af því að menn hafa breytt þessum áherslum.

Menn hafa verið að tala um að miklar tilfærslur hafi orðið til Suðurnesja og það er alveg rétt í krókaaflamarkinu. Það skýrist fyrst og fremst af þremur bátum sem hafa komið mjög öflugir inn í krókaaflamarksútgerð í Grindavík. Það hefur auðvitað heilmikil áhrif þegar þrír bátar fá um 1.700 tonna krókaaflamarkskvóta í þorskígildum. Það breytir mjög miklu í þessu kerfi.

Ég tel, virðulegi forseti, ekki ástæðu til þess að bregðast við með neinum sértækum hætti. Ég tel hins vegar ástæðu til að standa vörð um það fyrirkomulag sem við höfum þróað, fyrirkomulag sem hefur verið örvandi og uppbyggjandi fyrir smábátaútgerðina, m.a. þessa línuívilnun sem auðvitað gerir það að verkum að menn fá forskot. Menn fá möguleika á því að búa um sig. Og það er athyglisvert að þrátt fyrir þessa uppbyggingu í smábátaútgerð, til að mynda á Suðurnesjunum, sem ég var hér að rekja, er það ekki smábátaútgerð sem byggir á því að njóta línuívilnunar. Þetta er smábátaútgerð sem byggir á svokölluðum beitningarvélabátum og nýtur ekki línuívilnunar. Ég hef staðið vörð um þetta fyrirkomulag af því m.a. að ég hef talið að það skipti máli fyrir atvinnusköpunina í minni sjávarbyggðunum að hafa línuívilnunina eins og hún er. Ég tel að ef við færum að víkka hana út mundum við flýta þeirri þróun í átt til samþjöppunar og flýta þeirri þróun sem mér fannst hv. þingmaður gagnrýna hér áðan.

Þess vegna vil ég segja það, virðulegi forseti, að auðvitað verða heilmiklar breytingar í smábátaútgerðinni. Við munum sjá það að handfæraveiði getur aukist og hún getur minnkað eftir aðstæðum. Kjarni málsins er hins vegar þessi: Mjög margt hefur verið gert til þess að búa betur að smábátaútgerðinni sem hefur skipt miklu máli á stöðum eins og Vestfjörðum. Það er hins vegar eðlileg þróun að útgerðarmenn í þeim flokki sem eru núna að koma betur undir sig fótunum sjái tækifæri og möguleika á því að stækka við sig, fá betri báta. Þannig hefur það verið í íslenskri útgerð og við höfum alltaf talið jákvætt að menn gætu farið af minni bátum á hina stærri, eflt þannig útgerð sína og tryggt m.a. hráefnisöflunina fyrir fiskvinnsluna.

Ég trúi því ekki að hv. þingmaður hafi talað með þeim hætti sem hann gerði hér áðan vegna þess að hann hafi áhyggjur af þeirri þróun að menn færi sig yfir á stærri báta, auki aflamarkið og auki möguleikana þegar það blasir við t.d. (Forseti hringir.) að Vestfirðir eru núna að auka aflamark sitt í þorski á milli ára vegna þess að þeir eru að ná vopnum sínum (Forseti hringir.) í stærri útgerð en áður.

[14:12]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nýr sjávarútvegsráðherra kemur af Vestfjörðum og hann telur það sitt helsta hlutverk að sannfæra húsbændur sína um það að hann ætli ekki að breyta neinu í sjávarútvegsmálum. Þó veit hann manna best að nánast engin nýliðun hefur verið í útgerð á undanförnum árum, alveg frá 1990, nema í gegnum göt á kerfinu. Og fyrir tveimur árum lokuðu menn síðasta gatinu.

Nú er það þannig að veiðiheimildirnar sem var breytt úr dagaleyfum yfir í krókaaflamarkið eru farnar að renna býsna hratt frá Vestfjörðum, t.d. runnu 35% af þessum heimildum úr Barðastrandarsýslunni á síðasta ári, 19% úr Ísafjarðarsýslu og 13% frá Ströndum. Þegar hæstv. ráðherra talar um að smábátaútgerð hafi aukist og eflst skulu menn ekki gleyma því að vertíðarflotinn er horfinn, þetta smábátakerfi kom í staðinn fyrir grunnslóðarflotann sem var hér við landið. Og það er ekki nálægt því að sá floti sé sambærilegur við þann grunnslóðarflota sem fyrir var.

Eina bjargráð hæstv. ráðherra er byggðakvóti og línuívilnun. Byggðakvótinn er þannig að menn koma til þess að hjálpa þegar allt er á þrotum og allt er í vandræðum. Það er ekki mikil von í framtíðinni í gegnum byggðakvóta, það hafa menn séð í gegnum tíðina. En þeirri iðju vilja menn halda áfram. Þetta er eyðibyggðastefna, hún hefur verið rekin í mörg ár en nú er komið að því að menn munu ekki sjá neina nýliðun í útgerð á Íslandi eftir að menn lokuðu fyrir götin.

Hæstv. ráðherra þarf að gera betur. (Forseti hringir.) Hann þarf að segja fólkinu á Vestfjörðum og víðar hvaða framtíð er í því að búa á þessum stöðum þar sem útgerð hefur verið rekin.

[14:14]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi, um stöðu fiskveiða á Vest-

fjörðum. Sjávarbyggðirnar á Vestfjörðum og reyndar vítt og breitt um landið urðu til einmitt vegna nálægðarinnar við fiskimiðin. Það voru ekki síst íbúarnir, landverkafólkið og hinn almenni sjómaður, sem nýttu þessa auðlind, veiddu fiskinn, verkuðu hann í landi, komu honum á markað og gerðu úr honum verðmæti sem lagði grunn að þjóðarauð okkar í dag og byggir enn undir hann. Það var því fullkomið óréttlæti og vegið að mannréttindum þessa fólks þegar rétturinn til veiða var að fullu færður með lögum til einstakra útgerðaraðila og bátaeigenda en íbúarnir skildir réttlausir eftir. Sérstaklega tók steininn úr þegar fiskveiðiheimildirnar voru svo gerðar framseljanlegar að fullu og íbúarnir stóðu varnarlausir eftir.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla dagróðraflotann og að hluti fiskveiðiheimildanna, einkum á grunnslóð, verði bundinn byggðunum. Þannig verði best tryggð sjálfbær nýting auðlindarinnar á þjóðhagslega hagkvæmastan hátt.

Sú staðreynd að bara á síðasta ári eða síðan krókaaflamarkskerfinu var breytt og sóknardagakerfið lagt niður hafi 1.840 tonn flust af Vestfjörðum segir okkur hve fullkomlega berskjaldaðir íbúarnir á þessu svæði standa gagnvart þeim aðgerðum sem eigendur kvótans geta gripið til. Er það réttlæti, frú forseti? Nei, mér finnst það ekki réttlæti. Íbúarnir, landverkafólkið og sjómennirnir eiga sinn rétt og það er hann sem þarf að ná til baka.

[14:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það má segja um núverandi fiskveiðistjórnarkerfi að það er langt frá því að vera fullkomið frekar en önnur mannanna verk. Ég er þeirrar skoðunar að gera þurfi á því verulegar breytingar, sérstaklega þær sem opna fyrir möguleika nýrra aðila til að koma inn í greinina og keppa við þá sem eru þar fyrir.

Ég vil aðeins rifja upp söguna af því að hv. þm. Sigurjón Þórðarson fór mikinn í ásökunum í annarra garð um að hafa komið kvótakerfinu á. Þeir sem stóðu að því í upphafi, árið 1983, voru ekki bara þáverandi stjórnarflokkar, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, heldur líka öll helstu hagsmunasamtök útgerðarmanna og sjómanna. Kerfinu var komið á vegna atbeina þeirra en ekki manna í þingsölum. Við skulum ekki gleyma því. Einn af þeim sem getur frætt hv. þingmann um þessa sögu er þáverandi formaður Farmanna- og fiskimannasambandsins, Guðjón Arnar Kristjánsson, sem nú er formaður Frjálslynda flokksins og stóð að því ásamt fleirum að biðja um kvótakerfið í upphafi. Ég er ekki að segja það hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni til lasts á einn eða annan hátt. Þetta er bara söguleg staðreynd og hann er fullfær um að skýra hana sjálfur. En hv. þm. Sigurjón Þórðarson þarf að kunna þá sögu líka.

Í öðru lagi held ég að menn megi hafa það í huga að þegar ákveðið var að gera þá breytingu og gera kerfið framseljanlegt þá stóðu fleiri að því en Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn. Það voru líka Borgaraflokkurinn, Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið. Til að klára söguna vil ég minna á að Frjálslyndi flokkurinn hefur sem aðalstefnu í fiskveiðimálum að viðhalda kvótakerfinu. Gleymum því ekki.

[14:19]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er afar nauðsynlegt að ræða þróun sjávarútvegs og fiskveiðistjórnar hér á landi vegna þess að lögin um fiskveiðistjórn hafa mikil áhrif á stöðu fólks í landinu, einkum þess sem hefur búið og starfað í sjávarbyggðunum. Um þetta hafa verið unnar merkar skýrslur. Ég er hér með eina, Áhrif kvótasetningar aukategunda hjá krókabátum á byggð á Vestfjörðum, sem unnin er 2001 af Byggðastofnun, þróunarsviði Byggðastofnunar. Ég held að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi beitt sér fyrir því að þessi skýrsla var unnin. Hún segir afar skýrt að það sem muni gerast ef þetta gangi eftir, þ.e. sú stefna stjórnvalda sem hefur gengið eftir, muni störfum í fiskvinnslu fækka um 93 og störfum við sjómennsku, beitningu og önnur störf sem tengjast útgerð um 160–200 á Vestfjörðum. Þetta var sérstök skýrsla unnin fyrir Vestfirði.

Ég hygg að þetta hafi því miður gengið eftir hvað svo sem menn segja um að einhverjir í kerfinu hafi náð vopnum sínum. Það gerist einfaldlega þegar búið er að taka upp algerlega frjálst framsal í kvótakerfum að þá ná einhverjir að hagnast og einhverjir að bæta við sig. En það sem eftir stendur er algert óöryggi fólksins í byggðarlögunum, algert óöryggi íbúanna. Ég tel að menn hafi séð þetta nokkuð snemma. Ég veit það a.m.k. að við í Farmanna- og fiskimannasambandinu árið 1990 mótmæltum alveg sérstaklega því frjálsa framsali sem þá var verið að taka upp og vöruðum við hvert það stefndi. Það mundi stefna að atvinnuóöryggi, það mundi stefna að því að fólk í byggðarlögunum hefði ekki atvinnu af sjósókn o.s.frv. Allt hefur það gengið eftir, því miður.

[14:21]

Einar Oddur Kristjánsson:

Frú forseti. Málshefjandi í þessari umræðu spyr: Telur ráðherrann að afnám Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins á sóknardagakerfinu hafi orsakað þetta? Þetta er sögufölsun. Þetta var ekki baráttumál Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Þessi breyting var gerð vegna samkomulags og samninga við Landssamband smábátaeigenda. Það voru þeir sem stóðu fyrir þessu, þetta var vilji þeirra. Þannig var þetta gert.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson á allar heimildir um hvað gerst hefur í þinginu og getur flett því upp og hefur eflaust gert það. Því er óþarfi, virðulegur forseti, að hann komi hér segjandi ósannindi. Það liggur alveg fyrir hvernig menn greiddu atkvæði um þetta.

Ég er einn af þeim mönnum sem hafa trú á því og hafa haldið því fram lengi að þekkingin og vísindin eigi eftir að leiða til þess að við getum reynt að stunda veiðarnar þannig að við vitum hvað og hvernig við erum að veiða og hvenær og hvar við erum að veiða. Það var þess vegna sem ég taldi óráð að breyta þessu og greiddi því ekki atkvæði þó að hv. þm. Sigurjón Þórðarson kjósi að ljúga því viljandi að þingmönnum. Hins vegar hefur þetta engu breytt. Ég hef ekki ástæðu til að halda að þetta hafi breytt neinu. Það er ekki svoleiðis. (Gripið fram í.) Aflamarkið hefur aukist á Vestfjörðum og krókaaflamarkið minnkað. Það mun ganga þannig upp og niður og er alveg ástæðulaust að ætla að það

hafi nokkur örlagaáhrif fyrir útgerð á Vestfjörðum. Það er allt annað sem við þurfum að ræða á Alþingi núna um afkomu sjávarútvegsins en þetta sem engu máli skiptir. En það er venjulega þannig að menn vilja hræra í einhverju og tala um hégóma í staðinn fyrir að ræða um að útgerðin er í stórkostlegri hættu vegna þeirrar peningastefnu sem rekin er í landinu.

[14:23]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Mikil breyting hefur orðið eftir að sóknarkerfið var lagt af. Bátum hefur fækkað talsvert mikið og það er ansi mikil fækkun á smábátum þegar maður sér upplýsingar um að þeim hafi fækkað um 108 á einu ári.

Umsvifin víða úti um land hafa minnkað talsvert með þessu breytta sóknarferli. Þau miklu umsvif og sú mikla atvinna sem fylgdi því þegar sóknardagabátarnir komu á ákveðna staði úti á landi er horfin. Við sjáum nú allt annað munstur á veiðum smábáta en við gerðum meðan dagakerfið var við lýði. Það sem við sjáum líka af þeim upplýsingum sem fyrir liggja er að viðskipti með kvótann í krókaaflamarkskerfinu hafa farið ansi hratt af stað. Sjá má að á þessu eina ári hafa yfir 2.000 tonn af þorski skipt um eigendur og um 5.000 þorskígildistonn. Það er ansi stór tala á ekki lengri tíma.

Við vitum að aðilar í stóra kerfinu sem við köllum svo, aflamarkskerfinu, eru farnir að líta hýru auga til þessara heimilda sem eru í smærra kerfinu því þorskur er jú þorskur burt séð frá því í hvaða kerfi hann er veiddur og skiptir ekki öllu máli þegar hann er kominn á borð fiskvinnslu hvort hann var veiddur í smærra kerfinu eða því stærra.

Það er afskaplega mikilvægt að ekki er hægt að flytja kvóta úr krókaaflamarkskerfinu yfir í aflamarkskerfið eða stóra kerfið en við hljótum að þurfa að velta því alvarlega fyrir okkur hvort nauðsynlegt sé að setja sérstakt kvótaþak í krókaaflamarkskerfinu því ef við horfum bara á kvótaþakið sem almennt er í fiskiveiðistjórnarlögunum, 12% í þorski, þá sýnist mér að á tiltölulega stuttum tíma geti tiltölulega fáir aðilar safnað að sér öllum smábátakvótanum og þá eru farin fyrir lítið rökin um að smábátarnir séu byggðaaðgerð og að við eigum að halda kerfinu sérstaklega fyrir þá og ekki sé hægt að flytja kvóta upp í stóra kerfið. Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Kemur til greina að setja sérstakt kvótaþak í krókaaflamarkskerfinu?

[14:26]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er ekki aðeins að fiskveiðiheimildirnar hafi verið gerðar framseljanlegar að fullu og þar af leiðandi réttindi íbúanna á Vestfjörðum og í sjávarbyggðunum vítt og breitt um landið verið fyrir borð borin heldur er sú staða í efnahagsmálum þjóðarinnar að einnig af þeim ástæðum er fiskveiðum og fiskvinnslu á þessum stöðum nú ógnað.

Við þingmenn Norðvesturkjördæmis erum nýkomnir úr ferð um svæðið og hittum sveitarstjórnarmenn og fulltrúa atvinnulífsins á þessum stöðum. Það er svo greinilegt að sú hágengisstefna sem rekin er af hálfu ríkisstjórnarinnar — dollarinn kominn niður fyrir 60 kr. og gengisvísitalan snertir 100 en þyrfti að vera a.m.k. 125 til þess að einhver samkeppnisgrundvöllur væri — gengur ekki gagnvart útflutningsgreinunum. Ég held að ríkisstjórnin verði að fara að svara því hvort hún ætli að keyra þessa stefnu áfram með þeim afleiðingum sem það hefur, að rústa grundvallarútflutningsatvinnugreinum þjóðarinnar. Ef svo er þá er hún virkilega orðin óheillaríkisstjórn.

Ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar geta líka verið af því góða sagði iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins við Vestfirðinga, þegar verið var að segja þeim tugum ef ekki hundruðum saman upp og loka fiskvinnslunum þeirra. Það voru kveðjur Framsóknarflokksins til Vestfirðinga.

Frú forseti. Það sem er að gerast gagnvart útflutningsatvinnugreinunum vítt og breitt um landið er alvörumál ef þessi efnahagsstefna, þessi gengisstefna á að ganga fram.

[14:28]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Þetta er afskaplega einkennileg umræða, annars vegar uppleggið og að ég tali nú ekki um síðustu ræðu. Verið er að ræða um sjávarútveg og að vanda er hv. þm. Jón Bjarnason kominn upp á miðja Kárahnjúka í umræðu um sjávarútveg á Vestfjörðum. Er nema von að hægt gangi í málefnalegri umræðu um sjávarútveg þegar lagt er upp með, eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson gerir, að ræða eingöngu um sjávarútveg á Vestfjörðum og draga síðan einstaka þingmenn inn í þá umræðu á persónulegum nótum? Ég verð að segja, frú forseti, að mér finnst þetta alveg á mörkunum að vera tækt til utandagskrárumræðu sérstaklega. Ég hefði haldið að hér ætti að ræða um sjávarútveg, um greinina í heild sinni, og þegar rætt er sérstaklega um flutning aflaheimilda frá Vestfjörðum þá hlytu menn líka að ræða um flutning afla til Vestfjarða. En af því að línuívilnun var nefnd sérstaklega þá hafa menn reiknað það út að með þeirri ákvörðun, sem e.t.v. voru mistök, hafi einmitt orðið tilfærsla á aflaheimildum til Vestfjarða. Og eiga menn þá ekki að taka það inn í umræðuna?

Frú forseti. Það sem skiptir auðvitað mestu máli er að ræða um greinina í heild sinni. Það er eins og það fari oft fram hjá hv. þingmanni að ýmsar tækniframfarir hafi orðið í sjávarútvegi, til allrar hamingju. Það er eins og það hafi farið fram hjá hv. málshefjanda að ýmislegt er að gerast í sjávarríki okkar. Því miður hefur ekki tekist að fá upp fiskstofna, hvorki hér né annars staðar í Norður-Atlantshafi og er þó ástand þeirra líklega hvað skást hjá okkur. Það er sannarlega ekki mál sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson mun stjórna með málflutningi sínum eða öðru. Það sem við hljótum að þurfa að ræða er: Hvað er það sem skapar skilyrðin í sjónum og með hvaða hætti eigum við að bregðast við þeim? En fyrir alla muni ekki með þeim málflutningi sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson heldur hér uppi nú sem oftast.

[14:30]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Þó svo að hv. þingmenn Framsóknarflokksins átti sig ekki á mikilvægi þessarar umræðu skiptir sjávarútvegur töluvert miklu máli fyrir Vestfirði. Þess vegna ber okkur að ræða það þegar mikið rask verður á sjávarútvegsmálum á Vestfjörðum. Mér finnst það ekki vera lítilvægt

mál en það er greinilegt að Framsóknarflokknum finnst það, a.m.k. hv. þingflokksformanni.

Það sem er alvarlegt í þessu máli er að við í Frjálslynda flokknum vöruðum við þessari þróun, við vöruðum þingmenn Vestfirðinga við þessu. Við vöruðum hv. þm. Einar Odd Kristjánsson við þessari þróun. (**EOK:** ... ósatt.) Hvernig brást hann við? Ekki greiddi hann atkvæði á móti. Við vöruðum hv. þm. Kristin H. Gunnarsson við og við vöruðum núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra við þeirri þróun sem síðan varð. Það er ekki hégómi, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, að tala um minnkun á tekjum á Vestfjörðum um 500 milljónir eins og hefur orðið vegna aðgerða þeirra þingmanna sem stóðu að þessu máli. (**EOK:** Þetta er ósatt ...) Ég hef orðið hér, hv. þingmaður. Ég vek einnig athygli á því að hæstv. sjávarútvegsráðherra svaraði ekki þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann. Hann var ekki að heyra þær í fyrsta skipti, hann fékk þær sendar með tölvupósti í gær og ég vonast til þess að hann sjái sóma sinn í því að svara þeim fyrirspurnum sem lagðar eru fyrir hann.

Málið er að þegar verið er að spyrja út í sjávarútveg á Vestfjörðum þýðir ekkert að leggja á flótta í umræðunni og ræða um sjávarútveg vítt og breitt um landið, og smábáta hér og þar. Það er verið að spyrja um áhrif stjórnvalda á sjávarútveg á Vestfjörðum vegna aðgerða sem farið var í á þessu kjörtímabili og ég óska eftir því að hæstv. sjávarútvegsráðherra sem kennir sig stundum við Vestfirði svari þeim fyrirspurnum sem lagðar eru fyrir hann.

(**Forseti** (JBjart): Forseti beinir því til hv. málshefjanda, hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar, að beina orðum sínum til forseta en ekki til þingmanna sem sitja í sal.)

[14:33]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það getur vel verið að málshefjanda líki það ekki þegar reynt er að varpa ljósi á alla myndina. Það getur vel verið að honum finnist að menn eigi ekki að reyna að skoða hlutina í heild sinni eða í samhengi en það verður þá bara að hafa það. Ég vil hins vegar reyna að skoða þessa hluti í samhengi.

Hv. þingmaður hefur talað mjög mikið um dagabátana og þegar það kerfi var lagt niður. Það er eins og hv. þingmaður telji að ekkert hafi komið í staðinn. Veit hv. þingmaður t.d. ekki að veiðiréttur smábátanna, dagabátanna, var tryggður þannig að þeir fengu mjög miklar aflaheimildir? Ég hef helst orðið var við það upp á síðkastið að við höfum verið (Gripið fram í.) gagnrýndir fyrir að of miklar aflaheimildir hafi verið látnar til dagabátanna í staðinn (Gripið fram í.) fyrir dagana sem þeir misstu. Hv. þingmaður ætti að taka eftir því, og það er auðvitað algerlega rangt hjá honum.

Ég vek athygli á því varðandi dagabátana sérstaklega að þegar greidd voru atkvæði um þessa löggjöf var hún samþykkt. Menn sátu hjá og einungis fjórir voru á móti þannig að það er ekki eins og að hér hafi verið bullandi andstaða við þessar breytingar. Það var ekki þannig. Það voru fjórir menn á móti, aðrir sátu hjá eða greiddu þessu atkvæði og síðan var málið samþykkt. Það er auðvitað ljóst mál að dagabátarnir fengu síðan í sínar hendur heilmiklar aflaheimildir sem þeir hafa nýtt með ýmsum hætti.

Þróunin er mismunandi milli verstöðva. Það sjáum við m.a. á Vestfjörðum. En hitt blasir líka við, eins og við nefndum áðan, að aflamarksbátarnir á Vestfjörðum hafa styrkt stöðu sína. Það þarf ekki annað en að skoða t.d. þróunina varðandi þorskinn á Vestfjörðum, þá blasir þetta við. Vestfirðingar hafa verið að styrkja stöðu sína að þessu leytinu í aflamarkskerfinu vegna þess að smábátakerfið hefur gefið þeim forsendur og möguleika til þess að byggja sig upp í stærri útgerðum. Við töldum það alltaf, og höfum alltaf talið, að það væri gott að menn gætu gert út stærri og öflugri báta. Sú hefur verið þróunin í íslenskum sjávarútvegi. En nú gerist það allt í einu að hér er upp sprottinn flokkur sem greinilega er á móti því að menn geti byggt sig upp og komist á stærri báta, er á móti því, hefur sérstaklega lagt sig fram um að tala gegn því þegar þessi þróun blasir við.

Rannsókn á þróun valds og lýðræðis, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

[14:35]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um rannsókn á þróun valds og lýðræðis sem flutt er af öllum þingflokki Samfylkingarinnar á þskj. 20.

Ég byrja mál mitt á því að vitna í nýlegan þátt í Speglinum þar sem farið var yfir þetta mál um völd og lýðræði og vil með leyfi forseta vitna í það sem fram kom í Speglinum í Ríkisútvarpinu í maí á þessu ári.

„Margir fullyrða að völd stjórnmálamanna víða í heiminum hafi minnkað verulega síðustu 10–20 árin í kjölfar hnattvæðingar og almenns frelsis á markaði, en völd banka og fyrirtækja aukist að sama skapi. Spurningin er hvort sú þróun sé hættuleg lýðræðinu, eða eru minnkandi völd stjórnmálamanna kannski eins konar þroskamerki lýðræðisins 60 árum eftir seinni heimsstyrjöld? Á mánudag sögðum við frá því að þýski rithöfundurinn Günter Grass hélt því fram í ræðu í síðustu viku að lýðræðinu sem Þjóðverjum var fært fyrir 60 árum stafi um þessar mundir mest ógn af því að völdin í þjóðfélaginu hafi að miklu leyti færst frá stjórnmálamönnum og í hendur þeirra afla sem stýra efnahagslífinu. Þingræðið sé orðið eins konar deild í kauphöllum, sagði hann, öllu er stýrt af bönkum og fyrirtækjasamstæðum. Það er ekki að undra, sagði hann, að æ fleiri skuli fá það á tilfinninguna að einhver samráðsöfl efnahagslífsins hafi alla þræði í hendi sér og að þingkosningar séu bara farsi. Þessi dramatísku orð nóbelsverðlaunarithöfundar eru pæling en eru vissulega áhugaverð."

Meginefni þeirrar tillögu sem ég mæli fyrir gengur að inntaki til út á það sem fram kom í þessum tilvitnuðu orðum rithöfundarins en í tillögugreininni er lagt til að fram skuli fara rannsókn á þróun valds og lýðræðis í íslensku samfélagi. Könnuð verði áhrif þeirrar þróunar síðustu 20 árin og metið hvaða áhrif hún kunni að hafa á komandi árum. Markmiðið verði að fá sem gleggsta mynd af því hvort þrískipting ríkisvaldsins sé orðin óljós í framkvæmd og meta áhrif þess á lýðræðisþróunina og samfélagið í heild.

Einnig verði skoðað hvort völd embættismanna hafi aukist meira en eðlilegt getur talist og hvaða áhrif fjölmiðlar hafa haft á þróun stjórnmála og samfélagið í heild.

Við rannsóknina verði jafnframt lagt mat á hvort og að hve miklu leyti völd hafa færst frá kjörnum fulltrúum til einkaaðila, m.a. með breytingu á efnahagslegu valdi í krafti tilfærslu eigna og fjármagns og hvort ákvarðanir og fjárfestingar stórra valdablokka í atvinnu- og fjármálalífi hafi nú verulega meiri áhrif en áður á afkomu og þróun þjóðarbúsins. Lagt verði mat á framhald þessarar þróunar fyrir efnahags- og atvinnulíf og með tilliti til eigna- og tekjutilfærslna í þjóðfélaginu.

Virðulegi forseti. Eins og heyra má af þessu er verulega mikið í fang færst að fara í slíka úttekt sem hér er lögð til. Engu að síður tel ég að þetta sé viðfangsefni sem nauðsynlegt er að tekið verði á og að Alþingi hafi frumkvæði að því að slík rannsókn á þróun valds og lýðræðis í þjóðfélaginu fari fram. Miklar breytingar og hræringar hafa orðið í efnahagslífinu, á fjármálamarkaðnum og víðar sem hafa haft áhrif á lýðræðisþróunina og hafa t.d. þjóðfélög eins og Noregur, Danmörk og Svíþjóð ráðist í sambærilegar úttektir með athyglisverðri niðurstöðu.

Ég vil nefna hér áður en ég held lengra að ég tel líka mikilvægt að þróunin verði skoðuð út frá áhrifunum á valdahlutföll kynjanna í þjóðfélaginu. Það er ástæða til að hafa af því áhyggjur að hlutur kvenna, t.d. í forustustörfum í atvinnulífinu, hafi minnkað og var hann ekki mikill fyrir. Um þetta hafa verið umræður í þjóðfélaginu að undanförnu og ástæða er líka til að rifja upp svar sem ég fékk frá hæstv. viðskiptaráðherra á síðasta þingi þar sem fram kemur að sé litið til stjórnenda lífeyrissjóða og stjórnenda í atvinnu- og fjármálalífi eru þar í forustustörfum yfir 90% karlar en innan við 10% konur. Ég vil halda þessu til haga, þessari hlið á málinu, vegna þess að í allri lýðræðisþróun og lýðræðisuppbyggingu er mikilvægt að skoða málin líka út frá sjónarhóli jafnréttis kynjanna í stjórnmála- og atvinnulífi. Hallar þar verulega á að því er varðar atvinnulífið þó að vissulega sé þróunin jákvæð að því er varðar þátttöku kvenna í stjórnmálum. Þó má vissulega gera þar betur.

Ég nefndi að farið hefði fram sambærileg rannsókn og hér er lögð til í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Hvatir þeirra rannsókna í Danmörku og Noregi voru þær miklu breytingar sem höfðu orðið í þessum löndum með aukinni alþjóðavæðingu og vegna breytinga á umsvifum í atvinnu- og fjármálalífi. Það eru þær forsendur og þau rök sem ég dreg fram fyrir því að nauðsynlegt sé að þessi úttekt fari fram. Niðurstaða norsku rannsóknarinnar var m.a. að breytingar á umsvifum á markaði höfðu leitt til meiri fákeppni og að fulltrúalýðræðið væri í tilvistarkreppu og niðurstaðan bæði í Danmörku og Noregi var sú að völd þingmanna hefðu veikst.

Það er alveg ljóst og hefur ítrekað verið rætt líka í þingsölum að þrískipting ríkisvaldsins hefur með árunum þótt verða óljósari í framkvæmd og rætt er um að ákvarðanir sem máli skipta fyrir þjóðarbúið séu í auknum mæli að færast frá vettvangi stjórnmálanna yfir á vettvang fjármála- og atvinnulífs. Þá telja margir að vald embættismanna hafi aukist verulega og að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar hafi fært þeim meira vald til ákvörðunar en eðlilegt getur talist.

Í tillögunni er jafnframt lagt til að metið verði vald fjölmiðla og áhrif þeirra á samfélagsþróunina en í sambærilegri rannsókn sem unnin var í þessum norrænu ríkjum sem ég áður nefndi var sá þáttur einnig hluti viðfangsefnisins. Flutningsmenn telja að brýnt sé orðið að leggja mat á þessa þróun og fá af henni heildarmynd þannig að hægt sé að bregðast við ef ástæða þyki til.

Með rannsókn sérfræðinga væri hægt að leggja mat á hvort slík tilfærsla hafi orðið á valdmörkum þeirra þriggja valdþátta sem stjórnskipunin byggist á að stoðir lýðræðis og góðrar stjórnskipunar í landinu hafi veikst. Ég held að mikilvægt sé, virðulegi forseti, að leggja mat á þetta. Jafnframt er lagt til að varpað verði skýru ljósi á þróun valda- og eignasamþjöppunar og hvaða áhrif meiri háttar ákvarðanir stórra valdablokka í fjármála- og atvinnulífi hafa haft og geta haft á atvinnulífið, á afkomu heimila og þjóðarbúið í heild. Í framhaldi af þessari rannsókn væri ástæða til að skoða hvort tilfærsla fjármagns og valds hafi leitt til verulegrar gliðnunar á eigna- og tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og stuðlað að aukinni stéttskiptingu sem ég tel veigamikinn þátt í þeirri rannsókn.

Umræðan hér á landi hefur snúist um hvort löggjafarvaldið sé sífellt að veikjast á sama tíma og framkvæmdarvaldið styrkist. Þar er átt við framsal Alþingis á valdi í lögum og víðtækar reglugerðarheimildir framkvæmdarvaldinu til handa, auk þess sem löggjafarvaldinu sé gert stöðugt erfiðara að sinna eftirlitshlutverki sínu með framkvæmdarvaldinu. Þetta var ágætlega orðað í grein eftir Friðgeir Björnsson í Tímariti lögfræðinga árið 1999 þar sem m.a. er vikið því að ekki sé fjarri lagi að segja að handhöfn bæði framkvæmdarvalds og löggjafarvalds sé hjá ríkisstjórn með forsætisráðherra í broddi fylkingar í flestu sem einhverju máli skiptir.

Þessi orð Friðgeirs Björnssonar ættu að vera áhyggjuefni á þessari löggjafarsamkundu þegar því er haldið fram að handhöfn bæði framkvæmdarvalds og löggjafarvalds sé hjá ríkisstjórn með forsætisráðherra í broddi fylkingar í flestu sem máli skiptir.

Upplýsingaþjónusta Alþingis skoðaði þetta mál í fyrra þegar það var fyrst lagt fram að beiðni flutningsmanna og tók saman stutta lýsingu á sambærilegum rannsóknum, sem ég vitnaði til, sem fram hafa farið á þróun valds og lýðræðis í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Rannsóknirnar í þessum löndum beindust að stöðu valds og lýðræðis við upphaf 21. aldar. Hvati rannsóknanna voru þær breytingar sem hafa orðið á viðkomandi samfélögum með aukinni alþjóðavæðingu og breytingum á skyldum ríkisvaldsins, t.d. vegna minni afskipta af viðskiptalífinu.

Ein af helstu ástæðum þess að ráðist var í rannsóknina í Danmörku var að þingið óttaðist að það væri að missa völd. Niðurstaða rannsóknarinnar var þó á þann veg að danska þingið hefði aukið völd sín á kostnað framkvæmdarvaldsins, m.a. með aukinni sérhæfingu þingmanna, auk þess sem fjöldi minnihlutastjórna í Danmörku hefur haft þessi áhrif, sem er athyglisvert. Það er ekki síst athyglisvert fyrir okkur Íslendinga sem höfum búið við samsteypustjórnir lengst af.

Út af fyrir sig væri hægt að hafa langt mál um þessa tillögu, en ég mælti einnig fyrir henni á síðasta þingi. Þá tóku þátt í þeirri umræðu, að mig minnir, þingmenn úr öllum

flokkum. Það kom fram mjög jákvæð afstaða til þessarar tillögu frá þingmönnum allra flokka og er full ástæða til þess að ætla að þingið og sú nefnd sem fær málið til umfjöllunar geti tekið með jákvæðum hætti á þessu máli og að slíkri rannsókn verði hrundið af stað.

Á síðasta þingi var málið sent til umsagnar. Ég vil ljúka a.m.k. fyrri umræðu málsins með því að vitna í þær umsagnir sem voru mjög jákvæðar, og almennt var hvatt til þess að sú rannsókn sem hér er gert ráð fyrir á þróun valds og lýðræðis verði gerð. ASÍ taldi að hér væri um að ræða mjög brýnt rannsóknarefni fyrir íslenskt samfélag, stofnanir þess, hagsmunasamtök og aðila á markaði. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands taldi að mjög mikilvægt væri að gera ítarlega og vandaða rannsókn á lýðræði og valdi á Íslandi. Slíkar rannsóknir hafi verið gerðar á undanförnum árum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Orðrétt segir síðan í umsögninni, með leyfi forseta:

„Ljóst er að norrænu rannsóknirnar varpa mikilvægu ljósi á stöðu lýðræðisins í þessum löndum og eru nauðsynlegur grundvöllur upplýstrar umræðu um framtíð lýðræðiskerfanna og margvíslegan vanda sem ýmsir telja að þau standi frammi fyrir. Jafnframt hefur komið í ljós að sambærilegar upplýsingar sárvantar um Ísland, þó ýmsar rannsóknarniðurstöður íslenskra stjórnmálafræðinga undanfarin ár hafi komið að góðu gagni."

Í umsögn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands kemur fram að stofnunin telji rannsóknina þarfa í ljósi þeirra þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa á undanförnum áratugum og álitaefna sem vaknað hafa um tilfærslu valds, ekki aðeins á milli þriggja þátta ríkisvaldsins heldur einnig frá ríkisvaldinu til annarra sviða samfélagsins. Bent er á þátt sem vert væri að rannsaka, þ.e. hvaða áhrif það hefur á vernd mannréttinda að vald hefur færst í ríkum mæli á hendur annarra en handhafa ríkisvaldsins. Orðrétt segir síðan, með leyfi forseta:

„Ljóst er að hætta á því að mannréttindi séu skert stafar því ekki aðeins frá ríkinu heldur einnig frá valdamiklum aðilum á vettvangi einkaréttarins."

Sigurður Líndal prófessor sendi einnig umsögn um tillöguna en þar kemur fram að hreyft hafi verið mjög þörfu máli, sem Alþingi ætti að gefa fyllsta gaum. Jafnframt er í þeirri umsögn bent á að athuga beri hvort til greina komi að semja við háskólastofnanir um verkið, t.d. Lagastofnun og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Virðulegi forseti. Eins og heyra má af þessum umsögnum hefur þetta þingmál ekki bara fengið jákvæðar undirtektir í þingsal heldur líka frá flestum þeirra umsagnaraðila sem fjölluðu um þetta mál, sem undirstrikar mikilvægi og þýðingu þess að í slíka rannsókn verði ráðist. Með rannsókn sérfræðinga er hægt að leggja mat á hvort slík tilfærsla hafi orðið á valdmörkum þeirra þriggja valdþátta sem stjórnskipunin byggir á, að stoðir lýðræðis og góðrar stjórnskipunar í landinu hafi veikst og gangi gegn eðlilegri lýðræðisþróun.

Virðulegi forseti. Ég vonast eftir því að þessi tillaga fái jákvæðar undirtektir í þingsal og í nefnd þeirri sem fær málið til meðferðar og hún komi aftur til kasta þingsins þannig að þingið fái tækifæri til þess að taka afstöðu til þessarar tillögu. Ég legg til, virðulegi forseti, að tillagan gangi til síðari umræðu og hv. allsherjarnefndar.

[14:50]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum og áratugum kannski hafa átt sér stað samfélagslegar breytingar án nokkurrar hliðstæðu í sögunni á svo fáum árum. Í leiðinni hefur að sjálfsögðu átt sér stað veruleg tilfærsla á valdmörkunum sem við ræðum um hérna, þ.e. þrískipting ríkisvaldsins, ægivald fjölmiðla yfir samfélaginu og minnkandi vald og áhrif stjórnmálamanna í þeim skilningi sem áður mátti greina. Frjáls samkeppni, einkavæðing ríkisfyrirtækja og svo margt annað hefur valdið þessum gríðarlegu breytingum. Spurningin er ekki hvort verulegar tilfærslur á valdmörkum hafi átt sér stað heldur fremur hvernig. Þessi tillaga til þingsályktunar miðar að því að varpa skýru ljósi á þær breytingar, hvaða breytingar hafa átt sér stað, hvaða afleiðingar hafi orðið af þeim breytingum og hvernig eigi að bregðast við þeim.

Hefur lýðræðið veikst eins og fram kemur í norsku rannsókninni? Þar er dregið fram að fulltrúalýðræðið sem slíkt sé í kreppu í Noregi á meðan að niðurstaðan í Danmörku er á allt annan veg og dregur það fram að danska þingið hafi aukið vald sitt á kostnað framkvæmdarvaldsins, þvert á það sem við flest höfum á tilfinningunni að sé að gerast á Íslandi þar sem við teljum að vald löggjafans, Alþingis, hafi minnkað verulega vegna mjög yfirgangssams og sterks framkvæmdarvalds. Þessar afleiðingar þarf að draga fram, afleiðingarnar af samfélagsbreytingunum dæmalausu, þessum samfélagsbreytingum án nokkurrar hliðstæðu. Þær þarf að draga fram og skilgreina og viðbrögðin við því þurfa síðan að koma fram hjá stjórnmálamönnum.

Nú á sér stað vinna við breytingar á stjórnarskránni og þess vegna væri rannsókn á þróun valds og lýðræðis sérstaklega nytsamleg. Þá lægi fyrir ítarleg rannsókn þar sem til að mynda væri samið við háskólastofnanir eins og Lagastofnun og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um að ráðast í slíka rannsókn þar sem þetta væri allt dregið fram — við gætum þá leitað leiða til að styrkja þingið til að koma á fót t.d. rannsóknarnefndum þingsins — þ.e. hvernig við styrkjum þingið, hvernig við eflum beint lýðræði, eins og nú er töluvert í umræðunni og virðist vera að myndast þverpólitísk sátt um, að það eigi að vera ákvæði í stjórnarskrá um að tiltekinn hluti kjósenda geti kallað mál í þjóðaratkvæði, sem er meginbreyting frá því sem áður var þegar jafnaðarmenn og vinstri flokkarnir einir töluðu fyrir þeim hugmyndum fyrir örfáum árum síðan. Það er bara núna á síðustu missirum sem stjórnarflokkarnir eru farnir að tala í þá veru og þá með það fyrir augum að skipta út málskotsrétt til forseta Íslands í staðinn, þ.e. að það eigi ekki að vera tiltekinn hluti þingmanna, tiltekinn hluti atkvæðisbærra kjósenda og síðan forseti lýðveldisins sem geti skotið máli til þjóðaratkvæðis heldur einungis einn af þessum aðilum og þá, eins og umræðan hefur legið af hálfu stjórnarflokkanna, tiltekinn hluti atkvæðisbærra kjósenda. Ég held að við ættum að efla lýðræðið með því að allir þessir þrír aðilar, þing, þjóð og forseti, geti vísað málum í beina kosningu þjóðaratkvæðis. Þetta er einn þáttur málsins.

Auðvitað verður líka að leita leiða til að styrkja þingið. En til þess að hægt sé að fara vitrænt og markvisst í þessa umræðu þarf rannsókn eins og hér um ræðir að liggja fyrir á því hvernig lýðræðisfyrirkomulagið hefur breyst, hvernig Alþingi hefur breyst, hvernig vald og hver áhrif Alþingis eru nú miðað við það sem áður var eða ætti að vera að okkar mati. Það gengur t.d. algjörlega í berhögg við þrískiptingu ríkisvaldsins að forsætisráðherra kalli saman og slíti Alþingi. Það er fráleitt miðað við það hvernig stjórnarskráin stillir upp þrígreiningu ríkisvaldsins. Ýmsar slíkar breytingar þyrftu að eiga sér stað til þess að styrkja stöðu Alþingis.

Fjölmiðlarnir og þrýstihópar leggja línuna í dag á kostnað hefðbundins stjórnmálastarfs og það er hægt að fullyrða að áhrif hinna hefðbundnu stjórnmálaflokka hafa minnkað verulega og að þátttaka almennings í starfi þeirra að sjálfsögðu líka á síðustu 10–20 árum. Nú eru línurnar lagðar af öflugum fjölmiðlum og máttugum. Þeir stjórna umræðunni miklu meira en stjórnmálamennirnir eins og þeir gerðu hér áður fyrr þannig að svo margt hefur breyst sem við þurfum að varpa ljósi á. Þá er mjög mikilvægt, og hlyti að koma sterklega inn í niðurstöður slíkrar rannsóknar á þróun valds og lýðræðis, að landið verði gert að einu kjördæmi, að hver maður hafi eitt atkvæði og hvorki meira né minna. Það eru brot á mannréttindum að atkvæði vegi misþungt eftir því hvar við búum á landinu. Að sjálfsögðu hljótum við að leita allt annarra leiða en þeirra að versla með lýðræðið, að versla með mannréttindin, að versla með atkvæðisréttinn, þegar við leitum leiða til að styrkja byggðirnar og efla byggð í sumum landshlutum þar sem þær eiga undir högg að sækja. Að sjálfsögðu eigum við að leita leiða til að efla búsetu þar sem byggðirnar eru á undanhaldi. En það er fráleitt að gera það í gegnum kosningarréttinn, í gegnum lýðræðið, í gegnum mannréttindi sem þau að einn maður hafi eitt atkvæði.

Þetta er nokkuð sem hlyti að koma mjög sterkt inn í rannsókn á þróun valds og lýðræðis og því hver staða lýðræðisins er í íslensku samfélagi núna, þar sem það væri skilgreint hvar hallar undan og hvar lýðræðið hefur gefið eftir og hverju verður að breyta. Að mínu mati verður að breyta þessu. Það verður að gera landið að einu kjördæmi. Það verður að breyta stjórnarskránni þannig að tiltekinn hluti þingmanna og tiltekinn hluti atkvæðisbærra manna geti kallað mál í þjóðaratkvæðagreiðslu, að beint lýðræði verði ástundað hérna, en beint lýðræði er eins og allir vita nánast óþekkt í íslenskri stjórnmálasögu. Það er aldrei notað og þegar það lá fyrir, eftir að forsetinn beitti málskoti sínu 2. júní 2004, að þjóðin gengi líklega samkvæmt því til atkvæða með beinum hætti um það mál sem þá lá fyrir, fjölmiðlalögin, ætlaði allt vitlaust að verða á stjórnarheimilinu og því lauk með því að frumvarpið var kallað til baka. Lögin voru felld úr gildi. Og eins og Sigurður Líndal prófessor benti á svo ágætlega í viðtali á Útvarpi Sögu í gær þá var líklega brotið þar langmest — og að sjálfsögðu þegar maður hugsar málið — á þeim sem studdu frumvarpið, þeim sem vildu fá lög um fjölmiðla. Þeir fengu ekki að láta reyna á það til þrautar hvort slík lög mættu taka hér gildi heldur má segja að þeir sem vildu ekki slík lög hafi einir haft sigur í málinu þar sem hinir höfðu ekki tækifæri til að vinna sínum málstað fylgi.

Margt slíkt má tína til um það hvernig lýðræðið á Íslandi hefur, að mínu mati, verið að gefa eftir og hvað það er bjagað og hvað það er óburðugt og hve miklu við þurfum að breyta til að efla Alþingi til að skerpa á þrígreiningu ríkisvaldsins og til að koma á raunverulegu og nútímalegu lýðræði á Íslandi þar sem það stendur undir nafni. Rannsókn á þróun valds og lýðræðis væri mjög góð byrjun í þeirri vinnu, mjög gott skref í þá átt að efla lýðræðið á Íslandi. Þess vegna flytjum við þessa tillögu nú, að mér sýnist, allur þingflokkur Samfylkingarinnar.

[14:59]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil segja fáein orð um þetta mál. Ég tel að mikil ástæða sé til þess að sú vinna fari fram sem hér er lagt til. Það er auðvitað búin að vera töluverð umræða um meðferð valds í samfélaginu á undanförnum árum og ekki að ástæðulausu. Hér hafa valdsmenn gengið fram með býsna undarlegum hætti, ekki einu sinni heldur margoft. Menn hafa tekið sér vald sem a.m.k. mér finnst að hafi verið afar óeðlilegt að væri gert. Við höfum horft upp á meiri hlutann í Alþingi afgreiða hér mál sem okkur hefur verið fullkunnugt um að hefur engan veginn verið meiri hluti fyrir í raun. Þar hafa menn rétt upp hendur, verið fjarverandi eða beygt sig undir niðurstöðu sem hefur verið fengin fram innan stjórnarflokkanna.

Nú er ég ekki að halda því fram að menn þurfi ekki að ná heildarsamkomulagi um stjórn landsins heldur tel ég hins vegar að menn hafi gengið of langt hvað varðar slíka samninga um einstök mál. Það er hægt að segja það — ég hef a.m.k. þá skoðun — að Alþingi sem slíkt, alþingismenn, hafi fullkomlega vald á því að breyta þessum hlutum. Hér getur meiri hluti á Alþingi, þ.e. meiri hluti sem er myndaður um málefni en ekki um ríkisstjórn, auðvitað fengið fram allt það sem verið er að tala hér um. En til þess þurfa menn auðvitað að hafa sjálfstæði. Það þarf að verða breyting á því hvernig þingmenn líta á stöðu sína hér því að allt of mikið hefur borið á því að menn líti á sig sem þjóna framkvæmdarvaldsins, þjóna ríkisstjórnar í einstökum málum og einhverri heildarniðurstöðu sem ríkisstjórn vill ná fram. Það á aldrei að ná út yfir öll mál. Það á að vera hægt að ná fram bæði umfjöllun og niðurstöðu um mikilvæg mál á Alþingi án þess að ríkisstjórnarmeirihluti geti alltaf komið í veg fyrir það. Þó vitað sé að það sé raunverulegur meiri hluti ef menn standa við sína sannfæringu fyrir málum þá komast þau ekki fram hér. Stjórnarandstæðingar hafa upplifað það í gegnum tíðina að hafa lagt hér fram mál og fjallað um þau. Þau hafa verið stöðvuð í nefndum og komið hefur verið í veg fyrir að þau fengju afgreiðslu í þinginu.

Þetta er vandamál sem þarf að velta fyrir sér. Ég held að þetta hafi gerst kannski meira hjá okkur en öðrum þjóðum vegna þess að við höfum sífellt búið við meirihlutastjórnir. Minnihlutastjórnir breyta þessari mynd töluvert mikið. Ég held að það hefði verið heppilegt fyrir þingið að búa við minnihlutastjórnir öðru hvoru. Það hefur ekki verið hefð fyrir því hérna.

Valdið hefur farið út um víðan völl finnst mér á undanförnum árum og ég held að sjálfstæði þingsins hafi verið að

hraka gagnvart ýmsum aðilum í samfélaginu. Við höfum séð að öflug hagsmunasamtök ráða miklu meira um afstöðu þingmanna og ríkisstjórna í dag en þau gerðu. Ég nefni bara t.d. forustumenn í sjávarútvegi. Auðvitað er afl forustumanna í landbúnaði miklu eldra. En það hefur nú enst býsna lengi. Enn þann dag í dag virðist þessi fámenna stétt hafa gríðarleg áhrif á stjórn landsins og geta haldið utan um fyrirkomulag sem virðist ekki vera mikil sannfæring fyrir að eigi að vera til framtíðar.

Það virðist vera að það vanti sjálfstæði þingmanna til þess að standa gegn vilja einstakra hagsmunasamtaka. Það hefur oft komið fram. Það hefur t.d. verið þannig með sjávarútvegsmálin í gegnum tíðina að þjóðin hefur alla tíð verið á móti eignarhaldinu í sjávarútvegi, bara alla tíð. Það er til fjöldinn allur af skoðanakönnunum sem sýnir að á bilinu frá 50–90% af stuðningsmönnum stjórnmálaflokkanna í landinu er á móti þessu eignarhaldi sem er á veiðiheimildum í sjávarútvegi. Samt sem áður hafa menn viðhaldið þessu fyrirkomulagi. Það segir sitt um það hvaða sjálfstæði menn hafa. Einstakir þingmenn sem hafa talað gegn því máli hafa síðan horfið úr sölum Alþingis eða fallist á niðurstöður eftir að mál hafa verið þæfð í stjórnarflokkum endalaust og alltaf halda menn áfram sömu brautina þó afstaða þjóðarinnar liggi fyrir.

Fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, var fyrirferðarmikill á þeim tíma sem er nú liðinn. Hann beitti t.d. áhrifum sínum gagnvart Hæstarétti eins og frægt er orðið. Auðvitað hlýtur að vera hluti af því að skoða hvernig hefur verið farið með vald og hvernig valdið hefur færst til í þessu samfélagi, að breyta fyrirkomulaginu á því t.d. hvernig menn velja hæstaréttardómara. Það er ekki vansalaust að vinir og ættingjar forsætisráðherra séu skipaðir í Hæstarétt. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni.

Það hlýtur líka að vera mikið umhugsunarefni þegar nánustu samstarfsmenn t.d. núverandi. forsætisráðherra voru skipaðir í Hæstarétt. Er þetta samfélag svona óskaplega lítið eða hvað? Ég held ekki. Ég held að engar tilviljanir séu á bak við það hvernig menn hafa farið með valdið. Það eru engin ráð önnur en að taka þetta vald frá framkvæmdarvaldinu. Þess vegna er svo nauðsynlegt að alþingismenn fari að líta á sig sem sjálfstæðar persónur sem bera ábyrgð á stjórn landsins en ekki sem hluta af einhverju valdi sem verður til í gegnum einhvers konar ríkisstjórnarsamstarf og telja sig einhvern veginn nauðbeygða til þess að styðja niðurstöður sem verða til á því stjórnarheimili, hverjar svo sem þær næstum því eru. Þetta held ég að sé aðalvandamálið.

[15:07]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er á ferðinni, tillaga til þingsályktunar um rannsókn á þróun valds og lýðræðis, er eitt af þeim málum sem Samfylkingin leggur megináherslu á núna á þessu þingi eða í upphafi þessa þings. Þetta er að vísu ekki í fyrsta sinn sem þetta mál kemur fram eins og 1. flutningsmaður, hv. þingmaður Samfylkingarinnar Jóhanna Sigurðardóttir, hefur gert grein fyrir. Það var tekið nokkuð vel í þetta mál þegar það kom hér fram fyrst og þess vegna freistum við þess núna í Samfylkingunni að koma með það hér inn aftur og vita hvort ekki fæst við það almennur stuðningur í þinginu og það fáist afgreitt á yfirstandandi þingi.

Málið felur í sér rannsókn á þróun valds og lýðræðis. Það má segja að í eðli sínu snúist stjórnmál bara um þetta tvennt, að stjórnmál snúist bara um lýðræði og vald og hvernig lýðræðinu er fyrir komið, hverjum er gefin hlutdeild í lýðræðinu og hvernig farið er með valdið, hvernig valdinu er skipt eða hvernig valdinu er dreift eða hvernig því er safnað eða hvernig með það er farið. Um þetta snúast stjórnmál í grundvallaratriðum. Þess vegna er mjög mikilvægt að við höfum sæmilega skýra sýn á það hverju sinni hvernig þessum tveimur grundvallarþáttum í stjórnmálunum, valdinu og lýðræðinu, er fyrir komið í samfélaginu.

Við stjórnmálamenn og reyndar fleiri tölum gjarnan um það að talsvert mikil breyting sé að verða sérstaklega á valdinu, að það sé að verða tilfærsla valds og að tilfærslan sé frá stjórnmálamönnunum og til markaðarins, til fyrirtækjanna. Gjarnan er talað um þessi sterku stórfyrirtæki í því sambandi og að þau hafi í rauninni tögl og hagldir í samfélaginu í krafti fjármagnsins. Það er sem sagt talað um tilflutning valds frá stjórnmálamönnunum og yfir til markaðarins og til fyrirtækjanna. En það er líka talað um tilflutning valds frá stjórnmálamönnunum, frá þjóðþingunum og yfir til alþjóðastofnana og svo er náttúrlega líka um að ræða tilflutning valds frá þjóðþingunum — a.m.k. víðast hvar erlendis þó að það hafi verið í minna mæli hér — til sveitarstjórna eða nærsamfélagsins. Ýmsir hafa haldið því fram að þjóðþingin væru að tæmast af völdum og verkefnum, völd og verkefni þeirra væru annars vegar að flytjast til yfirþjóðlegra stofnana eða til markaðarins eða þá aftur niður til sveitarstjórnanna. Þetta þarf allt saman að skoðast og eins er mjög mikilvægt í þessu sambandi að skoða hlutverk fjölmiðla því að fjölmiðlar eru orðnir miklu öflugra valdatæki í nútímasamfélagi en þeir nokkurn tíma voru.

Það skiptir auðvitað máli að fjölmiðlarnir lúti aðhaldi eins og aðrir sem með völd fara í samfélaginu, hvort sem þau eru formleg eða óformleg. Allt vald verður að lúta aðhaldi. Það á við og á að eiga við um stjórnmálamennina, um löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið, dómsvaldið og eins á það að eiga við um fjölmiðlana. Þess vegna held ég að hér sé á ferðinni mjög mikilvægt mál og til þess fallið að við getum fengið einhverja staðfestingu á því hvað sé að gerast í íslensku samfélagi en ekki látið bara duga að tala um það eins og við höfum gjarnan gert.

Ég vil endilega koma inn á það hér af því að sá sem stóð í ræðustól á undan mér, Björgvin G. Sigurðsson þingmaður Samfylkingarinnar, minntist aðeins á þá vinnu sem nú á sér stað um stjórnarskrána og hvað hægt er að gera í því sambandi, að mér finnst mjög mikilvægt það sem hér hefur verið komið inn á, að hugað verði m.a. að dómsvaldinu sérstaklega og hvernig skipað er í Hæstarétt.

Það er dálítil gráglettni örlaganna, ef svo má að orði komast, að þeir sem gjarnan tala um málskotsrétt forseta Íslands og telja rangt að binda þennan málskotsrétt við eina persónu, eins og sagt er — þeir segja að ein persóna eigi ekki að fara með þetta mikla vald, þ.e. persónan forseti Íslands — þeir sem þannig tala hafa hins vegar gjarnan farið með mikið vald og það hefur verið ein persóna sem hefur

farið með mikið vald sem felst í því að tilnefna þá sem sitja í Hæstarétti Íslands, þ.e. þá sem fara með æðsta dómsvaldið í landinu. Það er ein persóna. Það er dómsmálaráðherrann sem fer með það vald og aðrir koma ekki að því nema sem umsagnaraðilar. Hæstiréttur gerir það. En það er einn einstaklingur, einn ráðherra sem fer með það vald að skipa menn í æðsta dómstól þjóðarinnar. Auðvitað fylgir því mikil ábyrgð. Ef við horfum þar um bekki núna þá held ég að við þurfum nú ekkert að velkjast í vafa um það hvernig að þeim málum hefur verið staðið pólitískt í gegnum tíðina.

Mig langar líka áður en ég fer héðan úr ræðustól, virðulegur forseti, að nefna aðeins lýðræðið vegna þess að mér finnst stundum eins og lýðræðisvitund okkar og hugmyndir um lýðræði, ekki síst stjórnmálamanna margra hverra, séu svolítið vanþróaðar. Menn líta á lýðræðið sem það eitt að greiða atkvæði, kjósa á fjögurra ára fresti og svo kannski að gefa þjóðinni einhvern tíma kost á því að kjósa í einhverjum allsherjaratkvæðagreiðslum og þar við sitji. Menn líta svo á að þetta sé lýðræði. Svo koma upp mál sem deilur verða um og þá er sagt: „Það er búið að kjósa um þetta." Þegar Íraksmálið kom hér upp var sagt: „Það var kosið um það í síðustu kosningum." En var sérstaklega verið að kjósa um Íraksmálið í síðustu kosningum? Það var verið að kjósa stjórnmálaflokka á grundvelli almennrar stefnumótunar. En það var ekki verið að kjósa um einstök mál.

Þess vegna er mjög mikilvægt eftir að búið er að kjósa að stjórnvöld hugi að þeirri skyldu sem þau hafa til þess að vera í samráði bæði við aðra stjórnmálamenn í stjórnarandstöðu og við fólkið í landinu og hleypi fólkinu í landinu að málum og hlusti á raddir fólksins í landinu þegar einstök mál eru uppi. Ég vil leyfa mér að fullyrða að sveitarstjórnirnar í landinu séu miklu lengra komnar í þessu efni heldur en landstjórnin, að þær séu miklu lengra komnar og að þar séu miklu fleiri samráðsleiðir og miklu meira lýðræði í samskiptum þeirra við íbúa sína en er í samskiptum landstjórnarinnar við fólkið í landinu því að mér sýnist að það sé orðin vinnuregla hjá hæstv. núverandi ríkisstjórn að hafa sem minnst samráð, hvort sem um er að ræða samningu nýrra laga eða reglugerða eða stefnumótunar eða hvað það nú er. Þetta er ekki lýðræði. Það samræmist ekki hugmyndum um nútímalýðræði að vinna með þessum hætti og ég tel mjög mikilvægt að þetta sé skoðað líka. Lýðræði er alltaf að þróast. Lýðræði dagsins í dag er ekki eins og lýðræði gærdagsins og lýðræði morgundagsins verður heldur ekki með sama hætti. Það er mikilvægt að við höfum það í huga og þróum lýðræðið áfram í takt við nútímahugmyndir í stjórnmálum og stjórnun.

[15:15]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna sem hér hefur farið fram um þetta mál. En það vekur auðvitað athygli að einungis flutningsmenn þessa máls taka þátt í umræðunni. Ég vona að það sé ekki til marks um að áhuginn hafi dofnað sem ég fann fyrir á síðasta þingi hjá öllum þingflokkum um að á málinu yrði tekið og ráðist í þá rannsókn á þróun valds og lýðræðis sem hér er lögð til. Ég held að það sé afar mikilvægt að það sé gert til þess að styrkja þingið m.a. sem er mjög mikilvægt. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, um það að við erum hér að fjalla um grundvallarþætti í öllu okkar samfélagi þegar við fjöllum um lýðræðið og valdið í þjóðfélaginu. Við verðum að vera sívakandi fyrir því hvernig lýðræðið þróast og hvernig með það er farið og það er ýmislegt sem við höfum verið að fara í gegnum á umliðnum árum sem snertir mjög, og kannski miklu meira en áður, þróun lýðræðisins og hvernig farið er með valdið sem hægt væri að hafa langt mál um.

Við þekkjum það að efnahagsleg völd eru að færast á færri hendur í þjóðfélaginu. Við erum ekki, eins og gert var hér kannski fyrir um 20 árum síðan, að tala um milljónamæringa heldur erum við að tala um milljarðamæringa, ekki tugum saman heldur kannski frekar hundruðum og jafnvel þúsundum saman sem um leið fá ákveðin efnahagsleg völd í samfélaginu þegar fjármagnstilfærslan er orðin svona mikil í þjóðfélaginu. Og þá er mikilvægt að lýðræðið sé virkt, að þingið hafi þau tæki sem til þarf til þess að veita framkvæmdarvaldinu ákveðið aðhald, að það hafi þau tæki til þess að smíða þann leikramma sem nauðsynlegur er í þjóðfélaginu til þess að lýðræðið þróist eðlilega í þeim breytingum sem við erum að ganga í gegnum.

Af því að ég nefndi efnahagsleg völd vil ég m.a. draga fram það sem fram kemur í umsögn Sigurðar Líndals prófessors á síðasta þingi um þetta mál. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Með því að draga úr ríkisíhlutun má segja að löggjafinn hafi framselt ákvörðunarvald til landslýðsins, þar á meðal til umsvifamanna í fjármálum og atvinnulífi almennt. Svo virðist sem nokkuð hafi skort á að nægilegu aðhaldi í markaðsviðskiptum hafi verið fylgt eftir."

Ég held að hér sé ekkert of djúpt í árinni tekið. Við verðum að vera sívakandi fyrir þessu eins og ég nefndi áður. Síðar segir prófessorinn, með leyfi forseta:

„Hins vegar virðist þingið ekki hafa náð fullum tökum á því að setja þjóðfélaginu almennar reglur og veita framkvæmdarvaldi nægilegt aðhald."

Ég held að það sé mikilvægt að draga þetta inn í umræðuna sem prófessorinn segir um þennan þátt og það minnir á það sem verið var að draga upp í umræðunni, þ.e. hvernig þarf að styrkja þingið með ýmsum hætti og hvernig styrkja þarf líka lýðræði og valddreifingu í þjóðfélaginu. Hér var nefnd þjóðaratkvæðagreiðsla. Ég held að allir þingflokkar tali um nauðsyn þess að koma á meira lýðræði í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta mál er nú búið að vera hér inni í þinginu svo árum og áratugum skiptir í formi þingmála án þess að mikið hafi hreyfst í því máli. Ég nefni líka þegar við tölum um hvernig þurfi að styrkja þingræðið að við verðum að koma á rannsóknarnefndum í þessu þjóðþingi sem svipar til þeirra sem eru í þjóðþingunum í kringum okkur vegna þess að slíkar rannsóknarnefndir eru mjög öflug tæki til þess að veita framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt aðhald.

Hér var líka nefnd skipun dómara og hvernig nauðsynlegt er að fara í breytingar á því að því er varðar val á dómurum og var það rökstutt hér áðan og ætla ég ekki að fara í gegnum það. Vil ég þá aftur draga fram Sigurð Líndal sem segir um þetta mál í sinni umsögn á síðasta þingi, með leyfi forseta:

„Þá er til skoðunar staða Alþingis gagnvart dómsvaldinu, en hlutur dómstóla í mótun og setningu reglna hefur farið vaxandi, ekki einvörðungu hér á landi heldur í flestum nálægum löndum.“ — Og nefnir hann að þetta eigi ekki síst við Evrópudómstólinn.

Undir þetta er hægt að taka en um leið þurfum við að tryggja að ramminn og ákvæðin sem unnið er eftir við skipan dómara sé slíkur að ekki sé staðið að vali þeirra með þeim hætti sem við höfum upplifað á umliðnum árum og hefur þingflokkur Samfylkingarinnar einmitt flutt þingmál um það hvernig við viljum taka á því og breyta.

Aftur ætla ég að vitna í umsögn Sigurðar Líndals, með leyfi forseta, en þar segir hann:

„Þingræði hefur verið hér óskráð venjuréttarregla í 100 ár. Þar sem stjórnarmeirihluti hverju sinni styður ríkisstjórn er hætt við að þingið veiti framkvæmdarvaldinu ekki það aðhald sem vera ætti samkvæmt þingræðisreglunni. Stundum hefur verið haft á orði að þingræði sé í reynd ráðherraræði. Mikilvægt er að kanna hvernig þessi regla hefur þróast síðastliðin 20 ár, jafnvel alla síðastliðna öld og þá sérstaklega hvort raunveruleg samstaða hafi verið meðal þingmanna um að verja stjórnskipulega stöðu Alþingis.“

Hér er vitnað í það sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum stundum úr þessum ræðustól nefnt ráðherraræði. Það er ákveðið áhyggjuefni hvernig þingið hefur sífellt verið að veikjast gagnvart ráðherraræðinu. Hv. 7. þm. Suðurk. Björgvin G. Sigurðsson fór einmitt inn á þennan þátt varðandi það mál. Hann vitnaði til þessa í greinargerð og dró fram ýmsa þætti því til stuðnings hvernig ráðherraræðið hefur vaxið og hvernig hlutur löggjafarvaldsins er gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það hefur t.d. verið nefnt að ágreiningur hefur verið milli Alþingis og framkvæmdarvaldsins um fjárhagslegt sjálfstæði Alþingis sem stofnunar auk þess sem það hlýtur að ganga í berhögg við þrískiptingu valdsins að forsætisráðherrann kalli saman þing og slíti því. Það er afar óeðlilegt og því þarf að breyta. Staða Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu er veikari, eins og ég nefndi, þegar ekki er enn meirihlutavilji fyrir því að Alþingi komi á fót þeim rannsóknarnefndum sem ég nefndi og sem geti tekið mál fyrir og rannsakað að því er varðar framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Þetta fyrirkomulag tíðkast víða erlendis og hefur margsinnis verið notað og skilað árangri. Margsinnis hefur líka verið reynt að koma á þeirri skipan hér á landi en án árangurs.

Allt þetta leiðir líka til þess að við stöndum frammi fyrir því að það er til vansa að ekki hafi tekist samstaða um það sem vonandi verður þó breyting á á næstunni meðal þingmanna, þ.e. um að ráðast í nauðsynlega endurskoðun á þingskapalögunum. Þar er ýmislegt sem þarf að taka á og við verðum að setja okkur það markmið í þeirri endurskoðun að styrkja þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu. Til þess eru ýmsar leiðir sem við í Samfylkingunni höfum bæði sýnt fram á hér í þingmálum og erum með til umræðu á okkar vettvangi nú ef í það þarfa verk verður ráðist að endurskoða þingsköpin.

Ég hafði ekki tíma til þess í máli mínu áðan að nefna hvernig í þessari tillögu er lagt til að staðið verði að þessari úttekt. Það er mjög vandmeðfarið því hér er, eins og ég nefndi og allir sjá, um viðamikla úttekt að ræða í tillögunni. Nokkrir umsagnaraðilar komu líka inn á það og höfðu ákveðnar skoðanir á því hvernig ætti að standa að þessari úttekt. En hér er lagt til að forsætisráðherra skipi nefnd sem í sitji fimm fulltrúar háskóla. Háskóli Íslands tilnefni tvo fulltrúa og verði annar þeirra formaður nefndarinnar. Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri og Viðskiptaháskólinn á Bifröst tilnefni einn fulltrúa hver. Verkefni nefndarinnar verði að hafa umsjón með verkinu og fái hún heimild til að kalla til sérfræðinga til að vinna að rannsókninni. Nefndin leggi verkefnaáætlun og fjárhagsramma fyrir forsætisráðherra sem geri tillögur til Alþingis um nauðsynleg fjárframlög til verksins. Nefndin skili áfangaskýrslum eftir því sem verkinu miðar fram og skal rannsókninni lokið eigi síðar en 1. janúar 2008.

Af því sem ég hef hér lýst sést að flutningsmenn málsins hafa gert sér vel grein fyrir umfangi þessa verkefnis og leggja áherslu á að gerð verði ákveðin verkefnaáætlun og fjárhagsrammi sem verði fylgt eftir og gert ráð fyrir í fjárlögum hverjum sinni. Ef vilji er virkilega fyrir því að taka á þessu máli þá er ég sannfærð um það, virðulegi forseti, að við erum að ráðast í brýnt og þarft verkefni sem muni verða okkur mjög mikilvægt vegna þess að út frá þessari rannsókn er hægt að skoða hvort ástæða væri til að bregðast við með einhverjum hætti að því er varðar þá þróun sem orðið hefur á valdi og lýðræði í þjóðfélaginu þannig að á raunhæfan hátt sé hægt að taka á því og meta framhaldið. Með þessu og þeirri leið sem við leggjum til er hægt að varpa skýrara ljósi á þá þróun sem orðið hefur og tilfærslu á völdum og fjármagni og þá, frú forseti, er betur hægt að meta áhrifin á lýðræðisþróunina og samfélagið í heild sinni.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þetta brýna mál. Ég hafði vonast til þess að þeir sem tækju þátt í umræðunni væru ekki eingöngu flutningsmenn málsins heldur mundum við nota þennan ræðustól meira til þess að eiga skoðanaskipti um málið vegna þess að ég hef trú á því að þetta sé mál sem allir þingmenn hafa skoðun á og ég hef trú á því að allir þingmenn hafi jákvæð viðhorf til þess að slík úttekt og rannsókn fari fram. En eitt af því sem við þurfum m.a. að skoða, virðulegi forseti, ef ráðist verður í endurskoðun á þingsköpum, er að þingmál dagi ekki bara uppi eftir fyrstu eða fyrri umræðu og sofni í þingnefndum og þá hægt að þakka fyrir ef þau fara til umsagnar. Mér finnst það vanvirða við þingið og þá þingmenn sem leggja vinnu í að koma hér á framfæri brýnum málum. Eitt af því sem við þurfum að skoða í tengslum við afgreiðslu á nýjum þingsköpum sem vonandi næst sátt um er að það verði skylda þingnefnda að koma málum eftir einhvern tiltekinn tíma aftur inn til þingsins þannig að þingið taki afstöðu til mála en við búum ekki við það, sem er mjög óeðlilegt, að meirihlutavaldið í þingnefndum geti bara að vild svæft brýn þingmál og hér sé ekki með lýðræðislegum hætti tekin afstaða til þingmála eins og þess sem hér er lögð áhersla á.

Ég er sannfærð um það, virðulegi forseti, að ef slík ákvæði væru í þingsköpum, þ.e. að þingnefndum væri gert að afgreiða mál úr nefndum með einum eða öðrum hætti, þá væri það til þess að mál fengju vandaðri umfjöllun í þingnefndum og að tíma þingnefnda yrði líka varið í að skoða þingmannafrumvörp og þingmannamál, en það er til

vansa fyrir þjóðþingið hvernig með þau er farið í nefndum þingsins. Yfirleitt er farið á einum eða tveimur klukkutímum fyrir jólahlé og fyrir þinglok á vorin með hraði í gegnum þingmannamál. Þessu verðum við að breyta og ég hvet til þess að það verði gert í tengslum við væntanlega endurskoðun þingskapa.

Það skulu verða mín lokaorð að ég vonast til þess þetta mál komist aftur hingað í þingsali og að tekin verði efnisleg afstaða til málsins.

[15:30]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins bæta nokkrum orðum inn í umræðuna um þá þingsályktunartillögu sem hér var mælt fyrir um rannsókn á þróun valds og lýðræðis í þjóðfélaginu.

Ég tek undir þær áhyggjur sem flutningsmenn hafa gagnvart þróun valds og lýðræðis í íslensku samfélagi á undanförnum árum. Þær áhyggjur beinast að því að valdið sé í auknum mæli að færast frá almenningi, sveitarstjórnum, Alþingi og öðrum sem kosnir eru eða tilnefndir af almannasamfélaginu, að vald og ákvarðanir sem áður voru þar færast í auknum mæli til framkvæmdarvaldsins en einnig til fyrirtækja og fjármálablokka og annarra samsteypa í atvinnulífinu.

Ég tek undir þær áhyggjur og ábendingar sem flutningsmenn, hv. þingmenn Samfylkingarinnar, koma inn á í þingsályktunartillögunni. Ég vil í því sambandi leggja áherslu á þá nálgun málsins hvernig við getum ræktað og styrkt lýðræðisvitundina. Tillagan miðar að því að gera úttekt og rannsaka hvernig farið hefur á síðustu árum og missirum og það er góðra gjalda vert. En við þurfum jafnframt að huga að því hvernig við getum ræktað og styrkt lýðræðisvitundina hjá einstaklingunum og samfélaginu því með sterkri meðvitaðri lýðræðisvitund einstaklinganna og samfélagsins getum við vænst þess að samfélagið þróist áfram í sterka og góða lýðræðisátt.

Í 2. mgr. tillögugreinarinnar þar sem fjallað er um rannsóknina segir, með leyfi forseta:

„Við rannsóknina verði jafnframt lagt mat á hvort og að hve miklu leyti völd hafa færst frá kjörnum fulltrúum til einkaaðila, m.a. með breytingu á efnahagslegu valdi í krafti tilfærslu eigna og fjármagns og hvort ákvarðanir og fjárfestingar stórra valdablokka í atvinnu- og fjármálalífi hafi nú verulega meiri áhrif en áður á afkomu og þróun þjóðarbúsins. Lagt verði mat á framhald þessarar þróunar fyrir efnahags- og atvinnulíf og með tilliti til eigna- og tekjutilfærslna í þjóðfélaginu."

Ég tek undir þær áhyggjur sem þarna koma fram. Við höfum m.a. verið að einkavæða þjónustufyrirtæki. Nýverið var t.d. verið að einkavæða og selja Símann, fjarskiptamál sem snúa svo rækilega að hverjum einstaklingi. Með því að afhenda slíkt almannaþjónustufyrirtæki almennum viðskiptarekstri skerðist aðkoma almennings og þjóðkjörinna fulltrúa að því hvernig sú þjónusta er veitt. Enda urðum við svo rækilega meðvituð um það einungis nokkrum dögum eftir að fyrirtækið var selt því þá gleymir það því að það hafi einhverjar samfélagslegar skyldur þar sem það hefur starfað, samanber uppsagnir fólksins sem starfaði við að svara 118 á Ísafirði. Þetta var ekkert rætt við yfirvöld eða stjórnvöld, hvað þá við fólkið sem vann þar með nokkrum fyrirvara. Svo var það fólkið á Blönduósi og Siglufirði. Þetta var svona framhald á því. Einkavæðing almannaþjónustunnar leiðir til þess að valdið, áhrifin og afskiptin fjarlægjast. Sama getur gerst við einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar. Auðvitað er verið að færa aðkomu almannavaldsins frá þessu.

Ég tek líka undir það sem sagt er á síðustu blaðsíðu tillögunnar þar sem vitnað er í Sigurð Líndal lagaprófessor, með leyfi forseta:

„Ljóst er að hætta á því að mannréttindi séu skert stafar því ekki aðeins frá ríkinu heldur einnig frá valdamiklum aðilum á vettvangi einkaréttarins."

Við höfum rækilega verið minnt á þetta á Alþingi þegar stjórnvöld, reyndar með stuðningi meiri hlutans, ákváðu að skera niður fjárveitingar til sjálfstæðrar mannréttindaskrifstofu og gera hana þar með, ef starfrækja ætti hana áfram, háða annarri fjáröflun í staðinn fyrir að þingið sjálft veitti henni skjól eins og eðlilegast væri.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir nefndi þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég tek undir með hv. þingmanni hversu mikilvægar þjóðaratkvæðagreiðslur eru og bendi t.d. á í því sambandi að Vinstri hreyfingin – grænt framboð flutti einmitt tillögu um að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um Kárahnjúkamálið, eitt umdeildasta stórmál meðal þjóðarinnar á síðari árum. Við lögðum þar afdráttarlaust til að það mál færi í þjóðaratkvæðagreiðslu og að þjóðin fengi að segja skoðun sína á því hvort hún vildi fara inn á þá braut eða ekki. Sama gerðum við með sölu Símans. Við lögðum það til. Skoðanakannanir höfðu sýnt að nærri 80% þjóðarinnar voru andvíg sölu Símans, viðamiklar skoðanakannanir hver á fætur annarri. En ríkisstjórnin ákvað samt að hunsa það og keyra söluna í gegnum Alþingi. Hefði ekki verið sterkara og eðlilegra um svo umdeilt mál — stærstu einkavæðingu Íslandssögunnar, sögðu einkavæðingarpostularnir og börðu sér á brjóst — að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort þetta væri það sem þjóðin vildi? Ég tek undir áherslur flutningsmanna sem hafa komið fram í ræðum þeirra að þjóðaratkvæðagreiðslur eigi að vera miklu sterkara afl í umdeildum málum. Ef við rifjum upp Kárahnjúkavirkjun þá voru um hana mjög skiptar skoðanir í samfélaginu og mjótt á munum meðal þjóðarinnar í skoðanakönnunum. Við vitum að málið var keyrt í gegnum Alþingi án þess að fyrir lægju lagalegar heimildir fyrir gjörningunum. Meira að segja hefur bygging álverksmiðjunnar á Reyðarfirði ekki enn fengið starfsleyfi. En samt er allt komið á fullt. Við sjáum hvers konar lýðræðisleg vinnubrögð þarna eru í gangi. Ákvörðun er tekin um virkjunina gegn niðurstöðu umhverfismatsins. (Gripið fram í.) Ákvörðun er tekin um að byggja verksmiðjuna án þess að fyrir liggi lögformlegt starfsleyfi. Hefði ekki verið nær að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um Kárahnjúkavirkjun á sínum tíma?

Frú forseti. Ég tek undir margar áherslur í þingsályktunartillögunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:39]

Útbýting:

Fangaflutningar um íslenska lögsögu, 269. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 282.

Framtíð Hönnunarsafns Íslands, 265. mál, fsp. KolH, þskj. 278.

Hjúkrunarrými í Suðvesturkjördæmi, 164. mál, svar heilbrrh., þskj. 264.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 165. mál, svar dómsmrh., þskj. 261.

Tannlæknakostnaður barna og unglinga, 88. mál, svar heilbrrh., þskj. 262.

Þjónustuíbúðir fyrir aldraða, 110. mál, svar heilbrrh., þskj. 263.

Ferðasjóður íþróttafélaga, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

[15:39]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um ferðasjóð íþróttafélaga.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Birkir Jón Jónsson, Dagný Jónsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Kristján L. Möller og Magnús Stefánsson.

Þetta er í sjálfu sér afskaplega einföld þingsályktunartillaga. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkennd mót. Úthlutun fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur."

Svo mörg voru þau orð, frú forseti. Hvers vegna skyldi þingsályktunartillaga sem þessi vera flutt? Jú, hún gengur út á það eins og textinn segir að árlega verði lagðir fjármunir í sérstakan sjóð til þess að styrkja íþróttafélög á viðurkennd mót þannig að þau geti t.d. tekið þátt í Íslandsmóti.

Vitað er að ferðakostnaður íþróttafélaga vegna þátttöku í Íslandsmóti er gífurlega hár. Þannig hleypur t.d. kostnaður Vestmannaeyinga við að taka þátt í Íslandsmóti uppi á landi í handknattleik og knattspyrnu á um 30 millj. kr. á ári hverju. Það eru gífurlegar upphæðir sem bætast við það sem önnur félög þurfa jafnframt að taka þátt í, þ.e. að ráða þjálfara og svo er það hinn almenni rekstur einstakra deilda.

Þetta hefur leitt til þess að umræða hefur orðið hjá mörgum sterkum íþróttafélögum á landsbyggðinni. Þau hafa velt því upp hvort þau hafi beinlínis efni á að taka þátt í Íslandsmóti af þessum sökum. Þingsályktunartillagan gengur einmitt út á að reyna að jafna þennan aðstöðumun.

Segja má að í þessu felist afskaplega jákvæð og sterk byggðaaðgerð því fátt styrkir byggðir jafnmikið og öflugt íþróttastarf. Vitað er að þegar félög taka t.d. þátt í úrslitaleik í bikarkeppni, félög frá stöðum eins og Akureyri, Vestmannaeyjum, Grindavík, þá þjappar það íbúum staðanna afskaplega vel saman og þeir upplifa afar sterka samkennd sem auðvitað hefur mikið að segja fyrir viðkomandi sveitarfélag og er að því leytinu til mjög jákvæð og sterk byggðaaðgerð.

En líka má líta á þetta út frá sjónarhorni íþróttahreyfingarinnar því að með þátttöku íþróttafélaga af landsbyggðinni vex að sjálfsögðu fjölbreytnin, samkeppnin eykst og fleiri þátttakendur verða á Íslandsmóti. Fyrir vikið verður það bæði skemmtilegra meiri og spenna í því og upp spretta enn sterkari íþróttamenn fyrir landið allt. Annars vegar má segja að rökin séu hin byggðalegu rök að jafna aðstöðumuninn og hins vegar íþróttavinkillinn sem ég nefndi áðan. Fátt er byggðarlögum jafnmikilvægt og öflugt íþróttastarf.

Frú forseti. Meira þarf í sjálfu sér ekki um þetta að segja. Það er afskaplega skýrt og einfalt. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ég flyt þessa tillögu til þingsályktunar ásamt meðflutningsmönnum mínum og ekki í annað sinn heldur í þriðja sinn. (**HBl:** Allt er þegar þrennt er.) Allt er þegar þrennt er, segir ágætur hv. þm. Halldór Blöndal og tek ég sannarlega undir það og guð láti gott á vita.

Umsagnaraðilar í hin fyrri skipti sem málið hefur verið flutt hafa verið einstaklega jákvæðir. Enginn þarf að draga í efa hver viðbrögð íþróttahreyfingarinnar úti á landsbyggðinni hafa verið. Íþróttafélög þar og forsvarsmenn þeirra hvetja eindregið til þess að þingsályktunartillagan verði samþykkt þannig að slíkur ferðasjóður íþróttafélaga komist á af augljósum ástæðum sem hér hafa verið raktar. Heildarsamtök eins og KSÍ og HSÍ hafa einnig tekið mjög eindregið undir að þetta verið gert.

Í raun hafa engin rök komið fram sem mæla gegn þessu. Enginn hefur reynt að hnika eða andmæla þeim rökum sem færð hafa verið fyrir þingsályktunartillögunni, þvert á móti hafa allir tekið mjög jákvætt undir hana. Því er það alveg með ólíkindum að málið skuli hafa dagað uppi í tvígang. Eflaust mun forspárgildi, getum við sagt, fyrrverandi forseta þingsins hafa þau jákvæðu áhrif að málið nái í gegn. Í þeirri bjartsýni leyfi ég mér að mæla með því að það fari til síðari umræðu og verði vísað til afgreiðslu hv. menntamálanefndar.

[15:46]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi ræða hv. þm. Hjálmars Árnasonar og þeirra félaga um að styðja við ferðir íþróttafólks er góð. Það sem vekur athygli er að nánast allir flutningsmenn eru úr meiri hlutanum, alla vega úr bæði Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. (**DJ:** Og Samfylkingunni.) Já, en Samfylkingin er ekki enn komin í meiri hlutann. Nú eru þessir menn líka með fjárlagagerðina á sinni ábyrgð.

Frú forseti. Þetta mál hefur verið flutt áður. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs með hv. þm. Steingrím J. Sigfússon í broddi fylkingar fluttum einmitt breytingartillögu við fjárlögin á síðastliðnu hausti í kjölfar þessarar tillögu þeirra ágætu þingmanna sem hér hafa verið nefndir um að settir yrðu peningar í þetta. Við lögðum til að lagðar væru 150 millj. kr. í þennan sjóð sem hv. þingmaður var að mæla fyrir í þriðja sinn. Ekki gátu þessir þingmenn þá stutt málið við afgreiðslu fjárlaganna. Nei. Það var nóg að mæla fyrir þessu og hafa um það falleg orð á þingi en þegar það kom raunverulega til kastanna að standa við það greiddi enginn þeirra atkvæði með því. Þess vegna spyr ég hv. þm. Hjálmar Árnason: Ætlar hann nú að

standa með okkur þingmönnum Vinstri grænna um að þetta verkefni fái fjármagn en ekki bara fögur orð hér í þingsal?

[15:48]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Ég hygg að ég muni seint standa með hv. þingmönnum Vinstri – grænna enda eru þeirra pólitísku skoðanir nokkuð á skjön við mínar. Það er rétt að hv. þingmaður átti sig á því að þingsályktunartillagan felur það í sér að verið er að leita eftir stefnumörkun Alþingis. Út á það gengur hún og sú stefnumörkun hefur ekki, illu heilli, náð fram að ganga. Það er það sem við erum að kalla eftir, að Alþingi marki sér þá stefnu sem þingsályktunartillagan felur í sér að leggja í ferðasjóð og að útfærðar verði reglur um með hvaða hætti deila eigi út úr þeim sjóði. Það er rétt sem hv. þingmaður nefndi að líklega við 3. umr. fjárlaga fyrir ári, þá af alkunnri gamansemi kom formaður hans flokks, líklega til að stríða flutningsmönnum þessa. Hins vegar ítreka ég að mikilvægt er að Alþingi móti sér þá stefnu sem þessi þingsályktunartillaga fjallar um og þegar sú stefnumörkun liggur fyrir, sem ég vona að hv. þingmaður styðji og vil ég heyra hann segja nánar um það, þá mun ekki standa á okkur.

[15:49]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður fór að tala um muninn á flokkunum, Framsóknarflokknum og Vinstri grænum. Vinstri grænir vilja auðvitað standa við orð sín og láta orðum fylgja athafnir og eru ekki að flytja hér sýndarmál. Þetta er hið besta mál, að stofnaður verði sjóður til að styrkja og styðja við ferðir íþróttafólks um landið, afar brýnt. Og þingmenn hljóta að vera almennt sammála um það, annars væru ekki þingmenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins að flytja þetta mál, ef þeir teldu að þeir væru að flytja það í mikilli óþökk. Eða er það svo? Efast þeir um stuðning sinna eigin flokksmanna við svona gott mál? Það væri dapurlegt. Þá væri betra fyrir hv. þm. Hjálmar Árnason að styðja Vinstri græna sem vilja ganga til enda og það fylgi þessari góðu hugmynd peningar þannig að hún komist í framkvæmd en ekki bara sýndarmennska eins og mér finnst liggja allt of mikið í orðum hv. þingmanns. Ef þessu verkefni fylgja peningar kemst það í framkvæmd og það er það sem við vinstri grænir viljum.

[15:50]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason má velja þessari þingsályktunartillögu þá einkunn sem hann kýs. Hann má kalla þetta sýndarmennsku ef honum sýnist svo. Þeir þingmenn sem að þessu standa eru bæði úr Framsóknarflokki, Sjálfstæðisflokki og frá Samfylkingu. Það virtist ekki vera áhugi á því meðal vinstri grænna að vera meðflutningsmenn okkar að tillögunni. Og það má hv. þingmaður vita að okkur er full alvara með þessu (Gripið fram í.) og það sem við erum að leita eftir, svo ég nefni það enn einu sinni við hv. þingmann, það er mikilvægt að hv. Alþingi móti sér þessa stefnu og það er það sem við erum að kalla fram. Þess vegna hef ég ekki getað skilið hvers vegna málið hefur ekki komist út úr nefnd því það hefur enginn komið með rök gegn þessu máli og það er það sem viljum láta reyna á núna. (**JBjarn:** Og hver er með meiri hluta?)

[15:51]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er um mjög gott mál að ræða sem ég styð. Ég styð það vegna þess að ég hef reynslu af starfi í íþróttafélagi. Ég var í stjórn Ungmennasambands Skagafjarðar og einnig í stjórnum íþróttafélaga í Skagafirði og reyndar einnig í Reykjavík og ég þekki þennan aðstöðumun. Einnig er munur hvað það varðar að sveitarfélögin víða á landsbyggðinni standa afar illa og íþróttahreyfingunni veitir ekki af fjárstuðningi vegna þessa m.a., til að hægt sé að senda keppnislið og landsbyggðin geti verið fullgildur þátttakandi í því tómstunda- og íþróttastarfi sem fram fer í landinu. Mér finnst þetta vera hið þarfasta mál. En af því að málið hefur verið flutt áður og af sama hv. þingmanni, Hjálmari Árnasyni, þá væri fróðlegt að fá að heyra frásögn af því hvers vegna þetta mál nær ekki fram að ganga.

[15:52]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna efnislegum stuðningi hv. þingmanns við þetta mál og það er svo sem í samræmi við allar aðrar umsagnir. Hvers vegna það hefur ekki náð fram að ganga? ég vildi að ég kynni svarið við því. Málinu hefur, eins og hv. þingmaður ugglaust veit, í tvígang verið vísað til hv. menntamálanefndar og þó að a.m.k. tveir af flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar eigi sæti í menntamálanefnd hefur það einfaldlega ekki náðst þaðan út. Hvort það er vegna þess að aðrir í hv. menntamálanefnd hafi ekki meiri áhuga á því en svo eða einhver önnur ástæða, ég kann ekki að nefna það, en það er það sem við ætlum að láta virkilega reyna á. Ég fagna því að eiga þá stuðning hv. þingmanns og hans flokks í því að ná þessu góða máli út úr nefndinni því eins og áður hefur komið fram hafa engin rök eða engin andstaða komið fram við málið.

[15:54]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gleðilegt að heyra að það sé mikil samstaða um málið. Mér finnst sérkennilegt þegar menn koma hingað með mál í þriðja skiptið að vera þá ekki búnir að kanna það á hverju strandaði. Nú er ekki það langt á milli manna í menntamálanefnd og úr því að tveir meðflutningsmanna eru í nefndinni finnst mér hálfafkáralegt að ekki sé búið að kanna þetta þannig að við getum þá komist hjá því skeri í þriðju umferð. Mér fyndist það eðlilegt. Ég vonast til þess að menn komist þá að því ef þessi umræða stendur eitthvað lengra fram á daginn, að hv. þm. Hjálmar Árnason kanni það, noti tækifærið til þess á meðan umræðan stendur að kanna á hverju hafi steytt þannig að hægt verði að komast hjá því að málið strandi enn á ný í hv. menntamálanefnd. En mér skilst að þar fari Sjálfstæðisflokkurinn með formennsku og e.t.v. er það sá flokkur sem hefur komið í veg fyrir að málið nái fram að ganga. Mér fyndist fróðlegt að fá nánari upplýsingar um það.

[15:55]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Málið fær að sjálfsögðu þinglega meðferð. Það er mælt fyrir því og því vísað til nefndar. Þar treystum við á stuðning, ekki bara stjórnarsinna heldur líka þeirra sem eru í stjórnarandstöðu, enda hefur enginn mælt efnislega gegn málinu. Að sjálfsögðu reynum við hvað við getum og höfum verið að því og ég trúi því að við munum ná þessu ágæta máli í gegn, enda heyrðist hér eins og englahljómur þegar gekk hér um salinn áðan fyrrverandi forseti þingsins og nefndi einmitt allt er þegar þrennt er og ég hygg að það viti á gott.

[15:56]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa því yfir að ég styð þetta mál í sjálfu sér eins og félagi minn hv. þm. Sigurjón Þórðarson. Við erum báðir nátengdir inn í sundhreyfinguna og ég verð áður en ég held áfram að fá að lýsa því yfir að það veldur mér vonbrigðum að sjá að í greinargerð með tillögunni skuli hvergi vera minnst á sundhreyfinguna. Það er mjög alvarlegt mál.

Hins vegar þegar talað er um hvers vegna málið hafi dagað uppi tvisvar og sé komið hingað í þriðja sinn þá vekur það upp ýmsar spurningar. Það vekur athygli mína að einn af flutningsmönnum er hv. þm. Magnús Stefánsson sem einnig er formaður fjárlaganefndar. Hér eru fimm stjórnarþingmenn og einn stjórnarandstæðingur. Málið hefði að sjálfsögðu átt að fljúga í gegn. En það hlýtur að vera einhver ástæða. Mér dettur í hug að ástæðan geti kannski verið sú að þessi þingsályktunartillaga er illa unnin, m.a. vegna þess að í henni kemur hvergi fram hversu mikla peninga er verið að tala um. Mér finnst það nokkuð slæmt mál að hér sé verið að bera fram þingsályktunartillögu í þriðja sinn af stjórnarþingmönnum í miklum meiri hluta þar sem m.a. er formaður fjárlaganefndar, verið er að fara fram á fjárveitingar, peninga af fjárlögum, og að það skuli hvergi nokkurs staðar koma fram í þingsályktunartillögunni eða texta hennar hversu mikla peninga við erum að tala um.

Og þess vegna m.a. kem ég hér upp, virðulegi forseti, bæði til að lýsa því yfir að ég styð þetta mál í sjálfu sér, því þetta er mjög gott mál, en líka til að spyrja flutningsmann, hv. þm. Hjálmar Árnason, hvort menn hafi yfir höfuð eitthvað reynt að slá á tölu um það hversu mikla peninga við erum að tala um, hversu mikil fjárþörfin er og hvort einn flutningsmanna, formaður fjárlaganefndar, hv. þm. Magnús Stefánsson, hafi ekki einmitt gert athugasemdir við það þegar þingsályktunartillagan var unnin.

[15:58]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér gætir einhvers misskilnings. Ég vek athygli á því að þetta er þingsályktunartillaga og þingsályktunartillögur miða að því að marka stefnu fyrir Alþingi, að Alþingi marki sér þá stefnu að vilja leggja í ferðasjóð. Það er síðan framkvæmdarvaldsins að taka frekari ákvörðun um það, vinna þá úr því að sjálfsögðu í samráði við íþróttahreyfinguna. Ég tók reyndar dæmi í framsöguræðu minni af ÍBV, handbolta og fótbolta þar. Þar er kostnaður um 30 millj. kr. og svo geta menn velt fyrir sér út frá öðrum félögum hversu mikinn kostnað um er að ræða. Þetta er ekki frumvarp. Frumvörp fela í sér meiri bindingu en við erum hér að leita eftir stefnumörkun Alþingis og ætlum menntamálaráðuneytinu að móta reglur, vinna með íþróttahreyfingunni að því að finna umfangið á kostnaðinum sem er í sjálfu sér tiltölulega auðvelt og ég nefni aftur dæmið frá Vestmannaeyjum um 30 millj. kr. Ég gæti giskað á að við séum að tala um tölur á bilinu 250–300 millj. kr. hið minnsta en ég teldi að þeim peningum væri afar vel varið enda er þetta út frá íþróttalegu sjónarmiði mjög brýnt og ekki síður út frá byggðalegu sjónarmiði.

Hvað varðar formann fjárlaganefndar, hv. þm. Magnús Stefánsson, þá er hann sem þingmaður að flytja málið og tekur þátt í því og með því að vera meðflutningsmaður lýsir hann yfir stuðningi sínum við þessa stefnumörkun og kallar eftir henni eins og við aðrir flutningsmenn tillögunnar.

[16:00]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér höfum við þá tölu. Það er gott. Það var nú ekki meira mál en svo að hv. þingmaður Hjálmar Árnason gat komið með tölu, 250–300 millj. kr. Það er mjög gott mál. Þá vitum við það.

Ég veit að sjálfsögðu að þetta er þingsályktunartillaga. En ég tel samt sem áður að það hefði átt að fylgja með í greinargerð hvaða upphæðir við erum hér að ræða um. Ef það hefði legið á borðinu hygg ég — ég trúi ekki öðru reyndar því að þetta er svo gott mál og ágætir þingmenn standa að því þó að reyndar vanti þingmenn Frjálslynda flokksins sem hefðu eflaust lagt þessu máli gott lið í nefndum — ég trúi ekki öðru en að ef þessu hefði fylgt einhver tala þá hefði þetta mál komist miklu lengra og mjög sennilega fengið brautargengi.

[16:01]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er nú eiginlega svona orðið hálffyndið, liggur mér við að segja. Ef þingmaðurinn er efnislega sammála þessu á hann bara að segja það en ekki að reyna að þyrla upp einhverju í kringum þetta. Svo að það sé enn einu sinni sagt: Þetta lýtur einungis að stefnumörkun og það er vísvitandi að ekki voru lagðar neinar tölur inn í þetta. Það er mjög auðvelt fyrir hvern sem er að svona slá á það. Ég bið samt hv. þingmann að fara varlega með þá tölu sem ég skaut á hér. Þetta eru ekki nákvæm vísindi. Þessu er menntamálaráðuneytinu ætlað að vinna, eins og ég nefndi áðan, með íþróttahreyfingunni. Við eigum ekkert að þurfa að þyrla svona upp, eins og mér fannst hv. þingmaður gera.

Ég fagna hins vegar stuðningi hans við efni málsins og vænti þess að frjálslyndir muni styðja það. Ég hef hins vegar ekki orðið var við að frjálslyndir hafi óskað eftir því að koma inn á málið eins og sumir af meðflutningsmönnum gerðu. (**MÞH:** Hefur þeim verið boðið það?) Þeir óskuðu eftir því að fyrra bragði.

[16:02]

Guðjón Hjörleifsson:

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni Hjálmari Árnasyni um tillögu til þingsályktunar um ferðasjóð íþróttafélaga og mikilvægi þess að reynt sé að draga úr þeim mikla ferðakostnaði sem mörg íþróttafélög á landsbyggðinni búa við í dag. Öflugt íþróttastarf er einn af hornsteinum hvers samfélags og, frú forseti, það verður seint ofmetið í heilbrigðri uppbyggingu æsku þessa lands. Mikil sjálfboðavinna liggur að baki í starfi íþróttafélaga, bæði stjórnenda og foreldra, og er sá þáttur ómetanlegur bæði félagslega og fjárhagslega.

Ferðakostnaður íþróttafélaga á landsbyggðinni er mismikill en dæmi eru um að kostnaður íþróttafélags hafi numið allt að 30 milljónum á einu ári eins og áður hefur komið fram í umræðunni. Svo mikill er ferðakostnaður liða á landsbyggðinni að þau hafa jafnvel ekki séð sér fært að standa undir honum og orðið að draga lið sitt út úr keppni og greiða frekar sektir til þess að sleppa við kostnað vegna ferðalaga. Þegar svo er komið má öllum ljóst vera að félög róa stöðugan lífróður og að ekkert má út af bregða í fjáröflun félaga eigi þau að geta starfað áfram.

Frú forseti. Það er metnaður hvers íþróttafélags að geta átt lið í efstu deildum hverju sinni og mikil styrking fyrir hvert bæjarfélag að öflugt og fjölbreytt íþróttastarf sé til staðar enda hafa flest sveitarfélög byggt upp mjög myndarleg íþróttamannvirki svo að eftir er tekið. Á sama tíma og lagt er í þessar stóru framkvæmdir dregur því miður oft úr fjölbreyttari íþróttastarfsemi þar sem margar íþróttagreinar hafa lagst af vegna mikils ferðakostnaðar félaga á landsbyggðinni. Þá skal einnig leggja áherslu á að eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er íþróttastarf einn af hornsteinum forvarnastarfs hvers byggðarlags.

Frú forseti. Við skulum jafnframt gera okkur grein fyrir því að ekki einungis hefur ferðakostnaður með áætlunarflugi hækkað verulega heldur sýnir ferðaáætlun flugfélaga að ekki er um að ræða og ekki eru í boði áætlunarferðir á kvöldin eftir að leikjum lýkur. Það gefur auga leið að þetta hefur oft í för með sér gistikostnað og launatap fyrir íþróttafólk sem hefur þurft að vera frá vinnu eða frá skóla daginn eftir leiki.

Frú forseti. Ljóst er að íþróttafélög á landsbyggðinni greiða mörg hundruð prósent meira en félög á höfuðborgarsvæðinu í ferðakostnað. En félög á höfuðborgarsvæðinu hafa jafnframt miklu meiri möguleika á tekjuöflun en félög í minni sveitarfélögum. Það er því mín skoðun að hér sé um mikið réttlætismál að ræða og mikilvægt að jafna þennan aðstöðumun eins mikið og hægt er.

Frú forseti. Frá því að landsfundur Sjálfstæðisflokksins var haldinn hafa nokkrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar á Alþingi verið drjúgir við að lesa upp og kynna ályktanir landsfundar Sjálfstæðisflokksins og er það vel og ég fagna því. Því miður hefur ekki verið lesið upp úr ályktun um íþrótta- og tómstundamál og því ætla ég að lesa úr ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins um íþrótta- og tómstundamál. Þar stendur m.a., með leyfi forseta:

„Landsfundurinn hvetur hið opinbera til að jafna stöðu íþróttaiðkenda vegna ferðakostnaðar með stofnun sérstaks sjóðs. Íþróttahreyfingunni verði falin ráðstöfun þessa sjóðs eftir reglum sem settar verða í samráði við menntamálaráðuneytið."

Frú forseti. Ég fullyrði að stofnun sérstaks sjóðs vegna ferðakostnaðar og jöfnunar á stöðu íþróttaiðkenda kemur til með að skila sér í enn öflugri og betri starfsemi íþróttafélaga á landsbyggðinni.

[16:05]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Þingforseti. Ég vil byrja á því að lýsa því yfir að ég fagna þessari tillögu og er henni algjörlega sammála. En ég er með mjög einfalda spurningu: Ætlar hv. þingmaður Guðjón Hjörleifsson að fylgja tillögunni fast eftir? Aðalástæða þess að þessi tillaga hefur ekki náð í gegn áður er sú að flutningsmenn hafa ekki fylgt henni eftir. Þeir hafa jafnvel tekið þátt í að svæfa hana í nefnd. Ég spyr því einfaldlega: Ætlar sá er hér síðast talaði að fylgja þessari tillögu alla leið?

[16:06]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, ég mun fylgja þessari tillögu eftir og vonandi gengur hún alla leið því að það er mjög gott bakland fyrir mig að geta verið hérna með ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins þannig að þetta er komið á stefnu hjá okkur opinberlega. Ég mun því fylgja henni eftir og ræða við fulltrúa í menntamálanefnd og vonandi ljúkum við þessu máli á þessu þingi.

[16:06]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum þingsályktunartillögu um ferðasjóð íþróttafélaga. Ég er einn af flutningsmönnum tillögunnar og hef verið það og eins og fram hefur komið er hún endurflutt hér. Ég tek undir það með hv. framsögumanni Hjálmari Árnasyni að það er erfitt að skilja af hverju tillagan hefur ekki farið í gegnum þingið. Það hafa engin rök komið fram gegn henni, þ.e. að stofna ferðasjóð íþróttafélaga. Öll rök mæla hins vegar með því.

Rekstur íþróttafélaga í dag snýst að mestu leyti um að fjármagna keppnisferðir á viðurkennd mót. Það er því miður þannig að hringurinn er alltaf að þrengjast um þau fyrirtæki sem félögin geta leitað til og það er ekki orðið óalgengt að höfuðstöðvar fyrirtækja séu hér fyrir sunnan og því samfélagsleg ábyrgð á stöðum úti á landi ekki sú sama. Þetta á þó sem betur fer ekki við um öll fyrirtæki. Þau styðja mörg hver vel við bakið á íþróttafélögunum. Við vitum öll hversu mikilvægt það er fyrir byggðarlög að hafa öflugt íþróttalíf. Ef liði gengur vel myndast skemmtileg stemmning sem verður til þess að æ fleiri ungmenni kjósa að stunda íþróttir. Þetta hefur mikið forvarnargildi eins og hefur margsannað sig.

Mig langar í umræðunni örstutt að nefna eitt dæmi um kostnað íþróttafélags úti á landi. Þannig er að félagið KA á Akureyri hefur verið með úrvalslið í handbolta. Hver ferð fyrir liðið hingað suður með flugi kostar um 200 þús. kr. Ef farið er með rútu kostar ferðin um 125 þúsund. Það er reynt að fara sem oftast akandi. En það gefur auga leið að þegar leikir eru í miðri viku er erfitt að leggja það á leikmenn að

vera ekki komnir heim fyrr en um miðja nótt og eiga að sækja vinnu og jafnvel að mæta í skóla snemma morguninn eftir. Þetta eru margar ferðir á ári enda eru liðin um tólf í deildinni. Af því að hv. þingmaður Hjálmar Árnason minntist á lið Vestmannaeyinga þá kostar það 300 þús. kr. fyrir KA að keppa við lið ÍBV og að sjálfsögðu öfugt.

Í þessari stöðu eru mörg félög um land allt. Við verðum að reyna að jafna þennan aðstöðumun. Ég vona að samstaða náist um að afgreiða þessa þingsályktunartillögu frá hv. Alþingi.

[16:09]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram í máli hv. þingmanns Dagnýjar Jónsdóttur að hún skildi ekki hvers vegna þessi þingsályktunartillaga sem nyti svona mikils fylgis hefði ekki komist í gegn á síðasta þingi. Það er skoðun þess sem hér stendur að það sé einfaldlega af því að flutningsmennirnir fylgdu henni ekki eftir. Ég spyr: Hyggst hv. þingmaður Dagný Jónsdóttir fylgja þessari tillögu eftir og alla leið, alla vega í gegnum menntamálanefnd þó ekki væri meira? Hversu mikið reyndi hv. þingmaður sem nefndarmaður í menntamálanefnd að koma þessari tillögu í gegnum nefndina? Hversu oft reyndi hv. þingmaður að koma henni á dagskrá og hversu oft tók hv. þingmaður til máls um þessa tillögu?

[16:10]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sem flutningsmaður hyggst ég auðvitað að fylgja þessari tillögu til enda. Ég vona svo sannarlega að við náum að klára þetta mál í vetur. Það hefur ekki tekist hingað til. Það er vitað mál að við reyndum mikið að ná þessu máli í gegn, þ.e. að útvega fjármagn. Ég vonast svo sannarlega til að það takist. Hv. framsögumaður Hjálmar Árnason fór vel yfir þessi rök í andsvörum áðan og óþarfi er að endurtaka þau. En við verðum að horfa til framtíðar og vona að við náum þessu með hjálp góðra manna.

[16:11]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að að þessu sinni ætlar hv. þingmaður Dagný Jónsdóttir að reyna að fylgja tillögunni alla leið. En hún svaraði ekki öllum spurningum.

Kom þetta einhvern tíma á dagskrá í menntamálanefnd síðast? Ef ég man rétt þá var það einu sinni rétt í restina og það var ekki að beiðni hv. flutningsmanna. Hversu mikið reyndu hv. flutningsmenn til þess að koma tillögunni áfram í gegnum menntamálanefnd? Að mínu viti voru engar tilraunir gerðar. En það er að sjálfsögðu algjört frumskilyrði fyrir því að leggja þetta hér enn og aftur fram og að lofa mönnum, sjálfboðaliðum úti um allt land, að þetta fari í gegn að flutningsmenn sjálfir noti þá aðstöðu sem þeir hafa í menntamálanefnd til að vinna að framgangi málsins. (**SigurjÞ:** Eðlilega.)

[16:12]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þingmanni á að 80–90% þingmannamála daga uppi í þinginu og það á alveg eins við um okkur (**VF:** Það er engin afsökun.) sem erum í stjórnarmeirihluta. Þetta var á dagskrá menntamálanefndar þar sem farið var í gegnum umsagnir sem allar voru mjög jákvæðar í þessu máli.

Ég veit ekki alveg hvað hv. þingmaður er að fara út í hér þar sem hann segir að við séum að lofa mönnum úti um allt land að málið fari í gegn. Við erum að vinna að þessu máli og þó að hv. þingmaður (**VF:** Byggja upp væntingar.) viti ekki um alla þá vinnu sem hefur farið fram við að reyna að koma þessu í gegn og tryggja fjármagn þá get ég nú ekki gert að því. En við reyndum svo sannarlega og áttum marga fundi okkar í milli til að reyna það. En eins og ég sagði áðan og vil ítreka þá vona ég að þetta nái fram að ganga.

Af því að fyrr í umræðunni var rætt um upphæð sjóðsins sem þurfti að vera þá held ég að þannig sé bara statt fyrir íþróttahreyfingunni að hún mundi þiggja hvað sem er. Það munar um hverja milljón. Ég vona að hv. Alþingi samþykki það hér í framhaldinu að móta þá stefnu sem tillagan fjallar um.

[16:13]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Eins og fram hefur komið í dag þá er hér bráðnauðsynleg tillaga á ferðinni og ég tek það skýrt fram að ég er sammála henni. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir nauðsyn þess að koma á fót ferðasjóð fyrir íþróttafélögin í landinu. Greinargerðin segir í sjálfu sér flest það sem þarf að segja. Þessi tillaga hefur komið fram áður og það er skoðun þess sem hér stendur að hún hafi verið svæfð í nefnd. Hvers vegna? Hver er það sem stoppar? Það hefur verið rætt hérna áður í dag hver það er eða hvar það er sem þetta stoppar. Það er mín skoðun að það sé fyrst og fremst á flutningsmönnunum sjálfum. Áhugi á því að koma þessari þingsályktunartillögu alla leið er ekki til staðar.

Þessi tillaga kom fyrst fram á þingi 2002–2003. Þá fluttu hana framsóknarmennirnir Hjálmar Árnason og Ísólfur Gylfi Pálmason. Ekki fór hún í gegn þá. En í framhaldi af því kom góð áskorun frá Íþrótta- og Ólympíusambandinu, samþykkt á formannafundi, sem ég ætla að leyfa mér að lesa úr: Þar segir meðal annars, með leyfi forseta:

„Augljóslega leggst ferðakostnaðurinn þyngra á sum íþróttafélög en önnur af landfræðilegum ástæðum. Ef hægt væri að koma á þessum ferðasjóði íþróttafélaga væri hægt að jafna þennan aðstöðumun og stuðla þannig að öflugra íþróttastarfi í landinu. Hér er um eðlilega jöfnunaraðgerð að ræða. Það er álit formannafundar ÍSÍ að ferðasjóður væri mikill styrkur við íþróttastarfið í landinu."

Ekki fór þingsályktunartillagan í gegn. Hún var lögð fram aftur á 130. löggjafarþingi. Flutningsmönnum var að vísu farið að fjölga aðeins en aftur var hún svæfð.

Þegar maður lítur yfir ræður sem haldnar voru þegar tillagan var lögð fram síðast þar sem að vísu ekki tjáðu sig margir aðrir en hv. þingmenn Hjálmar Árnason og Guðjón Hjörleifsson, þá segir í ræðum þeirra m.a. að þeir telji að flestir geti verið sammála um að fátt sé hverju byggðarlagi mikilvægara en öflug íþróttahreyfing og hún sé afskaplega mikilvæg í tilveru hvers og eins byggðarlags. Lagt var til að málinu yrði vísað til menntamálanefndar eins og áður og eins var gert í dag. Málið fór til menntamálanefndar í fyrra og sofnaði þar.

Þrátt fyrir að flutningsmenn leggi tillöguna fram og fylgi henni svo ekki sjálfir eftir í menntamálanefnd, sem hlýtur að vera rétti staðurinn, eru þeir ekki of góðir til að hæla sér af henni t.d. í Bændablaðinu þar sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir fór ítarlega yfir að þetta væri m.a. hennar hugmynd og þessu máli ætlaði hún að koma í gegn.

Hvað er það versta í þessu öllu? Það versta er að þó að menn kannski standi hér og telji sig ekki hafa gefið loforð þá hafa þeir vakið væntingar. Það er rétt að mörg íþróttafélög úti á landi borga 20 og jafnvel upp í 38 milljónir í ferðakostnað á hverju ári. Íþróttafélög á suðvesturhorninu eru kannski við sömu eða svipaðar aðstæður að greiða einungis 3 milljónir. Að sjálfsögðu er það alvarlegt mál en alvarlegast er þó ef menn eru að leggja fram mál án þess að nokkur meining sé á bak við.

Frú forseti. Þessi tillaga er komin fram enn og aftur. Í dag hafa a.m.k. tveir ef ekki þrír flutningsmenn tillögunnar lofað að fylgja henni alla leið. Jafnframt hafa þau öll lýst yfir áhyggjum eða að þau skilji ekki hvers vegna í ósköpunum málið stoppar. Ég er búinn að fara lauslega yfir hversu oft þessi tillaga hefur verið lögð fram, hverjir hafa flutt hana o.s.frv. en það er alveg skýrt í mínum huga að eina ástæðan fyrir því að tillagan hefur ekki náð í gegn hingað til er sú að flutningsmenn sjálfir meina ekkert með tillögunni. Þeir standa ekki að baki henni í menntamálanefnd, þeir gera ekki tilraun til að koma henni þar í gegn. Þar er ekki nokkur eftirfylgni af hálfu flutningsmanna við málið.

Ég ítreka það sem verst er í þessu öllu, það eru væntingarnar. Ég átti fund um daginn með tveimur Ísfirðingum sem veltu fyrir sér rekstri íþróttafélaga á suðvesturhorninu, sameiningu íþróttafélaga o.s.frv. Þeir spurðu í lokin: Hvernig er með þessa tillögu um ferðasjóð íþróttafélaga? Þeir trúðu því enn þá að tillagan væri í fullum gangi. Þeir höfðu ekki hugmynd um að búið væri að svæfa hana, enginn þorði að nefna það við þá. Þetta eru væntingarnar sem ég er að tala um. Þarna er um að ræða menn sem vinna í sjálfboðavinnu fyrir íþróttafélög á Ísafirði og mestur tími þeirra fer í að reyna að safna 20 milljónum fyrir ferðakostnaði. Þessum mönnum er full alvara og þeir standa á bak við mikið og göfugt íþróttastarf. Því eiga þeir sem starfa á hinu háa Alþingi ekki að særa þetta fólk með því að leggja fram tillögur sem engin meining er á bak við. Ég skora á flutningsmenn að fylgja tillögunni alla leið núna.

[16:20]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er bara gapandi hissa. Hér kemur myndarlegur fyrrverandi starfsmaður íþróttahreyfingar, nýkominn inn á þing, og ég hélt að menn kæmu glaðir og reifir til þings en ekki eins og rótandi naut í einhverri geðillsku. Mér finnst mjög alvarlegt þegar hv. þingmaður sakar starfsfélaga sína um að flytja mál sem engin meining sé á bak við. Þar með er hann í rauninni að leggja að jöfnu líklega 80–90% af þeim þingmannamálum sem flutt eru og daga uppi í nefndum. Það tengist einmitt máli sem hér var á dagskrá og flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, um tengsl og sjálfstæði löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi, dómsvaldi og þar fram eftir götunum.

Það liggur alveg ljóst fyrir og það má hv. þingmaður vita að hann er ekki einn um að hafa starfað innan íþróttahreyfingar, ég hygg að allir flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu hafi meira og minna starfað innan íþróttahreyfingar og geri enn í dag. Þess vegna er málið flutt. Það er flutt í þeim tilgangi að Alþingi marki sér stefnu til þess að geta jafnað þennan aðstöðumun. Ef það er að vekja falskar væntingar að setja ákveðna stefnu fram, kynna hana og reyna að beita sér fyrir henni, þá hefur hv. þingmaður misskilið störf Alþingis og ætti að hugleiða það aðeins betur. Það gildir um öll mál sem hér eru flutt. Ég trúi því að allir hv. þingmenn sem flytja mál geri það í bestu trú og meini það.

Hins vegar er staðreyndin einfaldlega sú að 80–90% af þingmannamálum daga uppi. Og það get ég sagt hv. þingmanni að ég minnist þess ekki af því að hann kom nú aðeins inn í hv. menntamálanefnd að hann sýndi þessu máli mikinn áhuga þar.

[16:22]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vísa þessum orðum um geðillsku mína á bug, það er greinilegt að hv. flutningsmaður er kominn í einhverja varnarstöðu.

Varðandi setu mína sem varaþingmaður í menntamálanefnd þá var þetta mál tvisvar tekið fyrir og í seinna skiptið var það vegna beiðni frá mér. Það er ekki flóknara en það. Ég hef talað hér alveg skýrt að ég sé meðmæltur þessu máli. Ég er hins vegar ekki meðmæltur því hvernig menn unnu það á síðasta þingi. Það er alveg skýrt að flutningsmenn tillögunnar þá reyndu ekki sitt ýtrasta til að koma henni alla leið. Já, væntingar. Þessi tillaga skapar væntingar og ef menn fylgja tillögum ekki fast eftir, sínum eigin tillögum í nefndum sem þeir sitja í, finnst mér þeir vera að vekja falskar vonir.

[16:23]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú mætti ætla af orðum hv. þingmanns að hann sé að mælast til þess að við drögum málið til baka. Ég á bágt með að trúa því en það má skilja orð hans svo. Við munum hins vegar ekki gera það og við munum áfram gera okkar til þess að málið nái áfram. (**ÖS:** „We shall persist.") Hv. þingmaður veit líklega minnst um það hvað gert var til þess að reyna að ná málinu áfram.

En ég árétta það að ég varð ekki var við mikinn stuðning m.a. frá stjórnarandstöðu um að málið næði fram að ganga innan nefndarinnar. Af hverju? Vegna þess að það var tekið eins og flest þingmannamál, að þau eru létt látin liggja. En það má hv. þingmaður vita að meðflutningsmenn mínir lögðu mikið á sig til þess að ná málinu fram. Því miður gekk það ekki. Við flytjum hins vegar málið áfram af því að við ætlum okkur að ná því fram.

Einn góður starfsfélagi okkar sagði einhvern tíma að tæki tíu ár að koma góðum málum í gegn. Ég er bjartsýnn maður að eðlisfari og trúi því að nú þegar málið er flutt í þriðja sinn munum við ná því í gegn. Ég heiti á stuðning hv. þingmanns um að hjálpa okkur við að ná því út úr hv. menntamálanefnd.

[16:24]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna yfirlýsingum hv. flutningsmanns Hjálmars Árnasonar um að hann ætli að þessu sinni að fylgja málinu alla leið. Um það snýst málið. Þau loforð hafa komið hér fram frá þremur hv. flutningsmönnum og við það er ég sáttur.

[16:25]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Umræðan um þetta prýðilega mál, ferðasjóð íþróttafélaga, hefur kannski þróast út í það í dag að ræða um þær leiðinlegu venjur sem skapast hafa á Alþingi að þingmannamál ná eiginlega aldrei fram að ganga, ekki heldur þau sem eru frá stjórnarliðum. Það er dapurleg þróun. Það er eins og málin séu ekki tekin alvarlega, þau ná einhvern veginn ekki því máli að vera tekin til raunverulegrar afgreiðslu í nefndunum þannig að þau fari þar í forgang, þó að verið sé að ræða brýn mál og merkileg sem samstaða er um.

Málið sem hér um ræðir, ferðasjóður íþróttafélaga, er að sjálfsögðu mál sem er þverpólitískt og hafið yfir allar flokkslínur. Menn hafa lesið hér úr háheilögum landsfundarályktunum, meira að segja frá Sjálfstæðisflokknum. Ef skilja mátti þá ályktun rétt var hægt að túlka hana þannig að landsfundurinn væri ekki á móti þessu máli og menn hljóta því að hafa frjálsar hendur. Það er óþægilegt ef sjálfstæðismenn í þinginu láta þessa góðu tillögu líða fyrir það að 1. flutningsmaður hennar er ekki sjálfstæðismaður. Meðflutningsmaður núna er hv. þm. Guðjón Hjörleifsson sem talaði í umræðunni áðan og studdi tillöguna mjög eindregið. Það er því hægt að binda vonir við að hún nái fram að ganga.

Örstutt að efni tillögunnar. Um er að ræða brýnt mál sem jafnvel má segja að leyni á sér af því að málið snertir marga. Við ræðum oft í þinginu að styðja þurfi hinar dreifðu byggðir, byggðirnar sem eru lengst frá þéttbýlinu á suðvesturhorninu þar sem stór hluti þjóðarinnar býr núorðið, og hvaða leiðir hægt sé að fara til að gera það. Sumar þeirra eru ákaflega kostnaðarsamar, aðrar ekki. Hér er um að ræða mál sem er ekki kostnaðarsamt á hinn stærri mælikvarða og alls ekki á kvarða sem lagður væri ef gildi málsins er dregið fram sem er íþróttastarf ungmenna, forvarnastarf unglinga. Þetta er gríðarlega mikilvæg fjárfesting í forvörnum ungmenna því að hægt er að staðhæfa að í baráttunni gegn fíkniefnum, löglegum og ólöglegum, hvers kyns vímugjöfum, tóbaki, áfengi og eiturlyfjum, þá er regluleg íþróttaástundun langbesta forvörnin. Það er hafið yfir allan vafa. Unglingar og börn sem stunda íþróttir og gera það reglulega og ílengjast í því fram á unglingsár og í gegnum unglingsárin eru einfaldlega til svo mikilla muna ólíklegri til að ánetjast fíkniefnum eða neyta þeirra í óhófi og byrja að neyta þeirra miklu seinna og eru þar með nánast komin úr áhættuhópnum. Það er óumdeilt. Allar rannsóknir styðja það og þetta er almenn vitneskja.

Þess vegna eigum við að leggja svo mikið kapp á að efla íþróttastarfið í landinu. Hér er tillaga sem mælt er fyrir um ferðasjóð íþróttafélaga sem segja má að hleypi nýju lífi í og skjóti nýjum stoðum undir íþróttalíf úti á landi. Að sjálfsögðu er mikill ferðakostnaður íþróttafélaga sem lengst eru í burtu frá keppnisvöllunum sem tíðast eru notaðir að sliga félögin og þar með að veitast alvarlega að því mikilvæga forvarnastarfi og íþróttastarfi sem fer fram í félögunum, kostnaður vegna keppnisferðalaganna er svo hár. Öll orkan fer í að safna fyrir þeim og allir fjármunirnir fara í ferðakostnaðinn í stað þess að fara í aðra hluti í innra starfinu.

Efnislega séð held ég að hver einasti þingmaður sé sammála tillögunni. Aldrei hafa komið fram svo að ég hafi heyrt efasemdir um að málið ætti að ná fram að ganga. Og ef vegin væru þau útgjöld sem sett eru í hin ýmsu verkefni er þetta ákaflega hófleg og kostnaðarlítil tillaga miðað við þær afleiðingar sem hún hefði, sem eru þær að efla íþróttastarf, sérstaklega úti á landi.

Ég vona að við horfum fram á það nú þegar tillagan er flutt í þriðja sinn að hún nái fram að ganga. Við þurfum ekki að deila frekar um af hverju hún hafi ekki gert það. Sú hefð hefur skapast í þinginu á síðustu áratugum að þingmannamál ná eiginlega aldrei fram að ganga. Það er mjög óþægilegt og vont, það letur menn til þess að bera fram tillögur til þingsályktunar eða lagafrumvörp og breytingar á lögum um hin mikilvægustu mál sem gætu vakið athygli og umræður og leitt til þarfra þjóðfélagsbreytinga. Þetta hefur þróast á þann veg að gríðarlegur fjöldi fyrirspurna kemur fram á hverjum vetri en þingmálum frá þingmönnum hefur farið stórfækkandi svo tugum skiptir, enda telja menn vonlaust að mál nái fram að ganga nema í einhverjum undantekningartilfellum.

Ég styð þetta mál að sjálfsögðu heils hugar og vona að það nái fram að ganga. Ég vona að nefndarmenn í menntamálanefnd hefji sig yfir það að virða málið ekki viðlits og afgreiða það ekki út úr nefnd vegna þess að þar sé um að ræða þingmannamál heldur nái málið fram að ganga og við sjáum það koma til síðari umræðu seinna í þinginu.

[16:31]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Flutningsmaður, hv. þm. Hjálmar Árnason, sagði að einhverjir hefðu nefnt það að fyrrabragði að fá að vera með á umræddri þingsályktunartillögu. Ég hef ekki gert það hingað til, en ég vil að það verði skráð hér að ég vonast til þess að ég geti þá orðið flutningsmaður næst ef þingsályktunartillagan nær ekki fram að ganga, vegna þess að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur að staðan á landsbyggðinni er að þrengjast. Það er ákveðinn samdráttur, sem er áhyggjuefni. Við sjáum þetta víða, sérstaklega í sjávarbyggðunum eins og við fórum yfir í dag, ég og hv. þm. Hjálmar Árnason, að aflaheimildir eru að minnka. Samdráttur er m.a. í kjördæmi hans, Vestmannaeyjum, í sjávarbyggðinni þar. Þess vegna finnst mér þetta vera þannig mál að við ættum að líta til þess að tómstundastarf og íþróttastarf barna geti gengið eðlilega fyrir sig þó svo að þessi byggðarlög gangi í gegnum ákveðnar hremmingar nú um stundir. En ég skil einnig þær áhyggjur sem fram komu hjá hv. þm. Valdimari Leó Friðrikssyni, vegna þess að ég heyri það í máli hans að hann efast um að raunverulegur vilji búi að baki. Maður getur skilið það að menn efist um raunverulegan vilja og að frekar sé um eitthvert áróðursmál að ræða. Við höfum séð þvílíkar tillögur áður. Við höfum séð t.d. þingsályktunartillögu um að kanna kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins.

Síðan virðist það í rauninni vera eitthvert áróðursbragð en ekki raunverulegur vilji að kanna það sem ætti í rauninni að vera eðlilegt. Við ræðum það á eftir og ég vonast til þess að menn komi til þeirrar umræðu og ræði það mál, sérstaklega fyrri flutningsmenn.

Við höfum líka æ ofan í æ séð tillögur um að flytja Landhelgisgæsluna á Suðurnesin, sem því miður virðist ekki búa mikil alvara á bak við. Ég vona svo sannarlega að meiri alvara sé á bak við þessa tillögu en svo að um sé að ræða eitthvert áróðursbragð eins og ég fann að hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson skynjaði málið. En þegar maður skoðar þessa þingsályktunartillögu og þau afdrif sem tillögur Vinstri grænna fengu hvað varðar fjárlögin, þá hefur maður vissulega vissar efasemdir. Ég vona að flutningsmaður, hv. þm. Hjálmar Árnason, skilji að það er eðlilegt að hafa efasemdir um svona tillögu sem fram kemur, ef menn vilja ekki veita fjármagn í hana. Sérstaklega líka þegar menn hafa ekki kannað það á hverju steytti. Þegar menn fara með málið í þriðja sinn í gegn finnst mér að menn eigi að kanna það á hverju steytti í raun og veru.

En það er ekki eingöngu, eins og kom fram hjá hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, að atvinnulífið á landsbyggðinni eigi undir högg að sækja. Þetta kemur einnig niður á stöðu sveitarfélaganna. Ég tel það vera áhyggjuefni, sérstaklega fyrir flokka sem búnir eru að vera heilan áratug í stjórn, að hafa ekki reynt að koma að einhverju leyti til móts við þau sveitarfélög. Fram kom á fundi í gær um stöðu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, sem ég gat því miður ekki sótt, að þar er staðan ansi þröng. Mér finnst að þingmenn stjórnarliðsins ættu að veita þessu máli brautargengi vegna þess að þetta getur að einhverju leyti rétt við bága stöðu landsbyggðarinnar sem stjórnarflokkarnir bera vissulega ábyrgð á og þeir skulda fólkinu í rauninni. Búið er að svipta fólk atvinnuréttindum. Við sjáum það á Bíldudal. Og hvers vegna ekki að rétta íþróttafélaginu á Bíldudal þess vegna hjálparhönd? Mér finnst það. Mér finnst það eðlileg krafa og ég vona svo sannarlega að menn meini eitthvað með því að vera að bera þessa tillögu hér fram í þriðja sinn. Að öðru leyti styðjum við í Frjálslynda flokknum þetta heils hugar, eins og fram hefur komið.

En við minnum á annað mál sem skiptir verulega miklu máli fyrir íþróttahreyfinguna og ég vonast til, af því að við höfum sýnt stuðning okkar í þessu máli, að við fáum það líka að einhverju leyti endurgoldið og menn líti yfir það mál. Það varðar löggæslukostnað sem minni sveitarfélög á landsbyggðinni eru rukkuð um. Það lendir sérstaklega illa á íþróttahreyfingunni og ég tala nú ekki um í kjördæmi hv. flutningsmanns, Vestmannaeyjum. Þeir eru með sína þjóðhátíð og þurfa að greiða gríðarlega háan kostnað við löggæslu. Reykvíkingar hafa sína menningarhátíð, menningarnótt, og greiða ekki eina krónu fyrir þá hátíð sem við sækjum þó öll héðan og þaðan af landsbyggðinni. Ég vona að menn sýni landsbyggðinni og sérstaklega íþróttahreyfingunni sanngirni í því máli og skoði einnig það mál sem ég flyt enn og aftur um löggæslukostnað, þá ósanngirni sem t.d. Vestmannaeyingum er sýnd. Stjórnarflokkarnir skulda fólkinu á landsbyggðinni. Mér finnst vera lágmark að menn standi á bak við þessa tillögu og fari í alvöru að ýta henni í gegnum menntamálanefnd, frú forseti.

[16:38]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Frú forseti. Ég vil í lok umræðunnar þakka þeim þingmönnum sem lögðu orð í belg. Óhætt er að segja að nokkuð líflegar umræður hafi orðið um tiltölulega litla þingsályktunartillögu og er það í sjálfu sér gott. Segja má að umræðan hafi raðast niður í þrjá flokka. Í fyrsta lagi þetta hefðbundna pólitíska skak á milli stjórnar og stjórnarandstöðu eins og við erum í sjálfu sér vön. Ég vil þó segja um það að á bak við þessa þingsályktunartillögu er að sjálfsögðu full alvara. Hugmyndin að henni á að sjálfsögðu rætur í íþróttahreyfingunni því að allir flutningsmenn tillögunnar hafa og starfa enn í íþróttahreyfingunni og hafa gott samband við fólk í henni. Það er það sem rekur flutningsmenn til að flytja tillöguna og þeir munu flytja hana aftur og aftur ef þarf. Því við trúum að málið sé gott og þarft.

Í annan stað hefur umræðan snúist um — sem gefur vissulega tilefni í sjálfu sér til langrar umræðu — örlög þingmannamála sem hér eru flutt eins og nokkrir þingmenn hafa vikið að. Áður hefur verið nefnt að megnið af þingmannamálum dagar uppi í nefndum. Það hlýtur að vera ákveðið áhyggjuefni fyrir okkur sem þingmenn og gildir einu hvort um er að ræða stjórnarþingmenn eða þingmenn í stjórnarandstöðu. Þetta er hin tölulega staðreynd. Þar er ekki gerður mannamunur ef þannig má að orði komast. Þess vegna er í tengslum við það ástæða til að fagna því sem fram kom í setningarræðu nýs forseta þingsins og minna um leið á bréf sem forseti hefur sent til þingflokka þar sem verið er að leggja af stað með vinnu um starfsemi þingsins. Þá hlýtur þetta að vera eitt af því sem menn velta upp, þ.e. þessi örlög þingmannamála.

En þriðji þátturinn og sá fyrirferðarmesti er efni þessarar þingsályktunartillögu, nefnilega það að stofna ferðasjóð til að jafna aðstöðumun íþróttafélaga, ekki síst á landsbyggðinni, vegna hins mikla kostnaðar en líka til að halda uppi hraustlegu, fjörugu og spennandi íþróttalífi í landinu öllu. Íþróttahreyfingin vill það, íþróttahreyfingin þarf á því að halda. Ég vil því þakka fyrir þennan einarða stuðning. Þegar öllu hefðbundnu pexi er ýtt til hliðar þá skín í gegnum ræður manna stuðningur við efni þingsályktunartillögunnar og ég hlakka til að halda áfram að hamast og hnoðast á málinu í menntamálanefnd. Hér hafa að minnsta kosti þrír nefndarmenn tjáð sig og lýst yfir stuðningi auk annarra sem hafa ýmist með frammíköllum eða ræðum sínum lýst yfir stuðningi. Ég er því fullur bjartsýni. Af því að hv. þm. Sigurjón Þórðarson saknaði þess að hafa ekki fengið að vera með í málinu kannaði ég það á meðan hann flutti ræðu sína að ég hefði viljað bjóða honum að láta prenta þingskjalið upp þannig að hann gæti verið með sem einn af flutningsmönnum en það mun ekki vera hægt af því málið er komið til umræðu. Sannarlega vona ég að málið verði afgreitt úr nefnd og samþykkt í sölum þingsins. Ef ekki þá verður það að sjálfsögðu flutt í fjórða sinn og við skulum bara vona að dropinn holi steininn.

Ég þakka ágæta umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kostir og gallar færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins, fyrri umr.

Þáltill. MÞH o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

[16:42]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Guðjón Arnar Kristjánsson, Frjálslynda flokknum og Jón Gunnarsson, þingmaður Samfylkingar.

Virðulegi forseti. Texti þingsályktunartillögunnar er þessi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Í nefndinni verði fulltrúar frá hverjum þingflokki á Alþingi, Háskóla Íslands, sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsráðherra og skipi ráðherra jafnframt formann nefndarinnar. Nefndin skili skýrslu og ráðherra kynni Alþingi niðurstöður hennar eigi síðar en 10. desember 2006.“

Virðulegi forseti. Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið hefur verið mikið til umræðu í þjóðfélagi okkar undanfarin ár. Frændur okkar og vinir í Færeyjum hafa kosið að ýmsu leyti að fara aðrar leiðir í fiskveiðistjórn en aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf. Árangur þeirra og reynsla hefur að mörgu leyti verið athyglisverð þó reyndar sé deilt um bæði meinta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Þó vekur athygli að svo virðist sem nokkuð almenn sátt ríki um fiskveiðistjórnina í Færeyjum. Fiskstofnar botnfisks þar virðast einnig hafa spjarað sig þokkalega almennt séð undir þeirri veiðistýringu sem er viðhöfð í kringum eyjaklasann.

En þó fiskveiðistjórn Færeyinga hafi iðulega vakið umræður hér á landi hefur aldrei farið fram ítarleg úttekt á þessu kerfi á Íslandi. Mjög fátt liggur fyrir af íslenskum heimildum um það þrátt fyrir að reynsla Færeyinga sé merkileg. Samantekt á fiskveiðistefnu Færeyinga yrði án efa þarft innlegg í umræðuna um fiskveiðistjórn hér á landi sem virðist ætla að verða nánast sígild umræða. Þessi samantekt gæti leitt til þess að Íslendingar dragi gagnlegan lærdóm af henni sem mætti nota við umbætur í fiskveiðistjórn hér og er kannski ekki vanþörf á að margra mati.

Við sem flytjum þingsályktunartillöguna mælumst ekki til að neinir fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi hér á landi eigi sæti í nefndinni. Við teljum að nauðsynlegt sé eftir megni að reyna að nálgast þetta viðfangsefni á hlutlausan hátt. Sú nefnd sem yrði skipuð mundi þá kalla eftir áliti þeirra aðila að sjálfsögðu. Kalla eftir áliti hagsmunaaðila, fá þá á fund og heyra skoðanir þeirra á þessu.

Eins og ég sagði áðan í upphafi yrðu í nefndinni fulltrúar frá hverjum þingflokki á Alþingi, fulltrúi frá Háskóla Íslands, sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri, sjávarútvegsráðherra mundi skipa einn fulltrúa og ráðherrann mundi líka skipa formann nefndarinnar.

Okkur þykir eðlilegt að nefndin leggi m.a. mat sitt á tengsl fiskveiðiráðgjafar við heimilaðan afla, brottkast, þjóðhagslegan ávinning, takmörkun afkastagetu fiskveiðiflotans, tengsl landvinnslu og útgerðar, launamál sjómanna, kjör þeirra, verndun veiðistofna, takmörkun veiðisvæða, takmörkun veiðiskipa, stærð þeirra og búnað, markaðsmál, nýliðun í útgerð, endurnýjun veiðiskipa og fleiri skyld atriði og þessi atriði yrðu síðan borin saman við fiskveiðistjórn okkar Íslendinga.

Ég hygg, virðulegi forseti, að ef þetta yrði gert skipulega og á hlutlausan hátt gætum við séð býsna margt athyglisvert. Ég hef sjálfur fylgst nokkuð grannt með reynslu Færeyinga í þó nokkur ár og hitti Færeyinga oft á hverju ári, m.a. í gegnum störf mín sem þingmaður og hef kynnt mér kerfi þeirra þó nokkuð vel. Ég tel mig fyllilega geta skrifað upp á það að þeir eru að gera hluti sem eru að mörgu leyti mjög athyglisverðir og við Íslendingar hefðum fyrir löngu átt að gera miklu meira af því að fylgjast grannt með þeim lausnum sem þeir hafa kosið að taka upp í fiskveiðistjórn sinni.

Ég ætla svo sem ekkert að fara út í það í smáatriðum að lýsa því fyrirkomulagi hér og nú. Þó að lítið sé til af gögnum um það á íslensku hvernig Færeyingar hafa farið að þessu þá er þó hægt að nálgast lýsingar á því til að mynda á vefsvæði Frjálslynda flokksins. Við höfum notað fiskveiðistefnu Færeyinga sem eins konar viðmið í tillögum okkar um það hvernig megi betrumbæta íslenska fiskveiðistjórn og vonandi ná meiri sátt um þau mál, svo að talað sé um sátt, því að ég sé að hér kemur fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar í salinn.

Nóg um það, virðulegi forseti. Við sem flytjum þessa þingsályktunartillögu leggjum til að störf nefndarinnar verði launuð af Verkefnasjóði sjávarútvegsins og að hún skili niðurstöðum sínum í skýrsluformi til sjávarútvegsráðherra sem síðan kynni hana fyrir Alþingi. Eins og ég sagði í upphafi máls míns verði þetta gert ekki síðar en 10. des. 2006. Þá fengjum við tækifæri til að taka afstöðu til efnis skýrslunnar og ræða hana í þaula á Alþingi. Sjávarútvegsnefnd Alþingis gæti hugsanlega líka tekið hana til umfjöllunar sem og ýmsir fagaðilar, hagsmunaaðilar í íslenskum sjávarútvegi og þar fram með götunum. Það er nú einu sinni svo, þó að margir haldi að svo sé ekki, þá er kvótakerfið sem við búum við í dag ekki annað en mannanna verk. Og mannanna verkum er hægt að breyta. Það gildir jafnt um kvótakerfið og annað. Það er alveg hægt að bakka út úr þessu kvótakerfi sem við Íslendingar höfum komið okkur í með ýmsum hætti. Það er líka hægt að lina tökin, ef svo má segja, og það er hægt að breyta ýmsu hér í fiskveiðistjórn, til að mynda með þeim hætti að við förum kannski að fá þá meiri afrakstur m.a. úr verðmætasta fiskstofni okkar, sem er þorskstofninn.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í þetta nú. Ég geri ráð fyrir að á vetri komanda muni gefast ótal tækifæri til að ræða þessa hluti, en í lok máls míns geri ég það að tillögu að eftir umræður verði málinu vísað til umfjöllunar og meðferðar í sjávarútvegsnefnd Alþingis.

[16:50]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við ræðum hér litla tillögu til þingsályktunar um að skipuð verði nefnd til að skoða kosti og galla á færeyska fiskveiðistjórnarkerfinu. Nú er það einu sinni svo að það hlýtur að vera hygginna manna háttur að skoða eins og mögulegt er reynslu annarra af mismunandi kerfum þeg-

ar leysa á verkefni, hvort sem um er að ræða verkefni á sviði fiskveiðistjórnar eða einhverju öðru sviði. Við vitum öll sem erum hér í þingsalnum að það hafa verið miklar deilur um hið íslenska kerfi og oft á tíðum hafa komið upp umræður og samanburður um hvort ekki væri rétt fyrir okkur að horfa til þess kerfis sem frændur vorir í Færeyjum nota til að stýra fiskveiðum. Sú umræða hefur í raun og veru aldrei farið mjög langt eða mjög djúpt. Hér hafa menn verið að rífast, bæði í sölum Alþingis og eins í fjölmiðlum, um hvort færeyska kerfið verndi nægilega fiskstofna, hvort það bjóði upp á nægjanlega hagkvæmni í veiðum og vinnslu, tryggi jafnt og öruggt flæði af hráefni til vinnslunnar o.s.frv.

Sem einn af flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu, ásamt hv. þingmönnum Magnúsi Þór Hafsteinssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni, finnst mér einfaldlega tími til kominn að við reynum að kafa aðeins dýpra í umræðu um sjávarútvegsmál og stjórn fiskveiða og hættum að rífast á tiltölulega yfirborðskenndum nótum um kerfið hér og kerfið þar ef við höfum ekki gögn í höndum sem sýna okkur nákvæmlega hvernig þessi kerfi virka, hverjir eru kostir þeirra og gallar. Þessi tillaga fjallar um að skoðaðir verði bæði kostir og gallar kerfisins, en miðað við hvernig útgerðarmenn og hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hér tala þá draga þeir aðallega upp að kerfið í Færeyjum sé stórgallað. Þess vegna hlýtur að vera mjög mikilvægt fyrir okkur sem tökum þátt í sjávarútvegsumræðu á Íslandi að fram fari alvöru óháð skoðun á því hvort þetta kerfi sé eins gallað og margir hagsmunaaðilar vilja vera láta eða hvort kostir þess séu eins miklir og þeir sem vilja taka það upp vilja vera láta.

Við þingmenn sem eigum sæti í sjávarútvegsnefnd höfum orðið varir við að fjöldi erlendra aðila hefur áhuga á því að fá upplýsingar um íslenska fiskveiðistjórnarkerfið. Þeir koma hingað, hitta menn að máli, velta fyrir sér hver reynslan sé af því kerfi sem við erum með núna, hverjir séu helstu kostir og gallar, eru sem sagt í ferð til að leita sér upplýsinga um hvernig okkar kerfi virki. Þeir segja okkur oft á tíðum að þeir þurfi að taka á sínum málum, þeir þurfi með einhverjum hætti að geta farið að nýta fiskstofna sína með sjálfbærum hætti eins og kallað er. Þeir fara um og leita eftir reynslu annarra sem hafa haft einhverja stjórn á fiskveiðum sínum til lengri tíma. Sama eigum við að gera. Við eigum ekki bara að sitja hér og rífast um hvort okkar kerfi sé gott eða slæmt, hvort það sé til bölvunar eða bóta. Að sjálfsögðu eigum við ekkert síður að leita okkur upplýsinga um hvernig mönnum gengur annars staðar, af hverju menn hafa tekið upp tiltekin kerfi, hvernig þau virka o.s.frv.

Heimskt er heimaalið barn, segir einhvers staðar og það er mikið til í því orðtaki. Ég held líka að það gæti orðið til að draga úr deilum hjá okkur ef menn vildu horfa aðeins út fyrir landsteinana og sjóndeildarhringinn og bera saman í fullri alvöru það kerfi sem við höfum komið okkur upp hér, með öllum þeim göllum sem á því eru, og kerfi sem menn hafa komið upp annars staðar og a.m.k. sumir hverjir álíta að hafi gengið betur en hjá okkur.

Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu. Ég held að það sé full ástæða til að þessi skoðun fari fram. Hér er talað um að í þessa nefnd fari fulltrúar frá hverjum þingflokki á Alþingi, það komi fulltrúar frá Háskóla Íslands og sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri, frá sjávarútvegsráðherra og að ráðherra skipi formann nefndarinnar. Samkvæmt þessari þingsályktunartillögu er nefndinni gefinn tiltölulega knappur tími til að skoða þessi mál og það er eðlilegt því að forsendur breytinga geta verið miklar í sjávarútvegi eins og öðrum iðnaði og ég tala nú ekki um iðnað sem byggir á náttúruauðlindum og breytingum í náttúrunni, þá þýðir ekkert að vera að skoða þetta yfir mjög langt tímabil. Menn verða að gefa sér tiltölulega knappan tíma og vinna hratt og skoða þetta þannig að hægt sé að bera saman hvernig kerfin virka á sama tíma á báðum stöðum.

Vonandi kemst þessi tillaga til þingsályktunar í gegnum sjávarútvegsnefnd tiltölulega hratt og vel. Ég sé ekki alveg fyrir mér, þó að flutningsmenn séu ekki nema þrír, af hverju einhverjir fulltrúar hér á Alþingi ættu að hafa á móti því að skoða kosti og galla annars kerfis en þess sem við erum með. Ég get ekki í raun áttað mig á því að þannig geti farið vegna þess að við hljótum að vilja í fullri einurð og hreinskilni skoða kerfi sem aðrir nota og átta okkur á því í sameiningu hvort kerfið gæti hentað okkur. En eins og 1. flutningsmaður, hv. þingmaður Magnús Þór Hafsteinsson, sagði þá fer þetta nú í nefnd til umræðu og ég treysti því að þar muni menn vinna hratt og vel og koma þessu hér inn aftur þannig að hægt sé að skipa í þessa nefnd.

[16:57]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég held að það sé gott að menn velti fyrir sér grundvallaratriðum í fiskveiðistjórn. Hvers vegna erum við að vernda fiskinn í hafinu? Ég held að það sé kominn tími til að menn fari að velta þeirri spurningu fyrir sér. Er þetta einhver fiskvernd eða um hvað snýst málið?

Ég tel að fiskverndarkerfið hér á Íslandi sé fyrir löngu farið að snúast um allt annað fiskvernd, það snýst um peninga, þetta er svona peningakerfi, þetta snýst alls ekki um fiskvernd. Ef allt væri með felldu hvað íslenska fiskveiðistjórn varðar væru útgerðarmenn hér á pöllunum að hvetja til þess að menn skoðuðu kerfi eins og í Færeyjum þar sem náðst hefur sá árangur að fiska jafnmikið að jafnaði og gert var áður en menn fóru að stýra veiðum. En eftir að kvótakerfið var tekið upp hér veiðum við helmingi minna en samt sem áður vilja margir útgerðarmenn, alla vega þeir sem hafa yfir miklum kvóta að ráða, halda í kerfið þó svo árangurinn sé minni en enginn, helmingi minni afli á land. Sú spurning er mjög veigamikil hvers vegna við erum að stýra fiskveiðum. Fiskveiðar eiga ekki eingöngu að snúast um fiskvernd, fiskveiðar eiga einnig að snúast um fólk og það skiptir verulega miklu máli að við séum ekki með eitthvert fiskverndarkerfi eða peningakerfi á Íslandi sem leggur heilu landshlutana í rúst. Þegar svo verið er að ræða við hæstv. ráðherra eins og hér í dag þá er bara snúið út úr og engu svarað.

Færeyska kerfið hefur ákveðna yfirburði. Yfirburðirnir felast í því að í kerfið er innbyggð ákveðin fiskvernd. Það er einfaldlega svo að með sömu sókn fæst meiri veiði þegar mikið er af fiski á slóðinni, rétt eins og í rjúpnaveiði. Ef mikið er af rjúpu og menn ganga til rjúpna þá veiða menn

venjulega vel. En gallinn er sá að í því kerfi sem við notum, svokölluðu kvótakerfi, eru menn fyrir fram búnir að reikna út hve mikið má taka af fiski og oftar en ekki hafa þeir útreikningar brugðist. Við sjáum að menn hafa tapað mörg hundruð þúsund tonnum af þorski, menn hafa verið að reikna eitt og annað á mjög veikum forsendum. Í Færeyjum þarf einfaldlega ekki að vera að spá fyrir um hve margir fiskar eru í hafinu heldur er það þannig að með ákveðinni sókn, eins og hún hefur verið í gegnum árin, þá fá menn mikið af fiski ef mikill fiskur er á slóðinni en ef lítið er af fiski þá er veiðin einfaldlega minni.

Það er annað sem skiptir verulegu máli í færeyska kerfinu og ég tel að Íslendingar ættu að skoða. Það er að í því er enginn hvati til brottkasts og það skiptir verulega miklu máli að verðmætum sé ekki kastað á glæ. Það þriðja sem ég vil nefna, og það er mjög sérkennilegt við umræðuna á Íslandi, er að það er lítill vilji hjá stjórnvöldum til að skoða hluti sem ganga þokkalega vel, sérstaklega þegar illa gengur hér heima. Jafnvel heimabæir viðkomandi ráðherra eru rjúkandi rústir en samt sem áður má ekki skoða kerfi sem hefur gengið þokkalega vel.

Það ber að nefna það í þessari umræðu að aðrir þjóðir eru að skoða árangur Færeyinga, t.d. Bretar. Nýlega kom út skýrsla sem Tony Blair vann og þar voru kostir og gallar færeyska kerfisins raktir. Niðurstaðan varð sú að menn vildu skoða dæmið og það var einfaldlega á kosningaskrá breska Íhaldsflokksins að fara í sóknarstýrðar veiðar með strandveiðiflotann.

Á Norðurlöndunum eru einnig komnar fram tillögur um að stýra fiskveiðum á ákveðnu hafsvæði, Kattegat, með sóknarstýrðum veiðum vegna þess að menn eru einfaldlega farnir að sjá árangurinn af þessu kerfi. En hér heima mæta menn ekki einu sinni til umræðna þó svo að stjórnarliðar hafi fyrir nokkrum árum flutt sams konar tillögur.

Ég vil einnig minnast á eitt áður en tíma mínum lýkur, það er umræðan um rannsóknir á Íslandi. Ég sá að í næstu viku verður haldin ráðstefna um nýliðun og stærð hrygningarstofna og það samspil. Gögn frá Færeyjum sýna einfaldlega að öfug fylgni er á milli nýliðunar og hrygningarstofns. Samt sem áður er kallað til ráðstefnu á Íslandi og menn ræða ekki þessar staðreyndir. Það er orðinn til ákveðinn já-hópur á Hafró og í rannsóknarhópnum og þeir sem hafa deilt með rökum og vísindalegum gögnum á Hafrannsóknastofnun komast ekki að í umræðunni. Við sjáum það að fiskifræðingi eins og Jóni Kristjánssyni hefur t.d. ekki verið boðið til ráðstefnu í næstu viku þar sem á að ræða um áhrif hrygningarstofns á nýliðun. Nei, það er eins og menn þori ekki að skoða önnur sjónarmið, ekki einu sinni í vísindum. Ég lærði það einhvern tíma í háskólanum að vísindi gengju út á gagnrýna hugsun og að menn tækjust á um ólík sjónarmið. Nei, það á að halda óþægilegum skoðunum fyrir utan og stjórnvöld vilja ekki heldur skoða kerfi sem er öðruvísi, ekki einu sinni kosti þess. Ekki einu sinni þó að kerfið hér skili engum árangri, helmingi minni afli, byggðaflótti og nefnið það. Það er alveg með ólíkindum hvaða hörmungar kvótakerfið hefur leitt yfir þjóðina og við sjáum það nú síðast í pistli frá bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum þar sem hann fer yfir þetta. Sjávarbyggðirnar eiga einfaldlega undir högg að sækja og ég tel það skyldu stjórnvalda að fara a.m.k. yfir það hvort hægt sé að hafa hlutina með öðrum hætti. Mér finnst það lágmarkskrafa. Þegar menn eru síðan spurðir út í þær aðgerðir sem þeir fara í á þessu kjörtímabili — fyrr í dag var hæstv. ráðherra spurður að því hvað hann hefði gert — þá er snúið út úr. Það er alveg óþolandi að menn geti ekki tekist á, skoðað kosti og galla annarra sjónarmiða, og reyni að halda þeim vísindamönnum fyrir utan umræðuna sem fara með gögnum yfir önnur sjónarmið hvað varðar nýliðun og lífssögu þorsks á Íslandi.

[17:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður hreyfði ákaflega mikilvægu máli þegar hann gagnrýndi þá múra sem Hafrannsóknastofnun hefur reist í kringum sig. Hv. þingmaður gat t.d. skoðana og gagnrýni Jóns Kristjánssonar fiskifræðings og benti á að honum er skipulega haldið utan við þá umræðu sem á sér stað í tengslum við stjórnkerfi fiskveiða af hálfu stjórnvalda. Ég get ekki annað en tekið undir þetta og ég get ekki annað en gagnrýnt Hafrannsóknastofnun mjög alvarlega fyrir það framferði.

Jón Kristjánsson, sá fiskifræðingur sem hér var nefndur, var t.d. eini fiskifræðingurinn sem hafði rétt fyrir sér um þróun rækjustofns á Flæmska hattinum og fór þar gegn öllum viðteknum skoðunum annarra fiskifræðinga. Reynslan sýndi að hann hafði rétt fyrir sér. Aftur og aftur höfum við á síðustu árum séð það gerast að þeir sem stýra Hafrannsóknastofnun eru svo önnum kafnir við að verja kerfi sem hefur ekki staðið undir væntingum að þeir ýta með skipulegum hætti frá þeim hugsuðum og vísindamönnum sem gagnrýna það kerfi. Ég tel að það sé ákaflega neikvætt og ráði miklu um það að við búum ekki við alvarlega og frjóa umræðu um þær rannsóknir sem hljóta að vera undirstaða undir nýtingu hins mikilvæga stofns, þorskstofnsins.

Kvótakerfið var ekki sett upp til þess að hagræða í sjávarútvegi eins og menn tala núna. Það var sett upp sem fiskverndarkerfi í kjölfar svartra skýrslna um ástand stofnsins og það hlýtur að vera eðlileg krafa að kerfið verði tekið til rækilegrar skoðunar, ég tek því undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni.

[17:07]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt sem komið var inn á í andsvari að þetta er ákveðið áhyggjuefni, sérstaklega vegna þess að vísindi eiga auðvitað að ganga út á gagnrýnin skoðanaskipti. En maður veltir fyrir sér hvort skipulagið á Hafrannsóknastofnun, það er að annars vegar pólitískur yfirmaður og hins vegar hagsmunaaðilar í útgerð, henti vísindastofnun. Ég hef vissar efasemdir um það og sérstaklega í ljósi þess að ekki er auðvelt fyrir þá sem stunda fiskifræði og standa fyrir utan hinar ríkisvæddu rannsóknarstofnanir að fá fjármagn til rannsókna. Þessi einangrun er visst áhyggjuefni og ég verð að segja að mér svíður það oft þegar ég verð vitni að því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur og gagnrýnir Hafrannsóknastofnun. Maður sem situr í fjárlaganefnd og hefur yfir fjármunum að ráða til stofnunarinnar er í rauninni hluti af því pólitíska valdi sem kemur á umræddri einokun í skoðunum og vísindum. Þetta er mikið áhyggjuefni og líka

sá tvískinnungur sem maður verður oft var við, sérstaklega hjá sjálfstæðismönnum, hvað gagnrýni á Hafró varðar. Það er algjörlega ólíðandi að ekki sé einu sinni lyft undir þá fræðimenn sem hafa haft aðrar skoðanir en hin ríkisrekna stofnun sem þeir ráða í einu og öllu. Ég vil beina því til umræddra þingmanna — ég á von á því að þeir komi til umræðunnar þegar verið er að ræða fiskveiðistjórn og sérstaklega þá vísindastefnu sem þeir gagnrýna sjálfir — að þeir útskýri það einhvern tíma hvers vegna þeir hafi þá ekki búið þannig um hnútana að aðrir eigi kost á að rannsaka t.d. áhrif veiða á fiskstofna í kringum landið.

[17:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að mæla með því að þessi tillaga fái framgang og auðvitað mun ég reyna að stuðla að því í sjávarútvegsnefndinni þar sem ég á sæti. Það er auðvitað full ástæða fyrir okkur að skoða aðrar leiðir í stjórn fiskveiða en þær sem við höfum fylgt hér. Okkur hefur ekki gengið það vel í stjórn fiskstofnanna að við getum ekki sótt þekkingu til annarra og skoðað hvernig þeir hafa unnið að sínum málum.

Hér höfum við staðið í endalausum deilum um stjórn fiskveiða sem hafa því miður skilað afskaplega litlu vegna þess að þar hafa menn alltaf blandað saman deilum um eignarhald á auðlindum og deilum um stjórn fiskveiða, þessu þyrftu menn að geta haldið aðgreindu. En það hefur ekki verið auðvelt að greina þetta tvennt að vegna þess að þeir sem hafa fylgt þessu kerfi fastast fram hafa alltaf vafið þessu saman, eignarhaldinu og stjórn fiskveiða. Þeir hafa talað um kvótakerfið, og jafnvel flutt það út til annarra þjóða, með þeim hætti að þeir sem á hlusta fá ekki betur skilið en að eignarhald fiskstofnanna sé aðalatriðið við stjórn fiskveiða, að það verði að vera þannig að útgerðarmenn eigi veiðiréttinn og geti keypt hann og selt að vild.

En auðvitað er þetta ekki þannig. Aflamarkskerfið getur gengið og það á auðvitað að ræða um það sem slíkt, en það er önnur umræða hvort eignarhald á veiðiréttindum eigi að vera í höndum útgerðarmanna eða þjóðarinnar eins og núna virðist stefna í að verði niðurstaðan.

Ég ætla ekki að fara yfir þessa tillögu eða hvað eigi að vera innifalið í þeirri skoðun sem hér er um að ræða. Aðalatriðið er að hún fari fram og við fáum betri innsýn í það hverju þetta skilar hjá frændum okkar í Færeyjum, en ég verð að taka undir það sem hefur komið fram um rannsóknir okkar og það að Hafrannsóknastofnunin hefur verið ríki í ríkinu. Hún hefur verið rannsóknastofnunin og hún hefur verið afskaplega iðin við að tala svolítið niður til þeirra sem hafa haft aðrar skoðanir á því hvernig ætti að líta á málin. Mér finnst að þar á bæ hafi menn talað um of með þeim hætti að þeir viti hlutina nákvæmlega. Auðvitað eru þau vísindi sem þar eru stunduð ekki nákvæm. Þar eru menn að ráða í hlutina og sérstaklega hefur það farið í taugarnar á mér að menn skuli tala eins og þeir viti nákvæmlega hvað fiskstofnarnir eru stórir við landið. Það þarf ekki nema meðalskynsemi til þess að sjá að þær mælingaraðferðir sem eru notaðar til þess að mæla fiskstofnana eru það ónákvæmar að ekki er hægt að taka mark á þeim með öðrum hætti en að líta á þær sem vísbendingar en ekki niðurstöður í tölum sem eigi svo að fara mjög nákvæmlega eftir.

Ég ætla að benda á eitt dæmi sem mér finnst sanna það sem ég er að segja. Loðnustofninn hefur verið nýttur undir vísindalegu eftirliti Hafrannsóknastofnunar alveg frá því að nýting á honum hófst. Hvað hefur svo orðið, ef við skoðum bara síðustu tíu árin, um nýtingu á þeim stofni? Þetta er uppsjávarstofn, þetta er fiskur sem lifir ekki nema í þrjú til fjögur ár í mesta lagi, í langflestum tilfellum þrjú ár, stundum fjögur skilst mér, sem sagt skammlífur stofn. Svona stofnar eru taldir vera mjög breytilegir í stærð af umhverfisástæðum og líka vegna þess hve hann er skammlífur. Þetta er einhver stabílasti veiðistofn sem við landið syndir samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunar í gegnum tíðina. Hann er miklu stabílli til veiða en t.d. ýsustofninn og þorskstofninn samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunar.

Munurinn á þessu er mjög mikill ef menn skoða skýrslurnar og þess vegna segi ég: Það er allt í lagi að menn reyni að mæla svona stofna og benda á hver niðurstaðan er en menn eiga ekki að halda því fram að tölurnar séu réttar. Það er af og frá að þær geti verið það. Munurinn er þannig, ef ég man þetta rétt, að á 10 ára tímabili hafa tölur um loðnustofninn verið frá 20,6 milljörðum upp í 25,2 milljarða einstaklinga, að einu ári undanskildu þar sem þetta var minna og að einu ári undanskildu þar sem þetta var meira. Nú er fiskifræðingur hér í salnum og hann gæti kannski leiðrétt mig ef ég er að fara með einhverja vitleysu. En mér finnst þetta benda til þess að stofninn sé með ólíkindum stabíll, að stærðarmunurinn á honum á tíu ára tímabili sé ekki meiri en þetta. Á sama tíma hafa t.d. botnfiskstofnarnir, eins og þorskur og ýsa, sveiflast meira. Á þessu tímabili er um tvöföldun, og rúmlega það, að ræða í þorskinum og þreföldun í ýsustofninum. En alltaf stendur loðnustofninn sig samkvæmt mælingum Hafrannsóknastofnunar. Það er ekki meiri mismunur á stærð hans en þetta á þessu tímabili.

Mér finnst þetta í góðu lagi. Ég er ekkert að setja út á að þetta skuli vera niðurstöður Hafrannsóknastofnunar. En þá mega menn ekki, finnst mér, halda því fram að þetta séu einhverjar öruggar niðurstöður. Ég held að það geti ekki verið, mér finnst rökin fyrir því ekki vera til staðar. Ég held að menn mundu tala allt öðruvísi um fiskstofna ef þeir viðurkenndu að aðferðir til að meta stærð þeirra eru ónákvæmar og ég er ekkert að efast um að þær eru líka ónákvæmar hvað varðar aðra fiskstofna. En ég bendi á loðnuna vegna þess að mér finnst að þar hafi menn talað býsna djarft um það að þeir væru aldeilis með tól í höndunum til að mæla og bergmálsmælingarnar væru tiltölulega öruggar. En það er aldrei tekið mark á þeim þegar loðnan finnst ekki, þá mæla menn alltaf aftur.

[17:18]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að mörgu leyti komu mjög athyglisverðar athugasemdir fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Hann talaði um stofnstærðarmælingar og benti þar réttilega á að þessar mælingar eru oft og tíðum, nánast alltaf, háðar mjög mikilli óvissu. Ég þekki sjálfur nokkuð vel til þessara mælinga á loðnu, hef tekið þátt í þeim allnokkrum sinnum, þessum svokölluðu bergmálsmælingum, líka mælingum á síld og öðrum fisktegundum, kenndi þetta

meira að segja við Sjávarútvegsháskólann í Tromsö nokkur missiri og skrifaði lokaritgerð til meistaranáms í fiskifræði, einmitt um þessi mál, þ.e. áreiðanleika bergmálsmælinga á uppsjávarfiskum.

Það verður að viðurkennast að þessar mælingar eru háðar ansi mörgum óvissuþáttum en því miður er það yfirleitt svo, og hefur verið þannig á Íslandi um margra ára skeið, að mælingarnar eru túlkaðar eins og heilagur stafur á bók og litið svo á að þær séu hárréttar, sérstaklega þá og kannski fyrst og fremst af hagsmunaaðilum. Mér finnst líka að fiskifræðingar hafi ekki verið nógu duglegir að halda því á lofti að mælingar eru oft og tíðum háðar mikilli óvissu.

Það má benda á það að nýtt rannsóknarskip okkar, Árni Friðriksson, er allt annað og miklu fullkomnara skip með miklu betri búnaði en gömlu skipin, til að mynda er það miklu lágværara. Það heyrist miklu minna í því. Það er margsannað að fiskur heyrir mjög vel í skipum þegar þau nálgast. Þetta stúderaði ég mjög grannt þegar ég gerði lokaverkefnið mitt og ég þykist vita þó nokkuð um einmitt þetta.

Árni Friðriksson nýi er mjög hljóðlátur og það gæti hafa komið fram í því — nú er tími minn senn á þrotum — að núna er miklu auðveldara að ná fram góðri, hárri mælingu á loðnu, jafnvel þótt lítið sé af henni og þótt hún sé stygg, en áður var. Ég veit ekki til þess að menn hafi tekið þetta með í reikninginn. Hins vegar hættu menn allt í einu að nota Árna Friðriksson nýja í togararalli fyrir örfáum missirum, einmitt af því að hann var svo hljóðlátur og fiskaði miklu betur en togararnir sem eru notaðir enn.

[17:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er að vissu leyti staðfesting á því sem ég hélt fram, finnst mér. Mér finnst að okkur miði kannski frekar áfram í umræðunni ef við komum okkur niður á það að við séum með hluti í höndunum sem séu ekki eins nákvæmir og um hefur verið talað. Við höfum til dæmis séð niðurstöðu frá Hafrannsóknastofnun upp á hálft eða eitt tonn, eða hvað, í heilum fiskstofnum.

Auðvitað er þetta ekki svona, auðvitað eru menn ekki með svona nákvæmar aðferðir til að mæla fiskstofnana. Menn verða þess vegna að viðurkenna að þetta séu nálganir. Það er annað sem ég vil benda á, Hafrannsóknastofnun stóð fyrir því að hér eru menn með svokallaða 25% reglu. Þegar hún var tekin upp var það ríkjandi skoðun á Hafrannsóknastofnun að við værum að tala um einn fiskstofn í þorski í landinu. Nú hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að stofnarnir séu margir.

Til að vernda þennan fiskstofn fundu menn út að hafa þyrfti þessa 25% reglu. Nú eru menn reyndar komnir á þá skoðun að prósentan eigi að vera lægri, en þegar menn eru farnir að horfast í augu við það að stofnarnir séu margir, ættkvíslarnar séu margar, hlýtur þessi regla að mega teljast býsna vafasöm. Þá er spurningin auðvitað þessi: Ef menn hafa ofnýtt marga litla stofna, hvernig stendur á því að litlu stofnarnir hafa stækkað en stærsti stofninn hefur minnkað?

Mér finnst þetta sönnun þess að fara þurfi vandlega yfir þessi mál.

[17:22]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér erum við kannski einmitt komin að hluta af kjarna þess sem fyrir okkur vakir sem flytjum þessa þingsályktunartillögu um að metnir verði kostir og gallar þessa færeyska fiskveiðistjórnarkerfis vegna þess að rannsóknarþátturinn þar hefur einmitt verið mjög mikilvægur og hefur leitt mjög margt athyglisvert í ljós, meðal annars það að spádómar og mælingar fiskifræðinga eru háðar ansi mikilli óvissu. Færeyingar hafa tekið þessar ráðleggingar hæfilega alvarlega og það hefur hreinlega sýnt sig — og ég tel það í raun og veru sannað — að þessi vísindi, þessar svokölluðu stofnstærðarmælingar, eru háð svo mikilli óvissu að í raun er ekkert á þeim að byggja eins og við höfum byggt á þeim á Íslandi. Við höfum trúað þessum mælingum eins og staf á bók, tekið þær mjög bókstaflega og síðan farið út í alls konar útreikninga og æfingar, dregið inn hagfræðinga og fleiri spekinga og meðal annars fundið út þessa svokölluðu 25% reglu sem að mínu mati er algjörlega byggð á sandi. Vísindin sem eru undirstaða þessarar 25% reglu eru einfaldlega svo ónákvæm og ófullkomin að reglan sjálf er hreint og klárt bull. Það er ekki hægt að afgreiða þetta öðruvísi en svo að þetta sé hreint og klárt bull.

Það er þetta sem maður hefur oft og tíðum kallað eftir, að þetta verði allt saman endurskoðað, þ.e. grundvöllur ráðgjafarinnar, en á það hafa menn ekki viljað hlusta af neinni alvöru. Hins vegar setja menn reglulega á svið nokkurs konar sýndarréttarhöld þar sem til eru kallaðir valdir sérfræðingar sem fyrir fram er vitað að eru sammála hinum „rétta skóla“ í fræðunum. Það er einmitt svoleiðis ráðstefna sem mér sýnist að eigi að fara fram í Reykjavík í næstu viku, líkt og hv. þm. Sigurjón Þórðarson nefndi.

[17:24]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Vísindi eru undirstaða farsællar auðlindanýtingar. Það hlýtur að vera í þágu framsóknar vísindanna að menn reyni að skoða allar hliðar á þeim málum sem varða hana. Ég tel því að þessi tillaga sé ákaflega jákvæð, ég tel farsælt fyrir okkur að skoða sem flestar hliðar og flesta möguleika á nýtingu auðlinda og skoða þau stjórnkerfi sem aðrar þjóðir hafa tekið upp. Að vísu hefur verið deilt nokkuð á árangurinn sem menn vilja eigna færeyska kerfinu. Ég tel hins vegar að ákveðin rök hafi komið fram og ég tel líka að málsmetandi menn hafi talað þannig um það kerfi sem Færeyingar hafa notað að það sé a.m.k. einnar messu virði að skoða það.

Í öllu falli er ég þeirrar skoðunar að ekkert mæli á móti því að tillagan verði samþykkt. Við getum væntanlega lært eitthvað af frændum okkar, Færeyingum. Ég tel til dæmis að það væri ákaflega farsælt að skoða sérstaklega með hvaða hætti veiðifrelsið sem smábátarnir hafa haft við Færeyjar hefur lukkast hjá þeim. Mér finnst mestu máli skipta að við leyfum hundrað blómum að blómstra. Við eigum að etja saman hugmyndum á þessu sviði eins og öðrum vísindasviðum og reyna að fá fram kosti og galla þeirra aðferða sem við erum að nota. Það hefur komið fram fyrr í umræðunni að það stjórnkerfi sem við búum við er að mörgu leyti gallað. Það hefur ekki staðið undir þeim vænt-

ingum sem við það voru bundnar. Ég rifjaði upp fyrr í dag í þessari umræðu að núverandi kerfi hefði ekki verið sett upp fyrst og fremst til að deila út til útgerða landsins því magni sem má veiða. Fiskvernd var fyrst og fremst markmið núverandi stjórnkerfis. Það var sett upp árið 1984 eftir að ítrekað hafði komið í ljós að staða þorskstofnsins var slæm og menn sáu að hún var á niðurleið. Þess vegna gripu menn til þessa kerfis. Síðan hefur það verið þættað inn í undirstöðuskiptingar auðlindarinnar milli útgerða í landinu. Það breytir ekki hinu að nú er komin áratuga reynsla á kerfið og það liggur alveg ljóst fyrir að þetta stjórnkerfi og þær hugmyndir sem að baki því liggja hafa ekki reynst eins og við töldum.

Það eru ekki mörg ár síðan, ætli það sé ekki áratugur, að ég hélt hér miklar ræður um gagnsemi þessarar aðferðar við að vernda þorskinn í hafinu. Ég taldi þá að þessi vísindi væru miklu nákvæmari en reynslan hefur svo sýnt. Við höfum hins vegar horft upp á það á síðustu árum að stöðugt eru að koma fram nýjar upplýsingar sem benda til þess að þær aðferðir sem við höfum notað séu ekki nægilega traustar. Við höfum horft framan í ár þar sem tapast hefur nánast helmingurinn af áætluðum stofni í hafinu. Við höfum séð fram á það að upplýsingar sem hafa komið fram úr t.d. veiðiröllum hafa ekki reynst réttar. Ég minnist þess sérstaklega þegar ég skrifaði á árum fyrr grein í Morgunblaðið og benti á að ósamræmi væri milli þess sem Hafrannsóknastofnun gaf út í lok þess árs sem æskilegt aflamark og þeirrar niðurstöðu sem kom fram í rallinu. Ég fékk aldrei skýringar á þessu misræmi, mér var einungis sagt að ákveðin aðlögun hefði átt sér stað.

Þetta er ekki traustvekjandi og það er heldur ekki traustvekjandi þegar Hafrannsóknastofnunin slær um sig þéttan varnarmúr og hleypir ekki að þeim aðilum sem gagnrýna kerfið. Ef menn geta fundið eitthvað að þeim aðferðum sem Hafró beitir á það að koma fram. Það hlýtur að vera í þágu vísindanna og þágu greinarinnar að einmitt gagnrýnendunum sé lyft. Við höfum hins vegar séð það aftur og aftur að þeim er kerfisbundið bægt frá.

Margt af því sem hefur komið fram í umræðunni, eins og t.d. hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni áðan um nýjar upplýsingar um eðli þorsksins hér við land, eru hlutir sem menn vissu ekki fyrir 20 árum. Ég minnist þess t.d. að þegar ég var í háskóla og lærði um fiskifræði undir handleiðslu Jakobs Jakobssonar var hann að velta fyrir sér hvort þorskurinn við landið væri samsettur úr mörgum smærri staðbundnum stofnum. Menn töldu svo ekki vera þá.

Nú eru alltaf að koma fram sterkari og sterkari vísbendingar um að víða séu staðbundnir stofnar, og þó erum við rétt að byrja að rannsaka þetta. Eins og hv. þingmaður benti hins vegar á grundvölluðust aðferðirnar sem Hafró byggir á, a.m.k. í árdaga, á því að hér væri einn stór stofn. Maður hlýtur að spyrja: Ef þessi undirstaða er ekki lengur fyrir hendi hefur það ekki gagnger áhrif á aðferðirnar allar? Þessarar spurningar hefur stundum verið spurt í þessum sal og við höfum aldrei fengið svör við henni frá vísindamönnunum eða Hafró sjálfri.

Ég er þeirrar skoðunar að innan Hafrannsóknastofnunarinnar ríki kreddur. Alls staðar skapast kreddubundið andrúmsloft þar sem frjálsir vindar rökræðu og gagnrýni fá ekki að leika um. Ég er þeirrar skoðunar að með einhverjum hætti verði að skapa umhverfi þar sem samkeppni hugmynda á þessu sviði ríkir. Ég er þeirrar skoðunar að það væri ákaflega farsælt í fyrsta lagi að brjóta upp þetta kerfi sem við höfum í dag, þ.e. að á sömu hendi í sama ráðuneyti séu bæði eftirlit og rannsóknir með auðlindinni og hins vegar ákvörðunartaka um hversu mikið megi taka af henni. Þetta eru andstæðir hagsmunir sem vegast á og það er ekki farsælt.

Ég verð líka að segja, frú forseti, fyrst ég er byrjaður á þessu að mér finnst til mikillar hneisu fyrir þessa stofnun og fyrir stjórnkerfið að við skulum hafa í stjórn stofnunarinnar fulltrúa þeirra sem hafa hag af því að nýta auðlindina. Það einfaldlega rímar ekki. Þessu þarf að breyta.

Ég er þeirrar skoðunar að það væri líka farsælt ef töluverður hluti af þeim merku rannsóknum sem eru unnar við stofnunina væri færður t.d. yfir til háskólastofnana. Ég hef lengi verið þessarar skoðunar og ég tel að það mundi leysa mikinn þrótt úr læðingi innan greinarinnar.

Í þriðja lagi tel ég að það eigi að afnema þá rannsóknareinokun sem Hafró hefur haft á vísindum sem tengjast lífríki í hafinu. Ég tel að við eigum að hlúa að því að hér komi upp sjálfstæðir vísindamenn sem hafi tök á því að sinna rannsóknum á stofnum og lífríki í hafinu, þess vegna í samkeppni við Hafrannsóknastofnun. Ég er einfaldlega kominn á þá skoðun að þetta sé eitt af því sem er nauðsynlegt.

Frú forseti. Aðeins að lokum, til þess að taka þetta saman. Þessi tillaga gengur út á það að skoða öðruvísi stjórnkerfi en við búum við. Í því felst að sjálfsögðu dulin gagnrýni á núverandi stjórnvöld og það er gott. Gagnrýni leiðir alltaf til framþróunar innan vísinda.

[17:33]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlustaði með athygli á skemmtilega ræðu hv. þingmanns Össurar Skarphéðinssonar um það hvernig við stöndum að rannsóknum og hvernig við stöndum ekki að þeim, hvernig við tökum eiginlega ekki á rökræðu um misjafnar forsendur fyrir fiskifræðinni og hvernig við virðumst ekki þola það stundum að taka þá umræðu efnislega, ja, eigum við að segja kannski, fyrr en áratugum eftir að hún kom fram.

Ég man eftir umræðu frá því ég var ungur maður, háseti á netabátum suður í Breiðafirði, þegar reyndustu fiskimenn Vestfirðinga, Hálfdán Einarsson og Jakob úr Bolungarvík, deildu um það þá við forustumenn Hafrannsóknastofnunar hvort fiskurinn hrygndi í Breiðafirði svo einhverju næmi. Um það voru miklar deilur. Því var haldið fram að hryngingin færi fyrst og fremst fram fyrir sunnan Reykjanes o.s.frv. og þessar kenningar hafa nú verið lífseigar fram á síðustu ár þó að það sé nú að breytast.

Af því að ég veit að hv. þingmaður Össur Skarphéðinsson er vel menntaður í þessum fræðum, líffræðinni, vil ég heyra hann fjalla um það hvers vegna þorskstofninn á Íslandsmiðum stækkaði svo ofboðslega upp úr 1920. Hvað olli því á fyrstu áratugum aldarinnar að þorskstofninn stækkaði svo sem raun varð og varð gríðarstór hér alveg fram undir stríð? Skyldi það vera vegna þess að Norðmenn kláruðu hvalinn 1915? Við settum hvalveiðibann þá eftir

margra áratuga (Forseti hringir.) veiði Norðmanna.

[17:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður hefur varpað til mín spurningu sem er þess eðlis að ég gæti sennilega notað töluvert langan tíma eftir að ég læt af þingstörfum einhvern tíma í hárri elli til þess að skoða það til hlítar. Ég get ekki svarað þessari spurningu að nokkru marki. Ég dreg hins vegar í efa að sú kenning sem kom fram undir lok ræðu hv. þingmanns sé rétt. Kenningin gekk út á það að hvalastofnarnir hefðu hugsanlega eytt eða gengið svo harkalega að stofninum fyrir það ártal sem hann nefndi að þegar þeir voru fjarlægðir úr vistkerfinu með hömlulausum veiðum þá hefðu stofnarnir náð að dafna aftur. Það er hugsanlegt að hvalir hafi verið svo margir að þeir hafi tekið neðar úr fæðukeðjunni, átu eða æti sem hafi hugsanlega staðið undir þessum nytjastofnum og það hafi leitt til þessa. Ég held hins vegar ekki að það hafi verið hitahvörf í umhverfinu sem hafi valdið þessu. Ef þetta væri spurningakeppni mundi ég sem sagt svara þessari spurningu: Pass.

Af því að við vorum báðir að tala hér um sjálfstæði og samkeppni hugmynda langar mig að benda á það sem ég kom ekki að í ræðu minni áðan og tengist því sem hv. þingmaður sagði, að nýjar hugmyndir og nýsköpun í fiskifræði á Íslandi síðustu áratugi hafa ákaflega margar komið fram utan Hafró. Það var veðurfræðingur sem t.d. benti á tengslin á milli nýliðunar og magns stórþorsks í hrygningarstofninum og það voru menn úr öðrum fræðum sem bentu á tengsl farsællar hrygningar og veðurfars og líka streymis jökulelfa fyrir Suðurlandinu. Þetta sýnir að steypa þarf saman ólíkum hugmyndum, ólíkum greinum og leyfa frjálsum vindum (Forseti hringir.) rökræðu og gagnrýni að leika um þessi fræði.

[17:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hugleiðingar mínar voru nú kannski ekki um að hvalurinn hefði étið svo mikið af þorskstofninum heldur frekar að hann hefði haft mikil áhrif það vistkerfi sem þorskurinn lifði á og annað hitt að það hlýnaði jú líka mikið við Ísland upp úr 1920. Ef það hefur verið til nægt æti á Íslandsmiðum samfara því að einhver stærsti þorskárgangur sem sést hefur kom fram 1923 þá gat stofninn auðvitað vaxið með þeim ósköpum sem hann gerði í ljósi þess að við vorum ekki að veiða loðnu, við vorum ekki að veiða rækju og hvalirnir voru í lágmarki o.s.frv. Þetta er allt samspil.

Ég vil láta þess getið af því að hv. þingmaður nefndi áðan að menn hefðu komið fram með þá kenningu að stórþorsk þyrfti á Íslandsmiðum til að viðhalda hrygningunni að ég held ég muni það rétt að þegar ég var í Sjómannaskólanum 1966 þá hafi skipstjórarnir sem þá voru að stunda nótaveiðarnar ekki verið par hrifnir af því sem þeir voru að gera, að moka upp stórþorskinum sem datt svo niður af hjöllunum. Þeir töldu sjálfir að þetta væri ekki góð veiðistýring.

Svo má minna á nýjasta dæmið í fiskifræðinni sem er auðvitað stækkun ýsustofnsins á síðustu fjórum, fimm árum. Undir hverju? Undir veiðiálaginu sem Hafrannsóknastofnun taldi algjörlega óásættanlegt og LÍÚ veinaði alveg um að það þyrfti að draga úr ýsuveiðum vegna þess að við værum að fara svo illa með ýsustofninn. Undir þessu veiðiálagi stækkaði ýsustofninn og er núna um fimmfalt stærri en hann var fyrir fimm árum.

[17:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um það sem hann sagði um ýsustofninn. Í reynd má halda því fram að hér hafi um langt skeið verið frjáls sókn í ýsustofninn því árum saman náðist ekki kvótinn og á síðustu árum hefur ýsustofninn tekið virkilega stórt stökk og það er erfitt að skýra af hverju. Það eru hugsanlega einhverjar breytingar í umhverfinu.

Aðeins um það sem hv. þingmaður sagði áðan um samspil hvalastofna og þorskstofna og hitaumhverfis hafsins. Muni ég rétt hófst hitaskeiðið sem einkenndi síðustu öld ekki fyrr en 1930 og stóð fram til ársins 1965. Þetta var hlýjasta skeið frá því að land byggðist ef frá eru talin 50 ár í upphafi Íslandsbyggðar þegar ákaflega heitt var hérna og var raunar forsenda þess að hér tókst farsælt landnám. En vegna þessa er erfitt að koma því heim og saman að hinn stóri þorskárgangur sem kom hér fram 1923 stafi af miklum hitabreytingum í hafinu. Ég man ekki betur en að þau hitaskil hafi ekki orðið í umhverfinu fyrr en í kringum 1930. Hugsanlega er nærtækara að benda á, eins og við höfum stundum séð á síðustu öld, að stórar göngur af öðrum hafsvæðum í grenndinni, þ.e. af Grænlandi, hafi hugsanlega leitt til þess að þessi mikla uppsveifla kom í þorskinn þá. En hæstv. fjármálaráðherra sem ber töluvert skyn á sjávarútveg gæti kannski komið hérna og auðgað umræðuna með dýpt sinni og vitsmunalegum þrótti.

[17:41]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Af því að hv. þingmaður Össur Skarphéðinsson minntist áðan á vísindin — ég var honum hjartanlega sammála, öllu því sem hann sagði — þá datt mér í hug að spyrja hann aðeins nánar út í einmitt skoðanir hans á þessum málum. Það er alveg rétt sem hann sagði að hér á landi hafa þeir vísindamenn sem bera ábyrgð á þessari ráðgjöf sem notuð er af stjórnvöldum múrað sig inni á bak við háa veggi og bregðast yfirleitt reiðir við ef þeir verða gagnrýndir. Hér er árlega gefin út skýrsla, sú skýrsla sem ég held hér á, Nytjastofnar sjávar. Hún er yfirleitt lögð fram á vorin eða snemmsumars, í júníbyrjun eftir að Alþingi hefur hætt störfum og þingmenn eru farnir heim. Hún fæst því yfirleitt ekki rædd af neinu viti í þjóðfélaginu. En síðan eru teknar ákvarðanir út frá því sem stendur í þessari skýrslu.

En af því að við erum að ræða þingsályktunartillögu um það hvernig þessum málum er hagað í Færeyjum þá er það þannig í Færeyjum að þar koma fiskifræðingar með skýrslu eins og þessa. Síðan er starfandi nefnd, fiskidaganefnd svokölluð, og í henni eru hagsmunaaðilar, útgerðarmenn, sjómenn, fólk úr fiskvinnslunni og aðrir slíkir og þeir koma líka með sína skýrslu, eða sína ráðgjöf. Báðum þessum skýrslum er skilað til sjávarútvegsráðherrans í Færeyjum.

Hvað gerir hann svo? Jú, hann sest niður og býr til frumvarp um það hvernig veiðum skuli stýrt við Færeyjar á næsta fiskveiðiári sem eins og hér hefst 1. september ár hvert. Þetta er sem sagt frumvarp sem farið er með inn í færeyska Lögþingið á Ólafsvöku um sumarið og þar eru þessi mál rædd í þinginu. Síðan er það þingið í Færeyjum sem tekur um það ákvörðun hvernig veiðum skuli stýrt við Færeyjar á komandi fiskveiðiári.

Væri þetta eitthvað sem við gætum tekið okkur til fyrirmyndar hér á landi?

[17:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það væri hægt að taka þetta kerfi Færeyinga sér til fyrirmyndar að því leyti að leggja meira upp úr því sem þeir sem vinna í greininni og hafa af henni praktíska reynslu segja. Hv. þingmaður Guðjón Arnar Kristjánsson benti á það áðan þegar við ræddum tengslin milli stórþorsks og nýliðunar að nákvæmlega sömu tilfinningu höfðu karlarnir sem kenndu honum í Sjómannaskólanum árið 1966. Þar var til praktísk reynsla sem benti til sömu niðurstöðu og Páll Bergþórsson fékk síðan út með skemmtilegum útreikningum löngu síðar en fiskifræðingarnir við Hafró sáu ekki.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé orðið mjög óheillavænlegt hvað þessi umræða er lokuð innan veggja Hafró. Við ræddum það fyrr í dag í þessari umræðu hvernig maður hefur stundum á tilfinningunni að öðrum og gagnrýnni skoðunum sé skipulega haldið frá. Annað birtingarform á þessari skoðanaeinokun Hafrannsóknastofnunar birtist í því að við þingmenn getum ekkert lengur hringt í fiskifræðinga og fengið upplýsingar. Við fáum bara upplýsingar sem við þurfum á að halda í gegnum forstjóra stofnunarinnar. Þannig er verið að straumlínulaga skoðanir Hafró og koma þeim á framfæri bara í gegnum einn munn, **(Gripið fram í:** Einn kanal.) einn farveg, og fyrir vikið verður þetta ákaflega einsleitt. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi hömluleysi hinnar frjálsu hugsunar sem ríkir við háskóla og þar sem samkeppni hugmyndanna er við lýði til þess að brjótast út úr þessum farvegi.

Eitt örstutt dæmi: Hv. þingmaður Jóhann Ársælsson nefndi hér 25% aflaregluna. Enginn maður á Íslandi getur sýnt fram á hvernig hún var fundin. Ég hef farið í gegnum það. Ég barðist í gegnum það og skildi ekki. Ég fór og spurði sérfræðingana og þeir sýndu mér útreikninga sem leiddu að annarri niðurstöðu.

[17:46]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að við gætum lært margt af frændum okkar í Færeyjum um það hvernig þeir fara með þessa ráðgjöf, hvernig þeir ræða hana sín á milli, hvernig umræðan fer fram þar í þjóðfélaginu og hvernig ákvarðanirnar eru síðan teknar.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á að hér er verið, eins og hann sagði, að straumlínulaga umræðuna. Verið er að beina henni í raun á þann veg að aldrei koma neinar upplýsingar frá Hafrannsóknastofnuninni á Íslandi nema í gegnum forstjórann eða valda yfirmenn sem þeir sem spyrja vita kannski fyrir fram að muni segja réttu hlutina. Ég hef sjálfur lent í því, af því að ég hef starfað í sjávarútvegsnefnd í tvö ár, að þegar við höfum beðið um að fá sérfræðinga stofnunarinnar á okkar fund höfum við ekki fengið þá sérfræðinga á fund nefndarinnar nema með því skilyrði að forstjórinn væri með. Þetta er náttúrlega mjög alvarlegur hlutur. Þetta er gríðarlega alvarlegur hlutur, að forstjóri stofnunarinnar skuli þurfa að koma með sérfræðingum sem eru í vinnu hjá þjóðinni, hámenntuðum sérfræðingum með mikla reynslu, og að þessir sérfræðingar séu nánast ritskoðaðir þegar þeir koma og mæta fyrir þingnefnd til að sitja þar fyrir svörum. Þetta er náttúrlega alls ekki boðlegt. Ég hef mótmælt þessum vinnubrögðum í sjávarútvegsnefnd en því miður hafa formenn nefndarinnar á hverjum tíma ekki viljað taka tillit til þeirra mótmæla, því miður.

Það er líka bjargföst skoðun mín að til þess að breyta einhverju í þessu öllu saman sé þörf á því að skipta þessum mönnum öllum út. Þeir hafa gerst sekir um mörg alvarleg mistök á undanförnum árum, tel ég vera, og það verður mjög erfitt að fá þessa menn til að breyta um starfshætti, fá þá til að hugsa öðruvísi. Þeir bera ákveðna ábyrgð og þeir munu ekki vera viljugir til þess að viðurkenna að þeir hafi gert mistök og að tími sé kominn til þess að gera hlutina öðruvísi. Þess vegna tel ég að í raun sé ekki um neitt annað að ræða en að skipta þessum mönnum út og fá til aðra og nýrri menn (Forseti hringir.) sem eru reiðubúnir að hugsa hlutina upp á nýtt.

[17:48]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér hefur farið fram mjög góð umræða um fiskveiðistjórn. Ég vil taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um að skipta má þessari umræðu í tvennt. Það er annars vegar eignarhaldið og síðan hvernig við stjórnum fiskveiðunum.

Við í Frjálslynda flokknum höfum verið á því að eignarhaldið eigi að vera hjá þjóðinni og ég vona að Samfylkingin haldi einnig við þá skoðun. En ég tel að við þurfum að ræða annað og það er þegar menn fara að skilgreina eða koma með þessi hugtök, þ.e. annars vegar eignarhald og svo er komið eitthvað sem heitir nýtingarréttur og annað sem er varanlegur nýtingarréttur. Mér finnst þetta oft vera hálfgerður orðhengilsháttur. Hvað ætla menn að gera með að eiga fisk í sjónum ef þeir ætla ekki að nýta hann? Ef menn tala um varanlegan nýtingarrétt um aldur og ævi er það ekkert annað en annað orð yfir sama hlutinn, þ.e. eignarhald.

Um stjórn fiskveiða hins vegar er hægt að deila og hvernig menn stýra. Það er annars vegar hægt með kvótum og hins vegar með því að stýra sókninni. Við í Frjálslynda flokknum höfum ólíkt öðrum flokkum lagt áherslu á að vænlegra sé að stýra veiðum með því að stýra sókninni.

Í dag fór hér fram umræða um að hægt væri að flytja aflamarkið til, til Suðurlands frá Vestfjörðum. Vert er að skoða og ræða það út frá líffræðilegum forsendum. Auðvitað er ekkert mál að flytja aflamark á blaði frá Vestfjörðum til útgerðar á Suðurnesjum. En síðan er það hitt málið. Flytja menn fiskinn af fiskimiðunum fyrir vestan eða á Norðausturlandi og til miða út af Suðurlandi? Nei, það gera

menn ekki svo glatt. Umræða um að flytja aflamark getur því leitt til þess að allur kvótinn safnast fyrir þar sem peningarnir eru og fiskimiðin, m.a. þar sem mikið aflamark safnast fyrir, segjum í Reykjavík, geta verið ofveidd á meðan fiskimiðin t.d. út af Vestfjörðum þar sem lítið aflamark er, eins og það er skilgreint — það er náttúrlega erfitt fyrir fólk að fylgjast með þessari umræðu því komin eru alls konar kerfi, litla kerfið, stóra kerfið og aflamark og sóknarmark — en staðreyndin er sú að þetta getur leitt til þess, ef of mikil samþjöppun verður, að mið eða lífríki á ákveðnum svæðum í kringum landið verða einfaldlega vannýtt. Það er eitt af því sem menn ættu að hugleiða.

Hvað varðar þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á Hafró þá tel ég hana mjög réttmæta, sérstaklega í ljósi þess að komið hafa fram kenningar, t.d. sú sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson minntist á um að golþorskstofninn skipti einhverju máli. Ég efast um það í sjálfu sér. En þetta er nokkuð sem á að rannsaka. Komið hafa fram kenningar frá Hafrannsóknastofnun og frá Guðrúnu Marteinsdóttur fiskifræðingi um það. Þegar Hafrannsóknastofnun heldur fram að þessi hluti stofnsins skipti svo miklu máli, hvers vegna tekur þá stofnunin ekki af skarið og segir að vernda eigi þennan stofn og að þess vegna ættum við ekki t.d. að leggja niður sóknarkerfi smábátanna því það leiðir til meiri sóknar í stærri fisk? Hvers vegna tökum við ekki upp kerfi sem leiðir til þess að dregið sé úr sókn í þennan stóra verðmæta fisk að mati Hafró? Það er ekki gert. Maður furðar sig á því hvers vegna veiðiráðgjöfin fylgir ekki kenningum Hafrannsóknastofnunar. Það er alveg með ólíkindum hvernig þetta er.

Hér í umræðunni hefur komið fram að menn hafa spáð vitlaust fyrir um stærð fiskstofna og það er alveg rétt. Það er ekki einungis á Íslandi sem menn hafa spáð vitlaust fyrir um stærð fiskstofna heldur einnig í Færeyjum. Það sem hefur gerst í Færeyjum er að menn hafa ekkert farið eftir ráðleggingum fiskistofu Færeyinga. Þeir hafa haldið sínu sóknarmarki. Það sem hefur iðulega gerst er að ef menn hafa haldið sókninni og veitt umfram ákveðna ráðgjöf þá hefur það verið merki um að fiskstofnarnir hafa verið vanáætlaðir. En það hefur líka komið fyrir að ráðlögð veiði eða kvótasetning færeysku hafrannsóknastofnunarinnar hafi verið misreiknuð og menn hafi ekki náð að veiða allan aflann. Þá hefur komið upp úr dúrnum að stofninn hefur verið ofmetinn. Það virðist vera svo að í sóknarkerfi nái veiði miklu frekar að sveiflast með lífríkinu.

Ég vil aðeins minnast á þá stýringu sem hefur verið á síðustu árum og þá byggðaröskun sem hefur orðið. Ráðleggingar Hafrannsóknastofnunar eru oft og tíðum mjög sérstakt plagg fyrir líffræðing að lesa, þ.e. skýrslu Hafrannsóknastofnunar. Þetta er eins og verið sé að lesa bókhald. Það byrjar á Þ, á þorskinum og þegar hann er búinn og menn eru búnir að fylgja vexti út frá einhverjum línuritum fyrri ára þá er farið í Ý, og farið í ýsuna. En það er alveg óháð því sem er að gerast í þorskinum og síðan halda menn svona áfram þannig að það er eins og hver kafli eigi sitt sjálfstæða líf og þeir spila ekkert saman. Það er alveg með ólíkindum fyrir líffræðing að horfa á þetta. Það sem mér hefur alltaf þótt mest spennandi rannsóknarviðfangsefni fyrir Hafrannsóknastofnun að takast á við er að rannsaka fiska sem eru ekki veiddir. Þá geta menn skoðað sveifluna á fiskstofnunum, náttúrulega sveiflu sem er alveg óháð veiðum, t.d. hjá fisktegund eins og spærlingi. Hvernig sveiflast hún og er hún að sveiflast? Ég reikna með því. Þó svo að tegundin sé ekki veidd þá vex hún ekkert óendanlega. Þetta er mjög áhugaverð líffræðileg spurning ef menn skoða áhrif veiða eiga þeir að skoða þá dýrastofna sem alls ekki eru veiddir, þ.e. hvernig þeir sveiflast og hvort þeir sveiflist í takt við þorskstofninn eða hvað eina.

Þetta er einmitt vandamálið hjá Hafrannsóknastofnun, þ.e. að vera alltaf að spá í kvóta, spá í kvótann á næsta ári í staðinn fyrir að spá í grunnrannsóknir, spá í lífríkið og safna gögnum um grundvallarþætti lífríkisins og fæðuframboð og hvernig mismunandi stofnar sveiflast og hafa áhrif hver á annan.

[17:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Tillagan sem við ræðum hér og ég er einn af flutningsmönnum að gengur út á það að gera góða og vandaða úttekt á færeyska fiskveiðistjórnarkerfinu, kostum þess og göllum, og hvaða lærdóm megi af því draga. Að sjálfsögðu mundu menn síðan nota þau gögn sem út úr því kæmu til að skoða hvort eftir nokkru sé þar að slægjast fyrir okkur Íslendinga því ekki hefur okkur miðað svo vel við stjórn fiskveiða og uppbyggingu þorskstofnsins hér við land undanfarin 20 ár eða svo síðan kvótakerfið var tekið upp. Að vissu leyti má segja að kvótakerfið hafi ekki verið einhlítt kvótakerfi fyrsta áratuginn eða tæplega það, sem það gilti, frá 1984 og fram undir 1990. En eftir það hefur verið um nánast hreint kvótakerfi að ræða og hirði ég þá ekki mikið um hvort menn tala um 10–11 þúsund tonn sem handfæraflotinn veiddi frá ári til árs og talin voru stundum að gætu verið stórkostlegur skekkjuvaldur í nýtingu okkar á þorskstofninum.

Þessi umræða hefur farið vítt og breitt varðandi fiskifræðina og stýringar okkar á veiðum hér við land á undanförnum árum og áratugum. Ég ætla aðeins að leggja inn í þá umræðu, hæstv. forseti. Það er líka held ég fullt tilefni til að við skoðum fiskveiðisögu okkar. Við vitum að í seinni heimsstyrjöldinni duttu þorskveiðar verulega niður hér við land vegna stríðsástandsins og þess að færri fiskiskip voru á veiðum á Íslandsmiðum á þeim árum en bæði fyrir og eftir stríð.

Ef við skoðum fiskveiðisöguna og tökum 60 ára tímabil, frá 1923 til 1982, þ.e. 60 ár á undan kvótakerfinu, var þorskaflinn, þrátt fyrir stríðið sem ég nefndi og þrátt fyrir að aflinn væri frekar lítill framan af, að meðaltali 367 þúsund tonn, frá 1923–1982. Ef við hins vegar skiptum þessu niður í 40 ára tímabil og tökum tímabilið frá 1943–1982 var þorskaflinn 383 þúsund tonn að meðaltali á því 40 ára tímabili. Ef við skoðum 20 ára tímabil fyrir daga kvótakerfisins var þorskaflinn 394 þúsund tonn að jafnaði ár hvert á því 20 ára tímabili.

Það er svolítið athyglisvert þegar maður ber þetta saman að það munar aðeins 27 þúsund tonnum að meðaltali hvort sem menn miða við 60 ára tímabil á síðustu öld eða 20 ára tímabil fyrir daga kvótakerfisins..

Ef við hins vegar kíkjum á hvað gerðist eftir 1984, þ.e. á

áratugnum 1984–1993 í blönduðu kerfi kvóta og sóknar sem ég gat um, þá var meðaltalsaflinn af þorski 327 þúsund tonn á hverju ári og á tímabilinu á eftir, frá 1994–2003, þegar flestir voru komnir í kvóta var þorskaflinn aðeins 212 þúsund tonn. Eigum við að segja að það sé væntanlega hinn markverði árangur af stjórn veiða á þorskstofninum? Ja, þá er það árangur með öfugum formerkjum því hann er mjög neikvæður. Þess vegna er mjög eðlilegt að við þingmenn sem veltum þessum málum fyrir okkur og höfum áhuga á þeim mælumst til þess að gerð sé úttekt á annarri leið eða öðrum stjórnaraðferðum en við höfum beitt við fiskveiðar hér við land. Við vitum að Færeyingar hafa notað allt aðra aðferð, önnur vinnubrögð og allt aðrar forsendur þegar þeir ákveða sinn afla eins og komið hefur fram í þessum ræðustól í dag. Þess vegna held ég að eðlilegt sé að fram fari hlutlaus úttekt á því hvaða árangri þeir hafa náð við fiskveiðistjórn sína og hvort við megum og getum af henni lært.

Nú er það vissulega ekki svo, hæstv. forseti, að í Færeyjum sé eingöngu sóknarstýrt kerfi þó að það sé að mestu sóknarstýrt kerfi við botnfiskveiðarnar. Færeyingar nota kvótakerfi við uppsjávarveiðar, eins og við höfum reyndar gert og gerðum m.a. við síldveiðar áður en kvótakerfið margfræga var sett á 1984. Færeyingar nota kvóta á frystitogarana sem veiða að vísu megnið af botnfiskafla sínum utan færeyskrar lögsögu. Þeir hafa því reynslu bæði af veiðum í kvótakerfi og sóknarkerfi. En þeir töldu það mikla annmarka á framkvæmd kvótakerfisins í hinum blönduðu botnfiskveiðum flotans á heimamiðum að rétt væri að skoða það að hverfa frá því kerfi eftir að þeir höfðu stundað veiðar undir kvótakerfi í tvö, þrjú ár. Það varð niðurstaða þeirra að stýra sókninni, skipta flotanum upp í ákveðnar einingar og vera með stífar reglur um hversu mikið framsal mætti vera þar á milli á dögum milli útgerðarflokka og til hvers þyrfti að taka tillit og hvernig veiðistöðvunum væri skipt upp.

Síðan er ákaflega áhugavert að skoða hvernig Færeyingum hefur gengið efnahagslega og hvernig fólkinu í Færeyjum hefur gengið að lifa við þetta kerfi. Hvernig hefur atvinnuástandið verið og hvernig hafa byggðirnar farið út úr því? Ég held að mjög þarft sé að skoða það því við vitum að ástandið hér heima varðandi byggðirnar og byggðaþróunina í sjávarbyggðunum er mjög tilviljunarkennt. Við getum engan veginn séð fyrir hvert kvótarnir fara og hvernig þeir fara. Enginn í byggðinni getur verið viss um hvort atvinnuréttirnir verður til staðar í næsta mánuði eða næsta ári vegna þess að við settum frjálsu verslunina af stað inn í kvótakerfið án þess að hafa þar beina stýringu á. Það sem ég held að hafi sett mjög margt á hliðina hér varðandi það hvort menn vildu sætta sig við einhvers konar stýringu með kvótakerfi eða ekki, var þegar þetta óhefta frelsi var sett á og menn sáu með engum hætti fyrir hvernig byggðin gæti þróast í landinu undir því kerfi.

Byggðastefna sem á að byggja á kvótakerfi með framseljanlegum kvótum sem menn vita aldrei hvar eru frá degi til dags er náttúrlega nánast út í vindinn.

[18:04]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Umræða um þingsályktunartillögu um skipan nefndar til að meta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins hefur aðeins dregist á langinn og orðið meiri en menn gerðu kannski ráð fyrir í upphafi. Í fyrri ræðu minni forðaðist ég eiginlega að fara í efnislegar umræður um færeysku leiðina eða þá íslensku og ég held ég reyni að einhverju leyti að gera það líka núna í seinni ræðu minni.

Það kom mjög vel fram hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni hvernig þróun þorskaflans hefur verið undanfarin ár. Hv. þingmaður fór með tölur 60 ár aftur í tímann um jafnstöðuafla af þorski og síðan hvernig þetta hefur gengið fyrir sig eftir að íslenska kvótakerfið var tekið upp. Það er náttúrlega sláandi munur á því að meðaltalsafli í 60 ár í þorski sé u.þ.b. 400 þúsund tonn en eftir að kvótakerfið var tekið upp erum við með að meðaltali í kringum 200 þúsund tonn og þaðan af minna sum árin. Við hljótum að spyrja: Af hverju er þetta svona? Hverjar eru skýringarnar á þessu? Við höfum í raun ekki fengið nein bein svör frá vísindamönnum eða fiskifræðingum af hverju þetta er einmitt svona. Meðan svo er eru þarna mikil verðmæti í húfi og við hljótum að leita allra leiða til að skoða hvort núverandi kerfi sé hið rétta eða hvort við getum lært eitthvað af þeim sem annað kerfi hafa. Ég er ekki að taka neina afstöðu til þess hvort færeyska fiskveiðistjórnarkerfið sé á einhvern hátt betra en það íslenska. En staðreyndin er sú að okkur hefur ekki tekist að stýra uppbyggingu á helsta nytjastofni okkar í kringum landið, þ.e. þorskstofninum.

Grundvallarmunur er á þessum tveimur kerfum. Hann liggur náttúrlega að mestu leyti í því að í öðru kerfinu er verið að stýra með sókn en í hinu er verið að stýra með afla. Það þýðir að í færeyska kerfinu eru það dagar sem um er að ræða en kíló eða tonn á Íslandi. Reginmunur er á þessum tveimur leiðum til að stýra sókn í fiskstofna. Færeyska kerfinu hefur verið talið til tekna að þar sé minna brottkast og það er ég nánast viss um að sé í sóknarstýrðu kerfi. Talsverð verðmætarýrnun verður við það að ekki er komið í land væntanlega með allan afla. Umræðan um brottkast á Íslandsmiðum hefur reyndar minnkað mikið frá því sem mest var en ég held að ekki nokkur maður sem fylgist með veiðum og hvernig kvótakerfið virkar láti sér detta í hug að brottkast hafi lagst af eða sé að engu orðið.

Annað sem dagakerfi hefur kannski umfram aflamarkskerfið er að það hlýtur að draga úr kvótasvindli. Ekki er sami ábati af því að svindla með kvóta eða vigta vitlaust og hvort sem mikið er um það eða ekki í okkar kerfi hlýtur að vera minna um það í sóknarkerfi. Eftirliti með því sem kemur í land hlýtur að vera öðruvísi háttað í sóknardagakerfi en í aflamarkskerfinu og svona mætti í raun lengi telja.

Mig minnti endilega þegar við fórum yfir þetta núna að tillaga til þingsályktunar um sama efni hefði verið lögð fram hér á þingi áður. Þegar ég fletti á alþingisvefnum fann ég að þetta var rétt hjá mér því að hv. þm. Hjálmar Árnason flutti tillögu sama efnis á 128. löggjafarþingi, þ.e. á árunum 2002–2003. Ég ætla ekki að lesa þá tillögu vegna þess að hún er nánast samhljóða þeirri tillögu sem hér er verið að

flytja. En hver urðu afdrif þeirrar tillögu? Hún fór í gegnum allt kerfið, í gegnum sjávarútvegsnefnd og nefndin öll sem ein, ekki minni hluti eða meiri hluti, skilaði nefndaráliti.

Í því nefndaráliti komst sjávarútvegsnefnd að samdóma niðurstöðu og hún var sú, með leyfi forseta:

„Tillagan felur í sér skipan nefndar til að gera úttekt á kostum og göllum færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Margir hafa bent á að taka ætti upp hið færeyska kerfi hérlendis. Engin úttekt hefur hins vegar verið gerð á því í samanburði við núverandi fyrirkomulag fiskveiða á Íslandi. Nefndin telur að gera þurfi slíka úttekt þannig að hægt verði að bera saman kerfin tvö með hliðsjón af sem flestum þáttum."

Nefndarálitið er ívið lengra en niðurstaðan varð sú að þingsályktunartillagan var ekki samþykkt heldur var gerð tillaga um það í nefndarálitinu að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og það var gert með 51 atkvæði ef ég man rétt af skjánum. Fyrir liggur mjög eindreginn vilji af hálfu löggjafarvaldsins, af hálfu Alþingis að skoðað verði hverjir eru kostir og gallar færeyska kerfisins. Þessi eindregni vilji þingsins lá fyrir strax á árinu 2003 en síðan hefur lítið gerst. Ég fann a.m.k. ekki nein merki þess að ráðuneytið eða ríkisstjórnin hefði gert nokkurn skapaðan hlut með nefndarálitið og þennan vilja Alþingis. Ef eitthvað hefði verið gert lægi væntanlega fyrir einhvers konar skýrsla, fyrir lægi einhvers konar álit þeirra sem skoða áttu hverjir væru kostirnir og hverjir væru gallarnir við færeyska kerfið. En nú stöndum við hér aftur á árinu 2005 og flytjum tillögu nánast samhljóða þeirri sem flutt var á árinu 2003 um að slík skoðun fari fram.

Ég lýsti því í fyrri ræðu minni að ég tryði því ekki að það væru einhverjir í sjávarútvegsnefnd sem ekki vildu láta fara fram skoðun á kostum og göllum annarra kerfa. Þess vegna trúi ég því enn að sú tillaga sem er hér, þegar henni verður vísað til nefndarinnar, muni fá sömu afgreiðslu og þingsályktunartillagan fékk á árinu 2003 að öðru leyti en því að augljóst er að ekki þýðir að vísa henni til ríkisstjórnarinnar. Það verður bara að samþykkja að nefndin verði sett á laggirnar og nefndin vinni vinnu sína og skili skýrslu eins og um er talað.

Ríkisstjórnin er búin að sýna það að hún ætlar ekkert að gera í þessu máli. Hún svæfði málið eftir mjög miklar umræður og afgreiðslu í sjávarútvegsnefnd. Augljóst er að ef við þingmenn viljum koma þessum vilja okkar áleiðis verðum við að samþykkja þingsályktunartillöguna eins og hún liggur fyrir en ekki að fallast á neina málamiðlun með að fela ráðherra að eiga eitthvað við hana eða fela ríkisstjórninni að gera það sem henni sýnist.

Ég sé að hv. formaður sjávarútvegsnefndar er í salnum. Mér þætti vænt um ef hægt væri að fá álit hans eða afstöðu um hvort hann hyggst styðja okkur flutningsmenn þingsályktunartillögunnar í því að koma henni hratt og vel í gegnum sjávarútvegsnefnd þannig að þessi skoðun geti farið fram og við getum fengið skýrslu um kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Ég trúi því ekki að jafnglöggur og grandvar og hv. þm. Guðjón Hjörleifsson er vilji ekki láta skoða kostina og gallana við kerfi frænda okkar Færeyinga. Mér þætti vænt um ef hv. formaður sjávarútvegsnefndar gæti gefið okkur upp hver afstaða hans er til þessarar þingsályktunartillögu.

[18:13]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Þar sem ég er síðastur á mælendaskrá í þessari umræðu og var jafnframt sá fyrsti, sá þingmaður sem mælti fyrir þingsályktunartillögunni, vil ég hefja mál mitt á því að þakka fyrir að mörgu leyti ágæta umræðu sem farið hefur fram þar sem margt býsna athyglisvert hefur komið í ljós. Ég held að öllum þeim sem fylgst hafa með sé ljóst að það er langt frá því að umræðu um sjávarútvegsmál eða fiskveiðistjórn sé lokið á Alþingi. Þetta mál á eftir að halda áfram lengi enn, enda langt í land með að hér náist einhver viðunandi lending í þessum málum. Það er einfaldlega það mikið að á ýmsum sviðum sem tengist þessu að það hlýtur að vera á ábyrgð okkar sem höfum verið kosin á þing að ræða einmitt þessi mál og reyna að taka þau föstum tökum. Ég verð þó, virðulegi forseti, að lýsa miklum vonbrigðum með að í umræðunni síðdegis í dag hefur ekki tekið þátt einn einasti stjórnarþingmaður, ekki einn einasti.

Hér sást reyndar aðeins glitta í hæstv. fjármálaráðherra, fyrrv. hæstv. sjávarútvegsráðherra, hv. þingmann Árna Mathiesen, en hann lét sig hverfa um leið og hann sá að við höfðum tekið eftir því að hann væri hér. Hér voru aðrir þingmenn um það leyti sem við hófum þessa umræðu, stjórnarþingmenn, en þeir létu sig líka hverfa. Þetta eru að mínu viti mjög mikil vonbrigði. Formaður sjávarútvegsnefndar, hv. þingmaður Guðjón Hjörleifsson, er nýkominn hingað og situr í hliðarsal en það er ekki að sjá að hann ætli að taka þátt í þessari umræðu heldur.

Það hefði þó verið mikill fengur að því og mikill mannsbragur ef hann hefði nú komið hér í ræðustól og látið í ljósi skoðun sína á þessum málum skýrt og skorinort. Því miður er ekki að sjá að það sé neitt slíkt snið á honum.

Ég hef verið að hugsa um það, virðulegur forseti, á meðan þessi umræða fór fram að hérna sjáum við kannski kristallast viljann til sátta um þessi mál, hinn raunverulega vilja til sátta um þessi mál. Hann er því miður enginn hjá þeim sem aðhyllist núverandi fyrirkomulag. Skiptir þá engu máli hvort um er að ræða stjórnarþingmenn, ráðherra, eða hagsmunaaðila sem hafa tögl og hagldir í sjávarútveginum. Ég tel að þetta sé skýrt dæmi um það. Hvað er það sem vakir fyrir okkur stjórnarandstöðuþingmönnum þegar við berum fram þingmál sem varðar umbætur í sjávarútvegsmálum hér á landi? Við vitum vel að við erum hér í minni hluta. Við vitum það fyrir fram að mál okkar munu með nánast 100% líkum fara inn í sjávarútvegsnefnd, það verða send út erindi, það verður beðið um umsagnir, þetta verður kannski eitthvað rætt, kannski koma einhverjir gestir, en mjög sennilega verða þessi mál svæfð í sjávarútvegsnefnd, þau koma ekki aftur út úr nefndinni til 2. umr. hér í þinginu, fá í raun og veru enga þinglega meðferð. Eina tækifærið sem við höfum er að leggja þessi mál fram hér, mæla fyrir þeim, vonast til að einhver vitræn umræða skapist um þau, að það komi fram ólík sjónarmið frá hinum ýmsu þingflokkum og þingmönnum þannig að í ljósi þeirra umræðna getum við kannski farið að gera okkur einhverja grein fyrir því: Eru hér einhverjir snertifletir sem geta gefið okkur vonir um að hægt sé að ná einhverri lendingu í þessum erfiðu málum?

En hvað gerist svo? Jú, það sem gerist er það að hérna setur stjórnarandstaðan á málþing um þessi mál þar sem koma þingmenn stjórnarandstöðunnar hver á fætur öðrum, flytja ágætar ræður, færa góð rök fyrir máli sínu en stjórnarliðarnir eru stungnir af, þeir sjást ekki. Þetta er nú allur viljinn til sátta.

Það hefur verið talað um það á undanförnum dögum að við í Frjálslynda flokknum séum einhverjir hálfgerðir talíbanar í þessari umræðu, að við viljum engar sættir, við viljum helst efna til ófriðar og hella olíu á ófriðarbál og að við lifum og nærumst á því að það sé sem mestur ófriður um sjávarútveginn á Íslandi. Þetta er alrangt, þetta er algjör fásinna. Við í Frjálslynda flokknum erum að reyna að sýna að við viljum ná einhverri lendingu í þessum málum. Bara núna á þessu þingi, sem er tiltölulega nýhafið, höfum við lagt fram fjögur þingmál um umbætur í sjávarútvegi.

Við erum með þingmál með fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu, sem er stutt af þingmanni Samfylkingar, hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, mál sem við höfum flutt alloft, sem að sjálfsögðu hefur aldrei fengið afgreiðslu.

Við erum með þingmál um að íslenskum ríkisborgurum verði leyft að róa með tvær handfærarúllur hver maður.

Við erum með þingmálið sem við ræðum í dag, að það verði skipuð óháð nefnd til að meta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins til að reyna að draga inn einhverjar hugmyndir þaðan.

Við erum síðan með þingmál sem gengur út á að hafin verði vinna við það að einhverjar af þeim aukategundum bolfisks sem nú eru í kvóta verði teknar út úr kvóta þannig að fleiri en þeir sem hafa einkarétt að aðgangi að auðlindinni í dag fái möguleika á því að reyna fyrir sér í greininni. Þetta hefur einmitt verið eitt af stóru stríðsmálunum í kringum sjávarútvegsmálin um margra ára skeið, þ.e. skortur á nýliðun í greininni.

Með öllum þessum þingmálum erum við að reyna að rétta fram sáttarhönd, reyna að finna einhverja snertifleti í þessari umræðu til þess að sjá hvort ekki sé hægt að ná einhverri lendingu í þessum málum. En við mætum bara vegg, við mætum bara háum þagnarmúr, þeir vilja ekki við okkur tala. Það er okkar reynsla, það er mín reynsla eftir að hafa verið hér á þingi núna í tvo vetur. Þeir vilja hreinlega ekki tala við okkur. Ef þeir vilja tala um einhverja sátt í þessum málum þá skal sú sátt vera eingöngu á þeirra forsendum. Það eru þeir sem skulu draga upp línurnar um hvernig sú sátt skuli líta út.

Það er náttúrlega ekki von, herra forseti, að hægt sé að ætlast til þess að umræðum miði eitthvað áfram þegar vinnubrögðin eru með þessum hætti, því miður. En ég veit að minn flokkur, Frjálslyndi flokkinn, ætlar að halda áfram. Við erum eins og hobbitarnir í ævintýrinu Hringadróttinssögu, við höldum okkar ferð áfram sama hvað á dynur. Við ætlum að halda áfram að berjast fyrir okkar málstað, að taka upp umræðu hér í þinginu og að leggja fram þingmál í þeirri veiku von að það muni heyrast hljóð handan við múrinn þó að það verði kannski veikt hljóð: Jú, það vill einhver hlusta á okkur, það vill einhver tala við okkur, það vill einhver ræða þessi mál af einhverju viti. Menn eru kannski reiðubúnir til þess að leita einhverra sátta.

En það er með þetta eins og svo margt annað, orð eru til alls fyrst. Það gengur ekki að finna sátt í erfiðum deilumálum ef orðin ganga ávallt í eina átt, frá einum aðila til annars, hinn aðilinn svarar ekki. Ef hann svarar, eins og hér í umræðum fyrr í dag þar sem hæstv. sjávarútvegsráðherra var í utandagskrárumræðu, þá er hreinlega svarað með einhverjum útúrsnúningi og geðvonskulegum skætingi, menn liggja í skotgröfunum og skiptast þaðan á skotum en eru í raun og veru ekki að tala saman af neinu viti. Þetta er mjög slæmt.

Síðan sjáum við að fyrir kosningar eru sett í gang alls konar leikrit til að villa um fyrir kjósendum því að það er nú þannig að það verður að reyna að friða fólkið, því að það er nú það sem ræður þegar öllu er á botninn hvolft eða við skulum a.m.k. vona að svo sé. Að minnsta kosti getur það tekið ákvarðanir með því að greiða atkvæði um það hverjir skuli fá að sitja hér á þingi á næsta kjörtímabili. Og þá komum við að þessum leiksýningum sem eru settar í gang. Allt í einu er látið í veðri vaka að nú sé vilji til þess að ræða málin á einhverjum efnislegum grundvelli og jafnvel finna sættir. Já, það má nú kannski kíkja á þetta og svona lofa ýmsu, hinu og þessu. Þetta sáum við því miður fyrir síðustu alþingiskosningar og maður hefur eftir á verið að gera sér grein fyrir því hvers konar hráskinnsleikur fór þar fram. Kannski varaði maður sig ekki á því, maður var kannski of grænn, nýliði í pólitík og trúði því og treysti að menn meintu eitthvað með því sem þeir sögðu og menn væru tiltölulega heiðarlegir og grandvarir menn. En ég hef á margan hátt orðið fyrir miklum vonbrigðum með marga þingmenn eftir kosningarnar og þá er ég einkum að tala um stjórnarliða.

Það er nefnilega þannig, virðulegi forseti, að þessi litla þingsályktunartillaga sem ég hef mælt fyrir hér í dag og liggur nú fyrir þinginu, hefur verið flutt áður, hún var flutt nánast orðrétt nokkrum vikum fyrir alþingiskosningarnar vorið 2003. Þá var hún flutt hér með miklum bravúr og glæsileika af þingmanni Framsóknarflokksins, Hjálmari Árnasyni, nánast orðrétt sama tillaga. Hún fór í gegnum alla kvörnina, í gegnum sjávarútvegsnefnd, var rædd hér í þinginu, það voru greidd atkvæði og ég veit ekki hvað og hvað undir lúðraþyt og fánaburði Framsóknarflokksins og svo var farið í kosningabaráttu og þá var sagt við kjósendur: Ég er búinn að bera fram tillögu á Alþingi um það að eigi að skipa nefnd til að skoða kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Ég er búinn að gera þetta. (Gripið fram í.) Þetta sagði hv. þm. Hjálmar Árnason við kjósendur og ég er hér með grein þar sem þetta stendur orðrétt, eitt af því sem Framsóknarflokkurinn vill gera til að bæta núverandi kerfi. Hvað vildi hann gera án þess að það yrði kollsteypa í sjávarútvegi hér á landi?

Jú, með leyfi forseta:

„Hækka veiðiskyldu upp í 85%. Þeir veiða sem fá úthlutað. Taka upp línuívilnun með landbeitingu. Setja gólf fyrir dagabáta í krókakerfinu. Skoða kosti og galla færeyska kerfisins. Tillaga mín um það var samþykkt á Alþingi í vor. Eftir úttektina getum við svo tekið afstöðu til þess hvort skynsamlegt sé að taka upp kerfið. Banna flottroll á loðnuveiðum vegna hlutverks loðnu í fæðuöflun. Endurskoða fiskveiðiráðgjöfina með aðild fleiri en Hafró."

Virðulegi forseti. Fólk verður að hafa mig afsakaðan þó

að ég skelli upp úr þegar ég les þetta því að þetta var lagt fram hér af þingmanni í fúlustu alvöru fyrir kosningarnar og það var farið með þetta í kosningar. Kjósendur lásu þetta og ég las þetta líka og ég trúði því að manninum væri alvara og þetta væri allt saman satt og rétt.

En ekkert af því sem Framsóknarflokkurinn vildi gera til að bæta núverandi kerfi rétt fyrir kosningarnar árið 2003 hefur komið til framkvæmda, ekki neitt, nema það að taka upp línuívilnunina með landbeitingu, en það var eftir gríðarleg harmkvæli bæði í Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Ég heyrði nú síðast í dag hv. þingmann Hjálmar Árnason standa hér í þessum ræðustól og lýsa því yfir að sennilega hefði línuívilnunin verið mikil mistök. Þá vitum við það.

En sú þingsályktunartillaga sem við erum að ræða í dag, varðandi hana þá skrökvaði þingmaðurinn hreinlega að kjósendum. Hann sagði hreinlega ósatt, því að þessi tillaga var aldrei samþykkt sem þingsályktunartillaga frá Alþingi, aldrei. Henni var vísað til ríkisstjórnarinnar, henni var svona lætt út bakdyramegin og svo bara hvarf hún. En það tók enginn eftir því á lokadögum þingsins að tillagan hefði verið afgreidd með þessum hætti. Hér voru allir á fullu við það að afgreiða lagafrumvörp, Alþingi eins og venjulega, forseti á bjöllunni og hamrinum, óðamála við að keyra í gegn atkvæðagreiðslur og enginn tók eftir því hvað gerðist. Það var ekki fyrr en eftir kosningar þegar allt var afstaðið að ég tók eftir þessu. Ég var einhvern tíma að grúska og þá sá ég þetta allt í einu, heyrðu, bíddu nú við, þessi tillaga var aldrei samþykkt. Það var þá sem ég fékk þá hugmynd að best væri að endurflytja þessa þingsályktunartillögu, því að það er ekkert í dag sem hefur breyst frá vorinu 2003 í forsendum varðandi það að samþykkja þessa tillögu núna með meiri hluta Alþingis. Hér eru að stórum hluta til sömu þingmenn og voru þá, þingsályktunartillagan er hin sama. Ég get ekki ímyndað mér annað en að meiri hluti Alþingis í dag muni enn á ný, tveimur árum síðar, samþykkja tillöguna. Hvers vegna ættu þeir ekki að gera það? Þeir gerðu það vorið 2003, það er til skjalfest í gagnabanka Alþingis hverjir greiddu atkvæði og með hvaða hætti. (**Gripið fram í:** Meiri hluti í sjávarútvegsnefnd er fyrir hendi.) Meiri hluti í sjávarútvegsnefnd er fyrir hendi.

Þrátt fyrir að ég hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum með það að menn skuli hafa hlaupið yfir Austurvöll þannig að það sást undir iljarnar á þeim þegar við vorum að ræða þetta mál, þar á meðal hv. þm. Hjálmar Árnason fyrr í dag, þá er ég þó nokkuð bjartsýnn á að þetta mál muni fljúga í gegnum sjávarútvegsnefnd, fá þar þinglega meðferð og afgreiðslu og komi hér aftur til síðari umr. og verði hreinlega afgreitt fyrir jól þannig að nefndin geti byrjað að vinna strax eftir áramót og við fáum skýrslu í hendur hér á Alþingi eigi síðar en 10. desember árið 2006, þ.e. eftir eitt ár, og þá getum við loksins farið að ræða þessa hluti út frá almennilegri úttekt sem gerð hefur verið af Íslendingum á íslensku.

[18:28]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Ég þurfti að bregða mér frá þannig að ég var ekki viðstaddur alla umræðuna, var á áríðandi fundi varðandi sjávarútvegsmál og gengismál. Það er mjög athyglisvert þegar frjálslyndir eru farnir að taka upp þingsályktunartillögur Framsóknarflokksins og flytja þær hér aftur. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, (Gripið fram í.) það hefði nú verið skemmtilegra hefði það verið vinur framsóknarmanna, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, sem hefði flutt hana. Það hefði verið alveg sérstakt hér á þingi.

Þessi umræða kemur mér á óvart og ekki síður kemur á óvart að fulltrúar Samfylkingar skuli vera hlynntir þessari tillögu. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að Magnús Þór Hafsteinsson hefur verið að túlka á netinu, eyjar.net, að allt of mikil samstaða sé komin í sjávarútvegsmál á Íslandi, Samfylkingin sé orðin sammála þessu kvótakerfi, aflamarkskerfi sem við erum með, hann túlkar þannig ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar, sem hún hélt á aðalfundi LÍÚ. Það les ég úr greinum hans. Ef við skoðum þetta í réttu samhengi og ef túlkun hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar er rétt, þá er alveg ljóst að 53 þingmenn eiga að vera á bak við þetta. Ef ég skil þig rétt þegar ég les greinarnar þínar á netinu.

Það var fundur í morgun í sjávarútvegsnefnd. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson komst ekki á fundinn, en þar var rætt um nefnd á vegum færeyska sjávarútvegsráðuneytisins sem kemur bráðlega í heimsókn, hún vinnur að endurskoðun veiðilöggjafar Færeyinga. Nefndin mun hitta okkur mánudaginn 14. nóv. klukkan hálffimm. Þar munum við fara í gegnum þessi mál og ræða við nefndarmenn. Ég hef trú á því að þeir séu að leita eftir ráðgjöf hjá okkur vegna okkar góða fiskveiðistjórnarkerfis, mér býður í grun að svo sé.

Varðandi þessa þingsályktunartillögu þá fer hún í efnislega meðferð í sjávarútvegsnefnd og ég get engu lofað. (Forseti hringir.) Stjórnarandstaðan segist vera með tryggingu fyrir meiri hluta í nefndinni, það verður svo að koma í ljós hvort svo sé.

[18:30]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það þó að Færeyingar komi til Íslands til að kanna hvað við höfum verið að gera hér mörg undanfarin ár og reyni jafnvel að draga einhvern lærdóm af því. Það er a.m.k. meiri manndómur í þeim en okkur því að hér hafa menn aldrei viljað ljá máls á því í sjávarútvegsnefnd til að mynda að hún fari í heimsókn til Færeyja til að kynna sér kerfið þar. Það hefur ekki fengist í gegn. Þeir eru eflaust að kynna sér hvaða reynslu við höfum af einhverjum þáttum í fiskveiðistjórn okkar á mörgum undanförnum árum. Það er ekki nema gott eitt um það að segja. Þeir eru að skoða þessi mál með miklu opnari hug en við. Við erum á þeirri einstefnu að menn taka engum rökum, vilja ekki hlusta á neitt og telja að þeir hafi rétt fyrir sér í einu og öllu og þetta er á margan hátt farið að minna ansi mikið á trúarbrögð.

Menn hreykja sér til að mynda oft af því að hingað séu alltaf að koma erlendir gestir til að kynna sér íslenska tilhögun á þessum málum og láta að því liggja að það sé vegna þess að útlendingum þyki allt hér svo ofboðslega frábært. En það er ekki nema hálfur sannleikurinn því að ég

hef fylgst svolítið með þessum nefndum. Þetta eru nefndir sem fara á milli allra landa m.a. líka til Færeyja og eru einmitt að skoða reynslu þeirra með þeim hætti sem við höfum lagt til í dag að Alþingi geri. Síðan reyna menn að draga fram kosti og galla hjá hverjum og einum og draga til sín það sem hefur heppnast vel í hinum og þessum löndum.

Ég get til að mynda frætt formann sjávarútvegsnefndar á því að breski íhaldsflokkurinn fór í síðustu þingkosningum í Bretlandi fram með stefnu sem gekk út á að taka upp kerfi sem er mjög líkt færeyska kerfinu við veiðar í Norðursjó. Þeir höfðu komið til Íslands, Færeyja og annarra landa og þeim leist best á færeyska kerfið. Verið er að taka upp svipaða veiðistýringu að mér skilst í Kattegat og á fleiri stöðum. Það (Forseti hringir.) þarf því ekki að segja eitt eða neitt þó að Færeyingar séu að koma hingað.

[18:32]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vekur athygli mína að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson svarar ekki því sem ég sagði um Samfylkinguna og túlkun hans á þeim hugsunarhætti og þeirri breytingu sem orðin er, þegar hann túlkaði ræðu formanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Ég tel að okkar kerfi sé langtum betra en færeyska kerfið og við eigum að vera stolt af því. Ekkert kerfi er svo gott að ekki megi taka það og sníða af því hnökrana og það er alltaf verið að gera það annað slagið. Aðrar þjóðir sem horfa til okkar í þessum efnum telja kerfið okkar mjög öflugt og eru farnar að breyta í rétta átt.

[18:33]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að bjallan hringdi áður en mér tókst fyllilega að svara hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni áðan. Það er alveg rétt að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með þetta útspil formanns Samfylkingarinnar. Því eins og ég sagði áðan í ræðu minni, og ég vona að hv. þingmaður hafi verið að hlusta, þá er því miður enginn vilji til sátta hjá þessum mönnum. Ég tel að það komi einmitt mjög vel fram í því hvernig brugðist er við allri umræðu, til að mynda hér í þingsalnum þar sem þessi umræða á í raun og veru að fara fram, að það er enginn vilji til sátta, því miður.

Hv. þingmanni, formanni sjávarútvegsnefndar, er náttúrlega frjálst að túlka orð mín eins og hann vill. Ég bendi honum líka á að hér eru til staðar þrír öflugir þingmenn Samfylkingarinnar (**Gripið fram í:** Hverjir?) og ég býst við og reikna með að þeir séu sjálfir fullfærir um að túlka hvað það var sem formaður Samfylkingarinnar átti í raun við með ræðu sinni.

[18:35]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil koma örstutt upp í ræðustól. Ég velti svolítið vöngum yfir síðustu ræðum og andsvari hv. formanns sjávarútvegsnefndar, Guðjóns Hjörleifssonar.

Ég held að ég verði að minna á að nýverið urðu stjórnarskipti í Noregi og ef ég veit rétt ákvað nýskipaður sjávarútvegsráðherra Noregs að hverfa frá þeirri braut sem áður hafði verið mörkuð í Noregi að taka upp framseljanlega fiskikvóta og stefna til mikillar sameiningar í kvótum og lagði til að slíkt kerfi yrði aflagt. Fiskveiðistjórnin, sérstaklega í nyrðri byggðum Noregs, yrði að taka mið af stöðu byggðanna, af stöðu atvinnulífsins í Norður-Noregi, og hún gæti ekki bara farið fram á forsendum einhverrar verslunar með kvóta, heldur yrði hún að taka mið af atvinnulífinu á viðkomandi landsvæðum og þeirri félagslegu stöðu að byggðirnar héldu ekki velli öðruvísi en hafa þennan atvinnurétt hjá sér.

Ég held að rétt sé að minna á að þessar yfirlýsingar norska sjávarútvegsráðherrans um að breyta frá seljanlegu kvótakerfi yfir í að þessi atvinnuréttur þurfi að vera hjá byggðunum eru sennilega nýjasta ákvörðunin sem fyrir liggur í sambandi við stjórn fiskveiða, a.m.k. í Norður-Atlantshafinu.

Ég vildi láta þetta koma fram vegna þess að ég heyrði ekki hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson minnast á þetta og ekki heyrði ég heldur hinn glögga þingmann Guðjón Hjörleifsson minnast á að slík þróun væri að eiga sér stað. Norðmenn voru hér á ferð fyrir tveimur, þremur árum, stór sendinefnd úr norska þinginu, til að leggja mat á íslenska fiskveiðistjórnarkerfið, þeir fóru líka til Færeyja og víðar og ef þetta er niðurstaða þeirra þá fagna ég henni. Ég held að það sé skynsamlegt að horfa til þess að byggðarétturinn sé inni í fiskveiðistjórninni.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill minna á að samkvæmt þingsköpum ber að beina andsvörum að þeirri ræðu sem flutt hefur verið en ekki að öðrum andsvörum eða öðrum þáttum.)

[18:37]

Mörður Árnason:

Forseti. Það var fróðleg ræða hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar en þó enn þá fróðlegra andsvar hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar sem gekk aðallega út á stefnu Samfylkingarinnar og þann misskilning Magnúsar Þórs að hún hefði tekið einhverjum breytingum í ræðu formanns Samfylkingarinnar á fundi útgerðarmanna um daginn. Það verður að virða hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni það til vorkunnar að hann var ekki einn um þann misskilning. Sjálfur hæstv. sjávarútvegsráðherra úr sama flokki og formaður sjávarútvegsnefndar, sem hér ekur sér eftir sætaröðunum, hafði líka uppi þann misskilning þannig að það er ekki leiðum að líkjast hjá Magnúsi Þór Hafsteinssyni, góðvini sínum Einari K. Guðfinnssyni.

Staðreyndin er sú að að sjálfsögðu erum við að reyna að hefja sjávarútvegsumræðuna að nýju eftir það kuldakast sem hún lenti í eftir síðustu kosningar, og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson var reyndar að lýsa. Það gerði hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem ekki er hér stödd, formaður Samfylkingarinnar, á þessum fundi með því að lýsa enn og aftur grundvallaratriðunum í stefnu Samfylkingarinnar og að ég hygg miklu víðari hóps um allt land og gerir þar með tilraun til þess að kalla á umræðu um grundvallaratriðin en ekki um einstök útfærsluatriði. Það var það sem við lentum í í kosningabaráttunni að þar var efast um og menn toguðu fram og aftur einstök útfærsluatriði, bæði í stefnu okkar og stefnu Frjálslynda flokksins. Ég man nú ekki eftir að fleiri hafi haft stefnu í sjávarútvegsmálum þá, aðrir en stjórnarliðar.

Hver eru þau grundvallaratriði? Þau eru að fiskimiðin

og auðæfin í sjónum séu þjóðareign. Þessa þjóðareign verði notendurnir að borga gjald fyrir og stjórnvöld hljóti, fyrir hönd þjóðarinnar, að ákveða á hverjum tíma hvernig það skuli vera skipulagt. Þetta er ósköp einfalt. Formaður Samfylkingarinnar minnti á, á sama hátt og síðasti formaður gerði hjá okkur sem hefur sömu stefnu í sjávarútvegsmálum og núverandi formaður, að það eru fleiri auðlindir sem eiga að teljast í þjóðareign og við verðum auðvitað að fara heildstætt yfir þessi mál.

Ég var um helgina á ráðstefnu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þjóðkirkjunnar, Landverndar og fleiri samtaka um vatnið. Nú er einmitt komið vatnalagafrumvarp inn í þingið sem er alveg andstætt því sem við sögðum flest á þeirri ráðstefnu, nefnilega að vatnið ætti að vera í þjóðareign, það væri auðlind af því tagi, og á því ætti ekki að vera einkaréttur þó að vissulega kæmi til greina að á því sé tiltekinn nýtingarréttur. Þetta er að vissu leyti sambærilegt þó að sama kerfið eigi ekki við. Að þessu leyti kannast ég ekki við það og leita þá eftir því að menn komi með betri rök en að fleygja út í loftið að Samfylkingin hafi breytt um stefnu á einhvern hátt.

Sjálfur stend ég við þá leið sem við lögðum fram, ég skal ekki segja til um ár eða einingar, sem er fyrningarleiðin en ég tel hana fullkomlega eðlilega. Ég tek undir með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Össuri Skarphéðinssyni, hv. þingmönnum, að ef menn hafa aðrar leiðir sem uppfylla sömu kröfur er ég reiðubúinn að skoða þær.

Það er mikilvægt að hafa í huga þegar rætt er um þetta að við erum að tala um auðlindastjórnina, við erum að tala um hvernig auðlindinni er réttlátlega fyrir komið gagnvart þjóðinni, eiganda hennar, og hvernig hagfræðin í kringum hana á að vera. Við erum ekki með því að tala, a.m.k. að mínum skilningi, um það umræðuefni sem Magnús Þór Hafsteinsson hv. þm. og aðrir flytjendur þessa máls um færeyska kerfið eru að fiska eftir. Sóknarmark og aflamark eru tvær leiðir við úthlutun gæða og það eru til alls konar millileiðir í því eins og við þekkjum, ýmsar undirtegundir og blöndur af þessu. Flestar þessar leiðir eru þannig lagaðar, a.m.k. sóknarmarkið í sinni hreinustu mynd, að tiltölulega auðvelt er að koma við gjaldtöku og hagrænni auðlindastjórn. Það er bara spurning um val og það á að ráðast af öðrum ástæðum.

Ég leyni því ekki að síðan ég fór að hugsa um sjávarútvegsmál þá hef ég verið aflamarksmaður. Það var kannski svona síðla á níunda áratugnum sem ég komst aðallega inn í þau mál og komst í gegnum þá miklu þoku sem mér fannst alltaf að gjósa upp þegar menn ræddu sjávarútvegsmál. Síðar skildi ég af hverju, það var vegna þess að menn blönduðu öllu saman. Ég var aflamarksmaður vegna þess að mér fannst það rökrétt kerfi. Mér fannst það hentugt og þægilegt. Og vegna þess að það átti að geta verndað fiskinn í sjónum, átti að vera fiskverndarkerfi. Það var það, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson minnti á, sem vakti fyrir mönnum 1983 og 1984 þegar kerfið var sett á. Það var ekkert annað, ástæðan var bara sú. En ég verð að viðurkenna að sá árangur sem þetta kerfi hefur náð, og nú er ég ekki að tala um veiðigjaldið eða hagstjórnina, er ekki nægilegur, hann er ekki sá sem við bjuggumst við sem studdum aflamarksleiðina. Menn hafa sagt, bæði fræðimenn og stjórnmálamenn, að það sé ekki marka vegna þess að það séu svo margar undantekningar, það sé ekki hreint kerfi o.s.frv. Það er ekki að marka núna, hvaða ár er það? Það er ekki að marka á tuttugasta og öðru ári kerfisins. Hvað eigum við að lifa lengi við að það sé ekki að marka?

Ég hef þess vegna linast í stuðningi mínum við aflamarkskerfið, um tæknilegan hluta kvótakerfisins, í seinni tíð. Það er ekki þar með sagt að ég sé tilbúinn að taka undir tillögur um önnur mál en ég hef í þessu samhengi litið til Færeyja með spurn og ég hef líka spurt sjálfan mig að því hvort einhver útgáfa af sóknarmarkinu kunni að henta okkur betur. Aflamarkskerfið gerir nefnilega um of ráð fyrir því að við vitum um allt sem í sjónum býr, að sjórinn sé fyrir okkur eins og lítið baðkar þar sem við getum mælt með hitamælum og einhverjum tækjum fiskifræðinga eða bifvélavirkja hvað er að gerast. Það er ekki svo, það hefur ekki reynst vera þannig. Ef til er sóknarmarksleið eða einhvers konar færeysk millileið eða blanda sem betur samsvarar líffræði sjávarins þá eigum við að athuga hana vegna þess að aflamarkið hefur ekki fullnægt okkur hingað til.

[18:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga sem gengur út á að menn skoði önnur fiskveiðistjórnarkerfi en það sem er hér við lýði hefur kveikt upp umræðu um að menn vilji ná sáttum í stjórn fiskveiða. Ég verð að segja eins og er að mér finnst ástæða til þess að halda að möguleikar til sátta um stjórn fiskveiða séu ef til vill meiri núna en áður hafa verið. Það hefur sérstaklega komið fram í framhaldi af síðasta fundi LÍÚ og umræðu sem fylgdi í kjölfarið að allir flokkarnir sem eiga þingmenn á Alþingi eru tilbúnir til að standa að því að setja í stjórnarskrána ákvæði um þjóðareign á auðlindum. Þar er engin undantekning og ríkisstjórnin er með þetta í stjórnarsáttmála sínum.

Þetta þýðir alveg örugglega að hið opinbera verður að gæta eignarhaldsins fyrir hönd þjóðarinnar á þjóðarauðlindinni, hver sem hún er. Það getur ekki verið að slíkt sé gert í plati. Menn hljóta að þurfa að sjá til þess að þær reglur sem gilda um aðgang að þjóðarauðlindum séu þannig að auðlindin haldist í raunveruleikanum í eigu þjóðarinnar. Það kerfi sem viðgengst núna í sjávarútveginum gengur ekki upp að þessu leyti og það er heldur ekki skynsamlegt til framtíðar.

Hvernig halda menn yfirleitt að það muni ganga að breyta t.d. um fiskveiðistjórnarkerfi með því eignarhaldsfyrirkomulagi sem er núna? Hver er mesti vandinn við að breyta t.d. yfir í færeyska kerfið ef við ætlum að gera það? Mesti vandinn er fólginn í eignarhaldi útgerðarmanna á veiðiheimildunum, ekki kerfisbreytingunni sjálfri, heldur þessu eignarhaldi sem bókstaflega fléttar saman alla hluti í sjávarútveginum. Út úr því þurfum við að komast vegna þess að það er óþolandi að menn geti ekki stjórnað fiskveiðum á Íslandi á sem skynsamlegastan hátt sem menn sjá á hverjum tíma vegna þess að einhverjir útgerðarmenn eigi auðlindina. Það er fáránlegt, enda eru allir stjórnmálaflokkar sammála um að þetta sé þjóðarauðlind og hún eigi að fara inn í stjórnarskrána.

Ég held að það séu æðimargir sem hafa ekki lagt sig eft-

ir að velta því fyrir sér hvað það þýðir. Þjóðarauðlind er auðlind í eigu þjóðar. Hún er ekki í plati í eigu þjóðarinnar heldur munu stjórnvöld auðvitað gegna eignarhaldinu fyrir hönd þjóðarinnar þegar um slíka auðlind er vélað. Það mun auðvitað ekki gerast á auga lifandi bragði að menn hlaupi frá því fyrirkomulagi sem er núna. Þess vegna bentum við samfylkingarmenn á fyrningarleiðina. Hún var hugmynd um aðlögun. Hún er að mínu viti mjög góð hugmynd um aðlögun að leigukerfi fyrir hönd þjóðarinnar þar sem menn væru að gegna slíku eignarhaldi. Hugsanlegt er að menn geti fundið aðrar leiðir sem uppfylla grundvallaratriðin sem við erum þarna að hugsa um og þá erum við vissulega tilbúnir að standa að því að skoða það. Fyrningarleiðin er ekki heilög kýr í okkar augum. Ef menn finna aðra aðferð sem er jafngóð og uppfyllir þessi grundvallaratriði þá erum við með í það í Samfylkingunni og við erum tilbúin í þá umræðu og höfum verið það lengi.

Miðað við þá umræðu sem hér hefur verið í gangi af hálfu t.d. ýmissa sjálfstæðismanna, er ég smeykur um að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir hvað það þýðir að setja auðlindir inn í stjórnarskrána sem þjóðarauðlindir. Það er ekki hægt að hafa neinn undanslátt frá eigu þjóðarinnar. Ef við ætlum að segja við börnin okkar að eitthvað sé þjóðarauðlind þurfum við að gæta eignarhaldsins fyrir hönd þjóðarinnar, þeir sem með völdin fara á hverjum tíma í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:50]

Útbýting:

Eftirlit með framkvæmd fjárlaga, 253. mál, fsp. HHj, þskj. 266.

Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna, 255. mál, fsp. JóhS, þskj. 268.

Óbyggðanefnd, 168. mál, svar forsrh., þskj. 257.

Vegaframkvæmdir í Heiðmörk, 266. mál, fsp. VF, þskj. 279.

Viðskipti fruminnherja á fjármálamarkaði, 87. mál, svar viðskrh., þskj. 265.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 8.–17. mál.

Fundi slitið kl. 18:51.

---

15. FUNDUR

föstudaginn 4. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Bensíngjald og olíugjald, frv., 30. mál, þskj. 30. — 1. umr.
2. Lífeyrisréttindi hjóna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.
3. Skil á fjármagnstekjuskatti, þáltill., 36. mál, þskj. 36. — Fyrri umr.
4. Göngubrú yfir Ölfusá, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.
5. Skilgreining á háskólastigi, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Fyrri umr.
6. Öryggi og varnir Íslands, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.
7. Mat á fasteignum og álagningarstofn fasteignaskatts, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Fyrri umr.
8. Seðlabanki Íslands, frv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.
9. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 45. mál, þskj. 45. — 1. umr.
10. Sala áfengis og tóbaks, frv., 47. mál, þskj. 47. — 1. umr.
11. Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.
12. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 51. mál, þskj. 51. — 1. umr.
13. Fiskverndarsvæði við Ísland, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktanir aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands.
Erindi frá norsku Nóbelsnefndinni.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður verða í dag. Hin fyrri hefst nú strax á eftir, áður en gengið er til dagskrár, og er um málefni Listdansskóla Íslands. Málshefjandi er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Hæstv.

menntamálaráðherra Þorgerður K. Gunnarsdóttir verður til andsvara.

Hin síðari hefst kl. 2 og er um fjölgun og stöðu öryrkja. Málshefjandi er hv. þm. Helgi Hjörvar. Hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Listdansskóla Íslands.

[10:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Síðan þing kom saman hef ég beðið eftir tækifæri til að eiga orðastað við hæstv. menntamálaráðherra um þá fljótfærnislegu og illa grunduðu ákvörðun hennar að leggja Listdansskóla Íslands niður. Ég fæ ekki betur séð en að óðagot og flumbrugangur ráðherrans stefni listnámi á Íslandi í voða því að nú hafa listdansnemar bæst í hóp með tónlistarnemum svo sífellt stækkar hópur þeirra ungu listnema sem eru uggandi um sinn hag. Hæstv. ráðherra geysist yfir uppeldisstöðvar listamanna með mætti eyðileggingarinnar svo það var ekki langsótt samlíkingin sem formaður Bandalags ísl. listamanna kaus að nota í Morgunblaðsgrein á dögunum á þeim tíma sem fellibylurinn Katrín gekk yfir suðurríki Bandaríkjanna.

Ég vil taka það fram að mér er vel kunnugt um nýja námsbraut í Listaháskóla Íslands í listdansi en stend engu að síður við þessi orð mín því allt sem heitir heildstæð nálgun, yfirvegun og samráð við fagaðila skortir í ákvarðanir ráðherrans í þessum efnum. Ég óska því eftir, frú forseti, að við þessa umræðu svari hæstv. ráðherra því hvað í ósköpunum vakir fyrir henni með einhliða ákvörðun um að leggja Listdansskóla Íslands niður og hvers vegna hún hafi ekki lyft litla fingri til að hafa samráð þar um.

Hverjar eru svo hugmyndir hæstv. ráðherra um framtíð listdansmenntunar á Íslandi? Í fjölmiðlum hefur hún látið hafa eftir sér að Menntaskólinn við Hamrahlíð geti komið þar að málum eða bara einhverjir aðrir framhaldsskólar sem kjósi að hafa listdans á kennsluskrá sinni. Og ef þetta vefst eitthvað fyrir þeim geti þeir bara samið um listdanskennslu við einkaaðila. Hæstv. forseti. Heyr á endemi. Þvílík fáfræði um ytri umgjörð og tæknilega aðstöðu listdanskennslu á Íslandi að halda að hún geti bara farið fram í hvaða leikfimisal sem er. Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur ekki einu sinni leikfimisal, hann er búinn að bíða eftir íþróttahúsi í yfir 30 ár. Og hvað ætlar ráðherrann svo að vera örlátur á tímafjölda í væntanlegri námskrá í þessu nýja fyrirkomulagi sínu? Ætli hún geri ráð fyrir því að hægt verði að hægt verði að dvelja í 15 kennslustundir á viku við æfingar eins og ungir listdansnemar gera í dag og fá það að fullu metið? Auðvitað ekki. Hún ætlar auðvitað að fara sömu leið og með tónlistarnemana, þ.e. að greiða einungis fyrir þær einingar sem teljast gildar til stúdentsprófs og foreldrar hinna upprennandi listamanna geta svo bara greitt það sem upp á vantar.

Frú forseti. Það er ábyrgðarhluti að kenna upprennandi listamönnum og uppeldi þeirra hefst snemma á lífsleiðinni þó aldrei eins snemma og hjá dönsurum. Sérstaða þeirra í flóru listamanna er sannarlega ótvíræð. Þeir hefja iðulega nám við 5–6 ára aldur og framtíð þeirra er jafnvel ráðin við 9 eða 10 ára aldurinn. Oft eru þeir farnir að vinna fyrir sér 16–17 ára gamlir og svo er starfsævi þeirra lokið við fertugsaldur.

Frú forseti. Þessir ungu listamenn eru fókuseraðir á allt annað en það hversu mikið af listdansnámi þeirra fæst metið sem einingar til stúdentsprófs. Mér sýnist augljóst að hæstv. menntamálaráðherra stjórnist af þráhyggju einni saman í þessu máli. Hún hefur í heiðri flokkslínuna um niðurskurð ríkisútgjalda og trúarsetninguna um að einkaaðilar geti gert allt betur en ríkið og hún sér álitlegt fórnarlamb í Listdansskóla Íslands.

Nú stendur hún að vísu frammi fyrir þeim vanda að það brást enginn einkaaðili við útspili hennar, enda vita þeir sem nú starfa á þessum akri að mikils er þörf. Þeir trúa sennilega ekki heldur að nauðsynlegir fjármunir komi til með að fylgja verkefninu. Mér kæmi þó ekki á óvart að hæstv. ráðherra lofi þeim sem vilja taka við Listdansskólanum gulli og grænum skógum úr opinberum sjóðum, því í praxís hefur einkavæðing Sjálfstæðisflokksins farið þannig fram að einkaaðilar fá þær upphæðir sem hinar opinberu stofnanir hafa tekið til sín og arðsemiskröfuna að auki. Þannig höndla sjálfstæðismenn með niðurskurð ríkisútgjalda.

Það veldur hæstv. ráðherra líka trúlega nokkrum vanda að hún hefur fengið dansara og aðra listamenn upp á móti sér og er hún úr þeirri átt sökuð um harkalegar aðgerðir, óbilgirni og skort á samráði. Frú forseti. Hljómar þetta ekki svipað og ásakanir framhaldsskólakennara sem nú eiga í stríði við hæstv. ráðherra vegna skerðingar náms til stúdentsprófs? Vilji hæstv. menntamálaráðherra að fram fari fagleg og málefnaleg endurskoðun á framkvæmdinni við undirstöðunám í listgreininni þá á hún að sjálfsögðu stuðning allra þeirra sem vinna að málefnum listdans á Íslandi. En hæstv. menntamálaráðherra kýs að fara aðra leið og á meðan fjarar undan Listdansskólanum. Nemendur og foreldrar eiga að kveljast í óvissu um framtíðina.

Frú forseti. Ég skora á hæstv. menntamálaráðherra að endurskoða ákvörðun sína og styrkja stöðu Listdansskóla Íslands til framtíðar í stað þess að leggja hann niður. Hún skuldar listunum í landinu það.

[10:37]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Tilefni þessarar utandagskrárumræðu er sú ákvörðun mín sem menntamálaráðherra að vinna að breytingum á skipulagi listdanskennslu á framhaldsskólastigi og færa skipulag hennar til þess sem er við lýði um nám á framhaldsskólastigi og til þess forms sem gildir og mun gilda um annað listnám. Í kjölfar þess að sú ákvörðun var kynnt hefur komið fram nokkur gagnrýni á þessa fyrirætlan og látið í veðri vaka að hér sé um að ræða ráðstöfun sem muni veikja allan grundvöll fyrir listdansnámið í landinu. Svo er að sjálfsögðu ekki, eins og ég mun nú gera nánar grein fyrir.

Það hefur verið stefna mín sem menntamálaráðherra að

skipulag listnáms á framhaldsskólastigi fylgi þeirri meginreglu að nám á því skólastigi verði á forræði viðurkenndra framhaldsskóla sem bjóða upp á nám til lokaprófs á framhaldsskólastigi samkvæmt aðalnámskrá. Miðað er við að kennsla í bóklegum þáttum námsins fari fram í framhaldsskólum en verkleg kennsla eftir atvikum í viðkomandi skólum eða í samstarfi við aðila sem uppfylla kröfur samkvæmt gildandi námskrá.

Með þeirri ákvörðun sem liggur fyrir mun fyrirkomulag listdanskennslu verða gert hliðstætt því sem tíðkast varðandi kennslu í öðrum listgreinum á framhaldsskólastigi. Samkvæmt þessari stefnu er miðað að því að sérskólar á listasviði geti starfað með sjálfstæðum hætti án þess að þeir lúti forræði opinberra aðila. Um leið er þeim ætlað það hlutverk að veita nemendum í listgreinum menntun hver á sínu sviði, menntun sem er viðurkenndur hluti af námi þeirra á framhaldsskólastigi, hvort heldur námið er bundið við kjörsvið á tilteknu listgreinasviði eða áfangar eru teknir sem stakir valáfangar. Með þessu vinnst það að námsframboð og valfrelsi nemenda einskorðist ekki við það nám sem sá framhaldsskóli sem þeir stunda nám í hefur í boði. Þetta nýtist ekki síst litlum skólum og skólum sem af öðrum ástæðum hafa ekki getað boðið upp á verklegt nám eða mjög sérhæft. Þessu fyrirkomulagi er ætlað að tryggja sveigjanleika í starfi framhaldsskólanna og um leið valfrelsi nemendanna. Samhliða þessu er gert ráð fyrir að til verði sérskólar sem geti sérhæft sig á einstaka sviðum. Með samstarfi við fleiri framhaldsskóla verði þannig tryggt að fámenni á þessum námsbrautum í einstaka skólum verði ekki til þess að draga úr gæðum menntunarinnar og kennslunnar. Um leið verði sjálfstæðum skólum er uppfylla kröfur um gildandi námskrá á sviði listgreina, svo sem tónlistarskólum, listdansskólum eða öðrum skólum, skapaður betri og tryggari grundvöllur fyrir starfsemi sína bæði í faglegu og fjárhagslegu tilliti. Þessir skólar geta jöfnum höndum starfað í samstarfi við framhaldsskólakerfið eða á eigin forsendum og ábyrgð og boðið upp á nám í viðkomandi greinum á almennum markaði hvort sem er í formi heildstæðs náms eða námskeiða. Ég efast ekki um, virðulegi forseti, að þessi stefna er skynsamleg og hún er í þágu nemendanna og langtímahagsmuna þeirra listgreina sem í hlut eiga.

Í ráðuneytinu er verið að leggja lokahönd á námsgrein í listdansi í samráði við fagaðila í greininni. Væntingar standa til þess að kennsla hefjist samkvæmt þeirri námskrá þegar á næsta ári. Það skiptir miklu máli að námi þeirra nemenda sem nú stunda nám við Listdansskóla Íslands eða munu stunda listdansnám sé sköpuð sú umgjörð með námskrá og skipulagi sem er nauðsynleg ef tryggja á að listdans þróist hér áfram af þeim metnaði sem einkennt hefur þróun undanfarandi ára.

Ég hef hlustað á þær áhyggjuraddir sem fram hafa komið á undanförnum missirum um brotthvarf Listdansskóla Íslands. Að brotthvarfið kunni að fela í sér að verið sé að skerða möguleika og getu okkar ágæta menntakerfis til að bjóða upp á frambærilegt nám í listdansi, að menntunartækifærin verði fábreyttari og takmarkaðri. Ég vil lýsa því sérstaklega yfir að ég mun gera það sem nauðsynlegt er til að tryggja að svo verði ekki.

Sú breyting sem stefnt er að er ekki gerð í sparnaðarskyni. Við ætlum að tryggja að umgerð námsins verði treyst og að námið fái tryggari viðurkenningu og sess innan framhaldsskólastigsins. Ef ríkið þarf að koma tímabundið að því að tryggja viðhlítandi tækifæri og framhald á námi þeirra sem nú stunda nám við Listaháskóla Íslands þannig að þeir geti stundað námið samkvæmt komandi námskrá þá mun ég tryggja að svo verði.

Ég get enn fremur upplýst það, virðulegi forseti, að skólar sem staðið hafa fyrir listdanskennslu um árarаðir hafa haft samband við ráðuneytið og lýst yfir vilja til að taka upp kennslu samkvæmt nýrri námskrá. Auk þess hafa verið í gangi samræður milli fulltrúa ráðuneytisins og nokkurra núverandi starfsmanna Listdansskóla Íslands. Þeir hyggjast setja á stofn skóla sem starfi samkvæmt námskrá og munu leita eftir samstarfi við skóla sem hyggjast bjóða upp á listnámsbraut eða listdans sem val. Slíkur skóli mundi vitanlega einnig bjóða upp á nám fyrir yngri nemendur og ég vonast til þess að sveitarfélögin veiti þessari starfsemi stuðning líkt og sum þeirra gera nú þegar.

[10:42]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er ekki bara undarlegt heldur hryggilegt að hlusta á hæstv. menntamálaráðherra koma hér upp með öll sín mál í klúðri. Þetta hófst í sumar, sennilega um mitt sumar, með því að rætt var við stjórnendur skólans. Það var ekki rætt við starfsmenn fyrr en um miðjan ágúst og þá fyrst fengu foreldrar barna og áhugamenn um listdans og listdansarar að vita að ráðherrann hafði fengið þá hugmynd og tekið ákvörðun samkvæmt henni um að leggja skólann niður. Hvað átti að taka við? Það var óljóst. Og það er enn þá jafnóljóst hvað á að taka við.

Nokkrir skólar hafa sett sig í samband við ráðherrann og ráðherrann hefur haft samband við nokkra starfsmenn Listdansskólans. Þetta er staðan núna í nóvember. Fjárveitingar á fjárlögum endast fram að áramótum og þá þarf nýtt að taka við. Hvar eru þær fjárveitingar í fjárlögum til framhaldsmenntunar? Þær eru hvergi, nema starfsmaður hæstv. menntamálaráðherra bendir á óljósan safnlið sem muni vera hægt að taka úr. Hvar á þessi listdanskennsla að fara fram? Enginn veit það. Menntaskólinn í Hamrahlíð, sagði ráðherrann í sumar. Ekkert hefur heyrst um það, af því að þar á að vera nýtt íþróttahús sem er svo vel fallið til að dansa ballett í. Verslunarskólinn hefur nú talað. Ekkert er ljóst um það og það sem hæstv. menntamálaráðherra gleymdi algerlega í ræðu sinni er að Listdansskólinn nær yfir ein 8–10 ár, 5–6 ár af þeim eru á grunnskólastigi. Það er auðvitað erfitt að skipta svona námi en þessi ár eru talin vera á grunnskólastigi. Hvað sagði menntamálaráðherrann um grunnskólastigið? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Hvers vegna gerði hún það ekki? Vegna þess að hún hefur ekkert rætt við sveitarfélögin um listdans í grunnskólunum.

Það er skrýtið að það eru ekki hagsmunir áhugamanna um listdansinn eða staða listdansins í samfélaginu sem knýja menntamálaráðherrann áfram í þessu máli. Það eru pólitískar kenjar, einkapólitískar kenjar. Það eru sjónarmið einhvers konar stjórnsýslu, hvað sé hagkvæmt og þægilegt í stjórnsýslunni og það eru sparnaðaráform, (Forseti hringir.) það eru sparnaðaráform með því að fleygja helmingnum af

þessu í sveitarfélögin án þess að tala við neinn og ætla sér að spara á hinum með því að borga bara fyrir þreyttar einingar (Forseti hringir.) eins og ráðherrann sagði sjálfur í sumar.

[10:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hinn 16. ágúst birtist sveit manna úr menntamálaráðuneytinu til að kynna starfsmönnum Listdansskólans á fyrsta starfsfundi eftir sumarfrí þá pólitísku einhliða ákvörðun menntamálaráðherra að leggja skólann niður. Þetta var tilkynning um pólitíska aftöku Listdansskóla Íslands. Ekkert samráð, engin umræða um hvað kynni að henda þá nemendur sem hugsanlega flosna upp frá námi, ekkert rætt um samskipti sem þróuð hafa verið við útlönd, ekkert samráð, bara valdboð.

Í máli hæstv. ráðherra kemur fram að hún telur sig hafa góðan málstað að verja. En hvers vegna þolir hann þá ekki umræðu við þá sem hafa sinnt þessum málum og hafa gert um langt árabil? Listdansskólinn, sem nú á að leggja niður, á að baki sér rúmlega hálfrar aldar sögu sem er samfléttuð sögu Þjóðleikhússins og annarra menningar- og listastofnana. Ef litið er til starfs skólans á undanförnum árum, hvernig hann hefur eflst og dafnað stóðu flestir í þeirri trú að hann ætti bjarta framtíð fyrir sér. Annað hefur komið á daginn.

Okkur er sagt að til standi að efla deild í listdansi við Listaháskólann en þar er vel að merkja um að ræða nám að lokinni grunn- og framhaldsskólakennslu en þeirri kennslu hefur Listdansskólinn hins vegar sinnt og má segja að í eiginlegum skilningi hafi hann verið vagga þessarar listgreinar. Rúmlega 150 nemendur eru þar á grunn- og framhaldsskólastigi. Nemendum hefur gefist kostur á að taka 40 einingar til stúdentsprófs. Reyndar er Listdansskólinn einnig viðurkenndur sem skóli á háskólastigi og hefði verið nær að efla hann, a.m.k. að ræða þann valkost að efla hann í stað þess að dreifa kröftunum. (Forseti hringir.) Ég hvet eindregið til þess að fallið verði frá þeirri ákvörðun að leggja niður Listdansskóla Íslands.

[10:47]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka þá umræðu sem hér á sér stað um málefni Listdansskóla Íslands. Eins og við höfum orðið vitni að á síðustu vikum hefur ákvörðun hæstv. menntamálaráðherra um breytingar á skipulagi listdanskennslu hlotið nokkra gagnrýni bæði hér á Alþingi og annars staðar.

Að mínu mati er sú gagnrýni sem haldið hefur verið á lofti gagnvart hæstv. menntamálaráðherra ekki sanngjörn. Því hefur verið haldið fram að með því að ráðast í þær breytingar sem boðaðar hafa verið og fela m.a. í sér að Listdansskóli Íslands verði lagður niður sé verið að ganga milli bols og höfuðs á slíku listnámi. Þetta er einfaldlega ekki rétt, virðulegi forseti, þó að ýmsir hv. þingmenn sem hér hafa talað kjósi að leggja málið upp á þann hátt. Fyrir mína parta fæ ég ekki betur séð en að ákvörðun hæstv. menntamálaráðherra sé skynsamleg. Með henni er ekki verið að grafa undan listdansnámi, síður en svo. Með henni er þvert á móti verið að treysta umgjörð listnáms og tryggja því þá viðurkenningu og þann sess sem það á skilið innan framhaldsskólastigsins hliðstætt því sem tíðkast um kennslu í öðrum listgreinum á framhaldsskólastigi. Við trúum því að slíkt fyrirkomulag sé til góðs fyrir þessa listgrein og jafnframt til hagsbóta fyrir þá nemendur og kennara sem hana stunda.

Þegar maður hlustar á þær umræður sem hér hafa farið fram hlýtur maður að spyrja sig hvers vegna sumir hv. þingmenn eru þeirrar skoðunar að þessi eina listgrein eigi að standa utan þess fyrirkomulags sem almennt hefur verið farið eftir í menntakerfi okkar. Sjálfur hefði ég haldið að með því að láta listdansinn, einan listgreina, standa utan kerfisins leiddi það til þess að hann yrði hornreka í menntakerfinu. Að slíkri þróun ætlum við sjálfstæðismenn ekki að standa.

Ég vil líka taka fram vegna þess sem hér hefur komið fram að þær hugmyndir sem hæstv. menntamálaráðherra hefur lagt fram eru ekki settar fram í sparnaðarskyni enda getur enginn hv. þingmaður (Gripið fram í.) bent á að í þeim felist áform um (Gripið fram í.) að verja minni útgjöldum til kennslu í listdansnámi. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr er það mín bjargfasta trú að hugmyndir hæstv. menntamálaráðherra um breytingar á skipulagi listdanskennslu muni efla þá listgrein en ekki veikja hana.

[10:50]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ákvörðun menntamálaráðherra um að leggja niður Listdansskóla Íslands voru pólitísk afglöp. Engin rök hafa komið fram til réttlætingar á þeim afglöpum. Það voru afglöp og vond ákvörðun sem var tekin út frá þröngum hagsmunum stjórnsýslunnar á kostnað listdanskennslunnar í landinu. Þar réð för pólitískur kverúlans Sjálfstæðisflokksins en ekki fagleg sjónarmið um öflugt nám. Ákvörðunin var þess vegna tekin án samráðs við fagaðila og þá sem best til þekkja. Áður en ákvörðunin var tekin átti að sjálfsögðu að tryggja listdanskennslu til næstu ára í samvinnu við fólkið í greininni, listdanskennslu á grunn- og framhaldsskólastigi þar sem samfella námsins er tryggð og fyrsta flokks aðstaða til að stunda þetta viðkvæma og sérstaka nám.

Listdansinn er nám sem krefst samfellu og samvinnu úrvalsnemenda þar sem hvatinn og hvatningin felst ekki síst í samneytinu við aðra nemendur og samkeppni þeirra í millum. Því á ekki að slíta skólann í sundur og dreifa kröftum og samfellu grunn- og framhaldsnámsins í listdansi. Það er í sjálfu sér fráleit ráðstöfun sé tekið mið af eðli námsins. Námið krefst sérhæfðrar æfingaaðstöðu og faglegrar kennslu þar sem aðstaða er sérhæfð og fyrst flokks.

Það var afleit ákvörðun hjá menntamálaráðherra að taka einhliða ákvörðun um að leggja niður skólann út frá hagsmunum stjórnsýslu og pragmatisma án nokkurs samráðs við hagsmuni listnámsins og þeim sem að því standa. Til dæmis var ekkert samráð haft við grunnskólann og sveitarfélögin í landinu. Núna mánuðum eftir að ákvörðunin var tekin er enn þá ekkert samráð haft við sveitarfélögin í landinu og það er fullkomlega með ólíkindum.

Þetta mál er allt ráðherranum til vansa og því ástæða til að nota þessa umræðu nú og þetta tækifæri til að skora á hæstv. menntamálaráðherra að falla frá þessari vondu ákvörðun og leiðrétta afglöpin.

[10:52]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Í áratugi hefur svo verið að í íslenskum framhaldsskólum hefur listnám verið af skornum skammti. Má því segja að nemendur sem farið hafa í gegnum framhaldsskóla hafi misst af því tækifæri að geta valið sér listgreinar með því almenna námi sem þeir hafa stundað. Ég tel að það sé skaði fyrir þá nemendur og fyrir samfélagið í heild sinni af því að hinn listræna þátt hefur mikið vantað inn í framhaldsskólann.

Ég túlka orð ráðherra og ákvörðun ráðherra svo og held að ekki sé hægt að túlka orð hæstv. ráðherra öðruvísi en að markmiðið sé að efla almennar listgreinar í hinum almenna framhaldsskóla landsins. (**ÖS:** En Listdansskólinn?) Ég sé ekki betur en að markmiðið sé það að gera listgreinum almennt hærra undir höfði í hinum almenna framhaldsskóla, (**KolH:** ... listamennirnir verða til.) ekki einungis í sérskólum. (**BjörgvS:** Með grunnskólunum.) Frú forseti, ef ég mætti halda áfram fyrir æsingi sem er hér. (**Gripið fram í:** Talaðu um Listdansskólann.) Ég túlka það svo að þetta sé markmiðið.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti biður hv. þingmenn um að gefa ræðumanni hljóð.)

Frú forseti. Það hefur gerst áður að skólar hafi verið sameinaðir og þarf ekki að fara mjög langt aftur í tímann þegar Tækniháskólinn og Háskólinn í Reykjavík voru sameinaðir. Þá heyrðust raddir, dómadagsraddir eins og hér hafa heyrst í dag um að það væri óheppileg ákvörðun. Það þarf ekki annað en að ræða við starfsfólk hins sameinaða skóla og nemendur þar til að heyra hversu ánægðir bæði nemendur og kennarar eru með þá ákvörðun. (Gripið fram í.) Þeir telja að sú sameining hafi einungis leitt gott af sér og þar ríki almenn ánægja.

Ég tel meginatriðið í þessu, frú forseti, vera þá yfirlýsingu hæstv. ráðherra að hér á ekki að spara. Í öðru lagi tel ég (Gripið fram í.) að það skipti miklu máli að tryggja og vista skólann á öruggum stað þar sem meginmarkmiðunum er haldið. Það tel ég skipta meginmáli. (Gripið fram í.) Og það sem skiptir máli, frú forseti, er að það á að opna tækifæri fyrir aðra framhaldsskóla að taka upp og efla listnám sem hefur skort. (Forseti hringir.) Á það þurfum við að horfa og ber að fagna. (**ÖJ:** Vesalings Framsókn.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti biður hv. þingmenn um að gefa ræðumönnum hljóð í þessari umræðu.)

[10:54]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Þetta er alveg með eindæmum. Það sem komið hefur fram í umræðunni er það að hæstv. menntamálaráðherra ætlar að leggja niður Listdansskóla Íslands af því að hann passar ekki inn í kerfið hennar, hann passar ekki inn í kerfið grunnskóli/framhaldsskóli.

Hæstv. menntamálaráðherra talar af fullkominni fákunnáttu um málið. Listdansskóli Íslands er að ala upp listamenn í listdansi sem lúta öðrum lögmálum en aðrir listamenn í sjálfu sér, eins og ég rakti í máli mínu, af því að þeir þurfa að hefja nám sitt mjög ungir og þurfa gríðarlegan tíma til að stunda listgrein sína. Og auðvitað fá þeir ekki nema lítið brot af því metið til eininga til stúdentsprófs. Hæstv. ráðherra talar af fákunnáttu. Það gerir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, líka.

Sannleikurinn er þessi, svo ég fái að vitna til lesendabréfs sem birtist í Morgunblaðinu um daginn, skrifað af Ragnheiði Gestsdóttur, með leyfi forseta, en hún sagði:

„Við stingum ekki upp rósarunnann sem blómstrar svo fallega við suðurvegginn og færum hann norður fyrir hús, bara til að athuga hvort hann lifi það af. Það er ekki skynsamleg garðyrkja."

Þetta er mergurinn málsins, frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra er að fremja afglöp. Hún hefur ekki haft samráð þó að hún segi það. Hún segir að þetta sé ekki í sparnaðarskyni en hvar eru fjármunirnir? Ekki eru þeir í fjárlagafrumvarpinu.

Hæstv. ráðherra hefur svarað hér út í hött og hún hefur sýnt og sannað að hún ber ekki hag listgreinarinnar fyrir brjósti með þessum aðgerðum sínum, heldur flokkspólitíska hagsmuni sína um einkavæðingu og einhvern ímyndaðan niðurskurð ríkisútgjalda. Ég segi við hæstv. menntamálaráðherra: Góða skemmtun á frumsýningunni í kvöld hjá Íslenska dansflokknum sem er að frumsýna frábært verk í Borgarleikhúsinu. Ég geri ráð fyrir að hún verði þar.

[10:56]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka enn og aftur að með þessari ákvörðun er ekki verið að vega að kennslu í listdansi heldur er verið að færa kennslu í listdansi í sama horf og annað listnám í landinu. (**KolH:** Hvaða ...) Verið er að gera umhverfi þess þannig að hver listgrein, hver og ein fái að njóta sín eins og frekast er unnt og við verðum að byggja upp þannig kerfi að hver og ein listgrein í skjóli þeirrar sérstöðu sem hún hefur, eins og listdansinn, eins og tónlistin, og fleiri (Gripið fram í.) merkilegar listgreinar fái að njóta sín innan þess ramma sem við höfum mótað og skapað á undanförnum árum. Ríkið rekur heldur ekki skóla á öðrum sviðum listnáms á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Ríkið rekur ekki tónlistarskóla og ríkið rekur t.d. ekki myndlistarskóla svo dæmi séu tekin.

Það er ekki verið að draga úr fjárhagslegum stuðningi við nám í listdansi eða við listdansinn almennt, þvert á móti, og ég bið menn að athuga fjárlögin. Á þessu ári er gert ráð fyrir aukningu á framlagi til okkar frábæra Íslenska dansflokks. Þýðir það að ég vilji listdansinum allt til foráttu? (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu ekki. Ég hef heimilað Listaháskóla Íslands að setja af stað listdansnám á háskólastigi. Þýðir það að ég vilji vera listdansinum þrándur í götu? Að sjálfsögðu ekki. Og auðvitað verður að horfa á þetta heildrænt. Með þeim breytingum sem verið er að framkvæma er verið að reyna að efla og styrkja umgjörðina í kringum listdansinn sem og aðrar listgreinar innan framhaldsskólastigsins.

Hins vegar verða stjórnmálamenn að sjálfsögðu að þora

að gera breytingar á ríkjandi fyrirkomulagi ef þeir eru sannfærðir um að slíkar breytingar muni verða til farsældar fyrir viðkomandi listgrein til frambúðar þrátt fyrir tímabundin óþægindi. (Gripið fram í.) Menn þurfa stundum að þora. (Gripið fram í.) Ljóst er að það þurfti að fara í ákveðnar breytingar, m.a. út frá þróun í skólastarfi og skólakerfinu á umliðnum árum. Ég er sannfærð um, virðulegur forseti, að þær breytingar sem verið er að gera á listdansnáminu muni leiða til þess að aukið jafnræði verði milli listgreina og að grunn- og framhaldsskólanám í listdansi verði áfram jafnöflugt (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) og áður. (**Gripið fram í:** ... Ertu búin að því?)

[10:59]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill taka fram að það er algjörlega ófært að hv. þingmenn séu með frammíköll þegar fram fer umræða utan dagskrár sem þeir hafa sjálfir óskað eftir.

Bensíngjald og olíugjald, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 30. mál (tímabundin lækkun gjalds). — Þskj. 30.

[10:59]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga á þskj. 30, um breytingu á lagaákvæðum sem varða bensíngjald og olíugjald. Flutningsmenn ásamt mér eru Kristján L Möller, Einar Már Sigurðarson, Jón Gunnarsson, Rannveig Guðmundsdóttir og Valdimar L. Friðriksson.

Með þessu frumvarpi er lagt til að bensín- og olíulítrinn lækki tímabundið um 5 kr. Lögð er til 4 kr. tímabundin lækkun á almennu vörugjaldi af bensíni þannig að það lækki úr 9,28 kr. í 5,28 kr. Auk þess er lögð til sama lækkun á olíugjaldinu þannig að það lækki úr 41 kr. í 37 kr., en olíugjaldið var lækkað tímabundið 1. júlí 2005 til 31. desember 2005 úr 45 kr. í 41 kr.

Með breytingunni mundi útsöluverð á bensíni og olíu lækka um tæpar 5 kr. þegar virðisaukaskattur hefur verið lagður á eða um 9–10%. Lagt er til að lækkunin verði tímabundin frá 1. nóvember næstkomandi til loka mars 2006 eða í fimm mánuði.

Sú leið sem hér er lögð til er hin sama og ríkisstjórnin fór árið 2002 með þeim rökstuðningi að áhrif hækkunar á bensínverði væri umtalsverð og gæti stofnað verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu. Sömu rökum teflum við fram núna er við mælum fyrir breytingunni um tímabundna lækkun á bensíni og olíu.

Við vitum að í vísitölunni hefur húsnæðisverð og eldsneytisverð vegið mjög þungt. Þetta gæti því haft veruleg áhrif á vísitöluna. Verðlagsáhrifin af því að lækka verð á bensíni og dísilolíu eru 0,2% í vísitölunni en eldsneytið vó um 5,3% af vísitölugrunninum í september. Slík breyting á vísitölunni hefði jákvæð áhrif þegar áhrifin á kjarasamninga eru metin. En það stendur einmitt yfir þessa dagana, virðulegi forseti.

Verðbólgan er nú meira en 4% og er komin yfir efri vikmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabankans. Fram hefur komið hjá ASÍ að líkur á að forsendur kjarasamninga haldi í nóvember séu hverfandi. Við undirskrift kjarasamninga á fyrri hluta ársins 2004 var verðbólgan 1,8% og var við það miðað að hún yrði sem næst 2,5% á samningstímanum. FÍB hefur áætlað að eldsneytisútgjöld almennings í landinu aukist um tvo milljarða kr. á heilu ári miðað við verðþróunina á heimsmarkaði frá síðustu áramótum.

Bensínlítrinn hefur hækkað gífurlega frá því að ríkisstjórnin beitti sér fyrir tímabundinni lækkun á bensíni vegna kjarasamninga um mitt ár 2002. Frá þeim tíma eða frá júlí 2002 til september 2005 hefur útsöluverðið á bensínlítra án afsláttar hækkað úr 97 kr. í 121,50 kr. eða um 25%. En frá því að þetta var skoðað, í septembermánuði, hefur orðið nokkur lækkun á bensíni sem ég mun fara yfir á eftir, þ.e. bensínlítrinn hefur lækkað úr 115 kr. í 108 kr. Það er athyglisvert að svo virðist sem olíufélögin séu ekki að lækka álagningu á bensíni með þjónustu í samræmi við meðalálagningu á árinu. Álagningin á bensíni með þjónustu er tæplega tveimur krónum yfir meðalálagi fyrstu níu mánuði ársins.

Það er eðlilegt að skoða hvaða áhrif það hefur á tekjur ríkissjóðs að lækka tímabundið álögur ríkissjóðs á bensín. Tekjutap ríkisins vegna lækkunar á bensíngjaldi, ásamt lækkun á virðisaukaskattstekjum, yrði um 378 millj. kr. og tekjutap vegna lækkunar á olíugjaldinu um 166 millj. kr. eða samtals rúmar 544 millj. kr. á gildistímanum sem frumvarpið kveður á um.

Á móti má nefna að árlegar virðisaukaskattstekjur ríkissjóðs sem rekja má beint til hækkunar á heimsmarkaðsverði hafa aukist stórlega. Samanburður á heimsmarkaðsverði á bensíni í september 2005 og heimsmarkaðsverði á árunum 2003 og 2004 leiðir í ljós að virðisaukaskattstekjur ríkissjóðs aukast um yfir 600 millj. kr. á einu ári haldist þetta háa heimsmarkaðsverð. En eins og ég nefndi áðan hefur verðið aðeins lækkað þannig að þær tölur sem settar voru á blað er þetta frumvarp var samið í september síðastliðnum gætu hafa breyst. Einnig er ljóst að áætlanir um tekjur ríkissjóðs af olíugjaldinu eru vanmetnar. Tekjuforsendur hafa verið miðaðar við 81 milljónir lítra en áætla má að magn dísilolíu sé meira en tekjuforsendur fjárlaga miða við. En misvísandi upplýsingar hafa komið fram um selt magn af dísilolíu sem ber olíugjald. Því ætti tímabundin lækkun á dísilolíu ekki að hafa áhrif á fé til vegamála og lækkun á almenna bensíngjaldinu hefur ekki áhrif til skerðingar á vegafé. Ég tel mikilvægt að halda því til haga.

Eins og ég nefndi áðan hefur orðið nokkur lækkun á bensínverði, sem betur fer. Ég tel ástæðu til þess að skoða þá í því samhengi og velta fyrir sér hvort ætla megi að lækkunin á undanförnum vikum haldi eitthvað áfram. Í því sambandi vil ég vitna í nýja skýrslu Seðlabankans um peningamál. Þar er komið inn á þetta, virðulegi forseti. Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna í þann kafla í Peningamálum Seðlabankans sem fjallar um ytri skilyrði, horfur og hagvexti í heiminum og spá þeirra varðandi hækkun á olíuverði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hækkun hráolíuverðs á seinni hluta þessa árs gæti þó veikt útkomuna verulega. Hráolíuverð hefur aldrei verið hærra að nafnvirði en það var í kjölfar fellibylsins Katrínar

og þrátt fyrir að hafa lækkað eitthvað er það um 60% hærra en það var að meðaltali árið 2004. Ótryggt ástand í Miðausturlöndum og ótti um að ekki takist að auka framleiðslu sem nemur vexti eftirspurnar olli hækkunum á olíuverði í ágúst. Sá ótti magnaðist eftir að fellibylurinn Katrín olli því að framleiðsla stöðvaðist við Mexíkóflóa. Þótt framleiðslan liggi aðeins niðri tímabundið munu áhrif þess á olíuverð væntanlega vara um nokkurt skeið. Verð hefur þó lækkað frá methæðum skömmu eftir að fellibylurinn gekk yfir þar sem ýmsar þjóðir hófu að ganga á birgðir sínar og juku þar með framboð. Eftirspurn mun líklega verða meiri á næsta ári en áður var spáð, þegar þau ríki sem nú hafa minnkað birgðir sínar fara að auka þær á ný. Því mun olíuverð líklega haldast hátt um nokkurt skeið."

Ég ítreka þetta, virðulegi forseti, að þetta er mat Seðlabanka: „Því mun olíuverð líklega haldast hátt um nokkurt skeið."

Áfram segir í þessu hefti Peningamála, með leyfi forseta:

„Framvirkir samningar gefa til kynna að olíuverð muni hækka örlítið frá núverandi verði út árið og halda áfram að hækka í byrjun næsta árs ... Bensínverð hefur fylgt hækkun olíuverðs eftir en ekki lækkað alveg jafnmikið nú í september. Það er um þessar mundir 65% hærra en að meðaltali á árinu 2004."

Þannig að ef menn halda að þær lækkanir sem orðið hafa muni haldast áfram, þ.e. eldsneytisverð lækka meira, þá er það ekki mat Seðlabankans. Þeir spá að olíuverð muni haldast hátt. Þeir meta það svo að olíuverð muni hækka út árið og halda áfram að hækka í byrjun næsta árs. Við gerum ráð fyrir að lækkunin sem hér um ræðir standi fimm mánuði, þ.e. tímabilið fram í mars á næsta ári. Nú erum við náttúrlega komin inn í nóvembermánuð. Áformað var að þetta frumvarp tæki gildi 1. nóvember, sem ekki verður, þannig að efnahags- og viðskiptanefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, þarf að skoða málið í því ljósi og horfa m.a. til ytri skilyrða sem Seðlabankinn hefur lagt mat á varðandi þróunina á olíuverði.

Virðulegi forseti. Í frumvarpi okkar er gert ráð fyrir að þegar gildistíma lækkunarinnar ljúki, í marslok á næsta ári, þurfi að meta hvort ástæða sé til að framlengja hana með tilliti til heimsmarkaðsverðs. Einnig væri eðlilegt að athuga að yrði að stytta gildistímann ef heimsmarkaðsverðið lækkaði verulega og bensínlítrinn færi t.d. í um 20 kr., sem var meðalverð á heimsmarkaði á síðasta ári.

Í útreikningum sem ég hef fengið kemur fram að þrátt fyrir þá lækkun sem nú hefur orðið á innkaupsverði, úr 32,93 niður í 27,44 kr. í októbermánuði, þá hefur, samkvæmt þeim tölum sem ná aftur til ársins 1996, verið jafnhátt innkaupsverð á bensíni og ég nefndi hér. Það sem næst því kemur er í maímánuði 2001, eingöngu í þeim mánuði fór verðið í 27,30 kr. Þegar litið er á meðalverð ársins, eins og staðan er nú, með þeirri lækkun sem orðið hefur í október erum við samt enn þá í 25,50 kr. Sé litið til meðaltals síðustu sex mánaða erum við enn í 28,25 kr. í innkaupsverði. Við miðum við að ástæða sé til þess að skoða það að stytta gildistímann ef bensínlítrinn færi t.d. í um 20 kr., sem var meðalverð á heimsmarkaði á þá öllu síðasta ári. Forsendur fyrir því að halda þessu máli áfram, þrátt fyrir lækkun undanfarið, eru að fullu til staðar. Hef ég þar vitnað í þróunina eins og hún hefur verið á nokkrum umliðnum árum og í spá sem Seðlabankinn hefur sett fram varðandi bensínverðið.

Það er út af fyrir sig, virðulegi forseti, ekki ástæða til að hafa mikið lengri framsögu um þetta mál. Ég vil þó nefna í lokin að heildarskatttekjur ríkisins af bílum og umferð fara yfir 40 milljarða kr. á þessu ári en voru 31 milljarður kr. á síðasta ári. Hér er um að ræða 30% aukningu á tekjum ríkissjóðs af bílum en um helmingur heildarskatttekna ríkisins af bílum er vegna notkunar og um helmingur vegna bílakaupa. Bensínreikningur einnar fjölskyldu á ári er áætlaður 400 þús. kr. og hefur hækkað verulega á þessu ári. Ástæða er til að nefna einnig að 60% af verði hvers bensínlítra fer í skatta, þ.e. almennt vörugjald, sérstakt vörugjald og virðisaukaskatt. Hækkun á bensíni kemur mjög við pyngju heimilanna og það er ekki eðlilegt, virðulegi forseti, að ríkissjóður hagnist verulega á þeim miklu sveiflum sem verða á heimsmarkaðsverði, m.a. vegna fellibylja, eins og ég nefndi áðan. Manni finnst óeðlilegt að hækka þurfi bensínreikning heimila og fyrirtækja þegar svo er.

Ég vil taka fram, af því að ég hef líka látið skoða það miðað við þá lækkun sem orðið hefur á bensínverðinu, hvert eldsneytisverð er í Evrópulöndum. Þar trónir Ísland á toppnum með langhæsta verðið á bensínlítranum. Það voru 113 kr. þegar þetta var tekið út, miðað við 10. okt. 2005. Ég held að þetta séu 30 lönd en af þeim er Ísland í fyrsta sæti hvað varðar hátt eldsneytisverð. Næst kemur Holland með rúmlega 109 kr. Í þriðja sæti er Belgía með 103 kr. og Noregur með 102 kr. Allar aðrar þjóðir eru undir hundraðkallinum og hjá mörgum kostar bensínlítrinn á milli 70 og 80 kr. En við erum, eftir þessa lækkun, í um 113 kr. Þetta er umhugsunarvert, að ríkissjóður skuli taka svona mikið til sín í gjöld og álögur af bensíni. Það vegur þungt í kjörum og afkomu heimilanna, hefur mikil áhrif á vísitöluna og þar með verðbólguna.

Ég vil halda því til haga í lokin að yfir 13 þúsund einstaklingar hafa skrifað undir áskorun FÍB um lækkun á eldsneytissköttum. Ég held að það hafi verið í ágústmánuði. Þar var skorað á stjórnvöld að draga úr verðáhrifum þeirrar neikvæðu þróunar sem átt hefur sér stað á heimsmarkaði á umliðnum mánuðum. FÍB hefur jafnframt bent á að á þessu ári verður einungis 13 milljörðum kr. varið til vegagerðar af 40 milljarða kr. heildartekjum ríkisins af bílasköttum.

Ég læt þá máli mínu lokið, virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að efnahags- og viðskiptanefnd fjalli skjótt um þetta mál og taki það fljótt til efnislegrar meðferðar og afgreiðslu. Ég tel að þessar aðgerðir gætu haft veruleg jákvæð áhrif í þeim viðkvæmu umræðum sem fara nú fram varðandi kjarasamninga. Verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins eru að meta það hvort ástæða sé til að segja kjarasamningunum upp. Ég hef getið um verðlagsáhrifin af því að lækka þetta tímabundið þannig að mér virðast öll rök mæla með því að þessi leið verði farin nú. Ég ítreka að ríkisstjórnin valdi á árinu 2002 að lækka tímabundið almennt vörugjald með þeim rökstuðningi að áhrif hækkunar á bensínverði, sem var þá umtalsverð, gæti stofnað verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari um-

ræðu verði frumvarpinu vísað til 2. umr. og efnahags- og viðskiptanefndar.

[11:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður talar um að bensínverð hafi hækkað um allan heim og það þurfi að lækka gjöld ríkisins á bensín og olíu. Nú er það svo að gjöld ríkisins á bensíni og olíu eru krónutala sem með virðisaukaskatti er áfram krónutala og hefur ekkert hækkað. Hlutur ríkissjóðs í olíuverði hefur stöðugt verið að falla hlutfallslega undanfarna mánuði þegar hækkunin verður erlendis. Skattlagning ríkissjóðs vinnur þannig mjög mikið á móti þeim sveiflum sem verða á olíuverði.

Svo er það annað. Sú hækkun sem er á olíuverði, líklega varanlega eins og Seðlabankinn bendir á, er vegna þess að neyslan hefur stóraukist í tveimur fjölmennustu löndum heims, Indlandi og Kína. Ég sé ekki að sá þáttur muni nokkuð stöðvast. Hv. þingmaður er að leggja það til að niðurgreiða þá takmörkuðu auðlind sem olían er af hendi ríkissjóðs, lækka verðið á Íslandi til að mæta aukinni notkun í Kína og á Indlandi. Ég tel það mjög varasamt.

Svo vil ég líka spyrja hv. þingmann hvort hann horfi ekki til umhverfissjónarmiða — það má líta á skattlagningu íslenska ríkisins á olíu og bensín sem eins konar mengunarskatt — og hvort hann ætli að fara að lækka mengunarskattinn í þeirri stöðu sem er á jörðinni í dag, alla vega í hugum þeirra sem trúa á koldíoxíðmengunina og hitnun jarðar.

[11:20]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur formaður efnahags- og viðskiptanefndar talað en sú nefnd fær málið til umsagnar. Það hlýtur að draga úr von þeirra sem hlýða á ræðu hv. þingmanns um að þetta mál nái fram að ganga. Í staðinn fyrir að hv. þingmaður reyni að tala þetta mál niður finnst mér að það eigi að fara í efnislegar rökræður um það í efnahags- og viðskiptanefnd og sjá hvort við náum ekki samkomulagi. Og þá væri fróðlegt að vita hvort hv. þingmaður, sem greinilega finnst allt í lagi að við séum með hátt bensínverð og vitnar þar til mengunar- og umhverfissjónarmiða, er stoltur af því að Ísland tróni í fyrsta sæti með hæsta eldsneytisverð í Evrópu og langt yfir aðrar þjóðir sem flestar eru undir hundraðkallinum og mjög margar á milli 70 og 80 kr. Mér finnst að hv. þingmaður eigi að skoða málið í því ljósi. Þó að vissulega eigi að horfa til umhverfis- og mengunarsjónarmiða í öllum málum sem þau snerta þá erum við bara komin allt of hátt, virðulegi forseti, í því að hala inn í ríkiskassann fjármagn af eldsneyti.

Það er ekki hægt að mæla á móti því að skatttekjur ríkissjóðs hafa verið að aukast verulega vegna hækkunar á heimsmarkaðsverði. Útreikningar sýna að á heilu ári, miðað við stöðuna eins og hún var í september, þó hún hafi aðeins breyst núna, erum við að tala um að 600 millj. fari í ríkiskassann miðað við að heimsmarkaðsverði verið áfram hátt og ég heyri að hv. þingmaður er sammála mér um það að verðið á bensíni og olíu verði áfram hátt.

[11:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var ekki að lýsa sérstaklega afstöðu minni til þessa máls heldur var ég að spyrja hv. þingmann og benda á ýmis rök sem mæla gegn því að þetta yrði tekið upp.

Það er ekkert allt í lagi að hafa háa skatta. Ég er síðasti maðurinn til að taka undir það. En skattar á olíu og bensín hafa verið notaðir til vegagerðar á Íslandi og við höfum gert stórátak í okkar dreifbýla landi í því að leggja vegi og það kostar mikið. Það skýrir hve skattarnir eru háir. En þeim var breytt árið 1999 í fasta krónutölu. Bensínverð væri núna sennilega 10–15 kr. hærra ef það hefði ekki verið gert að frumkvæði þáv. hæstv. fjármálaráðherra, þannig að ríkissjóður tekur fasta krónutölu af bensínverðinu. Það sem hækkar er eingöngu hækkunin á heimsmarkaðsverði og ég veit ekki hvort það telst skynsamlegt, frú forseti, að við Íslendingar förum að niðurgreiða þá hækkun. Ég tel það ekki skynsamlegt af því að þetta er takmörkuð auðlind, í hugum sumra alla vega, og hátt verð á að endurspegla það að hún sé takmörkuð og það á að draga úr notkuninni.

Varðandi það að þetta komi inn í kjarasamninga og annað slíkt, þá er það rétt. En ég hygg að þeir aðilar sem þar sitja og véla um samninga muni að sjálfsögðu líta til þess að þessi þáttur verðlagsins er vegna þess að eftirspurn eftir olíu hefur vaxið á Indlandi og í Kína og muni ekki krefjast launahækkana eingöngu á grundvelli þess.

[11:24]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég man ekki eftir að hafa heyrt þessi rök frá hv. þingmanni þegar ríkisstjórnin lagði sjálf til þessa leið á árinu 2002 einmitt með sömu rökum og við teflum fram, þeim rökum að þetta getur verið verulega jákvætt innlegg inn í kjarasamninga, en nú er verið að ræða að þeir séu jafnvel að bresta og ég veit ekki betur en hv. þingmaður hafi þá stutt þá leið að fara í tímabundna niðurgreiðslu eins og þingmaðurinn orðar það. (**PHB:** Hvað ertu að tala um?) Hv. þingmaður hefur greinilega ekki lesið frumvarpið. Við erum að tala um að gera þetta einungis tímabundið í fimm mánuði til þess að hafa áhrif á vísitöluna og þá verði staðan metin með tilliti til heimsmarkaðsverðs. Við erum ekkert að tala um varanlega hækkun heldur er hún einungis hugsuð í sama tilgangi og ríkisstjórnin sjálf og hv. þingmaður gerði á sínum tíma á árinu 2002 að þetta væri jákvætt innlegg í kjarasamningana. Ríkisstjórnin sagði einmitt þá að þar sem bensínverðið hefði hækkað umtalsvert þá gæti það stofnað verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu. Þetta var á árinu 2002 og það eru nákvæmlega sömu rök uppi í málinu núna. Ég bið hv. þingmann að hafa það í huga að við erum einungis að leggja þetta til tímabundið í fimm mánuði.

Af því að hv. þingmaður nefndi að þetta væri líka jákvætt af því að þessar tekjur rynnu til vegagerðar þá verður þingmaðurinn að átta sig á því að einungis 13 milljarðar af 40 milljarða heildartekjum ríkissjóðs fara til vegagerðar þegar um er að ræða bílaskatta. Þessir heildarskattar ríkissjóðs hafa hækkað milli ára um 10 milljarða kr. Mér finnst að hv. þingmaður, sem er talnaglöggur, ætti að skoða allar tölurnar í kringum þetta og það er ábyggilega athyglisvert

fyrir þjóðina að heyra Pétur Blöndal, sem talar fyrir skattalækkunum, mæla með skattahækkunum vegna þess að þetta eru ekkert annað en skattahækkanir sem staðið er fyrir nú að því er varðar afkomu almennings.

[11:26]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem varða bensín- og olíugjald. Á mannamáli þýðir þetta að við, nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar, leggjum fram frumvarp til laga um það að tímabundið verði ráðist í aðgerðir sem komi til með að lækka verð á olíu og bensíni um 5 kr. á lítrann meðan við horfum fram á hið háa heimsmarkaðsverð á þessu eldsneyti.

Ég verð að segja að það kom mér svolítið á óvart að hlusta á andsvör hv. þm. Péturs Blöndals við ræðu hv. 1. flutningsmanns, Jóhönnu Sigurðardóttur. Þar gerði hv. þm. Pétur Blöndal mikið úr því að skattur ríkisins á þetta eldsneyti væri föst krónutala og það er alveg rétt ef við horfum á þessi gjöld en ekki á virðisaukaskattinn. En mér heyrðist hv. þingmaður vera að segja að það mætti ekki bregðast við háu olíuverði á heimsmarkaði með því að lækka þessa krónutölu eða álögur ríkisins tímabundið á meðan við horfum upp á hina miklu hækkun á eldsneyti, hann talaði um að við mættum ekki falla í þá gryfju að fara að niðurgreiða hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu og bensíni. Mér finnst þetta alveg ótrúlegur skilningur á því sem hér er verið að ræða, einfaldlega vegna þess að það er ekki verið að tala um að niðurgreiða neinar hækkanir á olíu og bensíni. Það er verið að tala um að minnka tímabundið skattheimtu ríkisins til að mæta þeim miklu hækkunum sem við horfum upp á.

Eldsneytisverð hefur hækkað geysilega og því miður virðist líta út fyrir að sú hækkun verði ekki tímabundin. Hún gæti orðið varanleg. Það veit þó enginn enn þá og við, þingmenn Samfylkingarinnar, sem stöndum að þessu frumvarpi til laga, erum einfaldlega að segja: Tökum mesta sársaukann úr þessari miklu hækkun á olíuverði á heimsmarkaði og gefum okkur tíma til að komast að því hvort hér er um varanlega hækkun að ræða eða hvort hún er tímabundin. Tökum aðeins á með bíleigendum og fólkinu í landinu og léttum aðeins þá sáru nauð sem hið háa olíu- og bensínverð er fyrir hvern og einn.

Við viljum sem sagt bregðast við. Við viljum ekki bara sitja og horfa á þetta og segja: Ja, ríkissjóður er þvílíkt skrímsli og þvílíkt tröll að það er ekki hægt að hnika þeim sjóði úr sporunum jafnvel þó að upp komi aðstæður sem enginn sá fyrir, jafnvel þó að upp komi aðstæður sem þýða að skattgreiðendur þessa lands borgi meira í skatta og gjöld en þeir annars hefðu gert.

Það vill svo til, frú forseti, að bíleigendur og þeir sem ferðast um þjóðvegi landsins eru að verða einn skattpíndasti hópur á Íslandi. Það virðist vera sem embættismönnum eða stjórnmálamönnum sem ráða sköttum og gjöldum detti í raun afskaplega fátt í hug annað en að gráupplagt sé að hækka aðeins gjöldin á þessa aumingja sem eiga bíla og nota þá til að komast á milli staða. Þessi hópur er í rauninni enginn annar en landsmenn allir, allir fullorðnir einstaklingar á Íslandi sem greiða skatta, langflestir þeirra eru líka bíleigendur. Við sjáum það þegar við komum í fjölbrautaskóla og framhaldsskóla landsins að unga fólkið þar, 17 ára og eldra, er meira og minna allt saman komið á einkabíl og verið er að skattpína þann hóp ekki síður en þá sem eldri eru.

Að okkar viti þurfum við að skoða allar færar leiðir til að hafa áhrif á vísitölu neysluverðs um þessar mundir. Hvað segja talsmenn ríkisstjórnarinnar þegar talað er um verðbólgu? Hvað segja talsmenn ríkisstjórnarinnar þegar talað er um vísitölu neysluverðs? Jú, þeir segja: Það er engin verðbólga á Íslandi ef við lítum fram hjá tvennu, hækkun húsnæðisverðs og hækkun olíuverðs. En það vill nú þannig til að fyrir alla þá sem hafa tekið lán, og ég vil minna á að heimilin á Íslandi eru með þeim skuldugustu í heimi og uppistaðan af þeim lánum eru verðtryggð, að einmitt þessi hækkun á olíuverði og húsnæðisverði hefur lyft vísitölu neysluverðs verulega hratt upp undanfarið, sem þýðir einfaldlega að lán hjá fólki hækka á sama tíma vegna hækkunar olíuverðs og íbúðaverðs. Ég tel það skyldu okkar að reyna að bregðast við á einhvern mögulegan hátt. Þarna eigum við möguleika. Ríkið er að skattpína bíleigendur. Ríkið leggur há gjöld á olíu og bensín. Við getum brugðist við tímabundið ef við viljum og lagt í aðgerðir eins og þær sem hér er verið að leggja til, að lækka þessi gjöld um 5 kr. á lítra meðan þetta gengur yfir.

Mér þykir sárt að horfa upp á þetta meðvitundarleysi stjórnvalda sem yppa öxlum og segja: Ja, þetta er bara að hækka, heimsmarkaðsverð er að hækka. Við heyrðum hv. þm. Pétur Blöndal koma í pontu áðan og segja: Þetta er eitthvað sem við ráðum ekkert við. En við ráðum við verðið hér, á Íslandi, og getum haft áhrif á hvert endanlegt útsöluverð til neytenda verður.

Hv. þm. Pétur Blöndal sagði líka í andsvari að bílaskattarnir gengju nú til vegamála þannig að við yrðum að hafa einhverja peninga í það. Einnig var bent á það í andsvari að heildarskattar á bíleigendur og umferð eru um 40 milljarðar kr. á ári. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2006 segir að í stofnkostnað og viðhald á árinu 2006 eigi að fara 10,3 milljarðar. Þetta voru 13 milljarðar á árinu 2004 en á árinu 2006 eiga samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar að fara í viðhald og stofnkostnað á þjóðvegakerfi landsins 10,3 milljarðar. Breyting frá ríkisreikningi árið 2004 er 21% lækkun á sama tíma og öll þessi gjöld eru að rjúka upp. Er ekki í lagi að koma til móts við þá sem nota þessi mannvirki fyrst ekki er verið að leggja meira til viðhalds og stofnkostnaðar á árinu 2006 og lækka aðeins það sem menn greiða?

Það vill þannig til, eins og bent hefur verið á áður í umræðunni, að hæstv. ríkisstjórn hefur farið áður þá leið sem við erum að leggja til. Einmitt vegna þess að um var að ræða verulega hækkun á eldsneytisverði fór ríkisstjórnin þá leið að lækka krónutöluna á lítra til að ná þessu aðeins niður tímabundið. Ég held að allir hafi verið mjög sáttir við þá aðgerð og hún hafi komið öllum vel sem þurfa á því að halda að kaupa bensín eða olíu.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2006 er talsverður kafli um vörugjald af bensíni, olíugjald og kílómetragjald. Þar segir að í forsendum frumvarpsins sé gert ráð fyrir því að olíugjaldið á hvern dísillítra hækki úr 41 kr., sem það er í dag, í 45 kr. frá og með 1. janúar 2006. Við erum því ekki

að öllu óbreyttu að tala um 41 kr. sem við viljum lækka í 37 kr. heldur ætlar ríkið 1. janúar 2006 að hækka aftur úr 41 kr. í 45 kr., burt séð frá því hvert olíuverðið verður.

Það er annað sem kemur fram í skýringum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006. Ég ætla að leyfa mér að lesa það, með leyfi forseta. Þar segir:

„Í tengslum við lögfestingu tímabundinnar lækkunar olíugjalds var tekið fram að bensíngjald, olíugjald og kílómetragjald kynnu að verða stillt frekar af innbyrðis áður en gildistími tímabundinnar lækkunar olíugjalds rennur út um næstu áramót, þó þannig að miðað væri við að tekjur ríkissjóðs héldust þær sömu og samkvæmt eldra kerfi. Áætlaðar tekjur af bensíngjaldi, olíugjaldi og kílómetragjaldi gætu því breyst innbyrðis."

Hvað er ríkisstjórnin að segja okkur með þessu í sínu eigin fjárlagafrumvarpi? Jú, að hægt sé að hreyfa þessa hluti til, það sé engin goðgá að hreyfa þessa hluti til. Reyndar segir hún hér: Við verðum að gera þetta innbyrðis þannig að heildartekjur ríkissjóðs vegna þessa lækki ekki.

Gott og vel. Þarf þá ekki að skoða hvort líklegt sé að sú áætlun sem gerð er um tekjur ríkissjóðs af þessum liðum standist fyrir árin 2005 og 2006 eða hvort gera megi ráð fyrir að tekjurnar gætu kannski orðið meiri en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaga? Þegar maður skoðar slíka hluti getur maður í raun ekki gert neitt annað, frú forseti, en að fara í söguna og velta fyrir sér hvernig þessi gjöld hafa verið að þróast og hvers má vænta miðað við aðstæður eins og þær eru núna á Íslandi.

Það er nefnilega þannig að í tíð núverandi ríkisstjórnar, sérstaklega síðustu þrjú, fjögur ár, virðist það vera lenska í fjárlagagerð að vanáætla tekjur verulega. Tekjur hafa alltaf aukist verulega frá fjárlögum, tekjur hafa meira að segja aukist frá lokafjárlögum þangað til komið er í ríkisreikning.

Ef við horfum á skatta af vöru og þjónustu og öll þau gjöld sem við erum að tala um hér eru innan þess flokks í fjárlögunum, þá voru skattar af vöru og þjónustu fyrir árið 2005 áætlaðir í fjárlögunum 148,7 milljarðar kr. Niðurstaðan á þessu ári samkvæmt nýjustu áætlun fjármálaráðuneytisins er að þessar tekjur verði 158,1 milljarður kr. Með öðrum orðum, tekjur af sköttum af vöru og þjónustu fyrir árið 2005 verða 10 milljörðum kr. hærri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Er þá ekki svolítið svigrúm, má ekki ætla að það sé svolítið svigrúm til að bregðast við þessum miklu hækkunum á olíuverði á heimsmarkaði?

Í greinargerð með frumvarpinu segir að tekjutap ríkisins vegna lækkunar á bensíngjaldi, eins og hér er verið að leggja til, ásamt lækkun á virðisaukaskattstekjum, yrði um 378 millj. kr. og tekjutap vegna lækkunar á olíugjaldinu um 166 millj. kr. eða rétt um hálfur milljarður kr. í það heila. Þetta er það sem við flutningsmenn frumvarpsins viljum leggja til núna strax til að slá á þetta háa olíu- og bensínverð og til að leggja okkar af mörkum þó lítið sé í þessu tilliti til að lækka vísitölu neysluverðs. Það segir að verðlagsáhrifin af þessu gætu orðið í kringum 0,2% í vísitölunni en eldsneytið vó um 5,3% í vísitölugrunninum í september.

Það sem hér um ræðir er einfaldlega spurning um vilja. Er vilji til þess innan stjórnarliðsins að bregðast við aðstæðum sem uppi eru og koma til móts við bíleigendur, þennan skattpíndasta hóp landsins og koma aðeins til móts við þá vegna þess hve eldsneytisverðið hefur verið að hækka mikið á heimsmarkaði? Í mínum huga er þetta svo einfalt. Er einhver vilji til þess að lækka bensínlítrann og olíulítrann um 5 kr. núna eða ekki? Ég sé ekki að þetta sé spurning um hvort ríkissjóður hafi efni á að gera þetta, vegna þess að eins og ég fór yfir hér áðan, ef við skoðum þróun þessara skatta og gjalda í ríkissjóðs þá sýnist mér ríkissjóður fullhaldinn af þeim gjöldum og þeim hækkunum sem hafa orðið á þeim umfram það sem áætlað hefur verið.

Ef ríkissjóður er svona illa haldinn í þeirri þenslu og góðæri sem ríkt hefur að mati sumra, a.m.k. hefur ríkt veruleg þensla í tekjuhlið ríkisins — það er gaman að velta því fyrir sér og skoða hver breytingin hefur í raun verið á tekjum ríkisins á undanförnum árum. Hvað er það sem hæstv. fjármálaráðherra og ríkisstjórnin hefur úr að spila við það að reka þjóðfélag okkar og deila þessu út á milli þegna landsins? Skoðum þróunina eins og hún hefur verið, förum til ársins 1998 því að þar getum við borið saman á sömu forsendum tekjur ríkisins eins og þær urðu á árinu 1998 og síðan eins og þær eru áætlaðar núna á árinu 2005. Á hverjum einasta degi ársins 1998, jafnt virka daga sem helga, komu í ríkissjóð tekjur upp á 634 millj. kr. Alveg sama hvort það var helgur dagur eða virkur, 634 millj. kr. á hverjum einasta degi og þykir manni það nú talsverð upphæð.

En hvað hefur gerst frá 1998 til 2005, á sjö ára tímabili — á sama verðlagi? Berum saman krónu á móti krónu. Tekjur ríkisins hafa á hverjum einasta degi hækkað úr því að vera 634 milljónir í það að verða 838 milljónir á dag. Þetta er veruleg hækkun sem skýrist að hluta til af því að skattheimta á Íslandi hefur verið að aukast. Hún hefur verið að aukast á þessum tíma sem hlutfall af landsframleiðslu og hefur aldrei verið meiri en stefnir í núna. Þetta er nú sannleikurinn um skattalækkanir ríkisstjórnarinnar eins og þær liggja fyrir vegna þess að eins og við höfum bent á í umræðum oft og iðulega að jafnvel þó að verið sé að koma með tillögur um að lækka tekjuskatt um 1% og taka hátekjuskattinn af þá hefur það einfaldlega verið tekið annars staðar og m.a. í þeim gjöldum sem hér er um að ræða.

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan lít ég á þetta frumvarp okkar sem prófraun á það hvort einhver vilji sé hjá ríkisstjórninni til að taka á með íbúum landsins til að mæta þeirri miklu hækkun sem orðið hefur á lífsnauðsynlegri vöru, sem allir þurfa á að halda til að komast á milli staða, olíu og bensín. Vilji er allt sem þarf. Og þar sem við erum ábyrg í afstöðu okkar og þar sem við viljum koma fram með tillögur sem eru ábyrgar og raunhæfar þá gerum við eingöngu tillögu um að gera þetta í mjög stuttan tíma til að byrja með. Tökum örfáa mánuði og léttum á fólki meðan við erum að skoða og sjá hvernig þetta kemur til með að þróast á heimsmarkaði. Bíðum líka til áramóta og sjáum hvað ríkissjóður fær meira í tekjur en ráð var fyrir gert í fjárlagafrumvarpinu og skoðum það með hliðsjón af því hvort ekki sé rétt að minnka skattheimtuna á bensín og olíu, því að það sem hér er verið að leggja til er ekki niðurgreiðsla á heimsmarkaðsverði á olíu. Það sem verið er að leggja til er að minnka skattheimtu á það fólk sem þarf að kaupa olíu og bensín á Íslandi.

[11:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi hefur olíuverð hækkað mikið til skammtíma út af fellibyljum og slíku og óróa í heiminum en svo hefur það líka hækkað til langtíma varanlega út af ástandinu eða efnahagsþróuninni í Kína og Indlandi. Sú hækkun gengur ekki til baka. Hækkun vegna fellibyljanna hefur nú þegar gengið til baka vegna þess að í greinargerð með frumvarpinu stendur að verðið hafi hækkað úr 97 kr. upp í 121,50 kr. Það er liðin tíð því að verðið er aftur komið niður í 108 eða 109 kr. Ég sá það í morgun þegar ég keyrði fram hjá bensínstöð. Sú sveifla er því liðin hjá, frú forseti. Það er hins vegar sveiflan sem er vegna ástandsins í Indlandi og Kína sem ég tel varasamt að niðurgreiða.

Ég endurtek aftur að hlutur ríkissjóðs í olíuverði og bensínverði er krónutala, sérstakur skattur á olíuverð og bensínverð er krónutala og sú krónutala er um 55 kr. á báðum tegundum og það hefur ekkert breyst. Hlutur ríkissjóðs fer því minnkandi. Eins og kom fram í svari hæstv. fjármálaráðherra til mín á þskj. 1356 á síðasta þingi hefur hlutur ríkissjóðs farið minnkandi hlutfallslega þannig að það er ekki við ríkissjóð að sakast um þessa hækkun sem er á bensínverði.

Þegar ríkisstjórnin ákvað að lækka olíuverð fyrir einu eða tveim árum tímabundið þá var það til að taka af kúf en sá kúfur er liðinn núna. Hann var mjög snöggur og gekk hratt yfir og hann er liðinn. Ég tel því að þetta frumvarp sé algjör óþarfi í dag.

Svo langar mig til að spyrja hv. þingmann af því að í flokki hans eru ýmsir umhverfissinnar og ég veit að ýmsir umhverfissinnar kjósa þann flokk: Hvernig (Forseti hringir.) lítur hann á það að fara að niðurgreiða olíu og auka umhverfismengun?

[11:46]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir að gefa sér tíma til að koma hér upp í andsvar við mig vegna þessa frumvarps því að það verður að segjast eins og er að áhugi stjórnarliða á þessu máli virðist vera afskaplega lítill.

Það er enginn að kenna ríkissjóði um eitt eða neitt. Hv. þingmaður verður aðeins að velta fyrir sér í vörn sinni fyrir ríkissjóð að það er ekkert verið að ráðast á ríkissjóð með þessu frumvarpi. Við erum ekki að saka ríkissjóð um að olíuverð hafi hækkað. Við erum að leggja fram frumvarp um að ríkissjóður taki sig til í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru og taki þátt í því að minnka kostnað þeirra sem þurfa á þessari vöru að halda og þurfa að greiða miklu hærra verð en þeir áður gerðu vegna þess að olíuverð hefur hækkað á heimsmarkaði.

Hv. þingmaður getur haft þá skoðun að ríkissjóður eigi ekki að gera það, ríkissjóði komi bara ekkert við hvernig þegnar þessa lands hafi það. Hann getur haft þá skoðun ef hann vill en það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að það sé nauðsynlegt að ríkissjóður sé á tánum, að ríkisstjórnin sé vakandi fyrir breytingum sem verða á lífi fólks í landinu og taki þátt með fólki til að bregðast við aðstæðum eins og hér eru uppi.

Það er gott að olíuverð á heimsmarkaði hefur lækkað aftur örlítið. Það er samt sem áður það hæsta í Evrópu hér á Íslandi. Ef hv. þingmanni þykir bara rétt og gott að þannig sé það og þannig verði það þá verður hv. þingmaður að fá að hafa þá skoðun en ég er á annarri skoðun. Ég get ekki tekið undir að frumvarpið sé óþarft. Ég tel frumvarpið vera prófraun á það, eins og ég sagði áðan, hvort vilji sé innan stjórnarliðsins til að taka aðeins þátt í því að lækka þetta verð og mér heyrist sá vilji reyndar vera afskaplega lítill ef við hlustum á hv. þm. Pétur Blöndal.

[11:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ríkisstjórnin hefur mikinn vilja til að bæta kjör landsmanna og sérstaklega skattgreiðenda. Hún er búin að lækka fjöldann allan af sköttum, tekjuskatta, erfðafjárskatta og maður kemst ekki yfir að nefna það. Henni er umhugað um hvernig þegnarnir hafa það.

Hins vegar tel ég ekki rétt að minnka krónutöluskatt á bensíni í þeirri stöðu sem er í dag. Ég tel það ekki rétt af því að þá værum við að niðurgreiða varanlega hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu og bensíni, sem ég tel nokkuð varasamt.

Hv. þingmaður nefndi einnig í ræðu sinni, sem ég ætla að koma inn á líka, að lán væru verðtryggð hjá einstaklingum og þau hafi hækkað. Það er rétt, þau hafa hækkað um 4%, aðallega út af hækkun á íbúðaverði. Þessi lán standa yfirleitt alltaf á móti íbúðaverði þannig að ef við tökum dæmi um 20 millj. kr. íbúð þá hefur hún hækkað um 7 milljónir, 7–8 milljónir á síðasta ári, ósköp venjuleg íbúð á 20 milljónir, á meðan lánin hafa ekki hækkað nema um 800 þús. kr. Þetta er því ekki gott dæmi til að taka um að staða einstaklinga hafi versnað því að hún hefur snarbatnað vegna þess að aðalhækkun vísitölunnar er vegna hækkunar á íbúðaverði sem eykur eignir allra landsmanna sem eiga eigið húsnæði. Þau dæmi sem hér hafa verið nefnd eru því ekki nægilega góð.

Ég tel að sú hækkun sem þetta frumvarp er sett í gang út af sé gengin yfir og verðið hefur lækkað aftur niður í 108 eða 109 kr., maður sér það á bensínstöðvunum. (Gripið fram í.) Það er reyndar allt of hátt, við vonumst til að það lækki en ég hygg að því miður muni eftirspurnin í Kína og Indlandi halda því verði uppi.

[11:51]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði að skattar væru að lækka á Íslandi og það er alveg rétt að verið er að lækka ákveðna skatta í prósentutölu og slíku. En þegar maður fer yfir heildarsviðið og skoðar skattheimtu ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu þá hafa skattar á Íslandi ekki verið að lækka heldur hafa þeir verið að hækka. Ef við horfum á hvað er að marka myndina sem dregin er upp í fjárlagafrumvarpi hverju sinni, eins og t.d. fjárlagafrumvarpinu árið 2006, og skoðum hvað gerðist árið 2005 þá er talað um að verið sé að reyna að halda hækkun á tekjum ríkissjóðs að einhverju leyti niðri. En það sem gerist bara aftur og aftur, eins og ég nefndi í ræðu minni áðan, þá er ekkert að marka fjárlögin þegar þau koma fram. Ég tók

dæmi um skatta á vöru og þjónustu, í fjárlögunum var gert ráð fyrir að þeir væru tæpir 149 milljarðar á þessu ári en nú segja menn að þeir verði um 158 milljarðar eða 9 milljörðum kr. hærri. Þetta er veruleg hækkun frá því sem fyrst var áætlað í fjárlagafrumvarpinu og þetta eru engar gervikrónur, þetta eru krónur sem koma til með að renna í ríkissjóð.

Varðandi áhrif olíuverðsins á vísitölu neysluverðs og verðtryggingu lána þá er það rétt sem fram kom hjá hv. þingmanni að íbúðaverð hefur verið að hækka verulega, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Mikið af þessari hækkun hefur verið drifin af lánum, það hefur verið betra aðgengi að lánsfé og margir hafa tekið mun hærri lán en þeir áður hefðu tekið til þess annaðhvort að endurfjármagna íbúðir sínar eða kaupa sér nýjar. Það sem mun gerast ef íbúðaverð fer lækkandi aftur er að lánin munu standa eftir, lánin sem hækkað hafa með verðtryggingunni munu standa eftir. Þau munu ekkert lækka jafnvel þó að íbúðaverð lækki. Við skulum því spyrja að leikslokum, hv. þingmaður, í þessu efni áður en við förum að tala um gróða íslenskra fjölskyldna af því að húsnæðisverð hafi hækkað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrisréttindi hjóna, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 33. mál. — Þskj. 33.

[11:53]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér tillögu til þingsályktunar um lífeyrisréttindi hjóna. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Sólveig Pétursdóttir.

Það verður að segjast eins og er að mál þetta á sér langa sögu í sölum Alþingis vegna þess að þetta er í 13. sinn sem málið er flutt hér. Á 112., 113. og 115. löggjafarþingi var fyrrverandi þingmaður Guðmundur H. Garðarsson 1. flutningsmaður málsins. Síðan var það flutt á 116., 117., 118., 120., 121., 123., 125., 128., 130. og nú á 132. löggjafarþingi er málið flutt í 13. sinn.

Það er mjög athyglisvert, virðulegi forseti, að flytja þetta mál sem fjallar fyrst og fremst um réttindi sem svo mjög hafa verið í umræðunni á umliðnum árum, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það mál er t.d. á dagskrá hér í dag. Lögð hafa verið fram mál sem snerta sömu hagsmuni, launajafnrétti kynjanna, og enn fremur um jafnréttisfræðslu o.fl. sem lagt hefur verið fram á hinu háa Alþingi.

Í allri umræðunni um jafnrétti virðist ekki alveg sama um hvað er talað, það er jafnvel tískubóla dagsins sem ræður um hvaða þætti jafnréttismála er rætt. Það er ótrúlegt hvað þetta mál hefur lítinn hljómgrunn í þjóðfélaginu og lítinn stuðning þeirra aðila sem barist hafa fyrir jafnrétti kynjanna.

Fyrir nokkrum árum sendi ég út bréf til allra kvenfélaga og kvenfélagasamtaka á landinu um það sem segir í þessari ályktun, virðulegi forseti:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að tryggja með lögum rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað.“

Við leggjum svo til að nefndin skili skýrslu um málið sem lögð verði fyrir Alþingi fyrir 1. desember 2006.

Í mörgum þeirra tilvika sem ég taldi upp þegar málið var lagt fram var lagt til að 102. gr. hjúskaparlaga yrði breytt. Það náði ekki fram að ganga. Því hefur nú enn einu sinni verið farið af stað með þetta mál með þá von í brjósti að hægt verði að skipa nefnd til að fara ofan í stöðu þessara mála. Það sem ég hef reynt að ná fram í þessu máli fram er að við slit á hjúskap myndast sú sérkennilega staða að eignarréttur sem myndast hefur við lífeyrisiðgreiðslur er á nafn einstaklings en ekki á hjón þannig að við skilnað hjóna er það útivinnandi makinn sem hefur áunnið sér allan rétt. Til dæmis segir í greinargerð, virðulegi forseti:

„Telja má réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun lífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.“

Ég velti því oft fyrir mér, virðulegi forseti, hvort verið geti að staða kvenna á Alþingi sé slík og tekjur þeirra þannig að þær kæri sig ekkert um að maki þeirra eigi möguleika á að ná til áunninna lífeyrisréttinda þeirra sem skapast vegna starfa á Alþingi. En ég ætla það ekki. Ég ætla að eitthvað annað sé á ferðinni en að fólk hugsi á þá leið. Það er engu að síður mjög merkilegt að fáar þingkonur virðast hafa nokkurn áhuga á þessu. Fyrir nokkrum árum reyndi ég að fá allar þingkonur Alþingis til að vera með mér á þessu máli en þær höfðu ekki áhuga á því. Og hvar er þá öll umræðan um jafnrétti kynjanna þegar þær hafa ekki áhuga á þessu máli? Það má með ólíkindum teljast.

Eins og segir hér má telja réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna, auk þess sem það hafi þann kost að tekjuöflun hjóna hafi ekki áhrif á myndun lífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Þessi sjónarmið fá nokkurn hljómgrunn í 2. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga. Þar kemur fram — sem ég bendi sérstaklega á — að þyki það ósanngjarnt gagnvart hinum makanum að lífeyrisréttindum sé haldið utan skipta sé heimilt að bæta honum það með fjárgreiðslum sem eftir atvikum má inna af hendi með nánar greindum afborgunum. Á ákvæði þetta reyndi í dómi Hæstaréttar frá 26. apríl 2002 í máli nr. 170/2002. Í málinu krafðist sóknaraðili, sem hafði verið heimavinnandi í þau rúmlega 20 ár sem hjónaband hans stóð yfir, að honum yrði bætt það með fjárgreiðslum að lífeyrisréttindum maka hans væri haldið utan skipta við skilnaðinn að kröfu hans. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest var af Hæstarétti með vísan til forsendna sagði m.a.:

„Er óumdeilt að sóknaraðili hafi borið hitann og þungann af heimilisstörfum og uppeldi barna þeirra á samvistatímanum, þótt deila megi um nauðsyn þess að hún væri heimavinnandi allan tímann, eins og varnaraðili bendir á máli sínu til stuðnings. Á hitt ber þó að líta að svo virðist sem aðilar hafi verið samhuga um þá tilhögun, á meðan allt lék í lyndi, og verður við það miðað við úrlausn málsins.“

Þegar þetta var metið, ásamt því að sóknaraðili hafði

nánast engar tekjur haft og þar með ekki aflað sér lífeyrisréttinda en varnaraðili á hinn bóginn haft háar tekjur og aflað sér verulegra lífeyrisréttinda, taldi dómurinn ósanngjarnt að lífeyrisréttindum varnaraðila væri haldið utan skipta og dæmdi varnaraðila til að greiða sóknaraðila 2,5 millj. kr. Það er með ólíkindum, herra forseti, að á því herrans ári 2005 skuli 102. gr. hjúskaparlaga vera með þessum hætti.

Þessi dómur Hæstaréttar mun án efa hafa fordæmisgildi en langur vegur er hins vegar frá því að hann tryggi jöfn skipti þeirra verðmæta sem í lífeyrisréttindum felast við skilnaði í framtíðinni enda málsatvik iðulega ólík og heimild dómstóla matskennd.

Flutningsmenn þessarar tillögu taka undir að vert væri að skoða slíka breytingu, enda gengur hún í þá átt að tryggja rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað. Flutningsmenn telja þó rétt að skoða hvort ekki sé ástæða til að ganga enn lengra með því að skilgreina áunnin lífeyrisréttindi hjóna á hjúskapartímanum sem hjúskapareign þeirra sem kæmi þá til helmingaskipta samkvæmt helmingaskiptareglu hjúskaparlaga við skilnað. Með því yrði komið í veg fyrir deilur um skiptingu þessara verðmæta auk þess sem ætla má að slík niðurstaða yrði almennt sanngjörn. Þessa kosti þarf að gaumgæfa vel og í þeim tilgangi er þessi tillaga lögð fram.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa á almennum vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér, með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi, að þar myndast oft mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Því er sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á lífeyrisréttindi sem sameiginlega eign eins og aðrar hjúskapareignir.

Flutningsmenn gera sér grein fyrir að það getur valdið vanda fyrir lífeyrissjóðina þar sem rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku. Í þingsályktunartillögu þessari er hins vegar aðeins gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn lífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðað við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis milli lífeyrissjóða í dag.

Virðulegi forseti. Mér þykir rétt að geta þess sérstaklega að B-deild Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna hefur einmitt þetta bundið í lögum. Við fráfall sjóðfélaga í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna skal skipt á milli þeirra, hafi viðkomandi sjóðfélagi sem látinn er verið tví- eða þrígiftur. Þá greiðir Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna, þ.e. B-deild, til viðkomandi ekkna eða ekkla í hlutfalli við þann tíma sem hjúskapur varði. Hins vegar hefur þetta verið lagt niður í A-deild sjóðsins. Því miður, af einhverjum óskiljanlegum ástæðum, fór þessi breyting á lögum um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna fram hjá mér. Hins vegar er engin skýring gefin á því hvers vegna það var gert.

Ég hef rætt við marga aðila, starfsmenn innan lífeyrissjóðanna. Þeir töldu fyrst, eins og ég gat um áðan, að vandkvæði væru á varðandi örorkuþáttinn, flýtiréttinn og fleira sem þar kemur inn í, að það væri vandmeðfarið mál. En þegar talið berst að B-hluta Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna, reglunum þar, þá hafa menn ekki talið það vera neitt vandamál. En hvers vegna var þetta ekki tekið upp í A-hlutanum? Á því er ekki til önnur skýring en sú að svo sé ekki í hinum sjóðunum og því hafi ekki verið eðlilegt að halda þessu áfram.

Virðulegi forseti. Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, var komið nokkuð til móts við efni tillögu þessarar, sbr. 14. gr. laganna. Þar kemur fram að sjóðfélagi geti á grundvelli samkomulags við maka tekið ákvörðun um, í fyrsta lagi, að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka, í öðru lagi að í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum skuli verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og í þriðja lagi að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Nær slíkt samkomulag eftir því sem við á til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og felur í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

Framangreind heimildarákvæði eru til bóta. Þó má gagnrýna ýmislegt, t.d. að hafi sjóðfélagi gert samkomulag um að skipta uppsöfnuðum ellilífeyrisréttindum og mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka sinn eða fyrrverandi maka skerðast réttindi sjóðfélagans sem því nemur, sem hefur í för með sér að verði sjóðfélagi langlífari færast réttindin ekki aftur til hans. Sjóðfélagi tekur því nokkra áhættu með þessu.

Það er mat flutningsmanna að ekki sé nægjanlegt að sá sem t.d. hefur sinnt heimili og börnum meginhluta starfsævi sinnar verði að eiga það undir góðvild maka síns við skilnað hvort hann fái hlutdeild í þeirri eignamyndun sem orðið hefur til og felst í lífeyrisréttindum makans. Það er jafnframt ófullnægjandi að mati flutningsmanna að maki sem telur á sér brotið þurfi að ráðast í kostnaðarsöm málaferli til að sækja réttindi (Forseti hringir.) sem hann hefur átt þátt í að mynda.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að að lokinni umræðu verði þessu máli vísað til allsherjarnefndar.

[12:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir, mér liggur við að segja, að halda þessu máli til streitu. Eins og fram kom í máli hans er langt síðan það var fyrst lagt fram og hefur oft verið talað fyrir því. Án þess að ég vilji lýsa yfir fullum stuðningi við málið þá verð ég að segja að ég sáttur við og sammála þeirri grundvallar-

hugsun sem kemur fram í því.

Það er rétt sem fram kom hjá 1. flutningsmanni, hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, að í reynd er þessu framfylgt í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hann veltir því fyrir sér hvernig standi á því að það hafi ekki verið gert í A-deildinni. Ég held að ástæðan liggi í kynslóðaskiptingu, ákveðnum kynslóðaskiptum, að menn hafi verið opnari fyrir þessari hugsun, gagnvart þeim hjónum þar sem annað vann úti og hitt var meira heima, eins og tíðkaðist áður fyrr. Augljóst er að mikilvægt er að þarna verði skipti vegna þess að lífeyrisréttindin verða í reynd til vegna beggja aðila. Síðan hafa tímarnir breyst og báðir aðilar farið út á vinnumarkaðinn. Þess vegna hefur mönnum ekki þótt eins mikil nauðsyn að gera þetta.

Hins vegar er ég sammála hv. þingmanni um að auðvitað er þetta sameiginlegt átak. Þetta eru réttindi sem eru áunnin með samvinnu beggja aðila. Ég vil lýsa stuðningi við þessa grunnhugsun en ég hygg að ég hafi komið með skýringuna á því að menn fóru ekki með þetta ákvæði inn í A-deild lífeyrissjóðsins. Hins vegar er þess virði að taka það mál til skoðunar.

[12:11]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir undirtektir hans við þetta mál. Ég get vel samþykkt þá skýringu sem hann gaf varðandi þá kynslóðaskiptingu sem orðið hefur og jafnvel með breytingu á hugsunarhætti líka. Hinu er þó ekki að leyna að enn eru til þau skipti á vinnumarkaði, þar sem annar er útivinnandi, og af því hef ég mestar áhyggjur.

Hins vegar er það rétt sem hv. þingmaður kom inn á að mörg dæmi eru um að bæði hjónin vinni úti og dæmi um að eiginkonan hafi allnokkuð hærri laun en karlinn. Þetta virkar auðvitað í báðar áttir og er rétt að skoða það.

Þetta mál verður þó ekki unnið í neinu offorsi. Það yrði auðvitað unnið í fullri sátt við þá aðila sem stýra og stjórna því vandasama verki að halda utan um eigur og skuldbindingar lífeyrissjóðanna. Þess vegna tel ég eðlilegt að leggja fram tillögu um að skipuð verði sérstök nefnd til að fara yfir málið og skoða. Það er, eins og fram kemur í greinargerðinni, í hæsta máta óeðlilegt að enn í dag, jafnvel að nýbreyttum hjúskaparlögum, skuli enn standa að lífeyrisréttindi skuli standa utan skipta og því sé það allt upp á þann sem hefur áunnið sér lífeyrisréttindin komið, hvort hann af góðvild sinni samþykki að ógunnin lífeyrisréttindi komi til skipta við slit á hjúskap.

[12:13]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Hér er hreyft afskaplega mikilvægu máli. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir endalausa þrautseigju við að flytja þetta mál. Ég held að það sé orðið tímabært að Alþingi samþykki þessa þingsályktunartillögu vegna þess að hún hefur mikið gildi.

Ég held að það hafi verið árið 1976 eða 1977 sem þáverandi hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti frumvarp, sem ég vann með honum á þeim tíma, um Lífeyrissjóð Íslands. Þar gerðum við ráð fyrir því að áunnin lífeyrisréttindi hjóna og sambúðarfólks í sambúðinni kæmu til skipta við skilnað og skiptust á báða aðila, en ekki bara við skilnað heldur almennt á meðan á sambúðinni stæði. Þessi hugsun er því ekki ný og að sjálfsögðu er þetta réttlætismál.

Hins vegar er þetta ákveðið vandamál. Íslenskir lífeyrissjóðir eru bundnir starfsstéttum og starfsgreinum, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna, Lífeyrissjóður flugmanna o.s.frv., og þar af leiðandi er erfitt fyrir þá að taka inn réttindi fólks sem ekki er í viðkomandi starfsstétt vegna þess að það getur verið annars konar áhætta. Þótt iðgjöldin til lífeyrissjóðanna séu ekki háð áhættunni, en ættu að vera það, þá er annars konar áhætta hjá sjómönnum en hjá verslunarmönnum.

Segjum að konan sé sjómaður og karlmaðurinn verslunarmaður, svo að maður snúi hefðbundinni starfsskiptingu dálítið við, en svo skilji þau. Þá ætti karlmaðurinn allt í einu að eignast rétt í Lífeyrissjóði sjómanna og konan ætti þá rétt í Lífeyrissjóði verslunarmanna. En auðvitað er þetta eitthvað sem við ættum að geta ráðið við. Þar sem við erum með skylduaðild allra að lífeyrissjóðum þá ætti að vera hægt að koma þessu við eins og öðru.

Ég er jafnundrandi og hv. þingmaður, 1. flutningsmaður tillögunnar, á áhugaleysi kvenna á þessu máli vegna þess að þetta er jú aðallega málefni kvenna. Það eru þær sem fara halloka í flestum tilvikum svona yfirleitt. Yfirleitt eru þær frekar heima við yfir börnum og yfirleitt hafa þær, því miður, enn þá lægri laun og þar af leiðandi lakari lífeyrisrétt. Við skilnað finnst mér að það væri sjálfsagt, eins og menn skipta hlutabréfum, fasteignum, búslóð, bíl o.s.frv., að þessum fjárhagslega ávinningi eða fjárhagslegu eign manna í lífeyrisjóðunum sé skipt.

Maður spyr sig: Af hverju stafar þetta áhugaleysi? Ég trúi ekki að það sé vegna þess að hv. þingmenn sem eru kvenkyns hafi ekki áhuga á því að skipta lífeyrisréttindum sínum með maka sínum. Það held ég að geti ekki verið. Ég held að það sé frekar þannig að fólk reikni yfirleitt ekki með því, þegar það er gift eða í sambúð, að til skilnaðar komi. Annars væri það varla í sambúð. Það er kannski það sem veldur áhugaleysi þeirra á þessu máli.

Áhugaleysið gæti einnig verið hluti af þeirri einstaklingshyggju sem kristallaðist í umræðum, sérstaklega vinstri manna, eiginlega allra, um öryrkjamálið. Þeir vildu líta á einstaklinginn en ekki fjölskylduna, sem er dálítið merkilegt því að vinstri menn eru yfirleitt ekki einstaklingshyggjufólk. Þeir vildu líta á einstaklinginn burt séð frá tekjum makans. Það getur vel verið að þetta sé angi af því að líta á einstaklinginn. Kannski hætta menn bráðum að skipta eignum við skilnað og hver haldi sinni eign. Kannski endar það þannig að menn fari að senda reikning fyrir morgunkaffinu til konunnar sinnar eða öfugt eftir því hvort lagði út fyrir því, að einstaklingshyggjan verði svo mikil. Þá þarf ekki að skipta neinum eignum. (**Gripið fram í:** Þá verður nú gaman að lifa.) Ég segi það nú ekki.

Ég tel fjölskylduna merkilegri en svo. Ég held að fjölskyldan sé afskaplega merkilegt fyrirbæri. Hún er tryggingastofnun, mjög náin og mjög sterk og sennilega sú sterkasta í heimi. Ef það gengur illa hjá einum fjölskyldumeðlimi þá grípa allir undir. Það þekkja allir.

En ég styð þessa tillögu eindregið og skora á nefndina sem fær það til umsagnar að vinna hratt og vel í því. Hins vegar mætti breyta textanum örlítið.

Það ætti þá að segja:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að tryggja með lögum rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisréttindum maka við skilnað sem áunninn er í hjónabandinu."

Svo mundi ég að sjálfsögðu líka leggja til að inn í tillöguna yrði tekin „sambúð", í takt við nýja tíma.

[12:18]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður og undirtektir sem þetta mál hefur fengið hér. En mér þykir miður að aðeins ein kona er í þingsal, virðulegi forseti, og hún er jafnframt meðflutningsmaður minn að þessu merkilega máli.

Athyglisvert var að heyra að hv. þingmaður Pétur H. Blöndal minnist ársins 1976 þegar þetta kom fyrst til umræðu og hv. fyrrverandi þingmaður Guðmundur H. Garðarsson var þá í samstarfi með honum við að útbúa þetta mál, enda var hann, eins og ég gat um áðan, 1. flutningsmaður þessa máls á 112. þingi. Hér erum við nú enn og þetta er í þrettánda sinn sem málið er flutt.

Ég tek alveg undir með hv. þingmanni Pétri Blöndal að öll umræðan um réttindi, launaréttindi milli kynja, umræðan um launamisrétti milli kynja o.s.frv. og allt þetta tal er mjög athyglisvert. Ég bendi á að hér er eitt mál á dagskrá í dag um þessi réttindamál sem er verið að ræða um. Við sjáum fundi úti í bæ, kvenfélagasamtök og aðra að ræða málin. Ég ætla að taka það aftur fram hins vegar að áhugaleysi er ekki algjört meðal kvenna. Ég minni á að við flutningsmenn fengum fyrir nokkrum árum síðan jákvæð bréf frá öllum kvenfélögum landsins og kvenfélagasamtökum enda sendum við bréf og frumvarpið með því. Þá var rætt um að breyta hjúskaparlögunum, þ.e. 102. gr., í þá veru að lífeyrisréttindi féllu ekki utan skipta eins og það stendur nú. Í viðræðum við þá sem stjórna lífeyrissjóðum þessa lands höfum við hins vegar gert okkur grein fyrir því að þetta mál er nokkuð vandmeðfarið að því tilliti sem tekur til flýtiréttar áunninna lífeyrisréttinda svo og örorku og fleiri þátta sem við teljum eðlilegt að séu utan þessa máls. Við teljum að fyrst og fremst eigi aðeins að líta til áunninna lífeyrisréttinda.

Hv. þingmaður Pétur Blöndal kom inn á áhættuna og mun á milli stétta. Það er alveg rétt og það hefur alltaf blasað við og það veit hv. þingmaður Pétur Blöndal betur en ég enda stærðfræðingur og þekkir tryggingamál vel sem lúta að lífeyrismálum. En þetta þekkjum við hv. þm. Ögmundur Jónasson líka vel sem höfum starfað í verkalýðshreyfingunni og áttum okkur alveg á misjafnri stöðu lífeyrissjóðanna sem byggist m.a. á því sem hv. þingmaður Pétur Blöndal kom inn á. Það er alveg rétt. Það er miklu hættumeira starf að vera til sjós en að vera í landi. Örorkuþáttur Lífeyrissjóðs sjómanna er einn sá stærsti af öllum lífeyrissjóðunum. Hann er ákveðið tiltekið vandamál sem ég held að þá sem lögðu upp með lífeyrissjóðina hafi alls ekki órað fyrir og að þeir hafi ekki getað séð fyrir þá stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna nú að útborgun vegna örorkuþáttarins er hærri en lífeyrisgreiðslurnar. Auðvitað hefði það því verið eðlilegt að hafa þennan þátt innan Tryggingastofnunar ríkisins þannig að það væri sameiginleg trygging vinnuveitenda og ríkisvalds en ekki sjóðfélaganna að standa undir því ef menn verða öryrkjar til sjós. Þetta er náttúrlega mjög óeðlilegt. Þá stæðu þessir lífeyrissjóðir miklu betur að vígi gagnvart skuldbindingum sínum en þeir gera í dag. Hins vegar er það mál allt á réttri leið og vona ég að ekki líði langur tími þar til lífeyrissjóðirnir standi miklu betur undir greiðslum til aldraðra en raun ber vitni í dag.

Við hv. þingmaður Pétur Blöndal erum alveg sammála um að fjölskyldan er hornsteinn þessa þjóðfélags. Þess vegna er mjög sérkennilegt að það skuli vera svo í hjúskaparlögunum að eðlilegt teljist að bíllinn og steinsteypan, húsnæðið og aðrar peningalegar eignir komi til skipta en ekki sú upphæð sem hefur myndast til réttindaávinnslu í lífeyrissjóðunum. Það er undarlegt að hún skuli standa utan við hjúskaparlögin. Það er mjög sérstakt.

Ég þakka svo aftur fyrir umræðuna sem hér hefur farið fram og tek ég það enn fram að þetta er í þrettánda sinn sem þetta mál er flutt á Alþingi. Ég heiti á alþingiskonur, hvar í flokki sem þær standa, að fylkja sér um þetta mál og ég heiti á kvenfélögin úti um allt land, kvenfélagasamtökin: Fylgist þið nú með þessu máli. Hvetjið þið til þess að ykkar þingmenn komi nú þessu máli í höfn. Það er réttindamál ykkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skil á fjármagnstekjuskatti, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 36. mál. — Þskj. 36.

[12:24]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti. Þetta þingmál flytur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, ásamt mér hv. þingmenn Hlynur Hallsson, sem var varaþingmaður og sat á þingi þegar málið var lagt fram, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Þingsályktunartillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu laga sem kveði á um að bönkum og fjármálastofnunum á Íslandi verði skylt að láta skattyfirvöldum í té upplýsingar um fjármagnseign og fjármagnstekjur skattgreiðenda. Frumvarp þess efnis verði lagt fram á þessu löggjafarþingi með það að markmiði að lög þessa efnis geti tekið gildi 1. maí 2006."

Mál þetta var fyrst flutt á síðasta þingi, 131. löggjafarþingi, en ekki tókst að ljúka afgreiðslu þess og er málið af þeim sökum nú endurflutt.

Réttlát skattheimta grundvallast á því að skattgreiðendur telji tekjur sínar rétt fram og að skattyfirvöld hafi nauðsynlegar upplýsingar til að sinna virku og eðlilegu skatteftirliti. Hér á landi hafa skattyfirvöld yfirleitt greiðan aðgang að upplýsingum um launatekjur, fasteignir og fasteignaviðskipti, ökutækjaeign og ýmis lánaviðskipti alls almennings. Þegar hins vegar kemur að fjármagnstekjum er allt annað uppi á teningnum. Bankar og fjármálastofnanir á Íslandi

hafa tregðast við að veita skattyfirvöldum upplýsingar um fjármagnstekjur skattgreiðenda og þrátt fyrir ítrekaðar óskir ríkisskattstjóraembættisins á síðasta ári hafa flest fyrirtækin látið það algerlega undir höfuð leggjast.

Fram hefur komið að Ísland sker sig úr á Norðurlöndum að þessu leyti og er í miklum minni hluta innan OECD þar sem yfirvöld í 20 ríkjum af 30 fá umræddar upplýsingar sjálfkrafa frá bönkum og öðrum fjármálastofnunum. Skattyfirvöld nota slíkar upplýsingar bæði við skatteftirlit og við forskráningu skattframtals. Í viðtali við Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra í Morgunblaðinu 6. mars síðastliðinn kom fram að slík skil hefðu aukist um 20% í Svíþjóð í kjölfar lagasetningar um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóraembættinu má ætla að skattskil vegna fjármagnstekna mundu einnig aukast um nálega fimmtung ef sama verklag væri viðhaft hér á landi. Í skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi kemur fram sú skoðun að tímabært sé að leiða í lög afdráttarlaus ákvæði um skyldu banka og fjármálastofnana til að láta skattyfirvöldum í té allar upplýsingar þeirra um eignir og tekjur viðskiptavina bankans og þeirra sem þeir annast einhvers konar fjársýslu fyrir.

Í 1. tölublaði 19. árgangs Tíundar, fréttablaði ríkisskattstjóra, kemur fram, í grein sem ber heitið Forskráning upplýsinga og skatteftirlit eftir Jóhannes H. Karlsson, að hluti íslenskra banka og annarra fjármálastofnana, 14 talsins, hafi látið ríkisskattstjóra í té upplýsingar um heildarviðskipti sín við einstaklinga árið 2003. Þessar upplýsingar voru bornar saman við upplýsingar í gagnasöfnum ríkisskattstjóra. Samanburðurinn leiddi í ljós að fjármálastofnanirnar 14 keyptu hlutabréf fyrir 24 milljarða kr. í eigin nafni af einstaklingum. Þegar litið er til uppgefins kaupverðs hinna 14 fjármálastofnana á hlutabréfum frá einstaklingum annars vegar og framtalins söluverðs einstaklinga vegna sölu til sömu fjármálastofnana kemur í ljós að kaup fjármálastofnana námu um 24 milljörðum kr. en framtalin sala einstaklinga við þessar sömu fjármálastofnanir nemur um 19 milljörðum kr. Lítur því út fyrir að 5 milljarða kr. vanti upp á að einstaklingar telji sölutekjur af hlutabréfum rétt fram. Í greininni er einnig bent á að mun færri telji sig eiga hlutabréfaviðskipti við fjármálastofnanirnar en þær sjálfar telja, eða 11 þúsund einstaklingar á móti tæplega 17 þúsundum sem er fjöldinn sem fjármálastofnanirnar gefa upp. Er það niðurstaða greinarhöfundar að verulega vanti upp á að söluhagnaður af hlutabréfum sé talinn fram. Með hliðsjón af framangreindu og því að framtalið heildarsöluverð hlutabréfa einstaklinga var um 58 milljarðar kr. reiknast honum til að vanframtalið söluverð kunni að vera um 15 milljarðar kr. Á grundvelli þess að samkvæmt framtölum er stofnverð hlutabréfa að jafnaði um 55% söluverðs en söluhagnaður um 45% reiknast honum til að undandreginn skattstofn gæti verið nærri 7 milljörðum kr. Skatthlutfall fjármagnstekna er 10% hér á landi og því bendir allt til þess að 700 millj. kr. sé skotið undan fjármagnstekjuskatti á ári hverju.

Auðveldlega má koma í veg fyrir þess háttar skattsvik með einfaldri lagasetningu eins og hér er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa.

Í fylgigögnum sem fylgja þessu þingmáli er viðtal úr frétt Morgunblaðsins frá 6. mars síðastliðnum sem vitnað er í í greinargerð og ég hef gert hér grein fyrir. Ég vísa mönnum einnig á grein Jóhannesar H. Karlssonar sem einnig var vitnað í í þessari framsögu og er að finna í 1. tölublaði 19. árgangs Tíundar. Ég tel hér vera um mjög mikilvægt þjóðþrifamál að ræða og er það okkar skoðun í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Ég legg til að þessu máli verði að lokinni umræðu vísað til efnahags- og viðskiptanefndar þingsins til frekari afgreiðslu.

[12:31]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól til að halda örstutta tölu til að lýsa ánægju minni með þessa þingsályktunartillögu og jafnframt undrun yfir því að ríkisstjórnin skuli ekki fyrir löngu hafa farið út í að setja slík lög sem hér er lagt til að verði gert.

Við í þingflokki Frjálslynda flokksins sátum á fundi í gærkvöldi og fórum m.a. yfir þetta mál þegar við vorum að undirbúa okkur fyrir þingfundi dagsins í dag og þar kom fram mjög eindreginn vilji til að lýsa yfir stuðningi við þessa ágætu þingsályktunartillögu. Nóg er nú óréttlætið í þjóðfélaginu þó að ekki bætist við að þeim sem að stórum hluta byggja tekjuöflun sína á því að hala inn tekjur með fjármagnstekjum sé ekki í ofanálag hugsanlega gert kleift að skjóta fjármunum undan skatti. Að sjálfsögðu á hér að vera fullt gegnsæi og það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að bankar og fjármálastofnanir láti skattyfirvöldum í té upplýsingar um bæði fjármagnseign og fjármagnstekjur skattgreiðenda.

[12:33]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég kem hér fyrst og fremst upp til að þakka undirtektir hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, formanns þingflokks Frjálslynda flokksins, við þetta þingmál og ítreka að færum við þessa leið má fastlega gera ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs mundu stóraukast. Eins og fram kom í framsöguerindi mínu með þingmálinu hér áðan jukust skatttekjur ríkisins í Svíþjóð um 20% af fjármagnstekjuskattinum við sams konar lagabreytingar og hér er lagt til að Íslendingar og Alþingi samþykki.

Ég þakka fyrir góðar undirtektir við þetta þingmál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Göngubrú yfir Ölfusá, fyrri umr.

Þáltill. KÓ o.fl., 38. mál. — Þskj. 38.

[12:34]

Flm. (Kjartan Ólafsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölfusá við Selfoss. Meðflutningsmenn mínir á þessari tillögu eru hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir Guðjón Hjörleifsson.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Úttekt á framkvæmdinni og kostnaðarmat liggi fyrir 1. janúar 2006."

Þessari litlu tillögu fylgir svolítil greinargerð sem ég ætla aðeins að kynna hér, frú forseti:

„Í þessari tillögu er lagt til að Alþingi feli samgönguráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Lagt er til að úttektin og kostnaðarmat liggi fyrir 1. janúar 2006."

Þegar Ölfusá var upphaflega brúuð við Selfoss árið 1891 — sem þá var nefnt Ölfusá og lengi fram eftir í daglegu tali var talað um að fara út að Ölfusá en nafnið Selfoss kom síðar til — myndaðist strax byggð sunnan árinnar og þar er meginíbúðabyggð nú auk þess sem aðalatvinnustarfsemin hefur verið sunnan árinnar.

Þó hefur alla tíð verið nokkur íbúðabyggð norðan Ölfusár og má ætla að um 200 íbúar sem tilheyra Selfossi búi þar, auk íbúa úr Árbæjarbyggð í Ölfusi. Atvinnurekstur hefur einnig verið norðan árinnar í fjölda ára og hefur Sláturfélag Suðurlands verið fjölmennasti vinnustaðurinn. Hin síðari ár hefur atvinnurekstur norðan Ölfusár aukist og ætla má að nú séu um 250–300 störf í þeim fyrirtækjum sem á því svæði eru. Þá hefur sveitarfélagið Árborg skipulagt stærra svæði norðan Ölfusár fyrir atvinnustarfsemi. Einnig má benda á að Hellisskógur, sem er eitt aðalútivistarsvæði Selfoss, er einmitt norðan Ölfusár.

Með síaukinni umferð um Ölfusárbrú, ekki hvað síst þungaflutningum, er ljóst að þrengt hefur verið að gangandi umferð á brúnni. Því miður hafa oftsinnis orðið óhöpp við handrið sem aðskilur gangandi vegfarendur og ökutæki á Ölfusárbrú en hingað til hafa ekki orðið slys á fólki en segja má að handriðið hafi meira og minna verið brotið og einnig allar festingar sem hafa haldið því frá því að brúnni var breytt með þeim hætti sem hún er í dag.

Nú hefur um alllangt skeið legið fyrir í aðalskipulagi að ný brú yrði byggð yfir Ölfusá við Laugardæli og þar með yrði þungaflutningum beint norður og austur fyrir Selfoss. Þessi brú er enn ekki komin á samræmda samgönguáætlun, en vegna mikillar umferðaraukningar mun þess líklega ekki langt að bíða. Þar sem ný brú við Laugardæli er ekki væntanleg allra *næstu ár má ætla að göngubrú yfir Ölfusá við* Selfoss sé brýnt verkefni þar sem umferð gangandi vegfarenda hefur aukist verulega á þessu tímabili.

Þó að ný brú komi verður samt sem áður þörf fyrir göngubrú yfir Ölfusá við núverandi brúarstæði, það er alveg ljóst. Þess má jafnframt geta að oftsinnis er Ölfusárbrú í raun einbreið þegar um er að ræða þungaflutninga sem fara í gegnum Selfoss. Þá þarf að loka brúnni og lögreglan kemur þar yfirleitt til, þá er brúin einbreið. Svo það er brýnt að bætt verði úr samgöngum við Selfoss. Ég legg til, frú forseti, að að lokinni umræðu verði þessari þingsályktunartillögu vísað til samgöngunefndar.

[12:39]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hérna er um að ræða hið ágætasta mál og það er sjálfsagt að framkvæma slíka úttekt á kostum og göllum slíkrar göngubrúar. En málið er miklu stærra og tengist enn stærra máli sem er að sjálfsögðu ný brú yfir Ölfusá. Það er samstaða um það hvar sú brú á að vera en nokkur brúarstæði komu til greina. Eitt af brýnustu hagsmunamálum þessa svæðis er ný brú yfir Ölfusá. Samhliða breyttum, breikkuðum og bættum Suðurlandsvegi er þessi nýja brú mjög aðkallandi. Þarna myndast mjög harðir umferðarhnútar. Það hægir allt of mikið á umferð þar sem hún liggur mjög óheppilega, þungaflutningarnir fara um miðju bæjarins sem skapar óhagræði, sérstaklega í ljósi þess að íbúafjölgun á þessu svæði er ævintýraleg. Líklega er íbúafjölg*unin þessa mánuði og missiri, á Selfossi og Árborgarsvæð*inu öllu að verða ein sú mesta sem sögur fara af á síðari tímum þar sem á þessu eina ári stefnir í að hún verði um 7% í Árborg. Þetta er ævintýraleg fjölgun og felur í sér feikileg sóknarfæri fyrir byggðirnar. Til að byggja undir þessa þróun og til að hún haldi áfram og nái góðri fótfestu þarf að sjálfsögðu fyrst og fremst að bæta samgöngurnar. Suðurlandsvegur er löngu hættur að standa undir þessari umferð enda hefur umferð um hann aukist um 70% á síðustu tíu árum og Ölfusárbrú er löngu, löngu sprungin líka. Það sanna og sýna umferðarteppurnar sem á henni myndast.

Þess vegna vildi ég spyrja hv. 1. flutningsmann að þessari ágætu tillögu, um leið og ég vil harma að hann skuli ekki hafa boðið öðrum þingmönnum kjördæmisins að flytja hana með til að ná meiri þunga á málið og sem er nú síður þegar kemur að samgöngumálaflutningi, hvort það væri ekki réttara að þrýsta á að ný brú yfir Ölfusá færi á samgönguáætlun og yrði byggð hið fyrsta eins og íbúarnir heima þrýsta mjög á og hv. þingmaður heyrði mikið um (Forseti hringir.) á fundi okkar með stjórn SASS í fyrradag.

[12:41]

Flm. (Kjartan Ólafsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi tillaga, eins og segir skýrt og greinilega í texta, fjallar einvörðungu um göngubrú yfir Ölfusá við hlið núverandi brúar. Hins vegar kemur það líka mjög ljóst fram í greinargerðinni að nauðsynlegt sé að setja nýja brú á samræmda samgönguáætlun. Og ég kvika ekkert frá því og vil endurtaka það sem ég sagði hér áðan að þetta er mjög brýnt verkefni. Þessi tillaga fjallar hins vegar fyrst og *fremst um að þarna verði bætt úr — það er mikið öryggis*mál að á þessu verði tekið — og að göngubrú komi á þessum stað. Allar vegabætur aðrar um Hellisheiði og Suðurlandsveg eru jafnnauðsynlegar samt sem áður. Þetta er nú ekki stór framkvæmd í sjálfu sér en hún er mikið öryggismál og hagsmunamál fyrir þá íbúa sem þurfa að fara gangandi yfir Ölfusá.

[12:42]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Mikið rétt, frú forseti, þetta er mikið öryggismál og hagsmunamál, um það deilum við ekki og erum örugglega sammála um að þetta er eitt af mikilvægum byggðamálum á þessu svæði, það er ekki spurning. En allt tengist þetta og hangir saman, þetta er allt ein samfelld voð, samgönguframkvæmdir á hverju svæði fyrir sig og þær ber að skoða í einhvers konar samhengi. Þess vegna vildi ég spyrja hv. 1. flutningsmann að þessari tillögu hvort hann teldi ekki að ef

farið væri út í að byggja slíka göngubrú núna, að setja hana í forgang, hvort það gæti hugsanlega — bara til að skoða allar hliðar málsins — orðið til þess að fresta byggingu nýrrar Ölfusárbrúar. En eins og hann nefnir stendur það til einhvern tíma í framtíðinni, af því að rétt eins og kom fram á fundinum sem ég nefndi hérna áðan með stjórn Sambands sunnlenskra sveitarfélaga núna fyrir nokkrum dögum síðan í hinni svokölluðu kjördæmaviku þingmanna, þá leggja bæjarstjórnarmenn á þessu svæði mikinn þunga á að fyrirhugaðri brúarbyggingu verði flýtt sem kostur er.

Þess vegna vil ég bara til að gæta varúðar og til að eitt þvælist ekki fyrir öðru spyrja hv. 1. flutningsmann hvort það gæti ekki þvælst fyrir brúarsmíðinni eða frestað henni um allt of langan tíma af því að þetta er mikilvægt mál, ef göngubrú yrði gerð nú. En um leið lýsi ég því yfir að það er sjálfsagt að fara í mat á kostum slíkrar brúarframkvæmdar en þetta á að skoðast í samhengi og þetta á að ræðast í samhengi af því að ef þunginn flyst af einu og yfir á annað þá getur það orðið til þess að fresta kannski því sem mikilvægara er.

[12:44]

Flm. (Kjartan Ólafsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Til að svara hv. þm. Björgvini Sigurðssyni vil ég segja það að ég tel að þessi framkvæmd, fari hún í gang, muni á engan hátt tefja fyrir öðru. Þetta eru algerlega aðskilin verkefni, göngubrú yfir Ölfusá og ný brú við Laugardæli. Jafnvel þó svo að Laugardælabrúin kæmi fyrr en við höfum kannski haldið þá leysir hún heldur ekki af öryggisþátt og umferð gangandi fólks yfir Ölfusá. Þessi tvö verkefni eru algerlega aðskilin og eiga ekki að tefja neitt fyrir hvort öðru.

Frú forseti. Ég endurtek það að þó svo að brúin yfir Ölfusá við Laugardæli komi þá hjálpar hún ekki gangandi umferð á núverandi stað.

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill að gefnu tilefni taka fram að ræðumenn sem beðið hafa um orðið eiga ekki að fara í stólinn fyrr en forseti hefur lokið því að kynna viðkomandi ræðumann.)

[12:45]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka flutningsmanni fyrir að hafa komið fram með þessa þingsályktunartillögu sem í sjálfu sér er hið ágætasta mál. Hins vegar hlýt ég líka að verða að skamma þá sem flytja þetta mál, hv. þingmenn Kjartan Ólafsson, Drífu Hjartardóttur og Guðjón Hjörleifsson, fyrir að hafa gert þetta með þessum hætti. Ég er einn af þeim tíu þingmönnum sem eru fyrir Suðurkjördæmi og reynsla mín á þeim stutta tíma sem ég hef verið á þingi, þau tvö ár, hefur kennt mér að þegar við þingmenn Suðurkjördæmis náum árangri í samgöngumálum þá er það þegar við göngum í takt. Þá höfum við náð árangri. En hér er allt í einu komin þingsályktunartillaga um samgöngubætur í kjördæminu, ágætismál sem ég styð í sjálfu sér, allt í lagi með það, en kemur eins og fjandinn úr sauðarleggnum.

Ég hef ekki heyrt um að þetta mál væri í undirbúningi, ekki einu sinni þegar við vorum á fundi á Selfossi í fyrradag, í kjördæmavikunni, með fulltrúum sveitarfélaga í kjördæminu þá var ekki minnst á þetta einu einasta orði. Ég verð að segja að slík vinnubrögð valda mér vonbrigðum. En að sjálfsögðu er fólki frjálst að leggja fram þingmál, ef menn vilja hafa þennan hátt á verður bara svo að vera.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Kjartan Ólafsson hvort það sé svo að þingmenn Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi viti eitthvað sem við hin vitum ekki, því að ég hnýt um texta í greinargerð í lokin þar sem segir:

„Þar sem ný brú við Laugardæli er ekki væntanleg allra næstu ár má ætla að göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss sé brýnt verkefni ?“ o.s.frv., vitnað hér til með leyfi forseta.

Eru hv. þingmenn með þessu að segja að það sé alveg klárt mál að ekki standi til að byggja nýja brú yfir Ölfusá næstu árin?

[12:48]

Flm. (Kjartan Ólafsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson er óánægður með að hafa ekki fengið að vera með á þessari þingsályktunartillögu. Hún hefur nú legið nokkuð lengi frammi í þinginu og mig undrar svolítið að hann ekki hafi séð neitt um hana. En það er gott ef víðtækur stuðningur er við málið og það ber að þakka þótt ekkert hefði verið á móti því að aðrir þingmenn væru flutningsmenn að málinu.

En ég átta mig ekki á spurningu hv. þingmanns um það hvort hér sé einhverju haldið leyndu um nýja brú yfir Ölfusá við Laugardæli. Þetta er mál sem hefur verið lengi á dagskrá í kjördæminu. Eins og fram kemur í greinargerðinni er sú brú ekki á samræmdri samgönguáætlun en það er mikið áhugamál heimaaðila að svo sé. Ég þekki kannski betur en margir aðrir hvers konar umferðarhnútur verður við Selfoss í mikilli umferð á sumardögum og í aðalskipulagi hefur lengi verið tekið frá land fyrir verkstæði og brúarstæði fyrir þessa brú. En við munum síðar ræða samræmda samgönguáætlun til lengri tíma og ég vænti þess og vona að sú brú fari inn á þá áætlun.

[12:49]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að heyra að þingmenn Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi lumi ekki á einhverjum upplýsingum, til að mynda frá ríkisstjórninni, varðandi hugsanlega nýja brú yfir Ölfusá. Það er að sjálfsögðu alveg rétt, eins og fram hefur komið, að það er mikil þörf á að það mannvirki verði reist og það hið fyrsta. Það er í raun og veru kraftaverk að ekki skuli hafa orðið stórslys á brúnni sem nú er í tengslum við þá miklu umferð sem fer um hana. Að sjálfsögðu ætti að setja það í forgang að hefja byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá.

Þar fyrir utan vil ég enn og aftur ítreka að ég styð það mál sem hér liggur fyrir. Þetta er á margan hátt ágætt mál. Ég geri mér þó grein fyrir þeirri hættu sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson benti á áðan að svona göngubrú gæti hugsanlega tafið fyrir því að farið yrði í framkvæmdir við nýja brú. Þetta er spurning sem er sjálfsagt að velta upp. Ég sé að hv. þm. Kjartan Ólafsson hristir höfuðið og er þessu ekki sammála. Við skulum bara vona að það sé svo. En ég vona að þessi þingsályktunartillaga fái viðeigandi meðferð í samgöngunefnd og að hún verði afgreidd þaðan og að farið

verði í gera úttekt á framkvæmdinni. Ég er a.m.k. sannfærður um að þetta litla mál mun verða til þess að hreyfa við brýnni umræðu um að farið verði út í að byggja nýtt brúarmannvirki yfir Ölfusá.

[12:51]

Flm. (Kjartan Ólafsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil einungis hér í lok þessarar umræðu þakka hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í henni og fagna því að þeir skuli styðja málið. Eftir þessa umræðu gefst okkur væntanlega kostur á að fylgja henni sameiginlega eftir.

[12:52]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Þetta er ágætisumræða. Það er gott þegar samgöngumálin komast á dagskrá fyrir utan hinar stærri umræður um endurskoðun lengri tíma áætlana því að í svona umræðum kemur fram hvar áherslurnar eiga og þurfa að liggja.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hnýt ég um þessa setningu að brúin við Laugardæli sé ekki væntanleg á næstu árum. Ég held að það sé fráleitur útgangspunktur til að ganga út frá. Núna stendur fyrir dyrum að endurskoða lengri tíma samgönguáætlun. Það er verið að útdeila fé til samgöngu- og vegamála, m.a. hinu fræga símafé, og það er almennt verið að forgangsraða eftir því hvernig áherslurnar breytast á hverju svæði. Það er alveg ljóst að þeir verulegu fólksflutningar á Árborgarsvæðið, á vesturhluta Suðurlands á síðustu missirum og sérstaklega núna á þessu ári og síðasta, og sú mikla umferðaraukning sem því fylgir, eða um 70–80% umferðaraukning um Suðurlandsveg á fáum árum, 7% íbúafjölgun á Árborgarsvæðinu á þessu ári einu, leiðir til þess að íbúar í Árborginni einni verði komnir yfir sjö þúsund nú um áramótin. Allt þetta kallar á að menn endurskoði með mjög róttækum hætti fyrri áætlanir um samgöngumál.

Hafi það verið svo að ekki hafi staðið til við endurskoðun samgönguáætlunar að flýta framkvæmdum við nýja Ölfusárbrú við Laugardæli, þá ber að endurskoða þá ákvörðun af því að ég held að það sé mjög mikilvægt að sú brú komi miklu fyrr en hér er gefið til kynna. Það er mikill þungi á þetta mál heima fyrir.

Ný göngubrú er hið besta mál og sjálfsagt að láta meta kosti þess og ráðast í slíka framkvæmd í fyllingu tímans og jafnvel hið fyrsta. Það er líka ágætt að kostnaðarmat liggi fyrir 1. janúar 2006. En þetta ber að skoða í samhengi og þarna kemur fram að gengið sé út frá því að nýja brúin sé ekki væntanleg og þess vegna sé göngubrúin brýnt verkefni þar sem umferð gangandi vegfarenda hafi aukist og muni aukast verulega á næstu árum. Þetta þarf að taka upp og skoða sérstaklega.

Það er mikið öryggismál fyrir allt svæðið að ný brú komi yfir Ölfusá og að hún komi miklu fyrr en hefur verið í umræðunni. Það er öryggismál t.d. út frá því ef til einhverra fólksflutninga kæmi o.s.frv. en þá er ný brú mjög mikilvæg.

En göngubrú er einnig mikilvæg til að sameina bæjarkjarnann. Svæðið er rofið af þessari miklu á og það er auðvitað mikilvægt að svæðið sé sameinað og umferð um það eins greið og mögulegt er hverju sinni, þetta er eitt atvinnusvæði. Unglingar og börn þurfa að sækja skóla yfir ána og þess vegna mundi göngubrú breyta miklu til að greiða fyrir samgöngum yfir brúna þegar umferð er sem mest. Á morgnana og seinni partinn er mjög þung umferð og mikilvægt að greiða úr hið allra fyrsta.

Eins og bæði ég og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson nefndum í andsvörum við hv. 1. flutningsmann áðan, þá hefði það gefið þessu máli enn þá meiri þyngd að þingmönnum annarra flokka í kjördæminu væri boðinn meðflutningur á málinu og það væri kannað hvort ekki mætti ná samstöðu allra tíu þingmanna kjördæmisins um það eins og svo mörg önnur góð samgöngumál. Í umræðunni hefur komið til tals að flytja sameiginlegar tillögur um hin stærri samgöngumál sem skipta svæðið allt miklu máli. Ég held að hingað til hafi það verið að óskrifuð regla að í slíkum tilfellum sé leitað til þingmanna annarra flokka bæði til að ná samstöðu um málið og meiri þunga í það. Samgöngumál eru þverpólitísk mál og þess vegna ráða kannski búseta og aðrir slíkir hlutir meiru um viðhorf til þeirra en flokksaðild að einum flokki frekar en öðrum þó svo að flokkar geti haft það misframarlega í forgangsröðinni að veita fé til vegamála og samgöngumála. Auðvitað snúast stjórnmál fyrst og síðast um forgangsröðun fjármuna, flutning á fjármagni, og kjósi menn frekar að lækka skatta á hátekjufólkið í landinu en að veita fjármagn til þeirra sem minna hafa og til brýnna samgöngumála þá berjast menn að sjálfsögðu fyrir því í kosningum og bera þá stefnu fram. En hingað til hefur verið nokkur samstaða um að veita verulegt fé til vega- og samgöngumála, hið breytta samfélag sem við búum í kallar einfaldlega á það. Mikill fjöldi fólks fer t.d. á milli Reykjavíkursvæðisins eða suðvesturhornsins og Suðurlandsundirlendisins á hverjum einasta degi, fjórum, fimm sex sinnum í viku til að sækja vinnu og skóla, þetta er orðið eitt og sama svæðið. Þess vegna eru samgöngubæturnar yfir Hellisheiðina og Suðurlandsveginn miklu brýnni og miklu meira knýjandi en áður af því að það liggur framfærslu og menntun svo mikils fjölda fólks til grundvallar. Um það er að skapast mikil sátt og það er mikill þungi upp úr grasrót og annars staðar í þeim umræðum.

Það tengist beint þessu máli af því að allt hangir þetta saman. Samgöngumálin á hverju svæði hljóta alltaf að vera ein samfelld voð, þar sem forgangsraðað er úr einu verkefni í annað og þau endurskoðuð reglulega, hvort veita eigi forgöngu fjármunum til uppbyggingar safnvega, eða ljúka við breikkun Suðurlandsvegar, hvenær eigi að byggja nýja brú yfir Ölfusá og svo eins og hér er rætt um, um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölfusá. Það er verkefni sem ég held að sé mjög gott mál og liggur að mörgu leyti til grundvallar því að sameina bæjarkjarna og svæðið og jafna stöðu fólks til þess að sækja vinnu og nám hvorum megin í bænum sem það býr.

En menn hnjóta um setninguna um brúna við Laugardæli og það ber að skoða þetta allt saman. Þetta er hið besta mál og sjálfsagt að samþykkja þessa þingsályktun og það er einungis til bóta fyrir samgönguumræðuna að gera úttekt á framkvæmdinni svo að kostnaðarmat liggi fyrir. Sú rannsókn er ekki dýr eða viðamikil. Þess vegna vona ég að þessi þingsályktunartillaga um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölf-

usá við Selfoss nái fram að ganga í vetur og verði ekki svæfð í nefnd eins og þingmannamálum þingmanna bæði í stjórn og stjórnarandstöðu hættir svo mikið til.

En ég er alveg viss um að það hefði styrkt þetta mál verulega að þingmenn allra flokka í kjördæminu hefðu átt kost á að flytja það og vinna það með flutningsmönnum. Það hefði kannski orðið enn þá betra mál út úr því, enn þá öflugra mál og líklegra til að ná í gegn þinginu en ella.

Annars þakka ég hv. þingmönnum fyrir umræðuna og flutningsmönnum fyrir að vekja máls á þessu prýðilega máli. Öll umræða um samgöngumál er góð og hún vísar í margar áttir og vekur athygli á brýnum málum í hverju héraði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:00]

Umræður utan dagskrár.

Fjölgun og staða öryrkja.

[14:01]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Aftur og aftur gengur hæstv. heilbrigðisráðherra gegn skýrum ákvæðum meginreglna Sameinuðu þjóðanna um skyldu stjórnvalda til að hafa samráð við okkur fatlaða um aðgerðir sem beinast að okkur. Tilkynnt er að afnema eigi bensínstyrk til hreyfihamlaðra. Sett er reglugerð sem sviptir þá sem hafa leyft sér að hafa tekjur á árinu bótum nú í nóvember og desember. Tilkynnt er um sameiningu þjónustustofnana við fatlaða án þess að orða það við félögin sem í hlut eiga og þjóna á. Hæstv. ráðherra lætur jafnvel vinna heila áróðursskýrslu um hversu mikinn ágóða við öryrkjar höfum af örorkunni og hve okkur öryrkjum fjölgi óeðlilega, án þess að hafa um það nokkuð samráð við heildarsamtök fatlaðra.

Virðulegur forseti. Ég mótmæli þeirri lítilsvirðingu sem okkur öryrkjum er sýnd aftur og aftur í athöfnum hæstv. heilbrigðisráðherra. Við öryrkjar erum ekki aumingjar sem hægt er að birta tilskipanir eða palladóma um, einhliða af hálfu stjórnvalda. Við erum fólk og það á að tala við okkur eins og fólk um málefni okkar og taka mark á sjónarmiðum okkar áður en ákvarðanir eru teknar, semja við okkur og standa við samninga sem gerðir eru við okkur.

Við hljótum að spyrja enn einu sinni úr þessum stól hvort hæstv. heilbrigðisráðherra ætli aldrei að standa við samninginn sem hann gerði fyrir síðustu kosningar. Hann hefur sjálfur sagt úr ræðustólnum að hálfan milljarð vanti þar upp á. Á það virkilega að verða svo, síðar í þessum mánuði, að Öryrkjabandalagið þingfesti fyrir héraðsdómi enn eitt málið gegn ríkisstjórninni svo að hæstv. ráðherra standi við orð sín? Eða er hæstv. heilbrigðisráðherra tilbúinn til að lýsa því yfir að hann sé hættur við að afnema bensínstyrk til hreyfihamlaðra, þótt ekki væri nema vegna þess að eftir að ég tók það mál upp í 1. umr. fjárlaga kom strax í ljós að fyrir því er ekki þingmeirihluti?

Virðulegur forseti. Hin sorglega fjölgun öryrkja er ekki afsökun fyrir því að skerða bætur eða svíkja samninga. Þvert á móti á hún að verða okkur tilefni til að huga enn betur að kjörum öryrkja eftir því sem fleiri þurfa að búa við þau kröppu kjör sem ævikjör sín. Nýgengi örorku ræðst fyrst og fremst af atvinnu- og efnahagsmálum. Alþjóðavæðing og aukin krafa um framleiðni á vinnumarkaði leiðir m.a. til þess að atvinnulífið hafnar í vaxandi mæli þeim sem minnsta starfsgetu hafa og tekur þess í stað dugmikið innflutt vinnuafl eða starfsmannaleigur í þjónustu sína. Þetta er ekki sérislenskt. Þetta gerist um öll Vesturlönd og ég spyr hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann sé ekki sammála mér um að vinnumarkaðsmál séu meginorsök nýgengi í örorku og hvort hann hafni ekki þeim kenningum örorkuskýrslunnar, þeim hlægilegu kenningum, að afslættir af strætómiðum og önnur vildarkjör okkar öryrkja leiði til þess að heilbrigt fólk flykkist í stórum stíl inn í gósenland örorkubótanna, óverðskuldað.

Það má líka spyrja ráðherrann hvernig á því stendur að þeir sem verða öryrkjar virðast eiga erfitt með að hasla sér aftur völl á vinnumarkaði. Er hann t.d. sammála hæstv. félagsmálaráðherra sem hefur nýverið sagt að starfsendurhæfing sé öll í skötulíki? Hví hefur ráðherrann ekki hafst að í þeim efnum árum saman? Ég spyr líka hvort það sé ekki lýsandi um áhugaleysi stjórnvalda á viðleitni öryrkja til vinnu að þeir skuli þurfa að leita til atvinnurekenda eða eftir styrkjum frá félagsmálakerfinu fyrir hjálpartækjum á vinnustað. Ég er svo heppinn að vera þjóðkjörinn fulltrúi á Alþingi. Alþingi borgar umyrðalaust fyrir mig þau hjálpartæki sem ég þarf til starfa. En þannig eru ekki allir vinnustaðir. Það er lýsandi fyrir áhugaleysi stjórnvalda á þátttöku öryrkja á vinnumarkaði hvernig tekjutengingum og stuðningi í hjálpartækjum er varið, eða öllu heldur ekki varið. Nýjasta dæmið er reglugerð frá síðasta mánuði sem varðar öryrkja sem hafa verið duglegir við að afla sér tekna á yfirstandandi ári, hafa farið út á vinnumarkaðinn og unnið sér inn peninga. Tryggingastofnun er gert að skrúfa fyrir bótagreiðslur til þeirra núna í nóvember og desember, á aðventunni. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann endurskoði ekki þá reglugerð strax.

[14:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Reykjavíkur norður gerði málefni öryrkja að umtalsefni og beinir til mín nokkrum spurningum.

Í fyrsta lagi um fjölgun öryrkja. Þegar bornir eru saman þeir sem metnir voru til örorku og örorkustyrks fyrstu sex mánuði áranna 2003, 2004 og 2005 kemur í ljós, samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun ríkisins, að körlum í þessum hópi fjölgar um 27,2% og konum um 31,2%. Það er verulega umfram það sem búast mætti við, að teknu tilliti til lýðfræðilegra breytinga. Séu teknir karlar á aldursbilinu 25–59 ára fjölgar þeim um 24,8% en konum á sama aldursbili fjölgar um 40%. Vísbendingar eru um að eitthvað sé að hægja á fjölguninni á þessu ári en samt sem áður hefur örorkulífeyrisþegum fjölgað úr 12.050 í 12.627, miðað við útgreiðslu TR á fyrstu níu mánuðum ársins. Fjölgunin nemur 4,8% sem svarar til þess að öryrkjum hafi fjölgað um þrjá hvern virkan dag frá áramótum til 1. október.

Meðaltalsfjölgun, samkvæmt greiðslum Tryggingastofnunar, borið saman við sama tíma í fyrra er 7,1%. Ellilífeyr-

isþegum sem að mati sérfræðinga fjölgar hratt þessi árin fjölgar á sama tímabili um 1,8%.

Virðulegi forseti. Öryrkjum er að fjölga og af hverju? Mín skoðun er að hið læknisfræðilega örorkumat þurfi endurskoðunar við, til að gera langa sögu stutta.

Hvers vegna er brotið ítrekað gegn meginreglum Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra, við gerð skýrslu um fjölgun öryrkja, ákvarðanir um breytingar á stofnunum, reglugerðum, örorkubótum o.s.frv. án samráðs við félög fatlaðra og heildarsamtök þeirra? Ég mótmæli því að um sé að ræða samráðsleysi. Ráðuneytið hefur kappkostað að hafa samráð við öll þau félagasamtök sem starfa að málefnasviðum sem heyra undir ráðuneytið. Sem dæmi má nefna samráð vegna sameiningar Heyrnar- og talmeinastöðvar og Sjónstöðvar. Þau áform hafa verið kynnt á fundi með Blindrafélaginu, Félagi heyrnarlausra, Foreldrafélagi heyrnardaufra barna, Félaginu Heyrnarhjálp, Daufblindrafélagi Íslands og Landssambandi eldri borgara. Fyrirhugaður er annar fundur með þeim félagasamtökum nú eftir helgina til að fara yfir málið.

Félagasamtök hafa átt greiðan aðgang að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og hafa margoft komið á fund hans og sérfræðinga ráðuneytisins um hin ýmsu mál. Ég viðurkenni vissulega að samstarfið við Öryrkjabandalagið hefur stundum verið skrykkjótt síðustu missirin en núverandi formaður Öryrkjabandalags Íslands var á fundi hjá mér í gær og óskaði eftir góðu samstarfi við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Það er einlæg von mín að svo geti orðið.

Síðan er spurt hvort öryrkjar séu fleiri á Íslandi en í nágrannalöndum okkar og útgjöld vegna örorkulífeyris meiri sem hlutfall af landsframleiðslu. Öryrkjar eru sem stendur færri hér en annars staðar á Norðurlöndum og útgjöldin mæld sem hlutfall af landsframleiðslu því lægri. En útgjöld hins opinbera og lífeyrissjóðanna fara hraðvaxandi. 70% útgjaldaaukningar undanfarið má rekja til fjölgunar öryrkja. Öryrkjum fjölgar hér örar en annars staðar á Norðurlöndum, einkum yngri aldurshópum eins og staðfest hefur verið. Borið saman við Noreg fjölgar öryrkjum hér mjög mikið.

Hvernig skýrir ráðherra að svo fáir komast aftur út á vinnumarkaðinn? Telur hann að hinar óhóflegu tekjutengingar valdi þar nokkru og skerðingarreglugerðir eins og hann setti 4. október síðastliðinn? Telur ráðherra eðlilegt að atvinnurekandi þurfi að greiða hjálpartæki fatlaðra á vinnustað?

Ástæður þess að fáir öryrkjar fara út á vinnumarkað geta verið ýmsar. Tekjutenging bóta hefur áreiðanlega þar einhver áhrif.

Hvað varðar reglugerð nr. 916/2005 frá 4. október þá felur hún ekki í sér skerðingarreglur. Hún fjallar eingöngu um að þeir sem leggja fram tekjuáætlun sem reynist lægri en rauntekjur beri ekki meira úr býtum en þeir sem tekst að leggja fram raunhæfa áætlun í upphafi. Þar er aðeins um eðlilegt jafnræði milli bótaþega að ræða. Hins vegar höfum við, í samvinnu við Öryrkjabandalagið, verið að fara yfir framkvæmd þeirrar reglugerðar.

Samkomulagið við öryrkja frá því í mars 2003 snerist um þrjú meginatriði:

Í fyrsta lagi að fá viðurkennt og vinna því skilning að þeim sem yngstir greindust öryrkjar yrðu bætt þau örlög. Við það var staðið.

Í öðru lagi átti að tvöfalda grunnlífeyri þessa hóps. Við það var staðið. Í þriðja lagi átti að verja til verkefnisins um einum milljarði kr. Við það var staðið.

Til upplýsingar skal tekið fram að á næsta ári fara sennilega um 1.450 millj. kr. í aldurstengdu örorkubæturnar.

Að lokum. Bílastyrkur verður ekki afnuminn, hvorki hjá þeim 4.000 ellilífeyrisþegum sem styrktir eru til að reka bíla sína né 2.650 öryrkjum.

[14:12]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir að taka upp þessa mikilvægu umræðu. Það er staðreynd að öryrkjum hefur fjölgað á undanförnum árum. Ástæðurnar eru fjölmargar en tengjast þó helst hækkandi aldri þjóðarinnar, fjölgun öryrkja vegna geðraskana, tekjutryggingu örorkubóta og breytingum á vinnumarkaði. Þessa þætti verður að skoða í samhengi. Það er mjög brýnt að hlusta á raddir hagsmunaaðila sem finna á eigin skinni hvar skórinn kreppir og geta því bent á leiðir til úrbóta.

Hæstv. forseti. Staða öryrkja er alvarleg. Allt of margir öryrkjar lifa við skert lífsgæði, ekki eingöngu vegna fötlunar eða sjúkdóma heldur vegna þess að þeim er haldið í spennitreyju fátæktar og úrræðaleysis. Láglaunastefnu atvinnulífs og örorkubóta verður að linna.

Tekjutenging bóta við launagreiðslur er það mikil að óraunhæft er fyrir öryrkja, sem hafa einhverja starfsorku, að ráða sig til launaðrar vinnu. Nær öll launin hverfa í skattgreiðslur eða skertan lífeyri. Vegna þessa missir atvinnulífið dýrmæta starfskrafta sem það hefur ekki efni á að missa, hvorki í dag né til framtíðar. Viljum við þjóðfélag sem skiptir þjóðinni í fylkingar eftir efnahag eða fötlun? Hæstv. ríkisstjórn hefur á þeim árum sem hún hefur setið við völd náð að mynda hyldýpi milli forríkra og bláfátækra einstaklinga. Því miður eru öryrkjar stór hópur hinna síðarnefndu. Ég tel það þjóðarskömm að fötlun eða sjúkdómar skuli geta komið fólki í slíka stöðu. Fólk festist í hlutverki örorkulífeyrisþega þar sem starfsendurhæfing hefur verið í skötulíki, möguleikar til atvinnuþátttöku eru takmarkaðir og atvinnulífið telur það ekki sitt hlutverk að aðlaga vinnuumhverfið að þörfum hins fatlaða.

Hæstv. forseti. Það verður að breyta hugsunarhætti og vinnubrögðum við þetta mikla verkefni, þ.e. að draga úr fjölgun öryrkja umfram það sem eðlilegt getur talist vegna hækkandi aldurs þjóðarinnar og skapa öryrkjum mannsæmandi kjör. Hafa ber öryrkja með í ráðum og líta til þess sem hver einstaklingur hefur fram að færa í stað þess að líta á örorkuna sem bagga á þjóðfélaginu.

[14:14]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Örorkulífeyriskerfi landsmanna er stórgallað. Þar er engum um að kenna og ég frábið mér að menn séu alltaf í sandkassaslag um þau mál. Við eigum öll að leita að skynsamlegri lausn fyrir öryrkja og þjóðfélagið í heild sinni. Kerfið er upprunalega frá 1930 og vandi þess er aðallega sá að þar er miðað við 75% örorku. Nái menn 75% örorku þá fá þeir 100% örorkulífeyri. Nái þeir 74% þá fá

þeir mjög lítið. Séu þeir undir 49% örorku þá eru þeir ekki skilgreindir sem öryrkjar þótt að sjálfsögðu sé það fólk öryrkjar sem ekki getur unnið nema t.d. 60%. Það er öryrkjar en er ekki metið sem slíkt. Þetta er einn megingallinn á kerfinu. Ef öryrkjar vinna hins vegar eitthvað þá eru bætur þeirra skertar, sem er mjög neikvætt og letjandi.

Einu sinni var matið þannig að miðað var við tekjumissi. Það er náttúrlega það sem á að miða við. Síðan breyttist það hægt og rólega yfir í það að vera félagslegt þannig að menn sem áttu bágt fengu örorkulífeyri. Svo var gerð breyting á því sem átti að laga allt saman og farið yfir í læknisfræðilegt mat. Þá tók alveg úr steininn því að menn geta haldið fullum tekjum þótt læknisfræðilega teljist þeir öryrkjar. Segjum að maður í minni stöðu missti báða fætur vegna sykursýki. Ég mundi ekki tapa krónu í tekjum þótt ég væri í hjólastól en ég ætti rétt á örorkulífeyri. Hann væri reyndar skertur af .því að ég hefði háar tekjur. Ég fengi ekki neitt en ef ég hefði lágar tekjur fengi ég sömu tekjur og áður en örorkulífeyri til viðbótar. Þetta er stórgalli.

En stærsti gallinn er sá að bæði öryrkjar og læknar, þegar þeir meta þetta, vita að ef maðurinn nær ekki 75% örorku þá fær hann lítið sem ekki neitt. Þetta er mikill hvati til að fara upp fyrir 75%, bæði hjá lækninum og sérstaklega öryrkjanum. Þetta veldur fjölgun öryrkja.

[14:16]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. málshefjanda, hv. þm. Helga Hjörvar, fyrir að færa þetta málefni, fjölgun og stöðu öryrkja, til utandagskrárumræðu á Alþingi. Hann fór ágætlega yfir ýmsa alvarlega meinbugi á málum öryrkja.

Þannig er, virðulegi forseti, að við búum ekki lengur í stéttlausu þjóðfélagi þar sem aðstæður fólks eru svipaðar heldur er að myndast hyldjúp gjá milli þjóðfélagshópa. Fréttir berast af margra milljóna eða milljarða hagnaði sumra á meðan aðrir eiga vart til hnífs og skeiðar. Bilið milli ríkra og fátækra eykst stöðugt og raunar eru þeir sem eiga erfitt uppdráttar ekki einungis þeir sem eru háðir lífeyri til framfærslu. Margt venjulegt fólk á lágum launum lifir við að ekkert má út af bera án þess að það sligist fjárhagslega.

Atvinnumál öryrkja hafa mikið verið í umræðunni frá því í vor í kjölfar skýrslu á vegum hæstv. heilbrigðisráðherra þar sem fram kom að öryrkjum hefði fjölgað mjög á Íslandi síðustu ár. Skýringarinnar á þeirri fjölgun var fyrst og fremst leitað í því að hagstætt væri fyrir öryrkja að vera á örorkubótum.

Vísast endurspeglar fjölgun öryrkja á undanförnum árum að kröfur atvinnurekenda hafa orðið stífari. Há arðsemiskrafa atvinnulífsins virðist hafa ýtt fólki út af vinnumarkaðnum. Harðnandi samkeppni á atvinnumarkaði bitnar ávallt fyrst á þessum hópi.

Í umræðum um skýrsluna var rætt um að það hlyti að vera næg atvinna í boði, fyrst við erum að flytja inn erlent vinnuafl í störf sem fólk hér á landi nennti ekki að sinna. Ég held að öryrkjar fari ekki að vinna í fiskvinnslu eða við Kárahnjúka af augljósum ástæðum. Hins vegar langar mig að lokum að vekja athyglina á þessu með tekjutengingu bóta. Við í Frjálslynda flokknum teljum að fólk eigi að hafa frelsi til að hjálpa sér sjálft á eigin forsendum og að lífeyrir, jafnvel örorkulífeyrir líka, eigi ekki að þurfa að skerðast svo mjög ef fólk vill sýna sjálfstæða viðleitni og leita sér tekna með því að vinna.

[14:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Hverjir missa fyrstir vinnuna þegar þrengir að á vinnumarkaði? Það eru þeir sem hafa skerta starfsorku, t.d. fatlaðir. Hver er staða þess sem missir starfsorku vegna heilsubrests og getur ekki unnið? Hann fær ekki atvinnuleysisbætur eftir að launum í vinnu sleppir. Velferðarkerfi okkar ýtir óvinnufærum til örorkubóta og torveldar þeim að komast út á vinnumarkaðinn að nýju. Það er gert með skerðingum og jaðarsköttum. Þetta er auðvitað engin skynsemi.

Sá sem missir starfsorku í löndunum í kringum okkur fer á sjúkradagpeninga sem eru hærri en örorkubætur. Eftir ár er síðan metið hvort þeir fái örorkumat. Hér eru sjúkradagpeningar svo lágir að vonlaust er að draga fram lífið á þeim. Það eru 876 kr. á dag eða um 27 þús. kr. á mánuði (**PHB:** En sjúkrasjóðir?) enda fer þeim ört fækkandi sem fá þær greiðslur samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Menn fara beint á örorku. Lágar eru örorkubæturnar en af sjúkradagpeningum almannatrygginga lifir enginn (**PHB:** En sjúkrasjóðirnir?) nema eiga því meiri rétt í sjúkrasjóðum verkalýðsfélaganna. (**PHB:** Sem allir eiga.) Þess vegna fara margir beint á örorkugreiðslur.

Öryrkjar komast ekki út úr tekjutengingu kerfisins. Tekjutengingin letur fólk til að fara í starfsendurhæfingu og út á vinnumarkaðinn því þá skerðast greiðslur frá Tryggingastofnun og rétturinn hjá lífeyrissjóðunum skerðist. Margir veigra sér við að fara í endurhæfingu og úr verður vítahringur. Á þessu vill Samfylkingin taka heildstætt og í samráði við lífeyrisþega sjálfa. Öryrkjar sem verða 67 ára fá lægri greiðslur við að verða ellilífeyrisþegar og ná ekki endum saman. Á þessum málaflokki verður að taka heildstætt og í samráði við lífeyrisþega sjálfa.

Endurskoðun á læknisfræðilegu örorkumati. Ég spyr hæstv. ráðherra hvað hann meinar með því.

[14:21]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Samkvæmt örorkuskýrslunni svokölluðu er kostnaður ríkissjóðs vegna örorku talinn nema um 18 milljörðum kr. árlega. Þá erum við að tala um beinan kostnað ríkissjóðs. Þá er ótalið tjónið vegna minni framleiðslugetu þjóðarinnar, vegna fólks sem hverfur af vinnumarkaði sem er talið nem 34 milljörðum kr., samkvæmt sömu skýrslu. Mér finnst sjálfsagt að hafa orð á þessu en við verðum að skoða dæmið í stærra samhengi því að þetta verður ekki bara mælt í krónum. Lykillinn að almennri velferð er að hver og einn geti nýtt krafta sína, unnið það starf sem hæfir getu hans og verið virkur þátttakandi í samfélaginu. Við sjáum a.m.k. að til mikils er að vinna með að við finnum leiðir til að draga úr þeirri þróun sem verið hefur undanfarin ár.

Einkum er tvennt uggvænlegt við fjölgun öryrkja á Ís-

landi. Annars vegar að hlutfallslega fjölgar mest í hópi yngri öryrkja, en þeir eru samkvæmt sömu skýrslu 136% fleiri en á hinum Norðurlöndunum. Hitt er hve fáir eiga afturkvæmt út á vinnumarkaðinn. Við hljótum því að leggja áherslu á aðgerðir eins og virka starfsendurhæfingu sem geti stuðlað að því að aðstoða öryrkja að komast á vinnumarkaðinn. En jafnframt þarf að tryggja framboð starfa við hæfi hvers og eins. Ég tel líka brýnt að við ráðumst í að draga úr jaðaráhrifum tekna í almannatryggingakerfinu, sem eru umtalsverð.

Síðast en ekki síst verður að horfast í augu við samspil örorku- og atvinnuleysisbóta og lægstu launa. Við verðum að tryggja kerfi sem er vinnuhvetjandi en ekki vinnuletjandi. Það þarf að vera arðsemi fólgin í að hverfa af bótum og fara út á vinnumarkað. Ég tel að lækkun lægstu launa séu eitt lykilatriði í því að snúa við þeirri þróun sem verið hefur undanfarin ár. Ég minni á, frú forseti, að konum hefur fjölgað meira en körlum í hópi öryrkja á síðustu árum.

[14:23]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir þá mikilvægu pólitísku yfirlýsingu sem hann gaf áðan, um að bensínstyrkir til hreyfihamlaðra, öryrkja og aldraðra verði ekki skertir. Af þessu tilefni vil ég óska Öryrkjabandalagi Íslands til hamingju. Ég óska Landssambandi eldri borgara til hamingju. Þetta er árangurinn af baráttu þeirra. Málið hefur einnig verið tekið upp á þingi og nú hefur hæstv. ráðherra svarað þeim óskum og kröfum á jákvæðan hátt.

Við eigum enn eftir að skoða önnur atriði sem lúta að kjörum öryrkja. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir því sem kallað er hagræðing, sem er fínt nafn á niðurskurði. Við eigum eftir að fara nánar í saumana á því.

Að öðru leyti vil ég þakka hv. málshefjanda, Helga Hjörvar, og taka undir áherslurnar í máli hans. Ég vil nefna þrennt: Í fyrsta lagi segir hann að hin sorglega fjölgun öryrkja eigi ekki að vera afsökun eða ástæða fyrir því að skerða kjör þeirra eða svíkja samninga sem við þá eru gerðir. Það er því miður rangt sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að staðið hafi verið við samninga sem gerðir hafi verið við Öryrkjabandalag Íslands. Það hefur ekki verið staðið við samninginn sem var gerður í aðdraganda kosninganna 2003. Það er staðreynd og hefur oftar en einu sinni verið sýnt fram á það hér á þingi.

Í öðru lagi vil ég taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Helga Hjörvars, um samhengi á milli nýgengi örorku annars vegar og atvinnuástandsins hins vegar. Í máli hæstv. ráðherra kom fram að nú hefði hægt á fjölgun öryrkja. Ég vek athygli á því að á sama tíma hefur dregið úr atvinnuleysi.

Í þriðja lagi vil ég taka undir þær áherslur hv. þm. Helga Hjörvars að við eigum að beina sjónum okkar að starfsendurhæfingu og viðhorfi á vinnumarkaði. Það þarf að draga úr hinni grimmu samkeppnis- og gróðahyggju sem kemur í bakið á öryrkjum þessa lands.

[14:26]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Í Morgunblaðinu á miðvikudag birtist frétt um að Lífeyrissjóður Suðurlands mundi skerða allar lífeyrisbætur frá sér um 12–16%. Ástæðan sem upp var gefin var lengri lífaldur þjóðarinnar en líka fjölgun öryrkja. Þetta er staða sem lífeyrissjóðir standa almennt frammi fyrir. Iðgjaldið er hækkað um 1% vegna fjölgunar öryrkja sem kostar þjóðina óskaplega mikið.

Ég nefndi áðan að mörkin, þessi stífu 75% mörk, ættu þátt í fjölgun öryrkja en líka atvinnuleysi. Þá er talið að maður sem er atvinnulaus í sex mánuði þurfi að vera mjög sterkur andlega til að þola það og verða ekki öryrki. Þar er því mikilvægt að bregðast strax við. En fjölgun öryrkja er slæm. Hún er slæm fyrir öryrkjana. Það er ekkert gaman að vera öryrki. Hún er slæm fyrir þjóðfélagið, lífeyrissjóðina og skattgreiðendur.

Við þurfum að finna lausnir og ég hef bent á lausnir. Lausnin er sú að taka upp fljótandi örorkumat. Þannig mundi t.d. 62% öryrki fá 62% af fullum örorkulífeyri en mætti hafa 38% af þeim tekjum sem hann hafði áður án skerðingar. Yrði þetta gert yrði kerfið sveigjanlegra og tæki mið af hverjum einasta manni. Það væri hægt að gera þetta mikið hraðvirkara, jafnvel einu sinni í viku fyrir þá sem eru geðfatlaðir því að staða þeirra breytist mjög hratt. Ég legg til að menn skoði þetta mjög alvarlega.

Ég hef borið þetta undir Öryrkjabandalagið í tvígang og hef borið þetta undir Samtök atvinnulífsins í þrígang. Ég vil að menn skoði þetta. Svo þurfa menn endilega að aðgreina tekjutapið og hins vegar þörf fyrir hjálpartæki. Það er tvennt ólíkt. Ef ég missti báða fætur, eins og ég nefndi áðan, yrði ég ekki fyrir tekjutapi heldur þyrfti ég hjólastól. Það má ekki tengja það saman. Ég legg til að menn skoði þetta í alvöru í stað þess að vera alltaf í slagsmálum og með upphrópanir, sem mér finnast einkenna umræðuna allt of mikið. Menn þurfa að hætta ásökunum og fara að vinna sameiginlega að hagsmunum öryrkja.

[14:28]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Lýðræðið virkar. Þegar við í fjárlaganefndinni sáum tillögu í fjárlagafrumvarpinu um að svipta ætti hreyfihamlaða bensínstyrknum þá held ég að menn úr öllum flokkum hafi orðið undrandi og ekki síður félagar mínir hjá Öryrkjabandalaginu. En sú umræða sem síðan hefur farið fram í þinginu og einkum hjá þjóðinni hefur augljóslega orðið til þess að horfið hefur verið frá þeim fráleitu skerðingarhugmyndum að afnema bensínstyrk hreyfihamlaðra. Ég fagna því og þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir að hafa tekið af skarið um þetta og dregið tillöguna til baka. En ég minni hann á að hefði hann gætt samráðs um þessa hugmynd þá hefði hann aldrei sett hana fram í upphafi. Við hefðum getað verið laus við þetta karp og gefið okkur að meira skapandi verkefnum í þinginu.

Það er engin ástæða til að skerða bætur öryrkja. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur staðfest það í umræðunni að hér eru öryrkjar færri en í nágrannalöndum okkar og útgjöld okkar sem þjóðar til örorkubóta minni en í nágrannalöndum okkar. Það sem við höfum séð gerast er einfaldlega að þró-

unin á vinnumarkaði er farin að líkjast því sem var á hinum Norðurlöndunum fyrir mörgum árum síðan. Þess vegna þurfum við að huga að því að bæta kjör öryrkja og vinna að því af áhuga að skapa öryrkjum aðstæður til að hasla sér aftur völl á vinnumarkaði, með því að styðja þá með starfsendurhæfingu, með hjálpartækjum og þá einkum að hætta hinum óhóflegu tekjutengingum sem draga mjög sjálfsbjargarviðleitnina úr mönnum.

Ég bið hæstv. ráðherra þess lengstra orða að endurskoða þá reglugerðarbreytingu sem gerð var í síðasta mánuði sem á að leiða til þess að öryrkjar fái ekki greiddar bætur í nóvember og desember, hafi þeir verið of duglegir við að afla sér tekna á vinnumarkaði í ár.

[14:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Upp úr stendur kannski eitt atriði sem ég er sammála og það er að efla þurfi starfsendurhæfingu. Það var akkúrat það sem ég átti við með þeim orðum að kannski þyrfti að endurskoða hið læknisfræðilega mat, þ.e. að áður en farið er í það eigi viðkomandi kost á starfsendurhæfingu. Það var það sem ég átti við með því. Við erum sammála um þetta.

Ég hef aldrei haldið því fram að fólk gerist öryrkjar að gamni sínu. Hins vegar er fjölgunin hér örari en í nágrannalöndunum og við verðum að velta því fyrir okkur af hverju sú þróun stafar. Starfsendurhæfingin er að mínu mati lykilatriði í því.

Ég endurtek það sem ég sagði að þrátt fyrir skrykkjótt samskipti við Öryrkjabandalagið á stundum þá hefur verið beðið um samráð og ég er allur af vilja gerður til þess. Hins vegar hefur óneitanlega stundum slest upp á vinskapinn en ég vona að svo verði ekki áfram.

Ég vil undirstrika það að skýrslan margumtalaða, sem kom út í vor, er að mínu mati ekki áróðursskýrsla. Hún dregur fram skoðanir Hagfræðistofnunar Háskólans á þessu máli. Hún var ekki gerð í áróðursskyni heldur til þess að draga fram staðreyndir og ég tel að það hafi gert umræðunni gagn. En ég vísa því algerlega á bug að við séum með því að segja að fólk fari á örorkubætur að óþörfu og að gamni sínu.

Að lokum þakka ég svo fyrir þessa umræðu.

Öryggi og varnir Íslands, fyrri umr.

Þáltill. ISG o.fl., 40. mál. — Þskj. 40.

[14:33]

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar sem flutt er af fjórum þingmönnum Samfylkingarinnar og felur það í sér að Alþingi kjósi níu manna nefnd til að gera úttekt á stöðu öryggis- og varnarmála á Íslandi í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í heiminum frá lokum kalda stríðsins. Gert er ráð fyrir því í þessari tillögu að nefndarmenn í slíkri nefnd verði níu, eins og fyrr sagði, og tilnefndir af þingflokkum í samræmi við þingstyrk hvers flokks.

Í þingsályktunartillögunni eru verkefni nefndarinnar tilgreind en þau eru í fyrsta lagi að gera úttekt á stöðu Íslands á alþjóðlegum vettvangi og skilgreina þá vá sem kann að steðja að landinu hvort sem er óbeint af völdum hernaðar annarra ríkja, af hugsanlegum árásum annarra ríkja, af völdum hryðjuverka eða af annars konar ógnum, svo sem mengunarslysum.

Í öðru lagi er það verkefni nefndarinnar að kanna hvernig sams konar úttekt hefur farið fram í nágrannalöndum okkar, m.a. í Noregi og á Írlandi, með það fyrir augum að nýta það sem vel er gert.

Í þriðja lagi að greina stöðu Íslands að alþjóðalögum, þ.e. gildi varnarsamningsins, hlutverk Íslands í Atlantshafsbandalaginu og hlutverk Íslands í Sameinuðu þjóðunum.

Í fjórða lagi á nefndin að fjalla sérstaklega um erindi og stefnu Íslands í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Í fimmta lagi að gera tillögur um ráðstafanir innan stjórnkerfisins til að tryggja nauðsynlegan viðbúnað og öryggi landsins.

Lagt er til að nefndin skili niðurstöðum sínum innan árs frá samþykkt þessarar tillögu með skýrslu til Alþingis.

Þessi tillaga var fyrst flutt á 130. löggjafarþingi og hún er nú endurflutt lítið breytt. Tillagan miðar að því að skapa þverpólitíska sátt um það hvernig öryggis- og varnarmálum Íslands verði best háttað. Eins og segir í greinargerð með tillögunni þarf sjálfstæð og framsýn utanríkisstefna á sviði varnar- og öryggismála að taka mið af nýjum ógnum og hættum sem að Íslendingum kunna að steðja í breyttri veröld. Hún verður einnig að vera í samræmi við önnur meginmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu, t.d. á sviði viðskipta, menningar og þróunarsamvinnu.

Fyrir rúmum aldarfjórðungi, eða árið 1979, skipaði ríkisstjórn Íslands öryggismálanefnd með fulltrúum allra þingflokka sem starfaði hér um nokkurt árabil. Þessi nefnd starfaði líklega í ein 12 ár og gaf út ein 20 rit um öryggis- og varnarmál. Nefndin gerði m.a. ítarlega úttekt á öryggismálum þjóðarinnar og ég held að það sé brýnt að við eigum einhverja slíka nefnd sem sé þverpólitísk og geti stuðlað að sem víðtækastri sátt um þessi mál.

Á undanförnum árum hafa auðvitað verið gefnar út skýrslur um ákveðin viðfangsefni Íslands í utanríkismálum. Þannig skilaði sérstök nefnd um öryggis- og varnarmál skýrslu til utanríkisráðherra árið 1993 eftir að hafa starfað í tæpt ár. Sú nefnd var hins vegar eingöngu skipuð fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna. Síðan hafa ýmsar nefndir starfað að tilteknum afmörkuðum viðfangsefnum á vegum utanríkisráðuneytisins og komið með margar ágætar tillögur en þær hafa allar verið því marki brenndar, þessar nefndir, að þær hafa einvörðungu verið skipaðar fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna eða embættismönnum úr utanríkisráðuneytinu.

Ég vil í þessu sambandi reyndar geta eins starfshóps sem skilaði niðurstöðu í febrúar 1999 um öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót. Í þeim hópi voru þrír embættismenn úr utanríkisráðuneytinu og þar var margt ágætlega gert en vandinn er kannski sá að því hefur ekki verið fylgt eftir. Sú úttekt sem unnin var af starfshópnum, þær tillögur sem voru lagðar fram — eftirfylgnina í formi stefnumótun-

ar af hálfu hinna pólitísku aðila hefur vantað. Við leggjum til að skipuð verði níu manna pólitísk nefnd sem fylgi eftir þeim rannsóknum og skoðunum sem gerðar hafa verið á öryggis- og varnarmálum Íslands og móti stefnu í málunum.

Í inngangi í skýrslu starfshópsins sem skilaði af sér 1999 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ýmsar niðurstöður hópsins þarfnast augljóslega frekari umræðu og samráðs við hlutaðeigandi stjórnvöld, enda æskilegt að víðtæk samstaða ríki um meginþætti öryggis- og varnarmála þjóðarinnar. Einnig telur starfshópurinn að stefna beri að því að sambærilegt mat verði tekið saman reglulega, t.d. á fimm ára fresti, en örar breytingar í alþjóðlegu umhverfi Íslands valda því að erfitt er að spá fyrir um framtíðina til lengri tíma litið."

Síðan vísar hópurinn í skýrslu sem unnin var um íslensk öryggis- og varnarmál 1993 og segir að þeirri greinargerð sem unnin var 1999 sé ekki ætlað að leysa þá skýrslu af hólmi. Með öðrum orðum: Það hefur ekki verið unnin skýrsla um þessi mál og gerð á þessu úttekt eða rannsóknir síðan 1993 þrátt fyrir að það komi fram, m.a. hjá þessum starfshópi, að slíkt ætti að gerast á fimm ára fresti. Þess vegna segi ég: Það er ýmislegt búið að vinna, það hefur ýmislegt verið gert en því hefur einfaldlega ekki verið fylgt eftir.

Mig langar aðeins að drepa niður í þessa skýrslu víðar vegna þess að í henni kemur margt athyglisvert fram. Meðal annars er vakin athygli á því að varnar- og öryggishugtakið sé mjög breytt í þeim alþjóðlega heimi sem við lifum nú í eftir lok kalda stríðsins. Eins og segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Í fjölþjóðlegu varnarsamstarfi er nú minni áhersla lögð á hefðbundnar landvarnir gegn árás yfir landamæri, en nýjum, margslungnari hættum meiri gaumur gefinn. Útbreiðsla gereyðingarvopna, hryðjuverkastarfsemi, skipulögð glæpastarfsemi, ógn gegn hugbúnaðartækni, öfgastefna, þjóðerniserjur og barátta um takmarkaðar náttúruauðlindir, eru dæmi um slíkar hættur. Aðlögun íslenskra varnar- og öryggismála felur öðru fremur í sér að gripið verði til markvissra og raunhæfra aðgerða til að bregðast við þeim." — Það er að segja þessum nýju váboðum sem að við lifum við. — „Einnig gerir hún kröfu til aukinnar þátttöku Íslands í alþjóðlegu öryggismálasamstarfi. Síðast en ekki síst gefur dvínandi hernaðarógn við landið Íslendingum færi á að takast á hendur stærra hlutverk í vörnum landsins en áður."

Það er reyndar eins og rauður þráður í gegnum þessa skýrslu að það er bent á hina dvínandi hernaðarógn við landið sem kalli á allt annars konar viðbrögð en hér hafa verið byggð upp á undanförnum áratugum í varnar- og öryggismálum.

Það er m.a. bent á það í þessari skýrslu, sem er svo sem kunnugt, að stórlega hefur dregið úr ógn við Ísland úr lofti. Í skýrslunni segir að árið 1991 hafi orrustuflugvélar á Keflavíkurflugvelli flogið í veg fyrir 26 sovéskar herflugvélar á 12 mánaða tímabili, þ.e. um 1990–1991. Á 12 mánaða tímabili flugu orrustuflugvélarnar í veg fyrir 26 sovéskar herflugvélar. Síðan hefur engin rússnesk herflugvél komið í námunda við landið, engin. Þetta eru orðin 14–15 ár. Samt sem áður virðist manni að í viðræðunum við Bandaríkjamenn, í varnarviðræðunum sem nú fara fram, sé megináherslan lögð á loftvarnirnar og þann viðbúnað sem þar þurfi að vera.

Nú kunna að vera einhver rök fyrir því, virðulegur forseti, að leggja megináherslu á loftvarnirnar og viðbúnað af þeim sökum en það vantar bara talsvert mikið upp á að færð séu fyrir því rök að það sé aðalsamningsmarkið, að áherslan liggi þar en ekki á einhverjum öðrum þáttum sem tengjast hinum tvíhliða varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 1951.

Það eru auðvitað ýmsir váboðar í heiminum í dag sem er full ástæða til að gefa gaum og það er auðvitað grundvallaratriði í lífi hvers einstaklings og hverrar þjóðar að búa við öryggi og hafa tilfinningu fyrir því að búa í öruggu samfélagi og að vel sé séð fyrir öryggisþáttum. En falskt öryggi getur jafnvel verið verra en ekkert öryggi vegna þess að það tekur ekki mið af þeim raunveruleika sem við lifum í hverju sinni. Ég hef stundum tekið dæmi af almannavörnum sveitarfélaga. Ef þær nefndir stæðu þannig að málum að þær skilgreindu ekki þá vá sem væri fyrir dyrum í viðkomandi sveitarfélagi þá þættu þær ekki hafa unnið heimavinnuna sína. Það er gert ráð fyrir því að almannavarnanefndir sveitarfélaga skilgreini hver er váin. Eru það ofanflóð? Eru það sjávarflóð? Eru það jarðskjálftar? Eru það eldgos? Hvað er það sem að okkur steðjar, hverjir eru váboðarnir sem við verðum að bregðast við og byggja upp varnarkerfi gagnvart? Flest sveitarfélög fara í gegnum þessa vinnu og síðan skipuleggja þau sínar almannavarnanefndir með tilliti til þess og það gera líka almannavarnir ríkisins. Það vantar talsvert upp á það í okkar öryggis- og varnarmálum að þetta hafi verið gert, þ.e. að við skilgreinum váboðana og þann viðbúnað sem við þurfum að hafa innan lands til að takast á við þá.

Tillagan gerir ekki bara ráð fyrir því að við skilgreinum þá vá sem steðjar að okkur Íslendingum og hvernig við ætlum að bregðast við heldur líka hvaða stefnu og erindi Ísland eigi að fara með inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og hvert eigi að vera hlutverk okkar í því alþjóðasamstarfi sem við tökum þátt í, eins og í Atlantshafsbandalaginu og Sameinuðu þjóðunum. Ég held að þarna eigum við Íslendingar mörg sóknarfæri. Við getum verið erindrekar og boðberar nýrra hugmynda á alþjóðavettvangi, hugmynda sem reyndar hafa aðeins verið að ryðja sér til rúms í hinni alþjóðlegu umræðu en þurfa á einhverjum að halda í hinu alþjóðlega samstarfi sem eru tilbúnir að bera þær fram og berjast fyrir þeim. Þar ættum við Íslendingar að vera í fararbroddi og er ég þá sérstaklega að tala um nýtt, getum við sagt, öryggishugtak sem gengur út á mannöryggi en ekki bara þjóðaröryggi, þ.e. að berjast fyrir og sjá til þess að hið alþjóðlega samfélag standi vörð um mannöryggi en ekki bara þjóðaröryggi og virði mannhelgina ekki síður en landeða lofthelgi hinna ýmsu ríkja. Mannöryggi og mannhelgi tekur mið af einstaklingunum hvar sem þeir búa og skyldu hins fullvalda ríkis til að vernda einstaklingana og öryggi þeirra og gert er ráð fyrir því að þegar hið fullvalda ríki bregst þeirri skyldu sinni þá hafi alþjóðasamfélagið skyldum að gegna við viðkomandi einstaklinga og beri að standa vörð um öryggi þeirra og mannhelgi. Þetta eru mál sem Íslendingar ættu að taka upp á sína arma og bera fram en hingað til hafa það öðrum fremur verið Kanadamenn og

Finnar sem hafa sett þessar nýju hugmyndir um öryggi og mannhelgi á dagskrá og ég hef ekki orðið þess vör að mikið hafi verið gert með þessar hugmyndir í þeim skýrslum og ræðum sem utanríkisráðherra hefur flutt á undanförnum árum á Alþingi Íslendinga. Ég hef leitað eftir þessum hugmyndum í skýrslunum og ræðunum og ég hef leitað eftir því hvort þar sé eitthvað sagt frá þessu frumkvæði Kanadamanna og Finna en ég hef ekki fundið þess stað. Ég skal þó viðurkenna að mér kann að hafa yfirsést eitthvað í þeim efnum.

Virðulegur forseti. Ég held að það sé mjög tímabært að við setjum niður nefnd af þessu tagi og reynum að skapa sem mesta sátt um stöðu Íslands í varnar- og öryggismálum og hlutverk Íslands á alþjóðavettvangi vegna þess að stefna í þeim málum verður að lifa af ríkisstjórnir, hún verður að vera yfir einstakar ríkisstjórnir hafin og geta staðist þó að ríkisstjórnir komi og fari.

[14:48]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um opinbera nefnd um öryggi og varnir Íslands.

Eins og fram kom hjá 1. flutningsmanni tillögunnar leggjum við til, nokkrir hv. þingmenn Samfylkingarinnar, að vandlega verði farið yfir og gerð úttekt á stöðu öryggis- og varnarmála Íslands. Það er tímabært eins og hér hefur komið fram og hefur setið á hakanum allt of lengi árum saman þrátt fyrir ýmsar góðar skýrslur sem gerðar hafa verið og gefnar út og annað starf sem unnið hefur verið og þá aðallega á vettvangi utanríkisráðuneytisins og síðan á vettvangi fræðanna í þessum efnum. Alþingi Íslendinga hefur með öllu vanrækt að móta stefnu um þessi málefni eins og rík þörf er fyrir og það vanrækta verkefni gerir það að verkum að hér sitja stjórnvöld uppi býsna úrræðalaus og svarafá þegar glíma þarf við erfið úrlausnarefni eins og mér virðist íslensk stjórnvöld glíma við núna í samningaviðræðum við Bandaríkjastjórn vegna veru hersins hér á landi.

Þetta snýst, frú forseti, að stórum hluta um að við tökum frumkvæði sem fullvalda ríki í því að skilgreina þarfir okkar, að skilgreina þær ógnir sem við teljum að okkur standa og þá eins og fram hefur komið eigum við ekki einungis við hinar hefðbundnu hernaðarlegu ógnir heldur þær ógnir sem að okkur geta staðið af öðrum völdum. Eins og allir vita sem eitthvað hafa fylgst með þessari umræðu, t.d. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, á undanförnum árum þá er verið að tala um miklu víðara svið og í raun verið að setja öryggismál í miklu víðara samhengi en gert var áður og fyrr. Lok kalda stríðsins og gerbreytt heimsmynd hafa m.a. gert það að verkum. Einnig aðrar breytingar í heiminum, upplýsingabyltingin og aðrar breytingar sem við höfum orðið vitni að á undanförnum árum sem gera það að verkum að þættir eins og almenn fátækt og örbirgð, náttúruhamfarir, útbreiðsla smitsjúkdóma, hvort sem við erum að tala um alnæmi, berkla eða malaríu eða afleiðingar hnignandi umhverfis, hafa oft og tíðum miklu meiri áhrif á líf fólks og öryggi þess og ógnar öryggi þess miklu meira en stríð eða átök.

Nú ætla ég ekki að gera lítið úr því að víða um heim geisa mikil átök og fólk líður hörmungar vegna stríðsátaka um allan heim, því miður, og þá sérstaklega konur og börn. En það er fleira sem þarf að gæta að og það er kominn tími til að Íslendingar og íslensk stjórnvöld nálgist þetta verkefni með þeim hætti sem hentar þeim tímum sem við lifum á og í raun og því verkefni sem hér er við að fást.

Í þessari tillögu er líka gert ráð fyrir að nefndin sem við gerum tillögu um að sett verði niður, sérfræðinganefnd tilnefnd af öllum þingflokkum á þingi, skoði líka erindi okkar inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Við gerum okkur grein fyrir því að sú vinna hefur að einhverju leyti farið fram á vegum framkvæmdarvaldsins innan utanríkisráðuneytisins en það hlýtur að vera verkefni Alþingis Íslendinga eða nefndar á þess vegum að útfæra það erindi betur og skila um það skýrslu til okkar ásamt öðru sem þeirri nefnd er falið að gera.

Hér hefur verið rætt um dvínandi hernaðarógn og vaxandi hlutverk okkar sjálfra, þ.e. Íslands og Íslendinga heima og heiman í þessum efnum. Því vil ég einnig tengja þessa tillögu annarri sem samfylkingarþingmenn hafa flutt sem er um stefnumótun um þróunarsamvinnu af því að það er einnig vitað mál að það er ekki síst vel heppnuð og sanngjörn þróunarsamvinna sem stuðlar að öryggi í heiminum með því að draga úr fátækt. Í raun má taka þá umræðu lengra og segja að það sé ekki síst það að stuðla að bættri þróunarsamvinnu og draga úr fátækt sem skiptir máli heldur líka það að efla réttindi kvenna um allan heim. Það eitt eykur öryggi jarðarbúa til muna, frú forseti.

Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum í gegnum tíðina gert athugasemdir við það með hvaða hætti utanríkisráðuneytið hefur valið verkefni íslensku friðargæslunnar. Eins og við vitum hefur sú starfsemi aukist mjög á undanförnum missirum og því miður hefur það verið tilhneiging ráðuneytisins og kannski meira en það, það hafa í raun og veru nærri því allir peningar sem í friðargæsluna hafa farið verið settir í verkefni sem tengjast stríðsrekstri með beinum eða óbeinum hætti, m.a. með því að þeir hafa krafist vopnaburðar af Íslendingum sem farið hafa og starfað fyrir friðargæsluna. Því geri ég þetta að umræðuefni hér að hluti af því að meta stöðu okkar, bæði öryggi okkar og annarra í þessum breytta heimi og meta vaxandi hlutverk okkar heima og heiman, er að meta hvernig við getum best háttað starfi okkar að friðaruppbyggingu í öðrum löndum. Ég er þeirrar skoðunar að það starf eigi að vera með allt öðru sniði en verið hefur á undanförnum missirum hér á landi á vegum íslenskra stjórnvalda. Við eigum að einbeita okkur að verkefnum sem stuðla að friðaruppbyggingu með því að fara inn í kvennaverkefni og félagsleg verkefni, t.d. þau verkefni sem UNIFEM vinnur að víða um lönd, og ég hygg að þeim fjármunum væri mun betur varið í slíkum verkefnum og bæri miklu betri árangur þegar upp er staðið heldur en í þeim verkefnum sem hingað til hafa verið valin af íslenskum stjórnvöldum og virðast aðallega ganga út á það að gera íslensk stjórnvöld sýnilegri innan ákveðinna samtaka eða á ákveðnu sviði alþjóðastjórnmálanna sem við tökum þátt í.

Þetta er líka spurningin um hvernig við skilgreinum okkur í nýjum heimi og hvernig við skilgreinum ekki bara erindi okkar við aðrar þjóðir heldur hvernig við skilgreinum öryggi í nýjum heimi. Í raun má segja að öryggis okkar verði best gætt með því að gæta öryggis annarra annars

staðar í heiminum. Það kann að hljóma langsótt en það er þó þannig að jörðina eigum við öll og við búum saman á henni. Þetta snýst ekki bara um varnir og öryggi Íslands heldur miklu stærra samhengi en það.

[14:56]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við ræðum hér tímabæra tillögu til þingsályktunar um að skipuð verði opinber nefnd um öryggi og varnir Íslands. Ég verð þó að segja eins og er að ég varð fyrir ákveðnum vonbrigðum þegar ég kom inn í þingsal og sá að þetta mál var komið á dagskrá að eingöngu sætu í þingsalnum þingmenn Samfylkingarinnar og engir aðrir. Ég velti því fyrir mér og brá mér því fram til að skoða hvort verið gæti að engir aðrir þingmenn væru í húsinu sem hefðu áhuga á þessu máli og komst þá að því mér til mikillar undrunar og furðu að á reglulegum þingfundi sem hér stendur eru einungis níu þingmenn í þinghúsinu og þeir eru allir frá Samfylkingunni. Ég veit ekki hvort þetta lýsir að einhverju leyti áhuga þingmanna annarra flokka á því málefni sem við erum að ræða en vona satt að segja að svo sé ekki.

Eins og ég sagði í upphafi er þetta tímabær tillaga að taka fyrir og í raun hálfundarlegt að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki vera búin að setja af stað slíka formlega vinnu miðað við þær miklu breytingar í alþjóðlegu umhverfi sem við höfum upplifað á undanförnum árum og nægir þar að nefna t.d. hryðjuverkaógnina eins og hún er. Sú heimsmynd sem við horfum á er allt önnur en við höfum átt að venjast hingað til og stöðugt eru miklar breytingar í gangi. Ég held að allir sem eitthvað fylgjast með geri sér grein fyrir að heimurinn er í raun að minnka og alþjóðavæðingin sem við höfum orðið vitni að gerir það að verkum að hver og ein sjálfstæð þjóð hlýtur að þurfa að vega og meta stöðu sína í samfélagi þjóðanna, sérstaklega með tilliti til þess hvernig öryggis er gætt.

Í þessari þingsályktunartillögu er talað um að skipa níu manna nefnd og hlutverk hennar er að gera úttekt á stöðu öryggis- og varnarmála á Íslandi í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í heiminum frá lokum kalda stríðsins. Gert er ráð fyrir að þingflokkarnir tilnefni þessa níu aðila, a.m.k. einn fulltrúi komi frá hverjum þingflokki í nefndina, og gert er ráð fyrir eins og fram kemur í greinargerð að þingflokkarnir skipi sérfræðinga á vegum utanríkismála í þessa nefnd þannig að þetta geti orðið faglegt og gott starf.

Eins og fram kemur í tillögunni eru verkefni nefndarinnar fimmþætt:

Í fyrsta lagi að gera úttekt á stöðu Íslands á hinum alþjóðlega vettvangi og reyna að skilgreina með einhverjum hætti þá vá sem menn sjá fyrir sér að geti steðjað að landinu, hvort sem það er af völdum hernaðar annarra ríkja á hendur okkur, af völdum hryðjuverka eða annars konar öðrum ógnum sem þarf að skilgreina. Það geta verið mengunarslys, það geta verið faraldrar eins og verið er að tala um núna í sambandi við fuglaflensuna og hættan á heimsfaraldri, að nefnd þessi geri í raun geri úttekt á stöðunni eins og hún er og hvað það er sem helst geti ógnað öryggi okkar sem hér búum.

Í öðru lagi að kanna hvernig og hvort slíkar úttektir hafi farið fram í nágrannalöndunum og reyna að nýta þá reynslu sem þeir aðilar sem að þeim úttektum hafa unnið búa að eftir skoðun eins og hér er verið að tala um.

Í þriðja lagi að greina stöðu Íslands að alþjóðalögum, þ.e. gildi varnarsamningsins o.s.frv. Það fer ekki fram hjá nokkrum manni að okkur gengur hálfilla að komast að niðurstöðu varðandi varnarsamninginn við Bandaríkjamenn. Þær samningaviðræður sem átt hafa sér stað lengi — ég er nú ekki viss um að rétt sé að kalla þær viðræður sem fram fara samningaviðræður eftir síðustu fréttir, okkur hefur verið skýrt frá því af hæstv. utanríkisráðherra að það séu engar samningaviðræður í gangi heldur eingöngu einhverjar óformlegar þreifingar og maður gerir sér í sjálfu sér ekki almennilega grein fyrir á grundvelli hvaða vinnu þær þreifingar fara fram. Við hljótum að þurfa að vinna heimavinnunna okkar svolítið betur en gert hefur verið þannig að þegar við komum að því samningaborði, sem vonandi verður fljótlega að einhverjir formlegir samningar um varnarsamninginn hefjist og hvernig honum verður fylgt eftir, þá komum við undirbúin á einhvern hátt um það hvernig við viljum sjá vörnum Íslands háttað og hvernig við teljum að öryggi íbúanna hér sé best borgið í þeim heimi sem við lifum í núna.

Í fjórða lagi að fjalla sérstaklega um erindi og stefnu Íslands í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna með tilliti til þess framboðs sem loksins hefur verið staðfest að við ætlum okkur í og erum í. Við hljótum að þurfa að fara í gegnum þá vinnu á vettvangi Alþingis að gera okkur grein fyrir hvert hlutverk okkar verður, hverju við ætlum okkur að ná fram með því að sækjast eftir því að gerast aðilar að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, og náum við því sæti, hvernig við ætlum að beita okkur og hvað það er sem við ætlum að leggja áherslu á. Auðvitað veit ég að það hlýtur að hafa farið fram talsverð vinna og skoðun í utanríkisráðuneytinu varðandi þetta mál en Alþingi á að koma að þessari vinnu.

Í fimmta lagi að gera ráðstafanir innan stjórnkerfisins til að tryggja nauðsynlegan viðbúnað og öryggi landsins. Ég held að þegar farið hefur verið í gegnum hvaða vá það er sem að okkur getur steðjað og hvernig við viljum tryggja öryggi og varnir þá hljóti að fylgja að því sé fylgt eftir á raunverulegan hátt hvernig við ætlum að innleiða þetta í stjórnkerfið og tryggja nauðsynlegan viðbúnað og öryggi.

Í þingsályktunartillögunni er talað um að nefndin skili niðurstöðum sínum innan árs frá því að tillagan er samþykkt með skýrslu til Alþingis. Þetta er ekki þingsályktunartillaga um að ráðherra skipi nefnd eða ráðherra sé falið að gera þetta eða hitt heldur tillaga til þingsályktunar um að nefnd þessi verði skipuð af Alþingi, hún vinni sína vinnu sem hluti af löggjafarvaldinu og skili síðan skýrslu til Alþingis þar sem umræður geti farið fram um hana og menn ráðið ráðum sínum á vettvangi löggjafarsamkomunnar en ekki eingöngu í ráðuneytum eða á vettvangi framkvæmdarvaldsins. Gert er ráð fyrir að nefndin ráði til sín starfsmann og sá starfsmaður verði ritari nefndarinnar.

Eins og heyrist af þessari lýsingu er tillagan nokkuð viðamikil. Hún tekur á nokkuð mörgum þáttum er varða öryggi okkar og varnir og að nauðsynlegt sé að við hugum betur að því en gert hefur verið hver staða okkar er í hinni nýju heimsmynd og við reynum að setja þessa vinnu eins

hratt og vel af stað og mögulegt er. Ég trúi því og vona að enda þótt þingmenn annarra flokka séu ekki í salnum eða hlusti á þessa umræðu þá taki þeir þátt í því með okkur að samþykkja þessa þingsályktunartillögu og gera hana að raunveruleika.

[15:04]

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Það vekur óneitanlega nokkra athygli, eins og kom fram hjá hv. þm. Samfylkingarinnar Jóni Gunnarssyni, hversu lítinn áhuga þingmenn annarra flokka sýna þessu máli, þ.e. tillögu sem hér er flutt um að skipa nefnd til að móta stefnu um öryggi og varnir Íslands. Í sjálfu sér þarf það kannski ekki að koma manni mjög mikið á óvart vegna þess að sú stefna er einfaldlega uppi hjá ríkisstjórninni að hleypa helst engum að vinnu eða stefnumótun sem lýtur að þeim málum sem einstök ráðuneyti eru með til meðferðar.

Það er ekki tilviljun að það er verið að vinna frumvarp til laga um Ríkisútvarpið uppi í menntamálaráðuneyti og án þess að þar komi nokkur að sem eigi hagsmuna að gæta í málinu, hvað þá að stjórnarandstaðan komi þar nokkurs staðar nærri. Það er ekki tilviljun að það er verið að vinna frumvarp til laga um málefni grunnskólans án þess að þar komi nokkur að, ekki einu sinni sveitarfélögin í landinu sem reka þó grunnskólann eða aðrir aðilar, hvað þá stjórnarandstaðan, að sjálfsögðu ekki. Það er engin tilviljun að verið er að setja reglugerðir um málefni fatlaðra og öryrkja án þess að Öryrkjabandalagið komi þar nokkurs staðar nærri. Svona gæti ég áfram talið. Það er einfaldlega stefna þessarar ríkisstjórnar að hafa sem minnst samráð við aðra aðila hvort sem það er stjórnarandstaðan eða hagsmunaaðilar í þessu samfélagi. Því miður er öll okkar stjórnsýsla orðin gegnsýrð af þessu viðhorfi og finnst þetta sjálfsögð og eðlileg vinnubrögð að það sé bara ráðskast um mál einhvers staðar uppi í einhverjum ráðuneytum með ágætu fólki eflaust en fólki sem hefur bara takmarkaða sýn á samfélagið vegna þess að það getur ekki endurspeglað alla þá ólíku hagsmuni og þau sjónarmið sem eru á ferðinni og hljóta að skipta máli þegar stefna er mótuð.

Í þessari tillögu er einmitt minnst á það að kanna hvernig staðið hefur verið að málum í nágrannalöndum okkar og þar er vitnað til Írlands. Ég segi bara að ólíkt hafast menn að vegna þess að írska ríkisstjórnin fór í það verkefni bara fyrir nokkrum árum að móta sér stefnu í varnar- og öryggismálum írska lýðveldisins sem ekki hafði verið gert frá stríðslokum og hún gerir það í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa eftir lok kalda stríðsins. Hvað gerir írska ríkisstjórnin? Hún safnar saman fulltrúum ýmissa aðila, gefur út svokallaða hvítbók í málinu. Hvítbók innifelur í sér ákveðna stefnumörkun og hún setur hana í umræðu í samfélaginu og kallar eftir athugasemdum, ábendingum, hugmyndum samtaka og einstaklinga og fékk inn alveg fjölmörg slík atriði sem voru síðan tekin til umfjöllunar áður en stefnan var síðan endanlega gefin út og mótuð. Þeir litu svo á með öðrum orðum að þrátt fyrir að þarna væri um að ræða öryggis- og varnarmál sem flestir telja afskaplega viðkvæm mál, meira að segja svo viðkvæm að ekki er hægt að ræða slík mál á opinberum vettvangi á Íslandi. — Það er ekki einu sinni hægt að ræða þau, eftir því sem mér skilst, í utanríkismálanefnd Alþingis og það litla sem þó er rætt þar er allt undir trúnaði. Þannig förum við að þessu meðan írska lýðveldið og ríkisstjórnin þar hefur þetta upp á borðinu og býður almenningi að umræðu um þessi mál vegna þess að þegar allt kemur til alls er þetta spurningin um öryggi og varnir þeirra einstaklinga sem innan vébanda þjóðríkisins búa og auðvitað hlýtur þeim að koma það nokkuð við hvernig að málum er staðið. En eins og ég segi þá er engin tilviljun að stjórnarflokkarnir blandi sér ekki í þessa umræðu vegna þess að það er einfaldlega það viðhorf uppi í ríkisstjórninni að það komi engum við það sem framkvæmdarvaldið er að sýsla með uppi í ráðuneytunum og það komi einfaldlega engum við hvernig þeir standi að samningum við aðrar þjóðir eins og við Bandaríkin út af varnarmálum og það komi engum við hvernig stefnan sé mótuð inni í alþjóðastofnunum þar sem Ísland eigi sína fulltrúa. Þetta er einfaldlega það sem maður má búa við á Alþingi Íslendinga en er auðvitað orðið löngu tímabært að breytist. Ég hlýt að kalla eftir því að stjórnarflokkarnir fari að taka sér tak og fari að tileinka sér nútímaleg vinnubrögð, lýðræðisleg vinnubrögð sem fela það í sér að haft sé víðtækt samráð við sem flesta í stefnumótun sem varðar landsmenn alla.

Lýðræði er ekki spurningin um það að kjósa bara á fjögurra ára fresti og láta þar við sitja. Lýðræði er að hafa samráð við fólk og eins og ég kom inn á í umræðunni í þinginu í gær, þar sem var verið að tala um rannsókn á valdi og lýðræði og hvernig þetta hefði flust til, þá haltrar ríkisvaldið og landstjórnin langt á eftir öllum öðrum í hugmyndum um lýðræði og lýðræðisleg vinnubrögð. Sveitarstjórnarstigið er komið mun lengra en nokkurn tíma landstjórnin í því að tileinka sér lýðræðisleg vinnubrögð og hafa samráð við fjölmarga aðila í stefnumótun. Það er út á það sem þessi tillaga gengur, að sem flestir komi að málinu vegna þess að stefna í öryggis- og varnarmálum er ekki einhver stefna sem breytist í grundvallaratriðum á fjögurra ára fresti við kosningar. Þetta er stefna sem þarf að standa og þarf að halda meðan forsendur eru óbreyttar í því umhverfi sem við lifum við og þarf þess vegna að standa og halda burt séð frá því hverjir veljast til forustu í landstjórninni á hverjum tíma. Þess vegna er enn ríkari ástæða en ella til þess að um þetta sé haft sem víðtækast samráð og sköpuð sem víðtækust sátt um málið í samfélaginu.

Við bjuggum við það hér um áratuga skeið að þjóðin var klofin í herðar niður í afstöðu sinni til varnar- og öryggismála. Það eru forsendur núna til að breyta þessu. Það eru allar forsendur til að breyta þessu og skapa þessa sátt. En það verða auðvitað þeir sem ætla að sitja á stjórnarbekknum að hafa einhverja forgöngu í því máli og verða a.m.k. tilbúnir til þess að hlusta á sjónarmið sem uppi eru í stjórnarandstöðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á fasteignum og álagningarstofn fasteignaskatts, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 41. mál. — Þskj. 41.

[15:12]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um mat á fasteignum og um álagningarstofn fasteignaskatts. Kannski er rétt að vekja athygli á því eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gerði rétt áðan, að það vantar líka þá ráðherra sem hér ættu að vera til að hlusta á mál mitt í þessum efnum og sömuleiðis þann nefndarformann sem um ræðir þannig að áhugaleysið gengur hér þvert yfir allt. Auðvitað dregur þetta úr þingmönnum löngun og gleði við að stunda sín störf þannig að ég skal taka undir það sem hv. þingmaður sagði í ræðu rétt áðan, að þetta áhugaleysi er með eindæmum. En það þýðir ekkert fyrir okkur að linna látum hér. Við skulum reyna að halda áfram að fá stjórnarliða að borðinu þannig að hér geti farið fram málefnalegar umræður, pólitísk átök, úr þessum ræðustóli þar sem þau eiga að fara fram þannig að við fáum á tilfinninguna að það sé verið að virða okkur einhvers sem höfum hér hluti til málanna að leggja í hina pólitísku umræðu.

Tillagan sem hér liggur fyrir var lögð fram á 131. löggjafarþingi. Hún komst ekki á dagskrá þá og er því flutt nú í raun í fyrsta sinn, þ.e. mælt fyrir henni í fyrsta skipti. Á síðasta þingi var 1. flutningsmaður hv. varaþingmaður minn Atli Gíslason og er hann höfundur tillögunnar. Raunar er hún flutt núna eilítið breytt því frá því að tillagan var flutt þá hefur Fasteignamat ríkisins tilkynnt um og kynnt endurmat á sumarbústöðum og sumarbústaðalóðum og þessi tillaga tekur mið af því nýja mati. Þess vegna er nokkuð aukið við bæði greinargerð og tillögutextann sjálfan. Tillögutextinn er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega að skipa nefnd til að gera tillögur um breytingar á reglum um ákvörðun matsverðs íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða og sumarbústaðalóða, samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og á reglum um álagningarstofn og álagningu fasteignaskatts samkvæmt lögum nr. 4 1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Nefndin leiti leiða til að finna nýjan álagningargrundvöll fasteignaskatts svo að álagning endurspegli kostnað sveitarfélaga af þjónustu við íbúðar- og sumarbústaðaeigendur og eigendur sumarbústaðalóða. Þannig verði tengsl álagningarstofns við skyndilegar breytingar á markaðsverði fasteigna rofin en í stað þessi taki álagning fasteignaskatts breytingum í takt við almennar verðlagshækkanir.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. september 2006.“

Eins og sjá má af tillögutextanum hefur, vegna gríðarlegra breytinga á markaðsverði fasteigna upp á síðkastið, fasteignaskatturinn hækkað gríðarlega. Það kemur afar misjafnlega niður á fólki. Það kemur illa niður á því fólki sem ekki er að hugleiða að selja íbúðir sínar, sem býr í þeim og greiðir fasteignaskatta. Verðlagshækkunin, hið háa markaðsverð fasteignarinnar, skilar sér ekki í vasa þeirra einstaklinga. Það er alveg ljóst að taka þarf til hendinni og skoða réttlætið í þessum málum.

Gerðar hafa verið umtalsverðar breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna. Fasteignamat ríkisins hefur staðið í endurmati á öllu íbúðarhúsnæði í landinu, nú síðast sumarbústöðum og sumarbústaðalóðum. Það má halda því fram að bæði ríkisstjórnin og sveitarstjórnir hafi gefið okkur vonir í þessum efnum, um að endurmatið mundi ekki leiða til hækkana á eignarskatti og fasteignaskatti en önnur hefur orðið raunin.

Við álagningu gjaldárið 2002 greiddu framteljendur sem áttu ekki aðrar eignir en skuldlausar tveggja til fjögurra herbergja íbúðir eignarskatt í fyrsta skipti. Fasteignaskattar hafa einnig hækkað vegna endurmatsins og enn frekar á grundvelli verulegra hækkana á markaðsverði íbúðarhúsnæðis, en skv. 27. gr. laga nr. 6/2001 skal matsverð fasteignar vera gangverð hennar umreiknað til staðgreiðslu. Það er sem sagt lögbundið.

Íbúðaverð hækkaði á öllu landinu, að Vestfjörðum undanskildum, milli áranna 2003 og 2004. Verð á íbúðarhúsnæði á Austurlandi hækkaði mest, um tæp 35%. Í Reykjavík nam hækkunin tæpum 14%, á Norðurlandi vestra 12,1% og á Norðurlandi eystra 10,6%. Í öðrum landshlutum nam hækkunin 9–10%, nema á Vestfjörðum, eins og áður segir, þar sem íbúðaverð lækkaði um 1,7%. Almennt má segja að hækkun matsverðs íbúðarhúsnæðis milli áranna 2003 og 2004 hafi numið að meðaltali rúmum 10% umfram almennar verðlagshækkanir samkvæmt vísitölu neysluverðs og hefur haft í för með sér sambærilega hækkun fasteignaskatta. Allt bendir til þess að matsverð fasteigna muni hækka verulega umfram almennt verðlag á þessu ári vegna mikillar eignaverðbólgu sem hófst á síðasta ári. Það sýna m.a. skýrslur Hagtíðinda Hagstofu Íslands frá 3. maí 2005 og vorskýrsla ASÍ 2005, en þar er að finna tölur um hækkun íbúðaverðs fram til apríl á þessu ári. Upplýsingar liggja fyrir um að fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað um rúm 38% á rúmu ári miðað við maí 2005. Þar af hafi sérbýli hækkað mun meira en fjölbýli, eða um 54% á móti 34%.

Í sumar lauk Fasteignamat ríkisins endurmati sumarbústaða og óbyggðra sumarbústaðalóða og tók hið nýja mat gildi 1. september sl. Breytingar á matinu eru mjög mismunandi eftir stærð og staðsetningu en meðallækkun á mati sumarhúsa samkvæmt því er 23,8%, segir hér. — Ég held að það hljóti að vera prentvilla, virðulegur forseti. Breytingarnar á matinu eru mismunandi en það mun hafa verið hækkun en ekki lækkun. Ég tel að hér sé prentvilla í greinargerðinni sem ég skal athuga og laga. Ég geri ráð fyrir að mat sumarbústaða hafi hækkað um 23,8% að meðaltali. Það eru jafnvel dæmi um 685% hækkun á lóðamati í Eyja- og Miklaholtshreppi. Um það má lesa nánar í fylgiskjali II með tillögunni, sem er grein úr Bændablaðinu frá 30. ágúst 2005. Þar er fjallað um mikla hækkun á mati sumarbústaða og óbyggðra sumarhúsalóða.

Fasteignaskattar eru í eðli sínu gjöld sem er ætlað að mæta kostnaði sveitarfélaga við að þjónusta fasteignaeigendur og eru lögð á eignir óháð tekjum. Útsvar er hins vegar lagt á sem hlutfall af tekjum, tekjuskattsstofni. Veruleg hækkun á markaðsverði íbúðarhúsnæðis síðustu mánuði og fyrirsjáanleg hækkun á þessu ári umfram almennar verðlagshækkanir ætti að mati flutningsmanna ekki að hafa áhrif á stofn til álagningar fasteignaskatts. Kostnaður sveit-

arfélaga af þjónustu við íbúðar- og sumarbústaðaeigendur og eigendur sumarbústaðalóða eykst ekki í réttu hlutfalli við hækkun á markaðsverði þessara fasteigna. Þessi eignaverðbólga hefur bitnað og mun bitna harðast á þeim sem lægstar hafa tekjurnar, svo sem eldri borgurum og einstæðum foreldrum. Þá má halda því fram með gildum rökum að viðmiðun fasteignamats við gangverð, markaðsverð, mismuni sveitarfélögum. Er þannig ljóst að sveitarfélög á Vestfjörðum standa afar höllum fæti og er fjárhagsstaða þeirra þó nógu slæm fyrir vegna fólksfækkunar. Er brýnt að setja nýjar reglur um álagningarstofn fasteignaskatts og styrkja tekjustofna sveitarfélaga með öðrum hætti en síhækkandi fasteignasköttum sem, eins og fyrr segir, eru lagðir á óháð tekjum. Í því skyni þarf að breyta álagningargrundvelli fasteignaskatts fyrir álagningu árið 2007 svo að íbúðar- og sumarbústaðaeigendur og eigendur sumarbústaðalóða þurfi ekki að sæta álögum umfram almennar verðlagshækkanir og að sveitarfélögum sé ekki mismunað.

Virðulegi forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur fullan skilning á þörfum sveitarfélaganna í landinu til að skjóta styrkari stoðum undir fjárhag sinn. Það sýnir málflutningur þingmanna flokksins á undangengnum þingum. Í því sambandi má t.d. nefna frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem þingflokkurinn flutti á síðasta löggjafarþingi og umræðu utan dagskrár um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, sem þingflokkurinn stóð fyrir 16. apríl 2004.

Í málflutningi þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa komið fram raunhæfar tillögur, að okkar mati, sem eru til þess fallnar að efla fjárhagsstöðu sveitarfélaganna til langs tíma. Þær tillögur taka heildstætt á vanda sveitarfélaganna og ganga út frá því að ríkisvaldið beri þar talsverða ábyrgð. Það er því mat flutningsmanna þessarar tillögu að tillögur fjármálaráðuneytisins um skyndihækkun fasteignamats í því skyni að efla fjárhag sveitarfélaganna séu vanhugsaðar og taki ekki á rótum vandans.

Með tillögu þessari, sem er á þskj. 41, höfum við birt þrjú fylgiskjöl, þrjár blaðagreinar. Í fyrsta lagi grein eftir Egil Ólafsson, blaðamann Morgunblaðsins, um fasteignamat, þ.e. um hvernig Fasteignamat ríkisins endurmat verðmæti sumarbústaða. Greinin birtist í Morgunblaðinu 30. júlí í sumar. Sömuleiðis er hér á öðru fylgiskjali grein úr Bændablaðinu sem ég gat um fyrr í máli mínu og í þriðja lagi grein eftir Hörð Bergmann sem birtist í Morgunblaðinu 7. ágúst 2005 og hún heitir „Sumarhús sem tekjustofn sveitarfélaga."

Allar þessar greinar gera á nokkuð ljósan hátt grein fyrir þeim vanda sem af þessari hækkun matsins hefur leitt. Við teljum þær þess vegna vera innlegg í umræðuna um þessa þingsályktunartillögu.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa orð mín fleiri en tel að um mikið hagsmunamál sé að ræða fyrir alla fasteignaeigendur. Ég treysti því að þetta mál fái yfirgripsmikla umfjöllun í nefnd og umsagna verði leitað sem víðast þannig að við megum, þegar líður á þingið, afgreiða tillöguna úr þingsölum með atkvæðagreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 44. mál (bankastjórar, peningastefnunefnd). — Þskj. 44.

[15:24]

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Rannveig Guðmundsdóttir, allt þingmenn Samfylkingarinnar.

Frumvarpið er svo sem ekki stórt í sniðum, er einar fjórar frumvarpsgreinar, efnisgreinar. En í því er aðallega gerð tillaga um tvennt.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um að ákvarðanir um beitingu stjórntækja Seðlabanka Íslands í peningamálum sé í höndum sérstakrar nefndar, peningastefnunefndar, en stjórn bankans að öðru leyti í höndum bankastjórnar.

Þá er gerð tillaga um að stöður bankastjóra í Seðlabankanum séu auglýstar opinberlega og þeir bankastjórar sem ráðnir eru til bankans skuli hafa reynslu og víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum efnahagsmálum. Í 3. gr. þessa frumvarps er síðan útfærsla á því hvert eigi að vera verkefni hinnar svonefndu peningastefnunefndar.

Þetta er sem sagt efnisinntak þessa frumvarps. Segja má að það sé að efni til komið úr tveimur áttum, getum við sagt. Í fyrsta lagi er með því tekið mið af breytingartillögum sem þingmenn Samfylkingarinnar gerðu þegar ný lög um Seðlabanka Íslands voru til umfjöllunar á Alþingi árið 2001. Þá lögðu þingmenn Samfylkingarinnar til að sett yrði á laggirnar sérstök peningastefnunefnd og voru þá með þá hugmynd að það yrði bara einn bankastjóri í bankanum.

Árið 2003 flutti ég ásamt fleirum frumvarp í þinginu þess efnis að auglýsa bæri stöður seðlabankastjóra og gera skyldi ákveðnar hæfniskröfur til þeirra sem til bankastjórastarfa veldust. Segja má að hér sé skellt saman í eitt frumvarp tveimur mismunandi tillögum sem Samfylkingin hefur flutt og varða Seðlabanka Íslands.

Markmiðið með þessu frumvarpi er að tryggja að faglega sé staðið, bæði að ráðningu seðlabankastjóra og beitingu stjórntækja Seðlabanka Íslands í peningamálum. Þannig verði stuðlað að sjálfstæði bankans bæði í reynd og ásýnd. Í greinargerðinni segir að gerð sé tillaga um að stöður seðlabankastjóra verði auglýstar og gerðar kröfur um reynslu og þekkingu á sviði peninga- og efnahagsmála. Þá er gerð tillaga um að ákvörðunarvald um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum verði flutt til sérstakrar peningastefnunefndar sem í sitji bankastjórn og þrír af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdastefnu í peningamálum. Að öðru leyti verði stjórn bankans í höndum bankastjórnar. Nefndin haldi fundi a.m.k. átta sinnum á ári og opinberlega verði gerð grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra. Með þessu móti verður komið til móts við þá gagnrýni, sem m.a. hefur heyrst frá greiningadeildum bankanna og ýmsum hagfræðingum, að of langur tími líði milli vaxtaákvarðana bankans og ekki sé nægilega gegnsætt hvaða forsendur búi að baki þeim ákvörðunum. Efnislega byggist frumvarpið, eins og fyrr

sagði, að hluta til á breytingartillögum sem þingmenn Samfylkingarinnar fluttu við umræðu um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands á 126. löggjafarþingi og hins vegar á frumvarpi sem flutt var af þingmönnum Samfylkingarinnar á 130. löggjafarþingi.

Mig langar, virðulegur forseti, að tala aðeins um peningastefnunefndina sem við leggjum hér til. Ég held að sú hugmynd sé fyllilega tímabær núna. Hún kom vissulega til álita og ýmsir voru þeirrar skoðunar árið 2001 að það bæri að setja á laggirnar sérstaka peningastefnunefnd við Seðlabankann, eins og er í ýmsum seðlabönkum. Ég vil nefna seðlabanka Bandaríkjanna, breska seðlabankann og ég vil nefna sænska seðlabankann. Í öllum þessum seðlabönkum eru sérstakar peningastefnunefndir, fjölskipaðar nefndir sem funda með reglulegu millibili og taka ákvarðanir um hvernig stjórntækjum bankans skuli beitt, og þá fyrst og síðast auðvitað hvaða vaxtaákvarðanir eru teknar. Vextirnir eru öðru fremur helsta stjórntæki seðlabanka sem eru með verðbólgumarkmið eins og íslenski Seðlabankinn er með. Ýmsir voru sem sagt þeirrar skoðunar þegar árið 2001 að setja ætti slíka nefnd á laggirnar en þá var engu að síður ákveðið að fara þá leið að vera með þrjá bankastjóra og það væri bankastjórnin, þessir þrír bankastjórar, sem færi með stjórntæki bankans í peningamálum og láta á það reyna, a.m.k. enn um sinn, hvort ekki væri rétt að hafa þann hátt á.

Það var líka markmiðið með lögunum 2001 að auka sjálfstæði bankans. Það fól t.d. í sér að þótt ákvarðanir um það hverjir tækju sæti í stjórn bankans, hverjir yrðu bankastjórar Seðlabankans, færðust frá hinum pólitíska velli og meira yfir á hinn faglega vettvang, að þó svo að ráðherra, forsætisráðherra, skipi seðlabankastjóra yrðu það fyrst og fremst fagleg sjónarmið sem réðu því hverjir tækju sæti í bankastjórn Seðlabankans. Um þetta var talsvert rætt í þinginu 2001 þegar lögin voru sett. Fallist var á það í umræðunni þá að ekki skyldi að sinni gera kröfu til þess að staðan yrði auglýst eða til hennar gerðar sérstakar faglegar kröfur vegna þess að menn vildu láta á þetta reyna áður en stigin væru slík skref. Þar með var á það fallist af þingmönnum að ég held úr öllum flokkum að vera með þrjá seðlabankastjóra og gera ekki ráð fyrir að starfið yrði auglýst eða til þess gerðar sérstakar kröfur.

Nú hafa tveir seðlabankastjórar verið ráðnir síðan þessi lög voru sett og það verður að segjast eins og er að ekki verður betur séð en að ráðningarnar hafi ekki aðeins verið pólitískar að því leytinu til að það er ráðherra sem fer með valdið til þess að velja seðlabankastjóra heldur hafi þær líka verið pólitískar að því leytinu til að önnur staðan féll í hlut Framsóknarflokksins og hin í hlut Sjálfstæðisflokksins. Þetta segi ég án þess að ég ætli að varpa nokkurri rýrð á þá einstaklinga sem fyrir valinu urðu en mér finnst augljóst þegar horft er á þessar tvær ráðningar að þannig hafi verið staðið að málum að þessir tveir flokkar hafi einfaldlega skipt með sér þessum stöðum. Það segir mér að í þau tvö skipti sem reynt hefur á þetta sjálfstæði eftir að lögin voru sett hafi forsætisráðherra ekki staðist það próf að horfa fyrst og fremst á hina faglegu hæfni heldur látið pólitíkina fremur ráða. Ég held raunar að einmitt af þeim sökum sé enn ríkari ástæða en ella til að setja sérstaka peningastefnunefnd á laggirnar sem yrði fjölskipuð og í henni sætu að sjálfsögðu bankastjórarnir þrír en jafnframt þrír af yfirmönnum bankans á sviði mótunar- og framkvæmdastefnu í peningamálum.

Auðvitað má hugsa sér að í slíkri peningastefnunefnd sætu utanaðkomandi aðilar, þ.e. bankastjórarnir þrír og einhverjir utanaðkomandi aðilar. Ég held að mjög mikilvægt sé að þeir þrír utanaðkomandi aðilar sem settust inn í slíka nefnd væru óháðir öllum helstu hagsmunaaðilum á markaðnum. Það kann að reynast nokkuð snúið í okkar litla samfélagi að finna slíka hagfræðinga sem væru algjörlega óháðir þeim hagsmunahópum sem eru að takast á í íslensku samfélagi nema þeir væru sóttir inn í háskólana. Það er auðvitað eitthvað sem má skoða en er þó ekki gerð tillaga um hér að þessu sinni.

Ég held að það skipti líka verulegu máli varðandi þetta frumvarp að gerð er tillaga um að peningastefnunefndin hittist a.m.k. átta sinnum á ári á fyrir fram tilkynntum dagsetningum og hún sendi frá sér rökstuðning fyrir þeim ákvörðunum sem hún tekur. Þetta eykur á gegnsæið í stjórn peningamála og er að mínu viti mjög mikilvægt.

Þannig var t.d. í sumar að þá hittust bankastjórar Seðlabankans til að ræða stöðuna í efnahagsmálum og til að velta fyrir sér hvort taka ætti ákvarðanir í vaxtamálum. Af þeim fundum vissi í sjálfu sér enginn og í haust þegar tekin var ákvörðun um hækkun stýrivaxta Seðlabankans sögðu ýmsir hagsmunaaðilar í samfélaginu að það væri undarlegt að þeir sem færu með þessi mál í Seðlabankanum skyldu bara hafa farið í sumarfrí, peningastefnan hefði bara farið í sumarfrí og ekkert hefði verið aðhafst í þessum málum í Seðlabankanum mánuðum saman. Sú var ekki raunin eftir því sem ég best veit en hins vegar var gegnsæið ekki meira en svo að menn vissu ekki af því að verið væri að ráðslagast um þessi mál og taka ákvarðanir, sem voru þá einfaldlega ákvarðanir um að hækka ekki vexti á þeim tíma.

Þarna er sem sagt lagt til að haldnir séu fundir a.m.k. átta sinnum á ári að lágmarki á tilteknum dögum. Niðurstaða af þeim fundum skuli rökstudd þannig að öllum megi ljóst vera hver sé ákvörðun peningastefnunefndarinnar og hvaða forsendur liggi að baki henni. Ég held að það sé tímabært að gera þessa breytingu og veit raunar að menn hafa aðeins velt því fyrir sér í Seðlabankanum hvort slíkt ætti að gerast.

Í viðtali sem birtist við þáverandi aðalhagfræðing Seðlabankans, Má Guðmundsson, í Hagmálum, 42. árgangi frá 2003, er m.a. fjallað um Seðlabankann og sjálfstæði hans og þær breytingar sem gerðar voru á Seðlabankanum með lögunum árið 2001. Þar er m.a. verið að ræða um mikilvægi þess að Seðlabankinn sé sjálfstæður og að hann hafi trúverðugleika, þ.e. að menn trúi á sjálfstæði Seðlabankans og menn trúi að ákvarðanir hans muni standa og hann sé einarður í því verkefni sem honum er falið. Sjálfstæði bankans verður að vera bæði í reynd og ásýnd og er raunar mjög mikilvægt að hagsmunaaðilar í samfélaginu hafi trú á því að bankinn starfi sjálfstætt. Í þessu viðtali við Má Guðmundsson, sem þá var yfirhagfræðingur Seðlabankans en er nú kominn til Sviss, segir hér, með leyfi forseta:

„Trúverðugleikinn er afar mikilvægur. Hann er hins vegar tvenns konar, annars vegar trú á því að Seðlabankinn meini það þegar hann segist ætla að ná tilteknu markmiði

og hins vegar trú á því að hann hafi hæfni og getu til að ná þessu markmiði. Það er mjög mikilvægt að þessi trú sé fyrir hendi því að hún hjálpar Seðlabankanum að ná þessum markmiðum. Sé trúin á því ekki fyrir hendi getur Seðlabankinn þurft að beita harkalegri aðgerðum en ella til að ná markmiðum sínum." — Svo segir hann hér: „Væri t.d. ósátt í þjóðfélaginu um verðbólgumarkmið Seðlabankans eða ósamkomulag milli ríkisstjórnar og Seðlabanka um verðbólgumarkmiðið værum við komin í erfiða stöðu."

Með öðrum orðum, hann leggur áherslu á mikilvægi þess að sátt sé um Seðlabankann og þau markmið sem hann hafi. Það sé trú á því að Seðlabankinn meini það sem segist ætla að gera og hann hafi hæfni og getu til að gera það sem hann segist ætla að gera.

Þetta viðtal er að mörgu leyti mjög athyglisvert vegna þess að í því er farið yfir aðdraganda þess að lögin um sjálfstæði Seðlabankans voru sett árið 2001. Í viðtalinu segir m.a. að aðdragandann að þessum breytingum megi að hluta rekja til þeirra aðstæðna sem sköpuðust í framhaldi þess að fjármagnshreyfingar til og frá landinu voru gefnar fjrálsar en því ferli lauk árið 1995. Síðan segir í þessu viðtali, með leyfi forseta, að rekja megi þessar breytingar til þess „að innan Seðlabankans höfðu farið fram ítarlegar athuganir á því hvort myndi henta Íslandi betur til lengdar að búa við gengismarkmið eða verðbólgumarkmið." — Áður hafði stjórn peningamála miðast við að hafa gengismarkmið, að halda gengi krónunnar á tilteknum stað. Svo segir: „Ýmsir þekktir alþjóðlegir hagfræðingar lögðu einnig lóð á þessa vogarskál auk hagfræðinga í Háskóla Íslands, OECD og hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum."

Svo segir, með leyfi forseta, sem mér finnst sérstaklega athyglisvert:

„Flestar þessar athuganir leiddu í ljós að heppilegt væri fyrir Ísland að taka annaðhvort upp fljótandi gengi og verðbólgumarkmið" — eins og gert var — „eða fara alveg í hina áttina, leggja myntina af og taka upp annan gjaldmiðil. Sá kostur var hins vegar ekki uppi á borðinu nema með aðild að Evrópusambandinu."

Ég hef sagt hér áður í ræðustól, virðulegur forseti, að núna þessi missirin reyni á hvort það fái staðist að vera með sjálfstæðan gjaldmiðil í svo litlu hagkerfi sem Ísland er, svona litlu, opnu alþjóðlegu hagkerfi eins og Ísland er. Það reynir á það næstu missirin hvort það fái staðist eða ekki, það reynir mjög á getu Seðlabankans til þess að beita stjórntækjum bankans og það reynir mjög á hæfni ríkisstjórnarinnar til þess að beita ríkisfjármálunum með þeim hætti að dragi úr sveiflum í hagkerfinu en auki þær ekki eins og flestar aðgerðir ríkisstjórnarinnar gera núna.

Seðlabankinn er í mjög vandasamri stöðu að mörgu leyti. Það er mjög horft til þess sem hann er að gera eins og kom fram við síðustu vaxtaákvörðun bankans en þá kom fram hjá ýmsum hagsmunaaðilum í samfélaginu og greiningardeildum bankanna að að vissu leyti byggi Seðlabankinn við ákveðinn brest á trúverðugleika, ekki væri full trú á getu bankans til að takast á við verðbólgumarkmiðin með afgerandi hætti. Það mun reyna enn frekar á það á næstu mánuðum, en næsta vaxtaákvörðun bankans verður væntanlega í byrjun desember. Og það mun auðvitað skipta verulegu máli hvaða ákvörðun verður tekin þá, það mun verða mjög til þess horft vegna þess að nýr aðalbankastjóri er kominn í bankann sem óneitanlega kemur úr mjög pólitísku umhverfi og með mjög pólitísk sjónarmið inn í bankann.

Þessi tillaga lýtur öðru fremur að því að tryggja að faglega sé staðið annars vegar að ráðningum í stöður í Seðlabankanum og hins vegar að beitingu stjórntækja Seðlabankans í peningamálum þannig að bankinn sé sjálfstæður bæði í ásýnd og reynd.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa miklu fleiri orð um frumvarpið að svo stöddu. Þetta er einfalt frumvarp en ég held að það geti skipt máli fyrir bankann og geti kannski auðveldað honum að takast á við það verkefni sem hann hefur.

[15:44]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Búið er að fara vel yfir hvað felst í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, lögum sem eru frá árinu 2001. En segja má í stuttu máli að frumvarp það sem verið er að leggja fram og ræða hafi það að markmiði umfram allt að tryggja eins og hægt er að faglega sé staðið að ráðningu seðlabankastjóra og beitingu stjórntækja Seðlabankans í peningamálum.

Eins og 1. flutningsmaður, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, gerði grein fyrir eru það öðru fremur þessi tvö aðalatriði sem vert er að draga fram í frumvarpinu, þ.e. að ákvarðanir um beitingu á stjórntækjum bankans í peningamálum verði teknar af svokallaðri peningastefnunefnd. Ákvarðanir um beitingu stjórntækja í peningamálum geta verið vaxtaákvarðanir bankans, tilgreind viðskipti við lánastofnanir, ákvörðun bindiskyldunnar, viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Allt eru þetta ákvarðanir sem skipta að sjálfsögðu miklu máli um hvernig peningastefnan í landinu er og hvernig okkur gengur að uppfylla þau markmið sem við höfum sett okkur. Og auðvitað eiga þessar ákvarðanir peningastefnunefndar að grundvallast á markmiðum bankans og eins vönduðu mati og hægt er á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í peningastefnunefnd sitji stjórn bankans og þrír af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum. Gert er ráð fyrir að nefndin fundi reglulega og fyrir fram sé vitað hvenær hún fundi. Talað er um að hún fundi að lágmarki átta sinnum á ári en getur að sjálfsögðu fundað oftar ef þarf og að opinberlega sé gerð grein fyrir þeim ákvörðunum sem peningastefnunefndin tekur og hvaða forsendur það eru sem hún leggur til grundvallar þeim ákvörðunum sínum. Síðan er þó gert ráð fyrir að peningastefnunefnd geti ákveðið að skýra ekki frá ákveðnum ákvörðunum um viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr. gildandi laga

Í öðru lagi er í 2. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að auglýst skuli opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra og ef um er að ræða stöðu formanns bankastjórnar skal taka það fram sérstaklega. Í lagatextanum er sett fram að bankastjórar skuli hafa reynslu og víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum efnahagsmálum.

Af hverju er verið að setja fram grein eins og þessa? Þessi grein felur í sér eitthvað sem allir mundu kannski halda að væri sjálfsagt mál og þyrfti ekki sérstaklega að vera að setja fram í lagatexta, þ.e. að auglýsa skuli opinber embætti og taka skuli fram í auglýsingu nákvæmlega um hvaða embætti er að ræða og hvaða kröfur eru gerðar til umsækjenda, þannig að allir þeir sem velti fyrir sér að sækja um þær stöður viti strax í upphafi hvaða mælistika það er sem á þá verður lögð og þeir geti gert sér grein fyrir möguleikum sínum til að hljóta það opinbera embætti sem verið er að auglýsa.

Segja má að þetta beri að einhverju leyti keim af öðru máli sem flutt hefur verið í sölum Alþingis um að faglega skuli staðið að ráðningu embættismanna. Rökin fyrir því að auglýsa skuli eftir og reyna að ráða þann hæfasta sem um sækir í stöðu seðlabankastjóra eru í raun þau sömu og í því máli. Segja má að ástæðan fyrir þessu sé sú að við erum náttúrlega ekkert að byrja með seðlabanka og velta fyrir okkur hvernig á að auglýsa í ný störf í einhverri nýrri stofnun. Við vitum náttúrlega hvernig þessi mál hafa gengið fyrir sig hvort sem það er í Seðlabanka Íslands eða öðrum opinberum stofnunum.

Á það hefur verið lögð mikil áhersla af öllum þeim sem um hafa fjallað, af sérfræðingum á þessu sviði, að mjög mikilvægt sé að fagleg fremur en pólitísk sjónarmið ráði því hverjir verði ráðnir bankastjórar. Við ættum í sjálfu sér ekki að þurfa að standa hér og velta upp svona eðlilegum og sjálfsögðum sannindum en reynslan segir okkur að oft og tíðum virðist eins og það sé pólitíkin sem ráði því hverjir eru ráðnir frekar en að menn velti fyrir sér að reyna að finna þann hæfasta og ráða hann.

Frá því að ný lög um Seðlabankann tóku gildi hafa tveir nýir bankastjórar verið skipaðir, eins og fram hefur komið. Sá fyrri í ágúst 2003 og sá seinni nú í september 2005, eins og allir vita. Þegar þessar tvær ráðningar eru skoðaðar hljóta menn að velta því upp að trúverðugleiki bankans sé að einhverju leyti í húfi, ímynd bankans og spurningar vakna um hvert sjálfstæði bankans er frá hinu pólitíska sviði. Er honum stjórnað á nægilega faglegum forsendum en ekki pólitískum? Ekki er óeðlilegt að slíkra spurninga sé spurt þegar horft er á hvernig ráðið hefur verið í Seðlabankann, ekki bara frá því að þessi nýju lög tóku gildi í sjálfu sér heldur langt aftur í tímann. Það voru margir sem bundu ákveðnar vonir við þessi nýju lög, að nú yrði breyting á ráðningum seðlabankastjóra, menn mundu fara að horfa meira á fagleg sjónarmið frekar en þau pólitísku. En það verður þó að segjast alveg eins og er að við sem horfðum á þessi nýju lög og vonuðumst til að þau mundu hafa þetta í för með sér, höfum orðið fyrir ákveðnum vonbrigðum því ekki er að sjá að nein breyting sé þar á.

Við sem flytjum þetta frumvarp teljum líka að það sé í raun fullreynt hver vilji sé hjá núverandi stjórnarflokkum til að hverfa frá þessum pólitísku ráðningum. Tvær ráðningar hafa farið fram eftir að ný lög um Seðlabankann tóku gildi og ekki er að sjá að nokkur breyting hafi orðið á þeim mælistikum sem lagðar eru á þá sem fá þau störf. Ráðningar seðlabankastjóra virðast fylgja sama munstri og áður þrátt fyrir að hin nýju lög um bankann hafi gefið fyrirheit um annað. Þess vegna leggjum við til að í lagatexta verði sú kvöð lögð á að störf bankastjóra verði auglýst og að kröfur sem settar eru fyrir ráðningu liggi algjörlega á hreinu þannig að allir geti farið yfir það og borið síðan saman ef þeir vilja þegar búið er að ráða hvort ekki sé verið að ráða þann hæfasta einstakling sem um sækir.

Aðeins varðandi pólitískar eða faglegar ráðningar því við þurfum ekkert endilega að horfa eingöngu á Seðlabankann í því efni. Aftur og aftur koma upp umræður um það þegar verið er að ráða í æðstu stöður á vegum ríkisins, ráða embættismenn til starfa, að fagleg sjónarmið ráði ekki heldur geti pólitísk sjónarmið ráðið þar meiru. Við þurfum að komast út úr þessu. Bæði er þetta erfitt fyrir þá einstaklinga sem ráðnir eru og ekki síður fyrir þá sem ekki eru ráðnir en hafa jafnvel sótt um, sem telja sig hafa menntun, reynslu og þekkingu umfram aðra en ekki fengið starfið. Menn hafa rætt um ráðningar í Hæstarétt, menn hafa rætt um ráðningar fréttastjóra o.s.frv. Oftar en ekki vaknar sú umræða þegar ráðinn er embættismaður í æðstu stjórnunarstörf hjá ríkinu, hvort faglega hafi verið að verki staðið eða hvort pólitískur litur hafi ráðið þar meiru.

Það er mikilvægt fyrir okkur á þessum tíma eins og á öllum öðrum að engar efasemdir séu uppi um faglegt sjálfstæði og fagleg vinnubrögð í Seðlabanka Íslands. Það hvílir mikið á bankanum, sérstaklega þessi missirin þar sem hann virðist vera sá eini sem á að taka á til að halda verðbólgumarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Ekki verður maður var við að ríkisstjórnin reyni að róa þar á sama borð og bankinn. Því er þeim mun mikilvægara að þetta sé gegnsætt ferli þegar kemur að ákvörðunum á stýrivaxtabreytingum eða öðrum ákvörðunum sem teknar eru um að beita þeim stýritækjum sem bankinn hefur í peningamálum.

Mikilvægt er að reyna að koma þessu í eins fast form og hægt er. Ég held að það frumvarp sem fyrir liggur varðandi peningastefnunefndina taki á þeim helstu annmörkum sem menn hafa séð fyrir sér að geti verið á þeim ákvörðunum sem þegar er verið að taka. Ef frumvarpið verður að lögum verður þetta ferli skipulegra, það verður gegnsærra og betra held ég fyrir alla þá sem eiga mikið undir þeim ákvörðunum sem þarna eru teknar, að sjá hvernig þær eru teknar og á hvaða forsendum.

Ég vona því að frumvarpið fái skjóta afgreiðslu í efnahags- og viðskiptanefnd en hljóti ekki þau ömurlegu örlög sem flest frumvörp okkar stjórnarandstæðinga hljóta, að komast til nefndar og verða send til umsagnar en síðan jörðuð með lítilli viðhöfn og við sjáum þau ekki aftur. Auðvitað eigum við að geta tekið pólitíska umræðu um svona mál eins og þetta frumvarp, ekki bara 1. umr. hér í þingsal, heldur pólitíska umræðu strax við 1. umr. eins og við erum að gera núna, fá faglega og góða umfjöllun um frumvarpið í nefndinni, umsagnir frá þeim aðilum sem hafa hagsmuna að gæta varðandi þessa lagasetningu og reyna síðan að fá málið aftur inn til 2. umr. til að taka þroskaðri umræðu en hægt er að gera við 1. umr. þegar umsagnir og slíkt liggur fyrir. En ég sem tiltölulega nýr þingmaður er auðvitað löngu búinn að átta mig á því að þannig gerist það sjaldnast með þau frumvörp sem við stjórnarandstæðingar leggjum fram á þingi. Það verður í sjálfu sér að hafa það og brynja sig gagnvart því, en mikið væri skemmtilegra ef þessi vinnubrögð gætu breyst og orðið öðruvísi hér í þingsalnum

á sama hátt og vinnubrögð við að ráða seðlabankastjóra gætu breyst ef þetta frumvarp yrði að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 45. mál (upplýsingaskylda, málshöfðunarheimild). — Þskj. 45.

[15:57]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frumvarpið gengur út á það að sett verði á laggirnar tæki sem Jafnréttisstofu verði fengið í hendur til þess að vinna á hinum kynbundna launamun sem nánast hver einasti aðili í samfélaginu sem hefur tjáð sig um launamuninn hefur virst sammála um að þurfi að útrýma og til þess eigi að beita öllum tiltækum ráðum.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs teljum okkur hafa úthugsað þetta tæki á þann hátt að það eigi að virka og eigi að geta verið mjög skilvirkt í þessari baráttu. Við teljum þess vegna mjög miður hvernig stjórnarþingmenn á hinu háa Alþingi hafa horft fram hjá þessu máli, horft fram hjá því að búið er að leggja það fram tvisvar áður og búið er að senda það út til umsagna en það hefur ekki fengið neina umfjöllun í hv. félagsmálanefnd Alþingis.

Ég vil nota þetta tækifæri til að svara ákveðinni gagnrýni sem ég hef orðið fyrir af hendi hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur sem hefur skammað mig fyrir að hafa ekki viljað vera meðflutningsmaður á tillögu hennar til þingsályktunar um opinbera nefnd sem eigi að vinna gegn kynbundnum launamun. Ég vil af því tilefni og í umræðu um þetta mál hér, sem ég legg fram í þriðja sinn, gera grein fyrir því hvers vegna ég vildi ekki vera einn flutningsmanna á tillögu Sivjar Friðleifsdóttur sem er að finna á þskj. 224 á þessu þingi.

Ástæðan er sú að hugmynd okkar í Vinstri grænum um tæki Jafnréttisstofu til að vinna bug á hinum kynbundna launamun er mjög skilvirkt, það liggur fyrir og það skýrir algjörlega ofan í kjölinn á hvern hátt við teljum vera raunhæft að berjast gegn hinum kynbundna launamun. Við teljum okkur vera komin langt fram yfir það að fara að skipa einhverja nefnd sem eigi að vinna í fimm ár og gefi þá út áfangaskýrslu og halda síðan áfram kannski í fimm ár enn til þess að reyna að upphugsa tillögur til að vinna á hinum kynbundna mun. Ég bað því hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að skoða vel frumvarp okkar Vinstri grænna og tryggja þá stuðning stjórnarþingmanna, a.m.k. framsóknarmanna, við þá tillögu því að auðvitað væri ég í grunninn sammála um að vinna ætti á hinum kynbundna launamun.

Ég vil einnig í þessu sambandi taka fram að það er að færast í vöxt að þingmenn stjórnarliðsins séu að biðja okkur stjórnarandstöðuþingmenn að vera með sér á einhverjum tillögum sem svei mér þá manni virðast vera meira og minna sýndarmennskutillögur. Ég get í fljótu bragði nefnt þrjár tillögur sem ég er á, sem stjórnarþingmenn flytja og eru allt góðar tillögur en síðan ekki söguna meir. Enginn stuðningur virðist vera hjá ríkisstjórninni við að þær tillögur fari í gegn. Ég hvet því hv. stjórnarþingmenn sem heyra mál mitt til að koma hér og taka þátt í þessum umræðum og leggjast þá á sveif með okkur sem þetta mál flytjum, þar sem við teljum okkur vera með mjög svo áhrifaríkt tæki í höndunum til að vinna á kynbundnum launamun.

Það er auðvitað ekki forsvaranlegt að búa í samfélagi sem hefur lagabálk um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á sama tíma og atvinnutekjur kvenna eru aðeins 64,15% af atvinnutekjum karla. Ekki er heldur ásættanlegt að búa í samfélagi sem hefur slíkan lagabálk með fögrum fyrirheitum þar sem konur eru með 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnutíma. Þetta er ekki lengur ásættanlegt og það verður að grípa til aðgerða sem virka.

Með frumvarpinu sem ég legg fram, sem samið er og lagt fyrst fram af Atla Gíslasyni varaþingmanni, er lögð til breyting sem gengur út á að Jafnréttisstofa, eins og ég sagði áðan, fái tæki í hendurnar sem geri henni kleift að afla upplýsinga í stofnunum og fyrirtækjum, hjá sveitarfélögum, atvinnurekendum og félagasamtökum um allar almennar og sértækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna þeirra verkefna sem Jafnréttisstofa hefur á hendi og vegna athugunar hennar á einstökum málum. Hún á samkvæmt hugmyndum okkar að geta krafist upplýsinga munnlega eða skriflega og þær eiga að vera veittar Jafnréttisstofu innan hæfilegs frests, þess frests sem Jafnréttisstofa setur.

Hún á að geta með þessum sömu skilyrðum og 1. mgr. í 2. gr. frumvarpsins getur um fengið gögn afhent til athugunar. Þá erum við fyrst og fremst með í huga gögn sem leiða í ljós hversu há laun verið er að greiða fólki. Við gerum ráð fyrir að Jafnréttisstofa þurfi að hafa einhvers konar grun um að verið sé að brjóta á konum, verið sé í viðkomandi fyrirtæki, stofnun eða sveitarfélagi að mismuna fólki í launum á grundvelli kynja. Og bara það að Jafnréttisstofa hafi þennan rökstudda grun á að gera henni kleift að fara inn í fyrirtækin, afla þeirra upplýsinga sem þörf er á og út frá því að sjá þá til að viðkomandi fyrirtæki, sveitarfélagi, atvinnurekanda eða félagasamtökum sé gert að leiðrétta þann mun því að hann er ólöglegur.

Hér teljum við vera róttæka breytingu á ferðinni. Tæki þetta er í sjálfu sér sambærilegt við það tæki sem skattyfirvöld hafa til að fara inn í fyrirtæki og skoða gögn í fyrirtækjum ef grunur vaknar um að ekki sé allt með felldu varðandi skattskil fyrirtækja og sömuleiðis er þetta sambærilegt við það tæki sem Fjármálaeftirlitið hefur til að annast sín eftirlitsstörf. Við teljum að Jafnréttisstofa eigi að vera jafnrétthá þessum þýðingarmiklu stofnunum í samfélaginu og eigi að geta sinnt starfi sínu út í hörgul á þessum nótum. Við vitum öll að það er stjórnarskrárbundið að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum og að konur eigi að njóta jafnra mannréttinda á við karla. Það er þyngra en tárum taki að ekki skuli hafa verið komið á því jafnrétti og enn skuli vera svo langt í land sem raun ber vitni.

Einnig er sorglegt að horfa til þess að reynt er að útskýra hinn kerfisbundna launamun með alls konar breytum, þ.e. þegar verið er að bera saman laun karla og kvenna eru

búnar til alls konar breytur sem í sjálfu sér eiga þá að útskýra hvers vegna konur hafa lægri atvinnutekjur í heildina en karlar. Þær breytur eru allar í mínum huga mjög kynlægar og umdeilanlegt hvort þær séu allar raunsannar. Jafnvel má segja að þegar grannt er skoðað séu sumar breyturnar svo ámælisverðar að það megi leiða að því ákveðin rök að launamunurinn sé enn meiri en opinberar bækur telja hann vera. Í öllu falli er það staðreynd að atvinnutekjur kvenna eru eingöngu 64,15% af atvinnutekjum karla og konur eru með 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnutíma.

Við teljum okkur vera með öflugt frumvarp í höndunum sem geti unnið á þessum kerfisbundna mun og hvetjum til þess að um þetta mál fari fram öflug umræða og helst að málið verði afgreitt hraustlega í félagsmálanefnd og komi til afgreiðslu á þessu þingi áður en langt um líður. Í orði kveðnu hafa stjórnvöld reynt að segjast bera hag kvenna fyrir brjósti hvað þetta varðar. Hæstv. félagsmálaráðherra talaði nú þannig í kringum kvennafrídaginn 24. október að þetta væri eitt það verkefni sem væri hvað mest áríðandi að takast á við, þ.e. að útrýma hinum kynbundna launamun. En samt verður að segja að orð nægja oft ekki í þessum efnum því að hæstv. ráðherrar hafa í hendi sér jafnréttisáætlun sem þeim er gert að vinna eftir og það hefur auðvitað komið fram hér í þingsölum að þeim hefur reynst afar örðugt að fara eftir þeirri áætlun.

Ég segi: Hæstv. ráðherrar og hv. stjórnarliðar ættu því að koma hér og brýna járnið svo bíti, því að öll erum við í orði kveðnu sammála um að þessum launamun verði að útrýma.

[16:07]

Útbýting:

Afleiðingar jarðskjálftanna á Suðurlandi, 270. mál, fsp. MF, þskj. 284.

Athugasemdir mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, 273. mál, fsp. KolH, þskj. 287.

Breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 294.

Flutningur veiðiheimilda fiskveiðiárin 2003/2004 og 2004/2005, 272. mál, fsp. JÁ, þskj. 286.

Kynferðisafbrotamál, 271. mál, fsp. JóhS, þskj. 285.

Löggæsla á skemmtunum í Skagafirði, 277. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 292.

Sjúkraflug til Ísafjarðar, 274. mál, fsp. AKG, þskj. 288.

Sönnunarbyrði samkvæmt jafnréttislögum, 280. mál, fsp. MÁ, þskj. 295.

Tæknifrjóvganir, 276. mál, fsp. ÁÓÁ og ÁRJ, þskj. 290.

Viðhald vegarins á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, 275. mál, fsp. AKG, þskj. 289.

Vinnsla skógarafurða, 278. mál, fsp. ÞBack, þskj. 293.

[16:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að koma í þennan ræðustól og taka undir meginefni þess frumvarps sem hér er til umræðu, um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það er auðvitað nauðsynlegt að reyna nýjar leiðir til að taka á því mannréttindabroti sem tíðkast hefur lengi, að greiða konum og körlum mismunandi laun fyrir sömu eða sambærileg og jafnverðmæt störf. Mér telst svo til að sennilega á næsta ári séu 40 ár liðin síðan sett voru lög sem áttu að taka af allan vafa um að óheimilt væri að greiða konum og körlum mismunandi laun fyrir sömu og sambærileg störf. Frá þeim tíma hafa verið reyndar ýmsar leiðir til að taka á þessu máli en það verður að segjast eins og er, eins og við þekkjum, að því miður gengur þetta afar hægt þó að árangur hafi náðst. Hér er því verið að reyna nýjar leiðir sem ég tel fyllilega réttmætt að setja í lög. Mér finnst rökstuðningurinn vera réttur sem settur er fram hvað varðar réttmæti þess að Jafnréttisstofa fái heimild til að krefja opinberar stofnanir, sveitarfélög og atvinnurekendur almennt og félagasamtök um gögn og upplýsingar til að leiða það í ljós ef um er að ræða launamisrétti. Og það að bera þetta saman við þær heimildir sem skattyfirvöld, Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirlitið hafa finnst mér alveg rökrétt vegna þess að Jafnréttisstofa er út af fyrir sig ákveðinn eftirlitsaðili með því að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sé fylgt.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. framsögumaður, 8. þm. Reykv. n. nefndi um það þingmál sem hér hefur verið flutt á þingi undir forustu Sivjar Friðleifsdóttur, að mér kom það mjög á óvart og ég vil draga fram ástæðuna fyrir því. Þar er um að ræða að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á nefnd sem á að vinna gegn kynbundnum launamun og þeirri nefnd er m.a. ætlað að vinna að áætlanagerð og aðgerðum til að minnka launamun kynjanna.

Nú vill svo til að á 130. löggjafarþingi var til umræðu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þar náðist óvanalega góð þverpólitísk samstaða milli allra flokka á þingi, en það mál fór til meðferðar í félagsmálanefnd þar sem Siv Friðleifsdóttir er formaður. Þar náðist m.a. fram að tekin var efnislega inn í framkvæmdaáætlunina tillaga sem þingmenn Samfylkingarinnar höfðu flutt um að gerð væri framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kynjanna. Sú aðgerðaáætlun eða framkvæmdaáætlun sem næstum orðrétt var sett inn í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir *tveimur árum, hafði það markmið að ná fram fullu launa*jafnrétti kynjanna í samræmi við ákvæði 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Gera átti tvær framkvæmdaáætlanir, annars vegar fyrir opinberan vinnumarkað og hins vegar fyrir almennan vinnumarkað og vinna þær í samráði við aðila vinnumarkaðarins og Samband ísl. sveitarfélaga. Þar átti að setja fram tímaáætlanir um aðgerðir og m.a. var heimilt að beita 22. gr. jafnréttislaga, en það er ákvæði sem hefur gengið undir heitinu jákvæð mismunum. Það átti að gera að undangenginni rannsókn á launamun kynjanna og öðrum þáttum launakjara þar sem átti að taka allt inn í sem kveðið er á um í 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þ.e. að taka inn allar yfirborganir, duldar greiðslur og fleiri þætti.

Þingið hefur því raunverulega ýtt því úr vör með samstöðu allra flokka á þingi undir forustu félagsmálanefndar sem beitti sér fyrir því að þetta mál og efnisatriði þessarar tillögu yrðu sett í áætlun ríkisstjórnarinnar, að farið er að vinna raunverulega eftir því sem hv. þingmaður, formaður félagsmálanefndar, er núna að kalla eftir að sett verði á fót og eigi að vinna í næstu fimm árin. Það kom mér mjög sérkennilega fyrir sjónir að þetta mál yrði sett fram með þess-

um hætti. Þess vegna tek ég undir það sem hv. þingmaður sagði áðan um það efni.

Ég vil enn fremur nefna, sem er hreinlega rökstuðningur fyrir því hversu nauðsynlegt er að Jafnréttisstofa fái þær heimildir sem hér er verið að kalla eftir, að ég beitti mér fyrir nánari úttekt á sínum tíma þegar Ríkisendurskoðun setti fram skýrslu þar sem fram kom álit eða úttekt hennar á svokölluðum viðbótarlaunum hjá opinberum starfsmönnum. Þar voru vísbendingar um að viðbótarlaun sem forstöðumenn stofnana ákveða rynnu í mun meiri mæli til karla en kvenna. Ég bað um nánari úttekt á þessu hjá Ríkisendurskoðun og slík úttekt var gerð opinber. Í þeirri úttekt kom fram að af 17.000 starfsmönnum ríkisins fengu u.þ.b. 3.400 viðbótargreiðslur og konur fengu 56% af þeim viðbótargreiðslum. Leiddar voru líkur að því í úttekt Ríkisendurskoðunar að þessar viðbótargreiðslur rynnu til um 1.100 starfsmanna og fékk sá hópur greiddar 443 milljónir í viðbótarlaun, þar sem 284 milljónir runnu til karla en 159 milljónir til kvenna, þannig að af þeirri summu sem fór í þetta, sem er beinlínis ákvörðunarefni forstöðumanna einstakra stofnana, fengu konur aðeins lítinn hluta af þessum greiðslum.

Mér fannst þarna vera vísbending um að það væri verið að brjóta jafnréttislög, að opinberar stofnanir brytu jafnréttislög og ekki væri gætt jafnræðis í þessum viðbótargreiðslum. Því sendi ég fyrir hönd míns þingflokks málið til Jafnréttisstofu og óskaði eftir því að hún kannaði frekar þetta mál. Jafnréttisstofa fór vissulega í vinnu við málið. Hún tók sér nokkra mánuði í það og þegar hún hafði kannað málið og byggt á þeim gögnum sem fram komu hjá Ríkisendurskoðun í þessu máli þá var niðurstaða hennar sú að vissulega væru þarna vísbendingar um að verið væri að brjóta jafnréttislög. En Jafnréttisstofa taldi sig þurfa að fá frekari upplýsingar til þess að geta tekið af allan vafa í því efni, þó að þarna væru verulegar vísbendingar á ferðinni. Jafnréttisstofa hafði heldur ekki þær heimildir sem verið er að kalla eftir með þessu frumvarpi. Hefði hún haft slíkar heimildir hefði hún getað farið alveg til botns í þessu máli. Það skiptir auðvitað verulegu máli þegar svona kemur upp að slíkt sé til staðar. Um þessar viðbótargreiðslur eru ekki til neinar samræmdar reglur og raunverulega hefur fjármálaráðuneytið og Ríkisendurskoðun greint á um það hvort yfirleitt sé heimild til slíkra viðbótarlaunagreiðslna. Fjármálaráðherra vísar ávallt til þess þegar ég hef verið að spyrja um hvort ekki þurfi að ná einhverju samkomulagi við opinbera starfsmenn um hvernig á þessu máli verði haldið og það hefur ekki náðst. Hér er staddur formaður BSRB þannig að hann ætti kannski að geta upplýst um það. Meðan ekki eru til samræmdar reglur um þetta og Ríkisendurskoðun viðurkennir að þessar greiðslur séu í gangi — þetta skiptir hundruðum milljóna og þetta gengur frekar til karla en kvenna — þá er verið að viðhalda hér launamismun að mínu viti. Ég hefði viljað að við gætum sammælst um þetta og þá ekki síst að forusta BSRB skýri af hverju ekki sé búið að ná þeirri samstöðu sem þarf að vera um hvernig að þessum viðbótarlaunagreiðslum er staðið. Meðan þetta rennur svona þá gengur launamisréttið áfram.

Ég vil líka nefna annað sem rökstyður það að þetta tæki sem hér er verið að kalla eftir ætti að vera fyrir hendi. Ég leiddi í ljós með fyrirspurn hérna fyrir nokkrum árum meðan bankarnir voru í ríkiseign að verulegur launamunur viðgengist innan bankanna í formi greiðslu fyrir bílakostnað. Það voru svo sannarlega leidd rök að því að þar viðgengist launamisrétti dulbúið í formi bifreiðastyrks. Í úttekt sem var þar gerð og Jafnréttisstofa kom að var leitt í ljós að þetta voru karlar og konur sem voru í nákvæmlega sömu störfum en karlarnir höfðu bílastyrk og konurnar miklu lægri og í sumum tilvikum ekki. Þar sagði Jafnréttisstofa beinlínis, eða hvort það var Jafnréttisráð á þeim tíma, að verið væri að brjóta jafnréttislög og bönkunum var falið að gera breytingar í þessu efni. En það var aldrei hægt að fá neinn botn í hvort bankarnir hefðu brugðist við í þessu efni og reyndar neituðu þeir því þrátt fyrir að Jafnréttisráð teldi að slík brot tíðkuðust innan bankanna.

Ég er hér að leiða fram að það er afar mikilvægt að Jafnréttisstofa fái þær heimildir sem hún þarf sem eftirlitsaðili með því að jafnréttislög séu ekki brotin og að hún fái þá heimildir sem eru til staðar hjá þeim eftirlitsstofnunum sem við höfum í þjóðfélagi okkar.

Í tengslum við kvennafrídaginn núna hefur mikið verið rætt um að afnema þurfi þá launaleynd sem ríkir í þjóðfélaginu. Ég býst við og tel að líka þurfi að taka á þessu með víðtækari hætti en hér er lagt til til þess að afnema allt sem viðheldur launaleyndinni. Lögfræðingar hafa sagt að þetta sé raunverulega lagabrot og að tryggja þurfi þetta betur, þ.e. að ekki sé verið að gera einstaklingsbundna samninga við launþega sem viðhaldi þessari launaleynd. Málið þarf því að skoðast með víðtækari hætti en hér er lagt til þó að þetta sé vissulega mjög mikilvæg leið, eins og ég hef reynt að varpa ljósi á og sett rök fram fyrir, til þess að stuðla að launajafnrétti.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þetta frumvarp. Þetta mál kemur inn í nefnd sem ég á sæti í og ég mun leggja mitt af mörkum til þess að það verði ekki svæft og hljóti afgreiðslu og komi aftur inn í þingsali þannig að hægt verði að taka efnislega afstöðu til þess.

[16:21]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að í þessu frumvarpi sé hreyft mjög mikilsverðu máli. Ég styð frumvarpið og þá tillögu sem það felur í sér um að Jafnréttisstofu verði fengin í hendur tæki sem nauðsynleg eru vegna verkefna hennar og athugunar hennar á einstökum málum þannig að hún geti krafið stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur og félagasamtök um upplýsingar, hvort sem þær eru sértækar eða almennar, sem lúta að launamálum eða öðru ef grunur leikur á að verið sé að brjóta eða fara á svig við jafnréttislög. Ég held að hér sé ágætt mál á ferðinni og styð það.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þetta sé nú kannski ekki eina tækið sem dugi í þessum efnum. Þetta er eitt af mörgum og er ágætt í því safni sem þarf að vera til til þess að hægt sé að takast á við þann kynbundna launamun sem er í íslensku samfélagi eins og öðrum. Tækið sem hér er verið að leggja til tekur fyrst og fremst á hinum ólöglega launamun, þ.e. þeim launamun sem stangast beinlínis á við jafnréttislög þar sem verið er að mismuna konum og körl-

um í launum sem gegna sömu störfum eða sambærilegum störfum. Þetta tæki hér sem verið er að leggja til tekur hins vegar ekki á þeim launamun sem er í samfélaginu vegna þess að við erum með kynskiptan vinnumarkað þar sem störf eru einfaldlega metin misverðmæt eftir því hvort þau teljast vera hefðbundin kvennastörf eða hefðbundin karlastörf. Þetta tæki tekur ekki á þeim þætti málsins. Þetta tekur einvörðungu á þeim þætti málsins sem lýtur að lögbrotum, brotum á jafnréttislögum og að því leytinu til er þetta svipað og kannski með Samkeppnisstofnun sem getur farið inn í fyrirtæki og aflað upplýsinga og gagna og rannsakað ef ástæða er til þess að ætla að verið sé að brjóta samkeppnislög, að verið sé með einhverjum hætti að brjóta gegn þeirri samkeppni sem á að vera á markaði. En ég endurtek það að þetta tekur ekki á þeim þætti sem lýtur að hinum kynbundna launamun sem er vegna þess að vinnumarkaðurinn er kynskiptur og kvennastörf teljast einfaldlega ekki jafnverðmæt og hefðbundin karlastörf.

Þess vegna fannst mér aðeins miður hvernig 1. flutningsmaður þessa máls tók til orða áðan þegar hún sagði að þau í Vinstri grænum teldu sig einfaldlega komin fram yfir það að þurfa að skipa nefnd til þess að fjalla um launamun karla og kvenna og til þess að takast á við hann og þau væru hér með tæki í höndunum sem þau teldu öflugra í þeim efnum.

Ég held að við þurfum að ráðast til atlögu, ef svo má segja, við þennan launamun með mörgum og mismunandi tækjum. Við þurfum að gera það á mörgum og mismunandi vígstöðvum. Við eigum einfaldlega að nota öll þau tæki sem tiltæk eru og við eigum að styðja það frumkvæði sem fram kemur í þeim efnum hver svo sem á það frumkvæði. Ég held þess vegna að við séum ekki, því miður, komin fram yfir það að þurfa að skipa nefndir til þess að takast á við þessi mál eða beita einhverjum tækjum í stjórnsýslunni sem tiltæk eru til þess að takast á við launamuninn.

Það er hægt að takast á við launamuninn. Það er hægt að saxa á hann. Það er hægt að breyta þessu. Auðvitað er þetta ekkert náttúrulögmál. Þetta er bara mannanna verk. Ég vil nefna í því sambandi að þó að hjá Reykjavíkurborg sé enn þá launamunur óútskýrður milli kvenna og karla þá tókst samt sem áður að helminga þann óútskýrða launamun á árabilinu frá 1995–2001, eða á um það bil fimm ára tímabili. Það tókst að helminga þennan óútskýrða launamun sem var á launum karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg einfaldlega vegna þess að pólitískur vilji var til þess, ekki bara hjá kjörnum borgarfulltrúum heldur í stjórnsýslu borgarinnar, til þess að takast á við það og þeim ráðum var beitt sem tiltæk eru og m.a. sett markmið í kjaraviðræðum um að vinna gegn þessum launamun. Það er ekki bara þannig að verkalýðshreyfingin eigi að hafa og setja sér markmið í kjaraviðræðum heldur á líka viðsemjandinn, hvort sem það eru atvinnurekendur á almennum markaði, ríkið eða sveitarfélögin, að setja sér samningsmarkmið. Þau samningsmarkmið geta m.a. lotið að því að draga úr þeim kynbundna launamun sem er vegna mismunandi verðmætamats á störfum kvenna og karla.

Það gerir auðvitað líka ákveðnar kröfur til verkalýðshreyfingarinnar um að hún setji þá þau störf í ákveðinn forgang í kjaraviðræðum, þ.e. ef það er líka vilji og markmið verkalýðshreyfingarinnar að takast á við þennan launamun, að hún setji þau störf þá í ákveðinn forgang í kjaraviðræðum við viðsemjendur sína. Ef menn eru sammála um þetta, sem manni heyrist a.m.k. á tyllidögum að allir séu sammála um, þá ættum við að ná einhverjum árangri og takast að saxa á launamuninn.

Ég vil líka nefna í því sambandi, af því að ég nefni hér tyllidaga og yfirlýsingar og fögur orð og fyrirheit á tyllidögum eins og á kvennafrídaginn frá fjölmörgum aðilum, þá skiptir auðvitað máli að það séu ekki bara orðin tóm heldur að gengið sé eftir efndum í þessum efnum. Ég verð að játa það, hafandi tekið þátt í kvennabaráttunni eða jafnréttisbaráttunni í meira en aldarfjórðung, að mér finnst ákveðinn tvískinnungur í því fólginn þegar aðilar koma fram, lýsa yfir stuðningi við þennan málstað kvenna og þessa baráttu fyrir launajafnrétti, hvetja konur jafnvel til þess að taka þátt í þessum degi, þessum atburðum, en gera svo kannski harla lítið til þess að breyta þeirri stöðu sem uppi er. Fjölmörg fyrirtæki auglýstu heilsíður í blöðunum þennan dag og hvöttu konur til þess að taka þátt í þessu og óskuðu konum til hamingju með daginn. Ég hefði kosið að sjá upplýsingar frá þessum fyrirtækjum um hvernig launamálum er háttað í þessum fyrirtækjum, hvernig launajafnrétti er á veg komið í þessum fyrirtækjum og hvað þessi fyrirtæki hyggjast gera til þess að breyta þeirri stöðu sem uppi er. Mér finnst alveg full ástæða til þess að gengið sé eftir því, ekki bara auðvitað hjá þeim fyrirtækjum sem auglýstu heldur almennt hjá okkar stóru fyrirtækjum sem eru hér öflug á markaði, skila miklum hagnaðartölum og umbuna sínum æðstu yfirmönnum vegna þess hversu miklum árangri þeir eru að ná í sínum rekstri. Þessi stóru fyrirtæki eiga að sýna að þau hafi metnað og vilja til þess að takast á við launamisréttið og setja sér skýr markmið og mælanleg um hvaða árangri þau ætla að ná í launajafnréttinu og birta síðan í ársskýrslum sínum og ársreikningum hvernig þeim er að takast upp í þeim efnum. Ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta breytist ekki eins og hendi sé veifað. En ef fyrirtækin settu sér svona mælanleg markmið og þau birtu það í ársreikningum sínum, væru einfaldlega með lykiltölur um bæði launajafnrétti og almennt jafnrétti í sínum fyrirtækjum þá held ég að við mundum ná meiri árangri en við höfum náð hingað til. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að umbuna fyrirtækjum sem þannig standa að málum. Við eigum að umbuna þannig fyrirtækjum bæði með viðskiptum og með umfjöllun um þau ef þau sýna vilja til þess að takast markvisst á við þessi mál.

Ég kem nú fyrst og fremst hér upp til þess að lýsa yfir stuðningi við málið en um leið bendi ég á að þetta er bara eitt tæki af mörgum sem við þurfum til þess að takast á við launamun kynjanna á vinnumarkaði. Reyndar vil ég bæta því hér við að ég tel, eins og þingmaðurinn sem talaði á undan mér, þingmaður Samfylkingarinnar, Jóhanna Sigurðardóttir, að taka þurfi á launaleyndinni kannski með víðtækari hætti en lagt er til hér. Ég mun beita mér fyrir því að flutt verði þingmál af hálfu Samfylkingarinnar um launaleyndina sem samið er um í fyrirtækjum við einstaklingana og felur í sér að einstaklingum er bannað að gera grein fyrir launum sínum, að segja frá launum sínum, þ.e. að flutt verði þingmál um að ekki sé heimilt að standa þannig að

verki að réttur einstaklingsins sé takmarkaður til þess að segja hverjum sem hann segja vill frá launum sínum. Við þingmenn Samfylkingarinnar munum skoða það að flytja slíkt mál hér á næstunni sem getur tryggt rétt einstaklingsins til þess að segja frá launum sínum og koma í veg fyrir að hægt sé að setja slíkar hömlur á fólk. Ég held að það sé eitt tækið enn til þess að takast á við þetta launamisrétti.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta frumvarp. En eins og ég segi þá er þetta ágætt frumvarp og ágætt tæki í það safn sem þarf að vera til til þess að hægt sé að takast á við þessi mál.

[16:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að segja að ég leyfi mér að hafa allan vara á með að skrifa upp á þann árangur sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir hafa náðst í Reykjavíkurborg á síðari hluta tíunda áratugarins við að rétta kjaramun kynjanna. Þar vísa ég m.a. til rækilegrar úttektar sem var gerð í tímaritinu Veru ekki alls fyrir löngu. Ef horft er á kjaramuninn almennt, á milli þeirra sem hafa hin lægstu laun og þeirra sem hafa hæstu laun, þá hef ég nú trú á að sá munur hafi aukist, enda voru því miður uppi svipaðar áherslur og hugmyndir í borginni og í fjármálaráðuneytinu í tíð fyrrverandi hæstv. fjármálaráðherra, Friðriks Sophussonar, þegar við sem störfuðum og störfum í samtökum launafólks reyndum að fá því framgengt að borg og ríki skrifuðu upp á að um öll launakjör yrði samið á félagslegum grunni. Bæði borgin og fjármálaráðuneytið neituðu að verða við þessu. Þetta var af okkar hálfu liður í tilraun til að draga úr duttlungagreiðslum, þ.e. greiðslum sem forstöðumenn eða forstjórar stofnana ákvörðuðu á eigin vegum. Hluti af þessu voru síðan deilurnar sem geisuðu í þingsal árið 1996 um 9. gr. starfsmannalaganna, þar sem kveðið var á um heimild forstöðumanna til að greiða að eigin geðþótta. Það er reyndar núna komið inn í samninga sem ég tel mjög til hins verra.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék að umframgreiðslum og vitnaði í skýrslugerð í því efni. Ég held að staðreyndin sé sú að óumdeilt er að greiðslur af þessu tagi hafa verið í þágu karla fremur en kvenna. Það er sums staðar, ég held að ekki sé hægt að alhæfa um þetta, verið að reyna að draga úr þessu. Ég er alveg sannfærður um að barátta eins og við höfum orðið vitni að nú að undanförnu, þar sem þjóðin, ekki bara kvenþjóðin heldur öll þjóðin, skrifar upp á þann ásetning sinn að launamisrétti verði útrýmt, verði til að ýta á eftir slíku.

En forsenda þess að þetta nái fram að ganga er að aflétta launaleyndinni. Í þessu frumvarpi er bæði vísað í almennar upplýsingar og sértækar upplýsingar. Það er talað um opinbera aðila, ríkið, sveitarfélög, félagasamtök og fyrirtæki. Að því leyti eru þær tillögur sem eru í þessu frumvarpi nýlunda, að þvinga á einkamarkaðinn til að upplýsa líka um launakjör. Það er nokkuð sem ég tel eðlilegt og mjög æskilegt, að þetta tæki verði fært Jafnréttisstofu til að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla.

Varðandi almennar upplýsingar um launakjör hjá hinu opinbera ætti ekki að þurfa að setja nein lög af þessu tagi. Samkvæmt upplýsingalögum og skýringum sem fylgja þeim lögum er ætlast til þess að upplýsingar um almenn kjör, þ.e. föst kjör, grunnlaun og fastar greiðslur, hvort sem það eru bílapeningar, ökutækjastyrkur eða föst yfirvinna, séu opinberar upplýsingar. Samkvæmt þessum lögum á hver og einn að geta nálgast upplýsingar um þetta. Það er aðeins breytileg vinna sem á að geta farið leynt ef menn óska eftir því. En hitt á að vera opið.

Það hefur hins vegar reynst útilokað fyrir samtök launafólks að fá því framgengt að þetta verði sett upp á borðið, hafi á annað borð verið tregða handan borðsins, hjá atvinnurekandanum. Það er hin almenna regla hjá ríki og sveitarfélögum í seinni tíð, að neita að upplýsa um launakjör. Þá er vandinn sá að einstaklingur, til að fá þetta fram, þyrfti að höfða mál og það er ekki alveg hlaupið að því. Ég get upplýst að BSRB hefur reynt að ýta á eftir slíkum málum hjá tilteknum stofnunum þar sem starfsmannafélögin hafa óskað eftir upplýsingum en úrskurðarnefnd um upplýsingamál — ég man ekki alveg hvað hún heitir, þ.e. hvert tækniorðið er en ég held hún heiti það — neitaði að styðja við bakið á verkalýðsfélaginu í þeirri viðleitni, sem ég tel harla undarlegt.

Það hefur verið rætt að menn fari í málsókn út af þessu og láti á þetta reyna fyrir dómstólum þótt ákvörðun hafi ekki verið tekin um það. En ég tel mjög brýnt að stuðla að því að launaleynd verði aflétt, hvort sem er hjá opinberum stofnunum, hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum, eða á einkamarkaði. Þetta frumvarp, ef að lögum yrði, væri mikilvægt tæki í jafnréttisbaráttunni. Ég tel að það mundi einnig gagnast í baráttunni fyrir því að jafna kjörin almennt í landinu.

[16:39]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sagði áðan að ég teldi þetta mikilvægt tæki sem eftirlitsstofnuninni Jafnréttisstofu væri fengið í hendur til að fylgjast með og rannsaka hvort um lögbrot væri að ræða þegar kemur að launajafnrétti kynjanna. Þetta tæki upphefur hins vegar ekki launaleynd. Hér er ekkert sem segir að það sé ekki hægt að viðhafa launaleynd eftir sem áður, þ.e. að einstaklingarnir, eins og er í dag, undirgangist það hugsanlega í samningum sínum við atvinnurekendur að mega ekki gefa upp þau laun sem þeir hafa. Hins vegar getur eftirlitsstofan farið og skoðað málin. En hin almenna launaleynd gæti eftir sem áður verið við lýði. Ég held að það þurfi að taka á því með sérstökum hætti. Ég vildi í fyrsta lagi segja þetta.

Í öðru lagi vil ég segja að mér finnst heldur miður, af þingmanni Vinstri grænna, að vilja ekki horfast í augu við það, sem var þó sannarlega skoðað og gerð úttekt á, að sá árangur náðist frá árinu 1995–2001 að hinn óútskýrða launamun sem verið hafði milli kynjanna og var ekki hægt að útskýra með neinu öðru en kynferði hjá Reykjavíkurborg — það koma auðvitað alls konar breytur inn í myndina, eins og vinnutími, starfsaldur o.s.frv. — að þann launamun tókst að helminga á þessu árabili, þ.e. frá 1995–2001. Og það er merkilegt að geta ekki einu sinni sætt sig við það þegar einhver árangur næst, að fagna honum og byggja á honum, í stað þess að reyna að gera sem minnst úr þeim ávinningi.

[16:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði og segi enn að ég hef allan vara á um að samþykkja að þetta hafi náðst. Ég ítreka að þegar horft er til þess munar sem er á milli hinna lægstu og hinna hæstu hjá Reykjavíkurborg, hvort sem það eru karlar eða konur, þá tel ég þann mun hafa aukist. Kjaramunurinn hefur aukist og hann jókst með aukinni dreifstýringu, enda eru menn núna að fara í annan farveg hvað það snertir.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að með þessu yrði launaleynd ekki aflétt. Það er alveg hárrétt. Hins vegar yrði launaleynd aflétt gagnvart tiltekinni stofnun, sem væri Jafnréttisstofa, sem fengi aðgang að upplýsingum um launakjör. En ég tek heils hugar undir hitt, að markmið okkar hlýtur að vera að aflétta launaleyndinni.

[16:43]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Launaleyndinni er aflétt gagnvart tiltekinni stofnun sem er Jafnréttisstofa. Það er hins vegar þá og því aðeins að Jafnréttisstofa fari, annaðhvort að eigin frumkvæði að rannsaka mál eða vegna þess að henni berst kæra upp í hendurnar að hún fer af stað. Við getum ekki gert ráð fyrir því að Jafnréttisstofa velti við pappírum í öllum fyrirtækjum sem eru með fólk í störfum og hafa nú þegar sveipað launin slíkri leynd.

Hið mikilvæga, sem Samfylkingin mun taka fyrir og beita sér fyrir í þinginu, er að réttur fólks til að segja frá því sem það hefur í laun sé ótvíræður og verði ekki af því tekinn. Þannig geti fólk á degi hverjum, konur og karlar, borið sig saman í launum og vitað hvað næsti maður, sem starfar við þeirra hlið, hefur í laun. Þetta tel ég að verði að vera ótvírætt. Ég mun, eins og ég sagði, beita mér fyrir því að slíkt mál verði flutt í þinginu þannig að enginn þurfi að velkjast í vafa um rétt sinn til að segja frá því hvað hann hefur í laun.

Svo ítreka ég að ég vísaði til könnunar sem var gerð frá árinu 1995–2001. Það kann vel að vera að launamunurinn hjá Reykjavíkurborg hafi aukist eins og víða annars staðar í samfélaginu á undanförnum árum, það kann vel að vera. En hvernig það kemur út gagnvart kynjunum veit ég ekki hvort við getum fullyrt um í þessum ræðustól.

[16:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einmitt það sem ég sagði. Ég tel að við getum ekki fullyrt um það efni í þessum ræðustól. Hitt ítreka ég, að það náðust ekki samningar um það milli samtaka launafólks og borgarinnar að setja alla kjarasamninga inn í félagslegan farveg. Það er nokkuð sem ég minnist frá árinu 1996 þegar verkalýðshreyfingin barðist gegn því að samningar yrðu settir inn í einstaklingsbundinn farveg.

Ég tek innilega undir ábendingar hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um að réttur einstaklingsins til að segja frá því hvaða kjör hann hefur á að vera ótvíræður. Að sjálfsögðu á atvinnurekandi ekki að hafa heimild til að meina honum slíkt. Þetta er enginn ágreiningur um það. Við lítum ekki á þetta þingmál sem einhverja allsherjarlausn á öllum vanda. Við ítrekum hins vegar að hér er á ferðinni mikilvægt tæki til að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum rétti karla og kvenna, enda erum við, vænti ég, öll sem hér höfum tekið til máls sammála um það.

[16:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orðaskipta sem fram fóru áðan vil ég fyrst segja að þegar fyrir liggur mælanlegur árangur af því að minnka kynbundinn launamun þá er mikilvægt að viðurkenna þann árangur. Það er ein leið til að ná frekari árangri ef það sem gert hefur verið í þessum málum skilar árangri. En ég geri ráð fyrir því, eins og hér var nefnt, að í því umróti sem verið hefur í þjóðfélaginu hafi bilið vaxið milli láglaunafólks og þeirra sem betur eru launaðir innan borgarkerfisins eins og í þjóðfélaginu öllu.

En ég kem upp, virðulegi forseti, vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni en hann tekur undir með mér að þær viðbótarlaunagreiðslur sem tíðkast hafa um einhvern tíma innan ríkiskerfisins hafi gengið í mun meira mæli til karla en kvenna. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann hafi einhverja skýringu á því af hverju ekki hafi verið settar samræmdar reglur, viðmiðunarreglur um þessar viðbótarlaunagreiðslur sem forstöðumönnum beri að fara eftir, m.a. til að stuðla að því að þær gangi í jöfnum mæli til karla og kvenna og ekki sé verið að brjóta jafnréttislög með þessum greiðslum. Í því sambandi minni ég á að ég hef spurt fjármálaráðherra um þetta og hann hefur rætt um, ef ég skildi hann rétt, að það standi á því að einhver sameiginleg niðurstaða náist milli opinberra starfsmanna og fjármálaráðuneytisins í því efni. Ég spyr því: Hvers vegna tekur þetta svona langan tíma og hefur hv. síðasti ræðumaður, sem er formaður BSRB, einhverjar skýringar á því? Mér finnst óþolandi að það sé svona mikill dráttur á því að fá þetta fram vegna þess að það er alveg ljóst að það er launamisrétti í þessum viðbótargreiðslum.

[16:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessar viðbótargreiðslur hafa verið í ýmsu formi. Þær hafa verið í fastri yfirvinnu sem hafa í ríkari mæli, að því er talið er vera víst, gengið til karla en kvenna. Síðan vildi ríkið koma á því fyrirkomulagi 1996, með lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, að forstöðumenn hefðu á hendi vald til að greiða starfsmönnum. Það var 9. gr. laganna sem kvað á um þetta. Hún var sett á ís vegna þess að samtök launafólks vildu fá því framgengt að um þetta yrði samið á félagslegum grunni. Samkvæmt lögunum og samkvæmt þessari lagagrein átti forstöðumaður að sönnu að hafa reglur um þetta, hann átti að setja einhverjar almennar reglur en það gat hann gert á eigin forsendum. Af hálfu samtaka launafólks var krafa um að samið yrði um þetta á félagslegum grunni. Það var það sem ég vísaði í áðan að ekki náðist fram að ganga, hvorki gagnvart Reykjavíkurborg né ríkinu. Þetta er staðreynd. Sams konar kröfur voru settar fram gagnvart báðum þessum aðilum.

Síðan gerist það í samningunum núna, og það var BHM sem reið á vaðið að semja um framkvæmd þessarar reglu

þannig að 9. gr. laga um réttindi og skyldur á að koma núna til framkvæmda. Við eigum eftir að sjá hvernig þetta mál þróast áfram en af hálfu samtaka launafólks er mjög ríkur vilji til þess að koma þessu inn í það horf að ekki sé verið að mismuna fólki, hvorki eftir kynferði né á einhverjum öðrum forsendum.

[16:51]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Staðan hefur verið sú hingað til að Ríkisendurskoðun hefur haldið fram og sagt það í sinni úttekt að þessar viðbótargreiðslur viðgengjust í ríkiskerfinu og forstöðumenn ákveði hvernig þær dreifist milli starfsmanna og milli kynja. Fjármálaráðuneytið hefur ekki viðurkennt að þessar viðbótargreiðslur séu í gangi en þær eru búnar að vera það í mörg ár og vafalaust vegna þess sem hv. þingmaður nefndi, vegna kröfu frá opinberum starfsmönnum um að um þær yrði samið. Hv. þingmaður segir að nú sé búið að semja um þær og ég spyr þá: Megum við þá vænta þess að settar verði einhverjar viðmiðunarreglur fyrir forstöðumenn til að fara eftir? Vegna þess að ég minni á að Ríkisendurskoðun hefur kallað eftir slíkum reglum og hún hefur líka bent á það í skýrslu sinni að brýnt sé að þessar viðmiðunarreglur fyrir forstöðumenn verði settar inn í jafnréttisáætlanir ráðuneyta og stofnana til þess að eftir þeim sé farið. Því er brýnt að þessar samræmdu viðmiðunarreglur séu gefnar út. Mér leikur hugur á að vita hvort hv. þingmaður veit eitthvað um þetta því að ég hef lengi velt því fyrir mér hvernig hægt sé að fá ráðuneytið til að setja þessar samræmdu reglur.

Ég minni líka á að þegar Jafnréttisstofa fór yfir þessar viðbótargreiðslur þar sem hún taldi að margt benti til að þarna væri um brot á jafnréttislögum að ræða, þá kallaði hún líka eftir því að ráðuneytið setti samræmdar viðmiðunarreglur. Nú þegar hv. þingmaður upplýsir að búið sé að semja um þetta vænti ég þess að búið sé að ná niðurstöðu um það milli opinberra starfsmanna og ráðuneytisins eftir hvaða reglum verði farið við úthlutun á þessum viðbótargreiðslum og þá spyr ég: Verða útgefnar einhverjar sérstakar viðmiðunarreglur í þessu sambandi og mun hv. þingmaður beita sér fyrir að þær verði settar inn í jafnréttisáætlanir ríkisstofnana?

[16:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir að það væri mjög mikilvægt ef þetta yrði sett inn í jafnréttisáætlanir einstakra stofnana. Ég skal viðurkenna að mér finnst þeir samningar sem gerðir voru um þetta efni ekki nægilega traustir. Mér finnst þeir of mikið á forsendum forstöðumanna stofnana. Hins vegar með það í huga að gera það besta úr því sem við höfum og að það á að setja tilteknar reglur um þessar greiðslur en innan hverrar stofnunar um sig, er eðlilegt að gengið verði eftir því að ríkisstofnanir sem starfa samkvæmt þessum lögum geri einmitt þetta sem hv. þingmaður nefndi. Og ég mun fyrir mitt leyti, á þeim vettvangi þar sem ég get komið því við, beita mér fyrir að svo verði gert.

[16:54]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem orðið hefur um þetta frumvarp. Hún hefur verið góð og bætt við þá umræðu sem þegar hefur farið fram um þessi mál í þingsölum.

Ég vil geta þess í framhaldi af þeim orðaskiptum sem orðið hafa núna á milli þeirra hv. þingmanna Ögmundar Jónassonar og Jóhönnu Sigurðardóttur úr Reykv. s. að ein grein þess frumvarps sem við ræðum hér, þ.e. 4. gr., gerir ráð fyrir að sérhvert fyrirtæki eða stofnun þar sem starfa fleiri en 25 manns kjósi sér jafnréttisfulltrúa, en ég gerði ekki sérstaka grein fyrir henni í framsöguræðu minni. Þeim jafnréttisfulltrúa verði falið að hafa eftirlit með jafnréttisáætlun viðkomandi fyrirtækis og tryggja að jafnrétti sé fylgt í starfsmannastefnu og að öllu leyti hvað varðar viðkomandi fyrirtæki. Í þessari frumvarpsgrein er reiknað með því að jafnréttisfulltrúarnir starfi í nánu samstarfi við trúnaðarmenn viðkomandi fyrirtækis og að í störfum sínum geti þeir tekið saman upplýsingar og fjallað bæði um almenn og sértæk jafnréttismál í samræmi við réttindi og skyldur III. kafla jafnréttislaganna. Hugmyndafræðin á bak við þessa grein er einmitt sú að tilgangi jafnréttislaganna verði best náð ef innra eftirlit fyrirtækja og stofnana er í lagi.

Ég tel að það mál sem við ræddum hér eða hv. þingmenn áttu orðaskipti um, viðbótargreiðslurnar, sé einmitt dæmigert mál sem jafnréttisfulltrúar fyrirtækja ættu að sinna og ættu að hafa aðgang að upplýsingum til þess að tryggja að fólki sé ekki mismunað á grundvelli kynja hvað varðar þessar viðbótargreiðslur. En eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bendir á er það staðfest í skýrslum og athugunum sem gerðar hafa verið að slík mismunun hefur viðgengist.

Ég vil síðan þakka upplýsingar frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur varðandi þau ákvæði í framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna sem fóru inn í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar, hún upplýsir hér í umræðunni á hvern hátt það ákvæði fór inn í jafnréttisáætlunina. Ég tek líka eftir því að hv. þingmaður hefur innt hæstv. félagsmálaráðherra eftir því á nýju þingskjali hvað líði þessari framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna. Það verður spennandi að fylgjast með því hvernig hæstv. félagsmálaráðherra svarar spurningum þingmannsins.

Varðandi þau orð hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um að það frumvarp sem hér um ræðir taki ekki á launaleyndinni þá er það auðvitað alveg rétt, það gerir það ekki. Engu að síður er talsverður kafli í greinargerðinni sem fjallar um launaleyndina og áhyggjur flutningsmanna af henni. Ég verð að segja það að við deilum þarna sjónarmiðum, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þingmenn Samfylkingarinnar, þar sem við teljum að það sé afar mikilvægt að skoða það ofan í kjölinn á hvern hátt þær kjaraákvarðanir sem núna eru í auknum mæli ákveðnar eða vélað um í einstaklingsbundnum samningum, hafa mismunandi áhrif á kynin. Það er ýmislegt sem bendir til þess að karlar beri meira úr býtum í slíkum einstaklingsbundnum samningum en konur. Ég get alveg sagt það hér fyrir hönd þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við höfum mjög miklar áhyggjur af þessu og fullan hug á

að takast á við þetta vandamál líka. Verði lagt fram þingmál frá Samfylkingunni varðandi það mál lýsi ég því yfir að ég væri sannarlega reiðubúin til að styðja það eða flytja málið með hv. þingmönnum Samfylkingarinnar ef það stæði til boða.

Þetta er stórt og viðamikið mál. Það er rétt sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði að við þurfum ekki einungis að fjalla um þau lögbrot sem framin eru í þessu tilliti, þ.e. hvernig brotið er á fólki sem samkvæmt lögum á ákveðinn rétt, heldur þurfum við líka að hafa í huga að skoða þann launamun sem er innbyggður í okkar kyngreinda vinnumarkað. Hinn kyngreindi vinnumarkaður er auðvitað eitt af þeim viðfangsefnum sem alþingismenn ættu að taka hér alvarlega til skoðunar.

Eitt af því sem ég greindi ekki frá í flutningsræðu minni áðan, hæstv. forseti, var að þetta mál var sent út til umsagnar á síðasta löggjafarþingi. Það voru reyndar afar fáir sem fengu málið til umsagnar og enn færri sem skiluðu inn umsögnum. Þeir sem skiluðu umsögnum voru félagsmálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Verslunarráð Íslands, sem nú heitir Viðskiptaráð Íslands. Ég veit ekki hvort það kemur nokkrum á óvart hér en bæði Verslunarráðið og Samtök atvinnulífsins leggjast harkalega gegn frumvarpinu og þeim hugmyndum sem að baki því liggja og félagsmálaráðuneytið telur með öllu ótímabært að mæla með umræddum breytingum og rökstyður það í bréfi sem sent var til félagsmálanefndar. Ég er ósammála félagsmálaráðuneytinu í þeim efnum. Ég tel okkur hafa í þeirri umræðu sem hér hefur orðið sýnt fram á það svo ekki verði um villst að fullt tilefni er til að leiða í lög þau ákvæði sem hér hafa verið til umræðu og frumvarp þetta hefur að geyma.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til áframhaldandi umfjöllunar í félagsmálanefnd og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skilgreining á háskólastigi, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og DJ, 39. mál. — Þskj. 39.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–13. mál.

Fundi slitið kl. 17:01.

---

16. FUNDUR

mánudaginn 7. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál sbr. 42. gr. þingskapa.
3. Upplýsingaréttur um umhverfismál, stjfrv., 221. mál, þskj. 221. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 236. mál, þskj. 236. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Virðisaukaskattur, frv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Rannsókn á þróun valds og lýðræðis, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Kostir og gallar færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Bensíngjald og olíugjald, frv., 30. mál, þskj. 30. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Lífeyrisréttindi hjóna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Skil á fjármagnstekjuskatti, þáltill., 36. mál, þskj. 36. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Göngubrú yfir Ölfusá, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Skilgreining á háskólastigi, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Öryggi og varnir Íslands, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Mat á fasteignum og álagningarstofn fasteignaskatts, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Seðlabanki Íslands, frv., 44. mál, þskj. 44. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
17. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 45. mál, þskj. 45. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
18. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 267. mál, þskj. 280. — 1. umr.
19. Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 281. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.

[15:01]

Útbýting:

Kostnaður við sameiningarkosningar, 192. mál, svar félmrh., þskj. 291.

Samráðsvettvangur stjórnvalda og samtaka aldraðra, 93. mál, svar forsrh., þskj. 258.

Strandsiglingar, 251. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 251.
Þjóðlendumál, 167. mál, svar fjmrh., þskj. 260.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Um kl. 3.30 fer fram umræða utan dagskrár um breytta skipan lögreglumála. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason. Hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Stefna ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum.

[15:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar til að beina fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra um stefnu ríkisstjórnar Halldórs Ásgrímssonar í velferðarmálum og hvort þar á hafi orðið einhver stefnubreyting.

Hingað til hefur gilt jafnræði meðal sjúklinga og þeim ekki mismunað eftir efnahag eða stöðu á nokkurn hátt ef þeir þurfa á þjónustu að halda. En nú hefur í síðustu viku verið fréttaflutningur af því að ekki sé unnt að veita nauðsynlega þjónustu á hjúkrunarheimilum, það sé hægt að sinna grunnþörfum en félagslegi þátturinn sé afskiptur. Þetta hefur komið fram bæði í viðtölum við aðstandendur og síðan í gærkvöldi var það staðfest í Kastljósi af forstjóra eins hjúkrunarheimilisins að aðstandendur væru að kaupa inn þjónustu — og ég lái þeim það ekki ef ástandið er svona. Inn koma þyngri sjúklingar sem þurfa meiri þjónustu en daggjöldin duga ekki til hjá hjúkrunarheimilum nema einu sem reyndar fær hærri daggjöld.

Því spyr ég hæstv. ráðherra þar sem þarna er farið að mismuna fólki eftir efnahag — þeir sem hafa efni á því geta keypt viðbótarþjónustu: Hefur orðið einhver stefnubreyting í velferðarmálum hjá ríkisstjórn hans þannig að sjúklingum sé mismunað eftir efnahag, eða hvað er þarna á ferðinni?

[15:04]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Engin stefnubreyting hefur átt sér stað í þessum málum. Málefni hjúkrunarheimila eru til stöðugrar umræðu. Það er í gangi sérstakt átak, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, til að bæta þar úr, til að stytta biðlista. Ákveðið hefur verið að byggja hjúkrunarheimili í Sogamýrinni undir nafninu Markholt og einnig er til athugunar að gera samning um nýtt hjúkrunarheimili á svokallaðri Lýsislóð.

Það er hins vegar alveg ljóst að þessi mál verða ekki eingöngu leyst með hjúkrunarheimilum. Það er alveg nauðsynlegt að leysa þau í meira mæli með heimaþjónustu og með samstarfi sveitarfélaga og ríkisins. Það er mikil þörf á þessu sviði en engin stefnubreyting hefur orðið. Það verður haldið áfram við að vinna bug á biðlistum og bæta þessa þjónustu og engin ákvörðun hefur verið tekin um að mismuna fólki eftir efnahag. Þvert á móti er það stefna ríkisstjórnarinnar að fólki sé ekki mismunað eftir efnahag í þessu sambandi.

[15:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að ekki hefur orðið stefnubreyting en engu að síður er verið að mismuna fólki eftir efnahag. Þeir sem hafa efni á því kaupa viðbótarþjónustu fyrir aðstandendur sína og ég spyr þá hæstv. ráðherra: Ef ekki hefur orðið stefnubreyting, hvað hyggst hann gera til þess að þeir sem hafa minna á milli handanna, þeir sem eru fátækir, geti líka fengið þá þjónustu sem þeir sem hafa efni á því fá inni á þessum hjúkrunarheimilum? Ég er að tala um þjónustu inni á hjúkrunarheimilunum en ekki hvort verið sé að bæta við hjúkrunarheimilum. Það er verið að mismuna fólki eftir efnahag inni á heimilunum og hvernig hyggst hæstv. ráðherra bregðast við svo að hann standi við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað í þessum málaflokki?

[15:07]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Hjúkrunarheimili veita ákveðna grunnþjónustu og mér er ekki kunnugt um að hægt sé að kaupa einhverja viðbótarþjónustu inn á þessi hjúkrunarheimili. Hitt er svo annað mál að auðvitað getur hver og einn keypt ýmislegt í þessu lífi sem aðrir geta ekki en það er gengið út frá því að hjúkrunarheimilin veiti ákveðna grunnþjónustu. Nýlega fór fram mjög góð úttekt á þessu máli af hálfu Ríkisendurskoðunar og ég held að það sé nauðsynlegt fyrir Alþingi að fara yfir þessa úttekt sem ég sé ekki betur en að sé mjög vönduð og m.a. leggja hana til grundvallar í áframhaldandi umræðu um þennan mikilvæga málaflokk.

[15:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Það kemur mér á óvart að hæstv. forsætisráðherra hafi ekki heyrt um það að fólk kaupi viðbótarþjónustu inn á heilbrigðisstofnanir. Það kom fram í fjölmiðlum í síðustu viku að þeir sem hafa efni á því kaupa viðbótarstarfsfólk fyrir sína nánustu inn á stofnanirnar. Þar er auðvitað verið að mismuna og þar verða þeir afskiptir sem hafa minna milli handanna.

Ég kalla eftir því frá hæstv. ráðherra að hann sjái til þess að gætt verði jafnræðis meðal þeirra sem eru á hjúkrunarheimilum. Það er ekki nóg að sinna bara grunnþættinum, það þarf einnig að sinna félagslegum þætti og sérstaklega hjá þeim sem eru alzheimersjúklingar eins og þeir sem verið var að ræða um í þessum viðtölum. Þar er grunnþjónusta ekki næg þannig að ég kalla eftir því frá hæstv. ráðherra: Hvernig ætlar hann að tryggja að þarna verði gætt jafnræðis inni á hjúkrunarheimilum í þeirri nauðsynlegu þjónustu sem þar þarf að veita? Það hefur komið fram að hún er ekki veitt.

Þjónusta barna- og unglingageðlækna.

[15:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Menn kannast við umræðuna um að sérfræðilæknar séu í vanda staddir og þurfi um þessar mundir að draga verulega úr starfsemi sinni þar sem umsamdar einingar í samningum við Tryggingastofnun séu á þrotum. Mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem af þessum ástæðum er komin upp á meðal barna- og unglingageðlækna. Þeir eru nú í þeirri alvarlegu stöðu að þurfa að hætta að taka á móti nýjum sjúklingum og þurfa að draga mjög saman í þjónustu við þá sjúklinga sem þeir eru nú þegar með til meðferðar.

Þessi staða er í tilfelli barna- og unglingageðlækna kannski sýnu verri en í tilfelli annarra sérfræðinga þar sem fækkun eininga til þessara sérfræðinga á yfirstandandi ári er óútskýrð. Þessir sérfræðingar höfðu 202 þús. einingar árið 2003 sem nægði alveg fyrir þeirri þjónustu sem eftirspurn var eftir og nú erum við, nota bene, að tala um svið sem þessi ríkisstjórn segist bera sérstaklega fyrir brjósti, geðraskanir barna og ungmenna.

Árið 2004 bar svo við að ekki nýttust nema 160 þús. einingar af þessum rúmlega 200 þús. Það var af skiljanlegum og vel útskýranlegum ástæðum, bæði vegna tveggja mánaða kennaraverkfalls og annarra ytri aðstæðna. Þegar að úthlutun kom fyrir yfirstandandi ár virðast heilbrigðisyfirvöld og/eða Tryggingastofnun hafa séð sér leik á borði og úthlutað einungis 160 þús. einingum í stað þeirra rúmlega 200 þús. sem voru til skiptanna 2003.

Ástandið sem nú er að skapast var því fyrirsjáanlegt og þetta hefur verið gagnrýnt af stjórn Barnageðlæknafélags Íslands og hefur yfirlýsing verið send til hæstv. ráðherra. En mig langar að spyrja: Er von á leiðréttingu í þessum efnum og mun sú leiðrétting sem fæst, þá vonandi upp í 200 þús. einingar, verða varanleg eða þurfa barnageðlæknar að hefja svipaða píslargöngu á næsta ári? Hvaða ráð á hæstv. ráðherra til foreldra og annarra aðstandenda barna og ungmenna með geðraskanir? Eiga þeir bara að bíða fram yfir áramót með að leita sérfræðiþjónustu?

[15:11]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst svara varðandi sérfræðilækna almennt. Kerfi þeirra er þannig að þegar þeir eru búnir með einingarnar fara þeir inn á afsláttarkerfið og það er útlit fyrir að niðurstaða náist í þeim málum.

Ég vil víkja sérstaklega að barnalæknunum því þeir hafa sérstöðu varðandi það að bætt var við þá einingum fyrir nokkrum árum vegna þess að við vildum efla þessa starfsemi. Síðan nýttu þeir ekki einingarnar, og einingar voru teknar af þeim, þetta er alveg rétt. Síðan hefur þróunin verið sú á þessu ári að þeir munu væntanlega nota kvóta sinn. Við höfum verið með það í sérstakri athugun. Ég hef lýst því yfir og ég vil að menn njóti þjónustu á þessu sviði. Ég vona að við náum niðurstöðu í það. Meðal annars hafa verið forföll í hópi barnalækna þannig að álagið á þeim hefur verið nokkuð mikið. Við viljum athuga þeirra mál sérstaklega. Þeir hafa sérstöðu að þessu leyti. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni og við gerum okkur alveg grein fyrir því.

[15:13]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þykir ágætt að heyra að hæstv. heilbrigðisráðherra er sammála því sem ég færi fram. Það er bara samt þannig að hæstv. ráðherra svaraði barnageðlæknum þann 10. september og lýsti þá yfir nákvæmlega því sama og hann lýsir yfir hér. Það sama gerir landlæknir og það sama gerir Tryggingastofnun. Allir hafa fullan skilning. Það eru allir afar fullir af miklum velvilja gagnvart málinu og allir ætla að láta reyna á einhvers konar breytingar. En það er bara orðinn of langur tími sem þessir læknar hafa þurft að bíða, og foreldrar og aðstandendur þessara barna sem bíða eftir þessari þjónustu. Ég held að við verðum að fá nánari útlistanir frá hæstv. ráðherra og yfirlýsingu um það hreinlega hvað eigi að gera og hvenær eigi að gera það.

[15:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Það er eitt sem hefur ekki komið fram í þessu máli, þ.e. að læknarnir hafa ekki klárað einingarnar enn þá. Það er vegna þess að forföll hafa verið í þeirra hópi þannig að ekki er ástæða til að stöðva þjónustu þeirra. Við höfum lýst því yfir að við viljum að þjónusta þeirra haldi áfram en ekki er kominn sá tími að þeir hafi klárað einingakvóta sinn. Þeir munu hins vegar gera það og við höfum lýst því yfir að við viljum bregðast við því. Það er alveg ljóst frá okkar hálfu, bæði landlæknis og heilbrigðisráðherra. Okkar afstaða liggur fyrir í þessum efnum.

[15:15]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég treysti því að þessi orð hæstv. ráðherra þýði að gripið muni verði til þeirra aðgerða sem þarf, þ.e. að þessir barnasérfræðingar fái aftur þær 200 þús. einingar sem þeir höfðu 2003. Það er alveg ljóst að sá einingafjöldi virðist nægja en það gera 160 þús. einingar hins vegar ekki.

Varðandi síðan að forföll hafi orðið hjá læknum í greininni veit ég að Tryggingastofnunin er farin að draga af reikningum frá barna- og unglingageðlæknum. Þetta er komið til framkvæmda að einhverju leyti. Læknar úti á landi segja mér að þeir séu komnir í þrot þannig að ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra grípi til aðgerða núna strax. Það er gott að heyra um velviljann og það er gott að heyra að málið sé til athugunar en það þarf bara að grípa til aðgerða, leiðrétta þetta og tryggja að það verði þá leiðrétting til frambúðar.

[15:16]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég endurtek það sem ég hef sagt um þetta mál, við höfum verið í sambandi við forustu barnageðlækna um það, fylgjumst grannt með því og það er ljóst að þróunin hefur orðið á annan veg þetta ár en hið síðasta. Við gerum okkur alveg fullkomlega grein fyrir því þannig að ég á von á því að þessi mál leysist farsællega.

Hafrannsóknastofnun.

[15:16]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hafrannsóknastofnun er 40 ára þetta árið og það er rétt að óska starfsmönnum til hamingju með afmælið.

Það verður samt að segjast eins og er að uppbygging þorskstofnsins síðustu tvo áratugina hefur ekki gengið eftir þó svo að mestmegnis hafi verið farið eftir ráðgjöf stofnunarinnar síðustu 15 árin. Veiðin síðustu 20 árin hefur verið helmingi minni en áratugina þar á undan. Það hefur verið mikil gagnrýni á árangursleysi fiskveiðiráðgjafar Hafró og einnig þá staðreynd að stofnunin hefur endurmetið þorskstofninn og hrygningarstofninn áratugi aftur í tímann og hagrætt gögnum.

Einnig hefur verið gagnrýnt að stofnunin hefur einokað rannsóknir á fiskifræði á síðustu árum og ég ætla þess vegna að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort hann hyggist breyta því og veita þá fleirum aðgang að rannsóknum að fiskifræði. Ég tel fulla þörf á því. Ég var sjálfur eftir hádegi staddur um skamma hríð á ráðstefnu um stærð hrygningarstofns og áhrif hans á nýliðun og það verður að segjast eins og er að mjög mikil vonbrigði fólust í viðdvölinni þar. Þangað var eingöngu boðið þeim sem voru fylgjandi kenningum stofnunarinnar þó svo að hér sé um mjög umdeilt mál að ræða. Gögn frá m.a. Færeyjum sýna að hér sé um öfugt samband að ræða. Stofnunin býður ekki til þeirrar gagnrýnu umræðu, nei, þangað er eingöngu boðið jáurum sem fylgja stefnu stofnunarinnar. Þetta væri allt í lagi ef um væri að ræða áróðursstofnun en hérna er óvart um vísindastofnun að ræða sem ætti einmitt að fagna allri gagnrýni og taka hana til umræðu í stað þess að halda henni fyrir utan umræðuna. Mér finnst þetta mjög ámælisvert og það verður fróðlegt að fá að heyra skoðun hæstv. sjávarútvegsráðherra á þessum vinnubrögðum.

[15:19]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að hv. þingmanni brá fyrir í mýflugumynd eitt andartak á þessari ráðstefnu áðan og ef hann hefði haft tök á því að sitja þar lengur hefði hann áttað sig á því að þeir sem þarna töluðu voru menn með mjög fjölbreytilegar skoðanir. Þarna voru þrír erlendir fulltrúar frá jafnmörgum háskólastofnunum, þar á meðal forstjóri hafrannsóknastofnunarinnar í Færeyjum og enn fremur menn frá Kanada sem hafa rannsakað stöðu þorskstofnsins við Kanada og í heild sinni raunar í heiminum og vörpuðu mjög athyglisverðu ljósi á fræðasvið sitt. Síðan eru þarna íslenskir sérfræðingar, bæði frá Hafrannsóknastofnun og prófessor í hafrannsóknum við Háskóla Íslands. (Gripið fram í.) Þetta er auðvitað engin skoðanaeinokun. Þarna er verið að reyna að varpa ljósi á mjög alvarlegt mál sem er staða þorskstofnsins. Það verður auðvitað líka að vekja athygli á því að hér er ekki um að ræða einangraðan fund. Þetta er upphaf að mikilli fundaherferð sem Hafrannsóknastofnun efnir nú til, m.a. í tilefni af 40 ára afmæli sínu. Haldnir verða 14 fundir allt í kringum landið þar sem fólk getur látið í ljósi skoðanir sínar. Ég vek líka athygli á því að á morgun verður haldinn fyrsti fundur nýskipaðrar ráðgjafarnefndar Hafrannsóknastofnunar.

Allt er þetta gert til þess að reyna að efla umræðuna um þetta mikilvæga mál. Það skiptir mjög miklu að þessi umræða geti farið fram. Það skiptir mjög miklu að þeir sem hafa skoðanir og þekkingu á þessu máli geti látið í ljósi skoðanir sínar. Þess vegna er haldin ráðstefna sem þessi þar sem koma bæði fram innlendir og erlendir sérfræðingar, þar sem verið er að bjóða fólki að hlýða á erindi og taka þátt í umræðum eins og þegar var hafið áðan og enn fremur að halda fundi um allt land í sama tilgangi.

Síðan veit hv. þingmaður að ég hef látið í ljósi þá skoðun mína að ég tel að það eigi að opna þetta rannsóknarumhverfi enn þá betur en við höfum gert. Ég hyggst beita mér í þeim efnum. Þess mun vonandi sjá stað mjög fljótlega. Ég er þeirrar skoðunar að svona umræða sé nauðsynleg til að ná árangri. Það er sú umræða sem fór fram í dag og hv. þingmaður hafði því miður ekki tíma til að sitja.

[15:21]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er því miður um sértrúarhóp að ræða sem hleypir ekki öðrum skoðunum að. Mér finnst alvarlegt að nýr hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála komi ekki hér ferskur með nýjar hugmyndir í stað þess að ætla að halda í gömlu kenningarnar. Hann trúir því að þarna hafi verið á boðstólum allar skoðanir um nýliðun og samband hennar við hrygningarstofn. Þetta er auðvitað óþolandi og það á ekki heima í vísindalegri umræðu að menn skuli halda ákveðnum skoðunum í burtu. Mér finnst þetta fáheyrt og ég trúi því ekki að Íslendingar ætli að halda þessu áfram.

Hvers vegna notar ekki sjálf stofnunin 40 ára afmælið til að gera eitthvað nýtt í stað þess að halda í kenningar sem hafa ekki gengið eftir í tvo áratugi? Það er óþolandi og við sem erum hér í forsvari fyrir þjóðina eigum ekki að sætta okkur við þetta, (Forseti hringir.) hvað þá hæstv. sjávarútvegsráðherra.

[15:22]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vona að þegar hv. þingmaður á næst leið til Færeyja greini hann forstjóra hafrannsóknastofnunarinnar í Færeyjum frá því að hann sé í sértrúarhópi sem hafi ekki neina skoðun nema þá sem er talin lögmæt á Íslandi, hann sé ekki maður til að taka sjálfstæða vísindalega afstöðu.

Það væri líka fróðlegt að hv. þingmaður heimsækti stofnanir í Kanada og segði mönnum frá því að þar væru þeir algerlega í vasanum á forstjóra Hafrannsóknastofnunar og íslenska sjávarútvegsráðherranum, þeir hefðu enga sjálfstæða skoðun, að menn sem hafa skoðað samband hrygningarstofns og nýliðunar úti um allan heim væru menn sem hefðu fengið skipanir frá sjávarútvegsráðuneytinu íslenska allan sinn vísindalega feril og það væri ekkert að marka þá vegna þess að þeir væru hluti af einhverjum sértrúarsöfnuði sem væri stjórnað héðan frá Íslandi, þar á meðal forstjóri færeysku hafrannsóknastofnunarinnar sem núna á eftir heldur erindi sitt um stöðu þorskstofnsins við Færeyjar.

Ég veit að hv. þingmaður hefur verið sérstakur áhuga-

maður um stöðu mála í Færeyjum og þess vegna hefði verið gaman að hann hefði gefið sér tíma til að hlusta á þetta í stað þess að fara fram (Forseti hringir.) með tómt fleipur og tómt rugl.

[15:23]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég hafna því algerlega að ég hafi farið fram með tómt fleipur og tómt rugl. Það er óvart þannig að ég hef verið í ágætum tengslum við færeyska stjórnmálamenn sem hafa sem betur fer, (Gripið fram í.) hæstv. ráðherra, ekki farið eftir ráðleggingum Hjalta í Jákupsstovu, þess manns sem hæstv. sjávarútvegsráðherra vitnar svo mjög til. En í Færeyjum er ekki farið eftir ráðleggingum færeysku hafrannsóknastofnunarinnar og hæstv. sjávarútvegsráðherra ætti að vita þetta. Færeyskir sjómenn hafa farið eftir ráðleggingum Jóns Kristjánssonar fiskifræðings og mér finnst leitt ef hæstv. sjávarútvegsráðherra ætlar að drepa þessari umræðu á dreif með hreinni vitleysu. Mér finnst það óþolandi. Ég skora á hæstv. ráðherra að nota nú tækifærið sem nýr ráðherra í þessum málaflokki og skoða ferilinn. Þetta hefur ekki gengið upp síðustu 20 árin, og hvernig er að halda áfram einhverri vegferð sem hefur ekkert gengið?

[15:24]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Ég veit ekki hvernig hv. þingmaður notar orðin sín en það að drepa umræðu á dreif er eitthvað sem ég mundi halda að þýddi það að reyna að kæfa umræðuna niður. (**SigurjÞ:** Einmitt.) Er það til marks um að verið sé að reyna að kæfa niður umræðu þegar efnt er til stórrar (Gripið fram í.) alþjóðlegrar ráðstefnu þar sem sitja um hundrað manns sem geta núna sagt skoðanir sínar á þeim erindum sem verið er að flytja, þegar um er að ræða ráðstefnu þar sem sitja alþjóðlegir vísindamenn með alþjóðlega viðurkenningu sem hafa farið um heiminn til að ræða þessi mál og leggja fram gögn sín? (Gripið fram í.) Er það til marks um að verið sé að reyna að drepa umræðunni á dreif?

Á morgun hefst fundur nýrrar ráðgjafarnefndar — nú er hv. þingmaður floginn úr þingsalnum. Hv. þingmaður getur ekki einu sinni hlustað í eina mínútu, nú er hann kominn aftur. — Er það til marks um að verið sé að reyna að drepa umræðunni á dreif að á morgun hefst fundur ráðgjafarnefndar þar sem sitja bæði vísindamenn, starfandi sjómenn og fólk sem starfar í sjávarútvegi? Er það til marks um að verið sé að reyna að drepa umræðunni á dreif þegar verið er að hefja 14 funda herferð um allt land? Ég held að hv. þingmaður (Forseti hringir.) ætti að reyna að skilja sín eigin orð.

Skýrsla um aukin tækifæri í forustu atvinnulífsins.

[15:26]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Fyrir stuttu kom út skýrsla um aukin tækifæri í forustu atvinnulífsins, skýrsla svokallaðrar tækifærisnefndar viðskiptaráðherra um aukinn hlut kvenna í yfirstjórnum fyrirtækja, um margt ágæt skýrsla en um leið afar spör á brúklegar leiðbeiningar um hvernig skuli rétta kynjahallann í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi.

Síðasta vetur spurði ég hæstv. viðskiptaráðherra um þessi mál úr þessum stóli. Þá sagði hún m.a. — hafði skipað nefndina sem nú hefur skilað skýrslunni og reyndar skrifað einhver bréf til forráðamanna stærstu fyrirtækja á Íslandi, — með leyfi forseta:

„Ég hlakka til að sjá árangurinn þegar þeirri fundalotu lýkur" — og átti þá við aðalfundasyrpuna sem þá stóð yfir hjá íslenskum fyrirtækjum — „og ég trúi að árangur náist."

Forseti. Árangurinn sem náðist í síðustu aðalfundasyrpu var sá að það fjölgaði um eina konu í stjórnum íslenskra fyrirtækja. Það getur varla talist árangur sem hæstv. viðskiptaráðherra telur viðunandi.

Það er skoðun mín, frú forseti, að það sé á ábyrgð stjórnvalda að vera skrefi á undan í jafnréttisbaráttunni, bæði með góðu fordæmi og með því að setja leikreglur sem stuðla að heilbrigðara umhverfi í atvinnu- og viðskiptalífi, umhverfi þar sem menntun og hæfileikar karla og kvenna fá að njóta sín. Stærri hlutdeild kvenna í stjórnum fyrirtækja skilar ekki einvörðungu fjölbreyttara trompi á aðalfundinum, heldur fyrirtækjunum einnig betri skilningi á markaðnum, bættum stjórnarháttum og síðast en ekki síst betri afkomu, frú forseti. Það er margsannað mál.

Því langar mig að inna hæstv. viðskiptaráðherra eftir því til hvaða aðgerða hún ætli að grípa í ljósi þessara staðreynda og í ljósi þeirra tilmæla sem felast í skýrslunni.

[15:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn til að vekja athygli á þessu máli. Það var einmitt í tengslum við jafnréttisáætlun sem mér sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra voru falin ákveðin málefni, og eitt af þeim var sem sagt að vinna að bættri stöðu kvenna í stjórnum fyrirtækja. Í framhaldi af því skipaði ég þá nefnd sem hv. þingmaður vitnaði til. Hún var undir forustu Þórs Sigfússonar, framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs. Hún hefur lokið störfum og skilaði tillögum í sex liðum. Meðal annars er talað um að efla umræðu og þekkingu á málefninu, að birta reglulega upplýsingar um fjölda kvenna í stjórnum fyrirtækja, að konur þurfi að efla tengsl sín, að svokölluð leitarskilyrði séu víkkuð, að fyrirtæki þjálfi fleiri konur til ábyrgðar- og stjórnunarstarfa og svo að karlar í áhrifastöðu geri málið að sínu.

Hver eru svo næstu skref? Það eru ekki nema um tvær vikur síðan nefndin skilaði af sér og við erum að sjálfsögðu að fara yfir þessar tillögur og hvernig við getum nýtt þær til þess að bæta stöðuna. Til dæmis er ein hugmynd að taka þátt í verkefni sem miðar að því að tölfræði í þessum málaflokki liggi fyrir, sem sagt að grunnupplýsingar um fjölda æðstu kvenkynsstjórnenda í 100 stærstu fyrirtækjum liggi fyrir. Ég vil sjá hvaða árangur slíkt getur borið. Ég tel að umræðan sé mikilvæg og hún skiptir máli. Ég hef ekki aðhyllst þá hugsun að þetta verði leyst með lagasetningu. Ég tel að það sé ekki áhugavert og hef reyndar sýnt með viðhorfskönnun sem hefur verið gerð að 65,5% þjóðarinnar eru frekar eða mjög mikið á móti því. Ég vil sjá hvaða árangur slíkt getur borið.

[15:30]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég virði það við hæstv. viðskiptaráðherra að enn sé verið að lesa tillögurnar sex sem lagðar eru til í skýrslunni og finna leiðir í ráðuneytinu. En þetta er nú ekki nýorðinn vandi hér á Íslandi, alls ekki. Mér finnst hæstv. viðskiptaráðherra vera heldur metnaðarlaus í þessum efnum, heldur metnaðarlaus, frú forseti. Það hlýtur að vera hægt að grípa til aðgerða sem duga og nota þá, má ég nota það orð, meira „krassandi" aðferðir. T.d. segir í 4. lið í tillögu nefndarinnar:

„Víkka þarf leitarskilyrði í stjórnir og leita þarf víðar."

Víkka þarf leitarskilyrði, hvaða leitarskilyrði, frú forseti? Íslenskur vinnumarkaður er stútfullur af hæfum og vel menntuðum konum. Þarf ekki bara að lána þessum körlum gleraugu sem sjá ekki konurnar sem standa við hliðina á þeim, sjá þær ekki til að tilnefna þær í stjórnunarstöður eða nefndir?

[15:31]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður þarf ekkert að segja mér neitt um það að það eru margar hæfar konur á Íslandi sem eru virkilega tilbúnar til þess að sitja í stjórnum fyrirtækja og hafa sýnt það og komið sér á framfæri opinberlega einmitt í því skyni að komast í stjórnir fyrirtækja. En það er auðvelt fyrir hv. þingmann að koma hér upp og segja að það hljóti að vera hægt að grípa til einhverra aðgerða. Sú tillaga sem hv. þingmaður las hér upp er ekki samin af mér, hún er samin af þeirri nefnd sem ég skipaði. Ég tel að það sé mikilvægt að vinna þetta mál þannig áfram núna að fara í samstarf, t.d. við háskóla og við viðskiptalífið um framhaldið. Þetta vinnst ekki öðruvísi en með umræðu og því að karlmenn átti sig á tækifærunum sem felast í því að skipa konur í stjórnir fyrirtækja. Það hefur sýnt sig að það ber góðan árangur.

[15:33]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. viðskiptaráðherra veit auðvitað sem er, frú forseti, að það hefur verið gripið til aðgerða annars staðar, t.d. í Noregi, sem duga mun betur en það sem lagt er til í þessari skýrslu. Auðvitað veit ég það líka að hæstv. viðskiptaráðherra þarf ekki að taka hverja einustu tillögu úr þessari skýrslu og hún getur líka gert annað og meira.

En það skyldi þó ekki vera, frú forseti, að staða kvenna á íslenskum vinnumarkaði og í stjórnunarstöðum þar sé sú sem hún er vegna þess, eins og segir í skýrslunni, að menn höfðu látið það í ljósi í viðtölum við gagnaöflun fyrir þessa skýrslu, með leyfi forseta, að það: „... væri ekki æskilegt að bátnum væri ruggað og voru konur jafnvel álitnar ógnun við þann stöðugleika sem stjórn hefði mótað í sínu vinnuferli."

Ja, heyr á endemi. Nú eru íslenskar konur orðnar ógnun við stöðugleikann, líklega þá bæði í efnahagslífi, atvinnulífi og viðskiptalífi. Og hvað ætlar hæstv. viðskiptaráðherra að gera við því?

[15:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég veit nú ekki af hverju hv. þingmaður er að æsa sig svona í þessu máli vegna þess að við hljótum að vera samherjar hvað þetta varðar. Það getur vel verið að hv. þingmaður horfi eitthvað öðrum augum á þetta en ég, en ég held þó að það sé ekki grundvallarmunur á okkar skoðunum.

Vissulega hafa Norðmenn sett lög sem eru fyrst núna að taka gildi og engu að síður hafa þeir ekki náð þessu 40% marki. En það er ekkert langt síðan við hófum þessa umræðu, Íslendingar, hún er tiltölulega nýhafin. Ég er sannfærð um að við náum árangri ef við eflum umræðuna og við skulum ekki ganga út frá því sem vísu að karlarnir séu ómögulegir. Við græðum ekkert á því. Við skulum frekar ganga út frá því að þeir séu tilbúnir að vinna með okkur í þessu og þannig náum við árangri.

Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál sbr. 42. gr. þingskapa.

Fram komu þrír listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Birgir Ármannsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Bjarni Benediktsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Ögmundur Jónasson (C),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B).

Upplýsingaréttur um umhverfismál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 221. mál (EES-reglur). — Þskj. 221.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 236. mál (EES-reglur, læknar í starfsnámi). — Þskj. 236.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. MÞH o.fl., 12. mál (samgöngumannvirki, blöð og tímarit). — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Rannsókn á þróun valds og lýðræðis, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Ferðasjóður íþróttafélaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Kostir og gallar færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. MÞH o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Bensíngjald og olíugjald, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 30. mál (tímabundin lækkun gjalds). — Þskj. 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrisréttindi hjóna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 33. mál. — Þskj. 33.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Skil á fjármagnstekjuskatti, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 36. mál. — Þskj. 36.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Göngubrú yfir Ölfusá, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÓ o.fl., 38. mál. — Þskj. 38.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Skilgreining á háskólastigi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og DJ, 39. mál. — Þskj. 39.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Öryggi og varnir Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. ISG o.fl., 40. mál. — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Mat á fasteignum og álagningarstofn fasteignaskatts, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 41. mál. — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 44. mál (bankastjórar, peningastefnunefnd). — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 45. mál (upplýsingaskylda, málshöfðunarheimild). — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Breytt skipan lögreglumála.

[15:43]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Nefnd á vegum dómsmálaráðherra hefur nýlega skilað tillögum að breyttri skipan lögreglumála í landinu. Það er eðlilegt að hugað sé að skipan sýslumannsembætta og lögreglumála reglulega, ekki síst með tilliti til breyttra samgangna og búsetumynsturs. En löggæslan og starfsemi sýslumanna er einmitt einn mikilvægasti þáttur í almannaþjónustunni. Þessi embætti eru þjónustustofnanir og umboðsaðilar ríkisins í héraði auk þess sem sýslumennirnir fara með lögreglustjórn. Nærþjónusta sem þessi skiptir því íbúana afar miklu máli. Þá ber og að horfa til þess að opinber störf, sýslumanns- og lögregluembætti, skipta hin minni samfélög gríðarlega miklu máli hvað fjölbreytni atvinnulífs varðar.

Dómsmálaráðherra hefur boðað að allt að 15 sérgreind störf og verkefni verði flutt til Blönduóss og byggð upp við sýslumannsembættið á staðnum og því fagna ég. Ég tel að þar hafi verið tekið myndarlega á og vonandi verður framhald á við önnur embætti.

Starfsemi lögreglumanna tengist ekki eingöngu löggæslumálum, að elta uppi þjófa og þá sem brjóta umferðarlög, sem mér finnst þessar tillögur taka allt of mikið mið af. Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunarstarfa á landi. Þjónusta lögreglunnar, a.m.k. úti á landi er ekki síður tengd fjölþættri aðstoð og leiðsögn við hinn almenna borgara, aðstoð í erfiðri færð, við slys eða önnur neyðartilvik, að taka þátt í sjúkraflutningum, björgunarstörfum og ýmiss konar almannaþjónustu. Þar skiptir nálægð þjónustunnar ekki síst máli og er afar mikilvæg fyrir strjálbýlar, fámennar, víðfeðmar eða einangraðar byggðir. Ef þetta væri ekki fyrir hendi gætu þær orðið án þjónustunnar. Sem betur fer fara vegasamgöngur stöðugt batnandi en því fer fjarri að viðunandi sé og þær séu öruggar í verstu veðrum. En þegar aðstæður eru erfiðastar þá er þörfin iðulega mest.

Í tillögunum er lagt til að lögregluembættum verði fækkað í 15 og af þeim verði sjö eins konar lykilembætti. Lagt er til að Reykjavík verði eitt lykilembætti og lögregluliðin á höfuðborgarsvæðinu sameinuð. Á Vesturlandi er gert ráð fyrir að löggæslan í Búðardal og Hólmavík verði færð undir Borgarnes, svo og löggæslan á Reykhólum. Á Vestfjörðum er gert ráð fyrir því að löggæslan á sunnanverðum Vestfjörðum frá Patreksfirði færist undir Ísafjörð. Á Norðurlandi er gert ráð fyrir því að Akureyri verði lykillögregluembætti sem önnur lögregluembætti á Norðurlandi heyri óbeint undir, en löggæsla á Siglufirði og á Ólafsfirði verði sameinuð lögreglunni á Akureyri. Þó má benda á að Siglufjörður er nú í vegasambandi við Skagafjörð en varla við Akureyri.

Frú forseti. Við umfjöllun um tillögurnar er undirstrikað að ná þurfi breiðri og góðri samstöðu um þær tillögur sem settar verða í framkvæmd. Mér sýnist af þeirri umfjöllun að fyrst og fremst hafi verið haft samráð við félög sýslumanna og félög lögreglumanna. Það er gott en mér finnst nokkuð skorta á að haft hafi verið tilhlýðilegt samráð við sveitarfélögin og íbúa á viðkomandi svæðum.

Hvert sem framhaldið á þessum tillögum verður hef ég leyft mér að leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. dómsmálaráðherra:

1. Hvernig hyggst ráðherra haga frekari vinnu úr framkomnum tillögum um nýskipan lögreglumála í landinu sem tryggi eðlilega aðkomu og áhrif sveitarstjórna og íbúanna á mótun og mögulega framkvæmd þeirra hugmynda áður en lengra er haldið?

2. Hvernig sér ráðherra fyrir sér stjórnsýslulega stöðu og verkefni sýslumannsembætta, sem missa frá sér yfirstjórn lögreglumála samkvæmt þessum tillögum? En nokkur sýslumannsembætti missa frá sér lögregluna ef þessar tillögur verða að veruleika.

3. Finnst ráðherra tekið nægjanlegt tillit til landfræðilegra aðstæðna þegar leggja á niður forsjá lögreglumála á stöðum eins og Búðardal, Patreksfirði, Hólmavík, Siglufirði og Höfn, svo að dæmi séu tekin, í ljósi krafna og markmiða sem sett eru fram í tillögunum um öfluga og örugga nærþjónustu lögreglunnar?

[15:48]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að biðja um þessa umræðu í dag. En í dag hefjast einmitt kynningarfundir sem efnt verður til á sjö stöðum um landið á næstu tíu dögum til að kynna tillögur um stækkun lögregluumdæma. Það er þriggja manna framkvæmdanefnd um þessar breytingar sem efnir til fundanna og boðar til þeirra lögreglustjóra, lögreglumenn og sveitarstjórnarmenn. Þar geta menn rætt einstaka þætti þessa máls.

Þegar ég tók við embætti dómsmálaráðherra vorið 2003 hafði um nokkurt skeið verið rætt um nauðsyn þess að stækka lögregluumdæmin. Það voru einkum lögreglumenn sem hvöttu til þeirra breytinga til að þeir yrðu betur í stakk

búnir til að takast á við erfiðari verkefni en áður. Hvert skref sem stigið hefur verið í þessu máli undir minni stjórn hefur verið kynnt rækilega bæði á fundum og í skýrslum sem hafa verið tiltækar á vefsíðu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Hefur verið mikill áhugi á þessum gögnum og nú síðast tillögum framkvæmdanefndarinnar frá 24. október síðastliðnum. En þær tillögur á einmitt að kynna næstu daga á fundum um land allt. Að loknum fundunum mun ég athuga þau sjónarmið sem þar koma fram eða þær ábendingar sem ráðuneytinu berast eftir öðrum leiðum og síðan taka lokaákvörðun af minni hálfu í málinu.

Samkvæmt tillögum framkvæmdanefndarinnar er nauðsynlegt að gera breytingu á lögreglulögunum og þess vegna kemur málið til kasta Alþingis ef farið verður að tillögunum. Tillögur framkvæmdanefndarinnar gera í stuttu máli ráð fyrir að lögregluumdæmin verði 15 í stað 26. Samkvæmt þeim flyst stjórn löggæslu alfarið frá minnstu sýslumannsembættunum til nærliggjandi embættis auk þess sem eitt lögreglulið verður á höfuðborgarsvæðinu. Af lögregluembættunum 15 fá sjö hlutverk lykilembættis, sem annars vegar sinnir rannsókn og saksókn stærri og flóknari mála og hins vegar samræmir vaktkerfi lögreglunnar í umdæmi sínu. Lögreglumenn flytjast að sjálfsögðu ekki frá núverandi stafsstöðvum sínum þótt þeir verði hluti af stærri liðsheild.

Samkvæmt lögum um störf sýslumanna, þ.e. lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, er hlutverk sýslumanna að fara með stjórnsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um. Þar á meðal fara þeir með lögreglustjórn, tollstjórn og innheimtu opinberra gjalda að því leyti sem hún er ekki falin öðrum. Lögum samkvæmt þurfa ekki allir sýslumenn að vera lögreglustjórar. Þannig fer sýslumaðurinn í Reykjavík hvorki með lögreglu- né tollstjórn. Það fer eftir lögum og reglugerðum hvaða verkefni eru falin sýslumönnum hverju sinni og þeir geta sinnt mismunandi verkefnum, eins og sést af því nýlega dæmi að ég hef falið sýslumanninum á Blönduósi að taka að sér að reka innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar fyrir landið allt.

Vegna fyrirspurnar hv. þingmanns vil ég árétta að ekki er gert ráð fyrir því að lögreglumenn hópist á þá staði þar sem lögreglustjóri situr heldur gegni þeir áfram störfum í þeim starfsstöðvum sem þeir hafa. Hér á höfuðborgarsvæðinu verður hverfa- og grenndarstarfi lögreglu að sjálfsögðu sinnt áfram af hálfu lögreglunnar. Með því að stækka lögregluumdæmi og auka og efla samvinnu lögreglumanna innan hvers umdæmis er að því stefnt að efla og styrkja sýnilega löggæslu. Auðveldara verður að manna sólarhringsvaktir þótt ekki takist það alls staðar. Fámennir staðir munu hafa gagn af stærra liði við sérstök tilefni, t.d. á bæjarhátíðum eða í tengslum við íþróttaviðburði. Þá verða fjölmennari og öflugri rannsóknardeildir til taks heima í héraði vegna rannsókna á stórum og flóknum málum.

Vegna breytinganna á hvergi að draga úr löggæslu. Hv. fyrirspyrjandi nefnir fimm staði og má taka Patreksfjörð sem dæmi. Þar eru nú fjórir lögreglumenn og þeim verður ekki fækkað. Ég held að þeir græði frekar en að þeir tapi á því að verða hluti af stærra lögregluliði með öflugri rannsóknardeild.

Hv. þingmaður nefndi einnig Siglufjörð. Þannig vill til að sýslumaðurinn á Siglufirði telur raunar ekki nógu langt gengið með þessum tillögum. Hann vill eitt lögreglulið á öllu Norðurlandi. En með þessum breytingum erum við ekki að breyta landfræðilegum staðreyndum. Við gerum það ekki með stækkun lögregluumdæmanna. Við gerum hins vegar ráðstafanir til að bæta öryggi landsmanna með virkari og öflugri löggæslu.

[15:53]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að taka þetta mál upp. Ég tel mjög mikilvægt að ræða það hér á hinu háa Alþingi á því stigi sem málið er núna. Öllum sem hafa kynnt sér þessar hugmyndir er ljóst að um verulegar breytingar er að ræða. Við megum aldrei, í þessari umræðu, útiloka nokkurn skapaðan hlut heldur verðum við að taka hugmyndirnar og ræða um þær eins og þær koma fyrir.

Það sem vekur sérstaka athygli í þessari umræðu er hve lítið sveitarstjórnarmenn hafa fengið að koma nálægt þessum málum. Ég veit að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru að ræða þessi mál í hádeginu og hafa miklar áhyggjur af því að ráðast eigi í slíkar breytingar án nokkurs samráðs við sveitarstjórnarmenn. Ég veit að þeir hafa verið boðaðir til fundar 17. nóvember næstkomandi. En þeim hefur verið tilkynnt að hæstv. dómsmálaráðherra hafi fallist á meginstefnuna í þeim hugmyndum. Að loknum þeim fundi á síðan að tilgreina nánar hvernig þær verði útfærðar. Ég tel mjög miður að menn skuli leggja þetta upp með þeim hætti.

Í skýrslunni sem nefndin skilaði af sér er lítið útfært hvernig þetta eigi að vera og því skiptir miklu máli hvernig það verður gert. Það hefur t.d. vakið ugg í Vestmannaeyjum að færa eigi fjármagn frá sýslumannsembættinu í Vestmannaeyjum yfir á Selfoss. Menn óttast að það sé fyrsta skrefið í að færa störfin til. Ég held að það sé mjög mikilvægt að áður en umræðan fari fram liggi skýrt fyrir á hvaða (Forseti hringir.) ferðalagi hæstv. dómsmálaráðherra er. Það er mikilvægt að haft verði samráð við sveitarstjórnarmenn um málið.

[15:55]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að hafa í huga við þessa umræðu að málið er ekki enn þá komið á það stig að það sé á borðum þingsins. Það er enn þá í meðförum ráðherra sem hefur haft samráð við lögreglumenn og sýslumenn um mótun tillagna sem nú fara í kynningu, m.a. meðal sveitarstjórnarmanna og væntanlega mun ráðherra leggja fram frumvarp fyrir þingið í framhaldi af því, þegar hann hefur gaumgæft þær athugasemdir sem fram koma í málinu.

Ég held þó að óhætt sé að segja að ég tek undir meginmarkmið þeirra breytinga sem stefnt er að, að auka skilvirkni lögregluliðsins og efla rannsóknarþátt lögreglunnar. Ég held að menn verði að fallast á að það er nauðsynlegt að skoða breytingar á umdæmum lögreglunnar til að ná þeim markmiðum fram. Breytingar á samgöngum á undanförnum árum og áratugum gera það að verkum að menn geta ekki

afmarkað sig með sama hætti og áður var. Menn verða auðvitað að taka mið af breyttum tíma.

Ég tek undir það sem fram kemur í tillögum framkvæmdanefndarinnar, að það er skynsamlegt að mynda sem breiðasta samstöðu um þær tillögur sem að lokum verða bornar fram og að fremur verði tekin fleiri skref en færri í þá átt sem menn vilja stefna. Ég held, virðulegi forseti, að menn þurfi t.d. að skoða stöðu sýslumannsembættanna. Þau munu, ef þetta nær fram að ganga, verða mjög mismunandi. Sum hafa lögreglustjórn með höndum en önnur ekki og þau sem ekki hafa lögreglustjórn með höndum munu líka vera mismunandi vegna breytilegra verkefna.

Ég hygg að það muni ráða úrslitum um hve vel gengur að hrinda tillögum af þessum toga í framkvæmd, hvort sem þær verða nákvæmlega eins og gert ráð fyrir í tillögum framkvæmdanefndar eða ekki, hversu vel tekst til með verkefnaflutning til einstakra sýslumannsembætta. Ég hygg að það sé lykilatriði sem hæstv. (Forseti hringir.) ríkisstjórn verður að ná góðri niðurstöðu um.

[15:57]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að taka þetta mál til umræðu og taka undir þá skoðun hans að nauðsynlegt sé að hafa samráð við sveitarstjórnir og íbúa svæðanna þar sem breytingar standa fyrir dyrum.

Ég vil einnig nota tækifærið hér og þakka öðrum manni, hæstv. dómsmálaráðherra, fyrir að flytja verkefni til Blönduóss. Þá á ég við innheimtu sekta og sakarkostnaðar. Þetta er í samræmi við stefnu okkar í Frjálslynda flokknum, að eðlilegt sé að opinber verkefni séu einnig unnin á landsbyggðinni.

En við í Frjálslynda flokknum höfum miklar efasemdir um þessar boðuðu breytingar á skipan löggæslumála. Við óttumst sérstaklega að ekki verði tekið tillit til landfræðilegra aðstæðna. En það sem einkennir þessa vinnu og ýmsa aðra vinnu er að þegar leitað er eftir hagræðingu og samlegðaráhrifum í stjórnsýslunni er alltaf leitað til hinna dreifðu byggða í stað þess að líta til höfuðborgarsvæðisins. Á landsbyggðinni eru embættin einfaldlega smá og þótt að þar náist einhver sparnaður þá eru það ekki verulegar upphæðir. Hér á höfuðborgarsvæðinu eru háu upphæðirnar og það liggur beinast við að líta til þeirra stofnana sem starfræktar eru við Snorrabrautina, þá á ég við ríkislögreglustjóra og lögregluna í Reykjavík. Þar eru stofnanir sem nota vel á fjórða milljarð króna. Það er miklu nærtækara að fara þangað og athuga hvort ekki sé hægt að ná fram, ekki endilega sparnaði en a.m.k. hagræðingu þannig að löggæslan nýtist sem best og ekki sé um tvíverknað að ræða hjá umræddum stofnunum. Ég tel vænlegra að leita þar eftir árangri til að efla löggæsluna í stað þess að fara í sífellu út á landsbyggðina, í þessi litlu embætti. Þótt þar náist einhver sparnaður verður um örfáar krónur að ræða miðað við það sem blasir við á höfuðborgarsvæðinu.

[16:00]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með margt í tillögum framkvæmdanefndarinnar sem gerir sér greinilega grein fyrir að hér er um viðkvæmt mál að ræða því að við erum að tala um þjónustu sem tilheyrir nærþjónustu sveitarfélaganna. Það verður auðvitað að hafa í huga mismunandi viðkvæma stöðu sveitarfélaganna en mörg eru þau viðkvæm að þau mega ekki við miklu. Mér sýnist framkvæmdanefndin hafa haft það í huga því að hún orðar tillögur sínar með þeim hætti að þær þurfi að vera skýrar og raunhæfar, að taka þurfi breytingarnar í fáum skrefum þannig að gott svigrúm gefist til að meta þær breytingar sem gerðar verða og sömuleiðis að skapa þurfi breiða samstöðu um breytingarnar.

Mér heyrist hæstv. dómsmálaráðherra ætla sér að taka mark á því sem framkvæmdanefndin leggur til. Það er auðvitað afar mikilvægt að kynningarfundirnir sem hæstv. ráðherra nefnir verði skilvirkir og að til þeirra séu boðaðir allir þeir sem þurfa og, eins og hæstv. ráðherra gefur hér yfirlýsingu um, að endanlegar ákvarðanir verði ekki teknar fyrr en þetta samráð hefur átt sér stað. Hér er auðvitað um fyrirmyndarvinnubrögð að ræða, hæstv. ráðherra, það verður að tryggja að þessi aðferð nýtist þá líka út í hörgul og verði ekki bara orðin tóm. Með slíkum breytingum þurfum við auðvitað að gæta að því að við séum að styrkja byggðir landsins, að við séum að fjölga störfum á raunhæfan hátt og af skilningi fyrir sérstöðu svæðanna hvers fyrir sig.

Mér finnst ein mikilvægasta tillagan í tillögum nefndarinnar vera tillaga nr. 8, og tek að því leytinu til undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Það er varðandi það svigrúm sem skapast hjá þeim embættum sem missa frá sér lögregluembættin. Þar er auðvitað verulegt sóknarfæri og nefndin hvetur til þess að hugað verði sérstaklega að því að flytja verkefni (Forseti hringir.) sem hægt sé að gera án viðbótarfjármagns í miklum mæli. Ég hvet bara til þess að þessum vinnubrögðum verði haldið út í hörgul.

[16:02]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi taka undir þau orð sem hér hafa fallið þar sem hæstv. dómsmálaráðherra er þakkað fyrir þá vinnu sem á sér stað í sambandi við undirbúning þessa máls. Mér virðist ljóst að þarna sé vel staðið að verki, undirbúningurinn sé góður og samráð við þá aðila sem málið varðar virðist vera til fyrirmyndar.

Ég vil líka taka undir að sá grunnur sem lagður er undir þetta starf er jákvæður að því leyti að markmiðin sem að er stefnt eru mikilvæg. Það er nauðsynlegt að efla löggæsluna í landinu, bæta þjónustuna við borgarana, auka samhæfingu og samstarf lögregluliða á einstökum svæðum og efla möguleika til þess að ná fram aukinni sérhæfingu og krafti hjá einstökum embættum til að takast á við viðameiri og stærri verkefni en er fyrir hendi í dag.

Þær breytingar sem lagðar eru til með þessum tillögum starfshópsins miða í þessa átt og ég tel að því beri að fagna. Það er ljóst að það kunna að vera athugasemdir varðandi einstök útfærsluatriði og dómsmálaráðherra hefur lýst því yfir að hann hlusti að sjálfsögðu á þau sjónarmið sem koma fram í því sambandi. En það mikilvægasta er að staðið verði við þau markmið sem liggja til grundvallar þessu

starfi og að unnið verði áfram með það að markmiði að efla löggæslu í landinu.

[16:04]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Bættar samgöngur og bylting í samskiptamöguleikum svo sem fjarskiptum, tölvutækni og tækjabúnaði við löggæslustörf hafa fyrir löngu skapað mikla möguleika á endurskipulagningu lögreglumála í landinu. Markmið þess á auðvitað að vera að efla þjónustu löggæslunnar og styrkja hana. Sú íhaldssemi sem staðið hefur í vegi breytinga í þessa átt er mjög undarleg en er kannski helst sambærileg við þá andstöðu sem er við fækkun og eflingu sveitarfélaga í landinu og með svipuðum hætti við breytingar á prestaköllum. Það kemur reyndar skýrt fram í skýrslunni að þeir sem sömdu hana vildu gjarnan ganga lengra en til er lagt. En kjark og getu hæstv. dómsmálaráðherra til þess hefur greinilega vantað.

Fleira hefur vantað hjá hæstv. dómsmálaráðherra. Það hefur vantað samráð við sveitarstjórnarmenn og heimafólk af svæðunum. Það er alveg greinilegt að nú ætlar hæstv. ráðherra að fara í göngu í kringum landið með niðurstöðu sem búið er að finna, hina pólitísku niðurstöðu, sáttin við sýslumennina o.s.frv. á að verða niðurstaðan. Ég fer fram á að menn ræði við heimamenn í alvöru um þessi mál en ekki bara í einhverju gríni vegna þess að menn hafi náð pólitískri niðurstöðu.

Mér vil líka, og það verða lokaorð mín um málið, að við þessa skipulagsbreytingu verði sýnd ábyrgð gagnvart fólki og byggðarlögum, að staðið verði við loforð um verkefnaflutning til þeirra staða þar sem verkefni eru færð í burtu. Mér finnst hæstv. ráðherra eiga að fá prik fyrir að gera eitthvað og vonandi verða þau skref sem hann leggur nú í til þess að menn nái heildarsamstöðu um þessi mál.

[16:06]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir fagna því að löggæslumál skuli vera hér til umræðu því að löggæsla er mjög snar þáttur í innviðum samfélags okkar. Eins og fram hefur komið í ræðum manna breytist samfélagið mjög ört tæknilega, samgöngur breytast og íbúamunstrið breytist stöðugt og þjóðfélagið allt er í breytingu. Auðvitað hlýtur skipulag löggæslumála að þurfa að taka mið af því og þar þarf að vera til sveigjanleiki. Ekki verður annað séð en að tillögur framkvæmdanefndar séu einmitt að efla þennan sveigjanleika og efla hina faglegu vinnu lögreglunnar. Því ber að fagna.

Vandinn er auðvitað sá m.a. að við erum lítil þjóð í stóru landi og fjarlægð á milli lögreglustöðva er mikil. Ekki þarf mikið út af að bera til að lögreglustöðvar geti lent í miklum vandræðum og því ber að fagna að menn ætli sér að stækka svæði og efla samráð.

Ég hafði, frú forseti, tvær spurningar til hæstv. dómsmálaráðherra. Önnur lýtur að því hvernig mat sé lagt á þörf fyrir fjölda lögreglumanna á einstökum svæðum, hvort þar sé einungis íbúatala lögð til grundvallar eða tillit tekið til aðstæðna. Ég hef sérstaklega í huga ferðamannastaði eins og á Suðurlandi, í Borgarfirði og í kringum alþjóðaflugvöllinn Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þar sem íbúum fjölgar í rauninni um þúsundir á ferðamannatímanum, hvort tekið sé tillit til þess þegar verið er að leggja mat á þörf fyrir fjölda lögreglumanna.

Hin spurning mín átti svo að lúta að því sem hér hefur komið fram um samráðsferlið og ég verð að vera mjög ósammála síðasta ræðumanni en tek undir það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra og tel það til fyrirmyndar þegar niðurstöður nefndar eru fyrst settar út á netið. Síðan hefst mikil ganga til sveitarstjórnarmanna þar sem á þá verður hlustað og eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra verða ákvarðanir hans byggðar á því samráðsferli (Forseti hringir.) og því ber að fagna.

[16:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt og sjálfsagt að fyrirkomulag og skipan lögreglumála sé til endurskoðunar og ég vil þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að taka það mál hér til umræðu.

Þjónusta sýslumanns- og lögregluembætta þarf að uppfylla þarfir þeirra sem við hana eiga að búa, þ.e. að íbúum svæðisins finnist öryggi sitt sæmilega tryggt. Víða hagar svo til að slæmar samgöngur koma í veg fyrir samnýtingu á þjónustu löggæslumanna. Svo hagar til á Vestfjörðum að oft eru slæmar og jafnvel engar samgöngur mögulegar milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða. Auk þess getur vegna veðurs sem útilokar samgöngur komið upp mjög mikið hættuástand vegna veðurs og úrkomu eins og dæmin sanna því miður. Meðan þannig háttar til er ekki um það að ræða að leggja niður sýslumanns- og lögregluembættið á Patreksfirði. Þegar búið verður að tengja þessi svæði með láglendisvegi um jarðgöng er sjálfsagt að skoða stöðu mála í ljósi bættra samgangna.

Sama má í raun og veru segja um sýslumannsembætti Strandamanna á Hólmavík að þar hindra lélegar samgöngur stóran hluta ársins sameiningu Reykhóla, Hólmavíkur, Búðardals. Og meðan vegur er ekki kominn um Arnkötludal nýtast ekki samlegðaráhrifin af því að tengja þetta svæði saman vegna þess að við þurfum jú fyrst og fremst að huga að íbúunum.

Ég vil þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir að efla starf úti á landsbyggðinni eins og á Blönduósi. Það er sjálfsagt að taka þessi mál til umræðu og ég vonast til að fyrirhugaðir fundir dómsmálaráðherra um þau leiði í ljós að menn séu ekki á móti breytingum en vilji auðvitað hafa vaðið fyrir neðan sig í þeim efnum.

[16:11]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og orð hæstv. ráðherra. Ég treysti því að hann stígi hér varlega til jarðar og hafi mjög náið samráð við íbúana á svæðunum um framkvæmd löggæslumála. Ég ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni að málið snýst ekki bara um að elta bófa og lögbrjóta, það snýst um svo fjölþætta almannaþjónustu, grunnþjónustu gagnvart íbúunum. Úti um hinar dreifðu byggðir og í fámennari sveitarfélögum þar sem vegalengdir eru langar er þetta kannski grunnurinn fyrir slíka þjónustu

af því að sveitarfélögin hafa enga aðra möguleika á að koma henni upp með öðrum hætti en að eiga samstarf við sýslumanns- og lögregluembættin. Þó að sveitarfélög séu sameinuð styttir það ekki vegalengdir í sjálfu sér á milli íbúanna. Það er mesti misskilningur ef menn halda það.

Ég verð að láta í ljós áhyggjur af því að taka stjórn löggæslumála frá t.d. sýslumönnunum á Patreksfirði, Hólmavík og Búðardal. Og þó svo að sýslumaðurinn á Siglufirði vilji gjarnan losna við að vera með löggæsluþjónustuna þá er ég ekkert viss um að íbúarnir á Siglufirði séu honum sammála. Ég heyrði viðtal við sýslumanninn á Akureyri í Útvarpi Norðurlandi 1. nóvember sl. að hann taldi mjög eðlilegt að það væri bara einn sýslumaður fyrir Norðurland og vonaðist til að þetta væri fyrsta skrefið í þá átt að einn sýslumaður verði fyrir Norðurland. Ég heyri það bæði á Húnvetningum og Skagfirðingum að þeir eru ekkert hrifnir af því að hluti af þeirri þjónustu sem lögreglu- og sýslumannsembætti þeirra veita verði flutt til Akureyrar. Það á í sjálfu sér enga samleið.

Að síðustu, frú forseti, varðandi samráðið. Ég hef einmitt heyrt óánægjuraddir með að það sé bara (**Gripið fram í:** ... í kjördæminu.) boðað til eins samráðsfundar á Vestfjörðum og eins fyrir allt Norðurland vestra en það er sett í annað kjördæmi. Fyrst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefnir það (Forseti hringir.) er Norðvesturlandi skellt í annað kjördæmi til að ræða þessi löggæslumál, frú forseti. (Forseti hringir.) Þetta getur verið snúið mál.

[16:13]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég er undrandi á því að menn séu að gagnrýna það að ekki hafi verið haft samráð við sveitarfélögin þegar tillögurnar lágu ekki fyrir fyrr en 24. október og nú 7. nóvember er samráðsferlið hafið. Það er ekki hægt að hefja samráð við neina fyrr en tillögur liggja fyrir. Framkvæmdanefndin lagði tillögurnar fram hinn 24. október og á næstu tíu dögum verður gengið þannig til verks að allir sveitarstjórnarmenn í landinu fá tækifæri til að hitta nefndina og fara yfir þessi mál með henni fyrir utan það að geta sent okkur ábendingar á netinu. Mörg hundruð eintök af þessari skýrslu eru farin út á netinu þannig að það er mikill áhugi hjá mönnum að kynna sér málið. Ég hef engar áhyggjur af því hvort fundir eru haldnir á Akureyri eða annars staðar eða að menn hafi ekki tækifæri til að kynna sér það til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Mér finnast það algjör aukaatriði sem menn eru að draga hér fram og einnig þegar verið er að gefa til kynna að í þessum tillögum sé verið að ýta undir það að draga úr öryggi og fara yfir einstaka staði. Ég er þeirrar skoðunar að einyrki í Búðardal þótt góður sé, lögreglumaður, sé mun betur settur sem hluti af stærri liðsheild heldur en einn undir sínum lögreglustjóra. Það eru tillögur þessara lögreglustjóra að þessi þjónusta verði sameinuð í stærri einingar til þess að unnt sé að sinna þessum verkefnum. Um það snýst málið, ekki að draga úr þjónustunni heldur að efla þjónustuna með stærri liðsheild sem m.a. getur komið að gagni, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason nefndi, þegar verið er að takast á við sérstök verkefni á einstökum stöðum. Þá eru fleiri menn til taks innan lögregluumdæmisins sem nýtast til þess að takast á við þau verkefni. Og þegar málið er skoðað án þess að menn séu of bundnir af landafræði, vegagerð eða öðrum slíkum hlutum heldur bara af verkefnum lögreglunnar hljóta þeir að komast að þeirri niðurstöðu að með þessu er verið að styrkja lögregluna og þar með þjónustuna við íbúana.

Póst- og fjarskiptastofnun, 1. umr.

Stjfrv., 267. mál (afnám úrskurðarnefndar). — Þskj. 280.

[16:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Frumvarp sama efnis var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Helsta markmiðið með breytingunni er að færa kæruferli vegna ákvarðana Póst- og fjarskiptastofnunar til samgönguráðuneytis í samræmi við almennar reglur stjórnsýslulaga. Lagt er til að úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála verði lögð niður í kjölfarið.

Þegar fyrstu ákvæðin um úrskurðarnefndina voru sett árið 1996 var megintilgangurinn að tryggja sjálfstæði úrskurðaraðilans gagnvart stjórnvöldum, sem voru stærsti eignaraðili þá að hlutabréfum í Landssímanum hf. Reynslan hefur sýnt að það fyrirkomulag að hafa starfandi sérstakar úrskurðarnefndir er heppilegt á sviðum þar sem mikill fjöldi mála er til úrlausnar. Því er ekki til að dreifa varðandi úrskurðarnefnd póst- og fjarskiptamála sem hefur kveðið upp samtals 12 úrskurði á síðustu þremur árum. Þá þykir eðlilegt og í samræmi við almenna þróun innan stjórnsýslunnar að ráðherra og ráðuneyti axli sjálft ábyrgð á úrlausn ágreiningsefna á þessu sérsviði og byggi upp frekari þekkingu innan ráðuneytisins á framkvæmd póst- og fjarskiptamála.

Um leið og úrskurðarvaldið er fært til ráðuneytisins er jafnframt opnað fyrir málskot til dómstóla samkvæmt almennum reglum þannig að stjórnsýslukæra er ekki forsenda málshöfðunar fyrir almennum dómstólum.

Breytingunni á lögunum er ætlað að taka gildi um næstu áramót.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[16:18]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Við fyrstu sýn lætur þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun ekki mikið yfir sér en þó verður að krefja hæstv. samgönguráðherra svara um það hvers vegna, eins og fram kemur í frumvarpinu, verið sé að ákveða að ekki þurfi áfram að tryggja sjálfstæði úrskurðaraðila gagnvart stjórnvöldum. Það er í raun og veru hægt að ályktta svo af frumvarpinu að vegna breytinga sem átt hafa sér stað á fjarskiptamarkaði sé

ekki lengur þörf á úrskurðaraðila eða úrskurðarnefnd sem hafi ákveðið sjálfstæði gagnvart stjórnvöldum heldur sé hægt að færa þann úrskurðaraðila undir verndarvæng samgönguráðuneytisins. Ég vildi gjarnan, frú forseti, heyra nánari skýringar á því.

[16:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel eðlilegt að þessi fyrirspurn komi fram og þykir gott að geta gefið svar við henni.

Það sem hér er verið að tala um og orðalagið í ræðu minni vitnar fyrst og fremst til er að á sínum tíma þegar verið var að úrskurða og þá aðallega í fjarskiptamálum á þeim tíma þegar þessi lög voru sett, þá var, eins og fram kom reyndar einnig í ræðu minni, eign Símans á hendi sama ráðherra sem hefði átt að fara með úrskurðarvaldið ef ekki hefði komið til þessi sérstaka og sjálfstæða úrskurðarnefnd.

Ég tek undir með hv. þingmanni að það er afar mikilvægt að tryggja sjálfstæði úrskurðaraðilans. Það tel ég vera gert fyllilega með því fyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir. Auk þess er síðan hægt að fara dómstólaleiðina ef deilur verða eftir sem áður og aðilar sætta sig ekki við þann úrskurð sem ráðuneytið kveður upp.

[16:20]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil líkt og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir fá aðeins skýrar fram frá hæstv. ráðherra hvað hér er á ferðinni því að eins og hér hefur komið fram lætur þetta mál ekki mikið yfir sér. Hér er um að ræða að verið er að færa mjög viðkvæman þátt, ef svo má að orði komast, yfir til ráðuneytisins, þ.e. í þeim skilningi að Póst- og fjarskiptastofnun sem hingað til hefur verið sjálfstæð stofnun sem hefur komist að niðurstöðu og niðurstöðum hennar hefur verið vísað beint til dómstóla. Það er í samræmi við það meginfyrirkomulag sem er víðast hvar í Evrópu. Mér finnst það þurfa betri skýringar við en að bréf í Landssímanum hafi verið seld. Þetta þarf miklu meiri skýringa við og kannski ekki síst í því ljósi að á komandi tíð er ekki ólíklegt að þetta ákvörðunarvald muni að miklu leyti snúast um fjölmiðla, hvernig fjölmiðlaefni verður dreift og hvernig aðgengi einstakra fjölmiðla verður að dreifikerfum og öðru slíku. Hér getur verið um mjög viðkvæmt mál að ræða og ætla ég nú ekki í þessu örstutta andsvari að endurtaka þær miklu deilur sem urðu hér um fjölmiðlamál í fyrra.

En ég velti mjög fyrir mér hvers vegna ráðist er með þessum hætti inn á jafnviðkvæmt svið á þessum tímapunkti og með jafnlitlum rökum og fylgja í greinargerð. Ég veit ekki betur en þetta hafi gengið ágætlega (Forseti hringir.) hingað til og mér finnst vanta skýringar á því hvers vegna verið er að breyta þessu.

[16:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna athugasemda hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar vil ég endurtaka það sem ég hef áður sagt hér að meginskýringarnar á þessari breytingu liggja í því fyrirkomulagi í stjórnsýslu okkar að reyna að gera það sem einfaldast en öruggt engu að síður. Í nær öllum tilvikum hvað varðar stjórnsýslu á vegum stofnana samgönguráðuneytisins eru það stjórnsýsluákvarðanir stofnana sem hægt er að vísa til úrskurðar ráðuneytis. Það er það sama og við erum að gera með þessari breytingu. Og ég vísa til þess sem fram hefur komið að það er fyrst og fremst í tilvikum þar sem um mikinn fjölda mála er að ræða sem talið er eðlilegt að hafa slíkar úrskurðarnefndir.

Ég lít svo til að þeir úrskurðir sem kveða þarf upp af hálfu ráðuneytis verði að sjálfsögðu byggðir upp með sama hætti og gert er á vettvangi úrskurðarnefndar eins og starfar núna. Sem betur fer eru þetta sárafáir úrskurðir, 12 úrskurðir hafa verið kveðnir upp á þessum vettvangi á síðustu þremur árum. Ég á satt að segja ekki von á því að þeim fjölgi þrátt fyrir að stafræn fjölmiðlun útvarps og sjónvarps muni í auknum mæli fara um ljósleiðara og gervihnetti til neytenda, ég á ekki von á að það breyti neinu í þessu samhengi. Ég vísa bara til þess að hér er fyrst og fremst verið að færa þetta til þess horfs sem við teljum (Forseti hringir.) að hafi gagnast og muni gagnast vel.

[16:25]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mótmæla því að hér sé um einhverja einföldun að ræða því að núverandi fyrirkomulag er einfalt, það er sjálfstæð nefnd sem hægt er að skjóta málum til ef menn sætta sig ekki við niðurstöður Póst- og fjarskiptastofnunar. Munurinn verður einfaldlega sá að í stað þess að skjóta þeim til þessarar nefndar verður þeim skotið til ráðuneytisins.

Ég geld varhuga við því a.m.k. á þessu stigi að verið sé að færa jafnmikilvægt vald eins og vald á þessu sviði frá sjálfstæðum, óháðum úrskurðaraðila yfir til ráðuneytis og einkanlega í ljósi þeirrar miklu umræðu sem hefur farið fram um fjölmiðlamál og hversu viðkvæm og vandmeðfarin þau eru í íslensku samfélagi og hve oft er stutt í það að menn varpi því fram að um óeðlileg pólitísk afskipti sé að ræða þegar fjölmiðlar eru annars vegar.

Þess vegna held ég að þessi tillaga, sem lætur lítið yfir sér í fyrstu umferð, kunni að reynast hættuleg þegar fram líða stundir. Og á þessu stigi, á meðan ekki koma fram betri sjónarmið eða betri röksemdir en hafa komið fram í þessari umræðu, geld ég mikinn varhuga við því að verið sé að færa úrskurðarvald í málefnum sem tengjast fjölmiðlum og fjarskiptum yfir til samgönguráðuneytisins.

[16:27]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér gleymist í máli hv. þingmanns að það eru undantekningartilvik að málum sé skotið til úrskurðarnefndar eða ráðuneyta. Venjan er sú að Póst- og fjarskiptastofnun lýkur málum með sinni niðurstöðu. Það er fyrst og fremst og einungis þegar um það er að ræða að ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar eru kærðar sem kemur til úrskurðar, en síðan er dómstólaleiðin að sjálfsögðu fær. Ég tel því að fullkomlega eðlilega sé að verki staðið með þessum breytingum. Eins og ég sagði eru það í langflestum tilvikum ráðuneytin sem verða að úrskurða og

er ætlað að úrskurða sem æðsti partur stjórnsýslunnar um ákvarðanir stofnana. Það er hinn eðlilegi gangur.

[16:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að verða langorður um þetta mál. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort við séum að færa málin í betri farveg með því að leggja niður úrskurðarnefndina. Ég tek eftir því í greinargerðinni að við þá úrskurði sem úrskurðarnefndin hefur fellt hafi verið unað. Það er að mínu viti mikilvægt fyrir okkur sem fáumst við lagasetninguna að gera hana þannig úr garði að við hana sé unað, að menn uni niðurstöðum sem úr málum nást. Því vil ég í þessari stuttu ræðu varpa þeirri spurningu til hæstv. samgönguráðherra hvort það sé ekki eftirsóknarvert þegar mál ganga til úrskurðarnefndar að þau séu faglega unnin, eins og virðist vera í þessu tilviki að menn hafi unað úrskurðinum og ekki leitað lengra með sín mál og þeir 12 úrskurðir sem felldir hafa verið hafi verið niðurstaða sem varð til friðs.

Það er líka rétt að minna á að við höfum undanfarna mánuði og á síðasta ári rætt mikið um ýmislegt sem snýr að fjölmiðlum í landinu og að miklar breytingar eru að verða á þeim vettvangi. Þess vegna tel ég að menn þurfi að skoða þetta mál vandlega í nefndinni.

Ég óska eftir því að fá svör frá hæstv. ráðherra um það hvort ekki sé eftirsóknarvert að fá þessa niðurstöðu og hvort búast megi við því að menn líti frekar á úrskurði ráðuneytisins sem pólitíska úrskurði sem verði kannski frekar til þess að málin haldi áfram í deiluformi.

Í annan stað langar mig til að vita um hvaða fjármuni er að tefla, þ.e. hvað hefur úrskurðarnefndin kostað o.s.frv. Erum við að leita sérstaklega eftir sparnaði í þessu eða eru þetta fyrst og fremst breytingar á málsmeðferð?

[16:32]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að setja á langa og mikla ræðu um þetta mál en þau sjónarmið sem hafa verið dregin fram hér og sá veruleiki að sæmileg sátt hefur ríkt um núverandi fyrirkomulag kallar fram og dregur fram spurningar um nauðsyn þess að breyta því sem sæmileg sátt er um. Það kemur einnig fram í greinargerð með þessu frumvarpi, þ.e. í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, að það sé ekki gert ráð fyrir því að frumvarpið, verði það að lögum, hafi í för með sér aukinn kostnað. Ekki er heldur gert ráð fyrir að það hafi einhvern minni háttar kostnað í för með sér. Það liggur því ekki neitt fyrir, a.m.k. ekki í þeim gögnum sem liggja fyrir þinginu, að þessi breyting sé lögð til vegna þess að hér eigi að hagræða eða spara á nokkurn hátt.

Þá vaknar sú spurning: Hvað er það í núverandi fyrirkomulagi sem er ekki nægilega gott? Það hefur bara alls ekki komið fram í þessari umræðu. Einustu rökin sem hafa komið fram eru þau að ríkið sé búið að selja Símann, þ.e. hlutabréf í Símanum, og af þeim sökum sé eðlilegt að breyta þessu. En það er einnig tekið fram í greinargerðinni að víðast hvar, a.m.k. eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Í flestum ríkjum verður niðurstöðu stjórnvalda (fjarskiptaeftirlitsstofnana) skotið beint til dómstóla eða stjórnsýsludómstóls."

Hér hefur hins vegar verið það fyrirkomulag að það hefur verið sérstök sjálfstæð úrskurðarnefnd og þaðan hefur verið hægt að fara til dómstóla.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að leggja mat á hver er nákvæmlega besta leiðin en málið lítur þannig út í ljósi þeirra miklu deilna sem fram hafa farið einkum um fjölmiðlamál að verið sé að stinga þarna inn einhvers konar, ég segi nú ekki pólitískum afskiptum en a.m.k. endar málið tímabundið eða alla vega einu sinni á innleið í tilteknu ráðuneyti þar sem pólitískur ráðherra situr hverju sinni. Nú er ég ekki að gera því skóna að hæstv. samgönguráðherra sitji mjög lengi til viðbótar en þar situr væntanlega hverju sinni pólitískt skipaður ráðherra. Ég velti fyrir mér og er heldur að herðast í þeirri skoðun að það kunni að vera hættulegt að fara með mál í þennan farveg, einkanlega vegna þess að það er ekkert í umræðunni sem kallar á það, það hefur engin óánægja komið fram um núverandi fyrirkomulag. Því hljóta menn að spyrja: Hvers vegna er verið að ráðast í þessar breytingar?

Þegar ekki koma fram betri rök en þau sem komu fram í ræðu hæstv. ráðherra og í þessari greinargerð þá er hætta á að viss tortryggni vakni um að ráðuneytið sé af einhverjum ástæðum að taka til sín vald sem það hefur ekki núna. Hér er um mjög viðkvæmt svið að ræða og mun án efa verða miklu viðkvæmara þegar fram líða stundir. Þegar farið verður að ræða aðgengi fjölmiðla að dreifikerfum og endurvarpi og öðru slíku þá mun skipta mjög miklu máli hvar þetta vald liggur. Því má heldur ekki gleyma, enda þótt gerð sé sérstök grein fyrir því í greinargerðinni að þaðan geti menn leitað til dómstóla, að fólk sem stendur í þrætum og deilum hefur ekkert sérstaka ánægju af því að standa í slíku svo mánuðum eða árum skiptir og menn leita ekki bara til dómstóla vegna þess að þeir óttast pólitísk afskipti ráðuneytisins af tiltekinni niðurstöðu.

Því held ég, virðulegi forseti, að þetta sé skref sem menn eigi a.m.k. að taka mjög varlega. Til hvers að efna til óvinafagnaðar út af svona máli þegar hlutirnir eru í lagi? Það er kannski sú spurning sem hæstv. ráðherra verður að svara: Hvers vegna þarf að kalla þetta vald inn í ráðuneytið? Því ekkert hefur í raun og veru komið fram um að núverandi fyrirkomulag sé ekki í lagi. Ég ætla ekki að fullyrða það á þessu stigi að menn séu fyrst og fremst að reyna að tryggja að þeir hafi eitthvað um það að segja hvernig þessi mál þróist í framtíðinni en auðvitað vakna þær spurningar upp þegar rökin eru ekki betri en þessi.

Virðulegi forseti. Það þarf miklu betri rök en þau sem hér koma fram til að réttlæta það að jafnviðkvæmum málum og fjarskiptamál og fjölmiðlamál í framtíðinni verði komið fyrir í sérstakri deild í samgönguráðuneytinu. Ég geld a.m.k. mikinn varhuga við því á þessu stigi.

[16:37]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er ánægjulegt til þess að vita að í hinu háa samgönguráðuneyti skuli málum vera svo vel fyrir komið að starfsmenn þess og ráðherrann sjálfur hæstv. hafa ekkert annað að gera en að reyna að breyta lögum þeim sem hér er

verið að reyna að breyta á jafnröklausan hátt og raun ber vitni. Ég hélt, forseti, að í samgönguráðuneytinu væri það einmitt öfugt. Þar glímdu menn við mikil úrlausnarefni til framtíðar, bæði í þeim samgöngum sem hefðbundnastar eru, í vegamálunum, í því að strandsiglingar eru nú niður lagðar og hafa breytt verulega öllum samgöngum á landi, og í þeim samgöngumálum sem eru farin að taka meira og meira rúm bæði ráðuneytisins og þingsins, nefnilega fjarskiptunum. En það er greinilega misskilningur.

Ég verð að taka undir með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að það vantar rök fyrir því hvers vegna á að gera þessa breytingu. Einu rökin sem fram koma í greinargerðinni, sem fylgir frumvarpinu eða athugasemdunum eins og það heitir í frumvörpum, eru þau að ráðuneytið sé reiðubúið, með leyfi forseta, „til að axla sjálft ábyrgð á úrlausn ágreiningsefna á þessu sérsviði ...“ Það er sem sé vilji ráðuneytisins sem allt í einu er í þessum texta farið að taka á sig sjálfstæða mynd, þ.e. að ráðuneytið vilji eitthvað en ekki ráðherrann. Ráðuneytið er samkvæmt skilgreiningu skrifstofa ráðherra og hefur ekki sjálfstæðan vilja. Það ættu nú ráðherrar að fara að temja sér í greinargerðum og framsögu hér að tala fyrir sjálfa sig í eigin nafni en ekki í nafni hlutar sem í raun og veru ekki er til með eigin vilja og eigin dómgreind.

Ráðuneytið blóðlangar til að axla þessa ábyrgð og hver er ástæðan? Jú, rökin og einu rökin sem haldbær eru í þessari greinargerð og þessu máli öllu eru þau að með því mundi, með leyfi forseta, „byggjast upp innan ráðuneytisins frekari þekking en nú er á póst- og fjarskiptamálum.“ Þá kemur nú eiginlega að því að ráðherra hæstv. útskýri fyrir okkur hvað skortir á um þekkingu ráðuneytisins í póst- og fjarskiptamálum, vegna þess að hann hefur a.m.k. sjálfur látið þannig hér í þingsal að sú þekking sé afar glögg, að starfsmenn í ráðuneyti hans, sem er skrifstofa hans, hafi þessa þekkingu, hún sé þar fyrir hendi. Ég lýsi eftir því að ráðherra láti okkur vita hversu vant er um þá þekkingu á póst- og fjarskiptamálum sem hér er lýst.

Ég hef áhyggjur af að sú þekking sé ekki til en ég held að það sé ekki ráðið að búa til sérstök lög um að sú þekking byggist upp með þessum hætti heldur væri þá ráðið að ráðherra hæstv., yfirmaður skrifstofu sinnar, komi þeirri þekkingu á með einhverjum hætti, skipi menn þar til verka þannig að þeir geti vélað um þau mál sem varða póst og fjarskipti.

Það er líka furðulegt að ætla sér með þessum sérstaka hætti að leggja niður það sem vel hefur tekist. Því er lýst, forseti, í greinargerðinni að það hafi einmitt tekist mjög vel til með úrskurðarnefnd póst- og fjarskiptamála. Reynslan af starfi nefndarinnar sé góð, segir hér, og það er einmitt talað um að aðilar mála hafi unað vel við úrskurði nefndarinnar, sem sýnir að þeir treysta nefndinni í þeim úrskurðum sem upp eru kveðnir, og ekki hafa neinir þeirra farið fyrir almenna dómstóla. Á það má einmitt líta þannig að aðilar treysti úrskurði þessarar nefndar, sem sé fagleg og fari að þeim lögum og reglum og beiti því meðalhófi sem hér á best við.

Í staðinn ætlar ráðherra að búa til dómstól úr ráðuneytinu, vísa til ráðuneytisins úrskurðum í þeim málum sem ágreiningur er um. Hann segir að það sé eðlilegt núna vegna þess að ríkið hafi losað sig við Símann. Það er rétt, ríkið hefur losað sig við Símann en hér er um fleira að ræða en fjarskiptamál. Eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson benti á getur verið um að ræða ýmis fjölmiðlamál sem snerta fjölmiðlun meira en hin klassísku fjarskipti. Þá er í fyrsta lagi að minna á að ríkið er nú, og vonandi áfram og alla daga þangað til upp renna nýir tímar, eigandi Ríkisútvarpsins og hafi einhver rök staðið bak við það að skipuð væri sérstök úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum vegna þess að ríkið ætti Símann þá hljóta þau að gilda jafnt um það að ríkið eigi Ríkisútvarpið. Í öðru lagi er að nefna, sem ráðherra gerir af einhverjum ástæðum ekki, að í málaskrá ríkisstjórnarinnar eru boðuð sérstök lög um fjölmiðla. Nú veit ég ekki hvort hæstv. ráðherra hefur kynnt sér þau mál og auðvitað veit enginn neitt um þau lög vegna þess að menntamálaráðherra hæstv. heldur utan um þau eins og krummi í hreiðri um skartgripi sem hann hefur tínt upp af bæjunum umhverfis, og ekki er víst að ráðherrar viti meira um þau en við þingmenn, hvað þá það venjulega fólk sem kann að eiga hagsmuna að gæta í því máli, sem er nú eiginlega allur almenningur.

Þó er til skýrsla, fjölmiðlaskýrslan síðari, sem gefur ofurlitla hugmynd um hvað ætti að vera í þeim lögum. Það varð nokkuð góð samstaða í þeirri nefnd um það og það er alveg augljóst, þannig að við tökum nú út þetta ómerkilega prósentudeilumál, að einn meginþáttur þeirra laga verða íslenskar nýjungar á sviði flutningsréttar og flutningsskyldu. Þau lagaákvæði sem upp af því spretta munu að öllum líkindum snerta mjög Póst- og fjarskiptastofnun og jafnvel koma fyrir þessa úrskurðarnefnd, ef það er ekki þegar búið að leggja hana niður, sem hér er um að ræða. Af þeim ástæðum líka, ef við berum gæfu til að samþykkja slík lög sem ég vona að verði, a.m.k. hvað þennan þátt varðar, þá er óeðlilegt að breyta því skipulagi sem vel hefur gefist áður en einmitt kæmi að þessum nýju lögum þar sem mikilvægt er að allir þessir aðilar í fjölmiðlun og bæði fjölmiðlarnir og dreifiveiturnar geti treyst því að úrskurðirnir séu faglegir og ekki pólitískir á þann hátt að ríkisvaldið eða stjórnvöld, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur eins og þau stjórnvöld líta út núna, séu að skipta sér af því hvernig flutningsrétturinn og flutningsskyldan eru og hvernig úthlutanir og fyrirskipanir á þessu sviði fara fram, ekki bara vegna þess að ríkið eigi Ríkisútvarpið — sem ríkið á náttúrlega ekkert í heldur er það þjóðin sem á það en ríkið fer auðvitað með þá eign að nokkru leyti — heldur líka vegna þess að núverandi stjórnvöld hafa hreint ótrúlega sögu í afskiptum sínum, bæði þeim sem tekist hafa og þá ekki síður þeim sem takast áttu, af fjölmiðlun í landinu. Til þess að lægja þær öldur, til þess að skapa til frambúðar sátt um fjölmiðlana í landinu er því einmitt mjög mikilvægt að byggt sé á þeirri reynslu sem fengist hefur af úrskurðarnefndinni um póst- og fjarskiptamál.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vakti athygli á III. kafla í hinum almennu athugasemdum við frumvarpið. Það er ástæða til þess að íhuga enn frekar þennan kafla. Hann fjallar um framkvæmd í öðrum ríkjum. Nú er það oft svo að við tökum tillit til þess sem gert er í kringum okkur. Það er eðlilegt vegna þess að við erum oft seinni en önnur ríki að koma okkar málum í það horf sem nútíminn krefst. Þó að

maður kunni að harma það í sumum efnum þá er það þægilegt í öðrum því að þá höfum við yfirsýn yfir það hvernig hlutirnir eru gerðir annars staðar og hvernig það hefur gengið.

Í almennum athugasemdum ráðherrans sjálfs eða ráðuneytisins, ef hæstv. ráðherra vill frekar hafa það þannig að ráðuneytið hafi skrifað þessa greinargerð, kemur fram að menn hafa allgott yfirlit yfir það hvernig þetta fer fram í öðrum ríkjum. Það er þannig, forseti, að í flestum ríkjum verður niðurstöðu stjórnvalda, þessara fjarskiptaeftirlitsstofnana sem jafngilda hér Póst- og fjarskiptastofnun, skotið annaðhvort beint til dómstóla eða stjórnsýsludómstóls sem ekki er fyrir hendi hér. Upptalningin er svona um það mál: Það er Ítalía, Sviss, Spánn, Finnland, Lúxemborg, Ungverjaland, Kýpur, Holland, Svíþjóð, Þýskaland, Austurríki og Tékkland. Þetta eru Evrópuríkin.

„Þetta er svipað í Portúgal, Frakklandi og Póllandi," — stendur hér, með leyfi forseta — „en þar ræðst það af eðli ákvarðana hvort þeim verður skotið til stjórnsýsludómstóls eða almennra dómstóla. Í Danmörku verður ákvörðunum eftirlitsstofnunar skotið til stjórnarnefndar um kvartanir vegna fjarskiptamála ..."

Það er svipað og hér viðgengst. En eingöngu í Noregi, aðeins í Noregi, þarf að skjóta ákvörðunum eftirlitsstofnunar til æðra stjórnvalds, til ráðuneytis, væntanlega samgönguráðuneytisins eða fjarskiptaráðuneytisins í Noregi líkt því sem hér er lagt til. Það er því aðeins eitt dæmi í allri Evrópu um að tekin sé upp skipan eins og sú sem ráðuneytið hefur beðið hæstv. samgönguráðherra að flytja á þinginu af þeim ástæðum að ráðuneytið blóðlangar til þess að taka þessar ákvarðanir og telur að í sér muni byggjast upp þekking sem sé ráðuneytinu ákaflega mikilvæg á þessu sviði og ekki með neinum öðrum hætti.

Ég hlýt líka að vekja athygli á því, forseti, að um leið og ráðuneytið segist vera reiðubúið til þess að axla sjálft ábyrgð á úrlausn ágreiningsefna á þessu sérsviði sem það hefur nú falið ráðherra sínum, hæstv. samgönguráðherra, að koma á hér þá kvartar það yfir því að úrskurðarnefndin hafi ekki með höndum hlutverk við almenna stefnumörkun og að úrskurðarnefndin hafi ekki stöðu til að fylgja úrskurðum sínum eftir.

Nú er rétt að hæstv. ráðherra spyrji ráðuneytið að því hvað átt sé við með þessum orðum í greinargerðinni. Ég sé ekki betur en að hér sé átt við að það hlutverk skrifstofu ráðherra að móta stefnu undir hans stjórn — í öðrum ráðuneytum, fyrirgefið, en í samgönguráðuneyti þar sem þessu virðist vera öfugt farið — og ráðuneytið á auðvitað að fylgja eftir þeim úrskurðum sem teknir eru. En ég sé engan sérstakan mun á því hvar úrskurðað er. Ráðuneytið hlýtur, nema eitthvað skrýtið sé við stjórnun þess, að hafa mannafla og þekkingu til þess að fylgja eftir úrskurðum sem úrskurðarnefnd póst- og fjarskiptamála gefur út. Ég held að það hljóti að vera þannig að hæstvirt ráðuneyti, eða a.m.k. hið háa ráðuneyti, fylgist með úrskurðum úrskurðarnefndar póst- og fjarskiptamála. Ég veit a.m.k. að úrskurðarnefndin hefur á átta árum kveðið upp samtals tólf úrskurði og hefur haft nokkurt eftirlit með því hvernig þeim úrskurðum hefur verið tekið.

Þessi rök fyrir breytingunum eru því — það má orða það kurteislega — lítils virði. Þess vegna vakna auðvitað spurningar um hvað hæstv. ráðherra er að gera hér á þingi með þetta plagg frá ráðuneytinu, til hvers hann er að flytja þetta frumvarp fram yfir allt það annað sem maður ímyndar sér að yfirmaður í samgönguráðuneytinu ætti að gera. Í ljósi reynslunnar og sögunnar af bæði hæstv. ráðherra og félögum hans í hæstv. ríkisstjórn að undanförnu þá kynnu að vakna hjá fjölmiðlum og fjarskiptafyrirtækjum spurningar um hvort það sé til þess að hægt sé að hafa betra pólitískt taumhald á þessu sviði í framtíðinni en verið hefur. Það er sú spurning sem hæstv. samgönguráðherra ætti að forðast í þeirri stöðu sem uppi er eftir þessa sögu í fjarskiptamálunum, í fjölmiðlamálunum og með þá lagasetningu fram undan sem ég minntist áður á.

Það eru mín ráð að þetta frumvarp verði nú tekið til baka og að úrskurðarnefnd póst- og fjarskiptamála fái að vinna a.m.k. nokkur ár í viðbót á þann sama góða veg sem hún hefur gert hingað til í átta ár og lýst er í greinargerðinni og að hæstv. samgönguráðherra sé ekki að eyða tíma þingsins í jafnvitlaust mál og hér er um að ræða.

[16:53]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta frumvarp til laga sem hæstv. samgönguráðherra hefur mælt fyrir kveður á um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun þar sem verið er að leggja til að úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála verði lögð niður og verkefni hennar færð til ráðuneytisins á ábyrgð og framkvæmdalega forsjá ráðherra. Frumvarp lætur svo sem ekki mikið yfir sér hvað einmitt þetta varðar. En vel að merkja þá hefur uppbygging á eftirlitskerfi Póst- og fjarskiptastofnunar einmitt byggst á úrskurðarnefndinni, ekki hvað síst vegna þess að hún er eins konar faglegur aðili til þess að taka á ágreiningsmálum sem upp kunna að koma hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Á þessi ákvæði hafa því hinir almennu neytendur og viðskiptaaðilar sem eiga sín mál undir Póst- og fjarskiptastofnun átt að reiða sig.

Menn geta síðan velt fyrir sér hvort skipulagið með þessar úrskurðarnefndir hafi verið rétt eða ekki. Menn geta velt því fyrir sér hvort það hafi nokkurn tíma átt að búa til þessa Póst- og fjarskiptastofnun. Menn geta velt því alveg hiklaust fyrir sér hvort öll þessi verkefni hefðu ekki átt að vera bara inni í ráðuneyti hjá hæstv. ráðherra vegna þess að verkefni þessarar stofnunar lúta í rauninni svo náið að framkvæmd þeirrar almannaþjónustu sem póstur og fjarskipti eru og hefðu kannski aldrei átt að fara út úr ráðuneytinu. Það er alveg sjónarmið. Er þetta skref sem hæstv. ráðherra er hér að leggja til um að taka úrskurðarnefndina inn í ráðuneytið kannski bara fyrsta skrefið til að taka alla stofnunina inn í ráðuneytið? Mér finnst að það ætti vel að geta komið til skoðunar. Alla vega er mjög óeðlilegt að kippa svona einum hluta af stofnuninni eða einum hluta af starfi stofnunarinnar inn í ráðuneytið án þess að því sé fylgt eftir.

Við skulum velta fyrir okkur hvernig þessi stjórnsýslulega uppbygging er. Í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun segir, með leyfi forseta:

„1. gr. Yfirstjórn o.fl.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem

mælt er fyrir um í lögum þessum og öðrum lögum.

Póst- og fjarskiptastofnun er sjálfstæð stofnun en undir yfirstjórn samgönguráðherra."

Í 2. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra skipar forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar til fimm ára í senn og stjórnar hann rekstri hennar. Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar."

Það er alveg klárt samkvæmt þessu að samgönguráðherra ber ábyrgð á störfum forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar. Þegar síðan ágreiningur kemur upp út af ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar og forstjóra hennar þá á að skjóta honum til næsta yfirmanns sem ber í rauninni ábyrgð á viðkomandi starfsmanni. Mér finnst þetta alltaf mjög hæpið, þ.e. að gera næsta yfirmann að dómara yfir gjörðum næsta undirmanns. Alla vega er verið að leggja það til þarna, þ.e. að komi upp ágreiningur í störfum Póst- og fjarskiptastofnunar þá er honum ekki lengur skotið til sjálfstæðrar úrskurðarnefndar heldur beint til ráðherra.

Við skulum nú athuga hvaða verkefni ágreiningur getur orðið um. Það eru öll verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar og þau eru m.a. að annast framkvæmd laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu og hafa eftirlit með fjarskiptum og póstþjónustu, að stuðla að samkeppni á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti, — ágreiningur um þetta á ekki lengur að vera í höndum þessarar úrskurðarnefndar. Hann á að fara beint til ráðherra — að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á mörkuðum fjarskipta- og póstþjónustu, að hvetja til skilvirka fjárfestinga í innviðum fjarskipta, að ýta undir hagnýta notkun tíðna og númera, að taka þátt í þróun markaðar fyrir fjarskipta- og póstþjónustu og upplýsingatækni.

Þarna eru sem sagt öll þau atriði sem lúta að réttindum og skyldum Póst- og fjarskiptastofnunar gagnvart fjarskiptamálum í landinu, gagnvart sjónvarpi, gagnvart útvarpi, gagnvart síma, gagnvart öllum fjarskiptum og nú er úrskurðarvaldið allt í einu gagnvart þessum ágreiningi sem þannig getur komið upp fluttur til ráðherra. (Gripið fram í.) Var hv. þingmaður að ... (Gripið fram í.) Mér finnst að það þurfi að gera mjög ítarlega grein fyrir þessu máli, ekki bara lauma þessu inn eins og hér sé bara um litla breytingu að ræða. Hér er um grundvallarbreytingu að ræða á stjórnsýslu póst- og fjarskiptamála, bara um grundvallarbreytingu að ræða þar sem úrskurðarnefndin er lögð af og ágreiningur settur undir ráðherra.

Þá fer maður að velta fyrir sér: Tengist þetta eitthvað frekari einkavæðingarhugmyndum hæstv. ríkisstjórnar á málefnum Ríkisútvarpsins? Hæstv. ráðherra sagði að það þyrfti að breyta þessu af því að búið væri að selja Símann. Mér sýnist það ekki endilega hafa komið þessu máli mikið við hingað til. Það hefur komið fram í máli ráðherrans að núna í seinni tíð hafi engin ágreiningsmál komið fyrir úrskurðarnefnd sem ekki hafa leyst farsællega eða alla vega án frekari ágreinings. Hvers vegna er þá þörf á að breyta? Er það vegna þess að það er eitthvað annað í farvatninu?

Hér stendur meira að segja í einni grein í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun:

„Póst- og fjarskiptastofnun skal gera ráðstafanir til að stöðva rekstur fjarskiptafyrirtækis eða póstrekanda sem starfar án heimildar eða uppfyllir ekki skilyrði laga og reglna um slíka starfsemi."

Þarna var m.a. úrskurðarnefnd sem átti að taka á því hvort það yrði ágreiningur um þetta mál eða ekki. Núna er það algerlega komið í hendur ráðherra, algerlega. Ef ráðherra á að axla alla ábyrgð gagnvart samfélaginu á gjörðum Póst- og fjarskiptastofnunar er þá ekki eðlilegt að hún verði deild í ráðuneytinu? Mér finnst að það geti vel komið til greina. Þá getum við þingmenn haft beinan aðgang að ráðherra varðandi málefni þessarar stofnunar úr því að verið er að taka þessa úrskurðarnefnd og leggja hana niður og færa í rauninni æðstu yfirstjórn Póst- og fjarskiptastofnunar undir ráðherra. Ég spyr ráðherra: Væri ekki skynsamlegt að velta því fyrir sér að ganga alla leið og taka stofnunina inn í ráðuneytið? Gætum við ekki sparað eitthvað með því? Stofnun sem á að hanga svona í lausu lofti, að það sé ráðherrann sem í rauninni ráði því sem þar gerist, væri ekki eins gott að hún færi alla leið?

Um úrskurðarnefndina segir einmitt í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, um hlutverk hennar núna, með leyfi forseta:

„Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála."

Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar, sem snerta alla þá þætti sem ég taldi upp og enn fleiri, allt það sem lýtur að fjarskiptum og allt það sem lýtur að sjónvörpum, útvörpum, aðgangi að rásum o.s.frv., eiga nú ekki lengur að heyra undir úrskurðarnefndina heldur ráðherra. Í lögunum, eins og þau eru núna, skulu úrskurðir nefndarinnar vera endanlegir á stjórnsýslustigi og verði aðilar ekki sáttir við það geta þeir leitað til dómstóla.

Það er því ekkert smámál sem hér er verið að leggja til, frú forseti. Það er í rauninni umbylting á stjórnsýslu póst- og fjarskiptamála. Kannski er þetta gert í samráði við hæstv. iðnaðarráðherra sem hefur svo mikinn áhuga á að einkavæða allt sem hægt er að komast yfir, raforkuna og nú er vatnið næst á dagskrá. Kannski er þetta liður í einkavæðingarferli sem verið er að ryðja brautina fyrir, einkavæðingu á sviði fjölmiðlunar. Það er alla vega augljóst að verið er að treysta tök hins pólitíska framkvæmdarvalds á framvindu mála þar. Það er alveg dagljóst.

Ég er þeirrar skoðunar, frú forseti, að þetta mál ætti að fá miklu víðtækari kynningu og umfjöllun hæstv. ráðherra. Hann á ekki að lauma því með þessum hætti hér inn eins og eitthvert smámál sé á ferðinni sem lúti að tæknilegum atriðum í framkvæmd laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Mér finnst ekki rétt af ráðherranum að leggja það þannig fram. Hæstv. ráðherra á að koma hér og segja: Við erum að breyta í grundvallaratriðum stjórnskipan póst- og fjarskiptamála. Við erum að leggja það til að úrskurðarvald, æðsta vald varðandi póst- og fjarskiptamál, verði í höndum ráðherra. Við erum að leggja það til að þær deilur sem geta komið upp, eða skiptar skoðanir á úrskurðum og gerðum Póst- og fjarskiptastofnunar, lúti endanlegri ákvörðun ráðherra og einskis annars. Það er það sem er að gerast. Póst- og fjarskiptastofnun er að verða tæknideild varðandi meðferð þessara mála. Það er í rauninni ráðherra og ríkisstjórnin sem ræður. Það geta verið kostir og gallar á því en menn

eiga að segja hlutina eins og þeir eru.

Frú forseti. Ég get þess vegna stutt þá skoðun hv. þm. Marðar Árnasonar sem sagði áðan að þetta mál, eins og það hefði verið kynnt, ætti að taka til baka. Það væri ekki kynnt á þeim forsendum sem byggju, að því er virtist, að baki. Þær forsendur ættu að koma skýrt fram. Ef á annað borð á að leggja þetta mál fram á þinginu, eins og ætlunin virðist vera, þá eiga þær forsendur að koma skýrt fram. Það er ekkert sem rekur á eftir því, það kom fram hjá hæstv. ráðherra. Það hafa ekki komið upp stór vandamál við störf þessarar nefndar nema síður sé, ekki var það að reka á eftir því, nei. Það er verið að leggja fram mál en verið að undirbúa eitthvað allt annað í ferlinu. Þá á að segja það.

Frú forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Marðar Árnasonar að þessu máli ætti að kippa út úr þinginu svo að ráðherra átti sig betur á því hvað hann er hér að bera upp og mæli þá fyrir því með þeim hætti en ekki eins og hér sé um eitthvert smávægilegt tæknimál að ræða. Þetta er stórpólitískt mál sem lýtur að stjórnsýslu, störfum og stöðu póst- og fjarskiptamála í landinu og við eigum að ræða það á þeim grundvelli.

[17:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Við hlýddum á mjög sérkennilega ræðu hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni sem kvartar undan því að málið hafi ekki verið kynnt nægjanlega. Mér sýnist af ræðu hv. þingmanns að það sé rétt að það þurfi að kynna þetta mál betur fyrir honum, hv. þingmanni. En ræður hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar báru þess vott að hér er um æfingu að ræða, sýnist mér, í umræðum um útvarpsmálefni. Ég er alveg tilbúinn til að efna til þeirrar æfingar ef það auðveldar hv. þingmönnum tilveruna hér, en mér fannst þeir vera að tala um allt annað en það sem frumvarpið snýst um. Það er fjarri öllu lagi að hér sé verið að efna til ófriðar, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hélt fram. — Hann er kominn til skjalanna aftur til að ræða samgöngumál, hann var færður af þeim vettvangi eftir síðustu kosningar. — Það er fjarri öllu lagi. Það er ekki verið að efna til nokkurs ófriðar.

En vegna þess sem fram kom hjá hv. þingmönnum liggur það alveg fyrir, samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, að um málskot til dómstóla fer eftir almennum reglum. Ef úrskurður og ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar eru kærðar þá eru þær samkvæmt frumvarpinu kærðar til samgönguráðuneytisins sem vel og merkja þýðir til samgönguráðherra. Ef hv. þm. Mörður Árnason hefur lært önnur fræði á sínum tíma í fjármálaráðuneytinu þá er það svo að ráðherra ber að sjálfsögðu ábyrgð á ráðuneytinu. Ef svo hefur ekki verið í hans tíð þá er það mjög sérstakt, en hvað um það. Það er ekki rétt að hafa fleiri orð um það.

Það liggur alveg fyrir að um málskotsrétt er að ræða til dómstóla ef úrskurður er felldur sem er kærður til ráðuneytisins. Ég vil aðeins nefna, af því að mér fannst gæta nokkurs misskilnings hjá hv. þingmönnum áðan, að það er ekki samræmt fyrirkomulag á þessu í Evrópu. Eins og fram kom hjá hv. þm. Merði Árnasyni sérstaklega þá er það fyrirkomulag viðhaft í Noregi sem við erum að leggja til en í langflestum ríkjum er fyrirkomulagið á þann veg að niðurstöðum stjórnvalda, þ.e. fjarskiptaeftirlitsstofnana, er skotið beint til dómstóla. Það er í flestum tilvikum þannig. Við gerum hins vegar ráð fyrir fyrirkomulagi sem gildir um lang-, langflestar stofnanir á sviði stjórnsýslu hjá okkur að stjórnsýsluákvörðunum stofnana, og það er í góðu samræmi við stjórnsýslulöggjöf okkar, sem við höfum verið að þróa, sé hægt að skjóta til úrskurðar ráðherra og það er einmitt það sem verið er að gera.

Það kom m.a. fram hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að það hefur ekki verið mikill ágreiningur um úrskurði, og það er alveg rétt, en með þessu frumvarpi erum við að einfalda hlutina. Í okkar fámenna þjóðfélagi er það af hinu góða að einfalda hlutina. Í þessu tilviki erum við, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, m.a. að gera það á þann hátt að innan ráðuneytisins sé að jafnaði byggð upp sem mest þekking á sviði póst- og fjarskiptamálefna. Sú þekking er býsna mikil eins og eðlilegt er því við höfum á vettvangi ráðuneytisins unnið að gerð margvíslegra frumvarpa á sviði póst- og fjarskiptamála. Það er mikil þekking þar inni og við teljum að það sé heppilegt að nýta þá þekkingu til þess m.a. að geta brugðist við kærum með því að takast á hendur að úrskurða um þær. Eins og fram kemur í mati fjármálaráðuneytisins er ekki gert ráð fyrir auknum útgjöldum. Við gerum ekki ráð fyrir því vegna þessa frumvarps en það kann að vera að í tímans rás gæti af þessu orðið einhver sparnaður þó að það sé ekki megintilgangur með frumvarpinu. Við erum einungis að færa þetta í það far sem á við í langflestum og öllum málefnum stofnana á vettvangi samgönguráðuneytisins. Við úrskurðum ef ákvarðanir Vegagerðar eru kærðar eða annarra stofnana á vettvangi ráðuneytisins og undan því verður ekki vikist. Þetta er partur af okkar stjórnsýslu og ég vil segja stjórnsýsluhefð. Ég held að þetta fyrirkomulag, sem hefur verið að þróast í gegnum tíðina, sé af hinu góða og þess vegna mæli ég fyrir þessu frumvarpi sem er stjórnarfrumvarp og á ekki neitt skylt við frumvarp eða væntanlega löggjöf um fjölmiðla. Samgönguráðuneytið fer ekki með málefni fjölmiðla. Við fjöllum fyrst og fremst um fjarskiptamálefnin en fjölmiðlamálefnin eru á allt öðrum vettvangi.

Ég vil leggja á það áherslu við hv. þingmenn að þeir skapi ekki tortryggni gagnvart þessu frumvarpi með því að draga inn umræðu um hugsanlegar breytingar á löggjöf um fjölmiðla. Ég vil nefna það alveg sérstaklega. Það er sérstakt viðfangsefni, mjög mikilvægt viðfangsefni og ég skil það mætavel að hv. þingmenn séu vel á verði þegar verið er að fjalla um þau mál. Ég vil ítreka að hér er ekki verið að efna til þess að samgönguráðuneytið, ráðuneyti fjarskiptamálefna, komi að því að úrskurða um nokkur af fjölmiðlamálefnunum.

Ég vona að hv. þingmenn fái tækifæri til þess að fara yfir þetta í hv. samgöngunefnd og að hægt verði að afgreiða þetta ágæta mál í gegnum þingið. Það gæti orðið liður í því að bæta og treysta stjórnsýslu í landinu.

[17:15]

Mörður Árnason:

Forseti. Þetta var merkileg ræða eins og hæstv. samgönguráðherra er auðvitað vanur að halda hér á þinginu. Þingheimur hlustar og veit ekki hvað hann á að taka til

bragðs þegar ráðherra talar því að þvílík er röksnilldin og efnismeðferðin hjá ráðherranum.

Til dæmis að taka er ekki hægt að komast öllu hærra í ræðumennsku en hæstv. samgönguráðherra gerði þegar hann lýsti lítilmótleik hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, að hann skuli dirfast að taka þátt í umræðu um samgöngumálin. Ráðherrann hefur sem sé upplýsingar um það, sem ég hef ekki, að Lúðvík hafi verið sérstaklega degraderaður, eins og það heitir á fínum kanselístíl undir erlendum áhrifum, þannig að hann megi í raun og veru ekki taka til máls um samgöngumál fyrir hönd Samfylkingarinnar. (**Samgrh.:** Mín vegna má hann það.) Ráðherranum til upplýsingar, af því að hann segir hér að hann megi það sín vegna, þá erum það við samfylkingarmenn sjálfir sem skipum mönnum til verka á þinginu en ekki ráðherrann og hvað þá ráðuneytið, skrifstofa ráðherra.

Næsta mál sem ég þarf að ræða við ráðherrann, af því að hann minntist á veru mína í fjármálaráðuneytinu og það má segja að hafi hann komist hátt þegar hann lýsti niðurlægingu hv. þm.Lúðvíks Bergvinssonar þá sló hann eiginlega sjálfan sig út þegar hann fann það út að Mörður Árnason hefði líka starfað í ráðuneyti og kýldi þann ágæta þingmann bara kaldan hérna úr ræðustóli. Það er auðvitað erfitt að standa upp úr slíkri eymd sem ráðherrann hefur stofnað til í sinni góðu ræðu. Það sem ég verð að segja við ráðherrann vegna orðalagsins í þessu frumvarpi og þó einkum í athugasemdum við það er það sem ég hygg að standi í stjórnarskrá og við ættum auðvitað báðir að kunna utan að, að ráðuneytið sé skrifstofa ráðherra, ráðuneytið hafi sem sé ekki sjálfstæðan vilja eða sé með einhverjum hætti persóna í nokkrum skilningi nema sem framlenging á ráðherravaldinu. Þess vegna er eðlilegt að ráðherra feli sig ekki á bak við ráðuneyti sitt, hvorki þegar hann talar í stólnum, hversu þróttmikill ræðumaður sem hann kann að vera, —

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill áminna hv. þingmann um að ávarpa forseta en ekki einstaka ráðherra.)

Já, ég skal hlýða því en það er sjaldan sem ég fer út af þeirri línu, forseti — né þegar hann er að skrifa greinargerðir við frumvörp sín, hæstv. ráðherra, eða taka við slíkum greinargerðum frá starfsmönnum sínum. Þannig að við ljúkum nú þessum þætti.

Þá er að fara aftur í hinn efnislega þátt málsins og þar verður því miður að segjast að hæstv. samgönguráðherra hefur ekki fært nokkur þau rök sem gild geta talist fyrir þessu frumvarpi á þessum tíma nema einhvers konar lýsingu á löngunum ráðuneytisstarfsmanna eða sjálfs sín um það að taka til sín það vald sem hér um ræðir, þetta úrskurðarvald.

Af hverju var þetta gert svona á sínum tíma? Því er lýst í greinargerðinni. Það er nefnilega gott við þetta plagg, forseti, að greinargerðin er að mörgu leyti ágæt, skýr efnislega. Megintilgangurinn var sá, með leyfi forseta, „að tryggja sjálfstæði úrskurðaraðilans gagnvart stjórnvöldum". Svo heldur þetta áfram þannig að þau áttu þá Landssímann hf. eða mest af honum.

Ég vakti athygli á því án þess að hæstv. ráðherra svaraði því nokkru orði að enn væri það þannig, sem betur fer, að sömu stjórnvöld ættu allt Ríkisútvarpið eða færu með málefni þess fyrir hönd þjóðarinnar. Það er þannig að fjölmiðlarnir, sem hæstv. ráðherra vill ekki ræða hér og telur eiga að geyma það þangað til síðar, koma óvart Póst- og fjarskiptastofnun ansi mikið við og fjarskiptamálunum.

Nú skil ég það auðvitað að ráðherra hefur ekki mátt vera að því í sínu annasama ráðuneyti að kynna sér fjölmiðlaskýrsluna hina nýju en í henni er talað um í sambandi við þá eftirlitsstofnun sem á að koma á fót til að fylgjast með fjölmiðlalögum og framkvæmd þeirra í framtíðinni, hvernig sem þau líta út, að hægt sé að fara tvær leiðir í því efni: Annars vegar þá leið að stofna sérstaka fjölmiðlastofnun og ef ég man rétt eru nefndarmenn fjölmiðlanefndar ekki mjög hrifnir af þeirri leið af þeim sökum að hún gæti þróast þannig að hún yrði einhvers konar stóri bróðir en það væri ímyndarlega slæmt fyrir stjórnvöld á Íslandi að hafa þann háttinn á. Þeir mæltu, ef ég man rétt, frekar með því að reyna að skipta upp því eftirliti og öðrum stjórnvaldsskyldum sem hugsanlega fælust í þessum lögum og þeirri skipan sem þau kæmu á, m.a. með því að fela Póst- og fjarskiptastofnun, sem við erum að ræða um, forseti, að annast ákveðna þætti þessa máls.

Sá þáttur fjölmiðlamálsins sem ég hef mestan áhuga á og tel brýnastan, nefnilega flutningsrétt og flutningsskyldu, sem ég mundi skýra betur ef ég hefði tíma til, en varðar auðvitað annars vegar fjölmiðlana og hins vegar dreifiveiturnar, er einmitt það svið sem Póst- og fjarskiptastofnun mundi sennilega verða hvað virkust í að skipta sér af. Þess vegna gengur það ekki upp hjá hæstv. samgönguráðherra að neita að ræða fjölmiðlamálið. Það er í gangi umræða um þau mál. Hún er í gangi vegna þess að hæstv. menntamálaráðherra, flokkssystir hæstv. samgönguráðherra og situr með honum í ríkisstjórn, lét búa til þessa fjölmiðlaskýrslu þar sem, ef allt væri í lagi, má væntanlega lesa sér til um það nokkurn veginn hvernig lögin verða. Í þessari fjölmiðlaskýrslu er lagt til öðrum þræði a.m.k., það er bent á það sem annan kost af tveimur, að Póst- og fjarskiptastofnun fjalli um fjölmiðlamálið, um flutningsrétt og flutningsskyldu og fleiri mál sem koma fjölmiðlunum við. Þess vegna er það enn þá í fullu gildi sem segir í athugasemdunum að það þurfi að tryggja sjálfstæði úrskurðaraðilans alveg sérstaklega gagnvart stjórnvöldum í þessu efni. Og hafi hæstv. samgönguráðherra verið á landinu undanfarin tvö ár t.d. þá ætti hann að vita hvernig háttað er um traustið á milli fjölmiðlanna í landinu annars vegar og stjórnvalda hins vegar. Við skulum vona að það ástand lagist á næstu árum en meðan því er háttað eins og nú er þá er ákaflega óvarlegt að afnema þá skipan sem sjálfur hæstv. samgönguráðherra lýsir yfir í athugasemdum sínum að hafi gengið mjög vel og koma á annarri skipan sem strax vekur tortryggni við 1. umr. um þetta frumvarp í þingsalnum. Þess vegna segi ég: Er ekki komið nóg af því, eigum við ekki að reyna að halda fast utan um þó það sem vel hefur gengið? Eitt af því sem vel hefur gengið í fjarskiptamálunum er úrskurðarnefnd póst- og fjarskiptamála.

Það eru engin haldbær rök fyrir því, þannig að ég endi nú þar sem ég byrjaði, að það beri að leggja niður þessa úrskurðarnefnd sem allir bera traust til og hefur skilað góðum úrskurðum vegna þess að ráðuneytið, vegna þess að skrifstofa ráðherra, starfsmenn ráðherra, lýsa því yfir að þeir vilji fá einhver tiltekin verkefni. Það eru engin rök. Það eru

heldur ekki rök að það sé ekki næg þekking á þessum málum innan samgönguráðuneytisins þó að það séu í sjálfu sér athyglisverðar og fróðlegar upplýsingar eftir margra ára stjórn hæstv. samgönguráðherra í þessum málaflokki. Það eru engin rök. Ef ráðherra vill, sem honum er auðvitað skylt, efla þannig þekkingu í ráðuneyti sínu, hæstv. ráðherra, að hún sé fullnægjandi á sviði póst- og fjarskiptamála þá á hann að standa í því sjálfur og ekki að leggja niður aðrar stofnanir til að sú þekking geti aukist. Ég endurtek þá ósk mína til ráðherrans að hann taki þetta frumvarp aftur, losi okkur við klandur og vesen og eyði fyrir fram þeirri tortryggni sem eðlilegt er að skapast um órökstutt frumvarp af þessu tagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnalög, 1. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 281.

[17:25]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til vatnalaga sem er 268. mál þingsins. Á síðasta þingi var frumvarp til nýrra vatnalaga lagt fram en varð ekki útrætt.

Það frumvarp sem ég legg nú fram er að efni til hið sama og lagt var fyrir Alþingi á 131. þingi. Þó hafa verið gerðar nokkrar breytingar í kjölfar athugasemda sem fram komu þegar hið fyrra frumvarp var til umfjöllunar og mun ég gera grein fyrir þeim breytingum hér á eftir.

Frú forseti. Gildandi vatnalög, nr. 15/1923, eru mikill lagabálkur sem hefur að mörgu leyti staðist tímans tönn. Lögin voru sett eftir áralöng átök milli sameignar- og séreignasinna. Segja má að stefna sameignarsinna hafi orðið ofan á að formi til en séreignasinna að efni til. Aðdragandi setningar vatnalaga nr. 15/1923, sem er um margt merkilegur, verður þó ekki rakinn nánar hér.

Gildandi vatnalög taka fyrst og fremst mið af þörfum landbúnaðarsamfélags þess sem ríkti er lögin voru samin. Þótti því rétt að huga að endurskoðun vatnalaga og hefur hún staðið yfir frá árinu 2002.

Helstu breytingar sem lagðar eru til eru að fallið er frá hinni jákvæðu skilgreiningu eignarréttar á vatni sem núgildandi lög byggjast á. Má til einföldunar segja að núgildandi lög heimili fasteignareiganda aðeins þá hagnýtingu vatns sem sérstaklega er leyfð. Í þessu frumvarpi er aftur á móti lagt til að hin neikvæða skilgreining eignarréttar verði lögð til grundvallar. Þannig segir í 4. gr. frumvarpsins að fasteign hverri fylgi eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur. Þannig má segja að fasteignareiganda sé heimil öll hagnýting vatns sem ekki er sérstaklega takmörkuð.

Ætla mætti að á þessu tvennu væri reginmunur. Staðreyndin er hins vegar sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, eru talin upp öll þekkt not sem hægt var að hafa af vatni. Sú breyting sem hér er lögð til er því formbreyting en ekki efnisbreyting. Túlkun vatnalaganna allar götur frá setningu þeirra og dómafordæmi Hæstaréttar staðfesta þetta.

Þá er og til þess að líta að eignarréttur allra annarra gæða sem fylgja fasteignum er skilgreindur með neikvæðum hætti eins og hér er lagt til að gert verði með vatn. Hin breytta nálgun varðandi skilgreiningu eignarréttar á vatni var talsvert til umræðu í sölum Alþingis í byrjun árs þegar hið fyrra frumvarp var til umræðu. Töldu ýmsir þingmenn að þarna væri verið að færa landeigendum einhver ný réttindi sem þeir hefðu ekki haft áður. Ég hef rakið það áður að þar höfðu menn ekki rétt fyrir sér.

Í umfjöllun um þetta atriði hef ég áður vitnað til orða Þorgeirs Örlygssonar, fyrrverandi prófessors í eignarrétti við Háskóla Íslands, í ritinu Kaflar úr eignarrétti I og tel ég rétt að rifja það upp nú, með leyfi hæstv. forseta:

„En þó svo að fræðilega sé á því byggt í vatnalögunum að landeigendur hafi aðeins þau vatnsréttindi sem lög heimila sérstaklega er eigi að síður í lögunum gengið svo til móts við álit minni hluta fossanefndar að í raun má segja að stefna minni hlutans hafi sigrað og hefur ekki verið um það fræðilegur ágreiningur í íslenskum rétti. Segir í 2. gr. vatnalaga að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni og stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila. Fela lögin í sér upptalningu á því hverjar hagnýtingarheimildir fylgja eignarrétti að landareign þegar um stærri vötn er að ræða. Þar er á hinn bóginn um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir sem máli geta skipt, þar á meðal heimild til orkuvinnslu. Meginreglan um rétt landeigenda til nýtingar orku var, kemur fram í 49. gr. vatnalaga, en þar segir m.a. svo: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ...“ Réttarframkvæmdin hefur og til fulls viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar og dómstólar hafa talið landeigendur eiga eignarrétt að vatni á landi sínu. Má til staðfestingar þessu t.d. líta til hins svokallaða Kífsárdóms sem er frá árinu 1955.“

Þessi tilvitnun sýnir að sú breyting sem lögð er til með frumvarpinu er ekki efnisbreyting heldur formbreyting. Hafa verður í huga að samkvæmt ákvæðum annarra laga eru aðrar auðlindir sem tilheyra fasteignareiganda skilgreindar á neikvæðan hátt, t.d. samanber 3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Rétt er að benda á að þessi nálgun gerir það að verkum að samsetning lagareglna um vatn og hagnýtingu þess verður einfaldari, knappari og skýrari. Eðli málsins samkvæmt leiðir það til mikillar einföldunar að telja ekki lengur upp með jákvæðum og næsta tæmandi hætti sérhverja heimild til vatnsnota sem fyrir hendi er heldur ganga einfaldlega út frá að öll nýting vatns sé heimil svo framarlega sem ekki eru settar við henni sérstakar skorður.

Með þessu frumvarpi er lagt til að undir vatnalög heyri nú vatn í öllum sínum myndum og birtingarformum, samanber nánari skilgreiningu 2. gr. frumvarpsins. Gildandi vatnalög taka fyrst og fremst til kyrrstæðs og rennandi yfirborðsvatns en um grunnvatn og jarðhita er fjallað í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Meðal annarra breytinga skal þess getið að í gerbreyttu samfélagi er ekki lengur talin þörf á þeim niðurnjörvuðu reglum um rétthæð einstakra vatnsnota sem fyrirfinnast í

gildandi lögum. Allt að einu er þó hnykkt á því að vatnsnot til heimilisþarfa og hefðbundinna búsþarfa gangi fyrir öðrum vatnsnotum. Að þeim notum slepptum er ekki ráðgert að lögð séu sérstök bönd á fasteignareiganda hvað varðar nýtingu á ráðstöfun vatnsréttinda. Þannig er ekki lengur gert upp á milli þess hvernig fasteignareigandi kýs að nýta það vatn sem á fasteign hans er.

Ákvæði um vatnsveitur og áveitur eru einfölduð til muna. Vatnsveituþörf er nú að langmestu leyti uppfyllt á grundvelli laga um vatnsveitu sveitarfélaga sem eru nú í lögum nr. 32/2004 og engin þörf er lengur talin á því að halda inni í lögum umfangsmiklu regluverki um áveitur sem munu næsta fátíðar hér á landi.

Ákvæði um vatnsnot til iðnaðar og iðju án orkunýtingar falla út í heild sinni enda þykja þau óþörf í nútímasamfélagi. Ákvæði um vatnsmiðlanir, mannvirkjagerð, ráðstafanir gegn landbroti og ágangi vatns og almenn ákvæði um vatnsvirki eru einfölduð verulega frá gildandi lögum og tekin saman í einn kafla. Ákvæði um óhreinkun vatns og holræsi eru felld brott í heild sinni enda er nú um þau mál fjallað í annarri löggjöf.

Þá eru reglur um vatnafélög einfaldaðar til muna og nú er ekki lengur gert ráð fyrir skylduaðild að slíkum félögum enda verður að telja að slíkt brjóti að óbreyttu í bága við fyrirmæli í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár, samkvæmt 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem lagagildi hefur hér á landi samanber 1. gr. laga nr. 62/1994, nema í þeim undantekningartilvikum sem ráðgerð eru í 2. mgr. 74. gr. og telja verður til að mynda að nái óhjákvæmilega til veiðifélaga samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Að óbreyttu fæst ekki séð, þar á meðal í ljósi reynslunnar, að slík knýjandi nauðsyn útheimti heimild til skylduaðildar að öðrum þeim félögum sem stofnuð eru um einstök vatnsnot enda önnur úrræði þá tiltæk til verndar einstaklings- og almannahagsmunum. Felldur er brott XII. kafli gildandi laga, þar á meðal 115. gr. en þar birtist hin forna meginregla sem fram kemur í Jónsbók, landeigendabálki 45, að öllum sé rétt að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn. Eðlilegt þykir að mælt sé fyrir um þetta í almennum lögum sem varða almannarétt.

Loks er öll stjórnsýsla samkvæmt lögunum einfölduð til muna en hún verður hér eftir á höndum Orkustofnunar og iðnaðarráðherra. Þá hafa öll ákvæði laganna um eignarnám og eignarnámsframkvæmd verið færð til nútímahorfs.

Aðrar helstu breytingar sem lagðar eru til lúta að því að færa stjórnsýslu laganna til nútímahorfs. Stjórnsýslan verður að miklu leyti til í höndum Orkustofnunar undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Samkvæmt 34. gr. frumvarpsins fer iðnaðarráðherra með yfirstjórn mála samkvæmt frumvarpinu. Hlutverk Orkustofnunar innan ramma vatnalaga byggist svo aftur á því að hún er stofnun sem heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar í umboði hans með jarðrænar auðlindir og náttúrulegar forsendur þeirra, í þessu tilviki vatnsauðlindanna og vatnafar. Þetta hlutverk lýtur því annars vegar að stýringu á nýtingu vatnsauðlindarinnar og hins vegar að stýringu á vatnafarslegum aðgerðum í samræmi við markmið laganna. Þessu fylgir annars vegar upplýsingaskylda um nýtingu og fyrirhugaðar vatnaframkvæmdir og hins vegar eftirlit með aðgerðum gagnvart vatni sem breytt geta vatnafari og nýtingu vatnsauðlindarinnar, fyrst og fremst gerð mannvirkja og vatnaveitingar.

Gert er ráð fyrir að Orkustofnun geti sett skilyrði um framkvæmd eða starfsemi í vötnum af tæknilegum ástæðum eða til að tryggja nýtingu í samræmi við markmið laganna eða til að þau samræmist skilyrðum laganna, reglugerðum eða öðrum heimildum. Reglur um eignarnám eru færðar til þess horfs sem almennt þekkist nú á dögum. Reglur gildandi vatnalaga eru ekki í samræmi við það sem nú þekkist í þessum málum og þótti því eðlilegt að færa reglurnar til nútímahorfs. Ekki þykir ástæða til að rekja nákvæmlega þær breytingar sem í þessu felast. Breytingin felst fyrst og fremst í því að afnema þær sérreglur sem gilt hafa um eignarnám samkvæmt vatnalögum, t.d. um kostnað af mati, ákvörðun um hve víðtækt eignarnám skal vera og um umráðatöku.

Þá er lagt til að ýmis ákvæði verði færð úr vatnalögum. Má þar nefna ákvæði um frjálsa för um vötn sem talið er að ættu betur heima í lögum um náttúruvernd, nr. 74/1999. Helgast þetta af því að í lögum um náttúruvernd eru reglur um almannarétt sem kveða á um með hvaða hætti almenningi er heimil för um eignarlönd annars fólks. Ekki þykir lengur eðlilegt að slíkar reglur séu í vatnalögum heldur ber að skipa þeim í þann lagabálk sem almennt fjallar um málefnið. Einnig hefur verið hugað að lagaskilum við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Vert er að geta að haft hefur verið samráð við viðkomandi fagráðuneyti varðandi samræmingu hinna ýmsu laga á vatnasviði.

Vík ég þá að þeim breytingum sem þetta frumvarp felur í sér samanborið við hið fyrra frumvarp. Er þar fyrst til að taka að athugasemdir bárust frá ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur sem starfar á grundvelli laga nr. 27/1999 vegna athugasemda frá nefndinni. Er kveðið á um það í 35. gr. að iðnaðarráðherra skuli setja nánari fyrirmæli um framkvæmd tilkynningarskyldu, útfærslu þeirra skilyrða sem setja má fyrir framkvæmdum og önnur þau atriði samkvæmt 35. gr. Að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið sem hafði samráð við undirstofnanir sínar voru gerðar breytingar sem í sjálfu sér eru ekki umfangsmiklar en eru engu að síður mikilvægar. Er þar fyrst til að taka að í 35. gr. er kveðið á um samráð við umhverfisráðuneyti áður en sett er reglugerð þar sem kveðið skal á um þau skilyrði sem Orkustofnun má setja fyrir framkvæmdum á grundvelli 35. gr. Nokkuð var rætt um það á síðasta þingi að yrði frumvarpið að lögum væri hætta á að sá almannaréttur sem gilt hefði hingað til raskaðist við lögfestingu frumvarpsins. Til að bregðast við þessu er í athugasemdum með 43. gr. frumvarpsins kveðið á um að almannaréttur skuli standa óhaggaður eftir gildistöku laganna en þar segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að sá almannaréttur sem hingað til hefur gilt standi óbreyttur, sbr. t.d. 11. gr. og XII. kafla gildandi vatnalaga."

Þessi texti tekur af allan vafa hvað þetta atriði áhrærir.

Þá er einnig brugðist við ábendingu umhverfisráðuneytisins þess efnis að rétt væri að kveðið væri á um það í 36. gr. að Orkustofnun væri heimilt að fella niður áður útgefið leyfi eða banna framkvæmdir ef brotið væri í bága við vatnalög eða reglur settar á grundvelli þeirra. Í hinu fyrra

frumvarpi væri aðeins hægt að beita dagsektum en bent var á að slíkt væri ekki í öllum tilfellum nægilegt til að hægt væri að koma í veg fyrir brot.

Þá er í 4. mgr. 15. gr. tekið fram að nái sveitarfélag ekki samkomulagi við fasteignareiganda um töku vatns í landi hans til vatnsveitu eða um önnur atriði sem nauðsynleg má telja í því sambandi geti iðnaðarráðherra heimilað að nauðsynlegt land, mannvirki, aðstaða til nýtingar á töku vatnsins og lagningar vatnsveitu sem og önnur réttindi fasteignareiganda verði tekin eignarnámi. Er hér um viðbót að ræða frá fyrra frumvarpi og sérstaklega tekið upp að tillögu meiri hluta iðnaðarnefndar eftir ábendingu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að rekja nánar efni frumvarpsins og vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[17:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til þess að umræðan um þetta málefni gæti kannski gengið betur fyrir sig þá langar mig til að bera fram spurningu til hæstv. ráðherra. Það er vegna þess að í 1. gr. frumvarpsins segir að markmið þessara laga sé skýrt eignarhald á vatni. Ég tel að þetta sé vafasamt orðaval ef hér á fyrst og fremst að vera um formbreytingu að ræða eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu.

Þar er einnig sagt að í þessari nýju skilgreiningu á vatnsréttindum felist í raun meginatriði frumvarpsins en þó er sérstaklega áréttað að hér sé fyrst og fremst um formbreytingu að ræða. Meginatriði frumvarpsins er sem sagt formbreyting samkvæmt þeim skilningi sem fram kemur í athugasemdum með því. Ég bendi á að í athugasemdum frá laganefnd Lögmannafélags Íslands er sérstaklega fjallað um þetta orðalag og sagt að það sé til þess fallið að vekja vafa um markmið breytinganna og mun skýrara væri að segja afdráttarlaust að hér sé einungis um formbreytingu að ræða.

Ég vek athygli á því að við þessu hefur ekki verið brugðist. Það hefur svo sem ekki margt verið gert í breytingum á frumvarpinu þó að ýmsar athugasemdir hafi verið uppi og gríðarlega alvarlegar að mörgu leyti en ég tel að það sé full ástæða til að spyrja eftir þessu. Í leiðinni vil ég einnig spyrja um frumvarp sem átti að verða fylgifrumvarp frumvarpsins um vatnsvernd sem nú er til umfjöllunar eða var í öðru ráðuneyti, þ.e. umhverfisráðuneytinu. Hvernig stendur á því að ekki er gert ráð fyrir því að leggja það fram á Alþingi núna?

[17:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, eins og ég margtók fram síðastliðið vor þegar við fjölluðum um þetta þá er ekki hægt að bíða eftir vatnalagatilskipuninni og ég tel heldur ekki neina þörf á því. Hún er til umfjöllunar, m.a. innan EFTA. Hún breytir engu um að það frumvarp sem við erum að fjalla um hérna geti orðið að lögum. Eins og hér hefur margkomið fram erum við að breyta lögum frá 1923 sem miðuðu við það þjóðfélag sem þá var á Íslandi og var fyrst og fremst landbúnaðarsamfélag, við erum að færa lagatextann úr því að vera jákvæður yfir í að vera neikvæður þannig að ekki þurfi að telja upp öll þau atriði sem heimil eru heldur er gengið út frá því í grundvallaratriðum að rétturinn sé fasteignaeigandans hvað varðar vatn og þetta frumvarp snýst ekki, eins og hv. þingmenn náttúrlega þekkja, um grunnvatn eða jarðvarma. Það snýst um yfirborðsvatn. (**Gripið fram í:** Ha?) Það eru önnur lög sem snúa að því sem ég áður nefndi (Gripið fram í.) og það eru auðlindalögin og þau voru sett árið 1996 eða 1998, ég man ekki hvort heldur var. Þannig að mér finnst hafa gætt misskilnings í málflutningi hv. þingmanna í þessu máli. Einhverra hluta vegna náðum við ekki að skýra það á síðasta vori og þess vegna varð frumvarpið ekki að lögum þá en nú vænti ég þess að með þeim breytingum sem gerðar hafa verið, t.d. tekið tillit til athugasemda frá umhverfisráðuneyti, þá ætti þetta að geta gengið betur hjá okkur núna og það er mín von að svo verði.

[17:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum. Í fyrsta lagi var okkur gerð grein fyrir því í fyrra að það frumvarp sem er í umhverfisráðuneytinu væri á vinnslustigi og von væri á því mjög fljótlega. Síðan kom fram frá hendi undirstofnana umhverfisráðuneytisins mjög hörð gagnrýni á þessi mál öll sömul. Þar var einmitt bent á að frumvörpin þyrftu að fylgjast að til að menn gætu skoðað þessi mál í heild.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég varð líka fyrir vonbrigðum með að hæstv. ráðherra skyldi ekki svara því skýrt hvernig á því standi að athugasemd Lögmannafélagsins, þar sem þeir segja að það orðalag sem þarna er sett fram af hendi stjórnvalda í þessu máli, sé til þess fallin að vekja vafa um markmið breytinganna. Þá hljóta þeir að eiga við að það geti skipt máli þegar menn takast á fyrir dómstólum í framtíðinni um þessa hluti. Hvers vegna var ekki brugðist við því núna þegar málið er lagt fram að nýju til þess að skýra málið? Það skil ég ekki og ég bið hæstv. ráðherra að svara því.

[17:46]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég kom að í framsöguræðu minni áðan er enginn vafi á því miðað við réttarreynslu okkar og ég vitna í Þorgeir Örlygsson prófessor þar sem það liggur algerlega ljóst fyrir hvar eignarrétturinn liggur í þessum efnum. Það er sem sagt engin breyting á því, en það sem við erum að breyta er formið. Í staðinn fyrir að það sé jákvætt er það neikvætt í frumvarpinu. Það breytir engu um þessi grundvallaratriði hvort við ætlum að þjóðnýta þessa auðlind eða virða eignarréttinn.

Það mál sem hv. þingmaður nefndi í andsvari sínu og varðar ábendingu frá Lögmannafélaginu, ef ég skil rétt, þá tel ég ekki að ástæða sé til að taka tillit til þess en auðvitað er hægt að fara yfir það frekar í nefndinni. Ég tel að ekki sé grundvöllur til að breyta frumvarpinu með tilliti til þess.

Það sem ég sagði áðan hvað varðar eignarréttinn þá er með frumvarpinu ekki verið að breyta skilgreiningu á eignarrétti frá því sem áður var. Hann er fyrst og fremst skil-

greindur frá 1998, í auðlindalögunum og það stendur.

Það eru álitaefni sem hv. þingmaður nefndi sem ég tel ekki ástæðu til að taka tillit til miðað við það að við erum búin að fara í gegnum þetta frumvarp aftur og aftur m.a. í samvinnu við umhverfisráðuneytið og það stendur. Auðvitað ætla ég ekki að neita því að farið verði yfir þetta einu sinni enn í hv. nefnd.

[17:48]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Annars vegar stendur í greinargerðinni á bls. 13 í því formi sem við höfum hana að hér á landi þurfi að leiða í lög stjórn vatnsverndar og þegar liggi fyrir í drögum frumvarp þess efnis sem unnið var á vegum starfshóps umhverfisráðuneytisins. Þetta er samhljóða því frumvarpi sem lagt var fram 6. desember í fyrra, það hefur því legið fyrir í næstum því heilt ár. Það stendur líka samhljóða að viðræður standi yfir milli framkvæmdastjórnar ESB og EFTA-skrifstofunnar og má reikna með að þeim ljúki fljótlega eftir áramótin næstu. Það var sem sé 6. desember 2004 sem þetta var sagt fyrst en nú er það sagt aftur.

Það hlýtur þá að vera búið eftir áramótin næstu og þegar annars vegar er tekið tillit til þessa og hins vegar til þess að einhver helsta stofnun á vegum umhverfisráðuneytisins, helsta umhverfisstofnun í landinu, hafði þennan dóm, með leyfi forseta, um frumvarpið þegar það var lagt fram í fyrra:

„Umhverfisstofnun telur að framlagt frumvarp stangist á við alþjóðlegar viðmiðanir og skuldbindingar Íslands og leiði til réttaróvissu á fjölmörgum sviðum umhverfismála, almannaréttar og vatnsnýtingar."

Þegar þetta tvennt liggur fyrir, annars vegar að við erum ekki með vatnsverndarfrumvarpið, það liggur fyrir í ráðuneytinu og verið er að klára samningana, og hins vegar það að Umhverfisstofnun gaf út í fyrra einhvern strangasta og harðasta dóm sem ég hef séð opinbera stofnun gefa út um frumvarp, þá spyr ég hæstv. iðnaðarráðherra: Hvað er svona brýnt? Af hverju má þetta frumvarp ekki bíða þangað til komin er heildstæð löggjöf um vatnið á Íslandi og af hverju má ekki bíða eftir vatnatilskipun Evrópusambandsins? Hvað er svona brýnt? Hvaða hagsmunir reka hæstv. iðnaðarráðherra svona áfram í þessu máli? Hverjir eru þeir?

[17:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er meiri asinn á iðnaðarráðherranum að vilja breyta lögum frá 1923. Það er alveg ótrúlega ósanngjarnt að fara fram á það við hv. Alþingi náttúrlega eða hitt þó heldur. Hv. þingmenn eru að halda sömu ræðurnar og þeir gerðu í vor um þessa vatnalagatilskipun sem heyrir undir umhverfisráðuneytið. Það vill svo til að ég er ekki umhverfisráðherra heldur iðnaðarráðherra.

Þau málefni sem tekið er á í frumvarpi til vatnalaga varða iðnaðarráðuneytið og það er þannig í Stjórnarráði Íslands að hver ráðherra fer með sinn málaflokk og þó svo þessi tilskipun sé á leiðinni og varði umhverfisráðuneytið, er m.a. til umfjöllunar hjá EFTA, þá breytir það engu um að mikilvægt er að þetta frumvarp sem ég mæli fyrir núna geti orðið að lögum. Ég er búin að fara yfir þær breytingar sem við leggjum til og einnig þær breytingar sem lagðar eru til með þessu frumvarpi miðað við frumvarpið sem lagt var fram í vor og búið er að hreinsa út ágreining sem óneitanlega var við stofnanir umhverfisráðuneytisins þannig að þær eru fullkomlega sáttar við frumvarpið eins og það er. Ég held því að hv. þingmenn ættu að leggja ræðurnar frá því í vor til hliðar og fara yfir þetta á málefnalegan hátt. Það er engum vandkvæðum bundið í hv. iðnaðarnefnd að fara ofan í hvert einasta atriði eins og eflaust verður gert en ekki gefa sér fyrir fram að þetta sé eitthvað sem ekki er þörf á, þ.e. breytingar frá 1923.

[17:52]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Einu rökin sem hæstv. ráðherra kemur með eru þau að vatnalögin séu frá 1923. En í greinargerðinni með frumvarpinu kemur fram að vatnalögin hafi reynst mjög vel hingað til, þau séu að vísu komin til ára sinna en það sé engin knýjandi þörf á að endurskoða þau vegna þess að þau séu svo gölluð, það sé komin túlkunarhefð á þau vatnalög, m.a. sú sem ráðherra lýsti í ræðu sinni og það sé ekkert sem knýr á um ný lög.

Yfirlýst meginmarkmið þessa frumvarps kemur fram í 1. gr. og það er að skýra eignarréttinn. Það á að vera skýr eignarréttur en hvað segir ráðherra sjálfur og starfsmenn hennar í greinargerðinni, hæstvirtur og háttvirtir út af fyrir sig? Þeir segja að þetta sé formbreyting, það sé bara formbreyting með eignarréttinn vegna þess að hann sé í raun og veru alveg eins. Nú er það alls ekki svo eins og Umhverfisstofnun sagði í fyrra. Það er auðvitað mikil breyting frá hinum jákvæða eignarrétti, úr hinni jákvæðu skilgreiningu og yfir í hina neikvæðu vegna þess að hin jákvæða tekur til alls þess sem sá sem nýtir vatnið má gera en hin í raun og veru telur undantekningarnar. Augljós munur á þessu tvennu, af því að þetta er ekki formbreyting, er auðvitað sá að ef kæmi til nýs gagns af vatni sem lögin gera ekki ráð fyrir, þá gerir jákvæða skilgreiningin ráð fyrir að löggjafinn verði að gera svo vel að skilgreina það upp á nýtt hvort þetta má eða ekki en neikvæða skilgreiningin gerir ráð fyrir að eigandinn geti gert það sem honum sýnist án afskipta löggjafans.

Þetta kemur hins vegar ekki fram hjá ráðherranum heldur segir hún: Þetta breytir engu, það er engin breyting, það er bara formbreyting en samt er eina ástæðan sem hún nefnir í raun og veru fyrir að flytja þetta frumvarp sú að skýra þurfi eignarréttinn. Hvaða vit er í þessu, forseti? Af hverju lætur ráðherrann svona? Af hverju viðurkennir hún ekki a.m.k. að breytingin frá jákvæðu skilgreiningunni til neikvæðrar skilgreiningar er breyting og þar með sé verið að þrengja að almannarétti og auka vægi einkaréttarins og í raun gefa einkaréttinum allt svigrúm í þessu efni?

[17:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef tekið eftir því að hv. þm. Mörður Árnason kemur upp í hverju málinu á fætur öðru og biður um að það sé dregið til baka. Ég held að þingið hafi fram að þessu ekki verið yfirhlaðið störfum þannig að ég held að

full ástæða sé til að reyna að vinna í þeim frumvörpum sem lögð eru fram.

Það að verið sé að auka vægi einkaréttarins með þessu frumvarpi er ekki rétt. Það er búið að margsýna sig og réttarframkvæmdin hefur viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku í gegnum áratugina og þess vegna er ekki verið að gera breytingu hvað það varðar. Þetta er bara eitthvað sem hv. þingmenn telja pólitískt sniðugt (Gripið fram í.) að leggja málið fram með þessum hætti eins og þeir gera. En það er ekki um þá grundvallarbreytingu að ræða á þessu frumvarpi eins og hv. þingmenn sumir hverjir eru að gefa sér. Hins vegar hljóta allir að sjá að lög frá 1923 passa ekki vel í dag. Ekki þarf mörg orð til að útskýra það hvað þjóðfélagið hefur breyst á þeim árum sem liðin eru. Ég tel því að frumvarpið eigi fullt erindi inn í þingið og vonast til að það geti orðið að lögum sem allra fyrst.

[17:56]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Til að taka upp þráðinn þar sem honum var sleppt þá stöndum við náttúrlega frammi fyrir þessari spurningu: Ef nauðsyn krefur að breyta lögum sem sett voru árið 1923, hvernig gerum við það best til að svara kalli tímans? Ég held að það hafi komið skýrt fram í máli stjórnarandstöðuþingmanna sem hér hafa talað og ég hef trú á því að það sé ríkjandi viðhorf í þinginu og utan þess að þörf sé á að setja heildstæða löggjöf um vatn, verndun þess og nýtingu. Spurningin snýst hins vegar um forgangsröðun og með hvaða hætti eigi að setja þá löggjöf og á hvaða forsendum hún eigi að hvíla.

Í fyrra var lagt fram frumvarp að nýjum vatnalögum sem sætti mjög mikilli gagnrýni innan þings og utan og fór svo að ríkisstjórnin féllst á að draga frumvarpið til baka. Nú er það komið fram að nýju með einhverjum breytingum. Breytingarnar eru þó minni en menn höfðu búist við. Ég nefni tvær ástæður fyrir því að menn höfðu talið að gerðar yrðu meiri breytingar á frumvarpinu en raunin hefur orðið.

Í fyrsta lagi var gagnrýnin sem fram kom mjög mikil frá ýmsum samtökum en einnig frá stofnunum sem sinna þessum málum. Hér hefur verið vísað til gagnrýni Umhverfisstofnunar. Náttúrufræðistofnun setti fram mjög harða gagnrýni á það frumvarp. Reyndar voru höfð mjög sérkennileg vinnubrögð við vinnslu frumvarpsins. Orkustofnun var fengið það hlutverk að stunda einhvers konar einkunnagjöf gagnvart þeim sem höfðu sent inn athugasemdir og af því að vitnað var í harða gagnrýni Umhverfisstofnunar má geta þess að Orkustofnun leyfði sér að segja um þá álitsgerð, með leyfi forseta:

„Orkustofnun telur það Umhverfisstofnun til verulegs vansa að láta frá sér fara aðra eins umfjöllun og raun ber vitni um lögfræðileg atriði."

Hún var fengin af hálfu ríkisstjórnarinnar sem eins konar einkunnagjafi til að fella dóma yfir þeim sem höfðu sent inn athugasemdir við það frumvarp. Þetta er önnur ástæðan fyrir því að við höfðum talið að meiri breytingar yrðu gerðar á frumvarpsdrögunum en raun ber vitni.

Hin ástæðan er sú að formaður þingflokks Framsóknarflokksins lýsti því yfir á opinberum vettvangi ekki alls fyrir löngu að frumvarpið yrði ekki lagt fyrir þingið að nýju nema verulegar breytingar hefðu verið gerðar á því frá því það lá fyrir þinginu sl. vor. Ég sakna þess að hv. þm. Hjálmar Árnason skuli ekki vera í þingsal til að skýra þingheimi frá þeim ummælum sínum og hvað valdi því að hér birtist nú frumvarp með tiltölulega litlum breytingum frá því sem var í vor.

Hv. þm. Hjálmar Árnason var staddur á fundi sem sjö félagasamtök höfðu efnt til. Þar sem fjallað var um vatn. Yfirskriftin var: Vatn fyrir alla. Og hv. þingmaður, Hjálmar Árnason, hafði þar ágætis innlegg. Sérstaklega fögnuðu menn yfirlýsingu hans um vatnalögin og breytingar sem væru fyrirhugaðar á frumvarpinu. En á þessari ráðstefnu var kynnt yfirlýsing frá sjö félagasamtökum og stofnunum í samfélaginu, BSRB, þjóðkirkjunni, Menningar- og fræðslusambandi íslenskra kvenna, Landvernd, Kennarasambandi Íslands, Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja og Náttúruverndarsamtökum Íslands. Yfirlýsingin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Undirrituð samtök vilja með sameiginlegri yfirlýsingu þessari vekja athygli ríkisstjórnar, sveitarstjórna, stofnana, fyrirtækja og almennings á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum. Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hugsa verður til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi.

Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn.

Undirrituð samtök telja að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi, eins og kveðið er á um í samþykktum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur undirgengist. Sérhver maður á því rétt á aðgengi að hreinu drykkjarvatni og vatni til hreinlætis og heimilishalds.

Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru.

Nýting vatns skal vera sjálfbær og aðgengi að því tryggt með lögum fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Það er skylda stjórnvalda að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar.

Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja verndun vatns sem náttúruverðmæta sem og að tryggja hollustu og dreifingu vatns til allra þjóðfélagsþegna með fjárfestingu í mannvirkjum og mengunarvörnum. Vatnsveitur verði því reknar á félagslegum grunni, taki mið af almannahagsmunum og tryggi rétt einstaklinga til nægilegs hreins vatns til drykkjar og hreinlætis á viðráðanlegu verði. Það er jafnframt hlutverk stjórnvalda að tryggja að við nýtingu vatns verði öðrum náttúruverðmætum ekki spillt.

Stjórnvöldum ber að tryggja almenningi aðgengi að öllum upplýsingum er varða verndun og nýtingu vatns og stuðla að aukinni virkni almennings og meðvitund um mikilvægi vatns, náttúru og réttrar umgengni við landið.

Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns sem og lögum er varða verndun vatns og náttúru.

Til að tryggja skilvirka verndun og nýtingu vatns ber stjórnvöldum að skipuleggja stjórnsýslu þannig að eðlilegt jafnvægi sé á milli þessara þátta og réttar einstaklinga til aðgengis að vatni."

Þetta er ályktun sjö félagasamtaka og mér er sagt að þeim fjölgi nú félagasamtökunum sem leggi nafn sitt við þessa ályktun. Nú spyr ég: Hver er andinn í þessari ályktun? Hann er að líta beri á vatn sem mannréttindi og sem náttúruauðlind af skornum skammti. Hér er komin sú forgangsröð sem þessi samtök vilja hafa við smíði lagabálks um vatnið. Hæstv. ráðherra vitnar í lagasmíð frá öndverðri 20. öldinni og segir að tími sé kominn til að breyta lögum sem þá voru sett. Í sjálfu sér er ástæða til að taka undir þetta. Þá er spurning: Hver er krafa tímans nú? Árið 1907 voru sett fossalögin svokölluðu sem miðuðu fyrst og fremst að því að verja íslenska almannahagsmuni gagnvart erlendum aðilum sem ásældust fossana og vildu virkja í landinu. Síðan er aftur lagst yfir lögin árið 1917. Þá er skipuð nefnd sem gekk undir heitinu Fossanefndin. Hún klofnar eftir tveggja ára starf. Meiri hluti nefndarinnar vildi tryggja *almannahagsmuni, sameiginlegan eignarrétt yfir vatninu.* En það var minni hlutinn sem horfði til einkahagsmuna og eignarréttar einstaklinganna. Þessi saga er rakin í greinargerð með frumvarpinu, hvernig Einar Arnórsson prófessor var fenginn til þess að semja nýtt frumvarp og síðan hafi einkaeignarréttarsjónarmiðin orðið hinum sterkari. Á þetta benti hæstv. ráðherra í máli sínu áðan. Nú spyr ég, og ég tek hæstv. ráðherra á orðinu þegar hún leggur áherslu á nauðsyn þess að breyta þessum lögum, hvort ekki sé ástæða til að svara því kalli sem ekki aðeins kemur frá félagasamtökum í landinu heldur einnig frá Sameinuðu þjóðunum og frá ýmsum stofnunum og hópum sem horfa á þessi mál núna. Eigum við ekki að svara kalli þessara aðila þegar þessi lög eru tekin til skoðunar að nýju? Mér fannst gæta ákveðinnar mótsagnar í máli hæstv. ráðherra. Annars vegar er talað um nauðsyn þess að breyta gömlum lögum. Hins vegar rígheldur hæstv. ráðherra sér í íhaldssömustu sjónarmiðin sem er að finna í þeim lagabálki.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem því miður hefur að geyma allt of litlar breytingar, frá því í vor er hert á eignarréttarákvæðunum. Hér segir, með leyfi forseta:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur."

Í 18. gr. frumvarpsins er síðan talað um nýtingarréttinn með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Orkunýtingarréttur fasteignareiganda takmarkast við það að enginn sé sviptur vatnsnotum skv. 15. gr. né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun né vatni sem nota þarf með þeim hætti spillt fyrir neinum svo að til verulegra óþæginda horfi."

Í greinargerðinni er vísað í almenn heimilisnot og að þeim slepptum segir hér, með leyfi forseta:

„Að þeim notum slepptum er ekki ráðgert að lögð séu sérstök bönd á fasteignareiganda hvað varðar nýtingu og ráðstöfun vatnsréttinda."

Alls staðar í frumvarpinu og í skýringargögnum með því er hert á þessum eignarhaldsákvæðum.

Hins vegar er það ekki alveg rétt að vatnalögin frá 1923 hafi ekki verið tekin til endurskoðunar. Það sem hefur verið að gerast hér á undanförnum árum er einmitt það að vatnalögin eða innihald þeirra hefur verið tekið og bútað niður og er og hefur verið að birtast okkur í aðskiljanlegum lagasmíðum undangenginna ára, í lögum um vatnsveitur, raforkulögum, lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem núna eru til endurskoðunar og birtust okkur síðastliðið vor í frumvarpsdrögum um jarðrænar auðlindir. Meginstefnan, megináherslan í allri þessari lagasmíð er að flytja yfirráðin yfir vatni úr umhverfisverndarumhverfinu yfir í nýtinguna, frá umhverfisráðuneyti og yfir til iðnaðarráðuneytis. Þetta er meginstefnan, rauði þráðurinn í lagasmíð ríkisstjórnarinnar á undangengnum árum. Það er hérna sem við teljum að þurfi að endurskoða afstöðuna í öllum grundvallaratriðum. Síðan er hitt, mikilvægi þess að skoða þessi mál heildstætt. Og af því ég var að vitna í einkunnagjöf Orkustofnunar um þá aðila sem veittu umsögn um vatnalögin síðastliðið vor þá segir hér á einum stað, með leyfi forseta:

„Litið er til vatnalífríkis í tilskipuninni" — og það er vitnað í tilskipun Evrópusambandsins — „sem gleggsta vísisins fyrir vatnsgæðin og því lögð áhersla á eftirlit með því. Sú umsýsla sem þar er gert ráð fyrir lýtur að þessu viðfangsefni. Þau mál eru hérlendis á forræði umhverfisráðuneytis og í umsjón Umhverfisstofnunar og gerir frumvarpið til vatnalaga ekki ráð fyrir breytingum á þeirri skipan. Frumvarp til vatnalaga fjallar um aðrar hliðar vatnamála en ekki um vatnsverndun og vatnsgæði og er því hér ekki um skörun að ræða."

Í rauninni er þetta allt einn pakki sem þarf að skoða heildstætt. Þar með er ekki sagt að ekki sé hægt að taka á honum með aðskiljanlegum lögum eða fleiri en einni lagasmíð. En hér skiptir þó öllu máli hvað hefur forgang, hvar menn byrja. Þess vegna vil ég taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Marðar Árnasonar um mikilvægi þess að byrja á vatnsverndinni, að byrja á þeim þættinum. Síðan eigum við að spinna okkur áfram því allt er þetta á endanum spurning um forgangsröð og því miður er hún alröng hjá ríkisstjórninni. Hún er komin inn á mjög varhugaverða stigu með þessu frumvarpi. En ég vona að það eigi eftir að fá góða og mjög mikla umræðu í þjóðfélaginu. Það er mikilvægt að okkur takist að setja löggjöf um þetta mikilvæga *mál á þessu kjörtímabili. En ef einhver er að láta sig* dreyma um að þetta verði grundvöllur einhverrar hrákasmíði um þennan mikilvæga málaflokk þá fer sá hinn sami villur vegar. En við erum tilbúin og mjög fýsandi þess að taka á þessu mikilvæga og spennandi verkefni.

[18:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ég verð fyrir miklum vonbrigðum með það vegna þess að menn komust til ráðs á

síðasta vetri með þeim hætti að tveimur af þeim frumvörpum sem eiga hér hlut að máli og voru til umfjöllunar í þinginu var frestað, því hélt ég að menn fengju þessi málefni til heildstæðrar skoðunar núna. Það kom skýrt fram að nánast væri tilbúið frumvarp í umhverfisráðuneytinu um vatnsvernd. Lái mér hver sem vill en tilskipanir Evrópusambandsins, sem liggja að baki því sem þar á að vera, vil ég meina að geti haft áhrif á hvað menn ætli að gera á Íslandi í þessum efnum.

Ég tel undarlegt hve mikið mönnum liggur á í þessu máli þegar fyrir liggur, meira að segja í áliti þeirra sem sömdu frumvarpið, að engin sérstök vandamál hafi fylgt þeim lögum sem nú eru í gildi um þetta efni. Þess vegna er ósköp eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra eftir því hvað liggi á. Ég held satt að segja áfram að binda vonir við að menn skoði sig um í þessu og líka sérstaklega vegna þess að mikilvægustu stofnanir umhverfisráðuneytisins hafa bent mjög skýrt og ákveðið á vandamál sem fylgja þessari lagasetningu. (**Iðnrh.:** Þær eru allar sáttar við þetta.) Það kemur mér ákaflega mikið á óvart og við í iðnaðarnefnd munum örugglega þegar farið verður að fjalla um málið óska eftir að fá að heyra álit þeirra sem skrifuðu þessi álit fyrir hönd Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar á þeim breytingum sem hafa verið gerðar á frumvarpinu, því ég get ekki séð með nokkru móti að komið sé til móts við þá gagnrýni sem kom fram í álitum þeirra á síðasta vetri. (**MÁ:** Það er kannski búið að reka þá núna.) Fyrir nú utan það að ég ætla að koma aðeins betur að því sem ég nefndi áðan um vatnið, þ.e. á vettvangi ESB.

Hér segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Vatn er lífsnauðsynleg auðlind og arfleifð alls mannkyns og alls lífríkis á jörðinni. Þessi hugsun er ráðandi í lagabálkum í nágrannalöndum okkar og kemur vel fram í vatnatilskipun ESB frá því árið 2000 sem segir efnislega að vatn sé ekki söluvara heldur sameiginlegur arfur mannkyns sem beri að varðveita, vernda og umgangast í samræmi við það. Nú er unnið að lögleiðingu vatnatilskipunar ESB hér á landi í heildstæðri löggjöf um vernd og nýtingu vatns. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að sértæk lög um eignarhald og umsýslu með vatni séu lögfest áður en fyrir liggur hvernig vatnatilskipunin verður innleidd."

Ég spyr: Hvernig í ósköpunum geta menn sem skrifa svona verið búnir að samþykkja það núna að þetta sé bara allt í góðu lagi? Frumvarpið er ekki komið fram. Það er ekki einu sinni á málaskrá ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.) Ég tel þess vegna að ástæða sé til og við fáum sjálfsagt svör við því þegar nefndin fer að fjalla um málið hvort þessi sátt er þá komin og hvernig hún er til komin, hvort allt þetta sem við fengum frá þeim stofnunum sé þá tómur misskilningur því að gagnrýnin sem fólst í t.d. bréfi frá Umhverfisstofnun frá því 21. mars 2005 er mjög hörð og niðurstaðan er tekin saman í lok þessa bréfs.

Þar stendur, með leyfi forseta:

„Umhverfisstofnun leggur til að:

texti og efni framlagðs frumvarps verði afmarkað og takmarkað við þann þátt vatnsnýtingar er snýr að orkunýtingu og beri heitið Lög um orkunýtingu vatns, og lög nr. 15/1923 haldi gildi sínu þar til vatnalög byggð á vatnatilskipuninni hafa tekið gildi, eða

frumvarpið verði unnið nánar og lagt fram að nýju með nútímalegri viðhorfum, eftir víðtækt samráð við þá sem málið varða. Það byggi á vatnatilskipuninni og fjalli um vatn í víðustu merkingu þess orðs."

Er búið að gera þetta? Ekki held ég það. Ég get ekki séð að breytt hafi verið nokkrum sköpuðum hlut sem máli skiptir. Ég endurtek að fróðlegt verður að heyra í forstöðumönnum þessara stofnana ef þeir hafa gjörsamlega skipt um skoðun og rannsóknarefni hvernig slík umpólun getur átt sér stað, ef þannig er.

Ég er svolítið ráðvilltur í því hvað ég á að halda um þetta mál. Mér finnst einhvern veginn að okkur vanti skýringuna á því hvað rekur menn svona áfram í málinu. Hún hefur ekki komið fram að mínu viti. Það getur ekki verið af því að vatnalögin séu komin til ára sinna. Það hlýtur að vera eitthvað annað. Hæstv. iðnaðarráðherra vill greinilega ekki bíða eftir kollega sínum í umhverfisráðuneytinu með það verkefni sem hann hefur með höndum hvað þetta varðar. Skyldi það vera þannig að menn óttist að umræðan um málið geti tekið nýja stefnu ef menn þyrftu að fara yfir það frumvarp eins og það kemur til með að líta út? Ég bara spyr. Ekki veit ég það. En ég er á þeirri skoðun að hér sé um eitthvað að ræða sem við höfum ekki skilið enn þá.

Ég vil síðan nefna það, af því að hæstv. ráðherra svaraði í andsvari áðan að þetta frumvarp fjallaði um yfirborðsvatn. (**Iðnrh.:** Ég mismælti mig að það væri eignarréttur ...) Hæstv. ráðherra, allir hafa leiðréttingu orða sinna og ég ætla því ekki að fjalla nánar um það. En ég ætla að vitna í 4. gr. frumvarpsins en þar stendur, með leyfi forseta:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur."

Ég held að það hversu víðtæk þau lög verða sem hér stendur til að setja eigi að verða til þess að menn fjalli mjög nákvæmlega um þetta mál og velti því mjög vel fyrir sér hvaða áhrif þetta getur haft á túlkanir laga og dómaframkvæmd. Ég get ekki sætt mig við að hæstv. ráðherra geri lítið úr áliti Lögmannafélagsins, því að laganefnd Lögmannafélagsins segir að það sé til þess fallið að vekja vafa um markmið breytinganna að segja ekki afdráttarlaust að hér sé um formbreytingu að ræða.

Nú verður málið enn alvarlegra þegar hæstv. ráðherra vill ekki fallast á álit Lögmannafélagsins vegna þess að þá má túlka málið þannig að hæstv. ráðherra hafi aðra skoðun. Ekki kann ég að finna út úr því hvaða áhrif það getur haft á niðurstöður dóma en ég sé a.m.k. að það hljóti að vera ástæða til að nefndin fari yfir það með þeim sem þetta settu fram hvað þarna getur verið á ferðinni og hvort hægt er að ganga þannig frá málum, ef niðurstaðan verður sú að þetta gangi allt til enda, sem ég ætla satt að segja að vona að verði ekki, nema allt málið skili sér í hendur Alþingis í vetur þannig að menn geti fjallað um það í heild sinni og menn fái þá botn í hvað þetta geti þýtt þegar kemur til dómaframkvæmda.

Það er út af fyrir sig ekki ætlan mín að fara að ræða málið núna í einhverjum smáatriðum. Mér fannst fyrst og fremst ástæða til að rifja upp hvernig málið bar að á síðasta vetri. Ég sé að ýmsar af þeim athugasemdum sem ég gerði

við málið, sem ég ætla ekki að fara yfir hér, þar sem mér fannst vera óskýrt að orðið kveðið í hinum ýmsu lagagreinum, hafa ekki borið neinn árangur. Mér finnst ekki ástæða til að fara yfir þá hluti hér, ég mun gera það í nefndinni. Ég tel að full ástæða sé til að fá að nýju umsagnir þeirra aðila sem komu að því að gefa umsagnir um málið mál. Ég tel einnig fulla ástæðu til að kalla eftir þeirri stöðu og yfirferð á því hvernig málið stendur í umhverfisráðuneytinu hvað varðar það lagafrumvarp sem þar er á ferðinni og að nefndin fái að sjá hvað stendur í því frumvarpi eða þeim frumvarpsdrögum, því að þar liggja fyrir drög og ég efast ekki um að það sé satt, það getur því verið nefndinni til hjálpar að skoða það. En fyrst og fremst held ég að krafan hljóti að verða sú að menn fái að fást við þetta mál í heild sinni. Sú krafa hlýtur að ná fram að ganga að mínu viti vegna þess að ef hún á ekki að gera það þá þurfa menn að færa fram fyrir því mjög sterk rök hvað það er sem er svona nauðsynlegt í því að þetta mál gangi fram áður en menn ljúka umfjöllun um þá hluti sem ég hef verið að tala um og eru í frumvarpinu sem umhverfisráðuneytið er með á sínum borðum.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra núna, hæstv. forseti, en ég ber þá von í brjósti að okkur takist að fá að tala um þetta mál í heild sinni.

[18:27]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi andsvars míns óska eftir góðu samstarfi við hv. þm. Jóhann Ársælsson í iðnaðarnefnd í þeirri miklu vinnu sem fram undan er við það frumvarp sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur lagt fram.

Hæstv. forseti. Ég vil fá það á hreint í þessari umræðu, af því að verið er að ræða um að ríkisstjórnin sé að einkavæða vatnið og hefta aðgang almennings að vatnsnotkun hér á landi, hvort það sé ekki sameiginlegur skilningur minn og hv. þingmanns að lög um vatnsveitur sveitarfélaga kveði afdráttarlaust á um að það sé skylda sveitarfélaganna að veita öllum íbúum sínum, almenningi, heimilum og fyrirtækjum aðgang að vatni.

Kveðið er skýrt á um það, með leyfi hæstv. forseta, í 1. grein:

„Í þéttbýli skulu sveitarfélög starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er, nema í þeim tilvikum sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar og í 4. gr.“

Í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, í 15. grein, kemur skýrt fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna grunnvatns innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er þar.“

Þetta er nokkuð afdráttarlaust, hæstv. forseti, og ég vil heyra hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni hvort það sé ekki ljóst, þó að þessum lögum verði breytt, að aðgengi almennings að vatnsnotkun og frjáls för um vötn og annað slíkt — það er ein breyting sem gerð var núna á milli þessara tveggja þinga — hvort það standi ekki allt saman. Ég mundi vilja heyra sjónarmið hans í þessum efnum.

[18:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að stæða sé á til að fara yfir þessi mál í samhengi við þá umfjöllun sem hér á að fara fram í vetur, því að það er full ástæða til að menn lesi þetta allt saman. Hér hafa verið gerðar breytingar á lögum og komið fram ný lög um hin ýmsu efni sem voru í vatnalögunum áður og það er alveg full ástæða til að passa upp á að ekkert hafi fallið þar niður á milli. Sú hætta er einmitt fyrir hendi ef menn ætla að sleppa hluta af þessari lagasetningu út úr umfjölluninni sem nú er fram undan.

Ég ætla að vona að engin hætta sé á ferðum gagnvart rétti sveitarfélaga og fólksins í þéttbýlinu til þess að nýta sér vatn. Ég skal þó ekkert um það fullyrða því að það er augljóslega á ferðinni breyting á eignarrétti á vatni með því að skilgreina hann með öðrum hætti. Ekki er ljóst hvernig það mun breyta dómaframkvæmd í framtíðinni þegar til lengdar lætur. Og við vitum þá ekki hvort sveitarfélög muni með sama hætti geta sótt t.d. vatn út fyrir lögsagnarumdæmi sín eins og þau hafa getað gert fram að þessu.

[18:30]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Dómar eða dómafordæmi munu ekki breytast við breytingu á þessum lögum. Eins og hæstv. ráðherra rakti áðan hefur dómaframkvæmd og dómahefð verið eignarréttinum í vil. Það er alveg ljóst. Hér er einungis um formbreytingu að ræða en ekki stefnubreytingu í þessum efnum.

Hins vegar vil ég hnykkja á einu sem var mikið til umræðu í iðnaðarnefnd á síðasta vetri. Þar fór fram umræða um frjálsa för fólks um vötn og aðgengi að vötnum. Sú breyting hefur verið gerð af hálfu hæstv. iðnaðarráðherra í samstarfi við umhverfisráðherra sem fram kemur greinargerð með 43. gr. frumvarpsins: „Gert er ráð fyrir að sá almannaréttur sem hingað til hefur gilt standi óbreyttur ...“

Það er því ljóst að menn hafa gert þá jákvæðu breytingu að réttindi almennings hvað þetta varðar verða ekki skert. Það verður engin breyting á réttindum almennings í landinu til aðgengis að vötnum og öðru slíku eins og hv. nefndarmenn hafa haft eðlilegar áhyggjur af. Ég tel að þær breytingar sem hafa átt sér stað í ágætri samvinnu hæstv. iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra séu af hinu góða. Ég vil að iðnaðarnefnd fari vel yfir málið í heild sinni. Þetta er viðamikið mál en ljóst að það þarf að einfalda þennan lagabálk frá árinu 1923. Það eru komin ný lög, t.d. um vatnsveitur sveitarfélaga og aðra málaflokka. Það er nauðsynlegt og eðlilegt að einfalda þann lagabálk sem hér er til umræðu.

[18:33]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þingmaður færast töluvert mikið í fang ásamt hæstv. ráðherra þessara mála, við að halda því fram fyrir fram að dómaframkvæmd geti ekki breyst vegna breytinga á lögum í þá átt sem hér um ræðir. Ef laganefnd Lögmannafélagsins hefur áhyggjur og telur að orðalagið sem ég nefndi fyrr í ræðu minni sé til þess fallið að vekja vafa um markmið breytinganna þá held ég að

hæstv. ráðherra og hv. þingmaður ættu líka að hafa áhyggjur af því.

Hæstv. ráðherra hefur að vísu svarað því til að hann sjái enga ástæðu til að gera neitt í málinu þótt að Lögmannafélagið hafi áhyggjur af þessu. En hv. þingmaður er formaður nefndarinnar og gæti haft af þessu áhyggjur og ætti að hafa. Ég tel ástæðu til að við förum vandlega yfir þessa þætti og ég fagna því að hv. þingmaður ætli að leggja mikla vinnu í frumvarpið. Ég lýsi því yfir að ég er tilbúinn að taka þátt í henni.

Ég vona að okkur verði gert kleift að fá allar upplýsingar um málið, að við fáum að skoða hverju við eigum von á vegna tilskipunarinnar frá ESB þannig að við getum horft yfir málið í heild. Það er ekki hægt að gera það öðruvísi. Ég tel að það sé full ástæða til að menn gefi sér ekki fyrir fram að þetta mál gangi fram í vetur, nema málið sé lengra komið í umhverfisráðuneytinu en komið hefur fram á þessum fundi.

[18:35]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Það fór eins og mig grunaði, að umræður hafa þróast á þann veg að nauðsynlegt er að hæstv. umhverfisráðherra sé viðstaddur þessa umræðu. Ég geri mér grein fyrir að umhverfisráðaherra var ekki hér í dag og sennilega með fjarvistarleyfi. Ég gerði því ekki athugasemd við það þegar umræðan hófst. En ég vil rifja upp að í fyrra, þegar 1. umr. um svipað frumvarp og nánast óbreytt frumvarp fór fram, var beðið um þetta og umhverfisráðherra var viðstaddur. Hann varð að vísu að fara áður en umræðunni lauk, sem við kvörtuðum yfir en við því var ekki mikið að gera. En þeim mun meiri ástæða er til þess að hæstv. ráðherra sé hér nú í framhaldi umræðunnar.

Við höfum beinlínis verið að tala um hver valdaskiptingin sé. Við höfum verið að tala um frumvarp sem nú hefur í tvígang verið sagt að liggi tilbúið í umhverfisráðuneytinu eða sé til í drögum í umhverfisráðuneytinu. Við höfum einnig talað um vatnatilskipun Evrópusambandsins sem samið er um milli EFTA og ESB. Þótt það sé að vísu ekki beinlínis á valdsviði umhverfisráðherra þá ætti hann að vita nákvæmlega hvernig það mál er statt en um það veit hæstv. iðnaðarráðherra greinilega ekki. Hæstv. iðnaðarráðherra setur fram um þessi tvö efni nákvæmlega sama orðalag í greinargerð sinni núna, í nóvember 2005, og hann gerði í desember 2004. Það er ekki boðlegt, forseti, að koma fyrir þingheim og hafa ekki á reiðum höndum upplýsingar um þetta mál.

Eins og ég sagði áðan vildi ég ekki tromma upp með þetta eins og einhverjar óeirðir þegar ljóst var að hæstv. umhverfisráðherra Sigríður Anna Þórðardóttir var fjarri á þessum þingdegi. En ég tel fulla ástæðu til þess, eftir því sem umræðan þróast, að umhverfisráðherra sé viðstödd á svipaðan hátt og var í fyrra, er hún ætlaði að vera til loka umræðunnar. Ég kalla þess vegna eftir því að annaðhvort verði umræðum hér hreinlega frestað — það er ekki mikið eftir af þessum vinnudegi — og þær hefjist síðar þegar umhverfisráðherra getur verið viðstödd eða að reynt verði að hafa upp á umhverfisráðherra og hún beðin um að koma til umræðunnar ef hún mögulega getur, þann tíma sem eftir stendur af vinnudegi þingsins.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að láta athuga hvort hæstv. umhverfisráðherra geti komið til þessa fundar. Annars vill forseti vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að ljúka þessum fundi um sjöleytið. Enn eru fjórir hv. þingmenn á mælendaskrá þannig að forseti gerir ráð fyrir að framhald verði á þessari umræðu og þá gefist tækifæri til að hæstv. umhverfisráðherra komi til umræðunnar, ef hæstv. ráðherra hefur ekki tök á því nú.)

[18:38]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Merði Árnasyni, sem vekur athygli á því að umræðan virðist ætla að renna í sömu spor og þegar við ræddum þetta mál síðast hér í þinginu. Þá var 1. umr. um málið frestað og hæstv. umhverfisráðherra kom til umræðunnar þegar málið var aftur tekið fyrir. Þótt hæstv. ráðherra hafi ekki getað verið viðstödd alla umræðuna tel ég samt enn — ég var að kynna mér þau gögn sem liggja fyrir um þá umræðu — að það hafi verið umræðunni til góðs að hæstv. umhverfisráðherra var viðstödd og lagði þar eitthvað til mála.

Ég verð að lýsa vonbrigðum með það hæstv. iðnaðarráðherra hafi ekki undirbúið sig nægilega vel fyrir umræðuna. Hún er greinilega ekki tilbúin að svara þeim spurningum sem hvíla á okkur sem sitjum í umhverfisnefnd Alþingis. Það er deginum ljósara að þessir tveir þættir, nýtingin á vatninu og umhverfisþátturinn, verða ekki aðskildir. Þrátt fyrir þær breytingar sem hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir er ljóst að hér skarast mjög veigamiklir þættir. Það er fullkomlega óeðlilegt að ræða þetta mál áfram án þess að umhverfisráðherra komi að þeirri umræðu.

Ég vil spá því, hæstv. forseti, að þessi umræða eigi eftir að verða svo yfirgripsmikil, þegar fólk áttar sig almennilega á henni, að hér eigi fleiri ráðherrar eftir að óska þess að vera viðstaddir. Ég auglýsi t.d. eftir atvinnumálaráðherra eins og samgöngumálaráðherra. Hér er gengið á ólíka atvinnuhagsmuni. Ég nefni ferðamennskuna sem er á forræði hæstv. samgönguráðherra. Það væri hreint ekki óeðlilegt að hann kæmi inn í þessa umræðu.

Hæstv. iðnaðarráðherra lætur í veðri vaka að þetta sé einfalt mál, formbreyting og hún slettir í góm yfir því hve lítilfjörlegt málið er. En, hæstv. forseti, svo er ekki. Þetta á eftir að verða eitt af veigamestu málum þessa þings. Sannið til.

[18:40]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er einhver misskilningur í gangi (**KolH:** Já, þetta er misskilningur, já.) ef hv. þingmenn telja að frumvarpið geti heyrt undir fleiri en einn ráðherra. Það er bara þannig í Stjórnarráði Íslands að aðeins einn ráðherra fer með hvert mál fyrir sig. Með þetta mál fer iðnaðarráðherra. (Gripið fram í.)

Ef hv. þingmenn telja að ekki sé hægt að leggja fram frumvarp nema að bíða eftir einhverjum tilskipunum frá Evrópusambandinu þá er það ekki þannig. Hér fer fram sama umræðan og fór fram í vor, að hluta til. Samt liggur

fyrir að það er samkomulag við stofnanir umhverfisráðuneytisins um frumvarpið. (**KolH:** Hvar liggur það fyrir?) Hv. þingmenn verða bara að trúa því sem ég segi um að náðst hafi samkomulag. (**MÁ:** Þeir trúa því ekki.) Nei, það er leitt.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ekki frammíköll.)

Það er mjög leitt ef því er ekki trúað sem hér er sagt en svona er þetta. Að sjálfsögðu er það mér að meinalausu að hæstv. umhverfisráðherra sé í salnum þegar þessi umræða fer fram. Það er hins vegar þannig að þetta frumvarp snýst um nýtingu vatns og verndun vatns er annað mál. Við erum ekki beinlínis í vandræðum á Íslandi hvað vatnið varðar. Það er ein af okkar sterkustu og mestu auðlindum. En það getur vel verið að einhverjir séu þeirra skoðunar að það eigi alls ekki að nýta vatnið eins og við höfum gert í gegnum áratugina. Meðal annars er það vegna þeirrar nýtingar að Íslendingar búa við þau lífskjör sem raun ber vitni.

Það getur vel verið að einhverjir séu annarrar skoðunar en engu að síður verðum við að hafa lög í landinu um nýtingu vatns. Um það snýst málið. Ég er ekki þeirrar skoðunar að við getum ekki lagt fram frumvarp á Alþingi nema að borist hafi tilskipun frá Brussel sem reki okkur til þess. Þetta er frumvarp sem er unnið að okkar frumkvæði til að breyta lögum frá 1923 og þótt fyrr hefði verið.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill óska eftir því að hv. þingmenn sem kveðja sér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta fari ekki í efnislega umræður um málið sem hér er á dagskrá.)

[18:43]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er það náttúrlega Alþingi sem setur lög en ekki ríkisstjórnin. Það erum við sem ræðum um frumvarp ... (**Iðnrh.:** Ríkisstjórnin flytur málið.) Ríkisstjórnin er að flytja mál og þegar hæstv. ráðherra segir að samkomulag hafi verið gert við umhverfisráðuneyti eða undirstofnanir þess þá vil ég benda hæstv. ráðherra á að við þingmenn höfum óskað eftir nærveru ráðherra til að leita álits hans og upplýsinga frá honum. Við ætlum ekki að láta flytja okkur boðskap um hvað kunni að hafa gerst í stjórnsýslunni eða í bakherbergjum ríkisstjórnarinnar. Við eigum rétt á að fá upplýsingar sem við óskum eftir við umræðu um þetta mikilvæga mál.

Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að leita eftir því að hæstv. umhverfisráðherra komi til umræðunnar. Ef hæstv. ráðherra kemst ekki tel ég einboðið að fresta umræðunni.

[18:44]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði að mál heyrðu bara undir eitt ráðuneyti. Það er út af fyrir sig rétt. En nú hagar svo til að það er verið að setja lög á grundvelli eins lagabálks. Þau lög eru orðin nokkuð mörg. Ætli það séu ekki fjórir eða fimm lagabálkar sem koma í kjölfarið á þessum lögum frá árinu 1923? Og þau heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti.

Það hlýtur að vera krafa Alþingis og þingmanna að menn hafi heildaryfirsýn yfir það sem er að gerast þegar svo hagar til sem núna. Mér finnst þess vegna full ástæða til að menn hlusti á hæstv. umhverfisráðherra, að hún mæti til umræðunnar og komi á framfæri því mikilvægasta sem um er að vera í því ráðuneyti vegna þessarar lagasetningar. Þá kemur skýrt fram hvort ástæða er til að halda að frumvarpið sem hér er til umræðu og frumvarp sem til umfjöllunar er í umhverfisráðuneytinu geti skarast með einhverjum hætti. Þar með kemur í ljós hvort ástæða sé til að t.d. fresta umfjöllun um þetta mál þar til menn hafa í höndum frumvarpið sem er í smíðum í umhverfisráðuneytinu. Það eru m.a. þau atriði sem við þurfum að ræða í sölum Alþingis.

Ég held að því miður sé staðan sú sama og í fyrravetur, að menn hafi ekki undirbúið málin nægilega vel. Það þurfa menn að gera sameiginlega og þótt menn telji sig búa hvorn á sínum bænum í þessum ráðuneytum þurfa þeir að ná samstöðu um það þegar hluta á sundur heilan lagabálk eins og þennan og klára að setja löggjöf á grundvelli hans. Það þarf að gerast þannig að menn hafi yfirsýn. Hún er ekki fyrir hendi núna.

[18:46]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir þakkir til hæstv. forseta varðandi skilning hennar á því að gera þurfi hæstv. umhverfisráðherra viðvart um þá umræðu sem hér fer fram. Ég vonast til að við fáum fréttir af því hvort hæstv. ráðherra er á leið til umræðunnar eða hvort við þurfum að bíða með að fá hana hingað þar til umræðan verður aftur tekin.

En mig langaði til að bæta við það sem ég sagði áðan. Hér erum við að ræða frumvarp til vatnalaga. Það er auðvitað alveg rétt. Ég held því hins vegar fram að hér sé um hálfgerðan bastarð að ræða og þetta frumvarp eigi alls ekki að heita frumvarp til vatnalaga, að þetta snúi ekki að vatnalögum og eigi ekki að teljast til þeirra. Þetta eru ekki vatnalög í eiginlegum skilningi.

Það sem við ættum að ræða hér í frumvarpi frá hæstv. iðnaðarráðherra væru lög um vatnsréttindi. En samhliða slíku frumvarpi ættum við að ræða annað frumvarp, frá hæstv. umhverfisráðherra sem héti lög um vatnsvernd. Það er deginum ljósara og kristallast í þeirri umræðu sem fram hefur farið að það er nauðsynlegt að taka þessi mál saman. Við getum ekki aðskilið þau. Hæstv. umhverfisráðherra segir einatt sjálf að bæði eigi að vera hægt að vernda og nýta. Ég held að ég hafi heyrt hæstv. iðnaðarráðherra segja eitthvað slíkt sömuleiðis.

Við skulum bara bíta í það súra epli og kyngja því að þessa þætti þurfum við að ræða saman, annars vegar frumvarp um vatnsréttindi og hins vegar frumvarp um vatnsvernd. Það er eftir slíkri umræðu sem þingheimur kallar núna.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti hefur fengið þær upplýsingar að ráðherra hafi verið gert viðvart. En ráðherra mun ekki ná hingað í hús, þar sem hún er stödd í bænum, miðað við þann tíma sem við höfum til umráða. Einn hv. þingmaður í viðbót hefur kvatt sér hljóðs um fundarstjórn forseta. En þegar umræðum um fundarstjórn forseta er lokið mun forseti fresta umræðunni. En enn eru fjórir á mælendaskrá.)

[18:49]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég er dálítið hissa á þessari fundarstjórn. Við ræðum hér um mál sem heyrir undir iðnaðarráðherra og það var búið að segja mér að fundurinn yrði til klukkan sjö. En þá koma þingmenn og biðja um annan ráðherra sem málið heyrir ekki undir. En af því að hann getur ekki komið þá ákveður forseti að fresta fundinum.

Þetta finnst mér ekki vera rétt fundarstjórn. Það hefði augljóslega verið hægt að halda áfram með þessa umræðu. Hv. þingmenn hafa talað um að samráð þurfi milli þessara tveggja ráðuneyta og ráðherra. Það samráð hefur farið fram enda hafa verið gerðar breytingar á frumvarpinu, eins og allir geta séð, frá því í vor. Í einni greininni er meira að segja ákvæði þess efnis að til að breyta reglugerð þurfi að bera þá breytingartillögu undir umhverfisráðuneytið, sem er mjög sérstakt í lagasetningu.

En hv. þingmenn hafa greinilega ekki kynnt sér málið nægilega vel og halda að þetta sé sama frumvarpið og var lagt fram í vor, sem er að sjálfsögðu ekki. Ég tel því að halda hefði átt áfram með þessa umræðu.

[18:50]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill vekja athygli á því að ákveðið var á fundi með forseta og formönnum þingflokka að í dag lyki þingstörfum klukkan sjö. Klukkuna vantar núna tíu mínútur í sjö og það var einboðið, miðað við þá umræðu sem í gangi var um fundarstjórn forseta, að hún héldi áfram þar til að þingfundi lyki. Forseti sá því enga ástæðu, með tilliti til þess hvernig umræðan hefur þróast, til annars en að fresta þessari umræðu.

Það hefði litlu breytt þótt forseti hefði gefið næsta þingmanni orðið, sem hefði 20 mínútur til að halda ræðu sína. Forseti hefði orðið að fresta umræðunni og sá ekki tilgang í að halda áfram þessum fundi.

[18:51]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Vegna athugasemda hæstv. ráðherra verð ég, sem hóf umræðuna, að ítreka að í fyrsta lagi féllst hæstv. umhverfisráðherra á það í fyrra, sami umhverfisráðherra og nú situr, að vera viðstödd umræðuna. Hún fór áður en henni lauk, aðeins af því að hún átti brýnt erindi burtu og umræðan hafði dregist lengur en hún átti von á. Það olli því að hún gat t.d. ekki svarað fyrirspurnum sem fram voru bornar og hefði þurft að svara í þeirri umræðu.

Í öðru lagi háttar svo til, þannig að þinglegt orðalag sé notað, að hæstv. iðnaðarráðherra getur ekki svarað þeim spurningum sem fram eru bornar. Hún hefur ekki treyst sér til að svara spurningunum um viðræður ESB og EFTA sem hún segir í athugasemdum, eins og í fyrra, að ætti að ljúka eftir næstu áramót. Eru það áramótin 2004–2005 sem átt var við? Eru það áramótin 2005–2006 sem átt er við eða eru það einhver önnur áramót? Eru það bara einhver næstu áramót? Þessu hefur hæstv. iðnaðarráðherra ekki svarað.

Hæstv. ráðherra hefur ekki heldur svarað því hvað líði frumvarpi sem liggur fyrir í drögum, núna væntanlega og líka 6. desember í fyrra. Þar að auki hefur ráðherra sagt að Umhverfisstofnun hafi verið beygð til hlýðni eftir að hún kom í fyrra með ákaflega ítarlega gagnrýni á þetta frumvarp. Ég verð að segja að ef Umhverfisstofnun segir annað núna um nánast óbreytt frumvarp sem hér liggur fyrir en hún sagði um frumvarpið í fyrra þá hafi annaðhvort gerst að ráðherrar hafa farið þannig með embættismenn að ekki er sómi að eða að Umhverfisstofnun hafi gerst sek um að ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill ítreka að undir þessum lið skal ekki rætt efnislega um það frumvarp sem hér er á dagskrá heldur eingöngu um fundarstjórn forseta.)

Ég hlíti orðum forseta og hrósa henni fyrir viðbrögð sín í þessu máli, sem ég tel hárrétt.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 18:54.

---

17. FUNDUR

þriðjudaginn 8. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 267. mál, þskj. 280. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, stjfrv., 279. mál, þskj. 294. — 1. umr.
3. Stjórn fiskveiða, frv., 17. mál, þskj. 17. — 1. umr.
4. Fullorðinsfræðsla, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.
5. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 32. mál, þskj. 32. — 1. umr.
6. Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, þáltill., 35. mál, þskj. 35. — Fyrri umr.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.
8. Lögreglulög, frv., 46. mál, þskj. 46. — 1. umr.
9. Sala áfengis og tóbaks, frv., 47. mál, þskj. 47. — 1. umr.
10. Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.
11. Fiskverndarsvæði við Ísland, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður verða í dag. Hin fyrri hefst strax að lokinni atkvæðagreiðslu um fyrsta dagskrármálið og er um aðbúnað og aðstæður á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Málshefjandi er hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson. Hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, verður til andsvara.

Hin síðari hefst kl. 2 og er um vanda rækjuiðnaðarins. Málshefjandi er hv. þm. Kristján L. Möller. Hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 267. mál (afnám úrskurðarnefndar). — Þskj. 280.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Aðbúnaður og aðstæður aldraðra á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

[13:33]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Undanfarnar vikur hefur þjóðin þurft að horfa upp á sláandi fréttir um aðstæður og aðbúnað eldri borgara á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Þrátt fyrir frábært starfsfólk á þessum heimilum getur ástandið sums staðar verið mjög erfitt og hafa t.d. aldraðir íbúar á Sólvangi í Hafnarfirði allt að helmingi minna rými til afnota en kröfur heilbrigðisyfirvalda kveða á um. Hjúkrunarforstjórinn hefur sagt að sjúkradeildir séu blandaðar mjög ólíku fólki og að fólk sé jafnvel sett í lyfjafjötra sé áreitið of mikið. En ríkisstjórnin segir að almennra úrbóta á Sólvangi sé hins vegar ekki að vænta fyrr en árið 2008. Frú forseti. Það er bara allt of seint. Við þurfum tafarlausar aðgerðir.

Frú forseti. Komið hafa fram upplýsingar um að á hjúkrunarheimilinu Skjóli hefur fólk neyðst til að ráða sér sérstaka starfskrafta inn á hjúkrunarheimilið fyrir eigin kostnað. Hæstv. forsætisráðherra sagði í gær að hann kannaðist ekkert við þessar upplýsingar þrátt fyrir að þær hafi tröllriðið samfélaginu í meira en viku. Þessir aðkeyptu starfskraftar hafa meira að segja séð um grunnaðhlynningarhætti, svo sem matargjafir og klósettferðir og dæmi eru um að þeir hafi unnið ásamt viðkomandi fjölskyldu í allt að 270 stundir á mánuði á stofnuninni. Einnig veit ég til þess að fólk hefur ráðið starfsfólk í umönnun heim til sín fyrir eigin kostnað þar sem það hefur álitið sig vera útskráð of snemma af heilbrigðisstofnun eða það telur sig ekki fá nægilega heimahjúkrun. Hér erum við komin með staðfestingu á tvöföldu kerfi í velferðarkerfinu sem Samfylkingin mun aldrei sætta sig við. Þjónusta við aldraða er látin drabbast niður þannig að þeir sem hafa efni á neyðast til að ráða sér sérstakan starfsmann inn á stofnanir ríkisins. Hinir sem hafa ekki efni á slíku eru látnir sitja eftir.

Er þetta velferðarkerfi sem Íslendingar vilja sjá og búa við? Ég segi nei, frú forseti. Samfylkingin og Samtök eldri borgara hafa ítrekað bent á bág kjör eldri borgara en þriðjungur þeirra þarf að lifa á 110 þús. kr. á mánuði eða minna. Á fjórða hundrað manns er í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum og þó aðallega í Reykjavík. Nú bætast við þessar fréttir af lélegum aðbúnaði eldri borgara og tilvist tvöfalds kerfis sem mismunar fólki eftir efnahag.

Frú forseti. Stjórnmál snúast fyrst og fremst um forgangsröðun. Til að átta sig á forgangsröðun núverandi ríkisstjórnar er mikilvægt að hafa í huga að Sólvangur fær minna á fjárlögum en það sem Bændasamtökin fá á fjárlögum og þá er ég ekki að tala um sjálfa búvörustyrkina sem eru auðvitað miklu hærri. Það er mikilvægt að hafa í huga að þetta kemur allt úr sama pottinum og snýst um forgangsröðun.

Ríkisstjórnin hefur verið að stæra sig af lækkun skatta um tugi milljarða kr. Því langar mig að spyrja Íslendinga hvort þeir telji ekki að við ættum fyrst að tryggja eldri borgurum landsins viðunandi búsetuskilyrði, eðlilegt valfrelsi og mannsæmandi kjör áður en við förum í stórfelldar tekjuskattslækkanir sem koma sér best fyrir hina vel stæðu í samfélaginu.

Frú forseti. Að lokum langar mig til að beina þeim spurningum til hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann sé tilbúinn að hraða enn almennum endurbótum á Sólvangi og hvernig hann muni bæta aðbúnað og aðstæður eldri borgara. Sömuleiðis hvort ráðherra muni standa fyrir breytingu á daggjaldakerfinu í ljósi þess að meira en helmingur allra öldrunarheimila í landinu er rekinn með halla. Og að lokum hvort hæstv. heilbrigðisráðherra muni sætta sig við tilvist tvöfalds kerfis í velferðarkerfinu, eitt fyrir hina vel stæðu og eitt fyrir alla hina.

[13:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi en umræðan hefur stundum risið hátt undanfarið.

Ég byrja á Sólvangi en undirbúningur að endurbótum þar er hafinn og hefur staðið um hríð. Sólvangur hefur að beiðni minni sett fram hugmyndir um fækkun rýma á stofnuninni. Þær ganga að mínum dómi ekki nógu langt og ég hef því farið fram á að kannað verði hvort ekki mætti fækka vistmönnum á Sólvangi á næstu vikum og mánuðum allt þangað til þeir verða á bilinu 55–60. Er það von mín að

þannig verði núverandi húsnæði og aðstaða gerð boðlegri fyrir þá vistmenn sem þar búa en þær hafa ekki verið nægilega góðar í þeim skilningi að menn hafa ekki getað haft í kringum sig persónulega muni. Aðstaða til heimsókna aðstandenda hefur verið slæm. Á sjúkradeildum hefur heilabiluðum og þeim sem þjást af geðrænum kvillum verið blandað saman með almennum vistmönnum. Það er ekki ásættanlegt.

Samkvæmt fyrirmælum mínum verður þegar í stað gengið þannig frá málum með endurbótum að heilabiluðum verður komið fyrir á sérstakri þjónustueiningu þar sem þeir fá þjónustu við hæfi og mun stærð þeirra eininga taka mið af tillögum forsvarsmanna á Sólvangi.

Á síðasta ári voru tvö fimmbýli á Sólvangi en svo er ekki lengur, 19 þríbýli og fimm einbýli. Með ákvörðun minni vonast ég til þess að innan árs verði einbýlin áfram fimm, þríbýlin fyrir bí og þeim öllum breytt í tvíbýli. Með því sé ég fyrir mér að við gerum í þessum áfanga eins gott úr aðstæðum á Sólvangi og hægt er á eins skömmum tíma og mögulegt er.

Rétt er að það komi fram að ég hef skipað nefnd sem hefur það hlutverk að koma með tillögur um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði í samvinnu við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði, enda er ekki hægt að koma endurbótum á Sólvangi nema skoða öldrunarþjónustu í Hafnarfirði frá ýmsum hliðum. Má í því samhengi nefna stuðning við aldraða sem búa heima og hvernig ávinningur af sameiningu Sólvangs og St. Jósefsspítala muni skila sér í bættri þjónustu við aldraða. Þessi leið er farin að ráði þeirra á sviði öldrunarmála sem best þekkja til, sem leggja áherslu á nákvæma útfærslu á þjónustunni í Hafnarfirði og að hún fari ekki fram fyrr en að lokinni heildrænni stefnumótun og það er einmitt það sem við erum að gera fyrir utan að ráðast í beina fækkun rýma.

Eitt af því sem mér finnst sjálfsagt að kanna og vel komi til greina er að Sólvangur og Hrafnista taki upp samstarf við þjónustuna við aldraða í Hafnarfirði. En ég veit að forsvarsmenn Hrafnistu hafa boðið Hafnarfjarðarbæ upp á samstarf í öldrunarmálum.

Spurt er hvernig ég hyggist bæta aðbúnað og aðstæður eldri borgara landsins á næstu missirum og hvort ég muni standa fyrir breytingu á daggjaldakerfinu á einhvern hátt. Á Íslandi höfum við í öldrunarþjónustunni verið mjög stofnanamiðuð sem kemur fram í þeirri staðreynd að hér er boðið upp á fleiri rými miðað við þúsund íbúa en annars staðar á Norðurlöndum. Frá þessari stefnu verðum við að hverfa um leið og við mætum þörf fyrir hjúkrunarrými. Það sem við þurfum að hafa að leiðarljósi til framtíðar er að gera stofnanirnar sveigjanlegri, gera rekstur þeirra sveigjanlegri og við þurfum að byggja þjónustuna upp með það í huga að tryggja sjálfræði og sjálfstæði einstaklinganna eins og frekast er kostur.

Það sem nú er í forgangi er að byggja tvö hjúkrunarheimili í Reykjavík þar sem biðlistarnir eru lengstir. Nýlega skrifaði ég undir samkomulag við borgarstjórann í Reykjavík um hjúkrunarheimili í Sogamýri og undirbúning að samkomulagi um hjúkrunarheimili á svokallaðri Lýsislóð. Á sama tíma erum við að byggja upp ný rými til að mæta þeirri þörf sem er fyrir hendi, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Er verið að breyta þeim eldri hjúkrunarheimilum sem eru fyrir hendi, fækka fjölbýlum og fjölga einbýlum.

Jafnframt verður að draga það fram í umræðunni að starfshópur á vegum ríkisstjórnarinnar og aldraðra er að störfum sem hefur verið að fara yfir samkomulagið sem gert var 2002 og efni þess. Fyrir liggur að nota þá aðferðafræði sem notuð var þá, samráð stjórnvalda og eldri borgara um áherslumál í þjónustu við aldraða á næstu missirum. Samkomulagið frá 2002 hefur áorkað miklu og ég vil að sú vinna sem í gangi er nú geri slíkt hið sama.

Í umræðunni um öldrunarmálin hefur því verið haldið fram að daggjöldin sem heimilin eru flest rekin fyrir dygðu skammt og þau hafa ekki breyst eins og önnur viðmið. Það er ekki rétt. Daggjald samkvæmt RAI-matinu hækkaði um fjórðung eða 24,5% á tímabilinu 2002–2005. Á sama tíma hækkaði neysluvísitalan um 9,6% og launavísitalan um 17,9%.

Mun heilbrigðisráðherra sætta sig við tilvist tvöfalds kerfis í velferðarkerfinu þar sem fólk neyðist til að kaupa sér umönnunarþjónustu inn á öldrunarstofnanir og heim til sín fyrir eigin kostnað? Svarið við spurningunni um hvort heilbrigðisráðherra sætti sig við tvöfalt kerfi í velferðarkerfinu þar sem fólk neyðist til að kaupa sér umönnunarþjónustu inn á öldrunarstofnanir er einfalt nei.

[13:42]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir að taka þetta mál upp í utandagskrárumræðu, málefni sem varðar okkur öll. Málefni aldraðra hafa verið mikið í umræðunni undanfarna mánuði og það verður augljóslega áfram um sinn. Umræðan hefur varpað ljósi á óviðunandi aðstæður fjölda aldraðra á dvalar- og hjúkrunarheimilum og þá ekki síður félagslega stöðu þess fólks sem fer til lengri dvalar inn á stofnanir fyrir aldraðra.

Milli 20–30% eldri en 65 ára búa í þjónustuíbúð á Íslandi á móti 50% í nágrannalöndunum og á stofnunum búa 55% á Íslandi í einbýli en 90% annars staðar á Norðurlöndum. Það er því augljóst að við höfum dregist verulega aftur úr hvað varðar breyttar áherslur í uppbyggingu öldrunarþjónustunnar og umbætur á dvalar- og hjúkrunarheimilum, stofnunum sem í flestum tilvikum eru heimili þessa fólks.

Umræðan endurspeglar einnig þá viðhorfsbreytingu sem orðin er frá umburðarlyndi fyrrum aldamótakynslóðar og þeirra krafna sem 68-kynslóðin gerir til búsetu og einkalífs. Skýrasta dæmið er réttmæt gagnrýni og mótmæli vegna aðbúnaðar aldraðra á Sólvangi. Aldrað fólk á ekki síður rétt til einkalífs en þeir sem yngri eru. Fjárhagslegt sjálfstæði eru mannréttindi og undirstaða mannlegrar reisnar. Þessum sjálfsögðu réttindum er kippt í burtu við innlögn á dvalar- og hjúkrunarheimili því í stað lífeyris koma vasapeningar. Ljóst er að daggjöld hafa ekki fylgt verðlagsþróun og því hafa stofnanir gripið til ýmissa ráða til að láta enda ná saman, þ.e. ódýrara vinnuafl, færra fagmenntað fólk, sparnaður í fæði, ræstingu og enginn hvati til að breyta húsakynnum og fjölga einbýlum. Við þær aðstæður hafa aðstandendur fengið aðkeypta umönnunarþjónustu til að sinna sínum nánustu og er þetta enn ein vísbendingin um þá misskiptingu á grunni efnahags sem nú er við lýði í þjóðfélaginu. Er

það þetta sem koma skal? Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfnum slíkri þróun.

[13:44]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustu fyrir aldraða kemur fram að stjórnvöld þurfa að setja fram kröfur um lágmarksþjónustu öldrunarheimila sem rekin eru fyrir opinber framlög. Í skýrslunni kemur einnig fram að hjúkrunarheimilið Sóltún er eina öldrunarstofnunin þar sem slík viðmið eru sett í samningum þess við ríkið. Það er eitt fárra hjúkrunarheimila í landinu þar sem allir heimilisfastir hafa sérherbergi með baði. Aðbúnaður að Sóltúni er sú fyrirmynd sem við eigum að miða þjónustu við aldraða við.

Jafnframt er ástæða til að benda á að með samningi eins og stjórnvöld hafa gert við Sóltún eru þau í kjörstöðu að setja kröfur um gæði þjónustu og hafa eftirlit með að þeim sé mætt. Það er betri staða en þegar stjórnvöld allt í senn fjármagna, reka og hafa eftirlit með eigin stofnunum. Þetta ættu andstæðingar einkarekstrar í heilbrigðisþjónustu að kynna sér. Samningur við einkaaðila um þjónustu við aldraða getur bætt aðstöðu og hag þeirra.

Mikil og ör þróun hefur verið á hugmyndum um aðbúnað á heilbrigðisstofnunum. Það að liggja á stofu með 4–6 öðrum þótti allt fram á síðustu ár vera viðunandi. Það á bæði við um sjúkrahús og öldrunarstofnanir. Krafan í dag um sérbýli með baði er eðlileg en hún er tiltölulega ný af nálinni. Því getur samanburður á aðstöðu verið afar óhagstæður eldri hjúkrunarheimilum. Mestu skiptir að miklu fjármagni hefur verið varið á síðustu árum í breytingar og aukningu sérbýla á hjúkrunarheimilum en ljóst er að það hefur verið á kostnað minni fjölgunar hjúkrunarrýma, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Hinu má þó ekki gleyma að það er samdóma álit flestra ef ekki allra að starfsfólk leggur sig fram um að búa vel að öldruðum á stofnunum hvar sem þeir búa.

Ég tek undir með Ríkisendurskoðun að mikilvægt er að setja fram lágmarksstaðla um þjónustu á öldrunarheimilum. Það er trygging fyrir jafnræði á veitingu þjónustu fyrir aldraða innan stofnana og milli stofnana.

[13:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. málshefjanda, Ágústi Ólafi Ágústssyni, fyrir að færa þetta málefni um aðbúnað aldraðra til utandagskrárumræðu í hv. Alþingi. Öldruðu fólki mun fjölga áfram á komandi árum og áratugum og þrátt fyrir að verið sér að fjölga vistrýmum og hjúkrunarrýmum verður ekki séð á svari forsætisráðherra frá því í gær og greinargerð heilbrigðis- og tryggingaráðherra þar í að þörfinni verði fullnægt á þessu kjörtímabili. Lengstir eru biðlistar í Reykjavík og þó að þar verði boðið upp á 100 ný hjúkrunarrými árið 2007, ef uppbyggingin gengur vel, verður þörfin vafalaust meiri. Það er hins vegar mjög neikvætt við þessa stöðu þar sem eftirspurn er meiri en framboð ef forgangur á vistunar- og hjúkrunarrýmum verður verðlagður eftir greiðslugetu aldraðra og sjúkra eða því hvað nánustu ættingjar vilja borga með viðkomandi.

Því er afar brýnt að fjölga vistunarúrræðum hratt á næstu árum svo að vaxandi mismunun aldraðra vegna fjárhags verði ekki viðvarandi. Mikil þörf er á að geta boðið öldruðum upp á einstaklingsvistun eða hjónum og sambúðarfólki upp á sérbýli og að því ber auðvitað að stefna. Vöntun á vistunarrýmum nú setur okkur takmörk í því að breyta nógu fljótt yfir í einbýlisvistun á vistheimilum. Sums staðar er þjónustan þrátt fyrir gott starfsfólk orðin óásættanleg og í fjöldasambýli. Sólvangur í Hafnarfirði er dæmi um erfiðar aðstæður og mikil þrengsli.

Betri heilsa og lengri lífaldur kallar á breytt viðhorf og lífsmunstur þeirra sem hætta störfum og verða mun lengur virkir á mörgum sviðum þjóðlífsins. Þessi staðreynd kallar á öðruvísi líf, starf og þess vegna menntun eða miðlun fróðleiks. Þetta er að mörgu leyti jákvæð breyting en kallar eftir nýju viðhorfi til eldra fólks sem vant er að ráða sér sjálft og vill hafa áhrif. Það er staðreynd.

[13:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Frú forseti. Félagsleg þjónusta og stuðningur við að aldraðir geti búið heima sem lengst er borin uppi af sveitarfélögunum. Þau standa sig vel. Þegar heilsubilun veldur aðkallandi þörf á hjúkrunarrými reynir á ríkisstjórnina. Hún stendur sig illa.

Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfall aldraðra mjög hátt. Í Suðvesturkjördæmi, fjölmennasta kjördæminu, er ekki fyrirhugað að taka nein ný hjúkrunarrými í notkun fram til ársins 2008 samkvæmt nýlegu svari heilbrigðisráðherra til Valdimars L. Friðrikssonar, þingmanns Samfylkingarinnar. Allan starfstíma sinn hefur ríkisstjórnin lofað úrbótum á Sólvangi. Þar þarf að byggja við eða fækka vistmönnum. Ef fækka á vistmönnum þarf rými annars staðar. Allt að fjórir einstaklingar eru saman í herbergi á Sólvangi. Það eru jafnvel bara 20 sentimetrar á milli rúma. Aðstaða til persónulegra samskipta við ástvini verður afar bágborin við slíkar aðstæður.

Vandinn er tvíþættur; að leysa bráðan húsnæðisvanda Sólvangs og fjölga dvalar- og hjúkrunarrýmum. Bæjarstjórnin hefur einróma boðið samstarf um ólíkustu lausnir, líka að taka við málaflokknum sem tilraunasveitarfélag eins og Akureyri. En ekkert gerist. Undirbúningur er ekki hafinn. Það er enn verið að skoða eins og síðastliðin tíu ár.

Virðulegi forseti. Það er skörun í þessum málaflokki. Best væri að hann væri á einni hendi. Verst er ráðleysið. Við erum að tala um fólkið sem lagði grunn að þeirri auðlegð sem við búum við í dag. Ekki er hægt að koma hér og segja: Við ætlum enn einu sinni að setja á nefnd.

[13:51]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Mér finnst þarft að halda því til haga í þessari umræðu að það eru sveitarfélögin sem lögum samkvæmt bera ábyrgð á því að tryggja nægjanlegt framboð vistrýma, bæði dvalar- og hjúkrunarheimila fyrir aldraða. Uppbygging og skipulag öldrunarþjónustu innan hvers heilsugæslusvæðis er á ábyrgð sveitarstjórna, þó að ætla mætti annað af framgöngu bæjarstjórans í Hafnarfirði og flokksfélaga hans

á Alþingi í umræðu um Sólvang.

Heilbrigðisráðuneytinu er ekki ætlað að hafa beint frumkvæði að byggingu vistheimila þótt svo hafi oft verið og verður vonandi meira í framtíðinni til að tryggja að uppbyggingin verði mest þar sem þörfin er mest og sárust sem er hér á höfuðborgarsvæðinu í Reykjavík. Mér sýnist hins vegar fyrirséð að til þess að mæta fjölgun aldraðra og til að fækka á þeim heimilum þar sem aldraðir deila persónulegu rými með öðrum íbúum og þar sem þrengsli og aðstöðuleysi há starfsmönnum dugi ekki til þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í og sem ákveðnar hafa verið. Ég tel að við þurfum stórátak til að bæta úr þeirri brýnu þörf sem fyrir hendi er og að við þurfum að leita annarra leiða um framkvæmd og fjármögnun en farnar hafa verið undanfarin ár. Ég held að ekki sé hægt annað en að fara nýja Sóltúnsleið til að flýta framkvæmdum og ég tel að við eigum að hafa til fyrirmyndar þann aðbúnað sem öldruðum er búinn þar og það rými sem þeim er búið á því heimili.

Við verðum líka að horfast í augu við að eitt stærsta vandamálið í öldrunarþjónustunni er að manna hjúkrunarheimilin og það mikla álag sem er á starfsfólki á hjúkrunarheimilum. Það er ekki nóg að byggja þau, það þarf líka að tryggja fólkinu sem þar starfar mannsæmandi laun.

[13:53]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki mjög flókið mál. Í fyrsta lagi erum við sammála um öll meginmarkmið. Ég hygg að við öll sem erum stödd í þessum sal séum sammála um að við viljum búa vel að öldruðu fólki, með heimahjúkrun og góðum og vönduðum dvalar- og hjúkrunarheimilum. Þessum ásetningi okkar höfum við sett lög sem eru m.a. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Komið hefur á daginn að lög þessi eru brotin. Það er staðfest m.a. í nýútkominni skýrslu frá stjórnsýsluúttekt um þjónustu við aldraða. Þar kemur fram að dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldrað fólk eru fjársvelt. Og ef menn telja svo ekki vera þá verða menn að segja frá því. Og ef menn vilja ekki, hæstv. heilbrigðisráðherra, hafa tvöfalt kerfi inni á þessum stofnunum þá verða menn einnig að láta verk sín tala.

Við höfum fengið að kynnast því í fjölmiðlum undanfarna daga hvert álagið er á starfsfólk inni á þessum stofnunum. Þetta er nokkuð sem samtök starfsmanna hafa hamrað á undanfarin ár. Ég nefni Sjúkraliðafélag Íslands, Starfsmannafélag ríkisstofnana og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Þau hafa hamrað á þessu undanfarin ár og sagt að við eigum ekki að einblína bara á biðlistana heldur verðum við líka að horfa inn í stofnunina.

Ef við erum sammála um meginmarkmiðin, um hvað erum við þá ósammála? Hvers vegna látum við þetta gerast? Jú, það er vegna þess að við erum ósammála um forgangsröðun fjármuna. Þar skilja leiðir. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum viljað láta miklu meira fjármagn renna til þessarar þjónustu en ríkisstjórnarflokkarnir hafa viljað gera. Og þegar þær koma núna upp hv. þingmenn Ásta Möller og Jónína Bjartmarz og segja: (Forseti hringir.) Gerum Sóltún og Öldung hf. að fyrirmyndinni, þá segi ég já, (Forseti hringir.) um fjárveitingar. Látum önnur dvalar- og hjúkrunarheimili sitja við sama borð og búa við sömu kjör (Forseti hringir.) og það ágæta heimili gerir.

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmenn eru beðnir að virða hér þann tíma er gildir um umræður. Það eru aðeins tvær mínútur sem hver hv. þingmaður hefur.)

[13:56]

Sigurrós Þorgrímsdóttir:

Frú forseti. Hér hafa verið góðar umræður um aðbúnað fyrir aldraða en í slíkri umræðu tel ég rétt að hugað sé að nýjum áherslum, komið með nýja hugsun í vistunarmál aldraðra.

Í Danmörku og reyndar víðar í Evrópu hefur ný aðferðafræði rutt sér til rúms sem virðist gefast mjög vel. Þessi nýja nálgun sem kallast stoðbýli leggur áherslu á sjálfræði aldraðra og fjárræði þeirra þannig að þeir fái haldið sjálfsvirðingu sinni þrátt fyrir minni færni. Kópavogsbær hefur átt í viðræðum við stjórnendur Hrafnistu um uppbyggingu á hjúkrunarþjónustu fyrir aldraða þar sem byggt er á þessari hugmyndafræði. Stoðbýli er fyrir 8–10 manns þar sem hver heimilismaður hefur eigin íbúð. Heimilismenn halda tekjum sínum og greiða sjálfir húsaleigu og þá þjónustu sem óskað er eftir. Í miðju einingarinnar, sem kallast má hjarta hússins, er samrými íbúanna svo sem setustofa, gott eldhús og stór borðstofa. Þarna á að vera andrúmsloft samveru, nálægðar, öryggis og virkni sem gerir stoðbýlið að lifandi heimili en ekki að stofnun. Fyrirhugað er að bjóða upp á alla þjónustu sem aldraðir þurfa og óska eftir og sem geta notið þess að vera í eigin húsnæði. Í þessari hugmyndafræði er lögð áhersla á félagslegt sjónarmið í stað læknisfræðilegs.

Frú forseti. Þjóðin er stöðugt að eldast, fæðingum er að fækka og fólk lifir lengur. Það er brýnt að leitað verði nýrra úrræða í búsetu og umönnun aldraðra. Ég tel eftirsóknarvert að fara þá leið sem hér hefur verið rædd og hinn aldraði heldur ímynd sinni sem þátttakandi í samfélaginu og getur samhliða notað þjónustu sem í boði er.

[13:58]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir að taka þátt í þessari umræðu og hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svör hans. Ég tel að það verði mikið fagnaðarefni fyrir okkur öll hér og sérstaklega Hafnfirðinga ef hæstv. heilbrigðisráðherra ætlar að beita sér fyrir frekari og hraðari endurbótum á Sólvangi og hraðari fækkun á rýmum þar, en auðvitað þurfa önnur rými að koma í staðinn. Það er alveg ljóst.

Ég vil einnig mótmæla því sem hv. þm. Jónína Bjartmarz ýjaði að hér að það strandaði á bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði. Það gerir það ekki. Það er full samstaða meðal bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði að leysa þetta mál og hún hefur meira að segja boðist til að taka við rekstrinum en málið hefur strandað á ríkisvaldinu.

Hæstv. heilbrigðisráðherra talaði um að Íslendingar væru mjög stofnanamiðaðir miðað við önnur ríki og það getur verið rétt, en eftir stendur sú staðreynd að á fjórða

hundrað manns eru í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum. Það að leysa þann vanda kemur ekki í veg fyrir frekari áherslu á heimahjúkrun sem ég held að við séum öll hér inni sammála um að efla þurfi. En við sjáum áherslur ríkisstjórnarinnar í þeim málaflokki að einungis 20 milljónum er varið til hans í fjárlagafrumvarpinu. Það er alveg ljóst að ríkisvaldið þarf að koma að því að efla heimahjúkrunina eins og ríkisstjórnin hefur margítrekað sagt að hún vilji gera.

Það er líka umhugsunarvert að hæstv. heilbrigðisráðherra vilji ekki endurskoða daggjöldin í ljósi þess að helmingur allra öldrunarheimila í landinu er rekinn með halla og ný skýrsla Ríkisendurskoðunar benti á að skoða þyrfti betur kostnaðarforsendur daggjaldanna og að hið svokallaða RAI-mat sé ekki tengt við mönnunarforsendur og aðra þætti. Þetta eru atriði sem þarf að skoða. Fulltrúar frá heilbrigðisráðuneytinu sögðu á fundi heilbrigðisnefndar að núverandi daggjaldakerfi skapaði þá freistingu fyrir öldrunarheimili að hafa frekar fleiri en færri á heimilunum. Það er auðvitað grafalvarlegt ef við ætlum að hafa slíkt kerfi.

Að lokum sagði hæstv. heilbrigðisráðherra að hann sætti sig ekki við tvöfalt kerfi og því vil ég spyrja: Hvernig ætlar hann að bregðast við þeirri staðreynd (Forseti hringir.) að við erum farin að búa við tvöfalt kerfi sem mismunar fólki eftir efnahag? Hvað ætlar hann að gera í því að breyta þeirri stöðu sem blasir við okkur núna?

[14:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hún er viðamikil og ég verð að tala í stikkorðum. Ég tel að staðhæfingar um tvöfalt kerfi séu mjög orðum auknar. Ég tel að það sé mesta nauðsyn að tryggja ákveðna skilgreinda þjónustu á öllum öldrunarheimilum og þá verður tvöfalt kerfi ekki staðreynd.

Ég vil taka það fram um daggjöldin að auðvitað þurfa þau alltaf að vera í endurskoðun. Við erum í viðræðum við forustumenn heimilanna um þessi mál. Þær viðræður hafa verið stöðugt í gangi. Við þurfum alltaf að vera með þetta í endurskoðun. En daggjöldin hafa hækkað frá árinu 2002 úr 9 milljörðum í 14,5 milljarða eða um 65%. Það eru staðreyndir málsins. Síðan 2004 hafa verið byggð 177 rými og í byggingu er 71 rými og í undirbúningi 200 rými. Þetta eru staðreyndir málsins. Í heimaþjónustu, í heimahjúkrun, hefur frá árinu 2003 verið varið 150 millj. kr. til viðbótar við það sem var áður. Ég varð fyrir vonbrigðum þegar ég las skýrslu Ríkisendurskoðunar og sá að á sama tíma hafði þjónusta sveitarfélaganna minnkað. Það er staðreynd í skýrslunni. En við höfum verið að samþætta þessa þjónustu í Reykjavík.

Það er rangt að undirbúningur sé ekki hafinn á Sólvangi. Það hefur verið ákveðið að innrétta þar eina hæð og bæta hana til að hægt sé að hafa sérgreinda deild fyrir heilabilaða sjúklinga. Það er staðreynd málsins.

Að öðru leyti þakka ég þessa umræðu sem var málefnaleg og áreiðanlega (Forseti hringir.) þessu málefni til gagns.

Umræður utan dagskrár.

Vandi rækjuiðnaðarins.

[14:03]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég tek til umræðu á hinu háa Alþingi vanda rækjuiðnaðarins sem er, eins og vonandi allir vita, mjög mikill og alvarlegur eins og reyndar er ástatt um allan sjávarútveg hér á landi um þessar mundir. Vandinn í rækjunni er að mínu mati þríþættur. Í fyrsta lagi varð algert hrun í veiðum á rækju. Sem dæmi um það má nefna að við veiddum um 75 þúsund tonn á heimamiðum árið 1995 og sama magn 1996 en höfum aðeins veitt um 5 þúsund tonn það sem af er fyrstu sex mánuði þessa árs. Þetta eru að mínu mati, virðulegi forseti, náttúruhamfarir sem auðvitað taka í og segja til sín víða um land bæði hjá fyrirtækjunum sjálfum, svo og þjónustufyrirtækjum þeirra og starfsfólki.

Í öðru lagi er um heimagerðan vanda að ræða vegna gengisþróunar krónunnar þar sem m.a. þetta blasir við: Gengi sterlingspundsins sem er mikilvægasta mynt rækjuiðnaðarins er núna um 106 kr. Það var 129 kr. fyrir ári síðan og um 150 kr. í desember 2001. Styrking krónunnar miðað við sterlingspundið er því tæp 20% á því rúma ári sem Seðlabankinn hóf vaxtahækkunarferli sitt. Þessar aðgerðir Seðlabankans sem að sögn eru til þess að draga úr verðbólgu og minnka þenslu hafa endanlega eyðilagt rekstrargrundvöll rækjuiðnaðarins sem var þó veikur fyrir vegna verðþróunar á heimsmarkaði undanfarin ár og aflabrests eins og ég hef hér gert að umtalsefni.

Í þriðja lagi er um markaðsvanda og offramboð að ræða sem auðvitað er ekki á okkar valdi en jafnvel er grunur um brot á eðlilegum viðskiptareglum eins og komið hefur fram í fréttum nú nýlega. Hér á ég m.a. við grun um ríkisstyrki frá Dönum til Grænlendinga vegna rækjuveiða og vinnslu, svo og grun um ranga vigt á rækjublokkum.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Hér er um grun að ræða um ríkisstyrki en það er ekki um grun að ræða þegar ég segi frá því að Spánverjar undirrituðu fyrir nokkrum dögum síðan samning við sjómenn þar sem þeir styrkja olíukaup um 7–10 kr. á hvern lítra. Þessar aðgerðir Spánverja, sem eru í Evrópusambandinu eins og allir vita, velta upp spurningu um þessa ríkisstyrki og það að við Íslendingar erum í samkeppni á mörkuðum úti við niðurgreiddan ríkisstyrktan sjávarútveg. Á Íslandi á sjávarútvegurinn hins vegar mjög bágt og lifir eða kannski bara deyr vegna fasteignaverðbólgu sem einkum er á höfuðborgarsvæðinu. Og á hverjum bitnar það helst? Jú, fórnarlömbin eru m.a. sjávarútvegsfyrirtæki, sjómenn, fiskverkunarfólk út um allt land og fjöldi fyrirtækja sem þjónustar sjávarútvegsfyrirtækin. Þetta er allt saman sérstaklega fjandsamlegt landsbyggðinni og bitnar harðast á íbúum landsbyggðarinnar vegna mikilvægis sjávarútvegs í atvinnumálum landsbyggðarinnar.

En hvað er til ráða? Ég hef nú rætt sérstaklega vanda rækjuiðnaðarins sem auðvitað á við um allan sjávarútveg eins og áður hefur komið fram og spyr: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Ætlar hún kannski bara að gera ekki neitt? Á þetta bara að halda svona áfram, áframhaldandi fjöldauppsagnir og fækkun starfa? Ég spyr: Verða tvær, þrjár eða

fjórar rækjuverksmiðjur starfandi eftir áramót og eiga nokkur hundruð manns í viðbót eftir að missa vinnuna í þessari grein? Sem dæmi þá er ekkert skip á veiðum á Íslandsmiðum en þau voru 30–40 þegar mest var. Eitt íslenskt skip er á Flæmska hattinum og talið er að allt að 1.500 manns, sjómenn, fiskverkunarfólk og aðrir, hafi misst vinnuna í rækjuiðnaðinum frá því sem mest var.

Virðulegi forseti. Í 9. gr. fiskveiðistjórnarlaganna stendur m.a., með leyfi forseta:

„Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið sem hann getur ráðstafað þannig:

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda."

Ráðherra hefur því að mínu mati, virðulegi forseti, úthlutunarvald til að bregðast við bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirsjáanlegum vanda sem steðjar að einstökum greinum og byggðarlögum. Ég tel að þessi lagatexti veiti ráðherra og ríkisstjórn heimild til að grípa inn í. Þess vegna spyr ég hæstv. sjávarútvegsráðherra: Af hverju er þessi grein ekki notuð til að veita úthafsrækjuveiðiskipum og útgerðum þeirra sérstaka úthlutun af þessum 12 þúsund tonnum líkt og gert er fyrir innfjarðarrækju og hörpudisk?

[14:08]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þingmanni fyrir að hefja máls á þessu máli. Þetta er afskaplega mikilsverð umræða sem snertir mjög marga og það er alveg rétt sem hv. þingmaður sagði. Staðan í rækjuiðnaðinum er alvarleg og ég tel að við eigum að taka þessi mál mjög alvarlega. Það er hægt að undirstrika það m.a. með því að vísa til þess að í september í fyrra voru hér starfandi 14 rækjuverksmiðjur. Þær voru 11 á sama mánuði á þessu ári og stefnir í það að óbreyttu að verða átta starfandi eftir áramótin. Þetta er alvarleg staða. En þetta er hins vegar ekki alveg einfalt mál því sannleikurinn er sá, eins og að hluta til kom fram í máli hv. málshefjanda, að ástæðurnar eru fjölmargar og þær eru ekki bara bundnar við gengið þó vissulega hafi það spilað mjög mikið inn í og greitt þessari grein mjög alvarlegt högg.

Í fyrsta lagi vil ég nefna aflabrest í innfjarðarrækjuveiði sem hefur haft heilmikið áhrif þar sem innfjarðarrækjuveiðin var til staðar. Innfjarðarrækjuveiðin var fyrir tíu árum um 9.600 tonn og við höfum reynt að koma til móts við hagsmuni þeirra útgerða með því að úthluta sérstökum aflabótum til þessara báta. Það hefur líka orðið aflabrestur í úthafsrækjuveiði. Úthafsrækjuveiðin er um 20 ára gömul. Hún var fyrir um tíu árum síðan um 75 þúsund tonn en er núna engin eins og menn vita. Hún var mjög lítil í fyrra. Það fiskaðist illa. Og auðvitað má ekki gleyma því að hluti af þessum vanda er hækkandi olíuverð sem hefur gert það að verkum að útgerðin hefur ekki borið sig. Síðan hefur það líka gerst að rækjuveiði á Flæmingjagrunni hefur minnkað, m.a. vegna erfiðra rekstrarskilyrða útgerðarinnar.

Þá vil ég nefna í þessu sambandi að samkeppni frá heitsjávarrækju og eldisrækju á erlendum mörkuðum hefur verið vaxandi og hefur haft það m.a. í för með sér að það hefur verið þrýstingur til lækkunar á markaðsverði rækjunnar. Auðvitað hefur þetta allt saman heilmikil áhrif.

Síðan er það það sem hv. þingmaður nefndi áðan. Það liggur fyrir að framleiðendur hafa talið að samkeppnisaðilar þeirra erlendis væru að brjóta leikreglur markaðarins. Þeir hafa óskað eftir því, eða samtök fiskvinnslustöðvanna, við viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins að ofan í þessi mál sé farið og ég tek undir það. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þessu máli sé fylgt mjög fast eftir.

Þetta gerir það að verkum, þegar við skoðum þessa hluti alla, að rekstrarumhverfi rækjunnar er mjög alvarlegt. Hins vegar má ekki gleyma því að það er ýmislegt líka jákvætt sem hefur gerst. Það blasir t.d. við að markaður fyrir rækju hefur verið að aukast mjög mikið. Í aðalmarkaðslandi okkar, Bretlandi, hefur hann stóraukist. Það skapar ákveðnar vonir um að þegar úr rætist með önnur ytri skilyrði skapist miklir möguleikar fyrir rækjuna. Við vitum líka að það hafa orðið gífurlega miklar tækniframfarir. Afköst í rækjuiðnaðinum hafa aukist mikið. Launahlutfall er t.d. mjög lágt í þessari atvinnugrein. Nýtingin hefur líka aukist. Síðan má ekki gleyma því að vöxtur er í markaðnum, veitingahúsamarkaði og öðrum markaði fyrir rækju í Bretlandi og það vekur ákveðnar vonir þó að við vitum líka að samkeppnisaðilar okkar munu reyna að nýta sér þetta.

Ég held að ástæða sé til að vekja athygli á þessu vegna þess að líka er talað um það oft og tíðum núna að rækjuiðnaðurinn eigi enga framtíð fyrir sér. Ég er ósammála því. Ég tel að rækjuiðnaðurinn eigi að geta haft mikla framtíð fyrir sér. Við höfum hér ýmsa sérstöðu, t.d. gott vatn sem aðrar þjóðir hafa ekki í sama mæli þannig að hér eru ýmsar ástæður sem gera það að verkum að við eigum að horfa til þess að þetta sé framtíðaratvinnugrein enda skiptir hún miklu máli, ekki síst í hinum dreifðu byggðum.

Ég hef vegna þessa alvarlega ástands ákveðið og reyndar skipað fyrir nokkru síðan sérstaka nefnd sem fer ofan í málefni rækjuiðnaðarins. Ég hef vísvitandi ætlað henni mjög víðtækt hlutverk vegna þess að ég tel að ekkert mál af því taginu, varðandi rækjuna, sé svo lítilvægt að ekki sé ástæða til að skoða það sérstaklega. Í þessari nefnd sitja Davíð Ólafur Ingimarsson hagfræðingur sem er formaður og með honum í nefnd eru Ólafur H. Marteinsson, framkvæmdastjóri Þormóðs ramma á Siglufirði, og Pétur Grétarsson, fulltrúi Byggðastofnunar. Ég bind vonir við starf þessarar nefndar. Hins vegar skulum við ekki gera okkur í hugarlund að hægt sé að finna mjög einfaldar lausnir á vanda rækjunnar. Þær lausnir eru ekki til. Hins vegar er nauðsynlegt að taka þessi mál mjög föstum tökum og mjög alvarlegum tökum.

Hv. þingmaður spurði mig sérstaklega af hverju ekki hefði verið beitt 9. gr. Það hefur ekki komið sérstaklega til tals. Við höfum verið að beita 9. gr. af ýmsum öðrum ástæðum eins og við þekkjum Það hefur ekki verið rætt sérstaklega varðandi rækjuna nú. Það getur hins vegar vel verið að það verði skoðað síðar og sjálfsagt að það sé gert í samhengi við annað. En það eru ekki sérstök áform um að beita þessari grein fiskveiðistjórnarlaganna núna í þessu sambandi.

En kjarni málsins er þessi: Það er mjög alvarleg staða uppi í rækjuiðnaðinum. Það eru ekki neinar einfaldar lausn-

ir til. Ástæðurnar eru margþættar og ofan í þær þarf að fara mjög rækilega til að átta sig á því hvort við getum með almennum hætti brugðist við þessum vanda. Vandinn er svo margslunginn. En það er full ástæða til að taka þau viðvörunarorð sem hafa komið frá rækjuiðnaðinum mjög alvarlega.

[14:13]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Rekstrarvandi rækjuiðnaðarins er mikill og ég tek undir þau orð hæstv. ráðherra að þó hann sé mikill þá er hann samt iðnaður sem á að vera hér áfram. Við eigum að brúa það erfiða bil sem nú er til að hann geti verið hér áfram blómleg atvinnugrein.

Þrír menn hafa sent okkur þingmönnum bréf um vanda rækjuiðnaðarins sem ég vil leyfa mér að vitna í. Það eru Agnar Ebenesersson, framkvæmdastjóri Bakkavíkur í Bolungarvík, Elías Oddsson, framkvæmdastjóri Miðfells á Ísafirði, og Ólafur Bjarni Halldórsson, stjórnarformaður Meleyrar á Hvammstanga. Þeir eru allir kunnir og þekktir atorkumenn sem hafa staðið fyrir mikilvægum atvinnurekstri í rækju. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Vandi rækjuiðnaðarins á Íslandi er tvíþættur, í fyrsta lagi heimagerður vandi sem er gengisþróun íslensku krónunnar og í öðru lagi markaðsvandi sem stafar m.a. af offramboði og brotum á viðskiptareglum."

Svo segir í þeirra bréfi, með leyfi forseta:

„Styrking krónurnar á þessu rúma ári eða frá því að Seðlabankinn hóf vaxtahækkunarferli sitt nemur nú rúmum 18%." — Það er 18% breyting á einu ári. — „Ljóst er að það eitt hefur kippt rekstrargrundvelli undan rækjuiðnaði sem var veikur fyrir eftir neikvæða verðþróun á heimsmarkaði undanfarin sjö ár."

En þeir nefna fleiri atriði, frú forseti:

„Einnig er vert að nefna hækkandi flutningskostnað. Nú síðast í september tilkynnti annað af stærri flutningafélögum landsins um hækkun á flutningum innan lands vegna áhrifa olíuverðshækkunar og breytingar á þungaskattskerfi. Breytingin átti að leiða til lækkunar á lengri leiðum en virðist hafa þveröfug áhrif." — Þetta er líka stjórnvaldsaðgerð.

Ég vil líka minna á orð sveitarstjórans í Súðavík sem minnti á að bara raforkubreytingin, breytingin við markaðsvæðingu raforkunnar, leiddi til nærri tveggja millj. kr. hækkunar á rekstri rækjuverksmiðjunnar í Súðavík. (Forseti hringir.) Það er því svo víða sem stjórnvöld höggva þessa atvinnugrein.

[14:16]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Vandi þessarar atvinnugreinar er ærinn og vissulega þörf á því að taka hann til umræðu hér í þingsölum og fyllsta ástæða til þess fyrir hæstv. ríkisstjórn að taka til hendinni við að greina þá möguleika sem eru inni í myndinni til þess að bæta úr í skilyrðum atvinnugreinarinnar. Það verður ekki við það unað að svo verði kreppt að greininni að hún leggist af. Svo alvarleg er staðan nú að það er vissulega vá fyrir dyrum og hætta á því að slíkt gerist. Það er hlutverk hæstvirtra ráðherra að hafa forustu um að móta tillögur um úrlausn á þessum vanda og ég vænti þess að hæstv. sjávarútvegsráðherra komi innan fárra vikna með úrræði sem við teljum að muni bæta úr að þessu leytinu til.

En málshefjandi gat hér um að vandinn væri þríþættur og að eitt af því sem hann nefndi væri heimagerður vandi. Ég vil nefna nokkur atriði og fá svör frá hv. málshefjanda um hvað það var sem hann lagðist gegn í þeim atriðum sem móta þær aðstæður sem hann kallar heimagerðan vanda.

1. Var hann andvígur ákvörðuninni um að virkja Kárahnjúkavirkjun á Austurlandi og byggja þar álver?

2. Var hann andvígur áformum iðnaðarráðherra, sem ég veit ekki annað en hann styðji, um að byggja annað álver á Norðausturlandi?

3. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar og Alþingis um að taka hér upp 90% lánveitingar til fólks sem er að kaupa sér íbúðarhúsnæði má vissulega kalla heimagerðan vanda, en lagðist hv. þingmaður gegn því?

4. Einkavæðing bankanna, sem ég veit ekki til að hann eða hans flokkur hafi lagst gegn. Það má hugsanlega segja að áhrifin af því skapi hluta af þeim vanda sem menn eiga við að glíma, en hverju af þessu sem hann kallar heimagerðan vanda lagðist hann gegn? Hvað hefði hann gert öðruvísi? (Forseti hringir.) Hann hefði, ef ég þekki rétt, virðulegi forseti, ekki (Forseti hringir.) staðið í neinum öðrum sporum en við gerum nú.

[14:18]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Kristjáni Möller, fyrir að taka þetta mál hér til umræðu. Oft er þörf en nú er nauðsyn. Það ber auðvitað að taka málið alvarlega eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra endurtók svo margoft í ræðu sinni, full ástæða til þess og þótt fyrr hefði verið.

Það er einfaldlega sú staða sem rækjuiðnaðurinn býr við, annars vegar sú gengisþróun sem hlotist hefur m.a. af stefnu Seðlabankans sem ég held að sé nú gengin sér til húðar — það hljóta allir að sjá að hún getur ekki varað hér áfram öðruvísi en að setja útflutningsgreinarnar á hausinn — og hins vegar er það verðlækkun afurðanna. Við höfum lítil tök á því að hafa áhrif á verðbreytingar á mörkuðum fyrir afurðirnar og við höfum líka lítil tök á því að hafa áhrif á mikla veiði við Grænland og Kanada.

Það er einnig staðreynd að hér á landi er ekki rekin útgerð núna við rækjuveiðar og þar er auðvitað olíuverðsþátturinn mjög afgerandi þáttur ásamt því lága verði sem iðnaðurinn neyðist til að greiða í þessari stöðu fyrir iðnaðarrækjuna.

Stjórnvöld þurfa m.a. að fara að líta til þess hvort Seðlabankinn standi ekki frammi fyrir því að fara að breyta stefnu sinni. Ég held að áframhaldandi gengisstefna Seðlabankans muni ganga af útflutningsatvinnuvegunum dauðum og það á sérstaklega við um rækjuna vegna þeirra aðstæðna sem ég nefndi áðan. Það þarf líka að líta til þess hvort hægt er að laga rekstrarskilyrði þessa iðnaðar, m.a. í sambandi við raforkuverð, hækkun flutningskostnaðar og önnur þau atriði sem stjórnvöld hafa vald á.

[14:20]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það dylst engum að mikill vandi steðjar að rækjuiðnaðinum í landinu og allir sem hér hafa talað hafa farið yfir það af hverju sá vandi er og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það.

En ég verð að segja eins og er að ég varð fyrir talsvert miklum vonbrigðum með svör hæstv. sjávarútvegsráðherra við þeim spurningum sem hér voru lagðar fram. Til að byrja með sagði hæstv. ráðherra að að sjálfsögðu yrðum við að taka málið alvarlega og föstum tökum. Hann fór yfir fækkun verksmiðja, hvernig hún hefur átt sér stað, og fór síðan yfir það hverju væri um að kenna. Það væri ekki bara gengið heldur hefði orðið aflabrestur í innfjarðarrækjunni og þar nefndi hann að aflabætur hefðu komið í staðinn. Hann nefndi einnig að aflabrestur hefði orðið í úthafsveiði á rækju en þar svaraði hann engu um aflabætur. Beinni spurningu var beint til hæstv. ráðherra um það af hverju hann nýtti ekki heimild sem hann hefur í 9. grein í lögum um stjórn fiskveiða til að bregðast við því sem er að gerast í rækjuiðnaðinum. Hann hefur til þess fulla heimild í lögum. Hæstv. ráðherra svaraði því að það hefði ekki verið rætt, ekki hefði verið rætt um að beita því eina úrræði sem lögin um stjórn fiskveiða setja í hendurnar á hæstv. ráðherra til að bregðast við bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirsjáanlegum vanda.

Ef ekki á að ræða það varðandi vanda rækjuiðnaðarins, hvenær þá? Það segir í greininni að þessi 12 þús. tonn af óslægðum botnfiski séu til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Það hafa aldeilis orðið verulegar breytingar á aflamarki í rækju. Hvernig í ósköpunum stendur á því að það er ekki rætt af hálfu hæstv. sjávarútvegsráðherra og í ráðuneyti sjávarútvegsmála hvort rétt sé að bregðast við með þeim tækjum sem eru í lögum? Það er ekki rætt.

Það er ekki boðlegt að koma upp í pontu á Alþingi og svara svona og ég verð að benda hæstv. ráðherra á það í fullri vinsemd að þetta er ekki boðlegt þrátt fyrir að (Forseti hringir.) ráðherrann sé nýtekinn til starfa.

[14:22]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á vanda rækjuiðnaðarins. Það verður þó að taka fram að það hefur dregist úr hömlu vegna þess að þingflokkur hv. þm. Kristjáns Möllers mat það svo að vandamál sjávarútvegsins mættu bíða vegna annarra mála sem þeim þóttu merkilegri. Reyndar fróðlegt að skoða þann lista eins og hann hefur verið hér í haust.

Hæstv. forseti. Vandi rækjuiðnaðarins er margþættur. Að honum steðjar vandi vegna óhagstæðrar gengisþróunar eins og öðrum útflutningsgreinum, en fleira kemur til. Starfsmenn Byggðastofnunar fóru í vettvangsleiðangur um Vestfirði og Norðurland og heimsóttu m.a. rækjuvinnslur. Þar kom fram að vandi þeirra er mismikill og af misjöfnum toga. Eins og ráðherra kom hér að áðan er auk gengismála um að kenna algjörum aflabresti á Íslandsmiðum, hærra olíuverði og lægra hráefnisverði sökum meiri samkeppni. Það er þó ekki einhlítt því að sumar rækjuvinnslur hafa tiltölulega trausta sölusamninga. Byggðastofnun hefur fullan vilja til þess að koma til aðstoðar en er býsna þröngur stakkur skorinn, bæði koma þar til ósveigjanlegar og þröngar reglur sem stofnunin vinnur eftir en auk þess hefur breyting á hinum almenna lánamarkaði leikið stofnunina grátt fjárhagslega. Það er þó ljóst að með einhverjum hætti verður stofnunin að koma að málum á næstunni. Bæði er þar um fjárhagslega hagsmuni stofnunarinnar að ræða en ekki síður er hér um mikinn vanda að ræða í þeim sveitarfélögum þar sem rækjufyrirtæki hafa lokað.

Ég fagna því mjög að sjávarútvegsráðherra hefur skipað starfshóp til að kanna stöðu og horfur í rækjuiðnaði. Eins og ljóst má vera er staðan alls ekki einföld og verður ekki leyst með patentlausnum. Rækjuiðnaðurinn er mjög hátæknivæddur og ætti við þokkalega eðlilegar aðstæður að vera mjög sterk atvinnugrein. Við skulum minnast þess að rækjuútflutningur var 10% í heildarverðmæti sjávarfangs á síðasta ári.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill beina því til hv. þingmanna að þeir gefi (**Gripið fram í:** Og ráðherra.) öðrum hv. þingmönnum hljóð.)

[14:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það var nú sérstök þörf á því að taka þetta fram áður en þessi ræða verður flutt sem hér verður flutt.

Það er ekki vanþörf á því að taka til umræðu hér gríðarlegan vanda rækjuiðnaðarins. Sá vandi er vissulega að hluta til sérstakur en hann er að stærstum hluta almenns eðlis. Hann er hluti af hinum gríðarlega vanda sem allt hið almenna atvinnulíf, almennar útflutnings- og samkeppnisgreinar búa við vegna ruðningsáhrifa stóriðjustefnunnar, vegna ofurgengis á krónunni og þenslu og verðbólguskrúfunnar sem hér er í gangi.

Ríkisstjórnin er einfaldlega úti að aka í þessu máli, algerlega úti að aka. Það er dapurlegt að það eina sem henni dettur í hug er að skipa nefnd. Sjávarútvegsráðherra fyrrverandi skipaði nefnd um hágengi og fékk skýrslur í maí sl. Það hefur ekkert verið gert með þá skýrslu, ekki neitt. Það sem er þar lagt upp sem mögulegar aðgerðir, því er bara stungið ofan í skúffu.

Hvað gerir hæstv. samgönguráðherra á ferðamálaþingi um daginn? Skipar nefnd vegna hágengisvanda ferðaþjónustunnar. Hvað gerir sjávarútvegsráðherra núna? Skipar nefnd vegna vanda rækjuiðnaðarins. Ætli það verði þá ekki niðurstaðan að rækjuiðnaðurinn dó í nefnd, dó í nefnd hjá ríkisstjórninni?

Það er ekki nóg að skipa nefndir. Það þarf þá í fyrsta lagi að fá einhverjar tillögur út úr því nefndarstarfi og gera eitthvað með þær tillögur ef það á að vera eitthvert gagn að þessu. Og auðvitað er þetta með endemum og maður er farinn að velta því fyrir sér: Ætlar ríkisstjórn Íslands að sturta hinu almenna atvinnulífi í landinu niður um klósettið í þágu áframhaldandi stóriðju- og skattalækkunartrúboðs? Eða á að gera eitthvað?

Þegar hágengisnefnd sjávarútvegsráðherra skilar í maí er gengisvísitalan 115. Það stendur í þeirri skýrslu að það verði erfitt fyrir sjávarútveginn að búa við það ástand ef gengi krónunnar fari ekki fljótlega að gefa eftir. Hvað hefur

gerst síðan? Gengisvísitalan hefur farið úr 115 niður í 100. Gengi krónunnar hefur styrkst um 15 punkta þarna. Og hafi þetta verið erfitt í vor með gengisvísitölu 115 og þáverandi sjávarútvegsráðherra taldi ástæðu til að skipa nefnd, þá held ég að núverandi ætti að skipa svona átta nefndir.

[14:27]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er okkur öllum kunnugt, hv. alþingismönnum, að blikur eru á lofti í rekstri rækjuiðnaðar hér á landi. Nær öll ytri skilyrði atvinnugreinarinnar eru óhagstæð, óhagstæð gengisþróun, lágt afurðaverð, hár eldsneytiskostnaður og erfiðleikar í veiðum. Þetta hefur leitt það af sér að hundruð starfa hafa tapast vítt og breitt um landið vegna þessarar þróunar.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir er þessum útgerðaraðilum, rækjuiðnaðinum hér á landi, gert að greiða sérstakt auðlindagjald, veiðigjald, þrátt fyrir allar þessar erfiðu ytri aðstæður greinarinnar. Það er náttúrlega óásættanlegt að þessi iðnaður sé sérstaklega skattlagður umfram aðrar atvinnugreinar í landinu og við þessu þarf að bregðast. Það eru mörg sveitarfélög og margir byggðakjarnar hringinn í kringum landið sem eiga í miklum erfiðleikum vegna þessarar þróunar.

Þá erum við komin að skyldu stjórnvalda. Við viljum kenna okkur við byggðastefnu og byggðakvóti er að sjálfsögðu eitt af þeim tækjum sem við getum beitt vegna þeirra aðstæðna sem upp hafa komið. En það eitt og sér er ekki nóg. Við þurfum að fjölga atvinnutækifærum í hinum dreifðu byggðum og ég vil fagna því sérstaklega að nú verður varið miklum fjármunum í tengslum við markaðsvæðingu Símans í að byggja upp atvinnu og nýsköpun á landsbyggðinni. Það er mjög mikilvægt að við fjölgum burðarstoðum í þeim samfélögum sem þarna um ræðir. Við þurfum á því að halda vegna þess að þessar byggðir glíma við mjög mikla erfiðleika nú um þessar mundir og ríkisstjórninni ber og Alþingi ber að standa vörð um grundvöll þessara byggða og því verðum við að veita fé til uppbyggingar í nýsköpun og eflingu atvinnu í þessum byggðarlögum.

[14:29]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Nokkrir hv. stjórnarandstöðuþingmenn hafa svo sem farið ágætlega yfir stöðuna hvað varðar rækjuiðnaðinn í landinu í ræðum sínum hér á undan mér og ég ætla ekki að fara að endurtaka það hér í þessum ræðustól. Mig langar þó til að vekja athygli hv. þingmanna á því að vandamál í rækjuiðnaði eru í fleiri löndum en á Íslandi um þessar mundir. Færeyski rækjuflotinn hefur horfið núna á örfáum missirum. Í Noregi eru þeir að binda rækjutogarana núna. Enginn rækjuleiðangur var farinn í Barentshafið í ár til að mæla stofnstærð rækju — leiðangrar sem voru farnir árlega allt fram á þennan dag — vegna þess að þarna hefur líka orðið hrun í rækjuiðnaði og rækjuveiðum vegna lágs verðs fyrir afurðir, vegna hás olíuverðs, þannig að það er ekki bara hér á landi sem skilyrðin eru slæm. Hins vegar eru skilyrðin hér á landi verri, stiginu verri en í nágrannalöndunum vegna gengisins. Ég held að það hljóti allir að geta verið sammála um það og ekki síst útgerðarmenn. Þeir hafa bent á það.

Það sem gerðist hér var það að ríkisstjórnin dró á sínum tíma saman eldivið í mjög myndarlegan bálköst með því að ákveða það að fara út í stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi. Síðan var kveikt í þeim bálkesti hér í fyrra. Það gerðist hér á Alþingi þegar lögin um 90% húsnæðislán voru samþykkt og bankarnir fóru síðan inn á húsnæðismarkaðinn. Þá fór allt úr böndunum. Þar hljótum við sem sitjum í þessum sal að bera þunga ábyrgð.

En allt er þetta, varðandi þróun rækjustofna og annað þess háttar, á margan hátt mjög merkilegt og athyglisvert mál. Það má til að mynda velta fyrir sér í þessu sambandi stækkun fiskstofna, til að mynda ýsustofnsins, hvaða áhrif það hefur haft á rækjuna og annað þar fram eftir götunum. Ég hygg að hið rétta, ef eitthvað er rétt sem hæstv. sjávarútvegsráðherra gæti gert núna, væri að rétta sjávarbyggðunum hjálparhönd með því að veita þeim auknar heimildir til að nýta sínar náttúruauðlindir í bolfiski, leyfa fólkinu að fara að bjarga sér á eigin forsendum. (Forseti hringir.) Það yrði skref í rétta átt.

[14:32]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka ráðherra og öðrum þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni um vanda rækjuiðnaðarins kærlega fyrir. Ég verð þó að segja að því miður verður bjartsýnin ekki mikil eftir þessa umræðu. Hún hefur ekki aukist þótt hér hafi verið skipuð enn ein nefndin eins og áður hefur verið gert og talað um, minnt á hágengisstefnunefnd fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra o.s.frv.

Það er auðvitað ekki við núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra að sakast varðandi 9. gr. og meginspurningu mína í þessari umræðu. Fyrrverandi sjávarútvegsráðherra verður að svara því hvers vegna úthafsrækjuveiðiskipum er ekki bættur skaðinn eins og innfjarðarrækjuveiðiskipum og þeim sem veiddu hörpudiskinn. Þessi öryggispottur, þessi varúðargrein, 9. greinin á að virka eins og nú er að gerast með úthafsrækjuveiðina. Hvers vegna var það ekki notað á sínum tíma? Hvers vegna voru 1.685 tonn notuð fyrir innfjarðarrækjuna og 1.411 þorskígildi fyrir hörpudiskinn en ekkert fyrir úthafsrækjuna? Hvar er afgangurinn úr 9. greininni núna? Ég spyr hæstv. ráðherra. Er eitthvað í þessum potti núna eða er, eins og maður náttúrulega veit, búið að úthluta þessu öllu þannig að öryggispotturinn er enginn heldur hefur honum öllum verið úthlutað?

Virðulegi forseti. Hér hefur margt verið sagt um hágengi og annað slíkt sem sligar atvinnulífið. Meðal annars hafa menn rætt um húsnæðislán, lækkun skatta og annað slíkt. Ég ætla rétt að vona, virðulegi forseti, að Seðlabankinn vogi sér ekki að hækka stýrivexti um 0,5% eða eitthvað slíkt enn einu sinni. Það mundi ýta enn þá meira undir spákaupmennsku sem á sér stað um þessar mundir, sem er aðalorsökin fyrir styrkingu krónunnar síðustu missiri, þ.e. gegndarlaus kaup erlendra aðila á íslenskum krónum. Ef það heldur áfram (Forseti hringir.) eða önnur eins ræða verður flutt og fyrrverandi seðlabankastjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, flutti um vaxtastefnuna (Forseti hringir.) þá óttast ég miklu meiri innkaup og frekari styrkingu krónunnar.

[14:34]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir umræðuna og ítreka að ég tel að hún hafi verið mjög nauðsynleg. Hér er um gífurlegt vandamál að ræða.

Það kom á daginn, eins og ég hafði gert ráð fyrir, að ekki væri að vænta mikilla tillagna á þessu stigi, við þessa umræðu. Þess vegna varð það m.a. að ráði hjá mér á sínum tíma að setja niður þessa nefnd til að fara yfir málefni rækjuiðnaðarins og rækjuútgerðarinnar. Það er einfaldlega þannig, eins og hefur auðvitað komið fram í umræðunni, að þetta mál er ekki einfalt. Menn eiga ekki að reyna að slá pólitískar keilur með því að gera lítið úr því þegar sett er niður nefnd manna sem þekkja mjög vel til, til að fara yfir mál sem er mjög alvarlegt og flókið. Það kom vel fram í umræðunni að menn hafa ekki á takteinum lausnir á þessum vanda. Þess vegna eiga menn ekki að gera lítið úr því þegar menn reyna af fullri alvöru að átta sig á stöðunni í því skyni að finna lausnir á því sem hv. þingmenn viðurkenndu í öðru orðinu að væri á margan hátt sérstakur.

Menn hafa beint sjónum að hugmyndunum um aflabætur á grundvelli 9. greinar. Það hefur komið dálítið á óvart hve hart hv. þingmenn, sérstaklega hv. þm. Jón Gunnarsson, gengu fram í þeim efnum. Mér hefur heyrst á undanförnum vikum, af hálfu Samfylkingarinnar, að þeir séu á móti því að nota þá grein með þessum hætti. Þeir hafa talið eðlilegt að þegar þannig stæði á í einstökum byggðarlögum kæmu fram fjárframlög af hálfu hins opinbera í stað þess að nota aflabæturnar. Því er einkennilegt að það skuli koma úr þessari átt krafa um að beita aflabótum samkvæmt 9. grein.

Þar fyrir utan verða menn að átta sig á því til hvers þetta mundi leiða. Mundi þetta létta róðurinn hjá þeim verksmiðjum, t.d. þeim sem ekki eru með kvóta? Nei. Mundi þetta létta róðurinn hjá verksmiðjum með miklar aflaheimildir á bak við sig, kannski stærstu fyrirtækjunum í þessari grein? Að sjálfsögðu. Menn verða að hafa þá mynd fyrir framan sig og átta sig á því hvort úrræðið við þessar aðstæður sé fyrst og fremst að rétta hjálparhönd þeim fyrirtækjum sem hafa sterkustu aflaheimildirnar á bak við sig. Mér heyrist það vera skoðun Samfylkingarinnar. Ég held hins vegar að horfa þurfi á málið í víðara samhengi.

Varðandi spurningu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, um veiðigjaldið, vil ég segja að það er um 10 millj. á þessu ári, varðandi úthafsrækjuveiðina. Það er nú (Forseti hringir.) þegar í athugun í sjávarútvegsráðuneytinu að fara yfir þau mál sérstaklega, hvort réttmætt sé að leggja slíkt veiðigjald á rækjuna eins og mál standa.

Breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 1. umr.

Stjfrv., 279. mál (sameiginleg forsjá barns o.fl.). — Þskj. 294.

[14:37]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar. Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á þremur lagabálkum á sviði sifjaréttar, þ.e. á barnalögum, lögum um ættleiðingar og hjúskaparlögum.

Fyrst er að nefna breytingu á ákvæði barnalaga um skipan forsjár barna við skilnað foreldra og slit skráðrar sambúðar. Með frumvarpinu er lagt til að sameiginleg forsjá verði meginregla eftir samvistarslit foreldra, þ.e. foreldrar fari sjálfkrafa áfram sameiginlega með forsjá barns eftir samvistarslit nema að annað sé ákveðið. Með hinu síðastnefnda er átt við að foreldrar geti samið um að annað þeirra fari með forsjá barns, telji þeir það koma barninu betur. Jafnframt geti dómstóll að kröfu foreldris ákveðið að forsjáin verði í höndum annars hvors þeirra. Þannig er gengið út frá því að foreldri, sem ekki vill að forsjá verði áfram sameiginleg, geti komið í veg fyrir að svo verði, eins og gildandi réttur segir til um.

Breytingin sem lögð er til felur á hinn bóginn í sér að foreldrar þurfa ekki að gera sérstakan samning um forsjá barna sinna við samvistarslit, standi hugur þeirra til þess að fara saman með forsjána, heldur verður hún að sjálfkrafa áfram sameiginleg.

Ég tel að í þessu fyrirkomulagi felist ákveðin skilaboð til foreldra eins og bent hefur verið á, m.a. af forsjárnefnd, sem fjallað hefur um þessi mál og nánar er vikið að í greinargerð með frumvarpinu. Það eru skilaboð um mikilvægi þess að foreldrar vinni saman að málefnum barna sinna burt séð frá því hvernig þeirra eigin málefni eða sambúð kann að þróast.

Þær raddir hafa heyrst að rétt sé að fela dómstólum að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja foreldris og forsjárnefnd telur þann kost vænlegan. Ég geri hins vegar ekki tillögur um breytingar í þá átt. Þar sem samvinna foreldra er lykilatriði, þegar sameiginleg forsjá er annars vegar, gefur augaleið að mikilvægt er að samkomulag ríki um þá skipan. Margvíslegar ástæður geta verið fyrir því að annað foreldri leggst gegn sameiginlegri forsjá. Án þess að tíunda það hér í löngu máli má nefna atriði eins og alvarlega sjúkdóma, og það að ofbeldi hafi einkennt sambúð foreldra. Í slíkum tilvikum kæmi sameiginleg forsjá barns gegn vilja annars foreldris tæplega til greina. Ég tel ekki rétt að dómara sé heimilað að taka fram fyrir hendur foreldra og dæma þau til sameiginlegrar forsjár.

Í nágrannalöndum okkar eru nokkrar umræður um heimildir dómara til að dæma sameiginlega forsjá þvert á vilja foreldra. Í Danmörku hefur 15 manna nefnd verið falið að kanna m.a. hvort ráðast eigi í slíkar breytingar á lögum. Verði niðurstaða nefndarinnar sú að dómara verði fengið þetta vald á hún jafnframt að koma með tillögur um hvernig eigi að leysa úr þeim ágreiningsmálum sem upp kunna að koma milli foreldra, t.d. um búsetustað barnsins. Í Svíþjóð hafa verið lagðar til breytingar á heimildum dómstóla til að dæma sameiginlega forsjá þar sem aðeins er dregið í land, ef svo má að orði komast, varðandi þær heimildir. Ég tel víst að hv. allsherjarnefnd muni kynna sér lagaþróunina og rök með og á móti sameiginlegri forsjá almennt og þar með einnig ræða hlutverk og umboð dómara.

Tvær aðrar breytingar eru lagðar til í frumvarpi þessu á barnalögum. Annars vegar er breyting á reglum varðandi þvingunarúrræði þegar umgengni er tálmað, hins vegar á

lögsögureglum í meðlagsmálum. Breytingarnar á þvingunarúrræðunum lúta að því að gera stjórnvöldum kleift að ákveða að umgengni sem er tálmað af forsjárforeldri skuli þvinguð fram þrátt fyrir að umgengnismáli hafi verið skotið til ráðuneytisins til endurskoðunar eða eftir atvikum dómi héraðsdóms til Hæstaréttar, en reglur barnalaga standa vegi fyrir því í dag. Nokkuð hefur borið á gagnrýni á gildandi barnalög hvað þetta varðar. Enda þótt unnið hafi verið að því í ráðuneytinu með góðum árangri að stytta málsmeðferðartíma umgengnismála er ljóst að alllangur tími getur liðið frá því að sýslumaður úrskurðar í umgengnismáli þar til endanleg niðurstaða ráðuneytisins liggur fyrir. Ég tel því eðlilegt að leggja til fyrrnefndar breytingar.

Breytingar á lögsögureglum barnalaga fela í sér að heimildir íslenskra stjórnvalda til að úrskurða í meðlagságreiningsmálum eru nokkuð rýmkaðar. Þá eru enn ónefndar breytingar sem lagðar eru til á lögum um ættleiðingar og hjúskaparlögum. Ég tel ástæðulaust að hafa langt mál um þær en vísa þess í stað til athugasemda við þær í frumvarpinu. Þó er rétt að geta þess, að breytingarnar sem eru lagðar til í lögum um ættleiðingar lúta einkum að málsmeðferð. Jafnframt er lagt til að heimilt verði að framlengja gildistíma svokallaðs forsamþykkis fyrir ættleiðingu á erlendu barni, enda eru dæmi þess að biðtími væntanlegra kjörforeldra eftir barni, eftir útgáfu forsamþykkis, hafi verið lengri en tvö ár, sem er gildistími forsamþykkis samkvæmt ættleiðingarlögum.

Breytingarnar sem lagðar eru til á hjúskaparlögum felast annars vegar í því að einfalda málsmeðferð við innheimtu framfærslueyris og lífeyris til maka á grundvelli laganna, hins vegar í því að fella niður heimild til að kæra útgáfu skilnaðarleyfis til ráðuneytisins. Eðlilegra þykir, vegna þeirra afdrifaríku réttaráhrifa sem fylgja útgáfu skilnaðarleyfis og þá einnig ógildingu slíks leyfis, að dómstólar fjalli um mál sem upp kunna að koma þar sem efast er um gildi skilnaðarleyfis.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og annarrar umræðu.

[14:43]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni athyglisvert mál sem vonandi felur í sér réttarbætur þótt, eins og bent hefur verið á, úttekt vanti á reynslunni af síðustu lagabreytingu og hverju hún skilaði. En mikill meiri hluti, líklega um 90% barnanna, eru í forsjá móður.

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort skoðaður hefði verið sá möguleiki, eða kannað, hvort taka ætti einhvern veginn á raunverulegri sameiginlegri forsjá, þar sem barn er viku hjá móður og viku hjá föður. Þar er hnífjöfn skipting og allt skiptist jafnt. Það er raunveruleg sameiginleg forsjá en svo er í langfæstum tilfellum. Í langflestum tilfellum er barnið hjá öðru hvoru og í langflestum tilfellum hjá móður. Það er á hreinu. En þar sem um er að ræða raunverulega sameiginlega forsjá með barni, þar sem barnið er nákvæmlega jafnlengi til skiptis hjá föður og móður, hefur þá verið skoðað að meðlag skiptist í þeim tilfellum sjálfkrafa til jafns á milli beggja foreldra. Hefur sú breyting verið skoðuð hvað varðar 3. greinina, sem kveður á um að meðlagsgreiðslur með barni skuli ávallt ákveða við skilnað foreldra að borði og sæng eða lögskilnaði o.s.frv.? Hefur verið ákveðið að þar sem um er að ræða raunverulega sameiginlega forsjá skiptist meðlag jafnt á milli foreldra sem og aðrir hlutir sem lúta að uppeldi barna og aðkomu hins opinbera að því.

[14:44]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum hv. þingmanns vil ég fyrst láta þess getið að það er ekki rétt að ekki hafi verið gerð úttekt á núgildandi lögum. Það liggur fyrir skýrsla sem var kynnt mér í mars árið 2005 frá svokallaðri forsjárnefnd. Þetta er lokaskýrsla en áður hafði hún kynnt áfangaskýrslu. Síðan efndi ráðuneytið til málþings með öllum þeim sem láta sig þessi mál sérstaklega varða í tilefni af skýrslunni og fór yfir málið. Það hefur verið gerð rækileg úttekt á barnalögunum og þeim lögum sem um er að ræða hér. Á henni er þetta frumvarp byggt.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi þá hefur það atriði í sjálfu sér ekki verið skoðað sérstaklega. En það liggja vafalaust fyrir upplýsingar um þetta hvernig þessu er háttað. En meginreglan varðandi meðlagið er sú að meðlagið sé eign barnsins. Barnið er eignaréttarhafi meðlagsins og aðalatriðið fyrir barnið er að örugglega sé staðið þannig að málum að meðlagið sé greitt. Hvernig foreldrar skipta því síðan á milli sín, ef allt er í sátt og samlyndi, getur farið eftir innbyrðis samkomulagi. En meginreglan er sú að meðlagið er eign barnsins og þess vegna hefur t.d. ekki, í umgengnisdeilum og öðrum slíkum málum, verið lagt til að menn beiti einhverri refsingu sem byggist á því að afnema meðlagsgreiðslur því að þá væri gengið á hlut barnsins.

[14:46]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var einmitt það sem ég vildi fá fram hjá hæstv. ráðherra hvort það hefði verið kannað og svo virðist ekki vera. Vissulega er meðlagið eign barnsins sem betur fer og það á að fylgja barninu.

Það sem ég spurði hæstv. ráðherra um var einmitt það að þar sem barnið er að fullu til jafns hjá foreldrum sínum báðum, föður og móður eða báðum mæðrum og báðum feðrum eftir því hvernig hlutum er fyrir komið í hverju tilfelli fyrir sig, hvort það sé ekki eðlilegt, eins og forsjárlausir feður og fleiri slík samtök hafa verið að berjast mjög fyrir á síðustu mánuðum og missirum, að gerðar verði ýmsar úrbætur í þessum málum sem lúta að rétti feðra og hvort þetta sé ekki ein af þeim sem ætti að skoða í lagabreytingum á barnalögum og lögum á sviði sifjaréttar, þ.e. að meðlagið ætti að skiptast til jafns á milli þar sem um væri að ræða raunverulega sameiginlega forsjá en þar sem hún væri ekki bara á pappírnum eins og er í langflestum tilfellum, þar sem barnið er hjá móður sinni fyrir utan nokkra daga í mánuði í langflestum tilfellum. En þar sem um er að ræða sannarlega sameiginlega forsjá, eins og er í mörgum tilfellum, þykir oft vera brotið á feðrum af því að meðlagið fer að fullu til móður en barnið er alið upp nákvæmlega hnífjafnt ef svo má segja hjá þeim báðum þar sem það skiptist á milli vikna

að vera hjá móður eða föður, sem sagt foreldrum sínum til skiptis.

Þess vegna vildi ég varpa þeirri spurningu til hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann teldi ekki þörf á að skoða það hvort ætti að taka það inn í þessar breytingar eða ekki og hver niðurstaðan af þeirri skoðun yrði.

[14:48]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frumvarpið liggur fyrir. Þetta er ekki lagt til í frumvarpinu. Þetta álitamál hefur lengi verið kunnugt og menn hafa þekkt það en ekki er lagt til í frumvarpinu að þessu verði breytt. En þetta er náttúrlega eitt af því sem nefndin getur tekið til skoðunar, það er allt undir í þessu máli þegar nefndin fjallar um það og hún mun örugglega afla sér upplýsinga og taka afstöðu sína á grundvelli þeirra. En við leggjum það ekki til í frumvarpinu, eins og fram hefur komið.

[14:49]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Frú forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar. Þar er um afar áhugaverð nýmæli að ræða eða við skulum kannski segja framhald á þeim umræðum og þeirri vinnu sem fram hefur farið í þinginu varðandi barnalögin. Í þeirri vinnu sem var í hv. allsherjarnefnd fyrir þremur árum þegar við afgreiddum barnalögin var mikið af nýmælum. Þá var ákveðið á sínum tíma að ganga ekki eins langt og gert er núna heldur fyrst og fremst að tryggja að börnunum væri búinn góður staður, og það varð auðvitað reynslan samkvæmt skýrslu forsjárnefndar að í 90% tilfella er um sameiginlega forsjá að ræða.

Við ákváðum það í sérstöku augnamiði í hv. allsherjarnefnd á sínum tíma að ganga ekki það skref sem við erum að ganga núna vegna þess að við vildum fá reynsluna af hinu fyrst og sjá hvernig það gengi. Sú reynsla er góð. Ég hefði viljað gefa þessu örlítið lengri tíma. Það verður líka spennandi fyrir okkur í allsherjarnefnd að heyra hvað sifjalaganefnd mun segja okkur um málið en hún er starfandi allan ársins hring.

Það sem ég er alltaf með varann á — það er kannski vegna vinnu minnar áður en ég kom til þings — er að við verðum alltaf að hafa gleraugun á því hvað er börnunum fyrir bestu hverju sinni. Í 10% þessara tilfella geti verið mjög erfiðar aðstæður fyrir börn og hjón. Þess vegna er mikilvægt að sú varúð sem er sett í 1. gr. verði hreinlega styrkt enn frekar, þ.e. að það sé ekkert sem mæli gegn slíkri ráðstöfun þannig að við höfum rauninni þá félagssögu að baki þar sem erfiðleikar hafa verið.

Ekki má gleyma því að einnig hefur verið talið mjög mikilvægt að í hendur haldist fræðsla og boðið sé upp á viðtöl og ráðgjöf fyrir fólk við skilnað. Það er eitthvað sem við þurfum að gera enn frekar og var mikið rætt í hv. allsherjarnefnd þegar þetta var síðast til skoðunar.

Ég veit að mjög margir eru glaðir yfir þessu frumvarpi, fólki finnst við vera á réttri braut. Ég hef hins vegar alltaf sagt að við eigum að flýta okkur hægt þegar hagsmunir barna eru annars vegar, en auðvitað hef ég líka alltaf verið reiðubúin til að skoða ákveðnar breytingar.

Það sem mér finnst skipta mjög miklu máli er þessi ráðgjöf, eins og ég nefndi áðan. Við þurfum líka að gera frekari úttektir, ekki einungis að fá skýrslu forsjárnefndar, að það sé ekki bara hún ein sem dugi. Við megum heldur ekki gleyma því að Ísland er með algjöra sérstöðu að því leyti að það er eitt af Norðurlöndunum og sennilega í Evrópu þar sem þetta nær líka yfir fólk í sambúð. Sameiginleg forsjá á yfirleitt aðeins við um hjónabönd annars staðar. Þess vegna höfum við oft rætt það í þessum stól að við séum alltaf að gefa sambúðinni ígildi hjónabands með ýmsum réttindum og skyldum þannig að sambúðin verður í rauninni aldrei raunhæft val. Það er eitt af því sem er mjög gaman að ræða og væri mjög gaman að setja vinnu í í hv. allsherjarnefnd. Ég veit að við munum vinna vel í því máli og kalla fram upplýsingar.

Við megum heldur ekki gleyma að það er verið að snúa til baka í Svíþjóð. Við eigum eftir að sjá hvað kemur út úr fimmtán manna nefndinni í Danmörku. Það er mjög mikil gerjun í þessum málum núna á Norðurlöndunum vegna þess að hin faglega gagnrýni hefur gengið út á það að þetta hafi verið svo foreldramiðað í stað þess að vera barnamiðað og það sé í rauninni það sem við erum svolítið að bíta í halann á okkur með, að við höfum verið að flýta okkur of hratt, við séum alltaf að hugsa um hagsmuni foreldranna en ekki hagsmuni barnanna.

Þess vegna er áhugavert að nefna það sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson nefndi áðan og við ræddum það í hv. allsherjarnefnd í síðustu vinnslu á barnalögunum að ef foreldrar, fólk þarf í raun og veru — nú legg ég til að hv. þingmenn leggi við hlustir — að rífast yfir því og hafa áhyggjur af því að meðlagið milli foreldranna skiptist ekki jafnt af því að skipting barnsins sé jöfn á milli foreldra, þá hef ég alltaf sagt að það sé kannski fólkið sem þurfi örlitla ráðgjöf og örlítinn stuðning. Því að það kostar meira en eitt meðlag að sjá fyrir barni. Og þá þarf kannski að sýna vel hvað kostar að sjá fyrir barni og meðlagið er hluti af því, þetta er það fjármagn sem það fær og það dugar ekki einu sinni fyrir leikskóla. Það þarf því að gera fólki grein fyrir kostnaðinum við barnið og segja síðan: Viðkomandi greiðir meðlagið, það fylgir, það er alveg óhjákvæmilegt hvað sem hangir hinum megin á spýtunni. En þá þarf fólk ráðgjöf við að leysa slík mál því að þau eru oft yfirvarp um einhverja óánægju frekar en það sem raunveruleikinn snýst einmitt um.

Við ræddum í hv. allsherjarnefnd síðast um skiptingu á meðlagi og það var eiginlega samdóma álit að við færum ekki að fara þangað, við förum ekki þangað. Við þurfum að veita fólki ráðgjöf, fjármálaráðgjöf og annað þannig að kostnaður verði jafn á milli foreldra sem skilja varðandi forsjá barnanna, við þurfum að leysa það á annan hátt en að skipta meðlagi upp. Það á líka við um húsaleigubætur og annað, það þarf bara að fara með þetta í almennilega ráðgjöf heimilanna. Það sýnir okkur jafnframt að ráðgjöf og stuðningur er afar mikilvægur, því að það er mjög mikið mál að skilja og það er mikið mál að ala upp börn og bera ábyrgð á börnum. Það er því mjög margt í þessu.

En ég vil minna á og við munum í hv. allsherjarnefnd kalla eftir gögnum varðandi þróunina núna í Skandinavíu

því að þar eru hlutirnir á fullri fart. Við eigum ekki að flýta okkur of hratt, við eigum að gera hlutina vel, við höfum alltaf borið gæfu til þess og við eigum að gera það.

Margt annað er hér einnig til bóta, góðar viðbætur. Ég hafði reyndar örlitlar áhyggjur af því hvað varðar ættleiðinguna um að ekki þyrfti að fá umsögn barnaverndarnefndar, það væri algjörlega óþarft. Ég velti því fyrir mér að við þyrftum kannski að hafa orðalagið í 5. gr. örlítið skýrara, að við séum í rauninni að tala um það þegar viðbúin er synjun. Það þyrfti einhvern veginn að koma örlítið skýrar fram í frumvarpstextanum. Það er ekki nægjanlegt að það komi fram í greinargerðinni því að þetta gæti líka snúist um að ekki þyrfti að afla sérstaks leyfis í öðrum málum, t.d. fósturmálum. Barn væri kannski búið að vera á tilteknum stað alla tíð, þá þyrfti það ekki að fara í gegnum eitthvert þungt ferli. Ég er því að hugsa um þá jákvæðu hlið sem það gæti leyft. Við þurfum þess vegna aðeins að skoða orðalagið svo það valdi ekki misskilningi.

Ég efast ekki um að við eigum eftir að fá mjög góðar og gagnlegar umræður í hv. allsherjarnefnd. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur flutt frumvarp um þetta mál og hefur ákveðið að flytja það aftur eftir að lendingin í hv. allsherjarnefnd varð ekki eins og hún óskaði, en það er nú bara vegna þess að við vildum láta reyna á þetta fyrst. Ég var líka mjög sátt við að ekki var gengið alla leið eins og skýrslan frá forsjárnefndinni segir til um að úrskurða megi með dómi. Ég er mjög fegin að hæstv. dómsmálaráðherra fór ekki alla leið. Ég held að við verðum að taka þetta í skrefum með hagsmuni barnanna að leiðarljósi og ekki síst hagsmuni þeirra barna sem eru um 10% af þessum skilnaðarbarnahópi sem eiga við verulega mikla erfiðleika, ofbeldi og annað að stríða. Við verðum að hugsa um þau börn og þá vil ég fremur hafa minna opið en meira til þess að tryggja þó þeim tíu prósentum góða umönnun og góða framtíð.

[14:59]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar. Ég á sæti sem áheyrnarfulltrúi í allsherjarnefnd en vil taka það fram að ég sat þar ekki fyrir þremur árum þegar barnalögin fóru í gegn. Ég er því ekki sérstaklega vel kunnug málaflokkinum en ég verð að segja að í því máli sem hér er lagt fyrir nefndina er fólgin áskorun og eins og kom fram í máli hæstv. dómsmálaráðherra er í mörg horn að líta. Það er margt sem nefndin þarf að skoða og þá bæði þessa skýrslu sem nefndin skilaði af sér og er yfirgripsmikil en einnig er nauðsynlegt að nefndin fari gaumgæfilega í saumana á norrænu löggjöfinni.

Eins og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir gat um í ræðu sinni áðan eru Svíar að hluta til á leið til baka í þessu máli og það er nauðsynlegt að skoða hvers vegna það er. Eftir því sem ég kemst næst segja Svíar að í sænsku löggjöfinni hafi réttindi foreldra verið sett skör ofar en réttindi barnsins, þ.e. að miðpunkturinn í löggjöfinni hafi ekki snúist um velferð barnsins heldur velferð foreldranna eða það hvernig foreldrarnir líta á málin. Svíar segja núna að þær nýju reglur sem verið er að undirbúa, ef þær eru þá ekki þegar komnar til framkvæmda, eigi að ganga út á það að ef foreldrar geti ekki verið sammála um uppeldi barns þá skuli þeir ekki fá sameiginlegt forræði. Svíar virðast hafa lent í afar erfiðum forræðisdeilum foreldra sem hafa samt haft sameiginlega forsjá.

Þetta færir okkur auðvitað heim sanninn um það hversu erfið þessi mál eru. Það er erfitt að ætla sér með löggjöf að stýra því hvernig foreldrar annast uppeldi og umönnun barna sinna, það er sannarlega afar vandmeðfarið. Þess vegna tel ég að það sé mikil ögrun og áskorun fyrir nefndina að fara vel í saumana á þessu máli, skoða það vítt og vel ofan í kjölinn og ég treysti nefndinni fullkomlega til að gera það.

Það er auðvitað ekkert einhlítt í þessum málum. Það er afskaplega erfitt að alhæfa um þau því að hvert einasta tilvik er sérstakt. Það geta þeir sem hafa starfað í þessum geira, félagsfræðingar og sálfræðingar, vitnað um. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar í þessum efnum. Mér er mjög minnisstætt viðtal við Rannveigu Guðmundsdóttur félagsráðgjafa. Hún átti samtal við Guðrúnu Guðlaugsdóttur, blaðamann Morgunblaðsins, um rannsókn sína sem fjallaði um líðan barna við skilnað foreldra séð með augum barnsins. Þetta viðtal birtist í Morgunblaðinu sunnudaginn 10. júlí sl. undir fyrirsögninni „Ekki gleyma okkur" og er það tilvitnun í ummæli barns sem tók þátt í rannsókninni. Mér finnst þetta kallast svolítið á við það sem ég hef séð frá Svíunum um þennan fókus, þ.e. velferð barnsins verður alltaf að vera í brennipunkti. Við sem hlutlægur aðili í þessum málum, þ.e. löggjafinn, verðum að reyna að stýra löggjöfinni þannig að svo sé.

Þess vegna hef ég líka tilhneigingu til að gera athugasemd við orðfærið sem við notum þegar við fjöllum um þessi mál. Við tölum t.d. um umgengnisrétt, ég tel jafnvel að það orð sé í löggjöfinni okkar nú þegar. Ég hefði haft tilhneigingu til að nota ekki það orð en tala frekar um sameiginlegan umönnunarrétt. Við erum ekki að tala um umgengni sem slíka, sem er frekar ópersónulegt hugtak og í sjálfu sér ekki tilhlýðilegt að nota þegar við erum að fjalla um samskipti foreldra eða foreldris og barns. Mér finnst miklu eðlilegra að við tölum um umönnunarrétt en umgengnisrétt. Þetta er t.d. eitt af því sem ég kem til með að leggja til málanna í starfi nefndarinnar.

Aftur langar mig aðeins til að víkja að rannsókn Rannveigar Guðmundsdóttur sem sagt er frá í Morgunblaðinu í sumar. Hún segir í viðtalinu að hún hafi bæði rætt við börn og foreldra þeirra og í um helmingi þeirra tilvika sem hún rannsakaði var um sameiginlega forsjá að ræða en í hinum helmingnum hafði móðirin forsjána. Í rannsókn hennar var talað um að í helmingi tilvika væri um mjög litla samvinnu foreldra að ræða og það var víst óháð því forsjárfyrirkomulagi sem var til staðar. Í einu tilviki höfðu foreldrar ekki talað saman frá skilnaði þrátt fyrir sameiginlega forsjá. Hún segir líka að eftirtektarvert hafi verið að feður hafi talað um að þeir vildu vera meira með börnunum sínum en á sama tíma töluðu mæður um að þær vildu að feðurnir hefðu meira af börnunum sínum að segja, væru oftar í sambandi við þau en raun bæri vitni. Rannveig segir, og ég er sammála henni um það, að þetta megi túlka á þann veg að samskiptin séu hugsanlega ekki nægilega skýr. Báðir aðilar

virðast vilja það sama en koma því ekki nægilega vel á framfæri.

Virðulegur forseti. Mér finnst þetta litla dæmi úr niðurstöðum rannsóknar Rannveigar Guðmundsdóttur félagsráðgjafa segja meira en mörg orð. Þetta segir okkur að hér er um tilfinningaleg mál að ræða. Þetta eru málefni sem eru einstaklingsbundin og taka á grunngildum okkar. Auðvitað vitum við að það er afar sjaldgæft að fólk skilji í góðu. Yfirleitt skilur fólk af því að það gengur ekki upp að búa saman og ágreiningur er til staðar í sambúðinni. Það segir okkur að jarðvegurinn, þegar um skilnað er að ræða, er oft og tíðum ekki skapandi, ekki þægilegur til að búa börnum jákvæðar aðstæður. Það skiptir verulegu máli að við áttum okkur á því að þessi mál eru vandmeðfarin.

Rannveig Guðmundsdóttir segir í viðtalinu við Guðrúnu Guðlaugsdóttur að hennar meginniðurstaða sé sú að börn séu yfirleitt tiltölulega afskipt þegar foreldrar skilja. Hún segir jafnframt að aðstoðin sem börn og foreldrar fá sé tilviljunarkennd og fari eftir fjölskylduaðstæðum. Það er mjög alvarlegt mál ef sú aðstoð er tilviljunarkennd og ég held að við hljótum að þurfa að taka það til nánari skoðunar.

Það verður líka að hafa í huga að þegar foreldrar skilja eru þeir ekki í tilfinningalegu jafnvægi, þeir eru jafnvel í áfalli og auðvitað þarf að tryggja börnunum einhvers konar aðstoð og umhverfi svo að áfall þeirra verði sem minnst. Ég held að í öllu falli sé, eins og ég sagði áðan, um afar mikla áskorun fyrir allsherjarnefnd að ræða að takast á við þetta mál. Það er ekki einfalt. Það er erfitt að ætla sér að setja öll mál af þessu tagi undir einn og sama hattinn, eina og sömu löggjöfina. Nefndin lendir í því að búa sér til einhvers konar stiklur til þess að fara yfir þennan læk og ég satt að segja treysti henni alveg til þess, en ég er alveg viss um að það þarf að leggja talsverða vinnu í það að finna bestu leiðina.

[15:08]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra sem breytir þrennum lögum og hefur verið gerð grein fyrir helstu breytingunum. En meginbreytingin í mínum huga er breytingin á barnalögum sem lýtur að því að gera sameiginlega forsjá að meginreglu, ef svo mætti segja, í íslenskum rétti. En þarna má einnig finna lagabreytingu sem lýtur að því að kæra á úrskurði sýslumanns fresti ekki beitingu þvingunarúrræða barnalaga, þ.e. dagsektanna, og svo má líka nefna að þarna er verið að breyta lögsögu íslenskra stjórnvalda í meðlagsmálum og það er verið að breyta ættleiðingarlögum hvað varðar umsögn barnaverndarnefnda og í lok frumvarpsins er breyting sem lýtur að því að heimila fjárnám fyrir fjárframlögum til framfærslu fjölskyldu og fyrir makalífeyri eftir skilnað og að lokum er verið að breyta fyrirkomulagi um skilnaðarleyfi.

Mig langar að byrja á að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra að því hvort hin sérstaka sifjalaganefnd, sem er að störfum innan dómsmálaráðuneytisins, hafi samið þetta frumvarp. Ég held að sú nefnd sé alltaf að störfum innan ráðsins. Það er af forvitni sem ég spyr hvort þessi sérstaka nefnd hafi samið þetta frumvarp eða hvort staðið var á annan hátt að samningu þessa frumvarps.

Mig langar líka að minnast á hina svokölluðu forsjárnefnd sem var, ef ég skil rétt, ad hoc nefnd, fyrst skipuð árið 1997. Hún skilaði fyrri áfangaskýrslu 1999. Síðan liðu mörg ár og ég flutti fyrirspurn á Alþingi 7. febrúar 2005 og kallaði eftir seinni áfangaskýrslunni og mánuði seinna birtist sú skýrsla sem var mjög fróðleg. Þetta eru auðvitað tvær skýrslur sem allsherjarnefnd mun skoða mjög vel ásamt öðrum gögnum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við hugum aðeins að stöðu foreldra og forsjárlausra foreldra og gefum svo gaum að þeirri baráttu sem Félag ábyrgra feðra hefur m.a. háð með því að veita upplýsingar til okkar þingmanna, með greinarskrifum í blöð o.s.frv. En að sjálfsögðu megum við aldrei hvika frá því marki að þessi málaflokkur snýst fyrst og fremst um hagsmuni barnsins. Við þurfum að nálgast allan þennan málaflokk út frá því sem er best fyrir barnið. Það er rauði þráðurinn í barnarétti almennt.

Það eru hagsmunir barnsins að fá að alast upp hjá báðum foreldrum, það er réttur barnsins að fá að umgangast báða foreldra sína. Þetta þurfum við að hafa í huga þegar við ræðum þessi mál. Mig langar í ljósi yfirferðar hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur — hún rakti lítillega þá umfjöllun sem átti sér stað í allsherjarnefnd á síðasta þingi þegar barnalögum var síðast breytt en þá var ákveðið að fara ekki þessa leið — að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra að því hvers vegna hann telur að fara eigi þessa leið núna, hvort eitthvað hafi breyst eða hvort hann hafi einhver sérstök rök fyrir því að fara þessa leið núna, af hverju þetta hafi ekki verið gert síðast og hvort reynslan af sameiginlegri forsjá sé það góð að þessa leið beri að fara.

Það er líka forvitnilegt að vita, ef hæstv. dómsmálaráðherra hefur það hjá sér, hvað af tillögum forsjárnefndarinnar stendur út af. Eru það einhver meginatriði sem forsjárnefndin mælti með sem við höfum ekki farið eftir. Hæstv. dómsmálaráðherra nefndi eina leið sem við höfum ekki farið eftir. Það er að dæma sameiginlega forsjá, eins og ég held að Norðmenn hafi það, en er það eitthvað annað meginatriði sem hæstv. dómsmálaráðherra vill koma að sem stendur út af og má hugsanlega vænta frá honum í frumvarpsformi.

Hér hefur verið minnst á þingmál hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um sameiginlega forsjá og það væri mjög fróðlegt að skoða þessi tvö mál jafnvel saman í allsherjarnefndinni. Ég er reyndar einn af flutningsmönnum með Ástu Ragnheiði í því máli og hef viljað skoða það út frá því hvort við ættum ekki að fara þá leið sem hæstv. dómsmálaráðherra er að mælast til að við förum. Það er líka mjög fróðlegt að átta sig á sögu breytinga á þessu sviði og sérstaklega hvað varðar sameiginlega forsjá en í barnalögunum frá 1981 skyldi forsjáin vera óskipt hjá öðru foreldri ef þeir voru ekki samvistum. Samkvæmt þeim lögum var sameiginleg forsjá foreldra sem ekki bjuggu saman því útilokuð. Þessu var breytt á tíunda áratugnum þar sem fólk gat samið um sameiginlega forsjá. Við höfum líka vitneskju um það að í nágrannalöndunum hefur sameiginleg forsjá foreldra sem ekki eru í samvistum verið heimiluð um nokkurt skeið og í Svíþjóð hefur það verið heimilt frá 1976 en upphaflega gerðu reglur þar í landi ráð fyrir að foreldrar gætu samið um sameiginlega forsjá nema það væri talið andstætt hagsmunum barnsins. Ég veit ekki betur en það sé

þá svipað og núverandi lög hjá okkur.

Árið 1983 voru reglur í Svíþjóð rýmkaðar enn frekar og þá var í rauninni farin sú leið sem hæstv. dómsmálaráðherra er að leggja til að við förum, þ.e. að aðalreglan verði sú að foreldrar hafi forsjá barna sinna sameiginlega við skilnað nema þeir óski sérstaklega eftir að hún verði falin öðru þeirra. Þetta merkir að við skilnað þarf ekki að taka sérstaka afstöðu til þess hvort forsjá skuli vera sameiginleg heldur verði það áfram eins og verið hefur nema foreldri sé ekki sátt við þá skipan. Í frumvarpi hæstv. dómsmálaráðherra stendur einmitt í 1. gr. að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns síns eftir skilnað og slit sambúðar sem skráð hefur verið í þjóðskrá nema annað sé ákveðið. Hér er því samkomulag beggja foreldra áskilið um sameiginlega forsjá, enda sjá það allir að slíkt mundi tæpast ganga sé eitthvert ósamkomulag milli foreldra hvað það varðar.

Það eru auðvitað rök með og á móti sameiginlegri forsjá. Þetta er gömul umræða og það er mjög fróðlegt fyrir okkur að fara í gegnum hana. Í greinargerð með frumvarpinu frá 1987 voru rökin með og á móti sameiginlegri forsjá rakin ítarlega. Bent var á að sameiginleg forsjá væri til þess fallin að stuðla að betri samskiptum barns við báða foreldra og með því að tryggja því foreldri sem barn býr ekki hjá forsjá væri minni hætta á því að samband við það rofni, þá var lögð áhersla á að deilur um forsjá rísi oft vegna þess að foreldri getur ekki hugsað sér að afsala sér forsjá barna sinna. En með því að tryggja því forsjá ásamt hinu sætti það sig frekar við það þó barnið búi annars staðar. Þetta ætti að stuðla að friðsamlegri skilnaði en ella. Þetta kom fram í greinargerð frumvarpsins frá 1987.

Þar er síðan fjallað stuttlega um gagnrýni á sameiginlega forsjá. Í frumvarpinu, og einnig í grein Guðrúnar Erlendsdóttur í Úlfljóti frá 1982 sem heitir „Sameiginleg forsjá og önnur nýmæli í barnarétti", er m.a. bent á að sameiginleg forsjá geti haft í för með sér óstöðugleika fyrir barnið og ýmis uppeldisleg vandkvæði fyrir foreldrana. Sameiginleg forsjá geti skapað hættu á því að samið sé um forsjá barnsins á röngum forsendum og að hugsanlega sé verið að slá vandamálum á frest. Þetta eru sjónarmið með og á móti sameiginlegri forsjá sem hafa komið fram og svo höfum við auðvitað reynsluna frá Svíþjóð, eins og hefur verið rakið hér. Það er auðvitað forvitnilegt að Svíar séu hugsanlega að endurskoða sitt fyrirkomulag. Það þarf að skoða því að þeir hafa að mörgu leyti verið fyrirmynd okkar á þessu sviði og eru hafðir til fyrirmyndar í þessu frumvarpi, það kemur fram í greinargerðinni með því. Við þurfum að skoða það í allsherjarnefndinni af hverju Svíar eru hugsanlega að víkja af þessari leið, sé það rétt. Ég þekki það ekki.

Í greinargerðinni og í umræddri grein Guðrúnar Erlendsdóttur var einnig fjallað um kosti og galla sameiginlegrar forsjár. Bent hefur verið á að sameiginleg forsjá samræmist mjög vel þeim þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að þar sem áhersla er lögð á rétt barns til samvista við foreldra sína. Menn hafa í því samhengi bent á 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þetta eru atriði sem við þurfum að skoða.

Við fyrstu sýn er ég að sjálfsögðu jákvæður fyrir þessari breytingu en við þurfum auðvitað alltaf að hafa það bak við eyrað að það eru hagsmunir barnsins sem ráða og í svari hæstv. dómsmálaráðherra við fyrirspurn minni í fyrra varðandi seinni áfangaskýrslu forsjárnefndarinnar kemur fram að barnalögin eru í eðli sínu ekki jafnréttislög í þeim skilningi að þeim sé ætlað að tryggja jafna stöðu beggja foreldra til skilnaðar eða við sambúðarslit heldur lög sem hafa það að markmiði að tryggja rétt barnsins varðandi atriði eins og feðrun, rétt til forsjár, umgengni auk framfærslu o.s.frv. Ég tek alveg undir þetta. Markmið barnalaga og barnaverndarlaga er að gæta hagsmuna barna og eins og áður hefur verið rakið eru það hagsmunir barnsins að umgangast báða foreldra sína. Það er enginn að tala um að slaka á kröfunum varðandi þá stöðu sem hugsanlega er uppi í sumum samböndum, jafnvel að viðkomandi barn sé í einhverri hættu eða eitthvað slíkt, sé í hættu á ofbeldi o.s.frv. Það er enginn að tala fyrir því að slaka á kröfunum hvað það varðar eða eftirlit barnaverndaryfirvalda eða eitthvað slíkt. Nóg um sameiginlega forsjá í þessari lotu.

Varðandi þvingunarúrræði barnalaga, sem eru þá dagsektir, ef ég man rétt, þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að það sé heimilt að beita þeim ef umgengni er tálmuð þótt málskotsrétturinn sé ekki liðinn og áður en ráðuneyti eða dómstólar hafi lokið umfjöllun. Þetta er ný leið og ég held að hæstv. dómsmálaráðherra sé að bregðast við vanda sem hefur verið bent á, að í sumum tilfellum sé erfitt að framfylgja úrskurði sýslumanns um t.d. umgengnisrétt. En við þurfum einnig að gæta okkar á þessari breytingu og skoða hana vel í allsherjarnefnd eins og við gerum við allt málið og gæta hagsmuna barnsins. Auðvitað getur alls konar staða komið upp í samböndum og við megum aldrei víkja frá meginreglunni um hagsmuni barnsins.

Það er að lokum forvitnilegt að heyra frá hæstv. dómsmálaráðherra hvað dagsektirnar varðar. Hvað gerist ef ráðuneytið eða dómstólarnir breyta úrskurði sýslumannsins, og viðkomandi er búinn að greiða dagsektir fyrir að hafa hugsanlega brotið gegn úrskurði sýslumanns. Myndast einhvers konar endurgreiðsluréttur eða hvernig er það? Hæstv. dómsmálaráðherra þekkir án efa betur en ég þá stöðu sem kemur upp ef ráðuneytið eða dómstólar breyta úrskurði sýslumanns.

Þetta mál allt er flókið. Það snertir mikla hagsmuni og ég hlakka til vinnunnar í allsherjarnefndinni að við skoðum það mjög vel og frá víðu sjónarhorni og fáum sem flesta á okkar fund, heyrum í umboðsmanni barna, Félagi ábyrgra feðra o.s.frv. Þetta skiptir okkur öll miklu máli. Ég held að í grunninn séum við öll sammála um að hér eigi hagsmunir barnsins að ráða.

[15:21]

Útbýting:

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 287. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 302.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, 285. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 300.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, 286. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 301.

Embætti útvarpsstjóra, 283. mál, fsp. KHG, þskj. 298.

Réttarstaða sjómanna, 282. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 297.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis, 284. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 299.

[15:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar og mig langar til að gera að umræðuefni breytingu á barnalögum, nr. 76/2003. Fyrir þinginu liggur þingmál frá þeirri sem hér stendur og nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar, eins og hefur reyndar komið fram, þeim hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Katrínu Júlíusdóttur, Helga Hjörvar, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni, um sömu breytingu á lögunum og hæstv. ráðherra leggur til, þ.e. að sameiginleg forsjá verði að meginreglu.

Forsaga þess að við leggjum þetta mál fram er sú að ég hef haft verulegan áhuga á þessum málum og lagði fram þingsályktunartillögu fyrir um það bil 7–8 árum um rétt barns til umgengni við báða foreldra sína og síðan í framhaldi af því nokkrar breytingar á barnalögunum. Auðvitað var það allt með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Allmargar af þessum breytingartillögum komu inn í breytingu á barnalögunum 2003 eftir að allsherjarnefndin tók tillöguna til skoðunar en ekki ákvæðið um að sameiginleg forsjá yrði meginregla. Ég lagði fram breytingartillögu við umræðuna um að svo yrði en hún var ekki samþykkt enda töldu menn ekki ástæðu til þess að hverfa frá þeirri skipan mála sem þá var, eins og komið hefur fram.

En nú hefur hæstv. ráðherra lagt til að þessi leið verði farin og ég er sammála því sem auðvitað sýnir sig í þessu þingmáli. Þetta er auðvitað niðurstaða sem hefur komið fram, m.a. hjá forsjárnefnd sem skilaði fyrst áliti sínu 1999 í áfangaskýrslu þar sem var fjallað um reynsluna af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum. Í þeirri skýrslu sagði að bæði í Finnlandi og Svíþjóð hefði sameiginleg forsjá verið gerð að meginreglu við skilnað foreldra og það varð niðurstaða nefndarinnar að rétt væri að feta í fótspor þeirra. Ein meginröksemd forsjárnefndar fyrir sameiginlegri forsjá sem meginreglu var sú að slíkt fyrirkomulag samrýmdist best 1. mgr. 18. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland hefur fullgilt. Þessi málsgrein í samningnum hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aðildarríki skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga."

Við hv. þingmenn sem flytjum þessa tillögu sem er hér á þskj. 78, 78. mál þingsins — það er með lægra númer en þingmál hæstv. ráðherra — tökum undir þessa röksemd hjá forsjárnefndinni og leggjum þess vegna til að íslenska ríkið geri allt sem í þess valdi stendur til að tryggja sameiginlega ábyrgð foreldra á uppeldi barna sinna.

Við teljum líka að réttur foreldris til að fara með forsjá barns síns sé réttlætismál á sama tíma og það er réttlætismál fyrir barn að nú njóta forsjár foreldris síns, þótt foreldri geti vissulega fyrirgert þessum rétti sínum með því að bregðast skyldum sínum. Löggjafanum beri því að stuðla að því að réttur beggja foreldra sé tryggður svo sem framast er unnt. Réttur foreldris til að fara með forsjá barns er jafnframt tilfinningamál. Það skiptir máli fyrir foreldri tilfinningalega að hafa eitthvað að segja um framtíð barns síns. Sameiginleg forsjá tryggir rétt foreldra hvað þetta varðar að því marki sem unnt er. Það má ætla að sameiginleg forsjá sé til þess fallin að efla ábyrgðarkennd foreldra gagnvart barni og hvetja þá til að ná samkomulagi um ráðstafanir sem varða hagsmuni þess.

Ég er að vitna í greinargerð með þessu þingmáli okkar samfylkingarþingmanna þar sem við leggjum til sameiginlega forsjá sem meginreglu.

Eftir að barnalögum var breytt árið 2003 kom fram lokaskýrsla frá forsjárnefnd, þ.e. í mars 2005, og þar ítrekar nefndin fyrri tillögu sína um að sameiginleg forsjá verði meginregla við skilnað og sambúðarslit foreldra. Við töldum því ástæðu til að endurflytja það mál sem hér liggur fyrir. Vissulega þarf að skoða það frá öllum hliðum og ávallt með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ég treysti hv. allsherjarnefnd til að gera það, ég á ekki sæti þar en ég treysti þeim ágætu þingmönnum sem þar sitja til að fara vel yfir málið. Ég óska hér með eftir því við forseta og þingið að þetta þingmál okkar um sameiginlega forsjá sem meginreglu fari til nefndarinnar og fái þar umfjöllun um leið og þingmál hæstv. ráðherra. Ég óska því eftir að það verði sett á dagskrá næsta fundar þar sem frumvörp verða til umræðu, ég geri ráð fyrir því að það verði nk. fimmtudag, og það fari þá órætt til nefndarinnar. Ég tel að þessari umræðu séu gerð það góð skil hér að ekki þurfi frekari umræðu um þetta þingmál en tel mikilvægt að nefndin hafi okkar þingmál einnig til umfjöllunar samhliða frumvarpinu frá hæstv. ráðherra.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi þetta ekki lengra en frekari rökstuðningur er í greinargerð með þingmáli okkar um þessa breytingu á barnalögunum, þ.e. á 31. gr. laganna.

[15:30]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Mig langar í upphafi máls míns að þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir ágæta framsögu hans um þetta frumvarp og fyrir frumvarpið sem slíkt. Ræðumenn á undan mér, eins og hæstv. ráðherra, hafa rakið hvert meginefni frumvarpsins er. Við erum að leggja þarna til aðallega þrjár breytingar á barnalögum og tengdum lögum og það er óþarfi að fara yfir það. En það sem kannski skiptir mestu máli í þessu er aðallega tvennt, annars vegar það sem frumvarpið leggur til, þ.e. sú breyting að í stað þess að gera ráð fyrir því sem meginreglu að annaðhvort foreldranna hafi forsjá barns þá verði forsjáin sameiginleg, að það verði meginreglan, og svo hitt, sú breyting sem er á ákvæðunum um hvernig sé hægt að styrkja þvingunarúrræði þegar umgengnisréttur er ekki virtur.

Þegar allsherjarnefndin á sínum tíma fjallaði um breytingarnar á barnalögunum, þær síðustu sem voru gerðar, var m.a. rætt mikið innan nefndarinnar hvort við ættum að stíga þetta skref til fulls, að hafa það sem meginreglu að forsjáin væri sameiginleg. Það voru aðeins skiptar skoðanir innan nefndarinnar og líka meðal þeirra gesta og í þeim umsögnum sem nefndin fékk. Ýmsir vísuðu til þess að það væri meginreglan á Norðurlöndunum og svipuð sjónarmið hlytu

að eiga við hér, að þetta væri eitthvað sem tryggði betur velferð barna að hafa þetta sem meginreglu. Niðurstaðan hjá nefndinni þá var að stíga ekki skrefið til fulls. En ég held að flestir sem tóku þátt í því starfi hafi verið mjög opnir fyrir því að það væri í rauninni næsta skref sem við tækjum.

Þau okkar sem þekkja þessi mál öðruvísi en bara sem þingmenn, hafa komið að þessum málum t.d. sem lögmenn í forsjármálum, hafa flest mjög eindregna skoðun á þessum málum og hún er sú að það tryggi betur velferð barna að forsjáin sé sameiginleg. Það er oftar en ekki þannig að feður, sem eru þeir sem oftast enda uppi sem forsjárlausir, líta einhvern veginn á það að þar með sleppi ábyrgð þeirra á börnum. Þetta er ekki spurningin um hvaða rétt foreldrar hafa til barna heldur hvaða ábyrgð þau bera. Ég nefni það líka í þessu samhengi af því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talaði um hugtakanotkun að til skamms tíma hét þetta ekki forsjá. Þetta hét forræði. Ýmislegt hefur því breyst í hugum fólks í takt við breytingar á hugtökum í lögum um það hvað forsjáin felur í sér.

Oftar en ekki er mikil umræða manna á milli og stundum í fjölmiðlum um forsjárdeilur. En óskaplega lítið er talað um hvert er raunverulegt inntak þessarar forsjár. Það er ákvæði í barnalögunum sem heitir inntak forsjár og þar er reynt að skilgreina hverjar skyldur foreldra séu og það eru skyldur sem báðir foreldrar bera gagnvart börnum sínum og báðir foreldrar bera þær skyldur áfram þó að þeir skilji að skiptum. Með því að taka upp sameiginlega forsjá sem meginreglu er verið að árétta að þó að foreldrar skilji að skiptum þá eru þeir ekki að skilja við börnin sín. Skyldurnar standa eftir sem áður áfram og öll ábyrgðin sem foreldrarnir báru áður sameiginlega.

Mín reynsla er sú að þegar foreldrar fara að deila við skilnað er það oftar en ekki svo að konur fá forsjána og bera sig eftir henni, að þegar konum er svo bent á það hversu mikið betur tryggir velferð barnsins að faðirinn upplifi það áfram sem sína skyldu og ábyrgð að annast barnið og hafa eitthvað með framtíð þess og umhverfi, þá eru þær líka oft fúsar til þessa samstarfs. En það má ekki blanda því saman þegar verið er að tala um að foreldrar deili um sitthvað annað en málefni barnsins. Þeir geta eftir sem áður verið sammála um hvernig þeir vilja ala barn sitt upp og hvaða aðstæður þeir vilja búa því þannig að í þessum málum verður alltaf að leggja áherslu á það að upphaflega er fólk að skilja vegna þess að það getur ekki orðið sammála um allt annað, en að halda því opnu að það geti verið sammála um og starfað saman að velferð barnsins og komið sér saman um það hvernig hagur þess er best tryggður. Ég held að með því að breyta þessu og gera sameiginlega að meginreglu í barnalögunum þá hafi það líka áhrif á hugarfar foreldra gagnvart börnum sínum og hverjar skyldur þeirra eru. Þannig göngum við út frá því að það sé í undantekningartilvikum sem foreldrar geti ekki átt samskipti og komið sér saman um allt sem lýtur að barninu og velferð þess, að það sé undantekning frekar en hitt að við gefum okkur það fyrir fram að flestallir foreldrar séu þó þannig gerðir, þó að þeir geti ekki búið saman, að þeim sé treystandi til að fara með forsjána saman. Það sem mér finnst í rauninni megingildi þess að hafa þetta sem meginregluna er þessi hugsun og þetta traust á fullorðnu fólki sem þó getur ekki búið saman.

En það mætti gefa svolítið meiri gaum í allri umfjöllun um þetta því sem segir í barnalögunum um það hvað í rauninni felist í forsjá samanber orðnotkunina eða breytinguna á hugtökunum sem varð fyrir nokkrum árum, þ.e. að breyta þessu úr forræði í forsjá. Þetta er spurningin um að sjá fyrir og mér finnst ekkert útilokað það sem fyrri ræðumaður í dag nefndi um ákveðnar aðrar orðtakabreytingar því að þær geta líka haft áhrif í sömu átt og það er nokkuð sem við hljótum að skoða í allsherjarnefndinni.

Ég held líka og á það hefur verið bent að þessi þvingunarúrræði eins og þau hafa verið praktíseruð hafa ekki verið til þess fallin að koma í veg fyrir að það foreldri sem hefur forsjána hamlaði umgengni við barn. Ég held að það sé mjög vert að huga að því hvort þessi breyting er betur til þess fallin vegna þess að í þessum dæmum er þetta oftar en ekki þannig að heift á milli foreldra, heift á milli fullorðins fólks sem er að skilja, er látin bitna á börnunum. Þau verða að bitbeini í þessu og er beitt sem vopni í áframhaldandi deilum og ósamkomulagi foreldra. Útgangspunkturinn er alltaf sá hverjar skyldur foreldranna eru til að tryggja rétt barnsins til að umgangast báða foreldra sína eftir skilnað og draga það fram að það er aldrei barnið sem verið er að skilja við heldur er það fullorðna fólkið sem er að skilja að skiptum.

Frú forseti. Ég geri ráð fyrir að í allsherjarnefndinni verði vel farið yfir þetta mál. Sum okkar sem sitjum í nefndinni núna búum að þeirri vinnu sem lögð var í síðustu breytingar á barnalögunum þegar ákveðið var að stíga ekki skrefið til fulls. Ég geri ráð fyrir að við fáum helstu aðila sem að þessum málum koma á fund nefndarinnar og eins umsagnir frá öðrum. Það er ljóst að þessar tillögur voru ekki lagðar fram í þessari áfangaskýrslu forsjárnefndar sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu. Hins vegar skilaði nefndin lokaskýrslu sinni nú í mars á þessu ári. Við skulum líka horfa til þess að við erum þarna að hluta til að fara sömu leið og helstu nágrannaþjóðir okkar, að vera með forsjána sameiginlega, og þó einhverjar hugleiðingar séu um galla í einhverjum tilvikum á sameiginlegri forsjá í Svíþjóð þá held ég að við ættum að bíða með að vera sérstaklega að horfa til þess því að það er alveg ljóst að þó að þetta fari sem meginreglan inn í barnalögin þá verður það eftir sem áður þannig að í einhverjum tilvikum getur fólk ekki komið sér saman. En það verður vonandi í undantekningartilvikum.

Frú forseti. Ég fagna því alveg sérlega að þetta frumvarp er komið fram og vil þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir það og hlakka svo til vinnunnar sem fram undan er í allsherjarnefndinni við að lögleiða þessar reglur.

[15:39]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er um mjög jákvætt mál að ræða. Ég tel engu að síður að gaumgæfa þurfi þetta mál mjög í allsherjarnefnd. Þeir þættir sem ég tel að þurfi að fara rækilega yfir er staða foreldra og þá annars vegar stöðu þeirra sem eru forsjárlausir og foreldra með forsjá og síðan og ekki síður foreldra sem hafa sameiginlegt forræði en barn er ekki skráð með lögheimili þar sem foreldri býr. Síðan er fjórði

hópurinn foreldri sem hefur sameiginlega forsjá en barn er skráð með lögheimili þar sem umrætt foreldri býr.

Ég er ekki viss um þegar á reynir og menn fara að skoða þessi mál og gaumgæfa þau að staða t.d. foreldra sem hafa sameiginlega forsjá og barnið er skráð með lögheimili annars staðar sé svo sterk og tel að fara þurfi rækilega í gegnum hana. Meðlag rennur t.d. alveg að fullu til þess foreldris sem barnið er skráð til lögheimilis hjá, eins allar barnabætur, barnabótaaukar og hvað þetta allt heitir. En ég tel að það þurfi að fara í þá vinnu að menn geti gert með sér samkomulag um að þessum bótum verði skipt, t.d. ef barn dvelur 30% af tímanum eða 40% af tímanum hjá öðru foreldrinu. Það kom fram hér í máli hæstv. ráðherra að þessir fjármunir eru ætlaðir fyrir barnið og þess vegna er augljóst að kerfið verði þannig úr garði gert að þessir fjármunir geti þá streymt þangað sem barnið er. Ef barnið er 30% af tímanum hjá öðru foreldrinu er þá ekki eðlilegt að umræddar upphæðir fylgi barninu þann tíma sem það er þar?

Ég tel, eins og ég sagði, að það sé mjög nauðsynlegt að fara rækilega í gegnum stöðu foreldra sem hafa sameiginlega forsjá en barn er ekki skráð til lögheimilis hjá.

Ég ætla að láta þessari umfjöllun lokið. Ég tel að það þurfi að fara mjög rækilega í gegnum þetta mál í meðförum nefndar sem tekur málið til umfjöllunar og það verður örugglega mjög fróðlegt að taka þátt í þeirri vinnu.

[15:42]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Frumvarpið sem hér er lagt fram er á margan hátt til bóta, t.d. það að sameiginleg forsjá skuli gilda ef ekki er gert ráð fyrir öðru, ef ekki er beiðni um annað. Það held ég að sé mjög til bóta.

Það sem þetta frumvarp ekki tekur á er vandamál þeirra barna þar sem annað foreldrið skilur ekki bara við hitt foreldrið heldur við börnin líka. Þetta á sérstaklega við um karlmenn sem hafa skilið við konurnar sínar en börnin líka. Þessum þætti hefur lítið verið sinnt og þegar börnin eru orðin eldri fara þau jafnvel að leita að feðrum sínum sem skildu við þau á unga aldri. Á þessu er ekki tekið og á þessu tekur kerfið ekki. Mér finnst kerfið oft og tíðum vinna í raun í þágu hinna fullorðnu en ekki barnanna, því miður. Börn sem ekki vilja hitta foreldra sína skulu t.d. gera það engu að síður. Til er dæmi um það.

Svo held ég að menn þurfi líka að horfast í augu við ákveðinn raunveruleika sem er í gangi, þ.e. neyslu, fíkniefnaneyslu, og ofbeldi á heimilum sem á nú reyndar að fara að gera stórátak í að laga. Það er kannski ekki auðvelt fyrir foreldri að senda barnið sitt til hins foreldrisins sem það veit að er í neyslu á þeim tíma eða hefur beitt ofbeldi þó ekki hafi verið kært. Ég held að veröldin sé allmiklu flóknari og þyngri í vöfum en menn eru stundum að ímynda sér við hin grænu skrifborð og halda að þetta sé allt saman slétt og fellt. Það er ekki þannig. Ég held að það þurfi miklu meiri skilning á því hvílíkar aðstæður börnum eru sums staðar búnar í þjóðfélaginu til að átta sig á því hvort beita eigi alls konar mjög hörðum refsingum við það foreldri sem veigrar sér við að senda börnin frá sér, oft og tíðum með rökum. Stundum er það reyndar bara heift vegna skilnaðarins og ég hef engan skilning á því. En mér finnst enn vanta þá skyldu foreldra að umgangast börnin sín ef þau óska þess og slæmt að annað foreldrið skuli komast upp með það hreinlega að skilja við börnin sín jafnframt því sem það skilur við foreldrið.

Ég tel að þetta frumvarp sé mjög til bóta. Ég held að sameiginleg forsjá sé jákvæð og geti lagað það sem lagað verður í þessum erfiðu samskiptum. En ég vil gjarnan að hv. nefnd taki dálitla umræðu um raunveruleikann í þjóðfélaginu.

[15:45]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir ágætar umræður um frumvarpið. Greinilegt er að nefndarmenn í hv. allsherjarnefnd hafa mikinn áhuga á að fara rækilega ofan í þessi mál í tilefni af frumvarpinu. Af minni hálfu var einmitt einn þátturinn í því að flytja þetta frumvarp að gefið yrði tækifæri til þess í nefndinni að ræða þessi mál og fara yfir einstaka þætti þeirra og menn gætu kynnt sér þau sjónarmið sem eru uppi. Ég tel að í þessum efnum eigi menn ekki að hika við að leggja fram tillögur og koma fram með sjónarmið og sjá síðan hver viðhorfin eru þegar upp verður staðið að lokum. Í þessu efni hef ég lagt fram ákveðnar tillögur. Ég tel að fram hafi komið stuðningur við þau meginsjónarmið sem að baki frumvarpinu búa þó að menn vilji síðan skoða einstaka þætti eins og gefur að skilja.

Sagt var að í Svíþjóð væru menn að hverfa frá hugmyndinni um sameiginlega forsjá, ég held að það sé ekki. Ég held að menn séu frekar að hverfa frá hugmyndinni um að dómarar geti dæmt sameiginlega forsjá í óþökk foreldra. Það sé það sem þeir eru að velta fyrir sér frekar en hitt hvort sameiginlega forsjáin eigi að vera meginreglan eða ekki.

Ég var spurður um, virðulegi forseti, hver hefði samið frumvarpið. Það var samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu af embættismönnum þar og sifjalaganefnd var höfð með í ráðum eins og eðlilegt er. Eftir að frumvarpið hafði verið samið fór hún yfir það. Forsjárnefnd hefur ekki farið yfir frumvarpið og í raun hefur enginn farið yfir frumvarpið því ég tel að það sé hlutverk allsherjarnefndar þingsins að leita eftir umsögnum. Það eru ákvæði í því sem eru umdeild og umdeilanleg og mér finnst eðlilegt að rætt sé um þau á vettvangi þingsins. Eins og fram hefur komið í umræðunum búa margir nefndarmenn í allsherjarnefnd að góðri þekkingu og reynslu á þessu sviði sem mun nýtast í meðferð málsins. Einnig hefur komið fram að síðast þegar þessi ákvæði voru til umræðu ákváðu menn að ganga ekki það langt að lýsa yfir þeirri meginreglu að forsjá skyldi verða sameiginleg, en það skref erum við að stíga núna.

Virðulegi forseti. Ég var einnig spurður um til hvaða tillagna forsjárnefndar hefði ekki verið tekið tillit. Sumt af því sem nefndin leggur til varðar löggjöf, annað varðar aðra þætti. Það er t.d. meginatriði af hálfu nefndarinnar að gefið verði út gott kynningarefni. Svo virðist vera að það skorti mjög kynningarefni og leiðbeiningarefni. Raunar er ég undrandi á því að það skuli ekki hafa verið gefið út nú þegar. Við ákváðum að fara ekki út í slíka útgáfu samhliða því sem við flyttum þessa breytingartillögu en þvert á móti um leið og Alþingi hefur sagt sitt síðasta orð um frumvarpið

verði gengið til þess að gefa út kynningarefni.

Síðan fjallar hún um sameiginlega forsjá og meginregluna sem við erum að fjalla um, þá umgengnistálmanir sem hún nefnir og ræðir. Við teljum að við séum að taka á því máli m.a. með því að breyta þeim þáttum varðandi kærur, þ.e. að úrskurður sýslumanns um umgengni komi til framkvæmda strax án tillits til þess hvort kært er eða ekki. Má kannski færa einhver rök fyrir því að menn séu að kæra og setji slíkar deilur í ákveðinn farveg til þess m.a. að fresta gildistöku úrskurðar sýslumanns. Síðan líður ákveðinn tími, það tekur alltaf langan tíma, mismunandi þó, en menn geta sjálfir stýrt þeim tíma með því að heimta frekari gögn og sérfræðiálit og ráðið hvað tíminn er langur. Á ferlinu breytast aðstæður, barnið eldist o.s.frv. og þá geta þeir skapað með þeim hætti ákveðnar tálmanir líka þannig að með því einu að segja sem svo að úrskurðirnir skuli taka gildi um leið og þeir eru felldir án tillits til kæru þá er kannski verið að draga úr líkum á að kært verði og einnig er verið að stuðla að því að í raun verði gengið til þess að framkvæma úrskurðinn strax og ég tel að það sé mikið atriði. Ég held að ekki hafi reynt mikið á dagsektir. Ég er ekki kunnugur því og ætla ekki að tjá mig mikið um það lögfræðilega álitaefni sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson nefndi varðandi dagsektir, að þær breyti úrskurði sýslumanns o.s.frv., ég ætla ekki að tjá mig um það. Það er lögfræðilegt álitaefni sem ég vil ekki segja neitt um því að orð mín geta verið túlkuð á ákveðinn hátt ef svo bæri undir. Ég ætla að sleppa því að tjá mig um það núna, mér finnst eðlilegt að menn geti rætt þetta á vettvangi nefndarinnar, fengið upplýsingar þar um lögfræðileg álitaefni en ég ætla að sleppa því að tjá mig um það en auðvitað er þetta eitt af því sem þarf að skoða.

Síðan hefur nefndin talað um sambúðarslit á skilnaðarsamningi, um ákvæði um fyrirkomulag umgengni, um nánari skilgreiningu á því hvert sé inntak sameiginlegrar forsjár. Það er eitt af því sem hún fjallar um, skilvirk og fljótleg úrræði ef umgengni er tálmað, viðurkenning á framfærslu foreldris sem barn býr ekki hjá, hraðari afgreiðsla ágreiningsmála og fyrirbyggjandi ráðgjöf. Ég tel að í megindráttum séum við í frumvarpinu að taka á stærstu þáttunum. Annað er framkvæmdaatriði, útgáfa kynningarefnis og annað slíkt eru atriði sem við þurfum síðan að sinna þegar hv. Alþingi hefur fjallað um málið.

Virðulegi forseti. Ég þakka þær góðu umræður sem hafa orðið um málið og ég veit og heyri að menn ætla að leggja mikla vinnu í að kynna sér það frekar áður en þeir komast að niðurstöðu í hv. allsherjarnefnd og ég fagna því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 17. mál (veiðiréttur). — Þskj. 17. [15:51]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, þ.e. að íslenskir ríkisborgarar fái að stunda fiskveiðar sem til þess hafa menntun, kunnáttu og eignarhald á bátum, farið á öryggisnámskeið í Slysavarnaskóla sjómanna, hafa báta sína haffæra, uppfylla skilyrði um sjálfvirka tilkynningarskyldu og önnur þau lög um menntun og störf manna sem stunda veiðar á bátum kveða á um.

Frumvarpið er flutt af þeim sem hér stendur og öðrum hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins, Magnúsi Þór Hafsteinssyni og Sigurjóni Þórðarsyni. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir önnur ákvæði þessara laga er öllum þeim íslenskum ríkisborgurum sem hafa tilskilin réttindi til skipstjórnar og vélstjórnar, ef þess er krafist vegna stærðar vélar viðkomandi báts, að stunda fiskveiðar á eigin bát með tveimur sjálfvirkum handfærarúllum. Báturinn skal vera undir 30 brúttórúmlestum að stærð og uppfylla skilyrði um sjálfvirka tilkynningarskyldu. Báturinn skal hafa viðurkennt haffæri. Á hverjum bát mega vera tveir menn í áhöfn og er hámarksfjöldi sjálfvirkra rúlla þá fjórar rúllur á tvo menn. Að fimm árum loknum skal skoðuð reynslan af þessum veiðum með tilliti til þess hvort setja eigi viðbótartakmarkanir sem taki eingöngu til veiðisvæða bátanna og fjölda veiðidaga.

Veiðar þessara báta eru ekki reiknaðar til aflamarks og hafa ekki áhrif á heildarúthlutun aflamarks til annarra fiskiskipa."

Málinu fylgir nokkuð stutt greinargerð sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Það hefur löngum verið réttur Íslendinga við sjávarsíðuna að fá að róa til fiskjar og útróðrajarðir voru líklegri til þess að brauðfæða fólkið og gefa tekjur en þær jarðir sem illa lágu við fiskislóð. Útróðraréttur var metinn sem verðmæti í jörðum og talinn til hlunninda. Í gömlum lögum var öllum tryggður veiðiréttur í fjörðum og flóum. Þannig orðað að rétt ættu menn til fiskveiði sinnar nema síldveiði sem öllum væri heimilt að stunda hvar sem væri. Landsmenn áttu þannig allir tryggan forgang til botnfiskveiða næst sínum byggðum. Með þessu frumvarpi verður þeim sem rétt hafa til þess að stjórna skipum veittur þessi veiðiréttur á nýjan leik."

Rétt er að geta þess, hæstv. forseti, að þau lög sem ég vitnaði til í greinargerðinni eru enn þá í íslenska lagasafninu en þau tóku gildi 15. október 1888 og var breytt með lögum nr. 46/1926, en í lagagreininni segir, með leyfi forseta:

„Rétt er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sé, á fjörðum eða tilteknum fjarðasvæðum, sökum fiskiveiða fjarðarbúa, og skal það gjört með samþykkt á þann hátt, er segir í lögum 14. desember 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði téðra laga og laga nr. 23 4. desember 1886 gilda um slíkar samþykktir.

Að öðru leyti eru og slíkir aðkomumenn háðir landslögum um fiskiveiðar og útflutningstoll af sjávarafla."

Þetta var hinn markaði réttur manna við sjávarbyggðirnar á fyrri tíð og höfðu þeir allan forgang að því að nytja nærfiskimið sín ef um botnfiskveiði var að ræða en höfðu

engan forgangsrétt til veiða ef um síldveiðar var að ræða. Þar áttu sem sagt allir jafnan rétt. Síðar voru sett ýmis lög um síldveiðar hér við land og reyndar fyrr, ætla ég ekki að rekja það hér enda varðar það ekki efni máls.

Það sem gerst hefur í fiskveiðisögu okkar á undanförnum árum er að búið er að kvótasetja allar fiskveiðar, nú síðast handafæraveiðar á trillum og er nú enginn svokallaður sóknarréttur til staðar. Verðmætaþróun á hinum skömmtuðu kvótum í sjávarútvegi hefur verið með þeim hætti á undanförnum árum og er enn að afar litlar líkur eru til þess að menn eigi auðvelda leið inn í útgerðarþáttinn og er þó hverri byggð afar mikilvægt að nýliðar komist að í jafnveigamikilli atvinnugrein og útgerð á Íslandi. Þess utan hefur það gerst við þá vegferð sem farin hefur verið með kvótasetningu á allar fisktegundir á undanförnum árum að sú mæling sem farið hefur fram sjálfvirkt á fiskislóðinni varðandi fiskmagn og hegðun fisksins með sóknarstýrðum veiðum er að hverfa. Það er í sjálfu sér mjög áhugaverður þáttur að ræða í sambandi við frumvarpið hér sem gefur mönnum það takmarkaða frelsi að hafi þeir menntað sig til þessara starfa, þ.e. til að stjórna íslenskum skipum og hafi til þess vélstjórnarpróf, ef vélarstærð er af þeim stærðarflokki að slíkt þurfi, þá skuli þessum mönnum, að því gefnu að þeir eigi sjálfir eigin bát, heimilt að stunda á honum þessar takmörkuðu veiðar sem frumvarpið gerir ráð fyrir með tveimur handfærarúllum á mann mest. Síðan verði þetta endurskoðað að fimm árum liðnum með tilliti til þess hvernig þetta hafi þróast.

Nú kann vel að vera að einhverjir varkárir menn vilji hafa allt annan fyrirvara á því en hafa fimm ár sem viðmiðun fyrir þessa lagasetningu og vilji hafa þetta þrjú ár. Það er alveg efni umræðu að fara yfir það. Hinu verður ekki á móti mælt, hæstv. forseti, að einu sóknarstýrðu veiðarnar sem haldið er úti á Íslandsmiðum eru sóknarstýrðar veiðar Hafrannsóknastofnunar, sem Hafrannsóknastofnun heldur úti til að fá yfirlit um hvernig fiskstofnar eru staddir á Íslandsmiðum varðandi vöxt og viðgang botnfiskstofnanna einkanlega. Þetta er gert með ýmsum hætti. Þetta var gert með svokölluðu togararalli sem tekið var upp 1985 og hefur verið við lýði síðan og þetta er gert með svokölluðu netaralli þar sem mönnum er heimilt að stunda ákveðnar veiðar í ákveðinn tíma að tillögu Hafrannsóknastofnunar með ákveðinn netafjölda og á ákveðnum svæðum til að mæla fiskmagn á viðkomandi fiskislóðum og tíma. Allt er þetta gert til að fá samanburð á því hvernig fiskmagnið á Íslandsmiðum hefur þróast, oftast nær byggt upp á því sem fiskifræðingar kalla á máli sínu vísitölur sem út úr þessu koma.

Síðan stigum við það ógæfuspor að mínu viti á síðasta ári að kvótasetja trillur á handfæraveiðum. Þar af leiðandi lögðum við niður þá sjálfvirku sóknarmælingu sem sjómenn stóðu sjálfir fyrir um hvernig aflabrögð væru á handfæraveiðum, hvar fiskurinn héldi sig og hvernig fiskigöngur væru við landið o.s.frv. Þetta var sett yfir í kvótakerfi. Og nákvæmlega eins og við spáðum fyrir um í Frjálslynda flokknum og fleiri í ræðum á hv. Alþingi þá gerbreyttist hegðun manna frá því í sóknarstýrða kerfinu við það að koma yfir í hið svo kallaða kvótakerfi og nú geta menn ekki lengur borið þá veiði saman varðandi sóknartíma og aflabrögð. Ætli Hafrannsóknastofnun leggi ekki til næst að taka upp sérstakt sóknarstýrt rall á handfæraveiðum til að fá betri mælingu á hegðun fisksins á Íslandsmiðum? Það kæmi mér ekki á óvart, hæstv. forseti, því það eru sóknarstýrðar aðferðir sem notaðar eru í togararallinu og netarallinu. Og svo mikla ofurtrú hefur Hafrannsóknastofnum á þessum sóknarstýrðu aðferðum að búið er að leggja niður mat á stærð hrygningarstofnsins og heildarstofnsins við Ísland, aðferðum sem viðgengust í áratugi, þ.e. að taka sýni úr afla, aðgæta hvort fiskurinn væri kynþroska, taka kvarnasýni úr viðkomandi fisktegund, skrá niður veiðidaga o.s.frv. Þetta voru þau grunngögn sem notuð voru hér á landi áratugum saman til að meta stofnstærð íslenska þorskstofnsins, bæði hvar fiskurinn hélt sig á veiðislóð og eins árgangaskipan, kynþroskahlutfall stofnsins o.s.frv. Þessum tölum hefur Hafrannsóknastofnun ýtt til hliðar og er nú eingöngu byggt á togararalli og netaralli hvað það varðar að finna út hvert sé hlutfall hrygningarstofnsins í heildarstofninum og hve heildarstofninn sé stór.

Það er ákaflega athyglisvert að á sama tíma og við hömumst við að taka upp kvótabundnar veiðar á hverri fisktegundinni á fætur annarri skuli Hafrannsóknastofnunin leggja allt upp úr því að byggja spádóma sína sá sóknarstýrðum veiðum, tímabundnum sóknarstýrðum veiðum sem fara fram annars vegar í togararallinu, hins vegar í netarallinu og síðan ef ég man rétt eru þeir sjálfir með sérstakt haustrall á skipum sínum. Eins og ég sagði áðan kæmi mér ekki á óvart að þeir þyrftu að bæta inn í sóknarstýrðu handfæraralli til að fá einhverja mynd af því hvernig fiskurinn hagar sér yfir sumartímann á veiðislóðinni við Ísland. Því það vita allir sem vita vilja að hegðun manna í kvótastýrðu kerfi er allt önnur en í sóknarstýrðu kerfi og það vita hafrannsóknamennirnir best. Þeir treysta því ekki lengur gögnum sem koma úr lönduðum afla í aflamarkskerfi, telja greinilega að það gefi ekki rétta mynd, hvorki varðandi stærðarsamsetningu aflans né jafnvel kynþroska, enda hefur komið í ljós að menn hafa verið að landa allmiklu af hrognum á síðustu árum, sumir hverjir. Þá er það niðurstaða Hafrannsóknastofnunar að henda slíkri viðmiðun, nota hana ekki og byggja alfarið á sóknarstýrðum gögnum. Það er í sjálfu sér mjög athyglisverð niðurstaða.

Það sem kannski er verra, hæstv. forseti, mér sýnist að rannsóknaraðferðir Hafrannsóknastofnunar séu að leiða stofnunina á algerar villigötur varðandi þróun fiskstofna við Ísland. Verður það auðvitað alveg sérstakt umræðuefni sem taka þarf fyrir í sölum Alþingis. Vonandi verður orðið við þeirri beiðni okkar í Frjálslynda flokknum að ræða sérstaklega þróun og stærð þorskstofnsins í ljósi þeirra upplýsinga sem birtust í gær um að á næstu tíu árum þyrfti ekki að búast við aukinni þorskveiði heldur frekar minnkandi og væri ástæða til að skera veiðina verulega niður og draga úr sókn. Var vikið sérstaklega að því á ráðstefnunni í gær að draga skyldi úr sókn í stærsta fiskinn, hrygningarfiskinn. Það voru sömu áhyggjur sem skipstjórnarmenn höfðu 1966 þegar þeir veiddu nótafiskinn, stórþorsk í nót á Vesturlandi og Suðurlandi, að þeir gengju einmitt á viðhaldskýrnar sem héldu stofninum við en þá voru hafrannsóknamenn á allt annarri skoðun og töldu að þessi fiskur væri það gamall að ekki væri ástæða til að draga úr veiðum á honum.

En nú hafa hafrannsóknamenn sem sagt komist að þeirri

niðurstöðu að sérstaklega þurfi að hafa í hrygningarstofninum stóran fisk til að viðhalda stofnunum hér við land. (Gripið fram í.) Þetta voru reyndir skipstjórnarmenn. Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að fá að vera í öldungadeild, sennilega með yngstu mönnum sem það hafa fengið, og mennta mig með reyndustu skipstjórum landsins, eins og Ásgeiri Guðbjartssyni og Finnboga Jónssyni frá Patreksfirði og fleiri mönnum. Þetta voru engir aukvisar, menn sem vissu sínu viti, einhverjir mestu aflamenn Íslandssögunnar. Maður lagði auðvitað við eyrun því að ég fékk ekki bara mína menntun í Stýrimannaskólanum, ég lærði líka af þeim sem höfðu meira vit en ég og meiri reynslu. Það er það sem við þurfum ævinlega að gera og hefði átt að leggja betur eyrun við áhyggjur þeirra manna sem stunduðu fiskveiðar þá miðað við þær lýsingar sem Hafrannsóknastofnun gefur af þorskstofninum í dag.

Tillagan sem við flytjum hér — eigum við ekki bara að gefa henni nafnið litla handfæraveiðifrumvarpið? — Alla vega býst ég ekki við því að þó svo þetta yrði leyft, sem ég dreg reyndar mjög í efa miðað við orð hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra, Einars K. Guðfinnssonar, sem lýsir því yfir að hann ætli að ganga algerlega í fótspor forvera síns og fylgja nákvæmlega eftir þeirri stefnu og engu breyta og ekki standi til að breyta neinu í stjórn fiskveiða, enda mun það loforð hafa verið gefið víðar en í Reykjavík, m.a. norður á Akureyri og víðar, að fáu yrði breytt í stjórn fiskveiða. En nóg um það, hæstv. forseti. Við leggjum til í Frjálslynda flokknum að tillaga þessi sem hér er í frumvarpsformi fái umfjöllun og menn rökræði það hversu hættuleg hún sé, hversu æskileg hún sé o.s.frv. eftir því hvað mönnum sýnist. Við höldum að ekki sé stórkostleg hætta fólgin í því þó að mönnum leyfist það sem þar er lagt til, enda fylgja því ýmis skilyrði eins og ég taldi upp í ræðu minni áður. Eitt er víst að við fáum þá einhverja sóknarstýrða mælingu á veiðar næst ströndinni. Og sjómenn, margir hverjir komnir á efri ár, sem núna eiga engan rétt til fiskveiða og reiða ekki með sér milljónir í bakpokum eins og sumir sem eignast hafa fjármuni hér í þjóðfélaginu, geta ekki keypt sig inn í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Það geta reyndar fáir.

Við hv. þingmenn ættum að hafa miklar áhyggjur af því hvernig útvegurinn þróast og hvernig endurnýjunin í útgerðarþættinum verður þegar ungir og dugmiklir menn eru notaðir sem leiguliðar í 8–10 ár í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi til þess að greiða einhverjum öðrum leigurétt fyrir að veiða fiskinn á 80 og upp í 120 kr. á kílóið, og lýsa því svo yfir, m.a. í blöðum sem fjalla um sjávarútvegsmál, að eftir 8–10 ár séu þeir orðnir algerlega uppgefnir á því að vera í þessu leiguliðahlutverki og muni ekki reyna að komast inn í greinina, enda hafi þeir engin veð í óveiddum fiski til að veðsetja til að fá lánafyrirgreiðslu hjá bönkum. Það er ekki auðveld leið fyrir menn, þótt dugnaðarsjómenn séu, með mikla kunnáttu til fiskveiða en litla fjármuni að kaupa sig inn í atvinnugrein þar sem gerð er krafa um að menn gangist undir að greiða 150 milljónir til að komast inn í greinina ef einhverjar heimildir eiga að vera á bátnum svo stunda megi veiðar í því kerfi sem nú er notað.

Hæstv. forseti. Að mínu viti eru allar atvinnugreinar sem hafa slíka umgerð dæmdar til að líða undir lok. Ef atvinnugrein hefur það sjálfvirkt í sér að duglegustu einstaklingunum er ýtt frá, þeir komast ekki að, geta ekki unnið sig upp í kerfinu, gefast upp í leiguliðahlutverkinu og hverfa frá, þá endar auðvitað með því að það verður atgervisflótti úr slíkum atvinnugreinum. Ekki þætti björgulegt í öðrum atvinnugreinum ef þeim sem sýnilega hefðu hæfileikana og dugnaðinn væri ekki gert kleift að komast inn í viðkomandi atvinnugrein með neinu móti og ættu í raun og veru enga möguleika á því.

Það er líka athyglisvert að þau lög sem ég vitnaði til skuli enn þá vera í íslenska lagasafninu, um að menn eigi forgang til fjarðarveiði sinnar nema síldveiði sé. Einhverjum kynni að detta í hug að láta reyna á þessi lög. Þau kváðu á sínum tíma á um það að menn stunduðu veiðar á opnum bátum, því að lögin eru eins og ég áður sagði frá 1888 og þá voru opnir bátar á Íslandsmiðum stór hluti af útgerðarsögunni.

Ef við veltum aðeins fyrir okkur umræðum sem hér hafa farið fram á undanförnum árum og förum kannski ekki eins langt aftur í tímann og ég vitnaði til áðan heldur bara til ársins 2001, þá er ákaflega fróðlegt, hæstv. forseti, að líta á umræðu sem þá fram fór um mál sem hv. þm. Jóhann Ársælsson lagði fram í hv. Alþingi. Það voru aðallega ummæli hæstv. sjávarútvegsráðherra sem ég staldraði við þegar ég gáði að hvað ráðherrann hefði sagt á því ári, 2001, þegar við mótuðum kvótasetningarnar í smábátakerfinu, þ.e. þorskaflahámarkskerfinu, sem síðar urðu kannski aðdragandinn að því, eftir að menn höfðu kvótabundið ýsuna, ufsann og steinbítinn, að menn fóru líka lengra og kvótasettu handfæraveiðarnar á síðasta fiskveiðiári. En við vorum að ræða, með leyfi forseta, í mars 2001, nánar tiltekið 5. mars, mál sem hv. þm. Jóhann Ársælsson flutti og snerist um breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða. Og af því tilefni að haldin var í gær afmælisráðstefna Hafró um framtíð fiskstofnanna þá held ég að það væri þess virði, með leyfi forseta, að vitna í ræðu hæstv. sjávarútvegsráðherra í þessu máli, en ég held að hún sé ákaflega merkileg í ljósi þess sem gerðist í gær. Þá sagði hæstv. sjávarútvegsráðherra, eftir að hafa hnýtt aðeins í þann sem hér stendur að hann væri fastur í einhverri fortíð og einhverjum veruleika sem honum geðjaðist ekki að, eftirfarandi:

„En sá hluti sem sneri að fiskveiðistjórninni, stjórnun veiðanna og uppbyggingu stofnanna, fór ekki að skila verulegum árangri fyrr en í upphafi síðasta áratugar því að á árunum 1983–1990 var mestallan tímann í gangi blandað kerfi, kerfi kvótakerfis og sóknarkerfis. Því miður varð síðan staðan sú að flest þessi ár var ákveðið heildaraflamark umfram það sem vísindamenn lögðu til og síðan var veiðin líka umfram það heildaraflamark sem sett hafði verið þannig að á þessu tímabili var heildaraflinn langt umfram það sem hin vísindalega fiskveiðistjórn hafði lagt til. Og það er ekki fyrr en á síðasta áratug eftir að lögin tóku gildi 1991 og sérstaklega eftir að aflareglan var tekin upp sem veiðar úr þorskstofninum urðu í samræmi við það sem mat vísindamanna gaf til kynna að ætti að vera. Einmitt frá þessum tíma höfum við séð góðan árangur í því að byggja upp þorskstofninn."

Síðan sagði þáverandi sjávarútvegsráðherra, Árni M. Mathiesen:

„Það er hins vegar aldrei svo að allir hlutir geti verið í 100% lagi þegar náttúran á í hlut. Þar er alltaf breytileiki sem við þekkjum ekki allan og getum ekki alltaf séð fyrir. Síðan kemur auðvitað mannlegi þátturinn inn í þetta líka og það er ekki ólíklegt að á meðan við höfðum mestar áhyggjur af þorskstofninum höfum við kannski litið fram hjá áhyggjum sem við hefðum þurft að hafa af öðrum stofnum samhliða og kannski ekki farið nægjanlega varlega með þá.“ — Þ.e. ýsustofninn, sem núna er í hámarki og fleiri fiskstofnar. En ég held áfram með lesturinn, með leyfi forseta:

„Við höfum þá kannski hin síðari ár verið í heldur meiri vafa um þá stöðu vegna þessa heldur en við þyrftum að vera en þetta er hlutur sem við erum að reyna að laga núna með fiskveiðistjórn okkar og vonandi munum við geta komið öðrum stofnum í eins góða stöðu og mér sýnist þorskstofninn vera í, alla vega miðað við hrygningar þriggja til fjögurra síðustu ára sem gefa til kynna að nýliðun í stofninum sé mjög góð.“

Nú vill svo einkennilega til, hæstv. forseti, að þeir stofnar sem ráðherra var að lýsa áhyggjum af að við hefðum ofveitt, ýsa, ufsi og steinbítur, eru á uppleið. Ýsan í sögulegu hámarki frá árinu 1954, hygg ég, er við komumst ásamt Bretum og fleiri þjóðum í að veiða 117 þús. tonn, minnir mig að það hafi verið. Alla vega á annað hundrað þúsund tonn. Þeir stofnar sem sjávarútvegsráðherrann hafði svo miklar áhyggjur af að hefði verið gengið verulega á, til að hlífa þorskstofninum, eru núna í ágætis standi. En hvað með þorskstofninn? Staða hans var í gær metin þannig að eðlilegt væri að skera verulega niður veiðar á honum næstu 10 árin. Hæstv. forseti, næstu 10 árin.

Svakalega var Árni M. Mathiesen, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, framsýnn í þessari ræðu sinni árið 2001. Ofboðslega voru þetta mikil og góð vísindi sem hann byggði rök sín á, hæstv. forseti. Afskaplega held ég að íslenska þjóðin megi vera hamingjusöm með að hafa svo framsýna menn í stóli sjávarútvegsráðherra, sem leggja línurnar með þessum hætti og fá út plús fyrir fram. En fjórum árum síðar hefur Hafrannsóknastofnun fengið út mínus. Ekki einu sinni heldur tíu sinnum.

Staðreyndin er sú, eins og kom fram í umræðunni fyrir nokkrum dögum þegar við vorum að ræða sjávarútvegsmálin, hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók þátt í henni ásamt fleirum, að árangur fiskveiðistjórnar í núverandi kvótakerfi er enginn. Meðaltalsniðurstaðan af þorskveiðum hér við land, eftir að kvótakerfið var tekið upp, er ákaflega döpur, svo ekki sé meira sagt. Hún er ákaflega döpur.

Þetta er hinn kaldi veruleiki. Menn geta rekið hausinn ofan í sandinn og sagt að hvítt sé svart og hæstv. sjávarútvegsráðherra getur tekið hlutina rosalega alvarlega sex sinnum í ræðu sinni. Það breytir ekki því að staðan er eins og hún er, hæstv. forseti.

[16:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það gladdi mig að hv. þingmaður nefndi hér Ásgeir Guðbjartsson, sem hafði verið honum samskipa í skóla. Hann var einmitt fyrsti skipstjórinn sem ég lærði hjá til sjómennsku á Guðbjörginni forðum tíð. Ég er þeirrar skoðunar að miklu máli skipti að breyta stjórnkerfi fiskveiða þannig að hægt sé að auka frelsi og tryggja nýliðun í stétt sjómanna og útgerðarmanna. Það er þess vegna sem ég hef fylgt þeirri stefnu að nauðsynlegt sé, með einhverjum hætti, að taka til baka í smáum árlegum áföngum hluta af úthlutuðu aflamagni til þess að leyfa öðrum að standa jafnfætis þeim sem fyrir eru í atvinnugreininni.

Ég er sammála hv. þingmanni um að kvótakerfið hefur brugðist sem fiskverndarstefna. Ég ítreka það sem ég sagði um daginn, í ræðu sem hv. þingmaður vitnaði til, að það er ekki hægt annað en að draga þá ályktun að stjórnkerfi fiskveiða hæfi ekki líffræðinni í hafinu. Ég ítreka líka að stjórnkerfið, eins og við þekkjum það, var tekið upp til að vernda auðlindina í hafinu og styrkja fiskstofnana. En það hefur ekki gerst.

Mig langar hins vegar að spyrja hv. þingmann út í frumvarpið sem hann leggur hér fyrir. Ég ber fulla virðingu fyrir viðleitni Frjálslynda flokksins í þessum efnum. Ég segi það hins vegar alveg hreinskilnislega að mér finnst töluvert í lagt að ætla að veita óhefta sókn 30 rúmlesta báta með tvo kalla á og fjórar rúllur sem megi sækja hvern einasta dag ársins ef gefur. Mér finnst skorta, í greinargerð með frumvarpinu, á að fram komi hvað þetta þýðir í afla. Mig langar að spyrja hv. þingmann: Hvað telur hann að einn slíkur bátur gæti að meðaltali aflað af þorski? Hversu mikil sókn telur hann að verði í þetta frelsi ef það yrði samþykkt? Í þriðja lagi: Hvers má vænta? Hver verður heildarafli á slíkum flota eftir (Forseti hringir.) t.d. tíu ár frá upptöku kerfisins?

[16:23]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sem fram kom í máli hv. þingmanns Össurar Skarphéðinssonar, um að óheppilegt væri að hafa algjörlega lokað fiskveiðikerfi og menn kæmust ekki að og ættu í raun engan möguleika á því, eins og núverandi kvótakerfi er úr garði gert.

Hv. þingmanni finnst talsvert í lagt hjá okkur í Frjálslynda flokknum með að leggja þetta til fyrir þá menn sem hafa til þess fullgilt atvinnuskírteini, sem þeir þurfa að endurnýja á fimm ára fresti, og hafa skírteini frá Slysavarnaskóla sjómanna, og þurfa einnig að endurnýja það á fimm ára fresti. Þeir hafa til þess atvinnuréttindi að umgangast vél um borð í skipi, eiga skip og þurfa að halda því haffæru með tilheyrandi kröfum og kostnaði. Þeir þurfa að kosta því til að í skipinu sé sjálfvirk tilkynningarskylda, sem kostar eitthvað á aðra milljón, þegar upp er staðið, en reyndar hef ég ekki kynnt mér það nýverið. Ég held að það sé ekki stórkostleg áhætta.

Við vitum ekki hver aflinn yrði á fyrsta ári né á öðru eða þriðja ári. Þess vegna sagði ég í ræðu minni að ef að mönnum fyndist bratt, að setja þetta inn með endurskoðunarákvæði til fimm ára, væri auðvitað hægt að hugsa sér þetta til styttri tíma.

En ég er sannfærður um að Íslendingar fari ekki allir að róa á bát, enda hafa ekki allir Íslendingar réttindi til þess. Ég hef því ekki verulegar áhyggjur af þessu en mundi gjarnan vilja sjá þetta verða að veruleika. (Forseti hringir.)

[16:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er einn af þeim mönnum sem alltaf ala í brjósti sér drauminn um að verða sjálfstæðir sjómenn. Ég hef svolitla reynslu af því og horfi alltaf til þeirra daga með nokkurri rómantík. Ég er í hópi þeirra sem vel geta hugsað sér að afla slíkra réttinda til að geta uppfyllt þau skilyrði. En vélstjórnarréttindin, sem hv. þingmaður nefndi, eru í raun einu takmarkanirnar á þessu. Ég geri ekki ráð fyrir því að í svona útgerð yrði fjármagnið takmarkandi. Ég held einfaldlega að hún yrði það arðbær að allir mundu lána til hennar sem (**Gripið fram í:** Er það ekki jákvætt?) vit hafa, í bönkum. Jú, það er jákvætt.

Ég undirstrika að ég hef samúð með og skilning á viðhorfinu sem birtist hjá hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins, að auka frelsi. Það er mín stefna og mitt lífsviðhorf, að auka frelsi til sjósóknar og möguleika manna á að hasla sér völl sem sjálfstæðir sjómenn.

Mér finnst hins vegar, svo ég leyfi mér að gagnrýna frumvarpið, að það sé nokkuð umhendis að samþykkja það án þess að vita að minnsta kosti gróflega hvað menn eru að leggja út í. Ég geri mér grein fyrir því að fyrsta kastið þyrptust kannski ekki þúsundir í þetta en ég gæti ímyndað mér að þetta yrði ákaflega aðlaðandi atvinna fyrir marga á landsbyggðinni í grennd við góð mið. Þess vegna finnst mér skorta upp á það hjá hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins að útskýra hvað þetta þýðir í reynd. Mér finnst þetta ansi rúmt, 30 lesta bátar með fjórum sjálfvirkum rúllum og tveir karlar á. Ég tel að t.d. að sá ágæti fiskifræðingur, sem hér dormar í salnum, ætti á eftir að veita okkur svolitla innsýn í þá þekkingu og reynslu sem hann hefur og upplýsa okkur um þetta. Ég er viss um að það hefur verið slegið á þetta af flokknum.

Ég segi enn að ég er þeirrar skoðunar að með einhverjum hætti eigi að auka frelsi smábáta til að róa. Mér fyndist frumvarpið strax meira aðlaðandi með fimm ára endurskoðunarákvæði, en ég skoða það með velvilja.

[16:28]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það stendur í frumvarpsgreininni að að fimm árum loknum skuli skoðuð reynslan af þessum veiðum. En hins vegar, eins og ég sagði þegar ég mælti fyrir málinu, er það svo sem ekki heilög tala, fimm ár. Við bendum hins vegar á að þetta væru bráðabirgðaákvæði við núgildandi lög. Ég held að ég muni það rétt, að það séu 37 bráðabirgðaákvæði í lögunum um stjórn fiskveiða. Þetta gæti því orðið bráðabirgðaákvæði númer 38. Það sýnir hvers konar löggjöf þetta er, hvernig hún hefur verið unnin á undanförnum árum. (Gripið fram í.) Já, vonandi, hv. þingmaður.

Ef ég ætti að slá á hvað svona bátar gætu veitt þá fer það náttúrulega í fyrsta lagi eftir fjölda þeirra. Þeir hafa ekki þá heimild að geta fjölgað rúllum upp í sex og sjö rúllur eins og var á handfærabátunum sem voru kvótasettir í fyrra, heldur hafa þeir ákveðna takmörkun. Hvað voru þeir bátar margir? Voru þeir ekki 300, handfærabátarnir? Ég man ekki alveg þá tölu en mig minnir það. Þeir voru að veiða um 10–11 þús. tonn á ári, hv. þingmaður, með upp í sex og sjö rúllur á bát. Það veiddi flotinn að vísu á mjög takmörkuðum sóknardögum. En við megum ekki gleyma því að þetta voru mjög kraftmiklir bátar. Ég held að við mundum ekki stefna í neina stórkostlega tölu, a.m.k. ekki til að byrja með, og 5 þús. tonn held ég að væri eitthvað sem við gætum skotið á. (Forseti hringir.)

[16:30]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það frumvarp sem hér er til umræðu gengur út frá því að lögin um stjórn fiskveiða verði áfram í gildi í framtíðinni. Hér er fyrst og fremst verið að leggja til að opnuð verði leið inn í það kerfi sem fyrir er og það er full ástæða til að draga athyglina að þessu lokaða kerfi og ræða það mál. Þetta er hugmynd um sóknarstýrt kerfi sem var að hluta til við lýði þar til menn hófu fyrir nokkrum árum að loka því og síðasta gatinu lokuðu þeir sem hér ráða ríkjum fyrir hálfu öðru ári. Afleiðingarnar af því eru ekki komnar fram að fullu en það er farið að sýna sig hverjar þær verða. Þær eru fólgnar í því að litlu sjávarútvegsþorpin, líklega þau fyrst og fremst, sjá á eftir veiðiheimildum, stórir aðilar safna þeim heimildum til sín og eftir stendur nýliðunarvandinn í greininni. Það fólk sem býr í sjávarþorpunum á ekki möguleika á því að stofna til nýrrar útgerðar og styrkja atvinnu sína á staðnum með því að nýta auðlindina sem gerði þó þann stað sem um er að ræða byggilegan á sínum tíma.

Þessi nýliðunarvandi er grafalvarlegur. Hann er vegna þess að eignarhaldsfyrirkomulagið á veiðiréttinum er með þeim hætti sem raun ber vitni. Það er ekki hægt að brosa að þessu, þetta er afskaplega alvarlegt mál og ég hefði fyrir mitt leyti viljað sjá að það yrði rætt í mikilli alvöru vegna þeirrar endurskoðunar á stjórnarskránni sem fram undan er. Það liggur fyrir að allir flokkar hér í sölum Alþingis hafa sagt að þeim finnist eðlilegt að þessi auðlind verði sett inn í stjórnarskrána. Ég hef sagt það áður og ætla að endurtaka það hér að það að setja auðlind inn í stjórnarskrá þýðir að íslensk stjórnvöld ætla að gegna eignarhaldinu fyrir hönd þjóðarinnar gagnvart viðkomandi auðlind. Undan því er ekki hægt að víkjast.

Það er alveg óruggt mál, að mínu viti, að menn munu ekki umgangast stjórnarskrána með sama hætti og menn hafa umgengist lögin um stjórn fiskveiða. Í 1. gr. þeirra laga stendur að um þjóðarauðlind sé að ræða en aðrar greinar gera það mögulegt að útgerðarmenn fari með þá auðlind eins og sína eign, kaupi og selji að sinni vild og aðrir komist ekki að nema að kaupa af þeim sem fyrir eru. Það má líka nefna lög um samningsveð, þar sem sett var inn í grein að ekki mætti veðsetja veiðiréttinn en í næstu grein á eftir var gengið þannig frá að samþykki lánardrottins þarf til þess að færa veiðiheimildir af skipi. Svona fara menn ekki með stjórnarskrána. Eignarhaldið á auðlindinni verður að vera í alvöru ef það er sett inn í stjórnarskrá.

Það er þess vegna sem stjórnmálaflokkarnir þurfa að fara yfir þetta mál í tengslum við endurskoðun stjórnarskrárinnar og komast að niðurstöðu sem færir menn að sátt um það með hvaða hætti jafnræði til þess að nýta auðlindina verði komið á.

Ég hef skilning á því að menn vilji draga athyglina að þessum vanda og ætla ekki að draga það frumvarp sem hér er sett fram niður með neinum hætti því að það er hugsað til þess að einhverjir eigi möguleika á því að hefja útgerð í landinu undir þeim reglum sem nú eru í gildi. Ég ætla að leyfa mér að halda í þá von að menn ætli virkilega að bera ábyrgð gagnvart stjórnarskránni og að það sé í alvöru sem menn vilji setja þessa þjóðarauðlind þar inn. Aðrar þjóðarauðlindir þarf auðvitað að umgangast með sama hætti, þ.e. að gegna eignarhaldinu fyrir hönd þjóðarinnar.

Síðan ætla ég að nefna aðeins þetta frumvarp og hvaða afleiðingar það hugsanlega gæti haft. Það mundi auðvitað hafa það í för með sér að þeir sem þess ættu kost mundu hefja útgerð af fullum krafti. Sennilega yrðu það nú helst þeir sem fyrir eru í útgerð sem mundu selja kvótann sinn, kaupa sér bát og fara að gera út eins og þeir hafa gert sumir hverjir jafnvel tvisvar, þrisvar sinnum á undanförnum árum. Síðan mundu líka aðrir koma þarna að sem mundu grípa tækifærið til þess að fara í útgerð og ekkert nema gott um það að segja. Þetta mundi lyfta upp fiskiþorpum sem liggja í rúst eftir það kerfi sem nú er í gangi og brúnin mundi örugglega lyftast á þeim sem búa úti á landsbyggðinni og eygja ekki von í því atvinnulífi sem þar er. Brúnin myndi lyftast á þeim sem eru jafnvel farnir að hugsa sér til hreyfings hingað á höfuðborgarsvæðið vegna þess að þeir hafa ekki trú á framtíð sinna byggðarlaga, en það er sá vandi sem þetta eignarhaldsfyrirkomulag hefur skapað.

Sú hugmynd sem hér er á ferðinni gæti líka hugsanlega gengið þó að menn væru búnir að breyta lögunum um stjórn fiskveiða með þeim hætti að jafnræði til að nýta auðlindina væri komið á — það jafnræði yrði hvort sem er að byggjast á því að verðleggja með einhverjum hætti þennan afnotarétt af auðlindinni ef aflamarkskerfið er haft í gildi. Það er ekki hægt að velja fólk til þess að nýta auðlindina öðruvísi en með einhverjum slíkum aðferðum ef aflamarkskerfi er í gildi því að það er ekki hægt að handvelja þá sem eiga að fá að nýta auðlindina. Auðvitað yrðu menn að sjá hvernig þeir hlutir mundu þróast í framtíðinni en það væri svo sem ekki miklu hætt þó að opnað væri á ný eitthvert gat inn í þetta kvótakerfi sem er núna orðið lokað.

Hér er talað um að tveir menn á jafnvel 30 brúttórúmlesta báti gætu róið með fjórar handfærarúllur. Nú er ég ekki alveg viss um hvort ég hef réttar upplýsingar í kollinum en ég er ekki viss um að það mundi duga að hafa tvo menn í áhöfn á 30 brúttórúmlesta skipi, en það getur nú hv. 1. flutningsmaður örugglega upplýst hér. Það gæti verið að aðrar kröfur um t.d. vélstjórn og annað slíkt hefðu það í för með sér að fleiri menn þyrftu að vera um borð í báti af þeirri stærð.

En ástæðurnar fyrir þessum vanda okkar við stjórn fiskveiða eru auðvitað upphaflega þær að menn ætluðu að stjórna fiskveiðum í því augnamiði að ná fram hámarksafrakstri af fiskstofnunum og það hefur nú ekki gengið eins og menn hefðu gjarnan viljað. Þorskstofninn var þar alltaf í fyrsta sæti og þar hefur mönnum gengið verst.

Við fengum fréttir af fundi sem Hafrannsóknastofnun hélt í tilefni af afmæli sínu og hvað var þar til umræðu? Það var auðvitað þetta stærsta skipbrot í fiskveiðistjórn sem við höfum nokkurn tíma horft upp á, það er það að mönnum hefur ekki tekist með neinum hætti að stjórna nýtingu þorskstofnsins á þann veg að hann geti staðið undir meiri veiðum að mati þeirrar stofnunar. Það er kannski ekki svo vitlaust að stofnunin skyldi velja akkúrat þetta málefni til þess að ræða á afmælinu sínu. Þó held ég að fæstir haldi nú upp á afmælið sitt með því að ræða það sem þeim hefur helst misheppnast, en það gerði Hafrannsóknastofnun. Niðurstaðan af afmælisfundinum var sem sagt sú að það þyrfti helst að ganga enn lengra í því að draga úr veiðum á þorski á næstu jafnvel tíu árum heldur en hefur verið gert fram að þessu.

Ég hef hlýtt á marga af forustumönnum Hafrannsóknastofnunar og fiskifræðinga ágæta á undanförnum árum segja okkur frá því hvernig þeir líti á þessi mál og ég hef alltaf sagt að við eigum að reyna að notfæra okkur þá bestu þekkingu sem er fyrir hendi á hverjum tíma og taka mark á því sem vísindamenn hafa fram að færa. Ég verð hins vegar að viðurkenna að ég er ekki sannfærður um að til staðar sé þekking sem eigi að túlka með þeim hætti sem Hafrannsóknastofnun gerir. Það var ekki fyrr en eftir 1990 að Hafrannsóknastofnun breytti afstöðu sinni til þess hve þorskstofninn þyrfti að vera stór til þess að tryggja nýliðun. Fram að þeim tíma ríkti sú skoðun í stofnuninni að ekki væri beint samband á milli stærðar hrygningarstofnsins og nýliðunarinnar. Síðan fóru menn að breyta þeirri túlkun og það varð að ráði að setja á svokallaða 25% reglu, sem allir í þessum sal þekkja, en á þeim tíma trúði Hafrannsóknastofnun því að það væri einn þorskstofn við landið. Og eftir því sem ég kemst næst mun nánast hafa verið gengið út frá því á þessari ráðstefnu í gær, að þar hafi verið talað um íslenska þorskstofninn og aflaregluna sem er í gildi — það hefur reyndar komið fram að menn hafa lagt til að sú regla yrði hert að því leyti til að í staðinn fyrir 25% veiði yrði farið niður í 22%.

Nú er túlkun Hafrannsóknastofnunar á því hvernig þorskstofninn er samansettur alveg gjörbreytt. Hann er samansettur úr ættkvíslum og jafnvel er um margar ættkvíslir að ræða. Hrygning að mati Hafrannsóknastofnunar hefur í tímans rás verið metin þannig, ég man eftir tölum þar sem var talað um að 40% af hrygningunni færi fram við suðvesturhornið á landinu og að seiðin ræki norður með vesturströnd landsins og þá færu stundum sum af þeim á Grænlandsmið, önnur færu norður fyrir land en tiltölulega lítil hrygning færi fram á öðrum stöðum.

Nú hafa upplýsingar Hafrannsóknastofnunar breyst hvað þetta varðar. Það segir okkur að á sama tíma og stofnunin telur að ofveiði hafi orðið á þorskstofninum í einu lagi þá hafa litlu stofnarnir, litlu ættkvíslirnar sem stofnunin hefur verið að átta sig á að væru til staðar, sumir hverjir verið að stækka og verða stærri hluti af hrygningunni við landið. Ég er ekki með hér hjá mér nýjustu tölur Hafrannsóknastofnunar hvað þetta varðar en ég man eftir að hafa séð tölur sem bentu til þess að þá hefði hrygningin breyst þannig að í staðinn fyrir að 40% af hrygningunni yrði við suðvesturhornið þá væri það komið niður í 25% og önnur svæði skiluðu því meiri hrygningu. Þetta segir mér að þessi 25% regla, sem er núna í gildi, getur ekki verið mjög nákvæm vísindi. Hafi þurft 25% af einum þorskstofni til þess að tryggja nýliðun gengur ekki upp að einhverjir litlir partar

eða ættkvíslir í þorskinum geti verið að stækka en stóri parturinn, þar sem 40 prósentin komu áður frá, að minnka. Er það líklegt?

Þess vegna segi ég að mér finnst að sterkari rök þurfi til að halda því fram að mikil samsvörun sé milli nýliðunar og stærðar hrygningarstofns. Ég hef spurt vísindamenn um þetta atriði og eina svarið sem ég fékk þar var að fiskurinn blandaðist saman á miðunum og þess vegna væri hægt að halda sig við stjórn sem miðaði við vissa heildarprósentu. Önnur leið væri ekki til staðar nema þá sú að stjórna veiðiálagi svæðisbundið, sem væri það æskilega.

Ég get auðvitað tekið undir að það hlýtur að vera spurningin, ef menn trúa því að passa þurfi veiðistofnana með þeim hætti að skilja eftir einhvern tiltekinn hluta stofnsins til að hann geti hrygnt, að menn þurfi einmitt að beita svæðisbundnum stýringum. Ekki stendur til að gera það á Íslandsmiðum eða ég veit ekki til þess. Þá hljóta menn að verða að svara þeirri spurningu hvort það sé líklegt, ef þorskstofninn skiptist í svona ættkvíslir eins og stofnunin er núna farin að halda fram að hann geri, að það dugi þá að vera með þetta fyrirkomulag að veiða 22% til að tryggja að allar ættkvíslirnar haldi sínu. Ég trúi því ekki að veiðiálagið jafnist svo út á miðunum að menn gangi þá ekki gríðarlega nærri litlum ættkvíslum ef svona er að málum staðið.

Niðurstaða mín af þessum vangaveltum er þess vegna sú að ég er á þeirri skoðun sem Hafrannsóknastofnun var fyrir 1990, að ekki sé beint samband milli stærðar hrygningarstofnsins og nýliðunar. Ég held að menn þurfi að leita að öðrum skýringum, sem reyndar hafa líka komið fram frá hendi stofnunarinnar, t.d. þeirri skýringu að stóri fiskurinn sé gríðarlega mikilvægur í hrygningunni. Mér finnst að það séu ákveðnar vísbendingar um að svo geti verið, sem hv. 1. flutningsmaður nefndi reyndar áðan.

Árið 1966, samkvæmt því sem hv. þingmaður sagði áðan, veiddu menn gríðarlega stóra þorska í nætur við suðurströndina. Það hefur sennilega ekki verið tilviljun að þetta var við suðurströndina þar sem aðalhrygningin fór fram á þeim tíma og hefur farið fram til þessa þó að hún hafi minnkað. En þarna voru torfur af gríðarlega stórum fiskum sem ekki veiddust í nein veiðarfæri, en menn fundu þetta á mælitækjum sínum og fóru svo að veiða þennan fisk í nætur og hann var veiddur upp.

Hvað sagði Hafrannsóknastofnun þegar þær veiðar stóðu yfir? Þetta er allt í lagi, þetta er gamall fiskur sem er kominn að fótum fram og fer að drepast, um að gera að veiða hann. Og það var gert, hann var kláraður. Þetta er 1966, 1967 og 1968, þetta tók ekki mörg ár. Þetta voru nokkuð hundruð tonn sem voru veidd af þessum stóra fiski. Menn voru að fá fullfermi af þeim fiski á umræddum tíma.

Svo líður og bíður og þegar fer að ganga á níunda áratuginn fóru menn að stækka riðilinn í þorskanetum. Sumir af þeim sem töluðu á bryggjunum þá höfðu af þessu miklar áhyggjur að nú væri sama sagan að fara að gerast og gerðist í Vestmannaeyjum, verið væri að veiða upp stóra fiskinn og það væri hættulegt. Svörin voru þau að þetta væri svo lítið magn að þetta skipti engu máli. En það er ekki fyrr en fyrir um þrem, fjórum árum sem stofnunin leggur til að breytt verði út af þessu með riðilinn. Ég held að það gæti verið hluti af þeirri skýringu sem verið er að leita eftir (Forseti hringir.) að búið sé að drepa niður besta hrygningarfiskinn við landið.

[16:51]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi heyrt rétt að í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar hafi komið fram í upphafi ræðu hans að í þessu litla frumvarpi, sem hér er verið að mæla fyrir á hinu háa Alþingi, fælist eins konar staðfesting á núgildandi fiskveiðilöggjöf eða tilvist hennar. Ég kom hér upp til að lýsa því yfir að ég er ekki alveg sammála þeirri túlkun. Þó að þetta sé nýtt bráðabirgðaákvæði við fiskveiðilöggjöfina eins og hún er í dag þarf ekki að felast í því nein viðurkenning á því að sú fiskveiðilöggjöf sem er í dag sé komin til vera um langan aldur eða allan aldur, langt í frá.

Það sem fyrir okkur flutningsmönnum frumvarpsins vakir er fyrst og fremst að reyna að rétta hönd til þeirra sem búa í sjávarplássum allt í kringum landið. Við teljum að þetta fólk eigi ákveðinn rétt til auðlindarinnar, nýtingarrétt. Það sem fyrir okkur vakir er að rétta ungum mönnum hjálparhönd til að komast inn í þessa grein, til að aðstoða menn sem hafa stundað sjósókn, sjómenn sem hafa aflað sér réttinda til að geta fengið að nýta sín eigin heimamið og jafnvel líka að rétta mönnum hjálparhönd sem eru komnir á efri ár og vilja halda áfram að stunda sjóinn á grundvelli blöndu af frístundaveiðum og atvinnuveiðum ef út í það er farið. Það er þetta sem við erum að hugsa með þessu litla frumvarpi okkar. En við erum ekki að setja neinn stimpil, gúmmístimpil undir það að núverandi löggjöf eins og hún er, sem við teljum að sé að mörgu leyti meingölluð og höfum oft minnst á hér í ræðustól, sé komin til að vera um allan aldur.

[16:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, mér er ljúft að leiðrétta það ef menn hafa skilið það þannig að ég væri að væna Frjálslynda flokkinn um að vilja viðhalda þessu kerfi, þá er það nú ekki. Ég efast ekki um vilja þeirra til að breyta þessu. Ég átti hins vegar við að þetta frumvarp væri leið til að opna gat inn í þetta kerfi eins og það er núna og það er kannski ekki svo mikið meira um það að segja.

Það er mikil nauðsyn á því að finna leiðir til þess að gefa fólki tækifæri til að taka þátt í þessari atvinnugrein og fyrirkomulagið sem er í gildi, það verður aldrei of oft sagt að það lokar gjörsamlega fyrir þá möguleika. Þess vegna er gott að menn skuli vekja upp umræðuna með máli af því tagi sem hér er til umræðu.

Ég satt að segja get ekki yfirgefið þá von að þeir sem hafa varið þetta kerfi einna harðast muni að lokum komast til ráðs með það að þetta getur ekki gengið til framtíðar litið, að loka atvinnugrein eins og þessari eins og gert er með þessu fyrirkomulagi.

[16:54]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að ég hafi þá misskilið á einhvern hátt upphafsorð hv. þingmanns, því að eins og ég sagði áðan í máli mínu erum við fyrst og fremst að reyna að

gera eitthvað sem hægt er að gera með skjótum hætti til að rétta hag fólksins sem býr í sjávarbyggðunum allt í kringum landið. Ég held að það leynist engum sem fer um landið í dag og kemur í þessi sjávarpláss mjög víða að þar hafa mál færst mjög til verri vegar á skömmum tíma. Ég get til að mynda sagt með sjálfan mig, ég fór víða um land í sumar og ég verð að segja að mér var verulega illa brugðið að koma á þessa staði og sjá hvernig atvinnulífið hefur í raun dofnað og drabbast niður og heyra af fólki sem er að flytja á brott og hvernig ástandið er á víða úti á landi. Ég held að með einhverjum svona hætti, breytingum á fiskveiðistjórnarlögunum til að mynda, væri hægt að rétta þessum byggðum ákveðna hjálparhönd, t.d. stöðum á Vestfjörðum sem eru margir mjög háðir fiskveiðum og háðir því að geta sótt á sín heimamið. Við getum líka nefnt pláss á Norðurlandi, staði eins og Siglufjörð, Dalvík, Ólafsfjörð, Húsavík, Raufarhöfn, Kópasker, Þórshöfn og Vopnafjörð. Það er í rauninni hægt, virðulegi forseti, að fara nánast allt í kringum landið og nefna þessa staði.

Ég er sannfærður um að ef þetta mundi ganga í gegn værum við í raun og veru ekki að ógna neinum fiskstofnum, við værum ekki að stunda neina ofveiði. Ég held að þetta mundi takmarkast af sjálfu sér bæði af veðri og vindum en líka af þeim skilyrðum sem við setjum í frumvarpinu. Gerðar eru mjög ákveðnar kröfur um hæfni manna, menn þurfa að fara út í ákveðnar fjárfestingar til að geta gert þetta og ég held að það eitt og sér mundi á vissan hátt vera nægileg bremsa til að sjá til þess að það færu engir út í þetta með þessum hætti nema þeir sem væru í þessu af einhverri alvöru og byggju yfir dugnaði og þori til að fara út í þetta. Og það væri hið besta mál.

[16:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður lýsti ágætlega þeim byggðavanda sem uppi er vegna núverandi kerfis. Þess vegna, eins og ég sagði áðan, er full ástæða til að menn dragi athyglina að þeim nýliðunarvanda sem er í greininni. Það eru svo sem ekki miklar vísbendingar um að þeir sem hafa stutt kerfið eins og það er núna séu að komast til einhvers ráðs en ég nefndi reyndar í ræðu minni áðan að þeir virðast þó a.m.k. hafa komist að þeirri niðurstöðu að setja ætti þessa þjóðarauðlind í stjórnarskrána sem þjóðareign til framtíðar. Það þýðir að mínu viti ekki annað en það að jafnræði til að nýta auðlindina kemst á, hvernig svo sem menn semja um að koma því á.

Það þarf náttúrlega einhvers konar aðlögun eða fyrningarleið til að það gerist, en þó er hægt að segja að menn verði fá að njóta þess sem þeir hafa sagt og sett fram í stefnu sinni. Ég trúi því að menn meini það sem þeir segja þegar þeir tala um að þetta eigi að vera þjóðarauðlind til framtíðar. Þess vegna bind ég miklar vonir við umfjöllun um þessi atriði í tengslum við stjórnarskrárendurskoðunina. Ég ætla ekki að bæta neinu meira við um það núna en örugglega gefst tækifæri til þess að ræða þau mál þegar líður fram á veturinn.

[16:58]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um stjórn fiskveiða og eins og gengur getur umræðan farið út um víðan völl enda er um umfangsmikið mál að ræða, stjórn fiskveiða í eðli sínu.

Hv. þingmaður kom í máli sínu inn á þá minnkun sem hefur orðið á þorskafla þjóðarinnar og það er rétt. Að sjálfsögðu deili ég áhyggjum með hv. þingmanni af þeirri þróun og það þarf að vernda þorskinn.

Hins vegar getum við ekki litið fram hjá því að í dag er núverandi kerfi þannig uppbyggt að það hámarkar verðmæti sjávarafurða og í rauninni er fiskvinnsla hringinn í kringum landið orðin hátækniiðnaður. Við getum nefnt sem dæmi Samherja á Dalvík, það glæsilega fiskvinnsluhús sem fékk verðlaun á dögunum. Það er hreint stórkostlegt að fara um það hús og sjá þá hátækni sem þar á sér stað og ég fullyrði að virðisauki sjávarafurða í dag er miklu, miklu meiri í núverandi kerfi en á níunda áratugnum.

Í upphafi níunda áratugarins var nóg veiði, eins og hv. þingmaður man. En ég man ekki betur en að nær allur flotinn á Austfjörðum hafi nú siglt í land á sínum tíma. Þó var nóg hægt að veiða. En umhverfi og rekstrarskilyrði sjávarútvegsins á sínum tíma var mjög erfitt.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flutti ræðu á þingi LÍÚ á dögunum og boðaði þar sögulegar sættir Samfylkingarinnar við útvegsmenn. Ég hef ekki orðið var við annað en að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi verið hallur, svo ég taki nú ekki dýpra í árinni, undir fyrningarleiðina, og hann hefur haldið hér margar ræður um að stefna beri að fyrningarleiðinni í sjávarútvegsstefnunni. Hefur hv. þingmaður skipt um skoðun í þeim efnum?

[17:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gaman að fá að svara þessari spurningu einu sinni enn. Ég hef svarað henni oft á undanförnum dögum og svarið er: Nei. Ég held að íslenskir útgerðarmenn þurfi á einhvers konar aðlögun að halda þegar auðlindin verður sett inn í stjórnarskrána til framtíðar. Auðvitað munu stjórnvöld þurfa að gæta eignarhaldsins fyrir hönd þjóðarinnar og verður ekki horfið frá fyrirkomulaginu sem nú er á auga lifandi bragði. Menn verða að gefa einhvern aðlögunartíma.

Ég tel að fyrningarleiðin sé ágætis leið til þess en er tilbúinn til að ræða og velta fyrir mér með öðrum aðrar leiðir sem menn benda á að muni þjóna sama tilgangi. Það verður ekki hrist fram úr erminni að finna leið sem allir verða sáttir við. En ef allir eru staðfastir í því að gera þetta að þjóðarauðlind til framtíðar þá hljóta allir að vera sammála um að gera það þannig að börn okkar og barnabörn eigi þessa auðlind saman í framtíðinni og að hún verði nýtt af þeim sem taka þátt í útgerð á Íslandi á jafnræðisgrunni. Þetta er verkefnið og það er virkilega ögrandi og skemmtilegt verkefni.

Fyrningarleiðin er ágætis leið en ég er alveg tilbúinn að ræða það við hv. þm. Birki Jón Jónsson hvernig hann vill standa að málinu.

[17:02]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagnaði ummælum hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á þingi LÍÚ á dögunum og taldi mér trú um að hv. þingmaður, formaður Samfylkingarinnar, hefði þar talað fyrir hönd flokks síns. En því miður virðist Samfylkingin ekki standa óskoruð á bak við formann sinn í þessu máli. Sá formaður hefur haft uppi orð um samráð og því spyr ég hv. þingmann hvort þetta mál hafi verið tekið upp innan þingflokks Samfylkingarinnar. Það er mjög mikilvægt, eins og ég hef áður sagt í umræðum um svipuð mál, að Samfylkingin, sem stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, hafi skýra stefnu í málinu.

Ég fullyrði að fyrningarleiðin er engin sáttaleið eins og hv. þingmaður hélt fram áðan og lagði til í aðdraganda síðustu kosninga. Við höfum, að við teljum, náð ákveðinni sátt. Eignarhaldið á fiskveiðiauðlindinni er þjóðarinnar. Útgerðin hefur afnotarétt af þeirri auðlind og greiðir auðlindagjald af því, svokallað veiðigjald. Það má deila um hvort það sé sanngjarnt í eðli sínu, að undirstöðuatvinnugrein landsbyggðarinnar borgi sérstakan skatt. En ég hef trú á að þetta sé fyrsta skrefið í þá átt að við innleiðum yfir höfuð auðlindagjald í íslensku þjóðfélagi. Mér finnst það spennandi framtíðarsýn, að þeir aðilar sem nýta sér auðlindir þjóðarinnar greiði fyrir það sanngjarnt gjald.

Hæstv. forseti. Ég tel ljóst að stefna Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum er enn á reiki og ekki ljóst hvað hún ætlar sér í þeim efnum. Því miður tók ég trúanleg þau orð hv. formanns Samfylkingarinnar, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, að Samfylkingin vildi sátt við útgerðarmenn. En það er alveg ljóst af öllum umræðum að fyrningarleiðin er engin sáttaleið í íslenskri sjávarútvegspólitík.

[17:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann vel að vera að hv. þingmanni finnist fyrningarleiðin ekki nógu góð til að þjóna þeim tilgangi að verða grunnur að því að auðlindin verði sett inn í stjórnarskrána. Ég spurði hv. þingmann að því hvernig hann vildi fara að því en hann gerði nú ekki mikið í að svara því.

Það er augljóst að veiðigjaldið sem notast er við um þessar mundir mun ekki þjóna þeim tilgangi. Það verður ekki hægt að líta á neina auðlind sem þjóðarauðlind til framtíðar ef einhverjir hafa einkarétt á að nýta hana. Það þarf jafnræði við nýtingu þjóðarauðlinda og þarf að koma fyrir það sanngjarnt gjald, sem ekki er hægt að finna út öðruvísi en á þeim markaði sem stjórnar verðinu á viðkomandi réttindum. Þetta er ekki það sem veiðigjaldið ber í sér. Veiðigjaldsleiðin ber ekkert annað í sér en það að færa þeim sem fyrir eru í útgerð á Íslandi einkaréttindi til þess að hafa aðgang að auðlindinni og selja öðrum aðgang að henni. Það er ekki boðleg meðferð á þjóðarauðlind til framtíðar.

Verkefni okkar er að finna réttu leiðina. Vilji menn ekki fara okkar leið, fyrningarleiðina, þá finna menn væntanlega aðra leið sem þjónar nákvæmlega sama tilgangi, þ.e. að skapa jafnræði og gefa mönnum og fyrirtækjum möguleika á að nýta þjóðarauðlindir, hlið við hlið, án þess að einhver hafi á því einkarétt.

[17:07]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér höfum við mjög gott frumvarp sem ég á von á að muni lyfta upp landsbyggðinni og verða atvinnulífi þar til mikils framdráttar. Hér er um frelsisfrumvarp að ræða, frelsisfrumvarp fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni. Við beinum sjónum okkar að því að lyfta þessu oki, kvótakerfinu, af atvinnulífinu á landsbyggðinni.

Ég varð satt að segja svolítið hissa á að heyra að hv. þm. Birkir Jón Jónsson skyldi ekki taka jákvæðar í þetta frumvarp. Það gæti örugglega lyft upp atvinnulífinu í heimabæ hans, Siglufirði. Siglufjörður er einn af þeim bæjum sem á mjög erfitt uppdráttar vegna þess að búið er að loka atvinnugreinina af.

Það kom fram í ræðu framsóknarmannsins að hann hafði áhyggjur af auðlindagjaldinu. En ég ætla að benda hv. þingmanni og öðrum fylgjendum núverandi kerfis á að auðlindagjaldið er smávægilegt brot af því sem þeir sem eru undir í greininni, leiguliðarnir, greiða. Þeir greiða hátt í 9 þús. millj. kr. fyrir aðgang að auðlindinni. En hv. þm. Birkir Jón Jónsson og aðrir tala um þetta auðlindagjald eins og það sé aðalatriði.

Nei, aðalatriðið í byggðastefnu, til að lyfta atvinnugreininni upp úr þeirri deyfð sem hún er í, er einmitt að auka frelsið. Auðvitað á að auka frelsið. Ég á von á því að sjálfstæðismenn, ef þeir meina eitthvað með því að þeir styðji frelsið, taki undir þetta. Ég á ekki von á öðru. En því miður virðist hæstv. sjávarútvegsráðherra vera úti á þekju í umræðunni um sjávarútvegsmál. Hann hefur sífellt gagnrýnt sjávarútvegsmálin í gengum tíðina, í áratugi, síðan ég fór að fylgjast með. Ég verð að segja að ég var spenntur fyrir því þegar hann tók við þessu nýja starfi. Þá bjóst ég við einhverjum breytingum. Nei, þá var annað upp á teningnum, þegar hann tók við starfinu. Þar með á engu að breyta, akkúrat engu, ekki einu sinni þáttum er varða heimabyggð hans, Vestfirði. Þegar ég spyr hann, hér í umræðunni, um hvað hafi orðið um aflaheimildir sem virðast renna í stríðum straumum í burtu af Vestfjörðum þá segir hann að það sé ekki rétt og reynir að snúa út úr með alls konar kjaftagangi.

Staðreyndirnar eru þær, og má lesa um það í Morgunblaðinu, að 1.800 þorskígildistonn hafa farið frá Vestfjörðum. Svo kemur hæstv. sjávarútvegsráðherra og heldur því fram að aflaheimildir þar hafi aukist. Það er bara kjaftæði. Mér finnst alvarlegt, frú forseti, að menn skuli koma í þennan ræðustól, bera þvílíkt fleipur á borð og ætlast til að tekið sé mark á þeim.

Menn hafa einnig gagnrýnt vísindastefnu sem ekki hefur gengið upp. Þorskaflinn nú er helmingi minni en þegar farið var að fylgja ráðgjöf Hafró nánast í einu og öllu, a.m.k. síðustu 15 árin. Aflinn er helmingi minni. Svo leyfa menn sér að gagnrýna það, m.a. ég og ýmsir aðrir, hvernig sú ágæta stofnun, Hafrannsóknastofnun, heldur upp á afmælið sitt. Það hefði hún getað gert með því að ræða þetta vandamál, að það er enginn afrakstur af starfinu. En í staðinn fyrir að taka þá umræðu og hleypa öllum sjónarmiðum að þá er reynt að halda öllum gagnrýnisröddum fyrir utan. Auðvitað er þetta ámælisvert.

Ég lærði það einhvern tíma í háskóla að vísindin gengju

út á gagnrýna hugsun og menn ættu að fagna allri gagnrýni og leita þá að réttri leið og finna lausnir. Hins vegar virðist annað upp á teningnum, bæði hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra og hjá Hafrannsóknastofnun. Haldin er ráðstefna bara fyrir já-menn og þeim sem hafa gagnrýnt það að stofnunin hafi engu skilað, t.d. mér og öðrum, er haldið fyrir utan.

Og ef marka má nýjasta pistil hæstv. sjávarútvegsráðherra á heimasíðu hans, þá gagnrýnir hann ekki aðeins okkur sem höfum efast um þessa svokölluðu ráðstefnu, sem er eiginlega hálfgerð áróðursráðstefna, heldur gagnrýnir hann fjölmiðla sem fjalla um að menn séu ekki á eitt sáttir um framsetninguna á hlutunum. Hann gagnrýnir að fjallað sé um gagnrýni á störf ráðherra. Ég veit eiginlega ekki í hvernig landi hæstv. ráðherra vill búa. Það mætti halda að menn vildu hafa fyrirkomulagið álíka og var í Sovétríkjunum. Það er komin vísindastofnun með pólitískri stjórn sem flytur rétttrúnað og hefur síðan hagsmunaaðila til að blessa vitleysuna.

Það er alvarlegt og einnig er sérkennilegt að hæstv. ráðherra, sem kemur af landsbyggðinni, af Vestfjörðunum sem hafa farið mjög halloka í þessu kerfi, skuli ekki skilja það þegar við í Frjálslynda flokknum leggjum fram frumvarp um að auka frelsið, t.d. á Bíldudal og Bolungarvík. Þá mætir hæstv. ráðherra ekki til þess að svara fyrir gjörðir sínar og stefnu. Mér finnst það mjög sérstakt, ég verð að segja það.

Stefnan sem nú er rekin, kvótastefnan, sú vitleysisstefna, kristallast mjög vel í Arnarfirði. Þar eru ekki aflaheimildir, þær hafa verið seldar eitthvert annað. En fiskurinn fer hins vegar ekkert endilega þótt aflaheimildirnar fari. Hvernig ætla menn að ráða við það? Jú, hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur samþykkt að gefa þorsknum að éta, það er hans eina ráð. Menn fara með loðnu í Arnarfjörðinn til að þorskurinn fái nóg æti í staðinn fyrir að leyfa einfaldlega Vestfirðingum að sækja sjóinn. Nei, kerfið er svo heilagt að hæstv. sjávarútvegsráðherra vill frekar gefa þorskinum loðnu að éta. Hann kaupir hana dýrum dómum fyrir fé skattborgaranna. Ég spyr bara landsmenn: Finnst þeim þetta ásættanlegt, að eyða háum fjármunum í að gefa fiskinum að éta í staðinn fyrir að leyfa nú fólki fyrir vestan, sem hefur ekki vinnu, að sækja sjóinn? Ég verð að segja að ég botna ekkert í þessu. (Gripið fram í.)

Að mörgu er að hyggja varðandi sjávarútvegsstefnuna. Ég tel að þessu verði að breyta og við verðum að líta til þess að þeir sem vilja landsbyggðinni vel hugsi sinn gang og forðist í lengstu lög að veita Framsóknarflokknum brautargengi (Gripið fram í.) vegna þess að flokkurinn hefur haldið mjög stíft í kerfi og gætt þess með ráðum og dáð, þrátt fyrir að hinar dreifðu byggðir blæði fyrir það. Mér finnst það vera mjög alvarlegt. Við sjáum þetta víða.

Nú er svo komið að eigendur sjávarjarða á Íslandi, sem ættu ef allt væri með felldu að líta á Framsóknarflokkinn sem málsvara sinn, senda frá sér erindi um mannréttindabrot stjórnvalda. Þeir finna fyrir mannréttindabrotum Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Þeir telja að flokkarnir hafi svipt þá réttindum sínum og gefi þeim ekki kost á að nýta eignarrétt sinn. Nú er svo komið að þetta erindi er komið til Evrópuráðsins, mannréttindanefndar Evrópuráðsins. Mér finnst það mjög alvarlega staða fyrir Framsóknarflokkinn að eigendur jarða á landinu telji að mannréttindi séu brotin á þeim. Maður veltir fyrir sér fyrir hvað flokkurinn stendur.

Í ræðustól kom ungur þingmaður, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, og ræddi um þetta kerfi sem hann vildi halda mjög í þótt heimbær hans hafi farið mjög illa út úr þessu kerfi, þ.e. Siglufjörður. Enginn hefur mælt því í mót. En þannig er það, því miður, að heimabær hans hefur farið mjög illa út úr kerfinu.

Sem dæmi má nefna að Síldarminjasafnið á Siglufirði sótti um það að fá að sækja örfáar síldar út í sjó, sem óðu þar inn fjörðinn. En Framsóknarflokkurinn, með hv. þingmann í broddi fylkingar, réttlætti það að ekki mætti raska kerfinu og því mættu forráðamenn Síldarminjasafnsins ekki bjarga sér með nokkrar síldar. Þetta er með öllu ólíðandi.

Það sem er einnig afdrifaríkt fyrir þjóðarhaginn er að það verður engin nýliðun í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Nýliðun skiptir verulegu máli fyrir atvinnuvegina. Eflaust eru vel rekin fyrirtæki hér og þar en forsendan fyrir því að áfram verði til vel rekin fyrirtæki er að nýir aðilar komi inn sem veiti þeim sem fyrir eru aðhald.

Það getur varla verið framtíðarsýnin, að ætlast til að atvinnugreinin verði lokuð. Það er einfaldlega svo að nýir aðilar bæði veita þeim sem fyrir eru aðhald og þeir koma með nýjar hugmyndir inn í atvinnugreinina þannig að atvinnugreinarnar nái að þróast áfram. Þeir sem eru fyrir reyna að bregðast við. Þetta höfum við séð í fiskiðnaðinum. Þeir sem fóru í flugfiskinn fyrst voru einmitt nýir í atvinnugreininni. Síðan fylgdu stóru fyrirtækin á eftir. Við verðum einfaldlega að tryggja að sprotarnir í atvinnurekstrinum komist af.

Ég er sannfærður um að þetta frumvarp yrði til þess að lyfta byggðarlögunum við sjávarsíðuna upp. Þetta litla frumvarp, um að veita atvinnufrelsi, er mun öflugra tæki en nokkurn tíma vaxtarsamningarnir sem eru prentaðir í stríðum straumum fyrir hnignandi byggðir um landið allt. Ég er á því að vaxtarsamningur, t.d. fyrir Norðvesturland, sé í sjálfu sér ágætur. En fyrir Hofsós mundi þetta frumvarp, að veita fólkinu á Hofsósi kost á að sækja sjóinn á ný, vera miklu meira virði en að senda þeim skýrslu með einhverjum klösum og frösum sem eru nær óskiljanlegir.

Menn verða að fá að bjarga sér. Ég hefði miklu frekar viljað að hæstv. byggðamálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, kæmi og ræddi þetta frumvarp í stað þess að koma alltaf með byggðaáætlanir, vaxtarsamninga og annað slíkt. Þetta er margfalt verðmeira fyrir byggðir landsins, þetta litla frumvarp, að veita fólkinu atvinnufrelsi á ný. Nei, það fær í staðinn vaxtarsamninga og ég veit ekki hvað frá því ráðuneyti, sem skila í raun ekki miklu. Ég ætla að rekja það hér í stuttu máli.

Nýlega var gerður vaxtarsamningur fyrir Vestfirði. Fyrst áttu að fylgja honum einhverjir örfáir tugir milljóna á þremur eða fjórum árum, til 2007 minnir mig að það sé. En síðan, eftir örlitla gagnrýni, m.a. frá þeim sem hér talar, var sú upphæð hækkuð lítillega, upp í 70 millj. kr. En hvað gerðist á síðasta ári, frú forseti? Þá hækkaði sama ríkisstjórn og sendi þennan litprentaða bækling vestur á firði, með 70 millj. kr. og frösum um vaxtarklasa og ég veit ekki hvað, rafmagnsverð til atvinnufyrirtækja á Vestfjörðum. Og ekki nóg með það heldur færði hún minnstu trillur landsins inn í

kvótakerfið. Eins og áður segir þá streymdu aflaheimildir í stríðum straumum af Vestfjörðum. En með þessu frumvarpi munum við veita atvinnufrelsi á ný og ég er viss um að menn munu sækja sjóinn í enn meiri mæli en áður á Vestfjörðum. En með þessari aðgerð stjórnvalda fóru aflaverðmæti sem svarar til 250 millj. kr. á einu ári í lönduðum afla. Þessi aðgerð olli meira tjóni. Það hefur komið upp úr dúrnum að landaður afli er 4 þús. tonnum minni á síðasta fiskveiðiári en árið þar á undan. Það segir okkur að ... (**GAK:** Landaður þorskafli.) landaður þorskafli, rétt. Það segir okkur að tekjur eða velta útgerða á Vestfjörðum er 500 millj. kr. minni, bara á síðasta ári.

Hæstv. byggðamálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, sendir hins vegar litprentaðan bækling með einhverjum frösum um 70 millj. kr. stuðning á mörgum árum, sem er í sjálfu sér allt í lagi, en með fylgir hærri rafmagnsreikningur. Hann er látinn fylgja með. Ég veit ekki hvort það var í sama umslaginu en mér finnst þetta mjög mikil ósvífni. Ég vona að fólk á Vestfjörðum og víða um landið, sem fær um þessar mundir hærri rafmagnsreikninga en einnig einhverja vaxtarsamninga og frasa með, átti sig á þessu. Það er hallærislegt að styðja svona flokka. Það er hallærislegt að vera úti á landi og vera í Sjálfstæðisflokknum, með eitthvert fálkamerki á sér, og vera eins og hálfgerður fálki að styðja aðgerðir sem stríða gegn hagsmunum þeirra. Ég ætla að vona það að menn fari að ná áttum og sjái að þetta er ekki mikils virði, að horfa upp á stöðuga fólksfækkun og vera í eða styðja flokka sem grafa undan manni. Það er náttúrlega ekki gott.

En við höfum hér gefið stjórnarliðinu kost á að samþykkja frumvarp, lítið frumvarp um að veita fólkinu á landsbyggðinni atvinnufrelsi á ný. Ég vona sannarlega að aðrir stjórnarliðar, sem ég vænti að taki til máls, sýni þessu frumvarpi meiri skilning en hv. þingmaður framsóknarmanna hefur gert í umræðunni, hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Hann varði ekki tíma sínum í að ræða þetta frumvarp. Hann vildi ræða um stefnu einhverra flokka. Þetta frumvarp skiptir verulegu máli. Það skiptir mjög miklu máli, meira máli en margt annað sem rætt hefur verið um í byggðamálum. Ég vona sannarlega að menn fari að átta sig á því og styðji þetta frelsisfrumvarp frá Frjálslynda flokknum.

[17:25]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var að mörgu leyti athyglisvert að hlusta á hv. þm. Sigurjón Þórðarson tala um þetta þingmál. Svo virðist sem hann hafi því miður gleymt að tala um sjálft þingmálið, enda snerist ræðan kannski fyrst og fremst um afmæli Hafró, þorskana í Arnarfirði og svo man ég ekki hvort það voru vaxtarsamningar eða vaxtarverkir hæstv. byggðamálaráðherra.

Ég vil spyrja hv. þingmann út í nokkur atriði er varða þetta tiltekna þingmál.

Í fyrsta lagi vil ég spyrja: Hversu margir bátar mættu vera í slíku kerfi, frjálsu kerfi, samkvæmt þingmálinu?

Í annan stað: Gæti sami maðurinn átt marga báta með því fyrirkomulagi? (Gripið fram í.)

Í þriðja lagi: Gerir þingmaðurinn sér grein fyrir hversu margir bátar gætu fallið undir sama kerfi?

Enn fremur vil ég spyrja: Af hverju setur hv. þingmaður mörkin við 30 tonna báta? Af hverju ekki stærri báta?

Auk þessa spyr ég hvort það sé ekki mat þingmannsins að hætt sé við því að fjöldinn allur fari til veiða í slíku kerfi þar sem launakostnaður og annar fastakostnaður er sáralítill í samanburði við verðmætin sem fjórar rúllur á bátum, allt að 30 tonnum, geta skilað að landi.

Ég vil í lokin spyrja: Hvað um ábyrgar fiskveiðar, vísindin til framtíðar og veiðiráðgjöf? Þótt ég sé ekki sammála núverandi aðferðafræði sem Hafró styðst við þá þýðir það ekki að ég geti kvittað upp á algert stjórnleysi við fiskveiðar.

[17:27]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er nú óvart í stefnuskrá Frjálslynda flokksins, sem hv. þingmaður var kosinn út á. Ég vil minna hv. þingmann á að hann var ekki kosinn á þing til þess að munnhöggvast við mig, alls ekki. Ég vona að hv. þingmaður sjái sóma sinn í því að segja af sér þingmennsku. Hann var ekki kosinn á þeim forsendum að vera hér að munnhöggvast við fyrrum samherja sína.

[17:27]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir hv. þingmaður ansi fyrirsjáanlegur í andsvörum sínum. Ég bjóst ekki við neinu öðru enda ekki mikil reisn yfir svari hv. þingmanns.

Ég vil hins vegar minna hv. þingmann á að á málefnaþingi Frjálslynda flokksins árið 2004 lagði ég fram skýrslu um sjávarútvegsmál sem var ekki kvittað fyrir af hálfu fyrrverandi félaga minna í Frjálslynda flokknum. Ég hef aldrei stutt það að frjálsar veiðar yrðu með þessum hætti. Það kvittaði ég aldrei upp á, frú forseti. Það er ein ástæða þess að ég yfirgaf Frjálslynda flokkinn.

En ég spyr hv. þingmann enn og aftur, sem ég bið um að sýna sjálfum sér virðingu og gera sig ekki alltaf að hálfgerðum trúð í þingsalnum, og sýna þá viðleitni að reyna að svara spurningunum. Þingmálið, eins og það er sett upp býður upp á algjört stjórnleysi og akkúrat enga fyrirhyggju. Guð má vita hvert mundi leiða ef þingmálið færi í gegn í óbreyttri mynd.

[17:29]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þetta litla frumvarp sem við í þingflokki Frjálslynda flokksins fyrir hið háa Alþingi er í raun ekkert annað en tilraun til að reyna að efna þau fyrirheit sem við gáfum kjósendum í kosningabaráttunni vorið 2003. Þetta litla mál var eitt af þeim málum sem við settum á oddinn í baráttunni, við töluðum um að við mundum vilja opna fiskveiðistjórnarkerfið neðan frá, eins og við sögðum, og auka með því möguleikana, m.a. fyrir nýliðun. Við töluðum um tvær rúllur á mann og hér er frumvarpið komið fyrir þingið, tvær rúllur á mann. Við höfum mælt fyrir því og það er tilraun okkar til að koma málinu áleiðis. og þannig auka möguleikana til að mynda á nýliðun.

Við vildum einnig kanna hvernig landið liggur varðandi þetta mál. Nú fer þetta mál inn í sjávarútvegsnefnd og verð-

ur beðið um umsagnir, m.a. frá hagsmunaaðilum. Þá munum við fá að sjá viðbrögðin, fá athugasemdir við þetta mál og að sjálfsögðu nýta okkur þær athugasemdir sem koma inn til að þróa þingmálið enn frekar. Við gerum okkur að sjálfsögðu fulla grein fyrir því að þetta mál verður svæft í sjávarútvegsnefnd því að það stangast svo gersamlega á við stefnu ríkisstjórnarflokkanna í sjávarútvegsmálum og líka í byggðamálum, verð ég að segja.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram í máli félaga minna í þingflokki Frjálslynda flokksins sem voru jú kosnir á þing m.a. út af þessu máli, að með málinu erum við að reyna að rétta sjávarbyggðunum umhverfis Ísland hjálparhönd. Við erum að reyna að útfæra í verki þá sannfæringu okkar að við teljum að sjávarbyggðirnar allt í kringum Ísland, fólkið í landinu, hafi ákveðinn rétt til að nýta fiskimiðin. Við teljum að ef lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, yrði breytt með því að bæta við þessu litla ákvæði þá væri hægt að útfæra þetta á mjög skömmum tíma. Það mundi gefa fólki sem býr á þessum stöðum tækifæri til að afla sér tekna með því að róa að þeim skilyrðum uppfylltum sem eru í þessu frumvarpi og þingmenn hafa farið yfir á undan mér.

Virðulegi forseti. Ég kom að því í andsvörum áðan að ég teldi að þær takmarkanir sem eru hér á, þ.e. að hér eru gerðar kröfur um réttindi til skipsstjórnar og vélstjórnar, að gerðar eru kröfur um að fólk skuli hafa farið á öryggisnámskeið og líka kröfur um að bátarnir skuli vera með sérstökum búnaði, tilkynningarskyldu og að þeir skuli hafa haffærniskírteini — allt þetta kostar tíma, fyrirhöfn og peninga. — Ég er alveg sannfærður um að þetta mun gera það að verkum að þeir einir munu fara út í þetta sem hafa virkilegan áhuga á því að reyna fyrir sér í fiskveiðum.

Við skulum muna þá tíma áður en kvótakerfið var sett á. Þá var frelsi hér í fiskveiðum. Þá gat hver sem er keypt sér bát og róið til fiskjar til að afla sér tekna. En það voru ekki allir Íslendingar á sjó, langt í frá. Það voru ekki allir Íslendingar á sjó. Hvers vegna skyldi það nú hafa verið? Jú, sjómennska, það að stunda sjóinn, er erfitt og það er hættulegt og það kostar líka peninga að fjárfesta í bátum og búnaði og, með þessu frumvarpi, að afla sér ákveðinnar grunnþekkingar og menntunar. Það er hreinlega ekki heiglum hent að stunda fiskveiðar við Ísland því að miðin við Ísland eru á einum erfiðustu hafsvæðum í heimi. Það þarf hörkutól til að stunda þessa vinnu og þetta vitum við öll.

Ég hef engar áhyggjur af því að þetta frumvarp leiði til neins stjórnleysis sem við þyrftum að hafa miklar áhyggjur af. Ég tel að veðurfar eitt og sér sé nægilega takmarkandi til þess að koma í veg fyrir að bátar sem eru búnir út með þessum hætti ofveiði nokkurn skapaðan hlut. Því er engin ástæða til þess að missa svefn yfir því þó að þetta fari í gegn.

Menn hafa spurt hér hversu mikið mundi veiðast árlega ef þetta yrði að veruleika. Ómögulegt er að svara því þar sem það fer að sjálfsögðu eftir því hversu margir mundu ákveða að fara út í þessa fjárfestingu og gera þetta með þessum hætti. Það færi líka eftir gæftum á hverjum tíma, veðurfari, fiskigengd og eftir því hversu viljugur fiskurinn er til að taka færi. Það færi eftir því hvað menn eru heppnir við að finna lóðningar af fiski sem væru reiðubúnar til að taka færi á hverjum tíma o.s.frv. Um þetta vitum við hreinlega ekkert. Þess vegna setjum við hérna inn ákvæði um að þetta skuli vera til reynslu í nokkur ár. Svo getum við bara staldrað við og skoðað hver árangurinn hafi verið af þessu, hvaða afleiðingar þetta hafi haft, hversu mikið hafi veiðst á þá báta sem væru þá að veiða undir þessum skilyrðum, hvers konar fiskur sé að veiðast og hvar og hvaða áhrif þetta hafi haft til að mynda á byggðirnar.

Ég er alveg sannfærður um þetta hefði mjög jákvæð áhrif á byggðirnar sem eru, eins og ég sagði áðan í stuttu andsvari, hreinlega komnar að fótum fram. Íslenskar sjávarbyggðir halda ekki út mikið lengur, því miður. Mér þykir mjög leitt að segja þetta. En það er niðurstaða mín að þær halda ekki út mikið lengur. Nú er óáran í efnahagsmálum, óhagstætt gengi. Menn hóta því að skera niður þorskkvótann enn meira. Sett voru lög á hinu háa Alþingi nú nýverið sem hafa haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir byggðirnar þegar handfæratrillur voru settar í kvóta.

Mig langar til að nota tækifærið til að lesa aðeins úr viðtali í blaðinu Fiskifréttum þann 14. október síðastliðinn, viðtali við Halldór Ármannsson skipstjóra á Stellu GK. Þar er því lýst hvað hefur gerst í smábátakerfinu frá því vorið 2004.

Hann er spurður, með leyfi forseta:

„Er ekki miklu hagkvæmara og skynsamlegra að sækja fiskinn á færri skipum?"

Halldór Ármannsson, skipstjóri og útgerðarmaður á Stellu GK, svarar svona, með leyfi forseta:

„Jú, auðvitað er nokkuð til í því. En þar með er ekki öll sagan sögð. Hagræðingin og sameiningarnar sem tröllríða öllu nú um stundir hljóta að leiða til fækkunar starfa, a.m.k. úti á landsbyggðinni. Kannski hafa þeir menn sem eftir standa eitthvað meira á milli handanna til þess að eyða í fínni hús og fínni bíla en um leið er verið að útrýma meðaljóninum sem hefur fyrst og fremst gaman af því að stunda sjósókn og lætur sér nægja að hafa vinnu og mannsæmandi laun. Samþjöppunin hefur líka þá hættu í för með sér að ef útgerð í litlu sjávarplássi er komin á hendur eins eða tveggja fyrirtækja og eigendum þeirra dettur í hug að selja skipin eða bátana úr plássinu standa íbúarnir eftir atvinnulausir með verðlausar húseignir. Þessi hætta er minni ef útgerðin byggist á fleiri en smærri útgerðum." — Þetta segir Halldór.

Mér finnst að þessi ágæti skipstjóri segi þarna í fáum en meitluðum setningum hvað í raun er að gerast í sjávarbyggðunum okkar. Ég segi fyrir mína parta og við segjum það fyrir okkar parta í Frjálslynda flokknum að svona getur þetta ekki gengið. Þetta er spurning um framtíðarheill þjóðarinnar. Við megum ekki láta þessi pláss deyja. Við höfum engan rétt til að taka atvinnuréttinn frá fólkinu eins og við höfum verið að gera, færa hann til örfárra sem geta svo braskað með hann og skilja síðan allt eftir í rjúkandi rúst. Ég vil ekki fara með það á herðunum inn í framtíðina að hafa komið nálægt slíkum gjörningi og þess vegna berst ég gegn þessu með kjafti og klóm. Þess vegna er ég með á þessu litla frumvarpi hér. Það er mín sannfæring að eitthvað í þessa átt — það má vel vera að eitthvað megi breyta þessu, það væri einmitt mjög gaman og athyglisvert að heyra skoðanir annarra á þessu litla frumvarpi. Það má vel

vera að eitthvað megi breyta þessu — en þarna gæti verið falin leið til þess að ná meiri sátt um þessi mál. Það er sannfæring mín. Ég hlakka til þess að sjá þær athugasemdir, þær umsagnir sem munu berast um þetta litla frumvarp. Þær verða lesnar gaumgæfilega af okkur í þingflokki Frjálslynda flokksins. Því get ég lofað.

Virðulegi forseti. Að lokum hlýt ég að nota tækifærið núna til að segja örfá orð um þær fréttir sem bárust hingað síðdegis í gær frá 40 ára afmæli Hafrannsóknastofnunar um að skera verði niður þorskkvótann meira því ef það verði ekki gert helst strax sé mikil hætta á því að þorskstofninn hrynji. Þetta eru mjög alvarlegar fréttir og ef eitthvað er munu þær sennilega leiða til þess að sú samþjöppun sem ég vitnaði til áðan mun skipta um gír og verða enn hraðari því að menn sjá fyrir sér eintómt svartnætti. Það er ekkert ljós fram undan. Kvótarnir verða áfram litlir. Áfram verður haldið að kroppa í okkur. Það er best að hætta þessu og selja á meðan við fáum eitthvað fyrir þetta, koma sér út úr greininni og bjarga því sem bjargað verður. Þetta er mjög alvarlegt mál, mjög alvarlegt mál. Maður hlýtur að staldra við og spyrja: Hvað er nú til ráða?

Ég hef lýst því áður hvað ég tel að sé til ráða. Ég tel að endurskoða þurfi frá upphafi alla okkar nýtingarstefnu á þorski. Það þarf að endurskoða alla ráðgjöf frá grunni. Það þarf að fá nýja menn að borðinu í þessum vísindum að þessari ráðgjöf. Það þarf að taka miklu meira tillit til sjómanna en gert hefur verið. Það þarf líka að taka miklu meira tillit til þeirra sem hafa verið að gagnrýna. Það þarf að breyta um áherslur í hafrannsóknum. Það þarf líka að gera ákveðna hluti til þess að auka fæðuframboð á miðunum umhverfis Ísland. Ég er hér með nýjustu skýrslu Hafrannsóknastofnunar um nytjastofna sjávar og þar kemur greinilega fram að bæði þorskurinn og ýsan virðast vera að glíma við ætisskort. Þorskurinn er mjög horaður hreinlega. Í þessari skýrslu stendur, með leyfi forseta:

„Meðalþyngd 4–8 ára þorsks eftir aldri í afla lækkaði að meðaltali um 13% á árunum 2002–2004 ... og um 20% hjá 9–10 ára þorski. Meðalþyngd í stofnmælingum sýnir svipaða þróun og hefur stofnmæling í mars sýnt lækkun meðalþyngdar síðan árið 2002 ... Í stofnmælingunni í október 2004 var meðalþyngd hjá flestum aldursflokkum sú lægsta frá því mælingin hófst árið 1996.“

Þetta stendur um þorskstofninn í ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar sem kom út núna í júní síðastliðinn.

Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur að þorskstofninn á í vandræðum. Hann á bágt. Hann hefur ekki nóg af góðu æti. Þess vegna er hann að horast og hann er að horast óskyggilega mikið. Það skiptir mjög miklu máli þegar fallþungi hjá svona fiskstofni breytist um þetta 13–20%, þegar svona fiskstofn rýrnar um 13–20%, mismunandi eftir aldri. Þá skiptir það verulega miklu máli fyrir afrakstursgetu stofnsins. Það sjá allir í hendi sér.

Ef við lítum á ýsuna þá stendur hér, með leyfi forseta:

„Frá árinu 1998 hafa allir árgangar nema árgangur 2001 verið stórir. Af þessum árgöngum er meðalþyngd árgangs 2001 há en meðalþyngd árganga 1998–2000 og 2002 er lægri en þó mun hærri en árganga 1990 og 1995 sem voru sambærilegir að stærð. Einstaklingar í árgangi 2003 sem er langstærsti árgangur sem sést hefur eru hins vegar svipaðir eða léttari en einstaklingar úr árgangi 1990.“

Hér vil ég að komi fram að í árgangi 1990 var meðalþyngd mjög lág þannig að við erum að sjá meðalþyngd á ýsu núna sem er með því lægsta sem við höfum nokkurn tíma séð, alveg eins og í þorskinum. Þetta hlýtur líka að segja okkur, virðulegi forseti, að ýsan á við ætisskort að glíma.

Ég tel að tími sé kominn til þess að við mennirnir reynum að gera það sem við getum þó gert, þ.e. náttúrlega að við þurfum að breyta nýtingarmunstri okkar á fiskimiðunum í kringum Ísland. Ég tel að við eigum strax að draga markvisst úr loðnuveiðum. Við eigum að hætta veiðum á loðnu til bræðslu. Við getum leyft veiðar til hrognatöku og frystingar. En við eigum að hætta þessum bræðsluveiðum. Í staðinn eigum við að reyna að beina til að mynda meira stóru vinnsluskipunum, sem geta þó flakað og fryst síld, í íslenska síldarstofninn. Þau geta þá sinnt verkefnum þar en látið loðnuna í friði í staðinn. Þannig tel ég að við gætum hugsanlega náð að bjarga þessu fyrir horn, gætum náð upp betri vexti bæði á þorski og ýsu. Það mundi strax skipta mjög miklu máli ef við gætum kannski á tveggja ára tímabili eða svo aukið fallþunga í þessum tveimur stofnum, í veiðistofni, um þetta 20%. Þá værum við strax að vinna mjög mikið. Ég held að það hljóti að hafa mjög mikil og alvarleg áhrif að veiða loðnu í bræðslu á grunnslóð hér við land á veturna. Sú loðna sem gengið hefur hér á grunnslóðinni hefur nefnilega ákveðnu hlutverki að gegna. Á þetta hef ég margoft bent bæði í ræðum og riti, að þessi litli laxfiskur sem syndir norðan úr höfum kemur yfir grunnslóðina hrygnir þar og deyr, ef hann er þá ekki veiddur af okkur. En hann hrygnir og deyr. En þó að hann hrygni og deyi þá hverfur hann ekki úr vistkerfinu. Hann breytist í eitthvað annað. Þetta er næring sem breytist í eitthvað annað eins og öll næring. Þetta eru fiskar með kalt blóð. Orka þeirra fer að mestu leyti í að hreyfa sig og síðan til vaxtar og viðhalds og þegar þeir deyja þá umbreytast þeir í eitthvað annað sem aftur myndar fæðukeðjuna fyrir fiskana og lífríkið í hafinu, lífríkið í sjónum.

Ég tel að við getum einfaldlega ekki leyft okkur að taka út á hverjum vetri, eins og við höfum verið að gera, milljón tonn af þessum orkumikla litla laxfiski og bræða hann í mjöl og lýsi svo að Norðmenn geti framleitt eldislax. Það er hreinlega ekki verjandi lengur. Við eigum frekar að fara út í þessa tilraun, sem ég er nokkuð sannfærður um að mundi heppnast með ágætum, að skilja meira af þessari loðnu eftir handa mikilvægustu og verðmætustu nytjastofnunum okkar og ná þannig meiri afrakstri út úr kerfinu. Með því skapast svigrúm til nýliðunar í stétt sjómanna. Ef við getum farið að auka veiðar úr þessum botnfiskstofnum, til að mynda okkar verðmætasta fiskstofni þorskinum, ætti að skapast svigrúm fyrir nýja aðila í greininni en þá skortir sárlega. Ég held að jafnvel útgerðarmenn hljóti að geta viðurkennt að grein án nýliðunar er dæmd til að deyja. Slík atvinnugrein getur ekki spjarað sig til framtíðar. Við verðum að fá nýtt blóð inn í greinina. Það verður að gefa ungum og efnilegum mönnum og konum tækifæri til að koma þar undir sig fótunum. Öðruvísi getur þetta ekki gengið til framtíðar.

Þetta ættu þeir að vita sem nú stunda útgerð því að einu sinni voru þeir ungir menn, efnilegir og duglegir. Þeir hafa

svo sannarlega sýnt mikinn dugnað í gegnum árin. En þeir ættu líka, mér finnst það oft og tíðum gleymast hjá þeim, að hugsa til þess þegar þeir sjálfir voru að byrja. Þeir mættu þá hugleiða það í leiðinni hvaða möguleika þeir hefðu til að koma undir sig fótunum í því kerfi sem nú er við lýði. Ég held að þeir sjái það flestir, ef ekki allir, í hendi sér að þeir ættu enga möguleika. Þeir færu sennilega allir að gera eitthvað annað en að beita kröftum sínum í sjávarútvegi.

Þannig er þetta nú, því miður. Ég hygg að það gefist fleiri tækifæri á næstu dögum til að ræða fiskveiðistjórnarmál hér í þessum sal. Það eru mál sem bíða þess að verða lögð fram og ég hef líka óskað eftir utandagskrárumræðu við hæstv. sjávarútvegsráðherra um ástand þorskstofnsins og horfur í veiðum hér á næstu missirum. Þetta er umræða sem við verðum að taka. Það hafa vaknað mjög alvarlegar og ákveðnar spurningar um þessa ráðgjöf, um hafrannsóknir við Ísland. Það hefur ekki verið hlustað á varnaðarorð okkar sem höfum þó prófað að hrópa.

Ég vil nota tækifærið núna á síðustu mínútu minni hér í ræðustóli til að minna á að ég hafði uppi mjög ákveðin aðvörunarorð nú í maí til að reyna að vekja menn til umhugsunar. Þá olli það mér mjög miklum vonbrigðum að sjá að sérstaklega stjórnarþingmenn virtust ekki hafa neinn áhuga á að hlusta og því miður fór sem fór. Við höfum áfram látið reka á reiðanum án þess að taka þessa umræðu. Ég fæ ekki séð af viðbrögðum núverandi sjávarútvegsráðherra hæstv., sem er nýtekinn við, að hann hafi í raun og veru neinn áhuga að breyta nokkrum sköpuðum hlut. Hann ætlar að halda áfram á þeirri gölnu vegferð sem við höfum verið á mjög mörg undanfarin ár þar sem við erum föst í vítahring hagsmunagæslu stjórnmálamanna, hagsmunagæslu þeirra sem starfa í greininni og hagsmunagæslu embættismanna.

Þessi vítahringur minnir því miður mjög á ástandið eins og það var í Kanada rétt áður en þorskstofninn hrundi þar. Þar vildu menn heldur ekki hlusta á aðvörunarorð, ekki ákveðnir stjórnmálamenn, ekki hagsmunaaðilar og ekki embættismenn, því allir höfðu eitthvað að verja. Ef það voru ekki peningahagsmunir þá var það svokallaður starfsheiður, menn voru of stoltir til að kyngja því að þeir hefðu haft rangt fyrir sér og áttuðu sig ekki á því að þeir voru á rangri leið fyrr en það var orðið of seint.

Ég vona að við Íslendingar förum að ranka við okkur og sjá að við getum ekki leyft þeim mönnum sem hafa stjórnað á undanförnum missirum að halda áfram. Þeir hafa sýnt og sannað að þeir hafa gert of mörg mistök, þeir hljóta að teljast vanhæfir í því starfi sem þeir hafa þó verið að sinna mörg undanfarin ár.

[17:49]

Útbýting:

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 288. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 304.

[17:49]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Umræðan hefur verið ágæt hér í dag og búið að leiða fram ýmis rök í málinu, rætt hefur verið um atvinnufrelsi manna annars vegar og afleiðingar þess fiskveiðistjórnarkerfis sem við búum við hins vegar, ásamt því að menn hafa rætt hér nýjustu fréttir af vettvangi Hafrannsóknastofnunar um það að framtíðin sé ekki björt í þorskveiðum hér við land. Í því sambandi vitnaði ég í ræðu sjávarútvegsráðherra hæstv. frá árinu 2001 en þá taldi hann blómlegt fram undan að því er varðaði þorskstofninn. Það þyrfti frekar að huga að öðrum stofnum eins og ýsunni sem þá var talin ofveidd en hefur síðan reynst spjara sig allvel.

Það er rétt að draga það hér fram, hæstv. forseti, að það er ekki eins og upplýsingar í þessu þjóðfélagi hafi skort um það hvaða áhrif sjávarútvegsstefnan, eins og hún hefur verið rekin, hefur haft á þróun byggðar. Það hefur verið vikið að því í ræðum manna. Í mars 2001, hæstv. forseti, kom út skýrsla frá Byggðastofnun: Sjávarútvegur og byggðaþróun á Íslandi. Nýsir vann þá skýrslu fyrir Byggðastofnun og höfundur var Haraldur Líndal Haraldsson hagfræðingur.

Ég ætla að vitna hér örstutt í skýrsluna, með leyfi forseta, en aðeins bara í lokaorðin, stutt í samantektinni að framan. En þar segir, þegar búið er að tína til ýmis rök og afleiðingar af núverandi fiskveiðistjórnarstefnu, með leyfi forseta:

„Hér hefur verið leitast við að svara þeirri fyrirspurn stjórnar Byggðastofnunar hvort lögin um stjórn fiskveiða hafi haft áhrif á byggðaþróun í landinu."

Síðan koma tveir punktar sem svara þessu:

„Ljóst er að ákvæði laganna um frjálst framsal veiðiheimilda hefur haft víðtækar afleiðingar á þróun byggðar í landinu með tilflutningi aflaheimilda á milli landshluta og einstakra byggðarlaga."

Seinni punkturinn er:

„Þetta hefur leitt til verulegrar skuldaaukningar í sjávarútvegi, lækkunar launa í fiskvinnslu í samanburði við aðrar atvinnugreinar og fólksflótta af landsbyggðinni."

Lengra ætlaði ég ekki að hafa þá tilvitnun en ég held það væri ágætt að menn færu yfir þessa skýrslu, kíktu aðeins í hana. Hún sagði ýmislegt sem síðar hefur verið að koma í ljós.

Í ræðum manna hefur ýmislegt komið fram, eins og ég vék að áðan, og hv. þingmaður Jóhann Ársælsson spurði mig ákveðinna spurninga sem ég ætla að leitast við að svara. Hann spurði m.a. að því hvort tveir menn mættu stjórna 30 tonna báti. Svarið við því er já, að því gefnu að þeir hafi skipstjórnarréttindi og einhver vélstjórnarréttindi, lágmark vélavarðaréttindi. Hins vegar er það svo að útivist slíks báts getur verið takmörkunum háð. Hún var löngum takmörkuð við einn og hálfan sólarhring, að því er mig minnir, útivera báts þar sem aðeins tveir menn væru við störf. Þess er líka að geta að undanþágur hafa verið veittar til þess að tveir menn starfi á tveggja manna báti sem jafnvel er stærri en þetta en þá við takmarkaðar veiðar þar sem menn koma að landi daglega, eins og skelveiðar og rækjuveiðar og veiðar sem stundaðar eru innfjarðar. Nú eða jafnvel aðrar veiðar, eins og úthafsrækjuveiðar á litlum bátum, enda væri þá útiveran takmörkuð.

Það var einnig vikið að því í ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að þorskstofninn væri til í ættkvíslum og hann fór nokkrum orðum um það. Auðvitað er það rétt hjá hv. þingmanni að þannig er það. Þorskurinn er ekki einn stofn þó hér sé leitast við að hafa kvótakerfi sem stýrir veiðunum út frá þeirri hugmynd að allur þorskurinn hegði sér eins, að hann komi til hrygningar á sömu stöðum við landið og hann hefur gert á undanförnum árum og áratugum og að há-

markshrygningin sé jafnan við suðurströndina. Út frá því hefur verið gengið.

Menn hafa talað um að ekki væri nú mikill dugur í hrygningu sem ætti sér stað annars staðar við landið og vafasamt að hún skilaði miklu inn í þorskstofninn. Þetta hafa fiskifræðingar sagt, jafnvel þó að þeir hafi fundið seiði fyrir Norðausturlandi og Austurlandi sem greinilega eru sæmilega á sig komin en hafa örugglega ekki klakist út við suðurströndina miðað við stærðina.

Þetta ætti ekki að koma neinum á óvart og ég geri ekki ráð fyrir því að mér og hv. þm. Jóhanni Ársælssyni komi þetta á óvart. Þetta er auðvitað háð lífríkinu og hitafarssveiflum í hafinu. Þegar hlýnar fyrir Norðurlandi, eins og gerst hefur undanfarin ár, er ekki óeðlilegt að hrygning eigi sér stað þar og það hefur gerst í miklum mæli á undanförnum árum, inni á flóum og fjörðum norðan lands. En þá kannski líka í minna mæli hér sunnan lands en væri ef árferðið væri þannig að fiskurinn þyrfti að leita til Suðvesturlands og suðurstrandarinnar til að finna þann hita sem hentaði honum til hrygningar. En það er auðvitað það sem fiskurinn leitar að og þess vegna hrygnir hann síðar við Norðurland, jafnvel þótt hrygning dragist fram í júní í köldum árum, en getur þess vegna hrygnt fyrr ef sjórinn er hlýr eins og verið hefur undanfarin ár.

Það er líka önnur mjög sterk vísbending um að mikið af fiski syndi um á Norðurlandsmiðum. Það er m.a. það að þorskinum hefur tekist, ásamt stækkandi ýsustofni, að éta upp rækjuna nánast alls staðar innfjarðar, í flóum og fjörðum norðan lands og vestan. Varla er það vegna ofveiði á úthafsrækjunni að það hefur verið svo lítill afli þar undanfarin ár, það skyldi þó ekki frekar vera vegna þess að þorskurinn hafi verið á norðurmiðunum.

Aðeins út af þeirri umræðu sem varð um stórþorskinn á Selvogsbanka hér á árunum áður, að þá vorum við ekki að tala um neinar smákýr. Við vorum að tala um 70–80 stykki í tonnið, 70–80 þorska í tonnið þegar fiskurinn var sem stærstur á Selvogsbankanum. Menn voru að tala um alvöruþorska eins og sagt var í þá tíð. Menn hafa haft áhyggjur af því að ef mönnum yrði leyft að veiða með tveimur aflarúllum hverjum manni, hámark fjórum, gæti það orðið til þess að hér færi allt úr böndunum hvað varðar það magn sem tekið væri upp úr sjónum af þorski. Ég held að menn ættu ekki að hafa miklar áhyggjur af því. Menn vita það kannski ekki en staðreyndin er sú að á seinni árum, hæstv. forseti, hefur fiskimönnum við Ísland ekki alltaf tekist að klára sína 23 daga. Það var vegna veðurfars, hæstv. forseti. Veðurfarið er stundum þannig að það gengur illa að stunda handfæraveiðar en fáar veiðar eru eins háðar logni og góðviðri og handfæraveiðar. Því ekki veiða menn nú mikið á handfæri með færið meira og minna upp í sjó. Þannig að það er kannski rétt að benda á það að eins og tíðarfarið hefur verið í sumar og haust þá held ég að það hafi nú ekki verið mjög margir dagar sem menn hefðu farið á handfæraveiðar. Ekki mjög margir.

Það eru engar veiðar jafnháðar því að veðurfar sé gott á heilu ári og handfæraveiðarnar, þannig að ég held að menn ættu ekki að hafa stórkostlegar áhyggjur af því fyrir fram að sú tillaga sem við leggjum til hér, um þetta takmarkaða frelsi, verði til þess að kollvarpa algerlega árangri fiskveiðistjórnarinnar — innan gæsalappa auðvitað því að það hefur ekki skilað nokkrum árangri að byggja upp þorskstofninn eins og var upplýst síðast í gær.

Ég vitna hér til gamans, en í þó nokkurri alvöru, til eldgamalla laga frá 1888 um lög um bátfisk í fjörðum, til að minna á að fiskveiðar við Ísland hafa ekki eingöngu verið fyrir þá sem gerðu út heldur líka verið taldar félagslegur réttur — á árum áður var það svo að afli rann að hluta til í fátækrasjóð og þótti engum mikið.

Það er líka fróðlegt, sem ég gerði mér til gamans, að skoða þær reglur sem voru settar á grundvelli þeirra laga um bátfiski í fjörðum sem ég vitnaði til og er enn þá í lagasafninu.

Þar segir, með leyfi forseta, og er rétt að lesa upphaf laganna þar sem segir:

„Vjer Christian hinn níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg," setur svofelld lög að tillögu Alþingis.

Þar segir í 5. grein:

„Nú virðist amtmanni ákvarðanir í samþykkt, er honum hefir verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna, eða þröngva um of atvinnufrelsi ..."

Ja, framsýnir voru þeir fyrir 130 eða 140 árum. Þetta höfðu menn í huga þá, að ekki mætti setja slíkar reglur að gengið væri of nærri rétti manna vegna atvinnufrelsis þeirra.

Einnig segir:

„Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, fyrirskipar um birting hennar og ákveður hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem í því hjeraði stunda fiskveiðar ..."

Sem í því héraði stunda fiskveiðar. Menn voru nefnilega að stýra fiskveiðum héraðsbundið löngu áður en við fórum að hugsa um stjórn fiskveiða og er kannski rétt að minna á það þegar við vorum að tala um, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson áðan, að hér væru stofnbrot og stofnstærðir. Það var einmitt það sem menn unnu út frá fyrir 130, 140 árum. Þannig var það nú, hæstv. forseti.

Síðan segir í 6. gr. þessara laga og ég má til með að vitna í hana í lokin, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samþykktum þessum má ákveða um þau atriði, sem áríðandi eru fyrir fiskiveiðar á opnum skipum í því hjeraði, er samþykktin nær yfir, svo sem um það, hver veiðarfæri og beitu skuli hafa við fiskiveiðar, á hverjum stað og hverjum árstíma, og eins um það, hvort fiskilóðir og net megi að færu veðri og forfallalaust og af ásettu ráði liggja í sjó yfir nóttu; og hvernig lóða- og netalögnum skuli haga til þess" — og takið eftir, hv. þingmenn — „að fiskigöngum eigi sje varnað um skör fram eða handfæraveiði sje spillt."

Það voru nefnilega kvaðirnar sem á þá voru settar sem vildu nota þorskanetin til að girða af, að mönnum voru settar skorður um það og handfæraveiðin var álitin frjáls öllum mönnum enda eru lögin um rétt manna til bátfiskis í fjörðum.

Ég ætla að láta þetta verða lokaorð mín við umræðuna, hæstv. forseti. Þetta hefur verið ágætisumræða og ýmislegt dregið fram af því sem rétt er að muna. Í lokin vil ég minna á skýrslu Byggðastofnunar frá því í október 2001 um áhrif

kvótasetningar aukategunda hjá krókabátum á byggð á Vestfjörðum. Ég held að það væri holl lesning fyrir stjórnarliða að lesa sér til upprifjunar til að þeir geti áttað sig á því hvaða afleiðingar verk þeirra hafa haft. Þessu var nefnilega öllu saman spáð, hvaða afleiðingar þetta hefði, en samt gerðu menn þetta — vonandi með fullu viti, hæstv. forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullorðinsfræðsla, fyrri umr.

Þáltill. EMS o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

[18:04]

Flm. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar sem ég flyt ásamt öðrum hv. þingmönnum Samfylkingarinnar og hljóðar tillögutextinn svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp um fullorðinsfræðslu með það að markmiði að efla og treysta fullorðinsfræðslu í landinu og skýra hlutverk þeirra sem að þessari menntun koma, bæði hvað varðar fjármögnun og námsframboð. Við undirbúning lagafrumvarpsins verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, samtök sveitarfélaga og menntastofnanir. Lagafrumvarpið verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2006.“

Herra forseti. Segja má að það sé með ólíkindum að ekki skuli vera neinn lagarammi um fullorðinsfræðslu svo mikil sem hún er í landinu og svo mikil þörf sem er fyrir slíka fræðslu. Við höfum lög um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla en engan lagaramma um fullorðinsfræðslu, sem er hins vegar orðin stöðugt viðameiri og nauðsynlegri af þeirri einföldu ástæðu að samfélag nútímans kallar á að fólk sé að mennta sig meira og minna alla ævi. Það hefur margoft verið sagt að lykilatriði varðandi uppbyggingu þess þekkingarsamfélags sem við lifum í og mannauðs sé stóraukin áhersla á fullorðinsfræðslu og símenntun. Stöðugt hraðari samfélagsbreytingar og ný tækni gera kröfu um stöðuga endurnýjun og nýsköpun þekkingar fyrir einstaklinga, atvinnulífið og samfélagið í heild. Það er ekki síst þess vegna sem mikilvægt er að um þetta sé settur einhver lagarammi vegna þess að þetta er mjög brýnt út frá hagsmunum samfélagsins í heild sinni en að sjálfsgöðu einnig fyrir atvinnulíf og einstaklinga.

Á síðustu árum hefur orðið mikill vöxtur á þessu sviði hér á landi. Margt áhugavert hefur komið fram á sjónarsviðið og er vel gert. Mestur hefur vöxturinn verið varðandi endur- og eftirmenntun fyrir háskólamenntaða og tæknifólk af ýmsu tagi. Þótt einnig hafi orðið mikil þróun varðandi framboð á menntun fyrir fólk með minni menntun hefur það ekki náð að fylgja eftir þróuninni á öðrum sviðum. Þannig gildir að þeir fá mesta endur- og eftirmenntun og fullorðinsfræðslu sem hafa mesta menntun fyrir. Þessi þróun er hættuleg og ýtir undir ójöfnuð ef allir hafa ekki jöfn tækifæri.

Þess vegna þarf að móta stefnu varðandi fullorðinsfræðslu almennt. Skilgreina þarf hverjir eigi að bera ábyrgð á hvaða þáttum hennar og hvernig eigi að fjármagna hana. Slík stefna þarf að fela í sér hvata til að boðið sé upp á sem fjölbreyttasta fullorðinsfræðslu og símenntun og hvata til einstaklinga að sækja sér slíka menntun. Efla þarf fullorðinsfræðslu, endur- og eftirmenntun og gera hana markvissari en nú er, annars vegar út frá almennum þörfum einstaklinga fyrir nýja og breiðari þekkingu og hins vegar út frá þörfum atvinnulífsins fyrir meiri og markvissari þekkingu og hæfni í starfi. Oft fara þessi tvö markmið saman og mikilvægt er að þau fylgist að, en útiloki ekki hvort annað. Þannig styrkir almenn menntun og fristundanám af ýmsu tagi einstaklinga í starfi, um leið og hún eflir þá og eykur möguleika þeirra sem einstaklinga.

Herra forseti. Það er auðvitað mikilvægt að skilgreina hver ber ábyrgð og hvernig fjármagna skuli fullorðinsfræðslu almennt og í því sambandi er rétt að nefna nokkrar hugmyndir:

Í fyrsta lagi. Fullorðinsfræðsla sem miðar að því að efla einstaklinga til þess að þeir verði fullgildir og virkir þátttakendur í samfélaginu er á sameiginlegri ábyrgð samfélagsins, einstaklinga og atvinnulífsins. Mikilvægt er að samfélagið hafi frumkvæði og hvetji einstaklinga til þess að sækja sér slíka menntun. Hér geta opinber framlög til fullorðinsfræðslu og einstaklingsbundnir sparnaðarreikningar (menntareikningar) með framlagi frá atvinnurekendum og samfélaginu (í gegnum mótframlög og/eða skattaívilnanir) verið farsæl leið.

Það er rétt, herra forseti, að víkja örlítið að því hvað átt er við með menntareikningum, en það er býsna athyglisverð hugmynd sem m.a. er fjallað um í nokkuð ítarlegri og vandaðri skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Eflingu, Verslunarmannafélag Reykjavíkur og starfsmenntaráð.

Þar segir m.a. um menntareikninga, með leyfi forseta:

„Grunnhugmyndin um menntareikninga byggist á því að tekið er fast hlutfall af launum hvers starfsmanns sem er síðan ávaxtað í séreignarsjóði með skattfríðindum þar til viðkomandi launþegi ákveður að nýta sér innstæðuna til að sækja sér menntun eða þjálfun. Til viðbótar gæti komið framlag atvinnurekanda sem væri þá einnig fast hlutfall af launum starfsmanna. Ef launþegi hefur ekki nýtt sparnaðinn þegar hann fer af vinnumarkaði getur hann nýtt hann sem lífeyrissparnað. Þetta fyrirkomulag er ekki ólíkt fyrirkomulagi viðbótarlífeyrissjóða hér á Íslandi þó þar sé um mun hærri upphæðir að ræða. Hér væri verið að byggja reikninga á því söfnunarkerfi sem nú þegar er til staðar, en það hefur reynst vel og hafa aðilar á vinnumarkaði fengið traust á því.“

Herra forseti. Það er afskaplega mikilvægt að það kerfi sem nýtt yrði í slíku sambandi væri einmitt þannig úr garði gert að traust væri á því, bæði frá launafólki og þeim sem greiða launin.

Ég var að telja upp nokkrar hugmyndir varðandi það hvernig ábyrgð og fjármagn gæti verið almennt í fullorðinsfræðslu, var búinn að nefna fyrstu hugmynd og fer þá yfir í aðra hugmynd:

Endur- og eftirmenntun sem miðar að því að efla almenna tækniþekkingu er á sameiginlega ábyrgð atvinnulífsins, samfélagsins og einstaklinga. Gagnvart þeim sem hafa

góðan grunn á þessu sviði hlýtur atvinnulífið sjálft að bera meginþungann. Gagnvart þeim sem standa höllum fæti er nauðsynlegt að samfélagið axli ábyrgðina. Hér gegna fræðslusjóðir og fræðslustofnanir atvinnulífsins lykilhlutverki. Jafnframt þarf að tryggja sérstaklega möguleika þeirra sem hafa verið heima vegna umönnunar barna, verið lengi frá vinnu vegna veikinda eða hafa af öðrum ástæðum lítil og veik tengsl við vinnumarkaðinn. Ábyrgðin gagnvart þessum hópi liggur sameiginlega hjá ríki og sveitarfélögum.

Í þriðja lagi. Endur- og eftirmenntun sem miðar að mjög sértækri verk- og tækniþekkingu í einstökum fyrirtækjum verður að vera á ábyrgð og kostnað fyrirtækjanna sjálfra.

Í fjórða lagi. Fullorðinsfræðsla sem miðar að því að jafna menntunarstig fólks sem komið er á vinnumarkaðinn og auka almennt menntunarstigið í landinu kallar á ríka þátttöku og frumkvæði samfélagsins með þátttöku atvinnulífs og einstaklinga. Þegar vísað er til ábyrgðar og fjármögnunar fullorðinsfræðslu frá samfélaginu er nauðsynlegt að greina hvar ábyrgð og verkaskiptingin á milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna liggur.

Herra forseti. Það er mikilvægt á ýmsum sviðum og hefur því miður oft verið vandmeðfarið hvernig þessi skipting er og meðan ekki er lagarammi um þann þátt er hann einn af þeim sem eru á gráum svæðum. Athyglisvert er ef við skoðum verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hvað varðar skólakerfið að sú skipting er við lýði að sveitarfélögin sjá um leikskóla og grunnskóla en ríkisvaldið um framhaldsskóla og háskóla. Margt bendir til þess að sú skipting sé í raun orðin úrelt og nefni ég þar sérstaklega til framhaldsskólana sem eru allt aðrar stofnanir í dag en þær voru þegar sú verkaskipting var ákveðin og ýmislegt sem bendir til þess að framhaldsskólinn eigi frekar heima hjá sveitarfélögunum. Ég er sannfærður um að í tengslum við fullorðinsfræðsluna mundi það einnig nýtast miklum mun betur því að það mundi á margan hátt einfalda alla fullorðinsfræðslu sem við getum í raun sagt að sé að meginþunga til undir háskólastiginu og þar með væri hægt að einfalda mikið það kerfi sem kemur nálægt fullorðinsfræðslu.

Herra forseti. Það er einnig vert að velta fyrir sér aðferðum og hvaða aðferðir væru líklegastar til að skila árangri. Þar vil ég nefna til svokallað raunfærnimat sem er mikilvægt tæki í fullorðinsfræðslu, ekki aðeins fyrir þá sem hafa litla grunnmenntun og þurfa að bæta sig á því sviði. Raunfærnimat er mikilvæg aðferð til að meta styrkleika og veikleika í þekkingu einstaklinga, hvort heldur þegar þeir vilja afla sér frekari menntunar eða við mat á starfshæfni.

Raunfærnimat er eitthvað sem m.a. Norðmenn hafa lagt töluverða vinnu í og má segja að þeir séu í fararbroddi hvað það varðar. Í þeirri skýrslu sem ég vitnaði í áðan sem Hagfræðistofnun háskólans vann fyrir Eflingu, Verslunarmannafélagið og starfsmenntaráð segir m.a. um raunfærnimatið eða raunfærnikerfið, með leyfi forseta:

„Norðmenn hafa verið í fararbroddi hvað varðar sameiginlegt skráningarkerfi svokallað raunfærnikerfi þar sem frammistaða einstaklinga í námi og þjálfun og færni í vinnu er metin að verðleikum. Markmiðið er að setja upp kerfi sem skráir og metur hæfni, getu, reynslu og þekkingu einstaklinga sem hægt er að nýta á vinnumarkaði og í skólakerfinu. Raunfærni tekur til allrar menntunar og skipulags náms, sjálfsnáms og þekkingar sem aflað er í vinnu, félagsstörfum, námskeiðum og með almennri þátttöku í samfélaginu. Kerfinu er ætlað að vega upp á móti síbreytilegum störfum vinnumarkaðarins og auka samkeppnishæfni fyrirtækja."

Til eru fleiri aðferðir sem hægt er að hugsa sér og m.a. eru færnimöppur önnur aðferð til að halda utan um þekkingu og reynslu fólks. Þar er safnað saman upplýsingum um menntun og starfsreynslu viðkomandi, úr formlega menntakerfinu, óformlega menntakerfinu og annars staðar frá.

Raunfærnimat og færnimöppur eru þannig mikilvæg verkfæri til að greina þekkingu starfsmanna og mannauðinn í atvinnulífinu og samfélaginu almennt. Þau eru einnig mikilvæg tæki til að efla sjálfsvitund einstaklinga þar sem þessi verkfæri eru til þess fallin að draga fram styrkleika viðkomandi.

Þá er mikilvægt að þróa náms- og kennsluaðferðir sem best henta við fullorðinsfræðslu almennt og fyrir þá sem hafa stutta skólagöngu eða hafa ekki stundað nám í langan tíma.

Herra forseti. Ég sagði áðan að margt hefði gerst á undafönum árum hér á landi í fullorðinsfræðslu og margt er mjög vel gert. En það skortir heildarramma utan um þetta þannig að bæði sé hægt að hafa þessa starfsemi markvissari og ekki síður að jafna tækifæri fólks til fullorðinsfræðslu.

Það er ljóst að aðilar vinnumarkaðarins leika afskaplega stórt hlutverk og hafa á margan hátt verið í fararbroddi þegar kemur að símenntun og ýmiss konar fullorðinsfræðslu vegna þess að félagsmönnum er boðið upp á margs konar möguleika til að bæta við sig þekkingu og auka hæfni í gegnum ýmsa starfsmennta- og fræðslusjóði. Fyrir ekki alls löngu eða í desember 2002 var stigið afskaplega metnaðarfullt skref í þá átt að þróa heilsteypt kerfi símenntunar á Íslandi með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífisins sem er samstarfsverkefni Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Eitt af markmiðum hennar er að vinna skipulega að því að meta og votta óformlegt nám og starfsþjálfun í samstarfi við fræðsluaðila og atvinnulífið. Meðal annars vegna þess er nauðsynlegt, og ég veit ekki betur en þessir aðilar hafi einmitt eftir því kallað, að um þetta séu sett ákveðin rammalög þannig að það verði skilgreint betur en nú hvert sé hlutverk hvers og eins.

Herra forseti. Ekki er síður rétt að minnast á símenntunarmiðstöðvar sem hafa risið mjög víða um land og hafa sinnt margs konar fullorðinsfræðslu fyrir fólk með litla menntun og síðan menntun af margs konar tagi. Einnig hefur þróast í kringum þessar stöðvar mjög víða háskólanám eða þjónusta við fólk í háskólanámi á því svæði þar sem stöðvarnar eru starfræktar. Þetta skiptir allt saman afskaplega miklu máli og það þarf að láta þetta allt saman vinna sem allra best saman því svo virðist vera að í raun sé um hálfgerðan frumskóg að ræða þegar kemur að þessum þætti menntakerfisins. Það er ekki við hæfi, eins og ég sagði hér áður, þegar við höfum nú þegar lög um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla að þessi eyða skuli vera í löggjöfinni, þ.e. að engin löggjöf sé um fullorðinsfræðsluna vegna þess að það blasir við að þetta er líklega sá þáttur

sem skiptir hvað mestu máli þegar við horfum til þess samfélags sem við búum við núna. Málum er þannig háttað að nauðsynlegt er að fólk stundi einhvers konar nám og afli sér menntunar meira og minna alla ævi.

Þó er rétt að geta þess að á einum stað í lögum er minnst á fullorðinsfræðslu. Það er í lögum um framhaldsskóla frá 1996. Á hana er minnst í X. kafla og gengur raunverulega út á það að framhaldsskólum er heimilað að koma að þessum þætti og m.a. heimilað með samþykki menntamálaráðherra að stofna í samvinnu við ýmsa aðila svokallaðar fullorðinsfræðslumiðstöðvar. Það er álit okkar hv. þingmanna sem flytjum þessa tillögu að þetta sé ekki nægjanlegt og að eðlilegt sé að fela menntamálaráðherra að leggja fram á þingi fyrir lok þessa þings, þ.e. fyrir 1. mars árið 2006, frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

[18:19]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hérna er til umræðu eitt af mikilvægustu málunum sem liggja fyrir Alþingi núna í vetur og væri óskandi að það fengi það vægi sem því ber í stað þess að fara í gegnum 1. umr. fyrir hálftómum þingsal um kvöld. Þetta mjög mikilvægt mál vegna þess, eins og hv. 1. flutningsmaður, Einar Már Sigurðarson nefndi, að þetta skólastig er mjög villt. Þetta skólastig er mjög óskilgreint, þ.e. fullorðinsfræðslan, en á sama tíma mjög mikilvægt skólastig og mikilvægi þess hefur vaxið mjög á síðustu árum og aukist verulega. Æ fleiri sækja sér menntun síðar, símenntun, endurmenntun, ná sér í nýtt tækifæri til mennta eftir að hafa mögulega hætt skólagöngu eftir grunnskóla eða án þess að ljúka formlegri menntun í framhaldsskóla og þess vegna eru 40 þúsund Íslendingar á vinnumarkaði í dag án eiginlegrar eða formlegrar menntunar úr framhaldsskóla.

Það þurfa ekki allir að fara í skóla. Það þurfa ekki allir að útskrifast með einhverja gráðu. Það er ekki það sem málið snýst um heldur er skóli ein leið til menntunar. Skóli veitir útskrift og skóli veitir réttindi og þar með veitir skóli tækifæri, tækifæri til að ná sér í betri vinnu, tækifæri til að þéna betur, tækifæri til nýrra hluta á vinnumarkaði og veitir um leið öryggi, bæði öryggi á vinnumarkaði og sjálfsöryggi þeim sem fara í gegnum menntun og ljúka henni, þ.e. fólki sem nær því takmarki sem það setti sér. Við þetta eigum við að styðja af öllum okkar mætti og þess vegna er þessi tillaga til þingsályktunar um fullorðinsfræðslu lögð fram þar sem lagt er til að farið verði í það ferli að vinna lagafrumvarp um fullorðinsfræðsluna þar sem við náum utan um þetta mikilvæga og merkilega skólastig sem mundi breyta lífi svo margra á vinnumarkaði eða þeirra sem vilja komast aftur á vinnumarkað eða skipta um atvinnu og áherslur á vinnumarkaði á miðjum sínum starfsferli t.d.

Geysilegur vöxtur hefur orðið í fullorðinsfræðslu á síðustu árum. Hún hefur blómstrað að mjög mörgu leyti, blómstrað í skugga fjársveltis og þess þrönga stakks sem henni er að mörgu leyti sniðinn. Fræðslunetin úti á landi hafa staðið sig mjög vel og þar er unnið mjög gott starf þessi missirin. Þau eru hins vegar undir velvilja fjárlaganefndar á hverju ári komin og fjárlaganefnd hefur reynst þeim alveg prýðilega. En það skortir rammann utan um ábyrgðina og að sjálfsögðu fjármögnunina og nú hafa þessi fræðslunet það einnig á sinni könnu að sinna háskólanámi í gegnum fjarnám og það er orðinn veigamikill þáttur í starfi þeirra. Nú á síðasta ári voru framlög til t.d. fræðslunetanna á Suðurlandi, Suðurnesjum Vesturlandi og Norðurlandi vestra tæpar 10 millj. kr. til þess að sinna símenntun og fullorðinsfræðslu ýmiss konar. Þar við bætist starfsemi fræðslunetanna hvað það varðar að veita fólki aðgengi að háskólanámi í gegnum fjarnám. Samkvæmt útreikningum forsvarsmanna þessara stofnana er það þjónusta sem mundi verðleggjast á í kringum 14 milljónir á ári, sem eru mjög miklir peningar í þessu samhengi. Þetta eru litlir fjármunir í stóra samhenginu, samhengi þess hvað við setjum til fjárfestinga í menntakerfinu almennt. Ekki þarf mikið til til að hleypa enn meira lífi í og gæða enn meiri krafti fullorðinsfræðsluna og gera hana að valkosti fyrir enn þá fleiri Íslendinga sem vilja ná sér í nýtt tækifæri til náms og atvinnu. Þess vegna er svo mikilvægt að standa vel að þessu máli.

Eins eru það mikil vonbrigði þeirra sem starfrækja fræðslunetin fjögur sem ég taldi upp áðan — og einnig má nefna Visku í Vestmannaeyjum. Ég vil bæta því við — vegna opinberrar skilgreiningar á því hvað háskólasetur sé annars vegar og hvað fræðslumiðstöð sé hins vegar að fræðslumiðstöðvunum er mismunað í fjárframlögum eftir landshlutum. Ég er ekki að lasta það að þessi skólasetur, háskólasetrin fyrir vestan og norðaustan fái meira en hin, þ.e. fái þau framlög sem þau fá. Það er hið besta mál. Hins vegar þarf að jafna aðstöðuna af því að það er í sjálfu sér ekkert miklu styttra fyrir fullorðna manneskju á vinnumarkaði austur á Hvolsvelli að rífa sig upp og fara í nám til Reykjavíkur heldur en íbúa á Vestfjörðum, í sjálfu sér ekki. Þetta er spurning um að taka sig upp, flytja búsetu sína með öllu því sem því fylgir fyrir fullorðna manneskju sem hefur komið sér fyrir með sína fjölskyldu annars staðar en á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það á því ekki að skipta máli. Við eigum ekki heldur að ala á ríg eða togstreitu á milli landshluta eða íbúa á landsbyggðinni hvort sem þeir eru 400 km frá Reykjavík eða 150. Það skiptir í sjálfu sér engu máli. Við eigum að efla búsetuna á þessum landsvæðum með eins jákvæðum aðgerðum og efling fullorðinsfræðslunnar er og það hefur margt verið gert gott í því.

Tilkoma fræðslumiðstöðvanna, símenntunarstöðvanna og fræðslunetanna var að mörgu leyti bylting fyrir íbúa landsbyggðarinnar, bylting fyrir fullorðna fólkið sem vildi halda áfram að mennta sig eða sækja sér endurmenntun eða nýja menntun. Þess vegna er það svo útgjaldalítið í sjálfu sér að styðja enn frekar við bakið á fræðslunni með því að sníða henni stakk, setja utan um hana lagaramma þar sem ábyrgðin er skilgreind þannig að sveitarfélögin sem koma að rekstri fræðslunetanna þurfi ekki að togast á um það við fjárvana háskóla eins og Háskólann á Akureyri hver eigi að greiða fyrir fjarnámið í háskólamenntun sem þau eru að veita o.s.frv. Við erum að tala um 5–10 milljónir á hverja stöð í því tilfelli. Eins og ég segi þá eru þetta svo litlir fjármunir ef þeir eru vegnir saman við fjárframlög til menntamála eða byggðamála almennt og skipta svo miklu máli. Þetta er svo jákvæð, uppbyggileg og góð aðgerð sem er algjör samstaða um. Það er hins vegar erfitt í sjálfu sér að átta sig fullkomlega á umfangi fullorðinsfræðslunnar og endur-

menntunarmiðstöðvanna af því hvernig henni er fyrir komið og af því að þetta — hvort sem við viljum nú kalla það fimmta skóalstigið eða ekki — er svo óskilgreint og að mörgu leyti villt.

Í sjálfu sér er það ágætt. Grasrótin sprettur upp og þróar þetta skólastig með sínum hætti án eiginlegrar eða neinnar sérstakrar miðstýringar. Það er mjög jákvætt. Við eigum að efla frelsið í menntakerfinu og minnka miðstýringuna. En fullorðinsfræðslan á það skilið að henni sé sniðinn stakkur og að um hana verði búinn lagagjörningur þar sem ábyrgð og fjármögnun er skýr þannig að við megum efla fullorðinsfræðsluna í landinu verulega eins og hugur allra stendur til og eins og fjárlaganefnd hefur sýnt í verki á undanförnum árum. Hún hefur staðið vel við bakið á þessum merkilegu menntastofnunum. En það er ekki hennar hlutverk í sjálfu sér að gera það um alla framtíð eða ráða því hvort menntastöðvarnar sem hér eru til umræðu lifi eða deyi. Það er að sjálfsögðu á ábyrgð menntamálayfirvalda og stjórnvalda. Því fagna ég þessu máli. Ég flyt þessa tillögu ásamt þingflokki Samfylkingarinnar og vona svo sannarlega að hún verði til þess að sett verði lög um fullorðinsfræðsluna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 32. mál (lausir kjarasamningar). — Þskj. 32.

[18:28]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum. Flutningsmenn ásamt þeim sem hér stendur eru hv. þingmenn Magnús Þór Hafsteinsson og Sigurjón Þórðarson, þingmenn Frjálslynda flokksins.

Þetta mál hefur verið flutt hér nokkrum sinnum áður, hæstv. forseti, og ætla ég þar af leiðandi að reyna að stytta mál mitt því að mönnum ætti að vera þetta kunnugt. Meginefni frumvarpsins kveður á um það að þegar svo hagar til að kjarasamningar við ákveðnar starfsstéttir hafa dregist mánuðum saman skuli þau ákvæði sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir verða virk, þ.e. ef kjarasamningar hafa verið lausir lengur en sex mánuði mælir frumvarpið fyrir um að upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virki aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings.

Þetta segir í rauninni það að hafi ekki tekist að gera kjarasamning innan sex mánaða gerist það sjálfkrafa, ef þessi breyting verður að lögum og verður felld inn í lög um stéttarfélög og vinnudeilur, að í þeim kjarasamningi sem kemst á eftir að sex mánuðir eru liðnir séu þær hækkanir og þau kjör sem um er samið þar og það virki aftur til þess tíma sem liðinn er, sem segir að upphafsákvæði samningsins virki þrjá mánuði aftur í tímann. Þetta hefði t.d. komið til greina í kjaradeilum hjá kennurum og vafalaust einhvern tíma hjá opinberum starfsmönnum, ef ég man rétt, og þetta hefði nokkrum sinnum getað haft áhrif á kjarasamninga sjómanna, einkum á fiskiskipum. Eins og menn geta séð ef þeir lesa frumvarpið er sérstök tafla á bls. 3, fylgiskjal, þar sem er yfirlit um kjarasamningagerð fiskimanna og hvernig hún hefur iðulega dregist mánuðum og árum saman án þess að komist hafi á nýr kjarasamningur.

Síðan segir efnislega í frumvarpinu, hæstv. forseti, að dragist gerð kjarasamnings lengur en sex mánuði, um t.d. tvo mánuði til viðbótar, þá bætist einn mánuður aftan við gildistökuákvæðið og samningar gilda þá fjóra mánuði aftur í tímann frá því að samningur kemst á. Þannig er þetta hugsað að eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir upphafshækkunin sem um er samið við lausn kjaradeilunnar frá því að samningurinn féll úr gildi. Jafnframt er tekið fram að óheimilt sé að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings sem lög þessi kveða á um. Ef mönnum finnst mjög snúið að láta samninga virka aftur fyrir sig í tólf mánuði, eins og hér er gerð tillaga um, ef svo hagar til að ekki hefur komist á kjarasamningur við einhverja stétt innan tólf mánaða, er heimilt að hverfa frá því að ákvæðin virki aftur fyrir sig sjálfkrafa en þó því aðeins að um það sé samið með sérstakri greiðslu sem sé jafngild því sem menn mundu reikna út að teldist að hefði komið launþeganum til góða ef hann hefði fengið hækkanir sínar þegar kjarasamningurinn féll úr gildi.

Þetta ákvæði er nauðsynlegt að hafa í lögunum, einkum vegna þess að það kunna jú að vera vandkvæði á því að reikna launabreytingar aftur í tímann og gera þær upp af ýmsum ástæðum. Þess vegna er þetta ákvæði sett inn þó að það eigi almennt ekki við á vinnumarkaði, einkum þar sem menn starfa á vikulegu eða mánaðarlegu uppgjöri. En vera kann að ýmsar ástæður eins og uppgjör á aflahlut og öðru slíku geti leitt það af sér að það sé snúið eða aðrar sérstakar greiðslur sem til eiga að koma og menn vilji þá frekar í staðinn fyrir að fara að reikna allt aftur í tímann meta þetta til eingreiðslu og greiða hana, en þá verður það auðvitað að gerast með samkomulagi launþega og vinnuveitenda í hverju tilviki. Það er sem sagt heimilt ef um slíkt er að ræða.

Þetta er meginefni frumvarpsins, hæstv. forseti, og ég tel að með því sé verið að leggja til réttarbót fyrir launþega og verið sé að kveða á um það að ef launþegar eru kjarasamningslausir mánuðum saman og jafnvel upp í yfir ár þá felist réttarbót launþega í því að honum sem einstaklingi er tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök og stéttarfélög.

Eins og ég gat um fyrr í máli mínu hafa nokkrum sinnum komið upp tilvik þar sem kjarasamningar hafa dregist langtímum saman. Er á það bent í fylgiskjali eins og ég gat um varðandi sjómannadeilurnar og einnig hygg ég að þetta hafi átt við í nokkrum tilvikum varðandi aðrar kjaradeilur.

Þetta mál hefur áður verið kynnt í hv. Alþingi. Það hefur farið til nefndar og sent út og nokkrar umsagnir hafa komið um það, m.a. á síðasta ári. Mig langar að vitna örstutt í niðurstöður af nokkrum af þeim umsögnum sem borist hafa áður um þetta mál.

Vélstjórafélag Íslands segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi þessa er hér um verulega réttarbót að ræða sem Vélstjórafélag Íslands styður.“ Þetta er meginniðurstaða umsagnar Vélstjórafélagsins.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands segir að það lýsi eindregnum stuðningi við frumvarpið og síðan bendir það á að e.t.v. þyrfti að skoða aðra liði sem snúa sérstaklega að kjarasamningum sjómanna, og yrði það þá gert í nefnd. Það varðar einkum atkvæðagreiðslur, því að svo getur hagað til og er það samkvæmt vinnulöggjöfinni að þeir hafi orðið að gera samkomulag um hvernig atkvæðagreiðslum skyldi hagað vegna þess að þannig getur háttað að veiðiferðir samkvæmt kjarasamningum sjómanna geta staðið allt að 40 daga. Þess vegna þarf að huga að því þegar verið er að tala um atkvæðagreiðslur, póstatkvæðagreiðslur o.s.frv. og gera þá um það sérstakt samkomulag.

Með þann fyrirvara segja þeir, með leyfi forseta:

„Að þessu atriði leiðréttu þá er um mikið framfaramál að ræða sem leiða ætti til skemmri kjaradeilna en verið hafa við lýði undanfarin ár.“ Þetta segir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Bandalag háskólamanna segir að BHM styðji frumvarpið og áréttar þá skoðun sína að ein vinnulöggjöf gildi í landinu o.s.frv.

Síðan kom þeir með texta sem þeir telja að geti orðið til bóta og segja síðan, með leyfi forseta:

„Í umsögn BHM um sama mál, dags. 29. nóvember 2002, var vitnað í skýrslu dr. Sveins Agnarssonar hagfræðings um áhrif þess að endurnýjun kjarasamninga aðildarfélaga BHM dróst um marga mánuði við síðustu kjarasamningsgerð, árin 2000–2001. Þar var sýnt fram á að dráttur þessi sparaði ríkissjóði 1.130–1.200 milljónir króna og því ljóst að nauðsynlegt er að tryggja með lögum að vinnuveitendur hafi ekki beinan hag af því að draga endurnýjun kjarasamninga.“ Svo segir í áliti Bandalags háskólamanna.

Ég vil einnig geta þess að umsagnir komu frá ASÍ, þar sem það lýsti því yfir að það væri frekar andvígt því að verið væri að breyta lögunum á þann hátt sem hér er lagt til. Þeir sögðust svo sem efnislega vera sammála málinu en töldu að semja þyrfti um það á vinnumarkaði að haga lagabreytingum með þessum hætti. Ég hafði nú vonast til þess að menn gerðu þá grein fyrir því fyrir nefnd hvernig þeir teldu að ákvæðið þyrfti að líta út svo að vel mætti við una.

Þetta vildi ég sagt hafa, hæstv. forseti, um þetta mál og tel að það þurfi svo sem ekki að færa meiri rök fyrir því í þessari framsöguræðu minni. Eins og ég gat um hefur málið áður verið til umsagnar og kynningar í hv. Alþingi. Ég vonast til þess að dropinn holi steininn og smátt og smátt nái menn að lagfæra vinnulöggjöfina í þessa veru og ég vona að frumvarpið sé innlegg í þá niðurstöðu. Ég geri ekki neina kröfu til þess að sá texti sem við í Frjálslynda flokknum höfum skrifað sé sá eini og sanni en lýsi ánægju með að launþegar hafa tekið undir þá hugsun sem orðuð er í frumvarpinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 35. mál. — Þskj. 35.

[18:40]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta. Flutningsmenn ásamt þeirri er hér stendur eru þingmenn Samfylkingarinnar, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Jóhann Ársælsson.

Ályktunargreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta skrá náttúru landsins, flokka hana og kortleggja á samræmdan hátt og með hliðsjón af þeirri aðferðafræði sem þróuð hefur verið á vegum alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að og skyldra alþjóðastofnana, svo sem Evrópsku umhverfisstofnunarinnar. Útgáfu náttúrufarskorta í mælikvarðanum 1:250.000 af öllu landinu verði lokið á næstu fjórum árum og í mælikvarðanum 1:50.000 á næstu tíu árum.

Jafnframt verði kröfur sem gerðar eru til náttúrufarsgagna við gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda skilgreindar á skýran hátt, þ.e. lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna, og ákveðið úr hvaða náttúrufarsgögnum skuli vinna á kostnað ríkisins og hvaða aðgangur skuli vera að upplýsingunum. Miða skal við að þessum þætti málsins verði lokið og viðkomandi reglugerðum breytt í samræmi við niðurstöður fyrir árslok árið 2006.“

Í kjölfar Ríó-ráðstefnunnar 1992 breyttust viðhorf til umhverfismála mikið og þjóðir heims hafa lagt áherslu á að endurskoða löggjöf á þessu sviði og þróa nothæfar aðferðir til að skrá, flokka, meta og vakta náttúruna og skapa þannig grunn fyrir skynsamlega landnotkun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun lífríkis. Þessum aðferðum hafa önnur norræn ríki, Evrópusambandsríki og mörg önnur ríki sem aðild eiga að Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu beitt með góðum árangri á undanförnum árum.

Grunneiningin í þessu kerfi er hugtakið „vistgerð“ en hver vistgerð lýsir svæðum með tilliti til ýmissa sameiginlegra þátta, lífrænna og ólífrænna, svo sem ríkjandi plöntutegunda, smádýra, fugla og jarðvegsgerðar. Skilgreindum verndarviðmiðum er beitt til að meta verndargildi hinna ýmsu vistgerða.

Íslendingar hafa verið samstiga öðrum þjóðum í að setja lög og reglur er varða umhverfisvernd og skynsamlega nýtingu náttúrunnar og búa nú við svipaðan lagaramma á þessu sviði og önnur Evrópu- og OECD-ríki. Íslendingar eru hins vegar eftirbátar margra þessara ríkja er kemur að grunngögnum sem nauðsynleg eru til að fyrrgreind umhverfislöggjöf nái markmiðum sínum. Íslendingar eru ekki búnir að skrá, flokka og meta náttúru landsins í sama mæli og hinar þjóðirnar. Þá er mikið af þeim gögnum sem safnað hefur verið ekki aðgengilegt, t.d. í stafrænu formi. Þar af leiðandi eigum við mjög erfitt með að framfylgja alþjóðlegum skyldum sem við höfum tekið á okkur samkvæmt alþjóðasamningum.

Ein af afleiðingum þessa gagnaskorts er að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er yfirleitt mun dýrara hér á landi en í grannríkjum okkar. Munurinn felst fyrst og fremst í því að hér á landi geta framkvæmdaraðilar ekki gengið að góðum gögnum um náttúrufar á viðkomandi svæði, þeir þurfa sjálfir að afla þessara gagna og oft með dýrum grunnrannsóknum. Í t.d. Svíþjóð og Finnlandi hefur áhersla verið lögð á að skapa góðan grunn og þar nægir framkvæmdaraðila í mörgum tilfellum að gefa upp staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar og getur hann þá fengið án frekari vettvangsathugana upplýsingar um náttúrufar svæðisins og verndargildi þess. Sami gagnaskortur háir gerð skipulagsáætlana hér á landi, en þess má geta að nú er allt landið skipulagsskylt. Mörg sveitarfélög þurfa sjálf að kosta dýrar rannsóknir til að afla nauðsynlegra grunngagna um náttúrufar. Landsáætlanir sem gert er ráð fyrir í náttúruverndar- og skipulagslögum, svo sem rammaáætlun um virkjun jarðhita og fallvatna eða náttúruverndaráætlun, eru einnig illframkvæmanlegar vegna þessa gagnaskorts. Það má því segja að grunnur skynsamlegrar landnotkunar og sjálfbærrar nýtingar náttúrunnar sé mjög ótraustur.

Önnur afleiðing þessa gagnaskorts er að hvorki löggjafarvaldið né framkvæmdarvaldið hefur sett skýrar línur er varða kröfur um lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna sem leggja ætti til grundvallar við gerð skipulagsáætlana eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Afleiðing þessa er m.a. að kröfur eru misjafnar, óljósar og skapa skilyrði fyrir ágreining um ákvarðanir, t.d. úrskurði Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra.

Meðan kröfur um gögn er varða náttúrfarsþætti og gæði þeirra hafa ekki verið skilgreindar verður mat á verndargildi náttúrufyrirbæra og verðmæti þeirra háð tilviljun og geðþótta sem aftur leiðir til þess að „pólitískar ákvarðanir" verða ráðandi. Óeining virðist vera meiri hér á landi en í grannríkjunum varðandi úrskurði um mat á umhverfisáhrifum og kærur hlutfallslega miklu fleiri sem skýrist að hluta til af þessari óvissu.

Í þessari þingsályktunartillögu er lagt til að bætt verði úr þessum mikla skorti á grunngögnum og að sömu vinnubrögðum verði beitt og þeim sem grannþjóðirnar nota með góðum árangri. Í þingsályktunartillögunni er jafnframt lagt til að kröfur um lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna sem notuð eru við gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda verði skilgreindar og samræmdar.

Með náttúrufarskortum er átt við mismunandi þekjur af upplýsingum sem sýna t.d. vistgerðir sem endurspegla gróðurfar, dýralíf og jarðvegsgerð, búsvæði tegundanna sem þarfnast sérstakrar verndar og sérstæðar jarðmyndanir og náttúruvætti, svo og þekjur sem sýna staðsetningu mikilvægra svæða fyrir spendýr, svo sem selalátur og burðarsvæði hreindýra, og mikilvæg fuglasvæði á borð við fuglabjörg og önnur mikilvæg varplönd, viðkomustaði fartegunda og vetrarstöðvar sem hafa alþjóðlega þýðingu fyrir fuglastofna.

Gert er ráð fyrir að nýta fjarkönnun og ýmis afleidd gögn til að vinna tiltölulega hratt yfirlitskort af öllu Íslandi er taki til framangreindra náttúrufarsþátta, eins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur gert í tengslum við rofkort af landinu og verkefnið „Nytjaland". Þess má geta að gervihnattamyndir verða sífellt fullkomnari og góð upplausn þeirra gerir mönnum t.d. kleift að greina með viðunandi nákvæmni helstu gróðurlendi. Eins og áður segir skal stefnt að því að ljúka þessari grófu kortlagningu í mælikvarðanum 1:250.000 á næstu 3–4 árum í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landbúnaðarháskólans og Landmælingar Íslands. Samhliða verði hrint af stað nákvæmari kortlagningu sem felist að stórum hluta í sannprófun á fyrirliggjandi gögnum og samræmingu þeirra miklu upplýsinga sem þegar liggja fyrir á víð og dreif hjá mörgum vísindastofnunum. Stefnt skal að því að ljúka þessari ítarlegu kortlagningu landsins í mælikvarðanum 1:50.000 á næstu 10 árum. Einnig er brýnt að skýra hvaða stefnu ríkisvaldið hefur í gagnamálum, skilgreina hvaða og hvers konar gögn hið opinbera á að láta í té um náttúru landsins og hver aðgangur að þeim eigi að vera.

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka máli mínu á því að minna hv. Alþingi á það að umhverfisnefnd hefur tvisvar að undanförnu áréttað þörf fyrir fjárframlög til gerðar grunnkorta af þessu tagi í álitum umhverfisnefndar til fjárlaganefndar í fyrra og árið á undan. Ég vænti þess fastlega að umhverfisnefnd nái samstöðu um að minna á þessi brýnu verkefni í áliti sínu til fjárlaganefndar á þessu hausti.

[18:51]

Mörður Árnason:

Forseti. Um leið og ég þakka 1. flutningsmanni þessarar tillögu, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, ágæta ræðu hér, framsögu, vil ég segja nokkur orð þessu máli til stuðnings. Allt er það rétt og satt sem hér var talið upp en kannski ættum við að setja mest kastljós á það hvaða ástand í raun og veru leiðir af skortinum á almennilegum gögnum og á almennilegum upplýsingum um náttúrufar á Íslandi, vistkerfi og vistgerð sem hér er nýyrði á síðari tímum. Við höfum í u.þ.b. aldarþriðjung — sumir telja að mörkin séu við Laxárdeiluna um 1970 — búið við það að eitt helsta deilumál á Íslandi hefur varðað umhverfisvernd og þá einkum framkvæmdir sem þykja um of ganga á það umhverfi sem okkur Íslendingum er gamalgróið. Ég ætla ekki að taka afstöðu í einstökum atburðum sem gerst hafa á þeim tíma en það þekkja allir sem hér hafa hreinlega lifað þennan aldarþriðjung, eða skemur, að þetta er að verða eitt af helstu deilumálum okkar og verða mikill partur af íslenskri pólitík, og reyndar í alþjóðlegu ljósi.

Deilurnar hér hafa á síðari tímum, núna síðasta áratuginn, síðustu kannski fimm árin, verið magnaðri og illskeyttari en víða í kringum okkur. Miðað við Noreg þar sem ég þekki ofurlítið til erum við á eftir svo að munar nokkrum áratugum í þessum efnum. Deilur um þessi mál í Noregi eru nú orðnar miklu skárri, vil ég segja, en áður var, og miklu skárri en hér eru. Á bak við þetta eru ýmis rök en það er ákaflega hlálegt að ein rökin skuli vera þau að okkur skortir hreinlega gögn um náttúruna. Okkur skortir náttúrufarskort og aðrar upplýsingar á einum stað og með samræmdum hætti sem geta á skömmum tíma gefið okkur upplýsingar um það land sem til greina kemur á hverjum tíma og um sambærilega staði, um það hvar verðmæt náttúrufyrirbrigði eru niðurkomin og hversu verðmæt þau eru. Það er

hlálegt að aftur og aftur í sögu okkar á síðustu árum á þessari nýju öld skulum við lenda í því að merkileg náttúrufyrirbrigði nánast uppgötvast á undirbúningstíma framkvæmda eða jafnvel þegar framkvæmdir eru langt komnar, að menn þurfi að deila um staðreyndir eftir að búið er í raun og veru að taka ákvörðun um að fara í framkvæmdir, og allt er það vegna þessa skorts á grunngögnum. Ég held að við ættum að gera það fyrir framtíðardeilur af þessu tagi og til að auðvelda mönnum afstöðu á næstu árum, ég tala nú ekki um á næstu áratugum, að skammast til þess að gera átak í þessu efni, koma upp þeim upplýsingaforða og þeim grunngögnum sem við þurfum hér á að halda þannig að við deilum þó að minnsta kosti ekki að óþörfu um þessi erfiðu og viðkvæmu efni.

Þetta var nú það sem ég vildi leggja áherslu á sérstaklega en tek undir það sem hér hefur verið sagt. Ég sé að fimm félagar mínir úr Samfylkingunni eru flutningsmenn. Við höfum gert þetta mál kannski að því sem kalla má gælumál, með jákvæðum hætti. En það á að sjálfsögðu ekki að hindra aðra þingmenn í að styðja það, eins og hefur reyndar sýnt sig í umhverfisnefnd, sem hv. flutningsmaður minntist á áðan. Umhverfisnefnd hefur tekið undir þessi sjónarmið í umsögnum núna í tvö ár og ég vænti þess að hún geri það þriðja árið. Nú er þó kannski kominn tími til þess á fimmta þinginu eftir að þetta var fyrst flutt að gerður verði skurkur í þessum efnum. Það þarf auðvitað að vekja athygli umhverfisráðherra vandlega á því. Þess má raunar geta að umhverfisráðherra var formaður umhverfisnefndar fyrsta árið sem hún sérstaklega vakti athygli á þessu við fjárlaganefnd.

[18:57]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir ræðu hans. Ég kem hér í stutt andsvar vegna orða hans um að maður ætti kannski að beina athyglinni að því hvað gerist þegar svona kort vantar. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni — ég sleppti því úr greinargerð með þessu þingmáli — að afleiðingarnar geta verið misjafnar, eru misjafnar, óljósar og skapa skilyrði fyrir ágreining. Til dæmis kom fram í úrskurði Skipulagsstofnunar á sínum tíma um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar að ekki var í öllum tilvikum ljóst hvaða gögn stofnunin teldi þurfa að liggja fyrir til að unnt væri að meta áhrif framkvæmdarinnar. Af þessu leiðir að það er mjög erfitt fyrir framkvæmdaraðila að meta hvenær nauðsynlegt er að leggja í kostnaðarsamar rannsóknir á svæðum sem ætlunin er að raska og ósamræmi getur orðið í kröfugerðinni.

Þetta er gífurlega nauðsynlegt mál fyrir okkur að vinna að og það er mjög mikilvægt að sömu vinnubrögðum verði beitt og þeim sem grannþjóðirnar nota með góðum árangri. Það má t.d. benda á að Náttúrufræðistofnun hefur lagt grunn að flokkun og skilgreiningu vistgerða á landsvísu. Hún hefur beitt þessum sömu vinnubrögðum við öflun grunngagna fyrir rammaáætlun um virkjun jarðhita og vatnsfalla fyrir mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar og við skráningu á náttúrufari miðhálendisins. Þó að flokkun lands í vistgerðir sé lokið að miklu leyti, þessari flokkun á miðhálendinu, er allt láglendið eftir fyrir utan alla kortagerðina sem er svona mikilvæg eins og hér hefur komið fram.

[18:59]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka fyrir þessa athugasemd og held að hún sé alveg hárrétt. Ég er vanur að vera umhverfismegin í þessu máli og sumum þykir að ég hafi ekki nægilegan skilning á afstöðu framkvæmdaraðilans í mörgum efnum. Það kann að vera rétt. En þarna er hann líka í vanda. Hann er í þeim vanda að hann hefur hugsað sér tiltekna framkvæmd. Hann leggur í, eins og hv. þingmaður sagði áðan, kostnaðarsamar rannsóknir við að kanna náttúruna á því landi. Hann hefur engan samanburð við aðra kosti vegna þess að hann hefur valið þennan úr. Síðan er hann búinn að verja miklu fé til þessara rannsókna, milljónum og tugmilljónum jafnvel, og þess vegna verður hann enn þá einbeittari í því að þarna og hvergi annars staðar skuli framkvæmt. Annars þarf hann að fara á næsta stað og setja þar tugmilljónir í aukarannsóknir. Þetta hygg ég að sé öðruvísi í nágrannalöndunum og kann að vera ein af ástæðunum fyrir því að þar virðist ganga betur að samræma framkvæmdagleði duglegra manna og það tillit til umhverfisins sem þar er nú mun þroskaðra en hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 37. mál (ferðakostnaður). — Þskj. 37.

[19:01]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Flutningsmenn eru þingmenn Frjálslynda flokksins sem eru ásamt mér hv. þingmenn Magnús Þór Hafsteinsson og Sigurjón Þórðarson.

Mál þetta sem áður hefur verið rætt í þingsölum fjallar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er tekur til þeirrar hugmyndar að einstaklingar fái heimild til þess, skv. 1. grein frumvarpsins, að draga frá tekjum sínum áður en til skattlagningar og endanlegs uppgjörs kemur útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu. Kostnaðurinn verður samt að vera umfram 120 þús. kr. á ári til að teljast frádráttarbær frá árstekjum og getur eigi numið hærri upphæð en 400 þús. kr. samkvæmt frumvarpinu.

Verið er að koma til móts við það að einstaklingar sem geta sýnt fram á kostnað vegna öflunar atvinnutekna hafi heimild til þess að kostnaður sem fellur til vegna atvinnuþátttökunnar verði virtur og draga megi hann frá tekjum, þó að hámarki 400 þús. kr., áður en skattdæmið er endanlega gert upp.

Við leggjum til að frumvarpið taki gildi 1. janúar nk. og komi til framkvæmda við álagningu á árinu 2007. Ef að líkum lætur verður það varla afgreitt fyrir jól úr þessu. Frumvarpið var lagt fram í upphafi þings og er 37. mál þingsins en það er ekki nema rétt mánuður, hæstv. forseti, ef ég veit rétt, í fyrirhugaða þingfrestun sem er 9. desember sam-

kvæmt starfsáætlun. Mér sýnist það því ekki líklegt enda þótt maður leyfi sér að vera svo bjartsýnn að einhvern tíma komi að því að jafnvel þingmönnum stjórnarflokkanna finnist sanngirni í slíkum frádrætti útgjalda einstaklinga við að afla sér tekna og að sá rúmi réttur sem menn hafa hér á landi til að stofna einkahlutafélög sé ekki nauðsynleg forsenda þess að menn geti dregið kostnað við atvinnusókn frá innkomnum tekjum. Það er þekkt aðferð hér á landi að menn stofni einkahlutafélög um starfsemi sína og við það verði kostnaður sem fylgir atvinnusókninni, í hverju sem hún felst, kostnaður við rekstur þess fyrirtækis eða atvinnustarfsemi og menn dragi hann frá tekjum.

Undan þessu fyrirkomulagi hefur reyndar verið kvartað, hæstv. forseti, vegna þess að mörg bæjarfélög hafa bent á að með stofnun einkahlutafélaganna hafi tekjur sveitarfélaganna af útsvarstekjum lækkað verulega vegna þess að bæði hafi menn verið með lægri tekjur en áður og einnig hitt að oft leitist menn við að taka út hluta launa sinna eða hluta þeirrar afkomu sem einkareksturinn gefur með öðrum aðferðum og greiði frekar af því fjármagnstekjuskatt en tekjuskatt.

Mörg rök eru fyrir því, hæstv. forseti, að heimila slíka aðferð hér á landi. Það er þekkt í nágrannalöndum okkar að slíkur frádráttur sé heimill fyrir einstaklinga. Hér er verið að leggja til að teknar verði upp reglur sem ekki eru ólíkar því sem þekkist annars staðar í nágrannalöndum okkar. Við Íslendingar berum oft stöðu okkur saman við stöðu fólks í nágrannalöndunum en það virðist ekki eiga mjög upp á pallborðið hjá hæstv. ríkisstjórn þegar kemur að því að skoða rétt einstaklinga hvað varðar kostnað sem hlýst af atvinnusókn, svo framarlega sem hann er sannanlegur því að sjálfsögðu verður að gera þá kröfu, hæstv. forseti, að þeir sem leggja fram tölur um að þeir eigi rétt á slíku frádragi sýni fram á það með sannanlegum pappírum og rökstuðningi.

Við leggjum ekki til í þessu frumvarpi að þetta ákvæði nái t.d. bara til ferðakostnaðar með eigin ökutæki þó að sá kostnaður sé víða viðurkenndur, m.a. hjá okkur hv. þingmönnum sem þurfum atvinnu okkar vegna að ferðast vítt og breitt um landið og fáum greiddan þann ferðakostnað sem af því hlýst en höfum auðvitað kostnað á móti. Þekkt er hjá fyrirtækjum í mörgum atvinnugreinum að menn hafi svokallaða bílastyrki og þurfi að færa akstursdagbækur og það er auðvitað eðlilegt að menn þurfi að sanna þann kostnað sem þeir leggja út fyrir. Okkur þingmönnum er ætlað að færa akstursdagbók til að sanna til hvers við notum ferðir okkar o.s.frv. og halda utan um og sýna fram á kostnað við rekstur ökutækis vegna atvinnu okkar. Hér er hins vegar ekki lagt til að þetta tengist ökutæki beint heldur er þetta almenn grein sem nær til alls ferðamáta, hvort sem menn nota eigin bifreið, hópferðabíla, ferjur eða flugvélar til að ferðast til og frá vinnu sinni. Ef menn á annað borð geta fært sönnur á að tilgangur ferðarinnar sé að komast á vinnustað og afla tekna mega þeir draga þann kostnað sem tengist störfum þeirra frá tekjum til skatts.

Við teljum að hér sé um sanngirnismál að ræða ef þessi kostnaður er sannaður og sé til staðar við öflun atvinnutekna. Samkvæmt frumvarpinu er meginmarkmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað þó svo að það sé í raun og veru ekki skilyrði heldur eingöngu að menn sanni að kostnaðurinn verði til. Við leggjum hvorki mælistiku á kílómetravegalengd né fargjaldakostnað heldur að viðkomandi aðili verði að leggja fram sönnunargögn til að eiga rétt á því frádragi sem lagt er til í frumvarpinu.

Við teljum að ýmislegt geti unnist við að heimila það sem hér er lagt til. Við teljum að frumvarpið samrýmist stefnu sem lögð hefur verið fram m.a. í byggðamálum sem felst í því að stækka sveitarfélög og stækka atvinnusvæði og gera fólki t.d. á landsbyggðinni kleift að ferðast á milli staða til að stunda vinnu sína. Það er þekkt að mikill ferðakostnaður getur hamlað þeirri þróun að menn sæki vinnu á milli staða og að ferðir á milli staða á vinnustað draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Eins og málið er sett fram í frumvarpinu ætti það að geta mætt þessu a.m.k. að hluta til.

Síðan má vekja athygli á því að mikill ferðakostnaður getur verið vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá t.d. frekar hag í því að þiggja atvinnuleysisbætur en sækja vinnu í næsta byggðarlag. Það er vissulega staða sem menn geta hæglega staðið frammi fyrir því stundum þarf að hafa fyrir því að sækja atvinnu í næsta byggðarlag. Við teljum að hér sé verið að koma til móts við það að menn geti jafnvel búið þó nokkuð fjarri vinnustað sínum en sótt atvinnu til annarra byggðarlaga og að hluta til verði þeim kostnaði mætt.

Þetta getur líka orðið til þess að verði fólk atvinnulaust einhverra hluta vegna þarf það ekki að bregða búi, flytja á milli byggðarlaga, a.m.k. ekki strax ef tækifæri gefst til að stunda atvinnu fjarri heimilinu um tíma og kostnaðurinn sem því er samfara er viðurkenndur og draga má hann frá tekjum. Ég held að þetta gæti hreinlega orðið til þess að atvinnusókn milli byggðarlaga yrði almennari og að í sumum byggðarlögum sem orðið hafa fyrir skakkaföllum í atvinnutækifærum, m.a. vegna tilfærslu á aflaheimildum sem oft eru mjög ófyrirséðar og erfitt að gera áætlanir um hvort útgerð og fiskvinnsla leggst af í einhverju plássi, kæmi þessi heimild mjög til góða fyrir þá íbúa sem yrðu fyrir slíku og þyrftu einhverra hluta vegna að sækja vinnu um lengri veg.

Ég held að þetta sé jákvætt mál fyrir byggðaþróun og fyrir það að menn geti horft til þess að það sé jafnvel kostur að búa allfjarri vinnustað sínum. Það kunna að vera margar ástæður fyrir því. Það getur verið verðlag á húsnæði eða skólasókn barna í fjölskyldunni o.s.frv. og menn þurfi að horfa til þess. Við getum líka litið svo á að auðveldara verði að sækja atvinnu í Norðurál í Hvalfirði frá t.d. Reykjanes- og Reykjavíkursvæðinu ef sá kostnaður sem menn þurfa að leggja út fyrir vegna þeirrar atvinnusóknar fengist viðurkenndur samkvæmt þessu frumvarpi. Við vonumst vissulega til þess, einkum þingmenn Norðvesturkjördæmis að áframhaldandi uppbygging verði í Hvalfirði og að þangað geti menn sótt atvinnu af þó nokkuð stóru svæði, bæði af Vesturlandi og vafalaust líka norður yfir Hvalfjörðinn, þeir sem sunnan við búa.

Hæstv. forseti. Við teljum því að þetta mál þjóni ýmsum réttlætissjónarmiðum og hagkvæmnissjónarmiðum og geri það að verkum að menn stundi frekar en ella atvinnu sem einstaklingar en leiti sér ekki leiða til þess að stofna einka-

hlutafélag um sína starfsemi frekar en orðið er, en sú þróun hefur verið rík hér á landi á undanförnum árum að þannig hefur hagað til.

Ég lít því svo á að þetta mál eigi margar réttlætishliðar og sé í raun t.d. miklu betra mál en skattastefna ríkisstjórnarinnar sem gengur út á það að þeir skuli fá mestan skattafslátt sem hæstar hafa tekjurnar. Það er skattastefna sem gengur í þá veru að lækka tekjuskattsprósentuna og fer einnig þá leið að fella niður hátekjuskattinn. Hún þjónar þeim markmiðum að þeir sem hæstar hafa tekjurnar í þessu þjóðfélagi njóta þeirrar stefnu Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks alveg sérstaklega.

Í þessari tillögu okkar förum við ekki þá leið. Við leggjum það til að einstaklingur sem stundar atvinnu fái þessa takmörkuðu heimild, hæst 400 þús. kr. frádrátt vegna atvinnustarfsemi sinnar, og þar af leiðandi geti hann hugsanlega stundað atvinnu utan búsetusvæðis síns verulegan hluta ársins ef svo skiptir.

Við höfum nú einnig lagt það til í Frjálslynda flokknum, og höfum tekið um það nokkra umræðu í hv. þingi, að við teljum miklu meira réttlæti fólgið í því varðandi lagfæringu á skattalöggjöfinni að hækka persónuafsláttinn og færa þannig íbúum landsins jafnan krónutölufrádrátt frá tekjuskatti frekar en fara þá leið sem ríkisstjórnin hefur valið, þ.e. flata prósentulækkun í tekjuskattinum og að afnema hátekjuskattinn núna á síðustu tveimur árum í áföngum þannig að hann falli niður í framtíðinni.

En menn líta misjöfnum augum silfrið, eins og sagt er og það er greinilegt, hæstv. forseti, að Sjálfstæðisflokkurinn einkanlega, með dyggum stuðningi Framsóknarflokksins, hefur þá skýru stefnu að vilja umbuna þeim mest í skattatilfærslum og skattalækkunum sem hæstar hafa tekjur í þjóðfélaginu á kostnað þeirra sem lægri tekjur hafa. Þetta vitum við og eigum eftir að taka um þetta fleiri snerrur hér í haust, sérstaklega í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna. Verkalýðshreyfingin hefur gert athugasemdir við þessa stefnumótun ríkisstjórnarinnar en það er ósköp lítið um svör í þá veru hjá ríkisstjórninni að breyta neinum áætlunum sínum í skattamálum, hversu illa sem sú útfærsla kemur við þá sem lægri hafa launin en hyglir þeim sem hæst hafa launin. Með slíkri stefnu er verið að auka misrétti í þjóðfélaginu og það veldur því að erfiðara verður að ná sátt við verkalýðshreyfinguna í þeim málum sem verkalýðshreyfingin hefur núna uppi í viðræðum, m.a. við ríkisvaldið, heldur en ef það hefði nú komið á borðin að ríkisstjórnin væri tilbúin að endurskoða skattastefnu sína þannig að hagsmunir launamanna yrðu betur virtir, m.a. með því að hækka persónuafsláttinn.

Hæstv. forseti. Það er mikið áhyggjumál ef til þess þarf að draga að hér verði jafnvel átök á vinnumarkaði. Allar horfur eru á því að kjarasamningunum verði sagt upp og maður heyrir á orðum verkalýðsforingja að þeim finnst lítið til koma um undirtektir ríkisstjórnarinnar varðandi þau mál sem verkalýðshreyfingin hefur viljað ræða eða foringjar hennar við ríkisstjórnina á undanförnum dögum og af því ber að hafa áhyggjur.

Þetta litla mál sem við ræðum og snýst um að fólk megi draga kostnað frá atvinnutekjum sínum gæti verið vísir í þá veru að menn mundu meta það einhvers í verkalýðshreyfingunni að fólk sem hefur tiltölulega mikinn kostnað af ferðalögum til að sækja atvinnu fái það með einhverjum hætti dregið frá tekjum. Ég er ekki að segja að þetta mál mundi ráða úrslitum í þá veru en það gæti vissulega orðið til nokkurra bóta. En ég á ekki von á því kannski frekar en verkalýðsforingjarnir að ríkisstjórnin sjái neitt jákvætt við það sem aðrir leggja til málanna. Það hefur jafnan verið einstrengingslegur málflutningur af hendi ríkisstjórnarinnar og forustumanna hennar í því sem snýr að skattamálum og þar hefur ekki verið hlustað á nein rök annarra en þeirra sjálfra. Þetta er dæmi um einkennilega stjórnarhætti. Þetta eru í raun stjórnarhættir sem bera keim af því að menn hafa setið allt of lengi við völd og trúa því og treysta að þeim líðist allt hvað svo sem þeir leggja til og að fólkið í landinu gleymi því við næstu kosningar.

Ég vonast til að svo verði ekki og að launþegar þessa lands muni það þegar kemur að kosningum að stefna ríkisstjórnarinnar í skattamálum hefur ekki aukið á jafnræði þegnanna í þessu landi heldur þvert á móti. Hún hefur tekið á því sérstaklega að þeir fá meira sem hæstar hafa tekjurnar.

Í því sambandi, hæstv. forseti, má minnast greinar sem fyrrverandi þingmaður Frjálslynda flokksins og formaður, Sverrir Hermannsson, skrifaði sérstaklega til fyrrverandi fjármálaráðherra og kallaði þakkarávarp. Þar þakkaði hann fyrir það sem hátekjumaður hversu miklar skattalækkanir hann hefði fengið af hendi ríkisstjórnarinnar og þær höfum við hv. alþingismenn auðvitað fengið líka. En láglaunafólkið hefur setið eftir og mun halda áfram að greiða tiltölulega há gjöld. Þrátt fyrir það að í stefnu ríkisstjórnarinnar sé verið að lækka skatta þá kemur það láglaunafólkinu ekki til góða. En sú stefnumótun sem ríkisstjórnin hefur uppi kemur mér og hæstv. forseta til góða og við munum njóta þess alveg prýðilega. En það er lítið um uppbót til launþeganna.

[19:23]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem bara upp í ræðustól örstutt. Ég er einn af flutningsmönnum þessa frumvarps. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson gerði ágæta grein fyrir þessu máli. Mig langaði aðeins til að vekja athygli á því að þetta mál, nái það fram að ganga, mun gagnast mjög vel fólki sem þarf að leggja í kostnað vegna töluverðra ferðalaga til og frá vinnustað. Mig langaði til að koma að því að það verður sífellt algengara að fólk fari þó nokkurn veg til og frá vinnu eftir því sem samgöngur batna, eftir því sem farartækin verða betri, þ.e. bílarnir, og jafnvel önnur farartæki. Það verður því sífellt algengara að fólk sæki langan veg til vinnu. Til að mynda sækir fólk sem býr fyrir austan fjall, sem kallað er, vinnuna á höfuðborgarsvæðið eða öfugt, fólk sem býr á Suðurnesjum sækir vinnu til höfuðborgarsvæðisins eða öfugt og fólk sem býr norðan Hvalfjarðar sækir vinnu til höfuðborgarsvæðisins eða öfugt.

Hið sama má líka segja um aðra landshluta svo sem Vestfirði. Við getum nefnt staði eins og Eyjafjarðarsvæðið, byggðirnar þar í kring. Við getum talað um Miðausturland þar sem mikil uppbygging á sér stað. Fólkið býr kannski niðri á fjörðum og sækir vinnu upp á Hérað eða öfugt. Við getum líka talað um fólk á Suðurlandsundirlendinu, á Suð-

urlandi, á Höfn, Klaustri, jafnvel í Vestmannaeyjum.

Virðulegi forseti. Ég hygg að þetta frumvarp mundi gagnast öllu þessu fólki allt í kringum landið mjög vel mörgu hverju því eins og ég sagði í upphafi máls míns þá verður sífellt algengara að fólk sæki langan veg til og frá vinnu. Þetta ætti því að verða kærkomin búbót fyrir það fólk.

Ég hef sjálfur reynslu af svona reglum. Ég bjó sjálfur í Noregi um margra ára skeið og þar voru og eru svona skattareglur í gildi. Ég leyfi mér að fullyrða eftir að hafa reynt það sjálfur að þessar reglur eru bæði sanngjarnar og það er ekki mikið mál að koma þessu þannig fyrir að þetta sé framkvæmanlegt. Þetta er virkilega góð kjarabót fyrir hinn almenna launamann og mundi því að mínu mati vera skynsamleg ráðstöfun í skattalegu tilliti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–11. mál.

Fundi slitið kl. 19:26.

---

18. FUNDUR

miðvikudaginn 9. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Framkvæmd þingsályktunar um stofnun sædýrasafns, fsp. MÞH, 103. mál, þskj. 103.
2. Aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga, fsp. ÁRJ, 157. mál, þskj. 157.

Til menntamálaráðherra:

3. Frávísanir í framhaldsskólum, fsp. BjörgvS, 113. mál, þskj. 113.
4. Óhollt mataræði í skólum, fsp. ÁRJ, 160. mál, þskj. 160.
5. Könnun á fjarsölu og kostun, fsp. KolH, 194. mál, þskj. 194.

Til umhverfisráðherra:

6. Kanínubyggð í Vestmannaeyjum, fsp. MÞH, 104. mál, þskj. 104.
7. Kóngakrabbi, fsp. MÞH, 105. mál, þskj. 105.
8. Kadmínmengun í Arnarfirði, fsp. MÞH, 106. mál, þskj. 106.
9. Vöktun vegna teknesíum-99 í hafinu, fsp. KolH, 175. mál, þskj. 175.
10. Vöktun og bókhald yfir útstreymi gróðurhúsalofttegunda, fsp. KolH, 200. mál, þskj. 200.

Til landbúnaðarráðherra:

11. Jörðin Saurbær í Eyjafjarðarsveit, fsp. KLM, 108. mál, þskj. 108.
12. Garðyrkjumenntun að Reykjum í Ölfusi, fsp. MF, 132. mál, þskj. 132.
13. Lánasjóður landbúnaðarins, fsp. BjörgvS, 203. mál, þskj. 203.
14. Styrkir til kúabænda, fsp. SigurjÞ, 230. mál, þskj. 230.

Til heilbrigðisráðherra:

15. Stofnanir fyrir aldraða, fsp. BjörgvS, 111. mál, þskj. 111.
16. Afsláttarkort vegna lækniskostnaðar, fsp. ÁRJ, 152. mál, þskj. 152.
17. Sjúkraflutningar í Árnessýslu, fsp. MF, 158. mál, þskj. 158.
18. Aðgengi að hollum matvælum, fsp. KJúl, 233. mál, þskj. 233.

Til sjávarútvegsráðherra:

19. Byggðakvóti fyrir Bíldudal, fsp. SigurjÞ, 229. mál, þskj. 229.
20. Togveiði á botnfiski á grunnslóð, fsp. JGunn, 242. mál, þskj. 242.

Afturköllun þingmáls.

[13:31]

Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):

Forseti vill tilkynna að 116. mál þingsins, fyrirspurn á þskj. 116, er kölluð aftur.

[13:31]

Útbýting:

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar, 181. mál, svar menntmrh., þskj. 303.

Kostnaður við aðal- og svæðisskipulag, 149. mál, svar umhvrh., þskj. 283.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fyrirhugaðar álversframkvæmdir.

[13:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Á einum sólarhring, í gær og í dag, birtust fréttir sem staðfesta að í undirbúningi eru, og meira eða minna á fullri ferð, a.m.k. þrjú risaálversverkefni hér á landi, með meiri og minni þátttöku stjórnvalda sjálfra. Í fyrsta lagi barst frétt um að Umhverfisstofnun hefði úthlutað Alcan starfsleyfi fyrir stækkun álversins í Straumsvík, úr 200 þús. tonna gildandi starfsleyfi og í allt að 460 þús. tonn, þ.e. framleiðsluaukning upp á 260 þús. tonn.

Í öðru lagi bárust fréttir af því að Landsvirkjun, landeigendur og fleiri aðilar á Norðurlandi, hefðu undirritað samninga um orkurannsóknir og undirbúning virkjana í Þingeyjarsýslum þar sem talað er um allt að 600 megavatta afl, 4.600 gígavattstunda framleiðslu á ári sem dugir fyrir meira

en 200 þús. tonna framleiðslu.

Í þriðja lagi birtust í blöðum í dag fréttir af undirritun samnings í gær, milli Norðuráls, Reykjanesbæjar og Fjárfestingarstofunnar — sem er hvað? sem er í eigu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og Útflutningsráðs — um undirbúning álvers í Helguvík, allt að 250 þús. tonn að stærð, sem tekið gæti til starfa jafnvel þegar á árinu 2010. Með öðrum orðum erum við að tala um álframleiðslu upp á milli 700 og 800 þús. tonn, þrjú verkefni sem öll eru í gangi samhliða og gætu, að því er virðist, öll farið af stað samtímis, innan eins til þriggja ára.

Ég ætla að gera eina tilraun enn til að spyrja hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson, úr því að hann er viðstaddur: Telur ríkisstjórnin að það gangi að hleypa öllum þessum verkefnum fram, jafnvel samtímis og framkvæmdir hefjist á næsta eða þarnæsta ári, miðað við ástandið í hagkerfinu, í efnahagsmálum og atvinnumálum, eins og það blasir við okkur um þessar mundir?

[13:33]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Sem betur fer er fólk um allt land að hugsa um framtíðina. Það hugsar um möguleika á uppbyggingu í margvíslegum iðnaði til að skapa störf í landinu. Ég veit vel að hv. þingmenn Vinstri grænna vilja útiloka ákveðna framleiðslugrein hér á landi, þótt ég hafi aldrei skilið af hverju það er. Það er ekki þannig með þær hugmyndir sem nefndar hafa verið að menn sjái hvenær hugsanlegar framkvæmdir hefjist. Þetta er allt á umræðu- og undirbúningsstigi.

Það er ekkert nýtt í þessum fréttum. Það er ekkert nýtt í því að fram hafi farið umhverfismat á hugsanlegri stækkun í Straumsvík. Það er ekkert nýtt í því að aðilar á Norðurlandi hafi áhuga á að virkja og reisa álver í Eyjafirði, við Húsavík eða jafnvel í Skagafirði. Það fer fram athugun á því hvar hugsanlegt staðarval gæti orðið og fer fram athugun á því hvort hægt væri að tryggja nægilega orku til þess.

Það eru líka áhugasamir aðilar sem vinna að því að efla atvinnu í Reykjanesbæ. Er það ekki af hinu góða að fólkið í landinu skuli hugsa til framtíðar? Eru Vinstri grænir svo bundnir við fortíðina að þeir geti ekki einu sinni leyft fólki það, vilji helst banna því að hugsa eitthvað um framtíðina?

[13:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Já. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill stemma stigu við frekari útbreiðslu stóriðju á Íslandi. Hverjar eru ástæðurnar fyrir því? spyr hæstv. forsætisráðherra. Þær eru nokkrar.

Í fyrsta lagi gríðarleg eyðilegging náttúruverðmæta sem af stóriðju stafar. Í öðru lagi gríðarleg mengun sem er að verða svo mikil að bara mengunin við Faxaflóasvæðið, ef öll stóriðjuáformin á svæðinu ganga eftir, verður um það bil helmingurinn af útblæstrinum í öllum Noregi. Þetta er ein ástæðan.

Einnig gæti ég nefnt ónýta ímynd. Nú er það svo að ferðaþjónustan er farin að kvarta hástöfum undan því að stóriðjan sé að eyðileggja ímynd Íslands. Það er farið að bitna á örðum atvinnuvegum, atvinnuvegum sem miklu eðlilegra væri að við stunduðum en stóriðju.

Einnig get ég nefnt að orkan sem seld er til stóriðjunnar er afgreidd á útsöluverði. Það er fyrir neðan virðingu okkar að bjóða stórum álhringum orku á því verði sem viðgengst og gera við þau fyrirtæki jafnlanga samninga og raun ber vitni. Með því eru hendur okkar og atvinnulífs á Íslandi bundnar til áratuga.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur fyrir því að berjast gegn stóriðjustefnunni og þær eru góðar og gildar. Þær eru að sjálfsögðu byggðar á framtíðarhugmyndum okkar um atvinnustefnu sem lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar, sem er allt annað en ríkisstjórnin getur státað af. Ríkisstjórnin er í tíma og ótíma farin að nota hugtakið sjálfbær þróun en felur síðan á bak við sig alla ósvinnuna, öll skítverkin sem unnið er að sem ekki flokkast undir sjálfbæra þróun og eyðileggja ímynd Íslands.

Ég fullyrði að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur hér nútímaleg áform um atvinnuuppbyggingu en Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn eru bundnir á klafa fortíðarfíknar og gamaldags hugmynda.

[13:38]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér á Alþingi hefur einmitt verið rætt um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum til að hafa áhrif á atvinnuástandið, á gengisþróunina og á stöðu útflutningsgreinanna. Vorum við ekki að ræða um stöðu rækjuiðnaðarins í gær?

Í dag komu fulltrúar ferðaþjónustunnar á fund samgöngunefndar og sögðu: Haldi þessi stefna áfram verður engin ferðaþjónusta hér á næsta ári. Gengið og stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar eru að drepa ferðaþjónustuna. Í hvaða heimi lifir hæstv. forsætisráðherra Framsóknarflokksins? Stalín hefði varla gert betur við að breyta öllu Íslandi í eina álverksmiðju.

Frú forseti. Afstaða Framsóknarflokksins, þessi blinda áltrú, er með endemum. Þeir láta sér ekki segjast þótt hundruð starfa tapist í öðrum greinum atvinnulífsins og heilu atvinnugreinarnar leggist af, fiskiðnaður, ferðaþjónusta, nýsköpun og útflutningur á hugviti. Það stendur enginn af sér þessa gengisþróun. Það vita allir af hverju hún stafar. Hún er vegna stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Það stóð í skýrslu Seðlabankans fyrir ári síðan að þetta mundi gerast. Svo var verið að segja fólki að bíða, að bíða í eitt ár. Samgönguframkvæmdum var frestað vegna þess að við ætluðum í sérstakt átak í stóriðju. Verða einhverjar samgöngubætur leyfðar eftir þrjú ár ef allt verður komið á fleygiferð aftur í stóriðjuframkvæmdum?

Framkvæmdir hafa verið skornar niður um allt land til að þreyja af þennan stóriðjuáfanga sem nú er í gangi. Á að halda áfram á sömu braut? Á að kyrkja fólk um allt land í þágu þessa álæðis Framsóknarflokksins?

[13:40]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Málið sem hér er til umræðu á sér margar hliðar. Ein þeirra snýr að umhverfismálum, önnur að efnahagsmálum landsins þessi árin og enn önnur að upp-

byggingu atvinnulífsins á landinu almennt.

Hæstv. forsætisráðherra sagði áðan að fólk um land allt væri að hugsa um atvinnumál. Það er rétt. Fólk á stórum hluta landsins er að hugsa um atvinnumál og hefur miklar áhyggjur vegna þess að stórum hluta landsins er ekki sinnt þegar kemur að uppbyggingu atvinnu. Það er alvarlegt mál.

Mér er spurn hvort hæstv. ríkisstjórn ætli að halda áfram þeirri stefnu sinni, sem birst hefur mörg undanfarin mörg ár, í að sinna aðeins tilteknum hlutum landsins, örfáum, og stefna sem mestum hluta landsmanna til Reykjavíkur eða á þetta svæði hér en láta aðra íbúa landsins búa við óvissu, við að eignir þeirra verði verðlausar meira og minna og vita ekki hvað bíður þeirra.

Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að við íbúar landsbyggðarinnar megum búa við það að aðgerðir í samgöngumálum eru dregnar saman ár eftir ár til að hafa hemil á þróun efnahagsmála vegna stóriðjuframkvæmda. Framkvæmdir á Austurlandi eiga sér vissulega málsbætur, með tilliti til atvinnuþróunar þar mörg undanfarin ár. En þar má líka kenna hæstvirtri ríkisstjórn um því að hún var búin að svíkja þann landshluta um aðgerðir árum saman. En nú er nóg komið. Ég vil fara að sjá aðgerðir sem beinast að Norðvesturkjördæmi og öðrum þeim hlutum landsins sem búa við afskiptaleysi ríkisstjórnarinnar.

[13:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það skortir sárlega á stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Það veit enginn hvað þessi ríkisstjórn vill í atvinnumálum annað en að hún vill auðvitað byggja álver. Það liggur fyrir. (**AKG:** Það er stefna hennar.) Já, en það liggur ekkert fyrir um hvernig menn ætla að skipa þeim málum. Það er ekki til endalaus mengunarkvóti, samkvæmt því sem fyrir liggur núna. Það hlýtur að þurfa að velja og hafna þegar ákveðið verður hvar menn ætla að hafa þau álver sem verða byggð. Það liggur ekkert fyrir um hvað menn vilja gera með það. Ég tel undarlegt, úr því að menn hafa uppi stóriðjustefnu sem þessa, að menn skuli ekki halda á lofti því sem menn vilja að gerist.

Nú standa yfir átök milli landshluta um hvar næsta álver verði byggt. Það er álver í Hafnarfirði. Ég býst við að margir líti þannig á að ekki væri óeðlilegt að stækkun gæti orðið þar. En ýmsir líta einnig þannig á að eðlilegt væri að snúa sér að því að aðrir landshlutar njóti umbóta í efnahags- og atvinnumálum. Þetta verða menn auðvitað að vega og meta.

Það þarf síðan að skoða í samhengi við það hvort Ísland getur haldið þessu áfram. Mengun getum við ekki haldið áfram að skapa endalaust. Það liggur ekki fyrir neitt um það. Viðbæturnar eru líklega upp á eitt álver eða svo en ekki mörg. Það þarf auðvitað að fá botn í hvað menn ætla sér því að ég geri ekki ráð fyrir því að vinsælt verði til framtíðar ef íslensk stjórnvöld ætla að draga fjölmarga aðila á asnaeyrunum hvað varðar möguleika á því að byggja upp stóriðju í þessu landi. Það er nefnilega ekki hægt, miðað við þær aðstæður sem fyrir liggja núna, að byggja upp öll þau álver sem hafa verið talin upp.

[13:44]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra sagði áðan í ræðu sinni að Vinstri hreyfingin – grænt framboð horfði til fortíðar. Vissulega gerum við það, eins og allir eiga að gera. Við eigum að læra af reynslunni. Við eigum að horfa til stöðunnar í dag, viðurkenna og sjá hver staða íslensks efnahagslífs er í dag og af hvaða rótum sá vandi er sprottinn.

Í þeim miklu framkvæmdum og óhemjustóra verkefni sem ráðist hefur verið í á Austurlandi, bæði virkjun og álveri, höfum við spennt bogann of hátt. Fyrir það blæðir annað atvinnulíf í landinu, allt sem byggist á framleiðslu, útflutningi og allt sem heitir undirstaða íslensks efnahagslífs. En sá grunnur sem þjóðin á að byggja og treysta á er framleiðslan í landinu. Framleiðsla til útflutnings er að hrynja og atvinnurekendur hafa lifað í þeirri trú að þessum ósköpum mundi linna innan skamms tíma, a.m.k. miðað við loforð um að 2007 kæmist á eitthvert eðlilegra ástand í efnahagslífinu. Hinum miklu framkvæmdum yrði þá lokið. Þeir eru þegar farnir að kikna. Þeir ná ekki að þreyja þorrann í mörg ár í viðbót.

En nú berast fréttir um að í undirbúningi sé stækkun og bygging þriggja nýrra álvera með framleiðslugetu upp á 700–800 þús. tonn. Þá spyr ég: Hvar á að taka orkuna í þessi álver? Hvað með rammaáætlunina og hvað með mengunarkvótana? Hvað með Kyoto-bókunina og hvað með sjálfbæra þróun?

[13:47]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er útilokað að ráðast í þau þrjú verkefni samtímis sem málshefjandi vakti hér máls á. Það er einfaldlega ekki til orka í það. Og það er gríðarlega mikilvægt að menn dragi lærdóm af síðustu missirum og fari mun varlegar og hægar í sakirnar því að áframhaldandi uppbygging í stóriðju má ekki ganga of nærri hátækninni, sprotafyrirtækjunum og öðrum atvinnugreinum. Við verðum að horfast í augu við að þó að stóriðjan sé ágæt með þá vilja nýjar kynslóðir fyrst og fremst sækja störf sín í aðrar atvinnugreinar.

En tvennt er gleðilegt í þessum fréttum. Annað er það að nú keppast fyrirtækin um að fá að kaupa af okkur orku og þá er gríðarlega mikilvægt að við hættum þeirri útsölu sem við höfum rekið hér en hún hefur orðið til þess að menn loka álverum í Þýskalandi og Bandaríkjunum, öflugum hagkerfum, af því að þeim býðst hún miklu ódýrari hér. Þegar eftirspurn er svo mikil hljótum við að hækka verðið.

Umhverfisverndarsinnar hljóta einnig að fagna tíðindunum af Norðausturlandi um jarðvarmavirkjanir þar því að umhverfisáhrif af jarðvarmavirkjunum þar og annars staðar á landinu eru ótvírætt margfalt minni en af virkjuninni á Kárahnjúkum eða umdeildum hugmyndum um vatnsaflsvirkjanir eins og við Skjálfanda, í Skagafirði og í Þjórsárverum o.fl. Við hljótum að fagna mikilli uppbyggingu á því svæði því að þá a.m.k. hlífum við mörgum náttúruperlum landsins við óbætanlegu tjóni.

[13:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er reyndar rétt að taka fram til að ekkert misskiljist að inni í 600 megavatta tölu fyrir viðbótarorkuframleiðslu í Þingeyjarsýslum er Skjálfandafljót um 150 megavött í vatnsafli.

Fólkið í landinu, sagði hæstv. forsætisráherra, fólkið í landinu er að hugsa til framtíðar, er það ekki gott? Jú, það er gott ef fólkið í landinu gerir það. En ég er ekki viss um að það sé eins gott að ríkisstjórnin sé að hugsa fyrir hönd fólksins í landinu til framtíðar, þeirrar framtíðar einnar sem hún sér. Það er nefnilega það sem er að gerast hér. Það er nefnilega ekki fólkið í landinu sem drífur þessa stefnu áfram. Eru það einkaaðilar, einstaklingar eða einkafyrirtæki sem hér ráða ferðinni? Nei. Eru það innlend almenningshlutafélög? Nei. Það er ríkisstjórnin og það er fenrisúlfur íslenskra umhverfismála, hið opinbera fyrirtæki Landsvirkjun. Þetta eru opinber verkefni í hólf og gólf í samstarfi við erlend fjölþjóðafyrirtæki og eiga ekkert skylt við það sem fólkið í landinu, almenningur eða hið almenna atvinnulíf, gæti hugsað sér að gera.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð er einmitt að reyna að hugsa um framtíðina í þessu landi, að hér verði byggð upp fjölbreytt og framsækin atvinnustefna og atvinnulíf en ekki öllu veðjað á þennan eina málm eða þetta eina frumefni, alumíníum, og að öðru atvinnulífi verði meira og minna rutt til hliðar.

Nú segja menn það berum orðum: Það verður enginn almennur útflutnings- og samkeppnisiðnaður í landinu ef svo heldur sem horfir. Ferðaþjónustan hrynur, rækjuiðnaðurinn er að deyja og fleiri greinar sjávarútvegsins þola þetta ástand ekki. Hvað er það með hæstv. forsætisráðherra og hæstv. ríkisstjórn? Eru menn algjörlega ónæmir fyrir þessu? Hvað hefur gerst? Hvaða tjöld voru dregin fyrir skilningarvitin svona hrottalega að meira að segja hæstv. sjávarútvegsráðherra, runninn upp úr sjávarplássi, skuli ekki geta rætt einu orði um (Forseti hringir.) ástandið í hinu almenna efnahags- og atvinnulífi (Forseti hringir.) en setur á gömlu ræðurnar, jafnmálefnalegar og þær nú eru, um að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé á móti framförum og guð má vita hvað?

[13:51]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tala eins og það hafi orðið eitthvert stórslys í landinu í dag. Hvaða ákvörðun hefur verið tekin um byggingu nýs álvers? Engin. Það er verið að skoða þessi mál, það er verið að athuga hvort hægt sé að afla orku. Hverjir eru að því? Er það ekki fólkið í kjördæmi hv. þingmanna sem er að því, á Húsavíkursvæðinu, á Norðausturlandi? (Gripið fram í.) Síðan koma hv. þingmenn þessa kjördæmis (Gripið fram í.) og tala eins og það sem er að gerast á Austurlandi sé meiri háttar slys.

Hafa hv. þingmenn ekki ferðast um þetta kjördæmi upp á síðkastið? Hafa hv. þingmenn ekki séð hvaða kraftur hefur komið í þetta kjördæmi? Mér finnst, frú forseti, sorglegt að hlusta á þennan málflutning.

Nú eru aðilar, m.a. í þessu kjördæmi, að athuga hvort ekki sé hægt að nýta orkuna á Norðausturlandi, hugsanlega til álvers. Er það slys? Er það slys að menn hugi að því hvort til greina komi að stækka í Straumsvík? (Gripið fram í.) Hverjum hefur dottið það í hug? (**SJS:** Og hvenær kemur stefnan?) Það er verið að skoða þessi mál.

(**Forseti** (RG)**:** Ég bið þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Mér finnst að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eigi bara að taka þátt í þessari umræðu með málefnalegum hætti og útiloka ekki fyrir fram ákveðna atvinnukosti. Það er alveg eins og þeir vilji bara banna ákveðin trúarbrögð hér á landi. (Gripið fram í.) Menn verði bara að hafa eina trú og það megi (Gripið fram í.) ekki nokkur maður segja neitt annað.

Ég heyri það á hv. þingmönnum að þeir hafa ekki einu sinni þolinmæði í það að taka þátt í umræðu um þessi mál. Það er allt í lagi mín vegna. Þá skulu bara hv. þingmenn efna til fundar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og hlusta þar á félaga sína. Ég held að það sé langbest.

(**Forseti** (RG)**:** Ég bið þingmenn að virða þingsköp og gefa ræðumönnum hljóð og ég bið ræðumenn að virða tímamörk.)

Framkvæmd þingsályktunar um stofnun sædýrasafns.

Fsp. MÞH, 103. mál. — Þskj. 103.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég gladdist mjög í hjarta mínu fyrri hluta árshelmings 2004 þegar tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins mæltu fyrir þingsályktunartillögu, sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og hagkvæmni þess, með tilliti til ferðaþjónustu og almannafræðslu um lífríki hafsins, að byggt verði upp á höfuðborgarsvæðinu veglegt sædýrasafn sem yrði í senn lifandi fiskasafn og fróðleiksnáma um lífríki Norður-Atlantshafsins, rannsóknir og vísindi, verndun og nýtingu fiskstofnanna og umgengni um hafið. Ríkisstjórnin skili skýrslu til Alþingis um kosti og galla slíks safns ásamt kostnaðarútreikningi og tillögu að mögulegri fjármögnun, rekstrarformi og eignarhaldi fyrir 1. september 2004."

Hvers vegna gladdist sá sem hér stendur? Ég hef lengi verið áhugamaður um það að við Íslendingar kæmum okkur upp svona sædýrasafni, safni þar sem fólki gæfist kostur á að skoða lífríkið í hafinu, fiska og önnur sjávardýr, jafnvel sjávarspendýr. Söfn af þessu tagi eru víða um heim, m.a. í nágrannalöndum okkar, og eru alls staðar mjög vinsæl, bæði fyrir skólafólk og ferðamenn en einnig eru þau notuð til vísindarannsókna.

Það er ljóst að við Íslendingar höfum ekki haft svona safn um margra ára skeið. Það var einu sinni sædýrasafn í Hafnarfirði en því var lokað fyrir mörgum árum og síðan höfum við aðeins haft örlitla sprota að svona söfnum. Þar má kannski helst nefna safnið í Vestmannaeyjum en einnig hafa aðrir reynt fyrir sér í þessum efnum en því miður ekki

gengið sem skyldi. En ég tel fyrir löngu tímabært að við Íslendingar skoðum þessi mál af fullri einurð og alvöru. Þess vegna gladdist ég þegar hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir og Gunnar Birgisson lögðu fram þessa þingsályktunartillögu. Þingsályktunartillagan var síðan samþykkt þann 27. maí árið 2004, lítillega breytt. Það eina sem breyttist í henni var það að skilafresturinn, sem mælt var fyrir um í tillögunni, var lengdur. Ríkisstjórninni var falið að skila þessari skýrslu fyrir 1. mars árið 2005. Þetta var samþykkt hér á hinu háa Alþingi í atkvæðagreiðslu 27. maí 2004 af öllum þeim þingmönnum sem þá voru í salnum, m.a. af hæstv. forsætisráðherra núverandi, hv. þm. Halldór Ásgrímssyni, en einnig af þáverandi forsætisráðherra Davíð Oddssyni, 51 þingmaður sagði já við þessari tillögu.

En ég hef ekki orðið var við það, virðulegi forseti, að þessari skýrslu hafi verið skilað hingað til Alþingis og þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hvað er að frétta af þessari skýrslu?

[13:57]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Með bréfi, dagsettu 6. júlí 2004, fól forsætisráðherra menntamálaráðuneyti að hafa forgöngu um gerð skýrslu til Alþingis um stofnun veglegs sædýrasafns, samanber þingsályktun um stofnun sædýrasafns sem samþykkt var á Alþingi 27. maí 2004. Samkvæmt þeirri þingsályktun skal kanna kosti og hagkvæmni þess með tilliti til ferðaþjónustu og almannafræðslu um lífríki hafsins að byggt verði upp veglegt sædýrasafn sem yrði í senn lifandi fiskasafn og fróðleiksnáma um lífríki Norður-Atlantshafsins, rannsóknir og vísindi, verndun og nýtingu fiskstofnanna og umgengni við hafið.

Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu mun hlutverk fyrirhugaðs sædýrasafns, samkvæmt umræddri þingsályktun, skarast við hlutverk náttúruminjasafns og því er eðlilegt að vinna við skýrslu þessa taki hliðsjón af lögum um náttúruminjasafn. Í menntamálaráðuneytinu er verið að leggja lokahönd á frumvarp til laga um náttúruminjasafn í nánu samstarfi við umhverfisráðuneytið. Fyrirhugað sædýrasafn gæti verið hluti af náttúruminjasafni Íslands, annaðhvort sem sérdeild eða sem sérsafn með sérstaka ábyrgð á hafsvæðinu og lífríki þess.

Menntamálaráðuneytið skipaði starfshóp með fulltrúum frá sjávarútvegsráðuneytinu, landbúnaðarráðuneytinu, samgönguráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu þann 12. júlí 2005. Í þessum hópi sitja Ragnheiður H. Þórarinsdóttir formaður, frá menntamálaráðuneytinu, Jón Gunnar Ottósson, frá umhverfisráðuneytinu, Jón Eðvald Malmquist, frá samgönguráðuneytinu, Níels Árni Lund, frá landbúnaðarráðuneytinu, og Hulda Lilliendahl, frá sjávarútvegsráðuneytinu.

Hlutverk starfshópsins er að vinna að skýrslu um stofnun sædýrasafns þar sem tekið yrði tillit til áforma um náttúruminjasafn Íslands. Það er stefnt að því að ljúka starfi hópsins nú á þessu hausti eða fyrir áramót með greinargerð til menntamálaráðherra og síðan þarf að taka afstöðu til málsins þegar sú greinargerð liggur fyrir.

[14:00]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Mér fannst svar hæstv. forsætisráðherra helst gefa okkur til kynna hve seinvirk stjórnsýslan á Íslandi er. Mig langar að spyrja bara til að vera viss um að ég hafi heyrt rétt, þingsályktunin var samþykkt 27. maí 2004, 6. júlí sama ár eða talsvert löngu síðar er sent bréf til menntamálaráðuneytisins og ári síðar eða í júlí 2005 er skipaður starfshópur. Ég vil bara fá það staðfest að ég hafi örugglega heyrt rétt þær dagsetningar sem þarna var farið með því að mér finnst þetta sýna okkur svart á hvítu hversu hæg stjórnsýslan getur verið oft og tíðum.

Það var mikil umræða um þessa þingsályktunartillögu á sínum tíma. Í upphafi var hún eingöngu miðuð að höfuðborgarsvæðinu. Mig minnir að gerðar hafi verið breytingar á henni í meðförum þingsins og landið allt sett undir og er eðlilegt að það taki þá kannski svolítið lengri tíma að skoða málið. Það átti að skila skýrslu fyrir 1. mars 2005 en það er ekki fyrr en í júlí sama ár sem starfshópurinn er skipaður. Getur þetta verið rétt?

[14:01]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra svaraði þessari fyrirspurn á málefnalegan hátt. Að sjálfsögðu er eðlilegt að skoða þessi mál, málefni sædýrasafns, í tengslum við væntanlegt náttúruminjasafn, eitt af höfuðsöfnum þjóðarinnar, sem heldur betur er orðið tímabært að fái einhvers konar framtíðardvalarstað þó ekki væri annað.

Ég ætlaði bara að upplýsa hér að í morgun skilaði ég af mér fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra varðandi náttúruminjasafnið, áform um stofnskrá fyrir það sem mér finnst orðið heldur betur tímabært að líti dagsins ljós að ekki sé talað um að húsnæðismál þess safns séu leyst. Það er orðið okkur til slíkrar skammar að hafa dregið lappirnar svo sem raun ber vitni í þeim efnum að ég tel auðvitað einboðið að farið verði að grípa í taumana þar. Og þá sé ég ekki annað en að það sé eðlilegt að sædýrasafn geti verið hluti af því vonandi glæsilega safni.

[14:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég skil það að menn þurfi að skoða þessi mál í samhengi. Það er hins vegar skoðun mín að Ísland þurfi að eiga sædýrasafn. Það þarf að vera myndarlegt safn sem sýnir lífríki hafsins og gefur bæði Íslendingum og þeim sem hingað koma, gestum, tækifæri til að kynnast lífríki hafsins á stað þar sem myndarlega er staðið að þeim hlutum. Slík söfn eru gríðarlega mikils virði fyrir þjóðina sjálfa og líka fyrir ferðaþjónustuna. Ég er þess vegna á þeirri skoðun að það sé ekki spurning um að þetta eigi að vera sérstakt safn. Menn hafa unnið undirbúningsstörf á fleiri en einum stað hér á landi með tilliti til þess að koma upp slíku safni þannig að hugmyndir eru til. En mín skoðun er sú að þetta verði safn sem eigi að vera sérstakt fyrir Ísland. Þarna þarf að standa myndarlega að verki.

[14:04]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Talandi um hæga stjórnsýslu þá held ég að nefndirnar um náttúruminjasafnið séu komnar eitthvað vel yfir 20 sem starfað hafa í gegnum áratugina að því að hér verði sett á stofn myndarlegt náttúruminjasafn. Ég er út af fyrir sig ekki endilega sammála því að náttúruminjasafn og sædýrasafn þurfi að vera samtengd og bendi annars vegar á Sandgerði þar sem er orðinn mjög skemmtilegur vísir að sædýrasafni vegna BIOICE-verkefnisins sem þar hefur verið í gangi og hins vegar náttúrlega á Vestmannaeyjar. Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að hér er auðvitað um meiri háttar kjördæmamál að ræða.

[14:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa lagt áherslu á hve mikilvægt það er að vera með sérstakt sædýrasafn vegna þess hve sjórinn, hafið og lífið í hafinu er mikilvægt í atvinnulífi okkar og lífi allra landsmanna á þeirri eyju sem Ísland er og það er ekki síður mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna. Nánast hvar sem maður kemur í heiminum þar sem þjóðir byggja mikið á hafinu eru stór sædýrasöfn. Þau eru ekkert endilega í tengslum við önnur náttúruminjasöfn. Ég gleymi því aldrei þegar ég kom í sædýrasafn bæði í Sydney í Ástralíu og í Auckland á Nýja-Sjálandi. Það var ógleymanlegt sem maður upplifði þar. Ég hefði viljað sjá sambærileg söfn hér og það fyrr en síðar.

[14:06]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Í einfeldni minni vissi ég í raun ekki til þess að þessi þingsályktun lægi inni og væri óframkvæmd hjá framkvæmdarvaldinu, sem um leið kallar á það tækifæri að mínu mati að hæstv. forsætisráðherra kynni sér áhugavert verkefni sem á sér stað suður í Keflavík er snýr að ferðaþjónustu. Það verkefni hefur fengið heitið Blái demanturinn, en eins og við öll vitum eru fjögur horn á demanti ef við horfum á hann með þeim hætti. Eru þrjú þeirra nú þegar til. Fyrsta hornið er Bláa lónið, annað hornið er The Blue Wiking, sem eru víkingaheimar sem eru komnir á kortið hjá Reykjanesbæ, þriðja hornið, sem er komið á dagskrá hjá Hitaveitu Suðurnesja, verður The Blue Energy sem er jarðsögusafn upp á 120 millj. kr. sem mun verða reist við virkjun Hitaveitu Suðurnesja á Reykjanesi, og fjórða hornið, sem er styst á veg komið í þessari frábæru hugmynd sem snýr að ferðaþjónustu, er nokkuð sem mun verða kallað The Big Blue en þar verður um að ræða þemagarð (Forseti hringir.) sem snýr að sædýragarði. Finnst mér tilvalið að hæstv. forsætisráðherra kynni sér þær hugmyndir sem er að finna þar á bæ suður í Keflavík.

[14:07]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég tek undir með ræðumönnum hér og m.a. hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur um glæsileg sérstök sædýrasöfn annars staðar í veröldinni. Auðvitað hljóta þau í landi eins og okkar að vera til mörg af ýmsum gerðum og víðs vegar um landið og óhjákvæmilegt að slíkt safn sé til til að mynda í höfuðborginni. Og eitt af því sem ég held að menn þurfi að líta til er ekki bara ferðamenn heldur hinar nýju kynslóðir sem fá ekki tækifæri til að vinna í fiski eða fara á sjó eins og við fengum. Því er mikilvægt að grunnskólabörn í landinu hafi aðgang að slíku safni til að fræðast um undirstöðu íslensks samfélags, um fiskinn í sjónum sem hélt lífinu í okkur öldum saman, og að það sé þeim aðgengilegt og þannig staðsett og byggt upp að þau geti sótt í það og haldið þannig tengslum við sögu sína og menningu þjóðarinnar.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fá að lýsa því yfir að svar hæstv. forsætisráðherra olli mér mjög miklum vonbrigðum. Í því felst að ríkisstjórnin hefur hreinlega hunsað vilja Alþingis í þessu efni. Ekki hefur farið fram nein vinna til að gera þessa skýrslu sem ríkisstjórninni er falið að gera og skila af sér til Alþingis fyrir 1. mars árið 2005. Svo einfalt er það. Það hefur ekki farið fram nein vinna í þessu máli og mér finnst það vera mjög alvarlegt þegar vilji Alþingis er hunsaður með þessum hætti.

Þá rifjast upp fyrir mér annað mál sem ég spurði um í fyrra sem var það að Alþingi ályktaði á sínum tíma um að skipuð yrði nefnd sem ætti að skoða möguleikana á því að endurreisa stofn Þingvallaurriðans. Sú nefnd var aldrei skipuð þó að fyrir lægi þingsályktun um að gera slíkt. Þetta eru náttúrlega algerlega ótæk vinnubrögð og ég tel að með þessum vinnubrögðum séum við að glutra niður dýrmætum tíma.

Við værum stödd allt annars staðar í dag með þessar hugmyndir ef farið hefði verið skipulega í það vorið 2004 að útbúa þessa skýrslu, skoða þessa möguleika, reikna út kostnað, koma með tillögu að fjármögnun, rekstrarformi, eignarhaldi og jafnvel staðsetningu. Ég vil leyfa mér að benda á að það eru fjölmörg sveitarfélög um allt land sem eru reiðubúin til að taka við svona safni. Það má nefna Sandgerði eins og bent var á hér áðan. Þar er fyrir hendi nú þegar mjög áhugaverður sproti og þar eru fyrir hendi mjög góðar landfræðilegar aðstæður. Nefna má fleiri staði á Reykjanesi. Það má nefna Vestmannaeyjar. Það má líka nefna stað eins og Akranes. Það má jafnvel nefna höfuðborgarsvæðið. Það eru ótal sveitarfélög sem eru reiðubúin til að taka þetta að sér. Fyrir hendi er mikill áhugi í landinu, leyfi ég mér að fullyrða, áhugi hjá nánast öllum nema ráðherrum í ríkisstjórn Íslands. Það ber að harma.

[14:10]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir að aldrei hefur verið annars eins áhugi fyrir safnamálum og nú er í landinu og það hefur aldrei verið jafnmyndarlega tekið á þeim málum fyrr. Verið er að reisa og bæta söfn um allt land þannig að þessum málaflokki er mjög vel sinnt. En ég held að við getum öll verið sammála um að náttúruminjasafnið býr við afskaplega slakan húsakost og það hefur lengi staðið til að bæta þar úr. Einhver sagði að það væri okkur til skammar og það má mín vegna alveg orða það

svo. Við vitum það öll sem höfum komið í það annars glæsilega safn að þar er til mikið af mjög góðum gripum og fallegum munum sem eru áhugaverðir fyrir alla landsmenn og þá ekki síst yngstu kynslóðina.

Það er mikill áhugi fyrir því að sinna sædýrasafni og verið er að vinna að því. Ég skil áhuga þingmanna mjög vel í þeim efnum. Við erum nú einu sinni þjóð sem lifir á auðlindum hafsins að mjög miklu leyti og því eðlilegt að til sé safn í landinu sem endurspeglar þær staðreyndir. Ég tek fyllilega undir það. Þessi áhugi hefur verið lengi til staðar en ekki verður allt gert í einu. Þetta er eitt af því sem býður okkur inn í framtíðina. Það er verið að vinna að undirbúningi þessa máls. Það hafa komið hér fram ýmsar hugmyndir um það hvar koma mætti slíku safni fyrir. Allt er það af hinu góða og það eru atriði sem þarf að taka til skoðunar í þessu sambandi.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn en það er hins vegar misskilningur hjá honum að ríkisstjórnin hafi engan áhuga á málinu.

Umræðu lokið.

Aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga.

Fsp. ÁRJ, 157. mál. — Þskj. 157.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Á síðasta þingi flutti hv. heilbrigðis- og trygginganefnd í heild þingmál um aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga með hollara mataræði og aukinni hreyfingu. Ákvað nefndin að vísa málinu til hæstv. forsætisráðherra og lagði til að settur yrði á laggirnar faghópur á vegum forsætisráðuneytisins til að greina vanda sem tengist óhollu matarræði, offitu, átröskun og hreyfingarleysi, bæði orsakir vandans og afleiðingar og síðan, að lokinni greiningu á orsökum og afleiðingum, geri hópurinn tillögur að samræmdum aðgerðum og framkvæmdaáætlun sem lagðar verði fyrir ríkisstjórnina í apríl 2006.

Í haust þegar þingið kom saman hafði ekkert verið gert í þessum málum eftir þeim upplýsingum sem ég fékk. Ég ákvað því að leggja fram þá fyrirspurn sem ég mæli hér fyrir en hún hefur greinilega hreyft við einhverjum því að fram kom í fréttum í síðustu viku að búið væri að stofna þennan starfshóp sem á að fara að vinna þetta verk.

Það kom fram í fréttum í Ríkisútvarpinu í síðustu viku þegar sagt var frá þessum starfshópi að það hafi vakið furðu hjá sérfræðingum og fagfólki hvernig hópurinn hafi verið samsettur eða skipaður. Mig langar til að vitna í fréttirnar, með leyfi forseta, en þar segir Geir Gunnlaugsson læknir, og formaður Félags um lýðheilsu, að gengið hafi verið fram hjá hópi hæfra manna við skipunina. Hann furðar sig á því hvernig skipað er í nefndina og segir að fáir og jafnvel engir nefndarmanna geti talist til helstu sérfræðinga landsins á þessu sviði. Síðan segir hann orðrétt:

„Það er nefnilega hópur einstaklinga hér á landi sem hefur verið að vinna þessum málefnum um árabil. Sumir hafa stundað rannsóknir á þessu, aðrir hafa verið með alls konar verkefni tengd offitu og það er augljóst að ekkert af því fólki er þarna inni.“ — Síðan segir hann: „Ég efast ekki um það að Jón Óttar Ragnarsson hafi mikla þekkingu á næringarfræði og sölumennsku á megrunarpillum og hans árangur á því sviði er óumdeilanlegur og ég ber fulla virðingu fyrir þeim árangri. Það er spurning hvort akkúrat það sé heppilegasti árangurinn, hvort það sé akkúrat það sem við erum að leita eftir, að menn fái einhverja gleðipillu og þá sé offituvandinn leystur.“

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra — ég fagna því að hann er búinn að setja hópinn á laggirnar — en vil taka undir spurningu frá formanni Félags um lýðheilsu: Hvað réð því hvernig þessi hópur var samsettur? Eru einhver skilaboð þarna um að það séu einhverjar patentlausnir á þessum vanda miðað við hvernig skipað var í nefndina, án þess að ég taki nokkra afstöðu til þess fólks sem þarna er kallað til? Mig langar til að fá skýringar frá hæstv. ráðherra um þetta mál.

[14:16]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Skipan þessarar nefndar hefur verið undirbúin með eðlilegum hætti og ég verð að segja það alveg eins og er að það vakti nokkra undrun mína að hv. þingmaður legði aðaláherslu á það í umræðum um þessi mál að lesa upp úr fréttum Ríkisútvarpsins. Ég hélt að að væri alveg nóg að þeir sem þær fréttir lesa ágætlega sinni því hlutverki.

Það er rétt að þessi nefnd hefur nýlega verið skipuð og henni er ætlað að greina vandann sem tengist óhollu mataræði, offitu, átröskun og hreyfingarleysi og koma með tillögur að samræmdum aðgerðum til að taka á vandamálum sem því tengjast. Með nefndinni mun starfa sérfræðingateymi. Nefndin er að fara af stað, hún er að hefja störf, og hún mun leitast við að kalla eftir sem flestum sjónarmiðum í störfum sínum.

Ég bind miklar vonir við störf þessarar nefndar og tel að lykillinn að bættum árangri þjóðarinnar í þessum efnum felist ekki síst í breyttu hugarfari, nýju viðhorfi okkar Íslendinga til mataræðis og hreyfingar. Auðvitað eru engar patentlausnir til og vitaskuld er það alveg rétt að gengið hefur verið fram hjá fjölmörgum einstaklingum sem eru hæfir til þess að starfa í slíkri nefnd. Ég þekki ekkert tilvik, þegar nefnd hefur verið skipuð í þessu landi, þar sem ekki hefur verið gengið fram hjá mjög mörgum hæfum einstaklingum. Ég held að það sé alveg ljóst að í kosningum hefur oft verið gengið fram hjá mjög mörgum hæfum einstaklingum til að sitja á Alþingi með fullri virðingu fyrir þeim hv. þingmönnum sem hér sitja. Þannig er það nú. Sjálfsagt er sá ágæti maður sem talaði í þessum fréttatíma einn af þeim hæfu einstaklingum sem hefði verið fullur sómi af að hafa í nefndinni.

En formaður nefndarinnar er Þorgrímur Þráinsson blaðamaður. Hann hefur getið sér mjög gott orð fyrir markvisst og ötult starf í þágu baráttunnar gegn tóbaksreykingum og ég er fullviss um að hann getur ekki verið síðri baráttumaður gegn fitunni. Hann var um árabil landsliðsmaður í knattspyrnu, ritstjóri Íþróttablaðsins og þar að auki afkastamikill rithöfundur. Ég sagði áðan að það væri ekki síst

hugarfarsbreyting sem þyrfti að koma hér til og ég sé ekki betur en þessi ágæti maður sé mjög góður í því.

Aðrir í nefndinni (**Gripið fram í:** Hann er í Val.) — já, er líka í Val, ekki er það nú verra, — eru Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, dr. Jón Óttar Ragnarsson næringarfræðingur, Halla Karín Kristjánsdóttir íþróttakennari, Anna Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar, — það er að sjálfsögðu mikilvægt að Lýðheilsustöðin komi að málinu — Sæunn Stefánsdóttir, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, Árni Einarsson, uppeldis- og menntunarfræðingur, Petrína Baldursdóttir, leikskólastjóri og fyrrverandi alþingismaður — sem er mikilvægt að hafa í huga — og Valur M. Gunnlaugsson matvælafræðingur.

Hér var dr. Jón Óttar Ragnarsson sérstaklega nefndur. Hann er hámenntaður vísindamaður á þessu sviði. Hann hefur skrifað fjölmargar bækur um mataræði, hreyfingu og næringarfræði. Hann hefur gengist fyrir ráðstefnum um manneldismál. Hann stýrði uppbyggingu matvælafræðideildar við Háskóla Íslands og starfaði við matvælarannsóknir fyrir RALA. Ég tel það alveg sérstaklega gott að fá hann til liðs í þessu máli. Ég heyrði heldur ekki betur en viðkomandi læknir, sem talaði um hann, bæri fyrir honum fulla virðingu og ég heyri að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir gerir það líka. Ég skil ekki af hverju verið er að draga nafn hans upp í þessu sambandi. Það kemur málinu ekkert við hvaða atvinnugrein hann hefur stundað eða hvort hann hefur selt einhverja tiltekna afurð. Mér finnst með eindæmum að vera að blanda því inn í málið.

[14:21]

Katrín Júlíusdóttir:

Frú forseti. Mig langar að nota tækifærið, þar sem hæstv. forsætisráðherra er að ræða þessi mál og hefur nú nýverið sett á laggirnar þennan faghóp sem var samþykktur síðasta vor, og nefna einn ákveðinn þátt sem ég tel að við verðum að skoða í tengslum við þessa umræðu og þessi hópur verði að taka tillit til og skoða vel þegar hann er að störfum. Sá þáttur lýtur að aðgengi að hollum matvælum og hvort við getum með stjórnvaldsaðgerðum, t.d. í gegnum niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum, í gegnum innflutningsgjöld og tolla og skatta af matvælum, stýrt með ákveðnum hætti verðlagi á hollum vörum. Eins og málum er nú háttað er ódýrara að ganga út úr búð með fullan poka af óhollustu heldur en af hollum, góðum og hreinum vörum. Þessu þarf að breyta.

[14:22]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég vil sérstaklega gleðjast yfir svari forsætisráðherra, að búið sé að koma þessum faghópi sem þingsályktunartillagan gengur út á á laggirnar og hann sé tekinn til starfa. Þetta er mikið þjóðþrifamál sem var ekki aðeins þverpólitísk sátt um í vinnu innan heilbrigðisnefndarinnar heldur var það líka unnið í góðu samstarfi við bæði Læknafélagið, stéttarfélag og fagfélag lækna, og við Lýðheilsustöðina. En af því að skipun nefndarinnar kom hér til tals og hv. þm. Ásta Ragnheiður hafði einhverja athugasemd við það þá ætla ég að halda því til haga að innan nefndarinnar var lögð mikil áhersla á það hversu víðtækt þetta verkefni væri og hve það væri þýðingarmikið að tryggja þátttöku sem flestra viðkomandi ráðuneyta auk fulltrúa Lýðheilsustöðvar sem samkvæmt lögum hefur stóru hlutverki að gegna á þessu sviði.

Vegna athugasemdar hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur vil ég líka taka það fram að eitt af því sem nefndinni er falið er akkúrat að horfa til verðlagsmála, horfa vítt og breitt um samfélagið, á alla þá þætti sem geta haft áhrif á þetta.

[14:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þessi nefnd hefur verið sett á laggirnar en vil einungis vegna þeirra orða sem hefur verið beint til hv. þm. Ástu Ragnheiðar taka fram að ég býst við að flestir þeir sem horfðu á skipan nefndarinnar hafi velt ákveðnu atriði fyrir sér. Eftir því sem best má lesa, a.m.k. af viðtölum, er dr. Jón Óttar Ragnarsson búsettur erlendis. Ef hann tekur sæti í nefndinni verður þá ekki um verulegan aukakostnað að ræða? Var ekki um sambærilega menntun að ræða hjá einstaklingum sem eru búsettir hér á landi?

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil auðvitað fagna því að búið sé að setja þessa nefnd á laggirnar. Ég vænti mikils af starfi hennar eins og við gerum öll í heilbrigðisnefndinni sem stóðum að því að vinna að þessu máli og samþykkja það í vor. En það er alveg ástæðulaust af hæstv. forsætisráðherra að vera eitthvað önugur þó hann sé spurður út í fréttaflutning af nefndaskipan. Það er fullkomlega eðlilegt að það sé spurt þegar formaður Félags um lýðheilsu segir hluti eins og þessa og full ástæða til að nefna það hér.

Ég var ekki að taka afstöðu til þess hverjir væru þarna skipaðir heldur spurði út í þetta og verð að segja það eins og er að Jón Óttar Ragnarsson, sem hefur verið nafngreindur hér, er náttúrlega mjög vel menntaður. Hann er flinkur maður, var hér með sjónvarpsþætti um hollustumál og hreyfingu og hefur gert marga góða hluti. Aftur á móti er hann þekktastur núna fyrir mjög óhefðbundnar leiðir í að ná umræddum markmiðum, sem eru duft og pillur, eins og formaður Félags um lýðheilsu, Geir Gunnlaugsson læknir, segir í þessum fréttum og þess vegna veltir maður fyrir sér hvort það séu einhverjar áherslur sem hæstv. ráðherra setur í þessu máli.

En ég vil ítreka það að ástæðan fyrir því að þetta fór til forsætisráðuneytisins er auðvitað sú að þetta er mjög stórt mál og kemur við marga þætti og er víðfeðmt. Ég treysti hæstv. ráðherra til að skoða þetta en vil gjarnan fá það upplýst frá honum hvort þarna séu einhverjar nýjar áherslur á ferðinni um það að hægt sé að stytta sér leið til að ná niðurstöðu í þeim offituvanda sem þjóðir heims standa frammi fyrir.

[14:27]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Nei, það felast engin sérstök skilaboð í skipan þessarar nefndar. Nefndin mun að sjálfsögðu starfa í samræmi við þingsályktunartillöguna. Sá sem hér stendur

er ekki mikill aðdáandi lyfja og notar þau nánast aldrei sjálfur. Ég er andvígur ofnotkun lyfja þó að þau geti verið góð í hófi. Ég tel að lækningar felist almennt í öðrum aðferðum og tel að lyf eigi að vera neyðarúrræði en þau verða að sjálfsögðu að vera til staðar.

Ég er þeirrar skoðunar að hér þurfi fyrst og fremst hugarfarsbreytingu, það þurfi meiri áhuga landsmanna á hreyfingu, ekki síst ungmenna. Mér finnst að áhugi Íslendinga sé að aukast á hvers konar útivist en það tel ég bestu leiðina til að ráða við þennan vanda fyrir utan það að borða hollan og góðan mat. Ég held að þetta séu aðalatriðin í því sem þarf að gera í þessum efnum. Það er hreyfing og hollur og góður matur. Það er hins vegar vandi að sannfæra fólk um það og ég tel að það starf sem fram undan er sé ekki síst á því sviði en ég hef enga trú á því að það sé hægt að taka einhverjar töflur við þessu og ég hef enga trú á því að sá aðili sem hér er nafngreindur sérstaklega hafi mesta trú á því. Það er alveg ástæðulaust að vera að draga það hér inn með þeim hætti sem hefur verið gert. Ég tel að þessi hópur sé vel skipaður og hann þarf að fá aðstoð og hjálp víða að og ég er ekki í nokkrum vafa um að hann mun fá það og það er mjög ánægjulegt að það skuli vera jafnmikill áhugi fyrir því á hv. Alþingi.

Umræðu lokið.

Frávísanir í framhaldsskólum.

Fsp. BjörgvS, 113. mál. — Þskj. 113.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Framhaldsskólinn á að vera fyrir alla sem þangað vilja sækja sér menntun. Þannig hefur það verið og þannig er það samkvæmt stefnu menntamálayfirvalda að því er ég best veit. En á haustönn árið 2004, fyrir rúmu ári síðan, gerðist það að fjölmargir nýnemar og þeir sem sóttu um skólavist voru lengi að fá svar frá skólanum. Skólarnir gátu ekki tekið við þeim stóra árgangi sem þá kom í skólana. Ekki hafði verið gert ráð fyrir því af hálfu yfirvalda að á ferðinni væri mjög stór árgangur og árgangar sem framhaldsskólinn þyrfti að hýsa.

Ég spurði hæstv. menntamálaráðherra að því í fyrra hve mörgum hefði verið vísað frá námi í framhaldsskólum á þeirri önn sem hér um ræðir, árið 2004. Samkvæmt því svari fengu, að því er talið var, allir nýnemar skólavist, en ekki var vitað um afdrif eldri nemenda þar sem ekki var um að ræða samræmda skráningu upplýsinga um skólavist. Það er í sjálfu sér fráleitt að ekki sé haldið utan um samræmda skráningu á svo mikilvægum grundvallarupplýsingum sem aðgengi að framhaldsskólanum er. Ekki síst vegna þess að þegar verið er að vísa frá í framhaldsskólunum og velja inn eftir einkunnum verða þeir sem hafa lægstar einkunnir og eru viðkvæmastir fyrir raski og rugli af hálfu yfirvalda verst úti. Mörgum var vísað frá og sérstaklega þeim sem vildu koma aftur til náms eftir að hafa, það sem kallað er, fallið á brott og gert hlé á námi sínu. Það er að sjálfsögðu óviðunandi staða að framhaldsskólinn geti ekki sinnt því grundvallarhlutverki sínu að mennta þá einstaklinga sem þangað vilja sækja og þangað eiga að geta sótt.

Því spyr ég hæstv. menntamálaráðherra: Hve mörgum sem sóttu um skólavist í framhaldsskóla haustið 2005 var vísað frá, sundurliðað eftir skólum? Hve margir sóttu um skólavist í framhaldsskóla eftir að hafa hætt tímabundið námi? Hve margir fengu ekki inni í neinum skóla? Er það viðurkennd stefna stjórnvalda að þeir sem sækja um framhaldsskólavist eftir námshlé eigi ekki skýlausan rétt á skólavist?

Nú getur það varla verið svo að fjölgun framhaldsskólanema og þeirra sem þangað vilja sækja eigi að mæta með þeirri undarlegu tillögugerð sem nú er uppi um að stytta framhaldsskólanám, stytta stúdentspróf eða skerða það að því er virðist í sparnaðarskyni. Að því er virðist til að spara 2 milljarða á ári, 18% rekstrarkostnaðar. Við hljótum að vilja byggja vel yfir og ég trúi því að hæstv. menntamálaráðherra muni beita sér fyrir því að allir sem vilja sækja um vist í framhaldsskólanum fái þar inni og að hún hafi kallað eftir samræmdum upplýsingum um þetta mál, samræmdum upplýsingum sem lágu ekki fyrir í fyrra. Ég beini því þeirri fyrirspurn sem hér var mælt fyrir til hæstv. menntamálaráðherra.

[14:32]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Framhaldsskólum var send fyrirspurn um þetta efni, þ.e. hve mörgum sem sóttu um skólavist í framhaldsskólum í haust hafi verið vísað frá, sundurliðað eftir skólum, það er fyrsta spurning hv. þingmanns. Skólunum var send fyrirspurn um þetta efni nú í byrjun september. Upplýsingar liggja ekki fyrir á einum stað um alla þá sem sækja um nám í framhaldsskólum að undanskildum upplýsingum um nýnema úr 10. bekk eins og vikið verður að síðar. Hver skóli er ábyrgur fyrir innrituninni og þar með að afgreiða þær umsóknir sem honum berast. Umsækjendur eru skráðir í upplýsingakerfi framhaldsskólanna þar sem umsóknir þeirra eru samþykktar. Upplýsingar um þá sem ekki fá skólavist eru ekki skráðar kerfisbundið í upplýsingakerfi framhaldsskólanna og eru þar með ekki tiltækar á einum stað en úr því verður bætt eins og ég kem að síðar.

Því var leitað til framhaldsskólanna og þeir beðnir um nöfn þeirra umsækjenda sem voru á biðlista við upphaf núverandi haustannar. Frá skólunum bárust upplýsingar um 306 umsækjendur á biðlistum. Þeir skiptast þannig eftir skólum: Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 166, Fjölbraut Suðurlands 5, Iðnskólinn í Hafnarfirði 25, MR 3, MS 24, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 72 og Verslunarskóli Íslands 11. Aðrir skólar voru ekki með umsækjendur á biðlistum. Þegar síðan var búið að leiðrétta tvískráningar og fjarlægja nöfn nýnema, sem allir voru með skólavist, voru nöfnin 266 og af þessum 266 umsækjendum reynast 115 hafa fengið skólavist í öðrum skólum en 119 hefur verið vísað frá. Flestir þeirra sem var vísað frá voru að sækja um skólavist eftir hlé frá námi eins og betur verður komið að á eftir. Aðrir voru með umsóknir um að skipta um skóla.

Í öðru lagi er spurt: „Hve margir sóttu framhaldsskóla eftir að hafa hætt tímabundið í námi?“ Alls bárust 3.400

umsóknir um skólavist í framhaldsskólum frá umsækjendum sem voru að sækja um skólavist að nýju eftir að hafa gert hlé á náminu.

Í þriðja lagi var spurt: „Hve margir þeirra fengu ekki inni í neinum skóla?“ Samkvæmt upplýsingum af fyrrnefndum biðlistum var 119 umsækjendum af þeim 3.400 sem hætt höfðu tímabundið í námi synjað um skólavist. En ég vil vekja athygli á því að þetta samsvarar um 0,6% þess heildarfjölda sem síðan stundar nám í framhaldsskólum landsins.

Ástæður þess að þessum nemendum var synjað um skólavist liggja ekki fyrir í einstökum tilvikum. Algengustu ástæður þess að umsóknum er synjað eru þær að ekki er pláss í þeim skólum sem umsækjendur óska sér helst, þá sem fyrsta eða annan valkost, eða ekki á þeim námsbrautum sem sótt er um. Eins og þeir vita sem þekkja til menntamála eru bara ákveðin pláss til t.d. á snyrtibrautum, listnámsbrautum o.s.frv. og þær fyllast fyrst. Það eru nemendur sem eru sérstaklega að sækja í þær. Þannig eru umsóknir í vinsælustu skólana og námsbrautirnar á hverjum tíma að jafnaði talsvert fleiri en unnt er að verða við. Þar er um að ræða sveiflu sem erfitt er að bregðast við með litlum fyrirvara. Við þekkjum þessa tískusveiflu líka sem er á milli skóla. Sumir skólar eru vinsælli eitt árið en annað.

Á höfuðborgarsvæðinu er nemendum ráðlagt að leita eftir skólavist í öðrum skólum ef það hentar eða sækja almennt nám sem nýtist síðar á sérhæfðum námsbrautum hafi þeim verið synjað um nám á slíkum brautum.

Síðan er spurt hvort það sé viðurkennd stefna stjórnvalda að þeir sem sækja um framhaldsskólavist eftir námshlé eigi ekki skýlausan rétt á skólavist. Mér finnst þetta afskaplega neikvæð nálgun en ég segi að sjálfsögðu þvert á móti: Framhaldsskólinn er öllum opinn og það er stefna ríkisstjórnarinnar að framhaldsskólarnir skuli vera opnir öllum sem sækja sér þessa menntun.

Á síðasta vori var stigið afgerandi skref til að tryggja þeim skólavist sem sækja um skólavist í framhaldsskólum beint að loknum grunnskóla. Það var gert með því að 10. bekkingar innrituðust með rafrænum hætti. Þeir fengu lykilorð frá ráðuneytinu til að geta sótt um á netinu og þannig gat ráðuneytið í fyrsta skipti fylgst með afgreiðslu umsókna og hlutast til um að allir umsækjendur fengju skólavist og það ánægjulega er að yfir 95% nemenda úr 10. bekk sækja um vist í framhaldsskólum og að sjálfsögðu var þeim öllum tryggð skólavist.

Reynslan af rafrænu innrituninni var það góð að ákveðið var að taka hana í gagnið fyrir alla umsækjendur um skólavist í framhaldsskólum í framtíðinni og boðaði ég það sérstaklega á samráðsfundi með skólameisturum í síðustu viku. Þannig má enn betur tryggja að sem best samræmi fáist í framboð og eftirspurn náms á framhaldsskólastigi. Vinnubrögð verða með þeim hætti samræmd til hagsbóta fyrir umsækjendur og framhaldsskólana. Auðveldara verður að hafa yfirsýn yfir umsóknirnar og fylgja því eftir að allir sem sækja um fái úrlausn eftir því sem bestur kostur er á hverju sinni. Þjónustan við umsækjendur, þ.e. nemendur, mun því enn batna frá því sem nú er en ég vil sérstaklega vekja athygli þingheims á því að það voru um 0,6% þeirra sem sækja um vist í framhaldsskólum sem komust ekki inn og segja má að það sé innan þeirra skekkjumarka sem hægt er að áætla og setja inn í áætlanir frá ráðuneytinu.

[14:38]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Björgvini G. Sigurðssyni þessa ágætu fyrirspurn. Það kann að hljóma lág tala að aðeins 119 nemendum sé vísað frá í framhaldsskólum. En fyrir mér er það alvarlegt mál að einum einasta nemanda sé vísað frá framhaldsskólanámi og ég tala ekki um þegar um er að ræða nemendur sem eru að reyna að hefja nám aftur eftir nokkurt hlé. Oft er um að ræða mjög stóra ákvörðun og það er hár þröskuldur sem viðkomandi einstaklingur þarf að stíga yfir. Það vita allir, og þeir sem nú ráða ferðinni í íslensku samfélagi eiga að vita, að menntun er alger undirstaða fyrir framtíð Íslendinga. Þess vegna eru allar tölur of háar. Þess utan fá skólarnir ekki greitt samkvæmt skólasamningum og get ég nefnt Fjölbrautaskóla Vesturlands sem dæmi um það.

[14:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að þær tölur sem hæstv. menntamálaráðherra færir fram í svari sínu vekja dálítinn ugg hjá mér þó að hún reyni að gera lítið úr þeim og segja að einungis 0,6% af öllum þeim sem sækja um nám í framhaldsskólum sé í raun og veru vísað frá, þ.e. 119 einstaklingum. Ég verð að segja að mér finnst það talsvert alvarlegt ef 119 einstaklingum er vísað frá námi í framhaldsskóla, fólki sem er að reyna að hefja nám að nýju eftir hlé. Mér finnst það mjög undarlegt ef yfirvöld menntamála geta ekki gert eitthvað í því máli og reynt að sjá til þess að lögum sé framfylgt, þ.e. að framhaldsskólinn sé fyrir alla. Ég mundi vilja sjá þessa tölu 0. Ég mundi vilja sjá að ekki væri nokkurri manneskju væri vísað frá vilji hún í alvöru hefja nám við framhaldsskóla. Ég tel þetta alvarlegt mál. Ég tel þessa 119 alla eiga rétt á því að setjast á skólabekk þó að ég þekki auðvitað ekki þeirra sögu, en mér finnst þetta grunsamlega há tala.

[14:40]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra hreinskilin svör þó að þetta sé auðvitað alvarleg tala. En það sem mér finnst kannski alvarlegast í þessu er að þetta séu, eins og hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir kom inn á, þeir sem eru að koma í framhaldsskólann aftur.

Ég fagna því að taka eigi upp rafræna innritun fyrir alla nemendur þannig að haldið verði utan um það hvað verður um þá nemendur sem eru eldri. Við verðum að vita eitthvað um svokallaða námshegðun þessa hóps og vita hvernig framhaldsskólinn tekur á móti honum. Ég tel það mjög mikilvægt, ég fagna þeirri yfirlýsingu og vona að rafræn skráning nái að halda það vel utan um eldri hópinn að hægt sé að bæta aðgengi þeirra til framtíðar inn í framhaldsskólann. Nógu hár er þröskuldurinn nú þegar og slæmt ef fréttir af frávísunum halda þeim frá.

[14:41]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn en það eru mjög áhugaverðar upplýsingar að á annað hundrað nemendum sé vísað frá námi. Ég tel einsýnt að það sé vegna fjárskorts framhaldsskólanna. Áhugi hæstv. ráðherra á því að stytta framhaldsskólann styrkir þær grunsemdir, hæstv. ráðherra leitar að leiðum til sparnaðar. Hér í Reykjavík og víða um land er þessari styttingu mótmælt. Ef það væri rétt, sem hæstv. ráðherra boðar, að styttingin verði til þess að efla menntakerfið þá væru menn ekki að mótmæla. Ef til vill hefur fólkið í þessum menntastofnunum orðið fyrir barðinu á fjárskorti sem birtist m.a. í því að nemendum er vísað frá og ég vona að hæstv. ráðherra greini frá því hver staðan er. Þetta er sá kaldi raunveruleiki sem blasir við, frú forseti.

[14:42]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Það er tvennt sem mig langar að nefna í þessari umræðu. Í fyrsta lagi hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra menntamála að nú með þessari rafrænu skráningu sé mun auðveldara að fylgjast með þeim tölum, þeim hagtölum getum við kallað, sem hér hefur verið spurt um og þá langar mig að spyrja: Er ekki rétt að slíkar hagtölur séu birtar þannig að það þurfi ekki að karpa um það í þingsal í fyrirspurnatíma og í ræðum aftur og aftur? Ég held að það mundi létta mjög störfin ef svo væri gert.

Mig langar líka að nefna brottfallið. Hverjir komast ekki að í framhaldsskólunum? Kann það að vera, og mig grunar að svo sé að hluta til, að það séu nemar sem láti skrá sig inn aftur og aftur en stundi ekki nám, falli frá námi. Ég hef ákveðinn grun um að það sé hluti af þeirri tölu. Mér finnst, hæstv. forseti, að kanna þurfi hvað liggur á bak við þessar tölur.

[14:44]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka ráðherra þessi svör, þau voru mjög greið. Það skiptir miklu máli að rafrænni skráningu sé komið á. En mér finnst hv. þingmenn eiginlega skamma vitlausan aðila í þessu máli. Getur ekki verið að þeir einstaklingar sem er vísað frá skóla eigi við einhver vandamál að stríða? Getur ekki verið að eitthvað sé að hjá þeim sjálfum og taka þurfi á því en ekki að menntakerfið sé svo vont að vísa þeim frá mannvonskunnar vegna eða af fjármálaástæðum? Menntakerfið hér er nefnilega afskaplega gott og það er alltaf í bata og framför.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er eitthvað að í menntakerfi sem vísar frá 120 einstaklingum sem vilja snúa aftur til náms eftir hlé, rétt eins og 120 börnum væri vísað frá grunnskóla. Með sama hætti eiga þeir sem sækja um nám í framhaldsskóla að fá þar inni. Það er eitthvað að í menntakerfi sem það gerir og á sama tíma er veifað yfir hausamótum framhaldsskólakerfisins tillögu um skerðingu náms til stúdentsprófs og sparnaði upp á tæpa 2 milljarða á ári í rekstri skólanna um leið og þær staðreyndir liggja fyrir að ekki er hægt að taka á móti þeim sem í skólana sækja.

Alþt. 2005. B. (132. löggjafarþing).

Þetta eru alvarlegar staðreyndir og hlýtur að kalla á endurskoðun á framhaldsskólakerfinu og skólakerfinu öllu þar sem samfella skólastiganna er gaumgæf og flæði þar á milli tryggt enn þá betur og sérstaklega með það fyrir augum að framhaldsskólinn verði fluttur til sveitarfélaganna. Sveitarfélögin hafi með að gera rekstur leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Með því tryggjum við samfelluna á milli skólastiga og þannig styttum við námstíma til stúdentsprófs á milli áfanga skólanna og grunnskólanna hjá þeim sem við það ráða og sækjast eftir því. Það er kjarni málsins. Ég er sannfærður um að þessi vandræðagangur með að vísa fólki frá, vísa 120 einstaklingum sem vilja snúa aftur til náms frá, væri ekki uppi ef framhaldsskólinn væri rekinn af sveitarfélögunum. Svo miklu meiri kraftur og svo miklu meiri metnaður er í rekstri grunnskóla nú en þegar ríkið hafði með þá að gera að ég er sannfærður um að sá sami metnaður, sá sami kraftur verði til staðar í rekstri framhaldsskólans ef hann yrði færður til sveitarfélaganna frá miðstýringu ríkisvaldsins. Ég er sannfærður um það og ég vona að við sjáum þá þróun eiga sér stað á næstu árum að framhaldsskólinn fari til sveitarfélaganna og þessi vandamál verði leyst og hann verði rekinn með reisn.

[14:47]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Á stundum virkar það eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sé frá Mars en búi ekki á móður jörð miðað við þá sýn sem hann hefur á menntamál landsins og að framhaldsskólinn eigi að fara til sveitarfélaganna. Að sjálfsögðu er rétt að ræða það en það er tilefni til miklu lengri umræðna. En þar eru mjög athyglisverð sjónarmið sem hægt er að benda á í tengslum við slíkan flutning sem sérstaklega mundi koma niður á landsbyggðarsveitum og bæjum landsins. Við getum tekið umræðu um það síðar.

Rétt er að ítreka að framhaldsskólinn er opinn öllum. 119 einstaklingar hafa sótt um framhaldsskólavist og ekki komist að, m.a. út af hverju? Út af því t.d. að ákveðnar brautir eru nú þegar fullar. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að þeir hafa ekki komist inn en meginástæðan er þó sú. Það sem við skulum hafa sérstaklega í huga er að við erum að auka fjármagn til framhaldsskólastigsins nú sem aldrei fyrr og ég bið hv. þingmenn að skoða sérstaklega hvað er á fjárlögum fyrir næsta ár. Það er sérstaklega haft í huga að framhaldsskólinn eigi að vera opinn öllum.

Ég vil líka nefna og það var tilgangur minn áðan að benda á þessa 0,6% tölu, að það er sérstaklega hægt að segja um áætlun ráðuneytisins varðandi framlögin til framhaldsskólastigsins að hún er að reyna að ná yfir alla þá sem sækja um í framhaldsskólana. Ekki er hægt að segja að við séum ekki að taka tillit til allra sem eru að sækja um í framhaldsskólunum. Framhaldsskólinn er opinn öllum og við erum búin að tryggja fjármagn til þeirra hluta. Sumir komast ekki inn í MR af því að hann er fullur. Það sama er hægt að segja um Verslunarskólann. Hægt er að færa eðlilegar röksemdir fram fyrir því af hverju þetta fólk komst ekki inn í framhaldsskólann. Framhaldsskólinn er og verður opinn öllum.

Umræðu lokið.

Óhollt mataræði í skólum.

Fsp. ÁRJ, 160. mál. — Þskj. 160.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Mér er hollustan ofarlega í huga í dag og er með fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um óhollt mataræði í skólum og spyr hæstv. ráðherra hvort komið hafi til umræðu að hún beiti sér fyrir því að óhollur matur verði ekki á boðstólum í skólum landsins.

Mikil vakning hefur orðið um bætta hollustu í mataræði hjá börnum. Grunnskólarnir hafa tekið verulega á þessum málum og komin eru mötuneyti þar sem passað er upp á að börnin fái hollt mataræði og sama er náttúrlega á leikskólastiginu, ég hef fylgst með því. En síðan hafa foreldrar kvartað yfir því að þegar börnin þeirra koma í framhaldsskólana er nokkuð annað upp á teningnum. Þá sé meira verið að sækja í sælgæti, gosdrykki og aðra óhollustu.

Ég gerði smákönnun á því hvernig staðan væri í framhaldsskólum landsins og hafði samband við alla framhaldsskóla. Þar er það þannig að fjórðungur allra framhaldsskóla er ekki með mötuneyti en þeir eru allir með sjoppur eða þá þeir selja sælgæti, gosdrykki og aðra óhollustu í mötuneytunum. Þess vegna fannst mér ástæða til að kalla eftir því hjá hæstv. ráðherra hvort hún hyggist bregðast á einhvern hátt við þessu. Nú er forsætisráðuneytið farið af stað með vinnu sína um hollustumálin og nágrannalönd okkar hafa verið að taka á þessum þáttum í skólunum, m.a. hafa Bretar ákveðið að banna allt ruslfæði í enskum skólum. Matur sem ríkur er af salti, fitu og sykri verður bannaður með öllu í breskum skólum innan árs. Þetta tilkynni Ruth Kelly, menntamálaráðherra Breta, á landsfundi breska Verkamannaflokksins í haust. Þeir banna einnig alla sjálfsala og sjoppur þar sem verið er að selja gos, sælgæti og flögur eins og það er kallað, kartöfluflögur eða hvað það er.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hún ætli að leggja þeirri vinnu lið sem farin er af stað, eins og t.d. hjá forsætisráðherra, og leggja þarna lóð á vogarskálarnar og banna eins og Bretar og reyndar ýmsir Norðurlandabúar hafa gert, óhollustu sem er á boðstólum í íslenskum framhaldsskólum því ég veit að ástandið er þokkalegt í grunnskólunum.

[14:52]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fékk fyrirspurnina til mín sem hljóðaði svo:

„Hefur komið til umræðu að ráðherra beiti sér fyrir því að óhollur matur verði ekki á boðstólum í skólum landsins?“

Ég ætla að taka leikskólann og grunnskólann líka inn í svar mitt en þeir eru eins og við vitum, ég og hv. þingmaður og kannski hugsanlega einhverjir fleiri í viðbót, reknir af sveitarfélögunum. (Gripið fram í.) Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni, það er ekki víst að allir viti það að leikskólar og grunnskólar séu á forræði sveitarfélaganna. En engu að síður í ljósi þess er fyrirkomulag skólamála í höndum sveitarfélaganna. Með einsetningu grunnskóla hefur orðið hröð þróun í uppbyggingu skólamötuneyta og hægt er að fullyrða að staðan í matarmálum grunnskólabarna er nú miklu betri en hún var fyrir áratug. Og hún er að mínu mati miklu betri, með fullri virðingu fyrir Bretum, en úti í Bretlandi.

Hins vegar liggur ekki fyrir heildaryfirlit um stöðu þessara mála en full ástæða er til þess að kanna með hvaða hætti staðan er í grunnskólum og fá yfirlit yfir hvers konar matur er á boðstólum fyrir nemendur og hvernig þeir síðan nýta sér það framboð skólans.

Í framhaldsskólanum er skipulag matarmála með ýmsum hætti og engin sérstök lagaákvæði eru um útfærsluna sem er alfarið í höndum skólanna sjálfra og án afskipta ráðuneytisins.

Það hefur ekki farið fram sérstök umræða um það hvort menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir því að óhollur matur sé fjarlægður úr grunnskólunum eða framhaldsskólunum, enda eru grunnskólarnir eins og ég ítrekaði áðan á forræði sveitarfélaganna og ég vil láta þeim það eftir. Ég mun ekki beita mér fyrir því prívat og persónulega að óhollur matur verði fjarlægður úr öllum framhaldsskólum heldur vil ég miklu frekar sjá ákveðið í samræmi við þá stefnu að framhaldsskólarnir séu sem sjálfstæðastir, að það séu forráðamenn skólanna í samvinnu við nemendafélög og foreldra sem taki sjálfstæða ákvörðun um hvernig skóla þeir vilja móta innan sinna raða þannig að það verði ekki miðstýrð tilskipun ofan úr ráðuneytinu hvað má og hvað má ekki.

Sveitarfélögin, sem er ánægjuefni, hafa lagt mikla áherslu á að bjóða heitan mat í hádeginu á skólaskyldualdri. Þetta er mjög jákvæð þróun að mínu mati því ljóst er að tengsl góðrar næringar við námsárangur eru mikil og góð. Þess vegna er í ljósi þessa eðlilegt að í kjölfar upplýsinga um mötuneyti eigi sér stað umræða um hvernig mat eigi síðan að bjóða upp á í skólum.

Menntamálaráðuneytið hefur ekki til þessa beitt sér með beinum hætti á þessu sviði en ég vil þó vekja athygli á að það hefur veitt ýmsa styrki til aðgerða, t.d. með verkefninu Heilsuefling í skólum fyrir nokkru og einnig með stuðningi, t.d. við Latabæ, við þjóðarátak gegn hreyfingarleysi og offitu barna. Óbeint erum við að hvetja unga fólkið okkar hvort sem það er í grunnskólum eða framhaldsskólum til að hreyfa sig og vera meðvitað um hversu mikilvægt það er að borða hollan og góðan mat, ekki síst með tilliti til námsárangurs þeirra.

Ráðuneytið setur leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum aðalnámskrá, sem ég vona líka að flestir viti hér inni. Í aðalnámskrá allra skólastiga er lögð áhersla á heilbrigða og holla lífshætti. Á öllum skólastigum er kjörinn vettvangur til að fjalla um slík mál innan námsgreinarinnar lífsleikni. Á grunnskólastigi er líka rétt að taka fram að heimilisfræði er skyldunámsgrein og þar er m.a. lögð áhersla á að nemendur læri að útbúa holla og næringarríka rétti, læri um næringarfræði, heilbrigði, hollustu og neytendafræði og það smiti vonandi síðan út í neysluna sjálfa þannig að þeir átti sig á því að best er að borða hollan og góðan mat. Á framhaldsskólastigi er matreiðsla víðast hvar vinsæl valgrein í almennum framhaldsskólum.

Ég vil sérstaklega nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, og hvetja foreldra til að brýna fyrir börnunum mikilvægi

hollrar fæðu. Ég vil einnig hvetja stjórnendur skóla, sveitarfélög sem og framhaldsskóla til að beita sér fyrir því að óhollur matur verði ekki á boðstólum í skólum landsins.

[14:56]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því hve óvenjujákvæð hæstv. menntamálaráðherra er í þessu máli og hvet hana til að taka sér ríkisstjórn Tonys Blairs og Verkamannaflokksins í Bretlandi sér til fyrirmyndar þar sem þeir hafa skorið upp herör gegn ruslfæði í skólum.

Þetta er stórt mál og gott að hv. þingmaður hreyfði við því. Sjálfur var ég um tíma forfallakennari í matreiðslu í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ og þekki vel hversu mikilvægt það er að kenna börnunum hollt mataræði og hve mikilvægt er að næringarfræði sé haldið mjög að börnum og boðið sé upp á hollt fæði í skólunum.

Eins og skólastjóri í Fellaskóla sagði einu sinni við mig í heimsókn Samfylkingarinnar þangað var það eitt af stærstu vandamálunum í skólanum hvað stór hluti barnanna kom í skólann á morgnana án þess að hafa borðað morgunmat og var þess vegna mjög til ófriðar fram eftir degi. Þetta er því eitt af þeim málum sem þarf vissulega að skoða. Það er mataræði í skólum, bæði hollt og óhollt.

[14:57]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Það er afskaplega skemmtilegt að ræða hér um hollt mataræði. Ég styð einmitt tillögu heilbrigðis- og tryggingnefndar frá síðasta vori um hollt mataræði og hreyfingu. Það er náttúrlega öllum ljóst hvað hollt mataræði er mikilvægt. Ég vil koma því að í þessari umræðu að hinar hollu mjólkurvörur okkar hafa ekki hækkað í verði í nokkur ár sem er mjög mikilvægt.

Af því að Bretar hafa verið nefndir hér er líka athyglisvert að það þurfti þennan fræga sjónvarpskokk Jamie Oliver til að fá Tony Blair til að hugsa um hollt mataræði í skólum og það sýnir sig hvað hægt er að gera með frægum persónum og þeir hafa tekið á þessu.

Ég held að mataræði hjá okkur hafi aldrei verið eins slæmt og í breskum skólum, sem byggist mikið upp á fitu en sem betur fer hefur það ekki verið hér. Ég vil líka taka undir með hæstv. menntamálaráðherra varðandi Latabæ, hvað sá boðskapur skiptir miklu máli.

[14:59]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem á sér stað enda brýnt mál á ferð. Eins og kom fram í máli hæstv. menntamálaráðherra hefur mataræði áhrif á námsgetu barna.

Ég hefði viljað heyra frá hæstv. menntamálaráðherra eitthvað í þá átt að hún ætlaði að taka á því að í 50% af framhaldsskólum landsins væru einungis sjoppur en ekki mötuneyti, við gætum því hugsanlega séð fram á að matarmenningin í framhaldsskólunum mundi breytast.

Ég er af snúða- og appelsínkynslóðinni í framhaldsskólanum og ég mæli ekki endilega með því. Ég hefði viljað heyra hjá menntamálaráðherra í það minnsta að hún mundi vilja skoða kostnað við það að setja upp einhvers konar mataraðstöðu eða mötuneyti í þeim skólum sem slíkt er ekki til staðar.

[15:00]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að hlusta á þessa umræðu og heyra hvað menn eru einhuga. Ég vil rifja það upp að fyrir um það bil 12, 15 árum átti ég þess kost að taka þátt í umræðu sem þessari á búnaðarþingi þar sem Bændasamtökin, bæði garðyrkjubændur og aðrir bændur voru að heimfæra upp á Ísland umræðu sem var á Norðurlöndum þá fyrir 12–15 árum um einmitt þessi mál. Og það var að frumkvæði þeirra samtaka að hafin var umræða hér á landi um þessi mál í samvinnu við skólayfirvöld og sveitarfélög nákvæmlega á þessum grunni. Það er gaman að vera þátttakandi í því og vitni að því hvernig hlutirnir gerast. Oft er sagt að góðir hlutir gerist hægt. En við erum á réttri leið.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þó ég hafi ekki alveg verið sátt við þau. Ég var auðvitað að taka til umræðu framhaldsskólana af því, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, að sveitarfélögin eru með fyrri stigin í skólunum. En það hafa verið gerðar á því úttektir að börnum og unglingum líður betur í skólanum og þeim tekst betur að tileinka sér námsefnið ef þau hafa borðað hollan mat og lítinn sykur.

Ég hefði viljað heyra hæstv. ráðherra segja það hér að hún ætli að taka á þessu með beinum hætti en ekki með óbeinum hætti. Að taka á þessu máli með óbeinum hætti og hafa svo sjoppu í hverjum skóla er náttúrlega ekki nógu gott. Foreldrar kvarta yfir því þegar krakkarnir fara úr grunnskólunum yfir í framhaldsskólann að þá tekur sælgætisátið við vegna þess að það er þar mest í framboði.

Varðandi hvað aðrar þjóðir eru að gera þá verið að banna sælgætisát í framhaldsskólunum t.d. í Bretlandi og meira að segja er það orðin stefna nýju ríkisstjórnarinnar í Noregi að skylda hreyfingu í öllum skólum. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. ráðherra út í það. Ef hún vill ekki taka fastar á þessum málum með óhollustuna og framboð á henni í skólunum nema bara óbeint er hún þá tilbúin að setja inn í skólaskylduna hreyfingu á hverjum degi? Það eru Norðmenn einmitt að gera núna með sinni nýju ríkisstjórn, þ.e. að skylda hreyfingu inni í öllu námsefni. Börnin verða að hreyfa sig tiltekið mikið á hverjum einasta degi. Vandinn sem við stöndum frammi fyrir hér er náttúrlega að í framhaldsskólanum er krökkunum ekki hleypt út vegna þess að það er svo mikil hætta á því að þau séu að hrekkja litlu krakkana sem eru í skólanum með þeim. Yfir þessu hefur einmitt verið kvartað við mig og þess vegna tel ég ástæðu til þess að hæstv. ráðherra taki á þessu líka með hreyfinguna, ekki bara hollustunni.

[15:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Þegar spurt er um skóla hlýt ég að tala

um allt skólakerfið frá leikskóla og alveg upp í háskóla. En ég tek undir með hv. þingmanni. Það skiptir mjög miklu máli að þetta fari saman, hollt mataræði og hreyfing. Þannig er það nú. Ég hvet alla líka til að byrja heima fyrir. Hv. þingmaður vék hér áðan að því að börnin í skólum landsins kæmu oft frekar vannærð eða lítt nærð í skólann að morgni. Ég held að við verðum að byrja heima fyrir og muna að hollur morgunmatur er uppistaðan í deginum. við verðum líka að hafa hugfast að því miður erum við allt of gjörn á það að keyra t.d. börnin okkar, skutla þeim hingað og þangað. Við verðum náttúrlega að reyna að hvetja alla til hreyfingar. En það er ekki mikil hvatning í því að letja börnin okkar til þess að hreyfa sig með því að skutla þeim kannski nokkur hundruð metra í skólann. Auðvitað á að byrja heima fyrir.

Skilaboðin af minni hálfu eru alveg skýr til allra þeirra sem starfa í skólum landsins, hvort sem það er í leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla eða í háskóla, þ.e. að bjóða upp á hollan og góðan mat og að þetta verði gert í samstilltu átaki en ekki í gegnum miðstýrðar ákvarðanir. Skilaboðin af minni hálfu eru skýr: Hafa hollan og góðan mat, hreyfa sig sem mest, en að frumkvæðið og samstaðan og samvinnan í þessum efnum komi innan frá, komi frá skólunum, komi frá nemendunum í framhaldsskólanum, kom frá kennurum og skólastjórnunum í framhaldsskólunum.

Á meðal sveitarfélaganna eru mjög góðir hlutir að gerast. Þau hafa staðið sig vel varðandi það að tryggja framboð á hollum og góðum mat. Ég vil líka benda á það að á vegum Lýðheilsustofnunar eru unnar kannanir reglulega um mataræði landsmanna og mér skilst líka á meðal skólafólks og það er nokkuð sem við eigum að nýta til enn frekari hvatningar og stefnumótunar.

Umræðu lokið.

Könnun á fjarsölu og kostun.

Fsp. KolH, 194. mál. — Þskj. 194.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Það eru liðin sex ár síðan ég bar fyrst fram fyrirspurn um kostun dagskrárliða í útvarpi og sjónvarpi úr þessum ræðustóli. Þá átti ég orðastað við hæstv. þáv. menntamálaráðherra Björn Bjarnason. Ég hafði ástæðu til þess á þeim tíma að fara í ræðustól vegna þessa máls því að ég taldi 21. gr. útvarpslaganna vera þverbrotna meira eða minna af öllum ljósvakamiðlunum sem á annað borð buðu upp á kostun. Ég tel svo enn vera, hæstv. forseti.

Hæstv. fyrrv. menntamálaráðherra svaraði mér því til á sínum tíma að grunnprinsippið í þessari kostun væri að birta nafn viðkomandi kostunaraðila en ekki auglýsa vöru hans eða þjónustu. Það sama ætti að gilda í útvarpi og sjónvarpi og það væri óheimilt að blanda saman kostun og einhverju efni úr auglýsingum, svo sem skilti, myndskeiði eða hljóðrásum.

Í vor lagði ég svo fyrirspurn fyrir hæstv. núv. menntamálaráðherra um þetta sama efni, þ.e. á hvern hátt stjórnvöld hefðu fylgt því eftir að útvarps- og sjónvarpsstöðvar færu að kostunarreglum 21. gr. útvarpslaganna. Hæstv. ráðherra svaraði því til að útvarpsréttarnefnd hefði það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og þar á meðal útvarpssendingum í íslenskri lögsögu. Hún hafði þá nýverið skipað nýja útvarpsréttarnefnd, þ.e. hinn 1. október 2004 og hún upplýsti þingheim um að sú útvarpsréttarnefnd hefði ákveðið að láta fara fram könnum á því hvernig upplýsingum, fjarsölu og kostun helstu sjónvarpsstöðvanna sem störfuðu með leyfi nefndarinnar væri háttað. Á þeim tíma sagði hæstv. ráðherra að verið væri að kynna forsvarsmönnum sjónvarpsstöðvanna hvernig ætlunin væri að standa að könnuninni og mun útvarpsréttarnefnd hafa lagt á það áherslu að eiga gott samstarf og samvinnu við alla leyfishafa án þess þó að það kæmi niður á því eftirliti sem nefndinni væri ætlað að hafa með höndum samkvæmt útvarpslögum.

Hæstv. ráðherra svaraði mér því til að miðað væri við að niðurstaða umræddrar könnunar gæti legið fyrir á vormánuðum 2005. Nú þykir mér afar forvitnilegt að fá að heyra hvort niðurstöðurnar liggi fyrir og hverjar þær þá séu í helstu dráttum.

[15:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Reykvíkinga, hefur lagt fyrir mig fyrirspurn á þskj. 194 þess efnis hvað líði könnun á fjarsölu og kostun í útvarps- og sjónvarpsstöðvum sem útvarpsréttarnefnd mun hafa látið framkvæma. Jafnframt spyr hv. þingmaður hvort niðurstöður þessarar könnunar liggi fyrir. Eins og ég upplýsti í svari mínu til hv. þingmanns, og hv. þingmaður í rauninni fór ágætlega yfir áðan, í fyrirspurn um þetta efni fyrr á þessu ári í aprílmánuði þá stóð fyrir dyrum af hálfu útvarpsréttarnefndar að gera sérstaka könnun á því hvernig auglýsingum, fjarsölu og kostun helstu sjónvarpsstöðvanna sem starfa með leyfi nefndarinnar væri háttað. Ég tel mikilvægt að þessi könnun verði framkvæmd.

Útvarpsréttarnefnd hefur upplýst mig í tilefni af þessari fyrirspurn hv. þingmanns að nefndin hafi fundað með forsvarsmönnum 365 ljósvakamiðla, Íslenska útvarpsfélagsins hf. og Ríkissjónvarpsins á vormánuðum. Á þeim fundi hafi verið farið ítarlega yfir ákvæði VI. kafla útvarpslaga sem fjallar um auglýsingar, fjarsölu og kostun og gerðu fyrirsvarsmenn þessara sjónvarpsstöðva grein fyrir því hvernig þessum ákvæðum væri fylgt eftir auk þess að fjalla almennt um auglýsingastefnu stöðvanna.

Til að framkvæma athugunina leitaði útvarpsréttarnefnd til fjölmiðlaskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Ekki reyndist unnt að framkvæma þessa könnun fyrir sumarið vegna anna hjá þeim sem tóku verkið að sér. En stefnt er að því að niðurstöður í þessari könnun liggi fyrir nú í árslok samkvæmt upplýsingum mínum. Þá verða þær að sjálfsögðu kynntar sjónvarpsstöðvunum og fjallað sérstaklega um þær á vettvangi nefndarinnar með fyrirsvarsmönnum sjónvarpsstöðvanna.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með að þetta skyldi ekki hafa náðst því mér finnst liggja mikið á í þessum efnum. Mér finnst það augljóst út frá því hvernig sjónvarpsstöðvarnar og útvarpsstöðvarnar líka eru greinilega að misnota aðstöðu sína og misnota kannski þá stemningu sem virðist vera gagnvart þessum lögbrotum. Mér finnst einhvern veginn ekki eins og hæstv. menntamálaráðherra hafi fundist liggja neitt á að gera eitthvað af alvöru í málinu. Ef það gilda lög í þessu landi og allur almenningur sér að þau eru þverbrotin á hverjum einasta degi, jafnvel oft á dag og það glymur í eyrum okkar og við horfum á það í sjónvarpinu, þá finnst mér ekki eðlilegt að við sitjum hjá og látum okkur það í léttu rúmi liggja. Ég lýsi því vonbrigðum með að ekki skyldi hafa verið haldið fast við að þessi könnun yrði látin fara fram síðastliðið vor. Gott og vel, það var ekki gert. Þá unum við við það. Ég segi einungis: Ég treysti því og finnst gott að heyra að félagsvísindadeild háskólans og Fjölmiðlaskólinn skuli hafa fengið þetta verkefni. Ég treysti því unga fólki sem þar starfar vissulega vel til að framkvæma svona könnun og bíð enn óþreyjufull eftir niðurstöðum.

Vonandi verða þær kynntar með hávaða og látum í fjölmiðlum. Ef ekki þá kem ég aftur í pontuna með svipaða fyrirspurn eftir áramótin til hæstv. ráðherra.

[15:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er ekki oft sem ég tek undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur en ég verð að lýsa því yfir og segi alveg eins og er að það voru ákveðin vonbrigði líka fyrir mig að fá ekki þessa könnun í hendur og að hún sé ekki búin. En þetta verk er alla vega í gangi og ég tek undir með hv. þingmanni að það er gott að sjá hverjir framkvæma þessa könnun. Ég bind vonir við að þetta verði búið núna fyrir áramót og hvet þá hv. þingmann, ef það verður þá ekki búið, að koma með aðra fyrirspurn til mín. Þá getum við rætt þetta aftur. En ég vil ekki nota svo sterk orð og gefa mér það algjörlega fyrir fram að sjónvarpsstöðvarnar og útvarpsstöðvarnar séu algerlega að misnota aðstöðu sína varðandi kostun og fjarsölu. Þess vegna erum við m.a. að fara í þessa könnun. Ég vara við því að menn gefi sér þessa niðurstöðu fyrir fram þó að það séu margar ákveðnar vísbendingar til okkar. Það er aftur á móti annað mál.

Virðulegi forseti. Við hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir bíðum báðar spenntar eftir þessari könnun.

Umræðu lokið.

Kanínubyggð í Vestmannaeyjum.

Fsp. MÞH, 104. mál. — Þskj. 104.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra um kanínubyggð í Vestmannaeyjum. Það hefur nefnilega runnið upp fyrir fólki að kanínur eru að gera usla í fuglabyggðum í Vestmannaeyjum, í lundabyggðum nánar til tekið. Þessi dýr hafa verið flutt til Eyjanna af fólki. Þau hafa síðan sloppið laus og byrjað að fjölga sér, náð fótfestu í náttúrunni. Þær koma sér fyrir á búsvæðum lundans í holum í jarðveginum, í bröttum hlíðum Heimaeyjar, grafa þar út jarðveginn, valda jarðvegstjóni og hrekja lundann á brott úr holum sínum, spilla fyrir honum varpi og þar fram eftir götunum.

Margir hafa látið í ljós þá skoðun að hér hljóti að vera hætta á umhverfisspjöllum, bæði að lundinn verði fyrir áföllum með varp sitt en einnig að það sé hætta á jarðvegsrofi og því að jarðvegur skríði í sjó fram eftir að kanínurnar hafa nagað rætur jarðvegsins og grafið holur og þannig ýtt undir það að þessi jarðvegseyðing fari af stað.

Ég vil því bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. umhverfisráðherra:

1. Hafa farið fram rannsóknir á áhrifum kanína á fuglalíf í Vestmannaeyjum og ef svo er, hverjar eru þá helstu niðurstöður þeirra?

2. Hafa stjórnvöld aðhafst eitthvað til að stemma stigu við útbreiðslu kanína í Vestmannaeyjum?

3. Hyggjast stjórnvöld grípa til aðgerða til að útrýma kanínum í Vestmannaeyjum?

[15:15]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Á árunum 2003 og 2004 var unnið rannsóknarverkefni á vegum líffræðiskorar Háskóla Íslands á útbreiðslu og vistfræðilegum áhrifum kanína á Sæfjalli í Vestmannaeyjum. Skýrsla um rannsóknirnar var birt í febrúar 2004 undir yfirskriftinni: Áhrif kanína á lundabyggð í Sæfjalli á Heimaey Vestmannaeyjum.

Meginniðurstöður skýrslunnar eru að lundabyggð í Sæfjalli stafi hætta af viðveru kanína á svæðinu. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um fleiri beinar rannsóknir í þessu sambandi.

Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum hafa haft forgöngu um aðgerðir til að stemma stigu við óhóflegri útbreiðslu kanína þar. Frá árinu 2002 hafa bæjaryfirvöld haft sérstaka heimild umhverfisráðuneytisins til skipulagðra aðgerða til að takast á við umræddan vanda. Leyfi til þess hafa verið veitt til árs í senn með ákveðnum skilyrðum í samræmi við umsagnir Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands m.a. varðandi framkvæmd veiðanna, árlega skýrslugjöf og fleira. Síðast endurnýjaði ráðuneytið leyfi af þessu tagi í lok mars 2005. Um er að ræða beitingu heimildar samkvæmt 7. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sem veitir umhverfisráherra heimild til að útrýma stofni eða tegund dýra sem flust hafa til Íslands af manna völdum.

Þess er vert að geta að á síðustu tveimur árum voru milli 600 og 700 kanínur skotnar í Vestmannaeyjum, hvort árið, á grundvelli ofangreindrar heimildar samkvæmt skýrslu um veiðarnar sem skilað hefur verið til ráðuneytisins. Umhverfisráðuneytið gerir ráð fyrir að af hálfu heimamanna verði þetta vandamál og þróun þess vandlega metið á næstu missirum, m.a. með hliðsjón af ofangreindri skýrslu. Stofn-

anir umhverfisráðneytisins, þ.e. Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands munu veita ráð og faglegt álit um þessi mál.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir að mörgu leyti ágætt og greinargott svar. Það kemur í ljós að hér er á ferðinni alvarlegt umhverfisvandamál því að einhver hlýtur mergðin af þessum dýrum að vera á Heimaey fyrst þar eru veidd árlega 600–700 dýr. Ég held að öllum hljóti að vera ljóst að þessi dýr sem við vitum að eru þeirri náttúru gædd að geta fjölgað sér mjög hratt geta valdið mjög miklu tjóni á skömmum tíma.

Það hefði glatt mig að heyra ef hæstv. umhverfisráðherra hefði lýst því yfir að stjórnvöld hefðu gert meira til að rannsaka áhrif þessara aðskotadýra á íslenska náttúru. Það hefur greinilega orðið umhverfisslys þegar þessi dýr hafa sloppið út í náttúruna og náð að fjölga sér og þau eru farin að valda tjóni á verðmætum og einstökum fuglabyggðum í grennd við þéttbýlið. Það er ljóst að hér þurfa menn að vera mjög vel á verði og þetta þarf að rannsaka vel og fylgjast vel með því hvað gerist þegar svona lagað á sér stað.

Við vitum að aðskotadýr hafa áður valdið miklu tjóni í íslenskri náttúru. Þar er helst að nefna minkinn á sínum tíma. Það setur líka að manni ákveðinn ugg hvað gæti gerst ef þessi dýr, þ.e. kanínur mundu sleppa út á öðrum stöðum þar sem fuglalíf er ríkt og einstakt, til að mynda á fuglaeyjum umhverfis Ísland. Ég gæti nefnt Flatey á Breiðafirði, Skrúðinn eða aðrar eyjar umhverfis landið. Þar gætu þessi dýr valdið miklu tjóni ef þau slyppu út og samfara hlýnandi loftslagi og öðrum hagstæðum aðstæðum þá gæti orðið erfitt að losna við þau.

Ég vil því nota tækifærið að lokum til að hvetja stjórnvöld til að hika ekki við að grípa til aðgerða gegn þessum dýrum en jafnframt að stunda góðar rannsóknir á því sem virkilega er að gerast.

[15:20]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og tek undir með honum um nauðsyn þess að vel sé fylgst með þegar svona tilvik koma upp, þegar dýr sem ekki eru hluti af íslenskri náttúru sleppa laus. Það er raunar ljóst að það er víðar en í Vestmannaeyjum sem þetta hefur orðið að vandamáli. Það er t.d. bæði í Kjarnaskógi á Akureyri og eins í Bláskógabyggð þannig að það er alveg ljóst að þarna þarf að fylgjast vel með og grípa til viðeigandi ráðstafana þegar þess er þörf. Það er einmitt það sem umhverfisráðuneytið hefur gert með því að veita leyfi til þess að veiða kanínur í Eyjum.

Umræðu lokið.

Kóngakrabbi.

Fsp. MÞH, 105. mál. — Þskj. 105.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegur forseti. Ég kem hér upp öðru sinni til að fjalla um mál sem kannski er skylt kanínuinnrásinni miklu í Vestmannaeyjum en nú beinum við athyglinni að hafinu í staðinn fyrir því sem gerist neðan jarðar á Heimaey.

Hér er um að ræða um annan flæking sem gæti borist til Íslands, hefur að því best er vitað ekki komið hingað enn þá, en það er svokallaður kóngakrabbi sem getur orðið gríðarlega stór, um tveir metrar á milli klóa. Kóngakrabbar éta allt sem þeir komast yfir og voru settir út af Rússum við strendur Kólaskaga við Norður-Noreg á árunum 1960–1970. Þar var á ferðinni tilraun til svokallaðrar hafbeitar. Menn vildu setja þennan krabba út, sem upphaflega kemur úr Kyrrahafi, til að gá hvort hann mundi ná að stækka og síðan ætluðu menn að veiða hann til matar. Hér er um mjög verðmæta vöru og verðmæta afurð að ræða og Rússarnir höfðu vonir um að þarna væri hægt að koma á fót nýjum atvinnuvegi í Norðvestur-Rússlandi.

Það sem gerðist hins vegar og kom mönnum á óvart var það að krabbinn fór að fjölga sér. Hann náði að aðlagast náttúrunni á þessum slóðum og þegar stofninn stækkaði hóf hann að marséra vestur á bóginn og birtist brátt við strendur Norður-Noregs og hefur á síðustu árum verið að færa sig með ströndum Norður-Noregs vestur á bóginn og svo suður og mér skilst að hann sé núna kominn langt suður í áttina að Lófóten. Það eru engar horfur á því að þessum krabba sé neitt að fækka. Norðmenn hafa sjálfir hafið veiðar á honum og jafnvel eldi nú á síðustu missirum vegna þess að hér er enn um mjög verðmæta afurð að ræða.

Þetta hlýtur að vekja upp spurningar um hvort þessi krabbi gæti ekki borist hingað til Íslands, annaðhvort að menn tækju hann með sér í hugsunarleysi og hleyptu honum hér út, hentu honum í sjóinn þegar þeir kæmu upp að Íslandsströndum og krabbinn næði þá fótfestu hér á landgrunninu og gæti jafnvel byrjað að fjölga sér. Það mætti líka hugsa sér að lirfur þessa krabba mundu berast með skipum. Skip dæla oft sjó í tanka sína við strendur erlendra ríkja, losa sig síðan við hann þegar þau koma upp að ströndum hér á landi. Það má m.a. nefna dæmi um að nú í sumar fannst svokölluð sandrækja við Álftanes ef ég man rétt og vísindamenn telja að sú rækja hafi einmitt borist hingað með þessum hætti. Þetta er djúpsjávarrækja sem er ættuð sunnar úr Atlantshafi og er mjög algeng í Norðursjó. Mín spurning til hæstv. umhverfisráðherra er:

Hyggjast stjórnvöld grípa til einhverra fyrirbyggjandi aðgerða til að hindra að kóngakrabbi (Paralithodes camtschaticus) berist frá ströndum Noregs yfir í landhelgi Íslands?

[15:24]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Upp úr árinu 1960 fluttu Rússar kóngakrabba til Múrmansk en náttúruleg heimkynni hans eru í norðanverðu Kyrrahafi. Eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi réttilega er þetta ein stærsta krabbategund heims og verður

fullvaxinn allt að 13 kílóum og um tveir metrar milli útréttra klóa.

Á síðustu 15 árum hefur kröbbunum fjölgað gríðarlega og eru nú útbreiddir um allt Barentshaf og suður fyrir Lófóten í Noregi. Árið 2003 var talið að í það minnsta 15 milljón kóngakrabbar hafi verið á svæðinu og fátt bendir til að útbreiðsla hans hafi stöðvast. Þessi vöxtur krabbastofnsins hefur valdið mikilli röskun á jafnvægi í lífríki Barentshafs og Noregshafs svo líkja má við umhverfisslys. Krabbarnir éta nánast allt sem að kjafti kemur frá þörungum til hrogna og seiða af nytjastofnum.

Sem dæmi hefur lífríki Varangursfjarðar gerbreyst af völdum krabbans og veiði spillst verulega. Krabbarnir þvælast einnig í netum sjómanna og skemma þau og enn fremur óttast menn að þeir geti verið hýslar fyrir hættuleg blóðsníkjudýr í fiskum. Á hinn bóginn, eins og réttilega var nefnt, er kóngakrabbi verðmæt sjávarafurð og því eru þeir sem eygja í honum hagnaðarvon ánægðir með tilvist hans. Ólíklegt er talið að tegundin berist af sjálfsdáðum hingað eins og til háttar hér við land. Að líkindum myndar djúprennan milli Skotlands og Færeyja náttúrulega hindrun fyrir útbreiðslu fullorðins kóngakrabba vestur yfir Atlantshafið til Íslands.

Einnig er ólíklegt að sviflirfur krabbanna, þ.e. ungviði, geti borist með straumum til Færeyja. Líklegra er að kóngakrabbinn gæti borist inn á íslenskt hafsvæði af mannavöldum. Slíkt gæti hugsanlega gerst óviljandi t.d. að sviflirfur krabbans bærust með kjölvatni skipa en Náttúrufræðistofnun telur það þó ekki líklega dreifingarleið þar sem lirfurnar mundu væntanlega drepast fljótt. Mun líklegra sé að krabbinn gæti borist hingað af ásetningi vegna fikts eða vegna þess að einhver teldi hag í því fyrir íslenskan sjávarútveg að flytja hann hingað.

Í ljósi þeirra miklu umhverfisáhrifa sem krabbinn veldur og útbreiðslu hans við Noregsstrendur er rík ástæða fyrir íslensk stjórnvöld til að gera allt sem unnt er til að hindra flutning lifandi kóngakrabba á íslenskt hafsvæði. Mun ég á næsta fundi norrænna umhverfisráðherra taka þetta mál upp og óska eftir samvinnu hinna vestnorrænu ríkja um aðgerðir til að stemma stigu við mögulegum flutningi krabbans á Íslandsmið. Einnig mun ég í samvinnu við sjávarútvegsráðherra kanna hvort ekki sé rétt að banna flutning lifandi krabba á íslenskt hafsvæði og jafnframt að hrinda af stað átaki til að upplýsa sjómenn og farmenn um þann usla sem kóngakrabbinn getur valdið.

[15:28]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er um mikilvægt mál að ræða og vert að fara yfir það með öllum tækjum sem stjórnvöld hafa yfir að ráða en umræddur krabbi getur valdið mjög miklum usla í lífríkinu. Eins og kom fram þá étur hann hrogn mikilvægra nytjafiska og svo getur hann borið með sér sníkjudýr sem leggjast á nytjafiska okkar. Þess vegna er vert að fara rækilega yfir þessi mál og væri fróðlegt að fá að heyra nánar hjá hæstv. ráðherra hvaða vinna hefur farið fram nú þegar. En mér skildist á svörum hæstv. ráðherra að til stæði að samvinna yrði við sjávarútvegsráðuneytið, sem ég tel mjög nauðsynlegt að verði, en einnig væri fróðlegt að fá að vita hvaða vinna hefur farið fram nú þegar þannig að menn geti áttað sig á stöðu mála.

[15:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta mál er hér til umræðu. Þessi risakrabbi sem farinn er að breiðast út á norðurslóðum er hrikaleg plága. Þetta mál hefur verið rætt í umhverfis- og auðlindanefnd Norðurlandaráðs þar sem ég á sæti og einnig sú mengun sem getur orðið þegar vatn er losað úr skipum fjarri þeim stað sem það er tekið upp.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að bregðast við þeirri hættu sem okkur getur stafað af risakrabbanum og að farið verði í samstarf við Norðurlöndin um það. Ég hvet hæstv. ráðherra til að banna flutning á kröbbum hingað og ég tel það vera mjög brýnt mál að bregðast við og hefja þá fræðslu sem hún talaði hér um.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með svar hæstv. umhverfisráðherra. Mér finnst stjórnvöld alls ekki taka þessi mál nægilega föstum tökum. Að sjálfsögðu ætti að vera fyrir hendi löggjöf hér á landi sem legði blátt bann við því að menn flyttu þennan krabba hingað til lands og það ætti að vera mjög ákveðinn refsirammi í þeirri löggjöf.

Mér finnst líka að það ætti strax og ætti í raun og veru fyrir löngu síðan að vera búið að grípa til aðgerða sem gengju út á það að vara farmenn og sjómenn við sem sigla á þessar slóðir, þ.e. í Barentshafi, við Norður-Noreg, við Norðvestur-Rússland, við Kólaskaga og inn í Hvítahaf, vara þá við því að taka sjó um borð í skip sín á þessum slóðum og jafnvel skylda þá með einhverjum hætti til að setja efni í þann sjó þannig að lirfur sem hugsanlega væru í sjónum dræpust. Við höfum mjög ákveðnar vísbendingar um að það sé einfaldlega rangt að lirfur krabbadýra þoli ekki svona flutning því að af einhverjum ástæðum hefur sú litla rækjutegund komist hingað til lands á undanförnum árum sem fannst við Álftanes í sumar. Og fyrst sandrækjan lifir af slíka flutninga, hvers vegna ætti ekki kóngakrabbinn að gera það líka? Hér hefðu því átt að vera komnar á fyrir löngu síðan miklu ákveðnari aðgerðir til að hamla gegn þessu en mér heyrðist vera í bígerð hjá hæstv. umhverfisráðherra.

Ef þessi krabbi kemur hingað inn á landgrunnið munum við sennilega aldrei aftur losna við hann. Hann mun ná hér fótfestu, hann mun ná að fjölga sér og verða til tjóns í lífríkinu við strendur Íslands. Og verði það að veruleika er alveg ljóst að það er ríkisstjórnin sem verður dregin til ábyrgðar.

[15:33]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þessa ágætu umræðu. Hér er verið að hreyfa alvarlegu máli. Spurt var sérstaklega um hvaða vinna hefði farið fram nú þegar af hálfu umhverfisráðuneytisins. Við höfum fyrst og fremst horft til reynslu Norðmanna í þessum efnum og stofnanir umhverfisráðuneytisins hafa fylgst mjög náið með þróuninni þar. Eins og ég nefndi

áðan telur Náttúrufræðistofnun að lirfurnar séu ekki líkleg dreifingarleið þar sem þær dræpust væntanlega fljótt. Hins vegar er full ástæða til þess fyrir okkur að taka þessi mál alvarlega og stemma stigu við því að þetta kvikindi geti borist inn á hafsvæði okkar. Því hyggst ég, eins og ég lýsti áðan, taka þessi mál upp á vettvangi norrænu umhverfisráðherranna og einnig eiga samvinnu við sjávarútvegsráðherra um þau og upplýsa sjómenn og farmenn um þann skaða sem krabbinn getur valdið. Ég tel því að þar með sé brugðist við þessum vanda af ábyrgð.

Umræðu lokið.

Kadmínmengun í Arnarfirði.

Fsp. MÞH, 106. mál. — Þskj. 106.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Enn og aftur kem ég upp í ræðustól til að bera fram skrýtnar spurningar til hæstv. umhverfisráðherra. Nú er það kadmín sem um er að ræða. Kadmín, hvað er það? Jú, þetta er þungmálmur sem finnst í náttúrunni.

Málavextir eru þeir að veturinn 2001, nánar tiltekið í desember, voru veiðar á hörpudiski bannaðar í Arnarfirði og ástæða þess var sú að nokkrar prufur sem höfðu verið teknar sýndu fram á að mælst hafði of mikið af þungmálminum kadmín í holdi hörpudisksins. Hann var því talinn óhæfur til manneldis samkvæmt alþjóðlegum stöðlum þó að þessi gildi væru reyndar mjög lág. Þetta kom öllum mjög á óvart því að ekki var vitað til þess að neinn mengunarvaldur væri í Arnarfirði. Af einhverjum ástæðum mældist þrátt fyrir það óvenjumikið af þessum þungmálmi á þessum stað, í einum stærsta firði Vestfjarða.

Þetta vakti að sjálfsögðu verulega athygli á sínum tíma og varð auðvitað áfall fyrir atvinnulífið við Arnarfjörð því að veiðar á hörpudiski voru bannaðar. Seinna kom í ljós að of hátt magn af kadmíni mældist í holdi bláskeljar eða kræklings. Það leiddi til þess að mjög athyglisverðar og lofandi tilraunir sem voru hafnar á kræklingaeldi í Arnarfirði lögðust einnig af. Þetta hefur því orðið mikið áfall fyrir fólk sem býr við Arnarfjörð einkum og sér í lagi á Bíldudal.

Ég kom í ræðustól 18. febrúar árið 2004 og bar fram fyrirspurn til þáverandi hæstv. umhverfisráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur, um rannsóknir á þessu fyrirbæri, þessari dularfullu mengun. Í svari hennar þá kom fram að fyrirhugað væri að fara út í ákveðin rannsóknarverkefni og veita í þau verkefni þó nokkrum milljónum króna. Mér sýnist í fljótu bragði að nota hafi átt eitthvað í kringum 14 milljónir til að rannsaka þessa mengun betur til að reyna að komast til botns í því hvað hér væri í raun og veru á ferðinni. Var um að ræða mengun af mannavöldum? Var um að ræða mengun af náttúrunnar hendi? Hversu útbreidd var þessi mengun? Er hægt að gera eitthvað til að koma í veg fyrir hana? Gat jafnvel verið um að ræða einhvers konar mæliskekkju og misskilning frá upphafi? Ég hef síðan ekki heyrt neitt um þessar rannsóknir. Af einhverjum ástæðum hefur farið afskaplega lítið fyrir þeim þó að þetta mál hafi vakið mikla athygli eins og ég sagði áðan.

Ég vil því spyrja hæstv. umhverfisráðherra að því hvað hefur verið gert til að kanna ástæður og útbreiðslu þessarar mengunar og hvort umhverfisráðuneytið hyggist beita sér fyrir frekari rannsóknum á henni.

[15:38]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Hér er einnig hreyft mikilvægu máli og gott að hafa slíka staðfestu af hálfu hv. fyrirspyrjanda. Árið 2004 var veittur styrkur úr AVS-rannsóknarsjóði, þ.e. aukin verðmæti sjávarfangs, á vegum sjávarútvegsráðuneytisins. Styrkurinn var að upphæð 2,5 millj. kr. til slíkra rannsókna. Auk þess kom framlag frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem annaðist þessa rannsókn. Tekin voru sýni til mælinga árið 2004 úr hörpudiski, krækling, seti og rækju úr Arnarfirði. Unnið verður úr þessum sýnum í ár og er stefnt að því að greiningum verði lokið í júní 2006.

Síðan hefur verið veittur framhaldsstyrkur úr AVS-sjóði sjávarútvegsráðuneytisins til þessarar greiningarvinnu, bæði til frekari sýnatöku og til að vinna úr þeim sýnum sem safnað hefur verið. Árið 2003 veitti umhverfisráðuneytið 300 þús. kr. í efnamælingar á seti í framangreind verkefni. Gert er ráð fyrir að fyrstu niðurstöður og hluti af skýringum eigi að liggja fyrir í byrjun árs 2006.

Umhverfisráðuneytið mun halda áfram að stuðla að nauðsynlegri almennri vöktun. Það er hins vegar álit Umhverfisstofnunar sem sér um umsýslu vöktunarverkefna vegna efnamengunar fyrir umhverfisráðuneytið að öflugra grunnrannsókna fremur en vöktunarrannsókna sé þörf til að skýra sérstöðu íslenska hafsvæðisins hvað varðar styrk kadmíns. Ég tel þess vegna brýnt að slíkar rannsóknir fari fram, enda er nauðsynlegt að fá úr því skorið hvað veldur þessum háa styrk kadmíns í lífríki Íslands. Það verður spennandi að sjá niðurstöðurnar af þessum rannsóknum, sem þegar hafa farið fram, þegar þær liggja fyrir í ársbyrjun á næsta ári.

[15:40]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Mér finnst þetta taka mjög langan tíma og í rauninni litlum fjármunum vera varið til þessara rannsókna miðað við hvað hér er um ríka hagsmuni að tefla. Sérstaklega í ljósi þess að á Bíldudal í Arnarfirði er slæmt atvinnuástand og fólk leit til þess að ef mögulegt væri að rækta krækling væri e.t.v. hægt að lyfta atvinnuástandinu upp á ný. Nei, það er ekki hægt að klára þær rannsóknir sem eru forsenda fyrir því að hægt sé að fara í nýsköpun. Það vill svo til að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tók veiðiréttinn og gerði hann að söluvöru og búið er að selja hann í burtu. Síðan þegar fólk hyggst fara út í nýjan atvinnurekstur, nýsköpun, og upp koma ákveðin vandamál þá getur ríkisstjórnin eða stjórnvöld ekki komið sér að því að rannsaka það sem er í veginum fyrir því. Þetta tekur á annað ár eða tvö ár. Mér finnst það hneyksli, frú forseti.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með síðasta ræðumanni

því að í svari hæstv. umhverfisráðherra Sivjar Friðleifsdóttur til mín í febrúar árið 2004 kom fram að þessu verkefni ætti að ljúka fyrri hluta árs 2005. Fyrri hluta þessa árs átti að ljúka því verkefni sem styrkt var með 2,5 millj. kr. en nú er talað um að því verði ekki lokið fyrr en einhvern tíma á næsta ári.

Það kom líka fram í svari frá hæstv. umhverfisráðherra á sínum tíma að fyrir lægi umsókn frá sérfræðingi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um styrk til rannsóknarverkefnis sem hét upptaka ólífrænna snefilefna í lífverum við Norðvesturland. Hér var kostnaðarramminn áætlaður 12 millj. kr. en það er augljóst af svarinu að þessari umsókn hefur hreinlega verið hafnað. Það er mjög slæmt mál. Þetta er náttúrlega enn eitt dæmi þess að hér á landi eru hafrannsóknir og rannsóknir á vistfræði í hafinu umhverfis Ísland eru meira og minna í lamasessi og hafa verið um margra ára skeið. Kæruleysið veður uppi og stjórnvöldum er nákvæmlega sama hvað verður um þessar litlu sjávarbyggðir. Framtíð þeirra er gersamlega látin reka á reiðanum.

Um er að ræða mjög mikilvægar rannsóknir á fyrirbæri sem fæstir skilja ef þá nokkur maður. Rannsóknir á mengun sem hefur áhrif á lífsafkomu heils byggðarlags, fjölda fólks, og ríkisstjórninni virðist vera nákvæmlega sama. Þetta er gersamlega ólíðandi. Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að setja peninga í að rannsaka þetta, athuga hvað er hér á ferðinni? Hvers vegna fáum við slíka mengun upp á einu hreinasta hafsvæði heims?

[15:44]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Þetta virðist nokkuð undarleg umræða. Það er bara svo að hv. þingmenn verða að hafa þolinmæði til að bíða eftir niðurstöðum rannsókna. Ég hef svarað því hér að fjármunir hafi verið veittir í þetta verkefni bæði á árinu 2004 og til framhaldsrannsókna árið 2005. Það er ekki um annað að ræða en að bíða þolinmóður eftir niðurstöðum af þeim. Við getum ekki verið með svipuna á bakinu á vísindamönnunum.

Ástæðurnar fyrir því að styrkur kadmíns er hár í lífríki við Ísland eru ekki þekktar. Rannsóknirnar eiga m.a. að svara því. Talið er að skýringa sé að leita í náttúrulegum aðstæðum fremur en mengunar af mannavöldum, enda eru engar þekktar uppsprettur kadmínmengunar hér á landi. Ég bið hv. þingmenn um að hafa biðlund til að bíða eftir niðurstöðum þessara rannsókna sem þegar eru í gangi.

Umræðu lokið.

Vöktun vegna teknesíum-99 í hafinu.

Fsp. KolH, 175. mál. — Þskj. 175.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég legg fyrirspurn fyrir hæstv. umhverfisráðherra um vöktun vegna teknesíum-99 í hafinu umhverfis Ísland. Segja má að fyrirspurn mín sé í framhaldi af fyrri fyrirspurnum mínum um málið. Um leið og ég komst á Alþingi ákvað ég að reyna að sinna þessu máli, sem ég held að skipti okkur öll verulega miklu máli. Ég lagði fyrir Siv Friðleifsdóttur, þáverandi hæstv. umhverfisráðherra, fyrirspurn árið 1999 um þetta mál. Hún svaraði á yfirgripsmikinn hátt og deildi áhyggjum okkar allra þingmanna.

Teknesíum-99 er geislavirkt efni sem lendir í hafinu vegna losunar frá kjarnorkuendurvinnslustöðvunum í Dounreay og Sellafield. Við höfum orðið vör við það núna og fengið af því fréttir nýverið að aukin geislavirkni mælist í sjó við Ísland. Þannig komu fréttir af því þann 4. nóvember síðastliðinn í Ríkisútvarpinu að sýni sem tekið var út af Látrabjargi í febrúar á þessu ári hefði sýnt tvisvar til þrisvar sinnum hærra gildi geislavirka efnisins teknesíum-99, tvisvar til þrisvar sinnum hærra gildi en áður hafði mælst. Reyndar tekur Sigurður Emil Pálsson, sviðsstjóri vöktunar- og viðbúnaðarsviðs Geislavarna ríkisins, það fram í fréttinni að þetta sé verulega lítið magn og langt innan við viðmiðunarmörk. Hann bendir okkur hins vegar á að sérhver mengun sjávar með manngerðum geislavirkum efnum geti haft gríðarleg áhrif, m.a. á markað okkar fyrir fiskafurðir.

Í fréttinni kom einnig fram að Geislavarnir þurfi að gefa út vottorð til þeirra fiskútflytjenda sem þess óska og í þeim vottorðum sé getið um nýjustu niðurstöður mælinga á þessu efni. Bara þessi frétt getur valdið útflutningi okkar verulegum erfiðleikum.

Í svari Sivjar Friðleifsdóttur til mín árið 1999 sagði hún að tekin hefði verið ákvörðun um að hefja þessa vöktun sem nú er að skila þeim mælingum sem við fáum fréttir af. Ég spyr hæstv. ráðherra hvaða niðurstöður liggi fyrir úr því verkefni og sömuleiðis hvort henni sé kunnugt um hvað líði áformum breska stjórnvalda um að takmarka losun teknesíum-99 frá kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield. Ég spyr hana líka hvort rannsókn á óhappi því sem varð í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield fyrr á þessu ári sé lokið. Ef svo er, hverjar eru þá niðurstöður rannsóknarinnar? Svo spyr ég hvort ráðherra sé kunnugt um áætlanir Breta um að loka kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay árið 2006. Áætlanir voru um að loka henni á næsta ári og lokaspurningin mín varðar áform um aukinn þrýsting á bresk yfirvöld vegna losunar teknesíum-99.

[15:48]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Hér er hreyft mjög alvarlegu máli sem Íslendingar hafa lengi haft miklar áhyggjur af. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þrautseigju hennar í umræðu um þessi mál.

Geislavarnir ríkisins fylgjast með styrk teknetíns í hafinu umhverfis Ísland. Rannsóknirnar sýna að styrkur í þangi er almennt lágur, 1–10 becquerel á hvert kíló. Mælingar á hafsvæðinu milli Grænlands og Íslands árið 1999 sýndu að styrkur í sjó var 0,06–0,09 becquerel á hvern rúmmetra. Mælingar frá árinu 2003 fram í febrúar á þessu ári sýna ekki marktæka breytingu en hæstu gildin eru í pólsjó að norðan, 0,1–0,2 becquerel á hvern rúmmetra. Styrkur teknetíns minnkar eins og búast má við eftir því sem efnið berst lengra frá Sellafield. Mæligildi frá Færeyjum eru sambærileg við íslensk gildi en styrkur teknetíns er hins vegar áberandi meiri í sjónum við strendur Noregs 0,7–1,8

becquerel á hvern rúmmetra.

Í apríl í fyrra birtu bresk stjórnvöld niðurstöður tilraunaverkefnis sem miðaði að því að draga úr losun á teknetíni frá endurvinnslustöðinni í Sellafield. Niðurstöður sýndu að þegar í stað yrði unnt að minnka losun um 90%. Þáverandi losun var 90 tera-becquerel á ári. Í dag er losunin innan við 10 tera-becquerel á ári.

Á þessari stundu hafa bresk stjórnvöld ekki uppi frekari áform um minnkun á losun teknetíns frá Sellafield að því er vitað er. Bresk stjórnvöld hafa hins vegar samkvæmt samningnum um verndun Norðaustur-Atlantshafsins skuldbundið sig til að grípa til frekari aðgerða til að draga úr losun geislavirka efna út í umhverfið fyrir árið 2020.

Bresk stjórnvöld hafa ekki lokið við gerð skýrslu um atvikið sem átti sér stað þegar um 83 þús. rúmlítrar af geislavirkum vökva láku úr skemmdu röri í endurvinnslustöðinni í Sellafield. Hún hefur verið lokuð síðan en samkvæmt upplýsingum sem fengust frá breska iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu er ekki vitað á þessari stundu hvenær vinnu við gerð skýrslunnar lýkur. En strax og upplýsingar bárust um þetta atvik ritaði ég umhverfisráðherra Bretlands bréf og lýsti áhyggjum Íslendinga af ástandi mála. Jafnframt tók ég málið upp á fundi norrænu umhverfisráðherranna á Grænlandi um miðjan ágúst síðastliðinn. Ég hvatti til þess að Norðurlöndin stæðu saman í að þrýsta á bresk stjórnvöld um úrbætur í öryggismálum í Sellafield. Það er ljóst að það stendur ekki á samstöðu norrænu umhverfisráðherranna hvað þessi mál varðar.

Kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay hefur verið lokað og öll vinnsla með kjarnorkuúrgang stöðvuð. Nú er unnið að frágangi svæðisins, geymslu úrgangs og niðurrifi mannvirkja. Áætlanir gera ráð fyrir því að þeirri vinnu verði lokið árið 2036.

Á fundi norrænu umhverfisráðherranna sem var haldinn 26. október síðastliðinn í Reykjavík kynnti ég síðustu tíðindi af málefnum Sellafield. Niðurstaða þeirrar umræðu var sú að ég mundi halda áfram að halda norrænum samstarfsráðherrum upplýstum um þessi mál. Ef ástæða verður til geri ég tillögu til þeirra um frekari sameiginlegar aðgerðir Norðurlandanna, hvort sem er á vettvangi samningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins eða í tvíhliða samskiptum við bresk stjórnvöld.

Eins og ég nefndi áðan deilum við norrænu umhverfisráðherrarnir áhyggjum af þessum málum en enn þá liggur ekki fyrir skýrsla breskra yfirvalda. Það er ljóst að ekki verður um viðbrögð að ræða fyrr en hún er komin fram.

[15:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra heldur vel vöku sinni vegna þessa alvarlega máls, vegna mengunar frá Sellafield. Teknesíum-99 mengun hefur borist frá þeirri kjarnorkuendurvinnslustöð í hafið, en það er geislavirkt efni.

Ég hef fylgst með vinnu hóps sem er frá Lófóten, „Lofoten mot Sellafield" sem hefur unnið að því að berjast gegn þessari mengun. Á fundi með þeim í febrúar kom einmitt fram það sem hæstv. ráðherra sagði, að menn teldu sig hafa fundið aðferð til að geyma þetta efni þannig að það fari ekki í hafið. Ég tel fulla ástæðu til að vel sé fylgst með því að svo sé.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi heyrt af áformum Svía um að flytja kjarnorkuúrgang til Sellafield frá Eystrasaltssvæðinu. Það komu fram upplýsingar á fundi umhverfisnefndar Norðurlandaráðs í sumar um áform um slíkt. Ég tel að við þurfum að vera vakandi fyrir því ef Norðurlandaþjóðir, sem við stöndum saman með, (Forseti hringir.) hyggjast flytja kjarnorkuúrgang á og um okkar hafsvæði.

[15:55]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Þetta er í annað sinn sem endurvinnslustöðin í Sellafield kemur til umræðu. Ég beindi fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra fyrr í haust um hvort Bretar hefðu skilað umræddri skýrslu, sem óskað var eftir með bréfi í sumar, sem hæstv. umhverfisráðherra skrifaði. Hér kemur enn fram í umræðunni að það hafi ekki borist nein skýrsla.

Það kemur einnig fram í svörum hæstv. umhverfisráðherra að hún hafi unnið í þessu máli og haft samráð við norræna umhverfisráðherra. En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hún hafi beitt sér að öðru leyti. Nú höfum við á Íslandi sístækkandi utanríkisþjónustu. Mig langar að spyrja ráðherra hvort hún hafi að einhverju leyti beitt utanríkisþjónustunni og haft við hana samráð um að þrýsta á Breta í þessu máli. Það er náttúrlega stórundarlegt að menn hirði ekki um að svara svona erindum og að við fáum ekki greinarbetri svör en raun ber vitni.

[15:56]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem einfaldlega upp til að hvetja íslensk stjórnvöld til að halda vöku sinni í þessum efnum. Ef ég man rétt er teknesíum-99 geislavirkt efni sem finnst í raun ekki í náttúrunni, eins og til að mynda þungmálmurinn kadmín. Teknesíum-99 er því mjög góður mælikvarði á hve mikil mengun berst frá kjarnorkuendurvinnslustöðvum á Bretlandseyjum. Þetta er að sjálfsögðu mikið áhyggjuefni, ekki bara fyrir okkur heldur fyrir allar þjóðir sem búa við norðanvert Atlantshaf. Norðmenn hafa lengi haft áhyggjur af þessu og fylgst vel með.

Það er náttúrlega mikilvægt fyrir okkur að við getum sýnt fram á með vottorðum að t.d. sjávarafurðir okkar séu hreinar af þessum efnum þannig að enginn vafi leiki þar á.

En það kallar á að við vinnum okkar heimavinnu, að við sinnum rannsóknum á þessum hlutum og þá gildir einu hvort um er að ræða teknesíum-99 eða kadmín.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég vil bæði lýsa ánægju og vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi er ánægjulegt og gott til þess að vita að hæstv. ráðherra skuli jafnmeðvitaður um þetta mál og raun ber vitni. Auðvitað er alveg nauðsynlegt að hún gangi fram fyrir skjöldu og haldi norrænum ráðherrum við efnið í þessu máli. Þar eigum við slíkra hagsmuna að gæta að það er ekki óeðlilegt að hæstv. umhverfisráð-

herra Íslands haldi norrænum umhverfisráðherrum vel við efnið. Ég tek því undir þær athugasemdir sem komu fram hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, að mikilvægt sé að komið verði í veg fyrir að Svíar flytji kjarnorkuúrgang til Sellafield.

Dounreay-stöðinni hefur verkið lokað, segir hæstv. ráðherra. Það er fagnaðarefni en það er náttúrlega hroðalegt að þurfa að viðurkenna það og fá að vita að fyrst árið 2036 sé gert ráð fyrir að frágangi og hreinsun á verksmiðjulóðinni verði lokið. Þetta segir okkur hvílík skaðræðisefni er um að ræða, sem fara út í náttúruna. Því til staðfestingar má geta þess að helmingunartími teknesíum-99 í náttúrunni mun vera um 213 þúsund ár. Þetta er svo gríðarlega stórt vandamál að við megum ekki slaka á klónni í þessum efnum. Það er nauðsynlegt að ræða þessi mál á hinu háa Alþingi, helst á hverjum einasta vetri af mikilli alvöru svo að ráðherrar og ríkisstjórnir nágrannalandanna, ekki síst í Bretlandi, sjái að okkur er mikil alvara. Skýrslu breskra stjórnvalda hefur ekki verið lokið og það er ámælisvert. Ég krefst þess að hæstv. ráðherra haldi breskum yfirvöldum við efnið hvað það varðar.

Að lokum ein örstutt athugasemd. Ég hef fjallað um teknesíum-99 en tek hins vegar eftir því að Geislavarnir og hæstv. umhverfisráðherra eru farin að kalla efnið öðru nafni, teknetín-99. Ég er ekki vel að mér í efnafræði en það mætti kannski skýra fyrir áhugasömum hvað er að gerast.

[15:59]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Það er ljóst að hér á Alþingi erum við sammála um að þetta eru alvarleg mál sem við erum að fjalla um. Þess vegna er mikilvægt að við höldum vöku okkar. Það höfum við gert í gegnum tíðina og beitt okkur á alþjóðlegum vettvangi, bæði með hinum Norðurlöndunum og annars staðar, til að þrýsta á bresk stjórnvöld um umbætur.

Ég vil sérstaklega nefna það að í kjölfarið á slysinu í Sellafield í vor settu bresk stjórnvöld af stað rannsókn. Þeirri rannsókn er ekki lokið þótt rekið hafi verið eftir henni, m.a. í Bretlandi því að menn bíða að sjálfsögðu eftir niðurstöðunum þar og hafa áhyggjur af þessu máli. Á sama tíma hafa Bretar uppi áform um frekari orkuvinnslu með kjarnorku. Það eru auðvitað brennandi mál þar heima fyrir. Ljósasta dæmið um það voru fréttir í sumar eða haust þegar The Independent sló upp frétt um að í Sellafield hefði verið í gangi heilmikill slóðaskapur af hálfu breskra stjórnvalda.

Ég deili því sannarlega með þingmönnum sem hér hafa tekið til máls að þarna er um alvarleg mál að ræða. Ég hef lagt mig fram um að halda vöku okkar Íslendinga í þessum málum gagnvart endurvinnslustöðinni í Sellafield og mun gera það áfram.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 16:02]

[18:00]

Útbýting:

Akstur undir áhrifum fíkniefna, 292. mál, fsp. SF, þskj. 310.

Háspennulínur í jörðu, 128. mál, svar iðnrh., þskj. 305.

Kyoto-bókunin, 281. mál, fsp. MÁ, þskj. 296.

Skerðingarreglur lágmarksbóta, 289. mál, fsp. GAK, þskj. 307.

Söfn, 290. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 308.

Þjónustusamningur við SÁÁ, 293. mál, fsp. HHj, þskj. 311

Æfingasvæði fyrir torfæruhjól, 291. mál, fsp. SF, þskj. 309

Vöktun og bókhald yfir útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Fsp. KolH, 200. mál. — Þskj. 200.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Tilefni þessarar fyrirspurnar má segja að sé frétt sem mér barst til eyrna fyrir skömmu um að úttektarnefnd skrifstofu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna hafi nýlega gert athugasemdir og sent þær íslenskum stjórnvöldum um á hvern hátt við værum að undirbúa okkur undir að innleiða Kyoto-bókunina en eins og kunnugt er tók Kyoto-bókun loftslagssamningsins gildi þann 16. febrúar 2005. Þar með fór af stað fyrir alvöru gríðarlega mikið ferli við að undirbúa fyrsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar sem stendur frá 2008–2012.

Það er margt sem bendir til þess að það verði erfitt fyrir aðila bókunarinnar að uppfylla þær kröfur sem þeir hafa tekist á herðar og Kyoto-bókunin er bara fyrsta skrefið því fyrir liggur að ná tökum á hlýnun andrúmsloftsins og með því þurfum við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum öllum um a.m.k. 50–60% á þessari öld. Og það er ekki svo lítið, frú forseti.

Hæstv. umhverfisráðherra hefur margoft verið spurð um þessi mál hér, bæði sá umhverfisráðherra sem nú situr og svo hæstv. umhverfisráðherra Siv Friðleifsdóttir sem sat á undan henni í þessu embætti. Við vitum líka að á vegum hins opinbera starfar starfshópur um losunarbókhald og losunarspár vegna gróðurhúsalofttegunda sem á að yfirfara gildandi losunarspá og vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um endurskoðun hennar, vinnubrögð og skipulag bókhalds um losun og bindingu og gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag þessara mála með hliðsjón af kröfum Kyoto-bókunarinnar.

Það kom fram í máli hæstv. umhverfisráðherra Sigríðar Önnu Þórðardóttur í janúar á þessu ári að það væri verið að fara yfir öll þessi mál í umhverfisráðuneytinu, við ættum að skila skýrslu til loftslagsskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í árslok 2005 þar sem við þyrftum að sýna með ótvíræðum hætti að við stæðum við skuldbindingar okkar.

Svo fréttist af því fyrir skemmstu að úttektarnefnd frá skrifstofu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna hefði komið hér og gert einhverjar athugasemdir þannig að ég

spyr hæstv. umhverfisráðherra hverjar þær séu, þessar nýlegu athugasemdir úttektarnefndarinnar og sömuleiðis óska ég eftir því að fá að vita hvað líði vinnu við undirbúning vöktunar og bókhalds vegna útstreymis og bindingar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

[18:04]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Umhverfisstofnun, áður Hollustuvernd ríkisins, hefur haldið utan um bókhald vegna útstreymis gróðurhúsalofttegunda og bindingar hér á landi frá 1996. Það er skylda hvers lands samkvæmt ákvæðum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar að fylgjast með losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfisstofnun skilar árlega í gegnum umhverfisráðuneytið tölulegum upplýsingum um útstreymi og bindingu til skrifstofu loftslagssamningsins ásamt ítarlegri skýrslu. Þar er að finna hverju sinni tölur um útstreymi og bindingu kolefnis frá árinu 1990 til þess árs sem nýjustu tölur liggja fyrir um. Í gegnum árin hafa verið gerðar nokkrar breytingar á því bókhaldi í ljósi nýrra reglna um útreikninga af þessu tagi og nýrri og betri upplýsinga um ástand mála hér á landi. Í meginatriðum má bókhald okkar teljast gott þó að vissulega megi bæta ýmis atriði.

Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og ríki sem aðild eiga að loftslagssamningnum og Kyoto-bókuninni vinna stöðugt að úrbótum á aðferðafræði við mælingar og útreikninga af þessu tagi til að gefa sem fyllsta mynd af útstreymi gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum og gagnaðgerðum með bindingu koltvíoxíðs úr andrúmslofti. Á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar sem hefst 2008 verða gerðar ítarlegri kröfur en áður um gæði bókhaldsins. Nauðsynlegt er því að bæta enn frekar vinnu við bókhaldið og er unnið að því. Í umhverfisráðuneytinu er nú unnið að gerð frumvarps til laga sem miðar að því að búa í haginn fyrir gildistöku Kyoto-bókunarinnar. Þar verða væntanlega ákvæði um vöktun og bókhald vegna útstreymis og bindingar kolefnis í gróðri. Auk bókhaldsins ber Íslandi að setja á fót skráningarkerfi fyrir útstreymisheimildir áður en fyrsta skuldbindingartímabilið hefst 2008. Viðræður eru hafnar við erlenda aðila um að setja upp svipað kerfi og Norðmenn og mörg ríki Evrópusambandsins hafa tekið í notkun eða munu taka í notkun á næstunni.

Unnið er að skráningu og bindingu koltvíoxíðs úr andrúmslofti í skógrækt og landgræðslu í stofnunum landbúnaðarins. Samkvæmt upplýsingum úr landbúnaðarráðuneytinu er skráningarvinna um bindingu kolefnis með skógrækt vel á veg komin en skemmra hvað landgræðslu varðar. Unnið verður áfram í þessum málum með það að markmiði að hægt verði að telja alla bindingu kolefnis í skógrækt og landgræðslu Íslandi til tekna á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar.

Í september 2004 sendi skrifstofa loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna úttektarnefnd til Íslands til að fara yfir útstreymis- og bindingarbókhaldið hér á landi. Hún skilaði síðan skýrslu nokkrum mánuðum síðar ásamt ráðleggingum um það sem betur mætti fara í bókhaldinu. Úttektarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að bókhald Íslands um útstreymi gróðurhúsalofttegunda og bindingu væri að stórum hluta fullbúið og í samræmi við leiðbeiningar loftslagssamningsins en kom með nokkrar minni háttar ábendingar. Veigamesta athugasemdin laut að óformlegu fyrirkomulagi bókhaldsins en það er ekki skilgreint í lögum eða reglugerðum heldur byggist á óformlegu samstarfi stofnana. Í væntanlegu frumvarpi til laga um framkvæmd Kyoto-bókunarinnar verða ákvæði sem taka á þessum málum og setja framkvæmd bókhaldsins í fastari farveg.

Nefndin benti einnig á nokkur atriði sem lúta að aðferðafræði bókhaldsins og nákvæmni áætlana um útstreymi frá landbúnaði og urðunarstöðum. Þá óskaði nefndin eftir því að gerð verði grein fyrir óvissumörkum í tölum varðandi einstaka liði í bókhaldinu og að komið verði upp gæðaeftirliti á því.

Í árlegri upplýsingaskýrslu Íslands til skrifstofu loftslagssamningsins árið 2005 er gerð grein fyrir áætlunum Íslands til að bregðast við athugasemdum úttektarnefndarinnar. Þar er bent á að við sumum ábendingum hafi þegar verið brugðist svo sem með því að meta útstreymi metans og köfnunarefnisoxíðs frá eldsneytisbrennslu og vegna notkunar leysiefna og ýmissa framleiðsluvara. Þá er hafin vinna við að formfesta fyrirkomulag bókhaldsins í lögum og að breyta framsetningu á upplýsingum um orkumál í samræmi við það sem nefndin telur æskilegt. Þá er að lokum þess getið að verið sé að skoða með hvaða hætti megi framkvæma ýmsar tæknilegar lagfæringar á bókhaldinu svo sem að meta skekkjumörk í einstökum liðum, bæta gæðaeftirlit, bæta aðferðafræði við mat á útstreymi frá vegasamgöngum, bæta upplýsingar og aðferðafræði varðandi útstreymi frá úrgangi og bæta mat á útstreymi vetnisflúorkolefna og brennisteinshexaflúoríðs.

[18:09]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Hæstv. umhverfisráðherra hefur nú gert grein fyrir þeim athugasemdum sem úttektarnefnd loftslagssamningsins gerði við íslensk stjórnvöld og það á greinargóðan hátt og ég er henni þakklát fyrir svarið, virðulegi forseti.

Það er líka ljóst að íslensk stjórnvöld eru að bregðast við þeim ábendingum sem komu og auðvitað er það af hinu góða og ég fagna því að verið sé að koma þessum málum í það horf að við stöndum mögulega vel að vígi þegar skuldbindingartímabilið sem Kyoto-bókunin mælir fyrir um hefst árið 2008. En hins sakna ég ævinlega þegar hæstv. ráðherra tjáir sig um þessi mál og ríkisstjórnin öll reyndar og það er að maður finni fyrir því á eigin skinni að verið sé að vinna af alvöru í íslenska stjórnkerfinu við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Maður finnur óneitanlega fyrir því að það er verið að vinna við það að reyna að binda útstreymi gróðurhúsalofttegunda í landgræðslu og skógrækt. Það er áhersluatriði hjá íslensku ríkisstjórninni að gera það. Það er vissulega heimilt samkvæmt Kyoto-bókuninni en má ég minna á að það var afar umdeilt ákvæði og það voru uppi kröftug mótmæli á vettvangi samningsins um að það skyldi eiga að vera heimilt að telja sér til tekna það kolefni sem bundið er í landgræðslu og skógrækt vegna þess að það er eins og við vitum aðeins bundið til skamms tíma. Það

losnar á endanum aftur út í andrúmsloftið. Því vildi ég heyra frá þessari ríkisstjórn miklu oftar, ég sakna þess að ég heyri það nánast aldrei, að það séu einhverjar aðgerðir í gangi sem geri það að verkum að Íslendingar ætli að sýna að þeir geti dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda. Okkur nægir ekki að binda kolefni í skógrækt og landgræðslu og okkur nægir ekki að eiga íslenska ákvæðið, stóriðjuákvæðið upp á að hlaupa. Við þurfum að grípa til alvöruaðgerða.

[18:12]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi Kolbrún Halldórsdóttir saknar þess að ekki sé meira rætt um hvernig við Íslendingar ætlum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ég vil láta þess sérstaklega getið að við erum nú að skoða stefnuna Velferð til framtíðar sem er stefnumörkun um sjálfbæra þróun. Hún verður til umræðu á umhverfisþinginu síðar í þessum mánuði og í framhaldi af því mun ég leggja tillögu fyrir ríkisstjórnina þannig að ég vænti þess að þessi mál verði meira til umræðu í vetur en oft áður.

Ég vil líka láta þess getið að í fjárlögum fyrir næsta ár er gert ráð fyrir sérstöku 15 millj. kr. framlagi til að vinna að ýmsum málum varðandi gildistöku Kyoto-bókunarinnar og stærsti hluti þess framlags rennur til uppsetningar skráningarkerfis fyrir útstreymisheimildir Íslands. En það gæti líka komið að gagni varðandi útstreymis- og bindingarbókhaldið og það er ljóst að bókhaldið mun áfram taka breytingum bæði hjá okkur og á alþjóðavettvangi vegna þess að það er stöðugt verið að vinna að því að bæta þá aðferðafræði sem liggur því til grundvallar. En í aðalatriðum er þetta bókhald á útstreymi gróðurhúsalofttegunda í góðu lagi eins og bent er á í skýrslu úttektarnefndarinnar en íslensk stjórnvöld vilja bæta það enn frekar. Í þeirri viðleitni koma ábendingar nefndarinnar að góðu gagni en það er líka alveg ljóst að það bendir allt til þess að við munum standa við okkar hlut á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar og það er meira en hægt er að segja um margar aðrar þjóðir sem verða í miklum vandræðum og þurfa að kaupa sér kvóta.

Umræðu lokið.

Jörðin Saurbær í Eyjafjarðarsveit.

Fsp. KLM, 108. mál. — Þskj. 108.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að bæði á ferðalögum okkar þingmanna um kjördæmi okkar og eins í kjördæmaviku þingmanna með sveitarstjórnarmönnum þar sem við höfum þann háttinn á í Norðausturkjördæmi að hitta allar sveitarstjórnir sem við okkur vilja ræða þá eru ýmis mál færð í tal við okkur þingmenn sem snúa að ríkisvaldinu. Í þessu tilfelli er það áhugi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar á að eignast jörðina Saurbæ sem er ríkisjörð í þeirri ágætu og fallegu sveit. Þar hyggjast þeir m.a. hrinda í framkvæmd áformum sem byggjast á hugmyndafræði menningartengdrar ferðaþjónustu og byggja upp mikið og glæsilegt safn og freista þess að laða til sín fleiri ferðamenn.

Í Sólgarði í næsta nágrenni við húsin að Saurbæ, nánast á jörðinni, hefur smámunasafn Sverris Hermannssonar verið hýst en það er ákaflega merkilegt safn. Þess vegna hefur sveitarstjórnin falast eftir þessari jörð en þar er m.a. glæsileg kirkja, Saurbæjarkirkja sem er torfkirkja, byggð árið 1858 og er í umsjá Þjóðminjasafnsins. Þessi beiðni sveitarstjórnar er studd af Þjóðminjasafninu og kirkjugarðaráði og þetta er eign sem heyrir undir landbúnaðarráðuneytið, þ.e. málefni jarðarinnar. Þess vegna legg ég þá fyrirspurn fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra hvort ekki væri vert að freista þess að saman gæti gengið með Eyjafjarðarsveit og hæstv. landbúnaðarráðherra eða landbúnaðarráðuneytinu um að jörðin og þau hús sem á henni eru, sem mörg eru gömul og illa farin, verði afhent eða seld Eyjafjarðarsveit til þeirrar metnaðarfullu uppbyggingar sem sveitarstjórn er með. Þar yrði þá búvéla- og búnaðarsögusafn, áðurnefnt smámunasafn og síðan þessi glæsilega kirkja. Kirkjan hefur verið í viðgerð undanfarin ár og er nú sem betur fer búið að forða henni frá frekara tjóni og skemmdum.

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er á þskj. 108 og hljóðar svo, til hæstv. landbúnaðarráðherra:

Hvernig hefur verið brugðist við þeirri ósk sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar að sveitarfélaginu verði afhent jörðin Saurbær í Eyjafjarðarsveit og hver er staða þess máls nú?

[18:17]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hvað varðar spurningu hv. þingmanns þá vil ég hér í stuttu máli fara yfir málefni Saurbæjar, hvernig þau hafa þróast frá því að síðasti ábúandi jarðarinnar sagði upp ábúð sinni í mars árið 2000.

1. Skógræktarfélag Eyjafjarðar óskaði eftir að leigja óræktað land jarðarinnar strax.

2. Landbúnaðarráðuneytið leitaði umsagnar sveitarstjórnar og jarðanefndar um ráðstöfun Saurbæjar til að fá upp óskir heimamanna.

3. Ríkiskaupum var falið að verðmeta Saurbæ og barst matsskýrsla þeirra sumarið 2001. Þar var áætlað söluverðmæti Saurbæjar talið rúmar 19 millj. kr.

4. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar sendi landbúnaðarráðuneytinu ályktun í mars 2002 þar sem skorað var á landbúnaðarráðherra að Skógræktarfélag Eyjafjarðar fengi Saurbæ til eignar án endurgjalds og að sú kvöð skyldi fylgja að m.a. eignir og ræktunarlönd gengju til þriðja aðila.

5. Haustið 2002 var þinglýst landskiptum á jörðinni og var tilgangur þess sá að gera leigusamning við skógræktarfélagið.

6. Síðar sama ár barst bréf frá sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þar sem leitað var eftir stuðningi landbúnaðarráðuneytisins við hugmyndir sveitarstjórnarinnar, Þjóðminjasafnsins o.fl. um framtíð jarðarinnar og einnig barst afrit af bréfi sveitarstjórnar til fjárlaganefndar Alþingis um að ekki skyldi vera heimilt að selja hluta Saurbæjar. Enn fremur var þar óskað eftir að ríkissjóður kostaði niðurrif þeirra bygginga sem tilheyrt hafa búrekstri á jörðinni og húsin talin ónýt. Umræddar hugmyndir ganga út á að bæjarhúsin í Saurbæ beri gömlu torfkirkjuna á staðnum ofurliði og til

greina komi að útbúa látlaus hús í stað bæjarhússins sem gefi til kynna hógværar byggingar þess tíma.

Staða þessa máls er þannig nú að gerður hefur verið leigusamningur við Skógræktarfélag Eyjafjarðar um það land sem skipt var út úr jörðinni. Átti ég mjög hátíðlega stund með Skógræktarfélagi Eyjafjarðar og var það afmælishátíð og mjög skemmtilegt í Kjarnaskógi á fallegum degi sumarsins.

Einnig er rétt að geta þess að landbúnaðarráðuneytið og menntamálaráðuneytið hafa unnið saman að því að gera tillögur um Saurbæ. Fóru m.a. starfsmenn ráðuneytanna tveggja norður snemma á þessu ári og fóru yfir málið með sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar og fleiri heimamönnum. Við það tækifæri var farið yfir hvar hugsanlegar fornminjar væru staðsettar umhverfis bæjarhúsin og sú landspilda hnitasett. Gamla torfkirkjan er á forræði Þjóðminjasafnsins og fyrir liggur m.a. álit húsafriðunarnefndar um að ekki þurfi að friða aðrar byggingar á bæjarhlaðinu. Niðurstaða er komin í það mál.

Í tilefni af spurningu hv. þingmanns og svo þeirrar óskar sveitarfélagsins að ríkisjörðin Saurbær verði afhent án endurgjalds þá vil ég undirstrika að ég gef ekki eignir ríkisins og hef í rauninni engar heimildir til þess og yrði sennilega harkalega gagnrýndur fyrir það. Ég hef oftar en ekki verið harkalega gagnrýndur fyrir það að jarðir í eigu ríkisins séu seldar of ódýrt og ekki síst af flokkssystkinum hv. þingmanns. Gildir einu þótt málefnið kunni að vera gott, reglurnar eru skýrar sem settar hafa verið um þessi efni í landbúnaðarráðuneytinu.

Í ráðherratíð minni hefur verið kappkostað í landbúnaðarráðuneytinu að viðhafa samræmd vinnubrögð þegar ríkisjarðir eru seldar. Ef sveitarfélög eða ábúendur hafa viljað kaupa á grundvelli heimilda í jarðalögum þá byggir söluverðið á mati Ríkiskaupa og miðast matið við skipulagsforsendur og er eðli málsins samkvæmt langoftast um landbúnaðarforsendur að ræða. Ef jarðir eru seldar samkvæmt heimild í fjárlögum er meginreglan sú að auglýsa þær og leita eftir tilboðum. Reynist tilboðið ásættanlegt er hagstæðasta tilboði tekið.

Ég lýsi því yfir að þetta hefur tekið tíma, málið hefur verið flókið en við í landbúnaðarráðuneytinu höfum verið í góðu sambandi við sveitarstjórnina. Staða málsins er þessi: Ríkiskaup hafa metið söluverðmæti jarðarinnar og um það hefur verið rætt. Niðurstaða hefur ekki fengist um hvað sveitarstjórnin vill gera og hvort hún vilji borga þessa upphæð. Spurningin er þá sú: Getur landbúnaðarráðherra nokkuð annað en selt samkvæmt því mati sem Ríkiskaup hafa gert? Stundum eru athugasemdir teknar til greina (Forseti hringir.) og sveitarstjórninni er velkomin hvenær sem er í þau góðu samskipti (Forseti hringir.) sem hún hefur átt við mig og ráðuneyti mitt.

[18:22]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir svarið og hvernig málið hefur þróast, vonandi í rétta átt, og þær upplýsingar sem hér hafa komið fram, sem sumar hverjar voru nýjar fyrir mér. Ég vissi t.d. ekki að Ríkiskaup væru búin að verðmeta jörðina á 19 millj. kr. Það er svo auðvitað spurning hvernig verðmat á þessari jörð er fengið. En vegna þess sem hæstv. landbúnaðarráðherra lýsti hér áðan þá segi ég fyrir mitt leyti þegar hann talar um að gefa jarðir og hann hafi verið gagnrýndur fyrir það, að ég kannast ekki við það frá minni hálfu. En ég horfi þó svolítið öðruvísi á málið eins og í þessu tilviki þegar um er að ræða sveitarstjórn sem er með metnaðarfullar hugmyndir um uppbyggingu á svæðinu til að efla byggð og efla ferðamannaþjónustu, sem er mjög mikil í þessari sveit. Ég óttast því miður að þarna sé verið að verðleggja jörðina of hátt. Ég vil hins vegar segja það, virðulegi forseti, að ég hef fulla trú á því að ef hæstv. landbúnaðarráðherra og sveitarstjórn Eyjafjarðar settust niður þá næðu þessir aðilar samkomulagi um verð sem hægt væri að sætta sig við, miðað við hvernig þetta allt hefur gengið fyrir sig. Vegna þess, eins og ég sagði áðan, að um er að ræða sveitarstjórn sem ætlar að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu en vantar húsnæðið sem þarna er, sem sumt er mjög lélegt, þá hef ég smáfyrirvara á þessu verðmati og veit ekki hvernig Ríkiskaup meta þetta.

Virðulegi forseti. Ég segi það eitt í lokin að ég óska þess að hæstv. landbúnaðarráðherra af sínum dugnaði og krafti nái lendingu í þessu máli í sátt og samlyndi við sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar og það geti orðið okkur öllum sem og sveitarfélaginu og menningartengdri ferðaþjónustu í þeirri ágætu sveit til framdráttar.

[18:24]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni orð hans og hans traust. Það er rétt að þetta er glæsilegur staður. Ég hef komið í safnið sem hann minntist á í Sólgarði, safn Sverris Hermannssonar trésmiðs. Er einkar skemmtilegt að sjá hvernig einn maður hefur haldið utan um svo margt sem skipti máli á áratugum síðustu aldar, og verið mikill reglumaður. Þetta er glæsilegt safn. Þessi staður verður glæsilegur fyrir ferðamannaþjónustu og umferð. Það var stórmál að marka hinni merkilegu kirkju í Saurbæ sinn stað, staðsetja útivist og stað fyrir skógræktarfólk Eyjafjarðar, að það fengi viðbótarland til útivistar. Við höfum orðið við þessu öllu. Síðan hef ég átt þetta góða samstarf sem ég tel að við höfum átt með sveitarstjórninni. Málið snýst um mat Ríkiskaupa, það mat er stundum gagnrýnt, bæði af bændum og sveitarfélögum. Þeir koma með skýr rök og stundum er orðið við þeim ef allir eru sammála um að rökin eigi við og byggi á staðreyndum. Það er auðvitað farið yfir það. Þetta verður að vera mjög skýrt, bæði út frá einstaklingum og sveitarfélögum sem eiga kaupréttinn, að jafnræðis sé gætt, jafnræðis milli einstaklinganna og jafnræðis milli sveitarfélaganna. Ég veit að ég og hv. þingmaður erum sammála um það. (Gripið fram í.) Við skulum sjá hvað haustið og næsta ár bera í skauti sér og hvort ekki verður niðurstaða í þessu máli. Ég vona það sannarlega.

Umræðu lokið.

Garðyrkjumenntun að Reykjum í Ölfusi.

Fsp. MF, 132. mál. — Þskj. 132.

[18:27]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í aðdraganda alþingiskosninga á sumardaginn fyrsta, 24. apríl 2003, að viðstöddu fjölmenni, undirritaði hæstv. landbúnaðarráðherra reglugerð þess efnis að Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi fengi formlega heimild til að útskrifa nemendur á háskólastigi. Þetta var stór áfangi hjá skóla sem hafði þrátt fyrir erfiðar aðstæður náð verulegum árangri í að þróa kennslu og námsefni og lagt í það mikinn metnað. Árið 2002 hafði komið út skýrsla sem ber nafnið Háborg græna geirans þar sem fjallað var um stöðu og framtíð Garðyrkjuskólans. Meðal skýrsluhöfunda var t.d. hv. þm. Kjartan Ólafsson sem um árabil hefur unnið fyrir samtök garðyrkjunnar. Í skýrslu þessari kom fram löngu þekkt staðreynd að mikill meiri hluti húsnæðis Garðyrkjuskólans væri ónýtt, varla hægt að segja að það héldi vatni, vindi eða væri músheld.

Ánægja þeirra sem viðstaddir voru þegar hæstv. ráðherra undirritaði reglugerðina 2003 varð því ekki minni þegar hann tilkynnti að til stæði að rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins yrði flutt að Reykjum og andvirði jarðarinnar yrði notað m.a. til að byggja upp nýtt húsnæði Garðyrkjuskólans. Í viðtali við Morgunblaðið 24. apríl það ár sagði hæstv. ráðherra að engum dyldist að nú yrði að byggja upp og efla viðhald bygginga sem fyrir væru og í því máli myndu línur skýrast á næstu vikum. Hann lagði einnig mikla áherslu á hlutverk skólans.

Síðan eru liðin tvö og hálft ár. Á þeim tíma hefur landbúnaðarháskóli, sameinaður af skóla landbúnaðarins, orðið til. Í háskólaráði þess skóla á Græni geirinn ekki fulltrúa. Kennsla er enn að Reykjum en húsnæðið er jafnlélegt og áður, vikurnar frá undirskriftinni eru orðnar ansi margar. Í dag óttast menn að grunn- og verknám Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi verði fært í burtu. Má vera að hagnýtt sé að nám á háskólastigi sé allt á einum stað en allir þeir sem starfa í Græna geiranum, sem eru regnhlífarsamtök þeirra sem starfa í faginu, eru sammála um að grunn- og verknám eigi að vera að Reykjum. Allir vita að það liggur á að staðfesta að svo verði og að farið verði í langþráðar endurbætur á húsnæðinu. Uppbygging garðyrkjunáms að Reykjum hefur verið í góðri sátt við atvinnulífið. Það verður að létta þeirri óvissu sem ríkir um framtíð skólans. Það er staðreynd að lögheimili garðyrkjunnar er að Reykjum í Ölfusi og þannig á það að vera.

Ég spyr því hæstv. ráðherra:

1. Hver eru áform ráðherra um garðyrkjumenntun að Reykjum í Ölfusi, sem heyrir nú undir Landbúnaðarháskóla Íslands?

2. Hver eru áform ráðherra varðandi endurbætur og uppbyggingu húsnæðis skólans að Reykjum og hvenær hefjast framkvæmdir?

[18:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr um áform ráðherra um garðyrkjumenntun á Reykjum í Ölfusi. Í lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, er kveðið á um að stjórn Landbúnaðarháskóla Íslands sé falin háskólaráði og rektor. Þá segir að háskólaráð marki stefnu í kennslu og rannsóknum á móti skipulagi skólans. Rektor er formaður háskólaráðs. Það sem af er þessu fyrsta starfsári háskólans hefur allur þróttur farið í að koma stofnuninni á laggirnar, ákveða innra skipulag, endurskipuleggja kennslu og ná tökum á fjármálum stofnunarinnar. Hv. þingmenn minnast þess að Reykir komu inn í sameininguna á síðari stigum að eigin ósk þegar verið var að sameina Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Í nýju námsskipulagi skólans er kennsla skipulögð þvert á einstakar námsbrautir. Með því opnast leiðir til að tryggja tilvist fámennra námsbrauta sem ekki væri hægt í aðskildum stofnunum. Í þessu nýja námsskipulagi er hugað sérstaklega að garðyrkju og skyldum greinum og innan skólans er nú starfandi vinnuhópur til að vinna að því að lyfta núverandi diplómanámi í garðyrkju og skyldum greinum á stig BS-gráðu og festa þannig í sessi þá vísa að háskólanámi sem komnir voru á á Reykjum fyrir sameininguna. Hvað starfsmenntanámið varðar eru ekki áform um annað en að reka áfram þær starfsmenntabrautir sem starfræktar eru á Reykjum en vinna er hafin í öðrum starfshópi við endurskoðun á öllu starfsmenntanámi skólans og endurmenntunarframboði.

Það skal tekið fram að þessi endurskoðun er unnin í miklu samstarfi við atvinnulífið. Ekkert hefur verið slakað á varðandi kennslu og rannsóknir á Reykjum og þeir nemendur sem þar stunduðu nám við stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands munu ljúka námi þar samkvæmt því skipulagi sem fyrir var.

Hvað varðar síðari spurninguna, þ.e. hver séu áform ráðherra varðandi endurbætur og uppbyggingu við húsnæði skólans að Reykjum þá vil ég segja þetta: Fram undan er stefnumótun varðandi ytra skipulag og uppbyggingu húsnæðis. Landbúnaðarháskóli Íslands hefur nú starfsstöðvar á sex stöðum: Á Hvanneyri, á Hesti í Borgarfirði, á Möðruvöllum í Eyjafirði, á Reykjum í Ölfusi, á Stóra-Ármóti í Hraungerðishreppi og á Keldnaholti í Reykjavík.

Það liggur fyrir að þau áform sem uppi voru um uppbyggingu á Reykjum hafa því miður dregist. Í fyrsta lagi vegna þess að hinir nýju stjórnendur skólans, háskólaráðið og rektor, þurfa svigrúm til þess að átta sig á því hvað þarf að byggja. Nauðsynlegt var að fara í þarfagreiningu í því sambandi. Í öðru lagi hefur dregist að selja þær jarðeignir sem ætlunin var að selja til að fjármagna uppbyggingu á Reykjum og ég ræddi um á sínum tíma. Það liggur í augum uppi að það er að mörgu að hyggja í þessu sambandi. Hér er auðvitað um að ræða langtímaverkefni en ég tel mjög mikilvægt að eyða allri óvissu hvað varðar Reyki í Ölfusi sem allra fyrst vegna nemenda og kennara og byggðarlagsins. Ég veit að Garðyrkjuskólinn á merka sögu og hefur gegnt mikilvægu hlutverki í landinu í áratugi. Þess vegna þarf hlutverk Reykja í framtíðinni að liggja fyrir sem allra fyrst innan hins nýja Landbúnaðarháskóla Íslands. Það er auðvitað skylda mín að herða á þeirri vinnu í landbúnaðarráðuneytinu, innan háskólaráðs og með stjórnendum skólans og það mun ég gera.

[18:34]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ósköp voru þetta fátækleg svör hjá hæstv. ráðherra og nánast engin, hann er eiginlega kominn aftur fyrir sig í umræðunni sem fór fram þegar verið var að sameina skólana. Ég tel að það sé mjög bagalegt.

Um eitt atriði í þessu sambandi vil ég spyrja ráðherra. Nú er ljóst og var vitað að þegar þessar þrjár stofnanir yrðu sameinaðar þá mundi þurfa nokkurt fjármagn til þess að halda starfseminni úti af fullum krafti og einnig til þess að greiða upp skuldir sem höfðu safnast fyrir. Það liggur fyrir að hin nýja stofnun er með verulegan skuldabagga frá fyrri stofnunum og skortir auk þess rekstrarfé og sú staða held ég að sé hvað alvarlegust fyrir starfsemi Garðyrkjuskólans á stöðinni á Reykjum í Ölfusi og reyndar fyrir alla stofnunina í heild. Ég spyr því ráðherra hvers vegna hann taki ekki nú þegar (Forseti hringir.) á fjárhagsvanda stofnunarinnar þannig að (Forseti hringir.) hún þurfi ekki að vandræðast með uppsafnaðan halla.

[18:35]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra talaði um í ræðu sinni að nauðsynlegt væri að eyða óvissu um örlög Garðyrkjuskólans á Reykjum. Ég er þess fullviss að þegar fram kom ósk frá aðstandendum skólans um að sameinast Landbúnaðarháskóla Íslands þá voru þeir aðilar vissir um að skólinn yrði rekinn áfram á Reykjum og töldu það fullvíst í ljósi þeirra yfirlýsinga sem raktar voru hér áðan af hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og því sem hæstv. landbúnaðarráðherra lýsti ítrekað fyrir Sunnlendingum rétt fyrir kosningar. Ég tel það undarlegt og að í raun sé verið að koma aftan að Sunnlendingum ef sú er raunin að staða Reykja sé jafnóviss og hér hefur komið fram og tel að svo þurfi alls ekki að vera.

[18:36]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þótt ég hefði gjarnan viljað eins og aðrir sem hér hafa talað hafa þau skýrari. Árið 2003, 24. apríl, var talið af öllum að aðeins væru örfáar vikur í að fyrir lægi hvernig yrði unnið úr úttekt sem þá hafði verið gerð. Þá hafði verið skilað skýrslu sem heitir „Háborg græna geirans“ og ég minntist á hér áðan, en hana unnu Árni Magnússon, Björn Jónsson og hv. þm. Kjartan Ólafsson, og þar kemur skýrlega í ljós að húsnæðið sem skólinn býr við er að langstærstum hluta ónýtt. Það hefur ekki verið byrjað á endurnýjun þess, það hefur dregist og nú eftir að skólinn hefur verið sameinaður Landbúnaðarháskóla Íslands þá óttast menn, svo það sé nú bara sagt eins og staðreyndirnar eru, að þetta nám sem hefur lögheimili í Ölfusinu verði fært.

Auðvitað er það þannig að það má alltaf taka lögheimili upp og færa til. En Garðyrkjuskólinn á sér margra áratuga sögu og hefur byggst upp á þessum stað og þrátt fyrir erfiðar aðstæður hvað húsakost varðar staðið geysilega vel á síðustu árum. Ég fagna því þó að hæstv. ráðherra sagði að ekki stæði til að fara með starfsmenntabrautirnar frá Reykjum. Það er afar mikilsverð yfirlýsing. Það sem við þurfum núna er stuttur tími þar sem tekin verður ákvörðun um með hvaða hætti verður farið í endurbyggingu á því húsnæði sem fyrir er í takt við þá skýrslu sem unnin var 2002. Þar höfum við grunninn til að byggja á þannig að við þurfum ekki langan tíma. Síðan þarf hæstv. ráðherra að breyta reglugerðum skólans þannig að græni geirinn eigi sinn fulltrúa í háskólaráði. Ég held að á því sé mikil nauðsyn því innan græna geirans eru ákveðnar fagstéttir sem falla alls ekki undir landbúnað, ef svo má orða það.

[18:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Allt er þetta landbúnaður og meira að segja fallegur landbúnaður og bændur eiga tvo fulltrúa í háskólaráði sem þeir hafa skipað. Miðað við stöðuna hefði auðvitað mátt segja að þeir ættu að skoða það vel að hafa þar mann sem akkúrat þekkti vel til á Reykjum, en þetta var þeirra niðurstaða.

Ég held því fram að þessari menntun sé vel borgið í háskólaráði bæði af þeim fulltrúum sem koma frá Bændasamtökunum og ekkert síður af þeim fulltrúa sem ég á þar og vegna mikils áhuga háskólaráðs á þessu námi.

Hv. þm. Jón Bjarnason kom að kjarna málsins eins og oft áður enda gamall skólastjóri og mikilhæfur í því starfi og væri auðvitað betra að hafa hann þar enn þá að störfum. Það er vont, hvort sem það er einstaklingur eða fyrirtæki, að burðast með miklar skuldir og erfiða fjárhagsstöðu. Ég er honum alveg sammála um að það. Í mínum huga er stórverkefni að bæta úr því og þessa dagana er verið að reyna að finna lausn á því hvað landbúnaðarháskólann varðar og ég vona að fjárlögin beri það með sér á þessu hausti að það hafi tekist. Ef við náum saman um það verkefni í þinginu þá er ein óvissa og ein vandræði úr sögunni og að því er unnið.

Það hefur allt komið fram sem skiptir máli. Mín afstaða er í sjálfu sér óbreytt. Ég harma auðvitað hversu þetta hefur dregist en ég bið fólk um að ala ekki á óvissu eða umræðu um að verið sé að leggja Reyki niður því að allt annað er á borðinu eins og ég hef farið hér yfir. Ég vona að niðurstaða um framtíðarskipulag muni liggja fyrir sem allra fyrst og uppbygging að Reykjum geti þá hafist.

Umræðu lokið.

Lánasjóður landbúnaðarins.

Fsp. BjörgvS, 203. mál. — Þskj. 203.

[18:41]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ástæðuna fyrir þeirri fyrirspurn sem ég beini til hæstv. landbúnaðarráðherra má rekja til þess sem fjallað er um í Bændablaðinu sem kom út í dag. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eftir að Lánasjóður landbúnaðarins var seldur Landsbankanum hefur samkeppni lánastofnana um að veita bændum lánafyrirgreiðslu aukist umtalsvert. Bændum er boðið til viðræðna um að koma í viðskipti og það skapar

tækifæri sem vert er að skoða."

Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann hyggist beita sér fyrir því að þeir bændur sem eru í viðskiptum við Lánasjóð landbúnaðarins við sölu hans þurfi ekki að greiða stimpilgjöld til ríkissjóðs eða þeir bændur sem vilja flytja lán sín frá nýjum eiganda sjóðsins til annars banka. Fyrirspurnin snýr að jafnstöðu skuldara við Lánasjóð landbúnaðarins við sölu hans gagnvart öðrum lánastofnunum almennt vegna sölunnar, þ.e. hver staða þeirra sé óski þeir að færa viðskipti sín til annars aðila, þ.e. fá tilboð í lánasafn sitt við Lánasjóð landbúnaðarins t.d. frá þremur eða fjórum öðrum lánastofnunum, og að hagstæðasta tilboðið sem þeir fái í lánin sé t.d. ekki frá Landsbanka Íslands sem keypti lánasjóðinn, en Landsbanki Íslands hefur það forskot að þurfa ekki að borga stimpil- og lántökugjöld til þessara lána. Sú stofnun sem þeir gerðu samninginn við hefur nú hefur verið seld og lánin þar með einnig og bændur vilja fá frjálsar hendur með að færa sig til annarra lánastofnana, bjóði þær betur en Landsbankinn sem keypti stofnunina.

Þetta væri það réttlætismál fyrir bændur og einnig gagnvart öðrum lánastofnunum og gagnvart þeim sem vilja flytja lán sín, fái þeir hagstæðara tilboð um að þurfa ekki að greiða til að mynda ný lán, lántökukostnað og stimpilgjöld sem hér er spurt um. Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra hvort þetta hafi verið rætt við þessa sölu og hvort hann sé með málið á sinni könnu.

[18:43]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hvað þessa fyrirspurn varðar vil ég segja að í frumvarpinu um lánasjóðinn sem varð að lögum í vor er gert ráð fyrir að söluandvirði Lánasjóðs landbúnaðarins rynni til styrkingar á Lífeyrissjóði bænda. Margvísleg rök eru fyrir þeirri ráðstöfun og fór þingið vel yfir þau síðastliðið vor. Ég fól einkavæðingarnefnd að annast sölu sjóðsins og því er ferlinu lokið. Þrír aðilar buðu í sjóðinn og bauð Landsbanki Íslands hæst, en hann kaupir skuldabréfasafnið á 2 milljarða 653 millj. ásamt yfirtöku á skuldbindingum sjóðsins.

Við undirskrift kaupsamninga kom það fram hjá Landsbankamönnum að þeir hygðust lækka vexti til bænda frá því sem stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins hafði ákveðið að vaxtastigið mætti vera. En stjórn lánasjóðsins hafði hækkað vextina um sem nemur tekjum af búnaðarsjóðsgjaldi. Af þessu má vera ljóst að bændur landsins koma almennt mjög vel út úr þessari ráðstöfun. Ekki einungis liggur það fyrir að búnaðarsjóðsgjaldið lækki um 40% heldur munu bændur einnig njóta betri kjara en þeir ella hefðu notið. Það á líka við um samkeppni annarra banka sem hafa verið að bjóða bændum mjög góð kjör, þ.e. KB-banki, Íslandsbanki og einnig sparisjóðirnir, þannig að þarna hefur verið mikil þróun í gangi.

Þá má ekki gleyma því að hefði rekstri sjóðsins verið haldið áfram hefði fé hans brunnið upp á næstu árum og orðið að engu þannig að þetta var heppileg ráðstöfun.

Hæstv. forseti. Nú spyr hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson mig að því hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að þeir bændur sem eru í viðskiptum við lánasjóðinn við sölu hans þurfi að greiða 1,5% stimpilgjald til ríkissjóðs ef þeir flytja lán sín til nýrra eigenda sjóðsins, til annarra banka. Ég fæ ekki séð hvernig ég ætti að gera það né fæ ég skilið hvernig hv. þingmanni í rauninni dettur í hug að spyrja mig að þessu. Ætlast þingmaðurinn til að landbúnaðarráðherra hvetji menn til að brjóta lög landsins eða taka þau í sínar hendur? Gerir þingmaðurinn sér ekki grein fyrir því að frá því að bankarnir hófu að bjóða húsnæðislán á kjörum sem voru sambærileg við Íbúðalánasjóð hefur fjöldi fólks flutt húsnæðislán sín frá Íbúðalánasjóði yfir í bankana? Á þetta fólk þá ekki einnig rétt á því að fá niðurfelld stimpilgjöld af sínum lántökum?

Þetta hefur auðvitað oft verið í umræðunni. Vill þingmaðurinn að bændur njóti sérkjara umfram aðra landsmenn hvað þetta varðar? Einnig tel ég það víst að ef ég hygðist beita mér fyrir þessu væri ég að kom aftan kaupanda sjóðsins. Ef ég hefði verið búinn að fá þetta í gegn áður en sjóðurinn var seldur geri ég mér fyllilega grein fyrir því að það hefði haft veruleg áhrif á sölu sjóðsins og þar með skert verulega kaupverðið sem aftur hefði komið sér illa fyrir bændur. Kaupandinn vissi að hverju hann gekk og þannig er staða laganna í dag.

Ríkisstjórnin hefur stigið afar mikilvæg skref í að lækka skatta á þessu kjörtímabili. Þessar ákvarðanir endurspegla ákveðna forgangsröðun enda er svigrúm til skattalækkana ekki ótakmarkað. Það er hins vegar ljóst að frekari breytinga er þörf. Þar má nefna álagningu stimpilgjalda sem ég álít að sé barn síns tíma og get tekið undir það með hv. þingmanni sé hann þeirrar skoðunar. Mikilvægt er að taka þetta til heildarendurskoðunar sem hefur auðvitað verið rætt í stjórnarflokkum og ríkisstjórn. Sama gildir um álagningu vörugjalda og virðisaukaskatt á matvæli. Það er nauðsynlegt að endurskoða þessi gjöld þegar frekara svigrúm til skattalækkana skapast. Ég er tilbúinn til þess sem þingmaður og ráðherra í ríkisstjórn Íslands að skoða að álagning stimpilgjalda í heild sinni verði tekin til endurskoðunar.

Þá er ég einnig tilbúinn til að fara ofan í saumana á því hvers vegna einungis er veittur afsláttur af stimpilgjöldum þegar lánþegi er að skuldbreyta innan sömu lánastofnunar en þannig er það samkvæmt túlkun laganna eins og þau hafa verið framkvæmd, en ekki þegar hann er að flytja sig á milli lánastofnana, samanber lög um stimpilgjöld. En ég held að það hafi verið mikil farsæld yfir sölu lánasjóðsins, á hvað hann seldist, hvernig nýi eigandinn, Landsbanki Íslands, hefur bæði boðað lækkun og skuldbreytingu hjá bændum, lækkun vaxta og ég fagna auðvitað þeim mikla áhuga sem er hjá bankakerfinu til að þjóna sveitunum við þessar aðstæður. Þannig að þrátt fyrir að ég hafi stundum efast um að selja ætti lánasjóðinn þá sá ég ekki annað fært til að þetta fé brynni ekki upp. Nú verður það að miklu gagni inni í lífeyrissjóðnum og ég held að við getum öll fagnað þeirri niðurstöðu.

[18:49]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég held að það eigi eftir að koma á daginn að sala lánasjóðsins hafi verið mesta glapræði þegar bændur sem búa við erfiðustu lánsskilyrðin fara að fá afarkjörin frá bönkunum. En ég vil leyfa mér að spyrja ráðherrann

hvers vegna sparisjóðirnir fengu ekki að bjóða, hvers vegna útboðsreglur voru settar með þeim hætti að sparisjóðirnir voru útilokaðir frá því að bjóða í lánasjóðinn.

Ég vil einnig spyrja: Er ráðherra kunnugt um eða þekkir hann til þess að upplýsingar um viðskiptastöðu viðskiptamanna lánasjóðsins voru orðnar aðgengilegar einstaklingum og bönkum óskyldum lánasjóðnum, KB-banki, Landsbanki, Sparisjóður Mýrasýslu og aðrir bankar virtust hafa undir höndum öll persónuleg viðskipti og persónulega stöðu manna við Lánasjóð landbúnaðarins og notað þær síðan þegar þeir fóru í heimsókn á bæi til að bjóða þar sérkjör eftir því sem þeir töldu. Er ráðherra kunnugt um að þetta mál hafi komið upp og ef svo er hvað hyggst hann gera eða hefur hann gert eitthvað í því?

(**Forseti** (DrH): Ég áminni hv. þingmann enn einu sinni að virða ræðutímann.)

[18:50]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það var virkilega tímabært að þessi umræða kæmi hér upp. Eins og hæstv. ráðherra veit hefur Samfylkingin lagt fram frumvörp, ekki bara um að fella niður stimpilgjöldin í heild sinni heldur líka endurfjármögnun á fasteignakaupum. Að mínu viti er um hreint rán ríkissjóðs að ræða af umræddri endurfjármögnun lána þegar bændur hafa í ákveðnum tilvikum farið yfir í aðrar lánastofnanir en Lánasjóður landbúnaðarins var seldur til. Söluandvirðið fór í lífeyrissjóðinn sem virkilega var þörf á að styrkja. En ef stimpilgjaldið hefði verið fellt niður af öllum þessum gjörningi þá hefði það komið betur út fyrir báða aðila. Ég fagna því að hæstv. ráðherra lýsir eindregnum stuðningi því að það vantaði aðeins herslumuninn að stjórnarflokkarnir samþykktu frumvarp síðasta vor um að fella niður stimpilgjöld af endurfjármögnun lána. En rétt á síðustu dögum þingsins breyttist það, því miður.

[18:51]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við erum að ræða fyrirspurn varðandi Lánasjóð landbúnaðarins og stimpilgjöld. Það er auðvitað augljóst mál að hæstv. landbúnaðarráðherra hefur engin tök á því að breyta þeim reglum eða lögum sem um stimpilgjöld gilda hvað þetta einstaka mál snertir. Það er alveg ljóst. Þannig að mér finnst fyrirspurnin sem slík ekki eiga heima hér. En hins vegar er það umræðan um stimpilgjöld yfir höfuð, það er annað mál og það má ræða.

En ég fagna því að svo skuli vera komið að lánasjóðurinn skuli hafa verið seldur og hann kominn til bankakerfisins. Sú umræða átti sér stað fyrir 12–15 árum fyrst á búnaðarþingi, að því er mig minnir, þar sem bændur sáu fram á að það væri hagstæðara að fara þessa leið. Ég hef fulla trú á því að landbúnaðurinn muni njóta þessarar aðgerðar í framtíðinni.

[18:52]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hver einasti þingmaður sem situr á Alþingi getur haft áhrif á það að afnema stimpilgjöld af endurfjármögnun lána, bæði sá hv. þingmaður sem talaði á undan mér og ég sjálfur sem hér stend.

Ég skildi hæstv. landbúnaðarráðherra á þann hátt að bændur hefðu komið svo vel út úr sölunni á Lánasjóði landbúnaðarins að það þyrfti ekki að hafa miklar áhyggjur af því þótt þeir þyrftu að borga 1,5% af endurfjármögnun lána sinna í ríkissjóð. Ég er algerlega ósammála hæstv. landbúnaðarráðherra í þessu efni og átta mig ekki alveg á hvernig hann talar til bænda þessa lands.

Það sem var gott í svarinu og ræðunni var hinn eindregni vilji sem hæstv. ráðherra lýsti til þess að leggjast nú á árar með okkur hinum sem viljum afnema þennan skatt sem enginn skilur lengur og vona ég satt að segja að hæstv. ráðherra setji nú í gírinn og flýti þessu máli eins og hægt er því að eins og fram hefur komið þá vantar ekki mörg atkvæði til að koma málinu í höfn.

[18:53]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Hortugheitin í svari hæstv. landbúnaðarráðherra hljóta að koma eins og blaut tuska framan í þá bændur sem hér eiga hlut að máli. Að sjálfsögðu er verið að spyrja að því hvort hæstv. ráðherra ætli að beita sér fyrir lagabreytingu sem að þessu lýtur og það er alveg með ólíkindum hvernig hann bregst við því sjálfsagða réttlætismáli. Hérna er um að ræða sérstakt mál. Ef um það væri að ræða að verið væri að selja Íbúðalánasjóð þá ætti að sjálfsögðu hið sama við. Það er verið að beita þá bændur ranglæti sem þurfa að sæta því að greiða gjöldin gagnvart þeim lánastofnunum, vilji þeir færa sig yfir í aðrar lánastofnanir en ekki láta selja sig eins og sauði inn í tiltekinn banka við sölu stofnunarinnar, vilji þeir fá tilboð í sín lán og færa sig þá þurfa þeir að gjalda þess ójafnræðis gagnvart stofnuninni að greiða stimpilgjöld til ríkissjóðs. Eins og hv. 1. þm. Suðurkjördæmis nefndi þá er að sjálfsögðu verið að ræna bændur þeirri hýru sem þar er um að ræða.

Þess vegna hlýtur mörgum að bregða í brún við hortugheitin og þann undarlega málflutning sem hæstv. ráðherra hafði uppi í þessu sjálfsagða réttlætismáli þó svo hann hafi breitt yfir það með því að lýsa yfir vilja sínum til að leggja niður stimpilgjöld almennt, sem er hið besta mál. Hann hlýtur þá að koma með það mál fram í þinginu og berjast fyrir því að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því.

[18:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hver sá sem hefur hlustað á þessa umræðu, ég tala ekki um horft á hana, hefur heyrt að hrokinn og hortugheitin hafa komið frá Samfylkingunni. Bændur eru upplýst stétt. Bændur gera sér grein fyrir því að þeir verða að sitja við sama borð og aðrir hvað stimpilgjöldin varðar. Það er alveg ljóst. Þeir ætlast ekki til þess af landbúnaðarráðherra og vita að hann getur ekki leyst það. Þeir sitja bara við sama borð og fólkið í landinu sem þess vegna er að gera upp Íbúðalánasjóð. Þeir eru ekki að biðja um neina sérreglu.

Svo koma hér tveir hv. þingmenn og setja sig í stellingar með kjaftasögum, hroka og yfirlæti svo sannleikurinn sé sagður. Mér finnst að hv. þm. Björgvin Sigurðsson og Jón Gunnarsson hafi orðið sér ærlega til skammar í dag. Að

setja þá umræðu í gang að bændur eigi að búa við allt aðra stöðu en aðrir þjóðfélagsþegnar og landbúnaðarráðherra einn geti breytt einhverju þar um þó að lög séu í veginum. Þetta er auðvitað allt annað mál og stærra en svo.

Ég verð líka að segja um ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar að hvað sparisjóðina varðar, sem var eðlileg spurning, þá saknaði ég þess þegar þeir féllu út úr samkeppninni. Það hefði verið virkilega gaman að hafa sparisjóðina með í samkeppninni um lánasjóðinn en þeir hafa ekki alþjóðlegt lánshæfismat.

Svo vil ég þakka allt það góða sem sagt hefur verið í umræðunni en bið menn að gæta þess að hafa hroka sinn heima og yfirlæti þegar þeir tala um mál sem þeir virðast hafa litla þekkingu á eða a.m.k. þegar þeir vilja snúa út úr lögum landsins á löggjafarþinginu.

Umræðu lokið.

Styrkir til kúabænda.

Fsp. SigurjÞ, 230. mál. — Þskj. 230.

[18:57]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég vil beina eftirfarandi spurningu til hæstv. landbúnaðarráðherra:

Hve mikla beina styrki frá ríkissjóði fær hver af fimm stærstu kúabændum landsins til mjólkurframleiðslu árlega?

Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er ekki endilega sú að ég vilji vita nákvæmlega um hagi þeirra stærstu heldur miklu fremur hvert þetta styrkjakerfi er að þróast pólitískt séð. Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur sem viljum hag landbúnaðarins og hinna dreifðu byggða sem mestan að við áttum okkur á því hver þróunin er að verða í þessari atvinnugrein. Ég tel að það sé einnig mjög mikilvægt fyrir landbúnaðinn að hafa ákveðinn frið um styrkjakerfið og einn þátturinn í því er einmitt að ekki fari gríðarháir styrkir á hvert og eitt bú. Ég tel að ef menn fara að sjá kannski styrki upp á 50 millj. kr. til hvers og eins bús þá fari menn að setja spurningarmerki við það að svo háir styrkir fari til eins framleiðanda.

Ég tel að þetta sé áhyggjuefni og ákveðin pólitísk spurning sem hæsv. landbúnaðarráðherra verði að svara: Hvert er styrkjakerfið að þróast? Eins og staðan er nú er ekkert þak á styrkjakerfinu og það kom fram í umræðu um þingmál sem hv. þm. Jón Bjarnason flutti að hann vildi setja ákveðið þak á það. En hv. þingmaður og formaður landbúnaðarnefndar sagði að það væri algerlega ótímabært að ræða. En þess vegna tel ég að það sé mjög mikilvægt að fá það upp hverjir hæstu styrkirnir eru þannig að við getum í rauninni svarað þeirri spurningu, frú forseti, hver þróunin hefur orðið og hvort það sé tímabært að koma á þaki.

En við getum líka velt annarri spurningu fyrir okkur. Það er það að nú hafa ákveðnir aðilar ákveðið að hefja mjólkurframleiðslu í stórum stíl og um það mátti lesa í Bændablaðinu fyrir mánuði. Þeir hafa kosið að standa algerlega fyrir utan styrkjakerfi landbúnaðarins. Þeir segja að ef þeir ákveði að kaupa kvóta eða styrk þurfi þeir að verja öllum beingreiðslum sínum vegna kvótaaukningarinnar næstu 15 ár í afborganir. Ég segi fyrir mína parta að þetta styrktarkerfi í landbúnaðinum, þar sem ekkert þak er á beingreiðslum, þarf að ræða. Ég vil að hæstv. landbúnaðarráðherra svari ekki eingöngu því hve styrkirnir til hvers og eins bús eru háir heldur væri einnig mjög fróðlegt, ef tök eru á því, að fá viðhorf hans til þessarar þróunar.

[19:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson bar fram eftirfarandi spurningu: Hve mikla beina styrki frá ríkissjóði fær hver af fimm stærstu kúabændum landsins til mjólkurframleiðslu árlega?

Á verðlagsárinu 2004–2005 fengu fimm stærstu viðtakendur beingreiðslna í mjólkurframleiðslu eftirfarandi upphæðir: Sá fyrsti 32,6 millj., annar 19,4 millj., þriðji 19 millj., fjórði 16,3 millj. og sá fimmti 15,7 millj., alls 103 millj. Í einhverjum þessara tilfella, í flestum reyndar, er um að ræða félagsbú. Þeir framleiddu rúmar 2,7 millj. lítra sem eru um það bil 2,5% af heildarframleiðslunni sem samsvarar rúmum 38 kr. á hvern lítra. Ég vil taka það fram hér að meðalbúið á Íslandi er enn í dag ekki nema um það bil 130 þús. lítra bú sem gerir tæplega 500 þús. kr. í beingreiðslur á ári. Það eru einungis örfá bú með yfir 300 þús. lítra og séu þau stærri eru yfirleitt margir einstaklingar sem koma að slíkum rekstri samkvæmt ríkisreikningi. Fyrir árið 2004 námu heildarbeingreiðslur í mjólk rétt rúmum 4 milljörðum kr.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað mikil hagræðing í framleiðslu á vinnslu mjólkur. Þessi hagræðing hefur m.a. komið fram í því að mjólkurframleiðendum hefur fækkað umtalsvert og búin stækkað. Á árinu 1990 voru mjólkurframleiðendur 1.558 talsins en á árinu 2004 voru þeir 854. Sama þróun hefur einnig átt sér stað í mjólkuriðnaðinum. Þar fækkaði mjólkurbúum á sama tímabili úr 16 í 9. Margir halda því fram að þessi þróun sé vegna frjáls framsals mjólkurkvótans og jafnframt þess vilja innan greinarinnar að ná betri árangri. Samhliða þessari þróun hefur afkoma greinarinnar í heild batnað. Hagur neytenda hefur einnig batnað. Sú staðreynd er því ánægjuleg að í þrjú ár hefur heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum ekki hækkað, ekki einu sinni fylgt verðlagsþróun. Þannig hafa íslenskir neytendur notið stuðningsins með beinum hætti. Stuðningurinn er auðvitað hugsaður sem hluti af tekjum bændanna og rennur síðan í hollri vöru og ódýrari inn á disk neytendanna og heldur vísitölunni niðri.

Áður en sá mjólkursamningur sem tók gildi þann 1. september sl. var gerður fór fram mikil úttektarvinna mjólkurnefndar um stefnumótun á mínum vegum í mjólkurframleiðslu en í nefndinni sátu fulltrúar bænda, stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Nefndin skilaði skýrslu um stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu. Á grundvelli þessarar stefnumótunar var síðan undirritaður nýr mjólkursamningur. Vorið 2003 var gildistími hans frá 1. september 2005 og til ágústloka árið 2012. Alþingi samþykkti þennan samning á 130. löggjafarþingi án mótatkvæða. 43 sögðu já og enginn sagði nei, fjórir sátu hjá og aðrir voru fjarstaddir. Hv. þingmaður var meira að segja í

hópi þeirra aðila sem samþykktu þennan nýja samning, þökk sé honum.

Markmið samningsins eru þessi:

1. Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu á vinnslu mjólkurafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.

2. Að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda.

3. Að viðhaldið verði þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

4. Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni.

5. Að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og unnt sé að endurnýja framleiðsluaðstöðu með eðlilegum hætti.

6. Að gætt sé sjónarmiða um dýravelferð og heilnæmi afurða.

Það var m.a. skoðun mjólkurnefndar að nýr mjólkursamningur á þeim grunni sem lýst er hér að ofan verði vel til þess fallinn að tryggja hagsmuni neytenda og skattgreiðenda á sama tíma og stuðlað er að áframhaldandi uppbyggingu atvinnugreinarinnar. Það hefur verið skoðun margra að ekkert sé mikilvægara í dag en samkeppnishæfni búgreinanna, ekki síst í mjólkinni, við lækkandi tolla og aukið frelsi í innflutningi í framhaldi af þeim alþjóðlegu samningum sem nú eru í gangi í WTO-viðræðum.

[19:06]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Undir þeirri fyrirspurn sem hér hefur verið lögð fram af hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni eru örfá atriði sem ég vil koma inn á. Í fyrsta lagi það að beingreiðslurnar ganga frá ríkinu til viðkomandi bænda eða fyrirtækja sem stunda mjólkurframleiðslu. Það eru í mörgum tilfellum fyrirtæki, eins og hér kom fram. Þessi styrkur er í rauninni niðurgreiðsla og lækkun á vöruverði til neytenda. Við verðum að horfa þannig á það.

Við verðum að átta okkur á því líka að mjólkurframleiðslan og íslenskir bændur verða í auknum mæli að taka þátt í alþjóðasamkeppni. Verð lækkar, tollmúrar minnka og eru í sumum tilfellum fallnir niður og þess vegna verða íslenskir framleiðendur að geta búið sig undir samkeppnina. Það að setja þak á stærð búa er alveg fráleitt. Þau þurfa að stækka. Þau þurfa að fá að stækka og dafna til samræmis við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. En okkar íslensku framleiðslubú eru mjög lítil á norrænan mælikvarða.

[19:07]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra talar um framleiðslu á hvert bú. Líka hefði verið fróðlegt að heyra hvað hefur verið framleitt á lögaðila því að einn lögaðili kaupir upp jarðir, jafnvel í tugavís, jarðir sem framleiða mjólk. Hann kaupir upp mjólkurkvótann. Það geta verið mörg bú en einn lögaðili á þau.

Ég er ekki viss um að það styrki samkeppnisstöðu mjólkurframleiðslunnar ef einn og sami lögaðilinn er kominn með á sínar hendur kannski milli 1 og 2 milljónir lítra eða 40, 50 eða 60 millj. íslenskra kr. í ríkisstuðning. Það snýst ekki bara um ríkisstuðninginn, heldur líka þá bústærð, það búskaparform, að lögaðili sé farinn að reka fjölda búa og rokka til og frá með framleiðsluréttinn sem ég held að styrki ekki samkeppnisstöðu mjólkurframleiðslunnar.

[19:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra talaði um að mjólkurvörur hefðu ekki hækkað undanfarin ár og þess vegna vil ég að það komi hér fram að mjólkursamningurinn sem var gerður færði bændum verulega hærri styrki en höfðu verið fyrir. Það er ástæða til að muna eftir því þegar menn tala um þetta verð.

Síðan er það þannig að þessi mjólkursamningur færði okkur ekki með neinum hætti fram til þeirrar framtíðar sem þó liggur fyrir að er, og hún er sú að breyta þarf styrkjum í landbúnaði. Eina breytingin sem hægt er að tala um þar var að einhver lítils háttar styrkur kemur til þeirra sem framleiða nautakjöt. Sá er eini munurinn. Alþingi brást algerlega í breytingum á þeim samningi sem þarna færði íslenska bændur ekki nær þeirri framtíð sem er fram undan. (Forseti hringir.) Auðvitað mun koma að því að menn þurfa að horfast í augu við hana.

[19:09]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir svörin. Það er eflaust rétt hjá honum að ég samþykkti samninginn enda vil ég hag bænda sem mestan. Þess vegna tel ég, út frá þeirri forsendu að ég vilji hag bænda sem mestan, að það sé einmitt gott fyrir bændur að friður sé um styrkjakerfið sem við höfum í landbúnaðinum og þess vegna eigum við að hafa það. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra geri stuttlega grein fyrir því hvort hann sé ekki að einhverju leyti sama sinnis, hvort það sé endilega hagur bænda að einstaka bú geti safnað milljónum lítra í framleiðslurétt og síðan fengið 45 millj. í beingreiðslu eins og stefnir greinilega í samkvæmt svörum hæstv. ráðherra.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson nefndi það að hann vildi hafa ákveðið frelsi fyrir búin til að stækka. Ég get verið sammála honum um það en ég er ekki endilega viss um að skattgreiðendur eigi endalaust að greiða í samræmi við það hvað búin vilja stækka. Það getur ekki verið eðlilegt að menn fái marga tugi milljóna í beingreiðslur frá skattgreiðendum. Það gengur ekki. Það skiptir svo miklu máli í styrkjakerfi að sátt verði um það og liðurinn í því er einmitt að sett verði ákveðið þak. Þá er ég sannfærður um að það verður meiri almennur vilji skattgreiðenda til að peningar fari í styrkjakerfið.

Einnig hef ég vissar efasemdir um framkvæmdina. Vegna alþjóðlegra samninga sem skuldbinda þjóðina til að draga úr þessum framleiðslutengdu styrkjum munu ýmsir lenda í vandræðum þegar fram í sækir, þegar alþjóðaskuldbindingar munu leiða til þess að við þurfum að minnka þessa styrki um jafnvel allt að helming.

[19:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa ágætu umræðu og viðhorf flest sem hér hafa komið fram. Ég get sagt við hv. þingmann að ég ræddi það og er auðvitað þeirrar skoðunar að vel hefði mátt setja fastara þak. Það er aðeins þak í gripagreiðslum sem gerir það að verkum að þegar menn verða komnir upp í ákveðna upphæð og búnir að hagræða í búinu minnkar stuðningurinn til búsins. Ég er í rauninni þeirrar skoðunar.

Ég hef líka oft rætt hátt kvótaverð. Búgreinin er að hagræða innan frá. Ég hef haft áhyggjur af unga skulduga fólkinu sem ætlar að framleiða mjólkina í framtíðinni fyrir þjóðina í samkeppni við innflutning. Það getur orðið erfitt þannig að það er að mörgu að hyggja í þessu eins og hér hefur komið fram í umræðunni.

Hitt er auðvitað glæsilegt að það er mikil ánægja með mjólkurframleiðsluna. Landbúnaðarráðherra var að gera það sem enginn landbúnaðarráðherra annar hefur gert lengi, þ.e. að auka framleiðslumagnið úr 106 millj. lítra í 111 millj. og mjólkurbúin vilja kaupa 4 millj. lítra til viðbótar. Það er glæsilegt tækifæri, sú neysla og sú samstaða sem er um þessa atvinnugrein í dag, og gefur bændunum auðvitað nýtt og mikilvægt tækifæri til að hagræða, hafa það betra á búum sínum og gera sig samkeppnishæfari.

Það er auðvitað svo að við stöndum frammi fyrir mörgu sem gerir íslenskan landbúnað sérstæðan og sterkan. Við heyrum öðru hvoru rætt um kúariðu, gin- og klaufaveiki, fuglaflensu og þá vitum við og minnumst þess þegar við borðum á kvöldin eða í hádeginu hvað ósköp við erum heppin að eiga þá auðlind sem íslenskur landbúnaður er.

Ég vil segja við hv. þm. Jóhann Ársælsson að það er ekki rétt að mjólkursamningurinn sé með meiri styrki en var áður. Það er skúrhalli á styrknum, hann fer lækkandi miðað við þann samning sem var áður aðeins lækkandi þannig að þetta er svipuð upphæð. Þegar hins vegar var aukið úr 106 millj. í 111 kom ekkert viðbótarfé frá ríkinu þannig að samningurinn er allur í þá átt að þróa hann til (Forseti hringir.) samkeppninnar og að styrkja bændurna innan frá.

Umræðu lokið.

Stofnanir fyrir aldraða.

Fsp. BjörgvS, 111. mál. — Þskj. 111.

[19:14]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra.

1. Hversu margir undir 67 ára aldri dvelja á stofnunum fyrir aldraða?

2. Eru á næsta fjárlagaári áætlanir um uppbyggingu deilda fyrir fólk með heilabilun?

3. Ef svo er, hvar er sú uppbygging fyrirhuguð?

Svo virðist, virðulegi forseti, sem þeim einstaklingum sem eru yngri en 67 ára og þjást af heilabilun sé að fjölga og ástandið víða um land orðið nokkuð alvarlegt og fer versnandi. Eftirspurn eftir úrræðum er a.m.k. orðin meiri en áður en varð vart við. Hverjar eru skýringarnar á því? Þær eru líklega ekki einfaldar en hluti er sá að fjölskylduformin hafa breyst frá því sem áður var og úrræði færri fyrir fólk sem þjáist yngra af þessum sjúkdómi.

Það er nánast engin sérhæfð þjónusta úti á landi fyrir þessa einstaklinga og það á við um bæði heilbrigðis- og félagslega þjónustu. Á mörgum hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu eru sérdeildir fyrir einstaklinga með heilabilun þar sem mögulegt er að skapa það umhverfi og þá ramma sem heilabilaðir þurfa að hafa eigi þeim að geta liðið sem best. En þörfin fyrir úrræði í dreifbýlinu er tilfinnanleg. Þar eru hvorki til sambýli fyrir fólk sem þjáist af heilabilun einhvers konar, dagdvalir né einhver hvíldarúrræði.

Eins og ég gat um er það að mestu landsbyggðin sem verður illa úti. Það gengur erfiðlega að útvega fólk í hvíldarinnlagnir á höfuðborgarsvæðinu fyrir fólk sem þjáist af heilabilun og býr úti á landi þar sem það á ekki lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Hjúkrunarheimilin á landsbyggðinni eiga oft erfitt með að taka á móti þessum hópi þar sem byggingarnar henta ekki, of fáir starfsmenn eru miðað við þá umönnun sem heilabilaður einstaklingur þarf og ekki er til staðar sérhæft starfsfólk í sumum tilfellum Auk þess er það fráleitt út af fyrir sig að vista einstakling sem þjáist ungur af heilabilun inni á stofnun fyrir aldraða einstaklinga sem þurfa annars konar þjónustu en hinir.

Stuðningur við fjölskyldur ungra með heilabilun er líka mjög af skornum skammti víða um land og einstaklingar með heilabilun eru nefnilega ekki allir aldraðir, heldur eru þeir líka í hópi yngri einstaklinga á vinnumarkaði. Þess vegna beini ég fyrirspurninni til hæstv. heilbrigðisráðherra til að fá að varpa ljósi á það um hve marga er að ræða og hvaða úrræði eru fyrirhuguð fyrir þennan hóp.

[19:17]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Suðurk. Björgvin G. Sigurðsson hefur beint til mín fyrirspurn um stofnanir fyrir aldraða og spyr:

„Hversu margir undir 67 ára aldri dvelja á stofnunum fyrir aldraða?"

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið tók saman í febrúar sl. voru 87 einstaklingar á þeim tíma yngri en 67 ára sem dvöldu á öldrunarstofnunum. Af þeim einstaklingum yngri en 67 ára sem dvöldu á öldrunarstofnunum í febrúar sl. voru 56 þeirra eldri en 60 ára og 31 undir sextugu. Það er vert að undirstrika að þótt öldrunarstofnanir séu byggðar sérstaklega með aldraða í huga er ekki þar með sagt að þær séu lokaðar þeim sem eru yngri en 67 ára.

„Eru á næsta fjárlagaári áætlanir um uppbyggingu deilda fyrir fólk með heilabilun? Ef svo er, hvar er sú uppbygging fyrirhuguð?"

Þessu er til að svara að nú eru þegar hafnar eða eru á næsta leiti framkvæmdir við byggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða á Selfossi, Akureyri, í Neskaupstað og við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Í öllum þessum byggingum verður fyrir hendi möguleiki á að hafa lokaða deild fyrir heilabilaða sé þess þörf. Það verður metið eftir aðstæðum

og þörf á hverjum tíma og á hverjum stað fyrir sig hvað þessar deildir verða með mörgum vistmönnum.

Ég vona að þessar upplýsingar veiti þingmanninum fullnægjandi svör við spurningunum.

[19:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir ári, þann 13. október í fyrra, ræddi ég málefni yngri alzheimersjúklinga við hæstv. ráðherra og þá sagði hann að hann ætlaði að setja vinnuhóp í málið. Nú kalla ég eftir því hvað vinnuhópur hæstv. ráðherra hefur gert í málefnum þessa hóps því að það er engin sérhæfð þjónusta til fyrir yngri alzheimersjúklinga. Þó að 87 þeirra séu inni á hjúkrunarheimilum eru þessi hjúkrunarheimili ekki ætluð yngra fólki en 67 ára samkvæmt lögum og nú er orðið mjög erfitt fyrir þessa sjúklinga að komast inn. Þeir nánast geta ekki sótt um að komast inn á hjúkrunarheimili. Aðstandendur ganga mjög nærri eigin heilsu við að sinna sínum yngri alzheimersjúklingum vegna þess að þeir eiga ekki heima innan um hina öldruðu fyrir utan það að þeir hafa ekki aðgang að þessum hjúkrunarheimilum.

Því kalla ég eftir svari frá hæstv. ráðherra um hvað vinnuhópurinn sem hann (Forseti hringir.) kynnti fyrir nákvæmlega ári síðan hefur verið að gera.

[19:20]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru fróðlegar upplýsingar sem koma frá hæstv. ráðherra en jafnframt væri fróðlegt fyrir okkur að vita hversu margir minnissjúkir eru enn í heimahúsum, þeir sem hugsað er um heima, ekki hafa náð 67 ára aldri og erfitt hefur reynst að fá pláss fyrir. Hvað ræður því þegar mat fer fram á því hvort opnuð skuli sérstök deild sem fær þá sérstakan stað í heilbrigðiskerfinu?

Ég bendi t.d. á Höfn í Hornafirði. Þar er í raun rekin sérstök deild fyrir alzheimersjúklinga sem ekki er skilgreind sem slík. Alzheimersjúklingar þurfa auðvitað mjög mismunandi aðhlynningu en því má heldur ekki gleyma að þegar verið er að blanda inn á deildirnar og setja inn einstaklinga sem ekki eru minnissjúkir er einnig mjög erfitt fyrir þá einstaklinga að vera eingöngu með alzheimersjúklingum á deild.

[19:21]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að þetta mál skuli koma til umræðu en jafnframt bendi ég á dæmi um að sjómenn sem hafa orðið öryrkjar og legið um langt árabil á spítölum hafa komið t.d. á hjúkrunarheimili eins og Hrafnistu. Það var gert með sérstöku bréfi sem ráðuneytið ritaði til hjúkrunarheimilisins fyrir nokkrum árum. Ég veit að dæmi eru um það og þeim hefur liðið betur þar en að vera bundnir á spítala.

Varðandi það sem snýr að heilabilun er það ákaflega mikið vandamál, t.d. úti á landi, þar sem 2–3 eru heilabilaðir og vistast á hjúkrunarheimili með kannski 40 öðrum heimilismönnum. Það er mjög erfitt að loka þá aðila af sérstaklega þannig að hér er geysilega víðfeðmt mál sem þarf að taka á. Þetta er ekki vandamál, þetta er viðfangsefni og ég hef trú á því að með samstilltu átaki muni þetta mál nást þannig fram að vel megi við una. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er verið að vinna að þessu máli af miklum krafti og ég þakka fyrir það.

[19:22]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og hv. þingmönnum fyrir prýðilega umræðu um þetta mikilvæga mál. Það hefur komið glöggt í ljós við umræðuna að hér er um að ræða málaflokk sem þarf að ná utan um. 87, upplýsir ráðherra, af þeim sem þjást af minnissjúkdómum, alzheimer, eru vistaðir á stofnunum fyrir aldraða og þá burt séð frá því hve margir eru í heimahúsum. Vandinn er augljóslega stór og mikill og það þarf að taka utan um hann og byggja utan um þá þjónustu sem til þarf.

Úrræði þurfa að vera til staðar fyrir þessa einstaklinga á fleiri stöðum en bara í Reykjavík og á Akureyri, á öðrum stærri þéttbýlisstöðum á landinu, sambýli þar sem fólk fær að halda virðingu sinni og komið er til móts við þær sérþarfir sem minnisveiki eða heilabilun krefst, hvíldarpláss líka. Það er ekki síst vegna maka og ættingja sem bera mikla ábyrgð þegar einstaklingur með heilabilun býr á heimilinu og gerir það að sjálfsögðu mjög þungt og erfitt oft og tíðum. Síðast en ekki síst þarf sérfræðiþjónustu með fræðslu og ráðgjöf fyrir sjúklinga, aðstandendur og aðra sem koma að lífi einstaklinga sem þjást af þessum alvarlega og hryllilega sjúkdómi.

Að sjálfsögðu þurfum við að byggja upp umhverfi með deildum sem eru sérsniðnar að þörfum þessa hóps þar sem búið er vel að honum og þar sem einstaklingarnir vistast ekki með, nema í undantekningartilfellum, fólki sem er áratugum eldra og býr á öldrunarstofnun þess vegna.

Vonandi verður umræðan og sú uppbygging sem fyrirhuguð er til þess að málið komist á skrið. Allt bendir til þess að svo verði miðað við þær undirtektir sem málið fær hjá hv. þingmönnum.

[19:25]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið um þetta mál. Spurt var um vinnuhóp eða þá vinnu sem hefur verið framkvæmd í málinu. Við höfum unnið að því í ráðuneytinu, sá hópur sem hefur unnið að öldrunarmálum hjá okkur, m.a. er verið að fara yfir það hvernig þessi hópur kemur inn í svokallað RAI-mat. Ég vil taka það fram, eins og ég sagði áðan, að samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eru öldrunarstofnanir skilgreindar sem sérstakur flokkur sjúkrahúsa fyrir aldraða og sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina en þarfnast vistunar og meðferðar sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.

Það er nokkuð útbreiddur misskilningur að óheimilt sé að vista fólk yngra en 67 ára á öldrunarstofnunum. Það er ekki rétt, öldrunin ræðst ekki fyrst og fremst af lifuðum árum heldur miklu frekar af heilsufari hvers og eins. Það er því miður svo að á hverjum tíma er stór hópur fólks, eða nokkur hópur fólks, sem verður fyrir ótímabærri öldrun vegna hörnunarsjúkdóma og þarf úrræði. Ég tel eðlilegt að

sé um að ræða einstaklinga sem komnir eru um og yfir sextugt þegar þeir þurfa á varanlegri stofnanavistun að halda eigi þeir ekki síður að eiga aðgang að öldrunarstofnunum en þeir sem eru orðnir 67 ára. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að sérstök úrræði þurfa að vera við hæfi fyrir ungt fólk sem þarf á varanlegri hjúkrunarvist að halda vegna sjúkdóma eða slysa. Þessi úrræði eru til en þau þarf að auka.

Umræðu lokið.

[19:27]

Útbýting:

Meðferð opinberra mála, 295. mál, frv. allshn., þskj. 314.

Afsláttarkort vegna lækniskostnaðar.

Fsp. ÁRJ, 152. mál. — Þskj. 152.

[19:27]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir tæpu ári, þ.e. 24. nóvember í fyrra, ræddi ég málefni þeirra sjúklinga sem ekki hafa tök á því að ná sér í afsláttarkort vegna lækniskostnaðar vegna þess hve þeim er erfitt að halda saman þeim gögnum sem þarf til. Þar nefndi ég sem dæmi þá sem eru heilabilaðir, aldraðir og fatlaðir á ýmsan annan hátt og eiga erfitt með að halda saman gögnum.

Ég ákvað að endurtaka fyrirspurn mína en samkvæmt svari hæstv. ráðherra frá því í fyrra taldi hann ólíklegt að hægt yrði að koma á því kerfi að sjúklingar fengju sjálfkrafa sent afsláttarkortið þegar þeir væru búnir að greiða hámarksupphæð fyrir læknisþjónustu. Hann taldi það erfitt vegna persónuverndar, samkeyrslu upplýsinga o.s.frv. Þess vegna lagði ég fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

1. Hvaða aðgerða er þörf svo að afsláttarkort vegna lækniskostnaðar berist fólki sjálfkrafa þegar hámarksgreiðslum er náð?

2. Eru uppi áform um að Tryggingastofnun ríkisins taki upp slíkt kerfi?

3. Hvað mundi kosta að koma slíku kerfi á?

Eftir að þessi fyrirspurn kom fram var tekið viðtal við mig í útvarpi og málin rædd. Næsta dag kom frétt frá Tryggingastofnun ríkisins, sem ég fagna, þar sem upplýst var að komið yrði á svona sjálfkrafa kerfi eins og ég hef verið að kalla hér eftir.

Í frétt frá Tryggingastofnun ríkisins segir að 45 þús. manns hefðu fengið afsláttarkort í fyrra og að daglega hefðu komið 250–300 manns á þjónustumiðstöð Tryggingastofnunar til að sækja þessi kort. En nú á að koma þessu sjálfkrafa kerfi á og segir í frétt á heimasíðu Tryggingastofnunar:

„Reiknað er með að útgáfa á heimsendum afsláttarkortum hefjist á næsta ári en þó er ekki nákvæmlega ljóst hvenær á árinu sjálfvirka kerfið kemst í gagnið.“

Þar sem þessi frétt frá Tryggingastofnun rikisins svarar að hluta til þeirri spurningu sem ég hef lagt hér fram ætlast ég ekki til að hæstv. ráðherra endurtaki það en ég vil gjarnan fá að vita hvenær þetta sjálfvirka kerfi muni komast í gagnið. Ég fagna því að mönnum hafi tekist að yfirstíga þær hindranir sem hæstv. ráðherra sá fyrir ári á því að koma þessu á en ég veit að þó nokkur fjöldi hefur ekki getað nýtt sér þetta kerfi og notið þess afsláttar sem hann átti rétt á vegna þessa eins og hefur komið fram í umræðunni áður um þessi mál. Engu að síður fagna ég því að þetta skuli vera orðin framtíðin.

[19:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spyr þriggja spurninga um afsláttarkort vegna lækniskostnaðar:

„1. Hvaða aðgerða er þörf svo að afsláttarkort vegna lækniskostnaðar berist fólki sjálfkrafa þegar hámarksgreiðslum er náð?

2. Eru uppi áform um að Tryggingastofnun ríkisins taki upp slíkt kerfi?

3. Hvað mundi kosta að koma slíku kerfi á?“

Til þess að tryggja að almenningi berist svokallað afsláttarkort þegar hámarksgreiðslum er náð þurfa Tryggingastofnun að berast upplýsingar um greiðslu varðandi viðkomandi frá heilsugæslustöðvum, sérfræðilæknum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum þar sem greitt er fyrir læknisþjónustu. Það kallar á samtengingu stofnana og einstaklinga og kallar á breytingu á tölvukerfi Tryggingastofnunar ríkisins þannig að unnt verði að finna út hvenær einstaklingar hafi greitt tilskilda fjárhæð. Þetta kallar einnig á breytingar á tölvukerfum hjá þeim sem veita þjónustuna. Tryggingastofnun hefur hug á að gefa a.m.k. út kort án umsóknar þegar ljóst er að einstaklingar hafa greitt tilskilda upphæð fyrir sérfræðilæknishjálp og forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins hefur sagt að vonir væru bundnar við að kerfi af því tagi gæti komist í gagnið í byrjun næsta árs.

Hann sagði, með leyfi forseta:

„Þetta kostar í tölvumálum og við verðum að þrengja að okkur eins og við getum vegna þess að við höfum ekki peninga. En ég hef góðar vonir um að þetta takist núna.“

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins, sem við höfum aflað, yrði kostnaður stofnunarinnar um 21 millj. kr. við að taka upp nýtt tölvukerfi sem gerði rafræna afgreiðslu kortanna mögulega og eru kostnaðarútreikningar þessir miðaðir við fyrirliggjandi upplýsingar og ákveðnar forsendur eins og þær eru best þekktar. En það er ásetningur Tryggingastofnunar ríkisins að koma þessu kerfi á í byrjun næsta árs og ég vona að hún geti það innan þess fjárhagsdags sem stofnuninni verður væntanlega skorinn í fjárlögum ársins 2006.

[19:33]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir þessa umræðu. Mig langar að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra aðeins út í afsláttarkortin, af því að við erum að ræða að þau verði með ákveðnum hætti rafvædd. Mig langar að spyrja hann hvort það hafi komið til tals að í stað þess að þetta kort gildi alltaf almanaksárið gildi það frá útgáfudegi og í ár þaðan í frá,

við vitum jú að fólk veikist ekki aðallega í janúar eða febrúar o.s.frv. Ég hefði viljað fá einhver svör við þessu og hver rökin séu fyrir því að halda í almanaksárið eins og það er núna.

[19:34]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn en mér finnst þetta vera nútíminn og menn ættu í rauninni að vera löngu komnir með þetta kerfi í gagnið. En það væri fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. ráðherra nánar um þetta mál, þ.e. hvort kannað hafi verið hve háar fjárhæðir hafi dagað uppi hjá stjórnvöldum vegna þess að fólk hefur ekki sótt rétt sinn eða þær fjárhæðir sem það hefur átt rétt á. Það væri þá spurning, hæstv. ráðherra nefndi hér að það væri kostnaður við tölvukerfið, hvort það kæmi þá e.t.v. meiri kostnaður vegna þess að einhverjar verulegar fjárhæðir hefði dagað uppi eða hvort þetta væru óverulegar upphæðir. Það væri fróðlegt að fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra.

[19:35]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði fyrir að taka þetta upp á þinginu en það var einmitt sama atriðið og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir kom hér inn á sem ég vildi minnast á. Ég varð vör við það áþreifanlega síðast í desember á síðasta ári þar sem ég þurfti að aðstoða þrjá sjúklinga sem voru svo óheppnir að greinast með krabbamein í byrjun desember. Það tekur u.þ.b. hálfan mánuð frá því að einstaklingur greinist með krabbamein þar til hann hefur náð hámarksupphæðinni.

En 1. janúar næsta ár þurftu þessir sömu einstaklingar að fara að safna upp punktum hjá Tryggingastofnun ríkisins til þess að fá afsláttarkort. Þetta er fyrirkomulag sem verður að kippa í liðinn. Í öllum þessum tilvikum var um að ræða aldraða þar sem þessi kostnaður var mjög íþyngjandi.

[19:36]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hér er verið að ræða afskaplega mikilvægt mál varðandi afsláttarkortin frá Tryggingastofnun. Ég velti því þó fyrir mér, þegar ég sit hér úti í sal og hlusta á a umræðuna, af hverju verið er að tala um að gefa út kort þegar ákveðnu greiðsluhámarki er náð. Af hverju fá sjúkratryggðir einfaldlega ekki sent til sín kort, eins og maður fær á bensínstöðvum í dag og vildarkort hjá flugfélögum og slíkt, og síðan safnist bara rafrænt inn á þetta kort upplýsingar þegar menn greiða fyrir þjónustu? Kortið sjálft gefur þá upplýsingar þegar komið er að ákveðnu hámarki og þá kemur í ljós að það á að vera afsláttur.

Núna er þetta algjörlega óviðunandi kerfi vegna þess að ég er alveg sannfærður um að margir af þeim sem eiga rétt á þessum afslætti fá hann ekki vegna þess að það er ekki passað upp á að halda saman greiðslukvittunum frá þessum stofnunum.

Því langar mig að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til greina að hafa hlutina eins og nútíminn kallar á.

[19:37]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Það er verið að benda hér á mjög mikilvæg atriði og mikla réttindabót. Það þarf auðvitað að taka á gildistíma kortanna, það hefur verið rætt hér margsinnis, og auðvitað er það nútíminn að menn fái svona afsláttarkort send og þetta gangi rafrænt fyrir sig.

Fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins voru á fundi heilbrigðis- og tryggingarnefndar í morgun þar sem þeir kvörtuðu yfir því að tölvukerfið hjá þeim væri orðið mjög gamaldags og aftarlega tæknilega og töluðu þeir um að ráða þyrfti bót á því til þess að þeir geti verið nútímalegir í vinnubrögðum. Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann muni ekki sjá til þess að Tryggingastofnun ríkisins fái viðunandi tæknibúnað þannig að hún geti tileinkað sér nútímaleg vinnubrögð eins og þau að koma þessum kortum á rafrænt form. Það eru líka mörg fleiri kort sem þyrftu auðvitað að berast á þann hátt og safnast upp. Það er lyfjakostnaður, það er tannlæknakostnaður hjá ellilífeyrisþegum, það eru allar þessar upplýsingar. Auðvitað væri eðlilegast að hver og einn einstaklingur hefði sitt sjúkrasamlagskort, sitt Tryggingastofnunarkort, þar sem safnast upp þær upplýsingar sem þarf til þess að hann geti síðan framvísað því og sýnt fram á að hann eigi ákveðinn rétt í kerfinu en að fólk þurfi ekki alltaf að vera að bera sig eftir björginni. Við vitum að það er fjöldi fólks sem getur það ekki vegna þess að það hefur ekki heilsu til þess eða getu á annan hátt og verður af því að fá þennan rétt.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Mun hann tryggja Tryggingastofnun ríkisins þann tæknibúnað sem þarf til þess að hún geti orðið nútímalegri í vinnubrögðum?

[19:39]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Það eru nokkrar spurningar sem ég reyni að svara á þeim stutta tíma sem ég hef. Það hefur komið til tals og hefur verið rætt að kort gildi frá útgáfudegi þó að það hafi ekki komist í framkvæmd enn, en það er mál sem er ástæða til að skoða.

Síðan er það spurningin um hve háar fjárhæðir hafi dagað uppi. Ég hef ekki tölur yfir það á reiðum höndum nú en það er ljóst að það eru einhverjar fjárhæðir, ég hygg að þær séu nú ekki háar en ég hef ekki tölur um það, ekki við höndina.

Hvað varðar tölvubúnað Tryggingastofnunar almennt þá tek ég undir áhyggjur hv. þingmanna af honum. Það hefur gengið allt of seint að koma upp viðunandi rafrænum búnaði í þessari stóru stofnun og nú stendur til að koma upp kerfi sem menn kalla Ölmu. Það hefur kostað mjög mikla fjármuni og við erum að reyna að ná utan um það mál núna, það er það næsta. En ég tek eindregið undir að það er mikil þörf á því að búa Tryggingastofnun eins vel rafrænt og mögulegt er, því ef nokkur stofnun þarf á því að halda held ég að það sé Tryggingastofnun. En því miður ræðst þetta af fjárveitingum og þetta hefur gengið seint á undanförnum árum og þessi saga er orðin nokkuð löng. (Gripið fram í.) En ég tek undir áhyggjur þingmanna af því.

Umræðu lokið.

Sjúkraflutningar í Árnessýslu.

Fsp. MF, 158. mál. — Þskj. 158.

[19:41]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir stuttu tóku heilbrigðisyfirvöld þá ákvörðun að fela Heilbrigðisstofnun Suðurlands að sjá um sjúkraflutninga á svæðinu frá og með næstu áramótum en sjúkraflutningarnir hafa verið í höndum lögreglunnar. Áður höfðu átt sér stað heima í héraði umræður þess efnis að Brunavarnir Árnessýslu tækju verkefnið að sér og virtist vera um það rík samstaða heimamanna, samanber ályktanir sem fram hafa komið frá nokkrum sveitarfélögum á svæðinu og í viðræðum mínum við löggæslumenn sem hafa séð um flutningana til þessa. Það virðist einnig vera skoðun þeirra að flutningarnir væru best komnir hjá Brunavörnum Árnessýslu sem voru tilbúnar til að taka verkefnið að sér.

Einhverjar viðræður áttu sér stað milli fulltrúa Brunavarna og heilbrigðisráðuneytis þó að því er virðist aldrei af neinni alvöru af hálfu ráðuneytisins. Ákvörðun um að færa flutningana yfir til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands var tekin og nú er unnið að undirbúningi þess og miklu skiptir að heilbrigðisráðuneytið standi þar vel að verki. Án efa mun Heilbrigðisstofnun Suðurlands sinna þessu verki vel en það kostar peninga, breytingar á húsnæði og mannafla.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur verið rekin með halla sem m.a. má rekja til langvarandi veikinda starfsmanna og sameiningar allra heilsugæslustofnana á svæðinu undir einn hatt. Fjárhæðir hafa fengist upp í þennan halla en hvergi nærri nóg og á þessu ári stefnir í hallarekstur. Ef halda á starfsemi Heilbrigðisstofnunarinnar óbreyttri verður nú þegar að bregðast við og það er algerlega ljóst að það þarf fjármagn til þess að gera þær breytingar sem til þarf á húsnæði og fjölgun starfskrafta og að öllum líkindum ekki minna fjármagn en Brunavarnir Árnessýslu töldu að þyrfti til sjúkraflutninga.

Það að taka yfir sjúkraflutningana má ekki bitna á annarri starfsemi Heilbrigðisstofnunarinnar og alls ekki ganga á þá fjármuni sem stofnunin hefur til annarra starfa enda er þar af minna en engu að taka. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hverjar eru ástæður þess að ekki var gengið til samninga við Brunavarnir Árnessýslu um að annast sjúkraflutninga í sýslunni?

2. Er það stefna ráðherra að fela heilbrigðisstofnunum á landinu að sjá um sjúkraflutningana?

3. Hver er áætlaður heildarkostnaður Heilbrigðisstofnunar Suðurlands vegna þessa verkefnis, sundurliðað á einstaka þætti þess og er tekið tillit til þeirrar íbúafjölgunar sem er á svæðinu vegna sumarbústaðabyggðar um hverja helgi allan ársins hring? Hefur verið gengið frá samningum við Heilbrigðisstofnunina um fjármögnun sjúkraflutninganna?

[19:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um sjúkraflutninga í Árnessýslu.

„1. Hverjar eru ástæður þess að ekki var gengið til samninga við Brunavarnir Árnessýslu um að annast sjúkraflutninga?“

Um næstu áramót mun sýslumaðurinn á Selfossi hætta að sinna sjúkraflutningum á svæði Heilsugæslustöðvar Árnessýslu. Sýslumannsembættið á Selfossi og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafa átt farsælt samstarf um sjúkraflutninga á svæðinu um árabil. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Brunavarnir Árnessýslu áttu viðræður fyrr á þessu ári um skipulag sjúkraflutninga og hvort mögulegt væri að Brunavarnir tækju að sér sjúkraflutninga á svæðinu. Reynslan sýnir að með samtvinnuðum verkefnum brunavarna og sjúkraflutninga hagnast báðir aðilar því að kostnaðarsamara er að reka verkefnin ein og sér. Niðurstaða viðræðna ráðuneytisins við Brunavarnir var sú að Brunavarnir treystu sér ekki til að taka að sér verkefnið fyrir þær fjárveitingar sem í boði voru eða þann ramma sem við höfðum til að setja í þetta mál.

„2. Er það stefna ráðherra að fela heilbrigðisstofnunum á landinu að sjá um sjúkraflutningana?“

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, eru sjúkraflutningar á ábyrgð heilsugæslustöðva. Víða um landið hefur heilsugæsla rekstrarlega umsjón með sjúkraflutningum. Í því sambandi nefni ég á svæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands heilsugæslustöðvarnar í Rangárþingi, í Vík og á Kirkjubæjarklaustri um sjúkraflutningana. Það má nefna Heilbrigðisstofnunina á Akranesi og Heilbrigðisstofnun Austurlands sem báðar sjá um rekstur sjúkraflutninga á sínum svæðum. Sjúkraflutningamenn eru heilbrigðisstarfsmenn sem fá starfsleyfi sem slíkir og lúta faglegri umsjón heilsugæslulækna.

Síðan er spurt:

„3. Hver er áætlaður heildarkostnaður Heilbrigðisstofnunar Suðurlands vegna þessa verkefnis, sundurliðað á einstaka þætti þess og er tekið tillit til þeirrar íbúafjölgunar sem er á svæðinu vegna sumarbústaðabyggðar? Hefur verið gengið frá samningum við Heilbrigðisstofnunina um fjármögnun sjúkraflutninganna?“

Greiðslur heilbrigðismálaráðuneytisins til sýslumannsins á Selfossi fyrir að sjá um sjúkraflutninga eru um 30 millj. kr. á ári. Í greiðslu ráðuneytisins til sýslumannsembættisins er tekið tillit til viðbótargreiðslna vegna fjölgunar sjúkraflutninga umfram fjölda í samningi.

Fjárveitingar til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands verða hækkaðar til að unnt verði að sinna verkefninu. Áætlaður kostnaður Heilbrigðisstofnunar Suðurlands til sjúkraflutninga á svæðinu er 50 millj. kr. Þar hefur verið tekið tillit til íbúafjölgunar á svæðinu og fjölgunar í sjúkraflutningum. Meginhluti kostnaðarins er launakostnaður en hann er um 90% af heildarkostnaði.

Hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands er unnið að undirbúningi þessa mikilvæga verkefnis. Mikilvægt er að flutningur verkefnisins til stofnunarinnar gangi sem best. Það hefur verið auglýst eftir sjúkraflutningamönnum til stofnunarinnar og mér er kunnugt um að fjölmargar umsóknir hafa borist og m.a. frá fagfólki. Stofnunin vinnur að verkefninu í góðri samvinnu við lögregluna á Selfossi sem hefur unnið farsælt starf við að sinna sjúkraflutningum í Árnessýslu um árabil.

Ég vona að þessar upplýsingar svari spurningum hv. þingmanns.

[19:48]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Það er augljóst að mikill áhugi heimamanna er á því að mega sambætta slökkvilið Árnessýslu og sjúkraflutningana og sá áhugi skapast vegna þess að menn vilja koma á heilsársvakt allan sólarhringinn hvað þessa tvo málaflokka varðar. En úr því sem komið er og eins og ástæður eru hér og nú vil ég leggja ríka áherslu á að þessir þrír þættir, sjúkraflutningar, slökkvilið og björgunarsveitir, búa allir við þær aðstæður að það þarf að byggja nýtt húsnæði undir þá. Það er afar mikilvægt að nú verði tekin sú ákvörðun að þessir aðilar geti unnið saman að framtíðaruppbyggingu. Þá kann að vera lag síðar meir, ef mönnum þykir rétt, að þessi starfsemi geti fallið saman.

[19:49]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Á Suðurnesjum sjá Brunavarnir Suðurnesja um sjúkraflutninga á því svæði. Sveitarstjórnarmenn á svæðinu telja að ekki séu greiddar nægilega háar fjárhæðir fyrir þann rekstur sem þar fer fram. Mér sýnist að það hafi verið mat þeirra sem stjórna Brunavörnum Árnessýslu að þeir fjármunir sem ráðuneytið var tilbúið til að láta renna í þann rekstur hafi einfaldlega ekki verið nægilega miklir til að reksturinn gæti borið sig.

Því óttast ég að þær fjárhæðir sem fara til sjúkrahússins á Selfossi til að reka þessa þjónustu séu ekki nægar til að gera það og ég óttast það einnig að sá halli sem verður á þessari starfsemi, ef hann verður fyrir hendi, bætist þá við þann halla sem verið hefur á rekstri sjúkrahússins en verði ekki bættur.

Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Óttast hann ekki að ef halli verður á rekstri sjúkraflutninga að það komi niður á annarri starfsemi sjúkrahússins?

[19:50]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Hann nefndi í upphafi að fram hefðu farið ákveðnar viðræður á milli Brunavarna Árnessýslu og heilbrigðisráðuneytis. Eftir þeim upplýsingum sem við fengum var þetta líklega einn fundur þar sem Brunavarnir lögðu fram skýrslu, óháða úttekt á því hver lágmarkskostnaðurinn yrði og var talað um 60 milljónir en tilboð ráðuneytisins var hins vegar 50 milljónir. Þar sem þeir voru ekki tilbúnir til að taka því á fyrsta fundi var viðræðum, sem nánast aldrei hófust, slitið.

Það er nákvæmlega þetta sem ég hef áhyggjur af, virðulegi forseti, þ.e. að þær 50 milljónir sem eiga að fara til sjúkraflutninganna muni hvergi nærri nægja og að Heilbrigðisstofnun Suðurlands, sem rekin er með halla, muni þurfa eða eiga að taka það af öðrum fjármunum sem ekki eru til heldur. Þess vegna eru þetta í raun varnaðarorð okkar til hæstv. ráðherra. Við þingmannahópur Suðurkjördæmis berum mikla umhyggju, ef má orða það svo, fyrir þeim heilbrigðisstofnunum sem reknar eru á okkar svæði. Við fylgjumst mjög vel með þeim rekstri og við viljum að staðið sé vel að verki og fólk á Suðurlandi sem og á Suðurnesjum og annars staðar búi við öryggi hvað varðar sjúkraflutninga en ekki síður varðandi þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er á svæðinu. Þess vegna má það ekki gerast að þarna muni eða skeiki 10–15 milljónum til eða frá sem ætti hugsanlega að taka úr rekstri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands til þess að geta staðið almennilega að sjúkraflutningum.

[19:52]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og þær ábendingar sem hafa komið um Heilbrigðisstofnun Suðurlands, sem ég tek undir að nauðsynlegt sé að sé öflug og vel rekin og ég hef góðar vonir um að svo verði.

Í fyrsta lagi varðandi hugsanlegan halla á sjúkraflutningum. Ég vil taka fram að lögreglan gerði þetta fyrir 30 milljónir. Þeir voru að vísu ekki ánægðir með þá upphæð enda eru þetta orðnar 50 milljónir sem Heilbrigðisstofnunin hefur til þess að sinna þeirri starfsemi. Það er mat framkvæmdastjóra stofnunarinnar að þeir starfskraftar sem muni koma að þessu muni styrkja starf stofnunarinnar að öðru leyti.

Hitt vildi ég taka fram að ég hef verið í ágætum viðræðum við Magnús Skúlason, framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, í okkar umboði við Brunavarnir Árnessýslu um húsnæðismál. Ég er jákvæður í því máli að reyna að samnýta húsnæðið fyrir þær stofnanir. Mér skilst að núna séu menn farnir að ræða það á Selfossi að björgunarsveit, Brunavarnir og Heilbrigðisstofnunin fari í eitt húsnæði og það finnst mér besti kosturinn. Ég er tilbúinn að stuðla að því, því að þá eru þeir sem sinna þessum mikilvægu málum komnir undir eitt þak.

Umræðu lokið.

Aðgengi að hollum matvælum.

Fsp. KJúl, 233. mál. — Þskj. 233.

[19:54]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Árið 2001 var samþykkt á Alþingi góð og gild heilbrigðisstefna sem ákveðnir hlutar voru síðan dregnir út úr sl. vor í þingsályktunartillögu sem var samþykkt hér, um aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga með hollara mataræði og aukinni hreyfingu. Ég fagna því að sjálfsögðu og þeim áherslum því að þetta er gríðarlega gott mál og mjög mikilvægt átak sem hér á að ráðast í með stofnun faghóps á vegum forsætisráðherra sem settur var á laggirnar í síðustu viku. Ég vil, virðulegi forseti, taka aðeins út í fyrirspurn minni til hæstv. ráðherra þetta holla mataræði sem leggja á áherslu á samkvæmt þeirri þingsályktun sem við samþykktum á Alþingi síðasta vor og aðgerðir til þess að bæta heilbrigði Íslendinga með hollara mataræði.

Á Íslandi er nokkuð gott framboð á hollri fæðu en því miður er sú vara allt of dýr, hvort sem hún er innflutt eða framleidd hér á landi. Matarpokinn úr verslun er því miður mun dýrari með ferska og holla vöru í pokanum heldur en tilbúna pakkavöru. Góð, holl vara er mjög dýr og það er miklu auðveldara að nálgast óholla vöru og úr því þarf að bæta.

Við eigum nokkur tæki sem hægt er að nota sem ég tel að við eigum að halda hátt á lofti í þessari umræðu. Í fyrsta lagi erum við með mjög háar niðurgreiðslur og styrki innlendrar framleiðslu. Ég er ekki hlynnt forsjárhyggju en engu að síður tel ég að við eigum að geta notað þessar háu niðurgreiðslur upp á 8–9 milljarða á ári til að ýta undir frekari framleiðslu hér á landi á hollari vöru umfram þá fituríkari, saltmeiri og sykurmeiri.

Virðulegi forseti. Við erum líka með hér á landi nokkuð mikil innflutningshöft og innflutningsgjöld á vörum. Ég tel að við eigum líka að geta notað þau til að hafa áhrif á verð á innfluttri hollri vöru. Við eigum að geta flokkað vöruna þannig að matvara sé, ef við tökum þá pólitísku ákvörðun, flokkuð í hollari og síðan aðra vöru. Hátt verð á hollum vörum hefur nefnilega mikil áhrif á aðgengi fólks að vörunni og til að ná þeim markmiðum heilbrigðisáætlunarinnar, ályktunarinnar frá því í vor, verðum við að gera þessa vöru aðgengilegri og þá þarf hún líka að vera ódýrari.

[19:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Suðvest. hefur beint til mín fyrirspurn um aðgengi að hollum matvælum. Hv. þingmaður spyr:

„Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum, innflutningsgjöldum og sköttum á matvælum verði breytt og þeim beitt til þess að lækka verð, auka framboð og auðvelda þannig aðgengi að hollum matvælum fyrir almenning hér á landi?“

Ég vil fyrst taka fram að ég tel þetta mál afar mikilvægt, hollusta matvæla, og tel það mikilvægt heilsufarsmál. Því er til að svara, eins og kom fram reyndar í máli fyrirspyrjanda, að Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur skipað nefnd sem greina á vanda sem tengist óhollu mataræði, offitu, átröskun og hreyfingarleysi og koma með tillögur að samræmdum aðgerðum til að taka á vandamálum sem tengjast þessu. Forsætisráðuneytið skipaði þá nefnd vegna þess að málið snertir fleiri ráðuneyti en heilbrigðisráðuneytið þó að þetta sé mikilvægt heilsufarsvandamál.

Er nefndin skipuð í kjölfar þess að Alþingi ályktaði 11. maí 2005 að fela ríkisstjórninni að undirbúa samræmdar aðgerðir til eflingar lýðheilsu á Íslandi með hollara mataræði og aukinni hreyfingu. Jafnframt að faghópur á vegum forsætisráðuneytisins skyldi settur á laggirnar til að greina þann vanda, bæði orsakir og afleiðingar.

Mér finnst starf nefndarinnar afar mikilvægt og ég mun fylgjast náið með starfi hennar enda á heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fulltrúa í henni. Ég geri ráð fyrir að meðal viðfangsefna nefndarinnar verði sú spurning sem hv. þingmaður beinir til mín hér í dag. Ég tel hins vegar að nefndin verði að fá tóm til að vinna að þessu mikilvæga málefni og leggja fram niðurstöður sínar og ég geri ráð fyrir að þegar þær niðurstöður liggja fyrir taki ríkisstjórnin afstöðu til þeirra.

Ég er því ekki tilbúinn á þessu stigi að lýsa afstöðu minni í málinu fyrr en niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir og tillögur og mér finnst það reyndar ekki rétt þar sem nefndin á að fá að starfa án þess að ráðherrar séu fyrir fram búnir að ákveða niðurstöður hennar.

Virðulegi forseti. Ég vona að ofangreint svar svari að einhverju leyti spurningum hv. þingmanns.

[20:00]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög mikilvægt mál sem við erum að ræða hér og höfum verið að ræða í dag. Hæstv. ráðherra gerir að umtalsefni starfshóp forsætisráðherra sem á að koma með aðgerðir til að auka hollt mataræði og hreyfingu til að koma í veg fyrir allt það sem því fylgir að sinna því ekki. En hæstv. ráðherra hefði kannski átt að líta aðeins aftar í tímann því það hefur verið samþykkt opinber manneldis- og neyslustefna á Alþingi og flokkur hæstv. ráðherra stóð að því um tíma að halda úti slíkri stefnu. Í henni var gert ráð fyrir að hægt væri að stýra neyslu þjóðarinnar til hollustu t.d. með lægri verðlagningu á hollustuvörum. Þess vegna hefði ég viljað heyra hæstv. ráðherra lýsa yfir afstöðu sinni í þessum málum. En hann vildi ekki lýsa yfir afstöðu sinni til málsins vegna vinnu forsætisráðherra. Ég kalla eftir afstöðu ráðherrans þar sem það er þegar samþykkt á þingi að fara þessa leið.

[20:01]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu. Hún hefur verið hér fyrr í dag með öðrum hætti að vísu. En það er mjög nauðsynlegt þjóðfélagi okkar að hún sé rædd hér.

Ég vil gera að umtalsefni það sem kom fram í framsöguræðu um að hollustuvörurnar væru dýrari. Ég er ekki sannfærður um það og vildi gjarnan fá að sjá upplýsingar um það vegna þess að ferskar vörur hér á landi, bæði mjólkurvörur og grænmeti, eru að mínum dómi ekki dýrar vörur.

Við getum nefnt drykkjarvörurnar. Hvað kosta gosdrykkir miðað við skyrdrykki eða mjólkurvörurnar sem eru framleiddar með miklu flóknari hætti en nokkurn tíma Coca Cola sem er hrist út í einhvern sykursafa? Ég held því að það sé röng fullyrðing að hollustuvaran sé endilega dýrari. (**Gripið fram í:** Grænmetið ...)

[20:02]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Til að svara hv. síðasta ræðumanni vil ég segja að almennt fjölbreytt vöruúrval hér af hollum vörum er dýrara. Þarna er allt undir innflutt og framleitt hér á landi og ég var að ná yfir allt það heildarframboð. Það er almennt dýrara. Óhollari varan er því miður almennari í hillum hér á landi heldur en sú holla. Þessu viljum við breyta og ég tel að við viljum öll breyta því í sameiningu eftir að við samþykktum tillögu þessa efnis síðasta vor.

Ástæðan fyrir því að ég legg þetta hér inn, þ.e. hvort við getum breytt styrkjakerfinu í landbúnaði og breytt með ein-

hverjum hætti skattlagningu og innflutningsgjöldum, er sú að ég tel að við á Alþingi eigum að leggja fram hugmyndir um hvaða leiðir þessi faghópur geti farið og hann síðan metið það.

Ég verð síðan að lýsa yfir örlitlum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra vegna þess að í ágætu ávarpi sem hæstv. ráðherra hélt á matvæladegi Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands 14. október síðastliðinn og er að finna á vefsíðu heilbrigðisráðuneytisins segir hæstv. ráðherra orðrétt, með leyfi forseta:

„Hér má auðvitað ekki gleyma þætti stjórnvalda sem tengist stefnumótun ýmiss konar, laga- og reglugerðasetningu og skattlagningu."

Þetta segir hann í tengslum við það að hægt sé að beita fjölbreyttum aðferðum við að hafa áhrif á fæðu- og mataræði fólks.

Þessum hluta í ávarpinu fagnaði ég verulega og bjóst við að heyra fleiri slíkar hugmyndir frá hæstv. ráðherra í dag vegna þess að ég tel allt vera undir þegar við ætlum að leggjast í stefnumótun til þess að breyta hér lífsháttum og bæta.

[20:05]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ef ég byrja þar sem hv. þingmaður endaði þá stendur að sjálfsögðu sú tilvitnun í ávarp mitt sem hv. þingmaður fór með. En af því að hv. fyrirspyrjandi sagði að hún hefði orðið fyrir vonbrigðum með svar mitt þá vil ég taka fram að mér finnst óeðlileg vinnubrögð að ég ræði ekki fyrst við ríkisstjórn mál sem heyra undir samráðherra mína og mun gera það þegar tillögur þessarar mikilvægu nefndar sem er að fara af stað núna liggja fyrir.

Skoðanir mínar hafa legið fyrir lengi á þessum málum. Ég er fylgjandi því að beina neyslunni með þeim meðulum sem hægt er, að hollum matvælum. Það hefur reyndar verið gert ekki alls fyrir löngu þegar tollar af grænmeti voru lækkaðir og grænmeti lækkaði verulega í verði. Það var aðgerð sem beindi neyslunni að hollum matvælum sem ég tel að grænmeti sé. Ég held að ekki sé deilt um það. Skoðanir mínar á þessu liggja því fyrir. En ég tel ekki tímabært að tjá mig nákvæmlega um hvað verður gert í framhaldi af störfum þessarar ágætu nefndar.

Umræðu lokið.

Byggðakvóti fyrir Bíldudal.

Fsp. SigurjÞ, 229. mál. — Þskj. 229.

[20:07]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Fáir ráðherrar hafa byrjað jafnilla og hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég minnist þess að hæstv. félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, byrjaði illa. En hann sá að sér. Nú veltur á því hvort hæstv. sjávarútvegsráðherra muni sjá að sér. Það mun ráðast m.a. af svörum hans hvað varðar byggðakvóta til Bíldudals hvort þessi ágæti maður ætli að sjá að sér hvað varðar sína stefnu.

Það er vert að rifja það upp að nánast fyrir hverjar einustu kosningar hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra sem frambjóðandi lofað því að hann muni ekki styðja óbreytt kvótakerfi. Síðan hefur hann lofaði hann því fyrir einar kosningar að hann mundi ekki styðja að hætt yrði við þorskaflamarkið. Síðan lofaði hann einnig því fyrir kosningar eða gaf það í skyn sterklega að hann mundi standa vörð um sóknardagakerfið. Allt hefur þetta þessi ágæti hæstv. sjávarútvegsráðherra svikið, því miður. En nú hefur hann yfir að ráða 12 þúsund tonnum sem hann getur veitt til byggða landsins sem hafa orðið fyrir barðinu á vondu kvótakerfi Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Hann hefur yfir þeim aflaheimildum að ráða.

Nú er það svo að það er þorp á Vestfjörðum sem stendur afar illa, Bíldudalur. Þar hefur fiskvinnsla legið niðri frá því í sumar og það hefur komið fram á fundum með þingmönnum kjördæmisins að það sem þar á vantar til að hægt sé að hefja vinnslu á ný séu aflaheimildir. Nú veltur á því hvort hæstv. sjávarútvegsráðherra muni standa með fólkinu á Bíldudal og veita því rétt til að sækja sjóinn. Hæstv. ráðherra hefur yfir þessu að ráða. Ég vona svo sannarlega að hann hafi eitthvað fram að færa í umræðunni en fari ekki að drepa málum á dreif með einhverju þvaðri út og suður. Það verður örugglega fylgst með svörum hæstv. ráðherra, þ.e. því hvað hann hafi fram að færa. En við þingmenn Norðvesturkjördæmis erum búnir að fá það á hreint á fundum m.a. með atvinnuþróunarfélaginu fyrir nokkrum vikum síðan að það er þetta sem vantar, þ.e. aflaheimildir og hæstv. ráðherra getur veitt fólkinu á Bíldudal þessar aflaheimildir ef hann kærir sig um. En ég er ekkert viss um að hann muni gera það. Ég tel að hann vilji frekar halda í höndina á LÍÚ og muni þess vegna ekki veita fólkinu þessar heimildir.

En nú reynir á hvort hæstv. ráðherra ætlar að veita byggðarlaginu aflaheimildir og þannig að þar sé hægt að hefja störf á ný.

[20:10]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Eins og vænta mátti fór hv. þingmaður ekki alveg troðnar slóðir í þessari fyrirspurn því að hann spurði fyrst og svaraði svo sjálfur. Hins vegar er það þannig að svar hv. þingmanns við fyrirspurninni sem hann lagði fyrir mig er ekki alveg í samræmi við svarið sem ég hyggst nú veita.

Virðulegi forseti. Með reglugerð nr. 722 sem gefin var út 4. ágúst á þessu ári var sú ákvörðun tekin að úthluta 4.000 þorskígildislestum á þessu fiskveiðiári til stuðnings byggðarlögum á grundvelli heimildar í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Í áðurgreindri reglugerð er jafnframt kveðið á um hvaða forsendur skulu lagðar til grundvallar við skiptingu heildarmagnsins milli einstakra byggðarlaga og varð niðurstaðan sú að 140 þorskígildislestir koma í hlut Bíldudals. Var sveitarstjórn Vesturbyggðar í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 722/2005 gefinn kostur á því að gera tillögur um hvernig skipta bæri því magni sem í hlut Bíldudals kom milli einstakra fiskiskipa og hvaða skilyrðum slík úthlutun skyldi bundin.

Með bréfi, dagsettu 27. október 2007, sem barst ráðu-

neytinu nokkru síðar gerði sveitarstjórn Vesturbyggðar síðan tillögur til ráðuneytisins um þessi atriði og miðast tillögur sveitarstjórnar fyrst og fremst við það að byggðakvótinn verði unninn á Bíldudal og þeir sem úthlutun fái leggi sama magn á móti til vinnslu þar. Með þessu er ljóst að þessi úthlutun byggðakvóta leiðir til þess að allt að 280 lestum verði landað á Bíldudal til vinnu umfram það sem ella hefði verið.

Viðbrögð ráðuneytisins voru jákvæð. Það var óskað eftir frekari upplýsingum til þess að hægt væri að vinna málið til loka. Þeirra svara er beðið. Ég á von á því að þau svör berist fljótlega af því að hér var ekki um veigamikla hluti að ræða. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir verður ekki beðið boðanna í sjávarútvegsráðuneytinu og úthlutunin mun fara fram.

Ég vil hins vegar taka það jafnframt fram að það er líka gert ráð fyrir því að á grundvelli laga komi í hlut Bíldudals væntanlega 50 tonn frá Byggðastofnun og ef sömu reglur verða látnar gilda um þau þá er hér um að ræða byggðakvóta sem leiðir til þess að 100 tonnum til viðbótar verður landað á Bíldudal til vinnu umfram það sem ella hefði verið. En ég tel að með þessu sé því verið að leggja töluvert af mörkunum til þess að koma af stað að nýju atvinnulífinu á Bíldudal. Hins vegar er það misskilningur hjá hv. þingmanni að það hafi einungis verið um þetta að ræða sem þyrfti til að atvinnulífið færi í gang að nýju. Það kom líka fram á þessum fundum sem hv. þingmaður sat ásamt mér og fleiri þingmönnum Norðvesturkjördæmis að enn fremur þyrfti að teysta fjárhagslegan grundvöll þeirra fyrirtækja sem eru til staðar á Bíldudal og vilja hefja þar atvinnustarfsemi að nýju. Sú fjárhagslega fyrirgreiðsla hefur ekki enn þá fengist. Þarna er verið að tala um bæði lán og hlutafé sem ekki er í sjálfu sér á hendi sjávarútvegsráðuneytisins að veita. Hins vegar er það ábyggilega rétt sem ég hygg að hv. þingmaður hafi m.a. verið að víkja að, að slík úthlutun byggðakvóta, bæði sem sjávarútvegsráðuneytið hefur forræði yfir og eins það sem Byggðastofnun hefur tök á, sem framkvæmd er með þeim hætti sem sveitarstjórnin í Vesturbyggð er að leggja til muni verða til þess að auðvelda mönnum sem núna vilja standa fyrir atvinnurekstri á Bíldudal að leita eftir fjárhagslegri fyrirgreiðslu. Ég vænti þess að þegar þessi ákvörðun liggur fyrir, og raunar þegar það liggur fyrir hér í svari mínu á Alþingi að það verður gert jafnskjótt og nægjanlegar forsendur eða nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir, sem ég geri ráð fyrir að sé skammt undan, þá verði hægt að einhenda sér í það af meiri krafti og meiri atorku að afla þess fjármagns sem þarf til atvinnulífsins á Bíldudal.

En ég er sammála hv. þingmanni um að byggðakvótinn muni skipta mjög miklu máli. Þess vegna hef ég verið þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar að við þurfum að hafa byggðakvóta til að bregðast við á stöðum sem þessum. Það skiptir mig í sjálfu sér engu máli þó hv. þingmaður sé að reyna að koma á mig einhverju pólitísku höggi með svona skæklatogi eins og hér áðan. Það á ekkert erindi í þessa umræðu hérna þar sem við erum fyrst og fremst að fjalla um málefni sem snúa að þessu byggðarlagi. Ég biðst hins vegar ekkert undan því að hv. þingmaður haldi áfram þessum vana sínum. Hann má gera það mín vegna. Aðalatriðið er hins vegar þetta: Það er verið að ljúka núna úthlutun á þessum byggðakvóta. Þess er væntanlega mjög skammt að bíða að hann líti dagsins ljós endanlega og þá mun það örugglega auka kraftinn í því að skapa forsendur fyrir fjárhagslega stöðu nýs fyrirtækis sem dugir til þess að koma atvinnulífinu í gang á nýjan leik við fiskvinnslu á Bíldudal.

[20:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ástandið á Bíldudal er í hnotskurn það sem er á landsbyggðinni í litlum sjávarútvegsplássum. Menn sjá í dag ekki glóru í að stofna á þeim stöðum fyrirtæki í sjávarútvegi, í fiskvinnslu eða útgerð. Til að slíkt fyrirtæki geti komist á fæturna miðað við núverandi stöðu þarf að koma til stuðningur af svipuðu tagi og hæstv. ráðherra lýsti. En hann dugir ekki einu sinni til. Það er ekki eins og þetta sé í fyrsta skipti sem menn ætla að setja byggðakvóta á þennan stað. Ætli það hafi ekki verið fimm fyrirtæki rekin í þessu sama húsi síðan árið 1992? Þau hafa fengið byggðakvóta árum saman. Kannski kemur enn eitt nýtt fyrirtæki núna. Spurningin er hvort það verði til frambúðar. Auðvitað vona menn það.

En umhugsunarefnið er þetta: Er það virkilega þannig að í sjávarútvegi á Íslandi sé ekki hægt að stofna fyrirtæki og reka það nema með aðgerðum af þessu tagi?

[20:16]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að taka upp umræður um stöðuna á Bíldudal. Eins og bæði hv. þingmaður og hæstv. ráðherra fóru í gegnum þá er þetta alvarlegt mál sem við höfum fjallað um í sumar án þess að nokkur endanleg niðurstaða hafi fengist.

Það er alveg hárrétt hjá ráðherra, sem hann sagði eða lagði áherslu á, að í þessu samfélagi er ekkert eigið fé til að leggja á móti fiskveiðiheimildum eða stuðningi. Þetta verður að koma, nánast í heild sinni, utan frá. Hæstv. ráðherra rakti möguleika á úthlutun á byggðakvóta. Sá kvóti hlýtur að vera til nokkurra ára, ekki bara til eins árs í senn, því að annars verður þetta svo óöruggt. Ég vil því spyrja hann: Er það hugmyndin að það verði til nokkurra ára, virðulegi forseti?

[20:17]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta sorgleg og dapurleg umræða. Ég fór að hugsa, meðan ég hlustaði á þessa umræðu: Hvað skyldi Arnfirðingurinn og Vestfirðingurinn, Jón Sigurðsson forseti, hvers foreldrar hvíla í kirkjugarðinum í Otradal við Bíldudal, segja ef hann yrði vitni að því rugli sem hér á sér stað? Skyldu hann og félagar hans hafa barist fyrir því að við Íslendingar stæðum árið 2005 og værum að tala um stolta íbúa á Vestfjörðum sem bíða með húfu í hendi eftir því að stjórnvöld skammti þeim lífsbjörgina eins og skít úr hnefa, af þeirra mikilvægustu auðlind? Nei. Þetta var ekki það sem þeir börðust fyrir.

[20:18]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Þetta mál á Bíldudal er dæmigert fyrir stöðuna víða á landsbyggðinni. Auðvitað er að vissu marki þakkarvert að þorpið fái einhvern byggðakvóta. Ég veit ekki til hve margra ára það er en sá kvóti er, ef ég man rétt, helmingurinn af því sem þeir sem gerðu úttekt á fyrirtækinu sögu að þyrfti til að það yrði rekstrargrundvöllur undir fyrirtækið.

En málið er ákveðinn áfellisdómur, ég tek undir það með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, yfir þessu kerfi, að menn geta ekki komið sér af stað aftur í sjávarbyggðum sem liggja vel við fiskimiðum nema fá til þess skömmtun frá hinu opinbera. Ég vil segja við fólkið á Bíldudal og í sjávarbyggðum landsins að það á ekki að þakka fyrir að fá byggðakvóta. Það á rétt á þessu. Þessir flokkar, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkur, sviptu þessi byggðarlög atvinnuréttindum sínum og gerðu atvinnuréttindin að söluvöru sem ýmsir hafa hagnast á. Ég tel að stjórnvöld skuldi þessum byggðarlögum. Það er í raun skömm fyrir hæstv. ráðherra að hafa ekki fyrir löngu gengið frá þessu máli. Atvinnulíf hefur legið niðri á Bíldudal um langt skeið og auðvitað á ráðherra fyrir löngu að vera búinn að ganga frá því að fólk geti komist til vinnu á ný. Maður áttar sig ekki á því hvað tefur þann ágæta mann, hæstv. sjávarútvegsráðherra.

Þetta er orðin margra ára saga, þar sem fyrirtæki hafa komið og farið. Það er byrjað á að veita þeim byggðakvóta og síðan er dregið í land. Það er eins og ætlunin sé að deyfa þessar sjávarbyggðir upp og ég trúi því ekki að hæstv. sjávarútvegsráðherra sé sáttur við núverandi kerfi, við núverandi stöðu Vestfjarða. Ég trúi því einfaldlega ekki. Það væri ágætt ef hæstv. ráðherra svaraði því í umræðunni.

[20:20]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði, þ.e. að byggðakvótinn einn dugir ekki. Hann er hins vegar mikilvæg forsenda. Ég rakti það áðan hvernig ég tel að úthlutun byggðakvótans muni auðvelda róðurinn við að bæta eða styrkja fjárhagslegan grundvöll þess fyrirtækis sem þarf að vera til staðar á Bíldudal. Það er alveg rétt.

Vandinn á undanförnum árum hefur ekki falist í að það hafi vantað byggðakvóta. Vandinn hefur verið sá að vantað hefur fjárhagslegar forsendur undir atvinnureksturinn. Það sem menn eru nú að reyna að gera er að styrkja fjárhagslegar forsendur til að byggðakvótinn, sem nú stendur til að úthluta, komi að fullum notum. Það er þýðingarmikið þegar menn vinna að þessu að þeir horfi til aðeins lengri tíma. Það er rétt sem hér hefur komið fram, m.a. í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að menn þurfa að geta séð til lengri tíma varðandi byggðakvótann líka. Þær reglur sem búið er að útbúa núna gera einmitt ráð fyrir því að hægt verði að gera það. Þar eru efnislegar forsendur sem lagðar eru til grundvallar.

Ég tek undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni — þótt hann kunni mér kannski ekki miklar þakkir fyrir það — að menn eigi út af fyrir sig ekki að þakka fyrir byggðakvótann, menn eiga rétt á honum. Í fiskveiðistjórnarkerfinu eru búin til slík úrræði og menn eiga rétt á byggðakvótum við þær aðstæður sem uppi eru á Bíldudal. Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni og hann hitti þar naglann á höfuðið. Við þessar aðstæður eiga íbúar eins og á Bíldudal rétt á því að fá fiskveiðiréttinn með þeim hætti sem hér er lagt til.

Hv. þingmaður spurði hvað hefði tafið mig. Það er þannig, virðulegi forseti, að hér gilda ákveðnar reglur. Þær reglur hef ég virt. Þær gera ráð fyrir að heimamenn eigi aðkomu að málinu. Þeir skrifuðu okkur bréf fyrir rúmri viku og núna er verið að vinna úr því, alveg eins og ég rakti. Það stendur ekki til annað en að drífa í að úthluta þessum byggðakvóta jafnskjótt og hægt verður. Ég á ekki von á að það þurfi að taka langan tíma. Hv. þingmaður ætti því að spara sér kárínurnar um að ég hafi verið að tefja málið. Það hef ég ekki gert. Þetta mál hefur verið unnið mjög hratt eftir að það kom inn í ráðuneytið.

Umræðu lokið.

Togveiði á botnfiski á grunnslóð.

Fsp. JGunn, 242. mál. — Þskj. 242.

[20:23]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Mikið hefur verið rætt um nauðsyn þess að rannsaka hafsbotninn betur en gert hefur verið og einnig áhrif mismunandi veiðarfæra á hann. Einnig hefur umræðan um fiskvernd og fiskverndarsvæði aukist frá því sem áður var.

Nú háttar þannig til, frú forseti, að sums staðar á landinu er leyfilegt að veiða með botnvörpu nánast upp í kálgarða, upp að 3 mílum frá landi. Eitthvað eru þó reglur mismunandi um þetta eftir landsvæðum og ekki alltaf gott að átta sig á hvað ráði reglum á hverjum stað.

Þegar rætt er um veiðar með trolli á grunnslóð velta menn ekki einungis fyrir sér áhrifum veiðarfæranna á botninn og lífríkið heldur ekki síður sambúð mismunandi veiðarfæra og bátaflokka á sömu veiðislóð. Maður hefði haldið að meginreglan væri sú að smærri bátar gætu sótt á grunnslóðina en stærri bátum væri beitt utar. Ekki virðist það þó gilda um hafsvæðið undan suðurströndinni og út af Faxaflóa. Víða eru því vandræði þar sem smærri bátar eru að veiðum með staðbundin veiðarfæri og tiltölulega stór togskip mæta á veiðislóðina vegna frétta af aflabrögðum.

Ekki verður séð í fljótu bragði að neinar samræmdar reglur gildi um þetta efni og ekki er alltaf auðvelt að koma auga á hvað ræður reglum á hverju svæði. Því er ekki undarlegt þó spurt sé um málið. Mér er kunnugt um að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur fengið sent erindi frá strandveiðimönnum á Suðurnesjum um svipað efni. Hins vegar er mér ekki kunnugt um hvort honum hefur gefist tími til að taka afstöðu til þess erindis eða svara því.

Frú forseti. Hér er einnig um öryggisatriði að ræða þar sem smábátar sem ekki frá frið á grunnslóð freistast til að sækja lengra og dýpra en þörf væri á ef grunnslóðin innan 12 mílna væri friðuð fyrir stórvirkum veiðarfærum eins og botnvörpu. Þótt svokallaðir smábátar séu alltaf að verða

stærri og fullkomnari en áður voru þá dylst engum að þau fley eru ekki ætluð til veiða á djúpmiðum árið um kring. Því til viðbótar er rétt að líta til áherslunnar sem alltaf hefur verið að aukast um heim allan á vistvænar og sjálfbærar veiðar og það að ganga um fiskveiðiauðlindina á sem ábyrgastan hátt. Stórir kaupendur sjávarafurða eru farnir að líta til þessara atriða í innkaupastefnu sinni. Það er álit manna að það muni aukast á næstu árum.

Við sem byggjum enn sem komið er mikið á fiskveiðum og fiskvinnslu hljótum að velta því fyrir okkur hvort ekki sé rétt að fara yfir stefnu stjórnvalda varðandi veiðar innan fiskveiðilögsögunnar og ekki síst á grunnslóð. Því er spurt:

1. Gilda einhverjar samræmdar reglur um togveiði á botnfiski á grunnslóð innan 12 mílna frá landi?

2. Telur ráðherra koma til greina að setja frekari takmarkanir en nú er gert við togveiðum á botnfiski innan 12 mílna frá suðurströndinni?

[20:26]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Spurningar hv. þm. Jóns Gunnarssonar eru í tveimur liðum.

Í fyrsta lagi: „Gilda einhverjar samræmdar reglur um togveiði á botnfiski á grunnslóð innan 12 mílna frá landi?"

Svarið er: Í 5. gr. laga nr. 79 frá 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eru markaðar togveiðiheimildir fiskiskipa. Togveiðiheimildir eru lögbundnar og getur ráðherra ekki veitt rýmri heimildir en tilgreindar eru í 5. gr. laganna. Hins vegar hefur ráðherra heimild til að takmarka togheimildir, einkum til verndar smáfiski og hrygningarfiski og hefur þess nokkuð gætt fyrir suður- og vesturströndinni. Þá hefur ráðherra heimild til að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og hafa árlega verið sett tvö línu- og netasvæði við Reykjanes þar sem togveiðar hafa tímabundið verið bannaðar.

Í öðru lagi er spurt: „Telur ráðherra koma til greina að setja frekari takmarkanir en nú er gert við togveiðum á botnfiski innan 12 mílna frá suðurströndinni?"

Svarið er: Það er ljóst að togveiðar eru að jafnaði heimilar nær landi fyrir suðurströndinni en annars staðar og þá fyrst og fremst fyrir minni togskip. Þannig hefur þetta verið um langt árabil. Þá sérstöðu má bæði rekja til útgerðarhátta á þessu svæði og svo til fiskigengdar. Það er ljóst að verulegar breytingar á togveiðiheimildum fiskiskipa á þessu svæði mundu raska útgerðarháttum fyrir Suður- og Vesturlandi. Þá er rétt að benda á að Hafrannsóknastofnun hefur ekki lagt til að dregið sé úr togveiðum á þessum slóðum frekar en hefur verið gert með sérstökum reglugerðum.

Það er rétt sem hv. þingmaður segir, að það er ekki alltaf gott að átta sig reglunum í þessu samhengi. Ég er alveg sammála því. Það er líka ljóst, eins og við þekkjum, gamlir refir í þessum útgerðarbransa, að þetta hefur oft ráðist af hagsmunum eins og þeir hafa verið hverju sinni. Það er gömul reynsla og ný að menn reyna að hreyfa þessi hólf til út frá hagsmunum á viðkomandi veiðisvæði. Þetta er margreynt og oft hafa verið mikið átök um þessi hólf, eins og við þekkjum. En víðast hvar hefur sem betur fer tekist sæmilega til um sambúðina í þessum efnum.

Hv. þingmaður nefndi að í ráðuneytinu lægi fyrir erindi um að takmarka frekar togveiðar fyrir Suður- og Vesturlandi. Ég vil líka segja að óskir hafa komið inn á mitt borð um að auka heimildir fyrir dragnótaveiðar fyrir Suðurlandi, sem ég hef heldur ekki tekið afstöðu til. Þessi mál eru hins vegar alltaf í endurskoðun. Ég geri t.d. ráð fyrir að með vaxandi línuútgerð á Suðurnesjum muni krafan um að togveiðibátunum verði ýtt utar verða háværari. En það þýðir hins vegar ekki að sjálfkrafa verði orðið við þeim erindum. Ég mun hins vegar fara vel yfir þau þegar þau berast.

Við verðum að horfa á heildarhagsmunina, bæði fiskverndarhagsmuni og jafnframt hagsmuni útgerðarformanna. Eins og ég hef þegar rakið skipta veiðar togbáta mjög miklu máli fyrir atvinnulífið, bæði á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum sérstaklega. Það þarf að fara í þessi mál af mikilli gætni og af yfirvegun. Ég hef sjálfur setið mörg fiskiþing þar sem slík mál hefur borið á góma. Mér er ljóst að þessi mál eru mjög viðkvæm. Hafi menn fylgst með deilum um fiskveiðilöggjöfina þá hef ég oft sagt að það er hreinn barnaleikur miðað við átökin sem oft hafa orðið milli fulltrúa einstakra veiðarfæra og skipagerða. Ég tel að það sé sjálfsagður hlutur að menn umgangist þessi mál af fullri virðingu.

Eins og fram hefur komið var lögunum um fiskveiðilandhelgi Íslands breytt árið 1997. Það var gert eftir mjög ítarlega yfirferð þar sem hagsmunaaðilar voru kallaðir til og farið hafði verið um landið til að ræða þessi mál við sjómenn, útvegsmenn og vísindamenn. Niðurstaðan varð sú að breytingarnar urðu satt að segja ekki miklar. Þegar menn fóru af stað höfðu þeir hugmyndir um talsverðar breytingar en hurfu frá þeim, m.a. vegna þess að andstæð sjónarmið voru uppi og menn treystu sér ekki í meiri breytingar.

Nú hefur verið farið í þessi hólfamál, ef við getum kallað þau svo, í sérstakri nefnd sem er starfandi á vegum sjávarútvegsráðuneytisins. Þar eiga fulltrúar hagsmunasamtaka sæti. Þessi nefnd hefur það hlutverk að fara yfir starfsumhverfi sjávarútvegsráðuneytisins og fjalla um ýmsa þætti sem betur mættu fara. Þar hafa menn hnikað áfram málum til að stuðla að því að lækka kostnað í sjávarútveginum. Nú er nefndin að byrja að fara yfir þessi mál í heild sinni. Ég er ekkert sérstaklega bjartsýnn á að út úr því komi miklar breytingar. Ég tala af reynslu. Ég geri mér grein fyrir að þetta er snúið mál en það þýðir ekki að við eigum að víkja okkur undan því. Við eigum að fjalla um það. Að sjálfsögðu eigum við m.a. að skoða það sem hv. þingmaður var að spyrja um og það erum við að reyna að gera.

[20:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstvirtur forseti. Það er nú þannig að hagsmunaðilar í sjávarútvegi á Íslandi eru öflugastir í LÍÚ, það eru hagsmunasamtökin, svo eru auðvitað smábátasjómenn þar fyrir utan. En þessi hagsmunasamtök eru fyrst og fremst hagsmunasamtök sem starfa fyrir togveiðar, togveiðiskipin. Dregin veiðarfæri eru langstærsti hlutinn og öflugustu aðilarnir eru þar. Ef menn ætla að hlusta á þá og vera linir í löppunum gagnvart þeim endalaust, þá mun ekki verða nein breyting á. Togskip hafa aukist að afli og fjölda á undanförnum árum. Veiðar hafa færst frá öðrum veiðarfærum yfir til togveiðarfæra í mjög miklum mæli. Þetta hefur verið lát-

ið gerast. Hafrannsóknastofnun hefur ekki rannsakað nægilega vel hvaða áhrif þetta hefur á fiskimiðin og við vitum þess vegna ekki nóg um þá hluti. En það þyrftum við sannarlega að gera. (Forseti hringir.)

[20:33]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að síðasti ræðumaður hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann kom að rannsóknaþættinum. Því miður er það svo að veiðarfærarannsóknir hér við land hafa verið vanræktar allt of mikið undanfarna áratugi. Við höfum í raun og veru verið langt á eftir nágrannaþjóðunum í þeim efnum og það ber mjög að harma.

Þetta virðist því miður hafa komið okkur í koll því að nýlegar myndir sem Hafrannsóknastofnun hefur tekið, einmitt við suðurströndina, sýna að togveiðarfæri hafa valdið óbætanlegu tjóni á dýrmætum vistkerfum, kórallasvæðum, sem seint eða aldrei verður bætt. Það er því full ástæða til að skoða þessi mál með gagnrýnum hætti og fara vandlega yfir hvernig þessum reglum er háttað í dag, sérstaklega í ljósi þeirra nýju upplýsinga sem nú liggja fyrir.

[20:34]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir greinargóð svör við fyrirspurn minni og einnig hv. þingmönnum og öðrum sem tekið hafa þátt í umræðunni. Það gilda reglur, togveiðiheimildir eru lögbundnar, þó rétt sé að hæstv. ráðherra megi takmarka togveiði enn frekar en lögheimildir gera ráð fyrir. En það gilda engar samræmdar reglur. Það var það sem mér fannst ég geta lesið úr svari hæstv. ráðherra, að það gilda ákveðnar reglur en það gilda engar samræmdar eða gegnsæjar reglur um hvar sé heimilt að veiða með botntrolli innan 12 mílna og hvar ekki. Hæstv. ráðherra leiðréttir mig kannski ef ég fer með rangt mál en ég held að togveiðar séu almennt bannaðar innan 12 mílna annars staðar en fyrir Suður- og Vesturlandi. Það sé meira um það að ekki sé heimilt að fara á tiltölulega stórum skipum upp að 3 mílum annars staðar við landið.

Ráðherra hefur einnig heimildir til að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og maður veltir fyrir sér hvort ráðherrann ætli að skoða það eitthvað nánar og skoða í alvöru að grunnslóðin verði frekar fyrir staðbundin veiðarfæri en togbátunum stóru verði ýtt út fyrir 12 mílur. Það er rétt sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra að Hafró hefur svo sem ekki lagt til neinar frekari takmarkanir á togveiðum. En þar sem í raun ekki gilda neinar samræmdar reglur þá veltir maður fyrir sér hverju ráðgjöf Hafró ráði í því efni. Ég held að það sé alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að oft og tíðum eru það hagsmunirnir og hvernig þetta hefur þróast á hverjum stað fyrir sig. En markaðurinn gerir kröfur um ákveðið hráefni í dag. Það er vaxandi línuútgerð og því er eðlilegt að velta fyrir sér hvort ekki sé rétt að mæta kalli tímans og skoða upp á nýtt heimildir togveiðiskipa til að fara upp að 3 mílum.

[20:36]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hér var sagt áðan að hagsmunasamtök útvegsmanna væru fyrst og fremst hagsmunasamtök fyrir togveiðar. Og þau hefðu áhrif þess vegna. Engu að síður er það nú þannig að það hefur verið gert mjög mikið í því að loka á togveiðar, m.a. á hefðbundinni togslóð. Núna t.d. segja togaraskipstjórar sem hafa haft samband við mig að Halinn sé meira og minna allur lokaður fyrir togveiðum, hefðbundin togslóð fyrir þá. Það er alveg rétt, það er búið að grípa til mikilla lokana á þessum svæði af ýmsum ástæðum. Við höfum lokað svæðum, t.d. austur af Horni út af Reykjafjarðarál, vegna smáfisksveiði. Og við höfum ekki opnað það hólf þótt menn hafi verið að gera kröfur um það. En ég tel það hins vegar sjálfsagðan hlut að við skoðum þessi hólf, ef t.d. koma upp aðstæður sem gera það eðlilegt að menn veiði í þeim.

Það er alveg rétt, að þetta lítur þannig út að við getum ekki bent á að það sé algert samræmi í þessu. Alveg eins og ég var að segja hér áðan. Það eru auðvitað ýmsar staðbundnar ástæður sem gera það að verkum að fyrirkomulagið er nokkuð mismunandi, t.d. út af Vestfjörðum þar sem ég þekki, þar hafa menn opnað inn á grunnslóðina fyrir togarana á haustin til þess að þeir geti fiskað kola og ýsu. Við lokum ýmsum svæðum, t.d. hrygningarsvæðum fyrir steinbít á haustin o.s.frv. þannig að við beitum mjög miklum lokunum og það sem menn hafa kallað verndunarsvæði, kannski er það í rauninni þessi svæði sem eru verndunarsvæði. Og af því hér voru nefndir kórallarnir áðan þá vil ég segja að einmitt núna er í undirbúningi reglugerð sem mun fela það í sér að það verður lokað á togveiðar á svokölluðum kórallasvæðum. Þessi vinna hefur staðið yfir að undanförnu og ég geri ráð fyrir því að mjög fljótlega verði þetta kunngjört.

Svo að lokum, svo ég hafi endanlega æruna af hv. þingmönnum frjálslyndra, þá verð ég að taka undir með Magnúsi Þór Hafsteinssyni, ég er honum alveg sammála um að við höfum vanrækt um of veiðarfærarannsóknir og ég er honum alveg sammála um að það er eitt af því sem við eigum að hafa sem áhersluatriði í fiskveiðiráðgjöf okkar og hafrannsóknum. Þannig að nú er ég bæði búinn að hafa æruna af hv. þingmanni Sigurjóni Þórðarsyni og Magnúsi Þór Hafsteinssyni með því að taka undir með þeim. (Gripið fram í.)

Umræðu lokið.

[20:38]

Útbýting:

Auglýsingar kringum barnatíma í sjónvarpi, 294. mál, fsp. JóhS, þskj. 312.

Mál Ölgerðarinnar gegn umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, 296. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 315.

Fundi slitið kl. 20:39.

19. FUNDUR

fimmtudaginn 10. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, stjfrv., 279. mál, þskj. 294. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, frv., 17. mál, þskj. 17. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fullorðinsfræðsla, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 32. mál, þskj. 32. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, þáltill., 35. mál, þskj. 35. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 37. mál, þskj. 37. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Skýrsla Ríkisendurskoðunar 2004.
8. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2004.
9. Gjaldfrjáls leikskóli, þáltill., 26. mál, þskj. 26. — Fyrri umr.
10. Textun, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
11. Vegagerð um Stórasand, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Fyrri umr.
12. Sala áfengis og tóbaks, frv., 47. mál, þskj. 47. — 1. umr.
13. Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.
14. Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.
15. Áfengislög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
16. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 51. mál, þskj. 51. — 1. umr.
17. Fiskverndarsvæði við Ísland, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
18. Barnalög, frv., 78. mál, þskj. 78. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður verða í dag. Hin fyrri hefst nú strax á eftir, áður en gengið verður til dagskrár, og er um hreyfanleika starfsfólks og þjónustu eftir stækkun Evrópusambandsins. Málshefjandi er hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson. Hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon verður til andsvara.

Hin síðari hefst upp úr klukkan 1.30 og er um vanda á leikskólum vegna manneklu. Málshefjandi er hv. þm. Katrín Júlíusdóttir. Hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður K. Gunnarsdóttir verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

Þá vill forseti tilkynna að atkvæðagreiðslur verða klukkan 1.30, að loknu hádegishléi.

Umræður utan dagskrár.

Hreyfanleiki starfsfólks og þjónustu eftir stækkun ESB.

[10:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka þetta mál upp sem forseti nefndi og sem snýr að hreyfanleika starfsfólks og þjónustu eftir stækkun Evrópusambandsins og þar af leiðandi EES-samningsins til austurs. Útgangspunktur minn er skýrsla sem var gerð fyrir norrænu ráðherranefndina af Fafo-stofnuninni norsku. Í stuttu máli gerði stofnunin úttekt á reynslu Norðurlandanna af stækkun Evrópusambandsins til austurs þar sem öll löndin nema Svíþjóð voru með frestun á frelsi fólks til atvinnu í sínum löndum frá nýju aðildarlöndunum. Það er mikilvægt að hafa í huga í þessu sambandi að ástæðan fyrir því að fjórfrelsi er í EES-samningum og innri markaði ESB, þ.e. frelsi þjónustu, viðskipta, vöruviðskipta, vinnuafls og fjármagns, er til þess að auka velmegun í álfunni og styrkja þau þjóðfélög sem þar eru og auka kaupmátt og velmegun fólksins. Það gleymist stundum í umræðunni.

Hvað sem því líður eru helstu niðurstöðurnar þessar, virðulegi forseti: Það hefur ekki farið stór straumur atvinnuleitenda frá nýju löndunum til Vestur-Evrópu, en það er afgerandi munur á milli landa. Það eru engar tímabundnar takmarkanir í gildi gagnvart frjálsu flæði þjónustu og þar með útsendum starfsmönnum og einyrkjum sem taka að sér tímabundin verkefni.

Stærstur hluti aðflutnings starfsfólks til Norðurlandanna eftir stækkunina hefur verið í formi þjónustuinnflutnings og á Norðurlöndunum er furðulega mikill munur á aðflutningi starfsfólks frá nýju aðildarlöndunum eftir 1. maí 2004. Reynslan af hinum tímabundnu takmörkunum er mismunandi á Norðurlöndunum. Lágar tölur frá Svíþjóð benda til þess að hreyfanleiki starfsfólks sé mjög háður eftirspurn eftir vinnuafli. Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að í Svíþjóð eru engar hömlur á frelsinu.

Í flestum löndunum virðist sem samspil milli tímabundinna takmarkana og vandræða í tengslum við launamál útsendra starfsmanna hafi leitt til staðkvæmdaráhrifa sem hafi beint eftirspurninni að þjónustuveitingu og óviljandi orðið til þess að skekkja samkeppnisstöðu milli mismunandi ráðningarforma og hreyfanleika á vinnumarkaðnum. Með öðrum orðum má færa full rök fyrir því með niðurstöðu þessarar skýrslu að frestun á frelsinu hafi orðið til þess að að ýta undir starfsemi starfsmannaleigna.

Meðvituð sniðganga reglna og kjarasamninga í frjálsu flæði þjónustu veldur vandkvæðum í öllum ríkjunum og

tengist gráum svæðum milli ráðningarforma. Á heildina litið hefur aukið framboð á vinnu og þjónustu líklega haft jákvæð efnahagsleg áhrif og norrænu vinnumarkaðirnir hafa í aðalatriðum risið vel undir auknum fjölda erlends starfsfólks. Með því að fækka flöskuhálsum á ýmsum sviðum vinnumarkaðarins, minnka verðbólguþrýsting og auka framleiðslugetuna getur þessi þróun haft jákvæð áhrif á efnahagslífið og atvinnustig á Norðurlöndunum.

Þessi þróun hefur heldur ekki leitt til aukinna bótagreiðslna hins opinbera. Í öllum ríkjunum hefur pólitísk umræða farið fram um þessa þróun. Í Noregi hafa dæmi um misnotkun og gróflega undirborgun útsendra starfsmanna stuðlað að undirbúningi þess að gera ákveði kjarasamninga að lögbundnum lágmarksákvæðum líkt og gildir á íslenskum vinnumarkaði. Ég vek athygli á þessu, virðulegi forseti, því að hér eru Norðmenn að fara þá leið sem við höfum verið með í gildi lengi til þess að vinna gegn ólöglegri — eða að menn fari á skjön við hlutina með starfsmannaleigum. Öll Norðurlöndin hafa gripið til aðgerða til að styrkja samvinnu milli deilda í skattkerfi, lögreglu, útlendingaeftirliti, vinnumálastofnunum og öðrum stofnunum sem að hluta til ná einnig til aðila vinnumarkaðarins.

Þetta eru helstu niðurstöðurnar, virðulegi forseti, og ég held að við Íslendingar höfum haft góða reynslu af því fólki sem hingað hefur komið. Við erum að vísu með lægra hlutfall en á öðrum Norðurlöndum. Þar sem við skerum okkur fyrst og fremst úr er að hér er hærra atvinnustig, þ.e. nær allir þeir aðilar sem hingað koma eru í vinnu og það er grunvallaratriði. En þessi skýrsla er merkileg og í kjölfar þessa vil ég spyrja hæstvirtan ráðherra tveggja spurninga:

1. Telur ráðherra í ljósi skýrslu Fafo til norrænu ráðherranefndarinnar ekki ástæðu til að hverfa frá höftum á frelsi vinnuafls hér á landi innan EES-svæðisins?

2. Telur ráðherra ekki margt benda til þess að frestun á innleiðingu frelsis vinnuafls hér á landi hafi ýtt undir starfsemi starfsmannaleigna?

[10:40]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þessi mál til umræðu því nauðsynlegt er að málefni vinnumarkaðarins og þróunar hans séu til reglubundinnar umræðu á vettvangi Alþingis og í samfélaginu öllu.

Við hér á Íslandi verðum með hverju árinu sem líður í auknum mæli vör við áhrif alþjóðavæðingarinnar eins og aðrar þjóðir heims og aðgengi erlends vinnuafls hefur og mun hafa þýðingu á íslenskum vinnumarkaði. Okkur ber hins vegar skylda til að vera vel á verði og fylgjast grannt með framvindu mála. Eins og málshefjandi nefndi þá samþykkti Alþingi að nýta heimildir til aðgangstakmarkana fyrir átta af þeim tíu ríkjum sem bættust við Evrópska efnahagssvæðið þann 1. maí á síðasta ári. Þær takmarkanir gilda að óbreyttu til 1. maí á næsta ári. Þetta var gert með það að markmiði að stýra betur flæði erlends vinnuafls inn á íslenskan vinnumarkað en fyrirsjáanleg var mikil eftirspurn eftir vinnuafli vegna uppbyggingar, m.a. vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi og stórframkvæmda víðar.

Hæstv. forseti. Þessi ákvörðun var tekin í nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins og var ekki síst í samræmi við viðhorf Alþýðusambands Íslands. Takmarkanirnar fólust í því að íslensk fyrirtæki sem þyrftu á erlendu vinnuafli að halda til að sinna hefðbundinni launavinnu sem ekki tækist að manna með innlendum starfskrafti þyrftu áfram að sækja um atvinnuleyfi líkt og gildir um ríkisborgara ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins eða þriðju ríkisborgara eins og það gjarnan er nefnt.

Fyrst í stað gekk þetta vel og fyrirtækin héldu sig við hið þekkta form við að fá til sín erlendan starfskraft og stjórnvöld höfðu góðar upplýsingar um fjölda og kjör þeirra sem hingað komu til vinnu. Undanfarið hefur í auknum mæli borið á því að íslensk fyrirtæki eru að fá til sín starfsmenn með svonefndum þjónustusamningum, m.a. í gegnum erlendar starfsmannaleigur. Rök atvinnulífsins fyrir því að færa ráðningar á erlendu vinnuafli undir hatt þjónustusamninga meðan á aðgangastakmörkunum stendur hafa fyrst og fremst verið þau að það sé of tímafrekt að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi með þeim hætti sem lög okkar gera ráð fyrir. Við því hef ég brugðist og í samráði við dómsmálaráðherra breytt verklagi við útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa svo nú tekur aðeins um tvær vikur að fá afgreitt atvinnuleyfi fyrir vinnuafl frá nýju aðildarlöndum Evrópska efnahagssvæðisins.

Það hefur þótt til fyrirmyndar hvernig íslenski vinnumarkaðurinn er skipulagður þar sem ákveðinn sveigjanleiki hefur verið ráðandi, framkvæmd kjarasamninga er á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins og ágreiningsefni leyst með samningum en síður á grundvelli fyrirmæla í lögum eða reglugerðum. Þessu fyrirkomulagi tel ég mikilvægt að verði haldið. Ég tel farsælast að jafnan sé það þrautreynt af hálfu samningsaðila á vinnumarkaði að ná samkomulagi áður en skipulagsmál eða ágreiningur á vinnumarkaði er leystur með lagasetningu á Alþingi. En til þess að þetta fyrirkomulag reynist vel verður að höfða til samfélagslegrar ábyrgðar þeirra sem um þessi mál fjalla eins og ég raunar gerði í umræðum í sölum Alþingis í síðustu viku.

Hæstv. forseti. Þegar rætt er um að afnema hömlur á útgáfu atvinnuleyfa er nauðsynlegt að hafa í huga það fyrirkomulag sem nú er unnið eftir hér á landi, þ.e. að öll störf sem íslensk fyrirtæki hafa þörf fyrir að manna með erlendu vinnuafli komi fyrst til ráðstöfunar á innlendum vinnumarkaði í gegnum opinberu vinnumiðlunina þannig að þau standi atvinnulausum til boða. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og átt sinn þátt í því að halda atvinnuleysi hér á landi niðri en það er eitt allra mikilvægasta viðfangsefni okkar stjórnmálamannanna. Ísland hefur staðið sig mjög vel í alþjóðlegum samanburði hvað það varðar eins og við þekkjum.

Sú skýrsla sem hér hefur verið vitnað til og unnin var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar með fullri þátttöku félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar er ágætt innlegg í umræðuna um þróun norræna vinnumarkaðarins eftir stækkun Evrópska efnahagssvæðisins. Þó að áhrif stækkunarinnar kunni að hafa verið ofmetin verður því að mínu mati ekki haldið fram að aðgangstakmarkanirnar sem við ákváðum, stjórnvöld og löggjafinn, hafi verið mistök. Það sem skýrslan segir okkur er að það sé fyrst og fremst eftirspurnin og uppgangurinn í atvinnulífi hvers lands sem ræður því hvert vinnuaflið flæðir en ekki regluverkið á

hverjum stað. Það er að mínu mati rökrétt niðurstaða.

Skýrslan sýnir líka að vandamál varðandi ráðningar í formi þjónustusamninga hafa aukist í öllum fyrri aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og breytir þá engu hversu umfangsmiklar aðgangstakmarkanir hafa þar gilt. Hér er því alls ekki um neitt sérislenskt viðfangsefni að ræða eins og ég hef ítrekað lagt áherslu á.

Þá er nefnt í skýrslunni að skortur á tölfræðiupplýsingum og skráningum til að geta sagt betur fyrir um þróunina um flæði erlends vinnuafls inn á norræna vinnumarkaðinn sé tilfinnanlegur og úr því tel ég að þurfi að bæta.

Hæstv. forseti. Félagsmálaráðuneytið mun í samvinnu við utanríkisráðuneyti og hagsmunasamtök á vinnumarkaði greina stöðu þessa máls og móta tillögur að því sem mögulegt er og æskilegt að gera eftir 1. maí næstkomandi. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur komið fram sú ósk að afstaða aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins til frekari aðlögunarreglna verði gerð skýr sem fyrst og að því mun ég stefna. Fulltrúar ráðuneytisins fylgjast vel með þróun mála hjá öðrum þjóðum, m.a. á vettvangi Evrópusambandsins þar sem menn byggja á áralangri reynslu á flæði vinnuafls milli landa. Af þeirri reynslu eigum við að sjálfsögðu að læra og hana munum við nýta okkur, hæstv. forseti.

[10:45]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir að taka þessa umræðu því að það er afar vel og við ættum kannski oftar að vera á vaktinni í þessum málum.

Samningurinn um frjálsa för var afar mikilvægur þegar hann var samþykktur á sínum tíma. Meira hefur verið talað um hann vegna vinnuafls sem hingað kemur til landsins, en hann virkar auðvitað í báðar áttir því að fjöldi Íslendinga hefur farið utan til vinnu og víkkað sjóndeildarhringinn. Það skulum við líka hafa í huga.

Við stækkun Evrópusambandsins í maí 2004 óttuðust margir að stöðugur og mikill straumur frá Austur-Evrópu mundi velta yfir okkur og flæða hérna yfir. Við erum þjóð sem ákvað að fara varlega, eins og t.d. Svíar ákváðu líka að gera og Finnar, en Danir ekki og Norðmenn ekki og voru taldir róttækir. En samkvæmt umræddri skýrslu um þessu mál hefur það sýnt sig að þessi hræðsla var kannski óþörf því að aukningin er ekki eins mikil og menn bjuggust við þó að það vanti meiri tölulegar upplýsingar. Líka hefur verið talað um jákvæða aukningu í frjálsri för ýmissa sérfræðinga samkvæmt þjónustutilskipuninni en þar voru ekki settar eins miklar hömlur.

Við þurfum hins vegar alltaf að vera á vaktinni með kaup og kjör erlends vinnuafls. Ekki á að vera hægt að semja um hvað sem er því að þeir sem vinna á íslenskum vinnumarkaði vinna undir íslenskum kjarasamningum. Þetta verður alltaf að vera skýrt. Við þekkjum umræðurnar hér um starfsmannaleigurnar og það er ekki bara vandamál hér heldur líka í Evrópu. Þess vegna er mjög áhugaverð þessi spurning um hvort þessi frestun gæti haft þau áhrif að ýta undir þær.

Við þurfum skýra stefnumótun í þessum málaflokki. Í niðurstöðum skýrslunnar er sérstaklega fjallað um mikilvægi samstarfs milli aðila, heildstæða löggjöf og gegnsæja. Við þurfum meiri samhæfingu hér svo ekki sé talað um samstarf og kannski er það mikilvægt að setja þennan málaflokk undir eitt ráðuneyti í stað tveggja ef ekki þriggja. Heildarsýnin næst ekki með því (Forseti hringir.) að hafa hann á svo mörgum stöðum og þá er spurning hvort félagsmálaráðuneytið taki ekki það verkefni.

[10:47]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það hafa verið rök fyrir þeirri almennu reglu sem Íslendingar hafa fylgt að skilyrða komu erlends fólks í atvinnuleit því að það eigi vinnu vísa hér í landinu. Þetta hefur verið hin almenna regla, að tengja atvinnuleyfi atvinnuástandinu í landinu.

Ég vil segja tvennt um þetta varðandi þá undantekningu sem gerð er á þessari almennu reglu og lýtur að hinu Evrópska efnahagssvæði. Í fyrsta lagi finnst mér aldrei hafa verið mjög geðfelld þessi mismunun sem við búum annars vegar þegnum á hinu Evrópska efnahagssvæði og hins vegar verkafólki og launafólki í atvinnuleit frá öðrum hlutum heimsins.

Í öðru lagi hef ég um það vaxandi efasemdir að það sé almennt rétt að takmarka frelsi fólks sem fara vill landa í milli í leit að atvinnu. Það sem meira máli skiptir, og hefur verið vakin athygli á hér við þessa umræðu af hv. málshefjanda, er að atvinnuástandið er það sem á endanum skiptir máli. Svo eru það þær reglur og lög sem eru við lýði. Lögum og reglum sem við höfum er ógnað á tvennan hátt, annars vegar af óprúttnum atvinnumiðlunum og atvinnurekendum sem hreinlega fara á bak við lögin og hins vegar þeim tilskipunum sem eru á teikniborðinu hjá Evrópusambandinu. Þar vísa ég í þjónustutilskipunina og þar tel ég að við þurfum að vera vel á verði.

Ég tel því að forgangsverkefni okkar í þessum málum sé að styrkja íslenska lagaumgjörð til verndar erlendu verkafólki sem kemur hingað í atvinnuleit. Þar hef ég áður vísað á þau frumvörp sem við höfum lagt fram, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, og hafa legið hér óafgreidd fyrir þinginu.

[10:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Velferðarþjóðfélög Vestur-Evrópu hafa um áratugi verið í mikilli þörf fyrir erlent verkafólk til þess að vinna við störf sem landsmenn á hverjum tíma hafa ekki talið nægilega eftirsóknarverð vegna lágra launa eða erfiðra starfsskilyrða. Þessi þróun hófst mun fyrr í ríkjum Vestur-Evrópu en hérlendis. Þrátt fyrir að við höfum verið með samnorrænan vinnumarkað og síðan frjálsa för launafólks innan EES-svæðisins hefur verið þörf á verkafólki til vinnu á Íslandi umfram það frelsi í áratugi.

Hins vegar hefur þurft að sækja fyrir fram um atvinnuleyfi og að beiðni atvinnurekenda um leyfi fyrir vinnuafl fyrir fólk sem kemur utan þessara svæða. Við stækkun Evrópusambandsins 2004 settum við takmörk á frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkjum ESB sem gildir til vors 2006. Í ljósi þjónustusamninga og nýrrar starfsemi starfsmannaleigna, sem virðast sniðganga m.a. lögbundnar greiðslur og umsamin lágmarkslaun hér á landi, er ástæða til þess að endurskoða málin.

Þessi mál eru auðvitað þess eðlis að það þarf að reyna að svara eftirspurn fyrir þörf á vinnuafli á hverjum tíma og við því þurfum við að bregðast. Ég tel að samþykki Alþingis um takmörkun á frjálsri för launafólks í tvö ár frá nýjum svæðum Evrópusambandsins hafi verið rétt og að við þurfum ávallt að sjá til þess að fólk sem hingað kemur geti lifað hér mannsæmandi lífi og hafi hér eðlileg og sjálfsögð starfsskilyrði. Ég tel hins vegar í ljósi reynslunnar ekki sjálfgefið að við tökum okkur aftur það vald hér í Alþingi að takmarka frjálsa för launafólks frá Evrópusambandinu.

[10:52]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi vil ég segja að ég er þeirrar skoðunar að sveigjanleiki á vinnumarkaði og hreyfanleiki starfsfólks milli landa sé almennt jákvæður fyrir efnahagslífið bæði hér á landi og annars staðar. Frelsi á þessu sviði eins og í viðskiptum almennt er til þess fallið að auka hagkvæmni í atvinnulífinu og bæta framleiðslugetu hagkerfisins. Á grundvelli þessara sjónarmiða er frjáls för launafólks mikilvægur hluti virks innri markaðar á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Það er hins vegar ljóst þrátt fyrir þessi grundvallarsjónarmið að ekkert þjóðfélag hefur galopnað landamæri sín fyrir erlendu vinnuafli, ekkert þeirra þjóðfélaga sem við berum okkur helst saman við. Þarna verður að leita ákveðins jafnvægis. Þess vegna, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson kom að hér áðan, höfum við valið þá stefnu að vera þátttakendur í sameiginlegum innri markaði Evrópusambandsins fyrir vinnuafl m.a. en hafa ákveðnar takmarkanir gagnvart öðrum. Það er ljóst að á hverjum tíma eru tugir milljóna manna vítt og breitt um heiminn í leit að betri lífskjörum annars staðar og íslenskur vinnumarkaður og íslenskt þjóðfélag ætti í erfiðleikum með að taka við þeim straumi ef ekki væru einhverjar hindranir.

Varðandi nýju aðildarríki ESB þá fórum við ákveðna varfærnisleið vorið 2004 þegar gengið var frá stækkuninni. Við fórum ákveðna varfærnisleið og eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur bent á þá virðast rannsóknir benda til þess að sú varfærni hafi verið hugsanlega fullmikil. Þess vegna er full ástæða til þess að skoða hvort rétt sé að létta af (Forseti hringir.) þessum takmörkunum (Forseti hringir.) eins og t.d. Samtök atvinnulífsins hafa bent á að undanförnu.

[10:54]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er gaman að hlusta hér á fulltrúa Sjálfstæðisflokksins tala um innri markað Evrópusambandsins, að hann sé mikilvægur fyrir hagkvæmni og sveigjanleika. Það vantaði bara einhvern veginn að það þyrfti að sækja um aðild fannst manni hér (Gripið fram í.) í ræðunni. Það er því svolítið gaman að hlusta á þessa umræðu.

En það er alveg rétt sem kom hérna fram að þessi frjálsa för fólks skapar sveigjanleika og hagkvæmni. Við heyrum núna að Samtök atvinnulífsins vilja opna meira og taka þessar takmarkanir út. Það er vegna þess að sjónarmiðin eru þau að hér sé þensla og það þurfi að auka aðgengi fólks að vinnumarkaðnum til þess að minnka líkurnar á þrýstingi á kaup og kjör t.d. sem íslenskt samfélag gæti hugsanlega ekki staðið undir. Það eru sjónarmiðin sem gilda í þessu.

Á sama tíma eru önnur sjónarmið sem segja: Þetta er lítið samfélag. Við erum innan við 300 þúsund manns. Þetta er viðkvæmt samfélag að því leyti og við skulum hafa hér takmarkanir af því að við þurfum að hafa einhverja stjórn á því hvað streymir hér inn mikið af erlendu vinnuafli. Við viljum hafa landið opið að því leyti að það geti komið, en við viljum líka geta tekið vel á móti þessu fólki, sérstaklega ef það ílengist hér og verður hluti af íslensku samfélagi. Þá viljum við að þessi hópur samþættist inn í samfélagið þannig að við fáum ekki þau vandamál sem menn hafa séð hafa skapast víða á Norðurlöndunum og ég tala nú ekki það sem er að gerast í Frakklandi, þó að ég sé alls ekki að spá því hér. Við viljum taka vel á móti þessu fólki og við viljum vera í stakk búin til þess að það geti orðið hluti af hinu íslenska samfélagi.

Varðandi skýrsluna þá kemur fram í henni að þar sem hafa verið frekar stífar takmarkanir, eins og á Íslandi, hefur verið minni pressa á umsækjendur um vinnu. Þetta hefur gilt bæði á Íslandi og í Finnlandi. En allt annað er uppi á teningnum í Noregi þar sem menn hafa verið mun opnari.

Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra að það er mjög mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins komi að þessu máli. Hér á landi hafa þeir haft mjög mikið að segja um kaup og kjör að sjálfsögðu og um umhverfi vinnumarkaðarins og við eigum að vera í góðu samráði við þá varðandi það hvort við höldum áfram (Forseti hringir.) þessum takmörkunum eða ekki.

[10:56]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með þeim sem talaði hér á undan mér að það er í sjálfu sér ánægjulegt að heyra þessa jákvæðu Evróputóna frá þingmönnum sjálfstæðismanna og má kannski túlka þá sem Evrópudaður þeirra í kjölfar formanns- og forustuskipta í flokknum og því fagna ég mjög. (Gripið fram í.)

Hvað varðar umræðuna hér að öðru leyti má segja að fjöldi atvinnuleyfa segir ekki allt um stöðu mála hérlendis og gefur umrædd skýrsla að mörgu leyti villandi mynd af ástandinu. Þar koma að sjálfsögðu til sögunnar starfsmannaleigurnar og hin rétta mynd af málinu og réttarstaða þeirra starfsmanna sem í gegnum þær koma, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um áðan. Starfsmannaleigurnar eru alþjóðlegt vandamál. Það eru þær sem eru vandamálið. Það eru þær sem þarf að ná utan um. Það eru þær sem starfa á gráu svæði. Það eru þær sem eru notaðar til að níðast á réttindum starfsmanna og það eru þær sem eru notaðar sem skattaskjól fyrir gráðuga atvinnurekendur. Utan um starfsemi þeirra þarf að setja lög og utan um starfsemi þeirra og framferði þarf að ná. Það eru þær sem skapa blikur á lofti um að hér verði einhvern tíma franskt ástand í málefnum útlendinga vegna þess að þær eru notaðar til að níðast á útlendingum. Það er vandamálið og miklu stærra en það sem felst í frjálsri för verkafólks milli landa sem er almennt jákvætt mál. Starfsmannaleigurnar eru hins vegar aðför að siðuðu samfélagi. Þær eru aðför að okkar samfé-

lagsgerð, velferðarkerfi og vinnumarkaði.

Til að nefna dæmi um þá ósvífni og meðferð sem oft tíðkast í skjóli starfsmannaleiganna hér á landi má nefna launakjör starfsmanna frá erlendri starfsmannaleigu upp á 30 þús. kr. á mánuði í erfiðisvinnu uppi á íslensku hálendi, 30 þús. kr. á mánuði. Dæmi nú hver sem vill um siðleysi slíkrar meðferðar á fólki. Þetta er að sjálfsögðu ekkert annað en mannréttindabrot, fyrir utan aðbúnaðinn sem þetta fólk þarf oft að búa við og er varla svínum sæmandi í mörgum tilfellum. (Gripið fram í.)

[10:58]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og hv. þingmönnum fyrir málefnalega umræðu þó svo að ég verði nú að segja eins og er að ég á erfitt með að átta mig á því — og það hlýtur að vera ákveðin vanþekking á málefninu — þegar hv. þingmenn Siv Friðleifsdóttir og Björgvin G. Sigurðsson kjósa að tala um þetta sem Evrópusambandsdekur. Ég vona að ég þurfi ekki að hlusta á slíkt aftur. (Gripið fram í.)

En hvað sem því líður þá er gaman að heyra hér að minnst er á það sem ætti að vera augljóst, að frelsi það sem felst í innri markaði EES-samningsins er líka fyrir Íslendinga. Ég held að það sé vilji fyrir því í Alþingi að við framlengjum að minnsta kosti ekki þau höft sem hér eru. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson gleymdi að minnast á það, af því að hér ræddi hann um starfsmannaleigur, að það ýtir undir starfsemi stafsmannaleigna að vera með þessi höft og það kemur fram í þessari skýrslu. Það hefði verið kannski nær að ræða meira um það á þessum vettvangi þegar þeir aðilar sem mest hafa rætt málið hér hafa verið með stór orð um þau mál.

Fyrir liggur að eftirspurn eftir vinnuafli ræður fjöldanum en ekki reglugerðarverkið eins og komið hefur fram m.a. hjá hæstv. ráðherra. Ég er alveg sammála því, svo að því sé algjörlega til haga haldið, að besta leiðin til þess að fá fólk til að samlagast þjóðfélaginu er að það hafi atvinnu. Það hefur verið línan hjá okkur Íslendingum og það er vel. Það liggur alveg fyrir að þau þjóðfélög sem hafa farið þá leið eru ekki með þau vandræði sem við horfum á t.d. í Frakklandi.

Virðulegi forseti. Við tölum oft um þetta sem varnarstöðu. En ég vil vekja athygli á því að ef við getum ekki mannað þau störf sem hér eru þá missum við störfin úr landi. Þegar við missum störf úr landi koma þau ekki til baka.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, vitna í Peter Hodgson sem er ráðherra rannsóknar- og tæknimála í ríkisstjórn Nýja-Sjálands. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Við lítum ekki á útlendingaeftirlitið sem varðstöð heldur sem ráðningarstofu sem laðar til landsins hæfileikafólk sem eykur hagvöxt."

Við mættum kannski (Forseti hringir.) aðeins hafa þetta meira í huga í umræðum um þessi mál.

[11:01]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. málshefjanda enn og aftur fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi og hv. þingmönnum fyrir umræðuna. Ég vil við lok hennar ítreka að á næstu vikum og mánuðum verður í samráði við aðila vinnumarkaðarins unnið að mati á því hvað skynsamlegast verði í stöðunni eftir 1. maí nk., hvort áfram verði beitt aðgangstakmörkunum gagnvart hinum nýju íbúum EES-ríkjanna eður ei. Verði sú niðurstaðan mun það mál verða lagt fram á Alþingi á komandi vori í formi lagafrumvarps og fá hér þá umræðu sem því ber, hæstv. forseti.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar 2004.

[11:02]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun ber henni að semja skýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi.

Ársskýrslan fyrir síðasta ár var gefin út og birt í marsmánuði. Í henni er m.a. gerð grein fyrir starfsskyldum stofnunarinnar, starfsemi hennar á árinu 2004 og markmiðum með endurskoðun og leiðum á því sviði. Jafnframt er gerð grein fyrir þeim skýrslum, leiðbeiningarritum og greinargerðum sem stofnunin gaf út á árinu og fyrir starfi einstakra sviða stofnunarinnar. Þá eru í skýrslunni raktar ýmsar kennitölur um umsvif og árangur í störfum Ríkisendurskoðunar á árinu 2004. Loks er það nýmæli að finna í skýrslunni að þar er gerð nánari grein fyrir margvíslegum aðferðum sem starfsmenn hennar beita í daglegum störfum sínum.

Nokkur samdráttur varð í rekstri Ríkisendurskoðunar á árinu 2004. Ársverkum fækkaði um rúm tvö frá undangengnu ári og afköst drógust saman sem því nam. Fjárheimildir Ríkisendurskoðunar í fjárlögum og fjáraukalögum ársins 2004 námu alls 319 millj. kr. og hækkuðu um 12,3% frá árinu á undan. Innifalið í þessari fjárhæð er 15 millj. kr. framlag vegna halla á rekstri stofnunarinnar á árinu 2003. Rekstrarútgjöld Ríkisendurskoðunar að frádregnum tekjum af seldri þjónustu námu alls rúmum 302 millj. kr. á árinu 2004 og lækkuðu um 8% frá árinu 2003. Rekstur stofnunarinnar varð því 16,5 millj. kr. innan fjárheimilda ársins. Þær aðhaldsaðgerðir sem gripið var til í upphafi árs 2004 báru þannig tilætlaðan árangur en að vísu höfðu þær þau áhrif að nokkuð dró úr starfsemi og afköstum stofnunarinnar eins og ég greindi frá áðan.

Eins og samandreginn rekstrarreikningur sýnir var launakostnaður stofnunarinnar sá sami og árið 2003 eða samtals 259 millj. kr. Rekstrar- og stofnkostnaður lækkaði um 28 millj. kr. enda lauk að mestu leyti viðamiklum endurbótum á húsnæði stofnunarinnar á síðasta ári. Stærsti einstaki rekstrarkostnaðarliðurinn er aðkeypt sérfræðiþjónusta 14 endurskoðunarskrifstofa fyrir 29,7 millj. kr. Sértekjur stofnunarinnar lækkuðu og voru 3 millj. kr. minni en á árinu 2003.

Í árslok 2004 voru starfsmenn Ríkisendurskoðunar 49 talsins. Af fastráðnum starfsmönnum voru karlmenn 27 og konur 22 og hefur þeim fjölgað síðustu árin. Til dæmis voru þær aðeins þriðjungur starfsmanna í árslok 2001.

Alls áritaði Ríkisendurskoðun 357 ársreikninga og

samdi 259 endurskoðunarskýrslur. Þessu til viðbótar sendi stofnunin frá sér 10 úttektir á síðasta ári auk skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings. Skýrslur þessar spanna býsna vítt svið. Flestar eru hefðbundnar stjórnsýsluúttektir en að auki eru tvær skýrslur á sviði umhverfisendurskoðunar.

Í skýrslum þessum er fjallað um einstakar stofnanir, svo sem Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Náttúrufræðistofnun Íslands, og gerð grein fyrir almennum viðfangsefnum, t.d. lyfjakostnaði landsmanna, háskólamenntun, skógrækt og viðbótarlaunum opinberra starfsmanna.

Þá var í tengslum við innra eftirlit lokið við fimm viðamiklar skýrslur á árinu 2004 tengdar nánar tilteknum stofnunum ríkisins. Eðli málsins samkvæmt eru skýrslur þessar líkt og skýrslur stofnunarinnar um fjárhagsendurskoðun aldrei gerðar opinberar enda varða þær oftar en ekki viðkvæm innri mál stofnana og fyrirtækja.

Ríkisendurskoðun hefur sett sér það markmið að endurskoða árlega allar stofnanir ríkisins auk þess að leggja áherslu á að votta upplýsingar um umsvif og rekstrarárangur sem stofnanir birta í ársskýrslum sínum. Í þessu sambandi skal þess getið að u.þ.b. helmingur stofnana ríkisins hefur tekið upp svokallaða árangursstjórn sem felur m.a. í sér að þær setja sér markmið til lengri eða skemmri tíma sem nota má sem viðmiðun þegar endanlegur árangur er metinn.

Við fjárhagsendurskoðun hefur Ríkisendurskoðun á undanförnum árum lagt áherslu á að kanna nokkur valin atriði í starfsemi stofnana og fyrirtækja ríkisins sem varða starfsmenn þeirra, aðföng, umsýslu með fé og innra eftirlit. Þessi atriði hafa verið mismunandi frá einu ári til annars, allt eftir mati á mikilvægi þeirra og áhættunni sem tengist þeim. Í grundvallaratriðum miðar athugunin sem slík þó ævinlega að því sama: Að auka aðhald í ríkisrekstri, bæta umhirðu með eignum og fjármunum hins opinbera og efla innra eftirlit stofnana ríkisins. Athugunin byggist á úrtaki innan allra þeirra stofnana sem endurskoðaðar eru og ætti þar af leiðandi að gefa nokkuð góða mynd af því hvernig þessum málum er almennt varið, bæði innan einstakra ríkisstofnana og fyrirtækja og ráðuneyta.

Við endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2003 var lögð sérstök áhersla á launakostnað, erlendan ferðakostnað, rafrænar greiðslur og loks á ytri staðfestingar á stöðu banka- og viðskiptareikninga. Gerð er grein fyrir niðurstöðum þessara athugana í kafla 2 í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2003.

Verkefni Ríkisendurskoðunar við fjárhags- og stjórnsýsluendurskoðun hafa til þessa einkum snúið að ríkisaðilum og þeim viðfangsefnum sem ríkið sjálft sinnir en síður að þeim aðilum sem ríkið veitir fjárframlög til tiltekinna verkefna eða felur að annast nánar tilgreind lögbundin verkefni. Á undanförnum árum hafa stjórnvöld í æ ríkara mæli falið öðrum að sjá um ýmsa lögbundna þjónustu og sýnt er að þeirri stefnu mun verða fylgt í framtíðinni. Af þessum sökum er ljóst að verklag Ríkisendurskoðunar við að sinna því hlutverki sínu að kanna trúverðugleika fjárhagsupplýsinga og nýtingu ríkisframlaga mun taka breytingum.

Viðfangsefni Ríkisendurskoðunar á þessu sviði er annars vegar að kanna hvort þjónustuaðilar standi við þá samninga sem ríkið gerir við þá. Hins vegar er henni ætlað að meta hvort þeir aðilar sem eiga rétt á þeirri lögbundnu þjónustu sem samningarnir fjalla um fái hana. Ríkisendurskoðun hefur því ákveðnu hlutverki að gegna við þjónustusamninga ríkisins og henni er einnig tryggður aðgangur að þeim bæði í lögum um stofnunina og í samningunum sjálfum.

Við stjórnsýsluendurskoðun hefur Ríkisendurskoðun stundum kannað og lagt mat á hvernig til hafi tekist við að veita slíka þjónustu. Til þess að geta metið hvaða raunverulega árangri fjármunirnir skila og hvort framkvæmd og gæði þjónustunnar séu ásættanleg þarf að kalla eftir upplýsingum frá þeim sem hana fengu. Því má segja að hér sé á ferðinni nýr markhópur sem tengist eftirliti Ríkisendurskoðunar.

Eitt af lögbundnum verkefnum Ríkisendurskoðunar felst í að kanna og votta áreiðanleika kennitalna, t.d. verkefnavísa um umsvif og árangur af starfsemi stofnana. Kennitölur um umsvif og árangur hafa ekki einungis upplýsingagildi heldur geta einnig haft margvíslega hagnýta þýðingu við stjórnun þar sem þær lýsa því hvernig stofnunum gengur að ná markmiðum sínum. Ríkisendurskoðun hefur á undanförnum árum fylgst á skipulegan hátt með því hvernig henni sjálfri tekst að ná árangri í starfi. Í því skyni hefur hún þróað nokkra árangursmælikvarða til að meta fjögur lykilsvið stofnunarinnar, þ.e. þjónustu, innri verkferla, starfsmenn og þróun og loks fjármál. Þessir þættir eru að hluta til valdir í samvinnu við aðrar norrænar ríkisendurskoðanir í því skyni að gera innbyrðis samanburð þeirra í milli mögulegan. Í ársskýrslunni er gerð nákvæm grein fyrir niðurstöðu þessara mælinga og koma þær nokkuð vel út fyrir stofnunina.

Þau verkefni sem ekki verða heimfærð beint undir endurskoðun sem og önnur almenn starfsemi stofnunarinnar voru með hefðbundnu sniði á árinu 2004. Hér er einkum átt við eftirlit með staðfestum sjóðum og sjálfseignarstofnunum, eftirlit með reikningsskilum sókna og kirkjugarða, námskeið, endurmenntun starfsmanna o.fl.

Ríkisendurskoðun er í umtalsverðum alþjóðlegum samskiptum á sínu sviði. Hún er aðili að ýmsum fjölþjóðlegum samtökum um endurskoðun, auk þess sem hún hefur gott samband við systurstofnanir í nágrannaríkjunum. Samstarf á þessum vettvangi er mjög mikilvægt. Þess má geta að næsta haust verður haldinn hér fundur Evrópudeildar alþjóðasamtaka ríkisendurskoðenda.

Eins og ég gat um áðan er það nýmæli að finna í skýrslunni að þar er til fróðleiks og til að veita örlitla innsýn í störf Ríkisendurskoðunar gerð grein fyrir nokkrum aðferðum af mörgum sem starfsmenn hennar beita í daglegum störfum sínum. Í þessu skyni lýsa fimm starfsmenn hennar nokkrum aðferðum og sjónarmiðum sem móta dagleg störf þeirra. Fjallað er um handbækur og staðla stofnunarinnar, aðferðir við stjórnsýsluúttektir, greiningu gagna og rafrænar viðhorfskannanir. Loks er í skýrslunni að finna stutta en mjög áhugaverða og fróðlega grein um stofnanamálið.

Hæstv. forseti. Forsætisnefnd sótti Ríkisendurskoðun heim fyrir nokkrum dögum og átti þar ánægjulegan fund þar sem ýmis mál voru rædd.

Ég vil svo láta þess getið að ég mun beita mér fyrir því að framvegis verði skýrsla Ríkisendurskoðunar tekin til

umræðu á vettvangi nefnda Alþingis, t.d. hjá fjárlaganefnd, en viðlíka athugun fer fram hjá allsherjarnefnd á ársskýrslu umboðsmanns. Þannig gætu þingmenn átt orðastað og fengið útskýringar ríkisendurskoðanda um þau atriði sem þeir telja nauðsynlegt. Öllum er hollt að sæta eftirliti, líka eftirlitsstofnunum.

Að lokum vil ég fyrir hönd Alþingis flytja Ríkisendurskoðun og starfsmönnum hennar þakkir fyrir vel unnin störf á því ári sem hér hefur verið fjallað um.

[11:13]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að fagna sérstaklega þeirri yfirlýsingu sem hv. þingmaður gaf hér í lok máls síns varðandi það að ársskýrsla Ríkisendurskoðunar yrði send sérstaklega til umfjöllunar í fjárlaganefnd vegna þess að það er að mínu mati afskaplega eðlilegt að slíkar skýrslur fái formlega umfjöllun í nefnd þingsins.

Ég vil í framhaldi af þessum orðum hv. þingmanns spyrja vegna texta sem kemur fram í skýrslunni, þ.e. í formála ríkisendurskoðanda, en þar er í smákafla fjallað um að víða erlendis hafi stjórnvöld gefið út leiðbeiningar eða kynningarrit um ábyrgð og hlutverk helstu embættismanna eins og ráðherra, ráðuneytisstjóra, aðstoðarráðherra og annarra æðstu stjórnenda ríkisins. Skömmu síðar segir, með leyfi forseta:

„Á sama hátt þarf að efna til skipulagðrar umfjöllunar um gildi og nauðsyn siðareglna hjá hinu opinbera.“ — Síðan segir: „Telja verður að Alþingi hafi nokkra frumkvæðisskyldu á þessum vettvangi.“

Frú forseti. Það hefur vakið athygli að hv. þingmaður, sem er forseti Alþingis, hefur í ræðum sínum tilkynnt að hún hyggist beita sér fyrir ýmsum breytingum og skoða mál og því finnst mér eðlilegt að spyrja hv. þingmann að því hvort hún sem forseti þingsins muni beita sér á þessum vettvangi, þ.e. að skoðað verði gaumgæfilega hvort rétt sé eða kannað verði hvort rétt sé að setja siðareglur fyrir æðstu embættismenn ríkisins.

[11:15]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á því hvað hv. þingmaður er að fara. Var hann að spyrja um siðareglur fyrir æðstu embættismenn ríkisins? Það er auðvitað þannig að æðstu embættismenn ríkisins vinna samkvæmt lögum og ákvörðunarreglum. Þar að auki er í öllum stofnunum ákveðin starfsmannastefna og reglur sem gilda um verkefni sem þar eru rædd. Ég sé því ekki alveg hvers vegna hv. þingmaður hefur þessar áhyggjur. Hann gæti kannski skýrt það frekar.

[11:16]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem ég gerði var að vitna í formála að þeirri ársskýrslu sem hér er til umfjöllunar og vitnaði orðrétt í orð ríkisendurskoðanda. Ég get, til að gera málið enn gleggra fyrir hv. þingmanni, bætt hér við, því milli þeirra tilvitnana sem ég fór með áðan segir ríkisendurskoðandi, með leyfi forseta:

„Að mínu mati er full þörf á að stjórnvöld skilgreini nánar og skýri í hverju ábyrgð æðstu stjórnenda ríkisins og embættismanna felst þegar á reynir.“

Frú forseti. Ég get í raun tekið algerlega undir með ríkisendurskoðanda hvað þetta varðar. Þess vegna spurði ég hv. þingmann sem forseta þingsins hvort mætti vænta frumkvæðis frá forsetaembættinu vegna þess að hér er bent eðlilega á að telja verði að Alþingi hafi nokkra frumkvæðisskyldu á þessum vettvangi.

Frú forseti. Ég hefði viljað bæta við annarri spurningu í framhaldi af þeim orðum sem ég fagnaði hér áðan, um að ársskýrsla Ríkisendurskoðunar yrði sett í formlegan farveg til fjárlaganefndar, hvort hv. þingmaður muni vilja beita sér fyrir því sem forseti þingsins að aðrar skýrslur frá Ríkisendurskoðun fengju einnig formlega umfjöllun í nefndum þingsins. Þá yrði auðvitað ekki hægt að festa það fyrir fram í hvaða nefndum það ætti að vera. Sumar mundu að sjálfsögðu fara til efnahags- og viðskiptanefndar, aðrar til fjárlaganefndar, enn aðrar til annarra fagnefnda allt eftir eðli skýrslnanna. Eitt af því sem við höfum þurft að horfa upp á ansi oft er að Ríkisendurskoðun hefur skilað frá sér áhugaverðum skýrslum sem síðan hafa ekki fengið neinn farveg. Því miður eru allt of mörg dæmi um að athugasemdir sem koma fram í skýrslum Ríkisendurskoðunar hafa ekki leitað í réttan farveg og í rauninni gleymst og ekkert verið eftir þeim farið.

[11:18]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessar ábendingar hv. þingmanns eru skýrari núna fyrir mér. Ábendingar hans varðandi aðrar skýrslur eru í raun mál sem hafa verið rædd lengi innan þingsins. Ég tel ósköp eðlilegt að þetta sé rætt í tengslum við hugsanlegar breytingar sem verða gerðar á þingsköpum Alþingis. Ég held að það sé réttur farvegur á milli flokka.

En varðandi það sem hann nefndi um ábendingar ríkisendurskoðanda um siðareglur þá ég gat þess áðan að ég mun leggja það til að skýrsla Ríkisendurskoðunar fari til formlegrar meðferðar í einni af nefndum þingsins, t.d. fjárlaganefndar. Hv. þingmaður hefur einmitt átt sæti í þeirri nefnd og getur því beitt áhrifum sínum þar til að ræða þetta mál.

[11:19]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ríkisendurskoðun er mjög mikilvæg stofnun. Í áranna rás hefur margt mjög gott frá henni komið. Ég hef alla tíð verið einarður stuðningsmaður þeirrar stofnunar og er svo enn þótt það sé sitthvað sem ég vilji gagnrýna í störfum hennar. Hún þarf að standa vel að vígi, það þarf að vera vel að henni búið og það er mjög mikilvægt að hún sé hafin yfir allar ásakanir um hlutdrægni, að hún sé hafin yfir allan pólitískan vafa. Ég hef í sjálfu sér ekki efasemdir um pólitískan heiðarleika ríkisendurskoðunarmanna en í sumar fór stofnunin engu að síður inn á grátt svæði. Blandaðist inn í stjórnmálaumræður í þjóðfélaginu og varð að því er ég tel leiksoppur í pólitískum átökum hér í landinu. Ríkisendurskoðun var í sumar misnotuð af framkvæmdarvaldinu og ég kem að því síðar.

Mér hefur fundist Ríkisendurskoðun í mörgum þeim skýrslum sem frá henni hafa komið vera allt of lin. Ekki vera nægilega gagnrýnin í umfjöllun sinni og ekki nægilega beinskeytt eins og hún hræðist að taka á málum sem eru brennandi í stjórnmálaumræðunni. Ég nefni t.d. athuganir sem gerðar voru á einkavæðingunni, einkavæðingu bankanna t.d. Ég nefni skýrslu sem að mörgu leyti var ágæt og var unnin að frumkvæði mínu og þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um hjúkrunarheimili og fjármögnun þeirra og sérstaklega vikið að hjúkrunarheimilinu Sóltúni hf. Ég hafði beint ákveðnum spurningum til Ríkisendurskoðunar. Það var ekki svo að þeim væri öllum svarað. Ég hef oft velt því fyrir mér hvað valdi því að menn fari eins og köttur í kringum heitan graut þegar kemur að heitum pólitískum málum. Mér hefur fundist þetta því miður vilja brenna við í of mörgum skýrslum sem hafa komið frá Ríkisendurskoðun í seinni tíð. Mér hefur fundist það. Ég er þar með og vil alls ekki gera lítið úr því góða starfi sem Ríkisendurskoðun hefur innt af hendi á ýmsum sviðum. Ég ítreka að margt hefur frá henni komið sem hefur verið afbragðsvel unnið. En þetta er gagnrýni sem ég hef áður komið fram með og vil halda til haga.

Síðan er það hið gráa svæði, hið pólitíska sprengjusvæði sem Ríkisendurskoðun hélt út á í sumar, eða öllu heldur var leidd út á í sumar. Þá er ég að sjálfsögðu að tala um þær deilur sem risu um hæfi hæstv. forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, og fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra, að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands til S-hópsins. Þar kom Ríkisendurskoðun fyrir nefnd þingsins, sendi frá sér minnisblöð sem urðu tilefni til mikilla umræðna á opinberum vettvangi í sumar. Þetta varð m.a. til þess að stjórnarandstaðan fékk virta lögmenn til að gera úttekt á aðkomu Ríkisendurskoðunar að þessu máli. Í þeirri úttekt, sem unnin var af Sif Konráðsdóttur hæstaréttarlögmanni og Birni L. Bergssyni hæstaréttarlögmanni, segir m.a. í niðurstöðum, með leyfi forseta:

„Samantekin niðurstaða okkar er sú að minnisblað Ríkisendurskoðunar um hæfi Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra og fyrrverandi utanríkisráðherra, til þess að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins sé verulegum annmörkum háð."

Ríkisendurskoðandi áréttaði margoft að hann liti svo á að svör um hæfi eða vanhæfi stjórnvaldshafa væri lögfræðilegt álitaefni sem löggjafinn hefði ekki ætlað þeirri stofnun. Engu að síður komst ríkisendurskoðandi að þeirri niðurstöðu að eins og þessu tiltekna máli væri háttað væri eðlilegt að stofnunin kæmi að þessu sem lið um afmarkaða þætti í stjórnsýsluendurskoðun.

Hvað um það, ég ætla ekki að fara ítarlega inn í efnisatriði þessa máls en vil þó nefna að í fjölmiðlum urðu miklar deilur þar sem m.a. var fjallað um aðför að trúverðugleika Ríkisendurskoðunar og stoðum lýðræðis og réttarríkis. Vitna ég þar í fyrirsögn í grein eftir hv. þm. Jónínu Bjartmarz í Morgunblaðinu. Og hér er önnur þar sem talað er um að ómaklega sé vegið að Ríkisendurskoðun og vitnað í bréf og álitsgerðir sem frá Ríkisendurskoðun komu þar sem stofnunin var að bera hönd fyrir höfuð sér.

En hvers vegna nefni ég þetta? Jú, það er eðlilegt þegar fyrir þingið kemur skýrsla frá Ríkisendurskoðun. En markmiðið með þessari umræðu af minni hálfu núna er þó einnig annað. Ég tel að þetta form sem við höfum á að ræða skýrslur Ríkisendurskoðunar sé allsendis óviðunandi. Hér hætti ég að ræða efnisþætti málsins að hluta til vegna þess að ríkisendurskoðandi getur ekki komið og svarað fyrir sig. Í rauninni er óeðlilegt að hæstv. forseti þingsins þurfi að svara fyrir þessi atriði. Ég er einfaldlega ekki að stilla aðilum upp sem gagnstæðum fylkingum í þeim efnum, alls ekki. Ég ætlast ekki til svara frá hendi hæstv. forseta um þetta efni. En ég tel að við þurfum að finna annað form þar sem við efndum til opinna málfunda, þingnefnda á vegum forsætisnefndar undir forræði forsætisnefndar og hugsanlega með aðild allsherjarnefndar og efnahags- og viðskiptanefndar. Það kæmi vel til álita. Þessir fundir væru opnir fjölmiðlum og fréttaflutningur væri af þeim þar sem farið væri yfir þær skýrslur sem frá Ríkisendurskoðun kæmu. Ríkisendurskoðanda gæfist kostur á að svara fyrir sig og hugsanlega einnig þeim aðilum sem hann beinir spjótum sínum að eða gagnrýni sinni að í þeim skýrslum sem er um úttekt á einstökum stofnunum. Það yrði eðlilegt. Þannig yrði þetta starf miklu meira lifandi og öllum hlutaðeigandi aðilum gæfist þá kostur á að svara gagnrýni frá þess vegna ríkisendurskoðanda sem þætti ómakleg eða fleiri hliðar þyrftu að koma fram á. Eins er þegar hlutir af því tagi sem ég vitna til frá í sumar gerast, að um þá geti farið opin, lýðræðisleg og málefnaleg umræða.

Hæstv. forseti. Ég tel að það sem gerðist í sumar séu mjög alvarlegir atburðir og ég fyrir mitt leyti er ekki búinn að segja mitt síðasta orð í því efni. Við höfum leitað til stofnana sem heyra undir Alþingi til að fara í saumana á þeim alvarlegu ásökunum sem settar voru fram á hendur hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórninni í tengslum við einkavæðingu ríkisbankanna. Umræðu um það mál er ekki lokið, henni er ekki lokið. En ég vildi víkja að þætti Ríkisendurskoðunar í umræðunni frá í sumar, en í stað þess að halda hér langar tölur um efnisþætti málsins vil ég reyna að beina umræðunni inn í þann farveg að við finnum form sem leiðir okkur inn á vitlega umræðu um þessi mál.

[11:30]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða skýrslu Ríkisendurskoðunar og m.a. umsvif og árangur þessarar stofnunar Alþingis á árinu 2004. Ég átti þess kost að taka þátt í því með forsætisnefnd Alþingis að heimsækja stofnunina nú í vikunni og mér fannst það mjög áhugavert. Við fengum þar upplýsingar um hvað er á döfinni. Við fengum upplýsingar um verkefnastöðu. Okkur voru kynntar skipulagsbreytingar sem hafa verið í gangi og miða að því að vinna Ríkisendurskoðunar verði enn skilvirkari. Það sem mér fannst til fyrirmyndar varðandi stefnumál stofnunarinnar var að þarna er rekin starfsmannastefna, gæðastefna, menntunarstefna og málstefna sem mér finnst alveg einstakt og vil hrósa stofnuninni sérstaklega fyrir. Og menn eru farnir að huga að jafnréttisstefnu. Hún er kannski ekki alveg jafnlangt komin þar og við hefðum kosið en bara það að sú vinna er komin í gang skiptir mjög miklu máli.

Það kom fram í umræðunni á milli forsætisnefndar og starfsfólks Ríkisendurskoðunar hvað það er mikilvægt að

Ríkisendurskoðun geti sinnt frumkvæðisvinnu. Það eigum við að styðja og búa þannig að stofnuninni að hún geti sinnt þeim þætti. Við vitum að það er 20, 30% dýrara að kaupa verkefni eða þjónustu utan stofnunarinnar og við eigum að gera þessari stofnun kleift að vinna að jafnþýðingarmiklum þætti.

Þær stofnanir tvær sem eru á dagskrá á þessum morgni, annars vegar skýrsla Ríkisendurskoðunar og skýrsla umboðsmanns Alþingis, eru feikilega mikilvægar stofnanir. Þessar stofnanir eiga það sameiginlegt að þær eiga að vera sjálfstæðar. Þær eiga að vera óháðar framkvæmdarvaldinu og þeim er ætlað að vera tæki til að tryggja lýðræðisleg vinnubrögð og tryggja að fagleg vinnubrögð séu jafnan viðhöfð við opinberar ákvarðanir og að í hvívetna sé farið að lögum. Alþingi hefur það hlutverk, auk þess að vera löggjafarþingið og setja lög, að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og tryggja að í hvívetna sé rétt að farið. Þessar stofnanir eru þess vegna annars vegar tæki okkar Alþingis og hins vegar jafnframt tæki sem við ætlun að nota til að tryggja réttlæti og réttsýni gagnvart borgaranum. Það er afar mikilvægt þegar við erum að búa að þessum stofnunum og skoða skýrslur þeirra að hafa þetta í huga.

Við eigum því láni að fagna að báðum þessu mikilvægu stofnunum er stýrt af mjög hæfum einstaklingum með góðan faglegan bakgrunn og að þeir hafa fengið til starfa með sér gott starfslið. Þetta er afar mikilvægt.

Eins og ég hef nefnt hér er það grundvallaratriði varðandi báðar þessar stofnanir að þær séu frjálsar og óháðar og að tækið sem þær eru nýtist til fulls. Ekki er deilt um að umboðsmaður Alþingis sé óháð embætti. Hins vegar vitum við að ekki er alltaf farið að athugasemdum umboðsmanns. Umboðsmaður Alþingis hefur ítrekað komið með ábendingar vegna mannaráðninga ríkisins í ráðuneytum. En þrátt fyrir að það hafa komið alvarlegar ábendingar til viðkomandi ráðherra um ferli eða aðferðir við mannaráðningar eftir að óskað hefur verið eftir skoðun á slíku við t.d. embætti umboðsmanns, þá upplifum við að haldið er áfram að stunda ófagleg vinnubrögð. Mér er þetta mál hugleikið og hef á Alþingi, eins og þingmönnum er kunnugt, flutt ásamt nokkrum þingmönnum frá Samfylkingunni þingmál um að kanna reynslu nágrannaþjóða okkar af þeim aðferðum sem þar eru notaðar við að aðskilja pólitískar og faglegar skipanir eða mannaráðningar í ráðuneytum, sem sagt æðstu embættismanna.

Við skulum þess vegna gera okkur grein fyrir því að þarna er verið að vinna gífurlega mikilvægt starf. Mikil vinna hefur farið í að skoða hvernig var á haldið. Síðan kemur niðurstaðan og ábendingin. En það er okkur til vansa að ekkert gerist. Þetta nefni ég varðandi skýrslu umboðsmanns Alþingis, sem ég er þó ekki að taka á dagskrá núna. En ég hlýt að nefna það sem er sameiginlegt fyrir báðar skýrslurnar. Vík ég þá aftur að skýrslu Ríkisendurskoðunar sem er að sjálfsögðu það sem við ræðum núna.

Þá komum við að því sem er grundvallaratriði, þ.e. að þessar stofnanir séu frjálsar og óháðar stofnanir. Fyrir mér er það umhugsunarefni að Ríkisendurskoðun, sem er stofnun Alþingis og er og á að vera sjálfstæð stofnun, tekur við beiðnum frá Alþingi um að tiltekin mál séu skoðuð. Hún tekur við beiðnum frá ráðherrum og hún tekur við beiðnum frá stofnunum. Hún getur hafnað öllu nema beiðnum frá forsætisnefnd Alþingis. En hún tekur við beiðnum frá þessum aðilum og fer í vinnu eða skoðun á einhverjum tilteknum málum að ósk framkvæmdarvaldsins. En þetta er stofnunin sem á að tryggja fyrir okkur aðhaldið að framkvæmdarvaldinu. Það er þannig að mörgum finnst þess vegna að hlutleysisstaða Ríkisendurskoðunar geti við tilteknar aðstæður lent á gráu svæði. Mér finnst að við eigum að vera meðvituð um þetta og við eigum að tryggja að staða Ríkisendurskoðunar sé eins skýr og hugsanlegt er varðandi það hlutverk sem við ætlum henni.

Virðulegi forseti. Þá vil ég víkja að skýrslunum. Hvað gerum við við skýrslurnar? Ég er ekki sammála hv. þingmanni Ögmundi Jónassyni miðað við hans málflutning hér fyrir nokkrum mínútum. Þessar stofnanir skoða mál, m.a. að beiðni okkar. Við fáum skýrslur eða stjórnsýsluúttektir. Þær eru lagðar í okkar hendur. Það er væntanlega ekki á ábyrgð þessara stofnana að fylgja þeim eftir. Það er okkar. Við eigum að fylgja skýrslunum eftir en gerum það ekki. Það er engin eftirfylgni um það hvort farið var að ábendingunum eða hvort unnið er með aðfinnslur við vinnubrögð. Þetta held ég að sé mál sem við í forsætisnefnd eigum að setja á oddinn að setjast yfir.

Ég hef nefnt hér mannaráðningar. Ég ætla líka að nefna eitt mál sem ég fór sérstaklega vel ofan í og hef þekkt alveg frá því að ég var félagsmálaráðherra á árunum 1994–1995. Það er þjónustusamningur við Sólheima. Það hefur oft verið gagnrýnt að of mikill losarabragur hafi verið á samskiptum ríkis og þessarar stofnunar hvað varðar fjárveitingar og nýtingu þeirra fjárveitinga sem veittar eru til umönnunar fatlaðra.

Ríkisendurskoðun hefur unnið margar skýrslur um þetta tiltekna mál og tvær fyrir mjög skömmu síðan. Ég fór ofan í þessar skýrslur sérstaklega vegna þess að í ein þrjú ár var enginn þjónustusamningur í gangi við þessa stofnun. Þó streymdi fjármagn frá Alþingi til stofnunarinnar án þess að nokkuð væri vitað hvort fyrri reglur giltu eða ekki. Þrátt fyrir að ábendingar væru um að þarna, eins og í öllum öðrum þjónustusamningum, þyrfti að gera vel, að þarna þyrfti að tryggja að kveðið væri á um fyrir hvað væri greitt, þá var gerður nýr þjónustusamningur, dýrari en þeir fyrri. Ekki er kveðið á um það í þeim þjónustusamningi hvað varðar ráðningu starfsfólks hve margir skuli ráðnir, ekki hvers konar menntunar sé þörf, ekki fjallað um kröfur eða kvaðir. Það er eingöngu ákveðið að sinna skuli tilteknum fjölda vistmanna. Ég hef haldið því fram að ef Alþingi mundi að þremur árum liðnum óska eftir að Ríkisendurskoðun gerði skýrslu um hvort staðið hafi verið við þær skuldbindingar sem krafist hefði verið samkvæmt samningi þá gæti hún ekki gert það vegna þess að kvaðirnar eru engar og í engu samræmi við aðra þjónustusamninga sem gerðir eru í öðrum stofnunum ríkisins og það er líka ósanngjarnt gagnvart stofnunum ríkisins og þeim þjónustuaðilum sem gerðir eru þjónustusamningar við.

Hvert er hún að fara, spyrja nú eflaust alþingismennirnir sem hér hlýða á umræður. Ég er að benda á að okkur vantar tæki til eftirfylgni. Við eigum að geta ætlast til að því sé svarað hvernig brugðist verður við gagnrýni. Ef gagnrýni hefur komið fram eða ábendingar til ráðherra eða ríkis-

stofnunar hlýtur Alþingi að þurfa að fá svör við því hvað var gert með þær aðfinnslur, hvað var gert með þær ábendingar. Alþingi eða forsætisnefnd, eða hvernig við veljum að haga okkur, metur þá hvort málinu sé farsællega lokið. Því lýkur ekki. Það er í skýrslu uppi í hillum þingmanna og fæstir vita hvernig fór með málið. Við rifumst um það seinna. En við gerðum ekki það sem hefði þurft.

Ég var mjög ánægð með ræðu hv. 5. þm. Reykv. s., Sólveigar Pétursdóttur, þar sem hún sagði hér í umræðunni að hún mundi senda þessa skýrslu til formlegrar meðferðar í nefnd. Það er eitt skref. Ég velti því fyrir mér hvort einhver aðili, e.t.v. rannsóknarnefnd á vegum þingsins, ætti hverju sinni að einhverjum tilteknum tíma liðnum að skoða hvað var gert, hvernig ráðuneytið brást við, hvernig ráðherra brást við gagnrýni, hvernig haldið var á málum í næsta þjónustusamningi eða næsta verkefni sem hafði verið ábótavant áður.

Það er ófullnægjandi fyrir stofnun með virðingu fyrir sjálfri sér þegar fólk er af fullum krafti í stóru verkefni, að mánuðum saman sé unnið að skýrslu í fullri alvöru og skýrslunni sé skilað til okkar, löggjafans, en við fylgjum því ekki eftir hvort úrbætur verða eða ekki. Við ræðum skýrsluna e.t.v. og e.t.v. ekki. En þessi ágæta stofnun og þessar ágætu stofnanir vita ekki hvort við kærðum okkur um að svona væri unnið, hvort það var einhvers virði að svona var unnið, af því að við segjum ekki: Þetta var gott. Við ætlum að taka mið af þessum ábendingum og við ætlum að tryggja að þetta gerist ekki aftur.

Virðulegi forseti. Þetta eru mín orð um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég hef að litlu leyti farið inn á tilsvarandi mál varðandi stofnun umboðsmanns Alþingis en þó eingöngu hvað varðar það að koma með ábendingar og skýr skilaboð um að ekki sé allt með felldu á einhverjum stað og það er okkar að bæta úr því.

[11:45]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er eðlilegt að byrja á því að taka undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa bent á að við erum að fjalla hér um aðra af tveimur mjög mikilvægum eftirlitsstofnunum með ríkisvaldinu sem heyra undir Alþingi og það er eðlilegt að við tryggjum sem besta umfjöllun um þau málefni. Ég vil því enn á ný fagna þeim orðum hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur um að hún muni beita sér fyrir því að ársskýrsla Ríkisendurskoðunar fari til umfjöllunar í nefnd þingsins. Enn fremur fagna ég því sem kom fram í andsvörum hv. þingmanns við mig fyrr í umræðunni og tek undir með hv. þingmanni að það sé eðlilegt að tengja umfjöllun um skýrslu Ríkisendurskoðunar vinnu í þingnefndum við endurskoðun þingskapa. Ég vona að það fái þar nokkra stöðu vegna þess að það er auðvitað ekki í lagi eins og þetta hefur verið hjá okkur, þ.e. að það sé tilviljunarkennt hvernig um þessar skýrslur er fjallað. Og varðandi t.d. ályktanir eða hvaða lærdóm má af þeim draga þá eru, ef ég man rétt, einhver örfá dæmi um að nefndir hafi ályktað en meginreglan er sú að það er ekki gert. Því miður hefur mér sýnst að framkvæmdarvaldið hafi, svo ég einfaldi örlítið, oft og tíðum a.m.k. hagað sér þannig að skýrslurnar hafa verið nýttar ef niðurstöður hafa verið þægilegar en hafi þær verið óþægilegar þá hafi þeim frekar verið ýtt til hliðar og ekkert með þær gert.

Ég get nefnt nokkur dæmi vegna þess að það er t.d. eitt af skráðum hlutverkum Ríkisendurskoðunar að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga og einkum nýtingu fjárheimilda og fjárreiðum og fjárvörslu stofnana og endurskoða síðan reikninga þeirra. Það er alveg ljóst að Ríkisendurskoðun hefur gert mjög margþættar athugasemdir við framkvæmd fjárlaga og það verður að segjast eins og er að því miður hefur ekkert eða sáralítið verið eftir því farið, allt of lítið eftir því farið.

Við höfum hins vegar í stjórnarandstöðunni gjarnan nýtt okkur þessa skýrslu Ríkisendurskoðunar í umræðum um fjárlagafrumvarpið og höfum margendurtekið athugasemdir frá Ríkisendurskoðun um ýmsa þætti en því miður höfum við ekki náð árangri í þeim efnum, t.d. varðandi það að bæta vinnubrögð. Það hefur margoft verið bent á það t.d. í skýrslum frá Ríkisendurskoðun að fjárlaganefnd í umboði Alþingis hafi töluvert stórt hlutverk varðandi það að fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Þetta hefur því miður ekki náðst fram og það er auðvitað engu um að kenna öðru en því að meiri hluti nefndarinnar hefur ekki unnið í þeim anda, hver sem ástæðan er fyrir því. Við höfum auðvitað oft bent á að margt bendi til þess að meiri hluti ýmissa nefnda í þinginu sé svo tengdur framkvæmdarvaldinu að hann þori sig vart að hreyfa ef framkvæmdarvaldið er ekki sátt við þá hreyfingu. Ég held að ýmislegt bendi til þess varðandi eftirlit með framkvæmd fjárlaga að meiri hluti fjárlaganefndar sé svo tengdur framkvæmdarvaldinu að hann hafi ekki treyst sér til að beita sér í málinu.

Að vísu hefur, svo alls sé gætt í umræðunni, komið fram að upplýsingakerfi ríkisins hafi verið þannig að það hafi verið vandmeðfarið að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þær upplýsingar hafa nú borist okkur að það eigi að vera komið í lag. Það er alveg með ólíkindum hversu langan tíma það hefur tekið vegna þess að svo mörg eru árin síðan hafin var endurskoðun á þessu kerfi og svo margar eru milljónirnar sem farið hafa í að reyna að bæta það. En við vonum að nú sé kerfið komið í það mikið lag að hægt sé að hefja þetta eftirlit með framkvæmd fjárlaga, sem er afskaplega mikilvægt vegna þess að ef það er ekki til staðar þá er auðvitað hætta á að sú lausung sem verið hefur í allt of mörg ár varðandi fjárlögin og umgengni um þau haldi áfram. En eitt af þeim málum sem er hvað brýnast til að hægt sé að ná utan um og hafa almennilega stjórn á ríkisfjármálunum er auðvitað að fjárlögin fái þann sess sem þeim ber, þ.e. að þau séu eins og önnur lög og eftir þeim sé farið. En það er sérstaða okkar m.a. í samanburði við nágrannaþjóðir okkar hvernig við umgöngumst fjárlögin á allt, allt annan hátt en þær.

Frú forseti. Það annað sem margoft hefur komið fram í skýrslum Ríkisendurskoðunar og ekki hefur verið fylgt eftir. Ég nefni annað dæmi sem við í stjórnarandstöðunni höfum leitað eftir, bæði í fjárlaganefnd og í umræðum í þinginu, en það er að fyrir liggi algjörlega skýrt hver staða stofnana er áætluð í árslok þannig að það sé alveg ljóst hver grunnur stofnana er þegar þær hefja nýtt fjárhagsár. Þetta hefur því miður ekki náðst fram. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir virðast ekki hafa verið til í kerfinu upplýsingar um

hvernig viðkomandi stofnanir verða staddar í árslok og menn hafa þar af leiðandi ekki vitað hver staða stofnananna verður í ársbyrjun. Í raun og veru vita menn ekki í þinginu þegar verið er að samþykkja fjárlög fyrir næsta ár hvaða fjárheimildir eru til hverrar stofnunar. Þetta er auðvitað ekki boðlegt. Þetta hefur margoft komið fram í skýrslum Ríkisendurskoðunar en hefur því miður ekki náð fram. En að sjálfsögðu verður nú á næstu vikum gerð enn einu sinni tilraun til að ná því markmiði.

Frú forseti. Ég vil nefna enn eitt dæmi og það er varðandi fjáraukalög. Ríkisendurskoðun hefur til fjölda ára gert athugasemdir við það hvernig fjárveitingavaldið hefur verið fært frá Alþingi til ríkisstjórnarinnar, þ.e. framkvæmdarvaldið hefur tekið fram fyrir hendurnar á löggjafarvaldinu. Það eru mýmörg dæmi um að ríkisstjórnin hefur í raun og veru tekið ákvörðun í skjóli þess að hún hefur haft mjög traustan meiri hluta í þinginu og hefur þar af leiðandi ekki farið eftir þeim lögum og reglum sem gilda um það hvernig taka eigi ákvarðanir um það sem fer á fjáraukalög. Ríkisendurskoðun hefur margoft bent á þá hættu sem þessu er samfara. Þrátt fyrir það hefur lítil breyting orðið í því frumvarpi sem nú er til umfjöllunar í sambandi við fjáraukalög fyrir árið 2005. Að vísu hafa verið stigin sáralítil skref á undanförnum árum þar sem menn hafa nálgast þau markmið sem sett voru með lögum um fjárreiður ríkisins en því miður víðs fjarri því sem eðlilegt getur talist. Þetta er enn eitt dæmið um að vandaðar skýrslur, vandaðar athugasemdir sem komið hafa frá Ríkisendurskoðun hafa ekki náð fram að ganga. Það er m.a. vegna þess, held ég, að margar skýrslur þeirra fá ekki formlega umfjöllun og ekki er ályktað um þær.

Það hafa nokkrum sinnum orðið átök um það í fjárlaganefnd hvort álykta ætti um skýrslu og er ein sérstaklega minnisstæð. Því miður náðist það ekki fram en hefði verið afskaplega brýnt vegna þess að þá hefði þingið sýnt að það væri í stakk búið til að gefa fyrirmæli út í samfélagið hvað þessi mál varðar. Þetta var afar mikil skýrsla sem gerð var um framkvæmdir hér hinum megin við Austurvöll í húsnæði sem Alþingi tók á leigu fyrir nokkrum árum. Farið var nokkuð gaumgæfilega yfir það mál allt saman og ýmsar athugasemdir komu fram. Við í minni hluta fjárlaganefndar töldum að allt benti til þess að samstaða yrði í nefndinni um að álykta um málið og full ástæða væri til, en á einhverjum tímapunkti varð einhver breyting í meiri hluta nefndarinnar og aldrei náðist nein afgreiðsla á skýrslunni.

Þetta er eitt dæmi en því miður eru þau fleiri og það væri auðvitað hægt að tína fleira til. Eitt kemur upp í hugann sem nýlega kom fram í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, ef ég man rétt, varðandi kostnað við kaup á sérfræðiþjónustu. Fyrir nokkrum árum kom Ríkisendurskoðun einmitt með skýrslu um það og var með ýmsar ábendingar um hvernig að þeim málum ætti að standa. Ýmislegt bendir til að sú skýrsla hafi ekki náð til allra þeirra sem af henni hefðu getað lært því að miðað við þróun mála virðist lítið hafa breyst í þeim efnum. Það þarf auðvitað að skoða nánar og er spurning hvort tími sé kominn til að vinna aðra skýrslu um þetta til að hafa samanburð. Það er kannski eitt af því sem við ættum að taka upp að að ákveðnum tíma liðnum frá því að skýrsla hefur verið gerð væri eðlilegt að farið væri yfir hvaða árangur hefði náðst miðað við þær athugasemdir sem fram hefðu komið.

Frú forseti. Ég vildi aðallega með þessum orðum mínum vekja athygli á því að skýrslur Ríkisendurskoðunar eru oft og tíðum býsna vandaðar, koma með miklar og gagnlegar athugasemdir en farveginn skortir fyrir það hvernig við getum tryggt að eftir þeim sé farið. Það verður að segjast eins og er að úr því að við höfum slíkar eftirlitsstofnanir þá er ekki eins mikið gagn í þeim og nauðsynlegt er ef ekki er tryggt að farið sé eftir athugasemdum þeirra þegar það á við. Auðvitað geta á stundum — og er eðlilegt — verið deildar meiningar um niðurstöður stofnunar varðandi einstaka þætti. Þess vegna þarf að tryggja að það sé farvegur fyrir umræðu um skýrslurnar þannig að menn komist a.m.k. að niðurstöðu um hvað sé eðlilegt að setja í gang og hvað ekki.

Frú forseti. Ég endurtek að lokum að ég fagna þeim orðum hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur að það væri eðlilegt að tekið yrði inn í endurskoðun þingskapa hvaða farveg við vildum hafa á því hvernig fjallað verður um skýrslur Ríkisendurskoðunar í framtíðinni.

Umræðu lokið.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2004.

[11:56]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Alþingi hefur borist skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2004 og er hún hér til umræðu.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er að hafa í umboði þingsins eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum um embættið og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Þetta hlutverk rækir umboðsmaður með því að taka til athugunar kvartanir frá borgurunum auk þess sem hann tekur mál til athugunar að eigin frumkvæði, telji hann ástæðu til þess.

Árleg skýrsla umboðsmanns Alþingis hefur mikla þýðingu og veitir alþingismönnum mikilvægar upplýsingar um starfsemi stjórnsýslunnar og framkvæmd þeirra laga sem sett eru á Alþingi.

Sú skýrsla, sem hér er til umræðu og tekur til ársins 2004, skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kafla er að finna almenna umfjöllun um störf umboðsmanns Alþingis og rekstur skrifstofu hans árið 2004. Víkur umboðsmaður þar að helstu viðfangsefnum sínum á árinu. Ég vek sérstaka athygli á þessum hluta skýrslunnar, umfjöllun hans um framkvæmd stjórnsýslulaga og lögmætisregluna.

Umboðsmaður fjallar enn fremur í inngangi sínum um svonefnd frumkvæðismál eða þau mál sem hann tekur upp að eigin frumkvæði. Það er ljóst af skýrslunni að þarna sinnir umboðsmaður mikilvægu aðhaldshlutverki gagnvart stjórnsýslunni og beitir þessari heimild sinni til að hvetja stjórnvöld til að gera almennar umbætur í stjórnsýslunni. Ég tel mikilvægt að Alþingi standi vörð um að umboðsmaður Alþingis geti rækt þetta hlutverk.

Í öðrum kafla skýrslunnar er að finna margvíslegar tölu-

legar upplýsingar um skráð mál og afgreiðslur þeirra árið 2004. Þar kemur fram að alls voru 323 mál skráð hjá umboðsmanni á árinu og er það nær 10% fjölgun mála frá árinu 2003. Alls bárust umboðsmanni á árinu 320 formlegar kvartanir en að auki tók hann 3 mál upp að eigin frumkvæði. Samtals 279 mál hlutu lokaafgreiðslu á árinu og voru 89 mál óafgreidd í árslok. Af þessum óafgreiddu málum var í 50 þeirra beðið eftir skýringum og upplýsingum frá stjórnvöldum og í 11 málum var beðið eftir athugasemdum frá þeim sem borið höfðu fram kvörtun.

Þá vil ég vekja athygli hv. þingmanna á umfjöllun umboðsmanns um viðbrögð stjórnvalda við tilmælum hans. Þar má sjá að oftast nær hefur verið farið að tilmælum umboðsmanns um endurskoðun á máli, í öllum tilvikum nema tveimur. Og þegar umboðsmaður hefur beint almennum tilmælum til stjórnvalds að gera breytingar á tilteknum vinnubrögðum eða reglum verður ekki betur séð en að ávallt hafi verið farið að ábendingum umboðsmanns eða vilja lýst til þess að fylgja þeim þegar sambærileg mál kæmu næst til úrlausnar.

Ég tel að þetta sé til marks um árangur af starfi umboðsmanns og um leið vitnisburður þess að það sé vilji stjórnvalda að haga afgreiðslum sínum í fyllsta samræmi við réttindi borgaranna og gildandi rétt á sviði stjórnsýslu. Þessi niðurstaða sýnir jafnframt vel hið mikilvæga hlutverk umboðsmanns Alþingis og nauðsyn þess að þingið búi vel að þeirri starfsemi sem fram fer á vegum embættisins.

Í öðrum kafla skýrslunnar er einnig lýst tilkynningum umboðsmanns til Alþingis, ráðherra eða sveitarstjórna um meinbugi á lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða framkvæmd sem hann verður var við í athugunum sínum á einstökum málum.

Í skýrslunni er að finna ábendingar umboðsmanns í fimm liðum, m.a. til Alþingis á liðnu ári, um að tilefni kunni að vera til þess að endurskoða tiltekin atriði í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða framkvæmd.

Þriðji kafli skýrslunnar er fyrirferðarmestur en þar er að finna útdrætti um mál sem umboðsmaður hefur lokið með áliti eða bréfi og ákveðið að birta opinberlega. Ég tel hins vegar rétt að árétta í þessu sambandi að álit umboðsmanns birtast í heild sinni ásamt útdrætti á heimasíðu embættisins jafnóðum og málunum er lokið. Hefur birting álita umboðsmanns á netinu veitt almenningi, starfsfólki stjórnsýslunnar og alþingismönnum greiðan aðgang að niðurstöðum umboðsmanns.

Þá hafa fjölmiðlar einnig sýnt niðurstöðum umboðsmanns verulegan áhuga og flytja þeir gjarnan fréttir af þeim jafnóðum og þær birtast á netinu. Reyndar gerði umboðsmaður nýlega þróun í umfjöllun fjölmiðla af niðurstöðum hans að sérstöku umtalsefni í skýrslunni og velti fyrir sér hugsanlegum áhrifum hennar á viðbrögð stjórnvalda við álitunum.

Umboðsmaður lýsir einnig ákveðnum áhyggjum af viðbrögðum stjórnvalda gagnvart þeim sem leitað hafa til hans þegar niðurstaða liggur fyrir. Ástæða er til að ítreka að það eftirlitshlutverk sem umboðsmaður Alþingis á að rækja í umboði Alþingis byggist á því að almenningur geti leitað til hans sem óháðs aðila og fengið álit hans á gerðum stjórnvalda. Viðbrögð stjórnvalda við niðurstöðu umboðsmanns þurfa því í senn að vera málefnaleg og miða að því að taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að bæta úr því sem umboðsmaður telur að gera hefði átt með öðrum hætti. Þannig náum við árangri við að bæta stjórnsýsluna í þágu borgara þessa lands.

Ég átti í gær, ásamt varaforsetum þingsins, ágætan fund með umboðsmanni og starfsmönnum hans. Forsætisnefnd þingsins hefur undanfarin ár heimsótt embættið og átt viðræður við umboðsmann um starfsemi embættisins, bæði um meðferð mála, verksvið umboðsmanns, svo og fjármál embættisins og húsnæðismál. Ég vil lýsa mikilli ánægju með þennan fund og þakka umboðsmanni og starfsfólki hans fyrir velunnin störf og árangursrík á liðnu ári.

Ég vil geta þess sérstaklega að á þessum fundi með umboðsmanni lýsti hann eftir meiri og frekari fræðslu fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar. Ég tek undir það með umboðsmanni og fagna því að á árinu 2004 var að frumkvæði forsætisráðuneytisins boðið upp á sex vikna námskeið um stjórnsýslurétt fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar.

Þótt fræðsla sé þýðingarmikil þá tel ég rétt að taka undir þau orð umboðsmanns í skýrslunni að mikilvægast er að starfsfólk stjórnsýslunnar tileinki sér umburðarlyndi gagnvart borgurunum og skilning á nauðsyn þess að bæta úr því sem miður hefur farið. Með því næst fram umbætur í stjórnsýslunni og umfram allt betri stjórnsýsla.

[12:04]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég vona að formaður allsherjarnefndar finnist áður en umræðunni lýkur, en ég vil byrja á að segja að það er alltaf ákveðið gleðiefni þegar skýrsla umboðsmanns Alþingis kemur út. Ég vil óska umboðsmanni Alþingis og starfsfólki hans innilega til hamingju með þessa góðu og efnismiklu skýrslu, hún er svo sannarlega nauðsynleg fyrir okkur hér á þingi sem erum í eftirlitshlutverki gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Það er alveg ljóst, og ég held að allir séu sammála um það, að umboðsmaður Alþingis er gríðarlega mikilvægt úrræði í okkar réttarríki, ef svo mætti segja, og í okkar réttaröryggi. Þetta er embætti sem hefur tekist mjög vel, þetta er embætti sem nýtur óskoraðs trausts nánast allra aðila og stofnana í samfélaginu og þetta er embætti sem sinnir hlutverki sínu afskaplega vel. Það er mjög mikilvægt fyrir stjórnsýsluna og framkvæmdarvaldið að átta sig á því að stjórnsýslan er fyrir borgarana en ekki öfugt. Þetta regluverk umboðsmanns Alþingis lýtur að því að auka hér réttaröryggi, réttaröryggi í þágu borgaranna. Það er einnig mikilvægt að hafa í huga að hér á landi eru ekki einungis til skráðar stjórnsýslureglur heldur einnig óskráðar. Þegar stjórnsýslulögin voru sett á sínum tíma var ákveðið að hafa þau skýr og einföld, en það hefur í för með sér að ýmislegt þarf að túlka og þar gegnir embætti umboðsmanns Alþingis lykilhlutverki, í því að túlka hinar óskráðu og að sjálfsögðu hinar skráðu stjórnsýslureglur.

Við sjáum í þessari skýrslu að árið 2004 voru 323 ný mál skráð og 279 fengu lokaafgreiðslu en heildarfjöldi mála hefur tvöfaldast frá árinu 1990 og eflaust eru ýmsar skýringar á því. Það er hins vegar umhugsunarvert að á síðasta ári, 2004, voru einungis fjögur frumkvæðismál en þau voru

sex árið á undan. Á síðasta ári lauk umboðsmaður Alþingis þremur svokölluðum frumkvæðismálum, sem eru mál sem hann tekur upp að eigin frumkvæði. Af þessum tölum sjáum við að frumkvæðismálin eru einungis um 1% allra mála hjá umboðsmanni Alþingis og það vekur eftirtekt hversu fá þau eru. Það skýrist að sjálfsögðu af skorti á peningum og mannafla að mínu mati.

Þetta úrræði umboðsmanns Alþingis er gríðarlega mikilvægt og við eigum að efla getu embættisins til þess að taka hér upp mál að eigin frumkvæði. En til þess þarf peninga og við sjáum að í fjárlagafrumvarpinu, sem nú liggur fyrir Alþingi, er einungis gert ráð fyrir einni milljón í að auka getu embættisins til frumkvæðisathugunar. Að mínu mati mætti gera betur, því miður eru næg verkefni fyrir embættið hvað þetta varðar.

Það er reyndar mjög ánægjulegt að sjá að tvö frumkvæðismál umboðsmanns Alþingis, sem eru til umfjöllunar hjá embættinu, lúta að föngum. Annað málið lýtur að greiðslu launa til fanga fyrir vinnu innan fangelsanna og réttindum tengdum þeim og hitt lýtur að aðgengi fanga að síma og möguleikum þeirra til að hafa símasamband við aðila utan fangelsisins. Þetta er gríðarlega mikilvægt mál og við í allsherjarnefnd höfum haft mikinn áhuga á fangelsismálum og þeirri stöðu sem fangar hafa, ekki síst samskiptum þeirra við sína nánustu. Í núverandi kerfi virðast vera margar brotalamir hvað það varðar. Við settum ný lög um fangelsi og umboðsmaður Alþingis hefur nú óskað eftir viðhorfi dómsmálaráðuneytisins til að sjá hvaða þýðingu ákvæði hinna nýju laga hafi um þessi álitaefni.

Umboðsmaður Alþingis hefur einnig skoðað mörk skatta og þjónustugjalda nokkuð ítarlega og er það vel. Hann mun ljúka þeirri skoðun sinni mjög fljótlega, segir í skýrslunni. Umboðsmaður segir að þar sé um að ræða álitaefni sem sé sífellt að verða stærra um sig þar sem stjórnvöld taka í meira mæli en áður þjónustugjöld af veittri þjónustu.

Mörkin milli skatta og þjónustugjalda eru klassískt efni í lögfræðinni og ég ráðlegg og hvet umboðsmann Alþingis til að skoða umræðuna á Alþingi á síðasta vetri hvað varðar skrásetningargjald í Háskóla Íslands, þó ekki sé nema sakir forvitni. Í þeirri umræðu fullyrtu margir þingmenn stjórnarflokkanna fullum fetum að umrætt gjald væri þjónustugjald þótt við bentum ítrekað á að þetta gjald stæði undir allt annarri þjónustu en þeirri sem laut eingöngu að skráningunni. Þarna tel ég að nokkrir þingmenn hafi ruglað allillilega mikilvægum hugtökum, þ.e. þjónustugjöldum og sköttum og gjöldum og upphæð þeirra gjalda sem eru ákvörðuð í sjálfum lögunum eins og er í tilviki skrásetningargjaldsins í Háskóla Íslands. Það er mjög mikilvægt fyrir þingmenn að átta sig á þessum grundvallarmun því að það er ekki leyfilegt að rukka hærra þjónustugjald en sem lýtur einmitt að þeirri þjónustu sem í hlut á.

Eins og ég sagði áðan tel ég að við ættum að gera betur í því að tryggja getu umboðsmanns Alþingis til að stunda svokallaðar frumkvæðisathuganir. Við sáum að eitt af slíkum frumkvæðismálum var hafið í sumar að ósk stjórnarandstöðuflokkanna hér á þingi um úttekt á stöðu mála og vinnubrögðum er tengjast einkavæðingarferlinu. Því máli verða væntanlega gerð skil í skýrslu þessa árs, sem er ekki til umfjöllunar hér, en við sjáum hvað þetta er mikilvægt úrræði, ekki bara fyrir borgarana heldur jafnvel stjórnarandstöðuflokkana hér á þingi og það sýndi sig í þessu máli þegar umboðsmaður Alþingis fór af stað til að skoða einkavæðingarferlið og kallaði eftir upplýsingum frá forsætisráðuneytinu, sem hann fékk.

Frú forseti. Sem fyrr sjáum við að langflest málin er að finna hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, eða nánast þriðja hvert mál sem kemur á borð umboðsmanns. Að einhverju leyti er eðlilegt að hlutfallið sé hærra í því ráðuneyti en hjá öðrum. Manni finnst þessi tala samt vera í hærri kantinum og vonandi verður hægt að ná því hlutfalli niður hjá þessu mikilvæga ráðuneyti en þó hefur þróunin undanfarin ár verið á þann veg að hlutfallið hefur verið að hækka frekar en hitt.

Frú forseti. Umboðsmaður Alþingis gerir að umfjöllunarefni samskipti við stjórnvöld, sem auðvitað skipta gríðarlega miklu máli, en hann hefur sagt við hv. þingmenn í allsherjarnefnd að hann hafi skynjað ákveðið metnaðarleysi hjá stjórnvöldum og jafnvel þekkingarleysi og því ber okkur öllum að huga að og reyna að bæta úr. Í langflestum tilvikum fara viðkomandi stjórnvöld eftir áliti umboðsmanns Alþingis og er það að sjálfsögðu vel. En umboðsmaður nefnir tvö dæmi þar sem viðkomandi stjórnvald fór ekki eftir sérstökum tilmælum hans. Í öðru tilvikinu var það dóms- og kirkjumálaráðuneytið og í hinu tilvikinu ónefndur sjóður.

Það er auðvitað alltaf alvarlegt þegar stjórnvöld fara ekki eftir áliti umboðsmanns Alþingis en þannig er bara raunveruleikinn og úrræði embættisins ná ekki lengra. Umboðsmaður Alþingis er ekki dómstóll og menn geta að sjálfsögðu deilt um túlkun laga o.s.frv. en sem betur fer virðist viðkomandi stjórnvald í langflestum tilvikum fara eftir tilmælum embættisins.

Í skýrslunni talar umboðsmaður Alþingis um mikilvægi þess að stjórnvöld tileinki sér umburðarlyndi gagnvart borgurunum og sýni skilning. Við tökum að sjálfsögðu undir það. En í kafla skýrslunnar um viðbrögð stjórnvalda gagnvart þeim sem leitað hafa til umboðsmanns Alþingis tekur hann út þrjú málefni og á bls. 20 má finna umfjöllun um það.

Það er auðvitað mjög alvarlegt þegar umboðsmaður Alþingis sér ástæðu til að setja í skýrslu sína eftirfarandi orð, með leyfi forseta:

„Það kemur þó af og til fyrir að viðbrögð fyrirsvarsmanna stjórnvalda gagnvart þeim sem leitað hefur til mín vekja hjá mér nokkurn ugg. Ég hef þá fyrst og fremst í huga þau tilvik þar sem ég tel að viðbrögð stjórnvalda séu þess eðlis að þau geti haft áhrif á það hvort almenningur, jafnt einstaklingar sem fyrirtæki, leiti til umboðsmanns Alþingis."

Þetta tengist máli sem varðar Háskóla Íslands og stúdentaráð.

Umboðsmaður segir einnig aðeins síðar, með leyfi forseta:

„Ég tel ástæðu til að gjalda varhug við viðbrögðum stjórnvalda af því tagi sem bréf þetta ber með sér gagnvart þeim sem leitað hefur til umboðsmanns Alþingis."

Seinna segir:

„Ég legg á það áherslu að Alþingi hefur með lögum

veitt borgurunum heimild til að leita með sín mál til umboðsmanns Alþingis og það er til þess fallið að hamla því að borgararnir nýti sér þennan möguleika ef viðbrögð stjórnvalda við afskiptum umboðsmanns eru með þeim hætti sem umrætt bréf Háskóla Íslands lýsir.“

Þetta er auðvitað alvarleg aðfinnsla sem umboðsmaður Alþingis finnur að viðkomandi stjórnvaldi. Borgararnir verða að eiga mjög greiðan aðgang að umboðsmanni Alþingis og það má ekki vera neitt í umhverfinu eða í viðbrögðum stjórnvalda sem getur hamlað þeim aðgangi.

Umboðsmaður Alþingis nefnir í sama kafla annað dæmi, með leyfi forseta:

„Athugun umboðsmanns Alþingis á máli einstaklings sem ber fram kvörtun hefur þá sérstöðu t.d. umfram rekstur dómsmáls, að ákveði umboðsmaður að taka málið til athugunar er það alfarið ákvörðun hans að hverju hún beinist og er umboðsmanni veittur réttur til að krefja stjórnvöld um þær upplýsingar og skriflegu skýringar sem hann þarfnast vegna starfs síns auk gagna viðkomandi máls.“

Stuttu síðar segir hann í sama kafla:

„Það er því augljóslega til þess fallið að vinna gegn tilgangi þess úrræðis sem Alþingi hefur ákveðið að borgurum þessa lands skuli standa til boða ef stjórnvöld svara þeim sem til umboðsmanns hefur leitað og fengið hefur álit hans á þann veg að niðurstaða umboðsmanns hafi byggt á takmörkuðum gögnum og ófullnægjandi upplýsingum.“

Með öðrum orðum segir umboðsmaður að stjórnvöld hafi ekki látið umboðsmanni í té allar upplýsingar um gögn málsins eins og lög áskilja viðkomandi stjórnvöld um.

Þriðji punkturinn sem umboðsmaður Alþingis bendir á skýrslu sinni lýtur að, ef svo mætti segja, ímyndarvinnu ráðuneyta og stjórnvalda sem álit umboðsmanns Alþingis beinist að í fjölmiðlum. Þar gerir hann að umtalsefni fréttatilkynningar og viðbrögð stjórnvalda og ráðuneyta við tilteknum álitum umboðsmanns Alþingis. Ég ætla ekki að fjalla ítarlega um það þar sem það gengur á tímann, en það er auðvitað mjög mikilvægt að trúverðugleiki umboðsmanns Alþingis sé ekki skertur með nokkrum hætti og sé stjórnvald ósátt við niðurstöðu umboðsmanns Alþingis ber stjórnvaldi einfaldlega að fara dómstólaleiðina en ekki einhverja aðra leið.

En eins og ég sagði, frú forseti, hnökrar við stjórnvöld eru sjaldgæfir en það er umhugsunarvert sem umboðsmaður Alþingis sagði í samtali við Morgunblaðið þann 6. júní 2004 og er vert að rifja það upp hér við umræðuna, með leyfi forseta:

„Það setur að mér mestan kvíða þegar ég tel mig geta merkt að einhvers konar hroki ráði afgreiðslu eða framkomu. [...] Þeir sem starfa í þágu hins opinbera verða að gæta þess að stjórnsýslan er ekki til fyrir starfsmenn hennar. Hún er til að þjónusta borgarana og leysa úr málum þeirra, samkvæmt þeim lagareglum sem settar hafa verið.“

Ég þarf auðvitað ekki að rifja það upp fyrir þingheimi að undanfarin missiri hafa stjórnvöld brugðist með harðari hætti gagnvart álitum umboðsmanns Alþingis en oft áður. Meira að segja hafa vissir ráðherrar kallað niðurstöður umboðsmanns Alþingis lögfræðilegar vangaveltur, fræðilegar vangaveltur og talað um umboðsmann eins og hann sé einhver álitsgjafi úti í bæ. Maður vill auðvitað trúa því að umboðsmaður Alþingis sé meira en það og hafi þannig vigt að menn virði niðurstöður hans. En það segir auðvitað heilmikla sögu að þegar umsækjendur að háum embættum eins og að embætti hæstaréttardómara segja opinberlega að það þýði ekkert að leita réttar síns hjá umboðsmanni Alþingis í ljósi þess hvernig stjórnvöld og ráðherrar fari með völd sín og niðurstöður umboðsmanns. Það er mjög mikilvægt að ráðherrar grafi ekki undan trúverðugleika og því trausti sem umboðsmaður Alþingis býr yfir og þarf að búa yfir.

Það sagði auðvitað heilmikla sögu þegar umboðsmaður Alþingis neyddist í fyrra til að setja sér sérstakar samskiptareglur í sex liðum gagnvart stjórnvöldum í kjölfar símtals til hans frá þáverandi forsætisráðherra, en eftir því sem ég best veit eru slíkar samskiptareglur einsdæmi.

Að lokum langar mig til að rifja upp eitt mál frá síðastliðnu sumri, sem kemur þá í skýrslu næsta árs, en nú í sumar upplýstist að landbúnaðarráðuneytið varð ekki við ósk umboðsmanns um upplýsingar í máli sem lyktaði með því að hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústssonar var fríaður af ákæru um vanhæfi í skipan stöðu rektors Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Í bréfi hæstv. landbúnaðarráðherra til umboðsmanns sagði:

„Tel ég það ekki vera í verkahring umboðsmanns Alþingis að yfirfara eða endurskoða efnisleg atriði eins og spurt er um undir þessum lið sem ég fyrir mitt leyti tel fullsvarað í rökstuðningi mínum frá 14. september 2004. Mat og hæfi og hæfni þeirra umsækjenda sem hér um ræðir, þar með talið frammistaða þeirra í starfsviðtölum, liggur hjá landbúnaðarráðherra og er efnislegt endurmat með umbeðnum samanburði á einstökum (Forseti hringir.) umsækjendum ekki á valdi umboðsmanns Alþingis.“

Ég tel að við þurfum að gera betur við umboðsmann Alþingis og það er fátt sem sá þingmaður sem hér stendur vill ekki gera fyrir viðkomandi embætti. Við sjáum að embættið fær um 90 milljónir (Forseti hringir.) á ári (Forseti hringir.) sem til samanburðar er fimm sinnum lægri upphæð en t.d. Bændasamtök Íslands fá, þannig að við þurfum að gera betur við viðkomandi embætti (Forseti hringir.) svo að það geti sinnt hlutverki sínu enn betur en það gerir.

[12:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér skýrslu umboðsmanns Alþingis, svona í hefðbundnum stíl. Þessar skýrslur koma fyrir þingið árlega og ég hef velt því fyrir mér hvort þetta sé rétta formið á umræðu af þessu tagi. Ég vakti athygli á því við umræðu um skýrslu ríkisendurskoðanda fyrr í dag að æskilegt væri að fara inn á nýjar brautir í umræðu um skýrslur frá stofnunum sem heyra undir Alþingi, og vísa þá til Ríkisendurskoðunar og embættis umboðsmanns Alþingis, og efna til umræðna í þingnefndum, á opnum þingnefndarfundum þar sem viðkomandi embættismönnum, umboðsmanni Alþingis og ríkisendurskoðanda, væri gert kleift að svara fyrir sig í þeim tilvikum sem gagnrýni er að þeim beint og skýra mál sitt nánar. Einnig mætti hugsa sér að þeir sem gagnrýndir eru í skýrslum þessara stofnana fái tækifæri til þess að segja sinn hug.

Nú er það svo að álit umboðsmanns Alþingis eru ekki

bindandi lagalega, þau eru fyrst og fremst ábendingar. Það er ástæða til að óska embættinu til hamingju með þann mikla árangur sem náðst hefur í starfi embættisins allar götur frá því sú stofnun var sett á laggirnar árið 1988, því yfirleitt er tekið mjög mikið tillit til ábendinga embættisins og það sem út af bregður í því efni er síðan umfjöllunarefni skýrslu af þessu tagi og þar erum við að tala um undantekningarnar.

Auðvitað er ekkert óeðlilegt að þær stofnanir sem gagnrýni er beint að, séu þær ósáttar við niðurstöður umboðsmanns Alþingis, andæfi og setji rök sín fram og við þurfum að skapa þeim vettvang til að koma ábendingum sínum á framfæri. Einnig þegar koma upp hitamál af því tagi sem ég vék að áðan, um hæfi hæstv. forsætisráðherra í tengslum við sölu Búnaðarbankans á sínum tíma til S-hópsins og var til umfjöllunar í sumar. Það kom til kasta Ríkisendurskoðunar og einnig til umboðsmanns Alþingis í kjölfar erindis frá stjórnarandstöðunni, og því væri eðlilegt að unnt væri að efna til umræðu um þau plögg og álitsgerðir sem frá þessum stofnunum koma. Hér gæti ég staðið og rætt svar umboðsmanns Alþingis til stjórnarandstöðunnar um þetta brennandi pólitíska hitamál en embættismaðurinn er dæmdur til að sitja í hliðarherbergi án þess að hafa tækifæri til þess að taka þátt í slíkri umræðu, þannig að hún yrði að sjálfsögðu ekki gefandi fyrir þær sakir. Á opnum fundi þingnefndar þar sem embættismenn sætu fyrir svörum væri hins vegar annað uppi á teningnum. Ég tel því að við eigum að huga að slíku varðandi bæði þessi embætti.

Svar umboðsmanns við erindi stjórnarandstöðunnar vegna hæfis hæstv. forsætisráðherra í tengslum við einkavæðingu og sölu Búnaðarbankans var að mörgu leyti mjög gott tilefni til umræðu. Umboðsmaður slær erindi okkar síður en svo út af borðinu heldur segir að það sé grundvöllur til skoðunar á þessu máli þó að það sé ekki á þeim forsendum sem erindinu var beint til hans.

Til þess að fá málefnalega umræðu legg ég til að við skoðum þetta breytta form.

En ég vil taka fram að við eigum heldur ekki að taka því illa þótt stofnanir sem eru gagnrýndar andæfi eins og ég sagði áðan. Spurningin er hins vegar hvernig við finnum hinn rétta meðalveg í þessu efni. Vegna þess að það er líka mjög alvarlegt ef það gerist, eins og umboðsmaður bendir á í skýrslu sinni, að fruntaleg viðbrögð stofnana, afundin og jafnvel ógnandi verði þess valdandi að almenningur treysti sér ekki til að bera upp kvartanir.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson vísaði í þann kafla skýrslu umboðsmanns þar sem hann víkur að þessu og ég ætla að endurtaka hann hér, með leyfi forseta:

„Almennt er það svo að stjórnvöld bregðast af skilningi við athugasemdum umboðsmanns Alþingis og tilmælum hans um að taka þau mál sem hafa orðið tilefni kvörtunar til umboðsmanns að nýju til meðferðar þegar álit liggur fyrir og eftir því er leitað af hálfu þess sem borið hefur fram kvörtun. Það kemur þó af og til fyrir að viðbrögð fyrirsvarsmanna stjórnvalda gagnvart þeim sem leitað hefur til mín vekja hjá mér nokkurn ugg. Ég hef þá fyrst og fremst í huga þau tilvik þar sem ég tel að viðbrögð stjórnvalda séu þess eðlis að þau geti haft áhrif á það hvort almenningur, jafnt einstaklingar sem fyrirtæki, leiti til umboðsmanns Alþingis. Tel ég ástæðu til að gera þetta að umtalsefni hér."

Það er ástæða til að menn staldri við þetta og taki þessa athugasemd og ábendingu umboðsmanns Alþingis alvarlega. Fyrir okkur á þingi er þá að leita leiða til að beina umræðunni í þann farveg að menn geti svarað gagnrýni sem að þeim er beint á annan hátt en nú er.

Það er annað sem mig langar til að nefna varðandi starf umboðsmanns Alþingis og er í rauninni ekkert bundið við Ísland. Það er hið gráa svæði sem er til staðar á milli þess að horfa til laga annars vegar, og í þessu tilviki stjórnsýslulaga sem eru viðfangsefni umboðsmanns Alþingis, og hins vegar samninga sem samningsaðilar á opinbera markaðnum gera sín í milli. Hvar liggja grensurnar þarna? Ég get nefnt sem dæmi að í Danmörku kom upp deilumál og álitamál hvað þetta snertir. Ég held að ég fari rétt með að það hafi lotið að uppsögnum starfsmanna, nokkuð sem við höfum deilt um hér á landi hvernig eigi að standa að. En þar munu samningsaðilar, ríkið og samtök launafólks á opinberum markaði, hafa gert samninga um hvernig skuli standa að uppsögnum, áminningu og þar fram eftir götunum. Þar var búið til eitthvert ákveðið samningsbundið ferli um hvernig að málum skyldi staðið sem sátt náðist um. Síðan gerðist það að einstaklingur sem sagt var upp störfum, og þar var farið að öllum þessum samningsbundnu ákvæðum, telur að þau hafi brotið í bág við grundvallarreglurnar, grundvallarreglur danskra stjórnsýslulaga.

Nú upphófust miklar deilur um hvað rétt væri. Stjórnsýslulögin eru grunnurinn sem byggt er á. Átti að horfa til hans eða átti að horfa til þeirra samninga sem gerðir höfðu verið? Með öðrum orðum, hafa samningsaðilar rétt til að véla með það sem fjallað er um í lögunum? Í sumum tilvikum eru þetta mjög skýrar línur en í öðrum tilvikum er svo ekki. Og ég verð að segja það að ég freistast dálítið til þess að stilla mér upp með samningsaðilum hvað þetta snertir, við eigum að setja inn varnagla í lögin sem eru þess valdandi að við takmörkum ekki um of frelsi samningsaðila til þess að ráða málum. Þetta er mjög grátt svæði en mikilvægt að skoða og þetta tengist í rauninni öðrum hlutum líka.

Í Evrópusambandinu, svo dæmi sé tekið, fá dómstólar sífellt aukið vægi um alla almenna stefnumótun. Stefnumótun, sem hafði verið á vegum stjórnvalda, pólitískt kjörinna stjórnvalda og samningsaðila á markaði, er í auknum mæli að færast yfir til dómstólanna. Að sjálfsögðu eigum við að fara að lögum í hverju landi en þegar kemur út á hið gráa svæði um túlkun laganna þá eru það dómstólarnir sem taka forustuna. Ég tel þetta vera varhugaverða þróun, ekki síst í ljósi þess að dómstólar í Evrópu og þeir sem stýra þeim eru almennt hægri sinnaðir og vilja sveigja alla þjóðfélagsþróun inn á braut frjálshyggju.

Þetta eru svona almennar athugasemdir sem ég vil vekja athygli á, vekja athygli á þessu gráa svæði sem hlýtur að vera til umræðu innan embættis umboðsmanns Alþingis. En að öðru leyti ítreka ég ánægju með störf þess embættis. Ég tel að það hafi risið undir þeim væntingum sem menn gerðu til þess og ég tel það vera eina af mikilvægustu stofnunum í okkar lýðræðisþjóðfélagi.

[12:33]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir starfsárið 2004. Eins og venja hefur verið til þá fundaði allsherjarnefnd Alþingis með umboðsmanni Alþingis til að fara yfir helstu áherslur í skýrslunni og helstu niðurstöður. En eins og heyra hefur mátt af umræðunni hér í dag þá er, eins og venja er reyndar, í inngangskafla skýrslunnar að finna samantekt yfir helstu áhersluatriði þess árs sem skýrslan tekur til eða helstu viðfangsefni öllu heldur.

Skemmst er frá því að segja að á fundi umboðsmanns Alþingis með allsherjarnefnd koma gamlir kunningjar, ef svo má segja, við sögu. Vissulega eru það viss vonbrigði að eftirrekstur embættisins með erindum sem eru í farvegi stjórnsýslunnar skuli vera jafnhátt hlutfall þeirra mála sem til meðferðar eru hjá embættinu og raun ber vitni. Því miður virðist það ítrekað vera þannig að of mörg mál eru í stjórnsýslunni strand eða þannig á vegi stödd að þeim hefur ekki verið svarað eða ástæða fyrir umboðsmann að öðru leyti til þess að hafa afskipti.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis gegnir afar mikilvægu hlutverki eins og hér hefur komið fram en í fleiri en einum skilningi. Í fyrsta lagi er þessi skýrsla mikilvæg vegna þess að hún geymir samantekt af þeim viðfangsefnum sem umboðsmaður hefur fengið til úrlausnar og tekið til afgreiðslu á viðkomandi ári og gefur þannig þinginu og almenningi innsýn í þau verkefni sem þar er við að eiga og þá jafnframt um um leið þær brotalamir sem er að finna í framkvæmd þeirra lagareglna sem frá Alþingi stafa. Þetta er afar mikilvægt.

Í öðru lagi geymir skýrsla umboðsmanns Alþingis almenna umfjöllun um þróun og, ég vil leyfa mér að segja, tilhneigingu hjá stjórnsýslunni til að bregðast við með tilteknum hætti. Þannig er fjallað um í skýrslunni með ólíkum hætti frá ári til árs ábendingar sem umboðsmaður Alþingis telur að mikilvægt sé að koma á framfæri í skýrslunni. Ég vil segja að þessi þáttur skýrslu umboðsmanns Alþingis er kannski sá sem við á hinu háa Alþingi eigum sérstaklega að horfa til vegna þess að það er þessi þáttur sem fremur hinum fyrri sem ég nefndi gefur okkur tilefni til taka reglurnar til skoðunar og veita framkvæmdarvaldinu enn frekara aðhald. Varðandi þau mál sem umboðsmaður Alþingis tekur til umfjöllunar sérstaklega og þau erindi sem hann tekur upp við framkvæmdarvaldið þá er það sem betur fer þannig að í langflestum tilvikum — það heyrir til algjörra undantekninga ef svo er ekki — í langflestum tilvikum bregst framkvæmdarvaldið við. Til að mynda í tilfelli ráðuneytanna er það í yfirgnæfandi meiri hluta tilvika þar sem mál eru færð til betri vegar og brugðist við þeim athugasemdum sem umboðsmaður kann eftir atvikum að hafa við framkvæmdina. Í sumum tilfellum koma skýringar. Í sumum tilfellum er verið að breyta reglum og í öðrum tilvikum þarf að breyta verklagi.

Í þriðja lagi gegnir skýrsla umboðsmanns mikilvægu hlutverki vegna þess að skýrslur umboðsmanns, frá því að embættið var sett á fót, þær samanlagt, eru orðnar ein mikilvægasta réttarheimildin sem við höfum til að túlka stjórnsýslureglurnar. Í því sambandi er mikilvægt að við höfum aðgang að ályktunum umboðsmanns Alþingis á veraldarvefnum, á netinu og þar er hægt að fletta upp einstökum álitaefnum, einstökum viðfangsefnum sem gefa þá niðurstöðu og sýna þau mál þar sem viðkomandi álitaefni hefur komið fyrir. Ég vil geta þess sérstaklega að ég tel að þetta sé ekki síður mikilvægt hlutverk þessarar skýrslu sem innlegg í þá réttarheimild sem skýrslur umboðsmanns Alþingis eru við túlkun á stjórnsýslureglum á Íslandi. Raunar er það svo að í sumum tilvikum eru skýrslur umboðsmanns og álit hans nánast einu réttarheimildirnar sem við höfum til að grípa til þegar túlka á álitaefni sem upp kunna að koma við túlkun á stjórnsýslureglunum.

Ég vil tiltaka sérstaklega tvennt sem ég held að Alþingi þurfi að taka til sérstakrar skoðunar í tilefni af þessari skýrslu og almennt má kannski segja að þetta eru atriði sem umboðsmaður Alþingis hefur áður vakið athygli á. Í fyrsta lagi virðist skorta á að í stjórnsýslunni hafi verið komið á með skipulegum hætti verklagsreglum til að tryggja að framkvæmd stjórnsýslunnar sé í samræmi við þær reglur sem um hana eiga að gilda. Umboðsmaður hefur bent á að þetta eigi í sjálfu sér að vera tiltölulega einfalt mál, tiltölulega einfalt átak sem grípa þurfi til, til þess að innleiða hvarvetna í stjórnsýslunni verklagsreglur sem væru til þess fallnar að tryggja rétta málsmeðferð í öllum tilvikum. Það verður að segjast eins og er að þær tölulegu staðreyndir sem skýrslan geymir styðja þessa ábendingu, þessa skoðun umboðsmanns, vegna þess í of mörgum tilvikum sjáum við að minni háttar mistök eiga sér stað í stjórnsýslunni sem trufla borgarana þegar þeir reka erindi sín gagnvart stjórnvöldum. Þau þvælast fyrir og skapa sóun á vinnu og fjármunum í hinu opinbera kerfi.

Hitt atriðið sem ég vildi tiltaka sérstaklega tengist hinu fyrra, þ.e. að við þurfum að gæta að því að mennta og fræða starfsmenn í stjórnsýslunni svo þeir geti sinnt erindum borgaranna á lögmætan hátt þannig að þeir taki á þeim erindum sem um ræðir á stjórnsýslulega réttan hátt. Til þess að við getum gert þá kröfu þurfa þeir í störfum sínum að vera upplýstir um þær reglur sem um störf þeirra gilda og um þau réttindi sem borgararnir eiga að geta gengið að sem vísum þegar þeir reka erindi sín fyrir stjórnvöldum.

Þetta eru tveir þættir sem mynda dálítið rauðan þráð í gegnum skýrslur umboðsmanns, þ.e. annars vegar að taka upp verklagsreglur. Þetta er ábending og áskorun til stjórnenda í stjórnsýslunni um að þeir taki til skoðunar hver á sínum vettvangi hvað þeir geti gert til að tryggja eðlilegan framgang þeirra erinda sem þeir hafa til umfjöllunar. Og síðan er hitt, að komið verði á almennu átaki, eða innan hverrar stofnunar fyrir sig, fræðsluátaki til að ganga úr skugga um að þeim starfsmönnum sem bera ábyrgð á framkvæmd þeirra reglna sem við erum hér að fjalla um í víðu samhengi séu þær reglur kunnugar og þeir fylgi þeim í hvívetna.

Að öðru leyti vil ég segja að mér sýnist afar vel að afgreiðslu mála staðið hjá embættinu. Það eru skýringar á því að fleiri mál eru óafgreidd í lok ársins heldur en voru á árinu áður. Það kemur ágætlega fram í skýrslunni hvernig þau mál hafa þróast og það er sundurliðað með afar skýrum hætti og aðgengilegum fyrir þá sem kynna sér efni skýrslunnar.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka hér sundurliðun á því

hvernig einstakir málaflokkar hafa þróast. Það eru einkum þrjú atriði sem umboðsmaður vekur athygli á, þ.e. mikilvægi þess að samræma beitingu þeirra reglna sem við erum hér að fjalla um. Það tel ég að við getum tryggt með þeim hætti sem ég hef nú rakið, þ.e. að við sjáum til þess að innleiddar verði almennar, skýrar og gegnsæjar verklagsreglur í stjórnsýslunni og með því að tryggja nánari fræðslu starfsmanna stjórnsýslunnar og almennt opinberra starfsmanna.

Í öðru lagi tekur umboðsmaður til umfjöllunar viðfangsefni þar sem reynt hefur á lagaheimildir, þ.e. lögmætisreglu stjórnsýslulaganna. Ég held að þar komi umboðsmaður með afar þarfa ábendingu um að gætt verði að því þegar hið opinbera er að færa út kvíar sínar í hvers konar starfsemi að fyrir því sé nægjanleg lagastoð. Þetta er þörf ábending sem ég tel að ástæðu til að vekja athygli á.

Loks vekur umboðsmaður athygli á mikilvægi þess að þegar stjórnvöld taka að sér að hefja ný verkefni þá sé undirbúningur að þeim sé nægjanlegur því ella megi búast við því að út af bregði þegar kemur að sjálfsögðum hlutum eins og því að stjórnsýslureglum sé fylgt þegar þeim verkefnum er hrint úr vör.

Ég held að ég hafi í máli mínu farið yfir það helsta sem mér þykir ástæða til að staldra við í tilefni af þessari skýrslu. Ég vil að lokum segja að ég er alltaf ánægður með það hversu skýr skýrslan er og aðgengileg, öll framsetning til fyrirmyndar. Ég þakka því að lokum starfsmönnum umboðsmanns Alþingis fyrir vel unnin störf á því ári sem skýrslan tekur til.

[12:45]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bregst við orðum formanns allsherjarnefndar þar sem hann fjallar um þörfina á verklagsreglum og hvernig bregðast eigi við ábendingum sem koma í skýrslum frá stofnunum sem undir Alþingi heyra. Við höfum rætt þetta í morgun. Við höfum verið að ræða skýrslu Ríkisendurskoðunar og erum núna að ræða skýrslu umboðsmanns Alþingis. Einmitt þetta, að gefnar eru út skýrslur sem geta verið stjórnsýsluúttektir eða skýrslur um tiltekin einstök mál, þá er staðan þannig í dag að það er ekkert sem tryggir að farið sé að ábendingunum og ekkert sem tryggir heldur að verklag breytist í ráðuneyti þegar verið er að gagnrýna eitthvert ferli. En það er á ábyrgð Alþingis að finna tæki til að farið sé að þeim ábendingum, að ekki séu aðfinnslur eða gagnrýni á ferli sem endar einhvers staðar og verður ekkert gert með.

Formaður allsherjarnefndar nefnir að ráðuneyti og stofnanir eigi að taka upp einhvers konar verklagsreglur um hvernig brugðist sé við og ég tek undir það með honum. Mér finnst þetta góð ábending en jafnframt þarf Alþingi að tryggja að farið sé að þeim ábendingum. Ef til vill þurfum við að vera með sérstaka nefnd hér. Nefnd hefur verið rannsóknarnefnd Alþingis sem mundi taka skýrslur, eins og þær sem við höfum vísað til í umræðunni í morgun, að einhverjum tíma liðnum og kanna hvernig farið hefði verið með ábendingar, hvernig brugðist hefði verið við þeirri gagnrýni sem hér var á ferð.

En ég fagna því líka að hv. 5. þm. Reykv. s., Sólveig Pétursdóttir, nefndi það sérstaklega að hún mundi vísa skýrslu Ríkisendurskoðunar til nefndar og óska eftir að fjallað yrði um hana þar. Það er nýmæli eftir því sem ég best veit. Ég fagna því.

[12:48]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla örstutt að bregðast við andsvari hv. þingmanns. Ég vil leggja á það áherslu að þegar ég ræði í þessu samhengi um verklagsreglur hjá stofnunum og ráðuneytum þarf slíkum verklagsreglum ekki að fylgja nein bylting á vinnubrögðum. Við erum í mörgum tilfellum einungis að tala um að viðkomandi aðilar gefi sér tíma til að fara yfir það hvernig þeir eiga að tryggja að stjórnsýslureglunum sé framfylgt. Þetta eru í mörgum tilvikum einföld atriði eins og hvenær þurfi að vera búið að svara erindi, hvenær þurfi að gæta að andmælarétti o.s.frv. Einmitt þess vegna tel ég að við eigum að geta gert miklar kröfur til að slíkar verklagsreglur séu teknar upp. Við eigum að taka alvarlega ábendingar umboðsmanns um að honum þyki of víða í stjórnsýslunni skorta á að menn hafi gefið sér tíma til að setja viðkomandi stofnunum slíkar reglur.

Í annan stað vil ég segja að ég tel að Alþingi sé ekkert að vanbúnaði að veita framkvæmdarvaldinu fullt aðhald. Við eigum í sjálfu sér að hafa öll tæki og tól til þess á grundvelli þingskapalaga og annarra reglna sem um þau efni gilda til að veita ráðherrum og þeim sem á viðkomandi málaflokkum bera ábyrgð fullt aðhald. Það má jafnframt gera með fyrirspurnum og þingsályktunartillögum og öðru þess háttar. Ég sé því ekki að okkur skorti neitt sérstakt til að taka það upp hjá sjálfum okkur að tryggja að eftir slíkum ábendingum verði farið.

[12:50]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki jafnsammála hv. þingmanni nú í síðara andsvari mínu vegna þess að við erum annars vegar að tala um viðbrögð sem verða í stjórnsýslunni sem skrifa má á fákunnáttu eða vanþekkingu. Þar ber okkur skylda til að tryggja fræðslu og þekkingu á málum þannig að farið sé að reglum og vinnubrögðum eins og best gerast annars staðar.

Hins vegar erum við líka að stríða við ákveðnar geðþóttaákvarðanir af því að hér hafa t.d. borist í tal í morgun aðfinnslur varðandi ferli við mannaráðningar. Mjög mikilvægt er að í stjórnsýslunni hjá okkur sé skilið á milli faglegrar og pólitískrar ráðningar. Það hefur ekki verið gert hingað til og mjög erfitt að bregðast við þeim málum. Jafnvel þó að búið sé að koma með aðfinnslur aftur og aftur úr svona þýðingarmiklum stofnunum eins og við erum að ræða í dag halda menn uppteknum hætti. Það þýðir lítið að koma með fyrirspurnir á Alþingi varðandi það. Sömuleiðis gildir það sama um stjórnsýsluúttektir. Í stjórnsýsluúttektum kemur kannski fram mikil gagnrýni á vinnubrögð og ef við skulum segja ráðherra leyfir sér að viðhafa sömu vinnubrögðin áfram og maður kemur með fyrirspurnir á Alþingi til að leiða þau mál í ljós og e.t.v. til að hafa áhrif á að betur sé að gert þá stendur bara gjarnan orð á móti orði um hvernig var farið með ábendingarnar og eftir situr gapandi tóm. Þetta leysist ekki í ræðustól Alþingis, þetta þarf að

leysa öðruvísi. Eftirlitshlutverkið sem við fáum í gegnum stofnanirnar er þess eðlis að við verðum að vera með góð tæki til að tryggja að þau skili sér.

[12:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki þörf á að lengja umræðuna mikið. Þetta er þykk og viðamikil skýrsla eins og vaninn er með skýrslur umboðsmanns sem hingað koma einu sinni á ári. Það gefur augaleið að erfitt er að fara af einhverri dýpt í umræðu um skýrsluna.

Í fyrsta lagi hafa þingmenn haft takmarkaðan tíma til að lesa hana og í öðru lagi er erfitt um vik að taka einhvers konar samtal um jafnviðamikið mál eins og hér er drepið á í því formi sem við búum við. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hafa talað og komið með hugmyndir um möguleika á því að eiga umræður um þessar skýrslur á einhverju því formi sem mætti ætla að skilaði sér betur en einmitt það form sem við búum við í þessum þingsal.

Fjöldi þingmanna hefur talað í umræðunni. Getið hefur verið um þá helstu málaflokka sem umboðsmaður Alþingis fjallar um. Það er athyglisvert að litlar breytingar skuli verða í þessum málaflokkum. Það er u.þ.b. 10% málafjölgun á hverju ári en málaflokkarnir breytast ekki mikið. Þannig eru tafir hjá stjórnvaldi á afgreiðsla mála enn í fyrsta sæti. Skattar og gjöld, reyndar er nokkur fjölgun frá síðasta ári. Umboðsmaður Alþingis hefur bent allsherjarnefnd á að það sé kannski fyrst og fremst vegna þess að nú eru opinberar stofnanir að innheimta í auknum mæli þjónustugjöld og þá er leitað til umboðsmanns með álitamál um hvort lagaheimildir séu fyrir slíku. Þannig skýrist sú málafjölgun undir skattar og gjöld.

En það er svo aftur pólitískt álitamál sem við getum tekið hér snerru um síðar og eigum auðvitað eftir að gera, hvort það sé rétt pólitík að vera með aðhaldsaðgerðir í ráðuneytunum og hjá opinberum stofnunum sem endi síðan alltaf hjá hinum almenna neytanda, hjá borgaranum, sem er þá látinn bera kostnaðinn í formi þjónustugjalda.

Í þriðja sæti á lista umboðsmanns um skráð mál eða viðfangsefni eru málsmeðferðir og starfshættir stjórnsýslunnar og í fjórða sæti eru opinberir starfsmenn og í fimmta sæti fangelsismálin. Undir hverjum af þessum málaflokkum eru gríðarlega athyglisverð mál sem mætti fjalla um í dýpt og í löngu máli sem ekki er tilefni til nú. Það sem mér finnst kannski standa upp úr eftir þessar umræður og eftir það sem ég hef kynnt mér lauslega í skýrslu umboðsmanns er kannski í fyrsta lagi þær ábendingar sem við fáum frá umboðsmanni um viðbrögð stjórnvalda gagnvart þeim sem leita hefur til umboðsmanns Alþingis. Það er athyglisverður kafli í skýrslunni, í inngangi hennar, á bls. 20, þ.e. 5. kafli undir Störf umboðsmanns Alþingis 2004. Þar gerir umboðsmaður grein fyrir á hvern hátt stjórnvöld hafa kannski verið að taka upp þann sið að bregðast við niðurstöðum umboðsmanns á einhvern hátt sem ekki er alveg hægt að fallast á. Ég hef sannarlega áhyggjur af því að eins og umboðsmaður lýsir þessu í viðkomandi kafla þá sýnist mér skorta á að stjórnvöld séu að bregðast alla tíð af nægilegum skilningi við athugasemdum umboðsmanns Alþingis. Liggur við að í ákveðnum tilfellum séu menn að taka tilmælum sem umboðsmaður kemur með á einhvern persónulegan hátt eða jafnvel að bera því fyrir sig að umboðsmaður hafi ekki haft nægilegar upplýsingar til að ná réttum niðurstöðum í málinu. Það er undarlegt þegar á það er litið að það er á valdi þess stjórnvalds sem kvartað er undan að veita umboðsmanni upplýsingar og hafi umboðsmaður ekki nægar upplýsingar er við það stjórnvald að sakast. Ég held því að þessi kafli um viðbrögð hins opinbera eða hinnar opinberu stjórnsýslu í ákveðnum tilfellum sé eitthvað sem við þurfum að taka til skoðunar. Menn þurfa aðeins að líta í eigin rann í þessum efnum. Auðvitað hljóta þeir sem stjórna í hinni opinberu stjórnsýslu að gera sér grein fyrir því að umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum. Um hann gilda mjög skýr og greinargóð lög. Það hlýtur að vera metnaður hvers og eins stjórnanda, skyldi maður ætla, að vel fari í hans stjórnsýslu. Það ætti að vera í sjálfu sér frumkvæði þeirra sem starfa í stjórnsýslunni að leggja sig eftir því að bæta hana og ég held að því færri álit sem umboðsmaður þarf að senda frá sér á hverju ári, þeim mun betri stjórnsýslu getum við sagt að við séum með og því færri tilefni til alvarlegra umkvartana.

Ég held að við sem störfum við lagasetningu höfum líka fengið í umræddri skýrslu afar, hvað á ég að segja, afdráttarlausar ábendingar um á hvern hátt störf okkar gætu betur farið varðandi lagasetninguna. Því vissulega eru álitamál uppi um á hvern hátt lagasetning fer fram og hvernig hlutum er fyrir komið í lögum. Það eru hér nokkrar ábendingar sem umboðsmaður hefur sett fram varðandi meinbugi á lögum eða almennum stjórnarfyrirmælum. Athyglisvert er að sjá að á þeim málum sem hann telur þar fram hafa verið gerðar bragarbætur í flestum tilfellum. Þetta eru ein fimm mál sem hann nefnir. Eitt varðar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, annað varðar félagsmálaráðherra, hið þriðja landbúnaðaráðherra og hið fjórða Reykjavíkurborg. Í þessum tilfellum hafa verið gerðar úrbætur en eftir stendur eitt álitamál og það er mál sem umboðsmaður sá ástæðu til að vekja athygli Alþingis og dómsmálaráðherra á. Það varðar tiltekin atriði er lúta að skipun hæstaréttardómara með það í huga að tekin yrði afstaða til þess hvort þörf væri á að fyrirkomulag við undirbúning og ákvarðanir um skipun í embætti dómara við Hæstarétt Íslands yrði tekin til endurskoðunar og lagabreytingar gerðar í því tilefni, ef sú yrði niðurstaðan. Ekki er greint frá viðbrögðum við þessari athugasemd umboðsmanns í skýrslunni. En ég held að við hljótum að verða að bregðast við þessu, hæstv. dómsmálaráðherra og alþingismenn. Þetta er í rauninni af sama meiði og athugasemdir sem komu frá umboðsmanni með síðustu skýrslu, þ.e. skýrslunni fyrir 2003, og gert var að umtalsefni í umræðum um skýrsluna á síðasta ári. Þá benti umboðsmaður okkur á að Norðmenn og nágrannaþjóðir okkar hefðu gert skurk í að skilgreina vel verksvið umboðsmanns gagnvart dómstólunum. Þá var ég að meina stjórnsýsludómstólana, en ekki niðurstöður dómanna. Okkur var bent á af umboðsmanni að Norðmenn hefðu unnið afar gott og ítarlegt verk í þeim efnum og hefðu lagt fram skýrslu á norska þinginu um það á hvern hátt umboðsmaður hefði yfir stjórnsýsludómstólum að segja.

Ég held að þetta séu ákveðnir þættir sem þarf að taka til alvarlegrar skoðunar. Þetta eru athugasemdir sem við meg-

um ekki láta rykfalla á borðum okkar heldur taka verulega mikið mark á.

Eitt finnst mér líka athyglisvert af því sem umboðsmaður hefur fært fram í máli sínu og í kynningu sinni hjá allsherjarnefnd. Það er hversu mikið fræðandi efni hefur safnast saman hjá embættinu. Hann greinir okkur frá löngun til þess að láta vinna ítarlegt fræðsluefni í tilteknum þáttum og í raun sé búið að láta vinna ákveðinn grunn að fræðsluefni í ákveðnum þáttum sem ég held að sé sjálfsagt mál og geti verið verulegur fengur að. Því það segir sig sjálft að þegar maður fær svona bók frá umboðsmanni á hverju einasta ári að á bak við þá vinnu er auðvitað gríðarlega mikið magn af upplýsingum sem hlýtur að vera fengur að að fá í einhvers konar umfjöllun eða einhvers konar dreifingu út í samfélagið þar sem þetta getur nýst þeim sem starfa við stjórnsýsluna. Ég held að þegar öllu er á botninn hvolft hljóti starf umboðsmanns að vera hvatning til þeirra sem starfa innan stjórnsýslunnar um að bæta hana og það á að vera okkur metnaðarmál að fækka álitum umboðsmanns, fækka þeim tilefnum sem borgararnir hafa til að leita réttar síns hjá umboðsmanni.

[13:02]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður nefndi sérstaklega þjónustugjöldin. Ég vil nota tækifærið og koma því hér á framfæri sem rætt var einmitt á fundi forsætisnefndar hjá umboðsmanni Alþingis í gær í tengslum við ábendingar varðandi skatta og þjónustugjöld. Þá skýrði umboðsmaður frá því að hann hefði lagt sérstaka áherslu á að hjá stofnuninni ynni sérfræðingur í skattamálum og að þörfin á slíkum sérfræðingi hefði einmitt verið rædd milli fjármálaráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis. Mér fannst rétt að láta þetta atriði koma hér fram.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:03]

Breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 279. mál (sameiginleg forsjá barns o.fl.). — Þskj. 294.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 17. mál (veiðiréttur). — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fullorðinsfræðsla, frh. fyrri umr.

Þáltill. EMS o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 32. mál (lausir kjarasamningar). — Þskj. 32.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 35. mál. — Þskj. 35.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 37. mál (ferðakostnaður). — Þskj. 37.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Vandi á leikskólum vegna manneklu.

[13:36]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Mikið vantar af starfsfólki til kennslu í leikskólum landsins og er staðan nú þannig að ekki hefur

náðst að manna allar stöður í mörgum leikskólum. Allt of víða hefur því verið gripið til þess ráðs að senda börn heim einhverja daga í mánuði í þessari neyð. Í mínu ágæta bæjarfélagi, Kópavogi, eru börn í einum af leikskólunum send heim á sex daga fresti svo leikskólinn geti haldið eðlilegu álagi á því starfsfólki sem þar er fyrir.

Það þarf auðvitað ekki að nefna áhrifin sem þetta hefur og óþægindin fyrir alla hlutaðeigandi og veldur þetta miklu álagi á þær fjölskyldur sem fyrir þessu verða, að ekki sé talað um starfsmennina sem fyrir eru. Í mörgum þeim sveitarfélögum sem tekist hefur að manna leikskólana er staðan í járnum og má lítið út af bregða. Sem dæmi getur umgangspest haft veruleg áhrif á starfið.

Sá mikli vandi sem blasir við leikskólum núna vegna skorts á fólki til starfa á leikskólunum er ekki nýjar fréttir þó að óvenjuslæmt ástand hafi skapast í haust vegna þenslu á vinnumarkaði og er búist við að ástandið versni víða aftur verulega um áramót. Vandinn er alls staðar hinn sami og hann er árlegur og ekki bundinn við einstök sveitarfélög eða stjórnmálaflokka sem þar stjórna. Vandinn felst í of mikilli starfsmannaveltu.

Virðulegi forseti. Það þarf nú þegar að ráðast í átak til að hækka það hlutfall starfsmanna sem gerir störf í leikskólum að ævistarfi og á það jafnt við um faglærða sem ófaglærða. Lausnirnar felast meðal annars í tvennu: Í fyrsta lagi verða að koma til verulegar launahækkanir fyrir þessi störf sem eru skammarlega lágt launuð. Ég held að enginn deili um það að þau eru á engan hátt samkeppnishæf. Þar ber ríkisvaldið sína ábyrgð vegna ranglátrar tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaga.

Í öðru lagi verður að ráðast í átak til að fjölga leikskólakennurum. Hlutfall leikskólakennara við störf í leikskólum er í kringum 34% þeirra sem starfa við kennslu. Við eigum að setja okkur þau markmið að hækka þetta hlutfall. Það er umframeftirspurn eftir náminu. Í fyrra var helmingi umsókna um leikskólakennaranám í Kennaraháskólanum hafnað. Helmingi umsókna var hafnað vegna takmarkaðs fjármagns. Þetta voru umsóknir 95 einstaklinga einungis það ár sem hugðu á nám í leikskólakennarafræðum. Þetta er auðvitað óviðunandi ástand, sérstaklega nú þegar það blasir við og hefur reyndar gert árum saman að fjölga verður leikskólakennurum verulega. Þessar frávísanir eru að sjálfsögðu á ábyrgð menntamálaráðherra og skora ég á hana að tryggja aukið fjármagn til námsins til að tryggja megi að fleiri útskrifist af leikskólakennarabraut Kennaraháskólans.

Í þeim hópi sem sækjast eftir þessu námi eru margir sem ekki hafa lokið stúdentsprófi. Þessu fólki verður að hleypa í nám, leikskólastigið þarf á því að halda. Það verður að beita öllum meðulum sem til eru eins og að setja á laggirnar frumgreinabraut, efla leikskólabrautir á framhaldsskólastiginu og opna enn frekar á tækifæri náms með vinnu. Þá þarf að efla starfsmenntunartækifæri fyrir ófaglærða og auka samþættingu leikskólakennaranámsins við aðrar uppeldisgreinar.

Virðulegi forseti. Á leikskólunum er unnið frábært starf. Sveitarstjórnir hafa staðið sig vel við uppbyggingu þeirra og gæðastarf í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Nú þurfum við hins vegar að taka næsta skref og stækka þann hóp sem vill gera kennslu í leikskóla að ævistarfi. Við þurfum að finna lausnir til framtíðar og stórminnka hina öru starfsmannaveltu sem leikskólastigið býr við. Til þess að svo megi verða þarf að líta til margra þátta og tel ég að menntamálaráðherra eigi að leika þar lykilhlutverk í samhentu átaki ríkis, sveitarfélaga, starfsmanna, foreldra og samfélagsins alls.

Virðulegi forseti. Ég vil í þessu sambandi beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. menntamálaráðherra:

1. Hvaða leiðir sér ráðherra færar til að efla leikskólakennaramenntun með það að markmiði að fjölga leikskólakennurum meðal starfsmanna leikskólanna?

2. Kemur til greina að mati ráðherra að sett verði á laggirnar sérstök frumgreinadeild fyrir leikskólakennaranám þannig að þeir sem ekki eru með stúdentspróf en hafa góða reynslu og þekkingu úr leikskólakennslu geti átt þar greiðan aðgang?

3. Kemur til greina að auka samþættingu námsins við annað uppeldisnám svo einstaklingar með menntun á öðrum sviðum en uppeldismenntunar eigi greiðari aðgang að leikskólakennarastöðum?

4. Er menntamálaráðherra tilbúin að styrkja starfsnám tengd störfum á leikskólum enn frekar svo ófaglærðir á leikskólum eigi greiðara aðgengi að námi með vinnu?

Að lokum vil ég skora á hæstv. menntamálaráðherra að leggja sitt af mörkum til lausnar á starfsmannamálum leikskólanna til framtíðar í þetta sinn en ekki láta það eftir einstökum sveitarfélögum eins og nú hefur verið gert.

[13:41]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Lengi býr að fyrstu gerð er málsháttur sem á við í umræðunni um leikskólana. Á undanförnum árum hafa verið tekin mikilvæg skref til að treysta leikskóla og leikskólamenntunina. Það hefur verið lögfest að leikskólarnir séu og eru fyrsta skólastig og það ríkir almenn sátt í samfélaginu um mikilvægi þess að fagmennska ráði ríkjum þar sem yngstu börn þjóðarinnar dvelja á meðan foreldrar þeirra vinna eða læra.

Síðustu vikur hefur verið mikið rætt um þann vanda sem nú er uppi í leikskólum vegna þess hversu illa hefur gengið að manna leikskólana í haust, einkum þó á höfuðborgarsvæðinu. Leikskólakennarar og starfsfólk leikskóla hefur lagt metnað sinn í að viðhalda faglegu starfi þrátt fyrir þetta erfiða ástand. Því miður hefur þó sums staðar verið gripið til þess örþrifaráðs að loka deildum eða senda börnin heim með tilheyrandi afleiðingum fyrir börn og foreldra. Það er að mínu mati óviðunandi að mannekla trufli starfsemi leikskólanna ár eftir ár. Slíkt dregur úr þjónustu og faglegu starfi leikskólanna er hætta búin.

Leikskólarnir eru eins og við þekkjum alfarið reknir af sveitarfélögum. Það er á þeirra ábyrgð að halda uppi þjónustu og tryggja að lögum um leikskóla sé framfylgt. Það er hins vegar á ábyrgð ríkisins að tryggja hina faglegu umgerð leikskólans með lögum og námskrá sem og að standa að menntun leikskólakennara. Þegar þróunin í þeim efnum er skoðuð kemur í ljós að hlutfall menntaðra leikskólakennara fer stigvaxandi og er nú 32%. Þeim fjölgar hins vegar ekki í samræmi við þá miklu fjölgun sem orðið hefur á útskrifuð-

um leikskólakennurum.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni eru nú hátt í 1.600 einstaklingar með leikskólakennaramenntun en starfandi leikskólakennarar eru einungis 1.234. Það eru því um 400 menntaðir leikskólakennarar sem kjósa að vinna við annað en leikskólastörf.

Því hefur verið haldið fram, m.a. af borgaryfirvöldum í Reykjavík, að fjárskortur Kennaraháskóla Íslands hamli því að stúdentar komist í nám fyrir leikskólakennara og borgarstjórinn í Reykjavík hefur m.a. hvatt til þess að skólunum verði gert kleift að bregðast við umsóknum. Af þessu tilefni vil ég taka sérstaklega fram: Á síðustu 15 árum hafa verið útskrifaðir rúmlega þúsund leikskólakennarar frá Fósturskóla Íslands og Kennaraháskólanum og frá 1999 hafa útskrifast um 200 leikskólakennarar frá Háskólanum á Akureyri. Samtals hafa því útskrifast um 1.260 leikskólakennarar á því tímabili og sem stendur eru um 460 leikskólakennaranemar við þessar brautir í fyrrnefndum háskólum.

Þessar tölur, virðulegi forseti, sýna að mínu mati fram á að veruleikinn er mun flóknari en sumir vilja vera láta. Það hefur verið stuðlað að mikilli fjölgun háskólamenntaðra leikskólakennara og mörg hundruð munu bætast við í þeirra góða hóp á næstu árum. Hins vegar sjáum við jafnframt að stór hluti þeirra sem ljúka þessari menntun kýs að starfa á öðrum vettvangi. Það er því greinilega ekki nóg að fjölga menntuðum leikskólakennurum, það verður ekki síður að tryggja að það starfsumhverfi og þau kjör sem í boði eru séu þess eðlis að það tryggi að leikskólakennarar komi til starfa á leikskólanum.

Sem ráðherra vil ég gera það sem hægt er til að stuðla að því að þessi vandi verði leystur. Í fyrsta lagi vil ég nefna að í ráðuneytinu er starfandi samráðsnefnd um leikskóla sem í eiga sæti fulltrúar frá ráðuneytinu, Félagi leikskólakennara, Sambandi ísl. sveitarfélaga og stéttarfélaginu Eflingu. Sú nefnd er umræðu- og samstarfsvettvangur um ýmis fagleg málefni sem tengjast leikskólunum.

Á síðasta fundi í lok október var ákveðið að samráðsnefndin hefði frumkvæði að því í byrjun næsta árs að boða fulltrúa þeirra hagsmunaaðila sem koma að leikskólamálum til málþings og ég tel að hægt sé og það eigi að nýta þessa samráðsnefnd mun betur til að fara skipulega yfir stöðu leikskólans og einstök úrlausnarefni.

Í öðru lagi vil ég nefna að sérstakur starfshópur er að vinna að endurskoðun laga um lögverndun á starfsheitum og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Hefur starfshópurinn sérstaklega verið beðinn um að athuga möguleika á því að leikskólakennarar falli undir lögverndarlögin eftir því sem eðlilegt getur talist.

Í þriðja lagi er á vegum ráðuneytisins vinnuhópur að störfum með fulltrúum ýmissa hagsmunaaðila sem hefur það að markmiði að koma með tillögur að framtíðarskipan kennaramenntunar í landinu. Í þeirri nefnd er fjallað um menntun leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólakennara og þess er vænst að hópurinn skili af sér tillögum fljótlega.

Í fjórða lagi vil ég geta þess að ég hef sérstaklega óskað eftir því að málefni leikskólans verði tekin á dagskrá m.a. á vettvangi norrænu menntamálaráðherranefndarinnar en fram til þessa hafa leikskólamálin verið rædd á vettvangi félagsmála í norrænu samstarfi. Með þessu vilja íslensk menntayfirvöld undirstrika það að leikskólastigið er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og með því erum við líka að undirstrika mikilvægi þess að umræðan um leikskólann á norrænum vettvangi sé á faglegum nótum á forsendum skólastarfsins.

Við viljum öll, virðulegi forseti, að fagmennska sé í fyrirrúmi í leikskólum landsins og að kennarar fái greitt fyrir þær kröfur sem við setjum fram.

[13:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra sagði að veruleikinn væri flóknin og það er svo sannarlega rétt. Og hún hitti auðvitað líka naglann á höfuðið þegar hún sagði sjálf í ræðu sinni að þetta sé spurning um starfsumhverfi og kjör, manneklan á leikskólunum snýst um starfsumhverfi og kjör fólks. Skýringin á því af hverju 400 manns úti í samfélaginu með leikskólakennarapróf eru ekki að störfum í leikskólum við kennslu er auðvitað sú að þessu starfi hefur ekki verið umbunað á þeim nótum sem við getum talið eðlilegt þegar skoðuð er ábyrgð þeirra einstaklinga sem gegna starfi leikskólakennara.

Ég fagna því að leikskólakennaranámið sé í endurskoðun og ég tek undir með hv. málshefjanda hvað varðar þau efni sem hún telur að geti verið til úrbóta hér. Við þurfum að taka á í menntamálunum en við þurfum jafnframt að tryggja að það fólk sem sækir í leikskólakennarastarfið fái mannsæmandi laun. Það er grundvöllurinn og auðvitað getur ríkið ekki firrt sig algerlega ábyrgð í þeim efnum. Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga liggur þarna undir og við vitum að krafan á leikskólana alveg eins og krafan á grunnskólana hefur aukist gríðarlega mikið undanfarin ár. Við vitum að grunnskólinn hefur verið einsetinn síðan hann fór til sveitarfélaganna en ríkið hefur ekki komið til móts við sveitarfélögin með aukin fjárframlög og sama má segja um leikskólann. Ég tel því einsýnt að tekjuskiptingarnefnd ríkis og sveitarfélaga hljóti að verða að fara ofan í þessi mál líka.

Hæstv. menntamálaráðherra segist vilja bera hina faglegu ábyrgð. Það er auðvitað af hinu góða en ég segi líka: Við megum ekki firra okkur raunveruleikanum með því að neita að horfast í augu við að hér er um að ræða störf sem eru á hraðri leið með að verða láglaunastörf í samfélaginu, í því þenslusamfélagi sem við búum við. Hver ber ábyrgð á þenslunni? Það skyldi þó ekki vera að ríkisstjórnin ætti sinn hlut þar að máli?

[13:49]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda, hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, fyrir að vekja máls á málefnum leikskólanna. Enginn efast um mikilvægi þeirrar starfsemi sem fram fer á leikskólunum. Leikskólakennarar og leiðbeinendur eru allan daginn að annast dýrmætustu eign þjóðarinnar, þ.e. framtíðina. Hins vegar vitum við að illa gengur að manna stöður í leikskólunum. Mannekla á leikskólum dregur úr þjónustu og erfitt er fyrir starfsfólkið að tryggja faglegt starf.

Reyndar má geta þess að í sumum sveitarfélögum hefur

gengið ágætlega að manna leikskólana. Sem dæmi má nefna að leikskólar á Akureyri eru fullmannaðir og 70% starfsmanna þar eru með réttindi. Ég held að ríki alger þjóðarsátt um að greiða betur fyrir umönnunar- og uppeldisstörf. Það skiptir okkur máli að gott fólk fáist í þessi störf. Í þessu tilviki má einnig minna á að hér er um dæmigerða kvennastétt að ræða sem lengi sat eftir í launaþróuninni. Þó urðu nokkrar leiðréttingar í síðustu kjarasamningum þannig að málin eru að mjakast.

Málaflokkurinn er á forræði sveitarfélaganna. Við verðum að standa vörð um sjálfsforræði þeirra en störfin eru þess eðlis að þau koma okkur öllum við vegna þess að hér er um uppeldis- og umönnunarstörf að ræða. Við getum ekki búist við að fólk fari í þessi störf án þess að gera þau meira aðlaðandi og þá með hærri launum. Tölur sem hæstv. ráðherra vísaði í sýna að menntaðir leikskólakennarar skila sér ekki í störfin. Ekki er nóg að fjölga menntuðum leikskólakennurum, þeir verða að vilja starfa í faginu. Ég fagna þess vegna starfi hæstv. menntamálaráðherra sem stuðlar að því að efla leikskólastigið enn frekar.

[13:51]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er það algerlega óviðunandi að leikskólar þurfi að glíma við manneklu vikum eða mánuðum saman. Það er einnig óviðunandi þegar mikil hreyfing er á starfsfólki leikskóla þannig að fólk staldri stutt við í starfi og nýtt fólk taki við. Það hlýtur að valda röskun og álagi hjá börnunum að þurfa stöðugt að efna til nýrra kynna við fullorðna einstaklinga.

Í rúmlega mánaðargamalli ályktun trúnaðarmanna leikskólakennara í Reykjavík eru það fyrst og fremst bágborin laun leikskólakennara og annars starfsfólks sem talin eru valda því að fólk tollir illa í störfum við leikskólana. Þegar litið er til grunnlauna ófaglærðra starfsmanna leikskóla og leikskólakennara hlýtur maður að fallast á þá staðreynd að launakjör þessa fólks eru hneykslanlega léleg. Það hlýtur að teljast ábyrgðarhluti fyrir sveitarfélögin að þau taki launamál starfsmanna leikskóla til gagngerðrar endurskoðunar með hækkanir í huga og einnig að skoðað verði alvarlega hvort ríkið geti þar komið að. Við verðum einnig að gæta þess um leið að þeir sem hafa minnstar tekjur í dag, láglaunafólk, námsmenn, einstæðir foreldrar og aðrir verði ekki fyrir barðinu á slíkum hækkunum en við hin sem njótum góðra tekna, hvort sem um er að ræða launatekjur eða fjármagnstekjur, ættum að geta látið meira af hendi rakna til samneyslunnar. Því miður er það svo, virðulegi forseti, að stefna ríkisvaldsins er hins vegar sú að þeir sem lægri launin hafa njóta ekki betri kjara. Vegna hvers? Jú, skattastefnu stjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

[13:53]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. málshefjanda, Katrínu Júlíusdóttur, fyrir að taka þetta brýna mál til umræðu og hæstv. menntamálaráðherra fyrir svör hennar í upphafi umræðunnar. Ég held að sjá megi af umræðunni að hér deila menn úr öllum flokkum áhyggjum af því ástandi sem er. Leikskólinn er frábært skólastig. Þar hefur blómstrað starf og uppbygging á undanförnum árum og sveitarfélögin eiga sannarlega heiður skilinn fyrir gríðarlega uppbyggingu á því sviði sem nú sér fyrir endann á.

Það er hverjum manni ljóst að nú þarf að vinda bráðan bug að því að efla og styrkja það starf sem þar fer fram, festa það í sessi og lyfta því upp og þar á meðal, eins og fram hefur komið hjá ýmsum ágætum þingmönnum hér, hvað kjörin varðar. Sveitarfélögin hljóta auðvitað að taka það til sín þó að þeim sé þröngt skorinn stakkur í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Besta leiðin til að efla og styrkja kjör einnar starfsstéttar er auðvitað að efla menntunarstig hennar, starfsnám hvers konar og önnur réttindi. Því kemur sú frétt á óvart sem hér er sögð í umræðunni að helmingi umsækjenda um leikskólakennaranám við Kennaraháskóla Íslands sé hafnað, að 100 manns sé vísað frá námi eins og kom fram í máli hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur. Ég hlýt því að spyrja hæstv. menntamálaráðherra: Er þetta rétt? Vísuðum við 100 manns frá á síðasta ári að leggja stund á nám til að gæta barna okkar og kenna þeim, fólki sem vill sækja slíkt nám, fólki sem eftirspurn er eftir og þörf fyrir? Getur verið að af 200 umsækjendum um nám við Kennaraháskólann hafi 100 verið vísað frá, nærri 40 í fjarnámi og nærri 60 í hinu staðbundna námi? (Forseti hringir.) Vill ekki hæstv. ráðherra gera þetta að forgangsmáli hjá sér án þess að ég sé með þessu að gera hana ábyrga fyrir manneklunni á leikskólunum?

[13:55]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að vekja athygli á málefnum leikskólanna. Ég þekki það vel af öðrum vettvangi þar sem ég sit í borgarstjórn Reykjavíkur og eins og menn vita þá er þetta mál á ábyrgð sveitarfélaganna.

Í leikskólunum starfar frábært fólk og veitir frábæra þjónustu. Þrátt fyrir að mikilvægt sé að við ræðum þetta mál á þessum vettvangi þá hefur mér komið nokkuð á óvart hve fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa ráðist harkalega á R-listann í þessu máli, sérstaklega þar sem þeir eru hér ekki til svara. (Gripið fram í.) En eins og menn þekkja, og málshefjandi minntist á sitt sveitarfélag, Kópavog, þá er líka í Reykjavík neyðarástand á mörgum leikskólum. Því miður hafa menn brugðist seint við og á margan hátt illa við þessum mikla vanda. (Gripið fram í.) Við hljótum þá að spyrja okkur þegar stjórnmálaafl kemur fram og allir, a.m.k. frá þessu stjórnmálaafli hér, eru sammála um að kjörin séu það sem skiptir máli, þá lofa þessir sömu aðilar fjárveitingum í gjaldfrjálsan leikskóla á sama tíma og foreldrar fá ekki pláss fyrir fyrir börnin sín í leikskólum á viðkomandi stöðum.

Ég held hins vegar að ekki sé ástæða til að ráðast of mikið á R-listann hér. Við vitum að menn hafa ekki náð þessum árangri sem raun ber vitni. Hér var minnst á Kópavog. Kópavogur er sveitarfélag þar sem leikskólabörnum (Gripið fram í.) hefur fjölgað um rúmlega 500 á síðustu tíu árum á meðan fækkað hefur um samsvarandi fjölda í Reykjavík. Þetta er málefni sveitarfélaganna. Ég veit að

sveitarstjórnarmenn hafa mikinn metnað á þessu sviði og munu reyna hvað þeir geta til að vinna bug á þessum vanda. Ég held að menn séu sammála um að við verðum að gera allt til að viðhalda því góða starfi sem unnið er á vettvangi leikskólans því svo sannarlega er þar frábært starfsfólk (Gripið fram í.) sem vinnur mjög gott starf eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson þekkir af eigin raun.

(**Forseti** (JóhS): Ég vil biðja hv. þingmenn að halda frammíköllum í algeru lágmarki þegar ræðutími er svo takmarkaður sem raun ber vitni.)

[13:58]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir þessa umræðu sem ég tel afar brýna en leyfi mér jafnframt að efast um að einhver lausn verði fundin hér í dag. Ég vona að umræðan leiði til þess að það verði opnari umræða almennt í þjóðfélaginu um stöðu leikskóla, hlutverk þeirra og gildi í samfélaginu.

Kjarninn í þessu máli er sá að þetta snýst um gildismat þjóðar. Gildismat á sér ýmis birtingarform og eitt þeirra eru laun. Ef við skoðum hvaða laun svokallaðar umönnunar- og menntastéttir hafa, ég er að tala um kennara, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og þá sem sinna öldruðu fólki á öldrunarstofnunum, þá hefur sannarlega orðið veruleg kaupmáttaraukning á síðustu árum. En ef við berum þau laun saman við þau sem aðrar stéttir hafa í samfélaginu, t.d. í fjármálageiranum, þá er þar himinn og haf á milli. Þetta er þróun sem átt hefur sér stað á löngum tíma og að því er virðist í bara nokkuð mikilli sátt þjóðarinnar. Í því felast auðvitað ákveðin skilaboð þjóðar, í því afhjúpast ákveðið gildismat. (Gripið fram í.) Við hljótum því að spyrja okkur hvort við metum dansinn kringum gullkálf meira en umönnunarstörf. Í 17. júní ræðum stendur ekki á boðskapnum um gildi menntunar, gildi umönnunar en þegar á reynir eins og þróunin hefur verið kemur annað í ljós.

Ég efast ekki um að hv. málshefjandi og hæstv. ráðherra eru mjög sammála um að vilja veg leikskóla sem allra bestan, en svarið er að finna úti í samfélaginu og þjóðin þarf einmitt að fara að svara því hvernig hún í raun og veru metur umönnun, menntun og hin mýkri gildi.

[14:00]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir þessa mikilvægu umræðu. Það er auðvitað algerlega óviðunandi að ekki takist að manna leikskólana, jafnmikilvæg störf og unnin eru á þeim stofnunum. En hvers vegna tekst það ekki? Ég tel að það sé augljóst. Það snýst auðvitað um kaup og kjör og ég tel ekki við hæfi að vinstri flokkarnir varpi algerlega frá sér ábyrgð í þessu máli. Reykjavíkurborg ræður einmitt ferðinni hvað varðar launanefnd sveitarfélaga, sem sér um að semja um laun og kjör við þetta ágæta starfsfólk. Málið snýst einfaldlega um það. Auðvitað ber ríkið að einhverju leyti ábyrgð hvað það varðar að skammta sveitarfélögunum nægilega fjármuni til þeirra verkefna sem þeim er ætlað að framkvæma samkvæmt lögum.

Ég ætla að minnast á orð hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Mér finnst þau ekki vera alveg í samræmi við áramótaræðu hæstv. forsætisráðherra sem talaði mjög digurbarkalega og landsföðurlega um mikilvægi uppeldis- og umönnunarstarfa og mikilvægi barna- og fjölskyldumála. Nú virðist annað vera upp á teningnum. Hv. þingmaður telur að það sé einhver sátt um launastefnuna, þennan gríðarlega launamun sem orðinn er í landinu. Ég get sagt hv. þingmanni að við í Frjálslynda flokknum erum ekki sáttir við þá launastefnu. Við teljum, eins og fram kom í ræðu hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, að það sé ekki sátt um það hvernig skattbyrðinni er í auknum mæli velt á þá sem hafa lægri launin og af þeim sem hafa hærri launin. Það er ekki sátt um það. Ég vona að aðrir þingmenn Framsóknarflokksins fari ekki með slíkt fleipur að það sé einhver sátt um það frekar en annað sem menn vilja telja fólki trú um að sátt sé um í þjóðfélaginu, sem alls ekki er.

[14:02]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka kærlega fyrir þá góðu umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vil líka þakka viðbrögð hæstv. menntamálaráðherra vegna þess að augljóst er að hún ber þetta mál fyrir brjósti og það er gott að vinna er farin í gang. Hins vegar skora ég á menntamálaráðherra, eins og ég sagði áðan í ræðu minni, að setja aukið fjármagn í leikskólakennaranámið þannig að hægt sé að taka fleiri inn en gert er í dag vegna þess að það er augljóst að einungis 34% starfsmanna sem starfa við kennslu í leikskólanum eru með leikskólakennaramenntun. Við þurfum því að gera átak í að fjölga þeim.

Ég vil einnig, virðulegi forseti, þakka fyrir þá umræðu sem hefur átt sér stað um kjörin vegna þess að það á ekki að vera eðlilegt að á þenslutímum streymi fólk út úr leikskólunum eins mikilvæg og störfin þar eru og fari í önnur störf. Við verðum auðvitað að endurmeta hvernig við verðleggjum störfin í samfélaginu af því að það er ekkert rökrétt við það að fólk sem vinnur með börnunum okkar sé á lægstu launununum.

Sveitarfélögin hafa staðið mjög vel að uppbyggingu leikskólanna. Það hefur orðið mikil sprenging í því alls staðar hjá sveitarfélögunum síðustu ár. Þau hafa gert mjög vel en þau eiga ekki að gera þetta ekki allt ein. Vissulega eru ákveðnir þættir sem þau sjá um en það eru líka ákveðnir þættir sem á að sjá um af hálfu menntamálaráðherra, þ.e. menntun leikskólakennaranna. Sömuleiðis þarf að koma þaðan skýr pólitískur vilji til að auka og bæta tekjustofna sveitarfélaganna þannig að þau geti staðið undir stefnumarkandi ákvörðunum, eins og við munum án efa taka hér um að bæta kjör þessa hóps. Mér heyrist vera samhugur um það hér og það er skoðun mín að við eigum að ganga samhent til þess verks vegna þess að þetta er mál okkar allra og gengur þvert á pólitískar línur.

[14:04]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er alveg skýr stefna af hálfu menntamálaráðherra að við ætlum okkur að halda áfram að byggja upp fagmennsku í öllu skólakerfinu. Við erum að fara heildstætt yfir alla kennaramenntun í landinu í sam-

vinnu við fagfélög eins og Kennarasambandið og fleiri aðila. Við erum að skoða allt skólakerfið í heild og ekki síst leikskólakennarastörfin. Það þýðir ekkert að koma hingað upp og segja að fjölga þurfi leikskólakennaramenntuðu fólki því við erum að gera það. Við erum að fjölga því sem nemur hundruðum á næstu árum. Því hefur fjölgað um 1.260 á síðustu 15 árum og á næstu árum mun leikskólakennurum fjölga sem nemur a.m.k. 450 manns.

Það eru fleiri leikskólakennaramenntaðir einstaklingar úti í samfélaginu en þeir sem eru starfandi á leikskólunum. Ekki er því hægt að segja að það vanti leikskólakennaramenntað fólk því það er fleira úti á markaðnum en til staðar á leikskólunum sjálfum. Því þýðir ekki fyrir stjórnarandstöðuna að koma hér upp og fela sig eins og alltaf á bak við það að tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga sé ójöfn. Það er ekki hægt að koma og segja ævinlega pass í þessum málum. Auðvitað snertir þetta sveitarfélögin. Það er þeirra að skapa starfsumhverfi fyrir það mikilvæga skólastig sem leikskólinn er. (Gripið fram í.) Ríkisvaldið stendur sig hvað varðar faglegu hliðina, við útskrifum nægilega marga leikskólakennara. Við munum halda áfram að efla leikskólakennaramenntun í landinu en það er sveitarfélaganna að sjá til þess að fólk með fagkunnáttu starfi á leikskólunum og til þess að svo verði þurfa launakjörin að vera meira aðlaðandi en þau eru í dag. Boltinn er á hendi sveitarfélaganna hvað það varðar, það er ekki á hendi ríkisins að leysa það mál. Við látum ekki okkar eftir liggja varðandi uppbyggingu á leikskólakennaramenntun, það er alveg á hreinu.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2004, frh. umr.

[14:07]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Nú tökum við á ný til við að ræða þá merku skýrslu sem er skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2004. Áður en ég held áfram að ræða um skýrsluna ætla ég að taka undir þær hugmyndir sem hafa komið fram í umræðunni um að breyta ætti því fyrirkomulagi sem er þegar þessi skýrsla er rædd. Æskilegra væri ef hægt væri að ræða beint við þann sem semur skýrsluna fyrir opnum tjöldum, (Gripið fram í.) þetta er mikil skýrsla, í stað þess að við ræðum hana hér og það er í rauninni enginn til andsvara. Ég tek heils hugar undir þá hugmynd hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Það yrði í rauninni til þess að umræðan væri til meira gagns og til mikilla bóta ef höfundar skýrslunnar gætu þá svarað fyrir verk sín.

Ég tek fram að hér var til umræðu önnur skýrsla í dag, skýrsla Ríkisendurskoðunar. Ég tel þessa skýrslu vera að mörgu leyti miklu betra plagg en hana og ég mun e.t.v. ræða það lítillega í áframhaldinu.

Það liggur greinilega mikil vinna á bak við þessa skýrslu. Bæði er gríðarlega mikill fjöldi mála skráður hjá embættinu, skráð voru 323 mál árið 2004 en árið 2002 voru málin 280. Málum hefur fjölgað um liðlega 40 á tveggja ára tímabili. Þeim fer sífjölgandi og má jafnvel búast við því þeim fari áfram fjölgandi, þ.e. ef menn taka þessa skýrslu ekki meira sem kennslugagn fyrir stjórnsýsluna. Í sjálfu sér er ágætt að við ræðum þessa skýrslu en það er miklu meira virði að hún fari í almenna umræðu í stjórnsýslunni sjálfri og verði notuð sem kennslugagn um það hvernig hægt er að bæta stjórnsýsluna í landinu. Það skiptir öllu máli. Það er líka athyglisvert að hjá embættinu starfa aðeins níu manns og hefur því greinilega verið talsvert verk að koma skýrslunni út.

Einnig er rétt að rifja upp hlutverk umboðsmanns. Hlutverk hans er að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum. Það er því gríðarlega mikilvægt verkefni sem umboðsmaður hefur með höndum. Hann á að vera óháður öðrum og það skiptir verulega miklu máli. Stjórnsýslulög voru sett árið 1993 og þess vegna ætti stjórnsýslan í landinu að vera búin aðlaga alla starfshætti sína að þessum lögum. Það eru 12 ár síðan lögin tóku gildi.

Í morgun var fundur með umboðsmanni Alþingis. Það kom skýrt fram hjá honum á fundi allsherjarnefndar að ákveðnir meinbugir væru á því að fyrirmæli stjórnsýslulaga væru komin inn í almenna starfshætti stofnana. Eflaust má búast við að gerð verði bragarbót á því vegna þess að í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra í haust kom fram sú fullyrðing að efla ætti að stjórnsýsluna. En það kom einnig fram önnur fullyrðing í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra. Hún var sú að íslensk stjórnsýsla væri sú þriðja skilvirkasta í heimi. Það munar ekki um það, þriðja skilvirkasta. Það kemur því á óvart að í svo skilvirkri og öflugri stjórnsýslu geti svo fáir menn, 9 manns, komið saman svona miklu plaggi um meinbugi á stjórnsýslunni. Ég held að menn ættu að skoða hvað liggur að baki slíkri einkunnagjöf að íslensk stjórnsýsla sé þriðja skilvirkasta í heimi. Ég efast um það og mig grunar jafnvel að þetta sé álíka einkunnagjöf og við fengum varðandi listann um spillingu þar sem Ísland trónaði efst á lista meðal þjóða sem hvar minnst spilling er í heiminum. Þegar farið var að skoða hvað lá að baki þá var það kannski ekki mikið, enda getur þjóð sem felur framlög fyrirtækja og almennings í kosningasjóði lýðræðislega kjörinna stjórnmálaafla varla talist mjög óspillt. Það býður upp á spillingu og ég tel að það þurfi að kanna betur. Eins það sem við sáum þegar Eftirlitsstofnun fór að höggva of nærri hreiðrum stjórnarflokkanna að þá var hún einfaldlega lögð niður. Það eru ýmsar grunsemdir um þessi listi sé ekki fullkominn frekar en sú könnun sem hæstv. forsætisráðherra vitnaði í.

Fleira má nefna, svo sem einkavæðingu ríkisbankanna sem hæstv. forsætisráðherra hagnaðist persónulega á. Ég ætlaði einmitt að minnast á að ef maður ber saman vinnubrögð við skýrslu Ríkisendurskoðunar og skýrslu umboðsmanns Alþingis þá er þar mikill munur á. Í skýrslu umboðsmanns Alþingis kemur t.d. fram í mjög alvarleg gagnrýni á stjórnvöld en ríkisendurskoðandi hljóp þvert á móti út fyrir sitt verksvið til að gefa hæstv. forsætisráðherra einhverja syndaaflausn. Þar sjáum við allt annað verklag. Hér fáum við leiðbeiningar og ég er á því að þessi skýrsla geti orðið til miklu meira gagns fyrir þjóðina en sú sem var til umræðu fyrr í dag. Ég ætla að lesa upp úr henni ákveðna kafla sem eru mjög alvarleg gagnrýni á ákveðin atriði, hvernig við högum stjórnsýslu okkar, m.a. skipan í dómaraembætti hjá Hæstarétti. Ég tel að stjórnvöld ættu að leggja við hlust-

ir og fara í meira mæli eftir ábendingum umboðsmanns.

En það er fleira sem er þess valdandi að ég efast um að íslensk stjórnsýsla eigi þann heiður skilinn að vera í þriðja sæti sem sú skilvirkasta í heiminum. Þá ætla ég að nefna að á bls. 29 í þessari skýrslu segir frá því að kvartað hafi verið 55 sinnum undan töfum við afgreiðslu mála hjá stjórnsýslunni og ég er sannfærður um að þetta er bara toppurinn á ísjakanum. Það eru miklu fleiri mál sem gætu verið á þessum lista og margfalt fleiri mál þar sem stjórnvöld hafa tafið afgreiðslu mála. Þarna hlýtur að vera hægt að bæta úr. Málunum hefur fjölgað. Það voru 51 mál árið áður og ég er sannfærður um að þessar tölur segja ekki nema hálfa söguna.

Sjálfur hef ég lent í því að ætla að fá upplýsingar frá ákveðinni stofnun, Fiskistofu. Ég óskaði eftir upplýsingunum í september 2004 og ég er ekki enn þá búinn að fá svör, ég fékk að vísu bréf en engin svör.

En það er alvarlegra að eftir afskipti umboðsmanns Alþingis, sem voru góð í því tilfelli, úrskurðaði sjávarútvegsráðuneytið mér í vil. Stjórnsýsluúrskurður þess var á þá leið að Fiskistofa ætti að veita mér ákveðnar leiðbeiningar. En það er eins og þetta stjórnvald, Fiskistofa, fari ekkert eftir æðra stjórnvaldi. Það er náttúrlega alvarlegt og segir okkur í sambandi við þennan lista, að við séum með þriðju skilvirkustu stjórnsýslu í landinu, að þar sé ýmislegt að og að taka þurfi til hendinni.

Einnig má nefna að ákveðin úrskurðarnefnd um upplýsingamál, sem heyrir undir sjálfan hæstv. forsætisráðherra, biður þessa ágætu stofnun um upplýsingar, og ekki einu sinni heldur margoft, en Fiskistofa lætur þær upplýsingar ekki í té þó að óskað sé eftir þeim í trúnaði. Maður er að mörgu leyti hissa þegar um er að ræða stofnanir sem fá mörg hundruð milljónir frá almenningi í landinu til að ráðstafa og maður verður var við svona meinbugi. Þá fer maður að velta fyrir sér: Hvað með aðra starfsemi sem fer þar fram? Það skiptir verulega miklu máli fyrir stofnanir ef þær vilja halda trúverðugleika að vel sé greitt úr máli manna sem leita þangað, annað er algerlega óviðunandi.

En hver er ástæðan fyrir því að slíkar tafir verða og stofnanir fara jafnvel ekki eftir stjórnvaldsúrskurði? Ég tel að það megi líta svo á að æðstu stjórnendur ríkisins hafi jafnvel á stundum verið að draga úr trúverðugleika umboðsmanns Alþingis. Um það sáum við skýr dæmi í fyrra þegar hæstv. dómsmálaráherra talaði um álit umboðsmanns með mjög léttvægum hætti, ræddi um það sem einhverjar lögfræðilegar vangaveltur. Einnig voru afskipti þáverandi forsætisráðherra af störfum umboðsmanns á þann veg að umboðsmaður sá sig knúinn til að setja ákveðnar reglur um samskipti við stjórnvöld. Þeir sem eru í æðstu stjórn ríkisins þurfa að koma öðrum skilaboðum út í kerfið, þeir þurfa að koma því til skila að við eigum að bæta stjórnsýsluna, að við eigum að leitast við að fara eftir úrskurði og áliti umboðsmanns Alþingis, það er mjög mikilvægt.

Ég vona svo sannarlega að í störfum hæstv. forsætisráðherra í að bæta stjórnsýsluna komi hann þessum skilaboðum áleiðis. Því miður var það ekki gæfulegt að ríkisendurskoðandi skyldi hlaupa til og veita honum aflátsbréf, auðvitað átti hann að afþakka það. Þá var verið að láta stofnun fara út fyrir sitt verksvið.

Ég vil nefna að ég tel það mikinn áfellisdóm, eða skýr skilaboð, sem kemur fram í skýrslu umboðsmanns Alþingis á bls. 137.

Þar segir, með leyfi frú forseta, varðandi skipan í störf hæstaréttardómara:

„Ég tel að það sé ekki fallið til þess að viðhalda og styrkja traust manna á æðsta dómstól þjóðarinnar ef val á nýjum dómara leiðir til verulegra opinberra deilna um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu eða þá aðferð sem viðhöfð var við val á honum. Það að mér skuli berast þrjár kvartanir vegna ákvörðunar dómsmálaráðherra um veitingu sama embættis hæstaréttardómara og ég telji tilefni til að taka þær til athugunar með þeim hætti sem gert er í áliti þessu auk þeirrar umræðu sem orðið hefur í þjóðfélaginu um umrædda embættisveitingu hæstaréttardómara."

Þetta er mjög alvarlegt og ég tel að hæstv. dómsmálaráðherra ætti að taka þessa skýrslu og þessi orð til athugunar. Það er varla hægt að tala með skýrari hætti um að það þurfi að breyta í stjórnsýslunni og það þurfi að skipa hæstaréttardómara með þeim hætti að menn séu ekki í eilífum deilum bæði í þessum þingsal og úti í þjóðfélaginu, ég tel að það sé einfaldlega til góða.

Við höfum orðið vör við það í öflugasta lýðræðisríki í heimi, Bandaríkjunum, að þar hafa verið uppi efasemdir um skipan hæstaréttardómara og sjálfur Bush tók til greina að það væri kannski rétt að slá af og vera ekki að skipa mjög umdeildan mann í það embætti. En hér halda menn áfram á þeirri braut. Ég tel það áhyggjuefni. Ég skora á (Forseti hringir.) hæstv. dómsmálaráðherra að taka þessi orð í skýrslunni til greina og fara vandlega yfir þau.

[14:22]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ríkisendurskoðun og umboðsmaður Alþingis eru sjálfstæðar, afar þýðingarmiklar stofnanir sem heyra beint undir Alþingi og hér á þessum morgni hafa farið fram mjög góðar og þarfar umræður um skýrslur þessara tveggja stofnana og margar ábendingar komið fram sem ég trúi að geti leitt af sér enn þá betri vinnubrögð okkar með stuðningi þessara stofnana.

Nú er það svo að þetta eru viðamiklar skýrslur, ekki síst skýrsla umboðsmanns Alþingis, og mjög erfitt að gera þeim skil hér á Alþingi enda engan veginn hægt að fara yfir þær alfarið svo sem áhugavert væri. Á bls. 20 er 5. kafli sem heitir Viðbrögð stjórnvalda gagnvart þeim sem leitað hefur til umboðsmanns Alþingis.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, með leyfi forseta, að gerast rödd umboðsmanns með því að fara hér yfir á tveimur stöðum það sem umboðsmaður segir í þessum kafla:

„Almennt er það svo að stjórnvöld bregðast af skilningi við athugasemdum umboðsmanns Alþingis og tilmælum hans um að taka þau mál sem hafa orðið tilefni kvörtunar til umboðsmanns að nýju til meðferðar þegar álit liggur fyrir og eftir því er leitað af hálfu þess sem borið hefur fram kvörtun. Það kemur þó af og til fyrir að viðbrögð fyrirsvarsmanna stjórnvalda gagnvart þeim sem leitað hefur til mín vekja hjá mér nokkurn ugg. Ég hef þá fyrst og fremst í huga þau tilvik þar sem ég tel að viðbrögð stjórnvalda séu

þess eðlis að þau geti haft áhrif á það hvort almenningur, jafnt einstaklingar sem fyrirtæki, leiti til umboðsmanns Alþingis. Tel ég ástæðu til að gera þetta að umtalsefni hér.“

Síðan fjallar hann um erindi formanns stúdentaráðs Háskóla Íslands og viðbrögð Háskóla Íslands við tilmælum hans sem ég geri ekki að umtalsefni hér en er að finna á bls. 21 í skýrslunni.

Hann segir síðan:

„Ég legg á það áherslu að Alþingi hefur með lögum veitt borgurunum heimild til að leita með sín mál til umboðsmanns Alþingis og það er til þess fallið að hamla því að borgararnir nýti sér þennan möguleika ef viðbrögð stjórnvalda við afskiptum umboðsmanns eru með þeim hætti sem umrætt bréf Háskóla Íslands lýsir.“ — En það er að finna á þessari síðu eins og ég hef getið um.

Svo segir:

„Athugun umboðsmanns Alþingis á máli einstaklings sem ber fram kvörtun hefur þá sérstöðu t.d. umfram rekstur dómsmáls, að ákveði umboðsmaður að taka málið til athugunar er það alfarið ákvörðun hans að hverju hún beinist og er umboðsmanni veittur réttur til að krefja stjórnvöld um þær upplýsingar og skriflegu skýringar sem hann þarfnast vegna starfs síns auk gagna viðkomandi máls. Niðurstaða umboðsmanns byggir því á þeim gögnum og skýringum sem honum eru látnar í té. Það er því augljóslega til þess fallið að vinna gegn tilgangi þess úrræðis sem Alþingi hefur ákveðið að borgurum þessa lands skuli standa til boða ef stjórnvöld svara þeim sem til umboðsmanns hefur leitað og fengið hefur álit hans á þann veg að niðurstaða umboðsmanns hafi byggst á takmörkuðum gögnum og ófullnægjandi upplýsingum. Eða með öðrum orðum að stjórnvaldið hafi ekki látið umboðsmanni í té allar upplýsingar og gögn málsins. Og hvað þá þegar forstöðumaður opinberrar stofnunar fellst ekki á réttmæti tilmæla umboðsmanns um að athugað verði með að rétta hlut þess sem leitaði til umboðsmanns með þeim rökum að afstaða sín byggi á „persónubundnum gögnum og upplýsingum um [þann sem bar fram kvörtunina], störf hans og gerðir hjá [stofnuninni]“. Ég er hér að vísa til þess sem fram kemur um viðbrögð stjórnvalds í máli nr. 3853/2003 sem ég lauk með áliti 5. mars 2004, sjá bls. 99, en tilvitnuð viðbrögð stjórnvaldsins koma fram á bls. 106 í skýrslunni.“

Þarna hefur umboðsmaður í þessum fáu orðum vísað til tveggja mála þar sem hann er í raun að bregðast mjög harðlega við viðbrögðum stjórnvaldsins.

Enn fremur segir umboðsmaður:

„Þróun í fjölmiðlun hér á landi hefur leitt til þess að umfjöllun fjölmiðla er persónulegri og leitast þeir gjarnan við í fréttum sínum að tengja hin einstöku mál við nafngreindar persónur. Þegar ég geri t.d. athugasemdir við störf einstakra ráðuneyta eða jafnvel stofnana eða nefnda sem heyra undir þau þá er sú niðurstaða gjarnan persónugerð í fjölmiðlum með nafni viðkomandi ráðherra og tilheyrandi myndbirtingum. Sjálfur hef ég ekki farið varhluta af þessu hjá ákveðnum fjölmiðlum þótt ég sjái ekkert málefnalegt samhengi milli þess að komast í starfi mínu að ákveðinni niðurstöðu í máli annars aðila en vera síðan í eigin persónu myndskreytingarefni. Mér er hins vegar ekki grunlaust um að þessi þróun í íslenskri fjölmiðlun hafi leitt til þess að breyting hafi orðið á viðbrögðum ákveðinna stjórnvalda“ — ég vek sérstaka athygli þingmanna á þessum orðum — „þegar álit mín og aðrar niðurstöður eru birtar opinberlega. Fyrstu viðbrögð fyrirsvarsmanna stjórnvaldsins felast þá öðru fremur að því að gæta að hinni almennu ímynd viðkomandi stofnunar eða fyrirsvarsmanns hennar í fjölmiðlum fremur en að beinast að efni þess máls sem álit umboðsmanns hefur fjallað um. Dæmi um þetta eru fréttatilkynningar sem stjórnvöld hafa sent frá sér í kjölfar álita umboðsmanns Alþingis. Það er auðvitað ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að stjórnvöld skýri sína hlið mála fyrir fjölmiðlum en þá þarf að hafa í huga að þau mál sem umboðsmaður Alþingis fær til úrlausnar lúta ekki að hagsmunum umboðsmanns eða persónu hans heldur á í hlut einstaklingur eða fyrirtæki sem hefur leitað til umboðsmanns vegna afskipta eða ákvörðunar stjórnvaldsins og umboðsmaður hefur í samræmi við lögbundið hlutverk sitt látið uppi álit sitt á henni. Stjórnvöld verða því í viðbrögðum sínum gagnvart fjölmiðlum að gæta að stöðu þess sem leitað hefur til umboðsmanns til að fá álit hans. Ég tel til dæmis of langt seilst þegar stjórnvöld fara að grípa til upplýsinga úr öðrum málum hlutaðeigandi sem þau hafa fjallað um og þá sérstaklega þegar þær lúta að atriðum sem varða persónulega hagi eða gerðir viðkomandi eftir að það mál sem álit umboðsmanns laut að átti sér stað. Það er heldur ekki farsælt eða í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti að sá sem leitað hefur til umboðsmanns lesi um afstöðu ráðuneytis eða stofnunar til hugsanlegrar endurupptökubeiðni í slíkri fréttatilkynningu.“

Virðulegi forseti. Ég hef kosið að láta nægja í ræðu minni um skýrslu umboðsmanns að lesa þessar tvær klausur úr 5. kafla, sem heitir Viðbrögð stjórnvalda gagnvart þeim sem leitað hefur til umboðsmanns Alþingis, vegna þess alvöruþunga sem felst í orðum umboðsmanns. Þessi orð renna stoðum undir það sem hefur verið sagt hér í umræðu á þessum morgni að okkur ber að finna til þess leiðir að geta fylgt eftir álitum umboðsmanns og niðurstöðu Ríkisendurskoðunar á þann veg að tryggt sé að farið sé að álitunum og brugðist við ábendingunum sem fram koma í þessum skýrslum. Verða þetta lokaorð mín í þessari umræðu, virðulegi forseti.

Umræðu lokið.

Gjaldfrjáls leikskóli, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 26. mál. — Þskj. 26.

[14:32]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla. Flutningsmenn ásamt mér eru aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir og Hlynur Hallsson varaþingmaður, sem sat á þingi fyrr í haust þegar tillagan var lögð fram, og hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem fái það verkefni að undirbúa og annast viðræður

við sveitarfélögin um sameiginlegt átak þeirra og ríkisins um að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum. Nefndin verði skipuð fulltrúum allra þingflokka og fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og Félagi leikskólakennara auk formanns sem félagsmálaráðherra skipi án tilnefningar."

Tillaga þessi hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum en varð í hvorugt skiptið útrædd. Tillögugreinin er endurflutt óbreytt, en efni greinargerðarinnar er uppfært í samræmi við þróun þessara mála hjá sveitarfélögunum.

Frá því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerði baráttuna fyrir gjaldfrjálsum leikskóla að einu helsta baráttumáli sínu í aðdraganda síðustu alþingiskosninga hefur heilmikil þróun orðið í málefnum leikskóla. Þeim sveitarfélögum fjölgar ört sem þegar hafa tekið skref í átt að gjaldfrjálsum leikskóla og a.m.k. eitt dæmi er um sveitarfélag sem tekið hefur skrefið til fulls en það er Súðavíkurhreppur. Til að afla upplýsinga um stöðu þessara mála hjá einstökum sveitarfélögum ákvað þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að skrifa öllum sveitarstjórnum í landinu bréf nú í haust. Það fylgir með sem fylgiskjal I en þær upplýsingar sem borist höfðu þegar tillagan var lögð fram eru birtar sem fylgiskjal II. Rétt er að taka strax fram að þessar upplýsingar eru örugglega ekki tæmandi en gefa þó nokkuð skýra mynd af því á hvaða hreyfingu málin eru.

Ef við lítum aðeins í upplýsingar sem settar eru fram í fylgiskjali II, á bls. 5 í greinargerð tillögunnar, fengust upplýsingar frá allmörgum tugum sveitarfélaga. Ég hygg að náðst hafi samband við upp undir helming sveitarfélaga í landinu, eða að þau hafi að fyrra bragði brugðist vel við bréfi þingflokksins og svarað því. Reyndar hafa síðan komið upplýsingar frá fleiri sveitarfélögum en of seint til að ná inn í greinargerðina, þ.e. fylgiskjalið.

Þar er þá fyrst að nefna Reykjavíkurborg. Eins og menn þekkja væntanlega er gjaldfrjáls leikskóladvöl fyrir 5 ára börn þegar komin til framkvæmda í Reykjavík, sem nemur þremur klukkustundum fyrir hádegi auk þess sem mótuð hefur verið sú stefna að gera leikskólann gjaldfrjálsan í áföngum. Gjaldskrá fyrir leikskóla Reykjavíkur er birt sem síðasta fylgiskjal með tillögunni og nægir að vísa í hana.

Í Kópavogi og Hafnarfirði, öðru og þriðja stærsta sveitarfélagi landsins, er því miður enn ekki hreyfing á þessum málum. Þar er a.m.k. ekkert komið til framkvæmda en hins vegar hefur sveitarfélagið Álftanes tekið þessi mál til skoðunar og Kjósarhreppur, sem hefur samning við Reykjavíkurborg um vistun barna, fer eftir sömu gjaldskrá. Börn þar njóta því sambærilegrar gjaldfrjálsrar leikskóladvalar og komin er til framkvæmda í Reykjavík.

Í Akraneskaupstað, svo haldið sé nú vestur og norður um land, hafa þessi mál verið rædd. Þar hefur verið rætt um að gera leikskólagöngu gjaldfrjálsa í áföngum en valið að grípa til annarra forgangsaðgerða fyrst, t.d. að jafna kostnað foreldra sem nýta þjónustu dagforeldra annars vegar og leikskóla hins vegar.

Í Súðavíkurhreppi, eins og áður sagði, er leikskóladvöl að fullu gjaldfrjáls frá og með 1. september 2005, þ.e. í allt að 8 klst. á dag fyrir börn á leikskólaaldri. Þetta glæsilega frumkvæði og fordæmi sem Súðavíkurhreppur, smátt sjávarpláss og sveitarfélag, gefur er auðvitað til fyrirmyndar og eftirbreytni þótt ljóst sé að þetta er mikið átak fyrir sveitarfélagið. Í þessu felst ákveðin forgangsröðun verkefna eða tekjustofna en ég held að þeir hljóti að geta verið stoltir af því, íbúar í Súðavíkurhreppi.

Í Akureyrarkaupstað hafa hafist breytingar á gjaldskrá sem miða í átt að gjaldfrjálsum leikskóla. Þar var gjald fyrir gifta og sambúðarforeldra lækkað um 25% og af hálfu Akureyrarkaupstaðar er litið á þetta sem fyrsta skrefið í átt til þess að gera leikskólann gjaldfrjálsan.

Í Skútustaðahreppi er gjaldfrjáls dvöl er fyrir 5 ára börn í leikskóla.

Í Þingeyjarsveit hefur málið verið á dagskrá og þar er afstaða sveitarstjórnar sú að taka undir með fræðslunefnd hvað það varðar að æskilegt sé bjóða gjaldfrjálsan leikskóla fyrir a.m.k. síðasta árgang í leikskólanáminu. Samþykkt hefur verið að hefja gjaldfrjálsan leikskóla fyrir síðasta árgang frá og með 1. janúar 2006.

Í Fjarðabyggð fá börn á lokaári leikskóla gjaldfrjálsa dvöl í allt að 4 tíma á dag, frá kl. 8–12 fyrir hádegi, frá og með síðustu áramótum.

Í Rangárþingi ytra hafa menn tekið upp þann hátt að 5 ára börn fá 4 klukkustunda dvöl í leikskólum sveitarfélagsins gjaldfrítt.

Hér eru sem sagt nefnd til sögunnar tíu sveitarfélög af um hundrað þegar þetta var tekið saman en þeim er að fækka, eins og kunnugt er, og fara sennilega niður fyrir 90 á árinu 2006. Málið er því komið á dagskrá og komið af stað hjá þó nokkrum fjölda sveitarfélaga í landinu. Það er enginn vafi á því að sá bolti á eftir að vefja hratt upp á sig.

Félagsmálanefnd hefur haft efni tillögunnar til skoðunar undanfarna tvo vetur og í umsögnum sem nefndinni bárust um málið var yfirleitt tekið vel í meginefni tillögunnar. Eðlilega lögðu umsagnaraðilar á það áherslu að sveitarfélögin þyrftu að fá fullnægjandi tekjustofna til að takast á við verkefnið. Sú hefur að sjálfsögðu alltaf verið ætlun flutningsmanna. Í þessu baráttumáli flokks okkar hefur alltaf verið gengið út frá því að samstarf ríkis og sveitarfélaga þyrfti, ekki síst upp á tekjuhliðina. Þessa sjá menn glöggt stað í fylgiskjölum og greinargerð með tillögunni frá byrjun.

Nokkuð er um liðið síðan leikskólinn var viðurkenndur sem fyrsta skólastigið og starfsheitið leikskólakennari var tekið upp. Þegar af þeirri ástæðu leiðir að fá haldbær rök eru til þess að foreldrar greiði dýrum dómum fyrir skólahaldið sjálft, þ.e. leikskólamenntun, á fyrsta skólastiginu en hætti því svo skyndilega þegar börnin hafa náð grunnskólaaldri. Í leikskólastefnu Félags leikskólakennara er tiltekið að „leikskólinn eigi að vera hluti af menntakerfi samfélagsþjónustunnar eins og önnur skólastig og því skuli sveitarfélög vinna markvisst að því að börnum gefist kostur á 6 tíma leikskólagöngu á dag án endurgjalds". Að baki liggur það mat leikskólakennara að minnst sex klukkustundir á dag þurfi til að unnt sé að framfylgja ákvæðum aðalnámskrár leikskóla þannig að sómi sé að og sinna öllum námssviðum hreyfingu, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúru og umhverfi, menningu og samfélagi, þannig að þetta sé samofið leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikniþjálfun eins og vera ber. Allt eru þetta mikilvæg verkefni í leikskólastarfinu og þarf tíma og mannaskap til að sinna þeim.

Ekki er um það að deila, virðulegur forseti, að niðurfelling leikskólagjalda yrði gríðarleg kjarabót fyrir fjölskyldur með ung börn. Sú kjarabót mundi skila sér beint til fjölskyldna sem eru í mikilli þörf fyrir betri aðbúnað. Um það eru flestir sammála. Mánaðarleg leikskólagjöld eru nú víðast hvar um og yfir 30 þús. kr. fyrir níu tíma á dag. Fjölskyldur með tvö börn á leikskóla borga yfirleitt um 50 þús. kr. á mánuði því að ekki er óalgengt að systkinaafsláttur sé 30–35% með öðru systkini. Allmörg dæmi hef ég séð um fjölskyldur sem borga upp undir 60 þús. kr. í leikskólagjöld á mánuði fyrir þrjú börn, en systkinaafsláttur með þriðja barni er 75%. Slík fjölskylda þarf um 100 þús. kr. viðbótartekjur á mánuði til að standa straum af útgjöldunum, og það munar um minna.

Það er ljóst að þetta væri mikilvæg aðgerð til að bæta stöðu þessara fjölskyldna, til að jafna kjörin í landinu og kæmi sérstaklega til góða fjölskyldum sem lægstar hafa tekjurnar. Inn í þetta fléttast líka félagslegir þættir og menningarlegir og er sérstök ástæða til að vekja athygli á og huga að stöðu fjölskyldna nýrra Íslendinga í þessum efnum. Hafi einhver börn virkilega þörf fyrir að eiga þess kost og vera ekki hindruð í því á grundvelli bágs efnahags foreldranna, að sækja leikskóla og njóta þeirrar þjálfunar og fræðslu sem þar á að fara fram samkvæmt aðalnámskrár, sem er meira og minna eins og sniðin að því að þessi börn geti aðlagast íslensku samfélagi, þá eru það börn nýrra Íslendinga. En því miður er ærin ástæða til að ætla, og ég hygg að um það liggi meira að segja fyrir niðurstöður í könnunum, að ekki síst þessar fjölskyldur dragi það jafnvel við sig að senda börn sín á leikskóla af efnahagslegum ástæðum.

Það er ljóst, inn á það er komið í sérstökum kafla í greinargerðinni að tekjuhliðina á þessu máli þarf líka að taka föstum tökum. Kostnaður sveitarfélaganna vegna leikskóla nam um 11,8 milljörðum kr. á árinu 2004 en á móti komu tekjur vegna leikskólagjalda upp á 3,3 milljarða kr., eða rétt um 28%. Það er um þennan kostnað sem þetta snýst, að óbreyttum umsvifum í rekstri leikskólanna, en hann er að sjálfsögðu ekki sjálfgefinn. Það þarf líka að huga að því að með því að innleiða það fyrirkomulag að börn eigi rétt á tiltekinni gjaldfrjálsri leikskóladvöl má ætla að eftirspurnin aukist nokkuð. Í raun hlýtur markmiðið að vera að fullnægja þörfum þannig að fjölskyldur allra barna sem þess óska eigi kost á að senda börn sín á leikskóla og eigi þann rétt. Þannig þurfa auðvitað skyldur sveitarfélaganna annars vegar og réttindi íbúanna hins vegar að haldast í hendur. Gera þarf sveitarfélögunum kleift að takast á við verkefnið með fullnægjandi tekjustofnum.

Við höfum bent á þann möguleika í stefnumótun okkar á þessu sviði að annars vegar geti að sjálfsögðu komið beinir tekjustofnar sem mæti þeim kostnaði sem sveitarfélögin taka smátt og smátt á sig með niðurfellingu leikskólagjaldanna. En einnig gæti ríkið létt tilteknum verkefnum af sveitarfélögunum á móti, t.d. greiðslu húsaleigubóta. En það hefur einmitt verið okkar stefna að ríkið yfirtaki þann málaflokk og færi inn í skattkerfið þar sem hann yrði í samræmi við vaxtabætur þannig að stuðningur við bæði leigjendur og eigendur íbúðarhúsnæðis væri samræmdur.

Útgjöld sveitarfélaga vegna húsaleigubóta urðu nálægt 980 millj. kr. árið 2002, 1.280 millj. kr. árið 2003, 1.460 millj. kr. árið 2004 og stefna í að verða um 1.600 millj. kr. á yfirstandandi ári samkvæmt endurskoðaðri áætlun. Ef ríkið tæki að fullu á sig kostnað vegna húsaleigubóta stæðu því eftir nálægt 1.700 millj. kr. sem bæta þyrfti sveitarfélögunum þegar leikskólagjöld hefðu verið felld niður í heild, þ.e. af þeim 3 milljörðum kr. Það er að sjálfsögðu ekki á dagskrá að gera það í einum áfanga eða á einu ári heldur yrði um þróun að ræða. En það er enginn vafi á því í okkar huga að þangað ber að stefna.

Hver áfangi á leið til fulls gjaldfrelsis gæti þannig kostað á bilinu 600–900 millj. kr. í aukin rekstrarútgjöld — ekki 9.000 millj. eins og misritast hefur í greinargerð. Stærra er þetta verkefni ekki í raun og veru, ef grannt er skoðað. Það er enginn vafi á því að þarna er á ferðinni framfaramál, uppbygging og þróun í velferðarsamfélagi sem er löngu tímabær. Í raun er það forneskja að byggja á þeim aðskilnaði leikskólastigsins annars vegar og grunnskólastigsins hins vegar sem m.a. og ekki síst er undirstrikaður í gjaldtökunni á fyrra skólastiginu. Það er löngu tímabært að slá það af.

Að lokinni þessari umræðu, frú forseti, legg ég til að málinu verði vísað til síðari umræðu og félagsmálanefndar.

[14:47]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur hér fjallað um tillögu Vinstri grænna um sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga til að koma á gjaldfrelsi í áföngum í leikskólum landsins. Það er löngu viðurkennt að leikskólinn er fyrsta skólastigið. Menn geta endalaust rætt um það hvenær það eigi að byrja, við hvaða aldur barnsins, en leikskólinn er fræðslustig og það er gífurlega mikilvægt að öll börn eigi kost á þeirri fræðslu sem vera á leikskóla býður upp á.

Annað sem ég vil líka nefna er að samfélagsgerð okkar byggir á því að leitað sé allra leiða til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og gegnir uppbygging leikskólans og grunnskólans mjög þýðingarmiklu hlutverki í að þar verði farsæl þróun.

Í sveitarstjórnarkosningunum árin 1999 og 2003 var þetta mál, gjaldfrjáls leikskóli — og í fyrra skiptið voru það elstu börnin — sett fram sem helsta baráttumál Samfylkingarinnar í Kópavogi. Það er alveg ljóst að ef gera á leikskólann alveg frjálsan, sem hlýtur að verða baráttumál okkar allra sem viljum sjá þetta samfélag sem ég er að lýsa, þá verður ríkið að taka þátt í því og það er þess vegna sem ég veiti þetta andsvar. Það verður að vera ríkisþátttaka með einhverjum hætti, t.d. tilflutningi tekjustofna sveitarfélaga. Í dag er reyndar fjármálaráðstefna sveitarfélaganna og hver veit nema bæði ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefðum gert meira gagn með að vera þar og tala máli sveitarfélaganna en hér á Alþingi við þessa umræðu.

[14:50]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get glatt ræðumann með því að það stendur nú til að fara beint þangað eftir að þessari umræðu lýkur. Þar mun ég m.a. sitja við hringborð og ræða verkefni

sveitarfélaganna og samskipti þeirra við ríkið og ég mun ekki draga af mér í því frekar en endranær að berja á ríkinu sem hefur af mikilli harðýðgi og óbilgirni í raun gengið fram í samskiptum við sveitarfélögin meira og minna samfellt í einn og hálfan áratug. Það sést best á því að þau hafa verið rekin með tapi nánast hvert einasta ár síðan um 1990 og safnað skuldum á sama tíma og ríkið lækkar skatta og montar sig af því að greiða niður sínar skuldir.

Það er algerlega ljóst að mörg sveitarfélög treysta sér hreinlega ekki af stað í þetta brýna verkefni vegna þess að þau hafa ekki tekjustofna til þess. Annars staðar skortir kannski eitthvað á pólitískan vilja. Hv. þingmaður nefndi Kópavog þar sem þessar hugmyndir voru réttilega uppi í bæjarstjórnarkosningum fyrir nokkrum árum. En þar hefur setið meiri hluti sem greinilega hefur ekki haft metnað til þess eða talið sig hafa efni á því — sem er nú kúnstugt þó þar sem um stórt og sterkt sveitarfélag er að ræða — að t.d. taka einhver skref í þessa átt eins og Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög hafa gert. Það er lofsvert og sýnir að menn meta þetta mál svo mikils að þeir vilja ekki una því að bíða bara eftir því að fá ríkið til samstarfs við sig heldur vilja taka einhver skref og leggja af stað. Gallinn er hins vegar sá að það er hætt við að það verði þá fyrst og fremst fjárhagslega best settu sveitarfélögin sem telji sig komast af stað og þar með geti þetta orðið til þess að auka enn á mismunun og aðstöðumun íbúanna eftir því hversu vel í stakk búin sveitarfélög þeirra eru til að veita þessa þjónustu.

Því er mjög brýnt að á þessu sé tekið samræmt og að þetta verði nálgast sem grundvallarréttindamál sem allir íbúar landsins eigi að hafa jafna stöðu til. Þá þarf ríkisvaldið að koma til sögunnar með tekjustofna og það þarf að taka þetta mál líka inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þannig að mismunandi aðstaða sveitarfélagana og mismunandi kostnaður við að veita þessa þjónustu eftir íbúafjölda, tekjum og landfræðilegum aðstæðum (Forseti hringir.) sé þá líka vegin inn í dæmið.

[14:52]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir margt af því sem þingmaðurinn sagði í svari við andsvari mínu. Af því að hann beindi sjónum að Kópavogi þá var það nú þannig í eina tíð — og það eru góðu minningarnar sem þessi þingmaður á frá veru sinni í bæjarstjórn Kópavogs — að þá var félagslegur meiri hluti sem gerði mjög margt þýðingarmikið í uppbyggingu á þeim þáttum sem skipta máli fyrir fjölskylduna og til að samræma fjölskyldulíf og atvinnulíf í ólíkum málaflokkum. Stundum er sagt að sami rassinn sé undir öllum. En það skiptir máli hverjir stjórna. Þess vegna vona ég svo innilega að í sveitarstjórnarkosningunum í vor verði breytingar í Kópavogi. En ég á ekki að tala um það hér heldur það sem máli skiptir í þessari umræðu og það er nákvæmlega þetta, að gera öllum börnum kleift að vera á leikskólanum og að það verði ekki fjárhagslega íþyngjandi og það gerum við með því að leikskólinn kosti ekkert.

Af því að þingmaðurinn upplýsti að hann mundi bruna á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga vil ég segja að ég mun þá standa vaktina hér og mæla eftir smástund fyrir frumvarpi mínu um samkomudag Alþingis sem er annað þarfamál og getur þá einmitt tekið á því að við komumst ekki á svona fjármálaráðstefnu af því að við erum á þingi. Alþingi á að starfa lengur, taka meira mið af umhverfi sínu og skipuleggja störf sín þannig að hægt sé að vinna öðruvísi en í þessum skorpum sem við eigum að venjast og hafa viðgengist fram að þessu.

[14:54]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt sem síðasti hv. ræðumaður benti á á kurteislegan hátt að auðvitað verð ég að skrópa í vinnu minni á Alþingi með því að fara yfir á annan vettvang í bænum, þ.e. (Gripið fram í.) fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Það er svo sem ekki í fyrsta skipti í mínu lífi sem ég á að vera á fleiri en einum stað í einu. En svona er nú okkar starf stundum. Við þurfum að reyna að skipta okkur á milli verkefna. Hvort tveggja er mjög brýnt. Okkur þingmönnum er einnig ætlað hlutverk á fjármálaráðstefnunni. Að því leyti má segja að það sé óheppilegt að slíkir atburðir séu tímasettir þannig að þeir rekist á við fundi Alþingis.

Ég held að við séum sammála um þetta eins og rækilega hefur komið fram, að hér sé um stórt og mikilvægt félagslegt og jafnréttislegt réttindamál að ræða. Það er líka augljóst eins og samfélagið er orðið í dag að þetta skiptir miklu máli í sambandi við stöðu fjölskyldunnar hvað varðar það að báðir foreldrar — í svoleiðis fjölskyldum — vinni úti og að hægt sé að sameina og samræma sæmilega fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku. Það sem kannski mestu máli skiptir þó er að við viljum trúa því að með góðum faglegum leikskólum sem öll börn eigi kost á að sækja þá sé velferð þeirra og uppeldi vel tryggt að þessu leyti og það sé mikilvægur liður í því að tryggja hér jafnréttisþjóðfélag og fjölskylduvænt samfélag að þessi kostur standi öllum til boða á jafnréttisgrundvelli.

Það er nú ekki svo oft, því miður, á þessum síðustu tímum sem við höfum rætt um og þokað áfram raunverulegum framfara- og uppbyggingarmálum í velferðarsamfélagi okkar. Það er allt of oft hlutskipti okkar hér að standa í blóðugri vörn fyrir það sem þó hefur þegar tekist að byggja upp. Ég held því að menn eigi að reyna að sameina kraftana og gleðjast yfir því að berjast í málum af (Forseti hringir.) þessu tagi sem reyndar eiga að vera hafin yfir pólitík. (Forseti hringir.) Og sem betur fer er það nú þannig að þetta mál (Forseti hringir.) fær stuðning úr öllum áttum.

[14:56]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er kannski ekki miklu við að bæta. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór mjög vel yfir meginatriði þessa máls. En það er kannski rétt að taka upp þráðinn þar sem honum var sleppt í síðasta andsvari um einmitt þá pólitík sem í þessu máli er. Það er í sjálfu sér með ólíkindum að menn skuli ekki, hvar í flokki sem þeir standa, geta fylkt sér um tillögu af þessu tagi sem við hér nú ræðum.

Hér er um að ræða þvílíkt réttlætismál sem jafnar lífskjör og framkallar breytingar í átt til fjölskylduvænna samfélags og við tölum öll um fjölskylduvænna samfélag sama úr hvaða flokki við komum. Ef við meinum eitthvað með þeim fullyrðingum okkar að vilja vinna að því að samfélag

okkar verði fjölskylduvænna þá ættum við að sjálfsögðu að taka þessari tillögu hér fagnandi. Ég mundi segja að það væri eðlilegt að stjórnmálamenn gætu fylkt sér um þessa tillögu og á endanum verður það eflaust þannig að við komum til með að fá breiðan stuðning við þetta hvar sem menn standa í flokki.

Mér er nokkuð ofarlega núna í sinni sú umræða sem við fórum í gegnum áðan um manneklu á leikskólunum og það sem kom fram í máli hæstv. menntamálaráðherra í þeirri umræðu. Það á ágætlega við þessa umræðu hér, þ.e. að gera grein fyrir því og minna á það aftur hvernig hæstv. ráðherra neitar að bera ábyrgð á nokkrum sköpum hlut sem tengist leikskólunum nema því að leikskólakennarar fái góða menntun. Það er sá eini þáttur sem hæstv. menntamálaráðherra getur með nokkru móti tekið til sín ef marka má orð hennar hér úr ræðustól fyrir einni klukkustund síðan.

Það er til mikils vansa þegar stjórnmálamenn, ég tala nú ekki ráðherrar, geta ekki viðurkennt að hér er um málefni að ræða sem tengist fjárskiptingu tekjustofnanna milli ríkis og sveitarfélaga. Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um áðan hafa sveitarfélögin verið rekin með tapi í á annan áratug. Það hlýtur að vera hægt að fá fólk af einhverri sanngirni til þess að horfast í augu við þann vanda sem þar er til staðar. Það getur ekki verið að hæstv. ríkisstjórn komist stöðugt upp með það að halla sér bara aftur í sætinu, halda áfram að lækka skatta og segja að sveitarfélögin geti bara bjargað sér. Það var nákvæmlega það sem lá í orðum hæstv. menntamálaráðherra þegar við vorum að tala um mannekluna á leikskólunum áðan sem hún viðurkenndi svo sem alveg að væri eingöngu vegna bágra kjara. En hún sagði jafnframt að það væri á ábyrgð sveitarfélaganna að hækka þau laun sem leikskólakennurum væru boðin.

Það er ekki hægt að lifa í því glerbúri sem þessi ríkisstjórn virðist gera. Að því leytinu til er nauðsynlegt að menn horfist í augu við að leikskólastigið er fyrsta skólastigið. Það var formlega viðurkennt sem fyrsta skólastigið 1994 svo það er ekki neitt sem ætti að koma ríkisstjórninni á óvart. Við höfum haft aðalnámsskrá sem hefur verið sett fyrir leikskólastigið síðan 1999 og ég get ekki séð annað en að það sé eðlilegt framhald að leikskólastigið verði jafnframt gjaldfrjálst þannig að öll börn njóti sama aðgengis að leikskólanámi og að grunnskólanámi. Leikskólinn á í mínum huga að vera hluti af menntakerfinu alveg eins og grunnskólinn og það er eðlilegt að leikskólarnir séu reknir af opinberum aðilum. Þess vegna tel ég líka eðlilegt að viðhafa sömu reglur um gjaldtöku í leikskólum og grunnskólum. Þar af leiðandi er einsýnt og einboðið að leggja eigi niður skólagjöld í leikskóla. En það á að vera sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga.

Það er sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga að reka fjölskyldustefnu. Leikskólanám barna er mikilvægt í því tilliti. Foreldrar eiga möguleika á að ná jafnvægi á milli heimilis og vinnu ef vel er staðið að leikskólamálum. Ókeypis leikskóli getur þannig létt vinnuálagi af foreldrunum og það þýðir þá aukinn tíma foreldranna með börnunum. Það er aukin forvörn í málefnum barnanna. Þau leiðast síður út í félagsleg afglöp eða lenda á félagslegum glapstigum ef þau hafa fengið gott atlæti og góðan tíma með foreldrum sínum. Því held ég, í þessu ljósi, að þetta sé mál sem við eigum að geta sameinast um þvert á alla flokkapólitík.

Hv. framsögumaður gat um börn innflytjenda eða nýrra Íslendinga. Það er alveg ljóst að gjaldfrjáls leikskóli mundi efla íslenskukunnáttu barna innflytjenda til muna. Þar af leiðandi mundi hann styrkja líka og efla félagslega aðlögun þeirra. Síðan held ég að það sé líka verkefni sem leikskólinn er tilbúinn til að fást við að skoða stöðu nýrra Íslendinga og styðja við menningarlega sjálfsmynd þeirra. Það er gefandi fyrir okkur öll. Lykilatriði eins og fjölbreytni þurfa að vera í öllu leikskólastarfi. Við getum svo mikið lært af því að vinna þvert á menningarheima hvað það varðar þegar við höfum tækifæri til þess. Leikskólamenning er nokkuð sem hefði verið gaman að ræða hér og það hversu mikilvægt er að íslenskir leikskólar bjóði öllum börnum jafngild tækifæri burt séð frá því hvaða menningarheimi þau eru sprottin úr. Ég tel því að mörg tækifæri séu í leikskólanum sem leikskólakennarar eru sér fullkomlega meðvitaðir um og auðvitað sveitarstjórnarfólk líka. Allir eru sammála um að það sé mikilvægt að styðja og styrkja leikskólann. Ég held að þá sé líka einboðið og skref sem við verðum að stíga að gera hann að hluta af hinu sjálfsagða opinbera skólakerfi. Hann er það samkvæmt lögum. En hann er það ekki á meðan við þurfum að borga þjónustugjöld fyrir að vista börnin okkar þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegagerð um Stórasand, fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 43. mál. — Þskj. 43.

[15:03]

Flm. (Halldór Blöndal):

Frú forseti. Sú tillaga sem ég mæli fyrir er hér endurflutt. Hún var lögð fram á síðasta Alþingi en var það seint á ferðinni að ekki vannst svigrúm til að taka hana þá til umræðu. Eigi að síður hefur tillagan fengið verulega umfjöllun í fjölmiðlum, vakið mikla athygli sem eðlilegt er þar sem hér er vakin athygli á að unnt er að stytta leiðina milli Borgarfjarðar og Akureyrar um 40 km eða svo ef farinn er Stórisandur og 40 km til viðbótar ef farið er um Kaldadal.

Ýmsir líta á þessa leið sem óraunhæfa af þeim sökum að Sprengisandur liggur hátt og einnig leiðin frá Kjalvegi niður í Skagafjörð sunnan Blöndulóns. Á hinn bóginn hygg ég að þær athuganir sem gerðar hafa verið bendi til þess að hvorki sé við því að búast að veður séu válynd á þessari leið né verri en á þeim heiðum sem nú eru farnar né víða þar sem vegir liggja um byggð.

Auðvitað má velta því fyrir sér hvort þessi tillaga sé í samræmi við þau nútímaviðhorf sem uppi eru um það að ekki skuli spilla öræfum, ósnortnum víðernum eins og oft er sagt, með því að hugsa sér leiðina um Stórasand. Þá er auðvitað því að svara að þessi eyðisandur er norðan fjalla í töluverðri fjarlægð frá hinu raunverulega hálendi eða jöklunum, sem hefur þann kost vitanlega að þar eru ekki sviptibyljir eða sviptivindar. Auðvitað getur komið þar

sterkur stormur en um sviptivind er ekki ræða. Vegagerð er þar auðveld og engar sérstakar gróðurvinjar eða merkilegar fornleifar á þeirri leið. Sá hluti þessa vegar sem liggur frá Kjalvegi að Réttarvatni hefur því í senn þá tvo miklu kosti að vera auðveldur viðfangs, vera ódýr og svo náttúrlega nauðsynlegur.

Hins vegar liggur fyrir spurningin um það hvort verjandi sé eða rétt sé að leggja veg frá Borgarfirði um Hallmundarhraun að Réttarvatni. Ég hygg að þeir menn sem kunnugir eru þörfum ferðaþjónustu eða þekkja til í Borgarfirði geri sér ljóst að mikill þrýstingur er á að sómasamlegur vegur verði lagður að Surtshelli. Ég hygg einnig að menn geri sér grein fyrir því að þegar þangað er komið er skammt á Arnarvatnsheiði. Veiðivötnin þar eru rík af silungi og miklir möguleikar fyrir þá sem vilja reka ferðaþjónustu að afla sér tekna og búa svo um hnútana að þar verði sælureitur bæði fyrir Íslendinga og erlenda menn sem þar vilja dvelja. Á þessum slóðum er ort hið fallega kvæði Jónasar Hallgrímssonar Efst á Arnarvatnshæðum oft hef eg — ja, nú veit ég ekki hvort segja eigi fáki beitt eða klári beitt. Það er svona upp og ofan hvað mönnum þykir um það og er hægt að vitna um það á marga vegu til Jónasar sjálfs:

> þar er allt þakið í vötnum,
> þar heitir Réttarvatn eitt.
>
> Og undir Norðurásnum
> er ofurlítil tó,
> og lækur líður þar niður
> um lágan Hvannamó.
>
> Á öngum stað eg uni
> eins vel og þessum mér;
> ískaldur Eiríksjökull
> veit allt sem talað er hér.

Það er á þessum slóðum, á þessum fallegu vinjum sem þar eru sem hægt er að nýta til ferðaþjónustu og útivistar. Við vitum að erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mjög á síðustu árum. Eins hefur það í vaxandi mæli orðið vinsælt innan lands að hverfa út úr höfuðborginni, úr borgarysnum og borgarrykinu, til þess að eiga góðar stundir í friði með náttúrunni. Hefur verið á það bent af þeim sem best hafa kynnt sér þessi mál að það sé nauðsynlegt að reyna að dreifa sókninni á þá staði sem vinsælir eru. Við vitum að Landmannalaugar liggja undir skemmdum vegna mikils átroðnings. Hið sama getum við jafnvel sagt um Herðubreiðarlindir og ýmsa aðra staði. Það er því nauðsynlegt að dreifa því sem mest hvar ferðamönnum verður boðið að njóta landsins.

Ég hygg að hv. þingmenn viti og skilji að vegur frá Borgarfirði yfir í Miðfjörð liggur þegar fyrir í vegalögum þannig að ég hygg að þann veg sé hægt að leggja án sérstaks umhverfismats. Það liggur því þegar fyrir vilji til þess að leggja veg um Hallmundarhraun niður í Miðfjörð. Ég hygg að menn eigi líka að velta því fyrir sér sem vilja hugsa um þá stöðu sem Borgfirðingar eru í að eins og haldið hefur verið á málum þá er varla hægt að komast nema á allra stærstu torfærubílum svo vel sé á Arnarvatnshæðir úr Borgarfirði heldur verður að fara úr Miðfirði. Það er af þessum sökum sem bændur úr Borgarfirði hafa sérstaklega rætt við mig nauðsyn þessarar tillögu. Þeir gera sér grein fyrir þeim nýju og miklu möguleikum sem einmitt vegur úr Borgarfirði norður í Skagafjörð mundi hafa fyrir ferðaþjónustu á þessu svæði og fyrir uppbyggingu af margs konar toga.

Hið sama á við um uppsveitir Skagafjarðar. Þeir sem þar búa gera sér grein fyrir því að það er mikilvægt fyrir þá að fá veg beint úr Norðurárdal í Eyjafirði yfir Skagafjörð á Kjalveg norðan við Blöndulón þannig að þarna fara saman hagsmunir Skagfirðinga, uppsveitunga í Skagafirði og Borgfirðinga.

Ég hef orðið var við það að ýmsir af þingmönnum Vesturlands gera sér þetta ekki ljóst og vilja einungis horfa á hagsmuni annarra byggðarlaga í sínu kjördæmi þegar kemur að því að ræða þennan veg og er það miður, bæði vegna þess að alþingismenn eiga að hafa yfirsýn yfir sitt kjördæmi og líka af hinu að alþingismenn eiga ekki að hugsa vegagerð út frá þeim forsendum hvort það komi vel eða illa við einhverja hjá sér, heldur hvort vegurinn í heild gagnist þeim sem um hann fara og gagnist landsmönnum, spari kostnað og dragi úr mengun. Það er einmitt það sem þessi vegur gerir. Með því að stytta leiðina frá Reykjavík til Akureyrar um 40 kílómetra drögum við úr kostnaði og drögum auðvitað stórkostlega úr mengun með því að draga úr útblæstri frá bílum. Þetta vita menn.

Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi að orðið er mjög brýnt að ljúka því að leggja veginn yfir Sprengisand með bundnu slitlagi og færi mjög vel saman að tengja þessar tvær framkvæmdir saman, veg um Stórasand og veg yfir Sprengisand. Sunnlendingar leggja á það ríka áherslu að hægt sé að tengja ferðamannaslóðir þar við Mývatnssveit og með sama hætti leggja þeir sem hafa atvinnu af ferðaþjónustu nyrðra áherslu á að hægt sé að komast fljótt suður yfir fjöllin vegna þess að það getur veðrað með þeim hætti að nauðsynlegt sé að geta komist skjótt suður heiðar eða norður. Þetta þekkja menn sem hafa kynnt sér þessi mál.

Menn hafa rætt um það í þessu sambandi að með því að fara þann hluta leiðar sem hef ég bent á, með því að fara Kaldadal og Mosfellsheiði, sé hægt að stytta leiðina til Akureyrar um 40 km til viðbótar. Nú liggur það fyrir í samgönguáætlun að gert er ráð fyrir því að byggja upp veginn um Kaldadal hvað sem þessari áætlun líður. Eins vitum við að verið er að byggja upp veginn um Uxahryggi þannig að beinlínis er unnið að því og hefur verið ákveðið með fjárframlögum frá Alþingi að beina umferð frá Borgarfirði um Þingvelli til Reykjavíkur og suður á land. Þegar menn tala á móti leiðinni yfir Stórasand skulu menn ekki blanda því heim og saman við að með því sé verið að ræða sérstaklega að fara um Þingvelli því að það er ekki rétt. Það er þegar ákveðið að verulegur straumur muni liggja þessa leið inn í Borgarfjörð um Þingvelli. Því er það óhjákvæmilegt, hvað sem þessari tillögu líður, að leggja veg sunnan Gjábakka, sunnan Almannagjár og með fjöllunum utan þjóðgarðsins eins og hægt er til þess að beina umferðinni frá þjóðgarðinum sjálfum.

Með sama hætti liggur það fyrir þegar menn ræða um að leggja bundið slitlag yfir Kjöl eftir að ákveðið hefur verið að byggja upp fullkominn veg frá Laugarvatni til Þingvalla, að straumurinn mun liggja í gegnum hjarta þjóðgarðsins, frá Reykjavík um þjóðgarðinn til Laugarvatns norður eða norðan um Laugarvatn og um þjóðgarðinn þveran og endi-

langan til Reykjavíkur. Öll umferð mun liggja þá leið vegna þess að það er stysta leiðin.

Þessi tillaga mín um það að byggja upp Stórasand og stytta leiðina norður með þeim hætti mun auðvitað bægja miklum hluta umferðarinnar að norðan, hinni daglegu umferð, frá Kili, frá Þingvöllum og þar fram eftir götunum.

Í síðasta lagi liggur það fyrir að óhjákvæmilegt er að byggja upp hraðbraut til Akureyrar með fullum þunga og þvílíkri breidd að ekki sé stórhætta fyrir vegfarendur. Við vitum hvernig vegurinn er nú. Við vitum að vegurinn norður til Akureyrar eru tæpir 400 km og við vitum að af þessum 400 km eru a.m.k. 200 km og kannski enn þá meira sem óhjákvæmilegt er að byggja upp á nýjan leik ef við ætlum að láta þessa vegi svara þeim kröfum sem gera verður til þeirra samgönguæða sem aðalþungaflutningarnir fara um. Þetta er verulegur kostnaður. Með því að beina þessum hluta umferðarinnar á hinn nýja veg um Stórasand mundi að sjálfsögðu sparast stórkostlegt fé.

Ég vil að síðustu, frú forseti, vekja athygli á því að hér er gert ráð fyrir því að leiðin frá Stórasandi í Borgarfjörð verði í einkafjármögnun þannig að ekki komi til þess að greiða þurfi þann vegargerðarkostnað úr ríkissjóði. Hér er því líka um hreina sparnaðartillögu að ræða sem mun valda því að möguleikar verða á að ráðast í aðrar brýnar vegaframkvæmdir með peningum frá fjárlögum í stað þess að moka peningum í hringveginn úr Skagafirði til Reykjavíkur.

Ég legg til, frú forseti, að málinu verði vísað til síðari umræðu og samgöngunefndar.

[15:18]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hnaut um það að í lok greinargerðar með þessari þingsályktunartillögu, sem hv. þm. Halldór Blöndal mælti hér fyrir, er sagt svo, með leyfi forseta:

„Loks er þess að geta, að þess er víða krafist nú, að Reykjavíkurflugvöllur verði lagður niður. Fyrirséð er, að áætlunarflug milli Akureyrar og Reykjavíkur leggst niður um leið eða því sem næst."

Mig fýsir því að vita, virðulegur forseti: Hver er skoðun hv. þm. Halldórs Blöndals á því að Reykjavíkurflugvöllur verði hreinlega lagður niður? Eru flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu, ég tek eftir því að fjórir þeirra af sjö eru af landsbyggðinni, einfaldlega að búa í haginn fyrir það að Reykjavíkurflugvöllur verði færður úr Vatnsmýrinni? Hafa þessir þingmenn hugsanlega haft einhverja skoðun á því hvort flugvöllurinn verði færður úr Vatnsmýrinni? Hafa þeir jafnvel verið á móti því að flugvöllurinn verði færður úr Vatnsmýrinni og eru þeir þá með þessari þingsályktunartillögu í raun og veru að lýsa yfir uppgjöf í því máli og búa landsmenn undir það að innanlandsflugið leggist nánast af eða a.m.k. hin mikilvæga áætlunarflugleið sem við höfum haft á milli Akureyrar og Reykjavíkur?

[15:20]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er þakklátur hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir að vekja athygli á þessum punkti. Ég hafði ekki tíma í ræðu minni til að víkja sérstaklega að málefnum Reykjavíkurflugvallar en það er rétt að við Akureyringar og þingmenn Norðausturkjördæmis, og allir íbúar á því svæði, höfum þungar áhyggjur af þeim umræðum sem uppi eru um það að leggja Reykjavíkurflugvöll niður. Það er ekki ástæða til að gera lítið úr því, það er beinlínis stefna þeirra sem nú fara með völd í Reykjavík að leggja flugvöllinn niður. (Gripið fram í.) Við munum eftir þeirri sýndaratkvæðagreiðslu og skoðanakönnun sem um það fór fram og er skaði að fyrrverandi borgarstjóri skuli ekki vera hér í salnum til þess að gera grein fyrir því hvernig hún stóð að þeim málum, sem var nú satt að segja ekki með hreinlyndum hætti.

En eins og unnið hefur verið að þeim málum liggur það fyrir að það eru ýmsir hér í Reykjavík sem leggja á það ríka áherslu að flugvöllurinn verði lagður niður og fá dollaraglampa í augun eins og Jóakim von Önd þegar þeir tala um verðmæti þeirrar lóðar sem flugvöllurinn stendur á. Þess vegna er það rétt að ef til þess kemur að Reykjavíkurflugvöllur verður lagður niður þá mun innanlandsflug til Akureyrar í grófum dráttum falla niður. Það er það langt til Austurlands að ég geri ráð fyrir að flug þangað muni að einhverju leyti halda áfram. En auðvitað verður að svara slíkri breytingu með því að leggja höfuðáherslu á að stytta leiðir.

[15:22]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir svarið. Ég var samt ekki nógu ánægður með það, mér fannst hann ekki tala nógu skýrt. Ég var að reyna að fiska eftir hans eigin afstöðu til flugvallarmálsins. Hann benti hér á hlut sem mér hafði reyndar yfirsést en það er að þeir landsbyggðarþingmenn sem eru á þessari þingsályktunartillögu eru allir þingmenn Norðausturkjördæmis.

Ég spyr því enn og aftur: Eru þessir þingmenn að draga upp eins konar hvítan uppgjafarfána í þessu máli? Eru þeir að reyna að koma með eitthvert útspil sem segir eitthvað á þá leið: Gott og vel, við ætlum ekki að berjast fyrir því að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni, en gegn því að við drögum uppgjafarfána að húni viljum við fá þennan veg um Stórasand?

Ég held að það væri mikill akkur í því að fá það skýrt fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal. Hann er jú þingmaður með mikla reynslu og fyrrverandi samgönguráðherra og hefur verið í fararbroddi í sínu kjördæmi um áratuga skeið. Það væri mikill akkur í því að fá að heyra frá honum skýrt og skorinort hvort hann hyggst berjast fyrir því að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni eða hvort hann hefur ákveðið að láta það mál hreinlega falla í hendur yfirvalda í Reykjavíkurborg á hverjum tíma, jafnvel að láta þá sem nú fara með völd í Reykjavík eða þá sem hugsanlega taka við völdum í Reykjavík taka ákvörðun um það hvort landsbyggðin eigi að hafa þennan flugvöll, hvort að þjóðin öll eigi að hafa þennan flugvöll í Vatnsmýrinni áfram eða ekki.

[15:24]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef oft kveðið mjög skýrt að orði um það að ég tel að flugvöllurinn eigi að vera kyrr á sínum stað og

ég hef bent á þann gífurlega fórnarkostnað sem því fylgir að færa hann þaðan. Jarðgöng sem hönnuð hafa verið hér — ég hygg að það sé gert ráð fyrir þremur eða fjórum akstursreinum í hvora átt ef þarna á að koma 20 þúsund manna byggð, bæði undir Skólavörðuholtið og eins undir Öskjuhlíðina. Það er verið að tala um að setja svo og svo margar götur í stokk og ég kann ekki alla þá þulu. En síðasti áhugamaðurinn um að leggja Reykjavíkurflugvöll niður sagði við mig, og hafði tvo dollaraglampa í augum, að hann hugsaði sér að Reykjavíkurflugvöllur yrði 40 þúsund manna byggð, svo menn geta nú rétt velt því fyrir sér á hvaða leið menn eru. (Gripið fram í.) Við Gísli Marteinn þekkjumst því miður ekki nógu vel til að við hittumst á hverjum degi, svo að það er nú ekki svo. En ég veit að hv. þm. Kristján Möller er forvitinn og honum finnst best ef það sem honum er sagt er ekki allt of öruggt.

Á hinn bóginn vil ég segja við hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson að í okkur er engin uppgjöf. Við erum að tala hér um það að stytta leiðina um 40–80 km. Það er verið að tala um það í Vopnafirði að stytta leiðina til Egilsstaða, heimta jarðgöng af því að það er 40 km stytting. Rökin fyrir Þverárfjalli frá Sauðárkróki yfir í Skagaströnd, það er nógu nálægt, yfir í Laxárdal, rökin fyrir þeim vegi voru að það væri hægt að stytta leiðina til Reykjavíkur um hvað, 20 til 25 km? Hér erum við að tala um 40–80 km eftir því hvort við tökum Kaldadal með eða ekki.

[15:26]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er svo sem ekki nýtt að menn hafi áhuga á vegagerð hér í sölum Alþingis og ekkert nema gott um það að segja að menn hugsi stórt í þeim málum. Kannski verður vegurinn sem hér er lagt til að verði undirbúinn að veruleika í framtíðinni. Þegar menn hafa komist að niðurstöðu um framkvæmdir, vegagerð eða hvað sem það nú er, vaknar alltaf spurningin um forgangsröðun.

Að mínu mati getur þessi vegagerð ekki verið mjög framarlega í forgangsröðuninni, a.m.k. ekki í bili, og mig langar til að reyna að færa fram einhver rök fyrir því.

Í fyrsta lagi liggja fyrir ýmsar hugmyndir um styttingar á þjóðvegi 1 á þessari leið til Akureyrar sem er nú kannski efst í huga flutningsmanna. Sú stytting, eftir því sem ég kemst næst á teikniborði Vegagerðarinnar, gæti verið allt að 25 km af leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar. Það segir okkur að þessi 40 km stytting, sem hv. þingmaður hefur hér verið að tala um, verður þá ekki nema 15 km og það er ekkert óskaplega mikið. Það er vafamál hvort gjaldtaka á þessari leið mundi standa undir sér ef munur á vegalengdum væri ekki meiri en kannski 20 km eða hvað sem það nú yrði. Ef munur á vegalengdum verður innan við 20 til 30 km hljóta menn að velta því mjög fyrir sér hvort það geti staðið undir sér að innheimta veggjöld og hversu lengi menn yrðu þá að greiða niður framkvæmd eins og þessa.

En auðvitað er þetta ekki svona, það kom skýrt fram hjá þeim sem undirbjuggu málið og kynntu það að þeir binda einfaldlega vonir við að leiðin verði stytt meira, þ.e. að það verði farið um Þingvallasvæðið til Reykjavíkur og að þannig styttist leiðin þá frá núverandi vegi um u.þ.b. 80 km. Ef maður dregur svo 25 km frá þeirri styttingu þá gæti hugsanlega verið raunhæft að gera ráð fyrir því að menn gætu innheimt vegskatta á þessari leið. Það þyrfti að haldast í hendur við vegagerð sem tengdi alla leiðina og gerði ráð fyrir því að beina straumnum þessa stystu leið. Ég vil því að menn tali nú a.m.k. um þetta í raunhæfum aðgerðum og þær eru einfaldlega ekki fyrir hendi nema menn klári þá alla þessa leið og stytti hana verulega.

Síðan á eftir að velta því fyrir sér hvort menn vilji breyta umferðinni um landið með þeim hætti sem þarna er lagt til. Ég held alla vega að það sé hægt að segja að vegur um Stórasand með 40 km styttingu, án þess að taka afstöðu til þess hvernig síðan eigi að beina umferðinni um Þingvallasvæðið til Reykjavíkur, sé ekki skynsamleg ákvörðun núna. Ég er hins vegar á þeirri skoðun, og ég held að flestir séu það nú, að það þurfi að klára veginn um Kjöl og gefa fólki þannig tækifæri til þess að fara þar góðan veg þvert yfir landið. Sá vegur er fyrir hendi og það þarf að koma honum í gagnið. Hann mundi gefa mörgum af þeim sem vilja fara milli landshluta svipuð tækifæri og hv. þingmaður er að leggja til að komi með umræddum vegi um Stórasand.

Ég tel að það hafi verið svolítill tvískinnungur í ræðu hv. þingmanns þegar hann var að tala um umferðina um Þingvallasvæðið og lét liggja að því að menn vildu beina umferð þar um og að mér fannst talaði hann með neikvæðum hætti um það. En hans tillaga er einfaldlega þannig að til þess að hún gangi upp þurfa menn að fara um Þingvallasvæðið, annars gengur þetta ekki, annars er styttingin ekki nógu mikil til þess að laða umferðina að.

Svo er ég reyndar á þeirri skoðun að stytting á þjóðvegi 1 á leiðinni til Akureyrar mundi auðvitað gera miklu meira gagn á næstu árum en umræddur vegur yfir Stórasand vegna þess að hann mundi kalla á gríðarlegar framkvæmdir til viðbótar sem ég er ekki búinn að sjá að menn séu tilbúnir að láta fara fram. Þeir sem hafa talað fyrir veginum um Stórasand hafa eingöngu talað um að fjármagna þann hluta vegarins sem hér er talað um en ekki styttinguna um Þingvallasvæðið til Reykjavíkur. Það á þá eftir að koma því í framkvæmd til þess að þessar fyrirætlanir geti orðið að veruleika.

Mig langar aðeins til þess að nefna hér margumtalaðan flugvöll í Reykjavík, ekki til þess að fara að ræða það mál í þaula heldur vegna þess að mér finnst að umræðan um hann sé ótrúlega mikil miðað við það að ekki stendur til að þessi völlur fari í burtu á næstu árum. Það eru að verða hér miklar breytingar í vegamálum í landinu, það er verið að tengja saman Reykjavík og Keflavík með góðum vegi og það eru að verða aðrar breytingar í vegamálum líka. Við höfum séð alveg gríðarlega þróun hvað varðar flugið á undanförnum árum, flugið hefur bókstaflega verið að hrapa niður. Ætli það væri nú ekki rétt að menn hinkruðu svolítið við því að það stendur ekki til þess að rúlla flugvellinum upp og fara með hann á næstu dögum. Ætli það væri nú ekki rétt að leyfa sér að skyggnast svolítið inn í framtíðina betur hvað varðar þróun flugs á Íslandi áður en menn gleyma sér gjörsamlega í átökum um það hvert flugvöllurinn eigi nú að fara, eins og hefur verið núna undanfarið. Mér finnst sú umræða ekki tímabær með þeim hætti sem hún hefur verið að undanförnu.

[15:34]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get ekki skilið hvernig þingmenn geta talað um það sem eitthvað lítið að hægt sé að stytta jafnfjölfarna leið og milli Akureyrar og Reykjavíkur um 40 km. Það er ekkert lítið, það er mjög mikið. Ég skil ekki að menn séu að gera lítið úr því.

Ég vil í annan stað segja að ég áttaði mig heldur ekki á því sem hv. þingmaður sagði þegar hann talaði um að stytting leiðarinnar frá Akureyri eða Skagafirði í Borgarfjörð kæmi ekki að nógu miklum notum nema vegur yrði lagður um Kaldadal til Reykjavíkur um Þingvöll. Sá vegur er til. Hótelbílar komast þá leið, einkabílar komast þá leið. En með því að byggja upp Uxahryggi er verið að beina umferðinni frá Húsafelli sem auðvitað skaðar þá ferðaþjónustu sem þar er verið að reyna að byggja upp. En ég er að tala um það að með því að leggja veg frá Húsafelli til Skagafjarðar yrði þar mjög mikil miðstöð ferðaþjónustu og mundi opna fyrir margvíslega möguleika í tengslum við jökulinn og alla þá jökla sem þar eru og allar þær miklu náttúruminjar sem þarna eru. Þá er ég að tala um Langjökul, ég er að tala um Surtshelli, ég er að tala um Arnarvatnsheiði og þar fram eftir götunum þannig að ég er að tala fyrir því að auka möguleika Vesturlands í ferðaþjónustunni. Ég er undrandi á því að þingmenn Vesturlands taka ekki undir þegar ég er að vekja máls á þessu.

[15:36]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri ekki lítið úr 40 km styttingu milli Akureyrar og Reykjavíkur en hún verður kannski ekki eins mikil og hv. þingmaður er að tala um ef tekið er tillit til þeirrar styttingar sem gert er ráð fyrir að komi til framkvæmda á þjóðvegi 1, sem eru kringum 25 km eftir því sem ég kemst næst. (**HBl:** Þetta er ...) Og síðan finnst mér eins og hv. þingmaður sé að renna sér fram hjá því að auðvitað verður þessi stytting að verða meiri. Það kom greinilega fram frá hendi forsvarsmanna þessarar leiðar þegar þeir kynntu hugmyndir sínar að þeir gerðu alveg ráð fyrir því að ríkið mundi fara í framkvæmdir, endurbætur á hinum hluta leiðarinnar um Þingvallasvæði til Reykjavíkur, þannig að styttingin yrði enn þá meiri. Þá þurfa menn líka að tala um það eins og það er. Það er ekki eitthvað sem ég er að vísa út í hafsauga eða eitthvað slíkt en það þýðir ekkert annað en horfast í augu við allan pakkann eins og menn komast stundum að orði. Ég geri ekkert lítið úr því að vegur um þetta svæði muni auka möguleika þegar þar að kemur. Spurningin er ekki um það heldur þá forgangsröðun sem við höfum í vegagerð á Íslandi og hvort þessi hugmynd sem hér er sett fram sé raunhæf núna, á næstu árum.

[15:38]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í samþykktri samgönguáætlun Alþingis er gert ráð fyrir að byggja fullkominn veg eftir stöðlum Evrópusambandsins frá Þingvöllum að Húsafelli. Það er í samgönguáætlun þannig að þetta er ekkert sem ég er að finna upp og er rétt að lesa samgönguáætlun áður en menn fara að tala um hana.

Um hitt vil ég segja að hv. þingmaður sagði að eftir því sem hann best vissi væru uppi hugmyndir um að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um 25 km. Nú veit ég ekki hvað hann hefur í huga en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef liggur fyrir að hægt er að stytta hringveginn milli Reykjavíkur og Akureyrar um 12 km með því að fara sunnan Blönduóss. Það er kannski það sem hann er að leggja til, að færa hringveginn yfir á Svínvetningabraut þannig að Blönduós verði ekki lengur á hringveginum. Það er það sem hv. þingmaður er að mæla fyrir sérstaklega. Það er ágætt að fá það fram. Þá veit maður að hv. þingmaður vill ekki að hringvegurinn sé á þeim slóðum. En ef Sundabrautin er inni í þeim 25 km sem hv. þingmaður er að tala um þá vill nú svo til að sá hluti styttingarinnar kemur líka til góða ef farið er um Borgarfjörð og Stórasand, svo það er ekki hægt að bera hlutina þannig saman. Þá er styttingin um Stórasand eftir því ekki 40 km heldur 55, kannski 53–55 km miðað við hringveginn. Því er rétt að fara rétt með tölur. Það er auðvitað alltaf hægt að leika sér að þeim og snúa upp nýjum og nýjum hliðum ef menn eru á móti máli en það er best að tala skýrt. Á leiðinni frá Hvalfjarðargöngum til Akureyrar er engin stytting sem hægt er að tala um nema fara fram hjá Blönduósi. Þá erum við að tala um 12 km, kannski 13. Málið liggur þannig fyrir en ef farinn yrði Stórisandur erum við að tala um 40–42 km.

[15:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að Vegagerðin hefur haft uppi hugmyndir um styttingu nálægt Blönduósi. Hún hefur líka haft uppi hugmyndir um breytingu á veginum yfir Holtavörðuheiði og styttingu þar. Það eru fleiri styttingar á leiðinni sem Vegagerðin hefur gert ráð fyrir.

Ég hef ekki talað fyrir þessari styttingu sem þarna er um að ræða. Ég hef hins vegar bent á að það geti verið ástæða til að skoða það hvort breyta eigi þjóðvegi 1 þannig að hann liggi um hlaðið á öllum helstu þéttbýlisstöðum á Norðurlandi og með veggöngum í gegnum Tröllaskaga. Hv. þingmaður þarf því ekki að vera með neinar aðdróttanir að mér hvað þessa hluti varðar.

Mér finnst hins vegar að hér sé talað óðruvísi en forsvarsmenn þeirra sem komu í fjölmiðla og lýstu þessari framkvæmd töluðu í sumar. Það vekur auðvitað athygli mína vegna þess að það var alveg augljóst af orðum þeirra að þeir töldu að það þyrfti að fara í þessa framkvæmd og ætti að fara í hana innan þriggja ára, ef ég man rétt. Og til þess að sú framkvæmd komi að notum er alveg augljóst mál að það þarf að fara í verulega framkvæmdir aðrar sem viðkomandi talsmaður dró ekki neina dul á að þyrfti að gera. Um þetta þurfa menn auðvitað að tala hreinskilnislega þegar verið er að leggja til stórar og dýrar framkvæmdir og líka hvernig vegakerfið mun líta út í framtíðinni, að hverju menn stefna í því. Á það hefur vantað að menn hafi haft langtímaáætlanir í vegagerð þar sem menn hafa horft nokkra áratugi fram í tímann til að hjálpa sér við að taka ekki vitlausar ákvarðanir eins og hefur borið á á undanförnum árum.

[15:42]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir að gera ágætlega grein fyrir tillögu sinni um vegaframkvæmdir þó að ég verði að deila því með þingheimi að sá sem hér stendur er þeirrar skoðunar að sú tillaga sé einhver versta hugmynd um vegaframkvæmdir sem fram hefur komið lengi.

Ég vil í upphafi máls míns fá að fagna þeirri uppgjöf sem kemur fram hjá tillöguflytjendum hvað varðar staðsetningu innanlandsflugvallar í Reykjavík, og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson vakti athygli á að þar er nánast horfst í augu við þann óumflýjanlega veruleika að ungum kynslóðum í höfuðborginni verði fengin Vatnsmýrin til búsetu og atvinnu á komandi árum og áratugum, að innanlandsflugið flytjist eðlilega til Keflavíkur. Vissulega er fagnaðarefni að hv. þm. Halldór Blöndal og meðflutningsmenn hans séu smátt og smátt að gera sér grein fyrir þessum óumflýjanlega veruleika. Það verður þó að hafna þeirri fullyrðingu að það þýði að innanlandsflugið leggist af. Það hefur komið fram áður hjá forstjóra innanlandsflugsins að flutningur þess til Keflavíkur kunni að leiða til 30% samdráttar í fluginu og þó það kunni að vera nokkuð umhendis eru það auðvitað engin endalok fyrir innanlandsflugið.

Sú tillaga sem hér er uppi um vegagerð yfir Stórasand var flutt áður á síðasta þingi og kynnt í almennri umræðu eins og fram hefur komið. Ég held að skemmst sé frá því að segja að sú hugmynd hafi meira og minna sokkið eins og steinn til botns eða a.m.k. fallið í ákaflega grýtta jörð og að hún sé að flestra áliti nú um stundir óraunhæf hugmynd, enda er það ekki svo að hér nenni margir til umræðunnar. Við stöndum frammi fyrir þunnskipuðum þingsal og heldur lítill áhugi orðið á þessum vegagerðarhugmyndum eftir að þær hafa fengið almenna umræðu. Fyrir því eru eins og ég segi margar ástæður. Ein þeirra er sú að vegstæðið sem verið er að leggja til er illa þekkt og lítið kannað á Stórasandi m.a. hvað veðurfar varðar. Það er auðvitað ekki tilviljun að þar uppi eru litlar gróðurvinjar að finna. Það gerir veðráttan í landinu og þau hörðu öfl sem hafa leikið landið þar og geta náttúrlega leikið vegfarendur með sama hætti. Það er takmarkað gagn að styttingu á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur ef hún liggur um veðravíti sem vegna slíkra aðstæðna er stóran hluta ársins torfarnari og seinfarnari þó að hún sé styttri í kílómetrum en leiðir niðri á láglendinu í minni hæð yfir hálendið.

Í öðru lagi er, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur bent á, það að nefna að það liggja fyrir ýmsir þættir sem geta orðið til þess að stytta leiðina milli Reykjavíkur og Akureyrar á núverandi leið sem eru miklu kostnaðarminni og óumdeildari og liggja um þekktari svæði heldur en þessi og eru því miklu nærtækari.

Í þriðja lagi er rétt að nefna að við stöndum frammi fyrir margvíslegum vegaframkvæmdum sem hljóta að vera miklu framar í forgangsröðinni en þessi.

Í fjórða lagi féll hugmyndin meira og minna í grýtta jörð vegna þeirrar staðreyndar að ef í þá veglagningu yrði farið, og síðan um Þingvöll eins og lýst hefur verið, mundu menn sneiða þessa flutningsleið fram hjá stórum hluta Vesturlands og Norðurlands vestra. Það er auðvitað vond byggðastefna að einangra þau svæði, sérstaklega Norðurland vestra, meira í samgöngum með því að reyna að sneiða hjá því landsvæði. Nær væri að byggja leiðina upp og stytta hana þar sem hún nú er. Það væri nærtækara, a.m.k. um nánustu framtíð.

Í fimmta lagi hafa menn náttúrlega séð ýmsa annmarka á því að beina þungaflutningum sérstaklega um Þingvelli. Þótt það sé rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að viðbúið sé að umferð sumarhúsaeigenda á Laugarvatni muni í ríkari mæli fara um Þingvöll og þjóðgarðssvæðið á næstu árum, með vegabótum sem þar verða, þá er sú umferð náttúrlega annars eðlis en meginflutningabraut til Akureyrar með þeirri þungaflutningaumferð sem menn þekkja af þjóðvegunum, eftir að sjóflutningar hafa meira og minna lagst af og kvartað hefur verið undan.

Í sjötta og síðasta lagi, sem er þó ekki minnst um vert, held ég að það hafi mætt allnokkurri andstöðu að ætla að malbika yfir Arnarvatnsheiðina vöruflutningabraut til Akureyrar þar sem fari um þungaflutningabifreiðar með vöruflutninga til þess þéttbýla staðar. Það eru sannarlega miklar ranghugmyndir ef menn telja að veiðivötnin á Arnarvatnsheiðinni verði sérstök ferðamannaparadís við að leggja vöruflutningaleiðir yfir þau ósnortnu víðerni og þá fallegu náttúru. Það er nánast klám, virðulegur forseti, að fara með ljóð Jónasar Hallgrímssonar undir slíkum tillöguflutningi. Ég held a.m.k. ekki að skáldið hafi haft í huga tíu hjóla trukka þegar hann orti um klárinn eða fákinn, eftir atvikum, sem beita mætti á Arnarvatnsheiði. Sannarlega yrði því svæði enginn greiði gerður með slíkri umferð þar yfir um þótt það kynni að stytta vöruflutningaleiðina til Akureyrar og að um óviss veðrasvæði sé að fara stóran hluta árs.

Þegar ég sá þennan tillöguflutning hv. þingmanns fyrr á þessu kjörtímabili flutti ég með ýmsum öðrum tillögu til þingsályktunar um friðun Arnarvatnsheiðar. Ég tel að það sé kannski stærsta eyðan sem við höfum í náttúruverndaráætlun fyrir þetta land okkar, að sú mikla náttúruperla sem Arnarvatnsheiðin er skuli ekki löngu orðin friðlýst. Hún er einstæð í allri sinni dýrð og þangað er mikla unun og skjól að sækja úr amstri hversdagslífsins. Svæðið hefur mikla sérstöðu fyrir fólk úr öðrum löndum og heimsálfum og vafalaust, ef rétt er að staðið, mun vaxandi áhugi á að sækja þangað eftir því sem samgöngur við Húsafell og það svæði héðan frá höfuðborginni batna.

Virðulegi forseti. Ég held að þeirri hugmynd sem hér er mælt fyrir hafi sem betur fer verið hafnað í hinni almennu umræðu. En það hefur verið gaman að fylgjast með þingreyndum hv. þm. Halldóri Blöndal reyna að sveigja hjá og neita því að þetta snerti nokkuð Þingvelli og Norðvesturland. Það hefur verið fimlega gert en árangurslaust að ég held.

[15:50]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þótti fróðlegt að hlusta á veðurlýsingar hv. 5. þm. Reykv. n., Helga Hjörvar, af Stórasandi. Ég geri ráð fyrir því að honum sé kunnugt um að það hafa farið fram athuganir á veðráttu á tveimur stöðum á þessari leið. Ég geri ráð fyrir því að hann hafi kynnt sér niðurstöður af þeim athugunum vegna þess að hann ræddi svo kunnuglega

um veðurfarið á þeim slóðum.

Nú er það svo eftir þeim upplýsingum sem ég hef — ég vil þó taka fram, frú forseti, að ekki liggur fyrir nákvæm úrvinnsla á þeim gögnum — virðist liggja fyrir að í sumum tilvikum sé veður á Stórasandi ekki verra en á Holtavörðuheiði eða Öxnadalsheiði, jafnvel betra og stundum er það svipað. Fyrir kemur einnig að það er verra þannig að þetta er svona upp og ofan. En samkvæmt, við skulum segja þeirri ófullkomnu vitneskju sem nú liggur fyrir er ekki ástæða til að gera mikið úr þessu.

En ég vil líka að þingheimur viti að ég beitti mér sérstaklega fyrir því að slíkar veðurathuganir yrðu gerðar á Stórasandi. Það er nauðsynlegt að vegagerðarmenn átti sig á því hvort þar sé byljasamt eða ekki og um hvaða svæði er að fara. Ég ræddi þetta mál einnig við fyrrverandi veðurstofustjóra og hann var þeirrar skoðunar að þessi vegur lægi það langt frá fjöllum og jöklum að ekki væri við því að búast að þar yrði byljótt. Þetta tók ég mjög nákvæmlega fram í framsöguræðu minni. En í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir er einmitt lögð áhersla á að nauðsynlegt sé að framkvæma verulegar rannsóknir og mælingar áður en ráðist yrði í nokkrar framkvæmdir á þessari leið.

[15:53]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið og þær upplýsingar sem hann veitti um hinar takmörkuðu mælingar og ófullnægjandi upplýsingar, sem hann sjálfur lýsti með þeim orðum, og þær getgátur um þær veðuraðstæður sem hann setti fram.

Ég held að í máli þingmannsins komi ákaflega glögglega fram að því miður, ég veit þó ekki hvort það orðalag á sérlega við, sé sannarlega langt í frá að veðurfar á þessum slóðum sé nægilega þekkt til að hafa uppi yfir höfuð nokkurn tillöguflutning um veglagningu af þessu tagi, hvað þá að ráðast í mikinn kostnað við undirbúning slíkra framkvæmda. Málið er þegar af þeirri ástæðu fullkomlega ófullnægjandi og ófullburða en auðvitað eru fjölmargar aðrar ástæður ríkulegar til að hafna þessum hugmyndum og snúa sér kannski fremur af því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi, að ljúka almennilegri vegagerð um Kjalveg.

[15:54]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Síðari ræða hv. þingmanns er fyrir margra hluta sakir mjög einkennandi fyrir málflutning hans yfirleitt. Hér mælti ég fyrir tillögu um að undirbúa og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum rannsóknum og mælingum áður en ráðist yrði í veg yfir Stórasand. Aðalárásarefni hv. þingmanns var að þessar rannsóknir skyldu ekki þegar hafa verið unnar. Auðvitað er tillaga um að ráðast í rannsóknir flutt vegna þess að fullnægjandi rannsóknir liggja ekki fyrir. Þetta er svo einfalt, hv. þingmaður. Ég held að það sé óþarfi að vera með einhverjar dylgjur í því sambandi. Ég held að það sé rétt að ræða mál sem hér eru flutt á þeim forsendum, á þeim grunni, sem þau eru flutt en ekki slá úr og í og þykjast búa yfir upplýsingum sem viðkomandi þingmaður hefur ekki, eins og hann gerði í þessum umræðum. Hann hefur ekki hugmynd um það sem hann er að tala um þegar hann fjallar um veðurfar á Stórasandi.

Í annan stað var fróðlegt að heyra hv. þingmann tala um að hann væri andvígur því að leggja þungaflutningaveg yfir Arnarvatnsheiði. Hver er að tala um það? Er einhver að tala um að leggja veg yfir Arnarvatnsheiði? Ég kannast ekki við það. Hér erum við að tala um að fara Hallmundarhraun yfir á Stórasand. En á hinn bóginn er vegurinn yfir Arnarvatnsheiði, Arnarvatnshæðir, í vegalögum og er þá komið niður í Miðfjörð. Má vera að hv. þingmaður sjái fyrir sér mikinn veg þangað niður eftir. Ekki er það mín tillaga.

Aftur á móti vil ég að lokum taka fram að ég geri ekki ráð fyrir að þungaflutningar verði leyfðir um Þingvöll þótt farinn verði Kjölur, þannig að sá þáttur ræðu hans var út í hött.

[15:56]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki nema von að hv. þm. Halldóri Blöndal þyki ræða mín út í hött, svo mjög sem tillöguflutningurinn allur hefur í umræðunni almennt verið talinn út í hött og fullkomlega ófullburða. Ég held að sem betur fer sé þessi framkvæmd öll slegin af, enda hafa menn ekki aðeins athugasemdir sem lúta að veðurfarinu heldur er við hana auðvitað fjölmargar athugasemdir að hafa: Hvernig Þingvöllur væri með þessum hætti leikinn. Hvernig veglagning yfir sunnanverða Arnarvatnsheiði mundi fara með þá náttúruperlu og þingmaðurinn getur ekki vikið sér undan því að vegarhugmynd hans á að liggja þar um. Að byggðir bæði á Norðvesturlandi og Vesturlandi yrðu einangraðar frá meginflutningsleiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur. Hver yrði kostnaðurinn og væri ekki hægt að skoða fremur allan þann fjölda styttinga á leiðinni sem væri miklu hagkvæmari og nærtækari. Allt leggst þetta á eitt um að gera þessa hugmynd hv. þingmanns fullkomlega óraunhæfa.

Ég treysti því að hún muni einfaldlega fá þá umsögn í meðhöndlun samgöngunefndar og aldrei koma aftur til neinnar alvöruafgreiðslu í þinginu enda, eins og ég hef áður sagt, greinilegt á skipan salarins að hér er enginn áhugi á málinu. Það er lítil þátttaka í umræðunni og nær engir þingmenn mættir til að fylgjast með umræðunni og telja málið trúlega löngu sjálfdautt.

[15:58]

Útbýting:

Barnaspítali Hringsins, 300. mál, fsp. GÖrl, þskj. 313.

Lög og reglur um torfæruhjól, 301. mál, fsp. SF, þskj. 321.

Nauðgunarmál, 147. mál, svar dómsmrh., þskj. 316.

Náttúruminjasafn Íslands, 303. mál, fsp. KolH, þskj. 323.

Rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, 298. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 319.

Samstarf vestnorrænna landa í orkumálum, 299. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 320.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, 297. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 318.

Tryggingavernd torfæruhjóla, 302. mál, fsp. SF, þskj. 322.

[15:59]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um vegagerð um Stórasand. Hún var líka til umræðu á síðastliðnu þingi og hv. þm. Halldór Blöndal er 1. flutningsmaður hennar. Eins og komið hefur fram í umræðunum er markmiðið með tillögunni að undirbúa og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum rannsóknum og mælingum til þess að hægt sé að setja veg frá Norðurárdal í Skagafirði um Stórasand til Borgarfjarðar í mat á umhverfisáhrifum, sem sagt undirbúa þessa vegalagningu.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um þessa tillögu. Hún er svo fráleit að það liggur við að þetta sé svo alvörugamansemi hjá hv. þingmanni að koma með þetta hér inn en hv. þm. Halldór Blöndal hefur ýmsar hliðar til þess að koma með mál inn í þingið sem mörgum þykja skringileg og allt gott um það. En það er ástæða til að taka þessa umræðu alvarlega ekki síst í ljósi þess hversu mikið er enn óunnið í vegagerð, í byggð á milli staða og um landið. Þess vegna á það að mínu viti að vera fullkomið forgangsmál í allri umræðu um vegamál að ræða allar leiðir til þess að koma þeim vegalagningum áfram. Það er verið að takast á um vegaframkvæmdir á Vestfjörðum, um nauðsynlega jarðgangagerð þannig að hægt sé að komast á milli byggða með eðlilegum hætti, fé til vegagerðar er skorið niður til að slá á þenslu vegna stóriðjuframkvæmda fyrir austan og hér á suðvesturhorninu og vegirnir norður, milli Reykjavíkur og Akureyrar sem hv. þingmanni Halldóri Blöndal eru mjög hugleiknir, sú leið ber engan veginn þá umferð sem henni er nú ætlað að gera og bíður þess að þar verði gert átak. Þá væri eðlilegra að hv. þingmaður legðist þar á sveif og styddi að í þá vegi væri lagt aukið fjármagn.

Þó að engar líkur séu til að tillaga eins og hv. þingmaður flytur um veg um Stórasand verði að raunveruleika og eigi engar forsendur til að verða að raunveruleika, þá skaðar hún þá eðlilegu og samfelldu umræðu sem við eigum að halda hér uppi og þann þrýsting sem á að vera um fullkomna vegagerð á milli staða í byggð, vítt og breitt um landið. Ég hefði viljað sjá hv. þingmann flytja tillögu um hvernig hann mætti standa að því að byggja veginn öflugar upp um Borgarfjörð, norður og austur um Húnavatnssýslur og áfram norður og austur á Akureyri. Hvað með að fara að gera áætlun um að hann verði gerður að hluta til þríbreiður? Við vitum að þessir miklu vöruflutningar með löngum aftanívögnum sem fara um vegina eru bæði stórhættulegir og auk þess eru vegirnir engan veginn gerðir til þess að taka þessa miklu flutninga. Vegurinn er það mjór að á löngum köflum er varla hægt að taka fram úr eða mæta bílum af þessari gerð með eðlilegum hætti. Það er því orðið brýnt að taka á því að byggja upp og vera með skipulagða kafla í veginum norður breikkaða þannig að hægt sé að hleypa umferð með eðlilegum hætti áfram og fram hjá þessum stóru bílum. Þess utan er vegurinn svo burðarlítill og bylgjast undan umferðinni eins og hefur hvað eftir annað verið í umræðum bæði hér á þingi og úti í samfélaginu.

Ég vil líka minnast á strandflutningana en það var dapurt að skipulagðir strandflutningar skyldu að mestu vera látnir lognast út af. Það er að vísu eitt skip sem hefur reynt að halda uppi flutningum á Vestfirði en strandflutningar um sjóinn áttu að vera fastur þáttur í flutningakerfi landsmanna, þar sem flutt er þungavara og stórflutningar sem ekki er brýn nauðsyn að láta koma hratt fram með flutningabílum.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum flutt tillögu um að skoða ætti möguleika á strandflutningum á ný, skipulögðum strandflutningum og þeir væru þá boðnir út með líkum hætti og flugið er boðið út. Ef menn telja ekki hægt að stunda það á fullkomnum arðsemisgrundvelli þá er þetta svo mikilvægur liður í flutningastarfseminni, *í þjónustunni og ég tala ekki um til að létta* sliti af vegum og auka öryggi þar. Þannig að strandflutningar eru kannski í sjálfu sér eitt brýnasta málið að skoða.

Ég hef líka viljað heyra hv. þingmann nefna mikilvægi þess að gera átak í innanhéraðsvegum, vegum sem nú kallast safna- og tengivegir sem hafa algerlega legið eftir í umræðunni og í aðgerðum í vegamálum. Þar er stórt verk óunnið.

Frú forseti. Þessi tillaga hv. þm. Halldórs Blöndals um að efna til umræðu um veg um Stórasand er ekki aðeins ótímabær heldur er hún líka að mínu viti röng í þeirri hugmyndafræði og því skipulagi sem við eigum að vinna eftir varðandi vegasamgöngur í landinu. Að setja þetta inn í umræðuna dregur athyglina frá því sem er brýnt að gera og á að gera. Vegagerð er alvörumál og samgöngumál eru alvörumál en ekkert til að flytja tillögur eins og þá sem hv. þingmaður mælir nú fyrir aftur.

[16:07]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og oft kemur hv. 8. þm. Norðvest. Jón Bjarnason inn á ýmsa óvænta punkta. Að sumu leyti get ég verið sammála honum. Það er einkum eitt sem mig langar til að spyrja hv. þingmann um.

Nú liggur það fyrir að hæstv. samgönguráðherra hefur lagt áherslu á að það sé forgangverkefni að byggja veginn upp yfir Kjöl og það eigi að ganga á undan öðrum leiðum eins og ég hef skilið hæstv. samgönguráðherra en nú þori ég ekki að ábyrgjast að ég skilji hann rétt. Mig langar til að spyrja hv. þingmann, ef hann er sammála þeirri áherslu að leggja bundið slitlag á veginn yfir Kjöl, hvort hann líti svo á að rétt sé að sveigja veginn niður í Skagafjörð sunnan Blöndulóns til að stytta leiðina til Norðurlands.

[16:08]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má velta öllu mögulegu fyrir sér hafi maður fullar hendur fjár, geti leikið sér eins og manni sýnist með að búið sé að leggja alla þá nauðsynlegu vegi í byggð, gera þá bæra til að taka þá umferð sem þar er, vera búinn að gera örugga vegi á milli og innan héraða, á Vestfjörðum, norður um Strandir, Húnavatnssýslur, Skagafjörð, norður um Norðausturland, Austfirði, upp um Suðurland. Ég tel að verkefnið sem á að takast á við sé alfarið þarna og að ekki eigi að vera að drepa umræðunnni á dreif í þessum efnum.

Það er eðlilegt að það sé góður ferðamannavegur yfir Kjalveg sem er fær að sumrinu og allt gott um það en hin raunverulegu heilsársamgöngumannvirki eru í byggð.

[16:09]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það svo að ég get ekki skilið viðbrögð hv. þingmanns öðruvísi en svo að hann sé andvígur því að byggja upp veginn norður Kjöl eða suður Kjöl eins og nú standa sakir, það sé verkefni sem menn geti hugsað sér einhvern tíma löngu síðar og það er alveg heiðarleg og góð afstaða. Að hugsa sér að Kjölur verði ekki ekinn nema að sumri til, alveg heiðarleg afstaða og ég hef ekkert við það að athuga.

Á hinn bóginn svaraði hv. þingmaður ekki þeirri spurningu minni hvort hann telji eðlilegt að vegur sé lagður frá Kili sunnan Blöndulóns niður í Skagafjörð. Nú er það svo að þeir sem búa frammi í Lýtingsstaðahreppi telja þetta mikið hagsmunamál fyrir sig. Þá má velta fyrir sér hvort hv. þingmaður vilji andartak taka þennan tillöguflutning alvarlega þegar hann horfir til þeirra hagsmuna sem umbjóðendur hans í uppsveitum Skagafjarðar hafa. Það er ekki alltaf hægt að drepa öllum málum á dreif eins og hv. þm. Helgi Hjörvar gerði áðan, misskilja allt eða mistúlka, en auðvitað er ekki hægt að gera annað þegar menn setja sig ekki inn í málin.

[16:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða snýst að meginhluta til um forgangsröðun og sýn á samgöngur í landinu. Ég ætla hv. þm. Halldóri Blöndal ekki það að hann sé á móti jarðgöngum á Austurlandi eða jarðgöngum gegnum Vaðlaheiði eða jarðgöngum á Vestfjörðum þó að þau séu ekki nefnd í þessari tillögu. Eða að hv. þingmaður sé á móti jarðgöngum á Vestfjörðum og telji mikilvægara að fara í vegalagningu yfir Stórasand ef menn fara út í svona umræðu.

Málið snýst um að fjármagn til vegamála er af skornum skammti. Vegafé er skorið niður, vegáætlun er skorin niður til að þjóna öðrum markmiðum ríkisstjórnarinnar. Brýnum vegaframkvæmdum í byggð á Vestfjörðum, á Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi er frestað og þær skornar niður. Þá er það að mínu viti, herra forseti, fullkomlega óábyrgt að koma með svona tillögu inn í umræðuna, eins og hv. þm. Halldór Blöndal gerir, um veg yfir Stórasand og ætla að fara að draga athyglina að henni sérstaklega í ljósi þess hversu er fráleitt það er að ætla að leggja veg yfir Stórasand eins og tillögumaður hefur gert grein fyrir hér í þessari tillögu.

[16:13]

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þessi umræða hefur verið gagnleg og vaknað hafa mörg tilefni til að draga fram einstök atriði hennar. Hægt er að ljúka athugasemdum við ræðu eins hv. þingmanns með örfáum orðum. Það var innlegg hv. 5. þm. Reykv. n., Helga Hjörvars, sem mér skilst að nú sé orðinn talsmaður Samfylkingarinnar í efnahagsmálum. Það verður að segjast eins og er að hv. þingmaður hafði ekki sett sig inn í málin og er það kannski ekki í fyrsta skipti sem hann talar um samgöngumál dreifbýlisins af nokkurri vanþekkingu og er ekkert við því að segja. Ef menn vilja tala um samgöngumál dreifbýlis af vanþekkingu þá getur enginn við því gert, herra forseti, og hver þingmaður verður að sníða sér stakk eftir vexti.

Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að ummælum hv. 2. þm. Norðvest., Jóhanns Ársælssonar. Ég áttaði mig ekki á því undir ræðu hans hvað hann var að fara þegar hann ræddi um að hægt væri að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um 25 km með öðrum hætti en þeim sem ég hef lagt til og rifjaði upp það sem ég veit um það mál. Nokkuð skýrðist það raunar síðar í andsvari hans. Það er rétt að uppi hafa verið ákveðnar hugmyndir um að færa veginn á Holtavörðuheiði niður í Miðfjörð og ná þannig styttingu um nokkra kílómetra, en ég hygg að menn hafi horfið frá því og það sé ekki talinn skynsamlegur kostur. En ef ég fer rangt með það og upp eru komnar nýjar upplýsingar um að hægt sé að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur verulega með því að færa veginn í Holtavörðuheiði niður í Miðfjörð þá hef ég síður en svo á móti því að það sé athugað nánar.

Það liggur einnig fyrir eins og ég sagði að hægt er að stytta leiðina með því að fara hjá Strjúgi eða einhvers staðar á þeim stöðum yfir Blöndu, kannski 12, kannski 15 km með því að sneiða fram hjá Blönduósi. Ef til vill er hægt að stytta leiðina um 2 km eða svo með því að leggja tilmilljarð eða svo í Skagafirði, sem engum dettur í hug, og er hægt að tína svona til. Að öðru leyti eru engar styttingar mögulegar á þessari leið. Og þegar hv. þingmaður ræddi um að hugur hans stæði til þess að vegurinn milli Akureyrar og Reykjavíkur ætti að liggja um sem flesta fjölbýlisstaði á Norðurlandi vestra með jarðgöngum í gegnum Tröllaskaga þá var ég ekki lengur með ef fyrir hv. þingmanni vakti að stytta leiðina milli Akureyri og Reykjavíkur. Auðvitað yrði slíkt til að lengja leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur og ekki fara menn í jarðgangagerð til að lengja leiðina. Ég held að það sé einhver misskilningur hjá hv. þingmanni ef hann hyggur að hann geti fengið fylgi við slíkar hugmyndir. Það er auðvitað ekki til í dæminu.

Það sem þetta mál snýst um er hvort við teljum æskilegt að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur eða ekki. Við getum aðeins fært okkur lengra austur á bóginn. Það liggur alveg ljóst fyrir að hægt er að stytta leiðina frá Austurlandi til Reykjavíkur með því að fara Sprengisand, mismikið eftir því hvort maður hugsar sér að fara hringveginn eins og hann er nú, hvort maður hugsar sér að fara sunnan Möðrudalsfjalla og stefna á Garð í Mývatnssveit eða fara jafnvel enn sunnar og þá er hægt að ná fram verulegri styttingu fram yfir það sem nú er.

Ég er þeirrar skoðunar eða þeirrar trúar er réttara að segja því auðvitað veit ég það ekki, það hafa ekki farið fram rannsóknir á því vegstæði, að veður geti verið válynd á Sprengisandi, þar geti verið miklir sviptivindar, veðurhæðin gífurleg í sviptivindunum þannig að slíkt sé varasamt. En eftir sem áður eru uppi miklar kröfur um að þetta verði athugað. Í því sambandi er rætt um að koma niður í Mývatnssveit austan við Sellandafjall og ekki er tími hér til að rekja það nánar.

Ljóst er að þessar umræður munu halda áfram og Austfirðingar munu sækja á um það að stytta leiðina til Reykjavíkur. Það er auðvitað líka hægt að stytta leiðina með Vaðlaheiðargöngum sem þýðir kannski 15–20 km. Þessi til-

laga lýtur að því hvort hægt sé að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Málið snýr ekki eingöngu að hagsmunum Akureyringa heldur erum við líka að tala um hvar framtíðarviðskipti Akureyringa verða og hvort þeir munu í vaxandi mæli snúa sér til Austurlands og hugsa sér að Reyðarfjörður verði útskipunarhöfn Norðurlands. Ef það á að vera svo til frambúðar að vegurinn milli Akureyrar og Reykjavíkur verði 400 km þá er það deginum ljósara að Akureyringar munu sækja á að þjónusta sig á Austurlandi þegar Evrópusiglingar þaðan eru orðnar öruggar og tíðar eftir að álverið hefur risið. Við vitum þegar að stytting um 15 km er möguleg með göngum í gegnum Vaðlaheiði og síðan er hægt að stytta leiðina meir ef við hugsum okkur nýja veglínu frá Mývatnssveit austur í Jökuldal. Jökulsárbrúin er hvort eð er orðin gömul. Hún hefur ekki fullan burð og þarf að endurnýjast og má vera að vegarstæðið allt komi þá til endurskoðunar.

Þegar t.d. borgarfulltrúi Reykjavíkur eins og Helgi Hjörvar talar í hálfkæringi um þessa tillögu þá er hann beinlínis að tala á móti hagsmunum Hafnasambands Akraness og Reykjavíkur því að auðvitað eru það hagsmunir þess hafnasambands að leiðin til Akureyrar sé sem styst og öruggust til að viðskiptin sæki ekki austur á land. En það virðist sem þeir vinstri menn sem hér taka til máls séu eins og dráttarhestur með skyggni fyrir bæði augu til að hann hafi ekki víðsýni. Þeir sjá ekki nema eina braut og það er sú braut sem þeir vilja fara og skilja ekki að aðrir vilji kannski stytta sér leið eða fara öðruvísi að.

Nú liggur fyrir samkvæmt samgönguáætlun Alþingis að leggja á bundið slitlag yfir Kjalveg. Í þessari tillögu er heldur ekki verið að tala um það að öðru leyti en því að um leið og ákvörðun er tekin um bundið slitlag og vegur samkvæmt kröfum Evrópusambandsins kemur um Kjalveg þá hlýtur hann að sveigja niður í Skagafjörð sunnan Blöndulóns.

Það er alger misskilningur þótt svo hafi virst um hríð að stefna í vegamálum hér á landi takmarkist við Norðvesturkjördæmi. Það er ekki svo. Það eru fleiri byggðarlög á landinu og það verður að horfa til þeirra. Þess vegna er það að Kjalvegur mun sveigja niður í Skagafjörð. Það er mjög undarlegt ef þingmenn Skagfirðinga leggjast gegn því sjálfsagða hagsmunamáli Skagfirðinga og einsdæmi í vegagerð ef þingmenn Borgfirðinga og Skagfirðinga leggjast gegn hagsmunum íbúa í sínu eigin kjördæmi. Er reynsla fyrir því að þingmenn sem haga sér þannig, skilji ekki hverjum klukkan glymur hverju sinni, skilji ekki þarfir kjósenda sinna, vilji ekki hlýða kalli umbjóðenda sinna, slíkir þingmenn halda ekki fylgi lengi. Þess vegna er það að þegar vegurinn er kominn frá Kili þvert yfir Skagafjörð yfir í Norðurárdal þá er ekki nema góður spölur þaðan yfir í Borgarfjörð. Hér er ekki verið að tala um að sá vegur verði kostaður af opinberu fé heldur að um þann veg verði stofnað félag og vegurinn verði fjármagnaður með sama hætti og göngin undir Hvalfjörð.

Mér þykir það líka svolítið merkilegt að margir þeir menn sem sátu á þingi með mér þegar ég var að berjast fyrir Hvalfjarðargöngum, og átti ýmsa andstæðinga í þessum þingsal, og hvöttu mig mjög í því máli skuli ekki skilja að það geti verið nauðsynlegt að ráðast víðar í vegaframkvæmdir en undir Hvalfjörð með einkafjármögnun, og skuli ekki standa á bak við önnur kjördæmi þegar þau eru að stytta leiðina til sín. Því þegar ég tala um það að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur með því að fara Stórasand þá er ég að tala um að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um hér um bil nákvæmlega sömu vegalengd eins og fyrir Borgnesinga þegar þeir aka til Reykjavíkur og spara sér að fara fyrir Hvalfjörð. Þá skildu þingmenn Vesturlands það, menn frá Stykkishólmi, Borgarnesi, Arnarstapa og Reykholti skildu þá nauðsynina að stytta um 40 km. Því skyldi maður ætla að slíkir þingmenn skildu líka þegar menn úr öðrum kjördæmum tala um nauðsynina á því að stytta um 40 km.

Þingvellir hafa eðlilega blandast nokkuð inn í þessar umræður en ég er þeirrar skoðunar að sjálfsagt sé að setja þá reglu að þungaumferð fari ekki um þjóðgarðinn á Þingvöllum svo það sé alveg ljóst. Á hinn bóginn er margvísleg umferð önnur að sumri til og óhjákvæmilegt að leyfa áætlunarbílum og hópferðabílum að aka um þjóðgarðinn Þingvelli eins og um aðra þjóðgarða og auðvitað einkaaðilum. Mjög mikil umferð og nánast örtröð verður því um Þingvelli ef svo fer að bundið slitlag verði lagt um Kjöl. Þeirri umferð er hægt að bægja að verulegu leyti frá þessum helgistað okkar Íslendinga, heilaga stað, með vegi um Stórasand. Það er kjarni þessa máls og því er það lagt hér til.

Að síðustu vil ég vekja athygli á, herra forseti, að ekki er gert ráð fyrir að ráðast í þessa vegaframkvæmd alveg á næstu árum. Ég geri ráð fyrir að taka muni í það minnsta fimm ár að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum rannsóknum og mælingum á þessari leið til að hægt sé að hanna veg um svæðið. Kannski þarf lengri tíma til að vinna umhverfismat, um það skal ég ekki segja og um það veit ég ekki. Við erum að tala um vegagerð sem e.t.v. verður ráðist í á öðrum áratug 20. aldar. Við erum með öðrum orðum að horfa langt fram og reyna að gera okkur grein fyrir hvaða möguleika við höfum til að stytta leiðir og auka arðsemi og hagkvæmni í samgöngukerfi landsins.

Ég vil bæta þessu við: Auðvitað kemur fullkominn vegur í Surtshelli. Auðvitað veit hv. þm. Jóhann Ársælsson og hver sem er, hv. þm. Helgi Hjörvar eða hver sem er, að óhjákvæmilegt er að góður vegur komi að Surtshelli. Auðvitað vita þessir þingmenn og allur þingheimur að um leið og almennilegur vegur er kominn í Surtshelli verður ekki staldrað þar við heldur haldið áfram eftir þeim vegi sem lög segja til um niður í Miðfjörð og þá er bara eftir þessi spotti, Stórisandur. Og þá spyr ég: Hvers konar meinbægni er það ef þingmenn úr öðrum kjördæmum vilja sjálfir njóta hagræðingarinnar af því að stytta vegalengdir en um leið og kemur yfir einhver kjördæmamörk þá mega þeir sem austan þeirra búa ekki njóta hagræðisins af styttingu vegalengda og betra samgöngukerfi? Við hljótum að hugsa til alls landsins ef við viljum rísa undir því nafni að vera alþingismenn á Íslandi.

[16:28]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það ekki svo að ég hafi lagst gegn þessari tillögu þó að ég telji að það gerist ekki á næstunni sem

hér er lagt til. Ég held að þeir sem standa vilja fyrir þessum framkvæmdum muni taka afstöðu til þess á ný þegar þeir sjá hvernig vegamálum verður háttað að öðru leyti og hvort þeir telji fjárhagslega skynsamlegt að fara í þá framkvæmd.

Ég ætla líka að leiðrétta það að ég hafi lagst gegn þeirri leið sem hv. þingmaður nefndi að sveigja Kjalveg ofan í Skagafjörð. Það hef ég ekki sagt og tel fulla ástæðu til að skoða, eins og hv. þingmaður nefndi, að þannig verði staðið að málum.

Ég ætla að koma því á framfæri að þótt menn vilji fara þessa leið mun hún ekki spara í neinu uppbyggingu á þjóðvegi 1 á leiðinni Reykjavík – Akureyri vegna þess að sú leið verður auðvitað að svara þeim þörfum sem þar eru allt árið hvernig sem veðri háttar. Menn munu ekki fara um fjallvegi eins og þann sem hér er lagt til að lagður verði yfir hörðustu vetrarmánuðina og þá þarf þjóðvegur 1 að þjóna þeim flutningum sem um er að ræða.

Loks vil ég koma því að að þegar ég talaði um möguleikana á að láta þjóðveg 1 liggja um byggðarlögin fyrir norðan og í gegnum Tröllaskaga þá er það álíka löng leið og leiðin norður er núna á þjóðvegi 1 samkvæmt þeim athugunum sem gerðar voru á vegum sveitarfélagsins Skagafjarðar í sambandi við skipulag sem þar var unnið.

[16:30]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það lengri leið að aka um Sauðárkrók til Reykjavíkur en að sleppa Sauðárkróki og þarf ekki langa útreikninga til að sjá það. Ég vil að það sé alveg ljóst.

Þegar við erum að tala um hörðustu vetrarmánuðina verðum við líka að hafa í huga að hinir hörðu vetrarmánuðir eru mjög mismunandi frá ári til árs. Ég hygg t.d. að þessi tvö síðustu ár sem veðurathuganir hafa verið gerðar á Stórasandi munu leiða það í ljós að vegurinn yrði fær allt árið um kring að heita má, a.m.k. hafa ekki orðið nein válynd veður á þessum árum nema kannski brot úr degi eða dag og dag. En slíkar aftökur geta líka gerst þótt reynt sé að fara um byggð. Við sáum hvað gerðist á Fjarðarhálsi nú um daginn. Þar brast á mikil stórhríð, fárviðri eins og við vitum og er ekki einsdæmi. Ég man eftir öðru slíku og heldur verra en nú var, sennilega 1995, þannig að ef sá gállinn er á honum þá geta auðvitað orðið miklar aftökur og ég geri ráð fyrir því að veðurhæðin sé mun meiri og sviptivindar meiri í nágrenni Reykjavíkur en á Stórasandi án þess að ég geti fullyrt það.

[16:32]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður nefndi það áðan, ég hafði ekki tíma til að nefna það, að Akureyringar mundu kannski sækjast eftir því að koma sínum flutningum til hafna á Austfjörðum í stað Reykjavíkur. Ég held að það sé svo sem ekki endilega af því slæma en ég hef bundið vonir við að Akureyringar fengju meiri siglingar til sín en nú er og satt að segja átta ég mig ekki alveg á því hvers vegna þeir sem flytja vörur til landsins, versla með þær og flytja út um landið hafi ekki möguleika á því að hafa vöruhótel á Akureyri og dreifa vörum líka þaðan sem mundi auðvitað spara mikla vöruflutninga á landi. Ég tel að vert væri rannsaka hvort ekki sé hægt að breyta því munstri sem er í gangi hvað varðar flutninga á sjó til landsins þannig að stærstur hluti þeirra vara sem koma til landsins og eiga að fara á t.d. Norðurland og Norðausturland gætu komið að landi annaðhvort á Austfjarðahöfnum eða Akureyri og væri dreift þaðan. Ég held að þessir hlutir gætu hugsanlega breyst til betri áttar en nú er.

Ég vil að það komi skýrt fram að ég er ekki á móti því að hægt sé að fara í einkaframkvæmdir á vegum á Íslandi ef þær eru hagkvæmar og harmónera við þá vegi sem er verið að leggja á vegum hins opinbera. Þau viðbrögð sem hafa orðið við þessu máli urðu að hluta til vegna þess að samkvæmt kynningu á því kom mjög skýrt fram að til þess að þetta gæti orðið að veruleika þyrfti að fara í aðrar framkvæmdir sem tengdust því. Þetta var kynnt með allt öðrum hætti en hv. þingmaður talar um núna. Það var talað um að fara í þessar framkvæmdir innan þriggja ára og það kom skýrt fram að menn þyrftu á því að halda að klára vegi um Þingvallaleiðina til Reykjavíkur.

[16:34]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tillagan eins og hún var lögð fram í fyrra var ekki um leiðina frá Skagafirði til Þingvalla. Samgönguáætlun samgönguráðherra fjallaði um þann hluta leiðarinnar sem er frá Húsafelli til Þingvalla og er samþykkt á Alþingi þannig að það er ekki inni í þessum tillögum, alls ekki. Það er vegagerð sem þegar hefur verið ákveðin.

Sú nýja vegagerð sem þessi tillaga kallar á er annars vegar upp Hvítársíðuna, nokkur kafli sem hvort eð er verður að leggja og síðan eins og ég sagði vegur sunnan Blöndulóns í Skagafjörð. Það getur vel verið þegar þar kemur sögu eftir fimm, sex eða sjö ár, þegar menn svara þeirri spurningu hvort þeir vilji leggja í þessa framkvæmd sem einkahlutafélag að menn sjái ekkert því til fyrirstöðu að taka alla leiðina úr Skagafirði ef dráttur verður á því að ráðist verði í Kjalveg, um það skal ég ekki segja. Hér er eingöngu um rannsókn að tefla. Ég er að óska eftir því að ráðist verði í fullnægjandi rannsóknir til að menn geti áttað sig á því hvort skynsamlegt sé eða fært að leggja veg um Stórasand í Borgarfjörð úr Skagafirði. Um það snýst þetta mál og annað ekki.

Það kemur hins vegar á óvart t.d. varðandi Vaðlaheiðargöng að menn skulu treysta sér til að fara í þau og fá þá ekki nema 500 millj. úr ríkissjóði. Það er einkaframkvæmd sem mér finnst sjálfsagt að ráðast í fyrst heimamenn vilja bera svo mikinn hluta af byrðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala áfengis og tóbaks, 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 47. mál (sala léttvíns og bjórs). — Þskj. 47.

[16:37]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur verið flutt nokkrum sinnum áður. Undirritaður flutti svipað mál á 123. þingi en

síðan hefur þetta mál verið flutt á 130. og 131. þingi og hv. fyrrverandi þm. Vilhjálmur Egilsson flutti sambærileg mál á síðasta kjörtímabili.

Í örstuttu máli gengur frumvarpið út á það að einkasala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins með annað en sterkt áfengi verði aflögð en með sterku áfengi er yfirleitt átt við áfengi með meiri vínandastyrk en 22%. Eins og við þekkjum er hér ekki um róttækt mál að ræða þar sem fleiri aðilar en ÁTVR eru í raun farnir að versla með allt áfengi, ekki bara létt áfengi og bjór en það er þó fremur bundið við landsvæði en eitthvað annað. Það er undantekning að ríkið standi í verslunarrekstri en slíkt er arfur frá gamalli tíð. Núna er þó ríkið með áfengi í smásölu og tóbak heildsölu og það er fróðlegt að skoða þetta með tilliti til sögunnar. Áfengisverslun ríkisins var sett á laggirnar árið 1922 þegar bannlögunum var aflétt, fyrr en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, og Tóbakseinkasalan var stofnuð í byrjun 4. áratugarins þegar menn voru mjög gjarnir á að setja einokunarlög og hin ýmsu höft í íslenska löggjöf. Þar má t.d. nefna einkaleyfi á síldarsölu, einkasölu á viðtækjum, einkarétt til útvarpsreksturs. Seinna komu ýmis lög og höft vegna einokunarsölu bifreiða, símtækja og annars slíks og einungis fyrir rúmlega áratug var ríkið með einokun á því að flytja inn eldspýtur. Allt sem hér hefur verið nefnt og mörg fleiri höft og einokun sem hefur verið til staðar á Íslandi á það sameiginlegt að því hefur verið aflétt ef þetta er undan skilið.

Það hafa hins vegar orðið miklar breytingar á undanförnum árum. Ríkið átti verslunarhúsnæðið þar sem verslað var með áfengi en á seinni árum hafa menn samið við einkaaðila um að selja það og þá er ég sérstaklega að vísa til útibúa út um landið. Í rauninni má segja að nú sé það bara á höfuðborgarsvæðinu, með einni undantekningu þó, sem einkaaðilum er ekki heimilt að versla með þetta og menn þurfi þá ekkert annað en keyra t.d. austur fyrir fjall Hellisheiðina og í Hveragerði. Þar er verslað með áfengi, meira að segja sterkt áfengi í bensínstöð, og á Hvolsvelli og Hellu að ég tel, í Vík og á Djúpavogi. Þar er áfengið inni í matvöruverslunum og svo mætti lengi telja.

Það er gert ráð fyrir miklum takmörkunum í þessu frumvarpi. Það er gert ráð fyrir að sveitarfélögin ákveði afgreiðslutíma. Þó má hann ekki vera lengur en til klukkan 20 á kvöldin. Sveitarfélög geta líka sett frekari skilyrði um leyfi til að höndla með vöruna, t.d. með staðsetningu verslana og hvaða verslanir megi höndla með hana o.s.frv. Þá er gert að skilyrði að þeir sem afgreiða áfengi séu ekki yngri en 20 ára.

Rökin fyrir þessu eru einföld, virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er ekkert sem bendir til þess að einkaaðilar geti ekki séð um þennan rekstur, þeir hafa gert það með góðum árangri. Í öðru lagi liggur það fyrir að verslunarmiðstöðvum og byggðarlögum hefur verið mismunað eftir staðsetningu útibúa ÁTVR og í þriðja lagi er um að ræða mikinn kostnað sem fylgir því að hið opinbera standi í slíkum verslunarrekstri og liggur það fyrir að eignir ÁTVR eru núna áætlaðar vel yfir þrjá milljarða kr. Það er augljóst að ef við mundum losa eitthvað um þá fjármuni gætum við nýtt þá í skynsamlegri hluti en ríkisverslun.

Virðulegi forseti. Ég sé enga ástæðu til að eyða lengri tíma í að ræða þetta hér. Þetta er einfalt mál sem skýrir sig sjálft. Þetta er ekki róttækt. Þvert á móti er stigið varlega til jarðar og kannski er fyrst og fremst um jöfnun að ræða milli aðila og byggðarlaga þar sem nú er það bara á höfuðborgarsvæðinu að verslanir af þessu tagi eru ekki inni í öðrum verslunum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og allsherjarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Frv. PHB o.fl., 51. mál (aðild að stéttarfélagi). — Þskj. 51.

[16:42]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Um er að ræða að 2. mgr. 7. gr. laganna verði felld brott en þar segir svo, með leyfi herra forseta:

„Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi stéttarfélagi.“

Að mati flutningsmanna þessa frumvarps brýtur þetta ákvæði stjórnarskrána á tvennan hátt: Í fyrsta lagi er það í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að menn eigi rétt á að taka þátt í félögum en ekki sé hægt að skylda menn til þátttöku í þeim. Það er enn fremur í andstöðu við 40. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að engan skatt megi á leggja nema með lögum og er í andstöðu við 77. gr. sem segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann og tengist að sjálfsögðu eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Þetta ákvæði er merkilegt að því leyti að þar segir að menn skuli greiða í stéttarfélag fullt gjald hvort sem þeir eru félagar eða ekki. Það er líka undarlegt og í rauninni væri það heimskulegt af fólki í þeirri stöðu að ganga ekki í félagið vegna þess að það nýtur ekki þeirra réttinda sem félagið hefur upp á að bjóða svo sem sumarbústaði, sjúkrasjóði o.s.frv. Þess vegna er þetta í rauninni dulbúin skylda til aðildar að stéttarfélagi og það er ákvæði sem stjórnarskráin verndar menn gegn, það á ekki að vera hægt að skylda menn til að ganga í stéttarfélag.

Ákvæðið kann enn fremur að brjóta gegn ákvæði stjórnarskrárinnar um að skatta skuli leggja á með lögum og að ekki skuli fela stjórnvöldum, hvað þá einkaaðilum, ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Það er nefnilega svo, virðulegur forseti, og ég vil undirstrika það sérstaklega, að félagsfundur í stéttarfélagi getur samþykkt hvaða félagsgjald sem er, án hámarks. Ekkert í lögum takmarkar ákvörðun félagsfundar um að leggja

á félagsgjald. Einfaldur félagsfundur gæti t.d. ákveðið að félagsgjaldið skuli vera 100% af launum. Launaskrifstofa ríkisins yrði að innheimta það gjald samkvæmt þessum lögum. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það. Þar eru engin efri mörk og fundur í félaginu getur tekið ákvörðun um þetta, sem viðkomandi maður er ekki einu sinni aðili að af því að hann vill ekki vera í félaginu. En hægt er að taka allt að 100% af launum hans sem greiðslu til þessa félags.

Þetta segir mér að það eru engar hömlur eða takmarkanir á því hvað aðrir aðilar, einkaaðilar, geta ákvarðað að tekið sé í skatt. Þetta ákvæði brýtur náttúrlega, herra forseti, algjörlega gegn því ákvæði að skatta skuli ákveða með lögum og ekki megi fela opinberum aðilum, hvað þá einkaaðilum, að ákvarða skattana.

Ég ætla ekki að fara nánar í greinargerð með frumvarpinu. Hún hefur verið lesin í tvígang áður og ég sé enga ástæðu til að lesa það aftur. Þetta er til á prenti. En mig langar að ræða nokkuð það sem hefur komið fram varðandi það að félagsgjaldið sé þjónustugjald. Það má í sjálfu sér segja að svo sé að ákveðnu marki. Til dæmis eru stéttarfélög að semja um kaup og kjör fyrir félagsmenn sína, þar með fyrir þennan mann sem ekki vill vera félagi en nýtur kjarasamninga félagsins. En eftir að aðlögunarsamningar opinberra starfsmanna voru teknir upp þarf hver opinber starfsmaður í raun að semja um launin sín sjálfur. Þau rök eru því fallin brott fyrir utan það að stéttarfélögin semja um ákveðin lágmarkslaun. Allt annað þurfa menn að semja um sjálfir.

Svo er það líka þannig að margt af því sem stéttarfélögin berjast fyrir og veita er háð því að menn séu félagar, t.d. orlofsheimili og annað slíkt. Sá sem ekki er í félaginu og vill ekki ganga í það nýtur ekki þeirra réttinda. Þá má segja að það eina sem menn njóta af stéttarfélaginu, sem þeir eru neyddir til að greiða gjald til, séu lágmarkslaunin, þ.e. lágmarkslaun sem stéttarfélögin semja um. Margt af því sem stéttarfélögin hafa samið um, eins og orlof o.fl. er komið inn í lög. Því er ekki lengur um það að ræða að félagsmenn njóti þess af starfi stéttarfélagsins. Þess vegna á sú forsenda eða það sem menn segja, að félagsgjaldið sé þjónustugjald, ekki við nema að pínulitlu leyti, þ.e. varðar aðeins lágmarkslaun í landinu.

Nú er það þannig með flesta opinbera starfsmenn að þeir vinna ekki á lágmarkslaunum. Þeir vinna á miklu hærri launum og þurfa að semja um þau sjálfir, með hliðsjón af aðlögunarsamningum. Þess vegna er um að ræða gjald sem er í reynd skattur og þarf náttúrlega að ræða það sem slíkt.

Nú þurfum við að velta því fyrir okkur hvað er skattur. Ég held að almennur skilningur á því sé að skattur sé gjald sem er lögþvinguð greiðsla á einstakling eða fyrirtæki til opinberra aðila, þ.e. til ríkis eða sveitarfélaga. Það er fráleitt að hægt sé að leggja skatt á einstaklinga sem rennur til félaga eða einstaklingafélaga, einstaklinga sem mynda félög. Þetta gjald, sem við ræðum hér um, þ.e. að skylda menn til að greiða til stéttarfélags þótt þeir séu ekki félagar, er ekki þjónustugjald og ef það er skattur þá má ekki leggja það á þannig að það renni til félags sem ekki er opinber aðili, ríki eða sveitarfélag. Þess vegna fær þetta gjald ekki staðist.

77. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann."

Þetta ákvæði var sett inn árið 1995 með stjórnarskrárbreytingunni. Eftir það hafa menn þurft að breyta ýmsum lögum þar sem ráðherra hafði áður heimildir til að hækka skatta, t.d. miðað við verðlag. Þess vegna liggja fyrir á hverju hausti frumvörp um breytingar á ýmsum gjöldum, þjónustugjöldum og öðru, sem Alþingi verður að taka ákvörðun um.

Ákvæðið sem hér er lagt til að fella niður er skattur. Því á að skipa með lögum og það má ekki fela stjórnvöldum, hvað þá einkaaðilum, ákvörðun um að breyta því eða afnema hann. Félagsgjaldið er nefnilega ákveðið á félagsfundi þar sem einhverjir einstaklingar, sem ekki eru til þess kjörnir af löggjafarsamkundu þjóðarinnar, breyta skattinum eða geta afnumið hann eða hækkað hann, meira að segja ótakmarkað eins og ég nefndi áður.

Nú skulum við hugsa okkur það, og hverfa aftur til árdaga verkalýðshreyfingarinnar, herra forseti, að konur á barnaheimili stofni stéttarfélag, þeim þyki kjör sín bág og léleg, að of mikið fari í skatta og félagsgjöld o.s.frv. og vilji stofna stéttarfélag til að berjast fyrir kjörum sínum. Samkvæmt stjórnarskránni er þeim það heimilt, herra forseti. Jafnvel þótt þetta ákvæði segi þeim að þær eigi að borga í stéttarfélag þá eru þær ekki ánægðar með það stéttarfélag. Þær hafa engin áhrif þar og vilja berjast fyrir kjörum sínum sjálfar, sem þær að sjálfsögðu mega.

Þá lenda þær í dálítið skrýtinni stöðu því að stéttarfélagið, sem þær eru neyddar til að greiða í, væri örugglega ekki ánægt með þeirra framtak. Það mundi berjast gegn þeim með peningum sem þær sjálfar eru neyddar til að greiða til þess. Þær yrðu látnar borga vöndinn sem flengdi þær, herra forseti. Þetta er náttúrlega fráleit staða fyrir fólk sem berst fyrir kjörum sínum. Konur á barnaheimili sem eru óánægðar með kjör sín og stofna til þess stéttarfélag mundu lenda í baráttu við stéttarfélag sem þeim er gert, samkvæmt þessum lögum, að greiða til. Þetta fyrirkomulag minnir óhuggulega mikið á það sem viðhaft var í stéttarfélögum í Sovétríkjunum forðum, þar sem menn voru neyddir til að greiða í stéttarfélög sem tóku allar ákvarðanir með 100% þátttöku.

Það hefur komið fram í umræðum um þetta mál, sérstaklega hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem er formaður BSRB og því miður ekki viðstaddur umræðuna en þyrfti að vera það, að það sé árás á verkalýðshreyfinguna. Það er dálítið skrýtið. Getur verið að verkalýðshreyfingin þurfi lagaskyldu, að skylda þurfi fólk með lögum til að greiða í stéttarfélög vegna þess að fólk vilji ekki borga í stéttarfélögin? Getur verið að það þurfi lagaskyldu til að þvinga fólk inn í stéttarfélög af því að það vilji ekki vera þar? Þá mundi ég, sem forustumaður í verkalýðshreyfingunni, hugsa minn gang allverulega og athuga hvort ekki sé eitthvað að í starfseminni fyrst að skylda þarf félagsmenn til að vera í félaginu. Það er náttúrlega orðið dálítið alvarlegt.

Svo hafa menn sagt að það sé dálítið skrýtið að aldrei hafi reynt á þetta mál fyrir Hæstarétti. Það er í raun ekkert skrýtið. Dómstólum landsins, öllum fyrir utan Hæstarétt, er gert að dæma samkvæmt orðanna hljóðan í lögum. Það stendur í stjórnarskránni sjálfri að það eigi að dæma sam-

kvæmt orðanna hljóðan. Þeir hljóta þá að fara eftir þeim lögum sem Alþingi hefur sett, nema Hæstiréttur þegar hann tekur að sér hlutverk stjórnlagadómstóls, sem hann gerir einstaka sinnum og ætti þá að sjálfsögðu að vera fullskipaður — það er bara svona athugasemd frá mér að allir dómarar Hæstaréttar ættu að taka þátt í því þegar dæmt er um hvort lög standist stjórnarskrána. Hæstiréttur ætti þá að dæma í svona máli, hvort það standist stjórnarskrána. Hann einn getur það.

Svo er annað dálítið skrýtið í þessu máli. Samkvæmt þessu ákvæði eiga allir opinberir starfsmenn að borga í stéttarfélag, hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki. Stéttarfélögin mynda svo bandalag sem er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, kallað BSRB alla daga. Til þess þarf fólk að borga. Nú er það svo að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja heldur á lofti alls konar sjónarmiðum, pólitískum sjónarmiðum. Það hefur lagt fram tillögur um skattamál, lagt fram tillögur um vatnsréttindi og meira að segja lagt til að vatnsréttindi verði sett inn í stjórnarskrána, verði stjórnarskrárákvæði um mannréttindi.

Nú getur vel verið að eitthvað af því fólki sem neytt er til að greiða inn í þessi samtök sé ekki endilega pólitískt sammála forustunni. Það skyldi þó ekki vera? En þeir eru neyddir til að borga þann áróður sem BSRB er að dreifa. Þeir eru neyddir til þess með lögum frá Alþingi að greiða félagsgjald til BSRB, sem básúnar um alls konar pólitísk mál sem koma stéttabaráttu ekkert við. Ég get ekki séð að það komi kjörum opinberra starfsmanna á Íslandi nokkurn skapaðan hlut við hvort vatnsréttindi eru virt í Brasilíu eða annars staðar þótt það sé vissulega heilmikið mál. Ég dreg ekkert úr því. En það er pólitískt mál og ætti að vera á verksviði pólitískra flokka en ekki stéttarfélaga, síst af öllu stéttarfélaga sem mönnum er gert að greiða til hvort sem þeir vilja eða ekki, gert að greiða til hvort sem þeir vilja vera félagsmenn eða ekki.

Það er dálítið skrýtið að fólki sé gert að borga til stéttarfélags sem hefur pólitískar meiningar, sem geta staðið þvert á skoðanir viðkomandi starfsmanna. Þeir eru náttúrlega í öllum flokkum, opinberir starfsmenn, nákvæmlega eins og landsmenn allir. Það getur verið dálítið skrýtið fyrir sjálfstæðismann, samfylkingarmann eða framsóknarmann í BSRB að þurfa að borga skatt til stéttarfélags sem rennur til BSRB meðan formaður BSRB er þingmaður fyrir ákveðinn flokk, engum af þeim þremur sem ég taldi upp. En hann hefur ákveðin pólitísk sjónarmið á Alþingi og básúnar um þau en vinnur jafnframt í krafti félagsaðildar þess fólks sem verður að greiða í viðkomandi stéttarfélög. Þetta er dálítið alvarlegt, finnst mér, að BSRB skuli taka upp pólitíska stefnu.

Það hefur verið nefnt áður að ýmislegt fleira er undarlegt hér á landi í þessum efnum. Það eru allt saman leifar frá gamalli tíð, ákveðnu sovétskipulagi sem var hér í gangi. Þar er t.d. búnaðargjald en ég átti von á að í dag yrði dreift frumvarpi frá mér um að leggja það niður. Bændum er gert að greiða til verkalýðsfélags bænda, þ.e. Bændasamtaka Íslands. Með nákvæmlega sömu rökum ætti það gjald ekki að vera til. Ef bændur vilja mynda samtök, mynda búnaðarsamtök eða hvað það er, þá mega þeir það að sjálfsögðu en þeir eiga að hafa frjálst val um hvort þeir borgi til bændasamtaka og myndi stéttarfélög. Það á ekki að leggja skatt á bændur í þessu skyni.

Bændur hafa lengi borgað til Lánasjóðs landbúnaðarins sem nú er búið að einkavæða og selja. Það er mjög jákvætt og þá þarf náttúrlega að lækka gjaldið hvort sem er. En ég vil að það verði fellt alveg niður og svo geti bændur ákveðið hvort þeir vilji borga í Bændasamtökin eða ekki.

Svo eru það sóknargjöldin. Þau eru nefskattur sem er lagður á og rennur til Háskóla Íslands eða trúfélags viðkomandi, þ.e. til Háskóla Íslands ef maður er ekki í trúfélagi. Þetta er náttúrlega bara skattur. Hann er óréttlátur vegna þess að sumir menn fara ekki í háskólann og eru ekki í neinu trúfélagi en er samt gert að greiða. Svo er það STEF-gjaldið sem menn ættu vissulega að skoða. Öll þessi gjöld er ég að skoða.

Gjöld eru lögð á með lögum og innheimt af ríkisvaldinu, þ.e. gjöld t.d. á tölvur og disklinga. Þetta er tekið af tollstjóra. Tollstjóri innheimtir þetta eins og hvern annan toll. Og hvert skyldi hann renna, herra forseti? Hann rennur til einstaklinga. Hann rennur til einstaklinga sem eru rithöfundar eða tónsmiðir. Hann rennur ekki til þeirra sem aðallega nota tölvur sem höfundar, þ.e. forritara. Nei, nei. Hann rennur til sérstakra listamanna, ekki allra. Ég fullyrði að geisladiskar sem eru seldir eru vissulega notaðir mikið undir tónsmíðar en þeir eru líka notaðir mikið undir ljósmyndir, ljósmyndir einstaklinga sem taka myndir á myndavélina sína og eiga höfundarrétt að þeim myndum. En þeir fá engin STEF-gjöld. Svo að maður tali nú ekki um forritin sem eru geymd í alls konar afritum og í tölvum og höfundarréttur er að, þ.e. sem forritarar og hugbúnaðarmenn eiga höfundarrétt að. Þeir fá ekki neitt. Það er ákveðin lítil klíka listamanna sem notar ríkið til að innheimta fyrir sig höfundarréttinn.

Nú hef ég ekkert á móti höfundarrétti. Ég er meira að segja mjög hlynntur því að höfundarréttur sé mjög styrkur og hann sé tryggur eignarréttur. Hann þarf að vera. Hann er mjög nauðsynlegur. En ég er á móti því að ríkið sé notað til að innheimta þetta gjald.

Svo má nefna afnotagjald til RÚV sem ég hef lagt fram frumvarp um sem liggur fyrir Alþingi núna. Það er um að að aflétta afnotagjaldinu, leggja það af, reyndar einkavæða RÚV og selja það en að útvarpsráð starfi áfram og fái tekjur úr ríkissjóði sem stafi af lækkun á persónuafslætti. Það held ég að sé miklu skynsamlegri og betri leið til að innheimta útvarpsgjald af öllum Íslendingum. Ég vil sem sagt að útvarpsráð fái þessa peninga og bjóði út gerð þátta, gerð frétta o.s.frv. til allra útvarpsstöðva, þar á meðal til RÚV sem mundi starfa áfram í eigu starfsmanna sinna að mestu leyti.

Svo má nefna iðnaðarmálagjald sem rennur til Félags íslenskra iðnrekenda sem er aftur í samkeppni við önnur samtök atvinnurekenda eins og Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands. Ég sé enga ástæðu til þess að iðnrekendur séu skyldaðir til að greiða félagsgjald til Samtaka iðnaðarins. Ég held að það sé reyndar mjög óhollt fyrir Félag íslenskra iðnrekenda að njóta svona skatttekna því að þá breytist það hægt og rólega í opinbera stofnun.

Svo má nefna iðgjald í lífeyrissjóð sem er að vissu leyti þjónustugjald eða að mjög stóru leyti. En samt má benda á

að það stendur ekki alltaf undir þeim bótum sem lífeyrissjóðirnir greiða.

Svo er til mjög skrýtið fyrirbæri sem heitir Fiskræktarsjóður. Það er reyndar falið í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Þar stendur að það skuli greiða þrjú prómill af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, þar á meðal t.d. Kárahnjúkavirkjun. Af Kárahnjúkavirkjun sem er uppi á hálendinu — þetta er jökulvatn sem ekki eitt einasta lifandi kvikindi lifir í — þarf að borga fiskræktargjald sem rennur til þess að rækta fisk og kaupa upp laxveiðileyfi um alla Evrópu og alls konar þátta sem koma framleiðslu raforku ekkert við. Ég mun vinna að því að leggja þennan skatt líka niður. Ég held að ríkið sé að standa að innheimtu alls konar félagsgjalda og undarlegra skatta sem eru í reynd ekki skattar af því að þeir renna ekki til ríkis eða sveitarfélaga. Þeir renna ekki til opinberra aðila. Ég held að það sé mjög óeðlilegt að ríkið standi í svona innheimtu. Allt eru þetta, herra forseti, leifar frá fornri, gamalli tíð og dálítið undarlegt að þetta skuli enn þá vera í gildi í lagasafninu.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti. Þetta mál hefur verið lagt fram nokkrum sinnum áður og í greinargerðinni er þetta tekið allt fram. Ég legg til að að lokinni umræðu verði að málinu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 49. mál. — Þskj. 49.

[17:05]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Ég hef reyndar talað fyrir henni áður. Ég flutti hana á síðasta þingi ásamt hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þá var tillagan líka send út til nokkurs fjölda umsagnaraðila og ég mun í ræðu minni gera grein fyrir niðurstöðum þeirra umsagna og kannski ástæðum þess að ég ákveð að flytja tillöguna aftur.

Tillagan gengur út á það Alþingi álykti að forræði rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma flytjist frá iðnaðarráðherra til umhverfisráðherra og að flokkun vatnsfalla og jarðhitasvæða samkvæmt henni verði lögð fyrir Alþingi til nánari ákvörðunar um verndun og nýtingu þeirra, þ.e. að grundvallaratriðið verði það að rammaáætlunin fái stjórnsýslulegt vægi og Alþingi staðfesti þá röðun sem starfshópar rammaáætlunarinnar komast að niðurstöðu um.

Rammaáætlunin hefur verið umdeild, því miður. Ég held að menn séu almennt svo sem sáttir við að hún sé gerð. En það hefur verið umdeilt á hvern hátt hún er nýtt. Gríðarlegur kostnaður fór í að gera fyrsta áfanga rammaáætlunar. Það var hátt yfir 500 millj. kr. sem hún kostaði á sínum tíma þegar ráðist var í gerð hennar og það var kostnaður sem tók til tveggja eða þriggja ára. Gríðarlega mikil vinna var lögð í hana. Ég held ég muni það rétt að um 70 manns hafi komið að vinnunni. Reyndar var svo sem kannski aðeins fagleg slagsíða sem gagnrýnd var í þeim efnum í starfshópunum. Ég held að í verkefnisstjórninni hafi einungis verið einn líffræðingur á móti fimm verkfræðingum. Það var svo sem ýmislegt gagnrýnt í þeim efnum.

Í nóvember 2003 lágu fyrir niðurstöður fyrsta áfangans og hæstv. iðnaðarráðherra lagði fram skýrslu á Alþingi um þær niðurstöður og þær voru afar athyglisverðar að mörgu leyti. Hér fór fram talsverð umræða um þessar niðurstöður. En það var alveg ljóst í þeirri umræðu að niðurstöðurnar ætti ekki að nýta á þann hátt sem ég hefði talið eðlilegan. Iðnaðarráðherra taldi að þær mætti nýta sem grunn fyrir mat á frumáætlunum virkjana og að stjórnvöld gætu mögulega nýtt sér niðurstöðurnar sem grundvöll að stefnumörkun í orku- og náttúruverndarmálum. En í raun var ekkert sagt um þetta stjórnsýslulega gildi sem ég tel svo mikilvægt að verði kveðið á um afdráttarlaust.

Mér finnst því liggja í hlutarins eðli að iðnaðarráðherra ætli sér að taka ákvarðanir á grundvelli fyrirliggjandi vinnu og að stjórnvöld hafi alls ekki í hyggju að gefa þeirri flokkun sem fólgin er í niðurstöðum fyrsta áfangans neitt skuldbindandi vægi eða lagagildi og þykir mér það mjög miður. Í orði kveðnu láta hæstv. ráðherrar eins og rammaáætlunin hafi gildi. Þannig talaði hæstv. forsætisráðherra um rammaáætlunina í stefnuræðu sinni í fyrra haust í kaflanum um náttúruvernd. Sá kafli ræðunnar hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Sérstök áhersla verður lögð á að styrkja náttúruvernd og málefni þjóðgarða og unnin landsáætlun um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Haldið verður áfram vinnu við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þar sem lögð er áhersla á að afla sem bestra upplýsinga um náttúrufar."

Í umræðum um stefnuræðuna sagði svo hæstv. umhverfisráðherra um rammaáætlunina, með leyfi forseta:

„Afar mikilvægt er að ljúka rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma svo að heildarsýn fáist yfir alla helstu virkjanakosti í landinu og áhrif þeirra á umhverfið. Á þann hátt verða til grunnupplýsingar sem gera okkur fært að samræma vernd og nýtingu orkuauðlinda þjóðarinnar á sjálfbæran hátt í framtíðinni."

Þarna kemur nú hæstv. umhverfisráðherra inn meginsjónarmiðum sínum í þessum málum, þ.e. að nýting og vernd eigi að geta farið saman. Hún hefur reyndar ekki fært okkur heim sanninn um það á hvern hátt hún sjái það gerast, hvort hún sjái það geta gerst án þeirra miklu átaka sem hafa verið undanfarin ár um nýtingu vatnsaflsins t.d. og náttúruverndarinnar hins vegar. En það alla vega kemur í ljós í ræðum þessara tveggja hæstv. ráðherra, forsætisráðherra og umhverfisráðherra, að þau hafa rammaáætlunina svona alveg á dagskrá, alla vega á spássíunni, og hún kemst inn í ræður þeirra.

En hvað hefur hæstv. iðnaðarráðherra sagt um áframhaldandi vinnu við rammaáætlun? Jú, hún hefur látið þess getið, bæði í þeirri skýrslu sem ég gat um áðan og einnig í ræðum, að búið sé að setja af stað vinnu við annan áfanga áætlunarinnar, sú vinna eigi að fara fram núna á þessu ári og kannski næstu þremur árum, eftir því sem hún hefur lát-

ið hafa eftir sér. En hún hefur jafnframt sagt að þeirri vinnu muni stýrt af fámennari verkefnisstjórn en þeirri sem vann fyrsta áfangann og að verkefnisstjórnin verði einungis skipuð fulltrúum frá iðnaðar- og umhverfisráðuneyti auk helstu hagsmunaaðila.

Þetta gagnrýni ég harðlega, virðulegi forseti. Þarna finnst mér strax að hæstv. iðnaðarráðherra sé búinn að gengisfella þá vinnu sem nú þegar hefur farið fram með því að hún ætlar ekki að skipa málum með sama hætti í síðari áfanga. Nú tel ég alveg einsýnt að ef taka á mark á þessari vinnu þá þarf að leggja jafnmikið í hana eins og lagt var í fyrsta áfanga þar sem starfshóparnir voru öflugir og mjög margir komu að málinu. Það skiptir verulegu máli að því verklagi sé haldið. En það á greinilega ekki að gera og mér finnst þetta vera til staðfestu um það að hæstv. iðnaðarráðherra hafi ekkert að gera með að hafa forræðið á þessari rammaáætlun. Mér finnst einsýnt í ljósi þess hvernig hún ætlar að véla með þessi mál núna í áframhaldinu að hæstv. umhverfisráðherra fái þau á sitt borð. Mér finnst það vera algjört lágmark að hæstv. ríkisstjórn segi okkur, láti okkur í té eða færi okkur heim sanninn um það að hún meini eitthvað með gerð rammaáætlunarinnar og að forræðið verði fært frá iðnaðarráðherra yfir til umhverfisráðherra.

Umsagnaraðilar um þessa tillögu frá síðasta þingi voru nokkuð margir og segja má að sjónarmið manna skiptist algerlega í tvö horn. Þannig má segja að allur náttúruverndargeirinn fylki sér um þessa tillögu og sé sammála henni í grundvallaratriðum á meðan orkufyrirtækin og stofnanir iðnaðarráðuneytisins setja sig upp á móti henni. Kemur það nokkrum á óvart, hæstv. forseti? Ekki mér. Auðvitað lýsir þetta engu öðru en því á hvern hátt sjónarmið skipast í þessum efnum. Menn skiptast algerlega í tvo flokka. Það er engin sátt i sjónmáli.

Ég tel að ef ná á einhverri sátt um niðurstöðu nýtingar annars vegar og verndar hins vegar þá verði það mögulegt eingöngu ef sú vinna verður höfð á forræði hæstv. umhverfisráðherra.

Nú verður auðvitað að taka það fram, og það veit alþjóð, að ég treysti svo sem umhverfisráðherrum misvel. Það fer mjög eftir því líka hvaða einstaklingur situr í embætti viðkomandi ráðherra í það og það skiptið. Ég vil samt segja að það er sama hvaða einstaklingur situr í embætti hæstv. umhverfisráðherra, ég mundi treysta viðkomandi betur sem málsvara umhverfisins til þess að leiða þessa vinnu til lykta heldur en hæstv. iðnaðarráðherra. Þar finnst mér rammaáætlunin vera fullkomlega „malplaseruð“ og mér finnst hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir hafa sýnt það oftar en einu sinni svo um munar.

Læt ég hér máli mínu lokið og óska eftir því að tillögunni verði vísað áframhaldandi til síðari umr. með viðkomu í hv. umhverfisnefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 78. mál (sameiginleg forsjá barns). — Þskj. 78.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:13]

Útbýting:

Afleysingar presta, 308. mál, fsp. AKG, þskj. 328.

Efnistaka úr botni Hvalfjarðar, 304. mál, fsp. GAK, þskj. 324.

Grisjun þjóðskóga, 307. mál, fsp. ÞBack, þskj. 327.

Íbúðabyggingar, 305. mál, fsp. KÓ, þskj. 325.

Útivist í þjóðskógum, 306. mál, fsp. ÞBack, þskj. 326.

Út af dagskrá voru tekin 10., 13., 15. og 17. mál.

Fundi slitið kl. 17:15.

20. FUNDUR

mánudaginn 14. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Gjaldfrjáls leikskóli, þáltill., 26. mál, þskj. 26. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Vegagerð um Stórasand, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Sala áfengis og tóbaks, frv., 47. mál, þskj. 47. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 51. mál, þskj. 51. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Barnalög, frv., 78. mál, þskj. 78. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 281. — Frh. 1. umr.
8. Textun, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
9. Lögreglulög, frv., 46. mál, þskj. 46. — 1. umr.
10. Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.
11. Áfengislög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:01]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 4. þm. Norðvest., Einari K. Guðfinnssyni, dags. 11. nóvember:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, Guðjón Guðmundsson, Akranesi, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Guðjón Guðmundsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill tilkynna að nú á eftir, að loknum atkvæðagreiðslum um fyrstu sex dagskrármálin, fer fram umræða utan dagskrár um skólagjöld við opinbera háskóla. Málshefjandi er hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:02]

Útbýting:

Alþjónusta í fjarskiptum, 244. mál, svar samgrh., þskj. 331.

Brottfall laga um búnaðargjald, 311. mál, frv. PHB, þskj. 338.

Fjáraukalög 2005, 144. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 334; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 335; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 336; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 337.

Íbúðalánasjóður, 196. mál, svar félmrh., þskj. 332.

Mannaráðningar hjá Ríkisútvarpinu, 249. mál, svar menntmrh., þskj. 333.

Merkingar ásetningsfjár, 309. mál, fsp. ÞBack, þskj. 329.

Uppbygging héraðsvega, 310. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 330.

Útflutningur dilkakjöts, 130. mál, svar landbrh., þskj. 317.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ummæli forsætisráðherra um öryggis- og varnarmál.

[15:04]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins vegna ummæla sem hæstv. forsætisráðherra lét falla á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins núna um helgina. Það var haft eftir forsætisráðherra og vitnað í ræðu hans í fjölmiðlum þar sem fram kom að mikill skoðanamunur væri í öryggis- og varnarmálum milli íslenskra stjórnvalda og áhrifamikilla afla í Bandaríkjunum. Svo sagði hæstv. forsætisráðherra í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Við munum aldrei neyða þá til að vera hér ef þeir vilja ekki vera hér [þ.e. Bandaríkjamenn og herinn]. Við munum heldur ekki biðja þá um að vera hér ef þeir vilja ekki vera hér," sagði forsætisráðherra.

Þegar ég sá þetta fór ég að hugsa um að þessi orðræða hljómaði eitthvað sérkennilega vegna þess að ég hélt að málið snerist ekki um það hvort Bandaríkjamenn vildu vera hér eða ekki, heldur hvort við teldum þörf á því að þeir væru hér eða ekki vegna okkar varnarhagsmuna.

Það sem vafðist líka fyrir mér þegar ég las þessi orð forsætisráðherra var hver skilaboðin væru, hvaða skilaboð væri verið að senda út í samfélagið. Óneitanlega voru þetta mjög ákveðin skilaboð en ekki að sama skapi ljóst hvað í þeim fólst. Voru skilaboðin þau að verið væri að búa þjóðina undir að samningar muni ekki takast við Bandaríkjamenn eða voru skilaboðin þau að niðurstaða þessara samninga muni verða á skjön við samningsmarkmið ríkisstjórnarinnar?

Samningsmarkmið ríkisstjórnarinnar var að hér ættu að vera fjórar orrustuþotur á landinu, það væri lágmarksviðbúnaðurinn. Ég dreg í efa að það sé endilega rétt en það skiptir ekki máli. Þetta var það samningsmarkmið sem ríkisstjórnin setti sér, þetta var hinn sýnilegi lágmarksviðbúnaður sem hér þyrfti að vera. Er verið að segja að ríkisstjórnin muni ekki ná þessu samningsmarkmiði sínu, að það hafi verið óraunsætt samningsmarkmið þegar lagt var af stað?

[15:06]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það er alveg ljóst af hálfu ríkisstjórnarinnar að við teljum að hér verði að vera sýnilegar varnir. Það er líka alveg ljóst af hálfu ríkisstjórnarinnar að við teljum að það eigi að byggja á varnarsamningnum við Bandaríkin og við þurfum að ná samningum á þessum grundvelli við Bandaríkjastjórn. Þetta hefur tekið langan tíma og næsta vor verða liðin fimm ár síðan sá samningur sem síðast var gerður rann út.

Á öllum fundum í okkar flokkum eru öll mál rædd og eins var á þessum. Ég taldi ástæðu til þess að ræða þetta mál, enda hvílir það þungt á mörgum. Öryggis- og varnarmál þjóðarinnar skipta máli. Það er skoðun okkar í ríkisstjórninni að hér þurfi að vera sýnilegar varnir og það ítrekaði ég á þessum fundi og ég lýsti líka yfir óánægju með það hversu hægt þetta gengi. Ég tel að þeir aðilar í Bandaríkjunum sem telja ekki nauðsynlegt að hafa þær varnir sem hér eru núna hafi verið alláhrifamiklir í þessu máli. Það er engin launung á því að það eru skiptar skoðanir um þessi mál af hálfu bandarískra stjórnvalda.

Ég teldi mjög mikilvægt, frú forseti, að hér kæmi fram við þessa umræðu hver skoðun Samfylkingarinnar í þessu máli væri. Eftir því sem samstaðan er víðtækari um þetta mál þeim mun betra. Ég vænti þess að Samfylkingin geti lýst því hér yfir að skoðun hennar sé sú að það eigi að byggja áfram á varnarsamningnum við Bandaríkin og að hér þurfi að vera sýnilegar varnir. Ég teldi það mjög mikilvægt að af hálfu formanns Samfylkingarinnar kæmi það fram við þessa umræðu.

[15:08]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það sem hefur komið fram í fréttum um helgina um þetta mál er það sem áður var vitað, að þessar samningaviðræður Íslands og Bandaríkjanna ganga hægar en við höfðum gert okkur vonir um og að það er lengra bil á milli aðila en menn höfðu áður talið. Það eru í sjálfu sér engar stórar eða nýjar fréttir þó að niðurstaðan sem varð í síðasta mánuði hafi auðvitað orðið okkur vonbrigði.

Við gerum okkur áfram vonir um að hægt verði að koma þessum málum í farveg sem er viðunandi fyrir báða aðila. Hér er um að ræða samning um framkvæmd sem byggist á varnarsamningnum frá 1951 og við vitum ekki annað en að gagnaðilinn, þ.e. Bandaríkjastjórn, hafi fullan hug á því að efna þann samning eins og verið hefur. Útfærsluna á eftir að finna og hún mun vonandi finnast í þeim samningaviðræðum sem fram undan eru.

Það er athyglisvert að formaður Samfylkingarinnar skuli fitja upp á þessu máli í dag, í sömu viku og umræður munu fara fram um skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismálin. Það er athyglisvert vegna þess að umræddur formaður, hv. formaður Samfylkingarinnar, flutti sjálf mikla ræðu á flokksfundi hjá sér um helgina án þess að minnast einu einasta orði á varnarmál sem er að sjálfsögðu í samræmi við þá staðreynd að í stjórnmálaályktun landsfundar Samfylkingarinnar frá því í maí á þessu ári er ekki vikið orði að varnarmálum frekar en að þau væru ekki til.

Það er ástæða til að fagna hinum nýja áhuga formanns Samfylkingarinnar á þessum mikilvægu málum.

[15:10]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það verður að segjast eins og er að það er ákaflega skrýtið ferli sem virðist vera í gangi í samningum á milli íslenska ríkisins og Bandaríkjastjórnar um hvernig viðhalda eigi varnarsamningnum og hvernig eigi að taka á þeirri einhliða yfirlýsingu sem kom frá Bandaríkjamönnum í maí 2003 um að þeir vildu fara með herþoturnar burt af Keflavíkurflugvelli og draga þar verulega úr starfsemi.

Það er afskaplega misvísandi, það sem sagt hefur verið í þessari umræðu alveg frá upphafi. Maður hlýtur að velta fyrir sér: Hvað var vitað strax í maí 2003? Hvernig lágu málin þá og hvað hefur verið gert síðan? Höfum við í raun nokkuð náð að þoka þessum málum áfram síðan rétt fyrir kosningar í maí 2003?

Við höfum áður rætt þessi mál á Alþingi. Við höfum rætt þau í tengslum við fund sem þáverandi hæstv. forsætisráðherra átti með Colin Powell. Hann sagði þann 22. nóvember á þingi að niðurstaða þess fundar væri sú að nú hæfust embættismannaviðræður á þeim grundvelli sem þeir hefðu rætt um. Það er stutt síðan sagt var úr þessum ræðustól að engar samningaviðræður væru hafnar. Er furða þó að maður spyrji: Hvað er um að vera? Um hvað er verið að ræða í þessum viðræðum? Í hvert skipti sem spurt er virðast menn ekki geta svarað.

Þetta mál er að sjálfsögðu tvíþætt, náttúrlega varnarþátturinn sem er afar mikilvægur en ekki síður atvinnuhagsmunir fyrir þá sem búa á Suðurnesjum. Sá sem hér stendur hefur oft komið í pontu og viljað ræða þau mál en hæstv. ríkisstjórn hefur lítið viljað ræða atvinnuþáttinn á Suðurnesjum. Óvissan þar er orðin algjörlega óþolandi, sérstaklega þessi misvísandi skilaboð aftur og aftur. Við hljótum að fara að kalla eftir einhverjum raunverulegum svörum við þeim spurningum sem reistar eru.

[15:12]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég furða mig á því að þetta mál skuli tekið upp nú undir þessum lið, bæði í ljósi þess að umræður um skýrslu utanríkisráðherra fara fram á fimmtudaginn og þar að auki liggur fyrir utandagskrárbeiðni um sama efni frá hv. þm. Jóni Gunnarssyni, þingmanni Samfylkingarinnar. Þess vegna átta ég mig ekki á því að þetta skuli tekið upp undir þessum lið.

Hvað efni málsins varðar er auðvitað ólíðandi að Bandaríkjamenn skuli hafa dregið lappir í þessu máli. Það eru fimm ár síðan samningurinn rann út og Bandaríkjamenn

virðast vera afar tregir til að ganga frá endurnýjuðum samningi. Rétt er að minna á að hann á að byggja á tvíhliða samkomulagi milli Íslands og Bandaríkjanna sem lúta að öryggis- og varnarmálum íslensku þjóðarinnar. Þeirri óvissu þarf að sjálfsögðu að eyða, óvissu sem snertir öryggis- og varnarmál en ekki síður óvissu þeirra hundruða starfsmanna sem þar búa við stöðuga óvissu. Ef Bandaríkjamenn hyggjast fara eiga þeir að sjálfsögðu að segja það beinum orðum þannig að hægt sé að bregðast við og eyða þar með þessari óvissu. Öryggis- og varnarmál skipta okkur miklu máli og við skulum heldur ekki gleyma því að þetta skiptir daglegt líf hundruða manna og fjölskyldna miklu máli. Óvissunni þarf að eyða.

[15:14]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég gladdist í hjarta mínu þegar ég hlustaði á hádegisfrétt Ríkisútvarpsins um helgina og heyrði þar bút úr ræðu hæstv. forsætisráðherra og síðan viðtalsbút við hann og annað sem eftir honum var haft því að það sem hæstv. forætisráðherra sagði var í raun og veru efnislega nákvæmlega það sama og ég talaði um fyrir einu og hálfu til tveimur árum. Þá viðraði ég einmitt hugmyndir um það að ef Bandaríkjamenn vildu ekki vera hér lengur yrði hreinlega svo að vera en þá ættum við að notfæra okkur stöðu okkar í NATO og leita eftir nánara samstarfi við aðrar bandalagsþjóðir, vinaþjóðir okkar, til að mynda Norðmenn, Dani, Þjóðverja, Breta. Það væri langeðlilegasti leikurinn í stöðunni eins og mál virtust vera að þróast. Ég hygg að þarna sé raunhæft að fara út í ákveðnar þreifingar því að við erum í NATO. Við erum ekki í hernaðarbandalagi við Bandaríkjamenn, við erum í NATO. Það er alveg augljóst að nágrannar okkar í Evrópu hljóta að hafa ákveðinna hagsmuna að gæta í Norður-Atlantshafi. Við erum jú eyja þar. Það mætti hugsa sér samvinnu við þá á ýmsum sviðum í varnarmálum því að við megum ekki gleyma því að þó að það sé friðvænlegt núna, akkúrat nú um stundir, getur skorist í odda milli þjóða. Við erum áfram á viðkvæmu svæði.

Það má hugsa sér að brotist gætu út átök norður af okkur, til að mynda á Svalbarðasvæðinu. Það má vel hugsa sér að Rússar muni enn á ný hugsa sér til hreyfings. Þar er stjórnmálaástandið enn mjög óstöðugt og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, virðulegur forseti, að vinaþjóðir okkar í austri, þ.e. í Evrópu, vilji ekki ígrunda það vandlega hvort ekki sé full ástæða fyrir þær að vera áfram í varnarbandalagi með okkur Íslendingum.

Enn og aftur, ég fagna yfirlýsingum forsætisráðherra.

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það ber vel í veiði að næstkomandi fimmtudag verður hér umræða um utanríkismál. Vonandi geta bæði forsætisráðherra og utanríkisráðherra verið þá viðstaddir og við rætt þetta mál ítarlegar en hér gefst tími til. Merkileg ummæli hæstv. forsætisráðherra á þá leið að heriinn geti þá bara farið ef hann vilji ekki vera hér, sem eru auðvitað stórmerkileg ummæli í sjálfu sér, eru það kannski aðallega af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi hefði hæstv. ráðherra væntanlega ekki þurft að taka þetta fram nema vegna þess að einmitt þetta sem hann er að reyna að þvo af sér og ríkisstjórn sinni hafa menn verið að reyna, þ.e. að reyna að fá herinn til að vera hér þó að hann vilji ekki vera hér. Annars hefði maðurinn ekki þurft að taka þetta fram. Liggur það ekki í augum uppi?

Hið síðara bendir auðvitað til mikillar gremju, ef ekki uppgjafar, af hálfu ríkisstjórnarinnar og það er athyglisvert ef svo er komið að hæstv. forsætisráðherra metur stöðuna meira og minna tapaða frá sínum sjónarhóli eða sínum viðhorfum í málinu.

Hæstv. forsætisráðherra vill gjarnan vita hér hvort hann hafi stuðning flokka til þess að halda í herinn sem á fínu máli heitir að viðhalda hér sýnilegum vörnum. Það eru fjórar gamlar F15 orrustuþotur óvopnaðar — það eru „sýnilegar varnir" sem er kurteisisorðið yfir að halda hérna í herinn þó að herinn vilji fara. Það skal a.m.k. vera á hreinu að hæstv. forsætisráðherra hefur ekki stuðning Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs til þess. Það er forneskja, það er úrelt og fáránlegt að reyna að ríghalda hér í fullkomlega óþörf og ástæðulaus hernaðarumsvif uppi á Íslandi án nokkurs sýnilegs tilgangs, sem enginn sér neinn tilgang með nema hæstv. ríkisstjórn og þá þeir sem ætla að gjöra svo vel að styðja hana að málum í því að sitja föst í þeirri forneskju að halda úti hernaðarbrölti uppi á Íslandi sem engin ástæða er til og ekkert annað er en sóun á fjármunum.

Það sem á að gera er að snúa sér að því að takast á við þessar breytingar, sérstaklega eins og þær snúa að Suðurnesjum og atvinnulífi þar, og það er ekkert ofverkið Íslendinga að (Forseti hringir.) komast í gegnum afleiðingar þeirra breytinga (Forseti hringir.) að herinn fari úr landi án þess að af því hljótist nein umtalsverð skakkaföll.

[15:19]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er svolítið merkilegt að við séum að ræða þessi mál hér en gott og vel, menn geta notað þetta form til þess að hefja svona almenna utandagskrárumræðu. Það á að fara fram önnur slík hér síðar og eins og búið er að benda á á að fara fram umræða um utanríkismál í þessari viku.

En það er ekkert stórkostleg yfirlýsing sem við erum að ræða hérna. Auðvitað þarf tvo til þegar menn gera samninga og það kom einmitt fram í máli hæstv. forsætisráðherra á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins. Ég skil ekki af hverju formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, gerir svona mikið veður út af því. Ég hefði frekar trúað hv. þingmanni til að spyrja út í yfirlýsinguna um það að ef varnarliðið færi þyrfti að skoða betur samstarfið við Evrópu. Það væri meira í takt við þá pólitík sem viðkomandi flokkur stendur fyrir. Þessi umræða kemur mér vissulega svolítið á óvart.

Hv. þingmaður sagði að formaður Framsóknarflokksins, hæstv. forsætisráðherra, hefði verið með ákveðin skilaboð en ekki ljós. Ákveðin skilaboð — en ekki ljós. Virðulegur forseti, það er mjög merkilegt að heyra þetta vegna þess að Samfylkingin er með afar óljósa stefnu varðandi varnarliðið. Sumir í Samfylkingunni vilja að varnarliðið fari sem

fyrst, aðrir vilja byggja á varnarsamningnum áfram eins og Framsóknarflokkurinn hefur stutt. Það væri nær að Samfylkingin reyndi að upplýsa hvað hún vill í þessu máli. Vinstri grænir hafa svarað því og það gerðu þeir fyrir löngu, þeir vilja að herinn fari sem fyrst. En Samfylkingin situr á miðri girðingu og veit ekkert hvorum megin hún ætlar að detta.

Maður hlýtur að spyrja í tilefni af spurningu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur: Hvað vill Samfylkingin? Á hvorn kantinn ætlar hún að detta af girðingunni?

[15:21]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Í umræðunni áðan var minnst á utandagskrárumræðu sem sá sem hér stendur hefur óskað eftir að eiga við hæstv. utanríkisráðherra, einmitt um það mál sem við erum með hér til umræðu. Og ég er í sjálfu sér feginn því að það kom hér upp því að það er alveg full ástæða til að ræða það. Þetta er í annað skipti sem ég bið um utandagskrárumræðu á einu og hálfu ári þar sem ég vil ræða þetta málefni og þeim beiðnum hefur í raun og veru ekki verið svarað með öðru en að tefja það að umræðan geti farið fram.

Við höfum lent í því áður. Ég bað um þessa utandagskrárumræðu sem hér um ræðir 20. október, fyrir tæpum mánuði, og okkur hefur ekki tekist að eiga hana hér úr þessum stól þannig að það er full ástæða til að fara í þetta mál með þeim hætti sem hér er verið að gera.

Þetta er orðinn langur tími í óvissu. Bókunin frá 1996 rann út árið 2001. Síðan hefur í raun ekki verið í gildi ný bókun eða tekist að ná samkomulagi um framkvæmd varnarsamningsins og það er orðinn langur tími, sérstaklega þegar við horfum til svæðis eins og á Suðurnesjum þar sem yfir 700 starfsmenn eiga í dag lifibrauð sitt undir því sem þarna fer fram — og hefur samt orðið veruleg fækkun meðal þeirra sem þarna vinna.

Samdráttarskeiðið á flugvellinum hefur nefnilega staðið lengi. Það hefur staðið einhliða samkvæmt ákvörðun Bandaríkjastjórnar. Íslensk stjórnvöld virðast ekki telja það hlutverk sitt að reyna að eyða óvissu um þann samdrátt sem þarna á sér stað og semja þá um með hvaða hætti hann yrði ef til kæmi. Fréttir höfum við nánast eingöngu heyrt úr fjölmiðlum varðandi þetta mál því að menn hafa ekki, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, viljað ræða þetta beint í utandagskrárumræðum sem beðið er um með þeim fyrirvara sem farið er fram á.

[15:23]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég sagði áðan að ríkisstjórnin hefði ekki unnið að því að skilgreina varnar- og öryggishagsmuni þjóðarinnar. En hún hefur sannarlega unnið í því að skilgreina sína eigin varnar- og öryggishagsmuni í þessari umræðu. Það er greinilegt að menn hafa ákveðið að nú væri sókn besta vörnin.

Hér hafa engin svör komið fram um það sem ég fjallaði um áðan, þ.e. hvaða skilaboð fælust í því sem forsætisráðherra sagði á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins.

Ráðherrann er í vinnu fyrir þjóðina. Forsætisráðherra og utanríkisráðherra eru í vinnu fyrir þjóðina. Þeir eru í ríkisstjórn sem tók að sér að vinna að þessum málum og þeir eiga að skila árangri. Þeir eru ekki að skila árangri, þeir flækjast með þetta mál sín á milli og fyrst núna er að renna upp fyrir þeim, eftir fimm ár, að ekki sé sami samningsvilji af hálfu Bandaríkjamanna og þeir áður töldu. Tala menn ekki saman í þessari ríkisstjórn? Hér hafa ýmsir ráðherrar farið með þessi mál, koma þeir ekki réttum skilaboðum sín á milli? Hvernig stendur á því að það er að renna upp fyrir mönnum núna, fimm árum síðar, að ekki sé þessi vilji til samninga sem þeir áður töldu? Er ekki alltaf sami maðurinn sem leiðir samningaviðræðurnar af hálfu stjórnvalda? Hvernig stendur á því að þetta er að renna upp fyrir mönnum núna?

Ríkisstjórnin er með flækjufót í þessu máli og hún nær ekki niðurstöðu og það er það sem var í rauninni verið að segja okkur á þessum miðstjórnarfundi Framsóknarflokks um helgina. Hún nær ekki niðurstöðu í málinu í samræmi við þau samningsmarkmið sem ríkisstjórnin setti sér. Og það þýðir ekki að koma hér og spyrja Samfylkinguna um þessi mál og segja: Það er mikilvægt að standa saman, þegar menn hafa ekkert gert til þess að ná samstöðu í þessu máli, ekki farið í að skilgreina varnarhagsmunina og ekki farið í það að ná fólki saman um það hvernig ætti að standa að málum gagnvart Bandaríkjamönnum. Þá þýðir ekki að koma hér og biðja um (Forseti hringir.) samstöðu í málinu.

[15:25]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Við erum öll í vinnu fyrir þjóðina og það er mikilvægt að allir flokkar skýri afstöðu sína í þessu máli. Það hefur komið skýrt fram í þessari umræðu að Samfylkingin vill ekki gera það og gerir kröfur til ríkisstjórnarinnar um að ná niðurstöðu í þessu máli en segir ekki frá því hverjar þær niðurstöður eigi að vera.

Það liggur alveg skýrt fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar hvað við viljum í þessu máli. Við viljum byggja áfram á varnarsamningnum. Samfylkingin hlýtur að geta svarað því hvort hún vill byggja á varnarsamningnum við Bandaríkin eða ekki. Við viljum hafa hér sýnilegar varnir, það liggur alveg ljóst fyrir (**Gripið fram í:** ... fáið það ekki?) að það þýðir m.a. það að hér séu orrustuþotur áfram. Við teljum að það sé nauðsynlegt að orrustuþotur séu staðsettar á Íslandi og það eru margir sammála okkur í því mati, m.a. innan Atlantshafsbandalagsins. Þetta er alveg ljós afstaða. Og mér finnst Samfylkingin skulda þjóðinni það að þjóðin viti hvað Samfylkingin vill í málinu. Það finnst mér og (**ISG:** Fjórar þotur?) ég hugsa að það finnist fleirum. (**ISG:** Fjórar þotur?) Það getur vel verið að formaður Samfylkingarinnar vildi að þær væru enn þá fleiri, ég veit ekkert um það. Ég veit almennt ekkert um stefnu Samfylkingarinnar í þessu máli eða í ýmsum öðrum málum. (Gripið fram í.)

Gjaldfrjáls leikskóli, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 26. mál. — Þskj. 26.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Vegagerð um Stórasand, frh. fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 43. mál. — Þskj. 43.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Sala áfengis og tóbaks, frh. 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 47. mál (sala léttvíns og bjórs). — Þskj. 47.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 49. mál. — Þskj. 49.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 1. umr.

Frv. PHB o.fl., 51. mál (aðild að stéttarfélagi). — Þskj. 51.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Barnalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 78. mál (sameiginleg forsjá barns). — Þskj. 78.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Skólagjöld við opinbera háskóla.

[15:30]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Rekstur opinberu háskólanna er í járnum. Framtíðarfjármögnun þeirra er óviss og samkeppnisstöðu þeirra innan lands og utan er á margan hátt ógnað. Skólarnir mæta skilningsleysi stjórnvalda sem í stað þess að fjárfesta í skólunum og mæta aukinni skólasókn með auknum framlögum hefur þrengt verulega að rekstri skólanna. Skólarnir standa nú frammi fyrir vondum kostum og erfiðum, harkalegum niðurskurði og umfangsmiklum fjöldatakmörkunum fái þeir ekki annaðhvort heimild til skólagjalda eða veruleg aukin opinber framlög.

Nú rifar Háskólinn á Akureyri seglin vegna fjárskorts af hálfu stjórnvalda. Skólinn bregst við með því að skera harkalega niður og leggja niður tvær deilda sinna sem er að sjálfsögðu grafalvarlegt mál, bæði í mennta- og byggðarlegum skilningi. Þá beitir Háskóli Íslands fjöldatakmörkunum og Kennaraháskóla Íslands er gert vísa frá hundruðum nemenda ár hvert. Háskólarnir eru sveltir til vondra verka og neyðarúrræða.

Í þessu samhengi vekur ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins á dögunum um að nemendur í opinberum háskólum skuli taka aukinn þátt í rekstri skólanna sérstaka athygli. Á mannamáli hlýtur það að hljóma svo að taka skuli upp skólagjöld í opinberum háskólum til að mæta fjárhagsvanda skólanna og fjárþörf. Þarna kveður við nýjan tón og harðari af hálfu Sjálfstæðisflokksins en nokkru sinni fyrr. Nú er engin miskunn. Það er sótt að stöðu þjóðskólanna. Kné skal fylgja kviði hvað sem skynsemi, rökum og réttlæti líður.

Háskólinn á háskólastigi býr við allt of lág fjárframlög og skortur á skýrri stefnumörkun bætir ekki stöðuna. Ef við verðum svipuðu hlutfalli landsframleiðslunnar til háskólastigsins og aðrar Norðurlandaþjóðir fengi það 4–8 milljörðum meira á ári en það fær nú. Þær þjóðir verja 35–80% hærra hlutfalli af landsframleiðslu sinni til háskólastigsins en við gerum hér.

Kjarni málsins er þessi: Hæstv. ráðherra menntamála verður að taka af skarið með það hvort hún ætlar að beita sér fyrir auknum framlögum til opinberu háskólanna eða veita þeim heimild til hærri skólagjalda. Áður en aukin skólagjöld koma til greina að mínu mati verður að fara fram ítarleg stefnumótun og úttekt á málefnum háskólastigsins þar sem áhrif skólagjalda eru vegin og metin. Til dæmis út frá jafnrétti til náms, hlutverki Lánasjóðs íslenskra námsmanna, fjármögnunar skólastigsins og skólasóknar almennt.

Samfylkingin svarar þessu skýrt. Við viljum ekki taka upp skólagjöld eða fjöldatakmarkanir til að leysa fjárhagsvanda opinberu háskólanna. Samfylkingin vill þvert á móti forgangsraða í þágu menntunar, auka framlög til háskólastigsins og ráðast í víðtæka stefnumótun þar sem allt er undir og áhrif skólagjalda yrðu metin sérstaklega. Grundvallaratriðið er að til staðar sé menntunarferli frá leikskóla upp í gegnum háskóla þar sem jafnrétti til náms er tryggt burt séð frá bakgrunni hvers og eins. Að þessu vegur Sjálf-

stæðisflokkurinn nú án þess að nokkur stefnumörkun hafi átt sér stað um háskólastigið. Það eru þau vinnubrögð sem eru til vansa. Ábyrgðinni verður ekki velt yfir á stofnanirnar sjálfar og nemendur þeirra. Hún er stjórnvalda. Það er menntapólitísk ákvörðun hvort háskólastigið verður rekið af auknum hluta og stærri hluta með skólagjöldum frá nemendum en gert er nú. Þeirri ábyrgð verður aldrei vísað á háskólaráð skólanna og þau neydd til að óska eftir þeim án þess að pólitísk stefnumótun hafi átt sér stað af hálfu stjórnvalda um þau mál. Því beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. menntamálaráðherra:

Verður stefnubreyting hjá ríkisstjórninni vegna fjármögnunar opinberu háskólanna í ljósi landsfundarályktunar Sjálfstæðisflokksins þess efnis að nemendur skuli taka aukinn þátt í kostnaði við rekstur opinberu háskólanna?

Verður opinberu háskólunum veitt heimild til skólagjalda samanber áðurnefnda ályktun? Ef svo er hvenær og hve hárra skólagjalda? Verður lánað fyrir skólunum? Verður styrkt fyrir skólunum og hvernig verður komið til móts við það?

Síðast en ekki síst, hvað merkir ályktunin fyrir opinberu háskólana og rekstur þeirra á næstunni?

Þetta er grundvallarmál sem hæstv. menntamálaráðherra verður að skýra og það undanbragðalaust enda um að ræða eitt af fjöreggjum þjóðarinnar, fjöregg sem nú er í tröllahöndum eftir ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins og niðurskurð og svelti í rekstri opinberu háskólanna á síðustu missirum.

[15:36]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það hefur verið markviss stefna ríkisstjórnarinnar síðasta áratug að efla og treysta íslenska háskólakerfið og það lýsir sér best í gífurlegri fjölgun háskólanema og mjög fjölbreyttu námsframboði. Fjöldi þeirra sem stunda háskólanám við íslenska háskóla hefur hartnær tvöfaldast á síðasta áratug og hann eykst ár frá ári. Þessi mikla fjölgun háskólanema er að sjálfsögðu fagnaðarefni en hún hefur vissulega verið kostnaðarsöm líkt og sést á tölum um útgjöld til íslenskra háskóla.

Við höfum aftur á móti ekki farið þá leið á Íslandi sem farin hefur verið í mörgum öðrum Evrópuríkjum að mæta aukinni fjölgun nemenda með lækkandi framlögum á nemanda. Rétt er að geta þess að frá árinu 2000–2006, ef við tökum fjárlögin núna miðað við framlög hvers árs, hafa útgjöld ríkisins til háskólanna farið úr tæpum 4,7 milljörðum í rúma 9 milljarða sem er aukning upp á 105% frá árinu 2000.

Aukin framlög til háskólastigsins birtast einnig í tölum frá OECD en á milli áranna 2001–2002 jukust framlög Íslands til háskóla úr 0,8% af vergri þjóðarframleiðslu í 1% af þjóðarframleiðslunni sem er gríðarleg aukning ef tekið er einungis mið af þjóðarframleiðslunni sem slíkri.

Hins vegar má ekki gleyma að ákveðin skekkja er í þessum tölum þar sem stór hluti útgjalda okkar Íslendinga eru ekki talin með líkt og fjármálaráðuneytið hefur ítrekað bent á og því má áætla að raunframlag íslenska ríkisins til háskólamála árið 2002 hafi verið í sambærilegu hlutfalli á öðrum Norðurlöndum.

Einnig er rétt að draga fram að framlög til rannsókna hafa verið aukin stórkostlega. Samkeppnissjóðir munu ríflega tvöfaldast nú á þessu kjörtímabili og samanlagt hafa samkeppnissjóðirnir vaxið úr 637 milljónum árið 2003 í 1.300 milljónir árið 2005. Ríkisstjórnin stefnir að því að halda áfram að auka framlög til háskólamenntunar í landinu líkt og glögglega kemur fram í frumvarpi til fjárlaga sem núna liggur fyrir þinginu. Sú stefna ríkisstjórnarinnar byggir á því að fjárfesting í menntun er fjárfesting í framtíð þjóðarinnar og við verðum og eigum að setja markið hátt.

Rétt er að ítreka að þessari stefnu verður áfram fylgt af fullum krafti, þ.e. að við ætlum að halda áfram að auka framlegð til háskólakennslu og rannsókna. Það er rétt að undirstrika það.

Þegar við horfum til framtíðar, frú forseti, sjáum við einnig að háskólaumhverfið er að breytast hratt. Það stóra verkefni sem við stöndum frammi fyrir er að takast á við almennt aukna ásókn fólks á öllum aldri í háskólanám. Hlutfall háskólanema á hinum hefðbundna háskólaaldri, þ.e. á aldrinum 20–25 ára fer lækkandi, ekki vegna þess að færri fari í háskóla á þessum aldri, þvert á móti erum við með eitt mesta innritunarhlutfall í háskólanám í Evrópu og það hlutfall er hækkandi. Hins vegar færist það sífellt í aukana að fólk utan hins hefðbundna háskólaaldurs hefji háskólanám, í sumum tilvikum til að afla sér fyrstu háskólagráðu en í flestum öðrum tilfellum til að afla sér annarrar eða jafnvel þriðju háskólagráðu. Þetta er í beinu samræmi við auknar kröfur samfélagsins um menntun og þekkingu. Þessi þróun er að mínu mati jákvæð en jafnframt er ljóst að hún mun reyna á þanþol hins opinbera þegar kemur að fjármögnun háskóla í framtíðinni.

Hitt stóra verkefni framtíðarinnar er að íslenskir háskólar séu samkeppnishæfir við erlenda háskóla á sem flestum sviðum. Þeir munu þurfa að keppa við erlenda háskóla um þekkingu, rannsóknarfjármagn, nemendur og starfsfólk. Þetta eru sömu verkefni og háskólar annars staðar í álfunni standa frammi fyrir. Alls staðar á sér nú stað afar athyglisverð umræða um framtíðarfjármögnun háskólamenntunar og rannsóknar.

Ég hef margsinnis lýst þeirri skoðun minni að skoða beri þann möguleika að heimila hinum opinberu háskólum að innheimta skólagjöld t.d. í framhaldsnámi. Það er hins vegar ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar sem stendur. Forgangsverkefnið er nú að endurnýja rammalöggjöf um háskólakerfið með ríkri áherslu á gæðamálin innan háskólanna. Það er jafnframt ljóst í mínum huga að þegar og ef hinum opinberu háskólum verður heimilað að taka upp skólagjöld yrði lánað til þeirra með hliðstæðum hætti og nú er gert þegar kemur að skólagjöldum. Það er einnig skoðun mín að skólagjöld komi þá einungis til greina ef um er að ræða hreina viðbót fjármagns til háskólanna.

Frú forseti. Þetta er umræða sem á sér stað núna um alla Evrópu, þ.e. umræða um fjármögnun háskóla og við verðum að nálgast hana af skynsemi. Við verðum að nálgast hana kreddulaust og með hagsmuni og framtíð íslenska háskólakerfisins í huga.

[15:41]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur mjög skýra stefnu í þessum málum. Við viljum efla háskólanámið og styðjum ríkisstjórnina að því leytinu til í allri eflingu sem við sjáum að er að eiga sér stað á háskólastiginu. Við viljum hins vegar ekki að það sé gert á þann hátt sem sjá má í fjárlögunum. Við getum séð það t.d. að einkaháskólarnir eru að fá forgjöf og fjárveitingar umfram opinberu háskólana á sama tíma og opinberu háskólarnir fá ekki einu sinni samningsbundin framlög í rannsóknarsamninga sína. Háskólinn í Reykjavík fær 200 millj. kr. til rannsókna og hann er ekki með rannsóknarsamning þannig að forgangsröðun stjórnvalda í þessum efnum hefur verið mjög ábótavant.

Hv. frummælandi segir réttilega að þrengt sé að rekstri skólanna og auðvitað er það svo að skólarnir eru farnir að hugleiða: Ættum við að fara fram á að fá að leggja á skólagjöld? Vinstri hreyfingin – grænt framboð er mótfallin skólagjöldum hvort sem er í grunnnámi í háskólum eða í framhaldsnámi. Við teljum einsýnt að Háskóla Íslands þurfi að styrkja þannig að hann fái að taka inn þann fjölda doktorsnema sem hann telur sig hafa bolmagn til. Það er verið að tala um 60 doktorsnema í staðinn fyrir þá 12 sem þeir hafa möguleika á að sinna núna. Þetta teljum við vera eitthvað sem vantar upp á og það sárlega og slíkt þarf að gerast núna í þessari fjárlagavinnu. Við teljum að horfa þurfi á þetta heildstætt. Við höfnum því að íslenskir háskólastúdentar séu ekki samkeppnishæfir við erlenda háskólastúdenta. Við höfum verið að veita fólki afar yfirgripsmikla menntun og við þurfum að standa vörð um hana. En við þurfum að standa vörð um hana á þann hátt að allir geti stundað hana alveg burt séð frá efnahag og fjárhagslegri stöðu. Það er í okkar huga lykilatriði.

[15:43]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Skólagjöld við ríkisrekna háskóla er mál sem iðulega er rætt hér. Ástæðan er ekki síst sú að við horfum upp á það að samkeppnisstaða skólanna er ekki jöfn og meðan svo er munu ríkisreknu skólarnir leita leiða til að geta innheimt meira fjármagn. Hins vegar verðum við að horfa á það að fjárframlög til háskólastigsins hafa aukist jafnt og þétt eða eins og kom fram hjá hæstv. menntamálaráðherra um 105% frá árinu 2000.

Í þessari umræðu er mikilvægt að fá nákvæman samanburð á íslenskum háskólum sem tekur til fjárveitinga á fjárlögum, tekna af skólagjöldum, tekna af rannsóknum og annarra tekna og framlaga. Þeir listar sem liggja fyrir virðast ekki birta allar þessar upplýsingar. Styrkir til að mynda frá atvinnulífinu eru mjög mismunandi milli skóla og kannski býður rekstrarformið upp á slíka mismunun. Ég legg mikla áherslu á að þessi skoðun fari fram nú við fjárlagagerð og hef ég vissu fyrir því að slík vinna sé í gangi.

Við framsóknarmenn höfum iðulega staðið fyrir jafnrétti til náms og á flokksþingi okkar fyrr á árinu var samþykkt eftirfarandi ályktun, með leyfi forseta:

„Allt grunnnám verði gjaldfrjálst í ríkisreknum háskólum. Mikilvægt er að tryggja að ríkisreknir háskólar sitji við sama borð og einkareknir háskólar. Leitað verði leiða til að greina fjárhagsvanda ríkisrekinna háskóla og finna leiðir til lausnar í samvinnu við þá. Lagt er til að sérstakur starfshópur Framsóknarflokksins taki til umfjöllunar stefnu flokksins varðandi ríkis- og einkarekna háskóla, greini fjárhagsvanda ríkisrekinna háskóla og þar með skólagjöld."

Það eru ýmsar leiðir sem hægt er að fara og þarf að skoða alla fleti þeirra. Að mínu mati er nauðsynlegt að standa vörð um grunnnámið, að hver Íslendingur hafi það val að ná sér í háskólagráðu án himinhárra skólagjalda. Upptaka skólagjalda er ekki á dagskrá stjórnvalda en það er ekkert óeðlilegt við það þó að umræðan fari fram innan flokkanna enda hlýtur það að vera hluti af stefnumótun háskólastigsins til framtíðar að velta upp öllum hliðum málsins.

[15:45]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Þessi umræða er mjög þörf en það er enn brýnna að hæstv. menntamálaráðherra temji sér að ræða málin með þeim hætti að það sé hægt að átta sig á því hver meiningin er. Orðaflaumur hæstv. ráðherra einkennist oft af upphrópunum um umræðu um öfluga menntasókn, fjölgun nemenda, víðtækara námsframboð, auknar gæðakröfur, samkeppnishæfi náms, en miklu minna fer fyrir því að hæstv. menntamálaráðherra ræði kjarna mála. (Gripið fram í.)

Ég fór að velta þessum orðaflaumi fyrir mér í síðustu viku en þá heyrði ég umræðu um niðurskurð, mjög sársaukafullan niðurskurð, í háskóla okkar Norðlendinga, Háskólanum á Akureyri. Þá heyrðist á hæstv. menntamálaráðherra að með þessu væri verið að efla skólann, það mátti skilja það á fréttum. En það eru algjör öfugmæli og ég tel að hæstv. menntamálaráðherra eigi að temja sér annan málflutning en slíkan því hún misbýður fólki með bulli, vil ég segja.

En ég hjó eftir því hér í umræðunni að hv. þm. Dagný Jónsdóttir vildi ekki útiloka að Framsóknarflokkurinn tæki undir þá stefnu að koma á skólagjöldum í ríkisreknum menntaskólum. Það stríðir þá gegn stefnu Framsóknarflokksins, en það var að heyra.

Einnig kom enn og aftur á daginn að hæstv. menntamálaráðherra talaði ekki skýrt heldur ræddi hún þann möguleika að það ætti að skoða það að koma á skólagjöldum. Ég tel að hæstv. ráðherra eigi einfaldlega að tala skýrt, það er löngu orðið tímabært að hún svari því hér í umræðunni: Er verið að þvinga það fram, m.a. í Háskólanum á Akureyri, með því að þrengja að skólanum, að skólamenn sjálfir vilji taka upp skólagjöld? Mér finnst sanngjarnt að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn svari því skýrt hver stefna þeirra er í þessum málum. Annað er óþolandi.

[15:47]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Sú umræða sem hér stendur yfir fer að sjálfsögðu fram í skugga þeirrar ákvörðunar sem tekin hefur verið í háskólaráðinu við Háskólann á Akureyri. Þar er í hnotskurn verið að fjalla um þann vanda sem snýr nú að hinum opinberu háskólum. Það er augljóst mál að þessir

skólar hafa eingöngu þrjá möguleika til þess að bæta stöðu sína. Það er í fyrsta lagi að ná fram auknu fjármagni, í öðru lagi einhvers konar niðurskurður og í þriðja lagi hærri skólagjöld.

Frú forseti. Það er óábyrgt af stjórnvöldum að skilja skólana eftir í þessum vanda. Það er hlutverk stjórnvalda að móta stefnu til framtíðar og það er góðra gjalda vert að nú skuli eiga að endurskoða rammalöggjöf um háskólastigið. En það er hins vegar algjörlega óviðunandi að það eigi að skilja fjármögnun háskólastigsins eftir í sömu óvissu, vegna þess, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi, þá blasir það við að það virðist vera gert skipulega að þvinga fram frá háskólunum sjálfum kröfu um það að þeirra eina leið verði að óska eftir hærri skólagjöldum. Það er stóhættulegt mál ef við ætlum að þvinga það fram án þess að horfa heildstætt á málið. Það er lykilatriði að á þetta sé horft heildstætt hvernig skuli fjármagna það, hvernig það skuli skipulagt. Það er óábyrgt af stjórnvöldum að þvinga fram slíka stefnu vegna þess að það er stjórnvalda að leiða fram þá stefnu og það er hlutverk stjórnvalda að reyna að ná sem allra, allra mestri samstöðu um það hvernig háskólastigið verður fjármagnað og skipulagt.

Þess vegna, frú forseti, væri það fagnaðarefni ef hæstv. menntamálaráðherra mundi boða það hér í umræðunum að á næstunni yrði settur niður þverpólitískur starfshópur til þess að fara yfir þessi mál. Það held ég, frú forseti, að sé það eina sem við getum gert til þess að tryggja samstöðu og finna þá leið sem best er. Háskólinn á Akureyri situr uppi með þennan vanda og reynir að bregðast við honum á þvingaðan hátt.

[15:49]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa umræðu þrátt fyrir að hún hafi nú verið hálffurðuleg á köflum. En það er ljóst að málshefjandi getur andað rólega vegna þess að hér hefur komið fram yfirlýsing um að það sé ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar að taka upp skólagjöld við opinberu háskólana.

Ég verð að segja það fyrir mig, svo að ég tali nú skýrt, að ég hef þrátt fyrir það aldrei verið hræddur við að segja þá skoðun mína að ég er frekar hlynntur því að það verði a.m.k. skoðað að taka upp skólagjöld á háskólastigi, sérstaklega í framhaldsnámi, séu þau lánshæf. Í umræðum um skólagjöld hef ég nefnt ýmis rök fyrir þeirri gjaldtöku. Slík gjaldtaka felur ekki í sér skerðingu á jafnrétti til náms vegna þess að gjöldin yrðu lánshæf. Hún eykur kostnaðarvitund nemenda og er fjárfesting fyrir þjóðfélagið en ekki síst fyrir þann sem aflar sér menntunar. Og maður hlýtur að spyrja sig í ljósi þess: Er ekki eðlilegt að sá sem er að fjárfesta í sinni framtíð og sínum framtíðartekjumöguleikum taki meiri þátt í fjármögnun námsins en almenningur? Það má líka færa rök fyrir því að skólagjöld dragi úr brottfalli og fleiri rök má tína til.

Það er ekki hægt að segja það um Samfylkinguna í þessari umræðu að hún sé sérstaklega heiðarleg. Hér koma menn, eins og málshefjandi, eins og hvítþvegnir englar og tala eins og Samfylkingin hafi aldrei viljað taka upp skólagjöld. Ég er hérna með viðtal við formann Samfylkingarinnar sem birtist í Viðskiptablaðinu 15. október 2004. Þar segir, með leyfi forseta:

„Mér finnst skólagjöld á háskólastigi alveg geta komið til álita."

Þar segir jafnframt, með leyfi forseta:

„En ég sé engin sanngirnisrök fyrir því að fólk borgi verulegar fjárhæðir fyrir fullorðinsfræðslu og fyrir börn á leikskólum en ekkert fyrir aðgang að háskólum."

Þetta segir formaður Samfylkingarinnar sem spurði hér í umræðu áðan: Tala menn ekkert saman á ríkisstjórnarheimilinu? Ég hlýt þá að spyrja: Tala þingmenn (Forseti hringir.) Samfylkingarinnar ekki saman? (Forseti hringir.) Málflutningur þeirra er allur út og suður í þessu máli og hefur verið það svo árum skiptir.

[15:52]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Staðreyndin er sú að skilaboð til háskólastigsins frá Alþingi hafa verið nokkuð óljós. Það hafa verið misvísandi skilaboð héðan frá hv. Alþingi, að ég tali nú ekki um ef menn skoða ummæli stuðningsmanna einstakra flokka, svo sem eins og var vitnað til hér áðan, hér var vitnað til formanns Samfylkingarinnar. Varaformaður Samfylkingarinnar hefur lýst því yfir að það komi til greina að opna fyrir skólagjöld en hv. málshefjandi taldi það síðri kost en vildi þó ekki útiloka það. Það er með öðrum orðum, frú forseti, kominn tími til að Alþingi sendi nokkuð skýr skilaboð. Ríkisendurskoðun hvetur til þess að fjármögnun háskólanna verði gerð nokkuð skýr.

Við vitum, frú forseti, að á síðustu árum hefur orðið algjör sprenging á háskólastiginu. Bæði hefur háskólum fjölgað, nemendum hefur fjölgað þar um hundruð og útgjöld til háskólastigsins hafa aukist gífurlega eins og hér hefur komið fram. Að sjálfsögðu fylgja því ýmsir vaxtarverkir og það eru þeir vaxtarverkir sem Alþingi þarf að fara yfir. Það þarf að skoða eðli námsins, tengsl við lánasjóðinn og ekki síst fjármögnun framhalds háskólastigsins til framtíðar.

Innan Framsóknarflokksins hefur þessi umræða farið fram og hún fer fram í fjölmennum hópi, eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir greindi frá. Þar höfum við markað þá stefnu að opna ekki fyrir skólagjöld á grunnnámið. Hins vegar ræða menn hvort opna eigi fyrir þau í framhaldsnámi þegar fólk sækir sína aðra háskólagráðu. Stærsti hluti sprengingar á háskólastigi í nemendafjölgun er einmitt fólk sem er að koma öðru eða þriðja sinni inn í háskóla til að sækja sér viðbótargráðu. Slíkt fólk hefur að sjálfsögðu allt aðra stöðu en þeir sem eru að koma inn í fyrsta sinn. Það eigum við ekki að útiloka en ég tek undir það að Alþingi þarf að vinna sameiginlega að þessu þannig að skilaboð til háskólastigsins verði nokkuð skýr.

[15:54]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Frjálslyndi flokkurinn er hlynntur markaðslausnum í rekstri menntastofnana á háskólastigi en aðeins með þeim formerkjum að tryggt sé að sú menntun sem boðið er upp á í einakreknum skólum standist þær kröfur sem almennt eru gerðar til þess skólastigs.

Á liðnum árum hefur háskólum sem eru séreignarstofnanir fjölgað mjög, það eru háskólar sem annars vegar fá fjárframlög með hverjum nemanda frá ríkisvaldinu en innheimta einnig skólagjöld og geta þannig staðið undir betri þjónustu við nemendur.

Hins vegar hefur nemendum við Háskóla Íslands fjölgað gífurlega með tilheyrandi kostnaði fyrir skattgreiðendur. Margir telja að þau framlög sem ríkið skammtar skólanum dugi ekki til að þjónusta allan þann fjölda með viðunandi hætti og að í raun komi þessi fjölgun niður á gæðum menntunarinnar. Ég veit svo sem ekki hvað er satt eða logið í þeim efnum en hins vegar vill Frjálslyndi flokkurinn *standa vörð um Háskóla Íslands sem ríkisrekinn háskóla* og að þar sé jafnræði tryggt til náms. Aðrir geta þá ráðið því hvort þeir borga með sér til séreignarstofnana en við gjöldum varhuga við því að skólagjöld séu innheimt við Háskóla Íslands.

Það liggur ljóst fyrir, virðulegi forseti, að til þess að ríkisskólinn geti séð fyrir jafnræði allra til náms þarf að auka fjárhagsgetu hans og þá með auknum fjárframlögum á fjárlögum. Til viðbótar þessu teljum við í Frjálslynda flokknum að það sé mjög æskilegt að hvetja fyrirtæki til sérstakra fjárframlaga til háskólastigsins með því að gera slík framlög frádráttarbær frá skatti en það er kannski önnur vísa í því samhengi sem til umræðu hefur verið hér og nú.

[15:56]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Ég þakka þá prýðilegu umræðu sem hér hefur farið fram. Ég skoraði á hæstv. ráðherra menntamála við upphaf umræðunnar að taka af skarið og tala skýrt um hvað hún vildi fyrir opinberu háskólana í framhaldinu. Annaðhvort koma til aukin framlög hins opinbera eða heimild til hærri skólagjalda. Þessu svaraði ráðherra ekki þrátt fyrir áeggjan og áskorun landsfundar Sjálfstæðisflokksins um að taka upp skólagjöld.

Samfylkingin lagði til að áður en aukin skólagjöld kæmu til greina yrði að fara fram ítarleg stefnumótun og úttekt á málefnum háskólastigsins þar sem áhrif skólagjalda yrðu vegin og metin. Út frá þessu lagði hv. þm. Einar Már Sigurðarson það til að settur yrði á laggirnar þverpólitískur hópur sem hefði með höndum stefnumótun og stefnumörkun um framtíð háskólastigsins á Íslandi og þessu væri öllu velt upp.

Hér var einnig vitnað til orða formanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, og undir þau tek ég. Hún sagði að það væri ankannalegt að innheimt væru há skólagjöld á leikskólum landsins á meðan þau *væru mun lægri í opinberu háskólunum*. Þess vegna er Samfylkingin að vinna að því í sveitarstjórnum, þar sem hún er við völd, að leikskólinn verði gjaldfrjáls í áföngum.

En þessi umræða verður að eiga sér stað hvort og hvernig við eigum að fjármagna háskólastigið til framtíðar. Þess vegna spurði ég hæstv. ráðherra út frá nokkuð afdráttarlausri ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins um þátttöku nemenda í rekstri skólanna og þess vegna óskaði ég eftir því að ráðherrann kæmi fram með skýra pólitíska stefnumótun um það hvort opinberu háskólarnir ættu að fá heimild til aukinnar skólagjaldatöku eða verulega aukin framlög frá hinu opinbera þannig að þeir mættu komast út úr þeim fjárhagsvanda sem þeir eru í og birtist nú best í því að Háskólinn á Akureyri leggur niður tvær deilda sinna.

[15:58]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Rétt aðeins út af Háskólanum á Akureyri. Þar er ekki um fækkun nemenda að ræða til lengri tíma heldur fjölgun. Þar er aukning fjárframlaga ekki minnkun, og á *mannamáli* heitir þetta auðvitað ekki niðurskurður. Þetta heitir efling og styrking og til lengri tíma er verið að skipuleggja Háskólann á Akureyri, hans stjórnunarskipulag og innra gæðastarf, þannig að hann geti tekið þátt af fullum krafti í þeirri miklu samkeppni sem er á háskólasviðinu. (Gripið fram í.)

En það verður að segjast eins og er, frú forseti, að þegar maður hlustar á þau ummæli sem hafa fallið hér af hálfu Samfylkingarinnar þá eru þeir að undirstrika það sem má kalla stefnu Samfylkingarinnar. Hún er í besta falli að mínu viti brandari, í versta falli er stefna Samfylkingarinnar einfaldlega dapurleg nýting á heilafrumum, því að það er ekki heil brú í því sem Samfylkingin hefur sett hérna fram.

Við höfum hlustað í dag á umræðu um utanríkisstefnuna. Það er engin stefna þar. Það er ein stefna í dag varðandi skattamálin, allt önnur fyrir kosningar. Það sama má segja um fiskveiðistjórnarmálið. Síðan heyrum við enn og aftur glænýja stefnu varðandi skólagjöldin. Menn vilja ekki einu sinni kannast við eins árs gömul ummæli.

Ef það er metnaður hjá nýrri forustu í Samfylkingunni að bjóða alltaf upp á glænýja stefnu daglega þá verður hún bara að hafa það svona líkt og verslanir bjóða upp á nýjar vörur.

En það er alveg ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli er sú að halda áfram að hækka fjárframlög til háskólastigsins, efla háskólastigið sem best má verða (Gripið fram í.) og núna liggur fyrir að ég muni á þessu haustþingi leggja fram frumvarp sem snertir fyrst og fremst gæðamál og innra starf háskólanna með það að markmiði að þeir geti staðist alþjóðlegar kröfur (Gripið fram í.) í þeirri miklu samkeppni sem þeir standa frammi fyrir á næstu árum. (Gripið fram í.)

Vatnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 281.

[16:01]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að gera athugasemd við það að ég sé ekki hæstv. iðnaðarráðherra í salnum og enn fremur að óskað var eftir því við fyrri hluta 1. umr. að hæstv. umhverfisráðherra yrði hér til staðar líka. Ég sé ekki heldur hæstv. umhverfisráðherra. Ég óska því eftir að hæstv. forseta láti kanna með viðveru þessara hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (SP): Forseti vill upplýsa að athugað verður hvort ekki verði hægt að bregðast við þessum óskum hv. þingmanns.)

Ég get svo sem hafið inngang að ræðu minni þó að auðvitað gangi á tímann, sem er miður. Ég hefði gjarnan viljað hafa báða hæstv. ráðherra hér til taks.

Þetta er framhald 1. umr. um málið og tekist hefur verið harkalega á um það eins og fólk veit. Á síðasta þingi endaði málið þannig að það fór ekki í gegn þó svo að iðnaðarnefnd hefði afgreitt það frá sér. Ég held að það sé þá spurning um að taka til við þessa umræðu á nýjan leik á þeim nótum að möguleiki sé á að vinna málið áfram. Ég fullyrði að mikið vantar á að málið sé það vel unnið að hægt sé að hleypa því einu og sér í gegnum eðlilega þingumræðu og þingstörf. Ég er þeirrar skoðunar að með breytingum á vatnalögum frá 1923, þeim breytingum sem liggja fyrir í þessu frumvarpi, sé verið að gera róttækar breytingar, allt annað og meira en formbreytingu eins og hæstv. iðnaðarráðherra hefur ævinlega vikið að í ræðum sínum. Ég er sammála þeim sem hafa haldið því fram að hér sé mál á ferðinni sem sé til þess fallið að vekja vafa um markmið breytinganna. Laganefnd Lögmannafélags Íslands gaf umsögn um frumvarpið á síðasta þingi. Hún fjallaði um orðalag frumvarpsins og sagði að það væri til þess fallið að vekja vafa um markmið breytinganna og að mun skýrara væri að segja afdráttarlaust að einungis sé um formbreytingu að ræða. Ekkert hefur verið gert í þessari nýju útgáfu frumvarpsins til að eyða þeim vafa. Ég kalla eftir því að hæstv. iðnaðarráðherra svari efnislega þeim athugasemdum sem laganefnd Lögmannafélagsins gerði og Orkustofnun tók reyndar undir í sérstakri viðbótarumsögn síðastliðið vor þar sem hún tók undir sjónarmið Lögmannafélagsins.

Hæstv. forseti. Ef ég á að lýsa þeim framgangsmáta sem ég mundi vilja hafa á þessu málum, því eins og ég hef áður sagt held ég því ekki fram að ekki þurfi að endurskoða vatnalögin frá 1923, þá tel ég mjög mikilvægt að það sé gert á heildstæðan máta. Ekki þann hátt sem hér er lagt til, að hlutirnir séu allir skornir niður í einhverjar öreindir og hér sé skotið í gegn einhverju frumvarpi til vatnalaga, einhverju frumvarpi um rannsóknir og nýtingu jarðefnaauðlinda og síðan einhvern tíma seint og um síðir fáum við kannski að líta vatnsverndarfrumvarp.

Breytingar þær sem hæstv. iðnaðarráðherra leggur til að gerðar verði í þessum málaflokki eru þess eðlis að frumvarpið sem við ræðum hér ætti að heita frumvarp til laga um vatnsréttindi, það ætti að vera kvitt og klárt frumvarp til laga um vatnsréttindi. Að hluta til er verið að reyna eitthvað slíkt í frumvarpinu en það þýðir að ákveðnir þættir vatnalaganna, sem heyrðu sögunni til ef þetta frumvarp yrði lögfest, yrðu þar með munaðarlausir. Ég er ekki sátt við það að 43. gr. hnýti alla lausa enda í þeim efnum. Mér finnst hún sannarlega ekki gera það. Ég tel því að þetta frumvarp ætti að heita frumvarp til laga um vatnsréttindi eða, eins og Umhverfisstofnun lagði til í sinni viðamiklu umsögn síðastliðið vor: Frumvarp til laga um orkunýtingu vatns. Síðan ættum við að hafa hér á sama tíma stóra frumvarpið um rannsóknir og nýtingu jarðefnaauðlinda því að óneitanlega skarast ákveðnir þættir þessara tveggja mála mjög mikið. Í þriðja lagi ætti að liggja á borðum okkar frumvarp til laga um vatnsvernd. Það ættu kannski að vera hin eiginlegu vatnalög.

Við skulum hafa það alveg á hreinu, frú forseti, að hér er verið að fjalla um það viðamikið mál, og ég held að hæstv. ráðherrar ættu að vita það af móttökunum sem málið fékk síðastliðið vor, að það hefði verið mun skynsamlegra að fara þá leið sem ég nú hef lýst. Þá stæðum við ekki í þeirri glímu sem fyrri hluti 1. umr. gaf til kynna að væri í uppsiglingu, og ljóst er að við eigum eftir að þurfa að takast mjög harkalega á um þessi mál, nema hæstv. ríkisstjórn vitkist í þessum efnum.

Hæstv. iðnaðarráðherra sagði þegar við hófum umræðuna að hér væri einungis verið að gera formbreytingu. Ég ætla að rökstyðja aðeins betur af hverju ég er ósammála henni um það. Það eru ekki bara vegna þeirra raka sem laganefnd Lögmannafélagsins hefur fært í þeim efnum heldur líka með því að lesa gömlu vatnalögin. Og það er kannski gaman að taka það fram, hæstv. forseti, að vatnalögin frá 1923 eru einhver skemmtilegasta löggjöf sem ég hef lesið fyrir það eitt hvað hún er fallega orðuð. Hún er vel skrifuð, er á fallegu máli og hún er mjög tær og lýsandi. Ég sakna því ákveðinna þátta úr þessum hreina og tæra texta frá 1923 og tel að sá texti sem hér er verið að leggja til að komi í staðinn sé afar flatneskjulegur í samanburði við hinn. En þetta er kannski fagurfræðilegur útúrdúr. Það sem ég uppgötvaði þegar ég las núna enn einu sinni gömlu vatnalögin er að það eru grundvallarbreytingar sem hæstv. iðnaðarráðherra leggur til að hér séu gerðar vegna þess að eins og segir í 4. gr. frumvarpsins fjallar þetta mál fyrst og fremst um eignarrétt því að „fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur.“ Hér er verið að tala um eignarrétt á vatni. Í gömlu vatnalögunum var alls ekki talað um eignarrétt á vatni á sama hátt og hér er fjallað um, heldur að landareign hverri fylgdi réttur til umráða og hagnýtingar. Hagnýting á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni væri á þann hátt sem lögin heimiluðu. Hagnýtingarrétturinn er í mínum huga ákveðið hugtak sem er gegnsætt og mér lætur það miklu betur. Ég tel að laganefnd Lögmannafélagsins láti slíkt líka betur miðað við umsögn þeirra frá í vor.

Ég vil skýra þetta aðeins nánar. Í mínum huga er það svo að eðli vatns gerir okkur ekki kleift að slá á það eign okkar því að dropinn sem fellur í hafið við Íslandi dúkkar upp í Miðjarðarhafinu innan skamms og svo rignir honum kannski einhvern tíma síðar niður í höfuðin á Afríkubúum sem verða svo heppnir að fá regn eftir þurrkatíma. Eignarréttur á vatni er því öfugmæli, hæstv. forseti. Hins vegar er auðvitað hægt að tala um hagnýtingarrétt og að landeigendur eigi farveginn sem vatnið rennur eftir og eigi rétt til að nýta það vatn sem rennur um hann meðan það rennur um hann. Hagnýtingarréttur á vatni, já, en eignarréttur á vatni, nei. Ég held að hér sé í grundvallaratriðum um hugsanaskekkju að ræða hjá hæstv. iðnaðarráðherra og þeim aðilum sem komið hafa að samningu þessa frumvarps. (**Iðnrh.:** Hver á þá vatnið?) Hver á þá vatnið, spyr hæstv. iðnaðarráðherra. Það er sameign þjóðarinnar, sameign mannkynsins. Vatnið hlýtur að vera sameign okkar allra. Það er lifandi auðlind sem við höfum rétt til að nýta meðan við höf-

um það í höndum okkar eða í farveginum hjá okkur eða í flátunum okkar en við getum aldrei slegið eign okkar á vatnið. Það getum við ekki gert. Þetta er svar mitt til hæstv. iðnaðarráðherra við þessari spurningu.

Eiganda landareignar sem vatnsréttindi fylgja geta hins vegar verið heimil not af því vatni sem um hana rennur og honum getur verið heimilt að framleiða t.d. orku úr því vatni. En vatnið getur hvorki landeigandinn né Orkustofnun né hver svo sem er annar nokkurn tímann átt. Ég held að í grunninn séum við því að fjalla um efnisbreytingu en ekki formbreytingu þó ekki sé nema bara út frá vangaveltum mínum um einkaeignarrétt á vatninu sem ekki er fjallað um í vatnalögunum gömlu heldur eingöngu hagnýtingarrétt.

Hæstv. iðnaðarráðherra sagði við fyrri hluta 1. umr. að með frumvarpi þessu væri lagt til að undir vatnalög heyrði nú vatn í öllum sínum myndum og birtingarformum, samanber skilgreiningu 2. gr. frumvarpsins, því að gildandi vatnalög, hin fallega orðuðu lög frá 1923, tækju fyrst og fremst til kyrrstæðs og rennandi yfirborðsvatns en um grunnvatn og jarðhita væri fjallað í öðrum lögum, lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Ég er ekki, hæstv. forseti, sátt við þessa útvíkkun í frumvarpi til vatnalaga frá hæstv. iðnaðarráðherra. Ég tel að við förum þar vill vegar, sérstaklega þegar við horfum til þess að við fylgjum ekki úr hlaði verndarfrumvarpi á sama tíma. Mér finnst líka orka mjög tvímælis að grunnvatnið eigi að heyra undir þetta frumvarp eins og gert er ráð fyrir hér. Það er að hluta til út af því að ég tel að við getum ekki slegið eign okkar á grunnvatnið á þeim nótum sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Ég tel að hér sé um efnisbreytingar að ræða, mjög umfangsmiklar og róttækar, og ég tel að hæstv. iðnaðarráðherra skuldi okkur að fjalla nánar um eða svara betur spurningunni um efa laganefndar Lögmannafélagsins. Á hvern hátt rökstyður hæstv. iðnaðarráðherra það að eingöngu sé um formbreytingu að ræða þegar hér er búið að tína til ótal rök um að svo sé ekki?

Ég geri líka athugasemd, hæstv. forseti, við að 1. gr. í frumvarpstextanum, markmiðsgreinin, hljóði á þann hátt sem hún gerir og tel að a.m.k. þurfi haldbærar skýringar frá hæstv. iðnaðarráðherra um hvað þetta kostar. Satt að segja væri mjög gagnlegt að fá sömuleiðis skilning hæstv. umhverfisráðherra á því máli. Markmiðið samkvæmt greininni á að vera skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns. Ég spyr, virðulegi forseti: Hvers er að vænta af stjórnvöldum sem telja jafnvel Kárahnjúkavirkjun til sjálfbærra vatnsaflsvirkjana? Við getum verið minnug þess að bara í fréttum í morgun kom í ljós að ein af stærstu náttúruverndarsamtökum veraldar setja Kárahnjúkavirkjun á listann yfir svörtu virkjanirnar sem hafist var handa við að framkvæmda eftir að niðurstöður alþjóðanefndar um stíflur og vatnsaflsvirkjanir lágu fyrir um aldamótin, árið 2000. Þá er Kárahnjúkavirkjun á svörtum lista hjá umhverfisverndarsamtökum vegna þess að hún sé svo langt frá því að vera sjálfbær eða lúta lögmálum sjálfbærrar þróunar.

Ég er þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að stjórnvöld þurfi að skýra hvað þau meina með þessari hugmyndafræði sinni um sjálfbæra nýtingu vatns því hún er ekki svo sama og hugmyndafræði mín. Á sama hátt halda sömu stjórnvöld því fram að þau hafi stundað sjálfbærar veiðar á þorski en við erum öll meðvituð um þær niðurstöður sem eru að koma út úr ráðstefnum Hafrannsóknastofnunar um að svo hafi ekki verið. Ég tel fulla ástæðu til þess að nákvæmlega þessi ríkisstjórn, virðulegi forseti, taki hér aðeins til skoðunar hvað átt er við með hugtakinu sjálfbær þróun og sjálfbær nýting. Ég býst við að ég fái einhvers konar hugleiðingar frá hæstv. ráðherrum báðum varðandi þetta atriði.

Virðulegur forseti. Ég mundi vilja gera að umtalsefni líka umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands þegar málið var hér til umfjöllunar á síðastliðnu vori. Í nefndaráliti minni hluta iðnaðarnefndar sem birtist þá á þskj. 1270 eru birtar umsagnir þær sem bárust til nefndarinnar og þar með gríðarlega umfangsmikil umsögn og greinargerð frá Umhverfisstofnun um málið. Ég vil fá að vitna til þeirrar umsagnar, hæstv. forseti, vegna þess að ég finn samhljóm með þeim sjónarmiðum sem Umhverfisstofnun lætur í ljósi í umræddri umsögn. Hún gerir athugasemdir við þrjá höfuðþætti frumvarpsins. Hún gerir t.d. athugasemdir um ákvæðin um eignarrétt á vatni, sem eru sömu atriði og ég hef þegar nefnt í ræðu minni. Hún gerir athugasemd við að eytt sé út mikilvægum ákvæðum um rétt og hagsmuni almennings sem er að finna í núgildandi löggjöf, þ.e. löggjöfinni frá 1923, og hún gerir athugasemd við fyrirhugaða stöðu Orkustofnunar sem yfirstjórnar vatnsmála út fyrir skilgreint hlutverk stofnunarinnar þar sem lítil skil séu gerð á gagnasöfnun, stjórnsýslu, framkvæmd og eftirliti.

Undir þessa þrjá meginþætti í gagnrýni Umhverfisstofnunar tek ég.

Síðar í umsögn stofnunarinnar segir, með leyfi forseta:

„Umhverfisstofnun vísar til umfjöllunar um frumvarp til rannsóknar og nýtingar á jarðrænum auðlindum en frumvörpin tvö eru tengd um marga þætti. Þessi tvö frumvörp líða fyrir skort á samráði út fyrir tiltölulega þröngan hóp og litla opinbera umræðu og kynningu. Umhverfisstofnun telur miður að frumvarp til vatnalaga, sem fjallar um mjög afmarkaðan þátt gildandi laga, skuli lagt fram á Alþingi áður en lokið er vinnu við innleiðingu rammatilskipunar ESB um vatn, enda gengur frumvarpið gegn meginviðmiðunum tilskipunarinnar. Jafnframt telur stofnunin að æskilegra hefði verið að bíða eftir fyrirhuguðu frumvarpi um verndun og stýringu vatns og vatnabúskapar sem nú mun vera í vinnslu í umhverfisráðuneytinu."

Hæstv. forseti. Undir þetta tek ég heils hugar. Ég óska eftir því að hæstv. umhverfisráðherra, sem skammaði forstöðumenn bæði Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands sl. vor fyrir þær umsagnir sem stofnanirnar sendu inn um frumvarp til vatnalaga, geri þingheimi grein fyrir því í þessari umræðu hvar það mál er statt. Vatnatilskipun Evrópusambandsins hefði átt að vera leidd í lög fyrir — ég man ekki hvaða dagsetning það var en það var örugglega 2004, þetta stendur einhvers staðar í greinargerðinni. Í öllu falli erum við fallin á tíma með að innleiða hana. Ég óska því eftir að hæstv. umhverfisráðherra geri okkur grein fyrir hvar málið er statt og á hvern hátt verið er að vinna að lögleiðingu vatnatilskipunarinnar, hversu stóran hluta hennar eigi að taka upp í EES-samninginn og þar fram eftir götunum, ef það er óljóst enn eins og mátti skilja

á máli hæstv. umhverfisráðherra í fjölmiðlum þegar þetta mál var til umfjöllunar á síðasta vori.

Umhverfisstofnun áréttar í umsögn sinni þá skoðun að frumvarpi til vatnalaga virðist að grunni til vera ætlað að líta á aðeins mjög afmarkaðan þátt þessa málaflokks og leggur til að heiti þess verði breytt, eins og ég sagði áðan, í frumvarp til laga um orkunýtingu vatns. Hún telur nefnilega, eins og ég get verið sammála, að hin eiginlegu vatnalög hljóti að eiga að fjalla um vatn í víðustu merkingu þess orðs og gildandi vatnalög eigi að standa óbreytt að teknu tilliti til þeirra breytinga sem þarf að gera, verði frumvarp þetta að lögum, þar til löggjöf sem byggir á lögleiðingu vatnatilskipunarinnar hefur tekið gildi.

Ég tel feng að því, hæstv. forseti, að fá álit hæstvirtra ráðherra á þessu sjónarmiði, á því hvort hin eiginlegu vatnalög, sem ættu að vera til í landinu, þurfi ekki einmitt að vera þau lög sem lúta að umsýslu vatns í hinni víðustu merkingu. Ég held að Umhverfisstofnun geti haft talsvert til síns máls í þessum efnum og tek þess vegna undir það sjónarmið stofnunarinnar að full þörf hafi verið á að endurvinna þetta frumvarp, þörf sé á að leggja það fram að nýju með nútímalegri viðhorfum, sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur ekki sinnt því að hún leggur þetta fram að nýju svo til óbreytt.

Þá er það hið víðtæka samráð sem Umhverfisstofnun saknar. Ég tel að þessi stjórnvöld verði að fara að temja sér samráð í auknum mæli, sérstaklega ef þau meina eitthvað með því að innleiða vissa þætti Árósasamningsins sem fjallar nákvæmlega um það, samráð á sviði umhverfismála. Eins og við vitum eru þrjár meginstoðir í Árósasamningnum. Við erum að innleiða eina þeirra sem varðar upplýsingamál. En ríkisstjórnin situr enn þá á hinum tveimur, þ.e. því að almenningur eigi að eiga aðkomu að ákvarðanatöku í umhverfismálum, og mér sýnist að það sé ekki bara almenningur heldur stofnanir. Stærstu stofnanir umhverfisráðuneytisins kvarta undan því að þær hafi ekki verið hafðar með í ráðum.

Nú lýsti hæstv. iðnaðarráðherra því yfir í fyrri hluta 1. umr. að um þetta mál væri mikil og breið sátt innan umhverfisgeirans, þ.e. stofnana umhverfisráðuneytisins og umhverfisráðuneytisins og hæstv. umhverfisráðherra. Ég vil fá staðfestingu á því frá hæstv. umhverfisráðherra í þessari umræðu, hæstv. forseti, á hvern hátt það samráð hefur farið fram og hvernig umhverfisráðuneytið og stofnanir þess standa og hvernig afstaða þeirra til málsins er núna.

[16:21]

Útbýting:

Dýravernd, 312. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 339.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 314. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 341.

Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 313. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 340.

[16:21]

Mörður Árnason:

Forseti. Mér kemur nokkuð á óvart að vera næstur í umræðunni því að ég átti von á því að hæstv. umhverfisráðherra tæki sig til og svaraði þó ekki væri nema í andsvari þeim spurningum sem fram hafa verið bornar og hv. síðasti ræðumaður gerði mjög í þeim dúr sem var í fyrri hluta umræðunnar sem hæstv. ráðherra gat því miður ekki tekið þátt í. Mér finnst kominn tími til að umhverfisráðherra geri það.

Í fyrra var rætt um frumvarp sem var nánast alveg eins og þetta og bornar fram spurningar til umhverfisráðherra. Hún svaraði ekki þá og má finna fyrir því ýmsar afsakanir. Hæstv. ráðherra var viðstödd umræðuna en þurfti svo að fara og hún svarar heldur ekki nú þó að hún geti, með leyfi forseta, annaðhvort komið hér til andsvara eða orðið næst í röð ræðumanna samkvæmt reglum sem þingsköp leyfa um það.

Þess vegna hlýtur maður að byrja á að ítreka þær spurningar til umhverfisráðherrans. Þær varða í fyrsta lagi afstöðu hennar til þess frumvarps sem hér er lagt fram, almenna afstöðu hennar til þess.

Í öðru lagi varða þær yfirlýsingar hæstv. iðnaðarráðherra í fyrri hluta umræðunnar að Umhverfisstofnun hefði snúið við blaðinu frá umsögn sinni í fyrra, það sem Umhverfisstofnun hefði sagt þá segði Umhverfisstofnun ekki lengur. Þetta verður fróðlegt að vita vegna þess að umsögn Umhverfisstofnunar er eitt af meginplöggum í málinu og ekki verður séð, nema í kannski einu smáatriði sem varðar yfirlestur í umhverfisráðuneytinu yfir reglugerð frá iðnaðarráðherra, að nokkurt tillit hafi verið tekið til athugasemda Umhverfisstofnunar sem eru mjög alvarlegar, vægast sagt.

Í þriðja lagi þurfti umhverfisráðherra í fyrra og þarf nú aftur að svara því hvernig á stendur með vatnatilskipun Evrópusambandsins. Nú er það að vísu þannig að það er utanríkisráðherra að forminu til sem semur við erlend ríki, en ég hygg að ekki þurfi að kalla hann til því að umhverfisráðherra hlýtur að hafa vald á þessu máli.

Í II. kafla greinargerðarinnar á síðu 13 í því formi sem þetta er núna, segir sérstaklega, með leyfi forseta:

„Sem stendur er unnið að lögleiðingu vatnatilskipunar ESB frá 2000."

Þetta stóð líka í greinargerð fyrra frumvarps sem útbýtt var 6. desember 2004 og er nú aftur óbreytt í greinargerð með frumvarpi þessu sem lagt er fram í nóvember 2005, þannig að sem stendur virðist það eiga við báða tímana. Því er eðlilegt að spyrja: Hvernig stendur það? Af hverju er ekki búið að því? Hefur einhver vinna farið fram á þessu ári eða hvernig liggur þetta?

(**Forseti** (SP): Forseti vill taka fram vegna orða hv. þingmanns að þetta frumvarp er á forræði hæstv. iðnaðarráðherra en hæstv. umhverfisráðherra féllst góðfúslega á að vera viðstödd þessar umræður samkvæmt beiðni stjórnarandstöðunnar fyrir helgi.)

Forseti. Mér kemur á óvart þessi athugasemd því að hæstv. umhverfisráðherra er hér stödd og einmitt að beiðni stjórnarandstöðunnar. Ég er hluti af þeirri stjórnarandstöðu. Ég er að bera fram þær fyrirspurnir sem fyrri ræðumaður bar fram og bornar voru fram í fyrri hluta þeirrar umræðu sem fór fram um daginn, fyrir helgi, og sem einnig voru bornar fram — og forseti ætti að minnast — í fyrra þegar þetta mál var til umræðu. Ég hef fullan rétt til þess, nema forseti taki hann hér með frá mér, sem hann hefur auðvitað rétt til, að beina spurningum til hæstv. umhverfisráðherra sem er sérstaklega stödd í salnum. Ég ætlaði að gera það í

upphafi ræðu minnar, sem annars á að fjalla um margt annað, og held því þess vegna áfram.

Á sömu síðu og í sama kafla í greinargerðinni í frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra stendur einnig um viðræður milli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og EFTA-skrifstofunnar um aðlögunartexta að það sé, með leyfi forseta, „reiknað með að þeim ljúki fljótlega eftir áramótin næstu."

Þegar maður fær þennan texta í hendurnar skoðar maður líka fyrra frumvarp og þar stendur hvað, forseti? Jú, með þínu leyfi, textinn segir að reiknað sé með „að þeim ljúki fljótlega eftir áramótin næstu." Því spyr maður eins og gert var í fyrri hluta þessarar umræðu: Hvaða áramót er átt við? Er átt við áramótin í fyrra, sem sé síðustu áramót, 2004–2005, eða er átt við áramótin 2005–2006 eða er átt við einhver allt önnur áramót? Eða eru „áramótin næstu" einhver lítill kísilbiti sem settur er inn í tölvurnar í iðnaðarráðuneytinu og á svo við hvað sem iðnaðarráðherra sýnist hverju sinni?

Þarna stendur í þriðja lagi, forseti, hlutur sem þarf að spyrja hæstv. umhverfisráðherra um og það er að í sama kafla, nokkrum línum síðar, segir að hér á landi þurfi að leiða í lög stjórn vatnsverndar og, með leyfi forseta:

„... liggur þegar fyrir í drögum frumvarp þess efnis sem unnið var á vegum starfshóps umhverfisráðuneytisins sem starfar að lögleiðingu áðurnefndrar tilskipunar ..."

Þetta stóð einnig þegar þetta frumvarp eða forveri þessa frumvarps, nánast óbreyttur, var lagður fram hér 6. desember árið 2004, í fyrra, fyrir næstum því ári. Þetta þarf umhverfisráðherra líka að skýra: Hvar er þessi löggjöf stödd? Því er spurt að einu rökin sem fram hafa komið hjá hæstv. iðnaðarráðherra fyrir því hversu brýnt sé að flytja þetta frumvarp eru þau að lögin séu frá 1923. Það endurtók hæstv. iðnaðarráðherra margoft í fyrri hluta umræðunnar: Lögin eru frá 1923, og skilja hv. þingmenn það ekki að lög frá 1923 verður náttúrlega að endurskoða o.s.frv.?

Jú, þetta er rétt hjá iðnaðarráðherra. Það er eðlilegt að taka 82 ára gömul lög og endurskoða þau og líta á hvað úr þeim er hægt að gera. En það er líka eðlilegt að það sé heildarlöggjöfin sem sett er. Einnig komi fram vatnsverndarlögin og það komi fram lög í framhaldi af þeirri vatnatilskipun sem er okkar, vegna þátttöku okkar í alþjóðasamstarfi um umhverfismál og fleiri efni.

Þetta óska ég eftir að umhverfisráðherra fjalli um og bið um að það verði gert sem allra fyrst í umræðunni þannig að hún geti þróast eitthvað áfram, sem hún hefur eiginlega ekki gert vegna annars vegar fjarveru hæstv. umhverfisráðherra og hins vegar skorts á svörum frá hæstv. iðnaðarráðherra.

Nú hef ég því miður þurft að verja meginhluta ræðu minnar í þessar spurningar og ég ítreka spurningar mínar til hæstv. umhverfisráðherra en ég ætla í þessu sambandi að segja um lögin frá 1923, sem er mikilvægt, að í greinargerðinni og í ræðu ráðherrans kemur fram sá misskilningur að þau séu sprottin úr gamla bændasamfélaginu. Það er ekki rétt nema að hluta til. Vissulega er í þeim að finna gullfallegan texta, ekki bara úr gamla bændasamfélaginu heldur frá fyrstu tímum, ákvæði sem hafa verið í lögum á Íslandi frá því Jónsbók var tekin í lög og eiga uppruna sinn í Grágás. En lögin frá 1923 eiga sér þá sögu, eins og rakið er í greinargerðinni, að þau voru afleiðing af því að hið gamla bændasamfélag rakst á við hrá-kapítalisma í upphafi 20. aldar, þegar menn fóru um landið og litu á landgæði, djarfhuga menn og framkvæmdaglaðir, og ætluðu að reisa virkjanir og nýta til þess hvern fossinn og vatnsfallið af öðrum. Þá urðu miklar deilur eins og rakið er í greinargerð sem enduðu með hinni frægu fossanefnd og síðan með frumvarpi sem Einar Arnórsson, sem forseti þekkir að góðu einu, góður stjórnmálamaður og lögfræðingur sem var uppi á fyrri hluta síðustu aldar, samdi og var síðan lögtekið.

Hvað gerðist þar? Jú, þar var samþykkt ákveðin málamiðlun. Hún var einmitt samþykkt gegn hrá-kapítalismanum en með bændum vegna þess að menn vildu reyna að hindra að einstakar ár, fossar eða önnur slík náttúrufyrirbrigði sem væri hægt að nota til orkuöflunar, gengju kaupum og sölum milli manna á Íslandi og erlendis og jafnvel í kauphöllum út og suður um heiminn. Þess vegna var gerð sú málamiðlun á milli sjónarmiða meiri hlutans og minni hlutans í fossanefndinni að landeigendur skyldu eiga skýran og kláran nýtingarrétt að þeim fyrirbrigðum sem hér eru talin. Þetta þýddi að til þess að komast yfir þennan nýtingarrétt þurfti að kaupa landið sjálft. Árið 1923 töldu menn í þessum sal að varðstaða bænda um íslenska hagsmuni mundi koma í veg fyrir of mikið ævintýri í þessum efnum. Bændasamfélagið þá var mikils metið og var talið ákveðin fyrirmynd í samfélagsefnum. Menn töldu að við ættum að halda þeim gömlu góðu gildum sem í því fælust og hæstv. iðnaðarráðherra kann að kannast við, a.m.k. í sögu flokks síns. Þess vegna var bændum, sem landeigendum á þeim tíma, falin varðveisla þessara gæða.

Það sem við eigum nú við að stríða er kannski öfugt, að gamla bændasamfélagið er því miður á fallanda fæti. Því miður segi ég ekki vegna þess að ég sé á móti framþróun í atvinnuháttum heldur vegna þess að í því fólust ýmis gömul og góð gildi sem nú þarf að leita að logandi ljósi í stefnu og athöfnum þess flokks sem þó var á sínum tíma sérstakur varnarmaður þessa bændasamfélags. Bæði í vörn og sókn átti Framsóknarflokkurinn að berjast fyrir þeim gildum. Þess vegna hefði maður að óreyndu ætlað að ráðherra Framsóknarflokksins mundi skoða vatnalögin, líta á þau í ljósi nýrra tíma og telja ástæðu til að treysta almannaréttinn, draga úr einkaeignarákvæðum vatnalaganna og koma því þannig fyrir að sjálfur tilgangur laganna frá 1923 héldi áfram þótt í breyttu samfélagi væri. En það er ekki.

Hæstv. ráðherra Framsóknarflokksins sem um þetta vélar fór öfuga leið. Hann fór leið minni hluta fossanefndarinnar, að ég hygg. Ég vona að ég fari ekki með rangt mál en *ég held að minni hluti nefndarinnar hafi lagt til að einkavæða* í raun aðganginn og nýtingarrétt á landi og setja hann í fullkomna einkaeign. Manni bregður svo sem ekkert við þetta, eftir að hafa fylgst með Framsóknarflokknum á síðustu áratugum, en ég verð að segja að sögulega er þetta ekki mjög fagurt. Ég held að það sé mikilvægt að hafa þetta í huga.

Það hefur verið rakið, m.a. í þingsalnum, að landeign á Íslandi sé nú í miklu minni mæli en áður var einstakra bænda. Bæði fjáraflamenn og sérstök fyrirtæki hafa keypt jarðir en ekki til búskapar. Menn hafa kannski leiguliða á

þeim jörðum þar til þeim hentar að gera annað við þær en markaður með land á Íslandi er orðin spekúlasjónsmarkaður og ekki lengur um það að ræða að hann ráðist af því að bændur flytjist búferlum eða komi landi sínu til þeirra sem gætu betur með það farið. Á þetta frumvarp verður að líta í því ljósi og verður ekki betur séð en að hæstv. ráðherra gangi einmitt hagsmuna spekúlantanna, hagsmuna fyrirtækjanna og fjáraflamannanna sem kaupa land, ekki til að búa á því eða virða það sérstaklega heldur ósköp einfaldlega til að nota það eins og hverja aðra vöru, kaupa land sem framkvæmdaglöð virkjunarfyrirtæki kynnu síðar að kaupa gegn hærra verði en þau voru keypt á.

Það er sérkennilegt við frumvarpið, greinargerð þess og hæstv. ráðherra sem það flytur, að þar segir í öðru orðinu A og í hinu orðinu mínus A. Gríðarleg áhersla er lögð á það af hálfu ráðherrans að þessi breyting skilgreiningarinnar á eignarrétti, þannig að formerki réttarins breytast úr jákvæðum í neikvæð, sé aðeins formbreyting. Samt stendur í 1. gr. frumvarpsins að markmið þess, fyrsta markmið og aðalmarkmið frumvarpsins, sé, með leyfi forseta: „... skýrt eignarhald á vatni". Þannig hlýtur maður að draga þá ályktun að það hafi áður verið óskýrt, að nú sé óskýrt hvert eignarhaldið er á vatni en það eigi að skýra. Þá spyr maður: Felst ekki í því meira en formbreyting? Það vekur alveg sérstaka athygli, þótt þar kunni að vera um handvömm að ræða og ekki þá einu sem sést í endurflutningi þessarar greinargerðar, að á einum stað í greinargerðinni, í V. kafla greinargerðarinnar, hefur verið breytt orðalagi þar sem stóð, með leyfi forseta:

„Leggja verður áherslu á að hér er fyrst og fremst um formbreytingu að ræða ..."

Því hefur verið breytt í:

„Leggja verður áherslu á að hér er um formbreytingu að ræða ..."

Hins vegar hefur greinilega gleymst að lesa VIII. kafla greinargerðarinnar eða þá menn eru svo óskýrir í þessu ráðuneyti. Þar stendur að „fyrst og fremst" sé um formbreytingu að ræða. Það er ástæða til að spyrja iðnaðarráðherra um þetta. Er einungis um formbreytingu að ræða eða er fyrst og fremst um formbreytingu að ræða?

Það er augljóst og kemur ágætlega fram í umsögn Umhverfisstofnunar, sem hér var til umræðu áðan, að hér er ekki bara um formbreytingu að ræða. Hér er um efnisbreytingu að ræða, þ.e. að tekinn er nýtingarréttur, eins og hv. síðasti ræðumaður skýrði ágætlega, ákveðinn nýtingarréttur og honum breytt í einkaeignarrétt. Jákvæða skilgreiningin eins og menn þekkja felst í því að tiltekið er hvað menn mega gera með nýtingarrétt sinn en sú neikvæða er þannig að löggjafinn tiltekur hvað eigandi má ekki gera, sem á illa við um vatnið.

Það er alveg augljóst að a.m.k. tvö atriði sýna og sanna að hér er ekki fyrst og fremst um formbreytingu og jafnvel ekki eingöngu um formbreytingu heldur um efnisbreytingu að ræða. Það kemur annars vegar fram í því, eins og viðurkennt er í greinargerðinni, að gömlu vatnalögin eru útvíkkuð með þessu frumvarpi þannig að ekki er einungis um rennandi vatn að ræða heldur líka vatn í ýmsu formi. Það mætti segja að það sé formbreytingin sem starfsmenn ráðherrans horfa á þegar þeir skrifa greinargerðina, að bæst hefur við vatn í ýmsu öðru formi.

Í fyrsta lagi stendur í 2. gr. að þetta eigi ekki aðeins við um rennandi vatn heldur líka við um vatn í heildina, með leyfi forseta: „... í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi". Þannig er hinu loftkennda formi og hinu fasta formi bætt við og þar með settir nýir hlutir inn í einkaréttinn sem ekki voru þar áður.

Í öðru lagi gerir breytingin úr jákvæðri skilgreiningu í neikvæða ráð fyrir því að ef upp kemur nýr nýtingarháttur vatns, ef mönnum dytti í hug á næstunni að nýta vatn með öðrum hætti en hingað til hefur verið hægt af tækniorsökum eða takmörkuðu hugmyndaflugi þeirra sem um það véla, þá er hinum nýja eiganda vatns í landinu, þessum hópi einkaeiganda, það heimilt. En ef við höldum við jákvæðu skilgreininguna, sem ég vona sannarlega að við gerum, þá yrði það löggjafans, eða dómstólanna þangað til löggjafinn treysti sér til þess, að úrskurða hvað ætti að gera í hinum nýju tilvikum.

Það er lítið eftir af ræðutíma mínum og ég verð greinilega að koma aftur og tala við þingheim um það sem ég næ ekki að skýra út núna. Ég vona reyndar að hæstv. umhverfisráðherra tali í millitíðinni. En meginatriðið er að við ættum í fyrsta lagi að vera með alla löggjöfina undir. Í öðru lagi ættum við í ljósi hinna nýju tíma að fást við vatnalögin frá 1923 í því skyni að auka almannarétt, draga úr einkaeignarákvæðum og hafa skýr nýtingarákvæði í lögunum, haga okkur eins og vatnatilskipun Evrópusambandsins, sem við erum hluti af að þessu leyti, vill og færa löggjöf okkar fremur í átt til þeirrar norsku og sænsku heldur en til þeirra markaðshugmynda sem Framsóknarflokkurinn er orðinn einn helsti fulltrúi fyrir á landinu. Það er kannski vegna þess að hann sé að útvega sér annan markhóp og aðra stuðningsmenn en þá góðu bændur sem komu þeim flokki á veg og stofnuðu hann í árdaga.

[16:42]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Sérstaklega var spurt um stöðu vatnatilskipunar. Það sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er allt hárrétt. Þar hefur textinn verið uppfærður miðað við aðstæðurnar eins og þær eru í dag. Það var 6. október síðastliðinn að formlegar viðræður hófust á milli EFTA og ESB um beiðni EFTA-landanna Íslands, Liechtensteins og Noregs, um aðlögun að vatnatilskipun ESB. Það er skoðun EFTA-landanna að samkvæmt EES-samningnum falli tilteknir þættir tilskipunarinnar ekki undir samninginn. Þessir þættir varða náttúruvernd, dýravernd, auðlindastjórn og gjaldtöku eða skattlagningu fyrir vatnsnotkun. Þetta er allt tíundað í greinargerðinni.

Það er nokkuð víst, þó að verið hafi náið samstarf milli EFTA og ESB um málið á óformlegum nótum, að ferlið getur tekið einhvern tíma. Því er ekki við því að búast að tilskipunin verði tekin upp í EES-samninginn fyrr en eftir áramót. Í framhaldi af því verður unnið frumvarp og á þessari stundu er ekki hægt að segja fyrir um hvenær það verður tilbúið. Það er a.m.k. mjög ólíklegt að það verði á þinginu sem nú stendur. Það er líka tíundað í greinargerðinni að frumvarpið sem hér er til umfjöllunar eigi í engu að skarast

við væntanlegt frumvarp um stjórn vatnsverndar, þannig að það sé a.m.k. alveg skýrt. Mér finnst gerð mjög góð grein fyrir þessu í greinargerð með frumvarpinu.

[16:44]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég fagna fyrstu orðum hæstv. umhverfisráðherra í umræðunni. Samningar eru hafnir. Frumvarpið liggur fyrir í drögum og þegar samningum lýkur er hægt að flytja það á þinginu hvort sem það verður á þessu þingi eða ekki. En þá eigum við að bíða. Þá er komið af stað ferli sem á að gefa hæstv. iðnaðarráðherra tilefni til að bíða með þessi lög. Það liggur ekkert á að færa þau til nútímans. Þau hafa verið til frá 1923, í 82 ár, og það gerist ekkert þó að þau verði til í eitt ár í viðbót, í 83 ár.

Það er ekki kveðið sterkara að orði hjá rithöfundum hæstv. iðnaðarráðherra um endurskoðun laganna heldur en svo að þar segir, með leyfi forseta, í II. kafla greinargerðarinnar: „Má því segja að tímabært hafi verið að endurskoða lögin.“ — Það er ekki meiri asinn eða flýtirinn og vant að sjá hvað veldur því að þörf sé á að taka þessi lög upp áður en við fáum þessa heildarlöggjöf. Vel kann að vera að það sé rétt hjá hæstv. umhverfisráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra að þessi lög séu prýðileg að forminu til, miðað við þau lög sem við fáum um vatnsvernd, þau fyrstu á Íslandi. Það vekur hins vegar ákveðna furðu að markmið lagafrumvarpsins sem við erum með í höndunum er líka það að stuðla að skynsamlegri vatnsnýtingu, hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu vatns. En það er frekar það sem ætti að vera í vatnatilskipuninni, í þeim lögum sem út frá vatnatilskipuninni ganga.

Ég vil fagna þessu og lít á það sem ákveðin vatnaskil í umræðunni, þau orð eru vel við hæfi. Ég skora á iðnaðarráðherra að draga þetta frumvarp aftur og koma með það upp á borðið þegar við erum búin að klára þetta ferli gagnvart Evrópusambandinu og EFTA.

[16:46]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að það sé algerlega skýrt að það frumvarp sem hér um ræðir og síðan það frumvarp sem verður unnið í umhverfisráðuneytinu um vatnsverndina eiga ekki að skarast. Þess vegna er engin ástæða til að þetta frumvarp nái ekki fram að ganga eins og ég veit að iðnaðarráðherra hefur margsinnis skýrt hér í umræðunum.

Hvað snertir síðan markmiðið, 1. gr. frumvarpsins, þá finnst mér það vera mjög göfugt markmið: „... skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns.“

Hér í umræðunni var líka nefnt að haft hefði verið samráð við Umhverfisstofnun sem hafði gert athugasemdir við frumvarpið á fyrra stigi. Ég bendi þingmönnum á þær breytingar sem hafa verið gerðar á frumvarpinu og þeirra veigamest er breytingin í 35. gr. Það er annars vegar reglugerð sem iðnaðarráðherra hefur samráð við umhverfisráðuneytið um, þar sem sett eru nánari fyrirmæli um framkvæmd tilkynningarskyldu o.fl. Síðan líka í 35. gr., þar sem fjallað er um skilyrði fyrir framkvæmdum og starfsemi sem talin eru nauðsynleg af tæknilegum ástæðum að það er heimild Orkustofnunar til að setja slíkt skilyrði, hún nær ekki til starfsemi og framkvæmda á friðlýstum svæðum sem háðar eru leyfi Umhverfisstofnunar. Þetta eru veigamestu atriðin.

[16:48]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Þessar breytingar eru vonandi góðar en þær svara auðvitað ekki þeim spurningum sem vakna við það að flytja þessi frumvörp hvort í sínu lagi eða hvert í sínu lagi eftir því hvernig það fer. En það er bein ástæða til þess að spyrja um það og til þess að gera ráð fyrir því og heimta það að þessi frumvörp verði flutt saman og annað bíði eftir hinu. Sú ástæða kom fram í fyrra í umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp sem var að því leytinu alveg eins, en þar segir beinlínis ekki bara að frumvarpið gangi í aðra átt en norsk og sænsk löggjöf, fyrir lönd sem af Evrópulöndum eru líkust okkur að þessu leyti, hálend vatnslönd, heldur segir líka í umsögn Umhverfisstofnunar að hvað varði fyrirhugaðan rétt landeigenda sé frumvarpið, með leyfi forseta: „... í andstöðu við alþjóðlegar viðmiðanir og skuldbindingar.“

Meðan við ekki höfum frumvarp í höndunum sem samið er í samræmi við þessar alþjóðlegu viðmiðanir og skuldbindingar verð ég að taka fyrirvara og ábendingar Umhverfisstofnunar gild eins og hæstv. umhverfisráðherra hlýtur alla jafna að gera.

Þess vegna segi ég: Það er best að vera ekki að rífast lengur um þetta heldur skoða hvaða frumvarp það er sem við fáum hér út frá alþjóðlegum viðmiðunum og skuldbindingum. Þetta er ekki einhver strákdóni úti á Austurvelli úr Samfylkingunni eða einhverjum öðrum flokkum að hrópa, þetta er Umhverfisstofnun sem segir að þetta frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra, að vísu frumvarpið í fyrra en óbreytt að þessu leyti, sé í andstöðu við alþjóðlegar viðmiðanir og skuldbindingar. Punktur basta. Burt með það.

[16:50]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Frumvarpið sem við erum að ræða hér um, frumvarp til vatnalaga, hefur það að markmiði samkvæmt 1. grein, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns. Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er.“

Það er hvergi tilgreint hver á meta nauðsynina að öðru leyti en því að Orkustofnun er falið stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk þannig að það er þá væntanlega hún sem á að skera úr um nauðsynina og síðan iðnaðarráðuneytið.

Það er sagt hér í athugasemd við lagafrumvarpið að það hafi verið talið nauðsynlegt að taka stjórnsýslu vatnamála til endurskoðunar. Síðan eru taldir upp þeir aðilar sem hæstv. ráðherra fól að semja drög að frumvarpinu og síðan nefnd sérfræðinga og hagsmunaaðila til að skila endanlegu frumvarpi til vatnalaga til ráðherra.

Þegar maður skoðar aðilana sem eru tilnefndir og unnu þetta frumvarp vekur athygli að enginn þeirra er tengdur

náttúruvernd eða umhverfismálum. Þetta eru aðilar sem eru tengdir orkufyrirtækjum og síðan varaformaður Bændasamtakanna sem er auðvitað hagsmunaaðili, bændur nota jú vatn eins og við öll og það í miklum mæli.

Þetta vekur athygli, ekki síst með tilliti til athugasemda sem koma frá ýmsum stofnunum sem frumvarpinu er svo vísað til til umsagnar þrátt fyrir þetta.

Ef maður fer svo í skilgreiningarnar í frumvarpinu, sem eru í 3. gr., þá vakti fyrst athygli mína hversu búsþarfir eru þröngt skilgreindar og ég gerði athugasemd við það í fyrra þegar þetta frumvarp kom hér til umræðu en því hefur ekki verið breytt.

Í umsögn um þessa skilgreiningu segir, þ.e. aðeins hvers vegna talað er um kvikfjárrækt, með leyfi forseta:

„Ástæða þess er sú að kvikfjárrækt er hinn hefðbundni landbúnaður þjóðarinnar. Nú á dögum nýta menn einnig lönd jarða sinna til garðávaxtaræktar, skógræktar, ylræktar, fiskeldis, undir sumarbústaði og ferðamannaþjónustu. Allt getur það stuðlað að því að halda jörðum í byggð, en sjaldnast er þá notaður nema lítill hluti lands jarðanna, sumt stundum tímabundið innan ársins ... eða að umfangi langt umfram fjölskyldurekstur ...“

Þarna finnst mér, frú forseti, að atriði stangist á í röksemdafærslunni. Ég tel mjög mikilvægt að öllum búgreinum og starfsemi á jörðinni, ef frá er talinn kannski iðnrekstur, sé gert jafnhátt undir höfði og vek athygli á því að t.d. ylrækt og garðávaxtarækt er vatnsfrekur búskapur en þeim greinum er ekki gert jafnhátt undir höfði og kvikfjárrækt og það finnst mér mjög einkennilegt og miður þar sem ég tel það afar brýnt að öllum tiltækum ráðum sé beitt til þess að halda bújörðum í byggð. Bújarðir eru eitthvert alviðamesta og veigamesta net til að viðhalda byggð á Íslandi. Og mér finnst mjög undarlegt að nýjum búgreinum sé ekki — og þó ekki endilega nýjum — að öllum búgreinum sé ekki gert jafnhátt undir höfði og stutt við þær í þessum lögum sem öðrum.

Ég ætla líka að vekja athygli á því að í skilgreiningarkaflanum er vatn skilgreint í ýmsum samsetningum, en vatn er víða til umfjöllunar í frumvarpinu, ýmist sem efnið H_2O eða annars konar vatn. Í skilgreiningarkaflanum er það ekki skilgreint nánar en sem vatnsflæði, vatnsfall, vatnsból, vatnsleg, vatnsmiðlun og vatnsnýting, vatnsveita eða vatnsvirki. Í ýmsum greinum frumvarpsins lítur út fyrir að verið sé að tala um það sem ég ætla að kalla veiðivötn eða stöðuvötn skulum við segja, en þar er talað um vatn. Í þessum greinum getur það sem um er rætt alveg eins átt við vatnsfall eða á. Mér finnst ekki nógu vandað hvernig frá þessu er gengið, að það þurfi að skilgreina eða breyta orðalagi þannig að ljóst sé hvenær er verið að tala um veiðivatn eða stöðuvatn, hvenær umrædd grein á að ná eingöngu yfir það eða hvort hún á að ná líka yfir ár, sem eins og ég segi getur vel verið. Því í frumvarpinu er m.a. verið að fjalla um vatn í tengslum við virkjanir og mannvirki sem maður getur hugsað sér að séu ætluð vegna virkjana, t.d. stíflugerð og annað.

Í skilgreiningarkaflanum er einnig fjallað um jarðhita. Ég er búin að lesa þetta frumvarp þó nokkuð yfir, ég hef ekki lesið það frá orði til orðs en ég hef ekki komið auga á að fjallað sé um jarðhita í því nema í skilgreiningarkaflanum og svo í greinargerð, þ.e. á bls. 25 en þar er fjallað um jarðhita. Mér er spurn: Af hverju er verið að fjalla um eða skilgreina jarðhita þarna og fjalla svo um hann í skýringum við grein, fyrst ekki er fjallað um hann á annan hátt, ekki í frumvarpinu sjálfu eftir því sem ég fæ best séð? Er með því móti verið að færa Orkustofnun á einhvern nýjan hátt ákveðið lögsagnarumdæmi yfir jarðvarma eða stjórnsýslu? Ég spyr.

Ég veit að að ýmsu leyti hefur verið reynt að halda í hið forna orðalag sem var á vatnalögum en í sumum tilfellum finnst mér fulllangt gengið í því efni og of skammt gengið í því að færa hlutina til nútímans því að það er jú tilgangur frumvarpsins.

Í 16. gr. segir, með leyfi forseta:

„Nú er vatn of lítið til að fullnægja þörfum þeim sem í 15. gr. segir og á þá hver sú fasteign sem tilkall hefur til þess vatns sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum.“

Mér finnst þetta mjög óskýrt. Ég get getið mér til um hvað er verið að meina þarna. Ég hugsa að það sé verið að tala um einhvers konar hlutföll, hlutfallslegan rétt, en mér finnst að það eigi að standa þarna.

Síðan er í 15. gr. talað um forgang að vatni og það er verið að breyta forgangsröðun. Um það er fjallað á bls. 32 í skýringum með 15. gr. Í gömlu lögunum er forgangsröðunin þannig, með leyfi forseta, að heimilisþarfir ganga fyrir búþörfum, búþarfir ganga fyrir notkun í þágu iðnaðar og iðju án orkunýtingar, notkun til iðnaðar og iðju án orkunýtingar gengur fyrir áveituþörfum, áveitur ganga fyrir nýtingu vatns til orkuvinnslu.

Í frumvarpinu eins og það er nú er aðeins talað um að heimilisþarfir gangi fyrir búsþörfum og segir, með leyfi forseta:

„Ekki þykir lengur ástæða til að áveitur gangi fyrir réttinum til að nýta vatn til orkuvinnslu eða kveða sérstaklega á um það að notkun til iðnaðar og iðju án orkunýtingar gangi fyrir áveituþörfum. Er því lagt til að þessi nýting teljist jafnrétthá.“

Það er mín skoðun, frú forseti, að áveituþarfir t.d. eigi að ganga fyrir orkuvinnslu. Það getur háttað þannig til að áveitur séu nauðsynlegar fyrir búskap og geti ráðið úrslitum um það hvort búandi sé á tilteknu svæði.

Umhverfisstofnun gerir margháttaðar athugasemdir við frumvarpið og þar segir m.a. að þetta frumvarp sé háð verulegum annmörkum þar sem það lúti aðeins að hluta þeirra sjónarmiða sem sett eru fram í tilvísaðri greinargerð sem rök fyrir því að breyta þurfi núverandi vatnalögum, með leyfi forseta:

„Umhverfisstofnun bendir á að frumvarpinu virðist að grunni til vera ætlað að líta á orkunýtingu vatns, sem er mjög afmarkaður þáttur þess málaflokks sem lýtur að vatni, vatnsbúskap, nýtingu og verndun vatns.“

Þetta staðfestist með því að Orkustofnun er falið stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk með þessum lögum. Það kemur fram í greinargerð að það sé fyrir utan lögbundið hlutverk Orkustofnunar.

Umhverfisstofnun segir einnig, með leyfi forseta, að frumvarpið taki ekki eða nánast ekki til umhverfismála, vatnafars og vatnsbúskapar í víðasta skilningi þar sem lögð er áhersla á umhverfið og verndun þess, enda komu umhverfisstofnanir og náttúrufræðistofnanir ekki að samningu

þessa frumvarps, eins og ég sagði. Það er líka athyglisvert að síðan í fyrra virðist ekki hafa verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem þessar stofnanir gera við frumvarpið í þeirri mynd sem það var þá.

Það er líka vísað í frumvarp til rannsókna og nýtingar á jarðrænum auðlindum en það er ekki tekið tillit til þess í þessu frumvarpi. Umhverfisstofnun bendir líka á, eins og margoft hefur komið fram í máli manna í dag, að það sé ekki eðlilegt að það sé verið að reka svona á eftir þessu frumvarpi áður en rammatilskipun ESB um vatn er tekin fyrir. Eins og fram kom í máli hæstv. umhverfisráðherra áðan þá mun verða skammt í að það frumvarp komi fram. Auk þess er væntanlegt frumvarp um verndun og stýringu vatns og vatnsbúskapar og hefði verið eðlilegt að taka það fyrir jafnframt þessu frumvarpi.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggst í umsögn sinni eindregið gegn þeirri fyrirætlan að vatn sé skilgreint sem jarðræn auðlind og falin iðnaðarráðuneyti og Orkustofnun. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vatn er í grundvallaratriðum frábrugðið öðrum jarðefnum að því leyti að það finnst náttúrlega í þrenns konar formi, þ.e. í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn. Stofnunin lagði áherslu á að þótt vatn geti verið orkugjafi, og þar með verslunarvara, þá sé það fyrst og fremst lífsnauðsynlegt efni öllum mönnum og öllum lífverum. Forgangsröðin varðandi umsjón með og vöktun vatns er þess vegna hollustuhættir, umhverfi og orkunýting en ekki öfugt."

Ég vek enn athygli á því að með þessu nýja frumvarpi er verið að breyta um stefnu í þessu efni. Það er verið að víkja yfirráðum yfir vatni til iðnaðarráðuneytis og Orkustofnunar.

Það stendur líka í umsögn Náttúrufræðistofnunar að hlutverk Orkustofnunar sé fyrst og fremst að hafa umsjón með orkulindum landsins og eins og ég benti á áðan er verið að fara út fyrir hlutverk stofnunarinnar með því hlutverki sem er verið að fela henni.

Það má segja að það komi fjölbreytilegar athugasemdir við þetta frumvarp frá ýmsum aðilum, (**Iðnrh.:** Er það ekki annað frumvarp?) bæði frá Náttúrufræðistofnun og þeim sem ég hef talið hér áðan og einnig frá Sambandi sveitarfélaga o.fl. Mér finnst líka mjög athyglisvert, frú forseti, að þeim aðila sem er falið að meta umsagnirnar er akkúrat Orkustofnun. Það finnst mér líka sérkennilegt, frú forseti.

[17:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það eru mikil vonbrigði að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og hæstv. umhverfisráðherra skuli bjóða Alþingi upp á þau vinnubrögð að leggja þetta frumvarp nánast óbreytt fram og væntanlega það sem á eftir fylgir eftir þær hrakfarir sem hæstv. ráðherrar fóru báðir í málunum á síðasta þingi. Þá voru þessi frumvörp lögð fram, þetta frumvarp og frumvarp um nýtingu og rannsóknir á jarðrænum auðlindum, en voru gersamlega óboðleg enda fengu þau þannig varmar viðtökur að hæstv. ráðherrar sáu þann kost vænstan, flutningsmaðurinn, hæstv. iðnaðarráðherra, að draga þau til baka.

Og maður hefði þá ætlað að vegna þeirrar hörðu gagnrýni, málefnalegu og þungu, sem þessi frumvörp sættu í umsögnum og umfjöllun á þingi í fyrra að hæstv. ráðherrar ynnu þau eitthvað heima í sumar og kæmu til leiks með málatilbúnað sem væri tækur. En það er öðru nær. Í raun og veru hefur hæstv. iðnaðarráðherra ekki á nokkurn hátt slegið af þeirri ósvífni sinni að ætla að slá algerlega forræði og eignarhaldi, ef svo má að orði komast, orkugeirans á vatnið í landinu, leggja vatnið undir orkuiðnaðinn og forræði hans endanlega, færa inn undir valdsvið iðnaðarráðuneytisins hluti sem þar hafa alls ekki verið.

Og svo virðist sem hæstv. umhverfisráðherra sé svo metnaðarlaus að hún velji þann kost að lúffa fyrir hæstv. iðnaðarráðherra og orkuiðnaðinum frekar en standa með sínum eigin starfsmönnum í undirstofnunum ráðuneytisins sem gáfu þessum málatilbúnaði algera falleinkunn. Hin efnislega og harða gagnrýni þeirra stendur nánast að öllu leyti nema það sé búið að líma fyrir munninn á þeim, einfaldlega vegna þess að þau atriði sem þeir gagnrýndu harðast ganga aftur í frumvarpinu óbreytt, t.d. skilgreiningin á vatni og valdsvið ráðuneytisins yfir því, einkaeignarréttarnálgunin á vatni sem fyrirbæri. Í iðnaðarráðuneytinu, og meðal þeirra manna sem hafa unnið að framlagningu þessa frumvarps, virðast menn vera algerlega óafvitandi um það í hvaða átt þessir hlutir eru að þróast annars staðar, á alþjóðavettvangi, í Evrópu, hjá Sameinuðu þjóðunum og í mörgum löndum sem hafa verið að setja lög þar sem algerlega gagnstæð nálgun er lögfest eða jafnvel tekin upp í stjórnarskrá. Sú nálgun að vatn sé sameiginleg auðlind, að vatn eigi ekki að meðhöndlast sem venjuleg verslunarvara, að einkaeignarréttur á landi eigi ekki rétt á sér, megi ekki verða.

Og það að við skulum sitja uppi með ráðherra á Íslandi og þessa yfirgengilegu frekju sem leggur hagnýtingar-, í skilningnum orkuöflunarnýtingar-, mælikvarða á alla skapaða hluti er auðvitað alveg ofboðslegt. Það er alveg ofboðslegt að það skuli ekki einu sinni vera minnst á vatn sem sameiginlega auðlind, undirstöðu lífs á jörðinni, mikilvægasta element alls lífs, lífríkisins, náttúrunnar, þar með talið mannsins og velferðar, heilbrigðis, lífs og viðhalds hans sem tegundar.

Nei. Það er Orkustofnun, það eru iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun sem skulu ráða algerlega lögum og lofum. Allar framkvæmdir sem hafa áhrif á vatn í landinu á að sækja undir Orkustofnun, ekki Umhverfisstofnun, ekki umhverfisráðuneytið. (**Iðnrh.:** Það heyrir ekki undir mig.) Nei, það er nefnilega það. Undir hvern heyrir þetta þá? Auðvitað kemur það iðnaðarráðherra ekki við eftir allt saman.

Nei, frú forseti. Auðvitað er þetta alveg með endemum, þetta er með hreinum endemum. Það er fyrir það fyrsta ljóst hér að svið laganna er útvíkkað þannig að allt sem viðkemur vatni í föstu, fljótandi og gufukenndu formi skal heyra undir iðnaðarráðherra. Hann skal ráða yfir jöklunum, hann skal ráða yfir hinu rennandi vatni, jafnt á yfirborði sem neðan jarðar, og meira að segja skýin á himninum, vatn í gufukenndu formi, skulu falla hér undir. Ef það kæmi til greina að hagnýta þau skal iðnaðarráðherra veskú ráða því með Orkustofnuninni sinni. Vatn, jafnt á yfirborði og neðan jarðar, í föstu, fljótandi og loftkenndu formi skal það heita.

Grunnvatnið er hér fært undir eins og það leggur sig og

jarðhitanum er skotið inn í, að vísu á sérkennilegan hátt. Um hann er aðallega fjallað í orðskýringum í greinargerð, að þetta skuli líka taka til heits vatns. Illu heilli voru sett hér lög sem slógu einkaeignarrétti á allan jarðhita, ekki bara lághita og á yfirborði heldur á háhita og í iðrum jarðar þannig að fleygur inn að miðju jarðarkringlunnar eða hnattarins skal meðhöndlast í einkaeignarlegu formi, samkvæmt þeirri snilld sem einkaeignarréttarsinnar hafa hér uppi á Íslandi þróað á undanförnum árum, (Gripið fram í.) alveg niður í þann svarta sjálfan já. Það dugar ekki minna.

Þetta, frú forseti, endurspeglast t.d. mjög vel ef skoðaður er IV. kafli frumvarpsins um nýtingu vatnsorku. Þá á sjálfsagt að þakka fyrir að menn eiga að fá að taka vatn til heimilisnota, samanber 15. gr., og þá aðgangsröð að vatni sem þar er talað um. En orðalagið er ákaflega lýsandi því í framhaldinu segir að þetta skuli:

„... takmarkast við það að enginn sé sviptur" — það má ekki taka það alveg af honum — „vatnsnotum skv. 15. gr." — þ.e. til heimilis- og búsþarfa — „né neinum bakaðir" — hvað? — „óhæfilegir örðugleikar" — það má sem sagt með orðanna hljóðan baka mönnum þó nokkra örðugleika en ekki óhæfilega af þessum sökum — „um slíka notkun né vatni sem nota þarf með þeim hætti spillt fyrir neinum svo að" — hvað? — „til verulegra óþæginda horfi". Ekki bara óþæginda, nei það skal vera til verulegra óþæginda þannig að menn séu svolítið varðir af því að það megi vera óþægindi og það megi vera örðugleikar bara ekki óhæfilegir og ekki verulegir, óþægindin ekki veruleg.

Þetta er lýsandi fyrir hugarfar þeirra manna sem hafa sett þessa snilld á blað og á því ber hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra alla ábyrgð. Hann, öllu heldur hún, er höfundurinn, hæstv. ráðherra, að þessu orðalagi því að hún ber málið hér fram og ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn með henni.

Þetta er á sama tíma, frú forseti, og eins og ég hef áður vitnað til er risin alþjóðleg hreyfing í þá átt að slá skjaldborg um sameign mannkynsins á vatni sem mikilvægustu auðlind jarðarkringlunnar næst á eftir eða við hliðina á andrúmsloftinu sem við drögum að okkur, allt sem lífsandann dregur eins og þar er sagt, þá er vatnið auðvitað mikilvægasta undirstaða lífsins á jörðinni en það er af skornum skammti. Það eru vaxandi vandamál víða um heim sem tengjast vatnsskorti. Þess vegna er ekki út í bláinn að þessi mál eru komin á dagskrá alþjóðasamfélagsins með þeim hætti sem raun ber vitni. Loftslagsbreytingarnar sem við erum að mæta gera það líka að verkum að kannski kann þetta vandamál að reynast enn brýnna á komandi árum, áratugum og öldum en menn hafa jafnvel hingað til talið og er það þó ærinn handleggur að skaffa vaxandi fólksfjölda á jörðinni, sem stefnir í 9–10 milljarða um miðbik þessarar aldar, nægt drykkjarvatn. Eða hafa þessir hæstv. ráðherrar eitthvað kynnt sér það sem þarna er að gerast, þá umræðu sem fer fram á alþjóðavettvangi um vatn? Hafa þeir lesið skýrslur virtra umhverfisstofnana og alþjóðasamtaka um vandamálin sem hrannast upp í vatnsbúskap, ekki bara í fjarlægum hitabeltislöndum eða eyðimerkurlöndum heldur jafnvel í Evrópu sjálfri og í Bandaríkjum Norður-Ameríku?

Hvernig er ástandið í neysluvatnsborholum víða á meginlandi Norður-Ameríku? Vita menn hversu hratt vatn lækkar í öllum brunnum á Indlandi um þessar mundir? Um 3–5 metra á ári. Hvernig halda menn að það endist? Það er bullandi niðurdráttur í mörgum helstu vatnsgeymum á þurrlendum svæðum jarðarinnar sem standa undir ferskvatnsnotkuninni í dag. Því er fyrirsjáanlegt og framreiknanlegt að með sama áframhaldi verða gríðarlegir erfiðleikar í vatnsbúskap vítt og breitt á jarðarkringlunni. Við Íslendingar eigum ekki að láta eins og við getum einangrað okkur algerlega frá heiminum og látið eins og okkur komi þetta ekki við. Það er siðferðilega óábyrgt og rangt að reka hér einhverja allt aðra stefnu en þarna er á ferðinni. Þess vegna hafa Sameinuðu þjóðirnar, Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og aðilar eins og Evrópusambandið tekið þetta mál á dagskrá, gert um það ályktanir og samið um það reglur.

Vita hæstv. ráðherrar ekki af vatnatilskipun Evrópusambandsins? Á ekki að heita svo að verið sé að undirbúa lögfestingu hennar hér á landi? Hún hlýtur að þurfa hér lagastoð a.m.k. að einhverju verulegu leyti. Hvað segir í þeirri ágætu tilskipun nr. 60/2000? Þar segir m.a. að vatn sé ekki söluvara heldur sameiginlegur arfur mannkyns sem beri að varðveita, vernda og umgangast í samræmi við það. Er andinn í frumvarpinu ekki í samræmi við þetta? Nei, ekki aldeilis. Sem ætlar að reyra fast í einkaeignarréttarlega fjötra og setja undir orkugeirann allt sem viðkemur vatni á Íslandi. Hvar eru vatnsverndarlögin? Hvar er lagalegur undirbúningur undir lögfestingu tilskipunarinnar? Bólar hvergi á því. Nei, það á að fara sömu leið og venjulega, byrja á öfugum enda og fella úr gildi einhverja merkustu löggjöf sem enn er við lýði frá fyrri áratugum á sviði umhverfismála á Íslandi, þ.e. vatnalögin frá 1923, sem voru satt best að segja ótrúlega framsýn og merkileg lög og þeim á bara að henda si svona fyrir þetta ofstæki úr iðnaðarráðuneytinu. Ég frábið mér slíkt. Ég tel þetta gersamlega ótæk vinnubrögð og ríkisstjórninni til skammar og er þá langt til jafnað því það þarf mikið til að ríkisstjórnin geti almennt orðið sér til meiri skammar en hún hefur þegar orðið fyrir langalöngu og sérstaklega hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra þegar kemur að sambúð manns og náttúru og sambúð nýtingarsjónarmiðanna annars vegar og verndunarsjónarmiðanna hins vegar. Það mætti svo sem kannski snúa þessari röksemdafærslu við og segja að það væri ekki von á neinu öðru, eins og hæstv. iðnaðarráðherra hefur kynnt sig. En lengi getur þó vont versnað verð ég að segja.

Ég vil láta það sjónarmið mitt koma fram að mér er sérstaklega sárt um vatnalögin. Þau voru og eru merk löggjöf og í aðalatriðum er engin sérstök knýjandi þörf á að gera breytingar á þeim. Það sem auðvitað þarf að gera er að fara eftir þeim. Menn hafa komist upp með það í stórum stíl að brjóta t.d. hina merku 7. gr. sem er einföld og skýr og fallega orðuð. Öll vötn skulu renna svo sem að fornu hafa runnið. Menn hafa lítið gert með það t.d. núna austur við Kárahnjúka þegar menn ætla að fara í stærstu vatnsflutninga Íslandssögunnar og þó víðar væri leitað, sulla eitt stykki stórfljóti milli dala, héraða og vatnasviða og þykir ekki tiltökumál.

Þetta frumvarp er líka að mínu mati stjórnskipulegur bastarður, óskapnaður. Það á að færa Orkustofnun — samkvæmt frumvarpinu ef að lögum verður, samkvæmt lögum

sem þegar hafa verið sett á svið raforkumála og samkvæmt því sem við höfum séð glitta í í frumvarpsuppkastinu varðandi nýtingu og rannsóknir jarðauðlinda — hlutverk sem á engan hátt fær staðist. Ég veit ekki hvers konar batterí og hof og musteri þessi Orkustofnun á eiginlega að verða. Gaman að óska frjálshyggjumönnunum í Sjálfstæðisflokknum til hamingju með að búa til þetta gríðarlega bákn og þessa valdamiðstöð sem þarna er verið að búa til í Orkustofnun. Orkustofnun á að vera allt í senn ráðgefandi stofnun fyrir stjórnvöld. Hún á að vera fagstofnun. Hún á að stunda grunnrannsóknir. Hún á að fara með eftirlit og leyfisveitingar. Hún á að annast eftirlit með framkvæmdum. Hún á náttúrlega að fylgjast með sjálfri sér og hún getur beitt stjórnvaldssektum ef allt þetta verður að veruleika sem ríkisstjórnin er með á prjónunum eða hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra handa Orkustofnun. Er þetta hrein verkaskipting hjá framkvæmdarvaldinu sem menn telja til fyrirmyndar? Telur hv. 11. þm. Reykv. s., Birgir Ármannsson, að þetta sé hrein uppskrift að sælunni í opinberum rekstri, að grauta þessu öllu saman og færa þetta inn undir eina stofnun og taka bara si svona eitt svið, vatnið í öllum sínum myndum og færa það undir lögsögu orkuiðnaðarins? Það er auðvitað það sem verið er að gera. Orkustofnun heitir ekki Orkustofnun út í bláinn. Hún er tæki til þess fyrst og fremst að halda utan um beislun orkunnar. Vatn er bara svo allt annað og miklu meira en þetta eina sem iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun virðast sjá, að í því sé fólginn möguleiki til að ná út úr því orku. Vatnið miðlar orkunni á leið sinni undan hallanum því það hefur þá náttúru að vilja streyma niður í móti í aðalatriðum.

Síðan er spurningin um hvort yfir höfuð það fái náttúrulega og siðferðislega séð staðist að líta á vatn sem slíkt fyrirbæri að það geti lotið einkaeignarréttarlegum lögmálum. Vatn er ekki eitthvert stöðugt fyrirbæri sem menn geta gengið að á einum stað og þetta er ekki alltaf sama vatnið. Eða heldur hæstv. iðnaðarráðherra að það séu alltaf sömu mólekúlin sem séu í ánni? Nei, vatnið er í eilífri hringrás, ekki bara úr loftkenndu í fast eða fljótandi form og öfugt, heldur binst það lífríkinu og náttúrunni og leysist upp aftur, tekur breytingum. Þessi hringrás er stundum mæld í dögum, vikum, mánuðum og árum, stundum öldum, stundum árþúsundum og stundum milljónatugum ára eða milljörðum ára, allt eftir því hvar og í hvers konar hringrás vatnið á jörðinni og í gufuhvolfinu er. Það er mjög langt seilst ef menn líta svo á að þeir geti slegið einkaeignarrétti á fyrirbæri af þessu tagi. Hvað er þá eftir, hvað gæti komið næst? Hvernig væri að taka bara andrúmsloftið uppi, yfir landi í einkaeign? Vill kannski iðnaðar- og viðskiptaráðherra leggja það til næst? Að Lómatjörn eigi andrúmsloftið upp úr gufuhvolfinu (**JBjarn:** Og geti selt það.) í keilu upp frá Lómatjörn eins langt og andrúmsloftið nær (**Iðnrh.:** ... gilda á Gunnarsstöðum.) Já, eða Gunnarsstaðir. Hvað dettur mönnum í hug næst, verð ég að segja? (**Gripið fram í:** Gunnarsstaðir eru góð jörð.) Hvað dettur mönnum í hug? Þetta er í raun og veru næstum því jafnfáránlegt að taka fyrirbæri í eilífri hringrás, í raun og veru lifandi auðlind eins og er að mörgu leyti nærtækt að kalla vatn og ætla að slá á það einkaeignarrétti þess lands sem það á viðkomu sína kannski augnablik, regndropana sem falla á jörðina og gufa upp að morgni. Nei, þeir skulu vera eign landeigandans a.m.k. á meðan þeir stoppa á jörðinni. Það er hugsunin í þessu.

Svo koma menn hér og bera á borð rök af því tagi að það að breyta grundvallarskilgreiningunni frá því sem er í gildandi vatnalögum, þar sem afnota- og hagnýtingarréttur manna er talinn upp og nær ekki lengra yfir í að þetta umljúki bara allt, sé til einföldunar. Þegar maður fer að leita rakanna í greinargerð með frumvarpinu þá er helst hægt að segja að það sé þar fram fært samanber IV. kafla í greinargerð á bls. 15, að bakgrunnur hinnar jákvæðu skilgreiningar á vatnsréttindum, þ.e. að hverfa frá þeirri sem notuð er í gildandi lögum yfir í hitt að það sé svona einfaldara. Það segir á bls. 17, með leyfi forseta:

„Eðli málsins samkvæmt leiðir það til mikillar einföldunar að telja ekki lengur upp með jákvæðum og næsta tæmandi hætti sérhverja heimild til vatnsnota sem fyrir hendi er heldur ganga einfaldlega út frá að öll nýting vatns sé heimil svo framarlega sem ekki eru settar við henni sérstakar skorður."

Fasteignareigandi á öll möguleg og hugsanleg afnot vatns þau sem þegar hafa verið fundin upp og kunna að verða fundin upp með þessari aðferð. Það er nefnilega það. Og mönnum finnst þetta ekkert mál, bara si svona að skella sér í þetta. Það er til einföldunar, styttir frumvarpið, segir hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra í röksemdafærslu sinni. Nei, ég bið um eitthvað aðeins betra en þetta áður en ég læt sannfærast um að rétt sé að við Íslendingar förum þarna allt aðrar leiðir og verðum á allt öðru róli með þessi mál heldur en öll þróunin er í heiminum í kringum okkur. Hverju svara hæstv. ráðherrar því að þeir skuli vera að leggja fyrir þingið frágang mála sem er algerlega á skjön og gengur í gagnstæða átt við það sem Sameinuðu þjóðirnar sjálfar á allsherjarþingum sínum hafa ályktað um, sem umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur unnið að, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur unnið að og sem er á vettvangi evrópskra stofnana? Hver eru svörin? Hver eru rökin fyrir því að Ísland fari þarna í gagnstæða átt? Er hægt að fá þau, eitthvað annað og haldbetra en að það sé til einföldunar við einhverja frumvarpssmíð? Ég held að hæstv. ráðherrar verði að gera betur.

[17:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þingmaður hefði átt að sleppa því að tala sig upp í þennan hita í sambandi við frumvarpið vegna þess að eins og margoft hefur komið fram er ekki um neina grundvallarbreytingu að ræða. Þetta veit hv. þingmaður.

Hvað varðar hagnýtingarréttinn eða einkaeignarréttinn eða hvað hv. þingmaður vill kalla það þá hefur hann verið til staðar frá 1923 þegar vatnalögin eru sett. Það sýna dómafordæmi. Hvað varðar eignarréttinn að öðru leyti var hann staðfestur með lögum frá 1998 um auðlindir í jörðu og grunnvatnið var skilgreint sem auðlind í jörðu. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir og hv. þingmaður veit þetta mjög vel þó hann tali með þeim hætti sem hann gerir.

Það er náttúrlega ágætt að fá smákennslustund í því

hvað er vatn. En það er líka ágætt að hafa það í huga að við Íslendingar nýtum kannski um 1% af grunnvatnsauðlindinni. Þetta er gríðarleg auðlind sem við eigum en engu að síður þurfa að ríkja lög í landinu um vatnið.

Af hverju þetta óskaplega hatur, liggur mér við að segja á Orkustofnun? Það er eins og Orkustofnun megi ekki hafa hlutverk. Hún er þó einfaldlega stjórnsýslustofnun sem heyrir undir ráðuneytið og hefur miklu hlutverki að gegna. Ef það er nafnið sem hv. þingmanni mislíkar svo mikið þá mætti hugsa sér að hún héti eitthvað annað eins og auðlindastofnun eða hvað það ætti að vera.

En aðalatriðið er það að við erum ekki að gera neinar breytingar sem heitið getur. Við erum vissulega að færa þetta inn í meira nútímaform, enda lögin frá 1923 og það er málið.

Hv. þingmaður er þjóðnýtingarsinni og hann vill taka þennan rétt af bændum sem eiga fasteignirnar. (Gripið fram í.) Annaðhvort eru menn þjóðnýtingarsinnar eða einkaeignarsinnar og hvort er hv. þingmaður? Ég ætla að biðja um að fá það alveg skýrt.

[17:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom mér ekki á óvart að hæstv. ráðherra reyndi ekki að svara einni einustu spurningu sem ég bar fyrir hana og allra síst meginspurningunni sem ég marghnykkti á hér síðast: Hvernig útskýra hæstv. ráðherrar það fyrir okkur að lagt er til hér á Íslandi að við förum allt aðrar leiðir í þessum efnum en verið er að lögfesta og jafnvel taka upp í stjórnarskrám ríkja um þessar mundir og alþjóðastofnanir vinna að? Hvað segja hæstv. ráðherrar við því? Hver er málsvörn hæstv. umhverfisráðherra að láta bjóða sér þetta?

Lagalegar skilgreiningar skipta hér víst miklu máli. Það verða einhver mörk, lögsögumörk milli nýtingarsjónarmiðanna, nýtingarstjórnsýslunnar og umhverfisverndarhliðarinnar, umhverfisverndarþáttanna hins vegar, nema menn ætli bara að slá af allt sem heitir vatnsvernd og umhverfisvernd í landinu.

Ég ber ekkert hatur til Orkustofnunar, það er furðulegt að hæstv. ráðherra skuli taka sér það orð í munn. Þarf maður að bera hatur í garð stofnana þó að maður telji að vera þurfi skýrt hvaða verksvið þær eigi að hafa? Margir ágætir vinir mínir og skólabræður vinna hjá Orkustofnun og ég veit að þeir eru það þroskaðir langt umfram ráðherrann að taka það ekki til sín þó að ég gagnrýni það hlutverk sem ég tel að verið sé að færa Orkustofnun þarna, þar sem öllu er grautað saman, faglegum þáttum, stjórnsýslu, leyfisveitingu, jafnvel stjórnvaldssektum, ýmiss konar eftirliti, útgáfu framkvæmdaleyfa. Þetta er allt í einum graut inni í þessari stofnun. Og Umhverfisstofnun, sem er líka opinber stofnun sem mér líkar vel við, hvar er hún í þessu? Hvernig stendur á því að umhverfisþátturinn er þarna bara alls ekkert með á blaði eins og hann sé ekki til? Af hverju er ekki byrjað á því að setja vatnsverndarlög og skilgreina að hvaða leyti þau taka þessa þætti yfir áður en menn koma að nýtingunni?

Þessi lög ættu í rauninni að vera ákaflega einföld og heita frumvarp til laga um nýtingu vatns til orkuöflunar. Það er í alveg í lagi að hafa einfalda löggjöf um þann þátt málsins, en meira á það ekki að vera (Forseti hringir.) sem er undir iðnaðarráðherra og Orkustofnun.

[17:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til þess að hafa það alveg skýrt og fá skýr svör þá spyr ég hv. þingmann hvort hann sé að segja að hann vilji taka þennan rétt af bændum sem þeir hafa haft, taka hann af vegna þess að rétturinn fylgir fasteigninni, og hvort hann hafi þá gert sér grein fyrir hvað það kosti mikið.

[17:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Frammistaða hæstv. ráðherra talar auðvitað fyrir sig sjálf. Ekki er svarað einni einustu spurningu heldur snúið upp í að spyrja mig hvort ég sé einkaeignarsinni eða þjóðnýtingarsinni. Og ég á að fara að svara því hér sem alls ekki kom inn á mitt mál. Ég ræddi ekki á nokkurn hátt um hvort þetta hefði einhver áhrif á þann rétt, (**Iðnrh.:** Málið snýst um það.) nýtingarrétt sem bændur hafa samkvæmt gildandi löggjöf. Var ég ekki að enda við að hrósa vatnalögunum frá 1923? Var ég ekki að segja að ég vildi þá nálgun í lögum að það væri talinn upp sá hagnýtingarréttur sem menn hefðu? Það þýðir ekki að að færa þurfi einkaeignarréttarlegt vald út yfir vatn sem fyrirbæri á jörðinni. (**Iðnrh.:** ... bera kápuna á báðum öxlum.) Hæstv. ráðherra hefur greinilega alls ekki ... (**Iðnrh.:** Bera kápuna á báðum öxlum.) Bera kápuna á báðum öxlum? Hæstv. ráðherra er bara að reyna að einfalda þessa hluti og draga þá saman með þeim hætti að það er auðvitað ekki boðlegt.

Sér hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra alls engan mun á því fyrirkomulagi sem verið hefur í lögunum og hinu að fara þá einkaeignarréttarlegu leið sem hér er lögð til? (Gripið fram í.) Þetta er ekki sami hluturinn, hæstv. ráðherra. (Forseti hringir.) Ég skora á hæstv. ráðherra að kynna sér þetta betur og vita hvort ekki rofar þá til.

[17:34]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmenn vinstri grænna hafa sett á langar ræður um þetta mál sem við erum að ræða hér öðru sinni á þessu þingi.

Mér þykir það mjög alvarlegur hlutur, líkt og hv. þingmenn vinstri grænna hafa verið að gefa í skyn, að frumvarp þetta snúi að því að aðgengi fólks muni hugsanlega skerðast gagnvart neysluvatni. Hv. þingmaður á að hafa kynnt sér það og ég veit að hann hefur kynnt sér það að í lögum frá 1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu þá er aðgengi sveitarfélaganna, forgangur sveitarfélaganna, tryggður að vatnsauðlindinni. Við höfum svo lög um vatnsveitur sveitarfélaga sem skylda sveitarfélögin til að útvega almenningi, heimilum og fyrirtækjum neysluvatn. Við erum ekki að tala um það hér að skerða aðgengi almennings að neysluvatni. Það er lýðskrum að tala með þeim hætti eins og hv. þingmenn vinstri grænna hafa gert hér.

Ég hef ekki heyrt annað, hæstv. forseti, í þessari um-

ræðu en að hv. þingmenn vinstri grænna vilji gera þessa auðlind að almenningseign og færa hana aftur undir eign ríkisins. Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að þá skulu menn líka segja B. Þá fer fram stórfelld eignaupptaka hjá bændum og öðrum landeigendum í þjóðfélaginu vegna þess að árið 1998 var vatnið skilgreint sem auðlind og auðlind fylgir fasteign hverri samkvæmt lögum frá 1998. Annaðhvort verða menn að fara í eignaupptöku hringinn í kringum landið eða kaupa þessi réttindi af landeigendum sem yrðu væntanlega margföld fjárlög íslenska ríkisins.

Er nema von að spurt sé: Hvað vilja vinstri grænir í þessum efnum? Vilja þeir eignaupptöku eða kaup á þessum réttindum eða vilja þeir viðhalda því ástandi sem verið hefur allt frá árinu 1923 í þessum efnum? Við viljum fá svar við því.

[17:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er náttúrlega ekki þægilegt að ræða þessi mál við stjórnarsinna ef þeir hafa alls ekki áttað sig á því hvað fólgið er í frumvarpinu. Það er von að erfitt sé að eiga rökræður um þessa hluti því að hér er því haldið fram að engin breyting sé á ferðinni í þessu frumvarpi. Hvernig stendur þá á því að gagnvart nákvæmlega sama frágangi málsins í frumvarpinu sem flutt var í fyrra vöruðu við og lögðust gegn því fjölmargir umsagnaraðilar og bentu m.a. og ekki síst á þann varhugaverða viðsnúning málsins að hverfa frá nálgun vatnalaganna 1923 um að lýsa réttindunum með alveg tæmandi hætti, réttindum sem fólgin væru í að eiga land og hafa afnotarétt af og aðgang að vatni sem þar væri og hverfa yfir í hitt fyrirkomulagið, að slá einkaeignarréttarlegum rétti á þetta fyrirbæri sem slíkt, skilgreina það þannig að lögum?

Laganefnd Lögmannafélagsins, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun og fjölmargir aðrir umsagnaraðilar voru með þetta sem einn af útgangspunktum í umsögnum sínum. Þeir bentu t.d. á alþjóðaþróunina. Þeir bentu á vatnatilskipun Evrópusambandsins og það var vísað í vinnu Sameinuðu þjóðanna o.s.frv.

Halda menn að þetta hafi allt saman verið misskilningur, allt út í loftið, að engir hafi skilið þetta nema hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir og hv. þm. Birkir Jón Jónsson? Að allir hinir hafið misskilið þetta, allir sérfræðingarnir hjá Umhverfisstofnun, hjá Náttúrufræðistofnun, í laganefnd Lögmannafélagsins og hvað það nú var? Þetta séu allt saman aular sem hafi misskilið þetta og einu mennirnir sem hafi náð þessu séu stjórnarþingmennirnir?

[17:38]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er erfitt að fá svör hjá hv. þingmanni um hvað hann vill í þessum efnum. En ég hef túlkað ræður hv. þingmanna vinstri grænna á þá leið að þeir vilji helst ekki gera neitt, ekkert liggi á að breyta neinu í þessum efnum. Það er eins og stefna þeirra er í mörgum öðrum málaflokkum, (Gripið fram í.) það liggur yfirleitt ekkert á hlutunum og það er ekki nauðsynlegt að fara í neinar breytingar, hæstv. forseti.

Ég vil að lokum segja, hæstv. forseti, að búið er að breyta þessu frumvarpi meira að segja í þá átt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um á sínum tíma, að menn yrðu að standa vörð um að almannaréttur standi óhaggaður gagnvart aðgangi að vatni. Búið er að taka þetta inn í greinargerð með frumvarpinu þannig að sá almannaréttur mun standa óhaggaður. Ég fór yfir aðgengi að neysluvatni hér áður. Sá réttur almennings mun standa óhaggaður og því er eðlilegt að spurt sé, hæstv. forseti: Á móti hverju er Vinstri hreyfingin – grænt framboð? Og í síðasta lagi: (Forseti hringir.) Hvað vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð í þessum málum?

[17:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er háttur stjórnarliða þegar þeir eru komnir í rökþrot að reyna að snúa umræðunni upp í yfirheyrslu á því hvað aðrir flokkar vilji. Þegar þeir bera fram mál og eru spurðir spurninga sem varða það mál, beðnir að útskýra furðulegar þverstæður, þá er bara skautað yfir það og farið í að reyna að krefja aðra flokka svara. Ég skal svara því alveg skýrt.

Ég vil fá grundvallarskilgreiningu í lögum og helst í stjórnarskipunarlögum líka að vatn sé sameiginleg auðlind mannkynsins, að vatn sé nauðsynlegt til viðhalds lífs á jörðinni og að vatn sé ekki hefðbundin verslunarvara. Slík lagaleg grundvallarskilgreining þarf ekki á nokkurn hátt að koma síðan í veg fyrir að menn haldi hefðarhelguðum nýtingarréttindum og afnotum af vatni á sínu landi. Það er bara misskilningur að halda að þetta þurfi að stangast á. Það þarf ekki að gera það. (Forseti hringir.) Þökk sé m.a. framsýni vatnalaganna frá 1923 sem bjóða upp á að þannig sé frá málinu gengið. (Forseti hringir.) En það yrði ekki hægt ef þessi leið verður lögfest.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti biður þingmenn um að virða tímamörk.)

[17:41]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir þau orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að vatnalögin frá 1923 eru mjög merkilegur lagabálkur og merkilegt lagasetningarstarf sem unnið var á árunum áður en þau voru sett, m.a. af Bjarna frá Vogi og Einari Arnórssyni og fleiri góðum mönnum sem þar komu að.

Hins vegar eru þessi lög frá 1923 og ýmislegt hefur breyst í samfélagi okkar frá því að vatnalögin voru sett sem ástæða er til að bregðast við og það er gert í þessu frumvarpi. Ég skil ekki almennilega heift þingmannsins út í þá skilgreiningu sem fram kemur á vatnsréttindum fasteignaeigenda í frumvarpinu. Ég er þeirrar skoðunar að það sé miklu einfaldara og skýrara að hafa skilgreininguna með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir heldur en þeim sem hv. þingmaður talar fyrir, vegna þess að í þessum málum eins öðrum efast ég um að hægt sé að vera með tæmandi talningu á öllum réttindum sem hugsanlega geta fallið undir ákvæði frumvarpsins eða laganna.

Þegar verið er að setja lög, og það vita allir sem lesa Lagasafnið, að þar er ekki talið upp með tæmandi hætti allt

sem má. Réttur okkar byggist miklu frekar á því að það sem ekki er bannað sé leyft.

Síðan verð ég að segja að það gleður mig mjög að sjá að hv. þingmaður sýnir sitt rétta andlit í tengslum við þetta mál. Hann er í andstöðu við einkaeignarréttinn og hefur lýst því hér yfir að hann sé þjóðnýtingarsinni. Þetta er náttúrlega bara kommúnismi af gamla skólanum og það gleður mann mjög að sjá úr hverju þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru gerðir (Forseti hringir.) þegar að slíkum málum kemur.

[17:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég nenni nú ekki að ræða þetta í einhverjum útúrsnúningum. Það sem ég hef lagt áherslu á er að ég er andvígur því að útvíkka einkaeignarréttinn gagnvart vatni þannig að einkaeignarréttarlegri skilgreiningu verði slegið á það fyrirbæri eins og það leggur sig á Íslandi. Það er það sem verið er að tala um, að vatn í föstu, fljótandi og loftkenndu formi skuli falla undir einkaeignarréttarlegar skilgreiningar.

Hvað ætla menn að draga mörkin? Ég veit að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson vill hafa allt sem hugsast getur í einkaeign. Hann vill örugglega leggja í víking út í geiminn til að reyna að ná þar fram einhverjum einkaeignarrétti og jörðin að verða of lítil fyrir hann.

Mér finnst ansi langt gengið að reyna að slá einkaeignarrétti á vatnið svo langt niður í iður jarðar sem það kann að komast og vatn bara yfir höfuð sem fyrirbæri á hvaða formi sem það finnst. Það er himinn og haf á milli þess að nálgast þetta með þeim hætti sem vatnalögin gera á sínum tíma og skilgreina þann rétt sem hver og einn hefur til hvers konar nýtingar, til vatnstöku, til áveitna o.s.frv. og hins sem hér er verið að leggja til. Eða er hv. þingmaður, sem lögfræðingur, ekki sammála mér að hér sé verið að gera breytingu? Er hægt að særa játningu upp úr hv. þingmanni hvað það varðar? Það væri fróðlegt í framhaldi af orðaskiptum mínum, ef orðaskipti skyldi kalla, við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hér áðan.

Ég les þetta þannig að hér sé í raun og veru verið að færa þessi landamæri út. Mér er ómögulegt að skilja það öðruvísi. Ég vil hafa vaðið algerlega fyrir neðan mig í þeim efnum að við förum ekki að setja lög hér á Íslandi í dag sem ganga þvert á þá þróun sem er í gangi á alþjóðavettvangi og ég tel rétta, að skilgreina vatn sem sammannlega auðlind, (Forseti hringir.) nauðsynlega til viðhalds alls lífs og ekki verslunarvöru.

[17:45]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér bæði ljúft og skylt að svara þeirri spurningu sem hv. þingmaður varpaði hér fram. Ég tel að ekki sé verið að útvíkka þau réttindi sem til staðar hafa verið. Ég tel að í þessu frumvarpi felist ekki breyting á því réttarástandi sem við höfum búið við. Ég byggi það á því að fyrir liggja hæstaréttardómar þar sem tekið hefur verið á þeim álitaefnum sem frumvarpinu er ætlað að taka á. Með frumvarpinu er í rauninni verið að festa í sessi þá túlkun sem Hæstiréttur Íslands og fræðimenn hafa lagt í þennan rétt og þessi réttindi. Það er ekkert annað hér á ferðinni og engin grundvallarbreyting á efni og inntaki þessara réttinda. Það er alveg klárt í mínum huga. Ég er því alveg sammála hæstv. iðnaðarráðherra hvað þetta atriði varðar.

[17:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Svar hv. þingmanns veldur mér vonbrigðum því að ég hafði ætlað hv. þingmanni það að hafa á þessu faglegri skoðun. Ég veit að vísu að hugur hans stendur mjög til þess að fá að svara þessari spurningu svona en ég gerði mér vonir um að hv. þingmaður hefði lesið frumvarpið þannig að hann kæmist að annarri niðurstöðu.

Spyrjum á móti: Segjum að Alþingi Íslendinga væri í allt öðrum sporum, að það væri að fjalla um löggjöf sambærilega þeirri sem Hollendingar hafa nýlega sett, sem skilgreinir vatn sem sameiginlega auðlind, og segjum að verkefni okkar hefði verið að draga upp landamæri milli þess og þess réttar sem lög og dómar hafa fært mönnum í einkaeignarréttarlegum skilningi, þ.e. afnotaréttar eða nýtingarréttar eins og þetta hefur verið, á grundvelli tiltölulega tæmandi upptalningar vatnalaganna frá 1923, og þá var viðfangsefnið alveg hið gagnstæða, ekki satt? (Gripið fram í.) Að fara yfir það hvernig þessir tvær þættir væru samrýmanlegir og þeir eru það að mínu mati enn þá en þeir verða það síður ef menn innleiða þessa skilgreiningu (Forseti hringir.) og snúa þessu við eins og hér er lagt er til frá því sem verið hefur á gildandi rétti.

[17:48]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp til vatnalaga sem hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins flytur. Það þarf svo sem ekki að koma á óvart þó að hér birtist úr þeirri átt enn eitt frumvarpið sem lýtur að einkavæðingu auðlindanna. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Framsóknarflokkurinn er hættur að gera greinarmun á því hvað sé samfélagsleg sameign og hvað sé hægt að markaðsvæða og selja. Fyrir þeim er það eitt. Finnist eitthvað sem hægt er að selja skal það selt.

Undanfarin ár höfum við upplifað að Framsóknarflokkurinn hefur gengið fram í því samstarfi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks að einkavæða almannaeignir. Síðast var það t.d. markaðsvæðing rafmagnsins og ég minnist þess að hæstv. iðnaðarráðherra átti varla orð til að lýsa fögnuði sínum yfir því hvað það gekk vel.

Við markaðsvæðinguna á rafmagninu, sem er upphafið að einkavæðingu og sölu raforkufyrirtækjanna eins og hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins boðaði, þá upplifum við það að nú þegar hafa þær aðgerðir leitt til aukins misréttis á milli þegna þjóðfélagsins. Heilu landshlutarnir mega nú líða fyrir stórhækkað raforkuverð sem að mati iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins er bara eðlilegt af því að verið sé að markaðsvæða hlutina, rafmagnið sem áður var hluti af almannaþjónustu og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs litum á og reyndar meginþorri almennings á landinu leit á sem grunnalmannaþjónustu.

Og nú er komið að vatninu. Nú skal ganga milli bols og

höfuðs með því að einkavæða vatnið. Þetta er í anda þess sem Framsóknarflokkurinn er að gera á öllum sviðum, sérstaklega því sem lýtur að umhverfismálum, enda hefur lítið heyrst frá umhverfisráðherranum í þessum málum. Hún virðist hafa orðið alveg undir í þessum dansi við Framsóknarflokkinn hvað lýtur að verndun vatnsins og verndun umhverfisins. Hér hefur verið boðað að verið sé að vinna að einhverju vatnsverndarlagafrumvarpi og hæstv. iðnaðarráðherra hefur sagt kotroskin að henni komi ekkert við hvað því líði, það sé ekki hennar mál sem ráðherra, það sé málefni umhverfisráðherra. (**Gripið fram í:** Rétt hjá henni.) Það er hárrétt hjá þingmanninum, það er rétt hjá iðnaðarráðherra. En maður veltir fyrir sér geðleysi umhverfisráðherra að láta valta svona gjörsamlega yfir sig í þessum efnum því að vatn er jú hornsteinn lífsins á jörðinni. Ef eitthvað stæði umhverfisráðherra nær þá væri það að sá ráðherra kæmi fyrst með lagabálk sem lyti að stöðu vatns og verndun þess bæði til nútíma og framtíðar. Það ætti að koma númer eitt. Því hvað er umhverfi okkar, hvað er náttúra okkar án vatns? En geðleysi umhverfisráðherrans á sér ekki nein takmörk og að sjálfsögðu kemur það iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins ekkert við þó að níðst sé á grunnþáttum lífs og umhverfis eins og vatni. Þessi lög eru einmitt liður í því.

Í 1. gr. þessa lagafrumvarps stendur, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns."

Og þetta á að heyra undir iðnaðarráðherra. Ef þetta hefðu nú verið orð mælt úr munni umhverfisráðherra og síðan kæmi framhald á þeim grundvelli hefði þetta kannski leitt til annars. En hæstv. umhverfisráðherra lætur ekki svo lítið að eyða orðum í þessa umræðu, vatn virðist ekki koma hæstv. ráðherra neitt við.

Í þessu frumvarpi er síðan gengið lengra en áður í að skilgreina hvað er vatn til þess að taka af öll tvímæli að vatn heyri undir hæstv. iðnaðarráðherra sem iðnaðarvara.

Í 2. gr. frumvarpsins stendur, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

Þá er náttúrlega eðlilegt að spyrja hæstv. umhverfisráðherra: Hvaða önnur lög gilda þá eða hvernig ætlar hæstv. umhverfisráðherra að koma að þessum málum eftir á eftir að hæstv. iðnaðarráðherra hefur fengið allt sitt fram varðandi einkavæðingu vatnsins? (**Gripið fram í:** Hvers lags ...?) Ja, er að furða, frú forseti, þó að sumum framsóknarmönnum blöskri þegar þeir heyra sannleikann um hvað hér er á ferðinni?

Ég velti því fyrir mér hvort iðnaðarráðherra geri sér grein fyrir því að einhver ábyrgð geti líka fylgt því að eiga hlutinn. Það stendur hérna „í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi". Við skulum gera ráð fyrir því að þarna sé snjórinn meðtalinn af því að snjórinn getur verið auðlind (**Gripið fram í:** Skíðasvæðin.) Já, skíðasvæðin, segir hv. þingmaður, sem nú mundu samkvæmt þessum lögum heyra undir iðnaðarráðherra. Og snjórinn á vegunum þegar farið verður að ryðja vegina, heyrir það þá ekki líka undir iðnaðarráðherra? Hæstv. iðnaðarráðherra flýr nú úr salnum því að hún áttaði sig ekki á þessu. En samkvæmt lögunum heyra þessi mál undir iðnaðarráðherra með þessum hætti, vatn í öllum birtingarformum þess. Og er ekki snjór ...? (**Gripið fram í:** Þvílíkur kjafthátturr.)

Umhverfisráðherra hæstv. veltir því fyrir sér hvað sé þá eftir fyrir hana til að fást við í sínum lagabálki. Stendur ekki í þessum lögum að þau þessi taki til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi? Hefur hæstv. ráðherra ekki lesið það? Það þýðir ekki annars vegar að grínast með hlutina og hins vegar að láta sem ekkert sé.

Frú forseti. Það er verulegt áhyggjuefni þegar staða umhverfismála hér á landi er sú að hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins horfir á það eitt hvernig hún eigi að einkavæða og markaðsvæða almannaeignir, þjóðareignir, og að vatnið skuli vera í höndum slíks ráðherra en umhverfisráðherra hafi ekki nein afskipti af því.

Hér er verið að breyta í grundvallaratriðum frá því sem áður hefur verið um skilgreiningu á vatni. Áður þurfti að telja upp og skýra, tilgreina þau not og nýtingarréttindi sem fasteignareigandi hafði af sínu vatni. Nú hefur þessu verið snúið á hinn veginn þannig að skýra þarf í lögum fyrir fram hver not hann ekki hefur eignarrétt á. Hér er því um grundvallarbreytingu að ræða.

Frú forseti. Það er líka alveg makalaust að við skulum vera að ræða um hvernig einkavæða megi vatn þegar umræðan er á hinn veginn annars staðar í heiminum, hvernig tryggja megi samfélagslega eign á vatni. Þegar ég segi eign þá er það ekki núverandi samfélags heldur samfélags ókominna kynslóða. Vatnið er ekki síst sameign þeirra sem ófæddir eru. Þetta eru menn að ræða á vettvangi alþjóðasamfélagsins en hér á Íslandi erum við að ræða um hvernig við getum hert einkavæðingartökin á vatninu. (**Gripið fram í:** Hvað viltu gera?)

Frú forseti. Hv. þingmaður Framsóknarflokksins, Birkir Jón Jónsson, kallar fram í hvað ég vilji gera. Ég vil losna við Framsóknarflokkinn úr ríkisstjórn. Það er alveg klárt. Það er alveg óskaplegt að búa við þá stefnu sem sá flokkur, Framsóknarflokkurinn, hefur rekið hvað varðar umhverfismál í landinu og einkavæðingu.

Ég minnist ferðar minnar til Palestínu í vor. Við heimsóttum hinar palestínsku byggðir og við heimsóttum einnig Ísrael. Þá komumst við að raun um að stríðið í Palestínu snýst að stórum hluta um vatn, um að ná réttindunum yfir vatninu, yfir því hvar vatnið fellur, yfir stöðuvötnunum og yfir ánum. Ísraelsmenn í sinni hertöku á palestínsku landi hafa lagt meginþunga á að hertaka vatnssvæðin og ráða yfir vatnsbólunum, enda mátti fljótlega greina þau hús sem Palestínumenn byggðu því þar voru söfnunargeymar vatns uppi á þökum því Ísraelsmenn réðu vatnslindunum og réðu því hvort vatn færi eftir leiðslum til þessara íbúa.

Ég minnist þess líka þegar við komum upp í Gólanhæðir sem Ísraelsmenn hernámu. Þar fellur sem rigning stór hluti vatnsins sem síðan er notað til neyslu, akuryrkju og landbúnaðarstarfa bæði í Palestínu og Ísrael. Þá höfðu Ísraelsmenn þar tekið upp skömmtun á vatni til bændanna í Gólanhæðum. Þeir brugðust við og reyndu að safna regnvatni í geyma til að geta síðan ráðstafað til sinnar neyslu og

landbúnaðarstarfa. Ekki líkaði Ísraelsmönnum þetta vel og að sögn þeirra sem við hittum þá þar töldu þeir sig líka eiga regnvatnið og vildu skattleggja þessa bændur í Gólanhæðum fyrir að safna regnvatni. Þarna var ekki litið á vatnið sem samfélagslega eign, ekki einu sinni rigninguna. Manni var hugsað til þess hvað mundi gerast á Íslandi ef hið sama væri hér uppi á teningnum þó svo að við búum líka venjulega við nægjanlegt vatn svo fremi og svo lengi sem það er í þjóðareign og öllum til ráðstöfunar.

Frú forseti. Ég minnist þess að haldin var ráðstefna hér á landi fyrir skömmu um vatn fyrir alla. Þar var ítrekað að vatn væri fyrir alla, vatn væri ekki bara fyrir hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins til að einkavæða. Ég minnist þess að biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, hélt þar afar áhrifamikið opnunarerindi um stöðu vatnsins. Hann minntist heimsóknar til Eþíópíu. Þar hafði hann komið í einn dal þar sem lítil á rann og fólkið hafði sótt vatn í hana. Nú hafði þar einmitt komið svona eignarréttarákvæði á þetta vatn, svipað og verið er að leggja til í þessu frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins. Það heitir að koma upp skýrum eignarréttarákvæðum. Hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins sagði nauðsynlegt að hafa eignarréttarákvæðin skýr. Þarna í dalnum í Eþíópíu var einmitt lögð áhersla á að eignarréttindi á þessu vatni í dalnum væru skýr. Þau voru svo skýr að það var hægt að selja þau Coca Cola-verksmiðju. Coca Cola setti upp verksmiðju og framleiddi kók og sló eign sinni á vatnið. Eignarréttarákvæðin hafa greinilega verið nægilega skýr til að hægt væri að gera þetta. Það er mikilvægt að hafa eignarréttarákvæðin skýr, sagði hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins áðan. Þau voru það skýr að hægt var að selja vatnið í einum dal til Coca Cola-verksmiðju og íbúarnir máttu síðan súpa seyðið af því.

Þessi ráðstefna var haldin 29. október síðastliðinn og aðild að henni áttu allmörg félagasamtök, félagasamtök sem líta ekki á vatn sem hverja aðra sjálfsagða verslunarvöru sem lýtur lögmálum markaðarins, eins og hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins vill. Hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins vill að vatn sé bara markaðsvara, að hægt sé að selja það eins og rafmagnið. Þarna héldu samtök ráðstefnu um vatn fyrir alla. Ég held að það hefði verið hollt ekki bara fyrir hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins að sækja slíka ráðstefnu heldur líka ýmsa aðra þingmenn og forustumenn Framsóknarflokksins sem sjá það eitt hvernig megi einkavæða og markaðsvæða auðlindir framtíðarinnar. Í ályktun sem þarna var samþykkt stendur, með leyfi forseta — og ég ítreka að ég tel að hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins ætti að lesa kvölds og morgna í stað þess að hafa þá afstöðu sem hefur birst okkur í þingsölum, að það sé svo mikilvægt að skýra eignarréttarákvæði vatnsins til að hægt sé að gera það að verslunarvöru. Þarna stendur, með leyfi forseta:

„Undirrituð samtök vilja með sameiginlegri yfirlýsingu þessari vekja athygli ríkisstjórnar, sveitarstjórna, stofnana, fyrirtækja og almennings á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum. Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hugsa verður til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi."

Þetta er upphafsmálsgrein yfirlýsingar sem gefin var á þessari ráðstefnu. Fróðlegt væri að heyra hvað hæstv. umhverfisráðherra segir um að vera sett í aðra eða þriðju röð um afskipti af vatni þvert á þær áherslur sem bæði alþjóðasamfélagið hefur og við á Íslandi höfum varðandi vatn, þ.e. að fyrst sé litið á vatnsverndina. Það á að hugsa til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi.

[18:08]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki oft sem sá sem hér stendur er orðlaus. En eftir ræðu hv. þingmanns sem stóð í alllanga stund á ég ekki til eitt einasta aukatekið orð yfir þessum málflutningi. Hv. þingmaður fór út og suður. Það var engan veginn hægt að átta sig á því hvert hv. þingmaður vildi stefna eða hvað hv. þingmaður vildi gera.

Hv. þingmaður talar um einkavæðingu vatnsins. Hv. þingmaður er með einkavæðingu vatnsins á heilanum. Hér er ekki verið að breyta nokkuð sköpuðum hlut hvað eignarrétt landeiganda varðar. Dómafordæmi Hæstaréttar sannar það frá 1923. Lög voru sett hér árið 1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu þar sem vatnið er skilgreint sem auðlind og auðlind fylgir eignarlandi hverju. Þau voru sett árið 1998. Hér er ekki verið að einkavæða eitt eða neitt eða verið að breyta neinu. Hv. þingmaður er gjörsamlega úti á túni í sínum málflutningi hvað þetta varðar og (Forseti hringir.) er ekki flokki sínum til vegsauka í þessari umræðu.

[18:10]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birkir Jónsson var þó ekki það orðlaus að hann gæti ekki komið upp og enn haldið fram tvískinnungi síns flokks.

Við þekkjum sögu Framsóknarflokksins varðandi markaðsvæðingu og einkavæðingu á rafmagninu og orð hæstv. iðnaðarráðherra um að brýnt sé að selja raforkufyrirtæki. Við þekkjum þau.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann hefur lesið þessa yfirlýsingu frá ráðstefnunni um vatn fyrir alla. Hafi hann ekki gert það hvet ég hann til þess að gera það áður en hann hefur fleiri flumbrugangsorð um það málefni sem hér er verið að ræða.

[18:10]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vatn fyrir alla, sagði hv. þingmaður áðan, vatn fyrir alla en ekki hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur. Hvers lags málflutningur er þetta? Erum við nokkuð að leggja fram frumvarp sem á að veita Valgerði Sverrisdóttur einokun á vatni í þessu landi? Við erum akkúrat að verja eignarrétt bænda, eignarrétt landeigenda í landinu. Það er fróðlegt að heyra hvað fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í landbúnaðarnefnd Alþingis hefur að segja um það. Hér er verið að festa í sessi réttindi bænda

hvað varðar eignarréttinn á þessum auðlindum, rétt sem hefur verið að fullu virtur síðan 1923.

Hv. þingmenn tala svo í hinu orðinu um að það eigi að kæla málið. Hv. þingmanni til upplýsingar þá mundi það ekki breyta neinu hvað varðar eignarrétt bænda. Við viljum standa vörð um eignarrétt bænda en Vinstri grænir boða þjóðnýtingu í þessum málum, þjóðnýtingu og ekkert annað.

[18:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst vil ég segja að ég legg ekki í vana minn að nafngreina fólk þó það sé ráðherrar eða þingmenn nema geta titils þess. Þeir eru hér fyrst og fremst sem umbjóðendur þess verkefnis sem þeir eru ráðnir til eins og hæstv. iðnaðarráðherra er iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins í ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokksins.

Hv. þingmaður hefur áhyggjur af stöðu bænda. Já, ég hef það. Ég nefndi einmitt bændurna í Gólanhæðum. Þeir eiga margt sameiginlegt með íslenskum bændum.

Ég spyr enn, frú forseti: Hefur hv. þingmaður lesið yfirlýsinguna frá ráðstefnunni um vatn fyrir alla? Hafi hann lesið hana þá virðist hann ekki hafa skilið hana. Ég bið hann að lesa hana aftur.

[18:13]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að taka undir það sem hér kom fram. Ég hef sjaldan heyrt aðra eins ræðu og þá sem hér var flutt í umræðum um vatnalög. Þar bar á góma málefni hernumdu svæðanna fyrir botni Miðjarðarhafs. Eþíópía kom við sögu. Jafnvel þjóðkirkjan var hér til umfjöllunar. Ég skildi nánast ekkert í því sem hv. þingmaður var að fjalla um nema þó eitt: Það er greinilegt að hv. þingmaður er þjóðnýtingarsinni. Hann vill þjóðnýta vatnið í hvaða mynd sem er og hafa af landeigendum og bændum þessa lands þau réttindi sem þeir hafa haft um margar aldir og miklu lengur en frá 1923. Hvernig í ósköpunum ætlar hv. þingmaður að bregðast við því þegar landeigendur sem hafa átt þennan rétt — hann hefur verið staðfestur af Hæstarétti Íslands trekk í trekk — hvernig í ósköpunum ætlar hann að bregðast við þegar bændur og landeigendur (Forseti hringir.) setja fram sínar kröfur um bætur fyrir þessa þjóðnýtingu?

[18:14]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson snýr öllu á haus. Hafi þessi réttindi bænda verið svo tryggð hingað til, af hverju þarf þá að vera að breyta þeim?

En á hitt get ég ekki fallist, þ.e. að talað sé niður til þjóðkirkjunnar þó svo hún láti vatnsverndarmál til sín taka. Ég tel að það hafi verið mjög sterkt og rétt og fagna öflugri þátttöku þjóðkirkju Íslands í þessari ráðstefnu um vatn fyrir alla. Ég hefði frekar vilja sjá fólk fylkja sér að baki þeirri stefnumörkun heldur en tala niður til þeirra sem hafa gert þetta baráttumál að sínu með svo öflugum hætti, eins og þjóðkirkjan hefur gert.

[18:15]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hafna því alfarið að ég hafi talað niður til þjóðkirkjunnar, síður en svo. Það hef ég ekki gert og enginn í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Ég held að þingmenn Vinstri grænna ættu frekar að líta sér nær varðandi afstöðu þeirra til þjóðkirkjunnar og orða sem þeir hafa látið falla opinberlega um þá mikilvægu stofnun.

En aðalatriðið í þessu máli, sem kemur ekki á óvart og það er gott að þeir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa upplýst um að þeir eru þjóðnýtingarsinnar og vilja þjóðnýta allt sem þeir komast í. (Gripið fram í.) Það hefur verið afar slæm reynsla af slíku.

En ég vil, af því hv. þingmaður nefndi yfirlýsinguna Vatn fyrir alla, hvetja hann til að lesa þetta frumvarp vegna þess að hann þarf ekkert að óttast. Hann mun, eftir að þetta frumvarp verður að lögum, eftir sem áður geta baðað sig í lækjarsprænum og fengið sér sopa af (Forseti hringir.) vatninu okkar, hvort sem það er í lækjum eða krönum. Það er ekkert að óttast í þessu.

(**Forseti** (SP)**:** Ég bið hv. þingmann að virða tímann.)

[18:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekkert að fara að vigta stöðu hvers og eins gagnvart málefnum þjóðkirkjunnar. En hv. þingmaður sagði að jafnvel hefði verið vitnað til þjóðkirkjunnar varðandi þessa ráðstefnu. En fyrir mér er það ekkert „jafnvel þjóðkirkjan". Þjóðkirkjan kemur þar að af fullri reisn.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson mæti velta því fyrir sér, hvers vegna er ekki er fyrst tekið á vatnsverndarlöggjöfinni, sem sett er númer eitt í yfirlýsingunni Vatn fyrir alla og reyna að aðstoða hæstv. umhverfisráðherra sem er settur til hliðar í þessu máli með yfirgangi iðnaðarráðherra við að komast yfir vatnið sem seljanlega auðlind.

[18:17]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason fór mikinn í umræðu sinni um frumvarpið sem hér er til umfjöllunar. Hann hafði mörg orð um gildissvið frumvarpsins og ræddi sérstaklega um að umhverfisráðherra lægi flatur fyrir iðnaðarráðherra. Ég verð að segja að ég skildi ekki þingmanninn þegar hann fjallaði um málið með þeim hætti. Hann gleymdi algerlega, í umfjöllun sinni um gildissviðið, að í gildi eru grundvallarlög á sviði umhverfismála óháð þeirri löggjöf sem hér er til umræðu. Ég nefni t.d. lög um náttúruvernd, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um varnir gegn mengun hafs og strandar, lög um mat á umhverfisáhrifum, skipulags- og byggingarlög og fleira mætti telja. Í þessu frumvarpi er ekki hróflað við öðrum lagaákvæðum sem fjalla um vatn.

[18:18]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að nokkurt lífsmark sé með hæstv. umhverfisráðherra í þessu máli en leyfi mér að

spyrja um leið: Hvað líður væntanlegum lögum um vatnsvernd sem hæstv. umhverfisráðherra ber ábyrgð á og ættu að koma hér fyrst, áður en við ræðum með hvaða hætti hæstv. iðnaðarráðherra geti einkavætt og selt vatnið? Við vildum fyrst sjá vatnsverndarlögin. Ég vil heyra frá hæstv. umhverfisráðherra hvernig gengur og styðja við bakið á henni ef tekið verður á þessum málum frá sjónarmiði umhverfis- og náttúruverndar og með framtíðarhagsmuni mannkyns fyrir augum, ef hæstv. umhverfisráðherra vildi nálgast málið með þeim hætti og flytti frumvarp áður en (Forseti hringir.) iðnaðarráðherra fær að spreða út sínum frumvörpum.

[18:19]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef þegar svarað spurningunni í umræðunum áður. En hv. þingmaður Jón Bjarnason lét ekki svo lítið að vera í salnum þegar sú umræða fór fram. Það er alveg ljóst að innleiðingarferlið stendur yfir. Formlegar viðræður eru hafnar við Evrópusambandið af hálfu EFTA-landanna. Því verður væntanlega lokið einhvern tímann eftir áramótin og þess ekki að vænta að fram komi vatnsverndarfrumvarp á þessu þingi.

[18:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hafði að vísu heyrt þetta svar. En ég vildi gefa hæstv. umhverfisráðherra möguleika á að koma með annað og betra svar. Mér finnst með eindæmum ef keyra á í gegn frumvarp um einkavæðingu og markaðsvæðingu á vatni án þess að hæstv. umhverfisráðherra hafi komið með frumvarp um vatnsvernd áður. Ég spyr hæstv. umhverfisráðherra: Mun hún ekki beita sér fyrir því að iðnaðarráðherra verði stöðvaður af með þetta frumvarp þar til að frumvarp um vatnsvernd hefur komið fyrir þingið og fengið afgreiðslu?

[18:21]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef verið þeirra gæfu aðnjótandi að hlusta á ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar um frumvarp til vatnalaga og verð að segja eins og er, að ég hef aldrei hlustað á aðra eins steypu frá því að ég settist á þing. Mig langar að spyrja hv. þingmann að einu: Hvað í þessu frumvarpi mun á nokkurn hátt breyta eignarráðum fasteignareiganda yfir vatni? Ég vonast til, í kjölfarið á langri og mikilli ræðu hv. þingmanns, að fá skýringu á því. Það er skýrt að hjá öllum sem lesa þetta frumvarp og greinargerðina með því er þetta spurningin um að breyta formi, en engin efnisbreyting. (**MÁ:** Hringdu í Umhverfisstofnun.)

[18:21]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég varð náttúrulega fyrir miklum vonbrigðum að heyra að lögfræðingurinn, þótt það sé þingmaður Framsóknarflokksins, hefði ekki lesið frumvarpið betur og áttað sig á meginbreytingum sem frumvarpið veldur. Eignarréttarákvæðum er t.d. breytt hvað varðar að í fyrri lögum er nýtingarrétturinn skráður og tilgreindur en nú er því snúið á hinn veginn. (**SKK:** Hver er efnisbreytingin?) Þetta er veigamikil breyting, frú forseti. Ég fer að efast um lögfræðikunnáttu þeirra sem hafa slíkt embættispróf. En málið er það, frú forseti, að hér er tekið á málunum á röngum enda. Ég spyr þá líka hv. þingmann á móti, frú Jónínu Bjartmarz: Hvers vegna ekki að taka vatnsverndina á undan? Er það ekki eðlilegur liður í ferli máls sem þessa?

[18:23]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Hæstv. umhverfisráðherra svaraði hv. þm. Jóni Bjarnasyni varðandi vatnsverndarákvæðin áðan. Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í það. Ég endurtek bara spurningu mína til hv. þm. Jóns Bjarnasonar: Hvaða efnisbreytingu hefur þetta í för með sér? Hvaða breyting er önnur en á formi ákvæðisins?

Hann sagði með réttu að í eldri lögum, sem var undantekning frá lagaframkvæmd almennt þegar kemur að eignarréttindum, voru réttindin talin upp. Nú er þetta skilgreint öðruvísi. En á hvern hátt er efnisbreyting í þeirri formbreytingu? Þetta er meginatriði í öllu þessu máli. Ef hv. þingmaður getur ekki svarað því þá fellur allur hans málflutningur hér, um Gólanhæðir, þjóðkirkjuna og hvar hann kom niður með jólasnjóinn og annað, (**Gripið fram í:** Þetta er alrangt. Alrangt.) flatur.

[18:24]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hafi hv. þm. Jónína Bjartmarz á réttu að standa þá þarf ekki að flytja þetta frumvarp. Ef það hefur enga breytingu í för með sér, til hvers þá að halda þingmönnum uppteknum við að ræða frumvarp sem felur engar breytingar í sér? (Gripið fram í.)

Frú forseti. Ef hv. þingmaður meinar að þetta frumvarp feli ekki í sér neinar breytingar þá tek ég undir orð hv. þm. Marðar Árnasonar, sem sagði í upphafi umræðunnar: „Dragið þetta til baka“. Reyndar var það á öðrum forsendum, sem eru sömu forsendur og komið hafa fram í máli hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins, að skýra eignarhaldið, til að auðveldara sé að markaðsvæða vatnið. (**SKK:** Einkavæða það.) Það er málið, frú forseti.

[18:25]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom í málflutningi hv. þm. Jóns Bjarnasonar og furða mig jafnframt á yfirlýsingum sem komið hafa frá ýmsum þingmönnum Framsóknarflokksins. Hv. þm. Jónína Bjartmarz kveður sér hljóðs og spyr hverju sé verið að breyta efnislega með þessu frumvarpi. Annar þingmaður, hv. þm. Birkir J. Jónsson, kom upp fyrir stundu og sagði að með þessu frumvarpi væri verið að festa í sessi eignarrétt yfir vatni, eignarrétt bændanna. Ég beini því til hv. þm. Jónínu Bjartmarz að hún eigi orðastað við hv. þm. Birki J. Jónsson og spyrji hvað hann hafi átt við með þessu.

Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar var lagt fram á síðasta þingi og kemur nú fram að nýju lítið breytt. Það kom mörgum okkar á óvart hve lítið það hafði breyst frá

því það kom síðast fram. Hvers vegna? Vegna þess að þingflokksformaður Framsóknarflokksins hafði lýst því yfir á opinberum fundi, ekki alls fyrir löngu, að þá kæmi frumvarpið fyrst fram að á því hefðu verið gerðar verulegar breytingar. Síðan er ekkert að marka þessar yfirlýsingar. Frumvarpið sem liggur fyrir framan okkur er mjög lítið breytt frá frumvarpinu sem fram kom á síðasta þingi en enda þótt ekki sé liðinn langur tími hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan. Hvað hefur breyst? Jú, það hefur orðið, bæði hér á landi og víða annars staðar, vitundarvakning í tengslum við vatnið. Auðvitað eru aðstæður manna mjög misjafnar. Við höfum gnótt vatns hér á landi. Síðan eru svæði sem hafa lítið vatn. Menn skulu fara varlega í að hæðast að þeim frásögnum sem hv. þm. Jón Bjarnason greindi frá áðan, frá Gólanhæðunum, þar sem menn berjast um vatnið, ísraelska hernámsliðið meinar Palestínumönnum aðgang að vatni og hefur af þeim dýrmætar vatnslindir.

Við vitum að á þurrkasvæðum heimsins þarf ekki að kenna neinum að meta mikilvægi vatnsins. Þar snýst lífið, öll tilveran, um vatn. Í okkar heimshluta og hér í okkar landi höfum við lengi verið meðvituð um mikilvægi vatnsorkunnar. Undir lok 19. aldar og á fyrstu árum 20. aldar hófst mikil umræða um yfirráð yfir vatninu og vatnsorkunni. Fossalögin frá 1907 gengu fyrst og fremst út á að koma í veg fyrir að útlendingar öðluðust yfirráð yfir vatnsaflinu. Út á það gengu þau lög. Síðan fer af stað mikil vinna 1917 og skipuð fossanefnd, sem vinnur að nýju frumvarpi í nokkur missiri og ár. Hún nær ekki saman, meiri hlutinn og minni hlutinn. Hún klofnaði. Upp úr því var soðið nýtt frumvarp þar sem reynt var að taka tillit til sjónarmiða beggja aðila. Í greinargerð með því frumvarpi er reynt að ráða í hvort sjónarmiðið hafi verið ríkara í vatnalögunum frá 1923. Var það sjónarmið meiri hlutans, sem lagði áherslu á almannaeign á vatni, eða hins vegar sjónarmið minni hlutans, sem lagði áherslu á einkaréttinn?

Hvað hefur gerst síðan? Á síðustu árum hafa komið til sögunnar lög sem eiga rætur í þessum lagabálki. Við höfum haft til umfjöllunar lög um vatnsveitur. Það hefur verið vitnað í lögin frá 1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem ég tel eitt mesta óheillaframvarp sem hér hefur verið samþykkt í langan tíma. Ég minnist þess að í þingflokki mínum, sem ég sat í árið 1998, þ.e. Alþýðubandalagi og óháðum, héldum við fréttamannafund í Elliðaárdal fyrir framan heitavatnsborholuna til að leggja áherslu á varnaðarorð okkar. Upp úr þessari borholu kom ígildi hálfs milljarðs kr. á þeim tíma. Þessi borhola var á eignarlandi Reykjavíkurborgar. Ef hún hefði verið á eignarlandi í dalnum hefðu lögin, sem þau gerðu, fest eignarhaldið á vatninu í höndum einstaklinga. Menn hneykslast yfir því, þegar menn taka bakföll yfir því að við viljum að almenningur og þjóðin eigi þessar auðlindir. Hér var rætt um þjóðnýtingu. Já, við viljum að almenningur eigi vatnið, eigi þessa auðlind. Þá kem ég að vitundarvakningunni sem ég vísaði til.

Í heiminum öllum er fólk að vakna til vitundar um mikilvægi vatnsins sem auðlind. Menn horfa til vatnsins sem undirstöðu í vistkerfinu, í náttúrunni, og svo einnig til vatnsins sem takmarkaðrar auðlindar. Þá höfum við tekið undir með hæstv. iðnaðarráðherra þegar hún segir að að sjálfsögðu þurfi að endurskoða lagabálk sem settur hafi verið 1923. Gott og vel. Gerum það. En svörum þá líka kalli tímans og spyrjum hvert það kall er. Það er ákall um náttúruvernd. Það er ákall um mannréttindi og það er ákall um að tryggt sé í stjórnarskrá landanna að vatnið og aðgangur að því sé lögfest þar. Eftir þessu er fólk að óska.

Ég kaupi það ekki þegar menn segja að með lagabreytingunni nú sé aðeins verið að breyta um form, innihaldið sé hið sama, því að jafnvel þótt svo væri, sem ég samþykki þó ekki, þá væri það frá þessu fyrirkomulagi sem við ættum að færa okkur yfir í nýtt fyrirkomulag sem byggir á almannaeign á þessari mikilvægu auðlind. Það er þarna sem ríkisstjórnin og Framsóknarflokkurinn bregst, þ.e. að svara ekki þessu kalli tímans en segja það eitt að engu sé verið að breyta. Þetta er reyndar ekki í samræmi við það sem ýmsir umsagnaraðilar hafa sagt um þetta frumvarp. Ég vísa t.d. í Umhverfisstofnun sem fékk sína útreið frá Orkustofnun sem fékk það hlutverk af hálfu ríkisstjórnarinnar að gefa öllum umsagnaraðilum sérstaka einkunn. Menn annað hvort dúxuðu og brilleruðu eða fengu falleinkunn samkvæmt einkunnagjöf Orkustofnunar.

Hæstv. forseti. Ég vil líka taka undir þá áherslu sem fram kom í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar um að hér væri byrjað á röngum enda, við ættum að hefja þessa vegferð með lögum um vatnsvernd og vatnavernd, þar ættum við að hefja vegferðina. Auðvitað eiga öll þau frumvörp sem tengjast vatninu, bæði vernd þess og einnig nýtingu, því að sjálfsögðu þarf einnig að setja lög um nýtingu vatnsins, þau eiga að fara saman þannig að við höfum heildaryfirsýn yfir þetta mikilvæga viðfangsefni og við eigum að gefa okkur góðan tíma til þess. Það er sjálfsagt að stefna að því að lögfesta þessa lagabálka á þessu kjörtímabili en (Forseti hringir.) þá verða líka vinnubrögðin að breytast verulega frá því sem nú er.

[18:35]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Því verður nú ekki logið upp á gömlu kommana í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að þeir séu ekki samkvæmir sjálfum sér. Þeir bregðast ekki aðdáendum sínum.

Hvað var hv. þm. Ögmundur Jónasson að segja hér? Hann var að segja að það eigi að þjóðnýta auðlindina. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru þjóðnýtingarsinnar. Þeir vilja afnema séreignarréttinn og þjóðnýta þessar auðlindir. Þetta er gamli sósíalisminn sem komið hefur upp á yfirborðið núna hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. En ég hrósa þeim fyrir að vera bara samkvæmir sjálfum sér. Við vitum þá hvar þeir standa.

Þetta er kjarninn í ágreiningnum milli okkar og gömlu kommana í VG. Við teljum að séreignarfyrirkomulagið á náttúrauðlindum hafi hvar sem er skilað meiri afrakstri, betri umgengni og betri afkomu fyrir fólkið og þjóðirnar þar sem nýtingin fer fram.

Mig langar til þess að biðja hv. þm. Ögmund Jónasson að benda mér á það hvar í víðri veröld þjóðnýtingarstefna sú sem hann er hér að presentera hafi gefist betur en séreignarfyrirkomulagið, hvar í víðri veröld. Ég get nú tekið dæmi þar sem þjóðnýtingin hefur orðið undir í samanburð-

inum við séreignarfyrirkomulagið. Við getum borið saman afrakstur af olíuvinnslu úr Mexíkóflóa, annars vegar í Mexíkó og hins vegar í Texas. Báðar þjóðirnar sækja í sömu olíulindina. Og hvar er afraksturinn meiri? Mexíkanar sem þjóðnýta sínar olíulindir lepja dauðann úr skel en það drýpur smjör af hverju strái í Texas. Samt sem áður er verið að dæla upp úr sömu olíulindinni.

Af hverju skyldi þetta vera? (Forseti hringir.) Það er vegna þess að sú stefna sem hv. þm. Ögmundur Jónasson er að tala hér fyrir er (Forseti hringir.) algjörlega handónýt.

[18:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég efast ekkert um að margir séu sælir og vel smurðir í Texas, ekki síst þeir sem eiga olíulindirnar. En ég er ansi hræddur um að það eigi ekki við um alla íbúa þess ríkis og ekki heldur í Bandaríkjunum.

Hér erum við farin að tala um málin alveg eftir þeim hreinu línum sem ríkisstjórnin greinilega hugsar þessi mál, annars vegar hvort vatnið eigi að teljast til almannaréttinda og til sameignar íslensku þjóðarinnar, til samfélagsins, heyra samfélaginu til, eða hvort við erum að festa í sessi eignarréttarákvæðin, einkahagsmunina. Ég get upplýst hv. þingmann um að einkavæðing á vatninu, neysluvatninu hefur yfirleitt gefist mjög illa. Ég get nefnt fjölmörg dæmi um þetta. Ég get nefnt dæmi í Bretlandi þar sem einkavæðing á vatninu hefur gefið mjög slæma raun. Fyrirtæki sem fjárfestu í vatnslindum og vatnsveitum fjárfestu líka í hótelum í Frakklandi og í vegagerð í Suður-Ameríku og þegar á þurfti að halda var fjármagninu beint þangað en vatnsveiturnar heima fyrir látnar grotna niður. Ég get nefnt Grenoble í Frakklandi þar sem eftir langvinn réttarhöld tókst að ná einkavæddum vatnsveitum aftur úr höndum fyrirtækis vegna slæmrar reynslu.

En ég get nefnt dæmi um mjög góða reynslu af samfélagslega rekinni vatnsveitu. Það eru nú bara Gvendarbrunnarnir okkar sem sjá okkur á Reykjavíkursvæðinu fyrir ágætu hreinu, tæru og góðu vatni. Það hefur gefið mjög góða reynd.

[18:40]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Það er gott að heyra það, virðulegi forseti, að hv. þm. Ögmundur Jónasson er sannfærður í trúnni um ágæti þjóðnýtingar. Það leynist engum sem hlustaði á þetta andsvar hans. Það er nú samt sem áður þannig að reynslan hefur sýnt okkur að séreignarrétturinn og séreignarréttarkerfið hefur skilað betri afrakstri, betri umgengni og betri afkomu en þjóðnýtingarkerfið. Við þurfum ekki annað en að líta til gömlu Austur-Evrópu, sem ég veit að hv. þingmaður þekkir líklega betur en ég, til þess að sjá merki um þetta.

Hv. þingmaður segir að með þessu frumvarpi sé verið að festa í sessi eignarréttinn. Það má alveg til sanns vegar færa hjá hv. þingmanni. Það er verið að festa í sessi það réttarástand sem skapað var með vatnalögunum frá 1923 og túlkun á eignarréttinum í framhaldi af setningu þeirra laga sem fram hefur farið í Hæstarétti Íslands. Það má alveg halda þessu fram réttilega eins og hv. þingmaður gerir.

En hann má ekki ruglast á því að almannarétturinn samkvæmt þessu frumvarpi er ekki fyrir borð borinn í þessu frumvarpi eins og hér hefur verið haldið fram. Einstaklingar og fólk mun eftir sem áður, þó svo að þetta frumvarp verði að lögum, hafa alveg sama umgengnisrétt og umferðarrétt og það hafði áður samkvæmt gömlu vatnalögunum eða núgildandi vatnalögum. Hv. þingmaður getur gengið úti í náttúrunni eftir samþykkt þessa frumvarps, verði það að lögum, og fengið sér vatnssopa í lækjarsprænum úti í guðsgrænni náttúrunni. Hann getur jafnvel baðað sig. Þetta er almannarétturinn og hann er virtur. Það er alveg á hreinu. (Forseti hringir.) Ég hvet hv. þingmann til þess þá að lesa frumvarpið betur og kynna sér almannaréttinn.

[18:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get alveg róað hv. þingmann með því að ég er búinn að lesa frumvarpið ágætlega og tel mig skilja það nokkuð vel. Ég vil aðeins árétta þetta: Við sem erum að gagnrýna þetta frumvarp erum í reynd ekki að segja að við viljum endilega óbreytt ástand að öllu leyti, alls ekki. Við viljum breytingu en í aðra átt en ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn vilja ganga. Við viljum ekki festa einkaréttarákvæðin í sessi. Við viljum reyna eftir því sem kostur er að losa um þau.

Ég nefndi áðan lögin frá 1998 sem ég tel að hafi verið eitt mesta óheillaskref sem stigið hefur verið og gengur meira að segja lengra, af því að talað var um Texas, í að tryggja eignarhald á auðlindum neðan jarðar, gengur lengra en Texaslöggjöfin gerir því að íslenska ríkisstjórnin vildi fara enn þá lengra niður en Texasbúar þó gerðu þegar þeir skilgreindu hvað landeigandi ætti að eiga tilkall til neðan jarðar.

Ég vil bjóða hv. þingmanni á ráðstefnu sem haldin verður í lok vikunnar klukkan níu. Þá kemur David nokkur Hall sem er prófessor við Háskólann í Greenwich í Englandi og flytur fyrirlestur um þetta hugðarefni hv. þingmanns: Hver er reynslan af einkavæðingu á vatninu? Ég vona að hv. þingmaður láti sjá sig á þessari ráðstefnu því að auðvitað eigum við að ræða það málefnalega hvað sé rétt og hvað rangt í þessum efnum.

[18:44]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa farið vítt og breitt um völlinn í umræðunni í dag. Ég hef kallað sumar ræður sem hv. þingmenn hafa haldið hér lýðskrum, lýðskrum því að þær hafa að mestu leyti ekki fjallað um efnisatriði þessa frumvarps. Ég vil fá það á hreint hjá hv. þingmanni, af því að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa látið að því liggja að almannaréttur muni skerðast gagnvart aðgengi að neysluvatni eða frjálsri för um vötn, hvort það liggi í þessu frumvarpi hér, hvort við séum að ræða um það að verið sé að skerða hér réttindi almennings, sem ég tel ekki vera og hef farið yfir í andsvörum mínum fyrr í dag. Ég vil fá svar við þessari spurningu.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að kveinka mér undan því að Framsóknarflokkurinn og framsóknarmenn séu gagnrýndir í þessari umræðu. Til marks um umræðuna þá held

ég að Framsóknarflokkurinn hafi oftar verið nefndur á nafn en vatnið sjálft í þessari umræðu. Þó erum við að ræða um vatnalög. Það má hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vera ljóst að við framsóknarmenn munum standa vörð um þann eignarrétt sem hefur myndast á umliðnum öldum, ekki síst með tilkomu vatnalaganna árið 1923. Við munum standa vörð um þau réttindi bænda og annarra landeigenda sem þeir hafa áunnið sér í gegnum árin. (**Gripið fram í:** Hvaða annarra landeigenda?)

Hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tala hér um eignaupptöku. Þeir vilja sjá þá breytingu að íslenska vatnið verði almannaeign eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan. Hvernig eigum við hv. þingmenn að skilja þann málflutning á annan veg en að það eigi að fara í stórfellda eignaupptöku hringinn í kringum landið með þvílíkum afleiðingum og þjóðfélagsbreytingum sem það mundi leiða af sér? Hæstv. forseti, guð forði okkur frá því að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs komist í meiri hluta og í ríkisstjórn.

[18:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Minn málstaður er sá að íslenska þjóðin, almenningur á Íslandi, samfélagið hafi aðgang að vatninu í landinu og að vatnið teljist til almannaeignar. (**Iðnrh.:** Þjóðnýting.) Þjóðnýting, segir hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir.

Ég vil aðeins segja eitt varðandi Framsóknarflokkinn og vatnið, menn mega ekki kveinka sér yfir því (Gripið fram í.) að minnst sé á Framsóknarflokkinn. Ég var einvörðungu að vísa til þess að formaður þingflokks Framsóknarflokksins, Hjálmar Árnason, lýsti því yfir opinberlega á fundi fyrir fáeinum dögum að vatnafrumvarpið, ef það kæmi fram á komandi vikum, þá yrði það í mjög breyttri mynd frá því frumvarpi sem lá hér fyrir síðastliðið vor.

En aðeins um þennan málefnalega ágreining sem hér er uppi, þá leggjum við áherslu á — að með nýjum vatnalögum og með öllum þeim lagabálki sem nú er að birtast, því að gamla vatnalagafrumvarpið frá 1923 birtist í ýmsum myndum, fleiri en einu frumvarpi — að gerðar verði ákveðnar áherslubreytingar. Menn skulu vera sér mjög vel meðvitaðir um það að svo geti farið að eignaupptaka á vatni geti orðið á öðrum forsendum en menn kannski ætla. Ég minni t.d. á hvað er að gerast núna í GATS-viðræðunum þar sem Evrópusambandið hefur gert þá kröfu til margra viðskiptaríkja sinna að vatnið verði fært undir GATS-samninginn.

[18:48]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var alls ekki að kveinka mér undan því að við framsóknarmenn værum mikið í umræðunni í þessu máli, þvert á móti. Ég held að sú athygli sem Framsóknarflokkurinn fær vegna þess sé af hinu góða og að sama skapi held ég að þetta verði Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ekki til vegsauka, a.m.k. ekki í hinum dreifðu byggðum.

Hæstv. forseti. Ég spurði hv. þingmann einnar spurningar, hvort hann teldi að það frumvarp sem við værum að ræða hér hefði áhrif á aðgengi almennings að neysluvatni eða frjálsri för um vötn. Og af því að hv. þingmaður minntist á samflokksmann minn, hv. þm. Hjálmar Árnason, þá er það vissulega rétt að hann hafði ákveðna fyrirvara við þetta mál. Það er búið að gera breytingar á þessu máli á milli þinga. Meðal annars hefur verið tryggt í lagatexta að réttur almennings muni standa óhaggaður hvað varðar frjálsa för almennings um vötn. Það er geirneglt og því hefur verið breytt á milli þinga.

Í öðru lagi er kveðið á um að samráð skuli haft á milli umhverfisráðuneytisins, væntanlega undirstofnana þess, og iðnaðarráðuneytisins við gerð reglugerða er snerta tilkynningarskyldar framkvæmdir. Þetta eru veigamiklar breytingar í þá átt að færa okkur nær umhverfinu og ég hélt að hv. þm. Ögmundur Jónasson mundi gleðjast yfir þessum breyttu forsendum. Ég hafði sjálfur ákveðnar efasemdir og áhyggjur af því að frjáls för fólks væri kannski ekki nægilega geirnegld í fyrra frumvarpi og það var svo sem rætt ítarlega í nefndinni. Nú er það geirneglt og hv. þingmaður ætti að fagna því að upp úr stendur að réttindi almennings, hvort sem það er til neysluvatns, aðgengi eða frjáls för um vötn, eru tryggð í því frumvarpi sem við erum að ræða hér og hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ættu að fagna því.

[18:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara árétta það sem fram hefur komið, að í þessu frumvarpi eins og það liggur fyrir, eru mjög ákveðin eignarréttarákvæði og hv. þm. Birkir Jónsson sagði sjálfur í ræðustól áðan að það væri verið að festa eignarréttarákvæðin í sessi. (Gripið fram í.)

En ég legg áherslu á það sem ég hef verið að segja: Við lifum í breyttum heimi aukinna alþjóðaviðskipta, heimi þar sem verið er að taka grunnþjónustu á borð við vatn og færa inn í heim viðskiptanna. Við þurfum að verjast þessu, við þurfum að taka mið af breyttum aðstæðum.

Við þurfum líka að taka mið af ýmsu sem er að breytast í umhverfi okkar, í vistkerfinu og umgengni um það. Það er þetta sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum að kalla eftir. Við erum að kalla eftir lagasmíð sem tekur mið af þessu. Það dugar ekki að horfa alltaf aftur til ársins 1923 og segja: Við erum engu að breyta frá þeim tíma. Við lifum bara í breyttum heimi. Það eru aðrar aðstæður og við verðum að bregðast við þeim, bregðast við kalli tímans. Ríkisstjórnin fellur á prófinu um að gera það.

Við erum einnig að kalla eftir breyttri forgangsröðun. Við viljum byrja á því að ræða frumvörp sem lúta að vatnsverndinni og síðan taka alla þessa lagasmíð og hafa hana undir í einu.

[18:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er þess fýsandi að réttur allra til heilnæms vatns verði stjórnarskrárbundinn. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur líka varað við því að eignamenn og einkarekin grunnþjónusta geti verið skaðleg fyrir samfélagið, ekki hvað síst í hinum dreifðu byggðum. Við höfum t.d. rætt það í fjölda þing-

ræðna þegar þetta hefur verið til umræðu, og skyld mál, að einkarekin grunnþjónusta í samfélaginu, t.d. á borð við vatnsveitur eða orkuveitur, er bæði dýrari og óhagkvæmari fyrir samfélagið og afleiðingar hennar geta verið mjög alvarlegar þegar farið er að selja þá þjónustu á markaðstorgi.

Það er ekki að ófyrirsynju að við ræðum þetta í tengslum við vatnalagafrumvarp hæstv. iðnaðarráðherra því að það vill svo til að vatnið er ein af þeim auðlindum sem hæstv. iðnaðarráðherra vill koma böndum á og vill skýra á þeim nótum sem vatnalagafrumvarpið gerir ráð fyrir, að það sé einkaeignarréttur á vatni og hann gangi öllu framar. Það er þetta sjónarmið sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð er að mótmæla. Og það er auðvitað alveg komið í ljós, t.d. í máli hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar hér áðan, að það er spurning um að leiða þetta séreignarfyrirkomulag í lög sem staðfestir þá það sem við andstæðingar hæstv. iðnaðarráðherra í þessum efnum höfum haldið fram í umræðunni: Þetta frumvarp er ekki bara formbreytingarfrumvarp, þetta er frumvarp sem í grundvallaratriðum breytir þeim nýtingarrétti, hagnýtingarrétti, sem hefur verið á vatninu. (**Iðnrh.:** Nei.) Víst gerir það það. Það eru umsagnir sem við höfum því til staðfestingar sem við höfum verið að vitna í hér í dag. (Gripið fram í.)

Vitlausar umsagnir, segir hæstv. iðnaðarráðherra. Ég held að hæstv. iðnaðarráðherra ætti að gæta að orðum sínum hér. Ég ætla að fá að vitna til tveggja þessara vitlausu umsagna. Önnur er frá Umhverfisstofnun og hin er frá Náttúrufræðistofnun. Það er ekki að ófyrirsynju að þessar tvær stofnanir gefa umsagnir um þetta mál.

Ég ætla fyrst að vitna í umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands sem dagsett er 2. mars 2005, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í umsögn um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum lagðist Náttúrufræðistofnun eindregið gegn þeirri fyrirætlun að skilgreina vatn ... sem jarðræna auðlind og fela umsjón þess iðnaðarráðuneyti og Orkustofnun. Vatn er í grundvallaratriðum frábrugðið öðrum jarðefnum að því leyti að það finnst náttúrlega í þrenns konar formi, þ.e. í föstu, fljótandi og loftkenndu formi ... og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn. Stofnunin lagði áherslu á að þótt vatn geti verið orkugjafi, og þar með verslunarvara, þá sé það fyrst og fremst lífsnauðsynlegt efni öllum mönnum og öllum lífverum. Forgangsröðin varðandi umsjón með vöktun vatns er þess vegna hollustuhættir, umhverfi og orkunýting en ekki öfugt.

Vatn er lífsnauðsynleg auðlind og arfleifð alls mannkyns og alls lífríkis á jörðinni. Þessi hugsun er ráðandi í lagabálkum í nágrannalöndum okkar og kemur vel fram í vatnatilskipun ESB frá árinu 2000."

Þetta er ein af þessum vitlausu umsögnum sem hæstv. iðnaðarráðherra kallar svo.

Ég vil halda því fram að Náttúrufræðistofnun hafi hér mjög mikið til síns máls enda leggst hún gegn því að sértæk lög um eignarhald og umsýslu með vatni séu lögfest áður en fyrir liggur hvernig vatnatilskipunin verður innleidd.

Önnur „vitlaus" umsögn, svo vitnað sé til orða hæstv. iðnaðarráðherra, er frá Umhverfisstofnun, en sú umsögn var mjög yfirgripsmikil. Henni fylgdi sérstök greinargerð um eignarrétt eða nýtingarrétt á vatni og sömuleiðis greinargerð um stöðu vatnalaga. Hún er eins og ég segi afar ítarleg en niðurstaða hennar er m.a. þessi, með leyfi forseta:

„Samantekið telur Umhverfisstofnun að hvað varði fyrirhugaðan rétt landeigenda sé frumvarpið í andstöðu við alþjóðlegar viðmiðanir og skuldbindingar, löggjöf í nágrannalöndum, óhagstætt hagsmunum almennings og íslenska ríkisins. Ekki er tekið tillit til líffræðilegs og samfélagslegs mikilvægis vatns og nægu aðgengi að því. Leggst stofnunin því alfarið gegn því að þessi leið verði farin."

Hæstv. forseti. Þessar tvær umsagnir fóru afar mikið fyrir brjóstið á hæstv. ráðherrum, bæði iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Forstöðumenn þessara stofnana komu í útvarpið 6. maí síðastliðinn, í þátt á Rás 1 sem heitir Samfélagið í nærmynd og tjáðu sig um þær. Hæstv. umhverfisráðherra sá síðan ástæðu til þess þremur dögum síðar, þann 9. maí 2005, að atyrða forstöðumenn þessara stofnana, hélt því fram í Speglinum í Ríkisútvarpinu að málið yrði rætt við forsvarsmenn stofnananna, sagðist hafa verið undrandi á viðbrögðum þeirra og menn hefðu gengið of langt, sérstaklega varðandi það að senda inn sérstaka álitsgerð um nýtingu og eignarrétt sem hæstv. umhverfisráðherra taldi allsendis óeðlilegt að Umhverfisstofnun legði fyrir þingnefnd. Hún sagði þetta ekki vera lögfræðilegt álitamál og það ætti einfaldlega ekki heima inni í umsögn af þessu tagi því að þetta væri hápólitískt mál.

Atyrðing hæstv. umhverfisráðherra á forstöðumönnum þessara stofnana í útvarpinu í maí í vor er auðvitað til marks um það hversu mikið umsagnir þeirra fóru fyrir brjóstið á hæstv. ráðherrum.

Í upphafi þessarar umræðu sem hér fer fram, 1. umr. um frumvarpið á þessu þingi, fullyrti hæstv. iðnaðarráðherra að stofnanir umhverfisráðuneytisins væru nú fullkomlega sáttar við frumvarpið í nýrri mynd. Nú vil ég fá staðfestingu á því frá hæstv. umhverfisráðherra, og ég vona satt að segja, virðulegi forseti, að hún sé enn þá viðstödd og að hlusta á þessa umræðu eins og hún hefur verið það sem af er þessum degi. Ég treysti því að fá hér svar frá hæstv. umhverfisráðherra áður en umræðunni lýkur, um hvort stofnanir umhverfisráðuneytisins séu fullkomlega sáttar við málið í þessum nýja búningi eins og hæstv. iðnaðarráðherra lýsti hér yfir fyrir örfáum dögum að væri. En í umræðunni varð hæstv. iðnaðarráðherra á það aumkunarverða mismæli að halda því fram að þetta frumvarp snerist eingöngu um yfirborðsvatn og afhjúpaði þá svo mikla vankunnáttu á málinu og auðvitað skortir fullkomlega dýpt í málflutning hennar um þetta þegar hún leyfir sér að mismæla sig á þann hátt sem hún gerði við umræðuna þá (Gripið fram í.) og vildi svo meina að gagnrýnin á frumvarpið væri byggð á misskilningi. Þegar hæstv. ráðherra skortir rök í pólitískri umræðu þá eru hlutirnir alltaf byggðir á misskilningi. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að venja sig af því að halda því fram að við hv. þingmenn í þessum sal séum haldin einhverjum misskilningi ef við gagnrýnum mál hennar og málflutning, því að það er ekki svo. Við erum ekki haldin neinum misskilningi um þetta mál. Við erum hins vegar í grundvallaratriðum ósammála þeirri forgangsröðun sem hæstv. iðnaðarráðherra setur hér fram.

Ég krefst þess að því verði svarað í þessari umræðu

hvers vegna hæstv. iðnaðarráðherra sé svona fylgin sér í þessu máli. Hv. þm. Jóhann Ársælsson bað hana að svara því við upphaf umræðunnar hvað það væri sem ræki hana áfram. Hv. þingmaður sagði: Það er ekki einasta það að vatnalögin séu komin til ára sinna sem rekur hæstv. ráðherra áfram, það er eitthvað annað á bak við þetta. Ég krefst þess að hæstv. ráðherra svari því. Hvers vegna má ekki bíða eftir hinum frumvörpunum sem við, sem höfum andmælt þessu máli, teljum að eigi að fara hér samferða í gengum þingið? Þá erum við að tala um vatnsverndarlagafrumvarp og endurbætt frumvarp til laga um nýtingu og rannsóknir á jarðrænum auðlindum. Hver er málefnaleg ástæða þess að ríkisstjórnin getur ekki sett þessi þrjú frumvörp samferða í gengum þingið þar sem iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd gætu fjallað um málin sameiginlega og hægt væri að finna sameiginlega niðurstöðu sem sátt gæti ríkt um?

Ég er sannfærð um að með öðrum vinnubrögðum en þessum bolabrögðum og þessum einstrengingshætti ríkisstjórnarinnar mætti ná hér góðri niðurstöðu. En hæstv. ríkisstjórn skortir auðvitað skynsemi til þess að fara þá leið og mér þykir það mjög miður.

Hæstv. forseti. Ég tel að í þessari umræðu kristallist sá grundvallarágreiningur stjórnarandstöðu og ríkisstjórnarflokkanna og tel að hér sé mál sem er virkilega þess virði að við reynum að lenda í einhverri sátt. Ég held að ríkisstjórnin hafi í hendi sér leið til þess að gera það og nú skulum við bara láta reyna á skynsemi hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum.

[19:02]

Mörður Árnason:

Forseti. Athyglisvert er að hæstv. iðnaðarráðherra og félagar hennar úr Framsóknarflokknum, hv. þingmenn nokkrir sem hér hafa talað, hafa tekið upp þá varnartaktík í þessu máli að snúa því upp í einhvers konar hugmyndafræðilega deilu milli Framsóknarflokksins og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð er útmáluð sem nýkommúnismi en Framsóknarflokkurinn standi hins vegar í sínum gömlu sporum og styðji bændur.

Ég er ekki vanur að bera blak af þeirri umræddu hreyfingu svo sem, en ég tel nú að þetta sé ákaflega ósanngjarnt gagnvart þeim þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hér hafa talað. Það að setja það fram úr hugmyndafræði sem átti við eiginlega fyrir tíma kalda stríðsins að annaðhvort séu menn einkaeignarsinnar eða þjóðnýtingarsinnar, eins og það var orðað hér af framsóknarmönnum og reyndar af sérstökum vini Framsóknarflokksins, hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, sem kom ráðherranum til bjargar og Framsóknarflokknum til varnar fremur óvænt, sú uppstilling á hlutunum er svo gamaldags að eiginlega er alveg furðulegt að menn skuli draga hana hér upp.

Það er sorglegt, forseti, að Framsóknarflokkurinn — og reyndar Sjálfstæðisflokkurinn líka, það er kannski eðlilegra með Sjálfstæðisflokkinn — skuli vera á þeirri skoðun gagnvart rétti manna til eignarnýtingar eða -umráða að þar sé einungis um að ræða einkaeignarrétt einstaklings eða fyrirtækis annars vegar og hins vegar einhvers konar þjóðnýtingu, einhvers konar ríkiseignarrétt í sovéskum stíl. Samt er þetta sá flokkur sem gert hefur stjórnarsáttmála við Sjálfstæðisflokkinn, sem við erum kannski ekki hrifin af ýmis hér, en eitt er þó gott í honum og við höfum verið að reyna að fá það fram að því sé fylgt, og það er að setja ákvæði um sameign fiskimiða, þjóðareign, í stjórnarskrá.

Hvað er sú eign? Er það einkaeign ríkisins? Það finnst mér furðulegt að sé vegna þess að menn hljóta að hafa hugsað það öðruvísi. Eignarrétturinn er nefnilega ekki svona einfaldur eins og þeir hv. þingmenn Birkir Jón Jónsson og Sigurður Kári Kristjánsson hafa sameinast um að telja, heldur er að sjálfsögðu til eins konar sameign þjóðarinnar yfir ákveðnum hlutum. Sú eign þjóðarinnar sem Þingvellir heita er auðvitað allt öðruvísi eign þjóðarinnar en ráðherrabíll hæstv. ráðherra Valgerðar Sverrisdóttur. Það þarf ekki neinar óstjórnlegar gáfur til að sjá að það getur ekki verið sami eignarrétturinn sem yfir því ríkir. Það er það sem a.m.k. við samfylkingarmenn — og fleiri, að ég hygg þegar ég heyri vini mína úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði tala, eigum við, þ.e. að það sé viðurkennd þjóðareign, sameign þjóðarinnar á vatni. Er það fersk og frumleg hugmynd? Það fer allt eftir því hvernig á það er litið.

Í lögum sem enn gilda nr. 15 frá 20. júní 1923, vatnalögum, segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila."

Það er að vísu ekki sérstaklega í vatnalögunum fjallað um eignarréttinn en orðanna hljóðan og allt umhverfi sem þessi lög draga upp, öll sú mynd sem þau lög draga upp gera ráð fyrir því, alveg eins og eldri lög sem konungar settu, alveg eins og Jónsbók, alveg eins og lagasafnið í Grágás, sem þjóðveldismenn, áar okkar hinir elstu sem íslenskir geta kallast, settu sér, að vatnið sé ekki einkaeign nokkurs manns heldur fylgi landareigninni ákveðinn nýtingarréttur, ákveðinn umráða- og hagnýtingarréttur. Það er þetta sjónarmið vatnalaganna, nr. 25/1923, Jónsbókar og Grágásar sem við stjórnarandstæðingar erum að verja.

Við segjum enn fremur að þróun í nútímanum og ný hugsun í lagasetningu í öðrum löndum eigi að leiða til þess að við förum yfir vatnalögin á öfugan hátt við það sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur gert, að við eigum að gæta almannaréttarins fyrst og fremst og að við eigum að skoða vatnalögin í því ljósi hvar hægt kunni að vera að draga úr óþarfri einkaeign, m.a. vegna þess, eins og ég rakti í fyrri ræðu minni, að staða þjóðfélagsmála, ég er sammála því í greinargerðinni, og samfélagsins er önnur núna en 1923.

Árið 1923 sammæltust menn um að fela bændastéttinni með nokkrum hætti, sem þá var sterk og voldug og var flestöll í flokki sem hét Framsóknarflokkurinn og var einu sinni til sem slíkur og stóð þá undir nafni, henni var í raun inni falin ákveðin umsýsla og aðgæsla þessarar sameignar þjóðarinnar. Nú er það því miður ekki lengur svo, eins og ég sagði, í 1. gr. Bændur eiga að vísu töluvert af landi enn sem betur fer en ýmsir aðrir aðilar eru óðum að eignast það land sem bændur áttu áður. Þó að ég hafi ekkert á móti því að menn eignist land — og gaman væri nú að eiga land og hafa hagnýtingarrétt á vatni sem þar kæmi upp — þá eru þeir auðvitað að því fyrst og fremst í gróðaskyni umfram það sem bændur hugsa, sem líta á landið með öðrum hætti

þó að þeir vilji auðvitað hafa af því nokkurn hag að eiga það. Málið snýst um þetta og þess vegna eru spurningar Sigurðar Kára Kristjánssonar og Birkis Jóns Jónssonar og fleiri háttvirtra framsóknarmanna í umræðunni út í hött.

Svo er önnur varnartaktík framsóknarmanna og kom fram í máli hv. þm. Jónínu Bjartmarz, sem því miður er farin, að spyrja: Af hverju er þetta breyting? En Jónína Bjartmarz sýndi þessari umræðu ekki þá virðingu að vera við hana frá upphafi og er nú farin, vegna þess að það var nákvæmlega rakið a.m.k. í máli mínu og ég held margra annarra sem hér voru.

Sú breyting sem um ræðir er frá 2. gr., sem ég las upp úr vatnalögunum sem gilda, og yfir í 4. gr. í frumvarpinu sem heitir Eignarréttur að vatni — orð sem aldrei kemur fyrir í vatnalögunum — og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur."

Nú er ég ekki hálærður í lögum en ég tel að það víki öðruvísi við með hina jákvæðu skilgreiningu eignarumráða eða hvað það á að kalla heldur en þá neikvæðu. Dómstólarnir hafa vissulega lögjafnað og túlkað vatnalögin á þann hátt að réttur landeiganda sé töluvert mikill. En það er þó þannig að þingið getur snúið því við og það getur gert það með lagi án þess að því fylgi fébætur eða annað ámóta. Það er viljayfirlýsing þingsins og breyting þess á vatnalögunum frá 1923 sem þar skiptir máli og yfirskyggir þá túlkun eða óskráðu reglur sem fylgt hafa í kjölfarið.

Ég rakti það líka og vísaði m.a. til Umhverfisstofnunar hvernig í tveimur atriðum er alveg augljóst að hér er ekki bara formbreyting á ferðinni. Annars vegar vegna þess að undir þessu frumvarpi liggur miklu fleira en lá undir vatnalögunum. Í fyrsta lagi ýmis form á vatni, í öðru lagi grunnvatn sem sett er beinlínis undir vatnalögin og þá skiptir minna máli hvort það er undir lögunum frá 1998 vegna þess að það sem við ættum núna að vera að gera er að fjarlægjast þá skilgreiningu sem var 1998 í staðinn fyrir að slá henni fastri.

Í öðru lagi að hugsanlega er nýting annars konar á vatni en nú tíðkast. Þá mundi hún vera núna landeigandanum og vatnseigandanum heimild en væri það ekki samkvæmt vatnalögunum frá 1923, sem við ættum að taka upp í núverandi löggjöf óbreytta hvað þessa eign varðar.

Gjarnan vildi ég tala meira um þetta og var með miklu lengri ræðu en það er því miður ekki unnt svo ég geymi það til framtíðar. En ég verð að segja að lokum að á sama hátt og þetta frumvarp er framsóknarráðherranum Valgerði Sverrisdóttur ekki til sæmdar, hafa umræðurnar heldur ekki verið Framsóknarflokknum, hinum fornfræga bændaflokki, til sæmdar.

[19:12]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það hefur verið ansi merkileg umræða um þetta frumvarp til vatnalaga. Hér hafa verið ákveðin hugmyndafræðileg átök þar sem í ljós hefur komið að málið hefur verið sett svo mjög ankannalega upp af sumum að annars vegar snúist það um átök kommúnisma og hins vegar últra hægri stefnu þar sem hæstv. iðnaðarráðherra er í forsvari fyrir, þ.e. einkarétt til náttúruauðlinda, og hins vegar kommúnismi þar sem almannaréttur takast á. Þetta er auðvitað vitleysisumræða. Ég hefði talið að Framsóknarflokkurinn ætti að hugsa sig betur um áður en hann færi að leggja sama vitleysisfrumvarpið fram á ný og gera það síðan að þessari umræðu, snúa þessu upp í andhverfu sína.

Ég tel að þetta vatnalagafrumvarp sé illa unnið. Ég fór í gegnum það í iðnaðarnefnd í vor, á síðasta þingi. Ýmsir hnökrar komu fram á frumvarpinu sem ég hefði talið að menn hefðu átt að hafa haft vit á að sníða af, burt séð frá efni frumvarpsins.

Til dæmis hefur komið fram að allar þær skilgreiningar sem eru í frumvarpinu eru mjög illa unnar. Ég þakka mínum sæla fyrir að menn ræði ekki frumvarpið á degi íslenskrar tungu. Hvað er t.d. vatnsleg, og ýmsir orðaleppar? Það er alveg ótrúlegt að lesa frumvarpið. Einnig 11. gr. frumvarpsins. Mjög mikil umræða var um hana í nefndinni en ekki er gerð nokkur tilraun til að lagfæra 11. gr. þó svo að hún sé algjörlega óskiljanleg.

Ég ætla að lesa, með leyfi forseta, upp úr þessu frumvarpi sem ég tel þinginu til skammar að taka á ný til umræðu án þess að hafa lagfært það, burt séð frá efni frumvarpsins. En í miðri greininni segir:

„Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði og fylgir vatnsbotn þá landi sem þurrt land væri."

Þetta skilur enginn. Við ræddum lengi í nefndinni hvað þetta þýddi í raun og veru. Það væri ágætt ef hv. þingmaður, formaður iðnaðarnefndar, segði okkur frá því í umræðunni hvers vegna hann tók ekki á þessu. Kom hann ekki þessum skilaboðum til flokkssystur sinnar, hæstv. iðnaðarráðherra, og fór í gegnum að þetta er ótækt, bæði þessar skilgreiningar, sem fjölmargar eru illskiljanlegar? Er hægt að bera þetta á borð enn á ný og þannig að þingið verði að athlægi þegar málið verður á ný sent til umsagnar?

En svo við snúum að efni frumvarpsins og þeim hugmyndafræðilega ágreiningi sem virðist hafa komið upp milli almannaréttar og einkaréttar þá er eins og Framsóknarflokkurinn sé farinn að reka áróður fyrir einkaréttarhagsmunum og telji þá jafnvel geta strítt gegn almannahagsmunum, séu almannahagsmunir í forgrunni. Benda mætti á umræðuna um að verði þeir ofan á sem skilgreina þetta með öðrum hætti, þ.e. að almannahagsmunir séu í forgrunni, þá geti það bitnað að einhverju leyti á hagsmunum bænda.

Ég verð að segja það að ég hef bara ekki séð slík vandamál í núgildandi lögum. Hvaða vandamál er verið að leysa með frumvarpinu? Það væri ágætt að menn færu aðeins yfir það. (Gripið fram í.) Það hefur bara ekki komið fram. Eina röksemdin er að lögin séu gömul. Allir eru sammála, og ég trúi ekki öðru en hv. formaður iðnaðarnefndar sé því sammála að ýmislegt megi betur fara í frumvarpinu, t.d. skilgreiningar og ýmsir orðaleppar. Hvers vegna fara menn aftur með sömu vitleysuna í gegnum þingið? Mér finnst það með ólíkindum.

Annað sem við þurfum að ræða er að þegar fram koma athugasemdir, ekki bara einhverjar smávægilegar athugasemdir heldur athugasemd frá meginstofnun umhverfisráðuneytisins, hæstv. iðnaðarráðherra, þá gera menn ekkert með það. Menn svara því ekki nema með skætingi, eins og fram kom í ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Það

kom fram að hæstv. umhverfisráðherra var að skamma undirstofnun sína, helstu stofnun ráðuneytis síns í stað þess að svara þeirri umsögn efnislega og fara í gegnum það.

Að hverju kemst Umhverfisstofnun? Hún kemst að því, eftir að hafa lesið þetta frumvarp gaumgæfilega ... (**BJJ:** Ekki þetta frumvarp, heldur gamla frumvarpið.) Gamla frumvarpið, segir hv. formaður iðnaðarnefndar. Frumvarpið sem hér er um að ræða, hið svokallaða nýja frumvarp, er nánast bara afrit af því gamla. Við erum að fjalla um nákvæmlega sama hlutinn. Menn geta ekki tekið út augljósa orðaleppa og vitleysisskilgreiningar. Það er hægt að rekja nokkur atriði.

Hvað er mannvirki? Ég bið þá sem heyra, að spyrja sjálfa sig: Hvað er mannvirki? Maður hefði nú haldið að það gæti nú verið eitthvað sem maðurinn hefði lagt hönd á og búið til. Nei, það er samkvæmt 12. grein skilgreiningarinnar „hvers konar manngerðar tilfæringar, t.d. brú eða virkjun". Þetta er mannvirki samkvæmt þessu frumvarpi.

Hvað er vatnsleg? Samkvæmt þessu frumvarpi er vatnsleg „lægð í landi, sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt að vatnsborðsstöðu við háflæði. Lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljast ekki til vatnslegs". Þá vitum við það. Þetta eru merkilegar skilgreiningar.

Þegar maður sér að ekki hefur verið tekið mark á athugasemdum heldur haldið áfram með vitleysuna þá staðfestir það grun manns um að hæstv. iðnaðarráðherra hafi ekki hugsað þetta mál til, líkt og mörg önnur mál sem hæstv. ráðherra hefur farið með í gengum þingið og jafnvel glaðst ógurlega og verið með mikil fagnaðarlæti. Í því sambandi minnist maður raforkulaganna. Það er alltaf verið að vitna til þess að þetta nýja frumvarp sé til varnar bændum. En það kemur aldrei fram hvaða vandamál það á að leysa fyrir bændur. Hins vegar hefur komið fram, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, varðandi raforkulögin, sem var fagnað svo ægilega af framsóknarmönnum þannig að fagnaðarlætin ætluðu aldrei að stoppa, að þegar bændur fengu raforkureikninginn í kjölfar fagnaðarláta framsóknarmanna var ekki neinn fögnuður. Það eru til dæmi um 50–100% hækkun.

Mér finnst með ólíkindum að Framsóknarflokkurinn skuli ekki sjá að sér vegna þess að það liggur ekkert á að fara með frumvarpið í gegn. Það er með ólíkindum að framsóknarmenn skuli enn og aftur fara með svona dellu í gegnum þingið.

Það sem er sorglegt en satt er að þegar umsagnirnar, sem að hafa komið fræðimenn með háskólagráður sem legið hafa yfir frumvarpinu mjög lengi, hafa verið ræddar þá hefur hæstv. iðnaðarráðherra bara galað að þetta séu vitlausar umsagnir. Ekkert annað, þetta er bara vitleysa. Ef þetta er vitleysa væri þá ekki borðleggjandi að leggja fram einhvern rökstuðning fyrir því að þetta sé vitleysa? Maður hefði talið það eðlilega kröfu, sérstaklega þegar í hlut á meginstofnun umhverfisráðuneytisins. Það er lágmark. Sérstaklega er það mikilvægt þegar hæstv. ráðherra hefur æ ofan í æ gengið fram með vitleysu, lofað í miðjum fagnaðarlátunum að raforka skyldi t.d. ekki hækka. En síðan sér fólk á landsbyggðinni að það hækkar gríðarlega mikið.

Ég hefði talið, áður en menn fara í að raska almannarétt-indum til að tryggja einkaréttindi, sem í sjálfu sér má athuga, ættu þeir að fara rækilega í gegnum athugasemdirnar í stað þess að gala bara: Vitleysa.

[19:23]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Nú kom að því, sem ég hélt að ekki mundi verða, að ég tek til varna fyrir frumvarpið gegn árásum hv. 10. þm. Norðvest. Mér finnst „vatnsleg" ágætt orð og skýringin á því nokkuð góð. Mér sýnist að í frumvarpinu haldi höfundar þess áfram að nota fornleg og væn íslensk orð um ýmsa hluti.

Hins vegar verð ég að taka undir með honum um skýringuna á „mannvirki", að það er ákaflega undarleg skýring, sem er svona, með leyfi forseta: „... hvers konar manngerðar tilfæringar, t.d. hús, brú eða virkjun."

Ég hef ekki flett þessu orði upp en það er undarlegt og ég vona að hæstv. ráðherra svari þessari athugasemd þingmannsins í lokaræðu sinni í kvöld eða síðar eftir því hvernig það verður.

Mig minnir að hjá Þorbergi Þórðarsyni hafi líka verið „tilfæringar" en þær hafa verið með öðrum hætti en þessar, nefnilega tilfæringar milli pilts og stúlku. Ég vona að mannvirki séu ekki nefnd í þess konar skilningi.

Gallinn við þetta frumvarp er reyndar að þótt margt sé í því vel orðað og samið þá hefur, einkum við endurflutning þess, láðst að lesa það yfir aftur og setja inn það sem átti að setja inn, eins og ég vakti athygli á áðan og hæstv. ráðherra hefur enn ekki svarað.

[19:25]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er góð umræða um frumvarpið sem ég hefði talið að ætti að hafa farið fram í iðnaðarráðuneytinu og hjá þeim sem útbjuggu þetta frumvarp. Þessi umræða hefur að einhverju leyti farið fram í iðnaðarnefnd.

Þær eru fleiri skilgreiningarnar sem maður áttar sig ekki á og (Gripið fram í.) af mörgu að taka. Til dæmis mætti líta á skilgreiningu á orkuveri. Það er „land eða lóð, hús og önnur mannvirki til orkuvinnslu eða breytingar einnar tegundar orku í aðra". — Breytingar einnar tegundar orku í aðra er orkuver. Maður áttar sig ekki alveg á hvað menn eru að fara með þessu. Það er sérkennilegt, þegar menn eru gerðir afturreka með þetta frumvarp, að þá geti þeir ekki í farið í gegnum þetta. Ég get ekki ímyndað mér að það sé orkuver að breyta einni tegund orku í aðra.

Það er af mörgu að taka í frumvarpinu. Ég skil í raun ekkert hvað hæstv. iðnaðarráðherra liggur á og það hefur ekki komið skýrt fram. Eina skýringin er að þetta sé eitthvert gamalt frumvarp frá nítjánhundruð og tuttugu og eitthvað. Það eru einu rökin. Ég tel að þegar hæstv. iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra voru gerðir afturreka með frumvarpið hefðu þær átt að sjá sóma sinn í að fara í gegnum þá gagnrýni sem kom fram í iðnaðarnefnd.

Það vekur náttúrlega spurningar um hvort formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, hafi ekkert komið umræðunni áleiðis til ráðuneytisins. Það er náttúrlega íhugunarefni ef þar skortir á tengsl. Ég tel að hv. þingmaður ætti að (Forseti hringir.) greina okkur frá þeim samskiptum.

[19:27]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Um margt mælist hv. 10 þm. Norðvest. vel þótt hann hafi ekki svarað vörn minni fyrir vatnslegið. En hann hefur að mörgu leyti rétt fyrir sér, þegar maður fer að skoða þetta nánar. Hér er t.d. skilgreining á „rennsli", sem er svona, með leyfi forseta:

„Hreyfing vatns, hvort heldur er af manna völdum eða náttúru."

Það má auðvitað segja að við fyrstu sýn slær þetta mann nokkuð vel, að rennsli sé hreyfing vatns, hvort sem það rennur sjálft sökum þyngdaraflsins eða að menn eru á bak við það. En þá verður manni á að spyrja: Bíðum við, hreyfing vatns, er það líka gos í hver? Er það rennsli? Ég veit ekki hvort hæstv. iðnaðarráðherra hefur spekúlerað í því, en þessu má hv. þingmaður ekki gleyma í gagnrýni sinni á orðalagið í frumvarpinu.

Og t.d. þegar menn dæla upp vatni af einum stað á annan, er það þá rennsli líka? Það væri frekar óvenjuleg notkun á orðinu „rennsli". Það þarf kannski að fara í gegnum allt þetta frumvarp þegar hæstv. iðnaðarráðherra hefur látið það okkur eftir að taka það aftur til sín upp í ráðuneyti, lesa það í gegn og athuga hvort þetta geti valdið misskilningi, en við því var einmitt sérstaklega varað í áliti laganefndar Lögmannafélagsins. Iðnaðarráðherra kaus að fara að ábendingum þeirra á einum stað en ekki á öðrum. Þannig að hafi verið ruglingur á túlkun greinargerðarinnar áður er hann enn þá meiri eftir að iðnaðarráðherra fór með blýantinn í frumvarpið.

[19:29]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mjög áhugavert að fara í gegnum þetta frumvarp. Það sorglega er að við erum að gera það enn á ný. Umræðan fór fram á síðasta þingi og mig minnir að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi farið rækilega í gegnum frumvarpið og ýmsa orðaleppa og sérkennilegt orðalag á fundum nefndarinnar. Mér finnst þetta sorglegt.

Til dæmis má nefna orðið „grunnvatn". Einhvern tíma lærði ég jarðfræði í menntaskóla, en maður les hér skilgreiningu á því hvað grunnvatn er:

„... allt vatn neðan jarðar í samfelldu vatnslagi í gegnmettuðum jarðlögum, kyrrstætt eða rennandi, sem er í beinni snertingu við jarðlögin."

Ef við veltum þessu fyrir okkur: Hvað er vatn sem er neðan jarðar í samfelldu vatnslagi? Samfelldu. Hvað er þetta „samfellt"? Það væri ágætt að hæstv. iðnaðarráðherra færi í gegnum þetta með okkur. Við áttum okkur ekki á þessu , a.m.k. ekki ég. Hún hlýtur að hafa legið yfir þessu frumvarpi og hefur lagt mjög mikla áherslu á að keyra þessa vitleysu í gegn, hvað eftir annað. Hún mætti fara í gegnum þetta hvað þetta þýðir. Síðan er talað um vatn sem er neðan jarðar, kemur hér fram sem er í beinni snertingu við jarðlögin. Hvernig má annað vera, frú forseti, en að vatn sem er neðan jarðar sé í beinni snertingu við jarðlögin? Ég átta mig ekki á þessu en ég sé að hv. formaður iðnaðarnefndar, sem hefur örugglega lesið þetta aftur og aftur og betur en nokkur annar hér, getur (**Gripið fram í:** Ágreiningur í Stjórnarráðinu.) útskýrt hvað hér er á ferðinni. Hvað er verið að segja hérna, að vatn geti verið neðan jarðar en mögulega ekki í snertingu við jarðlögin? Þetta er nokkuð sem ég átta mig ekki á og fróðlegt væri ef hv. þm. (Forseti hringir.) Birkir Jón Jónsson segði okkur frá þessu.

[19:31]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vildi koma að frekar varðandi frumvarp það sem hér liggur fyrir um vatnalög sem hæstv. iðnaðarráðherra mælti fyrir, sem felur í sér, eins og hæstv. ráðherra hefur ítrekað, skýra eignarheimild á vatni til þess síðan að geta ráðstafað því eins og gert er um aðrar fasteignir.

Við höfum áður minnst á það í umræðunni að miklu réttara væri að leggja fyrst fram og ræða vatnsverndarlög því að um það snýst málið til framtíðar. Síðan væri hægt að ræða á grundvelli þeirra lög um afmarkaða nýtingu þessarar auðlindar. Hér velur iðnaðarráðherra að fara hina leiðina, að fá lög staðfest fyrst sem gefur heimild til mun víðtækari einkavæðingar og framsals á vatni en áður hefur verið.

Rætt hefur verið um rétt bænda í þessu sambandi. Það kom ágætlega fram í ræðum, bæði hjá hv. þm. Merði Árnasyni og hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni, að bændur hafa alla tíð átt eðlilegan og nauðsynlegan rétt til að nýta vatn til sinna þarfa. (Gripið fram í.) Það hefur alltaf verið svo. Þessi lög eru ekki að ganga á það. Hins vegar er verið að gera þessi lög miklu víðtækari. Verið er að færa eignarréttarákvæði á vatni og ekki aðeins á kyrrstæðu vatni heldur eins og stendur í 2. gr., frú forseti, á allt rennandi vatn, kyrrstætt vatn á yfirborði jarðar og neðan jarðar í föstu ... Hvernig getur vatn verið fast? Líklega sem ís, freðið. Eignarréttarákvæði á vatni í föstu formi, fljótandi formi eða loftkenndu formi, þ.e. gufu. Hérna er verið að færa inn eignarheimild á vatni á öllu því formi sem það getur birst í.

Það er svo mikilvægt, sagði hæstv. ráðherra Framsóknarflokksins, einkavæðingarráðherra Framsóknarflokksins, að gera eignarhaldið skýrt svo hægt sé að framselja það. Við vitum hvað verið er að gera varðandi rafmagnið, við þekkjum vinnubrögð Framsóknarflokksins í einkavæðingarmálum.

Það er athyglisvert að umhverfisráðherra, talsmaður og umboðsmaður umhverfismála fyrir hönd þingsins, fyrir hönd framkvæmdarvaldsins, skuli láta málið ganga með þessum hætti, ekki síst í ljósi þess að stofnanir á vegum umhverfisráðuneytisins, bæði Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun, hafa gefið umsagnir um málið eins og verið er að keyra það í gegn og lagst gegn því. Ég vitna til umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands frá því á síðasta vetri en þar segir, með leyfi forseta:

„Vatn er lífsnauðsynleg auðlind og arfleifð alls mannkyns og alls lífríkis á jörðinni." — Og áfram segir í þessari umsögn: „Nú er unnið að lögleiðingu vatnatilskipunar ESB hér á landi í heildstæðri löggjöf um vernd og nýtingu vatns. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að sértæk lög um eignarhald og umsýslu með vatni sé lögfest áður en fyrir liggur hvernig vatnatilskipunin verður innleidd."

Náttúrufræðistofnun bendir á þessi tæknilegu atriði fyrir utan það að vatn er auðlind sem allt lífríki jarðarinnar á, bæði til skamms tíma og lengri tíma, og er þess vegna úti-

lokað að ætla að fela eignarréttarákvæði á vatni í hendur einhverra einstaklinga.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson minnist á áðan á að svo miklu betur væri farið með auðlindina ef hún væri í einkaeign. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, dró enga dul á stefnu síns flokks um að setja bæri sem flestar auðlindir í einkaeign, enda er þetta hægri flokkur. Það sem kemur á óvart, frú forseti, er að Framsóknarflokkurinn, sem hingað til hefur reynt að stimpla sig á miðjunni, skuli vilja ganga jafnvel enn lengra en Sjálfstæðisflokkurinn, er kominn hægra megin við Sjálfstæðisflokkinn hvað varðar einkavæðingu á almannaeignum og almannaréttindum.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði að betur yrði gengið um auðlindina. Það er bara ekki alltaf svo. Ég hef hér nýjustu fregnir frá Bretlandi þar sem búið er að einkavæða stóran hluta bæði af vatnsveitum og líka af vatnsauðlindinni. Þegar búið er að einkavæða eitthvað og það er síðan orðið söluvara gerum við öðruvísi kröfur til slíkrar vöru. Ef maður vill kaupa 10 lítra af vatni á dag úr einkavæddri auðlind vill maður fá þá 10 lítra sama hvað tautar og raular. Við gerum kröfur. Hljóðar ekki auglýsingaskilti í íslenskum auglýsingamiðlum upp á það: Gerum kröfur! Þegar koma síðan þurrkar og erfitt verður að afgreiða vatn á viðkomandi svæðum þá sagði mér Íslendingur sem búsettur er í Bretlandi að erfiðara yrði að ræða við almenning á þeim forsendum að spara yrði vatnið vegna þess að það væri ekki til. Hann sagði: Við erum búin að gera samning um kaup á þessu vatni og við viljum fá það. Afstaðan hefur breyst, sagði þessi Íslendingur mér, frá því sem áður var þegar vatnið var sameiginleg auðlind og við tókum sameiginlega ábyrgð á því. Þá skildi fólk að það gat líka þrotið, það gat líka verið skortur á því og þá var þægilegra að ræða sameiginlega um að spara vatn. En eftir að vatnið er orðin einkavædd auðlind og búið er að gera samningsbundin kaup á því þá vilja menn náttúrlega fá vöruna.

Þau rök hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar um að auðlindin sé betur fólgin í einkahöndum falla um sjálf sig. Þetta er auðlind sem við nýtum sameiginlega, verndum sameiginlega og berum sameiginlega ábyrgð á. Við gerum okkur grein fyrir því að án vatns verðum hvorki við né annað lífríki til á jörðinni. Einkavæðing á vatni stríðir gegn öllum grunnhugmyndum fyrir samfélagslegu lífi á jörðinni. Það er því mjög dapurt, frú forseti, að upplifa það hér að Framsóknarflokkurinn, sem einu sinni kenndi sig við félagshyggju, samvinnu og sameign, skuli nú vera sá flokkur sem keyrir fram frumvarp um einkavæðingu á vatni.

[19:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hef sannfærst betur um það við þessa umræðu en áður að hér er á ferðinni pólitískur einkavæðingarleiðangur Framsóknarflokksins. Það hefur orðið niðurstaða í samningum milli stjórnarflokkanna að þessi mál skyldu ná í gegn. Þau skyldu fara í gegn núna og ekki beðið eftir því að hægt væri að taka heildstætt á málinu, eins og hér hefur ítrekað verið lagt til þó svo að ekki hafi komið fram neinar skynsamlegar skýringar á því hvers vegna menn þurfa að reka trippin svo hratt í þessum málum. Hér er ekki um neinn vanda að ræða. Það kemur skýrt fram í gögnum með málinu frá hendi þeirra sem sömdu frumvarpið að enginn vandi sé í raun og veru uppi en þó sé ástæða til, og það hafa menn tekið undir, að endurskoða þessi lög. En auðvitað væri miklu betra, og það ætti Alþingi ævinlega að hafa í huga í meðferð mála, að hafa heildstæða yfirsýn og gera hlutina vel.

Það hefur líka komið fram af hálfu hæstv. ráðherra að það er að yfirlögðu ráði sem ekki hefur verið brugðist við áliti Lögmannafélagsins sem taldi nauðsynlegt að það kæmi skýrt fram að hér væri um formbreytingu að ræða ef það væri niðurstaðan, eins og stendur einhvers staðar í þeim gögnum sem fylgja frumvarpinu. Hæstv. ráðherra vildi ekki bregðast við þessu áliti Lögmannafélagsins sem að mínu viti þýðir að í lögskýringum síðar meir verður vitnað til þess að þrátt fyrir álit Lögmannafélagsins hafi menn ekki brugðist við því og þess vegna beri ekki að líta svo á að hér sé einungis um formbreytingu að ræða. Það er a.m.k. skoðun mín að þarna geti verið hætta á ferðum sem menn þurfi að skoða og ég mun rökstyðja það betur á eftir.

Í 1. gr. þessa lagafrumvarps stendur að markmiðið sé að eignarhald á vatni verði skýrt. Það er mín skoðun að eignarhald á vatni geti aldrei orðið skýrt nema þá á því vatni sem maður hefur í glasinu sínu. Ekki á því vatni sem rignir af himnum ofan, ekki frekar en fuglum himinsins. Ég tel því að þessi leiðangur hafi í sér fólgið eitthvert annað ætlunarverk en að menn trúi því raunverulega að eignarhald á vatni geti verið skýrt. Segja má að það komi dálítið fram í frumvarpinu sjálfu á hvaða leið menn eru því verið er að herða á ákvæðum um framkvæmdir og ég vitna þar í 9. gr.: „Nú eiga menn fasteign í félagi og vilja sumir stofna til vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa á eigninni, koma þar á fót samáveitu, stofna til vatnsmiðlunar eða verjast ágangi vatns“ o.s.frv. Þá er þeim sem eiga minni hluta í þessum fasteignum gert skylt að taka þátt í þessu verkefni og verði ekki samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins skal skorið úr með mati dómkvaddra matsmanna. Og það eru fleiri atriði í frumvarpinu sem þrengja í raun og veru möguleika þeirra sem eru í minni hluta gagnvart réttindum.

Til dæmis má sjá í 18. gr. að þar er talað um að: „Orkunýtingarréttur fasteignareiganda takmarkast við það að enginn sé sviptur vatnsnotum ... né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun né vatni sem nota þarf með þeim hætti spillt fyrir neinum svo að til verulegra óþæginda horfi.“

Þarna er minni hlutinn settur í þann vanda að þurfa að taka þátt, hann getur ekki vikið sér undan með sama hætti og áður var. Hann er skyldaður til þess með lagaákvæðunum að taka þátt í mannvirkjagerð sem hefur þann tilgang í sér að nýta t.d. orku eða gera eitthvað annað sem getur skapað ábata fyrir meiri hluta landeigendanna.

Í 20. gr. segir einnig: „Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í mannvirkjagerð og getur ráðherra þá heimilað eignarnám til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.“

Mér finnst að flest sem kemur til viðbótar því sem fyrir var bendi til þess að verið sé að þrengja að rétti minni hluta eigenda í fasteignum. Ég ætla ekki að fara yfir þessi mál

neitt nákvæmlega því búið er að nefna ýmislegt af þessu. Gagnrýni sem kom fram í nefndinni hefur ekki skilað sér í breytingum á frumvarpinu. Og ég ætla að nefna eitt enn. Það er VIII. kafli um vatnafélög. Það hefur ekki verið gert neitt við þann kafla en ég þykist hafa rökstutt það nokkuð vel að hann hafi ekkert erindi í þetta lagafrumvarp. Sá kafli fjallar um að stofna félög sem enginn er skyldugur til að taka þátt í. Þetta eru almenn ákvæði um stofnun félaga sem enginn er skyldugur til að vera með í og ég sé ekki betur en hann eigi í rauninni ekkert erindi í frumvarpið m.a. af þeirri ástæðu. Vel kann að vera að reglur þurfi að vera til um hvernig menn stofni félög. En að það eigi erindi inn í lagabálk eins og þennan, að búa til einhverjar sérreglur eða kveða með sérstökum hætti á um félög sem enginn er skyldugur til að taka þátt í, menn geta stofnað þau að vild sinni þeir sem vilja, það dreg ég mjög í efa. Ég óska eftir rökstuðningi fyrir því að þessi kafli er hafður áfram í frumvarpinu.

Vissulega er hægt að ræða þetta mál býsna lengi og fara yfir hitt og þetta. Ég vil nefna 11. gr. Enn er verið með mjög óljósar vísbendingar um hvernig eigi að kveða á um landamerki. Það var einmitt minnst á þessa grein áðan.

„Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði og fylgir vatnsbotn þá landi sem þurrt land væri."

Nútíminn í þessu er sá að öll lönd eru í raun og veru merkt upp með hnitum. Öll landamerki í okkar landi eru að verða hnitamerkt. Ég tel að í raun sé fráleitt að hafa í lagagrein svo óljósar vísbendingar um hvar landamerki liggi. Það geti farið eftir því hvernig árar hverju sinni hvað menn halda um hvar vatnsbakkinn sé af því að gras sem vex upp úr vatni er kannski ekki alltaf á sama stað og kemur ekki endilega upp úr vatninu alltaf. Grasið auðvitað fellur og sölnar, vex upp aftur og stundum kemur kannski minna gas upp úr vatni en áður hafði verið. Mér finnst einhvern veginn að þetta sýni bara að hér hafi menn ekki vandað sig. Það er eiginlega ekki bjóðandi upp á þetta í nútímanum þar sem hægt er að ganga frá landamerkjum með skýrum hætti með hnitum með nútímatækni, þetta hefur auðvitað verið barn síns tíma. Kannski eru menn að halda í eitthvert gamalt orðalag. En hvers vegna leggja menn svona mikla áherslu á að endurskapa lög sem eru orðin gömul ef menn ætla að halda í grasið?

[19:52]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér að koma inn á eitt atriði í lokin og hv. þingmaður nefndi það einmitt og það varðar umsögn Lögmannafélagsins. Þannig er að smávegis mistök hafa orðið í sambandi við endurútgáfu frumvarpsins og endurprentun. Á einum stað er brugðist við umsögn Lögmannafélagsins, það er sem sagt í V. kafla, í almennum athugasemdum, en í VIII. kafla á bls. 21 hefur láðst að taka út orðin „fyrst og fremst". Þetta vil ég benda hv. þingmönnum á og verður að sjálfsögðu frekar til umfjöllunar í nefndinni. En það var ætlan okkar að taka tillit til þessarar umsagnar vegna þess að Lögmannafélagið lítur svo á að hér sé eingöngu um formbreytingu að ræða og þess vegna sé best að hafa þessi orð ekki í textanum og brugðist var við því.

Það er fleira sem hv. þingmaður nefndi, t.d. vatnafélög og ekki væri ástæða til að hafa þetta í lagatexta. Við töldum að svo væri. Auðvitað fer þetta allt til umræðu í nefndinni en það varð niðurstaðan að hafa þessi ákvæði inni.

Síðan talaði hann um 11. gr. og að ekki hefði verið vandað til verka í sambandi við textann. Ég vil ekki taka undir það. Ég tel að þetta hafi allt saman verið unnið af mikilli vandvirkni en sjálfsagt eru mannanna verk aldrei 100%. En í öllum aðalatriðum held ég að alveg megi fullyrða að þetta er vel unnið frumvarp, enda er búið að leggja gríðarlega vinnu í það og von mín er sú að það fái greiða leið í gegnum þingið.

[19:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki alveg viss um að þetta dugi til þess að ekki sé hætta á því að tillit hafi verið tekið til þess sem stendur í þeim fylgiskjölum sem fylgja með frumvarpinu varðandi lögskýringar, því að Lögmannafélagið benti skýrt á að taka þyrfti skýrt fram, eða ég skildi það þannig, að hér væri einungis um formbreytingu að ræða. Ég held því að það þurfi þá að skoða vel í nefndinni hvernig megi koma þeim hlutum þannig til skila að það verði ekki misskilið og að eignarhaldið sem hér er verið að setja á vatnið fari að hafa öðruvísi áhrif en þær lagagreinar sem hafa gilt fram að þessu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að fjallað verði þannig um það í nefndinni að menn finni einhverja sameiginlega leið til þess að þeir hlutir verði skýrir.

Ég vil svo segja að ég get ekki fallist á að það geti nokkurn tíma verið skýr landamerki sem miðast við vatnsbakka sem er ákvarðaður þannig að það ræðst af því hvernig grassprettan er á hverjum tíma hvar þessi bakki er. Þó svo menn hafi vandað sig þá finnst mér að menn hafi ekki dottið niður á mjög skýra lausn á því að finna þessum landamerkjum stað ef menn þurfa að notast við slíkar skilgreiningar.

Ég bendi enn á að sú tækni er orðin til í landinu að hægt er að ganga mjög skýrt frá landamerkjum.

[19:56]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég segi, ef hv. þingmaður býr yfir vitneskju um aðra leið sem er áhugaverðari og betri en sú sem lögð er til í frumvarpstextanum er full ástæða til að fara yfir það. Þess vegna eru mál til umfjöllunar í nefndum að verið er að reyna að gera það besta úr hlutunum og að sjálfsögðu skiptir ekki máli hvaðan gott kemur. Ef önnur útfærsla lítur út fyrir að vera skýrari tel ég að það sé allt til skoðunar í hv. nefnd.

[19:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að sá sáttatónn sem er í hæstv. ráðherra bendi til þess að í nefndinni fari fram umræður um málið í heild sinni, menn fari yfir það með þeim sem um það hafa fjallað og fari að nýju yfir þær umsagnir sem lágu fyrir og munu liggja fyrir eftir að hafa skoðað þetta mál betur. Ég vona satt að segja að niðurstaðan verði sú að

menn geti fjallað um málið í heild sinni, menn geti skoðað það, fengið skýra vitneskju um hvaða lagaákvæði munu gilda um vatn að öðru leyti en hér er verið að stofna til með þessu frumvarpi en hafi heildstæða yfirsýn yfir alla þá lagabálka sem eiga að taka við af lögunum frá 1923 og geti þess vegna gert sér grein fyrir því hvort sá hluti þeirra sem á að vera í þessum lagabálki er eins og hann þarf að vera eða hvort einhverjar breytingar þurfi á honum að gera.

[19:58]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það sem við ræðum um í dag, vatn, er kannski fyrirbæri sem við Íslendingar ættum að líta á sem hinn sjálfsagðasta og eðlilegasta hlut í heimi, vatn, hreint vatn. En það má spyrja þeirrar spurningar hvort vatn sé svo sjálfsagður hlutur.

Ég hef alltaf litið á vatn sem sjálfsagðan hlut og aldrei haft neinar efasemdir um annað en vatn væri algerlega sjálfsagður hlutur. En það rann upp fyrir mér ljós fyrr á þessu ári, í mars, þegar ég fór í ferð með nokkrum þingmönnum til Ísraels og Palestínu. Þá gerði ég mér grein fyrir því að vatn er ekki alls staðar sjálfsagður hlutur. Hreint og tært vatn er ekki sjálfsagður hlutur. Ég gerði mér grein fyrir því þegar við ferðuðumst um Palestínu, Ísrael og fórum upp Gólanhæðir fór maður að skilja út á hvað átökin þar hafa gengið í öll þessi ár. Þau hafa nefnilega gengið út á aðganginn að vatni, umráðaréttinn yfir vatnsbólum, umráðaréttinn yfir fjallahéruðum þar sem vatn fellur af himnum ofan, streymir síðan neðan jarðar í gegnum setlög inn á svæði sem eru mjög mikilvæg fyrir Ísraelsmenn til landbúnaðar. Vatnið er að sjálfsögðu með þessum hætti grundvöllur alls lífs á þessu svæði.

Ég man alltaf að við Íslendingarnir rákum upp stór augu þegar við komum í héruð Drúsa en Drúsar eru fjallaþjóð, landbúnaðarþjóð sem býr í Gólanhæðum á landsvæðum sem tilheyrðu Sýrlandi allt þar til í Yom Kippur stríðinu árið 1973 að Ísraelsmenn réðust þar inn og ráku Sýrlendinga eða sýrlensk stjórnvöld á brott og hafa síðan haldið þessu svæði og haft yfir því yfirráð, haldið því sem hernumdu landi. Ísraelsmenn settu fyrir nokkrum árum hömlur á vatnsnotkun Drúsanna til jarðyrkju og vildu stjórna því hversu mikið vatn þeir fengju til að rækta sínar jurtir og sín tré. Þá tóku Drúsarnir sig til og settu upp opin vatnsker vítt og breitt um landið, stór vatnsker, stór eins og olíutanka, bara opið að ofan og í þessi vatnsker söfnuðu þeir rigningarvatninu sem féll af himnum ofan þannig að Ísraelsmenn gátu ekki nýtt sér einhver svokölluð eignarréttarákvæði á vatninu sem rann ofan á jörðinni eða rann um setlög niðri í jörðinni, grunnvatnið. Drúsarnir sögðu við þá: Þetta vatn fellur af himnum ofan, þið getið ekki skattlagt okkur fyrir þetta vatn. Við ætlum okkur að nota þetta vatn og veita því á okkar akurlendi.

Ísraelsmenn ráku upp stór augu og þeir töldu, nei, við getum líka skattlagt rigninguna, við getum sett vatnsskatt á rigninguna líka og þeir reyndu það. Þeir fóru um öll þessi héruð og skrifuðu stór númer utan á vatnstankana, einhvers konar vatnsskattsnúmer og ætluðu að fara að rukka fyrir það vatn sem féll af himnum ofan. En Drúsar sögðu þeim einfaldlega: Ef þið gerið þetta þá verður hér stríð og Ísraelsmenn bökkuðu út úr þessu og hættu við. En númerin eru þarna enn þá, tankarnir eru þarna enn þá, vitnisburður um að það er hægt að reyna að slá eignarrétti sínum á vatn.

Það er einmitt þess vegna sem ég kem hér upp, virðulegi forseti, því að þegar við vorum að lesa þetta frumvarp hnutum við í þingflokki Frjálslynda flokksins strax um 4. gr. sem segir svo, með leyfi forseta:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur."

Það er þetta orð, eignarréttur, sem er að plaga mig og fleiri, veldur okkur heilabrotum og fær okkur til að staldra við. Í gömlu lögunum — mér hefur heyrst af umræðum nú síðdegis að þessi nýju lög séu í raun og veru alveg eins og gömlu lögin, það er verið að reyna að telja okkur trú um að þetta séu nákvæmlega sömu lögin, það sé bara verið að lagfæra orðalag og svona aðeins að snyrta þetta til og færa þetta til nútímahorfs — finn ég hvergi þetta orð, eignarréttur á vatni, eða þessa skilgreiningu eða hvað við eigum að kalla þetta. Þar er hvergi talað um eignarrétt á vatni. Hins vegar hljómar 2. gr. laga nr. 15 frá 20. júní 1923 svo, með leyfi forseta:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila."

Nú er ég ekki lögfræðimenntaður maður en ég fæ ómögulega túlkað þetta öðruvísi þegar ég les, Íslendingurinn, þessa íslensku sem á þessum blöðum stendur að hér sé eingöngu verið að tala um nýtingarrétt. Þarna er ekki verið að tala um eignarrétt og það er bara himinn og haf á milli þess að skilgreina nýtingarrétt á einhverju og síðan eignarrétt og þetta ættum við Íslendingar að vera farnir að skilja eftir sársaukafulla reynslu margra undanfarinna ára.

Ef við erum að tala um eignarrétt þá erum við að tala um mjög alvarlega hluti. Eignarrétt á vatni sem samkvæmt laganna hljóðan gengur út á það að þetta skal fylgja fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu — eignarréttur á því vatni sem á henni, undir henni eða um hana rennur. Þetta þurfum við að fá útskýrt mjög vandlega og ég reikna með því að þegar þetta frumvarp verður rætt í iðnaðarnefnd verði þetta tekið til mjög svo gaumgæfilegrar athugunar.

Það kann að vera að mönnum þyki þetta mjög léttvægt nú á því herrans ári 2005 að hér sé verið að tala um eignarrétt á vatni en þetta er í raun og veru grafalvarlegt mál. Hvern hefði til að mynda grunað það fyrir 30 árum að við Íslendingar værum nú í dag í þeirri stöðu að uppi væru í þjóðfélaginu, og hefðu verið um margra ára skeið, hatrammar deilur um eignarréttinn yfir fiskinum sem syndir í hafinu umhverfis landið? Hvern hefði grunað það? Ef maður hefði komið og sagt við fólk: Hér á Íslandi verða uppi stórkostlegar deilur eftir 30 ár um það hver eigi fiskinn í sjónum. Fólk hefði hlegið að manni. Það hefði bara talið mann ruglaðan að láta sér detta það í hug að það væru einhverjir hópar í þjóðfélaginu sem færu um og segðust eiga fiskinn í sjónum. Þvílíkt bull, þvílíkt rakalaust kjaftæði, hefðu menn sagt. En svona er þetta í dag. Þetta er meira að segja komið það langt að verið erum farin að tala um það að reyna að verja eignarhaldið yfir fiskinum í sjónum með því að binda það í stjórnarskrá.

Hvern hefði líka grunað að við hefðum selt símanet landsmanna til einhverra örfárra einkaaðila, grunnnet Símans? Hvern hefði grunað það? Við erum búin að því. Nú eru menn meira að segja farnir að tala um það að selja raforkukerfið. Hvenær dettur þeim í hug að selja vatnið? Gætum við upplifað það að einhverjir einkaaðilar sem eiga fasteignir, land til að mynda að Þingvallavatni sem er stærsta ferskvatnsforðabúr landsmanna, slái eign sinni á það? Að Þingvallavatn verði í framtíðinni í einkaeign, að einhverjir aðilar eigi vatnið í Þingvallavatni? Er hægt að hugsa sér að þetta muni enda með þessum hætti? Ég veit það ekki, virðulegi forseti. Þetta eru bara hugleiðingar sem ég set hér fram vegna þess hve þessi litla grein, 4. gr., fær mig til að hugsa á þessum nótum og vekur upp í huga mér og okkar í Frjálslynda flokknum mjög miklar efasemdir um þetta frumvarp. Þess vegna munum við hafa allan vara á okkur nú þegar þetta fer til iðnaðarnefndar og kemur síðan aftur til 2. umr. Við munum áskilja okkur fullan rétt til að hafa á okkur fullan vara varðandi þetta og fulltrúi okkar í iðnaðarnefnd, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, mun efalaust leita eftir mjög skýrum svörum um það hvað menn eigi við með þessu. Þetta verður síðan tekið til umræðu þegar frumvarpið kemur til 2. umr. í þinginu. Við skulum gera ráð fyrir því að það geri það. Mér heyrist á hæstv. iðnaðarráðherra að þetta frumvarp eigi að fara í gegnum þingið nú á þessum vetri. Reyna skal í annað sinn.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, greina frá því að ég var á þeirri ráðstefnu sem hefur verið til umræðu hjá öðrum þingmönnum, ráðstefnu um vatn fyrir alla sem var haldin í Reykjavík þann 29. nóvember sl. Þar var lögð fram yfirlýsing sem er að mörgu leyti mjög merkileg, yfirlýsing fjölmargra félagasamtaka, BSRB, þjóðkirkjunnar, MFÍK, Landverndar, Kennarasambands Íslands, Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og Náttúruverndarsamtaka Íslands. Ég ætla svo sem ekki að lesa þá yfirlýsingu hér. Ég veit að annar þingmaður hefur þegar gert það og hún hefur veri færð til bókar í Alþingistíðindum.

Ég vil bara að lokum lýsa því yfir að ég er efnislega sammála þessari yfirlýsingu, því sem stendur í henni. Mér finnst þetta mjög góð grundvallaryfirlýsing um þau prinsipp, ef ég má segja sem svo, sem mér finnst að eigi að gilda varðandi vatnið og ég hafna því alfarið að það verði settur einhvers konar eignarréttur á vatnið hér á landi. Við getum gjarnan útfært lög og reglur um nýtingarréttinn, gott og vel, að sjálfsögðu skulum við gera það. Vatn er mikilvæg auðlind. Vatn getur orðið mjög dýrmæt auðlind. Það er það að sjálfsögðu í dag en getur orðið vermæt líka í peningalegu tilliti. Það er farið að flytja út íslenskt vatn og vonandi verður það iðnaður sem á eftir að skila góðum tekjum inn í þjóðarbúið og hagnaði fyrir hlutaðeigandi aðila. Ég hef ekkert út á það að setja. Ég hef ekkert út á það að setja að þessir aðilar fái með einhverjum hætti varinn rétt til að nýta vatnsból, til að taka vatn til að selja. Ég hef svo sem ekkert við það að athuga, til útflutnings til að mynda, en að það verði settur einhver eignarréttur á vatn með svipuðum hætti og verið er að reyna að setja einhvern eignarrétt á fiskinn í sjónum í kringum landið eða aðrar náttúruauðlindir, því leggst ég alfarið gegn og ég mun berjast gegn því af alefli.

[20:10]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess sem kom fram hjá hv. þingmanni þess efnis að það hljóti að felast einhver breyting í eignarhaldi á vatni í frumvarpinu þá er rétt að rifja það upp með hvaða hætti málum var skipað við samþykkt vatnalaga árið 1923 og eins og hér hefur margsinnis komið fram í umræðunni höfðu sameignarsinnar sigur að nafninu til en séreignasinnar að efni til.

Hvað merkir nú þetta? Þetta felur það í sér að á yfirborðinu lítur það þannig út að allt vatn sé í sameign en raunin er önnur. Öll þekkt not á vatni tilheyra fasteign og þar með umráðarétti eigenda hennar.

Það sem hér er lagt til í þessu frumvarpi breytir því engu um efnisinnihald réttinda landeigenda. Hins vegar eru hlutirnir sagðir eins og þeir eru í raun en enginn sem lesa mun hin nýju vatnalög þarf að fara í grafgötur með eignarréttinn eða þekkja dómafordæmin og túlkanir fræðimanna til þess að skilja hvar eignarrétturinn liggur.

[20:11]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek orð hæstv. iðnaðarráðherra góð og gild svo langt sem þau ná en ítreka enn og aftur að ég hef á mér allan fyrirvara varðandi það. Ég reikna með því og treysti á það að einmitt þetta verði vandlega skoðað núna í meðförum þingsins, bæði í þingnefnd og iðnaðarnefnd og svo líka við 2. umr. Ég treysti á að kallaðir verði til okkar fremstu lögspekingar og aðrir sérfræðingar til að segja það skýrt og skorinort, kveða upp úr um það hvað sé hér á ferðinni, hvað vaki fyrir þeim sem hafi útbúið þetta frumvarp þannig að vilji löggjafarvaldsins verði algerlega á hreinu í þessu tilefni og við getum þá hugsanlega komið í veg fyrir það að hér verði deilur í framtíðinni um þessi mál.

[20:12]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir þessa málefnalegu afstöðu. Mig langar aðeins til að koma inn á annað atriði sem hefur verið uppi og það varðar hvort það hafi verið gerðar raunverulegar breytingar á frumvarpinu frá því að það var til umfjöllunar á síðasta þingi og reyndar hefur verið sagt að þær væru litlar, svo til engar. Ég tel að það sé ekki rétt.

Ég minni t.d. á það að það var mikið fjallað um það að í frumvarpinu væri vegið að almannaréttinum. Menn tóku ýmis dæmi í fyrra í því sambandi og töldu að ekki mætti brynna hrossum eða öðrum húsdýrum og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta var í raun rangtúlkun á frumvarpinu en hins vegar var að tillögu umhverfisráðuneytisins sett inn í texta í frumvarpinu að almannaréttur sem gilt hefði hingað til héldist óhaggaður þrátt fyrir lögfestingu frumvarpsins. Þetta tel ég að sé til að skýra það mál.

Einnig vil ég nefna, eins og margoft hefur komið fram varðandi 35. gr., að þar er kveðið á um að samráð skuli haft við umhverfisráðuneytið áður en sett verður reglugerð þar sem kveðið er á um skilyrði sem Orkustofnun má setja fyrir

framkvæmdum á grundvelli 35. gr. Svo er líka breytingin sem ég fór yfir áðan og varðar umsögn Lögmannafélagsins þannig að í þó nokkrum atriðum var tekið tillit til þess sem bent hafði verið á í umræðunni á síðasta vetri.

[20:14]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég tel að hér hefði átt að stöðva hæstv. iðnaðarráðherra í þessu svokallaða andsvari sínu vegna þess að í stað þess að koma í ræðustól og svara þeim sem hér hafa talað og spurt hana ýmissa spurninga og komið með ýmis rök, þá leikur hún þann leik að fara í andsvar við síðasta ræðumann sem vissulega flutti ágætt mál en það var af öðru tagi en þeir sem á undan honum höfðu verið. Ráðherra færist undan því, með því að fara í kringum þingsköpin, bæði að svara þeim sem hér hafa talað og að veita andsvararétt á sjálfan sig. Það tel ég ekki vera góð vinnubrögð hjá ráðherra og tel að forseti hefði átt að gera athugasemd við þetta.

[20:15]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill taka fram að reglur þingskapa um andsvör eru auðvitað skýrar. Andsvar þarf að beinast að ræðu þess þingmanns sem andsvörin beinast að en mat á því er auðvitað oft nokkuð erfitt þegar um er að ræða ræður þar sem víða er komið við.

[20:15]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að það er úr vöndu að ráða fyrir hæstv. forseta þegar svona nokkuð gerist en ég vil taka undir með hv. þm. Merði Árnasyni að mér hefði fundist eðlilegra að hæstv. ráðherra hefði flutt lokaræðu og svarað þeim ábendingum og fyrirspurnum og rökstuðningi sem fram hefur komið við umræðuna í stað þess að fara í andsvar við síðustu ræðumenn og koma sér þannig hjá því að svara hugsanlegum andsvörum frá hendi þingmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–11. mál.

Fundi slitið kl. 20:17.

---

21. FUNDUR

þriðjudaginn 15. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 281. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjáraukalög 2005, stjfrv., 144. mál, þskj. 144, nál. 334, 349 og 350, brtt. 335, 336, 337 og 351. — 2. umr.
3. Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis, stjtill., 284. mál, þskj. 299. — Fyrri umr.
4. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 285. mál, þskj. 300. — Fyrri umr.
5. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 286. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
6. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 287. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.
7. Textun, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
8. Lögreglulög, frv., 46. mál, þskj. 46. — 1. umr.
9. Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.
10. Áfengislög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill tilkynna að nú á eftir að lokinni atkvæðagreiðslu um fyrsta dagskrármálið fer fram umræða utan dagskrár um stöðu jafnréttismála. Málshefjandi er hv. þm. Jónína Bjartmarz. Hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:32]

Útbýting:

Fjáraukalög 2005, 144. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 349; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 350; brtt. JBjarn o.fl., þskj. 351.

Athugasemdir um störf þingsins.

Aðstoð við fórnarlömb náttúruhamfaranna í Pakistan.

[13:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í lok október urðu einhverjar mestu náttúruhamfarir síðari tíma í norðurhluta Pakistans. Í jarðskjálftum sem þá riðu yfir missti yfir hálf milljón manna heimili sín. Þau hrundu til grunna. Heimili yfir þriggja

milljóna manna eyðilögðust eða urðu fyrir verulegum skaða og það segir sig sjálft að allt stoðkerfi, vatnslagnir, skolplagnir og annað af því tagi er úr skorðum gengið. Yfir 70 þúsund manns a.m.k. létu lífið og annar eins fjöldi slasaðist.

Nú berast fréttir af því að sjúkdómar breiðist út í tjaldbúðum á þessum slóðum og einnig að veður fari kólnandi, vetur er að ganga í garð þannig að vá er fyrir dyrum.

Þann 26. október kallaði Alþjóðarauðikrossinn eftir 152 millj. svissneskra franka, það er um 7 milljörðum íslenskra króna, til að styðja við hjálparstarf en aðeins tæplega helmingur þessa fjár hefur skilað sér á hjálparsvæðin. Rauði kross Íslands hefur staðið sig ágætlega í þessu verkefni en betur má ef duga skal. Hann hefur safnað um 46 millj. kr. Að hluta til hafa borist peningar frá Reykjavíkurborg og einnig frá ríkinu sem lætur rúmlega 18 millj. kr. af hendi rakna. Það er rúmlega helmingurinn af því sem við studdum fórnarlömb í suðurhluta Bandaríkjanna með þegar fellibylurinn Katrín reið þar yfir. Ég vek athygli á því að Íslendingar ætla að láta 87 millj. kr. til þess að styðja flug NATO til Íraks og Afganistans. Nær væri að snúa þessari tölu við og láta milljónirnar 87 ganga til fórnarlambanna í Pakistan.

[13:35]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að þarna urðu miklar náttúruhamfarir og margir eiga um sárt að binda eins og reyndar á fleiri stöðum vegna annarra atburða sem hann nefndi einnig í ræðu sinni. Það getur auðvitað verið umdeilanlegt hversu miklum fjármunum við verjum til þess að styðja uppbyggingu eftir einstakar náttúruhamfarir eins og fram kom hjá hv. þingmanni. Þá getur það líka verið umdeilanlegt hvernig mælikvarða við leggjum á það hvernig við metum hversu mikið við eigum að leggja fram á hverjum tíma.

Ég hef ekki á hraðbergi tölur til að leggja einhverja mælikvarða á það sem hv. þingmaður var að tala um en hér er hins vegar verið að fjalla um ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar og þá var það metið að þær upphæðir sem þar koma fram væru við hæfi. Ég skil það vel að við viljum ræða þetta og við fáum sennilega gott tækifæri til þess síðar í dag, því a.m.k. ein þessara tillagna sem hér um ræðir er í fjáraukatillögum sem bornar eru fram af fjárlaganefnd í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Síðar í vikunni fer fram umræða um utanríkismál þar sem líka gefst tilefni til að ræða þetta sérstaklega og ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður muni taka þátt í báðum þeim umræðum og vekja máls á þessum hlutum.

Það má líka vekja athygli á því að á vegum Rauða krossins er söfnun í gangi þar sem þeir sem vilja sýna þessu máli stuðning fá möguleika til þess og geta lagt sitt til. En ég ítreka að það er auðvitað umdeilanlegt hverju sinni hvað við eigum að leggja mikið til en við erum eins og vitað er eftir þessi skref að reyna að leggja eitthvað af mörkum.

[13:37]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Náttúruhamfarir fara alltaf verst með þá sem minnst hafa og fátækastir eru og íbúar Kasmír hafa búið við erfitt hlutskipti, ekki bara undanfarin ár eða missiri heldur í tæplega 60 ár, allt frá því að Indlandi var skipt upp. Kasmír er á stríðssvæði og jarðskjálftinn sem reið þar yfir gerði líf fólksins sem þar býr enn erfiðara en það hefur verið og hefur það þó verið erfitt hingað til.

Það hlýtur að vera sameiginlegur vilji okkar sem hér störfum að veita meira fé til hjálparstarfsins í Kasmír. Sú sem hér stendur vill ekki trúa öðru. Nú standa yfir safnanir hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og hjá Rauða krossi Íslands. Almenningur hefur tekið vel við sér og það væri við hæfi að ríkisstjórn Íslands jafnaði þá krónutölu, krónu fyrir krónu sem almenningur reiðir fram í þessar safnanir og sendi með til Kasmír til þess að fara í bráðustu aðgerðirnar sem þar þarf að ráðast í.

Þar er staðan þannig að börn sem lentu í jarðskjálftanum og lifðu hann af og slösuðust, beinbrotnuðu eða annað slíkt, eru örkumla vegna þess að það þarf að aflima þau af því að það eru ekki til nein lyf, það er ekki hægt að hjálpa þeim, það vantar spelkur, það vantar verkjalyf. Það er hræðilegt að þurfa að segja þetta en þetta er sá veruleiki sem fólkið þarna býr við og við hljótum að geta gert betur, hæstv. forseti.

[13:39]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Hér er vakin athygli á mikilli neyð, neyð í Pakistan og ekki síst í Kasmírhéraði, líklega meiri neyð en nokkurn órar fyrir þar sem hundruð þúsunda eða jafnvel milljónir eru í bráðri hættu ef svo má segja, ekki síst nú þegar vetur gengur í garð eftir hinn harða jarðskjálfta sem þar var. Í þessu samhengi er rétt að rifja upp þegar eldgos varð í Vestmannaeyjum, þegar snjóflóð urðu á Súðavík og Flateyri með hörmulegum afleiðingum. Þá brugðust stjórnvöld hér afar fljótt og vel við, þá brást alþjóðasamfélagið vel við og nægir þar að nefna nágranna okkar Færeyinga en það sem skipti kannski mestu máli var samhugur íslensku þjóðarinnar með bræðrum okkar og systrum sem áttu um sárt að binda.

Nú þegar við upplifum þessar hörmungar í Pakistan er rétt að hafa þetta í huga og ég tel að ríkisstjórn okkar hafi brugðist mjög fljótt og vel við en það er líka rétt að minna á það að árangur til þess að sýna samhug í verki er aldrei meiri en þegar íslenska þjóðin stendur saman og þess vegna tek ég undir það með hv. málshefjanda að söfnun Rauða krossins og þjóðkirkjunnar, ásamt framlagi ríkisstjórnarinnar, trúi ég að muni sýna það að Íslendingar finna til með meðbræðrum sínum og systrum.

[13:41]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Allt frá því að jarðskjálftinn mikli reið yfir þann 8. október síðastliðinn höfum við verið að fá hræðilegar fréttir af þessu svæði og það virðist því miður vera þannig að hjálparstarf hafi að einhverju leyti brugðist á jarðskjálftasvæðunum.

Við höfum líka fengið fréttir af því að ríkisstjórnin hafi ákveðið að veita tæplega 19 millj. kr. til hjálparstarfsins. Þetta er að sjálfsögðu hlægilega lág upphæð og okkur öllum til háborinnar skammar. Þessa upphæð á að hækka og

það snarlega. Það á líka að sjá til þess að upphæðin berist á þá staði þar sem neyðin er þannig að peningarnir hjálpi þeim sem eru hjálparþurfi.

Síðar í dag munum við ræða frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005. Ef maður skoðar frumvarpið sér maður það strax að það er til nóg af peningum. Það er ekki eins og við séum svo blönk að við höfum ekki efni á því að hjálpa þessu fólki.

Við getum til að mynda skoðað póstinn utanríkisráðuneyti en þangað á að dæla núna aukalega 326 millj. kr. Sendiráð Íslands 276 millj. Almennur rekstur yfirstjórnar utanríkisráðuneytisins 50 millj. Þetta er ekkert mikið mál. Þarna eru peningarnir. Við skulum bara taka þá úr utanríkisráðuneytinu og færa þá til Kasmír.

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að taka þetta mál upp hér. Það er full ástæða til. Það er þannig að í hinu stríðshrjáða og fátæka Kasmír, sem hefur orðið tilefni styrjalda milli grannríkjanna Indlands og Pakistan og stanslaust verið vettvangur átaka og hryðjuverka undanfarna áratugi, hafa miklar náttúruhamfarir bætt gráu ofan á svart. Miklir jarðskjálftar hafa kostað tugi þúsunda mannslífa og hundruð þúsunda ef ekki milljónir manna eru nú heimilislausir í pakistanska og indverska hluta Kasmír. Vetur er að ganga í garð og hann er harður í fjalllendinu við rætur Himalajafjalla.

Alþjóðasamfélagið sætir vaxandi gagnrýni fyrir að hafa brugðist seint og lítið við og það er alveg ljóst að það má engan tíma missa og það vantar sárlega meiri fjármuni til þess að þeir sem eru að reyna að sinna hjálparstarfi og búa fólk á svæðinu undir veturinn geti lokið því bráðnauðsynlegasta áður en það verður um seinan. Ég held að sú upphæð sem ríkisstjórnin ákvað í byrjun að verja í þetta verkefni hljóti að teljast óviðeigandi og allt of lág í ljósi þess hversu miklar og alvarlegar þessar hamfarir eru og í ljósi þess að þarna gætu orðið einhverjar mestu hörmungar sem menn hafa lengi horfst í augu við ef ekki tekst virkilega að ná tökum á ástandinu á allra næstu dögum og vikum. Þannig að í hvaða samanburði sem það er þá held ég að það hljóti að vera svo að Alþingi og ríkisstjórn geti gert betur en að setja í þetta 18–19 millj. kr. og ég skora á menn að endurskoða þá upphæð og það eru hæg heimatökin að gera það hér og nú á Alþingi næstu sólarhringa áður en fjáraukalög verða endanlega afgreidd.

[13:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að það er mikil vá fyrir dyrum í Kasmír-héraði í Pakistan. Við Íslendingar hljótum að skilja það mjög vel að nú þegar vetur brestur á og kuldinn fer að kvelja ofan á allt annað er rétt að vekja athygli á þessu málefni. Alþjóðasamfélagið virðist hafa verið nokkuð seint í gang varðandi þessar hamfarir og það er skiljanlegt að hv. þm. Ögmundur Jónasson vilji vekja athygli á þessu málefni og ekki síst þeim söfnunum sem í gangi eru hjá Rauða krossinum og þjóðkirkjunni. Þess vegna held ég að hv. þingmaður hafi tekið þetta málefni upp undir þessum lið. Hér á eftir munum við ræða fjáraukalögin þar sem liggur fyrir í frumvarpi ýmiss konar aðstoð, þróunaraðstoð, mannúðarmál og neyðaraðstoð. Þar er lagt til að 31 millj. kr. renni til stuðnings fórnarlömbum fellibylsins Katrínar og í nýjustu tillögum sem komu frá ríkisstjórninni er gerð tillaga um 18,1 millj. í neyðaraðstoð í kjölfar jarðskjálftanna í Pakistan sem skiptist á milli Rauða krossins, UNICEF og World food program.

Í fjáraukalögunum er einnig lagt til að 50 millj. kr. verði veitt til uppbyggingar og þróunarstarfs á Sri Lanka þannig að það er augljóst að við erum að leggja til fjármuni, ríkissjóður er að leggja til fjármuni, í hjálparstörf víða. Það er eins og þetta ár hafi borið með sér miklar náttúruhamfarir og margs konar víða um heim. Íslendingar hafa gjarnan viljað bregðast vel við þegar þannig stendur á og það munum við auðvitað gera áfram.

[13:47]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Í kjölfar náttúruhamfaranna í Kasmír hefur ólýsanlegur harmleikur dunið yfir fólkið þar, fólk sem var ekki ríkt fyrir eða vel statt eftir áratuga stríðsrekstur í landinu. Við höfum ekki staðið okkur neitt sérstaklega vel, hvorki í þróunarhjálp né hjálparstarfi, og ég legg nú til við hæstv. fjármálaráðherra að hann grípi duglega ofan í buddurnar. Ég vil minna hann á að þeir peningar sem fara til útlanda valda ekki þenslu hér innan lands því það er víst aðalvandinn. Ég vil að hann standi sig ekki síður en gagnvart flóðbylgjunni miklu en það sýnir kannski tvískinnung okkar Íslendinga að það lentu engir hvítir menn í jarðskjálftunum í Kasmír en þeir urðu fyrir flóðbylgjunni.

[13:48]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að taka þetta mál svo rækilega hér upp á Alþingi. Náttúruhamfarir hafa oft dunið á Íslendingum og við þekkjum í raun margar þær hörmungar sem því geta fylgt.

Þær náttúruhamfarir sem urðu í Kasmír eru með þeim hrikalegri sem yfir heimsbyggðina hafa dunið. Í Morgunblaðinu 13. nóvember sl. er vitnað í rithöfundinn Salman Rushdie. Það er sagt að um 86 þúsund manns a.m.k. hafi týnt lífi og rithöfundurinn sagði, með leyfi forseta, „að svo virtist sem fólk á Vesturlöndum og um allan heim þjáðist af einhvers konar „samúðarþreytu“ og biði þess nú, að heljarkuldi Himalajafjallanna ræki smiðshöggið á hin skelfilegu örlög fólksins í Kasmír.“

Frú forseti. Samkvæmt því fjáraukalagafrumvarpi sem nú liggur fyrir er einmitt gerð grein fyrir því að 50 millj. kr. verði lagðar til svæðanna sem urðu fyrir flóðunum í upphafi ársins. Þótti engum það sérstaklega há upphæð. Þar er þess getið að 31 millj. kr. fer í Bush-Clinton sjóðinn vegna fellibylsins Katrínar. Auðvitað var það hörmulegur atburður og sjálfsagt að styðja það en ríkisstjórnin leggur til 18 millj. í fjáraukalagafrumvarpinu til náttúruhamfaranna í Kasmír.

Ég tek undir orð hv. þm. Péturs Blöndals hér áðan. Við stöndum okkur ekki hér. Við eigum að gera betur og það er

tækifæri til þess nú þegar við afgreiðum fjárlögin, frú forseti.

[13:51]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það þarf að sjá hálfri milljón manna fyrir húsnæði. Miklu fleira fólki þarf að sjá fyrir vatni, lyfjum, mat og nú er að kólna í veðri sem er erfitt fólki þar sem allt lífið hefur gengið úr skorðum. Það ber að þakka alla þá viðleitni sem sýnd er. Hér hefur verið vísað í safnanir sem fram fara á vegum Hjálparstofnunar kirkjunnar og Rauða kross Íslands. Menn hafa nefnt framlag frá Reykjavíkurborg upp á 5 millj. og 18,1 millj. frá ríkinu. Allt er þetta ágætt svo langt sem það nær en það nær bara ekkert óskaplega langt. Við höfum ákveðið að leggja fram tillögu um að framlagi sem fer í hjálparstarf til hernaðarbandalagsins NATO verði beint til hörmungarsvæðanna í fjöllunum í Kasmír.

En ég vil taka undir það sem fram hefur komið hjá mörgum hv. þingmönnum í þessari umræðu að við eigum einnig að hugsa sjálf hvert og eitt hvað við erum reiðubúin að leggja af mörkum. Ábyrgðin er okkar allra.

[13:52]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að taka þetta hér upp og þó svo við höfum möguleika á að ræða þetta frekar í dag við fjáraukalögin þá vona ég að þessi umræða verði til þess að vekja athygli okkar þingmanna allra á þeirri fjárupphæð sem lagt er til að fari til hjálparstarfs í Kasmír.

Þegar ákvörðun ríkisstjórnarinnar lá fyrir trúi ég því að umfang og afleiðingar þessa hörmulega atburðar og mikla jarðskjálfta hafi ekki legið ljósar fyrir þannig að á þeim tíma hafi hæstv. ríkisstjórn ekki áttað sig á því að þetta svæði er ekki eins og mörg önnur svæði á jörðinni, samanber Bandaríkin, þar sem velferðarkerfi er til staðar, þar sem aðgengi að hjálpargögnum er til staðar og þar sem hægt er að komast að þeim svæðum sem verða fyrir náttúruhamförum. Svæðið í Kasmír er stríðshrjáð svæði. Það hefur verið lokað, það er í miklu fjalllendi þar sem umferð hefur ekki legið um og í venjulegu árferði er erfitt að komast um í farartækjum, hvað þá eftir hörmungar eins og jarðskjálftann. Vegna þessara erfiðleika við flutninga verður allt hjálparstarf miklu erfiðara og dýrara heldur en ef þetta gerðist hjá okkur þar sem til viðbótar kostnaði við matvæli og fatnað kemur allur sá aukakostnaður sem því fylgir að koma hjálpargögnum á leiðarenda.

Vatnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 281.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]

Frv. vísað til 2. umr. með 42:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EMS, GuðjG, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: JBjarn.

20 þm. (ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, HÁs, HBl, ISG, JóhS, LB, MF, StB, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EMS, GuðjG, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (JBjarn, MÁ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, BjörgvS, BBj, EOK, GHH, GHj, GAK, GHall, HÁs, HBl, JóhS, LB, MF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:56]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Í umræðu um þetta mál vakti ég athygli á því að hér væri verið að skera í sundur ákveðna þætti þessa máls, þ.e. umhverfisþætti og nýtingarþætti er varða vatn og auðlindir í jörðu. Það er ljóst að vatnalagafrumvarpið er að fara inn í iðnaðarnefnd Alþingis. Í ljósi þess að hér er að stórum hluta um umhverfismál að ræða líka óska ég eftir því við hv. iðnaðarnefnd Alþingis að hún biðji umhverfisnefnd að gefa umsögn um málið úr því að þessi framgangsmáti er viðhafður að málin þrjú, þ.e. vatnalög, vatnsverndarlög og lög um rannsóknir og nýtingu jarðefnaauðlinda, fá ekki að fylgjast að í gegnum þingið. Ég óska eftir því að hv. iðnaðarnefnd taki þetta til greina.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 351. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Staða jafnréttismála.

[13:58]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Tilefni þessarar umræðu eru hátíðahöldin og baráttudagurinn 24. október í tilefni af 30 ára afmæli kvennafrídagsins. Dagurinn hefur ekki síst gildi fyrir mikla og lifandi umræðu sem varð um margvíslegar hliðar jafnréttisbaráttunnar, bæði í aðdraganda dagsins og í kjölfar hans. Umræðan dró m.a. fram í sviðsljósið þann mikla mun sem er á launum milli hefðbundinna karla- og kvennastétta og lág laun kvenna sem hafa helgað sig umönnun aldraða

og ungu kynslóðarinnar. Hún dró fram hinn kynbundna launamun og baráttan gegn kynbundnu ofbeldi setti sterkan svip á umræðuna.

En nú spyrja margir: Hvað svo? Breytir það einhverju að 50 þúsund kjósendur sýndu í verki stuðning sinn við baráttuna fyrir jöfnum rétti og jafnri stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi? Ritið Konur og karlar 1975–2004 sýnir svart á hvítu hver innbyrðis staða kynjanna er á Íslandi í dag. Þar kemur m.a. fram að mestur tölulegur árangur hefur þrátt fyrir allt náðst á vettvangi stjórnmálanna en á fjölmörgum öðrum sviðum hefur allt of lítið breyst á þessu tímabili. Þrjátíu ár eru í sjálfu sér ekki langur tími í því samhengi að baráttan snýst um að kollvarpa kerfi sem hefur varað í árþúsundir og hlutverkaskiptingu sem bæði kynin voru lengst af sátt um. En 30 ár eru drjúgur hluti af lífi manns og það hafa sannanlega í íslensku samfélagi á flestum öðrum sviðum orðið byltingarkenndar breytingar á mun skemmri tíma.

Það gætir skiljanlega óþolinmæði. Við eigum ekki að vera að umburðarlynd gagnvart misrétti. Við eigum að agnúast út í öll atriði, bæði smá og stór, því hér duga hvorki vettlingatök né hænuskref. Við þurfum byltingu, sagði fulltrúi kvennahreyfingarinnar, Anna Kristín Gunnarsdóttir, í ræðu sinni á fundinum. Hún lagði áherslu á að sjá heildarmyndina. Það skiptir öllu máli að sjá heildarmyndina því birtingarmyndirnar eru svo margvíslegar og að finna út hvar fyrirstaðan er, eins og fundastýran, Edda Björgvinsdóttir, lagði áherslu á í blaðaviðtali. Löggjöfin er sannarlega ekki fyrirstaða í þeim áfanga en nú nýlega var því náð að hún er kynhlutlaus en að vísu samtímis á ýmsum sviðum kynblind.

Frú forseti. Ein meginfyrirstaðan liggur í hugarfari og viðhorfum sem finnast úti í samfélaginu og í hefðbundinni verkaskiptingu karla og kvenna. Jafn fæðingarorlofsréttur karla er stærsta skrefið í þá átt en það tekur tíma að ná fram fullum áhrifum hans. Sumir sem eiga eftir að njóta hans eru enn á barnsaldri að ógleymdum öðrum sem hafa þegar misst af vagninum. Konur almennt bera óumdeilt meginábyrgðina á börnum og heimilishaldi og sækja þar af leiðandi hlutfallslega færri konur en karlar í langan og óreglulegan vinnudag. Þær sækja færri en karlar hlutfallslega í ábyrgðarstöður í fyrirtækjum og innan stjórnsýslunnar og á framboðslista stjórnmálaflokkanna. Konur þurfa sérstaka hvatningu sem þær fá með því að kallað sé eftir kröftum þeirra til að tryggja að ísenskt samfélag fari ekki á mis við helming mannauðs síns en nýti auðinn í krafti þeirra, menntun og hæfni.

Raunin er sú að sífellt fleiri konur velkjast ekki í nokkrum vafa um hæfni sína og kynsystra sinna almennt til að axla ábyrgð til jafns við karla á öllum sviðum íslensks samfélags. Konur sem komist hafa samsíða körlum, hvort sem er hér á Alþingi, í sveitarstjórnum, í stjórnum fyrirtækja eða stjórnunarstöðum í opinberum rekstri eða einkarekstri, eru öðrum vissulega fyrirmyndir. En jafnframt eru þær fyrst og fremst sýnishorn af því sem konur geta almennt jafnt og karlar. Þess vegna er unnið gegn jafnréttinu með því að taka kyn út af borðinu sem sérstakan verðleika en staglast á hæfninni. Það gera margir þeir sömu og halda á lofti fjölbreytileika og gildi þess fyrir samfélagið að virkja auðinn í krafti kvenna. Ef kynið er ekki verðleiki hverju skiptir þá hlutur kynjanna í stjórnum eða stjórnunarstöðum fyrirtækja, sveitarstjórnum eða landstjórninni? Það skilar okkur ekkert áleiðis að leita að sökudólgum og það er allra góðra gjalda vert að baráttan fyrir jafnrétti kynjanna er ekki lengur skilgreind sem stríð milli karla og kvenna. Ábyrgðin liggur á víð og dreif í samfélaginu og hluti hennar liggur hjá stjórnvöldum og ég spyr, frú forseti, hæstv. félagsmálaráðherra um þau ummæli hans að gera þurfi jafnréttismálum hærra undir höfði og setja þau undir forsætisráðuneytið á pall með öðrum mannréttindum og svo spyr ég hæstv. félagsmálaráðherra jafnframt: Hver verða næstu skref hans og ríkisstjórnarinnar í ljósi baráttudagsins 24. október sl.?

[14:03]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. málshefjanda, Jónínu Bjartmarz, fyrir að taka hér jafnréttismál til umræðu. Ég vil líka geta þess í upphafi að við munum fá tækifæri til að fjalla aftur um jafnréttismál á vettvangi þingsins næstu daga þar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur beint til mín þremur fyrirspurnum um jafnréttismál. Þær varða framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna og jafnréttisfræðslu fyrir ráðherra og stjórnendur opinberra stofnana. Þar mun ég greina frá ýmsum tölulegum staðreyndum og verkefnum á sviði jafnréttismála sem unnin hafa verið eða ákveðið hefur verið að vinna að á næstu missirum.

Ég fagna því að fá tækifæri til að tala ítrekað um þessi mál á vettvangi Alþingis. Það færi vel á því að við tækjum þau mannréttindamál, sem jafnréttismál eru, oftar til umfjöllunar hér. Ég varpa því hér fram. Eitt er víst að verkefnin eru óþrjótandi og leiðirnar sem menn geta farið eru ótal margar, verkfærin sem við getum notað á þeirri leið okkar margvísleg. Við þurfum vel útbúna verkfæratösku ætlum við að ná árangri í þessum efnum.

Ég hef í starfi mínu sem jafnréttisráðherra fengið tækifæri til að fylgjast með alþjóðlegri umræðu um jafnréttismál og sömuleiðis með margvíslegu jafnréttisstarfi innan lands. Það er að mínu mati afar mikilvægt að sem flestir láti sig þessi mál varða en að ekki sé einungis um þau rætt í afmörkuðum hópum út frá tilteknum stjórnmálaflokkum eða stjórnmálaskoðunum. Jafnréttismál varða okkur öll, feður og mæður, syni og dætur, unga sem aldna, og við eigum að leyfa mismunandi röddum að heyrast og leyfa fólki að hafa ólíkar skoðanir þegar jafnréttismál eru annars vegar. Við hljótum að þola það.

Ég hef líka séð hve mörg ráðuneyti málaflokkurinn varðar í raun, eins og Stjórnarráðið er nú skipulagt. Til að svara hv. fyrirspyrjanda hef ég sagt opinberlega að ég telji að skoða beri af fullri alvöru að flytja jafnréttismálin til forsætisráðuneytis. Jafnréttismál eru ekki málaflokkur sem endilega tilheyrir einu fagráðuneyti. Jafnréttismálin varða alla málaflokka og öll svið þjóðfélagsins. Að mínu viti náum við ekki fullum árangri fyrr en við vinnum út frá þeirri sýn.

Við heyrum oft að Norðurlöndin séu í fararbroddi og að Ísland sé í efstu sætum í heiminum þegar staða jafnréttis-

mála er borin saman milli landa. Að mínu mati eiga þær staðreyndir að hvetja okkur til enn frekari dáða. Við hljótum að hafa náð árangri og við hljótum að eiga að halda áfram. Við eigum að læra af reynslunni, viðhalda því góða en bæta það og efla sem ekki hefur skilað árangri eða fært okkur nægilega framþróun.

Ég tel hins vegar að okkur hafi skort rannsóknir og upplýsingar til að byggja á við stefnumótun okkar í jafnréttismálum. Í tilefni af kvennafrídeginum 24. október ákvað ríkisstjórnin að veita 10 millj. kr. til að stofna sérstakan rannsóknasjóð, Jafnréttissjóð. Þetta er mál sem ég taldi mikilvægt að fengi framgang og það gekk eftir á vettvangi ríkisstjórnar. Markmið sjóðsins er að styrkja kynjarannsóknir almennt og er gert ráð fyrir að fyrst um sinn verði sérstök áhersla lögð á að veita annars vegar fé til rannsókna á stöðu kvenna á vinnumarkaði, bæði að því er varðar launakjör og stöðu, og hins vegar til rannsókna á áhrifum gildandi löggjafar hér á landi, eins og t.d. fæðingarorlofslaganna þar sem kveðið er á um sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs. Jafnréttissjóðurinn verður vistaður í forsætisráðuneyti og það er í góðu samræmi við þá skoðun að jafnréttismálin eigi að tilheyra öllu Stjórnarráðinu, öllum snertiflötum við samfélag okkar.

Þegar jafnréttismálin eru annars vegar er að mínu mati ekkert eitt mál mikilvægara en að ráðast gegn kynbundnum launamun. Hann er ekki lögmál en svo virðist sem það sem við höfum þó gert, sem er ótal margt, hafi ekki haft tilskilin áhrif, og enn minni áhrif á almennum markaði vinnumála en hinum opinbera.

Til að fylgja aðgerðum eftir og ekki síður til þess að hvetja til þeirra hef ég lagt til að komið verði á gæðavottun jafnra launa. Stofnanir og fyrirtæki sem fá slíka viðurkenningu geta kynnt sig sem áhugaverðan vinnustað. Þannig verður árangur fyrirtækja og stofnana í jafnréttismálum eftirsóknarverður og hvati til frekari aðgerða. Í félagsmálaráðuneytinu er nú unnið að útfærslu íslenskrar gæðavottunar jafnra launa og verður unnið að því í nánu samráði við jafnréttisráð og Jafnréttisstofu, sem og atvinnurekendur, launafólk og háskólasamfélag. Ég er sannfærður um að slík vottun geti gagnast vel sem tæki til framfara við að koma í veg fyrir áhrif kyns á launaákvarðanir enda þótt það hvarfli ekki að mér eitt augnablik að það feli eitt í sér hina einu, sönnu töfralausn.

Ég hef ýtt úr vör mörgum öðrum verkefnum á þessu sviði sem lúta fyrst og fremst að ráðuneytum í Stjórnarráðinu og stofnunum þeirra. Þar hljótum við að geta gengið úr skugga um að ekki sé kynbundinn launamunur. Þetta hef ég gert í félagsmálaráðuneytinu og mun gera þar áfram því að þetta er viðvarandi verkefni, hæstv. forseti.

Hvað undirstofnanir ráðuneytisins varðar er áætlað að verkefnið standi yfir í vetur en gera má ráð fyrir að þáttur hverrar stofnunar standi í skemmri tíma. Hafist var handa nú í nóvember og byrjað á Vinnumálastofnun. Mér er kunnugt um að önnur ráðuneyti og stofnanir hafa þegar hafist handa eftir að ég ritaði samráðherrum mínum bréf og hvatti til þess.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum nota þann stutta tíma sem ég hef hér til að koma á framfæri þeirri skoðun að til að ná fram raunverulegu jafnrétti kynjanna þurfi að virkja karlana. Ég greip því hugmynd frú Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta, á lofti er hún kvað vera kominn tíma til að karlar hittust á fundum til að ræða þessi mál á sama hátt og þeir sjá ástæðu til að fjalla um önnur málefni. Ég hef ákveðið að byrja hér innan lands og halda karlaráðstefnu þann 1. desember nk. Ég hef þegar fengið góða menn til liðs við mig við að undirbúa slíka ráðstefnu og vænti þess að hún njóti góðrar aðsóknar karla á öllum aldri og úr öllum stéttum.

Ég ítreka þakkir mínar fyrir að fá tækifæri til að ræða jafnréttismál hér í þingsölum, hæstv. forseti.

[14:08]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Konur sætta sig ekki við að vera 2. flokks þjóðfélagsþegnar, sagði frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, 24. október sl. af tilefni sem við öll þekkjum.

Málshefjandi, hv. þm. Jónína Bjartmarz, sagði að kollvarpa þyrfti kerfi sem varað hefði í árþúsundir. Það eru orð að sönnu. En við verðum líka að horfast í augu við það að okkur hefur tekist illa til þótt ýmislegt hafi áunnist á undanförnum árum og áratugum við að gera það sem þarf að gera, þ.e. að kollvarpa hinu gamla kerfi. Við búum við mikinn lýðræðishalla í þessu samfélagi. Hann lýsir sér m.a. í því að konur eru tæplega þriðjungur fulltrúa í sveitarstjórnum og á Alþingi Íslendinga, konur hafa í heildartekjur 65% af heildartekjum karla og ekkert virðist þokast í þeim efnum. Við getum ekki látið sem þriðjungshlutfallið, þriðjungsjafnréttið, ef jafnrétti skyldi kalla, geti verið það sem við sættum okkur við 30 árum eftir kvennafrídaginn góða.

En ríkið þarf líka að sýna gott fordæmi, bæði með laga- og reglugerðasetningu og með því hvað sagt er og gert. Þó að gæðavottun starfa eða fyrirtækja geti verið allra góðra gjalda verð verð ég að segja að það hlýtur að duga betur að færa Jafnréttisstofu sömu tæki og Samkeppniseftirlit hefur á vinnumarkaði. Hver er munurinn á einstaklingum og fyrirtækjum á markaði í raun og veru? Hann er enginn, frú forseti.

Að lokum vil ég segja: Ég fagna því að ráðherrar og þingmenn Framsóknarflokksins taka hér upp og undir stefnu Samfylkingarinnar um að færa jafnréttismálin undir forsætisráðuneytið. Við höfum lengi verið þessarar skoðunar og fögnum hverjum þeim sem vill taka þátt í því verkefni með okkur.

[14:10]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Þann 24. október sl. komu konur saman, ekki aðeins hér í Reykjavík heldur um allt land til að minnast kvennafrídagsins sem haldinn var með eftirminnilegum hætti árið 1975. Jafnréttisbaráttan hefur vissulega skilað árangri en samt ekki þeim árangri sem við vildum á öllum sviðum.

Fæðingarorlof feðra var einn mjög mikilvægur áfangi og Ísland er í einu af toppsætunum í jafnréttismálum. Konur og karlar bera jafna ábyrgð og þess vegna er mjög ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra muni efna til karlaráðstefnu 1. desember nk.

Ef tækifæri til að sækja fram til valda og áhrifa halda áfram að vera háð kyni verða hæfileikar og kraftar kvenna áfram illa nýttir. Stundum hefur jafnréttisbaráttunni verið líkt við færeyskan dans, það eru tvö skref áfram og eitt aftur á bak. Og hvað er það sem stendur í vegi fyrir því að allir hafi jöfn tækifæri í samfélaginu? Eru það heiðir, eru það viðhorf eða venjur sem valda því að enn þá er launamismunur kynjanna 14% hér á Íslandi? Og hvers vegna veljast færri konur en karlar til stjórnunarstarfa á Íslandi, hvað veldur?

Ef litið er á tölur frá Frjálsri verslun yfir konur í stjórnum 100 stærstu fyrirtækja landsins er hlutfallið aðeins 11,4%. Aðeins fjórar konur eru stjórnarformenn í 100 fyrirtækjum og aðeins eitt fyrirtæki af þessum 100 er með meiri hluta kvenna í stjórn. Að fjölga konum í stjórnum er ekki einungis tækifæri fyrir konur, heldur tækifæri fyrirtækja til að efla forustusveit sína. Fyrirtækin þurfa svo sannarlega á krafti kvenna að halda.

Áfram, stelpur.

[14:13]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það var í sjálfu sér vel til fundið hjá hv. málshefjanda, Jónínu Bjartmarz, að eiga hér þessi hugguleg skoðanaskipti við flokksbróður sinn, hæstv. félagsmálaráðherra Árna Magnússon. Þessi orðaskipti eru eflaust í svipuðum dúr og hv. þingmenn eiga venjulega á kærleiksheimili Framsóknarflokksins, skyldum við ætla. Ég tek undir með hv. þingmanni um að hér þurfi að gera byltingu, mér fannst hún taka undir þau orð sem komu fram í ræðu á kvennafrídeginum 24. október. En með fullri virðingu, hæstv. forseti, finnst mér að hv. þm. Jónína Bjartmarz eigi að kúska sína ráðherra til þar sem hún hefur tækifæri til að gera það sem stjórnarþingmaður, umfram það sem ég hef sem stjórnarandstöðuþingmaður.

Ég treysti því að nú fari að sjást aðgerðir í þessu máli. Við höfum rætt hér jafnréttismál oftar en einu sinni það sem af er þessum vetri, og meðal þess sem hefur verið lagt hér fram í formi þingmála er frumvarp frá mér og öðrum hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem varðar kynbundinn launamun þar sem við teljum okkur vera með tillögu sem er mjög róttæk en jafnframt tillaga sem virkar, tillaga um það að Jafnréttisstofa fái í hendur öflugt tæki til að tryggja það að launamuninum verði útrýmt. Ég treysti því að hv. framsóknarmenn í þessum sal, hv. þm. Jónína Bjartmarz og hæstv. ráðherra, skoði nú með opnum huga þessa tillögu, fari ofan í saumana á henni og styðji hana, sjái til þess að hún komist í gegnum þingið og að þetta verði lögleitt, að Jafnréttisstofa fái sömu tæki í hendur og skattyfirvöld hafa, Samkeppniseftirlit og Fjármálaeftirlit.

Kvennabaráttan á Íslandi á það skilið og ég treysti þá á stuðning Framsóknarflokksins í þessum efnum.

[14:15]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz kærlega fyrir að taka jafnréttismálin til umræðu utan dagskrár. Í sjálfu sér má líta á þessa umræðu hér sem mjög ákveðna og alvarlega gagnrýni hv. þingmanns á störf hæstv. félagsmálaráðherra. Þetta voru hugguleg skoðanaskipti en að baki býr mikil alvara og gagnrýni, tel ég.

Við í Frjálslynda flokknum látum okkur jafnréttismálin varða og höfum samþykkt jafnréttisáætlun sem við förum stíft eftir en að undanförnu hefur verið rætt talsvert um launamun kynjanna. Það er mín skoðun að ef nást eigi árangur á þessu sviði eigi að beina athugunum og úrræðum að þeim mun sem er óútskýrður á launum kynjanna og þá á ég við það sem ekki er hægt að skýra út með mismunandi vinnuframlagi kynjanna. Ég tel að umræðan megi ekki heldur einskorðast við hlutföll kynjanna í æðstu lögum þjóðfélagsins, hæstaréttardómara eða í stjórnum fyrirtækja, heldur eigi hún einnig að snúast um kjör fólksins í landinu, hins almenna Íslendings.

Það er ekki hægt að líta fram hjá því samt sem áður að heildarlaun kvenna eru lægri en heildarlaun karla. Þess vegna ættu sérstaklega framsóknarmenn sem brydduðu upp á þessari umræðu að íhuga það að þeir hafa verið að breyta skattstefnunni á þann veg að færa skattbyrðina á þá sem hafa lægri launin af þeim sem hafa hærri launin. Það má því segja með fullum sanni að framsóknarmenn hafi einfaldlega verið að færa skattana af körlum og á konur. Mér finnst þetta íhugunarefni fyrir umræðuna og tel að sú gagnrýni sem kemur fram á störf ráðherra eigi sér djúpar rætur í Framsóknarflokknum.

Það kom fram fyrr í umræðunni í þinginu að einhver sátt væri um launamuninn og þennan aukna ójöfnuð í þjóðfélaginu en ég tel svo ekki vera, frú forseti.

[14:17]

Mörður Árnason:

Forseti. Við verðum að breyta þjóðfélaginu, sögðu frumkvöðlar kvennabaráttunnar árið 1975, 24. október það ár. Til þess að ná frekari árangri í jafnréttisbaráttunni á okkar tímum þurfum við, eins og 1975, að skapa jafnræði í hinum efnahagslega grundvelli. Konur sem karlar þurfa að verða fullburða að efnahag. Launamisréttið er alvarlegasti þröskuldurinn á þessum vegi.

Það er tvöfalt, annars vegar er hin gamla krafa um sömu laun fyrir sömu vinnu en hins vegar þurfum við að breyta því að enn er það svo, 30 árum eftir 1975 og hvaða tíma sem við nefnum þar á undan, að láglaunastörfin eru einkum störf kvenna, hálaunastörfin eru einkum störf karla.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz sagði það áðan, sem viðtekið er, að misrétti í launamálum og jafnrétti yfir höfuð sé gamall arfur fyrri alda, kynslóða o.s.frv. og að við stríðum við fordóma fyrri tíðar. Við skulum vona að það sé svo. Ég er ekki viss um það. Ég held að launamisréttið og annað misrétti kynjanna sé að ýmsu leyti innbyggt í nútímasamfélag okkar. Mér sýnist að því sé á ýmsan hátt ekki að linna, heldur byggist það inn í hinar nýju stofnanir, hinn nýja anda, tíðaranda sem við tökum upp og fylgir samfélagi okkar.

Það skiptir máli að við afsönnum þá kenningu að þetta sé innbyggt í samfélagið. Það skiptir máli að við reynum að gera það, okkar kynslóð, sú sem nú er komin til þroska í landinu. Það verðum við að gera með miklu bandalagi, miklu átaki, en verkefnin blasa við eins og hæstv. ráðherra

sagði réttilega. Verkefnin blasa m.a. við í jafnréttislögunum sem eru að verða úrelt, eins framsýn og þau voru á sínum tíma. Það blasir við í kjaramálum sem hið opinbera fer með og það blasir m.a. við í launaleyndinni sem við samfylkingarmenn höfum nú lagt til að verði afnumin. (Forseti hringir.) Það blasir við miklu víðar, m.a. í því að Jafnréttisstofa hefur mjög veikst að undanförnu. Hún veiktist þegar hún var flutt til Akureyrar og þyrfti að gera mikið átak í málum hennar til að koma henni upp aftur.

[14:20]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Við á Alþingi höfum ekki látið okkar eftir liggja í baráttunni fyrir jöfnum rétti kynjanna því að vissulega er það svo að samkvæmt íslenskum lögum eru kynin jafnsett. Það er í raun og veru ekki um það deilt lengur á meðal þeirra sem fjalla um þau mál að samkvæmt lögum höfum við gert margt til að færa þessi mál til betri vegar. Hinu er þó ekki að leyna að þetta mál er áfram á dagskrá þrátt fyrir það. Krafturinn í kringum 24. október sl. sýndi það, sem og sú umræða sem hefur spunnist út frá hinum mikla fjölda sem kom saman í miðborginni á því afmæli sem þar fór fram.

Þróunin er engu að síður enn þá í rétta átt. Við sjáum að það er rétt sem frummælandi vék að, það eru sífellt fleiri konur sem ekki velkjast í vafa um kosti sína eða hæfni til þess að láta að sér kveða. Þetta kemur fram í prófkjörum í tengslum við framboð sem við höfum orðið vitni að á umliðnum vikum og það er meiri tilhneiging í atvinnulífinu til að hleypa konum að í fleiri ábyrgðarstöður en við höfum lengi séð.

Í tengslum við þessa umræðu tel ég jafnframt mikilvægt að við tökum kyn út af borðinu eins og frummælandi kom inn á og látum hæfileikana ráða. Við þurfum að koma þeim skilaboðum skýrt til skila, bæði í stjórnsýslunni, hjá opinberum stofnunum, og eins úti í atvinnulífinu að þeir sem ákveða að taka kyn fram yfir hæfileika eru að sóa hæfileikum. Þeir sóa fjármunum og þar með tækifærum fyrir íslenskt samfélag hvar sem það verður ofan á að láta hugmyndir gamalla tíma ráða á þeim tímum sem við nú lifum á. (Forseti hringir.) Það er alger tímaskekkja.

[14:22]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þó að sú meginregla gildi í íslensku réttarkerfi að allir skuli jafnir fyrir lögum, óháð kynferði, að jöfn staða kynjanna hafi verið stjórnarskrárbundin á Íslandi frá árinu 1995 og að við séum með sérstök jafnréttislög sem hafa verið í gildi allt frá árinu 1976, er öllum ljóst, held ég, að enn er langt í land með það að jafnrétti kynjanna sé tryggt.

Jafnréttislögin hafa almennt verið viðurkennd sem mikilvægt tæki til að styðja jafnréttisstarf og standa vörð um jafnrétti í samfélaginu. Markvissu jafnréttisstarfi er ætlað að breyta viðhorfum fólks til hefðbundinna kynjahlutverka og kynjabundinna staðalmynda en óhætt er að fullyrða að stjórnvöld geta ráðið úrslitum um þróun jafnréttisstarfs, m.a. með því að framfylgja markvissum áætlunum þar að lútandi.

Það er skoðun mín að þetta starf eigi í raun og veru að hefjast innan sjálfra stjórnmálaflokkanna. Við í Frjálslynda flokknum höfum reynt að leggja okkar af mörkum. Við höfum verið með jafnréttisáætlun í gangi frá árinu 2001 og fyrr á þessu ári náðist sá jákvæði árangur að miðstjórn flokksins er nú skipuð konum 40%, körlum 60%. Við höfum eftir fremsta megni reynt að búa til fléttulista í framboðum til kosninga og konur hafa fengið mjög ákveðin og gild trúnaðarstörf innan flokksins. Hins vegar finnst mér hálfholur hljómur í málflutningi stjórnarliða því að við erum hér með ríkisstjórn sem að mörgu leyti kemur sér mjög illa fyrir konur.

Lítum til að mynda á þá staðreynd að tekjur kvenna eru aðeins 62% af tekjum karla. Við erum með ríkisstjórn sem er með skattstefnu sem miðar að því að hygla þeim hæstlaunuðu í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Þetta bitnar að sjálfsögðu á konum sem eru að stærstum hluta í láglaunahópunum. Þessi stefna miðar að því að halda konum niðri í þjóðfélaginu. Þetta starf verður að hefjast í stjórnmálaflokkunum, það verður að færa hingað inn á Alþingi og menn verða að sýna það í verki að þeir meini eitthvað með því sem þeir segja.

[14:24]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég vil í seinni ræðu minni byrja á að hafa orð á því að jafnréttisbaráttan er ekki einkamál neins eins stjórnmálaflokks hér á þingi. Jafnréttisbaráttan er líka mál fyrir ríkisstjórnarflokkana á þingi. Alveg á sama hátt og enginn stjórnmálaflokkur hér á þingi framar öðrum getur þakkað sér einhvern árangur er það í raun svo að stjórnarliðarnir hérna, konur jafnt sem karlar, hafa fullan rétt á skoðunum sínum þegar kemur að jafnréttismálum.

Ég sagði í ræðu minni að ábyrgðin á stöðunni eins og hún er liggur á víð og dreif í samfélaginu. Hún liggur síst hjá Alþingi vegna þess að löggjöfin er orðin kynhlutlaus. Körlum og konum er hvergi mismunað í löggjöfinni og það er ekki hægt endalaust að kalla eftir því að stjórnvöld beri ábyrgð á þessu. Þetta liggur í viðhorfum samfélagsins, þetta liggur í viðhorfum hjá aðilum vinnumarkaðarins og mér finnst það ekki umræðunni um jafnréttismál til framdráttar þegar tilteknir stjórnmálaflokkar vilja af önugheitum eigna sér hana og bregðast önuglega við þegar stjórnarliðar á þingi vilja ræða þessi mál. Það er ekki jafnrétti til framdráttar.

Þessi ábyrgð liggur víða og það eru miklu fleiri en stjórnvöld og Alþingi Íslendinga sem þurfa að taka til hendinni. Það þarf að gerast hjá aðilum vinnumarkaðarins, það þarf að gera í kjarabaráttunni og það þarf að gera innan stjórna fyrirtækjanna og tryggja framgang kvenna í stjórnunarstöður, í betur launaðar stöður og í stjórnir fyrirtækja á almennum vinnumarkaði. Ég árétta það hér.

Spurningar mínar til hæstv. félagsmálaráðherra beindust að því hver væru næstu skref hans og ríkisstjórnarinnar. En sem betur fer, eins og kom fram í ræðum margra í þessari umræðu, þá liggur ábyrgðin ekki bara þar. Við verðum að hafa þokkalega víða sýn á þetta og það gengur ekki til lengri tíma litið ef ákveðnir þingmenn (Forseti hringir.) halda að þeir og flokkar þeirra búi að þessu máli einir eða

séu þeir einu sem eru þessu máli til framdráttar.

[14:27]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá góðu umræðu sem átt hefur sér stað í þingsal um þetta mikilvæga mál sem snertir okkur öll eins og kom svo glögglega fram í máli hv. þm. Jónínu Bjartmarz.

Það er af mörgu að taka. Ég rakti í fyrri ræðu minni þær aðgerðir sem gripið hefur verið til af hálfu ríkisstjórnar og einstakra ráðuneyta og stofnana til að jafna launin í ríkiskerfinu. Mismununin er ekki síðri á hinum almenna markaði. Ég vonast til þess að gæðavottun jafnra launa muni þar vega þungt í þeirri baráttu í framtíðinni en ég vil, hæstv. forseti, nota tækifærið til að vekja athygli á því í þingsal að ég tel að við þessa umræðu hafi átt sér stað ákveðin tímamót í umræðunni um jafnréttismál. Við þessa umræðu tóku níu hv. þingmenn til máls, fjórar konur en fimm karlar. Ég fagna því alveg sérstaklega að við þessa umræðu hafi karlar látið mjög til sín taka. Það skiptir máli og ég hef sagt það, hæstv. forseti, að til þess að ná lengra fram á veg í jafnréttismálum þurfa karla að láta sig þessi mál varða. Til þess er fyrirhuguð ráðstefna í Salnum í Kópavogi 1. desember nk. sett upp. Ég skora á karla þessa lands og segi: Stígum um borð og gefum jafnréttismálunum það vægi sem þau eiga skilið.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti tekur undir með hæstv. félagsmálaráðherra að það er ánægjulegt að sjá það að kvennafrídagurinn hefur haft áhrif. 50 þús. konur hafa hátt.)

Fjáraukalög 2005, 2. umr.

Stjfrv., 144. mál. — Þskj. 144, nál. 334, 349 og 350, brtt. 335, 336, 337 og 351.

[14:29]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Að venju hefur fjárlaganefnd farið yfir frumvarpið, haft það til athugunar og leitað til fjármálaráðuneytis og fagráðuneyta varðandi þau mál sem til umfjöllunar hafa verið og einnig hefur nefndin átt samskipti við ýmsa aðra aðila um málið.

Meiri hlutinn gerir breytingartillögur við sundurliðun 1, tekjur A-hluta, þar sem gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 11.240 millj. kr. frá áætlun frumvarpsins. Þá gerir meiri hlutinn 33 breytingartillögur við frumvarpið sem nema alls 3.284,4 millj. kr. til hækkunar útgjalda.

Áhrif breytingartillagna meiri hlutans eru þau að tekjuafgangur ríkissjóðs verður 7.955,6 milljónum meiri en gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjáraukalaga.

Eins og fyrr segir gerir endurskoðuð tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2005 ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist alls um 11.240 milljónir frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjáraukalaga. Áætlað er að skattar á tekjur og hagnað verði 9.585 milljónum hærri en samkvæmt frumvarpinu. Áætlaðar tekjur af tekjuskatti einstaklinga hækka um 2,5 milljarða, tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga fyrir fyrstu níu mánuði ársins er meiri en gert var ráð fyrir og er það helsta skýring þessara breytinga. Áætlaðar tekjur af tekjuskatti lögaðila hækka um 7 milljarða. Meginástæða þessa er endurmat í kjölfar álagningar ríkisskattstjóra sem birt var í byrjun nóvember. Áætlun ríkisskattstjóra var hærri en gert hafði verið ráð fyrir í fyrri tekjuáætlun.

Þá má nefna að við sölu ríkissjóðs á Lánasjóði landbúnaðarins er áætlað að söluhagnaður nemi um 850 milljónum. Af þeirri fjárhæð er greiddur fjármagnstekjuskattur að fjárhæð 85 milljónir sem kemur einnig fram í gjaldahlið og hefur því ekki nettóáhrif á afkomu ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að skattar á vöru og þjónustu hækki um 1.090 milljónir frá því sem fram kemur í frumvarpinu og munar þar mest um að gert er ráð fyrir að vörugjald af innfluttum bifreiðum verði 800 millj. kr. hærra en samkvæmt fyrri áætlun.

Þá er gert ráð fyrir að arðgreiðslur og leigutekjur verði 270 millj. kr. hærri og sektir verði 555 millj. kr. lægri en frumvarpið gerir ráð fyrir. Auk þessa er gert ráð fyrir að sala varanlegra rekstrarfjármuna skili tekjum að fjárhæð 850 milljónir, eins og áður var sagt, og felst það í því að ríkissjóður hefur selt Lánasjóð landbúnaðarins og er áætlaður söluhagnaður vegna þess 850 milljónir.

Eins og ég hef áður sagt er lagt til að útgjöld hækki um alls 3.284,4 milljónir frá því sem fram kemur í frumvarpi til fjáraukalaga og skiptast þau þannig í megindráttum:

Útgjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins hækki frá frumvarpi um alls 113 milljónir. Er þar annars vegar um að ræða 98 milljónir til að jafna út rekstrarhalla embættis forseta Íslands og hins vegar 15 milljónir vegna kostnaðar við viðhald Alþingishúss á árinu.

Lagt er til að útgjöld vegna menntamála hækki um 38 milljónir frá frumvarpinu.

Undir málaflokki utanríkismála er lagt til að útgjöld hækki um 18,1 milljón.

Varðandi landbúnaðarmál er tillaga um alls 2.307,7 millj. kr. hækkun. Munar þar mest um að lagt er til að 2,2 milljörðum af söluandvirði eigna Lánasjóðs landbúnaðarins verði varið til Lífeyrissjóðs bænda og þá er gert ráð fyrir 69,2 milljónum vegna uppsafnaðs rekstrarhalla Landbúnaðarháskóla Íslands og 30,5 milljónum vegna stofnkostnaðar sömu stofnunar.

Lagt er til að útgjöld vegna sjávarútvegsmála hækki um 10 milljónir.

Varðandi dóms- og kirkjumál er lagt til að útgjöldin hækki um alls 47,5 milljónir frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Lagt er til að útgjöld vegna félagsmálaráðuneytis lækki um alls 100,6 milljónir. Munar þar mest um 125 millj. kr. lækkun útgjalda vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs þar sem gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði minna en áætlað var. Einnig er gert ráð fyrir 50 millj. kr. minni útgjöldum vegna Fæðingarorlofssjóðs og byggir það á endurskoðaðri áætlun um þróun útgjalda.

Lagt er til að útgjöld vegna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins verði 290,9 millj. kr. hærri en samkvæmt frumvarpinu. Munar þar mest um 75 milljónir vegna hönn-

unar á nýju greiðslukerfi lífeyristrygginga, 26 milljónum til að fjölga einingum læknisverka í samningi sjálfstætt starfandi sérgreinalækna og 100 milljónum vegna rekstrarvanda hjúkrunarheimila.

Vegna fjármálaráðuneytisins er lagt til að útgjöld hækki um 85 milljónir og er það vegna fjármagnstekjuskatts á hagnaði á sölu Lánasjóðs landbúnaðarins eins og áður hefur verið vikið að.

Hvað varðar samgönguráðuneytið er gert ráð fyrir að útgjöld aukist um alls 444,8 milljónir frá frumvarpinu. Munar þar mest um 300 millj. kr. framlag til endurbóta og öryggisaðgerða á veginum um Óshlíð. Einnig er um að ræða 100 millj. kr. til Vegagerðarinnar vegna aukinna hálkuvarna á vegakerfinu.

Lagt er til að útgjöld viðskiptaráðuneytis aukist um 20 milljónir og er það til að efla samkeppniseftirlit.

Loks er lagt til að útgjöld vegna umhverfisráðuneytis aukist um 10 milljónir og er það vegna Veðurstofu Íslands.

Síðan er breytingartillaga sem gerð er grein fyrir í nefndarálitinu er varðar 3. gr. frumvarpsins og varðar lántökuheimild samkvæmt 5. gr. fjárlaga vegna íbúðalánadeildar Íbúðalánasjóðs.

Ég hef því gert grein fyrir tillögum meiri hlutans í grófum dráttum. Að öðru leyti vísa ég til þingskjala þar sem nánar er gerð grein fyrir einstökum tillögum.

Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið og tillögur koma fram um á sérstökum þingskjölum.

Að nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar standir eftirtaldir: Magnús Stefánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Bjarni Benediktsson, Birkir J. Jónsson, Drífa Hjartardóttir og Guðmundur Hallvarðsson.

[14:36]

Útbýting:

Heimahjúkrun aldraðra, 315. mál, fsp. JóhS, þskj. 342.

Jafnstöðuafli, 316. mál, fsp. KHG, þskj. 343.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar, 319. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 346.

Skattamál í tengslum við Kárahnjúkavirkjun, 318. mál, fsp. SJS, þskj. 345.

Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum Háskólans á Akureyri, 317. mál, fsp. SJS, þskj. 344.

[14:37]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hefði við upphaf umræðunnar um fjáraukalögin við 2. umr. viljað fá mat hv. formanns fjárlaganefndar á ákveðnum þáttum varðandi efnahagslífið. Talað hefur verið um að hér ríki einhvers konar ógnarjafnvægi í efnahagsmálum. Við vitum hvernig gengið hefur þróast miðað við áætlun sem gerð var. Við forsendur fjárlaga þessa árs var gert ráð fyrir að gengisvísitalan væri 122–125, ef mig minnir rétt. Á miðju ári eða í júní gerði fjármálaráðuneytið áfram ráð fyrir að það yrði um 119. Nú stendur það í rétt rúmlega 100. Við þekkjum umræðuna um hina erfiðu stöðu útflutningsgreinanna við þessa hágengisstefnu.

Hvert er mat formanns fjárlaganefndar á að gengisvísitalan verði það sem eftir er ársins og hvert verður þá meðalgengi þessa árs miðað við það sem lagt var upp með?

Eins líka með viðskiptahallann. Í forsendum fjárlaga til þessa árs eins og við samþykktum þau í fyrra og í áætlun fjármálaráðuneytisins frá í janúar var gert ráð fyrir að viðskiptahallinn yrði liðlega 100 milljarðar kr. En hvað ætli viðskiptahallinn verði áætlaður mikill í árslok? Mér þætti fróðlegt að heyra þetta hjá hv. formanni fjárlaganefndar.

[14:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var á margan hátt merkilegt innlegg hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að koma með þessar spurningar sem hann hefur lagt fyrir mig í andsvari og gefur mér þar með náttúrlega mjög lítinn tíma til að ræða þær.

Hann spyr mig hver verði gengisvísitalan og hver verði viðskiptahallinn. Til að svara því vísa ég einfaldlega í spár fjármálaráðuneytisins sem við höfum unnið með. Ég er ekki spámannlegar vaxinn en þeir sem þar hafa lagt upp sínar spár frekar en margir aðrir vegna þess að það hefur náttúrlega verið mikið um að vera í hagkerfi okkar og efnahagslífi og allar tölur sýna það. Við erum hér að fjalla um stórauknar tekjur ríkissjóðs á einstökum tekjuliðum sem sýnir hvað er að gerast hjá okkur. Og talandi um viðskiptahalla þá er eitt af því sem hefur valdið frávikum frá spám hin gríðarlega einkaneysla sem hefur vaxið hér á árinu. Ég hef auðvitað margoft rætt það og tel að þjóðin þurfi nú aðeins að fara að gá að sér í þeim efnum og draga saman seglin í einkaneyslunni.

Varðandi þessar spurningar hv. þingmanns get ég ekki svarað þeim öðruvísi en að vísa til þeirra spáa sem liggja til grundvallar því sem við erum að fjalla um.

[14:40]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi atriði, gengisþróunin og viðskiptahallinn, eru ein af grundvallaratriðum sem hafa áhrif á stöðu efnahagslífsins.

En víkjum þá að öðru atriði sem mig langar líka til að heyra hjá hv. formanni fjárlaganefndar. Á fjárlagalið utanríkisráðuneytisins á fjáraukalögum er lagt til á fjáraukalögum að veittar verði 50 millj. kr. til að mæta uppsöfnuðum halla á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins og auk þess verði veitt 276 millj. kr. framlag til sendiráða, m.a. til að mæta þar uppsöfnuðum halla vegna reksturs sendiráða á fyrri árum.

Með vísan til fjárreiðulaga ætti þetta ekki að vera heimilt, að birta halla með þessum hætti og koma með hann inn í fjáraukalög. Þetta hefði átt að takast fyrr þegar ljóst var að hverju stefndi. Að vera að koma með svona gríðarlega háar upphæðir eða á fjórða hundrað milljón kr. á eitt ráðuneyti vegna uppsafnaðs halla fyrri ára hlýtur að vera mjög grafalvarlegt mál.

Ég vil því leyfa mér að spyrja hv. formann fjárlaganefndar: Hvað verður gert til að fara ofan í fjársýslu af því tagi sem kemur fram hjá utanríkisráðuneytinu í ljósi þeirra reglna fjármálaráðuneytisins — og hefur það verið kynnt

fyrir fjárlaganefnd — sem beita skuli stofnanir og ráðuneyti sem umgangast fjárlög ríkisins (Forseti hringir.) af slíkri léttúð? Hvernig verður því varið varðandi utanríkisráðuneytið?

[14:42]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður vísar til tillagna um fjárheimildir til handa utanríkisráðuneyti vegna uppsafnaðs halla og spyr mig hvað mér finnist um það.

Í fyrsta lagi vil ég segja almennt að best væri að við sæjum ekki svona erindi hvort sem það er þetta ráðuneyti eða önnur því að fjárlög eru lög og menn eiga auðvitað að fara að þeim. Mér skilst hins vegar að varðandi sendiráðin hafi ekki tekist að standa undir hagræðingarkröfum sem gerðar hafa varið síðustu árin og er það alls ekki nógu gott og við hljótum að gera athugasemdir við það.

Hv. þingmaður spyr hvað verði gert til að taka á þessum málum. Ég vísa til umræðu sem hefur margoft farið fram um svona álíka mál þar sem verið er að fjalla um rekstrarhalla stofnana og aðila. Þar er um það að ræða að efla eftirlit og beita þeim tækjum sem til eru. Við höfum ýmis lög og reglugerðir sem gilda um þessi efni og það er spurning hvernig menn ætla að beita þeim. Ég vísa til þess.

Hins vegar auðvitað höfum við séð bæði í fjárlögum og fjáraukalögum tillögur til þess að bæta rekstrarhalla. Ég get vísað m.a. í því sambandi til þess að í frumvarpi til fjáraukalaga er verið að gera tillögur um fjárheimildir til ýmissa stofnana, t.d. hjá landbúnaðarráðuneyti, og það kemur einnig fram í breytingartillögum meiri hlutans, þannig að við erum því miður víða að fást við þessi efni.

En sem almennt svar eigum við auðvitað að beita þeim tækjum sem við höfum samkvæmt lögum.

[14:44]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. formanni fjárlaganefndar, Magnúsi Stefánssyni, fyrir framsöguerindi hans og ágætlega greinargóða yfirferð yfir tillögur meiri hlutans á milli umræðna. Þetta er 2. umr. um fjáraukalögin, nokkurs konar millikafli þangað til við sjáum þau í endanlegri mynd við 3. umr. og í sjálfu sér lítið fréttnæmt sem orðið hefur milli umræðna.

Helst sýnist kannski fréttnæm sú mikla viðhorfsbreyting sem virðist í forsætisráðuneytinu gagnvart embætti forseta Íslands. Hér kemur fram tillaga frá ráðuneytinu um 98 millj. kr. aukafjárveitingu til forsetaembættisins. Við höfum líka séð að eftir forsætisráðherraskipti nýverið hefur árleg fjárveiting til embættis forseta Íslands farið úr, hygg ég, 124 millj. kr. 2003 í fjárlögin í ár upp á 177 millj. kr., þ.e. nærri helmingsaukning á örskömmum tíma. Nú er rekstrarhallinn hreinsaður upp. Við þekkjum það í þessum sölum að fjárveitingatillögur forsætisráðuneytisins til embættis forseta Íslands hafa ekki hrokkið fyrir útgjöldum um langt árabil og það hefur verið til vansa að sjá embættið á fjáraukalögum ár eftir ár. Æðsta stjórn ríkisins á náttúrlega að ganga á undan með góðu fordæmi. Ég lýsi þeirri von minni að þessi mikla viðhorfsbreyting í forsætisráðuneytinu til þarfa embættis forseta Íslands og sú aðgerð sem hér er farið í í fjáraukalagafrumvarpinu verði til þess að við hættum að sjá embættið á fjáraukalögum frá ári til árs svo að samvinna ráðuneytisins og embættisins verði til þeirrar fyrirmyndar sem hún þarf að vera í okkar ágæta samfélagi.

Við höfum áður gagnrýnt nokkuð æðstu stjórnina. Hér var Alþingi á hinn bóginn hælt nokkuð við 1. umr. sem verður að draga til baka, því miður, því að hér er enn einu sinni komin tillaga um aukafjárveitingu til Alþingis sjálfs upp á 15 millj. og sýnt að framkvæmdir í Alþingishúsinu hafa enn einu sinni farið fram úr áætlunum, nú um liðlega 26 millj. Það er algerlega óviðunandi að við á löggjafarsamkundunni virðum ekki fjárlagarammann og vöndum ekki betur til áætlanagerðar. Það erum við sem setjum fjárlögin. Það erum við sem setjum fjárreiðulögin. Hér er fjárveitingavaldið og það á auðvitað að vera alger undantekning að Alþingi sjálft lendi inni á fjáraukalögum vegna þess að áætlanagerð þess hafi ekki verið viðunandi. Við hljótum áfram að gagnrýna það og auðvitað harma í yfirferðinni yfir æðstu stjórn ríkisins að þau ráðuneyti, forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti, sem eiga að fara fyrir um aga og aðhald í ríkisfjármálum, um vandaða áætlanagerð og reglufestu, skuli jafnoft vera á fjáraukalögum og raun ber vitni. Kannski varðar það ekki síst forsætisráðuneytið því að þar er um að ræða aðalskrifstofuna. Auðvitað er líka gagnrýnisvert hvernig haldið hefur verið á fjármálum aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins um langt árabil. Þar situr alla jafna formaður hins stjórnarflokksins og stýrir málum, og honum ber auðvitað rík skylda til þess að fara á undan með góðu fordæmi í fjársýslu allri.

Þegar sá reikningur sem við fáum hér frá sendiráðum landsins upp á 270 millj. í viðbótarreikning þrátt fyrir stóraukin útgjöld á umliðnum árum til þessara sendiráða — og þegar til þess er horft að þessi 270 millj. kr. fjárveiting virðist ekki hrökkva fyrir vandanum heldur er líka verið að sækja það að sendiráðin njóti gengisþróunarinnar í ár ólíkt því sem vera ætti samkvæmt reglunum í fjárlagagerðinni — er skoðaður hlýtur maður að gagnrýna þau lausatök sem hafa glögglega verið á fjárreiðum sendiráðanna í utanríkisráðuneytinu og á aðalskrifstofunni.

Það er mikilvægt að við hér í þinginu, æðsta embætti ríkisins og þau ráðuneyti framkvæmdarvaldsins sem forustu hafa fyrir ríkisstjórninni förum á undan með meiri reglufestu og aga í vinnubrögðum en þetta fjáraukalagafrumvarp sýnir. Ég held að þar verði allir aðilar að taka á svo að okkur geti verið meiri sómi að framkvæmd fjárlaganna en raun ber vitni.

Við höfum út af fyrir sig talað um framkvæmd fjárlaganna við 1. umr. um fjáraukalögin og líka við umræðuna um fjárlögin og svo sem mörg undanfarin ár. Menn þekkja þann ágreining sem þar hefur verið uppi. Við höfum bent á það að hér eru jafnan kynnt fjárlög við upphaf þings á nokkurs konar áróðursfundum fjármálaráðherra þar sem dregin er upp ákaflega jákvæð mynd af þróun ríkisrekstrarins. Því miður eiga þær tölur sjaldan mikið skylt við veruleikann og frávikin eru satt að segja gríðarlega mikil, bæði gjaldamegin og nú þetta árið, sem betur fer, líka teknamegin. Á frávikunum þurfum við að taka og vanda miklu betur til áætlanagerðar. Ég held að það sé alveg óhætt að segja að

bæði í sveitarfélögunum og í atvinnulífinu sjálfu mundu menn sæta ámæli fyrir þá áætlanagerð sem hér er uppi.

Við ræddum um málefni landbúnaðarráðuneytisins sömuleiðis við 1. umr. og ég held að þær athugasemdir standi út af fyrir sig óhaggaðar. Við hljótum líka að setja spurningarmerki við ýmsa þá liði sem rata inn á fjáraukalög sem eru augljóslega ekki óvænt, ófyrirséð eða óhjákvæmileg útgjöld á yfirstandandi ári. Hér eru ýmsar fjárveitingar þar sem verið er að hreinsa upp margra ára halla, útgjöld sem féllu til á allt öðrum árum, útgjöld sem ákveðið var að stofna til í ár án þess að neina knýjandi nauðsyn virtist bera til þess og þar fram eftir götunum. Þær eiga að vera okkur umhugsunarefni, efasemdirnar sem Ríkisendurskoðun hefur sett fram um þessa framkvæmd alla og þær rúmu heimildir sem í fjárheimildunum standa um hver áramót, en í stað þess að taka þá umræðu hér eins og við höfum oft áður gert höfum við lagt fram sérstaka fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra þar sem við rekjum ýmsar af athugasemdum Ríkisendurskoðunar um lausatök í ríkisrekstrinum og óskum með formlegum og skriflegum hætti eftir afstöðu ráðuneytisins til athugasemda Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaganna. Við væntum þess að þau svör muni berast á næstu vikum og kunni að gefa þá tilefni til frekari yfirferðar við 3. umr.

[14:52]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir áliti 2. minni hluta fjárlaganefndar við frumvarp til fjáraukalaga við 2. umr.

Ég vísa til almennra talnaupplýsinga sem komu fram í ræðu hv. formanns fjárlaganefndar þar sem hann rakti þær breytingar sem meiri hlutinn gerir á fjáraukalagafrumvarpinu og niðurstöðutölur þess þar af leiðandi.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 og breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er lagt til að útgjöld ríkisins verði aukin um rúma 19 milljarða kr. Heimild til gjalda í fjárlögum ársins 2005 var 296,4 milljarðar kr., þ.e. þá hefur orðið 6,4% hækkun frá útgjöldum fjárlaga eins og við afgreiddum þau til ársins 2005.

Rétt er að árétta að í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í 43. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, segir að ef þörf krefur skuli í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Engin skilyrðislaus skylda hvílir á ríkisstjórn að leggja fjáraukalagafrumvarp fram fyrir hvert reglulegt þing, heldur fer það eftir þörfinni hverju sinni. Í reyndinni er aukafjárveitinga þörf á hverju ári enda getur ýmislegt breyst í tekjuöflun eða útgjöldum ríkisins og stofnana þess á heilu ári. Í 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins kemur fram hvenær heimilt er að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Þar segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.

Undanfarin ár hafa ýmis fjárútlát sem fjáraukalagafrumvarp hefur kveðið á um, svo sem vegna mennta- og heilbrigðismála, verið fyrirsjáanleg við gerð fjárlaga og hefðu því átt heima í fjárlagafrumvarpi hvers árs ef rétt hefði verið að verki staðið. Þrátt fyrir að í þessu frumvarpi hafi dregið úr slíku er enn að finna allmörg dæmi um að kveðið sé á um fjárútlát sem áttu heima í fjárlagafrumvarpi ársins af því að þau voru fyrirsjáanleg. Mörg þeirra voru reyndar flutt í breytingartillögum þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs við afgreiðslu fjárlaga fyrir tæpu ári. Svo fyrirsjáanleg var sú fjárvöntun sem síðar kom á daginn og er að hluta til verið að draga í land í þessu fjáraukalagafrumvarpi sem við hér ræðum.

Vissulega má líka finna dæmi í fjáraukalagafrumvarpinu sem rúmast innan laga um fjárreiður ríkisins, eins og t.d. framlög til neyðaraðstoðar vegna náttúruhamfaranna í Pakistan nú í haust, sem við ræddum í upphafi þings í dag, þar sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir og leggur til í því fjáraukalagafrumvarpi 18,1 millj. kr. til aðstoðar við fórnarlömb náttúruhamfaranna í Pakistan. Sú fjárhæð er svo sannarlega ekki há og kom fram í máli margra þingmanna fyrr í dag að þetta væri allt of lág upphæð og að við ættum að gera mun betur. Þess vegna flytjum við einmitt breytingartillögu við þennan lið fjáraukalagafrumvarpsins sem ég ætla að gera grein fyrir um leið og ég geri grein fyrir nefndarálitinu, breytingartillögu við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005 frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni. Hún hljóðar svo að undir lið 03-391, Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi, undir liðnum Mannúðarmál og neyðaraðstoð komi 98 millj. kr. í stað 31 sem er í frumvarpinu, þ.e. að við hækkum framlagið til neyðaraðstoðar í kjölfar jarðskjálftanna í Pakistan um 80 millj. kr. af hálfu ríkisins og mun það þó varla vera talin ofrausn miðað við bæði efni og aðstæður okkar og einnig miðað við þá miklu neyð sem þar ríkir nú. Þessi tillaga kemur síðan til frekari umfjöllunar og afgreiðslu um leið og fjáraukalagafrumvarpið er hér afgreitt við lok 2. umr.

En lítum á efnahagslegar forsendur fjárlaga ársins sem voru samþykkt fyrir tæpu ári sem við sjáum nú hvernig hafa virkað í raun. Með frumvarpi til fjárlaga fylgir greinargerð fjármálaráðuneytisins um þróun helstu stærða í þjóðarbúskapnum. Þær forsendur sem fjármálaráðuneytið lagði af stað með í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 hafa breyst mjög verulega er varðar gengisvísitöluna og áætlaðan viðskiptahalla. Þess má geta hér að gert var ráð fyrir því að gengisvísitalan yrði um 125 stig á árinu 2005 en í dag er hún rétt rúmlega 100 og er ekki fyrirsjáanlegt hver hún verður í árslok. Mér kæmi þó ekki á óvart að hún nálgaðist það að vera 110 sem er þá grundvallarbreyting frá því sem áætlað var við gerð fjárlaga þessa árs. En gengisvísitalan er einmitt mælikvarði á stöðu og samkeppnishæfni útflutningsgreinanna við aðrar greinar erlendis. Ég kem nánar að því síðar í ræðu minni. Þeir þættir sem birtast í gengisvísitölunni eru mjög alvarleg teikn um hversu veik staða efnahagslífs okkar er þrátt fyrir háar tölur í tekjum ríkisins, tekjum sem hafa orðið til að stórum hluta, allt of stórum hluta, vegna skatts á viðskiptahallann, skatts á of mikla og óhóflega einkaneyslu.

Viðskiptahallinn er þá hinn mælikvarðinn á það hvað er að gerast. Í fjárlögum eins og þau voru afgreidd fyrir árið 2005 var gert ráð fyrir liðlega 100 milljarða kr. viðskipta-

halla. Í skýrslu fjármálaráðuneytisins um þjóðarbúskapinn í janúar var áætlað að viðskiptahallinn yrði um 103 milljarðar kr. Í skýrslu frá október er þessi áætlun komin í 128 milljarða kr. Þá má nefna að í hagspá Landsbankans frá því í september sem bar yfirskriftina „Ógnarjafnvægi efnahagsmála" er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði 132 milljarðar kr. Þá er ljóst að verðbólgan á árinu hefur verið meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2005.

Niðurstaða viðskiptahallans á enn eftir að koma í ljós. Við eigum enn eftir mjög erfiða mánuði, lok nóvember og desember allan, mánuði mikillar eyðslu, mánuði mikillar einkaneyslu, og það sem er enn alvarlegra er að útflutningurinn hefur heldur dregist saman þannig að þessi staða, viðskiptajöfnuður við útlönd, verður enn verri fyrir það. Enda kemur það ekki á óvart að í þessari þróun efnahagsmála hefur einmitt staða útflutningsgreinanna veikst og útflutningsverðmæti þess vegna dregist saman, bæði vegna óhagstæðs gengis en líka vegna þess að fyrirtæki eru að draga saman og loka, og sum verða að hætta starfsemi vegna þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin rekur í efnahagsmálum. Allt þetta margfaldast og kemur greinilega fram í gengi krónunnar sem er allt of hátt og í allt of miklum viðskiptahalla sem allir efnahagssérfræðingar — og þarf ekki sérfræðinga til — segja að geti ekki gengið. En ríkisstjórnin gerir ekkert og meiri hlutinn á Alþingi gerir ekkert sem slær á þá þróun sem við nú stöndum frammi fyrir, því miður.

Þetta held ég, frú forseti, að sé einmitt einkenni framkvæmdar fjárlaga og efnahagslífs þjóðarinnar í dag.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs lagði í upphafi þings í haust fram tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Fylgir tillagan hér með sem fylgiskjal. Í ljósi stöðu útflutningsatvinnugreinanna, svo sem sjávarútvegs, ferðaþjónustu, nýsköpunar og hátækniiðnaðar, stöðu þessara iðngreina í stóriðju- og hágengisstefnu ríkisstjórnarinnar, hefur aldrei verið brýnna en nú að grípa til aðgerða. Tillaga Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem hér er til umfjöllunar á Alþingi, um aðgerðir til að tryggja efnahagslegan stöðugleika, er því mikilvægur liður í þeim aðgerðum sem verður að grípa til.

Eins og áréttað var hér að framan á einungis að veita viðbótarheimildir í fjáraukalögum vegna ófyrirséðra verkefna. Lögin kveða á um það. Undanfarin ár hafa sérstaklega verið nefndir ýmsir fjárlagaliðir vegna mennta- og heilbrigðismála sem hafa fengið viðbótarheimildir í fjáraukalögum, þrátt fyrir að bent hafi verið á við fjárlagagerð að ljóst væri að fjárveitingar væru ekki nægar. Sem dæmi um viðbótarheimildir í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 er sérstaklega bent á viðbótarheimild til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins upp á 50 millj. kr. og sendiráða Íslands upp á 276 millj. kr.

Frú forseti. Ég hef áður gert þetta að umræðuefni hér. Samkvæmt fjárreiðulögum á með fjáraukalögum að taka á ófyrirséðum útgjöldum ellegar bregðast við einhverju sem Alþingi hefur samþykkt.

Vissulega er það engin bein afsökun hjá einstökum stofnunum á vegum ráðuneytanna þó að þær fari fram úr fjárheimildum sínum, en þeim getur verið vorkunn. Þessar stofnanir geta haft verkefni sem krafist er að úr verði leyst og ef löggjafinn hefur ekki tryggt þeim nægilegt fjármagn til að inna þau af hendi eru þær í vanda staddar. Ég þekki dæmi þess að forstöðumenn slíkra stofnana hafa einmitt spurt handhafa framkvæmdarvaldsins hvað þeir eigi að gera, fjármagnið sé ekki nóg en samkvæmt verkefnum eigi þeir að inna þessi verkefni af hendi. Og svörin hafa oft verið fátækleg. Þessar stofnanir neyðast því oft til að fara fram úr fjárheimildum sínum. Við þekkjum þetta. Framhaldsskólarnir, háskólarnir, sjúkrahúsin, svo að dæmi séu nefnd, hafa neyðst til að fara fram úr fjárheimildum. Er það í sjálfu sér ekki gott en er oft frekar dæmi um lélega fjárlagagerð en misbeitingu fjár.

Það er engin lagaleg heimild fyrir því að aðalskrifstofur ráðuneytanna, sem lúta beinni yfirstjórn ráðherranna, skuli meðhöndla fjárlögin eins og t.d. birtist hjá utanríkisráðuneytinu, að á fjáraukalögum skuli vera beðið um á fjórða hundrað milljóna króna til að mæta uppsöfnuðum halla fyrri ára. Ég tel mjög brýnt að tekið verði á fjármálalegri stjórnsýslu ráðuneytanna. Það er erfitt að ætlast til þess að fjársýsla í undirstofnunum verði betri en fjársýsla yfirmannsins, og fjársýsla utanríkisráðuneytisins er með ólíkindum. Hef ég óskað eftir því að áður en við afgreiðum þessi fjáraukalög til 3. umr. verði gerð grein fyrir því hvernig á þessu máli verði tekið, hvers vegna þetta gerðist, og líka þá hvers konar viðurlögum verði beitt.

Ýmis önnur atriði er hægt að nefna hér. Halli samkvæmt höfuðstól einstakra fjárlagaliða í ríkisreikningi fyrir árið 2004 er alls rúmir 20 milljarðar kr. Þar af eru lífeyrisskuldbindingar 7,3 milljarðar kr. og afskriftir skattkrafna 4,8 milljarðar kr., en ónýttar fjárheimildir eru rúmir 16 milljarðar kr. Þessi frávik eru orðin allt of mörg og mikil. Uppsafnaður halli flyst sjálfkrafa yfir á næsta ár. Það er því ljóst að sá vandi sem fluttist frá árinu 2004 yfir á árið 2005 er ekki leystur í fjárlögum ársins 2005 eða í þessum fjáraukalögum eins og þau a.m.k. birtast hér við 2. umr. Við blasir að nokkur ráðuneyti og stofnanir eru nú þegar komin langt út fyrir heimildir fjárlaga án þess að brugðist hafi verið við samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um framkvæmd fjárlaga. Í þessu sambandi má benda á að fjárlagaliðir sem komnir voru umfram heimildir hjá menntamálaráðuneytinu í árslok 2004 námu alls um 1,5 milljörðum kr. og hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti um 2,6 milljörðum kr. Þessi yfirfærsla á halla eða ónýttum fjárheimildum er komin langt umfram það sem hægt er að telja eðlilegt.

Þegar þetta álit er lagt fram hefur fjárlaganefnd ekki fengið uppgjör fjármálaráðuneytisins fyrir janúar til september ársins 2005 fyrir einstök ráðuneyti eða stofnanir sem undir það heyra. Til þess að fjárlaganefnd geti sinnt eftirlitsskyldu sinni og gert raunhæft mat á þörfum fyrir viðbótarheimildir í fjáraukalögum verður að gera kröfu til þess að upplýsingar um fjárhagsstöðu stofnana og ráðuneyta berist nefndinni mun fyrr en nú er.

Fjáraukalagafrumvarpið sem kemur hér til 2. umr. ber því miður of mikinn keim af því að einstakir ráðherrar eru að troða inn gæluverkefnum sínum frekar en að tekið sé á brýnum og aðsteðjandi vanda einstakra stofnana og þær jafnvel látnar fara með halla áfram til næsta árs.

Ég hef lagt áherslu á að breyta þurfi vinnu við fjárlaga-

gerðina. Til að bæta vinnulagið og tryggja að farið sé að lögum hef ég einmitt lagt fram hér á undanförnum árum tillögur til breytinga á lögum um fjárreiður ríkisins sem fela það í sér að þegar svo ber undir skuli fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir Alþingi að vori og aftur að hausti. Þingið samþykkir ýmis lög á fyrri hluta árs og þau geta haft í för með sér fjárskuldbindingar á sama ári. Ýmsar forsendur geta einnig breyst, eins og dæmin sanna, og bregðast þarf við þeim. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd taki þau mál til meðferðar og leggi fram fjáraukalagafrumvarp sem verði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög er svo hægt að afgreiða í byrjun október og síðan kæmu lokafjárlög. Þannig gæti Alþingi fylgt eftir ábyrgð sinni, stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum eins og lög kveða á um. Þannig yrði einnig komið í veg fyrir að efnt væri til útgjalda án heimildar Alþingis nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um.

Afar brýnt er að þessi endurskipan fjárlagagerðarinnar komist sem fyrst á svo að það verði í raun Alþingi sem ákveði fjárveitingar til einstakra verkefna. Eins og nú háttar til stendur Alþingi frammi fyrir ákvörðunum framkvæmdarvaldsins um fjárveitingar sem að meira eða minna leyti hafa þegar verið teknar. Sú er því miður raunin í allt of mörgum tilvikum í frumvarpi til fjáraukalaga sem við erum að fjalla hér um.

Frú forseti. Ég ætla aðeins að víkja að nokkrum þeim breytingartillögum sem liggja fyrir í tillögum meiri hlutans. Ég hef reyndar áður vikið að málefnum utanríkisráðuneytisins sem verður að líta svo á að hafi verulega sérstöðu vegna þess hvernig með fjármuni er farið þar sem á fjáraukalögum er sótt um, eins og hér hefur áður komið fram, 50 millj. kr. til að mæta uppsöfnuðum halla á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Hefur þó aðalskrifstofan fengið rækilega auknar fjárveitingar á fjárlögum undanfarinna ára. Þá þarf einnig að líta til sendiráða Íslands þar sem óskað er eftir 276 millj. kr. framlagi til sendiráða á fjáraukalögum til að mæta uppsöfnuðum halla fyrri ára. Á orðum þess fulltrúa utanríkisráðuneytisins sem kom á fund fjárlaganefndar var að heyra að þau hefðu ekki talið sér fært að fara að lögum eða stjórnvaldstilskipunum varðandi meðferð fjárlaga ráðuneytisins og þess vegna gert það sem þeim sýndist hvað það varðaði og óska nú eftir því að fá á fjáraukalögum á fjórða hundrað millj. kr. Það fylgdi sögunni að það væri sennilega ekki nóg til að mæta þeim uppsafnaða halla.

Frú forseti. Þetta er óásættanlegt. Það mega vel vera rök fyrir því að utanríkisþjónustan þurfi allt þetta fjármagn þó að ég dragi það stórlega í efa en vinnulagið gengur alltént ekki upp.

Ég hef áður mælt fyrir breytingartillögu um hækkun á framlagi til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi þar sem lagt er til að tillaga meiri hlutans hækki úr 18 millj. kr. í 98 millj. kr., eða um 80 millj. kr., þ.e. framlag til neyðaraðstoðarinnar í Kasmír og Pakistan. Auk mín eru flutningsmenn tillögunnar hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson.

Það er lagt til hér í fjáraukalagafrumvarpinu að 50 millj. kr. séu lagðar til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til uppbyggingar og þróunarstarfs í Sri Lanka vegna flóðanna þar. Sú upphæð þótti nú ekki há.

Þá er einnig sótt hér um heimild til þess að veita 31 millj. kr. til stuðnings við fórnarlömb fellibylsins Katrínar, eins og stendur hér í fjáraukalagafrumvarpinu:

„Ráðgert er að framlagi verði veitt í sérstakan sjóð, Bush-Clinton sjóðinn, sem stofnaður var til styrktar fórnarlömbum fellibylsins."

Frú forseti. Það voru hryllilegar hamfarir sem gengu yfir Bandaríkin en það skýtur samt óneitanlega skökku við að upphæðin sem ríkisstjórnin leggur til náttúruhamfaranna í Pakistan, sem eru af miklu meiri stærð og alvarlegri, skuli einungis vera 18 millj. kr. Við leggjum til að sú upphæð verði hækkuð um 80 millj. kr. og þykir þó engum ofrausn.

Frú forseti. Ég vil nefna nokkur önnur atriði. Ég fagna því að komið er til móts við fjárhagsvanda Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og tel að það hafi verið mjög mikilvægt. Verið var að mynda þar eina stofnun úr þremur og það hefði verið mjög slæmt að hin nýja stofnun færi með mikinn halla inn í sitt fyrsta ár. Það var hárrétt að leysa það mál og vonandi verður það gert það myndarlega að sá halli sé algjörlega skorinn af.

Ég fagna því líka að hér er tillaga um 100 millj. kr. framlag vegna aukinna hálkuvarna á þjóðvegum en ég flutti fyrir tveim árum tillögu um að auka þyrfti hálkuvarnir á þjóðvegum til þess að tryggja öryggi og umferð, eins og við nú erum með snjómokstur, og er ánægjulegt að það skuli vera að koma núna inn sem sérliður.

Einnig fagna ég því að 300 millj. kr. skuli lagðar til endurbóta og öryggisaðgerða á veginum um Óshlíð. Þar er vísað til samþykktar ríkisstjórnarinnar sem að sjálfsögðu fær enga löggildingu fyrr en Alþingi hefur um það fjallað. Þar tek ég einnig undir ábendingar heimamanna að við rannsóknir og kannanir á legu jarðganga á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar verði stílað upp á að þar verði heildstæð jarðgöng sem leysi þann vanda og óöryggi sem vegfarendur þar hafa mátt búa við árum saman.

Frú forseti. Með nefndaráliti mínu fylgir tillaga okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um aðgerðir í efnahagsmálum sem ég tel afar brýnt að grípa til. Staða efnahagsmála, eins og birtist m.a. í forsendum fjárlaga þessa árs, er mjög alvarleg. Við fáum upplýsingar frá hverju atvinnufyrirtækinu á fætur öðru um að það geti ekki starfað við þessa gengisþróun, við þessa vexti á almennum lánamarkaði og fjöldinn allur af fyrirtækjum lokar eða dregur saman í rekstri, fólki er sagt upp. Fyrirtæki sem eru að þróa hátækniiðnaði og hátæknistörf og eru líka með hliðstæða starfsemi erlendis eru í auknum mæli að flytja starfsemi sína úr landi þannig að atvinnulíf okkar verður veikara og veikara, fari fram sem horfir. Það er einmitt fjölbreytni atvinnulífsins og styrkur þeirra útflutningsgreina sem við nú búum við og erum að þróa sem gefur okkur möguleika til þess að sækja fram og bæta lífskjör. Það er kannski alvarlegasti vandinn að ekki skuli á þessu tekið.

Við leggjum til að þegar verði haft samráð um hvernig efnahagslegum stöðugleika verður komið á á ný. Við leggjum til að aðilar vinnumarkaðarins, samtök bænda, neytenda, öryrkja og aldraðra og allra þeirra sem málið snertir hafi samráð og grípi til samræmdra aðgerða til þess að

tryggja á nýjan leik efnahagslegan og félagslegan stöðugleika.

Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar eru ekki liður í því að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Stöðug umræða um auknar stóriðjuframkvæmdir er líka einn veigamesti þátturinn í að viðhalda ógnarjafnvægi og óstöðugleika í efnahagslífinu og það er þess vegna eitt það brýnasta að ríkisstjórnin lýsi því yfir að frekari framkvæmdum við stóriðju og virkjanir verði slegið á frest eftir að þeim framkvæmdum sem í gangi eru er lokið svo að efnahagslífið geti náð sér á ný.

Frú forseti. Ég kem í seinni ræðu minni nánar að öðrum atriðum er lúta að því sem er að gerast í efnahagslífinu og hvernig við getum tekið á því hér, ekki síst við gerð fjárlaga, en læt máli mínu lokið að þessu sinni.

[15:22]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að vanda að hv. þingmaður komi hér og ræði ríkisfjármálin en ræði jafnframt um allt milli himins og jarðar, eins og honum einum er lagið. Hann fór hér mikinn um það hver hætta stafaði af viðskiptahallanum, hinum gríðarlega viðskiptahalla og þeirri vá sem væri fyrir dyrum. Hann sagði að allir væru sammála um að gengið væri allt of hátt. Hann sagði að ríkisstjórnin gerði ekkert í málinu.

Nú reyndi ég að hlusta eins vel og ég gat á ræðu hv. þingmanns en ég gat ekki með nokkru móti orðið þess vís hvað hv. þingmaður vildi gera í málinu og legg því fyrir hann eftirfarandi spurningar:

Hvað telur hv. þingmaður að eigi að gera gagnvart genginu? Telur hann stefnu Seðlabankans um stýrivextina, vextina af endurkræfu verðbréfunum hafa verið ranga? Taldi hann það rangt hjá Seðlabankanum að hefja þessa hækkun 2. des. sl.? Telur hann að vextirnir séu þegar orðnir of háir? Telur hann að það eigi að hætta við að hækka vextina? Hvernig vill hann þá gera það? Vill hann þá segja alþjóð að það eigi að fara að lækka stýrivexti Seðlabankans samkvæmt áætlun úr því að hann telur þá allt of háa og gengið allt of hátt? Hvernig vill hann gera þetta?

Það fylgir með hér í pakkanum umræða frá vinstri grænum og þar segir að það eigi að efla útflutninginn en það megi alls ekki skerða kaupmáttinn. Hvernig ætlar hann að draga úr einkaneyslunni ef hann getur eflt útflutninginn án þess að það megi draga úr kaupmættinum? Ætlar hann bæði að fara upp og niður, út og suður og til vinstri og hægri í einu skrefi?

[15:24]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er í sjálfu sér gott að það er einn hv. stjórnarþingmaður sem hefur áhyggjur af því hvernig staða efnahagsmála er hvað varðar útflutningsatvinnugreinarnar, það eru ekki margir aðrir.

Hv. þingmaður spurði hvað bæri að gera. Ég leyfi mér að vitna í umsagnir fjármálasérfræðinga, m.a. hjá Seðlabankanum, um að nú sé ekki rétti tíminn fyrir skattalækkanir sem koma eingöngu hátekjufólki til góða. Númer eitt væri að fresta þeim ef ekki að hætta við þær alveg.

Það gefur augaleið að sá vaxtamunur sem nú er á lánamarkaði á Íslandi og erlendis upp á 7,5%, eitthvað þar um bil, gengur ekki. Það gengur ekki að hægt sé að flytja hingað inn fé í stórum stíl til þess að hagnast á þeim vaxtamun. Það er verið að blóðmjólka eignir almennings í landinu með þeirri stefnu.

Það er mitt mat að Seðlabankinn hafi byrjað of fljótt að hækka vexti og byrjað á of háu stigi. Hann hefði átt að vera kominn neðar. Eftir að efnahagslægðinni í kringum 2001 lauk hefði Seðlabankinn átt að vera kominn neðar í sínum vöxtum til að hafa meira svigrúm til þess að mæta þeim kröfum sem til hans eru gerðar varðandi tökin á efnahagsmálunum, sem hann hefur nánast eingöngu gegnum vexti. (Forseti hringir.)

[15:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri þá aðra tilraun. Telur hv. þingmaður að vextir Seðlabankans séu of háir? Ef hann segir að það gefi auga leið að 7,5% vaxtamunur við útlönd gangi ekki, telur hann þá ekki að það verði að lækka þessa vexti? Varla fer Evrópa að hækka vexti við Ameríku okkar vegna til að jafna muninn.

Ef við lækkum vextina, sem ég er að vonast til að hv. þingmaður sé sammála mér að gera, er hann þá ekki sammála því sem allir segja að við það muni krónan veikjast og staða útflutningsgreinanna batna og telur hv. þingmaður það ekki af hinu góða? Nú bið ég hann um að svara já eða nei, það er miklu betra að fá svoleiðis svör.

Er þá ekki gefinn hlutur, sem allir þurfa að horfast í augu við, að kaupmátturinn minnkar, einkaneyslan minnkar? Fæ ég ekki svarið já eða nei? Er það ekki af hinu góða? Er það ekki nauðsynlegt, virðulegi forseti, að kaupmátturinn í innfluttum erlendum varningi lækki? Þarf ekki að gera mönnum nákvæmlega grein fyrir því að hann á að lækka því að hann er of mikill til þess að draga úr viðskiptahallanum? Mér þætti vænt um að fá svarið já eða nei.

Verða menn ekki að gera sér grein fyrir því að það er ekki bæði hægt að halda og sleppa? Það er ekki bæði hægt að hoppa til vinstri og um leið hoppa til hægri. Það er ekki bæði hægt að fara fram um leið og þú ferð aftur. Það verður að segja þetta alveg skýrt. Gengið er of hátt, kaupmáttur í erlendum varningi er of hár. Það þarf að lækka vextina til þess að framleiðslan á Íslandi fái lifað. Mikið væri það gaman, virðulegi forseti, ef hv. þm. Jón Bjarnason vildi nú staðfesta þessa skoðun mína.

[15:28]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það skal ekki standa á mér að staðfesta það að gengið sé allt of hátt og vextir séu allt of háir og að viðskiptahallinn sé allt of mikill. En ég er ekki við stjórnvölinn, því miður. Því miður er það ekki ég sem er við stjórnvölinn, frú forseti. (**Gripið fram í:** Hvað viltu gera?) Það er Seðlabankinn og meiri hluti ríkisstjórnarinnar sem er við stjórnvölinn. (**Gripið fram í:** Þín skoðun. Hvað viltu gera?)

Mín skoðun er sú að fyrst verður að losna við þessa ríkisstjórn því að hún virðist ekki ráða við þetta. Hún er ekki

að koma núna fyrst til valda, er það? Kom hún til valda í haust? (**Gripið fram í:** Hvað viltu gera?) Nei. Hún er búin að vera hér í tólf ár. (Gripið fram í.) Og núna kemur helsti forsprakki Sjálfstæðisflokksins í fjármálum og spyr stjórnarandstöðuþingmann: Hvað á ég að gera? Hvað á ég að gera, hrópar hv. þm. Einar Oddur í örvæntingu sinni. (**Gripið fram í:** Hvað viltu gera?)

Ég vil fyrst losna við ríkisstjórnina, síðan verður að sjálfsögðu að draga til baka skattalækkanirnar sem ríkisstjórnin hefur trú á, skattalækkanir sem koma fyrst og fremst hátekjufólkinu til góða, því hátekjufólki sem er að eyða, því hátekjufólki sem stendur að baki hinni miklu einkaneyslu. Það er ekki fátæka fólkið, það eru ekki öryrkjar, það eru ekki ellilífeyrisþegar sem standa fyrir þessari auknu einkaneyslu. Nei, það er dekurfólk ríkisstjórnarinnar, m.a. Sjálfstæðisflokksins, sem fær aukin vilyrði í lækkun skatta til þess að geta eytt meiru og stuðlað m.a. að viðskiptahallanum.

En vextirnir eru allt of háir, ekki síst þeir innlendu vextir sem nú bitna harðast á íslensku atvinnulífi.

[15:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það verður að segjast alveg eins og er að enn á ný er farið á svig við fjárreiðulög og framúrkeyrslan stefnir í 19 milljarða kr. í fjáraukalagafrumvarpinu. Í fjáraukalögum eiga aðeins að vera ófyrirséð fjárútlát en ekki kostnaður sem vel mátti vera sýnilegur við afgreiðslu fjárlaga í fyrrahaust. Mesti vandi okkar nú er mikil skuldasöfnun heimilanna samfara mikilli eyðslu og auknum viðskiptahalla. Í fjárlögum ársins 2005 var áætlað að gengisvísitalan yrði 122 stig á þessu ári en staðreyndin nú er 100 stig. Spyrja má hvort spáin nú um 115 stig sem viðmið í gengismálum fyrir árið 2006 sé líklegri til að vera rétt en fyrri spá.

Hæstv. forseti. Best væri ef gengið á íslensku krónunni lækkaði sem fyrst og lækkaði í hálfum skrefum svo komist yrði hjá kollsteypu í genginu. En því miður verður það líklegri niðurstaða með hverjum mánuðinum sem líður, vegna þess hversu gengið er ofurhátt, að við lendum í kollsteypu með þeim erfiðleikum og kaupmáttarrýrnun sem því fylgir. Það verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, að spádómar vísustu manna, sérfræðinga í peningamálum og hagfræði hér á landi sem ríkisstjórnin hlýtur að fá ráðgjöf frá hafa varla gefið góða ráðgjöf og góða raun til þeirra ráðherra í ríkisstjórninni sem eftir hafa farið.

Hæstv. forseti. Ég held einnig að við þingmenn sem flestir studdum hækkun lánshlutfalls húsnæðislána í allt upp í 90% lán hefðum mátt treysta betur eigin hugsun og stíga ekki þau hröðu skref í hækkun lána í Íbúðarlánasjóði sem við gerðum. En þá spyr maður: En hvað með bankana sem fóru í að koma með allt upp í 100% lán? Sáu þeir enga hættu fyrir stafni með allt sitt sérfræðingalið í fjármálum eða var þeim e.t.v. alveg sama, enda mætti græða vel á þeirri þenslu sem á eftir kæmi og síðar á sterku gengi íslensku krónunnar og enn síðar á falli hennar með því að tryggja sig í verðtryggingu lána, tryggja sig í fyrsta veðrétti eigna og kaupum á erlendum gjaldeyri þegar fallið byrjaði fyrir alvöru? Er það virkilega svo að einkabönkum sé sama um þessa þróun og sveiflur, enda sjái þeir í sviptingum öllum mikil gróðatækifæri fyrir fjársterka banka og verðbréfamenn? Það er hins vegar óþægileg tilfinning þingmanns sem hvorki er innvígður í peningavaldið né hefur það sem sérstakt áhugamál að velta allan daginn vöngum yfir peningum, vaxtaprósentum eða telja peninga að upplifa það að ráðgjöf og spá sérfræðinganna er í raun aðeins orð í nútíma töluð en marklaus til að byggja á og handahófskennd vinnubrögð.

Íslendingum er mikill vandi á höndum að vera í þessari erfiðu stöðu. Úr vanda er að ráða. En ég endurtek þau orð mín áðan að ég tel miklu betra að gengishreyfingarnar niður á við hefjist sem fyrst svo það ferli sem fram undan er megi e.t.v. verða í skynsamlegum skrefum en dragist ekki til langframa þannig að fallið yrði miklu meira en jafnvel væri eðlilegt og skaði launþega af slíku falli yrði miklu meiri en ella gæti orðið. Því verður ekki á móti mælt að þegar gengið lækkar hér á landi, sem það mun gera, þá hefur það áhrif á kjör fólksins.

Í fjáraukanum nú á að setja viðbótarfjármuni í eitt og annað sem varla ber svo brátt að að þar eigi það heima heldur miklu fremur í fjárlögum ársins 2006. Nokkur dæmi má nefna. Framúrkeyrsla hjá embætti forseta Íslands er upp á 98 milljónir — þar af eru 85 milljónir frá árinu 2004 og fyrr — sem áttu heima í þeim fjárlögum eða eiga eftir að falla í fjáraukalögum fyrri ára. Er svo erfitt að sjá fyrir rekstur Bessastaða? (**Gripið fram í:** Já.) Þá held ég að tími sé kominn til að setja betri fjárstjórn. Það er óþarfi að hafa þessi mál eins og þau eru í dag.

Hæstv. forseti. Nú liggur allt í einu svo mikið á að gefa út spænsk-íslenska orðabók að slík útgáfa er sett í fjáraukalög ársins þó svo að það sé aðeins innan við mánuður þangað til við væntanlega samþykkjum fjárlög næsta árs í hv. Alþingi. Ég spyr: Hvaða eðlilegu skýringar eru á þessari ákvörðun menntamálaráðherrans? Það er upplýst í texta fjáraukalagafrumvarpsins að það eru þrjú til fjögur ár þar til að þessu verki, spænsk-íslensku orðabókinni, lýkur. Hvers vegna er þetta þá í fjáraukalögum? Tengist kannski einhver góðvinur stjórnarflokkanna þessu verki? Er eitthvað sem þarf að tryggja strax? (**Gripið fram í:** Svaraðu?) Get ekki svarað. Ég spyr.

Landbúnaðarráðuneytið fær 2,3 milljarða í þessum fjáraukalögum. Þar er uppsafnaður rekstrarhalli um 70 milljónir hjá nýjum sameinuðum Landbúnaðarháskóla á Hvanneyri. Þessi fjárveiting átti með réttu að vera til staðar áður en sameiningin fór fram. Hún var þekkt. Ég spyr: Hver er skýringin á því að tilfærsla upp á 2,2 milljarða á heima í fjáraukalögum en ekki í fjárlögum næsta árs? Af hverju liggur svo á að þessi tilfærsla skuli vera í fjáraukalögunum? Ég vona að forsvarsmenn fjárlaganefndar eða fjármálaráðherra, sem sennilega er farinn héðan úr salnum, geti svarað þessari spurningu.

Við afgreiðslu fjárlaga ársins 2005 lagði stjórnarandstaðan fram tillögu um 100 milljón kr. hækkun til Háskólans á Akureyri. Þá tillögu felldu stjórnarþingmenn í atkvæðagreiðslu í fyrra haust. Nú kemur menntamálaráðherra upp við afgreiðslu fjáraukalaga með tillögu um 110 milljón kr. hækkun þvert ofan í fyrri ákvörðun sína og annarra stjórnarliða. Menntamálaráðherrann mætti alveg að skaðlausu hafa meiri yfirsýn yfir mál í sínu eigin ráðuneyti.

Hæstv. forseti. Þetta er það sem kallað er handahófskennd vinnubrögð. Svo virðist sem hæstv. menntamálaráðherranum líki betur að lofa ýmsu á mannamótum, ýmsum fjárveitingum þó engin samþykkt sé fyrir slíku til staðar, hvorki í fjárlaganefnd né á Alþingi sem hefur löggjafarvaldið.

Varðandi Háskóla Íslands lagði stjórnarandstaðan til við afgreiðslu fjárlaga í fyrrahaust að fjárveitingin yrði hækkuð um 470 milljónir. Það var að vísu líka fellt af stjórnarliðinu. En núna á að hækka fjárlög um rúmlega 1 milljarð fyrir árið 2006 og þar til viðbótar í fjáraukalögum nú um 177 milljónir kr. Auðvitað er verið að taka á vanda sem fyrirséður var haustið 2004 og enn vantar á að lagfærð sé nægilega bæði staða Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands. Finnst mönnum þetta vera vinnubrögð sem bera vitni um skarpa yfirsýn menntamálaráðherra í málefnum háskólanna eða er kannski verið að forgangsraða til þeirra skóla sem taka skólagjöld með sveltistefnu á aðra háskóla? Svo mætti halda. Þetta finnst mér, hæstv. forseti, ábyrgðarlaus vinnubrögð.

Í utanríkisráðuneytinu er haldið áfram að þenja út og það vill fá í fjáraukanum í aukna yfirstjórn og almennan rekstur alls 326 milljónir af þeim 500 milljónum sem það sækir um í fjáraukanum. Þar til viðbótar eykst rekstur aðalskrifstofu á næsta ári um 140 milljónir samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2006. Svo virðist sem orðin sé hefð fyrir því að utanríkisráðuneytið eyði umfram fjárlög á hverju ári og bæti í eyðsluna við stjórnun og við sendiráð í öllum fjárlagafrumvörpum sem minni mitt rekur til.

Hjá Tryggingastofnun ríkisins í lið 6.01, Tæki og búnaður, tillaga um 75 milljón kr. aukafjárveitingu enn á ný til að mæta kostnaði við hönnun á nýju greiðslukerfi lífeyristrygginga. Talið er að kostnaður verði í heild hátt í 400 milljónir kr. og að verkinu ljúki e.t.v. árið 2006. Hönnun þessa kerfis er komið úr öllum böndum og fróðlegt væri að hæstv. fjármálaráðherra gerði okkur grein fyrir því hversu lengi þetta verkefni hefur staðið, þ.e. smíði á þessu sérstaka kerfi fyrir Tryggingastofnun ríkisins og hvaða snillingar það eru nú sem hafa verið með þetta verk á sinni könnu árum saman. Þeir eru reyndar í áskrift við að búa þetta kerfi til að því er virðist. Ég hef staðið í þeirri meiningu, hæstv. forseti, að mikið sé til af lausnum varðandi bókhald og mismunandi tölvukerfum til allra verka í þessu þjóðfélagi. En það virðist þurfa að sérhanna allt fyrir ríkið. Fróðlegt væri ef hæstv. fjármálaráðherra gæti upplýst það, ef hann gæti fengið sína starfsmenn til að fletta því upp, hvað ríkissjóður hafi eytt miklu í hönnun slíkra kerfa undanfarin fimm ár í hinum ýmsu stofnunum. Mig grunar að það hlaupi, því miður, orðið á milljörðum.

Hæstv. forseti. Að lokum langar mig að spyrja um tvær upphæðir í fjáraukalagafrumvarpinu. Það er annars vegar um ýmis leyfis- og skráningargjöld sem hækka um 168 milljónir. Ég vil spyrja nánar út í það hvaða gjöld eru hér á bak við eða hvar megi finna skýringar við þessa tölu. Hins vegar langar mig að forvitnast um auknar tekjur af dómsektum og viðurlagaákvörðunum sem einnig er hér veruleg upphæð, um milljarður kr.

Ég vona að hæstv. fjármálaráðherra geti svarað þessum einföldu spurningum sem ég hef lagt fyrir hann og vonast til að við förum upplýstari inn í umræðuna um fjárlög þegar þar að kemur.

[15:45]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Í þessari 2. umr. um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005 er eðlilegt að umræðan fari vítt og breitt, jafnvel í umræðu um almenn efnahagsmál eins og hér hefur nokkuð borið á. Hins vegar er eðlilegt að við látum ýmislegt bíða til 3. umr. af þeirri einföldu ástæðu að í dag eru t.d. aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin vonandi að ganga frá samkomulagi og það er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því að það geti haft einhver áhrif á frumvarpið sem hér liggur fyrir og þær breytingartillögur sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt fram. Það er a.m.k. ekki ólíklegt að þar gæti eitthvað komið inn.

Ég get endurtekið það sem ég hef sagt áður í umræðum um frumvarp til fjáraukalaga og um fjárlagafrumvarpið að ég tel það okkar helstu von til þess að tök náist á efnahagslífinu að aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin nái samkomulagi, þar sem aðilar vinnumarkaðarins hafa í raun mun meiri áhrif en ríkisstjórnin og að þeir komi vitinu fyrir ríkisstjórnina. Við vitum auðvitað hvernig umræðan um efnahagslífið hefur verið, þar hafa fulltrúar ríkisstjórnarinnar yfirleitt sungið þann sérkennilega söng að hér sé allt í lukkunnar velstandi og að ekkert þurfi að gera til þess að taka utan um þau mál og láta þau lenda á réttan hátt.

Þetta er hins vegar algjörlega í andstöðu við það sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sagt og ég endurtek að ég bind vonir við það, eins og gerðist síðast þegar við vorum í svipuðu ástandi, að þessir aðilar komi vitinu fyrir ríkisstjórnina og aðstoði okkur við að tryggja mjúka lendingu í því ástandi sem við nú búum við.

Frú forseti. Það er ekki annað hægt en að taka undir það sem hér hefur komið fram varðandi frumvarp til fjáraukalaga og þær breytingartillögur sem komið hafa frá meiri hluta fjárlaganefndar. Það er með ólíkindum hversu illa gengur að fá ríkisstjórnarmeirihlutann og ríkisstjórnina sjálfa til þess að fara eftir þeim ágætu lögum sem fjárreiðulög ríkisins eru. Og þrátt fyrir það að hæstv. fjármálaráðherra hafi rifjað upp með okkur hér fyrr í haust að hann hafi átt sæti í þeirri ágætu nefnd sem samdi lögin virðist það ekki hafa nein áhrif á vinnubrögðin enn sem komið er a.m.k. En við vonum auðvitað það besta og gefum hæstv. fjármálaráðherra að sjálfsögðu tækifæri til þess að sýna það að ári að einhver meining hafi verið í allri þeirri vinnu sem fór í að semja fjárreiðulögin.

Frú forseti. Það er auðvitað dæmi um það mikla kæruleysi sem menn viðhafa hér við ríkisfjármálin að menn skuli fara svo gróflega á mis við þau trekk í trekk og nota fjáraukalög til þess að sópa upp ýmsu sem á heima í fjárlögum. En þetta virðist vera orðinn vani eða hluti af þeim leik að fegra fjárlagafrumvarpið og fjárlögin sjálf, að setja allt mögulegt sem á heima í fjárlögum inn í fjáraukalög. Við erum búin að fara margoft yfir þetta og gerðum reyndar alveg sérstaka úttekt á fjáraukalagaumræðunni árið 2003 en því miður hefur það engan árangur borið. Við verðum samt sem áður að halda áfram og vona að það miði í rétta átt þótt hægt fari, því að ekki er hægt að gefast upp, og það er hægt

að segja að það hafi eitthvað miðað áfram, en asskoti er nú hægt farið.

Hið mikla innstreymi fjármagns í ríkissjóð leiðir auðvitað líka til kæruleysis, en það skapast m.a. af því að það þarf ekki að hafa áhyggjur af því að menn eigi ekki fyrir reikningunum þegar þenslan er slík sem nú og skilar sér með stórauknum fjármunum í ríkissjóð. Hluti af kæruleysinu er auðvitað þegar skoðað er hve ótrúlega miklu skeikar í áætlunum og forsendum sem t.d. fjárlög fyrir árið 2005 byggja á. Í einföldum orðum er hægt að segja að allt sé á skjön, það standist ekki neitt, og ég hugsa að það sé langt síðan við höfum horft upp á jafnmikil frávik frá forsendum og við sjáum nú. En eins og ég sagði áðan og endurtek, þá held ég að nær sé að ræða þetta við 3. umr. vegna þess að þá sjáum við, ef samkomulag næst á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar, til hvaða ráða verður brugðið til þess að ná tökum á því ástandi sem við nú lifum við.

Frú forseti. Ég vil þó nefna örfá dæmi varðandi það hvernig þetta kæruleysi kemur fram. Því miður verð ég þó að byrja á að taka til baka orð sem ég lét falla við 1. umr. þegar ég tók Alþingi sérstaklega sem dæmi um það hvernig menn ættu að læra af fyrri mistökum. Eins og við munum flest var það þannig fyrir ári að í fjáraukalagafrumvarpinu var afgreidd 60% leiðrétting á framkvæmdum við Alþingishúsið. Ég hafði vonast til þess að menn hefðu lært af þessu og náð tökum á áætlunargerðinni og ég sá ekki annað í frumvarpi til fjáraukalaga en að nú væri málum þannig háttað að þrátt fyrir miklar framkvæmdir í sumar hefði náðst að stilla rétt af.

Því miður kemur það nú í ljós að lærdómurinn er mun minni en ég hélt, því að í fyrra voru það 60% en nú eru það 44%. Vissulega er munurinn minni en fyrr og er í rétta átt, en það tekur ansi mörg ár ef við eigum að ná að núllstilla þetta ef hraðinn er ekki meiri. Þetta vekur sérstaka athygli og væri fróðlegt ef einhver hefði skýringu á því hér við umræðurnar hvað það er sem veldur því að þessi 40%, eða 26,2 millj. kr. af áætlun sem var upp á 60 millj. kr., koma í ljós á þeim stutta tíma eftir að frumvarp til fjáraukalaga var lagt fram en áður en meiri hluti fjárlaganefndar leggur fram tillöguna. Hvernig stendur á því að ekki var vitað um þetta þegar frumvarpið var lagt fram? Hver er skýringin á því að þessi tala kemur allt í einu í ljós á þessum örfáu vikum? Því ég trúi ekki að svo illa hafi verið fylgst með framkvæmdinni að þetta hafi komið mönnum algjörlega á óvart.

Annað sérkennilegt dæmi sem hér hefur verið minnst á og ég vil einnig vekja athygli á er styrkur til ágæts verkefnis — þetta tengist því ekkert hvers konar verkefni við erum að fjalla um — en það er styrkur til útgáfumála, þ.e. 15 millj. kr. til að styrkja gerð spænsk-íslenskrar orðabókar. Þetta er auðvitað mjög sérkennilegt hér inni í áliti meiri hluta fjárlaganefndar, en ég veit reyndar að tillagan er ættuð frá ríkisstjórninni, að á þeim þremur vikum sem eru liðnar frá því að frumvarp til fjáraukalaga kom fram sé kominn upp bráðavandi sem kalli á styrk til þessarar útgáfu. Ekki veit ég nákvæmlega hvaða gífurlegi vandi þetta er en væntanlega eru það einhver orðatiltæki á spænsku sem menn hafa lent í vandræðum með að þýða yfir á íslensku, einhver gífurlega mikilvæg orðatiltæki sem ekki þola neina bið, því að ekki er nú langt þar til við munum afgreiða fjárlög ársins 2006, þar sem þetta ætti augljóslega frekar heima í.

Frú forseti. Það eru fleiri mál sem hér er rétt að minnast á áður en ég fer yfir í að bera saman mismunandi meðhöndlun á stofnunum. En það virðist vera algjörlega tilviljunarkennt hvernig tekið er á málum, hvaða stofnun er unnið við og hvaða stofnun verður gert við næst, það er engin heildarsýn eða heildarvinnubrögð eða jafngildar reglur sem virðast vera í gangi.

Það er eitt mál sem ég tel klárlega eiga heima hér og er í tillögum meiri hluta fjárlaganefndar og ég vil vekja sérstaka athygli á en það er undir samgönguráðuneytinu. Þar er lagt til að 18 millj. kr. verði lagðar fram vegna athugunar á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og á Reykjavíkurflugvelli en á þessu ári er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg komi með jafnháa upphæð á móti þannig að samtals fari 36 millj. kr. í þetta mikilvæga verkefni. Þetta er auðvitað í samræmi við það samkomulag sem náðst hefur á milli samgönguyfirvalda og stjórnar Reykjavíkurborgar um að fara í þetta verk. Þetta var auðvitað ekki ákveðið fyrr en á þessu ári og ég geri ráð fyrir því að þær vikur sem liðið hafa frá því að frumvarpið kom fram hafi menn náð að fínstilla þennan samning þannig að upphæðirnar séu klárar.

Það er auðvitað mjög ánægjulegt að svo snarlega sé hægt að bregðast við þessu því eins og við vitum er hér um stórt og mikið mál að ræða, deilumál sem hefur verið þvers og kruss á sveitarfélög og flokka og því mikilvægt að farið verði markvisst í það. Það er þess vegna sérstakt fagnaðarefni að þetta skuli vera komið hér fram þannig að ekki verði tafir á þessu vegna skorts á fjármunum.

Frú forseti. Ég ætla aðeins að nefna tvær stofnanir sem báðar koma við sögu varðandi frumvarp til fjáraukalaga og síðan þær breytingartillögur sem koma frá meiri hluta nefndarinnar. Þetta eru tvær háskólastofnanir, annars vegar Háskólinn á Akureyri, sem er nefndur í frumvarpi til fjáraukalaga, og síðan Landbúnaðarháskóli Íslands, sem nefndur er í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar.

Hér er afskaplega ólíku saman að jafna og ég vil taka þetta sem dæmi um hversu misvísandi vinnubrögðin eru. Það er mjög til fyrirmyndar sem segir í texta með breytingartillögum meiri hlutans um Landbúnaðarháskóla Íslands en þar er miðað við að stofnunin verði hallalaus í árslok 2005. Það er mjög til fyrirmyndar að þannig sé staðið að málum að stofnanir séu hallalausar í árslok þess árs sem viðkomandi fjáraukalög eiga við. Hér er hins vegar enn eitt dæmi um það sem við höfum margoft rætt að hluti af þessari upphæð á að sjálfsögðu ekki heima hér vegna þess að það er á skjön við fjárreiðulög. En ég er búinn að fjalla um það og ætla þess vegna að láta það liggja milli hluta.

Þarna er hins vegar augljóslega rétt að verkinu staðið — en við verðum að hafa þann fyrirvara á að svo sé vegna þess að því miður eru allt of mörg dæmi um að ekki sé nógu vel vandað til verka, en við skulum gefa okkur að það sé þarna — að skilja stofnunina eftir hallalausa í árslok þannig að hún geti byrjað á hreinu borði á næsta ári.

Hin stofnunin sem ég nefndi áðan, Háskólinn á Akureyri, býr við allt aðra niðurstöðu. Þar er gerður samningur við menntamálaráðuneytið, þvingaður samningur vil ég meina, og með honum virðist verða stöðnun í þróun skólans, það verður að skera niður starfsemi, fækka deildum og

minnka þann vöxt sem þar er. Það er verið að tefja þann tíma sem það tekur stofnunina að komast í það sem kalla mætti „hagkvæmnisstærð". Það hefði þurft að gera áætlun um hvernig hægt væri að flýta því að stofnunin næði slíkri stærð, sem er mikilvægt að verði, og að það væri skipulega unnið að því.

Það vekur auðvitað athygli að svona mismunandi skuli vera tekið á tveimur háskólastofnunum. Skýringin er væntanlega m.a. sú að við búum við það sérkennilega kerfi að sumir háskólar heyra undir menntamálaráðuneytið en aðrir háskólar undir landbúnaðarráðuneytið. Það eru augljóslega mismunandi reglur sem gilda um þær stofnanir sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Það er algjörlega óskiljanlegt hvernig á því stendur, en við skulum ekki gleyma því að ríkisstjórnin hefur boðað að heildarlöggjöf um háskólastigið verði endurskoðuð og þar verði tryggt að allir háskólar sitji við sama borð. Við bíðum spennt eftir að sjá það frumvarp og vonum að það komi sem allra fyrst.

Frú forseti. Fyrst ég er farinn að tala hér um Háskólann á Akureyri er eiginlega ekki hægt að komast hjá því að rifja aðeins upp umræðu sem hér varð í gær þegar hæstv. menntamálaráðherra fór enn einu sinni með talnasúpu sem einhver hefur væntanlega ritað á blað fyrir hæstv. ráðherra, og það var eiginlega ekki hægt að skilja það öðruvísi en hæstv. ráðherra tryði sjálf öllum þeim tölum sem hún fór með og að hér væri háskólastigið raunverulega það besta, magnaðasta og mest til fyrirmyndar af öllu háskólastigi í heimi, ef rétt var skilinn ræðubútur hæstv. ráðherra.

Síðan sjáum við í fréttum strax í gær að enn ein úttektin hefur farið fram á Háskóla Íslands, líklega sú þriðja á skömmum tíma. Þar kemur í ljós að Háskóli Íslands stendur að mestu leyti afskaplega vel í samanburði við aðra háskóla í Evrópu. Það er eitt sem vekur þó sérstaka athygli, og það vekur einnig athygli að það er sama niðurstaða og kom fram í úttekt sem Ríkisendurskoðun gerði á Háskólanum, og það er að fjárveitingar til skólans standast ekki samanburð við fjárveitingar til annarra háskóla í Evrópu. Það má segja að skólinn hafi staðist mjög vel allan annan samanburð en fjárveitingar stóðust ekki samanburðinn, þrátt fyrir að ráðherra menntamála hafi farið oft með þennan sama söng um að hér væru fjármunir til háskólastigsins til fyrirmyndar hvert sem litið væri. Að vísu hafði hæstv. ráðherra breytt textanum örlítið frá því sem farið var með hér í þingsölum nokkrum klukkustundum áður, því að nú var textinn orðinn sá að það væri náttúrlega ekki hægt að horfa á þetta, heldur væri niðurstaðan sú að hér hefðum við bætt mest við. Nú var það orðinn sá samanburður sem stóðst, að við hefðum bætt mest við.

En það verður auðvitað að segjast eins og er að sá samanburður getur auðvitað gefið góða niðurstöðu ef nógu lítið hefur verið fyrir. Og þannig er hægt að taka rétta viðmiðun til að komast að þessari niðurstöðu. En við eigum ekki að vera að standa í svona deilum, þetta eru óþarfar deilur. Niðurstöðurnar koma núna trekk í trekk, sama niðurstaðan aftur og aftur, og þá á ekkert að vera að berja hausnum við steininn. Þá á auðvitað að fara í þá vinnu að skoða hvert við viljum stefna með menntun í landinu. Síðan eigum við að stika okkur leið að þeim markmiðum en ekki vera að deila um svo augljósa hluti sem þetta er.

Frú forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að ég vildi helst láta megnið af þessari umræðu bíða til 3. umr. þegar við höfum betri heildarmynd um hvað verður í lokaniðurstöðu fjáraukalaga fyrir árið 2005. Vonandi hafa Samtök atvinnulífsins og ríkisstjórnin nú náð saman og væntanlega er verið að kynna það samkomulag á blaðamannafundi nú. Ég vænti þess því að við 3. umr. munum við vita hvernig það samkomulag hljóðar. Ég trúi því og treysti, eins og ég hef áður sagt, að Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafi komið vitinu fyrir ríkisstjórnina og að við getum vænst þess að töluverðar breytingar verði á, ef ekki því frumvarpi sem hér liggur til fjáraukalaga þá a.m.k. frumvarpinu sem liggur til fjárlaga næsta árs. Og þá getum við vænst þess að það verði mýkri lending í því þensluástandi sem við búum við nú en hægt var að búast við með óbreyttu fjárlagafrumvarpi.

[16:03]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Hér fer fram 2. umr. um fjáraukalög. Ég fagna því að stjórnarandstaðan hefur í þessari umræðu rætt töluvert um fjárreiðulögin, nr. 88/1997.

Fjárreiðulögin voru gríðarlegt framfaraspor þegar þau voru sett. Allan tímann síðan höfum við leitast við að fara eftir þeim. Það var mikil lausung í fjármálum ríkisins áður fyrr, fjárreiðulög kannski ekki flutt nema á margra ára fresti o.s.frv. Reglur um hvað ætti þar heima og hvað ekki voru mjög óskýrar. Það hefur verið reynt, virðulegi forseti, að fara eftir áðurnefndum lögum og vanda vinnubrögðin. Það hefur náðst verulegur árangur en það er rétt sem fram hefur komið hjá stjórnarandstöðunni, að það vantar töluvert á að menn virði þessi lög. Það er alveg rétt sem kemur fram í gagnrýni sumra hv. þingmanna, að sumt af því sem hér er í fjárreiðulögunum ætti helst ekki að vera þar, í fyrsta lagi vegna þess að það var ekki ófyrirséð. Í öðru lagi má færa rök fyrir því að það ætti heima í fjárlögum 2006. Þetta er hárrétt.

Hins vegar eru sumt í þeirri gagnrýni byggt misskilningi, t.d. hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni. Hann spurði: Hvernig í ósköpunum stendur á því að 2,2 milljarða kr. færsla er nú í fjárreiðulögunum? Það er alveg rétt að færslan á að vera í fjárreiðulögunum vegna þess að salan á sjóðnum og færslan á peningunum til Lífeyrissjóðs bænda átti sér stað núna. Þá er rétt að það færist inn í fjárlögin á þessu ári sem og tekjurnar af því og skatttekjur ríkisins, þessar 85 millj. kr. Gagnrýni hans er því á misskilningi byggð.

Hins vegar er alltaf, virðulegi forseti, þó nokkuð um að upp komi ófyrirsjáanlegir hlutir. Þá er bara að taka því. Einnig er um það að ræða og rétt að það komi fram að nokkrar færslur í fjárreiðulögunum, sjálfsagt upp á einar 10–15 millj. kr., má rekja til handvammar hjá meiri hluta fjárlaganefndar við afgreiðslu í fyrra, ákveðnir hlutir sem við höfðum bókað komust ekki rétt til skila. Það hefur verið leiðrétt og ríkisstjórnin tekið það til greina. Það hefur farið í gegn en slíkt mun alltaf gerast þótt leiðinlegt sé að þurfa að segja frá því.

Það er líka rétt að sumar greiðslur í frumvarpinu eru því miður illverjanlegar. Menn hafa komið hvað eftir annað og

rætt um þau atriði, t.d. um embætti forseta Íslands. Nú er það leiðrétt mörg ár aftur í tímann og verður að segja þá sögu eins og hún er. Því miður hefur fjármálastjórn þess embættis verið til töluverðs vansa. Það er fullyrt við okkur í fjárlaganefnd að á milli forsætisráðuneytisins og embættis forsetans fari fram umræða um að einhver sem hafi beina yfirstjórn komi að málinu og það væri þá forsetaritari sem bæri ábyrgð á fjárreiðunum. Ég ætla að vona að það gangi eftir vegna þess að það er alveg rétt sem menn hafa sagt, að við getum ekki látið þetta vera svona.

Ýmsum öðrum stofnunum hefur ekki gengið nógu vel þótt þeim hafi fækkað verulega. Þeim stofnunum sem við eigum í stórvandræðum með hefur fækkað verulega. Á hinn bóginn hef ég ekki tekið eftir því að neinn talaði um að hjá sjúkrastofnunum, sem hafa verið stærstu liðirnir hjá okkur og ekki síst háskólasjúkrahúsið, hefur tekist að ná umtalsverðum rekstrarárangri. Miðað við það sem við höfum fjallað um á undanförnum árum finnst mér ástæða til að fara um það viðurkenningar- og þakkarorðum. Þetta var eitthvað sem sumir voru farnir að trúa að væri óviðráðanlegt. En nú er að nást þar árangur og það er ástæða til að vera ánægður með það.

Þarna er ein færsla sem ég ætla að taka sérstaklega undir gagnrýnina á, þ.e. færslu upp á 276 millj. kr. í utanríkisráðuneytinu til sendiráðanna. Skýringin sem nefndin fékk á þessu máli var sú, frá ráðuneytisstjóranum, að utanríkisráðuneytið hefði ekki sinnt hagræðingarkröfu gagnvart þeim sem sett hefur verið í fjárlög síðastliðin fimm eða sex ár. Það er náttúrlega skelfilegt, virðulegi forseti, þegar ráðuneytið hagar sér svona. Ég vil trúa því að slíkt endurtaki sig ekki enda er vansinn mikill. Við höfum líka rætt, ég og formaður fjárlaganefndar, hv. þm. Magnús Stefánsson, við ríkisfjármálanefnd og ráðuneytið um að við verðum að breyta vinnubrögðum gagnvart kröfunni um hagræðingu. Það er sjálfsagt að ríkið geri kröfur til rekstraraðila sinna eins og gerð er krafa til rekstraraðila í frjálsum atvinnurekstri um hagræðingu. Það er engin ástæða til að gefa það eftir á nokkurn hátt. Það að ráðuneyti geti stungið því undir stól árum saman er ekki verjanlegt. Það er vítavert í alla staði, hvernig sem á það er litið. Ég ætla rétt að vona, virðulegi forseti, að ekkert ráðuneyti vogi sér hér eftir að sýna þinginu slíka óvirðingu, að virða ekki kröfur og lög árum saman en biðji hins vegar um háar fjárhæðir. (**Gripið fram í:** Við höfum sagt þetta áður.)

Í heildina tekið, virðulegi forseti, verður þó að segja að rekstrartilfærslur í fjáraukalögum í ár eru minni en við höfum fengist við á undanförnum árum. Þótt afkoman sé mun betri af ýmsum ástæðum, ekki síst vegna viðskiptahallans, fáum við inn verulegar umframtekjur miðað við það sem við ætluðum. Ég vona, virðulegur forseti, að þær umframtekjur hverfi vegna þess að þau kaup á erlendum varningi sem standa á bak við þetta eiga ekki að eiga sér stað. Vonandi hverfa þessar tekjur. Vonandi verður ríkissjóður ekki með svo mikinn afgang á næsta ári. Ég ætla hreint að vona það. Það er engin ástæða til þess að ríkið taki svo gríðarlega peninga inn og það gerir í ár.

Virðulegi forseti. Meginmarkmið efnahagsstefnunnar hefur nokkurn veginn staðist. Við settum okkur það mark að samneyslan í landinu mundi ekki hækka um nema 2% og millifærslurnar í ríkiskerfinu ekki nema um 2,5%. Samneyslan er aðeins yfir því markmiði en millifærslurnar eru töluvert undir því. Í heildina hefur þetta staðist. Og að vera ekki með nema með 2,3–2,2% hækkun í heildina á ári, eins og núna, sem við vitum að mun enda með hagvöxt yfir 6%. Þótt við vitum ekki nákvæmlega hvenær það verður en það verður ekki fyrr en einhvern tíma næsta vor sem þeir útreikningar koma, er náttúrlega einhver mesti árangur sem við höfum náð í ríkisrekstri, hinum opinbera rekstri. Við höfum alltaf átt í vandræðum með það, virðulegur forseti, og haft tilhneigingu til að hækka samneysluna umfram vöxt þjóðarbúsins. Í ár hefur tekist að lækka hana hlutfallslega. Ég tel ástæðu til að fagna því. Við ætluðum okkur að ná því markmiði og okkur hefur tekist það. Þetta er meginmarkmiðið.

Ég vil ítreka það sem ég hef oft sagt áður: Aðhald að samneyslunni og aðhald að tilfærslunum er miklu meira atriði til lengri tíma fyrir þróun ríkisfjármálanna en hve margar milljónir til eða frá eru í afgang. Það geta vel verið þær aðstæður í efnahagslífinu að verjandi sé og jafnvel af hinu góða að við rekum ríkissjóð einhvern tíma með halla. Það eigum við að gera ef efnahagslífið kallar á það. Við erum með óeðlilega góða afkomu núna sem byggist á óeðlilegri neyslu, óeðlilegum kaupmætti í erlendum varningi.

Við verðum þó að halda áfram því markmiði, sem er aðalatriðið, að halda aftur af samneyslunni og passa að hún vaxi minna en þjóðarbúið í heild. Það er hið stóra markmið. Þannig getum við áfram tryggt það sem tekist hefur síðustu 10–12 árin, að gera Ísland að ríki hvar ríkisfjármálin eru einna traustust í heiminum. Það eru örfá ríki, Noregur, Ísland, Sviss, Lúxemborg og nokkur önnur sem hafa þá hluti í lagi og eru til fyrirmyndar. Sú afkoma ríkisins, slík staða ríkisins er grundvöllur sem framtíðin byggir á, að við skuldsetjum okkur ekki langt fram í tímann og stela lífskjörum af næstu kynslóð, hinum ungu, hinum óbornu. Það gera þær þjóðir sem skuldsetja sig upp fyrir rjáfur til að halda uppi neyslunni á hverjum tíma. Það gerum við ekki. Við erum að lækka skuldirnar og búa til lífskjör fyrir framtíðina. Þess vegna skulum við fagna þessu núna, að við stöndum svo vel. Við skulum fagna því mjög og óska sjálfum okkur til hamingju með það. Næsta árið verðum við kannski dálítið blankari en það er líka allt í lagi, okkur veitir ekkert af því að kynnast því líka.

[16:14]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar en hnaut um eitt atriði. Í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar er lögð til 98 millj. kr. aukafjárveiting til að jafna út rekstrarhalla forsetaembættisins. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að þeir sem sæti eiga í fjárlaganefnd hefðu orðið þess áskynja að rekstur þess embættis hefði verið til vansa mörg undanfarin ár. Mér hefði þótt fróðlegt að fá nánari fréttir af þessu.

Ég á ekki sæti í fjárlaganefnd. Ég hef ekki heyrt um þetta áður. Þetta kemur mér svolítið á óvart því að ég hefði reiknað með því að hægt væri að reka forsetaembættið frá ári til árs, nokkurn veginn innan ramma fjárlaga. Ég held að það væri að mörgu leyti gott fyrir alþingismenn að fá nánari

upplýsingar um þetta.

Síðan langar mig einnig að spyrja: Hvað hefur í raun brugðist hjá utanríkisráðuneytinu varðandi það að verða við þessum hagræðingarkröfum? Hvers vegna hefur mönnum ekki tekist að ná fram þeirri hagræðingu sem hlýtur að vera eðlilegt að gera kröfu um, sérstaklega í ljósi hinna gríðarlega háu upphæða sem mér sýnist að eigi að láta renna til utanríkisráðuneytisins í þessum fjáraukalögum?

[16:16]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við höfum oft rætt málið við embættismenn um forsetaembættið og mig minnir að einn embættismaður hafi svarað: Það er erfitt fyrir okkur að sparka upp fyrir okkur.

Auðvitað er forsetaembættið þannig embætti að menn bera virðingu fyrir því, það er æðsta embættið. Því er mjög slæmt ef það virðir ekki lög. Fjárlögin eru lög og öllum ber að fara eftir þeim. Það er mjög slæmt þegar hin æðstu embætti eins og embætti forseta Íslands eða Alþingi sjálft koma á fjáraukalögum og hafa ekki getað farið eftir þessu.

Varðandi seinni spurninguna, um utanríkisráðuneytið, get ég ekki svarað öðru en því að ég veit ekki annað en okkur hefur verið sagt. Við gerum þessar kröfur. Við gerð fjárlaganna eru gerðar og samþykktar af ráðherrum ákveðnar kröfur um hagræðingu. Þær eru mismunandi frá einu ári til annars. Það hefur komið fram í greinargerðum og skýringum hve miklar þessar kröfur eru. Síðan er ráðuneytunum gert skylt að setja þetta inn á rekstrarliði sína. Þið getið séð það víða, t.d. í ráðuneytum þar sem ég tel að þetta sé gert til mikillar fyrirmyndar, t.d. í dómsmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Þar eru hagræðingarkröfur nákvæmlega tíundaðar inn á hin ýmsu embætti og stofnanir og þeim gert skylt að hlíta því og það gengur eftir.

Ég kann enga aðra skýringu á þessu með utanríkisráðuneytið en þá að ráðuneytið hafi ekki gert kröfu til þessara stofnana um þá hluti. Ég skil þetta ekki öðruvísi en svo virðist sem þeir hafi ekki sett fram þessa kröfu og því hafi embættin ekki talið sér skylt að fara eftir henni. Ég veit ekkert annað.

[16:18]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er ég hjartanlega sammála því að embættum ríkisins ber að fara að lögum og skiptir þá engu hvort um er að ræða forsetaembættið eða einstök ráðuneyti, til að mynda utanríkisráðuneytið. Það hlýtur að vera alvarlegt mál þegar forsetaembættið virðist fara svo langt fram úr fjárlögum. Það hlýtur líka að vera alvarlegt þegar utanríkisráðuneytið virðist fara jafnhrikalega fram úr fjárlögum á hverjum tíma, eins og vísbendingar eru um í þessu frumvarpi til fjáraukalaga.

Nú veit ég svo sem ekki, virðulegi forseti, hvort það var gert en ég ætla að leggja til — hafi það ekki verið gert geri ég það að tillögu minni — að það verði hreinlega farið út í greiningu á þessum hlutum. Mér heyrist á svari hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að slík greining hafi ekki farið fram. Það ætti hreinlega að gera slíka greiningu og athuga í hverju þessar framúrkeyrslur felast, bæði hjá forsetaembættinu og utanríkisráðuneytinu. Alþingi ætti að fá skýrslu um hvað hafi farið úrskeiðis. Það er að sjálfsögðu mjög alvarlegt ef ekki einu sinni fulltrúar í fjárlaganefnd vita hvað hefur átt sér stað. Er þetta risna eða ferðalög? Er þetta uppihald á embættismönnum, rekstur sendiráða, opinberar heimsóknir? Í hvað hafa þessir peningar farið?

[16:20]

Útbýting:

Framhaldsskóli í Borgarnesi, 320. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 352.

[16:20]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. um fjáraukalög vegna ársins 2005 er eðlilegt að umræðan fari vítt um sviðið þar sem um umfangsmikið mál er að ræða, fjárlög íslenska ríkisins. Hv. þm. Jón Bjarnason hélt áðan mikla ræðu og talaði m.a. um að fyrirhugaðar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar tefldu stöðugleikanum í tvísýnu. Hv. þingmaður segir að ríkisstjórnin eigi að fresta fyrirhuguðum skattalækkunum. En honum til upplýsingar, þegar hv. þingmaður talar um gríðarlega miklar skattalækkanir, þá vegur það þannig að þegar við lækkum tekjuskattsprósentuna um eitt prósent þá eru það rúmlega fjórir milljarðar kr., sem er 0,04% af landsframleiðslu þjóðarinnar. Hv. þingmaður telur að þessi 0,04% af landsframleiðslu þjóðarinnar skipti höfuðmáli í þessu samhengi. Svo er ekki og að sjálfsögðu mun ríkisstjórnin standa að því, eins og þeir stjórnmálaflokkar sem að henni standa lofuðu fyrir síðustu alþingiskosningar, að lækka skattálögur á almenning í landinu, enda hefur verið fast haldið utan um ríkissjóð á undanförnum árum og skuldir ríkissjóðs snarlækkað á tímabilinu.

Hv. þm. Jón Bjarnason og flokksfélagar hans tala mikið um ruðningsáhrif vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, að það sé eitt höfuðatriðið í að gengi krónunnar er eins og raun ber vitni í dag, og þar af leiðandi standi sjávarútvegurinn og ferðaþjónustan höllum fæti. En eru þær framkvæmdir sem nú standa yfir á Austurlandi svo mikill áhrifavaldur fyrir gengisþróunina á undanförnum missirum? Svarið er nei. Hér hefur veruleikinn verið skrumskældur allsvakalega. Ef við horfum á aðra þætti er snerta gengisþróunina getum við séð að kaup erlendra aðila og spákaupmennska á íslenskum skuldabréfum erlendis hefur undanfarin missiri numið vel á annað hundrað milljörðum kr. Menn hafa nefnt 130 milljarða kr. í því samhengi. Það hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á gengisþróunina og stjórnvöld geta ekki haft áhrif á þá þróun.

Íslensku viðskiptabankarnir hafa farið mikinn í útlánaaukningu og erlendri skuldasöfnun sem hefur áhrif á stöðu krónunnar. Aukningin á milli júlí 2004 og júlí 2005 er 955 milljarðar kr. Nú hef ég tekið dæmi um að gjaldeyrisviðskipti erlendis eru 130 milljarðar kr., í spákaupmennsku, 955 milljarðar í útlánaaukningu bankanna, en á sama tíma er áætlað innstreymi gjaldeyris vegna stóriðjuframkvæmda í landinu, ekki bara á Austurlandi heldur líka í kjördæmi hv. þm. Jóns Bjarnasonar og Guðjóns Arnars Kristjánssonar, sem eru staddir í salnum, sé um 35 milljarðar kr. Við sjáum að sú innkoma sem menn héldu að stóriðjunni mundi

fylgja, þ.e. innflutningur á gjaldeyri, er miklu minni en upphaflega var haldið. Erlent vinnuafl vinnur að miklu leyti að uppbyggingunni, þessir fjármunir streyma að nokkru leyti úr landi og þar af leiðandi er innkoman minni.

Öll rök hníga að því að virkjanaframkvæmdir á Austurlandi eða á Vesturlandi hafi ekki haft þau gríðarlegu áhrif sem forustumenn vinstri grænna hafa haldið fram úr ræðustól Alþingis. Af málflutningi þeirra mætti helst ráða að aðeins séu framkvæmdir á einum stað á landinu sem ríkisstjórnin stendur fyrir, að þær séu á Austurlandi. Svo er ekki. Það eru miklar framkvæmdir á Vesturlandi í þessum efnum en þær eru lítill hluti í þessu stóra samhengi.

Hæstv. forseti. Ég vil síðan nefna einstök mál sem koma fram nú við 2. umr., þ.e. tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar. Fyrst vil ég nefna unglingalandsmótið í Vík í Mýrdal sem fær 15 millj. kr. á fjáraukalögum þessa árs vegna hinnar miklu uppbyggingar sem átti sér stað í tengslum við það glæsilega mót. Þessir viðburðir, unglingalandsmótin, hafa haft gríðarlega mikið að segja fyrir þau byggðarlög sem hafa haldið þessa viðburði. Það er mikilvægt fyrir fjárveitingavaldið að styðja við bakið á þessum byggðarlögum þannig að virðingu íþróttarinnar sé viðhaldið og stutt sé við bakið á viðkomandi sveitarfélögum sem hafa mikinn metnað við að halda slík mót.

Það er mikilvægt að fjárveitingavaldið standi áfram vel að þeim verkefnum. Fram undan er unglingalandsmót á Laugum í Reykjadal. Það er mikilvægt að fjárveitingavaldið haldi áfram, hér eftir sem hingað til, að koma að þeim verkefnum enda mikilvægt, þar sem um miklar framkvæmdir er að ræða í tengslum við þessi mót.

Umræðan um vegamál hefur verið fyrirferðarmikil, bæði í tengslum við gerð vegáætlunar og fjárlög á undanförnum árum, ekki síst á síðustu missirum. Ýmis jarðgöng hafa verið nefnd til sögunnar í því samhengi. Ég vil af þessu tilefni fagna sérstaklega 300 millj. kr. sem verja á til endurbóta og öryggisráðstafana við Óshlíðarveg. Það er mikilvægt að gæta öryggis þeirra vegfarenda sem um þann veg fara. Í framhaldinu á síðan að ráðast í jarðgangagerð á því svæði.

Ég hef verið talsmaður þess að gera sem flest jarðgöng á landsbyggðinni. Þó verður að hafa ýmislegt í huga við slíkar ákvarðanir. Að sjálfsögðu skiptir arðsemi framkvæmdanna miklu máli en öryggi vegfarenda skiptir ekki síður máli. Það er gríðarleg umferð um þennan veg og því styð ég þessa framkvæmd heils hugar og vonast til að Vestfirðingar líti þessa framkvæmd augum innan fárra ára. Þess ber einnig að geta að að sjálfsögðu fleygir þessari tækni sífellt fram, framkvæmdir verða ódýrari og verkþekking eykst. Ég tel um vísi að ræða að miklu meiri framkvæmdum og í miklu meiri mæli en á undanförnum árum í jarðgangagerð hér á landi.

Jafnframt hljótum við að fagna því að veittar eru 100 millj. kr. til hálkuvarna á þjóðvegum landsins. Það er mjög mikilvægt mál. Sem vegfarandi á þjóðvegunum get ég vitnað um að aðstæður á vegum landsins hafa breyst gríðarlega á undanförnum árum með tilkomu þess að flutningar fluttust af sjó yfir á vegina. Með því hafa ákveðnar hættur skapast, ekki síst í vályndum veðrum. Því er mikilvægt að vel sé staðið að hálkuvörnum og ég fagna því sérstaklega að við þann málaflokk sé aukið.

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu, eins og kom fram í 1. umr. um málið, skiptir sala Símans, markaðsvæðing Símans, miklu máli fyrir þau fjáraukalög sem við munum afgreiða á næstu missirum. Staða ríkissjóðs hefur stórbatnað fyrir vikið. Velheppnaðri markaðsvæðingu Símans er lokið og við getum ráðist í mörg verkefni á sviði samgangna, fjarskipta, aukinnar nýsköpunar og uppbyggingar í atvinnumálum á landsbyggðinni. Við hljótum að fagna því, þingmenn alls landsins, að tilverugrundvöllur byggðarlaganna sé styrktur með þeim hætti. Það er mikilvægt því að án markaðsvæðingar Símans hefðum við ekki getað farið í jafnumfangsmiklar framkvæmdir og í augsýn eru á næstu árum.

[16:29]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef spurningu til hv. þm. Birkis J. Jónssonar sem ásamt fleirum í meiri hluta fjárlaganefndar hefur lagt fram breytingartillögur við fjáraukalögin þar sem lögð eru til nokkur útgjöld til viðbótar þeim sem fyrir eru í því frumvarpi til fjáraukalaga sem þegar liggur fyrir. Nú hefur verið fjallað töluvert um það, m.a. fjallaði hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson heilmikið um fjárreiðulögin í ræðu sinni og þá miklu bót sem þau hafa fært í öll vinnubrögð hvað varðar fjárlög hér á landi. Við vitum að himinn og haf er á milli þess fjárlagafrumvarps sem samþykkt er á hinu háa Alþingi á hverju ári og ríkisreikningsins og loks hinnar endanlegu niðurstöðu vegna þess að þegar kemur að fjáraukalögum þá er svo sannarlega gefið í og töluvert miklu bætt við og fjárlögin standast aldrei og eins og ég sagði er himinn og haf milli fjárlaga og niðurstöðu.

Fjáraukalögin eigum við að nota til þess að mæta brýnum verkefnum, eins og t.d. því sem ég tel að við ættum að ráðast í núna, þ.e. að auka fjármagn til Sólvangs í Hafnarfirði sem þarf svo sannarlega á því að halda. Ég vil því spyrja hv. þingmann sem stendur að tillögu ásamt öðrum í meiri hluta fjárlaganefndar um þá neyð sem hvílir á bak við 15 millj. kr. framlag til að styrkja gerð spænsk-íslenskrar orðabókar: (Forseti hringir.) Hvaða nauðsyn knýr á um að svo sé gert nú?

[16:31]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir fór yfir forsendur fjárlaga fyrir árið 2005. Auðvitað er það svo þegar fjárlög eru gerð hverju sinni að þau eiga að sýna sem gleggsta mynd af afkomu ríkissjóðs. Í mínum huga, því miður ekki í hugum sumra, er allt á bullandi uppleið í íslensku þjóðfélagi og mikil sigling á öllu efnahagslífinu. Ef það væri svo að þær áætlanir sem ríkisstjórnin gerði væri einhver blekkingaleikur þess efnis að fegra stöðu ríkissjóðs og afkomu hans væri það náttúrlega alvarlegt mál. Þvert á móti er í þeim forsendum sem nú liggja fyrir í fjáraukalagafrumvarpinu fyrir árið 2005 svo til allar tölur góðar og til hagsbóta fyrir afkomu ríkissjóðs. Stjórnarmeirihlutinn hefur því ekki verið að fegra hlutina á einn eða annan veg. Til dæmis hefur fjárfesting í samfélaginu stóraukist, var áætluð 18 milljarðar en verða 28,5 og fleira mætti nefna.

Af því að hv. þingmaður spurði um spænsk-íslenska orðabók er það trúlega mikilvægt mál sem er örugglega komið á einhvern rekspöl því annars mæltum við ekki fyrir því hér. Það eru mjög mörg mikilvæg mál í þessum efnum. (Gripið fram í.) Ég talaði um öryggi vegfarenda, hv. þm. Jón Bjarnason, sem fara um Óshlíð. Það er mjög mikilvægt mál, hálkuvarnir upp á 100 millj. kr. er mikilvægt mál. Ég held því að hv. þingmenn ættu ekki að gera lítið úr þeim tillögum (Gripið fram í.) sem stjórnarmeirihlutinn gerir hér. (Gripið fram í.) Hvað Sólvang varðar hefur hæstv. heilbrigðisráðherra sagt að úrbætur verði í þeim efnum á næstunni en ég vil minna hv. þingmann á að það tekur tíma að koma þeim úrbótum á. Nú er einungis rúmur einn og hálfur mánuður til áramóta og hægt er að bregðast við þeim í fjárlögum ársins 2006.

[16:33]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst þetta. Það sem af er þessari öld eru að meðaltali um 20 milljarða kr. frávik milli fjárlaga og ríkisreiknings. Það er náttúrlega ekki viðunandi. Fjárlögin verða að gefa raunsanna mynd af því sem fram undan er og af því ástandi sem við búum við. Það er ekki hægt að nota fjárlögin áfram til að fegra hér mynd af samfélagi sem er ekki til.

Virðulegi forseti. Í frumvarpi til fjáraukalaga eru auðvitað fjölmörg atriði og fjölmörg dæmi um framlög eða útgjöld sem hefði vel mátt staðsetja í fjárlög annaðhvort á síðasta ári eða í fjárlögum fyrir árið 2006. Vil ég þar nefna eitt afar brýnt verkefni sem ráðast á í og það er viðhald og endurbætur á Þjóðleikhúsinu, og ég segi þó fyrr hefði verið. Lagt er til í fjáraukalögum að 250 milljónum verði varið til viðhalds og endurbóta á Þjóðleikhúsinu. Þetta er auðvitað verkefni sem átti að ráðast í fyrir löngu. Þetta er verkefni sem menn verða að leggja fram heildstæða mynd af hvernig þeir ætla að framkvæma. Ég tel ekki rétt að koma með í fjáraukalög 250 millj. kr. útgjöld vegna endurbóta á Þjóðleikhúsinu þegar því hefur verið svarað þannig til í menntamálanefnd að ekki muni nást að eyða því fé eða nota það á þessu ári til endurbótanna. (Gripið fram í.) Það eru slík dæmi sem ég vil nefna hér sem ég tel að við verðum að gera bragarbót á. Ég vil heyra hvernig hv. þm. Birkir J. Jónsson lítur á þennan lið.

[16:36]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hafi ekki hlustað vel á fyrra svar mitt við andsvari hennar þar sem ég tók fram að þau fjáraukalög sem við ræðum nú sýna miklu meiri rekstrarafgang af stöðu ríkissjóðs og miklu lægri skuldastöðu ríkissjóðs. Svo talar hv. þingmaður um að stjórnarmeirihlutinn í þinginu sé að fegra stöðu ríkissjóðs. Ég held að hv. þingmaður hafi ekki lesið þau gögn sem fyrir liggja því að staða ríkissjóðs er miklu sterkari í ár en á síðasta ári þegar við lögðum fram frumvarp til fjárlaga árið 2005 og ég held að enginn hér inni nema hv. þm. Katrín Júlíusdóttir deili við okkur um það. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Við búum í velferðarsamfélagi, við höfum aldrei varið meira fjármagni til heilbrigðisþjónustunnar. Staða Landspítalans í fjáraukalagafrumvarpinu er allt önnur en hún hefur verið á undanförnum árum. Við höfum þurft að auka framlög til Landspítalans vegna ýmissa atriða en við þurfum þess ekki í þeim fjáraukalögum sem við nú ræðum. Þrátt fyrir það er starfsfólks Landspítala – háskólasjúkrahúss að vinna glæsilegt verk, hjartaaðgerðum og fleiri aðgerðum hefur stórfjölgað á milli ára en samt hefur kostnaðurinn ekki aukist að sama skapi. Við erum að ná árangri, ekki aðeins í ríkisfjármálunum heldur einnig í heilbrigðismálum og velferðarmálum. Við skulum minnast þess að í tengslum við markaðsvæðingu Símans ætlum við að stórefla uppbyggingu á sviði geðfötlunar. Þar þurfum við að bæta úr. Við höfum verið í miklu átaki í uppbyggingu á sviði málefna fatlaðra, að eyða þeim biðlistum sem þar eru, í ágætu samstarfi við hússjóð Öryrkjabandalagsins.

Hæstv. forseti. Við erum á mjög góðri leið og við erum síður en svo að reyna að fegra stöðuna í þeirri umræðu sem hér fer fram.

[16:38]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Það eru nokkur atriði varðandi fjáraukalagafrumvarpið sem ég vil spyrja um áður en við afgreiðum það til atkvæðagreiðslu. Undir liðnum Heilbrigðisráðuneyti er gert ráð fyrir aukningu á fjármagni til hjúkrunarheimila almennt. Gerð er þar tillaga um 100 millj. kr. óskipt framlag vegna rekstrarvanda hjúkrunarheimila. Líklega eru þar fyrir nú þegar í fjárlögunum 200 millj. kr. Það gætu því verið liðlega 300 millj. kr. sem þarna kæmu í pott sem skipta á milli hjúkrunarheimila.

Mikill fjöldi aðstandenda hjúkrunarheimila, sveitarfélög og sjálfseignarstofnanir sem reka slík heimili, hafa komið á fund fjárlaganefndar og gert nefndinni grein fyrir rekstrarvanda sínum, að viðmiðunarfjármagn á hvern einstakling sem þar dvelur sé allt of lágt miðað við þann kostnað sem óhjákvæmilegur er. Að undanförnu hefur einmitt mikið verið rætt á Alþingi um aðbúnað og kjör aldraða á hjúkrunarheimilum og elliheimilum. Ég tel að áður en við ljúkum meðferð fjárlaga og fjáraukalaga eigi að koma nákvæm og ítarleg skýrsla eða greinargerð frá heilbrigðisráðuneytinu um það hvernig tekið verður á fjárhagsvanda hjúkrunarheimila og öldrunarheimila. Það er afar brýnt.

Varðandi þá upphæð sem hér er verið að bæta í pottinn upp á 100 millj. kr. finnst mér eðlilegt að skipting á því fjármagni, upp á rúmar 300 millj. kr. sem samtals yrði þá í þessum potti á hin ýmsu hjúkrunarheimili í landinu, liggi fyrir. Það sé fjárlaganefnd og síðan Alþingi sem staðfestir eða vinnur þær tillögur. Ég hef áður borið þessa ósk upp í fjárlaganefnd og ítreka það nú að tillögur varðandi skiptingu fjármagns á hjúkrunarheimili úr umræddum potti upp á liðlega 300 millj. kr. verði unnar í fjárlaganefnd og komi þaðan til þingsins.

Ég vil einnig gera að umtalsefni fjármagn sem beðið er um á fjáraukalögum vegna sölu Símans sem hv. þm. Birkir J. Jónsson talaði fjálglega um. Hv. þingmaður gleymdi að allar skoðanakannanir sem birtust frá Gallup og Félagsvísindastofnun síðastliðin ár sýndu að afgerandi meiri hluti þjóðarinnar var andvígur sölu Símans og vildi að hann yrði áfram í þjóðareign og styrk hans beitt til að koma upp öfl-

ugu fjarskiptakerfi í landinu, auk þess sem Síminn hefur skilað drjúgum tekjum í ríkissjóð. Ég held að landsmenn séu langflestir áfram sammála um að sala Símans hafi verið vitlaus, bæði viðskiptalega séð, þetta var fyrirtæki sem var vel rekið og skilaði góðum arði í ríkissjóð, og auk þess var þá líka hægt að beita honum til þess að styrkja fjarskiptakerfið í landinu. Þessi árátta framsóknarmanna að einkavæða og selja almannaþjónustuna er með ólíkindum, frú forseti. Nú síðast í fréttum var verið að tilkynna að iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins teldi nauðsynlegt að einkavæða Rarik. Það væri orðið svo erfitt fyrir Rarik að vera í almenningseign að nú þyrfti að einkavæða það. Þetta var í fréttum klukkan fjögur. Það er því ekkert lát á einkavæðingaráráttu Framsóknarflokksins. Við ræddum í gær einkavæðingu á vatninu, að auðlindin vatn yrði einkavædd og gæti orðið sölu- og markaðsvara og nú kom í fréttunum að iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins vildi einkavæða Rarik. Það er ekkert lát á einkavæðingunni.

Hvað varðar Símann er sagt að ráðgjafaraðstoð við einkavæðingu hans hafi kostað tæpar 800 millj. kr. Greint er frá því að stór hluti upphæðarinnar hafi farið til fyrirtækisins Morgans Stanleys sem gera átti tillögur um einkavæðingu Símans, tillögur sem síðan var reyndar ekkert farið eftir. Engu að síður þurfti að borga nálægt 600 millj. kr. fyrir það. Loks fóru á milli 100 og 200 millj. kr. eitthvert annað. Við höfum beðið um skýringu á þeim kostnaði í fjárlaganefnd en ekki fengið og hverjir fengu þessa peninga fyrir umsýslu við einkavæðingu og sölu Símans. Ég ítreka að tæpum 800 millj. kr. var varið til sölu Símans, stór hluti af því fé fór í ráðgjöf sem ekkert var gert með, ráðgjöf til fyrirtækisins Morgans Stanleys. Hinn hluti upphæðarinnar fór til einhverra ráðgjafa sem ekki hefur enn verið gerð grein fyrir hverjir eru.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson kom inn á stöðu efnahagsmála og vildi gera lítið úr þeim erfiðleikum sem margar útflutningsgreinar standa frammi fyrir. Það sýnir veruleikafirringu þingmanna Framsóknarflokksins berlega að þeir skuli ekki einu sinni viðurkenna að margar atvinnugreinar eiga í miklum erfiðleikum vegna stöðu efnahagsmála, vegna hás gengis og vegna hárra vaxta. Þetta þarf svo sem ekki að koma á óvart ef efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er höfð í huga.

Ég vil leyfa mér að vitna í Birgi Ísleif Gunnarsson, fyrrverandi seðlabankastjóra, sem sagði í samtali við Viðskiptablaðið 8. des. 2004, þegar verið var að ganga frá fjárlögum fyrir árið 2005, með leyfi forseta:

„Menn mega auðvitað búast við háu gengi næstu tvö ár þegar svo gríðarlegar framkvæmdir koma inn í hagkerfið á svona stuttum tíma. Það nemur um einum þriðja af landsframleiðslu og allt fjármagnað ýmist með erlendu eiginfé eða lánsfé frá útlöndum.“ — Þarna er verið að tala um stóriðjuframkvæmdirnar. — „Við slíkar aðstæður er ekkert um annað að ræða en að menn megi búast við háu gengi.“

Það er svo aftur annað mál hvort það verður nákvæmlega eins og það er í dag því að það getur sveiflast upp og niður og í rauninni, frú forseti, hefur það bara farið niður. Gengi krónunnar hefur stigið, gengisvísitalan hefur lækkað og miklu, miklu meir en búist var við. En seðlabankastjóra var alveg ljóst hver ástæðan var, það voru hinar gífurlegu stóriðjuframkvæmdir samtímis fyrir austan og hér á suðvesturhorninu, allt of stórar framkvæmdir miðað við íslenskt efnahagskerfi og íslenskan vinnumarkað enda eru þessar framkvæmdir ekki aðeins að tröllríða efnahagskerfi þjóðarinnar heldur einnig vinnumarkaðnum og öll þjóðin er nú upptekin af þeirri umræðu hvernig megi verja kaup og kjör og almannaréttindi og vinnu fólks, sama af hvaða þjóðerni það er, sem hefur komið hingað til lands til að vinna í uppsprengdri þenslu á þessum afmörkuðu sviðum.

Á meðan verða aðrar atvinnugreinar að lúta í lægra haldi. Við þekkjum þá umræðu að hvert fyrirtækið á fætur öðru verður að hætta. Ég er t.d. með tölur frá ferðaþjónustunni, frú forseti. Fulltrúar ferðaþjónustunnar komu á fund samgöngunefndar nýverið og gerðu henni grein fyrir að ef efnahagsástandið breytist ekki þá verða ekki mörg ferðaþjónustufyrirtæki eftir á næsta ári. Þeir lögðu fram tölur í því sambandi. Ferð sem kostaði 100 þús. ísl. kr. haustið 2004 hefði verið verðlögð á 1.386 dollara árið 2004 en árið 2005, í óbreyttum krónutölum íslenskum, hefði hún kostað 1.627 dollara, hún hefði hækkað um 17,4%. Nú hefur innlendur kostnaður líka hækkað talsvert þannig að ferð sem kostaði 100 þús. ísl. kr. árið 2002 kostar atvinnurekandann meira en þá. Í raun hefði hann þurft að fá meira, þannig að gengi íslensku krónunnar hefur í raun og veru hækkað um 43,3% ef miðað er við dollarann.

Fulltrúar ferðaþjónustunnar sögðu að þeir ættu erfitt með að setja fram verðskrár fyrir næsta ár miðað við þetta gengi, annaðhvort yrði að gefa verðið upp í íslenskum krónum eða hafa verðið svo hátt að hætta væri á að enginn fengist til að koma til landsins. Þeir greindu nefndinni frá því að margar stórar ferðaskrifstofur eru að taka Ísland af sínum lista um viðskipta- og skemmtiferðir vegna þess hversu gengið er óhagstætt.

Ferðaþjónustan er þó sú atvinnugrein sem hefur skilað hvað mestum gjaldeyristekjum nettó til þjóðarbúsins á undanförnum árum og hefur verið í hvað örustum vexti. En í ár stendur hún í stað. Hún stendur nánast í stað hvað varðar ferðamannafjölda til landsins og gjaldeyristekjurnar, sem hafa aukist línulega undanfarin ár, virðast líka standa í stað eða jafnvel lækka. Samtök ferðaþjónustunnar óttast verulega um framhaldið snúist dæmið ekki við.

Það er öllum ljóst hverjar eru orsakirnar, frú forseti. Það er efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, stóriðjustefna sem er keyrð áfram, skattalækkunarstefna sem hyglar þeim ríku og eykur á þenslu í samfélaginu, kannski umfram allt þessir tveir þættir, en auk þess vitlausar aðgerðir hvað varðar lán til húsnæðismála. Þegar bankarnir fóru að lána allt upp í 100% lán til íbúðakaupa eða lána út á íbúðir varð líka sprengja á þeim markaði.

Við höfum lagt hér til, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð, aðgerðir sem beri að grípa til nú þegar til að freista þess að skapa jafnvægi í efnahagslífinu. Það gerist ekkert í einum grænum hvelli en þó geta ákveðnar aðgerðir ráðið úrslitum. Í fyrsta lagi ber að stöðva öll áform um frekari stóriðjuframkvæmdir í landinu, enda er ærið verk að ljúka þeim framkvæmdum sem þegar eru í gangi þó ekki sé nú þegar farið að tala um nýjar. Fiskverkandi á Vestfjörðum sagði í sumar að þegar iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins kæmi í fjölmiðla og tilkynnti um viðræður

um stofnun og byggingu nýs álvers ryki krónan upp og samkeppnisstaða fiskvinnslunnar versnaði. Kveðja iðnaðarráðherra til Vestfirðinga, þegar þeir voru hundruðum saman að missa vinnuna, var sú að ruðningsáhrif stóriðjunnar gætu líka verið af hinu góða. Þarna skilur á milli stefnu ríkisstjórnarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem vill jafnvægi í atvinnumálum.

Í öðru lagi ber að gefa þegar í stað út yfirlýsingu um að fallið verði frá, a.m.k. að sinni, skattalækkunaráformum ríkisstjórnarinnar. Þessi tvö atriði munu vega þungt í að rétta af efnahagslíf þjóðarinnar og þá sjá menn að það er ætlunin að viðhalda öðru atvinnulífi hér á landi en bara álbræðslum.

Síðan leggjum við til að þegar í stað verði tekið upp formlegt samráð og samstarf við aðila vinnumarkaðarins, samtök bænda, neytenda, öryrkja og aldraða og aðra þá aðila sem efni standa til um aðgerðir til að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Slíkt víðtækt samráð er til þess fallið að undirstrika hve mikið er í húfi. Fólkið í landinu á þegar öll kurl koma til grafar mest undir því að verðbólga og óstöðugleiki í efnahagsmálum heyri sögunni til. Ástandið bitnar að lokum á almenningi í formi lakari lífskjara, ótryggari atvinnu, þyngri skuldabyrði og þar fram eftir götunum.

Frú forseti. Staða efnahagsmála, staða útflutningsgreinanna, staða atvinnulífsins vítt og breitt um landið er mikið áhyggjuefni um þessar mundir. Þó að nú sé gumað af miklum tekjum ríkissjóðs, sem að stórum hluta verða til vegna skattlagningar á viðskiptahalla og einkaneyslu, þá eru það ekki varanlegir tekjustofnar. Við eigum að snúa okkur að því að grípa til aðgerða sem treysta og byggja upp aftur fjölbreytt atvinnulíf, styðja við útflutningsgreinarnar þannig að þær fái eðlilegt rekstrarumhverfi og verði samkeppnishæfar á mörkuðum erlendis. Fólk sem stundar hér atvinnu, hvort sem það er í fiskvinnslu, ferðaþjónustu, hátækniiðnaði eða í sprotafyrirtækjum, á líka að hafa eðlilega samkeppnisstöðu hér innan lands svo að fyrirtækin þurfi ekki að flytja starfsemi sína úr landi eins og nú er raunin. Það er brýnt að taka á þessu og helst strax.

Frú forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Umræðu frestað.

Textun, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 42. mál (sjónvarp, kvikmyndir o.fl.). — Þskj. 42.

[16:55]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um textun en markmiðið er að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum og afþreyingar- og fræðsluefni til jafns við þá sem fulla heyrn hafa. Flutningsmenn ásamt þeim sem hér stendur eru hv. þm. Sigurjón Þórðarson, Kolbrún Halldórsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson og Katrín Júlíusdóttir.

Hv. 1. varaþingmaður Frjálslynda flokksins í Suðvesturkjördæmi, hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, mælti fyrir þessu máli á síðasta þingi, 131. þingi, og gerði það vel eins og hennar var von og vísa. Hún mælti fyrir því á táknmáli því að hún er heyrnarskert og tjáir sig að jafnaði á táknmáli.

Málum er hins vegar þannig háttað nú, virðulegur forseti, að það er séð til þess að hún fái ekki að vera í forsvari fyrir þetta mál. Hún getur því ekki mælt fyrir því hér í hv. Alþingi eins og hún hefði vissulega haft áhuga á. Eins og menn vita urðu ákveðin umskipti í Frjálslynda flokknum með brotthvarfi hv. þm. Gunnars Arnar Örlygssonar, sem gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn. Síðan hefur verið séð til þess að Sigurlín Margrét fái eigi setið hér þing. Sjálfstæðisflokkurinn og umræddur hv. þingmaður verða auðvitað að eiga það við sjálfa sig hvernig þeir umgangast þennan rétt varaþingmannsins.

Eins og áður sagði gengur málið út á það að tryggja heyrnarlausum og heyrnarskertum aðgang að upplýsingum og mál af þessu tagi hafa áður komið til umræðu hér í hv. þingi. (Gripið fram í.) Ég gat þess að það hefði verið rætt á síðasta þingi og ég hygg að það hafi einnig verið til umræðu á 126. löggjafarþingi en þá var samþykkt þingsályktun nr. 33/2001, um textun íslensks sjónvarpsefnis. Hins vegar virðist samþykkt Alþingis litlu hafa skilað þó að málið hafi verið afgreitt og enginn áfangi hefur náðst í reynd.

Hæstv. forseti. 1. gr. frumvarpsins er eins og ég las í upphafi máls míns:

„Markmið laga þessara er að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum, afþreyingar- og fræðsluefni til jafns við þá sem hafa fulla heyrn.“

2. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

„Eftirtöldum aðilum er skylt að texta allt efni sem þeir í atvinnuskyni senda út, framleiða eða dreifa:

1. sjónvarpsstöðvum sem hafa leyfi til sjónvarpsútsendinga samkvæmt útvarpslögum,

2. framleiðendum íslensks auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefnis, hvort sem efnið verður sýnt í kvikmyndahúsum eða sett á myndbönd eða stafrænt form,

3. framleiðendum íslenskra kvikmynda, óháð lengd og útgáfuformi kvikmyndar,

4. öðrum aðilum sem dreifa hér á landi kvikmyndum og auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefni, hvort sem efnið er til sölu eða leigu.“

Í 3. gr. segir:

„Allt efni sem aðilar skv. 2. gr. senda út, framleiða eða dreifa skal textað með íslenskum texta óháð því á hvaða tungumáli efnið er.

Ef um beina útsendingu er að ræða, svo sem fréttir, dægurmálaþætti, viðtalsþætti, stjórnmálaumræður, íþróttakappleiki eða mót, skal sá er útsendingu annast leitast við að texta jafnóðum. Ef ekki er unnt að texta útsendingu samtímis skal efnið endursýnt innan 48 klukkustunda með íslenskum texta.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er óskylt að texta efni ef um er að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðvar. Sama gildir ef sjónvarpsstöð hefur fengið leyfi til útsendingar á öðru tungumáli en íslensku.“

4. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal aðilum sem falla undir lög þessi veittur fimm ára aðlögunartími frá gildistöku laganna til að uppfylla kröfur um textun efnis til samræmis við markmið 1. gr. Nýir aðilar sem koma inn á markaðinn á aðlögunartímanum skulu uppfylla sömu skyldur og þeir sem fyrir eru og njóta sömu réttinda til styrkja úr Textunarsjóði.

Aðlögunartími skal vera sem hér segir:

1. eftir 1 ár frá gildistöku laganna skulu 40% af öllu innlendu efni textuð,

2. eftir 2 ár frá gildistöku laganna skulu 60% af öllu innlendu efni textuð,

3. eftir 3 ár frá gildistöku laganna skulu 80% af öllu innlendu efni textuð,

4. eftir 4 ár frá gildistöku laganna skulu 90% af öllu innlendu efni textuð og

5. eftir 5 ár frá gildistöku laganna skal allt innlent efni textað í samræmi við ákvæði laganna."

Síðan segir:

„Á meðan á aðlögunartíma stendur er aðilum skv. 2. gr. heimilt að sækja um styrk til uppbyggingar á nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiðingar nýrrar tækni til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Textunarsjóður annast styrkveitingar samkvæmt þessari grein."

5. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

„Stofnaður skal Textunarsjóður sem hafi það að markmiði að styrkja aðila skv. 2. gr. til að koma sér upp nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiða nýja tækni við textun efnis sem þeir senda út, framleiða eða dreifa.

Styrkir sem Textunarsjóður veitir eru óafturkræfir og geta numið allt að 80% af stofnkostnaði búnaðar.

Textunarsjóður skal almennt ekki veita styrki til textunar á efni en er þó heimilt að veita styrki til að kosta textun á ótextuðu efni sem til hefur orðið fyrir gildistöku laga þessara og getur hámarksstyrkur numið allt að 50% af kostnaði við textun.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Textunarsjóðs til fimm ára frá gildistöku laga þessara. Ráðherra tilnefnir einn mann sem jafnframt skal vera formaður stjórnar, samtök myndbandaframleiðenda tilnefna einn, samtök kvikmyndaframleiðenda einn, einn stjórnarmaður skal vera fulltrúi hagsmunasamtaka heyrnarlausra og heyrnarskertra og einn skal vera fulltrúi einkarekinna sjónvarpsstöðva á Íslandi.

Stjórnin setur úthlutunarreglur og nánari skilyrði fyrir styrkveitingu.

Stjórnin skal kanna fjárþörf sjóðsins í samræmi við markmið 1. gr. og gera tillögur til menntamálaráðherra um fjárþörf hvers árs. Tekjur sjóðsins eru föst framlög ríkisins af fjárlögum hvers árs. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli áætlunar sjóðstjórnar og skulu fjárveitingar miðast við að markmið laga þessara nái fram að ganga á aðlögunartíma skv. 4. gr.

Þegar aðlögunartími skv. 4. gr. er liðinn skal Textunarsjóður lagður niður. Ríkið tekur við öllum réttindum og skyldum sjóðsins frá þeim tíma. Jafnframt fellur umboð stjórnarmanna niður."

6. gr. kveður á um viðurlög:

„Nú vanrækir aðili skv. 2. gr. skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga þessara og er menntamálaráðherra þá heimilt að leggja á dagsektir uns aðilinn færir starfsemi sína í lögmætt horf.

Dagsektir eru aðfararhæfar og skulu renna til Textunarsjóðs."

7. grein er um gildistöku og lagaskil:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi gilda um efni sem sent er út, framleitt eða dreift eftir gildistöku laganna."

Síðan segir í greinargerð frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að heyrnarskertir og heyrnarlausir njóti þeirra mannréttinda að geta notið frétta-, upplýsinga-, fræðslu-, kynningar-, auglýsinga- og afþreyingarefnis til jafns við þá sem heyra. Einungis hluti þess efnis sem sent er út á sjónvarpsstöðvum eða aðgengilegt er á myndböndum og stafrænu formi er með íslenskum texta ef tungumálið er íslenska. Flestar erlendar kvikmyndir og erlent sjónvarpsefni er með íslenskum texta til að almenningur geti notið þess til fulls og þykir það sjálfsagt og eðlilegt. Heyrnarskertir og heyrnarlausir fá ekki notið þessa sjónvarpsefnis, kvikmynda eða myndbanda nema það sé textað

Frumvarp þetta var áður flutt á 131. löggjafarþingi og er nú lagt fram aftur óbreytt. Á Alþingi hafa textunarmál oft verið til umræðu og á 126. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun nr. 33/2001, um textun íslensks sjónvarpsefnis. Hins vegar virðist samþykkt Alþingis litlu hafa skilað í reynd. Í apríl 2003 ákvað menntamálaráðherra að hækka verulega framlag til textunar á innlendu sjónvarpsefni í ríkissjónvarpinu (RÚV). Forsætisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti lögðu saman 4,5 millj. kr. aukalega til RÚV til að auka við textaða dagskrá sjónvarpsins. Fimm mánuðum síðar, höfðu aðeins tveir þættir (hálftími hvor) verið textaðir á viku. Efni líðandi stundar hefur ekki verið textað og er það mjög bagalegt. Um tímabundna fjárveitingu var að ræða og ekki er gefið að sams konar fjárveiting fáist aftur.

Samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er talið að um 25 þúsund manns séu meira og minna heyrnarskertir að einhverju leyti þannig að þeir nái ekki að heyra efni sjónvarpsins. Textun veitir fullkomið aðgengi að upplýsingum og er það sjálfsögð mannréttindi og mikið jafnréttismál. Annars staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis sjálfsögð í rekstri sjónvarpsstöðvanna. Talið er að textun stuðli að bættri lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga og annarra sem eru í lestrarnámi eða eiga við lestrarörðugleika að stríða. Þá er textun mikilvægur stuðningur við nýbúa sem eru að læra málið. Það auðveldar þeim að skilja efnið geti þeir fylgst með skjátextanum jafnframt því sem þeir hlusta og sjá atburði.

Textun er atvinnuskapandi og gefur færi á nýjum atvinnumöguleika. Hjá BBC í Bretlandi störfuðu sex starfsmenn við textun í byrjun en þeir voru 90 árið 2002. BBC hefur verið í fararbroddi á þessu sviði í Evrópu á síðustu missirum og voru 78% af öllu efni breska ríkissjónvarpsins textuð á síðasta ári, þar á meðal íþróttafréttir, fréttir, þingmál og bíómyndir, og er ekki gerður neinn greinarmunur á hvort um beina útsendingu er að ræða eða ekki. Frá árinu

1996 hefur textun á innlendu sjónvarpsefni aukist stöðugt. Þess má einnig geta að í Bretlandi voru samþykkt lög þess efnis að 50% innlends efnis yrðu textuð og var gefinn átta ára aðlögunartími til að ná markmiðinu, sem átti að nást árið 2004. Ekkert vandamál er að senda texta út í beinni útsendingu þar og eru til dæmis allar beinar útsendingar frá breska þinghúsinu (House of Commons) textaðar, en unnið hefur verið að nýrri tækni sem breytir tali í texta.

Íslendingar hafa sýnt að þeir gleypa við allri nýrri tækni. Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þeir gerðu það í þessu máli og stór hópur gæti notið góðs af.

Rétt er að geta þess að á Norðurlöndum hefur komið fram að fólk missir eitthvað af heyrninni um þrítugt en aldursviðmiðið var áður um fimmtugt. Ástæðan fyrir því er sú að nú verða unglingar fyrir stöðugt meira hávaðaáreiti sem gerir það að verkum að heyrnin skerðist fyrr á ævinni en áður var. Ekki er til nein rannsókn sem hægt er að styðjast við þar sem ekki fór að bera á þessu fyrr en mjög nýlega en gera má ráð fyrir að sá hópur sem ekki heyrir í sjónvarpi fari stækkandi í framtíðinni og aldursbilið muni breikka verulega. Því er mikilvægt að veita þessum hópi aðgengi, sem og þeim hópi sem fyrir er.“

Hæstv. forseti. Þetta mál sem flutt hefur verið hér áður er mikið réttlætismál fyrir þá sem eru heyrnarskertir og heyrnardaufir. Hér er einnig um mikið mannréttindamál að ræða sem eykur jafnræði fólks sem hefur mismunandi heyrn. Heyrnarskertum fjölgar og heyrnarskerðing færist neðar í aldurstiganum. Einnig er komin fram tækni þar sem hægt er að breyta tali í texta. Nú um stundir upplifum við það, hæstv. forseti, að hægt að fara að velja sér efni á sjónvarpsskjánum. Fólk getur kallað fram efni sem búið er að sýna einhverjum klukkutímum áður eða daginn áður og það ætti að auðvelda það að hægt sé að texta allt sjónvarpsefni, jafnvel efni sem sent er út frá samtímaatburðum. Hægt væri að texta það daginn eftir og þannig mætti nálgast það með þeirri tækni sem boðið er upp á nú að fólk getur sjálft valið sér það efni sem það horfir á.

Tækninni fleygir fram og gerir okkur auðveldara að uppfylla það frumvarp sem hér er mælt fyrir sem fjallar um það að auka réttindi og auka jafnræði milli þegna þjóðfélagsins. Ég tel frumvarpið vera mjög sanngjarna og eðlilega leið að því að þoka málinu fram. Ég vænti þess, hæstv. forseti, að stjórnarliðar á hv. Alþingi sjái sólina í þessu máli og leggi því lið. Málið snýr að réttindum ákveðins hóps í landinu og ég tel okkur til sóma að taka á því á hv. Alþingi. Hér er ekki um mjög mikla fjármuni að ræða fyrir utan það að tæknin mun sennilega gera þetta mun auðveldara í framtíðinni en áður var. Þar að auki er lagt til að ákvæði laganna séu innleidd í skrefum. Ég tel því að málið sé mjög vel uppsett með tilliti til þess að stjórnvöld geti nálgast það að framkvæma þau eftir setningu laganna. Og eitt er víst, hæstv. forseti, að fjárhagur okkar Íslendinga um þessar mundir er ekki svo slakur að við getum ekki bætt réttindi og stöðu þessa hóps.

Umræðu frestað.

Fjáraukalög 2005, frh. 2. umr.

Stjfrv., 144. mál. — Þskj. 144, nál. 334, 349 og 350, brtt. 335, 336, 337 og 351.

[17:15]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þessari umræðu var frestað vegna þess að ég taldi ástæðu til að eiga orðastað við hæstv. fjármálaráðherra sem þurfti að bregða sér úr húsi og hafði auðvitað lögmæt forföll. Ég vænti þess að hæstv. fjármálaráðherra hlýði á mál mitt nú en ég sé hann, virðulegi forseti, hvorki í salnum né í hliðarsal. Væri ef til vill ráð að vekja athygli hæstv. ráðherra á því að ræðumaður sem hér stendur óskar eftir nærveru hans.

(**Forseti** (RG)**:** Hæstv. fjármálaráðherra var kominn í salinn. Ég bið ræðumann að hafa smábiðlund meðan kannað er hvort hann kemur ekki að vörmu spori.)

Mér er ekki vel við að standa hér og mæla ekki orð af munni úr hinum virðulega ræðustól þingsins svo ég hef nú mál mitt.

Í dag hefur verið farið nokkuð ítarlega yfir frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005. Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar, fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd, hefur gert því góð skil. Það kemur reyndar fram í nefndarálitinu, eins og raunar er orðið hefðbundið ár eftir ár, virðulegi forseti, að mikil framúrkeyrsla er á fjárlögum og þarf að grípa til fjáraukalaga. Mér sýnist, virðulegi forseti, á því sem ég hef skoðað að vanáætlanir umfram útgjöld, bæði á tekju- og gjaldahlið, fari vaxandi ár frá ári. Í nefndaráliti frá 1. minni hluta fjárlaganefndar segir:

„Sjaldan eða aldrei hafa forsendur fjárlaga beðið annað eins skipbrot og einu viðbrögð ríkisstjórnar eru skattalækkanir sem gagnast þeim einum sem mest hafa handa á milli.“

Og hér segir, með leyfi forseta:

„Blekkingarleikur með fjárlög hefur einkennt þá ríkisstjórn sem nú situr og því miður hefur meiri hluti Alþingis ekki viljað efla eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu.“

Þetta er hverju orði sannara. Það er mikið áhyggjuefni fyrir okkur sem sitjum á löggjafarþinginu að fjárlög íslenska ríkisins séu ekki marktæk. Vanáætlanir á fjárlögum, sem blasa við á fjáraukalögum ár hvert, skipta ekki milljörðum heldur milljarðatugum og svo virðist að farið sé gróflega á svig við fjárreiðulög, eins og rætt hefur verið hér í dag. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort hann geti ekki verið sammála því að farið sé á svig við fjárreiðulög. Mér er kunnugt um að hæstv. fjármálaráðherra átti þátt í því að semja frumvarp til fjárreiðulaga þannig að hann á að vera kunnugur ákvæðum þess og ég get ekki betur séð en að farið sé gróflega á svig við fjárreiðulögin og af því ber að hafa áhyggjur.

Vissulega eru lausatök á fjárlögunum. Ég hef látið taka saman fyrir mig, virðulegi forseti, hvernig þessar vanáætlanir hafa litið út á gjalda- og tekjuhlið á síðastliðnum fimm árum, á árunum 2000–2004, og látið skoða hver frávik eru frá fjárlögum viðkomandi ára og fram til ríkisreiknings. Það er alveg ljóst að umframkeyrsla er gífurleg. Í þeirri samantekt sem ég lét gera má sjá að árin 2000–2004, á fimm ára tímabili, er umframkeyrsla á gjaldahlið fjárlaga

hvorki meira né minna en 119 milljarðar kr. Það er meira en þriðjungurinn af fjárlögum íslenska ríkisins í ár.

Það er alveg ljóst að fjárlagavaldið er að verulegu leyti að flytjast til framkvæmdarvaldsins. Það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir okkur sem hér sitjum að samþykkt séu eftir á, á því fimm ára tímabili sem um ræðir, útgjöld upp á 119 milljarða kr. Útgjöld upp á 119 milljarða kr. sem Alþingi hefur ekki samþykkt heldur er komið eftir á til þingsins og það beðið að samþykkja orðinn hlut.

Ég spyr, af því að í stólnum er nýr fjármálaráðherra, hvort hann hafi ekki áhyggjur af þessu og hvort hann ætli ekki að ráðast í þetta á einhvern annan hátt en gert hefur verið hingað til. Ég spyr hvort framkvæmdastjórar fyrirtækja með framúrkeyrslu upp á svo háar fjárhæðir, 119 milljarðar eru 10% frávik frá fjárlögum, væru ekki bara reknir?

Þetta eru himinháar fjárhæðir og Alþingi á ekki að láta framkvæmdarvaldið keyra yfir sig og standa ár eftir ár eftir ár frammi fyrir svo miklum útgjöldum sem fara fram úr fjárlögum. Bara á árinu 2002 voru frávikin 25 milljarðar kr. og árið 2002 voru það 28 milljarðar eða 11,7% frávik. Það varðar örugglega brottrekstri í öllum venjulegum fyrirtækjum ef framkvæmdastjórar sýna slíka niðurstöðu. Þegar horft er á tekjuáætlunina, t.d. í skatttekjum, þá er í heild á þessum árum um að ræða 28 milljarða í tekjur umfram það sem gert var ráð fyrir á fjárlögum, sem eru 2,5% frávik. Þegar allar tekjur eru teknar er um að ræða 24 milljarða í frávik þar sem rauntekjur sem ríkissjóður fær eru hærri en fjárlög gera ráð fyrir.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji eðlilegt að við séum að tala um tölur upp á 119 milljarða í útgjöld sem framkvæmdarvaldið tekur ákvörðun um fram hjá þinginu og að tekjuáætlanir séu svona vanmetnar. Ef við tökum þessa 119 milljarða á því tímabili sem ég nefndi þá sýnir þetta raunverulega halla upp á 95 milljarða kr. miðað við fjárlögin. Og ef fjárlögin hefðu gengið eftir væri fjárhagur ríkissjóðs að sama skapi 95 milljörðum betri en hann er. Auðvitað er ýmislegt af þessu nauðsynlegt í útgjöld umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir en við getum ekki verið að tala um svona háar fjárhæðir nema eitthvað mikið sé að, virðulegi forseti.

Svo virðist sem aldrei sé tekið á uppsöfnuðum vanda frá fyrri árum heldur standa menn alltaf frammi fyrir því að vera með tugi milljarða í umframútgjöld frá fjárlögum. Það segir okkur auðvitað, og er einn liður í því sem talað hefur verið fyrir, m.a. af þeim forseta sem nú situr í forsetastól, að þingið á að starfa allt árið til að hægt sé að taka á þessu með eðlilegum hætti og að þannig sé haldið á málum gagnvart fjárlaganefnd að hún fái það til umsagnar þegar verið er að ráðast í slík viðbótarútgjöld en sé ekki bara kynnt þetta eftir að ríkisstjórnin hefur samþykkt viðbótarútgjöld umfram fjárlög. Ég hef áhyggjur af þessu, virðulegi forseti.

Eftir því sem ég hef skoðað fjárlög næsta árs stefnir í að það ár verði ekkert betra en það sem við erum að tala um nú. Við sjáum hér mjög mismunandi hagvaxtarspár og mjög mismunandi verðbólguspár fyrir næsta ár þannig að munar verulegu. Ég lét t.d. athuga það fyrir mig, af því að við erum með ýmsa aðila sem spá um slíkt, t.d. greiningardeildir bankanna, Seðlabankann, fjármálaráðuneytið og ASÍ, hvernig þessar hagvaxtarspár hefðu gengið eftir og verðbólguspár miðað við árið 2004. Það er t.d. áhugavert að skoða hvernig hagvaxtarspár fjármálaráðuneytisins gengu eftir á árinu 2004 og hvernig verðbólguspáin fyrir sama ár gekk eftir. Fjármálaráðuneytið spáði hagvexti upp á 3,5% en áætlun Hagstofunnar nú er að hagvöxtur fyrir árið 2004 hafi verið 5,2%. Ef við skoðum verðlagsbreytingarnar, sem skipta auðvitað miklu máli um allar forsendur fjárlaga, var verðbólguspá ráðuneytisins 2,5% en raunin varð 3,2%, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Þannig munaði 0,7% á verðbólguspánni.

Aðilar sem spáðu fyrir um hagvöxt og verðbólgu á þessum tíma voru margir hverjir miklu nær því sem raunverulega varð. ASÍ spáði hagvexti sem var mjög nálægt því sem raunin varð. Sama gildir um verðbólguna. Af því að verið er að fjalla um fjárlög næsta árs sjáum við þegar hagvaxtarspáin er skoðuð að fjármálaráðuneytið er með hagvöxt upp á 4,6% í spá sinni fyrir 2006, Landsbankinn 7,3% og Seðlabankinn, svo ég taki bara sem dæmi, er með 6,7% í hagvaxtarspánni. Það munar verulega t.d. á næsta ári í verðbólguspá ASÍ og Seðlabankans, en verðbólguspá fjármálaráðuneytisins, eins og hún var í október, og vera má að ráðuneytið breyti því eitthvað við lokaafgreiðslu fjárlaga nú, er 3,8% en spá ASÍ er upp á 4,2% að mig minnir. Ég held að ég fari rétt með það. Það munar auðvitað miklu í öllum verðlagsforsendum þegar slíkur mismunur er á spánni.

Það er ástæða er til að nefna, og við sjáum það líka í því nefndaráliti sem ég er með fyrir framan mig frá 1. minni hluta fjárlaganefndar, að verulegur munur er á því hver spáin var í einkaneyslunni fyrir árið 2005 og hver er áætluð niðurstaða 2005. Fjárlögin gerðu ráð fyrir 5% í einkaneyslunni en áætluð niðurstaða er 9,5%. Þetta þýðir auðvitað gífurlegt vanmat í tekjuspánni. Svipað er upp á teningnum, virðulegi forseti, hvað varðar næsta ár, að þar sé vanmat í tekjum. Þegar einkaneyslan er skoðuð og borin saman við spá fjármálaráðuneytisins og spá Seðlabankans þá spáir ráðuneytið 4,3% en Seðlabankinn 8,2%. Inni í þessari einkaneyslu eru m.a. bílar þar sem verulegur hluti af verði bílsins, þegar hann er endanlega kominn á götuna, fer í ríkissjóð. Þetta er greinilega vanáætlun upp á milljarða ef taka á mark á t.d. einkaneysluspá Seðlabankans á móti því sem fjármálaráðuneytið áætlar.

Ég spyr: Er fjármálaráðuneytið af ásettu ráði með vanmat í spá til þess að þurfa ekki að sýna raunverulegar tölur? Þegar horft er á fjárlögin, á síðasta ári og á árinu þar áður, annars vegar og svo raunveruleikann virðist a.m.k. ekki skrýtið að menn geti sér þess til að eitthvað mikið sé að. Við getum líka skoðað árið 2006. Við fjölluðum um það í efnahags- og viðskiptanefnd í morgun að það sé alveg ljóst að Seðlabankinn er ekki sáttur við þær aðferðir sem fjármálaráðuneytið beitir, t.d. varðandi árið 2006. Þar er talað um að gengið muni veikjast og verðbólgan fara yfir verðbólgumarkmið Seðlabankans og samt er spá fjármálaráðuneytisins á þann veg að vextir eigi að lækka. Fulltrúar Seðlabankans spurðu m.a. að því í morgun hvernig það ætti að geta gengið upp í 4% verðbólgu, sem er 1,5% yfir verðbólgumarkmiði, að fjármálaráðuneytið spái því að vextir eigi samt eftir að lækka á næsta ári.

Virðulegi forseti. Mörgum spurningum er ósvarað þegar við ræðum um fjáraukalög fyrir þetta ár og áformin á næsta ári. Ég er að reyna að sýna fram á, virðulegi forseti, að það eru vafaatriði uppi að því er varðar ýmsar forsendur fjárlaga fyrir næsta ár. Þegar við lítum á fjárlögin árið 2005, hver áætlunin var í september og hver áætlunin er nú í nóvember, tveimur mánuðum seinna, hverju munar þá í tekjum, virðulegi forseti? Bara frá september 2005 til nóvember 2005 munar 10 milljörðum í tekjum, sem ríkissjóður á að fá meira í tekjur á tveggja mánaða tímabili.

Frumvarpið til fjárlaga gerði ráð fyrir 10 milljarða afgangi á þessu ári. Síðan kemur spá upp á um 29 milljarða kr., minnir mig, og nú eru þeir komnir upp í 43 milljarða kr. Hvernig er hægt að vinna við svona aðstæður, virðulegi forseti? Allar spár eru misvísandi út og suður, vanáætlanir hér og þar og ekkert að reiða sig á. Það er ekki ofsagt, virðulegi forseti, að mikil lausatök eru á öllum þessum málum. Ég kom kannski sérstaklega upp, ég lagðist aðeins yfir þetta í morgun, af því að það er nýr ráðherra fjármála í stólnum og ég vildi heyra afstöðu hans til þess hvort ekki sé ástæða til að breyta um vinnubrögð frá því sem gert hefur verið. Hér eru reiddar fram tölur upp á 119 milljarða kr. í útgjöld á fimm ára tímabili umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir eða 10% frávik.

Telur ráðherra það eðlilegt? Getur ráðherra upplýst um það hvort það sé svo hjá kollegum hans á hinum Norðurlöndunum að fjárlagavaldið hafi í svo miklum mæli færst yfir til framkvæmdarvaldsins, eins og raun ber vitni?

Ég hef af þessu áhyggjur, virðulegi forseti. Ég vona að svo sé um fleiri. Það væri fróðlegt að heyra afstöðu ráðherrans til þeirra vanáætlana sem hér koma fram, heyra hvort ráðherrann telur haldið um fjárlögin í samræmi við ákvæði fjárreiðulaga og hvort ráðherra hafi hugmyndir um að endurskoða þau vinnubrögð sem við á þinginu höfum þurft að búa við varðandi fjárlög og fjáraukalög. Það er tími til kominn, virðulegi forseti. Það er til vansa fyrir þingið að þurfa að taka á móti fjárlagafrumvarpinu sem er í raun ekki annað en blekking frá upphafi til enda. Þingið er haft að leiksoppi með því að láta það fjalla um marklaus plögg.

Það er eins og menn læri aldrei neitt á þessu heldur virðist þetta versna ár frá ári. Ég bind vonir við að nýr hæstv. fjármálaráðherra hafi vilja til að beita öðrum vinnubrögðum og virða það að þingið hefur fjárlagavaldið en ekki framkvæmdarvaldið og við getum fjallað um fjárlög sem væru meira í takt við raunveruleikann en það sem við höfum búið við á undafönum árum.

[17:34]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum fyrir tillitssemi við mig með því að hliðra til í umræðunni. Ég mun reyna að svara þeim spurningum sem beint hefur verið sérstaklega til mín og fara yfir þau mál sem sérstaklega hefur verið beðið um að ég segi skoðun mína á.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson spurði um þrennt, annars vegar um ýmis leyfi og skráningargjöld. Þar eru náttúrlega, eins og segir í textanum, ýmis leyfi og ýmsar skráningar en ég ætla að stór hluti af því sé m.a. skráningargjöld vegna bifreiða sem hafa, eins og fram hefur komið í umræðunni, verið fluttar inn í talsvert miklu magni að undanförnu.

Síðan var spurning um dómsektir og viðurlagaákvæði, hverju breytingar á þeim liðum sættu. Því er til að svara að á liðnum er um tvenns konar breytingar að ræða, annars vegar lækkun um 1.500 millj. kr. og hins vegar hækkun um rúmar 900 millj. kr. sem gefur niðurstöðuna 968,5 millj. kr., ef ég fer rétt með þetta. Lækkunin er vegna þess að sektir olíufélaganna voru færðar af ríkisreikningi árið 2004. Menn komust að þeirri niðurstöðu að það bæri að færa þær þar. Hækkunin er síðan vegna þess hvernig reynslutölur á þessu ári hafa komið út og er ekki sundurliðað neitt sérstaklega enn sem komið er.

Í þriðja lagi spurði hv. þingmaður um kostnað vegna smíði á tölvuhugbúnaði hjá Tryggingastofnun. Þetta er eins og fram kom verkefni sem hefur staðið yfir í nokkuð langan tíma og hefur kostað talsvert háar upphæðir. Tryggingastofnun fékk Ríkisendurskoðun til að fara yfir stöðuna í þessu máli sem komst að þeirri niðurstöðu að upp á vantaði til þess að klára málið í heild sinni. Sú upphæð sem Ríkisendurskoðun taldi að vantaði upp á að klára málið er sú upphæð sem lögð er til í fjáraukalögunum að Tryggingastofnun fái til þess að klára verkið.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ræddi hluti sem segja má að tengist ekki síður framkvæmd fjárlaga en fjárlagagerðinni sjálfri, sem þó á rót sína í fjárlagagerðinni. Hún telur að jafnvel hafi verið lausatök á málum að undanförnu. Ég kannast ekki við að það hafi verið nein lausatök á ríkisfjármálunum og bendi því til staðfestingar á skuldastöðu ríkissjóðs, hver hún er í dag. Skuldastaðan væri ekki sú sem hún er ef einhver lausatök hefðu verið á ríkissjóði á undanförnum árum.

Ég held að hv. þingmenn vanmeti sjálfa sig og stöðu sína þegar þeir gera því skóna að framkvæmdarvaldið hafi tekið af þeim fjárveitingavaldið. Allar ákvarðanir þarf að taka í sölum hv. Alþingis og verður ekki fram hjá því komist.

Fjárreiðulögin hafa verið til umræðu. Þau standa mér nærri, ekki aðeins vegna þess að ég sat í sérnefndinni sem um þau fjallaði í þinginu heldur flutti ég þingmál um þetta efni nokkur ár í röð ásamt félögum mínum í fjárlaganefnd á þeim tíma. Ég kannast ekki við að gengið hafi verið fram hjá fjárreiðulögunum enda tel ég þau afskaplega nauðsynlegt tæki til þess að henda reiður á fjármunum ríkisins. Hins vegar er gert ráð fyrir því að á einhverjum augnablikum þurfi að taka ákvarðanir án þess að bera þær undir Alþingi og fjalla um þær ákvarðanir í tengslum við fjárveitingar í fjáraukalögum. Það er auðvitað mismikið á milli ára en þegar tillit hefur verið tekið til óreglulegra gjalda er í fjáraukalögum þessa árs um óvenjulega lágt hlutfall að ræða miðað við það sem verið hefur á undanförnum árum. Ég held að þingmenn sem hafa sérstakan áhuga á þessum málum hafi því ástæðu til að fagna þeirri þróun.

Það er gagnrýnt að bæði sé um vanáætlun að ræða hvað varðar tekjur og gjöld. Við búum núna við mikla uppgangstíma í efnahagslífinu sem menn gátu ekki nákvæmlega séð fyrir. Það gerir það að verkum að tekjurnar eru talsvert hærri en við höfum áætlað. Ég man reyndar þá tíð að því var öfugt farið. Mér finnst öllu betra að við vanáætlum

gjöldin en að við ofáætlum þau. Ég tel rétt og skynsamlegt að menn gæti ákveðinnar íhaldssemi í að áætla tekjurnar þótt við verðum að gera það á eins raunsæjan hátt og mögulegt er en alls ekki að fara út í æfingar sem kalla á ofáætlun.

Um gjöldin gildir það sem ég hef áður sagt, að þar er staðan nokkuð góð. Þar þarf litlu að breyta með fjáraukalagafrumvarpinu, bæði í upphaflega frumvarpinu og eins í breytingartillögum sem hér hafa verið lagðar fram, sérstaklega þegar litið er fram hjá óreglulegum liðum, eins og ber að gera. Ég sé hins vegar ekki í hendi mér að hugmyndir hæstv. forsætisráðherra, um að þingtíminn verði lengri, muni skipta sköpum í þessum efnum. Auðvitað geta komið upp þau tilvik að það geti flýtt fyrir því að samþykki Alþingis fáist fyrir ákvörðunum. Ég held að það muni ekki skipta sköpum en auðvitað skiptir miklu máli að gott samstarf sé á milli þá ráðuneytisins og fjárlaganefndarinnar ef upp koma sérstakar aðstæður sem þarf að taka á.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ræddi um hvernig ætla mætti að staðan yrði á næsta ári, um spár þar um. Því er til að svara að þær spár byggja á mismunandi forsendum. Þar af leiðandi er niðurstaða þeirra mismunandi en síðan eru þær auðvitað spár en ekki staðreyndir. Það er síðan eðlilegt, eins og hv. þingmaður hefur gert, að skoða aftur í tímann hvernig spár hafa staðist. En þegar það er gert þarf líka að skoða á hvaða tíma spárnar eru bornar saman við niðurstöðurnar.

Það tekur langan tíma að ná öllum hagtölum saman til þess að fá endanlega niðurstöðu um stöðuna á tilteknum tímapunkti. En það er ekki bara óvissa í spánni, sem byggir á tilteknum gögnum sem menn hafa handhæg á þeim tíma, heldur er einnig óvissa í niðurstöðunni þegar tímapunkturinn er liðinn. Það tekur talsverðan tíma fyrir gögnin að koma fram, eins og ég sagði áðan. Þá þarf líka að horfa til þess að á þeim tíma sem hv. þingmaður vísaði til, ég held ég muni rétt, hafa verið gerðar breytingar á þeim gögnum sem unnið er með í hagtölum. Ég er ekki alveg viss um að niðurstöðurnar sem hún er að tala um gefi sanngjarna mynd af stöðunni. En þetta er að sjálfsögðu hlutur sem er ekki bara eðlilegt heldur nauðsynlegt að skoða til þess að menn geti lært af reynslunni í því þegar verið er að spá og þetta á við um fleiri greinar en hagfræðina.

Hins vegar er athyglisvert þar sem hv. þingmaður vitnaði sérstaklega til hagspár ASÍ sem var seinasta hagspáin að koma fram af þeim sem hafa verið í umræðunni núna í haust, þá er ég að tala um spár frá greiningardeildum bankanna, aðallega tveimur, Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu og svo ASÍ, að spá ASÍ og spá fjármálaráðuneytisins eru þær tvær spár sem eru líkastar, sýnist mér. Það verður mjög spennandi fyrir mig — eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir minntist á er ég nýr í þessu starfi — að fylgjast nánar með því en ég hef gert undanfarin ár hvernig þessar spár allar ganga eftir og hvaða hlutar spánna ganga ekki eftir og hvaða þættir hafa áhrif á að þær gangi ekki eftir. Við skulum gera okkur grein fyrir því varðandi þær spár sem við erum að vinna með núna að mjög ólíklegt er að nokkur þeirra gangi nákvæmlega eftir, einfaldlega vegna þess að hlutirnir eru fljótir að breytast, eins og reyndar kom fram hjá hv. þingmanni. Jafnvel frá því í september hafa orðið breytingar sem ekki var gert ráð fyrir þá.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði sérstaklega um þær hugmyndir fjármálaráðuneytisins sem koma fram í spá ráðuneytisins um að Seðlabankinn muni lækka vexti þrátt fyrir að ráðuneytið spái því að verðbólgan verði umfram verðbólgumarkmið bankans. Það byggir á því að Seðlabankinn, samkvæmt því sem kemur fram í hans eigin gögnum, er framsýnn í aðgerðum sínum, hann horfir fram í tímann hvernig aðstæður verða í framtíðinni og miðar ákvarðanir sínar við það. Ef hann á von á að hægi á hagvexti í framtíðinni, hann verði minni en hann er núna, mun bankinn lækka vextina í góðum tíma til að hafa áhrif á stöðugleika verðlags og til að hagvaxtarsamdráttur hafi ekki áhrif á stöðugleika verðlags, alveg á sama hátt og hann hefur verið framsýnn í því að hækka vexti til að hafa áhrif á hverjir vextirnir eru þegar þensla er til að vextirnir geti haft áhrif á að halda verðstöðugleika á slíku tímabili. Þannig er talað um að það taki allt upp í eitt og hálft ár fyrir áhrif vaxtaákvarðana Seðlabankans að koma fram. Á þeim forsendum byggist spá ráðuneytisins.

En auðvitað er það ekki svo í þessum málum frekar en nokkrum öðrum að allt sé fullkomið. Það gera allir mistök en menn reyna sífellt að gera sitt besta og bæta sig í því sem við erum að sýsla með, hvort sem það eru spárnar, fjárlagagerðin sjálf eða framkvæmd fjárlaganna. Ég mun að sjálfsögðu leitast við að bæta þá vinnu sem fram hefur farið, en ég vil ekki kannast við að lausatök hafi verið á þessum málum fram til þessa þó að, eins og ég segi, auðvitað megi bæta og vísa sérstaklega til þess hvernig staðan er hvað varðar skuldir ríkissjóðs því til staðfestingar.

[17:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem hann setti fram. Ráðherrann segist staðráðinn í að ætla að bæta sig í því að við fáum fjárlög sem endurspegla meira raunveruleikann. En mér sýnist nú á því sem er fram undan og við höfum fyrir framan okkur varðandi næsta ár að það gefi ekki mikla von. Ég held að við þurfum að fá inn í þingið meiri skýringar en fram hafa komið frá fjármálaráðuneytinu hvað það er sem hefur farið úrskeiðis, bæði á tekju- og gjaldahlið, ekki síst þegar við erum að tala um svona stórar fjárhæðir eins og ég nefndi. Ef við erum að tala um að stöðugt sé verið að bæta sig að því er varðar fjárlagagerðina, þá erum við með frávik á árinu 2003 á fjárlögum í gjöldum miðað við ríkisreikning upp á 7,9% og árið 2004 upp á 9,1%, á þessum tveimur árum sem eru til samanburðar. Ég veit ekki hvernig árið 2005 kemur nákvæmlega út þar sem frávikin eru að aukast. Það olli mér vissulega vonbrigðum að hæstv. ráðherra taldi það svo sem ekkert athugunarefni þó hér væri sett á borð að við værum að tala um á fimm ára tímabili 119 milljarða frávik frá fjárlögum miðað við fjárlög og ríkisreikning þar sem framkvæmdarvaldið er að samþykkja eftir á um 119 milljarða umfram það sem þingið hefur samþykkt.

Ég held, virðulegi forseti, að við verðum að taka á þessu þegar meira en þriðjungi af fjárlögum íslenska ríkisins, miðað við árið í ár, á fimm ára tímabili er ráðstafað með þessum hætti. Það hlýtur að vera eitthvað mikið að, virðulegi forseti, þegar við stöndum frammi fyrir þeim raunveru-

leika. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki að það mundi vera til bóta að meira væri í lagt að skýra út fyrir þingheimi hvað hafi farið úrskeiðis í forsendum (Forseti hringir.) fjárlaga, bæði á tekju- og gjaldalið, en gert hefur verið.

[17:51]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt að fara ofan í þau mál og velta því upp hvað skýrir þau frávik. Ekki ætla ég að víkja mér neitt undan því. En ég er hins vegar ekki alveg tilbúinn að staðfesta hér og nú þær tölur sem hv. þingmaður var með, hvort þær séu réttar eða ekki. Mig hálfpartinn grunar að það séu tölur þar sem ekki hefur verið tekið tillit til óreglulegra gjalda, þ.e. skattaafskrifta, óreglulegra tekna eða óreglulegra gjalda eins og framlaga til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það þarf náttúrlega að bera saman epli og epli og appelsínur og appelsínur en ekki epli og appelsínur til að fá réttu útkomuna, ég er sannfærður um að hv. þingmaður er sammála mér um það og á þeim forsendum er auðvitað sjálfsagt að fara ítarlega í gegnum þessi mál á hv. Alþingi.

[17:52]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem ég geri í þessari samantekt er að taka umrædd fimm ár og bera saman fjárlögin eins og þingið afgreiddi þau og síðan ríkisreikninginn eins og hann lítur út bæði á tekju- og gjaldahlið. Útkoman er þessi. Ég tel þá rétt, ef okkur greinir eitthvað á um hvað er rétt í þessu efni, að hæstv. fjármálaráðherra hafi tilbúið fyrir 3. umr. fjárlaga úttekt sína og skoðun á þessu máli og við fengjum þetta jafnvel til fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar til að skoða svo við getum metið hvað er rétt og satt í þessu máli. Þetta er það sem ég kemst næst miðað við að hafa skoðað málið og borið þetta saman á þann hátt sem ég gerði.

Virðulegi forseti. Mér blöskrar svo þessi útkoma að mér finnst það óásættanlegt að ekkert verði gert í þessu efni, hvernig sem menn vilja þá taka á því. Ég heyri að hæstv. ráðherra er opinn fyrir að við fáum betri og gleggri skýringar á því hvað hefur farið úrskeiðis á tekju- og gjaldahlið, þannig að við getum lært eitthvað af þessu. Það er óþolandi að við séum ár eftir ár að fara yfir málið með þessu móti án þess að menn geri einhverjar tilraunir til að bæta úr, bæði að við fáum betri og gleggri skýringar á þessu og tekið verði á þeim uppsafnaða vanda frá fyrri árum með markvissari hætti en gert hefur verið, þannig að við þurfum ekki að fá svona fjáraukalög eins og við erum alltaf að ræða.

Ég vil segja varðandi Seðlabankann að hæstv. ráðherra verður að átta sig á því að verðbólgumarkmiðin sem Seðlabankinn setur eru ekki bara verðbólgumarkmið Seðlabankans heldur á ríkisstjórnin að þurfa að fylgja þeim markmiðum. Þess vegna kemur sá mismunur sem er í spá Seðlabankans mér mjög á óvart, ekki síst varðandi einkaneysluna, sem hefur afgerandi áhrif (Forseti hringir.) á tekjuforsendur fjárlaga.

[17:54]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan er sjálfsagt að skoða þau frávik sem fram koma. En ég vil ekki endilega taka undir að jafnvel þótt frávik séu þá sé það vegna þess að eitthvað hafi farið úrskeiðis. Það er alveg nauðsynlegt að bera saman sambærilega hluti, og eins og ég sagði áðan grunar mig að við séum ekki alveg að gera það hérna. Við getum farið yfir það í góðu tómi. En það er erfitt fyrir mig að átta mig á þeim tölum sem hv. þingmaður les hér upp og hefur fyrir framan sig án þess að ég hafi það fyrir framan mig líka. (**JóhS:** Ég skal ...) Já, ég efast ekkert um að ég fái að sjá tölurnar.

En hvað varðar Seðlabankann verðum við að átta okkur á því að spár Seðlabankans eru allt annars eðlis en spár fjármálaráðuneytisins. (**JóhS:** Verðbólgumarkmið ...) Spárnar eru allt annars eðlis vegna þess að spá Seðlabankans tekur ekki inn í forsendur sínar þær ákvarðanir sem Seðlabankinn tekur í kjölfarið. Fjármálaráðuneytið tekur inn í sínar spár aðgerðir Seðlabankans. Seðlabankinn er sjálfstæður. Þó að hann taki sínar ákvarðanir um verðbólgumarkmið í samráði við ríkisstjórnina þá hefur það ekkert upp á sig fyrir þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins, ef ráðuneytið telur líklegt að einhver frávik verði frá verðbólgumarkmiðinu, að ekki sé tekið tillit til þess í spánni. Því ef það væri ekki gert yrði ég hræddur um að þá gæti eitthvað farið úrskeiðis í spánni og hún væri ekki líkleg til standast ef ekki er tekið tillit til þeirra forsendna sem felast í aðgerðum Seðlabankans.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:57]

Útbýting:

Dragnótaveiðar í Faxaflóa, 325. mál, fsp. GuðjG, þskj. 357.

Fjármálafræðsla í skólum, 322. mál, fsp. VF, þskj. 354.

Gjaldþrot ungs fólks, 321. mál, fsp. VF, þskj. 353.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 327. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 359.

Staða íslensks skipaiðnaðar, 323. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 355.

Tekjuskattur og eignarskattur, 326. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 358.

Vasapeningar öryrkja, 324. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 356.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis, fyrri umr.

Stjtill., 284. mál. — Þskj. 299.

[17:58]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fyrir tillögu til þingsályktunar um heimild til handa ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis, sem undirritaður var 17. desember síðastliðinn.

Samningurinn við Túnis kveður á um tollfrjáls viðskipti

með iðnaðarvörur og sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur. Þegar samningurinn öðlast gildi munu EFTA-ríkin afnema alla tolla og aðrar takmarkanir á innflutningi vöru sem samningurinn tekur til, en Túnis mun afnema tolla á ákveðnu aðlögunartímabili sem hefst 1. júlí 2008. Í samningaviðræðum EFTA-ríkjanna og Túnis var rík áhersla lögð af Íslands hálfu á fríverslun með sjávarafurðir sem reyndist vera eitt erfiðasta atriðið í samningaviðræðunum. Sjávarútvegur í Túnis nýtur ríkrar tollverndar og hafa stjórnvöld þar í landi fram til þessa ekki verið reiðubúin til að semja um fríverslun með sjávarafurðir. Þannig nær samningur Evrópusambandsins við Túnis ekki til viðskipta með sjávarfang.

Samninganefnd EFTA náði þó samkomulagi um fríverslun með sjávarafurðir en niðurstaðan varð sú að fallist var á að Túnis fengi langan aðlögunartíma. Ákvörðun um tilhögun aðlögunartímans verður í höndum sameiginlegrar nefndar sem skal fimm árum eftir gildistöku samningsins taka ákvörðun um tímaáætlun um afnám tolla í áföngum. Miðað er við að öllum tollum á sjávarafurðir skuli hafa verið aflétt eigi síðar en átján árum eftir gildistöku samningsins. Á aðlögunartímabilinu skal EFTA-ríkjunum þó veittur árlegur tollkvóti fyrir sjávarafurðir sem nemur 100 tonnum á hverju ári með 10% tolli. Vonir standa til að þessi samningsniðurstaða tryggi nægan markaðsaðgang til Túnis fyrir íslenskar sjávarafurðir. Rétt er að taka fram að mjög lítill útflutningur er á sjávarafurðum frá Íslandi til Túnis og er hann í dag vel innan hins árlega tollkvóta.

Samningurinn við Túnis er mjög mikilvægur ekki síst til að tryggja samkeppnisstöðu fyrirtækja á EFTA-svæðinu í Norður-Afríku. Evrópusambandið stefnir nú að því að koma á sameiginlegu efnahagssvæði við ríki í norðanverðri Afríku þannig að sömu upprunareglur gildi á öllu svæðinu og mögulegt verði að framleiða vörur í ákveðnum áföngum hvar sem er á svæðinu.

Það er mikilvægt að EFTA hafi aðgang að þessu markaðssvæði og hafa samtökin því fylgt í fótspor ESB og gert samhliða samninga við þau ríki á þessu svæði sem ESB hefur samið við. Þetta er í samræmi við það markmið stjórnvalda að tryggja að útrásarfyrirtæki EFTA-ríkjanna búi við jafngóða ef ekki betri stöðu og ríki Evrópusambandsins. Þannig hefur EFTA áður gert samninga við Marokkó, Jórdaníu, Líbanon, Ísrael, sjálfstjórnarsvæði Palestínumanna og nú Túnis. Í samningum við þessi ríki hefur EFTA þó lagt ríkari áherslu á hagsmuni EFTA-ríkjanna en gert hefur verið í samningum við ESB eins og hagsmuni Íslands og Noregs í sjávarútvegi og er samningur EFTA-ríkjanna og Túnis því víðtækari en samningur Evrópusambandsins.

Eins og áður segir voru samningarnir við Túnis erfiðir, ekki síst vegna þeirrar verndar sem sjávarútvegur hefur notið þar í landi. Ísland og Noregur lögðu ríka áherslu á að samningar næðust um fríverslun með sjávarafurðir sem er sú samningsniðurstaða sem lögð er fyrir Alþingi í dag. Samningarnir tóku átta ár og reyndu mjög á EFTA-samstarfið. Á tímabili leit út fyrir að samstarf EFTA-ríkjanna væri í hættu þar sem Svisslendingar hugðust gera tvíhliða samning við Túnis sem skaðað hefði samstarf EFTA-ríkjanna. Að lokum tókst þó að ná samningum með því að gefa Túnis þann langa aðlögunartíma í fríverslun með sjávarafurðir sem áður er greint frá. Samhliða fríverslunarsamningnum gerðu EFTA-ríkin hvert og eitt tvíhliða landbúnaðarsamning um tollalækkanir fyrir ýmsar óunnar landbúnaðarvörur eins og tíðkast hefur við gerð fríverslunarsamninga.

Viðskiptin milli Íslands og Túnis eru ekki mikil í dag enda eru tollar almennt háir þar í landi. Ljóst er að mikil tækifæri eru fyrir hendi, ekki síst eftir að fríverslun hefur verið komið á milli EFTA-ríkjanna og Túnis. Reynslan sýnir að viðskipti aukast gjarnan í kjölfar fríverslunarsamninga sem Ísland hefur gert í félagi við hin EFTA-ríkin og hefur slík samningagerð því virkað hvetjandi á viðskipti eins og að hefur verið stefnt.

Að samningi við Túnis meðtöldum og samningi við Líbanon sem Alþingi samþykkti 10. maí síðastliðinn en sem bíður enn fullgildingar Líbana hafa EFTA-ríkin nú komið á fríverslunarsamningum við 14 ríki á yfirráðasvæði með tæplega 290 milljónir íbúa til viðbótar samningum þeirra við Evrópusambandið. Í næsta mánuði er ráðgert að undirrita samning milli EFTA-ríkjanna og Suður-Kóreu.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til síðari umr. og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 285. mál (upplýsingar um umhverfismál). — Þskj. 300.

[18:03]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu þeirri sem gerð var grein fyrir en með henni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun 2003/4, um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Samkvæmt tilskipuninni geta allir einstaklingar og lögaðilar óskað eftir aðgangi að upplýsingum um umhverfismál sem opinber yfirvöld ráða yfir eða eru geymdar fyrir þeirra hönd án þess að sýna fram á að þeir hafi hagsmuna að gæta. Tilskipunin fellir úr gildi eldri tilskipun um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál sem ætlað er að innleiða tilskipunina er nú til umfjöllunar hér á Alþingi í umhverfisnefnd.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til síðari umr. og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 286. mál (rafbúnaðarúrgangur). — Þskj. 301.

[18:04]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Með þessari þingsályktunartillögu, sem gerð hefur verið grein fyrir úr forsetastóli, er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 og 134/2004, um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipanir 2002/96 og 2003/108, um raf- og rafeindabúnaðarúrgang. Eins og með fyrri ákvarðanir er gerð grein fyrir efni hennar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Í tilskipun 2002/96 er kveðið á um hvernig eigi að fjármagna, safna, meðhöndla og endurnýta raf- og rafeindabúnaðarúrgang og er markmið tilskipunarinnar að draga úr mengun slíks úrgangs og auka endurnýtingu á honum. Tilskipun 2003/108 breytir fyrri tilskipun og skýrir reglur um kostnað við förgun eldri raftækjabúnaðar annars en þess sem kemur frá heimilum. Í umhverfisráðuneytinu er nú unnið að undirbúningi lagafrumvarps til innleiðingar gerðanna hér á landi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 287. mál (evrópsk samvinnufélög). — Þskj. 302.

[18:05]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Með þessari þingsályktunartillögu sem nú hefur verið tekin á dagskrá er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004, um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun 2003/72, um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Eins og með fyrri ákvörðun er gerð grein fyrir efni hennar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir. Í tilskipuninni er kveðið á um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum. Tilskipuninni er ætlað að vernda rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi evrópskra samvinnufélaga.

Reglugerð um samþykktir fyrir slík félög var tekin upp í EES-samninginn í febrúar 2004 og er umrædd tilskipun henni til nánari uppfyllingar. Í félagsmálaráðuneytinu er nú unnið að undirbúningi innleiðingar tilskipunarinnar.

Ég legg til, herra forseti, að þessari tillögu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Textun, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 42. mál (sjónvarp, kvikmyndir o.fl.). — Þskj. 42.

[18:07]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við tökum þá upp þráðinn þar sem frá var horfið með að ræða frumvarp til laga um textun en hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson mælti fyrir því nú síðdegis.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé um að ræða bæði þarft og merkilegt lagafrumvarp, frumvarp sem varðar ótrúlega stóran hluta þjóðarinnar. Ef þetta frumvarp verður að lögum verður sjónvarpsstöðvum skylt að texta allt íslenskt efni sitt innan fimm ára eftir að lögin taka gildi. Flutningsmenn frumvarpsins eru sex þingmenn allra stjórnarandstöðuflokkanna með Frjálslynda flokkinn í fararbroddi.

Þetta frumvarp mun tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum, afþreyingar- og fræðsluefni til jafns við þá sem hafa fulla heyrn.

Hér er að sjálfsögðu um fullgilt mannréttindamál að ræða, mál sem varðar rúmlega 10% þjóðarinnar sem í dag líða fyrir heyrnarskort eða algert heyrnarleysi. Það er í raun með ólíkindum að krafan um þetta skuli ekki hafa komið fram fyrr í frumvarpi hér á hinu háa Alþingi og mér finnst það segja meira en mörg orð um hversu hógvær og lágvær þessi þjóðfélagshópur, heyrnarskertir, hefur verið fram til þessa í kröfum sínum um bætur varðandi þessi málefni. Staðreyndin er nefnilega sú þegar maður skoðar þessi mál þá erum við Íslendingar skammarlega skammt á veg komnir með að texta íslenskt sjónvarpsefni og í þeim efnum stöndum við langt að baki nágrannalöndunum, við erum á svipuðu stigi og Albanía með um einn klukkutíma af textuðu innlendu efni á mánuði.

Mér finnst það vera okkur til háborinnar skammar og í raun og veru alveg með ólíkindum að sjónvarpsstöðvarnar skuli ekki fyrir löngu hafa sýnt viðleitni til að bæta úr þessu því að tækni til að texta sjónvarpsefni hefur tekið stórstígum framförum á undanförnum árum. Í dag er hægt að texta beinar sjónvarpsútsendingar með slíkum búnaði og það má nefna hér sem dæmi að allar beinar sjónvarpsútsendingar frá breska þinginu eru nú textaðar með þannig tæknibúnaði. Hér á Íslandi væri hægt að nefna sjónvarpsfréttirnar sem dæmi í þessu sambandi. Sjónvarpsfréttir hér eru ekki textaðar í dag nema útlendingar mæli á erlenda tungu. Þá setja menn inn texta svo að hinir heyrandi fái skilið hvað sagt er. En mér finnst, herra forseti, að það sé alveg sjálfsögð krafa að fréttir séu alfarið textaðar. Þær eru þegar til *innritaðar sem texti, fréttamenn skrifa texta sína, þulir* og fréttamenn lesa þann texta þegar fréttirnar fara í loftið. Það sem ekki er til textað eru þá viðtalsbútar við viðmælendur fréttamanna en það ætti að vera hægur vandi að bæta úr því.

Þetta þekki ég sjálfur mjög vel því að ég hef starfað sem fréttamaður á sjónvarpsstöð og veit alveg hvernig vinnsla frétta fer fram. Þetta er allt saman til í tölvunum. Það er ekkert mál að bæta úr þessu.

Þess vegna hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna hafa sjónvarpsstöðvar hér á landi sem reka fréttastofur ekki fyrir löngu séð sóma sinn í að a.m.k. fréttatímarnir fari textaðir til útsendingar? Ríkissjónvarpið hefur um margra ára bil lagt út í þann kostnað að hafa fréttaþuli sem tjá sig á táknmáli í örfáar mínútur rétt fyrir fréttir. Það væri hægt að fella niður þann kostnað ef fréttirnar væru textaðar. Þarna gætu stöðvarnar og Ríkissjónvarpið sparað útgjöld á móti þeim kostnaði sem hlytist af því að senda út textaðar fréttir.

Sjónvarpsstöðvarnar hér á Íslandi reyna eins og þær geta að leggja skiljanlega metnað í að framleiða sjónvarpsefni á íslensku en þetta er yfirleitt mjög vinsælt efni, enda kærkomin hvíld fyrir fólk frá erlendum þáttum sem geta verið afskaplega misjafnir að gæðum. Fólk sem horfir á þessar stöðvar þarf nærri undantekningarlaust að greiða fyrir það há gjöld, afnotagjöld eða áskriftargjöld. En þeir sem búa við heyrnarskort sleppa ekki við að greiða þessi gjöld, þeir þurfa líka að borga þó að þeir fari kannski á mis við áhugaverðustu dagskrárliðina þar sem efni þeirra er ekki textað, en það eru íslensku þættirnir sem eru þeir dagskrárliðir sem fólk sækir mest í.

Mér finnst það mjög skrýtið þegar við skoðum hversu ótrúlega hátt hlutfall landsmanna eiga við heyrnarskort að stríða, 10% þjóðarinnar, að auglýsendur sem auglýsa fyrir útsendingar íslenskra þátta skuli ekki hreinlega gera kröfu um að þættirnir séu textaðir einmitt til að ná til þessa markhóps, þeirra sem eru heyrnarskertir. Þetta er fólk sem hefur kaupgetu á við alla aðra, þetta eru neytendur eins og aðrir og ætti að vera sjálfsagt fyrir þá sem eru að reyna að koma sínum boðskap á framfæri með auglýsingum að reyna með einhverjum hætti að ná til þessa hóps. En það virðist ekki vera og það ber að harma.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta frumvarp verði til þess að það renni upp ljós fyrir fólki og menn sjái að nú sé kominn tími til að gera bragarbót í málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra því að þetta fólk er alls ekki annars flokks borgarar. Það hefur sömu réttindi og allir aðrir íbúar þessa lands og er ekki verri Íslendingar en við hin þó að það eigi við örðugleika að stríða þegar kemur að heyrn. Það mætti þó halda að margir telji að hér sé um einhvers konar annars flokks borgara að ræða þegar maður lítur á hversu halloka þessi stóri þjóðfélagshópur fer í þjóðfélaginu þegar ýmis sjálfsögð þjónusta innan samfélagsins er skoðuð. Ég held að það væri skref í rétta átt, virðulegi forseti, ef Ríkissjónvarpið, Stöð 2 og fleiri sjónvarpsstöðvar tækju sig saman í andlitinu og færu að texta efni sitt og menn byrjuðu á því að texta fréttatímana. Því eins og ég sagði áðan ætti það að vera tiltölulega auðvelt mál og þyrfti ekki að kosta svo mikla peninga vegna þess að fréttirnar eru til staðar nú þegar textaðar.

Ég vona, virðulegi forseti, að þetta frumvarp fái brautargengi. Mér skilst að það fari nú inn í menntamálanefnd og þar fer Sjálfstæðisflokkurinn með formennsku. Við höfum séð það áður að í þingflokki Sjálfstæðisflokksins eru menn fljótir til þegar um slík mál er að ræða þó að ekki hafi þá verið um heyrnarskerta að ræða. Á síðasta ári komu 16 þingmenn Sjálfstæðisflokksins með núverandi formann menntamálanefndar í fararbroddi, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, fram með frumvarp til laga um breytingar á útvarpslögum þess efnis að sjónvarpsstöðvar mættu sýna beint frá íþróttaviðburðum án þess að þurfa að láta fylgja með íslenskt tal eða texta. Mér skilst að kveðið sé á um það í lögum að annaðhvort þarf að talsetja eða texta erlent efni sem fer út í gegnum íslenskar sjónvarpsstöðvar. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins voru í þessu tilviki fljótir til og vildu að heimilt yrði að sýna knattspyrnuna, enska fótboltann, í beinni útsendingu án texta eða talsetningar.

Sigurður Kári Kristjánsson, hv. núv. formaður menntamálanefndar og alþingismaður, sagði m.a., með leyfi forseta, við fjölmiðla:

„Núgildandi útvarpslög fela í sér mismunun og ójafnræði gagnvart þeim aðilum sem starfa á þessum markaði."

Þarna höfðu þingmenn Sjálfstæðisflokksins með öðrum orðum miklar áhyggjur af því að ójafnræði væri milli þeirra sem starfa á þessum markaði, þeirra sem selja þetta efni til neytenda. Ég vænti þess, og trúi ekki öðru fyrr en ég tek á því, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins beri sömu virðingu fyrir neytendum og vilji að þeir hafi líka jafnan rétt til þess að skilja það sem fram fer á hverjum tíma. Ég vænti þess að þeir sjái það í hendi sér að það sé hreinlega óþolandi að 10% þjóðarinnar skuli þurfa að búa við það augljósa misrétti sem felst í því að ekki er gert skylt að íslenska íslenskt sjónvarpsefni.

Ég læt þar með lokið máli mínu en ítreka enn og aftur ósk mína og vonir um að þetta mál fái nú betri afgreiðslu en á síðasta ári, verði afgreitt fljótt og hratt í gegnum menntamálanefnd og geti orðið að lögum í vetur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, 1. umr.

Frv. RG og MF, 48. mál. — Þskj. 48.

[18:18]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um samkomudag Alþingis og starfstíma þess.

Frumvarpið fjallar um að samkomudagur reglulegs Alþingis skuli vera 15. september ár hvert og að reglulegum störfum Alþingis skuli ljúka 15. júní.

Virðulegi forseti. Ég er bjartsýnni en áður á að viðverutími Alþingis verði tekinn til endurskoðunar og vísa þá til ræðu forseta Alþingis við setningu Alþingis 1. október í haust. Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, fjallaði um það við þingsetningu að hún vildi gjarnan skoða starfstíma Alþingis og taka þátt í því að fram fari endurskoðun á þingsköpum. Ræðu hennar var vel tekið innan þings og utan.

Bryndís Hlöðversdóttir og Margrét Frímannsdóttir hafa verið meðflutningsmenn mínir í þessu máli en það hefur verið flutt tvisvar sinnum. Bryndís hefur nú vikið af þingi en Margrét Frímannsdóttir er flutningsmaður með mér að

þessu máli. Það er ekki tilviljun, virðulegi forseti, að við þrjár höfum staðið að þessu, við höfum allar verið eða erum þingflokksformenn í flokki okkar, Samfylkingunni, og þekkjum því afar vel hvernig starfstími Alþingis hefur verið og hvernig hefði verið unnt að skipuleggja þinghaldið ef málum væri öðruvísi skipað. Við þekkjum annmarkana á því fyrirkomulagi sem hér hefur viðgengist undanfarin ár í störfum Alþingis.

Frumvarpið hefur verið flutt tvisvar og eigi verið útrætt og við erum sammála um að mikilvægt sé að halda áfram að hreyfa þessu máli og sýna fram á að starfsfyrirkomulagið eins og það er í dag er úrelt og að þörf er á breyttum vinnubrögðum og annarri vinnutilhögun á Alþingi.

Ég legg mikla áherslu á það, virðulegi forseti, að þinghaldið síðustu missiri undirstrikar nauðsyn þess að gera gjörbreytingar á störfum Alþingis. Við höfum vanist því að þing komi saman 1. október og ljúki í byrjun maí. Því er ekki að leyna að undir lok þinghaldsins kemur mikil pressa bæði á framlagningu stjórnarmála og afgreiðslu þeirra fyrir vorið. Ég minni á fjölmiðlafrumvarpið svokallaða sem kom seint fram á síðasta þingi og varð til þess að þinginu var fram haldið með hléum alveg fram í júlí.

Í frumvarpi okkar felst að Alþingi komi saman 15. september og sitji til 15. júní. Það þingtímabil sem við höfum vanist er afskaplega stutt miðað við þau miklu verkefni sem Alþingi fæst við nú á dögum. Það hafa oft verið miklar umræður um fjölda þingmannamála, það er oft óskað eftir því að við setjum mörg mál á dagskrá, tölum stutt, jafnvel bara flutningsmaður, og það hefur gerst að allt að 37 þingmannamál hafi verið sett á dagskrá á einum og sama deginum af því að nýta þurfti dagana í lokin fyrir stjórnarfrumvörpin sem afgreiða átti fyrir vorið.

Síðasta vetur hófum við þingtímann 1. október og vorum að störfum til 10. desember. Jólahlé var frá 10. desember til 24. janúar og þá tókum við til við þingstörfin aftur til 11. maí. Það fóru sem sé 44 dagar í jólahlé og síðan tókum við 142 daga í sumarhlé. Ég undirstrika að ég er hér ekki að tala um sumarleyfi eða jólafrí en Alþingi fjallar ekki um stjórnvaldsaðgerðir eða veitir ríkistjórninni aðhald í 186 daga af 365 eða meira en helming ársins sé litið til þess árs sem liðið er. Það er óviðunandi, virðulegi forseti.

Lengdur starfstími er grunnur að breytingum og nýjum starfsháttum þingsins. Verði frumvarpið að lögum mun forsætisnefnd endurskoða starfsáætlun þingsins og ég sé það fyrir mér að skoðað verði hvað hefur reynst vel í skipulagi hjá öðrum þingum og hvað þróun þingstarfa kallar helst á varðandi breytingar.

Hér fyrir hálfri stundu eða um það bil fóru fram orðaskipti á milli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hæstv. fjármálaráðherra Árna M. Mathiesen og þar var verið að fjalla um frammúrkeyrslu ríkisins og hugsanlegt eftirlit eða breytingar á vinnubrögðum Alþingis til þess að komast út úr þessu fyrirkomulagi. Hæstv. fjármálaráðherra taldi að það skipti ekki sköpum hvort breytingar yrðu á viðveru þingsins. Ég er því mjög ósammála. Það er alveg ljóst að ef Alþingi er lengur að störfum og tekur styttri hlé skapast grundvöllur fyrir því að Alþingi fái oftar yfirlit yfir ástand stofnana og geti t.d. falið undirstofnun sinni, Ríkisendurskoðun, að skoða hver staðan sé í ríkisfjármálunum og fá um það upplýsingar oftar yfir árið. Eins og nú er koma fjáraukalög inn á haustin þar sem farið er yfir hvað ekki stóðst og þarf að ganga frá aukafjárveitingum vegna þessa.

Alþingismenn njóta fullra launa allt árið og þingmennska er fullt starf þeirra allra. Áður fyrr fengu alþingismenn dagpeninga fyrir þann tíma sem Alþingi starfaði og það var jafnframt svo um þorra alþingismanna að þeir gegndu öðrum störfum samhliða þingmennsku. Starfstími Alþingis var eigi að síður sá sami og hann er nú, þ.e. frá því í október og fram í maí. Hefur svo verið í meginatriðum frá stríðslokum. Í seinni tíð hafa breytingar orðið á starfskjörum alþingismanna sem taka mið af auknum verkefnum þeirra og alþingismenn hafa notið fastra launa allt frá árinu 1964. Frá því um 1970 hafa stöðugt færri alþingismenn gegnt öðrum störfum samhliða þingmennsku. Því má segja að starfstími Alþingis hafi ekki fylgt þeim breytingum sem annars hafa orðið á starfskjörum og starfsháttum alþingismanna.

Á haustin er tekin ein vika í þinghlé hér á Alþingi og í þessari einu viku fara þingmenn í kjördæmin, halda fundi eða gera eitthvað annað mikilvægt. Ef starfstímanum væri breytt, eins og hér er lagt til, þannig að starfað væri lengur að vetrinum væri hægt að hafa starfsáætlunina öðruvísi, hafa oftar hlé, oftar kjördæmavikur eða kjördæmadaga eða gefa meira svigrúm til að fara yfir skýrslur eða vinna að frumvörpum á þeim tíma sem Alþingi starfar. Á Íslandi kemur þing saman fyrsta virka dag eftir 1. október, eins og fyrr segir, og hefur hingað til staðið fram í byrjun maí eða miðjan maí, síðustu árin aðeins fram á fyrstu daga maímánaðar. Við leggjum til að byrjað verði 15. september og þingstörfum haldið áfram fram undir þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Í Noregi stendur þingtími frá septemberlokum til u.þ.b. 20. júní, í Svíþjóð frá 16. september til 17. júní, í Danmörku frá fyrsta þriðjudegi í október til 5. júní og í Finnlandi frá fyrsta þriðjudegi í september til u.þ.b. 20. júní. Algengt er að jólahlé sé tvær, hámark þrjár vikur. Í Noregi er það t.d. um 14 dagar og um páska er svipað hlé.

Eins og fyrr segir njóta alþingismenn á Íslandi fullra launa allt árið enda er þingmennska fullt starf, en starfstími Alþingis hefur ekki breyst, hann er frá október og fram í maí. Það er mjög mikilvægt að gera breytingar í samræmi við starfsvettvang alþingismanna og taka mið af þeim breytingum á starfskjörum sem hafa orðið frá því u.þ.b. árið 1970. Í heild viljum við flutningsmenn gefa þinginu rýmri tíma til að fjalla um mál, ekki síst nefndum þingsins, og við viljum að komi þingmál seint fram séu það ekki rök fyrir því að þrýsta því í gegnum þingið fyrir vorið að sumarhléið sé langt. Hafi ráðherra ekki unnið að máli þannig að það komi tímanlega fram þá er ekki hægt að koma inn í þingið, jafnvel fá mál á dagskrá með afbrigðum og ætlast til að það sé afgreitt á engum tíma. Þegar sumarhlé er orðið styttra verða menn að horfast í augu við að það sem ekki er afgreitt fyrir vorið verði tekið upp aftur að sumarhléi loknu enda er það þá ekki svo langur tími.

Það er líka afar slæmt, herra forseti, hve lítill tími gefst oft til að skoða stjórnarfrumvörp áður en þau eru tekin á dagskrá og reynslan sýnir að þegar loksins kemur að nefndardögum þarf nefndarformaður að keyra yfirferðina áfram,

oft til mikils vansa fyrir þingið og gagnvart því fólki sem kemur á nefndarfundi, jafnvel utan af landi, til að fjalla um og varpa ljósi á þau mál sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Það er ekki óalgengt að heyrst hafi frá fulltrúum okkar í efnahags- og viðskiptanefnd að ekki hafi verið sæmandi þegar fólk hefur komið, kannski tíu til tuttugu manns, út af einu máli, kallað utan af landi eða úr dagsins önnum, og þarf síðan að bíða jafnvel klukkustund eftir að komast inn á fund nefndarinnar þar sem svo er rokið í gegnum málin, jafnvel á fáum mínútum, og lítið fjallað um það sem fram kom. Þessi vinnubrögð eru ekki Alþingi sæmandi og aðeins með því að breyta starfsáætlunum, komast út úr þessum álagspunktum, getum við tekið upp faglegri vinnubrögð og heillavænlegri.

Ekki eru komin fram mjög mörg stjórnarfrumvörp nú tæpum einum og hálfum mánuði eftir þingbyrjun. Ekki er hægt að verjast þeirri hugsun að það sé ekki fyrr en u.þ.b. sem þing kemur saman sem ráðuneytin fara að haska sér í að ganga frá frumvörpum eða lokayfirferð á þeim í ráðuneytinu. Þegar þau svo koma inn örfáum dögum áður en nefndardagar hefjast, eins og raun ber vitni núna, gefst ekki tími til að senda þau út til umsagnar og skoða þær á þann hátt sem æskilegt er og fá síðan fólk til fundar við nefndina til að fylgja umsögnunum eftir. Þetta er ekki ásættanlegt. Búast má við að á næstu tveimur vikum verði mjög mörg stjórnarfrumvörp á dagskrá og að þau nái ekki þeirri vinnu sem hugsuð var á nefndadögunum 30. nóvember og 2. og 3. desember. Það setur líka dagskrá þingsins í uppnám.

Ég er alveg sannfærð um að lengri viðvera þingmanna á Alþingi muni líka venja ráðherra og ráðuneyti á öðruvísi vinnubrögð, enda þarf aga til að fólk gangi í verkin eins og hér er lýst. Ég ætlast að sjálfsögðu til þess að ef við tökum upp betri og faglegri vinnubrögð, breytum starfsháttum þingsins og tökum upp öðruvísi vinnulag verði þingmannamálunum gerð betri skil. Ástæða er til að nefna það líka, af því að kjördæmavikan er nýrri tíma mál, að það hefur verið gott að fá slíka yfirferð en það er líka talsvert þröngur tími, ekki síst eftir þær breytingar sem gerðar voru á kjördæmaskipaninni. Kjördæmin eru orðin gífurlega stór og eru allt annars eðlis en þegar þessi eina kjördæmavika var tekin upp. Þingmönnum stóru kjördæmanna er þröngur stakkur sniðinn að hafa samkvæmt starfsáætlun aðeins þessa einu viku til að fara út í kjördæmin. Ef við værum með fleiri slíkar vikur yfir veturinn væri starfið í stóru kjördæmunum liprara og þingmönnum væri mögulegt að koma betur til móts við kjósendur sína. Það hefur reynst frekar óheppilegt að reyna að hafa alla þessa vinnu í janúar, þyngsta vetrarmánuðinum, og sumrin eru ekki endilega heppilegasti tíminn til að hitta fólk. Þetta þarf allt að raðast niður með besta móti og það getum við gert ef við endurskoðum starfsáætlun þingsins.

Virðulegi forseti. Ég hef drepið hér á það helsta sem máli skiptir varðandi það að breyta starfsáætlun Alþingis og að mikilvægt sé að dreifa þingfundum á lengri tíma yfir veturinn og skipuleggja störf þingsins upp á nýtt.

Ég vil sérstaklega árétta að það eru engin sérstök rök fyrir því að Alþingi skammti sér svo nauman tíma sem raun ber vitni til að fjalla um og afgreiða liðlega 100 frumvörp. Það er sá fjöldi frumvarpa sem yfirleitt hefur komið fram á hverjum þingvetri og 20–30 ályktanir sem venjan hefur verið hingað til. Auðvitað eigum við að breyta fyrirkomulaginu og gefa okkur betri tíma til umfjöllunar.

Virðulegi forseti. Ég get líka bent á bættar samgöngur, fjarskiptaþróunina, tölvuvæðinguna, allt það sem gjörbreytt hefur allri vinnutilhögun þingmanna. Ég vil líka nefna að oft heyrast gagnrýnisraddir hjá almenningi sem finnst hið langa sumarhlé Alþingis á skjön við starfsfyrirkomulag annarra stétta. Sú umræða er orðin áberandi neikvæð. Ég er ávallt manna fyrst til að benda á að sumarhlé er ekki sumarleyfi þingmanna því að þingmenn eru að störfum, en því er ekki að leyna að þessi starfsáætlun og fyrirkomulag gerir það að verkum að fólk álítur að þingið sé sent heim.

Eins og fram hefur komið eru þingmenn í burtu hálft árið og óþolandi er að það sé litið svo á að þingmenn séu í fríi hálft árið. Það að þessu hefur verið komið inn hjá þjóðinni er okkur sjálfum að kenna. Ég vil líka taka fram af því að oft er sagt að í stað þess að hafa starfsáætlunina öðruvísi og vera með lengri viðveru og öðruvísi starfshætti sé þetta eins konar vertíðarvinna. Það er heldur ekki sæmandi fyrir fjölskyldufólk að það sé dögum saman þannig fram eftir hausti að fólk sé hér að fram að og fram yfir kvöldmat af því að ekki tekst að afgreiða mál. Það er líka oftast þannig að það eru aðeins þeir þingmenn sem eiga málin eða eru í viðkomandi nefndum sem eru á vettvangi þegar svo er komið. Það á að vera þannig að fjölskyldufólk af öllu tagi geti tekið þátt í störfum Alþingis og að hægt sé að lifa þokkalegu fjölskyldulífi samhliða því að vera þingmaður.

Það á að vera hægt með því að skipuleggja starfið öðruvísi þó að ég geri mér mjög vel grein fyrir því að störf þingmanna munu ávallt hafa álagspunkta og að þingmaður verður að vera tilbúinn til þess að sinna verkum á ólíkum tímum. Þetta er orðin frekar föst hefð hjá okkur fremur en sérstök undantekningartilvik. Stundum er líka eins og ríkisstjórnin bíði eftir því að sú stund renni upp að þingið sé sent heim og ríkisstjórnin fái frið fyrir okkur og geti sinnt verkefnum sínum án afskipta þingsins. Það er úrelt hugsun og þetta eru úrelt vinnubrögð.

Við eigum að láta þingið starfa eins og unnt er allt árið. Við eigum að stytta sumarhlé, stytta jóla- og páskahlé ef okkur sýnist svo og gera oftar hlé á hefðbundnum þingfundum til að hið fjölbreytta starf þingmannsins fái notið sín. Við eigum alltaf að hafa það með í veganesti að við erum ekki bara hér til að vinna með löggjöf. Alþingi er mjög mikilvægur vettvangur skoðanaskipta, Alþingi er mjög mikilvægur vettvangur þjóðfélagsumræðu og Alþingi ber að sýna stjórnvöldum aðhald. Það gerum við miklu verr þegar við erum hálft árið utan þinghússins.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og framsögu um samkomudag Alþingis og starfstíma þess.

[18:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Mál það sem hér er til umræðu og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir mælti fyrir áðan tel ég vera mjög þarft mál. Ég held að ég geti alveg lýst því yfir að það fellur mjög að þeim skoðunum sem ég hef haft varðandi starfstíma og fyrirkomulag á vinnutíma á hv. Alþingi og hef reyndar tjáð það opinberlega, m.a. í sjónvarpsþáttum fyrir

2–3 árum. Ég lýsi því stuðningi mínum við að málið sé tekið til umfjöllunar og afgreiðslu í þinginu og að við reynum að stefna að því að breyta starfstíma Alþingis.

Ég er hlynntur því að Alþingi komi fyrr saman á haustin en verið hefur og ég er einnig hlynntur því að því ljúki síðar en verið hefur. Ég tel að það eigi að vera í nokkuð föstum skorðum hvernig Alþingi starfar frá upphafsdegi og til loka þings. Ég er sammála þingmanninum að þau eigi að vera í júnímánuði, hvort sem það væri í fyrstu viku þess mánaðar eða þegar komið væri langleiðina fram að þjóðhátíðardegi eins og lagt er til í frumvarpi hv. þingmanns.

Ég tel að það eigi líka að liggja fyrir að starfstími Alþingis sé almennt til 15. desember ár hvert og þing hefjist aftur eigi síðar en 7. janúar og það sé hinn markaði starfstími sem við vitum að við þurfum að starfa á hinu hv. Alþingi. Á móti þessum breytingum tel ég einnig að skipuleggja þurfi vinnutíma Alþingis öðruvísi og að taka eigi miklu meira mið af því en gert er í dag að Alþingi er vinnustaður fjölskyldufólks, þó að svo hagi til með þann sem hér stendur og kannski fleiri sem komnir eru yfir miðjan aldur að þeir geti verið hér af og til og jafnvel oft fram eftir kvöldi eins og reyndin hefur verið hjá þeim sem hér stendur á þessu hausti, að bíða eftir að mál hans komist á dagskrá dag eftir dag. Ég hef ekkert kvartað undan því, svona er það bara. Hins vegar væri miklu æskilegra ef við vissum að hvaða starfstíma við stefndum.

Ég tel æskilegt að stefnt sé að því að þingfundum ljúki kl. 18. Það sé hinn almenni starfstími sem Alþingi eigi að setja sér og yrði þá að færa þingtímann aðeins framar ef menn geta ekki komið málum fram á þeim lengda starfstíma sem hér er lagður til með því að þingfundum ljúki kl. 18. Svo kann auðvitað að vera að vegna sérstöðu þingsins þurfi að vera heimilt að hafa þingtímann lengri einu sinni í viku. Ef menn hallast að því tel ég að slíkt fyrirkomulag eigi að vera á fimmtudögum, að menn viti þá að hægt sé að vera með lengri þingfundi á þeim degi, en það verður líka að setja því einhver skynsamleg mörk. Ég held að þetta séu eðlilegar breytingar á starfsháttum Alþingis. Við vinnum yfirleitt í nefndum frá kl. hálfníu á morgnana. Síðan er starfsdagurinn oft langur, eins og í dag þegar klukkan er farin að ganga langleiðina í sjö og oft er hann lengri.

Að mínu viti er líka mjög nauðsynlegt að skipuleggja nánar og hafa oftar stutt hlé á þingtímanum, a.m.k. einu sinni á hausti og einu sinni til tvisvar yfir vetrartímann. Það er auðvitað hugsanlegt að tengja seinna hléið við páskavikuna, hvort sem menn vilja hafa það fyrir eða eftir páska, þannig að saman fari möguleiki á því að þingmenn geti ferðast um kjördæmi sín og haldið fundi og að þeir eigi einhvern tímann frítíma eins og aðrir yfir páskahelgina. Ég tel að slík þingfundarhlé megi ekki vera skemmri en fimm til sex dagar til þess að það náist, a.m.k. fyrir okkur í landsbyggðarkjördæmunum, að ferðast um kjördæmin, halda fundi og hitta fólk á svæðunum. Ég segi fyrir mitt leyti varðandi Norðvesturkjördæmið að ef maður á að sinna því vel og ná að komast yfir það í einu slíku hléi veitir ekkert af sex dögum til þess. Það er ekki lengur svo að menn geti treyst á flug til að ferðast og er yfirleitt aldrei hægt fyrir alþingismenn að treysta á flug því þeir þurfa að fara frá einum stað til annars og þar er ekkert á flugið að treysta nema menn fljúgi aftur til Reykjavíkur og síðan þaðan. Það er enginn flýtir í því svo framarlega sem hægt er að nota þjóðvegina en þeir eru auðvitað ekki alltaf færir eins og menn þekkja. Um er að ræða vegalengdir sem eru allt að 600 km til að komast til að halda einn fund og fara síðan til baka o.s.frv. Það er nokkurn veginn jafnlangt suður úr Norðvesturkjördæminu eins og í austur og vestur, þ.e. að fara frá Hólum og vestur á Patreksfjörð. Menn sjá því alveg hvaða tími fer í þetta, ekki síst yfir haust- og vetrartímann þegar komin er hálka og menn geta ekki alltaf leyft sér að vera á hámarkshraðanum.

Ég tel afar nauðsynlegt að menn skipuleggi og skoði þessi mál upp á nýtt. Ég tek sem sagt undir meginefni frumvarpsins og ég tel að í framtíðinni eigi að taka mikið meira tillit til fjölskyldufólks sem starfar hér á Alþingi, bæði þingmanna og starfsmanna þingsins, varðandi vinnutíma okkar. Það er líka nútímakrafa að við skipuleggjum þingstörfin betur og komum málum fram. Mér finnst líka þegar verið er að tala um málatilbúnað, málaframsögu og afgreiðslu mála hér í hv. Alþingi að ekki sé unandi við það til framtíðar að reglan sé sú að á hverju þinginu á fætur öðru séu afgreidd eitt, tvö eða þrjú lítil mál stjórnarandstöðunnar og öll önnur mál látin liggja ár eftir ár eftir ár. Þetta er náttúrlega ekki þingræði, þetta er stjórnræði. Þó að meiri hlutinn eigi vissulega að fá að ráða stefnumótun sinni getur það varla verið svo að öll mál stjórnarandstöðunnar séu þeim svo gjörsamlega andsnúin, að þau þjóni ekki neinum hagsmunum og þeim málum fylgi ekki neitt réttlæti. Ég tel það ekki vera svo. Það þarf því með einhverjum hætti að finna því einhvern farveg að mál fái að koma inn í þingið frá stjórnarandstöðunni eftir 1. umr. og það kemur þá bara í ljós þegar menn kjósa hvort málið á brautargengi eða ekki. Ef mál eru felld þá standa menn bara fyrir atkvæðagreiðslu sinni. Það er alveg óþarfi að hafa þá vinnureglu að mál séu send í nefndir, svæfð þar og sitji föst og fáist ekki rædd og menn segi svo: Ja, ég hefði nú stutt þetta mál hefði það komið inn í þingið. Þetta eru eilífar afsakanir stjórnarliða og hafa verið það í 20 til 30 ár. Þetta lýsir algjörum aumingjadómi okkar þingmanna að þora ekki að taka öðruvísi á málum en með þessum hætti, að ganga um með þessar afsakanir á bakinu.

Ég tel að það sé þarft að hreyfa þessu máli og þó að það sé vissulega svo að samgöngur hafi batnað eins og sagt er í nefndarálitinu þá eru vegalengdir í hinum stóru landsbyggðarkjördæmum því miður þannig að menn mega hafa sig talsvert vel við til að afgreiða þau á einni viku eins og ég veit að hv. þingmaður þekkir. Til þess þarf auðvitað að taka tillit meðan fyrirkomulagið er með þeim hætti að ákveðnir þingmenn eiga að sinna ákveðnum kjördæmum, meðan við höfum ekki stigið skrefið til fulls að gera landið að einu kjördæmi. En ég tel að full þörf sé orðin á að klára það mál og gera Ísland að einu kjördæmi svo það sem einkenni störf okkar sé ekki að menn segi t.d.: Ja, þetta er bara þitt mál og þið skuluð koma því í gegn, þið sem eruð í þessu kjördæmi, okkur sem erum í öðrum kjördæmum kemur þetta ekkert mikið við. Ég held að þessu eigi að breyta þannig að landið verði eitt kjördæmi og þingmenn beri jafna ábyrgð gagnvart öllu. Þá gæti enginn geti afsakað sig með því að þetta eða hitt sé annarra mál og menn hafi

lítið um málatilbúnað að segja sé málið flutt eða snúi að einhverjum ákveðnum landshluta. Þetta á m.a. við í samgöngumálum og ýmsum öðrum málaflokkum, t.d. í að efla menntun og fleira og kemur víða fram í málflutningi manna.

Ég kem aðallega hér upp til þess að lýsa stuðningi við þetta mál. Ég tel að málið sé þarft og það eigi að hugsa þetta talsvert upp á nýtt, það eigi að setja okkur almennt skýrari reglur um vinnutíma. Við verðum þá bara að una því að vinnulagið verði fastara. Við hefðum þá meiri vitneskju um starfstíma okkar en er í dag, t.d. fjölskyldumenn, þ.e. að þingmenn sem eru með fjölskyldur og börn. Með því að setja niður að þing hefjist um miðjan september og því ljúki í byrjun júní og að það starfi til 15. desember og hefji aftur störf eigi síðar en 7. janúar þá er auðvitað búið að lengja starfstíma þingsins verulega. Hin stuttu hlé sem þyrfti að gefa til þess að þingmenn gætu sinnt kjördæmum sínum þyrftu þá að hefjast t.d. á miðvikudegi og menn yrðu þá auðvitað að una því að helgin sem inn í þinghléið félli væri vinnudagur, eins og reyndar oft er.

Ég held að það sé dálítið vanmetið þegar menn eru að ræða um störf þingmanna hve margir helgidagar fara í störf. Það er verið að setja niður alls konar fundi vítt og breitt um landið sem hefjast eftir vinnutíma eða eftir að almennri vinnuviku fólks lýkur seinni partinn á föstudögum. Þá þurfum við oft mæta á fundi og síðan eru laugardagsfundir og jafnvel sunnudagsfundir sem við viljum gjarnan mæta á. Það er ekki óalgengt að allar helgar mánaðarins fari í að mæta á einhverja fundi sem maður hefur áhuga á eða fólk hefur þá áhuga á að við mætum á til þess að ræða okkar mál.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég segja að ég hef metið það svo að í sumarhléi þingmanna séum við í fullu starfi og eigum að ferðast um kjördæmi okkar og hitta fólk. Það er beinlínis óskað eftir því, sérstaklega á sumarhátíðir sem er orðin venja að halda nánast í hverju einasta þorpi og sveit á Íslandi. Það er vissulega oftast ánægjulegt að fara á þá fundi og yfirleitt er það svo, en þetta bindur auðvitað starfstíma okkar einnig yfir sumartímann þannig að ég held að ekki sé ofsagt að ef við ætlum að ná virkilegu frii þurfum við helst að skreppa burt af landinu eða norður á Hornstrandir, þangað sem enginn nær í mann.

[18:51]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir flest af því sem hv. þingmaður nefndi í ræðu sinni og met mjög mikils að finna stuðning frá formanni Frjálslynda flokksins við þetta mál. Það er reyndar alveg viljandi sem ég hef ekki sett fram í frumvarpinu tillögur eða hugmyndir um starfstilhögun þingsins. Ég hef samt alltaf sagt það og það er skoðun mín að mér finnst að það eigi að vera fleiri kjördæmavikur. En mér hefur þótt mikilvægast að reyna að fá samstöðu um lengingu viðveru þingmanna á Alþingi og síðan yrði það forsætisnefndarinnar að útfæra hvernig starfsáætlunin yrði og ná sátt um það. Það eru vinnubrögð sem ég mundi vilja sjá.

En af því að þingmaðurinn nefndi hve mikilvægt væri að vita eitthvað fram í tímann hvernig starfsáætlunin er þá tók ég móti þýskum þingmanni sem var í kynnisferð á Íslandi fyrir tveimur árum og sat með honum dagspart og ég spurði hann sérstaklega um starfsáætlun þeirra, eins og ég hef spurt svo marga þingmenn í ólíkum löndum þegar ég er að reyna að kynna mér hvernig þetta er annars staðar. Hann sagði: Ég get upplýst þig um starfsáætlunina hjá okkur í þýska þinginu upp á dag þrjú ár fram í tímann. Það stendur allt eins og stafur á bók hjá okkur.

Ég hugsa að við náum þessu nú seint, en ég vil líka taka undir það að það mundi margt breytast hjá okkur ef landið yrði eitt kjördæmi.

[18:54]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að lýsa ánægju minni með þetta frumvarp. Ég hef talað áður í þessu máli, ég flutti ræðu þegar mælt var fyrir frumvarpinu fyrir ári síðan, nánast upp á dag, og ég lýsi því hér yfir að ég hef í raun og veru ekki breytt neitt um skoðun í málinu. Ég fagna þessu frumvarpi, ég tel að hér sé mjög þarft og gott frumvarp á ferðinni, frumvarp sem ætti fyrir löngu að hafa orðið að lögum. Starfstími Alþingis eins og hann er í dag er algerlega úrelt fyrirbæri. Það miðast við atvinnuhætti á Íslandi á annarri öld, í gamla daga, eins og sumir segja. Við vitum öll að hafa hér orðið gríðarlegar þjóðfélagsbreytingar á örfáum áratugum og að sjálfsögðu er fáránlegt að hér skuli starfstími löggjafarsamkomunnar vera miðaður við hluti eins og heyskap, sauðburð, réttir og slátrun að hausti.

Ég ætla svo sem ekki að hafa mál mitt mjög langt, efnislega er ég alveg sammála flutningsmanni eins og ég sagði áðan. Ég er líka sammála hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni í þeim atriðum sem hann fór yfir. Ég get staðfest það að þingfundatími Alþingis er mjög ófjölskylduvænn, eins og þetta er í dag, ekki síst fyrir okkur yngri þingmennina sem margir hverjir erum foreldrar lítilla barna. Það getur oft verið ansi erfitt, a.m.k. hvað mig varðar að geta ekki sagt að morgni þegar ég fer að heiman hvenær ég komi heim aftur að kvöldi, það er mjög óþægilegt. Við vitum aldrei hvort fundi lýkur hér klukkan sex, sjö, átta eða eins og oft gerist að það er fundað fram á nótt.

Ég er þó með þessu alls ekki að væla neitt yfir því að þurfa að vinna fram eftir ef því er að skipta, það má ekki skilja orð mín svo. En mér finnst að starfstíminn mætti vera reglubundnari en verið hefur og sérstaklega hvenær við hættum á kvöldin.

Mig langar líka til að koma aðeins að einum þætti af því að ég er nú einn af þessum svokölluðu landsbyggðarþingmönnum, ég er þingmaður Suðurkjördæmis sem er mjög víðfeðmt kjördæmi eins og reyndar hin landsbyggðarkjördæmin svokölluðu líka, Norðvesturkjördæmi og Norðausturkjördæmi. Mig langar til að koma þeirri hugmynd á framfæri að okkur landsbyggðarþingmönnunum verði gert kleift að fara um kjördæmi okkar utan hefðbundinnar kjördæmaviku bæði fyrir og eftir áramót, þ.e. tvisvar á hverju starfsári eða þingvetri, og að á meðan gætum við fengið að kalla inn varamenn. Þó að þetta væri ekki nema ein eða tvær vikur sem við landsbyggðarþingmennirnir fengjum til að fara um kjördæmi okkar og héldum þá óskertum launum, til að hitta fólk, til að mynda fólk sem er í rekstri fyrirtækja,

sveitarstjórnarmenn eða venjulegt fólk, ef svo má segja, sem býr í kjördæmunum. Ég tel að fengjum við tækifæri til að gera þetta og gætum þá kallað inn varamenn í okkar stað mundi það á margan hátt létta okkur mjög lífið. Mér finnst ég fá allt of lítinn tíma á hverjum þingvetri til að fara um mitt kjördæmi og mér þykir það mjög slæmt. Það yrði til mikilla bóta ef það yrðu settar inn svona reglur. Að sjálfsögðu mundi þetta kalla á einhvern aukakostnað því að þá þyrfti náttúrlega að greiða þingfararkaup til þeirra varamanna sem kæmu inn á hverjum tíma og kannski þá líka einhvern ferðakostnað til þeirra þingmanna sem væru þá að fara um kjördæmi sín en ég tel að þeir fjármunir væru óverulegir.

Þetta mundi líka hafa annað í för sér, þetta mundi á vissan hátt styrkja lýðræðið, þetta mundi gefa varaþingmönnunum tækifæri til að koma hingað inn á Alþingi og fá að taka þátt í störfum þingsins. Það hlýtur að vera hið besta mál að sem flestir þjóðfélagsþegnar, fólk sem vill beita kröftum sínum til að vinna í stjórnmálum, landi og þjóð til heilla, fái þá tækifæri í formi umbunar með því að koma inn á Alþingi og sinna þingstörfum, taka þátt í pólitíkinni. Ég held að þetta væri á margan hátt mjög gott fyrir alla flokka ef hægt væri að gera þetta í meira mæli en gert er í dag og allir mundu græða á þessu. Ég tel að það sé einstök reynsla fyrir hvaða þjóðfélagsþegn sem er að fá tækifæri til að setjast hér inn á löggjafarsamkomuna og fá að fylgjast með því hvernig hún vinnur og hvernig þetta virkar allt saman, að það sé mjög mikils virði.

Þetta var í raun og veru það sem ég vildi sagt hafa. Að öðru leyti vísa ég í ræðu mína frá því í fyrra. Ég renndi augum yfir hana áðan og eins og ég sagði í upphafi máls míns hefur ekkert breyst þar efnislega. Að lokum læt ég í ljós von mína um það að þetta frumvarp fái nú loks þá meðferð sem það á skilið, að það verði afgreitt héðan sem lög þannig að hér verði gerðar þær umbætur sem ég tel fyrir löngu orðnar tímabærar.

[19:00]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gaman að þingmaðurinn skyldi nefna að frumvarpið hafi verið flutt í fyrra, hér um bil upp á dag. Það undirstrikar að við þingmenn reynum að koma þingmálum sem okkur finnast mikilvæg inn eins fljótt og unnt er, eftir að þing kemur saman 1. október. Þeim sem koma eitthvað seinna inn, það þarf ekki að vera seinna en 15.–20. október fáum við yfirleitt ekki að mæla fyrir fyrr en einhvern tíma á vorþingi.

Ég vil taka fram að í persónulegum samtölum við þingmenn fæ ég mjög góðar undirtektir við þetta frumvarp þótt það hafi ekki fengist afgreitt. En nú bind ég miklar vonir við orð hæstv. forseta Alþingis, Sólveigar Pétursdóttur, um að hún vilji skoða starfshætti Alþingis. Ég er bjartsýnni en áður á að e.t.v. séu betri tímar í nánd.

Það vill svo til að við Guðjón Arnar Kristjánsson erum sveitungar frá Ísafirði og uxum þar bæði vaxið úr grasi. Ég þekki Vestfirðina afskaplega vel, geri mér góða grein fyrir því hve mismunandi kjördæmin eru og stóru kjördæmin seinfarin og þung yfirferðar. Ég er sannfærð um að betra væri að hafa oftar kjördæmavikur. Þá þyrfti heldur ekki að taka inn varamenn, þótt ég beri fulla virðingu fyrir því sjónarmiði sem hv. þingmaður setti fram. Það er affarasælla að vinnulag okkar sé þannig að við störfum yfir árið og fáum hlé til að fara í kjördæmin og þá oftar á þeim tíma sem helst er hægt að ná til fólksins, líka í stórum og þungfærum kjördæmum.

[19:02]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú hygg ég að það sé svo með flesta þingmenn, a.m.k. með okkur landsbyggðarþingmenn, að við erum mjög mikið að störfum þegar þing er ekki starfandi, t.d. í jólahléum og líka í sumarhléum. Við erum á þeytingi fram og til baka um kjördæmi okkar og jafnvel í annarra manna kjördæmum. Í litlum þingflokki eins og mínum eru þingmenn jafnframt háttsettir í sjálfum flokknum, formaður og varaformaður, og því fylgja skyldur um að mæta til funda og ráðslags víða um land. Það að finna sér eitthvað að gera er ekki vandamál í þessu starfi.

Það sem mér finnst að hægt væri að græða á því að þingmenn fengju tækifæri til að fara út í kjördæmi sín á þingtíma væri að þá gætu þeir náð betra sambandi við fólk til að ræða um málefni líðandi stundar, m.a. þingmál sem eru í gangi í þinginu á hverjum tíma. Upp gætu komið mál sem gætu orðið tilefni til umræðu í þinginu og af því gætu sprottið tilefni til fyrirspurna. Ég fæ oft hugmyndir að fyrirspurnum þegar ég tala við fólk í mínu eigin kjördæmi. Manni dettur ýmislegt í hug og stundum hefur það jafnvel leitt af sér frumvörp til laga, þingsályktunartillögur eða annað þess háttar. Sambandið við kjósendur, það að fá að hitta fólk í þeirra eigin umhverfi, er ákaflega dýrmætt fyrir alla þingmenn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 50. mál (framleiðsla innlendra léttvína). — Þskj. 50.

[19:04]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Birkir J. Jónsson. Frumvarpið er flutt af þingmönnum úr öllum flokkum á Alþingi og hefur oft verið flutt áður. Hins vegar eru fleiri flutningsmenn að málinu nú en áður hefur verið.

Málið er gamall kunningi í þingsal. Ég hef mælt fyrir því einum fjórum sinnum. Það gengur út á að fólki verði almennt heimilt að framleiða léttvín, vín undir 15% styrkleika. Í 1. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. og 2. mgr. 6. gr. skal heimilt að framleiða án leyfis vín úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum til eigin neyslu sem í eru að rúmmáli minna en 15% af hreinum vínanda.“

Lög þessi mundu þegar öðlast þegar gildi, samkvæmt 2. gr. þessa frumvarps.

Tilgangur frumvarps þessa er að gera þeim sem vilja og getu hafa til kleift að framleiða létt vín úr innlendum ávöxtum og jurtum og að þeir megi bera það fram án þess að slíkur heimilisiðnaður teljist lögbrot. Flutningsmenn telja að rétt sé að lagfæra áfengislögin þannig að framleiðsla léttvíns með tilgreindum hráefnum verði leyfð. Með því aukna frelsi sem hér er lagt til gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða séríslensk framleiðslu- og verslunarvara, t.d. vín úr hreinni náttúruafurð eins og íslenskum berjum.

Rétt er að geta þess að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að þau vín sem fólki er heimilt að framleiða séu til sölu. Þá verður að fara allt aðrar leiðir, þ.e. leiðir sem nú eru í löggjöfinni, þ.e. eigi að framleiða í stórum stíl vín sem ætlað er sem söluvara í verslunum, vínbúðum eða veitingahúsum. Frumvarpið kveður ekki á um að farið verði út í framleiðslu á sérstakri söluvöru heldur opnar það fyrir að þeir fjölmörgu Íslendingar sem kunna til verka við að búa til matarvín fremji ekki dags daglega lögbrot við að nýta sér þá þekkingu sína, sem oft á tíðum hefur áunnist með því að fólk hefur þreifað sig áfram við að nota ýmsar íslenskar afurðir til að framleiða íslensk matarvín.

Ég hef orðið þeirrar ánægju aðnjótandi að fá að bragða á ýmsum víntegundum hjá fólki sem framleiðir þau. Reyndin er sú, hæstv. forseti, að fólk má kaupa tæki til að framleiða vín, eins og menn vita. Til eru sérstakar búðir sem selja tækjabúnað til að framleiða áfengt öl og vín en fólki er í raun bannað, samkvæmt íslenskum lögum, að nota þau í þeim tilgangi að framleiðslan verði áfeng að einhverju ráði. Þetta er tvískinnungsháttur, hæstv. forseti, að menn mega kaupa tækin og allt sem til víngerðar þarf en megi ekki nota þau til þess er þau eru ætluð. Þessu held ég að þurfi að breyta.

Ég og aðrir flutningsmenn að frumvarpinu viljum styðja við þá þekkingu sem víða er til á Íslandi, einkum í sveitum landsins og sérstaklega, að ég tel, hjá konum sem búa á landsbyggðinni, bændum eða bændakonum, sem kunna margar hverjar að framleiða ágætis matarvín úr íslenskum jurtum, sérstaklega berjavín og rabarbaravín. Reyndar má einnig gera vín úr fíflum o.s.frv. Margs konar þekking er til í landinu í þá veru. Hún er hins vegar falin vegna þess að fólk veit að þetta er lögbrot. Það hefur ekki leyfi til að framleiða vín með þeim styrkleika sem almennt er á matarvínum, frá 7% og upp í 15%. Það er hins vegar gert, ella yrðu vínin ekki sérlega geymsluvæn til langs tíma, þótt geymsluþolinu mætti einnig ná fram með gerviefnum, rotvarnarefnum o.s.frv. En þá eru menn í raun að eyðileggja indælis náttúruafurð sem hægt er að framleiða úr íslenskum jurtum, berjum og ávöxtum.

Mín niðurstaða er því sú, hæstv. forseti, að þetta mál, sem ég hef oft í gamni og alvöru kallað litla bruggmálið, eigi að fá hljómgrunn hér á Alþingi. Ég vona að þingmenn samþykki á endanum að Íslendingum, eins og nágrönnum okkar á Norðurlöndunum, verði heimilt að framleiða sín eigin matarvín og það teljist ekki lögbrot, að menn megi bera eigin framleiðslu fyrir gesti alveg eins og menn mega bera fram sitt eigið hangikjöt eða rúllupylsu eða magál, þeir sem kunna enn að gera slíkt, heimagerða framleiðslu, án þess að við því sé amast.

Ég er sannfærður um að þegar fólki verður leyft að framleiða eigin matarvín mun ýmis þekking koma upp á yfirborðið sem útsjónarsamir menn í vínframleiðslu munu sækjast eftir, þ.e. uppskriftir og framleiðsluaðferðir fólks. Ég hygg að það að heimila þessa framleiðslu geti orðið til að síðar verði framleidd vín í stórum stíl sem teljist séríslensk framleiðsla, séríslensk afurð. Þau nytu þess að vera framleidd í okkar hreina umhverfi og fengju þann gæðastimpil sem ég tel að hægt væri að fá á framleiðslu íslenskra léttvína. Ég sé í þessu tækifæri fyrir framtíðina.

Eins og ég tók fram áður yrði það hins vegar að fara í annan farveg ef menn ætluðu að framleiða vín í stórum stíl. Þá yrðu menn að uppfylla allar þær reglur sem fylgja þarf við að framleiða vín, hafa til þess sérstakt húsnæði, uppfylla hreinlætisreglur, hafa lokaðar geymslur o.s.frv. eins og menn þekkja úr áfengislögunum í dag. Þar erum við bara komin á annað stig.

Þetta frumvarp fjallar hins vegar ekki um það heldur er eingöngu um að ræða að leyfa fólki sem hefur áhuga, vilja, getu, þekkingu og aðgang að hráefni til víngerðar að nýta sér það. Ég held að slík þekking sé víða til í sveitum landsins og muni verða eftirsóknarverð síðar, þegar fólk þarf ekki að fela framleiðsluna á flöskum í efstu hillunum í búrinu í sveitinni. Fólk fengi þar með að sýna sérþekkingu sína og kunnáttu og bera ljúffeng matarvín á borð með íslenskri villibráð. Ég held að það mundi auka gildi þess sem við kunnum í íslenskri matargerð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 19:16.

---

22. FUNDUR

miðvikudaginn 16. nóv.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Fjáraukalög 2005, stjfrv., 144. mál, þskj. 144, nál. 334, 349 og 350, brtt. 335, 336, 337 og 351. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Textun, frv., 42. mál, þskj. 42. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frv., 48.

mál, þskj. 48. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Áfengislög, frv., 50. mál, þskj. 50. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis, stjtill., 284. mál, þskj. 299. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 285. mál, þskj. 300. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

8. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 286. mál, þskj. 301. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

9. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 287. mál, þskj. 302. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.

[12:03]

Útbýting:

Fyrri störf sendiherra, 163. mál, svar utanrrh., þskj. 347.

Athugasemdir um störf þingsins.

Framlagning stjórnarfrumvarpa.

[12:04]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að vekja athygli á því hvernig staða mála er í þinginu nú þegar sjö vikur eru liðnar af þessu þingi og þrjár vikur eftir fram að jólaleyfi eða 10 almennir þingdagar. Við þessar aðstæður standa mál þannig að ef frá eru talin fjárlögin og EES-mál sem koma hér allt að því til sjálfkrafa afgreiðslu hefur verið mælt fyrir sjö stjórnarfrumvörpum. Það eru sjö stjórnarfrumvörp sem eru komin til nefndar.

Mér finnst þetta, virðulegur forseti, bera vott um að annaðhvort sé ríkisstjórnin svo verklítil að hún geti ekki klárað mál inni í ráðuneytunum og komið þeim fram í þinginu eða þá hitt að menn geti ekki komið sér saman í stjórnarflokkunum og að stífla sé í þingflokkunum, þar sitji mál og komist ekki inn vegna þess að hver höndin sé upp á móti annarri.

Við höfum heyrt ráðherra tala um það í fjölmiðlum að þeir ætli að klára eitthvert tiltekið mál fyrir jól. Menntamálaráðherra talar um frumvarp um ríkisútvarp, félagsmálaráðherra um frumvarp um starfsmannaleigur og fleiri slík mál höfum við heyrt nefnd. En þessi mál eru ekki komin inn í þingið, hafa ekki komið til umræðu. Ég minni líka á, hæstv. forseti, að stefnuræðu forsætisráðherra í haust fylgdi mjög langur málalisti þar sem komu fram þau svið sem menn ætluðu að fjalla um í þinginu og leggja fram frumvörp um og ég held að þar hafi nánast enginn málaflokkur verið undanskilinn. En þessi mál hljóta að verða að fara að líta dagsins ljós í þinginu ef menn eiga ekki að lenda, eins og venjulega, í þeirri skipulegu kaos sem hér er fyrir jólaleyfi. Það er auðvitað hvorki þingi né þjóð sæmandi að vinna með þeim hætti.

[12:06]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég tel alveg ástæðulaust fyrir hv. þingmann að hafa áhyggjur af starfi ríkisstjórnarinnar eða starfi stjórnarflokkanna að þessu leyti. Það hefur gengið mjög vel að afgreiða mál í ríkisstjórn og það eru engin biðmál þar á dagskrá. Það hefur líka gengið mjög vel að afgreiða mál í þingflokkunum. Ég veit ekki um nein vandamál þar.

Það er eins og gengur að fyrir Alþingi liggja mörg mál. Það á eftir að mæla fyrir mörgum málum og allmörg mál eru í vinnslu í nefnd. Það er engin sú neyð uppi á neinu sviði að það sé ástæða til að óttast að ákveðin mál nái ekki fram að ganga fyrir jól. Það gengur mjög vel með fjárlögin og fjáraukalögin. Það er allt á áætlun. Það eru þau mál sem mestu máli skipta. Síðan verður að sjálfsögðu að ráðast hvað verður hægt að afgreiða fyrir jólahlé. Það sem mestu máli skiptir eru þau mál sem fylgja fjárlögunum og fjáraukalögunum. Það eru þau sem við leggjum nú sem endranær mesta áherslu á en ég vil biðja hv. þingmann að sofa bara vel og vera ekki að hafa þessar miklu áhyggjur sem hún virðist hafa af starfi ríkisstjórnarinnar. Það er algerlega ástæðulaust.

[12:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að hér er að hefjast hefðbundið öngþveiti nú í aðdraganda jólanna og það er full ástæða til að vekja athygli á því að af 179 málum sem ríkisstjórnin boðar á þessu þingi skuli einungis vera búið að mæla fyrir sjö stjórnarfrumvörpum, eins og hér kom fram hjá hv. málshefjanda. Ríkisstjórnin verður auðvitað að huga að því að samkvæmt starfsáætlun þingsins eru einungis eftir 14 þingfundadagar og þrír nefndardagar — til þess að afgreiða hvað mörg mál? Það vitum við ekki enn þá.

Ég minni á að í gær vorum við á fundi í félagsmálanefnd og þá boðaði hæstv. félagsmálaráðherra að það þyrfti að afgreiða frá honum fimm frumvörp fyrir jól og eitt af þeim er komið inn í nefnd. Af þeim málum má nefna að t.d. á að hækka ábyrgðargjald í ábyrgðasjóð launa, um 150% og það þarf auðvitað tíma til að ræða svona mál.

Hæstv. ráðherra boðar líka frumvarp um greiðslu til foreldra langveikra barna sem er löngu tímabært mál en þar var einungis miðað við 93 þús. kr. tekjur og nú erum við að sjá í kjarasamningum sem hafa verið gerðir að það á að hækka atvinnuleysisbætur og setja á þær þak upp á 180 þús. kr. sem þýðir það að hæstv. ráðherra verður að endurskoða þessa fjárhæð upp á 93 þús. sem var miðuð við atvinnuleysisbæturnar. Það væri ágætt að ráðherrann kæmi hér upp og staðfesti að hann þyrfti að endurskoða þetta í ljósi nýrra kjarasamninga. Það er því ekkert skrýtið þótt hér sé spurt hvort ríkisstjórnin ætli enn eina ferðina að haga sér með sama hætti og áður, að setja allt í öngþveiti hér í þinginu í lok þinghlés fyrir jólin. Það er auðvitað eðlileg spurning sem hér er sett fram, hvað ríkisstjórnin ætli sér að fá afgreitt af málum. Ég óska eftir því að hæstv. ríkisstjórn geri forsætisnefnd þingsins grein fyrir því og setji fram málaskrá um það hvað á að afgreiða fyrir jólin þannig að þingmenn geti skipulagt störf sín í þingnefndum.

[12:10]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er ágæt nýbreytni og vel til fundið hjá hv. formanni Samfylkingarinnar að kveðja sér hljóðs um störf þingsins og tala um störf þingsins en ekki eitthvað allt annað.

Hins vegar eru áhyggjur formanns Samfylkingarinnar af þingstörfum með öllu ástæðulausar vegna þess að þingstörfin ganga ágætlega og það eru engar líkur á öðru en það takist að halda starfsáætlun þingsins og það hefur ekki verið uppþot eða öngþveiti eins og hv. þingmaður talaði um fyrir jólin í mörg, mörg ár. Það hefur tekist að afgreiða fjárlög snemma í desember og ljúka öðrum málum með mjög sómasamlegum hætti vel fyrir jól eins og við þekkjum sem hér höfum verið síðustu ár en hv. þingmaður er sem kunnugt er ekki í þeim hópi sem hefur verið hér síðustu árin.

Mörg frumvörp hafa komið fram, mörg hafa verið afgreidd í ríkisstjórn eða eru til meðferðar í þingflokkum. Síðast í gær var ákveðið í framhaldi af því samkomulagi sem gert var á vinnumarkaðnum að ríkisstjórnin mundi leggja fram tvö mikilvæg frumvörp í kjölfarið á því sem kæmu þá hér til afgreiðslu. Ég á ekki von á öðru en um slík mál verði góð samstaða eins og reyndar um margt annað sem hér er á ferðinni.

Það er ánægjulegt að þingmaðurinn, málshefjandi, skuli hafa svo miklar áhyggjur af því að okkur líði ekki vel í ríkisstjórninni en það er misskilningur. Þetta gengur ágætlega og við kvörtum ekki undan okkar hlutskipti.

[12:12]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Mig langar að segja að fyrir mitt leyti hef ég engar sérstakar áhyggjur þó að það komi ekki fleiri mál frá ríkisstjórninni inn í þingið og betur væri að mörg þeirra mála sem hafa komið inn hefðu ekki gert það. Ég er því alls ekki sammála hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að það eigi að reka á eftir ríkisstjórninni að vera að leggja fram hvert vitlausa frumvarpið á fætur öðru. Það er eðlilegt að afgreiða fjárlögin, það er sjálfsagt að taka mál sem lúta að þeim kjarasamningum sem við höfum verið að gera og er eðlilegt að komi inn til þingsins.

En ég bendi á að það liggja mörg góð þingmannamál fyrir sem hefur verið mælt fyrir og eru í nefndum og væri kannski bara góð tilbreyting að taka þau núna rækilega fyrir og leyfa þessum frumvörpum ríkisstjórnarinnar sem fæst eru til góðs að liggja þar sem þau eru. Ég mæli eindregið með því, frú forseti, að við höldum starfsáætlun okkar og leyfum ríkisstjórninni að liggja á sínum frumvörpum.

[12:13]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það séu ákaflega ánægjuleg tíðindi hversu vel þingstörfin hafa gengið og ganga um þessar mundir og það er ekki ástæða til annars en ætla það að starfsáætlun Alþingis standist fullkomlega núna.

Þau tíðindi gerðust í gær að samkomulag náðist milli aðila vinnumarkaðarins. Ég reikna ekki með því að menn setji á langt málþóf um þau mál í sölum Alþingis en að almenn samstaða verði um að ljúka þeim málum eins og til var stofnað. Fjárlagavinnan gengur vel þannig að hér er allt með besta móti. Auðvitað er alltaf skemmtilegt þegar áhyggjur hv. þingmanna Samfylkingarinnar birtast með þessum hætti en við erum á góðu róli með störf þingsins og það er full ástæða til að það komi skýrt fram að hér er allt í góðu standi. Samfylkingin þarf þess vegna ekki að hafa stórar áhyggjur af störfum þingsins og við getum vonandi staðið við starfsáætlun og komist í jólafrí á tilætluðum tíma.

[12:14]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Sá sem hér stendur verður að teljast í hópi nýliða nú á þingi en það var eitt sem vakti athygli mína þegar ég kom hingað fyrst og hafði verið hér minn fyrsta vetur, það var verklagið hjá þessari virðulegu samkomu. Einmitt sú staðreynd sem verið er að benda á að ríkisstjórnin kemur mjög seint inn með frumvörp sín þótt hún hafi á bak við sig heilu herdeildirnar af embættismönnum sem vinna, skulum við vona, í ráðuneytunum allan ársins hring við það að útbúa mál og skrifa frumvörp og ganga frá þeim þannig að hægt sé að mæla fyrir þeim. Við heyrum reglulega um nefndir sem vinna að mikilvægum lagabálkum sem við bíðum síðan öll spennt eftir að komi inn í þingið.

Svo er það bara þannig því miður að það gerist ekkert og mér finnst þetta mjög slæmt því ég tel að hér væri hægt að auka afköstin allverulega ef menn skipulegðu starf sitt aðeins betur. Það mætti líka haga málum með þeim hætti að hin svokölluðu þingmannamál ættu greiðari leið í gegnum þingið því að það hefur líka vakið mikla furðu mína að þau virðast næstum því algerlega vera sveffð í nefndum, komast sjaldan eða aldrei til lokaatkvæðagreiðslu eða almennilegrar umræðu, bara til 1. umr. svo hverfa þau og búið, og heyrist ekkert meira af þeim fyrr en næsta ár þegar þau eru borin fram á nýjan leik. Þetta finnst mér vera furðulegt verklag og það hefur læðst að mér sá grunur og verður sterkari með árunum að hér á Íslandi sé í rauninni ekki lýðræði, hér ríki þingbundið einræði.

[12:16]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég skil ekki þetta upphlaup út af störfum þingsins. Það er alveg ljóst að þau mál sem búið er að leggja áherslu á t.d. í félagsmálanefnd að fari fram, eru meira og minna samkomulagsmál. Ég á eftir að sjá það að Samfylkingin og Vinstri grænir leggist fyrir þau mál. Ég trúi því ekki fyrr en á tekur að menn ætli að leggjast fyrir samkomulagsmálin sem varð til þess að það var hægt að viðhalda samningunum milli aðila vinnumarkaðarins. Að sjálfsögðu fáum við þau mál hér inn og reynum að vinna þau hratt og vel og ég á von á því að stjórnarandstaðan aðstoði við vinnuna í nefndinni við þessi samkomulagsmál. Það er alger óþarfi, virðulegi forseti, að vera að fara af hjörunum eins og staðan er núna.

Ég veit ekki betur en Samfylkingin hafi verið að flytja hérna mál í gær um að það ætti að stytta hléin sem þingmenn taka frá störfum þó allir viti að við erum ekkert í frí þó að við séum ekki í þinginu, við erum að vinna annars staðar. Ef í harðbakkann slær verðum við bara að lengja

þingið. Þá fellur 9. desember. Þá er okkur engin vorkunn að vinna aðeins lengur í þinginu. Þá klárum við þau mál sem eru svona mikilvæg þó að starfsáætlun hljóði upp á 9. desember eins og hún er núna. Ég vil sjá það að hv. formaður Samfylkingarinnar gangi hér út 9. desember ef ekki er búið að klára t.d. mál um starfsmannaleigurnar. Ég trúi því ekki. Það er algerlega ótímabært, virðulegi forseti, að vera að fara af hjörunum hér núna.

[12:18]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Það er eins og sé verið að innleiða hér nýjan sið við upphaf þingfundar að hv. formaður Samfylkingarinnar hefji þingfund á því að kveðja sér hljóðs um það sem heitir í þingsköpum Um störf þingsins, sem virðist vera að þróast í að vera sögustund formanns Samfylkingarinnar, og talar þá ýmist um störf þingsins núna eða eitthvað utan þingsins.

Ég hélt satt að segja, frú forseti, að að þessu sinni kæmi formaður Samfylkingarinnar hér upp til að lýsa ánægju sinni með það að samkomulag skuli hafa náðst í gær milli fulltrúa atvinnulífsins, Samtaka atvinnulífsins og ASÍ, ekki síst með tilstyrk ríkisstjórnarinnar, myndarlegu útspili ríkisstjórnarinnar sem réð úrslitum um að þar náðist samkomulag. Ég hélt, frú forseti, að það væri tilefni þess að hv. formaður Samfylkingarinnar kæmi upp til að ræða um störf þingsins. Nei, frú forseti. Það var öðru nær. Hér er blásið upp eins og hér sé bara allt í kalda koli í þinginu, hér liggi háir staflar af óafgreiddum málum. En það er ekki svo, frú forseti. Stærsta mál haustþingsins, fjárlagafrumvarpið, er á góðri siglingu. Það hefur orðið mjög ánægjuleg breyting á vinnuháttum og ef það er til þess að róa hug hv. formanns Samfylkingarinnar þá bíða engin mál afgreiðslu í þingflokki Framsóknarflokksins. Hér gengur allt eðlilega og ég bið hv. formann þingflokks Samfylkingarinnar um að taka því rólega og fagna því að í gær skuli hafa náðst samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og að þar með getum við séð fram á mjög bjarta tíð í íslensku samfélagi.

[12:20]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra sendi þingmönnum málalista með stefnuræðu sinni sem er upp á 179 mál. Örfá mál eru komin fram. Tíu þingdagar eru eftir fram að jólum. Að vísu eigum við eftir að hittast eftir áramót og taka frekar stutt þing vegna sveitarstjórnarkosninga.

En förum yfir þennan lista: Eitt mál frá forsætisráðuneytinu, eitt úr menntamálaráðuneytinu, þrjú úr utanríkisráðuneytinu, ekkert frá landbúnaðarráðuneytinu, ekkert frá sjávarútvegsráðuneytinu og eitt úr dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Virðulegur forseti. Af því að hv. þm. Hjálmar Árnason var að tala um samkomulag aðila vinnumarkaðarins í gær þá var það þannig að Samfylkingin ræddi það í gær í umræðu um fjáraukalög. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson tók það sérstaklega fyrir í gær eftir kl. fjögur rétt þegar fundurinn var að byrja, að mig minnir, og gott ef hann fagnaði ekki því sem þar væri fram undan.

Það er auðvitað aðalatriðið að það eru tíu fundardagar eftir á Alþingi. Ég nefni eitt mál sem snýr að hæstv. byggðamálaráðherra sem var hér rétt áðan en er farinn úr þingsal. Byggðaáætlun, þingsályktunartillaga um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árið 2006–2009, er ekki komin fram enn þá og væntanlega á að klára hana fyrir jól. Á að klára hana á næstu 10 dögum? Það er kannski ekki óeðlilegt að unnið sé á þann hátt, það er þá í takt við byggðamálastefnu hæstv. ríkisstjórnar sem er nánast ekki neitt. Og ef á að sulla því máli í gegn á tíu dögum þá segir það margt um þá áætlun.

Hitt atriðið, starfsmannaleigur er stórmál. Á líka að sulla því í gegn á næstu tíu dögum? Hér í þinginu, umræða í nefnd og taka það í gegnum þrjár umræður? Það er sannarlega mikill vandræðagangur hæstv. ríkisstjórnar hvað þetta varðar. Við heyrðum það, fulltrúar Norðausturkjördæmis, hvernig sveitarfélögin á Austurlandi kvarta yfir að fá ekki útsvarstekjur af sínum erlendu starfsmönnum. Halda menn virkilega að það sé til sóma fyrir Alþingi, virðulegi forseti, að það sé afgreitt á nokkrum dögum með express-hraða í lokin.

[12:22]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það er rétt að taka það fram, svo það misskiljist nú ekki, að ég hef engar sérstakar áhyggjur af því að þingstörf gangi ekki ágætlega frá degi til dags. Ég hef áhyggjur af verkleysinu í ríkisstjórninni. Ég hef áhyggjur af verkleysinu þar. Ef það eru engin mál sem bíða hjá ríkisstjórninni og engin mál sem bíða hjá þingflokkunum, eins og hér kom fram, hvernig stendur þá á því að af 179 mála lista skuli einungis fimm stjórnarfrumvörp sem ekki tengjast EES eða fjárlögum hafa komið fram í þinginu. Það segir okkur auðvitað að það er algert verkleysi á stjórnarheimilinu. Ég veit ekki hvort það er vegna þess að þeim líði eitthvað illa saman, ég hef ekkert verið að spekúlera í því sérstaklega. En hæstv. utanríkisráðherra gerði að umtalsefni hér að þeim liði ekkert sérstaklega illa saman. Mér er í rauninni alveg sama hvort þeim líður vel eða illa. Ég vil bara að þessi ríkisstjórn vinni og komi fram með mál og það hefur hún ekki gert. Hún er verklaus, ríkisstjórnin, og hún hlýtur auðvitað að þurfa að sýna eitthvað af þessum 179 málum sem voru á listanum þegar forsætisráðherra talaði fyrir stjórnarstefnunni í upphafi þings.

Virðulegur forseti. Mér finnst þeir menn sem hér koma upp og tala fyrir hönd ríkisstjórnarinnar heldur argir og gleðisnauðir. Ég skil ekki af hverju mönnum þarf að vera svona uppsigað við það að hér fari fram umræða um þingstörfin og hvort menn ætli ekkert að vinna verkin sín í ríkisstjórninni. Það er alveg óþarfi að reiðast yfir því, hv. þingmenn, þó að það sé vakin athygli á því hversu illa gengur hjá ríkisstjórninni en mér sýnist að það sé það helsta sem einkennir þá sem koma hér upp. Það sé svona hvað þeir eru gleðisnauðir og reiðir yfir því að vakið sé máls á hlutum í þinginu.

[12:24]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Mér heyrist að það þurfi ekki að fram-

kalla nein bros hér, ég bæði heyri það og sé að þau koma af sjálfu sér.

En ólíkt því sem hv. formaður Samfylkingarinnar sagði, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, henni sagðist vera alveg sama hvort okkur liði vel eða illa. Okkur er ekki sama um hennar líðan. Við viljum að henni líði vel og viljum að hún hafi það sem best, að hún hafi sem minnstar áhyggjur af okkur og sem minnstar áhyggjur af lífinu. Ég vil bara ítreka að það er engin ástæða fyrir hv. þingmann að hafa neinar áhyggjur af okkur. Okkur líður ágætlega og þó að henni sé sama hvernig okkur líður er okkur alls ekki sama um líðan hv. þingmanns.

Ríkisstjórnin leggur á það megináherslu að ljúka að sjálfsögðu fjárlögunum og ég heyri ekki betur en það sé full samstaða um það. Það er eitt mál sem varðar samkomulagið frá því í gær og það eru starfsmannaleigur sem þarf að ljúka fyrir jólahlé og ég vænti þess að það sé fullt samkomulag um það. Það er líka mikil áhersla lögð á það að klára öll mál sem varða fjárlögin og svo eru nokkur mál sem eru ekki mjög mörg og ég vænti þess að það geti náðst góð samstaða um þau. Ég vænti þess að hér verði allt á fullu í vinnu þessa síðustu tíu daga og af því að hér er svo mikið af duglegum þingmönnum þá held ég að það sé ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því.

Rannsókn kjörbréfs.

[12:26]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hv. 9. þm. Reykv. s., Ögmundi Jónassyni, dagsett þann 11. nóvember sl.:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna verkefna sem ég þarf að sinna óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 3. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavíkurkjördæmi suður, Guðmundur Magnússon leikari, taki sæti mitt á Alþingi á meðan en bæði Álfheiður Ingadóttir og Kristín Njálsdóttir, 1. og 2. varamaður á listanum, eru forfallaðar."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf frá Álfheiði Ingadóttur, 1. varamanni á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavíkurkjördæmi suður, dagsett 8. nóvember sl.:

„Þar sem undirrituð er á förum til útlanda get ég að þessu sinni ekki tekið sæti Ögmundar Jónassonar á Alþingi."

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf frá Kristínu Njálsdóttur, 2. varamanni á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavíkurkjördæmi suður, dagsett 8. nóvember sl.:

„Ögmundur Jónasson alþingismaður fer tímabundið út af þinginu nú um miðjan nóvember. Ég vil upplýsa að ég get ekki að þessu sinni tekið sæti Ögmundar Jónassonar alþm. á Alþingi."

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Guðmundi Magnússyni sem er 3. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavíkurkjördæmi suður. Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund í gær til að fjalla um kjörbréfið.

[12:28]

Frsm. kjörbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Kjörbréfanefnd kom saman í gær og fór yfir kjörbréf Guðmundar Magnússonar, 3. varaþm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavík suður, sem landskjörstjórn gaf út 14. nóvember sl. Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréf Guðmundar Magnússonar verði samþykkt.

[12:28]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Kjörbréfanefnd mælir einróma með samþykkt kjörbréfsins og telst það samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Guðmundur Magnússon hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Guðmundur Magnússon, 9. þm. Reykv. s., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[12:29]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Guðmundur Magnússon hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Athugasemd um 54. gr. þingskapa.

[12:29]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Guðmundur Magnússon, sem nú tekur sæti á Alþingi, er bundinn við hjólastól svo að hann verður að tala úr sæti sínu, svo sem heimilað er í 54. gr. þingskapa. — Það var raunar almenn venja á Alþingi áður fyrr.

Ræðustóll Alþingis er ekki þannig útbúinn að þingmaður í hjólastól komist þangað. Ég bað hins vegar skrifstofu þingsins að gera þær ráðstafanir sem unnt væri á skömmum tíma til að þingmaðurinn gæti sinnt störfum sínum í þingsalnum á sem eðlilegastan hátt þrátt fyrir fötlun sína. Í því skyni hefur m.a. verið komið fyrir nýrri sjónvarpsútsendingarvél sem tekur mið af því að þingmaðurinn talar úr sæti sínu.

Alþingi er á sama báti og nágrannaþingin að þessu leyti, samkvæmt upplýsingum sem skrifstofan hefur fengið. Þar er hugað að endurbótum og það verður einnig gert hér.

Fjáraukalög 2005, frh. 2. umr.

Stjfrv., 144. mál. — Þskj. 144, nál. 334, 349 og 350, brtt. 335, 336, 337 og 351.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[12:31]

Helgi Hjörvar *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Það fjáraukalagafrumvarp sem hér er til afgreiðslu er ítrekaður vitnisburður um lausatök í ríkisfjármálunum. Þar er að venju að finna milljarðaaukafjárveitingar, en frávik frá fjárlögum hafa sem kunnugt er verið á annan tug milljarða að meðaltali á undanförnum árum. 270 millj. kr. aukafjárveiting til sendiráða landsins er kristaltært dæmi um þá óráðsíu og það hversu langt menn ganga í að virða fjárveitingavald Alþingis að vettugi. Hér er Alþingi eftir á tilkynnt um þegar orðna hluti. Hér er verið að redda framúrkeyrslum frá fyrri árum og jafnvel ausa út fjárveitingum sem þegar liggur fyrir að verður ekki tóm til að eyða á yfirstandandi ári. Þessi gjörningur er alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Honum þarf stjórnarmeirihlutinn í þinginu að kyngja við litla gleði og það verður að lýsa efasemdum um að ýmsar af þeim fjárveitingum sem hér er að finna standist ákvæði fjárreiðulaga.

Ég hvet nýjan hæstv. fjármálaráðherra til að taka á þessum skorti á reglufestu í tíð sinni sem fjármálaráðherra og breyta þeirri arfleifð sem hann hefur í þessu efni fengið frá hæstv. ráðherra Geir Haarde því að þinginu og ríkisstjórninni væri sómi að því að halda af þeirri festu á ríkisfjármálum sem gæti verið fordæmi stofnunum ríkisins og almenningi og atvinnulífi í landinu.

Samfylkingin mun við afgreiðslu þessa frumvarps sitja hjá enda er engin leið að styðja þau vinnubrögð sem þetta frumvarp endurspeglar.

[12:33]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Frumvarp til fjáraukalaga er að koma til atkvæða eftir 2. umr. Í þessu fjáraukalagafrumvarpi eru lögð til viðbótarútgjöld til hinna ýmsu málaflokka. Sum af þessum útgjöldum voru fyrirsjáanleg við gerð fjárlaga á síðastliðnu hausti og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttu einmitt tillögur þá um að bæta þyrfti þar í við rekstur ákveðinna stofnana. Meiri hlutinn sá ekki ástæðu til þess en er síðan að koma með það inn nú við fjáraukalög.

Aðrar greiðslur sem þar eru lagðar til eru gæluverkefni einstakra ráðherra og koma ekki fjáraukalögum beint við. Til eru þær einstöku greiðslur þó sem eru eðlilegar á fjáraukalögum, t.d. neyðaraðstoð til hamfarasvæðanna í Kasmír en við nokkrir þingmenn höfum einmitt lagt til að fjárveitingar til aðstoðar þar verði auknar.

Ég hef lagt til á Alþingi að vinnureglum við gerð fjáraukalaga verði breytt, að frumvarp til fjáraukalaga komi að vori sem tæki til þeirra breytinga sem hefðu á orðið eða þyrfti að taka tillit til við afgreiðslu þingsins á fjárlögum, og svo aftur að hausti. Með þeim hætti bæri þingið ábyrgð og tæki ákvörðun um fjárveitingar eins og lög kveða á um. En það er óþolandi að þingið standi að langmestu leyti frammi fyrir gerðum hlut af hálfu framkvæmdarvaldsins eins og nú. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu því almennt sitja hjá við þær breytingartillögur sem hér eru lagðar fram og einnig við fjáraukalagafrumvarpið í heild. Þó eru þar ákveðin atriði sem við munum krefjast sératkvæðagreiðslu um og það kemur þá fram í atkvæðagreiðslunni.

Við höfum lagt fram eina breytingartillögu við fjáraukalagafrumvarpið um aukna fjárveitingu til mannúðarmála og neyðaraðstoðar vegna náttúruhamfaranna í Kasmír. Auk mín eru flutningsmenn hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, Þuríður Backman og Ögmundur Jónsson. Þessi tillaga verður dregin til baka til 3. umr. í því augnamiði að reyna að ná víðtækri sátt og víðtækum stuðningi þingsins við aukin framlög til neyðaraðstoðarinnar við Kasmír við 3. umr. fjáraukalaga.

[12:36]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Heildarmyndin við afgreiðslu fjáraukalaga liggur ekki fyrir nú við afgreiðslu fjáraukalaganna í 2. umr. Þessi viðbót og breytingar sem ríkisstjórnin kemur nú með verður alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Við höfum í umræðunni um fjáraukalögin gert athugasemdir við þessa málsmeðferð. Sumt sem ríkisstjórnin vill nú afgreiða á heima í fjárlögum hvers árs en ekki fjáraukalögum. Á það höfum við bent. Á þessari afgreiðslu ber ríkisstjórnin ábyrgð enda eru allar tillögur frá henni komnar.

Við þingmenn Frjálslynda flokksins munum sitja hjá við þessa afgreiðslu fjáraukalaganna.

Brtt. 336 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

24 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁÓÁ, ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, HBl, JónK, LB, MF, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 335,1–6 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

24 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÓÁ, ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, HBl, LB, MF, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 351 kölluð aftur.

Brtt. 335,7 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

24 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁÓÁ, ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, LB, MF, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Liður 03-401 samþ. með 29:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

nei: GuðmM, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

19 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁÓÁ, ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, HBl, LB, MF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:39]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er verið að leggja til að auka enn fjármagn til hernaðarflugs til Afganistans og til Íraks á vegum NATO upp á 87 millj. kr. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum ítrekað lýst því yfir á Alþingi að við erum andvíg þátttöku Íslands í hernaðarumsvifunum bæði í Írak og Afganistan og getum því ekki fallist á að enn sé verið að auka fjármagn til að taka þátt í hernaðarumsvifum á þeim vettvangi og segjum því nei við þessum lið, frú forseti.

Brtt. 335,8–33 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, LB, MF, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Sundurliðun 2, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, LB, MF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, LB, MF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, JÁ, LB, MF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 337 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, LB, MF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, LB, MF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

4. gr. (liðir 1.2–7.13) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, LB, MF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

4. gr. (liður 7.14) samþ. með 29:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

nei: GuðmM, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, LB, MF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:43]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Liður 7.14 í 4. gr. kveður á um að veita heimild til ríkisins til að kaupa eignarhlut sveitarfélaga í Landsvirkjun. Nú hefur það komið fram m.a. hjá hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins og líka núverandi formanni Sjálfstæðisflokksins að til stendur að einkavæða og selja orkufyrirtækin og þar með Landsvirkjun. Nauðsynlegur liður í því er að ríkið komist yfir hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun til að hægt sé síðan að hefja einkavæðingar- og söluferlið. Þessu leggjumst við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs alfarið á móti. Við erum á móti því að þessi sameiginlegu orkufyrirtæki landsmanna verði einkavædd og seld.

Ég minni á, frú forseti, að hæstv. iðnaðarráðherra er svo brátt í einkavæðingarmaníu sinni að það á að keyra núna gegn lög um einkavæðingu Rariks þannig að hér þurfum við bara að stoppa við, frú forseti. (Gripið fram í.)

[12:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að ég barði óþarflega seint í borðið (**Gripið fram í:** Nú?) til að biðja um orðið núna. En ég vil taka það fram að hv. þingmaður (Gripið fram í.) fór langt út fyrir sínar heimildir þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu áðan (Gripið fram í.) vegna þess að hann réðist fyrst og fremst á iðnaðarráðherrann. Það átti hann átti ekki að gera. Hann getur gert það í almennri umræðu en ekki í atkvæðagreiðslu.

Ég ætla að koma því á framfæri hér að það stendur ekki til að einkavæða orkufyrirtækin í landinu. Það eru hreinar línur með það. Og hvort Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert einhverja samþykkt á sínum landsfundi, það getur vel verið en það kemur þessu máli ekki við (**Gripið fram í:** Nei.) að því leyti til að (**Gripið fram í:** Nú?) það þarf tvo til og af hálfu Framsóknarflokksins eru ekki áform uppi um að selja orkufyrirtækin. Svo einfalt er það mál. (Gripið fram í.) (**MÁ:** Hvernig greiðir þingmaðurinn atkvæði?)

4. gr. (liðir 7.15–7.16) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMöl, BBj, GHall, GÁ, LB, MF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Textun, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 42. mál (sjónvarp, kvikmyndir o.fl.). — Þskj. 42.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frh. 1. umr.

Frv. RG og MF, 48. mál. — Þskj. 48.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 50. mál (framleiðsla innlendra léttvína). — Þskj. 50.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis, frh. fyrri umr.

Stjtill., 284. mál. — Þskj. 299.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:48]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 285. mál (upplýsingar um umhverfismál). — Þskj. 300.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:48]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 286. mál (rafbúnaðarúrgangur). — Þskj. 301.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:49]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 287. mál (evrópsk samvinnufélög). — Þskj. 302.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:49]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 12:49.

---

23. FUNDUR

miðvikudaginn 16. nóv.,
að loknum 22. fundi.

Dagskrá:

Til ráðherra Hagstofu Íslands:

1. Útgáfa talnaefnis um umhverfismál, fsp. KolH, 263. mál, þskj. 276.

Til utanríkisráðherra:

2. Fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar, fsp. SJS, 205. mál, þskj. 205.

Til samgönguráðherra:

3. Háhraðanettengingar, fsp. BjörgvS, 117. mál, þskj. 117.

4. Veggjöld, fsp. JÁ, 150. mál, þskj. 150.

5. Tvöföldun Vesturlandsvegar, fsp. VF, 198. mál, þskj. 198.

6. Herflugvélar yfir Reykjavík, fsp. MÁ, 202. mál, þskj. 202.

7. Kötlugos, fsp. HBl, 204. mál, þskj. 204.

8. Breikkun Suðurlandsvegar, fsp. BjörgvS, 227. mál, þskj. 227.

9. Siglufjarðarvegur um Almenninga, fsp. JBjarn, 243. mál, þskj. 243.

10. Bílaumferð og varpstöðvar, fsp. MÞH, 262. mál, þskj. 275.

11. Vegaframkvæmdir í Heiðmörk, fsp. VF, 266. mál, þskj. 279.

Til dómsmálaráðherra:

12. Stofnun stjórnsýsludómstóls, fsp. SigurjÞ, 122. mál, þskj. 122.

13. Dánarbætur, fsp. ÁRJ, 151. mál, þskj. 151.

14. Athugasemdir mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, fsp. KolH, 273. mál, þskj. 287.

15. Löggæsla á skemmtunum í Skagafirði, fsp. SigurjÞ, 277. mál, þskj. 292.

Til umhverfisráðherra:

16. Afleiðingar hlýnunar og viðbrögð við þeim, fsp. ÁRJ, 156. mál, þskj. 156.

17. Umferð vélknúinna farartækja í ósnortinni náttúru, fsp. KolH, 241. mál, þskj. 241.

18. Kyoto-bókunin, fsp. MÁ, 281. mál, þskj. 296.

19. Æfingasvæði fyrir torfæruhjól, fsp. SF, 291. mál, þskj. 309.

Til heilbrigðisráðherra:

20. Spilafíkn, fsp. GHall, 99. mál, þskj. 99.

21. Ráðstöfun hjúkrunarrýma, fsp. ÁRJ, 153. mál, þskj. 153.

22. Kjarabætur til vistfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum, fsp. ÁRJ, 159. mál, þskj. 159.

23. Rafræn sjúkraskrá, fsp. VF, 257. mál, þskj. 270.

Til iðnaðarráðherra:

24. Byggðastofnun, fsp. AKG, 190. mál, þskj. 190.

25. Ábyrgð Byggðastofnunar, fsp. SigurjÞ, 234. mál, þskj. 234.

26. Verð á heitu vatni, fsp. SigurjÞ, 259. mál, þskj. 272.

Útgáfa talnaefnis um umhverfismál.

Fsp. KolH, 263. mál. — Þskj. 276.

[12:50]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég legg fyrirspurn fyrir hæstv. forsætisráðherra, sem er jafnframt ráðherra Hagstofu Íslands, um útgáfu talnaefnis um umhverfismál. Tilefni fyrirspurnarinnar er það að Hagstofa Íslands gaf út fyrir tæpum níu árum afar handhægan, lítinn bækling um umhverfismál. Af þeim bæklingi má sjá að Hagstofan tekur hlutverk sitt afar alvarlega. Hún safnar tiltækum gögnum um umhverfismál frá sérhæfðum stofnunum á þessu sviði, hún hefur haldið þeim til haga og hún lítur á það sem sitt hlutverk að koma þeim

upplýsingum á framfæri innan lands og utan.

Hagstofan getur í formála þessa rits um það að veigamikill þáttur í starfi hennar sé sá að sjá um þetta talnaefni, sjá um að það berist alþjóðastofnunum og gæta þess að alþjóðlegum stöðlum og viðurkenndum skilgreiningum í þessum efnum sé fylgt eftir.

Ég er þeirrar skoðunar að Hagstofan hafi unnið verulega þarft verk og tel þetta rit geyma afar nytsamlegar upplýsingar. Hér er t.d. hægt að lesa um ýmsa áhrifaþætti umhverfisins, landnýtingu í ýmsum löndum, útstreymi lofttegunda, orkumál, samgöngur, landbúnað, áhrif hans á umhverfið og fleira slíkt. Síðan getum við lesið um ástand umhverfismála, loftmengun og líffræðilegan fjölbreytileika, ástand hafsins. Við getum fræðst um umhverfisvernd, friðuð svæði og alþjóðlegt samstarf og aftast í ritinu er yfirlit yfir ýmsa samninga sem Íslendingar eru aðilar að á vettvangi umhverfismála.

Í ritinu er þess getið að efnið sé að stofni til fengið frá Svíþjóð, en það byggist á tölulegum samanburði á milli landa og tilteknum upplýsingum þar að lútandi, og þess vegna sé t.d. í ritinu ekki fjallað um einn mesta umhverfisvanda Íslendinga sem er jarðvegseyðingin. Þess er getið að engar upplýsingar liggi fyrir um samanburð milli Evrópulanda hvað þetta varðar en ljóst sé að jarðvegseyðing hafi orðið meiri á Íslandi en í flestum öðrum Evrópulöndum.

Nú er það ljóst að þetta rit er komið nokkuð til ára sinna. Það er mjög mikilvægt að miðla þessum upplýsingum og útfæra þær og þó að Umhverfisstofnun hafi hafið útgáfu Umhverfisvísa, sem eru líka mikilvægir, þá tel ég að þetta rit Hagstofunnar þurfi að endurnýja og hef þess vegna lagt þessar tvær fyrirspurnir fyrir hæstv. ráðherra málefna Hagstofu Íslands:

Hvað líður útgáfu Hagstofunnar á riti á borð við Umhverfistölur sem út kom árið 1997 og er að vænta reglulegrar skýrslugjafar um umhverfismál frá stofnuninni?

[12:54]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Að því er varðar fyrri lið fyrirspurnarinnar vil ég segja: Á Hagstofunni var skipulega farið að safna tölulegum upplýsingum um umhverfismál árið 1993 og hefur síðan verið unnið að því verkefni í samvinnu við umhverfisráðuneytið og ýmsar fagstofnanir sem sjá um eftirlit og mælingar á sviði umhverfismála. Útgáfa ritsins Umhverfistölur Íslands og Evrópu árið 1997 og síðan bæklingsins Umhverfistölur 1997, sem kom út árið eftir, var hugsuð til að vekja athygli á úrvinnslu og tilvist þessara talna meðal almennings og þeirra sem láta í té gögn til umhverfisskýrslna.

Hagstofan hefur frá árinu 1994 birt tölur um umhverfismál í árbók sinni, Landshögum, sem einnig hefur komið út á rafrænu formi og hefur verið birt á vef Hagstofunnar og hefur það efni vaxið ár frá ári. Hagstofan breytti útgáfustefnu sinni á árinu 2004. Frá þeim tíma er lögð megináhersla á birtingu talnaefnis á vef Hagstofunnar. Mánaðarritið Hagtíðindi var þá fellt niður en upp tekin ný ritröð með sama heiti. Þessi rit eru gefin út á vef Hagstofunnar en auk þess má fá ritröðina eða einstaka efnisflokka hennar í áskrift á prenti. Nú er unnið að því að taka saman rit um umhverfismál í þessari ritröð og er það væntanlegt á næsta ári.

Að því er varðar annan lið fyrirspurnarinnar er rétt að endurtaka að Hagstofan hóf talnasöfnun um umhverfismál á árinu 1993 og byrjaði að birta það efni ári síðar. Frá þeim tíma hefur verið unnið sleitulaust að söfnun og miðlun þessa efnis. Hagstofan safnar ekki frumgögnum á þessu sviði heldur hefur hún samvinnu við sérfræðistofnanir um efni, skipulag og útvegun umhverfistalna. Þetta efni hefur verið birt innan lands í Landshögum, bæði á prenti og á rafrænu formi, og í gagnasafni Hagstofunnar á vefnum. Þá hefur Hagstofan annast miðlun þessa efnis til alþjóðastofnana, einkum OECD, Hagstofu Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna, og hafa umhverfistölur um Ísland birst í gagnasöfnum og ritum þeirra. Á norrænum vettvangi hefur þetta efni einkum birst í Norrænu tölfræðiárbókinni. Þess má geta að Landshagir 2005 hafa að geyma 15 töflur í kafla um land og umhverfi auk ýmissa annarra taflna sem varða umhverfismál í öðrum köflum árbókarinnar, svo sem um orkumál, landbúnað og fleira.

Hagstofan heldur því þegar úti reglulegri skýrslugjöf á þessu sviði. Vinnu sérfræðistofnana við að taka saman og veita reglubundnar talnaupplýsingar hefur fleygt fram og talnaefni vaxið bæði að magni og gæðum. Hins vegar er ljóst að nauðsynlegt er að gera enn betur og eru ýmis áform uppi um það. Á þessu sviði er e.t.v. áleitnast að taka saman efni sem gerir kleift að setja umhverfisþætti í efnahagslegt samhengi. Að því er m.a. stefnt í hagsýslustarfsemi EES-ríkja. En enda þótt þessu megi fagna sem slíku er ljóst að stofnanir okkar hafa takmarkað bolmagn til mikilla verka á þessu sviði, a.m.k. enn sem komið er.

[12:58]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin. Það er gott til þess að vita að við skulum fá uppfærðar ákveðnar upplýsingar strax á næsta ári frá Hagstofunni í þessum efnum og sömuleiðis er ágætt til þess að vita að hæstv. ráðherra hefur staðfest sjónarmið mín, að hér sé þörf á ákveðnum úrbótum og við þurfum að halda vöku okkar og þróa áfram aðferðir, sem við erum reyndar byrjuð að þróa, við það að setja upplýsingar um umhverfismál í tölum í samhengi við aðra hluti, t.d. efnahagslega þætti.

Það er líka mjög mikilvægt að ríkisstjórnin líti til eigin stefnu í málefnum sjálfbærrar þróunar og þar sem fram undan er umhverfisþing, sem á að fjalla sérstaklega um sjálfbæra þróun, er ekki úr vegi að rifja upp það sem stendur í bæklingi ríkisstjórnarinnar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, um velferð til framtíðar. Þar er einmitt fjallað um fræðslu, vöktun, rannsóknir og vísa um sjálfbæra þróun sem allt eru hlutir sem koma við þessari upplýsingasöfnun Hagstofu Íslands. Það er ljóst að það hefur ekki farið fram mikil vinna hér á landi við að skilgreina eða þróa vísa á sviði umhverfismála og þó að Hagstofan safni öllum þessum upplýsingum höfum við kannski ekki stigið til fulls það skref að tengja þessar tölulegu upplýsingar við markmiðssetningu okkar, t.d. markmiðssetningu varðandi sjálfbæra þróun. Ég tel að það sé afar mikilvægt að stjórnvöld taki hlutverk sitt alvarlega, ekki bara söfnun upplýsinga og

vöktun ástandsins heldur ekki síður miðlunina. Þessum upplýsingum þarf að miðla á ýmsan hátt, til skóla, til almennings og beinlínis til stjórnvalda sjálfra þegar verið er að taka ákvarðanir.

Umræðu lokið.

Fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar.

Fsp. SJS, 205. mál. — Þskj. 205.

[13:01]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ill meðferð og pyndingar Bandaríkjamanna á föngum sínum í fangelsum í Afganistan og einkum þó í hinu illræmda Abu Ghraib-fangelsi í Írak eru alþekktar. Sama á við um hundruð fanga, aðallega frá Afganistan sem bandaríska leyniþjónustan og bandarískir herinn hafa flutt og geymt í búrum í herstöðinni við Guantanamo-flóa á Kúbu. Þar er föngum haldið, þeir geymdir við ómannúðlegar aðstæður árum saman og án þess að þeim sé birt ákæra. Bandarísk stjórnvöld neita því að viðkomandi njóti verndar sem stríðsfangar og þaðan af síður sem óbreyttir borgarar og reyna að skapa nýtt hugtak utan laga og alþjóðaréttar með tali um réttlausa vígamenn eða hryðjuverkamenn.

En margföld mannréttinda- og lögbrot bandarískra stjórnvalda í meðferð fanga eru ekki þar með upptalin. Í ljós hefur komið að bandaríska leyniþjónustan CIA stundar mikinn feluleik í sambandi við flutninga á föngum um heiminn og felur sig á bak við leppfyrirtæki til að dulbúa flug á vegum opinberra aðila sem einkaflug, sem auðvitað er einnig lögbrot. Rökstuddur grunur er um að fangar séu vísvitandi fluttir til landa þar sem pyndingar viðgangast og harðneskjuleg meðferð á föngum er látin óátalin. Leynifangelsi á nokkrum vel völdum stöðum í heiminum, þar á meðal í fleiri en einu Austur-Evrópuríki er það nýjasta í þessum málum. Því miður virðist hafið yfir vafa að slíkt dulbúið, ólöglegt fangaflug með einstaklinga sem mannréttindi eru gróflega brotin á hafi margoft farið um íslensku lofthelgina og bæði Keflavíkurflugvöllur og Reykjavíkurflugvöllur hafi verið notaðir í því skyni. Að minnsta kosti vel á annan tug flugvéla sem hafa margar hverjar lent hér margoft hafa komið þar við sögu á síðustu fjórum árum. Vélar hafa komið frá eða farið til flugvalla eins og Sola-flugvallar við Stavanger, Kastrup, Álaborg og Billund í Danmörku, Arlanda og Bromma í Svíþjóð, Luca-flugvallar á Möltu, Búdapest í Ungverjalandi, Mombay á Indlandi, Dubai í Sameinuðu arabísku furstadæmunum og fleiri og fleiri staðir. Í a.m.k. tveimur tilvikum hafa flugvélar farið hér um og lent sem átt hafa viðkomu í Guantanamo-herstöðinni á Kúbu á svipuðum tíma. Vél með flugnúmer N35NK sem lenti hér 11. desember 2004 og 28. janúar 2005 og vél með flugnúmer N1HC sem lenti á Íslandi bæði 25. ágúst 2002 og 30. nóvember 2004. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. utanríkisráðherra af þessu tilefni:

Er ráðuneytinu kunnugt um þetta flug og að íslensk lofthelgi og íslenskir flugvellir hafi verið notaðir? Ef svo er, munu íslensk stjórnvöld meina flugvélum eftirleiðis með fanga eða slíkt flug að nota íslenska lofthelgi og afnot af íslenskum flugvöllum?

[13:04]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvort utanríkisráðuneytinu sé kunnugt um að flugvélar á vegum bandarísku leyniþjónustunnar með fanga eða meinta hryðjuverkamenn sem hvorki njóta verndar né meðhöndlunar samkvæmt alþjóðasáttmálum hafi farið um íslenska lofthelgi eða notað Keflavíkurflugvöll. Ef svo er, hver væru viðkomandi flugnúmer, hvaðan væri flogið og hvort og hvaða upplýsingar voru veittar um farm og á hvers vegum flugið væri.

Ég vil taka það skýrt fram strax að utanríkisráðuneytinu er ekki kunnugt um flug um íslenska lofthelgi eða Keflavíkurflugvöll af því tagi sem talað er um í fyrirspurninni. Bandarísk stjórnvöld hafa ekki sótt um yfirflugs- eða lendingarleyfi fyrir slíkar flugvélar. Flutningar á föngum sem ekki samræmast alþjóðalögum og skuldbindingum Íslands væru augljóslega í óþökk íslenskra stjórnvalda.

Ég vil rifja upp fyrir þingheim að borgaraleg flugumferð um nær allan heim grundvallast samkvæmt alþjóðasamningum á því að ekki þarf sérstök leyfi til að fljúga um lofthelgi ríkja í friðsamlegum tilgangi með vörur eða fólk, þar með talið fanga. Erlend borgaraleg loftför hafa samkvæmt þessu víðtæka heimild til flugs um íslenska lofthelgi. Íslensk stjórnvöld krefjast ekki frekar en stjórnvöld annarra ríkja upplýsinga um farþega einkaflugvéla sem fara um íslenska lofthelgi eða millilenda hér. Þess má geta að 1.500–2.000 einkaflugvélar fara um Keflavíkurflugvöll á ári hverju og sæta þar hefðbundinni afgreiðslu og eftir atvikum tollskoðun eða landamæraeftirliti.

Um vélar á vegum erlendra stjórnvalda, svokallaðra ríkisloftfara, gildir almennt sú regla að sækja ber um yfirflugs- og lendingarleyfi. Í umsóknum um yfirflugsheimildir og lendingarleyfi ber einungis að greina frá ef hergögn eða hættulegur varningur er um borð en ekki er skylt að greina frá því hvaða fólk kann að vera um borð.

Þegar fyrirspurn þingmannsins barst mér var staðgengill sendiherra Bandaríkjanna boðaður á fund í utanríkisráðuneytinu og honum afhent fyrirspurnin í enskri þýðingu og beðið um svör frá bandarískum stjórnvöldum við því sem þar er spurt um og að þeim snýr. Á fundi í utanríkisráðuneytinu nokkru síðar með fulltrúum bandaríska sendiráðsins í Reykjavík var lýst vonbrigðum með að svör lægju þá ekki fyrir og beðið um skýr og skjót viðbrögð. Síðar þann dag fór sendiherra Íslands í Washington með sömu skilaboð í bandaríska utanríkisráðuneytið. Þar var jafnframt tekið fram að íslensk stjórnvöld gengju út frá því að fangaflutningar sem þessir hefðu ekki átt sér stað enda væri þá brotið gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Óformlega hafa þau svör borist frá Bandaríkjastjórn að Bandaríkin virði fullveldi og lögsögu Íslands í einu og öllu, geri ekki ráð fyrir að Keflavíkurflugvöllur verði notaður í þeim tilgangi sem um er spurt og loks að kæmi slíkt til álita mundu bandarísk stjórnvöld fyrst eiga um það samráð við íslensk stjórnvöld.

Að mínum dómi eru þessi svör því miður alls ekki fullnægjandi enda er þeirri spurningu ósvarað hvort umræddir

flutningar hafi átt sér stað eða ekki. Bandarískum stjórnvöldum hefur verið gerð grein fyrir þessari afstöðu minni og ítarlegri svara krafist. En eins og kunnugt er hafa fleiri lönd krafist svara hjá Bandaríkjamönnum um þessi mál auk þess sem skyld mál hafa einnig verið til umræðu og umfjöllunar á Bandaríkjaþingi.

Þingmaðurinn spyr einnig hvort ráðherra telji meðferð fanga sem hvorki njóta verndar og réttinda sem venjulegir borgarar né sem stríðsfangar, eins og gilda mun um fanga í Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu, vera brot á alþjóðalögum. Hann spyr hvort íslensk stjórnvöld muni meina flugvélum með fanga eða meinta hryðjuverkamenn sem þannig eru meðhöndlaðir aðgang að íslenskri lofthelgi og afnot af íslenskum flugvöllum ef svo væri.

Hvað þessa spurningu varðar liggur fyrir, m.a. eftir umræður á Alþingi síðast í mars á þessu ári, að íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að Bandaríkjamenn sem aðrir fari í einu og öllu eftir gildandi mannúðar- og mannréttindalögum. Hér er m.a. um að ræða alþjóðasamning um bann við pyndingum og annarri ómannúðlegri meðferð og Genfarsamningana, en í þeim felast grundvallarreglur alþjóðlegra mannúðarlaga á stríðstímum og reglur um meðferð stríðsfanga.

Þá hafa íslensk stjórnvöld tekið bæði formlega og óformlega upp málefni fanganna í Guantanamo við bandarísk stjórnvöld og lýst áhyggjum vegna stöðu fanganna. Af þessu er ljóst að íslensk stjórnvöld mundu ekki heimila flug af því tagi sem um er talað í fyrirspurninni um íslenska lofthelgi eða leyfa slíkum flugvélum afnot af íslenskum flugvöllum.

[13:09]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Þetta svar var enn þá aumara en ég átti von á og það er alveg í stíl við það hversu linkulega hæstv. utanríkisráðherra og ríkisstjórnin hefur tekið á þessu máli. Það liggur fyrir í upplýsingum sem danska þingið hefur fengið að flugvélar með þekktum skrásetningarnúmerum eru grunaðar um að hafa flutt fanga m.a. um Ísland til ríkja þar sem vitað er að pyndingum er beitt við yfirheyrslur. Það er krafa stjórnarandstöðunnar, það er krafa Samfylkingarinnar að utanríkisráðherra gefi út yfirlýsingu um að flugvélum með þessum þekktu númerum verði bannað að fljúga um Ísland. Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra hefur ekki gert það? Hvernig stendur á þessum undirlægjuhætti gagnvart Bandaríkjamönnum? Meira að segja Morgunblaðið segir í leiðara að engu sé að treysta um upplýsingar stjórnvalda varðandi aðferðir CIA. Svo kemur ráðherrann hingað og segir að hann sé í einhverjum kurteisum bréfaskriftum. Þetta er spurning um grundvallaratriði.

[13:10]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. utanríkisráðherra hefur ekki upplýst um það hvort Bandaríkjamenn kynnu að hafa fundið sér leyfi til þeirra flutninga sem hér um ræðir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stuðning við stríðið í Írak vegna þess að þeir flutningar að mestu, sem menn grunar að fram hafi farið, eru í beinum tengslum við styrjöldina í Írak sem íslensk stjórnvöld styðja, þar á meðal hæstv. utanríkisráðherra. Yfirlýsing stjórnvalda á sínum tíma var þannig orðuð að auðvelt er fyrir Bandaríkjamenn að túlka hana sem framlag Íslands með öllum hætti og þar á meðal þeim sem hér er um að ræða.

Forseti. Fyrir 30 árum var líka utanríkisráðherra á Íslandi sem hét Geir. Hann hét Geir Hallgrímsson. Hann lýsti því yfir í umræðum um kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli að íslensk stjórnvöld og Íslendingar allir vildu ekki slík vopn. Nú á sá utanríkisráðherra sem starfar á okkar tímum og heitir líka Geir að lýsa því yfir að íslensk stjórnvöld og Íslendingar vilji ekki fangaflutninga eða bandalag við þjóðir sem ekki virða mannréttindi.

[13:12]

Helgi Hjörvar:

Virðulegi forseti. Einhverjar öruggustu samtímaheimildir um alþjóðamál, stórblöð á borð við Washington Post, hafa greint frá því að fangaflutningar fari fram yfir Atlantshafið með flugvélum sem staðfest er að hafi lent á Íslandi. Vestan hafs er í öldungadeild Bandaríkjaþings unnið að lagasetningu til að taka á málinu. Austan hafs hefur Evrópusambandið fyrirskipað rannsókn en á Íslandi situr hæstv. utanríkisráðherra bljúgur með hendur í skauti og bíður eftir því að einhver komi að svara honum. En það kemur enginn að svara honum. Er hæstv. ráðherra svo hræddur um að herinn sé að fara að hann þori ekki að anda á Bandaríkjamenn? Eða er það kannski vegna þess að við erum meðsek? Meðsek vegna framgöngu þessarar ríkisstjórnar um innrásina í Írak. Hún er í okkar nafni og meðferðin á föngum í Abu Ghraib og meðferðin á óbreyttum borgurum í Írak er á okkar ábyrgð og þeir fangaflutningar sem hér kunna að fara fram eru á okkar ábyrgð (Forseti hringir.) og í okkar nafni því ef hæstv. utanríkisráðherra ætlar ekki að hafast að um að stöðva þá þá eigum (Forseti hringir.) við hlutdeild í þeim flutningum.

[13:13]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að stutt athugasemd felur aðeins í sér eina mínútu.

[13:13]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hæstv. utanríkisráðherra hefur svarað alveg ótvírætt þeirri spurningu sem fyrir hann var lögð. Íslensk stjórnvöld munu ekki samþykkja það að flugvélar með fanga eða meinta hryðjuverkamenn hafi aðgang að íslenskri lofthelgi eða afnot af íslenskum flugvöllum. Ég fagna því að afstaða ráðherrans og ríkisstjórnarinnar er ótvíræð í því efni. Ég vil hins vegar hvetja hæstv. ráðherra til þess að hann og ríkisstjórnin öll gangi hart fram í því að íslensk yfirvöld fylgi eftir þessum vilja og sitji ekki með hendur í skauti og bíði eftir að Bandaríkjamenn upplýsi um það sem þeir hugsanlega hafa í hyggju.

Því miður er staðan sú að Bandaríkin, þessi brjóstvörn lýðræðis um áratugi, eru orðin uppvís að því að sniðganga alþjóðamannréttindasáttmála og fótumtroða almenn grundvallarmannréttindi og þeim er því miður ekki treystandi, virðulegi forseti.

[13:15]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Stöðugt berast ábendingar, staðhæfingar og upplýsingar um falsfréttir og blekkingar sem lagðar voru fram til að réttlæta ólögmæta innrás í Írak. Ábendingar um að íslensk lofthelgi og flugvellir hafi verið notaðir til ólöglegra fangaflutninga eigum við þar af leiðandi að taka mjög alvarlega. Við megum ekki gleyma því að allt tengist þetta innrásinni í Írak og við erum á lista hinna viljugu þjóða. Því tel ég mikilvægt að upplýst verði við þessa umræðu og er tengt þessu máli hversu víðtæk heimild íslenska ríkisins er til bandarískra yfirvalda á notkun flugvalla og lofthelgi í baráttunni við hryðjuverkamenn, eins og kom fram við stuðning okkar við ólögmæta innrás í Írak.

[13:16]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Niðurlæging íslenskra stjórnvalda í þessu máli er alveg hrikaleg. Eftir að hafa lýst yfir stuðningi við Bandaríkjamenn við innrásina í Írak taka Bandaríkjamenn sér leyfi til að fljúga með fanga yfir land okkar til að fara með í ólögleg fangelsi sem þeir eru með einhvers staðar í leynum. Og það er nöturlegt, það kom einmitt frétt í fjölmiðlum í gær eða fyrradag þar sem bandarískt herinn var að finna leynifangelsi í Írak sem var þar á vegum stjórnvalda. Þeir þyrftu líklega að nota þessa sömu hermenn til að leita uppi sín eigin leynifangelsi og koma þessum málum á hreint gagnvart heiminum hvernig þeir haga sér. Þetta er auðvitað slík niðurlæging fyrir stjórnvöld á Íslandi að ekkert nema krafa og að henni verði fylgt eftir til enda um að fá að vita hvað hefur gerst á þessum tíma er ásættanlegt. Það er ekki hægt að sætta sig við annað en að fá að vita þetta. Síðan verða menn að taka afstöðu til þess hvernig á að bregðast við í framhaldi af því.

[13:17]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst það grátbrosleg staðreynd að til þurfti þessa fyrirspurn frá stjórnarandstöðuþingmanni til að íslenska ríkisstjórnin brygðist við og færi að spyrja Bandaríkjamenn erfiðra spurninga í þessu máli. Það er nefnilega þannig að þeir sem fylgjast með fréttum af alþjóðamálum vita ósköp vel að lengi hefur verið uppi grunur um að Bandaríkjamenn væru að flytja fanga yfir hafið, m.a. um íslenska lofthelgi, á vit pyndingaböðla í ónefndum fangelsum í löndum sem okkur eru framandi. Þetta þurfti ekki að koma neinum á óvart. Hér eru menn að sjálfsögðu að uppskera eins og þeir hafa sáð til, menn sem upphaflega studdu hina glæpsamlegu innrás í Írak sem efnt var til á grundvelli upploginna saka, styrjaldar sem kostað hefur tugi þúsunda borgara, saklausra borgara lífið. Enn þá fleira fólk býr nú við ævarandi örkuml, að ekki sé talað um þau andlegu sár sem orðið hafa á íröksku þjóðinni. Þessir menn eiga að skammast sín.

[13:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér finnst það mjög alvarlegt að hæstv. utanríkisráðherra skuli svara eins og hann gerir á fremur litlausan hátt, kurteislega, nánast diplómatískan. Hér sýnist mér vera krafa á hæstv. utanríkisráðherra og ríkisstjórnina alla um að ríkisstjórnin sýni að það renni blóð í æðum hennar. Fólk krefst þess að þessi flug séu fordæmd, fortakslaust fordæmd og við krefjumst þess hér í þessum sal af hæstv. utanríkisráðherra að hann fordæmi þessar misgerðir Bandaríkjamanna. Hann á auðvitað að gera það. Hann á að sýna okkur að honum renni í skap eins og okkur öllum þegar við sjáum að við höfum setið hér nokkuð aðgerðalaus á meðan fangaflug af þessu tagi hefur eflaust farið um flugvelli okkar og verið dulbúið sem borgaralegt flug. Allar vísbendingar benda til þess.

Hæstv. utanríkisráðherra á auðvitað að sýna viðbrögð sem eru honum sæmandi en ekki þá kurteisi sem hér hefur verið gagnrýnd.

[13:20]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Þessar umræður eru mjög sérkennilegar en kannski ekki óvenjulegar ef maður rifjar upp gamlar umræður sem varða Keflavíkurflugvöll og varnarmál okkar Íslendinga. Það liggur ljóst fyrir samkvæmt yfirlýsingu utanríkisráðherra að flug af því tagi sem fyrirspurnin fjallar um verður ekki heimilað um íslenska lofthelgi og slíkum flugvélum verður ekki leyft að hafa afnot af íslenskum flugvöllum. Þetta kom skýrt fram í niðurlagi ræðu hæstv. ráðherra. Ef maður hefur það í huga er augljóst að þær ræður sem síðan hafa verið haldnar eru haldnar af mönnum sem ekki kunna að hlusta og ekki kunna að skilja það sem talað er.

[13:21]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég tel mig hafa undir höndum gögn og heimildir sem sanna það því miður að íslensk lofthelgi og íslenskir flugvellir hafa verið misnotaðir í þessu skyni og ég get afhent ráðuneytinu þau ef mönnum er þægð í því.

Ég þakka svörin og ég þakka í sjálfu sér það sem hæstv. utanríkisráðherra hefur aðhafst til að afla upplýsinga í málinu. En það sem á vantar er að íslensk stjórnvöld með formlegri tilkynningu til bandarískra stjórnvalda lýsi því yfir að þau vilji ekkert slíkt hafa hér á landi, hvorki á flugvöllum né í lofthelgi okkar með sambærilegum hætti og Danir hafa gert. Þrátt fyrir svör hæstv. ráðherra vantaði það upp á að það væri gert með formlegum hætti af íslenskra stjórnvalda hálfu að koma þeirri afstöðu okkar á framfæri sem hæstv. ráðherra lýsti í niðurlagsorðum sínum. Það er algerlega óásættanlegt að Ísland sé aðili að eða leggi slíkum lögbrotum og mannréttindabrotum lið sem þarna fara fram. Einmitt vegna aðildar Íslands að innrásinni í Írak og vegna aðgangs Bandaríkjamanna að Keflavíkurflugvelli er sérstök ástæða til að þetta sé gert skýrt og það er lágmark að íslensk stjórnvöld tilkynni Bandaríkjamönnum með formlegri orðsendingu að allt slíkt sé óheimilt og eftirleiðis verði slíku flugi vísað frá íslensku lofthelginni og lendi hér flugvélar engu að síður í þessum erindagerðum verði þær kyrrsettar, málin rannsökuð og föngunum um borð tryggð full mannréttindi. Vegna þess að hæstv. utanríkisráðherra telur sig enn vera að draga að upplýsingar í málinu þá hyggst ég, frú forseti, breyta fyrirspurn minni í beiðni um skriflegt svar þannig að

hæstv. ráðherra geti þá svarað henni með formlegum hætti skriflega þegar þau gögn sem hann er enn að bíða eftir eru komin í hans hendur. En ég tel að það þoli ekki bið að íslensk stjórnvöld sendi frá sér formlega yfirlýsingu í þessum efnum og verði ríkisstjórnin ekki til þess þá á Alþingi að gera það og við munum taka það upp á vettvangi utanríkismálanefndar að það verði gert.

[13:23]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Frú forseti. Það fer auðvitað ekkert á milli mála að pyndingar samrýmast ekki alþjóðalögum og eru fordæmanlegar og forkastanlegar í öllum tilvikum. Ég hélt ekki að það þyrfti að taka fram í þessum sal. En það er ekki lögbrot eða ólöglegt að flytja fanga milli staða. Það er gert á hverjum einasta degi innan lands og utan og slíkur flutningur fer fram í lofthelgi Íslands áreiðanlega mjög oft án þess að ástæða sé til að (Gripið fram í.) gera veður út af því.

Við höfum ekki í höndum upplýsingar um að um lofthelgi okkar eða flugvelli okkar hafi farið flugvélar með fanga sem hafi átt að flytja til pyndinga og það er kjarninn í þessu máli. Við höfum ekki upplýsingar um það. Við mundum ekki leyfa það og við fordæmum að sjálfsögðu allt sem viðkemur slíku. Það liggur alveg fyrir. Þetta eru alveg skýr svör af minni hálfu.

Við höfum hins vegar ekki fengið enn þá að mínum dómi fullnægjandi svör við fyrirspurnum okkar hjá Bandaríkjastjórn. Við höfum látið afstöðu okkar í þessum málum koma skýrt fram gagnvart þeim, eins og ég gat um áðan, látið það koma fram að við gengjum út frá því að flutningar sem þessir hefðu ekki átt sér stað án okkar vitundar og afstaða okkar gagnvart Bandaríkjamönnum er alveg skýr og mótmæli Dana voru ekki mikið formlegri en þetta, hv. þingmaður.

Umræðu lokið.

Háhraðanettengingar.

Fsp. BjörgvS, 117. mál. — Þskj. 117.

[13:25]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra hvort fyrirætlanir séu uppi um að tryggja þeim ríflega 20 þúsund íbúum landsbyggðarinnar sem eru án háhraðanettengingar aðgang að slíkri nettengingu á næsta fjárlagaári. Ef svo er hver er sú áætlun skipt eftir landsvæðum?

Tilefni fyrirspurnarinnar eru margvísleg, fyrst og fremst sú staða sem uppi er og kom fram í svari hæstv. samgönguráðherra við fyrirspurn minni sem laut að því hvaða sveitarfélög á landinu hafi háhraðatengingar og hver ekki, hver sé íbúafjöldi þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa háhraðatengingar sundurgreint eftir sveitarfélögum. Því svaraði hæstv. ráðherra skilmerkilega á þar síðasta þingi og kom fram að um 22 þúsund Íslendingar höfðu ekki aðgang að háhraðanettengingu, sem er mjög alvarlegt mál í þeirri búsetu- og byggðaþróun sem á sér stað núna þegar fólk flykkist á milli landsvæða. Aftur eru að eiga sér stað fólksflutningar út fyrir hið eiginlega höfuðborgarsvæði út á jaðra svæðisins og má segja að mikið rót fylgi þessum búferlaflutningum.

Í dag heyrir það til algerrar grunnþjónustu líkt og vatn, rafmagn og hiti þegar fólk velur sér búsetu, að hafa aðgengi að háhraðanettengingu. Það er ekki hægt að bjóða börnum sínum, unglingum eða heimilisfólki almennt upp á að ekki sé aðgengi að háhraðanettengingu þar sem einfaldlega er verið að setja þær byggðir hjá ef litið er til atvinnumöguleika, möguleika til fjarnáms og almennrar notkunar á netinu sem í dag heyrir til grundvallarþátta í daglegu lífi og allt byggist á. Það er mjög mikilvægt byggðanna vegna. Þær byggðir sem ekki búa við háhraðanettengingu eru annars flokks. Þær eru settar hjá.

Ég hef ítrekað skorað á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að í gegnum okkar öflugu samgöngufyrirtæki með aðstoð hins opinbera verði öllum þessum byggðum veitt aðgengi að háhraðatengingu. Víða er að sjálfsögðu möguleiki að veita slíkt aðgengi í gegnum örbylgju þar sem ekki er fjárhagslega hagkvæmt eða mögulegt að leggja streng. Það má því fara margar leiðir. Þetta er eins og munurinn á kerru og hesti og stórvirkum vinnuvélum. Í nútímabyggð verður að vera til staðar háhraðatenging. Því hef ég lagt þessa spurningu fyrir hæstv. samgönguráðherra.

Sums staðar í dag eru einkafyrirtæki eins og eMax, Ábótinn og fleiri að setja upp örbylgjutengingar sem er mjög vel og ágætlega gert. Það er einkaframtak þeirra og það ber að byggja undir og styðja við þau fyrirtæki sem fyrir eru og bjóða dreifbýlinu sums staðar upp á örbylgjuna en fyrst og fremst að öllum íbúum og öllum þessum landsvæðum bjóðist þetta gegn hliðstæðu verði og íbúum þéttbýlisins og með sambærilegum gæðum og álíka öflugum tengingum.

[13:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Svar mitt við spurningu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar er svohljóðandi:

Í fjarskiptaáætlun sem hið háa Alþingi samþykkti samkvæmt tillögu minni 11. maí sl. er sett fram svohljóðandi stefna í fjarskiptamálum:

Íslendingar verði í fremstu röð þjóða með hagkvæma, örugga og aðgengilega og framsækna fjarskiptaþjónustu. Í samræmi við þessa stefnu eru sett markmið varðandi ýmsa þætti fjarskiptaþjónustu, þar með talið um háhraðatengingar. Áætlunin gerir ráð fyrir að mörg af þeim markmiðum sem þar eru sett fram náist að verulegu leyti á markaðsforsendum, þ.e. án sérstakra aðgerða af hálfu stjórnvalda. Þar sem markaðurinn leysir ekki þessi mál, þ.e. býður upp á viðunandi þjónustu er við það miðað að stjórnvöld geti komið að málinu.

Fyrir liggur að stjórnvöld munu fjármagna að hluta eftirfarandi þrjú stór verkefni á sviði fjarskipta sem ríkisstjórnin hefur sett í forgang:

Í fyrsta lagi. Að auka aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins og um leið öryggi vegfarenda með því að stuðla að aukinni útbreiðslu GSM-farsímanetsins við hringveginn, helstu stofnvegi og fjölfarna ferðamannastaði.

Þetta er gert í ljósi þess að farsíminn gegnir mikilvægu hlutverki í samskiptum í nútímaþjóðfélagi auk þess sem ljóst er að almenn eign slíkra farsíma er mikilvægur liður í öryggi viðkomandi þrátt fyrir að GSM-farsímakerfið hafi ekki verið hannað sem öryggiskerfi sérstaklega.

Í öðru lagi. Gert er ráð fyrir að fjármunum verði varið til þess að stuðla að dreifingu stafræns sjónvarps um gervihnött. Nauðsynlegt er að tryggja að sjófarendur og íbúar strjálbýlli svæða sem ekki njóta fullnægjandi þjónustu eigi möguleika á að ná sjónvarpsdagskrá RÚV auk hljóðvarps, Rásar 1 og 2 stafrænt í gegnum gervihnött. Markmiðið er að stafrænt sjónvarp nái til allra landsmanna.

Í þriðja lagi. Sérstaklega er varðar spurningu fyrirspyrjanda er gert ráð fyrir öflugri uppbyggingu á háhraðatengingum á þeim svæðum sem ekki er líklegt að verði þjónað á markaðslegum forsendum. Háhraðatengingar eru einn af grunnþáttum tækninnar sem gerir upplýsingasamfélag nútímans mögulegt. Markmiðið er að hraða þróun upplýsingasamfélagsins þannig að allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu. Í áætluninni segir að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðatengingu árið 2007.

Þess má geta að síðustu bæirnir við Djúpið voru að tengjast netinu og Síminn er að ljúka síðasta áfanga við tengingu samkvæmt alþjónustukvöð sinni. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins verður í byrjun næsta mánaðar búið að tengja alla Íslendinga við netið sem þess hafa óskað. Þetta er auðvitað bylting fyrir þá sem hlut eiga að máli.

Skilgreining á háhraðatengingu er ekki einhlít og tekur mið af þörfum hvers og eins á hverjum tíma sem velur sér hraða við hæfi. Hraði í notkun í dag hefur ekki verið kortlagður sérstaklega en þarfirnar eru mjög misjafnar. Í áætluninni er reynt að spá fyrir um ákveðna þróun í þeirri bandbreidd sem almenningi í þéttbýli stendur til boða á viðráðanlegu verði. Þegar liggur fyrir að flestir Íslendingar sem þess óska eiga val um fleiri en eina leið til að tengjast internetinu og eiga oftast aðgang að hraða sem hentar þörfum viðkomandi. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins m.a. frá fjarskiptafyrirtækjum og Póst- og fjarskiptastofnun geta um 95% landsmanna nú þegar tengst háhraðanetum sem eru í samræmi við viðmið áætlunarinnar í formi xDSL ljósleiðara, kapal og þráðlaust, þ.e. örbylgju WiMAX eða gervihnött. Leysa þarf því vanda þeirra tæplega 5% sem eftir standa með skipulegum hætti með lausnum sem horfa til framtíðar en eru tæknilega óháðar. Þessi hópur er bundinn við ákveðin landsvæði. Miðað er við að ríkið geti komið að málum þar sem ekki eru markaðslegar forsendur fyrir hendi. Miðað er við að þessi þáttur fjarskiptaáætlunar komi til framkvæmda á árunum 2006–2010 og er unnið að útfærslu um þessar mundir.

Ákveðið hefur verið að skipa sérstaka verkefnisstjórn sem haldi utan um framkvæmd fjarskiptaáætlunar. Verkefnisstjórnin verði jafnframt stjórn fjarskiptasjóðs sem mun fjármagna þau verkefni í áætluninni sem stjórnvöld taka þátt í. Ljóst er að háhraðavæðingin er stórt verkefni sem stjórnvöld verða að vanda sig við. Ráðuneytið hefur ákveðið að fela Póst- og fjarskiptastofnun þetta verkefni í samræmi við ákvæði 23. gr. fjarskiptalaga. Stofnunin mun nú hefjast handa við undirbúning verkefnisins og nánari útfærslu þess og við munum nýta þá fjármuni sem sala Símans hefur gefið okkur færi á og er til umfjöllunar á hinu háa Alþingi.

[13:34]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir þessa fyrirspurn. Þar var í engu ofsagt um þá brýnu þörf sem er á tryggri tengingu við dreifbýli landsins og góðum hraða. Auk þess vil ég benda á það að háhraðatenging er mjög mikilvæg fyrir ýmsa vegna starfa sinna, t.d. bændur. Bændur eru farnir að nýta sér bókhald sem byggist á háhraðatengingum í auknum mæli og auk þess er ferðaþjónusta bænda vaxandi atvinnugrein og þeir nýta sér m.a. netið til þess að kynna þjónustu sína. Það á að vera hægt að panta sér þá þjónustu í gegnum netið en það er því miður víða illmögulegt eða ótryggt og jafnvel ekki hægt vegna þess hve tengingar eru lélegar og víða ekki fyrir hendi.

[13:35]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin. Það er alveg ljóst að það eru mjög framsæknar hugmyndir sem liggja að baki þeirri samgönguáætlun sem nú er í gildi. Og af þeirri ástæðu að Síminn var seldur er nú hægt að fjármagna það að þau 5% notenda sem ekki hafa haft aðgang að háhraðatengingu komist í samband við háhraðanet.

Þetta skiptir gífurlega miklu máli. Þetta er eitt stærsta byggðamálið að mínu mati og þegar við förum og hittum fólk í hinum dreifðu byggðum verðum við mjög vör við það hversu geysilega mikið mál þetta er, bæði varðandi atvinnusókn en ekki síður hvað varðar það að ná sér í menntun en það hefur aukist mjög að fólk um hinar dreifðu byggðir sæki sér framhaldsmenntun í gegnum tölvukerfið.

[13:36]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli í dag með fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra.

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að aðgengi að háhraðatengingu sé og eigi að vera skilgreindur hluti af nauðsynlegri grunnþjónustu hér á landi, vegna þess að í því samfélagi sem við búum í dag á þetta að vera hluti af grunnþjónustu svo sem eins og vatni, hita og öðru vegna þess hve stóran þátt netið og aðgengi að því spilar í samfélaginu og daglegum störfum. Þetta hefur áhrif á tækifæri til menntunar, þetta hefur áhrif á tækifæri til atvinnu svo ekki sé talað um menningarþáttinn á netinu, í gegnum tölvuna, í gegnum háhraðatengingar, þar er að finna stóran hluta af því sem kallast dægurmenning dagsins í dag. Ég tel að það eigi ekki að halda ungu fólki úti á landi utan við þann þátt sem finna má á netinu þannig að ég vil sjá háhraðatengingu sem skilgreindan hluta af grunnþjónustunni.

[13:37]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra að þessi þjónusta er orðin einn af grundvallarþáttum sem fólk gerir kröfu um að sé í lagi og lítur á sem forsendu fyrir vali á búsetu. Það skiptir því miklu máli að ríkisvaldið hraði eftir föngum uppbyggingu á þessu kerfi þar sem markaðurinn sjálfur byggir það ekki upp á eigin forsendum.

Ég fagna því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að uppbygging á háhraðatengingu verði hraðað þannig að allir sem þess óska geti fengið tengingu eigi síðar en á árinu 2007. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að stjórnvöld sýni vilja sinn í þessu verki, gefi út skýrar yfirlýsingar um að þau ætli að gefa fólki kost á þessari tengingu og fyrir tilskilinn tíma þannig að menn viti að tæknin muni koma og hún muni koma fljótt. Það skiptir öllu máli, virðulegi forseti.

[13:39]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda varðandi mikilvægi þess að háhraðatenging sé alls staðar á landinu. Það skiptir miklu máli varðandi búsetuskilyrði, nám og það kom mjög vel fram í máli hæstv. samgönguráðherra að það er svo sannarlega verið að vinna að þessum málum.

Það eru margir sem hafa valið að búa úti í sveit og vinna í gegnum háhraðanetið og geta þá verið þar sem er afskaplega gott. Ég vil líka vekja athygli á því að nokkur sveitarfélög hafa sjálf haft frumkvæði að því að koma á háhraðatengingu en þar verða samt sem áður eftir þessi 5% sem er svo mikilvægt að ríkið sjái um og ætlar að gera með sölu Símans.

[13:40]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp örstutt til að hvetja hæstv. samgönguráðherra áfram til dáða í þessum efnum því ég leyfi mér að segja að háhraðatenging eða tenging við internetið er partur af grunnþörfum fólks alveg eins og hiti, vatn og rafmagn. Ævintýri netsins eru slík, allur aðgangur að upplýsingum, möguleikar til að senda frá sér upplýsingar, finna gögn og annað á netinu, þetta er náttúrlega alger bylting og sjálfsagt mannréttindamál að allir landsmenn hafi aðgang að þessu. Mér sýnist við vera á ágætri leið með þessa hluti, að mörgu leyti. Ef hér kemur stafrænt gervihnattasjónvarp þá erum við í góðum málum hvað það varðar. Ef okkur tekst að halda áfram að koma á góðu GSM-sambandi víða um land og reynum jafnframt að halda í NMT-kerfið, en mér þykir vænt um það kerfi og vil sjá að það verði áfram eftir árið 2007. Síðan þegar það bætist við að við náum að landa þessum 20 þúsundum sem eiga eftir að fá háhraðanet þá held ég að við séum í fínum málum.

[13:41]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég fagna því að hæstv. samgönguráðherra lýsir yfir vilja sínum til að háhraðavæða dreifbýlið sem út af er sett nú á næstu missirum og að hluti símasilfursins verði notaður til þeirrar mikilvægu uppbyggingar, enda ekki nema sanngjarnt að svo sé.

Ég vil skora á hann að beita sér fyrir því að þeirri uppbyggingu ljúki fyrr en seinna því það er ekki ofmælt þegar sagt er að aðgengi að einhvers konar lágmarksnettengingu, háhraðatengingu, liggi búsetu að mörgu leyti til grundvallar sérstaklega þegar yngra fólk er að velja sér búsetu. Sjálfur gæti ég ekki haft daglega fasta búsetu austur í Gnúpverjahreppi ef ég væri ekki svo heppinn að einkafyrirtæki byði þar upp á örbylgjusamband sem er alveg viðunandi þokkalegur háhraði og má segja að bæti úr brýnustu þörfinni. Þess vegna er ástæða til að skora á yfirvöld og hvetja hæstv. ráðherra til að beita sér af fullu kappi fyrir því að þessar fyrirætlanir hans gangi eftir. Það eru tímamót og það eru tíðindi og ég fagna því að á borðinu liggi fyrirætlan um að ljúka háhraðavæðingunni fyrir þessi 5–10% sem eftir standa á næstu 18 mánuðum. Ég skora á hann að flýta því eins og nokkur kostur er. Þetta er bylting fyrir sveitirnar, bylting fyrir byggðirnar úti á landi að fólk geti stundað bæði nám og vinnu í gegnum tölvuna heima hjá sér og oft fer þetta saman. Þetta skiptir öllu máli. Þetta opnar nýjar víddir og ný tækifæri fyrir byggðirnar. Upplýsingahraðbrautin er grundvallaratriði í nútímanum. Þess vegna er ástæða til að fagna þessari fyrirætlan og hvetja hæstv. ráðherra til að fylgja henni fast eftir af kappi.

[13:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég fagna viðbrögðum hv. þingmanna við þessari fyrirspurn og svörum mínum. Það er alveg ljóst að menn átta sig á því að fjarskiptaáætlunin sem ég lagði fram og Alþingi samþykkti markar hér mikil tímamót, þau áform sem þar eru og ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja 2,5 milljarða af símasölunni til þess að byggja upp fjarskiptin í landinu.

Eitt af markmiðum í fjarskiptaáætluninni lýtur að háhraðatengingum ríkisstofnana sem er ástæða til að vekja athygli á. En öflugar tengingar ríkisstofnana, sérstaklega á landsbyggðinni eru mjög mikilvægur grundvöllur fyrir frekari þjónustu í sveitarfélögunum þegar háhraðatengingarnar eru komnar inn í miðju sveitarfélaganna þar sem ríkisstofnanir eru og þar með geta fyrirtæki og einstaklingar nýtt sér þá uppbyggingu.

Þegar er hafið samstarf við fjármálaráðuneytið og önnur ráðuneyti um framkvæmd þessara markmiða og samgönguráðuneytið hefur talið að ein leið til að ná árangri í þessu sé útboð á allri fjarskiptaþjónustu eða öllum fjarskiptatengingum og þjónustu við ríkisstofnanir sem nýta háhraðatengingar. Ég tel að það sé mikilvæg leið til að ná markmiðum okkar, að útvíkka þannig háhraðanetið, auka hraðann í samræmi við markmið fjarskiptaáætlunarinnar, auka samkeppni, bæta þjónustu og lækka verðið. Ég tel að með því að bjóða út alla fjarskiptaþjónustu ríkisins skapist skilyrði til þess að ríkisstofnanirnar tengist og þar með aukist áhugi fjarskiptafyrirtækjanna á því að veita almenningi á þessum stöðum þessa þjónustu sem ég tel afar mikilvæga.

Umræðu lokið.

Veggjöld.

Fsp. JÁ, 150. mál. — Þskj. 150.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um veggjöld og spyr í fyrsta lagi:

Hvað líður stefnumörkun um gjaldtöku vegna samgöngumannvirkja, þ.e. veggjöld, sem ráðherra hefur ítrekað boðað að sé í vændum?

Ráðherra boðaði fyrir tveimur árum að niðurstöður stefnumörkunar um gjaldtöku vegna samgöngumannvirkja mundu liggja fyrir á síðasta hausti, þ.e. fyrir ári. Hvað er eiginlega að frétta af þeirri stefnumörkun? Það er ekki lítil ástæða til að spyrja vegna þess að í greinargerð með lagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar um hvernig skuli verja söluandvirði Símans er tekið fram að seinni áfangi Sundabrautar skuli unninn í einkaframkvæmd. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir var engin svör að fá hjá hæstv. forsætisráðherra við því hvort hugmyndin væri að innheimta veggjöld af þeirri framkvæmd með svipuðum hætti og gert hefur verið af veggöngunum í Hvalfirði.

Tvenn áramót eru liðin og þau þriðju stutt undan. Hver er stefnan sem var mótuð? Af hverju hefur hæstv. ráðherra ekki gert samgöngunefnd Alþingis grein fyrir hugmyndunum eins og hann lofaði á sínum tíma? Munu tillögurnar tryggja að eitt verði látið yfir alla ganga hvað varðar veggjöld, eins og ráðherrann hefur sagt að ætti að felast í þeirri stefnumörkun? Svo spyr ég eins og venjulega hvert haust:

Hvenær kemur til framkvæmda boðuð lækkun virðisaukaskatts á veggjald í Hvalfjarðargöngum?

Hvar í ósköpunum er það mál statt? Heldur Framsókn því í gíslingu eða var aldrei innstæða fyrir loforðum hæstv. ráðherra um að lækka virðisaukaskatt af því gjaldi? Ég tel fulla ástæðu til að spyrja þar til svörin fást. Þau hafa ekki komið fram enn þá. Ég tel líka ástæðu til að ganga eftir þeirri stefnumörkun sem hæstv. ráðherra hefur lofað hvað varðar gjaldtöku af samgöngumannvirkjum.

Við höfum búið við það að í 20 ár borgi menn skatt í Hvalfjarðargöngin og borgi þau göng að fullu. Hugmyndir eru uppi um að skattlöndin haldi áfram að vera fyrir vestan og norðan, til að komast inn í höfuðborgina, en ekki verði innheimt gjöld ef menn koma að austan eða sunnan. Þetta er auðvitað óviðunandi, að menn viti ekki hvað stjórnvöld ætla sér með þessum veggjöldum. Ég ætla satt að segja að vona að hæstv. ráðherra tali skýrt um þau mál í þetta skiptið.

[13:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr í fyrsta lagi: „Hvað líður stefnumörkun um gjaldtöku vegna samgöngumannvirkja, þ.e. veggjöld, sem ráðherra hefur ítrekað boðað að sé í vændum?"

Svar mitt er svohljóðandi:

Stefnumörkun um gjaldtöku vegna samgöngumannvirkja er í fullkomlega eðlilegum farvegi í tengslum við endurskoðun 12 ára samgönguáætlunar sem nú er í gangi og verður lögð fyrir Alþingi á haustþingi 2006. Í því samhengi vil ég benda á álit nefndar um gjaldtöku og einkaframkvæmd til fjármögnunar samgöngumannvirkja sem skilaði áliti sínu í febrúar síðastliðnum. Sú skýrsla, ásamt öðru sem komið hefur fram um þessi mál, verður höfð til hliðsjónar í áframhaldandi vinnu við það mikilvæga verkefni að endurskoða gjaldtöku vegna notkunar samgöngumannvirkja.

Ástæða þess að ég hef þurft að margítreka, eins og kemur fram í fyrirspurninni, að þessi stefnumörkun sé í vændum er sú að þingmenn, þar á meðal hv. fyrirspyrjandi eru sí og æ að spyrja um sama hlutinn. Þeir fá auðvitað sama svarið við þeim annars eðlilegu spurningum á hinu háa Alþingi.

Í annan stað spyr hv. þingmaður:

„Hvenær kemur til framkvæmda boðuð lækkun virðisaukaskatts á veggjald í Hvalfjarðargöngum?"

Svar mitt er:

Ég verð að benda hinum reynda þingmanni Jóhanni Ársælssyni á að rétt væri að hann beindi spurningum um virðisaukaskatt til fjármálaráðherra. En þar sem þingmaðurinn gerir, við skulum kalla það svo, þessi mistök mun ég reyna að svara honum. Málið er á forræði fjármálaráðherra sem hefur svarað þessari fyrirspurn á þeim nótum sem hér greinir: Boðuð lækkun virðisaukaskatts á veggjaldi í Hvalfjarðargöngunum mun koma til framkvæmda með lækkun neðra þreps virðisaukaskattsins. En breytingar á virðisaukaskattskerfinu eru til skoðunar milli stjórnarflokkanna. Ég get á þessum tímapunkti ekki nefnt tímasetningar en vísa til þess sem sagt hefur verið um það mál, m.a. á Alþingi.

Vegna umræðu sem komið hefur upp undanfarnar vikur varðandi Sundabraut og að farin verði leið einkaframkvæmdar við lagningu hennar vil ég koma á framfæri sjónarmiðum mínum, þar sem ég veit að alþingismenn víða af landinu hafa áhuga á að heyra afstöðu mína til þess að leggja Sundabraut alla leið upp á Kjalarnes með aðstoð einkaframkvæmdar. Í tengslum við þau áform hefur vaknað umræða um það hvort leggja eigi gjald á þá sem aka vestur og norður land tvisvar á stuttum vegkafla. Að mínu mati kemur það ekki til greina. Tvær leiðir eru færar við að leggja Sundabraut sem einkaframkvæmd, eins og gert var með Hvalfjarðargöngum. Annars vegar er að fara leið notendagjalda eins og gert hefur verið í Hvalfjarðargöngunum, þar sem notendur samgöngumannvirkja greiða beint fyrir notkun hverju sinni. Hin leiðin er svonefnd skuggagjaldaleið þar sem framkvæmdaaðilinn fær greitt frá ríkinu fyrir þá umferð sem fer um mannvirkið. Sú aðferð, skuggagjaldaleiðin, kallar ekki á greiðslu vegfarenda þegar þeir aka um mannvirkið.

Verði notendagjaldsleiðin valin, sú aðferð sem Spölur fékk leyfi til að nota, verður það að mínu mati ekki gert nema með uppstokkun gjaldtöku í Hvalfjarðargöngunum þannig að aðeins verði gjaldtaka á einum stað á þessum vegkafla. Það er útfærsluatriði hvernig að því yrði staðið en það er ljóst að frekari gjaldtaka er ekki auðveld, eins og hv. fyrirspyrjandi þekkir mætavel.

Ég tel hins vegar skuggagjaldaleiðina vera góðan kost. En eins og ég sagði fyrr í svari mínu þá hefur sú nálgun í för með sér að greitt yrði úr ríkissjóði til framkvæmdaaðila

í samræmi við notkun brautarinnar þegar þar að kæmi. Sú leið hefur ekki verið farin í vegamálum hér en er vel þekkt erlendis. Ég tel að hún komi vel til greina og að ekki eigi að þurfa að vefjast fyrir mönnum að velja þann kost. Aðalatriði málsins er hins vegar að við getum nýtt okkur einkaframkvæmdarkostina en gjaldtakan yrði með öðrum hætti en við þekkjum úr Hvalfirðinum.

[13:53]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin. Ég vil að það komi fram að ég tel mikilvægt að hægt verði að ráðast í samgönguframkvæmdir með einkaframkvæmd og með gjaldtöku. Við höfum haft mikinn áhuga á því, mörg hver, að hægt verði að ráðast í meiri jarðgangagerð. Þar eru kannski fyrst og fremst nefnd Vaðlaheiðargöng, sem mjög mikill áhugi er fyrir. Þess vegna skiptir mjög miklu máli að sú leið sé í boði til að fjármagna mikilvægar samgönguframkvæmdir.

Auðvitað er hægt að fara aðrar leiðir og lengri en með jarðgangaframkvæmdum næst veruleg stytting leiða sem hefur í för með sér sparnað fyrir notendur. Við reiknum með því að þessi kostur verði áfram til staðar og að ekki verði lagður steinn í götu þess að fara þá leið.

[13:54]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Hér er til umræðu mikið misréttismál. Það er verið að mismuna ungu fólki, leggja álögur á ungt fólk á Akranesi og í byggðum Vesturlands, þaðan sem fólk sækir t.d. skóla til Reykjavíkur. Byggðunum norðan Hvalfjarðar er einnig mismunað þannig að ungt fólk, fjölskyldufólk sem flytur í auknum mæli að frá Reykjavík í smærri og þægilegri byggðir, velur síður byggðirnar norðan Hvalfjarðar. Í hvert sinn sem það þarf að sækja til Reykjavíkur, t.d. til að sækja vinnu, er fólki gert að greiða fyrir að ferðast um göngin á meðan fólk sem fer yfir Hellisheiði til Selfoss eða á Suðurnes ekur á vegum sem eru kostaðir af landsmönnum öllum. Þetta er ósanngirni sem verður að leiðrétta. (Forseti hringir.) Það er búið að skoða málin nógu lengi, frú forseti.

[13:55]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér þótti hæstv. samgönguráðherra koma með mjög athyglisverða hugmynd þegar hann talaði um svokallaða skuggagjaldaleið á Sundabrautinni. Þetta er svolítið framandi fyrir mér, ég verð að viðurkenna það. Ég þarf betri tíma til að kynna mér þá hugmynd aðeins nánar áður en ég tala meira um hana. En þrátt fyrir það hljómar mjög spennandi að hugsanlega sé þar komin leið til að fara í gerð Sundabrautar og klára hana jafnvel í einum rykk, ef svo má segja, án þess að til aukagjaldtöku komi á þessari leið norður úr borginni.

Ég tel brýnt að farið verði í að leggja Sundabrautina alla leið upp á Kjalarnes. Vegurinn í gegnum Mosfellsbæ og um Kollafjörðinn er að mörgu leyti hættulegur og erfiður, sérstaklega á veturna. Ég veit það vel sjálfur því að ég fer hann á hverjum einasta degi. Ég tel því að það sem hæstv. samgönguráðherra sagði áðan um Sundabrautina hafi verið mikið fagnaðarefni.

[13:57]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er augljóslega freistandi hverju sinni að fara veggjaldaleiðina til að koma fram stórbrotnum vegaframkvæmdum. En um leið er það ákaflega háskaleg þróun af því að í því felst mismunun milli íbúa á mismunandi svæðum. Menn hljóta því að kalla eftir því að fyrir liggi almenn stefnumörkun áður en menn viðra hugmyndir eins og þá að leggja Sundabrautina og nota til þess veggjöld. Á kannski að nota veggjöld í Héðinsfjarðargöngunum? Er það hugmyndin? Ég veit það ekki. Það verður að fara fram almenn stefnumörkun á þessu sviði áður en umræða um einstakar framkvæmdir fer fram.

Það er ástæða til að ítreka fyrstu spurningu hv. fyrirspyrjanda. Það hefur ítrekað verið bent á að fram verði að koma almenn stefnumörkun um veggjöld af samgöngumannvirkjum. Án þess, þegar sá kostur er nýttur við eina framkvæmd en ekki aðra, verður svæðum og íbúum mismunað og það er háskaleg þróun.

[13:58]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Þegar Hvalfjarðargöngin voru gerð var felldur niður virðisaukaskattur upp á 937 millj. kr. af framkvæmdinni gegn því að lagður yrði 14% virðisaukaskattur á veggjaldið. Þessi 14% skattur er núna langt kominn með að borga upp það sem fellt var niður og því finnst mér sjálfgefið að sá skattur verði felldur niður. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að gjaldið eigi allt að falla niður. Ég flutti tillögu um það á Alþingi fyrir einu ári, og benti á leiðir til þess, sem því miður náði ekki fram að ganga.

Ég minni á að göngin eru eina samgöngumannvirkið á Íslandi sem er skattlagt. Ætli þar sé ekki borgaður 1 milljarður kr. á ári á sama tíma og enginn annar borgar neitt? Það nefnir enginn veggjald á tvöföldun Reykjanesbrautar, Fáskrúðsfjarðargöng, Héðinsfjarðargöng og hvað það heitir allt saman. Þetta fyrirkomulag er jafnan réttlætt með því að Hvalfjarðargöng séu einkaframkvæmd, sem er rökleysa að mínu mati. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra eru alls konar einkaframkvæmdir í gangi án þess að lýðurinn sé skattlagður til að borga niður framkvæmdina.

Ég minni á að nú stendur fyrir dyrum að byggja 12 milljarða kr. monthús við Reykjavíkurhöfn í einkaframkvæmd. Ríki og borg ætla að greiða niður kostnaðinn á 20 árum. Það nefnir enginn að leggja gjald á alla þá sem reka nefið inn í það fína hús.

[13:59]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir að halda þessu máli vakandi ár eftir ár. Mig langar rétt að benda á þann mismun sem er í gangi eftir því hvort fólk notar þjóðveginn til að komast frá Selfossi til Reykjavíkur eða frá Akranesi til Reykjavíkur. Sá sem kemur frá Akranesi greiðir fyrir notkun á þjóðveginum auka-

lega um 150 þús. kr. í vegtoll á hverju ári.

[14:00]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Þegar lagt var í Hvalfjarðargöng vantaði ekki heitstrengingar manna úr öllum flokkum að staðið yrði við það að greiða vegskatt af þeim göngum. Hv. þm. Jóhann Ársælsson og fleiri stigu þá á stokk og strengdu þess heit.

Það sem er aðalatriðið í dag er auðvitað að einkaframkvæmd í samgöngumálum opnar möguleika víðs vegar um landið til þess að flýta mikilvægum framkvæmdum sem ella yrði ekki í ráðist. Ég nefni Vaðlaheiðargöng, ég get líka nefnt veg um Stórasand. Ég vil einnig minna á að stofnað hefur verið félag um að leggja veg um Kjöl og þannig mætti halda áfram ræðunni. Ég hygg að hv. þingmönnum sé jafnframt ljóst að í öðrum löndum er hvarvetna notast við veggjöld sem nauðsynlegt er til að koma af stað nauðsynlegum framkvæmdum í samgöngumálum. Við eigum ekki að hopa af vegi á okkar leið í þessu efni sem öðrum. Ef horfið verður frá veggjöldum í Hvalfirði er með því verið að leggja stein í götu manna annars staðar á landinu sem vilja bæta samgöngur eins og Norðlendingar svo dæmi sé tekið, eins og Borgfirðingar sem auðvitað vilja veg um Stórasand eins og ég hef gert glögga grein fyrir á Alþingi.

[14:02]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega ekki smekklegt hjá hv. málshefjanda að tala um gíslingu Framsóknarflokksins í þessum efnum. Þetta málefni er til skoðunar innan ríkisstjórnarinnar og milli ríkisstjórnarflokkanna. Það er mjög mikilvægt að við horfum til framtíðar í þessum efnum því Hvalfjarðargöngin verða ekki eina einkaframkvæmd Íslandssögunnar í vegagerð. Við horfum á Vaðlaheiðargöng og til Sundabrautar.

Ef fara á í breytingar hvað varðar veggjald í Hvalfjarðargöngum skapar það náttúrlega fordæmi gagnvart þeim framkvæmdum sem á eftir koma, það segir sig sjálft. Og það er mjög mikilvægt, hæstv. forseti, að við höfum það í huga í þessari umræðu. Einkaframkvæmd í vegagerð er mjög mikilvæg. Hún flýtir mjög mikilvægum samgöngubótum, eins og ég nefndi áðan, t.d. Vaðlaheiðargöngum sem munu tengja saman Eyjafjörð og Þingeyjarsýslu og er gríðarlega þýðingarmikil aðgerð í byggðalegu samhengi. Ef við þyrftum að styðjast við vegáætlunina eina er alveg ljóst að sú framkvæmd væri ekki í augsýn. Hún er í augsýn vegna þess að við horfum til einkaframkvæmdar í þeim efnum.

[14:03]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég fagna ákaflega mikilvægri yfirlýsingu hæstv. samgönguráðherra um að ekki verði veggjöld á Sundabraut. Það er mjög mikilvægt að ekki verði veggjöld á Sundabraut. Hann getur svo fundið út einhverjar aðrar leiðir. Ég hélt að það væru innri leið og ytri leið en nú er komin skuggagjaldaleið og ýmsar leiðir í viðbót á þeim vegi. En það mikilvægasta er: Engin veggjöld.

Menn verða að gera sér grein fyrir því að veggjöldin í Hvalfjarðargöngunum voru sett sem ákveðin málamiðlun. Fulltrúar þeirra svæða sem þar áttu hlut að máli, höfuðborgarsvæðisins, sem tekur yfir meira en helming af þjóðinni og þeirra svæða sem það tengdist við, voru í minni hluta hér á þinginu og máttu búa við það að neytt hafi verið aflsmunar í samgöngumálum gegn þeim í marga tugi ára. Þess vegna féllust menn á þá framkvæmd með því fororði að hún yrði borguð. Ég tel að núna sé grundvöllurinn undan því fallinn og við eigum að semja upp á nýtt við eigendur, getum við kallað þá, Hvalfjarðarganga og taka þá upp þar skuggagjaldakerfi ráðherrans í staðinn fyrir að íbúar á þessu svæði þurfi að borga fyrir að keyra í gegnum eigin göng.

[14:04]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra sagði í umræðu um daginn þegar ég spurði hann um afstöðu hans til veggjalda á Sundabraut að það væri til umræðu innan ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson staðfesti það áðan að það er skilningur Framsóknarflokksins að enn sé uppi sá möguleiki, a.m.k. af hálfu Framsóknarflokksins, að leggja á veggjöld á Sundabraut. Þess vegna fagna ég því að hæstv. samgönguráðherra hefur tekið af skarið og raunverulega ýtt þessum þrýstingi Framsóknarflokksins á veggjöld á Sundabraut út af borðinu með því að segja að ekki verði tekin upp veggjöld á Sundabraut.

Frú forseti. Það verður að greina á milli annars vegar einkaframkvæmdar og hins vegar veggjalda. Það er alveg hægt að ráðast í einkaframkvæmd án þess að með fylgi veggjöld. Hins vegar var athyglisvert, væntanlega fyrir Siglfirðinga og kjósendur hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, að hann sagði að auðvitað hefði sú aðferð sem beitt var við Hvalfjarðargöngin verið fordæmi sem þyrfti að fylgja. Hv. þingmaður er farinn að segja að taka eigi upp veggjöld í Héðinsfjarðargöngin.

[14:05]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Mikilvægt er í þessari umræðu að hafa þá sýn klára að þjóðvegirnir eigi að vera eign þjóðarinnar, en ekki eitthvað sem einkaaðilar ráðast í til að hafa síðan fé af þegnunum fyrir. Þetta er mjög mikilvægt. Ég hef aldrei skilið þau rök að einkaaðilar í einkaframkvæmd eigi að komast að betri kjörum en ríkissjóður í að framkvæma vegalagnir eða jarðgöng. Hvað um það. Það á að binda svo um hnútana að þó að menn álpist til að fara í eitthvað sem menn kalla einkaframkvæmd verði hún innan ákveðins tiltekins tíma eign þjóðarinnar og ekki sé verið að skattleggja vegfarendur sérstaklega.

Gjaldtakan um Hvalfjarðargöngin er að mínu viti orðin næg. Við ættum nú að huga að því hvernig megi fella þau niður þannig að þau verði almannaþjóðvegur eins og aðrir þjóðvegir á landinu.

[14:07]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég tel að það sem hér skorti á sé einfaldlega vilji hæstv. samgönguráðherra að taka á þessu máli. Menn

eru með alls konar fyrirslátt en raunverulegan vilja skortir. Það á einfaldlega að hætta gjaldtöku. Það eru engin rök fyrir því að halda uppi gjaldtöku bara á þessum stað.

Við höfum heyrt hér að menn hafi verið að dreifa símapeningum í hin og þessi verkefni og mér finnst þetta vera verðugt verkefni. Ég vil að hæstv. samgönguráðherra ræði það hvort til greina komi að nota þá peninga til að greiða þetta einfaldlega upp og hætta fyrirslætti um tæknilegar hindranir á hinu og þessu. Þetta snýst um vilja, ekki annað.

Eins vil ég minna á frumvarp sem við í Frjálslynda flokknum höfum lagt fram varðandi það að fella niður virðisaukaskattinn. Það snýst einnig um vilja, vilja hæstv. samgönguráðherra. Vill hann halda gjaldtöku áfram á fólk sem *fer um þessi göng sem er aðallega fólk af Vesturlandi*? Mér finnst að þetta snúist einfaldlega um vilja og ég vona að hæstv. ráðherra svari því skýrt.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Það er mjög mikilvægt að afstaða hæstv. ráðherra liggi fyrir, að hann sé á móti notendagjöldum um Sundabraut. En það hefur samt orðið algerlega ljóst við þessa umræðu að stefnumörkun hvað varðar gjaldtöku á samgöngumannvirkjum liggur ekki fyrir. Það er auðvitað mjög alvarlegt að svo skuli ekki vera vegna þess að nauðsynlegt er að menn viti á hverju menn eiga von í þessum efnum. Mér finnst skrýtið hversu langan tíma það tekur hjá ríkisstjórninni að koma sér saman um hvernig á að standa að þessum málum til framtíðar litið.

Fram kom við umræðuna áðan að menn vildu ekki að lagður yrði steinn í götu þess að hægt yrði að fara í einkaframkvæmd í vegamálum. Það er algerlega út í hött að halda því fram að jafnvel þótt gerðar yrðu breytingar á gjaldtöku eða hún felld niður í Hvalfjarðargöngum, að það legði stein í götu þess að menn færu í einhverjar slíkar framkvæmdir í vegamálum. Það er út í hött að halda því fram. Vissulega geta hlutirnir breyst en það sem er alveg á hreinu er að ef menn ætla að halda áfram eftir að búið er að innheimta veggjöld af þeim sem koma að norðan og vestan til höfuðborgarinnar í því formi að taka upp notendagjöld á Sundabraut þá eru sömu landsvæðin að verða fyrir skattlagningu áfram í nokkra áratugi í viðbót við það sem nú liggur fyrir. Þetta er auðvitað ekki hægt að líða. Ekki er heldur hægt að líða að það standi á stefnumörkun frá hendi ríkisstjórnar í svona mikilvægum málum eins og raun ber vitni. Ég hvet því eindregið til þess að menn standi sig betur en þetta.

Um virðisaukaskattinn er það að segja að Framsóknarflokkurinn heldur málinu enn í gíslingu. Fram hefur komið hjá sjálfstæðismönnum að Framsóknarflokkurinn hafi staðið í vegi fyrir málinu.

[14:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það er alrangt hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að stefnumörkun skorti. Við samþykktum samgönguáætlun á Alþingi fyrir stuttu. Eftir henni vinnum við og samkvæmt þeirri samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum á þessu tímabili sem eru fjármögnuð með notkunargjöldum eða gjöldum vegna Hvalfjarðarganga. Sú stefnumörkun liggur því algerlega ljós fyrir og var í samræmi við tillögur mínar. (Gripið fram í.) Eftir þessu er unnið í dag þannig að Alþingi er ekki að taka neinar ákvarðanir um framkvæmdir í samgöngumálum sem kalla á frekari stefnumörkun hvað gjaldtöku varðar þannig að þetta er allt í fullkomlega eðlilegum farvegi. Eins og ég sagði í svari mínu er næsta skrefið í því máli endurskoðun 12 ára áætlunar. Þá tökum við ákvörðun um hvernig við mótum framtíðarstefnuna í gjaldtökumálum vegna samgöngumannvirkja. Eftir þessu vinnum við og það er fullkomlega eðlilegt.

Hvað varðar umræður um gjaldtöku af Hvalfjarðargöngum og fleiru fagna ég því sem kom fram hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur. Ég er alveg sammála henni að við megum ekki eyðileggja þann möguleika í framtíðinni að við getum farið í framkvæmdir á forsendum einkafjármögnunar og einkaframkvæmdar í samræmi við það sem við gerðum í Hvalfirði sem hefur gefist svo vel og við þekkjum. Við þurfum að halda öllum þessum möguleikum opnum og standa þannig að málum að við getum hraðað uppbyggingu samgöngumannvirkja eins og gert var þegar Hvalfjarðargöngin voru grafin. Það var vegna þess að við vildum fara hraðar, stytta leiðir og þess vegna var sú leið valin og það þýðir ekkert annað fyrir menn en viðurkenna að þær ákvarðanir voru teknar á Alþingi.

Umræðu lokið.

Tvöföldun Vesturlandsvegar.

Fsp. VF, 198. mál. — Þskj. 198.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að hrósa hæstv. samgönguráðherra. Þann 14. apríl í fyrra kom í ljós við fyrirspurn minni um tvöföldun Vesturlandsvegar frá Skarhólabraut að Víkurbraut að verkefninu yrði frestað vegna fjárskorts. Fimm dögum síðar lýsti samgönguráðherra því yfir að honum hefði tekist að fá fjármagn í verkefnið og núna einu og hálfu ári síðar er því nánast lokið. Fyrir þessa röggsemi fær hæstv. samgönguráðherra hrós enda er hér um að ræða einn fjölfarnasta þjóðveg landsins.

En nú spyr ég um framhaldið. Til stóð að tvöfalda Vesturlandsveg í gegnum Mosfellsbæ að Þingvallaafleggjara. Misvísandi upplýsingar berast um hvenær farið verði í þetta verkefni. Í júní talaði samgönguráðherra um að ekki sé skynsamlegt að fara út í breikkun á Vesturlandsvegi nema mikil seinkun verði á sjálfri Sundabraut. Á íbúafundi í Mosfellsbæ með Vegagerðinni var talað um að farið yrði í frekari tvöföldun eftir nokkur ár, nefnd voru tvö ár, þrjú ár og fimm ár.

Hér þarf, virðulegi forseti, að fá skýrari skilaboð. Frestað var að tvöfalda vegstubb frá Skarhólabraut að Langatanga. Í staðinn var farið í bráðabirgðaaðgerð, svokallaða 2+1, en hvað þýðir bráðabirgða? Erum við að tala

um mánuði? Erum við að tala um ár? Erum við að tala um áratug?

Íbúar hafa bent Vegagerðinni á ýmsar hættur sem fylgja þessari bráðabirgðalausn, 2+1. Hraðinn eykst t.d. í suður og á löngum kafla er engin eyja á milli akreina. Eina eyjan sem er er á milli Túnahverfis og Skálatúns og þar er ávallt mikill skafrenningur og með þeirri eyju eykst enn hættan þar. Að auki er komið upp það hættuástand núna að fólk hreinlega nennir ekki að taka hægri beygju og fara upp á hringtorgið til að komast leiðar sinnar þannig að fólk tekur U-beygju strax hjá eyjunni. Af þeim sökum spyr ég hæstv. samgönguráðherra:

Hvenær hefjast framkvæmdir við tvöföldun Vesturlandsvegar frá Skarhólabraut að Langatanga í Mosfellsbæ og hvenær er áætlað að þeim ljúki?

Ekki er úr vegi að spyrja í leiðinni: Hvað kostar þessi bráðabirgðalausn, 2+1, hvað á hún að standa lengi? Jafnframt þýðir þetta aukinn kostnað fyrir Mosfellsbæ, þ.e. leggja þarf nýja vegi svo menn komist frá Skálatúni út á Baugshlíð annars vegar og hins vegar að íbúar í Túnahverfi komist til Reykjavíkur.

[14:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður spyr: „Hvenær hefjast framkvæmdir við tvöföldun Vesturlandsvegar frá Skarhólabraut að Langatanga í Mosfellsbæ og hvenær er áætlað að þeim ljúki?“

Ef menn vildu sleppa létt frá þessu væri kannski hægt að segja að þessar framkvæmdir eru þegar hafnar, að nokkru er lokið við þær. Engu að síður er svar mitt þetta: Eins og fyrirspyrjandi þekkir hefur verið unnið að miklum endurbótum á þjóðvegi 1 frá gatnamótum Víkurvegar/Vesturlandsvegar allt upp að gatnamótum við Langatanga. Í samgönguáætlun fyrir árið 2003–2014 eru áætlaðar 220 millj. kr. til breikkunar umræddra vegarkafla á öðru tímabili, þ.e. á árunum 2007–2010. Þá er ég að tala um kaflann frá Skarhólabrautinni upp að Langatanga. Vegkaflinn er um 1,2 km að lengd og hefur Vegagerðin nýlega endurmetið kostnað við breikkunina sem er nú áætlaður um 300 millj. Þess ber að geta í þessu samhengi að nú þegar hafa verið gerðar endurbætur til bráðabirgða á þessum kafla milli hringtorganna með styrkingu vegaxla þannig að nú er þessi tiltekni vegur þrjár akreinar, þ.e. tvær til Mosfellsbæjar og ein til Reykjavíkur. Vonir standa til þess að þessi bráðabirgðaendurbót leysi verulega úr þeim vanda sem hér er við að etja en auðvitað vakna spurningar um hvernig til tekst með föstudagsumferðina út úr bænum á sumrin.

Í samræmi við vegalög er gert ráð fyrir að bæði samgönguáætlun til lengri tíma, þ.e. 12 ára, og samgönguáætlun til fjögurra ára verði endurskoðuð á Alþingi veturinn 2006–2007. Gera má ráð fyrir að fjárveiting til breikkunar hringvegarins milli Skarhólabrautar og Langatanga verði ákveðin við þá endurskoðun þannig að allt blasir við okkur á þann veg að við sjáum fram á að þessum framkvæmdum ljúki áður en langt um líður.

Aðeins vegna þess sem hv. þingmaður sagði í ræðu sinni vegna fyrirspurnarinnar þá vil ég geta þess að það hefur aldrei komið annað til greina að mínu mati en að þessi leið, alla leið upp að vegamótum Þingvallavegar, yrði með tveimur akreinum í hvora átt hvað sem Sundabraut líður að öðru leyti. Ég hef hins vegar látið þau orð falla að ég teldi ekki skynsamlegt að tvöfalda Vesturlandsveginn eða hringveginn alla leið fyrir Kollafjörð og upp að Hvalfjarðargöngum ef við sjáum fram á Sundabrautina. Ég tel að við eigum að leggja áherslu á að tvöfalda þetta alla leið upp að Þingvallaafleggjaranum og gera það sem fyrst og þegar samgönguáætlun gefur okkur tækifæri til þess til þess að greiða þarna fyrir umferð. En ég tel að þær framkvæmdir, þessar miklu og mikilvægu framkvæmdir í gegnum Mosfellsbæinn sem stórbæta umferðarflæði og afkastagetu brautarinnar, séu mikil bragarbót og það þekkjum við sem förum þarna um nær daglega margir hverjir og oft á dag sumir. Ég held nú að Mosfellingar geti mjög vel við unað þessar vegaframkvæmdir og raunar allir þeir sem nýta sér þetta samgöngumannvirki.

[14:20]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir þau orð hæstv. samgönguráðherra að gerbylting hefur orðið í vegamálum í gegnum Mosfellsbæinn á undanförnum árum. En betur má ef duga skal. Ég lýsi því líka yfir að ég er sammála því að okkur ber að vinna að því að tvöfalda þennan veg upp að Þingvallaafleggjaranum.

En ég vil segja í ljósi þeirra ummæla sem féllu áðan um Sundabrautina og hugsanlega fjármögnun á henni hjá hæstv. samgönguráðherra, sem mér heyrist að hafi kannski verið ákveðin tímamótayfirlýsing sem kannski eigi eftir að marka vatnaskil í þessari umræðu þegar fram líða stundir, þ.e. að hægt verði að fara út í Sundabrautina án gjaldtöku með þessari skuggagjaldaleið, að þá sé rétt að menn staldri við þegar þeir verða komnir með þennan veg upp að Þingvallaafleggjaranum en noti síðan peningana áfram í það að vinna að því að við náum að leggja Sundabrautina alla leið upp á Kjalarnes.

[14:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að mér finnst frestun á þeim hluta framkvæmdarinnar að breikka veginn frá Skarhólabraut að Langatanga vera mistök. Verulega mikil mistök í vegagerð, í fyrsta lagi vegna þess að það þurfti að leggja hvort sem var í töluverðan kostnað til þess að ná tveimur akreinum frá Mosfellsbæ til Reykjavíkur eins og gert var og það þarf þess vegna að fara tvisvar í framkvæmdir á þessu sama svæði og þetta er stuttur kafli. Þeir sem koma frá Reykjavík á leið upp í Mosfellsbæ lenda í því að allt í einu er orðin ein akrein fram undan þegar þeir koma að Skarhólabrautinni. Af þessu er slysahætta. Ég tel að þarna hafi menn gert mistök.

Það er ekki eins alvarlegt þó að menn hafi frestað því að klára tvöföldunina upp að Þingvallaafleggjaranum. En þetta eru að mínu viti hlutir sem menn eiga ekki að hnjóta um í, þ.e. að skilja eftir smábúta af svona dýrum og stórum framkvæmdum eins og þessi var.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég þakka samgönguráðherra og öðrum sem hafa tekið þátt í þessum umræðum. Samgönguráðherra sagði að bráðabirgðalausnin 2+1 væri mikil bragarbót. Ég verð að viðurkenna að ég skildi ráðherrann ekki betur en svo að þetta væri endanleg lausn. Það hefur ávallt verið rætt um þetta sem bráðabirgðalausn. En það kom hvergi fram í svörum ráðherra hvenær farið yrði í að tvöfalda þennan kafla. Ég spyr því og ítreka: Er hér ekki verið að tala um bráðabirgðalausn? Er hér verið að tala um endanlega lausn, þ.e. 2+1 á kaflanum frá Skarhólabraut að Langatanga? Ef ekki, hvenær er þá áætlað að fara í tvöföldun alla leið? Ég minni á að þarna er um að ræða aðgerð sem hefur verið frestað.

[14:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Fyrst vil ég segja að ekki er um að ræða neina aðgerð þarna sem hefur verið frestað. Það er verið að vinna þarna í raun hraðar en samgönguáætlunin gerði ráð fyrir. Ég tel að orð mín áðan hljóti að geta skilist þannig að þetta er ekki endanleg framkvæmd. Ég lýsti því yfir að tvær akreinar í hvora átt alla leið upp að Þingvallaafleggjara væri sú útfærsla sem við hljótum að gera ráð fyrir á þessari leið. Hins vegar liggur alveg fyrir að tveggja akreina leið er frá Langatangahringtorginu og niður að Skarhólabraut til borgarinnar en einungis ein akrein í hina áttina. Þetta er því mikil breyting fyrir þá sem koma snemma að morgni t.d. í umferðinni til borgarinnar og sá var tilgangurinn. En endanlegur frágangur, þ.e. þegar tvær akreinar verða á báðum brautum, er eftir. Þess vegna er þetta ekki fullnaðarútfærsla eða fullnaðarframkvæmd fyrr en svo verður.

Að öðru leyti fagna ég fyrirspurninni og umræðunni sem hér hefur skapast í kringum hana. Það er jafnan þannig á Alþingi að mikill áhugi er fyrir samgöngubótum og mikill stuðningur við samgönguráðherrann að hraða framkvæmdum, en í hvaða röð það á að vera er annað mál og vandast þá verkefnið því allir vilja fá sína framkvæmd strax og eru ekki tilbúnir til að sætta sig við annað. En ég þakka fyrir þessa umræðu.

Umræðu lokið.

Herflugvélar yfir Reykjavík.

Fsp. MÁ, 202. mál. — Þskj. 202.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. 16. september síðdegis gerðist það að fjórar herflugvélar breskar flugu hér yfir með nokkrum gný og lentu á Reykjavíkurflugvelli. Það vissu menn ekki sem hér voru að störfum eða á heimilum sínum í miðbæ Reykjavíkur og nágranna- og grannhverfum þess allt suður í Skerjafjörð heldur hrukku við gríðarlegan gauragang og hávaða sem hér varð, ekki einu sinni heldur fjórum sinnum, og vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið. Satt að segja var hávaðinn það mikill yfir mér sem var hér hinum megin við Austurvöllinn að vinna að maður bjóst eiginlega við því að nú færu sprengjurnar að fjalla því að slíkt gerist almennt í kvikmyndum við slíkan hávaða.

Á þessu flugi hafa í raun ekki borist neinar skýringar frá viðeigandi yfirvöldum, hvað þá að breski herinn, flugmálastjórn eða hæstv. samgönguráðherra hafi beðist afsökunar á þeirri truflun sem varð með þessum látum yfir vinnustöðum og íbúðabyggð í Reykjavík. Þess vegna er kominn tími til þess fyrir nokkuð löngu að hæstv. samgönguráðherra skýri út fyrir þingheimi og a.m.k. Reykvíkingum hvað þarna var á ferðinni. Ég spyr þess vegna hvort stjórnvöld hafi brugðist með einhverjum hætti við þessu flugi og hvort megi eiga von á frekara lágflugi herflugsveita, sem þetta var, yfir miðborg Reykjavíkur og íbúasvæðin umhverfis.

Ég vil bæta við enn einni spurningu um raunverulegt erindi þessara flugvéla því það sem kom fram á heimasíðu Flugmálastjórnar um þetta — ekki var getið um hávaðann í þeirri frétt — var að þessir bresku flugmenn væru að æfa flug yfir hafið. Þeir komu hér á föstudegi og fóru á mánudegi svona eins og í helgarferð. Það er ástæða til að vonast eftir svari við því hvort ekki séu reglur um að slíkar flugvélar sem hér um ræðir séu búnar blindflugstækjum og hvort ekki leiði af þessum viðburði að á Keflavíkurflugvelli verði aftur komið upp búnaði til ratsjárleiðsögu, en hann mun hafa vantað — það er er eitt af því sem herinn hefur tekið heim til sín til Ameríku — sem þýðir að þessar bresku flugvélar gátu ekki lent þar við þessar aðstæður sem hér voru. Spurning er líka auðvitað: Var ekki tilkynnt áður en Bretarnir fóru af stað, hvaða búnaður væri þar fyrir hendi eða var tekinn sénsinn á því að íbúar í miðbæ Reykjavíkur og fólk þar á vinnustöðum mundi afsaka þetta flug?

Að lokum segir í frétt í Morgunblaðinu 23. september um þetta frá Flugmálastjórn að hún ætli, með leyfi forseta, að kanna „hvort ástæða sé til að skerpa á reglum varðandi flug slíkra flugvéla“ — nefnilega herþotna — „um Reykjavíkurflugvöll.“

Við vonumst líka eftir fréttum (Forseti hringir.) af þessari könnun Flugmálastjórnar.

[14:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Mörður Árnason spyr:

„1. Hafa stjórnvöld brugðist með einhverjum hætti við hávaðaflugi fjögurra breskra herflugvéla fyrir lendingu á Reykjavíkurflugvelli 16. september síðastliðinn, og þá hverjum?“

Vegna þessarar fyrirspurnar leitaði ráðuneytið upplýsinga hjá Flugmálastjórn um málið. Þar fengust þau svör að Flugmálastjórn hefði stofnað sérstakan vinnuhóp til að endurskoða verklagsreglur um komu erlendra þotna til flugvallarins, m.a. hvort takmarka eigi slíkt flug við alger undantekningartilvik.

Afstaða Flugmálastjórnar kemur fram í svari til ráðuneytisins, þ.e. að almennt verði að telja óæskilegt að herþotur lendi á Reykjavíkurflugvelli. Það er best að það komi fram. Það var hins vegar óhjákvæmilegt þann 16. september síðastliðinn vegna aðstæðna. Svo mikil þoka var að

ekki var annarra kosta völ. Ljóst er að þoturnar sem lentu á flugvellinum í september hafa hærra en leyft er á Reykjavíkurflugvelli en þar var um undantekningartilvik að ræða og ég get ekki ímyndað mér að sé hægt væri að gera kröfu um sérstaka afsökunarbeiðni vegna þess að flugvélar neyðist til að lenda á flugvellinum.

Í annan stað er spurt:

„2. Má eiga von á frekara lágflugi herflugsveita yfir miðborg Reykjavíkur og íbúðasvæðin umhverfis?"

Eins og fyrr segir hefur verið stofnaður sérstakur vinnuhópur á vegum Flugmálastjórnar til að fara yfir og endurskoða reglur verðandi lágflug hersveita við Reykjavíkurflugvöll og lendingar þeirra á Reykjavíkurflugvelli. Það er ljóst að Reykjavíkurflugvöllur gegnir mjög mikilvægu hlutverki, bæði vegna innanlandsflugsins og eins er hann varaflugvöllur og nýtist sem slíkur vegna Keflavíkurflugvallar. Það sýnir betur en margt annað hversu mikilvægt er að hafa flugvöllinn þótt við verðum að vonast til þess að slík umferð verði ekki um hann sem veldur ónæði á borð við það sem gerist með lendingum slíkra véla, sem ég tek undir að er ekki æskilegt, enda eru það alger undantekningartilvik að svo sé.

Þetta er svar mitt, virðulegi forseti, og ég vona að hv. þingmaður sé sáttur við það.

[14:32]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég skil ekki þennan pirring yfir því að hingað skuli hafa komið fjórar Harrier-herþotur frá hinum konunglega breska flugher. Við verðum að muna að við erum í varnarbandalaginu NATO og mér finnst það sjálfsagður og eðlilegur hlutur að vinir okkar komi og heimsæki okkur, hvort sem þeir koma fljúgandi eða siglandi. Mér finnst alltaf jákvætt og gaman þegar hingað koma herdeildir, flotadeildir frá NATO til að mynda, og heimsækja okkur á sumrin. Mér finnst það hið besta mál þó að hingað komi herþotur og lendi á flugvellinum. Það er sjálfsagður hlutur. Við erum í varnarbandalagi. Þetta eru vinir okkar og við eigum að heilsa þeim, taka þeim fagnandi og gera vel við þá. Það er eðlilegt að þeir æfi flug yfir hafið, til að mynda frá Skotlandi, því að ef í harðbakkann slær gæti svo farið að við þyrftum einmitt að kalla á hjálp frá þessum vinum okkar. Þá yrðu þeir að fljúga yfir hafið, hvort sem það yrðu heldur Bretar, Norðmenn, Þjóðverjar eða Bandaríkjamenn. Þetta er bara hið besta mál og fylgir því að vera í varnarbandalagi.

[14:33]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég tek undir þær athugasemdir sem hér komu fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni um herflugvélar sem flugu hér yfir þann 16. september.

Mér finnst þetta ekki aðeins óæskilegt heldur vil ég halda því fram að það ætti hreinlega að banna herþotum að koma og lenda á Reykjavíkurflugvelli. Ég er einnig hugsi yfir þeim mikla fjölda af einkaþotum sem lenda á Reykjavíkurflugvelli. Hvers vegna segi ég þetta? Jú, ég er þeirrar skoðunar að innanlandsflugvöllurinn verði að vera áfram í Vatnsmýrinni og hluti af því að mynda sátt um að völlurinn verði þar sé að hann þjóni innanlandsfluginu og sé varaflugvöllur, t.d. fyrir sjúkraflug, þyrlusjúkraflug. Við eigum við að minnka aðra umferð sem mest. Lending herflugvéla á alls ekki að eiga sér stað. Einkaþotunum vil ég ráðstafa þannig að þær lendi í Keflavík og séu þar. Þeir sem nota þær keyrðu bara þar á milli.

Ég vildi nota síðustu sekúndurnar og spyrja hæstv. samgönguráðherra um kennsluflugið og snertiflugið, snertilendingarnar sem einu sinni var talað um að ættu að fara úr Vatnsmýrinni: Hefur það gengið eftir?

[14:34]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Þetta er orðin næsta kómísk umræða. Er það kannski innlegg í kosningabaráttu Frjálslynda flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson segir að það sé framlag okkar til NATO og varnarbandalags, að kalla hingað til Reykjavíkur sveitir erlendra herflugvéla og leyfa þeim að fara í lágflugi yfir miðborg Reykjavíkur og æra fólk og skelfa börn? Hundar stökkva út um allar þorpagrundir af ótta. Heldur hv. þingmaður að þetta kunni að verða til þess að Reykvíkingar flykkist að baki flokki hans í næstu kosningum? Ég held varla. Ég held að hv. þingmaður eigi með einhverjum hætti öðrum að tjá ást sína á þátttöku okkar í varnarbandalaginu.

Hins vegar vil ég segja að ég hef aldrei heyrt skondnari rök en hæstv. samgönguráðherra færði áðan fyrir því að flugvöllur ætti áfram að vera í Reykjavík. Það er vegna þess að hann á að vera varaflugvöllur fyrir orrustuvélar sem geta hvergi lent. Heyr á endemi. Er þá ekki betra að setja upp alþjóðlegan varaflugvöll t.d. á Þingeyri eða annars staðar, hæstv. samgönguráðherra?

[14:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í tilefni af orðum hæstv. ráðherra spyrja hvort ekki hafi verið mögulegt að þessar flugvélar lentu annars staðar. Auðvitað er það ekki viðunandi að herflugvélar séu á sveimi í lágflugi yfir borginni nema menn líti svo á að með því geti þeir komið því á framfæri að um sýnilegar varnir sé að ræða, að fólk þurfi á því að halda að sjá fjórar flugvélar á flugi öðru hvoru til að það verði rólegt og óttalaust í þessu landi. En það er ekki þannig.

Ég tel ástæðu til að spyrja hvort ekki hafi verið möguleiki á að lenda annars staðar og hvort reglur sem verið er að skapa um þessi efni verði ekki þannig úr garði gerðar að þessi varaleið verði a.m.k. ekki notuð nema í undantekningartilfellum sem væri næstum stjarnfræðilega ómögulegt að upp kæmu.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu að Flugmálastjórn skuli hreyfa sig í þessum málum þótt svörin séu heldur klén. Ég mun ganga eftir því hvað kemur út úr þeim starfshóp síðar.

Staðreyndirnar í málinu eru þær að Harrier-þotur fengu leyfi til að fljúga hingað. Hverjar voru forsendur þess leyfis? Flugmálastjórnvöld á Íslandi vita að ratsjárkerfið

„Precision Approach Radar“ er ekki til staðar á Keflavíkurflugvelli. Herinn er farinn með það heim, er að nota það annars staðar, í Írak eða einhvers staðar þar sem hann er að stríða og verja og vernda.

Í öðru lagi. Harrier-flugvélarnar eru ekki búnar þeim blindlendingartækjum sem þær þurfa að vera búnar. Þetta vissu menn og þar með var tekin áhættan á því, miðað við það veðurlag sem var fyrir hendi þegar þær leggja af stað, þær eru nefnilega tiltölulega fljótar að fara yfir hafið, að þær mundu þurfa að lenda í Reykjavík. Samt er leyfið veitt. Reglur þær sem gilda um lendingar í Reykjavík taka ekki tillit til hagsmuna íbúa hér og vinnustaða af þessari flugleið, norður–suður, sem liggur einmitt yfir Alþingishúsið.

Í öðru lagi, eins og ég er ánægður með hið fyrra svar, að komin skuli af stað einhver vinna hjá Flugmálastjórn, þá gildir ekki hið sama um seinna svarið, forseti. Hæstv. ráðherra svaraði spurningunni: Má eiga von á frekara lágflugi herflugsveita yfir miðborg Reykjavíkur og íbúðasvæðin umhverfis? Seinna svarið var ósköp einfaldlega já. Hæstv. ráðherra sagði: Já, við megum búast við frekara lágflugi herflugsveita yfir miðborg Reykjavíkur og íbúðasvæðin umhverfis meðan þessi flugvöllur er í Reykjavík. Það var þannig. Ráðherra svaraði þannig. Hann vonaðist til þess að þetta yrði undantekning en hann sagði að meðan þetta væri varaflugvöllur Keflavíkurflugvallar mætti eiga von á því og að í einhverjum undantekningartilvikum mætti eiga von á því.

Þetta undantekningartilvik var reyndar þannig að fjórum áhöfnum herflugsveitar lá á að komast til Reykjavíkur á föstudegi. Þær voru hér yfir helgina og fóru á mánudegi. Ég vona að hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni líði vel með þær varnir.

[14:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það er athyglisvert, sem kemur fram í þessari umræðu, að gamlir alþýðubandalagsmenn nota tækifærið og brjótast svolítið um gagnvart þessum herþotum. Staðreyndin í þessu öllu saman er hins vegar að ég gaf enga yfirlýsingu um það, öfugt við það sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að gera mætti ráð fyrir því að stöðugt ónæði yrði af herflugvélum sem kæmu til Reykjavíkurflugvallar. Ég sagði að þetta væri undantekningartilvik en hins vegar væri Reykjavíkurflugvöllur varaflugvöllur á svæðinu og þess vegna væri hann nýttur.

Hins vegar vil ég taka undir að við þurfum að reka Reykjavíkurflugvöll þannig, og það gerir Flugmálastjórn, að sem minnst ónæði verði af fluginu. Þess vegna hefur mjög verið dregið úr snertilendingum á Reykjavíkurflugvelli. Kennsluflugið er þar að sjálfsögðu áfram. Hv. þm. Kristján L. Möller ætti að hlusta núna þar sem hann spurði um það. Það er lögð rík áhersla á að snertilendingar verði sem minnstar en kennsluflugið er á Reykjavíkurflugvelli og því fylgir að sjálfsögðu umferð. En það er reynt að hafa hana í lágmarki og reynt að gera ónæði frá fluginu sem minnst.

Hvort hægt hafi verið að lenda annars staðar hef ég ekki upplýsingar um, vegna fyrirspurnar sem kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Það kann að vera hægt að fá upplýsingar um það síðar en þær upplýsingar liggja ekki fyrir á þessari stundu.

Umræðu lokið.

Kötlugos.

Fsp. HBl, 204. mál. — Þskj. 204.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Frú forseti. Þessi fyrirspurn er í tveim liðum. Fyrri liðurinn er svo:

Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja vegasamgöngur ef til eldgoss kemur í Kötlu?

Við vitum að ástandið er ekki venjulegt á Íslandi þar eð ýmis eldfjöll hafa farið að banka á dyrnar. Katla getur gosið hvenær sem er og við vitum, ef við horfum aftur til 1918 og Kötluhlaups sem þá var, að það getur orðið mjög alvarlegt og geta komið skvettur með óreglulegu millibili nokkru eftir að aðalhlaupið hefur runnið, gagnstætt því sem var t.d. í Skeiðarárhlaupinu síðara. Þannig getur orðið torvelt að byggja upp öruggar samgöngur um Kötlusand og Mýrdalssand ef hlaupið fellur þar.

Jafnframt liggur það fyrir að Hekla hefur risið það mikið að þar má búast við eldgosi en sennilega torveldar það ekki vegasamgöngur. Einnig má búast við að gos verði í Grímsvötnum auk þess sem Bárðarbunga hefur sýnt gamlar kenjar, gamla siði, en hvort tveggja getur valdið hlaupum, sérstaklega þó í Grímsvötnum ef Skeiðarárhlaup mundi endurtaka sig. Við gætum jafnvel líka átt von á hlaupi austur af Öskju.

Kjarni málsins er sá að reynslan af síðasta Skeiðarárhlaupi kenndi okkur að ekki er hægt að treysta á samgöngur um Suðurland ef til slíkra hamfarahlaupa kemur. Þá bjuggust menn við að vegurinn yrði lokaður í mánuð. Það reyndist ekki nema hálfur mánuður. En það var þó langur tími og olli mönnum erfiðleikum vegna þess að þeir urðu að fara norður um. Sérstaklega var það í Möðrudalsfjallgörðum sem þeir erfiðleikar urðu.

Nú stendur svo á að brúin yfir Jökulsá á Fjöllum er eini farartálminn á hringveginum fyrir miklar flutningalestir. Við vitum að stundum hafa menn orðið að grípa til þess að fara yfir Jökulsá á Fjöllum á vaði. Það eru ekki nema hraustustu vatnamenn sem treysta sér til slíks en það hefur þó komið fyrir, eins og hæstv. samgönguráðherra er kunnugt.

Ég var svolítið undrandi á því þegar síðasta vegáætlun var lögð fram, að þar skyldi ekki gert ráð fyrir nýrri brú yfir Jökulsá á Fjöllum. Ég tel nauðsynlegt að slík brú komi, ekki aðeins til að halda uppi samgöngum milli Norðurlands og Austurlands heldur og ef kæmi til hamfarahlaupa syðra til að halda hringveginum opnum, til að hægt verði að komast milli Austurlands og Reykjavíkur. Að því lúta spurningar mínar.

[14:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal spyr: „Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja vegasamgöngur ef til eldgoss kemur í Kötlu?“

Svar mitt er: Tekið skal fram að farið hefur verið sérstaklega yfir allan öryggisbúnað vegna hugsanlegs eldgoss í Kötlu. Þetta á ekki síst við um búnað til að loka vegum ásamt því hvernig að því yrði staðið en einnig hefur verið farið yfir öryggisbirgðir sem hugsanlega þyrfti að grípa til ef til eldgoss kæmi. Það er vissulega að mörgu að hyggja. Þá hafa verið gerðar nokkrar endurbætur á Fjallabaksleið nyrðri með tilliti til þess að hún yrði hugsanlega notuð sem varaleið ef til goss kæmi. Ljóst er að verulega erfitt gæti reynst að nota þá leið, ekki síst að vetri til, og því nauðsynlegt að taka það með í reikninginn.

Í annan stað er spurt: „Telur ráðherra skynsamlegt að flýta brúargerð yfir Jökulsá á Fjöllum vegna hættu á að vegasamband um Suðurland rofni í slíkum eldsumbrotum?“

Svar mitt er: Sú brú tekur allan almennan umferðarþunga en ekki hækkaðan þunga og þurfa stórflutningar að fara um brúna á Jökulsá í Öxarfirði. Af þessum sökum er þörf á að huga að endurnýjun brúarinnar á hringveginum yfir Jökulsá á Fjöllum. Það er óhjákvæmilegt. Sú þörf er óháð hugsanlegu gosi í Kötlu þótt það gæti vissulega kallað á aukna flutninga um brúna. Svar mitt er á þann veg að það er augljóst að huga þarf að þessari brúargerð.

[14:47]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég skal játa að ég hélt að ég hefði misskilið eða mislesið þessa fyrirspurn. Innleiðing hennar lýtur að þeirri ógn sem stafar af væntanlegu eldgosi í Kötlu, sem er jú á Suðurlandi, en síðan lýtur spurningin sjálf að brúargerð á Norðurlandi. En nú hefur hv. þm. Halldór Blöndal útskýrt það og þakka ég honum fyrir þær upplýsingar.

Mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort til séu áætlanir um hvaða brýr eigi að taka af á þjóðvegi 1 á Suðurlandi, hver sé kostnaður við að endurbyggja þar og hvort til séu einhverjar neyðaráætlanir þegar, ég held að það sé spurningin um þegar en ekki ef, til Kötlugoss kemur. En ég þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir að upplýsa mig.

[14:48]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa athyglisverðu og góðu fyrirspurn og tek í rauninni undir þá gagnrýni sem út úr henni má lesa á andvaraleysi stjórnvalda í þessu máli og birtist t.d. í því að í síðustu samgönguáætlun var ekki gert ráð fyrir þessum framkvæmdum. Það vofir mikil vá yfir þessu svæði í formi náttúruhamfara og Kötlugosa — eins og hv. þm. Hjálmar Árnason nefndi áðan þá er það ekki spurning hvort heldur hvenær — og þá gæti komið til þess að ráðast þyrfti í umfangsmikla fólksflutninga af svæðinu. Því hlýtur að vera eðlilegt að spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort neyðaráætlun um umfangsmikla fólksflutninga liggi fyrir og hver sú áætlun sé?

[14:49]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst bæði sjálfsagt og eðlilegt að við höfum vara á okkur varðandi hugsanlegt Kötlugos og ræðum ráðstafanir vegna þess, jafnvel vegasamgöngur og aðra samgönguþætti ef til neyðar kæmi á því svæði. Mér finnst hins vegar dálítið langsótt að tengja það við brúargerð á Norðurlandi því að þó að málum sé því miður hagað með þeim hætti hér á landi í dag að strandsiglingar séu nánast í lamasessi þá eigum við þó eftir sem áður skip sem við hljótum að geta notað til að tryggja flutninga með suðurströndinni þó að til náttúruhamfara kæmi, til að mynda Kötlugoss. Ég er ekki þar fyrir að draga úr þörf á því að þessi brú verði löguð eða að brúargerð á Jökulsá á Fjöllum verði flýtt, alls ekki. Orð mín má alls ekki misskilja með þeim hætti.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Frú forseti. Ég tek það ekki alvarlega að verið sé að reyna að hressa svo upp á Fjallabaksleið nyrðri að hún geti komið í staðinn fyrir hringveginn.

Það er auðvitað svo með Jökulsá í Öxarfirði að menn komast ekki þá leiðina og síðan upp Hólssand fyrr en eftir miðjan júnímánuð því að vegurinn er ófær. Það er auðvitað ekki um það að ræða.

Hitt vekur athygli mína að hér skuli koma upp þingmaður eftir þingmann og ekki skilja að samhengi geti verið á milli þess að samgöngur séu öruggar um Norðurland ef vegir teppast á Suðurlandi. Við getum tekið alla Austfirðina sem dæmi. Austfirðingar fara ýmist Suðurlandið eða Norðurlandið og þess vegna er brýnt fyrir þá sem þar búa, og einnig fyrir þá sem búa í Reykjavík eða á Norðurlandi, að öruggar samgöngur haldist þó komi til eldgosa í fjöllunum sunnan fjalla. Það er kjarni málsins í minni fyrirspurn.

Brúin yfir Jökulsá á Fjöllum er orðin gömul. Hún hefur ekki fullan burð, fram hjá því verður ekki horft. Sú brú hefur ekki fullan burð. Hún er versti farartálminn á hringveginum núna ef um mikla þungaflutninga er að ræða. Það er komið í ljós, eins og ég sagði áðan, og það eru dæmi um það að menn hafa orðið að fara á vaði yfir Jökulsá á Fjöllum og menn skyldu reyna að leika það eftir sjálfir þannig að við erum að tala um alvarlega hluti. Við erum líka að tala um örugga tengingu milli Norður- og Austurlands, tveggja mestu þéttbýlissvæða utan Reykjavíkur. Við erum að tala um að tengja þessi svæði saman. Ég ítreka það því við hæstv. ráðherra að ég vil gjarnan fá um það yfirlýsingu að það verði unnið svo hratt að undirbúningi nýrrar brúar yfir Jökulsá á Fjöllum að af tæknilegum ástæðum verði hægt að bjóða hana út haustið 2006 og í síðasta lagi vorið 2007.

[14:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það er frá því að segja um brúna á Jökulsá á Fjöllum að hún hefur verið í svipuðu ástandi í marga áratugi þannig að þar er ekkert nýtt á ferðinni. (**HBl:** Það er meira að segja önnur brú þar á undan.) Jafnframt er rétt að ítreka það og undirstrika að hér verða engar yfirlýs-

ingar gefnar af hálfu samgönguráðherra um það hvenær verk sem ekki eru á samgönguáætlun, sem Alþingi hefur ekki afgreitt, verða boðin út. Þó að samgönguráðherrar séu áhrifamiklir þá gengur það ekki þannig fyrir sig að hægt sé að gefa yfirlýsingar um hvaða verk verða boðin út sem ekki hafa þegar fengið eðlilega meðferð við undirbúning samgönguáætlunar.

Hvað varðar umræðuna að öðru leyti þá er rétt að geta þess að auðvitað þurfum við að hafa ríkulega í huga þá vá sem stafar af eldgosum og við þurfum að huga að því hvernig við bregðumst við. Ég efast ekki um að almannavarnir og þeir sem fara með þau málefni hafa í sínum fórum traustar áætlanir um það hvað gæti gerst vegna þeirrar fyrirspurnar sem hér kom fram frá hv. þm. Björgvini Sigurðssyni.

Ég get ekki svarað því hvaða neyðaráætlanir liggja fyrir, eða eins og kom fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni, hvaða brúarmannvirki gætu farið af, en slíkar áætlanir þarf auðvitað að vinna og þær þurfa að liggja fyrir. Við þurfum að átta okkur á því hvað gæti gerst og til hvaða ráða þarf að grípa til að endurbyggja brýr og vegi á þeim svæðum sem gætu orðið fyrir áföllum. Ég get ekki svarað þessu að öðru leyti en því að allar slíkar upplýsingar hljóta að liggja fyrir hjá almannavörnum.

Umræðu lokið.

Breikkun Suðurlandsvegar.

Fsp. BjörgvS, 227. mál. — Þskj. 227.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. samgönguráðherra í sambandi við breikkun Suðurlandsvegar og þær framkvæmdir sem nú standa yfir á hluta þeirrar leiðar:

1. Var gert ráð fyrir því við hönnun á breikkun Suðurlandsvegar að víraleiðari yrði notaður til að skilja á milli akreina þar sem vegurinn verður þríbreiður (2+1)?

2. Hve breiðar verða vegaxlirnar og hve mikill verður hallinn niður af veginum á hverja 6 metra út?

3. Hver er meðalbreidd vegaxla á þríbreiðum vegum með víraleiðara í Svíþjóð og hver er meðalhallinn niður af vegunum á hverja 6 metra út?

4. Liggur fyrir áætlun um hvenær breikkun Suðurlandsvegar lýkur?

Þær samgöngubætur sem nú standa yfir á þessari leið eru kærkomin vegarbót. Það er verið að leggja á hluta af leiðinni þríbreiðan veg en hins vegar hafa margir orðið til að furða sig á mannvirkinu eins og það lítur út núna vegna þrengsla og vegna þess hve vegurinn er mjór og þar er skilið á milli með víraleiðara. Vegurinn virðist á stórum köflum vera án vegaxla og þverhnípt sums staðar út af veginum niður um. Þessi gagnrýni hefur m.a. komið fram hjá stjórnarmönnum í Félagi íslenskra bifreiðaeigenda og í viðtali á Bylgjunni sagði Ólafur Guðmundsson, með leyfi forseta, að hann stæði í þeirri trú að vegurinn hefði ekki verið hannaður upphaflega með víraleiðara á milli en víraleiðarinn hefði verið settur síðar — sem sé í sjálfu sér hið besta mál og undir það tek ég, virðulegi forseti. — En það hins vegar hefði haft þær afleiðingar að vegurinn hefði orðið allt of mjór, þar af leiðandi séu engar axlir á honum og mjög hátt fram af honum. Ólafur sagði að þegar þríbreiður vegur væri lagður yrði að skoða alla hluti og þar með talinn hallann fram af. Hann nefnir að Svíar vinni út frá þeirri reglu að hafa 1,2 til 1,5 metra í öxl og síðan hallar út af veginum einn metra niður á hverja 6 metra út en vegurinn í Svínahrauni er með þrjá metra niður fyrir hvern metra út.

Þessar fullyrðingar, sem ég tel að eigi við nokkur rök að styðjast, hljóta að varpa nokkrum skugga á öryggi vegarins og þær framkvæmdir sem nú standa yfir, sem eru að öðru leyti mjög góðar. Ef um alvarlegt samgönguslys eða samgöngumistök er að ræða á Svínahraunsvegi þarf þá ekki að bregðast við strax og leiðrétta mistökin? En það er mikilvægt að skilja milli akreina með einhverjum hætti. Það er algert grundvallaratriði upp á öryggi.

Á síðustu 15 árum hafa hátt í þúsund slys orðið á Suðurlandsvegi. Þau slys eru fjórfalt dýrari en almennt gengur og gerist með slys á vegum landsins og talið er að þau hafi kostað 5 milljarða á síðustu 15 árum. Þá hefur hæstv. samgönguráðherra svarað mér því til í fyrirspurnum að það mundi kosta 6–7 milljarða að breikka tvöfalt að fullu þá 45 km sem liggja á milli Rauðavatns og Selfoss. Rökin fyrir því eru ekki síst þau að umferð um veginn hefur aukist um 70–80% á síðustu tíu árum.

[14:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Björgvin Sigurðsson hefur með einhverjum undarlegum hætti leitað allra leiða til þess að draga í efa þá geysilega góðu og miklu samgöngubót sem verið er að vinna að á Suðurlandsvegi. Það kom greinilega fram í ræðu hans, þegar hann mælti fyrir þessari fyrirspurn, og í blaðaviðtölum og greinum sem hann hefur sett fram talar hann um samgöngumistök og samgönguslys. Ég verð að viðurkenna að þar sem um er að ræða þingmann úr umræddu kjördæmi þá er ég mjög undrandi á þeim málflutningi hans að reyna að draga úr þeim endurbótum og vekja óhug og áhyggjur fólks vegna þessara mannvirkja.

Engu að síður vil ég svara hv. þingmanni sem spyr í fyrsta lagi: „Var gert ráð fyrir því við hönnun á breikkun Suðurlandsvegar að víraleiðari yrði notaður til að skilja á milli akreina þar sem vegurinn verður þríbreiður (2+1)?“

Svar mitt er: Vegurinn var hannaður með það fyrir augum að hægt væri að skipta honum eftir aksturstefnu með víravegriði, 14 metra breiður. Þegar ljóst varð að fé til verksins var af skornum skammti var ákveðið að ekki skyldi sett upp víravegrið að sinni. Því var þó breytt á byggingarstigi og víravegrið sett á veginn. Þetta er staðreynd málsins og það var ákvörðun mín að gengið skyldi til verka með þeim hætti sem hér segir og gert ráð fyrir frá upphafi að vegurinn yrði 14 metra breiður.

Í annan stað er spurt: „Hver er meðalbreidd vegaxla á þríbreiðum vegum með víraleiðara í Svíþjóð og hver er meðalhallinn niður af vegunum á hverja 6 metra út?“

Svar mitt er: Breidd vegaxlar er hálfur metri þeim megin sem tvær akreinar liggja í sömu átt en einn metri þeim

megin sem akreinin er ein. Hliðarfláí vegarins er 1:3, þ.e. á hverjum 6 metrum út er hæðarmunur 2 metrar.

Í þriðja lagi er spurt: „Hver er meðalbreidd vegaxla á þríbreiðum vegum með víraleiðara í Svíþjóð og hver er meðalhallinn niður af vegunum á hverja 6 metra út?"

Svar mitt er: Í Svíþjóð eru, samkvæmt sænskum staðli, nýir 2+1 vegir byggðir 14 metra breiðir með axlarbreidd 0,5 metrar þeim megin sem tvær akreinar liggja á sömu átt en einn metra þeim megin sem akreinin er ein. Hliðarfláí vegarins er mismunandi, hann er 1:6 á vegum í hæsta gæðaflokki en 1:4 í þeim næsta. Þessi fláí nær um það bil 5–10 metra út frá vegarkanti en ekki endilega niður að jarðbyrði.

Í fjórða lagi er spurt: „Liggur fyrir áætlun um hvenær breikkun Suðurlandsvegar lýkur?"

Svar mitt er: Í vegáætlun frá 2005–2008 er 311 millj. kr. fjárveiting árið 2007 áætluð til breikkunar á veginum. Miðað er við að þá verði sá hluti vegarins á Hellisheiði sem er tvær akreinar breikkaður og síðan frá Litlu kaffistofu niður á Sandskeið eftir því sem fjárveitingin endist. Þá á eftir að breikka veginn frá Lögbergsbrekku að Vesturlandsvegi og liggur ekki fyrir tímasetning á þeirri framkvæmd en að þessum mikilvægu framkvæmdum öllum er verið að huga, bæði hjá Vegagerðinni og í ráðuneytinu og við munum leggja ríka áherslu á að okkur megi takast að gera endurbætur á þessum fjölförnu leiðum um Suðurlandsveg og um Vesturlandsveg með sama hætti og við leggjum ríka áherslu á að tvöfalda Reykjanesbrautina, hina mikilvægu leið til millilandaflugvallarins héðan frá höfuðborgarsvæðinu.

Þetta er mitt svar, virðulegi forseti, og ég vænti þess að það sé nokkur huggun harmi gegn fyrir hv. þingmenn að mikið er lagt upp úr því að uppbygging vegarins sé í góðu samræmi við gildar reglur.

[15:03]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Fjölförnustu stofnleiðir að og frá höfuðborginni eru Reykjanesbraut, Suðurlandsvegur og Vesturlandsvegur. Það hefur verið forgangsverkefni að taka á þeim umferðarvandamálum sem í kringum þær hafa skapast og þarf ekki að hafa mörg orð um þann árangur sem náðst hefur með tvöföldun Reykjanesbrautar. Vel miðar með Vesturlandsveg og þær samgöngubætur með breikkun Suðurlandsvegar sem náðust í vetur hljóta að vera fagnaðarefni. Þar var mikil samstaða þingmannahópsins í ágætu samstarfi við hæstv. ráðherra og Vegagerðina.

Víraleiðari á síðustu stundu kann að hafa breytt forsendum og er auðvitað mál sem þarf að fara yfir. Ég tel það vera áherslumál að ljúka þessu verki. Við endurskoðun samgönguáætlunar næsta haust hlýtur það að vera eitt af forgangsmálunum að taka Suðurlandsveg vegna þeirrar miklu umferðar sem þar er, ekki síst vegna sumarbústaða og fjölgun íbúa. Geri ég ráð fyrir að haldið verði áfram með uppbygginguna 2+1 með möguleika á tvöföldun.

[15:04]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Heldur þótti mér fara illa í hæstv. ráðherra þær eðlilegu og sjálfsögðu spurningar sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson bar fram. Eðlilega fagna allir vegabótum sama hvar þær eru og það gerum við á Suðurlandsvegi líka. Ég er ekkert hissa á þeim spurningum sem hér eru lagðar fram, vegna þess að þeir sem fara þennan veg daglega lýsa þeim sjónarmiðum sem fram koma í spurningunum og velta fyrir sér hvort hönnun vegarins hafi gert ráð fyrir þessu víravirki sem er á milli akbrauta eða ekki. Eðlilega velta menn því fyrir sér þegar þeir keyra þarna á einbreiðum vegi og axlirnar eru það mjóar að varla er hægt að víkja fyrir þeirri umferð sem þarf að komast fram úr, forgangsumferð, sjúkrabílum, lögreglu eða einhverju slíku. Við sem erum og vorum vön að keyra Reykjanesbrautina áður en hún var tvöfölduð vitum að breidd vegarins skiptir miklu máli og þær vegaxlir sem við þurfum að geta farið út á í ýmsum tilvikum. Því er ekkert óeðlilegt að spurt sé eins og gert var. Ef raunin er sú að ekki er um það að ræða að axlirnar séu nægilega breiðar eða vegurinn nægilega breiður hljóta menn að taka höndum saman um að skoða hvort ekki sé ráð að reyna að gera eitthvað í því.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að lýsa yfir furðu minni á ákaflega ómálefnalegum og undarlegum viðbrögðum hæstv. samgönguráðherra. Það er sjálfsagt mál að spurt sé út í svo mikilvægar framkvæmdir á einum umferðarþyngsta vegi á Íslandi sem liggur upp að langumferðarþyngsta fjallvegi á Íslandi. Það er undarlegt að hæstv. ráðherra bregðist svo illa við því að spurt sé út í hvort þarna sé að eiga sér stað einhvers konar samgöngumistök þar sem vegurinn er ákaflega mjór, vegaxlir mjög mjóar og engin leið að sjá fyrir sér að hægt sé að hleypa til að mynda sjúkrabílum eða slíkri umferð fram úr þar sem vegaxlirnar eru hvað mjóstar og vegurinn einbreiður.

Rökstuddar ábendingar hafa komið fram um að vegurinn sé ansi fjarri því að vera í samræmi við þá staðla sem t.d. er stuðst við í Svíþjóð og ég nefndi ákaflega hvassa og harða gagnrýni frá stjórnarmönnum í Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Það er skrýtið að hæstv. ráðherra sé svo styggur að ekki megi spyrja hann út í það málefnalega þannig að bregðast megi við því að ekki eigi sér stað alvarleg samgöngumistök á einni fjölförnustu leið á landinu. Sé þetta borið saman við aðrar mjög mikilvægar samgöngubætur eins og Reykjanesbrautina og þær fínu úrbætur sem þar hafa átt sér stað sést að þar er ansi mikill munur á. Eins harma ég að ekki er komin tímasetning á það hvenær breikkun á Suðurlandsvegi á að ljúka og ég harma hægaganginn sem virðist eiga sér stað með framkvæmdirnar og kemur fram í svari ráðherra.

Ég ítreka að það er mjög undarlegt að hæstv. ráðherra bregðist svona við, sérstaklega þar sem fram kemur í hans eigin svari að framkvæmdirnar þarna eru töluvert frá þeim grundvallarstöðlum sem stuðst er við t.d. í Svíþjóð þar sem töluverð hefð er fyrir slíkum vegum, þó það sé á svæðum þar sem veðurfar er miklu skárra og umferð jafnvel töluvert minni en hér um ræðir.

[15:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Í svari mínu kom fram að breidd þess vegar sem um er rætt er sú hin sama og lýst var jafnframt í svari mínu að gengur og gerist í vegagerð í Svíþjóð sem litið er til hvað þetta varðar.

Aðeins varðandi það að langt sé í land að okkur megi takast að ljúka þessari endurbyggingu Suðurlandsvegar í forminu 2+1 lengra og helst alla leið, þá hefur það auðvitað sinn gang. Við vinnum í samræmi við samgönguáætlunina og það er m.a. hlutverk þingmanna Suðurkjördæmisins að skipta á milli, t.d. skipta fjármagni á milli uppbyggingar á Suðurstrandarvegi, Reykjanesbraut, Suðurlandsvegi, brúargerð á Suðurlandi o.s.frv. Það er því af mörgu að taka. Þetta er hins vegar sú niðurstaða sem Alþingi hefur komist að og er í samræmi við tillögur sem unnar eru í samgönguráði, samgönguráðuneytinu og í samgöngunefnd þingsins. Auðvitað viljum við að þetta gangi hraðar fyrir sig. Ég er fyrstur manna til að fallast á þau sjónarmið og vinn að sjálfsögðu í samræmi við það að við reynum að nýta fjármunina sem allra best og hraða framkvæmdum við endurbætur á vegakerfinu. Langflestar og í raun allar vegaframkvæmdir eru umferðaröryggisaðgerðir sem við þurfum að sjálfsögðu að leggja áherslu á. Að öðru leyti þakka ég fyrir umræðuna.

Umræðu lokið.

Siglufjarðarvegur um Almenninga.

Fsp. JBjarn, 243. mál. — Þskj. 243.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég beini eftirfarandi spurningum til hæstv. samgönguráðherra:

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við nýjum upplýsingum um jarðsig og hættu á stórfelldu jarðfalli og berghlaupi á veginum milli Skagafjarðar og Siglufjarðar um Almenninga?

2. Hve langan undirbúningstíma þyrfti til að hefja gerð jarðganga úr Fljótum til Siglufjarðar ef brýn nauðsyn krefði og hvað mundu slík göng kosta?

Vegurinn um Almenninga til Siglufjarðar var mikil samgöngubót á sínum tíma, en samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið nýlega að frumkvæði Vegagerðarinnar er um mjög varasamt ef ekki stórhættulegt vegstæði að ræða. Þetta má lesa í nýlegri skýrslu Náttúrustofu Norðurlands vestra sem falið var að hafa umsjón með verkinu. Skráðar eru heimildir um tíu tilvik um jarðsig á þjóðveginum um Almenninga frá 1916 og síðast sumarið 2004. Fregnir af jarðsigi voru tíðar á síðasta fjórðungi nýliðinnar aldar og í júní árið 1999 féll stór aurskriða úr Kóngsnefi svokölluðu, 60 m breið og 4 m að þykk. Vegurinn var þá allur á hreyfingu. Samkvæmt skýrslunni er vegurinn um Almenninga til Siglufjarðar afar ótryggur svo vægt sé til orða tekið. Auk þess eru þarna mjög hörð vetrarveður og oft mikil ófærð. Þá eru og Strákagöngin barn síns tíma og anna trauðlega eðlilegri umferð um veginn.

Jarðsig á Siglufjarðarvegi hefur verið þekkt vandamál um langan tíma og árlega þarf Vegagerðin að verja töluverðum fjármunum í endurbætur á þeim kafla þar sem sigið er mest og laga þarf veginn á allt að 15–20 stöðum vegna sigs. Í skýrslunni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Framtíð núverandi vegstæðis Siglufjarðarvegar um norðanvert Tjarnardalaberghlaupið er ekki sérstaklega björt. Vegurinn liggur þar alveg á brún sjávarbakkanna sem þarna eru 70–80 m háir og ljóst er að sigsvæðin neðan við veginn munu ganga lengra inn og upp í hlíðina. Þótt þau ummerki sem sjást þarna í dag bendi ekki til þess að stórar fyllur hafi nýlega fallið úr frambrún sjávarbakkanna er rétt að hafa í huga að þarna eru öll ummerki skriðufalla og hruns fljót að afmást vegna ölduhreyfinga og undangrafta. Miðað við sprungur sem sjást í frambrúninni sem vegurinn liggur um er ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en þarna geti fallið stórar fyllur. Talið er að sú hætta aukist eftir því sem hlíðin verður brattari og meira grefur undan henni."

Það er síðan áréttað aftur í skýrslunni að ljóst sé að mörg vandamál steðji að og ógni vegstæði Siglufjarðar um Almenninga og framtíðarútlitið sé ekki bjart. Því hef ég lagt fyrrgreindar spurningar fyrir hæstv. samgönguráðherra.

[15:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason spyr um Siglufjarðarveg og Almenninga.

Í fyrsta lagi spyr þingmaðurinn:

„Hvernig hyggst ráðherra bregðast við nýjum upplýsingum um jarðsig og hættu á stórfelldu jarðfalli og berghlaupi á veginum milli Skagafjarðar og Siglufjarðar um Almenninga?"

Svar mitt er svohljóðandi:

Jarðsig á Siglufjarðarvegi hefur verið til staðar á afmörkuðum köflum, allt frá því vegurinn var tekinn í notkun á sínum tíma. Vegagerðin hefur kerfisbundið fylgst með þessu sigi síðustu 25 árin og staðið að ýmsum sértækum rannsóknum vegna þessa vandamáls. Þær rannsóknir sem hv. fyrirspyrjandi vísar til er einn liður í því rannsóknarferli sem enn er ólokið. Ekki verður séð að nýjar upplýsingar kollvarpi þeim hugmyndum sem áður hafa legið fyrir eða sýni fram á stóraukna hættu á jarðfalli á veginum. Hætta á meiri háttar sigi hefur lengi verið ljós og var þegar farið að ræða hana fyrir aldarfjórðungi eða svo. Nýjar rannsóknir, ásamt þeim eldri, eru ætlaðar sem grunnur að áætlun um aðgerðir sem leyst gætu vandann til lengri tíma. Það er það viðfangsefni sem við þurfum að huga að og hafa stöðugt í vinnslu.

Í annan stað spyr þingmaðurinn:

„Hve langan undirbúningstíma þyrfti til að hefja gerð jarðganga úr Fljótum til Siglufjarðar ef brýn nauðsyn krefði og hvað mundu slík göng kosta?"

Þá er komið að stærra viðfangsefni. Engar hugmyndir eru um gerð jarðganga úr Fljótum til Siglufjarðar. Það er mitt svar, enda hefst jarðgangagerð frá Siglufirði til Ólafsfjarðar á næsta ári. Almennt má segja að undirbúningstími fyrir jarðgöng af þessari stærð sé tvö til þrjú ár. Það er geysilega mikil rannsóknarvinna sem þarf að viðhafa áður en hægt er að setja slíkt verkefni af stað. Slík göng yrðu lík-

lega 5–6 km og kostnaður áætlaður, miðað við reynslutölur úr öðrum áttum, um 4 milljarðar kr. Hér er því að sjálfsögðu um mikið stórvirki að ræða, sem ekki er á dagskrá, ég vil undirstrika það, og lít ég þá í ýmsar áttir til Siglfirðinga sem sitja hér í salnum og þekkja þessi mál afskaplega vel.

Engu að síður ber að þakka fyrir þessa fyrirspurn. Við þurfum að hafa mjög vel í huga þær hættur sem þarna gætu verið á ferðinni og vekja okkur til umhugsunar um hvað við þurfum að vanda vel til vegstæða hverju sinni. Gæta að undirbúningi og hönnun og það er einmitt það sem verið er að gera í þessu tilviki. Rannsóknir standa yfir og hafa staðið stöðugt yfir vegna vegarins um Almenninga.

[15:17]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst frekar falskur tónn í þessari fyrirspurn hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Ég held að það sé ekki eingöngu og ekki aðallega umhyggja hans fyrir jarðsiginu á Siglufjarðarvegi, sem hefur verið frá því að vegurinn var opnaður eins og fram kom hjá ráðherra, heldur hitt að íbúar í Skagafirði, og kannski sérstaklega á tilteknum bæ í Fljótum, eru sífellt að jarma í eyrun á hv. þingmanni. Ég tel að það sé aðalatriði þessarar fyrirspurnar og það sem kemur fram í öðrum liðum um aðra legu á jarðgöngum á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Hv. þingmaður á að mínu mati að láta af þvergirðingshætti sínum í garð þeirra framkvæmda sem tekin hefur verið ákvörðun um hér á hv. Alþingi, þ.e. að tengja Siglufjörð við Eyjarfjarðarsvæðið með göngum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Héðinsfjörð. Þær framkvæmdir eru hafnar. Það er búið að byggja tvær brýr. Það er verið að leggja rafmagn að væntanlegum jarðgangamunna og það sem mest er um vert er að framkvæmdir hafa verið í Héðinsfirði í sumar við að moka laust efni (Forseti hringir.) frá þar sem sprengt verður út úr fjallinu úti í Héðinsfirði. Því ber auðvitað að fagna sérstaklega.

[15:18]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það eru gömul sannindi og ný að jarðsig eru á Almenningum á Siglufjarðarvegi en vegurinn þar er býsna góður. Ég keyri þennan veg oft, hann er greiðfær öllum bílum og er með bundnu slitlagi. Eins og hæstv. ráðherra hefur sagt er viðhald vegarins ekkert miklu meira en meðalviðhald, a.m.k. segja menn í Vegagerðinni það.

Ég tel að þessari fyrirspurn sé ekki beint til höfuðs Héðinsfjarðargöngunum, enda hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lýst yfir stuðningi sínum við Héðinsfjarðargöng. Og svo er það þannig að Siglfirðingar horfa til austurs, þeir horfa til aukinnar samvinnu við allt Eyjafjarðarsvæðið og ekki síst við byggðir við utanverðan Eyjafjörð í mörgum málum. Við fögnum að sjálfsögðu stuðningi vinstri grænna við þá framkvæmd og ég vil taka undir þann málflutning sem hv. þingmenn hafa viðhaft hér í sölum Alþingis hvað það mál varðar.

[15:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þó að tekin hafi verið ákvörðun um göng til Siglufjarðar um Héðinsfjörð er ljóst eins og er að þungaflutningar munu nánast allir halda áfram að fara hina leiðina til og frá Siglufirði. Því þurfa menn auðvitað að hafa sérstakar gætur á þessum vegi og meta það með langtímamarkmið í huga hvað hægt sé að gera til að viðhalda honum. Hvort ganga þurfi svo langt að fara í ný göng út í sjó. Ég ætla að vona að það verði ekki niðurstaðan, en hitt er alveg augljóst mál að það yrði afar slæmt fyrir Siglfirðinga að missa þá leið sem þarna liggur, því að á meðan Reykjavík er aðal útskipunar- og uppskipunarhöfn fyrir landið þarf Siglufjörður á þessu að halda. (Gripið fram í.) Ég vona að á Akureyri og Austfjörðum og jafnvel á Vestfjörðum verði í framtíðinni hafnir og þangað fari og komi flutningar, en það er ekki komið að því enn.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Varðandi orð hæstv. ráðherra vil ég minna á að hugsanleg jarðgöng frá Fljótum til Siglufjarðar eða þar á milli voru hluti af umhverfismati jarðganga á þessu svæði. Upplýsingar um það eiga allar að liggja fyrir hjá Vegagerðinni, bæði um lengd, kostnað og framkvæmdatíma.

Varðandi orð hv. þm. Kristjáns Möllers þá blöskrar mér alveg. Ég minntist ekki einu orði á Héðinsfjarðargöng. Ég minntist á þá alvarlegu skýrslu sem birt hefur verið um stöðu vegarins fyrir Almenninga. Framtíð þess vegar er ekki björt, það eru orðin í skýrslunni. (Gripið fram í.) Mér er annt um öryggi Siglfirðinga og annarra sem um þennan veg fara. Samkvæmt skýrslunni geta stórar fyllur fallið úr veginum fyrirvaralaust. Þær gera ekki boð á undan sér. Það er rakið í skýrslunni að við sérstakar veðurfarsaðstæður, miklar úrkomur og þess háttar, aukist stórlega hættan á jarðsigi og jarðfalli.

Mér finnst með ólíkindum ef menn ætla ekki að taka þessa skýrslu alvarlega. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á hefur verið vitað um þetta vandamál, en skýrslan staðfestir það enn frekar og leggur áherslu á þá hættu sem þarna er fyrir hendi. Þessi vegur verður ekki öruggur. Hvað gerum við ef jarðfall verður skyndilega og vegurinn fer? Þetta er ekki framtíðarvegur eins og fram kemur í skýrslunni og þótt að hv. þm. Kristján L. Möller verði löngu fluttur suður og hættur að keyra þennan veg skiptir það samt máli að þarna séu öruggar vegasamgöngur. Skýrslan bendir einmitt til þess að vandlega þurfi að huga að málum þarna.

[15:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég held að alveg nauðsynlegt sé að taka það fram eftir ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar að það er ekkert mjög langt síðan þessi vegur var byggður upp. Það var á meðal fyrstu verka minna sem samgönguráðherra að opna formlega þessa leið með bundnu slitlagi þannig að vegurinn er fullkomlega uppbyggður eins og fram kom hjá hv. þm. Birki J. Jónssyni. Hér er um mikilvæga leið að ræða fyrir Siglfirðinga eins og er, þangað til að Héðinsfjarðargöngin koma. Eftir sem áður verður vonandi umferð

um þennan veg um langan aldur. Ég held því að ekki sé vert að vekja upp einhverja úlfúð eða óþarfa áhyggjur manna þarna. Engu að síður þurfum við að vera á vaktinni að þarna gerist ekkert óvænt sem að rofið gæti veginn.

Ég þakka fyrir þessa umræðu. Við þurfum að vera vakandi fyrir því sem þarf að huga að í samgöngukerfinu en umfram allt að gera ekki úlfalda úr mýflugu. Hvað þá að ýta undir óskhyggju manna um jarðgöng úr Fljótum til Siglufjarðar. Því var ýtt út af borðinu með þátttöku Skagfirðinga, Siglfirðinga, Eyfirðinga og annarra sem komu að undirbúningi þessa máls. Um það var tekin ákvörðun, m.a. hér á Alþingi, að leggja jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar um Héðinsfjarðargöng en leggja ekki jarðgöng inn í Fljótin.

Um þetta verður vafalaust deilt enn um sinn og allar götur þangað til búið verður að opna Héðinsfjarðargöngin.

Bílaumferð og varpstöðvar.

Fsp. MÞH, 262. mál. — Þskj. 275.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um bílaumferð og varpstöðvar fugla. Hvers vegna skyldi ég gera það? Jú, vegna þess að Ísland er fuglaparadís, ekki síst á sumrin, og á ferðum mínum um landið mörg undanfarin ár, síðsumars, hefur mér gjörsamlega ofboðið að aka um vegi sem liggja um varpstöðvar fugla og koma að þeim vígvelli sem oft á tíðum skapast þar. Einkum og sér í lagi við kríuvörp. Þar liggja dauðir ungar eins og hráviði á veginum eða við veginn og hafa greinilega orðið fyrir bílum.

Aðrar fuglategundir verða líka fyrir skakkaföllum af þessum völdum, sérstaklega ungarnir síðsumars. Ísland er með varp- og uppeldisstöðvar fyrir fjölmargar fuglategundir sem koma hingað á sumrin og skapa hér mikið líf og eru okkur öllum til ánægju og yndisauka. Ég tel því ástæðu til þess að spyrja hvort ekki sé hægt að gera á þessu einhverja bragarbót. Mér finnst að þetta geti ekki gengið svona, því þetta er bæði til tjóns fyrir fuglastofnana og lífríkið. Þetta er líka okkur Íslendingum til vansa út á við, ekki síst með tilliti til erlendra ferðamanna sem koma hingað til lands og verða vitni að þessum ósköpum. Í sumar var þetta vandamál kannski ekki eins mikið og oft áður vegna þess að varp virtist hafa misfarist á mörgum stöðum, einkum og sér í lagi hjá kríunni. Samt sem áður hlýtur það að lagast, því náttúran gengur í sveiflum.

Mig langar að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. samgönguráðherra:

1. Hafa samgönguyfirvöld gert ráðstafanir til að draga úr hættu á því að villtir fuglar verði fyrir bifreiðum í grennd við varplönd og uppeldissvæði á sumrin, og þá hverjar?

Ég á við einhvers konar viðvörunarskilti, upplýsingagjöf, hugsanlegar hraðahindranir eða eitthvað með þeim hætti.

2. Hafa stjórnvöld yfirsýn yfir staðsetningu og stærð varp- og uppeldissvæða fugla við þjóðvegi landsins?

3. Hafa farið fram rannsóknir á áhrifum bílaumferðar á varpstöðvar hér á landi?

[15:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir þessa fyrirspurn. Hún er athyglisverð og gott innlegg í umræðu okkar um náttúru landsins og áhrif búsetu í okkar fagra landi.

Hv. þingmaður spyr í fyrsta lagi:

„Hafa samgönguyfirvöld gert ráðstafanir til að draga úr hættu á því að villtir fuglar verði fyrir bifreiðum í grennd við varplönd og uppeldissvæði á sumrin, og þá hverjar?“

Svar mitt er svohljóðandi:

Bráðabirgðamerkið Varúð – varpland – fuglar á vegi, hefur verið sett niður á nokkrum stöðum á landinu, fyrst og fremst eftir beiðni heimamanna á hverjum stað, t.d. í Vík í Mýrdal, á Melrakkasléttu, við Bolungarvík, við Bakkafjöru og við Leiruveg við Akureyri.

Á öllum þessum svæðum er mikið fuglalíf og sums staðar mikil umferð, þó ekki á öllum þessum stöðum. Því er ástæða til þess að mati Vegagerðarinnar og landeiganda að setja upp slík varúðarskilti. Við þekkjum það vel, þingmenn Norðvesturkjördæmis, hvernig krían er í landi Rifs á Snæfellsnesi. Þar er ein allra stærsta kríubyggð í veröldinni og mikil umferð. Það er því ástæða til að vekja athygli á þessu.

Í annan stað spyr hv. þingmaður:

„Hafa stjórnvöld yfirsýn yfir staðsetningu og stærð varp- og uppeldissvæða fugla við þjóðvegi landsins?“

Svar mitt er að samgönguyfirvöld hafa ekki slíka yfirsýn. Ég tel að eðlilegra væri að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra.

Í þriðja lagi spyr hv. þingmaður:

„Hafa farið fram rannsóknir á áhrifum bílaumferðar á varpstöðvar hér á landi?“

Svar mitt við þeirri spurningu er nei. Slíkar rannsóknir hafa ekki verið gerðar fyrir landið í heild. Hins vegar er yfirleitt fjallað um fuglalíf og fuglatalning gerð þegar verk fara í umhverfismat. Víða hefur verið lagt í geysilega mikla vinnu við skoðun á fuglalífinu í námunda við þau svæði þar sem á að leggja nýja vegi. Það er mikilvægur þáttur við gerð umhverfismats.

[15:31]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir að vekja athygli á þessu málefni og þakka hæstv. ráðherra svörin. Það er grátlegt að horfa upp á það þegar kannski einn bíll ekur óvarlega um vegi gegnum varplönd. Hann getur orðið tugum kríuunga, eins og hv. þingmaður nefndi áðan, að aldurtila.

Það er mikilvægt að halda á lofti umræðunni um umgengni almennings í nágrenni þessara svæða. Ég get vitnað um að oft skortir á að menn gangi eða aki um slíkar perlur af nægilega mikilli nærgætni.

Hæstv. forseti. Ég þekki örlítið til í kjördæmi hæstv. ráðherra, t.d. í Fljótum í Skagafirði þar sem mikið kríuvarp og varpland er og vildi því spyrja hæstv. ráðherra hvort landeigendur eigi greiðan aðgang að þeim viðvörunarskilt-

um sem hæstv. ráðherra nefndi áðan og nefnast Varúð – varpland, hvort aðgengi að þeim sé gott.

[15:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta er mál sem full ástæða er til að tala um og kannski ekki bara út af varplöndunum. Allir þingmenn hljóta að hafa tekið eftir því, þegar fuglarnir koma á vorin, hversu mikið af þeim verður fyrir bílum á þjóðvegum landsins. Mín skoðun er sú að þegar að hraði bíla er kominn yfir 90 km hefjist í raun fugladauðinn. Í langfæstum tilfellum lenda menn í að keyra á fugla ef þeir keyra undir löglegum hraðamörkum. Ég held að þetta sé hluti af því að menn komi sér upp umferðarmenningu sem ekki yrði til að menn slátri þessum gestum á vorin.

Ég legg til að reynt verði að skoða þetta og menn reyni að átta sig á hvaða hraði það er sem skiptir þarna máli. Í varplöndunum skiptir hraðinn auðvitað meira máli, en á vegunum sjálfum held ég að það skipti einnig máli að halda hraðanum við lögleg mörk í landinu.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin og þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Ég tel fulla ástæðu til að ræða þessa hluti af mikilli alvöru. Ég tel að það þurfi í raun ekki svo mikið til til að gera bragarbót á. Ég kannast að sjálfsögðu við skiltin sem hæstv. ráðherra nefndi en þau eru á allt of fáum stöðum umhverfis landið. Ég vil nota tækifærið til að hvetja hæstv. samgönguráðherra til að beita sér fyrir því að Vegagerðin eigi frumkvæði að því að hafa samband við sveitarstjórnir og kynna fyrir þeim að fyrir hendi séu skilti sem setja megi upp tímabundið á slíkum stöðum.

Sveitarstjórnirnar gætu fengið skiltin send sér að kostnaðarlausu, séð um að koma þeim upp og tekið þau niður þegar því tímabili lyki. Það mætti líka koma af stað upplýsingaherferð, hvetja fólk til að hafa varann á og aka varlega þegar vart verður við fuglalíf meðfram þjóðveginum. Svona mætti lengi telja.

Þetta er svo mikill óþarfi. Menn þurfa ekki annað en rétt að slá af hraðanum, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti réttilega á. Þá leysist þetta af sjálfu sér. Fuglarnir eru að ég tel dýrmæt auðlind. Þeir koma hingað á sumrin, heimsækja okkur og eru okkur til mikils yndisauka. Ég tel það náttúruperlu út af fyrir sig, ekki bara fyrir okkur sem búum á Íslandi heldur líka fyrir ferðamenn sem koma hingað. Það er því full ástæða til að umgangast þá vini okkar af umhyggju og virðingu og að þessu linni. Eins og staðan er í dag er allt of mikið um að keyrt sé yfir fugla í stórum stíl.

Umræðu lokið.

Vegaframkvæmdir í Heiðmörk.

Fsp. VF, 266. mál. — Þskj. 279.

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Virðulegi forseti. Á ráðstefnu um vatn sem samtökin Landvernd, BSRB og fleiri héldu þann 29. október síðastliðinn komu fram áhyggjur vegna vegaframkvæmda í Heiðmörk. Það er í sjálfu sér eðlilegt að þeir sem hugsa til framtíðar hafi áhyggjur þegar til stendur að fara í vegaframkvæmdir, ég tala ekki um ef þær eru stórfelldar og á svo viðkvæmu útivistar- og vatnsverndarsvæði sem Heiðmörk er. Heiðmörk er vatnsverndarsvæði og ber að vernda og virða sem slíkt enda aðalvatnsból íbúa á höfuðborgarsvæðinu og mikil framtíðarauðlind.

Hvernig veg hyggst samgönguráðherra ætla að leggja í Heiðmörk, hversu langan veg og hvar? Er verið að opna fyrir möguleikann á hraðbraut í gegnum Heiðmörk?

Í mastersritgerð Páls Stefánssonar, Framkvæmd vatnsverndar og stjórnun vatnsauðlindar á höfuðborgarsvæðinu, segir, með leyfi forseta:

„Umferðinni í Heiðmörk er beint á veg nærri vatnsbólum. Mikil og þung umferð er eftir Elliðavatnsvegi inn á grannsvæði vatnsbólsins í Dýjakrókum. Líkansreikningar til að meta líkur á mengun vatnsbóla hafa aðeins verið gerðir fyrir hluta svæðisins. Olíuflutningar, mikill umferðarþungi og hætta á umferðarslysum er ákveðin ógn fyrir vatnsverndina. Breyta þarf akstursleiðum í Heiðmörk til að draga úr líkum á mengun í vatnsbólum vegna umferðaróhappa. Hagsmunir vatnsverndar þurfa að vega meira þegar kemur að því að skipuleggja umferðarmál á vatnsverndarsvæðinu.“

Af þessum sökum spyr ég hæstv. samgönguráðherra:

1. Hyggst ráðherra heimila Vegagerðinni að leggja bundið slitlag á veg um Heiðmörk? Ef svo er, hvenær hefjast framkvæmdir og hvenær er áætlað að þeim ljúki?

2. Hefur verið gert umhverfismat vegna þessara framkvæmda? Ef svo er ekki, verður það gert áður en þær hefjast?

[15:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Valdimar I. Friðriksson spyr:

„Hyggst ráðherra heimila Vegagerðinni að leggja bundið slitlag á veg um Heiðmörk? Ef svo er, hvenær hefjast framkvæmdir og hvenær er áætlað að þeim ljúki?“

Svar mitt er svohljóðandi: Fyrir nokkrum árum var Heiðmerkurvegur tekinn á vegaskrá sem landsvegur. Þetta var gert að ósk bæjaryfirvalda á höfuðborgarsvæðinu, einkum Reykjavíkurborgar, til þess að tryggja aðkomu ríkisins að kostnaði við vegi um Heiðmörk. Var ákveðið að ein ákveðin leið um svæðið yrði valin sem þjóðvegur og er lýsinga hennar í vegaskrá eftirfarandi:

„Tilvitnun 408 Heiðmerkurvegur. Af hringvegi við Rauðhóla um Heiðmörk á Elliðavatnsvegi við enda Vífilsstaðavegar.“ — Þetta er skýringin.

Í gildandi vegáætlun fyrir árin 2005–2008 eru fjárveitingar til vegarins af svonefndum ferðmannaleiðum, samtals

77 millj. kr. Miðað hefur verið við að þessar fjárveitingar yrðu notaðar til að leggja bundið slitlag, malbik, á núverandi veg án þess að honum yrði breytt að öðru leyti. Þess má geta að mjög er kvartað undan ástandi núverandi vegar og annarra vega í Heiðmörk, ekki síst vegna rykmengunar.

Í haust var sótt um framkvæmdaleyfi til heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðisins og til umhverfissviðs Reykjavíkurborgar til að malbika um 4 km kafla í norður frá Vífilsstaðahlíð. Þeirri beiðni var hafnað og m.a. óskað eftir frekara skipulagi og rökstuðningi fyrir þörf á framkvæmdum. Þar eð þrýstingur um aðgerðir á veginum hefur fyrst og fremst komið frá umsjónaraðilum Heiðmerkur og vegfarendum er eðlilegt að aðilar innan borgarkerfisins og eftir atvikum hjá öðrum sveitarfélögum á svæðinu samræmi sjónarmið sín án þátttöku ríkisins.

Eins og áður hefur komið fram var áformað að leggja slitlag á núverandi veg án frekari breytinga. Það er skoðun okkar í ráðuneytinu að ríkið sé alls ekki réttur aðili til að standa að skipulagningu Heiðmerkur. Raunar má setja spurningarmerki við það hvort umræddur vegur eigi að teljast þjóðvegur. Það er því skoðun mín að fresta beri framkvæmdum, a.m.k. þar til spurningum varðandi skipulag hefur verið svarað og viðkomandi yfirvöld hafa komist að niðurstöðu um að leggja megi veg í Heiðmörk. Í því sambandi er rétt að fram komi að Vegagerðin metur það svo að ekki sé unnt að halda við malarvegum á svæðinu, m.a. vegna mengunarhættu.

Við næstu endurskoðun samgönguáætlunar má eftir atvikum athuga breytta notkun þeirra fjármuna sem áætlaðir voru til Heiðmerkurvegar. Í því ljósi er unnið af hálfu samgönguráðuneytisins.

Í annan stað er spurt:

„Hefur verið gert umhverfismat vegna þessara framkvæmda? Ef svo er ekki, verður það gert áður en þær hefjast?“

Svar mitt er: Ekki hefur verið gert umhverfismat vegna þeirra framkvæmda sem áformaðar voru enda ekki gert ráð fyrir öðrum breytingum en slitlagi vegarins. Það er allt innan þeirra marka sem sett eru um slíkar framkvæmdir og ekki meira um það að segja.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég þakka samgönguráðherra skýr svör. Eins og fram kemur virðist greinilega þurfa að taka svolítið á fyrirbrigðinu stjórnskipulag varðandi þetta svæði. Eins og ráðherra bendir á er málið á valdi sveitarfélaganna en samt er um að ræða gífurlega mikilvægt vatnsverndarsvæði, mikla auðlind til framtíðar. Ég tel því að ríkið eigi a.m.k. að hafa auga með þeim framkvæmdum og stjórnskipun á svæðinu.

Umræðu lokið.

Stofnun stjórnsýsludómstóls.

Fsp. SigurjÞ, 122. mál. — Þskj. 122.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég hef beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra:

Hvað líður hugmyndum ráðherra um stofnun stjórnsýsludómstóls?

Í Morgunblaðinu þann 27. september í fyrra var frétt þess efnis að ráðherra teldi fyllilega réttmætt að setja á stofn slíkan dómstól. Ég tek heils hugar undir þær hugmyndir og ég hef m.a. lagt fram, ásamt hv. varaþingmanni Atla Gíslasyni, þingsályktunartillögu þess efnis að hæstv. ráðherra skipi nefnd sem tæki til skoðunar hvort réttmætt væri að setja á stofn slíkan dómstól og geri tillögu um störf og starfshætti hans.

Hvers vegna er réttmætt að setja á stofn umræddan dómstól? Það er vegna þess að starfandi eru 42 úrskurðarnefndir víðs vegar sem kosta ærið fé. Árið 2003 kom fram í svari við fyrirspurn sem við lögðum fram, ég og hv. þm. Atli Gíslason, að kostnaðurinn við þær væri hvorki meira né minna en 336 millj. kr. Til samanburðar má nefna að samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2004 var kostnaður við Hæstarétt 103 millj. kr. Það er augljóst að með slíkum dómstól mætti ná fram sparnaði.

Annar möguleiki væri sá, ef menn fást ekki til að koma á stjórnsýsludómstóli, að færa verkefni til dómstóla frá úrskurðarnefndum. Einnig mætti sameina eitthvað af þessum úrskurðarnefndum því að þær eru 42 eins og áður segir. Mönnum væri í lófa lagið að skoða hvort ekki ætti að sameina eitthvað af þessum úrskurðarnefndum.

Önnur rök fyrir því að setja á stofn stjórnsýsludómstól eru þau að verulega skortir á að málsmeðferð hjá úrskurðarnefndum fari eftir ákveðnum reglum. Ég hef sjálfur orðið var við að misbrestur hefur verið á að farið sé eftir gagnsæjum leikreglum. Ég hef m.a. kvartað við úrskurðarnefnd um upplýsingamál varðandi það að Fiskistofa sendi inn gögn og úrskurðað var um mál án þess að málsaðili fengi að sjá þau gögn og fjalla um þau að einhverju leyti. Ég tel að það sé með öllu ólíðandi og þörf sé á að setja fastari reglur um þessa hluti, m.a. um málsmeðferð. Það er mín skoðun að rétt sé að setja (Forseti hringir.) einfaldlega á stofn stjórnsýsludómstól til þess að taka á málefnum stjórnsýslunnar, frú forseti.

[15:46]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Spurt er: Hvað líður hugmyndum ráðherra um stofnun stjórnsýsludómstóls?

Það virðist gengið út frá því í fyrirspurninni að ég hafi ákveðið að leggja til stofnun slíks dómstóls. Það hef ég nú ekki gert. En ég hef sagt að hugmyndin um stjórnsýsludómstól eigi rétt á sér þótt ekki sé brýnt að setja slíkan sérdómstól á laggirnar. Lýsti ég viðhorfum mínum til þessa málefnis fyrir rúmu ári eða hinn 24. september 2004 á málþingi Lögfræðingafélags Íslands en þar var fjallað um hvort ástæða væri til að setja á laggirnar stjórnsýsludómstól. Ég taldi þá og tel enn að það þurfi að tryggja betri þekkingu á

þessum málaflokki í dómskerfinu.

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur ákvað í byrjun þessa árs að setja á fót sérstaka deild þriggja dómara sem færi með munnlega flutt einkamál þar sem einkum reynir á stjórnsýslurétt. Var ákvörðunin tekin í kjölfar þeirrar gagnrýni að ekki hafi gætt nægilegs samræmis í úrlausnum dómstóla í málefnum á sviði stjórnsýsluréttar. Í deildinni starfa eins og áður segir þrír dómarar og verður samkvæmt upplýsingum frá dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur í lok þessa árs síðan metið hvort þetta fyrirkomulag hafi gefið góða raun, svo góða raun að ástæða sé til framhalds á því. Þess má geta að dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur telur reynsluna af deildinni mjög góða. Hún lofar góðu.

Virðulegi forseti. Ég hygg að hér hafi verið stigið spor í rétta átt og vænti þess að þegar nánari upplýsingar koma frá Héraðsdómi Reykjavíkur um það hvernig til hefur tekist verði unnt að skoða málið enn frekar. Ég tel það vel við hæfi að dómskerfið sjálft hugi að því hvernig það geti aukið þekkingu sína á þessum málaflokki.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég vil taka það fram að mér finnst upphæðin, þ.e. 336 milljónir í þessar úrskurðarnefndir, segja að hér sé hægt að ná árangri. Ef við lítum til þess að hæstv. forsætisráðherra hefur boðað það að tekið verði á í stjórnsýslunni og hún gerð ein sú skilvirkasta í heimi, að mig minnir undir kjörorðinu einfaldara Ísland, þá finnst mér þetta verkefni blasa við, frú forseti. Það fara í 336 milljónir 42 nefndir.

Ég vil greina hæstv. dómsmálaráðherra frá því hér að ég hef leitað til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, eins og áður segir. Ég lagði þar fram kvörtun. Það er ekki enn þá komið svar og nú er komið á annað ár síðan. Ég tel það algjörlega óþolandi stjórnsýslu sem starfar eins og ég greindi frá, þ.e. að málsaðilar fái ekki gögn sem mótaðili hefur beint til stjórnsýsluúrskurðar, stjórnsýslunefndar. Þetta er ekkert eina dæmið. Dæmin eru mörg, því miður. Mér finnst að hæstv. dómsmálaráðherra ætti að líta til þess hvað þetta er mikið fé, hvað þetta eru margar úrskurðarnefndir og hvað þær fjalla um veigamikil mál. Mér finnst blasa við að þarna er hægt að ná árangri, frú forseti. Hérna er einmitt hægt að ná fram markmiðum um einfaldara Ísland og betri stjórnsýslu. Það blasir við mér og ég tel að það ætti að vera eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar til þess að ná fram markmiðum sínum.

Umræðu lokið.

Dánarbætur.

Fsp. ÁRJ, 151. mál. — Þskj. 151.

[15:51]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég beini hér fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra um það hvort uppi séu áform um að endurskoða ákvæði um dánarbætur í skaðabótalögum. Ástæðan fyrir því að ég legg fram þessa fyrirspurn er sú að í tvígang hef ég lagt fram þingmál, þingsályktunartillögu um að endurskoða skuli skaðabótalögin, nr. 50/1993, og sérstaklega verði hugað að endurskoðun á þeim ákvæðum laganna sem snúa að bótum til eftirlifandi maka eða sambúðarmaka vegna missis framfæranda. Þetta mál snýst um 13. gr., en gerð var breyting á henni árið 1999 og ég held að þar hafi orðið mistök í lagasetningu. Þar er gert ráð fyrir þegar skaðabætur eru metnar til eftirlifandi maka, þegar fullfriskur maki hans fellur frá, að miðað er við örorku og dregnar frá fjárhæðinni þær bætur sem viðkomandi látinn einstaklingur hefði fengið frá Tryggingastofnun ríkisins úr slysatryggingum og sem örorkulífeyrisþegi frá lífeyrissjóði. Síðan kemur greiðslan til makans að því loknu.

Mig langar til að víkja aðeins að því hvernig þetta snýr að ekkju sem skrifaði grein í Morgunblaðið 5. mars 2004 eftir að hafa farið með svona mál fyrir Hæstarétt. Hér skrifar Ásta Kristín Siggadóttir, með leyfi forseta:

„Hvers virði er mannslífið samkvæmt íslenskum lögum þegar til þess kemur að meta það í krónum og aurum?“

Og hún segir, með leyfi forseta:

„Það er staðreynd að ég og börnin misstum fullfriskan heimilisföður, hann var heill heilsu áður en slysið henti hann. En þegar til þess kemur að fá bæturnar greiddar eru þær miðaðar við örorku. Við þessa aðferðafræði skaðabótalaganna er ég mjög ósátt, við misstum fullfriskan mann og teljum sanngjarnt að fá bætur reiknaðar út frá því sem hann aflaði sem slíkur.“

Síðan segir hún, með leyfi forseta:

„Þetta eru útreiknaðar upphæðir sem aldrei komu til greiðslu í þessu jarðlífi, en eru engu að síður dregnar frá sem um raunverulegar greiðslur hefði verið að ræða. Þetta eru mikil vísindi, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Svo farið sé hratt yfir sögu þá stóðu eftir 1,6 milljón króna sem skaðabætur þegar búið var að framkvæma allan þennan pappírslega örorkugjörning.“

Virðulegi forseti. Á 1,6 millj. kr. eru metnar þær bætur sem viðkomandi einstaklingur fær sem aflahæfi 45 ára gamals fullfrísks einstaklings fyrir vinnu hans næstu 22 árin. Nú er það svo að allsherjarnefnd Alþingis taldi líka fulla ástæðu til þess að breyta þessu og lagði hér fram þingmál (Forseti hringir.) í lok síðasta þings sem ekki náði afgreiðslu og var (Forseti hringir.) nefndin sammála um að þessu yrði að breyta. Því spyr ég hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) hvort hann sé sammála allsherjarnefnd þingsins.

[15:54]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég er sammála allsherjarnefnd um þetta. Ég hafði samráð við nefndina eða nefndin hafði samráð við mig þegar hún flutti þetta frumvarp. Það náði hins vegar ekki fram að ganga á síðasta þingi. Ég veit að nefndin er að vinna að þessu máli áfram. Ég hef hvatt til þess að nefndin endurflytji frumvarpið og ég vona svo sannarlega að það verði hægt að afgreiða það á þessu þingi sem nú situr.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv.

dómsmálaráðherra um að hann hyggist breyta þessari óréttlátu lagagrein og vona eins og hann að þetta komi til afgreiðslu á þessu þingi því að í þessu felst verulegt óréttlæti.

En ég vil spyrja hæstv. ráðherra. Nú hafa nokkrir misst maka sinn og lent í því óréttlæti sem felst í þessari lagagrein. Ég held að í þessu óréttlæti hafi lent um tíu eða tólf manns þegar ég lagði málið fram á síðasta þingi. Því vil ég spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann hyggist beita sér fyrir því að þeir aðilar fái þetta að einhverju leyti leiðrétt. Nú veit ég að lagasetning virkar ekki aftur fyrir sig. En væri hægt að koma með bráðabirgðaákvæði þannig að þeir ekklar og ekkjur sem hafa lent í þessu mikla óréttlæti við að missa maka sinn geti að einhverju leyti fengið þetta leiðrétt því að þarna er náttúrlega þvílík ósanngirni á ferðinni að það er ekki hægt að búa við það þegar maður sér hvernig þetta bitnar á þeim sem hafa misst maka sinn í slysum eins og þarna?

[15:56]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég get ekki svarað þessari spurningu hér og nú. Það þarf að skoða þetta frá lögfræðilegum sjónarhóli til þess að unnt sé að leggja mat á það. Nefndin er að fjalla um þetta þannig að eðlilegt er að nefndin taki afstöðu til þessa líka.

Umræðu lokið.

[15:57]

Útbýting:

Endurbætur á varðskipinu Ægi, 330. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 362.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 329. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 361.

Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, 328. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 360.

[Fundarhlé. — 15:57]

Afleiðingar hlýnunar og viðbrögð við þeim.

Fsp. ÁRJ, 156. mál. — Þskj. 156.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Ég beini fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra um afleiðingar hlýnunar og viðbrögð við þeim og spyr:

1. Hvað hefur verið gert af hálfu umhverfisráðuneytisins til að bregðast við afleiðingum hlýnunar á norðurskautinu og aukinni skipaumferð um heimskautasvæðið í framhaldi af henni?

2. Hafa áhrif hlýnunarinnar á Ísland verið metin?

Nýverið sat ég mjög stóran fund fyrirtækja í olíu- og gasvinnslu. Á honum voru ræddir möguleikarnir sem opnast við hlýnun norðurskautsins í að nálgast og vinna þær miklu olíu- og gasbirgðir sem eru undir norðurskautinu, en menn telja að um fjórðung allra olíubirgða heimsins sé þar að finna.

Fulltrúar þessara fyrirtækja geta vart beðið eftir því að aðgengi að þessum auðlindum opnist og það var á mönnum að heyra í umræðum þarna að fyrirtækin væru í startholunum og væru tilbúin að hefja vinnslu þarna um leið og möguleiki væri á að komast að þessum birgðum. Það er ekki aðeins olíu- og gasvinnslan sem við ættum að huga að heldur má búast við að skipaumferð opnist og auknir flutningar verði vegna þessarar vinnslu með mjög viðkvæma og mengandi vöru eða farma sem munu fara um hafsvæðið við Ísland. Ekki þarf mikið út af að bregða til að ímynd okkar sem hreins lands, ímynd okkar sem fiskveiðiþjóðar og hreinna sjávarafurða okkar eyðileggist, t.d. ef olíuslys yrði á veiðisvæðum okkar þar sem þessi skipaumferð mun að öllum líkindum fara um. Það þarf auðvitað að gera auknar kröfur um umgengni, öryggi, eftirlit og fylgjast vel með því sem fram undan er í þessum efnum.

Ég sá líka á þessum fundi það sem íbúar á norðursvæðunum sýndu þar sem verið var að vinna olíu út á hafi og á landi hrikalega mengun eftir olíuvinnsluna þar sem fyrirtækin höfðu ekki gengið vel um og ekki gengið vel frá þegar þeir hættu o.s.frv. Ég tel mjög mikilvægt að við Íslendingar leggjum mikla áherslu á norrænt samstarf í þessum efnum við að undirbúa þetta og einnig norðurslóðarsamstarfið sem er mjög mikilvægt. Ég var mjög áhyggjufull eftir að hafa hlustað á umræður á þeim fundum sem þarna voru. Ég spyr hæstv. umhverfisráðherra sem þekkir þessi mál vel hver undirbúningur okkar sé og hvort við séum í stakk búin t.d. til að bregðast við olíuslysi. Höfum við útbúnað til þess og hafa áhrifin af þeim breytingum sem verða við hlýnunina verið metin hér á landi?

[18:04]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Fyrr á þessu ári kom út skýrslan Fyrir stafni haf – Tækifæri tengd siglingum á norðurslóðum, sem samin var af starfshópi á vegum utanríkisráðuneytisins. Skýrslan fjallar um væntanlegar auknar siglingar eftir skipaleiðum um Norður-Íshafið og hugsanleg áhrif þeirra á Ísland og íslenska hagsmuni. Umhverfisráðuneytið kom að gerð skýrslunnar og er ítarlega fjallað um hugsanleg umhverfisáhrif af auknum siglingum á hafinu í kringum Ísland auk umhverfisáhrifa hugsanlegrar umskipunarhafnar sem kynni að verða gerð á Íslandi ef gámaflutningar hæfust í stórum stíl frá Asíu yfir til Atlantshafs eftir siglingaleiðum norðan Rússlands.

Rétt er að taka fram að loftslagsbreytingar eru ekki eina ástæðan fyrir því að í auknum mæli er horft til siglinga um leiðir í hánorðri. Þar koma einnig inn ýmsir pólitískir og efnahagslegir þættir. Líklegt er að flutningar á olíu frá Norðvestur-Rússlandi til Evrópu og Norður-Ameríku aukist á komandi árum óháð því hvort miklar breytingar verða á loftslagi og hafís enda eru nú þegar nokkrir skipaflutningar eftir þessari leið.

Í bréfi sem sent var út í mars 2005 óskaði umhverfisráðuneytið eftir því að starfshópur um varnir gegn mengun hafs og stranda tæki þessi mál til skoðunar með tilvísun í þær upplýsingar sem er að finna í skýrslunni Fyrir stafni haf. Óskað var eftir því að starfshópurinn kæmi með tillögur um viðbrögð vegna líklegrar aukningar á olíuflutningum

um hafsvæði í kringum Ísland í náinni framtíð. Bent var á að hafa mætti samband við Norðmenn um þetta mál en þeir hafa aukið viðbúnað vegna vaxandi flutninga á olíu frá Múrmansk til Rotterdam um norska lögsögu. Samkvæmt upplýsingum frá formanni starfshópsins er að vænta tillagna fyrir lok þessa árs. Tillögurnar munu fyrst og fremst snúast um lagabreytingar svo sem um neyðarhafnir og siglingaleiðir. Enn fremur um nauðsynlegan öryggisbúnað og framhald vinnu við gerð vákorts fyrir strandlengju og strandsjó umhverfis landið með sérstakri áherslu á Austur- og Norðausturland og rannsóknir sem tengjast þessu.

Árið 2000 kom út skýrslan Veðurfarsbreytingar og afleiðingar þeirra, sem samin var af vísindanefnd um loftslagsbreytingar sem skipuð var af umhverfisráðherra. Í skýrslunni var gerð grein fyrir bestu þekkingu á alþjóðavísu um loftslagsbreytingar eins og hún birtist í niðurstöðum milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar. Þar voru skoðaðar afleiðingar loftslagsbreytinga á íslenskt samfélag. Meðal annars voru skoðaðar hugsanlegar afleiðingar hlýnunar á ástandið í hafinu, hækkun sjávarborðs, vatnafar og jökla, náttúruvá, lífríki lands og sjávar, fiskveiðar, landbúnað og heilsufar. Þessi skýrsla er ítarlegasta samantekt sem til er um þær afleiðingar sem loftslagsbreytingar kunna að hafa á Íslandi. Hún er aðgengileg á vef umhverfisráðuneytisins.

Síðan skýrslan var rituð hefur þekking manna á loftslagsbreytingum aukist þó að óvissan sé enn mikil. Þar ber ekki síst að nefna ítarlega úttekt á afleiðingum loftslagsbreytinga á norðurslóðum, svokallaða ACIA-skýrslu sem gerð var á vegum Norðurskautsráðsins. Sú úttekt var kynnt á ráðstefnu í Reykjavík á síðasta hausti og í nóvember sama ár samþykktu utanríkisráðherrar ríkja Norðurskautsráðsins stefnumótun um viðbrögð ríkjanna átta við niðurstöðum skýrslunnar á fundi sem einnig var haldinn í Reykjavík. Nokkrir íslenskir vísindamenn komu að ritun ACIA-skýrslunnar og íslenskir vísindamenn taka þátt í ýmsum rannsóknarverkefnum tengdum loftslagsbreytingum varðandi áhrif þeirra á veðurfar, jöklabúskap, vatnafar, hafstrauma, lífríki o.fl. Búast má við að rannsóknir á þessu sviði muni eflast enn á næstu árum, m.a. vegna alþjóðaheimskautaársins 2007–2008 þar sem gert verður átak í rannsóknum á náttúru heimskautasvæðanna.

[18:09]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og heyri að unnin hefur verið þó nokkur vinna við undirbúning á þessu og skýrslur liggja fyrir. En ég vil leggja áherslu á að hagsmunir okkar eru mjög stórir í þessum efnum. Ég fagna því að við munum vinna með Norðmönnum því að þeir hafa haft verulegar áhyggjur af þessari þróun, sérstaklega hvað varðar sjávarútveginn og fiskvinnsluna, og tala iðulega um hversu mikil hætta sé þarna sá ferðum ef eitthvert óhapp verður í hafi vegna mengunarslysa.

Það er rétt, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, að nú þegar eru hafnar þó nokkrar siglingar á þessum leiðum sem menn telja að muni aukast þegar hlýnun verður, þ.e. flutningar frá Norður-Rússlandi með olíu með fram Noregi og sömuleiðis til Bandaríkjanna. Ég held að þetta sé nokkuð sem við þurfum að huga verulega að því að þarna mun auðvitað verða mikil umferð um hafsvæði okkar. Þó svo að Norðmenn segi að skipakosturinn sé í þokkalegu ástandi þurfum við engu að síður að huga að því að þarna séu öruggir farkostir á ferðinni með þá viðkvæmu vöru sem um er að ræða. Ég treysti því að hæstv. ráðherra fylgist vel með þessu máli. Við ættum að taka þessi mál til frekari umræðu í þinginu þegar viðbótarupplýsingar berast til ráðuneytisins um stöðu mála því að auðvitað vitum við ekki hversu hratt hlýnunin gengur fyrir sig og hvernig ástandið verður við það.

[18:11]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég vil líka láta þess getið að fjórða skýrsla milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar er væntanleg árið 2007 en í henni verða dregnar saman helstu niðurstöður af rannsóknum á loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra á síðustu árum. Sú samantekt verður lögð til grundvallar frekari stefnumótunar á alþjóðavísu í loftslagsmálum sem fram fer innan ramma loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Það kann að vera tilefni til að uppfæra skýrsluna um veðurfarsbreytingar og afleiðingar þeirra á Íslandi í tengslum við útgáfu þeirrar skýrslu og mun umhverfisráðuneytið skoða þann möguleika á næsta ári í samráði við þær stofnanir og vísindamenn sem búa yfir mestri þekkingu á loftslagsbreytingum.

Þetta eru vissulega brennandi mál og ég tek undir með hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur að það er greinilega mjög mikill áhugi meðal þeirra þjóða sem liggja að norðurskautinu á t.d. bæði flutningum og olíu- og gasvinnslu. Því er mjög brýnt að leggja áherslu á norræna samstarfið í þessu sambandi og þar eru menn mjög vakandi í þessum efnum. Einnig eigum við mjög gott samstarf við þjóðirnar sem eru þátttakendur í Norðurskautsráðinu. Ég held að óhætt sé að segja að þarna geti verið mjög stórir hagsmunir. Deilur t.d. Dana og Kanadamanna síðla sumars og í haust um Hanseyju sýna glögglega að þessi lönd sjá mörg tækifæri í opnun þessa hafsvæðis og vilja tryggja þau.

Ég þakka þingmanninum fyrir að vekja máls á þessu efni.

Umræðu lokið.

Umferð vélknúinna farartækja í ósnortinni náttúru.

Fsp. KolH, 241. mál. — Þskj. 241.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Segja má að yfirskrift þessarar fyrirspurnar sé öræfakyrrð en gæti líka verið prump í vélsleðum og bensínfnykur. Mig langar til að eiga orðastað við hæstv. umhverfisráðherra um aukna umferð alls konar vélknúinna farartækja um náttúru landsins, ekki einasta hefðbundinna bifreiða sem komast sífellt lengra og lengra vegna þess sem sumir vilja kalla tæknilegrar fullkomnunar, heldur ekki síð-

ur umferðar vélsleða á jöklum og vélbáta á vötnum.

Kveikjan að þessari fyrirspurn er reyndar grein eftir Guðjón Jensson, náttúruverndara úr Mosfellsbæ, sem hann skrifaði í Morgunblaðið í formi lesendabréfs þriðjudaginn 16. ágúst í sumar. Mig langar til að vitna til orða Guðjóns en hann segir, með leyfi forseta:

„Íslensk vötn eru einhverjar fegurstu náttúruperlur landsins. Yndislegt er að heyra kvak himbrimans, lómsins og álftarinnar langar leiðir, róa litlum árabát út á vatnið og njóta kyrrðarinnar. Undanfarin ár hef ég ásamt fjölskyldu, ættingjum og vinum átt ómældar ánægjustundir á Skorradalsvatni í Borgarfirði."

Svo heldur Guðjón áfram — þessi grein heitir reyndar Skorradalsvatn — og segir okkur frá því að það sé tvennt sem trufli hann við þessa iðju, að róa á litlum árabát út á Skorradalsvatn, annars vegar áhrif Andakílsárvirkjunar á vatnið en hins vegar vaxandi umferð vélknúinna farartækja á vatninu. Og Guðjón segir í greininni, með leyfi forseta:

„Á dögunum rakst ég á nýuppsett skilti við Skorradalsveg í Hvammslandi þar sem vegfarendur eru hvattir að taka með sér bækling og kynna sér hraðbáta af ýmsu tagi. Mig rak í rogastans. Á boðstólum er m.a. hraðbátur með 640 hestafla Volvo penta vél sem getur komið bát þessum á ógnarhraða. Eldsneytistankurinn rúmar á fimmta hundrað lítra!"

Guðjón heldur áfram, og það er gaman að glugga í þessa grein hans af því að hann er vel pennafær, og spyr í lokin og reyndar spyr ekki heldur beinlínis skorar á ráðherra umhverfismála, Umhverfisstofnun, Náttúruvernd ríkisins, Fuglaverndarfélag Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, sveitarfélög landsins sem og alla aðra þá aðila sem málið varða að skoða þessi mál betur. Hann segir að nauðsynlegt sé að umhverfisráðuneytið setji í samvinnu við sveitarfélög sanngjarnar reglur um hávaða og hraðatakmörk vélknúinna farartækja á vötnum og tilgangurinn er augljós, segir Guðjón, „að koma í veg fyrir meiri röskun en þegar er orðin á þessum náttúruperlum landsins".

Af þessu tilefni hef ég lagt þessar tvær fyrirspurnir fyrir hæstv. ráðherra, hvort til álita kæmi að setja sérstakar reglur um umferð vélknúinna báta á ám og vötnum og til hvaða aðgerða hæstv. ráðherra hafi gripið vegna aukinnar umferðar utan merktra slóða á hálendinu.

[18:17]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Það er rík hefð og réttur fyrir því að almenningur geti farið um vötn. Er það m.a. bundið í vatnalög þar sem segir í 115. gr., með leyfi forseta: „Öllum er rétt að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn."

Í náttúruverndarlögum er vísað til þess að þetta ákvæði gildi um umferð um ár og vötn. Þrátt fyrir þessa skýru og opnu heimild eru möguleikar á takmörkunum þar á. Hér má nefna hljóðvistarákvæði laga nr. 7 frá 1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hávaðareglugerð nr. 933 frá 1999. Því verður ekki neitað að ákveðinn galli felst í því að ekki sé minnst á óbyggð svæði, einungis byggð, þar með talið sumarhúsabyggð. Þar er tilgreindur hámarkshávaði frá umferð upp á 45 desíbel en með frávikheimild allt upp í 70 desíbel. Á nokkrum friðlýstum svæðum eru settar takmarkanir á umferð vélknúinna báta svo sem á Vestmannsvatni. Það kann hins vegar að vera ástæða til að setja slíkar reglur á fleiri afmörkuðum svæðum, svo sem vegna náttúruverndar og grenndarsjónarmiða og nærgætni við íbúa eða frístundabyggð. Þó verður auðvitað að hafa í huga rétt manna til umferðar á bátum svo sem þeim sem nýttir eru til hefðbundinna nytja eins og veiða. Jafnframt ber ætíð að hafa í huga ævafornan almannarétt um för á vötnum sem hlýtur þó að takmarkast að einhverju leyti af öðrum hagsmunum og rétti almennings til að upplifa og njóta náttúru og útivistar án þess að skerða möguleika annarra til hins sama.

Hvað snertir akstur utan vega hefur óneitanlega verið svo að *hann hefur verið vandamál, ekki síst á hálendinu þar* sem landið er mjög viðkvæmt. Reglur hafa reynst vera ónákvæmar þar sem kveðið hefur verið á um að akstur utan vega þar sem náttúruspjöll geti hlotist af sé bannaður. Reynslan hefur sýnt að erfitt hefur verið að fylgja eftir ákvæðum reglugerða og fá dóma fyrir meint brot. En til að skýra þessi ákvæði var reglugerðin endurskoðuð síðastliðið vor og ný reglugerð sett um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands. Markmið hennar er að tryggja að umgengni um náttúruna sé með þeim hætti að ekki hljótist af náttúruspjöll og stuðla að verndun hinnar viðkvæmu náttúru Íslands. Meginreglan er sú að bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í náttúru Íslands en þó er heimilt að aka vélknúnum ökutækjum á jöklum, svo og snæviþakinni og frosinni jörð svo fremi að ekki skapist hætta á náttúruspjöllum.

Akstur útlendinga á eigin bílum, eða bílaleigubílum, hefur aukist umtalsvert á undanförnum árum. Því miður eimir enn eftir af því að í auglýsingum sé beint eða óbeint gefið til kynna að akstur utan vega hér á landi sé sjálfsagður. Til að sporna við þessu hefur Umhverfisstofnun gefið út bækling sem hefur verið dreift á bílaleigur og í ferjuna Norrænu. Jafnframt hafa landverðir reynt að upplýsa og fræða fólk, bæði um gildandi reglur og líka um hversu viðkvæmt svæði sé um að ræða. Þá hefur Umhverfisstofnun fundað *með ríkislögreglustjóra og í framhaldi af þeim fundi og* með hliðsjón af skýrari reglum var eftirlit lögreglu með akstri utan vega aukið umtalsvert í sumar. Auk þess stóð Ferðafélag Fljótsdalshéraðs fyrir umfangsmikilli og vandaðri kynningu í sumar á því að akstur utan vega er bannaður. Félagið gerði þetta í samvinnu og með dyggum stuðningi mjög margra aðila, svo sem lögregluyfirvalda, Umhverfisstofnunar, bílaleigna, tryggingafélaga og umhverfisráðuneytisins. Ég tel að það hafi verið mjög til fyrirmyndar hvernig félagið stóð að þessari kynningu sinni og lét útbúa alls konar efni til að dreifa til ferðamanna.

[18:22]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra greinargóð svör. Ég veit að hún ber sama ugg í brjósti og við hin sem höfum áhyggjur af auknum akstri utan vega í viðkvæmri náttúru landsins og fagna því hinni nýju reglugerð. Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því að almannaréttinn um frjálsa för, hvort heldur er á ám eða vötnum eða um náttúru Íslands, má ekki takmarka. En við verðum líka að gá að því að réttinn til öræfakyrrðar hlýtur líka að verða að

virða, við sem reynum að njóta náttúrunnar höfum ólíkra hagsmuna að gæta. Ég held því að ekki sé fjarri lagi að hæstv. umhverfisráðherra gefi þessu örlítinn gaum, sérstaklega þegar svo er orðið að um að vötn landsins fara kannski fleiri, fleiri bátar á dag með mörg hundruð lítra bensíntanka. Við megum auðvitað ekki kalla yfir okkur óhöpp af því tagi sem maður sér fyrir sér að gætu mögulega átt sér stað við einhverjar aðstæður sem gætu skapast á vötnum þar sem þessir bátar fara um.

Hljóðvistarreglur og hávaðareglugerð eru hvort tveggja þættir eða tæki sem nota mætti til þess að reyna að vekja fólk til umhugsunar. Ef til vill er það bara slíkt, þegar öllu er á botninn hvolft, sem þarf að gera, þ.e. að vekja fólk til umhugsunar um að það er ekki sjálfsagt enda þótt við eigum ökutæki sem geta farið upp um fjöll og firnindi, vélsleða sem við getum ekið um á hjarni eða jöklum, að þenja þessi tæki og gefa í botn á öllum tímum sólarhringsins. Það verður kannski aðeins að skoða hvort slíkar hávaðareglur geti náð yfir akstur fólks í náttúru landsins.

Sjálf hef ég reynt að tilkynna til lögreglu um akstur bíla utan vega sem voru langt frá alþjóðaleið og enginn möguleiki fyrir lögreglu að komast til að sjá viðkomandi. Svo neita menn náttúrulega bara og þá er auðvitað ekki hægt að knýja fram neina dóma um nein mál. Ég þakka svörin.

[18:24]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég tek heils hugar undir áhyggjur hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Ég verð að viðurkenna að stundum á kyrrum kvöldum í dalnum þar sem ég bý er kyrrðin rofin og ég játa það að ég vil heldur hafa kyrrðina og fuglasönginn en hávaða af t.d. vélhjólum eða bílum. Þannig er það auðvitað. Hávaði er hins vegar fylgifiskur okkar mannanna og ekki er við öðru að búast þegar maður býr nálægt öðru fólki en að maður verði var við það. Hins vegar finnst mér allrar athygli vert hvort ekki beri að taka þessi mál til nákvæmari skoðunar. Eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni gætu verið ástæður til að setja reglur víðar en gert hefur verið til þessa.

Umræðu lokið.

Kyoto-bókunin.

Fsp. MÁ, 281. mál. — Þskj. 296.

[18:26]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Davíð Oddsson var þangað til fyrir nokkru utanríkisráðherra á Íslandi og formaður Sjálfstæðisflokksins. Sem utanríkisráðherra fór hann auðvitað með öll utanríkismálefni, samskipti okkar við aðrar þjóðir, og þar á meðal málefni okkar gagnvart samstarfi gegn loftslagsbreytingum og um rannsóknir á loftslagsbreytingum. Umhverfisráðherra hæstv. er auðvitað fagráðherra í þeim efnum og þess vegna vekur það sérstaka athygli þegar Davíð Oddsson sagði á síðasta landsfundi Sjálfstæðisflokksins, og skildi þar með eftir arfleifð sína í umhverfismálum, að Kyotosamþykktin byggðist á afar ótraustum vísindalegum grunni. Samt væri kannski ráð að líta til hennar, en þetta væri þannig. Því miður er þetta ekki þannig að Davíð Oddsson sé persónulega að tjá álit sitt heldur virðist þetta ríma við klausur sem lesa má í ræðum hæstv. umhverfisráðherra á þingum sem hún hefur farið á. Mér hefur líka verið bent á núna, eftir að þessi fyrirspurn kom fram, ræðu Gunnars Pálssonar, sendiherra í ACIA-samtökunum, þar sem hann hefur mjög snúið við blaðinu frá því sem hann sagði áður og talar núna um að það sé umræða um þessi mál fram og aftur og menn séu með miklar öfgar í þessu og láta beri vísindin sanna sitt mál áður en nokkuð verði aðhafst.

Það vekur auðvitað athygli að þau viðhorf sem ég er hér að lýsa, frá íslenskum stjórnvöldum og Davíð Oddssyni á landsfundinum, ríma nokkuð við afstöðu öfgahægrimanna í Ameríku sem teygja sig nú reyndar inn í stjórnkerfið þar og inn í Hvíta húsið með George Bush sem þar er forseti. En þau eru þannig að í raun og veru beri ekki að taka mark á þessum vísbendingum. Þetta séu vísindamenn sem eru eitthvað að leika sér, við eigum ekki að berjast á móti þessum loftslagsbreytingum heldur að sjá hvernig þær verði og reyna þá að græða á þeim það litla sem hægt er.

Því spyr ég hæstv. umhverfisráðherra, og gef henni færi á að svara því áður en hún tekur fyrir okkar hönd þátt í Montreal-ráðstefnunni sem fram undan er, í lok nóvember og í desember, um afstöðu hennar til Kyoto-samþykktarinnar og til þess hvað taka eigi við af Kyoto-samþykktinni, eins og sjá má í fyrirspurninni á þingskjali 296. Ég gef henni þar með kost á að bregðast snarplega við og skýra fyrir okkur þessa stefnu íslenskra stjórnvalda sem vafi leikur á um núna og virðist raunar — af því hér gengur í salinn hv. þm. Siv Friðleifsdóttir — mega lesa þannig að þegar ráðherrar Sjálfstæðisflokksins tóku við utanríkis- og umhverfisráðuneytunum hafi þeir breytt um stefnu í þessum málum frá því sem var þegar Framsóknarflokkurinn fór með þessi ráðuneyti. (Forseti hringir.)

[18:29]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Hér er á ferðinni óvenjuleg fyrirspurn. Það er rétt að árétta í upphafi, þar sem hv. þingmaður Mörður Árnason virðist ekki vita það, að ráðherra verður ekki krafinn svara í fyrirspurn á Alþingi um hvort hann sé sammála orðum annarra manna. Ráðherra ber hins vegar samkvæmt 49. gr. þingskapa að svara fyrir þau mál sem hann ber ábyrgð á. Það var satt að segja ótrúlegt og óvenjulegt að heyra hér strax í upphafi öfgakenndan málflutning hv. þingmanns Marðar Árnasonar. En fyrst fyrirspyrjandi kýs að spyrja með þessum hætti er rétt að setja það í samhengi sem spurt er um. Í ræðu sinni á síðasta landsfundi Sjálfstæðisflokksins lagði fyrrverandi formaður flokksins áherslu á mikilvægi umhverfismála, mikilvægi vísindalegrar þekkingar og rannsókna og tók sérstaklega fram að við ættum öll að vera umhverfissinnar. Svo virðist sem að hv. þingmaður Mörður Árnason hafi ekki lesið þessa ræðu. Hann sagði að Kyoto-bókunin byggði á ótraustum vísindalegum grunni. (Gripið fram í.) En hann sagði líka að viðleitnin með sáttmálanum væri örugglega í rétta átt.

Ég held að allir hljóti að vera sammála um að enn ríkir

talsverð óvissa um loftslagsmálin sem sést best á því að skoðanir vísindamanna á ýmsum atriðum eru skiptar og taka einnig breytingum eftir því sem tíminn líður og þekkingin á málefninu eykst. Grunnurinn í þessum málaflokki styrkist sífellt með auknum rannsóknum. Ég tel einnig mikilvægt að viðurkenna að þekking á loftslagsmálum er ekki fullkomin og þess vegna er brýnt að leggja þunga áherslu á rannsóknir til að efla þekkingu okkar á þessum mikilvægu málum. En um leið og ástæða er til að viðurkenna að þekkingin er enn ófullkomin tel ég að flestir geti verið sammála fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins um að viðleitnin með Kyoto-bókuninni er í örugglega í rétta átt enda vorum við Íslendingar í fararbroddi þeirra þjóða sem undirrituðu og fullgiltu Kyoto-bókunina undir styrkri forustu fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra Davíðs Oddssonar. Stefna ríkisstjórnar Íslands er að fylgja henni eins og fyrirspyrjanda hlýtur að vera kunnugt. Það eru hinar óhrekjanlegu staðreyndir málsins.

Um þær tvær skýrslur sem fyrirspyrjandi nefnir sérstaklega, skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og loftslagsskýrslu Norðurskautsráðsins frá því í fyrra, er það að segja að ég tel að mikil og vönduð vinna hafi farið í undirbúning þeirra og að mikill fengur sé af skýrslum af þessu tagi. Lokið var við loftslagsskýrslu Norðurskautsráðsins undir forustu okkar Íslendinga í ráðinu og niðurstöður hennar voru kynntar á ráðherrafundi í Reykjavík fyrir réttu ári. Þar var unnið mikið og gott verk sem ég er stolt af fyrir okkar hönd.

Skýrslur sem þessar eru það sem við höfum mest byggt á í þessum málaflokki. Við ættum hins vegar ekki að gefa í skyn, eins og mér virðist fyrirspyrjandi gera, að allt sem þar stendur sé hafið yfir vafa og að engin álitamál séu fyrir hendi. Það dettur engum í hug, allra síst vísindamönnunum sjálfum sem hafa unnið þessar skýrslur, og í skýrslunum er víða komið inn á óvissuna sem ríkir í þessum efnum sem er einmitt ástæða þess að við þurfum á frekari rannsóknum að halda. Þetta hljóta allir að gera sér ljóst. En þann 28. nóvember til 9. desember næstkomandi verður 11. aðildarþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna haldið í Montreal í Kanada. Fundurinn verður jafnframt fyrsti aðildarfundur Kyoto-bókunarinnar. Ég ætla í seinni ræðu minni að koma frekar inn á þau mál.

[18:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er alveg ástæða til þess að efast um heilindi íslenskra stjórnvalda þegar Kyoto-bókunin er annars vegar. Við erum öll minnug þess að ekki var hún fullgild fyrr en ljóst var að við fengjum undanþáguákvæðið okkar samþykkt um 1 milljón og 600 þúsund tonna losunarkvóta án þess að fyrir kæmi nokkurt gjald eða neitt slíkt. Það er ekki að ófyrirsynju að menn hafa áhyggjur og spyrja spurninga eins og hv. fyrirspyrjandi. Ég sakna þess að hæstv. umhverfisráðherra skuli ekki hafa sagt neitt um hvað eigi að gera eftir 2012 þegar fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar lýkur. Allir vita að hér er á fleygiferð undir forræði ríkisins stóriðjustefna og áform um stóriðjuver sem sprengja allar heimildir sem Kyoto-bókunin heimilaði Íslendingum. Það er ekki að ófyrirsynju að fólk spyr: Hvað ætla stjórnvöld að gera eftir 2012? Það vantar svar við því.

[18:35]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í tilefni af 3. lið fyrirspurnarinnar, spurningu um hvort taka eigi mið af Kyoto-bókuninni eftir 2012, lýsa yfir þeirri skoðun minni að við höfum ekkert fyrirkomulag annað en Kyoto-bókunina til að taka á þessum málum. Mér finnst því einsýnt að menn hljóti að byggja á henni. Þess vegna finnst mér líka við hæfi að heyra hvort hæstv. umhverfisráðherra hefur velt því fyrir sér hvað við gerum. Nú fengum við íslenska ákvæðið, 1,6 milljón tonna. Það var fráleitt að vera á móti því ákvæði enda voru allir umhverfisráðherrar heimsins að lokum á því að styðja það af því það er átta sinnum betra fyrir andrúmsloftið að framleiða ál á Íslandi heldur en með olíu og kolum eins og gert er víðast hvar annars staðar. Því er mjög merkilegt að Vinstri grænir hafi ekki stutt það fyrst þeir hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum. En það er eðlilegt að spyrja: Hvað svo? Munum við viðhalda þessu ákvæði eða hvernig verður staðið að framhaldinu?

[18:36]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Frú forseti. Hvað svo? Hæstv. umhverfisráðherra hefur ekki svarað því enn þá. Það er kannski eðlilegt því orðalag og efnisinnihald fyrri spurninganna virðist hafa komið við kaunin á hæstv. ráðherra. Ég hef satt að segja ekki heyrt í ráðherranum svona hvössum síðan hún komst í þetta embætti og ég fagna því að það skuli þó vera einhverjar tilfinningar eftir í ráðherranum því þær hefur heldur skort í þessu máli. Það er klárt að Davíð Oddsson, sá sem ráðherrann hefur bundið trúnað við nú í rúman áratug, sagði ekki að vísindagrunnurinn væri ótraustur. Hann sagði að hann væri afar ótraustur. Það þýðir nánast að hann sé ekki til. Það er þessi skoðun, sem Davíð Oddsson hefur þó dug í sér til að koma með ótvírætt á lokastigi sinnar pólitísku vegferðar, sem lýsir af öllu öðru sem kemur frá umhverfisráðuneytinu, umhverfisráðherranum og utanríkisráðherranum þessa dagana. Gunnar Pálsson sendiherra sagði í ræðu 10. nóvember síðastliðinn í Kaupmannahöfn t.d. þetta, lauslega snarað innan húss af þingmanninum sjálfum, með leyfi forseta, að vísindaskýrsla Norðurskautsráðsins leiði ekki til ótvíræðra ályktana um hvað eigi að gera til að vinna úr loftslagsbreytingum.

Nei, það er nefnilega það. Þetta er merkilegt sjónarmið vegna þess að ef maður vill nota þetta orðalag þá getur maður auðvitað sagt sem svo að þessar vísindaniðurstöður séu þannig að engar ótvíræðar ályktanir sé af þeim að draga. Það getur maður sagt um allar vísindaniðurstöður. Það sem hér um ræðir er auðvitað það að allir alvörufræðimenn og allir alvöruumhverfisráðherrar og utanríkisráðherrar í heiminum eru sammála um — og út á það gekk Kyoto-bókunin — að það séu ótvíræðar vísbendingar í hinum vísindalegu forsendum um hvað eigi að gera til að vinna á loftslagsbreytingum. Það eru þær ótvíræðu vísbendingar sem ég er að spyrja umhverfisráðherrann um auk þess sem ég er að spyrja hvort (Forseti hringir.) hún heldur áfram Kyoto-stuðningi okkar eða hvort hún fylgir George

Bush og Ameríkönum í því að þurrka út það samkomulag.

[18:39]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég geri mér vonir um að á 11. aðildarþinginu, eins og ég nefndi áðan, í Montreal geti náðst samkomulag um umræðugrundvöll fyrir viðræður um hvað taki við eftir að Kyoto-bókunin rennur sitt skeið árið 2012. En ég tel útilokað á þessari stundu að meiri árangur en það náist að þessu sinni. Það er enn langt í land að samkomulag náist um hvað gerist eftir Kyoto. Ég tel líka allt of snemmt að segja til um hvaða aðferð verður hægt að beita til að takast á við loftslagsmálin eftir 2012. Mesta óvissan í því sambandi er hvort unnt verður að fá þau ríki sem nú standa utan við bókunina til að taka þátt í henni. Það er meginverkefnið. Takist það ekki er erfitt að sjá fyrir sér framhaldið.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni Siv Friðleifsdóttur að við höfum Kyoto-bókunina í höndunum. Við Íslendingar erum aðilar að henni og það er okkar stefna í þessum málum. En meginforsendan fyrir árangri til framtíðar er að ná samstöðu ríkja um aðgerðir enda gefur augaleið að til að takast á við hnattræn viðfangsefni þarf hnattrænt átak. Það getur ekki gengið að sum ríki, jafnvel fjölmenn og með mikla framleiðslu, standi utan við átakið. Það einfaldlega gengur ekki upp. Það er algjörlega skýrt. Þetta er brennandi mál sem við verðum síðan að sjá hvernig þróast á næstu mánuðum og árum.

Umræðu lokið.

Æfingasvæði fyrir torfæruhjól.

Fsp. SF, 291. mál. — Þskj. 309.

[18:41]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér spyr ég hæstv. umhverfisráðherra hvort ráðherra telji æskilegt að fjölga æfingasvæðum fyrir torfæruhjól, af umhverfisástæðum og með tilliti til vaxandi hóps þeirra sem aka torfæruhjólum. Ef svo er, hyggst ráðherra beita sér fyrir fjölgun svæðanna í samstarfi við sveitarfélög og hagsmunaaðila?

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að þessi hópur hefur stækkað mjög ört. Hann hefur farið mjög vaxandi. Fjöldi fólks keyrir torfæruhjól sér til ánægju. Þessi hópur mun vaxa meira í framtíðinni að mínu mati. Hann mun ekki hverfa. Það er alveg ljóst að þessi hópur á sinn rétt eins aðrir, alveg eins og bíleigendur, hestamenn, fótboltamenn og aðrir hópar í samfélaginu. Við höfum séð núna, á þeim árum sem þessi hópur hefur vaxið, að ekki hefur verið komið til móts við hann gagnvart lagaumgjörðinni og aðstöðu og allri umgjörð í þessu sporti. Nú geta menn kallað torfæruaksturinn sport. Þetta er ekki samgöngutæki lengur. Þetta er orðið meira sport. Ég tel því eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún líti ekki á þetta sem umhverfismál að vissu leyti vegna þess að það þarf að byggja upp svæði svo þessi hópur geti stundað íþrótt sína innan ákveðinna marka. Enginn vill utanvegaakstur. Til eru samtök torfærubifhjólamanna sem heita VÍK, Vélhjólaíþróttaklúbburinn. Þar innan dyra eru um 600 manns. Hjólin eru um 3.000. Þetta er því stór hópur. Í VÍK eru menn mjög ákveðnir í að standa sig vel gagnvart umhverfinu. Hrafnkell Sigtryggsson sem er formaður VÍK — ég sé reyndar að hann er hér á pöllunum til að fylgjast með þessari umræðu — hann og forusta VÍK hefur beitt sér fyrir því að þessi hópur haldi sig innan ákveðinna svæða og sé ekki í utanvegaakstri. En það vantar mjög tilfinnanlega svæði. Það er búið að útvega nokkur svæði. Á suðvesturhorninu má nefna Álfsnes sem var útvegað í samstarfi við Reykjavíkurborg og fleiri og það er nýbúið að opna svæði við Litlu kaffistofuna. Það er svæði í Grindavík og á landsbyggðinni eru svæði við Ólafsfjörð, Ólafsvík og Akureyri. En það sárvantar fleiri svæði. Það þarf líka að byggja upp þau svæði sem komin eru. VÍK reynir að standa sig í þessu og mun verða með starfsmann í hlutastarfi sem þeir ætla að reka bara á styrkjum frá fyrirtækjum. Ég tel því mjög brýnt að umhverfisráðherra beiti sér í samstarfi við aðra hlutaðeigandi ráðherra því það eru fleiri mál sem þarf að laga gagnvart þessum hópum. Þar eru það sérstaklega samgönguráðherra og viðskiptaráðherra sem þurfa að koma að. Ég spyr því: Vill ráðherra beita sér í þessu?

[18:44]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég tel mjög æskilegt að fjölga æfingasvæðum fyrir torfæruhjól og hef raunar unnið að því að þeim verði fjölgað, bæði í samvinnu við sveitarfélög og áhugamenn um akstur torfæruhjóla og vélhjóla. Akstur vélknúinna torfærutækja er og hefur verið vaxandi vandamál og víða um land hefur verið kvartað yfir landspjöllum af þeirra völdum. Öll umferð þessara tækja sem og annarra vélknúinna ökutækja er óheimil nema á vegum og á sérstaklega afmörkuðum svæðum sem hafa til þess leyfi.

Umferð vélknúinna ökutækja í náttúru landsins er bönnuð samkvæmt lögum um náttúruvernd. Það er jafnframt óheimilt að vera á þessum tækjum á göngustígum, reiðstígum, fjárgötum, fornum leiðum eða öðrum stígum sem myndast hafa. Notkun þessara tækja er þar að auki aðeins heimil á vegum að tækin séu skráð. Auk þess er akstur þeirra heimill á til þess gerðum æfingasvæðum, eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi réttilega áðan. Þau svæði eru því miður allt of fá enn sem komið er og þess vegna hef ég lagt áherslu á að þeim verði fjölgað.

Ráðuneytið hefur látið þessi mál til sín taka með ýmsum hætti. Fyrst er að nefna endurskoðun á reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands, nr. 528/2005, sem er ætlað að koma í veg fyrir náttúruspjöll af akstri utan vega og skýra og draga úr óvissu sem um þessi mál ríkti. Í maí sl. átti ég síðan fund með forsvarsmönnum Vélhjólaíþróttaklúbbsins og fleirum þar sem við ræddum um akstur utan vega, tillögur til úrbóta og æfingasvæði fyrir torfæruhjól. Í júní sl. átti ég fund með bæjarstjórum á höfuðborgarsvæðinu þar sem farið var yfir stöðu þessara mála.

Nokkur sveitarfélög á suðvesturhorni landsins eru að skoða í samvinnu við félög vélhjólamanna möguleika á því að taka frá ákveðin svæði fyrir torfæruvélhjól og nauðsyn

þess að taka hart á akstri þeirra utan samþykktra svæða. Nauðsynlegt er að svæði þessi séu afmörkuð í skipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Ég tel að slík lausn sé eina raunhæfa lausnin á þeim vanda sem nú blasir við.

Auk þessa sendi ég Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum bréf með beiðni um að hugað yrði að þessu máli og að þau hefðu frumkvæði að samvinnu sveitarfélaga á suðvesturhorni landsins um að vinna að því að vélhjólamenn hafi möguleika til að sinna þessu áhugamáli með því að velja heppileg en þó skýrt afmörkuð svæði. Jafnframt var þeim boðin sú aðstoð sem ráðuneytið getur veitt við þetta verkefni.

Síðast en ekki síst vil ég nefna að þegar hefur náðst nokkur árangur í því að bæta aðstöðu vélhjóla- og torfæruhjólamanna en í sumar undirrituðu þeir samkomulag við sveitarfélagið Ölfus um afnot af Jósepsdal til aksturs torfæruhjóla og þar er þegar hafin uppbygging sem vélhjólamennirnir standa sjálfir fyrir. Með þessu batnaði aðstaða þeirra mjög til að iðka íþrótt sína um leið og líkur á utanvegaakstri verða minni og þar með álagið á náttúruna. Þetta samkomulag er til fyrirmyndar og framlag sveitarfélagsins Ölfuss er sérstaklega rausnarlegt og virðingarvert.

Ég mun áfram beita mér í þessu máli og vænti þess að sveitarfélögin, ekki síst á þéttbýlissvæðum eins og á höfuðborgarsvæðinu, vinni saman að frekari lausn þess og að það taki sem stystan tíma vegna þess að hér er um að ræða mál sem þarfnast skjótrar úrlausnar. Það er líka alveg ljóst að ótrúlegur fjöldi fólks, eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi, tekur þátt í þessum íþróttagreinum og brýnt að komið sé til móts við þarfir þess.

[18:49]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því sem fram kom í svari hæstv. umhverfisráðherra. Þessi mál virðast vera á ágætri hreyfingu þó að þau mættu eflaust vera komin lengra á veg. Ég held að allir hljóti að geta verið sammála um að eigendur þessara farartækja, torfæruhjóla, eigi í raun og veru inni hjá stjórnvöldum vegna þess að innflutningur á þessum farartækjum hefur aukist alveg gríðarlega á undanförnum missirum og menn borga náttúrlega tolla og aðflutningsgjöld af þeim og það sé bara sanngjörn krafa að fólk fái eitthvað í staðinn. Stjórnvöld þurfa náttúrlega að stuðla að því að ólöglegum akstri utan vega linni og þessari íþrótt verði komið í viðunandi horf á lokuðum svæðum. Ég get reyndar ekki ímyndað mér annað en að einhver sóknarfæri hljóti að vera falin í því fyrir sveitarfélögin í nágrenni höfuðborgarinnar að bjóða einmitt upp á slíka aðstöðu.

[18:50]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég fagna því að þessu máli skuli vera hreyft hér. Það er stærra en margan grunar og mikið umhverfismál. Að þessu sinni liggur vandamálið ekki hjá ökumönnum eins og margur vill eflaust halda fram heldur er það, eins og hér hefur komið fram, skortur á aðstöðu. Vélhjólaíþróttamenn hafa oft kallað eftir henni og ég fagna því að ráðherra skuli hlýða því kalli. Eins og skýrt hefur komið fram eru þeir stækkandi hópur og að sjálfsögðu eiga þeir rétt á æfingaaðstöðu og íþróttaaðstöðu eins og aðrir hópar innan íþróttahreyfingarinnar.

[18:51]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir þessi ágætu svör. Fram kemur í alveg glænýju minnisblaði frá Umferðarstofu frá 24. október 2005 að verið er að innheimta vörugjald, virðisaukaskatt og skráningargjöld af þessum hjólum. Það er auðvitað óviðunandi að vélahjólaeigendur geti síðan illa nýtt hjól sín. Það er því mjög brýnt að bæta úr aðstöðunni. Það er rétt að komin eru í notkun nokkur svæði en þau þurfa að vera miklu fleiri og þau þurfa líka að verða betri. Framtíðardraumurinn hlýtur að vera sá að hérna verði góð, sérútbúin, lokuð æfinga- og keppnissvæði. Þar verði góðar brautir og þar verði gætt eins mikils öryggis og hægt er. Þar verði líka aðstaða fyrir keppendur, hús þar sem fólk getur komið inn og stundað félagsstarfsemi, þar sem áhorfendur, foreldrar og aðrir aðstandendur geta verið.

Í þessu sambandi þarf líka að setja skýrar reglur um hvað má og hvað má ekki í þessari þrótt. Þar þarf verulega að bæta úr. Það þarf einhver að taka þetta að sér og það er mjög óþægilegt fyrir þennan áhugahóp að vera alltaf vísað sitt á hvað. Umræddum hópi hefur verið svolítið vísað á milli aðila og það verður einhver í stjórnsýslunni að taka þetta að sér. Það væri ef til vill eðlilegt að setja á nefnd þar sem í væru fulltrúar frá þeim ráðuneytum sem málið snerta, þ.e. umhverfisráðuneyti, viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti — þetta er íþróttagrein og er að fara undir ÍSÍ — félagsmálaráðuneyti vegna sveitarstjórnarmálanna, hugsanlega Samband íslenskra sveitarfélaga og að sjálfsögðu VÍK, Vélhjólaíþróttaklúbburinn sjálfur, hann þarf að vera með. Það þarf því einhver einn miðlægur aðili að vaka yfir þessum málaflokki og koma á einhvers konar stefnumótun þannig að við sjáum betri framgang.

Ég fagna því sérstaklega að hæstv. umhverfisráðherra tók undir að æfingasvæði væru allt of fá og vildi gjarnan beita sér í því í samstarfi við aðra að bæta þar úr.

[18:53]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir þessa ágætu umræðu. Það er alveg skýrt að þingmenn hafa áhuga á því að bæta hér úr. Ég tek undir með þeim og hef þess vegna verið að ýta á um úrbætur. Í mínum huga eru sveitarfélögin algjörir lykilaðilar í þessum efnum því að það eru þau sem geta í raun og veru lagt fram slík æfingasvæði. Ég nefndi t.d. sveitarfélagið Ölfus áðan en það er líka æfingasvæði á Snæfellsnesinu, í Snæfellsbæ, sem er mjög áhugavert svæði og síðan nefndi hv. þm. Siv Friðleifsdóttir réttilega Álfsnesið og líka Grindavík, svæði í nálægð við Grindavík.

Ég tel því að lausna sé fyrst og fremst að vænta hjá sveitarfélögunum sem mundu duga til framtíðar og þau taki þessi mál inn í skipulagsvinnu sína. Ég tel það vera mjög mikilvægt atriði. Brýnt er að þarna fáist úrlausn og mér hef-

ur fundist að þau sveitarfélög sem hafa tekið undir það hafi brugðist rausnarlega við.

Umræðu lokið.

Spilafíkn.

Fsp. GHall, 99. mál. — Þskj. 99.

[18:55]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég minnist þess á haustdögum 1993 að miklar umræður urðu hér um spilakassa vegna áhuga björgunarsveita og fleiri aðila sem vildu fá að reka spilakassa. Miklar umræður urðu á þinginu og þess þá getið að aðilar hefðu komið sér saman um að skapa sérstaka leið í gegnum SÁÁ sem átti að vera til að „affíkna" spilafíkla. Það vakti mikla athygli og mikil umræða var í þinginu um málið og til hvers það gæti leitt.

Við stöndum frammi fyrir því að hluta af tekjum ríkissjóðs vegna áfengissölu og tóbakssölu hefur verið varið til þess að koma með fyrirbyggjandi leiðir og vinna markvisst að því að leiða fólk frá þessu og grípa þá inn í ef um ofnotkun er að ræða.

Svo hefur raunin orðið líka með spilakassana að of margir spilafíklar hafa ánetjast spilakössunum og því tel ég ástæðu til að leggja fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra:

1. Hve margir hafa farið í meðferð vegna spilafíknar á sl. þremur árum, annars vegar hjá SÁÁ og hins vegar á geðdeild Landspítalans eða öðrum stofnunum?

2. Hvernig er skiptingin eftir kynjum og hvernig er aldurssamsetningin?

3. Hver hafa úrræðin verið og hvað varir meðferð að jafnaði lengi?

4. Hvers konar spilamennska er helsta orsök spilafíknar?

5. Hve margir hafa náð bata á fyrrnefndu tímabili?

[18:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykv. s. hefur beint til mín fyrirspurn um meðferð við spilafíkn. Þingmaðurinn spyr hve margir hafi farið í meðferð vegna spilafíknar á síðustu þremur árum hjá SÁÁ og geðdeild Landspítalans eða öðrum stofnunum.

Þá er spurt um skiptingu eftir kynjum og um aldurssamsetningu, hvaða úrræði hafi verið um að ræða og hve meðferð vari að jafnaði lengi, hvers konar spilamennska sé helsta orsök spilafíknar og hve margir hafi náð bata á umræddu tímabili.

Virðulegi forseti. Í svari við þessum spurningum frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi kemur fram að ekki hefur verið veitt sérhæfð meðferð við spilafíkn á geðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss. Hins vegar komi oft í ljós við meðhöndlun einstaklinga með áfengis- og fíkniefnavanda að þeir hafi einkenni spilafíknar. Við þessu sé brugðist í meðferðinni án þess þó að um sérhæfða meðferð sé að ræða. Þá kemur fram í svari Landspítala – háskólasjúkrahúss að ekki liggi fyrir hve margir sjúklingar geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss eigi í erfiðleikum vegna spilafíknar né hverjar batalíkur séu.

Helstu úrræði fyrir spilafíkla eru veitt hjá SÁÁ en einnig er ráðuneytinu kunnugt um að fólk með spilafíkn sé til meðferðar hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum og geðlæknum. Því miður reyndist ekki unnt að útvega í tíma upplýsingar um þau efnisatriði sem fyrirspurn hv. þingmanns tekur til. Svar mitt er því byggt á takmörkuðum upplýsingum úr ársskýrslu SÁÁ fyrir árið 2004.

Samkvæmt umræddri ársskýrslu er spilafíklum veitt göngudeildarþjónusta og að jafnaði eru um 10–15 manns sem nýta sér vikulegan stuðningshóp fyrir spilafíkla. Einnig er hjá SÁÁ boðið upp á meðferðarnámskeið fyrir aðstandendur auk einstaklingsráðgjafa og stuðningshópa. Hefðbundin meðferðarnámskeið fyrir aðstandendur eru haldin á kvöldin tvisvar í viku og standa í fimm vikur.

Fram kemur að til þess að koma til móts við þarfir landsbyggðarfólks séu reglulega haldin helgarnámskeið í Reykjavík og á Akureyri. Í skýrslunni segir að í nokkrum tilvikum séu spilafíklar lagðir inn á Sjúkrahúsið Vog ef andlegt ástand er talið mjög slæmt. Vikulegir fundir GA, Gamblers Anonymous, og GamAnon-samtakanna eru haldnir í húsnæði göngudeildar SÁÁ í Reykjavík.

Ég vil einnig gera grein fyrir því að í byrjun árs 2004 voru stofnuð Samtök áhugafólks um spilafíkn sem hafa að markmiði að auka umræðu og þekkingu á spilafíkn á Íslandi, vinna að forvarnastarfi og veita þeim sem eiga við spilafíkn að etja hjálp og aðstoð. Leitað var til heilbrigðisráðherra um styrk til að koma samtökunum á fót og varð ég við þeirri beiðni.

Virðulegi forseti. Eins og ég gerði grein fyrir áðan skortir mig upplýsingar um þá efnisþætti sem hv. þingmaður óskaði svara við. Ég vona þó að þær upplýsingar sem hér hafa komið fram varpi einhverju ljósi á hvaða meðferðarúrræði standa til boða þeim einstaklingum sem haldnir eru spilafíkn. Þó að ég geri mér grein fyrir að svar mitt sé ekki tæmandi vona ég að það sé til gagns til umræðna um málið.

[19:01]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir þau svör sem hann flutti hér úr ræðustól Alþingis. En ég verð nú að lýsa því yfir að ég hefði gjarnan viljað fá ítarlegri svör við þessu alvarlega ástandi sem virðist því miður blasa við enda er líka búið að stofna sérstök samtök til stuðnings þeim sem lenda í þessu. Það hlýtur að vera umhugsunarefni í allri þeirri miklu peningalegu veltu sem er í kringum þessa spilakassa hvort ekki væri eðlilegt að hluti af þeirri upphæð rynni beint til þess að affíkla þessa spilafíkla. En í stað þess lendir þetta á skattgreiðendum

Það er kannski minnsta málið í þessu. Aðalmálið er að geta veitt þessu fólki þá þjónustu og meðferð sem má leiða til þess að það geti aftur farið að lifa eðlilegu lífi og sé ekki nánast handbendi þessara spilakassa sem því miður hefur of oft komið upp á. Enn fremur hefur hér oftar en ekki verið sagt frá fjölskylduharmleikjum sem hafa myndast vegna spilafíknar. Ég skil mætavel orð hæstv. heilbrigðisráðherra sem talar um að hér hafi ekki verið nægur tími til að fá ítar-

legri upplýsingar. Síðar mun gefast betra tækifæri bæði til að vera með betri fyrirspurnir og markvissari og þá munu svörin væntanlega verða í samræmi við það.

[19:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Eins og ég tók fram skorti mig upplýsingar til að svara þessari fyrirspurn tæmandi. En ég tel að full þörf sé á því að fara í ítarlegri skoðun á umfangi þessa vanda. Það þarf að taka á honum. SÁÁ hefur verið miðpunktur í þessu starfi. En full þörf er á því að greina vandann og leggja meiri vinnu í það. Við höfum því miður ekki úr þeim tekjum að spila í ráðuneytinu sem koma inn á spilakassana. Hins vegar vil ég undirstrika að full þörf er á því að bæta statistíkina í þessu og gera sér grein fyrir umfangi vandans. Hann er fyrir hendi. Skráningin á þessu er best hjá SÁÁ. Eins og kom fram í svari mínu þá er ekki veitt sérhæfð meðferð á Landspítala – háskólasjúkrahúsi við spilafíkn. Það hafa ekki verið skráningar þar sem hægt er að byggja á í þessu sambandi. Það er full þörf á því að fara yfir þetta mál í framhaldinu.

Umræðu lokið.

Rafræn sjúkraskrá.

Fsp. VF, 257. mál. — Þskj. 270.

[19:05]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að afla mér upplýsinga um rafræna sjúkraskrá. Það hefur orðið mikil þróun frá því að landsmenn fóru að nýta sér netið manna á milli og líka að nýta sér það til að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu og upplýsingum. Þann 22. mars 2001 var fyrsti rafræni lyfseðillinn sendur frá lækni í apótek. Nú þegar er í notkun á Landspítala – háskólasjúkrahúsi stafrænt myndgeymslukerfi og næst er það þá væntanlega rafræn sjúkraskrá.

Rafræn sjúkraskrá mun þjóna bæði hagsmunum sjúklinga og samfélagsins og auka gæði þjónustunnar. Hún er að mörgum talið eitt brýnasta verkefnið á sviði heilbrigðismála og ein af forsendum þess að við höldum áfram því forskoti sem við höfum varðandi gæði þjónustunnar. Hún mundi taka við hefðbundnum pappírsskrám á ýmsan hátt bæði hvað varðar nauðsynlegt aðgengi að upplýsingum fyrir þá er veita sjúklingi meðferð og hvað varðar öryggi gagnanna varðandi misnotkun.

Mér skilst að nefnd hafi verið að störfum. Því spyr ég, virðulegur forseti:

Hyggst ráðuneytið koma á rafrænni sjúkraskrá á Landspítala – háskólasjúkrahúsi? Ef svo er, hvernig gengur það verk og hvenær er áætlað að því ljúki, ef því getur lokið?

[19:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hreyfa hér þessu mikilvæga máli.

Á fyrri hluta ársins 2004 samþykkti ríkisstjórnin stefnumörkun um upplýsingasamfélagið fyrir tímabilið 2004–2007 og birtist hún í skýrslunni Auðlindir í allra þágu sem forsætisráðuneytið gaf út sama ár. Í skýrslunni sem tók við af fyrri stefnumörkun um sama efni frá árinu 1996 segir m.a.:

„2. Tekin verði markviss skref varðandi innleiðingu á rafrænni sjúkraskrá fyrir alla heilbrigðisþjónustu, jafnt á sjúkrastofnunum sem á heilsugæslustöðvum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Fram fari kostnaðarmat og fyrir liggi framkvæmdaáætlun árið 2004."

Á árinu 2004 fékk heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið til samtals við sig fyrirtækið ParX viðskiptaráðgjöf og IBM Business Consulting Services til að meta stöðu mála og skilgreina helstu verkþætti í upplýsingavæðingu heilbrigðiskerfisins. Í skýrslu fyrirtækjanna frá því síðari hluta ársins 2004 er því haldið fram að fjárfesting í rafrænni heilbrigðisþjónustu muni fela í sér verulegan fjárhagslegan ávinning og stuðla jafnframt að auknum gæðum heilbrigðisþjónustunnar. Það var mat umræddra fyrirtækja að ráðast þyrfti í fjárfestingar fyrir tæplega 2 milljarða kr. til að byggja upp frá grunni heilbrigðisnet og rafræna sjúkraskrá á þriggja til fjögurra ára tímabili. Önnur leið kæmi einnig til greina. Væri sú að byggja og þróa þá upplýsingatækni sem þegar er í notkun hjá heilbrigðisstofnunum víðs vegar um landið. Fyrri leiðin fæli þannig í sér umtalsverð fjárútlát á stuttum tíma en aftur á móti skjótan fjárhagslegan ávinning. Síðari leiðin þýddi hins vegar minni bein útgjöld næstu árin en ábatinn yrði kannski ekki sá sami og ef fyrri leiðin væri valin. Heildarkostnaðurinn gæti orðið meiri til lengri tíma í síðara tilvikinu en því fyrra.

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið telur hins vegar að ekki sé hægt að fullyrða neitt um þetta því að mörg dæmi eru um að kostnaður hafi farið úr böndunum þegar of geyst er farið í upplýsingavæðingunni. Það sýnist því raunhæft að reikna með að fjárfestingarþörfin samkvæmt síðari leiðinni muni í heild nema u.þ.b. 1 milljarði kr. á fyrrgreindu þriggja til fjögurra ára tímabili.

Landspítalinn – háskólasjúkrahús setti á stofn á árinu 2003 nefnd til að skipuleggja og stjórna gerð rafrænnar sjúkraskrár á sjúkrahúsinu. Verkefni nefndarinnar snýr einkum að innleiðingu Sögu-kerfisins við rafræna skráningu og úrvinnslu heilsufarsupplýsinga ásamt tengingu þess við önnur upplýsingakerfi sjúkrahússins. Við uppbygginguna hefur verið farin sú leið að byggja á einingum sem eru samþættar í eina heild frekar en taka í notkun eitt stórt kerfi sem á að leysa allar þarfir spítalans.

Fyrsta útgáfa rafrænnar sjúkraskrár hefur þegar verið tekin í notkun á öllum deildum Landspítala – háskólasjúkrahúss og er gert ráð fyrir að samfelld sjúkraskrá og upplýsingakerfi, rafræn lyfjaumsýsla og fleiri lykilverkefni verði komin í fulla notkun á spítalanum fyrir árslok 2008. Landspítali – háskólasjúkrahús gerir ráð fyrir að alls verði varið rúmlega 500 millj. kr. til fjárfestingar í upplýsingatækni á spítalanum á tímabilinu 2006–2008 og er sú tala í stórum dráttum í samræmi við fyrrgreint mat ráðuneytisins á fjárfestingarþörfinni.

Ég vona að þetta svari spurningum hv. þingmanns.

[19:10]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég þakka ráðherra fyrir skýr og greinargóð svör og fagna því að fyrirbrigðið rafræn sjúkraskrá sé í fullum gangi. Það er rétt að þetta tekur tíma og það borgar sig yfirleitt ekki fara flaustурslega í slík verkefni en, eins og ég segi, ég vil fagna þessu alveg sérstaklega því að hér er um að ræða mikla bót á þjónustu og eflaust mun þetta líka draga mikið úr kostnaði.

[19:11]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hv. þingmaður sagði um þessi mál. Ég undirstrika enn einn þátt í þessu. Sá er öryggið. Rafræn uppbygging í heilbrigðisþjónustunni eykur öryggi í þjónustunni. Það er algjört grundvallaratriði.

Varðandi þjónustuna þá er mikið grundvallaratriði sem ætti að spara tvíverknað t.d. á stórum spítala eins og Landspítala – háskólasjúkrahúsi að kerfin á spítalanum tali saman, ef svo má segja, þannig að hægt sé að halda utan um á einum stað allar upplýsingar um sjúklinga sem eru þar inni, halda utan um allar upplýsingar um rannsóknir sem hafa verið gerðar þannig t.d. að sjúklingurinn þurfi ekki að segja til nafns og kennitölu mörgum sinnum á mörgum stöðum við hverja rannsókn sem gerð er. Þetta er mjög áríðandi mál, mjög mikið mál hvernig sem á það er litið og ekki síst frá öryggissjónarmiði. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hreyfa þessu hér.

Umræðu lokið.

Byggðastofnun.

Fsp. AKG, 190. mál. — Þskj. 190.

[19:12]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er alkunna að breytingar á fjármálamarkaði ásamt því að stofnuð hefur verið Byggðarannsóknastofnun á Akureyri hafa breytt mjög starfsskilyrðum Byggðastofnunar. Umfang lánastarfsemi stofnunarinnar hefur minnkað og umsækjendur um lán eru auk þess oft verr í stakk búnir til að standa undir lánum en áður. Stofnunin hefur því verið rekin með tapi undanfarið.

Byggðastofnun er m.a. ætlað að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni, undirbúa, skipuleggja og fjármagna verkefni, veita lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Þetta er ekkert smáræðis hlutverk. En stofnunin hefur því miður afar litla möguleika til að sinna þessu hlutverki sínu. Einmitt þess vegna heyrast óánægjuraddir eins og alltaf þegar stofnun er fært mikið verkefni en ekki aðstæður til að inna það sómasamlega af hendi. Það er ljóst að mikil þörf er á stuðningi við uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni, ekki síst á svæðum sem eiga í erfiðleikum vegna hnignunar hefðbundinna starfsgreina og lágra meðaltekna sem fylgja í kjölfarið.

Á fundi þingmanna Norðvesturkjördæmis með Fjórðungssambandi Vestfirðinga nýverið lýstu heimamenn mikilli ánægju með starfsemi Byggðastofnunar og þeirri skoðun að illa væri fyrir Vestfjörðum komið ef hennar nyti ekki við. Jafnframt var lýst áhyggjum af stöðu Byggðastofnunar og voru þingmenn hvattir til að vinna að eflingu hennar. Það er því afar mikilvægt að ljúka boðaðri úttekt á Byggðastofnun nú þegar og hefja vinnu með niðurstöðurnar vegna þeirra sem stofnunin þjónar, vegna stofnunarinnar sjálfrar og vegna starfsfólksins, en allir þessir aðilar hanga í raun í lausu lofti á meðan ekkert kemur frá hæstv. ráðherra, yfirmanni Byggðastofnunar. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðherra:

1. Hvað líður gerð úttektar sem boðuð var á síðasta þingi að gerð yrði á starfsemi Byggðastofnunar?

2. Ef niðurstöður liggja fyrir, hvernig er þá fyrirhugað að nýta þær og hefur sú vinna hafist?

3. Hvar eru niðurstöður aðgengilegar fyrir þingmenn, liggi þær fyrir?

[19:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr hvað líði úttekt á starfsemi Byggðastofnunar. Eins og fram kom í svari mínu til hv. fyrirspyrjanda á síðasta þingi var unnið að greiningu á ytri þáttum í starfsumhverfi Byggðastofnunar sem og innri þáttum í þeirri starfsemi. Þeirri greiningu er núna lokið. Þá spyr hv. þingmaður hvernig fyrirhugað sé að nýta þær niðurstöður. Meginniðurstaða greiningar á stöðu Byggðastofnunar er að stofnunin eigi við verulegan vanda að stríða, eins og kom fram í máli hv. þingmanns, fjárhagsstaðan sé mjög erfið og fátt bendir til þess að fjármögnunarstarfsemin geti að óbreyttu orðið fjárhagslega sjálfbær. Í greiningunni kemur fram að þetta sé ekki óumbreytanlegt og til staðar séu tækifæri til að móta nýjar stefnur og áherslur með því markmiði að gera starfsemina markvissari og sérhæfðari. Slíkum breytingum megi e.t.v. ná fram með áherslubreytingum innan núverandi skipulags en einnig komi til greina stærri breytingar sem þá fælust í uppstokkun og endurskilgreiningu á bæði fjármögnunar- og atvinnuþróunarstarfseminni.

Í kjölfar þess að greiningin lá fyrir skipaði ég starfshóp um framtíðarþróun Byggðastofnunar. Er hópnum ætlað að meta báða þá málaflokka sem starf Byggðastofnunar hvílir á, þ.e. fjármögnunarstarfsemina annars vegar og verkefni á sviði atvinnuþróunar hins vegar. Hópnum er ætlað að meta þessa málaflokka með tilliti til eftirfarandi: Samfélagslegra markmiða og hlutverks ríkisins í byggðamálum. Möguleika markaðarins á því að leysa ákveðin verkefni er tengjast núverandi starfsemi Byggðastofnunar. Að unnt verði að stunda fjármögnunarstarfsemi án aukinna fjárveitinga og að atvinnuþróunarstarfsemin geti tekist á við framtíðarverkefni á sviði nýsköpunar. Vinna starfshópsins hófst í sumarbyrjun og stendur enn. Vonir standa til að hópurinn skili af sér mjög fljótlega.

Í þriðja lagi spyr hv. þingmaður hvar eða hvort niðurstöður séu aðgengilegar þingmönnum. Niðurstöður úttektarinnar sem hv. fyrirspyrjandi vísar til liggja fyrir í iðnaðarráðuneytinu og eru aðgengilegar þingmönnum. Þær eru,

eins og áður segir, grundvöllur tillögugerðar þess starfshóps sem ég hef skipað.

[19:18]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Miðað við þann fjárhagsvanda sem rætt er um hjá Byggðastofnun læðist óneitanlega að manni sá grunur að það sé satt sem sagt er, að til standi hjá iðnaðarráðherra að leggja stofnunina niður. Er það rétt sem haldið er fram að á næstu árum hyggist hæstv. iðnaðarráðherra leggja Byggðastofnun niður?

[19:18]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er sannarlega tilefni til að gera athugasemd en helst ætti hún að vera í lengri kantinum. Ég var yfir mig hissa þegar ég heyrði svar hæstv. ráðherra. Fyrir liggur úttekt á Byggðastofnun, en hvar liggur hún fyrir? Hvar er hún aðgengileg okkur sem höfum m.a. það hlutverk með höndum að setja lög um byggðastefnuna? Jú, ofan í skrifborðsskúffu hæstv. ráðherra. Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir spyr: Hvar geta þingmenn fengið að sjá þetta? Þá svarar hæstv. ráðherra: Niðurstöðurnar liggja fyrir í iðnaðarráðuneytinu og þar geta þingmenn fengið að sjá þær. Ég spyr, frú forseti: Eru þetta vinnubrögðin sem á að sýna í málinu? Við sem berum hag landsbyggðarinnar fyrir brjósti og viljum reyna að vinna henni vel viljum beita þessari stofnun og við viljum breyta og bæta hana. En að sjálfsögðu þurfum við gögn eins og þessi í hendurnar. Þá kemur í ljós að hæstv. ráðherra situr bara á þeim í ráðuneytinu. Ég verð að lýsa mikilli undrun á þessu, frú forseti.

[19:20]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég verð einnig að lýsa yfir mikilli undrun með þessi svör. En í sjálfu sér ætti maður vera farinn að venjast skrýtnum svörum frá hæstv. ráðherra þegar verið er að ræða um byggðamál, því alltaf er hún að batna og alltaf fer staða landsbyggðarinnar batnandi. En fólkið á landsbyggðinni, frú forseti, skynjar hlutina ekki þannig. Alls ekki. Það er alltaf verið að lofa einhverju en það er jafnóðum svikið. Hvað hefur hæstv. ráðherra oft lofað niðurgreiðslum á flutningi á landsbyggðina? Ég vonast til að hæstv. ráðherra svari því. Eða hverju hefur hún lofað, t.d. með orkuverð? Það átti ekki að hækka. En fólk er að sjá tugi prósenta hækkun. Mér finnst þetta vera óþolandi og einnig að geta ekki komið hreint fram og svarað spurningum heldur er vísað út og suður eins og hæstv. ráðherra gerir æ ofan í æ. Mér finnst þetta vera fyrir neðan allar hellur, frú forseti.

[19:21]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég verð að taka undir með hv. 1. þm. Reykv. n., Össuri Skarphéðinssyni, að einkennilegt er að heyra ráðherrann segja að þessi greining liggi aðeins fyrir í ráðuneytinu. Ég tók ekki betur eftir en að hæstv. ráðherra hafi lýst því yfir að um verulegan fjárhagsvanda sé að ræða í stofnuninni samkvæmt umræddri greiningu. Ég lýsi eftir því að þær upplýsingar verði sendar fjárlaganefnd þingsins, sem fulltrúi í henni. Það hlýtur að vera algerlega nauðsynlegt að fjárlaganefnd Alþingis hafi upplýsingar um greiningu um verulegan fjárhagsvanda í jafnmikilvægri stofnun og þessari. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra: Hversu umfangsmikill er sá fjárhagsvandi og með hvaða hætti hyggst ráðherrann taka á honum?

[19:22]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur svörin. Ég verð að segja að ég bætist í hóp þeirra sem hafa lýst sig undrandi á því að umrædd skýrsla skuli liggja í iðnaðarráðuneytinu og þingmönnum ekki gerð grein fyrir því að vinnunni sé lokið. Það var í rauninni tilviljun að ég spurði í þessa vegu því það hvarflaði ekki að mér annað en að okkur yrði gert ljóst um leið og úttektin væri tilbúin hvar hana væri að finna og ég hélt því að vinnunni væri í rauninni ekki lokið.

Það liggur alveg ljóst fyrir að á mörgum svæðum landsins mun enginn markaður eða almenn fjárhagsstofnun koma til móts við íbúana eins og þörf er á. Ég þekki mörg dæmi þess að bankar hafa ekki treyst sér til að koma til móts við atvinnufyrirtæki sem þó hafa staðist mat vegna þess að aðalbankinn í Reykjavík tekur fram fyrir hendur útibúanna þegar til kastanna kemur og neitar um fyrirgreiðslu. Enda eru íbúar á þeim sömu svæðum ánægðir með fyrirgreiðslu Byggðastofnunar en þurfa hins vegar að greiða hærri vexti þar en gerist á almennum markaði. Það er mjög brýnt að úr fjárhagsvanda stofnunarinnar verði leyst og henni gert kleift að koma til móts við íbúa á landsbyggðinni með uppbyggingu atvinnu á svæðum sem eiga erfitt. Það auðveldar ekki vinnuna við það ef ekki er gert viðvart áður en vinnu við fjárlög lýkur og setið er á skýrslum niðri í skúffum í ráðuneytinu þangað til verður of seint að vinna hlutina á eðlilegan hátt. Hægt er að vinna að málinu núna áður en gerð fjárlaga lýkur en annars þarf að fara með þetta eftir óeðlilegum (Forseti hringir.) leiðum, hugsanlega inn í fjáraukalög sem er ekki til fyrirmyndar.

[19:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta eru mjög sérkennileg viðbrögð sem koma hér af hálfu hv. þingmanna þegar ég greini frá að skýrslan sé í iðnaðarráðuneytinu sem er unnin fyrir iðnaðarráðherra vegna Byggðastofnunar, og það hefði held ég átt að dreifa henni á hv. Alþingi. Hv. þingmenn verða að átta sig á muninum á milli framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins í þessum efnum. Málið er hjá iðnaðarráðherra og það er iðnaðarráðherra sem er að móta tillögur um hvernig skuli tekið á þeim vanda. En hins vegar greindi ég frá því að skýrslan er í iðnaðarráðuneytinu og ef beðið verður um hana er ég ekki að segja að ekki sé möguleiki á að hv. þingmenn fái hana. En að sjálfsögðu er henni ekki dreift á Alþingi meðan að málið er til meðferðar í ráðuneytinu, það held ég að allir hljóti að skilja ef þeir á annað borð hafa áhuga á að vera málefnalegir í umræðunni.

Hins vegar er ekkert launungarmál að stofnunin er komin niður fyrir þau 8% í eigið fé sem lög kveða á um að skuli

vera til staðar og það þýðir að grípa þarf til aðgerða. Það eru mikilvæg störf á Sauðárkróki, um 20 störf, sem að sjálfsögðu stendur ekki til að hrófla við. En hins vegar hef ég opnað á þann möguleika eins og ég nefndi áðan og lengi hefur verið áhugi fyrir og ekki síst í tengslum við gerð byggðaáætlunar, og hefur farið fram umræða um það, hvort ekki væri mikilvægt að samræma meira atvinnuþróunarstarfsemina sem er viðhöfð af hálfu ríkisins. Ekki er hægt að neita því að hún er í nokkuð mörgum stofnunum og er nokkuð sundurtætt eins og er. Því hefði verið áhugavert að skoða það a.m.k. hvort ekki væri ástæða til að samræma hana frekar. En ég geri mér fulla grein fyrir því að 20 störf á Sauðárkróki eru mjög mikilvæg og ég hef sagt það og sagði það á aðalfundi stofnunarinnar að ekki stæði til að flytja þau í burtu. Þessi mál eru til meðferðar og ekki síst þessa dagana erum við að fjalla um hvernig tekið skuli á málinu til skemmri tíma þar sem eiginfjárstaðan er komin niður fyrir lögleg mörk.

Umræðu lokið.

Ábyrgð Byggðastofnunar.

Fsp. SigurjÞ, 234. mál. — Þskj. 234.

[19:26]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég hef ákveðið að beina fyrirspurn til hæstv. byggðamálaráðherra og hún hljóðar svo: Hver er ábyrgð Byggðastofnunar á fyrirtækjum sem hún á hlutabréf í?

Þessi spurning hljómar undarlega fyrst. En eftir reynslu mína og upplifun í sumar og alveg fram á haust af störfum í byggðamálum er vel þess virði að spyrja þeirrar spurningar, vegna þess að á Vestfjörðum í litlu byggðarlagi kom upp sú staða sem er ekki einstök, heldur er það sagan sem gerðist á Bíldudal í sumar þegar fiskvinnslunni var lokað. Það gerðist vegna þess að búið er að selja allar aflaheimildir í burtu vegna kerfis sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hafa staðið vörð um. Svo einkennilega vill til að Byggðastofnun á 30% hlut í fiskvinnslunni sem stendur þarna höllum fæti og á mann í stjórn. Haldinn er fundur með þingmönnum kjördæmisins og þegar reynt er að fá einhverjar upplýsingar um stöðu fyrirtækisins eða framtíðarstöðu og horfur í atvinnumálum fást engin svör. Það sem meira er, engin svör fást frá Byggðastofnun.

Ég hefði talið að ef byggðamálaráðherra væri með hugann við málið hefði hún auðvitað beitt sínum manni í stjórn og til að koma upplýsingum til kjörinna fulltrúa fólksins um stöðuna í byggðunum. Mér finnst það vera stórundarlegt. Ef maður ber saman vinnubrögð hæstv. ráðherra annars vegar í Norðvesturkjördæminu þar sem hlutirnir eru látnir danka endalaust og hins vegar í sínu kjördæmi, þá er allt önnur staða. Þá eru hlaupið til með mörg hundruð milljónir í fyrirtæki. Ég er ekki að segja að það sé slæmt en mér finnst að hæstv. ráðherra ætti einnig að horfa til Vestfjarða. Mér finnst vera kominn tími til að hæstv. ráðherra segi frá því hvort hún hafi gengið eftir því að fulltrúi hennar í stjórn hafi kannað stöðuna og hvers vegna hún hafi þá ekki í ósköpunum komið því áleiðis til okkar þingmanna kjördæmisins. Það tók Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða marga mánuði að fá upp hver staðan væri í fyrirtækinu sem um ræðir. Og maður spyr: Hvers vegna er þetta svona? Þá leitar maður svara í fyrri verkum ráðherrans. Maður sér það á heimasíðu ráðherrans, þar kemur einfaldlega fram að hún segir að það eigi ekki endilega að vera að föndra við sjávarbyggðirnar. Þetta er kannski hluti af stefnu ráðherrans, hún telur bara að þetta komi sér ekki við og þetta sé einfaldlega föndur ef hún beitir sér fyrir því að sjávarbyggðirnar fái að nýta náttúruauðlindirnar sem eru við bæjardyrnar.

[19:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Um heimild Byggðastofnunar til þátttöku í hlutafélögum er fjallað í 18. gr. reglugerðar um Byggðastofnun nr. 347/2000. Þar kemur fram að fjárhagsleg fyrirgreiðsla stofnunarinnar skal almennt miðast við að stofnunin sé ekki beinn þátttakandi í atvinnurekstri. Þó er stofnuninni heimilt að taka þátt í félagi með allt að 30% hlutafjárframlagi ef ríkar ástæður eru til að mati stjórnar stofnunarinnar.

Um ábyrgð, réttindi og skyldur hluthafa gilda almennar reglur hlutafélagaréttarins, samanber lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994 og lög um hlutafélög, nr. 2/1995.

Þar sem hv. þingmaður fjallaði fyrst og fremst um eitt ákveðið fyrirtæki vil ég taka fram að mér ekki heimilt að fjalla um einstök fyrirtæki opinberlega. Þegar hv. þingmaður talar um að ég eigi fulltrúa í stjórn Byggðastofnunar skipa ég vissulega stjórn Byggðastofnunar en mér er hins vegar ekki heimilt að hafa formleg afskipti af einstökum málum sem þar eru tekin til meðferðar heldur er það stofnunin sjálf, sjálfstæð stofnun, sem leysir þau eftir því sem henni þykir mögulegt og rétt hverju sinni.

Ég held að hv. þingmaður ætti að kynna sér það á Vestfjörðum hvort ég hafi ekki komið þar nokkuð að málum. Ég þori að fullyrða hér að ég sinni öllu landinu þó ég sé þingmaður eins kjördæmis. Ég hef komið að málefnum Vestfjarða í mörgum tilfellum og ekki síst í sambandi við þann vaxtarsamning sem þar er í gildi og er þegar farinn að skila árangri. Þetta eru náttúrlega dylgjur sem ekki eru svara verðar.

[19:32]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég hafna því algerlega að ég hafi verið með dylgjur. Ég held því fram að ég hafi talað hreint út og ekkert verið að dylgja. Ég fer ekki leynt með skoðanir mínar og vonbrigði með störf hæstv. ráðherra. Ég vona að hún geri sér grein fyrir því að ég er ekki að dylgja. Þetta er því miður staðan og þetta er einnig eins og margir á landsbyggðinni upplifa störf hæstv. ráðherra. Það er ekki sama hvar vandinn er.

Hér er lesið upp úr lögum, jú, jú, en hver er afstaða hæstv. ráðherra til þess að við þingmenn fáum ekki frá stjórnarmanni hennar, frá stjórnarmanni Byggðastofnunar sem hún ber pólitíska ábyrgð á og ég vona að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því, hvers vegna fáum við ekki á okkar borð t.d. greinargerð? Við verðum að átta okkur á að

málið snýr ekki endilega að okkur þingmönnum heldur almenningi. Það er almenningur sem á hlutafé í þessu fyrirtæki. Auðvitað eigum við að fara vel með það. Málið snýst um það.

Hæstv. ráðherra taldi sér til tekna að hún hefði hugsað mikið um Vestfirði og komið með vaxtarsamning vestur. Það er rétt en ég vil minna á að hæstv. ráðherra gerði annað líka og það var að senda ákveðin ólög vestur. Hún setti minnstu handfæratrillurnar í kvótakerfi. Bara sú aðgerð leiddi til þess að tekjur vestfirskra útgerða skertust um 500 milljónir meðan þessi vaxtarsamningur er upp á 70 milljónir, ef ég man rétt, á þrem, fjórum árum, og sveitarfélögin og fyrirtækin þurfa einnig að leggja þar eitthvert mótframlag.

Ég held að hæstv. ráðherra ætti að hugsa sig eilítið um áður en hún hreykir sér af verkum sínum fyrir vestan.

Umræðu lokið.

Verð á heitu vatni.

Fsp. SigurjÞ, 259. mál. — Þskj. 272.

[19:34]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég hef ákveðið að beina fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra um verð á orku. Verð á raforku hefur verið nokkuð til umfjöllunar og einnig má segja frá því að reikningar Rariks eru mjög illskiljanlegir. Ég hef sagt frá því áður að maður á níræðisaldri hafði samband við mig frá Skagaströnd og kvartaði yfir því að hann skildi ekki reikningana sína enda voru þeir upp á 16 blaðsíður. Ég skildi í rauninni vel að hann ætti erfitt með að skilja þá því að margir eiga mjög erfitt með að skilja þessa reikninga. Mér finnst með ólíkindum að ráðherra sem starfað hefur í hálfan áratug við þetta verkefni skuli ekki hafa beitt sér fyrir því að einfalda rafmagnsreikningana þannig að fólk skilji þá. Nú er verið að boða til ráðstefnu um orkusparnað á Akureyri og ég tel að ætli menn að ná árangri t.d. á því sviði að fólk geti dregið úr orkunotkun sé mikil forsenda að fólk skilji rafmagnsreikningana.

Áður en ég ákvað að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra beindi ég þeirri fyrirspurn fyrst til umdæmisstjóra Rariks hvernig og hvort hægt væri að bera saman verð á orku á milli rafveitna Rariks í landinu, en það vill svo til að Rarik er með hitaveitu á fimm stöðum í landinu og er með fjórar mismunandi gjaldskrár. Ég fékk óskiljanleg svör.

Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort hún hyggist beita sér fyrir því að orkunotendur geti borið saman verð á milli hitaveitna Rariks. Ef svo er, hvenær mun það verða?

Síðan beini ég til hennar annarri fyrirspurn: Hverjar eru helstu forsendur fyrir mismunandi orkuverði hjá hitaveitum Rariks sem nota jarðvarma?

Þetta er mjög mikilvæg spurning og ég vona að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir að ekki er hægt að bjóða neytendum upp á að geta hvorki skilið reikningana sína né áttað sig á hverjar forsendurnar eru fyrir útreikningunum.

[19:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á þskj. 272 er beint til mín fyrirspurn í tveimur liðum. Annars vegar er um að ræða fyrirspurn um möguleika notenda á samanburði milli hitaveitna Rariks og hins vegar hverjar forsendur eru fyrir mismunandi orkuverði hjá hitaveitum Rariks.

Hvað varðar fyrri lið fyrirspurnarinnar get ég upplýst að orkunotendur geta í dag borið saman verð á heitu vatni á milli hitaveitna Rariks á heimasíðu fyrirtækisins. Þá hefur orkudeild Orkustofnunar tekið reglulega saman verð á heitu vatni frá hitaveitum og birtir þær mánaðarlega á heimasíðu sinni. Þar er unnt að skoða þær upplýsingar um verð á heitu vatni, fastagjöld, niðurgreiðslur úr ríkissjóði og afslætti hjá flestum opinberum hitaveitum. Innan skamms verður reiknivél sett á vef Rariks þar sem notendur á hverju upphitunarsvæði Rariks munu geta reiknað út hitunarkostnað sinn fyrir mismunandi húsnæði. Slíkur samanburður er þó háður vitneskju um hitastig á vatni inn í íbúðarhús og/eða afslátt af vatnsgjaldi vegna hitafalls í dreifikerfi, einingaverð veitunnar í gjaldskrá Rariks og hvert endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts er frá ríkinu fyrir viðkomandi veitu.

Í hitaveitugjaldskránni er ekki tiltekið hver afsláttur er til einstakra notenda þar sem slíkt er mjög mismunandi eftir notkunarstöðum og notkunarmagni. Hitastig vatnsins er mismunandi hátt til notenda í dreifikerfi hitaveitna og gjaldskrárliðir fyrir rúmmetramælingu hjá Rarik eru miðaðir við 70° inn til notenda. Í þéttbýli er gefinn 2–2,5% afsláttur af vatnsgjaldi fyrir hverja gráðu sem hitastig inn til notenda er undir 70°.

Í síðari hluta fyrirspurnarinnar er spurt um mismunandi orkuverð hitaveitna. Því er til að svara að Rarik á þrjár hitaveitur og tvær fjarvarmaveitur. Fjarvarmaveiturnar eru á Seyðisfirði og á Höfn og sömu einingaverð gilda í dag fyrir sambærilega hitaveitunotkun á báðum stöðum. Hitaveiturnar eru á Siglufirði, í Dalabyggð og á Blönduósi. Þær hafa hins vegar búið við mismunandi aðstæður hvað varðar orkuöflun og dreifikerfi og hafa mismunandi tekjur og gjöld. Sama orkuverð hefur í för með sér millifærslur á milli mismunandi arðbærra eininga. Við kaup Rariks á hitaveitum hefur verið gefinn aðlögunartími í gjaldskrá en eftir 1. janúar 2006 er áætlað að sama gjaldskrá verði fyrir íbúðarhúsnæði í þéttbýli hjá öllum hitaveitum Rariks. Ég endurtek: Eftir 1. janúar 2006 er áætlað að sama gjaldskrá verði fyrir íbúðarhúsnæði í þéttbýli hjá öllum hitaveitum Rariks. Varðandi aðra notkun en fyrir íbúðarhúsnæði er í sumum tilfellum um sérstaka samninga að ræða eftir aðstæðum hverju sinni.

[19:41]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka fyrir svörin. Ég er ekki sammála hæstv. ráðherra um að hægt sé að bera saman verðið á heita vatninu á heimasíðunni. Ég hef a.m.k. reynt það og ekki komist fram úr þeim útreikningum vegna þess að ekki kemur fram t.d. hitinn á vatninu. Menn eru því að bera saman mismunandi heitt vatn og þess vegna er þetta ómögulegt. Ég er ekki einn um það vegna þess að, eins og ég sagði fyrr

í umræðunni, þá reyndi ég að bera þetta undir einn af æðstu stjórnendum Rariks og hann treysti sér ekki til að koma með dæmi svo að alla vega ég skildi það.

Þeir eru kannski ekkert óvanir því að setja fram dæmi sem eru ekki mjög skiljanleg eins og ég nefndi með 16 blaðsíðna reikninginn. Ég fagna því ef breyting verður á þessum orkureikningum 1. janúar 2006, ef ég heyrði rétt hjá hæstv. ráðherra, vegna þess að það skiptir verulega miklu máli að þetta sé gagnsætt þannig að hægt sé að bera saman verð. Þá verður líka auðveldara fyrir fólk að taka þátt í sparnaðaraðgerðum og skilja t.d. fundi sem boðaðir eru á Akureyri um orkusparnað. Ég fagna því að við fáum sambærilegt verð eða a.m.k. að hægt verði að bera saman verð á milli hitaveitna.

[19:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé í raun og veru svo að ýmislegt sé ógert í sambandi við þessi mál. Við erum alltaf að reyna að bæta umhverfið, m.a. í sambandi við hitaveiturnar. Engin lög eru í gildi á Íslandi um hitaveitur sem er ekki til fyrirmyndar, en það er eitt af því sem er í undirbúningi í ráðuneytinu að undirbúa frumvarp til hitaveitulaga. Ég vonast til að áður en mjög langt um líður líti þau dagsins ljós.

Ég sagði áðan að innan skamms verður reiknivél sett á vef Rariks þar sem notendur á hverju upphitunarsvæði Rariks munu geta reiknað út hitunarkostnað sinn fyrir mismunandi húsnæði. Slíkur samanburður er þó háður vitneskju um hitastig á vatni inn í íbúðarhús og/eða afslátt af vatnsgjaldi vegna hitafalls í dreifikerfi o.s.frv. Þetta er væntanlegt.

Ég ítreka svo að orkusparnaður er eitthvað sem við Íslendingar höfum kannski ekki tileinkað okkur mjög mikið. Nú á að stofna til orkusparnaðarseturs og verður það gert í samstarfi við Evrópusambandið. Ég vonast til að með því getum við vakið fólk til umhugsunar um hvort það geti ekki á einhvern hátt sparað orku. Enda þótt við búum við mikla orku hér á landi og höfum kannski verið alin þannig upp að ekki sé ástæða til að að hugsa um sparnað þá er það er eitt af því sem lögð er áhersla á í öllum löndum og við megum ekki vera eftirbátur annarra á því sviði. En ég var ánægð að heyra að hv. þingmaður er klár á því að það stefnir í ráðstefnu um þetta málefni.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá voru tekin 14.–15. og 21.–22. mál.

Fundi slitið kl. 19:46.

---

24. FUNDUR

fimmtudaginn 17. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra. — Ein umr.

2. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 288. mál, þskj. 304. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Jón Kristjánsson heilbrrh., 4. þm. Norðaust.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.

[10:31]

Útbýting:

Flutningur veiðiheimilda fiskveiðiárin 2003/2004 og 2004/2005, 272. mál, svar sjútvrh., þskj. 348.

Athugasemdir um störf þingsins.

Eingreiðsla til bótaþega.

[10:32]

Guðmundur Magnússon:

Hæstv. forseti. Nú þegar aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um eingreiðslu í desember vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra og utanríkisráðherra, þeir eru nefnilega tveir sterku mennirnir í stjórninni, tveggja spurninga:

Í fyrsta lagi hvort ríkisstjórnin muni tryggja að sambærilegar greiðslur komi til lífeyrisþega, öryrkja og aldraða sem og þeirra er þiggja atvinnuleysisbætur og í öðru lagi hver sú upphæð verði.

Við treystum því að ríkisstjórnin komi fram við þessa hópa eins og aðra launþega þessa lands. Lífeyrisþegar og atvinnulausir munu vilja halda jól eins og aðrir og ekki veitir af stuðningi sem ég tel víst að ríkisstjórn Íslands muni veita af heilu og fullu hjarta.

[10:32]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það samkomulag sem hefur orðið á vinnumarkaði snertir þá sem eru á vinnumarkaði, það snertir ekki þá sem eru á bótum. Það er hins vegar þannig að ríkisstjórnin átti fund með Samtökum aldraðra í lok september og þar var ákveðið að flýta því að ganga frá skýrslu samráðsnefndar þriggja ráðuneyta um málefni eldri borgara. Sú skýrsla liggur nú fyrir. Næst á dagskrá er að halda fund með þeim til þess að fjalla um framhaldið, m.a. að því er varðar bætur. Þessi mál eru því í farvegi og verður fjallað um þau á þeim vettvangi og á sama hátt og gert hefur verið við sambærilegar aðstæður. Það hafa engar ákvarðanir ver-

ið teknar í þessum málum en um það verður fjallað á þeim vettvangi sem ég hef nú sagt frá.

[10:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Magnússyni fyrir að taka þetta mál upp. Það er greinilega og sannarlega ástæða til.

Svör hæstv. forsætisráðherra koma hins vegar á óvart og vekja upp miklar spurningar. Því verður vart trúað að ríkisstjórnin hafi ekki leitt hugann að því að að sjálfsögðu hlyti að koma upp sú eðlilega krafa að sambærilegar kjarabætur skiluðu sér til þeirra sem fá framfærslu sína í gegnum greiðslur úr tryggingakerfinu eða frá Atvinnuleysistryggingasjóði, enda er gert ráð fyrir því í lögum að kjör þessara hópa taki mið af þróun á launamarkaði. Eða muna hæstv. ráðherrar það ekki? Þess vegna hlýtur að vera eðlilegt að líta til þess þegar greidd er sérstök launauppbót, eingreiðsla af því tagi sem nú á að verða hluti af kjörum jafnt almenna vinnumarkaðarins sem opinberra starfsmanna ef ég veit rétt. Ef ég hef tekið rétt eftir í gær kom það þar fram að sambærilegar greiðslur mundu ganga yfir þann hluta vinnumarkaðarins.

Hér er um að ræða 26 þús. kr. í eingreiðslu nú í desember og það munar um minna fyrir hópa sem eru að reyna að draga fram lífið af mánaðartekjum langt undir 100 þús. kr. eins og þeir gera sem ekkert hafa sér til framfærslu annað en greiðslur úr almannatryggingakerfinu eða frá Atvinnuleysistryggingasjóði og þurfa þó að borga nokkra skatta af.

Ég skora því á hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra, formenn stjórnarflokkanna, að gera nú betur. Þetta er einfalt mál, ákaflega einfalt mál, snýst bara um það réttlætismál að þessir hópar fái sambærilegar kjarabætur og aðrir núna fyrir jólin.

[10:36]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Svör Halldórs Ásgrímssonar hæstv. forsætisráðherra koma því miður ekki á óvart. Það var ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins sem árið 1995 lagðist svo lágt að afnema jólauppbót til atvinnulausra, þannig að ekki einasta hafa þeir ekki haft vilja til að veita slíkar jólauppbætur heldur hafa þeir beinlínis gengið svo langt að afnema slíka uppbót til þeirra sem lakast voru settir. Þessi sama ríkisstjórn sveik samkomulag sitt við öryrkja um kjarabætur fyrir síðustu kosningar um 500 millj. kr. en á fé í hvers kyns gæluverkefni og óráðsíu eins og við höfum séð í nýlegu fjáraukalagafrumvarpi.

Kjör öryrkja, atvinnulausra og ellilífeyrisþega eru í fjárlögum hækkuð samkvæmt breytingum á almennum vinnumarkaði. Til þess er vísað að þau eigi að taka þeim breytingum. Nú hafa þau tekið breytingum vegna verðlagsþróunar, ekki aðeins um þessar 26 þús. kr. greiðslu heldur liggur líka fyrir í yfirlýsingum 0,65% hækkun á töxtum, sem hlýtur líka að eiga að ná til þessara hópa nema auðvitað það sé sérstök stefna ríkisstjórnarinnar að skilja þessa hópa algjörlega eftir í því góðæri sem nú ríkir í íslensku samfélagi.

[10:38]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég hef aðeins sagt að það verði fjallað um þessi mál á þeim vettvangi sem hefur verið ákveðinn til þess. Það hefur ekki verið fjallað um þetta mál í tengslum við þessa kjarasamninga. Þar með er ekki sagt að þessar bætur taki ekki einhverjum breytingum. Ég held að þingmenn hljóti að geta fallist á að það verði svigrúm til þess að fara yfir þau mál.

Svo vildi ég nú aðeins segja við hv. þm. Helga Hjörvar: Það hefur aldrei neitt samkomulag verið svikið. Hann ætti að fara að venja sig á að tala með öðrum hætti um slíka hluti. Það var ákveðið á sínum tíma að hækka kjör öryrkja sérstaklega um einn milljarð. Það var staðið við það og gott betur. En þar með er ekki sagt að það megi ekki gera betur gagnvart öryrkjum. Að sjálfsögðu má gera mun betur og jafnframt má gera betur gagnvart öldruðum. Það hefur verið í gangi ákveðin vinna og mörg skref verið stigin í því sambandi og það verður haldið áfram að stíga skref bæði í sambandi við öryrkja og aldraða. En að fjalla um þessi mál með þeim hætti sem hv. þm. Helgi Hjörvar temur sér hér á Alþingi er náttúrlega fyrir neðan virðingu Alþingis.

[10:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla bara ekki að trúa því að hæstv. forsætisráðherra hafi ekki hugleitt það, þegar samkomulag Samtaka atvinnulífsins og ASÍ var undirritað fyrir örfáum dögum, eða gert ráð fyrir því að Öryrkjabandalagið kæmi á eftir og óskaði eftir þeirri eingreiðslu sem eðlilegt má telja að öryrkjar fái. Það kemur mér mjög á óvart að hæstv. forsætisráðherra skuli svara á þeim nótum sem hann svarar nú, vísar í einhverja skýrslu sem liggur fyrir sem unnin hefur í samvinnu við Samtök aldraða um bótamál. Mér fyndist svo eðlilegt að hæstv. forsætisráðherra kæmi hér, bæri höfuðið hátt og segði að að sjálfsögðu fengju öryrkjar sömu eingreiðslur og samið var um til aðila vinnumarkaðarins fyrir örfáum dögum.

Við höfum lagaskyldu til að gæta þess að bætur Tryggingastofnunar eða kjör öryrkja þróist á svipuðum nótum og gerist á almennum vinnumarkaði, þannig að ég spyr: Á hverju stendur? Af hverju svarar hæstv. forsætisráðherra á þeim nótum sem hann gerir?

Öryrkjabandalag Íslands minnti á sig í gær með ályktun og fagnaði að sjálfsögðu þeirri tekjutengingu atvinnuleysisbóta sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að verði framvegis viðhöfð en minnir jafnframt á að bætur almannatrygginga séu tengdar tekjum með öfugum formerkjum sem valdi því að öryrkjar lendi ævinlega í fátæktargildru. Er það markmið hæstv. ríkisstjórnar að halda öryrkjum fyrir utan þær bætur sem var verið að semja um fyrir örfáum dögum? Ég trúi því ekki að hæstv. forsætisráðherra hafi ekki betri svör til Öryrkjabandalagsins og til okkar allra sem viljum standa vörð um þær bætur sem almannatryggingar láta í té og viðurkennum að eru allt of lágar. Við hljótum að láta þessa eingreiðslu koma til öryrkja og þeirra sem eru á bótum almannatrygginga á sömu nótum og samið hefur verið um til annarra fyrir örfáum dögum.

[10:41]

Guðmundur Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin þótt rýr hafi verið en vona að ríkisstjórnin taki þetta mál til alvarlegrar íhugunar nú þegar.

[10:42]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur í þessum ræðustól staðfest að 500 millj. kr. vanti upp á að það samkomulag sem hann gerði fyrir síðustu kosningar sé efnt. Það er af virðingu við Alþingi sem ég hef ítrekað minnt hæstv. forsætisráðherra á þá staðreynd. Þar sem Alþingi er sýnt virðingarleysi er að svíkja það samkomulag jafn blákalt og hæstv. forsætisráðherra hefur beitt sér fyrir. Það sem er fyrir neðan virðingu Alþingis er að það skuli aftur og aftur af bandalagi þeirra sem höllustum fæti standa í samfélaginu vera dregið fyrir Hæstarétt og dæmt fyrir mannréttindabrot fyrir þau kjör sem það hefur búið öryrkjum.

Hér eru, virðulegur forseti, til afgreiðslu á Alþingi fjáraukalög í næstu viku. Ef 26 þús. kr. greiðsla á að koma til lífeyrisþega og atvinnulausra nú í desember er eðlilegt að sú fjárveiting sé á fjáraukalögum enda væri önnur ráðstöfun óheimil. Það væri óheimilt að ráðstafa fjármunum til þess ef ekki væru til þess heimildir á fjáraukalögum og það er þess vegna tækifæri til þess núna fyrir hæstv. ríkisstjórn að afgreiða fjárveitingu á fjáraukalögum, nú við 3. umr. í næstu viku, til þess að tryggja það að þeir sem búa við lökustu kjör í landinu, lífeyrisþegar og atvinnulausir, fái sömu kjarabót á aðventunni og þeir sem eru á vinnumarkaði enda eiga kjör þeirra að fylgja kjörum á hinum almenna vinnumarkaði.

[10:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert að ríkisstjórnin fundi með Samtökum aldraða og öryrkja og rækti gott samráð við þau samtök og á ekki að þurfa að þakka það sérstaklega. Það samráð hefur að vísu verið svolítið gloppótt og menn hafa verið fundaglaðir og undirskriftaglaðir rétt fyrir kosningar og þá gjarnan gripið til þess að nota Þjóðmenningarhúsið og kallað í fjölmiðla eins og gert var óspart á útmánuðum 2003. Síðan hafa efndir sumra þeirra gjörninga verið svona og svona. Það er ekki um það deilt af neinum nema ríkisstjórninni að það eru enn vanefnd að 1/3 hluta til fyrirheitin sem gefin voru með undirskrift samninga við öryrkja vorið 2003 og ég vísa í því sambandi til yfirlýsinga frá Öryrkjabandalaginu í gær.

En það mál sem hér um ræðir er tiltölulega einfalt. Það er hægt að nálgast það með tvennum hætti, annars vegar sýnist mér augljóst mál að vegna ákvæða laga um viðmiðun almannatryggingabóta við launaþróun eða ef ég man rétt það sem hagstæðara er, verðlagsþróun eða launaþróun, þá er náttúrlega sjálfgefið að líta svo á að taka breytingar á almenna vinnumarkaðnum eins og menn ætla að gera gagnvart opinberum starfsmönnum og hækka viðmiðun greiðslubótanna sem því nemur.

En þó svo væri ekki að svona beri að líta á einfaldlega vegna ákvæða laga, þá eru svo augljós sanngirnisrök fyrir því að þessir hópar — sem almennt er viðurkennt að eru lakast settir allra í samfélaginu, það eru þeir sem ekkert hafa sér til framfærslu annað en greiðslur úr almannatryggingakerfinu — verði ekki af þessari launauppbót eða leiðréttingu, sem kannski er nær að kalla það. Við skulum muna að þetta er til þess að mæta rýrnun kaupmáttar sem hefur orðið vegna (Forseti hringir.) aukinnar verðbólgu í landinu. Eiga þá öryrkjar og atvinnulausir einir að sitja uppi með kjaraskerðingu af völdum verðbólgunnar? Það getur ekki verið (Forseti hringir.) og ég tek undir óskir um að ríkisstjórnin afgreiði þetta mál.

[10:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Svör hæstv. forsætisráðherra benda til að ekki hafi verið hugað sérstaklega að sjálfsögðum rétti öryrkja og aldraða þegar samkomulag var gert við verkalýðshreyfinguna. Því verður varla trúað að hæstv. ráðherrar í ríkistjórninni muni ekki beita sér fyrir því að lagfæra þá stöðu sem snýr að öryrkjum og öldruðum. Ég vil beina þeirri eindregnu áskorun til hæstv. forsætisráðherra að það liggi fyrir fyrr en seinna hvernig ríkisstjórnin ætlar að bregðast við þessu máli. Mér finnst að hér sé um sjálfsögð réttindi þessara hópa að ræða sem ríkisstjórnin verður að gjöra svo vel að láta fylgja öðrum ákvörðunum.

Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra, ein umr.

[10:47]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Fyrr á þessu ári var þess minnst að sextíu ár voru liðin frá stofnun Sameinuðu þjóðanna og var af því tilefni haldinn leiðtogafundur þjóða heims í New York. Þar var fjallað um framtíðarhlutverk og starfshætti samtakanna og brýnustu vandamálin á alþjóðavettvangi. Mikil umfjöllun var um fundinn, aðdraganda hans og efni, og endurspeglar það að þrátt fyrir ýmis skakkaföll á undanförnum árum njóta Sameinuðu þjóðirnar virðingar víðast um heim og hafa þýðingu fyrir heimsmálin í hugum flestra. Þær eru vissulega ófullkomnar og þarfnast umbóta en fáir vilja þó án þeirra vera. Þær eru eini sameiginlegi vettvangur næstum allra ríkja heims.

Allt frá upphafi hafa íslensk stjórnvöld lagt mikla áherslu á þátttöku Íslands í Sameinuðu þjóðunum í þeirri trú að þær geti stuðlað að friði, stöðugleika og efnahagslegri framþróun. Þá hefur aðildin að samtökunum þjónað margvíslegum öðrum íslenskum hagsmunum, þar á meðal í mikilvægum málaflokkum eins og hafréttarmálum. Samstaða hefur ríkt um að Ísland sé virkur þátttakandi í starfi Sameinuðu þjóðanna. Framboð Íslands til setu í öryggisráðinu á tímabilinu 2009–2010, sem er samstarfsverkefni Norðurlandanna fimm, er þáttur í því.

Í aðdraganda leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna fór fram viðamikill efnislegur undirbúningur þar sem Kofi Annan, framkvæmdastjóri, lét mjög að sér kveða með tillögum um umbætur á samtökunum sem meðal annars nutu

stuðnings Norðurlandanna. Vonir stóðu til að sextugsafmælið hvetti menn til dáða og samstöðu um aðgerðir til að efla öryggi í heiminum og herða á baráttu gegn fátækt. Þótt vel miðaði í sumum efnum ollu niðurstöður fundarins vonbrigðum og ljóst að mörgum aðkallandi verkefnum er enn ólokið. Það tókst að koma á svonefndri friðaruppbyggingarnefnd, sem er ætlað að samræma og bæta endurreisnarstarf í stríðshrjáðum ríkjum. Einnig tókst að ná fram þeim almenna skilningi að alþjóðasamfélagið hafi bæði rétt og skyldu til að grípa inn í þar sem stjórnvöld gerast sek um stórfelld mannréttindabrot gegn eigin borgurum. Á hinn bóginn er þessi réttur og þessi skylda ekki jafnafdráttarlaus í niðurstöðum fundarins og mörg lýðræðisríki, þar á meðal Ísland, hefðu viljað.

Þá er einnig mikið áhyggjuefni að sum aðildarríki virðast af ýmsum ástæðum treg til að gera Sameinuðu þjóðunum betur kleift að rækja hlutverk sitt. Fyrst ber að nefna að ekki tókst að gera nauðsynlegar umbætur á öryggisráðinu. Þá er mjög miður að ekki náðist samkomulag um nýjar ráðstafanir gegn útbreiðslu gereyðingarvopna eða um skýra sameiginlega skilgreiningu á hryðjuverkastarfsemi. Þetta eru nátengd fyrirbæri því mesta ógn við öryggi í heiminum stafar af þeirri hættu og þeim möguleika að hryðjuverkamenn komi höndum yfir gereyðingarvopn.

Loks er dapurlegt að enn er ófrágengið með hvaða hætti nýtt mannréttindaráð á að koma í stað mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem er óstarfhæf. Ísland hefur lengi verið í hópi þeirra ríkja sem leggja áherslu á að mannréttindi séu algild eins og skýrt er kveðið á um í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Jafnljóst er að þau eru fótumtroðin víða í heiminum. Því telja íslensk stjórnvöld máli skipta að stofnað verði öflugt mannréttindaráð, sem fylgist með mannréttindum og gagnrýni einarðlega ríkisstjórnir sem ekki virða þau. Það væri óþolandi að ríki sem gerst hafa sek um alvarleg mannréttindabrot ættu fulltrúa í ráðinu.

Trúverðugleiki Sameinuðu þjóðanna veltur á því að stofnanir samtakanna geti tekið á brýnum vandamálum. Mannréttindabrot eru þar á meðal og grafa undan friði og öryggi. Því mega ríki ekki komast upp með að drepa málum á dreif. Þau aðildarríki sem vilja að Sameinuðu þjóðirnar gegni lykilhlutverki þurfa að taka frumkvæði og forustu við að efla samtökin.

Frú forseti. Ef skyggnst er um öxl til liðinnar aldar má segja að ástand heimsmála um þessar mundir sé að mörgu leyti betra en oft áður. Alþjóðlegt samstarf og viðskipti hafa aldrei verið fjölþættari og umfangsmeiri og líkurnar á stórveldaátökum sjaldan minni. Fleira fólk býr við lýðræðislega stjórnarhætti en nokkru sinni. Bylting í fjarskiptum og upplýsingatækni hefur gjörbreytt alþjóðlegum samskiptum. Og þótt fátækt sé enn víða skelfileg hefur þeim þrátt fyrir allt heldur fækkað sem búa við algera örbirgð, ekki síst vegna efnahagsþróunar á Indlandi og í Kína.

Með vaxandi alþjóðavæðingu telja sífellt fleiri að þeir hafi hagsmuni af friðsamlegum samskiptum. Alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi gengur þvert á þessa þróun. Það er erfitt að sigrast á andstæðingum sem vega úr launsátri og svífast einskis en það er hægt með nánu samstarfi á alþjóðavettvangi og með því að fallast í engu á markmið hryðjuverkamanna. Íslensk stjórnvöld styðja eindregið núverandi vinnu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að gerð víðtæks alþjóðasamnings um ráðstafanir gegn hryðjuverkum. Ísland hefur ætíð lagt áherslu á að baráttan gegn þeim megi ekki vera á kostnað mannréttinda eða mannúðarlaga.

Það er ljóst að frekari útbreiðsla gereyðingarvopna eykur líkurnar á því að hryðjuverkamenn komist yfir slík vopn. Í hvert sinn sem nýtt ríki bætist í hóp kjarnavopnaríkja verður til hvati fyrir önnur ríki í sama heimshluta til að fylgja í kjölfarið. Afleiðingarnar eru aukin spenna og ófriðarhætta. Þrátt fyrir það virðist erfitt að stemma stigu við útbreiðslu gereyðingarvopna. Uppsögn Norður-Kóreu á samningnum um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna og það hvernig stjórnvöld í Íran hafa um langa hríð brotið gegn skuldbindingum í samningnum er óásættanlegt. Þá er svartamarkaðsbrask með þekkingu og tækni til að smíða kjarnavopn verulegt áhyggjuefni. Það var til að minna á þessa alvarlegu hættu að Nóbelsverðlaunanefndin ákvað á dögunum að Alþjóðakjarnorkumálastofnunin og forstjóri hennar skyldu hljóta hin árlegu friðarverðlaun.

Lýðræðisríki beggja vegna Atlantshafs hafa áfram sameiginlega grundvallarhagsmuni og því mikilvægt að þau nái að starfa saman gegn helstu ógnum samtímans. Því gegnir Atlantshafsbandalagið áfram lykilhlutverki. Sameiginlegar varnarskuldbindingar eru grundvöllur bandalagsins en breytt skipulag, fjölgun aðildarríkja og ný verkefni þess valda því að það hefur einstaka stöðu hvað varðar öryggismálasamstarf í heiminum. Það varðar því miklu að Ísland sé virkur þátttakandi í bandalaginu við hlið bandamanna og vinaþjóða. Stjórnvöld munu eftir sem áður styðja áframhaldandi aðlögun bandalagsins að breyttum aðstæðum og kemur frekari stækkun bandalagsins m.a. til greina. Úkraína er á meðal þeirra ríkja sem sækjast eftir aðild og skiptir miklu að hvort tveggja Atlantshafsbandalagið og úkraínsk stjórnvöld vinni ötullega að því að svo geti orðið.

Frú forseti. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna byggir á aðild ríkjanna að Atlantshafsbandalaginu og snertir viðbúnað og stöðu þess á Norður-Atlantshafi. Viðræður íslenskra og bandarískra stjórnvalda um framkvæmd varnarsamningsins hófust í júlí síðastliðnum. Eins og fram hefur komið hafa þær gengið seinlega. Íslensk stjórnvöld eru reiðubúin til að greiða verulegan hluta þess kostnaðar sem hlýst af rekstri og viðhaldi Keflavíkurflugvallar, enda hefur borgaraleg flugumferð um völlinn aukist mikið. Þá hafa stjórnvöld lýst vilja til þess að kanna möguleika á samstarfi á sviði þyrlubjörgunar þannig að Ísland taki að sér aukið hlutverk í þeim efnum hér á landi. Hvort tveggja mundi leiða til aukinna útgjalda og sýnir því eindreginn vilja af okkar hálfu til að finna framtíðarlausn. Meginmarkmiðið er að sjálfsögðu að tryggja lágmarksvarnarviðbúnað á Íslandi sem þjónar hagsmunum beggja ríkja og Atlantshafsbandalagsins í heild á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og í samræmi við ákvæði hans um verkaskiptingu aðila.

Þátttaka Íslands í friðargæslu hefur vaxið jafnt og þétt á rúmum áratug og er nú orðin mikilvægur þáttur í framkvæmd íslenskrar utanríkisstefnu. Þetta hefur gerst um leið og alþjóðleg samtök og stofnanir eins og Atlantshafsbandalagið, Sameinuðu þjóðirnar og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, gera ríkari kröfur en áður til þess að öll aðildarríki leggi sitt af mörkum til sameiginlegra aðgerða.

Íslenska friðargæslan hefur einnig annast framlag Íslands til loftflutninga fyrir Atlantshafsbandalagið. Þá má og nefna þátttöku í kosningaeftirliti á vegum ÖSE, þar sem íslenskir fulltrúar hafa unnið gott starf, oft við erfiðar aðstæður. Loks hefur fólk verið sent til starfa hjá Þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna, UNIFEM, í Kosovo.

Í mörgum tilvikum er ekki einungis ætlast til þess að fjárhagslegum byrðum sé dreift heldur að öll aðildarríkin séu á vettvangi. Þrátt fyrir að búa ekki yfir eigin her hefur Íslandi tekist að vinna vandasöm verkefni í þágu friðargæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins. Þar er skemmst að minnast reksturs stórra flugvalla í Kosovo og í Afganistan og þátttöku í störfum endurreisnarteyma í norður- og vesturhluta Afganistan. Þetta hefur verið gert með ráðningu borgaralegra sérfræðinga sem starfa við þessar aðstæður samkvæmt stjórnskipulagi og starfsháttum herafla Atlantshafsbandalagsins, og notast því við einkennisbúninga og titla og bera vopn til sjálfsvarnar. Starfsmenn íslensku friðargæslunnar eru ekki hermenn og ekki ætlað að fást við hernaðarleg verkefni, heldur starfa þeir tímabundið við hlið hermanna bandalagsríkja að viðfangsefnum sem teldust borgaraleg við eðlilegar kringumstæður. Frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir að til þess gæti komið að gera þyrfti breytingar á starfsemi íslensku friðargæslunnar í Afganistan til að tryggja sem best öryggi þeirra sem þar starfa á hennar vegum. Í utanríkisráðuneytinu hafa í þessu skyni verið hafðar sérstakar gætur á þróun mála með því að fá vikulega í hendur mat yfirstjórnar friðargæsluliðsins og Atlantshafsbandalagsins á öryggisástandinu í landinu og á einstökum svæðum. Á undanförnum vikum hefur spenna aukist verulega milli afganskra stríðsherra í norðurhluta landsins og hafa árásir verið gerðar á fulltrúa óháðra hjálparsamtaka og á friðargæsluliða. Upphaflegar forsendur fyrir veru hinna borgaralegu íslensku friðargæsluliða á þessu svæði hafa því nokkuð breyst. Því hefur verið ákveðið að hætta þátttöku í endurreisnarsveit í norðurhlutanum en halda áfram í vesturhluta Afganistan að öllu óbreyttu. Jafnframt verða kannaðir möguleikar á öðru íslensku framlagi til friðargæslu Atlantshafsbandalagsins í Afganistan sem komi í staðinn og samræmist kröfum um öryggi borgaralegra friðargæsluliða. Miklu skiptir að Íslendingar verði áfram þátttakendur í friðargæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins og í eftirliti ÖSE. Á næstu árum verður samkvæmt áætlun fjölgað í íslensku friðargæslunni og þá verður þátttöku í friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna gefinn aukinn gaumur.

Þótt Norðurlönd tengist alþjóðlegum samtökum og stofnunum með misjöfnum hætti og hafi oft ólíka afstöðu til alþjóðamála, hafa þau iðulega haft sameiginleg afskipti af svæðisbundnum deilumálum í þágu samninga og friðar. Eftirlitssveitirnar á Sri Lanka, þar sem Íslendingar eru við störf undir forustu Norðmanna, eru gott dæmi um það. Íslensk stjórnvöld eru reiðubúin til að halda áfram stuðningi við eftirlitssveitirnar á meðan deiluaðilar á Sri Lanka óska þess og framlag annarra Norðurlanda verður óbreytt, enda til mikils að vinna.

Af svæðisbundnum deilumálum eru það jafnan Miðausturlönd og þá einkum átök Ísraelsmanna og Palestínumanna sem eru efst á baugi. Einhliða brottflutningur Ísraelsmanna frá Gaza-svæðinu gaf tilefni til nokkurrar bjartsýni um frekari framkvæmd svonefnds Vegvísis til friðar. Það er ljóst að ríkisstjórn Ísraels tók erfiða og áhættusama ákvörðun og því er miður að Palestínumönnum skuli ekki hafa auðnast að nota tækifærið betur en raun ber vitni til að byggja upp það gagnkvæma traust sem er forsenda samninga og varanlegs friðar. Í víðara samhengi sýnir yfirlýsing forseta Írans um að Ísraelsríki skuli afmáð af landakortinu að Ísraelsmenn hafa fulla ástæðu til að óttast um öryggi sitt. Slík yfirlýsing er einsdæmi í seinni tíð, en hún er hluti af hugmyndafræði sem skýrir langvarandi einangrun Írans í samfélagi þjóðanna. Orð forsetans féllu í sama mund og írönsk stjórnvöld eru grunuð um smíði kjarnavopna.

Þrátt fyrir áframhaldandi ódæðisverk hryðjuverkamanna í Írak, þar sem langflest fórnarlamba eru óbreyttir borgarar, hefur mikill meiri hluti þjóðarinnar sýnt í verki stuðning við lýðræðisþróunina. Niðurstaða nýlegrar þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá var skýr og þingkosningar í desember verða næsta skref. Því miður er full ástæða til að óttast að hryðjuverkamenn haldi áfram að vega að lýðræðinu í landinu með árásum á saklausa borgara. Fyrsta ríkisstjórn í sögu Íraks sem hefur lýðræðislegt umboð þjóðarinnar verðskuldar siðferðilegan og pólitískan stuðning annarra lýðræðisríkja í heiminum.

Á undanförnum áratugum hefur tekist að auka verulega frelsi í alþjóðaviðskiptum. Sjötti ráðherrafundur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verður haldinn í Hong Kong í næsta mánuði. Á síðustu vikum hafa aðildarríki hennar lagt kapp á að ljúka samningaviðræðum í svokallaðri Doha-lotu. Mestur ágreiningur hefur verið um viðskipti með búvörur. Málamiðlun um landbúnaðarmál er forsenda þess að samningar takist að öðru leyti, m.a. um verulega lækkun tolla á sjávarafurðir. Hagsmunir Íslendinga eru því margþættir á þessu sviði eins og annarra þjóða, en almennt er óhætt að fullyrða að lækkun tolla og afnám viðskiptahindrana er eitt mesta hagsmunamál landa heims, ekki síst þróunarlandanna. Því skiptir miklu máli að árangur náist á ráðherrafundinum í Hong Kong en um það ríkir því miður ekki sérstök bjartsýni á þessu stigi.

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum lagt ríka áherslu á að fjölga viðskiptasamningum Íslands við önnur ríki í því skyni að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Fríverslunarsamningar, tvísköttunarsamningar og samningar um verndun fjárfestinga eru mikilvægustu þættirnir í þeirri viðleitni. Samningur um að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði Íslands og Færeyja var undirritaður í ágúst síðastliðnum. Hann er sá víðtækasti sem Ísland hefur gert á viðskiptasviðinu og markar tímamót. Þá er stefnt að undirritun fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við Suður-Kóreu og tollabandalag Suður-Afríkulanda innan skamms og viðræður standa yfir við Tæland um gerð slíks samnings. Ísland hefur jafnframt undirritað samkomulag við Kína um að skoða hagkvæmni þess að gera fríverslunarsamning milli ríkjanna, sem gæti einnig markað þáttaskil.

Á síðustu árum hafa viðskipti milli Íslands og fjarlægari ríkja aukist verulega. Ísland hefur lagt á það ríka áherslu í fríverslunarviðræðum við önnur ríki að tryggja sem bestan markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir. Þetta hefur leitt til víðtækasta fríverslunarnets sem til er í viðskiptum með sjávarafurðir og nær jafnt til Evrópska efnahagssvæðisins sem

annarra heimsálfa. Mikilvægasti markaður Íslands er í Evrópu. Viðskiptin þar byggjast á traustum grunni EES-samningsins og engra breytinga að vænta þar á. Samningaviðræðum um aðild Rúmeníu og Búlgaríu að Evrópusambandinu er lokið og munu þessi ríki væntanlega fá aðild að ESB í síðasta lagi árið 2008. Gera má ráð fyrir að viðræður um aðild þessara ríkja að EES-samningnum hefjist fljótlega.

Í ár hófust viðræður milli íslenskra stjórnvalda og Evrópusambandsins um viðskipti með búvörur á grundvelli EES-samningsins. Íslensk stjórnvöld hafa farið þess á leit við Evrópusambandið að markaðsaðgangur fyrir lambakjöt verði bættur og að auðveldaður verði útflutningur á hestum til aðildarríkja ESB. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið að hefja samningaviðræður við Evrópusambandið um að taka upp löggjöf Evrópusambandsins um dýraheilbrigði í ríkari mæli en núverandi ákvæði EES-samningsins gera ráð fyrir. Þetta er gert til að liðka fyrir frekari viðskiptum á milli Íslands og Evrópusambandsins með matvæli.

Frú forseti. Vaxandi meðvitund alþjóðasamfélagsins um mikilvægi sjálfbærrar þróunar hefur dregið athygli að sérstöðu Íslands, ekki síst hvað varðar sjávarnytjar og endurnýjanlega orku. Málefnum hafsins er gefinn vaxandi gaumur á alþjóðavettvangi. Það stafar af mengun, ofveiði og minnkandi framleiðni fiskstofna víða um heim. Mikilvægt er að Ísland taki virkan þátt í samstarfi með öðrum ríkjum um leiðir til að vernda vistkerfi hafsins. Á hinn bóginn er lykilatriði að ríki sem byggja afkomu sína á lifandi sjávarauðlindum beri áfram ábyrgð á nýtingu þeirra. Ísland hafnar því tilburðum á alþjóðavettvangi til að koma á hnattrænni fiskveiðistjórnun.

Fyrir ári tókst að koma í veg fyrir að tillaga um hnattrænt bann við botnvörpuveiðum á úthafinu næði fram að ganga og beina málinu í réttan farveg, þ.e. að hvetja ríki og svæðisbundnar fiskveiðistjórnunarstofnanir, eftir því sem við á, til þess að bæta stjórn á botnfiskveiðum með sérstöku tilliti til verndunar viðkvæmra vistkerfa hafsins. Tillaga af sama meiði kom fram á allsherjarþinginu nýlega en hlaut sömu örlög. Ísland hefur beitt sér fyrir samstöðu helstu fiskveiðiríkja heims í þessu máli og hefur hún farið vaxandi. Haustið 2006 verður gerð úttekt á aðgerðum ríkja og svæðisstofnana til að bæta stjórn á botnvörpuveiðum og er mikilvægt að þessir aðilar sýni að þeir séu traustsins verðir.

Mikilvægi orkumála í alþjóðasamskiptum hefur aukist hröðum skrefum. Ýmsar blikur eru á lofti í orkubúskap veraldar, sem endurspeglast meðal annars í háu olíuverði og reglum sem takmarka losun gróðurhúsalofttegunda vegna ótta við hugsanlegar loftslagsbreytingar af mannavöldum. Orkumál hafa auk þess sérstaka þýðingu fyrir þróunarríkin, en talið er að um tveir milljarðar manna hafi ekki aðgang að rafmagni. Við þessar aðstæður hefur Ísland lagt sérstaka áherslu á þátt endurnýjanlegra orkugjafa, ekki síst jarðhita, í alþjóðasamstarfi um orkumál. Sérstaða íslensks orkubúskapar, þar sem yfir 70% af allri orkunotkun landsmanna koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum, gerir Íslandi kleift að skipa sér í fremstu röð ríkja sem leggja áherslu á sjálfbæra orkuþróun í heiminum. Viðleitni íslenskra stjórnvalda til að auka enn frekar hlut endurnýjanlegrar orku með vetnistækni hefur vakið athygli erlendis og opnað dyr fyrir samstarfi við aðila víða um heim.

Sjálfbær orka og loftslagsmál verða ofarlega á baugi hjá Sameinuðu þjóðunum næstu tvö ár, þar sem nefnd samtakanna um sjálfbæra þróun hefur ákveðið að gera þessum viðfangsefnum sérstök skil. Af hálfu íslenskra stjórnvalda verður lögð áhersla á að nýta þetta færi til að kynna íslenskar áherslur. Að auki hefur utanríkisráðuneytið kynnt á erlendum vettvangi starf íslenskra vísindamanna og árangur á sviði jarðvegsverndar og sett á laggirnar landsnefnd til að sinna þessum mikilvæga þætti auðlindamálanna frekar.

Formennska Íslands í Norðurskautsráðinu 2002–2004 beindi athygli að mikilvægi norðurskautssvæðisins fyrir framtíðarhagsmuni okkar. Lega landsins í Norður-Atlantshafi við jaðar norðurskautssvæðisins hvetur eðlilega til aukins samstarfs við íbúa þess svæðis þar sem miklar breytingar eiga sér nú stað með aukinni sókn í náttúruauðlindir norðursins og hugsanlegri opnun nýrra siglingaleiða.

Það er fagnaðarefni að samningar hafa nýverið náðst í meginatriðum um veiðar á kolmunna. Ísland leggur mikla áherslu á ábyrga stjórn á veiðum úr hinum mikilvæga norsk-íslenska síldarstofni, en henni verður ekki náð nema með samkomulagi allra viðkomandi aðila, Íslands, Noregs, Færeyja, Rússlands og ESB. Það eru íslenskum stjórnvöldum því mikil vonbrigði að Noregur skuli ítrekað koma í veg fyrir samkomulag um stjórn síldveiðanna með kröfu um stóraukna aflahlutdeild. Undirbúningur málssóknar Íslands gegn Noregi fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag vegna Svalbarðamálsins er í fullum gangi, enda virðist það eina leiðin til að vernda lögmæta íslenska hagsmuni á Svalbarðasvæðinu.

Frú forseti. Á nýafstöðnum leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í New York var ítrekað mikilvægi þess að öll ríki legðu af mörkum til baráttu gegn fátækt. Íslensk stjórnvöld gera sér grein fyrir mikilvægi þessa og því hefur þróunarsamvinna hlotið aukið vægi í utanríkisstefnunni. Áætlað er að framlög til hennar nemi 0,35% af þjóðarframleiðslu árið 2009 og hafi þá stóraukist á einum áratug. Jafnframt hefur verið mótuð heildarstefna í þessum málaflokki fyrir tímabilið 2005–2009 og var hún kynnt á Alþingi síðastliðið vor.

Starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar verður efld, m.a. með fjölgun samstarfslanda, en í sumar var skrifað undir samstarfssamning við Sri Lanka og verið er að leggja grunninn að sams konar samningi við Níkaragva. Stjórnvöld munu enn fremur auka þátttöku í fjölþjóðlegu þróunarsamstarfi, en á vettvangi alþjóðastofnana er víða unnið gagnlegt starf á þessu sviði. Áhersla er lögð á stuðning við vel skilgreind verkefni sem falla að meginatriðum við stefnu Íslands. Sem dæmi má nefna samstarf við sjávarútvegsdeild Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, en þar styðjum við nú gerð námsefnis á sviði sjávarútvegs, sérsniðið að þörfum einstakra þróunarríkja. Þetta verkefni verður unnið í náinni samvinnu við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Í öðru lagi er Ísland í farabroddi ríkja sem styðja nýtt verkefni, PROFISH, sem er styrktarsjóður og samstarfsvettvangur í umsjá Alþjóðabankans á sviði sjálfbærra fiskveiða í þróunarríkjunum. Með virkri þátttöku í PROFISH-verkefninu mun Ísland hafa bein áhrif á þróunaraðstoð Alþjóðabankans á sviði sjávarútvegs. Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt lagt

áherslu á möguleika endurnýjanlegra orkugjafa í þróunarlöndunum og er nú unnið að því að kanna sóknarfæri á því sviði í samstarfi við Alþjóðabankann.

Stuðningur við konur og börn er mikilvægur þáttur í þróunarsamvinnu Íslands sem hefur farið vaxandi á síðustu árum. Þar ber að nefna aukna aðstoð íslenskra stjórnvalda við starfsemi UNIFEM og við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. Frjáls félagasamtök vinna ómetanlegt starf í þróunarlöndunum. Í samræmi við markmið um að efla samstarf við íslensk félagasamtök er nú unnið að þróun verklagsreglna er lagðar verða til grundvallar auknu samstarfi.

Frú forseti. Sem fyrr endurspeglar skýrslugjöf utanríkisráðherra til Alþingis að utanríkisþjónusta Íslands fæst við víðfeðmt starfssvið og fjölbreytileg verkefni, oft við erfiðar aðstæður. Almenn þróun alþjóðamála og vaxandi íslenskir viðskiptahagsmunir víða um heim munu óhjákvæmilega hafa í för með sér að á næstu árum mun reyna enn meira á utanríkisþjónustuna. Því skiptir miklu að forgangsraða verkefnum og stefna ávallt að hámarksskilvirkni. Það er í þessum anda sem aukin áhersla verður lögð á gæslu og eflingu íslenskra hagsmuna í Asíu á komandi árum en alþjóðlegt pólitískt vægi stærri Asíuríkja og gríðarlegur hagvöxtur valda því að Ísland hefur þangað margt að sækja og margt upp á að bjóða. Meðal annars þess vegna verður opnað sendiráð Íslands á Indlandi í mars næstkomandi og vonir standa til að sendiráð Indlands hér á landi opni á næsta ári. Sem endranær verður leitast við að halda kostnaði við þessar breytingar í lágmarki, m.a. með tilflutningi verkefna. Mun hið nýja sendiráð í Nýju-Delhí sinna fyrirsvari fyrir Ísland víðar í þessum heimshluta.

Um utanríkis- og alþjóðamál mætti að sjálfsögðu hafa mun lengra mál en þingsköp gera ráð fyrir varðandi skýrslu sem þessa. Utanríkisstefna Íslands byggist sem fyrr á gæslu hagsmuna lands og þjóðar og öflugu fyrirsvari gagnvart öðrum ríkjum. Hins vegar hefur sú þróun jafnframt orðið áberandi hin síðari ár að auk beinnar hagsmunagæslu taki Íslendingar í ríkari mæli þátt í alþjóðlegum verkefnum sem ekki tengjast íslenskum hagsmunum með beinum hætti. Það er skylda okkar og á að vera Íslendingum metnaðarmál að taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi til framdráttar frelsi og lýðræði í heiminum.

[11:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mannréttindi eru algild, sagði hæstv. utanríkisráðherra og ég tek undir það með honum. Þau eru algild og þau eiga að ná yfir alla, líka meinta hermdarverkamenn sem eru í haldi hjá leyniþjónustum erlendra stórvelda.

Því segi ég þetta, frú forseti, vegna þess að núna eru erlendis miklar umræður um fangelsi, leynifangelsi í skuggaríkjum, þangað sem fluttir eru meintir hermdarverkamenn til yfirheyrslna og þar er beitt aðferðum sem ekki eru hefðbundnar. Það hafa verið lagðar líkur að því að þar sé jafnvel beitt pyndingum.

Nú vill svo til að þetta hefur komið fram í umræðu hér á Íslandi síðustu daga, frú forseti. Þetta hefur mikið verið í umræðum í erlendum blöðum og talið er að Ísland sé jafnvel miðstöð slíkra flutninga. Þýskt stórblað kallaði Ísland miðstöð slíkra fangaflutninga til landa þar sem vitað er að beitt er pyndingum við yfirheyrslur.

Við höfum rætt þetta við hæstv. utanríkisráðherra síðast í gær og ég var ekki ánægður með svörin. Skömmu eftir að hæstv. ráðherra gaf hér heldur loðmulluleg svör bárust fregnir af því að á Reykjavíkurflugvelli er flugvél frá Devon Holding & Leasing sem New York Times segir að sé leppfyrirtæki CIA.

Mig langar að spyrja hæstv. utanríkisráðherra: Hvað ætlar hann að gera í því? Ætlar hann ekki að gefa út formlega yfirlýsingu um það til Bandaríkjastjórnar að þessum vélum og þessum flutningum sé ekki heimilt að fara um Ísland? Ætlar hæstv. utanríkisráðherra ekki heldur að gefa út formlega yfirlýsingu um að þeim flugvélum sem vitað er að eru notaðar í þessum tilgangi sé bannað að koma um íslenska lögsögu?

[11:14]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við ræddum þetta mál nokkuð ítarlega hér í þingsalnum í gær og ég gerði þar alveg skýra grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ég hef í þessu máli. Þau byggjast ekki á fyrir fram gefnum forsendum eins og hv. þingmaður gaf sér þegar hann kom hér í gær með fyrir fram skrifaða ræðu og hafði ekki einu sinni hlustað á það sem sagt var í umræðunni og tók þar af leiðandi ekkert mark á því. Mér heyrist hann ekki gera það í dag heldur.

Það lenti flugvél á Reykjavíkurflugvelli í gær og af henni birtust myndir í sjónvarpi og blöðum. Sú flugvél fékk tollskoðun eins og allar slíkar vélar sem hingað koma. Ég hef innt sérstaklega eftir því og er að kanna hvort nokkuð grunsamlegt hafi komið út úr þeirri skoðun á vélinni. Það má vera að hv. þingmaður hafi rannsakað það og kynnt sér að þar hafi verið fangar um borð. Ég tel fullvíst að þar hafi ekki verið neinir laumufarþegar eða fangar, (Gripið fram í.) hvað þá að þar hafi verið einhverjir aðilar sem beittir eru pyndingum. Um þetta vitum við ekki, en ég tel víst að flugvélin hafi lent hér í friðsamlegum og lögmætum tilgangi.

Við þurfum að fá að vita hvort Bandaríkin eða önnur ríki hafi flutt fanga um Ísland til landa þar sem þeir eru beittir óeðlilegum yfirheyrslum eða óeðlilegum aðgerðum. Slíkt sættum við okkur ekki við, höfum mótmælt og munum áfram mótmæla. En í þetta mál vantar þá fullvissu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson virðist hafa í þessu máli eins og svo mörgum öðrum án þess að hafa kynnt sér þau til hlítar.

[11:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það þarf ekki fullvissu, það er nóg að áleitinn grunur leiki á því að Ísland sé misnotað. Af hverju, frú forseti? Vegna þess að það má enginn vafi leika á því að Ísland sé saurgað með því að flytja um það fólk sem er hugsanlega pyndað í einhverjum skuggaríkjum heimsins. Ég sætti mig ekki við þessi linkulegu viðbrögð hæstv. utanríkisráðherra.

Dettur honum virkilega í hug að það sé hægt að spyrja bandarísk stjórnvöld um hvað CIA sé að gera? Dettur hæstv. ráðherra virkilega í hug að það sé hægt að spyrja

hvort verið sé að nota leppfyrirtæki í þessum tilgangi? Hæstv. ráðherra þarf ekki annað en að lesa amerísk stórblöð þar sem frá þessu er greint og hann á að reka af sér slyðruorðið og hann á að lýsa því yfir að þær flugvélar sem grunur leikur á samkvæmt upplýsingum danskra stjórnvalda að séu misnotaðar í þessum tilgangi hér á Íslandi fái ekki að lenda hér. (Forseti hringir.) Hvers vegna gerir hann það ekki?

[11:17]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Afstaða ríkisstjórnarinnar og afstaða mín í þessu máli liggja fyrir. Ég hef komið því skriflega á framfæri við utanríkisráðuneytið í Washington. En það er með þetta eins og ýmislegt annað að það gengur ekki greiðlega að fá skýr svör. Samt er það þannig að Össur Skarphéðinsson virðist vera með öll svörin en þetta er ekki fyrsta málið þar sem hann talar og talar án þess að hafa fullnægjandi gögn eða upplýsingar í höndunum. (**ÖS:** Lestu Moggann?)

Við höfum látið það koma skýrt fram að við sættum okkur ekki við flug af þessu tagi en hingað koma milli 1.500 og 2.000 flugvélar um Keflavíkurflugvöll á hverju einasta ári auk þeirra sem lenda í Reykjavík. Vélin sem lenti hér í gær fékk eðlilega tollskoðun, það var ekkert athugavert við það sem í henni var að finna. (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður getur fullyrt hér út í loftið eins og hann vill en stjórnvöldum ber að taka ábyrga afstöðu. En auðvitað fordæmum við ef slíkt flug með fanga á sér stað, hvort sem það er hér að finna eða annars staðar.

[11:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir að það var hálfneyðarlegt fyrir hæstv. utanríkisráðherra að þurfa að svara fyrir um hið ólöglega fangaflug í sama mund og ein slík vél lenti hér á Reykjavíkurflugvelli. Það er að sjálfsögðu ekki svo að eingöngu þegar fangar séu um borð sé um brot að ræða. Ef í hlut eiga aðilar sem villa á sér heimildir eða aðilar sem hafa tekið þátt í grófum mannréttindabrotum og lögbrotum þá eiga þeir að sjálfsögðu ekkert erindi inn í lofthelgi okkar og á íslenska flugvelli þó svo að þeir séu ekki með fanga um borð í viðkomandi ferð.

En ég ætlaði að spyrja hæstv. utanríkisráðherra að því hverju sæti hin mjög svo fátæklega umfjöllun hans um þann atburð á alþjóðavettvangi sem hefur verið langfyrirferðarmestur í umræðu síðastliðin þrjú ár og það er Íraksstríðið. Um það mál eru sjö og hálf lína í 16 blaðsíðna langri ræðu. Hverju sætir að hæstv. utanríkisráðherra minnist t.d. ekki á nýjustu atburði, þá staðreynd að Bandaríkjaher hefur nú játað á sig notkun efnavopna í Írak, hefur játað á sig notkun fosfórsprengna og að hafa notað slíkar sprengjur, ekki til að búa til reyk eða lýsa upp heldur beint þeim gegn fólki? Að vísu segja þeir gegn vígamönnum en það er nú kannski erfitt að draga það í sundur þegar ráðist er á stórborg og hún lögð í rúst, jöfnuð við jörðu eins og gert var í Falluja.

Það liggur fyrir að Bandaríkjamenn hafa pyntað fanga. Það liggur fyrir að þeir stunda ólögmætar fangelsanir því að þeir halda mönnum í fangelsum mánuðum og árum saman án ákæru og nú liggur fyrir að þeir hafa notað efnavopn. Þetta eru þrjú af fjórum ákæruatriðum gegn Saddam Hussein. Saddam Hussein er ákærður fyrir fjöldamorð, fyrir pyntingar, fyrir ólögmætar fangelsanir og fyrir notkun efnavopna. Hann er örugglega sekur um þetta allt saman. (Forseti hringir.) En því miður virðast þeir sem steyptu honum af stóli vera orðnir sekir um a.m.k. þrennt af fernu. Hvað segir hæstv. utanríkisráðherra um þetta?

[11:21]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í ræðu minni er fjallað um uppbygginguna sem á sér stað í Írak og henni fagnað. Allir lýðræðislega sinnaðir menn hljóti að sjálfsögðu að fagna því að þrátt fyrir erfiðleikana og átökin í Írak skuli nú vera að takast að byggja þar upp lýðræðislegt stjórnkerfi þar sem almenningur í landinu fær að velja sér forustumenn ólíkt því sem áður var þar í landi og því miður víðar í þeim heimshluta.

Mér dettur ekki í hug að bera blak af brotum á mannúðarlögum eða alþjóðlegum samningum um meðferð fanga. Ég segi eins og áðan: Ég hef ekki staðfest dæmi í höndum um að slíkt hafi átt sér stað. Það liggja fyrir alls kyns fullyrðingar um það og Bandaríkjamenn verða sjálfir að hrekja það slyðruorð af sér og bera af sér þær sakir. En ef þeir eru sekir um slíkt er það vissulega þeim til mikillar minnkunar.

Það sem skiptir hins vegar mestu máli varðandi Írak er, eins og ég sagði áðan, að þar takist að byggja upp lýðræðislegt stjórnkerfi, samþykkja nýja stjórnarskrá, hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um hana og efna síðan til þingkosninga síðar á þessu ári. Þetta er atburðarás sem fáir hefðu trúað að gæti orðið raunin á svona stuttum tíma. Það er verkefni allra lýðræðislega sinnaðra manna að reyna að hjálpa til við slíka þróun í heiminum en ekki að grafa undan henni.

[11:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það er nú efni í aðra og langa umræðu, frú forseti, ef farið yrði út í hvernig hlutirnir hafa gengið til í Írak og það fúafen sem menn eru þar fastir í. Það hefur því miður margt gengið eftir og ræst af því sem menn sem höfðu þekkingu á málefnum þess svæðis vöruðu við áður en ráðist var þar inn. Ég vitna t.d. til þess sem helsti sérfræðingur Íslendinga á þessu sviði, Magnús Bernharðsson, hefur sagt.

En það er nú þannig að í Morgunblaðinu í dag kemur fram að Bandaríkjaher viðurkenni notkun hvítra fosfórsprengna í Falluja. Og þótt svo að Bandaríkjamenn hafi kosið að grafa undan CVC-samningum að hluta til, efnavopnasamningnum, með því að vera ekki aðilar að honum að öllu leyti þá er það auðvitað geysilega alvarlegur atburður, burt séð frá öllu öðru, að þessi efnavopn skuli vera notuð í nútímahernaði. Auðvitað á Ísland sem aðili að samningnum að fordæma slíkt og mér finnst að hæstv. utanríkisráðherra geti tekið sterkar til orða en hann gerði hér gagnvart mögulegri misnotkun eða mögulegri notkun þessara efna.

[11:24]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það olli mér nokkrum vonbrigðum að hæstv. utanríkisráðherra skyldi ekki í ræðu sinni tala meira um hlutverk og stöðu Íslands í varnarsamstarfi við aðrar þjóðir, um stöðu okkar í Norður-Atlantshafi og tengsl við nágrannaþjóðir.

Ég kem hér upp til að spyrjast fyrir um einstök atriði í þessari ræðu. Fyrir það fyrsta, þá talar hæstv. utanríkisráðherra um að íslensk stjórnvöld hafi lýst yfir vilja til að kanna möguleika á samstarfi á sviði þyrlubjörgunar. Mig fýsir að vita hvort hér sé að einhverju leyti verið að ræða um að Landhelgisgæslan fái aukið og stærra hlutverk hér á landi, þá hugsanlega í samstarfi við NATO eða við Bandaríkjamenn, bæði á sviði þyrlubjörgunar en hugsanlega líka á sviði einhvers konar eftirlits á hafinu.

Hitt sem mig langar til að koma aðeins að er að hæstv. utanríkisráðherra minntist á að nú standi yfir undirbúningur að málsókn Íslands gegn Noregi fyrir alþjóðadómstólnum í Haag vegna Svalbarðamálsins. Nú er það svo að þeir utanríkisráðherrar sem hafa rætt þetta áður, ég held a.m.k. síðustu tvö ár, hafa sagt mjög svipaða hluti og ég verð að lýsa því yfir að ég er farinn að hafa áhyggjur af þessu máli, af þessum mikla seinagangi við undirbúninginn sem hefur tekið ansi mörg missiri. Mig langar því til að varpa því fram hvort ekki sé kominn tími til að þessu starfi fari að ljúka því ég hygg að andstæðingar okkar, þ.e. Norðmenn muni hætta að taka okkur trúanlega í þessum efnum og halda að hér sé eingöngu um að ræða innantómar hótanir, að Ísland sé í raun og veru ekkert annað en pappírstígrisdýr í þessu máli og að við meinum ekkert með þessum hótunum.

[11:26]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skal með ánægju útskýra nánar þau tvö atriði sem þingmaðurinn nefndi.

Varðandi hugsanlega meiri aðild Íslendinga í störfum þyrlubjörgunarsveitar á Keflavíkurflugvelli þá er það hugmynd sem hefur verið í gangi og við viljum gjarnan ræða frekar við Bandaríkjamenn hvort hægt sé að útfæra nánar með viðeigandi hætti fyrir báða aðila. Það mál er ekki lengra komið en þar er um að ræða svið þar sem Íslendingar hafa bæði þekkingu og reynslu til að taka að sér aukin verkefni, þó að þau séu vissulega kostnaðarsöm. Það er ekkert vafamál að þar mundi Landhelgisgæslan hafa hlutverki að gegna þó að ekki sé búið að útfæra það enn þá.

Varðandi Svalbarðamálið þá hefur það legið fyrir í nokkur missiri að íslenska ríkið hefur verið að undirbúa málssókn til að fylgja eftir réttindum sínum á því svæði, málsókn fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag. Þetta er mál sem krefst mjög vandaðs undirbúnings og lögfræðilegrar vinnu sem hefur verið í gangi þennan tíma. Við höldum því áfram að undirbúa þessa málssókn, það er ekki að heyra á Norðmönnum að þeir vilji gefa neitt eftir í þessum efnum við samningaborð þannig að við munum halda þessu máli til streitu eins og áður hefur verið tilkynnt. En það er nú gjarnan þannig með málaferli fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag að þau taka mjög langan tíma bæði í undirbúningi og flutningi og síðan þar til dómur fellur. Þannig er nú staðan í því máli, virðulegi þingmaður.

[11:28]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanríkisráðherra kom einmitt að kjarna málsins. Það tekur langan tíma að reka mál fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag. Ég met stöðuna sem svo að Norðmenn séu í raun og veru að reyna að láta tímann vinna með sér í þessu máli, því með því að eins konar hefðarréttur skapist á þessu umdeilda hafsvæði þá verði allar tafir, hvort sem þær eru af hendi okkar Íslendinga, Norðmanna eða annarra í málinu, þeim í hag en okkur í óhag. Þetta er ferli sem mun taka nokkur ár og þess vegna tel ég að það sé mjög mikilvægt að við hröðum undirbúningi að málinu og ljúkum honum og látum síðan virkilega á það reyna fyrir dómstólnum hver réttur okkar á svæðinu sé. Það er öllum ljóst sem fylgst hafa með þessu að Norðmenn hyggjast ekki gefa eftir eina tommu í málinu og við munum aldrei fá neina niðurstöðu nema fyrir þessum dómstóli.

[11:29]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka utanríkisráðherra fyrir ræðu hans um utanríkismál. Þar var komið inn á ýmis efni sem tengjast störfum utanríkisráðuneytisins. Eins og fram kom í máli hans eru þau ansi víðfeðm og þar er, eftir því sem mér sýnist, vel á málum haldið svona almennt og yfirleitt. Ráðherra gat þó auðvitað ekki nema rétt tæpt á flestum þessara mála enda tíminn hér takmarkaður til þess að fara yfir þau öll. Undir lok ræðu hæstv. utanríkisráðherra kom fram ákveðin stefnumörkun í utanríkismálum og þar sagði, með leyfi forseta:

„Utanríkisstefna Íslands byggist sem fyrr á gæslu hagsmuna lands og þjóðar og öflugu fyrirsvari gagnvart öðrum ríkjum."

Síðan var bætt við að hún byggðist líka á þátttöku í alþjóðlegum verkefnum. Utanríkisstefnan byggist á því að gæta hagsmuna lands og þjóðar. Jú, það liggur nú eiginlega í augum uppi að það hlýtur að vera verkefni utanríkisþjónustunnar og það hlýtur að vera stefna okkar. En hvert er erindi okkar á alþjóðavettvangi? Hvert er það erindi? Hvar og hvernig ætlum við að leggja okkar af mörkum í þessu alþjóðasamstarfi á alþjóðavettvangi sem við eigum að taka þátt í? Hvernig ætlum við að rækja skyldur okkar við hinar fátækari þjóðir heims? Við erum enn langt undir þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna þó að vissulega hafi þokast í rétta átt í þeim efnum, þúsaldarmarkmiðunum með framlög til þróunaraðstoðar. Hver er stefna okkar gagnvart hinu alþjóðlega stofnanakerfi? Hver er stefna okkar gagnvart Alþjóðabankanum, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eða Heimsviðskiptastofnuninni? Allar þessar stofnanir sæta nú aukinni gagnrýni um allan heim.

Ég verð að játa, virðulegur forseti, að ég beið nokkuð spennt eftir ræðu hæstv. utanríkisráðherra sem er nýkominn til starfa og ég verð líka að játa, virðulegur forseti, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með þessa ræðu. Mér fannst hún metnaðarlaus og mér fannst skorta upp á sýn til framtíðar hjá nýjum ráðherra sem er að marka sér völlinn í

fyrsta sinn í sal Alþingis. Að þessu sögðu vil ég geta þess að mér fannst þessi ræða kannski ekki síst athyglisverð fyrir það sem ekki var í henni, t.d. hversu létt var skautað yfir Íraksmálið, eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni var sjö og hálf lína um það mál í ræðunni, en ekki síður vegna hins hversu létt var skautað yfir viðræðurnar um varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna sem afgreitt var á tólf línum í ræðunni.

Mér finnst ráðamenn þjóðarinnar sem hafa verið í samfelldu samningaferli í 11 ár skulda þjóðinni betri upplýsingar um málið en hingað til hafa komið fram. Mér finnst þeir skulda þjóðinni betri rökstuðning fyrir áherslum sínum og samningsmarkmiðum í þessu máli. Ég er viss um að ef þeir gerðu betur grein fyrir því og væru ekki stöðugt með þennan leyndarhjúp yfir þessum viðræðum gætu þeir fengið breiðari stuðning í viðræðunum og styrkt þannig samningsstöðu sína frá því sem nú er. Ég geri ráð fyrir að ráðamenn hljóti að treysta sér í slíkar útskýringar, að þeir hljóti að hafa það fast land undir fótum að þeir geti sett fram skiljanlegar kröfur og útskýrt þær fyrir öllu venjulegu fólki.

Í ræðunni sagði hæstv. utanríkisráðherra að meginmarkmiðið í viðræðunum væri að tryggja lágmarksviðbúnað, eins og segir í ræðunni, og þetta væri gert á grundvelli varnarsamningsins frá 1951. Á þetta getum við í Samfylkingunni fallist sem markmið. Það þarf auðvitað að tryggja varnir og öryggi landsins rétt eins og við þurfum löggæslu og almannavarnir, ekki viljum við vera án þess. Við erum með tvo samninga um öryggis- og varnarmál okkar, annars vegar samninginn um aðildina að Atlantshafsbandalaginu frá 1949 og hins vegar hinn tvíhliða samning við Bandaríkin frá 1951 sem felur í sér ótvíræða skyldu Bandaríkjamanna til að gera ráðstafanir til varnar Íslandi. Eftir stendur spurningin hver á að vera lágmarksviðbúnaðurinn sem við þurfum til að tryggja varnir og öryggi landsins. Eru það fjórar orrustuþotur? Kannski. Ég get ekki svarað því og til að hægt sé að svara þeirri spurningu verður að vinna raunhæft hættumat og meta þá vá sem að okkur getur helst steðjað og hvaða varnarviðbúnað þurfi til að takast á við hana. Þetta mat viljum við í Samfylkingunni að verði unnið, og höfum flutt um það tillögur í þinginu, en ríkisstjórnin ekki. Fyrir því er líklega bara ein ástæða. Út úr því mati kæmi hugsanlega að hér væri ekki þörf á miklum viðbúnaði. Það gæti rennt stoðum undir óskir Bandaríkjamanna allt frá árinu 1993 að fara af landi brott með F15 flugsveitina sem hér er og allt sem henni fylgir og það er býsna mikið sem henni fylgir. Líklega má halda því fram að það sé mestallur viðbúnaðurinn í Keflavík sem fylgir þessum fjórum þotum. Ég geri ráð fyrir að það sé þess vegna sem ofuráherslan er lögð á orrustuþoturnar fjórar sem samningsmarkmið Íslendinga í þessum viðræðum.

Fyrrverandi forsætisráðherra og sá núverandi hafa báðir látið á sér skiljast að náist þetta markmið ekki fram hafi herinn einfaldlega ekkert hér að gera, þá geti hann farið. Með öðrum orðum þá verði varnarsamningnum einfaldlega sagt upp. Þetta hljómar einkennilega í eyrum margra því að mörgum finnst lítil hótun fólgin í því að segja hernum að fara af landi brott með öll sín tæki og tól, sem er einmitt það sem hann vill. En hótunin er auðvitað ekki tæknilegs eðlis heldur er þetta pólitísk hótun. Þetta er hótun um uppsögn á varnarsamningi sem væri pólitískt áfall fyrir Bandaríkjastjórn og þetta er í raun hótun um breytta stefnu í utanríkismálum. Hótun um að færa sig af hinu bandaríska áhrifasvæði í utanríkismálum og yfir á hið evrópska. Forsætisráðherra sagði þetta nánast berum orðum í ræðu sinni á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins um leið og hann snupraði sjálfstæðismenn fyrir seinagang og árangursleysi í þessum viðræðum, því auðvitað var forsætisráðherra að gera það. Það merkilega við þetta mál er auðvitað að það hefur fylgt Sjálfstæðisflokknum alla tíð í ríkisstjórn. Það var í höndum fyrrverandi forsætisráðherra meðan hann var í forsætisráðuneytinu og síðan fór það með honum yfir í utanríkisráðuneytið þegar hann flutti sig þangað og situr eftir þar núna meðan núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins er þar. Það eru því sjálfstæðismenn sem hafa farið með þetta mál allan tímann sem er út af fyrir sig merkilegt en skýrir kannski að þeir eru nú snupraðir af núverandi forsætisráðherra og formanni Framsóknarflokksins.

Það er alveg rétt hjá forsætisráðherranum að það er mikilvægt að fylgjast með þróuninni í Evrópu og horfa meira til þeirrar áttar því að við kunnum að eiga þar öryggissamfélag í framtíðinni. Hins vegar er ekki á vísan að róa þar því að hin sameiginlega utanríkis- og varnarstefna Evrópusambandsins er auðvitað ekki fullburða. En það er óviðunandi að samningaviðræðurnar við Bandaríkjamenn séu ekki leiddar til lykta. Það er óviðunandi að stjórnvöld geti ekki útskýrt hvernig á þeim vandræðagangi standi, þessari streitu sem hefur skapast á milli samningsaðila, hvað ber á milli og hvers vegna.

Valur Ingimundarson sagnfræðingur sagði í fyrirlestri í september 2004 að sambandið milli Bandaríkjanna og Íslands væri brothætt og staðnað. Svokallað öryggissamfélag ríkjanna væri á því stigi að það væri að leysast upp og það þyrfti víðtækari pólitíska og efnahagslega skuldbindingu af beggja hálfu en bara fjórar orrustuþotur. Ef það er raunin, ef þetta 50 ára öryggissamfélag þessara ríkja er að leysast upp verða menn að velta fyrir sér í fullri alvöru hvað eigi að koma í staðinn. Sú heimavinna hefur ekki farið fram, ekkert frekar en matið á varnarþörfinni. Það sem er kannski verst í þessu máli öllu saman er að það virðist vera uppi alger pattstaða sem menn komast ekki út úr.

Ég ætla aðeins að víkja að leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í september, virðulegur forseti. Mér er líklega svipað farið og utanríkisráðherra að hafa orðið fyrir vonbrigðum með niðurstöðu þess fundar. Kannski voru væntingarnar bara of miklar. En sé raunsæið haft að leiðarljósi má eflaust segja að ekki hafi verið við því að búast að leiðtogar heimsins kæmust lengra að þessu sinni. Lokaskjalið var vissulega nokkuð útþynnt en þó náðist samstaða milli ríkja heims í allnokkrum mikilvægum málaflokkum. Það er eitt tiltekið efni sem mér finnst skipta hvað mestu máli í því sambandi. Þar er um að ræða að öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa samþykkt að það sé sameiginleg skylda þeirra að vernda óbreytta borgara gegn þjóðarmorði, stríðsglæpum, þjóðernishreinsunum og glæpum gegn mannkyninu. Þá skuldbinda þau sig til að gera slíkt á vettvangi öryggisráðsins hvenær sem stjórnvöld á hverjum stað hafa vanrækt þá skyldu. Þessi samþykkt tengist nýrri skilgreiningu á öryggi sem hefur verið að ryðja sér til rúms í hinu al-

þjóðlega samfélagi á undanförnum árum. Sú skilgreining byggir á því að mannhelgi, mannréttindi og mannöryggi er sett ofar en fullveldið og þjóðaröryggi. Ekki svo að skilja að þetta geti ekki farið saman, síður en svo, þetta er auðvitað órjúfa tengt í lýðræðisríkjum sem ástunda opna, ábyrga og skilvirka stjórnarhætti.

Þessi nýja skilgreining á rót sína að rekja til þeirra breytinga sem orðið hafa í heiminum frá lokum kalda stríðsins og nýju mati á þeirri vá sem steðjar öðru fremur að íbúum heimsins og með þeim hætti tengist þetta vissulega okkar íslensku varnarhagsmunum og viðbúnaði. Ógnin felst nefnilega ekki lengur öðru fremur í hættunni á innrás óvinveittra ríkja heldur stafar mest ógn af örbirgð, sjúkdómum, þjóðernishreinsunum, ofbeldi og mansali sem á sér stað vegna ógnarstjórnar heima fyrir eða vegna þess að ríkisstjórnir hinna fullvalda ríkja eru ekki færar um að vernda þegna sína. Og þegar ríkisstjórnin bregst verður alþjóðasamfélagið að grípa inn í.

Hugmyndin um mannöryggið kallar á nýtt skipulag og ný vinnubrögð, bæði af hálfu hinna fullvalda ríkja sem og alþjóðasamfélagsins. Mannöryggið leggur alþjóðasamfélaginu á herðar skylduna til að vernda. Þeirri skyldu fylgir mikill vandi vegna þess að henni fylgir hættan á misnotkun. Með öðrum orðum, voldug ríki sem telja þjóðarhagsmunum sínum stefnt í voða freistast til að ráðast einhliða til atlögu við önnur ríki undir formerkjum verndarskyldunnar. Þetta gerðist auðvitað með innrásinni í Írak og það var mikill álitshnekkir fyrir íslensk stjórnvöld að þau skyldu glepjast til að styðja einhliða ákvörðun ríkisstjórna Bandaríkjanna og Bretlands að ráðast inn í Írak áður en alþjóðlegir vopnaeftirlitsmenn höfðu lokið sínum störfum og Sameinuðu þjóðirnar tekið ákvörðun í málinu. Vissulega voru vond stjórnvöld í Írak en það voru hvorki gereyðingarvopn í landinu né þjóðarmorð yfirvofandi eins og var raunin t.d. í Rúanda og Darfúr þar sem alþjóðasamfélagið horfði á aðgerðalaust.

Á undanförnum árum hefur talsverð vinna verið lögð í að skilgreina þær forsendur sem þurfa að liggja að baki ákvörðun um að fullveldi ríkja víki fyrir verndarskyldu alþjóðasamfélagsins. Kanadastjórn hefur unnið talsvert mikið í málinu og finnsk stjórnvöld hafa gert það líka. Þau hafa lagt fram tillögur um hvaða grundvallarreglum þurfi að hlíta til að hernaðaríhlutun geti talist réttlætanleg. Fulltrúar norrænu jafnaðarmannaflokkanna hafa tekið þessar hugmyndir upp á sína arma og sett fram þá afstöðu að fyrir hernaðaríhlutun af mannúðarástæðum þurfi samþykki öryggisráðsins og þá er það öryggisráð án neitunarvalds og aðeins aðalritari Sameinuðu þjóðanna eigi að hafa rétt til að leggja fram tillögu um hernaðaríhlutun á grundvelli mannöryggis.

Á vettvangi norrænu jafnaðarmannaflokkanna og jafnaðarmannaflokka Evrópu er almenn mikil vinna í gangi sem miðar að því að bæta hið alþjóðlega stofnanakerfi með það að markmiði að auka jöfnuð og réttlæti milli ríkja og innan ríkja. Markmiðið er að draga úr völdum stórvelda og stórfyrirtækja og tryggja hlutdeild þeirra fátæku í hinni miklu auðlegð jarðarinnar. Á síðastliðnum 50 árum höfum við notað meira af auðlindum en í samanlagðri sögu mannkyns fram til þess tíma. Samt hefur misskipting aukist og þeim hefur ekki fækkað sem lifa við örbirgð. 45% jarðarbúa lifa af 2 dollurum eða minna á dag. Þeim hefur að vísu fækkað á þéttbýlum svæðum Kína og Indlands en þeim hefur fjölgað annars staðar svo sem í Afríku. Má kannski segja að þetta séu stærstu efnahagsmistök tuttugustu aldarinnar að svona skuli fyrir okkur komið þrátt fyrir alla þessa auðlegð. Það er að hluta til vegna þess að stofnanir eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Alþjóðabankinn og Heimsviðskiptastofnunin hafa brugðist. Þær eru byggðar upp samkvæmt uppskrift eftirstríðsáranna og á forsendum hinna sterku og það er mikilvægt. Þær stofnanir hafa sannarlega hlutverki að gegna og heimurinn væri verr settur án þeirra, en þessum stofnunum þarf að breyta. Þær eru þannig uppbyggðar núna, eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, að iðnríkin fara með 60% af atkvæðamagni innan stofnunarinnar og innan Alþjóðabankans meðan það er 17% innan stofnana Sameinuðu þjóðanna.

Þessu þarf auðvitað að breyta, virðulegur forseti, og ég hefði kosið að sjá einhver merki þess að íslensk stjórnvöld vildu beita sér fyrir slíkum breytingum og standa þannig að málum að við gætum komið á alþjóðavísu öflugu jöfnunarkerfi rétt eins og mönnum tókst að koma upp öflugu jöfnunarkerfi innan þjóðríkjanna um miðbik síðustu aldar.

[11:45]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var um margt athyglisverð ræða. Mér fannst gaman að því þegar hv. þingmaður Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fjallaði um ræðu hæstv. utanríkisráðherra og sagði hana valda nokkrum vonbrigðum og vanta sýn til framtíðar. Ég held að þetta séu nákvæmlega orðin sem notuð hafa verið um hv. þingmann eftir að viðkomandi tók við formannsembætti hjá Samfylkingunni. Svo sannarlega hafði ræða hennar allar forsendur til að valda vonbrigðum og ef menn eru að tala um sýn til framtíðar þá var ekki mikið um slíkt í ræðunni.

Hins vegar liggur hreint og klárt fyrir, og kom blygðunarlaust fram, að núverandi formaður Samfylkingarinnar vill ekki varnarlið hér á landi. Skýrar gat það ekki verið. Ég vil a.m.k. þakka hv. þingmanni fyrir hreinskilnina hvað það varðar. Þetta kemur mér þó ekki á óvart, sérstaklega í ljósi fyrri ummæla og skoðana þingmannsins. Ég þakka þingmanninum fyrir að upplýsa þá skoðun sína að varnarliðið eigi að fara.

En ég vil spyrja út í annað. Hv. þingmaður sagði að Alþjóðaviðskiptastofnunin, ásamt fleiri stofnunum, hefðu brugðist. Hún sagði að Alþjóðaviðskiptastofnunin væri byggð upp frá módeli frá seinni heimsstyrjöldinni sem ekki taki neitt tillit til breytinga. Þetta eru nokkuð miklar fréttir. Menn hafa hingað til talið að GATT-samkomulagið hafi verið byggt á því módeli en Alþjóðaviðskiptastofnunin hafi tekið mið af breyttum aðstæðum í heiminum. Ég vil biðja hv. þingmann að útskýra orð sín nánar og segja okkur hvernig Alþjóðaviðskiptastofnunin hafi brugðist, sérstaklega hinum fátækari þjóðum.

[11:47]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrist á því sem hv. þingmaður

Guðlaugur Þór Þórðarson sagði áðan, að hann hafi komið með þetta að heiman sem hann sagði í ræðustólnum. Ég tel að í ræðu minni hafi ég bæði verið með talsvert öfluga sýn til framtíðar um mannöryggið og áherslurnar á það á bæði innlendum og erlendum vettvangi, á alþjóðastofnanir og hvernig þurfi að takast á við þær. Ég talaði um Sameinuðu þjóðirnar og markmiðið í þeim efnum, um skilgreiningu á vá og vörnum á Íslandi og þannig gæti ég áfram talið. Mér heyrist að ræðumaðurinn hafi komið með þetta skrifað að heiman, kannski fengið einhverja forskrift um hvert hlutverk hans ætti að vera í þingsal í dag.

Ræðumaður sagði að það hefði blygðunarlaust komið fram að ég vildi ekki varnarlið á Íslandi og ég vildi að varnarliðið færi. Ég sagði áðan að ég vildi öryggi og varnir og teldi mikilvægt að við hefðum tvíhliða samning við Bandaríkjamenn og við værum aðilar að NATO. Síðan vildi ég að varnarhagsmunir okkar væru skilgreindir, hver váin væri og síðan hefðum við varnarviðbúnað í samræmi við það. Þetta sagði ég í ræðu minni áðan, sem bendir jafnframt til þess að hv. ræðumaður hafi greinilega komið með eitthvað skrifað að heiman.

Varðandi Alþjóðaviðskiptastofnunina tel ég að þar þurfi margt að breytast, að hún þurfi m.a. að taka meira mið af félagslegum og menningarlegum hagsmunum þeirra þróunarríkja sem aðild eiga að henni. Ég tel að félagslegan þátt þurfi inn í þá samninga til að tryggja að þessi ríki geti að einhverju leyti varið sína markaði á meðan þau byggja upp alþjóðaviðskipti sín.

[11:49]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að biðja hv. þingmann afsökunar. Framtíðarsýnin var mannréttindi. Virðulegi forseti, ég áttaði mig ekki á að þetta væri eitthvað sem Samfylkingin hefði verið að uppgötva. Ég bara óska Samfylkingunni til hamingju með þetta. Það er ánægjulegt að þetta sé komið inn (Gripið fram í.) í framtíðarsýnina.

Ég heyri að nokkrir hv. þingmenn Samfylkingarinnar eru algjörlega að fara á taugum núna (Gripið fram í.) sem er auðvitað ekki gott. Hins vegar (Gripið fram í.) eru það ekki lengur nokkrir, virðulegi forseti, sem eru að fara á taugum, hér eru allir að fara á taugum.

(**Forseti** (RG)**:** Ég bið þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Hér segir hv. þingmaður: Ég kom upp og skilgreindi vá og varnir landsins. Bíddu, fyrirgefðu, þingmaður kom og sagði að hann hefði ekki hugmynd um hvernig ætti að skilgreina varnarhagsmunina og vildi endilega fara og skoða þá, eftir allan þennan tíma. Þingmaðurinn sagði að við værum að fara af áhrifasvæði Bandaríkjanna yfir til Evrópu. Ég vek athygli á að þessi hv. þingmaður kom með eina vitlausustu hugmynd sem hefur nokkurn tíma komið fram, taldi að við gætum náð varnarsamningi við Frakkland. (Gripið fram í.) Hún upplýsti þetta fyrir nokkru síðan.

Virðulegi forseti. Þetta kom fram í umræðu fyrir nokkru síðan. Ég get ekki annað séð en að hv. þingmaður sé enn á þeirri braut þegar hún talar um að við kunnum að eiga öryggissamstarf í framtíðinni í Evrópu og segir að við séum að fara af áhrifasvæði Bandaríkjanna yfir á áhrifasvæði Evrópu. Þetta er það sem hv. þingmaður sagði.

En aðeins út af Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Ég vek athygli á því að þróunarríkin hafa barist harkalega fyrir því að fá aðgang að mörkuðum okkar. Þau hafa sérstaklega gert það inn á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ef menn halda því fram að það módel sem Alþjóðaviðskiptastofnunin hefur sett upp, sem m.a. hefur gert að verkum að þessar þjóðir geta sótt rétt sinn (Forseti hringir.) til dómstóla, hafi brugðist þá held ég að menn séu mjög á mjög hæpnum forsendum í málflutningi sínum.

[11:51]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Maður verður að gera þá lágmarkskröfu til þeirra þingmanna sem taka þátt í umræðunni að þeir geti að minnsta kosti vísað rétt í ræður þeirra þingmanna sem tala á undan þeim. Í fyrsta lagi talaði ég ekki um mannréttindi. Ég talaði um mannöryggi, það er nýtt hugtak í öryggismálum sem heitir mannöryggi, „human security", sem menn eru farnir að vinna með um allan heim og skilgreina. Það er notað sem hugtak í varnarmálum en síðan skipuleggja menn viðbrögð og viðbúnað í samræmi við það.

Ég talaði líka um að við kynnum að eiga öryggissamfélag með Evrópu í framtíðinni. Ég held að það sé bara mjög raunsætt mat. Ég er ekki ein um að segja það. Ég veit ekki betur en að hæstv. forsætisráðherra hafi haft það mjög á orði í ræðu sinni á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins. Ég tel ekkert rangt að menn horfi til þeirrar áttar. Bíddu við, eiga menn bara að vera með einhverjar blinkur fyrir augunum þannig að þeir geti ekki séð til allra átta? Auðvitað þurfum við að búa okkur undir framtíðina og líta til allra átta.

Varðandi varnarsamning við Frakkland þá er þingmaðurinn einhvers staðar úti í móa, verð ég að segja. Ég hef þá verið með ósjálfrátt tal ef það hefur komið hér fram í mínu máli.

[11:53]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Utanríkismálaumræðan er ein af þeim skemmtilegri hér í þinginu. Enda er mjög fróðlegt að líta til baka og sjá hvað þingmenn hafa sagt í fyrri ræðum, sé horft til baka um nokkur ár. Heimsmyndin hefur breyst svo geysilega og allt breytist mjög hratt. Ef maður lítur til baka sjáum við mjög miklar breytingar eins og fall kommúnismans 1991 þegar Sovétríkin féllu. Ég vil líka nefna tilkomu alvarlegra hryðjuverka, bæði í Bandaríkjunum, í London og við sjáum að fleiri ríki, t.d. Danmörk sem eru að styrkja innviði sína.

Evrópusambandið hefur einnig breyst geysilega mikið og hratt. Múrinn féll á sínum tíma. Fleiri ríki eru að koma inn, önnur ríki bíða og flýta sér að bæta innviði sína þannig að þau komist inn sem fyrst. Þau njóta ríkulegrar aðstoðar við það að hálfu ESB.

NATO hefur breyst í grundvallaratriðum. Fleiri ríki hafa komið þar inn og verkefnin hafa breyst í takt við nýja skipan heimsmála.

Ég vil líka koma inn á það sem hæstv. utanríkisráðherra

minntist á, þ.e. byltinguna í fjarskiptum og upplýsingatækni. Hún hefur gerbreytt alþjóðasamskiptum og ég vil minna á að einungis eru 16 ár síðan internetið kom til Íslands og einungis 11 ár síðan við fengum GSM-síma. Það er ótrúlega stutt síðan og þessi tækni hefur breytt samfélaginu á undraskömmum tíma. Við lifum í allt öðru samfélagi nú en fyrir 20 árum. Hnattvæðingin hefur hafið innreið sína og breytir að sjálfsögðu utanríkismálum og stöðu okkar í heiminum eins og gefur að skilja.

Talsvert hefur verið rætt um Evrópusambandið, sem er eðlilegt enda höfum við þar gífurlegra hagsmuna að gæta. Framsóknarflokkurinn markaði stefnu sína núna á flokksþingi í febrúar 2005. Þar stendur, með leyfi virðulegs forseta:

„Á vettvangi Framsóknarflokksins skal halda áfram upplýsingaöflun og vinnu við mótun samningsmarkmiða og hugsanlegs undirbúnings aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Niðurstöðu þeirrar vinnu skal bera undir næsta flokksþing til kynningar.

Komi til aðildarviðræðna við ESB skulu niðurstöður slíkra viðræðna bornar undir þjóðaratkvæði."

Eins og margir muna þá skók EES-samningurinn Framsóknarflokkinn. Þar var tekist á. Ég var í þeim hópi sem studdi mjög EES-samninginn. Ég held að framsóknarmenn telji almennt, þegar þeir líta til baka, að EES-samningurinn hafi verið geysilega jákvætt skref. Ég vil líka segja að á flokksþingi okkar í febrúar 2005 má segja að nokkur breyting hafi orðið í orðræðunni gagnvart Evrópusambandinu innan Framsóknarflokksins. Kannski er hægt að kalla það kynslóðaskipti, ég skal ekkert um það segja. A.m.k. var unga fólkið almennt, þótt það sé ekki svart/hvít umræða, mun jákvæðara gagnvart aðild að Evrópusambandinu en við höfum áður heyrt á vettvangi Framsóknarflokksins. Og hvað var unga fólkið að segja? Jú, það vildi fá tækifæri. Það sagðist sjá að Evrópusambandið væri einsleitt og við værum hluti af því. Við erum með EES-samninginn og að sjálfsögðu höfum við þróast eins og Evrópusambandið vegna þess. Það hefur fært okkur margt mjög hagstætt.

Unga fólkið menntar sig og nýtir tæknina. Það hugleiðir að stofna fyrirtæki og sumir hafa gert það. Þau vilja fara í útrás. Þau fylgjast með sveiflu krónunnar og fylgjast með evrunni. Þau fylgjast með því hvernig önnur ríki hafa gengið í Evrópusambandið og notið undanþágna, t.d. Malta. Menn hafa rætt um að á vettvangi sjávarútvegsins gætum við fengið slíkar undanþágu. Menn hafa trú á því, af því það er ekki Evrópusambandinu í hag að veita okkur ekki ákveðið svigrúm áfram gagnvart stýringu á sjávarauðlindum okkar. Þannig var mun jákvæðari tónn gagnvart Evrópusambandsaðild en ég hef upplifað áður í Framsóknarflokknum. Ég vildi draga þetta sérstaklega fram af því ég tel að það sé að verða breyting í Framsóknarflokknum að þessu leyti. Nú er unnið að því í Evrópunefnd að móta samningsmarkmið og verður spennandi að sjá hvernig því reiðir af.

Við fylgdumst með landsfundi Sjálfstæðisflokksins að þessu leyti, þ.e. Evrópuumræðunni sem þar fór fram. Maður þykist hafa skynjað á síðustu árum að vaxandi hópur innan Sjálfstæðisflokksins, sérstaklega í viðskiptalífinu, vildi skoða frekari tengsl við Evrópu og hugsanlega aðild að Evrópusambandinu. En svo var ekki að sjá, miðað við niðurstöðu landsfundarins. Þar er ákveðin stefna mörkuð og sagt að ekki eigi að skoða nein slík mál á næstunni. Í yfirlýsingu forustumanna flokksins var ekki að finna neinar viðhorfsbreytingar gagnvart ESB. Það hefur a.m.k. ekki skilað sér í orðræðuna hjá forustunni. En ég fullyrði að talsverð viðhorfsbreyting sé að verða innan Framsóknarflokksins og sérstaklega hjá unga fólkinu.

Varðandi önnur mikilvæg mál í utanríkisumræðunni vil ég nefna þróunaraðstoðina. Framsóknarflokkurinn ályktaði á eftirfarandi hátt á flokksþinginu 2005, með leyfi virðulegs forseta:

„Þróunarsamvinna Íslands verði tryggð í takt við alþjóðlegar skuldbindingar. Skal hún markast af langtímaáætlunum um uppbyggingu menntunar og fræðslu innan þeirra samfélaga sem Íslendingar starfa með hverju sinni."

Við styðjum þessa stefnu sem við höfum fylgt, ríkisstjórnarflokkarnir, á Íslandi, þ.e. að stórauka þróunaraðstoð og uppbyggingu friðargæslunnar. Þátttaka okkar í friðargæslustarfi beinist að því að byggja upp inniviði stríðshrjáðra þjóðfélaga og þar höfum við staðið okkur vel. Ég vil nefna sérstaklega Írak, Afganistan, Kosovo, Bosníu og Sri Lanka. Ég vil taka undir með hæstv. utanríkisráðherra varðandi það sem hann sagði hér um Írak, að þó að ýmislegt gangi nú brösuglega þar þá er mjög ánægjulegt að fylgjast með skrefum þeirra í átt til lýðræðis. Þar var þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrána nýlega og þingkosningar í desember þannig að þar er ánægjuleg þróun á ferðinni gagnvart lýðræðinu og vonandi gengur það vel í framhaldinu.

Ég vil líka minnast á verkefni UNIFEM í Kosovo. Við í utanríkismálanefnd erum nýlega búin að fá kynningu á vilja UNIFEM til að fara í frekari verkefni. Þar var um mjög spennandi verkefni að ræða.

Hér hefur verið minnst á ógnina sem steðjar að mannkyninu. Það var rætt hér áðan um að fjöldi manns þyrfti að lifa af innan við tveim dollurum á dag. Ljóst er að þar er um stórt verkefni að ræða sem við Íslendingar eigum að taka þátt í og það ætlum við okkur. Nú stafar einum þriðja hluta mannkyns ógn af skorti á hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu. Á tíu sekúndna fresti deyr manneskja vegna þessa og 90% þeirra eru börn undir fimm ára aldri. Þessi vandi er langmestur í þróunarríkjunum. Nefna má að konur í Afríku ganga að meðaltali sex kílómetra á dag eftir hreinu vatni og ungar stúlkur hætta í skóla margar vegna þessa. Íslendingar settu sér markmið ásamt alþjóðasamfélaginu í Jóhannesarborg 2002 um að helminga fyrir árið 2015 þann hluta mannkyns sem býr ekki við aðgang að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu. Við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að standa við þau. Áætlað er að þetta muni kosta alþjóðasamfélagið um 11 milljarða dollara. En hver er ágóðinn? Jú, hann er 63 milljarðar dollara. Ágóðinn er því sexfaldur miðað við útgjöldin þannig að þetta er verkefni sem við eigum að sinna með alþjóðasamfélaginu.

Ég vil líka minnast á í sambandi við þróunaraðstoð að jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna er mjög mikilvægt framlag okkar til þróunarsamvinnu. Þar hafa verið nemendur frá 40 löndum. Þeir eru langflestir frá þróunarríkjum, eiginlega allir frá þróunarríkjum og þar kennum við þeim að nýta

jarðvarma, en hann er mjög víða að finna í þróunarríkjunum. Við sláum margar keilur í einu með því. Við hjálpum þessum ríkjum til sjálfshjálpar, aukum þar velmegun og að sjálfsögðu minnkar mengun í þessum ríkjum af því að þau þurfa þá ekki að nýta sér kol og olíu á meðan þau nýta jarðvarma.

Virðulegur forseti. Norrænt samstarf er einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Framsóknarflokkurinn hefur stutt norrænt samstarf heilshugar í gegnum árin og það samstarf fer fram á vettvangi Norðurlandaráðs, norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurskautsráðsins, en að sjálfsögðu hefur það samstarf breyst mjög mikið hin seinni ár, sérstaklega vegna Evrópusambandsins. Segja má að hið gamla góða norræna samstarf haldi gildi sínu en það hefur að vissu leyti líka lifnað svolítið við vegna þess að menn þurfa að standa saman á vettvangi ESB til þess að koma hagsmunamálum sínum á framfæri, en Norðurlöndin eiga yfirleitt og nánast alltaf sameiginlegra hagsmuna að gæta.

Ég vil líka minnast í þessu sambandi á Norræna félagið en það sinnir að mínu mati mjög mikilvægu verkefni, t.d. Nordjob, við að efla ungmennasamskipti milli landa. Það er mjög mikilvægt að ungmenni okkar kynnist Norðurlöndunum af eigin raun þannig að þau skynji vel rætur sínar.

Virðulegur forseti. Hér hefur verið minnst á öryggisráðið. Framsóknarflokkurinn styður framboð Íslands til öryggisráðsins eins og fram hefur komið margoft. Við teljum að við höfum þar hlutverki að gegna. Við höfum aldrei setið í öryggisráðinu. Norðurlöndin styðja framboð okkar. Þegar við tókum ákvörðun um að fara í framboðið leit að vísu ekki endilega út fyrir að kosningabarátta um sætið yrði mikil. En nú hafa bæði Austurríki og Tyrkland gefið kost á sér og þau eru sterkir keppinautar. Því er mjög mikilvægt að við stöndum okkur vel í þessu framboði. Ég styð heils hugar þá stefnu sem hæstv. utanríkisráðherra hefur komið á framfæri, þ.e. að við eigum að gæta hófs í þessu framboði. Við eigum að nýta fjármagnið vel og það er ljóst að við getum ekki keypt þetta sæti. Við eigum því ekki að nota óþarflega mikið fjármagn í þessa kosningabaráttu. En við eigum að vanda okkur við hana á allan hátt.

Varðandi varnarsamninginn er ljóst að Framsóknarflokkurinn ályktaði um hann á flokksþingi sínu. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Staðið verði við tvíhliða varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna."

Við teljum að varnarsamningurinn sé mikilvægur. Hann byggir á NATO-samningnum sem við höfum verið aðilar að síðan 1949, en eins og allir vita gegnir Atlantshafsbandalagið lykilhlutverki í alþjóðasamstarfi okkar og varnarsamstarfi þannig að við viljum byggja áfram á þessum samningi. Við vitum að heimsmyndin er breytt og Bandaríkjamenn taka mið af því. Þeir eru að draga mjög úr hernaðarviðbúnaði sínum í Evrópu. Í sumar tilkynnti bandaríska varnarmálaráðuneytið að 50 þúsund þeirra 112 þúsund bandarískra hermanna sem eru í Evrópu yrðu fluttir heim fyrir árið 2010 og ellefu herstöðvum lokað. Að sjálfsögðu taka því Bandaríkjamenn mið af breyttri heimsmynd. Við höfum í okkar samningaviðræðum rætt um að við séum tilbúin til að koma frekar að rekstri flugvallarins í Keflavík enda er borgaraflug að verða þar miklu umfangsmeira en áður hefur verið. Það er líka hluti af hnattvæðingunni sem ég kom inn á hér áðan.

Ég verð að viðurkenna að ég áttaði mig ekki alveg á ræðu fulltrúa Samfylkingarinnar hér, hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Það er eins og Samfylkingin geti ekki alveg komið á framfæri hreinni línu í varnarmálunum. Það er talað um að gera einhvers konar öryggismat, eins og það hafi ekki verið gert. Auðvitað ganga samningaviðræðurnar út á það hvað menn telja að þurfi hér af vörnum. En það er svolítið merkilegt varðandi Samfylkinguna að það er mjög erfitt að henda reiður á stefnu hennar gagnvart varnarliðinu.

Virðulegur forseti. Að endingu vil ég gera að umtalsefni loftslagsbreytingar sem hæstv. utanríkisráðherra kom inn á áðan. Það er alveg ljóst að Kyoto-bókunin er eina verkfærið sem við höfum til þess að takast á við loftslagsbreytingar. Það er auðvitað afar neikvætt að Bandaríkjamenn hafi ekki talið sér fært að sitja við það borð, þ.e. að gerast aðilar að Kyoto-bókuninni. Þeir eru stærsti einstaki losarinn meðal iðnríkja. Þeir losa 36% af losun iðnríkjanna. Alþjóðlega orkumálastofnunin spáir því að á næstu 30 árum aukist orkuþörfin um 50% í heiminum og allt útlit er fyrir það að þessari orkuþörf verði mætt með olíu og kolum að nánast öllu leyti, ekki alveg öllu leyti en að langmestu leyti. Við á norðurslóðum sjáum, miðað við vísindarannsóknir sem komu fram í ACIA-skýrslunni svokölluðu, að hér mun hiti hækka um fjórar til sjö gráður á næstu 100 árum. Það er tvöföld hækkun á hnattræna vísu. Það eru því geysilegir hagsmunir okkar að pressa á Bandaríkjamenn gagnvart Kyoto-bókuninni og ég skora á hæstv. utanríkisráðherra að beita sér fyrir því eins og honum er unnt.

[12:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég óska Framsóknarflokknum til hamingju í dag. Talsmaður hans, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, lýsti því yfir að flokksþing Framsóknarflokksins hefði tekið upp nákvæmlega sömu stefnu varðandi Evrópusambandið og Samfylkingin tók árið 2001. Þetta er alla vega framför, frú forseti, og sýnir að batnandi mönnum er best að lifa.

Verst er þó að Framsóknarflokkurinn hefur tveimur sinnum áður stigið skref í átt að Evrópu en jafnan hörfað. Mig langar því að spyrja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hvort hún tilheyri minni hluta innan Framsóknarflokksins varðandi þessa skeleggu afstöðu sína um það að nálgast Evrópusambandið.

Í öðru lagi langar mig til þess að spyrja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur nánar út í afstöðu hennar til varnarmála. Er hún sammála því sem virðist vera meginsamningsmarkmið núverandi hæstv. utanríkisráðherra, að samningaviðræðurnar gangi út á það að halda þeim fjórum þotum sem nú eru hér?

Í þriðja lagi langar mig til þess að inna hana eftir afstöðu hennar til fangaflutninganna. Þýska stórblaðið Tages Zeitung hefur upplýst að miklu fleiri meintar fangaflutningavélar hafa notað Ísland en áður var talið eða 67. Þetta gefur í dag stórblöðum í Evrópu tilefni til þess að halda því fram að Ísland sé í raun miðstöð slíkra fangaflutninga til landa þar sem hugsanlega er beitt pyndingum. Mig langar að spyrja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hvort hún sé mér sam-

mála eða ósammála um að það ætti að gefa út fortakslaust bann um að vélar sem vitað er að hafi verið notaðar í þessum tilgangi fljúgi um lofthelgi Íslands og/eða millilendi á Íslandi.

[12:10]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta eru þrjár stórar spurningar sem ég fæ tækifæri til að svara á tveimur mínútum.

Varðandi Evrópusambandið þá er ekki hægt að tala um einhvern minni hluta og meiri hluta varðandi þá gerjun sem á sér stað í Framsóknarflokknum. Það er engin mæling á því. Menn ræða auðvitað málin. Það sem ég sagði í ræðu minni er að maður finnur fyrir ákveðinni kynslóðabreytingu. Unga fólkið ræðir mun jákvæðar um Evrópusambandið en þeir sem eldri eru í flokknum. Ég fullyrði það.

Ég studdi EES-samninginn á sínum tíma og ég hef verið talsmaður þess að við eigum skoða nánari tengsl við Evrópusambandið. Ég er einmitt í þessari Evrópunefnd sem er núna að skoða samningsmarkmið okkar. Flokkurinn hefur ályktað um að við eigum að halda áfram upplýsingaöfluninni og að móta samningsmarkmiðin fyrir hugsanlega aðild. Það er ekkert búið að ákveða að sækja um, alls ekki. En við erum að undirbúa okkur fyrir þessa umræðu og þessi skref ef við þurfum að taka þau. Unga fólkið í flokknum hefur mikinn áhuga á þessu eins og reyndar ályktanir hafa sýnt á þeirra vettvangi.

Varðandi samningaviðræðurnar við varnarliðið þá hefur Framsóknarflokkurinn verið sammála Sjálfstæðisflokknum um hvernig á þeim málum er haldið. Við höfum stutt þá stefnu sem er uppi í varnarviðræðunum. En eins og fram hefur komið margoft er þetta mjög óljóst eins og sakir standa núna og hv. þingmaður veit manna best.

Varðandi fangaflutningana er það alveg ljóst að ég styð alls ekki fangaflutninga. Það er alveg fráleitt. Ég tel að ef um fangaflutninga er að ræða þá eigum við að mótmæla þeim hástöfum. En málið er að við vitum bara ekki hvort um nokkra fangaflutninga hafi verið að ræða. Það eru allt getgátur þannig að ekki er hægt að koma með neinar yfirlýsingar.

[12:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það gleður mig að unga kynslóðin í Framsóknarflokknum sé í vaxandi mæli að horfa til Evrópu. Mér sýnist á máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að það gæti skapast ákveðin samstaða millum Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins um þetta grundvallaratriði í íslenskum utanríkismálum. Það er gleðilegt. Mér þótti líka vænt um að heyra að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur njósn af því innan Sjálfstæðisflokksins að þar sé vaxandi fylgi við Evrópusambandið líka. Þá er hugsanlegt að það verði bara eftir einn flokkur, öflugur að vísu í andstöðu sinni við ESB á vinstri vængnum, og síðan forusta Sjálfstæðisflokksins.

Ég varð undrandi á því að hv. þingmaður skyldi lýsa því yfir að hún styddi stefnu Sjálfstæðisflokksins varðandi samningaviðræður við Bandaríkjamenn. Það vill svo til að hæstv. forsætisráðherra hélt ræðu á flokksþingi Framsóknarflokksins þar sem hann nánast henti köpuryrðum til hæstv. utanríkisráðherra og forvera hans í starfi fyrir það hversu illa Sjálfstæðisflokkurinn hefði haldið á samningaviðræðunum við Bandaríkin. Staðreyndin er auðvitað sú að það er að verða sögulegt hlutskipti Sjálfstæðisflokksins að klúðra samningum um varnir Íslands við Bandaríkin. Það er ákaflega merkilegt. Ég er viss um að það skýrist hér í dag. En mér finnst það auðvitað skrýtið með hvað einmuna fáránlegum hætti þær samningaviðræður hafa verið keyrðar eða látnar liggja í láginni af hálfu forustu ríkisstjórnarinnar.

Ég lýsi svo depurð minni yfir því að jafnöflugur stjórnmálamaður og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir skuli ekki taka undir kröfuna um bann við fangaflutningum og skuli í reynd taka undir linku hæstv. utanríkisráðherra varðandi þá svívirðu sem notkun Íslands fyrir fangaflutninga er.

[12:15]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki á hvernig hv. þingmaður getur sagt svona. Hann talar eins og hér sé um fangaflutninga að ræða. Ég átta mig alls ekki á því. Það er eins og hann hlusti ekki á neitt sem fram hefur farið í samfélaginu síðustu daga. Þetta er alveg með ólíkindum.

Varðandi varnarsamninginn og viðræðurnar við Bandaríkjamenn um hann er ljóst að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa farið með það mál eins og önnur mál saman í ríkisstjórn og þeir flokkar hafa stutt hvor annan í því. Það þýðir því lítið fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson að koma hingað upp og reyna að búa til einhverjar tvær stefnur í því máli eða eitthvað slíkt, reyna að koma einhverju illu til leiðar á milli þessara flokka. Það er alveg fráleitt.

Hér var hv. þingmaður að túlka ræðu hæstv. forsætisráðherra á fundi miðstjórnar Framsóknarflokksins núna fyrir stuttu. Þar var hæstv. forsætisráðherra ekkert að vega að Sjálfstæðisflokknum, alls ekki. Hann var einungis að draga fram viðræðurnar, hvernig staðan væri í þeim málum. Ég get ekki tekið undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson talar um, að verið sé að klúðra málum. Alls ekki. Hvernig getur hv. þingmaður haldið því fram? Hann hefur fengið allar upplýsingar um þetta mál. (**ÖS:** Halldór sagði ...) Og miklu meiri upplýsingar en aðrir þingmenn. Ég spyr: Hvernig halda þingmenn að staðan væri núna ef Samfylkingin færi með þessi mál? Við getum ekki einu sinni skilið stefnuna sem Samfylkingin hefur. (**Gripið fram í:** Eru Rússarnir komnir?) Eru Rússarnir komnir? Já ætli það ekki bara. Maður getur örugglega séð það fyrir sér, og þá væri nú málið aldeilis í klúðri, fyrst maður áttar sig ekki á stefnu Samfylkingarinnar gagnvart varnarsamningnum. (Gripið fram í.) Þið sitjið á girðingunni. Þið segið hvort tveggja: Við viljum hafa varnarliðið og við viljum að það fari. Af hverju hafið þið ekki skýra stefnu í þessu máli? Þetta er það stórt mál að þið verðið að hafa skýra stefnu.

[12:17]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki varist glotti þegar ég hlusta á þingmenn Framsóknarflokksins skamma Samfylkinguna fyrir stefnuleysi í varnarmálum án þess ég ætli svo sem neitt að skipta mér af þeim deilum vegna þess að mér

finnst svolítið skorta á stefnu Framsóknarflokksins varðandi hugsanlega aðild að Evrópusambandinu.

Ég hlustaði áðan með athygli á ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur. Mér heyrðist sem hún kæmi með þau skilaboð innan úr herbúðum ungra framsóknarmanna að Framsóknarflokkurinn mundi hafa það á stefnuskrá sinni innan skamms að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Mér heyrðist hún einnig tala á þann veg að hún væri sjálf fylgjandi því að við yrðum aðili að sambandinu. Ég kem því hér upp til að spyrja hana hvort það sé einmitt í farvatninu hjá stjórnmálaflokki hennar og hver sé skoðun hennar í því máli. Er hún fylgjandi aðild Íslands að Evrópusambandinu?

Mig langar einnig til að forvitnast nánar um annað. Hún virðist búa yfir upplýsingum sem við hin höfum ekki. Upplýsingum varðandi það að Evrópusambandið sé reiðubúið til að gangast inn á eins konar samkomulag við Íslendinga varðandi fiskveiðimálin. Það er öllum ljóst sem fylgst hafa með að þar stendur hnífurinn heldur betur í kúnni.

Ég hef ekki getað heyrt það frá talsmönnum Evrópusambandsins til þessa að þeir væru reiðubúnir til að fallast að neinu leyti á að Íslendingar fengju einhverjar undanþágur frá hinni svokölluðu sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópusambandsins sem allir vita sem kynnt hafa sér hana að hefur leitt af sér, ég vil segja skelfilegar hörmungar fyrir fiskveiðisamfélög sem eru svo óheppin að heyra undir þetta samband.

[12:19]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað algjörlega útilokað að svara því á þessari stundu hvað verður á stefnuskrá Framsóknarflokksins á næstunni. Stefnan er öll alveg skýr núna. Við viljum skoða Evrópusambandið, en við segjum ekki að ganga eigi inn í það. Við viljum afla okkur upplýsinga og móta samningsmarkmið gagnvart hugsanlegum aðildarviðræðum. Það er stefna okkar. En eins og ég sagði áðan í ræðu minni og reyndar líka í andsvari skynjar maður ákveðna viðhorfsbreytingu, sérstaklega hjá unga fólkinu í flokknum. Segja má að innan Framsóknarflokksins séu að verða sterkari öfl, nýja fólkið, unga fólkið sem mun vaxa upp innan flokksins væntanlega er miklu jákvæðara gagnvart Evrópusambandinu en hin eldri kynslóð. Þetta er samt ekki svart/hvítt. Ekki er hægt að fullyrða þetta fyrir alla. Það er auðvitað líka ungt fólk innan okkar raða sem er algjörlega á móti Evrópusambandinu og eldra fólk sem vill skoða nánari samskipti við Evrópu. Ég er að reyna að gefa mynd af tilfinningu sem maður hefur gagnvart þessu máli í flokknum og líka þeim ályktunum sem hafa komið t.d. frá unga fólkinu í flokknum. Það er ákveðin breyting sem á sér stað í Framsóknarflokknum og ég tel að það sé mjög eðlilegt.

Varðandi það hvort við fáum einhverja sérstaka skoðun á sjávarútveginum ef við gerumst aðilar að ESB eða förum í samningaviðræður, þá tel ég talsvert miklar líkur á því vegna þess að ESB hefur engra sérstakra hagsmuna að gæta með því að fara inn í lögsögu okkar og ráða yfir henni. Stefnan er sú að menn eigi að ráða málum heima fyrir, það hefur verið þróunin innan Evrópusambandsins. En að sjálfsögðu fara menn ekki að svara því fyrir fram. (Forseti hringir.) Fyrst þarf að hefja viðræður um aðild ef menn ætla að fá svar.

[12:22]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er engu nær eftir þetta svar. Nema mér sýnist sem svo að hver höndin sé upp á móti annarri innan Framsóknarflokksins um hvort flokkurinn eigi að sækjast eftir því að Ísland fari í Evrópusambandið eða ekki. Það kemur svo sem ekkert á óvart að illdeilur séu uppi innan Framsóknarflokksins. En það er þeirra vandamál.

Hins vegar svaraði hv. þingmaður ekki spurningu minni hvort hún væri persónulega þeirrar skoðunar að Íslendingar ættu að ganga í Evrópusambandið. Hv. þingmaður talaði um að hún teldi næsta víst að við gætum náð einhverjum sérstökum samningi við Evrópusambandið í fiskveiðimálum og þjóðir innan Evrópusambandsins hefðu enga hagsmuni af því að sækjast eftir neinum ítökum í lögsögunni hér við land. Þetta er algjör fásinna. Þetta er alveg út í hött. Veit þingmaðurinn ekki að Spánverjar og Portúgalar fara um Norður-Atlantshaf logandi ljósi? Leitandi logandi ljósi að fiskveiðiréttindum. Þeir hafa ítrekað reynt að brjótast inn í Norðursjó og hirða þar fiskveiðiréttindi af Bretum og Skotum og hefur gengið þokkalega í þeim ásetningi sínum. Spænsk útgerð ætlar í málaferli núna við Norðmenn út af fiskveiðiréttindum á Svalbarðasvæðinu. Þetta eru hlutir sem eru að gerast núna. Að sjálfsögðu munu Spánverjar, Portúgalar, Bretar, Skotar, allar þessar þjóðar vantar fisk í dag, vantar fiskveiðiréttindi vegna þess að fiskveiðistefna Evrópusambandsins hefur leitt af sér hrun fiskstofna, ekki síst í Norðursjó en líka víðar, þar sem Evrópusambandið hefur haft fiskveiðiréttindi.

Slík fiskveiðistefna verður innleidd hér á landi líka, þessi svokallaða sameiginlega fiskveiðistefna sem engu hefur skilað nema hörmungum. Ég er alveg sannfærður um að Spánverjar, Portúgalar, Bretar, Skotar, Þjóðverjar, jafnvel Frakkar, munu að sjálfsögðu reyna að brjótast inn í þá gullkistu sem við Íslendingar eigum þó sjálfir þó við deilum um hana hér innbyrðis. En við skulum ekki gleyma því að það erum við sem höfum umráðaréttinn yfir henni í dag og svo skal vera áfram.

[12:24]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrist hv. þingmaður vera kominn í hörkusamningaviðræður um ESB.

Þróunin innan ESB hefur verið sú að menn eru frekar að ráða málum sínum í nærumhverfinu heldur en áður. Ég spyr: Af hverju er þá olían ekki tekin af Bretum og skógarnir í Finnlandi? Það eru mikilvægar auðlindir fyrir þær þjóðir.

Ég vil líka minna hv. þingmann á ágætisræðu sem hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, flutti á sínum tíma í Berlín um að mikilvægt væri að skoða þann möguleika, ef til aðildarviðræðna kæmi, að taka Norður-Atlantshafið út fyrir sviga, þ.e. þar mundi ekki gilda hin sameiginlega sjávarútvegsstefna ESB sem ég er sammála um að er okkur ekki hagstæð.

Menn skulu því ekki semja fyrir fram við sjálfa sig um

að þetta sé algjörlega útilokað nema að menn almennt vilji ekki skoða neitt Evrópusamband í framtíðinni. Þá þarf auðvitað ekkert að ræða það neitt meira.

En Framsóknarflokkurinn telur ástæðu til að ræða þessi mál og á okkar vettvangi er komin í gang vinna til að skilgreina samningsmarkmið, þannig að við séum tilbúin með þau ef til aðildarviðræðna kemur. En það er ekki búið að ákveða að hefja aðildarviðræður þótt skiptar skoðanir séu innan flokksins. Auðvitað er það svo að skiptar skoðanir eru innan flestra flokka, fullyrði ég, enda er þetta stórmál. Skoðun mín er sú að við eigum að halda þessari vinnu áfram. Ég get alveg sagt það hér að ég hef verið í þeim hópi sem er hvað jákvæðastur innan Framsóknarflokksins gagnvart því að skoða meiri tengsl við Evrópusambandið. Ég vil ekki segja á þessari stundu að við eigum að sækja um aðild. Það vil ég ekki gera. En ég vil skoða samningsmarkmiðin til að sjá hvernig þau líta út áður en til samningaviðræðna kemur, ef til þeirra kemur. Ég get fullyrt að ég er í þeim hópi sem er tiltölulega jákvæður (Forseti hringir.) gagnvart frekari tengslum við Evrópusambandið.

[12:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir ræðu hans. Það er gagnlegt samkvæmt venju að eiga þess kost að skiptast á skoðunum um utanríkismál. Ég mundi kannski gefa ræðu ráðherra þá einkunn að hún hafi verið svona frekar bragðdauf, svolítið þurr, alla vega ef ræðan væri rauðvín mætti væntanlega nota þá samlíkingu. (Gripið fram í.) Nei, ég ætla ekki að nota nein svoleiðis orð, en frekar þurr, bragðdauf og svolítið embættisleg ræða fannst mér hún vera hjá hæstv. utanríkisráðherra.

En áður en ég vík frekar að því hafði ég hugsað mér að gera aðeins að umtalsefni ummæli sem hér hafa fallið og þau sjónarmið sem aðrir ræðumenn hafa komið með, þar á meðal hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem er að vísu ekki í salnum, ég verð þá kannski að geyma mér það til betri tíma. En ég vil þó segja að ég get verið sammála hv. þingmanni um margt það sem snýr að framtíðarhugmyndum eða framtíðarhugleiðingum þingmannsins um fyrirkomulag heimsmála og öryggismála í heiminum, en annað ekki. Ég mundi leggja höfuðáherslu fyrir mitt leyti á mikilvægi þess að efla það sem kallaðir eru borgaralegar og fyrirbyggjandi aðgerðir í öryggisgæslu í heiminum. Þar sem upp á sænsku er kallað „civil och förebyggende" aðgerðir og unnið hefur verið talsvert með m.a. á vettvangi Norðurlandaráðs. Það á að fyrirbyggja stríð en ekki að fara í fyrirbyggjandi stríð. Versta hugmyndafræði sem komið hefur fram í þessum efnum á seinni öldum liggur mér við að segja er Bush-hugmyndafræðin um fyrirbyggjandi styrjaldaraðgerðir. Það eitt og sér er slík hrópandi mótsögn, að fara í stríð með það að leiðarljósi að það komi kannski í veg fyrir stríð seinna. Það talar fyrir sig sjálft.

Þessi hugmyndafræði — af því að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir nefndi NATO og NATO-aðild Íslendinga — er nátengd þeirri þróun sem m. a. hefur orðið innan NATO. Þess vegna er ég ósammála þeirri gagnrýnislausu umfjöllun sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafði hér í frammi varðandi NATO.

NATO þróaðist upp úr 1990 í þá átt, aðallega að forgöngu Bandaríkjamanna, að endurskilgreina stöðu sína í staðinn fyrir að leggja sig niður sem hefði verið gáfulegast og tók sér það fyrir hendur að gera sig í rauninni að, ekki svæðisbundnu varnarbandalagi, heldur klúbbi mestu hervelda heimsins undir forustu Bandaríkjanna sem gætu látið til sín taka hvar í heiminum sem væri. Utansvæðastefna NATO er náskyld Bush-hugmyndafræðinni, skylt skeggið hökunni, enda sömu aðilar á ferð, þ.e. haukarnir í bandaríska stjórnkerfinu sem auðvitað voru ráðandi í þeirri endurskipulagningu NATO sem fór fram kjölfar breytinganna upp úr 1990 og átti sér stað á fundinum í Róm, á fundinum í Washington og á fundinum í Prag var smiðshöggið rekið á.

Nú kann að vera að það hafi einhver áhrif á málflutning formanns Samfylkingarinnar að hv. þm. Össur Skarphéðinsson mun vera formaður sendinefndar Íslands hjá NATO og þar af leiðandi kannski ekki „inn" á þeim bæ að gagnrýna NATO mikið. En hvað sem því líður skrifa ég að minnsta kosti ekki upp á að ekki sé ástæða til að taka til í þessum efnum ef ástand öryggismála í heiminum er skoðað.

Athyglisverð orðaskipti voru á milli framsóknarmanna og samfylkingarmanna bæði í ræðum og andsvörum. Eitthvað var verið að stíga í vænginn í þessum Evrópumálum. Það er ekki galin samlíking hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að snúa megi gagnrýni framsóknarmanna á óljósa stefnu Samfylkingarinnar í varnarmálum upp á þá sjálfa þegar kemur að Evrópumálunum.

Mér fannst ræða hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur nokkuð kúnstug. Hv. þingmaður bollalagði svona um það innan úr iðrum Framsóknarflokksins að þess væri kannski að vænta þegar kynslóðaskipti yrðu þar á bæ að menn yrðu jákvæðari gagnvart einhverju sem hún kallaði „meiri tengslum" við Evrópusambandið, einhverjum sterkari böndum þarna á milli eða hvað? Því að ekki mátti þó nefna aðild berum orðum.

Mér finnst þetta skrýtin nálgun og það væri fróðlegt að heyra frekari rök fyrir því að ungt fólk þurfi endilega að komast frekar að þeirri niðurstöðu að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið en eldra fólk. Hvers vegna ætti það að vera? Er eitthvað sem bendir til þess að ungt fólk geti ekki verið nákvæmlega jafngagnrýnið á þá þætti innan Evrópusamrunans sem valda hörðustu andstöðunni við þróunina þar meðal ungs fólks, ekki síst í Evrópu og innan Evrópusambandsríkjanna?

Hefur hv. þingmaður kannski aðeins litið á þessi mál í Noregi? Veit hún hverjir bera uppi starf nei-hreyfingarinnar gegn aðild að Evrópusambandinu í Noregi? Það er kornungt fólk. Af hverju skyldi það nú vera? Það kann að vera að það nálgist þetta af eitthvað öðrum ástæðum en þeir sem eldri eru og hafa jafnvel lagt meiri áherslu á fullveldisrökin og þá hluti. Það er a.m.k. þannig hjá ungum vinstri grænum að þar eru menn mjög gagnrýnir á margt sem er á ferðinni innan Evrópusambandsins og í Evrópusamrunanum, e.t.v. að einhverju leyti á öðrum forsendum en sumir þeir sem eldri eru en það er jafngilt fyrir því. Þar gagnrýna menn það hversu Evrópusamruninn er algjörlega á forsendum fjármagnsins og stórfyrirtækjanna. Menn gagnrýna hina kapít-

alísku þróun í Evrópusambandinu og hvernig hún er drifin áfram. Menn gagnrýna skort á lýðræði, lýðræðishalla, menn gagnrýna skrifræði og miðstýringu ekkert síður en kannski þá fullveldisskerðingu sem samfara væri aðild.

Ég get alveg eins séð það fyrir mér að andstaða við það og gagnrýni á að Ísland gangi í Evrópusambandið á komandi áratugum verði ekki síður borin uppi af ungu hugsjónafólki en mörgum þeim sem eldri eru. Kannski er þessu öðruvísi farið innan Framsóknarflokksins og þá sérstaklega hjá ungu framsóknarfólki. Mér er ekki kunnugt um hvað það er margt, ég hef haft þá tilfinningu stundum að það sé furðu fljótt að verða gamalt en það er önnur saga.

Hæstv. utanríkisráðherra segir í ræðu sinni að segja megi að ástand heimsmála fari að mörgu leyti batnandi eða sé betra en oft áður. Já, auðvitað er ýmislegt betra en áður en annað er verra. Og það er fullgagnrýnislaus og svolítið sjálfbirgingsleg nálgun í anda Vesturlanda að horfa fyrst og fremst á björtu hliðarnar og horfast ekki í augu við þá neyð og þá vá sem steðjar að víða í heiminum. Átta hundruð milljónir manna eru vannærð, svelta. Tugir þúsunda deyja úr næringarskorti á hverjum degi, ein og hálf til tvær milljónir manna búa nánast við örbirgð, upp undir helmingur mannkyns lifir undir fátæktarmörkum. Eyðnibylgjan í Afríku, loftslagsbreytingarnar, skortur á drykkjarvatni. Ein *milljón manna eyðir tveimur til fjórum klukkustundum á* dag í það eitt að afla sér og fjölskyldu sinni drykkjarvatns. Konur í Afríku ganga með ker klukkustundum saman til brunna þar sem vatni er handdælt upp og vatnsborðið í brunnum heimsins lækkar um einn til tvo metra að meðaltali á ári hverju. Menn eru að draga upp vatnsforða sem safnast hefur saman í jörðinni árþúsundum saman og ástandið þar fer hríðversnandi. Það eru líka dökkar hliðar á því.

Endurskipulagning Sameinuðu þjóðanna hefur ekki gengið sem skyldi. Þar tek ég undir með hæstv. utanríkisráðherra og tel þó að langalvarlegast sé að ekkert hefur í raun og veru miðað við að endurskipuleggja öryggisráðið sjálft, sjálft valda- og framkvæmdatæki Sameinuðu þjóðanna. Það er góðra gjalda vert að koma á fót mannréttindaráði ef það tekst og gott að fá friðaruppbyggingarmenn. Mestu máli skipti þó ef Sameinuðu þjóðirnar næðu betur með endurskipulögðu og öflugu öryggisráði að sinna skyldum sínum og verkefnum í heiminum og þyrftu ekki að lúta jafnoft í gras fyrir ofríki stórvelda og þá fyrst og fremst Bandaríkjanna.

Um fúafen Íraksstríðsins er hæstv. utanríkisráðherra fáorður eins og ég hef áður nefnt og sama má að mörgu leyti segja um Afganistan. Bandaríkjamenn eru að fara frá Afganistan, Norðmenn eru að fara frá Afganistan og nú er leitað logandi ljósi að einhverjum sem vilja taka við, taka við því ófremdarástandi sem skilið er eftir í því landi og er ekki par fallegt. Ég er ánægður með að draga eigi íslenska friðargæsluliðið svokallaða, litla herinn, frá öðru svæðinu í Afganistan. Kannski er það vegna þess að hluti íslensku friðargæslunnar svokölluðu hefur unnið á svæðum sem Norðmenn hafa farið með stjórn á og verið inni í sveitum Norðmanna. En ástandið er þannig í öryggismálum þar að borgaralegir íslenskir starfsmenn eiga auðvitað ekkert erindi þangað, augljóslega ekki. Og ekki bætir úr skák að menn hafa anað út í þá vitleysu að senda þá inn í NATO-sveitir, láta þá bera hernaðartitla og láta þá taka þátt í hernaðarlegum verkefnum. Því það liggur fyrir, hæstv. utanríkisráðherra, að hér er búið að grauta saman borgaralegum og hernaðarlegum verkefnum þannig að það er alger óhæfa að mínu mati. Hinn langi og vandræðalegi varnarkafli í ræðunni um að þeir séu víst borgaralegir starfsmenn en ekki hermenn verður svolítið aumingjalegur þegar það er skoðað að inni í þessum sveitum sem Íslendingarnir starfa eru verkefni sem tengjast upplýsingaöflun í þágu hersveitanna í Afganistan. Það er sannanlegt, það liggur á borðinu. Ég vísa t.d. í úttekt blaðamanns Morgunblaðsins á því máli.

Ég hef lagt fram fyrirspurn um þetta mál á þinginu sem kom fram strax 6. október sl. Ég hefði kosið að hæstv. utanríkisráðherra hefði verið búinn að svara henni en það verður þá vonandi gert fljótlega og við getum rætt þetta mál betur þá. En hvað varðar þessa litlu heri sem hérna eru þá er það auðvitað mál sem er alveg með endemum hvernig hefur þróast. Það er ekki bara ein lítil sveit af þessu tagi, ein sérsveit í landinu, þær eru orðnar tvær. Hæstv. utanríkisráðherra er yfirmaður fyrir lítilli herdeild á eigin vegum, þ.e. sérsveit sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli. Ég er ekki viss um að allir hafi áttað sig á að sérsveitin er ekki bara ein, þær eru tvær. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli er *kominn með sína eigin sérsveit og yfirmaður hennar er* hæstv. utanríkisráðherra. Ætli það sé ekki hún sem aðallega mannar sendinefndirnar til Afganistan?

Um fangaflugið sem hér var rætt í gær mætti margt segja og auðvitað er það með endemum hvernig það mál allt saman hefur gengið fyrir sig. Um alla Evrópu fer nú fram mikil umræða um þetta mál. Hafin er opinber rannsókn á þessu máli í fleiri en einu Evrópulandi, reyndar á vegum Evrópusambandsins sjálfs, en það er t.d. hafin lögreglurannsókn á Spáni. Hvar eru íslensk lögregluyfirvöld? Hvar er núna lögreglustjórinn og ríkislögreglustjórinn með allt sitt batterí? Ég skora á íslensk lögregluyfirvöld að hefja rannsókn á þessu máli, opinbera sakarannsókn, því að við blasir að þarna hafa verið framin margföld lögbrot, brot á mannréttindum, brot á íslenskum lögum og brot á alþjóðasamningum sem Ísland hefur löggilt. Auðvitað á lögreglan á Íslandi að gera það sama og lögreglan á Spáni, að hefja sjálfstætt og á eigin vegum rannsókn á þessu máli því það er ólíklegt að til mikils sé að vísa því til ríkisstjórnarinnar.

Að lokum varðandi viðræður um veru hersins hér á landi þá finnst mér svolítið skrýtið ef menn snúa því máli aðallega, eins og hér hafa verið gerðar ákveðnar tilraunir til af ónefndum aðilum, upp í pex um málsmeðferð og aðferðafræði, hvort menn hafi farið vitlaust eða rétt að í þessum viðræðum. Eigum við ekki fyrst að ræða efnisatriðið sjálft? Er eitthvað með þennan her að gera hér? Er það ekki fagnaðarefni að hann fari? Eigum við ekki að gleðjast yfir því, Íslendingar, ef við getum loks orðið sammála um það eftir rúmlega hálfrar aldar deilur að það sé ekkert með erlendan her að gera á íslenskri grund og hafi auðvitað aldrei verið? Hvar eru núna formenn þeirra stjórnmálaafla hverra forustumenn fyrir hálfri öld sóru og sárt við lögðu, m.a. hér úr þessum ræðustóli, að aldrei skyldi vera erlendur her á íslenskri grund á friðartímum? Hafa þeir engar tilfinningar til þess sem þá var lofað, sem þá var lýst yfir, sem þá voru

gefnir hátíðlegir svardagar um af formönnum þeirra stjórnmálaafla sem báru ábyrgðina á því að taka herinn inn í landið, að það skyldi þó aðeins vera meðan viðsjárverðir ófriðartímar væru uppi en hér ætti ekki að vera erlendur her á friðartímum? Gera menn ekkert með það, með fyrirvarana sem lýst var yfir þegar Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum og þegar Íslendingar fóru í NATO og með þá svardaga um þessi atriði sem síðan var viðhaldið áratugum saman en hefur svo smáhljóðnað yfir að vísu?

Hvenær varð sú stefnubreyting í Sjálfstæðisflokknum og í Framsóknarflokknum að það skyldi vera erlendur her á Íslandi um aldur og ævi? Geta þeir svarað því hæstv. ráðherra Geir H. Haarde og hv. þm. Halldór Blöndal? Er það formleg stefna Sjálfstæðisflokksins að það skuli algerlega óháð aðstæðum og þó að það séu sannanlega friðartímar ríkjandi vera hér erlendur her? Er það orðið að markmiði og keppikefli þessara stjórnmálaafla að hafa landið hersetið? Er það þannig? Hvað með Framsókn og hvað með Samfylkinguna? Er það kannski líka þannig að Samfylkingin sé á þeirri skoðun að hér eigi að vera erlendur her, kannski aðeins minni þegar búið er að meta varnarþörfina, sem mér skilst að sé aðalvandamálið? Nei, ég gef ekki mikið fyrir slíkt hjal. Nálgumst þetta mál á grundvallarforsendum. Viljum við það, ef við eigum annarra kosta völ, að land okkar sé hersetið? Flestar þjóðir heimsins aðrar vilja það ekki. Norðmenn hafa varist því þrátt fyrir mikinn þrýsting eins og nýleg gögn sýna að þangað kæmi erlendur her. Ég hefði haldið (Forseti hringir.) að ekki ætti það þá síður að eiga við um friðelskandi Íslendinga. (Forseti hringir.) Ég vildi gjarnan fá svör við þessu.

[12:42]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður endaði ræðu sína á því að tala um varnarmál og það var einmitt það sem ég hugðist tala um í ræðu minni. Það er því best að halda áfram og taka upp þráðinn þar sem frá var horfið áðan hjá hv. ræðumanni Steingrími J. Sigfússyni þó að skoðanir okkar séu að vísu nokkuð ólíkar og áherslumál einnig í þeim efnum.

Hæstv. utanríkisráðherra Geir Haarde sagði orðrétt í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna byggir á aðild ríkjanna að Atlantshafsbandalaginu og snertir viðbúnað og stöðu þess á Norður-Atlantshafi."

Já, „byggir á aðild ríkjanna að Atlantshafsbandalaginu". Hér tel ég að umræðan hafi einmitt kannski verið svolítið villuráfandi undanfarin missiri því að mér finnst oft eins og fólk gleymi því gjarnan þegar talað er um stöðu Íslands og varnir Íslands að við erum fullgildir meðlimir, fullgilt aðildarríki að NATO og menn horfi allt of mikið og eingöngu til Bandaríkjamanna.

Ég hef reynt að viðra skoðanir þess efnis að sé svo að Bandaríkjamenn vilji fara héðan þá sé í raun og veru ekkert við því að gera. Ef þeir óska eftir að segja upp varnarsamningnum eins og manni sýnist oft stefna í þá sé ekkert við því að gera, en þá hljóti samt sem áður að standa eftir sú staðreynd að við erum aðildarríki að NATO. Því hef ég viðrað hugmyndir þess efnis að við ættum, fyrst Bandaríkjamenn virðast ekki lengur hafa áhuga á að vera hér, að reyna að leita eftir samstarfi við aðrar NATO-þjóðir sem fullgilt ríki. Við þurfum ekki að skammast okkar neitt í þeim hópi. Við erum fullvalda þjóð í miðju Atlantshafi og mér finnst að við ættum kinnroðalaust að geta leitað eftir samstarfi við aðrar þjóðir í þessu varnarbandalagi.

Það er skýr stefna okkar í Frjálslynda flokknum að við styðjum aðild Íslands að NATO og höfum alltaf gert. Við teljum einfaldlega að innganga okkar í NATO á sínum tíma hafi verið mikið gæfuspor fyrir okkur Íslendinga. Heimurinn er hættulegur og hann var hættulegur. Það hefur í raun og veru ekkert breyst þó að kalda stríðinu sé lokið og við þurfum að finna okkur öryggi einhvers staðar. Ég tel að enda þótt menn tali oft hæðnislega um þær fjórar orrustuþotur sem hér hafa verið að undanförnu vilji þeir líka oft gleyma að þrátt fyrir allt er hér ákveðinn viðbúnaður. Hér eru flugvellir, hér eru hafnir og ætti að vera hægur leikur að kalla hingað lið með tiltölulega skömmum fyrirvara frá nágrannalöndunum ef í harðbakkann slægi, til að mynda frá Evrópu, frá Skotlandi, Bretlandi, Þýskalandi og hugsanlega Noregi, nú eða Bandaríkjunum.

Þess vegna hef ég reynt að viðra hugmyndir um hvort ekki væri hægt að ná fram einhvers konar samningum við nágranna okkar austur af okkur í Evrópu. Ísland er eyja í miðju Norður-Atlantshafi og yfirráð yfir henni eða ítök á hættutímum hljóta að skipta miklu máli fyrir þessar þjóðir. Það hefur ekki breyst frá því í seinni heimsstyrjöld að siglingaleiðin yfir Norður-Atlantshaf, milli Norður-Ameríku og Evrópu, liggur fram hjá Íslandi. Ég get ekki ímyndað mér annað en að á hættutímum skipti lega Íslands mjög miklu máli, þessi stóra eyja í miðju Norður-Atlantshafi. Hún hlýtur að skipta mjög miklu máli fyrir Evrópuþjóðir í varnarlegu tilliti. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að vina- og bandalagsþjóðir okkar í NATO hafi ekki áhuga á að halda uppi varnarsamstarfi við Ísland í framtíðinni. Ég neita hreinlega að trúa öðru.

Því hygg ég að hér sé færi fyrir okkur og það þarf ekki að felast í því nein móðgun við Bandaríkjamenn þótt við leituðum eftir varnarsamstarfi við aðrar Evrópuþjóðir. Langt í frá. Því þessar þjóðir eru líka fullgildir meðlimir í NATO alveg eins og Bandaríkjamenn og Íslendingar.

Hins vegar má vel vera að áherslupunktar hafi breyst með breyttri heimsmynd. Ég nefndi áðan að Ísland er eyja í miðju Norður-Atlantshafi og ég nefndi siglingar. En við getum líka nefnt flugumferð. Það er gríðarlega mikil flugumferð um íslenska lofthelgi. Farþegaflug milli Evrópu og Ameríku fer gegnum íslenska lofthelgi, að verulegum hluta að minnsta kosti. Í þessu tilliti hlýtur lega landsins líka að skipta verulegu máli.

Nú er ég ekki endilega að mæla fyrir því að við höfum hér alltaf erlent herlið. Það er ekki víst að nauðsynlegt sé að hafa hér erlendan her. En hér gæti hins vegar verið fyrir hendi ákveðinn viðbúnaður, hafnaraðstaða, flugvellir, geymslur með birgðum, jafnvel með vopnum sem erlent herlið gæti síðan gripið til og notað ef þess þyrfti. Íslendingar gætu síðan séð um rekstur og viðhald á mannvirkjum og að vakta hugsanlegar birgðastöðvar. Hingað gæti síðan sameiginlegt herlið frá NATO komið t.d. til æfinga. Ég sé ekkert athugavert við það. Að vera í varnarbandalagi hlýtur

að kalla á ákveðnar skyldur og þátttöku. Ég sé í raun og veru ekkert athugavert við það, mér finnst það afskaplega mikil einföldun að ímynda sér að Ísland geti alltaf staðið fyrir utan öll hernaðarbandalög. Það er að vísu falleg hugsjón, en ef maður horfir raunsætt á hlutina og leggur á þá raunsætt mat þá tel ég að þetta sé bara því miður ekki raunhæft.

Væri ekki athugandi að skoða hvort Bretar, Norðmenn, Danir, Þjóðverjar eða Frakkar hafi ekki áhuga á einhverju slíku samstarfi við okkur? Þetta væri hugsanlega leið til að efla Landhelgisgæsluna. Hæstv. utanríkisráðherra kom reyndar að því í ræðu sinni áðan að hugsanlega gæti Landhelgisgæslan tekið meiri þátt í að halda hér úti viðbúnaði í sambandi við björgun. Hér var þyrlubjörgunarsveit nefnd áðan. Gæti Landhelgisgæslan t.d. séð um sjóvarnir á vegum NATO á hafsvæðum í kringum Ísland og hugsanlega átt samvinnu við Dani hvað það varðar? Danir koma til Íslands á hverju ári með stór herskip til að ná í vistir og skipta um mannskap. Þetta eru herskip sem stunda gæslustörf við Grænland. Gæti íslenska Landhelgisgæslan hugsanlega fundið einhverja fleti með Dönum í þessu efni? Og ef við náum lendingu í erfiðum deilumálum við Norðmenn á Svalbarðasvæðinu mætti þá t.d. hugsa sér einhvers konar samvinnu við Norðmenn í framtíðinni varðandi eftirlit á hafsvæðunum norður af Íslandi, t.d. umhverfis Jan Mayen eða á Jan Mayen eða Svalbarðasvæðinu? Hver veit. Það má vel vera að mönnum þyki þetta fáránlegar hugsanir í dag en þetta gæti breyst mjög fljótt. Mér finnst alls ekkert óraunhæft að hugsa einhvern veginn á þessum nótum, að varpa fram hugmyndum um hvort ekki sé hægt að finna einhverja svona fleti með nágrannaþjóðum og vinaþjóðum okkar sem um leið mundi efla okkur hér á Íslandi, efla Landhelgisgæsluna og e.t.v. skapa einhver störf hér á landi. Hugsanlega gæti þetta hjálpað okkur við að koma á fót einhvers konar viðbúnaði. Við erum nú þegar að reyna af veikum mætti að koma upp alls konar viðbúnaði t.d. varðandi hryðjuverkaógn, á Keflavíkurflugvelli svo dæmi sé nefnt, sem er mjög kostnaðarsamt. Gætu íslenskar sérsveitir fengið þjálfun innan NATO og hugsanlega fengið búnað sem að einhverju leyti yrði þá greiddur af bandalagsþjóðum okkar í NATO? Spyr sá sem ekki veit.

En mér finnst, virðulegi forseti, að íslensk stjórnvöld hafi alls ekki verið nægjanlega vakandi fyrir þessum möguleika. Það má reyndar vel vera að menn hafi hugleitt eitthvað svipað. Kannski hefur verið reynt að kanna eitthvað bak við tjöldin, ég veit það ekki. En við hin sem fyrir utan stöndum og horfum á þetta frá sjónarhóli venjulegra borgara höfum ekki orðið vör við að svona þreifingar væru í gangi. Stjórnvöld virðast einblína á Bandaríkjamenn og á meðan stjórnvöld eyða öllum sínum tíma og orku í það þá gerist í raun og veru ekkert nema það að Bandaríkjamenn eru smám saman að fara héðan. Það hljóta allir að vera sammála um það. Það sem eftir er á Keflavíkurflugvelli er orðið ansi dapurlegt. Það þarf svo sem ekki að koma á óvart að Bandaríkjamenn séu að draga saman seglin. Þetta vafasama styrjaldarævintýri þeirra í Írak hlýtur að hafa kostað skildinginn og á örugglega eftir að gera það áfram, þannig að það er í raun og veru ekkert óeðlilegt að þeir séu að pakka saman, bæði hér og annars staðar, t.d. í Þýskalandi þar sem þeir hafa verið að loka mjög stórum herstöðvum sem hafa verið í rekstri allt frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt mikið lengra að þessu sinni. Það eru fleiri þættir sem ég hefði viljað koma inn á en mér skilst, virðulegi forseti, að ég eigi möguleika á annarri ræðu síðar í dag, þannig að í staðinn fyrir að fara út í stílbrot og fara að tala um allt aðra hluti sem mig langar líka að koma að, t.d. hafréttarmál, þá hygg ég að betur fari á því að ég taki það fyrir í seinni ræðu minni.

[Fundarhlé. — 12:54]

[13:32]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Umræðan um ræðu hæstv. utanríkisráðherra, Geirs H. Haardes, um utanríkismál hefur að mestu leyti verið á rólegum nótum. Ræða ráðherra er yfirgripsmikil og þar er gripið inn á flesta þætti utanríkismála og þeim gerð eins og góð skil og hægt er að gera í stuttri ræðu og áhersla lögð á stöðu okkar sem lítillar þjóðar og þá miklu og ríku áherslu sem við Íslendingar höfum ávallt lagt á frelsi og mannréttindi öllum til handa í víðustum skilningi þess orðs.

Ég átti því láni að fagna, vil ég segja, nú í byrjun septembermánaðar að sitja fund í húsakynnum Sameinuðu þjóðanna þar sem saman voru komnir þingforsetar flestra ríkja í veröldinni. Þeir fluttu þar sinn boðskap og var eftirtektarvert hversu líka skoðun þingforsetar frá ólíkum þjóðum höfðu á málunum. Það var lögð áhersla á frelsi öllum til handa, sjálfbæra þróun, öryggi, almenn mannréttindi, baráttu gegn fátækt og hryðjuverkum og jafnframt var lögð rík áhersla á þá miklu þýðingu sem þjóðþing hefur í öllum löndum. Þjóðþing er ekki einn maður, það samanstendur af ólíkum hópi, mönnum og konum sem eru þjóðkjörin, hafa ólík viðhorf og gæta margvíslegra hagsmuna. Ég hygg að það hafi verið samdóma álit okkar allra að það sé í rauninni nauðsynlegt að þjóðþingin eigi nánari samvinnu á sviði öryggismála en verið hefur þar sem við getum rætt öll þau mikilvægu mál sem mannkyninu ríður nú mest á að vel sé sinnt, ekki aðeins af stjórnvöldum hvers lands, ekki aðeins af þjóðhöfðingjum hvers lands heldur af fulltrúum fólksins á hverjum stað.

Þegar við íhugum stöðu íslenska þingsins eigum við að hafa það í huga hvar við stöndum sem sitjum hér á Alþingi, hversu ólíkir við erum innbyrðis og hversu ófúsir við erum til þess að varpa valdi okkar til einhvers eins manns utan þessara sala. Slíkt kemur að sjálfsögðu ekki til greina.

Það vakti athygli mína þegar ég gegndi störfum forseta Alþingis hversu ríka áherslu Eystrasaltsþjóðirnar lögðu á samstöðu með okkur Norðurlandaþjóðum, líka í öryggismálum, sem kom m.a. fram í því að forsetar allra þjóðþinganna heimsóttu Kiev í Úkraínu þann 30. september sl., til þess að reyna með táknrænum hætti að leggja því lið að þingræði og lýðræði mætti festast í sessi á þeim slóðum.

Ég gat ekki stillt mig um að spyrja hv. þm. Þuríði Backman, þegar hún kom til baka, hvort hún hefði verið svo lánsöm að sjá múmíuna af Þorvaldi víðförla, sem mun vera í Kænugarði, en henni hafði ekki hlotnast sá heiður að fá að

sjá landa sinn þar, þúsund ára gamlan.

Það vakti athygli mína á hverju formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hóf ræðu sína hér í dag. Hún ræddi sérstaklega varnarmálin og kom mér raunar ekki á óvart að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skyldi taka hana á orðinu. Hins vegar kom mér skemmtilega á óvart að hv. þingmaður skyldi spyrja hvers vegna varnarlið hefði verið hér á sínum tíma, sem sýnir að hann hefur ekki dregið miklar ályktanir af sögunni. Þegar samningar voru gerðir um veru varnarliðsins á Íslandi og við gengum í NATO voru válegir tímir, viðsjárverðir tímar. Við þurfum ekki að rifja upp hér í einstökum atriðum yfirgang Sovétríkjanna á þeim tíma, hvernig þeir lögðu Tékkóslóvakíu undir sig — það hafði mikil áhrif á mig, ungan mann — innrásina í Ungverjaland 1956 og fleira þvílíkt sem auðvitað sýndi að það voru ekki friðartímar í Evrópu. Nú er komið í ljós að Stalín varpaði 52 milljónum manna í pólitískar fangabúðir eða stytti þeim aldur. Auðvitað segir þetta meira og betur en orð fá lýst hvernig ástandið var á þessum tíma.

Við getum síðan rifjað upp hver afstaða einstakra stjórnmálamanna hefur verið til varnarmála frá stríðslokum og allt fram á þennan dag. Ég hygg að í síðustu umræðum sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók þátt í um utanríkismál hafi Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþýðuflokksins, verið utanríkisráðherra. Ég hygg að það sé rétt munað hjá mér að þá hafi hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir verið á svipuðum nótum og formaður Alþýðubandalagsins á þeim tíma, Ólafur Ragnar Grímsson. Og ég hygg að ef flett yrði upp í þessum ræðum megi líka finna því stað að báðir þessir þingmenn hafi talið eðlilegt að Atlantshafsbandalagið yrði lagt niður eftir að Sovétríkin hrundu, sem var sú ályktun sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon dró hér áðan.

Vegna þess að ég sé að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er hér í skotlínunni, hann var kominn í Alþýðuflokkinn á þeim tíma og má vera að hann hafi þá haft hlýrri taugar til NATO en löngum áður, má vera.

Það gefur hins vegar tilefni til að rifja þetta upp að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór að tala um afstöðu okkar Íslendinga til varnarliðs hér að stríðslokum. Þeir voru raunar sammála um það eftir stríðið, Einar Olgeirsson og Bjarni Benediktsson, svo tveir menn séu nefndir, að Ísland væri á þeim tíma hernaðarlega mikilvægt svæði. Um það var ekki ágreiningur milli þeirra. Það lá raunar líka fyrir að hlutleysisstefnan gengi ekki lengur upp og í merkilegri grein sem Bjarni Benediktsson skrifaði, Einangrunin, okkar gamla vernd væri úr sögunni og færði hann rök fyrir því.

Nú er eðlilegt að afstaða okkar til varnarsamningsins og Atlantshafsbandalagsins sé til umræðu enn einu sinni. Ég las aftur yfir þá tillögu til þingsályktunar sem fjórir samfylkingarmenn og -konur hafa flutt um opinbera nefnd um öryggi og varnir Íslands. Þar er því öðrum þræði slegið föstu að nauðsynlegt sé fyrir okkur að hafa varnarviðbúnað en það er síðan óðara tekið aftur í næstu setningu þannig að tillagan, og greinargerðin með henni, er að þessu leyti ruglingsleg.

En auðvitað er það svo að við Íslendingar þurfum sem aðrar þjóðir á öryggis- og varnarbúnaði að halda og af þeim sökum er eðlilegt að við leggjum okkur fram um og leggjum áherslu á að ljúka þeim viðræðum sem eru nú við Bandaríkjamenn um framhald varnarsamningsins. Ég hygg að við séum eins og flestir lýðræðissinnar sammála um að nauðsynlegt sé að halda því máli vel til streitu.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að koma frekar inn á þessi mál. Það hefur komið í ljós að ýmsar þær þjóðir sem voru í Varsjárbandalaginu telja sér mikinn styrk í því að bindast varnarsamtökum við hin gömlu lýðræðisríki. Það segir auðvitað sína sögu og það staðfestir í rauninni að sá grundvöllur sem stofnskrá Atlantshafsbandalagsins hvílir á er réttur. Þetta finnum við þegar við ræðum við stjórnmálamenn frá fyrrum löndum Varsjárbandalagsins.

Ég hlýt, frú forseti, í þessari ræðu minni að leggja áherslu á gott samstarf okkar Íslendinga við önnur Norðurlönd, sérstaklega Færeyinga og Grænlendinga. Ég lagði áherslu á það í stuttri ræðu, sem ég flutti á fundi þingforseta í New York nú í septembermánuði, að við Íslendingar hlytum að leggja mikið upp úr því að rannsakað yrði hvaða áhrif mengun og hlýnun á norðurskautssvæðinu getur haft. Við hljótum að skipa okkur í sveit með þeim þjóðum sem mesta áherslu leggja á hvers konar umhverfisvernd í þeim skilningi að við viljum nýta orkulindir jarðar og að við viljum leggja áherslu á sjálfbæra þróun. Ég hygg að við Íslendingar höfum gert það.

Eins og sést hér í ræðu hæstv. utanríkisráðherra höfum við Íslendingar lagt mikla áherslu á það á síðustu árum að fjölga viðskiptasamningum við önnur ríki í því skyni að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Fríverslunarsamningar, tvísköttunarsamningar og samningar um verndun fjárfestinga eru mikilvægustu þættir í þeirri viðleitni og við Íslendingar hljótum einnig að leggja mikla áherslu á frelsi í alþjóðaviðskiptum. Þar hefur auðvitað, eins og endranær, verið mikill ágreiningur um viðskipti með búvörur en við hljótum um leið að leggja áherslu á lækkun tolla á sjávarafurðir.

Það hefur verið hlutskipti Sjálfstæðisflokksins að klúðra samningaviðræðum um varnir Íslands, sagði hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Klúðra samningaviðræðum um varnir Íslands út frá sjónarmiði hvers? Okkur hefur tekist allan þennan tíma að klúðra samningaviðræðum um varnir Íslands út frá sjónarmiðum vinstri manna, út frá sjónarmiðum Alþýðubandalagsins á sínum tíma, út frá sjónarmiðum Sameiningarflokks alþýðu, sósíalistaflokksins og út frá sjónarmiðum þess arms Kvennalistans sem ekki mátti heyra minnst á vestræna samvinnu. Á hinn bóginn höfum við haldið vörð um það, sjálfstæðismenn, að hafa í gildi vestræna samvinnu og manngildið og búa þannig um hnútana að við Íslendingar höfum getað verið í frjálsu samfélagi þjóða þar sem öryggis þegnanna hefur verið gætt.

[13:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alltaf merkilegt þegar frægir Íslendingar hittast í útlöndum. Ég hefði viljað vera þar viðstaddur sem Halldór Blöndal, þáverandi hæstv. forseti, hitti múmíuna af Þorvaldi víðförla. Mér finnst að hann ætti að segja okkur af þeim fundi og hvað þeim fór á milli. En þótt hv. þingmaður hafi í ræðu sinni verið staddur nokkuð í fortíð-

inni þá hugsa ég að hann sé búinn að gleyma því þegar fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, fór til fundar í Washington 1949, ásamt Emil Jónssyni og Eysteini Jónssyni, um varnarmál Íslendinga.

Þegar Bjarni Benediktsson kom til baka sagði hann að hann teldi að á friðartímum ætti her ekki að vera á Íslandi. Mig langar til þess að spyrja hv. þm. Halldór Blöndal hvort hann sé sammála því viðhorfi síns góða frænda og flokksbróður og sömuleiðis hvort hann sé þeirrar skoðunar að nú ríki friðartímar.

Í öðru lagi skil ég vel að hv. þingmanni renni til rifja að standa undir ásökunum um að tilheyra þeim flokki sem klúðrað hefur samningum um varnarmál Íslendinga og Bandaríkjanna, út frá sjónarmiði eigin flokks. Það verður að segjast að skörin er heldur betur farin að færast upp í bekkinn þegar formaður Framsóknarflokksins þarf að nota ræðu á flokksþingi Framsóknarflokksins til að senda köpuryrði að Sjálfstæðisflokknum fyrir slælega frammistöðu í þessu máli. Það verður að segjast eins og er, að það gengur hvorki né rekur í þessum viðræðum. Það er Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur haft allan veg og vanda af því og hrifsaði það á sínum tíma úr höndum þáverandi utanríkisráðherra. Ég spyr hv. þm. Halldór Blöndal: Er hann stoltur af framgöngu flokks síns í þessu máli?

[13:49]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að Sjálfstæðisflokkurinn hafi haldið vel á samningamálum við Bandaríkjamenn. Við höfum lagt áherslu að leita eftir varnarsamstarfi við Bandaríkin vegna þess að báðar þjóðir telji nauðsynlegt að hér sé varnarviðbúnaður. Það er með þeim rökum og á þeim forsendum sem við leitum eftir samningi við Bandaríkin. Ég trúi því að þeir líti svo á eins og við, að þeim sé nauðsynlegt að hér sé varnarviðbúnaður.

Í annan stað getum við, eins og nú standa sakir, ekki talað um að friðvænlegt sé í heiminum, í þeim skilningi að menn telji að þeir þurfi ekki að leggja mikið á sig til að gæta öryggis landa sinna og þegna. Það hygg ég að hv. þingmaður viti jafn vel og ég.

[13:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel, og held að hv. þingmaður hljóti að vera mér sammála um það, að við búum í friðsælasta hluta heimsins. Orðið hefur gjörbreyting á öryggisstöðu þess hluta heimsins sem við búum í. Þær vár sem við stóðum áður andspænis eru horfnar. Það er ekki mitt mat í sjálfu sér, heldur Bandaríkjamanna, Donalds Rumsfelds og Dicks Cheneys varaforseta.

Ég er þeirrar skoðunar að varnarstefna Íslendinga eigi að byggjast á aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu, á tvíhliða varnarsamningnum frá 1951 og að við þurfum á loftvörnum að halda. Ég er þeirrar skoðunar að hægt sé að fara ýmsar leiðir til að tryggja loftvarnir, sem við gætum hugsanlega fallist á að væru fullnægjandi. Bandaríkjamenn segja t.d. að það væri hægt með því að hafa þá flugsveit sem nú er í Englandi. Því er meira að segja haldið fram að hún sé það vel búin tæknilega að hún væri skemmri tíma að taka sig á loft, koma hingað og lenda, en núverandi flugsveit sem er á Keflavíkurflugvelli að hafa sig á loft.

Samningsmarkmið íslensku ríkisstjórnarinnar snúast einungis um þær fjórar þotur sem innan skamms munu ryðga á öskuhaugum til lítilla hagsbóta fyrir varnir Íslendinga. Ég er þeirrar skoðunar að samningsmarkmið íslensku ríkisstjórnarinnar séu röng. Ég er þeirrar skoðunar að hún taki ekki á mjög mikilvægum þáttum í öryggismálum þjóðarinnar, t.d. öryggi á hafinu. Ég er þeirrar skoðunar að Sjálfstæðisflokkurinn hafi með einmuna klaufaskap klúðrað þessum samningaviðræðum, a.m.k. síðustu tólf mánuðina. Það er ekki hægt að draga nokkurn annan en Sjálfstæðisflokkinn til ábyrgðar í þessu máli. Ég vænti þess að það sé þess vegna að hv. þingmaðurinn er svona hnípinn í sæti sínu, vegna þess að hann er ekki stoltur (Forseti hringir.) af frammistöðu sinna manna.

[13:53]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég á að vísu svolítið erfitt með að sjá fyrir mér að flugvélar úr alúmíníum ryðgi á ruslahaugum en það er kannski ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá að vel hefur verið haldið á þessum málum. Þess er beðið að menn setjist að samningaborði að nýju. Við Íslendingar leggjum áherslu á að hér verði lágmarksvarnarviðbúnaður og erum reiðubúnir til að taka þátt í vörnum landsins vegna þess að við teljum okkur fær um það. Við getum vel gert það fjárhagslega, einnig vegna þess að flugumferð um Keflavíkurflugvöll hefur aukist. Að þessu leyti eru aðrar forsendur en áður.

Ég er hins vegar ánægður yfir því hve sammála við erum, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, um nauðsyn varnarviðbúnaðar hér á landi og að hann skuli kominn inn á grundvallarsjónarmið Sjálfstæðisflokksins í þessu máli.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er nokkur misskilningur að ég hafi sérstaklega óskað eftir eða lýst áhuga á því að menn færu að rifja upp deilumálin sem slík, sem lágu til grundvallar átökunum um aðild Íslands að NATO 1949 og komu Bandaríkjahers hingað á nýjan leik 1951.

Ég var hins vegar að rifja upp fyrirvara og svardaga sem gefnir voru þá og viðhaldið var lengi síðan af forustumönnum stjórnmálaflokkanna sem báru ábyrgð á komu hersins, sem báru ábyrgð á aðildinni að NATO, um að hér skyldi aldrei vera her á friðartímum. Það væri af illri nauðsyn og vegna ófriðarástands í heimsmálum sem menn yrðu að sætta sig við veru erlends hers í landinu tímabundið.

Ég spurði og hv. þm. Össur Skarphéðinsson endurtók í raun þá spurningu hér áðan: Hvenær varð það að markmiði í sjálfu sér að hafa erlendan her í landinu, óháð aðstæðum, að því er virðist um aldur og ævi? Er það orðin stefna Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og jafnvel Samfylkingarinnar, að hér þurfi helst að vera erlendur her í landinu um alla eilífð, bara ad infinitum, á meðan tímar renna? (**Gripið fram í:** Frá morgni til kvölds.) Frá morgni til kvölds og á nóttunni líka, allan sólarhringinn? Er orðið

markmið í sjálfu sér að hafa erlendan her í landinu, að vera hersetið land?

Þá held ég því fram að Ísland sé eitt af örfáum löndum heimsins þar sem svo er komið að metnaðarleysi innlendra stjórnmálamanna, margra hverra en sem betur fer ekki allra, er þvílíkt að það er orðið að sjálfstæðu markmiði að hafa landið hersetið. Síðan er endalaust hægt að fara að klæða það í þann búning að þótt ekki sé hægt að benda á neina sýnilega ógn og engan sérstakan óvin, þúsundir og aftur þúsundir kílómetra frá landinu, séu samt viðsjárverðir tímar.

Þetta var mín spurning. Ég hef ekkert svar fengið við henni. Það kemur kannski síðar og ég vænti þess nefnilega (Forseti hringir.) að hv. þm. Halldór Blöndal gæti bara svarað þessu einfaldlega: Hvenær tók Sjálfstæðisflokkurinn upp þessa stefnu?

[13:56]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er ekki ný deila við gamlan þingmann Alþýðubandalagsins, áður Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokks, hvort nauðsynlegt sé að hafa varnarviðbúnað á Íslandi. Hv. þingmaður kallaði eftir svörum hér áðan. Ég rifjaði þá upp að þessi mál voru rædd þegar fyrsta ríkisstjórn Davíðs Oddssonar var mynduð. Þá voru þessi mál ítarlega rædd á Alþingi og menn lýstu skoðunum sínum. Ýmsir vildu leggja NATO niður á þeim tíma eins og ég rifjaði upp.

Nú liggur fyrir að Samfylkingin virðist a.m.k. öðrum þræði þeirrar skoðunar, a.m.k. fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, að nauðsynlegt sé að hafa hér varnarviðbúnað og gæta öryggis þegnanna. Það er út á það sem málið gengur. Við í Sjálfstæðisflokknum teljum nauðsynlegt fyrir okkur að hafa hér varnarviðbúnað og við teljum að því sé best fyrir komið með því að leita eftir samningi við Bandaríkjamenn eins og verið hefur. Það er kjarni málsins. Það er ekki friðvænlegt í heiminum í þeim skilningi að engin ógn vofi yfir vestrænni menningu eða vestrænum þjóðum eða þjóðum Afríku eða Asíu. Við þurfum ekki að halda okkur einungis við Evrópu, þótt Evrópa sé okkur næst. Ég hygg að allar þjóðir ræði um hvernig þær geti styrkt öryggi þegna sinna, ekki bara Íslendingar heldur allar þjóðir.

[13:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Að sjálfsögðu ræða menn hvernig best sé tryggt öryggi, friður og farsæld í hverju landi. Sú umræða þarf ekki endilega að vera rekin á þeim einhæfu forsendum að það sé bara annaðhvort eða, að hafa erlendan her í landinu eða að menn séu varnarlausir og algerlega ofurseldir því sem upp kann að koma.

Þjóðir fara mismunandi leiðir í þessum efnum. Það er dálítið merkilegt hversu erfitt það er að fá yfir höfuð upp umræðu um utanríkis-, öryggis- og friðarmál á Íslandi án þess að menn hrökkvi umsvifalaust í þessi eldgömlu hjólför, eins og við heyrum m.a. á ræðuhöldum hv. þm. Halldórs Blöndals. Umræðan er alltaf komin aftur í kalda stríðið og inngönguna í NATO um leið.

Sem betur fer er umræðan víða annars staðar á allt öðrum nótum, þar sem menn nálgast þessa hluti út frá þróun mála á síðustu tíu til fimmtán árum, þeim miklu breytingum sem orðið hafa í stjórnmálum heimsins, í efnahagsmálum og öllu umhverfi.

Ég sagði jú að ég teldi að það hefðu verið mikil mistök að leggja ekki NATO niður í framhaldi af því að Varsjárbandalagið liðaðist í sundur. Þá var lag til að breyta um fyrirkomulag í öryggisgæslu í heiminum, sérstaklega í Evrópu. Þá var mögulegt, ef pólitískur vilji hefði verið til þess af ráðandi öflum, að stórefla lýðræðislega uppbyggðar öryggisgæslustofnanir eins og ÖSE og Sameinuðu þjóðirnar og hverfa frá hinu meingallaða fyrirkomulagi ógnarjafnvægis, vígbúnaðarkapphlaups og hernaðarbandalaga sem heimurinn er því miður fastur í enn þá með tilheyrandi sóun og ófriðlegum aðstæðum, sem hv. þm. Halldór Blöndal sjálfur viðurkennir þegar hann fer að reyna að rökstyðja að það sé víst nauðsynlegt að hafa hér erlendan her af því að það séu viðsjárverðir tímar. Nú bíddu, kerfið virkar þá ekki betur en þetta? (Forseti hringir.) Eru það ekki rök fyrir því að það mætti hugsa sér að breyta því (Forseti hringir.) og gera hlutina öðruvísi?

[14:00]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi síðustu rök hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni voru undarleg, að menn þurfi ekki öryggisviðbúnað vegna þess að það séu hryðjuverk í heiminum, þá dugi ekki öryggisviðbúnaðurinn. Að maður þurfi ekki lögreglu af því að glæpir eru framdir. Þetta er skrýtin röksemdafærsla.

Ég hafði á hinn bóginn svolítið gaman af því að hv. þingmaður skyldi tala um að hrökkva upp úr gömlu hjólfari. Þetta er gamalt orðalag Alþýðubandalagsins fyrir tíu, fimmtán árum og það má mikið vera að Kvennalistinn hafi ekki notað þetta orðalag einhvern tíma líka, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Auðvitað vorum við sjálfstæðismenn í þessum gömlu öryggishjólförum. En ég vil leiðrétta það hjá hv. þingmanni að ég hafi hafið þá umræðu, að við skyldum hverfa aftur til stofnunar NATO hér í þingsalnum við þessar umræður. Það var hv. þingmaður sem hóf þá umræðu, hóf söguskoðunina, sem mér fannst út af fyrir sig ágætt vegna þess að sú upprifjun er holl og vegna þess að jafnvel þó að menn skipti um flokka og að því leyti höfuðbúnað, þá sjáum við að grunntónninn í orðræðunum þegar talað er um öryggismálin er yfirleitt sá sami.

Auðvitað er þetta aðeins einn partur í utanríkismálum okkar Íslendinga, öryggis- og utanríkismál eru einatt rædd saman. En það er gott að rifja það upp að öryggisbúnaður á Keflavíkurflugvelli er okkar vegna og við gerðum samning við Bandaríkjamenn á þeim forsendum að þeir teldu sér líka nauðsynlegt að hafa hér varnarviðbúnað og það er vegna þess að þetta var sameiginleg nauðsyn að sá samningur varð til. Og það er vegna þess að við sjálfstæðismenn (Forseti hringir.) lítum svo á að þessi nauðsyn sé enn fyrir hendi sem við viljum framlengja samninginn.

[14:03]

Útbýting:

Þriggja fasa rafmagn, 131. mál, svar iðnrh., þskj. 306.

[14:03]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Um leið og ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir skýrslu sína og umræðuna um hana í þessum sal á hinu háa Alþingi get ég ekki látið hjá líða að deila með ykkur þeim hugsunum mínum að kannski sé kominn tími til, frú forseti, að þeir hv. þingmenn sem fæddir eru fyrir árið 1960 taki sér hálfan dag saman, haldi svolítið semínar og fari yfir fortíðina í eitt skipti fyrir öll. Við höfum hreinlega ekki, frú forseti, tíma til að standa í því hér á hinu háa Alþingi í hvert einasta skipti og í þau fáu skipti sem hér fer fram umræða um alþjóðamál og utanríkisstefnu Íslands, að hún snúist svo að segja einvörðungu um fortíðina. Verkefnin eru bæði áhugaverðari og brýnni en svo að þessi dans skuli vera stiginn í hvert einasta skipti sem rætt er um utanríkismál. Ég held reyndar að ég viti, frú forseti, hvers vegna það er. Það er vegna þess að þeir sem helst standa fyrir þessari umræðu hafa ekkert nýtt fram að færa. Mér er nær að halda að þeir hafi ekki lesið nýja bók um stöðu alþjóðamála í 50 ár eða svo. Tímarnir hafa breyst, viðfangsefnin hafa breyst og viðbrögð okkar við þeim staðreyndum hljóta líka að breytast. Um það hljótum við öll að vera sammála.

En það sem mér þótti einna áhugaverðast í umræðunni fyrr í dag er að heyra, eða kannski má orða það þannig að það rann upp fyrir mér að í umræðum um stöðu varnarsamstarfsins við Bandaríkin og stöðu varnarsamningsins og útfærslu á honum virðist mér að við séum búin að finna tvo aðila sem séu sammála um málið. Það er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Donald Rumsfeld, þeir séu sammála um hvað þurfi að gera á Íslandi. Aðrir eru það ekki.

Við vitum, frú forseti, að það hefur lengi verið ætlan Bandaríkjastjórnar að minnka hér viðbúnað. Það þarf ekki að fara yfir bréfaskiptin og það sem gerðist fyrir tveimur árum, það þekkja allir sem hér sitja, við vitum það. Einn flokkur á Alþingi fagnar því, það er stjórnmálahreyfingin Vinstri hreyfingin – grænt framboð, og við vitum líka að í Washington eru það haukarnir sem ráða ferðinni í Pentagon, í varnarmálaráðuneytinu sem telja enga þörf á að hafa hér fjórar herþotur. Þetta liggur þó fyrir eftir umræðu morgunsins.

Mig langar á þeim stutta tíma sem ég hef, frú forseti, að tæpa á nokkrum atriðum. Hæstv. utanríkisráðherra sagði í ræðu á öðrum vettvangi, með leyfi forseta:

„Baráttan gegn hryðjuverkum má ekki vera háð á kostnað mannréttinda eða mannréttindalaga."

Ég nefni þetta vegna þeirrar umræðu sem hefur farið fram, m.a. um meinta fangaflutninga og vegna þeirrar umræðu sem við höfum átt í dag og í gær um það atriði af því að hér hafa menn komið upp og sagt: Við vitum ekki í raun hvað er í gangi. Gott og vel. Við skulum samt gera okkur grein fyrir að það er nóg að einhver minnsti vafi leiki á því að þarna sé ekki rétt á málum haldið, það ætti að vera nóg til þess að íslensk stjórnvöld tækju við sér vegna þess að við getum ekki leyft okkur að láta það gerast fyrir einhverja slysni eða athugunarleysi að hér sé verið að millilenda með fanga í því skyni að færa þá til annarra landa þar sem beita má áhrifaríkari aðferðum, eins og einhver mundi orða það, pyndingum, mundu aðrir segja, til þess að ná fram upplýsingum.

Því nefni ég þetta að í stórblaðinu New York Times birtist grein 14. nóvember síðastliðinn eftir tvo málsmetandi menn, annar er prófessor við Georgetown-háskóla, þar sem farið er vandlega yfir það með hvaða hætti bandarísk yfirvöld hafa neytt allra mögulegra bragða til þess að pynda fangana í Guantanamo-fangabúðunum og hvernig það liggur hreinlega fyrir og er skjalfest hjá bandarískum yfirvöldum hvernig það hefur verið gert og samþykkt af varnarmálaráðherra Bandaríkjanna. Þar hefur verið notuð aðferð sem notuð var í ríkjum kommúnismans í Ráðstjórnarríkjunum, í Sovétríkjunum sálugu, og í þeim ríkjum sem bjuggu við kommúnisma árum og áratugum saman. Aðferð sem snerist í raun ekki um að ná réttum upplýsingum út úr föngum, út úr grunuðum mönnum, heldur að ná þeim tökum á þeim að þeir brotnuðu niður á sál og líkama og létu að vilja þeirra sem hefðu þá í haldi. Þessi aðferð var notuð í gúlaginu í Moskvu og fyrir austan járntjald áratugum saman. Þessa sömu aðferð hafa bandarísk stjórnvöld nú tekið upp á sína arma í svokölluðu stríði gegn hryðjuverkum.

Ég nefni þetta, frú forseti, af því að ekki er allt sem sýnist í þessum efnum og að ganga verður úr skugga um með ráðum sem duga að ekkert misjafnt sé á ferli í þeim flutningum sem rætt hefur verið um og það sé alveg öruggt að íslenska ríkið stuðli ekki að eða beri ekki á nokkurn hátt ábyrgð á því að um íslenskt land sé hægt að flytja fólk til annarra landa svo hægt sé að pynda það við yfirheyrslur.

Það veldur mér einnig vonbrigðum, frú forseti, að í umræðum um hina íslensku friðargæslu, sem fær væna fjárveitingu á næsta ári samkvæmt frumvarpi til fjárlaga sem er til umfjöllunar í þinginu, um það bil 570 millj. kr. hygg ég, að þar sé í ljósi þeirra umræðna sem orðið hafa, m.a. á hinu háa Alþingi í vor, ekki gerð minnsta tilraun til þess að endurskoða verkefnavalið og ekki gefið til kynna með neinum hætti að í ráðuneyti utanríkismála eigi að skoða það nánar og betur hvernig verkefni friðargæslunnar eru valin. Við höfum m.a. í höndum skýrslu sem hefur verið rædd um íslensku friðargæsluna og jafnréttis- og kynjasjónarmið í henni frá 1994–2004, skýrslu sem við ræddum af sérstöku tilefni á hinu háa Alþingi í vor að undirlagi hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur.

Þar er með góðum rökum bent á að margt fleira væri hægt að gera og verja peningum til við uppbyggingu, friðargæslu og við aðstoð á stríðshrjáðum svæðum en að senda af stað vel útbúna jeppabíla til utanvegaaksturs í Afganistan. Það voru í raun einu nýju tíðindin í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að nú hefði verið hætt við annað af tveimur slíkum verkefnum í Afganistan vegna öryggisástandsins þar.

En hæstv. ráðherra sagði líka í ræðu sinni um annað málefni að Íslendingar ættu að einbeita sér að verkefnum á þeim sviðum þar sem við höfum þekkingu og reynslu. Þessu er ég fyllilega sammála af því að með því erum við bæði að nýta þann mannauð og þá peninga sem við verjum til þessara verkefna sem best.

Því finnst mér blasa við, frú forseti, að hæstv. utanríkis-

ráðherra taki tveimur höndum beiðni sem komið hefur frá landsfélagi UNIFEM á Íslandi um að styrkja verkefni þess næstu þrjú árin í Kosovo og á Balkanskaganum til að stuðla að réttindum kvenna og aukinni meðvitund um jafnrétti kynjanna þar. Það verkefni er engu síðra til að stuðla að friði og uppbyggingu á landi þar sem verið hafa átök árum saman en þau verkefni sem friðargæslan hefur valið sér hingað til, engu síðra og í hugum sumra okkar miklu betra. Um þetta hefur ráðuneytinu borist erindi. Um þetta höfum við fengið vandlega kynningu í hv. utanríkismálanefnd. Þetta er verkefni sem kostar brotabrot af því sem verið er að leggja til friðargæslunnar og má í mínum huga alveg eins lækka þá upphæð aðeins í fjárlagafrumvarpi næsta árs og veita fjármuni til þess verkefnis þannig að það geti farið af stað og hægt sé að sinna því með sóma.

Það skiptir nefnilega máli, frú forseti, að við beitum okkur á alþjóðlegum vettvangi á þeim sviðum þar sem við höfum þekkingu og reynslu og eins innan friðargæsluverkefnanna þar sem ekki er krafist vopnaburðar. Það er ekki okkar deild, ef þannig má að orði komast. Það er ekki að ástæðulausu að við höfum haft hér erlendan her og varnarsamning við erlent ríki frá því árið 1951 að það hefur hreinlega ekki verið hlutverk Íslendinga eða verkefni okkar að sinna slíkum verkum. Það eru önnur verk sem falla okkur betur og eiga betur við og eru í raun þannig að við getum sinnt þeim miklu betur en hinum. Það eru verkefni á sviði jafnréttismála, á sviði heilsugæslu, öll þessi brýnu verkefni til uppbyggingar eftir stríð sem eru engu minna merkileg en önnur verkefni sem krefjast vopnaburðar eða einhvers slíks, engu minna merkileg og í huga þeirrar sem hér stendur mun merkilegri í raun.

Mig langar einnig, frú forseti, vegna þeirrar umræðu sem varð um mannhelgina, um nýtt hugtak, um skylduna til að vernda, sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gerði að umræðuefni, að binda það saman við annað sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi í ræðu sinni, um borgaralegar fyrirbyggjandi aðgerðir. Þetta tvennt á algjörlega saman. Þessi nýja hugsun um öryggi, um öryggi mannsins þegar ríkið bregst, þegar yfirvöld bregðast og þegar alþjóðasamfélagið á að taka í taumana, á jafnt við í umræðunni um skylduna til að vernda líf. Hin hliðin á því eru borgaraleg verkefni, fyrirbyggjandi aðgerðir, aðgerðir sem koma í veg fyrir að við þurfum að lenda í hernaðaríhlutun eða öðru slíku.

Það væri hægt að hafa langt mál um það en ekki gefst tími til þess. Ég vona samt að það sem hér hefur verið lagt inn í umræðuna, og alveg sérstaklega hugtakið um „human security“ kallast það á ensku, um mannhelgi eða mannvernd, að það hugtak fái aukið vægi í umræðum um alþjóðamál og um íslenska utanríkisstefnu og að það verði í raun fókusinn, að það verði brennidepill þess sem við höfum fram að færa á alþjóðlegum vettvangi á komandi árum.

[14:17]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir greinargóða skýrslu. Í skýrslu utanríkisráðherra dró hann upp mynd af stöðu alþjóðastjórnmála nú um stundir og jafnframt góða mynd af þeim margvíslegu verkefnum sem íslenska utanríkisþjónustan sinnir. Í kjölfar ræðu hæstv. utanríkisráðherra hefur síðan fylgt umræða, m.a. um öryggismál í víðum skilningi, varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, friðargæsluna og fangaflutninga svo fátt eitt sé nefnt.

Mig langar hins vegar, frú forseti, að beina sjónum í þessari umræðu að norrænu samstarfi og sess þess í utanríkismálum okkar eftir sérlega vel heppnað Norðurlandaráðsþing í Reykjavík í lok október. Í kjölfar Norðurlandaráðsþingsins skapaðist nokkur umræða í fjölmiðlum um gildi norræns samstarfs og var það upp og ofan hvort norrænu samstarfi var hampað sem einum hornsteini alþjóðasamskipta okkar eða útmálað sem þarflaus arfleifð aftan úr forneskju sem fyrir löngu hefði skilað hlutverki sínu. Sú sem hér stendur hefur gegnt formennslu í Íslandsdeild Norðurlandaráðsins undanfarin ár og hef ég eins og aðrir tekið eftir því að í almennri umræðu hefur norræna samstarfið oft verið sagt gamaldags og úrelt á tímum samrunaþróunar í Evrópu og hraðrar alþjóðavæðingar. Talað hefur verið um það sem samstarf sem orðið sé óþarft nú þegar heimurinn hefur opnast Íslendingum með öllum þeim tækifærum sem því fylgir á sviði viðskipta, menntunar, rannsókna og menningarsamskipta svo eitthvað sé nefnt.

Ekki verður um það deilt að alþjóðlegt samstarf og viðskipti hafa aldrei verið fjölþættari og umfangsmeiri og að vaxandi alþjóðavæðing hefur fært okkur Íslendingum mikla hagsæld. En það er þó rangt að horfa á norrænt samstarf og annað alþjóðlegt samstarf okkar sem andstæður því það er miklu nær að líta svo á að tengsl okkar við Norðurlöndin styrki okkur í öllu því aukna alþjóðastarfi sem við Íslendingar tökum þátt í. Norrænt samstarf er ekki einangrað frá umheiminum heldur er það þvert á móti hluti og nokkuð veigamikill hluti af aukinni alþjóðavæðingu.

Norræna samstarfið er í raun grunnurinn fyrir flest annað alþjóðasamstarf okkar hvort sem um er að ræða pólitískt, viðskiptalegt, menningar- eða menntunarlegt samstarf. Norðurlöndin eru í pólitísku tilliti bakland okkar sem við leitum til um stuðning þegar við þurfum að verja eða koma hagsmunum okkar á framfæri á alþjóðavettvangi. Við höfum í gegnum tíðina sótt, og gerum enn, styrk til þessara vinaþjóða okkar enda hefur það sýnt sig að við erum sterkari saman en hvert okkar fyrir sig.

Skýrt dæmi um þetta er auðvitað framboð okkar til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þar sem við eigum stuðning nágrannaþjóða okkar vísan en Norðurlandaþjóðirnar hafa löngum verið einhuga um að styðja hver aðra á þeim vettvangi og Norðurlandaþjóðirnar hafa talið það æskilegt að eiga norræna rödd inni í öryggisráðinu. En eins og hæstv. utanríkisráðherra komst að orði er framboðið samstarfsverkefni Norðurlandanna og þannig dæmi um hvernig við Íslendingar öxlum aukna ábyrgð í alþjóðlegu samstarfi í samvinnu við þessar nánustu frændþjóðir okkar.

Evrópusamruninn og tengsl okkar við Evrópusambandið er annað dæmi þar sem norrænt samstarf veitir okkur grunn og það er ljóst að Ísland og Noregur njóta góðs af norrænu samstarfi í Evrópumálum, enda er þar vettvangur til viðræðna við þau þrjú ríki ESB sem tengjast okkur nánustu böndum. Það er á þeim vettvangi sem við mætum velvilja og getum mælt fyrir áherslumálum okkar í Evrópusamstarf-

inu með fullum skilningi á íslenskum aðstæðum og íslenskri sérstöðu. Norðurlandasamstarfið mun eftir sem áður verða okkar mikilvægi pólitíski samráðsvettvangur í Evrópumálum og brú okkar til álfunnar hvernig sem við kjósum að haga tengslum okkur við hana.

Á viðskiptasviðinu, frú forseti, er það svo aukið frelsi í alþjóðaviðskiptum sem hefur opnað íslensku atvinnulífi ný og spennandi tækifæri sem íslensk fyrirtæki hafa svarað með því að hefja kraftmikla sókn. Útrás íslenskra fyrirtækja hefur verið mikil á undanförnum árum og eykst vonandi enn. Í því samhengi er stækkun EES-svæðisins að sjálfsögðu mikilvæg en aðgerðir til þess að gera Norðurlönd að einu markaðssvæði skipta líka miklu máli. Þar sem Norðurlandaþjóðirnar eru smáar hefur verið reynt að tryggja atvinnulífi þeirra sem best skilyrði en stærri heimamarkaður, og þá er ég að tala um norrænan heimamarkað, styrkir vitaskuld samkeppnisstöðu þessara þjóða verulega bæði innan Evrópu og utan Evrópu. Mig langar, frú forseti, í því sambandi að minna á að stór hluti viðskipta okkar er við Norðurlöndin og að mjög stór hluti hinnar miklu íslensku útrásar íslenskra fyrirtækja hefur einmitt verið til Norðurlandanna.

Á menningar- og menntasviðinu vil ég sérstaklega nefna hve ásókn íslenskra námsmanna er mikil til Norðurlandanna. Ég taldi sjálf til skamms tíma að verulega hefði dregið úr því vegna þess að íslenskir námsmenn sæktu núna meira til annarra landa utan Norðurlanda. En það er ríkuleg hefð fyrir því að við Íslendingar sækjum menntun okkar til Norðurlandanna, ekki síst til Danmerkur, og sú ásókn hefur ekki minnkað nema síður sé. Ég held að ég fari örugglega rétt með tölur að það séu um 1.600 íslenskir námsmenn sem nema hjá Dönum og það er ótrúlegur fjöldi í ljósi þess að íslenskir námsmenn erlendis telja um 2.200 alls. Maður hlýtur að spyrja sig, frú forseti, af hverju þetta skuli enn þá vera svona eftir að heimurinn hefur opnast Íslendingum hvort sem um er að ræða nám eða störf. Maður veltir því fyrir sér og varpar því fram hvort það kunni kannski að vera vegna þeirra gagnkvæmu félagslegu réttinda sem við njótum á Norðurlöndunum og þeirrar tilfinningar að þar séum við nánast eins og heima hjá okkur.

Norðurlöndin hafa lengi leikið stórt hlutverk í alþjóðastjórnmálum og hafa mun meiri pólitísk áhrif en hernaðar- og efnahagsmáttur þeirra segir til um. Ástæða þess er sú að löndin hafa um árabil notið ákveðinnar virðingar víða um heim. Litið hefur verið til Norðurlandanna sem fyrirmyndarsamfélaga þar sem jöfnuður og velferð ríkir og ekki síst vegna þess að þau njóta trúverðugleika sem hlutlausir og sanngjarnir aðilar sem ekki ganga erinda stórvelda á alþjóðavettvangi. Það er vegna þess sem norræn friðargæsla hefur verið eftirsótt og oft hafa Norðurlönd haft samstarf um slíka gæslu en eins og fram kom í máli hæstv. utanríkisráðherra tekur íslenska friðargæslan þátt í norrænu verkefni á Sri Lanka.

Norðurlöndin hafa haft eina sérstöðu í friðargæslumálum sem ég hef áður nefnt í þessum sal og ég held að full ástæða sé til að árétta aftur hver sú sérstaða er. Það er getan til að setja málefni kvenna í forgang á átakasvæðum vegna þess að jafnréttishefðin hefur þrátt fyrir allt sterkastar rætur á Norðurlöndunum. Mig langar að minna á þá kaldhæðnislegu staðreynd að konur eru mun líklegri til að halda kyrru fyrir en karlmenn þegar átök brjótast út og að konur lenda því oftar en ekki og frekar en karlar í miðjum vítahring átaka. Að átökum loknum halda konur fjölskyldunum saman, þegar stríðsátökum linnir eru það konur og mæður sem leita týndra ástvina og það eru konur og mæður sem brauðfæða börn sín. Það eru líka konur sem þurfa að bera skömmina eftir skipulegar kynferðislegar ofbeldisaðgerðir og eru jafnvel útskúfaðar úr eigin samfélagi.

Norðurlöndunum ber í sameiningu að taka frumkvæði í því að taka mun ríkara tillit til aðstæðna kvenna á átakasvæðum og vinna að því að framfylgja þeirri alþjóðlegu vernd sem konum og börnum ber og það er vernd sem konum og börnum ber sérstaklega samkvæmt alþjóðasáttmálum. Allt eru þetta málefni sem við Íslendingar getum og eigum að láta okkur varða í samvinnu við frændþjóðir okkar því að ég tel það vera sérstaklega á þessu sviði sem við getum gert gagn í alþjóðasamfélaginu. Ég tel að fjölgun kvenna í friðargæslu- og uppbyggingarstarfi sé lykilatriði hvað þetta varðar og lít svo á að markmið okkar hljóti að vera að tryggja sem jafnastan hlut kvenna og karla í friðargæslustörfum okkar og í alþjóðastarfi á þessu sviði.

Ég ætla að árétta það, frú forseti, að þegar ég segi þetta er það ekki til að tryggja sem jafnasta stöðu og rétt kvenna samanborið við stöðu og rétt karla, heldur vegna þess að konur á átakasvæðum, konur í löndum þar sem við veitum þróunaraðstoð halda ásamt okkur hinum uppi helmingi himinhvolfsins. Og það eru sérstök viðhorf kvenna til viðfangsefna á þessum svæðum, sérstakt auga kvenna fyrir lausnum og hvers konar aðgerðir skila samfélaginu mestu, þar sem við erum komin til að veita aðstoð, sem við þurfum svo vissulega á að halda inn í þetta starf í utanríkismálastefnu okkar.

[14:28]

Guðmundur Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir góðar móttökur hér á þinginu. Á það bæði við starfsmenn þingsins sem og þingmenn sjálfa hvar í flokki sem þeir standa. En ég verð samt að vekja athygli á þeirri stöðu sem fatlaðir eru settir í við kjör til Alþingis.

Í dag er hefð fyrir því á Alþingi að tala úr ræðustól, að fara úr sæti sínu í salnum og í ræðustól er ákveðin athöfn sem undirstrikar mikilvægi máls. Þeim sem notast við hjólastól er meinað um þessa áherslu. Nú þegar Alþingi hefur verið gert aðgengilegt öllum sem vilja fylgjast með af þingpöllum er það ekki forsvaranlegt að ekki sé gert ráð fyrir öllum alþingismönnum hvernig sem þeirra líkamlega ástand er. Hér er um mannréttindi að ræða og ljóst að á næstu árum mun koma á þing eðlilegur hluti samfélagsins, fólk í öllum regnbogans litum, hver með sínu lagi. Alþingi hefur nú þegar fengið smjörþefinn af þessu; blindu, heyrnarleysi og nú hreyfihömlun.

Við teljum okkur heilbrigð en höfum við einhverja skerðingu að stríða og erum því óhress með að samfélagið bregði fyrir okkur fæti að óþörfu. Ég treysti því að því mikla og góða starfi sem þegar hefur verið unnið í endurbótum á þessu fagra húsi sem við öll erum svo stolt af verði haldið áfram svo það megi sem lengst halda sínu hlutverki þrátt fyrir breytt viðhorf.

Frú forseti. Skýrsla utanríkisráðherra er allrar athygli verð. Má þar nefna að í sambandi við sextugsafmæli Sameinuðu þjóðanna hafi verið komið á fót friðaruppbyggingarnefnd til að bæta endurreisnarstarf í stríðshrjáðum ríkjum. Einnig að íslensk stjórnvöld telja að miklu skipti að stofnað verði öflugt mannréttindaráð sem eins og ráðherra orðaði það, með leyfi forseta: „fylgist með mannréttindum og gagnrýni einarðlega ríkisstjórnir sem ekki virða þau". Á að skilja það svo að nú muni hæstv. utanríkisráðherra taka á sig rögg og mótmæla af krafti hvernig stjórnvöld í Bandaríkjunum fara með þá fanga sem þau kalla meinta hryðjuverkamenn og svo mjög hafa verið í fréttum?

Ég fagna þeirri áherslu sem ríkisstjórn Íslands leggur á þátttöku í kosningaeftirliti á vegum ÖSE og starfi í þágu kvenna á vegum UNIFEM í Kosovo. Ég tel að slíkt starf eigi að efla og leggja mun meiri áherslu á en að reyna að troða sem flestum í einkennisbúninga og hengja á þá titla með vopnaburði sem ekki sæmir mönnum frá friðelskandi og herlausu landi.

Frú forseti. Sagt er að þegar menn komist í miklar álnir verði þeir níðskir í öfugu hlutfalli við ríkidæmið. Getur verið að það eigi líka við um ríki eða ríkisstjórnir? Íslenska þjóðin er rík. Því er okkur ekki sæmandi að standa ekki við það markmið Sameinuðu þjóðanna að veita a.m.k. 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu til þróunarmála. Við ættum að taka frændur okkar á öðrum Norðurlöndum okkur til fyrirmyndar en þau hafa veitt jafnvel heilt prósent til þessara mála. Ljóst er að eitthvað fleiri molar falla nú af gnægtaborði ríkisstjórnarinnar til þróunarmála en fyrr samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2006 en betur má ef duga skal.

Ég er viss um að við getum lagt mikið af mörkum til alþjóðasamfélagsins, ekki bara með þekkingu okkar á fiskveiðum og hitaveitu heldur ekki síður á sviði félagslegrar uppbyggingar í löndum sem átt hafa við stríðshörmungar eða aðra óáran að stríða, þar sem innviðir samfélagsins eru hrundir eða í alvarlegu lamasessi eins og við fáum fréttir af á hverjum degi, til að mynda frá Afganistan og Írak. Ég legg til að við fylgjum fordæmi annarra Norðurlanda og fáum samtök fatlaðra í lið með stjórnvöldum að aðstoða fatlaða í þessum löndum við að byggja upp samtök sín og styðja þau við að ná rétti sínum á grundvelli mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna með stuðningi af grunnreglum Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra í samfélaginu. Með því að leggja okkar lóð á vogarskálar Sameinuðu þjóðanna og stofnana innan þeirra styrkjum við þau samtök sem best eru fallin til að vinna að varanlegum friði í heiminum því að það verður ekki gert í hernaðarbandalagi sem hættir til að vilja leysa öll deilumál með hervaldi, sem er skiljanlegt þar sem það er þeirra helsta verkfæri og til þess eru menn þar þjálfaðir.

Undir lok ræðu sinnar sagði ráðherra, með leyfi forseta:

„Áhersla er lögð á stuðning við vel skilgreind verkefni sem falla að meginatriðum í stefnu Íslands."

Og síðar, með leyfi forseta:

„Frjáls félagasamtök vinna ómetanlegt starf í þróunarlöndum. Í samræmi við markmið um að efla samstarf við íslensk félagasamtök er nú unnið að þróun verklagsreglna er lagðar verða til grundvallar auknu samstarfi."

Frú forseti. Öryrkjabandalag Íslands vann á sínum tíma nokkur verkefni í Afríku á þeim nótum sem ég ræddi hér um á undan. Því miður hefur bandalagið ekki þá fjárhagslegu burði að geta staðið í slíkum verkefnum eitt og óstutt en væri kjörinn vettvangur til slíkra verkefna með fjárhagslegum stuðningi ríkisins. Ekki er aðeins þörf fyrir slíkt starf í Afríku heldur ekki síður í Suður-Ameríku og Austur-Evrópu.

Árið 1999 kom ég til Albaníu og átti þar fund með stjórn félags mænuskaðaðra sem er ótrúlega lifandi félag. Eftir 1990 var slíkt upplausnarástand í Albaníu að ekki stóð steinn yfir steini og þeir sem áður höfðu haft vinnu þrátt fyrir litla orku voru nú atvinnulausir eins og svo stór hópur þjóðarinnar. Félagið hafði fengið stuðning til að setja á fót hjólastólaframleiðslu þar sem unnu fimm eða sex félagar og settu saman stóla eftir pöntunum og höfðu vart undan. Það sem skorti helst var eigið húsnæði og aðstoð við frekari félagslega uppbyggingu. Allt um kring í höfuðborginni Tirana stóð ónotað húsnæði sem vel hefði mátt laga til og nýta með dyggri aðstoð.

Ég nefni þetta, frú forseti, sem dæmi um það að ekki þurfi alltaf mikið fé heldur vilja og mannlega samkennd. Ég tel einsýnt að besta framlag okkar til þessara mála ætti að vera friðsamlegt félagslegt starf sem miðaði að því að styrkja mannréttindi og félagslegan jöfnuð í þeim löndum sem við tökum að okkur. Mannréttindi og hvers konar friðarmál eru þau mál þar sem við eigum og getum mest lagt af mörkum.

[14:36]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem upp til að þakka hv. þm. Guðmundi Magnússyni fyrir ræðu hans og sérstaklega það sem hann segir um samstarf við félagasamtök eins og Öryrkjabandalagið í þágu fatlaðra í fátækari ríkjum. Mig langar til að minna á að fyrir þinginu liggur þingsályktunartillaga þar sem flutningsmenn eru þingmenn úr öllum flokkum en sú sem hér stendur er 1. flutningsmaður hennar. Þar er lagt til að þróunaraðstoð verði aukin í 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu eigi síðar en 2015, sem fellur þá saman við þúsaldarmarkmiðin, og einnig er lögð rík áhersla á að auka samstarf ríkisvaldsins og félagasamtaka. Það má gera á mörgum sviðum. Oftast hugsar maður fyrst um Hjálparstarf kirkjunnar, Rauða krossinn, Barnaheill og önnur slík, en það eru einmitt líka hin, sem ég vil orða svo, sérhæfðu en mjög öflugu hagsmunasamtök eins og Öryrkjabandalgið sem hafa svo margt til málanna að leggja í slíku samstarfi og geta í raun gert miklu meira gagn en hin, eins og þau eru góðra gjalda verð, á ákveðnum sviðum í samstarfi okkar við fátækari ríki. Ég vil sérstaklega í því ljósi fagna orðum hv. þingmanns.

[14:37]

Guðmundur Magnússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil bara þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir stuðning hennar. Ég mun að sjálfsögðu, ef það kemur til minna kasta, styðja þessa þingsályktunartillögu.

Ég vil líka benda á hvað öryrkjar eru mikilvægur liður í aðstoð sérstaklega við stríðhrjáðu ríkin þar sem menn ef

þeir eru ekki líkamlega fatlaðir eftir stríðið eru þá verulega andlega skertir eða illa á sig komnir. Þessi félög eru einmitt innan okkar vébanda.

[14:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir fyrstu skýrslu sína til hv. Alþingis um utanríkismál. Ég verð hins vegar að segja að við fyrsta lestur hennar fannst mér hún ansi mjúk og skautað fram hjá flestu sem mikill ágreiningur hefur verið um hér á landi og víðar, eins og t.d. árásina á Írak. Ég verð að spyrja, hæstv. forseti: Hvers vegna erum við enn þá stuðningsmenn hernaðarátaka og innrásar í Írak? Hafa engar efasemdir vaknað enn þá hjá nýjum formanni Sjálfstæðisflokksins, sem nú er nýr utanríkisráðherra, um að innrásin í Írak hafi verið á röngum og upplognum forsendum?

Við í Frjálslynda flokknum erum ekki á nokkurn hátt sátt við að land okkar skuli hafa verið dregið inn í hóp hinna staðföstu þjóða með Bandaríkjamenn og Breta í fararbroddi þegar innrásin á Írak var ákveðin af tveimur ráðherrum í ríkisstjórninni.

Hvað hefur gerst síðan þá? Nokkuð er tæpt á því í skýrslunni núna, m.a. er að finna orð um nýja ríkisstjórn í Írak. Enn eru Bandaríkjamenn í Írak eða öllu heldur fjölþjóðaherinn margumræddi. Látið er líta út eins og allt sé í sómanum í lýðræðisþróun. Já, kannski er þetta lýðræðisþróun en miklar mannfórnir eru enn þá í Írak, því miður. En miðað við orðalag í skýrslunni í samanburði við fréttir fjölmiðla á ég erfitt með að átta mig á hvað hefur sérstaklega áunnist hingað til með endurreisnarstarfið í Írak. Hingað til hefur morðum og manndrápum ekki fækkað svo séð verði, hæstv. forseti. Stjórnarskrá var samþykkt þar nýlega og þingkosningar eru fram undan. Óbreyttir borgarar í Írak verða nánast á degi hverjum fyrir morðárásum og sífellt upplýsist um vopnaburð, víg og hegðun Bandaríkjamanna utan við lög og rétt alþjóðasamþykkta. Er hin staðfasta trú enn þá til staðar í huga hæstv. utanríkisráðherra? Minni ég í leiðinni á nýlega afstöðu Colins Powells.

Varnir Íslands, þ.e. varnarsamningur okkar og Bandaríkjanna er í uppnámi. Staða okkar innan Atlantshafsbandalagsins er þó áfram sú að við viljum tengsl við varnir annarra þjóða sem liggja að Atlantshafi norðanverðu, bæði austan hafs og vestan. Það samstarf kallar ekki sjálfkrafa á veru erlends hers í landinu á friðartímum eins og reyndar var afstaða stjórnvalda lengi vel en er e.t.v. nú orðin breytt í stjórnarflokkunum. Heimurinn tekur sífellt breytingum, bæði vegna breytinga á valdajafnvægi í veröldinni og einnig vegna aukins samstarfs t.d. ríkja í ESB og á öðrum svæðum veraldarinnar.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson reifaði þessi mál nánar í ræðu sinni fyrir hádegi og læt ég það að mestu nægja en tek undir efni orða hans að í þeim breytingum sem sýnilegar eru að verða á varnarsamningi okkar og Bandaríkjanna felast einnig tækifæri fyrir okkur að skipa málum á nýjan leik með okkar eigin áhuga og störfum að viðhaldi, viðbúnaði og vörnum eins og okkur sýnist að þeim best verða fyrir komið til framtíðar.

Það eru fleiri breytingar á Norður-Altantshafi en samstarf og samvinna ríkja að vörnum landanna. Miklar líkur eru nú á að með hlýrri sjó og hærri lofthita verði verulegar breytingar í Norðurhöfum og að innan fárra ára verði hafís ekki lengur til að teppa siglingar um norðlægar hafleiðir. Við þurfum sérstaklega að huga að þessum breytingum á norðurskautssvæðunum. Flutningar munu aukast, olíuvinnslan í Norðurhöfum mun einnig aukast. Hverjar eru fyrirætlanir Norðmanna, Rússa eða Grænlendinga um nýtingu á hafsvæðum sínum og landgrunni sínu? Hvernig verður nýtingu norðurslóðanna háttað? Það er stór spurning sem við þurfum að velta fyrir okkur. Og hver verða viðbrögð okkar?

Við Íslendingar eigum sameiginlega lögsögu að lögsögu Grænlands, Færeyja og einnig Jan Mayen þar sem Norðmenn hafa yfirráð. Þessar þjóðir, Færeyingar, Íslendingar og Grænlendingar, byggja afkomu sína mikið á nýtingu hafsins, m.a. nýtingu fiskveiða.

Hæstv. forseti. Það skiptir okkur verulegu máli hvernig breytingar verða í Norðurhöfunum og hvaða nýtingu þjóðir hyggjast taka upp á botnsvæðum Norðurhafa ef hafísinn hopar. Það getur þýtt mengun og hættu fyrir okkur. Það getur líka þýtt ákveðna möguleika. Í öllum athöfnum mannsins felast möguleikar og líkur eru til þess að auknir flutningar úr Norðurhöfum — ég tala nú ekki um ef siglingarleiðin norðaustur opnast — muni fara um okkar hafsvæði, annað hvort sunnan eða norðan við landið. Að þessum málum þurfum við verulega að hyggja, hæstv. forseti, og það þarf að gera í tíma. Of seint er að bregðast við þegar miklar siglingar eru hafnar á þessum leiðum eða mikil nýting á hafsbotnssvæðunum er þegar komin á verulegan skrið. Auðvitað mun fylgja því ákveðin mengunarhætta þegar farið verður að nýta norðurslóðir t.d. til olíuvinnslu og gasvinnslu. Við getum ekki sagt fyrir um hvert mengun muni berast ef slys verða á vinnslustöðum eða flutningaleiðum. Það er alveg ljóst að við erum í leið skipa og við erum einnig í straumaleiðum norðan úr höfum með hinum kalda Grænlandsstraum og Austur-Íslandsstraum hér norðan við landið. Veðurfar hefur mikil áhrif á það hvernig straumar eru hér við land, en til alls þessa þurfum við að huga alveg sérstaklega í framtíðinni. Ég vil þess vegna beina þeirri spurningu til hæstv. utanríkisráðherra hvernig menn hyggjast standa að því að kortleggja annars vegar þá áhættu sem í þessu felst og hins vegar möguleikana sem í þessu felast, því að í þessum athöfnum mannanna eru líka faldir möguleikar.

Það má t.d. spyrja hver viðbrögð okkar eiga að vera ef stór olíuskip, mörg hundruð þúsund tonna olíuskip, sigla fram hjá landinu úr lögsögu Rússa eða Norðmanna í Barentshafi. Ætlum við að sýna einhver viðbrögð eða ætlum við ekkert að bregðast við? Ætlum við að undirbúa okkur undir það að takast á við það ef slíkt ofurolíuskip verður vélarvana t.d. norður af landinu? Hvernig ætlum við að gera það? Hvaða tæki höfum við til þess hér á landi? Væntanlega mun nýtt varðskip verða það öflugt að það hafi eitthvað að segja við að hreyfa slíkt skip úr stað. En það er nú samt svoleiðis, hæstv. forseti, að þar sem siglingaleiðir slíkra skipa eru nærri landi, ég tala nú ekki um þar sem þau hyggjast leita landvars eða taka höfn, þarf mikinn viðbúnað sem við þekkjum eiginlega ekki hérlendis. Við getum samt

aflað okkur reynslu á því sviði, m.a. hjá Norðmönnum.

Ég hygg að við þurfum að gera ráðstafanir til þess fyrir framtíðina, í samstarfi væntanlega við þær þjóðir sem ætla að nýta norðurhöfin eða hafa möguleika til þess að þessu leyti, að hafa hér viðbúnað til þess að geta komið í veg fyrir slys. Vel kann að vera að slíkir flutningar geti gengið mjög skaðlaust í einhver ár. Slysin geta hins vegar, því miður, alveg eins orðið á fyrsta ári eins og á tíunda árinu eða því tuttugasta. Þess vegna hvet ég hæstv. utanríkisráðherra til að taka þessi mál alvarlega. Það þarf að velta því virkilega upp hvers konar búnaður þarf að vera til hér á landi til að geta forðað okkar eigin landi frá verulegum mengunarslysum. Það væri ekkert smáslys ef stórt olíuskip ræki á okkar strendur, t.d. þar sem illgerlegt er að komast að, undir björgum eða á öðrum slíkum stöðum, eða á úthafssker eins og t.d. Kolbeinsey, þó að ólíklegt sé nú að skip hitti akkúrat á þann litla punkt sem eftir er af henni.

Ég er að vekja athygli á þessu, virðulegi forseti, vegna þess að ég held að þetta sé raunveruleg hætta. En í þessari hættu geta líka falist ákveðin tækifæri., þ.e. með því að semja um það við þjóðirnar sem ætla að standa fyrir þessari nýtingu og standa fyrir þessum flutningum að hér á landi verði komið upp ákveðnum viðbúnaði til þess að takast á við slys, aðstoða skip eða veita þeim landvar til þess að geta dælt yfir í önnur og minni flutningaskip. Það kann líka að vera kostur í þeirri stöðu sem upp kann að koma því ekki er sjálfgefið að hagkvæmt teljist að láta hin stærstu skip sigla t.d. til Bandaríkjanna eða inn á hafnir í Evrópu og einhvers staðar þarf að skipa farmi á milli skipa. Þetta vildi ég nefna, hæstv. forseti.

Hin hættan snýr að náttúrunýtingu okkar, náttúrunýtingu Færeyinga og Grænlendinga á fiskislóðinni og lífríkinu. Ég held að það skipti ákaflega miklu máli að að þessum málum sé hugað í tíma því illa verður við brugðist þegar slysin hafa orðið.

Hæstv. forseti. Ég vil í örstuttu máli nú í lok ræðu minnar spyrja hæstv. utanríkisráðherra um nokkuð sem örlítið er vikið að í skýrslunni varðandi norsk-íslensku síldina og nýtingu á henni, þ.e. hvort þar séu að fara fram einhverjar viðræður sem e.t.v. gætu leitt til samkomulags og þá einnig hvort utanríkisráðuneytið hafi skoðað þann möguleika að tengja saman nýtingu Norðmanna annars vegar á loðnustofninum hér við land og hins vegar síldinni. Það þarf þó ekki að vera að þessir samningar eigi saman, þ.e. loðnan og síldin Það eru miklir breytileikar í hafinu núna norðan við land. Við vitum ekki hvar loðnan heldur sig nú um stundir þó að líklegast sé vegna hærri sjávarhita að hún sé miklu meira í grænlensku lögsögunni en verið hefur á undanförnum árum, en ekki endilega í Jan Mayen lögsögunni sem Norðmenn ráða.

Þær breytingar sem eru að verða í Norðurhöfunum með hlýnandi sjó hafa veruleg áhrif á hegðun fiskstofna, ekki bara síldar, loðnu og kolmunna heldur líka m.a. rækju. Ef verulega hlýnar hér við land mun hún örugglega leita norður á bóginn. Sama má segja um grálúðu sem er frekar djúpsjávar- en kaldsjávarfiskur.

Þetta þurfa menn allt að hafa í huga í samhengi þeirra breytinga sem við lifum við. Þó að við getum ekki nákvæmlega kortlagt breytingarnar þá skiptir afar miklu máli að við stöndum vel að því að fylgja eftir rannsóknum á þeim miklu breytingum sem hafa orðið á hafsvæðinu hér við land á undanförnum árum og skoða hvernig þær tengjast sameiginlegum hagsmunum okkar og annarra ríkja og því um hvað við ætlum að semja og hvernig við ætlum að semja.

[14:53]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir skýrsluna sem gefur góða yfirlitsmynd af þeim verkefnum og breidd sem er í íslenskri utanríkisþjónustu og þeirri uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað. Á tímum hraðrar hnattvæðingar þar sem alþjóðlegt samstarf og viðskipti verða æ fjölbreyttari og umfangsmeiri er nauðsynlegt að halda úti öflugri utanríkisþjónustu til þess að gæta að og halda hagsmunum okkar Íslendinga á lofti.

Alþjóðlegt umhverfi okkar hefur breyst hratt á undanförnum árum. Þótt friðsamlegra sé um að litast í okkar heimshluta en oft áður og litlar líkur séu á stríðsátökum og hefðbundnum hernaði þjóða á milli hafa nýjar ógnir komið fram svo sem hryðjuverkavá. Þessar nýju ógnir knýja á um að hvert fullvalda ríki viðhaldi lágmarksvarnarviðbúnaði og eiga íslensk stjórnvöld nú í viðræðum við Bandaríkin um framkvæmd varnarsamningsins frá 1951. Eins og fram kom í máli hæstv. utanríkisráðherra hafa íslensk stjórnvöld boðist til að axla aukna ábyrgð á vörnum landsins með auknum framlögum til reksturs Keflavíkurflugvallar og samstarfi á sviði þyrlubjörgunar. Er það vel.

Hæstv. utanríkisráðherra kom í ræðu sinni m.a. inn á hlutverk Sameinuðu þjóðanna og nauðsynlegar umbætur á þeim. Í því sambandi vil ég nefna samstarf sem við eigum með frændþjóðum okkar á Norðurlöndunum í alþjóðamálum, ekki síst innan Sameinuðu þjóðanna. Norðurlöndin hafa oftar en ekki sameiginlega hagsmuni í alþjóðamálum og standa saman á þeim vettvangi. Samstaða okkar byggir á sameiginlegri sögu og menningu og svipaðri samfélagsgerð sem endurspeglar sameiginleg gildi eins og lýðræðishyggju, frjálslyndi, jafnrétti kynjanna, jöfnuð og áherslu á réttarríkið og mannréttindi. Því höfum við átt ríka samleið með frændþjóðum okkar í starfi innan Sameinuðu þjóðanna og er framboð Íslands til öryggisráðsins einungis eitt dæmi af fjölmörgum.

Þegar Norðurlöndin og norrænt samstarf er nefnt er ekki hægt að láta hjá líða að minnast á nýafstaðið þing Norðurlandaráðs í Reykjavík sem var afskaplega vel heppnað og Íslendingum til sóma. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum Alþingis fyrir einstaklega góðan undirbúning fyrir það þing og öll störfin á þinginu sjálfu.

Virðulegur forseti. Norðurlandaráðsþingið heppnaðist afskaplega vel. Gestirnir okkar erlendu voru ánægðir með aðstöðuna og þingið eins og það gekk fyrir sig. Líklega sóttu í kringum 700 manns þetta þing og hátt í 100 blaðamenn sem gerðu Norðurlandaráðsþinginu góð skil. Í forustu Norðurlandaráðs þetta árið sem forseti Norðurlandaráðs hefur verið hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Hún hefur staðið sig með miklum sóma. Við höfum getað verið afskaplega stolt af henni í því starfi eins og öðrum Íslendingum sem hafa verið í forustu og gegnt stöðu forseta Norður-

landaráðs hingað til. Við Íslendingar höfum verið með forustu í Norðurlandaráði og lagt sérstaka áherslu á Vestur-Norðurlönd, Ísland, Grænland og Færeyjar. Það er mjög mikilvægt fyrir þessar grannþjóðir okkar og við eigum afskaplega gott samstarf við þær. Þátttaka okkar Íslendinga í samstarfi Norðurlanda er okkur mjög mikilvæg, ekki síst hvað menningarmál varðar.

Virðulegi forseti. Aukið frelsi í alþjóðaviðskiptum hefur reynst einkar happadrjúgt fyrir okkur Íslendinga og stjórnvöld hafa gert vel í því að treysta viðskiptatengsl okkar við aðrar þjóðir með margháttuðum viðskiptasamningum. Þessir samningar hafa styrkt samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Útrás íslenskra fyrirtækja hefur verið mikil að undanförnu og eykst vonandi enn á komandi árum. Stærsti markaður okkar er Evrópa og mikilvægasti viðskiptasamningur okkar er EES-samningurinn. Jafnframt er horft til framtíðartækifæra í fjarlægari löndum eins og Indlandi og Kína þar sem hagvöxtur er með kröftugasta móti. Í því sambandi ber að fagna fyrirhuguðu sendiráði á Indlandi sem gæti orðið mikilvægt í að opna íslenskum fyrirtækjum aðgang að viðskiptalífinu þar í landi.

Virðulegi forseti. Ég vil koma aftur inn á norrænt samstarf og nefna að vinna hefur farið fram á vettvangi Norðurlandaráðs við að kortleggja þá möguleika sem Norðurlönd hafa til þess að útvista þjónustu og framleiðslu í Kína og Indlandi auk Eystrasaltsríkjanna. Þessa möguleika nýta norræn fyrirtæki sér nú og munu gera í auknum mæli í framtíðinni.

En framtíðartækifærin eru ekki einungis í fjarlægum heimshlutum. Við getum einnig litið okkur nær. Þrátt fyrir allt hefur íslenska útrásin af mestum þunga komið niður á elstu samstarfsríkjum okkar á Norðurlöndum ásamt Bretlandi. Í þessu sambandi vil ég nefna að sérstök úttekt var gerð á landamærahindrunum í atvinnulífinu á milli Norðurlandanna á þessu ári. Þrátt fyrir að viðskipti og umsvif fyrirtækja séu auðveldari innan Norðurlanda en innan EES-svæðisins sem heildar þá er það markmið norrænna stjórnmálamanna að gera Norðurlönd að einu markaðssvæði í reynd.

Virðulegur forseti. Í ræðu sinni fjallaði hæstv. utanríkisráðherra ekki sérstaklega um Eystrasaltssamstarfið en ég vil koma aðeins inn á það. Eystrasaltsráðstefnan er haldin árlega. Þar sitja fulltrúar þjóð- og hérðsþinga landa við Eystrasalt. Fimmtánda Eystrasaltsráðstefnan verður haldin á Íslandi í boði Alþingis haustið 2006. Hlutverk ráðstefnunnar er að styrkja samstarf þingmanna á Eystrasaltssvæðinu og tekur hún til umfjöllunar margvísleg málefni sem þingmenn frá þessu svæði telja mikilvæg. Umhverfismál verða að sjálfsögðu fyrirferðarmikil á þessari ráðstefnu og Alþingi hefur lagt til að 15. ráðstefnan leggi áherslu á málefni hafsins í víðu samhengi. Stjórnarnefnd hefur hafið undirbúning ráðstefnunnar og sit ég í stjórnarnefndinni fyrir hönd Alþingis.

Ísland gegnir formennsku í Eystrasaltsráðinu þangað til um mitt ár 2006 og er hæstv. utanríkisráðherra þar formaður. Við þingmennirnir höfum átt ágætt samstarf við ráðið og metum það mikils. En við leggjum samt áherslu á að auka það samstarf til að tryggja að við komum okkar sjónarmiðum á framfæri í öllum þeim málaflokkum sem ráðherrasamstarfið nær til. Stjórnarnefnd Eystrasaltsráðstefnunnar mun halda undirbúningsfund á Íslandi í byrjun 2006 og vona ég að hæstv. utanríkisráðherra hafi tækifæri til að ávarpa þann fund og ræða við þingmenn um áherslur í starfi Eystrasaltsráðsins.

[15:01]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir fór víða í umfjöllun sinni um norræna samvinnu og ekki nema gott eitt um það að segja. Ég held að ég geti fullyrt að hér talaði einn af talsmönnum Sjálfstæðisflokksins á Alþingi í utanríkismálum, hv. þm. Drífa Hjartardóttir er jú varaformaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, ef ég fer rétt með, og hún á líka sæti í utanríkismálanefnd Alþingis fyrir hönd síns flokks.

Ég hef sjálfur starfað aðeins innan Vestnorræna ráðsins og hv. þingmaður kom aðeins inn á samstarfið í því ráði þar sem Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar eiga aðild. Norðmenn hafa sýnt þessu samstarfi aukinn áhuga á undanförnum árum og hafa sent háttsetta fulltrúa frá norska Stórþinginu á ársfundi Vestnorræna ráðsins, þ.e. fulltrúa sem eiga sæti í forsætisnefnd þingsins, síðast í hittiðfyrra sjálfan þáverandi forseta norska Stórþingsins, Jörgen Kosmo. Með þessu sýna þeir Vestnorræna ráðinu ákveðinn virðingarvott. Í samtölum við þá hef ég líka orðið þess áskynja að þeir hafa áhuga á að fá aðild að Vestnorræna ráðinu og ég hygg að það sé mjög spennandi kostur. Norðmenn eru fyrir utan Evrópusambandið, við erum það einnig, Færeyingar og Grænlendingar eru það líka að vissu leyti á meðan aðrar Norðurlandaþjóðir eru í sambandinu. Mér finnst hafa orðið svolítil vík milli vina eftir að Svíar og Finnar gengu í sambandið og held að margir telji að svo sé.

Væri ekki vænlegur kostur fyrir Íslendinga og okkur á Alþingi að beita okkur fyrir því að Norðmönnum verði formlega boðin full aðild að Vestnorræna ráðinu? Mér leikur hugur á að vita skoðun hv. þm. Drífu Hjartardóttur á því.

[15:03]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var afskaplega athyglisverð tillaga sem kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni. Ég tel að þetta megi vel skoða því að Norðmenn eiga einmitt mjög mikið sameiginlegt með okkur á Vestur-Norðurlöndum.

Mig langar að geta þess að nefndin mín, sem er efnahags- og viðskiptanefnd Norðurlandaráðs, tók sérstaklega út samgöngur á Vestur-Norðurlöndum. Í fyrra hófum við ferð okkar með því að funda í Færeyjum og sigla til Íslands, til Seyðisfjarðar, við fórum um Norðurland og funduðum þar. Síðastliðið sumar byrjuðum við á að funda á Íslandi með flugmálayfirvöldum og fórum héðan til Grænlands og funduðum þar með þarlendum yfirvöldum sem var okkur mjög gagnlegt. Í þeirri ferð voru með okkur Norðmenn sem starfa í nefndinni. Ég held að þetta sé bara mjög vel til fundið. Ég veit að Norðmenn hafa mjög mikinn áhuga á þessum málum, sérstaklega þeir sem búa norðan til landinu. Ég minnist þess sérstaklega að ágætur sjávarútvegsráðherra Norðmanna hefur sýnt mikinn áhuga á þessu samstarfi.

[15:05]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég tel að þetta sé hugmynd sem við Íslendingar ættum að athuga í fullri alvöru. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. utanríkisráðherra að þessi möguleiki verði skoðaður því þegar maður veltir þessu fyrir sér sér maður ótal fleti. Menn hafa í dag reynt að velta upp nýjum hugmyndum varðandi varnarmál og hér hefur verið rætt töluvert um varnarmál. Norðmenn eru í NATO eins og við Íslendingar og ef við skoðum þetta frá varnarlegu sjónarmiði er náttúrlega ljóst að þessar fjórar þjóðir, Grænlendingar, Færeyingar, Íslendingar og Norðmenn, ráða t.d. yfir gríðarlegum hafsvæðum í norðanverðu Atlantshafi. Við höfum norðanvert Atlantshaf í hendi okkar ef svo má segja landfræðilega séð. Þessar þjóðir hafa líka yfirráð yfir gríðarlega miklum náttúruauðlindum, ekki má gleyma því, ekki bara fiski heldur líka olíu og gasi, og ekki aðeins í Noregi heldur líka hugsanlega við Svalbarða, hugsanlega í færeyskri lögsögu, og þá er ég að tala um gas og olíu, og jafnvel við Grænland. Og svo það sem ég nefndi áðan að þessar þjóðir eru allar utan Evrópusambandsins.

Ég hygg að ef haldið væri rétt á spilunum væri hægt að búa til mjög skemmtilegt samstarf með því að bjóða Norðmönnum fulla aðild. Eins og ég sagði áðan hafa þeir mikinn áhuga á þessu máli. Þeir eiga mjög margt sameiginlegt með okkur fyrir utan þá þætti sem ég nefndi áðan, til að mynda eru þeir strandþjóð og fiskveiðiþjóð, þjóð sem lifir á gæðum náttúrunnar eins og reyndar Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar. Menningarlega, landfræðilega, efnahagslega og pólitískt séð eiga þessar þjóðir mikla samleið. Ég hygg þess vegna að það væri vel þess virði að gera þá tillögu að Alþingi hefji baráttu fyrir því að Norðmönnum verði boðin full aðild að Vestnorræna ráðinu.

[15:07]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er nú varla andsvar því að ég er svo sammála hv. þingmanni. Það sem við höfum einmitt verið að ræða eru náttúruauðlindirnar þar sem við eigum svo sannarlega mikið sameiginlegt.

En ég kom upp af því að hv. þingmaður ræddi um náttúruauðlindirnar, og þær eru miklar. Það var einmitt mjög skemmtilegt að koma á fiskmarkað á Grænlandi þar sem þeir voru með lax, sem við teljum að sjálfsögðu að sé íslenskur. Eins vildi ég gjarnan geta þess að Íslendingar eru að hjálpa Grænlendingum — af því að ég sé hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur ganga í salinn — að virkja vatnsföll til þess að afla sér orku. (Gripið fram í.) Ég held að það sé eitt af því í samstarfinu sem er líka afskaplega gott. Við getum svo sannarlega hjálpað hvert öðru.

[15:08]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja eins og aðrir á því að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir þá skýrslu sem hann flutti okkur í morgun. Það er afskaplega mikilvægt fyrir okkur sem störfum á Alþingi að fá slíka skýrslu á hverju ári. Samskipti milli ríkja og ekki síður milli fólks og fyrirtækja frá einu ríki til annars eru alltaf að aukast. Það skiptir verulegu máli fyrir okkur sem hér búum og hefur mikil áhrif á daglegt líf okkar hvernig til tekst í erlendum samskiptum okkar.

Skýrslan er í raun eins og hún er fram sett bæði samantekt á liðnum atburðum á alþjóðavettvangi en ekki síður að mér finnst yfirferð á stefnu og afstöðu ríkisstjórnarinnar til margra þeirra álitamála sem uppi eru á þeim vettvangi.

Misskipting auðs milli þjóða heims og einnig innan einstakra ríkja hlýtur að vera áhyggjuefni allra sem skoða það málefni af einhverri alvöru. Ef ekki verður gripið til aðgerða til jöfnunar eða a.m.k. aðgerða sem gera hinum fátækari kleift að vinna sig út úr núverandi stöðu, mun hættan á ágreiningi og átökum milli ríkja og einnig milli hópa innan sama ríkis einnig aukast. Við höfum séð á uppþotunum í Frakklandi undanfarnar vikur hvernig gremja með kjör og vonleysi um framtíð getur brotist út í fjöldamótmælum og oft tilgangslitlu ofbeldi ef ekki er hugað nægjanlega vel að þessum þáttum.

Máltækið um að betra sé að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann á vel við í þessu efni og Sameinuðu þjóðunum tekst ekki nægjanlega vel og fljótt að byrgja þann brunn sem við blasir. Tækifæri til að gera eitthvað áþreifanlegt á 60 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna gekk mönnum úr greipum að mínu viti.

Frú forseti. Ég verð að taka undir vonbrigði utanríkisráðherra sem fram koma í skýrslunni með niðurstöður síðasta leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna þar sem ekki tókst að þoka baráttunni við fátækt í heiminum áfram í samræmi við væntingar sem til fundarins höfðu verið gerðar, en í skýrslu sinni sagði hæstv. utanríkisráðherra að þótt vel hafi miðað í sumum efnum hefðu niðurstöður leiðtogafundarins valdið vonbrigðum og ljóst væri að mörgum aðkallandi verkefnum væri ólokið.

Mér sýndist reyndar á upptalningu hæstv. ráðherra á því hvað vel hefði tekist til og einnig hinu hvar ekki hefði tekist að ná ásættanlegri niðurstöðu þá væri í raun af litlu að gorta á jákvæðu hliðinni en fjölmörg atriði tínd til til vitnis um hvar ekki hefði náðst ásættanlegur árangur.

Hæstv. utanríkisráðherra fer mörgum orðum um hversu dapurlegt það væri að ekki hefði tekist að ganga frá því hvernig nýtt mannréttindaráð kæmi í stað mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna en sú nefnd er að mestu óstarfhæf í dag. Ég get tekið undir þá skoðun sem fram kemur í skýrslunni að miklu skipti að til sé öflugt mannréttindaráð sem fylgist með mannréttindum og gagnrýni einarðlega ríkisstjórnir sem ekki virða þau.

En ekki fer þó hjá því að hugurinn reiki aðeins aftur til síðustu fjárlagagerðar á Íslandi þar sem við í stjórnarandstöðunni glímdum við stjórnvöld hér á landi vegna meðferðar þeirra á Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ég held að færi betur á því að hæstv. ráðherrar praktíseruðu það heima fyrir sem þeir predika í útlöndum. Vonandi er kaflinn í ræðu hæstv. utanríkisráðherra um mannréttindi merki þess að betur verði búið að slíkum samtökum hér innan lands í framtíðinni en nú er gert. Ég er ekki með þessu að reyna að bera saman stöðu mannréttindamála á Íslandi og þar sem verst gerist í heiminum. Það sem ég er að gera með þessu er að bera saman viðbrögð ráðandi aðila við gagnrýni mannréttindasamtaka.

Frú forseti. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Íslensk stjórnvöld styðja eindregið núverandi vinnu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að gerð víðtæks alþjóðasamnings um ráðstafanir gegn hryðjuverkum. Ísland hefur ætíð lagt áherslu á að baráttan gegn þeim megi ekki vera á kostnað mannréttinda eða mannúðarlaga."

Frú forseti. Ég á ekki gott með að sjá hvernig þessi texti í skýrslunni samræmist þeim stuðningi sem íslensk stjórnvöld lýstu yfir með innrás Bandaríkjanna í Írak en vonandi er þetta þó merki um að íslensk stjórnvöld hafi lært eitthvað af þeim ósköpum og að í framtíðinni munum við aldrei standa frammi fyrir eins gerræðislegri ákvörðun og þá var tekin um stuðning við stríðið.

Aðeins að kaflanum um varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna. Þegar ég las skýrsluna og fór í gengum hvernig hún er uppbyggð varð ég fyrir ansi miklum vonbrigðum með þennan litla kafla eins og hann kemur þar fyrir. En það sem ég gerði var að rýna í textann og reyna að skilja eða átta mig á hvað var í raun verið að segja í textanum.

Í fyrsta lagi er tekið fram að varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna byggi á aðild ríkjanna að Atlantshafsbandalaginu og snerti viðbúnað og stöðu þess á Norður-Atlantshafi. Þetta er enginn nýr sannleikur og við vitum öll sem höfum fylgst með þessum málum að þetta er einmitt þannig.

Í öðru lagi er sagt að viðræður íslenskra og bandarískra stjórnvalda um framkvæmd varnarsamningsins hafi hafist í júlí sl. Ég verð að segja eins og er, frú forseti, að það kemur mér mjög á óvart að sjá það í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra að viðræður íslenskra og bandarískra stjórnvalda um framkvæmd varnarsamningsins hafi hafist í júlí á þessu ári. Ég hélt satt að segja að bókunin með varnarsamningnum hefði runnið út á árinu 2001, bókunin sem gerð var árið 1996, og að menn hefðu að sjálfsögðu strax þá hafið viðræður við Bandaríkin um með hvaða hætti framkvæma ætti samninginn.

Það hefur reyndar ekki farið hjá því að ósköp lítið hefur verið um svör þegar spurt hefur verið hvernig gangi í þessum viðræðum, þreifingum, samningaviðræðum eða hvað það hefur verið kallað. Ég trúin því bara ekki að hæstv. utanríkisráðherra haldi að hægt sé að segja okkur það hér á Alþingi að viðræður um framkvæmd varnarsamningsins hafi hafist fyrir fjórum mánuðum síðan.

Í skýrslunni segir að eins og fram hafi komið hafi þær gengið seinlega, þessar viðræður við Bandaríkjamenn. Þær hafa gengið seinlega. Maður hefur sjaldan lesið fullyrðingu um eitthvað sem gengur jafnafskaplega illa og viðræður okkar við Bandaríkjamenn og það kemur fram í skýrslu hæstv. ráðherra þegar hann leggur þetta fram á Alþingi að þessar viðræður gangi seinlega.

Í þriðja lagi kemur fram að íslensk stjórnvöld eru reiðubúin til að greiða verulegan hluta þess kostnaðar sem hlýst af rekstri og viðhaldi Keflavíkurflugvallar enda hafi borgaraleg flugumferð um völlinn aukist mikið. Þetta er atriði sem margoft hefur komið fram í umræðum hér á þingi og í viðræðum við Bandaríkjamenn og er í sjálfu sér engin ný tíðindi í þessa skýrslu. Vilja stjórnvalda til að kanna möguleika á samstarfi á sviði þyrlubjörgunar, sem minnst er á í skýrslunni, ber að fagna og vonandi tekst að ná þessu inn í þeim viðræðum sem í gangi eru, þ.e. þegar þær kannski halda áfram eða fara í gang aftur.

Í fimmta lagi er sagt að bæði það að reka flugvöllinn og eins að taka þátt í rekstri á þyrlum mundi hafa aukin útgjöld í för með sér og sýni því eindreginn vilja af hálfu okkar til að finna framtíðarlausn á því hvernig varnarsamningurinn er framkvæmdur.

Hvað vantar þá í raun? Ef viljinn er svona mikill hjá okkur, getum við þá dregið þá gagnályktun að það sé enginn vilji hjá Bandaríkjamönnum og það sé sú staða sem við horfum framan í í dag?

Kaflinn endar síðan á því að meginmarkmiðið sé að tryggja lágmarksvarnarviðbúnað, eins og það er kallað, á Íslandi sem þjóni hagsmunum beggja ríkja og sé í samræmi við ákvæði varnarsamningsins um verkaskiptingu milli aðila.

Þegar maður les í gegnum þennan kafla, eins og hann stendur þarna, miðað við hvernig gengið hefur undanfarið að ræða við Bandaríkjamenn og þá stöðu sem uppi er í þeim samningaviðræðum þá veltir maður að sjálfsögðu fyrir sér hvernig hægt sé að komast eitthvað áfram í þessu mikilvæga máli og hver sé staða okkar Íslendinga þegar við veltum fyrir okkur hvaða varnir t.d. við höfum í dag. Ef við veltum nú upp vörnum Íslands gagnvart hugsanlegu ofbeldi af hálfu erlendra ríkja þá gætum við skipt þeim vörnum í fjóra hluta.

Í fyrsta lagi er það sú vörn sem felst í viðurkenndri þátttöku í samfélagi þjóðanna, þar með talinni aðild okkar að Sameinuðu þjóðunum, samstarfi Evrópuríkja, Evrópuráðinu, ÖSE, EES og norrænu samstarfi. Þetta samstarf okkar við önnur ríki felur í sér ákveðna vörn ef til hættutíma kemur. Í öðru lagi er það aðildin að NATO eða Atlantshafsbandalaginu. Í þriðja lagi er það varnarsamningurinn við Bandaríkin og þá kannski í fjórða og síðasta lagi hvaða viðbúnað varnarliðið er með á Íslandi til að mæta þeirri vá sem uppi gæti verið.

Ég held að í sjálfu sér hafi ekki verið neinn ágreiningur um það af hálfu okkar þingmanna Samfylkingarinnar að við teljum að semja þurfi um stöðu Íslands í varnar- og öryggiskerfi Atlantshafsbandalagsins og Evrópu án þess að stefna að því að segja upp varnarsamningnum. Þegar hv. þingmenn stjórnarliðsins koma hér upp og kalla eftir afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli þá vil ég bara hvetja þá þingmenn sem eru læsir til að lesa þann texta sem komið hefur frá Samfylkingunni um þetta því að þar stendur alveg skýrum stöfum að Samfylkingin hefur ekki þá stefnu að segja upp varnarsamningnum við Bandaríkin. Við teljum að það þurfi að ná samningum um hvað sé ásættanlegur lágmarksvarnarviðbúnaður. En við höfum ekki í raun getað séð enn þá hvernig stjórnvöld komast að þeirri niðurstöðu sinni að sá lágmarks varnarviðbúnaður felist í þeim fjórum þotum sem hér eru.

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt á þingi mál þar sem við viljum að skipuð verði nefnd sem hefði það hlutverk að skilgreina hver staða okkar sé í hinum flókna heimi í dag, hvaða vá sé fyrir dyrum sem við sjáum og hvaða varnir við þurfum að hafa gegn þeirri vá. Vonandi verður gengið til þess verks að komast í gegnum það að skilgreina

saman þessa stöðu og nauðsynleg lágmarksviðbrögð eða varnarviðbúnað sem við þurfum að hafa hér. Það hjálpar ekkert að þingmenn séu að hlaupa hér upp hver á fætur öðrum í andsvörum eins og kom hér fyrir í morgun þegar hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson kom upp og sneri út úr ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Hann leyfði sér í raun að viðhafa rangfærslur og leggja hv. þingmanninum orð í munn sem ekki höfðu heyrst í ræðu hennar. Slíkar æfingar munu ekki í þetta skipti frekar en í önnur skila nokkru í þessu máli.

Fimmtán mínútur eru ákaflega stuttur tími til þess að fjalla um jafnviðamikla skýrslu og hér er verið að fara í gegnum. Íslenska friðargæslan fær nokkuð part í skýrslunni. Það er eðlilegt miðað við aukin umsvif í friðargæslu. Ég var ánægður með að sjá að í skýrslunni kemur fram í texta að starfsmenn íslensku friðargæslunnar sé ekki hermenn og þeim ekki ætlað að fást við hernaðarleg verkefni. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að einmitt þannig sé það og ekki bara í orði heldur líka á borði. Við eigum að leggja áherslu á þetta, þ.e. að við erum ekki með her, að íslenskir friðargæsluliðar geta aldrei verið hermenn og að þetta séu borgaralegir starfsmenn sem sinna borgaralegum verkefnum. Það er ánægjulegt að sjá að þetta er staðfest síðar með því að þegar öryggi þessara starfsmanna okkar er í hættu í norðurhluta Afganistan þá hefur verið tekin sú ákvörðun að draga þá til baka frá því svæði þannig að þeir lendi þar ekki í verulegri hættu.

Það kemur reyndar á óvart að lesa í skýrslunni að hluti af verkefnum íslensku friðargæslunnar sé að flytja vopn og hergögn á vegum Atlantshafsbandalagsins. Ég hef aldrei komið því heim og saman í mínum huga að friðargæsla og vopnaflutningar geti verið tvær hliðar á sama teningnum.

[15:23]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson býr á Suðurnesjunum og að sjálfsögðu talar hann mjög jákvætt um varnarsamninginn. En ég heyri ekki annað en að stefna Samfylkingarinnar sé afskaplega óskýr og þar tali menn út og suður. Ég heyri að hv. þm. Jón Gunnarsson hefur afskaplega skýra skoðun í þessu enda veit hann að á Suðurnesjum búa margir sem vinna hjá varnarliðinu. Ætli það séu ekki hátt í 700 manns. Þar af eru 70% sem búa suður frá.

Ég vil því spyrja hv. þingmann: Hvar stendur það í stefnu Samfylkingarinnar að byggja eigi á varnarsamningnum áfram? Ég heyri ekki annað en að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Össur Skarphéðinsson geri afskaplega lítið úr viðræðum Íslendinga við Bandaríkjamenn. Þau veikja stöðu Íslands í hvert skipti sem þau opna munninn um þessi mál. Ég vil því spyrja hv. þingmann: Er hann á sömu skoðun og hv. formaður Samfylkingarinnar og hv. fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar?

[15:25]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, ég er á sömu skoðun. Stefna mín hvað varðar varnarsamninginn við Bandaríkin er sú sama og stefna Samfylkingarinnar sem samþykkt var á landsfundi Samfylkingarinnar og hún hefur einnig verið sett fram af framtíðarhópum sem starfað hafa við þetta efni og eru að byggja upp skemmtilegan málefnagrunn sem við erum að vinna með þessa dagana.

Það fer svolítið í taugarnar á mér að hlusta á það í hverju málinu á fætur öðru að Samfylkingin hafi enga stefnu. Ég held að fáir flokkar á Íslandi hafi í raun eins mótaða stefnu og Samfylkingin í velflestum málum. Sú lína virðist hafa verið gefin frá Valhöll að í hvert skipti sem rædd eru óþægileg mál fyrir ríkisstjórnina þá skuli það heita svo að Samfylkingin hafi enga stefnu í málinu, hún hafi óljósa stefnu eða stefnu sem ekki sé hægt að skilja. Því vil ég hvetja þá hv. þingmenn sem fara með þessa línu úr Valhöll í hvert skipti sem þeir koma hér upp að lesa nú heimasíðu Samfylkingarinnar. Lesið þið þau plögg sem samþykkt hafa verið af Samfylkingunni. Ég trúi því og treysti að hv. þingmenn séu vel læsir og að ekki þurfi að lesa þetta upp fyrir þá, eyða stuttum tíma sem maður hefur í ræðustóli Alþingis til þess. Ég hvet hv. þingmenn til þess að lesa sig í gegnum þetta. Þetta er afskaplega skýrt. Ef það er eitthvað sem þeir skilja ekki eftir að hafa lesið í gegnum þetta — ég geri þá kröfu til þingmanna að þeir séu upplýstir og viti hvað þeir eru að tala um þegar þeir koma hér upp — þegar þeir hafa lesið í gegnum þetta og ef það er eitthvað þá sem þeir ekki skilja í stefnunni okkar í þessu efni þá skal ég glaður taka þátt í að útskýra það fyrir þeim.

[15:27]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég legg það til að hv. þm. Jón Gunnarsson ræði þessi mál í sínum þingflokki og upplýsi bæði formann Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, og hv. fyrrverandi formann Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, um stefnu Samfylkingarinnar því að þegar við heyrum þau tala hér þá talar fólk út og suður.

Hann segir að við séum að fá línu frá Valhöll. Ég segi bara: Er þetta það sem Samfylkingin gerir? Sendir hún út línur um hvað fólk eigi að tala? Þannig vinnum við ekki hjá Sjálfstæðisflokknum.

Við höfum einfaldlega mjög skýra stefnu í utanríkismálum. Við viljum byggja á þeim varnarsamningi sem er. Við viljum vera áfram í NATO. En ég heyri ekki annað t.d. þegar hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir talar að þá vilji hún byggja á vörnum með Evrópu en ekki Bandaríkjamönnum eða þannig heyri ég hana tala alla vega. Vel getur verið að það fari í taugarnar á hv. þm. Jóni Gunnarssyni að vera minntur á að Samfylkingin talar út og suður í utanríkismálum.

[15:28]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Talar út og suður, já. Hvað er skýrara en að segja hér: Já, ég er á sömu skoðun og hv. formaður Samfylkingarinnar, já, ég er á sömu skoðun og hv. fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar hvað varðar (Gripið fram í.) stefnu í utanríkismálum. Er þetta ekki alveg á hreinu? Ég vona að hv. þingmaðurinn skilji að þetta er mín skoðun og hún er sú sama og þeir tveir hv. þingmenn hafa sem hún vitnaði hér til.

Á sama tíma og ég hvet hv. þingmann til að lesa stefnu

Samfylkingarinnar hvet ég hana líka til þess að hlusta á þær ræður sem fluttar eru hér úr ræðustóli því að þau orð sem hv. þingmaður eignaði formanni Samfylkingarinnar úr ræðustóli í ræðunni í morgun voru ekki sönn. (**Gripið fram í:** Ég var ekkert að ...) Það er því ekki um það að ræða að formaður Samfylkingarinnar sé með eina stefnu og þingmennirnir með einhverja aðra stefnu.

Hv. þingmaður sagði í fyrra andsvari sínu að ákveðnir þingmenn Samfylkingarinnar væru að veikja samningsstöðu Íslands i hvert skipti sem þeir töluðu um varnarmál. Ég held að það sem veiki samningsstöðu Íslands í viðræðum við Bandaríkjamenn sé það að settar eru fram ákveðnar kröfur í samningunum og menn virðast ekki vera tilbúnir til þess að ræða þær á nokkurn hátt. Þess vegna er ekkert er að gerast. Þess vegna hefur ekkert verið að gerast í þessum samningaviðræðum alveg frá því að bókunin rann út árið 2001, því að það trúir því enginn heilvita maður að fyrstu viðræður hafi hafist eins og segir í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra fyrir fjórum mánuðum síðan, í júlí á þessu ári.

Ég þarf ekkert að ræða þessi mál í þingflokki Samfylkingarinnar. Það er samstaða um þessi mál þar. Að vísu ræðum við mörg mál í þingflokknum sem betur fer. Ég veit ekki hver venjan er í þingflokki sjálfstæðismanna. En ég get fullyrt og fullvissað hv. þm. Drífu Hjartardóttur um að í þingflokki Samfylkingarinnar eru einstaklingar sem hafa sínar skoðanir og sterkar skoðanir. En við komumst að einni niðurstöðu þegar á þarf að halda.

[15:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ræða hæstv. utanríkisráðherra Geirs H. Haardes, sú fyrsta af þessu tagi sem hæstv. ráðherra flytur sem utanríkisráðherra, hefði að mínu mati mátt vera bragðmeiri. Ég hefði gjarnan viljað finna meira fyrir því hvað hæstv. ráðherra sjálfum finnst um ýmsa þá þætti sem hann vék að í ræðu sinni. Ég verð að segja að hún virkaði svona nokkuð embættismannaleg á mig. Ég hefði viljað hafa meiri pólitík í henni og meira af hugsjónum hæstv. ráðherra, ef þær eru þá til staðar sem ég vona auðvitað. Ég vona sannarlega að þegar hæstv. ráðherra kemur hér í síðari ræðu sína svari hann einhverjum af þeim spurningum sem beint hefur verið til hans í þessari umræðu.

Marga aðra þætti en varnarmálin er þess virði svo sem að skoða hér nánar — þau hafa auðvitað fengið mesta umfjöllun hér — og fangaflugið sem ríkisstjórninni ber auðvitað að fordæma formlega og senda Bandaríkjastjórn viðeigandi skilaboð í þeim efnum. Hæstv. utanríkisráðherra fordæmdi fangaflugið nú samt sem áður, svona í orði kveðnu, ef það væri til staðar. En eins og ég hef sagt úr þessum ræðustóli áður finnst mér að íslensk stjórnvöld eigi að vera mun meira afgerandi í þessum efnum.

Það sem brennur á mér kannski um fram annað af því sem ber á góma í ræðu hæstv. ráðherra eru mannréttindamálin. Nú er það svo að við sem erum í þessum sal, hv. þingmenn, höfum átt í baráttu við hæstv. ríkisstjórn út af því að skorin hafa verið niður framlög til Mannréttindaskrifstofu Íslands. Engin merki eru um að það eigi að leiðrétta þær misgjörðir í fjárlagafrumvarpi því sem fyrir liggur núna. Ég krefst þess að hæstv. fjármálaráðherra — frú forseti, hæstv. utanríkisráðherra er búinn að vera svo lengi fjármálaráðherra að manni vefst tunga um tönn — en það er hæstv. utanríkisráðherra sem þarf að svara fyrir það hvers vegna Mannréttindaskrifstofa Íslands er sett út af sakramentinu á þeim nótum sem hér hefur verið deilt um í þessum sal oftar en einu sinni. Spurning mín til hæstv. ráðherra er þessi: Er ekki hægt að leiðrétta þessi mistök sem gerð voru á síðustu fjárlögum og er ekki hæstv. utanríkisráðherra tilbúinn til að koma aftur af stað sambandi milli Mannréttindaskrifstofu Íslands og íslenskra stjórnvalda?

Þegar við horfum upp á þær hörmungar sem fólk þarf að þola í veröldinni vegna mannréttindabrota finnst mér við ekki geta haldið svo linkulega á málum og við gerum. Mér finnst við ekki geta annað en staðið virkilega vel við bakið á Mannréttindaskrifstofu Íslands sem hefur opið samband við mannréttindasamtök vítt og breitt um veröldina, er í samstarfi við sambærilegar stofnanir úti í heimi, en hefur nú verið gert ókleift að sinna því starfi. Ef við bara stiklum hér á stóru varðandi þá punkta sem mannréttindasamtökin Amnesty International á Íslandi gáfu út í sumar — þetta er starfsskýrsla þeirra fyrir 2004 — þá sjáum við að í 59 löndum var fólk dæmt til dauða árið 2004. Höft voru lögð á tjáningar- og fundafrelsi í a.m.k. 79 löndum. Í Evrópu hefur mannréttindum verið fórnað í nafni stríðsins gegn hryðjuverkum. Ríkisstjórnir í Evrópu hafa frekar lagt höft og hindranir á flóttafólk en að vernda það. Í Afganistan voru margar konur fangelsaðar fyrir að strjúka að heiman eða stunda kynlíf utan hjónabands. Níu Finnar voru fangelsaðir fyrir að neita að ganga í herþjónustu. Ísraelsher drap meira en 700 Palestínumenn, þar af 150 börn og vopnaðir hópar Palestínumanna drápu 109 Ísraela, þar af átta börn. Í Mjanmar voru meira en 1.300 samviskufangar og sífellt er verið að fangelsa fleiri vegna netnotkunar t.d. í Kína og Víetnam. Í löndum Afríku er eyðnismituðu fólki oft neitað um læknisaðstoð og 159 manns voru tekin af lífi í Íran og a.m.k. tíu voru undir 18 ára aldri.

Frú forseti. Hér er einungis stiklað á stóru og nefndir örfáir punktar úr ársskýrslu mannréttindasamtakanna Amnesty International á Íslandi sem eins og ég segi var gefin út og kynnt í sumar. En þetta sýnir okkur auðvitað svo ekki verður um villst að mannréttindabrot eru framin vítt og breitt um veröldina. Eftir því sem Amnesty segir eru þau með upplýsingar frá um 180 löndum. Ég held því að engin ástæða sé til annars en að íslensk stjórnvöld haldi uppi rækilegum stuðningi við stofnun á borð við Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ég held að hæstv. utanríkisráðherra Geir Haarde, sem er nýlega tekinn við því embætti, hljóti að verða að segja þingheimi hér hver hans sjónarmið eru í þessum efnum.

Af því að ég nefndi Afríku þá langar mig til þess að segja að það er ákveðið fagnaðarefni að Ellen Johnson-Sirleaf skuli nú vera orðinn forseti í heimalandi sínu. Ellen Johnson-Sirleaf var önnur af tveimur konum sem gerðu skýrslu UNIFEM um konur og stríð. Þetta segir okkur að við eigum kannski von í því að stjórnarfar og stjórnarhættir í Afríku geti breyst úr því að sýnt hefur verið fram á það í kosningum á borð við þær sem fóru fram í Líberíu að fólk skuli kjósa hana, róttæka konu, róttækan femínista, sem forseta. Þetta sýnir okkur að kannski er von á einhverjum

breytingum í Afríkulöndunum, áherslubreytingum í þeim efnum að betri nýting fjármuna verða sett á dagskrá, að hægt verði að koma í veg fyrir spillingu, alla vega að einhverju leyti. Einnig geri ég ráð fyrir að málefni kvenna og barna verði sett ofar á dagskrána ef það næst að fá fleiri konur sem lýðræðislega kjörna forseta í Afríkulöndum.

Eitt af þeim atriðum sem hæstv. utanríkisráðherra nefndi í ræðu sinni og fleiri þingmenn hafa minnst hér á eru friðargæslumálin. Ég átti í febrúar orðastað hér við hæstv. fyrrum utanríkisráðherra Davíð Oddsson út af áherslu Íslendinga í friðargæslumálum. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum verið að hervæða friðargæsluna okkar að algerlega af tilefnislausu og að við séum að svíkja sjálf okkur og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, þ.e. ályktun nr. 1325, með þessari áherslu og áherslubreytingu sem orðið hefur því það er alveg ljóst að konum hefur verið að fækka, sem sagt hlutur kvenna í verkefnum friðargæslunnar hefur minnkað á undanförnum árum. Hann fór niður í 24% árið 2003 og er kominn niður í 14% árið 2004.

Hæstv. fyrrum utanríkisráðherra Davíð Oddsson gaf mér tilefni til þess að ætla að hann mundi gera eitthvað í þessu máli og hann mundi ætla að skoða þessar áherslubreytingar því að hann sagði í þingræðu að ályktun öryggisráðsins nr. 1325 sem fjallar um þessi mál sé athyglisverð og hann var í raun og veru sammála mér um mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld fylgdu ályktuninni eftir. Hann virtist líka sammála mér í því að við þyrftum að skoða hlut kvenna í íslensku friðargæslunni þannig að hann lýsti sig í sjálfu sér sammála sjónarmiðum framkvæmdastýru UNIFEM á Íslandi sem hefur gefið út rannsóknarskýrslu um þessi mál. Ég vil fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra Geir Haarde hvort þessi sjónarmið eigi upp á pallborðið hjá honum, hvort hann komi til með að skoða þessa áherslu í friðargæslunni með tilliti til þess á hvern hátt við höfum fækkað konum í friðargæslunni og breytt áherslunum þannig að nú er starf friðargæslunnar ekki lengur fýsilegt fyrir konur. Færri hjúkrunarfræðingar, færri læknar og færri sem starfa beinlínis að mannúðarmálum koma að starfi friðargæslunnar með þeim áherslum sem hafa verið reknar. Ég tel verulega þörf á breytingum hér og treysti því að hæstv. utanríkisráðherra sýni okkur á sín spil í þeim efnum.

Eitt þeirra atriða sem hæstv. ráðherra nefnir í ræðu sinni varðar fiskveiðar og stjórn fiskveiða á úthafinu. Hann segir í ræðu sinni að fyrir ári hafi tekist að koma í veg fyrir að tillaga um hnattrænt bann við botnvörpuveiðum á úthafinu næði fram að ganga og að hægt hafi verið að beina málinu í réttan farveg, þ.e. að hvetja ríki og svæðisbundnar fiskveiðistofnanir eftir því sem við ætti til þess að bæta stjórn botnfiskveiða með sérstöku tilliti til verndunar viðkvæmra vistkerfa hafsins.

Hæstv. forseti. Ég tel fullt tilefni til efni til að Íslendingar fylgi þessum málum afar vel eftir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Mig langar til að vitna í bréf sem Náttúruverndarsamtök Íslands skrifuðu íslenskum stjórnvöldum fyrr á þessu ári þar sem þau skoruðu á íslensk stjórnvöld að greiða atkvæði með tímabundnu alþjóðlegu banni við botnvörpuveiðum svo takast mætti að forða einstöku lífríki djúphafssvæða frá óafturkræfri eyðileggingu því á meðan bannið væri í gildi gætu farið fram vísindalegar rannsóknir á þessum svæðum.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að vistkerfi úthafanna er afskaplega lítið rannsakað. Við vitum af kóralrifjum í kaldsjó og neðansjávarfjöllum sem rísa jafnvel allt upp í þúsund metra frá sjávarbotninum. Við vitum að þetta landslag myndar afskaplega mikilvægt vistkerfi með gríðarlegri tegundaauðgi og er uppeldisstöðvar fyrir nytjategundir. Þessi svæði hafa jafnvel verið nefnd regnskógar hafsins. Það er vitað að þau eru svo viðkvæm vegna þess hve vöxtur þeirra er hægur og endurnýjun þeirra hæg.

Ég tel að íslensk stjórnvöld þurfi að beita sér í þessum málum. Þau eiga að ganga fram fyrir skjöldu sem verndarsinnar í ljósi þess hvernig við höfum reynt, í öllu falli í orði kveðnu, að stjórna fiskveiðum okkar á þeim nótum að við séum um leið að vernda lífríkið. Ég tel því fulla ástæðu til þess hér að hæstv. ráðherra setji einhvern veginn annan tón í ræðu sína þegar hann fjallar um þetta því mér sýnist á ræðunni, að í orði kveðnu sé hann bara á móti því að samþykkt sé tillaga hjá Sameinuðu þjóðunum um hnattrænt bann við botnvörpuveiðum á úthafinu. Ég þykist þó vita að Íslendingar séu að taka einhvern þátt í þeim umræðum sem eiga sér stað á þessum vettvangi, að einhverjar ályktunartillögur muni vera í farvatninu. Ég vona sannarlega að Íslendingar geti staðið með varúðarreglunni í Ríó-yfirlýsingunni og styðji það að sett verði tímabundið bann eða einhverjar aðgerðir í gang sem tryggja að stjórnlausar veiðar á úthafinu verði stöðvaðar. Það hlýtur að leiða af sjálfu sér að strandríki sem vernda lögsögu sína hljóta líka að verða á endanum að beita sér fyrir vernd lífríkis sem er fyrir utan lögsögu þeirra. Núna virðist hættan vera mest á úthafinu, virðulegur forseti, eftir því sem erfiðara hefur reynst að halda við nytjastofnum innan lögsögu strandríkjanna.

Hæstv. ráðherra ræðir örlítið um orkumálin. Hann fellur að sjálfsögðu á prófinu þegar hann talar um sjálfbæra orku því að auðvitað er engin orka sjálfbær. Hins vegar getur orkunýting verið sjálfbær. Þetta minnir á ummæli hæstv. forsætisráðherra þegar hann sagði að við Íslendingar værum afskaplega gæfusöm þjóð því við ættum svo mikið af sjálfbærum auðlindum. Nú held ég að þessir hæstv. ráðherrar verði að fara að læra hvað hugtakið sjálfbær þróun þýðir og hvað það þýðir að vera sjálfbær. Það er nýtingin sem þarf að vera sjálfbær. Auðvitað fagna ég því að hæstv. ráðherra skuli hafa áhyggjur af því að orkuforði veraldarinnar fari þverrandi. Hann hefði svo sem að mínu mati mátt kveða mun fastar að orði. Svo er hann á villigötum þegar hann heldur því fram í ræðu sinni að íslensk stjórnvöld sýni einhverja viðleitni með því að auka hér enn frekar hlut endurnýjanlegrar orku. Hann er náttúrlega að fjalla öðrum þræði um Kárahnjúkavirkjun sem við vitum að er ekki að framleiða endurnýjanlega orku. Því máli mínu til staðfestingar vil ég benda hæstv. ráðherra á að kynna sér niðurstöður náttúruverndarsamtakanna World Wide Fund for Nature sem fyrir örfáum dögum kynntu, má segja, svartan lista yfir þær stórvirkjanir sem verið er að reisa í veröldinni núna um þessar mundir þar sem ekki er farið að sjálfsögðum umhverfiskröfum. Ein af þeim virkjunum er Kárahnjúkavirkjun. Ég held því að hæstv. ráðherra þurfi að læra svolítið um mælikvarðana og viðurkenna að þó að Íslendingar vilji í orði kveðnu standa sig vel í sjálfbærri þróun þá þurfa þeir

að taka örlítið betur til skoðunar sinn eigin bakgarð.

Ég sé að tími minn er útrunninn, hæstv. forseti, þannig að ég verð að flytja aðra ræðu til þess að halda áfram vangaveltum mínum um þessi orð hæstv. utanríkisráðherra.

[15:46]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir hans prýðilegu ræðu þar sem farið var vítt yfir sviðið og komið við í hinum ýmsu málum sem tengjast utanríkismálum. Málaflokkurinn er þess eðlis að hægt er að ræða hann út í hið óendanlega og hægt að koma við á ansi mörgum sviðum, enda er það þannig að í hvert einasta skipti sem utanríkisráðherra heldur ræðu, a.m.k. frá því að ég kom á þing þótt það sé ekki langur tími og ég býst við að svo hafi verið áður, koma stjórnarandstæðingar í röðum og tala alltaf um að utanríkisráðherra hafi ekki talað um það sem þeir vildu og færa rök fyrir því að ræða hefði mátt eitthvað allt annað.

Eðli málsins samkvæmt er þetta þannig málaflokkur að hægt er að ræða mjög margt í tengslum við hann og ánægjulegt að taka þá umræðu hér. Auðvitað kemur margt til greina sem snertir okkur Íslendinga og hefur eðlilega mikið verið rætt um varnarsamningurinn við Bandaríkin og ástandið í þeim málum. Eins og við vitum eru breytingar á sviði öryggis- og varnarmála bæði hjá Íslendingum og annars staðar í heiminum. Við sjáum mjög breytta heimsmynd frá því sem var fyrir aðeins nokkrum árum. Þrátt fyrir að það sé mikið fagnaðarefni að Sovétríkin og a.m.k. stór hluti af þeirri hugmyndafræði, kommúnismanum, sé liðinn undir lok þó að hann þrífist enn því miður, með þeirri ógeðfelldu stjórn sem honum fylgdi og þeirri hættu sem okkur stafaði af slíku, enda þótt sú ógn sé horfin er ekki eins og engar ógnir séu eftir. Við stöndum nú frammi fyrir ógnum sem tengjast hryðjuverkum, eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra, sem eru mjög hættulegar svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Það liggur fyrir að alþjóðasamfélagið þarf að vera mjög vel vakandi á öllum sviðum, og þar erum við Íslendingar ekki undanskildir, til að berjast gegn slíkri ógn sem hryðjuverk eru og alveg hárrétt sem fram kemur í ræðu hæstv. ráðherra að þar er útbreiðsla kjarnorkuvopna mikið áhyggjuefni.

Það sem snýr að okkur Íslendingum er hins vegar aðstaðan á Keflavíkurflugvelli og varnir landsins en með breyttum aðstæðum munum við þurfa að horfa á breytingar þar. Ég fagna þeim yfirlýsingum að við bjóðumst til að skoða möguleika á samstarfi á sviði þyrlubjörgunar og taka aukinn þátt í kostnaði við rekstur Keflavíkurflugvallar. Ég verð að viðurkenna að ég hélt að góð sátt ríkti um þessi mál á þinginu þó svo að maður hafi vitað um sérstöðu vinstri grænna sem hafa blygðunarlaust tekið upp stefnu gamla Alþýðubandalagsins í öryggis- og varnarmálum. Hins vegar liggur hreint og klárt fyrir að fleiri flokkar eru að feta þá braut og ég held að ræða formanns Samfylkingarinnar hafi verið mjög skýr vitnisburður um það. Það var mjög athyglisvert að hlusta þá ræðu áðan þegar hv. þingmaður, sem því miður er ekki hér en fulltrúar hennar eru á svæðinu, talaði um að hún vissi ekki hver lágmarksviðbúnaðurinn væri og taldi að ekki væri þörf á miklum viðbúnaði en menn mundu skoða það. Einnig voru þær áherslur að við ættum ekki lengur heima á öryggissvæði Bandaríkjanna heldur værum að færast yfir á öryggissvæði Evrópu. Við vitum að hv. þingmaður eins og aðrir forustumenn Samfylkingarinnar eru gamlir alþýðubandalagsmenn og ekki er annað að sjá en að hér séu gömlu herstöðvaandstæðingarnir komnir með nýtt útlit á sína stefnu. Það vita allir sem vilja vita að það er ekkert að gerast í öryggis- og varnarmálum Evrópusambandsins, ekki nokkur skapaður hlutur. Og þrátt fyrir að menn hafi reynt í áratugi að hnoða einhverju saman þar, virðulegi forseti, hefur það vægast sagt gengið mjög illa. Enginn stjórnmálaskýrandi heldur því fram að eitthvað sé að fæðast á þeim vettvangi, ekki nokkur einasti. Því er svolítið sérstakt að heyra þessar ræður hér á vettvangi þingsins.

Ég get þess vegna ekki dregið aðra ályktun en þá að menn hafi ekki áhuga á því í Samfylkingunni að hafa varnarlið hér á landi. Þeir gera lítið úr þeirri þörf okkar að hafa varnir og tala um að við séum á áhrifasvæði Evrópu. En allir sem eitthvað þekkja það mál og skoða það burt séð frá öllum aðstæðum spyrja: Hvar færu öryggishagsmunir okkar hugsanlega saman með Evrópulöndum? Það er eitt land sem við höfum átt öryggishagsmuni með í Evrópu og það er Bretland. Bretar hafa ekki, alveg sama í hvaða pólitíska litrófi menn þar eru, verið fylgismenn þess að þétta öryggisnet eða ná einhverju varnarbandalagi innan Evrópusambandsins, þvert á móti. Það er alveg sama í hvaða flokki ríkisstjórnir hafa verið á undanförnum áratugum í Evrópu. Þeir hafa verið að styrkja tengslin við Bandaríkin. Það virðist vera sama hvernig ríkisstjórnirnar eru samsettar, annars vegar í Bretlandi og hins vegar í Bandaríkjunum, það hefur verið rauður þráður í öryggis- og varnarmálum þessara þjóða að þær hafa starfað saman. Stundum hefur það verið gagnrýnt eins og við þekkjum en ég held að menn séu sammála um að það hafi verið afskaplega gott fyrir heiminn að þessar þjóðir hafi náð saman eins og raun ber vitni og hægt að nefna fjölmörg dæmi því til staðfestingar.

Annað sem ég hef tekið eftir í umræðunni, virðulegi forseti, er að menn að tala enn og aftur um og koma inn á það að mjög æskilegt væri að við gengjum í Evrópusambandið. Notuð eru ýmis orð og menn tala um það undir hinum og þessum formerkjum en menn ræða þetta hér í fullri alvöru. Ég er formaður í þingmannanefnd EFTA og hef sett EFTA-fundina á þessu kjörtímabili. Þar höfum við fengið fulltrúa frá framkvæmdastjórninni, fulltrúa frá Evrópusambandinu sem farið hafa yfir stöðuna í Evrópu hjá Evrópusambandinu. Ég ætla, með leyfi forseta, að þýða lauslega það sem við fengum síðast þar sem ég ætla ekki að lesa hér upp úr enskum texta. Þetta er ekki texti frá þeim sem hér stendur, ég skrifaði ekki þennan texta. Þetta er ekki texti frá aðilum sem hafa verið gagnrýnir á Evrópusambandið, þetta eru þvert á móti, virðulegi forseti, aðilar sem eru í kjarna Evrópusambandsins og eru miklir fylgjendur Evrópusamstarfsins og ekki bara eins og það er núna heldur vilja þétta það, dýpka það. Hvað segja þessir aðilar, virðulegi forseti? Þeir segja að ekki sé auðvelt að vera núna eins og þeir kalla „policy makers“ eða stefnumótendur í Evrópu í dag. Og án þess að vilja fara út í að vorkenna sér of mikið þá sé einfalt að segja að það hafi aldrei verið erfiðara, vegna þess að þeir horfa fram á stöðu sem er svo gríðarlega erfið. (Gripið fram

í.) Nú er ég, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að lesa upp úr skýrslu eftir Charles McCreavy. (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. þingmaður vill endilega heyra meira úr ræðunni og ég mun þess vegna halda áfram þannig að ég geti upplýst hv. þingmann um hvað hér er á ferðinni. Hann er að ræða um innri markaðinn og Evrópusambandið.

Hann fer yfir þau vandamál sem eru til staðar í mörgum þessara landa, þetta eru kjarnalöndin, og þar er atvinnuleysi yfir 10%. Ég tek fram að þetta er áður en hinir skelfilegu atburðir urðu í Frakklandi. Þetta var fyrr í haust. Síðan horfa menn fram á tvenns konar vandamál, annars vegar sem tengist aldurssamsetningunni í álfunni, að hið vinnandi afl er að eldast og þar er mjög margt fólk sem er fara á lífeyri og ekki eru innstæður í lífeyrissjóðunum fyrir þetta fólk. Það er ólíkt því sem við horfum fram á á Íslandi í dag. Hér segir að ekki sé einungis um að ræða eitthvert akademískt mál, menn horfi bara fram á að vera ekki með nægan hagvöxt til að halda uppi þeim lífsstandard sem þeir vilji sjá.

Frá því að ég kom þarna inn hafa á hverjum einasta fundi komið menn sem ræða þessi mál á þessum forsendum. Allir sem vilja skoða Evrópumálin með einhverri sanngirni ættu að kynna sér þetta aðeins, bara líta í eitt, tvö erlend tímarit kannski, kynna sér stöðuna í Evrópu hjá Evrópusambandinu og fara að átta sig á hvað er í gangi þar. Ég er alveg sannfærður um að ef menn færu með einhverri sanngirni yfir það mál mundu þeir ekki koma hér í löngum röðum og tala um það í fullri alvöru að við þyrftum nú að fara að huga að því að sækja um.

Ég tók þátt í stjórnmálum á þessum vettvangi löngu áður en ég settist á þing og á þeim tíma þegar við gerðumst aðilar að EES var mikið af kollegum manns í Evrópu sem sögðu að við værum að missa af lestinni, missa af Evrópuhraðlestinni. Það kæmi illa niður á okkur Íslendingum ef við værum ekki þar inni og við mundum ekki njóta góðs af því samstarfi sem þar er. Það hefur enginn, virðulegi forseti, ekki nokkur einasti maður sagt þetta við mann á undanförnum árum, það hefur ekki hvarflað að nokkrum einasta manni enda engin ástæða til. Það liggur fyrir að við tókum hárrétta ákvörðun að halda okkur við EES-samstarfið en sækja ekki um aðild að Evrópusambandinu þegar sumar vinaþjóðir okkar gerðu það. Ég held að tími sé kominn til að afrugla aðeins þá umræðu.

Ég vil nú gera eitt sem ég geri ekki oft og það er að hrósa hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir að fara hér aðeins yfir sjávarútvegsþátt málsins, sem er samt bara lítill þáttur. Það liggur alveg fyrir, og gerð hefur verið úttekt eftir úttekt, að við þyrftum að undirgangast þá stefnu sem þar er, stefnu Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum. Og það liggur hreint og klárt fyrir að þeir hafa ekki náð neinum þeim markmiðum, virðulegi forseti, sem þeir hafa ætlað sér á þeim vettvangi.

Það er svo magnað, virðulegi forseti, að stofnunin EFTA og módelið EES-samningurinn, sem margir hafa spáð dauða, væri að verða úreltur o.s.frv., menn líta nú til þess að þetta sé gott módel, sérstaklega þegar menn eru að huga að stækkun og að frekara samstarfi innan Evrópusambandsins. Og ég sé þar fyrir mér, virðulegi forseti, ýmis sóknarfæri, margvísleg sóknarfæri fyrir Íslendinga á þessu sviði. Ég tel að við þurfum að gera enn meira af því en við höfum gert nú þegar að gera fríverslunarsamninga og tvíhliða skattasamninga — að vísu eru skattasamningar eðli máls samkvæmt ekki á þeim vettvangi — en fríverslunarsamninga á þeim vettvangi og setja aukinn kraft í slíkt. Ég held að við ættum líka að vera þeir aðilar innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem ættu ýta undir það að við náum góðum samingum á þeim vettvangi. Það yrði auðvitað albest. Það liggur hins vegar fyrir að ef við ekki náum samningi á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fyrr en seinna mun heimurinn fara meira út í hefðbundin fríverslunarsvæði eins og við þekkjum á vettvangi Evrópu og þekkist víða annars staðar.

Ég held að tími sé kominn til að við skilgreinum okkur betur varðandi landbúnaðinn, þ.e. hinn hefðbundna landbúnað, sem er kannski eina sviðið þar sem við Íslendingar höfum verið á bremsunni hvað varðar alþjóðlega fríverslunarsamninga, annars staðar höfum við verið framarlega í flokki með þjóðum sem vilja fá frelsi í viðskiptum. Að við skilgreinum betur hvað við viljum ná fram þar og hvað við viljum vernda með það að markmiði að opna frekar markaði okkar fyrir það sem skilgreint er almennt sem landbúnaðarafurðir. Það er skoðun mín, virðulegi forseti, og ég hef viðrað hana áður á þessum vettvangi.

Ef við ætlum að hjálpa okkar minnstu bræðrum annars staðar meðal hinna fátækari þjóða þá er hugsanlega besta leiðin til þess að opna markaði okkar. En það þarf meira til. Við sjáum að þau lönd þar sem ekki er frelsi og lýðræði og sem búa við ógnarstjórn hafa ekki getað notfært sér slík tækifæri. Við þekkjum meira að segja heilu álfurnar, því miður, og þó aðallega eina álfu sem hefur ekki náð njóta þess sem lífið hefur upp á bjóða, ef þannig má að orði komast. Sumpart er það og kannski að stórum hluta því að kenna að þar hafa ríkt ógnarstjórnir þar sem mannréttindi hafa ekki verið virt og markaðsbúskapur ekki fengið að blómstra.

Virðulegi forseti. Það er af mörgu að taka í þessum efnum en ég hef ekki lengri tíma núna þannig að ég læt nú lokið máli mínu.

[16:01]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að bregða hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni um oflæti þegar hann benti fólki sem hér hefur tekið þátt í umræðunni á að það ætti ef til vill að kynna sér málin betur. Ég ætla ekki að bregða hv. þingmanni heldur um vanþekkingu á þeim málum sem hann talaði um. Ég var ósammála flestu sem þessi ágæti fulltrúi Sjálfstæðisflokksins setti fram í máli sínu áðan. Um eitt var ég þó honum algerlega sammála. Ég var honum algerlega sammála um að grundvöllurinn að því að jafna kjör heimsins og bæta kjör þeirra þjóða sem eiga ekki í jafngóðum efnum og við er fríverslun. Ég og reyndar jafnaðarmenn á alþjóðavísu erum þeirrar skoðunar að aukinn þróttur í fríverslun sé besta ráðið til að bæta velferðarstig í þróunarlöndunum. Þetta er eitt af því sem forustumenn t.d. breska Verkamannaflokksins, bæði Tony Blair og Gordon Brown, hafa árum saman lagt þunga áherslu á og þó sérstaklega nú hin síðari missiri. Ég er honum líka alveg sammála um þær

áherslur sem hann lagði varðandi innanlandsframleiðslu, t.d. á sviði landbúnaðar, en ég tel að sú áhersla kunni að vera heldur óvinsæl innan hans ágæta flokks.

Fyrst við erum að tala um fríverslun, frú forseti, vildi ég gjarnan fá að heyra það annaðhvort frá hæstv. utanríkisráðherra eða hv. þingmanni, sem er formaður þingmannanefndar EFTA, hvað líður mikilvægum fríverslunarsamningi sem við höfum margoft rætt um á hinu háa Alþingi og tengist fríverslun við Kanada. Ég er þeirrar skoðunar að það gæti orðið eitt það farsælasta skref sem við gætum stigið í þeim efnum. Eftir því sem ég best veit hefur Evrópusambandið ekki gert slíkan fríverslunarsamning við Kanada og því tel ég að við værum þar á vissan hátt komin framar ESB ef okkur tækist að ná slíkum samningi. Á sínum tíma komu hingað kanadískir frændur okkar og óskuðu beinlínis eftir þessu. Allar götur síðan hefur verið eftir því gengið af mér og ýmsum öðrum hvað valdi því að ekki er enn búið að gera þennan samning við frændur og frænkur okkar í vestri. Ég tel að okkur beri skylda til þess, bæði frá sjónarhóli okkar eigin viðskiptahagsmuna en ekki síður í því ljósi að við eigum til mikils skyldleika við þá þjóð að rekja og okkur ber skylda til að gera allt það sem við getum til að taka þetta upp. Ég spyr: Hvað dvelur orminn langa? Hvernig stendur á því að utanríkisþjónustan er ekki búin að ganga frá þessu? Ef það er svo, eins og hér hefur stundum verið sagt, að það sé þverstæða og þvergirðingsháttur annarra frænda okkar, Norðmanna, þá langar mig til að spyrja þessa tvo hv. þingmenn sem ég nefndi í ræðu minni: Er þá ekki kominn tími til að Íslendingar ráðist í gerð eigin tvíhliða fríverslunarsamnings við Kanada?

Utanríkisstefna ríkis eins og Íslands hefur tvíþættan tilgang: Í fyrsta lagi að leggja breiðan ramma að samskiptum okkar við aðrar þjóðir til framtíðar sem þjónar hagsmunum okkar. Í öðru lagi hefur hún annað skammtímamarkmið sem er að bregðast við ýmiss konar málum og vanda sem kemur upp. Varnarstefnan varðar t.d. farsæld okkar til lengri framtíðar að mestu leyti. Sama gildir um viðhorf til Evrópusambandsins. Mig langar aðeins, frú forseti, að fagna því að talsmaður Framsóknarflokksins í dag, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, lýsti því yfir að Framsóknarflokkurinn hefði á nýlegum miðstjórnarfundum sínum tekið upp nákvæmlega sömu stefnu og Samfylkingin hefur varðandi Evrópusambandið, þ.e. að skilgreina samningsmarkmið, og í krafti þeirra að sækja um aðild að Evrópusambandinu og leggja síðan úrslit þeirra samningaviðræðna í dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Reyndar var fróðlegt að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gat þess að innan Sjálfstæðisflokksins fyndi hún núna vaxandi stuðning við þá stefnu. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði að sjávarútvegsmál væru að vísu giska lítill þáttur í því sem ber í milli okkar og Evrópusambandsins. Ég hef nú skilið hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins á þann hátt að sjávarútvegsmálin væru nánast sá þröskuldur sem erfiðastur væri. Ég er algerlega ósammála þeim, t.d. hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni og hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni sem ná saman í þessu máli, að sjávarútvegsmálin séu einhver sérstakur þrándur í götu aðildar. Ég er að vísu sammála hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að fiskverndarmál hafa ekki verið í góðu lagi innan Evrópusambandsins, þau hafa þó farið batnandi. En ef Íslendingar telja að þeir hafi betri stefnu í því og jafnvel þá bestu í heiminum, eins og kemur þráfaldlega fram af hálfu bæði ráðherra og forseta landsins, þá ættum við að geta togað þá fram á við í þessum efnum. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að ef Íslendingar yrðu aðilar að Evrópusambandinu mundi það fljótt taka upp þau verndarviðhorf sem við höfum í ríkari mæli. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að engin hætta sé fyrir íslenskan sjávarútveg að ganga í Evrópusambandið.

Ef ég skoða í hverju hin sameiginlega fiskveiðistefna Evrópusambandsins felst þá felst hún í því að nýta sameiginlega stofna inna sameiginlegrar efnahagslögsögu. Þetta byggist á einhvers konar veiðireynslu í fortíðinni. En nú er það svo að það er engin sameiginleg efnahagslögsaga. Að því leytinu til erum við öðruvísi í stakk búnir en t.d. Norðmenn. Það er engin veiðireynsla sem á er að byggja fyrir aðrar þjóðir til að krefjast einhvers konar aflaheimilda innan lögsögu okkar. Ég vísa til þess að þegar t.d. Spánverjar sóttu um aðild að Evrópusambandinu á sínum tíma vildu þeir kalla til veiðiheimilda innan 200 mílna efnahagslögsögunnar sem átti að byggjast á fornri veiðireynslu þeirra á milli 12 og 200 mílnanna. Því var einfaldlega hafnað. Hvers vegna skyldi annað gilda um okkur?

Af því að þingmenn hafa vísað til ræðna yfirmanna og forustumanna í Evrópusambandinu langar mig til að upplýsa að Evrópunefndin átti fund með einum af helstu samningamönnum Evrópusambandsins á sviði sjávarútvegsmála fyrr á þessu ári. Í máli hans kom fram að hann taldi að Íslendingar mundu einskis missa hvað aflaheimildir varðar. Hann sagði að ef við værum harðir og klókir samningamenn væri mögulegt að við gætum fengið meira en við höfum í dag. Það er ekki mitt mat heldur mat þessa aðalsamningamanns Evrópusambandsins. Við spurðum hann sérstaklega út í þá hugmynd sem formaður Framsóknarflokksins varpaði fram á sínum tíma, hvort mögulegt væri að búið yrði til sérstakt fiskveiðistjórnarsvæði í Norður-Atlantshafi þannig að Íslendingar gætu sjálfir stjórnað fiskveiðum sínum. Svar hans var þetta: Ekkert er ómögulegt. Möguleikinn sem í þessu felst er undirstrikaður af því að Göran Persson, forsætisráðherra Svía, var hér á ferð árinu fyrr og hann var aðili að yfirlýsingu sem norrænu jafnaðarmannaflokkarnir sendu frá sér þar sem tekið var undir þessa hugmynd. Hann gerði það ekki fyrr en eftir að hann var búinn að ráðfæra sig við þá sem með þessi mál fara í Evrópusambandinu. Ég tel því alveg ljóst að þetta er ekki þrándur í götu. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að Evrópska efnahagssvæðið hafi reynst ákaflega vel og betur en margir töldu. Ég dáist líka að þeim sem fara með stjórnsýslu okkar varðandi Evrópusambandið þar sem þeir hafa sýnt þetta sérislenska framtak og úrræðasemi sem birtist í því að þeir hafa náð að þróa ákveðnar skemmri leiðir til þess að koma af stað ákvarðanatöku og hafa áhrif á aðgerðir í ríkari mæli en ég taldi að unnt væri.

Ég er líka þeirrar skoðunar, frú forseti, að atburðir hafi gerst í Evrópu sem í senn draga úr mikilvægi og nauðsyn þess að við göngum í Evrópusambandið en geri það líka auðveldara. Ég er þeirrar skoðunar að sá styr sem stóð í kringum fall stjórnarskrárinnar hafi gert það að verkum að skapast hafi ákveðin ringulreið í Evrópusambandinu og það

er kannski ekki eins ákjósanlegt að ganga í það einmitt núna og áður. Á móti kemur að sú staðreynd að þegar stjórnarskráin féll þá kippti hún úr vegi ákveðnum örðugleikum fyrir okkur einmitt á sviði sjávarútvegs vegna þess að hefði hún verið samþykkt hefði verið erfiðara fyrir okkur að ganga inn í bandalagið.

Frú forseti. Ég hef í ræðum síðustu daga gagnrýnt hæstv. utanríkisráðherra harðlega fyrir linku sína gagnvart meintu fangaflugi um og yfir Ísland. Ég er þeirrar skoðunar, vegna þess að ég er sammála honum um að mannréttindi séu algild, að okkur beri að gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir þessa ósvinnu. Ég tel að hæstv. utanríkisráðherra hafi ekki gengið nógu langt. Það er ekki nógu langt gengið að koma hingað og lýsa því yfir að hann sé á móti því. Hann þarf að gera skýra grein fyrir því með formlegum hætti gagnvart bandarískum stjórnvöldum að svona vilja Íslendingar ekki. Og það var hlálegt þegar hæstv. utanríkisráðherra fór með tölu sína í fyrirspurnatíma í gær að á sama tíma lenti á Reykjavíkurflugvelli flugvél sem vitað er að hefur tengst fangaflutningum af þessu tagi. Svo kemur hæstv. ráðherra og lýsir því yfir að hún hafi verið tollskoðuð og ekki hafi fundist nein merki um fanga. Ég hygg að hægt væri að spyrja á móti: Var gengið úr skugga um að engin merki væru um að hún hefði verið notuð til einhvers konar fangaflutninga? Var gengið úr skugga um það áður en vélin lenti að yfirlýsingar væru um það sem hægt væri að sannreyna að hún hefði ekki verið notuð til slíkra hluta?

Ég bendi á það, frú forseti, að árið 1996 samþykktum við lög, breytingar á hegningarlögum, sem gera það að verkum að refsilögsaga í málum sem þessum nær út fyrir Ísland. Við höfum því skyldur til að reyna að upplýsa hvort menn hafi gerst brotlegir við lög á Íslandi með því að taka hugsanlega þátt í flutningum á föngum til landa þar sem líkur eru á að pyndingum sé beitt við yfirheyrslur. Stjórnarliðar koma hér hver um annan þveran og halda því fram að ekkert sé um þetta vitað og hæstv. utanríkisráðherra segir að þetta sé sögusveimur. Þó er upplýst í Svíþjóð að um íslenska lögsögu flaug vél með tvo menn sem rænt var um hábjartan dag á götum úti af því að talið var að þeir væru meintir hermdarverkamenn. Það kom síðan í ljós að svo var alls ekki og þurfti íhlutun sjálfs utanríkisráðherra Bandaríkjanna til þess að þeim yrði sleppt úr haldi. Það þýðir a.m.k. að þeir sem flugu þeirri vél hafa gerst sekir um mannrán, þeir hafa gerst brotlegir við lög sem gilda á Íslandi. Er þá ekki skylda okkar að fá þá menn framselda og draga þá fyrir lög og dóm ef mannréttindi eru algild eins og hæstv. utanríkisráðherra sagði áðan?

Ég tel hins vegar nauðsynlegt, frú forseti, að hæstv. utanríkisráðherra gefi yfirlýsingu um hvort enn sé í gildi sú yfirlýsing sem þáverandi forsætisráðherra gaf fyrir Íslands hönd 18. mars 2003 í tilefni af innrásinni í Írak. Sú yfirlýsing var aldrei blessuð eða samþykkt af ríkisstjórninni en í henni kemur fram allrúm heimild til þess að leyfa flug yfir Ísland, millilendingar á Keflavíkurflugvelli ef það tengdist baráttunni gegn hermdarverkum í heiminum og þessi heimild var ekki sérstaklega tengd stríðinu í Írak þó að tilefni útgáfu hennar hafi verið sú styrjöld. Ég spyr því hæstv. utanríkisráðherra: Er sú yfirlýsing sem Davíð Oddsson gaf út 18. mars 2003, og birtist á vef Hvíta hússins 23. mars sama ár, enn í gildi? Það er ekki síst vegna orðalags hennar og þeirrar rúmu heimildar sem þar kemur fram sem ég tel að Bandaríkjamenn hefðu vel getað túlkað hana þannig að þeir hefðu heimild íslensku ríkisstjórnarinnar til að fara um. Þess vegna er það svo yfirtak nauðsynlegt að hæstv. utanríkisráðherra taki á sig rögg, hristi af sér linkuskapinn og læpuskapinn og lýsi því yfir að það sé fortakslaust bannað að fangaflugvélar sem eru að flytja meinta hermdarverkamenn til landa þar sem pyndingum er hugsanlega beitt fái að lenda á Íslandi. Það þarf að liggja alveg skýrt fyrir út af þeirri tvíræðu yfirlýsingu sem ríkisstjórnin, afsakið, frú forseti, sem forsætisráðherra þáverandi í heimildarleysi vegna þess að hann hafði samþykki ríkisstjórnarinnar, gaf út. Mér finnst þetta skipta mjög miklu máli.

Það er annað sem mig langar líka til að spyrja hæstv. utanríkisráðherra og tengist Írak. Ég gæti í sjálfu sér flutt aðra ræðu síðar í dag um það. 7. október sl. sagði hæstv. forsætisráðherra að stuðningur Íslands við innrásina í Írak hefði byggst á röngum upplýsingum og að það hefðu því verið mistök af Íslands hálfu að styðja innrásina í Írak. Mig langar, frú forseti að inna hæstv. utanríkisráðherra eftir tvennu: Hefur þessi yfirlýsing hæstv. forsætisráðherra sem birtist í Blaðinu verið rædd í ríkisstjórninni? Í öðru lagi: Er hæstv. utanríkisráðherra sammála hæstv. forsætisráðherra um að stuðningur við innrásina í Írak hafi byggst á röngum upplýsingum og hafi verið mistök?

[16:16]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá höfum við það. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir að sjávarútvegsmálin séu ekki sérstakur þrándur í götu að aðild að Evrópusambandinu, hvorki meira né minna. Þar sem það er augljóst að það fer í taugarnar á hv. þingmanni að talað sé um að viðkomandi aðili, eins og aðrir, hafi einhverja vanþekkingu á málum vildi ég bara spyrja, af því að hér var gefin út skýrsla, Fiskveiðiauðlindin, Ísland og Evrópusambandið, í september 2004 hvort hv. þingmaður hafi kynnt sér efni hennar og innihald. Ég spyr hvort þetta sé þá bara einhver þvættingur eða hvort það sé raunverulega þannig að hv. þingmaður hafi kynnt sér niðurstöðu þessarar skýrslu og sé þeirrar skoðunar að það sé í góðu lagi fyrir Íslendinga að gangast undir sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins.

Þingmaðurinn lét í það skína að ekki væri við hæfi að tala hér um vanþekkingu hjá þeim sem ráða hvað mestu um Evrópusambandið innan Samfylkingarinnar. Gott og vel. Segjum bara að þeir séu afskaplega vel upplýstir. Ég vek þá athygli á því að þessir þingmenn og forustumenn hafa aldrei mér vitandi talað um það stórkostlega atvinnuleysi sem er í Evrópusambandinu, aldrei talað um þann vanda sem menn horfa framan í og vita ekki hvernig á að taka á lífeyrismálunum. Það er ekki lítið vandamál, það er gígantískt vandamál. Og þeir hafa aldrei talað um þann vanda í Evrópusambandinu sem stærstu og öflugustu löndin eru að taka á, vanda sem snýr að þessum ósveigjanlega vinnumarkaði sem hefur gert það verkum að Evrópusambandið hefur ekki náð neinum þeim markmiðum sem það ætlaði sér, eins og t.d. með Lissabon-áætlun, ekki neinum þeim markmiðum. Ég bið bara hv. þingmann um að ræða

kannski örlítið um þessa þætti næst þegar menn ræða um Evrópusambandið.

[16:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að Lissabon-ferlið sem átti að auðga Evrópu hefur misheppnast. Það er líka alveg hárrétt hjá honum að í Evrópu ríkir mikið atvinnuleysi en það er hins vegar alveg ljóst að þó að Ísland gengi í Evrópusambandið hefði það engin áhrif á atvinnustig hér, nema hugsanlega til að bæta það. Það er líka hægt að benda á lönd innan Evrópusambandsins þar sem atvinnustig hefur hækkað, að því er virðist beinlínis vegna inngöngu í Evrópusambandið.

Lífeyrissjóðir skipta engu máli í þessu sambandi. Það var fyrir að þakka framsýni þáverandi ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingarinnar að hér var byggð upp sérstök tegund lífeyrissjóða. Það er líklega ein farsælasta ákvörðun sem hefur verið tekin hér á landi varðandi velferð þessarar þjóðar og inngangan í Evrópusambandið mun engin áhrif hafa á það. Hins vegar er líklegt að við gætum haft áhrif á Evrópusambandið, og höfum raunar þegar gert það, varðandi þess eigin lífeyriskerfi vegna þess að í vaxandi mæli horfa menn til þess íslenska. Þetta gæti orðið ákveðin útflutningsvara. Ég vona að hv. þingmaður hafi lesið viðtal sem birtist við mig um þetta í sérstöku riti um lífeyrissjóði í Englandi.

Síðan spyr hv. þingmaður mig um ritgerðina og skýrsluna Fiskveiðiauðlindin, spyr hvort ég hafi lesið hana. Já. En hvað var það sérstaklega í þeirri skýrslu sem hv. þingmaður vildi inna mig eftir? Ég dreg í efa að hann hafi lesið hana sjálfur vegna þess að hann kom ekki með nein efnisatriði. Ég get hins vegar sagt honum að ég hef rætt við skýrsluhöfundana, ég hef átt fundi með þeim fleiri en einum og þeir hafa ekki treyst sér til að hrekja það að Íslendingar gætu í samningum við Evrópusambandið fengið því framgengt að hér yrði sérstakt fiskveiðistjórnarsvæði þar sem Íslendingar réðu fiskveiðum sínum. Bara til að slá á þennan punkt enn frekar er ég þeirrar skoðunar að engar undanþágur þurfi fyrir okkur á sjávarútvegssviði til þess að við getum orðið aðilar að Evrópusambandinu.

[16:21]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega alveg kostulegt að hlusta á þetta. Bara svo að ég lesi aðeins úr skýrslunni, með leyfi forseta. Hér segir:

„Forráðamenn Evrópusambandsins hafa aldrei gefið neinar vísbendingar um að samkomulag gæti orðið um slíka skilmála“ — þ.e. skilmála um að við mundum ekki undirgangast sameiginlega sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Ef hv. þingmaður segir að við getum undirgengist hana eru það auðvitað miklar fréttir. Ég get ekki túlkað þetta öðruvísi en að hv. þingmaður hafi haldið því fram. Það eru hin pólitísku tíðindi.

Varðandi atvinnustigið, vinnumarkaðinn og aldurssamsetninguna er það þetta sem menn takast á um í Evrópusambandinu alla daga. Um það gengur umræðan um stjórnarskrána, um samrunaferlið, hvort eigi að dýpka þetta o.s.frv. Að halda því hér fram að þetta hafi ekki áhrif á þjóðir Evrópusambandsins er alveg gersamlega fráleitt. Ég vona að hv. þingmaður hafi eitthvað mistalað sig þegar hann hélt slíku fram því það liggur alveg fyrir að þetta er orðinn vandi allra sem í Evrópusambandinu eru.

[16:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar ætla ég alls ekki að bregða þessum hv. þingmanni um vanþekkingu. Honum finnst það miklar fréttir að ég telji að við þyrftum ekki undanþágu varðandi sjávarútveg ef við gengjum í Evrópusambandið eða að ég telji að sameiginleg sjávarútvegsstefna væri einhver prándur í götu. Má ég upplýsa hv. þingmann um að Samfylkingin hefur gefið út heila bók um þetta? Má ég upplýsa hann um að ég hef skrifað svona 10 greinar um þetta, haldið um þetta ræður í þinginu og á erlendum vettvangi? Ég hef meira að segja verið fenginn til að flytja sérstaklega erindi um þetta í þeirri nefnd sem hv. þingmaður situr í, og ég sat í þremur sinnum lengur en hann.

Þegar hv. þingmaður vísar í þessa skýrslu og telur að ekki sé hægt að fá undanþágur — ég skildi hv. þingmann þannig — er það þannig að ég tel að ekki þurfi undanþágur. Aðalsamningamaður Evrópusambandsins á sviði sjávarútvegsmála sagði við mig og hæstv. dómsmálaráðherra, formann Evrópustefnunefndar, að við þyrftum enga undanþágu.

[16:24]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fá að lýsa því yfir að ég á mjög erfitt með að taka orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar trúanleg í þessum efnum. Fram til þessa dags hefur engum tekist að sannfæra mig um það að við Íslendingar munum fá einhverja sérstaka undanþágu frá sameiginlegri fiskveiðistefnu Evrópusambandsins, engum, ekki einu sinni Franz Fischler, fyrrverandi sjávarútvegskommissar Evrópusambandsins, þegar ég spurði hann að þessu fyrir nokkrum árum.

Ég tek þessi orð hreinlega ekki trúanleg. Ég trúi því heldur ekki þó að hv. þm. Össur Skarphéðinsson segist hafa talað við einhverja sérfræðinga og þeir sagt honum eitthvað á þá leið að þeir geti ekki svarað spurningum um þetta efni, þ.e. hvort þeir telji að við þurfum undanþágu. Ég tel einfaldlega að þessir menn hafi ekki umboð til að vera með yfirlýsingar um eitt eða neitt hvað þetta varðar því að umboðið til að taka svona ákvarðanir, umboðið til að fara út í svona samningaviðræður, hlýtur að koma frá hinum ýmsu löndum innan Evrópusambandsins og þar eru ýmsir hagsmunahópar sem þrýsta mjög hart á það, munu a.m.k. eflaust þrýsta mjög hart á það að fá fiskveiðiréttindi við strendur Íslands.

Hér var talað um sögulega reynslu. Margar Evrópuþjóðir hafa sögulega reynslu af fiskveiðum við Ísland og ég hygg að þessar þjóðir hafi engu gleymt. Það eru margar þjóðir sem eiga mjög um sárt að binda í Evrópu vegna fiskveiðistefnu Evrópusambandsins sem hefur verið gersamlega mislukkuð, nágrannaþjóðir sem búa bara skammt und-

an, til að mynda Englendingar og Skotar. Breskir togarar eru að veiða við Ísland núna. Þeir eru að landa fiski núna fyrir austan og flytja hann út á markaði á Bretlandseyjum þar sem þessi fiskur keppir við fisk sem íslenskir sjómenn eru líka að reyna að selja. Fiskurinn sem bresku togararnir eru að veiða hér samkvæmt samningi við Íslendinga veldur verðfalli hjá okkar mönnum, og okkar menn eru mjög pirraðir yfir þessu.

Ég er alveg sannfærður um að í Evrópu þar sem ríkir viðvarandi skortur á hvítfiski mundi strax myndast mikil pressa á það að komast inn í gullkistuna hér við land og fá að veiða fisk.

[16:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er algerlega hárrétt hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að það yrði mikill þrýstingur á það að komast inn fyrir efnahagslögsöguna og fá að veiða hér. Ég er algerlega sammála honum um það. En ég tel engin efnisleg rök fyrir þær þjóðir sem slíkum þrýstingi beita til að fá slíkt.

Hv. þingmaður talar um veiðireynslu. Hversu langt aftur fara menn þegar þeir meta slíka veiðireynslu? Það eru fordæmi fyrir því. Hv. þingmaður getur skoðað þau, t.d. fordæmin þegar Spánverjar sóttu um aðild að Evrópusambandinu. Ég man ekki lengur hvaða ár það var. Þar fyrir utan verða menn að vera klárir á því út á hvað hin sameiginlega fiskveiðistefna Evrópusambandsins gengur. Grófu drættirnir eru þessir: Sameiginleg nýting sameiginlegra auðlinda innan sameiginlegrar efnahagslögsögu. Það er engin sameiginleg efnahagslögsaga. Grunnurinn er fallinn. En það eru hins vegar mikilvægir flökkustofnar sem skipta okkur miklu máli sem eru utan efnahagslögsögunnar eða ganga út fyrir hana og inn í efnahagslögsögu annarra ríkja.

Um nánast alla þessa stofna núna er búið að semja með aðild Evrópusambandsins, ekki alla en þó þannig að þeir hagsmunir eru varðir. Ég var að vísu ekki sammála því hvernig hæstv. núverandi forsætisráðherra samdi á sínum tíma af sér fyrir Íslands hönd varðandi það mikilvægasta að mínum dómi, norsk-íslensku síldina, en ég segi einfaldlega að það eru engin efnisleg rök til að fullyrða þetta fyrir fram.

Ég er breyskur eins og aðrir menn og það er hugsanlegt að ég komist ekki alltaf að réttri niðurstöðu. En hvað er í hættu? Þetta mundi koma fram í samningaviðræðum milli Íslands og Evrópusambandsins og ég ætla að lýsa því yfir til að róa hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson að ég mundi aldrei mæla með samþykkt slíkra samninga ef samningamenn kæmu heim og væru búnir að veita slíkar veiðiheimildir innan fiskveiðilögsögunnar. (Forseti hringir.) En ég tel að til þess komi ekki.

[16:28]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég tala um veiðireynslu á ég við það að menn hafa veitt hér við land og hafa engu gleymt. Þeir þekkja fiskinn sem kemur héðan og þeir vita hversu mikil verðmæti felast í því að fá að veiða hér. Hvort sem þeir mundu reyna að nota einhvern lagalegan rétt til að fá þessa veiðireynslu eða ekki hygg ég að þeir mundu með einum eða öðrum hætti reyna að komast inn í lögsöguna, kannski með því að kaupa sig inn í íslensk sjávarútvegsfyrirtæki, kaupa þau algerlega upp, nota svipaðar aðferðir og Spánverjar hafa verið að beita fyrir sig til að komast einmitt inn í þá gullkistu sem Norðursjórinn var, og vonandi verður aftur seinna meir.

Hitt er svo annað sem hv. þingmaður nefndi, þessir flökkustofnar. Þar eigum við Íslendingar hlutdeild í dag og þar á Evrópusambandið líka hlutdeild. Hefur þingmaðurinn hugleitt hvernig færi til að mynda með veiðar okkar á kolmunna eða á norsk-íslensku síldinni sem Evrópusambandið á líka hluta af? Hvernig færi til að mynda með veiðar okkar í Barentshafinu? Evrópusambandið er með fiskveiðisamning við Norðmenn og Rússa í Barentshafi. Hvað yrði um allar þessar heimildir?

[16:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Ég tel, frú forseti, að við mundum í engu missa nokkurs við varðandi þessar heimildir. Ég tel líka að útrásarþrótturinn í íslensku atvinnulífi mundi gera það að verkum að við gætum notfært okkur töluvert vel þá möguleika sem felast í 20 fiskveiðisamningum Evrópusambandsins við aðrar þjóðir þannig að ég ber engan kvíðboga varðandi þetta.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að það mun verða þrýstingur af hálfu þessara þjóða til að komast inn þegar við semjum um aðild. En ég tel að það séu engin rök til að láta undan honum, hvorki fyrir okkur né Evrópusambandið. Ég er ekki hræddur við það en það kæmi í ljós í samningum.

Hitt er svo annað mál og ég skal fúslega gangast við því líka að ég tel að ekki yrði undan því vikist, og ég er heldur ekki á móti því, ef við gengjum í Evrópusambandið að erlend fyrirtæki og erlendir aðilar fengju að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. En það er skoðun sem af minni hálfu hefur legið fyrir árum saman.

[16:30]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að vera svo einlægur í afstöðu sinni til Evrópusambandsins. Það verður ekki af honum tekið að hann vill að Ísland gangi í Evrópusambandið og afsali sér hluta af því sjálfstæði sem menn börðust fyrir fyrr á árum og því fullveldi sem mikið hefur verið haft fyrir. Ég heyri ekki betur en að hv. þingmaður Össur Skarphéðinsson sé tilbúinn til að gera lítið úr baráttu þeirra sem börðust fyrir sjálfstæði þessarar þjóðar með málflutningi sínum.

En hann sagði annað sem var mjög athyglisvert, þ.e. að inngöngu Íslands í ESB fylgdi engin hætta fyrir íslenskan sjávarútveg. Þetta er tímamótayfirlýsing og mjög merkileg. Hann vísaði til veiðireynslu. Hvort sem Íslendingar fengju tímabundnar undanþágur frá sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins eða þyrftu að taka upp sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins þá mundi það þýða mikið afhroð fyrir íslenskan sjávarútveg. Í mínum huga er enginn vafi á að Íslendingar þyrftu að taka upp sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins.

Við hvað styð ég þessar fullyrðingar mínar? Ég styð þær

við sjónarmið sem m.a. koma fram í ritgerð sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson vísaði hér til, við fræðirit Stefáns Más Stefánssonar, prófessors í lögum og Evrópurétti, og Óttars Pálssonar hæstaréttarlögmanns og við skoðanir Franz Fischlers sem lýsti því yfir á fundi sem ég átti með honum í Montreux í Sviss, ekki alls fyrir löngu, að það væri ljóst að Íslendingar þyrftu að taka upp sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins gengju þeir þar inn.

Ég verð nú að segja að ég hef tilhneigingu til að trúa þessum mönnum frekar en hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Ég vona að hann virði það við mig. En það er morgunljóst, í mínum huga, (Forseti hringir.) að það yrði íslenskum sjávarútvegi ekki til hagsbóta að þurfa að sæta þeim reglum sem gilda um sjávarútveg í Evrópusambandinu.

[16:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég bið ekki hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins um að trúa mér. Ég bið engan mann um það. Ég segi bara: Þetta er mín skoðun sem byggist á minni eigin rannsókn, löngum lestri og mörgum samtölum. Ég segi einfaldlega að ef gengið yrði til samninga við Evrópusambandið um aðild þá kæmi þetta í ljós. Þá mundu þessir ágætu herramenn sjá þetta sjálfir. Þá mundu þeir að lokum fallast á mína skoðun. Þeir þurfa ekki að taka þetta sem einhvern óbifanlegan sannleik úr mínum munni. Ég veit, vegna þess að ég hef skoðað þetta það vel, að þetta mun koma fram.

Ég get að vísu ekki gumað af því að hafa átt einkafund með Franz Fischler í Sviss. Ég hef hins vegar hitt þann mann mörgum sinnum. Ég hef rætt þessi mál við hann og vísa í það sem hann hefur sagt opinberlega, t.d. eftir fund í Háskólanum í Reykjavík. Það var með þeim hætti að ekki er hægt að túlka það eins og Sigurður Kári Kristjánsson gerir. Ég vísa líka til þess að sænski forsætisráðherrann er þeirrar skoðunar að tillaga hæstv. núverandi forsætisráðherra, sem kennd er við Berlínarræðuna, sé bæði athyglisverð og líkleg til að ganga upp. Það hlýtur að skipta máli.

Í öllu falli tel ég að efnisrök í málinu séu öll á þann veg að ég get verið sannfærður um að Íslendingar mundu efla sjávarútveg sinn við inngöngu. Þeir fengju meiri veiðiheimildir en þeir hafa núna vegna þess að þeir gætu nýtt sér margvíslegar ónýttar veiðiheimildir í krafti þeirra 27 fiskveiðisamninga sem eru við önnur ríki.

Síðan ætla ég að rifja upp að það var Sjálfstæðisflokkurinn, sjávarútvegsráðherra Sjálfstæðisflokksins, sem fyrstur hleypti Evrópusambandinu inn fyrir efnahagslögsöguna með formlegum samningum. Það var Þorsteinn Pálsson.

[16:35]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla aftur að hrósa hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að vera einlægur í skoðunum sínum á Evrópumálum. En hans skoðun er einfaldlega sú að grafa eigi undan íslenskum sjávarútvegi. Hún er sú að færa eigi yfirstjórn sjávarútvegsmála frá Íslandi og suður til Brussel. Það eru allir sammála um að þannig verði það. Franz Fischler lýsti því ekki yfir á einkafundi við mig. Hann gerði það á fundi sem ég sótti fyrir hönd þingmannanefndar EFTA. Á þeim fundi voru líka hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson og Birkir Jón Jónsson. Þeir geta lýst því sem þar fór fram.

Ég er ósammála því sem fram kemur hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að innganga okkar Íslendinga í Evrópusambandið mundi efla íslenskan sjávarútveg. Ég spyr: Hvað hefur hv. þingmaður fyrir sér í því? Er árangur Evrópusambandsins í fiskveiðum svo glæsilegur (Forseti hringir.) að ætla megi að sú verði niðurstaðan? Hvort (Forseti hringir.) hafa Ísland eða ESB-ríkin náð meiri árangri í sjávarútvegsmálum?

[16:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú er ég sannfærður um að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson og Sigurður Kári Kristjánsson munu nota möguleika sína til frekari ræðuhalda í dag til að færa rök fyrir því að það yrði slæmt fyrir okkur, hvað sjávarútveginn snertir, að ganga í Evrópusambandið. Ég er þeirrar skoðunar að Íslendingar gætu haldið stjórn á fiskveiðum sínum í krafti þeirrar tillögu sem ég vísaði til áðan og Halldór Ásgrímsson setti fyrstur fram. Hins vegar vil ég segja það alveg klárt og kvitt að ég er líka reiðubúinn til að ganga í Evrópusambandið jafnvel þó að yfirstjórnin yrði í Brussel. Hvaða yfirstjórn yrði í Brussel? Þar yrði bara ein ákvörðun tekin um heildarkvótann. En samkvæmt reglum Evrópusambandsins mundi íslenska ríkisstjórnin síðan deila honum út til innlendra aðila.

Ég er þeirrar skoðunar að í krafti vísindalegra rannsókna, sem í dag eru kannski ekki upp á marga fiska hvað okkur varðar, yrði heildaraflinn ákveðinn. Þannig að ég tel að það sé engin (Forseti hringir.) hætta í því fólgin. En ég skil hins vegar að (Forseti hringir.) hjörtu gamalla og ungra sjálfstæðismanna hætti nánast að slá þegar þetta er sagt. (Gripið fram í.)

[16:38]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir þá skýrslu sem hann flutti hæstv. Alþingi hér í dag. Ég vil líka þakka fyrir það að föst hefð sé fyrir því að hafa sérstakan dag tileinkaðan umræðum um utanríkismál. Að sjálfsögðu er erfitt að fara vel yfir sviðið án þess að tipla á nokkrum málum þar sem utanríkismál eru víðfeðmur málaflokkur og snerta alla okkar tilveru ef þannig er litið á það. En eftir sem áður vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýrslu hans og ég vil taka undir orð þeirra sem látið hafa þá skoðun í ljós að skýrslan er frekar yfirlit yfir það sem hefur gerst á árinu en ekki bein stefnumótun fyrir framtíðina, hvernig ríkisstjórnin hæstv. mun fylgja eftir utanríkisstefnu sinni, ef við göngum út frá lengd kaflanna eða þeim tíma sem gefinn er í málefnið.

Frú forseti. Utanríkismál snerust áður fyrr að mestu um varnarmál og markaði fyrir íslenskar útflutningsvörur og svo það sé alveg skýrt, vegna þess að hér hefur verið rætt töluvert um afstöðu hinna ýmsu flokka til NATO og til hersins á Miðnesheiði, þá held ég að það sé öllum ljóst að stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er alveg skýr. Við viljum úr NATO. Við viljum úr hernaðarbandalagi, við viljum hafa landið herlaust. Þessi stefna okkar byggist ekki á einhverri gamalli alþýðubandalagssýn, eins

og hér hefur verið nefnt. Hún byggist á friðarstefnu, mannúðarstefnu og á þeirri stefnu sem ég held að sé að ryðja sér til rúms, og þá sérstaklega hjá ungu fólki um heim allan, að draga úr hernaðarbrölti og vinna að friði í heiminum með öðrum ráðum en vígbúnaðarvélum.

Það er ljóst að við erum þátttakendur í alþjóðavæðingunni svonefndu og málefni hinna fjarlægu landa og þjóða koma því inn á okkar borð. Það eru mál eins og mannréttindi, fátækt, félagsleg staða og umhverfismál. Þessi mál skipa mikilvægari sess nú en áður þegar rætt er um utanríkismál. Við erum aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og við berum því að nokkru leyti ábyrgð á þeirri stefnu sem þau miklu samtök berjast fyrir. Ég tel að til þess að Alþjóðaviðskiptastofnunin þjóni sínum tilgangi verði áherslur að breytast og færast frá hinum viðskiptalegu og kapitalísku sjónarmiðum yfir í félagsleg sjónarmið og að Alþjóðaviðskiptastofnunin verði nýtt til að auka jöfnuð og bæta stöðu fátækra þjóða og heimsálfa umfram það sem gert hefur verið.

Hagsmunir iðnríkjanna og hinna efnuðu ríkja hafa ráðið för. Viðskiptastofnunin hefur miklu frekar staðið vörð um stöðu hinna ríkari þjóða á kostnað hinna fátæku. En þetta verður að breytast ef við viljum efla von til friðsamlegra lífs á jörðinni. Hin mikla gjá, sem hefur breikkað, milli fátækra og ríkra þjóða, ekki bara af efnahagslegum heldur ekki síður af félagslegum toga, mun leiða til mikilla hörmunga í náinni framtíð, ef samtök eins og Alþjóðaviðskiptastofnun breyta ekki um kúrs og nýta krafta sína til að jafna stöðu þessara heimsálfa.

Það er alveg ljóst að misskipting innan landa, eins og hér í Evrópu, er að brjótast fram. Atburðirnir í Frakklandi, sem blossuðu upp af litlum neista, eru orðnir að stóru báli sem breiðist nú um Evrópu. Kúgaður minni hluti innflytjenda rís gegn langvarandi niðurlægingu, atvinnuleysi og fátækt — ungmenni sem ekki sjá fram á að komast nokkurn tíma til mennta eða hafa viðurværi af atvinnu. Við hefðum getað sagt okkur það sjálf að slík þróun myndi leiða til uppreisnar og vandamála og við eigum að líta okkur nær og ígrunda alvarlega þá stöðu sem innflytjendur eru í hér á landi. Við eigum að hafa atburðina í Frakklandi sem víti til varnaðar og einhenda okkur í að styrkja stöðu þeirra fjölmörgu innflytjenda sem eru orðnir íslenskir ríkisborgarar eða vinna hér á landi.

Alþjóðavæðingin hefur tvær hliðar og það getur því skipt sköpum fyrir jákvæða þróun og friðvænlegri heim hvort jafnvægi næst á milli efnahagslegra og félagslegra þátta í alþjóðasamningum. En eins og ég sagði áðan hefur hin kapítalíska efnahagslega hlið verið mun sterkari fram til þessa.

Hæstv. forseti. Í ræðu og skýrslu hæstv. utanríkisráðherra, nefndi hann ástandið í Írak. En ég saknaði þess að því miður kom hæstv. utanríkisráðherra lítið inn á ástæður innrásarinnar og þar af leiðandi þótti hæstv. ráðherra ekki ástæða til að biðjast afsökunar fyrir hönd íslensku þjóðarinnar á því að hafa látið blekkjast af falsrökum og fölsuðum skýrslum og upplognum upplýsingum um stöðu mála í Írak, falsskýrslu sem gaf bæði hagsmunaaðilum og Bandaríkjastjórn ástæðu til innrásar undir fölsku flaggi, þ.e. til ólögmætrar innrásar. Það er að mínu mati óásættanlegt að hæstv. utanríkisráðherra skuli ekki fara að dæmi hæstv. forsætisráðherra Breta og fleiri sem hafa beðist afsökunar á að láta blekkjast, þó svo að Bretar standi enn þá að því að hafa her í Írak. En eins og allir vita eru uppi háværar kröfur um að þeir biðjist ekki eingöngu afsökunar á að hafa stuðlað að árás inn í Írak, heldur vill breska þjóðin að breski herinn verði dreginn þar út.

Það er ekkert til sem heitir fyrirbyggjandi stríð. Það eru til fyrirbyggjandi aðgerðir, það er hægt að styrkja þær og stuðla að því með því að efla mannréttindi og félagslega stöðu fólks sem býr við misrétti og í þjóðum þar sem harðstjórn ríkir og lýðræði er ekki virt. Þannig eigum við að forða því að verði átök. En það er ekkert til sem heitir fyrirbyggjandi stríð. Stríð leiðir af sér stríð og hörmungar eins og við erum að upplifa aftur og aftur. Það er alveg ljóst að Bandaríkjastjórn hefur verið þar í fararbroddi og ríkisstjórn Íslands hefur verið allt of auðsveip til stuðnings Bandaríkjastjórn í þessu máli.

Það er farið að reyna að skilgreina hugtakið hryðjuverkamaður. Það er eðlilegt að það reynist erfitt, bæði Sameinuðu þjóðunum og öðrum að finna skilgreiningu á því, vegna þess að hvenær er uppreisn? Hvenær eru óeirðir? Hvenær verða þær að hryðjuverkum? Hver er skilgreining á því? Ég trúi því að við fordæmum öll hryðjuverk sem slík. En það er líka hægt að hafa hugtakið og skilgreininguna svo víða að saklausir einstaklingar fái að líða fyrir það og það sé hægt að handtaka saklaust fólk í nafni þess að verið sé að draga úr hættu á hryðjuverkum. Það hefur sannast að Bandaríkjastjórn stendur fyrir slíkum handtökum og það bendir allt til þess að íslensk flughelgi og flugvellir á Íslandi hafi verið notaðir til slíkra flutninga og það ber að fordæma. Ég tek undir orð þeirra þingmanna sem hér hafa skorað á hæstv. utanríkisráðherra að fordæma slíkt, hafi það átt sér stað, og gefa tafarlaust út þá yfirlýsingu að það verði ekki liðið.

Hæstv. forseti. Í þeim stutta tíma sem ég á eftir vil ég nefna tvö þingmál sem mér finnst skipta miklu máli og eru í þeim anda sem ég nefndi að stuðla að friði og uppbyggingu í stríðshrjáðum löndum. Það er þingsályktunartillaga um kaup og rekstur á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu þar sem fyrsti flutningsmaður er Jónína Bjartmarz. Og eins þingsályktunartillaga um að mótmæla byggingu aðskilnaðarmúrsins í Palestínu. Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu er ólöglegur, hann á að fordæma. Það höfum við ekki gert með nógu áberandi hætti né hvatt til þess að þjóðir heims geri það. Ísraelsmenn halda áfram byggingu þessa mikla múrs í skjóli Bandaríkjastjórnar og það er alveg ljóst að það er búið að mynda risastórt gettó á Gaza-svæðinu sem áður var allt hertekið land af Ísraelsmönnum. En sem betur fer hafa friðarumleitanir og friðarviðræður leitt til að Ísraelsmenn hafa farið út af svæðinu með hermenn og ísraelska íbúa á þessu svæði. En eftir stendur að svæðið er eins og stórt gettó, þar sem Palestínumenn geta ekki farið frjálsir út af svæðinu, hvorki á landi né láði eða notað þann flugvöll sem er inni á svæðinu. Það er ljóst að aðskilnaðarmúrinn á að einangra Palestínumenn uppi í Gólanhæðum og þar eru Ísraelsmenn að ásælast vatnsbirgðir Palestínumanna og það er ástæðan og orsökin fyrir því að þeir (Forseti hringir.) setja landnemabúðir inn á svæðið.

[16:53]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir skýrslu hans. Þar er farið víða og kannski eðlilegt að ekki sé ítarleg umfjöllun um eitt einstakt mál eins og oft hefur verið, þar sem hæstv. utanríkisráðherra hefur skamma hríð verið í embætti. En fyrirrennarar hans hafa oft á tíðum helgað þessa umræðu að mestu einu málefni og ég held að það hafi verið ágætur siður og vænti þess að honum verði viðhaldið þannig að umræðan megi vera sem markvissust. Það er mikilvægt fyrir okkur að fá málþing um utanríkismálin í þinginu með þeim hætti sem hér hefur verið. Mikilvægt vegna þess að til lengri tíma litið í alþjóðamálum er auðvitað ýmislegt sem gefur okkur sérstaka ástæðu til að leggja ríka áherslu á þau. Breytingar í umhverfi okkar og í heiminum yfir höfuð gefa okkur tilefni til þess. Við erum þannig ekki lengur miðpunktur í varnar- og öryggismálum eins og áður var. Bandaríkin hafa skilgreint okkur út af heimavarnarsvæði sínu og þær átakalínur hafa sem betur fer, vil ég leyfa mér að segja, færst til annarra heimshluta. Í hinu norræna samstarfi dregur auðvitað nokkuð úr því þar sem aukin áhersla þeirra er á samstarf til austurs, við Eystrasaltslöndin og inn í Evrópu. Þess utan höfum við á hinum evrópska vettvangi tekið ákvörðun um að vera ekki hluti af hinu pólitíska samstarfi Evrópuþjóðanna. Þegar nú bætist við að þungamiðjan í alþjóðaviðskiptunum er líka að færast, með því að Kína er að rísa sem mikið efnahagsveldi, og viðskiptaþungamiðja veraldarinnar því að færast nokkuð frá því sem áður var, þá gefur allt þetta okkur tilefni til lengri tíma að leggja enn ríkari áherslu en áður á þátttöku okkar í alþjóðamálum og alþjóðlegt samstarf. Þetta hlýtur líka að vekja okkur til umhugsunar um það hvort sá tími sé ekki skammt undan að við þurfum að taka ákvarðanir um virkari þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og þá auðvitað ekki síst á vettvangi Evrópuríkjanna í Evrópusambandinu.

Í gær var rætt við hæstv. utanríkisráðherra um meinta fangaflutninga um íslenska lögsögu. Það virðist enginn áhugi vera hjá ráðherranum eða ríkisstjórninni að rannsaka það mál og ég held að ekki sé ástæða til að orðlengja þá umræðu, það hafi allt komið fram í henni sem mun koma fram. Ég get hér einvörðungu tekið undir hvert orð í ræðu 1. þm. þingmanns Reykjavíkurkjördæmis norður, Össurar Skarphéðinssonar, um það efni.

En það voru kannski einkum þrjú atriði sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um. Í fyrsta lagi kemur fram í skýrslu hans ákaflega lofsamleg umfjöllun um ríkisstjórn þá sem nú situr í Írak. Nú vil ég trúa því að einhverjir dagar hljóti að vera síðan sá texti var skrifaður því nú er það komið fram að á vegum þessarar ríkisstjórnar og innanríkisráðuneytisins, virðist hafa verið rekið ógeðslegt fangelsi í Bagdad, en það var afhjúpað nú í vikunni. Ég hlýt að spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvort það veki ekki hjá honum efasemdir um þau stjórnvöld sem nú ríkja í Írak og hvort hann fordæmi ekki slíka meðferð á fólki þótt hann sé áhugalítill um að rannsaka meinta fangaflutninga um lögsögu okkar. En rekstur þessa fangelsis liggur þó fyrir sem staðreynd sem ráðherrann getur ekki neitað og hlýtur að vera á okkar ábyrgð því innrásin í Írak var gerð í okkar nafni. Við lýstum sérstökum stuðningi við þær aðgerðir og áætlun alla og sá stuðningur var skilyrðislaus. Hann felur þess vegna í sér ábyrgð á öllu því sem slíkri innrás fylgir.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. utanríkisráðherra um það sem fram kemur í viðræðum við Evrópusambandið um búvörur. Um áherslur Íslendinga í þeirri umræðu að fá aukið aðgengi fyrir íslenskt lambakjöt á mörkuðum Evrópusambandsins og spyrja hæstv. ráðherra hvort af hálfu Evrópusambandsins séu svipaðar áherslur uppi um að fá greiðari aðgang að íslenskum mörkuðum fyrir einhverjar af sínum búvörum. Hverjar þær eru, ef svo er, og hverjar undirtektir hans hafi verið í því efni.

Í þriðja lagi vildi ég spyrja hæstv. utanríkisráðherra um málefni Tævans. Eins og við þekkjum er nú uppi í heiminum sú vá sem er fuglaflensan og áhyggjur manna af því að hún geti þróast með alvarlegum hætti. Stjórnvöld á Tævan hafa vakið athygli á því að sú einangrunarstefna sem Kína hefur rekið gagnvart þeim hafi m.a. leitt til þess að þeir eigi ekki aðild að Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Þar af leiðandi sé Tævan ekki hluti af hinu alþjóðlega viðbragðskerfi í heilbrigðismálum ef heimsfaraldur rís. Og þó séu hafnir þeirra meðal þeirra fjölförnustu í heiminum og svo nálægt þeim svæðum sem fuglaflensan hefur geisað að það hlýtur að teljast ákaflega mikilvægt að þeir séu hluti af hinu alþjóðlega viðbragðskerfi. Ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvort við höfum með formlegum hætti tjáð okkur um þessa stöðu og útilokun Tævans frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Og sömuleiðis hvort það hafi komið til umræðu að Ísland hefði skrifstofuskipti við þetta litla ríki í austri, eins og títt er um ýmis lönd í Evrópu. Ég hygg að flest NATO-ríkja hafi einhver slík samskipti við Tævan, menningarskrifstofur á báða bóga, og langar til að vita hvort slíkt hafi komið upp í viðræðum íslenskra stjórnvalda við Tævan. Ég vil heyra hver afstaða hæstv. utanríkisráðherra sé. Við hljótum auðvitað að hlusta nokkuð vel á umkvartanir ríkis sem er að berjast fyrir sjálfstæði sínu við stórt ríki sem neitar að viðurkenna það, þó ekki væri nema vegna sögu okkar sjálfra.

Ég vildi sem sagt fá að inna hæstv. utanríkisráðherra eftir afstöðu hans til eftirtalinna þriggja atriða við þessa umræðu: Afstöðu til hins ógeðfellda fangelsis sem nú er fundið á vegum innanríkisráðuneytisins í Írak þar í landi og þeirrar starfsemi sem þar hefur farið fram. Í öðru lagi um búvöruviðræður við Evrópusambandið og í þriðja lagi um afstöðuna til Tævans, bæði hvað varðar samskipti Íslands við það ríki og aðild þess ríkis að Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni.

[17:01]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum skýrslu hæstv. utanríkisráðherra um utanríkismál. Ég vil fyrst í ræðu minni víkja að nokkrum spurningum sem ég vil leggja fyrir ráðherrann varðandi ákveðin atriði.

Það er í fyrsta lagi varðandi landbúnaðarmálin. Hv. þm. Helgi Hjörvar kom aðeins inn á þau orð í skýrslunni sem lúta að því að verið sé að taka upp viðræðurnar við Evrópusambandið um viðskipti með búvöru á grundvelli EES-samningsins.

Þegar sá samningur var gerður á sínum tíma voru ákveðnir kaflar undanþegnir. Við gerðumst ekki aðilar t.d. að kaflanum sem laut að sameiginlegu dýraheilbrigði og verslun með hrátt kjöt og reyndar lifandi dýr. Það var m.a. á þeim forsendum að við töldum mikla hagsmuni í húfi að reyna að halda íslenskum búfjártegundum, sauðfé, nautgripum og hrossum, svo dæmi séu tekin, sjúkdómsfríum og forðast innflutning á hættulegum sjúkdómum sem viðgangast í stofnum erlendis en mundu valda miklum usla ef þeir kæmu hingað. Auk þess líka eru miklir útflutningshagsmunir í húfi því að við vitum að útflutningur á kjöti t.d. til Bandaríkjanna er háður því að við getum sýnt fram á að hér sé fullkomlega heilbrigt kjöt, ekki sé hætta á að hérna hafi á neinn hátt borist t.d. riðusmit eða Creutzfeldt-Jacobs sjúkdómur eða neitt slíkt í íslenskar matvörur. Bandaríkin eru mjög ströng á þessu og innflutningur frá mörgum Evrópusambandsríkjum er ekki heimill til Bandaríkjanna ef grunur leikur á um að þessir sjúkdómar séu þar. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að við erum ekki aðilar að þeim þætti í samningnum við Evrópusambandið.

Ég vil því spyrja ráðherrann: Er ætlunin að fara að taka þessa þætti upp, þ.e. að rýmka á innflutningi á hráu kjöti, á lifandi dýrum sem gætu m.a. aukið þá smithættu sem ég nefndi og ógna þeirri hreinleikamynd íslenskra landbúnaðarafurða sem skiptir okkur miklu máli? Ég þykist minnast þess að hæstv. landbúnaðarráðherra hafi lýst því yfir í ræðu á síðasta vetri að ekki stæði til af hálfu landbúnaðarráðherra að slaka neitt þar á. Ég vil heyra þetta alveg skýrt hjá hæstv. utanríkisráðherra hvort meiningin sé að fara að slaka á varðandi þann kafla sem lýtur að verslun með dýr og landbúnaðarafurðir og eftirlit með dýraheilsu sem við hingað til höfum verið undanþegin. Ég mundi telja það mjög alvarlegt ef svo væri.

Þá vil ég líka inna hæstv. utanríkisráðherra enn frekar eftir því hvernig staðan er í viðræðum við WTO í sambandi við landbúnaðinn. Eins og fram hefur komið mjög rækilega þegar verið er að kynna þær kröfur sem þar eru uppi er verið að krefjast þess að felldir verði niður að stórum hluta framleiðslutengdir styrkir eða stuðningur til landbúnaðarframleiðslu, magntengdur stuðningur sem við höfum jöfnum höndum flokkað sem stuðning við búvöruframleiðsluna og einnig sem stuðning við neytendur. En það er einmitt þessi magntengdi stuðningur sem við höfum eða íslensk stjórnvöld hafa gjarnan stuðlað að og staðið fyrir gagnvart íslenskum landbúnaði sem á samkvæmt þeim hugmyndum sem liggja fyrir í viðræðum við WTO að skera niður. Gerist það mun það hafa verulegar afleiðingar fyrir þá pólitík sem rekin hefur verið gagnvart íslenskum landbúnaði. Því er mjög mikilvægt að þarna sé ekki verið að hugsa í sitt hvora áttina hvað varðar stuðning við landbúnaðinn.

Lögð er áhersla á frjáls viðskipti með landbúnað og þegar menn ræða um frelsi í viðskiptum með landbúnað getur það verið býsna flókin umræða.

Ég leyfi mér að vitna í grein sem Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtakanna, skrifar í Bændablaðið um miðjan október, með leyfi forseta, þar sem verið er að ræða þessi mál:

„Viðræður um viðskipti með landbúnað eru einn þáttur af mörgum í þeim samningum en um leið afar mikilvægur. Hagsmunir eru mjög flóknir og alhæfingar því varasamar."

Þarna er verið að vitna til þess að mjög mikilvægt sé að opna á allan flutning á landbúnaðarvörum á milli landa.

Áfram segir í greininni:

„Þannig njóta mörg af allra fátækustu ríkjum heims sérkjara í viðskiptum við ríkar þjóðir eins og ESB sem m.a. felast í tollfrelsi á búvörum. Þessum þjóðum stendur viss ógn af því að bæta á markaðsaðgang annarra ríkja að þessum mörkuðum svo dæmi séu tekin. Þá er það næsta víst að það eru alþjóðleg fyrirtæki" — og ég vek athygli forseta á því — „sem eru fyrst og fremst að hagnast á þessu aukna frelsi. Bændur víða um heim gerast í vaxandi mæli ráðsmenn eða leiguliðar stórfyrirtækja og þeim eru skömmtuð kjör úr hnefa þeirra. Aukið frelsi í viðskiptum með búvörur mun styrkja frekar þá þróun."

Ég vek sérstaklega athygli á því, frú forseti, að þetta er nú ekki svo einhlítt eða þegar verið er að lofa fullkomnu frelsi, frelsi sem nýtist fyrst og fremst hinum sterku, hinum ríku, þeim sem eru að leggja undir sig störf og verkefni annarra og erum við kannski að fá að hluta til þessa þróun hingað upp á Ísland þar sem ríkir lögaðilar safna undir sig jörðum undir því yfirskini að þykjast ætla að framleiða búvöru sem stórrekstur á þann hátt. (**HBl:** ... menningarmiðstöð fyrir austan.) Ég er meira að segja viss um, frú forseti, að hv. þm. Halldór Blöndal, sem grípur hér fram í, mundi ekki vilja sjá íslenskan landbúnað verða að hreinum verksmiðjubúskap í höndum örfárra aðila og bændur úti um allt land mundu verða lagðir niður sem slíkir og verða orðnir leiguliðar á jörðum sínum, sem gæti orðið hér á landi ef sú stefna yrði tekin sem verið er að innleiða að hluta til í umræðunni í WTO.

Ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra: Hvernig standa þær viðræður hvað þetta varðar og hvernig er þá tekið mið af því í íslenskri landbúnaðarpólitík?

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um eitt atriði enn, þ.e. varðandi þjónustu sendiráða erlendis. Því miður gerðumst við aðilar að svokölluðu Schengen-samkomulagi sem þýddi að við framseldum ákveðinn hluta af utanríkisþjónustu okkar til þeirra ríkja sem eru aðilar að því. Það fólst m.a. í því að íslensk sendiráð önnuðust ekki lengur að gefa út vegabréfsáritanir í heimsókn til Íslands heldur fólu það að mig minnir dönskum sendiráðum. Þetta var tekið úr íslensku sendiráðunum. Ég get rakið mýmörg dæmi um það hversu torvelt og hversu mikil skriffinnska það hefur reynst fyrir fólk sem vill sækja Ísland heim og þarf að fá áritun að þurfa að fara í gegnum önnur sendiráð en íslensk til þess að fá þá áritun. Tökum London, ég þekki dæmi þar að það er margra vikna bið að fá áheyrn hjá danska sendiráðinu til þess að mega sækja um áritun til Íslands. Ég þekki dæmi frá Moskvu þar sem sama er uppi og ég get nefnt fleiri dæmi víða um heim sem ég þekki til og mér hefur verið tjáð hversu torvelt og mikil skriffinnska það er og seinvirkt að fá áritun til Íslands vegna þess að áritunin fer í gegnum í flestum tilvikum dönsk sendiráð.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki séu áætlanir um að taka þessa þjónustu alfarið aftur til íslenskra sendiráða, a.m.k. í þeim löndum þar sem við höfum íslensk sendiráð, þau annist útgáfu vegabréfsáritana til landsins. Mér finnst það ótækt að fela slíka mikilsverða þjónustu,

hluta af fullveldi landsins erlendum sendiráðum. Við vorum að auka fjármagn til sendiráðanna á fjáraukalögum um nærri 300 millj. kr. og ég vona að það sé fjármagn til þess að sendiráðin geti innt þetta af hendi. Engu að síður er þetta mikilvægt og ég spyr hæstv. ráðherra um þetta mál.

Það var mjög athyglisvert að heyra ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur um stefnu Framsóknarflokksins í Evrópumálum. Ég á því láni að fagna að þekkja marga góða framsóknarmenn, a.m.k. sem voru eitt sinn framsóknarmenn, ég býst við að margir þeirra séu hættir að vera framsóknarmenn núna. Þeim hefur síður en svo hugnast sú stefnubreyting sem er að verða í Framsóknarflokknum, m.a. það hversu dælt hann er að gera sér við hugsanlega inngöngu í Evrópusambandið. Ég heyri ekki betur en að hv. þingmaður væri einmitt að leggja áherslu á að aukinn þrýstingur væri, aukinn áhugi, nálgunaráhugi innan Framsóknarflokksins við Evrópusambandið, sem þýddi í rauninni bara aðildaráhugi.

Ég velti því fyrir mér hvað fer að verða eftir af hinum gömlu gildum Framsóknarflokksins. Formaður Framsóknarflokksins var annar aðilinn sem tók ákvörðun um innrásina í Írak. Það hefur verið aðalsmerki íslensku þjóðarinnar eftir að hún hlaut sjálfstæði að vera ekki aðili að hernaðarátökum og allra síst þeir framsóknarmenn sem ég þekki og voru eitt sinn framsóknarmenn mundu hafa stutt innrásina í Írak. Og nú þegar til viðbótar koma inngönguvæntingar í Evrópusambandið er mér spurn: Er kapphlaupið um miðjuna eða að vera hægra megin við miðjuna svona mikið hjá Framsókn að þetta er líka að falla? Að Framsóknarflokkurinn og Samfylkingin muni hafa kapphlaup um aðildarumsóknir að Evrópusambandinu á næstunni.

Ég hef minnst á innrásina í Írak og það hefur komið fram í umræðum að stjórnmálamenn og leiðtogar víða um heim sem voru meira að segja hallir undir og studdu innrásina í Írak á sínum tíma hafa jafnvel beðist afsökunar og harmað aðild að henni. Það hafi verið gert af misskilningi og á röngum forsendum. Við heyrum að Bush Bandaríkjaforseti á verulega undir högg að sækja og hefur aldrei verið óvinsælli en nú einmitt vegna innrásarinnar í Írak. Þá hlýtur maður að bíða eftir því að íslenskir forustumenn í stjórnmálum, hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, sem stóð að því að styðja viljayfirlýsingu um innrásina í Írak og hæstv. utanríkisráðherra og núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins sem hlýtur að axla ábyrgð fyrirrennara síns á innrásinni í Írak. Hvenær er að vænta að þeir biðji þjóðina afsökunar á þeim hryllilega gjörningi að styðja innrásina í Írak?

[17:16]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður vék sérstaklega að ræðu minni frá því í morgun varðandi Evrópusambandið. Það er nú ekki þannig að eitthvert kapphlaup sé í gangi um að ganga í Evrópusambandið, það er alls ekki þannig. En í ræðu minni dró ég fram þá staðreynd að unga fólkið í flokknum hefur jákvæðari stefnu gagnvart Evrópusambandinu en við höfum áður séð.

Ég get í stuttu andsvari sagt við hv. þm. Jón Bjarnason að Samband ungra framsóknarmanna ályktaði á sínu síðasta sambandsþingi. Ég ætla ekki að lesa alla þá ályktun en í henni stendur, með leyfi virðulegs forseta:

„Það liggur hér fyrir að Íslendingar afsala sé meiru af sjálfsákvörðunarrétti utan ESB en innan. Því telur þing SUF að það þjóni hagsmunum Íslands að hefja nú þegar vinnu við samningsmarkmið með aðild að ESB í huga og skal sú vinna hefjast að frumkvæði forsætisráðuneytisins."

Ungliðarnir hafa sem sagt mótað þessa stefnu á sambandsþingi sínu. Í þessari ályktun segir líka að án viðunandi niðurstöðu úr samningsviðræðum leggist SUF alfarið gegn inngöngu í ESB. En unga fólkið vill skoða þessi samningsmarkmið með aðild í huga. Það kemur líka fram í ályktun frá Félagi ungra framsóknarmanna í Reykjavík suður eftir flokksþingið.

Ég ætla ekki heldur að lesa þá ályktun alla en í lok hennar segir:

„Í umræðum á nýloknu flokksþingi Framsóknarflokksins var áberandi hve stór hluti ungs fólks var jákvæður gagnvart hugmyndum um inngöngu í ESB. Gefur það vísbendingu um að krafa nýrrar kynslóðar framsóknarmanna sé að Ísland skuli ganga til liðs við aðrar þjóðir Evrópu á vettvangi ESB."

Það er því alveg ljóst að unga fólkið í flokknum hugsar um þessi mál. En það er alls ekki þannig að framsóknarmenn hafi ákveðið að ganga í ESB og ekkert kapphlaup er í gangi hvað það snertir. Við erum hins vegar að skoða samningsmarkmið eins og flokksþingið ákvað.

[17:19]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekkert að finna að því að fulltrúar Framsóknarflokksins séu farnir að tala skýrar um væntingar sínar um aðild að Evrópusambandinu. Það er heiðarlegt að koma fram með þá skoðun og mér finnst hv. þm. Siv Friðleifsdóttir heiðarleg í því efni. Þessi umræða er í gangi innan flokksins og við höfum líka heyrt það frá formanninum. Við höfum líka heyrt þetta orð, orðið samningsmarkmið, frá öðrum flokki og er það hluti af viðræðustjórnmálum þess flokks. Í þessu er fullur samhljómur á milli Framsóknarflokks og Samfylkingar.

Ég er ekkert að draga í efa að hv. þingmaður sé að vitna til ályktana ungra framsóknarmanna. Ég vil þó minna á að það er til fleira ungt fólk en það sem skipar ráðir Félags ungra framsóknarmanna, fólk sem er þá annarrar skoðunar.

Ég minnist þess að hafa heyrt í fréttum um skoðanakönnun úr Reykjavík um fylgi hinna ýmsu flokka. Þar var látið að því liggja að enginn ungur kjósandi hefði gefið sig fram sem ætlaði sér að styðja Framsóknarflokkinn. Hvort það er vegna stefnunnar í Evrópumálunum veit ég ekki, enda er kannski ekki svo mikið mark takandi á skoðanakönnunum en þetta var þó engu að síður nefnt, frú forseti.

[17:21]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Það er ánægjulegt að heyra að hv. þingmaður gleðst yfir því að ég er að reyna að upplýsa hver stefna okkar er og hvað hefur verið til umræðu á vettvangi flokksþingsins og í flokknum.

Í aðdraganda flokksþingsins komu fram drög að ályktun

sem var miklu jákvæðari gagnvart Evrópusambandinu en niðurstaðan varð. Hópurinn sem undirbjó flokksþingið setti fram nokkuð brattan texta sem féll ekki í góðan jarðveg á flokksþinginu. Þeim texta var því breytt og niðurstaðan varð ekki eins jákvæð og ályktunardrögin sem komu inn. Það er því alveg ljóst að í Framsóknarflokknum er talsverð andstaða við Evrópusambandið, það held ég að hv. þm. Jón Bjarnason viti og flestir aðrir þingmenn. Flokkurinn er ekki upp til hópa jákvæður gagnvart Evrópusambandinu.

Ég dró það fram að unga fólkið virðist vera mun upptekna af þessu máli, það fólk sem er virkt í flokksstarfinu. Það endurspegla þær ályktanir sem ég hef rætt hér og þá er kannski mest mark takandi á ályktun frá Sambandi ungra framsóknarmanna, sem eru heildarsamtökin. Það er kannski vafasamara að vísa í einstakar samþykktir frá einstökum félögum. En sambandsþing ungra framsóknarmanna telur að það eigi að vinna við samningsmarkmiðin með aðild að ESB í huga. Þau hafa þá stefnu en það er ekki stefna Framsóknarflokksins. Þar er ekki notað orðalagið „með aðild í huga“ heldur „með hugsanlega aðild í huga“. Við erum ekki búin að ákveða að fara í aðildarviðræður en við viljum skilgreina samningsmarkmiðin og við viljum gjarnan ræða þessi mál.

[17:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mjög gott að forusta Framsóknarflokksins er farin að tala skýrar um væntingar sínar um aðild að Evrópusambandinu. Þá vita hugsanlegir kjósendur og hugsanlegir fyrrverandi kjósendur þeirra hvað á borðum er.

Ég er reyndar algjörlega andvígur því að menn velti fyrir sér aðild að Evrópusambandinu, það er mín skoðun og míns flokks. En forusta Framsóknarflokksins telur að það eigi að fara út í þann dans. Samningsmarkmið verða ekki skilgreind á annan hátt en þann að sótt verði um aðild og séð hvað gerist. Það tekur enginn upp viðræður við annan aðila undir öðrum formerkjum og það hafa fulltrúar Evrópusambandsins sagt. Það að Félag ungra framsóknarmanna skuli álykta á þennan veg dregur skýrar fram áhuga flokksins á að ganga í Evrópusambandið. Það tel ég nauðsynlegt. Þá vita væntanlegir kjósendur og fyrrverandi kjósendur Framsóknarflokksins hvert stefna flokksins er að þróast, eins og hv. þingmaður hefur lýst hér, og gera það þá upp við sig í kosningum hvort þeir styðja þá stefnu flokksins að vinna að aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

Ef hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kemur aftur í ræðustól, frú forseti, væri líka fróðlegt að vita hvort Félag ungra framsóknarmanna hefur hvatt formann Framsóknarflokksins til þess að biðjast afsökunar á Íraksstríðinu.

[17:25]

Útbýting:

Aldur og menntun á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu, 231. mál, svar forsrh., þskj. 366.

Atvinnumál á Ísafirði, 339. mál, fsp. KHG, þskj. 373.

Brú yfir Jökulsá á Fjöllum, 335. mál, fsp. HBl, þskj. 369.

Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu, 337. mál, fsp. JóhS, þskj. 371.

Fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar, 334. mál, fsp. SJS, þskj. 368.

Íbúðalán banka og sparisjóða, 336. mál, fsp. KHG, þskj. 370.

Landsvirkjun, 341. mál, fsp. KHG, þskj. 375.

Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, 331. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 363.

[17:25]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir ræðu sína og innlegg í þessa umræðu um utanríkismál. Þar bar margt á góma sem ástæða er til að taka til umfjöllunar hér á hinu háa Alþingi og ég vil víkja að fáeinum atriðum sem komu fram í ræðu hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi vil ég fagna því sem fram kemur í upphafi ræðunnar að samstaða hafi ríkt hér á landi um framboð Íslands til setu í öryggisráðinu og vænti þess að deilur sem stóðu um það mál fyrr á þessu ári hafi verið leiddar til lykta. Ég fagna því að menn geti undið bráðan bug að því að vinna að stuðningi við framboð Íslands til setu í öryggisráðinu og ekki verði um að ræða misstemmingar í því máli eins og heyra mátti um tíma.

Í öðru lagi tek ég undir það sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra að trúverðugleiki Sameinuðu þjóðanna veltur á því að stofnanir samtakanna geti tekið á brýnum vandamálum. Þess vegna er t.d. nauðsynlegt að gera breytingar á öryggisráðinu og skipan þess. En trúverðugleiki Sameinuðu þjóðanna veltur líka á því að aðildarþjóðirnar virði stofnsáttmála samtakanna og fari eftir þeim leikreglum sem þær hafa komið sér saman um en taki ekki reglurnar í eigin hendur eins og gerðist í Íraksstríðinu með slæmum afleiðingum fyrir Sameinuðu þjóðirnar og fyrir þau ríki sem að því stóðu. Það er óþarft að fara nánar yfir Íraksmálið, aðdraganda þess og rökstuðning fyrir því að ákveðin ríki ákváðu upp á sitt eindæmi, án stuðnings samtakanna, að hefja innrás í Írak, en ég hygg að mönnum eigi að vera það ljóst að þar var ekki stigið gæfuspor, hvorki fyrir Sameinuðu þjóðirnar né fyrir þau ríki sem að því stóðu.

Það er mikilvægt að menn nái samkomulagi á grundvelli þess ramma og leikreglna sem menn hafa komið sér saman um. Ef leikreglurnar eru að einhverju leyti ófullnægjandi eiga menn að vinna að því að breyta þeim. Ég get svo sem tekið undir það, eins og fram kom í máli mínu um öryggisráðið, að vissulega er ástæða til að endurskoða ýmsa þætti í starfsemi Sameinuðu þjóðanna.

Í þriðja lagi vil ég geta þess að mér finnst mjög nauðsynlegt að Alþingi ræði stöðu hersins hér á landi og samninginn við Bandaríkjamenn um varnir landsins. Málið hefur þróast með þeim hætti að það er nokkuð ljóst að sú skoðun er mjög viðtæk í Bandaríkjunum eða hjá bandarískum stjórnvöldum að ekki sé þörf á þeim her hér á landi, a.m.k. ekki í þeim mæli sem verið hefur og hugsanlega yfir höfuð engin þörf á her af þeirra hálfu. Þetta mat þeirra liggur nokkuð ljóst fyrir og við þurfum að ræða málin af okkar hálfu og skýra það hvert okkar mat er við þær aðstæður sem menn telja að ríki í heiminum.

Það er a.m.k. eitt sem er ástæða til að fagna í þessum efnum, því mati Bandaríkjamanna og eflaust fleiri sem

byggir á því að menn álíta að friðvænlegt sé í þessum heimshluta og að Íslendingum stafi ekki ógn af öðrum þjóðum. Það er vissulega ástæða til að draga það fram og fagna því mati. Að mínu mati hljótum við að móta stefnu okkar dálítið, að verulegu leyti reyndar, út frá slíku mati. Það var upphaflega aldrei meiningin að hafa her hér á landi ef ekki væri talin nein hætta sem steðjaði að landinu. Ég minni á yfirlýsingar allra stjórnmálaflokka um það efni á sínum tíma og heitstrengingar um það að her væri hér á landi aðeins öryggisins vegna og aðeins svo lengi sem þurfa þætti.

Ég vil svo, virðulegur forseti, víkja að Evrópusambandinu og umræðum um aðild Íslendinga að því. Þegar menn taka slíkt mál til umræðu — sem eðlilegt er að gera því að málið er stórt og eðlilegt að Íslendingar, eins og aðrar Evrópuþjóðir, velti því fyrir sér hvort þeir eigi erindi inn í Evrópusambandið og hvaða ávinning þeir kunni að hafa af aðild og hvaða ókostir kunni að fylgja — þurfa þeir auðvitað fyrst að gera sér grein fyrir því hvaða Evrópusamband um er að ræða. Hvers konar Evrópusamband er það sem menn tala um að ætla að ganga inn í? Inn í hvaða Evrópusamband á Ísland að ganga? Er það það Evrópusamband sem er í dag eða er það það Evrópusamband sem mikill vilji er til meðal ýmissa stjórnmálamanna og embættismanna, Evrópusambandið sem borið var undir kjósendur í nokkrum löndum Evrópu fyrr á þessu ári þegar þeir voru beðnir um að samþykkja hina svokölluðu stjórnarskrá Evrópusambandsins? Er það það Evrópusamband sem menn eru að tala um að við eigum hugsanlega að ganga inn í?

Svarið hlýtur auðvitað að vera: Ef við erum að hugsa um að ganga inn í eitthvert samband er það eins og við teljum að það verði á komandi árum en ekki eins og það er nú. Og hvað er það sem menn stefna að, virðulegi forseti, í þessum efnum? Jú, menn stefna að einhverju sambandi sem hefur stjórnarskrá. Hvað er það sem hefur stjórnarskrá? Það eru ríki, þau hafa stjórnarskrá. Það er ein stjórnarskrá fyrir Ísland og ein fyrir hverja aðra Evrópuþjóð, og þegar menn setja sér stjórnarskrá fyrir Evrópusambandið eru menn að segja: Við erum að stefna að einu ríki. Þegar menn stefna að einu ríki stefna menn að mikilli miðstýringu, mikilli samþjöppun valds og það Evrópusamband skulum við þá ræða hvort mönnum finnist álitlegt að Ísland gangi inn í.

Ég segi nú, virðulegur forseti, að það er mikil trú sem menn hafa á stöðu Íslands og afli ef þeir halda að Ísland hafi mikil áhrif, ef nokkur, inni í slíku Evrópusambandi sem telur eitthvað á fimmta hundrað milljónir manna. Það er eins og, mér liggur við að segja, virðulegur forseti, krækiber í ónefndum stað. Það er ekki líklegt að menn fái miklu þokað um mál fyrir hagsmuni sína og sinnar þjóðar þegar þeir eru komnir inn í slíkt bandalag eða sambandsríki.

Ég held að menn þurfi ekki að hugleiða málið mikið til að gera sér grein fyrir því að í stjórnríkjasambandi með sameiginlega stjórnarskrá og ýmsan sameiginlegan rétt og skyldur eru auðvitað stór hagsmunamál eins og auðlindir á sameiginlegu borði. Viðfangsefnið er að dreifa ávinningnum af auðlindunum, arðinum af þeim til allra íbúa sambandsins, ekki bara til þess ríkis sem auðlindin er í. Það er bara blekking að halda því fram að menn gætu innan Evrópusambands framtíðarinnar, ef það verður til, haldið öllum arði af sjávarútveginum íslenska innan íslenska efnahagskerfisins. Það er bara blekking. Menn eiga ekki að reyna að halda því fram vegna þess að það mun ekki verða svo.

Ef við horfum á kennitölur um stöðu íslenska þjóðfélagsins, efnahag íslensku þjóðarinnar, styrk íslenska hagkerfisins og berum saman við Evrópusambandslöndin spyr ég: Eftir hverju erum við að sækjast? Hvað er það sem á að bæta okkur í þessum efnum þar sem atvinnuleysið er fjórfalt til fimmfalt meira en hér á landi? Ég held, virðulegur forseti, að það verði erfitt fyrir þá sem vilja tala fyrir því að ganga inn í sambandsríki framtíðarinnar og sannfæra íslensku þjóðina um að það séu einhverjir hagsmunir í því máli sem færi lífskjör þjóðarinnar fram á veginn.

Það gengur meira að segja ekki vel að sannfæra íbúa einstakra Evrópusambandslanda um fyrirheitna landið. Frakkar felldu stjórnarskrá Evrópusambandsins með 10 prósentustiga mun í maílok á þessu ári. Hollendingar felldu þessa stjórnarskrá líka með yfirgnæfandi mun, þ.e. 24 prósentustiga mun, nokkrum dögum seinna. Málið er út af borðinu í bili. Menn eru að hugsa sitt ráð í þessu bandalagi og velta fyrir sér hvernig þeir eigi að geta komist áfram með það þrátt fyrir þessa andstöðu. Þannig er umræðan hjá ráðamönnum í Evrópusambandinu um þessar mundir.

Ég vil svo víkja að Evrópustefnu Framsóknarflokksins sem hér hefur nokkuð borið á góma. (Gripið fram í.) Hv. þm. Jón Bjarnason getur helst ekki komið upp í ræðustól öðruvísi en að nefna Framsóknarflokkinn í annarri hverri setningu, (**JBjarn:** Og fyrrverandi framsóknarmenn.) og fyrrverandi framsóknarmenn í hinni setningunni. Það er dálítið merkilegt að maður sem hefur lagt fyrir sig stjórnmál á einhverjum pólitískum grundvelli sem hann aðhyllist skuli eyða öllum sínum kröftum í að ræða um annan stjórnmálaflokk sem hann aðhyllist ekki. Ég held að miðað við úrslit síðustu alþingiskosninga megi draga þá ályktun að hv. þingmanni hafi mistekist hrapallega við að sannfæra kjósendur um að sú stefna sem hann boðar eigi nokkurt erindi til kjósenda. Hann var innan við hálfdrættingur á við Framsóknarflokkinn í þeim kosningum þannig að ég held að hann ætti ekki að hælast svona mikið um eða hafa svona miklar áhyggjur af Framsóknarflokknum. Ég held að hann ætti fyrst og fremst að hafa áhyggjur af sínum flokki og árangursleysi hans. Það er ekki nóg að vinna í könnunum á milli kosninga, menn þurfa nefnilega að vinna í kosningum líka. Það er það eina sem gildir.

Það er fljótgert að rekja Evrópustefnu Framsóknarflokksins, hún er ákaflega skýr. Framsóknarflokkurinn er andvígur aðild að Evrópusambandinu. (**Gripið fram í:** Fínt.) (**Gripið fram í:** Ha?) Andvígur aðild að Evrópusambandinu. Það kom ákaflega skýrt fram á síðasta flokksþingi og fyrri flokksþingum. Ég bara bið hv. þingmann að hafa það alveg á tæru og efast ekki um það.

Hins vegar hafa menn unnið á grundvelli Evrópuskýrslu sem ákveðinn starfshópur tók saman fyrir nokkrum árum og þar hefur verið lagt til að menn vinni að því að skilgreina samningsmarkmið. Það kom t.d. fram á flokksþinginu 2003 og aftur á flokksþinginu 2005. Það er ekki nema eðlilegt að menn á hverjum tíma fylgist með því hvaða markmið menn ættu að hafa í samskiptum sínum við Evr-

ópusambandið, eftir hverju menn ættu að sækjast og hvað það er sem þeir ættu að varast, hvaða ávinning menn gætu haft og hvern ekki. Það er eðlilegt að fylgjast með því á hverjum tíma hvernig sú staða er og það er það sem ályktað hefur verið um í þessum efnum, virðulegi forseti. En það að vinna að mótun samningsmarkmiða er ekki ákvörðun um að undirbúa aðildarviðræður, ekki ákvörðun um að fara í aðildarviðræður og ekki ákvörðun um að ganga inn í Evrópusambandið. (**Gripið fram í:** Til hvers ... aðild ...?) Eins og ég rakti, til þess að menn geri sér grein fyrir kostunum á borðinu. (Gripið fram í.)

Ef menn skoða samþykkt síðasta flokksþings Framsóknarflokksins liggur það fyrir (**JBjarn:** Prófa að biðja ...?) að áður en menn ætli að undirbúa aðildarviðræður þurfi að fá samþykkt á flokksvettvangi fyrir því. Í öðru lagi, áður en menn ætli að sækja um aðild þarf að kalla saman flokksþing og fá samþykkt fyrir því. Flokkurinn hefur engin skref stigið sem hægt er að túlka sem vilja til þess að ganga inn í Evrópusambandið. Hins vegar liggur ljóst fyrir að auðvitað eru til flokksmenn sem hafa áhuga á því (Forseti hringir.) en það er ekki stefna flokksins.

[17:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þó að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sé nú sennilega talinn vera í Framsóknarflokknum eru áhöld bæði af flokksins hálfu og annarra um hvort hann sé alltaf að tala í nafni Framsóknarflokksins. Mér finnst hann ekki vera að tala í nafni hans nú, ekki þegar við berum saman við ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, ritara Framsóknarflokksins sem hefur verið talsmaður hans í þessari umræðu, sem hefur sagt alveg skýrt að flokkurinn sé að hneigjast til aðildarumsóknar að Evrópusambandinu og bent á að menn sætu uppi með einhverja gamlingja sem væru enn þá þeirrar skoðunar að ekki ætti að gera það en unga fólkið sem væri að taka við væri þeirrar skoðunar að það ætti að ganga lengra í aðildarumsókn. Ég veit ekki hvort hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flokkast þá í þann hóp sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir talaði um að þyrfti að bíða eftir að færi, ef ég nota mín orð fyrir hennar.

Ég velti fyrir mér, frú forseti, hvort hinn almenni framsóknarmaður verði nokkuð spurður. Ákvarðanir innan Framsóknarflokksins í meiri háttar málum hafa yfirleitt verið teknar af tiltölulega fámennum hópi. Var hinn almenni framsóknarmaður spurður þegar innrásin í Írak var studd? Var þingflokkurinn nokkuð spurður um það hvort styðja ætti innrásina í Írak? Var einhver lýðræðisleg ákvörðun tekin í svoleiðis stórpólitísku máli? Mig minnir að þvert á móti hafi einmitt verið sagt að þetta hafi verið einhliða ákvörðun örfárra manna og að þingflokkurinn og aðrir aðilar innan Framsóknarflokksins hafi ekkert komið þar að. Verður ekki sami háttur hafður á varðandi hugsanlega aðild að Evrópusambandinu, frú forseti?

[17:43]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að menn verði að halda sig dálítið við málefnið sem hér er til umræðu í stað þess að rjúka í svona skætingsummæli eins og komu fram hjá hv. þingmanni í síðustu ræðu hans. Ég held að menn vinni ekkert með pólitískri umræðu um málefni sem fer inn á þær brautir.

Ég hef leyft mér hér, virðulegi forseti, að rekja stefnu Framsóknarflokksins svo að menn velkist ekki í neinum vafa um það hver hún er. Það er alveg ljóst og menn geta flett því upp í skjölum og samþykktum flokksins að grundvöllurinn að stefnu hans gagnvart Evrópu er að vinna á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Það verður ekki fyrr en að menn meta þann samning ekki lengur fullnægjandi sem menn verða sammála um að taka til umræðu aðra kosti. Enginn hefur lagt fram það mat að slíkt sé uppi og meðan höfum við þá stefnu að vinna á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og þeirra samþykkta sem við höfum gert sem eru þær, eins og ég kom að áðan, að skilgreina samningsmarkmið þannig að menn viti á hverjum tíma hverjir kostirnir og gallarnir eru og hvað það er sem við viljum sækjast eftir í samskiptum okkar við Evrópulönd. Þannig getum við alltaf borið það saman við þá stöðu sem við erum í. En það liggur alveg ljóst fyrir að áður en menn fara að undirbúa aðildarviðræður þarf að fá sérstaka samþykkt í flokknum fyrir því og áður en menn taka síðan ákvörðun um að fara í aðildarviðræður þarf að kalla saman flokksþing. Þetta liggur fyrir í samþykktum flokksins.

Ég held að menn eigi ekkert að deila um þetta. Það liggur bara svona, virðulegur forseti, að staðan er ákaflega skýr í þessum efnum. Mér finnst eins og hv. þm. Jóni Bjarnasyni séu það nokkur vonbrigði en það verður hann auðvitað að eiga við sig.

[17:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek það ekkert nærri mér þó að Framsóknarflokkurinn hafi þessi stjórnsýslulegu vinnubrögð. Ég spurði áðan hv. þingmann hvernig það hefði verið með ákvörðunartökuna um innrásina í Írak, stuðning við innrásina í Írak: Lá þar lýðræðisleg ákvörðun að baki? Hefur hv. þingmaður óskað eftir því innan flokksins að sá stuðningur verið dreginn til baka og þjóðin beðin afsökunar?

Hvað flokkssamþykktir varðar þá dreg ég ekki í efa mismikla sögupekkingu þingmannsins á þeim. Ég var einmitt að hlusta á upprifjun frá þingmanninum um ályktanir flokksins um hlutafélagavæðingu og einkavæðingu Ríkisútvarpsins og Rariks. Þar bar mönnum alls ekki saman. Formaður Framsóknarflokksins, hæstv. forsætisráðherra, og hæstv. iðnaðarráðherra voru með allt aðra söguskýringu en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson um samþykktir flokksins um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Hvað varðar samþykktir flokksins frá fyrri árum þá sagði jú hæstv. iðnaðarráðherra eitthvað á þessa leið: Ja, það hafa nú komið nokkrar samþykktir síðan. Sögupekking hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar á samþykktum Framsóknarflokksins er vafalaust mikils virði en kannski verður lítið farið eftir þeim.

[17:47]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki alveg nógu gott að flýja yfir í annað mál þegar menn eru að ræða hér skýrslu um ut-

anríkismál. Við skulum ræða þau mál þegar að þeim kemur en halda okkur við það efni sem er á dagskrá sem eru utanríkismálin.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að mér finnst eins og viðbrögð hv. þingmanns einkennist af vonbrigðum (Gripið fram í.) sem er nokkurt undrunarefni. Ég veit ekki betur en ég sé að lýsa stefnu sem er mjög svipuð því sem hv. þingmaður boðar fyrir hönd síns flokks. Ég hélt að menn ættu að gleðjast yfir því að skoðanir lægju að einhverju leyti saman, og jafnvel að verulegu leyti, í stóru máli. En það er eins og hv. þingmanni finnist þetta ómögulegt og sé að reyna að tala málið út af borðinu. Kannski vill hann ekki að þær skoðanir sem hann aðhyllist nái fram að ganga, kannski vill hann ekki að aðrir séu sammála honum, kannski vill hann sitja einn að skoðunum sínum.

Það leiðir til þeirrar niðurstöðu, virðulegur forseti, að skoðanir hans ná ekki fram að ganga og ég held að það hljóti að vera hv. þingmanni umhugsunarefni að stefna málinu frekar í þann farveg en að ná ávinningi. Ég dreg það fram að í þessum málum eigum við verulega samleið, a.m.k. hvað varðar þá niðurstöðu að vera ekki hlynntir því að ganga í Evrópusambandið.

[17:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að meðganga það að ég er svolítið ruglaður í stefnu Framsóknarflokksins í þessu máli, þ.e. hugsanlegri aðild að Evrópusambandinu. Það er vegna þess að á síðasta kjörtímabili, því sem var á undan því sem nú er að líða, og reyndar eftir það líka, tók formaður Framsóknarflokksins margoft upp umræðu um Evrópumál, stóð reyndar fyrir þeirri umræðu hvað eftir annað. Ég held að öll þjóðin hafi skilið það á þann veg að hann teldi fulla ástæðu til þess að velta þessum málum mjög alvarlega fyrir sér.

Annað á ég erfitt með að skilja. Hv. þingmaður hélt því fram að stefna Framsóknarflokksins væri skýr, það á ekki að huga í alvöru að Evrópusambandsaðild. En hvers vegna í ósköpunum ákveður slíkur flokkur þá að fara út í það að undirbúa samningsmarkmið? Það finnst mér ekki eðlileg niðurstaða ef menn líta ekki þannig á að reynt geti á það að nýta sér þau markmið í samningaviðræðum um aðild. Þess vegna verð ég að viðurkenna að ég er eiginlega fjær því að skilja almennilega stöðu Framsóknarflokksins í þessum málum eftir ræðu hv. þingmanns.

[17:51]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ákaflega skynsamlegt að menn reyni að gera sér grein fyrir því á hverjum tíma hvaða kostir eru í stöðunni og á hvern hátt staðan gæti breyst. Framtíðin er nú einu sinni óráðin, menn vita ekki hvort aðstæður breytast og menn fari að meta mál á annan hátt en nú er. Það er því eðlilegt að menn meti hugsanleg samningsmarkmið í samskiptum sínum við önnur ríki, í þessu tilviki við Evrópusambandið. Það er til að fá upplýsingar um þá kosti sem eru í boði og bera þá saman við það sem er. Í því felst ekki að menn vilji breyta því sem er, það er önnur ákvörðun.

Ég held því að hlutirnir séu ákaflega skýrir, virðulegi forseti. Hins vegar finnst mér að hv. þingmaður megi gjarnan útskýra fyrir okkur hvers vegna flokkur hans vill ganga í Evrópusambandið. Mér finnst að hann eigi að reyna að segja okkur það í örfáum orðum hver ávinningur Íslendinga að slíkri aðild á að vera. Mér finnst það miklu meira mál sem þarf útskýringar við. Ef menn ætla að breyta því sem er þurfa menn að hafa rök fyrir því. Þeir þurfa að geta dregið þau rök fram og sýnt fólki fram á að í breytingunni felist einhver ávinningur. Það finnst mér algerlega hafa vantað í málflutning flokks hv. þingmanns í þessum efnum. Þeir eiga heilmikið verk óunnið í því að leggja á borðið röksemdir fyrir þeirri stefnu sem þeir aðhyllast í þessu máli.

[17:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst munurinn á stefnu Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar í þessum málum vera sá að báðir flokkarnir hafa ákveðið að skilgreina samningsmarkmið — annar flokkurinn í einhverjum vísindalegum tilgangi, hinn í þeim yfirlýsta tilgangi að nýta sér þann möguleika að sækja um aðild að Evrópusambandinu, eftir það þurfi að leggja niðurstöðuna fyrir flokkinn og síðan fyrir þjóðina. Í slíku ferli kemur auðvitað fram hvort ávinningur er að aðild eða ekki.

Það vita allir að við erum nánast aukaaðilar að Evrópusambandinu. Við göngumst undir stóran hluta af reglum sambandsins en erum utan við það og höfum ekki áhrif með þeim hætti sem þeir sem eru innan þess hafa. Það er því full ástæða til að menn skoði hlutina í alvöru en ekki eingöngu í einhverjum vísindalegum tilgangi eins og hv. þingmaður er að lýsa. Ég er reyndar sannfærður um að það er eins með Framsóknarflokkinn í þessu máli og verið hefur í svo mörgum öðrum málum að hann er í tvennu lagi hvað viljann varðar. En flokksforustan verður ævinlega ofan á að lokum og það eigum við eftir að sjá í þessu máli eins og öllum öðrum.

Við vitum það t.d. að á sínum tíma studdi flokksforustan aðild að NATO og það að herinn væri hér en meiri hluti flokksmanna, eða svo til, var í Samtökum hernámsandstæðinga og studdi það að herinn færi úr landi. Þannig hefur þetta verið. Helmingurinn af flokknum var með því að samþykkja EES-samninginn en helmingurinn var á móti því, þá er ég að tala um þingflokkinn. Það hvarflar að mér að flokkurinn sé álíka staddur í þessu máli og þeim málum sem ég nefndi.

[17:55]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er verulegur munur á stefnu Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins í þessu stóra máli. Samfylkingin hefur ákveðið að hún ætlar að berja að dyrum til þess að komast inn. Þeir sem fara í viðræður með því hugarfari ætla sér að komast alla leið, þeir ætla sér ekki að komast að því á leiðinni hvort þeir vilja fara inn. Það er ekki þannig, virðulegi forseti.

Stefna Samfylkingarinnar er skýr, þeir segja: Við ætlum að berja að dyrum og við ætlum inn. Framsóknarmenn segja hins vegar: Við ætlum að vera þar sem við erum og

við höfum ekki tekið neina ákvörðun um að berja að dyrum.

[17:56]

Útbýting:
Sjófuglar, 338. mál, fsp. MÁ, þskj. 372.

[17:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram hefur fyrir ýmissa hluta sakir verið athyglisverð, hún hefur þróast út í almenn skoðanaskipti og ekki síst samanburð á stefnu flokka í hinum ýmsu málum. Framsóknarflokkurinn og Samfylkingin hafa sérstaklega verið að mæla sig hér saman, a.m.k. í tveimur viðamiklum málum, annars vegar hvað varðar viðhorf til veru Bandaríkjahers hér í landinu og hins vegar hvað varðar Evrópumál.

Um þessa Evrópuumræðu ætla ég svo sem ekki að fjölyrða. Ég hef satt best að segja ekki tilfinningu fyrir því að þau mál eigi eftir að verða mjög ofarlega á baugi í þjóðmálaumræðunni á Íslandi allra næstu missiri. Í Noregi ríkir kyrrstaða í þessum málum eða öllu heldur stöðugt ástand, ný ríkisstjórn er tekin við völdum og hefur það ekki á stefnuskrá sinni að hreyfa við Evrópusambandsmálinu eða aðildarmálinu og skoðanakannanir sýna vaxandi andstöðu Norðmanna við aðild að Evrópusambandinu ef eitthvað er.

Í Bretlandi er búið að fresta öllum hugmyndum um að kjósa um evruna og skoðanakannanir sýna sterkan meiri hluta fyrir því að Bretar gangi úr Evrópusambandinu, sem er ákaflega athyglisvert satt best að segja. Í Svíþjóð og Danmörku eru kosningar eða hugmyndir um endurtekningu á kosningum um aðild að evrunni ekki á dagskrá og ekki ljóst hvaða stefnu þessi mál taka í Danmörku í ljósi þess að fyrirhugaðar kosningar um stjórnarskrá Evrópusambandsins eru úti af borðinu eftir að Frakkar og Hollendingar kolfelldu stjórnarskrárdrögin.

Það er því fátt sem bendir til þess, og ekki síður ef hugað er að stöðu Íslands, að þessi mál muni brenna mjög á mönnum hér á næstu missirum. Það er að vísu þannig að það gætir ákveðinnar þráhyggju eða nauðhyggju hjá vissum stjórnmálaöflum að reyna að nudda áfram með þetta mál en á afar óljósum forsendum þó. Ég verð að segja eins og er að ég hef engan botn fengið í þetta tal um að skilgreina samningsmarkmið, að það sé eitthvað rosalega brýnt og mikið og stórt verkefni áður en menn taka ákvörðun um það hvort þeir ætla að ganga í Evrópusambandið eða ekki. Bíddu, er það svona rosalega flókið og mikið? Er þetta nú ekki hálfvandræðalegt?

Auðvitað snýst þetta ósköp einfaldlega um það hvort pólitískur áhugi er á því og vilji til þess að ganga í Evrópusambandið eins og það er eða ekki. Evrópusambandið er eins og það er. Halda menn að það verði endurskipulagt ofan í grunninn, ofan í kjölinn til þess eins að passa fyrir Ísland? Nei.

Það liggur nú fyrir að ný aðildarríki eiga ekki kost á neinum varanlegum undanþágum frá reglum Rómarsáttmálans og regluverki Evrópusambandsins, því að ef það er eitthvað sem kontóristarnir í Brussel hata þá eru það undanþágur. Enda er ekki hægt að stjórna sambandi ríkja, 25 stykkjum, ef hvert og eitt hefur alls konar klæðskerasaumaðar undanþágur, það gefur augaleið.

Þess vegna hatast Evrópusambandið við þær undanþágur sem hafa af sögulegum ástæðum dagað þar uppi, sérstaklega hjá Dönum. Það þarf enginn að hafa af því neinar minnstu áhyggjur eða gera sér neinar minnstu vonir um það að Ísland hrófli nokkuð við þessu regluverki og fái einhverjar varanlegar undanþágur.

Menn tala hér um hina frægu Berlínarræðu Halldórs Ásgrímssonar. Hvað stendur nú eftir af þeim vangaveltum, m.a. eftir heimsókn yfirmanns sjávarútvegsmála Evrópusambandsins til Íslands á dögunum? Hvað stendur eftir af hugmyndum um það að hægt sé að smeygja sér einhvern veginn framhjá sameiginlegu fiskveiðistefnunni með einhverri sértækri framkvæmd hennar í vestanverðu Atlantshafinu? Ég hef satt best að segja ekki fengið neinn botn í það heldur. Engum hefur tekist að færa nein rök fyrir því að slíkt yrði mögulegt þannig að ekki er mikið eftir í því.

Staðan er sú að þau ríki Evrópu sem eru utan Evrópusambandsins, þau þrjú stóru í Vestur- eða Mið-Evrópu sem það gildir um auk þá Liechtenstein, þ.e. Noregur, Ísland og Sviss, eru þrjú af fjórum best stæðu Evrópuríkjunum. Það er aðeins Lúxemborg innan Evrópusambandsins sem getur státað af sambærilegum tölum hvað varðar verðmætasköpun o.s.frv. Það bendir ekki til þess að það sé alveg að drepa menn að vera ekki í Evrópusambandinu, er það? Nei, mér sýnist það ekki. Ég veit bara ekki annað en menn uni ágætlega sínum hag í Noregi, á Íslandi og í Sviss almennt og gangi þokkalega. Ég sé því ekki alveg rökin fyrir þessu.

Hefur eitthvað breyst sem varðar hagsmuni Íslands? Er Evrópusambandið að einhverju leyti að breytast í þá átt að fýsilegra sé að ganga í það? Einhverjir sem eru á móti samrunaþróuninni og sambandsríkismynduninni mundu kannski segja að það hafi þá verið jákvætt í sjálfu sér að stjórnarskráin var felld og er komin út af borðinu. En þeir ætla ekkert að taka mikið mark á því af því að nú eru þeir að leita leiða til að láta í framkvæmdinni eins og stjórnarskráin hefði verið samþykkt því það er ekki venjan í Evrópusambandinu að taka mikið mark á almenningi ef hann kemst að vitlausri niðurstöðu í kosningu. Írar fengu að læra það. Og nú er verið að hamast við að reyna að koma fótum undir Javier Solana t.d. Af hverju? Af því að búið er að gera hann að sérstökum eiginlega utanríkisráðherra Evrópusambandsins þó það vanti að vísu lagastoðina, þ.e. stjórnarskrána. En það á ekki að segja honum upp, nei, nei, þó að stjórnarskráin sé út af borðinu. Það er bara fundin svona einhver ný leið til að smeygja honum fram hjá og hafa hann í hlutverki. Ég sé ekki að það sé neitt að breytast sem varðar hagsmuni og stöðu Íslands sem gefi tilefni til að skoða það að við sækjum þarna um aðild.

Upp hefur komið sú kostulega umræða að það gæti verið sniðugt að taka upp evru vegna vandans í hagstjórn á Íslandi í augnablikinu. Það er ein allra kostulegasta umræða sem ég hef lengi heyrt því að forsenda þess að taka upp evruna er að ganga í Evrópusambandið. Dettur einhverjum manni í hug að það verði gert bara einn, tveir, þrír, að hægt verði að kippa efnahagsvandanum eða óstjórninni í lag með því að vera kominn inn í Evrópusambandið og kominn með evru í apríl eða helst bara núna fyrir áramótin? Nei, ætli það

tæki ekki nokkur ár. Það þarf að skilgreina samningsmarkmiðin. Það er alveg rosaleg vinna. Við höfum heyrt um það. Síðan þarf fara í viðræðurnar og landa þeim. Síðan er fullgildingarferlið á Íslandi og í öllu Evrópusambandinu sem tæki nú einhver missiri. Svo kemur aðlögunartímabil. Í kjölfar þess að Ísland væri komið inn í Evrópusambandið þarf að máta krónuna við skilyrðin fyrir upptöku evrunnar. Það er talið að það taki a.m.k. tvö ár í viðbót eftir allt samningsferlið, allan fullgildingarprósessinn sem tekur einhver ár. Því er tómt mál að tala um upptöku evru á Íslandi sem lögeyris fyrr en eftir fimm til sjö ár og allt yrði sett á fulla ferð í dag. Það bara blasir við. Ég hef orðað það þannig að það að ætla að lagfæra óstjórn ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, sem auðvitað er mikið vandamál — ég geri ekki lítið úr því — með því að taka upp evru er svona svipað eins og að ætla að gera við þakleka, ef þakið hjá manni lekur, með því að trúa á að það hætti að rigna eftir fimm til sjö ár. Þetta er svona svipuð hugmynd vegna þess að það er líka alveg furðuleg hugsun að það væri jákvætt fyrir okkur að taka upp evru við þessar aðstæður. Nóg um það.

Vegna þess sem ákveðnir ræðumenn hafa nefnt um vestnorrænt og norrænt samstarf vil ég taka undir þau orð. En af því að það er sérstakur dagskrárliður á þinginu síðar í vetur að ræða sérstaklega um það samstarf og skýrslur um það þá geymi ég mér að fjalla um það frekar tímans vegna.

Ég ætla aðeins að víkja betur að, og nánar en ég gat í mínu máli, í fyrsta lagi málefnum íslensku friðargæslunnar sem svo er kölluð í Afganistan og í raun endurtaka að ég fagna því að það á að draga heim eða hætta þátttöku á þeim svæðum í Afganistan sem órólegust eru núna. Ástandið í Afganistan er satt best að segja skelfilegt. Þar eru fá svæði þar sem menn geta verið nokkurn veginn óhultir nema þá helst höfuðborgin Kabúl og varla þó eins og Íslendingar þekkja af eigin raun. Norðmenn hafa ákveðið að draga hermenn sína heim frá Afganistan. Nýja norska ríkisstjórnin er með það á stefnuskrá sinni þannig að ekki verða Íslendingar lengi í sveitum Norðmanna á þessu svæði. Þau tíðindi eru líka að gerast að Bandaríkjamenn eru að gefast upp í Afganistan. Eins og stundum áður ætla þeir öðrum að taka til eftir sig þegar þeir eru búnir að fara um í sínum styrjöldum og kveikja elda. Ástandið í Afganistan er hroðalegt. Þar vaða stríðsherrar og héraðshöfðingjar uppi og ráða lögum og lofum á ákveðnum svæðum. Algert stjórnleysi ríkir á mörgum svæðum í norðanverðu landinu sérstaklega og reyndar sunnanverðu líka. Því er vandséð að íslenskir borgarar þvældir inn í hernaðarleg verkefni vopnaðir og með hernaðartitla eigi mikið erindi á þessum svæðum. Slíkir menn eru verr settir en hvort sem heldur er hermenn sem hafa stöðu sem slíkir eða starfsmenn hjálparsamtaka sem ganga fram undir merkjum Rauða krossins, kirkjusamtaka eða annarra slíkra aðila. Þessi samblöndun er mjög varhugaverð og setur þessa menn í ákaflega vonda stöðu og þarna hafa menn lent inn í mikla ófærð.

Ég vil endurtaka það og koma aðeins inn á það sem hér hefur líka verið rætt í dag um ólöglegt fangaflug. Ég hef lagt fram eða endurnýjað fyrirspurn með beiðni um skriflegt svar sem hæstv. utanríkisráðherra svarar vonandi innan tíðar um leið og hann hefur fengið til þess frekari gögn frá Bandaríkjunum. En ég vil reyndar skjóta því að hæstv. utanríkisráðherra að mér finnst ekki frambærilegt að hengja allt sitt traust á að Bandaríkjamenn, sökudólgurinn sjálfur, skaffi upplýsingar um sjálfan sig. Af hverju leggjast ekki íslensk stjórnvöld í sjálfstæða rannsókn á þessu máli? Það er mikið af gögnum að fá, í fyrsta lagi auðvitað frá íslenskum flugmálayfirvöldum. Í öðru lagi liggja fyrir áreiðanleg gögn úr umfjöllun annarra þjóðþinga og í umfjöllun virtra fjölmiðla sem íslensk stjórnvöld geta að sjálfsögðu skoðað og þurfa ekki hjálp Bandaríkjamanna til. Við erum alveg læs, getum farið yfir þessi gögn sjálf á eigin forsendum. Ég tel að í þessu máli eigi íslensk stjórnvöld að sinna rannsóknarskyldu sinni og ég tel að íslensk lögregluyfirvöld geti ekki látið svona rökstuddar grunsemdir um lögbrot, mannréttindabrot og brot á alþjóðlegum samningum eins og vind um eyru þjóta. Hefur lögreglan ekki þá skyldu að fara ofan í saumana á málum ef rökstuddur grunur leikur á lögbrotum? Þó ekkert væri annað en það að rökstuddur grunur sé um að flugvélar hafi komið hér undir fölsku flaggi, burt séð frá farminum, ef í reynd opinbert flug stjórnvalda er dulbúið og fær ranglega heimildir til yfirflugs sem borgaralegt flug þá er það brot og það á að rannsaka. Ég vona að lögreglustjórinn í Reykjavík eða sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli og þeir herrar allir og ríkislögreglustjórinn séu að hlusta. Ég skora á þá að svara fyrir um það með hvaða rökum þeir aðhafast ekki í málinu.

Síðan finnst mér lágmark að í kjölfar þessarar annars vegar rannsóknar og úttektar stjórnvalda á málinu og síðan þess að lögregluyfirvöld fari yfir málið verði send formleg opinber orðsending til bandarískra stjórnvalda bara þannig að það sé hafið yfir vafa og liggi fyrir — í því felst engin fyrir fram ásökun eða sakfelling — að það sé bara algerlega skýrt að svona lagað vilja Íslendingar ekki hafa, með svipuðum hætti og danskir ráðamenn sáu ástæðu til að gera. Ég var að fara yfir það aftur í pappírum frá danska þinginu og umræðunum á danska þinginu. Þar kemur alveg skýrt í svari ráðherrans við fyrirspurn Franks Aaens að um formlega orðsendingu danskra stjórnvalda til bandarískra var að ræða.

Að síðustu væri fróðlegt að hafa tíma til að ræða þau öryggismál sem talsvert hefur borið á góma undir ýmsum formerkjum. En til þess er takmarkaður tími. Ég vil þó segja að fróðlegt væri að velta því fyrir sér og ræða það, ef hægt væri að fá um það málefnalega umræðu: Hvort halda menn að Íslendingar og Ísland hefði verið öruggara núna í dag eða síðastliðin þrjú ár með eða án bandarísks hers í landinu og með eða án stuðnings við Íraksstríðið?. Er nokkur hérna sem vill koma í þennan ræðustól og færa rök sem halda vatni fyrir því að öryggi Íslands og íslenskra borgara hafi verið meira í heiminum eins og hann er nú um stundir vegna þess að við höfðum í landinu bandarískan her og vegna þess að Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson misnotuðu nafn landsins og lögðu það við ólögmæta innrás í Írak? Nei, ég alveg fullyrði að Álandseyjar eru öruggari með sína griðasamninga við nágrannaþjóðir sínar um að þeir séu vopnlaust svæði, að þeir ógni engum og enginn þurfi að hafa áhyggjur af því að þeir réðust á nokkurn mann og minni hætta er á því t.d. að þeir verði fórnarlamb hryðjuverka eða sviptinga í alþjóðastjórnmálum vegna stöðu sinnar. Það er dapurlegt að ekki skuli vera hægt að fá stundum

málefnalegar umræður um það á breiðum grundvelli hvaða mismunandi leiðir séu færar til að reyna að þróa öryggis- og friðargæslukerfi í heiminum og í einstökum ríkjum eins og Íslandi á einhvern annan hátt með hinum gömlu aðferðum vígbúnaðarins og hervæðingarinnar. Hefur það gefist mjög vel? Er ekki reynslan sú að hafa vopn hafa tilhneigingu til að vera notuð og það væri betra að þau væru alls ekki til? Það er miklu hættuminna að menn leysi úr deilumálum og almennt umgangist hver annan með öðrum aðferðum en þeim að brúka vopn.

[18:12]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er oftast gaman að sitja úti í sal og hlusta á hv. þm. Steingrím J. Sigfússon tala af innlifun og sannfæringu fyrir skoðun sinni. Hér kom hv. þingmaður og gerði mikið grín að okkur sem viljum skilgreina samningsmarkmið í þeim tilgangi að fara í viðræður við Evrópusambandið um hugsanlega aðild Íslands að því góða sambandi. Helst skildi ég það á hv. þingmanni að það væri hlægilegt að vilja vita hvert maður ætlar að fara áður en maður leggur af stað. En ég hélt að það væri einmitt hygginna manna siður að vilja vita hvert maður ætlar áður en maður leggur af stað í ferðalag.

Ég var ekki á þingi þegar umræðan stóð sem hæst um EES-samninginn og hvernig sá samningur liti út fyrir okkur Íslendinga. Ég man þó til þess, verandi bara tittur úti í bæ, að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði ákaflega hart á móti þeim samningi og fann honum allt til foráttu með svipuðum rökum og mér finnst hann vera að gera núna varðandi Evrópusambandið. Því langar mig að spyrja hv. þingmann hvort hann álíti enn þá að sú skoðun sem hann var á á þeim tíma varðandi EES-samninginn hafi verið rétt, hvort hann telji enn þá að EES-samningurinn sé okkur til bölvunar og vandræða eða hvort hv. þingmaður er kominn á sömu skoðun og ég held flestallir landsmenn að það hafi verið gæfuspor að ganga þá leið að verða aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og það hafi verið mikil sprauta inn í íslenskt efnahagslíf að gera svo. Kannski getur hv. þingmaður lýst fyrir okkur hvernig hann héldi að ástandið væri hér ef samþykkt hefði verið að gera hlutina eins og hann vildi á þeim tíma.

[18:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst þarf hv. þingmaður að vita hvernig ég vildi gera hlutina og ekki leggja mér orð í mun eða gera mér upp skoðanir. Ég talaði aldrei um og hef aldrei talað um að EES-samningurinn yrði okkur til bölvunar og vandræða. Ég var þeirrar skoðunar að heppilegra hefði verið fyrir Ísland að ganga frá samskiptum sínum við Evrópusambandið með öðrum hætti, þ.e. að reyna að fá fram einfaldari samning um viðskipti og samvinnu sem hefði í öllum aðalatriðum getað byggt á viðskiptaþáttum EES-samningsins en hefði ekki falið í sér það mikla framsal á ákvörðunarvaldi og ekki þá miklu sjálfvirku yfirtöku ákvarðana, tilskipana og reglna frá Evrópusambandinu sem EES-samningurinn, því miður, hefur fólgna í sér. Ég var þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar enn að það sé mjög hæpið að EES-samningurinn hafi staðist eða standist íslensku stjórnarskrána. Ég vek athygli hv. þingmanns á því að flestir fræðimenn eru að verða í vaxandi mæli þeirrar skoðunar að sennilega hafi hann ekki gert það eða geri það a.m.k. ekki í dag.

Ég held sem sagt að ástandið hér gæti verið alveg prýðilegt ef farin hefði verið sú leið að reyna að leita eftir því við Evrópusambandið að ná fram einfaldari samningum um viðskipti og samvinnu sem hefðu hentað betur okkar aðstæðum. Ég sé enga ástæðu til að óttast annað en að það hefði getað gefist ágætlega. Ég kannast ekki við að Sviss hafi farið á hausinn þó að þeir hafi ekki gengið í Evrópusambandið og þó að þjóðin hafi fellt EES-samninginn. Þeir hafa þar af leiðandi þróað sín samskipti á öðru spori. Þeir hafa gert tvíhliða samninga um einstök mál við Evrópusambandið og það hefur gengið alveg þokkalega. Þeir hafa reynst hafa mjög sterka samningsstöðu reyndar í því máli.

Það var ekki ætlun mín að tala óvirðulega um samningsmarkmiðin sem slík. Ég er einfaldlega að segja að ég hef ekki skilið þetta mikla tal og þessa miklu áherslu sem menn leggja á vinnu við að skilgreina samningsmarkmið Íslands af þeirri ástæðu að samningssvigrúmið er svo lítið. Það er um svo lítið að semja. Þetta gengur í aðalatriðum út á það að ganga í Evrópusambandið eða gera það ekki. Þeir sem hafa verið að gera skýrslur undanfarin ár og meta áhrifin af inngöngu Íslands í Evrópusambandið hafa talið sig geta gert það. Þeir eru í raun að segja með niðurstöðum sínum: Það er svo lítið sem breytist í gegnum einhverjar samningaviðræður af því að samningssvigrúmið er svo lítið að við getum í öllum aðalatriðum lagt mat á það hvað (Forseti hringir.) sé fólgið í því, þ.e. kosti þess og galla að ganga í Evrópusambandið eða gera það ekki.

[18:16]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sem stóð hér á undan mér fékk nokkuð gott svigrúm til að svara andsvari mínu og geri ég engar athugasemdir við það.

Mér heyrist helst á hv. þingmanni að við hefðum, að hans mati á þeim tíma þegar við vorum að velta fyrir okkur aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, átt að reyna að fara fram á sérmeðferð eða öðruvísi leið en ákveðið var að fara. Ég var ekki í þingsölum á þeim tíma. En ef ég man rétt töldu flestir að það að reyna að gera tvíhliða samning við Evrópusambandið á þeim tíma við þær aðstæður sem þar voru uppi hefði ekki reynst fær leið fyrir okkur á Íslandi. Ekki ætla ég að leggja mat á það. Ég vil bara segja í sambandi við Evrópusambandsumræðuna og hugsanlegar aðildarviðræður við Evrópusambandið að ég tel það ábyrgðarhluta af okkar hálfu ef við förum ekki að slá í klárinn í þeim efnum og skilgreina nákvæmlega hvað við viljum ná út úr slíkum viðræðum og til hvers við færum í þær viðræður en ekki eins og lýst hefur verið að Framsóknarflokkurinn sé að gera, þ.e. eingöngu að skilgreina einhver samningsmarkmið bara til að skilgreina samningsmarkmið en helst ekki sækja um aðild. Við viljum sækja um aðild að Evrópusambandinu eftir að samningsmarkmiðin hafa verið skilgreind að því gefnu að niðurstaða samningamanna fyrir

okkar hönd sé ásættanleg fyrir íslenska þjóðarbúið og íslenska þegna.

Hverjum dettur í hug að einhverjir hér á þingi vilji semja við Evrópusambandið og koma heim með samningsniðurstöðu og leggja hana fyrir þjóðina til atkvæðagreiðslu vitandi að slík samningsniðurstaða yrði kannski felld vegna þess hvernig hún lítur út? Að sjálfsögðu reyna menn að skilgreina samningsmarkmiðin fyrst, koma svo heim og leggja þau fyrir þjóðina.

[18:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi aðstæður þegar EES-samningurinn var í undirbúningi þá verða menn að hafa í huga að það var síður en svo sjálfgefið eins og málin þróuðust að Ísland veldi þann kost að ganga alla leið og byggja á EES-samningnum, m.a. vegna þess að þegar lagt er af stað eru þetta samningar milli hóps EFTA-ríkja, svokölluð tveggja stoða leið. Síðan raskast það jafnvægi allt saman með því að ljóst verður að Austurríki, Svíþjóð og Finnland stefna inn í Evrópusambandið. Reyndar gátu menn jafnvel búist við að Noregur gerði það líka. Þá fannst mér merkilegt að ekki skyldi athugað betur hvort Ísland ætti þá ekki strax a.m.k. að hafa svona plan B og það hefði að mínu mati átt að vera að leita eftir einfaldari samningum um viðskipti og samvinnu. Reyndar var það lengi stefna Sjálfstæðisflokksins, vel að merkja, að það skyldi gert eða þangað til hann sneri við blaðinu eftir að hann komst í ríkisstjórn 1991, keypti kannski Viðeyjarstjórnina því verði að kúvenda í þeim efnum.

Varðandi samningsmarkmið og slíka hluti þá vil ég leggja áherslu á tvennt í því efni. Það fyrra er að samningssvigrúmið er svo lítið. Ég tel að það sé svolítið villandi að gera svona mikið úr því — eins og framsóknarmenn og samfylkingarmenn gera að mínu mati aðallega út úr vandræðum sínum því þeir verða eitthvað að gera mennirnir í þessu Evrópumáli. Það er bara eitthvað á sálinni — að það sé svo gríðarleg vinna að skilgreina samningsmarkmiðin af því að samningssvigrúmið er svo lítið. Þetta snýst um að ganga eða ganga ekki inn.

Hið síðara er að það er mikill misskilningur að menn geti farið í aðildarviðræður og samningaviðræður við Evrópusambandið bara í einhverju gríni án þess að hugur fylgi máli. Halda menn að Evrópusambandið taki vel á móti mönnum sem koma og segja í Brussel: „Við ætlum að fá ykkur til að semja við okkur um mögulega aðild okkar. Svo ætlum við að sjá hvað það er, hvort það er nógu gott." (Forseti hringir.) Nei, menn fara ekki í samningaviðræður við Evrópusambandið nema þeir ætli að ganga þar inn, að því auðvitað tilskildu að niðurstaðan verði þolanleg.

[18:21]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Þessi umræða hefur staðið eðlilega í allan dag enda er þetta eitt af stærstu málum þingsins, þ.e. utanríkismálin og skýrsla utanríkisráðherra. Nú eru líka tímamót. Þetta er fyrsta skýrsla núverandi utanríkisráðherra um utanríkismál. Umræður hafa verið hér miklar og góðar og margt má ræða enn, enda eru enn, að ég vissi síðast, sex á mælendaskrá. Ekki var gert ráð fyrir kvöldfundi enda er kannski engin sérstök ástæða til þess. En þeir sex a.m.k. sem nú eru á mælendaskrá munu þurfa sinn tíma. Það er náttúrlega eðlilegt að umræðum um utanríkismál ljúki í kvöld sé þess nokkur kostur nema upp komi einhverjar viðbótarástæður. Alla vega tel ég það.

Eftir er á dagskránni annað mál sem er líka stórmál. Mér finnst reyndar óeðlilegt, frú forseti, að hengja það aftan í jafnmikilsvert mál og skýrslu utanríkisráðherra. Mér finnst að sýna eigi utanríkismálunum þann heiður að þau séu eitt mála á dagskrá þegar þau eru rædd. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. forseta hvernig fyrirhugað sé að haga þinghaldinu næstu mínútur og klukkutíma, hvort það sé ætlun forseta að ljúka þeirri umræðu sem nú stendur yfir og hvað forseti hyggist frekar með dagskrána að öðru leyti. Ég bendi á að styttast fer í að það megi skilgreina að komið sé kvöld. En það hefur ekki verið boðaður kvöldfundur. Mér finnst rétt að skýrsla utanríkisráðherra fái fullkominn sess og njóti þeirrar virðingar sem slík skýrsla á að hafa og umræður um hana í þingsal og tel ástæðulaust að setja fleiri mál á dagskrá. Ég spyr forseta hvort hún muni ekki sjá til þess að málið sem er síðar á dagskránni verði tekið út og þessari umræðu um utanríkismál lokið með virðulegum hætti.

[18:23]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Samkvæmt dagskrá þessa þingfundar, sem legið hefur fyrir síðan þingfundur hófst í morgun, er gert ráð fyrir að að lokinni þessari umræðu verði tekið fyrir 2. dagskrármál. Forseti gerir þá grein fyrir því núna að áfram verður haldið enn um sinn með umræðu um utanríkismál sem hófst kl. 10.30 í morgun og eru ekki fyrirhugaðar breytingar á því.

[18:24]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir þessa ágætu skýrslu. Það er farið út um víðan völl og tæpt á mörgum málum. Þó ekki sé kannski kafað djúpt í málefnin þá er tæpt á mörgum málum og svo sem ekkert við það að athuga. Mér finnst þó að hæstv. utanríkisráðherra hefði mátt fjalla ítarlegar í skýrslunni einkum um þrjú málefni, þ.e. um það sem fólkið í landinu er að velta fyrir sér. Mér finnst það vanta. Það er í fyrsta lagi um tildrög þess að Ísland studdi innrásina í Írak, í öðru lagi um viðræður um varnarhagsmuni þjóðarinnar við Bandaríkjamenn og í þriðja lagi finnst mér ég hafa orðið var við það í umræðunni að fólkið í landinu vill einnig fá nánari upplýsingar um starfsemi utanríkisþjónustunnar. Ég tel vel við hæfi að fara inn á þessi málefni hér. Síauknir fjármunir hafa verið veittir til utanríkisþjónustunnar og æ fleiri sendiherrar eru komnir á spena ríkisins. Ég tel vel við hæfi að upplýsa hvað kalli á þessa þörf.

Ef maður skoðar þessi mál þá er það ljóst í mínum huga að núverandi hæstv. forsætisráðherra og fyrrum hæstv. forsætisráðherra Davíð Oddsson, (**Gripið fram í:** Seðlabankastjóri núna.) seðlabankastjóri núna, bera ábyrgð á þessu. Ísland er á lista yfir þjóðir sem studdu innrásina í Írak. Ég tel því vel við hæfi að hreinsa andrúmsloftið í þjóðfélaginu og

gefa skýringu á þessu, vegna þess að þetta tengist öðru máli, varnarviðræðunum. En það er heldur ekki mikið um stöðu þeirra í þessari skýrslu. Tæpt er á líffræði og einu og öðru, fiskalíffræði sem væri áhugavert að fá svör um hjá hæstv. utanríkisráðherra. Það er deginum ljósara að tvö fyrstnefndu málin eru samtvinnuð, þ.e. aðild Íslands að innrásinni í Írak og viðræður íslenskra stjórnvalda við Bandaríkin um að halda hér varnarviðbúnaði. Miklar líkur eru til þess að íslenskir ráðamenn hafi talið stuðninginn við stríðið í Írak vera lykillinn að því að fá að hafa hér áfram herþotur og varnarviðbúnað. Ég tel að það sé um að gera að fara rækilega í gegnum það.

En það er annað sem hefði verið við hæfi. Það er að hæstv. forsætisráðherra ætti fyrir löngu að vera búinn að gera grein fyrir atburðarásinni og orsökum þess hvers vegna við Íslendingar erum á þessum lista. Ég sé það á skýrslunni að þetta er ákveðið feimnismál hjá stjórnvöldum. Það eru örfáar línur um Íraksmálið sem er ofarlega í hugum fólksins í landinu. En það er greinilega ekki mikið rúm fyrir það í þessari skýrslu. Ég tel því að fyrir löngu hafi verið tímabært að gera grein fyrir þessu.

Hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson varð margsaga. Í fyrsta lagi hefur hann haldið því fram að stuðningurinn tengdist varnarviðræðunum. Síðan dró hann í land. Ég veit eiginlega ekki hverju hann heldur fram núna. Það er fyrir löngu orðið tímabært að hann geri hreinskilnislega grein fyrir því hvort þessi mál tengist. Það væri ágætt ef hæstv. utanríkisráðherra segði okkur frá því hér.

Í öðru lagi hefur hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson haldið því fram að breytt afstaða Frakka í málinu hafi valdið stefnubreytingunni örlagaríku. Það hefur komið á daginn að það getur ekki staðist. Það er eftiráskýring sem er ósönn. Það hefur sýnt sig að hæstv. forsætisráðherra hefur ekki haft döngun í sér að gera hreint fyrir sínum dyrum. Nú er því kjörið tækifæri fyrir nýjan hæstv. utanríkisráðherra að koma hreint fram og segja fólkinu hvernig þetta var því að hann átti í rauninni ekki hlut að máli. En það hefur komið á daginn að hæstv. forsætisráðherra og fyrrum forsætisráðherra voru höfuðpaurarnir í þessu máli.

Í þriðja lagi hefur hæstv. forsætisráðherra gefið í skyn að sú ákvörðun sem við sitjum uppi með hafi verið margrædd í þingflokki Framsóknarflokksins og jafnvel í utanríkismálanefnd. En síðan hefur komið á daginn að svo var ekki.

Í fjórða lagi hefur verið gefið í skyn að um einhverja tvo lista hafi verið að ræða og Ísland hafi bara sýnt móralskan stuðning. En við gerðum nú meira en það, við tókum beinan þátt með því að senda Landhelgisgæsluna til Íraks að leita að sprengjum. Það er kominn tími til að gera hreint fyrir okkar dyrum í þessu máli. Á daginn hefur komið að umrædd árás var byggð á fölsuðum gögnum. Einnig er staðreynd að stuðningur við Bandaríkjamenn er að minnka og menn eru að átta sig á því að hér hafa orðið mistök. Ég segi: Hvers vegna geta íslensk stjórnvöld ekki líka viðurkennt það og sagt að okkur hafi orðið á mistök og beðist afsökunar?

Ég er á því að þjóðin væri mjög líklega tilbúin að fyrirgefa þessum mönnum vegna þess að þeir vissu kannski ekki betur og þeim gekk ef til vill gott eitt til. En meðan þeir halda til streitu þeim leik að koma ekki hreint fram, þá er það óásættanlegt. Ég er á því að menn verði einfaldlega menn að meiri ef þeir koma hreint fram í þessu máli.

Annað sem er mjög vert að minnast á er hin mikla þensla í utanríkisþjónustunni. Það kemur fram í máli manna að þetta sé mjög mikilvæg þjónusta og það má vel vera. En það er einnig deginum ljósara að stjórnvöld verða að skýra út fyrir þjóðinni og hafa einhverja kynningu á því hvað er að gerast í utanríkisþjónustunni. Hvers vegna er hún að þenjast svona út um marga milljarða á föstu verðlagi? Það verður að vera kynning á því.

Ég er þingmaður hér á þjóðþinginu og ég sé ekki þessa miklu þörf fyrir slíka útþenslu á utanríkisþjónustunni. Ef á að verða sátt um störf utanríkisþjónustunnar verður að vera einhver kynning á mikilvægi hennar. Það er engin sátt að menn séu að ráða eintóma innanbúðarmenn í stjórnarflokkunum og síðan einn og einn utan flokkanna til að friða, svo sem hv. fyrrum þingmann í Samfylkingunni, Guðmund Árna Stefánsson. (**Gripið fram í:** ... þingmaður Frjálslynda flokksins.) Ef menn ætla að hafa frið um utanríkisþjónustuna verða menn að hafa mannaráðningar með þeim hætti að fólkið skilji þær. Þetta er alveg óskiljanlegt að vera alltaf að sækja menn í tugatali til stjórnarflokkana og svo einn og einn kannski í Samfylkinguna. (**HBl:** Hvaða þingmann Frjálslynda flokksins?) (**ÖS:** Sverri Hermannsson.)

Hér hefur ýmislegt fleira borið á góma, m.a. fiskveiðar sem okkur í Frjálslynda flokknum eru hugleiknar. Deilur hafa verið um það milli hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og annarra þingmanna hvort stefna Evrópusambandsins sé góð eða vond. Það mátti skilja orð hans á þann veg að stefna Íslendinga væri sérstaklega góð. Ein meginástæða fyrir því að ég tel ótækt að ganga í Evrópusambandið er sú að stefna Íslendinga í fiskveiðimálum er alvond.

Menn geta keypt veiðiheimildir, jafnvel til langframa eða a.m.k. þangað til þessir flokkar fara frá völdum sem verður vonandi sem allra fyrst, og það er orðið þannig að hér er komin ný stétt útgerðarmanna sem eru leiguliðar og leigja aflaheimildir. Þeir greiða hátt í 9 milljarða fyrir að fá að sækja sjóinn til einhverra sem eru handhafar þeirra veiðiheimilda, þ.e. Sjálfstæðisflokkurinn og hinn kvótaflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, og þangað rennur helmingurinn af tekjum þeirra. Sumir þessara manna eru ekki búsettir á Íslandi, jafnvel búsettir í Bandaríkjunum. Með inngöngu í Evrópusambandið skiptir máli fyrir leiguliða sem leigir til sín aflaheimildir dýru verði hvort viðkomandi er með íslenska kennitölu eða spænska kennitölu. Við í Frjálslynda flokknum sjáum þá hættu að með því að fara inn í Evrópusambandið með núverandi fiskveiðistefnu mundi það einfaldlega leiða til þess að varanlegar aflaheimildir gætu þess vegna lent í höndunum á útlendingum og Íslendingar sem stunduðu útgerð þyrftu að greiða háar leiguupphæðir til manna sem væru búsettir í öðrum löndum. Það væri algerlega ótækt. Ég vona að þingmenn taki eftir því, og sérstaklega sjálfstæðismenn sem hafa varið þetta vitlausa kerfi, að þetta gengur ekki alls ekki og því verður að breyta þessu.

Fleira vakti athygli mína í skýrslunni. Það vantar t.d. mál sem mér finnst að utanríkisþjónustan mætti nú sinna fremur en mörgum öðrum sem virðast vera ofar á forgangs-

lista hennar en það eru umhverfismálin. Ég hef lagt mikla áherslu á einn þátt í umhverfismálunum hér í þinginu og það er hve geislavirkur úrgangur berst hingað til stranda landsins frá Bretlandi og Sellafield, en þar var slys. Mér finnst þetta eitt af verkefnunum sem utanríkisþjónustan ætti að sinna í mun meira mæli en gert hefur verið, a.m.k. hef ég ekki fengið skýr svör hjá hæstv. umhverfisráðherra um hvort eða þá hvernig utanríkisþjónustan hefur beitt sér í því máli.

Mér finnst eitt mjög sérstakt sem kemur fram á bls. 12, og er vert að vekja athygli hæstv. utanríkisráðherra á. Þar kemur fram að framleiðni fiskstofna hafi minnkað. Mér finnst þetta vera að gerast víða um heim. Mér finnst þetta vera svolítið sérstakt og gaman að vita hvort hægt væri að fá einhverja skýringu á þessu. Nú fer framleiðni fiskstofna væntanlega eftir því hvað fiskar vaxa mikið og hver vaxtarhraði þeirra er og hvað margir fiskar eru að vaxa. Þetta er svolítið sérstakt. Nú er þetta greinilega komið með ráðum inn í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra að framleiðnin sé að minnka og maður veltir fyrir sér hvað valdi því og hvort hæstv. utanríkisráðherra hafi áttað sig á því. Menn velta því náttúrlega fyrir sér hvort þetta sé vegna aukinnar samkeppni um æti eða hvað valdi. Fróðlegt væri að fá upplýsingar um það hjá hæstv. utanríkisráðherra.

Það sem ég vil leggja áherslu á í lokin er að hæstv. ríkisstjórn horfist í augu við verk sín og axli ábyrgð og biðji þjóðina afsökunar á því að vera á umræddum lista og geri betur grein fyrir stöðu varnarviðræðna við Bandaríkjamenn. Þetta er mjög skrýtin staða. Við erum að ræða um utanríkismál og það er einhvern veginn sneitt hjá þeim málum sem þjóðin spyr sig hvað mest um, þ.e. hver staðan sé.

[18:39]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem tekið hafa þátt í umræðunni fyrir framlag þeirra til hennar í dag þó að einhverjir eigi kannski enn eftir að taka til máls. Ég held að það megi segja um umræðuna og þetta umræðuform að ef til vill mætti það sæta tiltekinni endurskoðun. Hér er talað um mjög mörg mál í einu og það má vel vera að við ættum að reyna að finna okkur form í þinginu þar sem við gætum tekið fyrir með skýrari og afmarkaðri hætti tiltekna þætti og þá í styttra máli en við umræðu sem þessa.

Ég lagði áherslu á það í ræðu minni að utanríkisstefnan markast af tvennu. Hún markast í fyrsta lagi af því að gæta íslenskra hagsmuna í hvívetna í samskiptum við önnur ríki og í samskiptum við alþjóðlegar stofnanir. Við gætum hagsmuna okkar með samningum við önnur lönd og með annars konar fyrirsvari þar sem í hlut eiga hagsmunir íslenska ríkisins eða íslenskra aðila, fyrirtækja og einstaklinga. Eitt slíkt dæmi hefur borið á góma í umræðunum í dag, það eru samningar um síldina sem því miður hafa ekki náðst en er dæmigert verkefni utanríkisþjónustunnar og í þessu tilfelli sjávarútvegsráðuneytisins að vinna að.

Hitt stóra málið á vettvangi utanríkisstefnunnar er þátttaka Íslands í alþjóðamálum almennt, sem ekki þurfa endilega að vera tengd með beinum hætti við íslenska hagsmuni en eru hluti af því að vera ábyrgur borgari í samfélagi þjóðanna, ábyrgt ríki í samfélagi þjóðanna. Þar koma við sögu verkefni eins og friðargæsla, þróunaraðstoð og margs konar slík málefni og framboð Íslands til öryggisráðsins er auðvitað af þeim toga. Við sjáum ekki fyrir okkur að við munum taka þar sæti eingöngu til að gæta okkar eigin þrívathagsmuna.

Hvað varðar hagsmunagæsluna og fyrri þáttinn sem ég hef nefnt í utanríkisstefnunni hefur að sjálfsögðu margt í því efni borið á góma í þessari umræðu í framhaldi af ræðu minni. Síldin er þar aðeins eitt atriði. Margs konar viðskiptahagsmunir aðrir hafa auðvitað verið hér til umræðu og eru eðlilegt viðfangsefni utanríkismálanna. Ég gat um þá viðskiptasamninga sem við höfum verið að undirbúa og sem í gangi hafa verið. Spurt var um fríverslunarsamning EFTA og Kanada sem því miður hefur ekki náðst vegna þess að Kanadamenn hafa skyndilega að því er virðist misst áhugann á því máli. Það er síðan athyglisverð spurning hvort til greina kæmi að gera samning milli Íslands og Kanada. Ef Kanadamenn hafa áhuga á því held ég að það gæti verið athugandi, en ég leyfi mér að efast um að þeir hafi það frekar en Bandaríkjamenn hafa haft á undanförnum árum. En viðskiptaviðræður af ýmsu tagi eru mikilvægt viðfangsefni fyrir okkur í gæslu hagsmuna okkar.

Þessu nátengt er Evrópuumræðan þar sem um er að tefla með hvaða hætti við gætum best okkar eigin hagsmuna gagnvart Evrópusambandinu. Ég verð að segja að mér þótti málflutningur hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um það atriði mjög sannfærandi í dag hvað varðar Evrópusambandið sjálft. Ég er honum sammála um að það þýðir ekkert að ætla að banka þar á dyr og segja: Við ætlum að sjá hvað við getum fengið hjá ykkur og samið ef okkur líkar það. Þetta er spurning um að ganga annaðhvort inn eða vera fyrir utan.

Hins vegar tel ég — og þar er ég honum ósammála — að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hafi nýst okkur afar vel og hafi þróast með miklum ágætum. Einn liður í þeirri þróun er að við Íslendingar erum núna, á grundvelli ákvarðana sem ríkisstjórnin hefur tekið, að hefja viðræður við Evrópusambandið um að taka upp löggjöf Evrópusambandsins um dýraheilbrigði í ríkari mæli en núverandi ákvæði EES-samningsins gerðu ráð fyrir. Á þetta hafa nokkrir menn drepið hér. Þetta mun liðka fyrir viðskiptum með sjávarafurðir okkar á Evrópumarkaði en á móti verðum við að fallast á löggjöf þeirra um þetta atriði, en munum þó ekki fallast á innflutning á lifandi dýrum. Hér er um að ræða ákveðið hagsmunamat þar sem hagsmunir okkar í sjávarútvegi eru meiri en hagsmunirnir af því að taka ekki upp þessa tilteknu löggjöf um dýraheilbrigði sem ég er fullviss um að okkur er fyllilega óhætt að gera þó að við verðum að sjálfsögðu að standa vaktina og í vörninni gagnvart öllum þeim dýrasjúkdómum sem eru til annars staðar en ekki hérlendis. Þetta er sem sé annað dæmi um mál þar sem hagsmunagæsla og málafylgja af okkar hálfu er í fullum gangi.

Enn annað dæmi sem hefur að sjálfsögðu líka verið rætt um eru varnarmálin. Þar erum við að gæta okkar hagsmuna með tilliti til varna landsins og öryggismála hér á landi. Þau mál eru í ákveðnum farvegi en það vill þannig til að fleiri lönd eiga hagsmuni af því að farsæl niðurstaða náist heldur en eingöngu Ísland og Bandaríkin vegna þess að varnar-

samningurinn við Bandaríkin er gerður innan vébanda Norður-Atlantshafssamningsins, ef svo mætti segja. Hann er gerður á grundvelli samningsins um Atlantshafsbandalagið og það hefur alltaf verið litið þannig á að hann væri líka í þágu þeirra ríkja sem þar eiga aðild, annarra en Íslands og Bandaríkjanna.

Ég átti viðræður nýlega við utanríkisráðherra Noregs og við ræddum þessi mál. Hann hefur að sjálfsögðu mikinn áhuga á því og vill fylgjast með því alveg eins og varnarmálaráðherra Noregs, sem ég hef líka rætt um þetta við. Það liggur alveg ljóst fyrir að allir sem eiga hagsmuna að gæta á Norður-Atlantshafi hafa mikinn áhuga á því að fylgjast með og áhyggjur af því ef Ísland og svæðið í kringum það verður skilið eftir varnarlaust, sem auðvitað er ekki meiningin. Ég leyfi mér að fullyrða, til þess að ljúka þessum þætti, að allir aðilar í bandaríska stjórnkerfinu — sem stundum hafa þó ólíkar meiningar, eins og við vitum, og erfitt getur verið að henda reiður á vegna þess að þar togast líka á innbyrðis hagsmunir í stjórnkerfinu — hafa fullan hug á því að standa við samninginn og ætla sér ekki annað en að virða varnarsamninginn við Ísland þó að ef til vill kunni að vera mismunandi skoðanir á því hvernig það sé best gert.

Varðandi framlag Íslands til alþjóðamála og stöðu slíkra mála almennt vildi ég drepa hér örlítið á friðargæsluna í lokaorðum mínum. Ég hef reyndar gert grein fyrir þeim málum í framsögunni en vil aðeins bæta því við, vegna þess sem fram kom af hálfu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að það er ekki nákvæmt að halda því fram að Norðmenn séu að draga sig að öllu leyti til baka úr friðargæslu í Afganistan. Þeir eru að draga sig út úr tilteknum þætti í suðurhluta landsins, draga sig út úr þeim þætti sem kallaður er „Enduring Freedom" á ensku undir forustu Bandaríkjamanna en þeir eru þvert á móti að efla sitt lið annars staðar í landinu, t.d. í Norður-Afganistan, og eru að senda þangað fjórar orrustuþotur, F16, til þess að efla varnir sinna manna sem þar eru.

Ég ræddi þetta í gær við norska varnarmálaráðherrann í síma og greindi henni frá því hver okkar niðurstaða væri hvað varðar okkar liðsafla, það teymi sem þar er, og hún hefur fullan skilning á því, og lýsti því að norsk stjórnvöld hefðu fullan skilning á því, að við tækjum þá ákvörðun vegna öryggis okkar eigin manna að draga þá út af þessu svæði. Því er auðvitað ekki saman að jafna að vera með herafla á staðnum og vera með borgaralegt teymi, eins og við erum með, sem hefur ekki þá hernaðarþjálfun sem þarf að vera þegar stríðsherrar eru annars vegar og hættumatið hefur breyst eins og þarna er um að tefla. Hættumatið hefur breyst, það er þess vegna sem við ákveðum að draga okkar menn heim úr þessu verkefni. En við munum að sjálfsögðu finna önnur verkefni til þess að liðsinna í þessu stríðshrjáða landi. Í vesturhlutanum aftur á móti er meiningin að halda áfram með þeim hætti sem áður var ráðgert á meðan ástandið er óbreytt hvað hættumatið varðar á þeim slóðum.

Það var drepið á það að hlutur kvenna í friðargæslunni væri ekki nægilega mikill. Það má út af fyrir sig segja að hann gæti og ætti að vera meiri og það verður unnið að því. Hins vegar tel ég ekki að við getum valið okkur verkefni innan friðargæslunnar eingöngu út frá því sjónarmiði að þar sé stór hlutur kvenna. Við tökum þátt í UNIFEM-verkefni í Kosovo, eins og ég gat um, og það er sjálfsagt að reyna að gera meira á því sviði, sérstaklega þar sem hægt er að bæta stöðu kvenna og barna. Um það eru áreiðanlega allir sammála.

Það hefur verið drepið hér á fjöldamörg önnur atriði eins og gengur. Það er erfitt að henda reiður á þeim öllum saman. Ég tel að við getum sem ríki og sem þjóðþing hér í þessum sal verið býsna ánægð með okkar utanríkisþjónustu þó að þær raddir heyrist alltaf að í hana fari of miklir peningar og nýta megi þá betur. Það er sjálfsagt að nýta það fjármagn eins vel og hægt er sem í utanríkisþjónustuna rennur. En við komumst hins vegar ekki hjá því að halda uppi öflugri hagsmunagæslu, það er eitt af verkefnum sjálfstæðs ríkis að gera það og hvað mundu menn segja ef við værum ekki með öflugt fyrirsvar þar sem hagsmunir okkar eru í húfi, hvað mundu menn segja við því? Á hinn bóginn er það líka metnaðarmál nú á tímum fyrir sjálfstæða þjóð að geta lagt fram til lausnar alþjóðlegra vandamála og verið með ábyrgt framlag í þeim efnum. Stundum fer þetta saman, eins og oft á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem verið er að koma reglu á alþjóðleg málefni en þar sem menn eru jafnframt að gæta sinna eigin hagsmuna. Þannig var það auðvitað í hafréttarmálunum að okkar eigin hagsmunir, af því að ná fram okkar kröfum og ásetningi, fóru saman við þá hagsmuni alþjóðasamfélagsins að koma skikki, ef svo mætti segja, á þessi mál.

Það sama á við um botnvörpuveiðarnar sem ég setti hér inn í þessa ræðu nokkrar setningar um og ég tók eftir því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir tók eftir því. Ég hygg að við séum ekki ósammála í því máli. Auðvitað þarf að gæta umhverfissjónarmiða hvað hafsbotninn varðar o.s.frv. en það hefur ekki gefið góða raun og er ekki vísir á ábyrga stjórnun eða meðferð mála að ætla að reyna að stýra nýtingu á þessum auðlindum með einhvers konar hnattrænum hætti. Staðbundin stjórnun, eins og við erum með í okkar lögsögu, hefur gefið mjög góða raun. Svæðisbundin stjórnun, þar sem um er að ræða fleiri lönd en eitt sem hagsmunaaðila, hefur líka gefið góða raun. En ég kannast ekki við að hnattræn stjórnun, ef svo mætti kalla það, þó að það sé nú heldur leiðinlegt og óþjált orð, gefi góða raun.

Tökum sem dæmi alþjóðastofnunina um nýtingu á auðlindum í hafsbotninum, sem er sett á laggirnar á grundvelli hafréttarsáttmálans og hefur aðsetur í Jamaíka, ef ég man rétt, vegna þess að hafréttarsáttmálinn var undirritaður þar 1982. Hún skilar ekki miklum árangri, því miður, þó að svo eigi að heita að verðmætin í hafsbotninum eigi að vera eign heimsbyggðarinnar allrar. Ég held að það sé dæmi sem hægt er að taka um það þegar góður ásetningur skilar sér ekki í raun. Það er þetta sem við Íslendingar erum að vara við á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hvað varðar bann við botnvörpuveiðum. Mönnum gengur auðvitað bara gott eitt til, það vantar ekki. En í góðum ásetningi verða mönnum stundum á alls kyns mistök og afglöp og það er það sem við þurfum að passa og gæta að því að við bindum ekki hendur okkar með þeim hætti að við getum ekki stundað hefðbundnar veiðar á okkar miðum vegna þess að velmeinandi menn úti í heimi hafi bannað tiltekin veiðarfæri eða komið hlutum þannig fyrir að þau séu talin óæskileg.

Ég vil svo endurtaka þakkir mínar fyrir þessa umræðu. Mér þykir leitt ef ég hef ekki getað svarað hér öllum spurningum. Það verður þá tækifæri til þess síðar meir, annaðhvort munnlega eða skriflega.

[18:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ágæt svör að mörgu leyti og hef fullan skilning á því að hann þarf að fara annað til þess að ræða þessi mál við fjölmiðla.

Ég vil í upphafi taka algjörlega undir þá ágætu hugmynd hæstv. ráðherra að ef til vill ættum við að taka upp annað form á þessari umræðu. Það er alveg rétt sem hann segir að hér eru menn að ræða margvísleg mál í einu, margt er undir og það er hugsanlega erfitt að ná fram kjarna sumra málanna.

Ég varpaði nokkrum spurningum fram til hæstv. ráðherra í dag og hann svaraði þeim flestum. Það er ein spurning sem ég vil ítreka við hæstv. ráðherra. Ég innti hann eftir því í dag hvort enn væri í gildi yfirlýsing sem þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, gaf út 18. mars 2003 og var birt á vef Hvíta hússins 26. mars sama ár í tengslum við innrásina í Írak. Í þeirri yfirlýsingu er Bandaríkjamönnum gefin heimild til þess að fljúga yfir og um íslenska flugstjórnarsvæðið og jafnframt til þess að nota Keflavíkurflugvöll ef þörf krefur. Þessi heimild er sett fram en fyrr í yfirlýsingunni er vísað til þess að Bandaríkjamenn telji öryggi sínu alvarlega ógnað vegna aðgerða og árása hermdarverkamanna, af einræðisherrum og kúgurum og þess getið að þeir telji að stuðningur frá Íslandi skipti máli.

Þessi heimild er þannig orðuð að ég tel að Bandaríkjamenn gætu alveg litið svo á að þeir hefðu heimild til þess umdeilda flugs sem við höfum rætt hér nokkuð og ég ætla ekki að deila við hæstv. ráðherra um það í dag. Mig langar einungis að spyrja hann: Er þessi yfirlýsing enn þá í fullu gildi? Eða líta menn svo á að hún hafi hafi fallið niður þegar lýst var yfir formlegum endalokum innrásarinnar (Gripið fram í.) af hálfu innrásaraðila?

[18:56]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú yfirlýsing var auðvitað bundin við þá atburði sem þá áttu sér stað, átökin í Írak, en þeim er lokið. En hvað sem því líður er ég algjörlega ósammála túlkun hv. þingmanns um að á grundvelli þeirrar yfirlýsingar megi ástunda ólögmætt athæfi í þessum efnum og það er ekki hægt að réttlæta ólögmætt fangaflug, ef það hefur átt sér stað, með þeirri yfirlýsingu. Ég held að það sé rangt hjá þingmanninum að það megi túlka hana svo. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þessi fangamál frekar. Það er ekki ólöglegt að flytja fanga milli landa en það er ólöglegt að gera það með þeim hætti að fari í bága við alþjóðasamþykktir um meðferð fanga og það getum við ekki sætt okkur við.

[18:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Samkvæmt hegningarlagabreytingu frá árinu 1996 er ólöglegt að flytja fanga um Ísland til landa þar sem beitt er aðferðum sem brjóta í bága við þrjá alþjóðlega sáttmála sem Íslendingar eru aðilar að um bann við pyndingum. En ég ætla ekkert að deila frekar um það við hæstv. ráðherra í dag og ekki heldur um túlkanir hans á orðum mínum um þetta.

Ég gat ekki alveg skilið hvað hæstv. ráðherra var að segja. Er sú yfirlýsing sem Davíð Oddsson gaf fallin úr gildi? Má líta svo á að þegar þeir aðilar sem stóðu að innrásinni í Írak lýstu því yfir að henni væri formlega lokið hafi sú yfirlýsing fallið úr gildi? Í því sambandi, frú forseti, vil ég rifja það upp að hæstv. forsætisráðherra hefur lýst skoðun sinni á því máli.

[18:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi um form þessarar umræðu þá get ég að mörgu leyti tekið undir að ástæða væri til að taka það upp og ræða hvort henni mætti jafnvel að einhverju leyti breyta. Fljótt á litið fyndist mér koma til greina að tvískipta umræðu um þessi mál. Annars vegar færi þá fram umræða um utanríkismál almennt, þróunaraðstoð og slíka hluti, stefnumarkandi og pólitískar áherslur á því sviði, og hins vegar afmörkuð umræða um öryggismál og þar með talið það sem menn kalla hér varnarmál.

Hvað stöðuna í Afganistan varðar og það að Norðmenn séu aðeins að draga sig út úr suðurhluta landsins en ekki norðurhlutanum og ætli jafnvel að auka viðbúnað sinn þar þá hef ég nú ekki verið mikið í símanum að ræða við norska varnarmálaráðherrann en ég hef rætt við eina tvo ráðherra í nýju norsku ríkisstjórninni og ég hef lesið stjórnarsáttmála hennar. Ég man ekki betur en þar sé því slegið upp að Norðmenn hyggi á heimkvaðningu hermanna sinna frá Afganistan. Hvenær það nákvæmlega verður í tíma skal ég ekki segja um en svona hélt ég nú að þetta lægi.

Ég fagna því að hæstv. utanríkisráðherra er raunsær á mat á aðstæðum í Afganistan og viðurkennir hér að áhættumatið, eins og hæstv. ráðherra orðar það, hafi breyst, með öðrum orðum, á mannamáli sagt: Ástandið er nú ótryggara en áður var talið á þeim svæðum sem til stóð að senda eða búið er að senda íslenska borgara á til starfa, teymin margnefndu á stóru jeppunum. Þá er að sjálfsögðu rétt að kalla þá af þeim svæðum og þangað hefðu þeir auðvitað aldrei átt að fara. Mér finnst það sýna í hnotskurn fáránleika þess að Íslendingar séu að senda borgara til starfa á ótryggum svæðum, blanda þeim innan um heri erlendra ríkja og hafandi mjög takmarkaða aðstöðu eða þekkingu til þess að meta aðstæður og í hvaða hættu er verið að stofna lífi og limum þeirra ríkisborgara. Er þetta nú ekki eitthvað til þess að læra af, frú forseti?

[19:01]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram höfum við komið víða við í umræðunum í dag og eflaust er rétt að alveg mætti skoða hugmyndir um að breyta aðeins formi þessarar umræðu og reyna kannski að hólfa hana eitthvað niður ef svo má segja. Mér sýnist af þeim umræðum sem hafa farið fram að tímabært sé að umræða um Evrópumál fari fram í þinginu, þótt ekki væri nema til að tappa aðeins

af kútnum í því máli. Það er greinilegt að háttvirtum þingmönnum liggur margt á hjarta. Þar komu fram athyglisverðar upplýsingar um afstöðu flokkanna sem hafa jafnvel ekki heyrst um nokkurt skeið í þingsal. Þetta hefur því að mörgu leyti verið býsna athyglisverður, áhugaverður og jafnvel skemmtilegur dagur, en umræðan hefur að sjálfsögðu farið dálítið út um víðan völl eins og verða vill. Það er náttúrlega undir hverjum og einum komið hvort honum þykir slíkt leiðinlegt eða einfaldlega krydd í umræðuna.

Virðulegi forseti. Segja má að hæstv. utanríkisráðherra hafi sjálfur slegið tóninn í upphafi máls þegar hann flutti ræðu sína. Þar var að sjálfsögðu komið víða við en oft var umræðan frekar grunn. Sumt olli manni vonbrigðum. Skautað var ansi létt yfir atriði sem eru mikilvæg, t.d. þetta hræðilega stríð í Írak sem aldrei hefði átt að verða og alls ekki með þátttöku okkar Íslendinga. Ég vildi gera að tillögu minni að ríkisstjórnin bæði þjóðina afsökunar á að hafa leð máls á stuðningi við þá ömurlegu styrjöld. Öllum hlýtur að vera ljóst að allar forsendur fyrir því viðbjóðslega stríði voru á sandi byggðar. Ráðamenn okkar voru sennilega blekktir illilega í því máli. Enginn veit betur en þeir sjálfir hvernig sá blekkingarleikur fór fram. Þess vegna væri heiðarlegast að stíga fram og viðurkenna að þetta voru alvarleg mistök. Öllum getur orðið á og ég gæti a.m.k. fyrir mitt leyti tekið það til greina ef menn vilja losna við þennan svarta blett í sögu þjóðarinnar. Það yrði að hafa það þótt það kostaði eitthvað stirðari samskipti við Bandaríkjamenn í kjölfarið. Við því er ekkert að gera.

Virðulegi forseti. Mig langaði aðeins að nota seinni ræðu mína til að tæpa á nokkrum málum. Hæstv. utanríkisráðherra minntist á fríverslunarsamning við vini okkar og frændfólk í Færeyjum. Nú er hæstv. utanríkisráðherra því miður farinn af vettvangi. Hann þurfti að fara í sjónvarpsviðtöl og verður svo að vera. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hann að því hvort þessi fríverslunarsamningur við Færeyinga verði ekki tekinn til umræðu í þinginu. Á þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Reykjavík í lok október síðastliðnum kom greinilega í ljós að Færeyingar hafa ýmislegt við þann samning að athuga. Ég veit að samningurinn hefur verið til umræðu í Færeyjum og hefur jafnvel valdið þar nokkrum deilum. Þar munu m.a. vera hlutir varðandi viðskipti með fisk sem Færeyingar hafa verið óhressir með. Það hefði verið ágætt að fá á hreint á hinu háa Alþingi hver staða þess samnings er, hvernig málum er háttað og hvort búið sé að leysa þessi mál við Færeyinga. Eða er þar eitthvað sem enn er óleyst og hvað felst í þessum samningi fyrir okkur Íslendinga? Það væri gott ef þingheimur yrði upplýstur um það. Það er ljóst að Færeyjar, þótt þar sé ekki fjölmenn þjóð, eru mikilvægt svæði fyrir okkur og mikilvægt að halda góðum tengslum við Færeyinga, bæði menningarlegum og viðskiptalegum. Þetta er náttúrlega markaður.

Hér var líka komið inn á hluti varðandi fiskveiðistjórn og hnattrænt bann við botnvörpuveiðum sem hefur verið til umræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í nokkur missiri. Ég var nú sjálfur staddur á því þingi á dögunum og fylgdist með umræðum um þetta mál. Ég vil nota tækifærið hér til að lýsa mig sammála afstöðu íslenskra stjórnvalda í málinu. Ég tel að sú afstaða, að taka ekki undir þetta bann, sé rétt. Það er fyllilega réttmæt afstaða. Ég tel að þessum málum sé miklu betur komið hjá einstökum þjóðum, að þær stjórni þessu sjálfar og geri það af fullri ábyrgð og einurð og þá séu notuð svæðisbundin samtök eins og Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin, þar sem við Íslendingar höfum starfað um árabil og hefur gengið nokkuð vel, til að ná tökum á botnvörpuveiðum á úthafinu þar sem þess gerist þörf. Við Íslendingar eigum að vera fyrirmynd annarra þjóða í þessum efnum og frekar málsvari þess að svæðisbundin stjórn verði á þessum hlutum en ekki alþjóðlegt hnattrænt bann.

Annað í ræðu ráðherra sem mig langaði að koma inn á, sem ég gerði reyndar fyrr í dag í andsvörum við hæstv. utanríkisráðherra, er staða deilunnar við Norðmenn um hið svokallaða Svalbarðasvæði. Þeir sem fylgjast með fréttaflutningi af þeim málum hljóta að sjá að þar á sér stað ákveðin þróun. Svo virðist sem spenna á milli Norðmanna og Rússa sé að aukast í því máli. Við höfum nýlegt dæmi um togara sem sigldi til Rússlands með tvo norska veiðieftirlitsmenn. Það mál vakti mjög mikla athygli, ekki síst í fjölmiðlum, og undirstrikar það að undir niðri, þótt á yfirborðinu virðist vera gott samkomulag á milli Norðmanna og Rússa á Svalbarðasvæðinu, þá kraumar mjög alvarlega.

Við Íslendingar höfum veifað því flaggi að við hyggjumst fara í málssókn. Það kom fram í máli mínu hér fyrr í dag að ég er frekar óhress með hversu hægt gengur hjá íslenskum stjórnvöldum að undirbúa þá málssókn. Ég hefði haldið að ekki ætti að taka svo langan tíma að undirbúa málssókn í máli sem í raun hefur verið reifað og rætt um margra ára skeið, fjölmargir lögspekingar hafa komið að málinu, gefið álit sitt o.s.frv. Við vitum hver staðan er og ég hefði haldið að það þyrfti ekki að taka mörg ár í að ganga frá lögfræðiálitum og undirbúa málssókn Íslands gegn Noregi fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag. Ég tel hreinlega, virðulegi forseti, að dragist þetta mikið lengur þá verði trúverðugleiki okkar Íslendinga í þessu máli í stórhættu, að Norðmenn og aðrar þjóðir hætti hreinlega að taka mark á hótunum okkar — við getum kallað það hótanir. Þeir skynja að við beitum því sem svipu á Norðmenn í samningaviðræðum um síldina þar sem hvorki gengur né rekur en að við meinum ekkert með þessu og ætlum ekki að fara í mál við Norðmenn, að þetta sé bara innantóm hótun, að Ísland sé, eins og ég sagði hér fyrr í dag, pappírstígrisdýr í þessu máli.

En það er alveg ljóst, virðulegi forseti, öllum sem vilja kynna sér þessi mál og fylgjast eitthvað með þeim að Norðmenn eru virkilega að hreiðra um sig í Norðurhöfum og eru að ná þar upp öflugri vígstöðu, já, vígstöðu segi ég og ég stend við það. Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík nú í lok október hlustaði ég einmitt á ræðu norska varnarmálaráðherrans, Anne-Grete Ström-Eriksen, þar sem hún lýsti í stuttri ræðu stefnu hinnar nýju norsku ríkisstjórnar í varnarmálum. Í lauslegri þýðingu sagði hún að norðursvæðin, þ.e. hafsvæðin, Íshafið, muni verða mikilvægasta strategíska svæði fyrir norsku ríkisstjórnina á komandi árum og að hin nýja ríkisstjórn muni styrkja vinnu sína í því að tryggja sjálfbæra nýtingu á auðlindum, ekki síst fiskveiðiauðlindum en líka orkuauðlindum og það sé markmið Norðmanna að varðveita umhverfi, búsetu og atvinnuþróun á þessum

svæðum og að ná betra sambandi við Rússa. Hún talaði einnig um að norska ríkisstjórnin hyggist beita norska hernum í meira mæli en hingað til til þess að halda á lofti kröfum Norðmanna um yfirráð, tryggja stöðugleika á þessum hafsvæðum og þá sérstaklega í norðri.

Mér sýnist vera hægt að lesa á milli línanna í þessu máli að í raun og veru sé komin mjög ákveðin yfirlýsing um að Norðmenn hyggist tryggja og festa mjög í sessi ítök sín á þessum svæðum og nota til þess norska sjóherinn. Norska strandgæslan hefur yfir að ráða 15 skipum í dag. Hún er reyndar sérdeild innan sjóhersins og fjárlagaramminn á henni er, ef ég man rétt, eitthvað í kringum sjö milljarðar ísl. kr. árlega þannig að miðað við okkur Íslendinga er hér við mikið ofurefli að etja. En hvað um það, virðulegi forseti, þegar þetta allt saman er skoðað er alveg augljóst að Norðmenn eru virkilega að koma sér vel fyrir þarna. Þeir hafa líka látið vinna umfangsmiklar skýrslur sem ég hef verið að dunda mér við að lesa, tvær skýrslur sem ég held hér á. Nú veit ég að hæstv. utanríkisráðherra er góður norskumaður og ég vona að hann kynni sér innihald þessara skýrslna, annars vegar er opinber skýrsla nr. 32/2003 og hins vegar er skýrsla sem norska ríkisstjórnin lét gera í fyrra, nr. 30. Báðar skýrslurnar fjalla um möguleika og ögranir sem Norðmenn standa frammi fyrir á norðursvæðinu sem þeir kalla, sem er hafsvæðið norður af Noregi, Barentshafið, jafnvel hafsvæðið vestur af Íslandi, hafsvæðið umhverfis Svalbarða og allt vestur að Jan Mayen. Þetta eru mjög vandaðar skýrslur að mörgu leyti sem hafa verið unnar af sérfræðingum, sérfræðinefndum sem Norðmenn hafa komið á fót og þar sem fjallað er um hlutina í mjög víðu samhengi. Það er verið að fjalla um náttúruauðlindir, sjálfbæra nýtingu, kröfu Norðmanna, tilkall til hafsvæða og landsvæða. Í rauninni er verið að fjalla um samband Norðmanna við aðrar þjóðir. Það er verið að tala um þetta í menningarlegu tilliti og er jafnvel talað um hluti eins og menntun og annað þess háttar. Það er allur pakkinn tekinn fyrir og reynt að líta á þetta heildstætt og Norðmenn eru þá að velta því fyrir sér: Hvaða stefnu ætlum við að hafa á þessum svæðum í framtíðinni? Hvernig ætlum við að undirbúa okkur undir það sem mun koma á þessum svæðum?

Ég tel slík vinnubrögð að mörgu leyti mjög til fyrirmyndar og vil nota tækifærið til að hvetja íslensk stjórnvöld til að láta fara fram svipaða vinnu af hálfu okkar Íslendinga. Það er fyllilega tímabært að við Íslendingar mörkum okkur heildstæða stefnu til lengri tíma. Að þeirri stefnumótun ættu að koma aðilar frá öllum stjórnmálaflokkum og það ætti að kalla til sérfræðinga í hafréttarmálum, auðlindamálum og öðru þess háttar og marka heildstæða stefnu um hvernig við ætlum að haga stefnumótun okkar með tilliti til hafsvæðanna bæði norður og austur af Íslandi. Þarna eru gríðarleg hafsvæði, sennilega mjög miklar auðlindir, ekki minnst við Svalbarða. Við getum verið að tala um gas og olíu og Norðmenn gera það í sínum skýrslum. Ég hef grun um að þeir viti meira en aðrir til að mynda um hugsanlegar gaslindir og olíulindir við Svalbarða og að þar sé að finna gas og olíu, við vitum að þar eru kol í dag. Norðmenn vita eitthvað sem aðrir vita ekki og þeir eru m.a. að tryggja ítök sín á þessum svæðum vegna þess að þeir sjá fyrir sér að í framtíðinni mun þarna fara fram nýting á verðmætum auðlindum sem verða bara dýrmætari og dýrmætari eftir því sem tíminn líður.

Þarna finnst mér okkur Íslendinga algjörlega skorta heildstæða stefnu. Það mundi eflaust líka hjálpa okkur mjög mikið, t.d. í þeirri varnarumræðu sem hefur farið fram í dag, ef við hefðum einhverja heildstæða stefnu með tilliti til þessara svæða. Þau skipta líka máli til að mynda í tengslum við siglingar. Með hlýnandi loftslagi sem við höfum aðeins rætt hér í dag eru mjög miklar líkur á því að siglingaleiðin t.d. norðausturleiðin svokallaða, muni opnast og þá gæti vel farið svo að skipaumferð hér við Ísland mundi aukast stórlega, skipaumferð norður í höf, gamla siglingaleiðin sem Íshafskipalestirnar fylgdu þegar þær sigldu með vopn og vistir frá Íslandi til vígstöðvanna í Rússlandi á árum seinni heimsstyrjaldarinnar. Þessar siglingaleiðir yrðu hugsanlega farnar á ný og síðan siglingaleiðin austur með Síberíu og inn í Kyrrahaf.

Þarna er því að mörgu að hyggja, virðulegi forseti, og ég vil því nota lokaorð mín til að brýna íslensk stjórnvöld til að fara nú að huga meira að Norðurhöfum, að möguleikum þar, og að efla rannsóknir og fara síðan í þá vinnu að marka þjóðinni stefnu til langframa í þessum efnum því að þetta er kannski okkar stærsta utanríkismál.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 19:18.

---

25. FUNDUR

föstudaginn 18. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Til félagsmálaráðherra:

1. Aðgerðir í málefnum heimilislausra, fsp. JóhS, 91. mál, þskj. 91.
2. Úrbætur í málefnum atvinnulausra, fsp. JóhS, 94. mál, þskj. 94.
3. Lenging fæðingarorlofs, fsp. KJúl, 134. mál, þskj. 134.
4. Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, fsp. JóhS, 254. mál, þskj. 267.
5. Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna, fsp. JóhS, 255. mál, þskj. 268.
6. Jafnréttisfræðsla fyrir ráðherra og stjórnendur opinberra stofnana, fsp. JóhS, 256. mál, þskj. 269.

Til fjármálaráðherra:

7. Barnabætur, fsp. JóhS, 197. mál, þskj. 197.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:31]

Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur, 8. þm. Suðvesturkjördæmis, dagsett 16. nóvember sl., sem hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 3. varamaður Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, frú Bryndís Haraldsdóttir markaðsfræðingur, Mosfellsbæ, taki sæti mitt á Alþingi á meðan frá 18. nóvember til 5. desember nk. Sigurrós Þorgrímsdóttir 1. varamaður situr nú á Alþingi og 2. varamaður, Þórdís Sigurðardóttir, er forfölluð."

Þá hefur borist símbréf frá 2. varamanni Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, Þórdísi Sigurðardóttur, dagsett 17. nóvember 2005, þar sem segir að sökum anna geti hún ekki tekið sæti á Alþingi fyrir Þorgerði K. Gunnarsdóttur að þessu sinni.

Kjörbréf Bryndísar Haraldsdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Bryndís Haraldsdóttir, 8. þm. Suðvest., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[10:33]

Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):

Bryndís Haraldsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Aðgerðir í málefnum heimilislausra.

Fsp. JóhS, 91. mál. — Þskj. 91.

[10:33]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti. Í svari til mín á 131. löggjafarþingi fyrir nákvæmlega ári síðan um málefni heimilislausra kom fram hjá hæstv. félagsmálaráðherra að hann hefði haldið samráðsfund með fulltrúum Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði og á þann fund hefði einnig komið fulltrúi frá heilbrigðisráðuneytinu og lögreglunni í Reykjavík til að ræða málefni heimilislausra.

Niðurstaðan varð sú að ef leysa ætti vandann, sem væri margþættur, yrði félags- og heilbrigðiskerfið ásamt lögreglu að vinna saman. Aðilar stofnuðu því samráðsfund til að skilgreina hverjir féllu undir þennan hóp og í framhaldi af því átti að setja fram áætlun um samstillt viðbrögð til að koma í veg fyrir heimilisleysi á höfuðborgarsvæðinu.

Á þessum tímapunkti fyrir ári síðan upplýsti ráðherra í svarinu til mín að sameiginleg skilgreining lægi fyrir um það hverjir féllu undir þennan hóp og verið væri að taka saman upplýsingar um viðkomandi einstaklinga sem að mati hópsins búa við heimilisleysi, stöðu hvers og eins, þá aðstoð sem viðkomandi fengi og meginorsök vanda hvers og eins en fyrir lá að nánast allur þessi hópur heldur til í Reykjavík. Í svari ráðherra segir orðrétt:

„Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir verður mögulegt að leggja til aðgerðir og tillögur um samráð með það að markmiði að koma í veg fyrir að fólk verði heimilislaust á höfuðborgarsvæðinu. Það er stefnt að því að samráðshópurinn skili mér skýrslu eigi síðar en 15. janúar nk."

Hér er verið að vitna í 15. janúar á þessu ári.

Nú eru tíu mánuðir eða meira síðan umrædd skýrsla og aðgerðaráætlun áttu að liggja fyrir og því er fyrirspurn beint til hæstv. ráðherra:

„1. Hefur samráðshópur um úrlausn í málefnum heimilislausra skilað niðurstöðu og þá hvaða, en skýrsla hópsins átti að liggja fyrir eigi síðar en 15. janúar sl.?

2. Liggur fyrir tímasett áætlun eða tillögur að aðgerðum til að taka á vanda heimilislausra og hefur verið gert ráð fyrir fjármagni til úrlausna?"

Ég held, virðulegi forseti, að það sé til mikils vansa ef á annað hundrað manns eru heimilislausir og eiga hvergi höfði sínu að halla hér í borginni en sá fjöldi kom einmitt fram í svari ráðherra til mín og það kom m.a. fram að á annan tug þessara einstaklinga væru líka hættulegir umhverfi sínu. Það er orðið mjög brýnt að taka á þessu máli, virðulegi forseti.

[10:36]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég skipaði samráðsnefnd um málefni heimilislausra á síðasta ári. Í hópnum voru fulltrúar félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis, sem komu frá lögreglunni í Reykjavík, auk fulltrúa Félagsþjónustunnar í Reykjavík, í Kópavogi og Hafnarfirði.

Samráðshópurinn hefur nú skilað mér skýrslu með tillögum. Hópurinn komst eftir nokkra umhugsun að þeirri niðurstöðu að skilgreining á heimilisleysi nái til þeirra sem búa við húsnæðisleysi. Með því takist að beina sjónum að þeim sem búa við bágastar aðstæður. Með öðrum orðum að fjallað sé um þá sem ekki eiga þak yfir höfuðið, eiga ekki í nein hús að venda.

Áður hafði komið fram tilhneiging frá sveitarfélögunum til að telja með heimilislausum fólk sem í raun hefði húsaskjól en byggi við erfiðar aðstæður. Hér er því einkum átt við útigangsfólk sem heldur til á götum Reykjavíkurborgar og gistir eina nótt í einu á hverjum stað í gistiskýli, yfirgefnu húsnæði hjá lögreglunni eða inni á félögum sem oft búa við slakan húsakost. Í ljós kom að langflestir sem teljast húsnæðislausir á Íslandi dveljast í Reykjavík. Sumarið 2004 reyndust alls 47 einstaklingar vera húsnæðislausir, mun færri en áður var talið, þar af fjórar konur, en í janúar 2005 voru þeir 49 og þar af 5 konur. Einungis var um einn einstakling að ræða í Kópavogi og annan í Hafnarfirði. Þess vegna byggjast tillögur samráðshópsins á úrræðum í Reykjavík.

Um er að ræða 45–55 manns sem hvergi eiga höfði sínu að halla. Einkenni hópsins eru nokkuð skýr. Flestir eru karlmenn milli þrítugs og fimmtugs, eru einhleypir og margir einstæðingar. Þeir búa á götunni, í gistiskýlum eða eru inni á meðferðarstofnunum. Þeir hafa oft langvarandi samskipti við Félagsþjónustuna í Reykjavík.

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um heilsufar þeirra. Öryrkjar eru 35 af hópnum eða 74% sem bendir til slakrar heilsu. Opinberar upplýsingar um ástæður og örorkumat liggja ekki fyrir en í ljós hefur komið að langflestir virðast með mikla geðræna kvilla og eru tvígreindir sem þýðir að þeir glíma bæði við fíkn og alvarlegar geðraskanir. Það má benda á að samkvæmt tölulegum upplýsingum frá nokkrum Evrópulöndum einkennist heilsufar húsnæðislausra af mikilli áfengis- og fíkniefnaneyslu, geðfötlun og öðrum sjúkdómum.

Samráðshópurinn leggur tvennt til. Annars vegar að stofnuð verði í áföngum tvö heimili fyrir átta húsnæðislausa einstaklinga, hvort með sérhæfðri, öflugri félags- og heilbrigðisþjónustu. Hins vegar að teymi verði stofnað sem hefur innsýn yfir stöðu húsnæðislausra á höfuðborgarsvæðinu á hverjum tíma og úrræði til að leysa úr bráðum vanda meðan unnið er að varanlegri lausn. Lagt er til að Reykjavíkurborg, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti gangi til samninga um stofnun heimilis fyrir húsnæðislausa þar sem þeim yrði boðið að búa án þess að gerð sé krafa um að þeir hætti neyslu. Að sjálfsögðu byðist heimilisfólki ráðgjöf og stuðningur til að fara í áfengis- og fíkniefnameðferð auk annarrar heildstæðrar félagslegrar ráðgjafar. Aðstaða verði fyrir átta heimilismenn. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára og byggt á sterkum tengslum við heilbrigðisþjónustuna og lögregluna.

Heimageðhjúkrunarteymi sem rekið er á miðstöð heimahjúkrunar innan heilsugæslunnar í Reykjavík mundi veita heimilinu þjónustu. Enn fremur er lagt til að vettvangsteymi geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss taki íbúana eftir atvikum til meðferðar en sviðið býður upp á meðferð og eftirfylgd geðsjúkra sem geta ekki nýtt sér hefðbundin úrræði innan heilbrigðisþjónustunnar. Lagt er til að ríkið leggi til rekstursins fjárhæð á móti Reykjavíkurborg sem aðilar geta komið sér nánar saman um. Hlutur ríkisins verði fenginn af fyrirætluðum fjárveitingum til þjónustu við geðfatlaða. Gert er ráð fyrir að rekstur heimilisins hefjist á árinu 2006. Að einu ári liðnu og að því gefnu að reksturinn gangi vel verður stofnað annað heimili fyrir átta manns á sömu forsendum og hið fyrra.

Þá er einnig lagt til að stofnað verði teymi sem hafi yfirsýn yfir stöðu húsnæðislausra á höfuðborgarsvæðinu á hverjum tíma og bráðaúrræði. Fulltrúar í teyminu komi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Heilsugæslunni í Reykjavík og lögreglunni í Reykjavík. Tryggt verði að teymið eigi greiðan aðgang að sjúkrastofnunum og annarri lögbundinni þjónustu og vinni í nánu samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús.

Hæstv. forseti. Ég tek undir þessar tillögur samstarfsnefndarinnar og er reiðubúinn að ganga til samninga við borgaryfirvöld um að tryggja stofnun og rekstur framangreindra heimila. Þarna yrði vandi sex manna leystur. En þessar tillögur byggjast m.a. á farsælum rekstri húsnæðis fyrir heimilislausa sem staðsett er við Miklubraut í Reykjavík. Auk þess er fram undan þróunarvinna hjá Reykjavíkurborg til að bæta enn frekar stuðning og ráðgjöf við þá einstaklinga sem eru í þessum sporum, m.a. uppbygging gistiskýlis.

Nú kann einhver að spyrja hvernig eigi að leysa vanda hinna sem eftir standa. Hér er um 40–50 manns að ræða en hin nýju heimili leysa aðeins vanda 16 manns. Rétt er að benda á að hér verður tekist á við vanda þeirra sem eru með langvarandi geðröskun en sá hópur er um það bil 30–35 manns. Ég tel að stofnun teymis með þátttöku velferðarsviðsins, heilsugæslunnar og lögreglunnar í Reykjavík leiði til þess að fyrr verði brugðist við vanda fólks og úrlausn í húsnæðismálum fundin jafnvel án þess að það fari inn á hin sérstæðu heimili sem lagt er til að stofnuð verði. Þannig leiði aukið og eflt samstarf lykilstofnana á þessu sviði til þess að það takist að draga úr þeim fjölda sem býr við algert húsnæðisleysi í höfuðborginni.

Að lokum er það augljóst að samvinna milli félagsmálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda og lögreglu er forsenda þess að þeir sem eru á götunni vegna heilsufarslegra og félagslegra vandamála komist í varanlegt húsaskjól. Þá skiptir verulegu máli að framkvæmd tillagnanna sem ég hef greint frá, hæstv. forseti, haldist í hendur við þá þróunarvinnu sem nú fer fram hjá Reykjavíkurborg á þessu sviði.

[10:42]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að fylgja þessu máli eftir á Alþingi og hæstv. félagsmálaráðherra fyrir svörin. Ég velti því fyrir mér hvort skilgreiningin sem lögð er til grundvallar í vinnu samráðshópsins sé kannski of þröng. Hún reyndar tekur til útigangsfólks, útigangsmanna, og vissulega er vandi þeirra mjög mikill og brýnn að leysa. Það er gott að það skuli vera lagt til að ganga í það en ég velti hins vegar fyrir mér hvernig eigi að leysa þann brýna vanda sem sá hópur býr við sem nær ekki inn í skilgreininguna, ef þannig má að orði komast, en er stöðugt við það að missa húsnæði sitt.

[10:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli og vil taka undir með hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur um það að þarna tel ég ráðherra vera að skilgreina þennan hóp mjög þröngt en það kom fram á fundi með aðstandendum geðsjúkra fyrr í mánuðinum að það væru 70–100 geðsjúkir sem væru án heimilis. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær verður þeirra vandi leystur og hefur hann haft samráð við aðstandendur þeirra og fulltrúa geðsjúkra við það að finna réttu og bestu lausnirnar sem henta þeim í húsnæðismálum?

[10:44]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og gleðst yfir því að lausn skuli vera í sjónmáli fyrir nokkra þessara einstaklinga. En ég segi það sama og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir að mér kemur á óvart hvað fækkað

hefur í þessum hópi sem var á annað hundrað manns og maður veltir fyrir sér hvort þessi skilgreining sé of þröng. Ég spyr ráðherra hvort þessi hópur hafi skilað skýrslu sem við gætum fengið til þess að skoða rökin sem eru á bak við þá niðurstöðu sem þar kemur fram.

Ég verð að segja það líka, virðulegi forseti, að það er auðvitað mjög hægt farið í sakirnar. Við erum búin að bíða eftir því í 2–3 ár að fá lausn á vanda þessa hóps. Við þingmenn verðum mjög vör við þennan hóp þar sem margir af þessum einstaklingum halda sig nærri Austurvellinum. Það á líka að fara mjög hægt af stað, einungis er hugað að lausn fyrir átta einstaklinga á árinu 2006 og þetta er tilraunaverkefni til þriggja ára. Ef vel tekst til á að huga að öðrum átta á árinu 2007. Ég hef áhyggjur af þeim 30 manna hópi sem stendur eftir og hugsanlega er líka ástæða til að hafa áhyggjur af þeim 50–60 manna hópi sem ekki hefur lent í þessari skilgreiningu. Ég er viss um að þar er hópur sem býr við mjög bága húsnæðisaðstöðu þó hægt sé að kalla að þeir hafi þak yfir höfuðið. En það er auðvitað til vansa fyrir okkur að þarna skuli vera þó þetta stór hópur sem býr hreinlega á götunni og veit ekki hvar hann á að gista frá einni nótt til annarrar. Þetta er auðvitað til skammar fyrir velferðarþjóðfélagið og auðvitað ber að fagna því sem ráðherra lýsti að farið sé að taka á vandanum.

Virðulegi forseti. Ég spyr ráðherra: Er ekki hægt að gera betur fyrir þennan hóp? Það eru 30 sem standa þarna út af, bíður þeirra enn næstu 3–4 árin að gista hér undir berum himni kannski á köldum vetrardögum?

[10:46]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Í svari mínu við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vorið 2004 var greint frá því að líklega væru um 102 einstaklingar heimilislausir á öllu landinu. Við nánari athugun kom í ljós að hér er um mun fámennari hóp að ræða. Við vinnslu þess svars í félagsmálaráðuneytinu birtist verulega mismunandi skilningur sveitarfélaganna á því hvað fælist í heimilisleysi þrátt fyrir að fyrirspurnin væri á þá leið að átt væri við þá sem ekki ættu fastan samastað og væru samkvæmt orðanna hljóðan á götunni. Í svarinu var greint frá tölum í samræmi við upplýsingarnar sem bárust ráðuneytinu frá sveitarfélögunum. Nánari könnun hjá öllum félagsþjónustum sveitarfélaganna leiddi í ljós að mun færri byggju við þessar aðstæður en fram hafði komið í svörum þeirra við fyrstu athugun. Það er skýringin á þeim verulega mun á fjölda sem fram kom í svarinu þá og því sem hér er borið á borð í dag.

Enn fremur lagðist samráðshópurinn yfir skilgreininguna á hugtaki sem ætti við um þá sem hvergi eiga höfði sínu að halla og einsetti sér að finna skilgreiningu sem væri nothæf til að fá greinargóðar upplýsingar um þá sem nauðsynlegt er að koma til móts við og gera má ráð fyrir að þarfnist sérhæfðra úrræða. Í skýrslu samráðshópsins, sem er að finna á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins, er miðað við tiltölulega þrönga skilgreiningu á heimilisleysi sem taki til þeirra sem verst eru settir á hverjum tíma.

Það er ástæða til þess, hæstv. forseti, að undirstrika það hér að við höfum tekið um það ákvörðun að ganga til samstarfs við Reykjavíkurborg um uppbyggingu þessara heimila sem tilraunaverkefni til að byrja með. Við sjáum svo hvernig það gengur og vonandi gengur það vel.

Hér er um samspil ríkis og sveitarfélaga að ræða. Hér er um samspil heilbrigðiskerfisins, félagsmálakerfisins og félagsþjónustu sveitarfélaganna að ræða. Ég minni á það líka, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja 1,5 milljarða í sérstaka uppbyggingu úrræða fyrir geðsjúka og að sjálfsögðu verður staðið við þau stóru orð. Það verkefni er að fara af stað núna á næstu dögum. Ég er að skipa verkefnisstjórn og til að svara spurningu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur þá mun verða haft náið samráð við geðfatlaða og aðstandendur þeirra um það mál.

Umræðu lokið.

Úrbætur í málefnum atvinnulausra.

Fsp. JóhS, 94. mál. — Þskj. 94.

[10:48]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Hæstv. núverandi félagsmálaráðherra hefur gefið fyrirheit um að staða atvinnulausra verði bætt og hefur nefnd á hans vegum starfað til þess m.a. að endurskoða lögin um atvinnuleysistryggingar og að skoða vinnumarkaðsaðgerðir, einkum fyrir þá sem eru atvinnulausir til langs tíma. Atvinnulausir, einkum þeir sem eru atvinnulausir til langs tíma, lifa margir við mjög bág kjör og ekki verður komist hjá því að bæta kjör þeirra verulega. Þetta fólk er oft í sárri neyð, atvinnuleysisbætur duga hvergi og það þarf iðulega að leita á náðir hjálparsamtaka.

Kjör atvinnulausra voru skert verulega þegar ríkisstjórnin rauf tengsl atvinnuleysisbóta og launa á árinu 1996 og hefur fyrrverandi félagsmálaráðherra svarað því til að um sé að ræða 15 þús. kr. skerðingu á mánuði, eða 180 þús. kr. á ári, en fyrir tilstilli verkalýðshreyfingarinnar hafa kjör atvinnulausra verið bætt lítillega frá því sem var þegar ríkisstjórnin tók við og enn virðist það vera svo að verkalýðshreyfingin er í fararbroddi fyrir því að bæta enn frekar kjör þessara hópa.

Við í Samfylkingunni höfum talað mjög fyrir bættum kjörum atvinnulausra og m.a. flutt frumvarp um að lögfest verði ákvæði um sérstaka desemberuppbót til þeirra einstaklinga sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Elli- og örorkulífeyrisþegar eiga rétt á 30% uppbót í desember á fjárhæðum tekjutryggingar og tekjutryggingarauka og hið sama gildir um þá sem starfa á almennum vinnumarkaði auk þess sem þeir fá sérstakar orlofsuppbætur. Því er það með öllu óskiljanlegt að atvinnulausir, þeir sem verst eru staddir í þjóðfélaginu, fái ekki þessar uppbætur á sín kjör. Ég man ekki betur en þessar jólauppbætur hafi verið til staðar áður en þessi ríkisstjórn tók við á árinu 1995.

Um það er spurt hvort fyrirhugað sé að atvinnulausir fái desember- og orlofsuppbót eins og aðrir á vinnumarkaði sem og lífeyrisþegar. Hér er ekki um háar fjárhæðir að ræða, sennilega 150–175 millj. kr., og auðvitað sanngirnismál að atvinnulausir séu ekki á einhverjum sérbás og fái ekki orlofs- eða desemberuppbætur líkt og aðrir.

Þessi fyrirspurn var lögð fram í byrjun þings en nú hefur komið fram að verkalýðshreyfingin hefur náð fram í tengslum við kjarasamninga verulegum breytingum á atvinnuleysisbótum, m.a. á tekjutengingu þeirra, sem ber að fagna. Ágætt væri að fá fram hjá hæstv. ráðherra hvernig útfærslan er hugsuð, hvenær breytingarnar taka gildi og hvort áhorf séu uppi um lögfestingu þeirra nú fyrir jólaleyfi eða a.m.k. þeim hluta sem lýtur að hækkun grunnbóta. Einnig væri áhugavert að heyra, eins og ég hef áður nefnt, frá ráðherranum hvort greiðslur til foreldra langveikra barna, sem áformað er að flytja frumvarp um, taki mið af þessum breytingum. Ég hef áður spurt um vinnumarkaðsaðgerðir og spyr enn og aftur hvað sé á döfinni varðandi vinnumarkaðsaðgerðir fyrir þá sem eru atvinnulausir til langs tíma, hvort fyrirhugað sé að bæta stöðu þeirra. Ég veit að hæstv. ráðherra þekkir vel stöðu þessa hóps og munar lítið um að svara hér.

[10:52]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur beint til mín fyrirspurn um það hvort vænta megi úrbóta í málefnum atvinnulausra á yfirstandandi þingi, m.a. hvað varðar hækkun bóta á tekjutengingu. Enn fremur hvort fyrirhugað sé að atvinnulausir fái desember- og orlofsuppbót eins og aðilar á vinnumarkaði sem og lífeyrisþegar.

Því er fyrst til að svara að um miðjan apríl 2004 skipaði ég nefnd til að endurskoða málefni er varða atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Þar undir féllu lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, lög um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997, og lög um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997.

Markmiðið með endurskoðuninni var skilgreint þannig að stefna ætti að því að bæta stöðu og öryggi fólks sem er atvinnulaust, fjölga úrræðum vinnumiðlunar til að gera atvinnuleitendum kleift að bæta starfshæfni og skipta um starfsvettvang og auka skilvirkni almennt. Nefndinni var einkum falið að fjalla um eftirfarandi þætti og koma eftir atvikum með tillögur til breytinga eða úrbóta.

Í fyrsta lagi er fjallað um stjórnsýslu og ábyrgð í málaflokknum, þar með talið að leita leiða til að samræma betur yfirstjórn þessara málaflokka og einfalda ákvörðunartöku, fækka stjórnum, ráðum og nefndum og tryggja betri yfirsýn yfir málaflokkinn.

Í öðru lagi að endurskoða rétt til bóta, bótatíma og bótafjárhæðir, m.a. með tilliti til þróunar annarrar tryggingaverndar hér á landi, breytinga á samfélagsháttum og viðhorfs og þróunar á hinum Norðurlöndunum og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í þriðja lagi að fara yfir þau úrræði sem eru á færi Vinnumálastofnunar og vinnumiðlunar til að aðstoða atvinnuleitendur og skipulag þeirra þar með talið aðferðir og árangur og styrki og stuðning við starfstengda menntun.

Í nefndinni sátu fulltrúar Alþýðusambands Íslands, samtaka atvinnulífsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja auk fulltrúa stjórnvalda. Nefndin hefur unnið mjög vel að því verkefni sem henni var falið. Hún hélt fjölda funda, átti samráð við ýmsa aðila sem láta sig varða málefni vinnumarkaðarins og stöðu atvinnulausra og kynnti sér skipulag atvinnuleysistrygginga og þjónustu við atvinnuleitendur í næstu nágrannalöndum okkar. Afrakstur nefndarstarfsins er ítarleg skýrsla sem ég fékk í hendur fyrr í þessum mánuði. Í henni eru lagðar til grundvallarbreytingar á skipan atvinnuleysistrygginga hér á landi auk fjölmargra tillagna við umbætur og starfsemi Vinnumálastofnunar að því er varðar þjónustu við atvinnuleitendur.

Tími minn leyfir ekki að ég fari yfir tillögur nefndarinnar í smáatriðum, hæstv. forseti. Ég get einungis stiklað á stærstu breytingunum.

Mikilvægasta breytingin er að mínu mati sú grundvallarbreyting sem felst í tekjutengingu atvinnuleysisbóta. Með henni er dregið verulega úr því fjárhagslega áfalli sem einstaklingar og fjölskyldur verða fyrir við atvinnumissi. Einnig er lagt til að bætur atvinnuleysistrygginga verði hækkaðar. Í tillögunum er einnig að finna tillögur um einföldun stjórnsýslu. Þar er einnig lögð áhersla á að breyta þurfi viðhorfi til vinnu og fjölga úrræðum vinnumiðlunar til að gera fólki kleift að verða virkir þátttakendur í atvinnulífinu þrátt fyrir skort á vinnufærni eða rekstrarerfiðleika einstakra fyrirtækja eða starfsgreina. Þetta ber að gera með eflingu starfsmenntunar og fjölgunar tækifæra til að njóta endurhæfingar.

Frá því að ég fékk skýrslu nefndarinnar í hendur, hæstv. forseti, hafa hlutir gerst hratt eins og hv. þingmaður rakti. Síðasta þriðjudag náðist mjög þýðingarmikið samkomulag á milli heildarsamtaka atvinnurekenda, launafólks og ríkisins um að hrinda í framkvæmd tillögum endurskoðunarnefndarinnar. Samkomulag er um að tekjutengja atvinnuleysisbætur. Tekjutengingin verður miðuð við 70% af heildartekjum samkvæmt launaseðlum síðustu sex mánuði að undanskildum síðasta mánuði fyrir atvinnumissi. Þak er sett á hámarksbætur sem geta ekki orðið hærri en 180 þús. kr. á mánuði. Rétturinn til tekjutengdra bóta verður að hámarki þrír mánuðir á þriggja ára tímabili og hefst þegar sá atvinnulausi hefur verið í tíu virka daga á grunnbótum. Jafnframt verða lágmarksbætur hækkaðar úr rúmlega 91 þús. kr. í 96 þús. kr.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þann 15. nóvember sl. kemur m.a. fram að forsætisráðherra mun skipa nefnd sem í eiga sæti fulltrúar stjórnvalda, fulltrúar aðila á vinnumarkaði og fulltrúar lífeyrissjóða. Meðal verkefna þeirrar nefndar verður að fjalla um leiðir til að efla starfsendurhæfingu í því skyni að hjálpa einstaklingum sem ekki hafa fest rætur á vinnumarkaði eða hafa þurft að hverfa af honum vegna atvinnuleysis eða örorku. Jafnframt er kerfið gert einfaldara og skilvirkara og tryggð betri yfirsýn yfir þau úrræði sem eru í boði hverju sinni.

Í skýrslunni sem hér er gerð að umtalsefni er ekki fjallað um desember- eða orlofsuppbót á atvinnuleysisbætur. Ég get hins vegar, hæstv. forseti, upplýst það hér að ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í morgun að það sama ætti að gilda gagnvart atvinnulausum og þeim sem hafa atvinnu þannig að þeir munu njóta sérstakrar eingreiðslu til samræmis við það sem aðilar vinnumarkaðarins sömdu um sín í milli í vikunni. Nákvæm útfærsla á þessu liggur ekki fyrir en mun gera það næstu daga.

Hæstv. forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllu því ágæta fólki sem hefur undirbúið þær breytingar á

atvinnuleysiskerfinu sem nú eru að verða að veruleika. Ég leyfi mér jafnframt að taka undir með forseta Alþýðusambands Íslands þegar hann segir í viðtölum við fjölmiðla að þetta muni verða mestu breytingar á atvinnuleysisbótalöggjöfinni frá upphafi. Það eru orð að sönnu, hæstv. forseti, og ástæða til að fagna þeim tímamótum alveg sérstaklega.

[10:57]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin og það ber vissulega að fagna því sem hér er upplýst að atvinnulausir, ef ég skil hæstv. ráðherra rétt, eigi að fá þessa eingreiðslu, 26 þús. kr., núna í desember. Þeir fjármunir fara sannarlega í réttar hendur, að atvinnulausir sjái örlítið ljós í myrkrinu í öllum fjárhagsþrengingunum rétt fyrir jólin. Vissulega er ekki um háar fjárhæðir að ræða en þó gerir þetta sitt.

Það kom fram hér á þingi í gær að lífeyrisþegar eigi ekki að fá þessar eingreiðslur og verð ég að lýsa furðu minni á því. Ég skil ekki hvar og hvernig ríkisstjórnin dregur línur í því efni að skilja eftir hóp sem er líka mjög illa staddur og spyr ráðherrann hvort hann hafi einhverjar haldbærar skýringar á því. Engu að síður upplýsir ráðherrann ekkert sérstaklega um að það sé fyrirhugað í framhaldinu að atvinnulausir fái áfram desember- og orlofsuppbót en ég bið ráðherrann að huga sérstaklega að því vegna þess að það gengur auðvitað ekki að skilja undan þennan eina hóp í þjóðfélaginu. Þessi hópur er illa staddur og er einna fjölmennastur meðal þeirra sem fá fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg svo dæmi sé tekið. Mig minnir að talan sé 42%, þannig að það er mjög slæmt.

Hæstv. ráðherra nefndi vinnumarkaðsaðgerðirnar. Ég renndi aðeins yfir þessa skýrslu rétt áður en ég kom í ræðustól og spyr: Er það rétt að verið sé að þrengja verulega skilyrði til bóta og að í ýmsum tilvikum eigi þeir sem eru atvinnulausir að vera bótalausir fyrstu dagana? Er það rétt að komið verði á einhverjum biðtíma eftir bótum í sérstökum tilvikum? Þetta stakk mig mjög þegar ég sá þetta og mér sýndist líka að það eigi að takmarka lengd bótatímabils, stytta hann úr fimm árum í þrjú ár. Tekur hæstv. ráðherra undir þetta?

[10:59]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það sem fram kom í ræðu minni áðan að ég tel að við séum að stíga mikil framfaraskref innan atvinnuleysistryggingakerfisins með því að tekjutengja atvinnuleysisbætur og gera aðrar þær breytingar sem ég rakti áðan.

Til að eyða öllum misskilningi og fyrirbyggja hann vil ég taka fram að á fundi sínum í morgun ákvað ríkisstjórnin ekki einungis að atvinnulausir nytu þessarar eingreiðslu heldur líka öryrkjar og ellilífeyrisþegar. Ég veit að það mun gleðja hv. þingmann. Þetta er þá til samræmis við það sem aðilar vinnumarkaðarins sömdu um sín í milli í vikunni og miðað er við að þessar greiðslur komi til útborgunar 1. desember nk.

Hvað varðar einstaka þætti í þeirri skýrslu sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, bæði af þeim sem hér stendur og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þá hef ég ekki tekið afstöðu endanlega til einstakra tillagna þar. Ég get þó upplýst að ég mun ekki beita mér fyrir því að fólk verði bótalaust í atvinnuleysi. Hins vegar fær fólk ekki tekjutengdar bætur fyrr en eftir tiltekinn tíma á grunnbótum, eins og fram kom hér áðan.

Ég á von á því, hæstv. forseti, að mér takist að leggja fyrir þingið að vori frumvarp til breytinga á þeim lögum sem hér um ræðir og þar verður að sjálfsögðu fjallað um útfærslu þeirra hugmynda og tillagna sem fram koma í nefndarálitinu. Ég hlakka til að eiga orðastað við þingmenn um það og vonast til að við getum náð góðri samstöðu um þær framfarir.

Umræðu lokið.

Lenging fæðingarorlofs.

Fsp. KJúl, 134. mál. — Þskj. 134.

[11:01]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Frú forseti. Að mínu mati fá börn of stutta samveru með foreldrum sínum fyrstu mánuði eftir fæðingu eða sex til níu mánuði eftir samsetningu fjölskyldna þeirra. Börnin fá að mínu mati of lítinn tíma með foreldrum sínum áður en foreldrarnir þurfa að fara aftur út að vinna, flestir fullan vinnudag og gott betur til að ná endum fjölskyldunnar saman. Á þessum tíma taka börnin gríðarlegt þroskastökk. Þau byrja að sitja, borða venjulegan mat, standa upp, skríða og sum jafnvel að taka fyrstu skrefin. Það er rétt hægt að ímynda sér þann andlega þroska sem á sér stað á þessum tíma samhliða öllum þessum líkamlegu afrekum. Þarna myndast grunntengsl barna við foreldra sína og á þeirri reynslu byggja börnin tengsl sín til framtíðar og alla tengslamyndun. Það er því mín einlæga skoðun að lengja beri fæðingarorlofið í skrefum þar til það hefur náð allt að 18 mánaða samveru foreldra og barns.

Virðulegi forseti. Eins og ég kom inn á er fæðingarorlof hér sex til níu mánuðir eftir því hvernig samsetning fjölskyldna er. Í samanburðarlöndum, eða á hinum Norðurlöndunum, er fæðingarorlofið yfirleitt lengra eða sem nemur allt að 68 vikum í Svíþjóð. Í Danmörku er það 52 vikur, í Finnlandi getur það orðið allt að 44 vikur og í Noregi 52 vikur og hér á landi 39 vikur. Við erum því þarna töluvert á eftir. Við þekkjum það að hér er töluvert bil og getur liðið töluverður tími þangað til fæðingarorlofi lýkur og þangað til vist á leikskóla hefst. Þarna tel ég að það liggi ákveðin hætta hvað varðar markmið laganna um jafnrétti þar sem hætt er við því að þetta tímabil vinni gegn markmiðum laganna hvað jafnréttisþáttinn varðar vegna þess að ef ekki fæst inni — og það hefur verið töluvert erfitt nú orðið að fá inni hjá dagmæðrum og fá dagvistunarúrræði fyrir börn á þessum aldri upp að leikskólaaldri, frá lokum fæðingarorlofs og upp að leikskólaaldri — því er hætt við, miðað við hvernig samfélag okkar er upp byggt, að það verði konurnar sem brúi þetta bil þangað til leikskólinn hefst. Það er því mín skoðun að við verðum að skoða þetta vel. Því hef ég

lagt fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra:

1. Telur ráðherra að til greina komi að lengja fæðingarorlof enn frekar, t.d. í 12 mánuði þar sem móðir fengi fimm mánuði, faðir fimm mánuði og sameiginlega fengju foreldrar tvo mánuði?

2. Hver yrði útgjaldaauki Fæðingarorlofssjóðs við slíka framkvæmd?

3. Hver er núverandi kostnaður ríkis og sveitarfélaga vegna dagvistunarúrræða fyrir börn að 12 mánaða aldri?

[11:04]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hefur beint til mín fyrirspurn í nokkrum liðum um lengingu fæðingarorlofs.

Í fyrsta lagi spyr þingmaður hvort að til greina komi að lengja fæðingarorlof enn frekar, t.d. í 12 mánuði þar sem móðir fengi fimm mánuði, faðir fimm mánuði og sameiginlega fengju foreldrar tvo mánuði.

Ég kýs, hæstv. forseti, að svara þessari spurningu þannig að auðvitað tel ég lengingu fæðingarorlofs koma til greina. Hins vegar tel ég ekki tímabært að leggja drög að frekari lengingu. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Ég vil fyrst nefna að það eru ekki nema um fimm ár síðan lögin um Fæðingarorlofssjóð voru samþykkt á Alþingi. Fljótlega eftir að þau voru komin til fullrar framkvæmdar reyndist nauðsynlegt að leggja til ýmsar breytingar á þeim. Ég nefni sérstaklega að útgjöld sjóðsins voru mun meiri en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir.

Við þessu þurfti að bregðast og það hefur gert með ýmsum hætti eins og þingmönnum er kunnugt. Ég tel mikilvægast að nú verði haldið þannig á málum að fjármál sjóðsins komist í jafnvægi og við öðlumst reynslu af nýlegum breytingum á lögum um sjóðinn áður en við tökum frekari skref til breytinga. Rétt er að árétta að áhrifin af þeirri breytingu sem gerð hefur verið á viðmiðunartímabili launa koma ekki að fullu fram fyrr en á fyrri helmingi ársins 2006 þannig að við eigum enn eftir að sjá hver raunveruleg áhrif þeirra breytinga verða.

Í öðru lagi spyr þingmaðurinn um kostnaðinn sem mundi leiða af þeirri breytingu sem fyrsta spurning þingmannsins fjallar um.

Óskað hefur verið eftir mati Tryggingastofnunar ríkisins á þessu atriði en stofnunin fer með daglegan rekstur Fæðingarorlofssjóðs. Í svari stofnunarinnar kemur fram að niðurstaðan fari eftir þeim forsendum sem byggt er á að sjálfsögðu. Stofnunin telur eðlilegast að byggja á reynslu af framkvæmd laganna. Hún leiðir í ljós að algengast er að mæður nýti sinn sjálfstæða rétt og sameiginlega réttinn til viðbótar en flestir feður nýti eingöngu þann þriggja mánaða sjálfstæða rétt sem þeir hafa. Sé gengið út frá þessari forsendu og óbreyttu kerfi, þ.e. að konur hafi sjálfstæðan rétt til þriggja mánaða orlofs, það sama gildi um karla og að sameiginlegur réttur sé þrír mánuðir, áætlar Tryggingastofnun að heildarkostnaður Fæðingarorlofssjóðs vegna fæðingarorlofs foreldra sem eiga barn árið 2005 yrði rúmir 5,4 milljarðar kr. Sé hins vegar miðað við að hvort hjóna um sig öðlist rétt til fimm mánaða orlofs og sameiginlegur réttur verði tveir mánuðir telur Tryggingastofnun að árlegur heildarkostnaður verði tæpir 7,5 milljarðar kr. Breytingin, hæstv. forseti, mundi þannig leiða til rúmlega 2 milljarða árlegrar útgjaldaaukningar fyrir Fæðingarorlofssjóð.

Tryggingastofnun vekur á því athygli að þar sem breyting hafi orðið á viðmiðunartímabili útreiknings um síðastliðin áramót þá hafi við þessa útreikninga aðeins verið hægt að miða við fæðingarorlof foreldra sem eiga börn á þessu ári. Gert er ráð fyrir 7% mótframlagi í lífeyrissjóð við útreikningana. Það er tekið fram að útgjaldaauki vegna fæðingarstyrks sé ekki með í þessum tölum.

Í þriðja lagi er spurt um núverandi kostnað ríkis og sveitarfélaga vegna dagvistunarúrræða fyrir börn að 12 mánaða aldri.

Ekki liggur fyrir, hæstv. forseti, að ríkið beri neinn kostnað við dagvistunarúrræði fyrir börn á þessum aldri. Kostnaður sveitarfélaga sem rekja má til dagvistarúrræða liggur ekki fyrir þar sem í ársreikningum þeirra eru eingöngu birtar upplýsingar um heildarkostnað vegna dagvistunar í heimahúsum. Samkvæmt ársreikningum fyrir árið 2004 var heildarkostnaður vegna þessa úrræðis um 223 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum sem fengnar eru frá hlutaðeigandi, Reykjavíkurborg, eru börn hjá dagforeldri frá lokum fæðingarorlofs þar til þau eru um það bil 20 mánaða gömul. Gróflega má því áætla að allt að 60% af heildarkostnaðinum séu vegna dagvistunar barna að 12 mánaða aldri hjá dagforeldri eða um 134 millj. kr.

[11:08]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda Katrínu Júlíusdóttur kærlega fyrir þessa fyrirspurn sem að mínu mati snertir afskaplega mikilvægt mál og málið snertir fjölskyldur þessa lands og ekki síst atvinnulífið hér á landi. Við stöndum frammi fyrir þeim veruleika að flestir foreldrar lenda í ákveðnum erfiðleikum þegar fæðingarorlofinu sleppir og þangað til viðkomandi barn kemst í leikskóla. Þetta er tímabil sem getur verið allt að níu mánuðum ef ekki lengra og þetta tímabil þurfa foreldrar að brúa með einhverjum hætti. Til að brúa það tímabil tel ég að við ættum að hafa það að markmiði að lengja fæðingarorlofið og það er miður að ráðherra skuli ekki vilja beita sér fyrir því

En til er annað úrræði sem við ættum að efla að mínu mati og það er þjónusta dagforeldra. Þar sem við erum fá hérna í salnum langar mig að vera á persónulegum nótum. Við konan mín erum búin að hringja í 30 dagforeldra en fáum hvergi inni fyrir barnið okkar eftir næstu áramót. Það er því ljóst að ófremdarástand ríkir í þjónustu dagforeldra. Þetta hefur auðvitað áhrif á aðkomu fólks á vinnumarkaðinn. Við þurfum, bæði ríki og sveitarfélög, (Forseti hringir.) að beita okkur fyrir því að leysa þennan vanda sem foreldrar eru að lenda í og ég finn á eigin skinni þessa dagana.

[11:09]

Bryndís Haraldsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna innilega þeirri umræðu sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttur kemur af stað hérna um fæðingarorlofið. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt mál sem hefur nú þegar og mun í framtíðinni hafa mikil áhrif á þjóðina alla.

Þetta er eitt stærsta jafnréttismál seinni tíma þar sem réttur beggja foreldra til að vera með barninu er tryggður.

Lögin um fæðingarorlof hafa ekki síður haft mikil áhrif á atvinnulífið og tryggja betri nýtingu á mannauði okkar. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að sveitarfélögin standi sig vel í að útvega daggæslu. Ég þekki þetta líka af mínum eigin raunum varðandi dagforeldra. Það er mjög mikilvægt að sveitarfélögin komi þarna sterkt inn til að tryggja þessa daggæslu.

[11:10]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Þetta mál er mjög brýnt að ræða. Ég held að það sé verkefni okkar allra hér að horfast í augu við að auðvitað hlýtur þróunin að verða sú að lengja fæðingarorlofið.

Frú forseti. Það er ekki sama hvernig að því er staðið. Ég vil benda á að þó að lögin byggi á stöðu fólks á vinnumarkaði þá snúast þessi mál líka um réttindi barnsins, réttindi barns til samvista við foreldra sína. Eins og staðan er núna þá eru réttindi barna einstæðra foreldra minni en réttindi annarra barna. Ég vona að hv þingmenn geri sér allir grein fyrir því. Við hljótum líka að þurfa að taka það til greina þegar við tölum um lengingu fæðingarorlofs.

[11:11]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér er verið að fjalla um eitt af stærstu hagsmunamálum ungbarnafjölskyldna og ástæða til að þakka fyrirspyrjanda að taka þetta mál upp hér. Þetta er mál sem minn flokkur er mjög að skoða, þ.e. hvernig hægt sé að brúa þetta bil fyrir ungbarnafjölskyldu frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til ungbörnin fá vist á leikskólum. Full ástæða er til þess að stjórnmálaflokkar átti sig á því að þetta er mál sem verður að setja í forgang og leysa á næstu missirum.

Ég er ekkert mjög bjartsýn, virðulegi forseti, meðan núverandi stjórnarflokkar eru við völd á að það takist vegna þess að þegar er byrjað að grafa undan núgildandi fæðingarorlofslögum eins og hæstv. ráðherra veit. Fæðingarorlofslögin kveða á um að greiða eigi 80% af tekjum og við lögðum af stað með að miða við síðustu 12 mánuði. En nú er búið að lengja viðmiðunartímann með þeim afleiðingum að fæðingarorlofið er í raun og sanni ekki nema 70% af tekjum viðkomandi sem fer í fæðingarorlof og þetta vill hæstv. ráðherra ekki leiðrétta. Það hefur komið fram m.a. í félagsmálanefnd.

[11:12]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það að verja þurfi fæðingarorlofið og styrkja tilveru þess. En ég vil vekja athygli á því og hvetja hæstv. félagsmálaráðherra til að gefa gaum að því að ekki er minni ástæða til þess að auka möguleika fólks til að eiga samskipti við börnin sín eftir að þessum tíma lýkur. Ég held að sveigjanlegur vinnutími og sú fjölskyldustefna að gefa fólki sem á ung börn — þá er ég að meina kannski börn til átta eða níu ára aldurs eða eitthvað svoleiðis — meiri möguleika til samskipta við þessi börn sín yfir daginn. Það er ekki heppilegt að báðir foreldrar vinni úti langan vinnudag eða fullan vinnudag og að samskipti við börnin séu eingöngu í stressinu við að koma þeim í skóla á morgnana, leikskóla, og svo þegar allir eru orðnir þreyttir á kvöldin. Þessu þarf líka að gefa gaum. Ég hvet hæstv. félagsmálaráðherra til þess að skoða þennan þátt líka.

[11:13]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur orðið um þetta merka mál, fæðingarorlof. Það er alveg ljóst og hefur komið fram í umræðunum að þetta er sérstaklega núna vandi foreldra og barna þeirra þegar fæðingarorlofinu lýkur og áður en börnin komast á leikskóla. Þennan vanda verður með einhverjum hætti að leysa. Á þessu hefur verið vakin athygli núna í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga. Ég á von á því að núna þegar sveitarstjórnarmenn hefja kosningabaráttu sína þá íhugi þeir mjög verulega hvaða úrræði þeir ætla að bjóða upp á í sínum sveitarfélögum. Það kom sérstaklega fram í prófkjöri okkar sjálfstæðismanna að boðið var upp á margar lausnir í málflutningi þeirra sem bjóða sig fram í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík. Ég trúi því að Sjálfstæðisflokkurinn muni koma með góðar lausnir á vanda þessara barna.

[11:15]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka þær góðu umræður sem hér hafa orðið en ég verð að lýsa verulegum vonbrigðum með svör hæstv. félagsmálaráðherra. Ég hefði talið að miðað við þau góðu lög sem sett voru árið 2000 væri eðlilegt að stíga næst það skref að lengja fæðingarorlofið þannig að við stæðum þá a.m.k. á pari við nágrannaríki okkar á Norðurlöndum hvað lengd fæðingarorlofs varðar.

Réttilega hefur verið komið inn á það að þetta mál snýst annars vegar um samveru og samvistir barna og foreldra og rétt barna til samvista við foreldra sína og hins vegar um aðkomu kynjanna að vinnumarkaði eftir að fæðingarorlofi lýkur. Þetta eru að mínu mati, virðulegi forseti, verkefni sem við verðum að ráðast í og ég tel mjög eðlilegt að við ræðum þetta einmitt núna fimm árum eftir að lögin voru sett, þessi nýju, fínu lög. Það gagnast ekki að setja góð lög með góðum markmiðum, eins og að auka samvistir foreldra og barna og bæta aðstöðu og aðkomu kvenna að vinnumarkaði, og senda fólk síðan út í óvissuna að níu mánuðum liðnum. Þá er ég ekki að tala um foreldra eingöngu heldur börn líka.

Það er ekki hægt að benda á sveitarstjórnirnar í þessum efnum, þetta er verkefni okkar allra. Ég tel að við eigum að fara þá leið sem farin hefur verið á Norðurlöndunum. Við eigum að lengja fæðingarorlofið, það er eðlilegt að það verði næsta skref.

Þess vegna lýsi ég enn og aftur vonbrigðum mínum með þessi svör vegna þess að ég hefði haldið að hæstv. félagsmálaráðherra væri á sömu skoðun og við í Samfylkingunni hvað þetta varðar. Við verðum að renna styrkum stoðum undir þá góðu lagasetningu sem við erum með núna, ekki veikja hana.

[11:17]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þessa góðu umræðu. Það er auðvitað ánægjulegt að hv. þingmenn skuli deila ánægju ríkisstjórnarinnar með þau góðu lög sem voru að hennar frumkvæði samþykkt í þinginu á sínum tíma um fæðingarorlof sem á sennilega ekki sinn líka í heiminum.

Að mínu frumkvæði fer nú fram norræn samanburðarrannsókn á mismunandi fæðingarorlofskerfum Norðurlandanna og ég er ekki í nokkrum vafa um að íslenska kerfið er í fremstu röð, ekki bara á Norðurlöndunum heldur í heiminum öllum. Það finn ég á viðbrögðum allra þeirra sem fá kynningu á kerfinu hvar sem maður kemur.

Ég vil sömuleiðis, hæstv. forseti, geta þess að málefni yngstu barnanna eru til sérstakrar skoðunar í fjölskyldunefnd forsætisráðherra. Verið er að skoða hvaða úrræði skuli standa til boða börnum sem eru á þeim aldri að fæðingarorlofs nýtur ekki lengur við og ekki er komið að því að þau fái inni á leikskólunum eins og rætt hefur verið hér.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson minntist á nauðsyn þess að foreldrar hefðu tíma með börnum sínum, ekki bara meðan þau væru hvítvoðungar heldur líka á seinni skeiðum æskunnar og bernskunnar. Lögin um foreldraorlof kveða á um rétt foreldra til þess að taka orlof með börnum sínum til 8 ára aldurs en ég geri ráð fyrir því að í frumvarpi sem ég mun leggja fyrir þingið, um rétt langveikra barna og breytingar á lögunum um foreldraorlof, verði einmitt gerð tillaga um það að foreldraorlof gildi ekki einungis gagnvart börnum til 8 ára aldurs heldur til 18 ára aldurs. Þar erum við að stíga enn eitt skrefið í framfaraátt, þessi góða ríkisstjórn, hæstv. forseti.

Umræðu lokið.

[11:19]

Útbýting:

Búnaðargjald, 332. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 364.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 333. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 365.

Húsnæðismál, 343. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 377.

Réttarstaða samkynhneigðra, 340. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 374.

Umhverfismat áætlana, 342. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 376.

Vátryggingarsamningar, 344. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 378.

Verslunaratvinna, 345. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 379.

Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Fsp. JóhS, 254. mál. — Þskj. 267.

[11:20]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Á 100. löggjafarþingi, fyrir um einu og hálfu ári, var samþykkt nokkuð metnaðarfull áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára. Í þá áætlun var lögð töluverð vinna í félagsmálanefnd og reynt að ná samstöðu milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það mál. Víðtæk samstaða tókst og gerðar voru töluverðar breytingar á þeirri áætlun frá því sem var þegar hún var upphaflega lögð fram af hæstv. félagsmálaráðherra.

Það er mikilvægt að hér sé vel fylgst með því að þessari áætlun sé fylgt eftir. Það mæðir auðvitað mjög á félagsmálaráðherra í því efni þó að áætlunin sé þannig gerð að hvert ráðuneyti hefur sín verkefni að vinna að í þessu sambandi. Áætlunin nær sem sagt til allra ráðuneyta, m.a. með fræðslu um jafnréttismál, hvernig ná eigi jafnrétti á vinnumarkaði, hvernig vinna eigi að jafnréttisáætlun ráðuneytanna, eftirfylgni með framkvæmd áætlunarinnar og ýmsar kannanir áttu að fara fram innan nokkurra ráðuneyta til að meta stöðuna, m.a. í launamálum, og gera úttekt á hvaða árangur hefði orðið af verkefnum undanfarinna ára sem hafa það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri. Það átti að efla starfsmenntun til að bæta stöðu ófaglærðra kvenna og svo mætti lengi telja og gæti ég, virðulegi forseti, vissulega farið lið fyrir lið í þessa áætlun. En það er ekki nóg að hæstv. ráðherra haldi fast um taumana og sjái til þess að hún komist í framkvæmd heldur kostar það peninga að hrinda henni í framkvæmd.

Það var þannig að nokkur ráðuneyti settu fram tímaáætlun, innan hvaða tímamarka ætti að koma viðkomandi verkefnum í framkvæmd. Í sumum tilvikum voru þau kostnaðargreind en alls ekki í öllum ráðuneytum þannig að sjálfsagt liggur kostnaðurinn við framkvæmdina ekki alveg fyrir. Þar sem reynt var að kostnaðargreina var kostnaður, og aðeins við hluta verkefnanna, ég ítreka það, virðulegi forseti, um 80 millj. kr. og var hann langmestur í heilbrigðisráðuneytinu. Því er nú spurt:

1. Hve mikið fjármagn hefur verið sett til að hrinda í framkvæmd áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 2004? Hvaða áform eru um árlegt fjármagn til verkefna sem tengd eru áætluninni fram til loka hennar árið 2008 og hefur verið gerð markviss áætlun um fjárþörf á tímabilinu?

2. Hvað hefur verið gert til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra kvenna á vinnumarkaðinum, samanber áætlunina frá maí 2004, og hefur verið lagt aukið fjármagn í það verkefni?

3. Hvað líður þeim áformum í áætluninni að ráðuneyti og stofnanir setji sér samræmdar jafnréttisáætlanir fyrir árslok 2005? En það hefur verið mjög mikil brotalöm á undanförnum árum varðandi framkvæmdina á því.

4. Hvað líður úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun kvenna og karla sem taka átti til launa og hvers konar frekari þóknana í samræmi við 2. mgr. 14. gr. jafnréttislaga og hvenær má vænta niðurstöðu?

[11:23]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Í tilefni af fyrirspurn hv. þingmanns var aflað upplýsinga frá öllum ráðuneytum um þessi atriði. Þar sem ég hef skamman tíma til að svara þessari ítarlegu fyrirspurn mun ég reyna að draga upplýsingarnar saman svo sem kostur er og vonandi tekst það innan tilskilins tímaramma.

Sum ráðuneyti og stofnanir hafa unnið verkefni sín innan fjárlagaramma eins og gera má ráð fyrir þegar um er að ræða endurskoðun á löggjöf eða nálgun í verkefnum við úttektir út frá kynjasjónarmiðum. Verkefni tengd framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og sérmerkt jafnréttismálum eru sem hér segir:

Félagsmálaráðuneytið gerir ráð fyrir að verja 11,2 millj. kr. árlega næstu þrjú ár til verkefna á framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og að auki 6,5 millj. kr. til verkefnisins Karlar til ábyrgðar. Umhverfisráðuneytið gerir ráð fyrir að verja hálfri millj. kr. á þessu ári og næsta vegna verkefnisins Konur og Staðardagskrá 21. Dómsmálaráðuneytið ver á þessu stigi um 1,5 millj. kr. til vinnu að markmiðum áætlunarinnar. Áætluð bein útgjöld menntamálaráðuneytisins vegna framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum í ár og á næsta ári eru 6,7 millj. kr., sjávarútvegsráðuneytið áætlar kostnað vegna tveggja verkefna árin 2005 og 2006 allt að 1,3 millj. kr., sérgreind framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hafa frá gildistöku verið 1.850 þús. kr. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur hingað til varið um 2,5 millj. kr. til verkefna á grundvelli áætlunarinnar. Auk þess hefur ráðuneytið ásamt landbúnaðarráðuneytinu tekið þátt í verkefninu Lifandi landbúnaður en kostnaður við það er að hluta til greiddur af Evrópusambandinu.

Árið 2004 greiddi landbúnaðarráðuneytið 800 þús. kr. til þessa verkefnis og 200 til annarra. Árið 2005 hefur landbúnaðarráðuneytið varið hálfri millj. kr. til verkefnisins Lifandi landbúnaður og 450 þús. kr. til annarra. Áætlaður heildarkostnaður fjármálaráðuneytisins vegna þeirra verkefna sem tilgreind eru í áætluninni er 1,5 millj. kr. Utanríkisráðuneytið hefur árlega veitt 2,5–3 millj. kr. til verkefna sem tengjast framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en á næsta ári er áætlað að framlag til jafnréttisstarfs á vegum UNIFEM hækki í 20 millj. kr. Kostnaður tengdur jafnréttisáætlun utanríkisráðuneytisins er áætlaður um 300 þús. kr. á ári.

Hvað varðar spurningu hv. þingmanns um eflingu starfs- og endurmenntunar ófaglærðra kvenna á vinnumarkaði vil ég nefna eftirfarandi atriði: Félagsmálaráðneytið sendi starfsmenntaráði erindi fyrr á þessu ári þar sem vísað er í gildandi framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og verkefnið Starfs- og endurmenntun sem ætlað er að gera konur hæfari til að takast á við verkefni í ört vaxandi tækniþróun á vinnumarkaðinum. Starfsmenntaráð hefur þegar tekið málið fyrir og samþykkt að taka mið af því við úthlutanir á næsta ári að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra kvenna á vinnumarkaði. Ekki er á þessu stigi hægt að fullyrða hve miklu fé verður úthlutað til þeirra verkefna. Heildarúthlutanir sjóðsins á næsta ári munu nema 50–60 millj. kr. og talsverðum hluta þess fjár verður varið sérstaklega í þágu þess hóps sem hér um ræðir.

Í tengslum við gerð kjarasamninga beitti ríkisstjórnin sér fyrir því að til ársins 2007 yrði árlega varið 130 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð sem skyldi greiðast til fræðslusjóða verkalýðsfélaganna. Ég treysti því, hæstv. forseti, að hluti af þeim fjármunum nýtist ófaglærðum konum á vinnumarkaði.

Síðast en ekki síst vil ég nefna yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við mat á gildandi kjarasamningum þann 15. nóvember sl. Þar kemur fram að ríkisstjórnin hafi ákveðið í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins að beita sér fyrir sérstöku átaki til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra og einstaklinga með litla menntun. Áætlað er að kostnaður vegna þessa nemi um 100 millj. kr. Hér er ýmislegt tínt til, hæstv. forseti.

Fyrir liggur, í þriðja lagi, að það er verkefni ríkisstjórnarinnar og allra ráðuneyta að setja sér jafnréttisáætlanir. Í handbók Stjórnarráðsins er þegar til samræmd jafnréttisáætlun sem sum ráðuneyti vinna eftir. Önnur ráðuneyti og stofnanir hafa sett sér ítarlegri jafnréttisáætlanir með áætlun um aðgerðir á grundvelli leiðbeininga frá Jafnréttisstofu þannig að jafnréttisáætlanir ráðuneytanna eru að einhverju leyti þegar samræmdar. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna munu í samvinnu við Jafnréttisstofu sjá til þess að áætlanirnar séu að fullu samræmdar og að því er unnið, hæstv. forseti.

Í fjórða lagi spyr hv. þingmaður hvað líði úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun kvenna og karla sem taka aftur til launa og hvers konar frekari þóknana og hvenær megi vænta niðurstöðu. Í yfirlýsingu sem gefin var í tengslum við gildandi kjarasamninga við opinbera starfsmenn er m.a. að finna þessi orð, með leyfi forseta:

„Það er yfirlýst stefna ríkis að draga úr þeim launamun karla og kvenna sem ekki verður skýrður nema á grundvelli kyns. Með nýju launakerfi gefst tækifæri til að vinna að því markmiði. Með það í huga mun fjármálaráðherra láta gera úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna sem starfa hjá stofnunum ríkisins á samningstímabilinu“

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu liggur fyrir að þar sem nýja launakerfið tekur ekki gildi fyrr en í maí á næsta ári og verður ekki endanlega útfært fyrr en ári síðar verður ekki hægt að vinna að slíkri úttekt á áhrifum launakerfisins fyrr en á seinni hluta samningstímabilsins. Lögð er áhersla á að það verði gert og því verður fylgt eftir af minni hálfu.

Að lokum vil ég geta þess, hæstv. forseti, að í félagsmálaráðuneytinu réðumst við gegn kynbundnum launamun strax á síðasta ári. Við munum viðhalda þeirri rannsókn sem þá hófst. Það er nauðsynlegt að gera það reglulega. Ég hef sömuleiðis lagt á það þunga áherslu gagnvart öllum stjórnendum stofnana sem undir félagsmálaráðuneytið heyra að það verði gert í þeim stofnunum líka. Það verkefni er farið af stað. Vinnumálastofnun ríður þar á vaðið. Ég hef skrifað samráðherrum mínum bréf og hvatt þá til hins sama og önnur ráðuneyti hafa þegar haft samband við félagsmálaráðuneytið og óskað leiðbeiningar um þau mál.

[11:28]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Varðandi framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára vil ég sérstaklega draga út verkefni sem lýtur að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagagerð. Það er hluti af stærra norrænu verkefni en í íslenska tilraunaverkefninu á að skoða hvernig fjármunum á sviði almannatrygginga er dreift milli kynja. Verkefnisstjórn vinnur nú að þessu verkefni og þar er Jafnréttisstofa með forustu en þar eru líka fulltrúar fjármála-

ráðuneytis og Tryggingastofnunar ríkisins.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði fyrr á árinu að ólíklegt væri að niðurstaða fengist sem gæti nýst við fjárlagagerð á yfirstandandi ári, þ.e. fyrir árið 2006, en hugsanlega strax í kjölfarið.

Ég vil sérstaklega koma þessari ábendingu á framfæri vegna þess að fjárlögin eru stýritæki sem hefur geysilega mikil áhrif á þróun jafnréttissamfélags hér. Það væri mjög æskilegt að niðurstaða fengist sem fyrst úr þessu verkefni og þess vegna vil ég sérstaklega benda hæstv. félagsmálaráðherra á það.

[11:30]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Svör hæstv. félagsmálaráðherra beina sjónum okkar að því hversu lítið fjármagn fer til að hrinda framkvæmdaáætlun um jafnrétti í framkvæmd. Ég var að reyna að telja þetta saman og eftir hröðum upplestri, fljótt á litið, sýndist mér þetta vera í mesta lagi 30–40 millj. kr. Svipaðar upphæðir hafa landbúnaðarráðuneytið, og reyndar önnur ráðuneyti, verið að leggja til embættis sem kallað hefur verið umboðsmaður hestsins á undanförnum árum. Þegar hann fékk mest, sá maður, held ég að það hafi verið 50 millj. kr. á íslenskum fjárlögum. Er það þá svo, frú forseti, að hesturinn sé mikilvægari en jafnréttismálin öll til samans í íslensku samfélagi? Hér þarf að forgangsraða upp á nýtt, það er augljóst, og það þarf ekki aðeins að forgangsraða fjármununum, ég er fullviss um það að þarf að færa allan málaflokkinn undir forsætisráðuneytið svo honum sé sinnt almennilega og það sé boðvald yfir öðrum ráðherrum.

[11:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra talaði um að sum ráðuneyti hefðu farið eftir þessum jafnréttisráðstöfunum og ég óska eftir því að hæstv. ráðherra geri nánari grein fyrir hvað hann á við með því.

Það vakti einnig athygli mína að hæstv. ráðherra virðist vera á þeirri skoðun að það sé ríkjandi vanmáttur frá hans hendi eða hans embætti til að takast á við þessi mál því hann hefur lýst því yfir að þessi málefni ættu að heyra undir forsætisráðuneytið.

Hvað er það sem gerir ráðuneyti hans svo vanmáttugt til að taka á þessum málum? Nú veit ég ekki hvort menn eru fljótir til að færa málaflokk eins og þennan á milli ráðuneyta en það gæti samt tekið einhvern tíma að ná pólitískri sátt eða niðurstöðu um það, þannig að ég sé ástæðu til þess að hæstv. ráðherra geri betri grein fyrir því hvað það er sem hann á við að glíma sem er svona erfitt að hann telur að verkefnin verði að fara til forsætisráðuneytisins.

[11:32]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Vegna ummæla hæstv. ráðherra áðan um vinnuhóp til að skoða ástæður launamunar þá vil ég rétt vekja athygli á því að þessi tillaga kemur frá SFR, stéttarfélagi í almannaþjónustu, og það er athyglisvert að frumkvæðið þarf yfirleitt að koma þaðan, það kemur ekki frá ríkisvaldinu sjálfu. En í bókun með kjarasamningi segir, með leyfi forseta:

„Við úttekt sem framkvæmd var af samningsaðilum, þar sem borin voru saman meðallaun karla og kvenna innan SFR í október 2004 og störfuðu hjá sömu stofnun í október 2003 kom í ljós nokkur launamunur. Eru aðilar sammála um að leita þurfi frekari skýringa á því hvað valdi þessum launamun.

Skipa skal vinnuhóp sem skoða skal nánar ástæður þessa launamunar. [...]

Vinnuhópurinn skal ljúka störfum fyrir 1. maí 2006 og leggja fyrir samningsaðila tillögur til úrbóta.“

Ég vek athygli á því, forseti, að enn og aftur eru það aðilar á vinnumarkaðnum sem þurfa að hafa frumkvæði að því að jafna launamun kynjanna.

[11:33]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér fannst þetta alveg ágætis samlíking hjá hv. 4. þm. Suðvesturkjördæmis þegar hún bar fjárveitingar sem ráðherrann taldi upp saman við það sem landbúnaðarráðherra fær vegna íslenska hestsins. Þó að hann sé alls góðs maklegur þá er um miklu stærra mál að ræða þegar verið er að tala um að það þurfi fjármagn til þess að jafnréttisáætlunum sem gerðar eru og áætlunum sem samþykktar eru á Alþingi sé fylgt eftir.

Ég vil þakka ráðherranum fyrir svörin og segja það að ég hef fulla trú á því að ráðherrann vilji leggja metnað sinn í að ýta jafnréttismálunum áfram og ég óska honum alls góðs í því. En þetta er verkefni sem þýðir að það þarf að sýna mikla árvekni, m.a. gagnvart öðrum ráðuneytum. Það þarf reglubundið að fylgjast með því að þau sinni þeim áætlunum sem þau eiga að gera og það hefur verið brotalöm á allri framkvæmdinni. Við höfum farið yfir þetta hjá hverju ráðuneyti fyrir sig. Ég gerði það t.d. í fyrra og það vantaði mikið upp á að síðustu áætlanir á undan þessari sem var samþykkt fyrir einu og hálfu ári hefði verið hrint í framkvæmd. Ég tek eftir því í þessari fjárveitingu að það eru 1.850 þús. frá heilbrigðisráðuneytinu, en þó kemur fram í áætluninni að þeir ætluðu að verja 70 millj. í þetta. En hér erum við að ræða áætlun fram til ársins 2008 en nú er árið 2005 og það hefur einungis litlu verið varið í þetta til þessa.

Ég beini því til ráðherrans varðandi jafnréttisáætlanirnar, að þær verða að vera samræmdar og það verður að taka á í þessum áætlunum þannig að forstöðumenn ríkisstofnana veiti viðbótarlaun til karla jafnt sem kvenna, en þar er mikil brotalöm á.

[11:35]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi vekja athygli á því að á eftir munum við, að frumkvæði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, ræða sérstaklega um launamuninn þannig að við höfum tækifæri til þess í framhaldinu.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spyr hvort það sé vegna vanmáttar þess er hér stendur að ég hef viðrað þá skoðun mína og lagt á það áherslu að ég tel að málaflokkurinn jafnréttismál eigi að færast undan félagsmálaráðuneyti til forsætisráðuneytis. Ég get svarað hv. þingmanni alveg skýrt í þeim efnum. Nei, það er ekki vegna vanmáttar. Það er fyrst og

fremst vegna þess að ég tel að jafnréttismálin séu málaflokkur sem er í grundvelli sínum mannréttindamál sem okkur hefur kannski ekki tekist að þoka til þess vegar sem við flest óskuðum og ég tel að með því að vista þann málaflokk í forsætisráðuneytinu þá fái hann þann sess sem honum ber og þá vigt sem honum ber. Það kann vel að vera að það verði tímabundin ráðstöfun. En ég tel engu að síður að það sé nauðsynlegt að gera þær breytingar á verkaskiptingu í Stjórnarráðinu.

Það er auðvitað þannig, hæstv. forseti, að ýmist hælist Samfylkingin úr þessum ræðustóli yfir hugmyndaauðgi sinni að hafa að hennar sögn fyrstur flokka lagt þetta til (Gripið fram í.) eða gerir við það alvarlegar athugasemdir að sá sem hér stendur núna leggi það til, þannig að það er í þessu máli eins og í mörgum öðrum að það er ekki alltaf gott að átta sig á því hvort sá ágæti flokkur er að koma úr austri eða vestri.

Það er talað um hver kostnaðurinn við þetta allt saman sé og ég tók það fram í upphafi máls míns, hæstv. forseti, að það væri ekki auðvelt að gera grein fyrir því á þeim stutta tíma sem okkur er markaður hér. Mér telst til hann sé nálægt 100 millj. Það má auðvitað lengi halda því fram að það sé of lítið og er sjálfsagt allt of lítið ef við ætlum okkur að ná árangri í þessum efnum. Ég tel hins vegar að við þokumst í rétta átt og það er það sem er mest um vert, hæstv. forseti.

Umræðu lokið.

Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna.

Fsp. JóhS, 255. mál. — Þskj. 268.

[11:38]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Í þá framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna sem við ræddum áðan var felld inn í áætlunartillaga sem ég og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar höfðum flutt um framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna. Eins og ég nefndi áðan er eitt og hálft ár liðið frá því að þessi áætlun jafnréttismála var samþykkt og ég sé því ástæðu til að spyrja hvernig hæstv. ráðherra hefur unnið með þann vilja Alþingis, þ.e. að undirbúin verði framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna en um það segir í nefndaráliti félagsmálanefndar, sem samþykkt var fyrir einu og hálfu ári, með leyfi forseta:

„Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti. Að félagsmálaráðuneyti vinni í samstarfi við heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga að undirbúningi framkvæmdaáætlunar til að ná fram fullu launajafnrétti. Við gerð áætlunarinnar verði tekið tillit til 14. og 22. gr. laga nr. 96/2000 og niðurstaðna rannsókna, m.a. skv. 19. og 20. tölul. II. hluta áætlunarinnar, um launamun kynjanna. Þá hefji félagsmálaráðuneyti viðræður við aðila vinnumarkaðarins um að sambærilegar áætlanir verði gerðar sem taki til almenna vinnumarkaðarins. Í þessari tillögu hefur nefndin tekið mið af þingmáli 15 á yfirstandandi þingi, tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna, [...]“

Þær greinar sem verið er að vísa í eru kannanir sem á að gera sem eiga að vera undanfari framkvæmdaáætlunarinnar en þá á að styðjast við ákvæði 14. gr. þannig að inn í könnunina verði tekið endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknanir, beinar og óbeinar hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiði starfsmanni sínum fyrir vinnu hans, vegna þess að við vitum að hluti af launamuninum er falinn í ýmiss konar duldum greiðslum og hlunnindum. Í þessari áætlun á líka að taka mið af því sem fram kemur í jafnréttislögum, þ.e. að kveðið er á um að heimilt sé að beita jákvæðri mismunun til þess að ná fram launajafnrétti kynjanna sem ég held að sé afar mikilvægt að menn skoði í þessu sambandi.

Standi hæstv. ráðherra að framkvæmd málsins eins og forskrift héðan frá Alþingi gefur honum og ég hef hér lýst þá er ég sannfærð um að framkvæmdaáætlunin verður mikilvægt innlegg í þá baráttu sem er fram undan við að ná fram launajafnrétti kynjanna og þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvað líður undirbúningi framkvæmdaáætlunar um launajafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi í áætlun um jafnréttismál hinn 28. maí 2004 og hvernig hefur verið staðið að undirbúningnum?

2. Er unnið í samræmi við 22. gr. *jafnréttislaga*, um jákvæða mismunun, og 14. gr. sömu laga, um að hvers konar þóknanir og hlunnindagreiðslur reiknist til launa, eins og kveðið var á um í jafnréttisáætluninni?

3. Er áætlunin unnin í samráði við heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og hefur ráðherra hafið viðræður við aðila vinnumarkaðarins um að gerðar verði sambærilegar framkvæmdaáætlanir sem taki til almenna vinnumarkaðarins?

4. Hvenær er stefnt að því að áætlunin verði að fullu komin til framkvæmda?

[11:41]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr hvað líði undirbúningi framkvæmdaáætlunar um launajafnrétti kynjanna. Ber þá fyrst að nefna að gerð þessarar áætlunar er einn af 16 liðum í gildandi framkvæmdaáætlun um jafnréttismál sem félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á eða er samstarfsaðili um. Þar fyrir utan ber félagsmálaráðuneytinu að sjálfsögðu að vinna að þeim tólf verkefnum öðrum sem skilgreind eru á ábyrgðarsviði ríkisstjórnarinnar og allra ráðuneyta.

Ég hef beitt mér fyrir mörgum verkefnum sem sérstaklega tengjast launajafnrétti kynjanna. Ég hef ritað öllum fyrirtækjum og stofnunum hér á landi sem hafa fleiri en 25 starfsmenn erindi þar sem ég hvet til þess að atvinnurekendur komi í veg fyrir kynbundinn launamun og nú hef ég sett saman hóp sem ætlað er að vinna að sérstakri gæðavottun jafnra launa fyrirtækja. Þá hef ég farið yfir þessi mál í ráðuneytinu hjá mér, eins og kom fram fyrr í dag, og ýtt úr vör jafnlaunaskoðunum í öllum stofnunum félagsmálaráðuneytisins. Vinnumálastofnun mun hefja það verkefni fyrir okkar hönd.

Ég ritaði jafnframt þann 24. október síðastliðinn ráðherrum ríkisstjórnarinnar bréf þar sem ég hvatti til þess að þeir gerðu slíkt hið sama og hafa ráðuneytin þegar leitað til félagsmálaráðuneytis varðandi þá vinnu.

Þá hafði ég frumkvæði að því, hæstv. forseti, að hrint var af stað norræna verkefninu um mælistikur á launajafnrétti þar sem markmiðið er að gera norrænar tölfræðiupplýsingar skýrari svo þær gefi gleggri mynd af orsökum kynbundins launamunar og verði samanburðarhæfar milli landa. Lok þess verkefnis eru áætluð árið 2006.

Ég hef jafnframt ýtt úr vör vandaðri og góðri könnun um launamyndun og kynbundinn launamun sem er endurtekning á viðurkenndri könnun sem Félagsvísindastofnun vann árið 1995 og var einmitt eitt þeirra 16 verkefna sem getið er um í framkvæmdaáætluninni. Það er mikilvægt að endurtaka þá ítarlegu könnun þannig að við höfum vandaðan grunn til að vinna á og ég vænti þess að niðurstöður hennar liggi fyrir á næsta ári eins og í norræna verkefninu.

Jafnframt vil ég nefna hér að í gildandi kjarasamningum við opinbera starfsmenn voru gerðar breytingar sem ætlað var að jafna launamun kynjanna. Fyrir liggur að nýtt launakerfi sem byggir á nýjum stofnanasamningum mun taka gildi 1. maí 2006 og verður að fullu komið til framkvæmda 1. maí 2007. Nú í nóvembermánuði er að hefjast vinna við útfærslu hins nýja launakerfis.

Hæstv. forseti. Ég hef ákveðið með vísan til þeirrar vinnu sem nú er að hefjast við gerð útfærslu launakerfis hjá hinu opinbera og hinnar viðamiklu jafnlaunakönnunar sem tekur bæði til opinbers og almenns vinnumarkaðar að byggja gerð framkvæmdaáætlunar um launajafnrétti kynjanna á þeim niðurstöðum sem þar fást. Ég hef ítrekað sagt að mér finnst skorta á rannsóknir sem grundvöll opinberrar stefnumótunar í jafnréttismálum og þau vinnubrögð sem ég hyggst nú byggja á eru í fullu samræmi við þá skoðun.

Hv. þingmaður spyr einnig hvort unnið sé í samræmi við 14. og 22. gr. jafnréttislaga. Ég get fullvissað hv. þingmann um að svo er þegar verið er að skoða launamuninn. Það eru heildarlaunin sem skipta máli, það sem fólk fær raunverulega í hendur. Á því leikur enginn vafi. Hvað varðar beitingu 22. gr. jafnréttislaga um jákvæða mismunun þá má segja að í nýgerðum kjarasamningum, fyrrtilvitnuðum á opinberum markaði, hafi henni verið beitt við ná fram leiðréttingum. Það er von mín og trú að þegar vörpun yfir í nýjan kjarasamning verði lokið muni þær konur sem teljast með lægri laun en karlar í sambærilegum störfum hafa fengið leiðréttingu launa sinna og þar af leiðandi meira úr þeim potti sem aðildarfélögin hafa úr að spila. Það er t.d. svo með Starfsmannafélag ríkisstofnana, SFR, að þar er tiltekið hlutfall merkt sérstaklega leiðréttingum og kynbundnum launamun. Það er ekki einungis jákvætt, hæstv. forseti. Það er sjálfsagt mál.

Hvað varðar opinbera vinnumarkaðinn þá hefur verið fjallað um launamun kynjanna meðal ráðherra, ráðuneyta og stofnana í gildandi kjarasamningum eins og ég sagði hér fyrr. Heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga koma að sjálfsögðu að þeim og munu einnig koma að útfærslu kjarasamninga og stofnanasamninga sem m.a. miða að því að útrýma kynbundnum launamun. Öll sú vinna mun vonandi skila okkur árangri og að sjálfsögðu verða veganesti við smíð framkvæmdaáætlunar sem ef vel gengur getur hafist af fullum krafti á næsta ári.

Eins og áður hefur komið fram hefur ekki verið hafin formleg vinna að því en fyrirtæki og stofnanir hafa verið hvött til að setja sér jafnréttisáætlanir sem lúta að þeirra eigin fyrirtækjum, þ.e. þeirra sem hafa fleiri en 25 starfsmenn. Var það gert með sérstöku átaki á síðastliðnu ári þegar send voru út tæplega þúsund bréf til allra fyrirtækja og stofnana sem féllu undir þessa skilgreiningu eins og áður sagði.

Jafnframt var á þessu ári sent annað bréf til sömu aðila og hvatt sérstaklega til aðgerða til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun. Þá er sérstök gæðavottun launa nú í undirbúningi eins og áður sagði.

Hv. þingmaður spyr hvenær stefnt sé að því að áætlunin verði að fullu komin til framkvæmda. Það er stefnt að því að framkvæmdaáætlunin komi til fullra framkvæmda á gildistíma framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum sem tekur til fjögurra ára og mun það skýrast á næsta ári hvernig hún verður útfærð eins og ég hef rakið í máli mínu, hæstv. forseti.

Það liggur fyrir að framkvæmdaáætlunin er í fullu gildi og mun svo verða fram í maí 2008. Félagsmálaráðuneytið er að sinna þeim verkefnum sem því var falið í áætluninni enda þótt ógerningur sé að vinna að þeim öllum í einu eins og ég veit að hv. þingmenn skilja. Það var mitt mat, hæstv. forseti, að rétt væri að framkvæma verkefnin í réttri röð svo unnt væri að byggja þau hvert á öðru. Eins og fram kom í máli mínu hér að framan hef ég ákveðið að byggja gerð framkvæmdaáætlunarinnar um launajafnrétti á þeim niðurstöðum sem fást við útfærslu launakerfis hjá hinu opinbera og á viðamikilli launakönnun sem ég gerði grein fyrir í máli mínu.

[11:46]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í þeirri framkvæmdaáætlun sem samþykkt var fyrir einu og hálfu ári var það raunverulega lykillinn að því hve breið samstaða náðist milli stjórnar og stjórnarandstöðu um þá áætlun að fallist var á af hálfu stjórnarliða að ráðist yrði í framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna. Ég vil þess vegna og sé ástæðu til að fagna svari ráðherrans. Ég heyri af orðum hans að hann er með undirbúninginn í góðum gír, ef hægt er að orða það svo, hvað varðar framkvæmdaáætlunina og farið verði á fullu í þetta á næsta ári og undirbúningur er í gangi.

Hæstv. ráðherra nefnir að framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna verði að fullu komin til framkvæmda við lok framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum sem er þá á árinu 2008 ef ég skil það rétt. Það er fagnaðarefni að ráðist skuli svona skipulega í gerð framkvæmdaáætlunar um launajafnrétti kynjanna. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra fari líka í viðræður við aðila vinnumarkaðarins eins og nefnt var í þessari áætlun þannig að framkvæmdaáætlunin geti tekið bæði til opinberra starfsmanna og þá líka til almenna vinnumarkaðarins sem er nauðsynlegt líka. Ég held að þetta hafi einmitt vantað, þ.e. að skipulega sé ráðist í það verkefni að ná fram launajafnrétti kynjanna sem ég hef trú á að hægt sé að gera með umræddri

framkvæmdaáætlun ef fullur hugur fylgir máli, sem ég ætla ekkert að efast um miðað við það sem ráðherrann segir.

Því fagna ég þessu mjög en spyr ráðherrann í lokin hvort hann sé sammála því sem margir hafa verið að tala fyrir og hér í þessum sal líka, að rétt sé að afnema launaleyndina sem er mikilvægt atriði til að ná fram launajafnrétti kynjanna.

[11:49]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að að sjálfsögðu verður haft ríkulegt samráð við aðila vinnumarkaðarins við undirbúning þeirrar áætlunar sem við erum að ræða, annað kemur ekki til greina.

Það er hárrétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að lykillinn að breiðri samstöðu í þinginu við afgreiðslu framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum var einmitt það að samstaða náðist um þessa framkvæmdaáætlun, sérstaklega í launajafnréttinu sem var felld inn í hina.

Ég vil, hæstv. forseti, eins og kom fram í fyrri ræðu minni undirbyggja þá vinnu eins vel og nokkur kostur er, enda deilum við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir einlægum áhuga á því að kynin hafi sömu laun fyrir sömu vinnu og til þess er þessi leikur, hæstv. forseti. Mér finnst allt koma til greina í þeim efnum og ég tel að við eigum ekki að útiloka neitt í þeirri vinnu sem fram undan er. Þar er launaleyndin eitt þeirra atriða sem ég tel fulla ástæðu til að menn fari yfir með aðilum vinnumarkaðarins. Við verðum að beita þeim ráðum sem við trúum að muni duga til að útrýma þessum óþolandi launamun.

Umræðu lokið.

Jafnréttisfræðsla fyrir ráðherra og stjórnendur opinberra stofnana.

Fsp. JóhS, 256. mál. — Þskj. 269.

[11:50]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Eitt það mikilvægasta til að ná fram jafnrétti kynjanna er að stjórnarherrarnir séu vakandi í því máli og fylgi því vel eftir að lögum sem fjalla um jafnréttismál, jafnréttislögunum, sé fylgt eftir.

Ég hef lagt fram fyrirspurn til ráðherra um jafnréttisfræðslu fyrir ráðherra og stjórnendur opinberra stofnana og spyr:

Hvað hefur ráðherra gert til að hrinda í framkvæmd fræðslu um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta og að koma á jafnréttisfræðslu fyrir pólitískt kjörna fulltrúa hjá framkvæmdarvaldinu?

Þetta var einn liður í þeirri ágætu tillögu sem við höfum verið að fara í gegnum. Þar var tekið mjög ákveðið á fræðslu um jafnréttismál og að fræðsla jafnréttisáætlunar ætti að ná til allra stjórnenda í stjórnsýslunni og þá var sérstaklega tekið fram að jafnréttisfræðsla ætti að ná til allra ráðherra. Ég hef þess vegna hug á að heyra hvað hefur verið gert í því máli. Þessi leið var farin t.d. í Svíþjóð með góðum árangri, þar var skipulega tekið á jafnréttisfræðslu til allra, bæði stjórnenda og ráðherra og það skilaði alveg ágætisárangri. En það hefur auðvitað sýnt sig, þó ég ætli ekki að tiltaka neitt sérstakt dæmi um það þó ég geti það, að ekki veitir af hjá mörgum hæstv. ráðherrum að fá fræðslu í jafnréttismálum. Þess vegna er mikilvægt að heyra hér og nú hvað hæstv. ráðherra hafi gert í því máli, hvort það hafi verið rætt í ríkisstjórn og hvort það hafi ekki fengið góðar undirtektir að stjórnendur og pólitískt kjörnir fulltrúar hjá framkvæmdarvaldinu, þar með taldir ráðherrar, fái slíka jafnréttisfræðslu.

Ég vil taka fram að í álitinu var líka rætt um að alþingismenn og stjórnendur þingsins ættu að fá slíka jafnréttisfræðslu og ég hef hreyft því máli í forsætisnefnd að hún taki það upp þannig að hægt sé að undirbúa hér líka slíka jafnréttisfræðslu. Þetta er auðvitað einn liðurinn af mörgum, að jafnréttisfræðsla nái upp allan stigann til stjórnenda og æðstu pólitísku fulltrúa til að við náum árangri í þessu efni. Þess vegna er fyrirspurnin lögð fram, virðulegi forseti.

[11:53]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Í gildandi framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum er fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta eitt af þeim sjö verkefnum sem eru á borðum allra ráðherra í ríkisstjórninni undir liðnum Verkefni allra ráðuneyta. Að auki er sérstakur liður í framkvæmdaáætluninni undir yfirskriftinni Fræðsla um jafnréttismál á ábyrgðasviði ríkisstjórnarinnar.

Nátengt fræðslu um jafnréttismál er jafnframt verkefnið Útgáfa jafnréttisgátlista til notkunar við stefnumótunarvinnu, en gátlisti er nytsamlegt tæki fyrir Alþingi, ráðuneyti, sveitarstjórnir og aðila á þeirra vegum til að tryggja að jafnréttissjónarmiða verði gætt við stefnumótunarvinnu. Að mínu mati er þetta grundvallaratriði þegar við ræðum fræðslu. Gátlisti til notkunar við stefnumótunarvinnu er á ábyrgð forsætisráðuneytis og Jafnréttisstofu og ég bind vonir við að slíkt tæki geti haft áhrif á stefnumótun hér á landi í framtíðinni.

Allir ráðherrar, hæstv. forseti, bera ábyrgð á henni og þá einnig gagnvart undirstofnunum sínum. Ég vil nota þetta tækifæri til að segja frá því sem gert hefur verið í ráðherratíð minni við að fræða og upplýsa stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta og stofnana og hvað áformað er að gera í náinni framtíð.

Ég hef sett jafnréttismál í forgang á þeim fundum sem eru reglulega skipulagðir á vegum ráðuneytis míns svo sem árlegum fundum með forstöðumönnum. Þannig ákvað ég að helga forstöðumannafundinn árið 2004 eingöngu jafnréttismálum. Þar gerði framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu og sérfræðingar stofunnar grein fyrir vinnu að jafnréttismálum og gerð jafnréttisáætlana. Á árlegum fundi með forstöðumönnum fyrir skömmu var hins vegar lögð áhersla á launajafnrétti kynjanna og fræðslu um mögulegar aðferðir við að vinna á kynbundnum launamun.

Þá hefur jafnréttisráð gengist fyrir ítarlegri fræðslu um gerð jafnréttisáætlana sem ég kom að og verð að segja að var sérstaklega fróðlegt og ánægjulegt og vel sótt.

Ég hef vissulega velt fyrir mér hvernig nálgast megi

samráðherra mína og stjórnmálamenn almennt þegar jafnréttismálin eru annars vegar. Meðal annars hefur verið litið til fordæmis í Svíþjóð og hv. þingmaður minntist á, þar sem sænska ríkisstjórnin fræddist saman um jafnréttismál og eftir því var tekið víða um heim og ég finn það reyndar á kollegum mínum þar í landi að hafði veruleg áhrif. Ákveðnar áhugaverðar hugmyndir eru á mínu borði varðandi þetta sérstaklega sem ekki er tímabært að greina frá hér og nú, hæstv. forseti, en vonandi innan skamms.

Sjálfur sat ég námskeið sem haldið var um samþættingu jafnréttissjónarmiða og boðið var til æðstu stjórnendum í Stjórnarráðinu. Það námskeið var haldið að frumkvæði félagsmálaráðuneytisins og sérstaklega óskað eftir því að ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar sæktu það. Það var hins vegar að mínu mati alls ekki nógu vel sótt og við höfum velt fyrir okkur hvort við eigum að gera aðra tilraun í þeim efnum.

En áfram með einstök verkefni sem hafa verið á mínu borði. Ég hef ásamt framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu ritað bréf til forsvarsmanna allra stjórnmálaflokka þar sem við hvetjum til þess að hlutur kvenna í sveitarstjórnum verði aukinn í sveitarstjórnum næsta vor. Jafnframt vekjum við athygli á því að ráðuneytið og Jafnréttisstofa vinna nú að gerð svokallaðrar jafnréttisvogar þar sem safnað verður upplýsingum um stöðu kynja í hverju sveitarfélagi landsins. Vogin verður m.a. nýtt til þess að hvetja konur til þátttöku í sveitarstjórnarmálum og vekja umræðu um þessi mál meðal stjórnmálaflokkanna.

Þá verður innan skamms hafist handa við fræðslu og verkefni til að hvetja konur til þátttöku í alþingiskosningunum vorið 2007. Meðal annars hefur verið rædd sú hugmynd að kalla saman starfshóp þar sem fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem nú eiga fulltrúa á Alþingi eigi sæti og ræði um árangursríkar aðgerðir.

Margt fleira mætti nefna, hæstv. forseti, svo sem samþættingarverkefni til að kanna hvort þjónusta stofnana sem starfa á málefnasviði félagsmálaráðuneytisins nýtist körlum og konum jafn vel og sé ekki kynbundin. Við höfum valið Vinnumálastofnun til að hefja þessa vinnu og ef vel tekst til munum við útvíkka þetta verkefni til annarra stofnana okkar.

Að lokum vil ég nefna að margir aðilar koma að fræðslu á vegum eða í samvinnu við félagsmálaráðuneytið. Þar nefni ég Jafnréttisstofu, jafnréttisráð og núna síðast rannsóknarsetur í vinnurétti og jafnréttismálum við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Þessir aðilar miðla m.a. þekkingu til annarra ráðuneyta og eftir atvikum pólitískt kjörinna fulltrúa og það er vel. Þá vil ég nefna sérstaklega mikilvægi jafnréttisfulltrúa sveitarfélaganna sem að mínu mati hafa svo sannarlega sannað gildi sitt á undanförnum árum og átt góða samvinnu við Jafnréttisstofu.

Ég gæti haldið áfram um stund við að greina frá ýmsum áhugaverðum verkefnum sem við erum að ræða, hæstv. forseti, en læt þetta nægja að sinni.

[11:57]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að koma með þessa góðu fyrirspurn hingað inn um jafnréttisfræðslu fyrir ráðherra og stjórnendur opinberra stofnana. Ég tel satt best að segja að ekki veiti af slíkri fræðslu í mörgum tilvikum vegna þess að nú er ekki nema ár síðan t.d. fjármálaráðherra skipaði nefnd sem var einungis skipuð körlum. Á þessu ári hafa orðið á vegi manns starfshópar og vinnuhópar á vegum ráðuneytanna og opinberra stofnana sem eru einungis skipaðir körlum. Þetta er auðvitað eitthvað sem við verðum að taka á og hið opinbera, ráðuneytin og opinberar stofnanir, verður að ganga á undan í þessum efnum og það þýðir ekki bara að samþykkja jafnréttisáætlanir sem hafa fín og fögur markmið ef þeim er ekki fylgt eftir. Eftirfylgni þeirra hefur verið ábótavant hjá hinu opinbera og í ráðuneytunum. Þess vegna tel ég að slík fræðsla sem hér er nefnd af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sé algert grundvallaratriði.

[11:59]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það gleður mig að heyra að hæstv. ráðherra jafnréttismála hefur velt fyrir sér hvernig hann getur nálgast samráðherra sína með jafnréttismálin því tilefnin eru ærin. Ég vil minna á niðurstöðu sem kom úr fyrirspurn minni eða utandagskrárumræðu held ég nú að það hafi verið við hæstv. landbúnaðarráðherra á síðasta þingi en þar kom einmitt í ljós að hann stendur sig allra ráðherra verst varðandi jafnréttismál.

Það er líka öllum í fersku minni hvernig gengið var fram hjá hæfri konu við skipan í ráðherraembætti þegar síðasta ríkisstjórn var sett á fót.

[12:00]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt sem hér hefur komið fram, að það er brýnt að ráðherrar fari á jafnréttisnámskeið. Maður heyrir allt of oft að menn telja sig hafa skilning á jafnréttismálum en svo þegar til kastanna kemur vantar ýmislegt þar upp á. Maður heyrir stundum að menn fara að tala um dætur sínar, að menn séu svo góðir við dætur sínar og þá sé allt í lagi. Maður er svolítið hissa á þeirri orðræðu. Ég heyri að hæstv. félagsmálaráðherra hefur í hyggju að halda námskeið fyrir ráðherrana og það er mjög jákvætt.

Varðandi það að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum þá er mjög fínt að senda bréf en það þarf svo miklu meira, mikinn sýnileika til að hvetja konur. Ég vona að Jafnréttisstofa hafi svigrúm til að gefa gott trukk í þá baráttu, að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum. Þær eru 30%. Það er hneyksli, hvað þetta er lágt. Það er algert hneyksli. Okkur fækkaði í þinginu í síðustu kosningum, niður í 30% á Alþingi. Það er líka hneyksli. Það þarf miklu meira átak.

[12:01]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég tel að það yrði stórkostlegt afrek hjá hæstv. félagsmálaráðherra ef honum tækist að draga karlkyns kollega sína á námskeið til að kenna þeim hvernig iðka eigi jafnrétti í framkvæmd. Ég er viss um það að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kann að vera honum laundrjúg í þeirri viðleitni.

Ég tek undir með stallsystur minni, hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, að sérstaklega væri eftirsóknarvert ef tækist að koma hæstv. landbúnaðarráðherra á slíkt námskeið. Hins vegar er ég stöðugt á einu slíku námskeiði. Það að vera í Samfylkingunni og í þingflokki Samfylkingarinnar, þar sem jafnrétti sést í reynd, er sennilega heilladrýgst öllum þeim sem með einhverjum hætti búa yfir leyndum fordómum. Þess vegna vil ég segja að kannski ætti hæstv. félagsmálaráðherra að íhuga að koma þessum ráðherrum, sérstaklega hæstv. landbúnaðarráðherra, í starfskynningu hjá þingflokki Samfylkingarinnar.

[12:02]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir svörin og það yfirlit sem hann gaf yfir þau verk sem hann vinnur að varðandi fræðsluþáttinn í jafnréttismálunum. Ég gat ekki annað heyrt á hæstv. ráðherra en hann hefði fullan hug á að koma kollegum sínum í ríkisstjórninni á jafnréttisnámskeið og hefði hugleitt hvernig hann ætti að fara að því. Ég býst við að það verði þrautin þyngri hjá hæstv. ráðherra að draga ráðherrana í jafnréttisfræðslu, jafnnauðsynlegt og það er.

Hæstv. ráðherra vitnaði með réttu til Svíþjóðar þar sem allir ráðherrar fóru á jafnréttisnámskeið sem vakti athygli víða um heim. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að drífa í því. Að vísu áttaði maður sig ekki alveg á hvert ráðherrann var að fara. Ég skil ekki af hverju einhver leynd þarf að hvíla yfir þeim leiðum sem hann ætlar að fara í þessu efni. Hæstv. ráðherra sagði að hann hefði áhugaverðar hugmyndir á sínu borði, ef ég skildi hann rétt, um hvernig hann ætti að draga ráðherrana í jafnréttisfræðslu en það væri ekki tímabært að greina frá því. Það getur varla hvílt svo mikil leynd yfir því að hæstv. ráðherra geti ekki deilt því með okkur, þeim fáu sem hér sitjum, hvaða leiðir hann ætlar að fara í því efni.

Það væri áhugavert ef ráðherrann upplýsti um hvort hann er búinn að boða ráðherrana, senda þeim sérstakt boðskort eða boða þá sérstaklega á karlaráðstefnuna. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hve margir ráðherrar mæta þar en þetta er mjög brýnt mál að taka á. Ég heyri að ráðherrann hefur fullan hug á þessu og veltir því fyrir sér kvölds og morgna hvernig hann geti dregið ráðherrana í jafnréttisfræðslu. En ég bið ráðherrann lengstra orða að gefa okkur frekari upplýsingar um hvaða leynivopn hann er með í sínum fórum til að koma ráðherrunum á jafnréttisnámskeið. Og ég skal verða fyrst til að óska hæstv. ráðherra til hamingju þegar honum tekst það.

[12:04]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að upplýsa nákvæmlega það sem ég gaf í skyn áðan, þ.e. með hvaða hætti ég ætlaði mér að ná til samráðherra minna um fræðslu í jafnréttismálum. Það kemur í ljós. Hins vegar, af því að minn góði vinur landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson er gjarnan nefndur til sögunnar við þessa umræðu, þá væri sennilega besta leiðin til að lokka hann á slíkt námskeið að bera fram vel kryddað lambaket til að hafa í hádeginu.

En um þann ágæta mann, hæstv. landbúnaðarráðherra, ég vil líka bera blak af honum, hæstv. forseti, hefur verið haldið fram í umræðunni að hann hafi staðið sig manna verst í þessum málum, sem ég vísa á bug. Landbúnaðarráðuneytið hefur unnið og samþykkt sérstaka jafnréttisáætlun fyrir ráðuneytið þannig að þeim málum hefur verið kippt í liðinn.

Ég mun að sjálfsögðu hvetja, ekki bara ráðherra heldur alla karla, þingmenn og aðra og ekki síst hv. þm. Össur Skarphéðinsson til að koma á karlaráðstefnuna sem haldin verður á fullveldisdaginn 1. desember næstkomandi. Ég er viss um að þar verður safn góðra karla sem láta sig jafnréttismálin varða og eru ákveðnir í því að þoka þeim í rétta átt með fulltingi góðra kvenna.

Umræðu lokið.

Barnabætur.

Fsp. JóhS, 197. mál. — Þskj. 197.

[12:06]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Fyrir landsfund sjálfstæðismanna, sem haldinn var í október síðastliðnum, sá ég frétt um að fyrir fundinum lægi ályktun um barnabætur þess efnis að þær yrðu ótekjutengdar. Ég hef hug á að heyra afstöðu nýs fjármálaráðherra til þeirra hugmynda sjálfstæðismanna, ekki síst í ljósi þess að barnabæturnar hafa verið skertar verulega í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það er mikilvægt að allir séu meðvitaðir um að þótt barnabæturnar verði hækkaðar um 2,4 milljarða kr. á næstu tveimur árum þá hafa barnabæturnar samt lækkað verulega í raungildi frá því að núverandi stjórnarflokkar tóku við taumunum fyrir tíu árum.

Allt og sumt sem ríkisstjórnin ætlar að gera á árunum 2006 og 2007 er að skila einhverjum hluta af því sem barnafjölskyldur hafa í besta falli verið hlunnfarnar um á undanförnum árum. Ef við lítum t.d. á tekjutengingu barnabóta þá var hún um 44% á árinu 1995, þ.e. þegar stjórnarflokkarnir taka við, en er orðin 81% á árinu 2004. Hlutur tekjutengdra barnabóta af heildargreiðslu, sem allir foreldrar barna fá óháð tekjum, var 56% á árinu 1995 en var komin niður í 19% á síðasta ári. Staðreyndin er sú að barnabætur hafa hreinlega breyst í láglaunabætur. Það er ekki lengur hægt að kalla þetta barnabætur heldur eru þetta láglaunabætur, sem endurspeglast t.d. í því að þegar ég var að skoða þetta á árinu 2003 fengu alls 11,3% einstæðra foreldra ótekjutengdar barnabætur en aðeins 3% hjóna. Áður en þessi ríkisstjórn tók við voru greiddar ótekjutengdar barnabætur til allra barna að 16 ára aldri en nú eru þær einungis greiddar til barna að 7 ára aldri.

Miðað við forsögu stjórnarflokkanna í barnabótum velti ég fyrir mér hvort orðið hefði einhver stefnubreyting hjá sjálfstæðismönnum miðað við ályktunina sem lögð var fyrir landsfundinn, um að barnabætur verði ótekjutengdar. Það hefur ekkert heyrst opinberlega af því hvaða umfjöllun eða niðurstaða varð um þá ályktun. En þar sem nú er nýr fjármálaráðherra í stólnum hafði ég hug á að heyra hug hans til

þessa máls og hvort hann teldi ekki eðlilegt að beita sér í átt að því sem einhverjir landsfundarfulltrúa, ég veit ekki hve margir, lögðu til að því er þessa ályktun varðar. Ég spyr því ráðherrann:

1. Hver er afstaða ráðherra til þess að greiðslur barnabóta verði ótekjutengdar og hver yrði kostnaðurinn fyrir ríkissjóð?

2. Hve mörg lönd innan OECD greiða ótekjutengdar barnabætur og hve mörg tekjutengdar?

3. Hver er afstaða ráðherra til þess að greiða barnabætur til 18 ára aldurs og hvaða útgjöld hefði það í för með sér fyrir ríkissjóð?

[12:09]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspurnina. Fyrsta spurningin er:

„Hver er afstaða ráðherra til þess að greiðslur barnabóta verði ótekjutengdar og hver yrði kostnaðurinn fyrir ríkissjóð?"

Einn af áhersluþáttunum í stefnu núverandi ríkisstjórnar er, eins og sjá má í stefnuyfirlýsingu hennar, að auka beinan stuðning við barnafjölskyldur. Það skref hefur þegar verið tekið með umfangsmiklum breytingum á ákvæðum barnabóta í tekjuskattslögum sem samþykktar voru í lok síðasta árs og koma til framkvæmda í tveimur áföngum, þ.e. á árunum 2006 og 2007. Breytingarnar, sem fyrst og fremst miða að því að draga verulega úr tekjutengingu barnabóta, munu kosta ríkissjóð 2,4 milljarða kr. árlega þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda. Sú fjárhæð kemur til viðbótar 5,1 milljarði kr. sem áætlað er að verði greiddar barnabætur á árinu 2005, þ.e. samtals 7,5 milljarðar kr. á árinu 2007. Þetta svarar til 47% hækkunar á greiðslu barnabóta á næstu tveimur árum.

Sem fyrr segir fela umræddar breytingar á barnabótakerfinu í sér að verulega er dregið úr tekjutengingum þeirra. Breytingunum má skipta í tvennt:

Í fyrsta lagi er hlutur ótekjutengdra barnabóta sem greiddur er með börnum yngri en sjö ára aukinn með 50% hækkun bótafjárhæða. Þannig fara bætur með hverju barni úr liðlega 37 þús. kr. á ári 2005 í 48 þús. kr. 2006 og síðan í 56 þús. kr. árið 2007. Heildarfjárhæð ótekjutengdra barnabóta fer því úr 1,1 milljarði kr. í tæpan 1,7 milljarða.

Í öðru lagi eru fjárhæðir tekjutengdu barnabótanna hækkaðar um 10% frá ársgrunni 2006. Í þriðja lagi munu viðmiðunarmörk tekna vegna tekjutengdra barnabóta hækka um 50% á næstu tveimur árum eða um 25% hvort ár. Í fjórða lagi er skerðingarhlutfall tekna við ákvörðun barnabóta lækkað um 1% eða úr 3% í 2% með einu barni, úr 7% í 6% með tveimur börnum og úr 9% í 8% með þremur börnum eða fleiri. Þessar breytingar munu hafa í för með sér verulegar kjarabætur fyrir barnmargar fjölskyldur með lágar tekjur. Þannig munu barnabætur hjóna með þrjú börn, tvö yngri en sjö ára, með 250 þús. kr. í mánaðarlaun, hækka úr 368 þús. kr. á ári í 512 þús. kr. á ári eða um 40% þegar breytingarnar eru að fullu komnar til framkvæmda á árinu 2007. Þessar breytingar á barnabótum fela í sér 12 þús. kr. hækkun á mánaðarlegum ráðstöfunartekjum umræddrar fjölskyldu.

Ef ríkisstjórnin hefði valið þá leið sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr um, þ.e. að afnema tekjutengingu barnabóta að óbreyttum þeim fjárhæðum og viðmiðunarmörkum sem gilda fyrir árið 2005, hefði kostnaður ríkissjóðs meira en tvöfaldast, farið úr rúmlega 5 milljörðum kr. í tæplega 12 milljarða kr., þ.e. aukist um tæpa 7 milljarða kr. Ráðstöfunartekjur ofangreindrar fjölskyldu hefðu þrátt fyrir þá miklu útgjaldaukningu hækkað minna við þá breytingu, þ.e. um 11 þús. kr. á mánuði, samanborið við þær breytingar sem þegar hafa verið samþykktar. Við þá breytingu, þ.e. brottfall tekjutengingar hefðu ráðstöfunartekjur jafnstórrar fjölskyldu með 1,5 millj. kr. á mánuði, þ.e. sexfalt hærri tekjur, hins vegar hækkað um 42 þús. kr. á mánuði eða hálfa milljón á ári. Þetta dæmi sýnir glöggt hvers vegna sú leið sem ríkisstjórnin ákvað að fara varðandi breytingar á barnabótakerfinu varð fyrir valinu en ekki sú sem þingmaðurinn spyr um.

Hv. þingmaður spyr síðan hver staðan sé í OECD-löndum. Innbyrðis samanburður á barnabótakerfum einstakra aðildarríkja OECD er ýmsum annmörkum háður, ekki síst vegna þess hversu misjafnlega þau eru uppbyggð. Flest aðildarríkjanna meðhöndla barnabætur sem félagslegar bætur án nokkurrar tekjutengingar og án nokkurs samspils við skattkerfið. Hins vegar eru einhver dæmi þess að veittur sé sérstakur skattafsláttur vegna barna, þ.e. frádráttur frá skattstofni án þess að hann komi til beinnar útborgunar. Að minnsta kosti þrjú ríki, auk Íslands, eru með blandað kerfi, þ.e. bæði tekjutengdar og ótekjutengdar bætur. Það eru Ítalía, Lúxemborg og Tékkland. Tvö ríki, Kanada og Nýja-Sjáland, hafa eingöngu tekjutengdar bætur meðan þrjú ríki, þ.e. Grikkland, Kórea og Mexíkó, greiða engar barnabætur.

Þá var spurt um afstöðu ráðherra til þess að greiða barnabætur til 18 ára aldurs og hvaða útgjöld það hefði í för með sér fyrir ríkissjóð. Ýmis vandamál væru samfara því að færa barnabótaaldurinn upp í 18 ár. Gildandi skattkerfi byggir alltaf aldursviðmiðun við 16 ár og tengir þannig saman fjölskyldur. Eftir að þeim aldri er náð verður barnið hins vegar sjálfstæður skattþegn með öllum þeim kostum og göllum sem því fylgja. Þannig fær 16–18 ára barn sjálfstæðan rétt til persónuafsláttar sem gjarnan er nýttur, a.m.k. að hluta. 15 ára barn hefur hins vegar ekki þennan rétt og afli það tekna ber því að greiða 4% tekjuskatt fari tekjurnar yfir tæpar 100 kr. á ári. Á hinn bóginn njóta foreldrar þessa barns barnabóta ef tekjur þeirra eru undir viðmiðunum barnabóta, sem eru undir 125 þús. kr. á mánuði. Breytingin sem hv. þm. spyr um mundi því kosta verulega uppstokkun á gildandi skattkerfi.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu eru börn á aldrinum frá 16 upp í 18 ára tæplega 9 þúsund talsins. Engin leið er að áætla kostnað við upptöku barnabóta fyrir 16 og 17 ára, sé miðað við gildandi kerfi, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir í gagnabönkum skattkerfisins um foreldra viðkomandi einstaklinga þar sem þeir eru taldir sjálfstæðir skattþegnar.

[12:14]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég veit ekki hvort það er guðsþakkarvert að ríkisstjórnin ætli að skila til baka 2,5 milljörðum kr. af þeim

9,5 milljörðum kr. sem hún hefur kroppað af barnafólki síðan þessi ríkisstjórn hóf störf. Hafi hins vegar einhver efast um af hverju hæstv. ráðherra var lyft til þeirrar fremdar að fara með fjármál þjóðarinnar þá skildu menn það af þessari ræðu. Honum tókst að reikna út að með því að hækka barnabætur um 2,4 milljarða kr. mundu ráðstöfunartekjur barnafólks, eins og hann sagði það, aukast nánast jafnmikið og ef þær yrðu hækkaðar um 10 milljarða kr., þ.e. ef önnur leiðin yrði farin.

Niðurstaðan í máli ráðherrans er þessi: Hann gefur ekki neitt fyrir yfirlýsingu landsfundar Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur fordæmin fyrir sér. Ég minnist þess að forvígismaður breska Íhaldsflokksins sagði einu sinni að það væri álíka gáfulegt að taka mark á hundinum sínum og flokkssamþykktum landsfunda íhaldsmanna í Bretlandi. Mér þótti það heldur hrokafullt en mér sýnist hæstv. ráðherra renna í sama farið hér heima.

[12:16]

Bryndís Haraldsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langaði að leiðrétta það sem kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Það var ekki ályktað á landsfundi að barnabætur skyldu vera ótekjutengdar. Það var ákveðin umræða sem fór þar fram en landsfundur samþykkti ekki ályktun svohljóðandi.

[12:16]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst af svörum ráðherra að það verður engin stefnubreyting að því er varðar meðferðina á barnabótum þó að nýr fjármálaráðherra sé kominn í stólinn og það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra ætlar að gefa þeirri tillögu sem var lögð fyrir þingið, þó að hún væri ekki samþykkt, langt nef og og finnur henni allt til foráttu. Ég skil ekki reikningskúnstir ráðherrans þegar hann segir að með því að bæta 7 milljörðum inn í barnabótakerfið þá muni það draga úr ráðstöfunartekjum. Hann er væntanlega að tala um þá örfáu sem fá ótekjutengdar barnabætur en það voru, eins og ég nefndi áðan, 3% hjóna þegar þetta var skoðað á árinu 2003 vegna þess að þetta eru auðvitað ekkert annað en láglaunabætur.

Þegar ég skoðaði þetta síðast, þar sem mér fannst ráðherrann fara út og suður þegar hann gerði þinginu grein fyrir því hve mörg lönd innan OECD væru með ótekjutengdar barnabætur, voru örfá lönd, og Ísland þar á meðal, með tekjutengdar barnabætur en mjög mörg lönd voru með þær ótekjutengdar og er þá horft til þess að um sé að ræða rétt barnsins sem ekki eigi að skerða.

Ráðherrann var líka með útúrsnúning þegar ég nefndi hér ákveðinn aldur og hann segir að það þýði uppstokkun á barnabótakerfinu ef farið verði að greiða barnabætur til 18 ára aldurs. Ef það flækir svona skattkerfið hvað þá með það að greiða ótekjutengdar barnabætur til 16 ára aldurs eins og var 1995 áður en stjórnarflokkarnir tóku við taumunum? Ég bið ráðherrann að svara því. Nú eru bæturnar einungis greiddar til 7 ára aldurs og það er auðvitað skömm að því hvernig þessir flokkar hafa farið með barnabæturnar og dregið úr þeim að raungildi ef miðað er við 1995. Hvernig sem málið er skoðað þá er ekki hægt að horfa á hlutina í öðru ljósi.

[12:19]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég hafna því algjörlega að ég hafi verið með einhverja útúrsnúninga, það er fjarri mér. Hins vegar er ég svolítið undrandi á því að hv. þingmaður hafi vænst stefnubreytingar þótt það kæmi nýr fjármálaráðherra. Hér situr sama ríkisstjórnin og hún vinnur eftir sama stjórnarsáttmála og í þeim sáttmála eru mjög skýrar yfirlýsingar um það hvað ríkisstjórnin hyggst gera í þessum efnum. Hún hyggst draga úr tekjutengingunni og auka þá fjármuni sem fara til barnabóta. Það má segja að hvað barnabætur varðar í heild sinni, ef við miðum við verðlag ársins 2003 og þá miðað við þær tölur sem við erum að vinna með fyrir næsta ár — sem eru auðvitað ekki alveg nákvæmlega sambærilegar en í meginatriðum — erum við að tala um sams konar upphæðir sem eru þá u.þ.b. 6 milljarðar kr. Mig minnir að hv. þingmaður hafi setið í þeirri ríkisstjórn sem sat á árunum 1991–1995, hún hafi alla vega verið í ríkisstjórninni árið 1993 þegar barnabætur voru innan við 6 milljarðar miðað við verðlag ársins 2003. (Gripið fram í.) Ég bið hv. þingmann að grípa ekki fram í því að það er stuttur tími sem ég hef.

Hvað það varðar að fara eftir samþykktum landsfundarins þá held ég að ég sé frekar þekktur að því að fara eftir þeim heldur en hitt og hvað varðar ummæli íhaldsmanns í Bretlandi þá er hv. þingmaður greinilega betur uppfræddur um það hvernig þeir vinna heldur en ég.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 12:21.

26. FUNDUR

mánudaginn 21. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Dýravernd, stjfrv., 312. mál, þskj. 339. — 1. umr.
3. Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 313. mál, þskj. 340. — 1. umr.
4. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 314. mál, þskj. 341. — 1. umr.
5. Umhverfismat áætlana, stjfrv., 342. mál, þskj. 376. — 1. umr.
6. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 326. mál, þskj. 358. — 1. umr.
7. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 327. mál, þskj. 359. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest.,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 1. þm. Norðvest., Sturlu Böðvarssyni, dagsett 17. nóvember 2005:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 2. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, Adolf H. Berndsen, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Adolf H. Berndsen hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Vinnutími á blóðskilunardeild LSH.

[15:05]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða vanda sem er að skapast vegna sparnaðaraðgerða á blóðskilunardeild Landspítala – háskólasjúkrahúss. Í ályktun FÍH frá 14. nóvember sl. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga lýsir yfir áhyggjum af því alvarlega ástandi sem í stefnir varðandi hjúkrunarþjónustu á blóðskilunardeild Landspítala – háskólasjúkrahúss verði fyrirhugaðar breytingar á vinnutíma hjúkrunarfræðinga látnar ganga fram.

Hjúkrunarþjónusta á blóðskilunardeild er sérfræðiþjónusta við sjúklingahóp sem ekki getur án þjónustunnar verið. Sérþekking og sérhæfing hjúkrunarfræðinganna er slík að allt árið tekur að þjálfa nýja hjúkrunarfræðinga til starfa á deildinni.

Átta af 16 hjúkrunarfræðingum sem starfa á blóðskilunardeild LSH túlka fyrirhugaðar breytingar á vinnutíma sem ígildi uppsagnar á ráðningarsamningi og munu því að óbreyttu hætta störfum um áramót. Öryggi sjúklinga sem háðir eru þjónustu blóðskilunardeildar verður þá stefnt í verulega tvísýnu auk þess sem mikil sérþekking hjúkrunarfræðinganna tapast."

Frú forseti. Við ræðum hér um blóðskilun nýrnasjúklinga. Blóðskilunarvélin virkar eins og gervinýra og þarf sjúklingur að mæta í hana þrisvar sinnum í viku fjóra tíma í senn til að halda lífi. Vegna sparnaðaraðgerða hefur verið boðuð einhliða breyting á vaktakerfi þannig að hefðbundnar átta klukkustunda vaktir verða styttar sem leiðir af sér að hjúkrunarfræðingurinn þarf að mæta á rúmlega 20 fleiri vaktir á ári til að ljúka vinnuskyldu. Tilgangurinn er sagður vera hagræðing en þetta er eingöngu gert í sparnaðarskyni. Ókostirnir eru aukið álag á sjúklinga og starfsfólk og þýðir m.a. að færri hjúkrunarfræðingar verða á vakt á mesta álagstíma dagsins. Ég spyr:

Eru þessar sparnaðaraðgerðir gerðar með vitund hæstv. heilbrigðisráðherra? Hvað hyggst ráðherra gera til að forða því að hættuástand skapist á blóðskilunardeild LSH um áramótin?

[15:07]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á blóðskilunardeild Landspítala – háskólasjúkrahúss fer fram mikilvæg starfsemi, mér er það alveg ljóst, en svar mitt er einfalt í því sambandi: Ég ætlast til að forustumenn spítalans og starfsfólk hans setji niður þessa deilu og tryggi þjónustuna áfram. Þetta er skipulagsmál á spítalanum og afgreiðsla spítalans í fjárlögum gefur ekki ástæðu til að tala um sparnaðaraðgerðir í þessu skyni. Ég ætlast til að málið verði leyst innan spítalans og trúi því að forustumenn hans og starfsfólk það sem hér á í hlut leysi það og tryggi þessa lífsnauðsynlegu þjónustu áfram því að þarna er lífsnauðsynleg þjónusta á ferðinni. Afgreiðsla spítalans bæði í fjárlögum og fjáraukalögum gefur ekki tilefni til að talað sé um niðurskurð í þessu efni.

[15:09]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég efast um að allir geri sér grein fyrir hversu alvarlegt vandamál hér er á ferðinni. Það segir m.a. í bæklingi frá Félagi nýrnasjúkra, með leyfi forseta:

„Ef nýrun verða veik minnkar afkastageta þeirra. Ef þau bregðast alveg verður eitthvað að koma í staðinn. Annars er

sjúkdómurinn banvænn."

Þetta er mjög einfalt. Ef ekki verður gripið inn í og komið í veg fyrir að helmingur hjúkrunarfræðinganna, 8 af 16, hætti um áramót, hvað erum við þá að tala um? Nýrnasjúklingarnir geta ekki án blóðskilunar verið og ef þeir fá hana ekki í janúar þá erum við að tala um banvænan sjúkdóm. Ég vil fá skýrara svar frá hæstv. ráðherra um að hann ætli sjálfur að grípa inn í og koma í veg fyrir að helmingur af hjúkrunarfræðingunum á blóðskilunardeildinni hætti um áramót vegna lélegra sparnaðaraðgerða.

[15:10]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Svar mitt í þessu efni var alveg skýrt. Ég tel að afgreiðsla spítalans gefi enga ástæðu til að skera niður þessa lífsnauðsynlegu þjónustu. Ég veit alveg nákvæmlega að þarna er um líf eða dauða að tefla og ég ætlast til að þetta mál verði leyst. Það er einfalt svar af minni hálfu.

Byggðastofnun.

[15:11]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Síðasta miðvikudag svaraði hæstv. iðnaðarráðherra fyrirspurn minni varðandi úttekt á Byggðastofnun. Í svari ráðherra kom fram að niðurstöður úttektar á stofnuninni væri að finna í iðnaðarráðuneytinu og aðgengilegar þingmönnum þar. Starfsmenn Alþingis reyndu á fimmtudag og föstudag að nálgast úttektina fyrir mig en án árangurs. Eftir hádegi á föstudag talaði ég við ritara ráðherra og tjáði henni að ég ætlaði að nota umbeðið plagg yfir helgina. Hún bað mig að hafa ekki áhyggjur, gögnin yrðu send til mín á netinu. Það sem ég fékk var hins vegar skýrslan Konur og stoðkerfi atvinnulífsins sem dreift var á prenti til allra þingmanna fyrir nokkrum vikum. Virðulegi forseti. Ég varð mjög hissa og hef þó séð ýmislegt.

Ástæða þess að ég er að krefja hæstv. ráðherra svara um Byggðastofnun birtist í morgunfréttum en þar var sagt frá því að Byggðastofnun hefði hætt útlánum vegna þess að stofnunin væri komin undir 8% eiginfjárhlutfall sem er lágmark Fjármálaeftirlitsins. Mér er kunnugt um að iðnaðarráðherra hefur ekki farið fram á auknar fjárveitingar til Byggðastofnunar við gerð fjárlaga fyrir árið 2006 en vinna við fjárlög er nú á lokastigi. Það er því ekki að sjá að hæstv. ráðherra ætli sér að tryggja starfsemi þessarar mikilvægu stofnunar þrátt fyrir yfirlýsingar um annað. Ég spyr því hæstv. ráðherra:

Hvers vegna stóð ráðherra ekki við loforð sín sem hún gaf hér úr ræðustóli á miðvikudaginn var? Er þessi skýrsla eitthvert leyndarmál og á að kæfa Byggðastofnun hægt og rólega, eða hvað ætlast hæstv. ráðherra eiginlega fyrir með stofnunina?

[15:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mál þetta var til hér umfjöllunar sl. miðvikudag eins og fram kom hjá hv. þingmanni og það er í raun ekkert nýtt um málið að segja síðan þá. En að gera það að umtalsefni á hv. Alþingi þó að ritara mínum verði á mistök og sendi ekki rétta skýrslu til hv. þingmanns þegar ég er í útlöndum finnst mér dálítið langt gengið. Þar að auki sendi ég hv. þingmanni rétta skýrslu í morgun og gaf henni skýringar á því hvers vegna þessi mistök áttu sér stað.

Hins vegar get ég sagt að við erum að fjalla um málefni Byggðastofnunar í ráðuneytinu og það er rétt að eigið fé er komið niður fyrir lögleg mörk og við því þarf að bregðast. Einnig þarf að fara yfir það hvernig starfsemi Byggðastofnunar á að verða til framtíðar vegna þess að það umhverfi sem hún starfar í er mjög breytt hvað varðar lánastarfsemina. Samkvæmt lögum á lánastarfsemi stofnunarinnar að standa undir sér og vera sjálfbær en miðað við hina breyttu stöðu er ekki útséð um hvort það getur orðið til framtíðar. Því þarf að skoða þetta mál mjög gaumgæfilega. Nefnd hefur verið að störfum sem ég skipaði í framhaldi af því að skýrslan var unnin, skýrslan sem greinir stöðu mála, og það er sú margumtalaða skýrsla sem hv. þingmaður hefur áhuga á að lesa og ég skil það mjög vel.

Síðan þurfum við náttúrlega að fara yfir það hvort ástæða er til að samræma betur það atvinnuþróunarstarf sem á sér stað í landinu. Það er t.d. mjög klofið undir ráðuneyti mínu og spurning hvort við verðum ekki að reyna að samhæfa starfið þannig að það skili þegnunum meiri árangri og þeir fái betri þjónustu en verið hefur fram til þessa. Ég held að það geti jafnvel verið hægt að gera það. Ég hef áhuga á því en gaman væri að heyra hvað hv. þingmaður er fyrst og fremst að hugsa um í sambandi við þessa stofnun.

[15:15]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla að minna á að starfsmenn Alþingis eru búnir að reyna í tvo daga að nálgast þessa umræddu úttekt og þegar ég fór á skrifstofu mína um hádegi í morgun var engin skýrsla komin, hún kann að vera komin núna.

Ég veit að það þarf að endurskoða starfsemi Byggðastofnunar en ég veit líka að hún verður ekki starfhæf lengi samkvæmt lögum og er það ekki í dag og getur ekki lánað út ef hún fær ekki meira fjármagn til sín. Eins og ég sagði áðan þá eru fjárlög á lokastigi og það þarf líka að sækja um meira fjármagn til hennar á þessu ári.

Þess vegna ítreka ég spurningu mína til ráðherra: Ætlar hv. ráðherra að leggja til við gerð fjárlaga að stofnunin fái aukið fjármagn?

(**Forseti** (SP): Forseti vill taka það fram að hv. þingmenn ávarpi ráðherra með tilhlýðilegum hætti.)

[15:16]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Nóvembermánuður er ekki allur og það er þó nokkur tími til stefnu til þess að finna lausn á þeim vanda sem hv. þingmaður talar hér um og ég tek undir með henni hvað það varðar að stofnunin er í vanda og við þurfum að finna lausn á því máli. Ég vil gjarnan hugsa til framtíðar hvað það varðar þannig að það sé ekki bara hugsað til einnar nætur. Ég vil að við sjáum Byggðastofnun fyrir verkefnum til framtíðar og að hún fái tilhlýðileg verkefni því að hún er að vinna mikilvægt verk og það vil ég að haldi áfram.

[15:17]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði hér áðan að það væri góður tími til stefnu. Ég ætla að vona að hæstv. ráðherra hafi heyrt fréttirnar í morgun sem tjáðu landsmönnum þeim sem heyra vildu að stofnunin væri óstarfhæf vegna fjárskorts þannig að það er ekki rétt hjá ráðherra að það sé góður tími til stefnu.

Þess vegna spyr ég: Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra er að draga þetta fram yfir fjárlög? Gerir hún sér ekki grein fyrir því að þetta getur orðið til þess að stofnunin verði óstarfhæf bæði á þessu ári og fram á næsta ár? Ég spyr enn: Mun ráðherra beita sér fyrir því að koma auknu fjármagni til stofnunarinnar á fjárlögum fyrir næsta ár og á aukafjárlögum fyrir þetta ár því að það þarf líka að gera? (**Gripið fram í:** Svaraðu nú.) (**Gripið fram í:** Ekkert svar?)

Sameining rannsóknastofnana iðnaðarins.

[15:18]

Bryndís Haraldsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, um sameiningu rannsóknastofnana sem heyra undir ráðuneyti hennar.

Um allnokkurt skeið hefur verið umræða um sameiningu Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Fyrr á þessu ári skipaði hæstv. ráðherra nefnd til að fara yfir málin og koma með tillögu að verkefnum og skipulagi nýrrar stofnunar svo og til að gera grein fyrir fjárhagslegum forsendum. Vil ég spyrja hæstv. ráðherra frétta af málinu. Hefur nefnd þessi lokið störfum? Er frumvarps að vænta um nýja stofnun og ef svo er, hvenær má búast við að slíkt frumvarp verði lagt fram?

Einnig vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort rekstrarfyrirkomulag slíkrar stofnunar hafi verið skoðað sérstaklega og hvort mögulegt sé að slík stofnun yrði rekin sem hlutafélag að öllu leyti eða að hluta í eigu ríkisins.

[15:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Já, það er rétt að verið hefur hugað að sameiningu rannsóknastofnana og þá er ég að tala um Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun. Nefndin sem hv. þingmaður nefndi hefur lokið störfum og þar fór fram gott starf og var mikil eining. Frumvarp er í vinnslu og mun vera langt komið af hálfu ráðuneytisins sem gengur út á það að sameina þessar stofnanir. Það er ekki ráðgert að um hlutafélagsform verði að ræða hvað varðar rekstur þessarar sameinuðu stofnunar enda held ég að það sé ekki ástæða til þess að gera svo róttækar breytingar að sinni en hins vegar tel ég að þarna geti verið um mjög mikilvæga breytingu að ræða.

[15:20]

Bryndís Haraldsdóttir:

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr og greinargóð svör. Það er alltaf ánægjulegt þegar í bígerð er fækkun ríkisstofnana bæði í ljósi þess að möguleg hagræðing geti átt sér stað og ekki síður í ljósi þess að vera kann að samkeppnishæfni slíkra stofnana aukist.

Mér þykir reyndar miður að heyra að ekki sé ætlað að ganga enn lengra og leitast við að reka slíka stofnun undir hlutafélagaforminu.

[15:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt ef ég veld hv. þingmanni vonbrigðum með þetta en ég tel að það sé ágætis form að reka þessa sameinuðu stofnun sem ríkisstofnun og tel að það sé ekki ástæða til þess að ganga lengra. En ég geri mér grein fyrir því að hv. þingmaður er á annarri skoðun og þannig getur það verið. En ég þakka fyrirspurnina.

Eingreiðsla til bótaþega á stofnunum.

[15:21]

Guðmundur Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls mín þakka hæstv. ríkisstjórn fyrir hve hratt og rétt stjórnin brást við óskinni um að lífeyrisþegar nytu sömu kjara og almennir launamenn.

Síðast í gær sagði einn félagi minn: Þetta bjargar jólunum í ár. En betur má ef duga skal. Nú þegar aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um eingreiðslu í desember og hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að lífeyrisþegar skuli sitja við sama borð vil ég spyrja hæstv. heilbrigðis- og tryggingaráðherra hvort áformað sé að öryrkjar og eldri borgarar sem dvelja á stofnunum fái ekki eingreiðslu í samræmi við það.

Frú forseti. Sá hópur öryrkja og eldri borgara sem e.t.v. er hvað verst settur fjárhagslega eru þeir sem einungis fá vasapeninga eða hæst 21.993 kr. á mánuði. Einhverjir eru svo vel settir að hafa góða lífeyrissjóði til að hverfa til en því miður allt of fáir, enda lífeyrissjóðirnir ekki komnir með þann slagkraft sem lagt var upp með. Enn eru margir eldri borgarar sem ekki hafa greitt í lífeyrissjóð eða fatlaðir sem aldrei hafa komist út á vinnumarkað. Tekjur umfram 7.186 kr. á mánuði skerða vasapeningana um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Af eldri borgurum eru það í flestum tilfellum konur sem ekki hafa aðgang að lífeyri eða hafa ekki neinar aðrar tekjur. Ég geri fastlega ráð fyrir að þessi hópur eins og aðrir vilji halda gleðileg jól og geta þá keypt eitthvert lítilræði handa börnum, barnabörnum og vinum og að ríkisstjórnin sjái til þess að þessi hópur fái uppbót á vasapeningana.

Frú forseti. Ég treysti því að hæstv. ríkisstjórn Íslands sjái að hér er um jafnræðis-, jafnréttis- og sanngirnismál að ræða og geri lagfæringar strax.

[15:24]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Við í ríkisstjórninni erum að fara yfir útfærslu á þessu máli í samræmi við það samkomulag sem gert hefur verið og höfum m.a. rætt málefni þeirra hópa sem hv. fyrirspyrjandi talar um. Þó útfærslunni sé ekki lokið er óhætt að segja að við munum vinna að þessu máli með

sanngjörnum hætti og höfum þennan hóp í huga hvað snertir.

[15:25]

Guðmundur Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og vona að stjórnin sjái sóma sinn í því að gera vel við þennan hóp.

Hátækniiðnaður.

[15:26]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra varðandi hátækniiðnaðinn á Íslandi en það hafa borist fréttir af því að ríkisstjórnin ætli að skipa nefnd til að fara yfir stöðu alþjóðlegrar fjármálastarfsemi á Íslandi og er það vel. En ég hefði talið að það hefði verið rétt að fá einnig fulltrúa úr stjórnarandstöðunni til þess að þetta verk farist vel úr hendi.

Ég tel það mjög jákvætt í sjálfu sér að ríkisstjórnin skipi þann hóp því þá kemst hún út úr því álversfari sem hún hefur verið í en álversuppbygging virðist vera eina leiðin sem hugað hefur verið að í atvinnusköpun. Sú uppbygging hefur haft ýmsar aukaverkanir en ekki síður hinar miklu breytingar á lánakjörum almennings sem hafa hækkað og aukið þensluna. Það væri fróðlegt að fá viðbrögð iðnaðarráðuneytisins við þeirri skýrslu sem gefin var út af ráðuneytinu um vaxtarbrodd íslensks atvinnulífs og þá er ég að tala um hátækniiðnaðinn. Í skýrslunni kemur fram að hann glímir við talsverða erfiðleika. Þessi atvinnugrein skiptir verulega miklu máli þar sem yfir 60% af vinnuaflinu er menntað fólk sem er á háum tekjum í þessum fyrirtækjum. En það kreppir mjög að þessum iðnaði og það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort hann ætli að grípa til einhverra aðgerða í kjölfarið.

Það er nú svo að þessi iðnaður selur vörur sínar á erlendum markaði og fær því æ færri íslenskar krónur fyrir framleiðsluna en kostnaðurinn er mikill innan lands m.a. hár launakostnaður, þess vegna þrengir verulega að iðnaðinum. Þess ber að geta að sjö af hverjum tíu krónum sem stóriðjan fær í tekjur renna strax til útlanda. Þessi iðnaður skiptir verulega miklu máli vegna þess að hér er vaxtarbroddur og það verður mjög mikið af virðisaukanum eftir í landinu.

[15:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að koma inn á þetta mikilvæga mál og ég er alveg sammála honum með það að hátækniiðnaðurinn er gríðarlega mikilvægur og hann glímir við talsverða erfiðleika, það er alveg hárrétt, og mér fannst hv. þingmaður óvanalega hógvær í orðum sínum að taka ekki meira upp í sig en þetta því að ég er alveg sammála honum með það að hann glímir við talsverða erfiðleika.

Ég er hins vegar ósammála honum með það að hátt gengi krónunnar sé fyrst og fremst út af álversframkvæmdum. Það er bara lítill hluti af þeim áhrifum sem valda sterku gengi krónunnar sem kemur út af stóriðjunni en það er nú of stuttur tími til að fara út í það.

Það vill svo til að ég mun eiga fund með Samtökum iðnaðarins nú í þessari viku um stöðu hátækniiðnaðarins og ég tel að það sé mikilvægt að við förum yfir það í fullri alvöru hvort ríkisstjórnin geti á einhvern hátt komið þannig að málum að þessi mikilvæga iðngrein eigi bjartari framtíð hér á Íslandi en hún á í dag vegna mikilvægis þessara starfa og mun ég beita mér í því eins og ég hef bolmagn til.

[15:29]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það kom nú ekkert fram hjá hæstv. ráðherra hvernig hún hygðist bregðast við en það kom fram hjá henni að við værum ósammála hvað varðar forsendur gengishækkunarinnar. En látum það vera, hæstv. ráðherra. Hvernig ætlum við að leysa þau vandamál sem blasa við? Það er verkefni dagsins en ekki endilega að greina hver orsökin er. Ég held að allir viti að það eru álversframkvæmdirnar og síðan er það þenslan. En þótt við séum ósammála um það þá blasir við að við megum ekki kæfa þá vaxtarbrodda sem eru í íslensku atvinnulífi. Ég tel að það sé verkefni dagsins sem framsóknarmenn ættu að horfa til, ekki að vera að horfa á þrjú ný álver á sama deginum eins og kom hér fram í umræðunni, heldur að líta á þær atvinnugreinar sem eru framtíðin og vera ekki að kæfa þær, og þegar erfiðleikar blasa við að horfast í augu við þá og grípa til aðgerða.

[15:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held því fram í sambandi við atvinnumál að fjölbreytileikinn skipti mestu máli og þess vegna á ekki að útiloka neitt fyrir fram, hvort sem það er álver, hátækniiðnaður eða eitthvað annað. Það er algjör misskilningur ef hv. þingmaður heldur að ríkisstjórnin leggi sig fram um að kæfa þessa vaxtarbrodda eins og hann talaði um. Við viljum að sjálfsögðu hlúa að þeim eins og við mögulega getum en neitum því ekki að staða íslensku krónunnar veldur þessari iðngrein erfiðleikum eins og fleirum.

Reyndar er nefnd að störfum innan ráðuneytisins sem fjallar um þetta og eins og ég sagði áðan munum við funda með Samtökum iðnaðarins um málið á næstu dögum. En ég vona svo sannarlega að úr rætist úr því að þessi störf eru mikilvæg, eins og fram kom hjá hv. þingmanni, mjög mikilvæg fyrir okkar unga fólk sem er hámenntað, sækir sér jafnvel nám erlendis og kemur heim og þarf (Forseti hringir.) að fá störf, góð störf á Íslandi.

[15:31]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að nefnd væri að störfum. Á síðasta vetri var einnig nefnd að störfum og hún fjallaði um vanda fiskiðnaðarins og útvegsins. Hún komst að niðurstöðu um að ástandið væri óbærilegt fyrir þær útflutningsgreinar.

Nú hefur enn sigið á ógæfuhliðina og gengið hefur hækkað um 10–15% síðan þá. Ég hefði talið að kominn væri tími til fyrir eitthvað annað en aðra nefnd og að hæstv.

ráðherra eða ríkisstjórnin gripu til aðgerða. Það er kominn tími til þess. Maður finnur það víða í atvinnulífinu, útflutningsgreinunum blæðir. Það er einfaldlega kominn tími til að láta hendur standa fram úr ermum.

[15:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki miklu við þetta að bæta nema því, eins og hv. þingmaður veit, að sá tími er liðinn að ríkisstjórnin taki ákvörðun um gengi krónunnar. Skráning krónunnar (Gripið fram í.) og styrkleiki hennar eða ekki styrkleiki gerist á hinum frjálsa markaði. Það eru vissulega mjög breyttir tímar hvað þetta varðar en þó er það svo að að einhverju leyti getur ríkisstjórnin haft áhrif og það hefur hún gert. Ég trúi því að ekki sé langt í að við förum að sjá einhverjar breytingar hvað þetta varðar.

Um fundarstjórn.

Svör ráðherra við fyrirspurn um Byggðastofnun.

[15:34]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég kem í ræðustólinn til að ræða um þann hátt sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafði hér á áðan þegar hún svaraði eða svaraði ekki fyrirspurn frá hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur. Hv. þingmaður spurði um ákveðna skýrslu og ráðherrann útskýrði fyrir sína parta að það hefðu verið mistök að skýrslan hefði ekki borist þingmanninum en hún hefði verið send í morgun. Hún hefur sennilega verið send með skipapósti því að hún hefur ekki borist enn þá, við vorum að tékka á því.

En það er ekki tilefni þess að ég kem hingað. Það er þannig, frú forseti, að við þingmenn höfum samkvæmt þingskapalögum heimild til að spyrja hæstv. ráðherra óundirbúinna fyrirspurna með ákveðnu millibili. Samkvæmt þingsköpum hafa ráðherrar þinglegar skyldur til að svara þeim eftir bestu getu. Hv. þingmaður varpaði fram spurningu til hæstv. ráðherra um Byggðastofnun og starfsemi hennar áðan. Hún spurði m.a. hvort hæstv. ráðherra hygðist tryggja starfsemi stofnunarinnar með því að beita sér fyrir fjárveitingum á fjárlögum til þess að tryggja næsta ár eða aukafjárveitingum til þess að tryggja út þetta ár.

Nú er auðvitað ekki hægt að gera þá kröfu til ráðherra að þeir svari einhverju sem þeir vita ekki og við vitum það að ansi oft er það svo með núverandi hæstv. ríkisstjórn að hún veit ekki hvað hún vill og vill stundum það sem hún ekki gerir. Í öllu falli var það a.m.k. sjálfsögð kurteisi af hæstv. ráðherra að koma og svara þessu en hún gerði það ekki. Mér finnst það sjálfum ekki vera í takt við þingskapalög. Mér finnst það líka vera dónaskapur af hæstv. ráðherra að sitja og þruma í sæti sínu þegar hún fær slíka málefnalega spurningu og svara henni ekki. Því finnst mér, frú forseti, algjörlega nauðsynlegt að taka þetta aftur upp hér við fyrsta tækifæri þegar þingsköp leyfa, sem er á morgun. Jafnframt spyr ég hæstv. forseta hvort ekki sé réttur skilningur hjá mér að þegar þingmaður ber fram málefnalega spurningu við þessi tækifæri þá beri hæstv. ráðherra skylda til að svara. Er ekki svo, frú forseti?

[15:36]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti undrast það nokkuð hvernig það falli undir fundarstjórn forseta hvernig og hversu oft hæstv. ráðherrar svara hv. þingmönnum. Að sjálfsögðu ber hæstv. ráðherrum skylda til að svara hér spurningum hv. þingmanna.

[15:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að mikill titringur er orðinn í herbúðum samfylkingarmanna þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson kemur upp til þess að ítreka spurningu frá öðrum hv. þingmanni sem ég hafði svarað á minn hátt. Það getur vel verið að hv. þingmaður sé óánægður (Gripið fram í.) með svarið en þá er það bara svo. (Gripið fram í.) Ég sagði að nóvembermánuður væri ekki að lokum kominn þannig að tími gæfist til að fara yfir þessi mál innan stjórnarflokkanna. Það er svar mitt á þessari stundu.

[15:37]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég þakka forseta fyrir alveg prýðileg svör. Mér fannst þau góð. Hæstv. forseti sagði að það væri regla og það væri venja að ráðherrar svöruðu spurningum sem fyrir þá væru lagðar.

Ég hef fullan skilning á að það kunni að vera einhvers konar átök á milli stjórnarflokkanna í einstökum málum eins og um Byggðastofnun. Ég hef fullan skilning á því að hér sé ekki hægt að leggja fram stefnu ríkisstjórnarinnar í einstökum málum vegna þess að hæstv. ráðherrar hafi ekki komið sér saman um stefnu. En það eru ákveðnar lágmarksgrundvallarreglur sem gilda hér í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu. Þegar hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar eða stjórnarliðsins eftir atvikum bera fram málefnalegar spurningar verða hæstv. ráðherrar að svara. Ef það er svo að hæstv. ráðherrar vita ekki svarið verða þeir a.m.k. að gefa það til kynna að þeir geti ekki á því augnabliki lagt fram hugmyndir sínar. Þeir þurfa ekki að skýra það fyrir okkur að það kunni að stafa af því að deilur séu innan stjórnarliðsins, eins og mér heyrðist á hæstv. ráðherra, en þeir þurfa að sýna mannasiði.

Sá eini skjálfti sem er í sálu minni núna og pínulítið angur er að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra virðist skorta kunnáttu í lágmarksmannasiðum í umgengni við þingmenn í þessum sal. Þegar menn bera fram málefnalega spurningu þá reyna menn að svara henni eftir málefnalegri getu. Ef getan er ekki fyrir hendi skýra þeir út fyrir þingheimi að því miður sé það ekki hægt á þeirri stundu. Svar ráðherrans var bersýnilega þannig að hún var að skjóta sér undan því að koma með afstöðu sína. Því verður stjórnarandstaðan að ganga eftir henni við fyrsta tækifæri og ekki seinna en á morgun, frú forseti.

Því miður, liggur mér við að segja, er hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra ekki beinlínis að greiða fyrir þingstörfum nú rétt undir jólin.

[15:39]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér fannst hv. þm. Össur Skarphéðins-

son ganga fulllangt í að nota liðinn um fundarstjórn forseta til að ræða málið áfram, ávirðingar á hæstv. ráðherra og það sem hann gat komið að undir þessum lið.

Hæstv. forseti. Þessi liður, fundarstjórn forseta, á að fjalla um það efni en ekki vera framhald á þeim umræðum sem voru hér á undan í þingsal. Ég ætla því að biðja hv. þm. Össur Skarphéðinsson að íhuga það mjög vandlega í framtíðinni hvernig hann nýtir þann rétt að ræða um fundarstjórn forseta.

[15:40]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það fellur undir liðinn fundarstjórn forseta þegar verið er að spyrja beinna spurninga um hvort hæstv. ráðherrum beri að svara þeim spurningum sem fyrir þá eru lagðar. Verið var að leita svara hjá hæstv. forseta, sem forsetinn gaf, og þess vegna er þetta inngrip hv. þingmanns algjörlega óþarft.

Dýravernd, 1. umr.

Stjfrv., 312. mál (EES-reglur, prófun á snyrtivörum). — Þskj. 339.

[15:41]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994.

Með frumvarpinu er lagt til að bann verði lagt við prófun snyrtivara á lifandi dýrum.

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins 2003/15/EB um breytingu á tilskipun 76/768/ EBE, um samræmingu ákvæða í lögum aðildarríkja varðandi snyrtivörur, skulu aðildarríkin banna markaðssetningu á fullunnum snyrtivörum þar sem tilraunir á dýrum hafa verið hluti þróunarferilsins. Heimilt er þó í ákveðinn tíma að prófa einstök innihaldsefni og blöndur af innihaldsefnum. Við prófun á snyrtivörum er hins vegar unnt að nota aðrar aðferðir en prófun á dýrum en svo háttar oft ekki til með prófun á öðrum efnum og lyfjum. Auk þess á að vera unnt að tryggja öryggi snyrtivara á grundvelli upplýsinga um öryggi innihaldsefna þeirra. Er því lagt til að bann verði lagt við prófun snyrtivara á lifandi dýrum.

Frumvarpið hefur verið til skoðunar hjá tilraunadýranefnd sem fagnar fyrirhugaðri breytingu. Jafnframt hefur verið haft samráð við dýraverndarráð við undirbúning frumvarpsins sem gerir ekki athugasemd við það.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

[15:43]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er hið merkasta og ágætasta mál sem menn hljóta að styðja heils hugar, að lagt verði bann við því að nota lifandi dýr til að prófa áhrif af snyrtivörum.

Í því ljósi vildi ég beina þeim spurningum til hæstv. umhverfisráðherra hvort henni væri kunnugt um umfang slíkra prófana hérlendis. Er mikið um að verið sé að nota lifandi dýr til að prófa áhrif af snyrtivörum og hve mikil verða áhrif laganna út frá því á þennan iðnað og hvað kemur þá í staðinn? Hér segir, með leyfi forseta:

„Auk þess á að vera unnt að tryggja öryggi snyrtivara á grundvelli upplýsinga um öryggi innihaldsefna þeirra. Er því lagt til að bann verði lagt við prófun snyrtivara á lifandi dýrum.“

Ég held að flestir hljóti að taka undir að það á að vera bannað að nota lifandi dýr til að prófa áhrifa snyrtivara. Það er grimm og býsna viðurstyggileg aðferð gagnvart lifandi skepnum. Hvað kemur í staðinn og hvernig tryggjum við öryggi snyrtivara eftir að slíkt bann, sem er sjálfsagt, gengur í gildi? Er eitthvert millistig sem tryggir öryggi varanna áður en þær fara á markað og verður mannskepnan þá í rauninni fyrsta lifandi tilraunadýrið sem áhrif snyrtivörunnar verða prófuð á þar sem bannað er að prófa þær á lifandi dýrum? Hvernig er það tryggt og hvað kemur í staðinn?

[15:45]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er ljúft að svara þessum spurningum en ég veit ekki til þess að slíkar snyrtivöruprófanir hafi verið gerðar á dýrum hér á landi. Ég hef leitað upplýsinga um það og svarið við því er að það hefur ekki verið gert.

Hins vegar er það svo að prófun á snyrtivörum þarf ekki endilega að fylgja álag eða þjáning fyrir dýr en hér er hins vegar um fortakslaust bann við því að nota lifandi dýr til tilrauna eða prófana á snyrtivörum.

[15:46]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra er ekki kunnugt um að slíkar prófanir á lifandi dýrum hafi átt sér stað hérlendis, enda er það að mörgu leyti býsna viðurstyggilegur iðnaður þegar verið er að nota lifandi dýr til að þróa áhrif snyrtivara. Í mörgum tilfellum hefur það ábyggilega mjög alvarlegar og harkalegar afleiðingar á skepnuna. Slíkt fortakslaust bann hljómar því ákaflega vel en um leið hlýtur það að vekja upp spurningar um hvað komi í staðinn. Það eru ástæður fyrir því að snyrtivörueftirleiðendur hafa notað lifandi dýr til að prófa áhrif snyrtivaranna. Það er til að tryggja að þau hafi ekki skaðleg áhrif á notandann, á mannskepnuna þegar hún byrjar að smyrja á sig smyrslunum eða sprauta á sig ilmvatninu. Um leið og það hljómar vel og maður hlýtur að styðja slíkt fortakslaust bann vekur það samt upp spurningar hvað komi í staðinn til að tryggja öryggi snyrtivara á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um áhrif vörunnar, skaðsöm eða hættuleg áhrif. Flestar eru snyrtivörur skaðlegar ef þær eru notaðar í óhófi eða fyrir fólk með ýmsa húðsjúkdóma o.s.frv. Því er mjög mikilvægt að fram fari mjög ígrundað og vandað próf á áhrifum snyrtivara á mannskepnuna.

Ég spyr hæstv. ráðherra um leið og ég fagna því að slíkar prófanir hafi ekki átt sér stað á Íslandi á lifandi dýrum: Hvað kemur í staðinn og hvernig er öryggi snyrtivaranna tryggt þegar má segja að mannskepnan sé fyrsta lifandi tilraunadýrið sem er notað til að prófa áhrif snyrtivara á og hvaða afleiðingar notkun þeirra getur haft eftir að fortaks-

laust bann hefur verið lagt við notkun lifandi dýra, sem er gott. Það er ekki verið að kvelja blessaðar skepnurnar í neinum tilfellum en um leið hljótum við að kalla eftir því að hámarksöryggis verði gætt þannig að snyrtivörurnar valdi ekki mannskepnunni skaða.

[15:48]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég bendi á greinargerð frumvarpsins þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Við prófun á snyrtivörum er hins vegar unnt að nota aðrar aðferðir en prófun á dýrum en svo háttar oft ekki til með prófun á öðrum efnum og lyfjum. Auk þess á að vera unnt að tryggja öryggi snyrtivara á grundvelli upplýsinga um öryggi innihaldsefna þeirra."

Þetta sýnist mér líka að sé sjálfsagt fyrir umhverfisnefnd að taka til gagngerðrar skoðunar.

[15:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að fagna þessu frumvarpi sem ég tel hið besta mál. En mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi verið kannað á einhvern hátt hversu mikið af snyrtivörum sem eru á markaði hér á landi hafi verið þróað með tilraunum á dýrum. Nú veit ég að ýmsar snyrtivörukeðjur telja sér það til ágætis að selja einungis vöru sem ekki hefur verið prófuð á dýrum eða þróuð með því að nota lifandi tilraunadýr í þeim efnum. Hefur það verið skoðað hversu mikið af snyrtivörum sem er hér á markaði hefur verið þróað á lifandi dýrum?

[15:50]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef ekki svar við þessari spurningu. Það er alveg gríðarlega mikið af snyrtivörum flutt til landsins eins og við öll vitum. Ég veit ekki til þess að teknar hafi verið saman slíkar upplýsingar hér á landi en það gæti kannski verið auðvelt að nálgast þær erlendis frá.

[15:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta svar og vil spyrja hvort hún telji ekki ástæðu til að nefndin kalli eftir slíkum upplýsingum í meðferð málsins þannig að við vitum þó, ef við ætlum að banna snyrtivörur sem hafa verið þróaðar á þennan hátt, frammi fyrir hverju við stöndum.

[15:51]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég legg það alfarið í dóm nefndarinnar hvort hún vill afla sér frekari upplýsinga um þessi mál.

[15:51]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravernd sem varðar aðeins eitt tiltekið afmarkað atriði, þ.e. tilraunir á dýrum og bann við því að nota lifandi dýr við prófun á snyrtivörum. Um er að ræða innleiðingu á tilskipun, eins og hæstv. umhverfisráðherra gat um í máli sínu.

Ég vil af þessu tilefni lýsa yfir verulegum áhyggjum vegna stöðu dýraverndarmála almennt í landinu. Ég hef vikið að því áður í þessum ræðustól að það er löngu orðið tímabært að taka upp lagaákvæði um dýravernd í heild sinni. Hæstv. umhverfisráðherra er fullkunnugt um þær kröfur dýraverndarráðs um að það verði gert. Allri umhverfisnefnd Alþingis er verulega vel kunnugt um að fókus vanti í dýraverndarmálin og að fjármuni vanti til að sinna þeim svo vel sé enda vitum við líka að málaflokkurinn er tvískiptur. Að hluta til heyrir hann undir Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytið en að öðru leyti heyrir hann undir búfjárlög og þar af leiðandi landbúnaðarráðuneytið.

Ég lýsi því yfir, frú forseti, að málaflokkurinn allur þarfnast endurskoðunar og það sem heyrir undir hæstv. umhverfisráðherra í þeim efnum. Ég hefði því viljað sjá hæstv. ráðherra flytja efnismikið frumvarp um úrbætur í málaflokknum í heild sinni. Mér finnst það til vansa fyrir stjórnvöld að vera stöðugt að koma upp með frumvörp sem eingöngu byggja á tilskipunum Evrópusambandsins. Það *mætti stundum halda að ráðherrarnir í ríkisstjórninni hefðu* ekki sjálfstæðan vilja. Því spyr ég hæstv. umhverfisráðherra: Finnst henni þetta nægja í dýraverndarmálum í dag að innleiða þetta bann sem ég að sjálfsögðu er hjartanlega fylgjandi? En *ég hefði viljað sjá miklu öflugra frumvarp* á ferðinni frá hæstv. umhverfisráðherra og kalla eftir því að hún fari að sinna þeim málum eða segja a.m.k. þingheimi hvar endurskoðun á dýraverndarlögum er stödd.

Varðandi það afmarkaða atriði sem hér er til umfjöllunar er ég hjartanlega sammála því að setja eigi svona bann. Í sjálfu sér hefði það átt að vera komið í lög fyrir áratug eða tveim því að það þekkja allir að saga neytendasamtaka og ýmissa frjálsra félagasamtaka sem hafa barist gegn tilraunum á dýrum í þessu skyni er orðin nokkuð löng. Fólk hefur gengið kröftuga píslargöngu í þeim efnum og sú ganga hefur vissulega skilað gríðarlegum árangri á seinni árum. Sennilega er þetta síðasta skrefið til að reyna að koma í veg fyrir tilraunir af þessu tagi.

Við þekkjum síðan öll sögurnar um grimma og guðlausa meðferð á skepnum sem Ólafur Kárason ljósvíkingur í Ljósi heimsins fræddist um þegar Magnína var að reyna að kenna honum að lesa en þar talaði hann um „111 meðferð" á skepnum sem Magnína samþykkti að væri grimm og guðlaus meðferð. Illa meðferð á skepnum er auðvitað rétt að reyna að koma í veg fyrir og banna eftir því sem mögulegt er í lögum og reglum en ég er sannfærð um að taka þarf verulega vel á í þessum málaflokki til að við getum talað um að hér megi vel við una og að hér á landi sé þannig búið að dýrum í heild sinni að sómi sé að.

[15:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt andsvar við ræðu hv. þingmanns. Ég get tekið undir áhyggjur hennar af endurskoðun dýraverndarlaganna. En mér finnst alveg óþarfi að hv. þing-

maður sé að agnúast út í það að hér séu gerðar að lögum ýmsar tilskipanir frá Evrópu og út í EES-samninginn því að ég get ímyndað mér miðað við það þegar horft er yfir málaskrá ráðherranna að hér væri nánast lítið að gera og nánast ekkert ef ekki kæmu þessar tilskipanir. Það er mjög jákvætt, hérna kemur t.d. þetta ágæta þingmál vegna þess að þetta er tilskipun frá Evrópu og þannig er með mörg önnur mál sem við höfum verið að fjalla um. Ég tel því enga ástæðu til að agnúast út í það að hér komi mál frá Evrópu.

[15:56]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. þingmanni að ýmis góð mál hafa komið til okkar í gegnum EES-samninginn og samstarf við Evrópu. En hitt er annað mál að það afsakar ekki stjórnvöld frá aðgerðaleysinu. Mér finnst það algerlega fáránlegt að stjórnvöld sitji með hendur í skauti og bíði stöðugt eftir tilskipunum frá Evrópusambandinu um úrbætur í ýmsum málum.

Ég hefði haldið að hér ættu að starfa metnaðarfull stjórnvöld sem hefðu sjálfstæðan vilja sem innleiddu góð mál eftir því sem hugur, efni og ástæður stæðu til en ekki af því að tilskipanir kæmu frá Evrópusambandinu. Mér finnst það bara ekkert merkilegt þegar íslensk stjórnvöld eru oft og tíðum löngu eftir að allir frestir eru útrunnir að innleiða einhverjar tilskipanir frá Evrópusambandinu á málum sem þeir hefðu auðvitað átt að vera búnir að koma í lag fyrir löngu að eigin frumkvæði.

[15:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega afsakar það ekki aðgerðaleysi ráðherra að inn komi mál frá Evrópu. En ég vil aðeins minna á að áður en samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var gerður tók mun lengri tíma að fá ýmis þjóðþrifamál inn í þingið og margt af því sem var löngu orðið að lögum í Evrópu var alls ekki hér til umræðu. Ég ítreka að hér hafa komið mörg þjóðþrifamál inn og margar breytingar sem ég efast um að væru orðnar að lögum hér á landi ef við værum ekki aðilar að þessum samningi.

[15:58]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, slóðaskapurinn í stjórnvöldum er illa afsakanlegur. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þingmaður segir um þjóðþrifamálin.

Ég vildi kannski ítreka það í lokaandsvari mínu að þetta sýnir í rauninni hversu mikil þörf er orðin á því að skipta um ríkisstjórn því nýir vendir sópa betur en þeir gömlu og þá treysti ég því að hv. þingmaður geti staðið með mér í þeim efnum. Jafnvel þó svo að flokkar okkar mundu kannski ekki ná fullkominni sameiningu um Evrópusambandsmálin er ég algerlega sannfærð um að þeir tveir flokkar, Samfylkingin og Vinstri grænir, gætu staðið saman um ýmis þjóðþrifamál og þyrftu ekki að bíða eftir banki í bakið frá Evrópusambandinu til að framkvæma þau.

[15:59]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég tel fulla þörf á því að fara yfir dýraverndarmálin. Ég flutti lítið frumvarp á síðasta þingi um að skýra þyrfti þessi lög. Ég tel að þau mál sem hafa komið upp á undanförnum árum þar sem embætti hafa verið að takast á um verksvið sýni að full þörf er á að fara yfir þennan málaflokk.

Í Morgunblaðinu í gær var fjallað um dýraverndarmál í Vatnsdalnum þar sem lýst var yfir að nauðsynlegt væri að færa þetta á einn stað, þetta væri ekki tvískipt. Annars vegar að landbúnaðarráðuneytið sæi um framleiðslu á lögbýlum en Umhverfisstofnun sæi hins vegar um hvað annað sem undir dýraverndarmálaflokk fellur. Og það væri fróðlegt ef við fengjum í lokin hjá hæstv. umhverfisráðherra stutta tölu um stöðu á þessu máli, hvort samvinna væri í gangi og þá hvort verið væri að skýra og fara yfir þessi mál því ég tel að þeir úrskurðir sem hafa fallið m.a. í umhverfisráðuneytinu feli það í sér að fara þurfi rækilega í gegnum þessi mál.

Einnig má nefna í þessu sambandi, af því að við erum farin að ræða um landbúnaðarmálin, að verið er að fækka sláturhúsum m.a. með opinberu fé, ríkishagræðing sem margir efast um, þar á meðal ég. Það felur í sér að menn hafa lokað sláturhúsum í heilu landshlutunum þannig að flytja verður fé langar leiðir. Aðbúnaður er misjafn í þeim bílum sem standa að flutningunum þó svo ég telji að aðbúnaður hafi almennt farið batnandi með sláturfé. Þetta hlýtur að hafa verið í umræðunni milli ráðuneyta, þ.e. annars vegar sá kafli sem heyrir undir landbúnaðarráðuneytið og hins vegar sá sem heyrir undir umhverfisráðuneytið því þessi mál skarast.

[16:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég hef ekki almennilega þekkingu á dýraverndarlögum en ég hef hins vegar grun um að lagasetning af þessu tagi geti orðið til þess að menn líti þannig á, af því að hér er verið að tala um afmarkaðan vöruflokk, að þar með séu fyrir hendi leyfi til þess að nota dýr í tilraunum af öðru tagi, t.d. vegna einhvers konar neysluvara eða einhverra annarra vara sem ekki yrðu þá taldar upp.

Það er svolítið varasamt að telja upp hvað ekki má vegna þess að það getur orðið til þess að þá sé eitthvað talið leyfilegt sem ekki er talið upp. Hér ættu að sjálfsögðu að vera lög um tilraunir á dýrum sem væru þá almenns eðlis og þannig að hægt væri að meta hvort tilraunir á dýrum væru ásættanlegar. Auðvitað eru til reglur sem farið er eftir hvað varðar eitthvað af þessum flokkum, ég veit alla vega að til er nefnd sem fjallar um þá hluti, en ég spyr og ég bið nefndarmenn að skoða það í nefndarstarfinu hvort það að setja inn einn sérstakan flokk geti valdið því að það verði þá löglegt að nota dýr í tilraunir hvað varðar aðra flokka.

[16:03]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi að það kæmi fram af minni hálfu að það þarf leyfi tilraunadýranefndar til að nota dýr við rannsóknir þannig að það sé algerlega ljóst. En hér er hins vegar um það að ræða að lagt er fortakslaust bann við því að nota dýr til að gera tilraunir með snyrtivöruefni.

Það var líka nefnt áðan að verkaskipting milli ráðuneytanna, þ.e. umhverfisráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins, væri kannski ekki nógu skýr. Við höfum verið að skoða þau mál og við höfum í hyggju að gera þar á bragarbót svo það sé þá alveg ljóst líka.

[16:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er farið að færast í vöxt að hæstv. ráðherrar telji að þeim nægi að svara umræðu í einu litlu andsvari ef þeir þá láta svo lítið. Mér finnst það sem ég hóf máls á í ræðu minni krefjast örlítið dýpri umfjöllunar af hæstv. umhverfisráðherra heldur en það að svara því í einni setningu í andsvari við hv. þm. Jóhann Ársælsson. Ég tel að úr þessum ræðustóli þurfi að koma ábending til hæstv. ráðherra um að þetta sé ekki sæmandi. Umræða um þingmál er í ákveðnu formi samkvæmt þingskapalögum og í sjálfu sér ætti hæstv. forseti að gefa hæstv. ráðherrum áminningu þegar þeir leyfa sér að svara einum þingmanni í andsvari hjá öðrum.

Ég bið hæstv. umhverfisráðherra að eyða örlítið fleiri orðum á þau mál sem ég í stuttu máli reifaði. Mér finnst þessi umræða eiga það skilið að fá örlítið meira heldur en þessa einu setningu í andsvari við hv. þm. Jóhann Ársælsson.

[16:06]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Hér er mjög afmarkað mál til umræðu þar sem um er að ræða litla breytingu á dýraverndarlögunum sem snýr að snyrtivörum. Við erum ekki að ræða endurskoðun á dýraverndarlögum, það er algerlega ljóst. En ég skil það hins vegar ágætlega að þingmen noti tækifærið til að reifa áhyggjur sínar af þeim málum og mér finnst það eðlilegt. En hins vegar, eins og ég nefndi áðan í stuttu andsvari, þá stendur ekki yfir heildarendurskoðun á dýraverndarlögum í ráðuneytinu. Við höfum hins vegar verið með til gagngerrar skoðunar að skýra verkaskiptinguna á milli umhverfisráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis þannig að einhver mál falli ekki milli stafs og hurðar. Ég vænti þess að það muni skýrast fljótlega.

[16:07]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst nú öllu meiri mannsbragur að þessu og ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir að segja okkur þó það að verkaskiptingin milli landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis sé til umræðu í ráðuneytinu.

Ég vil svo að lokum hvetja hæstv. umhverfisráðherra til að taka dýraverndarlögin til skoðunar, skoða áskoranir sem hún hefur fengið þar að lútandi frá dýraverndarráði um að endurskoða þau lög. Þau eru komin til ára sinna. Það skortir fókus í málaflokkinn og það er alveg nauðsynlegt að við leggjumst á eitt og stöndum saman um að dýraverndarmálin verði tekin föstum tökum og lögin verði skoðuð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 1. umr.

Stjfrv., 313. mál. — Þskj. 340.

[16:08]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Frumvarp það sem hér er til umræðu, um framlengingu á gildistíma laga nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, með síðari breytingum, er afrakstur samkomulags ríkis og sveitarfélaga í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar ríkis og sveitarfélaga frá því í vor. Það er lagt til að gildistími laganna framlengist um þrjú ár, eða frá og með 2006 til og með 2008, að óbreyttri árlegri fjárhæð, þ.e. 200 millj. kr. framlagi á ári þessi þrjú ár.

Lög nr. 53/1995 um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum gera ráð fyrir því að sveitarfélög geti notið styrks úr ríkissjóði vegna styrkhæfra fráveituframkvæmda sem fara fram á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2005. Styrkurinn nemur allt að 200 millj. kr. á ári eða eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum. Þó verður upphæðin aldrei hærri en sem nemur 20% af staðfestum heildarkostnaði styrkhæfra framkvæmda næstliðins árs. Gert var ráð fyrir að á þessu 11 ára tímabili færu til málaflokksins allt að 2,2 milljarðar kr.

Framkvæmdir sveitarfélaganna á þessum vettvangi fóru hægar af stað en gert var ráð fyrir og það var fyrst á árinu 2003 sem reyndi á 200 millj. kr. framlagið. Til framkvæmdanna sem undir lögin falla fara á gildistíma laganna um 1,8 milljarðar kr. Á gildistíma laganna hafa orðið stórstígar umbætur í fráveitumálum á landinu og nú er talið að um 70–80% landsmanna búi við viðunandi hreinsun fráveituvatns í samræmi við settar reglur sem taka mið m.a. af reglum Evrópusambandsins. En auk þess eru gerðar strangari kröfur hér á landi til gerlamengunar. Þrátt fyrir þetta er töluvert óunnið innan málaflokksins, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum til sjávar og í þéttbýli inn til landsins. Því er fyrirsjáanlegt að framkvæmdir munu halda áfram á næstu árum. Þess vegna er nauðsynlegt að hægt verði að mæta kostnaði við þær næstu árin með sama hætti og verið hefur. Því er lagt til að lögin verði framlengd um þrjú ár til að mæta kostnaði þeirra sveitarfélaga sem þegar standa í fráveituframkvæmdum eða eru að hefja þær í samræmi við samþykktar áætlanir um heildarlausn þessara mála í sveitarfélögunum.

Í viðræðum sem fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins, sem starfar samkvæmt lögunum, hefur átt við sveitarfélögin í landinu, sérstaklega þau sem ekki hafa þegar gengið frá sínum málum, hefur komið fram gagnrýni á að ekki sé heimilt að greiða fyrir rannsóknir á viðtökum en rannsóknir

njóta ekki fjárstuðnings samkvæmt lögunum. Þessi kostnaður getur lent með mismunandi þunga á sveitarfélögunum, allt frá því að vera hverfandi hluti kostnaðar við heildarframkvæmdina upp í að skipta verulegu máli, sérstaklega þar sem viðtakinn er viðkvæmur, t.d. þar sem byggð er inni í landi og þar sem vatnssvæði eru viðkvæm. Sveitarfélögin eru því misvel sett hvað þennan kostnað varðar, ekki síst þau þeirra sem skemmst eru á veg komin í fráveituframkvæmdum. Því er enn fremur lagt til að heimilað verði að verja allt að 10 millj. kr. á ári á gildistíma laganna til rannsókna á viðtökum og yrði þá gengið frá málum á þann veg að þær rannsóknir gætu nýst sem best á landinu öllu þar sem eins háttar til eða ástand er svipað.

Að lokum er lögð til breyting á 3. gr. laganna eins og henni var breytt með lögum nr. 84/2005, en með þeirri breytingu var opnað fyrir möguleika til að styrkja sveitarfélögin til fráveituframkvæmda óháð því hvort þau fjármögnuðu framkvæmdirnar beint, eins og gert var ráð fyrir í lögunum, eða farin yrði leið einkaframkvæmdar. Um leið var sett hámark á fjárhagsstyrk sem nemur virðisaukaskatti vegna framkvæmdanna en ætlunin var að það ætti eingöngu við um einkaframkvæmdir. Því er nauðsynlegt að það komi skýrt fram í lögunum að það gildi ekki um allar framkvæmdir eins og ráða mætti af lagatextanum. Þetta þýðir að framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna geta notið jöfnunargreiðslna eins og framkvæmdin hefur verið hingað til og getur þá framlag til sveitarfélaga sem sjálf standa í framkvæmdum numið á bilinu 15–30% af heildarkostnaði, allt eftir kostnaði á íbúa. Þegar hins vegar er um að ræða einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu eða rekstrarleigu, getur framlagið aldrei orðið meira en sem nemur virðisaukaskatti af framkvæmdinni en hann nemur tæpum 20%.

Rétt er að vekja athygli á því að lög nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, fjalla eingöngu um styrkveitingar vegna fráveituframkvæmda en kröfur um hreinsun fráveituvatns er að finna í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skolp, sem sett er á grundvelli laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, er því ætlað að auðvelda sveitarfélögunum að ná þeim markmiðum sem koma fram í áðurnefndri reglugerð.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um þetta frumvarp enda er því fyrst og fremst ætlað að framlengja gildistíma áðurnefndra laga um þrjú ár auk þess að heimilað verði að stunda tilteknar rannsóknir á viðtökum fráveitu með það að markmiði að það leiði til lækkunar á kostnaði við fráveituframkvæmdir á síðari stigum.

Ég legg til að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

[16:15]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að 2. gr. frumvarpsins sem hér um ræðir sé mjög jákvæð, þ.e. að veita eigi fé til rannsókna á viðtökum á fráveitu. Ég tel að á það hafi skort, sérstaklega í minni sveitarfélögunum vegna þess að þau eru oft óviss um hvaða kröfur er verið að uppfylla og hvernig viðtakinn stendur. Þetta er því mjög nauðsynlegt.

Af því að mér finnst þetta fremur lág upphæð vil ég að ráðherrann svari því hvers vegna menn duttu niður á 10 milljónirnar. Hvað varð þess valdandi? Ég er á því að rannsóknir einmitt þessu sviði geti sparað mjög háar upphæðir.

[16:16]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er tillaga fráveitunefndar umhverfisráðuneytisins að teknar verði sem sagt allt að 10 millj. kr. af þessum 200 árlega til að veita í þetta. Ég veit að sú niðurstaða fékkst að lokinni skoðun þeirra á þessum málum. Þeir telja að þetta sé skynsamleg upphæð og ráðstöfun sem ég tek svo sannarlega undir og tek undir með þingmanninum að þarna er í raun verið að gera tillögu um það sem á hefur skort.

[16:17]

Mörður Árnason:

Forseti. Eins og fráveitumálum er háttað út um hinar breiðu byggðir, eins og stundum er sagt hér í stólnum, þá er ekki hægt að standa á móti þeirri tillögu um framlengingu lagagildis sem hér er lögð til. Hins vegar hefði kannski verið gott fyrir málið að fá lengri greinargerð þar sem m.a. hefði komið fram hvaða sveitarfélög hér er um að ræða, hver hafa staðið sig í þessu og hver ekki því að auðvitað er það þannig að þó að þau glími við misjafnan andstæðing að þessu leyti þá er þetta líka spurning um pólitískan vilja og forgangsröð. Ef hæstv. ráðherra getur ekki komið með þær upplýsingar hér hvaða sveitarfélög einkum er um að ræða þá kalla ég eftir þeim upplýsingum í nefndinni því það verður að vera á hreinu hvaða sveitarfélög hafa trassað þessar skyldur og hver hafa ekki gert það. Þá er ég ekki að gera lítið úr þeim vanda sem við er að etja í sumum sveitarfélögum.

Ég vil svo segja að hér er um verulega fjármuni að ræða sem við erum sífellt að framlengja. Það kemur ekki fram hér hvað við erum mikið á eftir þeirri tímasetningu sem miðað var við í tilskipun Evrópusambandsins í upphafi. Ég hygg að það séu orðin nokkur ár.

Í öðru lagi vekur athygli að hér hefur hæstv. ráðherra og fráveitunefndin góða lagt til að heimilt verði að ráðstafa allt að 10 millj. kr. ár hvert til rannsókna á viðtökum sem ekki var áður. Það vekur athygli mína að orðalag í þessu plaggi í heild sinni, frumvarpinu, greinargerðinni og umsögn fjármálaráðuneytisins eða fjárlagaskrifstofu þess, er ekki fullkomlega samhljóða. Ég spyr ráðherrann: Við hvað er átt með þessum rannsóknum á viðtökum? Í 2. gr. frumvarpsins stendur að heimilt sé að ráðstafa þessari fjárhæð, með leyfi forseta: „til rannsókna á viðtökum fráveitu með það að markmiði að þær leiði til lækkunar kostnaðar við fráveituframkvæmdir á síðari stigum.“ En í fylgiskjalinu sem auðvitað er ekki frumvarpið — en maður sér hvernig starfsmenn fjárlagaskrifstofunnar hafa skilið þetta — þá segja þeir að lagt sé til að heimilt verði að ráðstafa þessari fjárhæð til rannsókna á áhrifum fráveituframkvæmdanna á umhverfið.

Ég tel í raun og veru réttara, ef við föllumst á að sam-

þykkja þetta frumvarp frá hæstv. ráðherra, að þá samþykkjum við það þannig að heimilt sé að veita fé til rannsókna á áhrifum fráveituframkvæmda á umhverfið, þeirra sem gerðar hafa verið, þeirra sem menn hafa farið í, á sama hátt og þeirra sem eftir á að ráðast í, því að auðvitað er það ósanngjarnt gagnvart þeim sveitarfélögum sem hafa þegar kostað miklu til — ég nefni dæmið í Reykjavík sem er auðvitað aðaldæmið á landinu — að þau sveitarfélög skulu hafa þurft að ráðast í rannsóknir á viðtökum, ef þau hafa þurft þess, án styrks en síðan þau sveitarfélög sem á eftir koma, trassarnir í hópi sveitarfélaga, annaðhvort óviðráðanlegir trassar vegna þess að þeir þurfa að færast mikið í fang eða bara trassar ósköp einfaldlega sem hafa ekki gert þetta, eiga að fá þennan styrk sem hér um ræðir samkvæmt nánari ákvörðunum ráðherra og hennar manna. Ég tel því heppilegra að í þessari 2. gr. verði þetta orðað eins og fjárlagaskrifstofan gerir, þ.e. að þessi fjárhæð sé veitanleg til rannsókna á áhrifum fráveituframkvæmda óháð því hvenær þær hafa verið gerðar en ekki eingöngu þeirra sem eftir eru. Þetta kann að vera lítill munur með suma þá hluti sem í þarf að ráðast. En hann getur verið mjög mikilvægur fyrir þau sveitarfélög sem hugsanlega lenda í vandræðum með fráveituframkvæmdir sínar og fyrir þau sem vilja gæta þess að viðtakarnir — átt er við haf eða önnur fyrirbæri þar sem fráveituframleiðslunni er eytt eða henni sundrað — þ.e. þar sem þeir geta verið viðkvæmir og menn vilja fylgjast með því hvernig háttar til um þá.

Þetta er það sem ég vildi segja í bili. Ég ítreka að ég geri ekki ráð fyrir að mikil andstaða verði við þetta frumvarp, a.m.k. ekki við fyrri hluta þess, í nefndinni eða á þinginu.

[16:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta framlag skiptir verulega miklu máli, sérstaklega fyrir minni sveitarfélögin. Reykjavík hefur lokið sínum framkvæmdum og kannski er óþarfi að velta því fyrir sér að þessar upphæðir renni einmitt þangað vegna þess að það blasir við að það þarf að skýra ákveðna hluti varðandi framkvæmd reglugerðarinnar fyrir minni sveitarfélögin. Þó svo að miklu minni mengun sé frá minni sveitarfélögum þá er verið að leysa miklu minna vandamál.

Ef við tökum Bolungarvík sem dæmi þá á að hreinsa þar samkvæmt reglugerðinni, eins og hún stendur núna, ákveðna prósentu af þeim úrgangi sem berst frá 900 manns sem búa þar. Segjum að verið sé að hreinsa 200 einingar þar í burtu. En það blasir við að rannsókn á viðtakanum gæti leitt í ljós að hann þyldi mengun upp á 1.000 og jafnvel 2.000 einingar. Ég tel mjög mikilvægt að þessi upphæð fari til minni sveitarfélaganna sem eiga eftir að leysa sín vandamál og fá betri skýringar á reglugerðinni sem þau þurfa að fara eftir. Þetta er mikill vandi bæði hvað varðar túlkun á henni og síðan hvað þetta er gríðarlegur kostnaður sem leggst á lítil sveitarfélög við að leysa tiltölulega lítil umhverfisleg vandamál.

[16:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við gerðum breytingu á þessum lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum á síðasta þingi. Þá kom fram frumvarp til laga sem breytti þeim þannig að heimilt varð með sama hætti að veita styrki til stofnframkvæmda við fráveitur sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda var þá gert ráð fyrir að framkvæmdirnar féllu undir ákvæði 1. málsl. laganna og uppfylltu að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þeirri grein.

Lögin um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum voru sett 1995 eins og hér kemur fram og þeim var ætlað að gilda í tíu ár. Nú hefur fjöldi sveitarfélaga staðið sig mjög vel og hefur lokið sínum fráveituframkvæmdum. Öðrum hefur gengið misvel. Eins og kom fram í ræðum á síðasta þingi þegar þetta mál sem ég gat um í upphafi máls míns var til umfjöllunar þá er ágreiningur meðal þingmanna um þessa hugmyndafræði um einkaframkvæmdina. Ég sjálf gat ekki staðið að niðurstöðunni með meiri hluta umhverfisnefndar Alþingis. Ég skilaði því séráliti í málinu sem byggir á þeim sjónarmiðum mínum að þegar sveitarfélög eru rekin út á braut einkaframkvæmdar og sitja svo föst í neti leigusamninga til margra áratuga þá sé það fyrst og fremst út úr neyð vegna þess að tekjuskipting á milli ríkis og sveitarfélaga er ekki rétt, að ekki sé rétt gefið í þeim efnum.

Ég er enn jafnósátt við það að sveitarfélög skuli rekin út í einkaframkvæmd til að bjarga málum og redda jafnvel stórframkvæmdum og stórum eignum og miklum skuldum þar af leiðandi undan sínum rekstrar- og efnahagsreikningum. Ég sé því ekki að þetta sé nokkur lausn á vandanum sem sveitarfélögin standa frammi fyrir í sambandi við fjármál sín.

Þó að megininntak þessa frumvarps sem við nú ræðum sé einungis framlenging á lögunum og ítrekun á því sem heimilt er hvað varðar einkaframkvæmdirnar, þ.e. að virðisaukaskattsupphæðin eða sú upphæð sem nemur virðisaukaskatti á þessum framkvæmdum geti verið endurgreiðsluhæf eða kræf, þá er ég samt sem áður í grunninn ósátt við þá hugmyndafræði sem breytingin frá því í fyrra byggir á. Ég stend því frammi fyrir ákveðnum vanda sem ég kem auðvitað til með að þurfa að gera upp við mig í vinnu nefndarinnar við málið.

Hins vegar sé ég ekki annað en að í 2. gr. frumvarpsins sé aftur verið að mismuna sveitarfélögum, þar sem sagt er að heimilt sé að ráðstafa allt að 10 millj. kr. ár hvert til rannsókna á viðtökum fráveitu með það að markmiði að þær leiði til lækkunar kostnaðar við fráveituframkvæmdir á síðari stigum. Ég held að óhjákvæmilegt sé að hæstv. umhverfisráðherra skýri þetta aðeins betur fyrir okkur, þ.e. hvort við eigum eftir að fá í meðferð nefndarinnar veruleg mótmæli frá Samtökum sveitarfélaga t.d. varðandi þetta atriði, hvort hér sé verið að mismuna þeim sveitarfélögum sem trassað hafa fráveituframkvæmdir sínar. Ef svo er þá er það ekki samkvæmt bókstafnum. Ég hefði því haldið að hér ætti að standa þannig að málum að eðlileg tekjuskipting sé til staðar á milli ríkis og sveitarfélaga. Það verður að vera alveg ljóst hvar ábyrgðin liggur. Svona löggjöf sem á að reyna að redda hlutum í horn er í raun bara plástur. Það er verið að tjasla saman einhverjum lausnum frekar en að þær séu heildstæðar.

Verulega skiptar skoðanir voru á breytingunni á þessum lögum á síðasta þingi eins og ég sagði. Við eigum eftir að sjá hvort jafnskiptar skoðanir verða á þessum breytingum. Ég held að í grundvallaratriðum séu þær alla vega sakleysislegar að yfirbragði. En vera kann að hér liggi samt sem áður fiskur undir steini. Það á eftir að koma í ljós.

[16:29]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það hefur verið nefnt að sveitarfélög sem eiga eftir að framkvæma þessar úrbætur í fráveitumálum hafa að einhverju leyti trassað þær. En ég held að við ættum ekki að beina sjónum okkar að sveitarfélögunum sem slíkum því þar hefur oft verið mikill vilji til að leysa þessi mál. Það á miklu frekar að beina sjónum að stjórnvöldum, að þau hafi trassað — þá á ég við ríkið — að veita leiðbeiningar og það hefur skort mjög á að minni sveitarfélög sem mörg hver eru í mínu kjördæmi hafi getað áttað sig á hverjar kröfurnar eru. Og ég tel að þegar ráðherra kemur með örlitla upphæð eða um 10 millj. á ári þá eigi að hækka það og jafnvel að fara fram á í meðförum þingsins að þessi upphæð verði hækkuð vegna þess að ég er á því að þessu verði vel varið.

Það hefur verið minnst á að það hafi verið mismunun gagnvart Reykjavíkurborg. Ef skoðað er hvernig þessi fráveitureglugerð hefur verið sett fram þá er augljóst að verið er að gera sömu hreinsunarkröfur til rúmlega 100 þúsund manna borgar til að hreinsa skolpið og til 500 manna samfélags vestur á fjörðum og þá að hreinsa sama hlutfall. Það sjá allir sem fara yfir það með sanngirni að leiðarljósi að það er ekkert vit í þessu. Ég tel að það eigi að skoða þessa reglugerð annars vegar og þessa viðtaka hins vegar, þá t.d. fyrir vestan hvort þeir þurfi sambærilega hreinsun. Eins má þá skoða viðtakann í Reykjavíkurborg, það má vera að það þurfi að rannsaka það hvort hreinsunin hér sé nægjanleg og það megi þá mögulega nota eitthvað af þessum fjármunum í það og þá koma upp enn frekari hreinsunarmannvirkjum. Mér finnst að þegar við tökum þessi litlu skref þá eigum við að vera jákvæð í huga og ég tel jafnvel að ef menn fara í að skoða þessa viðtaka, t.d. annars vegar á Hólmavík og hins vegar hér úti á Sundunum, þá geti það leitt í ljós að það þurfi jafnvel að fara í enn frekari hreinsun hér. Þess vegna geti verið að eitthvað af fjármununum renni hingað á höfuðborgarsvæðið.

En ég ítreka að það er full þörf á þessum fjármunum og ég tel að í rauninni ættu hærri upphæðir að fara í rannsóknir á þessu sviði.

[16:33]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir þessar ágætu umræður og ég ítreka það að þessi heimild að verja allt að 10 millj. kr. á ári til rannsókna á gildistíma laganna á viðtökum, ég tel að hún sé mjög jákvæð og hún var sett fram eftir að fráveitunefndin var búin að fara ofan í kjölinn á þessum málum. Ég hef ekki í höndunum forsendu þeirrar tillögu en ég veit að það var gert að mjög vel yfirveguðu ráði. Það er þá í raun og veru verið að ganga þannig frá að þessar rannsóknir nýtist sem best á landinu öllu, þar sem eins háttar til eða ástand er svipað.

Það verður auðvitað að segjast eins og er að þau sveitarfélög sem hafa dregið að fara út í þessar framkvæmdir eru oft litlu sveitarfélögin því þar eru framkvæmdirnar alveg gríðarlega dýrar. Ég nefni t.d. alveg sérstaklega að á Austfjörðum er mikið verk óunnið, líka á Vestfjörðum og eins veigra sveitarfélögin inn til landsins sér við að fara út í svona framkvæmdir einmitt af þessum sökum. Það er því mjög jákvætt að það sé verið að koma með þessa heimild til að verja þessum fjármunum í rannsóknir.

Hvað það snertir að mismuna sveitarfélögunum þá tel ég að það sé ekki um neitt slíkt að ræða. Þegar lögin frá 1995 voru sett þá voru mörg sveitarfélög þegar komin af stað með fráveituframkvæmdir og þetta var ekki afturvirkt þannig að það er alveg ljóst að sum þeirra sem voru komin vel af stað fengu þá ekki styrki því að lögin giltu ekki um það sem lokið var.

Þannig hefur þetta verið. Það hefur ekki verið þannig að þó að þessir fjármunir hafi verið settir í þetta verkefni að ríkið hafi þar með verið að skuldbinda sig til að taka þátt í öllum fráveituframkvæmdum allra sveitarfélaga. Þetta gildir um ákveðið tímabil. Þannig er málið sett fram. Það er alveg ljóst að þessir fjármunir hafa komið að mjög góðu gagni. Það er búið að vinna gríðarlega mikið og merkilegt starf af hálfu sveitarfélaganna á þessu tímabili sem lögin hafa gilt og ég tel að það sé mikið fagnaðarefni hvernig til hefur tekist.

[16:36]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það gefst tími til að fjalla um þetta seinna á þinginu. Hæstv. ráðherra er búin að gera grein fyrir því, að mér skilst, að þessar 10 millj. renni einungis til þeirra sem eiga eftir að gera hreint fyrir sínum dyrum í nánast bókstaflegri merkingu. Ég óska hins vegar eftir að hún geri grein fyrir því hvort sú upphæð eigi að koma að auki venjulegum styrk eða eigi að vera hluti af honum. Það skiptir líka máli. Er það þannig að menn fái styrkveitinguna, það hlutfall sem þeir eiga skilið samkvæmt reglunum, og fái síðan 10 millj. eða er gert ráð fyrir að milljónirnar, eða hlutur hvers af þessum 10 millj., séu að auki, því þar væri um mismunun að ræða sem afsakast ekkert af fyrri mismununum í málinu?

[16:37]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það skal tekið skýrt fram að þarna er um það að ræða að þessar 10 millj. eru teknar af þessum 200. Það er í raun og veru ákveðið að taka 10 millj. af þessum 200 millj. árlega eða allt að því til þessara rannsókna. Það er sérstaklega tekið til að þessar rannsóknir gætu gagnast fleirum. Þetta eru kannski bara viðkomandi sveitarfélög og gagnast kannski líka á ákveðnu svæði. Þetta snýst í raun og veru um það þannig að þessi sveitarfélög gætu fengið styrk samkvæmt hinum almennu reglum um fráveituframkvæmdir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 1. umr.

Stjfrv., 314. mál (gæðastjórnun og innra eftirlit). — Þskj. 341.

[16:38]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Með frumvarpinu er lagt til að nýr málsliður verði felldur inn í 23. gr. laganna. Er lagt til að ráðherra verði heimilt að kveða á um að innra eftirlit skuli að hluta eða í heild tekið út af faggiltum aðila. Ábending um þetta kom frá nefnd sem gerði tillögur að reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, nr. 942/2002.

Ályktaði nefndin að rétt væri að kveða á um að aðalskoðun leikvallatækja yrði framkvæmd af faggiltum skoðunaraðila. Í faggildingu felst að viðkomandi aðili er metinn hæfur af neytendastofu til að framkvæma umrædda skoðun samanber IV. kafla laga um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992. Þar sem það er mjög sérhæfð vinna að taka út leikvallatæki og leiksvæði samkvæmt stöðlum um þennan málaflokk er mikilvægt að tryggja að það sé gert af hæfum aðila með þekkingu á þessu eftirliti og að þekkingunni sé viðhaldið. Þetta er sérstaklega brýnt þar sem um er að ræða mikilvægt öryggisatriði til að draga úr og koma í veg fyrir slys á börnum. Faggilding tryggir að betur er haldið utan um hæfni skoðunaraðila, að eftirlit um land allt verði samhæft og að sá sem skoðar sé óháður rekstraraðila. Ákvæðið sem um ræðir er orðað með almennum hætti þar sem hugsanlegt er að æskilegt verði talið að kveða á um sams konar fyrirkomulag að því er varðar innra eftirlit í annarri starfsemi þar sem öryggi fólks er í húfi. Við samningu frumvarpsins verði haft samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, Neytendastofu og ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur við undirbúning frumvarpsins.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

[16:40]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég átta mig ekki alveg á þessu lagafrumvarpi, hvað þetta hefur í för með sér. Snýr þetta eingöngu að leiktækjum, snýr þetta ekki að öllu eftirliti sem heyrir undir lög nr. 7/1998? Það væri ágætt að fá svör við því. Og eins hvaða áhrif þetta muni hafa — þessi mál heyra nú undir sveitarfélögin — hvort þetta muni leiða til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin þar sem nú þarf faggildingu og eitt og annað. Það er erfitt að átta sig á því hvað þetta hefur í för með sér og það væri ágætt ef hæstv. ráðherra færi um það nokkrum orðum, um praktísku hliðina á því hvað þetta þýðir í raun og veru fyrir þá sem starfrækja leikvelli og hvort þetta á við um annað sem heyrir undir lögin nr. 7/1998.

[16:42]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég taldi að ég hefði svarað þessu í framsögu minni en tilefni þessa máls er fyrst og fremst öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim sem hefur verið í höndum sveitarfélaganna sjálfra. Ég reifaði almennt að eðlilegt væri að það væru aðrir aðilar sem væru faggiltir eða það væri heimild fyrir hendi til að fela þeim slíkt eftirlit.

Hins vegar er það réttur skilningur hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að þetta ákvæði er almennt orðað að því leyti til að á grundvelli þess væri hægt að nýta sér það t.d. með aðra starfsleyfisskylda starfsemi sem heyrir undir lögin um hollustuhætti og mengunarvarnir, ég nefni bara sem dæmi t.d. Dvalarheimili aldraða eða daggæslu í heimahúsum, þar væri hægt að nýta sér þetta ákvæði.

[16:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki heyrt betur en þetta mál sé allt til bóta en ég hefði gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra hvernig hún hefur hugsað sér þetta eftirlit. Er þetta reglubundið eftirlit sem hún er að leggja hérna til eða er þetta eftirlit sem sést bara einu sinni og síðan ekki meir? Eru einhverjir tilkynningarskyldir ef verður slys? Ég held að þetta sé mjög jákvætt og við vitum að það hafa orðið slys á leiksvæðum barna og oft ítrekað sams konar slys og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Á þetta við t.d. um íþróttavelli eða svæði þar sem íþróttir eru iðkaðar? Eru þetta bara leikvellir? Þegar talað er um leiksvæði, á þetta við um leiksvæði í kringum skóla og leikskóla? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra aðeins nánar út í þetta.

Ég held hins vegar, virðulegi forseti, að þetta sé mjög jákvætt og nauðsynlegt og ég fagna því að það á að fara að taka á og auka eftirlit með leikvallatækjum og leiksvæðum almennt því að við vitum alveg að þarna hefur pottur verið brotinn og það þarf að taka á ýmsu, t.d. má nefna fótboltamörk sem hafa dottið niður og börn hafa slasast alvarlega og svo er einnig um ýmis önnur leiktæki. Ég fagna því að það á að fara að taka á þessum þáttum en hefði gjarnan viljað fá nánari útskýringu á þessu. Hverjir eru þessir faggiltu aðilar? Er það Neytendastofa eða fleiri sem mundu vera með þetta eftirlit? Hverjir eiga að sinna þessu og hvar nákvæmlega?

[16:46]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni fyrr ályktar nefndin sem kom með þessa tillögu að aðalskoðun leikvallatækja, sem fer fram einu sinni á ári, verði framkvæmd af faggiltum skoðunaraðila og í þeirri faggildingu felst að viðkomandi aðili er metinn hæfur af Neytendastofu til að framkvæma umrædda skoðun. Þetta er samkvæmt IV. kafla laga um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992.

Það er mjög sérhæfð vinna að taka út leikvallatæki og leiksvæði, samkvæmt stöðlum um þann málaflokk, og það er mikilvægt að tryggja að það sé gert af hæfum aðila sem hefur þekkingu á eftirlitinu. Það er líka mikilvægt að tryggja að þeirri þekkingu sé viðhaldið. En þeir sem reka leiksvæði, leikvelli, leikskóla og önnur opinber svæði bera líka ábyrgð á að viðhald sé í lagi utan þess tíma sem skoðunaraðili gerir úttekt sína. Það er því mjög mikilvægt að þar

sé staðið að öllu af ábyrgð þannig að hlutirnir séu í lagi á milli aðalskoðana.

[16:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar útskýringar og kalla eftir svari við spurningu sem ég lagði fram áðan um það hvort einnig væri átt við íþróttavelli og íþróttasvæði. Ég tel að öðrum spurningum mínum hafi verið svarað í andsvari frá hæstv. ráðherra. En er líka átt við íþróttavelli og íþróttaleikvanga?

[16:48]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta á við um öll svæði sem opinberir aðilar bera ábyrgð á.

[16:48]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Þetta frumvarp snýst ekki bara um leiksvæði, ef ég skil það rétt, heldur um hvað eina sem heyrir undir lög nr. 7, m.a. matvælaeftirlit o.fl. Ég er sannfærður um að þessi lagasetning verður ekki endilega til að spara og ég er á því að það gæti ákveðins misskilnings hjá forsvarsmönnum atvinnulífsins. Ég hef það á tilfinningunni að þessi breyting sé jafnvel komin þaðan. Ef menn ætla að ná fram sparnaði í opinberu eftirliti þá gerist það ekki með framkvæmd af þessu tagi, það gerist ekki með því að einhverjir faggiltir aðilar taki að sér einhver verkefni. Ég er á því að slíkt fyrirkomulag mundi jafnvel auka kostnaðinn. Hvað gerist ef faggiltir aðilar komast að því að eitthvað er í ólagi á viðkomandi leikvelli? Þeir eru ekki hæfir til að beita þvingunarúrræðum heldur þarf í slíkum tilvikum að koma til kasta opinberra aðila. Það er þannig að viðkomandi faggiltir aðilar geta ekki beitt þvingunarúrræðum samkvæmt þessum lögum. Hvað varðar þennan málaflokk í heild þá vil ég beina því til forsvarsmanna atvinnulífsins að frumvörp af þessari gerð spara ekki eina krónu jafnvel frekar að þau auki á kostnað við eftirlit.

Það er miklu nær að horfa til þess skipulags að hver og einn ráðherra þarf að hafa sitt eigið eftirlit. Þar liggur vandinn. Við heyrðum það fyrr í umræðunni, þegar verið var að ræða dýravernd, að landbúnaðarráðherra vill hafa eftirlit með sínum dýrum og umhverfisráðherra með sínum dýrum. Það er vandamálið. Það sama á við í öðrum ráðuneytum. Sjávarútvegsráðherra vill hafa matvælaeftirlit með fiskunum sínum og landbúnaðarráðherra með dýrunum sínum og síðan er búðaeftirlit í höndum umhverfisráðherra. Ef forsvarsmenn atvinnulífsins og aðrir ætla að ná fram sparnaði þá er hægt að grípa þar inn í en ekki búa til eitthvert millistykki í þessum málum öllum. Það mun bara auka kostnaðinn á atvinnulífið og einfaldlega gera framkvæmd laganna óskýrari vegna þess að faggiltir aðilar geta ekki beitt þvingunarúrræðum heldur þurfa þeir að koma athugasemdum til yfirvalda sem geta þá þvingað fram úrbætur.

Í lögum nr. 7/1998, hvað leikvelli varðar, er gert ráð fyrir áminningu og síðan lokun. Það er úrræðið. Það er mjög erfitt fyrir eftirlitsaðila að ná fram úrbótum með þessum úrræðum og dagsektarákvæði er því miður ónýtt. Við höfum farið mjög rækilega yfir það. Menn geta þess vegna dregið það í ararraðir að greiða dagsektir og um leið og úrbætur eru gerðar á leikvelli, segjum t.d. eftir 2–3 ár, falla dagsektir niður. Það er nær að taka á slíkum atriðum ef menn ætla að gera þessi lög skilvirkari. Það er óþolandi fyrir þá sem eru í samkeppni og fara eftir öllum reglum að vita af því að samkeppnisaðili fer eftir helmingnum af þeim. Þess vegna er það í rauninni hagur atvinnulífsins að reglurnar séu skýrar og einfaldar og eins hið innra eftirlit — það er nú eitt sem hefur dottið inn í þessar reglugerðir og lög, eitthvert tískufyrirbrigði sem allt átti að laga.

Nú gleyma menn því gjarnan að íslensk fyrirtæki eru oft mjög lítil og það er jafnvel verið að búa til eitt skrifstofustarf í þeim. Ef ákveðnar verklagsreglur eru teknar upp í fyrirtækjum geta þær skilað meiru en innra eftirlit. Síðan á að koma einhver aðili utan úr bæ og votta það og fyrirtækið fær mögulega afslátt af eftirlitsgjöldum. Það er hægt að ná fram mikilli hagræðingu í þessum eftirlitsiðnaði og einnig við leyfisveitingu fyrirtækja. Það hefur komið fram í umræðunni að lítið veitingahús, þar sem kannski starfa fjórir menn, þarf veitingaleyfi hjá sýslumanni og þá þurfa sveitarfélagið, heilbrigðiseftirlit, eldvarnaeftirlit og vinnueftirlit að votta það. En síðan þarf það leyfi hjá heilbrigðisnefnd.

Hér má einnig nefna tóbakssöluleyfi, það er enn eitt leyfið, og vínveitingaleyfi — sannkölluð pappírshringekja. Það er óþarfi að hæstv. umhverfisráðherra beiti sér fyrir því að búa til millistykki af þessari gerð, sérstaklega í ljósi þess að íslensk fyrirtæki eru smá og eins eru sveitarfélögin æðimisjafnlega stödd. Það gæti orðið mjög dýrt fyrir sveitarfélög í hinum dreifðu byggðum að fá vottaðan aðila langt að til að taka út rólur eða sandkassa. Menn þurfa aðeins að hugsa sinn gang og beina sjónum að því að hver og einn ráðherra er með sitt eftirlitsbatterí. Það hlýtur að vera hægt að fara yfir þessa starfsemi og færa hana í auknum mæli til sveitarfélaganna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfismat áætlana, 1. umr.

Stjfrv., 342. mál. — Þskj. 376.

[16:56]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um umhverfismat áætlana en með því er ætlunin að innleiða tilskipun 2001/42/EB frá 27. júní 2001, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið. Frumvarp þetta var samið af nefnd sem þáverandi umhverfisráðherra skipaði en auk formanns sitja þar fulltrúar frá umhverfisráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, forsætisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, samgönguráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum með því að fram fari umhverfismat tiltekinna skipulags- og

framkvæmdaáætlana, samanber 1. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er gerð krafa um að tilteknar áætlanir skuli háðar umhverfismati. Þar er um að ræða skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem marka stefnu og varða leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt frumvarpinu ber m.a. að meta umhverfisáhrif áætlana sem fjalla um landbúnað, skógrækt, fiskeldi, orkumál, iðnað, samgöngur og meðhöndlun úrgangs. Slíkar áætlanir skulu hafa verið undirbúnar eða samþykktar af stjórnvöldum, hvort heldur er ríki eða sveitarfélögum, og vera unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherrans, samanber 4. gr. frumvarpsins. Samgöngu-, landgræðslu- og skógræktar- og skipulagsáætlanir eru dæmi um áætlanir sem falla undir frumvarpið. Sá aðili sem ábyrgð ber á viðkomandi áætlunargerð ber jafnframt ábyrgð á umhverfismati hennar. Hann skal vinna umhverfismat fyrir áætlunina.

Umhverfismatið er unnið í formi umhverfisskýrslu og er skýrslan unnin samhliða vinnu við gerð viðkomandi áætlunar og getur hún verið hluti af greinargerð með henni. Í 6. gr. frumvarpsins er tilgreint með nákvæmum hætti hvaða þættir eigi að koma fram í umhverfisskýrslu en það skal m.a. lýsa þeim umhverfisþáttum og einkennum sem eru líkleg til að verða fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar. Þá skal lýsa og meta hver séu líkleg veruleg umhverfisáhrif af framkvæmd áætlunarinnar. Umhverfismatið þarf að liggja fyrir áður en áætlunin er samþykkt af viðkomandi stjórnvaldi eða Alþingi. Gert er ráð fyrir að kynna skuli tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu hennar fyrir almenningi, tilteknum stofnunum og hlutaðeigandi sveitarfélögum, samanber 7. gr. frumvarpsins. Þannig gefst þessum aðilum kostur á að koma með athugasemdir sínar og ábendingar við umhverfismatið sem er mjög mikilvægur þáttur í gerð þess.

Þegar stjórnvald afgreiðir sína áætlun ber því að hafa hliðsjón af athugasemdum sem borist hafa ásamt því að hafa hliðsjón af sjálfri umhverfisskýrslunni. Þegar stjórnvald hefur afgreitt áætlun sína ber því að gera áætlun og gögn henni tengd aðgengileg almenningi. Stjórnvöldum ber m.a. að gera grein fyrir því með hvaða hætti umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í viðkomandi áætlun, samanber 9. gr. frumvarpsins. Skipulagsstofnun er fengið nýtt hlutverk varðandi framkvæmd laganna en stofnunin skal veita leiðbeiningar og ráðgjöf um umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun ber ekki ábyrgð á gerð umhverfismatsins heldur þeir sem vinna að viðkomandi áætlunum, eins og ég sagði áður. Hlutverk Skipulagsstofnunar verður hins vegar að gefa út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana til að tryggja að unnið sé með samræmdum hætti og ber Skipulagsstofnun að fylgjast með framkvæmd laganna. Mikilvægt er að einn aðili hafi slíkt samræmingarhlutverk enda eru þessar áætlanir unnar af mörgum og eru mjög mismunandi að umfangi. Nú er unnið að gerð leiðbeininga Skipulagsstofnunar og er gert ráð fyrir að þær verði gefnar út samhliða því að lögin taki gildi.

Með þessu frumvarpi er hugsunin sú að gert sé umhverfismat á áætlunarstigi svo hugað sé að umhverfisáhrifum á fyrri stigum ákvörðunartöku og þannig verði hægt að draga úr verulega neikvæðum umhverfisáhrifum slíkra áætlana.

Ég hef rakið meginefni frumvarpsins og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

[17:01]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér er komið fram merkilegt frumvarp sem reyndar hefur verið beðið eftir hér á þinginu. Ég hygg að okkur hafi borið skylda til að afgreiða það nokkru fyrr, hugsanlega 21. júlí 2004 sýnist mér á frumvarpinu þó að það sé ekki tekið fram í greinargerðinni nákvæmlega, að minnsta kosti hef ég ekki fundið það.

Ekki hefur gefist mikill tími til að fara yfir frumvarpið þó að tæknilega fari þessi umræða fram samkvæmt þingsköpum tveimur nóttum eftir að það var lagt fram. Það var lagt fram á föstudag þannig að næturnar sem um ræðir eru aðfaranætur laugardags, sunnudags og mánudags, þ.e. þrjár nætur sem við höfum fengið til að skoða þetta. Ég ætla ekki að atyrða hæstv. umhverfisráðherra fyrir það. Við höfum kallað eftir því á þinginu að fá stjórnarfrumvörpin inn í tæka tíð fyrir jólin, og ég þakka ráðherranum fyrir að hafa komið með það hingað á þessum tíma, enda gefst okkur vissulega tími til að skoða þetta í nefndinni.

Það eru þó nokkur atriði sem mig langar ýmist að vekja athygli á eða spyrja ráðherrann um. Í fyrsta lagi af því að ég heyrði enga skýringu á því hvers vegna markmiðsákvæði frumvarpsins til laga um umhverfismat áætlana er annað en markmiðsákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Í lögunum um umhverfisáhrifamatið, MÁU eins og tæknimennirnir kalla það, eru markmið laganna talin fram í fjórum liðum, a, b, c og d, en hér er aðeins um einn lið að ræða, þ.e. að: „stuðla að sjálfbærri þróun“ — sem er í hverjum einustu lögum og hefur eiginlega algjörlega misst gildi sitt vegna þess að sjálfbær þróun er hvergi skilgreind í þeim frumvörpum og lögum sem ríkisstjórnin hefur sett fram eða látið samþykkja — og síðan þetta sem er hið efnislega inntak, með leyfi forseta: „og draga úr verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana sem líklegar eru til að hafa í för með sér veruleg áhrif á umhverfið“.

Í markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er hins vegar fyrst talað um í a-lið að áður en framkvæmd fer fram sem geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum hennar, í öðru lagi að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum, í þriðja lagi að stuðla að samvinnu þeirra sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða og í fjórða lagi að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda.

Nú er það svo að áætlun er annað en framkvæmd, áætlanirnar eru víðtækari og það er innan þeirra að réttu lagi sem framkvæmdirnar eiga sér stað þannig að það kann að þurfa að vera einhver munur á markmiðum laga um áætlanir annars vegar og um einstakar framkvæmdir hins vegar. Ég bið um skýringar á þessu.

Í öðru lagi, og það skiptir meira máli, er mismunandi orðalag haft á frumvarpinu sem hér liggur fyrir og lögunum um mat á umhverfisáhrifum í sömu grein, 1. gr. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er talað um „umtalsverð umhverfisáhrif“ og orðið „umtalsverð“ á sér, eins og þeir sem í

salnum eru vita, nokkuð langa sögu. Þegar frumvarp að þeim lögum sem nú gilda um umhverfisáhrif, nr. 106/2000, kom fram var, að ég hygg, líka talað um „veruleg umhverfisáhrif" en það var meðferð mála hér í þinginu sem breytti því orðalagi í „umtalsverð" eins og það hafði verið í fyrri lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Hér hafa menn hins vegar ekki haldið sig við orðið „umtalsverður", heldur erum við komin með orðið „verulegur", veruleg neikvæð umhverfisáhrif. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er orðið „umtalsverður" skýrt í 3. gr. Það er skýrt þannig að nánast eins og í fyrri lögum séu umtalsverð umhverfisáhrif, með leyfi forseta:

„Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisaðgerðum." Um þessa skilgreiningu hefur verið töluvert fjallað en niðurstaðan varð sú á sínum tíma að sú skilgreining væri inni og á bak við það voru ýmis rök sem ég hirði ekki um núna að færa fram. Það varð sem sagt niðurstaða meiri hlutans á þinginu, og á það má minna að við samfylkingarmenn vorum hluti af þeim meiri hluta og stóðum að frumvarpinu að lokum við 2. og 3. umr. sem auðvitað var ekki sjálfsagt fyrir okkur, og kannski ekki sjálfsagt fyrir stjórnarliða heldur á þeim tíma. Sú varð engu að síður niðurstaðan.

Ég tel að þessi mismunur sé óheppilegur og að það sama hljóti að gilda um áætlanamatið og lög um mat á umhverfisáhrifum að þessu leyti.

Í þriðja lagi kemur mér á óvart, þó að ég sé ekki beinlínis að gagnrýna það vegna þess að ég geri ráð fyrir að þurfa að hlusta á skýringar við það, að Skipulagsstofnun er ætlað allt annað hlutverk og annað vægi í frumvarpinu en í lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Í þeim lögum og því ferli sem gekk fram af þeim gefur Skipulagsstofnun út álit á umhverfisplöggum þeim sem framkvæmdaraðilinn hefur sett fram. Hér er ekki um það að ræða, heldur það að Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar og síðan fylgist Skipulagsstofnun með því mati sem fram fer og er skýrt í skilgreiningunum. Þetta er undarlegur munur því að ekki verður séð að áætlanirnar séu að þessu leyti svo mismunandi að Skipulagsstofnun eigi ekki að viðhafa sömu vinnubrögð, hvort sem um áætlun eða mat er að ræða. Aðrar kröfur hljóta að vera gerðar til álits Skipulagsstofnunar um áætlun en um mat, að áætlun um mat sé nákvæmari og þrengri, að þar sé krafist meiri rannsókna og farið meira í smáatriði, en í áliti Skipulagsstofnunar, sem mér finnst eiga að gera ráð fyrir, um áætlanir. Eðli áætlana er auðvitað þannig að þar hlýtur Skipulagsstofnun að nota aðra kvarða en við hljótum að ætlast til þess að Skipulagsstofnun gefi líka út álit sitt á þessum áætlunum alveg eins og hún gerir um einstakar framkvæmdir.

Mér sýnist satt að segja, og það skýrist betur þegar við fáum menn í heimsókn til okkar með skipurit og ferligreiningar, að hér sé um það að ræða að sá sem áætlunina gerir eigi vissulega að auglýsa þá áætlun og taka við athugasemdum um hana en ráði því svo fullkomlega sjálfur hvernig áætlunin lítur út að lokum. Svo er þó ekki með mat á umhverfisáhrifum því að þar verður hann að taka ákveðið mark á áliti Skipulagsstofnunar, a.m.k. er álit Skipulagsstofnunar opinbert plagg, jafnvel þó að það sé ekki þess eðlis að framkvæmdaraðilinn taki mark á því, þannig að almenningi og þeim sem um véla, tæknimönnum og stjórnmálamönnum, gefist kostur á að sjá um hvað er að ræða, hverju framkvæmdaraðilinn tekur mark á og hverju ekki. Ég tel að fái ég ekki viðhlítandi skýringar á þessu hljóti þetta að vera eitt af því sem nefndin þarf að leggjast yfir og þarf að breyta í þessu annars ánægjulega frumvarpi.

Í fjórða lagi, og það kemur kannski ekki nákvæmlega ákvæðum frumvarpsins við, er rétt að vekja athygli á að þegar til eru orðin lög um umhverfismat áætlana fer að koma að því líka að við virðum fyrir okkur um hvað á að setja áætlanir í samfélaginu. Auðvitað er það eins og hver önnur tilviljun að til er náttúruverndaráætlun og til er samgönguáætlun. Þingið hefur í samvinnu við framkvæmdarvaldið talið henta vinnubrögðum sínum hvenær eigi að vera áætlanir og hvenær menn gangi til ákvarðana um einstakar framkvæmdir. Þetta vekur þá spurningu af hverju ekki er til t.d. stóriðjuáætlun hjá ríkisstjórninni sem hafi þá fengið einhverja samþykkt á Alþingi og þá umfjöllun í heild, til sex ára, 10 eða 20, sem hún á að fá. Af hverju höfum við ekki samtímis samþykkt orkuáætlun? Stóriðja og orkumál hafa verið ein helstu deiluefni í Íslandssögu okkar tíma, í a.m.k. 35 ár. Upphaf þeirra markast kannski annars vegar af Laxárdeilunni frægu í kringum 1970 og hins vegar af því þegar Magnús Kjartansson, þáverandi iðnaðarráðherra, gerði álverinu að taka upp mengunarbúnað sem ég hygg að hafi verið í fyrsta sinn á landinu sem iðjuveri var gert að gera það.

Um þetta er engar áætlanir. Þessi mál, stóriðjan og orkumálin, mundu því gjörsamlega sleppa við nokkurt mat eða nokkra athygli sem sprytti af þessum lögum ef frumvarpið verpist í lög að lokum. Það er spurning sem ég vil að lokum beina til hæstv. umhverfisráðherra í þessari lotu, hvort hún vilji ekki beita sér fyrir því að um stóriðjumál, orkumál og önnur þau málasvið og -flokka sem helst snerta umhverfisráðherrann og valdsvið hennar og jarlsdæmi verði gerðar þær áætlanir sem þingið geti talað saman um. Þær verði settar í umhverfismat fyrir fram sem heild en ekki látið við það sitja að bíða einstakra framkvæmda sem í þessum málasviðum sem ég nefndi eru oft svo ævintýralegar að í raun gætu aðrar áætlanir rúmast allar saman í einni slíkri framkvæmd, samanber t.d. Kárahnjúkavirkjun sem er svo stórkostleg að það er eiginlega alveg sama hvað við hefðum gert í því að eyðileggja umhverfið með öðrum hætti, að það hefði allt saman þurft að víkja fyrir hinni miklu virkjun við Jöklu.

[17:13]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Í síðustu viku var kvartað úr þessum ræðustóli undan leti eða afkastaleysi ríkisstjórnarinnar. Umhverfisráðherra er þá kannski sá ráðherra sem stendur upp úr í þessum efnum, hún er búin að tala fyrir sínu fjórða máli í dag og fagna ég því. Ég fagna því sérstaklega að nú skuli komið fram frumvarp af þessu tagi, til laga um umhverfismat áætlana. Það er rétt sem hv. þm. Mörður Árnason gat um áðan, þetta er frumvarp sem við höfum lengi beðið eftir, kallað eftir aftur og aftur, og það er vonum seinna að hæstv. ríkisstjórn ákveður nú að innleiða þessa tilskipun. Hér er

einmitt dæmi um mál sem við hefðum með góðu móti getað lögfest löngu áður en Evrópusambandið gaf okkur tilskipun um að gera það. Það var ekki af því að skort hafi hvatningu til hæstv. ríkisstjórnar um að lögleiða einmitt umhverfismat áætlana af þessu tagi, heldur eingöngu sú lenska sem virðist vera hjá hæstv. ríkisstjórn að láta alltaf reka á reiðanum í þessum efnum og lögfesta ekkert fyrr en frestirnir frá Evrópusambandinu eru runnir út.

Ég hef rekið mig á þetta aftur og aftur, kannski sérstaklega í þeim málaflokki sem ég hef sinnt hvað ötullegast á þinginu, þ.e. umhverfismálunum. Ég hef samt grun um að svo sé í fleiri málaflokkum.

Það kom líka fram í máli hv. þm. Marðar Árnasonar, sem ég ætlaði svo sem líka að gera að umkvörtunarefni, að það hefði verið gott að hafa þetta mál lengur til skoðunar en raun ber vitni. Þessu var breytt á föstudaginn en eins og hæstv. umhverfisráðherra og starfslið hennar veit auðvitað best vorum við á umhverfisþingi þann dag þannig að ég náði ekki að koma höndum yfir þetta frumvarp fyrr en í morgun og hef þess vegna ekki getað þaullesið það. Ég geri mér fyrir vikið ekki fulla grein fyrir því hvað beinlínis er fólgið í þeim ákvæðum sem gerð er grein fyrir hér í einum 13 lagagreinum. Það bíður betri tíma og meðferðar í nefndinni að sjá ofan í hörgul á hvern hátt á að framkvæma umhverfismatið. Hins vegar rekur maður sig strax á það að í skilgreiningargrein frumvarpsins, 2. gr., er umhverfi skilgreint á ákveðinn hátt sem tilgreint er í greinargerð að sé nákvæmlega að fyrirsögn tilskipunarinnar. Það stingur mann samt óneitanlega í augun að í lögunum um mat á umhverfisáhrifum er skilgreiningin á umhverfi nokkuð önnur. Til þess að bera þetta saman, frú forseti, er skilgreiningin í lögunum um mat á umhverfisáhrifum svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti."

Á sama tíma erum við með skilgreiningu á umhverfi í þessu frumvarpi sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þar með talið byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta."

Ég held því ekki fram að önnur skilgreiningin sé hinni betri en það er skrýtið að þegar lögin virðast eiga að harmónera saman skuli skilgreiningin á grundvallarhugtakinu umhverfi vera jafnólík og raun ber vitni. Það væri ágætt að fá frá hæstv. umhverfisráðherra einhver sjónarmið varðandi það.

Af hverju höfum við sem störfum í þessum þingsal kallað eftir þessu frumvarpi undanfarin ár? Jú, vegna þess t.d. að við höfum innleitt og samþykkt stórar og miklar áætlanir á borð við náttúruverndaráætlun á síðasta ári, áætlun um landshlutabundna skógrækt, fleiri en eina, og við höfum verið með landgræðsluáætlun til umfjöllunar, stórar áætlanir sem landbúnaðarráðherra hefur gert okkur grein fyrir, reyndar ekki heildstætt, um fiskeldi austur á fjörðum. Allt eru þetta dæmi um áætlanir. Og ég má nú ekki gleyma þeirri stærstu sem mér finnst sú sem hefði kannski helst af öllu þurft að fara í gegnum eitthvert svona ferli og það er rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Kannski má segja að í kringum þá áætlun hafi verið búið til ákveðið módel sem má segja að hafi verið umhverfismat á virkjanakostum. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er orkuöflunaráætlun þannig að hún sem slík er mjög gott dæmi um það sem gera þarf. Þegar stórar áætlanir eru til umfjöllunar í stjórnkerfinu þarf auðvitað að skoða þær ofan í kjölinn út frá þeim sjónarmiðum sem eðlilegt er að notuð séu sem viðmiðanir. Ég held að módelið sem fundið var upp af því ágæta fólki sem vann fyrri hluta rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sé einhvers konar módel sem við af eigin rammleik bara fundum þar upp. Ég held að það sé mjög fínt módel sem við getum skoðað í tengslum við nákvæmlega þetta frumvarp, bara til að spyrja okkur spurningarinnar: Er hér verið að fyrirskipa einhvers konar aðferð sem gæti kallast á við eða samsvarað þeirri aðferð sem starfshóparnir fimm tileinkuðu sér þegar þeir unnu rammaáætlunina um nýtingu vatnsafls og jarðvarma?

Ég taldi jafnvel á sínum tíma þegar við fórum upphaflega í þessum sal að ræða Kárahnjúkavirkjun, sem hét reyndar Fljótsdalsvirkjun í upphafi, sem átti að fæða stórt álver á Austfjörðum með orku að þar gæti jafnvel verið um svo stórt plan að ræða að það hefði getað heyrt undir ákvæði tilskipunarinnar um umhverfismat áætlana. Stór hluti landsvæðisins á Austfjörðum verður fyrir verulegum umhverfisáhrifum af einni tiltekinni framkvæmd, þ.e. virkjun og álveri, orkuöflun fyrir álverið og öllu sem þarf í raun og veru til að álver geti fengið til sín þá orku sem það þarf, öllum háspennulínunum sem þurfa að fara um fjöll og dali. Á þeim tíma þegar við byrjuðum að ræða þetta mál var verið að hugleiða orkuöflun frá tvenns lags virkjunum, annars vegar frá jarðvarmavirkjun á Mývatnssvæðinu eða Þeistareykjasvæðinu, og hins vegar frá vatnsaflsvirkjun norðan Vatnajökuls. Ég taldi að það hefði verið dæmi um framkvæmd sem hefði átt að lúta þessum lögmálum og þessum ákvæðum tilskipunarinnar um umhverfismat áætlana.

Allar þessar áætlanir erum við búin að vera að ræða í þinginu á síðustu árum og engin þeirra hefur farið í umhverfismat áætlana. Maður spyr sig því: Er þetta ekki svolítið röng forgangsröðun? Af hverju hefur verið beðið svona lengi með að koma með þetta frumvarp á sama tíma og við vissum að við værum að setja í gegnum þingið hverja stóráætlunina á fætur annarri sem ekki hafa lotið þessum lögum? Ég segi því, þó að ég fagni því að frumvarpið sé komið fram, að stærstu áætlanirnar okkar hafi farið í gegn án þess að hafa þurft að lúta því ferli sem hér er fyrirskrifað. Hér hefðum við mátt vera kannski örlítið meðvitaðri og standa betur að verki. Það má alltaf segja ef og hefði, og við skulum ekki dvelja lengi við það hér.

Eitt atriði vil ég nefna vegna þess að í markmiðsgrein frumvarpsins er þess getið að markmiðið sé „að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum" með þessu umhverfismati. Þarna er hugtakið sjálfbær þróun beinlínis sett í markmiðsgrein frumvarpsins. Ég minnist þess ekki að hafa séð hugtakið sjálfbær þróun í markmiðsgrein annarra laga þannig að ég fagna því að hér sé markmiðið beinlínis að stuðla að sjálfbærri

þróun. Af því að við erum nýkomin af umhverfisþingi erum við kannski heit í þessari umræðu um sjálfbæru þróunina og vil ég í því sambandi nefna áhyggjur mínar af skilgreiningu þessa hugtaks. Það er alveg ljóst að þegar slíkt hugtak er sett inn í markmiðssetningu laga þarf að vera alveg á hreinu við hvað er átt. Ef hæstv. umhverfisráðherra ætlar að miða hér við útskýringu umhverfisráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar á sjálfbærri þróun eins og hún kemur fram í bæklingnum „Velferð til framtíðar", stefnu ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun, þá mótmæli ég því. Ég er fullkomlega ósátt við skilgreininguna sem ríkisstjórnin setur fram á hugtakinu sjálfbær þróun í þeirri stefnu og tel hana ranga. Ég tel hana stangast á jafnvel við grundvallarmarkmiðin með sjálfbærri þróun.

Í ritinu Velferð til framtíðar segir um sjálfbæra þróun, með leyfi forseta:

„Flestir eru sammála um mikilvægi sjálfbærrar þróunar en þó er ekki öllum ljóst hvað raunverulega felst í þessu hugtaki. Hugtakið varð fyrst áberandi í alþjóðlegri umræðu á níunda áratug síðustu aldar en festist síðan endanlega í sessi á ráðstefnu þjóðarleiðtoga um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro árið 1992. Sjálfbær þróun hefur verið skilgreind sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Í fyrstu grunnreglu Ríóyfirlýsingarinnar segir: „Sjálfbær þróun snýst um manninn og möguleika hans. Fólk á að geta starfað og lifað heilbrigðu lífi í sátt við náttúruna."

Sjálfbær þróun hefur verið skilgreind sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum."

Frú forseti. Ég er sammála því sem hér segir, að sjálfbær þróun sé þróun sem mæti þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í framhaldi af þessu segir í kaflanum „Hvað er sjálfbær þróun?", í riti ríkisstjórnarinnar Velferð til framtíðar, eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sjálfbær þróun hefur þrjár meginstoðir: efnahagsþróun, félagslega velferð og jöfnuð og loks vernd umhverfisins. Skoða þarf þessa þrjá þætti í samhengi og leitast við að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að skaða umhverfið."

Þarna skilur leiðir, frú forseti. Ég er ekki sátt við það og ekki sammála því að sjálfbær þróun hafi með hámörkun efnahagslegrar velferðar að gera eða að hún fjalli í grundvallaratriðum um efnahagsvöxt. Þar tel ég ríkisstjórnina vera á villigötum. Í mínum huga á sjálfbær þróun eingöngu við um það að við uppfyllum kröfur okkar um lífsgæði á sama tíma og við gætum þess að umhverfið og náttúrulegar auðlindir skaðist ekki og skerðist ekki þannig að komandi kynslóðir eigi sömu möguleika á að uppfylla þarfir sínar eins og við eigum til að uppfylla okkar. Þegar við lifum í veröld þar sem neyslustuðullinn í hinum vestræna heimi er kominn upp í 1,2 og jafnvel 1,3 eða 1,4 í sumum tilfellum, er alveg ljóst að við erum að ganga á náttúrulegar auðlindir og umhverfi umfram það að við getum tryggt komandi kynslóðum sömu gæði og við krefjumst í dag.

Við sem lifum langt um efni fram og af þeirri græðgi sem við lifum ástundum ekki sjálfbæra þróun. Við lifum ekki eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Ríkisstjórnin leggur ekki sitt af mörkum til að við getum keyrt eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar á meðan hún skilgreinir sjálfbæra þróun á þeim nótum sem hún gerir í ritinu Velferð til framtíðar. Þess vegna er það grundvallaratriði þegar við setjum hugtakið inn í markmiðssetningu laga að við vitum um hvað við erum að tala og að við skiljum öll hugtakið á sama hátt. Ég tel að sú umræða sem á eftir að fara fram í umhverfisnefnd og áframhaldandi í tengslum við þetta frumvarp komi til með að verða um skilgreininguna á þessu hugtaki, á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Það er algerlega nauðsynlegt að við tökum þá umræðu. Við þurfum að taka hana af mikilli alvöru því að í skilningi okkar og skilgreiningu á því hugtaki liggur grundvöllurinn til þess að fara að lögum eins og þeim sem hér er mælt fyrir.

Frú forseti. Ég geri mér grein fyrir að margt býr í þessu frumvarpi og við eigum eftir að fá sjónarmið stofnananna sem koma til með að þurfa að starfa eftir þessum lögum ef frumvarpið verður að lögum, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun og fleiri stofnanir sem koma til með að koma að þessum málum. Við eigum eftir að skoða nánar 7. gr. um það á hvern hátt almenningi skuli kynntar tillögur að áætlunum sem undir þessi lög koma til með að heyra. Mér sýnist í fljótu bragði að einhverju sé ábótavant í þeim efnum en sökum þess að ég hef ekki haft tíma til að fara djúpt ofan í það ætla ég ekki að orða þær athugasemdir mínar hér. Ég tel að umhverfisnefnd hafi hér verðugt verkefni að vinna og vildi óska að við hefðum fengið það á borð okkar fyrir tveimur, þremur, fjórum árum. Svo var ekki þannig að við brettum bara upp ermar og tökum því sem að höndum ber. Ég treysti því að umhverfisnefnd fari vel ofan í málið og vinni það af vandvirkni.

[17:28]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum þessa ágætu umræðu. Nefnd voru nokkur atriði sem ég vildi svara eða bregðast við. Það snertir fyrst og fremst 1. gr., markmiðsgreinina. Hér er verið að nota orðalag tilskipunarinnar. Þess vegna er sagt „að draga úr verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum" en ekki notað orðalag laganna um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda þar sem orðalagið er „umtalsverð umhverfisáhrif". Aðeins til að benda þingmönnum á þá er mjög vel farið yfir meginefnið í III. kafla greinargerðarinnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nokkur munur er á umhverfismati áætlana samkvæmt frumvarpinu og mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Það á við um nákvæmni matsins, málsmeðferð og afgreiðslu þess. Annars vegar kemur það til af því að um er að ræða almennar ákvarðanir um meginstefnu og hins vegar sértækar ákvarðanir um einstakar framkvæmdir. Sem dæmi um hið fyrrnefnda eru samgönguáætlun og aðalskipulag sveitarfélags en um hið síðarnefnda einstakar vegaframkvæmdir" og ýmsar aðrar framkvæmdir.

Markmið umhverfismats á áætlunarstigi er að huga að umhverfisáhrifum á fyrri stigum ákvörðunartöku. Í umhverfismati áætlunar á einnig að felast mat á samlegðar-

áhrifum margra framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti eða tiltekin svæði.

Umfang umhverfismats áætlunar ræðst af tvennu, annars vegar af umfangi þeirrar stefnu sem sett er fram í áætluninni og hins vegar af því hvaða þættir umhverfisins eru teknir til skoðunar. Þar sem stefnumörkun á áætlanastigi er yfirleitt almenns eðlis, samanborið við það sem á við um einstakar framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum, verður að ganga út frá því að umhverfismat áætlana sé tiltölulega gróft mat, oft án þess að sérstakar rannsóknir á umhverfi og umhverfisáhrifum fari fram."

Hvað snertir hlutverk Skipulagsstofnunar er kveðið á um það í 3. gr. Þar er henni gert að taka ákvörðun um „hvort áætlun skuli háð ákvæðum laga þessara um umhverfismat áætlana þegar vafi leikur á því" og þá er það Skipulagsstofnun sem sker úr um það. Um það er frekari ákvæði að finna í 4. gr. frumvarpsins. Það má því segja að eðli umhverfismatsáætlana sé nokkuð annað en laganna um mat á umhverfisáhrifum.

Ljóst er að ýmsar áætlanir munu falla undir þessi lög, eins og reyndar er tíundað mjög skýrt í greinargerðinni. Hvað snertir hins vegar hugtakið sjálfbæra þróun þá er það auðvitað hugtak sem notað er í alþjóðlegri umræðu um umhverfismál. Það snýst í aðalatriðum um það að við sem lifum í dag getum mætt mögleikum okkar án þess að við drögum úr möguleikum komandi kynslóða og án þess að við göngum á gæði náttúrunnar. Um það snýst þetta allt saman. Hins vegar er líka mjög eðlilegt að við reynum að hámarka efnahagslega velferð okkar á hverjum tíma. Ég á von á því að það muni allar kynslóðir gera til framtíðar en þá ber okkur líka að hafa í huga að við göngum ekki á möguleika annarra sem á eftir koma.

Mér finnst mjög eðlilegt að við gerum það í dag, eins og ég býst að þær kynslóðir sem koma á eftir okkur muni gera. Það truflar mig ekki þó að talað sé um hámörkun efnahagslegrar velferðar innan þessara marka. Þarna erum við bara einfaldlega ósammála, ég og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir.

[17:33]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Nú er ég ekki með þær tilskipanir sem um ræðir og get þess vegna ekki farið í rökræður við hæstv. umhverfisráðherra um þýðingamál sem væri fróðlegt og skemmtilegt að gera, en kannski gefst tækifæri til þess síðar, a.m.k. við starfsmenn umhverfisráðherrans í nefndinni.

Hins vegar er athyglisverður þessi munur á orðalagi um hluti sem ekki eru eðlisóskyldir þó að þeir séu að vísu ekki eins í sjálfu sér, mat á áætlun og mat á einstakri framkvæmd. Í lögunum eins og þau koma frá þinginu stendur um mat á framkvæmd að það sé spurning um „umtalsverð umhverfisáhrif", eins og kemur fram 1. gr. og síðan er talað um í b-liðnum: „að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar". Hér er þessu sem sé slegið saman í það að dregið sé úr „verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum".

Þá auðvitað spyr maður bara eins og almenningur gerir: Bíddu, er þá ekki verið að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum eins og á að gera í umhverfisáhrifamatinu, heldur bara úr verulegum? Og hvar er skýringin á því sem löggjafinn, ef þetta verður að lögum, telur veruleg neikvæð umhverfisáhrif? Þeirri spurningu svarar frumvarp þetta eða greinargerð ekki. Það er ekkert í þeim texta í III. kaflanum sem ráðherrann las upp, og ég hafði skotist yfir, sem í raun inni gerir grein fyrir þessum mun þó að munurinn sé á ýmsan hátt ágætlega útskýrður, sem ekki er kannski mjög erfitt að skýra, á einstakri framkvæmd og síðan áætlun eins og samgönguáætlun eða þeirri stóriðjuáætlun sem ég spurði ráðherrann um sérstaklega áðan en hef ekki fengið svar við.

[17:35]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég bendi einnig á 10. gr. þar sem fjallað er sérstaklega um mat á vægi umhverfisáhrifa og ýmislegt talið upp í a- og b-lið við mat á því hvort umhverfisáhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana séu líkleg til að vera veruleg. Síðan er það nokkuð nákvæmlega útfært. En ég veit að hv. þingmenn munu fara vel yfir þetta mál í umhverfisnefnd og ég efast ekki um að þar muni menn rýna þennan texta.

[17:36]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Bara örfá orð um sjálfbæra þróun. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir að hún lítur svo á að það sé ákveðin takmörkun á þeirri hámörkun efnahagslegrar velferðar sem um getur í skilgreiningu ríkisstjórnarinnar og ég get í sjálfu sér alveg fallist á það. En það kemur hins vegar ekki fram í þeim texta sem við höfum til að miða við. Við skulum því hnykkja á því. Og af því að við vorum að koma af umhverfisþingi þar sem talað var um hið vistfræðilega fótspor manneskjunnar á jörðinni, þá er ljóst að við erum að gera fótspor okkar dýpra en svo að það sé fyrirséð að komandi kynslóðir geti lifað á svipuðum nótum og við erum að gera af náttúrulegum auðlindum jarðarinnar. Það verður því að draga úr neyslunni á Vesturlöndum til þess að fótspor okkar, hið vistfræðilega fótspor verði ekki of djúpt til að við vitum það fyrir fram að við séum að eyðileggja möguleika komandi kynslóða. Það að tala um vöxt og hámörkun í útskýringu á hugtakinu sjálfbær þróun er í mínum huga öfugmæli og við þurfum að jafna það á einhvern hátt út.

Hins vegar gleymdi ég öðru atriði sem hæstv. umhverfisráðherra mætti kannski eyða orðum á ef hún kemur í andsvar við mig, það er varðandi aukinn kostnað sveitarfélaganna af umræddu frumvarpi. Nú erum við með umsögn um frumvarpið frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins þar sem fram kemur að við gerð kostnaðarmatsins liggi ekki fyrir upplýsingar um umfang og gæði þeirrar áætlunar sem muni koma til mats. Þar er ákveðin niðurstaða varðandi kostnaðarmatið þar sem talað er um útgjöld ríkisins, útgjöld Skipulagsstofnunar en ekki er getið neitt um aukinn kostnað sveitarfélaganna, sem ég get nú ímyndað mér að verði talsverður því að ég hugsa að hér geti skipulagsáætlanir þeirra jafnvel fallið undir. Nokkur orð um það væru því vel þegin.

[17:38]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvað snertir sveitarfélögin og skipulagsáætlanir er ljóst að þau hafa þegar þessa skyldu með höndum samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Það er hins vegar kannski annað mál hvort henni hefur verið sinnt eins og vera bæri. Ég tel að það sé algjörlega ljóst að hún er þegar fyrir hendi. Við teljum því að það séu ekki neinir verulegir fjármunir sem þetta ætti að hafa í för með sér fyrir þau þó að ég vilji ekki útiloka að það verði eitthvað.

Hvað snertir sjálfbæra þróun þá var mjög skemmtileg hugvekja flutt á umhverfisþinginu þar sem við vorum minnt á að það hefði verið aðalsmerki Íslendinga í gegnum tíðina að fara vel með og ég tek undir það. Þetta snýst náttúrlega öðrum þræði um græðgi eða ekki græðgi og að gæta hófs í hlutunum, halda þeim innan skynsamlegra marka. Síðan er aftur annað mál að það sem einum finnst vera rétt getur verið að öðrum finnist það ekki. Menn eru því ekki alltaf sammála um þessi mál. Svo einfalt er það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 326. mál (hækkun sjómannaafsláttar). — Þskj. 358.

[17:40]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Frumvarpið er 326. mál þingsins og er að finna á þskj. 358.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á grunnfjárhæð sjómannaafsláttar, auk þess sem lagðar eru til breytingar sem lúta að skattframkvæmd.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að grunnfjárhæð sjómannaafsláttar verði hækkuð um 2,5% frá 1. janúar 2006 og komi til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2006. Þessi hækkun er í samræmi við þá hækkun persónuafsláttar sem samþykkt var haustið 2004.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að breyting verði á viðmiðunardagsetningu þess, hvar menn skuli telja fram og hvar lagt skuli á þá ár hvert. Lagt er til að miðað verði við að menn skuli telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir áttu lögheimili 31. desember ár hvert í stað 1. desember eins og nú er. Ástæður þess að miðað hefur verið við 1. desember en ekki síðasta dag ársins liggja í vinnulagi fyrri tíma, en ljóst er að verulegar tæknilegar framfarir hafa átt sér stað frá því að framangreint tímamark var lögfest. Núgildandi fyrirkomulag hefur hins vegar tafið fyrir vinnslu skattyfirvalda og aukið hættu á villum og því er þessi breyting lögð til.

Hæstv. forseti. Með þessum orðum legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[17:42]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér tvö atriði, annars vegar hækkun á sjómannaafslætti og í sjálfu sér á meðan við höldum þeim skatti, sem í raun er ekki skattur heldur afsláttur í krónum talið, þá er eðlilegt að hækka hann miðað við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins eins og við höfum gert á hverju ári varðandi ýmiss konar gjöld sem menn þurfa að borga til ríkisins. Ég geri ráð fyrir að stjórnarandstaðan muni mótmæla þessu nákvæmlega eins og hún mótmælti á sínum tíma sambærilegri hækkun á alls konar gjöldum til ríkisins. Hins vegar vil ég lýsa því yfir, frú forseti, að ég er á móti sjómannaafslættinum sem slíkum og hef mörgum sinnum lagt til að hann verði felldur niður. En á meðan við höldum honum finnst mér þetta rökrétt.

Í öðru lagi er lagt til að viðmiðun skattskyldu verði miðuð við 31. desember og ég vil að hv. nefnd, sem ég reyndar stýri, fari vel ofan í það af hverju ekki ætti að miða við 1. janúar ár hvert þar sem það er fyrsti dagurinn í því skatttímabili sem um er að ræða. Ég held að meiri rök séu fyrir því en að hafa það síðasta dag ársins áður. En það gerist svo sem ekki mikið á milli 31. desember og 1. janúar alla jafna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 327. mál (sérstakt kílómetragjald). — Þskj. 359.

[17:44]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu er með því kveðið á um nokkrar breytingar á lögum um olíugjald og kílómetragjald með hliðsjón af þeirri reynslu sem komin er á framkvæmd laganna frá gildistöku þeirra 1. júlí 2005.

Í fyrsta lagi er lögð til ný skilgreining á ökutækjum til sérstakra nota sem undanþegin eru olíugjaldi skv. 4. gr. núgildandi laga. Ökutæki til sérstakra nota eru í núgildandi lögum skilgreind út frá tilvísun í tiltekinn vörulið í viðauka I við tollalög. Hefur sú skilgreining skapað vanda í framkvæmd og reynst vera ómarkviss. Heiti ökutækjanna í vöruliðnum á sér sjaldan samsvörun í skráningu í ökutækjaskrá sem gerir það að verkum að afar erfitt er að tilgreina nákvæmlega hvaða ökutæki falla undir þessa undanþágu. Við endurskoðun á skilgreiningu ökutækja til sérstakra nota er með frumvarpi þessu haft að leiðarljósi að um sé að ræða ökutæki sem að meginhluta til brenni dísilolíu í kyrrstöðu eða við vinnslu og er með varanlegum, áföstum búnaði til sérstakra nota. Verði frumvarpið að lögum verða ökutæki sem falla undir sérstök not tilgreind nánar í reglugerð.

Í frumvarpinu er lagt til að eigendum ökutækja til sérstakra nota verði heimilt að velja hvort þeir greiði olíugjald og kílómetragjald samkvæmt núgildandi lögum vegna umræddra ökutækja eða hvort þeir verði undanþegnir olíu-

gjaldi og greiði samhliða því sérstakt kílómetragjald. Tilgangur frumvarpsins er því að þessu leyti að ná betur utan um ökutæki sem eiga hvorki að fullu heima í eða utan þess olíugjaldskerfis sem tekið var upp 1. júlí 2005.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lagt til að samhliða áðurnefndri endurskilgreiningu verði sett sérstök gjaldskrá kílómetragjalds fyrir ökutæki til sérstakra nota sem verða undanþegin olíugjaldi. Samkvæmt núgildandi lögum greiða ökutæki til sérstakra nota sama kílómetragjald og önnur ökutæki, þyngri en 10 tonn, sem einnig greiða olíugjald. Er það kílómetragjald töluvert lægra en í hinu eldra þungaskattskerfi sem aflagt var 1. júlí 2005, enda var það hugsað sem viðbót við olíugjald hjá þyngri ökutækjum, óháð eldsneytisgjafa, sem slíta vegakerfinu hlutfallslega meira en önnur ökutæki. Með hliðsjón af jafnræði í skattlagningu og meginreglunni um að notendur vegakerfisins greiði til uppbyggingar og viðhalds á vegakerfinu í hlutfalli við það slit sem viðkomandi ökutæki veldur er því lagt til með frumvarpi þessu að umrædd ökutæki til sérstakra nota sem kjósa að vera undanþegin olíugjaldi greiði sérstakt kílómetragjald vegna nota þeirra á vegakerfi landsins. Hið sérstaka kílómetragjald er í raun ígildi olíugjalds þar sem leitast er við að jafnræði ríki í gjaldtöku milli ökutækja til sérstakra nota sem aka á gjaldfrjálsri olíu og annarra ökutækja svipaðrar gerðar miðað við sambærilegan akstur og not á almenna vegakerfinu.

Í þriðja lagi er með frumvarpinu lagt til að sett verði í lögin skýr heimild fyrir námuökutæki og beltabifreiðar til að nota gjaldfrjálsa olíu en slík heimild er í dag í 2. gr. reglugerðar nr. 602/2005, um skilyrði undanþágu frá greiðslu olíugjalds. Er ákvæðið í samræmi við sams konar ákvæði og var í hinu eldra þungaskattskerfi og er afmarkað við belta- og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum.

Í fjórða lagi er með frumvarpinu lagt til að dráttarvélar verði undanþegnar olíugjaldi, óháð því hvort þær eru ætlaðar til nota í landbúnaði eða ekki. Dráttarvélar hafa þá sérstöðu umfram aðrar vinnuvélar að vera skráðar bæði í ökutækjaskrá og vinnuvélaskrá. Samkvæmt núgildandi lögum eru allar vinnuvélar undanþegnar olíugjaldi og er því lagt til að skilyrðið um notkun „í landbúnaði" í 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. verði afnumið, og þar með eigi allar dráttarvélar, óháð notkun, rétt á gjaldfrjálsri olíu.

Að auki er með frumvarpinu kveðið á um minni háttar tæknilegar breytingar á núgildandi lögum um olíugjald og kílómetragjald.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[17:48]

Útbýting:

Innleiðing tilskipana ESB, 349. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 383.

Raforkumálefni, 348. mál, skýrsla iðnrh., þskj. 382.

[17:48]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég spái því að frumvarpið sem hæstv. fjármálaráðherra hefur hér flutt um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald sé aðeins fyrsta breytingin á því sem á eftir að koma fram. Því var spáð við upptöku þessara laga að margt ætti eftir að koma í ljós og mörgu ætti eftir að breyta. Ég tek t.d. eftir því að reglugerð sem gefin var út 23. júní var breytt 8. ágúst hvað varðar skilgreiningar á t.d. steypuhræribifreiðum og öðru slíku. Margt á eftir að koma fram sem á kannski ekki beint erindi inn á hið háa Alþingi en verður rætt í efnahags- og viðskiptanefnd. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd en hef oft tjáð mig um þetta mál. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra út í nokkra þætti sem hér liggja á bak við og tjá mig um aðra vegna þess að ég held að meira eigi eftir að koma í ljós um þetta og að breyta þurfi meiru. Annað er kannski látið liggja núna, svo menn viti af því, og ekki er á því tekið af því að það er óþægilegt. Það á t.d. við um hvernig gangi að selja litaða olíu við hliðina á ólitaðri olíu og hvort farið sé á svig við það kerfi, sem er ef til vill ekki rétt að ræða hér og hæstv. ráðherra getur ekki fjallað um. En ég held að margt eigi eftir að koma í ljós.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra út í það að lagt er til að dráttarvélar geti allar verið með gjaldfrjálsa olíu, óháð því hvort þær eru notaðar í landbúnaði eða á vegum. Ég ætla ekki að andmæla því út af fyrir sig. Ég fagna því að þau tæki geti verið með gjaldfrjálsa olíu því þau eru mikið notuð, ekki bara við landbúnað heldur líka á vegum sveitarfélaga. Hins vegar vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort við séum ekki þarna á gráu svæði því að við gætum jafnvel fengið á okkur kæru eða athugasemdir frá landsfélagi vörubifreiðaeigenda vegna þess að slík tæki eru notuð í svipuðum tilgangi, þ.e. til að flytja efni hjá verktökum, t.d. á vegum sveitarfélaganna, frá einum stað til annars. Dráttarvélarnar, sem eru töluvert stórar og komast hraðar en 40 km eins og kveðið er á um í reglugerðinni eða lögunum, eru orðnar miklu betri og fullkomnari en þær voru áður. Þær geta notað alls konar búnað eins og tengivagna, sturtuvagna og annað slíkt. Þetta skekkir samkeppnissjónarmiðið gagnvart vörubílum. Ég tek skýrt fram að ég er ekki að andmæla þessu með dráttarvélarnar heldur vekja athygli á viðkomandi þætti.

Hér er talað um námuökutæki á móti vörubílum. Ég veit dæmi um að við Hellisheiðarvirkjun eru þessi tæki í notkun á sama vinnustað, annars vegar svokallaðar búkollur sem eru námuökutæki og þar sem slík tæki eru notuð keyra þau á gjaldfrjálsri olíu, á móti vörubílum sem keyra sömu leið og hafa komist upp í að nota allt að 100 lítra á 100 km því þeir eyða mjög miklu vegna þess hversu bratt er keyrt.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Er ekki hætta á að þarna séu samkeppnissjónarmið brotin, þ.e. þeirra verktaka sem eiga þessi tæki og stunda slíkan rekstur? Erum við ekki að brjóta jafnréttisreglu stjórnarskrárinnar að menn skuli ekki sitja við sama borð hvað þetta varðar? Þetta er mikilvægt atriði, virðulegi forseti.

Hægt væri að benda á mörg svipuð atriði. Til dæmis skilst mér að ef snjótönn er sett á vörubíl, en margar slíkar moka snjó af þjóðvegum landsins fyrir Vegagerðina, að þegar vörubíll er kominn með snjótönn framan á sig er hann kominn á gjaldfrjálsa olíu. Ef hann hins vegar deginum áður keyrir varning er hann á gjaldskyldri olíu. Þarna kemur því margt upp, virðulegi forseti.

Ég tek einnig eftir því í reglugerðinni sem hæstv. ráðherra gaf út í júní og ég gat um áðan, að þær slökkvibifreiðar sem eru undanskildar olíugjaldinu eru eingöngu körfubílar og dælubílar, ekki aðrar slökkvibifreiðar, ekki þær sem þurfa að bruna af stað með slökkviliðsmenn eða reykköfunarútbúnað eða annað. Hvernig í ósköpunum á að vera hægt að framfylgja svona reglugerð þar sem litaðri olíu er dælt á nokkra bíla á slökkvistöðinni en ólitaðri á aðra? Þetta hlýtur að kalla á mörg vandamál og ef til vill misnotkun á þessu kerfi. Ég gæti tínt fleira til en ætla ekki að gera það núna.

Ég segi hins vegar um einn þátt þessara breytinga að hæstv. ráðherra er að búa til sérstakt kílómetragjald. Lögin eru nokkurra mánaða gömul og voru samþykkt þannig að olíugjald er, sem á við alla sem þurfa að fara undir það, en síðan var sett sérstakt gjald á bifreiðar sem eru tíu tonn og þyngri og á það sérstaklega við um stærri bíla, t.d. flutningabíla. Þeir greiða einnig kílómetragjald. Þetta er alveg ótrúleg uppfinning hjá hæstv. ríkisstjórn að búa til slíka skattheimtuflokka á þau ökutæki. Í þessu olíugjaldsfrumvarpi er verið að búa til enn eina gjaldskrána, enn eitt kílómetragjald sem heitir núna sérstakt kílómetragjald sem á að vera valkvætt fyrir þá aðila sem vilja nota það, eins og t.d. steypuhrærибifreiðar, sem hér er talið að borgi of lítið til ríkisins og á að ná í þá til þess að þeir borgi meira og er vitnað í það að þeir borgi þá eitthvað svipað og vörubílar. Þetta er algjörlega á skjön við það sem ég hef bent á áður með ýmis önnur tæki sem ég hef nefnt.

Þetta var um það sem talað er hér um í fjórða lagi og hitt var um námuökutæki og beltabifreiðar sem ég hef gert hér að umtalsefni. Þá eru það önnur tæki sem vinna mikið í kyrrstöðu. Ég spyr sjálfan mig að því og kannski er rétt að setja það yfir í spurningu til hæstv. fjármálaráðherra sem fylgir frumvarpinu úr hlaði. Talað er um götuhreinsibifreiðar og sérstaklega tekið fyrir í reglugerðinni en hér er t.d. ekki talað um bifreiðar sem eru mikið í vinnu hjá sveitarfélögunum við að hreinsa holræsakerfi bæjarfélaganna. Undir hvað falla þær? Þetta eru bifreiðar sem standa mikið kyrrar og nota olíu til að dríva mikinn dælubúnað. Hvað um slíkar bifreiðar? Ýmislegt fleira mætti taka til.

Ég held að þessi breyting sé enn ein staðfestingin á því að þetta er ekki nógu gott kerfi sem við vinnum eftir. Það eru allt of margar undankomuleiðir í því. Á fundi í samgöngunefnd ekki alls fyrir löngu var einn gestur fundarins spurður út í olíugjald og tekjur af því. Hann vildi nú ekki miklu svara um það en benti á hvernig þetta væri í framkvæmd, vegna þess að tankar eru hlið við hlið á olíustöðvum sem selja litaða og ólitaða olíu. Og hvernig kemur þetta út eftir þá mánuði sem þetta hefur verið í gangi? Hvernig lítur þetta út t.d. gagnvart tekjum Vegagerðarinnar af olíugjaldi? Ef til vill getur hæstv. ráðherra svarað þessu og sagt okkur það en ef til vill er ekkert að marka það, m.a. vegna þess að efnahags- og viðskiptanefnd hækkaði mjög það magn sem aðilar máttu eiga við upptöku gjaldsins, þ.e. þegar þetta var hækkað að mig minnir úr fimm þúsund lítrum upp í 15 þúsund lítra. Við vitum ekki hvað menn áttu mikið af olíu sem þeir höfðu safnað þegar olíugjaldskerfið var tekið upp. Kannski er ekki komin skýr mynd á það hvernig þetta kemur út.

Í lokin vil ég segja enn einu sinni, virðulegi forseti, að þessa olíugjaldsupptöku hefði að mínu mati átt að geyma. Hún kemur of seint miðað við það sem boðað er í Evrópu, menn ætla að fara að taka upp þessa kubba eða hvað þetta er nú kallað, sumir hafa kallað þetta njósnatæki, sem sett eru í bíla og menn greiða eftir því. Ég er ákaflega skotinn í því með tilliti til þess að hæstv. ráðherra byggðamála fjallar stundum um að nauðsynlegt sé að ríkisstjórnin geri einhverjar ráðstafanir til að draga úr óheyrilegum flutningskostnaði sem þjakar íbúa og fyrirtæki sérstaklega á landsbyggðinni, að breyta ætti þessu kerfi og taka upp umræddа kubba, t.d. í flutningabifreiðar, og byrja á að prófa þetta þar og sjá hvort ekki er hægt að þróa aðferð sem kæmi þannig út að þegar flutningabílar keyra á kvöldin og næturnar þegar lítil umferð er þá borgi þeir bara hálft gjald eða minna. Kannski okkur tækist þá að lækka þá óheyrilegu skattheimtu sem er á flutningastarfsemi í landinu.

Ég nefni þetta aðeins í framhjáhlaupi, virðulegi forseti, þó svo að það sé ekki aðaltilgangur þessa frumvarps. En ég hef lagt nokkrar spurningar fyrir hæstv. fjármálaráðherra og ég vænti þess að heyra svör hans á eftir.

[18:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Hér er kannski vonum seinna komið frumvarp til laga um breytingar á fyrirkomulagi innheimtu olíugjalds og kílómetragjalds. Ég held að engum hafi dottið í hug að menn hafi höndlað sannleikann endanlega þegar gengið var frá þeirri löggjöf og það varð loksins að veruleika að taka upp olíugjald í stað kílómetragjalds, að vísu ekki nema að hluta til eins og niðurstaðan varð. Upphaflega hafði alltaf verið ráð fyrir því gert að þarna yrði um hreina kerfisbreytingu að ræða og olíugjald kæmi í staðinn fyrir kílómetragjald. Það voru og eru ýmis rök fyrir því í sjálfu sér að haga innheimtunni þannig að skattleggja eldsneytisnotkunina. Það getur verið jákvætt að reyna að stýra þróuninni í þá átt að spara þarna orku eins og kostur er. En niðurstaðan varð önnur eins og kunnugt er. Hér eru komnar ýmsar tillögur til lagfæringa eða breytinga á þessu fyrirkomulagi, að sögn til þess að eyða vandræðum og sortera skilgreiningavandamál sem upp hafa komið, m.a. vegna þess að flokkun bifreiða í tollskrá er ekki alltaf góður mælikvarði á það nákvæmlega til hvers þær eru svo notaðar að endingu.

Ég segi fyrir mitt leyti nú við 1. umr. málsins að æskilegt hefði verið að fá frekari fylgiskjöl og gögn með frumvarpinu. Úr því að málið kemur inn til þingsins á annað borð hefðu gjarnan mátt fylgja því, að mínu mati, einhvers konar skýrsla eða úttekt á því hvernig reynslan hefur verið þann tíma sem olíugjaldið hefur verið við lýði. Enda þótt ekki sé kominn ýkja löng reynsla á það er hún þó einhver til staðar nú þegar. Með svipuðum hætti t.d. og hæstv. iðnaðarráðherra er hér samkvæmt lögum skyldaður að leggja fyrir þingið skýrslu um þróun raforkumála í tengslum við þær kerfisbreytingar sem þar hefðu orðið hefði hæstv. fjármálaráðherra gjarnan mátt, kannski með liðsinni samgönguráðherra, leggja einhver gögn fyrir, því að nú er a.m.k. að byrja að komast á það reynsla hvernig þetta kemur út fyrir hvern og einn aðila.

Ég vil sérstaklega spyrja um útkomu vörubíla í þessu sambandi sem eru yfir tíu tonn og lenda í því að borga bæði kílómetragjald og olíugjald og eru í ýmsum sérhæfðum verkefnum eins og t.d. í snjómokstri. Mér er sagt af þeim sem þannig hagar til um að þetta bitni mjög tilfinnanlega á þeim bílum sem borga olíugjald og kílómetragjald. Þeir eyða mjög mikilli olíu við moksturinn sem er orkufrekur og eru á samningum sem í sumum tilvikum lágu fyrir með föstu verði settu af Vegagerðinni og ákaflega lítið svigrúm er fyrir þessa aðila að hnika þar neinu til. Hér er einnig nefnt fyrirbærið götuhreinsibifreiðar sem ég tel nú að séu önnur tæki, þ.e. ekki snjómoksturstæki heldur sópar og einhver slík tól. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er mönnum ljóst hvernig þessi hópur kemur út? Eru einhverjar áætlanir um að mæta sérstaklega stöðu þeirra, þ.e. hefðbundinna vörubíla í þessum flokki sem eru verkefnanna vegna í þeirri stöðu að eyða mjög mikilli olíu og borga þar af leiðandi óvenjuþungan skatt? Er þá ekki hægt að skoða hvort hægt sé með einhverjum sérstökum ráðum að koma til móts við stöðu þeirra? Mundu þeir fá að falla undir ákvæði um sérstaka gjaldskrá? Nú eru þessir bílar í blandaðri vinnu og taka snjómoksturspló ginn eða tönnina af og eru þá í ýmsum öðrum verkefnum inn á milli þannig að ekki er kannski einfalt að sjá við því. Verður þá ekki einfaldlega að koma til móts við þennan hóp með sérstökum ráðum, annaðhvort með endurgreiðslu af hálfu fjármálaráðuneytisins eða þá að Vegagerðin komi hreinlega til móts við þá í samningum vegna þess að þeir séu í raun tvískattaðir eða ofskattaðir eða hvað það er?

Það er t.d. alveg ljóst að þessi hópur fær á sig mjög tilfinnanlega skattþyngingu. Olíulítrinn kostaði á milli 40 og 50 kr. áður en gjaldið kom. Hann er núna þessa mánuðina á 105–110 kr. eins og við vitum. Kílómetragjaldið sem var 27 kr. á kílómetra fyrir 26 tonna vörubíl er 10 kr. í dag. Þarna er því skattbyrðin mjög þung. Úr því að menn sjá rök fyrir því t.d. að leyfa sérmeðhöndlun á steypuhræribifreiðum og holræsabifreiðum sem eru talsvert á ferðinni á vegunum og slíta þeim þó nokkuð — þó vissulega sé rétt að þær séu í einhverjum mæli líka tæki sem ganga í lausagangi og eyða þar af leiðandi olíu á köflum án þess að slíta vegunum — þá hlýtur með svipuðum hætti að mega líta til bíla sem neyðast til að nota óvenjumikla olíu við vinnuna sem slíka. Það er orka sem fer í meira en bara að knýja bílinn heldur líka í að vinna aðra vinnu, þ.e. ryðja snjó. Þetta er atriði sem ég held að ráðherra eða kannski hv. þingnefnd þurfi að fara í saumana á.

Frú forseti. Óhjákvæmilegt er líka að nefna annað atriði í þessu sambandi. Það er sú hörmulega frammistaða hæstv. ríkisstjórnar að komast hvorki lönd né strönd með löngu boðaðar og yfirlýstar aðgerðir til að jafna flutningskostnað í landinu. Við því er kannski ekki mikið að gera ef menn vilja halda í þá grundvallarreglu að skattlagningin taki mið af sliti eða álagi á vegina. Það eru rök fyrir því að haga því svo. Ef menn eru ekki tilbúnir til þess að taka afleiðingunum af því t.d. að sú skattlagning lendi að fullu á flutningabifreiðum, eins og hún gerir, og fari út í flutningskostnað og þar með vöruverð, og þeim mun harkalegar sem flutningaleiðirnar eru lengri, verða auðvitað að koma einhverjar aðgerðir þar á móti. Ég hef alltaf litið þannig á að fyrirheitin um aðgerðir til að jafna flutningskostnað hlyti að þurfa að skoða í samhengi við upptöku olíugjaldsins og þeirra áhrifa sem það sannarlega hefur haft. Um það er ekki deilt að það hefur aukið rekstrarkostnað bíla og sérstaklega tilfinnanlega á löngum flutningaleiðum.

Mér finnst alls ekki boðlegt að hæstv. ríkisstjórn komi hér, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og byggðamálaráðherra, og segi að því miður hafi ekki tekist samstaða um að gera neitt. Það er ekki samstaða um að gera neitt og skilað auðu. Þetta er ekki boðlegt. Hæstv. fjármálaráðherra hefur væntanlega komið hér eitthvað við sögu því hann heldur um budduna. Er það kannski þar sem þetta strandar? Strandar það kannski hjá hæstv. fjármálaráðherra að gera nokkurn skapaðan hlut hvað það varðar að jafna flutningskostnaðinn í landinu með beinum hætti eins og hugmyndir voru um, þ.e. að endurgreiða hann hreinlega að einhverju leyti miðað við sannaðan útlagðan kostnað? Að vísu var búið að þynna það mjög mikið út. Í síðustu tillögum ráðherra virtist þetta verið komið niður í það að snúast eingöngu um spurninguna um einhverja jöfnun á flutningskostnaði vegna framleiðslustarfsemi, þ.e. að endurgreiða í einhverjum mæli flutningskostnað vegna aðfanga í framleiðslustarfsemi á landsbyggðinni og svo aftur flutning á framleiðsluvörunni á markað. Það kemur náttúrlega ekki til móts við t.d. þann gríðarlega flutningskostnað sem veltur út í vöruverð í smásöluverslun á landsbyggðinni og hefur þá náttúru sem augljóslega er innbyggð í hlutina að þetta er þeim mun meiri skattlagning sem fjær dregur vörudreifingarmiðstöðvum landsins sem eru fyrst og fremst á Faxaflóasvæðinu. Þetta fyrirkomulag og þessi gríðarlega hækkun flutningskostnaðar sem sannarlega hefur orðið á síðustu fimm til tólf árum og menn þekkja mjög vel í afskekktari landshlutum eins og á Vestfjörðum og norðausturhorni landsins, er engan veginn ásættanlegt. Þetta er náttúrlega þvílík viðbótarskattlagning á þessi svæði að það engan veginn verjandi.

Ef tala á um eitthvert jafnræði í þessum efnum þá hlýtur það að vera markmið í sjálfu sér að reyna að hafa kerfið þannig að menn borgi í grófum dráttum sambærilegan skatt alls staðar á landinu. Það er nefnilega ekki svo. Það er einmitt öfugt. Afskekktustu landsvæðin eru sérstaklega skattpínd vegna þess að þessir kostnaðarþættir velta allir inn í vöruverðið. Og hvað gerist svo að lokum? Jú, virðisaukaskatturinn til hæstv. fjármálaráðherra leggst ofan á allt saman á endanum. Í reynd borga menn því miklu hærri virðisaukaskatt í afskekktustu og fjarlægustu landsvæðunum. Ef jafna ætti slíkt ætti prósentan í endanlegri álagningu vöruverðs á Bakkafirði að vera um 16–18% en ekki 24,5. Þá kæmi virðisaukaskattskerfið kannski nokkurn veginn hlutlaust út. En því er ekki að heilsa. Þetta vita allir menn og allir sjá. Það tekur ekki nema fimm mínútur að átta sig á að þetta er ranglátt skattkerfi og svo fjandsamlegt þessum svæðum sem hafa fengið á sig meira og minna allar þessar breytingar á undanförnum árum algjörlega óbættar.

Fyrir síðustu alþingiskosningar lofuðu stjórnarflokkarnir því alveg sérstaklega og hátíðlega — okkur er það mjög í minni, sérstaklega sem vorum í framboði í Norðausturkjördæmi af því að þar fór fremstur í flokki hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og byggðamálaráðherra — á hverjum

einasta framboðsfundi, held ég, voru endurtekin loforðin um að fínar skýrslur væru komnar fram og þetta væri alveg rétt að koma. Sagt var að spurningin væri bara um útfærslu á því hvernig flutningskostnaðurinn yrði jafnaður og endurgreiddur. Síðan er liðið þetta mikið á þriðja ár og ekki bólar á efndum og minna en það. Hæstv. ráðherra hefur komið í þennan ræðustól og bara gefist upp, sagt að ekki væri samstaða um að gera neitt, því miður. Ég man ekki hvort hæstv. ráðherra sagði að henni þætti það leitt. Ég ekki einu sinni viss um það. Hún sagði þetta bara svona, að ekki væri samstaða um neitt.

Hver er ásteytingarsteinninn? Veit hæstv. fjármálaráðherra mögulega eitthvað um það? Hvað hefur hæstv. ráðherra við okkur að segja um þessi vandamál sem segja má að séu innbyggð í þetta kerfi? Ég get að mörgu leyti verið því sammála að langeinfaldast er að bregðast við með beinum ráðstöfunum af því tagi að grandskoða kerfið, kostnaðarreikna það og meta. Hver er t.d. í raun viðbótarskattlagningin sem fólgin er í því fyrirkomulagi að taka olíu- og kílómetragjaldið eins og gert er þannig að það helst inni hvort heldur er í gegnum olíunotkunina eða kílómetrana? Þá verður skatturinn náttúrlega þeim mun meiri sem fjarlægðirnar eru meiri. Svo tekur hæstv. fjármálaráðherra virðisaukaskatt ofan á allt saman eins og kunnugt er.

Mér finnst ekki hægt annað en að nefna þessi vandamál. Ég veit ekki hvort hv. efnahags- og viðskiptanefnd er tilbúin til þess að leggjast aðeins yfir þetta mál og fara ofan í það. Kannski fáum við einhverja gáfulega umfjöllun frá nefndinni um þessa hluti (Gripið fram í.) og helst náttúrlega aðgerðir. Ef ríkisstjórnin er algerlega ófær um þetta, ef hún er bara lömuð í málinu, verður auðvitað að taka á því með öðrum hætti. Þá verður að leysa hana af hólmi og Alþingi á sjálft að ganga í málið. Þetta er alveg sáraeinfalt. Í Noregi er t.d. bara framvísað fylgiskjölum, að ég best veit, og síðan bara samkvæmt reikningum, nótum, kemur flutningskostnaðurinn fram, er gefinn upp. Þá er líka allt á tæru. (**ÖS:** Það er betri ríkisstjórn þar en hér líka.) Jú, að vísu, miklu betri núna. En það þurfti nú ekki einu sinni hana til. Ég held að Norðmenn hafi beitt svona jöfnunaraðgerðum lengi og reyndar fleiri. Þetta er tiltölulega einfalt í framkvæmd. Spurningin snýst bara um vilja.

Frú forseti. Ég vildi sérstaklega nefna þetta tvennt til sögunnar, þ.e. spurninguna um útkomu þeirra vörubíla sem eru í sérstökum verkefnum, hvort hægt sé að taka með einhverjum hætti á því í tengslum við afgreiðslu þessa máls og hvað sé að frétta af aðgerðum eða ekki-aðgerðum ríkisstjórnarinnar í sambandi við jöfnun flutningskostnaðar.

[18:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er einkum tvennt sem ég vil ræða hér. Fyrri liðurinn varðar flutningskostnaðinn og þau gjöld sem honum fylgja og virðisaukaskatturinn bætist svo við, en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem var að ljúka máli sínu talaði einnig um þetta.

Ég hélt satt að segja að til að lagfæra þá stöðu sem kemur upp varðandi flutningskostnað á þau svæði landsins sem lengst er að keyra til, þ.e. á Norðaustur-, Norðvestur- og Austurland, ætluðu menn sér að fara þá leið að búa til endurgreiðslufyrirkomulag varðandi flutningana og að reynt yrði að leysa þetta mál á þann hátt. Þannig hafði ég skilið það þegar við vorum að fjalla um þetta síðast. En það virðist ekki vera svo. Ég segi því eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að ég vil fá skýringar á því hvers vegna það er ekki talin fær leið að menn sýni einfaldlega fram á starfsemi sína og akstursvegalengdir og eigi síðan rétt á endurgreiðslu og í samræmi við það verði einnig hægt að meta það til lækkunar á flutningi á þeim leiðum þar sem kostnaðurinn er hæstur. Þetta mundi síðan vonandi endurspeglast í vöruverði hjá þeim neytendum sem búa á þessum svæðum, því þeir kaupa þá vöru sem flutt er og greiða flutningskostnaðinn, ásamt skattinum til ríkisins í gegnum vaskinn.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að víkja að, hæstv. forseti, varðar ökutæki sem eru með varanlega áföstum búnaði til sérstakra nota. Til dæmis ökutæki sem notuð eru við snjómokstur og eru með sérstakri tönn. Hún er venjulega tekin af á vorin og menn nota þá bifreiðarnar til einhvers annars. Ég ætlaði aðallega að fá skýringar frá hæstv. fjármálaráðherra varðandi þá útfærslu. Ég geri síðan ráð fyrir því að þetta mál komi ekki bara inn í efnahags- og viðskiptanefnd heldur einnig til samgöngunefndar og menn fái tækifæri til að fara gaumgæfilega í gegnum það vegna þess að það skiptir verulegu máli varðandi samgöngur hér á landi. Ég held að menn þurfi að vanda sig við þetta verk núna þannig að það finnist í þessu einhver vitræn niðurstaða, eins og stundum er sagt, og menn sitji ekki uppi með eitt klúðrið enn þá.

[18:18]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt að reyna að svara spurningum hv. þingmanna en ég held hins vegar að það sé rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að í þessum efnum höfum við ekki höndlað sannleikann, alla vega ekki enn ef hægt er að tala um það að menn höndli sannleikann einhvern tíma yfirleitt.

Hv. þm. Kristján Möller spyr um dráttarvélar gagnvart vörubílum en eins og fram kemur í greinargerð og í máli mínu þá er um það að ræða að dráttarvélar verði raunverulega skilgreindar sem vinnuvélar og falli þar með undir undanþáguna. Þó að auðvitað sé eitthvað líkt með því sem slíkar vinnuvélar geta unnið á vörubílum þá held ég að það sé talsverður munur á þeim farartækjum. Ég á ekki sérstaklega von á því að það muni valda erfiðleikum í þessu en auðvitað veit maður aldrei fyrir fram hvað mönnum dettur í hug í þessum efnum frekar en öðrum.

Í öðru lagi spyr hann um námuökutækin. Ég held að sú breyting sem hér er lögð til muni frekar auðvelda þær skilgreiningar og koma á því réttlæti sem hægt er í því sambandi.

Það er auðvitað rétt hjá honum að það er hætta á því að menn svindli í þessu og svíkist undan. Við þekkjum það því miður og það getur auðvitað alveg eins verið í kringum slökkvibíla, svo mikilvægir sem þeir eru, eins og annað en ég held að við munum aldrei komast algerlega frá því.

Hann spurði sérstaklega um holræsabifreiðarnar. Þær eru klárlega nefndar í greininni sem fjalla um undanþágurnar, þ.e. þau tæki sem eru með varanlega föstum búnaði

þannig að ég held að það svari spurningunni í þeim efnum. Ég hef ekki neinar tölur um innheimtustöðuna og tel reyndar að það sé varla tímabært að fara út í einhverja samanburðarfræði hvað varðar, ég tel að það sé rétt hjá hv. þingmanni þó það sé kannski ekki endilega á þeim forsendum að það sé svo mikið magn í kútum og tönkum víða um land að það geri útslagið. Að sama skapi tel ég að sú skýrsla sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að kalla eftir, þ.e. skýrsla eða úttekt á stöðunni, að vart sé tímabært að taka saman slíka skýrslu, við þurfum frekari tíma til að átta okkur á hver áhrifin verða.

Ég hef ekki sérstakar upplýsingar um hvernig staðan er hjá vörubílum sem eru yfir 10 tonn og eru í sérhæfðum verkefnum eins og snjóruðningi en það er sjálfsagt að reyna að leita eftir þeim upplýsingum og koma þeim á framfæri við hv. efnahags- og viðskiptanefnd þegar hún fjallar um frumvarpið.

Síðan hvað flutningskostnaðinn varðar og jöfnun hans þá hef ég engu að bæta við það sem fram hefur komið hjá hæstv. iðnaðarráðherra, það eru engar nýjar fréttir um hvað er að gerast í þeim efnum. Ég er hins vegar ekki alveg tilbúinn til þess, án þess að hafa skoðað það sérstaklega, að skrifa upp á þær tölur sem hv. þingmaður var með um hvaða áhrif þetta hefði á vöruverðið, án þess að ég sé endilega að segja að hann hafi rangt fyrir sér. En áður en ég hef farið yfir þetta sjálfur eða látið gera það þá vil ég ekki skrifa upp á þetta hér og nú.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi einnig jöfnun flutningskostnaðar og á sömu forsendum og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Ég átta mig hins vegar ekki alveg á hvað hann vildi að ég útskýrði frekar varðandi þessi tæki sem eru með varanlega föstum búnaði, eftir hverju hann var sérstaklega að leita umfram það sem ég var áður búinn að nefna. En það er verið að leitast við að ívilna þeim sem eru með tæki af þessum toga þannig að jafnvel þótt þeir noti dísilolíu þá greiði þeir ekki gjald nema þá vegna þess sem fer í eyðslu við akstur á vegum og þá hvernig er farið með vegina. Það er verið að reyna að nálgast þetta út frá sanngirnissjónarmiði og auðvitað er það ekki alltaf auðvelt eða einfalt og ekkert sjálfsagðara en að hv. nefnd fari yfir það í þessu ljósi. En einhvers staðar verður að draga mörkin og það er hlutverk okkar í þessu eins og svo mörgu öðru að gera það.

Hins vegar varðandi hið nýja kerfi í heild þá held ég að það hafi marga mjög góða kosti. Ég veit ekki hvort menn hafa endilega lagt upp með að það yrði í öllum efnum einfalt en alla vega hvað um þann stóra fjölda sem dags daglega keyrir um á dísilbifreiðum þá held ég að kerfið sé einfaldara og að því leytinu sé breytingin jákvæð. Það heyrir maður hjá fjölda manns.

Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, við höfum ekki höndlað sannleikann í þessu enn sem komið er og gerum það kannski aldrei en þetta frumvarp og reyndar annað sem er á leið inn í þingið er tilraun til að gera þetta kerfi eins skaplegt og frekast er unnt og ég vonast til þess að jafnvel þó að menn séu ekki sammála þá virði þeir viðleitnina til þess.

[18:25]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að ég hef tekið þátt í því að reyna að gera þetta gallaða kerfi betra úr því að það var samþykkt hér og er hlynntur því að framlengja þann frest þar sem olíugjaldið var lækkað vegna þess hve þetta er orðið miklu hærra en við ætluðum verð per olíulítra.

Það eru tvö til þrjú atriði sem ég vildi gera stutta athugasemd við hæstv. ráðherra og spyrja hann út í hvort hann óttist ekki að það hreinlega komi kæra vegna þess að menn sitji ekki við sama borð, líkt og í þeim dæmum sem ég tók áðan, t.d. með námubíla, sem stundum eru kallaðir búkollur, og vörubíla. Við skulum segja að það séu bara tveir óskyldir aðilar sem eiga svona tæki og þeir eru að bjóða til verktaka til að taka þátt í vinnu við verk. Þeir sitja ekki við sama borð. Annar aðilinn þarf að borga hátt olíugjald, hinn ekki og þeir eru að vinna á sama svæði. Þetta getur engan veginn gengið að mínu mati.

Annað atriðið, sem er raunar hinu skylt, snýr að dráttarvélum. En ég hygg að á næstunni, eftir þessa breytingu verði töluverður innflutningur á dráttarvélum. Það munu margir færa sig yfir í það, t.d. sveitarfélögin, og vörubílar verði þá eitthvað minna notaðir. Ég velti þá fyrir mér dæmi eins og þegar verið er að keyra t.d. þökum á vegum sveitarfélags, annars vegar með vörubíl sem þarf þá að borga olíugjald og hins vegar með dráttarvél með sturtuvagni sem þarf þá ekki að borga olíugjald. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann óttist þá ekki að t.d. þessir vörubílaeigendur muni hreinlega kæra það að þeir sitji ekki við sama borð?

Nú ætla ég ekkert endilega að tala um hvort allt eigi að vera gjaldskylt eða ekki, þetta snýst ekki um það. Þetta snýst um þessa jafnræðisreglu.

Í þriðja lagi, virðulegur forseti, samkvæmt reglugerðinni sem gefin verður út eru slökkvibílar, þ.e. körfu- og dælubílar undanþegnir en aðrir bílar í eigu slökkviliðsins sem eru geymdir í sama húsi og fara að sama eldsvoðanum eru það ekki. Hvar ætlum við að enda í þessum vitleysisgangi?

[18:27]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan veit maður aldrei hverju maður á von á, þótt það séu kannski ekkert sérstaklega kærur. En leikurinn er auðvitað gerður til þess að bæta úr (Gripið fram í.) ég var að segja það, ég óttast þær ekkert sérstaklega en ég veit ekki hverju ég á von á. En leikurinn er til þess gerður að reyna að bæta úr og reyna að gera þetta þannig að það sé sem mest jafnræði í þessu. Við munum síðan sjá hvernig til tekst. Það eru allir sammála um að hér er um flókið mál að ræða og við verðum síðan að sjá hvað menn eru sáttir við og hvað menn eru ósáttir við. Fyrir fram vitum við það ekki nákvæmlega en ég tel að það sem við erum að leggja til hérna sé frekar til þess fallið að við náum þeim markmiðum sem við höfum verið að lýsa yfir og lýsa eftir.

[18:29]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Umræðan um þetta litla frumvarp, um breyting á lögum um olíugjald og kílómetragjald, hefur farið

töluvert yfir í umfjöllun um flutningskostnað og þess háttar, sem eru ekki nýjar fréttir. Af því að hæstv. ráðherra vitnaði til þess sem byggðamálaráðherra hefði sagt, að ekki væri á dagskrá að lækka þetta gjald neitt, þá vil ég nefna að forveri þessa gjalds, olíugjaldsins, þungaskatturinn var hækkaður svo mikið í tíð núverandi ríkisstjórnarflokka og tekjurnar urðu svo miklar í ríkissjóði að menn urðu að finna nýja leið þegar olíugjaldið var tekið upp vegna þess að þá var ekki hægt að hafa olíugjaldið svo hátt að það bitnaði á öllum sem kaupa dísilolíu. Þá var þetta aukagjald búið til sem er kílómetragjald fyrir bíla sem eru 10 tonn og þyngri.

Þessi svakalega skattheimta ríkisins af flutningastarfsemi er náttúrlega með ólíkindum. Þegar verið er að flytja matvörur milli landshluta, í flestum tilvikum frá höfuðborgarsvæðinu og út á land, eða vörur á vegum fyrirtækja, hráefni til iðnaðarframleiðslu eða annars, eða fiskflutningar sem hafa heldur betur aukist milli landshluta til að halda uppi atvinnu á stöðunum, þá kemur þessi svakalega skattheimta ríkisins af allri flutningastarfsemi þannig að helmingur af flutningsgjöldum rennur beint í ríkissjóð, í ríkiskassann hjá hæstv. fjármálaráðherra Árna M. Mathiesen. Á mannamáli: Ef vörur væru fluttar norður á Akureyri á einum flutningabíl og flutningsgjöldin af þeim farmi væru 200 þús. kr. rynnu 100 þús. kr. beint í ríkissjóð af þeim flutningi. Finnst hæstv. fjármálaráðherra þetta vera jafnrétti eða jafnræði? Þetta er í raun og veru eitthvert mesta óréttlæti sem viðgengst núna og engan veginn hægt að sætta sig við það. Það er heldur engan veginn hægt að sætta sig við að hæstv. byggðamálaráðherra sem talar á tyllidögum, í samkvæmisræðum og á framboðsfundum um að nauðsynlegt sé að niðurgreiða þetta gjald eða finna einhverja leið til að lækka það, kemur svo í tíma og ótíma hér í ræðustól Alþingis og segir að því miður verði bara ekkert gert. Allt bendir til þess að það sé vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn stoppi málið og vilji ekki fara þá leið. Því segi ég, virðulegi forseti, og mundi fagna því ef hæstv. fjármálaráðherra tæki undir: Ég held að við ættum að prófa það kerfi að setja fyrst í flutningabílana aksturskubbana sem sprotafyrirtæki á Íslandi er að þróa, og er ef til vill komið hvað lengst í í heiminum, og freista þess að lækka flutningsgjöld með því að leyfa þeim bílum að keyra á ákveðnum tímum á miklu lægra gjaldi til að byrja með. Mundum við þá ekki sjá hvort við gætum lækkað flutningsgjöldin hvað það varðar? Við þessa aðferð þurfum við ekkert leyfi frá ESA eða hvað þetta apparat heitir úti í Brussel sem hæstv. byggðamálaráðherra skýlir sér stundum á bak við.

Við höfum það á valdi okkar á hinu háa Alþingi að lækka þessa skattheimtu alveg eins og við lækkum tekjuskatt á einstaklingum eða tekjuskatt á lögaðilum. Það er með öðrum orðum, virðulegi forseti, alveg óþolandi hvernig vegna þessara háu gjalda, þungaskatturinn og það sem á eftir kom, olíugjaldið, íþyngir allri atvinnustarfsemi og lífi fólks. Eins og hér hefur komið fram leggst svo virðisaukaskattur ofan á allt saman. Gera menn sér t.d. grein fyrir því, gerir hæstv. fjármálaráðherra sér grein fyrir því að í flutningsgjöldum frá þessum fyrirtækjum núna, hvort sem þau koma til almennings eða fyrirtækja, er orðinn sérstakur liður í lokin sem heitir „sérstakt álag vegna olíugjalds“?

Virðulegi forseti. Það er engan veginn hægt að sætta sig við þetta kerfi þó svo að menn hafi ætlað að einfalda leiðina og fara betri leið eins og hæstv. ráðherra talaði um, og ég get vissulega tekið undir að það er full ástæða til að einfalda kerfið og greiða fyrir olíuna um leið og henni er dælt úr olíutanki í staðinn fyrir að greiða sérstakt gjald eins og gert var áður. Það getur vel verið að það sé gott enda átti þetta að vera til þess. Megintilgangur olíugjaldsfrumvarpsins á sínum tíma var að auka notkun landans á litlum sparneytnum dísilbílum til að freista þess að minnka útgjöld þjóðarbúsins í þeim efnum. Ég held að sú hafi ekki orðið reyndin að margir litlir sparneytnir bílar, dísilbílar, hafi komið til landsins vegna þess að olíuverðið er svo hátt og olíugjaldið er svo hátt. Þær hagsbætur sem áttu að verða af frumvarpinu, að litlum sparneytnum bílum fjölgaði í umferðinni á Íslandi, hafa ekki komið fram. Hins vegar hefur allt það versta komið fram, þ.e. sérstakt kílómetragjald á flutningastarfsemi, hátt olíugjald og hátt olíuverð. Við sjáum, virðulegi forseti, hvaða áhrif þetta hefur haft á flutningastarfsemina á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að lögin tóku gildi, frá 1. júní síðastliðnum, og ofan á allt annað sem gengur í gegn í þjóðfélaginu eins og sterk króna og vandi sjávarútvegsfyrirtækjanna. Skyldu þessi háu flutningsgjöld ekki vera til að auka enn frekar erfiðleika sjávarútvegsfyrirtækja, sérstaklega á landsbyggðinni, sem flytja fisk milli hafna til vinnslu á viðkomandi stað? Og ofan á sterka krónu og ofan á litlar tekjur sem sjávarútvegsfyrirtækin fá í dag fyrir afurðir sínar er þetta enn þá meira íþyngjandi. Þetta höfum við séð í gögnum sem við höfum fengið frá fiskvinnslufyrirtækjum, eins og rækjufyrirtækjum vestur á fjörðum sem nefndu þetta sem lið númer tvö, þ.e. háan flutningskostnað við að flytja hráefni eða fullunna vöru milli staða.

Ég ætla að enda mál mitt á því að minna menn á að síðan hefur það gerst að strandsiglingum hefur verið hætt þannig að núna er allt flutt á vegunum og flutningskostnaðurinn vex og vex og íþyngir fyrirtækjum og almenningi á landsbyggðinni miklu meira en áður var. Ríkisstjórnin ætti að láta af þeim ljóta leik að búa til þessa landsbyggðarskatta og íþyngja þannig atvinnustarfsemi og lífi fólks úti á landi eins og hún gerir með þessum hrikalega háu gjöldum.

[18:36]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Það er augljóst að hv. þingmaður hefur miklar áhyggjur af því hvernig lífið gengur fyrir sig úti á landsbyggðinni og það er auðvitað eðlilegt fyrir mann sem er búsettur þar og er þingmaður fyrir landsbyggðarkjördæmi. Ég held samt að það sé dálítið mikil einföldun í því sem kemur fram hjá honum að þetta frumvarp og það skipulag sem hér um ræðir hafi jafngríðarlega mikil áhrif á allt lífsumhverfið og hann vill meina, hvort heldur hann ræðir um áhrif á vöruverðið eða áhrif á sjávarútveginn hvað þá rækjuiðnaðinn. Ég held að það séu mjög miklar ýkjur að breyting á olíugjaldskerfi og þungaskattskerfi sé atriði númer tvö hvað rækjuiðnaðinn varðar. Þar er auðvitað fyrst og fremst um að ræða offramboð á erlendum mörkuðum, verðið er lægra, það er erfiðara um veiði. Olíuverð er hátt til útgerðarinnar en á þeirri olíu er ekkert olíugjald þannig að flutningskostnaður innan lands á milli fyrirtækja hlýtur

að vera fyrir neðan alla þá þætti sem ég nefndi. Hins vegar er það rétt hjá hv. þingmanni að þetta eru hlutir sem við þurfum alltaf að hafa í huga þegar fjallað er um þessi mál því að auðvitað skipta þeir allir máli.

Því má heldur ekki gleyma að einhvern veginn verðum við að fjármagna vegagerðina og við höfum valið að gera það á þennan hátt, með gjaldtöku á þá sem vegina nota. Annars staðar eru svipuð kerfi við lýði. Eins hafa menn uppi hugmyndir um að gjaldheimtan af eldsneytinu ætti ekki að vera sérstaklega til vegagerðar heldur ætti hún að vera af umhverfisástæðum og ætti að réttlætast af því. Á þeim forsendum ætti hún jafnvel að vera enn þá meiri en hún er í þessu tilviki. Það eru því mörg sjónarmið og margir fletir sem koma upp í þessari umræðu. Við ættum ekki að gera of mikið úr þeim vandamálum sem erum að reyna að leysa úr í þessu efni því að kostirnir eru umtalsvert miklu fleiri en gallarnir.

[18:39]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka skýrt fram að ég held að ég hafi ekki verið að ýkja neitt í þeim efnum sem ég fór yfir, um þau gríðarlegu áhrif sem þungaskatturinn hafði áður og olíugjaldið hefur núna. Það voru engar ýkjur um skattheimtu ríkissjóðs af flutningastarfsemi, sama hvort var í gamla þungaskattskerfinu eða nýja olíugjaldskerfinu, helmingurinn af flutningsgjöldunum rennur sem skattur til ríkissjóðs.

Hvað varðar rækjuiðnaðinum sem ég nefndi og hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra þekkir þau vandamál mjög vel þá er það alveg hárrétt sem hann taldi hér upp; offramboð, lægra verð, erfiðari veiði hérlendis og hátt olíuverð. En það er dálítið merkilegt að rækjufyrirtækin vestur á fjörðum hafa fjallað um háan flutningskostnað við að flytja rækju til og frá verksmiðjunum. Þar voru há flutningsgjöld nefnd sem dæmi um vanda þeirra. Svo einkennilega sem það kann að hljóma í eyrum hæstv. fjármálaráðherra þá var það nú svo.

Varðandi skattheimtuna og það kerfi sem hér hefur verið rætt um, og ég ætla ekki að útlista frekar í stuttu andsvari, þá er líka, eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði, verið að huga að fjármagni til vegagerðar. Í tölum frá FÍB er skattheimta af umferð og bifreiðainnflutningi o.fl., sem menn kalla stundum skatt af umferð, í kringum 32 milljarðar kr. á ári. Aðeins 14 milljarðar af þeirri upphæð renna í heildarpakka til Vegagerðarinnar á ári. Það er því dálítið umfram hvað það varðar. Þetta sýnir kannski það sem ég hef verið að benda á, virðulegi forseti, hina ofboðslegu skattheimtu og gjöld af þessari starfsemi sem renna í alls konar sköttum beint til ríkissjóðs aftur.

[18:41]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þeir 14 milljarðar sem hv. þingmaður nefndi eru einmitt gjöldin af notkuninni. Við ætlum að láta notkunina standa undir vegakerfinu. Annað er bara hluti af hinni almennu tekjuöflun ríkisins. Um þetta hefur verið sátt í langan tíma. Ýmsir fjármálaráðherrar, forverar mínir, hafa kannski verið misjafnlega duglegir að finna upp nýja skatta í þessum efnum og ég ætla ekki að rekja það sérstaklega hverjir voru uppátektarsamastir í því.

[18:42]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við lok umræðunnar vil ég bara segja um þetta litla frumvarp og þær breytingar sem hér er verið að gera að þó svo að þær hafi leitt til annarrar umræðu er það engu að síður mikilvægt og gott að hafa átt viðræður á hinu háa Alþingi við hæstv. fjármálaráðherra um þetta hvað varðar tekjuhliðina.

Virðulegi forseti. Ég hvet að lokum hæstv. fjármálaráðherra til að setja sig vel inn í alla þá skatta sem leiða af flutningastarfsemi og renna beint í ríkiskassann og til hvers þeir leiða gagnvart atvinnulífi á landsbyggðinni og lífi fólks í vöruverði og öðru slíku. Menn geta svo spurt hve mikill hluti af bensíngjaldinu, hve mikill hluti af olíugjaldinu o.fl. eigi að renna til Vegagerðarinnar til framkvæmda. Eins og ég sagði áðan var heildarskattheimta af umferð, bifreiðainnflutningi, bensíngjaldi, olíugjaldi, gúmmígjaldi og hvað þetta allt heitir, 32 milljarðar síðast þegar FÍB reiknaði þetta út. Innan við helmingurinn af þeirri upphæð rennur til vega- og samgöngumála, þar með talið reksturs Vegagerðarinnar, þjónustu Vegagerðarinnar og nýbygginga sem er ekkert allt of stór hluti af þessum 14 milljörðum. Ég man ekki hvort það nær 6 milljörðum eða hvort það eru bara 5 milljarðar á þessu ári. Þetta sýnir okkur að skattheimtan af umferðinni er langtum meiri en við höfum talað um hér og ekki nema lítill hluti hennar rennur til samgöngubóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:44.

---

27. FUNDUR

þriðjudaginn 22. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Dýravernd, stjfrv., 312. mál, þskj. 339. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 313. mál, þskj. 340. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 314. mál, þskj. 341. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Umhverfismat áætlana, stjfrv., 342. mál, þskj. 376. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 326. mál, þskj. 358. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 327. mál, þskj. 359. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 288. mál, þskj. 304. — 1. umr.

8. Réttarstaða samkynhneigðra, stjfrv., 340. mál, þskj. 374. — 1. umr.

9. Lögreglulög, frv., 46. mál, þskj. 46. — 1. umr.

10. Fiskverndarsvæði við Ísland, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.

11. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.

12. Stjórnarskipunarlög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.

13. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

Athugasemdir um störf þingsins.

Röðun mála á dagskrá.

[13:33]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Svo háttar til á dagskránni í dag að 8. málið, Réttarstaða samkynhneigðra, stjórnarfrumvarp, sem er samkomulagsmál og mál sem ég reikna með að flestir þingmenn vilji sjá að fái afgreiðslu sem allra fyrst, er á eftir umræðu um 7. dagskrárlið sem er Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu sem jafnframt er vitað að er ágreiningsmál og mun þurfa töluverða umræðu.

Hæstv. forsætisráðherra flytur mál um réttarstöðu samkynhneigðra og ég óska eftir því fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar að gerð verði sú breyting á dagskrá að mál nr. 8 á dagskránni verði tekið fyrst til umræðu.

[13:34]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill taka skýrt fram að mál nr. 7 á dagskrá, Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, er eldra í röð þingmála, hefur áður verið sett á dagskrá þingsins og því er eðlilegt að það sé á undan því frumvarpi sem hv. þingmaður ræðir um. Það skiptir ekki máli í sjálfu sér hvort það er einhvers konar samkomulag á milli hv. þingmanna um þingmálið, það er samt sem áður sett á dagskrá.

[13:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er að sönnu rétt ef skoðuð eru þingskjalsnúmer þessara mála að frumvarpið um réttarstöðu samkynhneigðra er yngra og seinna fram komið. Það er líka mál sem lengi hefur verið beðið eftir og menn fagna að er hér fram komið og engin ástæða til að ætla annað en að góð samstaða geti orðið um að afgreiða það fljótt og vel. Mönnum finnst þarf af leiðandi fara vel á því að það sé tekið fyrir fyrst á þessum fundi, umræðu um það lokið og það afgreitt til nefndar. Það breytir að sjálfsögðu engu um það þó að þingskjalsnúmer mála séu mismunandi, hægt er að haga fyrirtöku þeirra á fundinum eins og menn vilja og eins og forseti með samkomulagi við þingmenn ákveður. Og ef samstaða væri um að greiða götu þessa máls og byrja á því mundi ég telja að það færi mjög vel á því. Það er alveg ljóst að um 7. dagskrármálið er mikill ágreiningur, það tengist málapakka sem ýmist eru fram komin eða óframkomin og er hluti af miklu stærra og umdeildara samhengi og mun kalla á mikla umræðu.

Ég tek eindregið undir þá ósk eða tillögu að forseti víki þannig til röð mála og spyr að því hvort nokkur sé því andvígur og ef svo er ekki, hvort ekki sé þá einboðið að verða við þessari tillögu að 8. málið verði tekið fyrir fyrst að afloknum atkvæðagreiðslum.

[13:36]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel það frekar einkennilega ósk sem er hér fram komin. Forseti hefur fært rök fyrir því af hverju dagskráin er svona upp sett. Það var jafnframt rætt um þetta á fundi formanna þingflokka með forseta. Það hefur því alltaf legið fyrir að þessi tvö mál væru til umræðu og er einmitt raðað þannig upp í vikuplaninu, auk þess sem auglýst og kynnt dagskrá hefur legið fyrir með þessum hætti. Ég sé ekki ástæðu til að breyta því. Öll þessi mál þurfa að fá framgang á þinginu og þó svo að núna hafi verið tilkynning um að menn ætluðu að ræða eitt mál öðru fremur mjög lengi sé ég ekki ástæðu til að fara að breyta röðinni á þessari stundu. Ég tek undir með forseta að dagskráin er svona og rétt að ræða málin í þessari röð.

[13:37]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt að um það var samkomulag að þessi mál yrðu tekin fyrir í dag. En það hvarflaði ekki að mér á þeim fundi að mál sem hæstv. forsætisráðherra flytur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, mál sem ætla má að sé samkomulagsmál, mál sem mikið hefur verið í umfjöllun og allir vita að lögð er áhersla á að verði afgreitt héðan sem allra fyrst, væri ekki fyrst á dagskrá. Virðulegi forseti. Ekki hvarflaði annað að mér en að forgangsröð þingsins væri sú að hæstv. forsætisráðherra væri fyrstur á eftir atkvæðagreiðslum.

[13:38]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Vissulega var dagskráin kynnt á fundi með formönnum þingflokkanna í þeirri röð sem hér kemur fram en það er ekki ófrávíkjanleg regla að fara nákvæmlega eftir dagskránni eins og hún liggur fyrir. Það er í valdi hæstv. forseta að breyta röðun mála eftir því sem efni standa til og hefur það oft verið gert.

Ég tel, hæstv. forseti, að með þeirri beiðni að breyta röðun þingmála í dag séu stjórnarandstöðuflokkarnir hreinlega að flýta fyrir afgreiðslu mála og undirstrika að full samstaða sé í þingheimi um að stuðla að afgreiðslu og framgangi 8. dagskrárliðarins. Því er þessi beiðni fram komin.

[13:39]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefði verið minnsta mál að ræða þetta á fundum þingflokksformanna. Ég sé ekki að rökin sem hér hafa verið dregin fram eigi að vera einhver rök fyrir því að breyta dagskránni núna. Þingmenn hafa gert ráð fyrir dagskránni með með þessum hætti. Ekki hefur verið hægt að tilkynna þessar breytingar og það er ekkert sem kallar á það á þessu augnabliki að breyta röð þingmála á dagskránni í dag. Mér finnst því einboðið að við höldum okkur við hana.

[13:40]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Þessar umræður koma mér mjög á óvart. Það er verið að tala um að fara eftir dagskrá sem löngum hefur verið krafa stjórnarandstöðunnar.

Í annan stað virðist mér menn reyna að stækka sig ofurlítið á því dagskrármáli sem heitir Réttarstaða samkynhneigðra. Við skulum bara ganga í það í friði og án hávaða að bæta réttarstöðu samkynhneigðra og gera það ekki að einhverju uppþotsmáli í þinginu. Um þetta er fullt samkomulag. Við erum ýmsir sem höfum verið þeirrar skoðunar að þörf sé á frumvarpi eins og þessu, eins og fram hefur komið í opinberum yfirlýsingum á ýmsum tímum, án þess að maður hafi reynt að tylla sér á tá eða stökkva upp á stein þess vegna til að láta bera á sér. Ég held að rétt sé að menn haldi ró sinni og gangi með alvöru að þessu máli og án þess að vera með uppþot.

[13:41]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég tek undir orð hv. 2. þm. Norðaust. Halldórs Blöndals um að menn haldi ró sinni og taki á þessum málum af skynsemd. Auðheyrt er á þingmönnum að þeim finnst eðlilegra að fyrst sé tekið til umræðu mál nr. 8 á dagskránni, Réttarstaða samkynhneigðra. Það er mál sem lengi hefur verið beðið eftir að kæmi inn í þingið og er í sjálfu sér tímamótamál þó að ég sé alveg sammála hv. þm. Halldóri Blöndal um að ekki eigi að vera neitt uppþot í kringum það mál, enda hefur enginn nefnt það nema sá hv. þingmaður að uppþot eigi að vera í kringum það.

Mér finnst bara eðlilegt, frú forseti, að þetta mál komi á undan. Mál nr. 7, Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, er mjög umdeilt mál, hefur reyndar áður komið inn í þingið og var þá vísað aftur heim. Ekkert knýr á um að það megi ekki bíða í klukkutíma, eða ekki get ég séð rökin fyrir því. (Gripið fram í.) En það er alveg furðulegt að þetta er í annað skiptið sem troða á þessu máli hæstv. iðnaðarráðherra inn í umræðu um önnur mál. Síðast þegar verið var að ræða skýrslu utanríkisráðherra var reynt að troða því inn í þá umræðu miðja, formanns Sjálfstæðisflokksins, og nú á troða því aftur fram.

Mér finnst, frú forseti, að ef það er eitthvert vandamál að taka ákvörðun á staðnum eigi að fresta fundi og forseti ræði við formenn þingflokka um að þessari röðun mála sé hagað til þannig að þingheimur sé sáttur.

[13:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Menn finnst menn taka undarlega í þessa beiðni sem er fullkomlega málefnaleg og hefur þau augljósu rök fyrir sér að byrja á þeim málum sem full samstaða er um og ekki er ástæða til að ætla að þurfi langa umræðu en geyma hin, sem vitað er að kalla á langa umræðu og eru umdeild og mikil skoðanaskipti verða um, þangað til aftar á fundinum. Það er iðulega gert, frú forseti. Ég er undrandi á því hversu forsetar eru allt í einu orðnir rígfastheldnir á að taka öll mál fyrir samkvæmt númeraröð á dagskrá. Öðruvísi mér áður brá, segi ég nú bara. (Gripið fram í.) Það veit vonandi á gott. Að eftirleiðis verði t.d. ekkert gert með óskir ráðherra um að rútta til dagskránni fram og til baka eftir því hvenær þeim þóknast að vera viðstaddir af því að númeraröðin sé alveg heilög og hvergi megi frá henni víkja.

Það var gaman að því að fyrrverandi forseti þingsins, hv. 1. þm. Norðaust., kom hér upp og kannaðist ekkert við að það hafi nokkurn tíma gerst að menn færðu mál eitthvað til á dagskrá. Nei, nei, enda býr hann ekki að mikilli þingreynslu (Gripið fram í.) þannig að hann þekkir þetta ekki langt aftur í tímann.

Það sem verið að gera hér er að fara fram á það í allri hógværð að mál þetta sem mönnum er annt um og vilja gjarnan greiða götu þess, mönnum finnst góður svipur á því að taka það fyrir fyrst á fundinum. Það eru náttúrlega ótal fordæmi fyrir því, svo öllu gamni sé nú sleppt, að víkja þannig til röð dagskrármála ef samstaða og samkomulag er um það. Ef það er hins vegar svo að hitt málið, virkjunarmál hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sé slíkt heilagt forgangsmál ríkisstjórnarinnar að engin tök séu á því að verða við þessari beiðni stjórnarandstöðunnar þá verður að hafa það en það hlýtur þá að vera ástæða. Ég sé ekki að neitt annað geti verið á ferðinni en að ríkisstjórnin telji hitt málið svo brýnt og það skuli hafa slíkan algeran forgang og þá harma ég það. Ég held að farið hefði mjög vel á því að taka hitt málið hér í rólegri og yfirvegaðri umræðu, enda hefur enginn mælt á neinn annan hátt nema ef vera skyldi hv. 2. þm. Norðaust. sem misskildi algerlega þær óskir stjórnarandstöðunnar sem hér hafa verið fluttar.

[13:46]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég vil taka undir orð forseta og ekki síður hv. þm. Halldórs Blöndals, fyrrverandi forseta, hins margreynda forseta, að hér eru á dagskrá a.m.k. tvö mál, tvö mikilvæg og góð mál. Og það þarf ekkert að rifja það upp að venjan er sú að formenn þingflokka koma saman á fundi með forseta reglulega til þess að skipuleggja vikuna og það er þá vettvangurinn ef formenn þingflokka hafa einhverjar sérstakar óskir um uppröðun mála. Mér vitanlega hafa slíkar óskir ekki komið fram fyrr en núna að þingfundur er hafinn. Þess vegna get ég ekki annað en tekið undir með hv.

þm. Halldóri Blöndal að þetta sé einkennileg uppákoma. Menn láta eins og það eigi bara að tala um eitt mál í dag, en það eru a.m.k. tvö mál til umræðu og er það ekki ætlunin að ræða þau mál og koma þeim til nefndar?

Menn hljóta nú að geta tjáð hug sinn til þessara mála, hvort sem samstaða er um þau eða ágreiningur, á þeim tíma sem er ætlaður. Menn geta þá talað hér fram eftir kvöldi og fram á nótt þess vegna ef þeim er mikið niðri fyrir og hafa nægan tíma til þess í nefndum og í 2. og 3. umr. Frú forseti, ég hvet til þess að þingstörfin haldi áfram eftir þeirri dagskrá sem hefur verið undirbúin.

[13:48]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég verð nú eiginlega að lýsa aðdáun minni á forustu stjórnarandstöðunnar hér í þingsalnum í dag. (**Gripið fram í:** Heyr, Heyr. Þar kom að því.) Uppfinningasemi þeirra í því að finna sér átyllur til þess að vekja á sér athygli eru engin takmörk sett. Mér þykir hins vegar leiðinlegt að það skuli vera á kostnað samstöðu um hið ágæta mál forsætisráðherra um að bæta réttarstöðu samkynhneigðra.

Ef jafnmikil samstaða er um málið og stjórnarandstaðan hefur lýst þá breytir það nákvæmlega engu um framgang þess hvort það er tekið fyrir sem fyrsta dagskrármál á eftir atkvæðagreiðslum eða annað dagskrármál — nema leikurinn sé til þess gerður að tefja fyrir því máli sem þeir segja umdeilt og vilja helst ekki ræða hér, eins og maður hefur orðið var við áður. Ef það er þá er það ljótur leikur og ekki í anda lýðræðisins. Þá hefðu þingflokksformennirnir átt að taka það upp á fundi með forseta áður en þingfundur hófst.

Svo ætla ég nú að lýsa því yfir að þó að hv. þm. Jón Bjarnason hafi skoðun á því hvernig dagskráin á að vera þá er það ekki vilji þingheims sem þar kemur fram. Því legg ég til að við göngum til dagskrár eins og hún liggur fyrir. (**JBjarn:** Ertu nú viss um það?)

[13:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég held að við eigum ekki að tefja tímann lengur, við eigum að ganga til dagskrár eins og hún er prentuð hér. Samkynhneigt fólk í þessu landi hefur beðið svo lengi eftir bættri réttarstöðu að það hefur ábyggilega þolinmæði með Valgerði Sverrisdóttur til að bíða í einn dag.

Dýravernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 312. mál (EES-reglur, prófun á snyrtivörum). — Þskj. 339.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 313. mál. — Þskj. 340.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 314. mál (gæðastjórnun og innra eftirlit). — Þskj. 341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umhverfismat áætlana, frh. 1. umr.

Stjfrv., 342. mál. — Þskj. 376.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 326. mál (hækkun sjómannaafsláttar). — Þskj. 358.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 327. mál (sérstakt kílómetragjald). — Þskj. 359.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 1. umr.

Stjfrv., 288. mál (vatnsaflsrannsóknir, leyfi o.fl.). — Þskj. 304.

[13:53]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Á síðasta þingi lagði ég fram frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum sem ætlað var að leysa af hólmi lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Afgreiðslu frumvarpsins var frestað en hins vegar lagði iðnaðarnefnd fram nýtt frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu þar sem kveðið var á um rannsóknir á vatnsaflsvirkjunum. Frumvarp iðnaðarnefndar hlaut ekki afgreiðslu en er nú lagt fram að nýju með þeirri breytingu að ákvæði til bráðabirgða er fellt niður.

Í því ákvæði var kveðið á um að iðnaðarráðherra skyldi skipa nefnd sem í ættu sæti fulltrúar allra þingflokka auk þriggja fulltrúa frá Samorku og tveggja fulltrúa sem skipaðir væru af iðnaðarráðherra. Hlutverk nefndarinnar átti að vera að gera tillögur um með hvaða hætti valið er á milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laganna og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Í bráðabirgðaákvæðinu var jafnframt kveðið á um að iðnaðarráðherra skyldi skipa starfshóp sérfróðra manna sem skyldi vera nefndinni til aðstoðar við greiningu á atriðum sem máli skipta við val á umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laganna. Starfshópurinn hefur nú þegar verið skipaður og mun á næstunni skila áfangaskýrslu. Í kjölfarið verður skipuð nefnd sem mun gera tillögur um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um leyfi á grundvelli laganna.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins var samkeppni í vinnslu raforku innleidd hér á landi við gildistöku raforkulaga, nr. 65/2003. Var ráðherra jafnframt veitt vald til að veita virkjunarleyfi á grundvelli laganna en fyrir gildistöku þeirra var vald ráðherra bundið því skilyrði að Alþingi hefði áður með sérstökum heimildarlögum veitt honum heimild til slíks. Fyrir gildistöku raforkulaga hafði Landsvirkjun jafnframt forgang til virkjunar vatnsafls í samræmi við skyldu sína til að sjá öllum sem þess óskuðu fyrir raforku. Nú þegar þessi forgangur Landsvirkjunar er ekki lengur til staðar hafa fleiri orkufyrirtæki sýnt vatnsaflsvirkjunum áhuga. Samkvæmt gildandi lögum hefur sá sem stundar rannsóknir á vatnsafli hins vegar ekki forgang til nýtingar, öfugt við það sem á við um jarðvarma, eða tryggingu fyrir því að fá rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan komi til þess að annar aðili fái nýtingar- eða virkjunarleyfi á viðkomandi svæði. Eru orkufyrirtækin tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli vegna þessa en heppilegt getur talist. Er því talið nauðsynlegt að tryggja að aðeins einn aðili fái rannsóknarleyfi á hverju svæði og jafnframt að hann geti fengið rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan ef nýtingar- og virkjunarleyfi er veitt öðrum aðila. Einnig verður að ætla að það sé þjóðhagslega óhagkvæmt að fleiri en einn aðili kosti sams konar rannsóknir á sömu stöðum þegar ljóst er að aðeins einu virkjunarleyfi verður úthlutað.

Í samræmi við framangreint er lagt til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu:

Í fyrsta lagi að gildissvið laganna verði víkkað þannig að lögin taki til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Við þessa breytingu munu ákvæði laganna, einkum ákvæði í III. kafla, um rannsóknir og leit, taka til slíkra rannsókna eftir því sem við á.

Í öðru lagi er samhliða þessu í 2. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að rannsóknarleyfi séu veitt einum aðila með þeirri undantekningu að hafi aðilar sammælst um rannsóknir og sæki sameiginlega um rannsóknarleyfi skuli heimilt að veita þeim það sameiginlega. Dæmi eru um slíkt varðandi jarðhita og líklegt talið að slíkt geti komið upp varðandi rannsóknir á vatnsorku. Er því talið rétt að taka af tvímæli um að heimilt sé að veita rannsóknarleyfi sameiginlega til fleiri en eins aðila standi þeir saman að umsókn og hafi áður gert samkomulag sín á milli um kostnaðarskiptingu.

Loks er í 3. gr. frumvarpsins mælt fyrir um endurkröfurétt þeirra sem fengið hafa rannsóknarleyfi og lagt í kostnað við rannsóknir en fá af einhverjum ástæðum ekki leyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður sem endurgreiða beri sé í samræmi við rannsóknaráætlun og í beinum og efnislegum tengslum við fyrirhugaða nýtingu. Í 7. gr. gildandi laga er einungis kveðið á um að landeigandi geti krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað sem landeigandi eða aðilar á hans vegum hafi haft af rannsóknum á auðlindum á eignarlandi hans. Rétt er að slíkur endurkröfuréttur eigi við um alla þá sem fengið hafa rannsóknarleyfi og lagt í kostnað á grundvelli þess enda geti rannsóknarniðurstöður nýst nýtingarleyfishafa.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að rekja nánar efni frumvarpsins og vænti þess að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[13:59]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og kemur fram í máli hæstv. iðnaðarráðherra þá er þetta liður í virkjunar- og stóriðjuáformum iðnaðarráðherra, þ.e. að slá saman í eitt rannsóknarleyfi og virkjunarleyfi á vatnsföllum. Áður fóru menn út í rannsóknir án þess að hafa tryggingu fyrir því að þeir fengju líka virkjunarleyfi, eins og ráðherra hefur gert grein fyrir, en nú á að slá þessu saman þannig að þegar rannsóknarleyfi er veitt er í rauninni verið að veita virkjunarleyfi.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er það sem rekur svona ofboðslega á eftir þessu nú að málið er keyrt með þessu offorsi hér inn í þingið? Ég kalla það offors þegar verið er að troða þessu máli inn í ræður formanns Sjálfstæðisflokksins og hæstv. utanríkisráðherra og svo aftur hér. Hvað er það sem rekur á eftir þessu? Hefði ekki verið nær hjá ráðherranum að ræða byggðamál, stöðu Byggðastofnunar? Er það ekki meira knýjandi en álvæðing landsins?

Ég vil því spyrja ráðherrann: Hvaða fljót er það sem liggur svona á að fá virkjunarleyfi fyrir? Eru það jökulvötnin í Skagafirði? Er það Skjálfandafljót? Er það kannski Jök-

ulsá á Fjöllum? Er það Langisjór? Hvaða vötn eru það sem ráðherranum hæstv. liggur nú svo á að fá virkjunarleyfi fyrir? Ég vil fá svör við því, frú forseti.

[14:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hélt hér ákaflega einkennilega ræðu. Málið er að eins og lögin eru í dag þá fer enginn í rannsóknir vegna vatnsaflsvirkjana, í fyrsta lagi vegna þess að þeir hafa engan forgang um það að fá nýtingarleyfi en kannski enn þá frekar vegna þess að þeir hafa enga vissu fyrir því að fá þann kostnað endurgreiddan sem þeir hafa lagt í rannsóknir , fái þeir ekki nýtingarleyfið þegar þar að kemur. Það ríkir óvissuástand og þess vegna reyndi ég síðastliðinn vetur að bæta úr með því að leggja fram frumvarp í þinginu sem var til umfjöllunar í iðnaðarnefnd en varð ekki afgreitt. Þrátt fyrir að hv. þingmaður hafi andstyggð á öllum virkjunum má hann ekki reyna að koma í veg fyrir að það séu lög í landinu sem kveði á um hvernig skuli halda á málum í þeim tilfellum sem aðilar vilja fara í rannsóknir vegna hugsanlegra vatnsaflsvirkjana og leggja í þær fjármagn. Það er ómögulegt að hafa þetta eins og þetta er. Mér gengur ekki annað til en að koma málum í það horf sem ég tel algerlega nauðsynlegt upp á framtíðina.

[14:03]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra svaraði ekki því sem hún var spurð um. Ég spurði: Af hverju liggur svo á að fá þessi virkjunarleyfi? Það kom fram í svari ráðherrans að rannsóknarleyfi er það sama og virkjunarleyfi því að enginn vill fara í rannsóknir nema hafa vissu fyrir því að hann fái líka virkjunarleyfi. (Gripið fram í.) Það kom fram hjá ráðherranum. **(Gripið fram í:** Nei.)

En ég vil fá svör. Liggur svona á og liggja fyrir beiðnir um rannsóknarleyfi á vötnunum í Skagafirði á Skjálfandafljóti, á Langasjó? Er það þetta sem rekur nú á eftir því að ráðherrann vill setja þetta hér fram fyrir alla aðra umræðu í málaflokkum sem heyra undir atvinnu- og byggðamálaráðherrann? Fram fyrir alla aðra umræðu skal þetta mál keyrt, þ.e. heimild til að ráðstafa virkjunarleyfum í jökulsánum í Skagafirði, í Skjálfandafljóti, í Langasjó. Það er þetta sem er forgangsmál hjá hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins. Hefðum við ekki viljað sjá hér frekar umræðu um byggðamál, stöðuna þar, um stöðu útflutningsatvinnugreinanna í stóriðjuæði Framsóknarflokksins? Ég krefst þess vegna svara, frú forseti. Er það vegna þess að það þarf að úthluta virkjunarleyfum í jökulsánum í Skagafirði (Gripið fram í.) sem er mesta áhugamál framsóknarmanna greinilega og í Skjálfandafljóti? (Gripið fram í.) **(BJJ:** Þú átt að lesa frumvarpið.) Ég vil fá svör við þessu. Liggja fyrir beiðnir nú þegar um að fá þessi rannsóknar- og virkjunarleyfi? Er það þess vegna sem ráðherrann er að böðla þessu í gegnum þingið sem lið í stóriðju- og álvæðingu landsins?

[14:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi ekki kynnt sér þetta mál alveg nægilega vel til að taka þátt hér í umræðu. Þetta mál er því algerlega óviðkomandi hvort fyrir liggja beiðnir í iðnaðarráðuneytinu í sambandi við rannsóknarleyfi. Við erum að fjalla um rannsóknarleyfi. Þetta er lagt til til þess að setja lög í landinu sem varða það hvernig eigi að halda á málum í sambandi við vatnsaflsvirkjanir til framtíðar þar sem núna ríkir ekki lengur sú staða sem var þar til raforkulögin voru samþykkt, þ.e. að Landsvirkjun hafði í raun einokun í sambandi við virkjunarframkvæmdir í vatnsafli. (Gripið fram í.) Nú eru breyttir tímar og nú þurfum við að taka tillit til þess og setja lög í landinu þannig að lífið geti haldið áfram. Það er nefnilega eins og hv. þingmenn Vinstri grænna hræðist öll ný frumvörp sem koma fram á hv. Alþingi. Svo er verið að tala um að eitthvert óðagot sé á iðnaðarráðherranum við að leggja fram frumvarp í þessu skyni. Það er náttúrlega bara út í hött. Það hefði átt að vera búið að taka þetta fyrr á dagskrá og forseti lagði sig fram um það. En það tókst ekki fyrir helgina þar sem hv. þingmenn virtust ekki treysta sér til að taka hér kvöldfund.

[14:06]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason beindi fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra um hvað lægi á og ekki var að heyra að hæstv. ráðherra vildi svara þessu beint út. Ég held að ég verði að svara fyrir hana. Það sem liggur á er einmitt að til umræðu voru þrjú ný álver. Það eru tvö í byggingu. Því virðist liggja mikið á. Það liggur mjög mikið á í Framsóknarflokknum. Þessu máli er kippt fyrst á dagskrá og það er greinilegt að þetta er algert forgangsverkefni. Ég er á því að það verði að ræða hvað liggi á.

Hæstv. ráðherra segir að verið sé að laga eitthvert óvissuástand. Hvaða óvissuástand er verið að ræða? Það er einhver samkeppni fyrirtækja á raforkumarkaði? Hvaða fyrirtæki eru þetta? Þetta eru fyrirtæki í opinberri eigu. Þetta eru fyrirtæki sem eru í eigu Reykjavíkurborgar annars vegar og ríkisins þannig að það er ekki eins og hæstv. ráðherra ráði ekki neinu. Hún er með sína menn í stjórnum þessara fyrirtækja. Ég sé því ekki að þetta mál eigi að vera í forgangi. Ég hefði talið skipta meginmáli fyrir fólkið í landinu sem borgar rafmagnsreikningana að fá skýringar á því hvers vegna reikningarnir hafa hækkað svo. Mig langar þess vegna að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort við ættum ekki einmitt að ræða þau mál áður en við ræðum þessi mál um einhverja samkeppni opinberra fyrirtækja sem ráðherra hefur í hendi sér hvað gera.

[14:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það var mikill skaði að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra skyldi ekki eyða eins og tveimur mínútum í að rekja sögu þessa máls, fara yfir frumvarp sitt frá því í fyrravetur og viðtökurnar sem það fékk og hver urðu þess endalok. Hæstv. ráðherra skaut sér á bak við það að iðnaðarnefnd, sem var reyndar ekki öll iðnaðarnefnd, ef ég

man rétt, heldur meiri hluti hennar, hafi flutt frumvarp eða lagt (Gripið fram í.) fram nýtt frumvarp í framhaldi af því að frumvarpi ráðherrans frá því í fyrravetur hinu stóra var hent. Hæstv. ráðherra hefði kannski átt að rekja það aðeins hvað í þeim málatilbúnaði fékk þvílíka falleinkunn að leitun er að öðru eins í sögunni. Það er leitun að öðru eins í þingsögunni, alla vega á seinni árum, að stjórnarfrumvarp frá einum hæstv. ráðherra hafi fengið jafnhroðalega útreið og frumvarp ráðherrans til laga á þskj. 459 á síðasta löggjafarþingi, um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, fékk.

Ég er hér með umsagnabunkann. Hann er nokkuð myndarlegur, frú forseti. Það er kannski ástæða til að bregða honum upp. Þvílík er falleinkunnin sem málatilbúnaður ráðuneytisins fékk frá velflestum umsagnaraðilum að það þarf að leita lengi, tel ég, til að finna (Gripið fram í.) annað eins. Ég veit það, hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Ég veit hvaða mál ég er að tala um öfugt við kannski suma aðra. Ég er að vísa í frumvarpið sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra lagði fram í fyrra og var hent eftir allmikla umfjöllun í iðnaðarnefnd. (Gripið fram í.) Það var eins og formaður iðnaðarnefndar sjálfur vitkaðist í störfum nefndarinnar og bar gæfu til að leggja það til að frumvarpinu yrði hent því það væri ónýtt. Þá var saminn þessi litli kálfur, þessi litli bastarður sem endurgengur svo í lífdagana hér fluttur núna af hæstv. ráðherra. Nú eru þessi ósköp orðin stjórnarfrumvarp og það á að fara mikla fjallabaksleið, vægt til orða tekið, til að ná fram meginmarkmiði ráðherrans. Og hvað er það? Það er að úthluta því sem eftir er af virkjanlegum orkukostum í vatnsafli á Íslandi til orkufyrirtækjanna til að þau geti helgað sér land, geti eyrnamerkt sér þau álitleg vatnsföll og stór sem eftir eru og menn hafa ekki þegar komið klónum í í gegnum það að tryggja sér virkjunarréttinn með samningum við landeigendur, uppkaupum á jörðum eða öðrum slíkum hætti. Þess vegna liggur á. Og hver er rökstuðningur ráðherrans? Það kemur hér fram í greinargerð, með leyfi forseta, að: „samkvæmt gildandi lögum hefur sá sem stundar rannsóknir á vatnsafli hins vegar ekki forgang til nýtingar," — aha! — „öfugt við það sem á við um jarðvarma, eða tryggingu fyrir því að fá rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan komi til þess að annar aðili fái nýtingar- eða virkjunarleyfi á viðkomandi svæði." — Svo kemur aðalatriði málsins. — „Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu" — já, þeir eru svona vel upplýstir, þeir eru í svona góðum tengslum við orkufyrirtækin — „hefur komið í ljós að orkufyrirtækin eru tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli vegna þessa en heppilegt getur talist."

Hér er nokkuð huglægt mat á ferðinni. Iðnaðarráðuneytið er óánægt með að ekki skuli vera enn þá meira í gangi, að menn skuli ekki vera bara komnir í öll vatnsföll sem renna á Íslandi. „Það eru nokkur eftir og þetta gengur ekki. Þið verðið að drífa ykkur líka í Skjálfandafljót, jökulvötnin í Skagafirði, í Hólmsá og þetta sem eftir er og þegar er ekki búið að helga."

Nú vita menn það að orkufyrirtækin hafa verið hér eins og ónefnd dýrategund hlaupandi um landið og míga utan í aðra hverja þúfu til að helga sér hana. En það standa kannski nokkur út af og það er ekki nógu gott, segir iðnaðarráðuneytið. „Áfram með ykkur." En er nokkur vá fyrir dyrum gagnvart t.d. orkuöflun í þágu landsmanna á næstu árum? Nei. Það bíða margir fullrannsakaðir virkjunarkostir í velflestum landshlutum. Það er ekki um það sem þetta snýst. En eigi að keyra öll stóriðjuáformin áfram á fullu og samsíða, kannski þrjú stór álversverkefni í viðbót á næstu fimm til tíu árum, þá þarf auðvitað mikið að gerast. Þá þarf að sópa upp hér um bil öllum virkjunarkostum sem álitlegir eru eftir í vatnsaflinu, líka vegna þess að menn treysta því ekki að jarðhitann sé hægt að taka inn í jafnstórum stökkum og einföldum áföngum eins og sumar áætlanir gera þó ráð fyrir. Það er almennt viðurkennt að heppilegra er að taka jarðhitasvæðin þannig í notkun að það sé byrjað rólega og borað og aflað upplýsinga um svæðin og síðan virkjað í áföngum. Þess vegna treysta menn því ekki að hægt verði að mæta öllum þessum gríðarlegu þörfum, þreföldun til fjórföldun álframleiðslu á Íslandi, að gera Ísland eitt af stærstu álútflutningslöndum heimsins með um 5% heimsframleiðslunnar, ef allt gengi eftir sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra Framsóknarflokksins dreymir um. Álvæðing Íslands er hér sem sagt í húfi. (Gripið fram í.) Hér er auðvitað byrjað svo gjörsamlega á öfugum enda að ég hef eiginlega sjaldan séð annað eins í lagasetningu.

Hér tókst að hindra frumvarpið í fyrra (Gripið fram í.) sem er til marks um það sem væntanlega er í vændum ef hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra kemur fram vilja sínum. Ég hef ekki mikla trú á því að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafi skipt mikið um skoðun. Hvað fólst í þessu frumvarpi? (Gripið fram í.) Í þessu frumvarpi fólst — og það er áfram stefna iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins samanber frumvarp til vatnalaga — að leggja undir orkugeirann allt forræði á allri auðlindanýtingu á Íslandi og ýta umhverfisstofnunum og umhverfisaðilum burt. Það var það sem þetta snerist um, þ.e. að leggja t.d. undir orkugeirann, undir iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun vatnið eins og það leggur sig með því að skilgreina vatn í fyrsta skipti í lögum sem jarðræna auðlind og það ekki bara svona rennandi vatn eða stöðuvötn, nei, vatn og aðrar orkulindir sem vinna má úr landi og úr jörðu hvort heldur er í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Iðnaðarráðuneytið skal ráða þessu öllu og orkugeirinn hafa þetta á sínu forræði. Og út með umhverfishliðina.

Það var að vonum að stofnanir sem fara með umhverfismál á Íslandi létu ekki bjóða sér þetta og lögðu til, sumar hverjar, að frumvarpinu yrði hent. (**Iðnrh.:** Þær létu einmitt bjóða sér þetta.) Létu nú aldeilis bjóða sér þetta? Þarf að lesa fyrir hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra t.d. upp úr umsögn Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar? Ég veit að vísu að hæstv. umhverfisráðherra var svo stór í stykkinu að ráðast á undirmenn sína og skamma þá fyrir að hafa sjálfstæða skoðun og faglegan metnað og láta ekki bjóða sér hvað sem er í umhverfismálum. En svo langt er búið að lemja þetta lið niður í tíð þessarar ríkisstjórnar með skoðanakúgun og ólýðræðislegum vinnubrögðum fram í fingurgóma að maður hrósar því orðið ef menn standa upp fyrir hönd síns málstaðar og síns fags og láta í sér heyra. Þannig er búið að fara með menn með algeru ofríki þeirra sem keyra áfram stóriðjustefnuna. Náttúrufræðistofnun sagði með eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun Íslands telur það mikla vankanta á frumvarpinu að rétt sé að afturkalla það."

Er þetta að láta bjóða sér frumvarpið, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra? Það var lagt til að frumvarpið yrði afturkallað, það væri ónýtt eins og það legði sig. Það var bent á hvernig verið væri að valta yfir allt sem héti eðlileg aðkoma þeirra sem fara með stjórnsýslu, eftirlit og verndarmál á sviði umhverfis í þessum málatilbúnaði. Hér er gamall fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra og hvað segir hann? Ætlar hann að þegja þunnu hljóði um þessi mál? Ég fer bara að lýsa eftir Samfylkingunni? Hvar er hún í þessum efnum? (**ÖS:** Umræðan er að byrja.) Þessi vinnubrögð og þessi málatilbúnaður er með endemum. Það þarf einhver að segja það, að frekjan í þessu liði gengur ekki. Það er ekki hægt að láta bjóða sér það uppi á Íslandi á árinu 2005 að nýtingarsjónarmið og græðgi vaði yfir allt og ýti öllu til hliðar sem menn hafa þó verið að reyna að byggja upp og þróa í umhverfismálum, a.m.k. alls staðar annars staðar en þá á Íslandi, síðustu 20–25 ár — kröfur um sjálfbæra nýtingu, sjálfbæra þróun, sjálfbæra framvindu um aðild almennings, umhverfisverndarsamtaka og félagasamtaka að þessum málum. Forneskjan er við völd á Íslandi í þessum efnum. Hvar er Árósasamningurinn, svo dæmi sé tekið? Ísland skrifaði undir hann fyrir löngu en honum er haldið niðri í skúffu af því að ekki má hleypa félagasamtökum og umhverfisverndarsamtökum að þessum málum. Nei, iðnaðarráðuneytið verður að fá að ráða þessu. Umhverfisráðherrar á Íslandi eru svo hafðir í því ömurlega hlutskipti að snúa við þá sjaldan að koma faglegar niðurstöður sem falla náttúrunni í vil eins og hjá Skipulagsstofnun um Kárahnjúka. Hvað er þá gert? Þá er pólitísku handafli beitt og því er snúið við, jafnömurlegt og það er. Svo ætlar hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra á grundvelli þessa kálfs hér, þessa kálfseða kvígufrumvarps, að stytta sér svo hrottalega leið en viðurkenna þó að forsendur til að setja leikreglur í þessum efnum vantar. Það á allt eftir að vinna. En það liggur svo á (**Gripið fram í:** Af hverju sagðirðu kvígur?) — þetta er nú sama dýrategundin, nautkálfar og kvígur eru hvort tveggja kálfar, ég var að tala um kálf. Hefur hv. þingmaður ekki heyrt þá málvenju að kalla litla útgáfu af einhverju kálf? Lítil rúta er t.d. gjarnan kölluð kálfur. (Gripið fram í.) Lítil rúta er gjarnan kölluð kálfur. (Gripið fram í.) Já, já, hafið það eins og þið viljið.

Ég held að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra ætti að svara því, hverju sætir að ákvæði til bráðabirgða, sem var þó í frumvarpi iðnaðarnefndar í fyrra og var í stóra frumvarpi ráðherrans, er allt í einu fallið brott. Hvað segir í því ákvæði? Það er auðvitað til á prenti þó það hafi tapast niður. Í því segir, með leyfi forseta:

„Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti þrír fulltrúar frá Samorku. Þá skal iðnaðarráðherra skipa tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til."

Það er ekki lítið undir. Þessi vinna er sem sagt öll eftir. Það þarf ekki að skipa nefnd í þetta nema allt sé eftir. Hlutverk nefndarinnar sem átti að skipa í framhaldi af lagasetningunni var að vinna verkið sem sagt er að þurfi að vinnast til þess að hægt sé að úthluta rannsóknarleyfum og velja á milli mismunandi aðila á einhverjum málefnalegum forsendum. Sú vinna er enn eftir. Samt ætlar hæstv. ráðherra að fara af stað og úthluta rannsóknarleyfum. Á hverju á að byggja, ef fleiri en tveir sækja um, úr því að allar kríteríur vantar til að velja á milli þeirra? Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til.

Þetta segir auðvitað allt sem segja þarf. Það á þá að byrja á þessu og bíða með útgáfu leyfa þangað til, enda liggur ekkert á. Það er engin brýn nauðsyn, það er engin þörf sem kallar á flýtimeðferð þessara mála önnur en stóriðjutrúboð ríkisstjórnarinnar. Það eru margir stórir og smáir virkjunarkostir fullbúnir í landinu. Krafla, það er hægt að stækka hana. Tvær virkjanir í Neðri-Þjórsá, Núpavirkjun og Urriðafossvirkjun, meira og minna tilbúnar. Vatnsfellsvirkjun, komin í gagnið. Virkjun niðri í Sigöldulón tilbúin, bíðum bara. Fleiri stækkunarmöguleikar í jarðvarma, minni vatnsaflsvirkjanir hér og þar í landinu. Þetta er allt saman tilbúið þannig að ekki er orkuskortur fram undan, ekki í þágu almennra þarfa. Þótt hingað kæmu mörg lítil eða meðalstór iðnfyrirtæki sem notuðu 10, 20, 50 megavött af raforku í afli, ekkert vandamál. Miklu meira en nóg af fullrannsökuðum virkjunarkostum sem bíða en ef á að hella yfir þjóðina þremur stórum álverum í viðbót og fara í 1.200–1.400 þúsund tonna álframleiðslu innan kannski 10 ára, þá þarf auðvitað mikið til. Það er eins gott að menn átti sig á því. Það er rétt hjá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, þá er hægt að tala um tregðu, þá er hægt að tala um að orkufyrirtækin séu fulltreg í að rannsaka því þá þarf meira og minna að fara í alla virkjunarkosti sem eftir eru á Íslandi og ráðstafa þeim í eitt skipti fyrir öll, binda þá í útsöluverði til 40 ára í álframleiðslu og ekkert annað.

Menn skulu átta sig á því að það er ekki þannig að orkuforðinn í jarðvarma og vatnsafli, eins og hann hefur alla vega hingað til verið reiknaður, sé ótakmarkaður. Það gengur hratt á hann þegar menn byggja risavirkjun af því tagi sem nú er í gangi og menn eru farnir að bera víurnar í nánast öll háhitasvæðin og er nú fátt heilagt í þeim efnum. Ég veit ekki betur en Torfajökulssvæðið, Brennisteinsfjöll og hvaðeina sé allt saman fyrir sjónum virkjunaraflanna um þessar mundir þannig að það er ástæða til að staldra aðeins við það.

Auðvitað á að henda þessum málatilbúnaði eins og hann leggur sig. Hann er algerlega óframbærilegur hvernig sem á hann er litið. Ég hef þó ekki nefnt það sem er kannski að verða mesta hneykslið í þessu öllu saman og það er rammaáætlunin. Hvar er rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma? Áætlunin Maður – nýting – náttúra sem fór ágætlega af stað og þar sem merkileg vinna var unnin, að vísu var þetta verkefni illu heilli á forræði iðnaðarráðuneytisins frá byrjun, en hvar er það núna? Það er náttúrlega með endemum að sami ráðherra og á að heita yfirmaður, og er með rammaáætlunarvinnuna á sínu forræði, skuli taka svo

til orða í greinargerð með stjórnarfrumvarpi að það sé óheppilega mikil tregða í orkufyrirtækjunum að vaða af stað á nýjum svæðum á sama tíma og rammaáætlunin er afvelta og ekkert virðist með hana gert.

Muna menn ekki hvað átti að gera með rammaáætluninni? Það átti að fara skipulega yfir alla virkjunarkosti í vatnsafli og jarðvarma og gera það sem við hefðum betur gert fyrir 20–30 árum eins og t.d. Norðmenn. Það stóð til að ráða þessu upp, skoða umhverfisáhrifin, skoða framleiðslukostnaðinn og setja upp einhverja skynsamlega áætlun um í hvaða röð við vildum fara í þessa kosti. Hverjir koma best út? Hverjir eru bæði hagkvæmir í byggingu og hafa í för með sér lítil umhverfisáhrif, hverjir eru á hinum endanum? Hverjir eru svo slæmir frá sjónarhóli umhverfisins að það komi aldrei til greina að hrófla við þeim? Þessi vinna er eftir, því miður. Þetta verk er afvelta. Það á kannski að heita að það sé komið í einhvern starfshóp á nýjan leik en það hefur lítið af því frést núna um missira skeið. Hvað segja stjórnvöld við þessu? Hvernig stendur á því að þetta er svona? Hvar er núna hæstv. umhverfisráðherra? Af hverju heyrist ekki múkk frá þeirri hlið málanna? Auðvitað segir þetta allt sem segja þarf um áherslur ríkisstjórnarinnar um það hvað ekki er í forgangi. Það er í forgangi að taka virkjunarkostina á Íslandi eins og þeir leggja sig, sullast í þá alla. Því fyrr því betra, því meira því betra og ráðstafa þeim á útsöluprísum til erlendra álfyrirtækja. Draumurinn mikli um álvæðingu Íslands. Álvæðingu sem komi í staðinn fyrir annað atvinnulíf sem er á harðahlaupum úr landi eins og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra ætti manna best að vita.

Voru það ekki þekkingarfyrirtækin, hugbúnaðarfyrirtækin, sem funduðu síðast nú í vikunni sem leið. Og hver er staðan þar? Þau fá gylliboð frá útlöndum og gengi krónunnar og aðrar aðstæður hrekja þau úr landi í stórum stíl. Þar á meðal hafa tvö þeirra lagt niður nokkra tugi starfa á Íslandi á allra síðustu vikum, eru flutt til Kanada eða eitthvert.

Þetta er veruleikinn. En hæstv. ríkisstjórn keyrir áfram þennan snjóplóg í gegnum hið almenna atvinnulíf í landinu, ryður til hliðar störfum í sjávarútvegi, störfum í ferðaþjónustu, störfum í framleiðsluiðnaði og störfum í samkeppnisiðnaði og ryður hátækni- og þekkingarfyrirtækjunum úr landi. Ég hef spurt að því áður og get gert það enn: Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að standa með Framsóknarflokknum í þessum leiðangri til enda? Ætla menn að standa í brunarústum íslensks atvinnulífs í þágu þessarar stóriðjustefnu? Við skulum bara ræða þessa hluti eins og þeir eru. Stækkun í 460–480 þúsund tonn í Straumsvík, 250 þúsund tonna álver í Helguvík. Yfir 200 þúsund tonna álver á Norðurlandi til viðbótar því að í gær bárust fréttir af því að nú ætli menn að stækka hraðar á Grundartanga en áður stóð til, fara í 220 þúsund tonn strax í lok næsta árs. Við þekkjum stærðina 400 þúsund tonn fyrir austan, eða hvað það nú er, og einhverjar aðrar fabrikkur hefur hæstv. iðnaðarráðherra dreymt um eins og rafskautaverksmiðju í Hvalfirði, alveg sérstaklega félegt fyrirtæki sem tæki sinn skerf af mengunarkvótanum ef í það yrði farið. Þetta eru forgangsverkefnin og öllu er rutt til hliðar í þessa þágu. Menn gera ekkert með sjálfa sig og sínar eigin yfirlýsingar, t.d. eins og svardagann um vinnu að rammaáætlun um Maður – nýting – náttúra. Því er bara hent þegar þess þarf. Virkjunarkostir sem þar áttu að vera undir voru auðvitað teknir út þegar að því kom að einhver vildi virkja þar. Það var t.d. þannig. Kárahnjúkavirkjun var í upphafi inni í þeirri vinnu. Svo er bara ákveðið að ráðast í hana þó að það lægi þegar fyrir í bráðabirgðaniðurstöðum að hún kom verst út, næst á eftir Þjórsárverum og Jökulsá á Fjöllum. Það var meira vert að tveir af þremur kostum þarna voru báðir undir í virkjunaráformum stjórnvalda samtímis því að vinnan fór fram.

[14:29]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er kominn langt fram úr sjálfum sér í þessari umræðu og fór langt út fyrir umræðuefnið. Hér er verið að tala um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og snýr sérstaklega að rannsóknarleiðum tengdum vatnsfallsvirkjunum. Hv. þingmaður var kominn út í það að tala um virkjunarleyfi og þrjú álver sem hæstv. ríkisstjórn með hæstv. iðnaðarráðherra í broddi fylkingar ætlaði að reisa jafnvel á 5–10 árum. Hv. þingmaður er að tala gegn betri vitund í þessum efnum. Hann veit það t.d. að samkvæmt Kyoto-bókuninni, sem verður tekin til endurskoðunar árið 2012, höfum við einungis svigrúm til þess að byggja eitt slíkt álver upp á 240 þúsund tonn þannig að hv. þingmaður er að afvegaleiða umræðuna hér og það er ósköp eðlilegt að menn vilji horfa til framtíðar í þessum málaflokki sem öðrum og það er hastarlegt að heyra hv. þingmann tala gegn því að heimaaðilar t.d. í Skagafirði í samstarfi við aðra aðila eigi hugsanlega að geta fengið að rannsaka þær auðlindir sem eru fyrir í héraði, að heimamenn vilji horfa kannski til næstu 10–15 ára í þessum efnum. Það verða ekki reist nein þrjú álver á næstu 5–10 árum og hv. þingmaður veit það vel. Hér er einungis verið að koma til móts við heimamenn á þessum stöðum, að rannsakaðar verði þær auðlindir sem fyrir eru í héraðinu, og það var rangt sem hv. þingmaður sagði áðan um það samkomulag sem hér er í gildi. Öll iðnaðarnefndin flutti það mál á síðasta löggjafarþingi og það var undarlegt að heyra hv. þm. Sigurjón Þórðarson tala hálfpartinn gegn þessu máli áðan þar sem hann var flutningsmaður að tillögunni á síðasta löggjafarþingi. Staðreyndin er sú að Vinstri hreyfingin – grænt framboð var ein flokka hér á þingi á móti því að þetta frumvarp næði fram að ganga á síðasta þingi. Hér er um eðlilegt mál að ræða. Það er eðlilegt að fólk fái að rannsaka þær auðlindir sem fyrir eru á heimasvæði þess.

[14:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ætli það sé nú mikið út fyrir efnið að ræða aðeins um stóriðjustefnuna og virkjunaráformin og álversáformin í tengslum við þetta mál? Ætli hv. þingmaður, svo maður noti hans eigin orð, viti ekki betur? Ætli hann tali þar ekki gegn betri vitund? Eða hver er tímapressan? Af hverju liggur svona á? Vill hv. þingmaður útskýra það fyrir mér af hverju liggur svona á? Samt er það ekki á nokkurn hátt tengt neinum áformum um virkjanir eða stóriðju. Nei, nei, þetta er bara rannsóknarmál.

Við skulum átta okkur á því fyrir það fyrsta, hv. þing-

maður, að málið snýst um virkjunarrannsóknir. Það á að fara að leggja í mikinn kostnað og það er m.a. verið að tryggja væntanlega virkjunaraðila, festa þá í sessi eða tryggja þeim endurgreiðslu ef svo ólíklega vildi til að þeir fengju ekki virkjunarréttinn. Það er ekki eins og þetta séu grunnrannsóknir bara til að auka við þekkingarforða landsmanna almennt á landafræði, jarðfræði eða náttúrufræði á þessum svæðum. Nei, þetta snýst um virkjunarrannsóknir enda er frumvarpið um þá hluti, eins og hv. þingmaður veit. Svo kemur hv. þingmaður hér og segir að talað sé gegn betri vitund, að í undirbúningi séu þrjú ný álver, eða tvö ný og stórfelld stækkun á einu, og allir hljóti að sjá að það rúmist ekki nema eitt innan Kyoto-bókunarinnar. Þá spyr ég á móti: Er verið að hafa menn að fíflum? Er verið að hafa hina tvo að fíflum? Er ekki svo að þessi áform séu í undirbúningi með iðnaðarráðuneytinu? Það er samningsaðili að undirbúningi, bæði í Helguvík og á Norðurlandi. Er hann þá að leika einhvern gráan leik? Er verið að telja þeim í Straumsvík trú um það í einhverri vitleysu að þeir gætu mögulega fengið að stækka? Við skulum þá fá þá umræðu upp á borðið. Hver af þessum þremur á að fá að fara af stað ef aðeins er pláss fyrir einn? Hvernig á að velja hann úr? Er það fyrstur kemur, fyrstur fær? Við þurfum að fá umræðu um málið eins og það leggur sig og eins og það liggur fyrir. Ef ekki er um að ræða nema eitt álver þá er spurning hvort ekki liggi þá þegar fyrir fullrannsakaðir virkjunarkostir (Forseti hringir.) sem út af fyrir sig nægja því.

[14:33]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur mér á óvart ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, náttúruverndarsinninn sjálfur, hefur ekki vitað hvert svigrúm okkar er innan Kyoto-bókunarinnar þar sem hann var á móti á sínum tíma að við bæðum um einhverjar undanþágur í þeim efnum. Ég man ekki betur. Ég held að hv. þingmaður viti þetta allt saman. Hann reynir að þyrla því upp að á næstu 5–10 árum komi þrjú stór álver hér á landi. Hv. þingmaður sagði áðan að þetta væri allt í pípunum en hann veit að af því getur ekki orðið.

Það er rangt sem hv. þingmaður segir hér að eina áhersluatriði ríkisstjórnarinnar sé stóriðja. Við erum að setja 2,5 milljarða í nýsköpun og styðja við hinar ýmsu greinar. Hv. þingmaður rótar því í gruggugu vatni og drepur umræðunni á dreif. Ég fæ bara ekki séð, hæstv. forseti, hvernig stjórnmálahreyfingin Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur verið á móti því að heimamenn fái rannsakaðar þær auðlindir sem eru á viðkomandi svæði. Svo er það reyndar tilfellið að verði þetta að veruleika er ekki endilega víst að álver verði fyrir valinu. Það eru til fleiri kostir í þeim efnum sem tengjast raforkunotkun hér á landi. Við horfum langt fram í tímann.

Það er beinlínis rangt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir hér um gengi krónunnar. Gengi krónunnar er ekki komið til út af álversframkvæmdum hér á landi. Hv. þingmaður veit það. Það eru 35 milljarðar sem streyma inn í hagkerfið á þessu ári í tengslum við álversframkvæmdir og á meðan eru spákaupmenn að versla með íslensk verðbréf úti í heimi fyrir 130–140 milljarða á miklu skemmri tíma. Við skulum setja þetta í heildarsamhengi en hv. þingmaður virðist ekki hafa mikinn áhuga á því.

[14:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt að hin nýja hagfræðikenning Framsóknarflokksins gengur út á það að stóriðjan hafi engin áhrif haft þarna. Það sé allt saman misskilningur hjá Seðlabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, OECD og okkur hinum eða innlendum hagfræðingum sem hafa haldið slíku fram. Það er hagfræðideild Framsóknarflokksins, undir forustu Birkis J. Jónssonar, sem veit betur. Þetta er allt saman misskilningur. Það eru aðrir hlutir sem settu þetta af stað. Ég held að hv. þingmaður ætti að boða til fundar með Seðlabankanum og útskýra þetta fyrir þeim.

Ég veit vel um þessar mengunarkvótahugmyndir og hef m.a. spurt að því hér, ég held að ég hafi meira að segja nefnt það í síðustu viku í þinginu, hvernig menn ætli að takast á við m.a. þau mál. Ég spurði: Er það þannig að fyrstur kemur, fyrstur fær? Er kapphlaup skollið á milli þessara þriggja eða jafnvel fjögurra aðila? Er það m.a. vegna þess að sá þeirra sem fyrstur kemst í gegn vonast til þess að fá ókeypis mengunarkvóta, að fá að menga óbætt?

Staðreyndin er sú að allir þrír aðilarnir vinna samkvæmt því að áform þeirra geti orðið að veruleika. Það er dálítið sérkennilegt að heyra svo talsmenn stjórnarflokkanna eða Framsóknarflokksins koma hér og segja: Nei, nei, þetta er misskilningur, það er bara pláss fyrir einn. Það getur bara einn farið af stað. Hvernig stendur þá á því að iðnaðarráðuneytið er samningsbundið með fyrirtæki á sínum vegum, Markaðsskrifstofan í eigu iðnaðarráðuneytisins og Útflutningsráðs er aðili að samningum um undirbúning álvers, bæði í Helguvík og á Norðurlandi? Ég hygg að það sé reyndar ekki beinn aðili að stækkunaráformum Alcan í Straumsvík en þau áform eru á fullri ferð og verið var að gefa út starfsleyfi um daginn af hálfu umhverfisráðuneytisins. Allir þessir þrír aðilar eru í þeirri trú að þeir geti farið af stað innan eins til þriggja ára og þess vegna verið tilbúnir með framkvæmdir sínar 2010–2012. Þetta liggur fyrir. Þetta er veruleikinn og ráðuneytið er með í þessu og styður að því er virðist öll þessi áform. Eitthvað gengur því ekki alveg upp hér. Og ég held að það sé ekki ég sem á hér í erfiðleikum eða (Forseti hringir.) sé einhverri mótsögn við sjálfan mig heldur talsmenn stjórnmálaflokks sem svona standa að málum.

[14:38]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að rifja upp hvernig þessi mál stóðu í fyrravetur. Það var auðvitað þannig, og flest af því kom fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að hér voru á ferðinni frumvörp, annars vegar um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum og hins vegar frumvarp til vatnalaga. Þá lá líka fyrir að frumvarp um vatnsvernd lægi í drögum hjá umhverfisráðuneytinu. Þessi mál öll eru auðvitað hluti af því að taka vatnalagabálkinn til endurskoðunar. Gagnrýnin á meðferð þessara mála er ekki síst sú að menn skuli ekki hafa unnið heildstætt að þeim þannig að hægt væri að gera sér grein fyrir öllum breyting-

um sem ættu að gerast og stefnumörkunin væri þá í heilu lagi.

Frumvarpið um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum var ekki nógu vel unnið. Það komu gríðarlega margar athugasemdir við það og iðnaðarnefnd fór yfir þær. Það var samt svo að alveg fram á síðustu daga þingsins var því statt og stöðugt haldið fram að það mál skyldi í gegnum þingið. Okkur sem í nefndinni vorum þótti ekki vel að málum staðið þarna og töldum ómaksins vert að reyna að koma í veg fyrir að mál sem svo illa væri á vegi statt yrði gert að lögum. Það er rétt, það var niðurstaðan að ég tók þátt í því í iðnaðarnefnd, og við samfylkingarmenn, að afgreiða frumvarp um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það var gert sem sáttaleið til þess að losna undan því að málið sem ég nefndi fyrr færi í gegn. Það var ekki svo að við værum ánægð með það sem stóð í þessu frumvarpi og að það uppfyllti vonir okkar um endurskoðun á þessum lögum, því að áhersla okkar í þessum málum hefur t.d. alltaf verið sú að gengið yrði frá því með skýrum hætti hvernig velja ætti á milli aðila til að nýta auðlindir. Ég verð að segja alveg eins og er að meðan ekki liggja fyrir almennilegar niðurstöður um það get ég ekki verið ánægður með stöðu þessara mála. Það er gjörsamlega fráleitt að ákveðið sé með einhvers konar handstýrðum hætti hverjir fái að nýta auðlindir á Íslandi. Það er gjörsamlega óviðunandi.

Ég botna ekkert í stjórnarliðum að þeir skuli ekki hafa meiri metnað hvað þetta varðar en fram kemur ítrekað í lagasetningu á þeirra vegum á undanförnum árum. Auðvitað átti að vinna þessi mál þannig að niðurstaða fengist í þau, niðurstaða sem gæti síðan harmónerað við það að setja auðlindir af þessu tagi inn í stjórnarskrána sem sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar. Um slíkar auðlindir hlýtur að þurfa að gilda að þar séu almennar reglur þar sem jafnræðis verður gætt gagnvart þeim sem nýta þær og þær geti ótvírætt verið þess vegna áfram í eigu þjóðarinnar um aldur og ævi. Það er auðvitað ekki niðurstaðan ef menn gefa út einhver rannsóknarleyfi sem síðan leiða af sér leyfi á leyfi ofan þar til menn hafa nýtingarleyfi um aldur og eilífð. Þannig er málum háttað hvað varðar nýtingu á jarðhita á Íslandi. Ég segi þess vegna að það sé spurning hversu langt sé hægt ganga í því að standa með stjórnarliðum í þessu máli. Við gerðum það í fyrra vegna þess að við mátum stöðuna svo að ef við gerðum það ekki færi málið í heild í gegn eins og það var lagt fyrir, þ.e. um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum.

Ég vildi segja þetta fyrst en mig langar líka til að ræða málið aðeins í framhaldi af þeim umræðum sem fóru fram hér um álver og stóriðju á Íslandi. Að mínu viti er það svo að iðnaðarráðuneytið og stjórnvöld eru að undirbúa í fullri alvöru þau virkjunaráform og stóriðjuáform sem eru í gangi. Vilji þeirra hefur komið fram, annars vegar til þess að ná því fram að Ísland fái meiri undanþágu en það hefur hvað varðar mengun og hins vegar að innflutningur á mengunarkvóta til þess að framleiða ál á Íslandi verði líka til staðar. Mér finnst menn ekki mega hoppa fram hjá þeirri staðreynd að komið hefur fram hjá þeim sem hér ráða að þetta sé það sem menn vilji. Sú umræða hefur ekki verið tekin hvort Íslendingar séu sammála því að ef hægt væri að fá keyptan mengunarkvóta úti í heimi væri sjálfsagt að koma með hann hingað eða hvort eðlilegt sé að Íslendingar sækist eftir mengunarkvóta sem fengist með meiri undanþágu en nú þegar er til staðar.

Mér finnst það bera vott um að hægri höndin viti ekki alltaf hvað sú vinstri gjörir þegar rætt var um umhverfismat áætlana hér fyrir ekki löngu síðan. Í þeirri lagasetningu er ekki gert ráð fyrir neinni áætlun um stóriðju á Íslandi. Auðvitað ætti ekki síður að vera til einhvers konar áætlun um jafngríðarleg áform og þau sem innifalin eru í vilja ríkisstjórnarflokkanna til stóriðjuframkvæmda á Íslandi. Þau ættu nú aldeilis erindi inn í lagatexta af því tagi sem þar var ræddur en þau eru ekki þar.

Það er auðvitað til marks um að þarna eru misvísandi hlutir á ferðinni. Pólitísk niðurstaða ríkisstjórnarflokkanna var sem sagt sú að mestu mengunarvandamálin sem fyrirfinnast í áætlunum á vegum stjórnvalda ættu ekki heima í því þingmáli sem þarna var til umræðu, enda er áætlunin ekki til. Er það kannski þannig að svoleiðis fari menn að með umhverfismat áætlana að til að sleppa fram hjá vandamálunum verði bara ekki gerð áætlun á viðkomandi sviði? En auðvitað ætti svo að vera og það er spurning hvort ekki ætti hreinlega að vera lögfest að einhver slík framtíðaráform væru sett í form áætlana og tækju þar með við þeim reglum sem menn setja annars um slíkar áætlanir.

Umræðan um þessi mál var töluvert mikil í fyrra og ég segi eins og er að vegna hennar ímyndaði ég mér að stjórnvöld tækju sig á og færu vel yfir málin. Niðurstaðan yrði síðan sú að reyna að vinna þau heildstætt og sjá til þess að menn gætu haft heildaryfirsýn yfir endurskoðunina á þeim lögum sem ég nefndi áðan og tengjast endurskoðuninni á vatnalögunum gömlu og við fengjum að sjá t.d. vatnsverndarfrumvarpið sem hefur verið marglofað. Ekki er hægt að fá neinar upplýsingar um hvar það mál er í raun og veru statt í dag eða hvenær er von á því. Hér eru menn aftur komnir með það mál sem strandaði í þinginu í vor. Það var kannski vanmat mitt og fleiri að standa að því að flytja það í nefndinni og við hefðum bara átt að treysta því að við gætum stöðvað málið í heilu lagi. Ég er svo sem ekkert viss um að við værum neitt betur sett hvað málið varðar núna þess vegna. Ég óttaðist það töluvert að menn stæðu við þau orð að láta frumvarpið til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum fara í gegnum þingið því að meiri hlutinn á hv. Alþingi hefur nú verið tilbúinn til að ganga undir stjórnvöldum með þeim hætti og maður reiknaði með því að sú yrði niðurstaðan. Ég tel að við þurfum að fá góða umfjöllun um þetta mál í nefndinni núna og úr því að það ekki fór í gegnum þingið í vor gefst betri tími til að skoða það nú.

Það vakti athygli mína og ég ætla ekki að gleyma að nefna það að hv. formaður nefndarinnar í andsvörum við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon taldi að rökin fyrir því að málið þyrfti að komast í gegn væru þau að heimamenn biðu eftir því að fá leyfi til að rannsaka þessi mál. Liggur það fyrir að heimamenn fái þetta leyfi? Sækjast ekki einhverjir aðrir eftir því líka? Hvernig ætlar ráðherrann að skera úr því? Er farið eftir heimilisföngum þegar menn eru að sækja um rannsóknarleyfi? Okkur var a.m.k. ekki gerð grein fyrir að svo væri, heldur ætti að líta á allt aðra hluti en sveitfesti

manna eða fyrirtækja þegar verið væri að velja um það hverjir fengju að nýta rannsóknarleyfi. Ég held að hv. formaður nefndarinnar hafi farið svolítið fram úr sjálfum sér að láta sjá á það spil sem datt þarna niður á borðið hjá honum. Það bendir a.m.k. til þess að hann hafi upplýsingar um að heimamenn séu manna líklegastir til þess að fá þetta leyfi. Það væri svo sem eftir öðru að menn væru hér ákveðnir í því hvernig þeir ætluðu að ráðstafa þessum leyfum.

Hæstv. ráðherra hefði átt að beita sér fyrir því að fá niðurstöðu í þessu máli sem er mjög mikilvægt, þ.e. að láta nefndina sem hún skipaði í framhaldi af þessu öllu saman þó svo að lagafrumvarpið væri ekki samþykkt, beita sér fyrir því hvort mögulegt væri að ná fram niðurstöðu í nefndinni þannig að málin kæmust hraðar áfram. Ég tel að nefndarmenn ættu að athuga með að fá að tala við þá sem vinna að þessum málum þannig að hægt sé að átta sig á því hvenær væri hægt að klára þau með tillögum frá þessari nefnd. Ég mælist til þess að það verði eitt af því sem nefndin geri, að ræða við þessa aðila um það hvernig málin eru stödd hjá þeim.

Reyndar ætla ég ekki að gefast upp við að halda því fram að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin eigi að sætta sig við að menn fái að klára þessi mál í heilu lagi og hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er til þess að gera það. Það verður ekki gert nema menn fái að halda utan um allar tillögur sem eiga að koma fram og þá nefni ég enn einu sinni frumvarpið um vatnsvernd sem er í smíðum í umhverfisráðuneytinu.

Ég er ekki sannfærður um það enn að einhverjir hlutir sem ættaðir eru úr vatnatilskipun Evrópusambandsins geti ekki haft áhrif á einhvern hluta af þeim lagasetningum sem menn hafa verið með hér í höndunum í tengslum við endurskoðunina á þessum lagabálki frá 1923.

Það er rétt að mikill áhugi, mikið offors er í því að ná þessum málum fram og skýringar á því hafa ekki komið fram með þeim hætti að það sé a.m.k. hægt að segja að hlutirnir hafi verið sagðir skýrt. Við þingmenn höfum verið látnir um það að ráða í hvað rekur menn áfram. Skoðun mín er sú að það sem reki menn áfram sé að orkufyrirtækin í landinu, stjórnvöld í landinu vilji sjá til þess að orkufyrirtækin verði í stakk búin til að ganga frá samningum um afhendingu raforku sem allra fyrst til þess að stóriðjuáformin fái staðist. Það er ekkert sem liggur á borðinu um að stóriðjufyrirtæki geti fengið að vita með vissu hvenær raforka verður til afhendingar í öll þessi álver.

Ég ætla að gera kröfu um það og tel að ástæða sé til að gera þá kröfu að stjórnvöld komi fram á sjónarsviðið og segi nákvæmlega hvað menn ætla sér. Ef ætlunin er að flytja inn mengunarkvóta þá er eins gott að menn fari að ræða það mál hér á landi. Ef svo er ætlunin að berjast fyrir viðbótarkvóta, viðbót við undanþáguna, er líka ástæða til að menn segi frá því hvað þeir eru að meina. Það þarf að komast á hreint hvaða mengunarský það eru sem stjórnvöld hér á landi eru tilbúin að senda upp í loftið. Það liggur ekkert fyrir. Það liggur hins vegar fyrir að verið er að ræða í fúlustu alvöru við fyrirtæki sem ekki geta farið í þá starfsemi sem um er rætt öðruvísi en að mengunarkvótinn sem er hér til staðar verði stækkaður æðimikið.

Hér á Alþingi þurfa menn auðvitað að vera hreinskilnir við þjóðina um þetta. Ég ætla ekki að fullyrða um niðurstöðu af þeim umræðum sem verða um það mál en það er a.m.k. ekki upp á það bjóðandi að hún fari ekki fram. Það er ekki hægt að bjóða upp á það að ekki sé til einhvers konar stefna og helst ætti hún að heita áætlun í dag þannig að menn geti þá meðhöndlað hana með svipuðum hætti og menn vilja meðhöndla aðra hluti í tengslum við áætlanir. Menn tala um áætlanir vegna samgönguáætlana o.s.frv. Það er ekki síður ástæða til að til sé áætlun um þessi stóriðjuáform.

Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta núna. Við förum yfir þetta í nefndinni og ég endurtek: Ég ætla ekki að missa þá von að menn komist til vits með þeim hætti að hægt verði að taka á þessum málum heildstætt og með þeirri yfirsýn sem er Alþingi samboðin. Það er ekki samboðið Alþingi að endurskoða svo mikilvægan þátt sem hefur verið í lögum á Íslandi, sem eru vatnalögin frá 1923, öðruvísi en að gengið sé frá málinu í heild.

[14:57]

Útbýting:

Ábyrgðasjóður launa, 351. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 385.

Einkaleyfi, 346. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 380.

Einkaneysla og skatttekjur, 350. mál, fsp. JóhS, þskj. 384.

Fjáraukalög 2005, 144. mál, þskj. 367.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni, 347. mál, frv. AKG o.fl., þskj. 381.

Stjórn fiskveiða, 353. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 387.

[14:57]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt. Af því að hv. þingmaður lagði mikla áherslu á að samfella þyrfti að vera í hlutunum og óþarft væri, heyrðist mér, að leggja þetta frumvarp fram núna, við ættum að bíða eftir öðrum frumvörpum o.s.frv., þá vildi ég að það kæmi fram að samkvæmt 40. gr. raforkulaga, sem fjallar um veitingu rannsóknarleyfa, segir, með leyfi forseta:

„Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gilda um leyfi til þess að kanna og rannsaka orkulindir til undirbúnings raforkuvinnslu. Auk þeirra skilyrða sem þar eru talin skal umsækjandi um rannsóknarleyfi leggja fram mat á því hvernig tengja megi fyrirhugaða virkjun raforkukerfi landsins.“

Það vantar því inn í lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu ákvæði hvað varðar rannsóknarleyfin sem vísað er til í raforkulögunum. Þess vegna er einmitt samfella í hlutunum. Þetta frumvarp verður að verða að lögum til þess að fullnægja þessu ákvæði í raforkulögum.

[14:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að hæstv. ráðherra árétti þetta, ég geri mér grein fyrir þessu. Ég teldi hins vegar að meiri ástæða væri fyrir hæstv. ráðherra að svara því hvers vegna ekki var hægt að vinna hraðar að þessum málum en

gert hefur verið úr því að svona mikið liggur á. Nú varð það frumvarp sem var til umfjöllunar í vor ekki að lögum og hæstv. ráðherra hefði þá vegna þess hvernig staðan var kannski getað séð til þess að hér lægi fyrir — og ég óska þá eftir útskýringum á því — hvers vegna svo langan tíma þarf til að undirbúa þessi mál að ekki skuli vera hægt að gera þau betur úr garði en þetta. Ég vonast til að hæstv. ráðherra, ef hún fær þetta mál í gegn, sjái þá til þess að við fáum heildstæða niðurstöðu að öðru leyti hvað þá lagabálka varðar sem ég nefndi.

[15:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er mjög flókið mál eins og hv. þingmaður veit. Það er ekki einfalt að sjá til enda akkúrat núna. Þess vegna höfum við skipað sérfræðinganefnd sem er að kynna sér hvernig staðið er að þessum hlutum erlendis. Við erum að úthluta takmörkuðum gæðum. Það er augljóst. Og þegar sú sérfræðinganefnd hefur lokið sínu starfi eða er komin lengra með sitt starf þá mun ég skipa nefnd sem þá endanlega mun gera tillögu til ráðherra um það hvernig á málum skuli taka.

En það er mjög mikilvægt að þetta litla frumvarp verði að lögum núna sem allra fyrst vegna þess, eins og ég kom inn á áðan, að vísað er til þeirra í raforkulögunum. Núna ríkir um það alger óvissa hvernig eigi að fara í rannsóknir vegna vatnsaflsvirkjana og það er bara ekki gott, með fullri virðingu fyrir skoðunum vinstri grænna í þessum efnum sem ekkert vilja virkja. En þetta er nú svona.

[15:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú ekki meiri vá fram undan en sú að gert er ráð fyrir því, eftir því sem ég skil best, að þessi mál verði tilbúin til umfjöllunar á hv. Alþingi á næsta vetri. Ég hefði því haldið að mikið væri í gangi í alls konar virkjunum og öðru slíku. Því ætti ekki að vera nein sérstök vá fyrir dyrum.

Hæstv. ráðherra svaraði því ekki hvort hún ætlaði að sjá til þess að menn fengju að horfa yfir sviðið í heilu lagi og fengju í hendurnar önnur frumvörp því að auðvitað hljóta menn í ríkisstjórninni að tala saman. Þó um sé að ræða umhverfisráðuneytið að þessu leyti þá eru menn í sameiningu í þessum ráðuneytum að endurskoða allan vatnalagabálkinn. Það er óþolandi að menn skuli ekki fá að sjá hvaða niðurstöður eru þar á leiðinni áður en lokið er við endurskoðun á þessum lögum.

[15:02]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Mig langar að spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson. Hann talaði í ræðu sinni áðan um jafnræði til nýtingar á auðlindunum. Hann talar um að ekki liggi nú mikið á að koma þessu frumvarpi í gegn. Mér fannst hann ekki skilja að heimamenn hvarvetna á landinu hafa áhuga á því að hefja orkufrekan iðnað, bæði fyrir norðan og á Suðurlandi. Er hv. þingmaður að reyna að segja að hér verði ekki hafnar framkvæmdir við ný fyrirtæki annars staðar en í Hvalfirði? Hvalfjörðurinn og kjördæmi hans nýtur þess að fá orku frá öðrum kjördæmum. Er þingmaðurinn að reyna að stuðla að því að nýir staðir geti ekki tekið þátt í orkufrekum iðnaði heldur einungis hans kjördæmi?

[15:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst þetta svolítið merkileg fyrirspurn. Ég held að alþingismenn hljóti yfirleitt að fjalla um málin hér svona út frá almennum sjónarmiðum. Ég veit ekki betur en að það sé akkúrat þannig eins og hv. þingmaður sagði að raforkan sem þar er um að ræða kemur frá öðrum svæðum en frá heimamönnum.

Ég segi hins vegar eins og er að mér finnst mjög undarlegt að menn skuli vera með einhverjar yfirlýsingar um heimamenn. Ég hef ekki upplýsingar um það hverjir hafa óskað eftir því að fá að rannsaka orkulindir í kringum landið. En það virðist ganga í sölum Alþingis að einhverjir heimamenn séu búnir að sækja um og að það liggi nánast í loftinu að þessir heimamenn fái rannsóknarleyfin. Það er mjög merkilegt. Ég held að full ástæða sé til að menn fari yfir það hvort það sé bara þannig að búið sé að eyrnamerkja þetta allt saman og hverjir eigi að fá rannsóknarleyfin.

[15:04]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru orð hv. þingmannsins sjálfs þetta með heimamennina. Það sem ég var að spyrja um var að vegna þessa frumvarps þarf auðvitað að rannsaka meir og vinna að undirbúningi frekari rannsókna á orkuvinnslu í landinu og það eru einmitt heimaaðilar sem hafa áhuga á að fá að nota þá orku til atvinnuuppbyggingar í sínum kjördæmum. Það var mín fyrirspurn.

Er hv. þingmaður að reyna að stuðla að því að hálfgerð einokun verði á því hvar orkan verði nýtt?

[15:05]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki til þess að ræður mínar hafi verið þannig að menn þurfi að taka þær svona. Ég hef talað um þessi mál með almennum hætti og ég ætlast þá til þess að menn hlusti þá á það sem ég er að segja úr því að þeir eru að veita andsvör. Ég tel að illa hafi verið staðið að endurskoðun á þessum lagabálki, að horfa hefði átt heildstætt yfir allt sviðið við þá endurskoðun. Það er ekki gert. Menn eru hér hlaupandi um með frumvörp og síðan eru björgunarbátarnir settir á flot, eins og þetta frumvarp í raun er, þegar þeir sjá að allt er í strandi.

Ég verð að segja það alveg eins og er að Alþingi á að vanda sig við lagasmíð. Þannig á það að vera. Menn eiga ekki að hlaupa til bara vegna þrýstings frá einstökum aðilum, heimamönnum eða hverjir það nú eru. Hv. formaður nefndarinnar talaði um þessa heimamenn sem biðu eftir því að fá leyfið þannig að þangað sótti ég það. En alþingismenn verða að standa í lappirnar og horfa með almennum hætti á það sem er að gerast.

[15:06]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er dálítið hissa á málflutningi hv. þingmanns þar sem við erum að tala um frumvarp sem við lögðum fram í sameiningu á síðasta löggjafarþingi. Það hefur efnislega ekkert breyst og engar aðstæður hafa breyst sem geta valdið því að hv. þingmaður styðji ekki málið í dag. Ég vil ekki trúa því.

En hv. þingmaður hefur vitnað mjög til orða minna um áhuga heimamanna á að auðlindir í heimahéraði verði rannsakaðar. Ég sagði það áðan og það er ekkert leyndarmál að áhugi er m.a. í Skagafirði og Þingeyjarsýslum á því að auðlindir þar verði rannsakaðar. En ég hélt að hv. þingmaður væri það vandur að virðingu sinni að hann mundi ekki leggja mér þau orð í munn að búið væri að úthluta leyfum til heimamanna. Það verða margir um hituna. Ég bið hv. þingmann um að leiðrétta þetta. Það getur vel verið að ég hafi mismælt mig í þeim efnum. Ég hef ekki áttað mig á því. En það verða náttúrlega margir um hituna. Það er alveg ljóst að hv. þingmaður veit að heimamenn hafa áhuga á að þessi mál verði skoðuð.

[15:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðstæður hafa breyst. Í vor tók ég þátt í að flytja þetta frumvarp með nefndinni vegna þess að það var svona eina vitið sem var hægt að fá í niðurstöðuna. Stjórnarliðarnir ætluðu sér að koma málinu í gegn í heilu lagi eins og það lá fyrir. Eina leiðin virtist því vera að gera samkomulag við þá um að svona yrði staðið að málum með því að leggja þetta fram. Það fór ekki í gegn þá. Ég ætla ekki að gefa neinar yfirlýsingar um hvaða afstöðu ég tek til þessa máls. Við eigum eftir að ræða það í nefndinni.

Hv. þingmaður á alveg leiðréttingu skilda. Ef hann hefur ekki ætlast til þess að menn skildu þetta þannig að heimamenn ættu að fá úthlutun á þessum rannsóknarleyfum þá hefur það bara verið misskilningur frá minni hendi. Það er þá bara gott að leiðrétta það.

[15:09]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef túlkað stefnu flokkanna sem vilja kenna sig við miðjuna í dag, Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar, þannig að við styðjum skynsamlega nýtingu á náttúruauðlindum þjóðarinnar með skynsömum hætti. Það er alveg ljóst að við förum ekkert í slíka skynsamlega nýtingu ef við rannsökum ekki auðlindirnar. Það verður ekkert vit í því að gefa virkjunarleyfi ef menn hafa ekki rannsakað auðlindirnar. Ég held að við hv. þingmaður hljótum að vera sammála um það.

Eins og hæstv. iðnaðarráðherra benti á áðan þá er nauðsynlegt að koma þessu frumvarpi í gegn, sem hv. þm. Jóhann Ársælsson var flutningsmaður að á síðasta þingi, til þess að menn geti hafið þessar rannsóknir. Því er nauðsynlegt að við komum þessu máli í gegn.

[15:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er búinn að skilja það fyrir nokkru síðan að menn telji nauðsynlegt að koma þessu máli í gegn. Ég hef hins vegar tekið eftir því að rannsóknir Landsvirkjunar og annarra aðila á svona málum taka langan tíma. Flestar þær rannsóknir taka mörg ár. Ég hélt því satt að segja ekki að menn væru að bjarga sér fyrir horn gagnvart einstökum verkefnum akkúrat núna hvað þessa hluti varðar. Ég er á þeirri skoðun að vel þurfi að fara yfir það í nefndinni hvaða þarfir séu á þessu og hvernig mál eru stödd að öðru leyti, hvenær við eigum von á þeim frumvörpum sem eiga að koma til viðbótar, hvenær niðurstaðan er væntanleg frá nefndinni. Ég ætla satt að segja að vona að hv. formaður nefndarinnar standi með mér og öðrum í því að skoða þessi mál mjög vandlega til að athuga hvort ekki verði hægt að standa að þessu með heildstæðum hætti sem er Alþingi sæmandi.

[15:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að mikilvægt er að taka þessi mál heildstætt til skoðunar þegar rædd er ráðstöfun á vatni sem auðlind. Því á fyrst að flytja lög sem lúta að vatnsvernd og því að vatn sé í almannaeigu og hafa það, eins og hv. þingmaður minntist á, jafnvel stjórnarskrárbundið.

Hér hefur komið fram að þetta mál er flutt vegna ákveðinna virkjana í Skagafirði og Skjálfandafljóti. Því vil ég spyrja þingmanninn hvort honum finnist að það eigi að vera forgangsréttur að rannsaka þessi vatnsföll til virkjana, til raforkuframleiðslu. Af hverju mega ekki ferðaþjónustuaðilar í Skagafirði t.d. óska eftir að fá að taka jökulsárnar frá fyrir sig til rannsókna (Forseti hringir.) á ferðamannaígildi og náttúrufarsígildi? Af hverju skal raforkuframleiðsla (Forseti hringir.) njóta svona eindregins forgangs?

[15:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla alls ekki að mótmæla því. Ég tel fulla ástæðu til þess, ef hv. þingmaður er með hugmyndir um breytingar á þessu frumvarpi t.d. eða þeim frumvörpum sem koma vonandi fyrr en seinna og taka á þessu máli heildstætt, að þar inni geti verið möguleikar á leyfi til að fá að rannsaka út frá öðrum sjónarmiðum en orkunýtingar. Menn hafa margs konar önnur not af vatnsföllum. Það getur verið ferðaþjónusta og það getur verið veiðiskapur. Það getur verið ýmislegt fleira sem menn geta haft þar í huga. Það ætti að skoða það vandlega og ég tek bara undir með hv. þingmanni að ekki eigi að útiloka það.

[15:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir undirtektir við þessi sjónarmið. En það er nú svo, ef við tökum Skagafjarðarfljótin sem dæmi, jökulsárnar í Skagafirði, þá snýst þetta frumvarp um að úthluta þar rannsóknar- og virkjunarleyfum til orkuframleiðslu, til stóriðju. Þetta frumvarp snýst um það. Það fer bara ekki saman við hagsmuni ferðaþjónustuaðilanna eða annarra sem vilja njóta þessara vatnsfalla með öðrum hætti. Ef búið er að virkja eða stífla jökulsárnar í Skagafirði þá stundum við ekki sam-

tímis fljótasiglingar á þeim eða njótum náttúrufegurðar gljúfranna. Þetta fer bara einfaldlega ekki saman.

En þetta frumvarp kveður svo á um að forgangsréttur sé svo til nánast algjör. Ef einhver vill fá að rannsaka þessi vatnsföll með tilliti til raforkuframleiðslu til stóriðju þá skuli það hafa forgang umfram allt annað. Það (Forseti hringir.) finnst mér afar óásættanlegt og ég er viss um að Skagfirðingar eru mér sammála um það hvað varðar jökulvötnin í Skagafirði.

[15:14]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vel kann að vera að hv. þingmaður hafi eitthvað fyrir sér í því að búið sé að ákveða eða það liggi fyrir hvað reki menn áfram með þetta frumvarp, þ.e. að það séu einhver tiltekin atriði, tilteknir virkjunarkostir.

Þó svo að ég sé ekki viss um að þau lög sem eru í gildi um umhverfismat á Íslandi séu nægilega góð þá tel ég þó að í þeim felist möguleikar fyrir menn þegar kemur að því að þeir vilji virkja með þessum hætti, að koma þessum sjónarmiðum að og að tekin verði afstaða til þeirra þegar tekin er ákvörðun um hvort viðkomandi vatnsföll verða virkjuð. Þar hljóta önnur not og náttúruvernd að koma til sögu. Ég ætla satt að segja að vona að þessi lög séu ekki svo afburða slöpp hjá okkur að þau geti ekki þar komið við sögu.

[15:16]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Málið sem hér er til umræðu, frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, kallar á mun yfirgripsmeiri umræðu heldur en frumvarpið sjálft gefur til kynna. Hvers vegna er það svo? Jú, vegna þess að málið er angi af svo miklu stærri og viðameiri heild en fólk gæti haldið við fyrstu sýn. Þingmenn hér í þessum sal hafa verið að reyna að koma hugleiðingum um það í orð, meira og minna allt síðasta þing og aftur núna það sem af er þessu þingi. Ástæðan er sú að hæstv. iðnaðarráðherra hefur lagt hér fram frumvörp sem öll tengjast með einum og öðrum hætti.

Í fyrsta lagi frumvarp til vatnalaga, sem er risastórt mál og fjallað var um hér fyrir skemmstu.

Í öðru lagi, stórt og viðamikið frumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi, um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, sem er í raun og veru frumvarp sem ætlað er að taki við af núgildandi lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Eins og hv. þingmaður Steingrímur J. Sigfússon gat um í ræðu sinni, var hæstv. ráðherra rekinn til baka með það frumvarp, en í staðinn kemur fram þetta frumvarp sem við ræðum hér nú og hæstv. ráðherra reynir að láta líta svo út að hér sé um afskaplega takmarkað mál að ræða sem snerti ekki hið stóra samhengi. En það er náttúrlega ljóst af þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar, að það er ekki svo, hæstv. forseti. Þetta mál sem hæstv. ráðherra tekur hér út úr er einn veigamikill angi í hinni stóru heild. Það sem gagnrýnt hefur verið er áfergja hæstv. iðnaðarráðherra í þessum efnum, áfergjan í að sölsa undir sig og sitt ráðuneyti, jafnvel málaþætti sem alls ekki eiga þar heima. Það hefur hæstv. ráðherra verið gagnrýndur fyrir í umræðu um vatnalögin, í umræðunni um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum og í umræðunni um þetta frumvarp sem við ræðum nú.

Satt að segja held ég að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin öll verði að fara að átta sig á því að þessi mál verða ekki slitin úr samhengi og það er ekki ásættanlegt, hæstv. iðnaðarráðherra, að þau fari hér í gegn án þess að við fáum á sama tíma í gegnum þingið, mál sem lýtur að verndarhagsmunum þessara sömu auðlinda sem við hér ræðum. Í áraraðir höfum við þingmenn í þessum sal rætt við hæstv. ríkisstjórn um annars vegar nýtingu og hins vegar vernd náttúruauðlindanna. Og hæstv. ráðherrar hafa iðulega, á tyllidögum og jafnvel ekki, fjallað um það í hástemmdu máli að auðvitað þurfi að ná sáttum um þessi mál. Þannig að þeir gera sér auðvitað fulla grein fyrir því að hér er um eitt grundvallardeilumál þjóðarinnar að ræða, eitt af stærstu deilumálum þjóðarinnar, sem þýðir ekki annað en að nálgast núna á heildstæðan hátt og nálgast á þeim nótum að það sé möguleiki að við getum náð einhverjum viðunandi sáttum. Og upphafið er auðvitað að fá að ræða þessa hluti í samhengi. Þess vegna gagnrýni ég það enn og aftur að hér skuli eiga að vaða fram með frumvarp til laga um rannsóknaleyfi á meðan við erum ekki búin einu sinni svo mikið sem að sjá uppkast af frumvarpi sem hæstv. umhverfisráðherra hefur til skoðunar í ráðuneyti sínu sem tengist inn á öll þessi mál, eins og ég hef nú farið yfir. Ég held því að ef hæstv. ríkisstjórn ætlar sér í alvöru að fylgja eftir einhverju af því sem hún hefur sagt varðandi þörfina á að ná sáttum um þessi mál, þurfi hún að temja sér önnur vinnubrögð. Það heyrir sögunni til að fara fram með því offorsi sem hér um ræðir og að slíta hlutina úr tengslum eins og hér er gert.

Hér hefur í ræðum hv. þingmanna sem á undan mér hafa talað verið farið yfir ákveðin grundvallaratriði í þessum málum. Það hefur verið spurt spurninga eins og: Hvað liggur á? Hvaða umsóknir um rannsóknaleyfi liggja fyrir í iðnaðarráðuneytinu? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. iðnaðarráðherra svari því áður en þessi umræða klárast um hvaða vötn sé að ræða í þessu tilfelli. Er hér verið að tala um hugsanlegt rannsóknaleyfi á Skjálfandafljóti? Ég held að öll rannsóknaleyfi á Langasjó séu komin í höfn, þau séu löngu útgefin. Eða er verið að tala um rannsóknarleyfi á Jökulsá á Fjöllum? Það er alveg sannanlegt að Torfajökulssvæðið og Brennisteinsfjöll eru núna orðin fýsileg í hugum þeirra sem vilja sækja um leyfi af þessu tagi. Við sjáum að það er svo langt seilst af orkufyrirtækjunum að það er eins og þau svífist einskis og náttúruverndarsjónarmið komast hvergi nálægt þeirra sjónarmiðum. Og til þess að náttúruverndarsjónarmið geti komast að borðinu á sama tíma og nýtingarhagsmunir eru til umræðu er algerlega nauðsynlegt að fá stofnanir umhverfisráðuneytisins að þessum málum í meira mæli en gert er ráð fyrir hjá hæstv. iðnaðarráðherra.

Ein af spurningunum sem hér hefur verið varpað fram og er þörf á að ítreka, er spurningin um ákvæði til bráðabirgða sem var í frumvarpinu eins og það var lagt fram hér á síðasta þingi í byrjun maí á síðastliðnu vori. Þar var ákvæði til bráðabirgða, sem var reyndar líka í frumvarpi um rannsóknir og nýtingu á jarðefnaauðlindum, þar sem gert var ráð fyrir því að iðnaðarráðherra mundi skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka sem eiga sæti á Alþingi og jafnframt

mundu þar vera fulltrúar frá Samorku. Iðnaðarráðherra átti svo að skipa tvo fulltrúa og hlutverk nefndarinnar átti að vera að gera tillögu um með hvaða hætti valið yrði á milli umsóknar um rannsóknir og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara, þ.e. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Sömuleiðis átti þessi nefnd að marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til.

Núna bólar ekkert á þessu ákvæði. Það virðist ekki eiga að stofna neina nefnd þar sem fulltrúar allra þingflokka á Alþingi eiga sæti og þar af leiðandi óttast ég að það eigi heldur ekki að marka neina framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Ástæðurnar sem ég hef fyrir efasemdum mínum eru auðvitað margþættar. Ég hef gert grein fyrir ýmsum þeirra úr þessum ræðustóli áður. En fyrst kemur mér auðvitað í hug rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Rammaáætlunin sem hæstv. ríkisstjórn ýtti úr vör 1999, undir yfirskriftinni: Maður, nýting, náttúra. Ríkisstjórnin fékk mikið hól fyrir að ýta þeirri vinnu úr vör. Hún fékk líka hól þegar skýrsla hæstv. iðnaðarráðherra var birt og hæstv. iðnaðarráðherra talaði fyrir henni hér á þingi fyrir einu og hálfu ári, ef ég man rétt. Markmið þessarar rammaáætlunar var, svo notuð séu orð ríkisstjórnarinnar, „að leggja mat á og flokka virkjunarkosti jafnt vatnsafls og háhita, m.a. með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar, svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Með þessu móti sé lagður grundvöllur að forgangsröðun virkjunarkosta með tilliti til þarfa þjóðfélagsins, hvað varðar atvinnustarfsemi, varðveislu náttúrugæða, styrkingu landsbyggðar og hagsmuna allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði með sjálfbæra þróun að leiðarljósi."

Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar á að ég gleymdi að biðja um leyfi hæstv. forseta til að vitna í fréttatilkynningu frá hæstv. ríkisstjórn um rammaáætlunina þegar henni var ýtt úr vör. Hún er dagsett 9. mars 1999 og finnst eflaust á vef Stjórnarráðsins enn þann dag í dag ef vel er leitað. Hér átti sannarlega, eins og orðin sem ég hér vitnaði til segja okkur, að búa til einhvers konar framtíðarstefnu um nýtingu og vernd þessara náttúruauðlinda. Hver hefur svo orðið þróunin eða raunin í þeim efnum? Hæstv. ríkisstjórn hefur auðvitað gjaldfellt alla þessa vinnu. Hæstv. iðnaðarráðherra talaði fyrir áfangaskýrslu rammaáætlunarinnar, verkefnisstjórnin sem ég held að hafi verið skipuð 16 manns ef ég man rétt, skilaði af sér gríðarlega viðamikilli skýrslu til hæstv. ráðherra. Við ræddum hana hér á Alþingi og eins og ég sagði áðan, fékk hæstv. iðnaðarráðherra hól fyrir það. En á sama tíma ... (Gripið fram í.) Ég var nú bara fyrir skemmstu, hæstv. forseti, að lesa yfir þær ræður sem fluttar voru og ég get jafnvel vitnað til minna eigin orða í þeim efnum, þar sem ég þakkaði hæstv. ráðherra fyrir að hafa flutt yfirgripsmikla ræðu um rannsóknirnar sem fóru fram á vegum vinnuhópanna í rammaáætluninni. Þó svo ég hafi í lokin gagnrýnt hana líka, fyrst og fremst fyrir að ætla ekki að halda áfram með vinnuna á sömu nótum og hún fór af stað. Og gagnrýni mín stendur enn hvað það varðar. Við í þessum sal vitum það svo sem ekki hvort hæstv. iðnaðarráðherra hefur sett á laggirnar starfshóp til að halda áfram vinnunni við rammaáætlunina. En í yfirlýsingum hennar hér á Alþingi á 133. þingi, sagði hún að vinnan mundi halda áfram og að einhvers konar verkefnisstjórn yrði sett á laggirnar sem yrði þó fámennari en sú fyrri og gert var ráð fyrir því að annar áfangi rammaáætlunarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma yrði einfaldari í framkvæmd. Ég hef löngum sagt að þar með hafi hæstv. iðnaðarráðherra verið að gengisfella vinnuna sem fór fram við fyrri hluta rammaáætlunarinnar. Ég stend alveg við þá gagnrýni.

En hæstv. iðnaðarráðherra var fagnandi þegar hún fylgdi skýrslunni um rammaáætlunina úr hlaði og kallaði hana tímamótaplagg. Ég get sannarlega tekið undir það með hæstv. ráðherra. Hún var tímamótaplagg. En það sem upp á vantar er auðvitað að hæstv. ríkisstjórn viðurkenni að síðan þurfi að stýra orkunýtingaráætlun okkar út frá þeim niðurstöðum sem liggja fyrir í rammaáætluninni.

En enn þá hefur ekkert verið ákveðið um formlega stöðu rammaáætlunarinnar, nema ég hef svo sem haldið því fram, og það virðist vera ljóst að hæstv. ríkisstjórn ætli í sjálfu sér ekkert að gera með þær niðurstöður sem verkefnisstjórnin komst að og þessir fjórir faghópar og skýrslan í raun og veru gefur okkur fyrirheit um. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að það er eðlilegt að maður tortryggi hæstv. iðnaðarráðherra þegar hún kemur hér fram með mál af því tagi sem við ræðum hér nú. Ég hef líka ástæðu til að tortryggja hæstv. ríkisstjórn á grundvelli náttúruverndaráætlunar sem var samþykkt á síðasta þingi þar sem við ákváðum hér í þessum sal, að friðlýsa 14 svæði í nánustu framtíð, sem öll áttu það sammerkt að vera langt í frá nokkur ógn við hagsmuni orkufyrirtækjanna. Á sama tíma var auðvitað stór og mikil krafa frá náttúruverndarfólki um að inn á náttúruverndaráætlun færu ákveðin svæði sem vitað var að orkufyrirtækin ásældust til orkunýtingar. Þannig að það á ekki að vera hæstv. iðnaðarráðherra neitt undrunarefni að mál af þessu tagi komi af stað umræðum sem þessum, það gera þau ævinlega, þau valda átökum og mér liggur við að segja illindum oft og tíðum og mér finnst í rauninni rótin vera sú að ríkisstjórnin fer hér vitlaust að, steypir öllu á stél og neitar að horfa á heildarmyndina. Ef við horfum til þeirra vatnsaflskosta sem niðurstöður verkefnisstjórnar fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar sögðu okkur að væri til staðar, sýnist mér í sjálfu sér að þeir vatnsaflskostir sem eftir eru í virkjanlegu vatnsafli þyki afar fátæklegir. Á þeim lista sem verkefnisstjórnin skilaði af sér í skýrslunni, sýnist mér einungis tvö stærri vatnsföll vera eftir á listanum yfir óvirkjaðar ár. Og hvaða ár eru það? Jú, annars vegar Jökulsá á Fjöllum og hins vegar Hvítá í Árnessýslu. Það er auðvitað ekkert óeðlilegt þótt þingmenn spyrji hvort það séu rannsóknaleyfi út af þessum tveimur ám sem liggja fyrir í hæstv. iðnaðarráðuneyti og hvort það sé þess vegna sem svona mikið liggur á að lögleiða frumvarpið sem hér er til umfjöllunar.

Ég hef líka sagt það áður að mér finnist það ofmat bæði hjá hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórninni allri að það sé eftir svo mikið magn af óráðstöfuðu og óvirkjuðu vatnsafli að það sé í raun og veru eitthvert svigrúm hér. Ég er ekki viss um að þeir sem starfa núna við að gera annan áfanga rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hafi úr miklu að moða í þeim efnum, kannski einhverjum smáám og þá helstu laxveiðiám Íslands. Menn

ætla kannski að fara að virkja þær. Orkufyrirtækin eru kannski farin að seilast í þær, eða hvað? Ætla menn að virkja Selá í Vopnafirði, Eystri-Rangá, Vatnsdalsá í Forsæludal eða Hvítá í Árnessýslu? Þar eru bæði efri og neðri hluti mögulegir virkjunarkostir.

Hæstv. forseti. Auðvitað er ekki raunhæft að tala um miklar virkjanir í vatnsaflinu, það sem eftir stendur er ekki það bitastætt í sjálfu sér nema hæstv. ríkisstjórn ætli að fórna einhverjum af okkar alstærstu og dýrmætustu náttúruauðlindum.

Eins og komið hefur fram í umræðunni, hæstv. forseti, er krafa þingmanna auðvitað sú að hér séu hagsmunir allra þátta vegnir saman, nýtingarþættir og náttúruverndarþættir. Það er óásættanlegt að keyra áfram þrjú veigamikil frumvörp um orkunýtingu án þess að við fáum á sama tíma að fjalla um verndarhagsmunina sem þau sömu mál í raun og veru tengjast.

Það er líka óásættanlegt að hæstv. iðnaðarráðherra skuli setja fram frumvörp þar sem hún talar eins og umhverfisráðuneytið sé búið að sætta sig við allt sem í málum hennar er fólgið. Hæstv. umhverfisráðherra lætur ekki svo lítið að vera við þessa umræðu sem auðvitað væri eðlilegt vitandi hversu miklar deilur eru um þessi mál og vitandi að frumvarpið um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum fól í sér að gríðarlega stór hluti af málefnum umhverfisráðuneytisins yrði settur undir iðnaðarráðuneytið. Ég trúi því ekki fyrr en í fulla hnefana að hæstv. umhverfisráðherra ætli ekkert að berjast í þessum efnum fyrir þeim málaflokki sem henni var falinn í ríkisstjórninni. Ég sé ekki betur en að hæstv. iðnaðarráðherra telji það vera eðlilegt að allt vatn í samfelldu og viðvarandi vatnslagi í vatnsmettuðum jarðlögum, grunnvatn og yfirborðsvatn, orkulindir allar, hvort heldur er í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs, eigi bara að heyra gagnrýnislaust undir iðnaðarráðuneytið. Og ekki einasta það heldur allur jarðvarmaforðinn í jarðlögunum, varmastraumur úr iðrum jarðar og heitt grunnvatn sem flytur jarðvarmaorku. Svo ætlast hún til að öll gosefni og önnur steinefni, málmar, málmblendingar og málmsteindir, kol, jarðolía, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna á landi og í jörðu heyri undir iðnaðarráðuneytið. Ég sé ekki annað en að hæstv. iðnaðarráðherra sé farin að seilast svo langt út fyrir sitt verksvið að það sé fullkomlega eðlilegt að málflutningur hennar kalli á þá gagnrýni og þau sterku viðbrögð sem raun ber vitni hér.

Ef hæstv. ráðherra væri að ræða um sjálfbæra þróun og sjálfbærni í orkumálum væri ekki sæmandi að fara fram með þau frumvörp sem hér er verið að fara fram með því þá yrði hæstv. ráðherra að viðurkenna að hér séu hlutirnir svo tengdir að þeir þurfi að fylgjast að í gegnum þingið.

Nýafstaðið er umhverfisþing þar sem mjög mikið var talað um orkunýtingu og sjálfbæra þróun og stefnu í orkumálum. Þar bar á góma hugmyndafræðina um sjálfbæra orkustefnu og ég held að væri sómi að því ef hv. alþingismenn fengju að ræða hér hugmyndafræði um sjálfbæra orkustefnu í stað þess að þurfa að ræða nýtingarásælni hæstv. iðnaðarráðherra og ásælni í alla þá málaflokka sem geta tengst nýtingu á jarðrænum auðlindum. Ég sé ekki annað en að hæstv. ráðherra viðurkenni, í orði kveðnu gerði hún það í andsvari, að hér sé um flókin mál að ræða sem þurfi yfirlegu. Hún viðurkenndi að þetta væri flókið mál en á sama tíma virðist hæstv. ráðherra liggja verulega á að gefa út rannsóknarleyfi hægri vinstri eins og frumvarpið sem við ræðum hér á að heimila henni.

Ég spyr: Ef málin eru eins flókin og hæstv. ráðherra lét í skína í ræðu sinni áðan, hvers vegna má þetta mál þá ekki hinkra og fylgjast að með hinum? Hvað er það sem liggur svona á? Hverjir standa og banka, berja á dyr iðnaðarráðuneytisins með hugmyndir eða óskir um að fara að nýta sér möguleikana á að rannsaka vatnsaflið okkar á þeim nótum sem þetta heimildarfrumvarp fjallar um? Ég held að hæstv. ráðherra skuldi okkur það að segja okkur meira. Hvað er það sem hastar? Af hverju liggur svona á?

[15:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst geta þess í sambandi við rammaáætlun að annar áfangi er hafinn og stefnt er að því að honum ljúki árið 2009. Farið er aðeins öðruvísi í þetta núna en áður. Stýrihópur er starfandi með þremur einstaklingum sem hafa mikla þekkingu á þessum málum. Síðan eru tveir starfshópar, annar fjallar um landslag og hinn um jarðvarmann. Þetta er því allt í gangi. Ég hélt að það hefði komið fram opinberlega en það er þá a.m.k. eins gott að það komi fram.

Af hverju liggur svona mikið á? spyr hv. þingmaður. Þá vil ég geta þess að m.a. í tengslum við rammaáætlun skiptir máli að orkufyrirtækin rannsaki. Það var þannig með fyrsta áfanga að orkufyrirtækin lögðu fram mikilvæga rannsóknarskýrslu sem skiptir máli í sambandi við þá vinnu og þannig er einnig um annan áfanga. Það er ein ástæða þess að mikilvægt er að þetta frumvarp verði að lögum og ég hef farið yfir aðra þætti sem það varðar.

[15:37]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt til þess að vita að hafin skuli vinna við seinni áfanga rammaáætlunar en ég lýsi áhyggjum mínum af því að hún skuli vera í svo fámennum hópi, einungis þrír menn í stýrihópi og tveir starfshópar sem ég á svo sem eftir að komast að hverjir skipa. Ég sé því ekki annað en að gagnrýnisorð mín í þessum efnum standi. Ég tel að halda hefði átt áfram með seinni áfangann á svipuðum nótum og fyrri áfangann, þ.e. að vísindamenn úr öllum geirum yrðu kallaðir til þannig að vinnan gæti talist heildstæð og yfirgripsmikil.

Varðandi orð hæstv. ráðherra um hvað hasti þá sé ég ekki enn af hverju hæstv. ráðherra sættir sig ekki við eða horfist ekki í augu við það að hér eru nýtingarhagsmunirnir af ólíkum toga. Annars vegar nýtingarhagsmunir þeirra sem vilja nýta náttúruauðæfi landsins til orkuframleiðslu og hins vegar nýtingarhagsmunir þeirra sem vilja nýta náttúruna ósnortna. Þetta eru hagsmunir sem skarast og hagsmunir sem stangast á. Ég skil ekki af hverju hæstv. ráðherra reynir ekki að ná sáttum á milli þessara sjónarmiða og leyfi þá í því augnamiði þeim frumvörpum sem hér um ræðir að fylgjast að í umfjöllun í gegnum þingnefndir.

[15:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er líka þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt að nýta náttúruna ósnortna. En þegar hv. þingmaður talar um að ná sátt við ríkisstjórnina og sátt vinstri grænna gengur út á það að ekkert megi virkja þá veit ég ekki almennilega hvar við eigum að nálgast.

[15:39]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur svo oft farið með þessa rullu í þessum ræðustóli og ævinlega vegna þess að hún er ómálefnaleg. Það er svo erfitt að eiga orðastað við hæstv. ráðherra þegar hún er eins ómálefnaleg og hún er. (Gripið fram í.)

Hæstv. ráðherra veit vel að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram tillögu um sjálfstæða orkustefnu. Hún veit líka að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er ekki á móti virkjunum. (**Iðnrh.:** Hvar má virkja?) Hvar má virkja? spyr hæstv. ráðherra. Ætlast hæstv. ráðherra til að ég standi í ræðustól Alþingis og segi: Það má virkja Jökulsá á Fjöllum? Auðvitað ekki. (Gripið fram í.) Nei. Við skulum ræða þessi mál, hæstv. forseti, á málefnalegum grunni. Við höfum tækifæri til að gera það nú með málum hæstv. iðnaðarráðherra. En við getum ekki látið nýtingarhagsmuni orkufyrirtækjanna einna stjórna þar för. Það er heila málið. Það eru aðrir hagsmunir í húfi. Hæstv. iðnaðarráðherra verður að sætta sig við að hún er ekki ein í heiminum. Ég ætla að fá að ljúka andsvari mínu á því að vitna til orða Sigurðar heitins Þórarinssonar líffræðings sem sagði á sínum tíma, með leyfi forseta:

„Því er nú mjög á lofti haldið, og vissulega með veigamiklum rökum, að í fossum landsins búi nokkuð af framtíð okkar þjóðar, er byggist á þeim verðmætum, sem mæld eru í kílóvattstundum. En þar við liggur einnig brot af framtíðarhamingju þjóðarinnar, að hún gleymi því ekki, að í fossum landsins búa einnig verðmæti, sem ekki verða metin til fjár, en mælast í unaðsstundum."

Heimilum okkur nú að ræða um þetta hvort tveggja í einni spyrðu; hagsmuni þeirra sem vilja mæla fossana í unaðsstundum og hagsmuni hinna sem vilja mæla þá í kílóvattstundum. Ræðum þetta saman en ekki á þeim nótum sem hæstv. iðnaðarráðherra leggur hér til.

[15:41]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem felur í sér, eins og hér hefur svo rækilega komið fram, heimild iðnaðarráðherra til þess að veita rannsóknarleyfi á vatnsföllum í því augnamiði að þau geti síðan orðið að virkjunarleyfum.

Það hefur líka komið fram hversu mikla áherslu hæstv. ráðherra leggur á að koma þessum málum áfram. Þetta er liður í álversumræðum iðnaðarráðuneytisins, í þeim viðræðum sem iðnaðarráðuneytið nú stendur í um frekari álversbyggingar hér á landi. Eins og kom fram í máli ráðherrans er nauðsynlegt að koma þessum málum í fastari farveg, þann farveg að rannsaka og mega síðan virkja þau vatnsföll sem ekki eru þegar orðin bundin í virkjunum.

Í greinargerð með frumvarpinu segir, og ég vek athygli á því, herra forseti, að þetta er frumvarp iðnaðarráðherra sjálfrar: „Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu hefur komið í ljós að orkufyrirtækin eru tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli vegna þessa en heppilegt getur talist." Þ.e. að miðað við þau lög sem hafa verið hafa verið gefin út rannsóknarleyfi til að mega rannsaka vatnsföll til virkjana en það hafi ekki sjálfkrafa leitt til virkjunarleyfa. Þetta hefur á máli iðnaðarráðuneytisins orðið til þess að orkufyrirtækin eru tregari en áður til að fara út í það.

Ég held líka að mikilvægt sé að velta fyrir sér í hvaða stöðu við erum í dag varðandi stóriðjuframkvæmdir og stórvirkjanaframkvæmdir. Við erum með í gangi eina stærstu byggingu vatnsaflsvirkjunar hér á landi og þótt víðar væri leitað, Kárahnjúkavirkjun, og henni tengdri er verið að undirbúa og byggja eitt af stærstu álverunum Það er því ekki svo að ekki séu í gangi stór verk á sviði vatnsaflsvirkjana. Ég held að ég deili skoðunum með mörgum landsmönnum í því hvort ekki sé rétt að ljúka þessum virkjunarframkvæmdum, Kárahnjúkavirkjun, áður en við förum að ráðast í að gefa út frekari virkjunarleyfi í vatnsföllum landsins?

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vorum andvígir því að ráðist væri í Kárahnjúkavirkjun, bæði af umhverfisástæðum og eins að þar væri verið að ráðast í mannvirkjagerð sem seint eða aldrei mundi skila þjóðhagslegum ábata fyrir það fjármagn sem í það var lagt. Af báðum þessum ástæðum væri þetta óráð. En úr því að þessar framkvæmdir eru komnar í gang og með þeim hörmungum sem við höfum mátt upplifa er þá ekki rétt að við ljúkum þessum framkvæmdum áður en iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins fær leyfi til að gefa út frekari virkjunarleyfi í vatnsföllum landsins? Ég spyr, herra forseti: Er ekki rétt að reyna að komast í gegnum það sem nú er í gangi áður en við förum í frekari vatnsaflsvirkjanir í jökulfljótum landsins sem þetta frumvarp snýr að?

Ef við víkjum aftur að frumvarpinu þá hefur hæstv. ráðherra ítrekað verið spurður: Hvað liggur svona á? Hvað liggur svona á að ráðherrann fái heimild til að gefa út rannsóknar- og virkjunarleyfi í vatnsföllunum? Hvað liggur svona á að það megi ekki bíða þess að við ljúkum Kárahnjúkavirkjun eða þess að áætlun um vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir og forgangsröðun vatnsfalla til virkjunar verði raunverulega gerð? Eins og nú er er ráðist í virkjunarframkvæmdir í vatnsföllum óháð því hvað sú rammaáætlun lagði til. Það er ekki neitt samhengi þar á milli, samanber að Kárahnjúkavirkjun var sú virkjun sem var neðst á listanum og var af umhverfisástæðum talin hreint hervirki. En samt var ráðist í hana.

Það kom fram í andsvari hjá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni hvers vegna menn þyrftu að flýta sér. Jú, vegna þess að einhverjir aðilar biðu eftir því að fá þessum leyfum úthlutað og var þá talað um heimaaðila. En bíðum við: Hæstv. ráðherra sagði að þetta væru almenn lög, eða var ekki svo, herra forseti, að þetta væru almenn lög? Þetta væru ekki lög sem sneru að einhverjum ákveðnum virkjunarkostum. Ég heyrði

ekki betur. Svo kemur hv. formaður iðnaðarnefndar og segir: Þetta frumvarp snýr að ákveðnum framkvæmdum sem ákveðnir aðilar í heimahéraði eða annars staðar hafa óskað eftir. Ég held að þeir þurfi nú að tala betur saman, hæstv. ráðherra og hv. formaður iðnaðarnefndar.

En hvað hefur breyst í frumvarpinu frá því að það var lagt fram í vor? Jú, það hefur komið fram að til stóð að skipa nefnd sem átti að fara yfir þessi mál og samræma og gera tillögur um reglur til þess að fara eftir við úthlutun rannsóknar- og virkjunarleyfa. Nefndin átti að vinna úthlutunarreglur sem ráðherra gæti farið eftir. En breytingin er á þann veg að umræddri nefnd og þeirri vinnu sem hún átti að inna af hendi er kastað út. Málið er alfarið fært í hendur ráðherra.

Hvað er það annað sem hefur breyst, herra forseti?

Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Er því talið nauðsynlegt að tryggja að aðeins einn aðili fái rannsóknarleyfi á hverju svæði og jafnframt að hann geti fengið rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan sé nýtingar- eða virkjunarleyfi veitt öðrum aðila. Einnig verður að ætla að það sé þjóðhagslega óhagkvæmt að fleiri en einn aðili kosti sams konar rannsóknir á sömu stöðum þegar ljóst er að aðeins einu virkjunarleyfi verður úthlutað."

Í 2. gr., og þar kemur breytingin, stendur:

„Þó er heimilt að veita fleiri en einum aðila slíkt leyfi sameiginlega hafi þeir staðið saman að rannsóknarleyfisumsókn og gert með sér samning um skiptingu rannsóknarkostnaðar."

Þetta er breytingin sem gerð er á frumvarpinu frá því að það var flutt í vor.

Að hverju var hv. formaður iðnaðarnefndar, Birkir Jón Jónsson, að ýja? Hann var að ýja að þeim ágreiningi sem var um virkjunarleyfin í jökulánum í Skagafirði í vor þar sem ljóst var að bæði Landsvirkjun og fyrirtæki Kaupfélags Skagfirðinga, hlutafélag á móti Rarik, höfðu sótt um að fá þetta rannsóknar- og virkjunarleyfi og samkvæmt þeim lögum sem þá giltu var einungis hægt að veita einum slíkum aðila leyfi. En nú er búið að handsníða þetta frumvarp að því sem þar var uppi. Hv. formaður iðnaðarnefndar, Birkir Jón Jónsson, var að ýja að því hér að samkomulag virðist komið á milli heimaaðila, eins og hann kallar þá, þ.e. Kaupfélags Skagfirðinga og Rariks, og Landsvirkjunar um að sækja um leyfi saman og þess vegna er þetta frumvarp flutt. Svo einfalt virðist málið vera, a.m.k. ef marka má orð hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar í andsvari.

Það kom einnig fram að hitt fljótið er Skjálfandafljót, þannig að þetta frumvarp virðist vera meira eða minna sniðið að þessum tveimur fljótum — það þarf þess vegna að hraða því að koma þessu áfram.

Það er því alveg ljóst að ekki er verið að flytja frumvarp til almennra laga enda hefur hv. formaður iðnaðarnefndar komið rækilega inn á það í andsvari sínu að þetta er sérgreint, handafgreiðsla gagnvart ákveðnum afgreiðslum. Þetta er liður í þeim verkefnum sem iðnaðarráðuneytið stendur að í samningi um frekari álverksmiðjur hér á landi.

Mun nú flestum þykja orðið nóg um álbræðslur, álbræðsluna hér í Straumsvík og á Grundartanga, sem er í hraðri stækkun, og auk þess eru þeir ekki búnir að byggja fyrir austan, þar er stór verksmiðja hjá Alcoa í byggingu. En engu að síður er iðnaðarráðuneytið orðið formlegur aðili að undirbúningi að byggingu tveggja nýrra álvera í Helguvík og á Norðurlandi, auk þess sem stækkunin liggur fyrir, beiðni um ferlistækkun í Straumsvík og frekari stækkun á Grundartanga. Ég held, herra forseti, að öllum landsmönnum sé ofboðið. Gott og vel að fá einhvern hluta okkar atvinnulífs í álverksmiðjum til þess að auka fjölbreytni og skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið. En þegar áliðnaðurinn á að fara að ryðja burt atvinnulífi í landinu, öllum öðrum útflutningsgreinum, og binda auk þess fallvötnin og aðrar náttúruauðlindir þá held ég að fólki sé ofboðið.

Hvað ætli það sé nú sem reki á eftir hæstv. ráðherra? Jú, fyrir norðan var að tilhlutan iðnaðarráðherra knúinn í gegn samningur á milli sveitarfélaga á Norðurlandi og iðnaðarráðuneytis og Alcoa um úttekt á mögulegu staðarvali fyrir álverksmiðju á Norðurlandi og jafnframt líka orkukostum fyrir slíkt álver. Nú er sú vinna, áhugi ráðherrans á að koma þessu á, farin að krefjast þess að fyrir liggi úthlutun á virkjunarkostum í jökulánum í Skagafirði og í Skjálfandafljóti og kannski víðar, til þess að hægt sé að halda áfram samningsgerð um álver á Norðurlandi. Þess vegna er verið að knýja þetta í gegn. Álversæðið eða áltrúin, eins og hæstv. forsætisráðherra vildi kalla þetta, á sér engin takmörk í Framsóknarflokknum, áltrúin. Maður hefði haldið miðað við stöðu atvinnumála að ráðherrann mundi setja eitthvert annað mál hér fyrr á dagskrá. Við höfum verið að ræða hér stöðu atvinnumála, stöðu útflutningsgreinanna, sem eru að kikna undan áhrifum stóriðjunnar, hinu háa gengi, ruðningsáhrifum stóriðjunnar. Ruðningsáhrifin geta líka verið af hinu góða, sagði hæstv. iðnaðarráðherra við Vestfirðinga þegar verið var að loka fyrirtækjum þeirra vegna ruðningsáhrifa stóriðjunnar. En áfram skal haldið.

Ég velti fyrir mér, herra forseti, hvað þessi álstaðarvalsrannsókn og vinna Norðlendinga og iðnaðarráðuneytis kostar? Ég vil gjarnan að iðnaðarráðherra upplýsi hvað þessi samningur kostar í peningum, því að mér er nær að halda að með þessari álstefnu gagnvart Norðlendingum sé í rauninni verið að taka þá í gíslingu. Það er verið að reyna að taka Skagafjörð í gíslingu með því að hóta þeim að Skagafjarðarvötnin, jökulárnar, verði tekin í virkjun fyrir álver. Ferðaþjónustuaðilar og aðrir sem nýta og vilja nýta jökulárnar með öðrum hætti, njóta þeirra með öðrum hætti, eru settir í uppnám því að hver vill lána fjármagn til ferðaþjónustufyrirtækis sem nýtir árnar og fljótin í óbreyttu ástandi ef stefna ríkisins er að stífla þær og eyðileggja þá möguleika? Með þessari stefnu sinni er iðnaðarráðherra í raun og veru að taka þessa aðila í gíslingu.

Akureyringar, Eyfirðingar — hefði nú ekki verið nær hjá hæstv. iðnaðarráðherra, þingmanni Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, að beita sér fyrir auknu fjármagni til Háskólans á Akureyri eða styrkja innviði rannsóknar- og háskólastarfs frekar en að eyða fjármununum í að troða álverum upp á Norðlendinga og stífla og virkja fljótin þeirra, náttúruperlurnar þeirra? Hefði það ekki skapað meiri atvinnu og verið meira í takt við vilja fólksins ef menn hefðu beitt sér í að efla háskólann og rannsóknarumhverfi hans? Nei, Háskólinn á Akureyri verður að loka deildum en peningarnir, fjármunir ríkisins, eru settir í að rannsaka möguleika á álveri og stórvirkjunum. Þetta er for-

gangsröðun Framsóknarflokksins í atvinnumálum landsmanna.

Þingeyingar, Húsvíkingar, Mývetningar — sem hafa á margan hátt verið í forustusveit í uppbyggingu á náttúru- og menningartengdri ferðaþjónustu og unnið þar stórvirki. Það vita allir að stóriðjustefnan, virkjunarstefnan, gengur þvert á hagsmuni ferðaþjónustunnar. Þeir hagsmunir fara ekki saman.

Hefði það ekki verið betra að hæstv. iðnaðarráðherra, ráðherra byggðamála, hefði sett sömu fjármuni og nú er verið að leggja í að rannsaka álver við Húsavík í að styrkja stoðkerfi ferðaþjónustunnar á umræddu svæði. Hefði ekki verið betra að setja meiri kraft í Þekkingarsetrið á Húsavík, setja nokkur hundruð millj. kr., sem er bara brot af meðgjöf ríkisins með álveri og stóriðjuframkvæmdum, í að styrkja stoðkerfi ferðaþjónustunnar í Þingeyjarsýslu frekar en að halda Þingeyingum í gíslingu? (**Iðnrh.:** Hvað finnst Þingeyingum sjálfum?) Ég hygg að þeir mundu frekar vilja fjármuni í ferðaþjónustu og þekkingariðnað yrði þeim boðið að velja á milli þess og álvers frá iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins. Ég er reyndar ekki í nokkrum vafa um það. (**Iðnrh.:** Vinstri menn vilja álver.)

Hæstv. iðnaðarráðherra blæs hins vegar á stöðu atvinnugreinanna, blæs á stöðu ferðaþjónustunnar, sem er nú að blæða út fyrir stóriðjustefnuna. Það eina er álver, álver, álver, álver, álver. (**Iðnrh.:** Þóknast vinstri mönnum.) Hæstv. iðnaðarráðherra þóknast vinstri mönnum? Það er gott hjá hægri flokknum, Framsóknarflokknum, að vera farinn að þykjast þóknast vinstri mönnum með því að byggja álver. Það sýnir veruleikafirringu hæstv. iðnaðarráðherra.

Það er ágætt að vitna hér, frú forseti, í skýrslu sem hæstv. iðnaðarráðherra og ráðuneytið hefur látið vinna um hátækniiðnaðinn, sem líka er að blæða út vegna stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar.

Í þeirri skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Hlutdeild stóriðju í verðmætasköpun er aðeins um 1,2%, sem skýrist af miklum innflutningi á aðföngum til starfseminnar. Í álveri má áætla að 70% virðisaukans fari úr landi."

En þetta er það sem hæstv. iðnaðarráðherra vill leggja upp sem aðalatriðið og ekkert skal til sparað — fórna jökulánum í Skagafirði, Skjálfandafljóti og hvar það nú er. Það er þó athyglisvert að í þessu hefti, úttekt iðnaðarráðuneytis, um hátækniiðnað og þróun er hvergi minnst einu orði á ferðaþjónustu enda er vistvæn, menningartengd ferðaþjónusta mesta andstæðan við álvers-, virkjunar- og stóriðjuæði Framsóknarflokksins. (Forseti hringir.) Þess vegna er ekki minnst á ferðaþjónustuna.

[16:01]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Eins og hér hefur komið fram byggir þetta frumvarp á frumvarpi sem kom fram undir vor á síðasta þingi með þeirri undantekningu að sleppt er ákvæði til bráðabirgða sem kom fram í því frumvarpi og var nokkurs konar sáttafrumvarp frá hv. iðnaðarnefnd. Þar er fellt niður ákvæði til bráðabirgða þar sem lagt er til að: „skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti þrír fulltrúar frá Samorku. Þá skal iðnaðarráðherra skipa tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til".

Hæstv. forseti. Ég vitnaði hér til frumvarpsins sem lagt var fram síðasta vor. Ég tel mikilvægt að þetta ákvæði til bráðabirgða sé alveg skýrt í þessari umræðu því að það frumvarp sem við fjöllum um nú er ekki eins og — þar liggur fiskur undir steini. Það er fært í þann dulbúning að verið sé að leggja fram frumvarp til almennra laga um rannsóknir á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Ég segi í dulbúningi því að orðalagið er almennt en tilgangurinn er sá að auðvelda þeim aðilum sem þegar hafa áhuga á að fara í rannsóknir á vatnsafli til raforkuframleiðslu að komast að svo hægt sé að flýta undirbúningi að raforkuframleiðslu til væntanlegra álvera. Hér liggur fiskur undir steini. Þetta er almennt orðað en það hefur komið fram í umræðunni að í raun er verið að koma til móts við aðila úr og frá ákveðnum sveitarfélögum sem treysta sér til að fara í rannsóknir á ákveðnum svæðum með tilstilli og styrk frá orkugeiranum, fara í rannsóknir sem mundu þá í framhaldinu leiða til þess að vatnsaflið væri nýtt til raforkuframleiðslu.

Það er nú svo, hæstv. forseti, að þeir aðilar sem hafa verið í rannsóknum á gufuafli hafa farið nokkuð drjúgt um heiðar og verið mér liggur við að segja eins og hundar og migið utan í hverja þúfu og þar með eyrnamerkt sér þau svæði sem í framtíðinni megi nota til raforkuframleiðslu, þ.e. rannsóknir á viðkomandi svæði gefi rétt til nýtingar. Það hefur ekki verið með vatnsaflið og því er ljóst að þeir aðilar í orkugeiranum sem vilja komast í að nýta vatnsaflið, vatnsauðlindirnar, vilja fá nokkra tryggingu fyrir því að geta farið í raforkuframleiðslu í framhaldi af þeim kostnaði sem er við rannsóknirnar og það er skiljanlegt.

Ef við byggjum ekki við það ástand sem hér ríkir í skjóli núverandi ríkisstjórnar að ofuráhugi hefur verið lagður á að styrkja álframleiðslu í landinu, ef ekki væri vitað til þess að áhugi væri á og í raun búið að lofa álverum bæði í Helguvík og á Norðurlandi, en til þess þarf frekari orku, og ef við byggjum ekki við það umhverfi að þetta væru þær lausnir sem hæstv. ríkisstjórn býður landsmönnum upp á til frekari atvinnuuppbyggingar, þá hefði maður ekki jafnillan bifur á þessu frumvarpi og raun ber vitni. Auk þess eru ekki sjáanlegar neinar almennar þarfir fyrir að afgreiða þetta frumvarp núna í hasti. Ef þetta væri frumvarp sem væri almennt fyrir rannsókn og nýtingu á auðlindum í jörðu, óháð þeim aðilum sem þegar hafa bankað upp á og vilja fá tryggingu fyrir því að geta haldið áfram eftir að rannsóknum lýkur í raforkuframleiðslu þá væri maður nokkuð rólegur. En þegar við bætist að hæstv. ríkisstjórn gefur sér ekki tíma til að skoða málið heildstætt og taka önnur frumvörp sem hv. Alþingi þarf að fjalla um og fara yfir sem lúta að nýtingu á vatni og verndun náttúruverndarsvæða þá er ekki hægt að búast við því að stjórnmálaafl eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé mjög jákvætt í garð þessa frumvarps. Hér

ræður orkunýtingin, hér ræður þörf orkufyrirtækjanna en ekki náttúruverndarsjónarmið, þau eru lögð til hliðar og vatnsverndarsjónarmið eru lögð til hliðar.

Ljóst er að hér er verið að slá saman í eitt rannsóknarleyfi og virkjanaleyfi. Við erum ekki að fjalla um frumvarp til laga sem snýr að grunnrannsóknum sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum og teljum að þurfi að efla til muna. Því er eðlilegt að fram komi krafan um að upplýst verði í þessari 1. umr. og við vinnslu í málinu hvaða beiðnir liggi fyrir um rannsóknarleyfi og hvaða skilyrði viðkomandi aðilar hafi sett fram til að þeir hefji rannsóknir og leggi út í kostnað við rannsóknirnar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að hæstv. ráðherra finnist eins og orkufyrirtækin séu tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli, séu tregari en „heppilegt getur talist." Heppilegt getur talist. Erum við sem þjóð í svo mikilli þörf fyrir frekari raforkuöflun en er í dag? Ekki fyrir almennan iðnað, ekki fyrir almenna notkun. Það er eingöngu til stóriðju sem við þurfum á frekari orku að halda, ekki til almennrar notkunar. Þetta er því eingöngu sett fram til að hvetja þá aðila sem hafa sýnt því áhuga að fara í rannsóknir að því tilskildu að þeir fái raforkuframleiðsluna í framhaldinu. Þetta er eingöngu sett fram til þess að hvetja þá til að gefast nú ekki upp, halda áfram og vera þá búnir að eyrnamerkja sér það vatnsafl eða það svæði sem þeir vilja hefja rannsóknir á. Til hvers ætti í raun að fara í slíkar afmarkaðar rannsóknir nema virkjanaleyfið fylgdi með?

Verið er að fjalla um vatnalögin núna á þinginu en frumvarp til vatnsverndarlaga lætur á sér standa. Það er sjálfsögð krafa að vatnsverndarlögin fari í gegnum þingið samhliða þeim frumvörpum sem fjalla um nýtingu á vatni þannig að heildstæð mynd fáist á þessu sviði. Við höfum flaggað hugtakinu um sjálfbæra þróun. Það var gert á umhverfisþingi sem var um síðustu helgi þar sem umhverfisþingið hafði yfirskriftina Sjálfbær þróun. Í mínum huga er orðin of mikil hugtakanotkun en ekki vinna í raun sem hæstv. ríkisstjórnin innir af hendi. Á mjög mörgum sviðum t.d. í atvinnumálum og í stóriðjumálum er unnið alveg þvert á sjálfbæra þróun í orkustefnu og atvinnugreinum. Ber þar hæst Kárahnjúkavirkjun, Hálslón. Það er hreint ótrúlegt að hlusta á það aftur og aftur að við stundum sjálfbæra orkustefnu, það sé sjálfbær orkustefna að fá rafmagnið úr mengunarlausum uppsprettum á sama tíma og ljóst er að virkjun eins og Kárahnjúkavirkjun getur aldrei verið sjálfbær, er það ekki og verður það ekki. Verið er að snúa hugtakinu sjálfbær þróun á haus og ég tel að ekki sé hægt til lengdar að flagga hugtakinu sjálfbær þróun en ganga svo gjörsamlega gegn þeirri hugmyndafræði. Það ætti þá frekar að kalla það sínum réttum nöfnum og tala um Kárahnjúkavirkjun sem mengunarlausa virkjun, lausa við loftmengun, og það er það sem verið er að vísa til þegar verið er að dásama hvað það sé gott að fá slíkar stórvirkjanir til Íslands, að þær mengi ekki loftið en sjálfbærar eru þær ekki.

Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, nú á að leyfa orkufyrirtækjunum að eyrnamerkja sér bæði svæði og vatnsföll og ég tel að þetta séu lög sem komi til vegna ákveðinna fyrirhugaðra framkvæmda við stóriðjuna en ekki lögð hérna fram sem almenn lög.

Hæstv. iðnaðarráherra hefur spurt að því hvar megi virkja, hvar við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að megi virkja, við séum á móti öllum virkjunum. Ég vil hvetja hæstv. iðnaðarráðherra til þess að lesa frumvarp sem var lagt fram á fyrstu dögum þingsins um sjálfbæra orkustefnu, sem er mikið að vöxtum, og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lögðum hér fram. Ég held að það væri hollt fyrir hæstv. iðnaðarráðherra að lesa það frumvarp og hætta þá að kalla eftir því hvar megi virkja því að sannarlega má virkja, en við höfum gengið ótæpilega á þá virkjunarkosti sem sátt hefur verið um, og gott betur, samanber Kárahnjúkavirkjun. Því er mikilvægt að ljúka rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma. Það verður engin sátt um frekari virkjunarleyfi til stóriðju með vatnsaflsvirkjunum.

Álverin og álversframleiðslan kalla eftir mikilli orku og þar af leiðandi stórum uppistöðulónum eða virkjunum stórfljótanna með tilheyrandi vatnsmiðlunarlónum. Það er alveg ljóst að eftir 2009, þegar annar áfangi rammaáætlunar verður lagður fram, má ætla að gengið verði svo á bestu virkjunarkosti út frá hagsmunum orkufyrirtækjanna að það verði ekkert eftir til þess að raða upp eins og rammaáætlunin segir til um, þ.e. ef orkufyrirtækin og hæstv. iðnaðarráðherra ráða för verður búið að ganga á bestu virkjunarkostina út frá hagsmunum orkufyrirtækjanna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill sjálfbæra orkustefnu eins og við höfum lagt til og við viljum nýta vatnsorkuna til dreifðari atvinnufyrirtækja, þ.e. við viljum falla frá álversátrúnaði hæstv. iðnaðarráðherra, við viljum falla frá álversátrúnaði í opinberri atvinnustefnu.

Hér hefur verið, hæstv. forseti, aðeins minnt á Kyotobókunina og mengunarkvótana. Það hefur líka komið fram að hér eru uppi hugmyndir um að koma a.m.k. þremur nýjum álverum í rekstur. Tímasetningarnar eru ekki ljósar en það er þegar verið að undirbúa frekari álversframkvæmdir og það hefur líka komið fram að sá mengunarkvóti sem við eigum eftir ónýttan mun ekki duga nema fyrir svo sem eins og einu stóru álveri og þá stendur tvennt eftir og það er að þeim álrisum sem eru að leita eftir framkvæmdaleyfum hér á landi hefur verið gefið undir fótinn með að það komist allir að eða þá að við þurfum að fara að kaupa mengunarkvóta. Þetta gengur ekki upp eins og staðan er í dag og ég held, hæstv. forseti, að rétt sé að þessi hlið málsins verði svo skoðuð rækilega áður en frekari rannsóknarleyfi og þar með í framhaldinu virkjunarleyfi verði gefin út.

Ég tel, hæstv. forseti, einnig mjög mikilvægt að fá niðurstöður frá sérskipaðri nefnd eins og lagt var til í frumvarpinu frá því í vor, að sett verði á laggirnar sérskipuð nefnd sem setji reglur um úthlutun á rannsóknarleyfum, því að með rannsóknarleyfinu er næstum sjálffengið virkjunarleyfi og þetta eru verðmæti sem margir vilja komast í og það verður að vera ljóst hvernig reglurnar um úthlutunina eiga að vera áður en farið er að úthluta rannsóknarleyfum.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvað eftirfarandi málsgrein um endurkröfurétt í 3. gr. frumvarpsins þýði, en þar segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að sá kostnaður sem endurgreiðsla beri sé í samræmi við rannsóknaráætlun og í beinum og efnislegum tengslum við fyrirhugaða nýtingu."

Þessi endurgreiðslukostnaður við fyrirhugaða nýtingu,

er það áætlaður gróði af rekstri vatnsaflsvirkjunar? Er meiningin sú, hæstv. forseti, að rannsóknaraðila sé endurgreiddur áætlaður gróði af rekstri vatnsaflsvirkjunar sem hann hefði fengið ef virkjunarleyfið hefði fylgt í kjölfarið á rannsóknarleyfinu en falið einhverjum öðrum?

[16:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég hef mestan áhuga á að spyrja hv. þingmann um, af því að hún á heima á Austurlandi, er hvort hún hafi orðið vör við uppbyggingu á Austurlandi sem tengist nýtingu orkunnar.

[16:23]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég teldi það kurteisi að hæstv. iðnaðarráðherra svaraði spurningunni sem ég bar fyrir hana í stað þess að svara með annarri spurningu.

Ég vil ítreka þá spurningu sem ég lagði fyrir hana um hvort það sé áætlaður gróði af rekstri vatnsaflsvirkjunar sem á að endurgreiða rannsóknaraðilum, þ.e. fái þeir ekki úthlutað virkjunarleyfi.

Hvað varðar uppbyggingu á Austurlandi þá bý ég á Austurlandi, á Egilsstöðum, og ég verð vör við mikla uppbyggingu og mikla umferð. Ég verð einnig vör við blendnar tilfinningar hjá fólki og þær verða stöðugt blendnari hvað varðar þær miklu framkvæmdir sem eru í gangi. Það er fólk sem bjóst við að fá mikla atvinnu inn á svæðið fyrir heimamenn og fólk sem hafði ekki áttað sig á þeim miklu óafturkræfu umhverfisspjöllum, umhverfisröskun og tjóni sem hefur orðið uppi á hálendinu en því miður er of seint að átta sig nú á hvílíkt inngrip og röskun er orðin þar. Ég verð vör við bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar.

Það sem skiptir máli, hæstv. forseti, er að spyrja að leikslokum. Hvernig mun samfélagið sem er á miðsvæði Austurlands líta út þegar virkjunarframkvæmdum lýkur? Hvernig munu jaðarsvæðin þróast í framtíðinni, þau svæði sem í dag eru algjörlega að koðna niður og fá ekki mola af þeim miklu framkvæmdum sem eru í gangi á miðsvæðinu? Frú forseti, spyrjum að leikslokum, lærum af reynslunni og höldum ekki áfram inn í frekara álæði og svona stórkostlegt inngrip og skemmdir á náttúru og inngrip inn í lítil samfélög, áður en við sjáum hver niðurstaðan og áhrifin verða af þessum framkvæmdum.

[16:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Inngrip inn í lítil samfélög, sagði hv. þingmaður. Hún er þá þeirrar skoðunar að samfélagið á Miðausturlandi hafi átt að vera áfram lítið. Ég skil það þannig að hún sé á móti þessari uppbyggingu, fjölgun fólks. Það er með ólíkindum að heyra íbúa á Miðausturlandi tala með þessum hætti þar sem fólkið sem þarna býr — þar sem ég þekki til alla vega — er yfir sig ánægt með það sem er að gerast.

Hv. þingmaður spurði um kostnaðinn, hvað það væri sem væri endurgreitt í þeim tilfellum þegar sá aðili sem rannsakar fær ekki endanlegt virkjunarleyfi. Það er raunhæfur kostnaður sem snertir virkjunina sem endanlega verður byggð. Það er sem sagt ekki hægt að krefjast þess að það sé endurgreitt eitthvað sem nýtist ekki þegar til þess kemur að virkjunin sjálf verður reist.

Ég langar til að ítreka spurningu mína til hv. þingmanns, sem mér fyndist að væri maður að meiri ef hún viðurkenndi að þessi uppbygging er jákvæð fyrir Austurland frekar en að koma með þessar skýringar sem að mínu mati eru fátæklegar.

[16:26]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru tvær hliðar á öllum málum. Nú eru mikil umsvif á Austurlandi bæði uppi á hálendinu og niðri í byggð. Við höfum fengið fréttir af því hvernig staðið hefur verið að ráðningu starfsmanna uppi á Kárahnjúkavirkjun. Er það jákvætt? Ég vil spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort hún sé stolt af því hvernig Impregilo hefur staðið að ráðningum starfsmanna og hvernig verkin hafa gengið fyrir sig.

Er það jákvætt ef þessi þróun hvað varðar ráðningu starfsmanna inn á svæðið hefur svo neikvæð áhrif á allt atvinnulíf, á alla launaþróun í landinu? Ef til lengri tíma er verið að brjóta verkalýðshreyfinguna í þessu landi niður, er það jákvætt? Er það jákvætt að fá svo marga starfsmenn inn á svæði að lítil samfélög eiga í mestu erfiðleikum með að þjónusta þessa aðila og þá vil ég nefna opinberar stofnanir, t.d. heilbrigðisstofnanirnar, lögregluna, Vinnueftirlitið og sveitarfélögin sem hafa fengið mjög takmarkaðan stuðning á þessu uppbyggingartímabili?

Ég vil bara endurtaka það að við skulum spyrja að leikslokum. Auðvitað vona ég eins og allir að þetta fari vel, að það náist að vinna þannig úr málum að þessi risaverksmiðja sem að mínu mati var óheillaspor að reisa, að áhrifin verði sem jákvæðust til lengri tíma litið. En það má ekki stinga höfðinu í sandinn eins og hæstv. iðnaðarráðherra gerir og neitar (Forseti hringir.) að horfast í augu við að þetta hefur líka mikla vaxtarverki (Forseti hringir.) og erfiðleika í för með sér á þessu svæði.

[16:28]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að halda langa tölu en ég beindi spurningu til hæstv. iðnaðarráðherra en fékk því miður ekki svör. Hún var eitthvað á þá leið hvað lægi svo mikið á að fara með þetta frumvarp í gegn. Ég nefndi hvort það væru þessi þrjú álver sem hafa verið nefnd til umræðunnar, eitt á Suðurnesjum, eitt á Norðurlandi og síðan í Straumsvík og þess utan minntist ég lítillega á að tvö álver væru í byggingu.

En ég taldi að það væri brýnna að fara að ræða þá háu reikninga sem fólk er að fá við þessar breytingar, fara yfir þá stöðu og ýmis önnur mál sem ég hefði talið miklu brýnna að fara í og hefði viljað fá þá umræðu um þau. Ég hef verið að velta því fyrir mér þessa dagana, hvað er það sem liggur á? Stundum veltir maður því fyrir sér að auðvitað finnur iðnaðarráðherra ýmis mál brenna á sér, t.d. byggðamálin og hún gerir ekkert þar, ég veit ekki hvers

vegna það er. Síðan eru það gengismálin í iðnaðinum, hátækniiðnaðurinn sem kvartar og nánast allur útflutningsiðnaðurinn. Þá velti ég því fyrir mér hvort verið sé að fara fram með svona mál til að láta líta út fyrir að eitthvað sé að gerast. Ég veit það ekki. Maður fer óneitanlega að velta þeirri spurningu fyrir sér.

Í sjálfu sér er frumvarpið ekki ósanngjarnt, þ.e. að þeir sem fá að rannsaka hafi forgang að nýtingu orkunnar. Það er ekkert ósanngjarnt í sjálfu sér. En það sem þarf að fara yfir og er gagnrýnisvert er að ríkisstjórnin, með hæstv. iðnaðarráðherra í forustu, leggur öll frumvörp og áætlanir um vatnsvernd til hliðar og einnig er gagnrýnisvert hvernig á að úthluta rannsóknarleyfunum. Mér finnst það ámælisvert. Við ræddum það einmitt þegar frumvarpið var til umræðu síðasta í vor, hvernig ætti að úthluta rannsóknarleyfunum. Það var komið á ákveðinn farveg. Skipa átti nefnd sem í áttu að vera fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum. Nær hefði verið að hæstv. ráðherra hefði gengið frá lausum endum og notað tímann, en það er ekki. Ekki hefur heldur verið gengið frá ýmsum hnökrum á vatnsnýtingarfrumvarpinu sem er nú til umræðu í iðnaðarnefnd og það er mjög ámælisvert.

Hv. formaður iðnaðarnefndar hefur ekki treyst sér til að ræða efni frumvarpsins að miklu marki heldur hefur mál hans snúist um heimaaðila, að þeir fái að virkja. En ef maður les frumvarpið þá er ekki hægt að sjá að þetta snúist um heimaaðila. Ef það eru einhverjir heimaaðilar hljóta að vera einhverjir aðkomumenn líka. Þessi umræða hjá hv. formanni iðnaðarnefndar minnir frekar á umræðu sem fer fram á sveitaböllum. Aðkomumenn og heimaaðilar. Frumvarpið snýst um rannsóknarleyfi. Ég átta mig í rauninni ekki á hvað menn eru að fara með svona umræðu. Ég bý í Skagafirðinum og þessi umræða teygir sig alla leið þangað norður. Þar eru svokallaðir heimaaðilar sem vilja fá að virkja eða rannsaka og mér skilst að þessir umræddu heimaaðilar — það kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar — væru m.a. Kaupfélag Skagfirðinga og aðilar tengdir þeim, Rarik. Það væri fróðlegt að fá það upp hjá hv. formanni iðnaðarnefndar hvort þetta séu aðilarnir, umræddir heimaaðilar, og hverjir séu þá aðkomumenn í þessu máli.

Áður en við höldum lengra með þá umræðu er rétt að rifja upp fyrirspurn sem ég lagði fram fyrir hæstv. iðnaðarráðherra um orkunýtingu í Skagafirði, eða á Norðurlandi vestra réttara sagt, þ.e. hvar orka sem yrði til í Blönduvirkjun yrði nýtt. Svarið hljóðaði á þá leið að innan við 10% væru nýtt á Norðurlandi vestra. Eins og staðan er þar er því verið að flytja geysilega mikla orku frá Norðurlandi vestra. Það er í rauninni mjög villandi og ómálefnalegur málflutningur sem verið er að fara fram með, m.a. í Skagafirðinum, að virkjun Jökulsár þar sé einhver forsenda fyrir iðnaðinn. Það er hægt að stinga í samband, eins og staðan er núna, iðjuveri sem væri mjög góður kostur eflaust í Skagafirðinum, að fá iðjuver líkt og steinullarverksmiðjuna. En þetta frumvarp sem hér um ræðir er alls ekki nein forsenda, það er langt í frá. Það er bara villandi málflutningur.

Ég vil halda áfram með þá umræðu hvað liggi á. Eru mál einhvers staðar strand í kerfinu? Ég hef hér sjóðheita skýrslu sem kom í þingið í dag, skýrslu um raforkumálefni sem gefin er út af hæstv. iðnaðarráðherra. Nú er ekki að sjá að við séum í flæðiskeri stödd hvað varðar raforku og útgáfu rannsóknarleyfa. Á bls. 62 í skýrslunni kemur fram að gefin hafa verið út leyfi til rannsókna á Hellisheiðarsvæði, vesturhluta Kröflusvæðis, við Þeistareyki og í Köldukvíslarbotnum, á Hágöngusvæði. Þá hefur Hitaveita Suðurnesja fengið nýtingarleyfi og hafið undirbúning fyrir allt að 100 megavatta virkjun á Reykjanesi. Síðan er haldið áfram. Gefin hafa verið út virkjanaleyfi fyrir Búðarhálsvirkjun, 120 megavött, Kárahnjúkavirkjun er í fullum gangi, Nesjavallavirkjun, Hellisheiðarvirkjun og Lagarfoss. Það er ekki að sjá að við séum eitthvað strand, og að þetta sé einmitt frumvarpið sem hæstv. iðnaðarráðherra situr heilan dag og jafnvel fram á kvöld yfir, ég get ekki séð það.

Það eru önnur mál sem brenna á, t.d. byggðamálin og útflutningsgreinarnar. Ég skil ekki hvers vegna hæstv. ráðherra leggur svona mikla áherslu á þetta. Hún kippir þessu frumvarpi fram fyrir mál sem allir eru sammála um. Það er umdeilt. Þó svo að efni frumvarpsins virðist vera sanngjarnt og er það eflaust, þ.e. að þeir sem leggja í rannsóknir fái að nýta orkuna, þá hefur ráðherrann glatað ákveðnu trausti. Ég verð að segja að traust mitt á hæstv. iðnaðarráðherra og störfum hennar hefur farið síminnkandi og sérstaklega í ljósi þess að öll loforð um að raforkan skyldi ekki hækka hafa ekki gengið eftir. Orkureikningarnir hafa hækkað og mér finnst að í umræðunni drepi hún málefnalegri umræðu oft á dreif í staðinn fyrir að taka á málefnum sem skipta máli.

Ég hefði talið það ábyrgan iðnaðarráðherra sem hefði forgöngu um að hvetja hæstv. umhverfisráðherra til að standa með sér og leggja fram frumvörp samhliða nýtingarfrumvörpum. En það væri fróðlegt að einhver svör fengjust um hvers vegna engin frumvörp koma fram til að tryggja náttúruna. Ég er alls ekki á móti stóriðju en mér finnst mjög sérstakt að heil ríkisstjórn skuli eingöngu leggja áherslu á þann málaflokk og síðan þegar kemur að náttúruvernd, sem ég er mjög hlynntur, þá má ekki taka þau mál til umfjöllunar, helst ekki. Traust mitt hefur farið hríðminnkandi á störfum ráðherra og einnig í sambandi við byggðamálin. Það virðist ekkert vera að gerast þar.

Við höfum rætt um frumvarp til vatnalaga. Þar er mjög mikilvægt mál sem fjallar m.a. um rétt sveitarfélaga. Sveitarfélög í landinu þurfa jafnvel stundum að geta sótt vatn út fyrir landamörk sín. Mér finnst í umræðunni um þessi mál, bæði vatnsverndina og að sveitarfélög geta tryggt sér ákveðinn nýtingarrétt út fyrir sín mörk, að hæstv. iðnaðarráðherra og starfsmenn hennar séu á bremsunni við að sjá að þetta geti verið skynsamlegt, að tryggja að sveitarfélög hafi nýtingarrétt í forgrunni. Ég átta mig í rauninni ekki fyllilega á því hvað rekur hæstv. ráðherra hér áfram, sérstaklega í ljósi þess að önnur verkefni blasa við. Útflutningsiðnaðurinn glímir við hátt gengi og síðan vantar fjármagn til nýsköpunar.

Fleira forvitnilegt er í þessari skýrslu sem var að koma út sem sýnir að við erum alls ekki stopp í þessum málum eins og ég sagði áðan. Raforkumál og rannsóknir á orkugeiranum eru á fullri ferð. Þess vegna finnst mér vera heiðarlegast fyrir hæstv. ráðherra að svara þessu í rólegheitum hvað það er í rauninni sem kallar akkúrat á þetta. Eru einhver raforkufyrirtæki, sem eru að vísu öllsömul enn sem

komið er í opinberri eigu, að merkja sér ákveðin landsvæði með því að tryggja sér rannsóknarleyfi? Mann fer að gruna að málið snúist að einhverju leyti um það að menn séu að merkja sér vissa á til að fá nýtingarleyfi í framtíðinni. En það er í rauninni ekkert sem kemur í veg fyrir að ákveðin fyrirtæki fái einfaldlega nýtingarleyfi strax og geti þá hafið rannsóknir á þeim forsendum eins og staðan er núna. Ég verð að segja, frú forseti, að mér finnst þessi forgangsröðun eins og staðan er í dag — það er nóg rafmagn í landinu og það er ekki eins og við séum á flæðiskeri stödd, eins og kom fram áðan í allri þeirri upptalningu í skýrslunni um raforkumálefni. Það er í rauninni óskiljanlegt hvað það er sem hvetur ráðherra til að ýta málinu fram með þessum asa án þess að binda þá hnúta sem eru lausir.

[16:41]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki er annað hægt en að brosa að þessum málflutningi hv. þingmanns þegar hann talar um trúverðugleika hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra því hann tók til máls um frumvarp sem hann var meðflutningsmaður að á síðasta löggjafarþingi. Fyrir örfáum mánuðum var hv. þingmaður meðflutningsmaður að því frumvarpi sem við erum að ræða. Það hefur ekkert breyst á milli þinga og hér kemur hv. þingmaður upp og segir: Hvað liggur á? Halló. Hv. þingmaður var flutningsmaður að málinu. Hvað er í gangi hjá hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins? Eru hv. þingmenn ekki hlynntir skynsamlegri nýtingu á náttúruauðlindum landsins? Hv. þingmaður endaði á því áðan að tala um skynsamlega nýtingu. Þurfum við þá ekki að fara í rannsóknir á þeim auðlindum til að vita hvað er skynsamlegt í þeim efnum? Hvers lags málflutningur hefur farið fram í dag?

Og enn og aftur koma hv. stjórnarandstæðingar hér upp og tala um að fara eigi í þrjú eða fjögur álver á næstu 5–7 eða tíu árum. (**ÞBack:** Það er búið að lofa því.) Þetta er fáránlegur málflutningur. Það hefur ekki verið skrifað undir neitt í þeim efnum að farið verði í slíkar framkvæmdir. Ég sé að hv. þm. Þuríður Backman hlær. (**ÞBack:** Það er búið að lofa þessu.) Og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni er vafalaust ekki lítið skemmt. Þetta eru þeir þingmenn sem hafa talað hvað mest gegn framkvæmdum til að mynda í eigin kjördæmi á Miðausturlandi. Menn vilja kannski horfa til framtíðar á Norðurlandi. Það hefur ekkert verið tímasett í þessum efnum en ég lofa Norðlendingum því að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu berjast með oddi og egg gegn uppbyggingu atvinnutækifæra á Norðurlandi. (**JBjarn:** Það er rangt.) (**ÞBack:** Um hvað ertu að tala?) (**Gripið fram í:** Gegn virkjunarframkvæmdum.)

[16:43]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mjög jákvætt þegar hv. þm. Birkir Jón Jónsson getur gert að gamni sínu og brosað. Ég sagði í umræðunni að í sjálfu sér væri þetta frumvarp ekki óskynsamlegt. En ég spurði hæstv. ráðherra hvað lægi á vegna þess að þegar þetta frumvarp var til umræðu eða fór frá nefndinni var það meðal annars til að bjarga vondu frumvarpi sem kom frá ráðherra.

En einnig lá ljóst fyrir þegar það frumvarp var til umræðu í nefndinni að binda þyrfti lausa enda. En síðan kemur þetta frumvarp óbreytt og ekki er búið að ganga frá þeim endum sem voru lausir. Ég tel að það ætti að vera ákveðið áhyggjuefni. Hvað liggur á? Hvers vegna er ekki búið að binda þá hnúta sem voru lausir?

Í sjálfu sér væri fróðlegt að fá skýringar frá hv. þingmanni vegna þess að hann hefur mikið minnst á heimamenn en ekki aðkomumenn enn varðandi þetta frumvarp. Ég átta mig í rauninni ekki á því hvað heimamenn og jafnvel aðkomumenn koma þessu frumvarpi við. Þetta snýst um rannsóknarleyfi, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, og ég vona að menn fari að átta sig á því í umræðunni og skynsamleg umræða verði um nýtingu á auðlindum þjóðarinnar.

[16:45]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður virðast orðaskipti mín og hv. þm. Jóhanns Ársælssonar áðan hafa farið fram hjá þingmanninum. Það er allt gott um það að segja, en þar ræddum við mikið um þennan þátt heimamanna. Ég sagði í andsvari fyrr í dag að mikill áhugi væri hjá heimamönnum, m.a. í Skagafirði og í Þingeyjarsýslum, á því að farið verði út í rannsóknir á auðlindum sem eru í þeim héruðum. Ég hef ekki úthlutað neinum rannsóknarleyfum hvað það varðar og alveg ljóst að aðilar víða um land munu sækja um slík leyfi.

Hv. þingmaður segir: Hvað liggur hér á? Það er mikilvægt að við komum þessari lagabreytingu í gegn svo að menn geti sótt um rannsóknarleyfi og farið í rannsóknir. Það þarf rannsóknir til þess að kveða á um framtíðarnýtingu á auðlindum þjóðarinnar.

Hæstv. forseti. Ég fagna því náttúrlega ef hv. þm. Sigurjón Þórðarson er ekki á móti því frumvarpi sem hann var meðflutningsmaður að fyrir örfáum mánuðum. Ég skildi orð hans hér þannig að hann mundi standa að þessu. Flýtirinn er ekki meiri en svo á málinu að við frestuðum því á síðasta löggjafarþingi. Hv. þingmaður var meðflutningsmaður að málinu. Hann hefur væntanlega viljað fá málið í gegn á síðasta löggjafarþingi. Asinn er því ekki meiri en svo að við ætlum að koma þessu máli í gegn á þessu þingi ef meiri hluti er fyrir því á hinu háa Alþingi.

Ég hef lýst yfir stuðningi mínum við þetta mál. Hér er um framfaraspor að ræða og alveg merkilegt að hlusta á málflutning stjórnarandstöðunnar í dag hvað það varðar að menn vilji horfa til framtíðarnýtingar á þessum auðlindum og rannsaka þær. Það er sjálfsagt mál að menn rannsaki þessar auðlindir til þess að vita hvort hagkvæmt sé, hvort eitthvert vit er í, að fara í einhverjar framkvæmdir í framhaldi af því. Við hljótum að vera sammála um það, ég og hv. þingmaður.

[16:47]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Umrædd skoðanaskipti fóru ekki fram hjá mér, en ég verð að segja eins og er að ég varð engu nær um hvað heimamenn og jafnvel aðkomumenn koma þessu máli við. Ég á von á því að hv. þingmaður og formaður allsherjarnefndar skýri það út fyrir okkur seinna í umræðunni. Ég

studdi frumvarpið í trausti þess að umrædd nefnd, sem átti að vera skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka, yrði skipuð. Það hefur ekki verið gert.

Ég kom einnig inn á það í ræðu minni áðan að traust mitt á hæstv. iðnaðarráðherra fer sífellt þverrandi. Ég er ekki einn um það. Ég finn það á fólki á landsbyggðinni, jafnvel á fólki sem hefur stutt Framsóknarflokkinn til margra ára og fær háa raforkureikninga frá flokknum, að því er ekki sama. En mér finnst algjör vitleysa að blanda heimaaðilum í Skagafirði inn í þetta mál.

Ég vona að hv. þingmaður hafi hlýtt á ræðu mína þar sem ég kom inn á að yfir 90% af allri orku sem er framleidd í Blönduvirkjun er flutt af svæðinu og ekki notuð á Norðurlandi vestra. Eins og staðan er í Skagafirði er því nægileg orka fyrir iðjuver á borð við steinullarverksmiðjuna og nokkrar slíkar, það er hægt að stinga þeim í samband. Það er óþarfi að blanda atvinnuuppbyggingu í Skagafirði inn í þetta mál.

[16:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það var athyglisvert hversu mjög hæstv. ráðherra og kannski ekki síður formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir J. Jónsson, kveinkuðu sér undan því að þetta mál, þetta litla frumvarp sem svo lítur út fyrir að vera á yfirborðinu, var sett í sitt rétta samhengi. Sett inn í samhengi um stóriðjustefnu og álstefnu ríkisstjórnarinnar. Það var greinilega ekki vinsælt á þeim bæjum að draga upp heildarsamhengi hlutanna svo maður minnist ekki á að vekja athygli á þeirri staðreynd að hæstv. ríkisstjórn byrjar hér eins og venjulega á öfugum enda og skilur allt eftir sem lýtur að umhverfismálum og náttúruvernd, ýtir því út af borðinu, ryður því út úr þessum frumvörpum sínum.

Mikillar tilhneigingar gætir hjá hæstv. ríkisstjórn, sérstaklega hjá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og talsmönnum Framsóknarflokksins, til að stilla málum þannig upp: Það er allt eða ekkert. Annaðhvort styðja menn stóriðju, hina blindu, óheftu stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, eða þeir eru algjörlega á móti öllu slíku. Það er allt eða ekkert. Og ég lít svo á að Sjálfstæðisflokkurinn styðji álstefnu Framsóknarflokksins þangað til annað kemur í ljós. Það heyrist ekki múkk í neinum sjálfstæðismanni. Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. iðnaðarráðherra, er því væntanlega andlegur leiðtogi þeirra í þessum efnum

Þar sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leyfum okkur að hafa efasemdir um eða vera beinlínis andvíg ýmsum virkjunum — teljum sumar virkjanir, t.d. Kárahnjúkavirkjun sem nú er verið að reisa, gjörsamlega óverjandi vegna hinna miklu óafturkræfu umhverfisspjalla — erum við bara á móti virkjunum. Við erum samt sem áður sammála faglegri matstofnun Íslendinga, Skipulagsstofnun, sem gaf framkvæmdinni við Kárahnjúka, eins og kunnugt er, falleinkunn sem var síðan snúið við með pólitísku handafli. En við erum bara á móti virkjunum. Það sagði hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hér. Spurði aftur og aftur: Hvað má þá virkja? (Gripið fram í.) Já, ég skal koma með svarið. Hv. þm. Birkir J. Jónsson stillti dæminu þannig upp: Ef menn styðja ekki álversáform ríkisstjórnarinnar þá eru menn á móti atvinnuuppbyggingu á viðkomandi svæðum. (**BJJ:** Er það ekki atvinnuuppbygging?) Jú, það er ein tegund hennar, en það er ekki það eina sem er í boði, eða er það? (Gripið fram í.) Er það þá þannig eftir allt saman, þegar dæminu er stillt svona upp, að það sannist að menn sjá enga aðra möguleika en álver, ekkert annað til atvinnuuppbyggingar? Ef allir sem andæfa þeim eru stimplaðir almennir andstæðingar atvinnuuppbyggingar er um leið verið að segja: Það er ekkert annað til.

Ég leyfi mér að votta Framsóknarflokknum samúð mína. Ég votta Framsóknarflokknum samúð mína af þessari hrottalegu málefnafátækt. Það er eiginlega ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að Framsóknarflokkurinn sé um þessar mundir ómálefnalegasti stjórnmálaflokkur Íslands. Ég get ekki komist að annarri niðurstöðu. Ég hef margar fjörurnar sopið í orðaskiptum á Alþingi og ég man varla eftir í annan tíma, nema ef helst skyldi vera fyrstu ár mín á Alþingi þegar maður var að kljást við hörðustu hægri mennina í umræðum um utanríkismál, brennimerkta af anda kaldastríðsáranna, jafnhrottalega átakanlegri tilhneigingu til fullkomlega ómálefnalegrar nálgunar eins og hér gætir hjá Framsóknarflokknum.

Hefur hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra einhverja minnstu ástæðu til að ætla að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé almennt á móti virkjunum? Bara almennt á móti því að virkja? (Gripið fram í.) Er það mjög líkleg nálgun? Er það ekki um það bil jafnfáránlegt eins og þegar formaður Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, sem þjóðin hefur ákveðnar skoðanir á, stóð hér í þessum ræðustóli og sagði að Vinstri hreyfingin – grænt framboð væri á móti framförum. Hún væri örugglega eini stjórnmálaflokkurinn undir sólinni sem nokkurn tímann hefði verið stofnaður í samanlagðri stjórnmálasögu heimsins sem gengi fram undir þeim formerkjum að vera á móti framförum. Þá kemur auðvitað að því að menn skilgreina hlutina með mismunandi hætti. Fyrir einum eru það framfarir sem annar telur afturför. Það að rústa niður velferðarkerfinu á Íslandi og skera þar niður við trog eru framfarir í augum eins en afturför í augum annarra, er það ekki? Hið sama á við um stóriðjustefnuna og þau hrottalegu ruðningsáhrif og neikvæðu áhrif sem hún hefur í efnahags- og atvinnulegu tilliti og blasa við okkur þessa dagana. Svo maður tali ekki um umhverfisáhrifin. Þetta finnast sjálfsagt einhverjum vera framför en öðrum afturför.

Ég hef oft rætt um orku- og virkjunarmál á Alþingi þau 22 ár sem ég hef verið hér. Það er víða til á prenti þar sem ég fer yfir þessi mál og bendi á hversu góða möguleika Íslendingar eigi á að stunda sjálfbæran orkubúskap. Það er hægðarleikur fyrir okkur Íslendinga að fullnægja okkar þörfum, öllum okkar almennu þörfum og þörfum í þágu almenns iðnaðar, án þess að ráðast í neinar af þeim umdeildu virkjunum sem mestum deilum hafa valdið á Íslandi síðustu ár. Ætli við séum alveg ein á ferð, þingmenn Vinstri grænna, að hafa efasemdir um þær fórnir í íslenskri náttúru sem óhefta stóriðjustefnan er að kalla yfir okkur og á eftir að kalla yfir okkur ef öll áformin um 12–14 þús. tonna framleiðslu á áli hér innan 5–10 ára eiga að ganga eftir? Ætli það muni ekki fleiri en við sjá svolítið eftir Langasjó, sjá svolítið eftir Þjórsárverum, sjá svolítið eftir Aldeyjarfossi, sjá svolítið eftir gljúfrunum með jökulvötnunum í

Skagafirði? Jú, ég held að það verði fleiri en við fimm, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Skyldi því Framsóknarflokkurinn ekki aðeins þurfa að líta í eigin barm, velta því fyrir sér hvort þessi grátlega ómálefnalega og ómerkilega nálgun, að reyna með svona einföldum hætti að gera mönnum uppi skoðanir, (**Iðnrh.:** ... er svarið?) endurspeglist kannski í því trausti (**Iðnrh.:** Hvaða virkjanir ...?) sem menn bera til flokksins í skoðanakönnunum. Kannski það sé þannig að formaður Framsóknarflokksins (**Gripið fram í:** Hvernig fóru síðustu kosningar?) standi jafnágætlega og raun ber vitni með þjóðinni, m.a. vegna þess að fólk sér í gegnum svona málflutning.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson benti réttilega á, og ég kom líka inn á það í minni tölu, að margar meira og minna fullbúnar virkjanir eða virkjunarkostir liggja á lager. Veitt hafa verið rannsóknarleyfi, framkvæmdarleyfi eða nýtingarleyfi fyrir mörgum virkjunum. Þar má t.d. nefna Hellisheiðarsvæðið og að fullnýta Kröflusvæðið. Ég hef sagt áður í þessum ræðustól: Það svæði er sjálfsagður virkjunarkostur þegar búið er að fara inn á það og opna það upp, bæði í umhverfislegu tilliti og hvað hagkvæmni varðar, það er sjálfsagt að fullnýta það þegar við þurfum á orkunni að halda til einhverra þeirra þarfa sem við erum sammála um.

Búðarhálsvirkjun — bráðhagkvæm rennslisvirkjun sem nýtir þær miðlunarframkvæmdir sem komnar eru á Þjórsársvæðinu, sjálfsögð virkjun. Ég er ekki á móti henni, ég styð hana að því gefnu að við þurfum á orkunni að halda til einhverra skynsamlegra nota. Neðri virkjanirnar í Þjórsá eru mjög hagkvæmar vegna þess að þær nýta alla miðlunina sem fyrir er ofar í Þjórsársvæðinu. Núpavirkjun og síðan Urriðafossvirkjun eru að vísu ekki án umhverfisfórna. Það þarf vissulega að fara vel yfir það, en að breyttu breytanda eru þær mjög eðlilegur virkjunarkostur áður en menn ráðast í ný og óröskuð svæði. Að fullnýta Nesjavallasvæðið, auðvitað, frekar en að fara í Brennisteinsfjöll eða Torfajökulssvæðið, að sjálfsögðu. Úr því sem komið er er einboðið að fullnýta svæði eins og Nesjavelli. Ég styð það. Þarf hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra fleiri virkjunarkosti? Margar hagkvæmar beinar rennslisvirkjanir í bergvatnsám sem valda sáralitlum umhverfisáhrifum og eru afturhverfar í þeim skilningi að það má fjarlægja stíflurnar, taka rörin niður og hleypa vatninu aftur í sinn farveg — sjálfsagðar.

Í skýrslu hæstv. ráðherra eru taldar upp smávirkjanir upp á samtals 7,2 megavött. Sumar þegar byggðar, aðrar í vændum. Þær eru að mörgu leyti sjálfsagður kostur. Hagkvæmt að tappa smáframleiðslu inn á dreifikerfin, það dregur úr tapi í kerfinu o.s.frv. Alveg sjálfsagt. Menn hefðu miklu fyrr átt að horfa á möguleikann á að taka smærri virkjanir í bland inn í kerfið og það væri hagkvæmari rekstur í dag ef stórvirkjanastefnan hefði ekki ráðið lögum og lofum. Það hefur aldrei mátt minnast á að ráðast í minni virkjanir sem féllu að þörfum innlenda markaðarins. Nei. Það hefur alltaf þurft að vera þetta stóra, stóra. Reyndar er hrottalegt fyrir hæstv. ráðherra að vera hér með skýrslu þar sem stendur á bls. 57 í skýrslunni um raforkumál:

„Undanfarin ár hafa verið lífleg í framkvæmdum og rannsóknum á orkulindum landsins."

Það stemmir illa við lýsinguna í frumvarpinu á hinni miklu tregðu og á því að ekki sé nóg að gert. Það stendur því ekki steinn yfir steini og eitt rekur sig á annars horn. En mergurinn málsins er þessi: Framsóknarflokkurinn er gjörsamlega helfrosinn í álvæðingu, í álæðisstefnu sinni, kemst ekki frá henni. Þrátt fyrir að nú blasi við okkur að það er verið að ryðja öðru atvinnulífi um koll í landinu skal haldið áfram og hrekja síðustu leifarnar af þekkingarfyrirtækjum, útflutnings- og samkeppnisiðnaði úr landi, leggja þess vegna niður fiskvinnslu og ferðaþjónustu. Öllu skal til kostað til að stóriðjustefna Framsóknarflokksins fái að hafa sinn gang.

[17:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hugsa oft um það þegar ég hlusta á hv. þingmann, formann Vinstri grænna, hvað þjóðin má vera þakklát fyrir að hann hefur ekki mikil völd í þessu landi og tapaði miklu fylgi í síðustu kosningum og hann hefur nú ekki náð sér eftir það. (**SJS:** Tapaði minna en Framsókn.) Hann hefur ekki náð sér eftir það enn þá. Hann tapaði manni meðan framsókn hélt sínum. Það hefur hv. þingmaður ekki komist yfir enn þá og er kannski skiljanlegt.

Það var auðheyrt á hans málflutningi hér að hann vill bara virkja sunnan lands. Hann er þingmaður Norðausturkjördæmis þar sem er mikil uppbygging, þ.e. á Austurlandi vegna orkunýtingar sem hv. þingmaður hlýtur nú að hafa tekið eftir. Það eru áform um það norðan lands jafnvel að virkja og byggja stóriðju vegna áhuga heimamanna, vegna áhuga Norðlendinga, sérstaklega vinstri manna á Húsavík. Þegar við þingmenn vorum þar nýlega á fundi stóð þar í texta frá bæjaryfirvöldum — vinstri menn stjórna bænum — að þeir vonuðust til þess að stjórnvöld kæmu ekki í veg fyrir að reist yrði stóriðja við Húsavík. Mér fannst þetta einkennilegur texti og spurði hvað þetta þýddi því við höfum frekar verið skömmuð fyrir að vera of áhugasöm um að byggja stóriðju heldur en hitt. Þá var svarið að það væri bara vegna ótta við að kannski kæmu aðrir flokkar að völdum á Íslandi. Þetta voru nú flokksbræður hv. þingmanns, ef ég þekki rétt til, sem höfðu þó ekki meira álit á honum en svo hvað varðar atvinnuuppbyggingu á þessu svæði að þeir þurftu að hafa sérstakan fyrirvara um að hætta væri á því að aðrir gætu komið að völdum. Og ég er sammála þeim um það.

[17:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrir að sanna hér mín orð, sanna þau orð að Framsóknarflokkurinn er alveg örugglega — það er hafið yfir vafa í raun og veru í ljósi t.d. þessara orðaskipta hér í dag — ómálefnalegasti stjórnmálaflokkur á Íslandi. (Gripið fram í.) Talsmenn hans temja sér framgöngu sem er eiginlega harla óvenjuleg í þingsölum. Það er ekki haft svo mikið sem fyrir því að reyna að eiga orðaskipti við menn og láta þá bara viðurkenna að þeir hafi aðrar skoðanir og séu á öndverðum meiði. Nei, nei, það þarf bara að reka málin á þessum nótum eins og við heyrðum hér m.a. áðan.

Já, þjóðin er heppin að vinstri grænir skuli ekki hafa

meiri völd. Hver segir það? Það segir Valgerður Sverrisdóttir. Að hennar mati er það alveg rétt. En það vill svo vel til, frú forseti, að þjóðin ræður því sjálf. Það er nefnilega sem betur fer ekki Framsóknarflokkurinn sem ræður því. Hann er á stanslausri niðurleið og hefur tapað fylgi núna þrennar kosningar í röð, ef hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra vill fara yfir það út af fyrir sig. Eigum við kannski að rifja upp kosningarnar 1999? Eigum við rifja upp úrslitin í síðustu kosningum í Norðurlandskjördæmi eystra? Þá var hæstv. ráðherra með hýrri há — var það ekki? — og glöð í bragði og í sinni þegar hún tapaði forustunni í því kjördæmi í hendur Sjálfstæðisflokksins og miklu fylgi. Það er nú hægt að rifja upp ýmislegt í þessum efnum.

Við unum alveg ágætlega sátt við okkar hlut í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og finnum fyrir miklum stuðningi úti í þjóðfélaginu sem birtist með ýmsum hætti, m.a. í því að ungt fólk er mjög upptekið af þessum málum. Það hugsar um framtíðina og veltir því fyrir sér hvernig Ísland komi til með að líta út, hvernig við viljum hafa landið okkar, hvernig við viljum umgangast það og hvernig við viljum fara með það. Það vill heldur ekki að Ísland sé dregið inn í stríð í fjarlægum heimsálfum og beri ábyrgð á þeim hörmungum o.s.frv.

Ég tek ekki hreppapólitíska afstöðu í þessum efnum. Hæstv. ráðherra er hér að biðja um að menn taki afstöðu til grundvallarmála af þessu tagi eftir því hvort virkjanirnar kunna að falla í þeirra kjördæmi, þeirra hrepp eða einhvers staðar annars staðar. Þá skal hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra vera þannig (Forseti hringir.) stjórnmálamaður en ekki Steingrímur J. Sigfússon. (Forseti hringir.) Þetta er ekki hreppapólitík fyrir mér þegar kemur að náttúru landsins.

[17:04]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti miður sú geðillska sem kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar áðan á þessum fallega degi. Hv. þingmaður talaði mikið til okkar framsóknarmanna í ræðu sinni, nefndi Framsóknarflokkinn nokkuð oft á nafn og talaði um að það sem sumum þættu framfarir væri afturför í augum annarra.

Það er rétt að okkur hv. þingmann greinir á í mörgum málum. En þá skulum við fá á hreint hvað hv. þingmanni finnst um þær framfarir sem við framsóknarmenn teljum einkenna Miðausturland nú. Er þar um afturför að ræða? Þar geislar fólk af bjartsýni. Þar er uppbygging í gangi.

Hæstv. forseti. Ég vil segja við hv. þingmann að við erum að ræða um rannsóknarleyfi, um að veita fyrirtækjum rannsóknarleyfi. Ábyrgir stjórnmálaflokkar sem vilja skynsamlega nýtingu á náttúrauðlindum landsins hljóta að vera samþykkir því að veita fyrirtækjum rannsóknarleyfi til þess að komast að því hvað sé skynsamlegt í þessum efnum. Á ekki að veita fyrirtækjum rannsóknarleyfi til þess að rannsaka nýtingarmöguleika á auðlindum? Hvernig getum við annars komist að niðurstöðu um hvað sé skynsamlegt og hvað sé óskynsamlegt í þessum efnum? Hv. þingmaður talaði mjög mikið um að Framsóknarflokkurinn væri ómálefnalegasti flokkur landsins. Hann verður svo sem að fá hafa þá skoðun. Það er stefna okkar framsóknarmanna að fara skynsamlega með náttúruauðlindir þjóðarinnar. En þá verða menn að fara í rannsóknir og við erum að reyna að heimila aðilum hér á landi að fara í rannsóknir á þessum auðlindum. En vinstri grænir eru á móti því eins og svo mörgu öðru.

Ég held að hv. þingmaður ætti að kynna sér atvinnuástand t.d. á Norðausturlandi. Ég hef ekki orðið var við að hv. þingmaður kæmi með neinar lausnir eða tillögur í þeim efnum. Hann gagnrýnir bara og er bara á móti.

[17:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Sömuleiðis kærar þakkir til hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar. Það er ákaflega notalegt þegar maður hefur haldið fram sjónarmiði og svo koma ræðumenn í pontu í kjölfarið og sanna það sem maður var að segja. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson gaf sjálfum sér og málflutningi sínum alveg prýðiseinkunn með þessari snjöllu ræðu, (**BJJ:** Takk fyrir.) jafnmálefnaleg (Gripið fram í.) og rausnarleg og hún var.

Já, það er nú kannski þannig, eins og hv. þingmaður hafði eftir mér, að það sem einn telur vera framþróun eða til framfara horfa það telur annar kannski ekki. Ég tel það ekki framþróun að ryðja í burtu úr íslensku atvinnulífi hátækni- og þekkingarfyrirtækjunum, hrekja þau úr landi. Ég tel það ekki framþróun að um 500 manns hafa misst atvinnu sína í fiskvinnslu í landinu á einu ári og það rakið beint til gengis krónunnar og óhagstæðra skilyrða sem stóriðjuframkvæmdirnar settu af stað ef marka má t.d. sérfræðinga Seðlabankans. Ég tel það vera afturför. Ég tel að ekki sé hverju sem er fórnandi í hinu almenna íslenska atvinnulífi til þess að stóriðjustefna Framsóknarflokksins geti haldið óheft áfram.

Svo er það uppbyggingin á Miðausturlandi. Hvernig getur hv. þingmaður haldið þessu fram, spyr þingmaðurinn, í ljósi þeirrar miklu uppbyggingar sem er á Miðausturlandi? Hverjum datt annað í hug og hvenær var því mótmælt að auðvitað mundu þessar miklu framkvæmdir hafa mikil svæðisbundin áhrif? Aldrei. Það var ítarlega rætt hér í þingsölum. En hópur þingmanna var þeirrar skoðunar að það væri ekki nægjanlegt til þess að réttlæta hina neikvæðu þætti sem málinu fylgdu, þ.e. hin miklu óafturkræfu umhverfisspjöll og neikvæð efnahagsáhrif og fleira í þessum dúr. Um þetta snýst málið. Þessi er hinn málefnalegi ágreiningur ef menn geta fallist á að ræða það (Forseti hringir.) á þeim nótum. En það getur (Forseti hringir.) Framsóknarflokkurinn greinilega ekki og það verður að vera hans vandi.

[17:08]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er erfitt að eiga orðaskipti við hv. þingmann þar sem hann eyðir hálfu andsvarinu í að tala eingöngu um hversu ómálefnalegur málflutningur þess sem hér stendur er án þess að færa fyrir því nokkur rök.

Hv. þingmaður talar um að störf séu að tapast. Ég vil benda hv. þingmanni á að atvinnuástand hér á landi er prýðilega gott heilt yfir litið. Atvinnuleysi er 1,8% núna. Auðvitað veldur staða krónunnar erfiðleikum í sjávarbyggðum landsins. Ég geri mér vel grein fyrir því. En það

er rangt að halda því fram að þar sé einvörðungu um ruðningsáhrif vegna stóriðju á Austurlandi og Vesturlandi að ræða. (Gripið fram í.) Útlánaaukning bankanna til að mynda hefur farið að miklu leyti í einkaneyslu landsmanna. Heildarlántaka bankanna í erlendri mynt var um 1.000 milljarðar á milli áranna 2004 og 2005, júlímánaða þá. Heldur hv. þingmaður að það hafi engin áhrif?

Allir eru sammála um að spákaupmennska með íslensk-an gjaldmiðil erlendis upp á 130 milljarða hefur haft mikil áhrif á gengi krónunnar. Heldur hv. þingmaður því fram að það hafi engin áhrif á stöðu krónunnar, þ.e. 130 milljarðar í samanburði við 38 milljarða sem streyma inn í landið vegna þeirra framkvæmda sem við höfum rætt í dag? Við hljótum að geta sett þessa hluti í samhengi. Það er ekki hægt að taka einvörðungu einn þátt út í þessum efnum.

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að okkur hv. þingmann, framsóknarmenn og Vinstri græna greinir allsvakalega á í atvinnustefnu þjóðarinnar. En við höfum varið miklum fjármunum til nýsköpunar og miklum fjármunum til samgöngubóta á landsbyggðinni í kjölfar markaðsvæðingar Símans. Það hefðum við ekki farið út í ef Vinstri grænir hefðu verið við völd. Við hefðum ekki verið búin að markaðsvæða bankana (Forseti hringir.) og þar af leiðandi væri ekki það ástand sem er hér á Íslandi í dag.

[17:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Seðlabankinn segir í hefti sínu sem kom út að mig minnir í febrúarmánuði síðastliðnum — hann hefur reyndar sagt það áður eða í öðrum tilvikum bæði fyrr og síðar — að hinar miklu samanþjöppuðu stóriðjuframkvæmdir sem eru bæði meiri að umfangi og hafa þjappast meira saman í tíma en áður var talið, séu frumorsakavaldur þenslunnar sem við er að glíma. (**BJJ:** ... ekki einir.) Þær nema, segir Seðlabankinn, um einum þriðja af landsframleiðslu heils árs á einum þrem, fjórum missirum og þetta er í raun og veru sett með handafli inn í hagkerfið hér.

Síðan bætast við hinar mislukkuðu skattalækkanir ríkisstjórnarinnar sem eru olía á eldinn og allar helstu ráðgjafarstofnanir hafa lagt til að verði frestað eða dregið úr. Þar til viðbótar kemur svo þenslan á fasteignamarkaði og bólan í byggingariðnaði. Þetta leggst vissulega allt saman og magnar upp ástandið. Það er alveg rétt. En frumorsakavaldurinn þarna er stóriðjustefnan. Hún setur ferlið af stað.

Spákaupmennskan sem hv. þingmaður talar svo um er afleiðing af því ástandi sem var orðið, er afleiðing af vaxtamuninum upp á 5–6% milli Íslands og nágrannalandanna sem er komin, er afleiðing af hinu sterka gengi krónunnar sem hitt skapaði. Hv. þingmaður er því á miklum villigötum ef hann ætlar að leita skýringa í spákaupmennskunni sem kemur til sögunnar vegna ástandsins sem þarna er orðið. Stóriðjustefnan er þarna mikil frumorsakavaldur.

Það er alveg rétt að hin beinu efnislegu áhrif hennar, sett í samhengi við stærðirnar í dæminu, eru ekkert svo óskapleg. En allir vita að væntingarnar risu með henni og með þeim ákvörðunum sem þar voru boðaðar. Enginn deilir um það. Og það sem meira er, áframhaldið viðheldur væntingunum. Þegar hæstv. iðnaðarráðherra ríður um héruð og boðar álver hér og álver þar er verið að halda uppi þessum væntingum, þessari spennu. (Forseti hringir.) Og það er að hrekja annað atvinnulíf út á gaddinn, úr landi, leggja það niður. Því erum við á móti. Það teljum við ekki vera framfarir.

[17:13]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þetta er búin að vera fróðleg umræða hér í dag. Ýmislegt hefur komið fram í henni, rök með og á móti o.s.frv. Það sem mig langar að vita — og beini ég þá orðum mínum til hæstv. iðnaðarráðherra — er nokkuð sem mér finnst ekki hafa komið fram í umræðunni, þ.e. hvort leiða megi líkur að því varðandi þetta frumvarp að þeir sem rannsóknarleyfi fá geti haldið þeim til jafnvel margra ára og þannig hugsanlega skapað sér sérstaka stöðu til þess að halda hjá sér nýtingarrétti síðar á einhverjum virkjunarkostum eða hvort gert sé ráð fyrir því að um slík leyfi gildi ákveðnar tímatakmarkanir og hvernig þær eru þá settar og á hvaða grundvelli. Ég held að nauðsynlegt sé að velta þessu fyrir sér þegar menn skoða efnisinntak þessara laga, þ.e. hvort ekki geti komið upp sú staða að einhverjir aðilar hafi sótt um rannsóknarleyfi og fengið það, stundi síðan — hvað eigum við að segja? — hægfara rannsóknir í tíu ár eða fimmtán og fái þar af leiðandi forgang að því að nýta viðkomandi vatnsfall, ef menn verða sammála um að það sé hagkvæmt til nýtingar. Reyndin gæti orðið sú, hæstv. forseti, að fyrirtæki sem núna eru greinilega í kapphlaupi um að raða á sig virkjunarkostum fari þá leið að sækja um rannsóknarleyfi, að menn sæki um rannsóknarleyfi í talsverðum mæli, á hverjum læk og hverri sprænu, og haldi síðan rannsóknum áfram. Menn geta byrjað á að mæla vatnsrennsli o.s.frv. og síðan farið að skoða hina ýmsu virkjunarkosti og möguleika, fallhæð og margt fleira. Ég held að menn verði að skoða þetta í nefnd mjög vandlega, hæstv. ráðherra. Ég hef ekki heyrt það hér í umræðunni og sé það ekki í frumvarpstextanum að þessi möguleiki sé inni í myndinni og hann hefur ekki verið ræddur hér í dag. Ég held að nauðsynlegt sé að menn velti þessu fyrir sér þegar verið er að setja þessi ákvæði.

Hér er að vísu tekið fram að annar aðili geti fengið virkjunarleyfi og þurfi þá jafnvel að greiða eitthvað af kostnaði til baka. En það segir hins vegar ekkert um hversu lengi rannsóknaraðilinn hefur stundað einhvers konar rannsóknir. Hver leggur svo mat á hvort þessar rannsóknir verði til þess að koma þessum málum virkilega fram, þ.e. ef menn hafa áhuga á því, eða hvort menn séu hreinlega koma sér í ferli bara til að tryggja þeim forgang að virkjunarkostum síðar? Þeir væru þá í raun að raða upp á sig rannsóknarleyfum. En síðan gætu rannsóknir tekið mjög langan tíma. Það er ekkert í samræmi við þá hugsun sem menn væntanlega hafa í orkumálum, þ.e. að tryggja sér þá virkjunarkosti sem hagkvæmastir teljast og minnstum spjöllum valda.

[17:16]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er mjög málefnaleg spurning sem kemur hér fram. Þannig er að verði þetta frumvarp að lögum hefur rannsóknaraðili forgang í tvö ár en ekki lengur og

þá mun gilda hið sama um vatnsaflið og jarðvarmann hvað þetta varðar. Rannsóknir geta oft tekið langan tíma eins og við þekkjum í vatnsaflinu, en það sem er aðalatriðið og það sem hv. þingmaður spurði um var þetta með forganginn og gildir í tvö ár eftir að rannsóknum lýkur. Eins og hann sagði er um það að ræða að fái sá sem rannsakar ekki endanlegt nýtingarleyfi þá geti hann gert kröfu á endurgreiðslu vegna þess kostnaðar sem hann hefur lagt í og snýr að virkjuninni sem endanlega verður byggð.

[17:17]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör og ég vona að í hv. nefnd beri menn gæfu til að fara vandlega yfir öll þessi mál þannig að þeim verði komið fyrir með sem bestum hætti eins og menn sjá fyrir um nýtingu orkunnar og einnig að virkjunarkostum verði raðað upp með hagsmuni framtíðar í huga og réttri nýtingu á landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða samkynhneigðra, 1. umr.

Stjfrv., 340. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 374.

[17:19]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til breytinga á lögum er varða réttindi samkynhneigðra. Megintilgangur frumvarpsins er að afnema þá mismunun í garð samkynhneigðra sem enn finnst í lögum. Frumvarpið er afrakstur starfs nefndar sem forsætisráðherra skipaði og var skýrsla hennar um réttarstöðu samkynhneigðra lögð fram á Alþingi fyrir réttu ári síðan. Í kjölfarið samþykkti ríkisstjórnin á fundi 16. ágúst síðastliðinn að hrinda í framkvæmd öllum helstu umbótatillögum nefndarinnar, jafnvel þeim sem ekki varð full samstaða um í nefndinni. Síðan hefur forsætisráðuneytið í samvinnu við viðkomandi fagráðuneyti unnið að því að færa samþykkt ríkisstjórnarinnar í frumvarpsbúning.

Leiðarljósið í þessu starfi hefur verið að ekki ætti að viðhalda mismunun á þessu sviði nema sérstök rök mæltu með því. Við ítarlega skoðun málsins hafa slík rök ekki fundist. Ekkert bendir t.d. til þess að samkynhneigðir séu lakari uppalendur en gagnkynhneigðir. Ekkert bendir til þess að börn líði fyrir að alast upp hjá tveimur foreldrum af sama kyni. Það sem mestu máli skiptir er að börnum séu búin þroskavænleg og kærleiksrík uppvaxtarskilyrði og um það eru samkynhneigðir alveg jafnfærir og gagnkynhneigðir. Með því að viðurkenna að lögum fullan rétt samkynhneigðra til fjölskylduþátttöku er ríkisstjórnin í reynd að uppfylla þá skyldu sína að hrinda jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar í framkvæmd og um leið vill hún leggja sitt af mörkum til að eyða fordómum í samfélaginu. Meginatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Tekið verður af skarið um að samkynhneigð pör geti fengið sambúð skráða í þjóðskrá. Þar með eru skapaðar forsendur fyrir því að samkynhneigðir einstaklingar hafi sama valkost og gagnkynhneigðir, þ.e. að stofna til sambúðarforms sem gengur skemmra en hjúskapur eða staðfest samvist. Jafnframt þýðir þetta að réttur til lífeyris almannatrygginga, skattalegrar meðferðar tekna og eigna, félagsþjónustu og fleira verður sá sami, óháður kynhneigð.

2. Samkynhneigðum pörum verður heimilað að frumættleiða börn bæði innan lands og erlendis frá líkt og gildir um gagnkynhneigð pör.

3. Lesbískum pörum verður veittur réttur til að gangast undir tæknifrjóvgun hér á landi en samkvæmt núgildandi lögum hafa einungis hjón eða karl og kona í óvígðri sambúð þennan rétt.

Ég vil leyfa mér að víkja nánar að fyrsta atriðinu sem varðar óvígða sambúð. Veigamikill þáttur frumvarpsins felst í því að breyta lagaákvæðum á ýmsum sviðum þar sem óvígðrar sambúðar er getið þannig að ljóst sé að hún geti tekið til sambúðar tveggja einstaklinga af sama kyni. Þá er einnig eftir föngum reynt að samræma skilgreiningu á því hvað átt sé við með óvígðri sambúð en ýmsar útgáfur er nú að finna á því í lögum. Í frumvarpinu er stuðst við skilgreiningu sem algeng er í nýlegri löggjöf á þessu sviði. Með frumvarpinu er þannig lagt til að undantekningarlaust sé um að ræða skráða sambúð í þjóðskrá og auk þess verður að vera komin ákveðin festa á sambandið. Sú festa getur birst annaðhvort í því að viðkomandi eigi barn saman eða von á barni saman eða þá að sambúðin hafi varað í tiltekinn lágmarkstíma. Það er mikilvægt að þessi skilyrði séu sem skýrust vegna þess að ýmis réttindi eru bundin við óvígða sambúð eins og fyrr var getið.

Eins og áður segir verður það gert að almennu skilyrði að óvígð sambúð verði skráð í þjóðskrá. Lagt er til að tekin verði upp bein heimild í lögheimilislög til slíkrar skráningar en nú er sú framkvæmd ólögfest. Í breytingarákvæði við lögheimilislögin kemur fram að þar sem vill fá sambúð skráða verður að uppfylla tiltekin lágmarksskilyrði, þ.e. um sameiginlegt lögheimili, að parið sé í samvistum og að skilyrði hjúskaparlaga samanber laga um staðfesta samvist séu uppfyllt eftir því sem við á. Er þá vísað til þess að aldur, skyldleiki eða fyrri hjúskapur eða staðfest samvist tálmi ekki skráningu.

Þá verður tekið skýrt fram að upphafstími hinnar skráðu sambúðar miðist við þann dag er beiðni um skráningu berst þjóðskrá. Með þessum breytingum mun skapast meiri festa varðandi skráningu óvígðrar sambúðar auk þess sem lagagrundvöllurinn verður skýrari og er það í samræmi við ábendingar starfsmanna þjóðskrár. Verði frumvarpið að lögum er mikilvægt að kynna þessi atriði fyrir öllum almenningi. Leggja þarf áherslu á að til þess að tryggja að óvígð sambúð sé viðurkennd að lögum hvort sem samkynhneigðir eða gagnkynhneigðir eiga í hlut þurfi fólk að muna eftir því að senda tilkynningu til þjóðskrár. Ætla má að flestir geri sér nú þegar grein fyrir þeim möguleika að fá sambúð skráða í þjóðskrá en verði frumvarpið að lögum eru enn ríkari ástæður en fyrr til að sinna skráningunni.

Rétt er að geta þess að Hagstofan hefur að undanförnu undirbúið þær lagabreytingar sem hér eru lagðar til. Skráning sambúðar samkynhneigðra kallar á breytingu á grunnforritum Hagstofunnar og er kostnaður af hennar hálfu

áætlaður 1–1,5 millj. kr. Er gert ráð fyrir að sá kostnaður falli til á þessu ári þannig að þjóðskrá sé ekkert að vanbúnaði þegar lögin ganga í gildi. Að öðru leyti liggur kostnaðarmat ekki fyrir eins og fram kemur í umsögn Fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Það helgast af því hversu erfitt er að leggja mat á hversu nákvæmlega útgjöldin verða t.d. vegna tæknifrjóvgana, fæðingarorlofs o.s.frv.

Með frumvarpinu er lagt til að samkynhneigð pör öðlist sama lagalegan rétt til ættleiðinga og gagnkynhneigð pör. Með lagabreytingum sem gerðar voru árið 2000 var samkynhneigðum heimilað að stjúpættleiða barn maka síns en samkvæmt frumvarpinu er gengið mun lengra. Samkynhneigðir munu öðlast sama rétt og gagnkynhneigðir til ættleiðingar. Skilyrði ættleiðingar verður samkvæmt því að viðkomandi séu í hjónabandi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð sem varað hefur í a.m.k. 5 ár. Rétt er að minna á að ættleiðingarferlið er langt og hvað varðar ættleiðingar erlendis frá þá stöndum við frammi fyrir því að þau lönd sem ættleidd börn hafa yfirleitt komið frá til Íslands heimila ekki ættleiðingar til samkynhneigðra. Það þykir samt ekki gild ástæða fyrir því að hafa mismunun í lögum hér á landi. Má geta þess að Svíar hafa komist að sömu niðurstöðu og er ekki að sjá að það hafi haft neikvæð áhrif á möguleika gagnkynhneigðra til að fá börn ættleidd erlendis frá. Frumvarpið breytir í engu málsmeðferð dómsmálaráðuneytisins þegar sótt er um ættleiðingu. Áfram verður því metið hverju sinni út frá hagsmunum barnsins hvort ættleiðing er heimiluð.

Hvað varðar tæknifrjóvganir er lagt til að konur í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu sem varað hefur í a.m.k. þrjú ár verði heimilað að gangast undir tæknifrjóvgun. Eru það sömu skilyrði og gilda um gagnkynhneigð pör.

Þá eru lagðar til breytingar á barnalögum sem miða að því að ákveða réttarstöðu makans í þessu tilfelli. Er lagt til að viðkomandi verði skilgreindur sem foreldri barnsins með öll sömu réttindi og skyldur gagnvart barninu eins og hin eiginlega móðir.

Lög um tæknifrjóvgun gera nú þegar ráð fyrir því að þegar par sækir um slíka aðstoð þá sé hún ekki veitt nema að undangenginni rannsókn á högum þess. Slíkar reglur munu auðvitað áfram verða við lýði og leggja verður áherslu á að hagsmunir hins ófædda barns séu hafðir í fyrirrúmi. Þannig verður slíkt leyfi ekki veitt ef ástæða er til að ætla að viðkomandi par sé ekki fært um að tryggja barninu góð uppvaxtarskilyrði.

Núgildandi lög um tæknifrjóvgun heimila nafnlausa sæðisgjöf. Það gerir það að verkum að þegar barnið vex úr grasi er engin leið fyrir það að komast að því hver hinn raunverulegi faðir er. Ekki er lögð til nein breyting á þessu fyrirkomulagi en vissulega vekur það ýmsar grundvallarspurningar eins og um rétt barna til að þekkja uppruna sinn. Það er athyglisvert að í Svíþjóð þar sem lesbíum var heimilað fyrr á þessu ári að gangast undir tæknifrjóvgun er nafnlaus sæðisgjöf ekki leyfð. Það virðist samt ekki hafa komið í veg fyrir að nægilegt framboð sé á gjafasæði til para sem á þurfa að halda til að vinna bug á barnleysi sínu.

Ég mundi vilja, hæstv. forseti, hvetja til þess að þessi mál séu tekin til skoðunar hér á landi í framhaldi af þeirri lagasetningu sem við nú stöndum frammi fyrir.

Frú forseti. Ég veit að rík þverpólitísk samstaða er um þetta mál og verði frumvarpið að lögum getum við Íslendingar sagt að við skipum okkur í fremstu röð þjóða við að útrýma fordómum og misrétti sem samkynhneigðir hafa löngum orðið að þola. Verði frumvarpið að lögum verður ekki lengur neinn munur á réttaráhrifum staðfestrar samvistar og hjónabands. Hins vegar munu enn gilda mismunandi reglur um stofnun þessara tveggja sambúðarforma. Þótt skilyrði fyrir stofnun staðfestrar samvistar verði rýmkuð þá verður áfram gerð krafa um að a.m.k. annar einstaklingurinn sé íslenskur ríkisborgari eða frá landi þar sem staðfest samvist eða hjúskapur samkynhneigðra er leyfður. Samkvæmt núgildandi lögum fer staðfest samvist fram frammi fyrir sýslumönnum og löglærðum fulltrúum þeirra. Hins vegar er ekki heimild fyrir presta eða forstöðumenn skráðra trúfélaga að framkvæma staðfesta samvist, ólíkt því sem gildir um hjónavígslu. Ekki er lögð til breyting á þessu.

Nefnd um réttarstöðu samkynhneigðra fjallaði sérstaklega um þetta atriði. Í skýrslu hennar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hvetur þjóðkirkjuna til þess að vinna að því að ná samstöðu um að samkynhneigðir geti fengið kirkjulega vígslu eins og gagnkynhneigð pör. Slík afstöðubreyting er að mati nefndarinnar forsenda þess að unnt verði að fella niður það skilyrði laganna um staðfesta samvist að hún geti aðeins stofnast með borgaralegri vígslu. Nefndin hvetur til þess að við endurskoðun á fjölskyldustefnu þjóðkirkjunnar sem nú stendur yfir og í starfshópi innan kirkjunnar um málefni samkynhneigðra verði þetta mál skoðað ítarlega samhliða aukinni umræðu og fræðslu um málefni samkynhneigðra innan kirkjunnar.“

Ekkert hefur í sjálfu sér breyst síðan nefndin komst að þessari samhljóða niðurstöðu. Það er mín afstaða að varhugavert sé að setja í lög heimildarákvæði um kirkjulegar vígslur sambands samkynhneigðra án þess að vilji standi til þess í þjóðkirkjunni. Þar með væri í raun verið að stilla henni upp við vegg og slíkt teldi ég ekki við hæfi í samskiptum ríkis og kirkju. Ég geri hins vegar fastlega ráð fyrir að við þinglega meðferð frumvarpsins verði þessi atriði skoðuð nánar og kallað eftir afstöðu allra hlutaðeigandi og við það muni málið skýrast.

Ég vil svo að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, leggja til að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

[17:33]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða mjög gott málefni held ég, jákvæða þróun í þjóðfélagi okkar. Ég vil hins vegar spyrja hæstv. forsætisráðherra beint að því hvort hann telji ekki ástæðu til þess — hann kom reyndar örlítið að í því að skoða málið í nefnd — að við gengjum alla leið í því að jafna stöðu samkynhneigðra með því að fara með breytingu inn í hjúskaparlögin sem kæmi þá á eftir 1. gr., eða inn í hana, um að hjúskaparstöðu karls eða konu sem ekki eru í vígðri sambúð megi staðfesta með vígslu.

Ég tel að við eigum að klára þetta mál úr því að við erum að taka þetta með þessum hætti sem hér er gert og að mínu viti er þetta mjög þarft mál og vel að því staðið. Mér

finnst ekki að við eigum að skilja þetta mál eftir í þeirri stöðu að ekki sé komin endanleg lausn á því að fólk geti fengið vígslu ef það svo kýs.

[17:35]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins vísa til þess sem ég sagði í framsögu minni um þetta mál. Ég vænti þess að það hafi verið nægilega skýrt og ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta.

[17:35]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér hefur hæstv. forsætisráðherra mælt fyrir mjög merkilegu máli, máli sem sennilega flestallir þingmenn hafa beðið eftir að kæmi fram en mikil og góð vinna liggur að baki þessu frumvarpi. Það er búið að vera í meðförum embættismanna, ráðuneyta og víðar og afraksturinn er þetta góða frumvarp þannig að í dag er kannski einhver stærsti réttindadagur í þinginu hin síðari ár. Ég óska þingheimi og forsætisráðherra til hamingju með afraksturinn.

Mig langar aðeins að fara yfir forsöguna í þessu máli. Þannig var að árið 2000 bað ég um skýrslu um stöðu sambúðarfólks. Ég lét vita af því í dómsmálaráðuneyti að ástæðan fyrir skýrslubeiðninni væri sú að með því að skoða stöðu sambúðarfólks kæmumst við að því hvernig staða samkynhneigðra væri. Þá kom auðvitað í ljós að í rauninni bara með því að samkynhneigðir gætu ekki skráð sig í sambúð fóru þeir á mis við margfaldan rétt, eins og hv. þingmenn sjá á öllum þeim breytingum sem þarf að gera einungis til að heimila sambúðina. Þessi skýrsla var gríðarlega vel unnin af Hrefnu Friðriksdóttur lögfræðingi sem vinnur á Barnaverndarstofu og þar var farið yfir helstu lög er lúta að sambúð. Það varð síðan úr að ég kom hér með tillögu um skipan nefndar sem kanna skyldi réttarstöðu samkynhneigðra og þar gæti fyrrnefnd skýrsla legið til grundvallar. Þar með væri búið að vinna ákveðna grunnvinnu og væri mjög þarft að fara yfir þau mál. Ég átti gríðarlega gott samstarf við þáverandi forsætisráðherra Davíð Oddsson um þetta mál og það lukkaðist afar vel með skipun nefndarinnar og þá fínu skýrslu sem hún lagði fram þekkja flestallir hér inni. Þar er tekið á því helsta sem við sjáum hér í dag að liggur frammi í frumvarpsformi.

Við vitum líka að mjög miklar viðhorfsbreytingar hafa orðið í samfélaginu. Nú orðið er gríðarlegur stuðningur við stöðu samkynhneigðra og að samkynhneigðir njóti fulls jafnræðis gagnvart gagnkynhneigðum.

Helstu breytingarnar leiða auðvitað af því að geta skráð sig í sambúð. Hæstv. forsætisráðherra fór að hluta til að sjálfsögðu yfir helstu málin hér en t.d. ættleiðingarmálin eru afar brýn og nú eru þau komin í höfn. Það er líka afar mikilvægt að Ísland nái samningum við þau lönd sem jafnframt heimila ættleiðingu til samkynhneigðra. Það nægir að nefna ákveðin lönd í Suður-Ameríku og eins í Afríku. Heimurinn er fullur af börnum sem beðið er eftir víða um heiminn þannig að það er eitthvað sem þarf að skoða sérstaklega og við getum ekki verið með hindrun í okkar lögum um að samkynhneigðir geti ekki fengið börn erlendis frá. Þarna þyrfti kannski að vinna að samningum við þau lönd sem slíkt leyfa og þar getum við kannski litið til Svíþjóðar en Svíar eru þegar byrjaðir að vinna að þessu og við getum kannski nýtt okkur það að hluta til.

Í frumvarpinu næst fram mikill árangur varðandi tæknifrjóvganir, það er mikil réttarbót. Þeir sem til þeirra mála þekkja vita að konur hafa verið að fara til Danmerkur í tæknifrjóvgun. Eins og staðan er núna er hún kannski sú sama og hún var hjá gagnkynhneigðum áður fyrr þegar notað var gjafasæði, þá þurfti að ganga frá ættleiðingu. Það var langt ferli eftir að barnið fæddist og hafði líka áhrif á fæðingarorlofið. Nú verður þetta heimilt hér hjá okkur þegar þessi lög verða að veruleika og allt uppi á borðinu. Ég vil líka minna á könnun sem kom í Fréttablaðinu í gær sem sýnir umburðarlyndi þjóðarinnar gagnvart málinu.

Það hefur líka heilmikið verið rætt um nafnlausa sæðisgjafa og ég legg til líka að við skoðum það mál vel. En það er kannski augljóst þegar um tvær konur er að ræða að þær þurfi að segja barni sínu hvernig það varð til en það hefur hins vegar alltaf farið leynt hjá gagnkynhneigðum pörum og ekki verið talið vandamál þannig að þetta er eitt af því sem þarf að skoða. Hv. allsherjarnefnd mun að sjálfsögðu gera það, þannig að hér er um gríðarlega mikla réttarbót að ræða.

Ráðstefna vísindasiðanefnda Norðurlandanna var nýlega haldin í Finnlandi og þar var farið yfir stöðuna alls staðar á Norðurlöndunum gagnvart nafnlausum sæðisgjöfum og þá kom í ljós að Svíar eru þeir einu sem eru með það ákveði að þegar börn eru 18 ára megi þau vita hver sæðisgjafinn er. En það er afar brýnt og það er alveg sama hvort það er í þessu máli eða gagnvart öðrum hjónum, ég greini ekki þar á milli, það er alltaf ábyrgðarhluti að eiga börn og ala þau upp og að gera þeim grein fyrir hvaðan þau koma. En sá hópur sem ég treysti afar vel til að axla þá ábyrgð er að tvær konur geri slíkt.

Í skýrslunni, eins og hæstv. forsætisráðherra nefndi áðan, komu ekki sérstakar tillögur út varðandi kirkjuna annað en hvatning til þjóðkirkjunnar. Hins vegar hef ég alla tíð sagt að það er kannski ekkert óeðlilegt að slíkt komi ekki fram í frumvarpinu en ég vil að við klárum þennan pakka og lokum hringnum og ég hef í því skyni kynnt ákveðnar breytingartillögur.

Fyrst og fremst eru það breytingartillögur á 1. og 7. gr. hjúskaparlaganna og aðallega á 4. gr. staðfestrar samvistar, því að í lögunum um staðfesta samvist kemur í rauninni fram að það séu einungis sýslumenn sem geti gefið samkynhneigð pör saman. Þar þarf að koma inn viðbót um að jafnframt þeir sem eru fulltrúar safnaða sem slíkt samþykkja geti framkvæmt staðfesta samvist. Við erum í rauninni ekki að tala um mjög stórar breytingar. Ég hef rætt við marga menn innan kirkjunnar og safnaða, bæði þjóðkirkjunnar og hinna ýmsu safnaða og það er talið að kannski væri eðlilegt að fyrsta skrefið væri að söfnuður fengi þessa heimild. Ég treysti þjóðkirkjunni fyllilega til að vinna áfram og vinna vel í þessum málum og þar er mikil vinna í gangi. Þetta er stórt skip sem þarf að snúa, með mörgum innan borðs og við eigum að anda rólega með því þannig að pressan verði ekkert of mikil þar, en að gefa þeim söfnuðum, því þeim er þetta ekki heimilt núna, leyfi til að fram-

kvæma slíka athöfn. Eftir nokkur ár kemur auðvitað að því að lögin um staðfesta samvist munu falla um sjálf sig og verða afnumin og lög um hjónaband og annað munu gilda líka um þennan hóp. En ég legg til að við ræðum það í hv. allsherjarnefnd og sú tillaga mun verða lögð þar fram í upphafi þannig að við getum rætt það við kirkjunnar menn sem við munum kalla á okkar fund og ég veit að það er allt á rólegum og málefnalegum nótum, þannig að ég hef ekki áhyggjur af því. En þegar ég tala um 1. og 7. gr. hjúskaparlaga þá er ég fyrst og fremst að tala um það að við förum að tala um einstaklinga en ekki mann og konu. Þannig gætum við leyst þetta og það er afar mikilvægt að hinir ýmsu söfnuðir sem þegar hafa samþykkt slíkt en ekki getað framkvæmt það vegna lagahindrana, þeir geti gert slíkt hið sama.

Við höfum heldur aldrei litið svo á með gagnkynhneigða að hjónavígsla framkvæmd hjá sýslumanni sé ekki lögð að jöfnu hjónavígslu framkvæmdri í kirkju, þannig að mér finnst afar mikilvægt að kirkjan taki á móti þeim hóp sem svo kýs. Við skulum ekki gleyma því að það eru ekki allir sem þetta kjósa. Þess vegna hafa margir prestar viljað taka á móti því fólki sem þess óskar og ég held að við ættum að taka rólega og góða umræðu um þetta í hv. allsherjarnefnd.

Við vitum líka að í umræddri skýrslu um samkynhneigða var jafnframt tekið á öðrum þáttum sem ekki kröfðust endilega lagabreytinga. Þar má t.d. nefna vinnumarkaðsmál og mismunun vegna kynhneigðar á vinnumarkaði. Það eru mál sem þarf að rannsaka og ég veit að félagsmálaráðuneytið er að vinna í því.

Jafnframt er auðvitað verið að vinna að málum í menntamálaráðuneytinu varðandi fræðslu og leiðsögn þannig að vel sé farið með þessi mál og að fordómum gagnvart samkynhneigðum í skólunum verði úthýst og þar er talsverð vinna í gangi. Eins og ég segi er verið að vinna á mörgum vígstöðvum og í frumvarpinu eru einar 37 lagagreinar, ef mig man rétt, og því fylgir afar skýr og góð greinargerð fyrir þá sem vilja kynna sér málið.

Að lokum vil ég aðeins segja að í dag er stór dagur. Við erum að jafna stöðu einstaklinga. Við erum ekki lengur að mismuna fólki vegna kynhneigðar. Við erum í rauninni að stíga stór skref í átt til jafnréttis og þetta er mikill sigurdagur. Og hann verður enn stærri þegar við erum búin að fara yfir málið í nefnd, skoða það sem við þurfum að skoða, bæði varðandi kirkjunnar mál, gjafasæði, barnalögin og annað sem er eðlilegt að skoða en sigurinn er samt sem áður í höfn og ég óska okkur öllum hér inni til hamingju með daginn.

[17:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það þarf kannski ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Ég tek heils hugar undir með hæstv. forsætisráðherra og háttvirtum síðasta ræðumanni. Það er tilefni til að fagna því að þetta mál skuli fram komið og að ríkisstjórnin skuli hafa ákveðið að ganga svo langt sem raun ber vitni í að leiðrétta þá mismunun sem samkynhneigðir hafa þurft að búa við í samfélagi okkar hingað til. Ég fagna því sérstaklega að ríkisstjórnin skuli ganga svo langt sem raun ber vitni, þrátt fyrir það að nefndin sem fjallaði um málið skyldi ekki hafa náð sameiginlegri niðurstöðu í öllum meginatriðum.

Með lögunum um staðfesta samvist frá 1996 steig íslenska ríkisstjórnin verulega stórt skref. Það vakti athygli, jafnvel út fyrir landsteinana. Það var í sjálfu sér athyglisvert á þeim tíma af því að ríkisstjórnin gekk í raun framar almenningsálitinu. Skrefið, að leyfa staðfesta samvist, var stigið áður en þrýstingurinn í samfélaginu var orðinn það mikill að ríkisstjórnin þyrfti að láta undan. Ég verð að segja að ég var, fyrir hönd okkar allra og þjóðarinnar allrar, mjög stolt af ríkisstjórninni sem gerði þá breytingu árið 1996. Mér fannst það virkilega flott skref, virðulegi forseti.

Mér finnst skrefið sem nú er stigið jafnflott þannig að hjarta mitt fagnar jafnmikið nú og ég fagnaði 1996. Ég tel að nú verðum við að klára málið. Þetta var aðdragandinn, breytingarnar árið 1996, og nú verðum við að fara með málið alla leið. Viðhorfið til samkynhneigðra hefur breyst mjög mikið á skömmum tíma. Ég held að lögin frá 1996 hafi átt stóran þátt í því. Ég held að það sé hárrétt sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, að aðdragandi lagasetningarinnar og umræðan sem fór fram í kjölfarið hafi verið þess eðlis að allt í einu hafi verið hægt að tala um homma og lesbíur. Það hafði ekki verið hægt fram að því. Ríkisstjórnin steig þar mjög eftirminnilegt skref, stórt og mikið, í átt til jafnréttis og núna, eins og ég segi, erum við að klára málið. Það er vel.

Hvatning til þjóðkirkjunnar frá hæstv. forsætisráðherra varðandi málefni samkynhneigðra er auðvitað sjálfsögð. Við komum vitanlega til með að taka þann þátt málsins til skoðunar í allsherjarnefnd. Það er deginum ljósara að þjóðkirkjan og trúfélög verða að taka sig rækilega á í umræðunni inn á við, hver hjá sér. Það hlýtur að vera hægt að halda því fram með fullum rökum að í þjóðkirkjunni eigi öllum að standa til boða kærleiksboðskapurinn og kirkjuleg blessun eða vígsla, hvert svo sem sambúðarformið er, hvort sem fólk er samkynhneigt eða gagnkynhneigt.

Hæstv. forseti og hv. þingmenn. Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar að hér ætti að draga þjóðfána Íslands að húni en vitið þið, mér líður þannig núna að það ætti að flagga í þingsal. Þá ætti að flagga regnbogafánanum, fánanum marglita sem samkynhneigðir draga að húni fyrir sig og framtíðarland sitt, framtíðarland þar sem fjölbreytni er fagnað og allir fá notið sín, þar sem allt litróf mannlífsins fær notið sín til fullnustu. Mig langar bara að segja: Hipphipp húrra!

[17:51]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil í nokkrum orðum taka þátt í umræðunni um frumvarpið sem hér er til umræðu og varðar réttarstöðu samkynhneigðra. Ég tel að frumvarpið sé mjög merkilegt og heyri á umræðunni að á þinginu er góð samstaða um það. Það ætti því að nást í gegn og ná góðri umræðu.

Á síðustu árum hefur orðið mikilvæg breyting á stöðu samkynhneigðra í samfélaginu, bæði lagaleg og félagsleg. Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu hefur löggjafinn staðið fyrir miklum réttarbótum er varða laga-

lega stöðu samkynhneigðra á síðustu árum í tíð ríkisstjórna undir forustu Sjálfstæðisflokksins og nú Framsóknarflokksins. Þessar breytingar má rekja aftur til samþykktar þingsályktunartillögu á árinu 1992. Þingheimur ályktaði þá í fyrsta skipti um málefni samkynhneigðra og lýsti yfir vilja sínum til að tryggja að misrétti gagnvart samkynhneigðum ætti sér ekki stað hér á landi. Þingmenn allra flokka stóðu að tillögunni. Það er í raun merkilegt til þess að hugsa að ekki eru nema 13 ár síðan þetta var, síðan þessi tillaga kom fram, fyrsta tillaga þessa efnis.

Með samþykkt þeirrar tillögu var markmiðið sett og ýmsar réttarbætur hafa séð dagsins ljós frá allt þeim tíma. Í kjölfar breytinga á lögum sem kveða á um jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra og almennrar umræðu í samfélaginu á síðustu árum hefur félagsleg staða þessa hóps tekið fullkomnum umskiptum, bæði í viðhorfum manna, samskiptum og orðræðu manna í milli.

Hæstv. forsætisráðherra hefur gert grein fyrir þeim lagabreytingum sem felast í frumvarpinu sem hér er til umræðu. Mikilvægustu þættirnir varða afnám skilyrða til fastrar búsetu þegar Íslendingar eiga í hlut, um jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra varðandi skráningu sambúðar í þjóðskrá sem þýðir að óvígð sambúð samkynhneigðra hefur sömu réttarstöðu og óvígð sambúð gagnkynhneigðra gagnvart lögum, svo sem um almannatryggingar, lífeyrisréttindi, skattalega meðferð tekna og eigna, skipti dánarbúa og fleira. Þessir þættir eru afar mikilvægir og rétta endanlega lagalega stöðu samkynhneigðra í sambúð gagnvart gagnkynhneigðum.

Þá er í frumvarpinu tekið á rétti samkynhneigðra kvenna til tæknifrjóvgunar og rétti samkynhneigðra til frumættleiðingar auk þess sem skilgreind eru réttindi og skyldur þeirra í því sambandi. Þetta hafa verið stór baráttumál samkynhneigðra.

Ég tek undir með hæstv. forsætisráðherra um að rannsóknir hafi ítrekað staðfest að börnum sem alin eru upp hjá samkynhneigðum sé ekki búið síðra uppeldisumhverfi en öðrum börnum þótt þau lendi sjálfsagt í þeim aðstæðum að verja fjölskylduform sitt og geti orðið fyrir aðkasti af þeim ástæðum. Samkynhneigðir eru meðvitaðir um þetta og leitast yfirleitt við að styrkja börn sín í að taka á móti slíku.

Réttur samkynhneigðra til frumættleiðingar er samkvæmt frumvarpinu viðurkenndur, hvort heldur um er að ræða ættleiðingu innan lands eða erlendis. Í umræðu á síðustu árum, m.a. þeirri sem fór fram í kringum árið 2000, um stjúpættleiðingu, komu fram ákveðnar efasemdir um að rétt væri að fara þá leið að heimila samkynhneigðum að ættleiða erlent barn og það talið jafnvel geta stofnað í hættu samskiptum þeirra sem ættleiða börn erlendis frá við stjórnvöld viðkomandi ríkja sem samþykktu ekki slíkt form.

Í frumvarpinu er tekið mið af reynslu Svía en sambærilegar breytingar voru gerðar á sænskum lögum á árinu 2002, án þess þó að slíkir erfiðleikar hafi komið fram eins og greint er frá í greinargerðinni. Þó er ljóst að meðan erlend ríki, t.d. Asíuríki sem börn eru helst ættleidd frá hingað til lands, heimila ekki ættleiðingu barna til samkynhneigðra munu samkynhneigðir ekki geta nýtt sér réttinn sem þeir fá til ættleiðingar erlendra barna verði frumvarpið að lögum.

Ákvörðun um að gera þá breytingu á réttarstöðu lesbískra kvenna að þær fái rétt til tæknifrjóvgunar með sömu skilyrðum og hjón af báðum kynjum er skýrð vel í greinargerð frumvarpsins. Ég tek undir þau sjónarmið. Þó er sú undantekning gerð á að ekki eru gerðar kröfur um að lesbísk kona fái fyrst að fara í tæknifrjóvgun að aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltækar. Varla er þörf á að skýra það atriði.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru í rökrænu framhaldi af bættri réttarstöðu samkynhneigðra sem samstaða hefur verið um á hinu háa Alþingi á síðustu árum. Hæst ber samþykkt laga um staðfesta samvist frá árinu 1996 og þær breytingar sem gerðar voru á lögunum á árinu 2000, sérstaklega er varðar stjúpættleiðingar.

Virðulegi forseti. Íslendingar hafa verið í fararbroddi við að tryggja réttarstöðu samkynhneigðra. Þannig voru þeir framarlega, ef ekki fremstir í flokki þjóða, til að samþykkja lög um staðfesta sambúð samkynhneigðra sem færði réttarstöðu slíks sambúðarforms til jafns við réttarstöðu gagnkynhneigðra í hjónabandi. með undantekningum varðandi ættleiðingu og tæknifrjóvgun. Þetta var á árinu 1996.

Á árinu 2000 samþykkti Alþingi lagabreytingu sem heimilaði stjúpættleiðingu samkynhneigðra með öllum atkvæðum gegn einu. Þá var Ísland aftur í fararbroddi meðal þjóða. Með samþykkt þess frumvarps sem nú er til umræðu skipum við okkur enn meðal fremstu þjóða og með frumvarpinu er skrefið tekið til fulls af hálfu löggjafans.

Í tengslum við umræðuna hefur verið dregið fram að kirkjan hefur ekki komist að niðurstöðu um hvort hún sé tilbúin að viðurkenna og leggja blessun sína yfir sambúðarform samkynhneigðra á sama hátt og hefðbundið hjónaband gagnkynhneigðra í kirkjulegri athöfn. Ég legg áherslu á að slíka orðræðu þarf að leiða til lykta innan kirkjunnar sjálfrar. Löggjafinn getur með engu móti sagt kirkjunni fyrir verkum í þeim efnum, né heldur getur stjórnmálaflokkur tekið afstöðu til þess. Það varðar ekki stjórnmálaafstöðu þótt vissulega geti einstaklingar haft skoðun á því. Mun fremur er um að ræða siðferðilega afstöðu og túlkun á heilagri ritningu. Kirkjan verður að komast að niðurstöðu með sínum hætti.

Ég las fyrir nokkru hirðisbréf biskups til íslensku kirkjunnar sem hann gaf út. Það ber heitið „Í birtu náðarinnar" og var gefið út stuttu eftir að núverandi biskup tók við embætti. Hann segir eftirfarandi um samkynhneigð, með leyfi forseta:

„Ég legg ríka áherslu að kirkjan hefur ekki útilokað samkynhneigða úr samfélagi sínu! Ég legg ríka áherslu á að samkynhneigðir eru velkomnir í samfélag þjóðkirkjunnar eins og annað fólk, og þar er ekki farið í manngreinarálit. Engum er synjað um blessun og fyrirbæn við altari þjóðkirkjunnar, sá sem þess æskir er ekki spurður um kynhneigð fremur en aðra eiginleika."

Þá segir biskup Íslands einnig, með leyfi forseta:

„Staðfest sambúð er skráð sambúð, en ekki hjónaband. Engin þeirra kirkna sem við eru skuldbundin samstarfi við, engin þjóðkirkna Norðurlandanna hefur treyst sér til að stíga það skref að vígja samkynhneigða sem hjón. Hvers vegna hefur það vafist fyrir kirkjunum? Ástæðurnar eru margvíslegar. Hjónavígsla er annað og meira en staðfesting

á ást og sambúð einstaklinga. Það á sér forsendu í gagnkynkvæmni kynjanna. Rökin fyrir atbeina kirkjunnar að hjónavígslu eru orð Biblíunnar að Guð skapaði manninn í sinni mynd, hann skapaði þau karl og konu og Guð blessaði þau. Hjónavígsla kirkjunnar í opinberu ritúali, táknmál hennar og atferli byggir á þessu, á gagnkvæmni kynjanna. En þeim sem leita fyrirbænar kirkjunnar og blessunar Guðs yfir samlíf sitt og heimili er ekki vísað á bug, hvert svo sem sambúðarform heimilisfólksins er."

Biskup Íslands skýrir afstöðu kirkjunnar til samkynhneigðra á afar skýran máta og á hvaða forsendu kirkjan byggir er hún vígir fólk til heilags hjónabands. Það er því ljóst að sambúðarform samkynhneigðra sem slíkt, nýtur blessunar hjá kirkjunni, enda byggist boðskapur Biblíunnar á skilningi og umburðarlyndi.

Frá því að þessi orð voru rituð fyrir nokkrum árum hefur mikil umræða farið fram innan kirkjunnar. Hún hefur þróast. Ég tek undir með hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur varðandi það að mikilvægt er að í þessu máli nái kirkjan niðurstöðu sem samræmist kenningum hennar en slík afstaða verður ekki þvinguð fram.

[18:00]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram, að það er ástæða til að fagna sérstaklega í dag. Við höfum hlýtt á hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson lýsa frumvarpi sem bætir mjög réttarstöðu samkynhneigðra. Segja má að í dag hafi unnist stórsigur í þeirri réttindabaráttu.

Í langan tíma hafa ríkt fordómar í garð samkynhneigðra en það er ljóst að orðið hefur geysilega mikilvæg jákvæð viðhorfsbreyting í þeirra garð hin seinni ár.

Fyrir stuttu, í ágúst síðastliðnum gafst mér tækifæri til að vera fulltrúi Framsóknarflokksins við sölu á vörum hjá Samtökunum '78 fyrir Gay Pride-gönguna. Það er með skemmtilegri verkefnum sem ég hef tekið að mér fyrir Framsóknarflokkinn. Í þeirri göngu sást hve öflugur hópur samkynhneigðir og aðstandendur þeirra, vinir og vandamenn, er. Hann á skilið að njóta sömu réttinda og aðrir í þessu samfélagi. Það er alveg ljóst að í nútímasamfélagi á að ríkja fullt jafnrétti milli fólks óháð kynhneigð þess. Það er brýnt að allri mismunun á grundvelli kynhneigðar verði útrýmt.

Varðandi stefnu Framsóknarflokksins í málefnum samkynhneigðra þá var samþykkt á síðasta flokksþingi okkar, í febrúar síðastliðnum, mjög skýr stefna. Hún er í V. kafla, um fjölskyldumál, en ég vil, með leyfi virðulegs forseta, lýsa þeirri stefnu. Þar segir:

„Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að einstaklingum sé ekki mismunað eftir kynferði, kynhneigð, þjóðerni eða litarhætti.

Allir eiga að njóta sömu möguleika við ættleiðingu barna og leggur Framsóknarflokkurinn til að réttindi samkynhneigðra verði jöfnuð við réttindi gagnkynhneigðra. Framsóknarflokkurinn telur jafnframt brýnt að annarri mismunun á grundvelli kynhneigðar verði útrýmt."

Í þessu sambandi vil ég líka benda á að Framsóknarflokkurinn er með svokallaða grundvallarstefnuskrá. Hún er leiðarljós okkar og ég vil, með leyfi forseta, vitna í hana einnig en í henni kemur fram:

„Við höfnum hvers konar mismunun sem gerir greinarmun á fólki t.d. eftir kynþætti, kynferði, tungu, trú, þjóðerni, kynhneigð, búsetu eða stjórnmálaskoðunum ... Við stefnum að samfélagi umburðarlyndis og víðsýni svo margbreytileiki þjóðlífs og einstaklinga fái notið sín."

Af þessu er ljóst að Framsóknarflokkurinn er frjálslyndur umburðarlyndur framfaraflokkur sem hefur mótað sér mjög skýra stefnu í málefnum samkynhneigðra.

Í framsögu hæstv. forsætisráðherra kom fram að ýmis framfaramál í frumvarpinu sem hér um ræðir voru þannig að ekki var samstaða um þau í nefndinni sem undirbjó málið. Nefndin skiptist í tvo hópa, tvo jafna hluta hvað varðar ættleiðingar erlendra barna og tæknifrjóvganir. Það var því ekki samstaða um það. Þrátt fyrir niðurstöðu nefndarinnar hafa stjórnmálamenn, í aðdraganda þessa frumvarps, tekið afstöðu með samkynhneigðum. Í frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir því að samkynhneigðir geti ættleitt erlend börn og undirgengist tæknifrjóvganir. Sú afstaða var, eins og hér kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra, tekin þar sem það þótti réttlætismál að gera breytingar. Farið var yfir niðurstöðu nefndarinnar á rökrænan hátt. Þetta varð niðurstaðan og ég fagna því sérstaklega.

Af þessu tilefni vil ég gera að umtalsefni hjúskaparlögin, sem ýmsir háttvirtir þingmenn hafa komið inn á í ræðum sínum. Í 1. gr. þeirra laga segir: „Lög þessi gilda um hjúskap karls og konu." Þannig er ljóst að eins og málum er háttað í dag er söfnuðum ekki heimilt að gefa samkynhneigða saman til hjúskapar. Virðulegi forseti. Ég sé ekki rök fyrir því að breyta lögum þannig að heimilt sé fyrir samkynhneigða að ættleiða t.d. erlend börn en ekki að ganga í hjúskap. Ég sé ekki rökrænt samhengi þar á milli þannig að ég hefði gjarnan viljað sjá að við tækjum þessi skref til fulls, þ.e. að við heimiluðum söfnuðum að gefa saman samkynhneigða til hjúskapar.

Það má segja að löggjafinn segi söfnuðum fyrir verkum vegna þess að sem stendur er bannað samkvæmt lögum að gefa saman samkynhneigða. Ég get ekki fallist á þau rök sem fram komu áðan í ræðu eins háttvirts þingmanns, að löggjafinn væri að segja kirkjunni fyrir verkum með því að gef slíkt svigrúm, opna heimild fyrir söfnuði til að gefa saman til hjúskapar tvo karlmenn eða tvær konur, þ.e. samkynhneigða. Ég tel eðlilegt að við klárum þessi mál.

Þegar svona mál koma til kasta þingsins eins og hér um ræðir — þetta er stórt frumvarp, 36 greinar — þá fara þau til nefndar, eru skoðuð þar, send til umsagnar og farið faglega yfir málið. Ég tel að hér gefist kjörið tækifæri til að ganga alla leið og klára þetta mál fyrir fullt og allt.

Virðulegi forseti. Ég tel mig trúaða manneskju og tel að kirkjan sé mjög mikilvæg stofnun í íslensku samfélagi. En ég tel líka að hún verði að þróast í takt við tímann. Ég tel ekki að óeðlilegur þrýstingur muni skapast á kirkjuna þótt löggjafinn aflétti því banni sem nú gildir við því að söfnuðir gefi saman samkynheigt fólk til hjúskapar. Ég er skoðanasystir hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur að þessu leyti og tel eðlilegt að allsherjarnefnd skoði sérstaklega það atriði.

Eins og kom fram í upphafi er það stefna flokks míns og

reyndar líka annarra flokka, ég hef skoðað stefnu annarra flokka varðandi stöðu samkynhneigðra og það er almennt þannig að bæði stjórnmálaflokkarnir og fjölmargir í samfélaginu eru þeirrar skoðunar, að útrýma eigi allri mismunun gagnvart kynhneigð fólks í samfélagi okkar. Það hefur orðið geysileg viðhorfsbreyting og nú er tækifæri til að taka það skref til fulls. Ég met það svo að við eigum að gera það. Það er ekki verið að þröngva neinu upp á söfnuði með því að heimila þeim — ég undirstrika, að heimila þeim — að gefa saman samkynhneigt fólk til hjúskapar. Þeim er ekki skipað að gera það. Þeir geta hafnað því og kosið að hafa fyrirkomulagið með sama hætti og er í dag. Það er þá þeirra mál. Þeir hafa sjálfstæði til þess en við eigum að veita þeim heimild til að aflétta þessu banni.

[18:08]

Bryndís Haraldsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir að leggja þetta frumvarp fram til umræðu. Það markar þáttaskil í jafnréttisbaráttunni þar sem réttindi samkynhneigðra verða tryggð og gengið er lengra en annars staðar þekkist enda höfum við heyrt, í ummælum hagsmunaaðila á síðustu dögum, að Ísland sé að verða eitt frjálslyndasta ríki heims og því ber að fagna.

Samkvæmt íslensku stjórnarskránni og fjölda mannréttindasáttmála hafa allir einstaklingar ákveðin grundvallarmannréttindi burt séð frá kynhneigð. Mörg mikilvæg skref hafa verið stigin í átt til aukinna réttinda samkynhneigðra á síðustu árum. Nefna mætti lög um staðfesta samvist, lög sem banna mismunun á grundvelli kynhneigðar og lög um stjúpættleiðingar samkynhneigðra. En þetta frumvarp gengur enn lengra og tryggir samkynhneigðum mikilvæg réttindi.

Það er sjálfsagt mannréttindamál að samkynhneigðir njóti sama réttar og gagnkynhneigðir á öllum sviðum þjóðfélagsins. Það er ánægjulegt að Ísland skipi sér í hóp þeirra ríkja sem tryggja best réttindi þegna sinna jafnt samkynhneigðra sem gagnkynhneigðra.

Það er líka ánægjulegt að sjá, í kjölfar þeirrar umræðu sem skapaðist um störf nefndar um réttarstöðu samkynhneigðra, að hér sé gengið lengra en nefndin lagði til með því að heimila lesbíum í staðfestri samvist að gangast undir tæknifrjóvgun og heimila frumættleiðingar íslenskra og erlendra barna jafnt gagnkynhneigðum sem samkynhneigðum. Því miður leyfa fá þeirra ríkja, sem Íslendingar sækja kjörbörn til, ættleiðingar samkynhneigðra. En slíkir fordómar ættu ekki að hafa áhrif á lagasetningu okkar.

Með frumvarpi þessu gefa íslensk stjórnvöld gott fordæmi og má búast við því að eftir því sem fleiri ríki setja í lög að samkynhneigðir megi ættleiða börn frá öðru landi en sínu eigin aukist líkurnar á að slíkar ættleiðingar verði með tímanum taldar sjálfsagðar.

Eins og ég nefndi áðan hafa hagsmunaaðilar fagnað mjög tilkomu þessa frumvarps og þeim réttindum sem samkynhneigðum eru tryggð með því. Formaður Samtakanna '78 sagði að með þessu frumvarpi hefði Ísland gengið lengst ríkja heims í að tryggja réttindi samkynhneigðra. Hagsmunaaðilar hafa reyndar komið með eina athugasemd þess efnis að heimila ætti í lögum prestum og forráðamönnum trúfélaga að gefa samkynhneigð pör saman. Með slíkri heimild væri það hverju trúfélagi í sjálfsvald sett hvort það nýtti þá heimild eða ekki.

Ég tek undir með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Mér þykir eðlilegt að þingið skoði þessar athugasemdir mjög vel og sjálf mundi ég vilja sjá breytingu á frumvarpinu í þá átt. Það er ljóst að með frumvarpinu sendir ríkisstjórnin og í raun þingheimur allur skýr skilaboð til aðila í þjóðfélaginu um réttindi samkynhneigðra. Því er eðlilegt að trúfélög taki í kjölfarið afstöðu til þess hvort þau heimili hjónavígslu samkynhneigðra.

Ég ítreka ánægju mína með framkomu þessa frumvarps. Hér er stigið mikilvægt skref í þá átt að tryggja mannréttindi samkynhneigðra. Því er mikilvægt að samstaða ríki um málið. Ég heyri það á málflutningi háttvirtra þingmanna að hún er til staðar og það er gott. Ég vona því að málið fái góða meðferð.

[18:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál er gott fyrir þjóðfélagið að mínu viti. Það hlýtur að vera viðhorf flestra þjóðfélagsþegna að menn eigi jafnan rétt hvort sem þeir eru gagnkynhneigðir eða samkynhneigðir. Við höfum markað okkur þá stefnu að gera ekki mun á fólki eftir trúarbrögðum, lífsskoðun, litarhætti eða stöðu fólks að öðru leyti. Það er því skoðun mín, sem ég gat um í andsvari við ræðu hæstv. forsætisráðherra, að þetta mál ættum við að klára með því að koma fyrir í lögum ákvæði um að einstaklingar, karlar eða konur, geti óskað eftir vígslu og eigi rétt á að hún fari fram. Sum trúfélög eða forsvarsmenn þeirra hafa lýst því yfir að þeir teldu að söfnuðir þeirra væru tilbúnir til að veita slíka vígslu. Ég tel að við eigum að koma því ákvæði fyrir í hjúskaparlögunum. Hjúskaparlögin marka stöðu karls og konu, eins og segir í 1. gr. laganna, með leyfi forseta: „Lög þessi gilda um hjúskap karls og konu. Þau taka ekki til óvígðrar sambúðar."

Inn í þessa grein tel ég að á eftir orðunum „karls og konu" ætti að koma texti sem segir: „og staðfesta með vígslu sambúð fólks af sama kyni". Þannig lægi algerlega skýrt fyrir að fólk ætti rétt á að fá þessa vígslu. Það yrði svo að vera mál þjóðkirkjunnar hvenær hún telur sig þess umkomna að veita slíka þjónustu. Kirkjan verður auðvitað að klára þá umræðu og marka sér stöðu í þjóðfélaginu að því leyti.

Þeim trúarsöfnuðum hér á landi sem eru tilbúnir að veita slíka vígslu á að vera það heimilt og auðvitað mun íslenska þjóðkirkjan ekki gera annað en samþykkja í framtíðinni að svona verði málum fyrir komið, enda engin ástæða til annars. Ég veit ekki betur en allir séu skírðir, hvar í söfnuði sem þeir eru og af hvaða litarhætti sem þeir eru. Ég veit ekki betur en unglingar séu fermdir, af hvaða litarhætti sem þeir eru eða kynhvötum sem með þeim þróast. Ég sé enga ástæðu til að við förum ekki með það mál til enda sem við ræðum hér um. Með því færum við þjóðfélag okkar í þá átt að hér verði ekki mismunun. Í íslensku þjóðfélagi á hún ekki að vera til staðar.

[18:17]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Tímamót, kaflaskipti, vatnaskil. Þetta eru orðin sem hafa verið notuð til að lýsa þessu frumvarpi og þeim breytingum sem vissulega hafa átt sér stað í viðhorfum til réttinda samkynhneigðra á síðustu árum. Kannski væri best að nota orðið bylting. Ég sat í ríkisstjórn á sínum tíma þar sem var fjallað um þessi mál í kjölfar skýrslu sem þá kom fram. Það var skýrsla sem hafði að geyma tillögur þar sem lagt var til að seilst yrði langt í áttina til fullrar jafnstöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra. Það er rétt að rifja það upp að sú skýrsla var afrakstur starfs sem hófst með samþykkt þingsályktunartillögu í þessum sal. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu stóðu fulltrúar allra flokka að þeirri samþykkt. Ég var einn af þeim sem flutti þá þingsályktunartillögu, en átti minnstan heiður af því. Þáverandi þingmaður Kvennalistans var 1. flutningsmaður og frumkvöðull að þessari tillögu, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem í dag er formaður Samfylkingarinnar. Ég tel rétt að nefna það hér að það má segja að með því starfi sem hófst í kjölfar þeirrar samþykktar átti sér stað breyting, ekki bara innan veggja þingsins heldur um samfélagið allt. Ég held, frú forseti, að það hafi skipt gríðarmiklu máli fyrir sjálfstraust samkynhneigðra sem hóps að finna þann skilning sem hann naut innan þessara veggja. Það er gleðiefni þegar horft er yfir feril þessarar umræðu á hinu háa Alþingi að heita má að nánast aldrei hafi neinn lagst mjög þvert nema einn í allri þeirri umræðu. Mér finnst rétt á þessum tímamótum að rifja það upp að margir lögðu gjörva hönd að verki í málflutningi og stefnubreytingum innan þessa þings.

Ég rifja það upp að þáverandi hæstv. dómsmálaráðherra Þorsteinn Pálsson steig skrefi lengra en lagt var til í þessari skýrslu þegar hann beitti sér fyrir því að ekki voru einungis samþykkt lög um staðfesta samvist heldur líka um sameiginlega forsjá. Ég vil líka rifja það upp, vegna þess að mér var sérstaklega umhugað um að samkynhneigðir fengju að ættleiða börn, að einn fyrrverandi kollega okkar, hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, var ákaflega kraftmikill í umræðunni um það. Má segja að aðkoma hans að þessu máli hafi skipt miklu máli eins og afstöður lágu þá í þinginu.

Ég tel að þetta frumvarp sé ákaflega gott og það er gleðilegt að það hefur náðst svona mikil samstaða um það. Ég er þeirrar skoðunar sérstaklega að það sé mikilvægt að hafa náð þessum áfanga með ættleiðingarnar. Mér finnst að þar sé um að ræða mikilvægt mannréttindamál eins og auðvitað öll atriðin sem þarna eru undir. Á sínum tíma var því haldið fram, m.a. í þessum sal af þessum eina tiltekna andstæðingi málsins, að fyrir lægju rannsóknargögn sem sýndu að samkynhneigðir væru verri foreldrar en gagnkynhneigðir. Allar rannsóknir sem ég hef komist yfir hafa sýnt hið gagnstæða. Ekkert bendir til annars en að samkynhneigðir séu a.m.k. jafngóðir foreldrar og aðrir.

Mér var ekki kunnugt um þær mikilvægu upplýsingar sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir flutti inn í umræðurnar um að til væru lönd sem væru reiðubúin að ættleiða börn til samkynhneigðra. Ég tel einmitt að það skipti miklu máli sem hv. þingmaður reifaði áðan, að framkvæmdarvaldið beiti sér fyrir því að ná samningum um ættleiðingar við þessi lönd. Eins og kom fram hjá einhverjum þingmanna fyrr í umræðunni þá skiptir það mjög miklu að það komi fram vilji af hálfu ríkja sem hafa frjálslynda rödd eins og Ísland vegna þess að dropinn holar steininn og þá mun það í framvindu tímans leiða til þess að viðhorfin muni breytast. Við vitum það líka mörg sem höfum komið að málefnum sem tengjast ættleiðingum að það er tiltölulega þungt mál nú á dögum að ná nýjum samningum fyrir smá ríki vegna þess að Haag-samningurinn gerir það eðlilega erfiðara en fyrir kannski svona tíu árum síðan og þess vegna skiptir máli að framkvæmdarvaldið veiti atbeina sinn til þess að sjónum verði beint að þessum ríkjum sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir talaði hér um.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að hið sama ætti að gilda um samkynhneigða og gagnkynhneigða varðandi ættleiðingar, að hið sama ferli ætti við, að hinir ættleiðandi foreldrar væru teknir í gegnum smásjá kerfisins og hæfi þeirra sem foreldra væri dæmt og það ætti ekki að hafa nokkur áhrif hver kynhneigð þeirra er.

Mannréttindi eru algild og við erum í hverju einasta atriði þessa ágæta frumvarps að fjalla um mannréttindi. En það er auðvitað svo að eitt skref eigum við þó eftir að stíga og það varðar kirkjuna. Ég vil segja það alveg skýrt að mér fannst röksemdafærsla hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur hér áðan vera mjög góð. Það er auðvitað svo að hjúskaparlögin eins og þau eru í dag banna þeim prestum og safnaðarforstöðumönnum sem vilja vígja samkynhneigða að gera það. Ég tel þess vegna að það væri farsælt í þessari lotu að stíga það skref sem hv. þingmenn hér þrír hafa nefnt, að setja inn í lögin heimild til safnaða, presta og forstöðumanna safnaða að vígja í heilagt hjónaband samkynhneigða sem þess óska. Ég tel að það séu mannréttindi. En um leið vil ég virða þann skoðanarétt og það skoðanafrelsi sem aðrir hafa sem eru mér andstæðrar skoðunar. Ég veit það vel að margir prestar eru annarrar skoðunar og ég vil ekki knýja þá til að vinna gegn skoðunum sínum í krafti þeirrar vissu að aðrir séu reiðubúnir til að framkvæma þessa mikilvægu athöfn. Þá tel ég, frú forseti, að allir geti verið nokkuð sáttir að kalla.

Ég vísa til þess að í fjölmiðlum dagsins stíga prestar innan þjóðkirkjunnar fram á völlinn og segja það beinum orðum að þeir vilji fá þessa heimild. Mér finnst að þeir eigi að fá hana. Mér finnst að ég sem trúaður og kristinn maður eigi að fá að veita minn atbeina til að bæði prestarnir fái þennan rétt en þó miklu fremur þeir sem eru samkynhneigðir og sem finna sig í samfélagi kirkjunnar og vilja fá kirkjulega blessun á sínu sambandi. Mér finnst það vera mannréttindi og ég vildi jafnvel leyfa mér að ganga svo langt að telja það vegna þess að það tengist afstöðu manna til hinna hinstu raka og sköpunar heimsins og tilgangs lífsins að þeir fái að velja. Allt gengur þetta út á frjálst val og mér finnst að sú leið sem hér hefur verið reifuð af hv. þingmönnum uppfylli það að allir geti nokkuð vel við unað. Því vil ég, frú forseti, um leið og ég fagna þessu frumvarpi lýsa því yfir að ég mun fyrir mitt leyti veita því atbeina minn að slík breyting verði gerð á þessu frumvarpi að hægt sé að fara þessa leið.

[18:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir ræðumenn hér fagna þessu frumvarpi og lýsa yfir ánægju minni með að vera þátttakandi í þessari umræðu. Það gerist ekki svo oft, þó vissulega gerist það af og til, að við þingmenn getum sameiginlega glaðst yfir máli sem mikil eindrægni ríkir um og allir eru sammála um að sé framfaraskref og horfi til réttrar áttar hvað varðar þróun samfélags okkar og samfélagsgerðar. Þess þá heldur ber að fagna slíku sérstaklega. Það kann vel að vera að þetta þyki þar af leiðandi ekki sömu stórtíðindin og stundum eru sögð af umræðum hér þegar allt er í háalofti og út og suður. En fyrir mér er þetta virkilega stór og ánægjulegur dagur og í raun beint framhald af umræðum sem ég eins og margir fleiri þingmenn sem hafa setið hér um nokkurt árabil höfum verið þátttakendur í fyrr. Kannski hefur liðið lengri tími en maður hafði vonað frá 1996 og til þessa dags. Við erum í raun að ljúka því verki sem þá var tekið mjög stórt skref í, þ.e. að koma á fullu jafnrétti að þessu leyti milli þegna landsins óháð þeirra kynhneigð.

Auðvitað finnst manni svo sjálfgefið að slíkur hlutur sé svo fráleit málsástæða til að mismuna fólki að ekki á að þurfa að fjölyrða um það. En þannig er þetta nú engu að síður að enn eimir talsvert eftir af eldri hugsunarhætti í þessum efnum og hefur þó mikið breyst frá þeim tíma er samkynhneigt fólk á Íslandi flúði land. Það er því miður ekkert óskaplega langt síðan að það var hreinlega veruleikinn að þeir sem höfðu kjark til að koma fram og gangast við kynhneigð sinni að þessu leyti völdu þann kost alveg iðulega að hverfa úr landi og búsetja sig í nálægum löndum, gjarnan á einhverjum hinna Norðurlandanna þar sem menn voru á þeim tíma, fyrir svona 15–25 árum eða hvað við eigum að segja, talsvert lengra komnir ekki bara hvað lagalega hluti snertir heldur hvað almenn viðhorf í samfélaginu snertir og bara vegna þeirra aðstæðna sem þetta fólk mætti.

Tíundi áratugurinn var áratugur mikilla framfara í þessum efnum. Þessi mál bar þá á góma með ýmsum hætti eins og hér hefur verið rakið. Stærsta skrefið var tekið með lagasetningunni, lögum nr. 87/1996. Ég man þá umræðu mjög vel. Þá hefðu vissulega margir viljað ganga lengra. En allir fögnuðu þó því að Ísland var þá að taka verulega stórt skref í þessa átt, í raun svo róttækt skref að talsverða athygli vakti og við komumst með því í röð þeirra ríkja, nánast í einu stökki, sem hvað lengst gengu í þessum efnum og vorum frekar öðrum hvatning og fordæmi heldur en hitt. Það má kannski segja að að þessu leyti hafi málin hér á þessu sviði þróast pínulítið hliðstætt við fæðingarorlofið þar sem Ísland hefur þorað að ryðja dálítið brautina og fara að sumu leyti sínar eigin leiðir og að sumu leyti ganga lengra eða taka upp metnaðarfyllri ákvæði hvað varðar jafna stöðu karla og kvenna — ekki kannski heildarréttindin — heldur en víða annars staðar gerist.

Mér er mjög minnisstætt líka, svo maður leyfi sér að rifja upp atburði þessu tengda, að fljótlega eftir gildistöku laganna og eftir að þessar nýju heimildir komu til sögunnar þá var ég svo heppinn að fara með stuttu millibili í tvær brúðkaupsveislur eða taka þátt í hátíðahöldum tveggja samkynhneigðra para sem voru að nýta sér hin nýfengnu réttindi og það voru alveg einstaklega gleðilegir atburðir. Ég man svo vel hversu mikill fögnuður var ríkjandi meðal þeirra sem þar voru þá saman komnir til að gleðjast yfir því að þetta fólk hefði loksins fengið þessi sjálfsögðu réttindi.

Ég held að menn eigi hrós skilið fyrir það hvernig hér er að málum staðið og það er búið að fara í gegnum löggjöfina. Þó að því sé ekki lofað að það sé tæmandi, og að sjálfsögðu er það ekki svo, þá er samt í öllum aðalatriðum tekið á þeim atriðum í fjölmörgum lagabálkum sem taka þarf á til þess að setja inn í staðinn fyrir orðið „hjón" eða „karl og kona" o.s.frv. það orðalag eða þá skírskotun sem tryggir full réttindi.

Það er aðeins eitt sem út af stendur og er tilfinningalegt, sumpart menningarlegt en þó í reynd líka beinlínis réttindabundið mál. Það er það að sambúð geti fengið sambærilega vígslu eða blessun kirkju, trúfélaga eða safnaða og hjónaband karls og konu. Ég vil segja það fyrir mitt leyti og okkar að það er sjálfsagt, og lágmark að mínu mati, að hafa það algerlega skýrt í lögum að trúfélögum sé slíkt heimilt. Það þarf að taka hið snarasta út þau ákvæði í gildandi hjúskaparlögum, og annars staðar sem þau er að finna, að á því séu einhverjir lagalegir meinbugir þannig að öllum þeim sem það vilja sé þetta frjálst. Það liggur alveg fyrir að miklu meira en nægur fjöldi presta innan þjóðkirkjunnar er fús til þess að blessa eða vígja slíka sambúð. Og síðast í gær, ef ég man rétt, heyrði ég fríkirkjuprest lýsa því yfir í útvarpinu að ekki stæði á honum, hann hefði í raun og veru framkvæmt athafnir sem að öllu leyti væru sambærilegar við kirkjulega vígslu nema það að hinn lögformlega þátt vantar — það vantar það að forstöðumaður safnaðarins geti undirritað pappíra og með formlegum hætti lýst blessun eða vígslu. Það standa engin rök til þess að það sé hindrað með lögum.

Ég tel miklu nær að menn ræði í framhaldinu hvort þau trúfélög sem vilja neita félagsmönnum sínum um þessa þjónustu þurfi þá ekki að horfast í augu við að því geti fylgt afleiðingar. En strax og valið er komið til sögunnar er málið að verulegu leyti leyst.

Ég vek athygli á því að þetta mál snýst ekki bara um kirkjuna, ekki bara um kristna söfnuði. Það hlýtur að snúast um öll trúfélög og mögulega í framtíðinni viðurkennd lífsskoðunarfélög — það er að mínu mati löngu tímabært að taka á dagskrá hér að lífsskoðunarfélög geti fengið að lögum sambærilega skoðun og viðurkennd trúfélög eða söfnuðir. Þannig er því t.d. fyrir komið í Noregi að lífsskoðunarfélög geta sótt um að fá sambærilega stöðu og trúfélög og öðlast þar með sömu réttindi. Þetta eru yfirleitt félög sem byggjast á skilgreindum siðrænum og húmanískum grunni. Það er fullkomlega viðurkennt að fólk sem hefur þá lífsskoðun er ekki trúað en byggir sinn siðræna tilverugrundvöll, getum við sagt, á lífsskoðun sem styðst við tiltekin mannúðleg, siðræn gildi.

Það þarf líka að taka á rétti og stöðu trúlausra. Að sjálfsögðu er trúfrelsi ekki virt í reynd í lögum lands nema trúlausir hafi sömu stöðu og sama rétt og aðrir og þeirra staða sé viðurkennd. Það má færa fyrir því sterk rök að svo sé ekki í dag, m.a. vegna þess fyrirkomulags sem er á innheimtu gjalda o.s.frv. Þetta kemur inn á annað mál sem mér er hugleikið og snýst um það að tryggja betur í sessi trúfrelsi í landinu, rétt manna til trúleysis og rétt manna til að mynda með sér félög um tiltekin siðræn, mannúðleg gildi,

lífsskoðunarfélög o.s.frv.

Ég er þannig skapi farinn að mér finnst við ekki eiga að ræða hvort heimildin sé ekki sjálfsögð, hún er það svo sannarlega, það á ekki að þurfa að rökræða um það. Mér finnst að umræðan ætti frekar að vera á þeim nótum hvort trúfélögum og söfnuðum sé yfirleitt stætt á því að gera þetta ekki. Ætti það ekki frekar að vera í þá áttina að þau þurfi jafnvel að horfast í augu við að löggjafinn geti sagt sem svo: Ef menn gera þetta ekki, þá er spurning hvort menn verða ekki að taka afleiðingunum af því hverjar sem þær svo sem gætu verið. Ég er út af fyrir sig sammála því að það er ekki hægt að lögum að þvinga — það er ekki nálgun sem ég mæli fyrir hér svo það misskiljist ekki — menn til að gera eitthvað sem er andstætt því sem þeir telja sinn trúarlega grundvöll — ef einhver trúfélög telja sér alls ekki stætt á því og það brjóti gegn þeirra trú að gera þetta. Það er þó ekki þannig í heiminum að trúarbrögð upphefji algild mannréttindi. Við skrifum vonandi ekki upp á það í lýðveldinu Íslandi. Við mundum t.d. ekki líða trúarbrögð í okkar landi sem skytu sér að bak við trú og mismunuðu kynjunum, brytu mannréttindi á helmingi mannkynsins vegna þess að það væri trúarbundið. En því miður er það þannig að bókstafstrúarmenn eða fúndamentalistar víða í heiminum, ekki bara í hinum múslimska heimi, við skulum gæta okkar á því að alhæfa ekki á þann veg, heldur líka innan hins kristna heims, skjóta sér á bak við trúna þegar að því kemur að beygja og sveigja ýmis algild mannréttindi. Slíkt viljum við að sjálfsögðu ekki hafa þannig að um leið og við skulum sýna trúarbrögðunum umburðarlyndi, og hafa á því skilning að hér er um viðkvæm og tilfinningabundin mál að ræða, þá verða trúfélögin líka að hafa hitt í huga. Það er aldeilis ekki að þetta sé einhliða mál sem snúi bara að löggjafanum, þetta snýr að þeim líka og þau verða að átta sig á því í hvaða heimi við lifum. Þau verða að átta sig á því að við líðum ekki mismunun og mannréttindabrot þó að menn skáki í skjóli trúar. Fullkomið jafnrétti skal það vera og það sem við getum best gert miðað við aðstæður núna, hvað varðar þennan eina þátt málsins sem þó virðist standa út af, er að taka þarna inn mjög skýra og afdráttarlausa heimild til handa þeim sem vilja veita sambúð eða samvist samkynhneigðra einhvers konar vígslu eða blessun.

Auðvitað hefur mikið vatn runnið til sjávar og viðhorf og viðmót samfélagsins hafa þróast í risaskrefum frá þeim tímum sem ég var að rifja hér upp, sem lýstu sér m.a. í því að samkynhneigðir, þeir fáu sem gengust við sinni kynhneigð, völdu iðulega að flýja land. En þó er það því miður þannig hvað hin almennu viðhorf samfélagsins varðar að víða eimir eftir af misskilningi — við skulum kalla það misskilning en ekki fordóma í tilefni dagsins — og heilmikið verk er óunnið á þeim vettvangi. En auðvitað er frágangur þessara mála í lögum landsins og skýr vilji, ég tala nú ekki um svona afdráttarlaus samstaða, löggjafans geysilega mikilvægt innlegg í það mál. Þess vegna er sérstakt fagnaðarefni að við skulum standa svo vel hér á Íslandi nú að um þetta ríki, að því er best verður séð, alger samstaða. Ekki heyrist ein einasta rödd, eins og var þó fyrir tæpum 10 árum, og skal ekki meira um það sagt, andæfa því að þetta skref verði stigið.

Ég fæ ekki betur heyrt, frú forseti, á umræðunni hér en um þetta mál ríki það mikil samstaða — hér hafa svo margir ræðumenn lýst viðhorfum sínum í þá átt og hæstv. forsætisráðherra vísaði til þess að þetta sé hlutur sem þingnefnd og þingið sjálft hljóti að skoða — að ástæða sé til fullrar bjartsýni á að þessi litla lagfæring verði gerð á frumvarpinu. Þá verður virkilega tilefni til að fagna og virkilega tilefni til að vera stoltur af því að Ísland hafi þá í þessum efnum skipað sér og sínum málum í allra fremstu röð í heiminum. Það er ekki slæmt veganesti að hafa í farteskinu þegar og ef og þar sem þessi mál ber á góma og gaman að því að Ísland geti verið öðrum fyrirmynd og til eftirbreytni í þessum efnum.

[18:39]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég vildi aðeins nota tækifærið og þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og þá miklu samstöðu sem ríkir. Ég tel það mjög mikilvægt í þessu máli að viðhalda þeirri samstöðu og sé í sjálfu sér enga ástæðu til annars en reikna með að svo verði.

Ég vildi aðeins geta þess að það frumvarp sem hér liggur fyrir er unnið með því hugarfari að um það geti verið ríkt samstaða á Alþingi og ég tel það mikilvægt og málinu til framdráttar að í því sé sem mest eindrægni.

Út af því sem hefur verið sagt um okkar ágætu þjóðkirkju og okkar söfnuði þá vil ég vitna til þess sem nefndin sagði um það mál og á því er byggt, en það er hvatning til þjóðkirkjunnar um að vinna að því að ná niðurstöðu í þetta mál og ná um það samstöðu. Svo segir að slík afstöðubreyting sé að mati nefndarinnar forsenda þess að unnt verði að fella niður það skilyrði laganna um staðfesta samvist að hún geti aðeins stofnast með borgaralegri vígslu.

Nú þurfum við líka að hafa það í huga að þessum málum er öðruvísi fyrir komið hér á landi en í flestum öðrum löndum. Hér á landi geta menn valið milli svokallaðrar borgaralegrar vígslu og kirkjulegrar vígslu. Flestir og flest okkar hafa valið þann kost að gifta okkur í kirkju. Víðast annars staðar er þetta með þeim hætti að það þurfa allir að ganga í sitt hjónaband eins og við mundum kalla með borgaralegri vígslu, þ.e. fá hana staðfesta hjá sýslumanni eða öðrum bærum aðila, og ganga síðan til kirkju. Þannig er það í flestum Evrópuríkjum. Ég er ekki að mæla með því að við breytum þessu. Þetta er ríkt hefð hér á landi og ég segi fyrir mig sjálfan að ég hef ekki áhuga fyrir því að á því verði gerð einhver grundvallarbreyting. En þetta er sú venja sem er víðast hvar í okkar nágrannalöndum.

Ég legg fyrst og fremst áherslu á það að við virðum kirkjuna í þessu máli, gefum henni svigrúm og tíma til að ljúka sínu starfi. Það er mikið og gott starf í gangi innan kirkjunnar er varðar þetta mál og það er mjög mikilvægt að við virðum sjálfstæði kirkjunnar í þessu sambandi og tökum tillit til hennar. Ég geri ráð fyrir því að aðilar verði kallaðir fyrir nefndina og eins og ég sagði í framsögu minni þá skýrist málið, en ég tel afar mikilvægt að menn haldi þeirri samstöðu sem er í málinu því að hér er verið að stíga mjög stórt skref sem allir eru sammála um og mikilvægt skref sem sennilega enginn annar hefur stigið. Ég tel að þetta sé sjálfsagt skref, við séum fyrst og fremst að uppfylla jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar. Við eigum að sjálfsögðu að

vinna í anda jafnréttisákvæðis okkar stjórnarskrár og með þessu frumvarpi er að mínu mati aðeins verið að stíga það skref sem er nauðsynlegt til að við getum sagt að við uppfyllum jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar að þessu leyti.

[18:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir hans svör og ég vil láta það koma fram að það er mitt sjónarmið að að sjálfsögðu ber að virða sjálfstæði kirkjunnar og sjálfstæði trúfélaga í þessum efnum og hér hefur enginn maður, svo ég hafi heyrt í dag, talað fyrir neins konar lögþvingun í þeim efnum. Það er eðlilegt að menn þurfi sinn tíma til að klára þessi mál og þá bara fá menn hann. En ég sé ekki annað en sú vinna og sú umfjöllun mála hjá þjóðkirkjunni eða öðrum trúfélögum geti allt eins farið fram í því lagaumhverfi að heimild sé til staðar fyrir þau trúfélög og þá söfnuði sem það kjósa að vígja eða blessa samvist samkynhneigðra. Það má velta því fyrir sér hvort tímabundið væri höfð sú regla sem hæstv. forsætisráðherra vitnar til að sé fremur reglan en undantekningin í nálægum löndum að fyrst komi hinn borgaralegi frágangur málsins, fyrst séu skjölin undirrituð hjá fógeta, sýslumanni eða notariusi eða hvað það nú er og síðan komi blessun eða vígsla í kirkju sem er þá fyrst og fremst trúarleg eða táknræn, ekki hinn lögformlegi frágangur pappíra. Ég býst við að menn gætu alveg sætt sig við það ef það einfaldar málin eitthvað í bili. Ég sé þó ekki að þess þurfi endilega. Það mætti einfaldlega hafa þetta þannig að þetta væri algerlega valkvæmt, þetta væri heimilt þeim söfnuðum, þeim prestum, þeim trúfélögum sem það vildu og síðan bara réðist það hvaða tíma þau hvert fyrir sig tækju sér til að útkljá málið í sínum röðum vonandi í sem mestri sátt. Það er alveg augljóst hvaða skilaboð löggjafinn væri í sjálfu sér að gefa með slíkri heimild en menn þurfa þá líka, ef hún kemur ekki til sögunnar, að svara fyrir það af hverju ekki, hver eru rökin til þess að opna þetta ekki?

[18:46]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil líka þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir hans svör en ég vil að það sé alveg skýrt, þar sem ég hef talað fyrir því að öll réttindi samkynhneigðra séu kláruð í þessari lotu, þ.e. að þeir fái líka rétt til þess að ganga í hjúskap, að ég ber mjög mikla virðingu fyrir kirkjunni, mjög mikla. En ég tel að eins og staðan er núna séum við að segja söfnuðum fyrir verkum af því að ekki er lagaheimild fyrir söfnuði eða kirkjuna til að gefa samkynhneigða saman í hjúskap.

Ég vil ítreka að verði sú heimild veitt, sem ég tel að sé grundvallarréttindamál og í anda þess sem bæði stjórnmálaflokkar og fjöldi fólks vill, erum við með því ekki að segja neinum fyrir verkum, engum. Það gerum við hins vegar eins og staðan er í dag með því að hafa þessa heimild lokaða.

Ég vil ítreka að ég ber virðingu fyrir kirkjunni og ég ber líka mjög mikla virðingu fyrir þeim stjórnmálamönnum sem hafa unnið þetta mál. Það var ekki samstaða í nefndinni, hvorki um tæknifrjóvgun né um ættleiðingu samkynhneigðra á erlendum börnum. Þar tókum við stjórnmálamenn af skarið og ég styð að við gerum það líka gagnvart hjúskaparlögunum. Það er ekki mjög stórt skref að stíga, það opnar heimild. Það er ekki stórt skref fyrir flesta en það er geysilega stórt skref fyrir samkynhneigða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:48]

Útbýting:

Aðstæður kvenna í Konukoti, 356. mál, fsp. JóhS, þskj. 390.

Fiskistofa, 360. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 394.

Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ, 355. mál, fsp. BHar, þskj. 389.

Rækjustofninn í Arnarfirði, 354. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 388.

Veiðar og stofnstærð kolmunna, 359. mál, fsp. ÖS, þskj. 393.

Viðbrögð og varnir gegn fuglaflensu, 357. mál, fsp. ÞBack, þskj. 391.

Út af dagskrá voru tekin 9.–13. mál.

Fundi slitið kl. 18:50.

---

28. FUNDUR

miðvikudaginn 23. nóv.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til fjármálaráðherra:

1. Skattamál í tengslum við Kárahnjúkavirkjun, fsp. SJS, 318. mál, þskj. 345.

Til iðnaðarráðherra:

2. Móttaka ferðamanna við Kárahnjúka, fsp. GHall, 101. mál, þskj. 101.

3. Staða framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun, fsp. HlH, 120. mál, þskj. 120.

4. Staða íslensks skipaiðnaðar, fsp. SigurjÞ, 323. mál, þskj. 355.

Til viðskiptaráðherra:

5. Svörun í þjónustusíma, fsp. JBjarn, 247. mál, þskj. 247.

6. Tryggingavernd torfæruhjóla, fsp. SF, 302. mál, þskj. 322.

Til utanríkisráðherra:

7. Íslenskir friðargæsluliðar eða hermenn í Afganistan, fsp. SJS, 161. mál, þskj. 161.

Til heilbrigðisráðherra:

8. Gleraugnakostnaður barna, fsp. JóhS, 95. mál, þskj. 95.

9. Viðbygging við sjúkrahúsið á Selfossi, fsp. MF, 133. mál, þskj. 133.

10. Ráðstöfun hjúkrunarrýma, fsp. ÁRJ, 153. mál, þskj. 153.

11. Kjarabætur til vistfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum, fsp. ÁRJ, 159. mál, þskj. 159.

12. Sjúkraflug til Ísafjarðar, fsp. AKG, 274. mál, þskj. 288.

13. Tæknifrjóvganir, fsp. ÁÓÁ og ÁRJ, 276. mál, þskj. 290.

14. Þjónustusamningur við SÁÁ, fsp. HHj, 293. mál, þskj. 311.

Til dómsmálaráðherra:

15. Athugasemdir mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, fsp. KolH, 273. mál, þskj. 287.

16. Löggæsla á skemmtunum í Skagafirði, fsp. SigurjÞ, 277. mál, þskj. 292.

Til félagsmálaráðherra:

17. Kynbundið ofbeldi, fsp. KolH, 195. mál, þskj. 195.

18. Sönnunarbyrði samkvæmt jafnréttislögum, fsp. MÁ, 280. mál, þskj. 295.

[12:01]

Útbýting:

Fjárlög 2006, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 397; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 398; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 399; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 400; brtt. SKK o.fl., þskj. 401.

Stúdentspróf, 358. mál, fsp. AKG, þskj. 392.

Skattamál í tengslum við Kárahnjúkavirkjun.

Fsp. SJS, 318. mál. — Þskj. 345.

[12:02]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Á 130. löggjafarþingi lagði ég fyrirspurn fyrir hæstv. þáverandi fjármálaráðherra um ýmislegt sem varðaði skattamál tengd Kárahnjúkavirkjun eða þeim framkvæmdum og þá sérstaklega hvernig hagað yrði skattheimtu af launum erlendra starfsmanna. Ég spurði sérstaklega hvaða álitamál og vandamál fjármálaráðuneytið teldi líklegt að kæmu upp eða kynnu að koma upp í sambandi við skattalega meðferð mála af þessu tagi.

Svar ráðuneytisins á þskj. 821 á 130. löggjafarþingi vakti nokkra athygli, og var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Að mati ráðuneytisins eru engin sérstök álitamál eða vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við skattalega meðferð mála vegna Kárahnjúkavirkjunar umfram það sem upp kann að koma vegna annarra framkvæmda af þessari stærðargráðu.“

Þetta svar vakti mikla undrun mína vegna þess að þá þegar virtist annað blasa við. Fréttir voru af ýmsum erfiðleikum sem tengdust m.a. skráningu erlendra starfsmanna, eða ekki-skráningu, sem tengdist því að erlendir starfsmenn komu inn í landið á skammtímaskilmálum í sumum tilvikum og hurfu síðan úr landi aftur án þess að greiða eina einustu krónu. Vandséð var hvernig fjármálaráðuneytið íslenska, skattyfirvöld, ætlaði að ná af þeim sköttunum eftir að þeir voru komnir til síns heima.

Ég lagði því aftur fram fyrirspurn á sama þingi og þá munnlega sem svarað var 5. maí 2004 og enn sat fjármálaráðuneytið við sinn keip og hélt því blákalt fram að þrátt fyrir þó þá reynslu sem þá var komin á að engin sérstök vandamál eða álitamál væru líkleg til að koma upp eða hefðu komið upp í sambandi við skattalega meðferð mála vegna þessara framkvæmda.

Í þriðja sinn lagði ég fram fyrirspurn á 131. löggjafarþingi, á þskj. 416, og spurði ráðuneytið hvort það væri enn þeirrar skoðunar að engin sérstök vandamál hefðu komið þarna upp í sambandi við skattalega meðferð. Þá lá fyrir, og hefur reyndar gert lengi, mikil óánægja sveitarfélaga á svæðinu með hvernig hagað var skráningu erlendra starfsmanna og ljóst að útsvarstekjur skiluðu sér ekki til sveitarfélaganna neitt í líkingu við það sem átt hefði að gera ef allur sá fjöldi erlendra starfsmanna sem starfaði á svæðinu hefði greitt sínar skyldur.

Enn var svarið hið sama.

Nú blasir það við samkvæmt fréttum t.d. í sjónvarpinu fyrir nokkru síðan að innheimta skatta af erlendum starfsmönnum við Kárahnjúka eru enn í ólestri vegna rangra skráninga og innheimtuárangur sýslumannsembættisins á Seyðisfirði á síðasta ári vegna tekna ársins 2003 hrapaði niður í 37%, úr 90% eins og hann var að jafnaði áður en þessar framkvæmdir hófust í umdæminu.

Ég ítreka því enn spurningu mína (Forseti hringir.) til fjármálaráðherra: Er ráðuneytið enn þeirrar skoðunar að þarna séu engin sérstök álitamál eða vandamál uppi?

[12:05]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Svar við fyrirspurn hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem hann ber fram um hvort ráðherra sé „enn þeirrar skoðunar að engin sérstök álitamál eða vandamál séu uppi eða hafi komið upp í sambandi við skattalega meðferð mála vegna Kárahnjúkavirkjunar“ er svohljóðandi að þessu sinni:

Að mati fjármálaráðherra eru engin sérstök álitamál eða vandamál uppi í sambandi við skattalega meðferð mála vegna Kárahnjúkavirkjunar umfram það sem upp kann að koma vegna framkvæmda af þessari stærðargráðu. Varðandi þessa framkvæmd sem aðrar kemur oftar en ekki upp sú staða að túlkun forsvarsmanna fyrirtækja sem að framkvæmdinni standa á einstökum ákvæðum skattalaga fer ekki alltaf saman við túlkun skattyfirvalda. Við slíkar aðstæður kæra aðilar alla jafna niðurstöðu skattyfirvalda til þar til bærra stjórnvalda, eins og yfirskattanefndar, þar sem málin eru endanlega til lykta leidd.

Það hefur gerst í málum sem tengjast þessari framkvæmd og eru þau í sínum eðlilega farvegi. Rétt er að geta þess að ágreining um skattskyldu og skattstofna má einnig bera undir dómstóla.

[12:07]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að skattheimta erlendra starfsmanna hefur ekki skilað sér til viðkomandi sveitarfélags. Útsvarstekjur sveitarfélagsins af þessum starfsmönnum eru því ekki eins og áætlaðar voru. Jöfnunarsjóður aftur á móti áætlar tekjur sveitarfélagsins með tilliti til þess fjölda erlendra starfsmanna og starfsmanna sem eru á svæðinu og eiga að greiða útsvar. Hann áætlar útsvarstekjur sveitarfélagsins með tilliti til þess og áætlaðra tekna starfsmannanna og lækkar framlag jöfnunarsjóðs til sveitarfélagsins þar af leiðandi.

Sveitarfélagið Fljótsdalshérað verður því fyrir tvöfaldri skerðingu, þ.e. fær ekki þær útsvarstekjur sem því ber og verður fyrir skerðingu úr jöfnunarsjóði vegna þessa.

[12:08]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Því er ekki að neita að þetta ferli allt hefur haft leiðindabrag á sér. Það hefur verið erfitt hjá sveitarfélögunum fyrir austan sem hafa lent í áætluninni sem hv. þm. Þuríður Backman kom inn á áðan. Sérstaklega vil ég í því ljósi nefna Fljótsdalshérað en þar hefur verið áætlað á þá verkamenn sem komu hingað í skammtímaskráningu og hafa jafnvel aldrei látið sjá sig á svæðinu. Þetta hefur síðan verið dregið frá framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og því er staða sveitarfélaganna mun verri fyrir vikið. Sveitarfélögin hafa leitað eftir því að fá fund með stjórnvöldum, ræða málin og fara yfir þau. Ég vona svo sannarlega að eitthvað fari að gerast í þeim málum. Sveitarfélögin verða af verulegum tekjum. Þau eru ekki að biðja um að þessar skatttekjur skili sér beint, heldur að jöfnunarsjóðurinn taki tillit til þess að þessir verkamenn hafa ekki starfað á svæðinu. Mér finnst eðlilegt að jöfnunarsjóðurinn taki þetta til skoðunar.

[12:09]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það má út af fyrir sig kalla það aðdáunarverða staðfestu hjá fjármálaráðuneytinu að gefa sífellt sama ranga svarið við þessari spurningu. Það er auðvitað stórkostlega ámælisvert að fjármálaráðuneytið skuli bera svona þvætting á borð fyrir Alþingi í formlegum svörum við formlegum fyrirspurnum, ýmist munnlegum eða skriflegum, að þarna hafi engin vandamál verið í skattalegri framkvæmd.

Ég vek athygli á því að frá byrjun hefur verið spurt um álitamál eða vandamál í skattalegri framkvæmd, hvað varðar skattalega meðferð mála. Það tekur til skattalegrar framkvæmdar, álagningar, innheimtu og málsins í heild sinni. Hvernig getur hæstv. fjármálaráðherra komið hér, og forveri hans, aftur og aftur og sagt að þetta sé allt í lagi, það séu engin sérstök vandamál þarna uppi umfram það sem búast megi við af framkvæmdum af sömu stærðargráðu?

Hér er náttúrlega framkvæmd á ferðinni sem er algerlega sérstök í sögunni, unnin að uppistöðu til af erlendu starfsfólki sem er á nýjum kjörum í landinu, kjörum sem áður voru nánast óþekkt, í gegnum starfsmannaleigur o.s.frv. Við höfum aldrei áður átt skipti við aðila eins og Impregilo sem hegðar sér með þeim hætti sem það fyrirtæki hefur gert.

Þó að svo kunni að fara að það takist að ná þessu fé af fyrirtækinu að lokum — sem það ætlar síðan fyrir dómstóla með og reyna að ná rétti sínum fyrir dómstólum, ef það verður neytt til að borga, ábyrgjast greiðslur starfsmannanna — er framkvæmdin, innheimtan og hvernig þetta hefur komið út fyrir sveitarfélögin og óvissan sem þar hefur skapast þannig, að það er eins og hver annar þvættingur að bera það á borð í svari við fyrirspurn á Alþingi að þetta hafi allt verið með eðlilegum hætti og í lagi. 37% innheimtuárangur hjá sýslumanninum á Seyðisfirði á árinu 2003 (Forseti hringir.) er auðvitað ekki í lagi. Og hvað eiga svona svör að þýða, frú forseti, við fyrirspurnum á Alþingi?

[12:12]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon snúa út úr orðum mínum. Enginn sagði að engin mál hefðu komið upp þarna. Það sem var verið að segja er að það er ekkert meira en menn hefðu getað átt von á í svona framkvæmd. Þau mál eru einfaldlega til meðferðar í kerfinu.

Það vill þannig til að aðilar hafa heimild til að vera ósammála stjórnvöldum um þessa hluti og þeir hafa heimild til að skjóta málum sínum áfram í kerfinu. Það á við um þá aðila sem eru með starfsemi á Kárahnjúkum eins og annars staðar. Við verðum að virða þann rétt þeirra og virða það að okkar kerfi gerir ráð fyrir ákveðnum farvegi og hvernig úr málum er unnið. Því er ástæðulaust að gera eitthvað sérstaklega mikið eða meira úr því en tilefni er til og snúa út úr þeim svörum sem hér koma fram. Og það að mér sýnist trekk í trekk. Auðvitað vill hv. þingmaður að þarna séu stór vandamál og ekkert nema vandamál. Hann hefur verið á móti framkvæmdinni alveg frá upphafi (**ÞBack:** Nei, nei, nei, nei.) og það hlýtur að liggja á bak við þetta að reyna að gera sem mest úr þeim málum sem þar koma upp, gera þau að einhverjum sérstökum og stórum vandamálum þegar staðan er sú að þau mál sem þarna hafa komið upp eru ekki stærri en búast mátti við í framkvæmd af þessari stærðargráðu. Þau eru í sínum eðlilega farvegi og þau munu verða til lykta leidd samkvæmt þeim lögum og reglum sem hér um gilda, og jafnt hjá þeim aðilum sem starfa við Kárahnjúka og annars staðar á landinu.

[12:14]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Hv. 5. þm. Norðaust. hefur óskað eftir að bera af sér sakir en forseti sér ekki alveg hvernig það fellur undir þingsköpin þegar hér er verið að svara fyrirspurn undir ákveðnum dagskrárlið.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Að bera af sér sakir.

[12:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég mótmæli því harðlega að forseti taki sér vald til að meta það þegar þingmaður biður um orðið til að bera af sér sakir, að það sé engin ástæða til að gefa honum orðið eins og þingsköp mæla skýrt fyrir um. (**Iðnrh.:** ... sagt.) Þar á ofan fer ég fram á það við forseta að forseti þaggi niður í hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Hæstv. ráðherra getur komið í ræðustól þegar efni standa til eins og aðrir þingmenn. Það er ekki heldur hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra að meta það og hjálpa forseta við fundarstjórnina um að hafa af mér orðið (Gripið fram í.) sem mér ber samkvæmt landslögum. Eins og þeir vita sem þekkja til hafa þingsköpin lagagildi og ég tek því ekki þegjandi að réttur sé af mér hafður sem ég hef samkvæmt þingsköpum sem ég kann mætavel og hef þó nokkra reynslu í að starfa samkvæmt.

Ég spyr virðulegan forseta: Fæ ég orðið til að bera af mér sakir eða ekki? Þarf ég kannski að gera það undir þessum dagskrárlið sem auðvitað er miklu lakara?

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður. Forseti telur eðlilegra að hann noti þennan dagskrárlið, um fundarstjórn forseta, til að ræða það mál heldur en að bera af sér sakir miðað við hvernig dagskrá fundarins er háttað í dag.)

Frú forseti. Ég er þessu algerlega ósammála. Það er auðvitað eðlilegra að ég beri af mér sakirnar undir liðnum að bera af sér sakir en undir liðnum um fundarstjórn forseta en það skal þá vera þannig.

Ég mótmæli því að hæstv. fjármálaráðherra sem hér er kominn til að svara fyrirspurn skuli nota stóran hluta af seinni ræðutíma sínum, ekki til að fara betur yfir og svara betur fyrirspurninni á málefnalegan hátt heldur til að dylgja um að annarlegur tilgangur sé að baki því hjá mér að óska upplýsinga um skattalega framkvæmd í landinu. Hvað gefur hæstv. fjármálaráðherra tilefni til þess að gera því skóna að þessar spurningar, sem eru fullkomlega efnislegar og málefnalegar og snerta vandamál sem sannanlega er uppi, séu annarlegar? Ekki þarf annað en að fylgjast með fréttum til að vita hvernig þetta hefur t.d. komið út fyrir sveitarfélögin sem í hlut eiga. Er það þá til þess að gera eitthvað lítið úr fyrirspurninni? Er það til þess að afsaka það að ráðuneytið svari á annan hátt að fyrirspyrjandinn kunni að hafa einhverjar meiningar ótengdar því máli í sjálfu sér sem spurt er um, þ.e. skattskilum vegna launagreiðslna á umræddu svæði? Þarf það að blandast inn í það hvort menn voru með eða á móti því að Kárahnjúkavirkjun yrði reist sem slík á sínum tíma, einhverjum árum áður, deilur um það, t.d. hvort umhverfisáhrifin af virkjuninni væru réttlætanleg eða ekki? Ekki hef ég dylgjað um það, svo gagndæmi sé tekið, að stjórnvöld séu eitthvað lin í skattheimtunni af því að þau styðji verkefnið. Ég hef aldrei látið að því liggja. Ég hef spurt hvernig þetta gengi. Ég hef mótmælt því að ég fái aftur og aftur röng svör, að þetta sé allt í lagi þó að allt saman sé í vaskinum.

[12:17]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég taldi ekki að ég væri að bera neinar sakir á hv. þingmann og allra síst var ég að víkjast undan því að svara fyrirspurnum frá hv. þingmönnum. Ekkert var óeðlilegt við fyrirspurnina en það sem ég gerði athugasemdir við og leitaði skýringa á, hvers vegna hv. þingmaður gerði lítið úr svörunum og vildi að þau væru önnur. Hafi ég borið á hann sakir með því að halda því fram að hann hafi verið á móti Kárahnjúkavirkjuninni bið ég hann forláts á því, en svörunum verður auðvitað ekki breytt. Þau eru á þennan hátt og hversu oft sem menn koma hingað til að bera af sér sakir út af því breytir það ekki því að þarna eru málin í þeim farvegi sem þeim er ætlað að vera samkvæmt okkar lögum og reglugerðum.

Staða framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun.

Fsp. HlH, 120. mál. — Þskj. 120.

[12:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn sem hv. þm. Hlynur Hallsson, sem hér sat á þingi, varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðausturkjördæmi, lagði fram fyrr í haust. Hún varðar stöðu framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þar hefur gengið á ýmsu. Ég ætla hér ekki að ræða hvernig búið hefur verið að og hvaða laun hafa verið greidd erlendum starfsmönnum á svæðinu og þau hrottalegu félagslegu undirboð sem hafa verið ástunduð. Það er önnur saga. Ég ætla ekki að ræða hér umgengni á svæðinu sem að sögn kunnugra er með slíkum endemum að sjaldan hefur annað eins sést á Íslandi. Ég ætla heldur ekki að ræða slysin, til dæmis, sem eru auðvitað mikið áhyggjuefni, hvernig 20% fjölgun vinnuslysa á Íslandi á síðasta ári er öll eins og hún leggur sig rakin til þessarar einu framkvæmdar. 316% fjölgun slysa á Austurlandi milli ára þar sem þau fara í 524 úr 126, milli áranna 2003 og 2004, og úr 40 miðað við árið 2002, áður en framkvæmdirnar hófust er auðvitað hlutur sem menn ættu aðeins að staldra við.

Það sem ég ætla að spyrja um er verkið sjálft, framkvæmdin, og hvernig þar horfir. Það er auðvitað stórt og mikið mál burt séð frá öllu öðru. Mér leyfist vonandi að spyrja um það óháð því hvaða afstöðu ég hafði til þess að ráðist yrði í þessa framkvæmd. Þó gæti hugsast að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra ætti það til að detta í það hjólfar sitt að telja spurningarnar ómarktækar af því að þær koma úr þessari átt.

Stíflustæðið reyndist mun sprungnara og erfiðara viðfangs en menn höfðu gert ráð fyrir. Gangagerðin hefur sömuleiðis gengið mun verr vegna þess að misgengi eru miklu meiri og lausari jarðlög en menn reiknuðu með. Mjög margt hnígur að því að menn hafi undirbúið þessa framkvæmd slælega og að þeir hafi fegrað mjög fyrir sér aðstæðurnar og það komi þeim nú í koll. Sennilega á sú fræga setning í matsskýrslu um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar, að berglög á svæðinu séu sérstaklega hentug til

mannvirkjagerðar, eftir að standa sem einhver mestu öfugmæli sem nokkurn tímann hafa verið sett á prent af því tagi.

Það stærsta sem þetta snýst þó væntanlega um, hvað varðar fjárhagstjón, er spurningin um það hvort framkvæmdirnar frestast um eitt ár, afhending raforkunnar tefst og Landsvirkjun verður stórlega skaðabótaskyld af þeim sökum. Það mun leiða til fjárhagstjóns sem mun hafa verulega áhrif á fjárhag fyrirtækisins og er þó þegar orðinn gríðarlegur viðbótarkostnaður vegna þessara tafa og erfiðleika sem menn hafa ratað í í framkvæmdinni. Þess vegna er spurt:

1. Hversu mikið hefur einstökum framkvæmdaþáttum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar seinkað nú þegar?

2. Hefur áhættan sem fylgir fyllingu Hálslóns og rekstri virkjunarinnar verið metin upp á nýtt í ljósi þess að mun meiri sprungur og misgengi hafa komið í ljós í stíflustæðinu og í jarðgöngum en ráð var fyrir gert?

3. Hver er umframkostnaður Landsvirkjunar við Kárahnjúkavirkjun nú þegar orðinn og hvaða áhrif mun hann hafa á fjárhag Landsvirkjunar og raforkuverð í landinu?

[12:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Sem svar við spurningu 1:

Allir verkþættir við byggingu Kárahnjúkavirkjunar eru núna nokkurn veginn á áætlun, nema gerð aðrennslisganga sem nú er um fjórum mánuðum á eftir áætlun. Eins og venja er við slíkar aðstæður er í sífellu verið að endurskoða verkáætlanir til loka verksins með það að markmiði að ná upp töfum þeim orðnar eru. Um 18 mánuðir eru til gangsetningar á virkjuninni og er að sjálfsögðu reynt að vinna upp orðnar tafir á þeim tíma, m.a. með því að vinna frágangsvinnu samhliða gangaborun. Enn er ekki ljóst hvort unnt verður að vinna þessar tafir upp að fullu en það fer fyrst og fremst eftir jarðfræðiaðstæðum á þeim gangahlutum sem eftir er að bora. Á fyrri hluta næsta árs verður betur unnt að meta það.

Svar 2: Við alla jarðgangagerð, eins og nú er unnið að á Fljótsdalsheiði, er gert ráð fyrir að fara þurfi í gegnum sprungur og misgengi. Þau hafa ekki reynst vera fleiri en búast mátti við í upphafi og þegar hefur verið borað í gegnum fjölda slíkra. Misgengisbelti við borvél 2, sem er í raun þrjú misgengi, nánast hlið við hlið, hefur hins vegar reynst mjög erfitt, bæði vegna þess hve fyllingin í misgenginu er laus í sér og einnig, og ekki síður, vegna vatnsinnrennslis en hvort tveggja hefur valdið erfiðleikum við bergstyrkingar. Vonir standa til að borvél 2 nái að komast í gegnum misgengið innan tíðar. Göngin í gegnum misgengisbeltið verða heilfóðruð á tiltölulega stuttum kafla, en með slíku var reiknað í útboði. Vatnsinnrennsli á vestasta hluta gangaleiðarinnar hefur einnig orðið langvinnara og meira en gert var ráð fyrir og er við því brugðist með þéttiaðgerðum, þ.e. dælingu á sementi og öðrum þéttiefnum inn í bergið umhverfis göngin. Ekki er talin ástæða til endurskoðunar á mati á áhættu við rekstur virkjunarinnar vegna þessara atriða. Hvað varðar sprungur og misgengi á stíflusvæðum er ljóst að misgengi eru fleiri og stærri en rannsóknin hefur bent til, bæði í grunni Kárahnjúkastíflu og Dysjarárstíflu.

Við þessu hefur verið brugðist eins og venja er við stíflubyggingu, þ.e. hönnun mannvirkjanna er löguð að breyttum aðstæðum á framkvæmdatíma og auk þess hafa verið gerðar umfangsmiklar rannsóknir á misgengjum í nágrenni stíflusvæðanna. Þessum rannsóknum er nú að mestu lokið og er skýrsla um þær væntanleg innan tíðar frá íslenskum orkurannsóknum. Í framhaldi af skýrslu þeirri sem ýmsir af helstu fræðimönnum landsins á sviði jarðskjálfta og jarðskorpuhreyfinga unnu fyrir Landsvirkjun fyrr á þessu ári fól Landsvirkjun Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði við Háskóla Íslands að yfirfara og endurmeta jarðskjálftaforsendur fyrir hönnun á stíflu við Hálslón. Þessu verki er nú að ljúka og er skýrsla væntanleg á næstunni. Helstu niðurstöður eru þegar kunnar og hafa verið notaðar til að endursveiflugreina stíflurnar.

Þó að fyrrnefndar rannsóknarskýrslur séu ekki enn komnar út er nú þegar ljóst að tiltölulega litlar breytingar þarf að gera á hönnun stíflnanna til að viðhalda því öryggi sem að var stefnt, og hafa slíkar breytingar nú þegar verið innleiddar og útfærðar við yfirstandandi framkvæmdir. Áhætta af rekstri stíflnanna er því talin óbreytt frá því sem upphaflega var miðað við og eðlileg er talin á alþjóðavísu við byggingu slíkra mannvirkja. Þrátt fyrir þetta hefur Landsvirkjun ákveðið að ítarlegt áhættumat sem gert var og kynnt í tengslum við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar verði endurskoðað. Sú vinna er þegar hafin og gert er ráð fyrir að hægt verði að ljúka henni snemma á næsta ári.

Svar 3: Í kostnaðaráætlun fyrir Kárahnjúkavirkjun var, eins og venja er við áætlun slíkra mannvirkja, gert ráð fyrir verulegum fjárhæðum til að mæta óvæntum kostnaði. Enn er ekkert sem bendir til þess að kostnaður við framkvæmdirnar fari fram úr áætlun þeirri sem lögð var til grundvallar við ákvörðun um verkið. Því er á þessu stigi ástæðulaust og ótímabært að fjalla um umframkostnað og afleiðingar hans á fjárhag Landsvirkjunar.

Kárahnjúkavirkjun er byggð til orkuframleiðslu fyrir álver Fjarðaáls á Reyðarfirði en orkugeta virkjunar svarar til orkuþarfa álversins. Ef í spurningunni felst hvort Landsvirkjun eigi möguleika á að ná hugsanlegum umframkostnaði inn í gegnum hækkun á verði til almenningsveitna er slíkt ekki mögulegt í núverandi markaðsumhverfi. Kárahnjúkavirkjun er því sjálfstæð og óháð hinum almenna raforkumarkaði.

[12:27]

Mörður Árnason:

Forseti. Því miður er það svo með framkvæmdirnar við Kárahnjúka að þær voru knúnar áfram á pólitískum forsendum en ekki miðaðar við framkvæmdahvata eða þær rannsóknir sem gera þyrfti áður en þær fara í gang. Í svari ráðherrans kom fram að í fyrsta lagi er verið að klára núna skýrslu um misgengi, í öðru lagi er verið að klára nýja skýrslu um jarðskjálftahættu og í þriðja lagi er Landsvirkjun þrátt fyrir að allt sé í lagi að fara út í nýtt áhættumat. Það eru sem sagt þrjár skýrslur á þessum tíma, og þær viðamiklar.

Hæstv. ráðherra svaraði því auðvitað ekki hvað þessar skýrslur kostuðu en menn halda í putta og eru búnir að gera það mjög lengi með hinn fræga bor í misgengjunum þremur og með þessa framkvæmd alla vegna þess að menn vilja

eins lengi og hægt er að það sé með þeim hætti sem ráðherra sagði ástæðulaust og ótímabært að svara nokkrum einustu spurningum um þessa framkvæmd. Það er óþægilegt að svara þeim og menn vilja fresta því í lengstu lög.

[12:28]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram hér að upp hafa komið nýjar aðstæður, þ.e. að misgengið er meira og jarðlög eru lausari en ráð var fyrir gert, en það er ekkert einsdæmi að ástand bergs komi á óvart í slíkri framkvæmd. Nægir t.d. að benda á jarðgangagerð á Vestfjörðum í því sambandi.

Það kom fram hjá hæstv. iðnaðarráðherra að Landsvirkjun vinnur núna í því að gera nýtt áhættumat. Ég tel það mjög ábyrgt af hálfu Landsvirkjunar að fara út í slíkt. Ég vil ekki fara út í það að spyrja um krónur og aura í því sambandi hvað slíkt áhættumat eða nýjar skýrslur kosta. Ég held að menn séu fyrst og fremst að hugsa um að bregðast við af ábyrgð. Nýjar aðstæður eru að koma upp og ég held að framkvæmdaraðilar hafi brugðist hárrétt við þeim.

[12:30]

Jón Bjarnason:

Hæstv. forseti. Nýjar aðstæður, sagði hv. þm. Dagný Jónsdóttir áðan. Ég veit ekki annað en að fjöllin, jökullinn og allt þetta hafi verið til staðar þegar þessar virkjanaframkvæmdir voru undirbúnar og ekkert hafi þar breyst. Það sem hefur hins vegar gerst er að menn eru að átta sig á því að matsvinnan í aðdraganda ákvörðunar um virkjunina var kannski ekki sem best. Ályktanirnar sem dregnar voru voru rangar. Enda var þessu þröngvað í gegnum umhverfisráðuneytið gegn vilja Skipulagsstofnunar.

Ég velti fyrir mér og vil spyrja hæstv. ráðherra: Hver ber ábyrgð á svona vinnubrögðum, að núna sé reynt að ráðast í áhættumat, í jarðskjálftamat, í misgengismat á einni stærstu og hrikalegustu framkvæmd Íslandssögunnar? Kannski gæti hæstv. ráðherra líka upplýst það hvers vegna bygging álverksmiðjunnar heldur áfram þótt þar sé ekkert starfsleyfi komið. Þessi framkvæmd er dapurleg frá upphafi.

[12:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau voru á margan hátt upplýsandi þótt augljóslega sé reynt að láta þetta bera þann svip að allt sé samt með eðlilegum hætti og bjargist. Á hinn bóginn staðfestist í þessum svörum það sem hefur komið fram með ýmsum hætti á undanförnum mánuðum og missirum, að þarna hafa menn ratað í gríðarlega erfiðleika, að undirbúningi framkvæmdarinnar er stórlega ábótavant. Það hljóta að koma upp spurningar af margvíslegum toga um vinnubrögð og ábyrgð og um hvernig að svona löguðu er staðið, t.d. þegar gögn sem lögð voru til grundvallar umhverfismati reynast alls ekki standast. Menn hafa greinilega fegrað mjög fyrir sér aðstæður. Það er reyndar ekki eins og það sé nýtt. Á það var bent þegar á þeim tíma af merkum jarðvísindamönnum, t.d. Guðmundi heitnum Sigvaldasyni, en ekkert með það gert fyrr en menn fá þetta í hausinn, fyrr en margra milljarða kostnaður og gríðarlegir erfiðleikar rísa í sjálfri framkvæmdinni.

Auðvitað vonar maður að stíflurnar standist og að áhættumatið leiði í ljós að verjandi sé að taka mannvirkið í notkun. Ég verð þó að leyfa mér að draga verulega í efa að hægt sé að fullyrða sem stendur að ekki sé nauðsynlegt að breyta áhættumatinu og hvaða afleiðingar það mögulega geti haft, að fylla Hálslón á þessu virka sprungusvæði, a.m.k. hvað varðar lekamöguleika svo ekki sé talað um alvarlegri hluti eins og mögulegt stíflurof. Fjögurra mánaða töf er á jarðgangagerðinni sjálfri, sem ekki sér fyrir endann á samkvæmt fjölmiðlafregnum fyrir nokkrum dögum, m.a. úttekt Morgunblaðsins.

Fyrir um mánuði var sagt að næstu tveir mánuðir yrðu úrslitatíminn og gætu skipt sköpum fyrir Kárahnjúkavirkjun. Það var orðað þannig. Nú er annar þessara mánaða liðinn og lítið verið um sérstaklega góðar fréttir. Þær eru yfirleitt fljótar að koma á heimasíðu Kárahnjúkavirkjunar ef þær eru einhverjar. Það má því spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig standa málin þegar annar mánuðurinn af tveimur er liðinn, sem menn töldu sig hafa til þess að koma hlutunum í lag?

[12:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mál standa þannig að enn er reiknað með að sú tímaáætlun sem legið hefur fyrir muni standast. Auðvitað vona ég sannarlega að svo verði.

Það var athyglisvert að heyra orð fulltrúa Samfylkingarinnar í þessari umræðu, sem gáfu það til kynna að Samfylkingin styddi ekki þetta verk. Það er náttúrlega ekki í samræmi við það sem maður heyrir hjá fulltrúum Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi sem reyna að ná (**MÁ:** Viltu ekki svara spurningunni?) pólitískum ágóða af þeim miklu framkvæmdum sem eiga sér stað fyrir austan og hinni miklu uppbyggingu sem þar á sér stað.

Í sambandi við það áhættumat vegna mats á umhverfisáhrifum, sem ég talaði um í ræðu minni, að það verði endurskoðað, þá tel ég það vera góð vinnubrögð og ekkert nema gott um það að segja. Það er þannig með svona stórframkvæmdir, hvar sem þær eru í heiminum, að eitthvað af rannsóknunum fer fram á verktíma, m.a. vegna umhverfisáhrifa er ekki hægt að rannsaka allt til hlítar áður en hafist er handa. Þetta eru hlutir sem við þekkjum og eru ekki séríslenskt fyrirbæri.

Ég vil halda þinginu upplýstu um þetta. Ég tel mjög eðlilegt að þessi fyrirspurn hafi komið fram og mun leggja mig fram um að svara fyrir það mikla verk sem þarna er í gangi þegar hv. þingmenn óska frekari svara.

Umræðu lokið.

Svörun í þjónustusíma.

Fsp. JBjarn, 247. mál. — Þskj. 247.

[12:35]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. viðskiptaráðherra sem fer jafnframt með neytendamál sem hljóðar svo:

Hafa verið settar eða kemur til álita að setja þjónustukvaðir á fyrirtæki eða þjónustuaðila með almannaskyldur eða ráðandi markaðshlutdeild þar sem kveðið yrði á um hámarksbiðtíma eftir svörun í þjónustusíma?

Hvatinn að fyrirspurninni var persónulegs eðlis. Ég þurfti nauðsynlega að ná í þjónustusíma Símans, 800 7000, og eftir að hafa beðið á línunni í einar 15 mínútur kom svar um að ég væri númer 30 á biðlista. Þetta var skömmu fyrir hádegi og þar sem ég hélt að illa stæði á þá reyndi ég aftur eftir hádegi. En þá endurtók sig sama sagan. Eftir allnokkra bið sagði mér símsvari: Þú ert nr. 30. Símtölum verður svarað í réttri röð, eitthvað svoleiðis. Ég sá fyrir mér að dagurinn færi ekki í annað en að bíða eftir því að mér yrði svarað í þjónustusímanum.

Eftir að ég sendi þessa fyrirspurn inn hef ég fengið fjöldann allan af símtölum og viðbrögðum frá fólki sem hefur lent í því nákvæmlega sama. Þá fór ég að velta því fyrir mér að þetta er eins og ákveðin vara eða þjónusta sem maður er áskrifandi að og mikilvægt er að eiga aðgang að henni, ekki síst þegar um ráðandi markaðshlutdeild er að ræða og maður hefur ekki í önnur hús að venda með þá þjónustu. Mér datt í hug að spyrja hæstv. ráðherra neytendamála hvort að þetta séu eðlilegir viðskiptahættir, samkvæmt lögum um óréttmæta viðskiptahætti, gagnsæi markaðarins og samkvæmt lögum um neytendakaup sem lúta að því að þjónusta skuli uppfylla ákveðnar kröfur. Málið hefur einnig alvarlegri hlið. Það snertir líka öryggismál. Fleiri fyrirtæki sem eru með ráðandi markaðshlutdeild eru með símsvörun sem ekki er hægt að komast að nema í gegnum einhvern slíkan þjónustusíma.

Ég get nefnt það í lokin að það tókst með klækjum að komast inn á aðalskrifstofu Símans og koma þar áleiðis skilaboðum um að hringja í mig. Þetta var á fimmtudegi og á mánudegi var hringt og spurt: Varst þú að reyna að ná sambandi við þjónustuverið? Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðherra neytendamála hvort að þetta sé eðlilegt.

[12:39]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá fróðlegu reynslusögu sem hér var sögð en svar mitt er eftirfarandi. Hið einfalda og stutta svar við fyrirspurn hv. þingmanns er nei. Hvorki hafa verið settar né kemur til álita að setja þjónustukvaðir á fyrirtæki eða þjónustuaðila með almannaskyldur eða ráðandi markaðshlutdeild þar sem kveðið yrði á um hámarksbiðtíma eftir svörum í þjónustusíma. Ég tel að slíkt komi engan veginn til álita einfaldlega vegna þess að það er sannfæring mín að veiti fyrirtæki ekki góða þjónustu lifi þau ekki af á markaði. Neytendur fara þá yfir til samkeppnisaðila með viðskipti sín eða að nýir aðilar koma inn á markaðinn sem veita betri þjónustu. Ég tel ekki koma til álita að setja slíkar stífar reglur á atvinnulífið. Markaðurinn sér um þetta sjálfur.

Hv. þingmaður vísar til fyrirtækja eða þjónustuaðila með ráðandi markaðshlutdeild. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á þeirri meginreglu í samkeppnisrétti að ekkert bannar fyrirtækjum að vera markaðsráðandi. Þau mega hins vegar ekki misnota markaðsráðandi stöðu sína. Þannig er kveðið á um, í 11. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, að misnotkun á markaðsráðandi stöðu sé bönnuð og að misnotkunin geti m.a. falist í að beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs, settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun o.s.frv. Þessi ákvæði eiga sér samsvörun í Evrópurétti. Það þurfa ekki að koma til sérstakar reglur um hvernig fyrirtæki og stofnanir svara í síma.

[12:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þetta var afar athyglisvert svar hjá hæstv. viðskiptaráðherra og yfirmanni samkeppnis- og neytendamála í landinu. Það er ekki í mörg hús að venda ef undirtektirnar undir hugmyndir um að markaðsráðandi fyrirtækjum eða einokunarfyrirtækjum sé veitt aðhald af hálfu stjórnvalda eru slíkar þegar kemur að þjónustu sem fyrirtækin ein hafa í boði en veitt er með þeim endemum sem hér var lýst eða önnur sambærileg tilvik koma upp. Er þá svar hæstv. viðskiptaráðherra alltaf hið sama: Markaðurinn sér um þetta.

Hæstv. ráðherra talar eins og fullkomin samkeppni sé á þessum markaði og að fyrirtæki sem veiti slælega þjónustu muni bara hverfa. En ef fyrirtækið er bara eitt, hvert eiga menn þá að snúa sér? Við erum að tala um grimmilegt fákeppnis- og einokunarumhverfi sem ríkisstjórnin hefur reyndar átt þátt í að búa til. En þá skulu landsmenn bara éta það sem úti frýs og sætta sig við eins lélega þjónustu á ýmsum sviðum og þá gerist af því að hæstv. ráðherra trúir því að markaðurinn muni sjá um allt saman.

[12:42]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég hef áhyggjur af því að samkeppnismál og neytendamál séu í höndum ráðherra sem ekki hefur ríkari skilning á þeim verkefnum. Ég vil benda á lögin um póstþjónustu þar sem settar þjónustuskyldur um hversu lengi bréf mega vera að berast, frá því að þau eru sett í póst þar til að þau eiga að vera komin til viðtakanda. Það þykir eðlileg þjónustukrafa. Með sama hætti er hægt að gera nákvæmlega sömu þjónustukröfu til markaðsráðandi fyrirtækis eins og Símans. Jafnvel þótt hann væri ekki markaðsráðandi nema í einstökum landshlutum, eins og hann er, væri eðlilegt að setja honum þjónustukvaðir.

Ég bendi á lögin sem hæstv. ráðherra er ábyrg fyrir að séu framkvæmd. Ég bendi á lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Ég bendi líka á lögin um neytendakaup sem fjalla m.a. um þau atriði sem ég hef minnst á, hjá markaðsráðandi aðilum í sölu á vöru og þjónustu. Ég er áskrifandi að þessari þjónustu. Ráðherra er í sjálfu sér ábyrg fyrir því að þjónustan sé sett í þann ramma að hagsmunir neytenda séu tryggðir.

Ég óska því eftir því, frú forseti, að hæstv. ráðherra íhugi þetta mál frekar. Þessi sjálfvirka símsvörun sem er að ryðja sér til rúms, ekki bara hjá Símanum heldur hjá mörgum öðrum mikilvægum fyrirtækjum og stofnunum, má ekki koma þannig niður að það virðist aldrei eða seint og illa hægt að ná eðlilegu sambandi.

[12:44]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Sá rammi sem hv. þingmaður er að tala um eru samkeppnislög í landinu og jafnvel fleiri lög sem hann nefndi í ræðu sinni. Það er ekki mitt að kveða upp úr um hvort eitthvert fyrirtæki úti í bæ hafi brotið lög. Það verður að fara sína leið innan kerfisins.

Samkeppnislögin voru til meðferðar á síðasta þingi. Við skerptum á ýmsum ákvæðum í þeim lögum og þar að auki var sett á stofn ný stofnun, Samkeppniseftirlit, sem tekur við af Samkeppnisstofnun. Hún fær verulega aukna fjármuni til ráðstöfunar til að halda utan um sín mál og ég er sannfærð um að það verði gert á viðunandi hátt.

En það sem hv. þingmaður var fyrst og fremst að leita eftir var málefni sem ég get ekki haft afskipti af. Ég tel hins vegar að hann hafi komið rækilega á framfæri kvörtun með því að segja þessa reynslusögu úr ræðustól á Alþingi. Það hlýtur að hafa sín áhrif á fyrirtækið sem þarna á í hlut.

Umræðu lokið.

Tryggingavernd torfæruhjóla.

Fsp. SF, 302. mál. — Þskj. 322.

[12:46]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég spyr hér hæstv. viðskiptaráðherra:

Telur ráðherra þörf á að endurskoða lög og reglur sem ná til trygginga torfæruhjóla, bæði við æfingar á lokuðum svæðum og í keppnum, m.a. með tilliti til aldurs og vaxandi fjölda þeirra sem aka slíkum hjólum og þess hversu óljós tryggingavernd torfæruhjóla virðist vera samkvæmt lögum? Ef svo er, hvenær má vænta þess að endurskoðun hefjist og hvaða aðilar munu koma að henni?

Nú eru tryggingar, virðulegur forseti, geysidýrar á þessum torfæruhjólum. Þær fara allt upp í 350–400 þús. kr. á ári hjá nýjum ökumönnum. Þetta er alveg geysilega dýrt. Á sama tíma er mjög takmarkað hvað hægt er að nota þessi hjól. Það er líka þannig að yngsti hópurinn, þ.e. sá hópur sem er 12–15 ára, á mjög erfitt með að nota þessi hjól vegna þess að ekki fást leyfi hjá sýslumönnum til að nota þau lokuðu svæði sem nú þegar gefast, sem eru reyndar allt of fá, en þau eru nokkur, og það er erfitt að fá leyfi á þeim svæðum.

Þrátt fyrir það segir í 16. gr. reglugerðar um akstursíþróttavæði, með leyfi virðulegs forseta:

„Með leyfi lögreglustjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum umferðarlaga um ökuskírteini og lágmarksaldur ökumanna við æfingar og keppnir á lokuðum svæðum utan vega.“

Svo eru aðrar takmarkanir sem sýna við hvað þetta getur átt og þær eru að 12 ára börn mega aka hjólum sem eru með allt að 80 rúmsentimetra vélum, 14 ára upp í 125 rúmsentimetra og 15 ára upp í 250 rúmsentimetra. En veruleikinn er sá að sýslumenn heimila ekki þessum ungu ökumönnum að nýta svæðin þannig að svæðin eru lokuð fyrir þeim, þrátt fyrir að heimilt sé að hafa þau opin.

Af hverju leyfa sýslumenn þessum ungu mönnum ekki að nýta svæðin? Jú, það er vegna þess að tryggingafélögin hafa neitað að tryggja þessa ungu ökumenn, þó að þeim sé það heimilt. Það er nú þegar stór hópur ungra ökumanna sem æfir en hefur ekki tryggingar þannig að það verður að taka á þessu máli.

Tryggingaverndin er einnig óljós hjá hinum eldri og til eru dæmi um að menn séu tryggðir ákveðna keppnisdaga og það felst þá í svokölluðum tryggingaviðauka en þeir eru líkast til ekki tryggðir utan keppnisdaganna.

Virðulegi forseti. Ég vil að endingu benda á að Umferðarstofa setti fram minnisblað 24. október sl. og þar kemur fram að mörg þessara tækja eru ótryggð og að þetta ástand sé óviðunandi. Iðgjöldin eru svo há að menn telja sig ekki geta staðið undir þeim og það er tregða hjá stjórnvöldum að veita leyfi fyrir notkun þessara lokuðu æfinga- og keppnissvæða. Sú tregða stafar af því að tryggingafélögin vilja ekki tryggja hjólin þannig að Umferðarstofa bendir á að taka þarf tryggingamálin til endurskoðunar. Mun ráðherra beita sér eitthvað í því?

[12:49]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Samkvæmt 91. gr. umferðarlaga skal greiðsla bótakröfu vegna tjóns er hlýst af notkun skráningarskylds, vélknúins ökutækis vera tryggð með ábyrgðartryggingu. Að auki skal skv. 92. gr. umferðarlaga hver ökumaður sem ökutækinu stjórnar vera tryggður með sérstakri slysatryggingu. Torfærutæki, þar á meðal torfærubifhjól, falla undir framangreinda vátryggingarskyldu enda eru þau skráningarskyld, vélknúin ökutæki.

Hvað varðar tryggingar torfærubifhjóla í keppni mælir reglugerð nr. 257/2000 um akstursíþróttir og aksturskeppni fyrir um að í keppni skuli þau ökutæki er taka þátt tryggð sérstaklega vegna þeirrar áhættu sem í keppni felst. Með vísan til þess sem nú var sagt er það mat ráðuneytisins að lög og reglur er varða tryggingavernd torfærubifhjóla séu skýr, þessi tæki beri að tryggja og sé vátryggingaskyldunni sinnt er tryggingaverndin til staðar. Endurskoðun laga og reglna sem ná til tryggingaverndar torfærubifhjóla er því ekki á döfinni sem stendur.

Ef umræður gefa tilefni til má láta þess getið að ráðuneytinu er kunnugt um að töluverður misbrestur er á að torfærubifhjól séu tryggð. Sú ástæða sem oftast er nefnd sem orsök þessa er að iðgjöld vátryggingafélaganna séu of há. Ráðuneytið hefur ekki forsendur til að meta iðgjaldsútreikninga vátryggingafélaganna en benda má á að skylduvátryggingin er tvíþætt. Annars vegar tryggir hún gegn tjóni sem hjólið getur valdið og hins vegar er ökumaðurinn tryggður gegn líkamstjóni. Jafnvel þótt akstur torfærubifhjóla takmarkist við afmörkuð svæði verður ekki litið fram hjá hættunni á því að ökumaður bifhjólsins slasist við notk-

un þess. Gera má ráð fyrir að stærstur hluti iðgjalds vátryggingafélaganna sé til kominn vegna persónutryggingar ökumannsins en hver ökumaður er tryggður fyrir allt að 75 millj. kr. vegna einstaks tjónsatburðar.

[12:52]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tel það ekki alls kostar rétt sem hér kom fram að þessi tryggingamál séu í góðum farvegi og að þeim þurfi ekki að breyta. Það er alveg ljóst að tryggingamálin eru óljós. Það kemur mjög skýrt fram m.a. í minnisblaði frá Umferðarstofu en þar er sagt að sá vandi sem þessi hópur býr við, hópurinn sem stundar torfæruhjólaakstur sér til ánægju, er ekki aðeins tengdur skráningu tækjanna heldur nær einnig yfir aðra þætti, svo sem ökuréttindi, tryggingamál og reglur um notkun. Það þarf því að taka á tryggingamálunum.

Í niðurlagi þessa minnisblaðs er kallað eftir því að hlutaðeigandi aðilar taki upp aukið samráð til að laga m.a. tryggingamálin. Mér er kunnugt um að forsvarsmenn Vélhjólaíþróttaklúbbsins, sem eru hagsmunasamtök torfæruhjólamanna og í þeim samtökum eru 600 aðilar, hafa kallað eftir samráði við tryggingafélögin og hafa gert það skriflega en ekki fengið áheyrn, ekki hingað til. Ég tel mjög brýnt að hæstv. viðskiptaráðherra, sem ber ábyrgð á tryggingamálum á Íslandi, beiti sér, ef nokkur kostur er, að því markmiði að samráð verði haft við þessa hagsmunaaðila til að koma tryggingamálunum á hreint. Það er auðvitað óviðunandi að þau séu ekki ljós, ekki bara fyrir þá fullorðnu, ég minni líka á börnin. Það eru börn að stunda æfingar og vilja gjarnan taka þátt í keppni og þá þarf að vera ljóst að þau séu tryggð. Ég skil mjög vel sýslumenn sem vilja ekki veita þeim heimild til að taka þátt í keppni ef þau eru ekki tryggð. Þessum málum þarf að koma á hreint. Erlendis keppa börn og unglingar á svona hjólum og gengur bara (Forseti hringir.) prýðilega.

[12:54]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það má vel vera að þetta sé með öðrum hætti hjá okkur Íslendingum en hjá öðrum þjóðum. Mér finnst full ástæða til þess að fara yfir það og skoða það. Eins nefnir hv. þingmaður mikilvægi þess að samráð sé haft við hagsmunaaðila og það er allt rétt. Hins vegar hvað varðar afstöðu sýslumanna til þessa máls þá eru það hlutir sem ég get ekki haft áhrif á.

Ég geri mér grein fyrir því um hvað hv. þingmaður er að tala og hef reyndar heyrt eitthvað áþekkt því sem hún sagði heima í mínu kjördæmi þar sem um er að ræða ungt fólk sem hefur áhuga á þessari íþróttagrein og er ekkert nema gott um það að segja. Ég lít á þetta sem íþróttagrein og keppnisgrein. Auðvitað þurfa tryggingar að vera með ákveðnu formi og það þarf að vera festa hvað það varðar en ég segi náttúrlega ekki tryggingafélögum fyrir verkum. Mér finnst það sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi hér alveg þess virði að skoða það frekar og mun kynna mér málið.

Umræðu lokið.

Móttaka ferðamanna við Kárahnjúka.

Fsp. GHall, 101. mál. — Þskj. 101.

[12:55]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Það hefur oft komið upp, bæði hérlendis og erlendis, að ákvarðanatökur varðandi virkjunarframkvæmdir hafa verið mjög umdeildar meðan á byggingu stendur en síðan að loknum framkvæmdum hafa þessar virkjanir verið ótrúlegt aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Svo er enn fremur hér á landi í allri umræðunni um Kárahnjúkavirkjun.

Ég leyfi mér að leggja hér fram fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra um hvort ráðherra hafi, í samstarfi við Landsvirkjun, samgönguráðuneyti og ferðamálasamtök, hugað að því hvernig best verði staðið að móttöku ferðamanna við Kárahnjúkavirkjun eftir að framkvæmdum lýkur.

Eins og ég gat um áðan hafa virkjanir mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Til dæmis í Sviss og Bandaríkjunum hefur oftar en ekki verið unnið að því á virkjunartímanum að búa til aðstöðu fyrir ferðamenn, ýmist á stíflubökkunum sjálfum eða til hliðar og síðan eru reist þar sérstök þjónustuhús. Hefur þetta vakið athygli mína og fleiri á ferðalögum. Nú síðast t.d. hin fræga Hoover-stífla sem ég átti kost á að skoða.

Því tel ég að það væri mjög af hinu góða ef þeir aðilar sem vinna þarna að framkvæmdum stæðu saman og gerðu gott aðgengi fyrir ferðamenn þar sem fyrirsjáanlegt er að þegar fram líða stundir verður mikil ásókn ferðamanna í skoða þessa merkilegu virkjun.

[12:57]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Iðnaðaráðuneytið, Landsvirkjun og ferðamálayfirvöld hafa um langt skeið hugað að því hvaða áhrif virkjanir norðan Vatnajökuls mundu hafa á ferðamennsku á því svæði. Á árinu 1996–1997 var gerð sérstök rannsókn meðal ferðamanna er ferðuðust um þetta svæði og vönduð skýrsla var unnin um hugsanleg áhrif virkjana á ferðamennsku svæðisins. Þá var á vegum rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma gerð rannsókn á áhrifum Kárahnjúkavirkjunar á ferðamennsku á svæðinu með tilliti til þess að þar yrði síðar komið á laggirnar þjóðgarði.

Eftir að virkjunarframkvæmdir hófust gerði Landsvirkjun samkomulag við heimamenn um ýmis mál er tengjast byggingu og rekstri Kárahnjúkavirkjunar. Þar kemur m.a. fram að fyrirtækið hyggst koma upp aðstöðu við Hálslón þar sem tekið yrði á móti ferðamönnum til kynningar á framkvæmdum og náttúrufari svæðisins. Þessi aðstaða verði gerð til frambúðar þannig að hún muni nýtast fyrir hugsanlegan þjóðgarð á svæðinu. Enn er óljóst hvernig háttað verður skipulagi og hönnun þessarar aðstöðu eftir að virkjunarframkvæmdum lýkur. Þá hefur Landsvirkjun haft náið samráð við heimamenn um uppbyggingu vega og slóða á svæðinu, m.a. með það í huga að þeir nýttust ferðamönnum í framtíðinni. Fyrirtækið hefur lagt fram verulegt fjármagn í því skyni, m.a. til endurbóta á Brúardalsleið og fyrirhugað er að lagfæra veginn um Hrafnkelsdal og áhugi er á því hjá heimamönnum að tengja þann veg um Glúms-

staðadal við núverandi aðkomuveg að Kárahnjúkastíflu.

Síðast en ekki síst ber að nefna hið umfangsmikla kynningarstarf og sýningu á virkjunarframkvæmdum og náttúrufari svæðisins sem Landsvirkjun hefur staðið fyrir í Félagsheimilinu Végarði í samstarfi við heimamenn á síðustu þremur árum. Hafa árlega um 12–15 þúsund gestir sótt sýninguna heim og er almenn ánægja meðal gesta með hvernig til hefur tekist. Er áformað að þessari starfsemi verði haldið áfram a.m.k. um fimm ára skeið eftir að framkvæmdum lýkur á svæðinu.

Af ofansögðu er ljóst að í dag er unnið að framtíðarstarfsemi í ferðamennsku á svæðinu í góðu samstarfi Landsvirkjunar og heimamanna og ferðaþjónustuaðila og af þeim sökum er það mitt mat að ekki sé þörf á að iðnaðarráðuneytið komi þar frekar að málum.

[13:00]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrir svörin. Það er athyglisvert að heyra hve margir gestir hafa komið tvö síðustu sumur til að skoða og fylgjast með framkvæmdunum. Það segir okkur einmitt að það muni verða meiri ásókn þá fram líða stundir.

Ég gat um það áðan að víða erlendis hefur verið komið upp sérstakri aðstöðu fyrir ferðamenn jafnvel á stíflugörðunum sjálfum til að sjá þessar miklu framkvæmdir og gera sér grein fyrir hvílíkur byggingarmassi ein stífla getur verið. Enn fremur hefur líka jafnvel verið boðið upp á að fara í lyftum niður í iður jarðar til þess að skoða hverfla og túrbínur og það hefur líka verið mjög vel sótt.

Ástæða mín fyrir að leggja fram þessa spurningu er m.a. sú staðreynd sem blasir við víða erlendis og hefur þegar borið á hér á Íslandi að fólk hefur mikinn áhuga á að skoða þessar mögnuðu virkjanir. Þess vegna vildi ég beina því til hæstv. iðnaðarráðherra að það yrði sérstaklega skoðað, af því að gert er ráð fyrir að vegur liggi yfir stíflugarðinn sjálfan, hvort ekki mætti huga að því að þarna gætu hugsanlega rútur með ferðamenn áð um stund til að skoða þetta mannvirki svo að ekki þurfi að fara í einhverjar framkvæmdir síðar meir til að mæta þeirri þörf og þeim óskum sem eru eftir framboði á ferðaþjónustu við ferðamenn.

[13:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að það komi fram, af því að menn nefndu hér talsvert þjóðgarð í samhengi við þessa framkvæmd, að það liggur alveg fyrir, og um það get ég borið sem nefndarmaður í nefnd ráðherrans um þjóðgarð eða verndarsvæði norðan Vatnajökuls, að virkjunarsvæðið og næsta nágrenni Hálslóns mun aldrei fást viðurkennt sem þjóðgarður. Þvert á móti verður stór fleygur í þann fyrirhugaða þjóðgarð eða það verndarsvæði norðan Vatnajökuls sem nú er blessunarlega rætt um að setja á fót. Sennilega verður a.m.k. að hafa 5 km belti beggja vegna og allt umhverfis lónið til þess að svæðið þaðan í frá fáist samkvæmt alþjóðlegum stöðlum flokkað og viðurkennt sem þjóðgarður eða verndarsvæði, einfaldlega vegna þess að mannvirki af þessari tegund eru ósamrýmanleg reglum um vernd ósnortins umhverfis sem byggt er á.

[13:03]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að taka þessa fyrirspurn upp og ráðherra fyrir svarið. Ég hvet jafnframt ráðherra til þess að iðnaðarráðuneytið fylgist með og haldi e.t.v. utan um og samræmi þær aðgerðir sem gera þarf á svæðinu til að gera það aðgengilegt fyrir ferðamenn þegar framkvæmdum lýkur.

Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að ég fór þarna í sumar og mér þótti mjög athyglisvert og ánægjulegt hversu vel var gert við ferðamenn bæði í Végarði og uppi á stíflusvæðinu sjálfu til að fylgjast með þeim miklu framkvæmdum sem þarna eiga sér stað og fagna því sem hér kom fram að áframhald verði í Végarði í allt að fimm ár eins og hæstv. ráðherra sagði til þess að fólk geti komið og séð þessar miklu framkvæmdir sem ég studdi og er hlynntur og vona að verði þannig í framtíðinni að þær veiti landi og þjóð birtu og yl og meiri tekjur í kassann ef svo má að orði komast. Ég tel fulla ástæðu til að hvetja til þess að vel verði að þessu staðið (Forseti hringir.) sem framtíðarmúsík fyrir ferðamenn og að hægt verði að fara og skoða það sem þarna ber fyrir augu.

[13:04]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. síðasti ræðumaður hefur mikið álit á iðnaðaráðuneytinu og kemur það náttúrlega ekki á óvart. (Gripið fram í.) En okkur eru ákveðin takmörk sett í sambandi við þau málefni sem við höfum afskipti af. Ég vil hins vegar þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að koma fram með þessa fyrirspurn þannig að tækifæri gefist til að fara yfir þessi mikilvægu mál.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að virkjunin gefi okkur alveg gríðarlega möguleika í ferðaþjónustu. Það hefur sýnt sig nú þegar og á eftir að sýna sig enn frekar þegar við höfum náð því markmiði að þarna verði um hringakstur að ræða. Vissulega á eftir að loka hringnum þannig að sómi verði að en það er náttúrlega framtíðarmúsíkin að þarna verði skemmtilegur hringakstur. Eins og kom fram í máli mínu áðan er verið að íhuga eða er nánast ákveðið að aðstaða verði við Hálslón þar sem hægt verður að kynna bæði framkvæmdirnar og náttúrufar á svæðinu.

Möguleikarnir eru því miklir og þá ber svo sannarlega að nýta til að styrkja svæðið enn frekar en þegar er orðið. Við höfum verið sammála um það, stjórnarflokkarnir, og þó nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar hafa verið sammála okkur í því.

Umræðu lokið.

Gleraugnakostnaður barna.

Fsp. JóhS, 95. mál. — Þskj. 95.

[13:06]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um gleraugnakostnað barna. Ég

hef margsinnis flutt frumvarp um þetta mál á þinginu og hæstv. ráðherra hefur a.m.k. tvívegis tekið mjög jákvætt undir það og vildi setja í forgang að auka þátttöku hins opinbera í gleraugnakostnaði. Ræddum við síðast saman um það fyrir einu til tveimur árum í þinginu. Í kjölfar þess skipaði ráðherra starfshóp sem gera átti tillögur um úrbætur og endurskoða lög og reglur um endurgreiðslu á gleraugnakostnaði barna 18 ára og yngri, en starfshópurinn átti að skila niðurstöðu til ráðherra í maí 2005.

Um það er nú spurt hvort þessar tillögur starfshópsins liggi fyrir og hvort ráðherra muni þá ráðast í það að auka þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna. Það er mikill mismunur gerður á þátttöku hins opinbera í kostnaði vegna heyrnarskerðingar annars vegar og sjónskerðingar hins vegar. Í því felst að mínu viti mikið óréttlæti enda hefur það komið fram hjá Augnlæknafélagi Íslands að vandamál tengd sjón og heyrn séu jafnmikilvæg í læknisfræðilegum skilningi og að öll heilsuskerðing varðandi sjón og heyrn er jafnlíkleg til að valda þeim einstaklingum sem í hlut eiga erfiðleikum, óþægindum og kostnaði. Ekki er gengið svo langt í því frumvarpi sem ég hef ítrekað lagt fram á þingi að setja eigi sambærilegar reglur um sjónskerðingu og heyrnarskerðingu að því er varðar framlög frá ríkinu, heldur er einungis um að ræða fyrsta skrefið í þá átt að jafna aðstöðu heyrnar- og sjónskertra og einungis miðað við þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna en ekki allra eins og gildir um tæki vegna heyrnarskerðingar. Sú litla þátttaka sem nú er hjá ríkinu er sú að núgildandi lög taka einungis til þeirra sem hafa verri sjón en sem nemur einum þriðja af venjulegri sjón með aðstoð bestu mögulegu hjálpartækja og miða þar við skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar á því hverjir teljast sjónskertir. Frá þessu er síðan ein undantekning sem ekki hefur lagastoð en fjárveiting hefur verið veitt á fjárlögum til að taka þátt í kostnaði ákveðinna einstaklinga sem hafa þurft á gleraugum að halda í lækningaskyni. Í lækningaskyni hefur verið túlkað þröngt og hafa nærsýnir t.d. algjörlega fallið utan þess flokks.

Það er óskiljanlegt að gert sé upp á milli gleraugnanotenda eftir því af hvaða völdum sjónskerðingin er. Talið er að 12–15% barna yngri en 18 ára þurfi að nota gleraugu, það eru um 12 þúsund börn. Þau börn sem nú fá einhverja aðstoð frá ríkinu í gegnum þá þröngu skilgreiningu sem er fyrir hendi í lögum, þá fjárveitingu sem veitt er á fjárlögum sem ekki hefur lagastoð í endurgreiðslu af læknisfræðilegum orsökum, eru samtals 1.600–1.700 af um 12 þúsund börnum sem þurfa á gleraugum að halda.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að sjón barna breytist ört og þau þurfa því oft að skipta um gleraugu ólíkt því sem gildir um fullorðna. Það hvílir auðvitað skólaskylda á börnum og þeim börnum sem er nauðsyn á gleraugum en fá þau ekki er hættara en öðrum að lenda í erfiðleikum í námi og jafnvel einelti. Því er nú spurt: Hvað líður framkvæmd þessa máls sem hæstv. ráðherra hefur ítrekað boðað í þinginu að hann hafi skilning á og sé að láta skoða?

[13:09]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi beinir til mín eftirfarandi fyrirspurn:

„Hvaða tillögur um úrbætur hefur starfshópur gert sem endurskoða átti lög og reglur um endurgreiðslu á gleraugnakostnaði barna 18 ára og yngri, en starfshópurinn átti að skila niðurstöðum til ráðherra í maí 2005?“

Því er til að svara að umræddur starfshópur hefur skilað áfangaskýrslu um málið þar sem gengið er út frá þeirri forsendu að gleraugu séu hjálpartæki og því eðlilegt og sanngjarnt að ríkið taki þátt í kostnaði við þau eins og önnur hjálpartæki miðað við tiltekin gefin skilyrði. Tillögur hópsins miðast við að jafna kostnað barnafólks vegna gleraugnakaupa þannig að útgjöld vegna gleraugna barna verði svipuð, hvort heldur barnið þarf flókin eða einföld gleraugu, að auka jöfnuð milli einstaklinga með mismunandi sjónlagsgalla og stuðla að samkeppni milli gleraugnasala.

Í tillögunum er tekið tillit til hækkaðs forræðisaldurs barna. Tillögurnar sem ég hyggst hrinda í framkvæmd eru eftirfarandi:

1. Að endurgreiðslualdur verði hækkaður um tvö ár, frá því að vera fyrir börn og unglinga með ákveðna sjónlagsgalla að 16 ára aldri í það að verða fyrir öll börn og unglinga að 18 ára aldri.

2. Að greiddir verði styrkir vegna gleraugna barna þar sem styrkleiki glerja er +0,75 eða meiri eða sjónskekkja +0,50 eða meiri.

3. Að ríkið taki þátt í gleraugnakostnaði einstaklinga 18 ára og eldri með tiltekna augnsjúkdóma. Reiknað er með að þessi hópur sé nú á bilinu 160–170 einstaklingar.

4. Að greidd verði gleraugu barna þriggja ára og yngri allt að tvisvar á ári, árlega fyrir börn á aldrinum 4–8 ára, annað hvert ár fyrir börn og unglinga á aldrinum 9–17 og þriðja hvert ár fyrir 18 ára og eldri

5. Að greiðsluþátttaka ríkisins verði áfram föst upphæð sem miðist við styrkleika og gerð glerjanna en þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur verði þeirra. Segja má að föst krónutala stuðli að samkeppni milli gleraugnaverslana sem hlutfallsgreiðslur gera ekki.

6. Að hlutfall endurgreiðslu eða styrks verði hækkað frá því sem nú er en síðustu tvö árin hafa endurgreiðslur Sjónstöðvarinnar verið að meðaltali 42% af heildarverði glerjanna.

Frá því í janúar 1994 hafa vinnureglur Sjónstöðvarinnar um þátttöku í kostnaði við gleraugnakaup verið föst krónutala sem ræðst af styrk og gerð glerjanna. Frá árinu 1998 til ársins 2004 voru útgjöld stöðvarinnar vegna endurgreiðslnanna því næst óbreytt fjárhæð eða frá 11–13 millj. kr. á ári. Árið 2004 nam endurgreiðslufjárhæðin 12,3 millj. kr. vegna 1.756 einstaklinga. Þar voru 1.590 börn og unglingar undir 16 ára aldri.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár er gerð tillaga um að hækka fjárveitingar til Sjónstöðvarinnar um 38 millj. kr. til að standa undir þeirri ákvörðun minni að auka þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna og unglinga. Með þessari viðbótarfjárveitingu er reiknað með að samtals verði 50 millj. kr. varið árlega til að greiða niður gleraugnakostnað einstaklinga, þó aðallega fyrir börn og unglinga.

Ég hef falið fyrrgreindum starfshópi að útfæra nánar tillögurnar sem hér eru kynntar, innan þess fjárlagaramma sem til ráðstöfunar er. Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er nú unnið að þeirri útfærslu og verði fjárlaga-

frumvarpið samþykkt er reiknað með að 1. janúar nk. taki gildi reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við gleraugu einstaklinga sem taki mið af þeim hugmyndum sem hér hafa verið raktar.

Því er við að bæta að ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þann áhuga og þá vinnu sem fyrirspyrjandi hefur lagt í þetta mál. Mér er kunnugt um það. Ég vona að þetta hafi svarað fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda um stöðu málsins.

[13:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra um að hækka eigi endurgreiðslur og hækka aldur þeirra barna sem fá endurgreiddan kostnað vegna gleraugna. Hér er kominn fram árangur af ötulli baráttu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hefur ítrekað tekið þetta mál til umræðu á þinginu og barist fyrir því að eitthvað breyttist með þátttöku hins opinbera í kostnaði við gleraugnanotkun barna. Hún hefur svo sannarlega haldið hæstv. ráðherra við efnið og hér er sem sagt árangurinn að auka á þátttöku sjúkratrygginga í þeim kostnaði. Ég tók eftir því í fjárlagafrumvarpinu að þar voru viðbótarfjárveitingar til þessa liðar. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta og fagna því að þarna skuli vera kominn skilningur og breytingar á því sem hingað til hefur verið hvað varðar kostnað vegna gleraugnanotkunar barna.

[13:15]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu ráðherra sem hér kom í dag. Hér er vissulega verið að stíga mikilvæg skref til að jafnræði sé í þátttöku hins opinbera á kostnaði vegna heyrnarskerðingar annars vegar og sjónskerðingar hins vegar sem ég tel að muni skipta miklu fyrir fjölda heimila í landinu. Benda má á að það er þung byrði hjá barnmörgum fjölskyldum ef kaupa þarf tvenn eða þrenn gleraugu á hverju ári, en samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands er sjónlag ættarfylgja og því algengt að systkin noti bæði eða öll gleraugu. Þetta mun örugglega létta mjög hjá mörgum heimilum, eins og ég nefndi, og því ber að fagna.

Það var erfitt að meðtaka allt sem fram kom hjá ráðherra um hvernig ætti að framfylgja þessu, en ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi einhverjar tölur um þann fjölda sem muni njóta góðs af þeirri breytingu sem ráðherra beitir sér hér fyrir og mun taka gildi um næstkomandi áramót. Ég nefndi í máli mínu áðan að miðað við þá aðstoð sem nú er vegna gleraugnanotenda hjá börnum að það eru 1.600–1.700 börn af 12 þús. sem þurfa á gleraugum að halda sem fá nú einhverja aðstoð. Mér liggur því forvitni á að vita hvað það er mikill fjöldi sem mun bætast við sem mun fá aðstoð, sérstaklega er ég að tala um börn undir 18 ára með þeirri breytingu sem hæstv. ráðherra beitir sér fyrir.

Ég man að í því frumvarpi sem ég hef ítrekað flutt þar sem verið var að leita jafnræðis á milli heyrnarskerðingar hjá börnum annars vegar og sjónskerðingar hins vegar var áætlað að kostnaðurinn yrði þá 55 millj., sem ég geri ráð fyrir að séu orðnar 60–70 millj. núna. Ég hef áhuga á að vita hvort hæstv. ráðherra gæti upplýst okkur við þessa umræðu hvað það eru mörg börn sem ekki hafa notið framlags eða styrks vegna gleraugnakostnaðar sem muni fá aðstoð núna eftir þessa breytingu hjá hæstv. ráðherra sem tekur gildi um næstkomandi áramót.

[13:17]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir undirtektir við þetta mál. Ég verð því miður að upplýsa að ég hef ekki nákvæmar tölur um hversu margir einstaklingar fá hér aðstoð. Eins og kom þó fram eru 1.590 börn og unglingar undir 16 ára aldri sem hafa fengið aðstoð. Nú færist þetta upp í 18 ára aldur. Það er unnið að þeirri útfærslu í ráðuneytinu en ég reikna með að þarna muni verulegur fjöldi til viðbótar njóta aðstoðar því að þarna þrefaldast framlögin og rúmlega það. Það skapar verulegt svigrúm til þess að taka betur á í þessu efni.

Ég endurtek þakkir mínar til fyrirspyrjanda fyrir áhuga á þessu máli. Það er alveg rétt að hv. fyrirspyrjandi hefur verið dugleg að vekja athygli á þessu máli á hv. Alþingi, og fleiri. Hvort sem kemur á undan hefur líka í mínum flokki verið þrýstingur á þetta mál, ungt fólk í mínum flokki, ungir flokksbræður mínir hafa líka haft þetta mál á dagskrá. Þetta er eitt af þeim málum sem almennur skilningur ríkir gagnvart í samfélaginu að þurfi að taka á. Ég vona að við getum tekið á þessu með farsælum og skynsamlegum hætti.

Umræðu lokið.

Viðbygging við sjúkrahúsið á Selfossi.

Fsp. MF, 133. mál. — Þskj. 133.

[13:20]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er reis ágreiningur á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og heilbrigðis- og fjármálaráðuneytis hins vegar um túlkun á samkomulagi sem gert var 4. desember 2002 um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Ágreiningurinn snýst um 15% þátttöku sveitarfélaga í byggingu heilbrigðisstofnana. Í 3. tölulið samkomulagsins er gert ráð fyrir að ríkið yfirtaki 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiri háttar viðhaldi, tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deildarsjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Þrátt fyrir undirritað samkomulag hefur fjármálaráðuneytið krafið sveitarfélögin um greiðsluþátttöku vegna byggingar sjúkrahúsa, t.d. á Siglufirði, í Fjarðabyggð og í sveitarfélaginu Árborg. Kröfurnar byggir ráðuneytið á því að þrátt fyrir samkomulagið frá 2002 og breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu frá 2003 sé sveitarfélögunum skylt að taka þátt í stofnkostnaði sjúkrahúsa sem að hluta eru einnig með hjúkrunarrými fyrir aldraða, en allir vita að slíkt fyrirkomulag er algengt.

Sveitarfélagið Árborg telur að verið sé að svíkja það samkomulag sem gert var 2002 um fjárhagsleg samskipti

ríkis og sveitarfélaga og leitaði álits lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga. Niðurstaða hans er skýr, að greiðsluskylda hvíli ekki á sveitarfélaginu hvað varðar byggingu sjúkrahússins. Árborg hefur engu að síður greitt þær fjárhæðir sem fjármálaráðuneytið krafðist því annars hefðu framkvæmdir við sjúkrahúsbygginguna stöðvast. Greiðslurnar voru og eru með fyrirvara og þátttöku sveitarfélagsins í samkomulagi um að þessi ágreiningur sem er milli ráðuneyta og sveitarfélaga verði settur í gerðardóm ef hann hefði ekki verið leystur fyrir 1. nóvember 2004. Síðan þá er liðið heilt ár og því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur ágreiningur um skiptingu kostnaðar milli ríkisins og sveitarfélagsins Árborgar vegna viðbyggingar við sjúkrahúsið á Selfossi verið leystur? Ef svo er, á hvern hátt? Ef ekki, hver er tillaga hæstv. ráðherra að lausn deilunnar?

[13:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Suðurk., Margrét Frímannsóttir, hefur beint til mín fyrirspurn vegna ágreinings um skiptingu kostnaðar milli ríkisins og sveitarfélagsins Árborgar vegna viðbyggingar við sjúkrahúsið á Selfossi.

Hinn 18. ágúst á síðastliðnu ári var undirritað samkomulag á milli sveitarfélagsins Árborgar annars vegar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins hins vegar. Í því samkomulagi er kveðið á um að sveitarfélagið Árborg greiði 15% kostnaðar vegna byggingar hjúkrunardeildar sem rekin er sem hluti af Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi meðan á framkvæmdum stendur. Jafnframt er vísað til annars samkomulags sem gert var sama dag milli Samband íslenskra sveitarfélaga og fyrrnefndra ráðuneyta. Í þessu síðara samkomulagi var samið um að vísa ágreiningnum til gerðardóms ef ekki hefði tekist að leysa deilurnar með samkomulagi fyrir 1. nóvember 2004. Samningaviðræður voru svo reyndar án árangurs fram yfir mitt þetta ár. Nú er verið að ganga frá skipun gerðardóms og er honum ætlað að ljúka störfum á þessu ári.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessar upplýsingar svari spurningunni. Ég legg til að gerðardómur ljúki störfum sínum eins og gert var ráð fyrir í því samkomulagi sem undirritað var þann 18. ágúst.

[13:24]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa áhyggjum mínum yfir þeim svörum sem hæstv. ráðherra lagði fram fyrir þingið vegna þess að samkomulagið fól í sér að gerðardómur yrði skipaður 1. nóvember 2004. Núna er komið fram yfir miðjan nóvember 2005 og hæstv. ráðherra segir að nýbúið sé að skipa þennan gerðardóm sem eigi að vísu að ljúka störfum fyrir áramót. En það þýðir að á meðan verður sveitarfélagið Árborg að taka þátt í greiðslum við uppbyggingu á sjúkrahúsinu á Selfossi þrátt fyrir að það sé sameiginleg niðurstaða sveitarfélaganna, lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga, að sveitarfélaginu beri ekki að inna þessar greiðslur af hendi. Það var einungis skrifað undir þetta samkomulag vegna þess að annars hefðu byggingarframkvæmdirnar stöðvast. Menn skrifuðu undir í trausti þess að gerðardómur yrði skipaður strax 1. nóvember 2004.

Þetta er þvílíkur seinagangur hverjum sem um er að kenna, hvort sem það er Samband íslenskra sveitarfélaga eða ráðuneytið sem hafa dregið lappirnar í málinu. Þessi mikli dráttur hefur alla vega bitnað mjög harkalega á sveitarfélögunum. Það hafa komið ályktanir m.a. frá sveitarfélaginu Árborg, frá bæjarstjórninni, þar sem bæjarstjórn Árborgar lýsir furðu sinni á seinagangi og krefst þess að tekið verði á málinu. Sú samþykkt er síðan í haust eða sumar.

Það er þó alla vega skref í rétta átt ef gerðardómur á að fara af stað núna, en ég verð, virðulegi forseti, að lýsa furðu minni bæði á kröfu fjármálaráðuneytis og seinagangi á því að leysa málið gagnvart sveitarfélögunum, því að samkomulagið sem gert var um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga var gert árið 2002.

[13:26]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hér var um að ræða ákveðna leið til að leysa úr ágreiningsmáli sem þarf að leysa úr. Annars vegar er sú skoðun að sveitarfélagið eigi að greiða 15% í þessu hjúkrunarrými, jafnvel þó að þau séu ekki í starfstengslum við sjúkrahúsið og hins vegar sú skoðun að þetta falli undir ákvæðið um verkaskipti ríkis og sveitarfélaga og falli undir 100% greiðsluþátttöku ríkisins. Það þarf að skera úr þessu og ég vonast svo sannarlega til að það verði gert.

Ég skal ekkert um það segja hvernig sá gerðardómur sem skipaður hefur verið afgreiðir þetta mál en auðvitað hlíta menn niðurstöðu hans. Þetta er ágreiningsmál sem er nauðsynlegt að skera úr um, bæði vegna þessarar framkvæmdar og annarra hliðstæðra framkvæmda. Vonandi næst niðurstaða á þessu ári og verður þá endurgreitt ef það fellur sveitarfélögunum í hag, en ef það fellur aftur ríkinu í hag eru sveitarfélögin búin að greiða sinn hluta eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. Ég legg áherslu á að skorið verði úr í þessu máli. Svo vil ég geta þess að það skiptir auðvitað miklu máli að framkvæmdin sjálf er á góðu skriði en komast þarf að niðurstöðu í málinu.

Umræðu lokið.

Ráðstöfun hjúkrunarrýma.

Fsp. ÁRJ, 153. mál. — Þskj. 153.

[13:28]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég hef gert að umræðuefni nokkrum sinnum á Alþingi afleita stöðu ungra alzheimersjúklinga gagnvart öldrunarþjónustunni, en þjónustu fyrir þá skortir mjög. Alzheimersjúkdómurinn er sjúkdómur sem ekki aðeins aldraðir fá heldur yngra fólk einnig. Nú hefur ástandið versnað mjög hjá þessum hópi yngri alzheimersjúklinga því búið er að setja þannig reglur fyrir hann að hann getur nánast ekki komist inn á hjúkrunarheimili.

Frá 1992 þegar vistunarmati var komið á og þangað til í byrjun árs 2004 var vistunarmat handgert fyrir alla sjúklinga með öldrunarsjúkdóma, líka þá sem voru undir 67 ára, og allir áttu sama rétt til að komast í forgang. Í ársbyrjun

2004 var vistunarmatið gert rafrænt og um leið lokað fyrir sjúklinga yngri en 67 ára. Þetta gerðist án nokkurs samráðs og umræðu. Um er að ræða átta manns á ári að meðaltali, en þetta fólk átti sem sagt rétt á forgangi eins og aðrir áður en þessu var komið á og þá farið eftir hjúkrunarþyngd en ekki aldri. Þeir þurfa nú að bíða inni á sjúkrahúsi eftir 67 ára afmælisdegi sínum. Þá fyrst er hægt að sækja um og þá á viðkomandi eftir að fikra sig upp biðlistann. Þessar nýju reglur komu 1. september síðastliðinn og nú bíða sex manns í þessari stöðu á Landakoti og ef ekkert breytist verða þeir að bíða þar nokkur ár og fleiri bætast í hópinn á hverju ári. Þeir teppa sjúkrarúm og tefja innlagnir, m.a. frá bráðadeildum spítalans og heimahúsum.

Nýju reglurnar fela í sér flókið undanþáguferli með greinargerðum út og suður, jafnvel frá aðilum sem ekkert þekkja til sjúklingsins, og mörgum beiðnum fyrir sama sjúkling með mjög viðkvæmum persónulegum upplýsingum um sjúklinginn í stað þess að gera rafræna umsókn mögulega eins og fyrir aldraða. Fyrir ári þegar ég tók upp stöðu þessa hóps, þ.e. 14. október 2004, lofaði ráðherra að setja vinnuhóp á laggirnar um málefni yngri alzheimersjúklinga. Ég get ekki séð að staðið hafi verið við það, a.m.k. kom það fram í umræðum fyrir nokkrum vikum að svo hefði ekki verið. Ég ætla að vitna í ræðu hæstv. ráðherra frá því 13. október í fyrra. Þar segir hæstv. ráðherra í ræðu sinni í svari við fyrirspurn minni, með leyfi forseta:

„Ég hef ákveðið að setja á fót vinnuhóp til að skoða þessi mál gaumgæfilega og mun óska eftir því að hann skili mér áliti ásamt tillögum um úrbætur og framtíðarfyrirkomulag þessara mála."

Ég spyr hæstv. ráðherra hverjar tillögur vinnuhópsins hafi verið eða hvort hann hafi verið settur á laggirnar og ég vil spyrja hæstv. ráðherra eins og fram kemur í skriflegri fyrirspurn minni:

Telur ráðherra eðlilega staðið að ráðstöfun hjúkrunarrýma fyrir hjúkrunarsjúklinga undir 67 ára aldri?

[13:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Reykv. s. spyr hvort ráðherra telji eðlilega staðið að ráðstöfun hjúkrunarrýma fyrir hjúkrunarsjúklinga undir 67 ára aldri. Til þess að svara því tel ég nauðsynlegt að gera grein fyrir því hvernig staðið er að þessum málum, breytingum sem urðu á fyrirkomulagi við ráðstafanir hjúkrunarrýma 67 ára eða yngri með reglum sem ráðuneytið tilkynnti nýlega og vinnu sem nú stendur yfir í ráðuneytinu um framtíðarskipan þessara mála.

Allir landsmenn eiga óháð aldri rétt á vistun í hjúkrunarrými ef þeir þurfa þess með og fullreynt er að önnur úrræði sem miða að því að styðja fólk til sjálfstæðrar búsetu, svo sem heimaþjónusta eða dagvistun, duga ekki. Aldraðir eru þorri þeirra sem þarfnast langvistunar í hjúkrunarrými. Úrræðin taka mið af því og eru flest gerð úr garði með þarfir aldraðra í huga, fyrst og fremst, þótt einnig séu til úrræði fyrir yngri hjúkrunarsjúklinga, svo sem sérstök deild á Skógarbæ í Reykjavík, rými fyrir geðsjúka í Ási í Hveragerði og hjúkrunarrými á heimili Sjálfsbjargar á Hlein, sem er heimili fyrir fólk sem orðið hefur fyrir heilaskaða.

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi eru ákveðin úrræði til fyrir yngri hjúkrunarsjúklinga en alltaf er eitthvað um að fólk vistist inn á hjúkrunarheimili þótt það sé ekki orðið 67 ára en flestir þeirra eru komnir nærri þeim aldri. Ég hef orðið var við ákveðinn misskilning hvað þetta áhrærir á þann veg að einungis sé heimilt að vista fólk á hjúkrunarheimili hafi það náð 67 ára aldri. Það er ekki rétt enda eru hjúkrunarheimili skilgreind í lögum um heilbrigðisþjónustu sem vistheimili fyrir aldraða og sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina en þarfnast vistunar og meðferðar sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.

Þegar aldraðir sækja um vistun í hjúkrunarrými er skylt samkvæmt lögum að gera fyrst vistunarmat þar sem mat er lagt á þörf viðkomandi fyrir hjúkrunarrými út af heilsufarslegum og félagslegum aðstæðum. Eins er kannað hvort önnur úrræði hafi verið fullreynd. Til skamms tíma var einnig gert vistunarmat fyrir fólk yngra en 67 ára sem sótti vistunarhjúkrunarrými þó að það væri ekki skylt samkvæmt lögum.

Þegar vistunarmatið varð rafrænt árið 2004 var gerð vistunarmats fyrir yngri hjúkrunarsjúklinga hætt enda var það eingöngu ætlað 67 ára og eldri, sniðið að þörfum og aðstæðum aldraðra og sérstaklega ætlað að halda saman á einum stað upplýsingum um stofnanaþjónustu fyrir þennan aldurshóp. Frá þeim tíma hefur verið skylt að beina umsóknum um vist á hjúkrunarrýmum fyrir yngri en 67 ára til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Fyrir skömmu gaf ráðuneytið út sérstakar reglur um ráðstöfun hjúkrunarrýma og ferli umsókna um dvöl á hjúkrunarheimili fyrir þá sem ekki eru orðnir 67 ára þar sem kveðið er á um hvaða upplýsingar þurfi að liggja til grundvallar svo unnt sé að taka afstöðu til slíkra umsókna.

Aðstæður yngri hjúkrunarsjúklinga eru oft ólíkar aðstæðum aldraðra. Á það ekki síst við um félagslegar aðstæður þeirra en einnig eru heilsufarsvandamál þeirra oft allt önnur. Meðal annars af þeim ástæðum tel ég að umsóknir yngri hjúkrunarsjúklinga um hjúkrunarrými séu skoðaðar sérstaklega og þeim haldið aðskildum frá umsóknum aldraðra.

Að undanförnu hafa málefni hjúkrunarsjúklinga yngri en 67 ára verið til skoðunar í heilbrigðisráðuneytinu. Fyrirhugað er að stofna þverfaglegt teymi sérfræðinga sem verði falið að meta aðstæður allra umsækjenda hjúkrunarrýmis sem eru yngri en 67 ára, hvar á landinu sem þeir búa, og ganga úr skugga um hvort önnur úrræði hafi verið fullreynd. Tryggja á að innan teymisins verði full yfirsýn yfir tiltæk úrræði á hverjum stað og víðtæk þekking á þeim heilsufarsvandamálum, sálrænum og félagslegum þáttum, sem máli skipta við mat á aðstæðum hvers og eins. Einnig er tilgangurinn að tryggja heildaryfirsýn yfir aðstæður yngri hjúkrunarsjúklinga á landsvísu. Við skoðun á aðstæðum yngri hjúkrunarsjúklinga hefur heilbrigðisráðuneytið haft samráð við félagsmálaráðuneytið, sem er mikilvægt vegna þess að úrræði fyrir þennan hóp liggja oft á sviðum beggja ráðuneyta og erfitt að greina þar á milli.

Nú ætla ég að víkja beint að svari við fyrirspurn hv. þingmanns. Svar mitt er að ég tel fullkomlega eðlilega staðið að ráðstöfun hjúkrunarrýma fyrir þennan hóp. Hins vegar er verið að skoða málefni yngri hjúkrunarsjúklinga í ráðuneytinu og má vænta einhverra breytinga í þeim efnum áð-

ur en langt um líður eins og ég gat um áðan.

Þeirri vinnu sem hv. fyrirspyrjandi kallaði eftir hefur verið sinnt innan ráðuneytisins. Ég vona að ég hafi þar með veitt hv. þingmanni svar við fyrirspurn hennar.

[13:36]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það er réttmæt ábending hjá hv. þingmanni að sérstakra úrræða sé þörf fyrir þá sjúklinga sem eru heilabilaðir og eru undir 67 ára aldri og geta ekki verið lengur heima hjá sér. En ég legg áherslu á að þetta fólk eldist og allar breytingar hjá fólki sem er heilabilað eru þeim erfiðari en flestum öðrum, óáttun og slíkt kemur fram. Þau úrræði sem þurfa að vera til staðar þarf því að mínu mati að þróa í tengslum við hjúkrunarheimili þannig að breytingin sé sem allra minnst þegar fólk færist frá einu þjónustuformi yfir til annars.

Ég vil í þessu sambandi jafnframt benda á að í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn minni á 130. löggjafarþingi kemur fram að um 30 einstaklingar eru langlegusjúklingar og undir 35 ára aldri. Það er hópur sem þarf sérstakrar skoðunar við sem er vítt og breitt um kerfið, reyndar eru flestir á hinum ýmsu deildum Landspítala – háskólasjúkrahúss. Við þurfum líka að huga að huga að þörfum þeirra (Forseti hringir.) eins og heilabilaðra sjúklinga undir 67 ára aldri.

[13:37]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þótt ég sé ekki sátt við þau. Hann segir að hann telji fullkomlega eðlilega staðið að því að úthluta hjúkrunarrýmum fyrir yngri alzheimersjúklinga. Það hefur komið fram hjá fagaðilum að ekki er unnt fyrir yngri alzheimersjúklinga að sækja um pláss á hjúkrunarheimilunum eftir að breyting var gerð á reglunum. Það er alls ekki eðlilegt.

Mér þætti fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hversu margir ungir heilabilaðir hafa komist inn á hjúkrunarheimili eftir 1. september, eftir að þessar reglur voru settar. Mál þessara sjúklinga voru í ágætum farvegi áður en reglurnar voru settar. Þetta er því tilbúið vandamál sem gerir það að verkum hjúkrunarheimilunum er lokað fyrir ungum heilabiluðum sem þurfa sérstaka þjónustu.

Núna bíða sex manns þess að komast á öldrunardeild Landakots og þeim mun fjölga. Ég spyr: Er hæstv. ráðherra tilbúinn að opna fyrir umsóknir rafrænt fyrir þann hóp þannig að hann eigi sama aðgang að hjúkrunarrýmum og aðrir með alzheimersjúkdóminn? Ég veit að það er auðvelt tæknilega. Ég hef upplýsingar um það en það virðist vanta viljann. Ungir alzheimersjúklingar eru með öldrunarsjúkdóm. Þeir þurfa þjónustu miðað við þörf en ekki eftir aldri. Á Norðurlöndunum er hvergi farið eftir aldri við innlagnir á hjúkrunarheimili heldur eftir þörfinni.

Ég hvet hæstv. ráðherra að skoða reglurnar sem hann hefur látið setja í ráðuneytinu. Þær eru mjög flóknar. Það á að senda mjög persónulegar upplýsingar út og suður, margar umsóknir fyrir hvern sjúkling og síðan upp í ráðuneyti. Auðvitað eiga þessir sjúklingar að búa við sömu aðstöðu og aðrir sem eru veikir og þurfa á hjúkrunarþjónustu að halda. Ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða þetta gaumgæfilega því ég trúi ekki að hann telji eðlilega að verki staðið.

[13:40]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Í máli fyrirspyrjanda kom fram að hún teldi ekki unnt að sækja til ráðuneytisins um rými fyrir hjúkrunarsjúklinga 67 ára og yngri. Ég er fullviss um að það er ekki rétt. Það er hægt að sækja til ráðuneytisins um það. (Gripið fram í.) En vissulega væri æskilegast að þarna væri hægt að sækja um rafrænt og að þeim málum er unnið.

Það er ljóst að hægt er að sækja um og hjúkrunarheimili eru bæði fyrir þá sem eru orðnir 67 ára og yngri. En það kom fram í svari mínu við fyrirspurn hv. þingmanns að aðstæður þessa fólks eru mjög mismunandi. Þess vegna réðumst við í að skoða þetta sérstaklega og hvernig kerfið geti virkað einfalt og skilvirkt. Það verður vonandi svo í framtíðinni.

Umræðu lokið.

Íslenskir friðargæsluliðar eða hermenn í Afganistan.

Fsp. SJS, 161. mál. — Þskj. 161.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef lagt þrjár spurningar fyrir hæstv. utanríkisráðherra sem varða stöðu íslensku friðargæslunnar, sem svo er kölluð, eða hermanna, sem sumir telja að allt eins sé rétt að kalla þá, sem nú dvelja á vegum Íslands í Afganistan.

Sá sem hér stendur hefur lengi gagnrýnt það hvernig umrædd mál hafa þróast og sérstaklega þá tilhneigingu að vopna þessa erlendu starfsmenn, senda til átakasvæða og skipa þeim þar í lið með hermönnum annarra ríkja, sem eru þar undir herskipulagi, bera hernaðarlega titla o.s.frv. Þessa gætti fyrst að ráði þegar íslenskir menn störfuðu í Kosovo en sérstaklega á flugvellinum í Pristina.

Síðan virðist hafa verið gengið skrefi lengra þegar starfsmenn voru sendir til Afganistan og sérstaklega nú, þegar íslenskir friðargæsluliðar urðu hluti af hreyfanlegum eða hernaðarlegum athugunarsveitum NATO í norður- og vesturhluta Afganistan. Erlend skammstöfun yfir þessar sveitir eru MOT sem er ýmist þýtt, þegar að er spurt, sem „Military Observation Team“ eða „Mobile Observation Team“. Það virðist því á reiki, eftir því við hvern er talað, hvort um sé að ræða hreinar hernaðarlegar athugunarsveitir eða hreyfanlegar athugunarsveitir. Að sjálfsögðu hafa Íslendingar kosið seinni þýðinguna og reyna að skýla sér á bak við að ekki sé um hernaðarlegt hlutverk eða hernaðarleg verkefni að ræða.

Davíð Logi Sigurðsson, blaðamaður Morgunblaðsins, var á ferð í Afganistan í lok septembermánaðar og birti athyglisverða fréttaskýringu þar sem vakin var athygli á því og spurt hvort væri frekar um að ræða, uppbyggingarstarf eða hernaðarverkefni. Í Morgunblaðinu er í leiðara tekið

svo fast til orða að þar hafi menn verið komnir langt út fyrir þá verkefnalýsingu sem gefin var af utanríkisráðuneytinu. Vitnað er í ræðu utanríkisráðherra á Alþingi þar um og spurt hvernig á þessu standi, hver hafi gefið leyfi eða heimild til þess að málin þróuðust í þessa veru. Enn fremur segir Morgunblaðið að Alþingi Íslendinga hafi ekki tekið ákvörðun um að setja á fót íslenskan her og heldur ekki vísi að íslenskum her og að enginn nema Alþingi geti tekið slíka ákvörðun.

Ég spyr hæstv. utanríkisráðherra:

Hvernig skýrir ráðherra þátttöku íslenskra friðargæsluliða, svokallaðra, í hreinræktuðum hernaðarverkefnum innan endurreisnarsveita alþjóðlega öryggisliðsins í Afganistan?

Hverju sætir að þátttakan hefur ekki verið kynnt sem slík og borið undir utanríkismálanefnd?

Að lokum spyr ég hvort ríkisstjórnin líti svo á að enn séu í gildi stefnan um herleysi og vopnleysi Íslands.

[13:45]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það eru ákveðnar lykilforsendur sem fyrirspyrjandi gefur sér í þessu máli sem eru rangar. Þess vegna get ég ekki svarað þessari fyrirspurn lið fyrir lið eins og venja er, vegna þess að það er ekki þannig að íslenskir friðargæsluliðar taki þátt, eins og segir í spurningunni: „í hernaðarverkefnum innan endurreisnarsveita alþjóðlega öryggisliðsins í Afganistan". Þannig orðar fyrirspyrjandi þetta. Það er enn síður þannig, eins og það er kallað í fyrirspurninni, að til sé: „vísir að íslenskum herdeildum á erlendri grund". Kjarni málsins í þessu er sá, nú sem fyrr, að íslenskir friðargæsluliðar eru borgaralegir sjálfboðaliðar, enda hvorki til að dreifa hér á Íslandi hermönnum né her. Íslenskir friðargæsluliðar geta því ekki tekið að sér hernaðarleg verkefni, heldur sinna þeir eingöngu borgaralegum störfum. Þeir hafa starfað undir merkjum og skipulagi vopnaðs friðargæsluliðs sem í eru hermenn annarra ríkja. Þeir hafa þurft að klæðast einkennisbúningum og bera tignarheiti í skipulagi slíks friðargæsluliðs. Hvort tveggja er að ósk þeirra sem íslenska friðargæslan starfar með og forsenda samstarfsins af þeirra hálfu. Þá bera íslenskir friðargæsluliðar vopn til sjálfsvarnar. Öll þessi atriði eiga við um verkefni friðargæslunnar í Afganistan og hafa átt við fólk í íslenskri friðargæslu frá árinu 1994 er íslenskir læknar og hjúkrunarfólk hóf fyrst þátttöku í friðargæslu í Bosníu-Hersegóvínu, fyrst með norsku friðargæsluliði og síðar bresku. Ég tel að friðargæsla af þessu tagi sé í raun og veru hluti af borgaralegri skyldu Íslendinga í alþjóðasamfélaginu og það eigi ekki að þurfa að takast mikið á um það á Alþingi ef menn á annað borð telja að Ísland hafi eitthvað fram að færa og til málanna að leggja á þessu sviði.

Friðargæsluliðarnir okkar starfa núna í endurreisnarsveitum, svokölluðum Provincial Reconstruction Teams, í norðurhluta Afganistans með Norðmönnum og Finnum og í vesturhlutanum með Litháum og Dönum. Með þessum hætti er Ísland þátttakandi í endurreisnarstarfinu í hinu stríðshrjáða landi, Afganistan. Hlutverk endurreisnarsveitanna þar er margþætt. Íslensku gæsluliðarnir vinna að þeim þáttum verkefnisins sem er á færi borgaralegra liðsmanna. Starf þeirra felst m.a. í því að þeir fara um og kanna stöðu mála í þorpum og sveitum og einnig til að afla upplýsinga og gera tillögur um úrbætur til viðeigandi hjálparsamtaka og alþjóðastofnana. Aðalatriðið er að íslenskir friðargæsluliðar í Afganistan sinna borgaralegum þáttum í friðargæslunni en bera vopn til sjálfsvarnar og hljóta þjálfun í því skyni. Hins vegar getur friðargæsla kannski eðli málsins samkvæmt aldrei verið alveg hættulaus því þar sem hún er fyrir hendi og hennar er þörf getur ófriður, eðli málsins samkvæmt, brotist út að nýju. Það er einmitt vegna þess að íslenskir friðargæsluliðar eru borgaralegir sem hafðar hafa verið sérstakar gætur á þróun mála í Afganistan til að tryggja sem best öryggi þeirra. Þetta er gert með því að fá vikulega í hendur mat yfirstjórnar friðargæsluliðsins og Atlantshafsbandalagsins á öryggisástandinu í landinu og á einstökum svæðum. Um þetta fjallaði ég nokkuð ítarlega í ræðu minni hér á Alþingi 17. nóvember síðastliðinn. Þar kom einnig fram að vegna aukinnar spennu í norðurhluta landsins á undanförnum vikum hefði verið ákveðið að hætta þátttöku í endurreisnarsveit á því svæði en halda áfram í vesturhlutanum að öllu óbreyttu. Segja má að hér sé um fyrirbyggjandi ráðstöfun að ræða því þótt um sé að ræða skærur á milli heimamanna þá hafa árásir verið gerðar á fulltrúa óháðra hjálparsamtaka og á friðargæsluliða. Starfsmenn hafa verið kvaddir frá svæðinu vegna þessara breyttu aðstæðna.

[13:50]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þingmaður spurði hvort friðargæslan í Afganistan af okkar hálfu væri vísir að her. Af svari hæstv. ráðherra er engan veginn hægt að ráða annað en að svo sé, þó hann hafi að vísu gefið neitandi svar. Þarna er um að ræða menn í einkennisbúningum sem ganga undir vopnum, eru þjálfaðir af erlendum her, eru innan erlends herskipulags, starfa með erlendum hermönnum á svæðum þar sem ófriður er. Það er með engu móti hægt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að þarna sé um að ræða að minnsta kosti vísi að her.

Herra forseti. Það verður að vera „system i galskapet" og þess vegna verður með einhverju móti að koma einhverjum lagalegum strúktúr utan um friðargæslu af okkar hálfu þar sem skýrt kemur fram hvað má og hvað má ekki. Eitt af því sem ekki má er að við (Forseti hringir.) starfrækjum eitthvað sem hægt er að skilgreina sem her erlendis eða heima, herra forseti.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en lýsi jafnframt mikilli óánægju með þau. Það er ekki hægt að afgreiða þessi mál þannig að segja bara að fyrirspyrjandi hafi gefið sér forsendur sem ekki standist og þar með þurfi ekki að svara fyrirspurninni efnislega í raun og veru. Hæstv. ráðherra verður að fara yfir og útskýra þá hvernig er hægt að halda því fram að menn séu hér ekki komnir inn í hernaðarleg verkefni þegar allt þetta liggur fyrir sem nú blasir við. Í úttekt Morgunblaðsins er vitnað í ofursta á

svæðinu, yfirmann á svæðinu sem undirstrikar hið hernaðarlega hlutverk aðkomusveitanna sem m.a. sé fólgið í því að fara út um sveitir, safna upplýsingum sem ganga til herstjórnarinnar svo hún geti eftir atvikum gripið til aðgerða á svæðinu. Þetta eru í raun og veru upplýsingagjafar, könnunaraðilar fyrir herinn á svæðinu. Það er ósambærilegt það hlutverk sem íslenskir starfsmenn þarna, alvopnaðir, með hertitla úti í feltinu eru komnir í það sem læknar og hjúkrunarfræðingar inni á spítölum unnu í árdaga þessarar starfsemi. Það er óviðeigandi að gera slíkan samjöfnuð eins og hæstv. ráðherra gerði hér. Ef þrautþjálfaðir menn úr víkingasveitunum hafandi fengið viðbótarhernaðarþjálfun í Noregi með vélbyssur, ekki bara einhver létt handvopn, heldur verulega öflug drápstæki eiga í hlut. Það er ámælisvert hvernig þetta hefur þróast í höndum framkvæmdarvaldsins. Hér hafa engin lög verið sett. Það hefur engin stefna verið mótuð. Alþingi hefur ekki komið að málinu í utanríkismálanefnd nema eftir á í öllum tilvikum. Og ég spyr hæstv. utanríkisráðherra: Stendur til að breyta þessu? Verða sett lög um þessa starfsemi? Verður mótuð stefna? Fær Alþingi eða utanríkismálanefnd aðild að þeirri vinnu? Eða kæmi til greina t.d. að skipa sérstaka þingkjörna stjórn yfir þessari starfsemi? Hér eru mjög alvarleg mál á ferð og menn gera réttast (Forseti hringir.) í því, áður en að menn eru dottnir ofan í brunninn, að vinna þá vinnu sem auðvitað hefði átt að (Forseti hringir.) gera í byrjun.

[13:53]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er nú eins og stundum áður notuð stóryrði af litlu tilefni. Ég tel mig vera búinn að útskýra það mál, sem hér er um spurt. Það er þannig að íslenskir friðargæsluliðar sinna eingöngu borgaralegum verkefnum þó þeir þurfi að bera tignarheiti og klæðast einkennisbúningum og bera vopn til sjálfsvarnar. Það hefur orðið ákveðin breyting á þessum málum í Afganistan eins og hv. þingmaður og fyrirspyrjandi fagnaði í umræðunum hér fyrir viku í þessum efnum. Hins vegar hefur það líka legið fyrir að það er nauðsynlegt að skilgreina betur mörg atriði í kringum friðargæsluna. Sennilega verður það best gert með því að setja lög um þá starfsemi þó slíkt sé ekki komið á ákvörðunarstig. En verkefni friðargæsluliðanna eru náttúrulega margs konar. Þau eru m.a. aðgerðir til að koma á friði með viðveru og starfi sínu. Aðgerðir til að halda hættuástandi á átakasvæðum í skefjum. Aðgerðir til að tryggja stöðugleika og starf með heimamönnum á átakasvæðum í því skyni að koma í veg fyrir að átök brjótist út. Verkefni borgaralegra sérfræðinga sem stuðla að uppbyggingu stjórnmála- og efnahagslífsins í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði. Mannúðar- og neyðaraðstoð við flóttafólk og fórnarlömb átaka eða náttúruhamfara. Ég held að við hljótum að geta verið sammála um það að hérna hefur Ísland verkefni að vinna. Þarna getum við lagt eitthvað af mörkum. Og það gerum við með okkar borgaralegu sérfræðingum, hvort sem það eru læknar, hjúkrunarfólk, slökkviliðsmenn, flugumferðarstjórar, lögreglumenn eða aðrir slíkir. Fólk sem hefur borgaralega sérþekkingu og reynslu og þjálfun til að taka að sér slík verkefni, en við verðum að sætta okkur við að þau séu unnin með hermönnum annarra þjóða eftir því hvernig skipulag þeirra er á þessum málum.

Umræðu lokið.

Kjarabætur til vistfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Fsp. ÁRJ, 159. mál. — Þskj. 159.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég spyr hæstv. heilbrigðisráðherra um hvort áform séu upp um að bæta kjör þeirra sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarstofnunum. En vasapeningafyrirkomulagið sem þar tíðkast hefur farið mjög fyrir brjóstið á mörgum, og þá sérstaklega öldruðum.

Ég vitna hérna í blaðagrein úr Morgunblaðinu frá 7. október síðastliðnum með yfirskriftinni: Alþingismenn okkar munu aldrei þurfa að sækja um vasapeninga. Þar fjallar Halldór Þorsteinsson um aðbúnað aldraðra og segir meðal annars: „Þegar menn eru vistaðir á opinberum stofnunum hvaða nafni sem þær kunna að nefnast, er þeim ekki beinlínis tekið með virktum. Öðru nær, þeir eru í einu orði sagt lítillækkaðir og auðmýktir."

Í greininni talar hann einnig um sviptingu mannréttinda með vasapeningafyrirkomulaginu þar sem ellilífeyririnn rennur til að greiða fyrir vistina og vistmenn þurfi síðan að sækja um vasapeninga sem sé niðurlægjandi. Hér er ég að tala um þá aldraða sem nánast einvörðungu hafa almannatryggingagreiðslur sér til framfærslu en þeir missa þær greiðslur við að fara inn á hjúkrunarheimili eða stofnanir. Kjör þessa hóps aldraðra eru mjög bág. Þarna er um að ræða rúmlega 1.700 manns og síðan 230 öryrkja sem ég ætla að gera að umtalsefni í annarri fyrirspurn sem ég vonast til að hæstv. ráðherra svari mér í næsta fyrirspurnatíma, eftir viku.

Vasapeningarnir eru tæpar 22.000 kr. á mánuði og þeir skerðast um 65% þeirra tekna sem viðkomandi hefur yfir 7.000 kr. og falla alveg niður við 39.000 krónurnar. Þetta eru auðvitað óviðunandi kjör fyrir veikt fólk, fólk sem nánast ekkert getur veitt sér, hvað þá vikið einhverju að sínum nánustu. Þeir þurfa að kaupa ýmsar nauðsynjar, svo sem eins og snyrtivörur og ýmsa þjónustu, þó er það mismunandi eftir hjúkrunarstofnunum hversu mikið af þeirri þjónustu þeir þurfa að greiða. En þetta dugar svo sannarlega ekki einu sinni fyrir fötum til skiptanna. Þeir sem eiga rétt á lífeyrissjóði missa líka lífeyri sinn við að fara inn á stofnun en halda eftir 48.000 kr. sem er þó aðeins skárra hlutskipti.

En ég spyr hæstv. ráðherra: Finnst honum þetta kerfi og þessi kjör viðunandi? Og eru áform uppi um að breyta þeim? Ég minni á svar hæstv. ráðherra frá síðastliðnum mánudegi í óundirbúnum fyrirspurnatíma þar sem var spurt hvort þessi hópur fengi jólauppbótina sem launþegar og lífeyrisþegar munu fá nú 1. desember og hæstv. ráðherra taldi um að hann mundi bæta þessum hópi þetta með sanngjörnum hætti. Hvað er sanngjarn háttur fyrir þennan hóp sem er með um rúmlega 260.000 kr. í árstekjur, þ.e. fólkið með vasapeningana, rúmlega 1.700 aldraðir og 230 öryrkj-

ar? Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað hyggst hann gera til að bæta kjör þessa fólks?

[13:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég byrja þar sem hv. þingmaður endaði varðandi þá eingreiðslu sem var spurt um í fyrirspurnatíma það sem ég sagði að við afgreiddum með sanngjörnum hætti. Ég skrifaði undir reglugerð í gær um eingreiðsluna þar sem hún er í samræmi við það samkomulag sem gert hefur verið og í samræmi við það sem aðrir fá og þeir sem eru inni á stofnunum munu njóta þessarar eingreiðslu. En spurt er hvort áform séu um að bæta kjör þeirra sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarstofnunum. Spurningin snýr að öldruðum sem vistast á stofnunum og þá væntanlega bæði bótagreiðslum og þjónustu við aldraða.

Hinn 25. september 2002 skipaði ríkisstjórnin starfshóp sem ætlað var að verða farvegur formlegs samráðs stjórnvalda og Landssambands eldri borgara um breytingar á almannatryggingalögum og endurskoðun á lífeyrisgreiðslum er komi til framkvæmda á næstu árum. Þá var starfshópnum einnig ætlað að fjalla um uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustu við aldraða með það að markmiði að stytta biðlista og bæta þjónustu.

Starfshópurinn var skipaður fulltrúum fjögurra ráðuneyta og Landssambands eldri borgara og skilaði tillögum með skýrslu þann 19. nóvember 2002. Ríkisstjórnin samþykkti að beita sér fyrir því að tillögurnar næðu fram að ganga og var áréttað að aðilar vildu áframhaldandi samráð um þau viðfangsefni sem tillögurnar taka til og annað sem upp kann að vera tekið í samráðsnefnd aðila.

Í framhaldi af framangreindu skipaði ég 31. maí 2005, samráðsnefnd sem hefur það hlutverk að fara yfir efndir á samkomulaginu frá 2002 og jafnframt á nefndin að meta stöðu aldraðra eins og hún er nú. Nefndin hefur nú skilað áliti um efndir frá samkomulaginu 2002 og það hefur verið efnt að undanteknu einu atriði sem út af stendur, sem fjallar um sveigjanleg starfslok. Í framhaldi af þessu munum við nú halda fundi í samráðsnefnd ríkisstjórnarinnar og aldraðra og halda áfram að fara yfir málefni aldraðra í samstarfshópnum og ákvarðanir sem tengjast eldri borgurum og þær munu taka mið af framangreindu nefndarstarfi, áætlunum og skýrslu stýrihóps um stefnumótun. Þetta á einnig við um aldraða sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum og við munum fjalla um kjör þeirra á sama vettvangi. Og ég vona að við gerum það núna á næstu dögum, en næstu fundir eru áætlaðir með öldruðum núna á allra næstu dögum. Þessi mál eru þar undir og verða til umfjöllunar á þessum vettvangi.

[14:03]

Guðmundur Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir að koma fram með þetta mál, því það er svo sannarlega brýnt, og ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svörin sem hann gaf um að eitthvað verði gert.

Ég spyr líka hvort ekki væri rétt að kanna að gera svipað og Danir gerðu fyrir rúmum tíu árum þegar þeir lögðu niður slíka vasapeninga. Þar fær fólk fullar, eðlilegar örorkubætur. Síðan greiðir það húsaleigu og eðlilegan hluta af heimiliskostnaði en ríkið greiðir alla þjónustu.

[14:04]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Mér finnst betra að hafa það sem sannara reynist og oftast er það nú svo. Hv. þingmaður talaði um árslaun viðkomandi sem væru á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Við erum auðvitað ekki að tala um árslaun, við erum að tala um vasapeninga sem ná þessari fjárhæð. Við erum eingöngu að tala um þessa fjárhæð í vasapeninga sem lágmark vegna þess að það eru einungis þeir sem hafa engar tekjur aðrar en frá almannatryggingum sem eru með þessa fjárhæð, aðrir eru með meira. Eins og fram kom á fundi í heilbrigðis- og tryggingaganefnd í morgun eru þeir ekki nema 1% aldraðra eftir því sem samtök aldraðra sögðu okkur. (Gripið fram í.) Það eru einungis þeir sem eru með þessa fjárhæð.

Hins vegar vil ég halda því til haga að þetta fyrirkomulag hefur farið fyrir brjóstið á mörgum, en ég vil líka benda á að margt fólk á hjúkrunarheimilum kysi þetta fyrirkomulag ef það væri valkvætt, vegna þess að fólk er ekki á hjúkrunarheimilum út af engu. (Forseti hringir.) Margt af því fólki er ekki fært um að annast eigin fjármál og þyrfti að treysta á aðstandendur sína um að annast fjármálin ef þetta fyrirkomulag væri ekki fyrir hendi.

[14:05]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Þetta er ágæt umræða og mig langar aðeins að leggja orð í belg varðandi einmitt þann hóp á öldrunarstofnunum sem eingöngu er með vasapeninga. Þetta er ekki mjög há upphæð, rúmar 20 þús. kr. sem þurfa að standa undir persónulegum kostnaði. Fram kom hjá fulltrúum stjórnenda öldrunarheimila í heilbrigðisnefnd í morgun að það er afar mismunandi á milli heimila hversu mikið heimilismenn þurfa að taka þátt í kostnaði, t.d. við þvott á fatnaði, hárgreiðslu og fótsnyrtingu. Það kom m.a. fram að á Hrafnistu þurfa menn ekki að greiða neitt fyrir þvott á fatnaði en á Grund þurfa þeir ekki að taka neinn þátt í kostnaði við hár- og fótsnyrtingu. Það er því ljóst að þegar vasapeningar verða teknir til endurskoðunar þarf jafnframt að fara eftir ábendingum Ríkisendurskoðunar, en fram kom í nýlegri skýrslu um þjónustu við aldraða að stjórnvöld hafa ekki sett fram lágmarkskröfur um magn á gæðaþjónustu. (Forseti hringir.) Þetta þarf að skoða samhliða.

[14:06]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er afskaplega athyglisverð umræða sem hér fer fram. Ég vil bara vekja athygli á því sem hæstv. heilbrigðisráðherra sagði að samningurinn og samkomulagið við Félag eldri borgara hefur verið uppfyllt nema með sveigjanlegu starfslokin sem ég veit ekki annað en að verið sé að vinna í, því að hér var samþykkt þingsályktunartillaga sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson var 1. flutningsmaður að, að mig minnir. Vonandi verður tekið tillit til þess.

Því er lítið haldið til haga í umræðunni um eldri borgara að eignarskatturinn var afnuminn. Hann hlýtur að hafa komið mörgum til góða, þó reyndar ekki þeim sem dvelja á hjúkrunarheimilum. Ég tek undir það sem hv. þm. Ásta Möller sagði áðan að það er mjög mismunandi hvað vistmenn þurfa að greiða varðandi þjónustu sem þeir fá.

[14:08]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér fer fram. Hins vegar verð ég að viðurkenna að það kemur mér verulega á óvart ef þær upplýsingar eru réttar að aðeins 1% aldraðra sem eru inni á stofnunum sé eingöngu með dagpeninga. Ég hélt að hlutfallið væri miklu hærra. Einnig kemur mér á óvart í skýrslu Ríkisendurskoðunar eins og fram kemur í réttmætri athugasemd frá hv. þm. Ástu Möller um hve mikið misræmi er á milli stofnana varðandi þjónustu og greiðsluþátttöku þeirra sem þar dvelja. Það segir sig sjálft að það er mjög dýrt fyrir þá sem hafa eingöngu vasapeninga að greiða fyrir þjónustu eins og þvott eða að þurfa jafnvel að sjá sér sjálfir fyrir húsgögnum í herbergið. Þetta misræmi er ein af meginathugasemdunum sem gerðar eru í skýrslu Ríkisendurskoðunar um aðbúnað aldraðra, og skortur á reglum og samhæfingu á milli stofnana varðandi þjónustuna og síðan eftirlitið.

[14:09]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir orð síðasta ræðumanns varðandi eftirlit með því hvaða þjónusta er veitt á hjúkrunarheimilum eða öldrunarstofnunum. Á hitt ber að benda að hér er einhver misskilningur í gangi, því ef farið er inn á vef heilbrigðisráðuneytisins er þar til sérstakt skilmálablað sem segir til um hvaða þjónustu eigi að veita. Þar kemur m.a. fram að hjúkrunarheimili og öldrunarstofnanir eiga að sjá um þvott fyrir einstaklinga. Hins vegar eru nokkur hjúkrunarheimili í borginni sem komast upp með að veita ekki þá þjónustu. Það er kapítuli út af fyrir sig.

Hvað varðar vasapeningana skulum við horfa til þess að á hjúkrunarheimilum geta daggjöld á mánuði verið allt frá 390 þús. og upp í 600 þús. eftir því hvaða hjúkrunarheimili eru skoðuð, hvort það er Sóltún eða önnur heimili. 10 þús. kr. vasapeningar eru í örfáum tilvikum. Við skulum ekki gleyma því heldur að margir eru með greiðslur úr lífeyrissjóði, sem betur fer, og þeir geta haldið lífeyrirssjóðstekjum sínum upp að 47 þús. kr. á mánuði. Það er því í mörg horn að líta hvað þetta áhrærir. (Forseti hringir.)

Að lokum vildi ég aðeins lýsa áhyggjum mínum af (Forseti hringir.) og vonast þó til að því verði sinnt en það eru sveigjanleg starfslok sem enn er ófrágengið (Forseti hringir.) við félag eldri borgara.

(Forseti (BÁ)**:** Forseti vill árétta að ræðumenn haldi sig innan þeirra tímamarka sem gefin eru til að gera stuttar athugasemdir sem er aðeins ein mínúta.)

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem er þörf og þyrfti auðvitað að vera mun lengri um þennan hóp.

Ég vil byrja á því að fagna því sem hæstv. ráðherra sagði í svari til mín að í gær hafi hann undirritað samkomulag um að þessi hópur lífeyrisþega, sem eru 1.703 aldraðir og 230 öryrkjar, muni ekki fara í jólaköttinn að þessu sinni heldur fái þær 26 þús. kr. sem aðrir fá 1. desember. Ég fagna því þar sem þetta er hópur sem fær yfirleitt ekki uppbætur og hann fær ekki eingreiðslur. Hann þarf að lifa af þessum 21.900 kr. á mánuði, þ.e. fyrir helstu persónulegum nauðsynjum. Það er hins vegar tómt bull að það sé 1% lífeyrisþega. Í ræðu sinni talaði hv. þm. Jónína Bjartmarz um lífeyrisþega sem eru á strípuðum bótum og eru úti í samfélaginu en ekki inni á stofnunum, sem er fólkið sem við erum að tala um hér. Það er fólk sem á ekki peninga til að kaupa sér föt til skiptanna. Ég hef margar staðfestingar fyrir því. Þetta fólk fær heldur ekki stuðning frá félagsþjónustu sveitarfélaganna. Þarna verður að taka á og það myndu glega, hæstv. ráðherra. Vasapeningakerfið er auðvitað gamaldags kerfi. Við hljótum að geta tekið upp annað kerfi sem okkur er sæmandi því að slíkt ölmusukerfi er niðurlægjandi. Það er alveg rétt sem margir aldraðir segja í greinum sem þeir hafa verið að skrifa um það.

Hvað það varðar að verið sé að standa við samkomulag við aldraða þá hef ég hef ekki tíma til að fara yfir það en ég vil t.d. spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi staðið við það atriði sem eru skammtímainnlagnir fyrir heilabilaða þar sem átti að fjölga þeim. Mér skilst eftir þeim upplýsingum sem ég hef að þeim hafi fækkað frekar en fjölgað. Ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða það en fagna því að hann ætlar ekki að láta þann hóp lífeyrisþega sem er á stofnunum og er með vasapeninga verða út undan þegar eingreiðslan kemur til greiðslu fyrir jólin.

[14:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál sem er viðamikið. Ég tek undir það sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði að það eru skilmálar um aðbúnað á heimasíðu okkar. Ég vil einnig taka undir að þörf er á að auka eftirlitið. Við gerum okkur alveg grein fyrir því í ráðuneytinu.

Ég vil aðeins koma inn á það sem hv. þm. Guðmundur Magnússon sagði um danska kerfið. Ég tel það mjög athyglisvert og mjög til skoðunar að taka upp slíkt kerfi. Eldri borgarar hafa lagt áherslu á það í kröfum sínum að hætt verði að taka fjárráðin af fólki eins og gert er og að fólk borgi leigu, eins og hv. þingmaður nefndi. Það er mjög til athugunar. Við höfum einmitt verið að skoða þetta mál sérstaklega og munum fara yfir þau með samtökum eldri borgara. En ég heyri á undirtektum hér að hljómgrunnur er fyrir breytingu og ég tel ástæðu til að skoða það í fullri alvöru. Við munum ræða þessi mál á næstunni í því samráði sem við höfum við eldri borgara, enda hafa þeir farið fram á slíka breytingu og talið hana verið tímabæra, en við þurfum náttúrlega að fara vel yfir hvernig framkvæmdin yrði á slíku. Ég tel að við þurfum að breyta til þarna og auka um leið fjölbreytni í búsetu þeirra sem þurfa á (Forseti hringir.) hjúkrunar- eða þjónusturými að halda.

Umræðu lokið.

[14:15]

Útbýting:

Fjárlög 2006, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 395; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 396.

Sjúkraflug til Ísafjarðar.

Fsp. AKG, 274. mál. — Þskj. 288.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Nýtt fyrirkomulag á sjúkraflugi til Vestfjarða var ákveðið í haust og samningar þar að lútandi undirritaðir með gildistíma til ársins 2009. Sú breyting verður með nýjum samningi að sjúkraflugvél mun koma frá Akureyri þar sem miðstöð sjúkraflugs verður staðsett en ekki verður staðsett flugvél á Ísafirði eins og áður.

Nú háttar þannig til á Ísafjarðarflugvelli að þar er hvorki hægt að lenda eftir að dimma tekur né við erfið veðurskilyrði. Staðsetning flugvélar á Ísafirði var því talin forsenda þess að öryggi Vestfirðinga væri tryggt. Forsenda þess að talið var óhætt að beita þessu fyrirkomulagi var að endurbótum yrði lokið fyrir veturinn á flugvellinum á Þingeyri en hann er ætlaður sem framtíðarvaraflugvöllur fyrir norðanverða Vestfirði. Ekki tókst að ná því marki fyrir snjóa. Sá flugvöllur er því ekki nothæfur í því skyni. Auk þessa ályktaði bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, þegar breytt fyrirkomulag var í farvatninu, að tilteknar breytingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði væru forsenda þess að óhætt væri að breyta fyrra fyrirkomulagi sjúkraflugs. Þó var reiknað með að flugvöllurinn á Þingeyri yrði tilbúinn og hægt að fljúga þangað því næst hvenær sem er sólarhringsins, nema hugsanlega í allra verstu veðrum. Vestfirðingar búa því í dag við mikið óöryggi varðandi sjúkraflug.

Ég spyr því hæstv. ráðherra:

1. Hvaða ráðstafanir hyggst heilbrigðisráðherra gera varðandi sjúkraflug til Ísafjarðar nú þegar ljóst er að Þingeyrarflugvöllur verður ekki tilbúinn til notkunar í vetur?

2. Hafa verið gerðar þær úrbætur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði sem sveitarstjórn Ísafjarðarbæjar taldi meðal forsendna fyrir breyttu fyrirkomulagi sjúkraflugs?

[14:17]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir hefur beint til mín spurningum um sjúkraflug til Ísafjarðar.

Sem kunnugt er eru sjúkraflutningar, þar með talið sjúkraflug, á ábyrgð heilbrigðisstofnana samkvæmt lögum. Á árinu 2001 voru gerðir samningar um sjúkraflug á landsvísu og renna þeir samningar út í lok þessa árs. Þegar líða tók að lokum núverandi samnings var reynslan skoðuð með tilliti til þjónustu, breyttra samgangna á landi, þeirrar þjónustu sem heilbrigðisstofnanirnar eru í stakk búnar til að veita á hverjum stað og annarra aðstæðna sem lúta að þjónustunni.

Tími þótti til kominn að bæta þjónustuna á þann veg að aðalsjúkraflugvél skyldi vera sérútbúin flugvél sem eingöngu væri ætluð til þessara flutninga, búin hverfihreyflum og jafnþrýstibúnaði í farþegarými. Þessar kröfur gjörbreyta og bæta alla sjúkraflutningsgetu. Vélarnar geta farið hærra en áður, losnað við ókyrrð af fjöllum og þar af leiðandi er auðveldara að sinna sjúklingi er við þau skilyrði er flogið.

Ekki þarf að lýsa þeirri miklu framför sem felst í því að um sérútbúna vél er að ræða en ekki farþegavél sem sæti hafa verið tekin úr og laus búnaður settur inn í staðinn eins og hingað til hefur verið. Í þessar endurbætur var ráðist eftir mikla skoðun og hvatningu frá heilbrigðisstofnunum víða um land. Má í þessu sambandi geta þess að sjúkraflugvél sú sem verður notuð er af sömu tegund og flugvél Flugmálastjórnar, sem margir hafa augum litið.

Á síðasta samningstímabili var þeirri nýjung og framför komið á að sérlærður sjúkraflutningamaður fylgdi ávallt sjúkraflugvélinni sem staðsett var á Akureyri. Skapaðist við það mikil reynsla og sérþekking á aðstæðum í flugi. Einnig gaf það möguleika á að læknar í héruðum þyrftu ekki að yfirgefa héraðið og fylgja sjúklingum í sjúkraflug eins og áður tíðkaðist. Einnig gafst sá möguleiki að læknir sá sem kallaði til sjúkraflug gat beðið um að læknir fylgdi einnig með vélinni auk sjúkraflutningamannsins. Þessi þjónusta bauðst frá miðstöð sjúkraflugs á Akureyri og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, á svæðinu frá botni Hrútafjarðar norður og austur um til Hafnar í Hornafirði. Þessi bætta þjónusta bauðst ekki á Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum þar sem einnig voru staðsettar sjúkravélar.

Í nýju útboði var gert ráð fyrir að hin stórbætta sjúkraflugvél þjónaði einnig Vestfjörðum. Var það gert í fullu samráði við starfsmenn og stjórn Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Einnig var fullt samráð haft við reynda flugmenn og flugrekstraraðila, sem og Landhelgisgæslu, um breytinguna enda er gert ráð fyrir að Landhelgisgæslan gæti þurft að senda þyrlu til Ísafjarðar við ákveðin skilyrði, líkt og oft hefur þurft að gera undanfarin ár. Við undirbúning þessara breytinga var gert ráð fyrir óbreyttu ástandi á Þingeyrarflugvelli en við bætt skilyrði þar, þegar þar að kemur, mun þjónustan að sjálfsögðu verða enn tryggari.

Líkt og ég hef áður getið er þessi breyting gerð í fullu samráði og sátt við starfsfólk og stjórnendur Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, enda taldi ég það algjört skilyrði þessa. Breytingin felur í sér að flugvél er ekki staðsett á Ísafirði en í staðinn kemur mun öflugri, sérbúin sjúkraflugvél, með öflugri mannafla og búnaði. Í þessu sambandi er rétt að minna á að þegar um sjúkraflug frá Ísafirði er að ræða er sjúklingurinn fluttur frá einu vel búnu sjúkrahúsi til annars, en ekki eins og sums staðar er að ekkert sjúkrahús er á staðnum. Búnaður sjúkrahússins á Ísafirði hefur verið í stöðugri skoðun og er ætlunin að bæta fremur við hann í samráði við stjórnendur og starfsfólk þess sjúkrahúss þannig að búnaðurinn verði sem allra bestur.

Eins og þingmenn hafa mögulega tekið eftir undirritaði ég samning um sjúkraflug á norðursvæði síðastliðinn laugardag á Akureyri. Það er vissa mín að verulegt framfaraskref sé með því stigið í sjúkraflutningum í lofti. Það byggist á því að sérútbúin sjúkraflugvél er tekin í gagnið. Ég er fullviss um að það mun bæta til muna þjónustuna í byggðum landsins við þá sem hennar þurfa að njóta og á hana þurfa að treysta. Það mun bæta aðstöðu Vestfirðinga í þessu efni einnig.

[14:22]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni að sem best búin flugvél annist þá sjúkraflutninga sem um ræðir og undir það skal heils hugar tekið.

Ég vildi hins vegar spyrja hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi: Nú kemur þessi flugvél ekki alveg strax, en hvernig verða málin leyst þangað til, hæstv. ráðherra, að hin vel útbúna flugvél kemur? Hvernig verða málin leyst þangað til?

Svo er annað sem snýr að öryggismálum Ísfirðinga. Það hefur verið visst öryggi í að hafa flugvél staðsetta á Ísafirði, almennt í öryggisskyni, að hafa samning um sjúkraflug sem tryggði vél á Ísafirði sem var veigamikill þáttur í öryggismálum. Þingeyrarflugvöllur er ekki tilbúinn þannig að ég vil spyrja ráðherra: Hefði ekki komið til greina að staðsetja flugvél þar í (Forseti hringir.) vetur þangað til að Þingeyrarflugvöllur er tilbúinn (Forseti hringir.) eða hin flugvélin sannarlega komin til starfa?

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra ágæt svör. Það er augljóst að sá flugvélakostur sem tekinn verður í gagnið verður mun betur til þess fallinn að sinna sjúkraflutningum en áður. Einnig er fagnaðarefni að það skuli eiga að vera læknir í flugvélinni en ekki að jafnvel þurfi að senda lækni af viðkomandi stað eins og áður hefur þurft í vissum tilfellum. Þetta eru því góðar breytingar. Hins vegar þurfa ákveðnar forsendur að vera fyrir hendi til þess að þær nýtist. Þar er ég enn að tala um flugvöllinn. Nú heyrist mér að fram að því sem hann kemst í gagnið eigi að nota þyrlu. Það gerir það auðvitað að verkum að viðbragðstími verður mun lengri en áður hefur verið.

Ég lagði í fyrra fram fyrirspurn um hve oft hefði þurft að fella niður áætlunarflug til Ísafjarðar vegna veðurfars. Ég held að öllum hafi komið á óvart hve oft það var. Þar var þó verið að tala um ferðir að degi til. Eins og ég sagði áðan er ekki hægt að lenda á Ísafirði eftir myrkur. Hins vegar er hægt að taka á loft frá Ísafirði eftir að dimma tekur. Mér sýnist því að öryggi íbúa norðanverðra Vestfjarða verði ekki eins vel tryggt, þar til Þingeyrarflugvöllur verður tekinn í gagnið, og það var á meðan flugvél var staðsett á Ísafirði, því miður.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að athuga hvort ekki er ástæða til að hafa flugvél á flugvellinum á Ísafirði á meðan Þingeyrarflugvöllur er enn í því ástandi sem hann er en þar vantar lítið upp á en í því verður ekki unnið (Forseti hringir.) fyrr en næsta sumar.

[14:26]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á þrjú atriði í þessu sambandi. Í fyrsta lagi mun Landhelgisgæslan verða bakland í þessum efnum. Í öðru lagi þarf að gæta að því að framkvæmdir á Þingeyrarflugvelli dragist ekki úr hömlu. Viðunandi aðstaða þar bætir enn þar úr þótt hún sé ekki forsendan fyrir þessum ákvörðunum.

Í þriðja lagi, sem er kannski mikilvægast og verður að undirstrika, er um að ræða flutning sjúklinga frá vel útbúnu sjúkrahúsi sem við þurfum að búa enn betur úr garði. Sjúkrahúsið á Ísafirði er það vel búið og hefur það mikla möguleika til að taka við sjúklingum að hlutfallslega þarf sjaldnar í sjúkraflug frá Ísafirði en frá öðrum landshlutum á norðanverðu landinu, fyrir utan Eyjafjarðarsvæðið. Það sýnir að þessi þjónusta er mjög góð heima fyrir. Hins vegar geta alltaf komið upp dæmi sem þarfnast skjótrar úrlausnar. Ég geri mér grein fyrir því. Þess vegna er reiknað með því að Landhelgisgæslan geti gripið inn í ef á þarf að halda.

En meginatriðið er að sjúkraflutningar frá landshlutanum verða stórbættir. Sem betur fer hafa þeir ekki allir verið akút en (Forseti hringir.) það getur samt komið fyrir og þá (Forseti hringir.) kemur Landhelgisgæslan inn í það. (Forseti hringir.) Ég vil undirstrika að þarna er horft til öryggis fjórðungsins.

Umræðu lokið.

Tæknifrjóvganir.

Fsp. ÁÓÁ og ÁRJ, 276. mál. — Þskj. 290.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Hér er um að ræða fyrirspurn frá mér og hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur um tæknifrjóvganir.

Færsla glasafrjóvgunardeildar Landspítalans yfir í hinn sjálfstæða rekstur ART Medica hefur heppnast vel að mati flestra, þar á meðal samtakanna gegn ófrjósemi sem heita Tilvera. Aðstaðan og þjónustan hefur stórbatnað og biðlistar styst til muna. Við færslu á þjónustunni, fyrir um tíu mánuðum, var því lýst yfir að starfsemin yrði tryggð og að meðferðarkostnaður mundi ekki hækka. En frá því í ágúst síðastliðnum hefur hins vegar skapast óásættanleg staða þar sem fjölda umsamdra meðferða var náð í sumar og fólk lenti í því að greiða fyrir meðferð að fullu í rúma þrjá mánuði eða fresta meðferðinni um ókominn tíma.

Samkvæmt upplýsingum frá Tilveru hafa nokkrir tugir einstaklinga lent í að borga fyrir meðferð, greiða fullu verði þjónustu sem áður var niðurgreidd. Sá kostnaður getur numið mjög háum upphæðum eða nokkrum hundruðum þúsunda króna. Enn hefur ekki verið komið til móts við það fólk um endurgreiðslu, eftir því sem ég best veit. Það er ljóst að þörfin fyrir slíkar meðferðir hefur vanmetin í samningi milli LSH og ART Medica. Þrátt fyrir að fjöldi niðurgreiddra meðferða hafi farið upp 330 meðferðir á árinu 1999 var einungis samið um 250 niðurgreiddar meðferðir milli LSH og ART Medica í samningi fyrir árið í ár.

Samtökin Tilvera meta að það svo að veita þurfi viðbótarfjármagn til sem nemur 105 meðferðum og miða þurfi við um það bil 330 meðferðir á ári til að mæta þörfinni. Sé það ekki gert myndast einfaldlega enn lengri biðlistar.

Samningurinn við ART Medica rann út 12. nóvember síðastliðinn. Hins vegar hefur verið gerður bráðabirgðasamningur til skamms tíma. Enn vantar langtímalausn. Mig langar að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hve margar niðurgreiddar meðferðir verði samið um í næsta samningi.

Einnig spyr ég hvort hann muni koma til móts við þá sem ekki gátu notið niðurgreiðslu þjónustunnar á samningstímanum og greiddu fyrir meðferðina fullt verð eða frestuðu meðferðinni og hversu mörg pör þetta eru.

Í gær var kynnt afar ánægjulegt frumvarp sem heimilar m.a. tæknifrjóvganir samkynhneigðra. Því má ætla að eftirspurn eftir slíkum meðferðum muni aukast enn frekar á næstu árum. Það er ljóst að það þarf að gera ráð fyrir enn auknu fjármagni vegna þessa. Ég vil spyrja hvort hæstv. heilbrigðisráðherra muni taka tillit til fyrirhugaðra lagabreytinga í næstu samningsgerð.

[14:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn, tíundi þingmaður Reykjavíkur suður, Ágúst Ólafur Ágústsson, og fjórði þingmaður Reykjavíkur suður, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, hafa beint til mín fjórum fyrirspurnum um tæknifrjóvgun.

„Hyggst ráðherra tryggja fé til að hægt verði að greiða niður tæknifrjóvganir uns samningur við Art Medica rennur út?"

Þjónustusamningur, sem var gerður hinn 12. nóvember 2004 milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og Art Medica, var til eins árs og rann því út þann 11. nóvember sl. Í sumar var ljóst að Art Medica hafði lokið þeim meðferðafjölda sem samningurinn kvað á um á styttri tíma en ráð var fyrir gert og voru á þeim tímapunkti ekki lengur fjármunir fyrir hendi til niðurgreiðslu meðferða af hálfu Landspítala. Af því tilefni óskaði ég eftir því við Landspítalann að hann lyki samningum við Art Medica um greiðslur vegna þeirra sjúklinga sem höfðu hafið meðferð en féllu utan við þann fjölda meðferða sem samið var um í þjónustusamningnum frá 12. nóvember 2004. Auk þess óskaði ég eftir því við Landspítalann að gerður yrði viðbótarsamningur til bráðabirgða við Art Medica þannig að svigrúm gæfist til að undirbúa samning til lengri tíma. Landspítalinn gekk í framhaldi af því frá viðbótarsamningi við Art Medica til eins mánaðar og gildir hann til 12. desember 2005. Markmiðið með þeim samningi var að tryggja að ekki yrði truflun á þjónustu við tæknifrjóvgun meðan unnið væri að gerð nýs samnings. Auk þess hef ég falið Landspítala að ljúka gerð nýs samnings sem tæki mið af viðbótarsamningi um tæknifrjóvganir. Gert er ráð fyrir að þeirri samningsgerð ljúki fyrir 12. desember 2005.

Í öðru lagi hyggst ráðherra koma til móts við þá sem ekki geta notið niðurgreiðslu slíkrar þjónustu á samningstímanum. Þeir sem ekki hafa notið niðurgreiðslu ríkissjóðs vegna tæknifrjóvgana falla í tvo hópa. Annars vegar er sá hópur sem mætir ekki skilyrðum um greiðsluþátttöku ríkissjóðs, ekki eru nein áform um að koma til móts við þann hóp enda ekki heimilt að óbreyttu. Hinn hópurinn mætir framangreindum skilyrðum en er umfram þann fjölda meðferða sem kveðið er á um í samningi Art Medica við LSH. Kostnaður vegna þessa hóps er áætlaður um 7,5 millj. kr. og verður hafður til hliðsjónar við endurskoðun samningsins en stefnt er að því að undirrita endurnýjun samnings fyrir 12. desember nk. Undirbúningur og samningsgerð stendur nú yfir milli LSH og Art Medica og er því ekki unnt að gera grein fyrir niðurstöðunni. Það er vert að geta þess hér að samningur við Art Medica frá 12. nóvember 2004 var tilraunasamningur. Við framkvæmd hans hafa komið í ljós annmarkar sem þarf að lagfæra við gerð nýs samnings. Erfitt hefur reynst að fá upplýsingar um starfsemina sem leiddi til að greiðslur til þeirra sem nutu þjónustunnar stöðvuðust. Verið er að vinna úr þessu og stefnt að því við gerð nýs samnings að búið sé svo um hnútana að starfsemi geti gengið snurðulaust fyrir sig. Hér er um að ræða viðkvæma starfsemi sem mikilvægt er að stöðvist ekki í miðjum klíðum. Til að svo megi verða þarf að auka eftirlit með starfseminni og tryggja upplýsingaflæði um fjölda og tegund meðferða á hverjum tíma.

Ég vil fullvissa fyrirspyrjendur um að ég mun áfram leitast við að tryggja þeim sem ekki njóta niðurgreiðslna úr ríkissjóði vegna tæknifrjóvgana eins snurðulausa afgreiðslu og unnt er. Ég hef haft ágætt samstarf við fulltrúa þessa hóps og þekki vel til sjónarmiða þeirra.

„Hversu mörg pör eru nú á biðlista eftir tæknifrjóvgun?"

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér hjá Art Medica eru 100 pör á biðlista eftir glasafrjóvgun og biðlistinn nær því fram í mars 2006.

„Hversu mörg pör hafa ekki notið niðurgreiðslu á tæknifrjóvgun á samningstímanum og því greitt þjónustuna fullu verði eða frestað því að fara í slíka meðferð?"

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað munu 58 pör greiða þjónustuna að fullu þar sem þau kusu að bíða ekki með meðferðina. Þetta er frá 13. september – 11. nóvember 2005. Um 20 pör kusu að fresta meðferðinni vegna óvissu um greiðsluþátttöku ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég hef nú svarað þingmönnum eftir því sem kostur er. Eins og fram kemur í svari mínu verður málið unnið áfram og við leggjum áherslu á það og stefnt er að gerð nýs samnings um tæknifrjóvganir fyrir 12. desember nk. Ég vona að svar mitt hafi varpað ljósi á það mál sem er til umræðu.

[14:36]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Maður veltir fyrir sér af hverju ríkið ætti að borga tæknifrjóvganir yfirleitt? Fólk í þessari stöðu hefur yfirleitt verið barnlaust í nokkurn tíma og ætti þar af leiðandi að vera vel undir það búið að borga upphæðina sem um er að ræða, annars er það ekki fært um að ala upp börn. Annars hefur það ekki fjármuni til að ala upp börn yfirleitt. Þannig að maður spyr sig: Af hverju er leitað til ríkisins? Og þegar leitað er til ríkisins gerist alltaf það sama: Það myndast biðlistar. Það er ekki hægt að gera þetta o.s.frv. Ég skil ekki þessa umræðu yfirleitt. Mér finnst að fólk ætti að geta borgað þessa upphæð. Þetta er minna en kvart úr bílverði, menn ættu ekki að þurfa að leita til ríkisins þess vegna. Hver og einn ætti að geta ráðið við slík útgjöld. Auk þess sem fólk fær barn í staðinn sem er óborganlegt þannig að ég skil ekki umræðuna. Hins vegar mætti breyta gjaldskránni á þann veg hjá umræddum fyrirtækjum að ef aðgerðin tekst borga menn annars ekki. (Forseti hringir.)

[14:37]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Það er mjög sérstakt fyrirkomulag á þeim þætti heilbrigðisþjónustunnar sem tæknifrjóvgunin er. Eins og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir í ræðu sinni byggist fyrirkomulagið á samningi milli Landspítala og Art Medica. Ég vil spyrja ráðherra hvort mat hefur verið lagt á gæði og hagkvæmni þess að hafa hlutina í þessu formi umfram það sem áður var og hvort hugsunin sé sú að þetta fyrirkomulag sé til framtíðar.

[14:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og minni á að hér er um mjög viðkvæma þjónustu að ræða. Hún er vegna heilsufarsvanda þeirra sem nýta sér hana og það er alltaf mjög erfitt fyrir þá sem þurfa á þjónustu af þessu tagi að halda að búa við óvissu eins og hefur skapast núna þegar fjárskortur varð hjá fyrirtækinu sem annaðist hana. En mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að hann talaði um annmarka á þjónustunni eins og henni er fyrirkomið núna: Hverjir eru þeir annmarkar nákvæmlega? — Hann fór reyndar aðeins yfir það. — Telur hann að núverandi fyrirkomulag hafi skilað hagkvæmari rekstri og betri þjónustu en var hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi áður? Einnig vantaði svör frá hæstv. ráðherra um það hvort gert hafi verið ráð fyrir kostnaði vegna tæknifrjóvgana samkynhneigðra sem hæstv. ríkisstjórn er nú að (Forseti hringir.) leggja til á þingi?

[14:39]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að þakka þessa umræðu um tæknifrjóvganir og starfsemi Art Medica. Seint á síðasta ári var tekin um það ákvörðun, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, að flytja tæknifrjóvgunardeildina út fyrir Landspítalann og í einkarekstur. Það var að mínu mati mjög góð ákvörðun. Hins vegar var skrefið ekki stigið til fulls að því leyti að fjármagnið til þjónustunnar fer enn þá í gegnum Landspítala – háskólasjúkrahús, sem er mjög sérkennileg ráðstöfun. Þannig að í stað þess að Tryggingastofnun sjái um kaup á sérfræðiþjónustu, eins og verið hefur fram til þessa, þá er settur inn milliliður sem er Landspítali – háskólasjúkrahús, sem var í fyrstu mótfallinn breytingunni. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra: Mun fyrirkomulaginu verða breytt og hverja telur hann vera hagkvæmnina í að hafa Landspítala – háskólasjúkrahús sem millilið? (Forseti hringir.)

[14:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tel það fyrirkomulag á einkarekstri sem þarna er verið að reyna ákaflega athyglisvert og að það gefi viðspyrnu til að gera þessa tegund heilbrigðisþjónustu að útflutningsgrein, sem ég fagna. Það er sjálfsagt að ríkið taki þátt í kostnaði við aðgerð af þessu tagi. Ég hef reyndar verið þeirrar skoðunar að ríkið ætti að taka meiri þátt í slíkum aðgerðum en verið hefur hingað til. Ófrjósemi er eins og hvert annað mein sem hrjáir manninn, það er sjúkdómur og ríkinu ber skylda til að taka þátt í kostnaði til að vinna bug á honum. Ég vísa svo til þess, herra forseti, að ég lagði hér einu sinni fram fyrirspurn og svör við henni sýndu að þeir sem eignast börn með þessum hætti eru að meðaltali töluvert miklu eldri en þeir sem nota þá aðferð sem aðrir nota, þó ekki ég. Þeir hafa þess vegna greitt mjög mikið til samfélagsins og að meðaltali meiri skatta en aðrir. Þannig að ég held að hv. þm. Pétur Blöndal hljóti að skilja þau rök. Menn hafa greitt og þeir eiga að fá.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum þessa umræðu og hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir sín svör. Eins og oft áður er hæstv. heilbrigðisráðherra allur af vilja gerður til að leysa þetta mál og ég fagna því að hann muni beita sér fyrir því að endurgreiða viðkomandi pörum umræddan kostnað. Það eru gleðileg tíðindi. Hann segir einnig, hæstv. ráðherra, að það sé óljóst um niðurstöður þeirra samningaviðræðna sem eru í gangi núna en ég vil benda á og ítreka það að við þurfum að fjölga niðurgreiddum meðferðum eins og þörfin er núna. Óvissan er vond fyrir alla aðila í þessu samhengi og ég veit að hæstv. heilbrigðisráðherra áttar sig á því. Það er fróðlegt að vita að á hverju ári fæðast um 150–170 börn eftir tæknifrjóvgunarmeðferðir og þetta úrræði skiptir máli, bæði fyrir viðkomandi pör og fyrir þjóðarbúið í heild sinni. Ólíkt fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í heilbrigðisnefnd tel ég að ríkisvaldið eigi að koma að niðurgreiðslu slíkra meðferða. Hvað það varðar er augljóslega hugmyndafræðilegur munur á Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki. Við þurfum einnig að huga að eftirliti með þessari þjónustu og gæta að því að ekki leggist á viðkomandi pör alls konar viðbótarkostnaður en á því getur verið hætta í aðstæðum af þessu tagi.

Mig langar aðeins að nefna lyfjamálin hjá þessum hópi. Sem dæmi má nefna að greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar á tilteknu lyfi miðast við lyfið sem krabbameinslyf en ekki sem frjósemislyf. Þetta hefur þau áhrif að hver skammtur af lyfinu fyrir par í tæknifrjóvgun verður margfalt dýrari en ella. Það þarf því að huga að skráningu þessara lyfja og ég vil koma þeirri ábendingu áleiðis til hæstv. ráðherra.

Að lokum langar mig aðeins að nefna tæknisæðingar. Þær hafa ekki verið niðurgreiddar af hálfu ríkisins en kostnaður við þær hefur hins vegar ekki verið tekinn með í afsláttarkorti TR, samkvæmt upplýsingum frá Tilveru. Ég vil að lokum spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann muni beita sér fyrir því að kostnaður við tæknisæðingar verði tekinn með í afsláttarkorti Tryggingastofnunar?

[14:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um málið. En greiðsluþátttaka ríkisins helgast vissulega af því að gefa öllum kost á umræddri þjónustu óháð efnahag og stöðu. Spurt var hvort mat hefði verið lagt á gæði eða hagkvæmni. Eins og fram hefur komið hér hefur þessi þjónusta verið góð svo ég hef engar athugasemdir hvað gæði snertir. Hvað hagkvæmni varðar hefur það ekki

sýnt sig að þjónustan sé ódýrari en á Landspítalanum. Einnig var spurt hvaða annmarkar væru á þjónustunni. Ég nefndi að við þurfum að bæta upplýsingaflæðið og koma á skilvirkara eftirliti með starfseminni og ég efast ekki um að úr því verður bætt. Um tilraunaverkefni var að ræða og það var sett upp sem slíkt á sínum tíma. Það er ekkert óeðlilegt við það. Varðandi samkynhneigða þá munum við að sjálfsögðu fara yfir þá þörf sem þar yrði væntanlega til staðar þegar samningurinn verður endurnýjaður. Hvað spurninguna um Landspítalann varðar hefur umrædd stofa mikil samskipti við hann af mörgum ástæðum: vegna kennslu, vegna geymslu, vegna innlagna hugsanlega o.s.frv. Það þótti af þeim ástæðum rétt að Landspítalinn annaðist þetta. Og varðandi lyfjamálin og tæknisæðingar (Forseti hringir.) þá tek ég þær ábendingar sem hv. fyrirspyrjandi nefndi til skoðunar og mun fara yfir þær.

Umræðu lokið.

Athugasemdir mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Fsp. KolH, 273. mál. — Þskj. 287.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef beint fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra varðandi það hvernig stjórnvöld hafi brugðist við athugasemdum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá því í apríl 2005 þess efnis að:

a. skilgreining á hryðjuverkum í almennum hegningarlögum sé óljós og geti náð til lögmætra aðgerða í lýðræðisþjóðfélagi og stefnt þeim í hættu, þannig að skilgreininguna þurfi að endurskoða,

b. ákært sé í of fáum nauðgunarmálum miðað við fjölda kærðra mála og stjórnvöldum beri að tryggja að alvarleiki nauðgunarbrota sé viðurkenndur og látið reyna á fleiri mál fyrir dómi.

Þessi tilmæli koma frá þeirri nefnd sem annast eftirlit með alþjóðlegum samningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og eru á svipuðum nótum að sumu leyti og önnur tilmæli sem við fengum fyrir meira en ári frá svipaðri nefnd sem annast umsjón með alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og hæstv. dómsmálaráðherra svaraði fyrir í fyrirspurn á þingi þann 3. nóvember 2004. Þar voru einmitt gerðar athugasemdir líka um ofbeldismál. Þá var það fyrst og fremst heimilisofbeldi. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur nú sett þær athugasemdir í ákveðinn farveg og við höfum frétt af því að í bígerð muni vera að koma með frumvarp varðandi almenn hegningarlög um að bætt verði við sérstakri refsiþyngingarástæðu þar sem náin tengsl geranda og brotaþola í ofbeldismálum þyki hafa gert árásina grófari.

Varðandi þau atriði sem hér er fjallað um er í fyrsta lagi verið að fjalla um ákvæðið sem við köllum hreinlega hryðjuverkaákvæðið, þ.e. hvaða tæki stjórnvöld geti haft í höndum til að reyna að koma í veg fyrir hryðjuverk eða hafa uppi á hryðjuverkamönnum í samfélaginu. Í því sambandi er fólki bannað að hylja andlit sitt í mótmælaaðgerðum og þar fram eftir götunum. Það var rætt í þessum sal á þeim tíma þegar þau ákvæði fóru í gegn að þetta gæti einmitt komið í veg fyrir fullkomlega lögmæt mótmæli ef t.d. leikrænum tilburðum væri beitt í þágu mótmælaaðgerða þar sem fólk væri í búningum og mundi hylja andlit sín. Þá væri þarna mjög grátt svæði. Ljóst er að nefndin sem sér um að framfylgja þessum samningi og athuga hvernig aðildarríkin gera það hefur ákveðnar athugasemdir. Sömuleiðis þætti mér vænt um að heyra hæstv. ráðherra segja frá því hvernig sú vinna stendur í ráðuneytinu (Forseti hringir.) að sjá til þess að fleiri nauðgunarkærur nái (Forseti hringir.) fram að ganga og endi með dómi.

[14:50]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt var um skilgreiningu á hryðjuverkum í almennum hegningarlögum. Með lögum 99/2002 var í fyrsta sinn sett almenn skilgreining á hryðjuverkum í almenn hegningarlög, nánar tiltekið í 100. gr. a. Markmið laganna var að gera nauðsynlegar lagabreytingar til þess að íslenska ríkið uppfyllti skuldbindingar sínar samkvæmt þremur alþjóðasamþykktum á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Í fyrsta lagi var um að ræða alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna frá 1997 til að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar. Í öðru lagi alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna frá 1999 til að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi og loks ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 frá 28. september 2001 sem samþykkt var í kjölfar hryðjuverkanna sem framin voru í Bandaríkjunum hinn 11. september 2001.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum 99/2002 kemur fram að rík þörf sé talin á að setja refsilöggjöf sem kveði skýrt á um að fjármögnun hryðjuverka sé sjálfstæður refsiverður verknaður. Þörf væri á að hryðjuverk yrðu skilgreind í refsilögum og þau talin til alvarlegustu afbrota.

Við skilgreiningu á hryðjuverkum var stuðst við ákvæði alþjóðlegra sáttmála til að sporna við hryðjuverkastarfsemi. Segir í greinargerð að tillögur frumvarpsins við skilgreiningu hryðjuverka séu reistar á sama grunni og stefnt sé að með rammaákvörðun Evrópusambandsins frá 6. desember 2001. Þyki eðlilegt og til samræmingar að notast við sömu skilgreiningu og flest Evrópuríki. Þessi stefna er í samræmi við samvinnu Evrópuríkja til að berjast gegn hryðjuverkum sem hefur fyrst og fremst verið á vettvangi Evrópuráðsins en á síðari árum einnig á vettvangi Evrópusambandsins.

Virðulegi forseti. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna taldi umrætt ákvæði hegningarlaganna sem sett var með fyrirmynd í alþjóðlegum samþykktum og til að framfylgja ályktunum frá þeirri alþjóðlegu stofnun sem mannréttindanefndin sjálf er hluti af vera óljóst og óskýrt. Reyndar kom fram í máli nefndarmanna að sama gilti um löggjöf margra annarra ríkja og almennt væri mjög örðugt að skilgreina hryðjuverk. Taldi nefndin eigi að síður að Ísland þyrfti að móta og taka upp nákvæmari skilgreiningu á hryðjuverkum. Tel ég að við þurfum áfram að gæta samræmis við aðrar þjóðir í þessum efnum og er það í raun nauðsynlegt í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga. Nú stendur

fyrir dyrum að athuga hvaða lagabreytingar þurfi að gera svo að unnt sé að fullgilda nýjan samning Evrópuráðsins gegn hryðjuverkum sem undirritaður var af Íslands hálfu í maí síðastliðnum. Mun í því sambandi verða farið yfir orðalag umræddrs ákvæðis almennra hegningarlaga og hvort nauðsynlegt sé að breyta því. Stefni ég að því að leggja fram frumvarp um aðgerðir gegn hryðjuverkum á þessu löggjafarþingi.

Þá var vikið að því að mannréttindanefndin lýsti áhyggjum sínum yfir miklum fjölda tilkynntra nauðgana, samanborið við fjölda lögsókna vegna nauðgunar og mæltist til þess að ekki yrði látið hjá líða að refsa fyrir nauðgun. Af hálfu Íslands var sýnt fram á tiltölulega hátt hlutfall sýknudóma og að þetta háa hlutfall gæfi vísbendingu um að ákvörðun um saksókn væri tekin frekar en ekki. Þetta hefur verið staðfest af embætti ríkissaksóknara. Hlutfall sýknudóma er hærra í þessum brotaflokki en öðrum. Þegar kemur að kynferðisbrotunum hefur embætti ríkissaksóknara meðvitað fylgt þeirri stefnu að ákæra í vafatilvikum.

Árið 2003 var ákært í 16 málum samkvæmt 194.–198. gr. hegningarlaganna en þar af var sýknað í 11 málum. Af sjö dómum sem fallið hafa í málum frá 2004 samkvæmt þessum ákvæðum hefur verið sýknað í þremur. Enn er ódæmt í þremur málum. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara hefur verið reynt að gæta sérstaklega að þessum brotaflokki. Reynt hefur verið að veita lögreglu aðhald við rannsókn þessara mála og gætt þess að leggja vafatilvik fyrir dóm.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að undanfarna mánuði hefur Ragnheiður Bragadóttir prófessor unnið í mínu umboði að endurskoðun á hluta kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, þar á meðal ákvæða um nauðgun. Mun hún senn skila mér frumdrögum að frumvarpi og býst ég við að leggja frumvarp um það efni fram á Alþingi í kringum jólahlé.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir svörin. Mér þykir gott til þess að vita að fram skuli eiga að koma, helst á þessu þingi, frumvarp frá hæstv. ráðherra um nýja skilgreiningu á hryðjuverkum þar sem hæstv. ráðherra ætlar að leggja fram frumvarp um aðgerðir gegn hryðjuverkum.

Ég held að við hljótum að verða að taka tillit til þessara ábendinga. Ég var satt að segja í hópi þeirra þingmanna sem höfðu áhyggjur af þessu þegar ákvæðin voru sett í hegningarlögin á sínum tíma, að við værum með afar loðið og óskýrt orðalag. Við töldum þá að hæstv. dómsmálaráðherra ætti að endurskoða þau sjónarmið sem hann talaði þá fyrir en ég sé að hann kemur til með að endurskoða þetta í ljósi þessara tilmæla. Ég tel það vera af hinu góða.

Varðandi hlutfall sýknudóma í nauðgunarmálum tengist það auðvitað þeirri umræðu sem er almennt í gangi núna varðandi aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi. Ríkisstjórnin hefur tekið afar vel í tilmæli frjálsra félagasamtaka sem hafa komið fram og verið formlega kynnt ríkisstjórninni. Hún hefur tekið vel í að setja fram almenna aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi, og inn í þá aðgerðaáætlun fléttuðu þau félagasamtök sem að henni stóðu ákveðnar áhyggjur um hlutfall sýknudóma í nauðgunarmálum. Það hlýtur að vekja athygli að af þeim fjölda mála sem koma til kasta dómstóla — ég er bara með tölur frá 2003 en samkvæmt þeim bárust ríkissaksóknara 65 nauðgunarmál — af þeim 65 voru 49 felld niður en ákært í 16. Aðeins fjórum þeirra lauk með sakfellingu, 6,2% kæra í (Forseti hringir.) nauðgunarmálum leiddu til dóms yfir sakborningi.

Við hljótum að verða að taka þessar (Forseti hringir.) staðreyndir til skoðunar.

Umræðu lokið.

Löggæsla á skemmtunum í Skagafirði.

Fsp. SigurjÞ, 277. mál. — Þskj. 292.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Sérsveit ríkislögreglustjóra hefur verið nokkuð í umræðunni og síaukin fjárframlög til hennar. Hún hefur tekið að sér hin og þessi verkefni og ég hef beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra:

„Hversu oft hefur sérsveit ríkislögreglustjóra tekið að sér löggæslu á skemmtunum í Skagafirði og hver er kostnaður ríkisins vegna þessa?“

Almenningur í Skagafirði skilur ekki hvers vegna í ósköpunum kallaðir eru til sérsveitarmenn alla leið frá Akureyri til að sinna löggæslu á skemmtunum í Skagafirði. Lögreglumenn á Sauðárkróki hafa í greinargóðu bréfi til þingmanna lýst því mati sínu að þetta ráðslag sé óeðlilegt á friðartímum. Þetta er sambærilegt ferðalag og ef sérsveitarmenn væru kallaðir úr Reykjavík alla leið austur á Hvolsvöll til að sinna almennri löggæslu á skemmtunum.

Skýringin sem ég fékk hjá fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu var að um sparnað væri að ræða, þ.e. að það sé að einhverju leyti hagkvæmara að kalla menn alla leið frá Akureyri í stað þess að nýta þjónustu okkar ágætu lögreglumanna á Sauðárkróki. Vissulega getur þetta verið sparnaður ef eingöngu er litið á sýslumannsembættið á Sauðárkróki en ég get ómögulega séð að um sparnað fyrir ríkissjóð sé að ræða.

Fleira kreppir að varðandi löggæsluna á Sauðárkróki. Árið 2004 var haldið ungmennafélagsmót og sýslumaðurinn krafði mótshaldara um sérstakan löggæslukostnað. Hann var síðan felldur niður og ég var sammála því, en á móti komu engin fjárframlög til lögreglunnar á Sauðárkróki til að mæta þessum aukna kostnaði. Mörgum, einnig þeim sem hér stendur, finnst mjög sérkennilegt að blása út sérsveit fyrir 100 milljónir þetta árið og enn þá hærri upphæð árið á undan og í staðinn er dregið úr og kreppt að almennri löggæslu. Þetta skilur enginn og ég veit að margir í Skagafirði óska eftir því að hæstv. ráðherra gefi greinargóð svör vegna þess að það er mörgum hulin ráðgáta hvernig það getur verið sparnaður að kalla menn langt að til að sinna löggæslu sem heimaaðilar geta vel sinnt og hafa gert mjög vel hingað til.

[15:00]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er:

„Hversu oft hefur sérsveit ríkislögreglustjóra tekið að sér löggæslu á skemmtunum í Skagafirði og hver er kostnaður ríkisins vegna þessa?"

Aflað var upplýsinga hjá embætti ríkislögreglustjóra og sýslumanninum á Sauðárkróki vegna fyrirspurnar hv. þingmanns. Samkvæmt þeim kemur fram að lögreglan á Sauðárkróki óskaði eftir aðstoð sérsveitarmanna sem staðsettir eru á Akureyri í tengslum við dansleik 2. september sl. og vegna skemmtanahalds í tengslum við Laufskálaréttir í Hjaltadal þann 24. september sl. Ástæðan fyrir því var það mat lögreglunnar á Sauðárkróki að þörf væri fyrir aukna löggæslu í tengslum við þessa viðburði.

Eins og kunnugt er var fyrirkomulagi við sérsveitina á Norðurlandi breytt fyrr á þessu ári með það að markmiði að styrkja og efla löggæslu á því svæði. Fólst það bæði í því að sérsveitarmennirnir voru leystir undan vöktum hjá embætti sýslumannsins á Akureyri og fjórir lögreglumenn ráðnir þar til starfa í þeirra stað og um leið í því að sérsveitarmennirnir skyldu vera tiltækir fyrir lögregluliðin öll á Norður- og Austurlandi ef þörf skapaðist fyrir aukna löggæslu. Sé ég ekki betur en að þessi dæmi úr Skagafirðinum sýni vel hvernig þessi breyting hefur skilað sér með öflugri löggæslu.

Umframkostnaður við aukningu löggæslunnar í tengslum við þessa viðburði var enginn en sá kostnaður sem fólst í ferðum og greiðslum til umræddra sérsveitarmanna kemur frá þeirri fjárveitingu sem til rekstrar hennar er varið. Miðað við fjölda vinnustunda sérsveitarmanna og akstur væri þessi kostnaður í útseldri vinnu um 170 þús. kr. samtals. Löggæslukostnaðurinn var innheimtur vegna umræddra dansleikja vegna aukins viðbúnaðar lögreglunnar á Sauðárkróki og nam hann um 35 þús. kr. í hvort skipti.

[15:02]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þjónusta lögreglumanna sé byggð upp í héraði og að það sé þá í hreinum undantekningartilvikum sem lögregla sé sótt lengra að. Í orðinu sérsveitir felst að þær eru sérbúnar. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort þær séu ekki jafnvel með vopn undir höndum. Það er ekkert sérstaklega góð auglýsing eða kynning á landshlutum að senda þurfi sérstaka sérsveit lögreglu til að vera viðstödd eðlilegt samkomuhald. Maður vill helst (Forseti hringir.) vera laus við það. Ég hvet hæstv. ráðherra til að treysta stöðu löggæslunnar í Skagafirði þannig að sem minnst þurfi að reyna á þessa þjónustu.

[15:03]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ástæða þess að á Sauðárkróki hefur verið valin sú leið í einstaka tilfellum að kalla til hinar svokölluðu sérsveitir er sú að embættið er illa haldið fjárhagslega. Í hinum minni embættum lögreglunnar víða um landið fá lögreglumenn á launum gjarnan fasta greiðslu árlega vegna þess að leyfilegt er að kalla í þá á ballvaktir og þegar sérstaklega háttar til. Þegar embættin eru jafnilla haldin og fyrir norðan þýðir það að kraftur þessara manna er ekki nýttur. Þeir þiggja þessa föstu árlegu greiðslu en hins vegar er ekki hægt að kalla í þá til að sinna störfum þegar þörf er á vegna þess að embættið hefur ekki efni á því.

Peningurinn er heldur látinn koma úr öðrum vasa, í þessu tilfelli úr vasa á Akureyri. Að sjálfsögðu þarf að kosta vinnu starfsmanna hvaðan sem þeir koma, og í þessu tilfelli bætist ferðakostnaður við.

[15:05]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get skilið að í fámennum umdæmum þurfi undir ákveðnum kringumstæðum að fá aðstoð við löggæslu þegar sérstakir atburðir eiga sér stað. Ég verð þó að viðurkenna að það kemur mér svolítið spánskt fyrir sjónir að það skuli vera sérþjálfaðir og sérútbúnir lögreglumenn, þ.e. sérsveit lögreglunnar sem á m.a. að vera tilbúin til að grípa til vopna og er útbúin á allt annan hátt en hin almenna lögregla. Það kemur á óvart að það skuli vera það lið sem hleypur undir bagga þegar þörfin er mest.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Fer sérsveit lögreglunnar með allan sinn útbúnað á stað þar sem aðeins er um löggæslu að ræða, á skemmtun?

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Það er náttúrlega mjög einkennileg hagfræði í þessu, að eingöngu ferðakostnaðurinn sé 170 þús. kr. Það væri mjög fróðlegt að fá að bera saman hver útgjöldin yrðu fyrir embættið á Sauðárkróki ef menn þaðan væru kallaðir í þessi verkefni, fá samanburðardæmi til að geta metið stöðu sérsveitarinnar. Það er mjög sérstakt að efla einhverja sérsveit á meðan verið er að draga saman almenna löggæslu, sérstaklega þar sem við erum að tala um löggæslu á almennum friðsömum dansleik, að kalla til menn úr meira en 100 km fjarlægð.

Þetta leiðir hugann að framtíðarverkefnum sem eru ekki langt undan, þ.e. að hestamannamóti næsta sumar. Það er spurning hvernig hæstv. dómsmálaráðherra mun beita sér þá. Mun hann kalla til sérsveitarmenn alla leið úr Reykjavík til að sinna löggæslu eða munu almennir lögregluþjónar sinna störfum á hinum friðsömu mótum? Mun hann jafnvel efla þá lögregluna á Sauðárkróki þannig að hún geti sinnt þessum verkefnum, lendi ekki í vandræðum þegar upp koma svona viðburðir sem eru nánast annað hvert ár, hestamannamót og héraðsmót ungmennafélaganna, svo að ekki sé verið að búa til pressu?

Það verður að taka á atburðum úti á landsbyggðinni þar sem embætti eru lítil og fjárvana, einhvern sjóð þarf til að veita úr í þessi störf. Það sjá allir í hendi sér að það er ekkert vit í því að flytja sérsveitarmenn hringinn í kringum landið til að sinna svona skemmtanahaldi. Nær væri að gefa löggæslunni á staðnum meira svigrúm. Öllum finnst það eðlilegt, sérstaklega lögreglumönnunum á Sauðárkróki. Ég endurtek að þeim finnst óeðlilegt á friðartímum að kalla sérsveit á böllin.

[15:08]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegur forseti. Mér finnast þetta mjög sérkennilegar umræður um þetta mál. Í fyrirspurninni er gengið út frá því að einhver gífurlegur kostnaður hafi orðið vegna þessa. Hann hefur enginn orðið. Snýst þetta um launamál lögreglumannanna á Sauðárkróki? Eru þingmenn í raun að spyrja um það, hafa áhyggjur af að þetta skerði eitthvað laun lögreglumanna á Sauðárkróki?

Ef það er það sem menn eru raunverulega að spyrja um er það eitthvert hagkvæmnisatriði hjá sýslumanninum á Sauðárkróki. Ég er spurður um þetta og það kemur fram að lögreglan kallaði þessa menn til til að sinna þessum verkefnum. Þeir eru með starfsstöð á Akureyri og þeir eru til taks fyrir alla sem telja sig þurfa á starfskröftum þeirra að halda. Þeir fara að sjálfsögðu með þann búnað sem þarf miðað við aðstæður hverju sinni. Ég veit ekki hvernig þeir hafa metið áhættuna varðandi þetta útkall frá Sauðárkróki (**SigurjÞ:** Busaball.) en mér finnst þetta mjög sérkennileg umræða. Ég skil eiginlega ekki almennilega tilefni hennar. Er það út af einhverjum launamálum lögreglumanna á Sauðárkróki sem menn standa hér upp til að ræða þetta á þessum forsendum? Þetta eru lögreglumenn sem starfa á Akureyri sem eru til taks fyrir lögregluliðin alls staðar á Norðurlandi og Austurlandi og þeir voru kallaðir til þessa verkefnis.

Það er líka verið að tala um að stækka lögregluumdæmin og þá verður meiri hreyfanleiki á lögreglumönnum. Ég hef ekki heyrt neinn tala um að það sé einhver aðför að kjörum lögreglumanna að stækka lögregluumdæmin. Þvert á móti hafa allir talsmenn lögreglunnar, Landssambands lögreglumanna og annarra verið talsmenn þess að umdæmin væru stækkuð til þess að hafa þennan sveigjanleika í liðunum til að þau geti sinnt ákveðnum verkefnum.

Ef menn eru að tala um launamál einstakra lögreglumanna á Sauðárkróki eiga þeir að segja það. Þetta mál hér snýst ekkert um það, það snýst um viðbrögð sem gripið er til að ósk lögreglunnar á Sauðárkróki.

Umræðu lokið.

Kynbundið ofbeldi.

Fsp. KolH, 195. mál. — Þskj. 195.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég lagði þessa fyrirspurn fram á þingskjali við upphaf þings, sennilega 1. október. Hún var sett á dagskrá miðvikudaginn 19. október. Vegna kringumstæðna og umræðna um störf þingsins þann dag og fleira komst hún ekki á dagskrá þann daginn. Ég verð að játa það úr þessum stóli að ég var hálfföl þennan dag líka yfir því að daginn áður, þann 18. október, hafði ríkisstjórnin gefið út forláta fréttatilkynningu um aðgerðir gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi. Þar með hafði hæstv. félagsmálaráðherra svarað öllum liðum fyrirspurnarinnar í fréttatilkynningu. Mér þótti að mér vegið og fannst að þingmaðurinn hefði átt að fá svarið í þingsalnum áður en hlaupið væri í fréttir daginn áður en fyrirspurnin mín var á dagskrá. Þegar ég sá að hún var aftur komin á dagskrá — ég var búin að gleyma henni, eins og maður gleymir yfirleitt því sem leiðinlegt er — hugleiddi ég að afturkalla hana. En svo hugsaði ég: Nei, auðvitað á ég ekki að afturkalla hana. Við skulum bara taka smáorðaskipti um aðgerðir ríkisstjórnarinnar héðan úr þessum ræðustóli.

Ég fagna því sem fram kemur í fréttatilkynningu ríkisstjórnarinnar frá 18. október sl. um að búa eigi til heildstæða aðgerðaáætlun gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi í landinu. Þetta er upphaflega gert vegna beiðni og þrýstings frá frjálsum félagasamtökum sem efndu til 16 daga átaks á síðasta ári gegn heimilisofbeldi og kynbundnu ofbeldi almennt. Nú líður að því að sams konar alþjóðlegt átak sé aftur að fara í gang, 16 daga átak, gegn kynbundnu ofbeldi. Yfirskrift átaksins er Heilsa kvenna, heilsa mannkyns: Stöðvum ofbeldið. Markmið átaksins er hið sama og í fyrra, afnám alls kynbundins ofbeldis. Það er ánægjulegt að geta sagt frá því hér að í þetta sinn fjölgar umtalsvert félagasamtökunum sem að átakinu standa. Ég held að við eigum von á mjög kraftmiklu starfi og sýnilegu þessa daga, frá 25. nóvember næstkomandi til 10. desember.

Fyrirspurn mín til hæstv. ráðherra stendur sem sagt. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari því á hvern hátt hann ætli að verða við tilmælunum sem komið hafa frá félagasamtökunum um aukin félagsleg úrræði, fyrst og fremst, til fórnarlamba heimilisofbeldis og þeirra sem beita slíku ofbeldi. Það sem ég er með í huga er áskorunin frá félagasamtökunum sem óska eftir því að sérstaklega verði skoðuð aðgerðaáætlun bæjar- og sveitarfélaga gegn kynbundnu ofbeldi, að fórnarlömb kynferðisofbeldis verði að hafa kost á því að eiga einhvers konar afkomu að fjárhagslegum stuðningi, meðferðarúrræði fyrir ofbeldismenn verði að styrkja og konum verði að kynna réttindi sín og úrræði.

[15:13]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga efni á Alþingi og ekki síður að halda sig við fyrirspurnina. Ég tek undir það með hv. þingmanni að það er full ástæða fyrir okkur til að ræða þessi mál í þessum sal.

Ofbeldi gegn konum og þá einkum ofbeldi í skjóli einkalífs er því miður staðreynd, í öllum samfélögum væntanlega. Rannsóknir og opinber umræða benda svo sannarlega til að vandamálið sé til staðar hér á landi. Okkur ber að horfast í augu við það og taka á því eftir því sem nokkur kostur er, en þar þurfa margir að koma að. Eins og þingheimi er kunnugt samþykkti ríkisstjórnin í októbermánuði sl. að tillögu minni og dómsmálaráðherra að hafin yrði athugun á því með hvaða hætti mætti standa að gerð og framkvæmd heildstæðrar aðgerðaáætlunar gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi hér á landi. Gert er ráð fyrir að verkefnið fjalli aðallega um aðgerðir gegn ofbeldi þar sem konur og börn eru þolendur. Einkum verði skoðað hvernig styrkja megi barnaverndaryfirvöld, félagsþjónustu, skóla, heilbrigðiskerfi, lögreglu o.fl. með það að markmiði að efla

fræðslu og samhæfa vinnubrögð, verklag og úrræði þessara aðila.

Þessi mál hafa verið til umfjöllunar á vettvangi samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins. Í henni eiga sæti, auk fulltrúa þess ráðuneytis, fulltrúar dómsmála, heilbrigðis- og tryggingamála og menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin hefur einbeitt sér að heimilisofbeldi frá því að hún tók til starfa, kallað til sín fjölda fulltrúa, kynnt sér umfjöllun um þessi mál á alþjóðavettvangi og beitt sér fyrir einstökum verkefnum. Ríkisstjórnin ákvað að fela þessari samráðsnefnd að taka til umfjöllunar útfærslu á heildstæðri aðgerðaáætlun hér á landi á grundvelli samþykktar ríkisstjórnarinnar.

Lagt hefur verið til að við framangreinda vinnu verði sjónum sérstaklega beint að börnum sem eru þolendur kynferðisafbrota. Ég vil undirstrika við þessa umræðu að það er ekkert mikilvægara í þessum efnum en börnin okkar. Ekkert. Þau eru svo varnarlaus í samskiptum við sér eldra fólk og einmitt þess vegna þurfa þau á sterku öryggisneti að halda. Það er sárt til þess að vita að á meðal okkar séu einstaklingar sem ekki geta litið glaðan dag vegna þess að einhver fullorðinn beitti þá einhvern tímann ofbeldi. Það sem er enn verra er að sýnt hefur verið fram á að einstaklingar sem búa við slíkt í uppvextinum eru líklegri en aðrir til að verða brotamenn gagnvart börnum, jafnvel eigin börnum.

Nú þegar hefur verið unnið að margvíslegum verkefnum á vegum stjórnvalda sem og frjálsra félagasamtaka sem láta sig þessi mál varða, eins og hv. þingmaður rakti. Það er álit mitt að samvinna stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka sé mikilvægt svo að við náum markvissum framförum. Þar á meðal hefur stjórnvöldum borist ítarlegt yfirlit frá fulltrúum Samtaka um kvennaathvarf, Stígamótum, Íslandsdeild Amnesty International, Mannréttindaskrifstofu Íslands og UNIFEM á Íslandi.

Í tillögum hinna íslensku samtaka um aðgerðaáætlun eru nefnd fjölmörg mikilvæg atriði sem hafa það meginmarkmið að fyrirbyggja að kynbundið ofbeldi eigi sér stað í samfélagi okkar. Ég legg mikla áherslu á að leitað verði samstarfs við þessi samtök við gerð framangreindrar áætlunar og mér er kunnugt um að til standi að halda samráðsfund með þeim í næsta mánuði um þetta efni.

Eins og fram hefur komið bind ég miklar vonir við aðgerðaáætlun stjórnvalda þar sem verkefni í þessum málum muni vera að finna á einum stað ásamt markmiðum. Jafnframt veit ég að þegar eru mörg verkefni í vinnslu og jafnvel á lokastigi, t.d. voru gefin út á sumarmánuðum upplýsingakort sem fara haganlega í veski með símanúmerum hjá þeim aðilum er veita þolendum ofbeldis aðstoð. Þessi kort eru bæði á íslensku og ensku. Þá hefur verið samþykkt að ráðast í gerð handbókar um heimilisofbeldi fyrir ólíkar starfsstéttir sem hafist verður handa við á næstu vikum. Flestir eru einmitt sammála um að fræðsla fagstétta er koma að málum þolenda og jafnvel ekki síður gerenda sé eitt af lykilatriðum þess að unnt verði að draga úr kynbundnu ofbeldi.

Ég tel mjög mikilvægt að úrræði séu fyrir hendi fyrir þá sem beita ofbeldi inni á heimilunum. Ég hef því beitt mér fyrir því að verkefnið Karlar til ábyrgðar verði endurvakið á næsta ári. Er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir að því verði tryggt 6,5 millj. kr. framlag á fjárlögum. Ég vil segja það hér að ég tel að með því að styrkja og endurreisa hið ágæta verkefni Karlar til ábyrgðar verði ráðist að rótum vandans með því að hjálpa þeim sem beitt hafa ofbeldi.

Þar sem fyrirspurn hv. þingmanns beinist fyrst og fremst að félagslegum úrræðum og almennri fræðslu fjalla ég hér ekki sérstaklega um mikilvæg verkefni sem dómsmálaráðherra vinnur að og varða bæði breytingar á löggjöf gagnvart m.a. heimilisofbeldi og nýjar verklagsreglur fyrir lögregluna sem þegar liggja fyrir.

Hæstv. forseti. Það er ljóst að betur má ef duga skal. Ég get ekki á þessari stundu fullyrt hvaða verkefni verða tiltekin í væntanlegum tillögum að aðgerðaáætlun gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi hér á landi. Ég get hins vegar fullyrt að um forgangsmál er að ræða hjá okkur. Sérstakur starfsmaður hefur þegar verið ráðinn til starfa í félagsmálaráðuneytinu til að starfa með umræddri samráðsnefnd í fjóra mánuði, til loka febrúar 2006, að gerð tillagna um verkefni í aðgerðaáætluninni. Hún á að liggja fyrir til umfjöllunar í ríkisstjórn eigi síðar en 3. mars næstkomandi. Þegar heildstæð áætlun um aðgerðir verður kynnt mun ég ekki láta mitt eftir liggja til að tryggja að verkefni sem skynsamlegt þykir að ráðast í og samþykkt verða njóti forgangs.

[15:19]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Ég tel að hún ætti einfaldlega að vera ánægð með að hafa ýtt við ráðherrunum með fyrirspurn sinni á sínum tíma. Ég tel að ég hafi gert það í fyrra þegar ég lagði fram þingmál um að ráðherra dómsmála ætti að setja fram lagafrumvarp sem lýtur að sérstöku lagaákvæði um heimilisofbeldi en viku eftir að ég lagði þá þingsályktunartillögu fram fór hæstv. dómsmálaráðherra af stað í þá vinnu. Fljótlega kemur afraksturinn inn á þing sem við í allsherjarnefndinni og þingheimur munum skoða.

Ég held að þetta sé málaflokkur sem margir aðilar þurfa að leggjast á eitt við að vinna að. Við þurfum að gera nauðsynlegar lagabreytingar. Við þurfum að huga að leiðum eins og opinberum ákærum í þessum málaflokki og hinni svokölluðu austurrísku leið, og við þurfum að efla félagsleg úrræði eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefnir en við þurfum líka að huga að þætti menntakerfisins varðandi fræðslu um heimilisofbeldi, bæði í námskrá grunnskóla og námskrá Kennaraháskóla Íslands. Við þurfum þá að huga að þætti heilbrigðiskerfisins. Ég var með fyrirspurn í fyrra varðandi neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb heimilisofbeldis. (Forseti hringir.) Þetta er átak sem allir aðilar eiga að koma að, bæði ríki, sveitarfélög og félagasamtök.

[15:21]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér er og þann vilja sem kemur fram hjá hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir úrbótum og aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi. Hæstv. ráðherra sagði reyndar að aðgerðaáætlunin mundi fyrst og fremst beinast að því að koma í veg fyrir heimilisofbeldi þar sem konur og börn væru þolendur.

Hæstv. ráðherra sagði að ef börn sem þola heimilisofbeldi fengju ekki rétta meðferð eða hjálp væru þau líkleg til að beita ofbeldi þegar þau verða eldri. Þar er um að ræða bæði drengi og stúlkur og mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort skoðun hafi farið fram á því, könnun, hversu margir drengir eða karlar eru beittir heimilisofbeldi, kynbundnu ofbeldi, andlegu eða líkamlegu.

[15:21]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda ágæta fyrirspurn og hæstv. ráðherra ágætt svar hans líka. Hann sagði með réttu að svar hans lyti aðallega að þessari aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar og því sem heyrði undir málefnasvið hans. En ég vildi halda til haga þætti heilbrigðisráðuneytisins í þessum málum vegna þess að heilbrigðisráðherra hefði falið verkefnisstjórn um heilsufar kvenna að huga sérstaklega að leiðum til að auka fræðslu heilbrigðisstétta á þessu sviði, skoða leiðir til að bæta skráningu upplýsinga um heimilisofbeldi í sjúkraskrár og kanna hvort gerð klínískra leiðbeininga sé æskileg leið til að styðja fagstéttirnar. Þetta starf verður unnið, vænti ég, í góðri samvinnu við verkefnisstjórnina um aðgerðaáætlunina sem ráðherra gerði grein fyrir. Meginniðurstaða á fundum með fyrirsvarsmönnum heilbrigðisvísindadeildar innan Háskóla Íslands er sú að brýn og mikil þörf sé á sí- og endurmenntun heilbrigðisstétta á þessu sviði. Ef hlutirnir eru ekki greindir hjá heilbrigðisstéttunum kemur heldur aldrei til neinna úrræða, ákæra eða dóma.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi ágætu svör. Ég vissi alveg að ríkisstjórnin er búin að leggja ákveðnar metnaðarfullar línur. Ég er ekki alveg viss um að það sé mér að þakka að fréttatilkynningin kom þarna 18. október. Ég þakka hins vegar félagasamtökunum fyrst og síðast sem lögðu upp í hendur ríkisstjórnarinnar fjögurra blaðsíðna drög að aðgerðaáætlun. Ég þakka hæstv. ríkisstjórn fyrir að taka þessi drög og nánast gera að sínum því að ég sé að í þeim drögum sem ég hef undir höndum tölum við um sömu áherslur og ríkisstjórnin gerir. Ég fagna því að ríkisstjórnin skuli líka ætla að halda áfram þessu samstarfi við félagasamtökin. Það er auðvitað algert lykilatriði til að við getum náð árangri í þessum málum að ríkisstjórnin uppgötvi það sem mér finnst hún vera búin að gera í þessum málaflokki, að félagasamtökin eru lykilatriði. Þau eru tenging hennar út í veruleikann. Í gegnum félagasamtökin fá þau upplýsingar sem þau í sjálfu sér geta ekki aflað sjálf, má segja, þannig að það að tengja saman stjórnvöld og félagasamtökin á þennan hátt er auðvitað til fyrirmyndar.

Sömuleiðis er til fyrirmyndar að ríkisstjórnin skuli dagsetja þessa hluti. Hún sagði í fréttatilkynningunni hvenær ætti að ráða starfsmann, 1. nóvember. Hann var ráðinn eftir því sem ég best veit 1. nóvember. Hann á að starfa til loka febrúar og 3. mars á að liggja fyrir aðgerðaáætlun. Svona á að vinna og ekki bara í þessum málaflokki, heldur í fleiri málaflokkum.

Eins og ég segi, hér má hæstv. ráðherra eiga það og ríkisstjórnin öll að hér er staðið vel að málum. Ég er sátt við að ákveðin áhersla skuli vera á málefni barna í þessari aðgerðaáætlun núna. Við vitum að fjöldi kynferðisbrotamála gegn börnum hefur nær tvöfaldast á nokkrum árum en sakfellingum í slíkum málum hefur hins vegar hlutfallslega fækkað. Það má auðvitað ekki gerast að í samfélagi okkar látum við slíkt vitnast.

Ég fagna þessari áherslu. Ég fagna því að ríkisstjórnin skuli vinna á þeim nótum sem hún er að gera. Ég stend með ríkisstjórninni í þessu máli.

[15:25]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka alveg sérstaklega undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur í þeim efnum að ég tel að það sé fyrst og fremst að þakka þeim sjálfboðaliðum, þeim félagasamtökum, því fólki sem hefur lagt á sig mjög mikla vinnu við að koma einmitt á framfæri þeim viðkvæmu málum sem við hér ræðum. Það varð ekki síst hvati þess að ríkisstjórnin ákvað að ráðast í þetta verk sem hér hefur orðið að umfjöllunarefni, sú mikla opinbera umræða sem varð einmitt á þessum tíma, sá mikli kjarkur sem einstaklingar sýndu með því að stíga fram og segja sögu sína og við öll þekkjum. Þegar allt leggst á eitt — hv. þm. á sinn þátt í því líka — getur útkoman stundum orðið ágæt. Vonandi verður hún það í þessu tilviki.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði hvort fram hefði farið á því sérstök athugun hversu margir drengir eða karlar verði fyrir ofbeldi inni á heimilunum. Ég veit ekki til að slík athugun hafi farið fram. Þótt áherslan í aðgerðaáætluninni verði gegn ofbeldi á börnum og konum er þetta eitt þeirra atriða sem við ætlumst til að þar verði tekið til kostanna.

Mér finnst líka full ástæða við þessa umræðu til að við minnum á það að rannsóknir hafa sömuleiðis sýnt að drengir standa oft höllum fæti innan skólakerfisins, verða þar fyrir ofbeldi, bæði andlegu og líkamlegu, þannig að ekki er síður ástæða til að horfa til þeirra hluta.

Hæstv. forseti. Að lokum þakka ég þessa umræðu. Ég tel að með samhentu átaki getum við unnið þar gagn sem vissulega er ástæða til enda okkar dýrmætasti fjársjóður undir, börnin okkar.

Umræðu lokið.

Sönnunarbyrði samkvæmt jafnréttislögum.

Fsp. MÁ, 280. mál. — Þskj. 295.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Það er satt sem sagt er að árið 2005 er ekki fyrst og fremst við lög að sakast þegar minnst er á launamisrétti kynjanna. Í rauninni hafa menn sagt fram og aftur að lögin séu það fullkomin að ekkert sé við þau að sakast í þessu efni.

Jafnréttislöggjöf okkar var vissulega framsýn á sínum tíma þegar hún var sett, á 7. og kannski einkum 8. áratugn-

um, en hún er a.m.k. að hluta til komin til ára sinna og þess vegna er vakin upp sú spurning hér hvort hana þurfi ekki að endurskoða. Hin beina ástæða þessarar fyrirspurnar er rannsókn danska lögfræðingsins Byrials R. Bjørsts sem hann kynnti á fundi Jafnréttisráðs 27. október 2005 þar sem hæstv. ráðherra var staddur, og við nokkur fleiri. Hann talaði þar um jafnréttislögin okkar í ljósi evrópsks réttar.

Hann minntist á þrjá staði í jafnréttislögunum. Hann sagði í fyrsta lagi að misræmi væri á milli íslensks réttar og Evrópuréttar um það að hér þyrfti kærandinn að sanna að karl og kona nytu ekki sömu kjara fyrir sömu eða sambærilega vinnu. Það kemur fram í 23. gr. Ef kærandinn getur það þarf atvinnurekandinn hér að sanna að munurinn sé ekki kynbundinn, en í Evrópuréttinum þarf kærandinn hins vegar að leggja fram gögn sem virðast sýna að um sé að ræða beina eða óbeina mismunun. Það er nóg að þau virðist sýna það og þá er það atvinnurekandans að sanna að þessi munur sé annaðhvort ekki til eða sé eðlilegur, þ.e. ekki kynbundinn beint eða óbeint.

Í öðru lagi sagði Byrial um ákvæði okkar um jafnverðmæt og sambærileg störf í 14. gr. og víðar að þessi ákvæði kynnu að fara á svig við Evrópurétt. Þar væru engin takmörk á því hvaða störf mætti bera saman og ekki væri heppilegt að nota þetta orðalag þar sem konur eru oft einar eða í miklum meiri hluta í ákveðnum störfum og þess vegna erfitt að finna jafnverðmæt og sambærileg störf.

Í þriðja lagi sagði Byrial að ákvæði laganna um sama atvinnurekanda væru sennilega orðin úrelt, þótt ekki væri nema vegna þess að nú tíðkast það að menn stofna fyrirtæki um hvert svið atvinnurekstrar og þess vegna gætu menn lent í því að konur sem áður voru kannski hjá einum atvinnurekanda með körlum ynnu nú í einhvers konar dóttureða frænkufyrirtæki og karlar þeir sem hægt væri að bera sig saman við ynnu í öðru, og nefndi til þessa fleiri ástæður.

Ég ákvað að bera þetta undir félagsmálaráðherra (Forseti hringir.) með þeim fyrirspurnum sem ég hef hér lagt fram og vonast eftir góðum svörum frá honum.

[15:30]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi Mörður Árnason hefur lagt fyrir mig þrjár spurningar sem ég mun í upphafi svara með almennum orðum og loks nánar hverri spurningu fyrir sig.

Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda þá á fyrirspurn þessi sér m.a. rætur að rekja til athugasemda sem komu fram á málþingi sem haldið var nýverið af Jafnréttisráði um launajafnrétti. Þar kom m.a. fram í fróðlegum fyrirlestri dansks fræðimanns, eins og fram kom hjá hv. þingmanni, það álit þessa fræðimanns að tiltekin ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla væri ekki í fullu samræmi við Evrópurétt á sviði jafnréttismála. Ég sat sjálfur að stærstum hluta þetta málþing sem var að mínu mati afar fróðlegt og upplýsandi og vel sótt. Í kjölfarið ræddu fjölmiðlar við mig og í viðtali sem birtist um kvöldið sagði ég að við mundum að sjálfsögðu fara yfir þessar ábendingar og skoða hvort ástæða væri til að gera breytingar á gildandi lögum.

Ég stend við þau orð mín enda er ég þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að fara yfir jafnréttislögin í heild sinni. Hluti af þeirri vinnu yrðu þá þær ágætu ábendingar sem fram komu á málþingi Jafnréttisráðs því eins og máltækið segir, glöggt er gests augað. Þessari vinnu hyggst ég ýta úr vör á næstu vikum.

Þrátt fyrir að gagnrýni hafi komið fram gagnvart einstökum lagaákvæðum verðum við að sjálfsögðu, hæstv. forseti, að fara yfir athugasemdirnar og lögin í heild sinni til að meta hvort gagnrýnin eigi að öllu leyti rétt á sér. Ég legg áherslu á að við skoðum þessi atriði með opnum huga en rökstuðningur fyrir breytingum þarf að mínu mati að vera greinargóður og skýr eins og ávallt.

Fyrsta spurning hv. þingmanns lýtur að því hvort sá sem hér stendur telji heppilegt að sönnunarbyrði kæranda samkvæmt jafnréttislögum sé erfiðari á Íslandi en samkvæmt Evrópuréttinum. Það er einfalt í mínum huga. Sé það svo er það að sjálfsögðu óheppilegt svo að ekki sé meira sagt. Ljóst er að íslenskri löggjöf er ætlað að vera í fullu samræmi við gerðir Evrópusambandsins að þessu leyti.

Líkt og þingheimi er fullkunnugt um fela gerðir þær sem felldar hafa verið undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið yfirleitt í sér lágmarksréttindi. Þannig er aðildarríkjum heimilt að setja á löggjöf sem kveður á um aukin réttindi borgaranna en lögin mega ekki fela í sér minni rétt en fram kemur í tilskipunum. Við höfum dómafordæmi hér á landi þar sem vægari kröfur hafa verið gerðar um sönnun í jafnréttismálum en almennt tíðkast. Hvort gengið sé nægilega langt í þeim efnum þarf að sjálfsögðu að skoða. Það er alveg ljóst að það er hvorki vilji minn né þeirra sérfræðinga er starfa á þessu sviði innan stjórnsýslunnar að íslensk löggjöf sé lakari að þessu leyti en þær sem tíðkast annars staðar innan Evrópska efnahagssvæðisins og það sem meira er, mér finnst það einfaldlega óásættanlegt.

Varðandi aðra spurningu hv. þingmanns um hvort sá sem hér talar telji ástæðu til að endurskoða orðalag jafnréttislaga um jafnverðmæt og sambærileg störf í 14. gr. laganna þá vil ég ítreka það sem áður hefur komið fram í máli mínu um almenna endurskoðun laganna. Það er mitt mat að þetta atriði eigi þar heima.

Í þriðju spurningu spyr hv. þingmaður hvort sá sem hér stendur telji heppilegt að samanburður starfa eftir kynjum geti einungis átt við um störf í sama fyrirtæki. Því er til að svara, hæstv. forseti, að dómstólar bæði hér á landi og á vettvangi Evrópusambandsins hafa fyrst og fremst fjallað um mál sem varða samanburð á störfum innan sama fyrirtækis. Evrópudómstóllinn hefur opnað fyrir þann möguleika að samanburður geti einnig átt sér stað í víðara samhengi enda þótt það liggi ekki alveg ljóst fyrir hvaða skilyrði dómstóllinn setji í þessu sambandi. Þetta er flókið viðfangsefni og í þessu samhengi er rétt að upplýsa að í frumvarpi til gildandi jafnréttislaga frá árinu 2000 var tekið sérstaklega fram að átt væri við samanburð milli starfa hjá sama atvinnurekanda til skýringa. Þetta er atriði sem þarf að skoða í ljósi breyttra viðhorfa, eins og hv. þingmaður m.a. rakti, viðhorfa sem kunna að hafa þróast frá setningu gildandi laga. Ég tel einsýnt að þetta verði meðal þeirra atriða sem fjallað verði um þegar farið verður yfir jafnréttislögin í heild sinni.

Hæstv. forseti. Það er enginn vafi í mínum huga að jafn-

réttismálin eru í stöðugri þróun sem betur fer. Ég tel því afar brýnt að við fylgjumst með þeirri þróun bæði hér á landi og erlendis og bregðumst við þeim breytingum sem verða á þessu sviði.

Ég hef ítrekað sagt að mér hefur fundist skorta rannsóknir á því hvaða tæki eru að færa okkur áfram á þróunarbrautinni og hvaða tæki séu hins vegar gagnslítil. Ég tel að á Íslandi eigum við í auknum mæli að nýta okkur rannsóknir við stefnumótun og ég bind vonir við að nýr jafnréttissjóður sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að koma á fót muni geta styrkt mikilvægar rannsóknir m.a. á sviði löggjafar þegar kynbundinn launamunur er annars vegar.

Ég vil að lokum þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að taka jafnréttismálin til umræðu og jafnframt þakka Jafnréttisráði fyrir hið vandaða málþing sem hv. þingmaður vitnaði til um launajafnrétti, málþing sem hefur vissulega vakið okkur til umhugsunar um gildandi lagaákvæði.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Þá gerist það sem sjaldan gerist að ég lýsi yfir mikilli ánægju með svör ráðherrans í þessu efni og sérstaklega þá yfirlýsingu hans að á næstu vikum verði hafist handa um endurskoðun þessarar löggjafar sem var auðvitað kannski tilgangurinn bak við þessar fyrirspurnir þrjár í einni sem fram voru bornar.

Ég tek undir það með ráðherra að það sé vægast sagt óheppilegt að sönnunarbyrði hjá okkur sé erfiðari en í Evrópurétti. Það er sem sagt ekki bara óheppilegt heldur líka óleyfilegt þannig að ég túlki orð ráðherrans og ég túlka þau orð sem hann lét hér út úr sér þannig að Byrial Bjørst hafi í raun og veru verið með alvarlega athugasemd við löggjöf okkar með gagnrýni sinni á þetta atriði.

Ráðherra fjallaði einnig um aðrar athugasemdir Bjørsts á jákvæðan hátt, þ.e. að þær yrðu teknar til athugunar og rannsóknar í þessari endurskoðunarvinnu. Ég get ekki annað en verið ánægður með það og vonast til að þessari endurskoðun verði fylgt eftir af röggsemi þannig að við stöndum ekki að baki öðrum Evrópuþjóðum í löggjöfinni því það er það sem við höfum getað hrósað okkur af hingað til að gera ekki.

Ég vil svo að lokum þakka þingheimi mikla athygli og áhuga á þessu máli og vonast til að þingmenn haldi áfram að fylgjast með jafnréttislöggjöfinni og breytingum á henni eins rösklega og raun ber vitni hér í dag.

[15:37]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að hnykkja á því, eins og kom fram í máli mínu fyrr, að ég tel að þau gagnrýnisatriði sem komu fram hjá margtilvitnuðum dönskum fræðimanni á málþingi Jafnréttisráðs séu þess eðlis að það sé full ástæða fyrir okkur til að fara yfir þau við þá endurskoðun sem ég hef hér boðað að ég vilji að fari fram á lögunum og mun hrinda því verkefni í framkvæmd.

Ég þakka enn og aftur hv. þingmanni fyrir að taka þetta mál upp. Ég er sammála honum um það og tek undir að full ástæða er fyrir okkur til þess ekki bara að standa jafnfætis þeim þjóðum sem við helst viljum bera okkur saman við þegar kemur að jafnréttismálum heldur tel ég og veit að við hv. þm. Mörður Árnason erum sammála um að við eigum að vera þar í fararbroddi. Við höfum allar forsendur til þess. Við erum það á mjög mörgum sviðum. Til okkar er litið á mörgum sviðum og við eigum að halda þeirri stöðu í samfélagi þjóðanna.

Umræðu lokið.

[15:38]

Útbýting:

Gjaldþrotaskipti, 352. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 386.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 14. mál.

Fundi slitið kl. 15:39.

---

29. FUNDUR

fimmtudaginn 24. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 288. mál, þskj. 304. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Réttarstaða samkynhneigðra, stjfrv., 340. mál, þskj. 374. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjárlög 2006, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 395, 404 og 405, brtt. 396, 397, 398, 399, 400, 401, 406, 408, 410, 411 og 412. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

[10:32]

Útbýting:

Fjárlög 2006, 1. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 404; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 405; brtt. EMS o.fl., þskj. 406; brtt. JBjarn o.fl., þskj. 407; brtt. JBjarn o.fl., þskj. 408; brtt. GAK o.fl., þskj. 410; brtt. HHj o.fl., þskj. 411; brtt. ÖS o.fl., þskj. 412.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 288. mál (vatnsaflsrannsóknir, leyfi o.fl.). — Þskj. 304.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Réttarstaða samkynhneigðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 340. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fjárlög 2006, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 395, 404 og 405, brtt. 396, 397, 398, 399, 400, 401, 406, 407, 408, 410, 411 og 412.

[10:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég vil eiga orðastað við forseta áður en umræðan um fjárlög hefst að mjög gefnu tilefni vegna þess hvernig umræður um þetta dagskrármál hafa þróast undanfarin ár. Það varðar viðveru ráðherra við umræðu um fjárlagafrumvarp.

Það hefur verið að keyra um þverbak, frú forseti, hvað það varðar að hæstv. ráðherrar hafa að því er virðist alls ekki talið sér skylt að vera hér til staðar við umræðu um fjárlög og svara fyrir sína málaflokka. Ítrekaðar tilraunir í fyrra og hittiðfyrra til þess að fá fagráðherra til að mæta, þó ekki væri nema undir einhvern hluta umræðunnar þannig að hægt væri að bera fyrir þá spurningar og heyra svör þeirra og málsvörn fyrir þá meðhöndlun sem málaflokkar þeirra fá við fjárlagaafgreiðsluna, voru árangurslausar. Heldur var þunnskipaður ráðherrabekkurinn hér í dag þegar þessi fundur hófst þó það hafi heldur farið batnandi með því að hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra trítlaði í salinn og sömuleiðis hæstv. fjármálaráðherra, og stendur það auðvitað allt til bóta.

En hér vantar marga fleiri hæstv. ráðherra og þó svo einhverjir þeirra kunni að vera erlendis þá gegna einhverjir embættum fyrir þá. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort það hafi verið kerfisbundið kannað hvort allir ráðherrar sem gegna embættum og eru á landinu verði hér í dag og undir allri umræðunni sem auðvitað er lágmarkskrafa. Það er ekki oft nú orðið sem til þess er beinlínis ætlast og uppi er höfð um það krafa að ráðherrar séu við. Ég hef a.m.k. reynt að þrjóskast við með þá hefð að þetta væri ekki látið leka niður líka hvað varðar fjárlagaumræðuna sjálfa.

Ég fer fram á að forseti fari yfir þetta, afli upplýsinga um hvort allir ráðherrar sem eru staddir á landinu verði hér við og það sé þá skýrt hverjir gegna fyrir þá sem staddir eru erlendis þannig að umræðan fari fram í dag að fullmönnuðum ráðherrabekkjum. Ef ekki, ef það verða veruleg brögð að því að ráðherrar verði hér ekki viðstaddir þá fer ég fram á að þessari umræðu verði frestað og hún skipulögð þannig að ráðherrarnir verði við. Það er ekki nokkur hemja að horfa upp á þetta fara aftur á bak ár frá ári og svipurinn á því er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Það er til vansa og lítils sóma fyrir Alþingi sem slíkt að láta bjóða sér þetta svo maður tali náttúrlega ekki um ríkisstjórnina sem með þessu gefur sjálfri sér og metnaði sínum fyrir hönd eigin verka tilteknа einkunn. Það verður auðvitað að vera þeirra mál. En það varðar þingið hvað það lætur bjóða sér í þessum efnum og ég nenni því satt best að segja ekki að þurfa að standa í þessu þrasi hér og stappi á hverju ári og vera sjálfur alltaf að krefjast þess þegar maður er að flytja sína ræðu að tilteknir ráðherrar komi þannig að hægt sé að bera fyrir þá spurningar. Mér finnst þetta vera skipulagsatriði, þetta varði okkur öll og það eigi að ganga frá þessu í upphafi umræðunnar. Auðvitað (Forseti hringir.) ætti þetta að vera vel og vandlega undirbúið fyrirfram og tryggt að þetta sé í lagi.

[10:38]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Að gefnu tilefni mun forseti láta kanna viðveru hæstv. ráðherra. Eftir því sem best er vitað eru þrír hæstv. ráðherrar með varamenn á hinu háa Alþingi. Enn fremur eru tveir ráðherrar með fjarvistarleyfi í dag. (**Gripið fram í:** Fjarvist?)

[10:39]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ekki sé nokkur ástæða til að hafa áhyggjur af því að ráðherrar verði ekki hér viðstaddir. Hún er orðin viðvarandi þessi umræða, þ.e. að þingmenn óska eftir því að þeir verði hér og því hefur auðvitað vel verið komið á framfæri við þá. Ég held að ekki standi annað til en að þeir verði viðstaddir þessa umræðu. Af þeim sökum getum við mjög vel hafið umræðuna og ekki er ástæða til þess að ætla annað en að þeir verði vakandi yfir henni eins og þeir hafa náttúrlega alltaf verið. Alla vega hefur því vel verið komið á framfæri við þá og ekki er ástæða til að tefja umræðuna þess vegna nú í sölum Alþingis, hæstv. forseti.

[10:40]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Mér er snöggtum rórra yfir þeim upplýsingum sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir færir okkur, að yfirleitt séu ráðherrarnir ekki sofandi undir umræðum hér.

Hins vegar verð ég að taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann fer fram á að forseti íhugi að fresta þessari umræðu. Ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem ég man eftir að hér eru fimm ráðherrar ekki við. Þrír eru í útlöndum og tveir eru með fjarvist. Ég spyr nú hæstv. forsætisráðherra: Hvar er agavaldið á þessu heimili? Ég

minnist þess að hér áður fyrr gengu þær dagskipanir út til ráðherra frá hæstv. forsætisráðherra að þeir yrðu veskú við umræðu um fjárlög.

Frú forseti. Mér er sérstaklega umhugað um tvo málaflokka sem hér eru til umræðu í dag, heilbrigðismál og menntamál. Hæstv. heilbrigðisráðherra er hér eins og hann er alltaf því að hann sinnir starfi sínu vel. Við þingmenn þurfum ekki að kvarta yfir honum. En það er mikið að gerast í menntamálum. Við vitum það. Við sjáum að blöðin eru full af ádeilum á menntamálaráðherra. Það er verið að skera niður í háskólum og hér liggja fyrir tillögur sem varða menntamál. En hvar er hæstv. menntamálaráðherra? Jú, hæstv. menntamálaráðherra er í Senegal. Hæstv. menntamálaráðherra er á fundi um „international cultural policy" í Senegal. Þetta eru upplýsingar sem ég fékk rétt áðan í menntamálaráðuneytinu þegar ég spurðist fyrir um hvar sú ágæta kona væri. (Gripið fram í.)

Ég verð að segja það, frú forseti, af því að ég ætla hér ekki í neina efnislega umræðu um málaflokkinn, að mig rekur í rogastans að ráðherra sem fer með jafnmikilvægan og viðkvæman málaflokk skuli flatmaga í Senegal á einhverjum sérkennilegum fundi sem hlýtur að vera miklu minna virði en menntamál íslensku þjóðarinnar og láta það bera upp á nákvæmlega þann tíma þegar við erum að ræða fjárveitingar til málaflokksins. (Gripið fram í.)

Ég verð að segja það, frú forseti, að ég vænti þess — og gef mínum ágæta vini hæstv. forsætisráðherra þau góðu ráð í veganesti — að hann sjái til þess í framtíðinni að ráðherrar mikilvægra málaflokka séu ekki í öðrum heimsálfum á þeim degi þegar verið er að ræða málaflokka þeirra hér. Frú forseti. Jafnvel þó að ráðherrar kunni stöku sinnum að vera á faraldsfæti þá hlýtur að vera hægt að skipuleggja það þannig að alþingismenn fái tækifæri til að eiga við þá orðastað á mikilvægasta degi þingsins þegar verið er að ræða um fjárveitingar. En auðvitað er miklu skemmtilegra að vera í Senegal (Gripið fram í.) heldur en hér undir orðahríð og jafnvel í orrahríð, en auðvitað aldrei öðru heldur en málefnalegum umræðum, hv. þingmaður. (Gripið fram í.)

[10:43]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég veit að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur gegnt ráðherraembætti og veit að slíku embætti fylgja ýmsar skyldur, þar á meðal samskipti við önnur lönd og samskipti við alþjóðasamfélagið. Mér finnst alveg óþarfi að tala háðslega um ákveðin lönd, sérstaklega ríkin í Afríku. Ég veit ekki til þess að þau séu minna virði en önnur ríki í heiminum. Það er jafnmikil ástæða að hafa samskipti við Afríku og aðra heimshluta. Mér finnst nú óþarfi að tala með þeim hætti.

Það liggur hins vegar fyrir að hæstv. fjármálaráðherra getur í einu og öllu svarað fyrir öll atriði fjárlaganna (Gripið fram í.) og það hefur verið venjan í gegnum tíðina. (**SJS:** Nei.) Ef beina þarf einhverju til annarra ráðherra þá mun ríkisstjórnin vera fullfær um að taka þátt í umræðum hér í dag um þessi mál.

Ég hef nú verið hérna í rúm 30 ár og ég veit ekki til þess að það hafi verið venja að hver einasti ráðherra væri viðstaddur fjárlagaumræðu. Það er alveg nýtt fyrir mér. (Gripið fram í.) Það er hins vegar alveg ljóst að ríkisstjórnin getur tekið þátt í þessari umræðu í dag. Ef hv. þingmenn hafa einhverjar fyrirspurnir þá verða ráðherrar hér til svara, til að svara fyrir þá málaflokka sem hér er verið að ræða. Ekki mun verða neinn skortur á því. Ég vænti þess að hv. þingmenn treysti þeim ráðherrum sem hér eru viðstaddir til þess að geta svarað þeim ef þeir hafa einhverjar fyrirspurnir. En ég átti nú von á því að hér yrðu aðallega til umræðu niðurskurðartillögur frá Samfylkingunni því ég man ekki betur en talsmaður þeirra í ríkisfjármálum hafi boðað það að laga þyrfti fjárlagaafganginn um 14 milljarða. Því gæti vel verið að við sem erum í ríkisstjórninni vildum líka spyrja Samfylkinguna um hvað hafi orðið af þessum niðurskurði sem var boðaður í upphafi fjárlagaumræðunnar.

[10:45]

Pétur H. Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég veit ekki almennilega hvaðan á mig stendur veðrið. Stjórnarandstaðan er stöðugt að tala um ráðherraræði og að ríkisstjórnin stjórni öllu o.s.frv. og hér ætlum við að ræða nefndarálit hv. fjárlaganefndar. Það er búið að ræða málið í 1. umr., það er búið að vísa því til nefndar og við erum að fara að ræða álit nefndarinnar. Nefndin er búin að spyrja ráðuneytin, hún er búin að spyrja alla aðila *sem máli skipta* — mér skilst að hún vinni ansi mikið allt haustið, á hverjum einasta degi nánast — og hún er búin að spyrja um þetta og er komin með álit, bæði meiri hluti og minni hluti o.s.frv., og við erum að ræða það álit. Þetta er mál þingsins. Ég vil ekki að menn geri svona lítið úr þinginu að heimta að ráðherrar sitji hérna við. Auðvitað er gott að hafa þá hérna og fjármálaráðherra mun geta svarað öllu en við eigum fyrst og fremst að ræða álit nefndarinnar.

[10:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Hér eru ýmsar áhugaverðar kenningar uppi eins og þær að það komi ráðherrunum ekkert við eftir að fjárlagafrumvarpið er komið til þingsins hvernig það er síðan meðhöndlað og hvaða fjárveitingar verða til að standa straum af rekstri málaflokka næsta ár. Ætli það komi ekki framkvæmdarvaldinu eitthvað við? Ætli það sé ekki þannig að þingmenn hafi fulla ástæðu til og stjórnarskrárvarinn og lögvarinn rétt til að ráðherrarnir standi reikningsskil sinna málaflokka fyrir þinginu? Þetta snýst um það að fagráðherrarnir séu hér til staðar, t.d. hæstv. heilbrigðisráðherra til að útskýra hvernig hann ætlar að reka almannatryggingakerfið á næsta ári með þeim fjármunum sem hann fær. Hvaða áhrif hefur það á afkomu og kjör þeirra sem í hlut eiga? Hvernig ætlar samgönguráðherra að standa að málum o.s.frv.? Það þarf vonandi ekki að taka upp kennslu í stafrófinu í þingsköpum og því hvernig framkvæmdarvaldið í þingræðislandi starfar.

Ég verð að segja alveg eins og er, frú forseti, að mér finnst það slök frammistaða og losaralegt hjá hæstv. ríkisstjórn að 5 af 12 ráðherrum ætli að vera algerlega fjarstaddir í dag. Þrír erlendis, látum það vera ef þeir hafa allir átt brýn erindi til útlanda og ekki hefur verið hægt að haga því á annan veg en þann að þeir væru í burtu á löngu, löngu

ákveðnum degi fyrir 2. umr. fjárlaga. En mér finnst það nokkuð langt gengið að tveir ráðherrar þar til viðbótar skuli vera með fjarvistarleyfi og ég spyr: Eru það svo ríkar og óumflýjanlegar ástæður að efni séu til að þessir tveir fagráðherrar, sem mögulega gegna líka fyrir einhverja hinna sem eru erlendis, nú veit ég það ekki, velji að taka önnur verkefni og aðrar skyldur fram yfir það að vera hér viðstaddir 2. umr. fjárlaga? Er hægt að fá það upplýst hvað þessir tveir hæstv. ráðherrar eru að gera hér innan lands væntanlega, úr því að þeir eru með fjarvistarleyfi og ekki með varamann inni fyrir sig. Ég held að hæstv. forsætisráðherra ætti ekki að vera að hrósa sér af þessu og telja þetta í góðu lagi.

Það er rangt, eins og hann veit og við báðir, að það sé ekki hefðin að ætlast sé til viðveru fagráðherra til að ræða málin þegar 2. umr., meginefnisumræða, um fjárlagafrumvarpið fer fram. Nú liggur fyrir eftir hina miklu vinnu fjárlaganefndar hvaða breytingar þingið getur hugsað sér að gera á þeirra málaflokkum og þá blasir við hver afgreiðslan verður. Þá er eðlilegt að hin stóra efnislega umræða um frumvarpið grein fyrir grein, lið fyrir lið, ráðuneyti fyrir ráðuneyti fari fram. Við 3. umr. er málið rætt í heild sinni og afgreitt í heild sinni. Þetta kunnum við öll.

Ég ítreka óskir mínar um að forseti geri grein fyrir því hver staðan er, hvaða tveir ráðherrar hafa fjarvistarleyfi, gegna þeir fyrir aðra sem eru erlendis, þannig að við vitum nákvæmlega hver niðurstaðan er. Og verður svo þessi hópur hér undir allri umræðunni í dag?

[10:50]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég get fullvissað hv. þingmann um að ríkisstjórnin getur svarað spurningum hans í dag og ef það er eitthvað sem verður ekki hægt að svara þá skulum við sjá hvað það er í lok dagsins. Ég tel að við sem erum hér viðstödd séum fullfær um að svara fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ég bið hv. þingmann að hafa engar áhyggjur af því.

[10:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram að þrír hæstv. ráðherrar eru inni með varamenn og aðrir ráðherrar gegna fyrir þá á þessari stundu. Ég get enn fremur upplýst að hæstv. iðnaðarráðherra er einnig á fundi erlendis í dag. Hún kemur til landsins í kvöld og mun verða hér við umræðuna þá. Hún er á fundi um orkunotkun og olíusparnað. Ég held að hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni hljóti að vera umhugað um að hún geti sótt slíka fundi. Hún hefur sjálfsagt ekki haft tök á því að skipuleggja þann fund með alþjóðasamfélaginu á þann hátt að það passaði hv. þingmanni eða því hvenær við mundum ræða tillögur varðandi fjárlögin við 2. umr. Ég held, hæstv. forseti, að nú sé komið að því að við getum farið að ræða þessar tillögur. Það er upplýst hvernig þetta stendur með ráðherrana og aðrir ráðherrar munu svara fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ég treysti því fullkomlega að þannig getum við komist í gegnum þessa umræðu í dag. Ég legg því til, hæstv. forseti, að við hefjum umræðuna núna.

[10:52]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Mér finnst eðlilegt að forseti upplýsi hvaða ráðherrar eru viðstaddir og gegna fyrir þá ráðherra sem eru fjarverandi og eru formlega til andsvara fyrir þeirra ráðuneyti. Þó að ráðherrar hafi varamenn inni á þingi fyrir sig til að gegna þingstörfum þá eru þeir væntanlega ekki, ef þeir eru á landinu, með varamenn fyrir sig sem ráðherra þannig að þeir ættu að geta verið hérna þess vegna.

Mér finnst eðlilegt að það liggi ljóst fyrir hverjir svara fyrir málaflokkana, ekki síst út af orðum hv. þm. Péturs Blöndals um vinnu við fjárlagagerðina. Ég verð því miður að segja, ég er í fjárlaganefnd, að jafnvel í enn ríkara mæli en fyrr hefur fjárlagagerðin verið unnin samkvæmt tilskipunum og tilskipunarerindum frá ríkisstjórninni. Að mínu viti er það því miklu frekar ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á þessum fjárlögum en fjárlaganefndin þó meiri hlutinn hafi afgreitt frumvarpið frá sér til 2. umr.

[10:53]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti hefur áður lýst því yfir að hann muni kanna þetta mál og staðfestir að hæstv. umhverfisráðherra er erlendis. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun hins vegar væntanlegur á þingið síðdegis í dag.

[10:54]

Guðmundur Hallvarðsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég mótmæli harðlega orðum Jóns Bjarnasonar. Hann gerir lítið úr fjárlaganefnd og allri þeirri vinnu sem þar er unnin, gerir lítið úr stjórnarþingmönnum og stjórnarandstöðuþingmönnum og það er kannski ágætt að hann lýsi því yfir að vinna í fjárlaganefnd skipti ekki nokkru máli. Til hvers er þá stjórnarandstaðan að mæta þar ef það er satt sem hann segir? Þetta er náttúrlega algert bull, ég mótmæli því harðlega, hv. þm. Jón Bjarnason.

Í annan stað vildi ég benda á að hér koma stjórnarandstæðingar og segja: Hvar eru ráðherrarnir? Hvar er ábyrgð þeirra? Hvar er formaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins? (**Gripið fram í:** Hún var hérna rétt áðan.) Hvar eru formaður og varaformaður Frjálslynda flokksins? Hvar eru fleiri? Og trítlar hann þá í salinn eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á þegar hæstv. heilbrigðisráðherra kom inn. En hvað það er nú gott að geta litið til hægri og séð þar formann Samfylkingarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 406–408 og 410–412. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

[10:56]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Frumvarp til fjárlaga ársins 2006 kemur nú til 2. umr. á Alþingi. Samkvæmt starfsáætlun þingsins er gert ráð fyrir að þessi umræða fari fram á þessum degi. Það er því ljóst að okkur hefur tekist að halda áætlun við um-

fjöllun um frumvarpið og allt útlit fyrir að fjárlög ársins 2006 verði afgreidd frá Alþingi í samræmi við starfsáætlun þingsins.

Nú, eins og á síðasta ári, eru til umfjöllunar allir þættir frumvarpsins við 2. umr., með breytingartillögum og því sem tilheyrir. Okkur er því að takast að festa það í sessi að fjalla um frumvarpið á þennan hátt við 2. umr., í stað þess sem tíðkaðist áður að tekjuhlutinn ásamt heimildargreinum, lánsfjárlögum og öðrum þáttum málsins biði umfjöllunar við 3. umr. Þessi breyting er tvímælalaust til bóta.

Það eru hagsmunir allra aðila að niðurstöður fjárlaga liggi fyrir tímanlega, m.a. til þess að stofnunum og öðrum aðilum verði gert kleift að ljúka gerð rekstraráætlana í tíma áður en fjárlagaárið rennur upp. Það er ekki síður mikilvægt að fjárlög liggi tímanlega fyrir út frá öllu samhengi efnahagskerfisins, því þar spila fjárlög ríkisins stórt hlutverk.

Það er mikilvægt, virðulegur forseti, að áfram takist að halda góðum og traustum tökum á ríkisfjármálum. Það hefur gengið vel undanfarin ár, stjórnarflokkarnir hafa sett sér markmið í þessum efnum og vinna markvisst að því að ná þeim. Birtist það m.a. í langtímaáætlun í ríkisfjármálum — og það að henni verði fylgt eftir mun hafa mikla þýðingu varðandi efnahagslífið í landinu. Það varðar því framtíðarhagsmuni þjóðarinnar að vel takist til í þessum efnum.

Það er ljóst að við Íslendingar eigum mikla möguleika á að sækja fram á næstu árum með það að markmiði að treysta efnahagslega stöðu okkar, líkt og við höfum gert á undanförnum árum. Við höfum ýmsa möguleika á að halda áfram við að efla og byggja upp atvinnulífið og treysta innviði samfélagsins á mörgum sviðum, halda uppi hagvexti og auka kaupmátt almennings, en það liggur fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist gríðarlega mikið á undanförnum árum og allt bendir til að svo muni verða áfram næstu árin.

Afrakstur alls þessa getum við nýtt til að treysta velferð þjóðarinnar enn frekar og sækja fram í samfélagi þar sem þekking og færni skipta sköpum. Við erum á þessari braut og á henni verðum við áfram ef vel er haldið á málum. Auk alls þessa þurfum við að halda áfram að hlúa að þeim traustu stoðum sem menning okkar og búseta í landinu öllu hvílir á og hefur gert gegnum tíðina.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd óskað eftir umsögnum annarra fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins sem varða málefnasvið þeirra. Fjárlaganefnd óskaði eftir áliti fastanefnda um þessa þætti, einnig gerðu fastanefndir tillögur um skiptingu safnliða sem er breyting til fyrra horfs, en þessi þáttur var með öðru fyrirkomulagi á síðasta ári. Fastanefndir þingsins skiluðu umsögnum til fjárlaganefndar og eru þær birtar sem fylgiskjöl með nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar eins og mælt er fyrir um í þingsköpum.

Í frumvarpi til fjárlaga 2006 koma fram sérstakir safnliðir í einstökum málaflokkum, sem viðkomandi ráðuneyti hafa til ráðstöfunar. Hér er um nýbreytni að ræða sem miðar að því að draga upp skýrari skil milli framkvæmdarvaldsins og fjárveitingavaldsins þar sem um er að ræða ráðstöfun fjármuna af safnliðum. Í frumvarpinu koma fram upplýsingar um það í sérstökum yfirlitum, hvernig viðkomandi ráðuneyti hyggjast ráðstafa fjármunum innan viðkomandi safnliða. Þannig má fyrir fram sjá hvernig ráðuneytin hyggjast ráðstafa þessum fjármunum og er það nauðsynlegt því Alþingi þarf að gera sér sem gleggsta mynd af því hvernig fjármunum verður ráðstafað á næsta fjárlagaári.

Hins vegar er það svo að einstök ráðuneyti verða að draga upp skýrari mynd af því hvernig áformað verður að ráðstafa þessum fjármunum af safnliðum þegar kemur að fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 og verður gengið sérstaklega eftir því að svo verði. Þar sem um nýbreytni er að ræða að þessu sinni eru þær upplýsingar sem fram koma í frumvarpinu látnar duga, en við erum að þróa þessa framsetningu sem ég tel mjög til bóta.

Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins komu á fundi fjárlaganefndar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum. Spá um þjóðhagsforsendur er óbreytt frá því sem frumvarpið byggir á. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu gerir tekjuáætlun ekki ráð fyrir að vöxtur efnahagslífsins verði eins mikill árið 2006 og á yfirstandandi ári. Þar er gert ráð fyrir að hagvöxtur á árinu 2006 verði um 4,6% og verðbólga verði um 3,8%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn muni aukast um 2,7%. Spáð er að aukning einkaneyslu verði um 4,3% og að atvinnuleysi muni verða 1,8%. Þá er áfram gert ráð fyrir miklum viðskiptahalla á árinu 2006 og hann verði um 12,2% af landsframleiðslu.

Hæstv. forseti. Ég mun nú gera grein fyrir nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar þar sem ég fer yfir helstu þætti þess, en vísa að öðru leyti til þingskjala þar sem fram koma breytingartillögur og ítarlegt nefndarálit með skýringum.

Störf og verklag fjárlaganefndar Alþingis við vinnslu og afgreiðslu frumvarpsins hefur verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf umfjöllun um málið 26. september sl. og átti þá viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu nefndinni grein fyrir erindum sínum og ýmsum hagsmunamálum.

Nefndin hefur haldið 30 formlega fundi til umfjöllunar um málið og átt viðtöl við mjög marga aðila. Þá hefur nefndin átt fundi með fulltrúum ráðuneyta og einstakra stofnana, auk ýmissa aðila sem hafa sent nefndinni erindi er varða verkefni nefndarinnar. Það er því ljóst að umfang þessa verkefnis fjárlaganefndar er mikið á þessum haustdögum.

Ég vil vegna þeirra orða sem féllu hér fyrr í dag af munni hv. þm. Jóns Bjarnasonar mótmæla því sem þar kom fram og ég tel að út af fyrir sig séu þau orð ekki svara verð.

Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar við 2. umr. nema samtals 1.859,3 millj. kr. til hækkunar útgjalda í sundurliðun 2.

Að teknu tilliti til breytingartillagna meiri hluta fjárlaganefndar er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði um 334,6 milljarðar, sem er um 7,2 milljarða hækkun frá frumvarpinu. Samkvæmt því verður tekjujöfnuður fjárlaga ársins 2006 um 19,6 milljarðar króna, sem er 5,4 milljörðum meiri afgangur af fjárlögum en fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir, og er það nálægt því að vera 2% af landsframleiðslu.

Áætlað er að innheimtar afborganir af veittum lánum ríkissjóðs verði 4.950 millj. kr. í stað 4.700 millj. kr. samkvæmt frumvarpinu, eða um 250 millj. kr. hærri. Þá er gert ráð fyrir að fjármögnun ríkissjóðs breytist með þeim hætti að tekin verði skammtímalán að fjárhæð 1.100 millj. kr., en

í sjóðstreymi frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir skammtímalánum. Á móti er nú gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði niður löng lán að fjárhæð 12.500 millj. kr., en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að langtímalán verði greidd niður sem nemur 6.600 millj. kr. Samkvæmt þessu lækka skuldir ríkissjóðs um 11.400 millj. kr. í stað 6.600 millj. kr., eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, eða um 4.800 millj. kr. meira en áætlað er í frumvarpinu. Það er að sjálfsögðu sérstakt ánægjuefni.

Hæstv. forseti. Helstu tillögur um breytingar á tekjuáætlun, sundurliðun 1 í A-hluta frumvarpsins, eru þær að tekjur verði 7.248,2 millj. kr. hærri en frumvarpið gerir ráð fyrir og verði því alls 334,6 milljarðar. Í breytingartillögum er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila verði 3.500 millj. kr. hærri en samkvæmt frumvarpinu, sem kemur til vegna endurmats á tekjuskatti lögaðila árið 2005 í kjölfar álagningar ríkisskattstjóra. Gert er ráð fyrir að skattar á vörur og þjónustu verði 1.520 millj. kr. hærri, þar sem mest munar um að áætlaðar tekjur af vörugjaldi af innfluttum ökutækjum verði um 1.500 millj. kr. hærri. Reiknað er með að arðgreiðslur og leigutekjur verði 2.170 millj. kr. hærri og munar þar mest um 1.280 millj. kr. meiri vaxtatekjur. Loks er reiknað með að ýmsar tekjur verði 58,2 millj. kr. hærri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Ég mun nú gera grein fyrir helstu breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er varðar sundurliðun 2, 5. gr., 6. gr. og C-hluta frumvarpsins. Það yfirlit verður ekki tæmandi en vísað er til nefndarálits meiri hlutans þar sem gerð er ítarleg grein fyrir tillögunum.

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 48,5 millj. kr., og er það vegna Alþingis, umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar.

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis hækki um 11 millj. kr. frá frumvarpinu og munar þar mest um 10 millj. kr. framlag til að stofna sérstakan rannsóknasjóð, Jafnréttissjóð, sem ætlað er að veita fé til rannsókna. Markmið sjóðsins er að tryggja að hér á landi verði unnar vandaðar kynjarannsóknir sem geti stuðlað að framgangi aukins jafnréttis og jafnri stöðu kynjanna.

Fram eru lagðar ýmsar tillögur sem hækka fjárheimild menntamálaráðuneytis samtals um 690,2 millj. kr.

Nokkrar tillögur varða háskólastarfsemi, rannsóknir og framhaldsskóla, en þar er m.a. um að ræða 18 millj. kr. framlag til menntunar á sviði kvikmyndagerðar. Gerð er tillaga um 100 millj. kr. fjárheimild til sérstaks átaks til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra einstaklinga með litla menntun, jafnframt því að bæta stöðu erlends vinnuafls í íslensku samfélagi. Er þetta í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember sl. til að greiða fyrir samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Gert er ráð fyrir að símenntunarstöðvar í landinu komið að þessum verkefnum.

Vegna endurskoðaðra áætlana Lánasjóðs íslenskra námsmanna er lagt til að framlag til sjóðsins hækki um 27 millj. kr. frá frumvarpinu. Ýmsar tillögur eru um framlög til safnamála og er gerð ítarleg grein fyrir þeim í nefndaráliti meiri hlutans. Lögð er til 65 millj. kr. hækkun framlags til styrkja vegna kvikmyndagerðar. Þá eru tillögur um framlög til lista og fræðistarfa, þar sem m.a. er um að ræða fræðasetur, þekkingarsetur og háskólasetur víða um landið. Loks eru ýmsar tillögur um framlög til íþrótta- og æskulýðsmála á ýmsum sviðum, bæði er varðar rekstur og stofnkostnað.

Tillögur eru um að fjárheimild utanríkisráðuneytis lækki um 2 millj. kr. Annars vegar er um það að ræða að fjárheimild að fjárhæð 4 millj. kr. vegna mannréttindamála færist til dómsmálaráðuneytis, en hins vegar er gerð tillaga um 2 millj. kr. framlag vegna húsnæðiskostnaðar sendiráðsprests í London.

Á sviði landbúnaðarráðuneytis er lagt til að fjárheimild hækki um alls 77,6 millj. kr. Má þar helst nefna 12 millj. kr. tímabundna fjárheimild til Veiðimálastofnunar vegna rannsóknarverkefnis, 42 millj. kr. fjárheimild til nýrrar Landbúnaðarstofnunar og sérstaka fjárheimild vegna Hekluskóga.

Tillögur eru um að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis hækki um 101,9 millj. kr. Um er að ræða framlag vegna gagnagrunns um ástand og nýtingu fiskstofna, 50 millj. kr. hækkun á framlagi til Hafrannsóknastofnunar og 40,9 millj. kr. fjárheimild vegna Fiskistofu.

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um alls 79,8 millj. kr. Um er að ræða 4 millj. kr. hækkun vegna mannréttindamála og 15 millj. kr. fjárheimild vegna tímabundinna starfa sérstaks ríkissaksóknara. Þá er gerð tillaga um framlag til framkvæmda við stækkun og endurbætur fangelsa. Um er að ræða breytingar á fangelsum á Kvíabryggju, þar sem gert er ráð fyrir fjölgun fangarýma og á Akureyri. Miðað er við að hafist verði handa við nauðsynlegar framkvæmdir á Akureyri seinni hluta næsta árs og er gert ráð fyrir að fjárframlag til þess verkefnis verði endurmetið fyrir gerð fjárlaga ársins 2007. Samkvæmt áætlun dómsmálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að í framhaldi af þeim framkvæmdum verði ráðist í úrbætur í fangelsinu á Litla-Hrauni og hugað að byggingu nýs fangelsis við Reykjavík.

Loks eru tillögur er varða þjóðkirkjuna og aðstöðu við kirkjur.

Gerðar eru tillögur um að fjárheimild félagsmálaráðuneytis hækki um 472 millj. kr. Um er að ræða nokkrar tillögur er varða málefni fatlaðra. Þá er lagt til að heimild Atvinnuleysistryggingasjóðs til greiðslu atvinnuleysisbóta hækki um 400 millj. kr. í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Loks eru nokkrar tillögur er varða ýmsa starfsemi á sviði ráðuneytisins.

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 155,4 millj. kr. Um er að ræða ýmsar tillögur sem eru tilkomnar vegna þess að fallið er frá fyrri tillögum er fram koma í frumvarpinu og varða breytingar á greiðslu uppbótar til elli- og örorkulífeyrisþega til að mæta kostnaði við rekstur bifreiða. Þá eru einnig ýmsar tillögur er varða heilbrigðisstofnanir, öldrunarstofnanir og sjúkraflutninga.

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði lækkuð um 50 millj. kr. Þar er m.a. um það að ræða að fjárheimild launa- og verðlagsliðar frumvarpsins verði aukin um 100 millj. kr. til að mæta áhrifum af samkomulagi við aðila á vinnumarkaði, en hins vegar lækki fjárheimild þessa liðar

um 150 millj. kr. og hann verði alls 690 millj. kr. í fjárlögum.

Tillögur eru um að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 83,7 millj. kr. Auk nokkurra millifærslna milli fjárlagaliða, m.a. er varða ferðamál, má nefna það helst að fjárheimild Vaktstöðvar siglinga er hækkuð um 10 millj. kr., auk þess eru tillögur er varða rekstur Flugmálastjórnar.

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis hækki um 24,6 millj. kr. Auk millifærslna og leiðréttinga ber helst að nefna 25 millj. kr. viðbótarfjárheimild vegna jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku. Þar er gengið út frá því að þau mörk sem miðað hefur verið við er varðar niðurgreiðslur ríkissjóðs á raforkukostnaði til húshitunar verði hækkuð úr 35 þús. kwst. á ári í 40 þús. kwst. á ári.

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 88,9 millj. kr. Þar ber hæst tillaga um að fjárheimild *Fjármálaeftirlitsins verði aukin um 101 millj. kr. vegna* aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna. Að öðru leyti er um að ræða millifærslur og leiðréttingar á nokkrum fjárlagaliðum ráðuneytisins.

Tillaga er um að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 15 millj. kr. til að bregðast við tilmælum frá alþjóðastofnunum er varða verkefni Hagstofunnar og til þess þarf að auka við starfsemina.

Gerðar eru tillögur um að fjárheimild umhverfisráðuneytis hækki um 62,7 millj. kr. Þar er m.a. um að ræða tillögu um fjárheimild til Náttúrufræðistofnunar vegna gerðar náttúrufarskorta af landinu og lagt er til að sjö náttúrustofur fái tímabundnar fjárheimildir að fjárhæð 5 millj. kr. hver vegna tiltekinna rannsóknarverkefna. Í því sambandi er lögð rík áhersla á að viðkomandi rannsóknarverkefni verði unnin í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands eða aðrar stofnanir þar sem það á við. Einnig er sérstök áhersla lögð á að náttúrustofurnar skili umhverfisráðuneyti skýrslum um framgang viðkomandi rannsóknarverkefna.

Loks er lögð til 5 millj. kr. fjárheimild til Veðurstofu Íslands til áframhaldandi háloftarannsókna vegna veðurspáa í tengslum við Keflavíkurflugvöll.

Hæstv. forseti. Ég hef í stuttu máli farið yfir helstu tillögur er varða sundurliðun 2 en í tengslum við ýmsar fjárheimildir er í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar og í sérstökum yfirlitum gerð grein fyrir skiptingu þeirra.

Í breytingartillögu við sundurliðun 4, þ.e. C-hluta, er lagt til að breytt verði framsetningu Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna endurmats á áætlunum sjóðsins. Helstu *breytingarnar frá frumvarpinu eru þær að gert er ráð fyrir* að hreinar fjármunatekjur aukist um 330 millj. kr. og verði neikvæðar um 620 millj. kr. Framlag úr A-hluta ríkissjóðs eykst um 27 millj. kr. og nemur þar 4.477 millj. kr. Er þá miðað við að ríkissjóður leggi til 51% af áætluðum útlánum sjóðsins eða 4.213 millj. kr., auk 364 millj. kr. vegna rekstrs sjóðsins en frá dragist 100 millj. kr. sem er áætlað ónotað ríkisframlag í árslok yfirstandandi árs sem lagt verður til í lokafjárlögum 2005 að færist yfir á árið 2006.

Áætlað er að innheimtar afborganir af veittum lánum nemi 3.800 millj. kr. og að sjóðurinn greiði 3.500 millj. kr. í afborganir af teknum lánum og jafnframt er áætlað að handbært fé aukist um 50 millj. kr. af þessum sökum. Til þess að fjármagna aukin útlán þarf sjóðurinn að taka 200 millj. kr. meiri lán en áætlað er í fjárlagafrumvarpinu og eru lántökurnar því áætlaðar 5.100 millj. kr.

Varðandi 5. gr. frumvarpsins er lögð til 200 millj. kr. hækkun á lántökuheimildum lánasjóðsins eins og ég hef áður farið yfir og er í ljósi endurskoðaðra áætlana.

Þá er lagt til að heimild til veitingar ríkisábyrgðar á lántökum Landsvirkjunar verði aukin um 4 milljarða og er það í ljósi endurskoðaðra fjárfestingaráætlana fyrirtækisins og samsvarandi aukningar á lánsfjárþörf.

Þá eru í niðurstöðum fjárlaganefndar nokkrar breytingartillögur við 6. gr. frumvarpsins og eru þær skýrðar í sérstöku þingskjali og vísa ég til þess.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar. Undir það rita hv. þingmenn Magnús Stefánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Birkir J. Jónsson, Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller og Bryndís Haraldsdóttir.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Ég vil í lok máls míns þakka samstarfsfólki mínu í fjárlaganefnd, stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum, fyrir mjög gott og ánægjulegt samstarf nú á haustdögum. Starfsfólki ráðuneyta og stofnana sem nefndin hefur átt samskipti við þakka ég sömuleiðis. Síðast en ekki síst vil ég fyrir hönd fjárlaganefndar þakka starfsfólki Alþingis fyrir sérstaklega gott samstarf og alla þá ómetanlegu aðstoð sem það veitir okkur í störfum okkar.

[11:17]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það má segja að ræða hv. þm. Magnúsar Stefánssonar hafi nú ekki síður verið athyglisverð fyrir það sem ekki var sagt í henni, en þar sem ég mun hér í ræðu á eftir fara betur yfir þau mál vil ég nú aðeins einbeita mér að einu máli.

Það vakti sérstaka athygli að hv. þingmaður nefndi hvergi orðið Byggðastofnun. Það er athyglisvert að í áliti iðnaðarnefndar sem er samhljóða, þ.e. öll nefndin stendur að álitinu, segir m.a., með leyfi forseta:

„Iðnaðarnefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að óvissu um starfsemi Byggðastofnunar verði eytt."

Nú er það ljóst, frú forseti, að ekki er mikill tími til stefnu til þess að eyða þeirri óvissu ef það á að gerast í tengslum við fjárlög eða fjáraukalög. Í morgun komu tillögur varðandi fjáraukalög þessa árs og þar er hvergi minnst á Byggðastofnun, þannig að ég spyr hv. þingmann: Er ekki gert ráð fyrir því að eyða óvissu um starfsemi Byggðastofnunar?

[11:18]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi athugasemd hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar um Byggðastofnun og spurningu hans um það hvort það sé ekki mikilvægt að eyða óvissu þá er það einfaldlega þannig að það er auðvitað mjög mikilvægt

að eyða þeirri óvissu. Ég vonast auðvitað til þess að það megi verða sem allra fyrst.

[11:19]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað gott að halda í vonina og við vonum að sú von beri árangur. En eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu er ljóst að það er afskaplega skammur tími til stefnu. Hér erum við með 2. umr. um fjárlög 2006 og það er ekkert minnst á hvernig eigi að eyða þessari óvissu. Það stefnir í að það verði ekki gert í fjáraukalögum fyrir árið 2005 miðað við það sem kom fram á fundi fjárlaganefndar í morgun og þá er aðeins eftir 3. umr. um fjárlög. Það styttist óðum í að hún fari fram þannig að það eru í raun og veru bara örfáir dagar til stefnu.

Það er því óhjákvæmilegt að spyrja hv. þingmann nánar, vegna þess að það er ekki bara þannig að hv. þingmaður sé formaður fjárlaganefndar og ætti þar af leiðandi að vita nokkuð um það hvað hugsanlega er í pípunum, heldur er hann einnig í nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins um starfsemi Byggðastofnunar þannig að hann hlýtur að geta upplýst okkur örlítið betur um hvort það sé virkilega svo að kæruleysið eigi að vera slíkt gagnvart starfsemi stofnunarinnar að engar líkur séu á því að þessari óvissu verði eytt.

[11:20]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður talar hér um kæruleysi en ég get ekki tekið undir það því að það er verið að vinna, eins og hann sagði reyndar sjálfur, að lausnum varðandi Byggðastofnun. Þangað til niðurstaða um það liggur fyrir get ég ekkert sagt um hvernig það verður, þannig að ég ítreka það sem ég sagði fyrr, það er mikilvægt að því ljúki sem fyrst og ég vænti þess að það verði mjög fljótlega.

[11:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni fyrir ræðu þar sem hann fór víða yfir og vitaskuld er hæstv. ríkisstjórn að gera margt sem horfir til framfara. Mig langar, frú forseti, til þess að nota þetta tækifæri til að vekja máls á einu tilteknu atriði sem ég tók ekki eftir að hv. þingmaður dræpi á í máli sínu, það eru málefni Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans. Við vitum að aðstaða þar er ekki nógu góð, húsnæðið er löngu sprungið og þetta aðstöðuleysi hefur leitt til þess að unglæknar fara ekki lengur í sérhæfingu í barnageðlækningum. Stofnunin hefur 180 milljónir í sjóðum en hana vantar 90 milljónir frá ríkinu til þess að það sé hægt að byggja við.

Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hann telji mögulegt að komast að samkomulagi um að reyna að finna leiðir til þess að hægt sé að ráðast í þessa viðbyggingu.

[11:22]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi málefni Barna- og unglingageðdeildar og áform um framkvæmdir þar við úrbætur á aðstöðu þá er rétt sem fram kom hjá hv. þingmanni að það liggja fyrir fjármunir varðandi það verkefni. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef skilst mér hins vegar að þeir nægi ekki til að ljúka fyrsta áfanga þess verkefnis. En miðað við upplýsingar sem ég hef líka, skilst mér að það sé þó nægt fjármagn til að hefja framkvæmdir á síðari hluta næsta árs. Síðan geri ég auðvitað ráð fyrir því að þetta mál muni þá koma inn í umræðu um fjárlög 2007 þannig að ég er þess fullviss að það eru uppi áform og vilji til að fara í þetta verkefni sem allra fyrst. En þetta eru þær upplýsingar sem ég hef um málið.

[11:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir það mjög mikilvægt að formaður fjárlaganefndar segir að fullur vilji sé til þess að ráðast í þær framkvæmdir sem þarf hið fyrsta. Ég vek eftirtekt á því að hér fyrir þinginu liggur tillaga um 90 millj. kr. framlag til þess að þetta verði hægt. Ég mun í umræðunni síðar í dag gera grein fyrir þessum vanda og reyndar vil ég að það komi líka fram að ég hef óskað eftir umræðu utan dagskrár við hæstv. heilbrigðisráðherra um þetta mál.

En mér finnst það mjög mikilvægt að hjá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni kemur greinilega fram sterkur vilji til þess að leysa málið. Mér finnst að það hljóti að vera hægt að finna svigrúm hjá ríkinu til þess að láta einhverja tugi milljóna í þetta núna til að hægt sé að ráðast í framkvæmd fyrsta áfanga. Ég er þá að hugsa um einhvers konar framlag frá ríkinu í gegnum fjárlaganefnd, hugsanlega einhverja sjóði til bygginga innan Landspítalans. Ég held að þetta sé mál sem ekki getur beðið og ég bið hv. þingmenn um að taka undir með okkur sem erum að berjast í þessu máli og ég veit að það er ríkur skilningur á því.

[11:24]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Niðurstaða úttektar Evrópusamtaka háskóla núna fyrir nokkrum vikum bar með sér að Háskóli Íslands er í kreppu. Hann fær næstlægstu framlög allra sambærilegra háskóla í Evrópu, einungis háskólinn í Króatíu er neðar en Háskóli Íslands og vermir þar botnsætið. Skólinn er í raun, samkvæmt skýrslunni, akademískt afrek vegna þeirrar þröngu fjárhagsstöðu sem hann býr við og staðan kallar á akademíska afturför skólans ef ekki verður brugðist mjög hressilega við því.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar frá því í vor sagði tvennt: Annaðhvort fær skólinn verulega aukin opinber framlög eða heimild til skólagjalda. Núverandi fjárlagafrumvarp tekur á hvorugu. Því fer fjarri að skólinn fái nægjanlegt fjármagn til að rétta úr kútnum, hann þyrfti að fá hundruð milljóna aukalega til að þar yrði einhver veruleg bót á. Því spyr ég hv. formann fjárlaganefndar: Hvorn kostinn á að taka og af hverju er ekki annar hvor kosturinn tekinn og hverjar er forsendurnar fyrir því að það er ekki gert?

[11:25]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kemur fram að í frumvarpinu er verið að auka nokkuð við fjármagn til háskólans. En varðandi hvað á að gera í málefnum háskólans hefur sú umræða verið uppi á borðum, a.m.k. þann tíma sem ég hef verið í þessari fjárlaganefnd. Í sjálfu sér get ég ekki mikið um það sagt hvar það mál liggur milli ráðuneytisins og háskólans. En háskólinn hefur lagt áherslu á að hann þurfi aukið fjármagn og ég ætla ekkert að rengja það, en þetta er bara mál sem ég tel að við þurfum að vinna í á breiðum grunni.

[11:26]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega óheppilegt að hæstv. menntamálaráðherra sé erlendis akkúrat núna þegar öll þessi mál brenna á háskólastiginu og menntakerfinu öllu. Háskólinn á Akureyri er t.d. í mikilli kreppu, er að leggja niður tvær deilda sinna, rifa seglin og þarf að draga verulega saman, þannig að skólanum er verulega ógnað. Núverandi niðurskurður og sparnaður sem þar á sér stað innan dyra gengur mjög nærri skólanum. Til að hann mætti halda úti núverandi starfsemi og þyrfti ekki að skera svo mikið niður að það ógni stöðu skólans og þar með kannski kjölfestunnar í íslenskri byggðastefnu á síðustu árum, þyrfti skólinn að fá 80 millj. kr. til viðbótar.

Því spyr ég hv. formann fjárlaganefndar hvort það sé ekki möguleiki að koma til móts við þessa bráðaþörf skólans, þann bráðavanda sem Háskólinn á Akureyri á í með því að bæta við og auka framlög til hans um þessar litlu 80 miljónir þannig að skólinn þurfi ekki að vera í þeirri öng sem hann er núna í.

[11:27]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málefni Háskólans á Akureyri eru eitt málið enn sem við höfum fjallað um í nokkurn tíma. Það sem hv. þingmaður ræðir hér um, 80 milljónir, hygg ég að sé vegna húsnæðiskostnaðar, ekki rétt? Þetta tengist fyrst og fremst, að því er ég best veit, rannsóknahúsi við háskólann sem var byggt og ríkið hefur leigt af einkaaðilum. Ég held að það sé rétt að koma því á framfæri hér í tengslum við þetta að kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þeirra stofnana sem fara inn í það húsnæði og þurfa að leigja það er yfir 100 milljónir á ári við þessa aðgerð. Ég held að það sé rétt að það komi hér fram.

[11:28]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það vakti ánægju hjá mörgum þegar lagt var til í frumvarpi til fjárlaga, eins og kom fram við 1. umr., að verja skyldi 100 millj. kr. á lið Bætur til elli- og örorkulífeyrisþega til starfsendurþjálfunar sjúkratrygginga, og enn fremur að það skyldi vera farið í að verja nærri 400 millj. kr. til að hækka tekjutryggingu hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

En nú við 2. umr. frumvarpsins er þetta hvort tveggja skorið niður. Það eru líka skorin niður, frú forseti, framlög til sjúkrahúsa og framlög til reksturs heilsugæslustöðva. Er það nú enn svo að þegar á að beita hagræðingaraðgerðunum þá beinast þær að elli- og örorkulífeyrisþegum, sjúkrahúsum, sjúkrahúsum úti á landi? Á nú aftur að skera niður fjárveitingar til sjúkrahúsanna á Patreksfirði, (Forseti hringir.) Hvammstanga og Blönduósi til (Forseti hringir.) að jafna halla ríkissjóðs?

[11:29]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason leyfir sér oft að segja ýmislegt í þessum ræðustól sem er mjög langt frá veruleikanum. Hér heldur hann því fram að það eigi að fara að skerða fjárheimildir sjúkrahúsa og nefnir til sögunnar tiltekin sjúkrahús. Þetta er alrangt. Ef þingmaðurinn les tillögurnar og áttar sig á þeim og vill skilja þær rétt þá er hér um að ræða lækkun á því sem við köllum pott í heilbrigðisráðuneytinu, sem er ætlaður til sjúkrahúsa almennt. Það er ekki verið að skerða fjárheimildir einstakra sjúkrahúsa. Ég bið hv. þingmann að fara rétt með.

Varðandi hitt sem hann nefndi þá kemur fram í tillögunum að það er fallið frá því að fella niður svonefndan bensínstyrk, sem var mikið rætt hér í haust, og það vita þeir sem skoðuðu það mál að í því fólst ýmislegt, m.a. áform um að hækka tilteknar bætur til þeirra sem þær fá. Þetta mál er í heild sinni einfaldlega dregið til baka og ég held því að hv. þingmaður hljóti að geta verið ánægður miðað við þau mótmæli sem málið fékk fyrr í haust.

[11:31]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég man ekki betur en hæstv. heilbrigðisráðherra hefði lýst því yfir á Alþingi að haft yrði samráð við hlutaðeigandi um þær breytingar sem þarna var verið að leggja til. Að sjálfsögðu var því mótmælt að afnema styrkinn sem fatlaðir og örorkulífeyrisþegar hafa fengið til bifreiðaaksturs. Ég er ekki viss um að þeir aðilar hafi samþykkt að það ætti að skera hitt niður sem var þó búið að gefa vilyrði fyrir. Mér finnst mjög aumt, frú forseti, að grípa til þess að skera niður þau fyrirheit sem gefin voru við 1. umr. og í frumvarpinu, tæpar 400 millj. kr. til að hækka tekjutryggingu hjá elli- og örorkulífeyrisþegum og um 100 millj. kr. til starfsendurhæfingar.

Eitt vekur líka athygli. Mikið er búið að ræða um brýna þörf fyrir hjúkrunarheimili og elliheimili, en þess sér takmarkað stað nú við 2. umr., þ.e. það átak sem um hefur verið rætt að þyrfti að gera á þeim vettvangi.

[11:32]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Bara rétt út af því sem hv. þingmaður hefur rætt hér varðandi þetta mál sem í umræðunni hefur verið kallað niðurfelling bensínstyrks. Ég held að hægt sé bara að kalla það því nafni. Því var mótmælt mjög harka-

lega og ég veit að hv. þingmaður gerði það einnig. Hér er verið að hverfa frá þeirri tillögu að fara í þá aðgerð og ég skil ekki af hverju hv. þingmaður er svo stúrinn yfir því.

[11:33]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar sem er myndaður af þingmönnum Samfylkingarinnar en einnig stendur að nefndarálitinu áheyrnarfulltrúi Frjálslynda flokksins. Það er eðlilegt í upphafi að taka undir með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að ánægjuefni er að fjárlaganefnd hagi störfum sínum með þeim hætti að þær áætlanir sem fyrir eru lagðar í byrjun þings standi. Þannig erum við nú í 2. umr. um fjárlög eins og gert var ráð fyrir við upphaf þings að fram færi í dag, 24. nóvember.

Frú forseti. Áður en ég geri grein fyrir nefndarálitinu vil ég taka saman í stuttu máli það sem einkennir línu okkar í álitinu. Samkvæmt tillögum okkar mun tekjuafgangur ríkissjóðs aukast í 23,6 milljarða kr. en í því felst aukin vörn gegn neikvæðum afleiðingum þenslunnar í efnahagslífinu. Lagt er til að svigrúmi til skattalækkana verði varið til að lækka matarskatt og hækka persónuafslátt meira en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Í tillögum 1. minni hluta eru lagðar til sérstakar hækkanir til að styrkja einstaka málaflokka. Rúmlega 1 milljarði kr. skal varið til að bæta stöðu menntakerfisins með sérstakri áherslu á framhaldsskóla- og háskólastigið, rúmlega 2 milljörðum kr. til að styrkja velferðarkerfið og hálfum milljarði kr. til að bæta stöðu landsbyggðarinnar með tillögu sem færð er undir forsætisráðuneytið. Í tillögum um velferðarmál er sérstaklega tekið á vanda sjúkra barna með fjárveitingum til stækkunar á barna- og unglingageðdeild, eflingar barnadeildar LSH, aukinnar þjónustu hjá Barnaverndarstofu og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Frú forseti. Þetta er megininntak þeirra tillagna sem ég mun að sjálfsögðu gera örlítið betur grein fyrir á eftir en verður síðan farið alveg sérstaklega yfir í sérræðu síðar í dag.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði 313,2 milljarðar kr. og að tekjur verði 327,4 milljarðar kr. sem skilar 14,2 milljarða kr. tekjuafgangi. Við 2. umr. um frumvarpið leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld samkvæmt því hækki um tæplega 1,9 milljarða kr. en jafnframt að tekjuhlið frumvarpsins hækki um rúmlega 7,2 milljarða kr. vegna endurskoðaðrar tekjuáætlunar næsta árs. Áætlaður tekjuafgangur samkvæmt tillögum meiri hlutans hækkar því um 5,4 milljarða kr. Samkvæmt tillögum 1. minni hluta er hins vegar gengið lengra og lagðar til breytingar sem gera að verkum, ef samþykktar verða, að tekjuafgangur fjárlaganna verði 23,6 milljarðar. kr.

Hækkun tekna er til marks um að stjórnvöld telja augljóslega sjálf að ekkert lát verði á þeirri gríðarlegu þenslu sem einkennt hefur íslensk efnahagslíf. Gjaldaaukningin samkvæmt tillögum meiri hlutans bendir til þess að stjórnvöld ætli sér að gæta meira aðhalds hvað útgjöldin varðar en áður. Sporin hræða hins vegar í því efni. Eitt megineinkenni þessarar ríkisstjórnar er hömlulaus þensla útgjalda. Fátt hefur breyst í því efni eins og speglast í áætlaðri útkomu á þessu ári, sem bendir eindregið til að útgjöld verði mun meiri en stjórnvöld höfðu ætlað.

Frú forseti. Efnahagsforsendur frumvarpsins byggjast á spá fjármálaráðuneytisins um að hagvöxtur verði um 4,6% á árinu 2006 og að verðbólga verði um 3,8%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn aukast um 2,7%, einkaneysla er talin aukast um 4,3% og atvinnuleysi talið minnka áfram og verða um 1,8%. Miður jákvætt er að ekkert lát er á miklum viðskiptahalla við útlönd sem talinn er verða nálægt 12,2% af landsframleiðslu á næsta ári. Þessar forsendur hafa ekki verið endurmetnar af fjármálaráðuneytinu fyrir 2. umr. um frumvarpið. Reynslan sýnir því miður að erfitt er að treysta þeim forsendum sem fjármálaráðuneytið leggur til grundvallar. Þannig blasir við að efnahagsþróunin á yfirstandandi ári hefur einfaldlega orðið allt önnur en ráð var fyrir gert í fjárlögum ársins 2005. Þetta kemur vel fram í töflu sem fylgir nefndaráliti 1. minni hluta og sýnir svart á hvítu að efnahagsþróun ársins hefur orðið talsvert öðruvísi en ætlað var í spá ráðuneytisins.

Í töflunni kemur glöggt fram að lykilstærðir hafa þróast með allt öðrum hætti á árinu en fjármálaráðuneytið spáði. Þannig hefur einkaneysla orðið miklu meiri og er nú spáð að hún verði 9,5% í stað 5% sem ráðuneytið taldi upphaflega. Fjárfestingar eru nú áætlaðar 28,5% í stað 18% og þjóðarútgjöld vaxa um 12,8% í stað 7,5%. Þær efnahagsforsendur sem ríkisstjórnin leggur nú til grundvallar fjárlagafrumvarpinu er óhjákvæmilegt að skoða í þessu ljósi. Reynslan hefur einfaldlega sýnt — ekki síst af yfirstandandi ári — að spár hennar um framvindu efnahagsmála hafa reynst vera úr takti við raunveruleikann. Í þessu samhengi vekur 1. minni hluti fjárlaganefndar sérstaka athygli á því að forsendur fjármálaráðuneytisins um vöxt einkaneyslu eru mun varfærnari en spár bæði Seðlabankans og greiningardeilda bankanna. 1. minni hluti fjárlaganefndar telur því að tekjur ríkissjóðs séu líklegar til að verða umtalsvert hærri á næsta ári en fram kemur í frumvarpinu.

Ábyrgir aðilar hafa haft uppi sterk varnaðarorð um þróun efnahagsmála og sinnuleysi sem stjórnvöld sýna gagnvart því ójafnvægi efnahagsmálanna sem við blasir. Þannig lýsti miðstjórn ASÍ strax yfir vonbrigðum með þá efnahags-, atvinnu- og félagsmálastefnu sem birtist í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. ASÍ benti á þá sérkennilegu staðreynd að fjármálaráðuneytið spái um 4% verðbólgu næstu árin á grundvelli eigin fjárlagafrumvarps, það spái sjálft miklu ójafnvægi í þjóðarbúskapnum og áframhaldandi háum vöxtum og sterku gengi með tilheyrandi vandræðum fyrir útflutnings- og samkeppnisatvinnuvegina. Það skortir því augljóslega ábyrgð í efnahagsstefnunni og eins og stjórnarandstaðan hefur ítrekað bent á síðustu ár þarf meiri festu í ríkisfjármálum. Miðstjórn ASÍ sá því sérstaka ástæðu til að skora á ríkisstjórnina og Alþingi að taka með ábyrgum hætti þátt í efnahagsstjórninni og beita ríkisfjármálunum þannig að það dragi úr þörf fyrir harkalegar aðgerðir Seðlabankans í peningamálum.

Athyglisvert er jafnframt að fleiri aðilar í fjármálalífinu taka undir varnaðarorð ASÍ og spara heldur ekki stóru orðin þegar kemur að umfjöllun um efnahagsmálin. Í hagspá Landsbankans 2005–2010 frá því í september kemur t.d.

fram að viðskiptahallinn hafi orðið mun meiri en talið var í fyrri spá og gengi krónunnar hafi styrkst langt umfram það sem flestir reiknuðu með. Þar segir síðan orðrétt, með leyfi forseta:

„Það hefur því reynt á þanþol hagkerfisins af enn meiri þunga en flestir sáu fyrir og því ekki að undra að gripið sé til orða á borð við ógnarjafnvægi til að fanga það ástand sem nú ríkir í efnahagsmálunum."

Þetta voru orð greiningardeildar Landsbanka Íslands. Bent er á mikilvægi hagstjórnar í þessu sambandi, bæði stjórn peningamála og ríkisfjármála.

Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar undirstrikar að margt jákvætt er að finna í þróun efnahagslífsins á undanförnum árum. Það hefur einkennst af sköpunarkrafti og frumkvæði sem birtist glöggt í útrás fyrirtækja erlendis. Þennan þrótt má rekja til aukins frelsis og minni hafta sem lagður var grunnur að með EES-samningnum fyrir áratug. Með frumkvæði sínu að honum áttu jafnaðarmenn stærstan þátt í því frelsi sem lagt hefur grunninn að gríðarlega sterkri samkeppnisstöðu Íslands í dag. Sala bankanna var að sönnu mjög umdeild á sínum tíma. Hitt er óefað að hún leysti mikinn kraft úr læðingi í atvinnu- og efnahagslífinu. Þetta er hin jákvæða hlið efnahagsmálanna í dag. Neikvæða hliðin birtist í því að dökkar blikur rísa nú hratt á loft efnahagsmála. Miklu skiptir því að stjórnvöld greini vandann rétt til að hægt sé að grípa til samræmdra gagnráðstafana. Stjórntækin sem völ er á, peningastefna Seðlabankans og ríkisfjármálin, verða að grípa saman eins og tannhjól í vél.

Frú forseti. Því miður bendir margt til þess að lykilþættir séu að fara úrskeiðis við þessar viðkvæmu aðstæður. Ríkisstjórnin neitar að horfast í augu við afleiðingar óhóflegrar þenslu. Það kom skýrt fram í stefnuræðu forsætisráðherra í haust þar sem ekki var vikið einu orði að veikleikum í efnahagslífinu og engin merki um skilning á afleiðingum þenslunnar hafa komið úr herbúðum ríkisstjórnarinnar. Hún lifir því miður í sýndarveruleika. Þessi afstaða veldur því að meiri hlutinn á Alþingi hefur sneitt hjá því að beita fjárlögum með virkum hætti til að slá á þensluna eins og margoft hefur verið lagt til við umræður um fjárlög síðustu árin. Hagstjórninni er velt nær alfarið yfir á Seðlabankann sem á fárra kosta völ annarra en að halda áfram að hækka vexti sem leiðir til hærra gengis og enn meiri erfiðleika fyrir útflutningsgreinarnar. Vaxtahækkanir og hátt gengi krónunnar með tilheyrandi vandræðum fyrir útflutningsgreinarnar eru því að verulegu leyti heimatilbúinn vandi ríkisstjórnarinnar.

Hitt sem einnig er vaxandi áhyggjuefni er ósamræmið sem nú er að koma fram í mati annars vegar Seðlabankans og hins vegar fjármálaráðuneytisins á framleiðsluspennu í hagkerfinu en hún er helsti mælikvarðinn á þensluna. Seðlabankinn telur að hér sé meiri spenna en nokkru sinni fyrr meðan fjármálaráðuneytið virðist einfaldlega álíta að hagkerfið sé því sem næst í jafnvægi. Mismunandi mat þessara lykilstofnana veldur því að þær hafa ekki sömu skoðanir á því til hvaða aðgerða beri að grípa til að draga úr þenslunni, og í hve ríkum mæli. Þetta á m.a. við aðhald í ríkisfjármálum. Mótvægisaðgerðir þeirra eru því líklegar til að verða ómarkvissar og ónógar eins og sést á undirbúningi fjárlaga. Aðgerðirnar eru því miður ólíklegar til að vinna nægilega vel saman til að tryggja að hægt sé að koma böndum á þensluna.

En frú forseti. Það eru fleiri hliðar á málinu. Kaupmáttur hefur vissulega aukist. Um það er ekki deilt. Samhliða hefur hækkun á lánshlutfalli vegna íbúðakaupa, hækkun á lánaþakinu og samkeppni banka við Íbúðalánasjóð um endurfjármögnun stóraukið aðgengi almennings að lánum á lágum vöxtum sem slegin eru út á húsnæði sem þar að auki er miklu verðmætara en áður. Þessi þættir, sem rekja má að hluta til stjórnvaldsaðgerða, hafa ýtt af stað gríðarlegri neyslubylgju sem birtist í langtum meiri aukningu einkaneyslu en fjármálaráðuneytið gerði ráð fyrir í þjóðhagsáætlun síðasta árs. Þessi þróun er ekki sísta orsök þenslunnar og á mun ríkari þátt í henni en fjárfestingar vegna stóriðju.

Það er eðlilegt að því sé haldið fram að stigið hafi verið heillaspor með lækkun vaxta en tímasetning þeirra aðgerða var hins vegar afar óheppileg. Afleiðingarnar birtast í því að alvarlegar blikur blasa nú alls staðar við eins og kemur fram jafnt í umsögnum ASÍ og greiningardeilda bankanna um stöðu efnahagsmála. Viðskiptahallinn er á leið yfir 14% og hefur ekki mælst meiri í þau 60 ár sem hann hefur verið mældur. Stýrivextir Seðlabankans fara stöðugt hækkandi. Gengi krónunnar er gríðarlega hátt og tekjur útflutningsgreinanna hafa lækkað að sama skapi. Fyrirtækin eru því farin að greiða atkvæði með fótunum og freista þess að flýja óstöðugleikann með því að flytja starfsemi sína til útlanda. Önnur, sem eiga þess ekki kost, munu þurfa að segja upp starfsfólki eða loka endanlega eins og gerst hefur víða á landsbyggðinni að undanförnu.

Ýmsir í fjármálalífinu hafa spáð því að hugsanlega sé fram undan skarpt gengissig og virtar bankastofnanir hafa nefnt allt að 25% gengisfall í opinberum greiningum sínum. Verðbólgan gæti tímabundið rokið upp, sumar greiningardeildir nefndu allt að 8% fyrr á árinu, með tilheyrandi áföllum fyrir heimilin og einstaklingana í landinu. Þessi staða ber því alls ekki vott um ábyrgð eða nægilegt aðhald af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Stýritækin sem stjórnvöld hafa í sínum höndum til að ráðast gegn ofrisi og þenslu eru aðallega tvenns konar. Seðlabankinn getur hækkað stýrivexti og slegið þannig á eftirspurn eftir fjármagni. Það eykur hins vegar kostnað fyrirtækja og ýtir undir hækkun gengisins þannig að staða útflutningsgreinanna versnar enn. Hins vegar getur ríkisstjórnin slegið á þenslu með því að skila sem mestum afgangi af fjárlögum. Meiri afgangur þýðir meira viðnám gegn þenslu og á miklum veltu- og þenslutímum á að vera auðveldara að skila miklum afgangi. Það er jafnframt miklu brýnna en ella við aðstæður eins og nú ríkja. 1. minni hluti fjárlaganefndar bendir þó á að langvarandi hömluleysi í útgjaldaþenslu ríkisins hefur leitt til þess að blikur dregur á loft eins og birtast nú í lykilstærðum, t.d. genginu, viðskiptahalla og verðbólgu, og þá er erfitt að grípa í einu vetfangi til aðgerða sem leiða til fjárlagaafgangs sem sérfræðingar telja nauðsynlegan.

Samkvæmt tillögum meiri hluta fjárlaganefndar við 2. umr. er gert ráð fyrir að afgangur af fjárlögum aukist. Í því birtist meiri skilningur en fram kom í fjárlagafrumvarpinu. Það ber sannarlega að virða. 1. minni hluti telur þó að af-

gangur af fjárlögum þyrfti að vera meiri og til að undirstrika það leggur hann til breytingar sem, ef samþykktar verða, munu leiða til þess að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 4 milljörðum kr. meiri en meiri hlutinn leggur til, eða 23,6 milljarðar kr.

Annar veikleiki fjárlagafrumvarpsins birtist svo í skattalækkunum. Menn geta deilt um réttmæti þeirra. Í þeim birtist sorglegur ójöfnuður þar sem langflestar krónur fara í vasa hálaunahópa en langtum minna rennur til þeirra samfélagshópa sem mest eru þurfandi. Sé á annað borð svigrúm til skattalækkana á að fara aðrar leiðir til að nýta það og bæta kjör þeirra sem verst eru settir. Um það gerir 1. minni hluti sérstakar tillögur við 2. umr. fjárlagafrumvarpsins. Þessi ójöfnuður er alvarlegur veikleiki á hagstjórninni af ríkisins hálfu og ber vott um vanhugsuð áform þar sem ekki er spáð í afleiðingar.

Frú forseti. Varanlegur agi í ríkisfjármálum og sterkt viðnám gegn þenslu ríkisútgjalda, ekki síst á tímum góðæris og fyrirsjáanlegrar þenslu, er sá grunnur sem fyrirhyggjusöm og ábyrg ríkisstjórn leggur svo að unnt sé að mæta mögulegri ofþenslu þegar hagsveiflan nær toppi. Það verður því að rifja upp að í niðursveiflunni árið 2000 var ríkisstjórnin brýnd til að gæta aðhalds í ríkisútgjöldum til að vera undirbúin hugsanlegum afleiðingum uppsveiflunnar sem þá var strax spáð. Ráð er ekki nema í tíma sé tekið. En það var ekki tekið. Ríkisstjórnin svaf á verðinum. Hún lét skammsýni ráða för. Útgjaldaþensla ríkisins fór úr böndum og hefur lítið batnað síðan.

Agaleysið speglast mjög vel í því ósamræmi sem hefur annars vegar birst í áformum fjárlagafrumvarpa síðustu ára um tekjuafgang af fjárlögum og hins vegar í raunverulegum afgangi samkvæmt ríkisreikningi. Á veltuárunum 2000–2004 átti afgangurinn samtals að nema 82 milljörðum kr. en endaði í 8 milljarða kr. halla. Munurinn á þessu tímabili er því 90 milljarðar kr., eða 18 milljarðar kr. að meðaltali á ári. Það munar um minna. Í þessu birtist agaleysið í hnotskurn.

Yfirstandandi ár er þó ef til vill besta dæmið um hvernig tækifæri til að skila miklum tekjuafgangi af fjárlögum tapaðist. Áformað var að skila 10 milljörðum kr. Meðan árinu vatt fram varð gríðarleg veltuaukning í samfélaginu eins og fyrr er rakið. Ríkissjóður fékk því óvæntan búhnykk sem svaraði til nær 30 milljarða kr. tekjuaukningar. Hefðu áform um útgjöld staðist hefði afgangur ríkissjóðs því getað verið fast að 40 milljörðum kr. í stað nærri 30. En áform um útgjöld stóðust ekki. Tækifæri til að beita ríkisfjármálum af festu gegn þenslunni fór forgörðum.

Staðreyndin er sú að allir, jafnt greiningardeildir bankanna, ASÍ og atvinnurekendur, telja að veikleikar fjárlagafrumvarpsins veiki hagstjórnina. Það hefur ekki gerst áður að allir þessir aðilar hafi verið sammála um svo harða gagnrýni á efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar. Hún veltir í reynd vandanum öllum yfir á Seðlabankann og lætur skeika að sköpuðu. Í því felst mikið ábyrgðarleysi af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Frú forseti. Árum saman hafa fjárlög ekki staðist heldur gefið allt aðra mynd af ríkisfjármálunum en niðurstaða ársins hefur orðið. Var á þetta bent í nefndaráliti 1. minni hluta í fyrra og þar gagnrýnt að stjórnvöld hafi m.a. viljað taka einstaka, svokallaða „óreglulega liði", út úr samanburði fjárlaga við ríkisreikning. Til þess að nota megi fjárlög sem best til að stjórna ríkisfjármálum er nauðsynleg að huga að nokkrum atriðum. Þau atriði sem ég mun fara yfir, frú forseti. Í tengslum við þetta eru í fyrsta lagi flutningur fjárheimilda milli ára, í öðru lagi útgjaldarammar fjárlaga og afgreiðsla Alþingis, í þriðja lagi tímanlegar upplýsingar um fjárhagsstöðu og í fjórða lagi langtímastefna í ríkisfjármálum.

Fyrst vík ég að flutningi fjárheimilda milli ára. Ástæða er til að geta mikilla frávika sem flutningur fjárheimilda milli ára er farinn að hafa á fjárheimildir stofnana. Hann gerir að verkum að fjárlögin segja í mörgum tilfellum lítið til um hverjar fjárveitingar þeirra eru í raun. Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2004 kemur fram að 19,5 milljarða kr. eldri fjárheimildir voru fluttar yfir á það ár. Það svarar til um 7% af fjárlögum ársins. Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að undirstrika að þetta er langt umfram þau 4% viðmiðunarmörk sem talin eru ásættanleg samkvæmt reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisaðila.

Ríkisendurskoðun hefur áður bent á að það veiki framkvæmd fjárlaga að flutningur á fjárheimildum milli uppgjörstímabila sé jafnmikill og raun ber vitni. Að hennar mati á það jafnt við um aðila sem hafa eytt umfram gjaldaheimild og þá sem ekki hafa notað fjárheimildir sínar í mörg ár. Í skýrslunni ítrekar stofnunin það álit sitt að Alþingi taki þetta mál til skoðunar og segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Telja verður mjög óheppilegt að stór hluti útgjaldaákvarðana sé þannig ekki ræddur í tengslum við afgreiðslu fjárlaga hvers ár. Nefna má ýmis dæmi um fjárveitingar til stofnana samkvæmt fjárlögum sem skerðast strax í byrjun fjárlagaársins um tugi prósenta vegna umframgjalda fyrri ára. Fyrr eða síðar þarf að bregðast við þeim vanda, ýmist með viðbótarfjárveitingum, hagræðingu í rekstri eða samdrætti í starfsemi."

Svo mörg voru þau orð Ríkisendurskoðunar um þessi atriði. Hún telur einnig vel koma til greina að flutningi fjárheimilda milli ára með núverandi hætti verði settar skorður, t.d. að hann takmarkist við 4% af fjárheimild ársins, en að fjárveitingavaldið taki þess í stað ákvörðun um endurnýjun á heimild sem ekki var notuð og eins hvort stofnun sé látin gjalda fyrir umframútgjöld. Slík breyting dregur á engan hátt úr ábyrgð forstöðumanna sem eftir sem áður geta þurft lögum samkvæmt að sæta viðurlögum hafi þeir brotið af sér.

Frú forseti. Annað atriði sem við viljum skoða til að finna leiðir til að fjárlög nýtist sem best við stjórn ríkisfjármála er útgjaldarammar fjárlaga og afgreiðsla Alþingis. Verklag rammafjárlaga var tekið í notkun árið 1992 en í því felst að ríkisstjórnin gerir tillögu að útgjaldarömmum fyrir hvert ráðuneyti sem aftur koma með tillögur um skiptingu útgjalda vegna sinna málaflokka í fjárlagafrumvarpinu. Þegar á reynir hafa þessir rammar ekki haldið. Þeim er iðulega breytt, langoftast til hækkunar, í meðförum Alþingis á frumvarpinu. Tillögur að slíkum breytingum koma þó að stærstum hluta frá ríkisstjórninni enda þótt þær séu formlega lagðar fram af meiri hluta fjárlaganefndar. Í skýrslu

sinni um fjárlagaferlið frá árinu 2001, sem er um útgjaldastýringu ríkisins, gerir Ríkisendurskoðun þetta að umtalsefni og segir, með leyfi forseta:

„Hið nýja skipulag fjárlagagerðar, rammaskipulagið, hefur almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk ríkisstjórnarinnar. Hins vegar nær skipulagið ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögunum. Sú heildarsýn og sá agi sem felst í skipulaginu fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing. Stór hluti þeirrar útgjaldaaukningar sem jafnan verður í meðförum þingsins á rætur að rekja til tillagna frá ríkisstjórn."

Frú forseti. Í annarri skýrslu sem Ríkisendurskoðun skrifaði, þar sem fjallað var um svipað mál, kom fram að ætla mætti að það væri vilji framkvæmdarvaldsins að hafa hlutina með þessum hætti vegna þess að með slíku háttalagi, jafnvel á stundum með hvatningu til stofnana að keyra út fyrir heimildir fjárlaga, sé stór hluti af fjárveitingavaldinu færður frá Alþingi til framkvæmdarvaldsins. Þetta er að sjálfsögðu grafalvarlegt mál og er fyrir löngu kominn tími til að eitthvað verði í málinu gert.

Þriðji liðurinn varðandi nýtingu fjárlaga við stjórn ríkisfjármála er um tímanlegar upplýsingar um fjárhagsstöðu. Fyrsti minni hluti hefur áður kvartað yfir skorti á upplýsingum frá fagráðuneytum um fjárhagsstöðu stofnana til þess að hægt sé að leggja mat á fjárveitingar og fjárþörf stofnana við afgreiðslu fjárlaga. Fyrir liggur að fjármálaráðuneytið metur afkomu ríkissjóðs tvisvar til þrisvar á ári og kallar þá eftir upplýsingum og skýringum fagráðuneyttanna vegna stofnana þeirra og fjárlagaliða sem stefna í að fara fram úr fjárheimildum. Auk þess tekur Fjársýsla ríkisins saman mánaðarleg yfirlit um fjárreiður ríkissjóðs sem ekki eru birt opinberlega. Mjög brýnt er að fjárlaganefnd fái aðgang að þessum gögnum. Á þetta leggur 1. minni hluti mikla áherslu. Fullnægjandi lausn á þessum málum fæst hins vegar vart fyrr en árshlutauppgjör verða birt fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir sem 1. minni hluti telur að sé löngu orðið tímabært.

Þegar litið er yfir þróun síðustu ára má greina sífellt aukna tregðu af hálfu framkvæmdarvaldsins til að láta Alþingi, þ.e. nefndum þess og einstökum þingmönnum, í té upplýsingar í tengslum við meðferð fjárlaga. Án upplýsinga er ljóst að löggjafinn hefur ekki forsendur til að endurskoða eða leggja sjálfstætt mat á þær tillögur sem fjármálaráðherra setur fram í fjárlagafrumvarpinu. Þetta dregur mjög úr möguleikum þingsins til sjálfstæðra og gagnrýninna vinnubragða og er vitaskuld ein birtingarmynd aukinnar valdtöku framkvæmdarvaldsins á kostnað löggjafans. Afleiðing þessara vinnubragða er m.a. sú að meiri hluti Alþingis telur sig ekki hafa annan kost en að fallast á tillögur ráðherra í öllum meginatriðum. Við slíkar aðstæður virkar meiri hluti fjárlaganefndar einfaldlega líkt og stimpilvél gagnvart tillögum framkvæmdarvaldsins. Þetta er til marks um vaxandi virðingarleysi framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi. Þetta háttalag grefur undan sjálfstæði Alþingis sem fjárveitingavalds og að mati 1. minni hluta er ástæða til að forsætisnefnd þingsins taki þetta mál upp við fjármálaráðherra til að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um fjármál ríkisins liggi ávallt fyrir hjá fjárlaganefnd.

Frú forseti. Það er rétt að fram komi að mörg undanfarin ár hefur minni hluti fjárlaganefndar óskað eftir því að fyrir lægju listar um stöðu stofnana í upphafi árs, stöðu stofnana við framlagningu fjárlagafrumvarps og áætlaðri stöðu stofnana í lok árs. Með því mætti átta sig á því hvað fjárlög, þegar þau hafa verið samþykkt, þýða. Þetta hefur reynst afskaplega erfitt. Þetta haust höfum við fengið inn nokkrar töflur. Ef ég man rétt, þá kom fyrsta taflan í gær varðandi stofnanir í dómsmálaráðuneyti, að vísu býsna ófullkomin tafla þar sem vantaði áætlun um stöðu í árslok. Í morgun fengum við afhent gögn frá samgönguráðuneyti og félagsmálaráðuneyti og fljótt á litið virðast þau uppfylla þau skilyrði sem um er rætt þótt fara þurfi betur yfir þau. Dómsmálaráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið var síðan að skila, fékk ég fréttir um rétt áðan, plaggi sem ég hef ekki fengið í hendur. Það liggur aftur á móti ljóst fyrir að tillögur meiri hluta nefndarinnar hafa ekki tekið mið af þeim gögnum. Þess vegna standa lýsingar mínar áðan fyllilega undir því sem sagt var um að tillögurnar væru ekki byggðar á staðreyndum og væru því miður hluti af þeim sýndarveruleika sem þessi plögg hafa verið undanfarin ár, sem virðist því miður ætla að halda áfram á næsta ári líka.

Frú forseti. Ég var að fara yfir nokkur atriði sem tengjast því hvernig nota megi fjárlög til að stjórna ríkisfjármálum og á nú eftir fjórða liðinn sem fjallar um langtímastefnu í ríkisfjármálum.

Brýnt er orðið að stjórnvöld setji sér heildstæða langtímastefnu í ríkisfjármálum. Vísi að þessu er að vísu að finna í frumvarpinu þar sem boðuð er aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára sem felur í sér að árlegur vöxtur samneyslu verði ekki umfram 2% að raungildi, tilfærsluútgjöld ekki umfram 2,5% og tímabundinn samdráttur í framkvæmdum um 2 milljarða kr. á árinu 2006. Þá er í athugasemdum með fjárlagafrumvarpinu gerð nokkur grein fyrir horfum í útgjaldaþróun helstu málaflokka út frá markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og er þar stuðst við greiðslulíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. En þar eru útgjöld metin miðað við hagrænar forsendur, gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir. Það sem hins vegar skortir talsvert á er að sett sé raunhæf stefna um útgjaldaþróun fyrir hvern málaflokk. Er þetta í fullu samræmi við tillögur sem Ríkisendurskoðun setti fram í áðurnefndri skýrslu um fjárlagaferlið, en þar segir að ekki fari fram heildstæð langtímastefnumótun um ríkisfjármál eins og æskilegt væri, en til þess að svo geti orðið þurfa stjórnvöld að fjalla um og samþykkja útgjaldastefnu til lengri tíma en eins árs í senn.

Frú forseti. Tekjuspá fyrir árið 2006 er háð meiri óvissu en oft áður. Á þetta er sérstaklega bent í áliti 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins er vissulega alltaf háð talsverðri óvissu enda byggist hún á spá um útlit og horfur á ókomnu ári. Undanfarin ár hafa mikil frávik verið á tekjuhlið fjárlaga auk þess sem mat fjármálaráðuneytis, Seðlabanka og greiningardeilda bankanna er nokkuð mismunandi á því hvenær og hversu hratt muni hægja á vexti í hagkerfinu en það skiptir verulegu máli fyrir afkomu ríkissjóðs. Allt leiðir þetta til óvissuástands um hverjar tekjur ríkisins verði í reynd þegar árið er gert upp en eins og rakið er í upphafi þessa álits 1. minni

hluta fjárlaganefndar bendir margt til þess að tekjur ríkisins aukist enn meira en fram kemur í frumvarpinu.

Í efnahagslegu tilliti einkennist árið 2005 af mikilli spennu og þenslu vegna stóriðjuframkvæmda, gríðarlegrar útlánaaukningar í bankakerfinu, mikillar hækkunar á fasteignaverði og verulegrar aukningar á einkaneyslu. Allt hefur þetta ýtt undir verðbólgu og meiri viðskiptahalla en dæmi eru um. Sterk staða krónunnar er jafnframt farin að hafa mjög neikvæð áhrif á útflutnings- og samkeppnisgreinar.

Til að skapa svigrúm til að mæta tekjusamdrætti sem búast má við þegar dregur úr þensluástandi hagkerfisins er mikilvægt að ráðstafa ekki öllum tekjuaukanum til nýrra útgjalda heldur stefna að betri afkomu ríkissjóðs en gert er ráð fyrir í frumvarpinu og endurskoðaðri tekju- og útgjaldaáætlun þess. Í þessum anda eru breytingartillögur 1. minni hluta fjárlaganefndar sem eins og áður sagði fela í sér að tekjuafgangur af ríkissjóði verði næstum 10 milljörðum kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu þegar það var lagt fram í haust.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um skattalækkanir voru gagnrýndar í nefndaráliti 1. minni hluta í fyrra. Þar var á það bent að þær kæmu einkum hinum tekjuhæstu til góða, t.d. mundu 25% þeirra tekjuhæstu fá um 2,5 milljarða kr. skattalækkun en 25% þeirra tekjuminnstu einungis fá um 300 millj. kr. í sinn hlut. Nær hefði verið að lækka virðisaukaskatt á matvöru úr 14% í 7% eins og 1. minni hluti lagði til sem hefði komið öllum landsmönnum til góða, ekki síst barnafjölskyldum, en gagnast þeim hlutfallslega mest sem hafa úr minnstu að spila. (**Gripið fram í:** Og kaupmönnum.) Frú forseti. Frammíkall hv. þingmanns upplýsir eingöngu skoðanir hans á kaupmönnum um það hvernig þeir umgangast opinbert fé.

Það er rétt að víkja að gjaldahlið frumvarpsins. Ástæða er til að gera hér athugasemdir við nokkra liði á gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins. Að öðru leyti vísast til nefndarálita minni hluta fagnefnda um hina ýmsu málaflokka.

Frú forseti. Fyrst vil ég fjalla örlítið um vaxtabætur. Ljóst er að vaxtabótakerfið á undir högg að sækja og er skemmst að minnast yfirlýsinga fyrrverandi fjármálaráðherra um að til greina komi að endurskoða vaxtabótakerfið frá grunni og jafnvel að afnema það. Þessi stefna birtist enn í fjárlagafrumvarpinu þar sem lögð er til áframhaldandi 5% skerðing á rétti fólks til vaxtabóta. Auk þess er hámark vaxtagjalda til útreiknings lækkað úr 5,5% í 5,0% af heildarskuldum til öflunar íbúðarhúsnæðis. Þessu er 1. minni hluti mótfallinn og leggur til að skerðingin verði felld úr frumvarpinu.

Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar geldur varhuga við slíkum breytingum. Þær munu rýra stöðu ungra fjölskyldna og barnafólks, sem er að freista þess að koma þaki yfir höfuðið, og fela því í sér aukinn ójöfnuð. Þá skekkir skerðingin fjárhagsáætlanir þeirra sem hafa gert ráð fyrir vaxtabótum við húsnæðiskaup og nú þegar húsnæðisverð hefur náð óþekktum hæðum er þörfin fyrir vaxtabætur enn meiri til að koma til móts við þá tekjulægstu.

Frú forseti. Kostnaður við bæði framhaldsskóla og háskóla hefur vaxið mjög á síðari árum, ekki síst vegna mikillar fjölgunar nemenda og nýrra námsbrauta. Ber vissulega að fagna þeim vexti sem einkennt hefur þessi skólastig en stjórnvöld hafa samt aðeins að nokkru leyti viðurkennt þá auknu fjárþörf sem fylgir nemendafjölgun og meira framboði náms. Vandi margra framhaldsskóla vegna uppsafnaðs hallareksturs hefur margsinnis komið til umræðu án þess að á honum hafi verið tekið af nógu mikilli festu. Margir skólar eru látnir dragast áfram með mikinn halla, ólíkt t.d. sumum stofnunum utanríkis- og landbúnaðarráðuneytisins sem fá hallareksturinn strokaðan út með fjáraukalögum.

Frú forseti. Hér er sérstaklega áberandi hversu misjafnlega eru meðhöndlaðir þeir háskólar sem annars vegar heyra undir landbúnaðarráðuneytið og hins vegar þeir sem heyra undir menntamálaráðuneyti.

Skortur á fjármagni og skilningsleysi stjórnvalda hefur heft þróun íslenskra skóla. Um þverbak hefur þó keyrt í tíð núverandi menntamálaráðherra. Skilningur ráðherrans á þörfinni fyrir nægilegar fjárveitingar til að menntun á Íslandi standi jafnfætis menntakerfum nágrannalandanna er átakanlega rýr. Hæstv. ráðherra hefur lagt það í vana sinn að fara sífellt með sama sönginn um að hér sé svo mikil aukning, hér sé allt svo gott og samanburður er síðan tekinn af handahófi eftir því sem hentar hverju sinni. Eins og fram kemur í áliti 2. minni hluta menntamálanefndar er framtíðarfjármögnun opinberu háskólanna í óvissu og samkeppnisstöðu þeirra innan lands og utan ógnað vegna alvarlegs fjárskorts. Má í þessu sambandi bæði nefna Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, en auk þess liggur fyrir að Kennaraháskólinn hefur lengi þurft að vísa frá umsækjendum um nám.

Í þessu sambandi er vert að rifja upp að nýlega hafa verið gerðar úttektir á Háskóla Íslands annars vegar af Ríkisendurskoðun og hins vegar af Evrópusamtökum háskóla. Niðurstöðurnar voru samhljóða um það að skólinn standi mjög vel hvað varðar gæði náms og rannsókna í samanburði við evrópska háskóla. Það var þó athyglisvert að miðað við samanburðarskólana stóð HÍ mjög höllum fæti hvað fjárveitingar varðar. Það má því segja, frú forseti, að Háskóli Íslands hafi staðist með sóma allan samanburð nema einn, þ.e. fjármögnunina. Þetta er, því miður, dæmigert fyrir skilningsleysi Sjálfstæðisflokksins sem um allt of langt skeið hefur farið með stjórn menntamála hér á landi. Undir hans stjórn hefur menntakerfið ekki náð að þroskast og dafna með svipuðum hætti og hjá nágrannaþjóðunum. 1. minni hluti telur þörf á sérstöku átaki í menntamálum með áherslu á framhaldsskóla- og háskólastigið og gerir breytingartillögur í þeim anda.

Frú forseti. Ég nefndi Háskóla Íslands áðan. Það er rétt að nefna örlítið Háskólann á Akureyri einnig. Hér hefur að vísu orðið nokkur umræða um stöðu þess skóla. Ég mun því aðeins nefna tvo þætti varðandi samanburð Háskólans á Akureyri við aðra háskóla. Það er í fyrsta lagi hin sérkennilega meðferð á skólanum gagnvart nýju húsnæði, rannsóknarhúsi, þar sem húsaleiga skilar skólanum í mínus 70 millj. kr. miðað við það húsnæði sem skólinn hafði áður. Hér er vissulega um miklu stærra og betra húsnæði að ræða sem að sjálfsögðu mun virka til eflingar starfsemi skólans. Það er hins vegar algjörlega óviðunandi að stofnun eins og Háskólinn á Akureyri skuli ekki fá bætta slíka upphæð sem þessu nemur vegna þess að fyrir lá allan tímann í raun hver

hún yrði. Það átti því ekki að koma yfirvöldum menntamála á óvart, ég tala nú ekki um þegar horft er til þess að sú leið sem farin var við fjármögnun hússins og byggingu þess var að undirlagi menntamálayfirvalda.

Frú forseti. Þegar fjármál háskólanna eru skoðuð er einnig athyglisverður skortur á reglum og viðmiðunum sem hægt er að nota varðandi það fjármagn sem rennur til rannsókna skólanna. Þannig er áberandi í fjárlagafrumvarpinu að einn ákveðinn háskóli fær mikla hækkun á þessum fjármunum án þess að upplýst hafi verið á hvaða samningi þær tölur byggja og því miður er ekki hægt að bera saman og komast að niðurstöðu um hvort háskólarnir sitja við sama borð eður ei. Má í raun draga þá ályktun að svo sé ekki vegna boðaðs frumvarps um að tryggja eigi að háskólarnir sitji allir við sama borð. Auðvitað verður að fagna því ef stjórnarflokkarnir ná saman um frumvarp sem tryggir það. En það er því miður eitt af þeim málum sem við höfum þurft að bíða eftir eins og svo mörgum öðrum frá þessu ráðuneyti.

Frú forseti. Hlutfallsleg fjölgun aldraðra kallar á aukin útgjöld til öldrunarmála en því má heldur ekki gleyma að þjóðfélagið gerir meiri kröfur en áður um þjónustu og aðbúnað sjúkra, aldraðra og fatlaðra. Töluverð umræða hefur spunnist um bið eftir fullnægjandi þjónustuúrræðum og um aðbúnað íbúa hjúkrunarheimila sem mörg hver fullnægja engan veginn lágmarkskröfum sem eðlilegt er að gera til slíkrar starfsemi. Þjónusta utan stofnana hefur á sama tíma staðið í stað eða jafnvel dregist saman þrátt fyrir yfirlýst markmið um að hana beri að auka. Fyrirliggjandi frumvarp gefur ekki til kynna að stjórnvöld ætli að taka á þessum vanda á næsta ári né er þar að finna nein fyrirheit um framtíðaruppbyggingu þessarar þjónustu. 1. minni hluti gerir því tillögu um auknar fjárveitingar til þessa málaflokks.

Frú forseti. Fjárþörf Fæðingarorlofssjóðs hefur verið vanáætluð. Útgjöld sjóðsins voru áætluð innan við 6,0 milljarðar kr. í fjárlagafrumvarpi 2005 en minni hlutinn hélt því fram að þau yrðu 6,2–6,4 milljarðar kr. Nú er komið á daginn að útgjöld á þessu ári eru áætluð 6,7 milljarðar kr. Í frumvarpi þessa árs eru útgjöld sjóðsins áætluð 7.041 millj. kr. Tekjur sjóðsins af iðgjöldum eru áætlaðar 6.353 millj. kr. og því stefnir í að halli ársins verði 688 millj. kr. og eigið fé sjóðsins neikvætt um 1.558 millj. kr. í lok árs. Ekki er tekið á þessum vanda sjóðsins í fjárlagafrumvarpinu heldur er honum frestað eins og oft áður. Gerð er tillaga af hálfu 1. minni hluta til að unnt sé að draga úr þeim skerðingum sem fram hafa komið við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um sjóðinn

Frú forseti. Full samstaða virðist um það á Alþingi að leggja áherslu á að óvissu um starfsemi Byggðastofnunar verði eytt, eins og birtist í samstöðu iðnaðarnefndar í umsögn hennar um stofnunina. Nú er svo komið að stofnunin getur ekki lengur sökum fjárskorts sinnt því hlutverki sínu að styðja við atvinnurekstur á landsbyggðinni með lánveitingum og styrkjum. Ekkert bendir til að ríkisstjórnarmeirihlutinn ætli að taka á þeim vanda í tengslum við fjárlög næsta árs en með slíku aðgerðaleysi sýnir ríkisstjórnin algert ábyrgðarleysi gagnvart stofnuninni. 1. minni hluti fjárlaganefndar leggur til auknar fjárveitingar til byggðamála og telja fulltrúar Samfylkingarinnar eðlilegt í þessu samhengi að Byggðastofnun verði aftur flutt til forsætisráðuneytisins til að leggja áherslu á mikilvægi málaflokksins sem hefur drabbast niður, því miður, undir stjórn hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Frú forseti. Hvers vegna ætti að flytja Byggðastofnun og þennan málaflokk til forsætisráðuneytisins? Jú, þetta er málaflokkur sem í raun tengist öllum ráðuneytum og því eðlilegt að þar sem verkstjórn ríkisstjórnarinnar er þar sé þessi málaflokkur. Við höfum mýmörg dæmi um það hversu illa hefur gengið jafnvel að framkvæma mótaða stefnu í þessum málaflokki vegna þess að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur ekki komið þeim áfram m.a. gagnvart öðrum ráðuneytum.

Mér er minnisstæð tillaga um að flytja störf og stofnanir frá ráðuneytum út á land þegar ráðuneytisstjórum var falið að kanna hvað væri nú best að flytja úr hverju ráðuneyti. Niðurstaða ráðuneytisstjóranna var eðlilega sú að ekkert væri hægt frá þeim að flytja og þess vegna var árangurinn sá sem hann varð. Það er nauðsynlegt að þessi málaflokkur sé alls staðar staðsettur og hann á ekki að vera eyrnamerktur sérstaklega heldur kemur hann inn í öll ráðuneyti. Það er augljóst mál, ef við tökum eitt lítið dæmi, að menntamálaráðuneytið hlýtur í raun í nútímasamfélagi að vera eitt mesta byggðamálaráðuneytið ef einhver meining er í því sem oft er sagt.

Frú forseti. Í andsvari áðan spurði ég hv. þm. Magnús Stefánsson, formann fjárlaganefndar, örlítið út í þessi mál og því miður komu engin svör um það hvort von væri á því að þetta leystist á næstunni. Aðeins vonin var til staðar sem vissulega er mikilvæg en dugar ekki ein og sér.

Ég vil þess vegna velta því upp, frú forseti, hvort sú nefnd sem hv. þingmaður m.a. á sæti í og fjallar um stöðu Byggðastofnunar hefur eitthvað velt því fyrir sér að þessum málaflokki og stofnuninni sjálfri væri betur komið á ný í forsætisráðuneytinu.

Frú forseti. Ég nefndi það áðan að ég mundi stuttlega gera grein fyrir breytingartillögum 1. minni hluta við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006 en endurtek að farið verður nánar yfir þær tillögur í sérstakri ræðu sem hv. þm. Helgi Hjörvar mun flytja síðar í dag, en ég mun nú gera stuttlega grein fyrir breytingartillögunum.

Við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006 leggja þingmenn Samfylkingarinnar, einir eða með öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar, fram breytingartillögur við frumvarpið. Tillögurnar miða m.a. að því að jafna áhrif skattalækkana þannig að þær nýtist efnaminna fólki betur en gert er ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar. Lagt er til að það svigrúm sem ríkisstjórnin telur til skattalækkana verði fremur notað til að lækka matarskattinn og auka persónuafslátt. Auk þess eru lagðar fram tillögur sem miða að sparnaði í ríkisrekstrinum og breyttum áherslum í skiptingu ríkisútgjalda. Lagðar eru fram tillögur um að bæta stöðu menntakerfisins um rúmlega 1 milljarð króna, auka hlut velferðarmála um rúmlega 2 milljarða króna og hálfan milljarð króna til að jafna stöðu landsbyggðarinnar.

Frú forseti. Í menntamálum er gerð tillaga um 500 millj. kr. til Háskóla Íslands. Sú tillaga tekur mið af niðurstöðum þeirra úttekta sem gerðar hafa verið á skólanum nýlega og getið er fyrr í áliti þessu. Í velferðarmálum eru m.a. gerðar

tillögur um bætta þjónustu við börn á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, annars vegar til stækkunar á barna- og unglingageðdeild og hins vegar til barnadeildar, og um aukna þjónustu hjá Barnaverndarstofu og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Tillaga um fjármagn til sérstakra verkefna á landsbyggðinni er sett á lið hjá forsætisráðuneyti eins og áður var reifað. Þá er lagt til aukið fjármagn til Listdansskólans, jöfnunar námskostnaðar og vegna svokallaðra vasapeninga bótaþega.

Frú forseti. Þá er gerð tillaga um að staðið verði við samning við Öryrkjabandalagið og stjórnarliðum þannig enn einu sinni gefið tækifæri til að standa við loforð sem gefið var fyrir síðustu alþingiskosningar. Heildaráhrif tillagnanna bæta stöðu ríkissjóðs verulega en auk þess er gerð tillaga um frestun yfirfærslu 3 milljarða kr. af uppsöfnuðum fjárlagaheimildum stofnana sem voru tæpir 20 milljarðar kr. í árslok 2004. Í heild gera tillögur 1. minni hluta að verkum að tekjuafgangur ríkissjóðs mundi aukast í 23,6 milljarða kr. Nánar verður gerð grein fyrir tillögunum síðar í umræðunum eins og fram hefur komið.

Frú forseti. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006, líkt og fjárlagafrumvörp síðustu ára, ber einkenni óvandaðra vinnubragða. Slík vinnubrögð eru á ábyrgð framkvæmdarvaldsins en það er ekki síður ábyrgðarhluti löggjafans að gera ekki þær breytingar á frumvarpinu sem nauðsynlegar eru til að tryggja trúverðug fjárlög. Það er með ólíkindum ef það gerist eitt árið enn að fjárlaganefnd berist ekki upplýsingar um áætlaða stöðu allra stofnana í árslok. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að hægt sé að gera raunhæfar áætlanir og forsenda þess að löggjafinn viti í raun hvaða fjárveitingar er verið að ákveða til rekstrar næsta árs.

Stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í stórum málaflokkum einkennir það fjárlagafrumvarp sem hér er um fjallað og þess vegna skortir bæði heildarsýn og forgangsröðun. Þegar þensluástand færir ríkissjóði auknar tekjur reynir mjög á aga og stjórnfestu í ríkisbúskapnum. Því miður hafa þeir sem nú ráða för ekki staðist álagið. Þess vegna munu fjárlög næsta árs að öllum líkindum ekki nýtast eins og nauðsynlegt er í baráttunni við þenslu og vaxandi verðbólgu.

Frú forseti. Sýndarveruleiki stjórnarherranna þarf að hverfa og raunveruleikinn að taka við. Virðing fyrir fjárlögum þarf að taka við af kæruleysi síðustu ára. Meiri hlutinn á Alþingi þarf að hafa trú á því að ríkisfjármálin leiki mikilvægt hlutverk í baráttunni fyrir stöðugleika í efnahagsmálum. Þegar raunveruleikinn sigrar og virðing fjárlaga verður sú sama og í flestum löndum verða fjárlög upplýsandi um framvindu efnahagslífsins.

Frú forseti. Ég hef lokið að gera grein fyrir nefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar en í þeim minni hluta eru auk mín hv. þingmenn Helgi Hjörvar og Katrín Júlíusdóttir. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, áheyrnarfulltrúi í fjárlaganefnd, er sammála nefndaráliti þessu.

Frú forseti. Það er rétt að ljúka þessari umfjöllun með því að þakka fyrir þau orð sem hv. þm. Magnús Stefánsson lét falla í garð okkar fulltrúa minni hlutans í fjárlaganefnd og þakka jafnframt meiri hlutanum og öðrum í minni hluta fjárlaganefndar fyrir ánægjulegt samstarf. Á stundum er auðvitað deilt í nefndinni eins og eðlilegt er og á stundum deilum við hér í þingsal en þrátt fyrir það er samstarf og vinnulag í fjárlaganefnd hið besta og ber að þakka það.

[12:21]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar létu móðan mása við 1. umr. um fjárlög ársins 2006 og töluðu um að auka þyrfti aðhald í ríkisfjármálum og þeir lofuðu og hétu því að þeir mundu tvöfalda þann afgang sem ríkisstjórnarflokkarnir áætluðu í 1. umr. um fjárlög. (Gripið fram í.)

Nú ber svo við, hæstv. forseti, að þingmenn Samfylkingarinnar ætla að stofna til nýrra útgjalda upp á 3.168 millj. kr. Hvaðan ætla þeir að taka þá peninga? Jú, þeir ætla að hækka skatta frá því frumvarpi sem hér liggur fyrir um 2.250 millj. kr., taka það úr vösum fólksins í landinu. Er þetta ábyrg stefna? Og hvar ætla þeir svo að ná auknu aðhaldi? Jú, það er í einhverjum almennum aðgerðum svo sem að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta frá fyrra ári um 3 milljarða. Ég óska eftir yfirliti frá Samfylkingunni hvar hún vill taka þessa 3 milljarða og aðrar almennar tillögur í þeim efnum. Við viljum fá að sjá hvar þeir (Forseti hringir.) vilja spara í ríkisrekstri.

[12:22]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil í upphafi segja að ástæðulaust er fyrir hv. þingmann að æsa sig eitthvað við upphaf umræðunnar vegna þess, eins og ég margoft sagði, verður skilmerkilega farið yfir tillögur okkar á eftir í sérstakri ræðu þar sem gerð verður sérstaklega grein fyrir þeim. (**Gripið fram í:** Þú talar í hring.) Ég var að fara, hv. þingmaður, yfir nefndarálit nefndarinnar og mér heyrist á hv. þingmanni að honum hafi þótt ræðan jafnvel fulllöng þannig að ekki hefði verið á það bætandi. Ég fór hins vegar gróflega yfir tillögurnar — það er nú verkaskipting hjá okkur, hv. þingmaður, þó að þú kannski kannist ekki við það í þínum flokki.

En ástandið er hins vegar ósköp einfaldlega þetta, hv. þingmaður, að við erum af ábyrgð að taka á ríkisfjármálunum. Tillögur okkar ganga ekki út á skattahækkun. Hv. þingmaður hefur greinilega ekki lært nógu mikið hjá hæstv. fjármálaráðherra þegar þeir voru að hvíslast hér á meðan ég flutti ræðu mínu, þannig að hv. þingmaður verður líklega að ræða betur við hæstv. fjármálaráðherra því að ég trúi því ekki að hæstv. fjármálaráðherra kunni ekki betur að lesa úr tillögum okkar.

Málið er að þessi aukna tekjuöflun vegna skatta (Forseti hringir.) kemur vegna þess að (Forseti hringir.) við ætlum að herða skatteftirlit.

(**Forseti** (JBjart): Forseti minnir hv. þingmann á að beina orðum sínum til forseta.)

[12:24]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er náttúrlega um heimsmet að ræða. Hv. þingmaður hélt ræðu í rúmar 47 mínútur og gat ekki gert grein fyrir tillögum Samfylkingarinnar í sparnaði í ríkisrekstri. Þetta kalla ég að fara illa með tímann í ræðustól Alþingis, ég verð að segja það, hæstv. forseti.

Nettóáhrif í skattahækkunum Samfylkingarinnar frá frumvarpi ríkisstjórnarinnar eru 2.250 millj. kr. Það ætla þeir að taka úr vösum skattborgara hér á landi, en þeir lofuðu fyrir síðustu kosningar skattalækkunum á flestöllum fundum sem þeir sóttu. Síðan tala hv. þingmenn um að auka eigi aðhald í ríkisfjármálum, þvílík óstjórn. Svo koma hv. þingmenn með heilar 3.168 milljónir sem þeir leggja til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin. Þvílík ábyrgð flokks sem breytir um stefnu á tveggja mánaða fresti í skattamálum. En það er svo sem ekki í fyrsta skipti og ég kalla eftir yfirliti um það hvar þeir ætla að spara, hv. þingmenn, í ríkisrekstri.

[12:25]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður hefur ekkert róast við fyrri orð mín. Ég fer því að hafa áhyggjur af þessari óþolinmæði hv. þingmanns. En við skulum vona að hann róist þegar líður á daginn því að ég get endurtekið að hv. þingmaður mun fá mjög greinargott yfirlit yfir þetta þannig að ég vona að áhyggjur hans hverfi þegar að því kemur. (**BJJ:** Við skulum vona það.)

Hins vegar var ansi áberandi að hv. þingmaður hafði miklar áhyggjur af ábyrgð. Ég skil vel óróleika hv. þingmanns gagnvart því vegna þess að ég vona að hv. þingmaður hafi hlýtt sæmilega á orð mín og hafi þar af leiðandi tekið eftir því að þar voru færð mikil rök fyrir því að ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar er gífurlegt í ríkisfjármálum. Meðal annars var reynt að upplýsa hv. þingmenn um hvernig hægt væri að nota fjárlög til þess að stjórna ríkisfjármálum, en það er vissulega eitt af því sem hefur skort. Hv. þingmaður þarf því vonandi í hverri einustu ræðu sinni sem hann flytur hér í dag að fjalla um ábyrgð og vonandi getur hann haft einhver áhrif í flokki sínum. En það er skiljanlegt, frú forseti, að hv. þingmaður hafi (Forseti hringir.) gífurlegar áhyggjur af ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar.

[12:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hnaut um þau orð hv. þingmanns að Seðlabankinn stæði einn í baráttunni við verðbólguna. Nú erum við hér að leggja til og sjá hækkun á afgangi fjárlaga um tæplega 20 milljarða, það eru 2% af landsframleiðslu. Ég hugsa að leitun sé á löndum í Evrópu sem hafa annan eins afgang á fjárlögum. Ég vil því að hv. þingmaður útskýri betur að Seðlabankinn standi einn í baráttunni við verðbólguna.

Síðan erum við búin að selja Símann og af 66 milljörðum fóru 32 til að borga erlendar skuldir, borga þær upp með erlendri mynt, það breyttist ekki neitt hér innan lands. En afgangurinn, fyrir utan eitthvert smáræði, 2,5 milljarða, er frystur í Seðlabankanum og virkar nákvæmlega eins og skattahækkun, virkar nákvæmlega eins á atvinnulífið og skattahækkun, þ.e. upp á 32 milljarða á þessu ári. Hvernig getur hv. þingmaður sagt að Seðlabankinn standi einn?

[12:27]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að róa hv. þingmann (Gripið fram í.) með því að rifja það upp að ég benti einmitt á að munur væri á því sem lagt væri til nú og því sem hefði verið gert þegar fjárlagafrumvarpið kom fram og það bæri að virða það. Það er hárrétt að vekja athygli á því að verið er að auka afganginn. En jafnframt varaði ég við í ræðu minni að því miður væri megnið af þeim tölum ekki tengt raunveruleikanum heldur væri hluti af þeim sýndarveruleika sem ríkisstjórnin hefur því miður sýnt gagnvart ríkisfjármálum í allt of langan tíma.

Hins vegar er ljóst og það kom fram í máli mínu, hv. þingmaður, að meiri hlutinn á Alþingi hefur ekki þau gögn sem hann þarf til þess að sýna framkvæmdarvaldinu það aðhald sem nauðsynlegt er. Ég vona og hef þá trú að hv. þingmaður sé sammála mér í því að mikil nauðsyn sé á að ná aga í ríkisfjármálunum. En til þess að svo megi verða þarf löggjafinn að (Forseti hringir.) ná utan um framkvæmdarvaldið.

[12:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að forseti geti borið vitni um það að ég er nokkuð rólegur.

Talandi um afgang á fjárlögum erum við núna að ræða fjáraukalög fyrir 2005 þar sem gert er ráð fyrir að lánsfjárafgangur verði 104 milljörðum meiri en ráð var fyrir gert upphaflega. Það má kannski segja að það sé ekki sérstaklega ábyrgt að vera með svona mikla skekkju en þegar hún er í þessa átt þá mundi ég nú telja að það væri bara mjög jákvætt. Ég vil að hv. þingmaður endurskoði það sem hann sagði áðan um að Seðlabankinn stæði aleinn í baráttunni við verðbólguna.

[12:29]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það er rétt, hv. þingmaður er óvenju rólegur, ég skal taka undir það og ber að fagna því. En það er væntanlega vegna þess að ræða mín hefur haft svona góð áhrif á hann og ég vona að þannig verði þetta áfram fram eftir degi. Við, ég og hv. þingmaður, höfum nefnilega, frú forseti, yfirleitt verið sammála um að það þyrfti að sýna framkvæmdarvaldinu miklum mun meira aðhald hér hjá löggjafarvaldinu. Það er auðvitað augljóst mál að það er best gert í gegnum fjárlögin. En því miður eins og aðstæður eru í dag hefur meiri hlutinn á Alþingi, enn síður minni hlutinn, möguleika á að veita slíkt aðhald vegna þess að upplýsingar skortir til þess.

Frú forseti. Rétt er að vekja athygli hv. þingmanns á því að við teljum, og það er rauði þráðurinn hjá okkur, að afgangurinn þurfi að vera meiri en kemur fram í tillögum meiri hlutans og þess vegna gerum við tillögur um að hann verði 4 milljörðum meiri en meiri hlutinn gerir ráð fyrir.

[12:31]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður eyddi töluverðum hluta ræðu sinnar í umræðu um efnahagsmál. Þar sagði hann m.a. að hann teldi miklar líkur á því að tekjur ríkisins á næsta ári yrðu mun hærri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Þetta vakti athygli mína og mig langar til að vita hvernig í veröldinni þetta má vera.

Hann eyddi líka löngum tíma í að segja frá því að það þyrfti meiri festu í ríkisfjármálin. Hver eru nú þessi ríkisfjármál? Það eru framkvæmdirnar, þær hafa dregist saman um einn þriðja. Það eru vextirnir, þeir hafa dregist saman um helming. Það eru afskriftirnar sem eru óbreyttar. Hvað er þá eftir? Það eru millifærslurnar, samneyslan, það eru launin. Og hvar hefur þessi hv. þingmaður verið á undanförnum árum þegar við höfum rætt laun í opinberum rekstri? Ég hef hvergi séð hann og hvergi heyrt hans getið.

Hann sagði líka að Seðlabankinn stæði hér einn í baráttunni gegn verðbólgu. Hann tekur kannski undir þá meinloku bankans um að enn eigi að hækka stýrivexti, (Forseti hringir.) skildi ég það rétt?

[12:32]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er leitt hversu stuttur tími er hér til andsvara vegna þess að hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson hafði greinilega miklu meira að segja en hann kom að á einni mínútu. (Gripið fram í.) Já, vonandi bætir hann úr því þegar hann heldur ræðu sína hér á eftir og þá getum við haldið áfram skoðanaskiptum.

Frú forseti. Það er ánægjulegt að hv. þingmaður Birkir J. Jónsson er aðstoðarmaður minn hér við tímatökuna. **(Gripið fram í:** Veitir ekki af.) En, frú forseti, það er eðlilegt að við gerum ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs geti orðið mun meiri vegna þess að við sáum það á þessu ári með þeim gífurlega búhnykk sem skilaði sér í þensluástandinu sem nú er að ýmsir telja að það haldi áfram á næsta ári. Þetta er því auðvitað hluti af því, hv. þingmaður, sem ég nefndi að væri skortur á festu, það er áætlunargerðin. Hún er því miður í svo litlum tengslum við raunveruleikann og hv. þingmaður á að þekkja þetta býsna vel vegna þess að það er ekki bara það að tekjurnar standist ekki, þær eru yfirleitt áætlaðar of lágar, heldur er það líka það — sem er ekki síður alvarlegt — að útgjöldin standast aldrei og þau hækka og hækka og það er áhyggjuefni, hv. þingmaður.

[12:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að vanda voru náttúrlega engin svör frá hv. þingmanni, það kom ekki á óvart.

Hann sagði að það vantaði langtímastefnumörkun í ríkisfjármálin. Veit hann ekki að sú langtímastefnumörkun hefur verið í ríkisfjármálunum að hafa hér 2% aukningu á samneyslu og 2,5% aukningu í millifærslum? Það hefur staðist núna í tvö ár og þriðja árið er að líða og meiningin er sú að halda því áfram næstu þrjú árin.

Skýri hann fyrir mér, virðulegi forseti, hvernig á að auka barátttu ríkisins gegn verðbólgu með því að hafa meiri afgang á ríkisfjármálunum með því að taka 3 milljarða og hætta við að millifæra þá og segja svo að það sé 3 milljörðum meiri afgangur. Þetta er nú barbabrella sem hefur ekki sést lengi og það verður gaman að heyra hvers konar baráttа þetta verður fyrir verðbólgunni.

[12:34]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að ég var ekki búinn að svara öllu sem fram kom í fyrra andsvari hjá hv. þingmanni og það er varðandi stýrivextina og Seðlabankann. (Gripið fram í.) Það er auðvitað eðlilegt að fara yfir það einu sinni enn að hv. þingmaður hefur talað um það mjög lengi að Seðlabankinn væri á rangri för. Það hafa margir hv. þingmenn reynt að koma því inn hjá hv. þingmanni að þetta sé samtengt, að meðan ríkisvaldið beiti ekki þeim áhrifum sem það hefur sé verið að ýta undir að Seðlabankinn þurfi að hækka stýrivexti. Ég vona svo sannarlega að hann þurfi ekki að gera meira af því, en því miður, frú forseti, hefur maður af því áhyggjur meðan við sitjum uppi með jafnábyrgðarlausan stjórnarmeirihluta eins og við gerum hér, að meiri hlutinn virðist ekki geta áttað sig á því að þrátt fyrir að mikið fjármagn streymi inn í ríkissjóð þá þarf að sýna aga í ríkisfjármálum. Og ég hélt, frú forseti, að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson væri að hluta til a.m.k. sammála mér í þessum efnum.

[12:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eitt langmikilvægasta verkefni í stjórn ríkisfjármála er að halda aftur af vexti samneyslunnar. Ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum hefur tekist það bærilega vel á undanförnum árum eins og hér hefur komið fram og í raun og veru er það mun mikilvægara mál en hvort afgangur á fjárlögum sé einum milljarði meiri eða minni. Ég vil spyrja hv. þm. Einar Má Sigurðarson hvort hann sé ekki sammála þessu. Ég veit að hann er það.

Í framhaldi af því vil ég vekja athygli að í breytingartillögum sem liggja hér fyrir frá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar eru útgjöld upp á nokkra milljarða og þar er að langmestu leyti um að ræða útgjaldaliði sem auka samneysluna. Ég vil því gjarnan fá sjónarmið hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar á þessu atriði.

[12:36]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að það að halda aftur af samneyslunni skiptir auðvitað gífurlegu máli. En ég vek nú athygli á því að tillögur okkar ganga í báðar áttir og mismunurinn er það sem skiptir máli. Og auðvitað er það þannig þegar stjórnarandstaða leggur fram breytingartillögur við fjárlagafrumvarp þá er að sjálfsögðu ekki hægt að fara í hvert einasta smáatriði. Hins vegar er fyrst og fremst um stefnumörkun að ræða, það eru dregin upp ákveðin plögg um það hvaða áherslur menn vilji leggja. Okkar meginhersla er þessi: Við viljum skila meiri afgangi

af ríkissjóði en stjórnarflokkarnir vegna þeirrar stöðu sem við erum í í efnahagslífinu og þá skiptir auðvitað máli að það séu notaðar þær aðferðir sem hægt er að nota. En þarna skiptir mestu, svo að ég endurtaki það nú enn einu sinni, að sýndur sé agi í þessum málum. Það skiptir máli hvernig farið er með fjármunina. Það er ekki nóg, þrátt fyrir að við búum við þensluástand og fjármagnið streymi inn, að láta það allt streyma jafnóðum út aftur. Það er auðvitað freistandi þegar aðstæður eru þannig (Forseti hringir.) en við slíkar aðstæður má ekki sýna þvílíkt agaleysi.

[12:38]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti 2. minni hluta fjárlaganefndar. Ég leyfi mér að vísa til talna sem lúta að fjárlagafrumvarpinu í heild sinni og hvernig það kemur tölulega nú til 2. umr. og hefur verið gerð grein fyrir hér í máli hv. formanns fjárlaganefndar, Magnúsar Stefánssonar. Ég er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárlaganefnd.

Ef við víkjum að nefndarálitinu er það nú svo að í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2006 og breytingartillögum hennar og meiri hluta fjárlaganefndar kemur skýrt fram stefna ríkisstjórnarinnar í þeim málaflokkum sem ríkisvaldið ber ábyrgð á. Fram kemur hvernig ríkisstjórnin ætlar að afla tekna og hún leggur til með tillögum sínum hvernig þeim skuli ráðstafað á einstaka málaflokka og verkefni. Þegar fjárlagafrumvarpið er skoðað í heild sinni kemur greinilega fram sá munur sem er á áherslum núverandi meiri hluta annars vegar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hins vegar.

Íslenskt samfélag á að einkennast af jöfnuði, frelsi, fjölbreytni og ríkri samkennd. Framtíðarsýn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er sú að allir fái notið sín á eigin forsendum í samfélagi þar sem samhjálp, virðing og velferð ríkir. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks stefnir þjóðinni í auðhyggjusamfélag þar sem skammtímaarður og peningalegur mælikvarði er í auknum mæli lagður á allt og alla.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á velferð og jöfnun lífskjara. Skattkerfinu á að beita til að afla hinu opinbera nægjanlegra tekna til að standa undir samneyslu þjóðfélagsins og öflugu velferðarkerfi. Skattastefnan á að fela í sér tekjujöfnun og að byrðum sé dreift með sanngjörnum hætti. Stefna núverandi ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í skatta- og velferðarmálum stefnir í þveröfuga átt.

Ef við lítum á efnahagsforsendur þessara fjárlaga þá fylgir frumvarpi til fjárlaga greinargerð fjármálaráðuneytisins um þróun helstu stærða í þjóðarbúskapnum. Þær forsendur sem fjármálaráðuneytið lagði af stað með í frumvarpi til fjárlaga hafa breyst verulega hvað varðar gengisvísitöluna og áætlaðan viðskiptahalla á þessu ári. Gert var ráð fyrir að gengisvísitalan yrði um 125 stig á árinu 2005 í forsendum fjárlaga þegar við samþykktum þau fyrir ári síðan en nú er hún rétt rúmlega 100 stig og ef litið er á meðaltal ársins fer hún líklega að nálgast 110.

Ljóst var að viðskiptahallinn yrði verulegur á árinu. Í skýrslu fjármálaráðuneytisins um þjóðarbúskapinn í janúar síðastliðnum er áætlað að viðskiptahallinn verði 103 milljarðar kr. á árinu. Í skýrslu frá því í október síðastliðnum er þessi áætlun komin í 128 milljarða kr. Þá má nefna að í hagspá Landsbankans frá því í september, sem bar yfirskriftina Ógnarjafnvægi efnahagsmála, er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði 132 milljarðar kr. á þessu ári, þ.e. um 30 milljörðum meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga og í áætlunum fjármálaráðuneytisins í upphafi árs. Og þetta ár er ekki enn liðið þannig að við eigum eftir að sjá hver endanlegur viðskiptahalli verður. Í áætlunum fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að gengisvísitala verði um 114 sem er allsendis óvíst að náist og ef við tökum mið af hvernig gengisvísitöluspár hafa staðist á undanförnum árum getum við lítt vænst þess að þessi spá rætist miðað við óbreytta stjórn efnahagsmála.

Á árinu 2004 var gert ráð fyrir að gengisvísitalan væri liðlega 130, reyndist síðan í kringum 120 og í forsendum fyrir þetta ár var gert ráð fyrir að gengisvísitalan væri 124, reynist nálægt 110, þannig að við sjáum hvernig þessar grunnforsendur efnahagslífs og atvinnulífs þjóðarinnar standast, sem er verulegt áhyggjuefni.

Það er áætlað að viðskiptahallinn verði á næsta ári 12,2% af landsframleiðslu sem er alveg ískyggilega hátt og efnahagssérfræðingar, m.a. Seðlabankans, hafa varað alvarlega við þessari þróun. Útflutningsgreinarnar, sjávarútvegurinn, ferðaþjónustan, nýsköpunin og hátæknigreinarnar berjast nú við verstu hamfarir af mannavöldum sem er efnahagsstefna núverandi ríkisstjórnar. Ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar, skattalækkanir á hátekjufólki, allt birtist þetta í ofurgengi krónunnar, gífurlegri skuldasöfnun þjóðarbúsins og heimilanna, háum stýrivöxtum Seðlabankans og miklum viðskiptahalla þjóðarbúsins. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu fram nú á haustþingi sem fyrsta mál sitt þingsályktunartillögu um aðgerðir til að tryggja efnahagslegan stöðugleika og fylgir hún þessu nefndaráliti sem fylgiskjal og verður nánar vikið að helstu atriðum hennar síðar.

Frú forseti. Það er alveg ljóst að eitt brýnasta mál í stjórn efnahagsmála og fjármála ríkisins nú er að skipa þeim málum með þeim hætti að útflutningsgreinarnar geti búið við samkeppnishæft gengi, að atvinnulífið geti búið við samkeppnishæf vaxtakjör. Það gengur ekki að vaxtamunur hér á landi, sem birtist m.a. í stýrivöxtum Seðlabankans og í lánum erlendis, sé um 7,5%. Slíkt efnahagsástand getur ekki gengið, enda hafa líka fulltrúar úr hverri atvinnugreininni á fætur annarri komið fyrir nefndir þingsins og tjáð að fari fram sem nú horfir, óbreytt staða efnahagsmála, muni mörgum fyrirtækjum enn, sérstaklega í útflutningsgreinunum, verða lokað eða dregið úr starfsemi þeirra og ekki styrkir það viðskiptahallann ef útflutningsgreinarnar verða að draga saman. Þess eru nú aðeins að byrja að sjást merki að verðmæti útflutningsins er einmitt að dragast saman eða eykst ekki með þeim hætti sem vænst var og aukning viðskiptahallans stafar einnig af því.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram og unnið á efnahagsforsendum fjármálaráðuneytisins og fellur að stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og mótast af væntingum hennar. Eins og hér hefur áður verið bent á hafa ýmsar grunntölur þeirra væntinga á undanförnum árum verið í tak-

mörkuðum takti við raunveruleikann en fjárlaganefnd hefur litla möguleika til að leita annarra viðhorfa eða meta öryggi efnahagsforsendna fjármálaráðuneytisins.

Aðstæður fjárlaganefndar til að meta á sjálfstæðan hátt forsendur útgjalda og tekjuhlið frumvarpsins hafa versnað stórum á undanförnum árum. Æ erfiðara hefur reynst að fá nauðsynlegar upplýsingar úr ráðuneytum um stöðu stofnana og verkefna og forsendur að baki einstakra tillagna í frumvarpinu. Í ljósi þess hve erfitt hefur reynst að fá upplýsingar er brýnna nú en nokkru sinni fyrr að styrkja stöðu þingsins og nefnda þess, ekki hvað síst sem lýtur að fjárlagavinnu og fjárlagagerð, framkvæmd fjárlaga og áætlanagerð og stefnumótun í efnahagsmálum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ítrekað lagt til á Alþingi að stofnuð yrði sérstök efnahagsskrifstofa þingsins, sem starfaði sjálfstætt á ábyrgð þingsins, sem gæti lagt sjálfstætt mat á stöðu og þróun efnahagsmála og fjármála ríkisins og verið þingmönnum og nefndum þingsins til ráðuneytis um mat og tillögugerð í þeim efnum.

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar skal, þegar Alþingi er saman komið, leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagsárið sem í hönd fer. Fjármálaráðherra leggur frumvarpið fram fyrir hönd framkvæmdarvaldsins á fyrsta degi þingsins að hausti. Eftir það er frumvarpið á ábyrgð þingsins og fer til fjárlaganefndar sem vinnur það áfram til 2. og 3. umr. eins og þingsköp kveða á um. Nefndin hefur því aðeins tæpa tvo mánuði til að fara yfir frumvarpið, forsendur tekna og gjalda og gera á því þær breytingar sem fjárlaganefnd og Alþingi telja nauðsynlegar. Þegar tekið er mið af því hvernig samþykkt fjárlög hafa staðist á undanförnum árum og þeim breytingum sem gerðar hafa verið, t.d. með fjáraukalögum, er ljóst að frávikin eru allt of mikil. Á síðustu fimm árum hafa gjöldin að meðaltali verið 10% umfram heimildir fjárlaga eða alls um 119 milljarðar kr. Á árinu 2004 voru tekjur 21 milljarður umfram áætlanir fjárlaga og gjöldin 25 milljörðum hærri en heimildir fjárlaga sögðu til um. Fjárlög gerðu þá ráð fyrir að tekjuafgangur yrði tæpir 7 milljarðar kr. en raunin varð 2 milljarðar.

Frú forseti. Þetta eru allt of mikil frávik í svo veigamiklum þætti í stjórn efnahagsmála og öflun tekna og ráðstöfun fjár ríkisins að óviðunandi er. Ríkisendurskoðun hefur bent á það í skýrslum sínum um framkvæmd fjárlaga að allt of margir fjárlagaliðir hafi safnað upp verulegum halla á undanförnum árum. Annar minni hluti leggur áherslu á að til fjárlagagerðarinnar sé vandað og framkvæmdarvaldið virði lögin og fari ekki fram úr fjárheimildum. Ef rekstrarforsendur breytast og framkvæmdarvaldið sér fram á að fjárheimildir dugi ekki fyrir rekstrinum verður að tryggja að beiðnir um aukafjárveitingar séu lagðar fyrir Alþingi eins og lög kveða á um áður en til útgjalda er stofnað. Því skiptir máli að fjárlagagerðin sé vönduð og gjöld til einstakra stofnana og verkefna ákveðin í samræmi við það sem vænst er af viðkomandi stofnunum en ekki reynt að ljúka fjárlagagerðinni með einhverri ímyndaðri stöðu sem getur fyrir suma litið vel út á pappírnum, sérstaklega fyrir fjármálaráðherrann sem er að reyna að loka fjárlagafrumvarpinu á sléttum tölum, en reynist svo óraunhæf þegar til kastanna kemur og veldur stofnunum ómældum erfiðleikum í starfsemi sinni. Síðan er fyrirsjáanlegur fjárskortur dreginn að landi í fjáraukalögum en slíkt eru óviðunandi vinnubrögð eins og ég hef áður gert að umtalsefni á þingi.

Ég hef lagt til á Alþingi að fjárlagavinnan verði stórlega bætt. Fjárlaganefnd verði gefinn lengri tími til að vinna í fjárlögunum og fjárlagagerðinni, fara ofan í rekstrarforsendur ýmissa stofnana og verkefnaliða og reynt þannig að leggja fram raunhæf fjárlög. Síðan yrðu gerð fjáraukalög að vori þegar ljóst væri hvaða breytingar þingið hefði gert með nýjum lagasetningum eða öðrum stjórnvaldsákvörðunum sem krefðust fjármagns eða breyttu tekjuforsendum og þá væru fjárlögin endurskoðuð og síðan aftur að hausti. Þannig væri þetta í ásættanlegu þinglegu formi.

Ef við lítum á stöðu efnahagsmála hefur hvað eftir annað komið fram síðustu mánuðina, sérstaklega hjá fulltrúum atvinnulífsins, að hin gríðarlegu ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmdanna og stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar birtast í hinum ýmsu formum. Þar bætir á skattastefnan þar sem stefna ríkisstjórnarinnar er sú að lækka skatta á þeim sem hafa hæstar tekjurnar og auka kaupmátt þeirra, frú forseti. Ég vek athygli á því að þegar talað er um að kaupmáttur hafi aukist þá er í stórum dráttum verið að tala um meðalkaupmátt. Við vitum öll að tekjur sumra hópa í þjóðfélaginu hafa hækkað gífurlega og kaupmáttur þess fólks hefur vaxið gríðarlega. En við vitum jafnframt að stórir hópar þjóðfélagsins hafa ekki fengið tilsvarandi tekjuhækkanir og þess vegna hefur kaupmáttur þeirra eða kaupgeta alls ekki vaxið með sama hætti og þessara hátekjuhópa. Þegar verið er að tala um meðaltöl í kaupmætti og kjörum þá eru menn að segja ósköp lítinn sannleika.

Einu sinni var ágætur skólastjóri sem ég var í skóla hjá að kenna okkur bókfærslu og bókhald og þessi skólastjóri sagði einmitt: Ef þið ætlið að segja ósatt eða gera sannleikann blendinn skuluð þið tala í meðaltölum og prósentum því að í fáu er fólgin meiri blekking en þegar verið er að gefa lýsingu á einhverju ástandi með meðaltalstölum eða prósentureikningi. Hvernig er málflutningur ríkisstjórnarinnar á þinginu? Jú, talað er um að meðalkaupmáttur, meðaltekjur, meðalráðstöfunartekjur hafi hækkað svo og svo mikið. Já, það er mikill sannleikur fólginn í því. En ætli því fólki sem er með lægstu tekjurnar finnist það vera á þessu meðaltali sem ríkisstjórnin gumar af að hafi hækkað svo á síðustu árum og sé mælikvarði um batnandi og góð lífskjör? Nei, frú forseti, meðaltölin eru notuð þegar menn vilja blekkja. Þegar menn vilja komast hjá því að sannleikurinn birtist í sinni réttu mynd þá nota þeir meðaltöl, tala um meðalkaupmátt, meðalhækkun ráðstöfunartekna o.s.frv. Þetta veit þjóðin, að bilið á milli þeirra sem hafa miklar tekjur og lágar tekjur hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ítrekað bent á erfiða stöðu útflutningsgreinanna og ferðaþjónustunnar vegna allt of hás gengis krónunnar og jafnframt blasi við að sívaxandi viðskiptahalli með tilheyrandi skuldasöfnun geti ekki gengið til lengdar. Á innan við ári hefur störfum í sjávarútvegi fækkað um 500. Útflutnings- og samkeppnisiðnaðurinn bregst við með því að leggja niður starfsemi eða flytja hana úr landi. Talsmenn atvinnulífsins vítt og breitt um landi, sem og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hafa ítrekað bent á þá hættu sem ruðningsáhrif stóriðjunnar hefðu á hagkerfið og aðrar atvinnugreinar í

landinu væri gengið fram með þeim hætti sem ríkisstjórnin ætlaði sér og hefur gert. Samþjöppun í stóriðjuframkvæmdum mundi stefna efnahagslegum stöðugleika í voða. Ruðningsáhrifin koma nú fram í erfiðleikum í sjávarútvegi. Þá hefur ríkisstjórnin, þvert ofan í viðvaranir hagfræðinga, ýtt undir þensluna með skattkerfisbreytingum sem koma langbest við þá efnameiri og auka þannig enn á misskiptinguna í þjóðfélaginu.

Allt var þetta fyrirséð. Hagfræðingar Seðlabankans bentu á það fyrir ári síðan að gengi sú efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar fram sem þá var boðuð leiddi hún til gríðarlegrar hækkunar gengisins, skuldasöfnunar erlendis og misskiptingar í kjörum fólks. Allt þetta er að ganga eftir, kannski ívið þyngra en spáð var á þeim tíma.

Á síðustu tveimur árum hefur allt efnahagskerfið tekið miklum breytingum. Bankarnir keppa nú við Íbúðalánasjóð um lánveitingar vegna húsnæðis og vaxtakjör hafa batnað verulega, þó að enn vanti upp á að Íslendingar njóti sambærilegra kjara og bjóðast annars staðar á Norðurlöndum. Þessi breytta staða hefur orðið til þess að verulegur hluti af einkaneyslunni hefur verið fjármagnaður með lánum. Því er rétt að fá það fram hjá hæstv. fjármálaráðherra hversu mikið er áætlað að skatttekjur ríkisins lækki þegar einkaneyslan, þegar efnahagsbúskapurinn verður eingöngu borinn uppi af rauntekjum. Þegar viðskiptahallinn verður kominn niður í núll, þegar efnahagsástandið verður komið í jafnvægi, hve stór hluti tekna ríkisins er þá eftir, hverjar verða tekjur ríkisins þá af þeim föstu tekjustofnum sem við viljum í raun að ríkissjóður hafi? Því það getur ekki verið nein óskastaða að aðaltekjustofn ríkisins sé viðskiptahallinn og þenslan.

Hv. þingmaður og formaður fjárlaganefndar, Magnús Stefánsson, var einmitt að guma af auknum tekjum ríkissjóðs á síðustu mánuðum. En í hverju er sú aukning fólgin? Jú, það er aukning, það eru skattar á innflutnings, á neyslu, á viðskiptahallann. Og þó að það sé gott að fá fleiri krónur í ríkiskassann getur það ekki verið neitt efnahagslegt gleðiefni að viðskiptahallinn sé að vaxa og hann sé að verða aðaltekjustofn ríkissjóðs. Mér finnst það ekki gleðiefni, frú forseti, að staðan sé slík að því meiri sem viðskiptahallinn er, því meiri sem þenslan er, því meiri tekjur komi í ríkissjóð og þess vegna sé það fagnaðarefni fyrir ríkissjóð að fá tekjur inn með þeim hætti.

(**Forseti** (JBjart): Forseta leikur forvitni á að vita hvort hv. þm. Jón Bjarnason eigi mikið eftir af ræðu sinni.)

Frú forseti. Það er drjúgur kafli eftir en ef forseti er að huga að matarhléi hentar það prýðilega núna.

(**Forseti** (JBjart): Forseti hefur hitt á rétta augnablikið í ræðu þingmannsins og þá verður gert hlé á þessum fundi til klukkan hálftvö.)

Forseti er næmur á stöðu mála.

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:33]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (frh.):

Frú forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni fyrir matarhlé sem við vorum að ræða um efnahags- og atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar. Ég var einmitt að ræða um þá ofuráherslu sem ríkisstjórnin leggur á stóriðjuframkvæmdir, sem hefur verið þjappað saman á stuttu tímabili. Allir efnahagssérfræðingar og fulltrúar í atvinnulífinu vöruðu við að fara í svo miklar stórframkvæmdir í svo litlu hagkerfi sem Ísland. Þeir töldu að það mundi keyra upp gengið, keyra upp viðskiptahallann og hafa gríðarleg ruðningsáhrif fyrir annað atvinnulíf. Það er kannski það alvarlegasta sem við stöndum frammi fyrir í dag, þ.e. staða útflutningsgreinanna, samkeppnisstaða þeirra gagnvart háu gengi, háum vöxtum og mikilli þenslu. Í kjölfarið skerðist samkeppnisstaðan.

Við breytingar á skattbyrðinni á síðasta þingi kom skýrt fram hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að þar væri gengið fram algerlega andstætt áherslum Vinstri grænna. Við höfum lagt áherslu á öfluga samfélagsþjónustu sem fjármögnuð sé af þjóðinni sameiginlega, m.a. með sköttum en ekki notendagjöldum, hvort sem það eru skólagjöld, álögur á sjúklinga eða aðra sem þurfa á þjónustunni að halda. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill hins vegar endurskoða skattkerfið, gera það réttlátara og markvissara. Hefur þingflokkurinn lagt fram þingmál í þeim efnum, sem fylgir með álitinu sem fylgiskjal. Nánar verður vikið að því síðar.

Norðurlöndin koma vel út í öllum lífsgæðakönnunum. Þar hefur hið opinbera tryggt ákveðinn jöfnuð. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þeirri stefnu ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks að lækka skatta þeirra sem hæstar hafa tekjurnar og hækka álögur á þeim sem hallari fæti standa og eru umfram aðra háðir samfélagsþjónustunni. Gini-stuðull svonefndur, sem notaður hefur verið til að bera saman launamun og tekjuskiptingu í alþjóðlegu samhengi, sýnir að jöfnuður er hvergi meiri í heiminum en á Norðurlöndum. Þar hefur þó orðið á ein hastarleg og snögg breyting á síðustu árum. Ísland siglir hraðbyri í burtu frá hinum ríkjum Norðurlandanna. Misskipting eða ójöfnuður hefur aukist gríðarlega á síðustu árum eins og fram kemur í þessu mati. Danmörk er enn það land innan OECD þar sem jöfnuður er mestur. Ginistuðullinn svokallaði fyrir Danmörku er undir 25. En því lægri tala sem þessi stuðull er því jafnari er tekjuskiptingin innan samfélagsins. Í fjórða, fimmta og sjötta sæti, neðan frá talið, koma svo Svíþjóð, Noregur og Finnland þar sem þessi stuðull er rúmlega 25. Frá árinu 1995 hefur Ginistuðullinn fyrir Ísland hækkað úr 21 í 31. Árið 1995 var jöfnuður einna mestur hér á landi, af þeim fjórum löndum sem borið var saman við, en nú erum við með meiri ójöfnuð í tekjum innan samfélagsins en hin Norðurlöndin. Aðeins á um tíu árum (**SigurjÞ:** Er þetta samvinnuhugsjónin?) hefur mismunurinn aukist, samkvæmt þessum mælikvarða, frá 21 í 31. Já, hvar er samvinnuhugsjónin sem einmitt var styrkur íslensks samfélags á síðustu öld?

Í krafti samvinnuhugsjónarinnar sóttum við fram til bættra lífskjara og náðum árangri, í félagshyggju og samhjálp með öflugu velferðarkerfi. En síðustu ár sýna að við erum þar á undanhaldi. Ójöfnuður eykst hér og er meiri í okkar litla samfélagi en í nágrannalöndunum Noregi, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Er það þessi þróun sem Framsóknarflokkurinn, sem einu sinni kenndi sig við félagshyggju vill sjá halda áfram? (**Landbrh.:** Og kennir sig

enn.) Og kennir sig enn, frú forseti, segir hæstv. landbúnaðarráðherra.

Þeim fækkar stöðugt framsóknarmönnunum sem eru sammála flokksforustunni um hvert beri að stefna í þeim efnum. Verkin tala og þau sýna að misskipting vex í íslensku samfélagi með Framsóknarflokkinn í stjórn.

Þegar lög um breytingar á skattkerfinu voru samþykkt á síðasta þingi benti Vinstri hreyfingin – grænt framboð á að breytingar á tekju- og eignarskatti kæmu langbest út fyrir þá efnameiri í þjóðfélaginu. Landssamband eldri borgara lagði á síðasta ári fram útreikninga sem sýnir vel að skattbyrðin hefur aukist á þeim sem hafa lægstu samfélagslaunin. Meginástæða þessa er að skattleysismörkin hafa ekki fylgt þróun verðlags eða launa. Á árinu 1988 voru skattleysismörkin við rúmar 44 þús. kr. Ef skattleysismörkin hefðu þróast með sama hætti og hækkun vísitölu neysluverðs væru þau nú rúmlega 100 þús. kr. Skattleysismörkin voru 75 þús. kr. á árinu 2005 en verða 79 þús. kr. á árinu 2006. Ef skattleysismörkin hefðu fylgt hækkun neysluverðs væru ráðstöfunartekjur af fyrstu 100 þús. kr. tekjunum tæplega 8 þús. kr. hærri en þær eru nú. Sé einungis horft á árin 2005 og 2006 þá festi ríkisstjórnin hækkun persónuafsláttar árið 2006 við 2,5%. Vísitala neysluverðs hækkar hins vegar líklega um nálægt 4% á árinu. Ef persónuafsláttur hefði fylgt þeirri hækkun yrðu skattleysismörkin rúm 80 þús. kr. en ekki 79 þús. kr. Allar þessar upphæðir skipta máli þegar um lægstu tekjur er að ræða. Ríkisstjórnin er því í raun alltaf að færa skattleysismörkin neðar.

Þessi framkvæmd kemur þeim verst sem lægstar hafa tekjurnar og versta þjóðfélagslega stöðu hafa hvað tekjur varðar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að lágmarkskrafa sé að skattleysismörk fylgi almennum verðlagsbreytingum.

Tekjumyndun í þjóðfélaginu hefur breyst gífurlega á síðustu árum. Sífellt fleiri Íslendingar hafa mjög háar tekjur af eignum sínum eins og hér hefur verið rakið. Þær tekjur bera 10% skatt meðan skattprósentan á launatekjur er um 37%. Til það jafna og gera skattlagninguna réttlátari hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram frumvarp um að tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar hækki úr 10% í 18% eftir að 120 þús. kr. fjármagnstekjum er náð. Við viljum að tekjur af eðlilegum sparnaði og nokkuð ríflega góðum sparnaði séu skattfrjálsar. En séu fjármagnstekjur hreinlega framfærslufé viðkomandi þá teljum við eðlilegt að viðkomandi greiði skatta í líkingu við það sem gerist með launafólk.

Í fylgigögnum með frumvarpinu eru dæmi sem sýna að skattlagning fjármagnstekna er almennt lægri hér á landi en hjá flestum viðmiðunarlanda okkar. Núverandi ríkisstjórn létti skattbyrðinni mest af stóreignamönnum þegar eignarskatturinn var afnuminn. 2. minni hluti leggur til, nú þegar stór hluti tekna í þjóðfélaginu skapast af eignum og arði, að skattbyrði verði réttlátari með því að jafna betur skatta af tekjum af launum og tekjum af fjármagni og arðgreiðslum. Nefndarálit Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um þessi mál frá síðastliðnu þingi fylgja sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Áherslur ríkisstjórnarinnar koma vel fram þegar aukning á útgjöldum einstakra ráðuneyta undanfarin ár eru skoðuð. Hækkun á fjárlögum 2004 til frumvarpsins 2006 er rúm 14%. Verulegur hluti aukningarinnar er vegna aukins framlags til þróunarmála og alþjóðlegs hjálparstarfs hjá utanríkisráðuneytinu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á að framlög til þróunarhjálpar verði aukin en því miður hefur ríkisstjórnin sett verulegar fjárhæðir undir þennan lið sem aðstoð við friðargæslu. En sú aðstoð reynist síðan í raun tengjast hernaði Bandaríkjamanna og NATO í Afganistan og Írak. Illu heilli studdu forustumenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins innrás Bandaríkjamanna í Írak. Þeir eru enn tengdir þeim hernaði og hörmungum sem dynja á íbúum þess stríðshrjáða lands. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur mótmælt þátttöku Íslendinga í þessum hernaði.

Í þessum fjárlögum vekur þó sérstaka athygli að í mörgum tilfellum virðast gilda önnur lögmál um aðhald og sparnað hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna en hjá undirstofnunum þeirra. Nefna má að þrátt fyrir að ákveðin verkefni hafi verið færð, t.d. frá aðalskrifstofum landbúnaðar- og samgönguráðuneyta með stofnun Landbúnaðarstofnunar og Ferðamálastofu, kemur það aðeins að litlu leyti fram í breyttum fjárheimildum til ráðuneytanna sjálfra.

Frú forseti. Af því að hæstv. landbúnaðarráðherra er við umræðuna hefði ég gjarnan viljað heyra ráðherrann skýra stöðu Landbúnaðarstofnunar, sem stofnuð var með lögum á síðasta þingi. Þegar frumvarpið var kynnt átti Landbúnaðarstofnun ekki að leiða til aukinna útgjalda heldur stóð til að færa verkefni á einn stað. Það átti meira að segja að leiða til aukinnar hagkvæmni. Þar var embætti yfirdýralæknis, embætti veiðimálastjóra og aðfangaeftirlitið. Ýmis verkefni sem voru bæði í landbúnaðarráðuneytinu og hjá Bændasamtökunum átti að færa undir eina stofnun. Ég var reyndar ekki sammála þeim rökum. Ég taldi að málum væri best komið eins og þau voru þá, með lítils háttar breytingum. Þá var því haldið fram að þetta þýddi ekki aukin útgjöld.

Í þessu fjárlagafrumvarpi kemur fram að þessi aðgerð, stofnun Landbúnaðarstofnunar, eykur útgjöld miðað við það sem áður var. Það snýr ekki aðeins að stofnuninni sjálfri heldur var einnig visst hagræði fyrir hendi í rekstrinum. Veiðimálastjóri var t.d. staðsettur í húsnæði Veiðimálastofnunar og naut þar hvor hagræðis af sameiginlegu húsnæði. Nú færist aukinn kostnaður á þær stofnanir sem eftir verða. Til þessa var ekki tekið tillit í þessum færslum. Það er áhyggjuefni hvernig málefni Landbúnaðarstofnunar standa, bæði fjárhagslega og skipulagslega, ekki síst í ljósi þess hve mikilvæg þau verkefni eru.

Þarna á að vera öflug rannsóknaraðstaða og eftirlit, t.d. með slátrun, eða hættulegum sjúkdómum sem gætu borist til landsins. Ég hefði gjarnan vilja heyra um stöðu Landbúnaðarstofnunar hvað fjármál og skipulagsmál varðar, frú forseti.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að góð háskólamenntun er undirstaða framfara í mörgum atvinnugreinum. Í nefndarálitinu er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í menntamálum rakin mjög ítarlega og varað við þeirri stefnu hæstv. menntamálaráðherra að stytta nám til stúdentsprófs nær eingöngu í því augnamiði að spara ríkissjóði fé. Ríkissjóður ber fjárhagslega ábyrgð á framhaldsskólanum og sér vafalaust einhvern sparnað í því

að stytta nám til stúdentsprófs. En jafnframt er gert ráð fyrir að hluti af því námi sem nú fer fram í framhaldsskólunum færist niður í grunnskólann og því færist aukinn kostnaður yfir á sveitarfélögin. Ekki er mér kunnugt um að neinar viðræður séu komnar í gang á milli ríkis og sveitarfélaga um að þau taki að sér aukinn hlut framhaldsskólans. Þessi áætlun um styttingu náms til stúdentsprófs er á röngu spori og í okkar tillögum er gert ráð fyrir því að af þeirri leið verði snúið. Við leggjum þvert á móti til að starf og nám á sviði þessara skóla verði frekar byggt upp og eflt.

Hvað menntamálin varðar að öðru leyti vísa ég til góðs nefndarálits fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í menntamálanefnd og ræðunnar sem hún flytur hér á eftir, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir.

Heilbrigðis- og tryggingamálin og kjör og þjónusta við aldraða eru líka stór málaflokkur sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum þunga áherslu á að standa á bak við. Þar greinir okkur og ríkisstjórnina á. Ríkisstjórnin vill sníða þeim málaflokki sem þrengstan stakk.

Sem dæmi má nefna að við 2. umr. eru skornar niður fjárveitingar sem lagðar voru til við 1. umr. til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, ekki háar upphæðir en þó einar 60 milljónir kr. Þessar upphæðir áttu væntanlega að fara til þess að standa að litlu sjúkrahúsunum úti á landi sem geta lent í þessari skerðingu. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári síðan voru uppi tillögur hliðstæðar þessum, um að skera niður starfsemina á Blönduósi, á Hvammstanga, á Patreksfirði, í Bolungarvík, í hagræðingar- og sparnaðarskyni eins og það er kallað. Með þeim tillögum sem hér eru uppi um að skera aftur niður framlög sem þó var búið að gera tillögur um í 1. umr. finnst mér að verið sé að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Það sama á við um þær bætur og þann stuðning sem átti að leggja til aldraðra og öryrkja, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu við 1. umr., upp á annars vegar 100 millj. kr. til starfsþjálfunar og hins vegar nærri 400 millj. kr. í sérstakan tekjutryggingarauka, sem eru nú felldar niður. Þetta sýnir vel áherslu ríkisstjórnarinnar í þessum málum.

Málefni öryrkja eru í sömu stöðu og við ræddum á síðasta þingi. Í mars 2003 undirrituðu Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og Garðar Sverrisson, formaður Öryrkjabandalagsins, samkomulag um hækkun grunnlífeyris öryrkja frá 1. janúar 2004. Samkomulag þetta var samþykkt í ríkisstjórn. Í fréttatilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu var gert ráð fyrir að þessar viðbótargreiðslur hefðu þá numið rúmum 1 milljarði kr. Fram hefur komið í allri þessari umræðu að þessi samningur hefur ekki verið efndur að mati Öryrkjabandalagsins og að enn standi 500–600 millj. kr. út af til þess að svo sé. Við leggjum til að við þann samning verði staðið.

Í málflutningi og tillögum okkar hér á Alþingi höfum við lagt áherslu á gjaldfrjálsan leikskóla. Við teljum það eitt stærsta baráttumálið að jafna og bæta rétt og kjör barnafólks. Við fögnum að sjálfsögðu auknum framlögum til barnabóta í frumvarpinu en þegar til lengri tíma er litið er það eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar að foreldrum séu sköpuð skilyrði til samveru með börnum sínum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haft forustu í umræðunni um gjaldfrjálsan leikskóla og þingflokkurinn hefur í tillögu til þingsályktunar lagt til að unnið verði að því að gera leikskólann gjaldfrjálsan í áföngum. Slíkt jafnar aðstöðu barnafjölskyldna og gefur þeim aukið svigrúm hvað varðar tekjur og fjölskyldulíf. Til þess að þetta sé mögulegt er lagt til að ríkið komi til móts við sveitarfélögin með sérstakri fjárveitingu til að hrinda í framkvæmd fyrsta áfanga áætlunar um gjaldfrjálsan leikskóla fyrir alla. Nánari grein er gerð fyrir þessu máli í þingsályktunartillögu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um gjaldfrjálsan leikskóla.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill vernda íslenska náttúru og auðlindir lands og sjávar. Náttúruauðlindir eiga að vera sameign landsmanna og þær á að nýta í þágu almannahagsmuna án þess að gengið sé á umhverfið. Með hliðsjón af því er mikilvægt að efla stofnanir á þessu sviði og gera þeim kleift að sinna þýðingarmiklu hlutverki sínu.

Mikið skortir á að þetta sé metnaðarmál af hálfu ríkisstjórnarinnar og fjárlagatillögurnar bera þess merki að stofnanir á sviði umhverfismála og umhverfisráðuneytisins eru í verulegu fjársvelti, enda höfum við orðið vör við það í umræðum á Alþingi um þau mál sem lúta að umhverfismálum að þau eru ekki hátt skrifuð hjá ríkisstjórninni. Er þar skemmst að minnast lagafrumvarps um vatnalög sem er keyrt hér áfram af iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins en frumvarp til laga um vatnsvernd, sem er á ábyrgð umhverfisráðherra, hefur ekki enn litið dagsins ljós. Áherslan er því alveg ljós, umhverfismálin eru ekki mál þessarar ríkisstjórnar, síður en svo, þveröfugt við það sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum.

Við viljum leggja áherslu á að auka fjárframlög til þjóðgarða og friðlýstra svæða og til landvörslu. Jafnframt er vakin athygli á að hvergi er ætlað fjármagn til náttúruverndaráætlunar, sem þó hefur verið samþykkt hér á Alþingi og var gumað af á sínum tíma og að mörgu leyti var það vel. Varðandi umhverfismálin frekar er vísað til nefndarálits fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í umhverfisnefnd, hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur.

Allmargar beiðnir um upplýsingar um fjárlagavinnuna liggja óafgreiddar hjá ráðuneytum og nefndin á eftir að kalla fulltrúa nokkurra stofnana á sinn fund til að gefa skýringar áður en hægt er að ljúka fjárlagagerðinni fyrir 3. umr.

Flutningsmaður hefur ítrekað lagt til breytt vinnulag við gerð fjárlaga og sýnist það aldrei brýnna en nú. Nauðsynlegt er að fjárlaganefnd taki til efnislegrar umræðu stöðu fjárlaga og raunkostnað, bæði á vor- og haustþingi. Það verklag sem nú viðgengst, að koma eftir á með óskir um samþykki á útgjöldum umfram heimildir, er ekki í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 og tillögum sem liggja fyrir frá ríkisstjórninni og meiri hluta fjárlaganefndar er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á næsta ári nemi um 315 milljörðum kr. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs dragist saman frá yfirstandandi ári. Þó er ljóst að framlög til fjölmargra málaflokka eru óafgreidd og bíða þau úrvinnslu og afgreiðslu við 3. umr.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur það sem sitt stefnumið að efla samfélagsþjónustu og velferðarkerfið og tryggja að fjárhagsleg staða fólks skerði aldrei möguleika þess til þess að njóta opinberrar þjónustu og félagslegs öryggis. Aðhaldsaðgerðir ríkisstjórnarinnar bitna mest á

öldruðum, sjúklingum, öryrkjum og þeim sem lægstar hafa tekjurnar og sést best í skattaáherslum þessarar ríkisstjórnar.

Fjölmargir málaflokkar fjárlaga bíða afgreiðslu við 3. umr. og verður þá gerð nánari grein fyrir þeim.

Frú forseti. Ég vil gera grein fyrir nokkrum breytingartillögum. Í fyrsta lagi vil ég gera að umtalsefni tillögu sem flutt er af meiri hlutanum og lýtur að því að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að stofna hlutafélag um öflun og sölu raforku í samstarfi við aðra aðila á raforkumarkaði og leggja félaginu til nauðsynlegar eignir. Hér er farið inn í heimildargrein með ákvæði um að fara aftan að hlutunum og breyta Rarik í eins konar hlutafélag eða gefa Rafmagnsveitum ríkisins heimild til þess að breyta sér í hlutafélag í áföngum. Rafmagnsveitur ríkisins eru ein sterkasta og öflugasta almannaþjónustustofnun landsmanna og hún hefur verið í hreinni ríkiseign og sem þjónustustofnun.

Í röksemdum fyrir þessum breytingum er sagt að verið sé að einkavæða rafmagnið og verið sé að markaðsvæða rafmagnið og þess vegna þurfi líka að markaðsvæða Rarik. Jú, við þekkjum stefnu ríkisstjórnarinnar í orkumálum. Hún vill einkavæða orkugeirann og hún vill markaðsvæða rafmagnið. Við höfum líka kynnst því hvernig það kemur niður á rafmagnsnotendum vítt og breitt um landið, einmitt á þeim svæðum sem eru háðust því að fá rafmagn á sem ódýrustum kjörum. Íbúar hinna dreifbýlli svæða hafa lent í stórfelldum rafmagnshækkunum. Þeim árangri hefur rafmagnsstefna ríkisstjórnarinnar skilað. Við erum minnug þess að sveitarstjórinn í Súðavík greindi okkur frá því að hjá rækjuverksmiðjunni einni hefði rafmagnsreikningurinn hækkað um nærri 3 millj. kr. vegna breytinga á raforkulögum, sem tóku gildi um síðustu áramót, breytingin ein og sér olli 3 millj. kr. hækkun. Þessu gleðst Framsóknarflokkurinn og hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins yfir og áfram skal haldið á þessari braut og hér liggur fyrir tillaga um að hlutafélagavæða Rarik í einhverjum áföngum.

Í fyrsta lagi vil ég segja að mér finnst það stjórnsýslulega rangt að setja inn heimildargrein með heimild til þess að hlutafélagavæða að hluta eða öllu leyti almannastofnun eins og Rarik. Séu stjórnvöld áfram um það ættu þau að gera það í sérlögum. Þá kemur það inn á Alþingi og verður rætt sem slíkt. Að smokra þessu svona inn, að gefa stóru almannaþjónustufyrirtæki, mikilvægri stofnun, Rafmagnsveitum ríkisins, með einfaldri heimildargrein færi á að hlutafélagavæða sig að hluta eða öllu leyti — ég mótmæli slíkum vinnubrögðum. Við eigum að taka hér efnislega, pólitíska og samfélagslega umræðu um orkumál, um hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins og annarra orkufyrirtækja sem eru í almenningseigu, bæði orkuöflun og orkudreifingu, áður en við gerum grundvallarbreytingu þar á.

Við höfum fengið nóg, frú forseti, við höfum fengið nóg af tilraunaverkefnum ríkisstjórnarinnar í rafmagnsmálum, sem því miður virðast óafturkræf. Víst er að komist Vinstri hreyfingin – grænt framboð í stjórn mun verða tekið á þessum málum og reynt að snúa til baka. Þjóðin hefur fengið nóg af álögum sem hafa fylgt þeim breytingum á raforkulögum sem við nú stöndum frammi fyrir og hafa valdið því að verð á rafmagni hefur hækkað mikið víða um land. Þá á ekki að hleypa hér inn í heimildargrein þeim möguleika að einkavæða Rarik.

Frú forseti. Ég mun í seinni ræðu minni mæla fyrir einstökum breytingartillögum sem ég flyt við þetta frumvarp en aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu taka fyrir einstaka málaflokka og breytingartillögur sem að þeim lúta þar sem við viljum bæta úr við afgreiðslu þessa fjárlagafrumvarps.

[14:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 2006 vil ég í upphafi máls míns víkja að hinni miklu skattastefnu ríkisstjórnarinnar og þeim röngu áherslum sem þar eru uppi að mínu viti. Áherslum sem auka á misskiptingu þegna landsins. Stefnu sem verður til þess að hækka ráðstöfunartekjur þeirra verulega sem eru með há laun, þ.e. 500.000 á mánuði eða meira, en færa láglaunafólki örfáar krónur sem virka jafnvel þannig vegna lágs persónuafsláttar sem ekki hefur haldið raungildi sínu að fólk með lægstu tekjur, 100.000 á mánuði, greiðir allt að 9.000 í skatt til ríkissjóðs. Fjölgun tekjuskattsgreiðenda í tíð núverandi ríkisstjórnar er að finna í hópi eldri borgara, öryrkja og láglaunafólks. Ríkisstjórnin vinnur að því með stefnu sinni að breikka bilið milli þjóðfélagshópanna. Hleður undir þá sem hæstar hafa tekjur en vegur að lífskjörum þeirra sem eru tekjulægri. Ég held að mikil þörf sé á að endurskoða stefnuna í skattamálum, þó að ég þykist vita að fjármálaráðherra og ríkisstjórnin séu mér ekki sammála í því. En ég tel að sú útfærsla sem er í skattalækkunarstefnu ríkisstjórnarinnar þjóni ekki þeim markmiðum að auka jöfnuð í þjóðfélaginu og þjóni ekki heldur nægilega þeim markmiðum að koma til móts við þá sem lægri tekjur hafa í þjóðfélaginu sem ég held að sé mjög nauðsynlegt í núverandi stöðu, hæstv. forseti.

Við vitum um mikla óánægju verkalýðshreyfingarinnar um hvernig mál hafa þróast hér á landi. Talað er um að meðaltalskaupmáttur hafi aukist verulega en það er auðvitað svo að meðaltalskaupmátturinn tekur mið af þeim launabreytingum sem hafa orðið í þjóðfélaginu. Við vitum að þeir sem hafa hærri launin hafa verið að bæta við sig og það er launaskrið sums staðar í fyrirtækjum og einkum á þeim stöðum þar sem greitt er hærra kaupið. Hinir föstu samningar verkalýðshreyfingarinnar hafa jafnan gert það að verkum að í slíku ástandi dregst kaupmáttur verkamanna meira saman en meðaltölur sýna. Það hefur gerst hjá okkur núna og margir í verkalýðshreyfingunni telja að láglaunafólkið sitji mjög verulega eftir í launabótum. Ég hygg, hæstv. forseti, að það sé rétt.

Þess vegna er það að mínu mati mjög verðugt verkefni núverandi ríkisstjórnar að endurskoða skattastefnu sína, m.a. með það að markmiði — í stað þess að fara í flata prósentulækkun í tekjuskattinum upp á 1% á næsta ári og 2% árið 2007 — að skoða hvort ekki mætti koma til móts við láglaunafólk, aldraða og öryrkja á almennum vinnumarkaði með öðruvísi útfærslum í þessum skattalækkunum. Það er skoðun mín og okkar í Frjálslynda flokknum að miklu nær hefði verið, sérstaklega eins og ástandið er núna, að setja þá fjármuni sem gert er ráð fyrir í skattalækkunum á næsta ári sem eru 4 milljarðar kr. vegna 1% skattalækkunar yfir í að hækka persónuafsláttinn. Ég tel að með þeim 4 milljörðum

hefði verið hægt að hækka persónuafslátt á bilinu 2.600–2.800 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling. Og þá hefðum við verið að tala um nokkurn veginn sömu fjárhæð, eða um 4 milljarða kr. vegna þess eins. Með sama hætti hefði auðvitað verið hægt að taka næstum því tvöfalt það í janúar 2007 ef menn hefðu valið þá leið.

Ég hygg að verkalýðshreyfingin hefði metið það talsvert ef menn hefðu farið slíka leið í skattalagabreytingum og þannig búið til meiri jöfnuð í þjóðfélaginu. Það hefði örugglega komið þeim betur sem lægri hafa launin sem og öldruðum og öryrkjum að fá þá hækkun á persónuafsláttinn heldur en að fá þessa prósentutengdu flötu skattalækkun sem ríkisstjórnin vill fara. Við hefðum getað sleppt því að fella niður hátekjuskattinn, hæstv. forseti, og ekki setja þá forgangsröðun á undir þessum kringumstæðum að lækka sérstaklega tekjuskatt þeirra sem eru með upp undir hálfa milljón á mánuði eða meira í tekjur. En það er forgangsröðun ríkisstjórnarinnar.

Nýverið gerðu aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin með sér samkomulag um eingreiðslu í desember til launþega upp á 26.000 kr. Eftir umræður í þinginu fyrir viku ákvað ríkisstjórnin að greiða atvinnulausum, öryrkjum og öldruðum einnig sömu upphæð, þ.e. 26.000 kr. En þá kemur spurningin: Hvernig virkar sú upphæð til raunverulegs kaupauka hjá öldruðum og öryrkjum, hópum sem fá greiðslur frá almannatryggingum í formi samsettra lágmarksbóta þar sem allar viðbótartekjur skerða lágmarksbætur aldraða og öryrkja um 45%, með svokallaðri skerðingarreglu sem nær einnig til mánaðargreiðslna hvers einstakling vegna viðbótargreiðslu úr lífeyrissjóði?

Hæstv. fjármálaráðherra sagði í fjölmiðlum að kostnaður ríkissjóðs væri um 700 millj. kr. vegna þessa. Ef við skoðum hverjar rauntekjur verða hjá einstaklingi sem fær umrædda 26.000 kr. greiðslu en verður fyrir 45% skerðingu á bótum almannatrygginga, þarf síðan að borga 37,73% í skatt og við skulum síðan gera ráð fyrir að það sem þá stendur eftir verði notað til að kaupa vörur, annaðhvort jólagjafir eða matarvörur, við getum gengið út frá því í dæminu sem ég er með fyrir framan mig, að sú eyðsla sé til helminga. Þá lítur dæmið þannig út, hæstv. forseti: Þegar einstaklingur sem hefur bætur frá Tryggingastofnun fær þessar 26.000 kr. í hendur verður fyrst skerðing á bótunum um 45% sem þýðir að raunveruleg greiðsla þegar búið er að taka tillit til skerðingarinnar er upp á 15.820 kr. Þá kemur tekjuskattur. Þegar tekjuskatturinn er settur á það sem eftir er, þessar 15.820 kr., 37,73% tekjuskattur, þá standa eftir 9.879 kr. Við skulum nú gera ráð fyrir að viðkomandi ellilífeyrisþegi eða öryrki fari með þessar 9.879 kr. út í búð og ákveði að kaupa fyrir það annars vegar helminginn jólagjafir og helminginn mat. Þá greiðir hann væntanlega eins og allir aðrir landsmenn 14% virðisaukaskatt af matvörunni og 24% virðisaukaskatt af jólagjafavörunni. Hver er þá raunkostnaður ríkissjóðs af því að hafa afhent mönnum sem eru á bótakerfinu 26.000 kr.? Mér sýnist að eftir verði 8.000 kr., hæstv. forseti, sem verður raunkostnaður ríkissjóðs á einstaklinginn þegar hann er búinn að lenda í þeirri meðferð sem er innbyggð í tryggingakerfi okkar. Fyrst með 45% skerðingu, því næst með 37,73% skatti og síðan að ráðstafa fjárhæðinni, sem verður að teljast mjög líklegt því þetta fólk hefur ekki mikla fjármuni. Þá kemur vaskurinn til viðbótar upp á tæpar 2.000 kr. Ég held, hæstv. forseti, að fjármálaráðherra skuldi það að gefa okkur nákvæmari skýringar á þeirri framsetningu með 700 milljónirnar sem hann taldi vera kostnað ríkissjóðs.

Þess vegna vil ég beina eftirfarandi þremur spurningum til hæstv. fjármálaráðherra sem var hér í salnum fyrir stuttu. — Veit hæstv. forseti hvar fjármálaráðherrann er? Ef hæstv. forseti getur upplýst mig um að fjármálaráðherrann sé að hlusta á ræðu mína einhvers staðar annars staðar nægir mér það alveg. Ég þarf ekki að sjá andlitið á honum til að bera þær upp.

(**Forseti** (SP): Hæstv. fjármálaráðherra mun vera í húsinu en forseti hefur gert ráðstafanir til að vekja athygli hans á ræðu hv. þingmanns.)

Velkominn, hæstv. fjármálaráðherra. Ég ætla að beina til ráðherra þremur spurningum vegna þess kaupauka sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja út til aldraðra, öryrkja og atvinnulausra. Og þær eru eftirfarandi. Í fyrsta lagi:

Munu umræddar kjarabætur til eldri borgara og öryrkja koma til skerðingar á bótum almannatrygginga?

Önnur spurningin er: Ef fjármálaráðherra lítur á þessa uppbót eldri borgara og öryrkja sem laun, munu þær þá ekki aðeins skerða tekjutrygginguna heldur einnig grunnlífeyrinn? Munu þessar bætur skerða grunnlífeyrinn? Það gæti komið til þess ef ekkert stæði eftir af bótunum annað en grunnlífeyririnn.

Í þriðja lagi. Hvað telur ráðherra að komi mikið til baka í ríkissjóð í gegnum annars vegar tekjuskatt og virðisaukaskatt og hins vegar skerðingarreglu Tryggingastofnunar ef hún er notuð á þessar greiðslur?

Þetta voru þær þrjár spurningar sem ég óskaði eftir að fjármálaráðherra hlustaði sérstaklega á. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir að hafa brugðist svo við, jafnléttur á fæti og hann er að mæta hér í salinn.

Mér finnst orðið meira en tímabært að endurskoða þessa reglu hjá Tryggingastofnun, þ.e. þá 45% skerðingarreglu sem látin er bitna á öldruðum og öryrkjum, og ég vil segja oft með mjög ósanngjörnum hætti eins og dæmið sýndi sem ég tók áðan. Ég vil einnig, hæstv. forseti, minna stjórnarliða á að sex sinnum höfum við í Frjálslynda flokknum á jafnmörgum þingum flutt mál um tryggan lágmarkslífeyri fólks sem gengur út að að afnema alla skerðingu á bótum almannatrygginga ef tekjur úr lífeyrissjóði eru undir 50.000 kr. á mánuði. Síðan lögðum við til þrepaða skerðingu fyrir tekjur úr lífeyrissjóði frá 50.000–100.000 kr. á mánuði þegar aftur væri komið í þá 45% skerðingu sem nú er unnið eftir varðandi bætur Tryggingastofnunar. Það væri mikil kjarabót, hæstv. forseti, að slíku. Það mundi þýða að þeir sem lægstar hafa afkomutekjur hér á landi yrðu ekki fyrir þeirri bröttu skerðingu sem verður núna þegar fyrsti þúsundkallinn skerðir bætur með 45% reglu, þ.e. í hvert skipti þegar eldri borgari eða öryrki fær þúsund kr. til viðbótar, annaðhvort í laun eða sem bætur úr lífeyrissjóði missir hann 450 kr. af bótunum frá Tryggingastofnun. Þetta finnst mér ósanngjörn regla, hæstv. forseti.

Það hlýtur að vera skynsemi í að búa til einhverjar þrepaskiptingu í þessar skerðingarreglur. Þannig að þeir sem lægstar hafa tekjurnar og eru í raun og veru með tekjur

undir lágmarksframfærslukostnaði, eins og hann er skilgreindur í þjóðfélaginu, fái leiðréttingu á stöðu sinni. Þarna er um að ræða hópa í þjóðfélaginu sem höfðu á árum áður oft litlar tekjur og eignuðust lítil réttindi í lífeyrissjóði. Því miður er það þannig með marga öryrkjana að þeir eiga engin réttindi í lífeyrissjóði.

Hæstv. forseti. Úr því að ég er byrjaður að fara hér yfir dæmi eins og ég gerði áðan varðandi 26.000 kr. þá vil ég taka annað dæmi úr heimi þess fólks sem lifir við örorku. En það snýr að Öryrkjabandalagi Íslands sem rekur verndaðan vinnustað í Hátúni. Á árinu 2004 greiddu vinnustaðir Öryrkjabandalags Íslands, verndaðir vinnustaðir í Hátúni, til hins opinbera 23,9 millj. kr. í formi virðisaukaskatts, staðgreiðslu og tryggingagjalds. Á því ári fengu þessir vinnustaðir í framlag frá ríkinu 13 millj. kr., úr ríkissjóði. Það sem má kalla arð af þessum vinnustöðum til hins opinbera er þá mismunurinn á þeim styrk sem þessir vernduðu vinnustaðir fengu og þess sem vinnustaðirnir inntu af hendi til ríkissjóðs, en það voru 10,9 millj. kr. ríkissjóði í hag. Í þessum tölum er ekki tekið tillit til skerðingar á tekjutryggingu og öðrum tekjutengdum liðum örorkubóta fatlaðra starfsmanna sem ég var að fara hér yfir áðan í dæminu um desemberuppbótina.

Hæstv. forseti. Ég vona að þessi dæmi nægi til að hv. þingmenn átti sig á því að þarf ýmislegt að skoða í þeim heimi sem aldraðir og öryrkjar lifa í. Það hlýtur að vera skylda okkar og sómi að takast á við það hér á hv. Alþingi.

En víkjum að allt öðru sem skiptir miklu máli fyrir þjóðina. Þótt það komi ekki fram í fjárlagafrumvarpinu þá má sjá á minnisblaði frá dómsmálaráðuneytinu að ef staða Landhelgisgæslunnar er skoðuð um miðjan þennan mánuð þá virðist stefna í að verulegt tap verði á rekstri hennar á þessu ári. Jafnvel þó að við gerum ráð fyrir að einhver bati verði á rekstrinum í lok þessa árs er líklegt að tapið verði allt að 100 millj. kr. Okkur ber skylda til að reyna að hafa sem réttastar tölur í fjárlögum hvers árs. Og því spyr ég hver verði líkleg niðurstaða í rekstri Landhelgisgæslunnar á þessu ári og hvort ekki þurfi að taka tillit til þess þegar við erum að semja fjárlög fyrir næsta ár. Mér sýnist að á þessu ári verði mjög líklegt að niðurstaðan af rekstrinum verði tap upp á 70–90 millj. kr. hjá Landhelgisgæslu Íslands. Ef það er svo hlýtur að vera hægt að upplýsa okkur í fjárlaganefnd um þetta áður en við klárum málið í 3. umr. því þá ber okkur auðvitað skylda til að koma með breytingartillögu sem lagfærir þessa stöðu. Því við eigum ekki vitandi vits að fara með tölur á milli ára sem síðan lenda beint inn í fjáraukanum á næsta ári. Við eigum að reyna að setja það inn í fjárlögin sem við teljum réttast og eðlilegast. Og ef við sjáum fram á að ekki sé hægt að hagræða enn frekar í rekstri Landhelgisgæslunnar, sem hefur leitast við að spara í rekstri sínum eins og frekast er unnt, m.a. með að taka nánast alla olíu í Færeyjum og hefur þar af leiðandi sparað um 15–16 millj. kr. á ársgrundvelli, þá sýnist mér að einboðið sé hjá okkur í fjárlaganefnd að taka á þessu máli fyrir 3. umr. Þetta þurfum við auðvitað að fá upplýst og einnig hversu rétt minnisblaðið sem barst frá dómsmálaráðuneytinu er eða fá skýringar ef þetta er ekki rétt. Að öðrum kosti sýnist mér, hæstv. forseti, að okkur beri skylda til að taka á þessu máli.

Það er kannski eitthvað fleira sem þarf að koma inn. Það er óhjákvæmilegt í 2. umr. um fjárlögin 2006 að gera að umtalsefni vöxtinn í starfsemi utanríkisþjónustunnar á þessu ári. Í fjáraukanum var sótt um 50 millj. kr. aukalega í almennan rekstur fyrir aðalskrifstofu. Í fjárlögum fyrir næsta ár er sótt um 135 millj. kr. hækkun á starfsemi aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Eftir því sem ég best veit þá hefur utanríkisráðuneytið ekki orðið við þeirri hagræðingarkröfu sem sett hefur verið fyrir ráðuneyti á undanförnum árum, þegar sett hafa verið upp fjárlög. Sendiráðin fengu 276 millj. kr. í fjáraukanum, eða munu fá sýnist mér, þegar hann verður afgreiddur. Ætli samkvæmt venju verði ekki aftur tekið til við aukningu í fjáraukanum á næsta ári, fyrir árið 2006 ef að líkum lætur. Hæstv. forseti. Ég held að það sé kominn tími til að við tökumst á við þann vanda og þá miklu útþenslu sem hefur orðið í utanríkisráðuneytinu á undanförnum árum. Vissulega er utanríkisráðuneytið með mörg verkefni sem ber að líta til og styðja, eins og verkefni við þróunaraðstoð og önnur þau störf sem verða til að stuðla að friði og uppbyggingu í heiminum og aðstoð við svæði og ríki sem eiga undir högg að sækja.

En það er samt einn liður í viðbót, hæstv. forseti, undir utanríkisráðuneytinu sem ég staldraði við og vil spyrja sérstaklega um. Það er liðurinn Alþjóðastofnanir. Hann hefur hækkað úr 862 millj. árið 2004 í 1.401 millj. eins og hann lítur út í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2006, eða um 540 millj. á tveimur árum. Þetta er mikil aukning og mikil útþensla. Hæstv. fjármálaráðherra eða formenn fjárlaganefndar mættu gjarnan gefa okkur skýringu á hvað þarna er á ferðinni, ef þeir vita það. Eru þetta fjárveitingar sem tengjast því að við erum að berjast fyrir sæti í öryggisráðinu? Er þetta það sem um er að ræða í þessari miklu aukningu varðandi alþjóðastofnanir? Eða er þetta eitthvað annað? Ég óska eftir að þeir sem betur vita en sá sem hér stendur fari einhverjum orðum um þetta.

Byggðavandinn er því miður enn til staðar. Í nýrri skýrslu hæstv. iðnaðar- og byggðamálaráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, um raforkumál sem hér hefur verið dreift, má sjá að orkuverð í dreifbýli á Vestfjörðum hefur hækkað mest eða um allt að 24%. Þarna er að sjálfsögðu um að ræða meðaltal. En það er alveg ljóst að dreifbýlisbyggðir á Vestfjörðum hafa fengið skell við breytingu á raforkulögunum. Þar með ætti nú hæstv. ráðherra byggðamála að geta viðurkennt að það nafn sem ég gaf þessari löggjöf, þ.e. „axarskaftaaðgerð“ hafi sennilega átt við nokkur rök að styðjast. Þetta verklag, hæstv. forseti, vegur að byggðunum, byggðum sem eru í vörn fyrir. Það var ekki ástæða til af hæstv. iðnaðarráðherra sem jafnframt er ráðherra byggðamála að beita sér fyrir því að lögin hefðu þær afleiðingar sem þau virðast hafa miðað við það sem lesa má í lok töflu sem er aftast í skýrslunni um hækkun orkuverðs í dreifbýli.

Nú þarf hæstv. ráðherra byggðamála og orkumála, hæstv. iðnaðarráðherra, að takast á við að tryggja að þessi kostnaður lækki aftur og hann verði þá í samræmi við það sem mig minnir að hæstv. ráðherra hafi sagt hér í þingsal, að breytingin á raforkulögunum mundi ekki kalla á aukinn kostnað notenda nema að mesta lagi upp á 1–3%. Ég held að hæstv. ráðherra vitni samt í í andsvari að ef einhver kostnaður yrði, mundi hann hlaupa á nokkrum hundraðköll-

um hjá notendum. Hæstv. forseti. Ég held að það sé tími til kominn fyrir iðnaðar- og byggðamálaráðherrann að takast á við að lagfæra þetta mál. Það er að vísu í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir 100 millj. til viðbótar í niðurgreiðslur. Ég veit ekki hvernig menn ætla að deila því út svo það komi þannig niður að ákveðinn hópur landsmanna sem býr í hinum dreifðu byggðum fari ekki með verulega skarðan hlut frá borði. En með einhverjum ráðum verður að fara þannig að að þessi sérstaka lagasetning bitni ekki verr á ákveðnum þjóðfélagsþegnum en öðrum, þ.e. eftir því hvort þeir búa í dreifbýli eða þéttbýli.

Það er því miður ennþá svo, hæstv. forseti, að íbúum á Vestfjörðum fækkar enn. Það er mikil nauðsyn á því að snúa vörn í sókn í þeim landshluta. Ef fjármagn þarf til þess, verður að gera ráð fyrir því í fjárlögum og þess vegna er ég mjög hlynntur því að einhverjir tekjustofnar séu markaðir til að takast á við byggðavandann. Í minni hlutanum höfum við lagt þar til sérstaka fjárveitingu því nægur er nú vandinn fyrir. Byggðastofnun sem virðist ekki geta sinnt störfum sínum samkvæmt lögum þarf auðvitað að takast sérstaklega á við þetta. Byggðir sem eiga undir högg að sækja þurfa ekki á frekari áföllum að halda, allra síst af völdum okkar sem störfum hér á hv. Alþingi. Ég veit það og hef heyrt það ofan í hv. þingmenn að þeir eru sammála því að það verði að tryggja rekstur Byggðastofnunar og tryggja það hlutverk stofnunarinnar að hún geti staðið með hinum dreifðu byggðum. Ég fagna því auðvitað og treysti því að sameiginlega munum við hér taka á því máli sem snýr að Byggðastofnun því nógur er vandi byggðanna samt.

Það getur ýmislegt orðið dreifðum byggðum til hagsbóta, m.a. bættar samgöngur. Það skiptir miklu máli fyrir landshluta eins og t.d. Vestfirði, að byggðirnar þar verði tengdar saman með varanlegum lausnum í vegagerð eins og jarðgöngum. Það á sennilega enginn landshluti eins erfitt varðandi fólksfækkun og stöðu og Vestfirðirnir hafa átt á undanförnum árum. Þess vegna þarf að takast á við þetta mál með öllum þeim ráðum sem við eigum. Ég tel, hæstv. forseti, að það þurfi að breyta fiskveiðistjórnuninni svo sjávarbyggðirnar fái lifað af. Og líka til þess að nýir menn komist að inn í útgerðina, sjávarútveginn. Það er einfaldlega svo að ef nýliðar fá ekki tækifæri og annað hlutskipti en að vera leiguliðar annarra sem oft á tíðum arðræna störf þeirra með ofurháu gjaldi á aflaheimildum, hafa tekjur af dugnaði þeirra og frumkvæði, þá held ég að það verði áfram fækkun í sjávarbyggðunum.

Hæstv. forseti. Ég vík að þessu máli vegna þess að mér finnst þetta vera orðin spurning um vöxt eða fall byggða og að við verðum að taka á þeim vanda með öllum tiltækum ráðum. Ef fólksfækkun á Vestfjörðum heldur áfram með sama hraða og gerst hefur síðustu sex ár verða íbúar Vestfjarða ekki 7.700 eins og þeir voru fyrir um ári síðan eftir sex ár heldur verða þeir komnir niður fyrir 7 þúsund manns því þeim fækkaði um 1.150 frá 1998. Það fer ekkert á milli mála að þessi þróun íbúafjölda á Vestfjörðum er okkur Vestfirðingum mjög erfið. Við skynjum það auðvitað sem þaðan erum. Það þarf að takast á við þetta mál. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því, hæstv. forseti, að ég er ekki sá eini á hv. Alþingi sem hefur áhuga eða vilja til að lagfæra stöðu þessa landshluta sem því miður á undir högg að sækja. En ég vonast til að okkur takist að snúa þessari þróun við með mörgum samhliða aðgerðum, hvort sem þær heita breytingar á sjávarútvegsstefnunni, breytingar í samgöngumálum eða áherslur í samgöngumálum. Þess vegna get ég ekki annað en lýst þeirri skoðun minni að ég tel að það hafi verið afar misráðið að skera niður verklegar framkvæmdir hjá Vegagerðinni um 2 milljarða kr. Miklu nær hefði verið að auka framkvæmdir á þeim svæðum landsins þar sem atvinnulífið er veikast og þar sem mest þörf er á auknum samgöngubótum.

Ef menn halda að frestun á 2.000 milljónum til vegaframkvæmda á árinu 2006 ríði baggamuninn um hvernig mál þróast hér á landi þá held ég að það sé misskilningur. Nýleg útboð Vegagerðarinnar, annars vegar á framkvæmdum í Svínadal og hins vegar á Reykjanesbraut, sýna að Vegagerðin er að fá mjög góð tilboð í þau verk, um 70% eða eitthvað svoleiðis miðað við þá áætlun sem Vegagerðin gerði um hvað þessi verk kostuðu. Það sýnir ekki að það sé ofboðsleg þensla í framkvæmdum varðandi jarðvinnu og vegalagnir úr því að menn eru að bjóða undir áætluðum kostnaði Vegagerðarinnar. Þess vegna held ég að misráðið sé að fara í þetta með því lagi sem gert er ráð fyrir á næsta ári. Það má þá einnig spyrja, hæstv. forseti: Ef þessir 2 milljarðar ráða úrslitum, hvað með aðrar framkvæmdir? Við vitum jú öll að verið er að byggja af miklum krafti á Keflavíkurflugvelli og það er full nauðsyn á því. Ætli það verði ekki framkvæmt þar fyrir 5 milljarða á næstu tveimur árum? Við vitum vel að það er mikil þensla í byggingarmarkaðnum, sérstaklega á suðvesturhorninu. Mér er nær að halda að skynsamlegra hefði verið að skammta þessa 2 milljarða á þau svæði landsins þar sem atvinnusamdráttur er, þar sem íbúum fækkar og þar sem þarf virkilega að gera átak til að bæta búsetuskilyrðin. Ég held að allir landsmenn viti, eins og sá sem hér stendur, hvaða landsvæði þetta eru. Það eru Vestfirðir, Norðvesturland og norðausturhorn landsins. Síðan má auðvitað nefna einnig suðurhluta Austfjarða þar sem líka þarf að gera verulegt átak. Þetta vildi ég sagt hafa varðandi vegamálin.

Ég tek fram að ég lýsti því yfir í fjárlaganefnd og einnig í samgöngunefnd að ég væri andvígur stefnumörkun um niðurskurð á verklegum framkvæmdum á næsta ári upp á 2 milljarða kr. vegna þess að ég teldi að sú þensla sem menn væru að fást við væri ekki til staðar á stórum svæðum landsins og þangað bæri að beina fénu á næsta ári. Við getum svo líka spurt okkur að því hvað verður um framkvæmdirnar árin 2007, 2008 og 2009 þegar verulegar hækkanir verða á fjárveitingum til vegagerðar og mikil umsvif í framkvæmdum. Það skyldi þó ekki vera, hæstv. forseti, að á þeim árum verði tilboð í verklegar framkvæmdir ekki 70% af kostnaðarverði eins og fyrir næsta ár heldur hærri tala og að við séum í raun og veru að tapa fé í verklegar framkvæmdir með því að fara í þetta með því lagi sem gert er ráð fyrir í stefnu ríkisstjórnarinnar? Það mun allt koma í ljós. Það mun þá koma í ljós hvort ég hafi haft rétt fyrir mér í því eða þeir sérfræðingar sem lagt hafa upp með þá áætlun sem unnið er eftir.

Hæstv. forseti. Það er við ýmsa óáran að eiga. Það er m.a. svo að nú má ekki lengur veiða rækju í vestfirskum fjörðum. Það er sjálfsagt að minnast á að þessi atvinnuveg-

ur er búinn að vera við lýði á Vestfjörðum nánast samfellt í 70 ár. Rækjuiðnaður á landinu hófst í raun og veru þegar bæjarsjóður Ísafjarðar tók þá ákvörðun 1936 að stofna til rækjuvinnslu á Ísafirði. Þar var sett á stofn rækjuvinnsla til að sjóða niður rækju. Sú niðurstaða að rækjuveiðar eru ekki lengur til staðar í þessum landshluta er auðvitað harkaleg. En það er kannski ekki við ríkisstjórnina að sakast í þeim efnum, frekar við þorskinn og ýsuna og hlýjan sjó sem veldur því að rækjan gefur eftir. En það kann hins vegar að vera að stefnumótun okkar í nýtingu sjávarstofnanna, m.a. uppsjávarstofnanna, hafi haft þau áhrif að nýting þorsksins og ýsunnar á innfjarðarætinu, rækjunni og öðru, verði með þeim hætti að þeir stofnar sem við gátum byggt atvinnu okkar á í 70 ár hverfi. Við búum hins vegar við það, hæstv. forseti, að þrátt fyrir að firðirnir og flóarnir fyllist af fiski má ekki auka veiði íbúanna sem hafa misst frá sér annan atvinnuveg í sama mæli í þessa fiskstofna vegna þess að þar kemur kvótakerfið til og menn eru búnir að kvótasetja þennan fisk. Það eru jafnvel íbúar sem búa allt annars staðar á landinu sem eru með þann veiðirétt í þorski og ýsu sem menn þyrftu til að fá að veiða inni í flóum og fjörðum miðað við núverandi lög. En það er hægt að breyta lögum, hæstv. forseti. Það er auðvitað eitthvað sem okkur ber skylda til að gera á hv. Alþingi, að skoða vandlega hvort útfærslan á kvótakerfinu sé það sem hentar hinum dreifðu byggðum landsins. Ég leyfi mér að efast um það. En það er nú önnur Ella eins og sagt er.

Mig langar að víkja að öðru, hæstv. forseti, í þessari ræðu minni. Það snýr að máli sem við í Frjálslynda flokknum höfum flutt nokkrum sinnum og mælt fyrir, þ.e. um textun sjónvarpsefnis. Ég kem ekki auga á það, hæstv. forseti, að gert sé sérstaklega ráð fyrir því í fjárlögunum að auka greiðslur til að hægt sé að texta íslenskt sjónvarpsefni. Við í Frjálslynda flokknum höfum mælt fyrir þessu máli á fyrri þingum og einnig á yfirstandandi þingi. Síðan hafa aðrir þingmenn úr stjórnarandstöðunni flutt málið með okkur, þingmenn úr öllum flokkum stjórnarandstöðunnar hafa stutt málið. Fáeinir stjórnarliðar hafa einnig lýst því yfir að þeir teldu að málið ætti að fá framgang og afgreiðslu í hv. Alþingi, það væri nauðsyn að lagfæra þá stöðu sem frumvarpið víkur að. Markmið frumvarpsins er einfaldlega að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum og afþreyingar- og fræðsluefni til jafns við þá sem hafa fulla heyrn. Ég hef hins vegar ekki komið auga á það í þessum fjárlagatillögum, hæstv. forseti, hvar eigi að taka fjármagn til að auka þessa textun, t.d. á sjónvarpsefni í ríkissjónvarpinu, sem væri svona fyrsti vísirinn að því að auka textun á efni til hagsbóta fyrir þann mikla fjölda Íslendinga sem hefur þörf fyrir textun efnis, en talið er að það séu um 25 þúsund manns. Það kann svo sem að vera, hæstv. forseti, að einhvers staðar í fjárlagafrumvarpinu sé gert ráð fyrir þessari greiðslu. Kannski getur hæstv. fjármálaráðherra upplýst okkur um það. Það kann að vera að í fjárveitingum til Ríkisútvarpsins sé gert ráð fyrir að auka textun á sjónvarpsefni eða að hæstv. menntamálaráðherra hyggist veita í það sérfé af einhverjum óskiptum liðum.

Hæstv. forseti. Fyrir tveimur árum síðan ákvað menntamálaráðherra að setja fé í að auka textun á efni í sjónvarpinu. Það var gert 23. apríl 2003 fyrir alþingiskosningar. Þá þótti sérstök ástæða til þess að leggja eitthvert fjármagn fram til þess að hægt yrði að auka textun og koma til móts við sjónarmið þess fjölmenna hóps sem þarf á því að halda. Ég varð hins vegar ekki var við þetta væri í fjárlögum þessa árs eða að neitt sérstakt kæmi fram um það. Ég vona vissulega að það sé þó og að mér hafi yfirsést þetta, en óska þá eftir að fá það upplýst, hæstv. forseti.

Er það kannski e.t.v. svo að næsta fjárveiting til að auka textun sjónvarpsefnis komi aftur í apríl 2007 fyrir alþingiskosningarnar? Er það kannski bara á fjögra ára fresti sem menn setja í þetta pening svona þegar málið er kosningavænt? Ég vona vissulega að þessi ályktun mín sé röng og að menn ætli sér að setja í þetta fjármuni. Eins og áður sagði þá snýr þetta að sennilega um 20–25 þúsund manns hér á landi. Þess vegna held ég að mjög nauðsynlegt sé að huga að því hvernig við ætlum að uppfylla þá skyldu að gera öllum Íslendingum kleift að fylgjast með því efni sem þeir borga fyrir eins og aðrir landsmenn. Við borgum jú fyrir Ríkisútvarpið og sjónvarpið. Ég vonast því til þess að ég verði upplýstur um það af fjármálaráðherra eða formönnum fjárlaganefndar eða þá þeim sem getur upplýst það hvernig á að standa að þessum málum í framtíðinni. Ef ekki þá tel ég að við eigum að taka þetta mál til meðferðar milli 2. og 3. umr., þ.e. ef gleymst hefur að setja í þetta fjármuni. Ég trúi því varla að sú stefnumótun sem menntamálaráðherra beitti sér fyrir á árinu 2003 um að auka fé til textunar um 4,5 milljónir — í það lögðu saman forsætisráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið — hafi bara verið sérstök kosningaaðgerð og menn ætli ekki að halda því áfram. Ég vona að það sé ekki þannig og menn ætli sér í raun og veru að lagfæra stöðu þessa hóps.

Hæstv. forseti. Ég vék aðeins áðan að samgöngum á landsbyggðinni sérstaklega. En til þess að ekki halli á í málflutningi mínum vil ég líka geta þess að ég sat nýlega mjög fróðlegan fund um Sundabrautina og framkvæmd hennar þar sem ræddar voru mögulegar leiðir sem hægt er að fara og vikið var að stefnu ríkisstjórnarinnar um að leggja til allt að 8 milljarða í þessa framkvæmd sem væri þó háð því að farin yrði hin svokallaða innri leið, eins og sagt var þarna á fundinum.

Nú þori ég ekki að fullyrða um hvort þeir sem fluttu það mál höfðu rétt fyrir sér með því að segja að það væri skilyrði að fara einhverja fyrir fram ákveðna leið til þess að þessir fjármunir gengju til framkvæmda við Sundabraut. En ég spyr hér hvort svo sé því á þessum fundi komu fram margar athugasemdir um staðarval fyrir Sundabraut og sérstaklega frá íbúum hverfa þar sem Sundabrautin mun liggja. Þeir gerðu við það verulegar athugasemdir og töldu að kannski væri nær að skoða aðrar leiðir og undruðust það, ef svo væri, að búið væri að negla þetta niður með sérstöku skilyrði frá ríkisstjórninni varðandi fjárveitinguna.

Ef nokkur hér veit meira um þetta en ég þá þætti mér gott að hann viki að því einhverjum orðum, þ.e. um þessa einstöku framkvæmd. Hún er svo sem ekkert alveg að detta yfir okkur og verður sennilega ekki komin í notkun fyrr en í fyrsta lagi árið 2011 eða 2012 ef að líkum lætur. Þessi sjónarmið komu mér á óvart því að ég hafði kannski ekki fylgst nægilega vel með áður og taldi að búið hefði verið að lenda þessu í sátt við þá sem við eiga að búa, íbúa höfuðborgar-

svæðisins, sérstaklega í þeim hverfum þar sem Sundabraut liggur. En auðvitað skiptir Sundabrautin okkur öll verulegu máli. Hún er veruleg stytting á þjóðveginum til Reykjavíkur fyrir þá sem koma norðan af landi og vestan og það skiptir verulegu máli hvernig um þetta mál verður farið höndum í framtíðinni.

Hæstv. forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Þó væri hægt að tala um ýmislegt sem tengist fjárlögunum. Ég vil aðeins víkja að einu, hæstv. forseti. Við vorum að tala um hluta af símapeningunum, 8 milljarða kr. sem ætlaðir eru í Sundabraut. Ég verð að segja að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með tillögur í heilbrigðis- og tryggingamálum í meirihlutaálitinu sem víkja sérstaklega að því að lækka tekjutryggingarauka ellilífeyrisþega um 191,3 milljónir og hins vegar tekjutryggingarauka örorkulífeyrisþega um 202 milljónir. Ég veit vel að þessa liði ætluðu menn að fjármagna með því að fella niður svokallaðan bifreiðastyrk. Ég tel samt að þeir hefðu átt að reyna að finna aðra fjármögnun á þessu dæmi. Á það hafa eldri borgarar réttilega bent að þeir hafi eins og aðrir landsmenn átt hlut í því að Síminn varð til hér á landi á sínum tíma og að þeir hafi verið notendur Símans og byggt upp það fé eins og aðrir landsmenn. Það hefði kannski verið hægt að finna 400 milljónir í þessa liði sem hér eru til niðurskurðar. Ég vonast til þess að það verði athugað milli 2. og 3. umr.

Hæstv. forseti. Nánast allir í þjóðfélaginu sem ég hef heyrt tala um menntamál hafa lagt mikla áherslu á að við Íslendingar stöndum vel að menntun í landinu og að í aukinni menntun og góðri menntun felist miklir framtíðarmöguleikar okkar þjóðar því að með því að standa vel að menntuninni og auka þekkinguna þá tryggðum við að þjóðin héldi velli og að hér yrðu góðir lífdagar fyrir komandi kynslóðir. Við í minni hlutanum höfum lagt til að lagðir verði auknir fjármunir í menntakerfið. Í breytingartillögum sem ég mæli hér fyrir er lagt til að Háskóli Íslands fái 500 milljónir til viðbótar við það sem gert er ráð fyrir í tillögum meiri hlutans. Vitað er Háskóli Íslands þarf meira fé og um það held ég að engar deilur séu í fjárlaganefnd að þannig sé málum komið að meira fjármagn þurfi að setja í Háskóla Íslands. En í raun var ekki tekist á við það nægilega að okkar viti. Þess vegna höfum við lagt til að þar verði aukið við og háskólanum gert kleift að halda áfram að þróa starfsemi sína og auka sína kennslu. Háskólinn er talinn mjög góð menntastofnun í samanburði við sambærilega skóla innan lands og erlendis og við í minni hlutanum teljum að auka verði fjármagn til hans.

Í áliti minni hlutans er sérstaklega gerð grein fyrir stöðunni í menntamálum og hvers vegna við viljum fylgja þessari tillögu eftir sem ég er hér að mæla fyrir og ætla ég ekki að lengja ræðu mína með því að endurtaka þann kafla sem í álitinu er. En það er ljóst, hæstv. forseti, að í stefnu allra stjórnmálaflokka hefur verið lögð mikil áhersla á að auka menntun í landinu og að í því felist það markmið að tryggja hagsæld til framtíðar. Við í minni hlutanum tökum undir það og leggjum þar að auki til að settar verði 100 milljónir í Háskólann á Akureyri og síðan 150 milljónir í Kennaraháskóla Íslands. Við teljum að á þessum fjárveitingum sé full þörf og að þetta sé fjárfesting sem þjóðin muni njóta góðs af í framtíðinni.

Ég læt svo máli mínu lokið í bili, hæstv. forseti, en óska eftir að fara á mælendaskrá síðar í dag.

[14:57]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna spurningar hv. þingmanns um hvernig eingreiðslu þeirri sem mun koma til útgreiðslu til þeirra er þiggja lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingum í desember er því til að svara að þær teljast hluti af greiðslum lífeyristrygginganna og koma þar af leiðandi ekki til skerðingar á öðrum greiðslum lífeyristrygginga. Að öðru leyti fer með þær eins og greiðslur sem frá tryggingunum koma og svo eftir því hvernig það hefur síðan áhrif á aðrar tekjur viðkomandi óháð þeim greiðslum sem viðkomandi fær frá almannatryggingunum. Skerðingin sem hv. þingmaður var að tala um á því ekkert við í þessu tilfelli.

[14:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. fjármálaráðherra. Það verður þá litið svo á við framkvæmd þessara greiðslna og samspil þeirra við Tryggingastofnun að þetta sé viðbót við almannatryggingapakkann og valdi þar af leiðandi ekki skerðingu á öðrum bótum almannatrygginganna. Ég verð að segja að ég gleðst yfir því að menn skuli hafa túlkað þetta með þessum hætti og þakka fyrir góð svör.

[14:59]

Útbýting:

Ársreikningar, 362. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 413.

Fjárlög 2006, 1. mál, brtt. SJS o.fl., þskj. 415; brtt. ÞBack o.fl., þskj. 416; brtt. KolH o.fl., þskj. 417.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 363. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 414.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 415–417. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[15:02]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér fjárlög ríkisins fyrir árið 2006 og er það önnur umræða. Ég vil fara nokkrum orðum um tillögur Samfylkingarinnar í ríkisfjármálum. (**Gripið fram í:** Lát heyra.) Þetta er náttúrlega spurning um hvað menn kalla humör og hvað menn kalla ósvífni — mér kom þetta nú samt dálítið á óvart. Samfylkingin leggur til hér við 2. umr. að auka framlög til velferðarmála um 3.000 millj., eða um það bil. Og hvernig á að fjármagna þetta? Það á að gera með gömlu krataráðunum: Hækka skatta. Kemur þetta á óvart? Nei, ég held varla að það komi á óvart. En það kemur á óvart að Samfylkingin leggur líka til að afgangur ríkissjóðs aukist um 3 milljarða. Og þar kemur nú það sem ég held að á nútímamáli heiti: Gargandi snilld. Gargandi snilld, virðulegi forseti. Hvernig fóru menn að þessu, virðulegi forseti? Jú, taka 3 milljarða sem áttu að færast yfir um áramótin á rekstrinum, taka 3 milljarða og

auka við afganginn. Þannig ætlum við, sagði hv. þingmaður Einar Már Sigurðarson, talsmaður Samfylkingarinnar, á raunhæfan hátt að berjast gegn verðbólgunni. Stórkostleg slagsmál. Að berjast gegn verðbólgu með því að færa til 3 milljarða í bókhaldi. (**Gripið fram í:** Þú veist náttúrlega ekki hvað það er.) Ég býst við því að keynesistarnir í Seðlabankanum verði rosalega hrifnir þegar þeir frétta af því að Seðlabankinn sé kominn í þessa miklu baráttu fyrir góðri afkomu ríkissjóðs. En það eru nú 20 milljarðar sem færast alltaf á milli ára og ég skil ekki, virðulegi forseti, af hverju Samfylkingin tók bara ekki alla 20 milljarðana og sagði: 20 milljarða viðbótarafgangur — miklu harðari barátta gegn verðbólgunni, stöndum saman ábyrgir eins og vanalega. Af hverju komu ekki allir 20 milljarðarnir? Af hverju kom ekki allt saman? Að taka bara 3 milljarða. Smámunir. Smámunir bara.

En þannig er þetta nú, virðulegi forseti. Ég lít á þetta sem humör en ekki sem neina alvöru. Það liggur þá fyrir að Samfylkingin er að minnsta kosti ekki á móti þeim rúmlega 19 milljörðum sem við höfum í afgang þó hún vilji bæta við 3. Það stendur þá bara eftir í bókum sögunnar, ef einhver nennir að muna eftir því.

Þegar rætt er um ríkisfjármál, virðulegi forseti, fer umræðan oft á flakk. Við erum þeir lánsmenn, Íslendingar, að ríkissjóður Íslands er talinn til mikillar fyrirmyndar miðað við ríkissjóði flestra landa Evrópu. Nokkur lönd í Evrópu eru í sömu stöðu: Sviss, Noregur og nokkur önnur. Yfirleitt hefur ógæfa Evrópuþjóðanna verið sú að þær hafa misst ríkisfjármálin algerlega út úr höndunum. Hvernig hefur það gerst? Það er nauðsynlegt, virðulegi forseti, að rifja það upp hvernig það hefur gerst að hin góðu og menntuðu lönd Evrópu hafa algjörlega misst tökin á ríkisfjármálunum. Það hefur gerst þannig að þegar vel hefur árað, þegar tekjurnar hafa hækkað, þá hafa menn látið undan og verið sammála í því að auka þjónustuna og auka umsvifin o.s.frv. En þegar á reynir, þegar samdráttur verður, þegar tekjur lækka virðist ekki vera til staðar pólitískt afl eða pólitískur vilji til að fylgja því eftir. Þannig hefur velferðarkerfi Evrópu vaxið og þanist út í gegnum gegnumstreymiskerfið sem þeir eru með. Þeir hafa aukið og eflt og látið vaxa hjá sér tryggingakerfi sem er ofan á launastrúktúrnum, sjá svo fram á það í dag að þeir standa frammi fyrir hlut sem þeir ráða ekkert við. Þeir hafa fjallað um þetta í mörg ár. Hvað eigum við að gera? Eigum við að skera niður velferðarkerfið í Evrópu eða eigum við að hækka skatta um 100–150%? Þetta er umræðan í Evrópu. Þetta er það sem evrópskir stjórnmálamenn þurfa að glíma við. Og enginn veit nokkurn skapaðan hlut hvernig á að gera þetta, enda óviðráðanlegt.

Við erum þeir lukkupamfílar hér á Íslandi að þurfa ekki að eiga við vandamál af þessum toga vegna þess að ríkissjóður Íslands stendur mjög vel, skuldir hans eru mjög litlar. Það liggur fyrir núna um þessi áramót að skuldir ríkissjóðs verða í kringum 10% af landsframleiðslu sem er mjög lágt í sögulegu tilliti miðað við þjóðir Evrópu síðustu 100 árin. Mjög lágt. Þannig að skuldirnar eru alveg hættar að vera hið mikla vandamál sem menn stóðu frammi fyrir fyrir nokkrum áratugum. Svo vel hefur til tekist að við getum fagnað því að við eigum fyrir okkar skuldbindingum, við getum horft fram á veginn og bætt lífskjör þessarar þjóðar, þeirra sem eru að alast upp í dag og þeirra sem munu fæðast á morgun. Við getum tryggt það og sýnt fram á að fullkomin rök eru fyrir því að lífskjör á Íslandi geta haldið áfram að vaxa og dafna og kjör Íslendinga geta þess vegna auðveldlega orðið þau albestu sem völ er á í Evrópu. Við eigum að þakka þá hamingju að eiga slíka framtíðarsýn.

Svo kemur stjórnarandstaðan og segir að hér sé hin mesta vá fyrir dyrum vegna þess að framtíðarstefnumörkun skorti. En við höfum einmitt verið með framtíðarstefnumörkun. Í hverju hefur hún verið fólgin? Hún hefur verið fólgin í því að gæta þess að samneyslan í samfélaginu og millifærslukerfi ríkisins fari ekki upp. Halda því niðri. Gæta þess á velferðartímum að missa ekki samneysluna upp. Það er leiðin til glötunar. Dæmin sýna það og sanna um alla Evrópu að menn ná því ekki niður seinna. Og það eru tekjur. Við höfum haldið samneyslunni á undanförnum árum niðri við 2% markið. Höfum haldið henni þar. Meiningin var að halda millifærslukerfinu niðri í 2,5% og það hefur líka tekist og miklu meira en það á því ári sem nú er að líða. Við erum langt fyrir neðan það á þessu ári. Það nær varla 2%. Þar kemur ýmislegt til eins og minnkandi atvinnuleysi og fleira.

Þetta er framtíðarstefnumörkunin sem við settum fyrir þremur árum. Þetta er sú stefnumörkun sem við höfum ákveðið að fylgja áfram á næstu árum og við höfum ástæðu til að ætla að við verðum menn til að standa við hana. Að varast það að missa samneysluna upp þegar vel gengur vegna þess að við vitum að við náum henni ekki niður þegar dregur úr tekjunum. Þannig er það. Stjórnarandstaðan og Samfylkingin hafa líka rætt hér tekjurnar. Það kemur mér mjög á óvart hvað þeir segja í því. Þeir hafa haldið því fram að á næsta ári séu líkur til þess að tekjur ríkisins verði mun meiri en fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir. Þetta kemur mér mjög á óvart. Fjármálaráðuneytið fer í sinni spá ákveðinn milliveg sem ég held að sé mjög skynsamlegur. Þeir gera ráð fyrir meðalgengi 114 og á þeirri forsendu gera þeir ráð fyrir þeim tekjum sem þarna eru. Ég sagði, virðulegi forseti, við 1. umr. fjárlaga, að ég vonaðist sannarlega til að sú spá gengi ekki eftir vegna þess að ég taldi mjög brýna þörf á því að meðalgengi á næsta ári yrði hærra en þarna segir, vísitalan yrði hærri, raungengið lægra. Og þar með vonast ég til að tekjur ríkisins á næsta ári verði ekki eins miklar og fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Ég vonast sannarlega til að tekjur ríkisins lækki vegna þess að ríkið hefur ekkert að gera með þessar miklu tekjur. Bókstaflega ekkert með þær að gera. Það væri af hinu verra ef það gerðist að við héldum áfram þeirri skuldasöfnun sem við höfum upplifað í ár. Við gerum ráð fyrir 120 til 130 milljarða halla á viðskiptunum, þar af eru tæpir 40 milljarðar vegna virkjunar- og stóriðjuframkvæmda. Það er einkaneyslan í samfélaginu sem er svona mikil. Og það er, virðulegi forseti, svo ég segi það nú enn og aftur, mikil þörf á því að menn geri sér grein fyrir því að þessi einkaneysla og þessi umframnotkun Íslendinga á peningum, umfram framleiðslumátt samfélagsins, er ekki af hinu góða. Þessi eyðsla kemur sér illa í framtíðinni. Því fyrr sem henni lýkur þeim mun betra. Þó að dragi úr tekjum ríkisins þá er það líka af hinu góða, ríkið hefur ekkert með þessa peninga að gera. Vonandi náum við fyrr jafnvægi en gert er ráð fyrir þarna.

Stjórnarandstaðan, Samfylkingin, gerir mismunandi áherslur fjármálaráðuneytis og Seðlabanka að umtalsefni. Og ég segi: Virðulegi forseti. Það er mikið fagnaðarefni að fjármálaráðuneyti Íslands skuli ekki vera haldið sömu meinlokum og Seðlabankinn. Það er mikið fagnaðarefni. Við verðum að sjálfsögðu að búast við að gengið láti undan. Við verðum að búast við því og gerum ráð fyrir því vegna þess að framleiðslan í landinu þarf andrými, hún þarf að geta lifað. Það er á framleiðslunni sem allt byggist. Allt saman, alveg sama hvað það er.

Ég ætla ekki að fara að halda hér fyrirlestur um efnahagsmál eins og ég hef oft gert áður. Ég nenni ekki að endurtaka allt sem ég hef sagt um þau efni en segi samt í leiðinni að ég er sömu skoðunar og áður. Ég geri mér sannarlega vonir um, virðulegi forseti, að það dragi úr tali um þessa ímynduðu spennu sem menn eru alltaf að fjalla um. Hver er þessi spenna í þjóðfélaginu? Hún var núll um síðustu mánaðamót. Hún var mínus 0,2% og hún var 0,6%, þ.e. miðað við síðustu þrjá mánuði. Hver er þessi spenna? Hún er engin. Það er engin verðbólga hérna. Það var heldur engin verðbólga fyrir ári. Það var eignaverðbólga.

Ég fer ekki að ergja mig eða aðra, virðulegi forseti, með að fara í gegnum það. Menn vilja ekki horfast í augu við það en þetta er ekki spurning um hagfræði, þetta eru trúarbrögð sem við er að eiga. Ég trúi því, virðulegi forseti, að komin sé einhver þíða í þetta mál. Ég vil ekki trúa því að áfram verði haldið á þeirri braut að hækka stýrivexti á Íslandi, enda er það fásinna. Það er engin þörf á því. Það yrði hræðilegt ef menn héldu áfram í því díki. Ég trúi því að menn láti nú staðar numið og sjái til. Við getum þá séð næstu einn til tvo mánuðina hvort gengið nær ekki aðeins að jafna sig og framleiðslan geti ekki aðeins náð vopnum sínum.

Þannig getum við náð á næsta ári farsælli mjúkri lendingu, snertilendingu kallaði formaður Sjálfstæðisflokksins, hæstv. utanríkisráðherra, Geir H. Haarde, það fyrir nokkrum árum. Ég trúi því að enn þá sé möguleiki á því að svo verði þannig að spá fjármálaráðuneytisins, sem er svona millispá, standist ekki heldur verði meðalgengið kannski í kringum 120 sem yrði þá þokkalegt ár. Ríkissjóður hefur alveg efni á því. Það kæmi ekkert við ríkissjóð. Verðbólgan yrði ekki í neinum þeim takti sem Seðlabankinn er að spá. Það eru gríðarlega miklir innsafnaðir peningar sem menn hafa haldið eftir hér í innflutningsversluninni. Það yrði einhver minnkun á kaupmætti á erlendum vörum, enda er mjög nauðsynlegt að minnka þann kaupmátt.

Og enn þá aftur, virðulegi forseti, skal ég fara yfir það þegar stjórnarandstaðan, þ.e. þegar Samfylkingin talar um að festu vanti í ríkisfjármálum. Enn og aftur skal ég fara yfir það hver þróunin hefur verið í ríkisfjármálum á Íslandi.

Hvar hefur vantað festu? (**GAK:** Það er ekki nema hjá ykkur, það eru engir aðrir í stjórn.) Það hefur nefnilega verið þannig að lauslæti hefur verið í ákveðnum þætti efnahagsþróunar á Íslandi og er viðvarandi veikleiki Íslendinga. Þessi viðvarandi veikleiki er sá að láta alltaf meira og meira undan launakröfum en framleiðslan getur staðið undir.

Virðulegi forseti. Í gegnum árin hef ég varað við þessu. Í gegnum árin hef ég haldið hverja ræðuna á fætur annarri um þetta, að menn mega ekki vera með slíka lausung í launamálum. Ég spyr: Hefur stjórnarandstaðan komið hér, virðulegi forseti, og tekið undir með mér? Nei, hún var hvergi nálægt. Hún sagði aldrei orð. Það var of viðkvæmt. Það var ekki þeirra að segja hluti sem gætu verið óvinsælir. Nei, menn segja helst það sem þeir halda að aðrir vilji heyra, það er líklegast til vinsældanna. Stjórnarandstaðan hefur hvergi verið nálægt í gegnum árin þegar varað hefur verið við þeirri lausung í launamálum sem er þó eina vandamál okkar Íslendinga. Viðvarandi vandamál í gegnum áratugi. Þar er alltaf viðkvæðið, aðeins hærra, aðeins hærra. Þess vegna fáum við og höfum alltaf fengið í gegnum árin einhver smábakföll sem eru mjög slæm, sérstaklega fyrir láglaunafólk í landinu. Alltaf komið verst niður á láglaunafólkinu. Alltaf komið þeim verst. (**Gripið fram í:** Þetta er þá allt stjórnarandstöðunni að kenna.) Ég var nú bara og rifja upp, virðulegi forseti, og þakka fyrir stuðninginn. (**Gripið fram í:** Frá þínu fólki?)

Ég tel, virðulegi forseti, ekki ástæðu til að fara sérstaklega í gegnum tillögur meiri hlutans. Formaður fjárlaganefndar hefur gert það. En ég vil þó fara í gegnum eitt atriði varðandi útgjöldin. Það er 6. gr., þ.e. heimildagrein fjárlaganna. Vandamál henni tengd komu á borð fjárlaganefndar og það er rétt að fara í gegnum það. Vandamálið var leigukostnaður Háskólans á Akureyri. Háskólinn á Akureyri er í nýbyggðu húsi, svonefndu tæknihúsi sem kallað er, tæknigarði, ég man ekki hvað þeir kalla það, (**Gripið fram í:** Rannsóknarhúsi.) rannsóknarhúsi, já. Það var byggt í einkaframkvæmd. Í sjálfu sér er ég ekkert á móti einkaframkvæmdum. (**Gripið fram í:** Ha!) En gallinn á framkvæmd Alþingis er að þegar við förum í gegnum einkaframkvæmdir þá eru þær bara ákveðnar. Það kemur aldrei í gegnum fjárlög hvað þetta er og þinginu, löggjafanum er ekki gerð grein fyrir heildarkostnaðinum, heildarskuldbindingunni sem ríkið er að taka á sig. Þetta er framkvæmd á fjárreiðulögunum sem við verðum að vara okkur á. Nú er það þannig, virðulegi forseti, að fjárreiðulögin gera ráð fyrir að hægt sé að fara út í slíkar langtímasamninga gagnvart starfsemi sem er í gangi. En eðli málsins samkvæmt hlýtur að eiga gera grein fyrir því hvaða skuldbindingar eru á ferðinni. Við höfum ekki ástundað að gera það. Við höfum ekki ástundað að gera grein fyrir á hvaða braut við værum og hvað þetta mundi kosta í framtíðinni. Við verðum að huga að því. Við verðum að breyta þessu og gera okkur grein fyrir á hverjum tíma hvað við erum að skuldbinda okkur til.

Í því sambandi vil ég sérstaklega gera að umræðuefni að núna í 6. gr. er heimild til að borga kostnað við að byggja og undirbúa tónleikahöll í Reykjavík. Rætt hefur verið um þátttöku ríkisins upp á 6.000–7.000 millj. kr. Ég geri athugasemd við þetta, virðulegi forseti. Slík skuldbinding ríkisins á framkvæmd getur ekki gengið. Ef ríkið ætlar sér að taka þátt í einhverri slíkri byggingu, menningarbyggingu, íþróttabyggingu eða hvaða byggingu sem er, skóla, íþróttahúsi o.s.frv., þá á að leggja það fyrir þingið. Ég get ekki séð neina ástæðu til annars en að lagt sé frumvarp fyrir þingið um það ef ríkið ætlar að taka þátt í hinni miklu byggingu sem menn telja mjög brýna fyrir menningarlífið og ferðaþjónustuna. Þá tekur þingið, hinn rétti aðili, löggjafinn, ákvörðun um það. En að afgreiða svona hluti í 6. gr. eins og nú er verið að gera eru vinnubrögð sem alls ekki er hægt að

fallast á. Ekki með nokkru móti. Ég vil gera mönnum grein fyrir þessu, þeirri skoðun minni sem ég hef að vísu reifað víðar. Ég hef ástæðu til að ætla að menn séu að átta sig á að slík lausung getur ekki viðgengist. Við verðum að breyta þessu. Við verðum að gera þetta með því að flytja um það frumvörp ef ríkisstjórnin vill skuldbinda ríkið og telur það rétt. Það verður að reyna á hvort löggjafinn er því sammála eða ekki.

[15:24]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í svo stuttu andsvari er auðvitað ekki hægt að koma að öllum þeim atriðum sem hefði þurft að gera þannig að ég ætla ekki að eltast við hinar miklu rangfærslur hv. þingmanns varðandi þær tölur sem snúa að tillögum okkar því að þær sneru eiginlega allar á haus.

Ég ætla hins vegar að vekja athygli á að hv. þingmaður nefndi hér tvö atriði sem eru mjög athyglisverð, þ.e. er lausung í launamálum og einkaframkvæmd við Háskólann á Akureyri, rannsóknarhúsið þar. Þessi tvö mál heyra undir tvo hæstv. ráðherra, annars vegar hæstv. ráðherra Geir H. Haarde, sem nú er utanríkisráðherra en var fjármálaráðherra, sem hefur væntanlega haft forustu um lausung í launamálum. En hitt heyrir undir hæstv. núverandi dómsmálaráðherra, þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, þ.e. sú einkaframkvæmd sem framkvæmd var á Akureyri. Þetta hvort tveggja, hv. þingmaður, heyrir undir þína samflokksmenn og ég veit ekki betur, hv. þingmaður, en að þú hafir ætíð staðið á bak við þessa hæstv. ráðherra og því er spurningin þessi: Er sá tími liðinn að þú styðjir þína menn til þessara verka?

(**Forseti** (DrH): Ég áminni hv. þingmann um að nota rétt ávarp.)

[15:25]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Meginmistökin við gerð launasamninga ríkisins voru gerð árið 1997. Þá var fjármálaráðherra Friðrik Sophusson. Ég gagnrýndi mjög harkalega þá aðferðafræði sem var tekin upp þá og fór mjög ítarlega í gegnum það hvernig algildri aðferðafræði í samningum var þar snúið á haus, að semja fyrst um laun og eiga síðan að hnýta hnútana á eftir. Þetta er alveg öfugt við það sem allir þekkja sem til þessara mála kunna, fyrst hnýtum við alla hnútana og síðan semjum við. Þetta fór ég rækilega yfir og hef gert árum saman. Það voru ákveðnir embættismenn sem stóðu fyrir þessu. Þetta var mikið áfall fyrir ríkissjóð og ríkissjóður er ekki enn þá búinn að bíta úr nálinni með það hvernig hann á að standa að þessu. En sveitarfélögin hafa líka sýnt lausung í þessu. Almennur vinnumarkaður líka. Við höfum alltaf sýnt þennan veikleika í gegnum tíðina. En kórónuna á allri launastefnunni eiga bankar Íslands. (Forseti hringir.) Þeir hafa hækkað laun langsamlega mest enda að mati þeirra sjálfra eru þeir ekki af þessum heimi. (Forseti hringir.)

[15:26]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður staðfestir að sú ríkisstjórn sem hann hefur stutt hafi haft forustu um lausung í launamálum og nefnir þau dæmi mjög skýrt og hvernig þau voru. Hv. þingmaður veit einnig að þessi lausung, miðað við skilgreiningu hv. þingmanns, á einnig við í dag. Því þetta er enn við lýði, nákvæmlega þetta sama kerfi og hv. þingmaður er nú að gagnrýna.

Hins vegar er kominn tími til að hv. þingmaður geri undantekningu á hefðinni, þ.e. að hv. þingmaður standi nú við orðin stóru og við fáum að sjá það í atkvæðagreiðslu í þinginu að einhvern meining sé á bak við öll þessi stóru orð. Hv. þm. hefur gott tækifæri til þess, frú forseti, vegna þess að fyrir liggur tillaga um — hv. þingmaður gagnrýndi hvernig staðið hefur verið að umræddri einkaframkvæmd og hv. þingmaður hlýtur að vera sammála um að á ekki að bitna á þeirri stofnun sem leigir og þarf að borga hluta af þessu dæmi, þ.e. Háskólinn á Akureyri. Það liggur fyrir tillaga um að stofnuninni verði bætt þetta. Hv. þingmaður hefur tækifæri til þess að standa nú við stóru orðin.

[15:27]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei orðið var við að stjórnarandstaðan á Íslandi á umliðnum árum hafi nokkurn tíma komið upp að hliðinni á mér og sagt að hún væri sammála mér, aldrei nokkurn tíma lýst yfir neinni samstöðu þegar ég hef verið að vara við launaþróuninni. Aldrei. Síðast í fyrra vildi góð stétt mikils ágætisfólks, sem heitir kennarar, fá launahækkanir umfram aðra. Ég varaði við því, sagði að það væri ekki hægt. Ég stóð einn þar. Stjórnarandstaðan hefur alltaf alið á þessu öllu saman. Að hún hafi nokkurn tíma komið fyrir fram og viljað vera ábyrg í að vara menn við þessu. Aldrei nokkurn tímann eitt aukatekið orð, ekki hósti eða stuna. Eftir á koma þeir og segja: Nei, við vorum þarna hvergi. En að hafa nokkurn tíma tekið ábyrga stöðu og ábyrga afstöðu meðan það var hægt, nei. Þess minnist ég ekki.

[15:29]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir skörulega ræðu hans.

Ég er með eina fyrirspurn til hv. þingmanns og hún varðar símenntunar- og fræðslumiðstöðvar sem samkvæmt fjárlagafrumvarpinu hafa tiltekna upphæð, 9,9 millj. kr. Þessar miðstöðvar hafa gert frábært starf og unnið mjög nauðsynlegt starf í þjóðfélagi okkar. Ég vil spyrja hann hvernig fjárlagafrumvarpið jafni þann aðstöðumun sem er á milli símenntunarmiðstöðva í landinu. Verulegur munur er á fjárframlögum til þessara miðstöðva sem eru að vinna mjög gott starf. Þess vegna langar mig að vita hvar birtist það sem við vildum gjarnan fá að sjá hér, þ.e. sú jöfnun sem þarf að vera á milli þeirra?

[15:30]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni. Fjárlaganefnd hefur alltaf borið þessar stofnanir mjög fyrir brjósti og reynt að passa upp á þær eins og mögulegt er og byggt þær reyndar upp. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna samninga við aðila vinnumarkaðarins koma einmitt fram 100 millj. kr. inn í starfsmenntun á Íslandi og í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir hvernig eigi að gera þetta, hvernig eigi að standa fyrir námskeiðum og endurmenntun einstaklinga á vinnumarkaði sem leggja stund á nám sem byggir á námskrám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins o.s.frv. og svo segir, með leyfi forseta:

„Símenntunarmiðstöðvum, sem starfræktar eru um land allt, verður falið að annast þetta nám."

Og það er kveðið enn þá frekar á um það hér einhvers staðar og ríkisstjórnin segir það líka hér aftur og ítrekar það að menntamálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins muni láta fara fram athugun á því hvernig þeim stuðningi verði fyrir komið þannig (Forseti hringir.) að hann nýtist sem best fyrir sí- og endurmenntun (Forseti hringir.) og segir svo að námsráðgjöf á vegum símenntunarmiðstöðva um land allt annist þetta. Það kemur því mjög skýrt fram hér í gögnunum hvað um er að ræða.

(**Forseti** (DrH): Ég bið hv. þingmenn að virða tímamörkin.)

[15:31]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka þessi svör. Eins og ég nefndi áðan þá kemur þetta ekki beint fram í fjárlagafrumvarpinu. Ég þakka auðvitað fyrir þessi svör en mig langar að spyrja frekar: Verður þessum fjármunum útdeilt eftir umfangi hverrar símenntunarstöðvar fyrir sig eða eftir hvaða reglum yfir höfuð verður farið þegar þessum fjármunum verður útdeilt til símenntunarstöðvanna?

[15:32]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fjárlaganefnd hefur það ekki á valdi sínu. Eins og segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þá er menntamálaráðuneytinu falið að vinna þetta með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem var sett á stofn fyrir þremur, fjórum árum og hefur verið að vinna upp óskaplega mikinn grunn, menntunargrunn sem hefur nýst öllum í starfsmenntuninni. Ég treysti þessum aðilum fullkomlega. Ég geng út frá því að þeir vinni þetta eins og þarfirnar kalla á, þarfirnar í hinum ýmsu greinum og út um landið. Ég á von á því eins og reynslan hefur verið að þessar símenntunarmiðstöðvar sýni þá og sanni, eins og þær hafa gert allan tímann, að þær standa mjög fyrir sínu og eru sínum byggðarlögum, sínu umhverfi og sínum héruðum til mikillar styrktar og stoðar.

[15:32]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni var mjög tíðrætt um þessa einkaframkvæmd og stöðu Háskólans á Akureyri þar sem einhver vinafasteignafélög eru fengin til að byggja í einkaframkvæmd og síðan er ríkið látið borga. Ég minni á að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vorum á móti þessari tilhögun. Við töldum eðlilegra að ríkið byggði sjálft þetta hús.

Annað sem hv. þingmaður studdi líka var Sóltúnssamningurinn, samningurinn við elliheimilið Sóltún og það er greitt margfalt meira á vistmann á Sóltúni en á öðrum elliheimilum. Það studdi hv. þingmaður. Er hann reiðubúinn nú til að segja upp þessum samningum og koma þeim á eitthvert vitrænt form? Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að svona samningagerð af hálfu ríkisins er ekki í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. (Forseti hringir.) Ætlar hv. þingmaður að láta sitja við orðin tóm eða ætlar hann að láta gjörðir fylgja?

[15:34]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gjörðin er lögleg samkvæmt fjárreiðulögunum þegar um er að ræða starfsemi eða stofnun sem er til staðar. Það er alveg skýrt.

Það sem ég var að reyna að segja, virðulegi forseti, var að það er mjög nauðsynlegt fyrir löggjafann sem ber ábyrgð á fjárreiðum ríkisins — og það á enginn að geta skuldbundið ríkið nema Alþingi — að þegar farið er í svona framkvæmdir — ég er ekkert á móti svona framkvæmdum. Þetta getur verið mjög eðlileg og góð leið — á að gera Alþingi grein fyrir öllum þeim skuldbindingum sem því eru samfara og hvað það kosti þannig að fyrir liggi hvað þetta er og hver eigi að borga, að það sé gert fyrir fram. Samkvæmt eðli fjárreiðulaganna svífur sú hugsun þar yfir vötnunum og þess vegna verður að gera þetta líka varðandi einkaframkvæmdina. Við verðum að setja þetta þannig inn að við vitum hvað verið er að skrifa undir, hverjum beri að borga og hvenær.

[15:35]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það fór sem mig grunaði að það væri nóg fyrir hv. þingmann að bara vita af þessu. Fyrir mér er ekki nóg að verið sé að fórna hagsmunum ríkisins í að semja um einkaframkvæmdir sem eru bæði fjárhagslega óhagkvæmar og líka félagslega rangar.

Varðandi síðan launamálin sem hv. þingmaður kom inn á þá bendi ég honum á að launabil, teknabil hefur aukist, svokallaður Gini-stuðull, úr 21 í 32 á innan við tíu árum á Íslandi. Hátekjufólkið sem sérstaklega hefur verið á jötu ríkisstjórnarinnar er að valda þenslu, ekki lágtekjufólkið, ekki starfsfólk leikskólanna, ekki starfsfólk sjúkrahúsanna. Það fólk hefur ekki fengið svo miklar launahækkanir. Það er ekki að valda þessari þenslu þannig að ég mótmæli þessum orðum hv. þingmanns ef hann er að meina það.

Hins vegar (Forseti hringir.) skammtar stór hópur sér nánast sjálfkrafa (Forseti hringir.) tekjur. Sá hópur stendur fyrir (Forseti hringir.) þenslunni í þjóðfélaginu.

(**Forseti** (DrH): Ég áminni enn þá einu sinni hv. þingmenn um að virða tímamörkin.)

[15:36]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég tala um laun þá er ég að tala um launin í heild sinni. Ef við lítum á þáttatekjurnar á Íslandi, hvað kemur þá í ljós? Laun á Íslandi sem hlutfall af þáttatekjunum eru 70%, sem er hærra hlutfall en í nokkru öðru landi OECD, 70% eru laun. Næsta land fyrir neðan okkur er Svíþjóð með 64% laun. Ég vara við þessari launaþróun vegna þess að hún getur ekki annað en skaðað samfélagið í framtíðinni. Við göngum of langt í að hækka launin okkar, ekki Pétur eða Páll heldur við í heild sem þjóð. Við með svona hátt hlutfall launa erum að skemma fyrir framtíðinni. 70% laun geta ekki staðist í nútímasamfélagi. Þau verður að lækka til að tryggja framtíð þjóðarinnar.

[15:37]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá hefur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flutt sitt árlega neyðaróp til stjórnarandstöðunnar með ósk um að stjórnarandstaðan komi honum til aðstoðar til að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina. Hann hefur nú flutt ræðu sína enn og aftur á svipaðan hátt og hv. þingmaður hefur gert undanfarin ár nema í ræðuna vantaði núna hefðbundinn kafla um gengisþróun. Ég hef áhuga á því að spyrja hv. þingmann um þann kafla, virðulegi forseti, vegna þess að í opnu hagkerfi er það tvennt sem skiptir máli og menn geta skipt sér af varðandi gengismálin. Það eru annars vegar vextir Seðlabankans og hins vegar afkoma ríkissjóðs. Nú erum við að tala við varaformann fjárlaganefndar sem aldeilis hefði getað beitt sér til að tryggja öfluga og mikla aðkomu ríkissjóðs sem væri í takt við það sem bankarnir hafa kallað eftir, t.d. 4% landsframleiðslu. Hvar kom hv. þingmaður að því að tryggja aðkomu ríkissjóðs í takt við það sem bankarnir og aðrir hafa kallað eftir til að koma í veg fyrir þá gengisþróun sem við höfum horft upp á og hvar var kaflinn um gengisþróunina í ræðu hv. þingmanns?

[15:39]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir hagfræðingar sem á umliðnum missirum hafa skrifað þá dauðadómsvitleysu að hægt sé að koma fyrir á Íslandi 4% afgangi af ríkissjóði miðað við landsframleiðslu eru bara að bulla. Það er búið að segja þeim þetta margsinnis. Þetta er fjarstæða. Það er ekki hægt. Þú getur ekki komið með yfir 40 milljarða afgang af ríkissjóði. Ætlar þú að leggja niður skólana? Ætlar þú að loka sjúkrahúsunum? Þetta er bara vitleysisrugl í einhverjum gaurum sem þykir gaman að að láta í sér heyra. Það er engin raunhæf hugsun til í þessu. Að ná núna 2% afgangi er mjög mikið og miklu meira en kannski er raunhæft. Ég held að 1% verði kannski niðurstaðan. En þessir menn eru algerlega ómarktækir og geta ekki staðið við það á nokkurn hátt, enda eru ekki til mælitæki sem sanna þetta. Hvað þjóð í Evrópu getur (Forseti hringir.) gert þetta? Engin.

[15:40]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vörn hv. þingmanns var afleit. Við vitum mætavel að á nokkrum árum hafa útgjöld ríkissjóðs aukist um 100 milljarða. Á tíu árum hafa ríkisútgjöldin aukist úr 100 milljörðum í 300 milljarða miðað við fjárlög. Þetta hefur gerst allt saman í tíð þeirrar ríkisstjórnar og þess flokks sem hefur talað fyrir minnkandi ríkisútgjöldum o.s.frv. þannig að kjarni málsins í því sem hv. þingmaður er hér að segja og fram kemur í ræðu hans árlega er þetta neyðaróp til stjórnarandstöðunnar um að hún hjálpi hv. þingmanni að koma viti fyrir ríkisstjórnina. En vonbrigðin hljóti að felast í því að það tæki sem fjárlögin eru til að vinna gegn þeirri gengisþróun sem verið hefur er ekki nýtt og varaformaður fjárlaganefndar sem ber ekki litla ábyrgð á þessu, talsmaður Sjálfstæðisflokksins, stóra flokksins í ríkisfjármálum, (Forseti hringir.) beitir sér á engan hátt í þessu en æpir og gólar á Seðlabankann og hagfræðinga úti í bæ.

[15:41]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar tekjur ríkissjóðs voru 100 milljarðar voru þjóðartekjurnar rúmlega 300 milljarðar. Núna eru þjóðartekjurnar rúmlega 1.000 milljarðar þannig að þetta hlutfall hefur hvergi skerst. (Gripið fram í.) Það er nokkurn veginn nákvæmlega það sama. Því miður hefur ekki tekist að lækka það. En við erum þó að reyna það í ár sem sést á því að samneyslan helst innan við 2% mörkin á meðan hagvöxturinn er ætlaður um 6%. Á móti kemur hins vegar að hið opinbera, sem sé sveitarfélögin, eru aðeins í hærri gír. Þau eru að auka sig aðeins meira þannig að í heildina (Gripið fram í.) er hið opinbera að halda mjög svipaðri tölu. Þetta er því alrangt. Við höldum hér lægri ríkisútgjöldum en hjá Norðurlandaþjóðunum. Þær eru mjög svipaðar og í Norður-Evrópu. Okkur hefur tekist það. Það hefur alls ekki vaxið. Það er bara rangt vegna þess að hið íslenska samfélag hefur verið að vaxa mjög mikið. Þökk sé því að við erum hér með frjálst efnahagskerfi, frjálsa verðmyndun og frjáls viðskipti.

[15:42]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 365. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 419.

Faggilding o.fl., 361. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 403.

Starfsmannaleigur, 366. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 420.

[15:42]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frumvarp til fjárlaga ársins 2006 sem við ræðum hér sýnir gríðarlega sterka stöðu ríkissjóðs. 20 milljarða kr. afgangur á næsta ári, 105 milljarða kr. afgangur á þessu ári sýnir náttúrlega að ríkisstjórnarflokkarnir hafa náð ótrúlegum árangri í ríkisfjármálum þau tíu ár sem það samstarf hefur varið.

Það er miður að hlusta ár eftir ár á þingmann Vinstri grænna sem situr í hv. fjárlaganefnd Alþingis, hv. þm. Jón Bjarnason, tala um niðurskurð ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum. Þrátt fyrir að ríkisstjórnin sé að skila þessum gríðarlega afgangi þá er það staðreynd mála að aldrei höfum við varið jafnmiklum fjármunum til velferðarmála, til félagsmála og til menntamála. Samt staglast hv. þm. Jón Bjarnason á því að ríkisstjórnin sé með niðurskurð þessum

málaflokkum. (**JBjarn:** *Hún er með niðurskurð.*) *Svona er* umræðunni snúið á haus og í raun er ámælisvert að hv. þingmaður skuli leyfa sér að tala með þeim hætti vegna þess að íslenskri þjóð vegnar vel. Í alþjóðlegum samanburði hefur kaupmáttaraukning íslenskra heimila verið 60% og nær hvergi meiri en hér á landi ef við miðum við þau lönd sem við berum okkur saman við. Þetta er árangur sem hefur náðst á síðustu tíu árum. Vanskil heimilanna hafa aldrei verið minni. Vanskil fyrirtækjanna hafa aldrei verið minni. Við höfum því verið að ná mjög miklum árangri á þessu sviði.

Hæstv. forseti. Ég hefði haldið að það ætti að kæta hv. þm. Jón Bjarnason að núverandi ríkisstjórn hefur staðið vörð um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Veittir hafa verið tugir milljarða inn í þann lífeyrissjóð á 10 árum. Árið 1995 blasti gjaldþrot við þessum sjóði sem á að framfleyta ríkisstarfsmönnum á efri árum og fram undan virtust miklir erfiðleikar rétt eins og margar aðrar Evrópuþjóðir glíma við.

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur ekkert verið að reyna að fegra mynd fjárlaga. Við höfum lagt tugi milljarða, sem koma ekki fram í tekjuafgangi ríkissjóðs, inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að varðveita þá velferð fyrir framtíðina og hér er ekki með einum eða neinum hætti verið að fegra þá stöðu sem nú er í fjármálum ríkisins.

Hæstv. forseti. Af hverju þessi árangur? Stjórnarandstaðan hefur mátt eiga það að hún hefur verið sammála um eitt atriði í andstöðu sinni á síðustu tveimur árum. Hún hefur verið sammála um stjórn fiskveiða, að menn ættu að fyrna þær veiðiheimildir sem útgerðin í landinu hefur. En nú brá svo við, hæstv. forseti, á dögunum að hv. formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sagði í ræðu hjá íslenskum útvegsmönnum að Samfylkingin vildi sátt við sjávarútveginn. Gott og vel. Ég fagnaði þeirri yfirlýsingu hv. þingmanns.

Ég lenti svo í umræðum hér vikuna á eftir við hv. þm. Jóhann Ársælsson, þingmann Samfylkingarinnar og forustumann samfylkingarþingmanna í Norðvesturkjördæmi, og ég spurði hann út í þetta mál. Hv. þingmaður talaði þá fyrir fyrningarleiðinni enda hefur hann gert það í gegnum árin og Samfylkingin gerði það fyrir síðustu kosningar. Það er alveg augljóst að hv. formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur ekki rætt þetta innan sinna raða og það er með Samfylkinguna í því máli eins og mörgum öðrum að menn vita ekkert hvert hún stefnir. Það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir stjórnarandstöðuna að samhljómurinn, eini samhljómurinn sem við höfum heyrt í málflutningi hennar innan þings, um sjávarútvegsmálin skuli ekki lengur vera fyrir hendi.

Við höfum jafnframt verið að byggja upp atvinnu á vettvangi stóriðju á Austurlandi og á Vesturlandi og það hefur fleytt okkur fram veginn, stóraukið atvinnu í landinu, enda búum við við eitt minnsta atvinnuleysi í Evrópu. Stærsti hluti stjórnarandstöðunnar verður að sitja uppi með það að hann gat ekki stutt þær framkvæmdir sem nú eiga sér stað á Austurlandi og eru ástæðan fyrir miklum uppgangi og mikilli bjartsýni. Þetta eru þeir þættir, fiskveiðistjórnunin og atvinnustefna núverandi ríkisstjórnar, sem hafa valdið því að kjör landsmanna og kjör ríkissjóðs hafa batnað með þeim hætti sem ég hef áður rakið.

Hv. þingmenn Vinstri grænna og jafnvel Samfylkingarinnar tala um að þeir 4 milljarðar sem við ætluðum að verja til lækkunar á tekjuskatti, eins og við lofuðum fyrir síðustu kosningar, leiði til óðaverðbólgu í samfélaginu og óðaþenslu, þetta eru heilir 4 milljarðar. Að auki ætlum við að leggja fram 1,2 milljarða til að auka barnabætur fyrir meðaltekjufólk og lágtekjufólk. Þessir 5,2 milljarðar eru um 0,52% af þjóðarframleiðslu. Það eru öll ósköpin. Þetta eru þeir útgjaldaliðir hjá hæstv. ríkisstjórn að stjórnarandstaðan er að fara fram á að menn gangi á svig við gefin loforð. Að við göngum á svig við það loforð sem við gáfum öllum almenningi fyrir síðustu kosningar, og Samfylkingin reyndar líka, um að lækka skatta. En á sama tíma og þessir hv. þingmenn gagnrýna útgjöld upp á 5,2 milljarða, sem eru til lækkunar á sköttum almennings í landinu, leggja þeir sjálfir til milljarða kr. útgjaldatillögur hægri og vinstri. Þær streyma inn í þingsalinn, hver tillagan á fætur annarri, og alveg ljóst að ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar í ríkisfjármálum er algert.

Mig langar að gera að umtalsefni hér hina ábyrgu stefnu Samfylkingarinnar í skattamálum og það framlag til stöðugleikans sem kemur fram í tillögum hennar. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hélt ræðu í rúmar 47 mínútur og gat ekki gert grein fyrir því hvar Samfylkingin ætlaði að bera niður í niðurskurði í velferðarmálum. Þær tillögur eru almennt orðaðar og það er í takt við talsmáta Samfylkingarinnar í mörgum öðrum málum að það er viðkvæmt að bera niður á einstaka málaflokka og viðkvæmt að koma með tillögur vegna þess að flokkurinn gæti orðið óvinsæll fyrir vikið og það er ekki vinsælt í herbúðum Samfylkingarinnar að fara í óvinsælar aðgerðir.

En ég vil leiðrétta þann málflutning minn sem ég viðhafði í andsvari í dag við hv. þm. Einar Má Sigurðarson um að Samfylkingin væri með tillögur til nýrra útgjalda upp á 3.168 millj. kr. Rétt skal vera rétt og það er víst aldeilis ekki rétt. Útgjaldatillögur Samfylkingarinnar streyma inn í salinn og eru nú orðnar 3.759 millj. kr. Ég ætla svo sem ekki að bera ábyrgð á þeirri tölu fram á kvöldið, hún gæti átt eftir að hækka. Stefnufesta Samfylkingarinnar í útgjaldamálum ríkisins er slík að sú tala hefur stundum hækkað í miðri umræðu. Ég vil til að mynda nefna að í umræðu um skattamál fyrir um tveimur árum var Samfylkingin allt í einu inni á því að fella niður eignarskattinn að hluta. Samfylkingin hefur komið með þessar útgjaldatillögur þrátt fyrir málflutning m.a. forustumanna Samfylkingarinnar við 1. umr. um að það ætti að tvöfalda fjárlagaafganginn og óráðsía ríkisstjórnarinnar væri þvílík í fjármálum ríkisins að það yrði að hemja útgjöldin. Samt koma þessir hv. þingmenn með útgjaldatillögur og tillögur til skattahækkana, útgjaldatillögur upp á 3 milljarða og 759 millj. kr. og hvar ætla þau að fá þessa fjármuni? Eins og ég sagði áðan með því að hækka skatta, hækka skatta á atvinnulífið um 400 millj. kr. Vinstri menn hafa verið þekktir fyrir að vera ekki neinir sérstakir vinir atvinnulífsins og hér sýnir Samfylkingin vinstri vangann með því að hækka skatta á íslenskt atvinnulíf um heilar 400 millj. kr.

Það er merkilegt að hlusta á tal samfylkingarmanna m.a. um íslenskan sjávarútveg og þá stöðu sem hann býr við —

á sama tíma leggja þeir fram tillögur um 400 millj. kr. hækkun á íslenskt atvinnulíf — og hlusta á ræður Vinstri grænna um sprotafyrirtæki og annað slíkt. Ég þykist viss um að Vinstri grænir mundu með glöðu geði hækka skatta á íslensk fyrirtæki. Ég hef ekki orðið var við mikla andstöðu á þeim bæ hvað slík áform varðar.

Hæstv. forseti. Hvað ætla svo hv. þingmenn Samfylkingarinnar að gera til viðbótar? Jú, þeir nefna loforð ríkisstjórnarflokkanna um að lækka tekjuskattinn á næsta ári um 1%. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar leggja til að tekjuskatturinn verði ekki lækkaður. En af því að fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, er hér í salnum vil ég rifja upp að fyrir síðustu kosningar gekk Samfylkingin nokkuð djarft fram í skattalækkunaráformum og talaði um að svigrúm væri til skattalækkana. Svo koma hv. þingmenn upp nú og segja að ekki sé rétt að fara í þessar skattalækkanir og setja fram tillögur um að auka álögur á almenning í landinu sem því nemur.

Ætti að taka upp gamla, góða hátekjuskattinn? Það er ein tillagan. Hverjir lentu í hátekjuskattinum nú á síðustu missirum? Það var aðallega ungt, menntað fólk nýkomið úr námi. Fólk sem var að koma sér þaki yfir höfuðið, koma sér upp fjölskyldu og þar fram eftir götunum, sem er kostnaðarsamt. Fólk með háar tekjur fékk nær engar vaxtabætur og engar barnabætur. Það lenti í þessum hátekjuskatti. Við lofuðum þessu fólki fyrir síðustu kosningar að við ætluðum að afnema þennan jaðarskatt íslenska skattkerfisins og við ætlum að standa við það. En Samfylkingin kemur hér með sérstaka tillögu um að taka gamla hátekjuskattinn aftur upp.

Við skulum þá, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, tala við fólkið í háskólasamfélaginu, tala við það fólk sem er duglegt og er að koma sér þaki yfir höfuðið, um stefnu Samfylkingarinnar í skattamálum. Það á að skattpína þetta fólk eins og 1991–1995 þegar Alþýðuflokkurinn sálugi var við völd og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sat í ríkisstjórn.

Hæstv. forseti. Ég geri ekkert með sýndartillögur Samfylkingarinnar í sparnaði og ég fer fram á að fá sundurliðun hvað varðar tillögur hennar um aðhald í opinberum fjármálum og í rekstri ríkisins. Fyrsta tillaga hljómar á þann veg að selja eignir utanríkisráðuneytisins upp á 900 millj. kr. Það á væntanlega að selja eitthvert sendiráð úti í löndum en er með því verið að lækka rekstur ríkissjóðs til framtíðar? Það er ekki verið að lækka rekstur ríkissjóðs til framtíðar. Einhvers staðar verður þetta blessaða fólk að vinna og væntanlega mun það kosta eitthvað í leigu og öðru slíku þannig að ég get ekki séð að það sé trúverðug tillaga að selja eignir í rekstur. Slíkt veit ekki á gott.

Samfylkingin leggur líka til að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta frá fyrra ári upp á 3 milljarða. Hér er ekki verið að skera niður eins og Samfylkingin boðaði. Hér er einvörðungu um einhverja óljósa frestun að ræða og auðvitað hljótum við að krefjast þess að fá sundurliðun á þessum 3 milljörðum frá Samfylkingunni. Hvar vill hún bera niður í frestunum af þessu tagi? Reyndar hefur það komið fram að vanalega veltir ríkið fram yfir áramót um 20 milljörðum í ónotuðum heimildum þannig að þessi tillaga Samfylkingarinnar er einvörðungu til þess fallin að slá ryki í augu almennings vegna þess að það hefur verið hluti af rekstri ríkisins að ekki er hægt að nota allar þær heimildir sem fjárveitingavaldið setur. Hér er því einungis um sýndartillögu að ræða.

Að lokum vill Samfylkingin lækka sérfræðikostnað stofnana um heilar 900 millj. kr. Og hver er sá sérfræðikostnaður? Erum við ekki að ræða þar um heilbrigðiskerfið, menntakerfið og félagslega kerfið? Vita hv. þingmenn Samfylkingarinnar að þessi hluti sérfræðikostnaðar, sem ríkið áætlar, er stór hluti af rekstri opinberra stofnana? Hvar ætla hv. þingmenn Samfylkingarinnar að bera niður? Tillagan er almennt orðuð. Hver á að taka ákvörðun um það ef þetta verður samþykkt? Á ríkisstjórnin að ákveða hvar skorið verður niður? Nei, við hljótum að krefjast þess að Samfylkingin leggi fram útfærðar tillögur. Það er ekki endalaust hægt að tala ódýrt í þessum efnum. Nú verða tillögur að koma fram og ég krefst þess að samfylkingarmenn geri okkur nánari grein fyrir því hvar þessi niðurskurður lendir á endanum — reyndar tjáði hv. framsögumaður Samfylkingarinnar í umræðunni, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, okkur að hv. þm. Helgi Hjörvar mundi gera okkur nánari grein fyrir því. Og við, hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans, munum krefjast þess að fá þessar upplýsingar því Samfylkingin verður, þrátt fyrir að hafa verið í stjórnarandstöðu frá upphafi, að temja sér ábyrgð og gera raunhæfar tillögur. Ekki eitthvert almennt blaður sem ekki er hönd á festandi heldur raunverulegar tillögur. Það er það sem við gerum kröfu um.

Það stendur upp úr þessari umræðu að stjórnarandstaðan á erfitt með að fóta sig vegna þess að staða ríkissjóðs er sterk. Málflutningur hennar hvað varðar fjárlög íslenska ríkisins er út og suður. Hv. stjórnarandstaða getur ekki einu sinni komið sér saman um eitt nefndarálit, verið sammála um að koma með breytingartillögur eins minni hluta heldur er hún klofin í þeim málum. Svo segir þetta fólk við þjóðina að það ætli að ganga samhent til næstu kosninga. Þessi stjórnarandstaða getur einfaldlega ekki komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut og það er ósköp eðlilegt að trúverðugleiki hennar í ríkisfjármálum sé lítill vegna þess að við höfum náð gríðarlega miklum árangri, um það er ekki deilt. Við skulum horfa til þeirra alþjóðlegu stofnana sem hafa verið að meta lánshæfi íslenska ríkisins, stöðu lífeyrissjóðakerfisins, stöðu almennings hér á landi og stöðu fyrirtækja. Okkur gengur vel í öllum meginatriðum. Svo leyfa hv. þingmenn, eins og Jón Bjarnason, sér að koma hér og snúa sannleikanum á hvolf og þurfa svo ekki að standa skil orða sinna — sitja hér í hliðarherbergjum og þurfa ekki að svara fyrir sig, koma með staðlausa stafi, tala um niðurskurð í heilbrigðis- og félagsmálum. Er það þannig á heimili Vinstri grænna að ef ýtrustu kröfum stofnana ríkisins er ekki fylgt þá sé um niðurskurð að ræða? Er það þannig í lífinu hjá Vinstri grænum að ef menn verða ekki við ýtrustu kröfum þá sé verið að tala um niðurskurð þó að framlög til viðkomandi málaflokks séu að stórhækka?

Hvers konar heimilishald er á heimili hv. þm. Jóns Bjarnasonar? Fá allir allt sem þeir biðja um? Ég hefði haldið að í persónulegu líferni sé hv. þingmaður frekar aðhaldssamur. En þegar kemur að peningum sem hv. þingmaður á ekki þá er hann tilbúinn að spandera og leggja fram ýmsar útgjaldatillögur.

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að stjórnarandstaðan er

út og suður í sínum málflutningi og stendur ekki steinn yfir steini. Hún getur ekki einu sinni komið sér saman um eitt nefndarálit, breytingartillögur við það frumvarp sem meiri hlutinn hefur lagt fram. Þvílík samstaða hjá stjórnarandstöðinni hér á þingi.

[16:01]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson er samvinnuhugsjónamaður og félagshyggjumaður. Mig langar að spyrja hann einnar spurningar og hún hljóðar svo: Hefur hann ekki áhyggjur af þeirri auknu misskiptingu sem orðið hefur í þjóðfélaginu, gríðarlegu misskiptingu? Það eru ekki bara orð okkar í stjórnarandstöðunni, því miður. Það er staðfest af fyrrum hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, að misskipting hefur aukist gríðarlega. Af því að hv. þingmaður er félagshyggjumaður og samvinnuhugsjónamaður, eins og komið hefur fram, hefur hann þá ekki áhyggjur af því að samstaðan með Sjálfstæðisflokknum sé kannski orðin fullmikil þegar farið er að skipta tekjunum þannig upp að þeir sem hafa lágar tekjur fá alltaf minna í sinn hlut og þeir sem hafa háar tekjur fá alltaf meira? Þetta gerist á sama tíma og ríkisútgjöld aukast. Það er mjög sérstök þróun og væri fróðlegt að fá að heyra svar hv. þingmanns við þessari spurningu.

[16:02]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það einkennir ræðu hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar að hann hefur yfirleitt meiri áhyggjur af málefnum annarra flokka, og þá sérstaklega Framsóknarflokksins, en málefnum eigin flokks. En ég vil þakka fyrir fyrirspurnina.

Það er staðreynd mála, og hefur komið fram í samtölum við Samtök aldraðra, að kjör aldraðra sem minnst hafa haft úr býtum hafa aukist langmest. Ríkisstjórnin hefur verið að beita sér í þeim efnum, nú standa t.d. yfir viðræður milli ríkisstjórnarinnar og samtaka eldri borgara. Auðvitað hljótum við að leggja áherslu á að þeir sem verst standa í þeim hópi fái hlutfallslega mest. Það verður ekki deilt um það að þróunin síðustu ára hefur verið sú að ríkisstjórnin hefur beitt sér frekar fyrir því að þeir sem lægstan lífeyri hafa fái hlutfallslega meira en þeir sem meira hafa. Ég er sammála þeirri stefnu og ég vona að hv. þingmaður sé sammála því. Við gerðum samning við Öryrkjabandalag Íslands upp á 1 milljarð á þann hátt að þeir sem yrðu öryrkjar snemma á lífsleiðinni fengju hlutfallslega meira en þeir sem hefðu áunnið sér lífeyri og hefðu örkumlast síðar á ævinni. Ég er félagshyggjumaður. Ég er t.d. ekki endilega talsmaður þess að menn skerði endalaust samhjálpina en ég verð var við það t.d. hjá þingmönnum Samfylkingarinnar að menn vilja hefta samneysluna í samfélaginu og menn skulu átta sig á hvað það þýðir. Það verður erfiðara að jafna kjörin í þjóðfélaginu með því áframhaldi. Ég veit t.d. að ég og hæstv. forseti erum sammála í þeim efnum að við viljum standa vörð um samneysluna. En ég hjó eftir því, til að mynda við 1. umr. fjárlaga, að þá talaði einn samfylkingarþingmaður um að ríkissjóður bólgnaði út. Það hefur ekki þótt neikvætt í eyrum okkar framsóknarmanna fram á þennan dag.

[16:04]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er því miður staðreynd að það er orðin miklu meiri misskipting eftir að Framsóknarflokkurinn komst til valda. Það er einnig staðreynd að tekjur þriðjungs allra eldri borgara landsins eru undir 110 þús. kr. á mánuði. Þetta er sá kaldi raunveruleiki sem blasir við. Mér finnst mjög undarlegt að hv. þingmaður skuli koma hér og nefna samninginn sem undirritaður var í Þjóðmenningarhúsinu, þar sem handsalaður var samningur við unga öryrkja upp á 1.500 millj. og hann var svikinn. (Gripið fram í.) Hann var svikinn um 500 millj. Mér finnst það mjög mikil ósvífni að hann skuli í rauninni hætta sér upp í þennan ræðustól og minnast á þennan samning sem er í rauninni svik. Þetta eru ekki einungis mín orð, þetta eru orð þeirra sem gerðu samninginn við framsóknarmenn og ríkisstjórnina alla. Að vísu, til að bera blak af framsóknarmönnum, stóðu þeir ekki einir í þessum svikum heldur voru sjálfstæðismenn meðsekir þeim. Þetta er því miður staðreynd.

Ég heyrði á máli hv. þingmanns að hann var mjög ánægður með fiskveiðistjórnarkerfið og taldi það vera grundvöllinn að farsæld þjóðarinnar. Mig langar þess vegna að spyrja hvort hv. þingmaður hafi sett sig í spor ungra manna sem vilja hefja útgerð, t.d. á Siglufirði, í heimabæ hans. Ég hef gert það og séð kjör þeirra og hvað þeir þurfa að búa við. Það er þannig að helmingurinn af tekjum þeirra sem ætla að hefja útgerð fer beint í kvótaleigu. Þetta er það sem Framsóknarflokkurinn hefur búið til með Sjálfstæðisflokknum. Mér finnst þetta ömurlegt (Forseti hringir.) og í rauninni undarlegt að hv. þingmaður skuli koma hér og hreykja sér af þessum vondu verkum sínum.

[16:07]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafna því algjörlega að um svik hafi verið að ræða við öryrkja á sínum tíma. Við höfum rætt það mál oft og ítrekað í sölum Alþingis. Tekjur öryrkja voru auknar á annan milljarð króna og kjör margra öryrkja stórbötnuðu fyrir vikið. Hvað varðar málefni eldri borgara þá erum við sammála, ég og hv. þingmaður, að auðvitað eigum við að einbeita okkur að þeim sem lægstan lífeyri hafa. Það er enginn ágreiningur um það og verið er að vinna að því máli, það mál er í athugun, þannig að okkur fleytir fram á flestöllum sviðum.

Hv. þingmaður getur ekki deilt um það að kaupmáttur almennings hefur stóraukist á umliðnum árum. Reyndar hafa tekjur sumra aukist meira en annarra en hvað eigum við hv. þingmenn að gera t.d. í því launaskriði sem nú á sér stað innan bankakerfisins? Vill hv. þingmaður setja lög á það? Auðvitað eykst misskipting við það að stór hópur, hundruð manna í íslenska bankakerfinu sem orðið er hluti af alþjóðlegu kerfi hefur hækkað í launum. (Gripið fram í.) Á að setja lög á það að bankastofnanir geti veitt svo há laun? Málið er að kjör allra hafa batnað á síðustu tíu árum. Um það er ekki deilt. Kjörin hafa batnað mismikið en nú stöndum við að því að lækka skattálögur á almenning. Við höfum t.d. fellt niður eignarskattinn af eldri borgurum í landinu. Okkur vegnar vel á flestöllum sviðum. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar reyna að einblína á einhverja

neikvæða þætti sem eru mjög fáir. Auðvitað má alltaf finna eitthvað í fjárlagafrumvarpi sem er upp 330 milljarða kr. Skárra væri það. En okkur gengur vel í öllum meginatriðum. Allir hafa það miklu betra en árið 1995. Staða ríkissjóðs er miklu betri og þjóðfélagið hefur vaxið á öllum sviðum. Atvinnuleysi er nær því ekkert, vanskil heimilanna hafa aldrei verið minni og vanskil atvinnulífsins hafa eiginlega aldrei verið minni. (Forseti hringir.) Hv. þingmaður, okkur gengur því vel.

[16:09]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Frá því að við tókum 1. umr. um fjárlagafrumvarpið fyrir nokkrum vikum hafa orðið ákaflega ánægjuleg tíðindi í íslensku samfélagi sem er að aðilar vinnumarkaðarins hafa náð saman um þau álitaefni sem uppi voru vegna verðbólguþróunar og kjarasamninga. Það var mikið gæfuskref sem þar var stigið. Þær blikur sem voru á lofti um kjarasamninga eru ekki lengur fyrir hendi og full ástæða til að óska okkur öllum til hamingju með það og einkum að þakka fyrir þá ábyrgð sem forusta verkalýðshreyfingarinnar sýndi í þeim efnum. Það var auðvitað svo að forsendur kjarasamninganna voru brostnar og verðbólgan var umfram það sem við var miðað og því mikilvægt að tækist að ná samkomulagi til að tryggja að samningar yrðu ekki í sundur og hér mætti reyna áfram að standa vörð um þá þætti stöðugleikans sem enn eru. En við vitum auðvitað sem er að hvorki einkaneyslan, þróun gengisins né skuldanna í samfélaginu endurspegla neins konar stöðugleika. Við höfum margoft farið yfir það hér og ýmislegt sem ástæða er til að hafa áhyggjur af.

Í fjárlagafrumvarpinu er einkum tvennt sem ástæða er til að hafa áhyggjur af. Hið fyrra er að þetta frumvarp grundvallar stóran hluta skatttekna sinna á skuldsetningu heimilanna og atvinnulífsins í landinu. Hér eru umtalsverðar skatttekjur vegna þenslu, vegna lána sem fólk er að taka í dag og fyrirtæki sem skapa tekjur fyrir ríkissjóð en þegar kemur að skuldaskilunum verður ekki um að ræða sömu skatttekjurnar fyrir ríkissjóð. Því miður hefur ekki verið haldið á ríkisútgjöldum úr ríkissjóði með nægilegu aðhaldi á undanförnum árum og þess vegna er ástæða til að hafa áhyggjur af því að þegar þensluskeiðinu ljúki snúi yfir í neikvæðan rekstur ríkissjóðs.

Hitt er sá mikli halli sem er að finna á tekjuskiptingunni í landinu í fjárlögum hæstv. ríkisstjórnar. Nú er það þannig að ég og hæstv. fjármálaráðherra, Árni Mathiesen, greiðum mánaðarlaunum minna í tekjuskatt hvor um sig en þegar ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks tók við völdum í landinu. Lífeyrisþegar með 110 þús. kr. á mánuði og láglaunafólk greiða hins vegar mánaðarlaunum meira í tekjuskatt en þá var. Þannig hefur núverandi ríkisstjórn skipulega og enn aftur í þessu fjárlagafrumvarpi aukið á misskiptinguna í samfélaginu svo að í óefni stefnir og sennilega ekkert sem eins ógnar stöðugleikanum og vaxandi misskipting tekna og eigna í íslensku samfélagi þar sem við löngum fögnuðum því að við værum ein stétt í landinu að meira eða minna leyti, ein stór fjölskylda Íslendinga. Og með tekjuskattsaðgerðunum sem er að finna í þessu frumvarpi heldur ríkisstjórnin enn áfram á þeirri braut og hyggst ganga enn lengra árið 2007 í að létta skattbyrðunum einkum af sjálfri sér og öðrum hátekjumönnum en okkur hér sem sitjum í þessum sal.

Við í Samfylkingunni flytjum með Guðjóni A. Kristjánssyni, hv. þingmanni og formanni Frjálslynda flokksins, og með Jóni Bjarnasyni, hv. þingmanni Vinstri hreyfingarinnar — grænt framboðs, að hluta, ýmsar tillögur við 2. umr. fjárlaga. Þær tillögur eru fyrst og fremst táknrænar um áherslur okkar í Samfylkingunni í ríkisfjármálunum, þær eru ekki ný fjárlög með neinum hætti enda engin tök á að leggja fram ný fjárlög 25. nóvember, en táknrænar um þær áherslur sem við mundum hafa við fjárlagagerðina. Þær eru í fyrsta lagi um öðruvísi skattalækkanir. Sannarlega skattalækkanir en öðruvísi skattalækkanir heldur en í tillögu ríkisstjórnarinnar, því að við leggjum til í stað þess að lækka tekjuskatt og hátekjuskatt um 6 milljarða, eins og ríkisstjórnin leggur til bróttó eða um 4,5 milljarða nettó, þá lækkum við matarskattinn í landinu um helming úr 14% í 7%. Kostnaður við það er um 4 milljarðar kr. Við hækkum persónuafsláttinn sem nemur um 9 þús. kr. á ári en kostnaður við það er um 2 milljarðar eða samtals bróttó 6 milljarðar. Það er síðan álit fjármálaráðuneytisins að í báðum tilfellum komi 25% af þessum fjárhæðum til baka í veltuáhrifum. Þannig verjum við sömu fjárhæðum í skattalækkanir og ríkisstjórnin gerir en við gerum það með allt öðrum hætti. Við setjum það í persónuafsláttinn sem nýtist best þeim sem lægstar hafa tekjurnar og við setjum það í matarskattinn sem skiptir máli í útgjöldum hverrar fjölskyldu í landinu á hverjum degi og er liður í því mikilvæga pólitíska markmiði okkar í Samfylkingunni að innleiða á Íslandi Evrópuverð á matvælum. En eins og við þekkjum býr íslenskur almenningur ekki bara við hæstu vexti í heimi, hann býr líka við miklu hærra matvælaverð en við þekkjum í kringum okkur og hluti af því er auðvitað hin háu opinberu gjöld. Rétt er að minna á að þessar stefnuáherslur eru líka áherslur flokks hæstv. fjármálaráðherra þó að sá flokkur virðist ekki hafa afl til að koma þeim hugmyndum sínum fram í því ríkisstjórnarsamstarfi sem hann nú er í.

Þá gerum við ráð fyrir því að verja 200 millj. kr. til þess að efla skatteftirlit í landinu. Eins og þingheimi er ljóst var lögð fram mjög viðamikil skýrsla á síðasta þingi um skattsvik á Íslandi. Þar er ríkissjóður Íslands talinn verða af 34 milljörðum kr. á hverju ári í skattsvikum. Við höfum ár frá ári hvatt til þess að varið verði meira fé til þess að efla skatteftirlit vegna þess að það eru reynslutölur nágrannaþjóða okkar að hver króna sem lögð er til þess skili sér tífalt til baka. Við gerum þess vegna ráð fyrir því að slíkt skatteftirlit gæti skilað 1.850 milljónum alls í auknum skatttekjum eða rétt um 5% af því sem ríkissjóður verður af í dag í skattsvikum samkvæmt mati ríkisskattstjóra, skattrannsóknastjóra og annarra þeirra sem sátu í þeim starfshópi sem vann skýrsluna.

Áhrifin af þessum þáttum, að ráðast í lækkun á matarskattinum, hækkun á persónuafslættinum og hert skatteftirlit sjá menn í breytingartillögum okkar við sundurliðun 1. Þar má finna við lið a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla, hækkun á tekjum upp á 69,9 milljarða í 72,9 milljarða eða þar um bil, sem eru nettóáhrif tillagnanna á tekjuskattsþáttinn. Þá finna menn í liðnum b. 1.1.1.5 Sér-

stakur tekjuskattur, sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nemi 100 milljónum en í breytingartillögu okkar er gert ráð fyrir að nemi 850 milljónum eða breytingu um 750 milljónir.

Þá er sömuleiðis að finna í c. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar, þar komi 100 millj. kr. hækkun úr 14 milljörðum í 14,1 milljarð. Það eru einvörðungu áhrif af hertu skatteftirliti.

Þá er gert ráð fyrir millifærslu á lið d. 2.2.1.1 Tryggingagjald. Það eru 400 millj. kr. tekjur sem á gjaldahliðinni er aftur ráðstafað til þess að auka fæðingarorlof eftir þær skerðingar sem nýtt lagafrumvarp eða breytingar á lögunum um fæðingarorlof hafa leitt til á fæðingarorlofinu og aukningin á tryggingagjaldinu jafnast út úr 30.259 millj. í 30.659 millj. en fer út gjaldamegin um 400 millj. kr. og er því ekki til tekjuaukningar.

Síðan er Virðisaukaskatturinn í e. 5.1.1.1. Þar er gert ráð fyrir að hann sé lækkaður úr 114,4 milljörðum í 112,4 milljarða vegna aðgerðanna um matarskattinn fyrst og fremst en þar hefur hert skatteftirlit jafnframt áhrif á niðurstöðutöluna

Í gjaldahlið frumvarpsins eru áherslur okkar einkum þríþættar. Við leggjum áherslu á að aðgerðir skili sér að helmingi í bættri afkomu ríkissjóðs og hann skili rúmlega 4 milljörðum í bætta afkomu frá því sem tillögur ríkisstjórnarinnar gerðu ráð fyrir og enn árétta ég að hér er í sjálfu sér bara um táknrænar tillögur að ræða, leiðbeiningar fyrir hæstv. ríkisstjórn um hvernig mætti hefja aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum og raunar líka leiðrétta nokkuð áherslur í útgjöldum í frumvarpinu.

Þar er þá fyrst til að taka tillögu sem ég vona að hæstv. nýr fjármálaráðherra taki vel undir, hana höfum við flutt hér ítrekað og hún er fyrst og fremst sett til þess að gera þinginu kleift að starfa af meiri myndarskap að fjárlagagerðinni með því að koma upp hagdeild við þingið, því að eftir að Þjóðhagsstofnun hefur verið lögð niður skortir hér mjög þá sérfræðiaðstoð sem þörf er á til þess að þingmenn geti unnið greinargóðar tillögur í fjárlögum. Það er lögð til á liðinn Æðsta stjórn, Alþingi 00-201, ný fjárveiting 10 millj. kr. við lið 1.05 til reksturs hagdeildar og lagt til að fyrir því verði sparað undir forsætisráðuneytinu lið 01-190 a. 1.19 Efnahagsrannsóknir, en það er í sjálfu sér eðlisskyld starfsemi sem þar hefur farið fram undir hatti hæstv. forsætisráðherra sem við gerum ráð fyrir að flytjist hingað.

Þá er það tillaga um framlag til byggðamála sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson gerði hér grein fyrir fyrr í dag. Það er gert ráð fyrir undir forsætisráðuneytinu en ekki undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu vegna þess að menn treysti því betur til þess að fara með slíkar fjárveitingar. Það er þá ný fjárveiting undir liðinn 01.190 b. 1.92 Sérstök verkefni á landsbyggðinni, komi 500 milljónir.

Milljarð teljum við að auka eigi við í framlög til menntamála og mikilvægast að taka þar á vanrækslusyndum hæstv. ríkisstjórnar eins og nýleg skýrsla um Háskóla Íslands gefur til kynna. Á fjárlagaliðnum 02-201, Háskóli Íslands gerum við þess vegna ráð fyrir að undir lið 1.01 Kennsla, komi viðbótarframlag upp á 500 millj. kr.

Á fjárlagalið 02-210 Háskólinn á Akureyri sömuleiðis undir 1.01 Kennsla, komi 100 milljónir en undir fjárlagalið 02-215 Kennaraháskóli Íslands þar komi á sama lið 1.01, 150 millj. kr. eða samtals 750 milljónir til þessara háskóla.

Þá er gert ráð fyrir því að Listdansskóli Íslands haldi áfram starfsemi á næsta ári en hætti henni ekki á miðju ári. Það er liður 02-564 sem þannig hækkar um 35 milljónir, úr 27,5 milljónum í 62,5 milljónir. Í menntamálum er enn fremur liðurinn 02-884 Jöfnun námskostnaðar, sem er 486,6 millj. kr. í frumvarpinu og við gerum ráð fyrir að hækki um 130 milljónir og verði 616 millj. kr. alls þegar upp er staðið.

Þegar kemur að utanríkisráðuneytinu er fyrst sú fræga fjárveiting til mannréttindamála á síðasta ári sem skilaði sér alls ekki til mannréttindamála. En sem kunnugt er fékk Mannréttindaskrifstofa Íslands í opinberan stuðning 8 millj. kr. árlega, þangað til hún leyfði sér að gagnrýna ríkisstjórn Íslands. Við teljum að þær aðgerðir sem gripið var til í hefndarskyni gagnvart Mannréttindaskrifstofunni af þáverandi hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddssyni og núverandi hæstv. dómsmálaráðherra Birni Bjarnasyni séu blettur á störfum þingsins og það sé mikilvægt að Alþingi hreinsi sig af þeim vinnubrögðum, því að auðvitað þarf það að vera þannig í lýðfrjálsu landi að stofnanir í samfélaginu geti gefið Alþingi umsagnir eftir sinni bestu vitund og sannfæringu án þess að eiga á hættu að umsagnir þeirra til Alþingis leiði til þess að framkvæmdarvaldið skeri niður fjárveitingar til þeirra. Það má heita nokkuð geðlaust Alþingi sem lætur það yfir sig ganga.

Hér er tillaga um 4,5 milljónir, það er undir 03-190 Ýmis útgjöld hjá utanríkisráðuneytinu og sömuleiðis 600 þúsund til Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands.

Undir liðnum 03-391 gerum við ráð fyrir nýrri fjárveitingu 70 millj. kr. til verkefna UNIFEM í Kosovo en á móti þeim útgjöldum er lagður til sparnaður undir liðnum 03-401, þ.e. Friðargæsla sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að varið sé til um 570 millj. kr. á næsta ári og er lækkuð um 70 millj. kr. og stendur þá eftir hálfur milljarður í friðargæslunni eigi að síður.

Þá er það framhald að mannréttindaskrifstofumálinu sem menn sjá í breytingartillögum við lið 06-190 þar sem koma 4,5 milljónir annars vegar til Mannréttindaskrifstofu Íslands og hins vegar 600 þúsund til Mannréttindastofnunar Háskólans einfaldlega til að bæta fyrir þær skerðingar sem Mannréttindaskrifstofan varð fyrir eftir gagnrýni sína á nokkur frumvörp, ekki síst frumvörp frá hæstv. dómsmálaráðherra.

Þá er komið að liðnum Félagsmál. Þar eru tvær af fjórum stofnunum í þágu barna þar sem Samfylkingin og meðflutningsmenn okkar leggja áherslu á að bætt sé úr rekstrarvandræðum eða brýnum nýbyggingar- og uppbyggingarverkefnum á þeirra vegum. Þar erum við fyrst að tala um lið 07-400, það er Barnaverndarstofa, liðurinn Ný meðferðarúrræði sem við teljum að verja eigi til 50 millj. kr. á komandi ári.

Í liðnum 07-750 finna menn Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem hefur samkvæmt frumvarpinu 250 millj. kr. fjárveitingu og við gerðum tillögu um að hækki í 275 milljónir eða um 25 milljónir, en eins og þingmenn þekkja þá eru haldnir nær daglega styrktartónleikar í kirkjum borgarinnar til þess að fjármagna starfsemi þessarar ríkisstofn-

unar og hlýtur að vera óvenjulega mikil hneisa hinu háa Alþingi að geta ekki fjármagnað Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem þjónar þessum sannarlega þurfandi hópi betur en svo að hér þurfi hver kirkjan að hlaupa í það skarð sem ríkið ekki sér sóma sinn í að fylla.

Undir liðnum 07-989 finna menn Fæðingarorlofssjóð og það eru þær 400 milljónir sem ég gat um áður að við ætlum til þess að taka aftur þær skerðingar á fæðingarorlofslögunum sem voru afgreiddar í þinginu síðasta vetur en eins og menn þekkja fá þeir sem eru að fara í fæðingarorlof ekki lengur 80% af fyrri tekjum sínum heldur 70% og það er auðvitað langt frá því sem hæstv. ríkisstjórn lofaði þeim hópum og er skerðing sem kemur í bakið á fólki.

Talandi um skerðingar sem koma í bakið á fólki er í lið 08-204 Örorkulífeyrir, það er liður 1.15 þar sem við gerum ráð fyrir 600 millj. kr. fjárveitingu sem er ekki til annars ætluð en að efna þann samning sem ríkisstjórnin sjálf gerði í aðdraganda síðustu kosninga og við höfum ítrekað fjallað um hér á þessum vettvangi. Því miður er svo komið að á næstu dögum eða vikum mun Öryrkjabandalag Íslands væntanlega þurfa að draga hæstv. ríkisstjórn fyrir dómstóla enn eina ferðina vegna vanefnda á því samkomulagi og freista þess að fá það sannað fyrir dómi. Þetta er erfið og torsótt leið og vandséð hvort þetta fáist sannað fyrir dómi og að hægt verði að krefja ríkisstjórnina eftir þeirri leiðinni, en sannarlega teljum við að hæstv. ríkisstjórn ætti að sjá sóma sinn í því að efna það samkomulag sem hún sjálf gerði og efna það að fullu. Við gerum því ráð fyrir að hjálpa henni við það með þessari tillögu og eigum ekki von á öðru en hæstv. ríkisstjórn styðji hana þó að hún hafi að vísu fellt þá tillögu undangengin tvö ár.

Á sama lið, undir 08-204 Lífeyristryggingar, eru undirliðirnir 1.28 og 1.29. Það eru vasapeningar aldraðra annars vegar og vasapeningar öryrkja hins vegar. Hér er um að ræða þá hópa sem trúlega eru verst settir í íslensku samfélagi, fólk sem býr á stofnunum og fær ekki til framfærslu annað en vasapeninga upp á skitnar 21 þús. kr. á mánuði. Tillaga okkar er að þessar upphæðir verði hækkaðar um helming. Þannig hækkar liður 1.28 úr 311 millj. rétt liðlega í 466 millj. eða um 155 millj. og vasapeningar öryrkja, liður 1.29, hækka úr 65 millj. í 97,5 millj. eða um 32,5 millj. Hækkunin á þessum tveimur liðum er því rétt tæpar 200 millj. eða 187,5 millj. nánar tiltekið.

Þá er það liður 08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús. Þar er liður 1.01 Rekstur þar sem gert er ráð fyrir 40 millj. kr. Sú fjárveiting er hluti af fjárveitingum til stofnana sem þjóna börnum sem við teljum mikilvægt að leggja áherslu á í afgreiðslu fjárlagafrumvarps þessa árs, en það er fjárveiting vegna bráðaþjónustu á barnaspítalanum sem Samfylkingin og meðflutningsmenn okkar telja ákaflega brýnt að verði komið á. Auk þess flytur hv. þm. Össur Skarphéðinsson ásamt fleirum breytingartillögu undir sama lið 08-373, það er undirliður 6.70 Nýframkvæmdir. Þar er gert ráð fyrir 100 millj. kr. fjárveitingu, en í tillögu hv. þingmanns og meðflutningsmanna hans er gert ráð fyrir 90 millj. kr. hækkun á þeim lið þannig að hann verði alls 190 millj. Er það sérstaklega gert vegna nýbyggingar við barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahús sem þingmaðurinn hefur áður gert grein fyrir við umræðuna og mun gera gleggri grein fyrir enn á eftir.

Þá erum við komin að fjárlagalið 09-250. Það er innheimtuliður undir fjármálaráðuneytinu, nýr liður, 200 millj. kr. í hert skatteftirlit og sömuleiðis undir 09-821 sem eru vaxtabætur. Gert er ráð fyrir að þær hækki úr 5,1 milljarði í 5,7, þ.e. um 600 millj. kr. því að við teljum algerlega óforsvaranlegt af hæstv. ríkisstjórn að skerða vaxtabæturnar á skuldsettasta fólkinu, gjarnan ungum barnafjölskyldum sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið og eiga sannarlega ekki að sæta skerðingum meðan við hátekjufólkið í þessum sal erum að fá þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin lofaði fyrir síðustu kosningar. Því gerðum við ráð fyrir að vaxtabæturnar hækki í þessum lið um 600 millj.

Það rifjast upp fyrir mér, virðulegur forseti, og verður að virða mér það til vorkunnar af því að ég fer yfir þetta svona nokkurn veginn eftir minni, að mér hefur trúlega láðst að geta um breytingartillögu okkar við liðinn 02-319 Framhaldsskólar, almennt. Þar er óskiptur liður sem ætlaðar voru 250 millj. á og voru liður í þeim aukafjárveitingum upp á á annan milljarð kr. til menntamála sem Samfylkingin og meðflutningsmenn okkar vilja leggja áherslu á við þessa umræðu.

Í sundurliðun 2 er síðan að finna nokkrar vísbendingar til nýs hæstv. fjármálaráðherra um hvert sækja mætti sparnaðar- og hagræðingaraðgerðir í rekstri ríkissjóðs. Ég bið hæstv. ráðherra um að taka vel eftir þeim. Þær eru auðvitað eins og tillögurnar almennt, fyrst og fremst táknrænar og vísbendingar um það sem hægt er að gera í ríkisrekstrinum sem einfaldlega byrjun á þeim róttæku aðhaldsaðgerðum sem þar er víða þörf, enda hafa menn auðvitað séð hvernig útgjöldin hjá ríkissjóði hafa vaxið ár frá ári í hvert nýja verkefnið á fætur öðru og framúrkeyrsluna á ráðuneytum, aðalskrifstofum, sendiráðum og hverjum liðnum á fætur öðrum, sem við sjáum í fjárlögum og fjáraukalögum ár eftir ár.

Í þessum tillögum finnur hæstv. fjármálaráðherra, m.a. í 6. gr., að ráð er fyrir því gert að selja eignir utanríkisráðuneytisins erlendis fyrir 900 millj. kr. Tiltölulega einfalt mál og auðframkvæmt, enda hefur verið bruðlað mikið í þeim þætti í gegnum árin eins og hæstv. ráðherra þekkir. Í lið 7.11 finnur hann tillögu um 600 millj. kr. sparnað í öðrum útgjöldum ráðuneyta en það er liður sem hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum og ekki vanþörf á að taka þar nokkuð á. Í lið 7.12 finnur hann 3 milljarða frestun á yfirfærslu heimilda á næsta ár sem hér hefur verið nokkuð til umræðu. Það er rétt að hér hafa iðulega verið færðir nærri 20 milljarðar kr. yfir áramót í ónýttum heimildum. Það er auðvitað til marks um þá óráðsíu sem verið hefur í utanumhaldi um framkvæmd fjárlaga að menn hafa ekki haft tíma til að eyða þeim ótæpilegu útgjaldaheimildum sem ausið hefur verið hér til hægri og vinstri. Það er ekki tillaga Samfylkingarinnar einnar sér að taka á þessu. Við erum einfaldlega að feta í fótspor Ríkisendurskoðunar sem ítrekað hefur brýnt fjármálaráðuneytið á því að taka þessar óhóflegu útistandandi heimildir til gagngerrar endurskoðunar og innkalla stærstan hluta þeirra. Við kjósum hins vegar að taka tiltölulega mjög lítil skref í þessu, 3 milljarða, og þar sem ekki liggur fyrir spá um stöðu um áramót er hún ekki sérstaklega sundurgreind á einstaka liði. En ég er ekki í

nokkrum vafa um að hæstv. fjármálaráðherra verði ekki skotaskuld úr því að finna þessum 3 milljörðum stað í öllum þeim aragrúa útgjaldaheimilda sem flytja á yfir áramót.

Í lið 7.13 hygg ég að sé að finna 600 millj. kr. sparnað í ferðakostnað og risnu ráðuneytanna. Hv. þingmenn geta fundið í fyrirspurnum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur með reglulegu millibili upplýsingar um hvernig þessi liður hefur verið að þróast og bólgna út þannig að sannarlega er orðið óhætt að taka á. Í lið 7.14 hygg ég að sé að finna um 900 millj. kr. í lækkun á aðkeyptri sérfræðiaðstoð A-hluta stofnana, en í fyrirspurn frá sama hv. þingmanni má finna greinargóðar upplýsingar um hvernig þessi útgjöld hafa vaxið og raunar margfaldast á tiltölulega stuttum tíma. En, virðulegur forseti, hér er auðvitað eins og ég hef áður sagt fyrst og fremst um að ræða táknrænar tillögur um hvar taka má á í útgjöldunum, hvar væri ástæða til að bæta í í útgjöldunum, hvernig breyta á skattalækkunum sem hér eru lagðar til þannig að þær komi fólkinu í landinu fyrst og fremst til góða en ekki okkur, forréttindastéttinni á Alþingi, og þeim sem í okkar stétt eru aðrir. Ég treysti því að hæstv. fjármálaráðherra taki þeim tillögum vel.

Ég sagði við 1. umr. að fjölmargir aðilar hefðu vakið máls á því að afgangur á fjárlögum þyrfti að vera sem næmi um 3% af landsframleiðslu og trúlega væri það rétt mat um leið og óraunsætt væri að gera ráð fyrir því að auka svo mjög afganginn á fjárlögum með einhverjum tillöguflutningi í nóvember, því að það sem menn væru að glíma við væri áralangur uppsafnaður útgjaldavandi úr fjármálaráðherratíð hæstv. núverandi utanríkisráðherra, Geirs Haardes. Eins og komið hefur fram í umræðunni fyrr í kvöld jukust útgjöld hér á tiltölulega fárra ára bili um 100 milljarða kr. og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur verið óþreytandi við að vekja athygli manna á þeim hækkunum og útgjaldaaukum sem voru í þeirri tíð, sem sem betur fer er þó aðeins að takast að koma böndum á hin seinni árin.

Það er fagnaðarefni að frá því að frumvarpið var lagt fram til 1. umr. hefur afgangurinn aukist úr 14 og upp í 20 milljarða eins og um var talað. Og með þeim tillögum sem við höfum flutt, sem eins og ég segi eru fyrst og fremst táknrænar og vísbendingar fyrir fjármálaráðherrann, þá væri verið að auka afganginn upp í tæpa 24 milljarða. En það er kannski ekki það sem skiptir mestu máli í þessu, virðulegur forseti. Það sem skiptir kannski mestu máli um afganginn af fjárlögum, þ.e. fari einhver eftir þeirri bók, er að framkvæmdin á fjárlögunum sé þannig að þessi afgangur verði, því að ef undan er skilið þetta ár, horfum við upp á það að útgjöldin hafa verið að vaxa að meðaltali um nærri 20 milljarða á hverju einasta ári umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlögunum vegna þess að framkvæmdin á þeim hefur öll einkennst, því miður, af aga- og aðhaldsleysi. Ég veit að á því ber nýr hæstv. fjármálaráðherra enga ábyrgð og ætla ekki að ræða það við hann sérstaklega öðruvísi en að brýna hann í því sem nýjan fjármálaráðherra að taka í þessu efni til hendinni og vinna að því að sá fjárlagaafgangur sem hér er gert ráð fyrir skili sér örugglega heim í hús. (Gripið fram í.) Hér er sannarlega verið að uppskera skatttekjur af því sem er sennilega að verða heimsmet í skuldasöfnun, sem er skuldasöfnun þjóðarbúsins alls. Við verðum að muna að heimilin í landinu og fyrirtækin í landinu hafa verið að skuldsetja sig verulega og á því er ríkissjóður að græða í dag. En hann mun ekki græða á því á næsta ári og því síður árið 2007 þegar úr þenslunni dregur en þá mun þess meir reyna á útgjaldaþáttinn. Því miður með áframhaldandi skattalækkunum á hátekjuhópana stefnir í að þá verði rekstur ríkissjóðs orðinn neikvæður og að hér sé þess vegna verið að leggja grunninn að vanda, vanda sem mun bíða næstu ríkisstjórnar að leysa.

[16:41]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kem upp í andsvar við hv. þm. Helga Hjörvar og vil taka undir með honum þegar hann fagnaði stöðunni á vinnumarkaðnum. Það er vissulega rétt og þar kom ríkisstjórnin myndarlega að verki og má þakka fyrir hve vel það stendur. Hann ræddi líka um skatttekjur og ég spyr hv. þingmann: Vill hann ganga til baka með lækkun skatta í því ferli sem þeir eru núna? Er hann á móti því að við lögðum niður eignarskattinn? Og hvað varðar einkaneysluna, er hv. þingmaður að kalla eftir einhverri ríkisskömmtun? Því er nú þannig háttað að fólk ræður hvað það gerir, það ræður hvort það skuldsetur sig, hvort það kaupir hús, hvort það kaupir bíl. Það er mikið verslað í dag en ég er hrædd um að uppi yrði ramakvein ef skömmtun yrði á því hvað mætti kaupa af bílum eða húsum í landinu.

Ég er sammála honum varðandi virðisaukaskatt á matvæli. Við vinnum að því að lækkaður verði virðisaukaskattur á matvæli. (**Gripið fram í:** Af hverju er það þá ekki gert?) Það er verið að vinna að því í ríkisstjórninni, hv. þingmaður. En þegar þingmenn Samfylkingarinnar tala um Evrópuverð á matvælum þá spyr ég: Hvert er Evrópuverð á matvælum? Er sama verð á matvælum í Eystrasaltslöndunum, í Danmörku, í Grikklandi? Hvað er verið að tala um? Ég skil einfaldlega ekki þetta Evrópumatarverð sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar eru ævinlega með á vörunum.

[16:43]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að matarverð í Evrópusambandslöndunum er nokkuð mismunandi en það á kannski fyrst og fremst eitt sameiginlegt að alls staðar er það lægra en á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að þetta stefnumál Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, að lækka matarskattinn, nái fram að ganga og óþolandi að lítill minni hluti á Alþingi, kallaður Framsóknarflokkurinn, skuli enn þá standa í vegi fyrir því þjóðþrifamáli.

Við viljum ekki hætta við skattalækkanir, hv. þingmaður. Það kom skýrt fram í máli mínu. Við viljum einfaldlega öðruvísi skattalækkanir. Við viljum ekki lækka hátekjuskattinn og tekjuskattinn í þessum fjárlögum. Við viljum nota þá peninga til að lækka matarskattinn og hækka persónuafsláttinn af því að það kemur þeim sem á þurfa að halda mest til góða. Hitt kemur okkur, mér og hv. þm. Drífu Hjartardóttur, helst til góða að lækka hátekjuskattinn og tekjuskattsprósentuna sjálfa. Að slíkum tillöguflutningi eigum við auðvitað ekki að standa á Alþingi í samfélagi þar sem tekjumisskiptingin hefur í sjálfu sér verið að aukast í launum á markaði ár frá ári þannig að ástæða er til að hafa áhyggjur af.

Þingmaðurinn talaði um að menn væru frjálsir að einkaneyslu sinni. Mér finnst það tal vera af nokkurri léttúð vegna þess að við höfum tamið okkur, Íslendingar, ákveðið hugarfar til skuldsetningar. Við kölluðum skuldir lengi vel lán. Við notuðum um það sama orð og heppni og glöddumst yfir því að fá slík lán. Hér er hið sama á ferðinni. Við erum að fá miklar tekjur inn í ríkissjóð af skuldsetningu, ekki af tekjum manna eða hagnaði. Umframtekjurnar í þenslunni eru vegna skuldsetningar atvinnulífs og heimila og þess vegna hefði þurft að sýna umtalsvert meira aðhald í ríkisfjármálunum á undanförnum árum en raunin er.

[16:45]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki nokkur andstaða hjá Framsóknarflokknum varðandi virðisaukaskatt á matvæli. Þetta er einfaldlega í vinnslu ásamt öðrum skattalækkunum sem við erum þegar búin að ákveða. Það hefur margoft komið fram í umræðunni, ekki reyndar í dag heldur áður, að þetta er samkomulagsatriði. En hvenær það verður er ekki ljóst. Það er ekki er hægt að gera alla hluti í einu.

Þegar hv. þingmaður talar um að misskipting sé í landinu talar hann um leið á móti því að sett var þak á fæðingarorlofið. Þar vill hann ekki jafna niður á við, það er því svolítið talað út og suður í þessu.

Þegar rætt er um einkaneyslu og skuldir fólks vil ég halda því til haga að við sjálfstæðismenn viljum ekki koma með skömmtunarkerfi eins og var hér eftir stríðsárin og foreldrar okkar muna eftir, að fólk varð að standa í biðröðum eftir að kaupa bleyjur, sykur og hveiti. Eða þegar ákveðnir útvaldir höfðu leyfi til að kaupa bíla. (Gripið fram í.) Þetta er eitthvað sem við viljum ekki sjá aftur en ég heyri ekki annað en þetta sé það sem Samfylkingin vilji setja á, þ.e. skömmtunarkerfi á fólk.

[16:47]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var ekki annað að heyra á lokaorðum hv. þingmanns en hana skorti heldur efni í seinna andsvar sitt því auðvitað ætlar þingmaðurinn það ekki að hér séu á þingi einhverjir þeir flokkar manna sem vilji koma upp skömmtunarkerfi og óþarfi yfir höfuð að ræða um slíkar fullyrðingar, svo fjarri eru þær öllum veruleika.

En misskiptingin sem hv. þingmaður talaði um verður æ alvarlegri. Það er auðvitað fullkomlega óboðlegt að hv. þingmaður og flokksmenn hennar skulu hafa létt af sjálfum sér heilum mánaðarlaunum í skatta á hverju ári en aukið skattbyrði hinna lægst launuðu um heil mánaðarlaun á sama tíma.

Ég fagna því að hv. þingmaður lýsir því yfir að samkomulag sé um matarskattinn og aðeins spurning um tíma hvenær hann komi til framkvæmda. Minni hlutinn í Framsóknarflokknum hlýtur þá að hafa verið beygður á bak aftur og ekki annar tími til að setja fram lækkun á matarskatti en í síðasta fjárlagafrumvarpi þessarar ríkisstjórnar sem lagt verður fram á hausti komanda. Við treystum því þá að yfirlýsingar hv. þingmanns og oddvita Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi um að matarskatturinn verði lækkaður um helming á þessu kjörtímabili og þá í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007, standi og það megi treysta orðum og yfirlýsingum hv. þingmanns svo að Framsóknarflokkurinn hafi loksins verið beygður af Sjálfstæðisflokknum í þessu máli.

[16:49]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Hugur minn hvarflar einhvern veginn ósjálfrátt að 1. umr. fjárlaga frá því í haust. Það var einkar kraftmikil umræða og að mörgu leyti málefnaleg og fjallaði að mestu um efnahagsmálin og hvaða áhrif fjárlögin hefðu og ættu að hafa á stöðu efnahagsmála. Það var reyndar ekki bara, eins og minnst hefur verið á nokkrum sinnum, að nýr fjármálaráðherra mælti fyrir fjárlagafrumvarpinu heldur var líka nýr talsmaður Samfylkingarinnar í ríkisfjármálunum sem var þar í forustu fyrir Samfylkinguna. Hann flutti þar kraftmiklar ræður og taldi aðhald í fjárlögunum ekki nægjanlegt og boðaði að meira aðhald þyrfti og hann mundi leggja fram tillögur þar um upp á 14 milljarða, ef ég man rétt. Hann vildi tvöfalda afganginn sem í frumvarpinu var 14,2 milljarðar og ég gat ekki skilið annað en hann mundi við 2. umr. leggja fram tillögu um að auka afganginn um 14 milljarða.

Mér fannst þetta mjög hraustlega mælt og fannst hv. þingmaður færast talsvert mikið í fang. Ég verð að segja að ég skil hann mætavel þegar hann gerir síðan grein fyrir tillögum Samfylkingarinnar og hefur þá á orði að óraunhæft hafi verið að ætla sér að endurskrifa fjárlögin á haustdögum og ætla ég ekki að lá honum það. Það er ekkert smáræðisverkefni. En til þess höfum við frumvarpið til meðferðar á hv. Alþingi, að fara yfir það og gera þær breytingar sem við teljum réttar og skynsamlegar.

Hér liggja fyrir breytingartillögur frá hv. þingmönnum, bæði hv. þingmönnum Samfylkingarinnar og á sumum þeirra eru hv. þingmenn Vinstri grænna líka og sennilegast er hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson á flestum þeirra einnig. Ef ég mætti aðeins fara yfir þessar tillögur og kannski sérstaklega í því samhengi sem við ræddum fjárlögin við 1. umr. um áhrif þeirra á hagkerfið og þá þenslu sem við sjáum í hagkerfinu, þá mundi ég fyrst vilja fara örfáum orðum um breytingartillögur frá Vinstri grænum. Þar sýnast mér vera um að ræða tillögur um skattahækkanir upp á tæplega 5 milljarða og síðan útgjaldatillögur upp á rúmlega 4 milljarða þannig að afgangurinn, tekjujöfnuðurinn ætti að aukast um 600 millj. kr. ef niðurstaðan yrði sú að tillögur þeirra yrðu samþykktar. Mér kom það reyndar svolítið á óvart að þær tillögur skyldu koma frá Vinstri grænum, að auka afganginn og mér finnst það út af fyrir sig vera virðingarvert af þeirra hálfu þó það hafi ekki verið meira en 600 millj. kr.

Síðan eru það tillögur Samfylkingarinnar og reyndar hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, þær sem Helgi Hjörvar kallaði í dag táknrænar tillögur sem eigi þá að vísa veginn um hvernig Samfylkingin mundi standa að málum ef hún mætti ráða. En mér finnst samt einhvern veginn að tillögur upp á — hvað er verið að breyta miklu hérna? Það er sjálfsagt verið að breyta tölum upp á um 10 milljarða þegar allt er tekið til, bæði plúsar og mínusar. Þó að maður skoði bara nettóáhrifin er það skattaaukning upp á ríflega 2 milljarða. Síðan eru það útgjaldatillögur langt í 3 milljarða og síðan ýmsar sparnaðartillögur. En þetta er hins vegar langt frá því

að vera tillögur um að auka afganginn um 14 milljarða. Það felst í því að þetta eru táknrænar tillögur en þó þess eðlis að vert sé að fjalla aðeins efnislega um þær líka.

Ef við reynum að einfalda þetta aðeins til að þurfa ekki að lesa upp alla þessa liði þá sýnast mér að tekjurnar vegna skattahækkana eða tillögurnar um tekjuaukningu upp á ríflega 2 milljarða gangi meira og minna út á móti útgjaldatilefnum. Ef maður skoðar þetta í samhengi við áhrifin á hagkerfið og þensluna þá er það ekki þannig að útgjaldatillögur og tekjuaukningartillögur hafi sömu áhrif á hagkerfið. Útgjaldatillögur hvort sem það er til aukningar eða til minnkunar hafa miklu meiri áhrif á þjóðarframleiðsluna og þar með þenslu eða samdrátt heldur en tillögur á tekjuhliðinni hvort sem þær eru til minnkunar eða aukningar. Samkvæmt sumum fræðimönnum getur verið allt að fimmfaldur munur þar á. Þó að þessar tölur standist nokkurn veginn á í tillögunum hafa þær alls ekki sömu áhrif á hagkerfið. Þess vegna má gera ráð fyrir að tillögurnar til útgjaldaaukningar hafi allt að fimmföld áhrif miðað við það sem tillögurnar til skattaaukningar hafa þannig að í þessum hluta er um að ræða tillögur sem auka þensluna og ganga þvert á málflutning hv. þm. Helga Hjörvars um aukið aðhald í ríkisfjármálunum til að hafa áhrif á hagþróunina.

Nettóniðurstaðan á pappírnum er sú að afgangurinn mundi aukast um 4 milljarða. Inni í því eru líka tölur sem gætu á pappírnum virst draga úr þenslunni eða ættu að hafa slík áhrif. Þegar búið er að jafna þetta út, skattatillögurnar og útgjaldatillögurnar, standa eftir tillögur sem gætu haft nettóáhrif upp á 4 milljarða.

Annars vegar er tillaga um að selja eignir utanríkisráðuneytisins erlendis fyrir 900 millj. kr. Hvaða áhrif skyldi það hafa á hagkerfið á Íslandi, að selja eignir utanríkisráðuneytisins erlendis fyrir 900 millj.? Það mundi væntanlega ... (Gripið fram í.) jú, jú, kannski hefur það engin áhrif, í besta falli hefur það engin áhrif. Ríkissjóður selur eignina erlendis og geymir peningana erlendis og borgar erlendar skuldir. Það hefur engin áhrif á þensluna innan lands. Í versta falli ef þetta væri heimildargrein og skipt yrði um ríkisstjórn einhvern tíma á miðju árinu þá gæti ný ríkisstjórn tekið peningana, komið með þá til Íslands og notað þá í aukin útgjöld ef þannig stæði á. (Gripið fram í.) Þessi tillaga upp á tæpan milljarð hefur í besta falli engin áhrif á hagþróunina, í versta falli eykur hún þensluna.

Hins vegar er tillaga um að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta frá fyrra ári um 3 milljarða kr. Hv. þingmenn hafa talað um að alla jafna sé verið að færa 20 milljarða fjárheimildir milli ára og (Gripið fram í.) vitna til ársins 2003 og ársins 2004. Auðvitað er þetta misjafnt á milli ára og ég vitna til skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2004, um tilfærslur frá árinu 2004 yfir á árið 2005. Það er óljóst hver þessi staða verður árið 2005 og árið 2006 en hv. þingmönnum hefur láðst að gera grein fyrir því, ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir því að af þeim 20 milljörðum er hluti mínustala og hluti plústala. Afgangsheimildir á árinu 2004 sem fluttar voru yfir á árið 2005 sem þá var hægt að nota voru rétt ríflega 5 milljarðar. Þegar við skoðum töluna 3 milljarða verðum við að skoða hana í samhengi við 5 milljarða en ekki í samhengi við 20 milljarða. Þá fer maður að velta því fyrir sér að ef þetta yrði eitthvað svipað, vonandi minna, við skulum vona að jákvæð þróun verði, hvað það væri sem gæti staðið út af á árinu 2005 sem yrði þá að hætta við á árinu 2006 af heimildum sem búið er að veita og fyrirsjáanlegt væri að hægt væri að nota á árinu 2006, þ.e. sem búið er að veita á árinu 2005 og yrði flutt á milli.

Eins nákvæmt og maður getur vitað eru það aðallega þrír liðir sem tillaga hv. þingmanna Samfylkingarinnar snertir. Það eru vegaframkvæmdir, það eru menningarhús á landsbyggðinni og það er þróunaraðstoð. Þarna sjáum við hvað það er sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar vilja leggja fram til að vega upp á móti þensluaukningunni í útgjaldatillögunum því að skattahækkunartillögur þeirra vega ekki þar upp á móti. Það eru niðurskurðartillögur upp á 3 milljarða í vegagerð, menningarhúsum á landsbyggðinni og þróunaraðstoð. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar vilja að þetta verði skorið niður til að standa undir útgjaldaaukningunni og þenslunni sem þeir eru að skapa og leggja til með tillögum sínum.

Hæstv. forseti. Þetta heita táknrænar tillögur og hljóta því að vera til marks um hvernig staðið yrði að málum ef Samfylkingin fengi að ráða. Skorið yrði niður í vegamálum, menningarhúsum á landsbyggðinni og þróunaraðstoð.

Hv. þm. Helgi Hjörvar og reyndar fleiri hafa farið orðum um stöðu ríkissjóðs og þróun ríkisfjármálanna undanfarin ár og hafa verið að bera þar saman epli og appelsínur sem er náttúrlega mjög algengt í þessari umræðu. Fyrir menn sem ekki þekkja í sundur epli og appelsínur og komnir eru á þennan aldur er afskaplega erfitt að reyna að kenna þeim það. En fyrir aðra sem vilja reyna að glöggva sig á þessu og komast í gegnum þá þoku sem hv. þingmenn eru að reyna að skapa með þessum samanburði sínum er langsamlega einfaldast að skoða skuldastöðu ríkissjóðs og vaxtagjöld ríkissjóðs. Þróun og staða ríkisfjármálanna endurspeglast best í þeim tölum og þarf ekki frekari vitnanna við að staða ríkissjóðs er sterk og hún hefur farið mjög batnandi á undanförnum árum. Er það að þakka öruggri fjármálastjórn hæstv. ríkisstjórnar en ekki tillöguflutningi frá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar.

[17:04]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Að mörgu leyti var ánægjulegt að hlýða á ræðu hæstv. fjármálaráðherra. Það er augljóst að hæstv. ráðherra kemur hér fullur áhuga í þetta nýja ráðherraembætti og kynnir sér hlutina og heldur sig býsna málefnalega í umræðunni og er það þakkarvert. Það sem hins vegar var athyglisverðast, og ég bjóst nú við að hann mundi nota meginhluta ræðu sinnar í, var að ræða um það hvernig við notum fjárlögin til að hafa áhrif á efnahagsmálin, hvernig fjárlögin eru hjá okkur t.d. í samanburði við önnur lönd, hvaða virðingu við berum fyrir fjárlögunum. Ég átti von á því að hæstv. ráðherra mundi leggja fyrst og fremst út af því að nú væru breyttir tímar fram undan, að nú ætti að líta á fjárlög eins og önnur lög. Ég hélt að hann mundi nýta tækifærið til þess þegar við bendum á tilfærslurnar og það að auðvitað er ekki í lagi að færa um 20 milljarða (Forseti hringir.) á milli ára eins og bent hefur verið á. (Forseti

hringir.) Það segir okkur eingöngu, því miður, að fjárlögin segja (Forseti hringir.) ekki það sem þau eiga að segja um stöðuna í ríkisfjármálum.

[17:05]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átti um nákvæmlega þetta mál mjög athyglisverðar umræður við núverandi hæstv. forseta ekki alls fyrir löngu sem hv. þingmaður hefur greinilega misst af. En það er ljóst að fylgja þarf fjárlögunum vel eftir og það hefur verið gert. En það er þannig á bestu bæjum að yfirleitt má úr ýmsu bæta og svo er á þessum bæ eins og öðrum. Það kannast alveg örugglega allir við það í hæstv. ríkisstjórn og við munum leitast við, eins og við höfum gert á undanförnum árum, að bæta ríkisfjármálin og ef við verðum eins dugleg og við höfum verið að undanförnu mun það auðvitað leiða til þess að í framtíðinni verður staða ríkissjóðs enn betri en hún er í dag.

[17:06]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Vonandi fær hæstv. ráðherra þá ósk sína uppfyllta að staða ríkissjóðs verði enn betri. Mér heyrist sem betur fer að hæstv. ráðherra vilji reyna að stíga skref í þá átt að fjárlög verði eins og önnur lög, þ.e. að það verði eftir þeim farið nákvæmlega og þau segi okkur nákvæmlega hver staðan er.

Það var t.d. býsna athyglisvert þegar hæstv. ráðherra fór yfir stærstu liðina sem færðir eru yfir, þ.e. plúsmegin yfir áramót, vegna þess að þetta eru upplýsingar sem við höfum m.a. verið að biðja um að fá. Við höfum beðið um stöðu stofnana og hverjar þær yrðu væntanlega um næstu áramót þannig að við vissum í raun hvað fjárlögin væru að segja okkur um rekstur þessara stofnana. Þessar upplýsingar hafa því miður ekki legið fyrir.

En ég vona, í anda þess sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan, að við megum búast við því að strax á næsta hausti og kannski, ef vel verður að verki staðið, fyrir 3. umr. fjárlaga að fá þessar upplýsingar þannig að hægt sé að átta sig á því hvaða fjárlög við erum að samþykkja, þ.e. inn í hvaða mynd við erum að fara á komandi ári.

[17:07]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Það er ánægjulegt að hv. þingmaður tekur jákvætt í mín svör og minn vilja og gott er að eiga von á góðu samstarfi.

En þær tölur sem ég fór með hérna eru svona í meginatriðum byggðar á reynslutölum. Ég geri ráð fyrir að hann ætti að geta séð þær bæði út úr ríkisreikningnum og eins út úr tölum úr skýrslu Ríkisendurskoðunar. (Gripið fram í.) Það er alls ekki þannig að verið sé að fela neinar upplýsingar fyrir hv. þingmönnum, hvað þá heilli hv. nefnd eins og fjárlaganefndinni.

[17:08]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ræða hæstv. fjármálaráðherra olli mér nokkrum vonbrigðum. Ég hefði talið eðlilegt að hann velti fyrir sér raunverulegum tekjugrunni ríkissjóðs. Eina spurningin í framsögu minni laut að því hvort hæstv. fjármálaráðherra gæti svarað því hverjar tekjur ríkissjóðs væru nú ef viðskipti við útlönd væru í jafnvægi. Tekjurnar sem núna halast inn gera það vegna viðskiptahalla, vegna þenslu, viðskiptahalla sem við viljum væntanlega ekki hafa. Eða er það hugmynd ráðherrans að reka ríkissjóð á viðskiptahalla? Hverjar væru tekjur ríkissjóðs nú ef viðskipti væru í jafnvægi og eðlilegt ástand í efnahagslífinu? (Forseti hringir.) Ég hef áhyggjur af stöðu ríkissjóðs, frú forseti.

[17:09]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég man nú ekki þessar tölur en ég held að ég hafi örugglega verið með þær í framsöguræðu með fjárlagafrumvarpinu. Ég held meira að segja að ég hafi kynnt þær á fundi með hv. þingmanni þegar fjárlagafrumvarpið var kynnt fyrir hv. fjárlaganefnd, að þá hafi ég kynnt þessar tölur um sveiflujöfnunina á fjárlögunum. Það er sjálfsagt að (Gripið fram í.) fara yfir þær með hv. þingmanni. Ég er bara ekki með þær hérna eins og er.

[17:10]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Um þetta snúast ríkisfjármálin, um það hver sé hinn raunverulegi tekjugrunnur ríkissjóðs. Þess vegna leggjumst við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs m.a. gegn þeim skattalækkunum sem ríkisstjórnin berst fyrir og koma fyrst og fremst hátekjufólki til góða. Við viljum frekar að skattaívilnanir komi lágtekjufólki til góða. Þess vegna leggjum við líka til, frú forseti, að arður og hagnaður af fjármagni umfram eðlilegan sparnað sé skattlagður meira í líkingu við launatekjur en annað.

Eins og nú horfir árið 2005 og frá er tekinn söluhagnaður af Símanum og öðrum eignum þá hygg ég að fjárhagur ríkisins sé nú bara rétt að berjast í að vera í jafnvægi þrátt fyrir allar þessar þenslutekjur. (Forseti hringir.) Ég hef áhyggjur af því ef hæstv. fjármálaráðherra hefði ekki áhyggjur af tekjugrunni ríkissjóðs til framtíðar (Forseti hringir.) ef viðskiptin væru á eðlilegum grunni.

[17:11]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Ég held að það væri nú bara nokkuð góð staða ef við værum í þeirri stöðu, sem ég held reyndar að við séum. Ég held að við séum meira að segja vel ríflega yfir því. Miðað við sveiflujöfnuð fjárlög þá erum við í plús. Ég held að það væri bara nokkuð góð og eðlileg staða fyrir ríkissjóð. (Gripið fram í.) Það er ekkert sérstakt markmið hjá ríkissjóði að safna peningum þegar hið opinbera er þannig statt, að teknu tilliti til gjaldeyrisforða Seðlabankans, að það er vel ríflega í plús. Þá er engin ástæða til þess að vera með mikla skattheimtu umfram það. Það er hins vegar (**Gripið fram í:** ... á þenslu.) reynsla undanfarinna ára og reynsla þeirra skattalækkana sem við höfum verið að gera á undanförnum árum að við það aukast skatttekjurnar þannig að tekjugrunnurinn (**Gripið fram í:** Eru það skatt...) styrkist

við það að lækka prósenturnar og tekjur ríkisins aukast. Það hefur jákvæð áhrif á hagþróunina og hagvöxtinn og er stór hluti af því sem við erum að upplifa jákvætt í okkar hagkerfi þessa dagana. (Gripið fram í.)

[17:12]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra hlý orð í minn garð og okkar í Samfylkingunni og orðin líka um tillögur okkar og treysti á stuðning hans hér við þarfar hagræðingartillögur og um hert skatteftirlit og annað það sem til framfara má horfa í ríkisrekstrinum. Eins og hæstv. ráðherra tilgreindi þá eru þessar tillögur táknrænar. Hann átti greinilega von á enn þá umfangsmeiri tillögum. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann óski hér með eftir því að Samfylkingin leggi bara fram fjárlagafrumvarp fyrir hann. Ef svo er skulum við taka þá áskorun til umfjöllunar og vita hvort við getum ekki orðið við því. Kannski á spádómur hans um að hér muni skipt um ríkisstjórn á miðju næsta ári sér einhverja stoð í reynsluheimi ráðherrans. Það voru óneitanlega orð sem vöktu athygli að hann taldi ástæðu til að gera ráð fyrir því að hér yrði skipt um ríkisstjórn á miðju næsta ári.

Óskar hæstv. fjármálaráðherra eftir því að við í Samfylkingunni semjum alveg nýtt fjárlagafrumvarp fyrir hæstv. ráðherra? Ég spyr að því.

[17:14]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er lítið að þakka hlý orð í garð hv. þingmanna Samfylkingarinnar, en í guðanna bænum ekki leggja fram fullskapað fjárlagafrumvarp, því að ef dæma má eftir þessum táknrænu tillögum þar sem skattarnir eru hækkaðir um á þriðja milljarð þá veit ég ekki við hverju við eigum að búast ef það kemur fullskapað fjárlagafrumvarp frá ykkur.

[17:14]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta hlýtur að vekja sérstaka eftirtekt. Nýr hæstv. fjármálaráðherra hallmælir hér hugmyndum um að ganga harðar fram í skatteftirliti og ná í einhverja af þeim 34 milljörðum sem skotið er undan sköttum hér í landinu á ári hverju. Hvers vegna vill nýr hæstv. fjármálaráðherra hlífa skattsvikurum hér í landinu?

Og hvað er þetta um skattalækkunartillögur okkar? Hvers vegna talar hæstv. fjármálaráðherra um lækkun matarskattsins, sem er tillaga okkar, með þessari lítilsvirðingu? Var það ekki tillaga sjálfstæðismanna líka? Og hvers vegna telur hæstv. fjármálaráðherra það vera miklu betra fyrir land og þjóð að létta mánaðarlaunum af mér og honum í skatta, hátekjumönnunum hér í salnum sem búa við auð og allsnægtir, en leggja heil mánaðarlaun í auknar álögur á lífeyrisþega og láglaunafólk? Hvers konar eiginlega stjórnmálaflokkur (Forseti hringir.) og fjármálaráðherra er það sem talar með þeim hætti um misskiptinguna í landinu?

[17:15]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Skattsvikurum skal ekki hlíft. En blekkingartillögur eins og hv. þingmaður Helgi Hjörvar kynnir fyrir okkur og leggur til grundvallar því að leggja fram heil og fullsköpuð fjárlög eru ekki það sem við þurfum á að halda.

Hið táknræna í þessu er að Samfylkingin vill auka skattheimtuna. Hún vill meiri peninga til að geta eytt meira. Það er ekkert sem við þurfum minna á að halda en að auka útgjöldin til að auka enn á þensluna. Það skiptir máli í þessu sambandi, að við höldum útgjöldunum í skefjum, ekki það að við aukum þau. Það er þvert á málflutning hv. þingmanns bæði við 1. umr. og hér í dag að hvetja til aukinna útgjalda. En samt gerir hann það og vill síðan skýla sér á bak við blekkingartillögur hvað varðar skattsvikin. Við höfum séð slíka hluti áður hér á hv. Alþingi.

[17:16]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti getur ekki veitt hv. þingmanni orðið til að bera af sér sakir. (Gripið fram í.) Forseti hlýddi grannt á ræðu hæstv. fjármálaráðherra og getur ekki séð tilefni til að veita hv. þingmanni orðið til að bera af sér sakir. Það er ekki hægt að halda þannig á málum í forsetastól að leyfa þingmönnum að bera af sér sakir og halda áfram umræðu um það umræðuefni sem hér er á dagskrá eftir að andsvörum er lokið.

[17:17]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að menn hafa upplifað ræðu hæstv. fjármálaráðherra hver á sinn hátt. Hér hafa menn ýmist fagnað ræðunni eða lýst yfir miklum vonbrigðum. Ég vil leyfa mér að segja að mér fannst hún heldur kostuleg. Mér fannst hún heldur kostuleg ræðan sem hæstv. ráðherra flutti áðan í umræðum um fjárlög ríkisins, fjárlagafrumvarp sem hæstv. ráðherra lagði sjálfur fram.

Hann eyddi öllum tíma sínum í ræðustól við að fjalla um tillögur Samfylkingarinnar og áhrif þeirra á hagkerfi og þensluna. Um er að ræða tillögur sem hafa nettóáhrif upp á 1% eða svo á fjárlagafrumvarpið og hæstv. fjármálaráðherra eyddi öllum sínum tíma í að ræða hvílík áhrif það hefði á hagkerfið, þenslu og annað slíkt. Það er kostulegt að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekki eiga annað erindi í ræðustól en að segja það sem hann sagði áðan. (Forseti hringir.) Ég held að það verði langt í að önnur eins ræða verði flutt á þinginu.

[17:18]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alltaf mjög gott að hafa hv. þingmann Lúðvík Bergvinsson í salnum til að hlýða á ræðurnar og koma síðan upp á eftir eins og Bjarni Fel. og lýsa því síðan hvernig ræðumenn stóðu sig, gefa þeim einkunnir eins og þetta sé enski boltinn, enda hv. þingmaður vanur í þeim bransa.

Ég heyrði ekki nein efnisatriði í hans andsvari önnur en að hann lýsti ræðu minni frá sínum sjónarhóli. Hann verður bara að fá að hafa þá skoðun fyrir sig.

[17:19]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá að hafa mína skoðun út af fyrir mig og er ánægður með það. En ég vil halda aðeins áfram með þá umræðu sem hér fór fram áðan, þ.e. þær hugmyndir sem Samfylkingin hefur lagt fram.

Það er rétt hjá hv. þingmanni Helga Hjörvar að hér eru fyrst og fremst um að ræða táknrænar tillögur. Þær breyta fjárlagafrumvarpinu ekki mikið, nettóáhrifin eru um það bil 1% eða svo. En hér er fyrst og fremst lögð áhersla á mál sem við viljum leggja áherslu á, þ.e. velferðarmál, byggðamál og menntunarmál. Þetta viljum við leggja áherslu á og við sýnum það á táknrænan hátt. En við tókum þá meðvituðu ákvörðun að jafnvel þótt full ástæða hefði verið til að endurskrifa fjárlagafrumvarpið þá gerðum við það ekki.

Mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Í ljósi þess afgangs sem nú er gert ráð fyrir, heldur hæstv. fjármálaráðherra því fram að sá afgangur dugi til að slá á gengisþróun (Forseti hringir.) undanfarinna missira?

[17:20]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hv. þingmaður nefndi þrjá málaflokka sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar vildu leggja áherslu á. Það vill einmitt þannig til að í þessu frumvarpi er sérstaklega lögð áhersla á þessa málaflokka. Það ber því ekkert gríðarlega mikið á milli. En eins og hann sagði sjálfur eitthvað um 1% af fjárlögunum miðað við táknrænar tillögur Samfylkingarinnar.

Varðandi spurningar hv. þingmanns um tekjujöfnuð og áhrif á hagþróunina þá held ég að sú staða sem nú er uppi, við 2. umr., styrki mjög þá skoðun að sú þróun muni ganga eftir sem fjármálaráðuneytið spáir í efnahagsspá sinni. Mér sýnist þróun síðustu vikna að öðru leyti styðja mjög við að sú spá gangi eftir.

[17:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það ber vel í veiði að halda áfram umræðunum sem hófust í framhaldi af ræðu hæstv. fjármálaráðherra. Ég fagna því að hæstv. forsætisráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eru viðstaddir. Mig langar fyrst að ræða nokkuð almennt um aðstæður, efnahagslegt bakland þessa fjárlagafrumvarps og horfurnar á næsta ári og síðan ræða einstök efnisatriði fjarlagafrumvarpsins og breytingartillögur sem því tengjast.

Það er út af fyrir sig ljóst að það er gaman að vera fjármálaráðherra á Íslandi, í þeim skilningi að mikil veltiár hafa gengið yfir þjóðarbúið og mokað miklum tekjum í ríkissjóð. Skárra væri það, þegar þjóðarbúið er rekið ár eftir ár með bullandi viðskiptahalla og innflutningi sem nemur á annað hundrað milljarða króna í ár, sem er umfram það sem tekjur af útflutningi vöru og þjónustu skila. Af þessu hefur ríkið miklar tekjur og sömuleiðis af þenslunni í þjóðarbúinu almennt, launaskriði og öðru slíku sem og fjárfestingum og framkvæmdum. Allt ber þar að sama brunni. Inn í kassann koma heilmiklar tekjur en það breytir hins vegar engu um það, ef þessir hlutir væru núllstilltir eða afkoma ríkissjóðs sveiflujöfnuð, að myndin yrði ekkert sérstaklega glæsileg þegar skoðuð eru t.d. tvö síðustu ár, yfirstandandi og síðasta ár. Samkvæmt mati Seðlabankans er halli á síðasta ári upp á hálft prósent af landsframleiðslu, þegar afkoma ríkissjóðs hefur verið sveiflujöfnuð. Afkoman á þessu ári, sem á að heita að geti orðið upp undir 2% í afgang, lækkar um minnsta kosti hálft prósent þegar sams konar aðferðum er beitt til að miða afkomu ríkissjóðs við ástandið.

Þetta má allt saman lesa í ritum og á ekki að þurfa að deila um það því að færustu sérfræðingar liggja yfir því að reikna þetta út og meta þetta. Það er góðra gjalda vert að hæstv. fjármálaráðherra fari yfir breytingartillögur stjórnarandstöðunnar. Ég kveinka mér ekkert undan því að fjármálaráðherra biðji um rök og hafi skoðanir á því sem þar er lagt fram. En hæstv. fjármálaráðherra verður náttúrulega líka að rökstyðja eigin framgöngu. Hann ætti kannski fyrst og fremst, að minnsta kosti ekki síður, að nota tíma sinn í að ræða og fara í gegnum aðstæðurnar eins og þær blasa við í efnahagsmálunum.

Fram undan er hallarekstur á ríkissjóði, verulegur hallarekstur á ríkissjóði. Sá halli varir ekki bara í eitt ár á meðan hagkerfið aðlagar sig heldur er mat manna, m.a. sjálfs fjármálaráðherra, að ríkissjóður verði rekinn með halla á árunum 2007–2009, ef ég hef tekið rétt eftir. Sá halli er talinn geta orðið umtalsverður, svo nemur kannski frá 0,5% og upp í 2–2,5% af landsframleiðslu. Það munar um það.

Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar, sem eiga að koma að fullu til framkvæmda á árinu 2007, þ.e. eftir rétt rúmlega eitt ár eiga þær að ganga í gildi að fullu, eru uppreiknaðar að nálgast um 30 milljarða kr. Þær eru a.m.k. ekki mikið undir því. Niðurstöðutölur fjárlaga núna losa 300 milljarða kr. Við erum þannig að tala um upp undir 10% lækkun á tekjugrundvelli ríkissjóðs, hinum föstu stöðugu tekjustofnum, miðað við veltuna eins og hún er núna. Það munar um minna. Það mun sérstaklega muna um það þegar hagsveiflan snýst við og afkoma ríkissjóðs verður jafnbágborin og jafnmikið í hina áttina vegna samdráttar í innflutningi og snarminnkandi veltu í þjóðarbúskapnum, eins og henni hefur verið slegið upp að undanförnu. Það er nefnilega nákvæmlega jafnerfitt og leiðinlegt að vera fjármálaráðherra þegar menn eru á leiðinni niður brekkuna, niður af bungu hagsveiflunnar eða kúrfunnar, eins og það er gaman að ríða upp á hana.

Mér finnst mikil léttúð á ferðum þegar menn ræða um að fram undan sé umtalsverður hallarekstur á ríkissjóði. Engu að síður telja menn sig þess umkomna og bæra að ganga frá og jafnvel lögfesta langt fram í tímann gríðarlegar skattalækkanir. Hvernig ætla menn að koma hlutum saman og hvað ætla þeir að gera á árinu 2007 og á árinu 2008? Vonandi verður ekki við þá menn að eiga sem nú véla þar um. En það er ástæða til að spyrja þá um stefnu þeirra í þeim efnum ef svo hrapallega skyldi takast til að við sætum uppi með sömu ríkisstjórn eða að einhverju leyti svipaða ríkisstjórn, þ.e. ef annar hvor stjórnarflokkurinn yrði áfram við völd á næsta kjörtímabili. Á þá að reka ríkissjóð með halla svo nemur kannski 30–40 milljörðum kr., t.d. á árinu 2008? Eða á að skera niður sem því nemur? Getur hugsast að Sjálfstæðisflokkurinn leggi þetta þannig niður fyrir sér: Aha, nú erum við í góðum málum. Við dúndrum niður sköttunum í góðærinu og menn taka minna eftir því vegna

þess að veltutekjurnar flæða inn í ríkissjóð og þetta lítur ágætlega út. Við þurfum ekkert að skera niður. En þegar syrtir í álinn erum við með borðleggjandi stöðu til að krefjast niðurskurðar. Þá komum við og segjum: Ríkissjóður á ekki fyrir þessu. Þetta er of dýrt. Við verðum að skera niður.

Getur hugsast að þetta hafi læðst að einum og einum hægri manni, að nota sér þetta svona? Er það sérlega ábyrgt að sæta færis, kannski á þeim einu til tveimur árum er hagsveiflan færir sjálfkrafa mestar tekjur í ríkissjóð, með grenjandi viðskiptahalli á öðrum þáttum, sem eru í sjálfu sér mikið veikleikamerki í hagkerfinu? En tímabundið kemur það þannig út fyrir ríkissjóð að hagur hans vænkast. Er þá ábyrgt að stökkva til, skera niður traustu, stöðugu tekjustofnana og skilja þann hausverk eftir handa mönnum að glíma við á komandi árum? Hvernig á að takast á við vandann þegar hann gengur í garð? Hann mun ganga í garð.

Það er algjörlega óumflýjanlegt að íslenska hagkerfið lendi í harkalegri niðursveiflu á komandi árum. Núverandi rekstur þess fær ekki staðist í nokkru tilliti. Það fær ekki staðist, hversu mikið sem hæstv. ráðherrar jarma um góðæri, að reka íslenska þjóðarbúið með 10–14% viðskiptahalla á ári miðað við landsframleiðslu og sambærilega skuldasöfnun. Hvert þjóðfélag eða ríki, sem á að heita sjálfstæð efnahagsleg eining, sem þannig hegðar sér til langs tíma endar bara á einn veg. Það fer á hausinn, lóðbeint á hausinn.

Það er satt best að segja merkilegt hversu lítið er gert af því á Íslandi að ræða það af einhverri yfirvegun. Burt séð frá pólitík, hvernig ætla menn að hafa þetta, hvernig ætla menn að takast á við þetta? Það stendur upp úr hverjum manni sem þetta skoðar að jafnvægisleysið er slíkt í þessum rekstri að það fær ekki staðist nema til mjög skamms tíma og getur ekkert endað nema mjög illa ef svo heldur sem horfir.

Hvað halda menn að þetta gangi lengi með t.d. óbreyttu lánshæfismati hjá Íslandi ef viðskiptahallinn er af stærðargráðunni 10–14% af landsframleiðslu á ári? Skuldasöfnunin er frá 100 og upp í 140 milljarðar á ári. Ef svo heldur sem horfir, og þó þetta verði nú ekki verra en spár fjármálaráðuneytisins sjálfs kveða á um, verður uppsafnaður viðskiptahalli áranna 2003–2010 500 milljarðar kr., hátt í tvenn fjárlög sem bætast ofan á skuldir þjóðarbúsins af þeim sökum. Halda menn að það taki ekki í og halda menn að það fari ekki fyrr en síðar að hafa veruleg áhrif á t.d. lánshæfismat þjóðarinnar? Jú, auðvitað.

Alltsvo, viðskiptahallinn í ár er Íslandsmet, hvort sem við tökum varkárari áætlun fjármálaráðuneytisins upp á 13,3% landsframleiðslu eða spár bankanna sem eru yfirleitt upp á 14%, skiptir kannski ekki öllu máli hvort þetta verða 130 milljarðar rúmir eða 140, þetta er Íslandsmet. Síðasti mánuður var Íslandsmet. Aldrei áður í viðskiptasögu Íslands hefur verið annar eins viðskiptahalli og í síðasta mánuði þannig að þetta er nú ekki mikið að lagast, alla vega ekki enn þá.

Hvernig eru spárnar núna? Í glænýrri frétt, spá Íslandsbanka tekinni út af vefnum núna rétt áðan, segir greiningardeildin — það væri nú fróðlegt að hæstv. forsætisráðherra hlustaði á þetta, kannski á hann eftir að blanda sér í umræðurnar og fara yfir það með okkur hvernig hann sér þessar horfur fyrir sér.

Greiningardeild Íslandsbanka segir:

„Gengi krónunnar er hærra um þessar mundir en fær staðist til lengdar en ójafnvægi hagkerfisins er mikið," — þarna tala þeir að vísu um viðskiptahalla upp á um 13% af landsframleiðslu — „og það er gríðarlegur halli í sögulegu ljósi og alþjóðlegum samanburði. Teljum við," segja þeir góðu menn, „að gengisvísitala krónunnar þurfi að fara í um 130–135 stig til að ná fram þeirri raungengislækkun sem stuðlar að jafnvægi í utanríkisviðskiptum landsins."

Það er nú ekki lítið sem menn eru að tala um, að gengisvísitalan þurfi að fara úr þessum rétt liðlega 100 sem hún er í upp í 135 og gengi krónunnar veikjast sem því nemur. Gerist það nú allt saman á örfáum mánuðum, halda menn að það hafi ekki einhverjar afleiðingar með nokkurn veginn sambærilegri hækkun á innfluttu verðlagi? Jú, ég hugsa að það komi eitthvað við, ég hugsa að það hvíni eitthvað í. Ætli það gæti þá ekki komið dálítið hressilegt verðbólguskot?

Seðlabankinn segir í síðasta hefti Peningamála, það er best að lesa þetta svolítið yfir mönnum, frú forseti, því að það er eins og það þurfi að endurtaka þessa vísu nokkuð. Það hefur satt best að segja merkilega lítið verið rætt um þetta í dag nema í hálfgerðum símskeyta- svo ég segi nú ekki skætingsstíl. Mér finnst satt best að segja að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi oft haldið betri ræður en þá sem hann flutti hér í dag. Ég held að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ætti sem stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar að vera mjög hógvær og ekki fara fram með miklum derringi, ráðast á stjórnarandstöðuna eins og hún sé aðalvandamálið, belgja sig sjálfur út af því að hann hafi varað við þessu mörg undanfarin ár og aðalóráðsían sé launaþróunin í landinu. Maður, líttu þér nær, segi ég nú bara. Er þetta ekki sami hv. þingmaðurinn og hefur stutt stóriðjuæði ríkisstjórnarinnar, stutt skattalækkanirnar og ber alveg nákvæmlega sömu pólitísku ábyrgð á efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar og hver annar stjórnarþingmaður sem ekki segir sig þá opinberlega frá því að vera aðili að þessum þætti mála?

Það þýðir ekkert að skamma Seðlabankann, ætla að skjóta sendiboða hinna válegu tíðinda eða eina aðilann sem er eitthvað að reyna að hafa heimil á þessu.

Í Peningamálum segir t.d. um þessi meginatriði, frú forseti:

„Ójafnvægi í þjóðarbúskapnum hefur aukist frá því að Peningamál komu síðast út" — það var í júní sl. — „og er það meira um þessar mundir en um langt skeið. Aðstæður í þjóðarbúskapnum nú eru að ýmsu leyti áþekkar þeim sem ríktu á árunum 1999–2000. Töluverðar sviptingar fylgdu í kjölfarið þegar efnahagslífið leitaði jafnvægis á ný á árunum 2001 og 2002. Ójafnvægið er jafnvel meira nú, viðskiptahallinn meiri, raungengið hærra, íbúðaverð langt yfir langtímajafnvægi og skuldsetning heimila, fyrirtækja og þjóðarbúskaparins í heild töluvert meiri."

Það er nefnilega það. Staðan hefur versnað allverulega bara frá árunum 1999–2000, á þessum hálfa áratug hefur staðan versnað allverulega. Hún er verri í dag vegna þess að ójafnvægið er meira, vegna þess að viðskiptahallinn slær enn þá verr út og vegna þess að skuldsetningin hefur aukist

gríðarlega á þessum stutta tíma, alveg ískyggilega.

Síðan fjallar Seðlabankinn um að það séu mikil vonbrigði að þrátt fyrir hina miklu hækkun stýrivaxta séu verðbólguhorfur enn óviðunandi til næstu tveggja ára og bætir við, með leyfi forseta: „... einkum þegar einnig er tekið tillit til þeirrar verðbólguhættu sem fólgin er í mögulegri lækkun gengis krónunnar."

Og nú hefur einn mjög alvarlegur verðbólguþáttur bæst þar við sem menn eru svona rétt farnir að átta sig á og greina en er ekki orsök vandans. Það er mikill misskilningur þegar menn í vandræðum sínum, eins og þingmenn Framsóknarflokksins og hæstv. ráðherra iðnaðar- og viðskiptamála, líklega í fyrradag, grípa til þess að reyna að útskýra vandann með útgáfu erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum. Það er ekki orsök þessa vanda. Það er afleiðing af því ástandi sem hér er orðið og hófst ekki að ráði fyrr en á haustdögum. En það er auðvitað alveg augljóst mál að þetta hefur þau áhrif að gengisútslagið getur orðið miklu meira.

Hvað segir Íslandsbanki í greiningardeildinni um þetta mál? Jú, þeir segja að í framhaldi af þessu með að gengisvísitalan þurfi að fara upp í 135 stig til að ná jafnvægi, hún þarf sem sagt að hækka um upp undir 35 punkta, og krónan veikjast að sama skapi:

„Óvissan er aðallega fólgin í tímasetningu á slíkri leiðréttingu. Gengislækkun hefst líklega ekki fyrr en á síðari hluta næsta árs þegar menn telja sig loks sjá fram á vaxtalækkun Seðlabankans vegna minnkandi þenslu fram undan."

Það er nefnilega það, það eru níu mánuðir eftir. Þeir verða glaðir að heyra þetta í ferðaþjónustunni og sjávarútveginum, þeir eiga eitt tekjuár eftir á sömu kjörum. Stór hluti erlendu skuldabréfaútgáfunnar í krónum er jafnframt á gjalddaga á síðari hluta næsta árs og fræðilega ætti það að stuðla að gengislækkun krónunnar fyrir þann tíma.

Reyndar segja svo þeir í Íslandsbanka að þeir spái því að gengi krónunnar gæti hæglega styrkst enn á næstunni og ójafnvægið í hagkerfinu aukist enn áður en til leiðréttingar kemur, t.d. ef Seðlabankinn hækkar stýrivexti sína umfram væntingar eða ef erlend útgáfa skuldabréfa í krónum eykst meir en vænst er og þá má síðan aftur reikna með enn frekari gengislækkun. Með öðrum orðum ef þetta ástand á enn eftir að versna, Seðlabankinn hækkar vexti, gengið styrkist, erlendir aðilar auka útgáfu skuldabréfa á skammtímakjörum þannig að þau eru t.d. með gjalddaga aftur eftir eitt eða eitt og hálft ár, þá versnar ástandið að sama skapi enn meir þegar aðlögunin hefst og útslagið verður meira.

Það er athyglisvert, frú forseti, að — það væri nú ágætt ef þessi fundur í hliðarsalnum tæki senn enda. Ég hef nefnilega áhuga á því að leggja eina spurningu enn fyrir hæstv. forsætisráðherra til viðbótar þeirri sem ég gerði áðan. Ég vildi gjarnan heyra hvernig forsætisráðherra metur þessar aðstæður — ef við gætum nú kannski einu sinni gert tilraun til þess að eiga hér málefnaleg skoðanaskipti um þetta. Ég skal þá reyna að passa mig alveg sérstaklega að nefna ekkert sem er viðkvæmt fyrir hæstv. ráðherra.

En hvert var hæstv. forsætisráðherra að fara, frú forseti? (**Forsrh.:** Það er ekkert viðkvæmt fyrir mig.) Jú, sumir hlutir hafa nú reynst mjög viðkvæmir. (**Forsrh.:** Nei, nei, nei.) Hvert var hæstv. forsætisráðherra að fara í ræðu sinni á fundi Framsóknarflokksins? Nú er það að sjálfsögðu hans mál almennt talað hvað hann segir þar við sitt fólk og síðastur manna ætla ég að reyna að blanda mér í það. (**Forsrh.:** En samt.) En hæstv. forsætisráðherra er samt forsætisráðherra þó að hann sé líka formaður Framsóknarflokksins og hann er yfirmaður Seðlabankans.

Var hæstv. forsætisráðherra að reyna að segja Seðlabankanum fyrir verkum í ræðu sinni á flokksstjórnarfundi eða miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins eða hvað það nú var sem haldinn var núna á dögunum? Ég hjó mjög eftir því að hæstv. forsætisráðherra lagði lykkju á leið sína í ræðunni til að útlista að það væri engin ástæða fyrir Seðlabankann að hækka stýrivexti og fór um það mörgum orðum hversu vitlaust það væri að halda áfram á þeirri braut.

En er það ekki þannig að Seðlabankinn er sjálfstæður og er það ekki þannig að ekki er ætlast til að menn segi honum fyrir verkum eða stjórni honum? Ég hélt að andi nýju laganna um Seðlabankann væri sá. Eða er ríkisstjórnin búin að ná einhverju samkomulagi eða samráði við Seðlabankann um hvernig siglt verði í gegnum þennan brimskafl? Eða á bara að pína Seðlabankann til þess að sveigja af leið og hækka ekki stýrivextina með fyrirmælum af þessu tagi utan úr bæ án þess að neitt annað liggi fyrir? Er ríkisstjórnin með eitthvert prógramm í gangi sem hún getur þá rætt um við Seðlabankann þannig að menn hafi trú á því að hægt sé að ná tökum á ástandinu og Seðlabankinn megi sem sagt draga að sér hendur hvað þetta varðar? Stendur til að fara að einhverjum af þeim ráðum, einhverjum af þeim uppástungum sem komið hafa fram úr mismunandi áttum á undanförnum mánuðum, einu til tveimur missirum, frá ráðgjafastofnunum, frá nefndum sem ríkisstjórnin hefur sjálf skipað, svo að maður minnist nú ekki á stjórnarandstöðuna, en a.m.k. hluti hennar hefur verið að reyna að leggja eitthvað til? Kemur það til álita að slá af einhverju af skattalækkununum?

Það hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lagt til, það hefur OECD lagt til, upp á því stakk nefnd sjávarútvegsráðherra fyrrverandi um hágengi. Kemur til greina að slá á væntingarnar sem vaka um að í beinu framhaldi af núverandi og yfirstandandi stóriðjuframkvæmdum fari ein, tvær, þrjár aðrar af stað? Ræður ríkisstjórnin við það eða ræður hún ekki við það? Er Sjálfstæðisflokkurinn fangi álstefnu Framsóknarflokksins? Verða menn bara að láta sig hafa það að þetta gangi allt fram?

Eru mögulegar einhverjar aðgerðir af því tagi að styrkja verulega gjaldeyrisvaraforðann og eftir atvikum eigið fé Seðlabankans í leiðinni? Þær hugmyndir hafa komið fram. Formaður LÍÚ lagði til að reynt yrði að vinna gegn styrkingu á gengi krónunnar og undirbúa aðlögunina með því að setja stóra fjármuni, ígildi söluandvirðis Landssímans, í gjaldeyriskaup og þann gjaldeyri ættu menn þá og þau kaup mundu væntanlega hafa einhver áhrif á gjaldeyrismarkaðinn þó að hann sé að vísu að sumra sögn í raun og veru hreinn spákaupmennskumarkaður í dag og lítt tengdur við raunverulegar efnahagsaðstæður í landinu. Kemur eitthvað af þessu tagi til greina?

Kæmi til greina að fara yfir eiginfjármörk og lágmörk og útlánaflokkun fjármálastofnananna og fara þar inn með

stífari kröfur? Bankarnir eru vissulega sjálfir aðeins að byrja að reyna að bjarga sér í land með því að herða á skilmálum útlána. Það fer kannski ekki mjög hátt því að þeim er eins og fleirum viðkvæmt að þurfa að viðurkenna að þeir hafi farið offari. En þeir hafa sumir þó mannað sig upp í t.d. að lækka útlánahlutföllin í fasteignalánunum. Landsbankinn á að mínu mati heiður skilinn fyrir að vera ekkert að pukrast með að það var ekki um annað að ræða en reyna að fara að vinda ofan af þessu. Hvar er ríkisstjórnin á þeim báti? Er hún tilbúin til að reyna að taka þátt í einhverjum aðgerðum af þessu tagi sem geta haft þarna heillavænleg áhrif?

Það hlýtur að vera hægt að ræða þetta svona. Þurfum við að standa hér og rífast um hvort eitthvað sé að, þurfum við þess? Blasir það ekki við hverjum manni? Hvað þarf maður að lesa oft upp úr þessu eða taka menn ekkert mark á þessu? Er Seðlabankinn algjörlega úti að aka í þessu þegar hann í skýrslu eftir skýrslu, ársfjórðungslega hið minnsta, fer yfir þetta og bætir heldur í orðalagið? Í júní bætti hann í orðalagið frá því í febrúar, í september bætti hann í orðalagið frá því í júní o.s.frv. Og hvað kemur núna 1. desember nk.? Það verður fróðlegt að sjá það og auðvitað fróðlegt hvort húsbóndaskiptin þar hafa haft einhver áhrif. (Gripið fram í.)

Já, eiginlega á hvaða mælikvarða sem þetta er metið og reiknað þá er ástæða til að hafa áhyggjur, því miður. Það er í raun og veru aðeins þetta eina ljós í myrkrinu sem er sjálfgefið og það er að ríkissjóður hefur auðvitað bætt stöðu sína. Það er vissulega alveg hárrétt enda þreytast þeir ekki á því stjórnarliðarnir að tala um það. Og ég segi bara: Skárra væri það nú. Skárra væri það nú þó að ríkissjóður hefði lagað stöðu sína og greitt niður skuldir þegar tvennt er haft í huga alveg sérstaklega, að hann hefur notið gríðarlega góðs af veltitekjunum, fær inn miklar tekjur af viðskiptahallanum og hann hefur selt gríðarlegar eignir. Það er gott að ríkissjóður standi vel því að það mun mæða mikið á honum næstu árin. Það er óumflýjanlegt, enda áætlanir uppi um að hann verði rekinn með halla, verulegum halla strax á öðru ári héðan í frá og síðan kannski tvö til þrjú ár þar í frá a.m.k.

Ég held þó, frú forseti, að það alvarlegasta af öllu því sem við okkur blasir séu tölurnar um erlendar skuldir. Kannski eru þær þannig að fólk almennt áttar sig ekki á hvað hefur gerst í þeim efnum. Ef við tökum bráttóskuldirnar þá er þar auðvitað um einfaldar tölur að ræða og þá hlaupa menn hér í stólinn, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal, og tala um eignamyndunina á móti. Við skulum bara sleppa því. Við skulum bara tala um hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins eins og þær eru þegar eignamyndun er öllsömul dregin frá. Þá er þetta þannig að hreinar erlendar skuldir sem hlutfall af vergri landsframleiðslu voru rétt rúm 40% 1990. Þær fóru í 100% markið 2001. Ég man það vel að á því ári stóð ég í þessum ræðustóli og sagði: Við erum því miður á sögulegum og dapurlegum tímamótum því að hreinar erlendar skuldir eru einmitt þessa mánuðina — það var síðsumars 2001 — að fara yfir 100% markið. Þær eru orðnar meiri en heils árs verðmætasköpun þjóðarbúsins. Það var gamall mælikvarði sem manni var oft sagður hér í árdaga að þá væri vissara að fara að biðja fyrir sér ef skuldirnar væru orðnar meiri en árstekjurnar hvort sem það væri í atvinnurekstri eða heimilisbókhaldinu eða hvar það væri.

Nú eru þessar skuldir einmitt á þessum tímapunkti komnar yfir 150%. Þær eru orðnar ein og hálf landsframleiðsla þannig að hálf landsframleiðsla hefur bæst við á þessum fjórum árum. Það munar nú um minna. Og það er ekki eins og að stefni í að þessu sloti alveg á næstunni. Nei, ekki ef fjármálaráðuneytið hefur rétt fyrir sér og við rekum þjóðarbúið með halla út á við til 2010. Lengra spá menn ekki. Mér þykir ólíklegt miðað við þá tilhneigingu sem verið hefur hjá fjármálaráðuneytinu, eftir að Þjóðhagsstofnun var slegin af í geðvonsku og við höfum síðan aðallega þurft að reiða okkur á spár stjórnvalda sjálfra, að þeir séu að dekkja myndina mikið. Ætli það? Ætli þeir Geir H. Haarde og nú Árni M. Mathiesen séu mikið að sverta þetta umfram efni? Ég hef ekki trú á því. Hvar nákvæmlega kæmi þetta þá til með að liggja? Ef við segjum að það séu 100 milljarðar á þriggja ára tímabili núna sem bætast við, þá eru það 10% af landsframleiðslunni á hverju ári og síðan er spáin upp á 50 milljarða eftir það á árunum 2007–2010. Það eru samtals 20% af landsframleiðslu eins og hún er núna og þá erum við að nálgast 180–190% markið. Ekki er það falleg tilhugsun, frú forseti, að þannig verði þessu þá orðið háttað.

Ég ætla síðan aðeins að koma inn á efnahagsástandið að öðru leyti og vona að hæstv. forsætisráðherra heiðri okkur með þátttöku í umræðunni og ræði lítillega við okkur um þá hluti. Ég ætla að nefna skattamálin aðeins og fara yfir það sem hæstv. fjármálaráðherra sagði hér um formúluna góðu, sem hann hefur tekið í arf og lært við föðurkné Péturs H. Blöndals, að tekjur aukist með lækkandi skattprósentu, alveg út í það endalausa. Það eru fróðlegar vísbendingar í þeim efnum inni í fjárlagafrumvarpinu sjálfu eða fylgiskjali þess og þarf ekki frekari vitna við. Ég ætla síðan aðeins að ræða um ruðningsáhrif þessa ástands í efnahagslífinu.

Það er þannig að hæstv. ríkisstjórn hefur haft það sem alveg sérstakt forgangsmál sitt að lækka skatta á hátekjufólki. Það er þá alla vega einn skattstofn sem ekki skilar vaxandi tekjum með lækkandi prósentum því að tekjuhæsta fólk landsins, nokkur þúsund einstaklingar, greiddu af hæsta hluta launa sinna tæplega 1,5 milljarða kr. á árinu 2003 til samneyslunnar, til þjóðarbúsins. Já, við höfðum sem sagt úr 1,5 milljörðum að spila samkvæmt ríkisreikningi ársins 2003 frá fólki sem var með tekjur yfir 350 þús. krónur á mánuði eða hvað það nú er sem einstaklingar eða sambærilegri tölu tvöfaldaðri sem hjón. Og vel að merkja, svo að það sé enn einu sinni tekið fram til að vísvitandi tilraunir til að láta fólk misskilja þetta gangi ekki ljósum logum, það er aðeins greitt af því sem er þar fyrir ofan, viðbótarprósenta sem núna er 2% en voru áður 4 og reyndar einu sinni 5%. En þetta skilaði tæpum 1.500 milljónum á árinu 2003.

Það er hægt að gera ýmislegt fyrir 1.500 milljónir. Það er tilfinnanlegt stundum þegar ríkisstjórnin telur sig ekki eiga 1.500 milljónir og grípur til þess ráðs að skera bensínstyrk, ætlar að fara að taka bensínstyrk af öryrkjum eða lækka atvinnuleysisbætur eða eitthvað annað þar sem yfirleitt er borið niður. Við gætum haft þessar 1.500 milljónir áfram á næsta ári og auðveldlega það, því að tekjur tekjuhæsta hópsins í landinu hafa hækkað gríðarlega eins og all-

ar mælingar sýna, það dregur í sundur og launamunur vex. Milljónatuga og milljónahundraða mönnunum fjölgar hratt.

Hvernig hefur þessi skattstofn þróast? Jú, hann gaf ekki nema 1.160 milljónir 2004 af því að ríkisstjórnin hafði það sem forgangsmál að lækka þennan skatt. Áætlað er að það gefi 800 milljónir í ár af því að hann er kominn niður í 2%, og eftirstöðvarnar 100 milljónir á næsta ári og síðan núll. Þetta er skattstofn, hæstv. fjármálaráðherra, sem hækkar ekki með lækkandi prósentu. Hann hverfur ef hann er látinn hverfa. Það er svo furðulegt. Hvar er Pétur H. Blöndal? Hvernig stendur á þessu? Af hverju hækkar ekki hátekjuskatturinn þegar prósentan er lækkuð? Hann hverfur. Þetta er alveg furðulegt. Hvar er nú kúrfan hans Péturs H. Blöndals, hv. þingmanns?

Svo er okkur talin trú um það og er margbúið að tyggja þá klisju að tekjuskattur fyrirtækja hafi vaxið alveg gríðarlega með því að lækka prósentuna. Hvað eru þeir oft búnir að segja það hérna, sjálfstæðismennirnir, hvers konar asnar menn séu að styðja ekki skattalækkanir af því að þá komi meiri tekjur í kassann?

Förum aðeins yfir það. Berum saman þróun í tekjuskatti einstaklinga annars vegar og tekjuskatti lögaðila hins vegar. Það er þannig að árið 2003 var tekjuskattur einstaklinga án hátekjuskattsins 56,5 milljarðar en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á næsta ári á hann að vera tæpir 70 milljarðar, 69,9milljarðar. Tekjuskattur lögaðila var 12,2 milljarðar árið 2003, 11,5 árið 2004, 13,5 í ár og 14 á næsta ári. Þarna er önnur þróun í gangi og það verða ekki sömu stökkin upp á við, einkum á milli áranna 2003 og 2004 og 2005 eins og var í tekjuskatti einstaklinga. (Gripið fram í.) Nei, enda er búið að stórlækka prósentuna. Þarna virðist formúlan ekki heldur virka eins og til stóð. Er þó veltan í þjóðfélaginu og veltan og umsvifin í íslensku atvinnulífi, sérstaklega rekstur stórfyrirtækjanna, gríðarlega aukin að umfangi m.a. vegna mikilla kaupa á fyrirtækjum erlendis og veltuaukningar af þeim sökum þannig að efnahagsreikningar margra þessara fyrirtækja hafa margfaldast á þessu tímabili. Það skyldi nú ekki vera að prósentan hafi áhrif eins og þessi tvo dæmi sýna?

Nú vitum við auðvitað að tekjuskattur fyrirtækjanna er eðlilega mjög háður afkomu þeirra og hagsveiflunni í þjóðarbúinu langt umfram það sem gildir um fastar tekjur, þ.e. sérstaklega tekjuskatt sem grundvallast á föstum umsömdum launum, og jafnvel umfram það sem gildir um óbeina skatta eða virðisaukaskatt því þar dregst þó veltan yfirleitt ekki jafnsnöggt saman, einfaldlega vegna þess að menn þurfa að halda áfram að lifa, kaupa í matinn o.s.frv. og borga af því sinn skatt.

Þá kann svo að fara að menn velti því fyrir sér hvort breytingarnar í íslenska skattkerfinu hafi allar verið sérstaklega skynsamlegar, hvort það verði sérstaklega sanngjarnt í garð þeirra sem koma til með að glíma við að ná saman endum við fjárlagagerð komandi ára að hafa farið eins að ráði sínu og núverandi ríkisstjórn hefur gert. Ég er ekki viss um að það eigi eftir að þykja svo stórsnjallt og ábyrgt eins og þeir vilja sjálfir vera láta. Hef ég þó ekki minnst á það sem auðvitað er tilfinnanlegast og það er ranglætið sem hefur verið fólgið í áherslum þessarar ríkisstjórnar í skattamálum, þ.e. hvernig þessi ríkisstjórn hefur í anda hægri stefnunnar hyglað þeim sem hæstar hafa tekjurnar, mestan hafa arðinn eða hagnaðinn úr atvinnurekstri á kostnað þess að skattbyrðin hefur þyngst hjá almennum launamönnum.

Það er heilmikið til í því sem menn segja stundum að rekstur og umfang hins opinbera hafi ekki minnkað að sama skapi og búast hefði mátt við þegar farið er yfir skattkerfisbreytingarnar sem slíkar og skoðaðar þessar lækkanir, prósentulækkanir o.s.frv. Og hver er ástæðan? Hún er auðvitað sú að skattbyrðin hefur verið flutt til. Hún hefur verið flutt alveg gríðarlega til og hvílir að miklu meiri þunga nú á lægri launum og meðallaunum en hún gerði áður. Það er augljóst. Það þarf ekkert annað en skoða þróun skattleysismarka og bera hana saman við þróun verðlags eða þróun launa til að sjá þetta. Sú staðreynd að elli- og örorkulífeyrisþegar borga núna skatta af kannski fjórðungi eða fimmtungi sinna greiðslna segir allt sem segja þarf um það vegna þess að það eru ekki greiðslurnar til þeirra sem hafa hækkað — til að útskýra það — nei, það eru skattleysismörkin sem hafa lækkað í hlutfalli við í raun alla mælikvarða þjóðfélagsins. Það þýðir ekkert að hrista hausinn, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Þetta blasir við hverjum manni. (Gripið fram í.) Þetta blasir við hverjum manni. Þú veist það vel, hv. þingmaður, að ef skattleysismörkin hefðu átt að fylgja þróun verðlags þá ættu þau að nálgast 100 þús. kr. og komin vel yfir 120 þús. ef þau hefðu fylgt þróun launa undanfarin ár.

Að lokum um þessa þætti mála, frú forseti, og áður en ég fer að ræða einstök efnisatriði fjárlagafrumvarpsins þá finnst mér ekki hægt annað en staldra aðeins við stöðuna í íslensku atvinnulífi því allt hangir þetta saman þegar betur er að gáð og verður ekki eitt skilið frá öðru. Í raun og veru væru full efni til þess að hafa hér annan dag og ræða ekkert nema það hvernig aðstæðurnar eru að þróast og hvað blasir við og hvað er fram undan t.d. ef greiningardeild Landsbankans hefur rétt fyrir sér í því að við eigum í vændum a.m.k. níu mánuði, upp undir ár í viðbót, með ekki betri og jafnvel verri skilyrðum fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinarnar en er í dag. Það er þeirra spá að ekki þurfi að búast við að nein aðlögun hefjist fyrr en á síðari hluta næsta árs og ástandið geti vel átt eftir að versna tímabundið þangað til.

Hvar eigum við að bera niður, frú forseti? Af svo mörgu er að taka að ég veit eiginlega ekki hvar er best að byrja. Mér dettur í hug að nefna fyrst iðnaðinn. Það vill svo til að Samtök iðnaðarins og ýmsir forustumenn úr þeirra röðum voru að funda um þessi mál á dögunum. Það er m.a. rætt í blöðum í dag undir fyrirsögninni Þekkingin flýr land. Þar er vitnað m.a. í orð Sveins nokkurs Hannessonar sem er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, með leyfi forseta:

„Við missum fólkið og þar með þekkinguna og ég kann ekki að leggja verðmat á það. Hér eru að tapast framtíðarstörf."

Þetta segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Þarna talar hann um hátækniiðnað sem hefur tekjur sínar af útflutningi.

„Í þessum geira eru fyrirtæki á borð við Actavis, Marel og Össur einna mest áberandi. Nýlega tók fyrirtækið Medcare Flaga ákvörðun um að flytja starfsemi sína til Kanada."

Síðar segir sami maður, með leyfi forseta:

„Hér er um að ræða þau störf sem síst skyldi að við missum úr landi. Þetta eru þau fyrirtæki sem mest verðmæti skapa fyrir hvert starf og geta því staðið undir háum launum og góðum lífskjörum. Það er dýrt fyrir okkur að missa þessi fyrirtæki úr landi. Það tekur langan tíma að byggja þau upp, 15–20 ár í sumum tilvikum. Ef þessi fyrirtæki fara þá koma þau ekki aftur heldur þurfum við að byggja upp á nýtt í einhverju öðru."

Þetta segir Sveinn Hannesson.

Hvað segir hæstv. forsætisráðherra um þetta? Er þetta eitthvað sem bara er hægt að blása á? Er þetta eitthvert óráðsmannahjal? Ekki er þetta Seðlabankinn. Nei þetta eru Samtök iðnaðarins. Þeir vita eitthvað um iðnað, er það ekki? Hörður Árnason, framkvæmdastjóri Marels, sem á hrós skilið fyrir að hafa yfirleitt þorað að segja meiningu sína í þessum efnum og langt á undan flestum öðrum talsmönnum í atvinnulífinu, varaði við þeim aðstæðum sem væru að halda innreið sína í íslenskt efnahagslíf. Strax á ákvörðunarstigi stóriðjuframkvæmdanna varaði hann við því sem þetta mundi hafa í för með sér fyrir annað atvinnulíf í landinu. Hann útskýrir m.a. áhrif gengishækkananna á rekstur útflutningsfyrirtækja. Þetta er maður sem hefur eitthvert vit á bókhaldi — við hæstv. forsætisráðherra getum væntanlega verið sammála um það — og fer ekki með fleipur í þeim efnum. Samkvæmt útreikningum Harðar hefur 25% gengishækkun sömu áhrif á útflutningsfyrirtæki og 80% launahækkun starfsmanna hefði.

Hvað segir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson um þetta? Hv. þingmaður talar aðallega um ábyrgðarleysið í launamálum. Hann mundi örugglega segja eitthvað ef launin hækkuðu allt í einu um 80%. Það mundi örugglega hvína eitthvað í hv. þingmanni þá. En hvað er þá að segja um gengisstefnuna? Ef þetta eru réttir útreikningar (**EOK:** Hef ég ekki talað skýrt um það?) er þá ekki ábyrgðin líka á þeirra herðum? (**EOK:** Hef ég ekki talað nógu skýrt?) Jú, jú en þá þarf að gera eitthvað í því, hv. þingmaður, t.d. að ræða við sína eigin menn, halda ræður í þingflokki Sjálfstæðisflokksins en ekki hér úr pontu. (**Gripið fram í:** Hann gerir það.) Jæja, gott að vita af því en það hefur ekki skilað miklum árangri enn þá og það er greinilega enginn í þingflokki Framsóknarflokksins sem tekur að sér þetta hlutverk.

Þetta segir sína sögu og er auðvitað augljóst mál að fyrir hrein útflutningsfyrirtæki sem fá allar sínar tekjur í erlendum gjaldeyri og þar sem launakostnaðurinn er þá væntanlega miðað við þetta eitthvað undir helmingi af tilkostnaði, þá verkar þetta svona. Það er bara alveg hárrétt. Ég hef verið að heyra í forustumönnum í útflutningsfyrirtækjum t.d. í sjávarútvegi, fyrirtæki sem var að loka niður einni deild hjá sér núna fyrir stuttu síðan. Það er búið að ákveða að starfrækja hana ekki í vetur. Af hverju? Af því að tekjurnar dugðu ekki lengur fyrir launum og olíu. Heildartekjurnar af afurðunum dugðu ekki lengur fyrir launum og olíu. Það var ekki ein króna upp í neitt annað og ekki einu sinni það. Þegar búið var að greiða launakostnaðinn og kaupa olíu á skipið var minna en ekkert eftir. Þetta var starfsemi sem fyrir tveim, þrem árum síðan var í bærilegu jafnvægi. Ég spái því að ef engin ljós birtast neins staðar við sjóndeildarhringinn eða fyrir enda ganganna þá verði það fleiri sem á næstu mánuðum taki þá ákvörðun að loka frekar en halda áfram að tapa meira fé með því að hafa fyrirtækin opin. Þetta er bara reikningsdæmi hjá mönnum. Og ef menn standa frammi fyrir því að þeir tapa minna með því að loka heldur en halda áfram að reka þá gera þeir það ef þeir ætla að halda fyrirtækjunum lifandi og í voninni um að einhvern tíma taki eitthvað betra við.

Hæstv. ríkisstjórn verður að horfast í augu við það að úthaldi fyrirtækjanna eru mikil takmörk sett. Það er ekki hægt að koma hér ár eftir ár og segja það sama og árið á undan, að þetta sé tímabundið ástand og menn verði að þreyja þorrann og góuna. Fyrir það fyrsta hefur ástandið versnað síðan í fyrra. Við erum hér í verri sporum en fyrir ári þegar við áttum nokkurn veginn þessa sömu umræðu augljóslega. Gengisvísitalan hefur orðið mun lægri á þessu ári en allar forsendur gengu út frá í fyrra. Átti hún ekki að vera upp undir 120 samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem hér var til umfjöllunar á nákvæmlega sömu dögum fyrir ári? Spárnar voru síðan að lækka niður í 115, 113 þegar kom fram á árið og enn er talað um að hún verði niður undir 110 að meðaltali, sé ég, í greinargerð fjárlagafrumvarpsins frá því í haust. Hvað bendir til þess að það náist? Ekki neitt. Það er ljóst að þetta er miklu harkalegra áfall sem útflutningsstarfsemin og samkeppnisgreinarnar hafa orðið fyrir heldur en menn óraði fyrir jafnvel bara fyrir ári síðan. Að sama skapi er afkoman að versna og það þýðir að úthaldið verður minna. Fyrirtækin lifa einfaldlega styttri tíma af við þessar aðstæður. Sum þeirra geta bjargað sér kannski með því að loka og mögulega hafa þau einhverja starfsemi innan sinna vébanda sem enn ber sig. Það er t.d. alveg augljóst mál hvað mörgu stóru sjávarútvegsfyrirtækin hafa gert. Þau draga úr eða loka niður þeim deildum, rækjuvinnslu, bolfiskvinnslu eða sérvinnslu ýmiss konar sem ekki ber sig, leigja frá sér veiðiheimildirnar og reka þá hluta starfseminnar sem enn þá stendur undir sér, t.d. frystiskip í uppsjávarveiðum eða útflutning á ferskum afurðum. Það sem hefur hjálpað sjávarútveginum og í raun gerir það að verkum að hann er yfir höfuð starfandi í dag er náttúrlega mjög gott verð, mjög gott afurðaverð í mörgum greinum. Ef það hefði ekki komið til þá fullyrði ég að sjávarútvegurinn væri meira og minna að komast í þrot.

Ferðaþjónustan er í enn þá hörmulegri stöðu. Hún hefur engin úrræði. Hún getur ekkert gert. Hún getur ekki hreyft sig á neinn hátt gagnvart þessum aðstæðum nema bara gefast upp, játa sig sigraða. Hún getur ekki flutt úr landi. Það yrði handleggur að flytja Hótel Nordica og Hótel Sögu til London og reyna að starfrækja þau þar. Það er ekki létt verk. Ísland er hér, landið sem við erum að selja og tilkostnaðurinn er hér. Hann er í formi innlendra vinnulauna, innlendra kostnaðarþátta. En tekjurnar skila sér að stærstum hluta í erlendri mynt, í dollurum og evrum, og það eru gerðir samningar til tveggja, þriggja, fjögurra ára fram í tímann, t.d. við ferðaskrifstofur um gistingu. Það er mjög algengt að menn rúlli á undan sér tveggja, þriggja ára samningum. Hvernig halda menn að staðan sé hjá ferðaþjónustuaðila sem samdi við erlendar ferðaskrifstofur um gistingu í evrum fyrir þremur árum síðan eða dollurum fyrir fjórum? Sjá menn tekjutapið fyrir sér ef dollarinn var 105 þegar var skrifað undir eða evran 115? Síðan hefur innlend-

ur kostnaður sennilega á þessum tíma hækkað um 10–15% en tekjurnar lækkað um 30–40%. Þetta er bara svona. Þetta er bara nákvæmlega svona. Hvað segja þeir um þetta, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra? Halda þeir að það sé létt ár fram undan hjá ferðaþjónustunni íslensku ef allar þessar aðstæður haldast óbreyttar eða versna heldur? Það eru nánast hverfandi möguleikar hjá þessum aðilum að sækja sér þetta í formi hækkaðs verðs. Um það er yfirleitt lítið að ræða. Jafnvel þó menn séu með lausa samninga, ekki bundnir af þegar gerðum samningum eins og margir eru, þá tekur markaðurinn ekki við því. Ísland þykir mjög dýrt land í dag nú þegar og það þýðir ekkert að tala um verðhækkanir af stærðargráðunni 10, 20, 30% á gistingu eða þjónustu. Þannig er nú þetta.

Ég held að hæstv. ráðherrar og ríkisstjórnin öll verði að reyna að komast af afneitunarstiginu og ræða um þessa hluti og við okkur hin í landinu um þessa hluti eins og veruleikinn er en ekki einhvern veginn allt öðruvísi. Það kemur mönnum alltaf í koll að lokum að reyna að búa til gervimynd og lifa í draumaheimi sem fær ekki staðist. Það viðurkenna í raun allir í dag, hver á sinn hátt, nema þá hæstv. ríkisstjórn að við séum í miklum erfiðleikum með þessi mál. Látum þá bara liggja á milli hluta friðarins vegna hvers vegna svo er komið sem komið er. Ég hef mínar skýringar á því. Þær eru sjálfsagt sæmilega þekktar. En geymum það þá í bili. Ræðum bara ástandið eins og það er í dag og hvað við getum gert til að reyna að koma okkur út úr þessu þannig að þjóðarbúið fari ekki alveg gjörsamlega í upplausn og þannig að við náum að sigla þessari þungt lestuðu skútu okkar gegnum brimgarðinn heilu og höldnu því hún er drekkhlaðin af skuldum. Sá er nú bara veruleikinn því miður. Á nánast alla mælikvarða er Ísland skuldugasta land innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Hér er skuldsettasta atvinnulífið svo miklu munar. Hér eru skuldsettustu heimilin að verða og Ísland er að slá metið sem skuldsettasta þjóðarbúið út á við. Við erum að taka þarna við forustusætunum af löndum eins og Finnlandi og Nýja-Sjálandi. Íslensku heimilin eru að fara fram úr þeim japönsku sem skuldugust og íslenska atvinnulífið er búið að vera það núna um nokkurra ára bil. Þetta er veruleikinn, frú forseti.

Nú er auðvitað sem betur fer margt sem við getum notað okkur til hughreystingar í þessum efnum og ber að sjálfsögðu að fagna því og ég hef þegar nefnt einn hlut sem er góð staða ríkissjóðs. Það er mjög gott. Það verður hægt að leggja þá meira á hann af þeim sökum en ég sé enga aðra framtíð honum til handa, sérstaklega ekki ef hinar óráðlegu skattalækkanir ganga allar í gegn en hann verði rekinn með verulegum halla aftur og taki að safna skuldum í þó nokkrum mæli strax frá og með árinu 2007. Það er engin önnur leið. Og ég býst við að það verði efnahagslega í raun og veru óumflýjanlegt og beinlínis skynsamlegt til að reyna að fleyta þjóðarbúinu og samfélaginu á Íslandi í gegnum erfiðleikana sem þá eru væntanlega að berja að dyrum. Þá verðum við bara að taka það á stóra sameiginlega sjóðinn okkar allra að standa undir velferðarþjónustunni og þeim nauðsynlegu framkvæmdum og öðrum hlutum sem við viljum eftir sem áður geta ráðist í. Hann verður að taka einhver lán á meðan það ástand varir. Öðruvísi verður ekki hægt að gera þetta. En það er auðvitað ekkert sem neinn óskar sér að ríkissjóður þurfi að fara að safna skuldum á nýjan leik en ríkisstjórnin er búin að búa til þá framtíð. Hún er búin að undirbúa hana markvisst þannig að engir aðrir kostir verða í stöðunni því að það verður ekki auðvelt í samdrætti og verulegum erfiðleikum að stórhækka skatta. Það eru bara þrjár leiðir til, það er alveg augljóst, það er niðurskurður, það er skattahækkun eða það er að sætta sig við að ríkissjóður verði rekinn með halla einhver ár og hann þannig notaður til að hjálpa þjóðarbúinu í gegnum öldudalinn.

Frú forseti. Síðan langar mig að víkja aðeins að nokkrum breytingartillögum og ræða þá jafnframt svolítið málefnin sem þar eiga í hlut og í einhverjum tilvikum varða tiltekna hæstv. ráðherra sem eru víst hér geri ég ráð fyrir og vonandi allir saman á staðnum.

Það er fyrst hér lítil breytingartillaga sem við flytjum þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og varðar það að setja á fót sjóð til að jafna ferðakostnað íþróttafélaga í landinu. Þetta er mikið þarfamál sem hefur verið hreyft hér á þingi mörg undanfarin ár og ég vildi nú gjarnan inna hæstv. forseta eftir því hvort formaður þingflokks Framsóknarflokksins, sem mun heita Hjálmar Árnason, eða gerði það síðast þegar ég vissi, sé hér á svæðinu, því að svo vill til að ekki ómerkari maður en formaður þingflokks annars stjórnarflokksins hefur hér á undanförnum árum safnað liði og flutt gagnmerka tillögu um þetta mál. (**Gripið fram í:** Formaður fjárlaganefndar líka.) Já, þetta er góð ábending, meðal flutningsmanna tillögunnar er líka formaður fjárlaganefndar, hv. þm. Magnús Stefánsson og þarna eru fleiri framsóknarmenn stórmerkir, Birkir Jón Jónsson hv. þm., er hann ekki í fjárlaganefnd líka? (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Dagný Jónsdóttir hv. þm. og síðan eru tveir merkismenn úr öðrum flokkum, það eru hv. þingmenn Guðjón Hjörleifsson og Kristján L. Möller. Ekki veit ég nú hvaða bræðralag hefur þarna myndast og hvers vegna leitað hefur verið til þessara þingmanna og þessara flokka en ekki annarra en málið er gott engu að síður og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum“ — bíddu, það er það sem við erum að tala um í dag, er það ekki? Jú. — „fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkennd mót. Úthlutun þeirra fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur.“

Ja-há. Síðan vill svo til, frú forseti, að ég er hér með ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins. Það var merk samkoma hér í bænum fyrr í haust þar sem haugur af sjálfstæðismönnum kom saman og gladdist og ályktaði út og suður í íþróttahöll eða var það á hóteli núna?

Í þessari merku ályktun þeirra um íþrótta- og tómstundamál stendur þetta, með leyfi forseta:

„Landsfundurinn hvetur hið opinbera“ — sem er nú væntanlega leyfilegt að skilja sem ríkið í þessu tilviki — „til að jafna stöðu íþróttaiðkenda vegna ferðakostnaðar með stofnun sérstaks sjóðs.“

Nú, það er bara tillagan. Það er nákvæmlega það sama og sagt er í tillögunni, enda hv. þm. Guðjón Hjörleifsson sjálfstæðismaður með flutningsmönnum.

„Íþróttahreyfingunni verði falin ráðstöfun þessa sjóðs eftir reglum sem settar verða í samráði við menntamála-

ráðuneytið.“

Já, það er mjög hliðstætt, úthlutun fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur, segir í tillögum.

Þá ætti þetta nú bara að vera í höfn. Hv. þm. Hjálmar Árnason er búinn að margflytja þessa tillögu hér. Hann er í meiri hlutanum, hann er með ekki ómerkari menn með sér en formann fjárlaganefndar og fjárlaganefndarmanninn Birki Jón Jónsson. Og landsfundur Sjálfstæðisflokksins, hins stjórnarflokksins, hefur ályktað sérstaklega um málið. Hvað er þá að vanbúnaði? Ekki er nú málið flókið í framkvæmd, það er ekki aldeilis gert ráð fyrir því. Samkvæmt tillögunni á þetta bara ósköp einfaldlega að vera þannig að það sé sett fé á fjárlög og menntamálaráðherra setji reglur um ráðstöfun fjárins. Einfaldara getur það ekki verið. Ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins er í sömu átt.

Getur það þá verið að það sé að gerast fyrir augunum á okkur að aftur og aftur séu engu að síður afgreidd fjárlög án þess að ein einasta króna sé sett í verkefnið? Hvaða einkunn á þá að gefa þessum málatilbúnaði? Hvað á þá að gefa mikið fyrir ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins? (Gripið fram í.) Hvað á þá að gefa mikið fyrir endurtekinn tillöguflutning forustumanna Framsóknarflokksins í málinu? Getur verið að þeir séu svona aðeins að reyna að slá sér upp meðal íþróttafélaganna í landinu án þess að hafa beinlínis vald á því heima fyrir, án þess að það séu miklar innstæður fyrir væntingum sem þeir eru að skapa meðal íþróttafélaganna sem ár eftir ár, mér liggur við að segja, bíða á hnjánum eftir því að eitthvað gerist í þessum efnum? Nei, ég verð að segja alveg eins og er, frú forseti, að eftir því sem árin líða minnkar nú virðing manns fyrir málatilbúnaði af þessu tagi. Er það virkilega þannig að mönnum finnst bara að þeir geti gert þetta sisvona, slegið sér á brjóst annars vegar og flutt tillögur inn á þing um úrbætur í einföldum málum, gefið fyrirheit og væntingar um að eitthvað slíkt muni gerast, ályktað um það á landsfundum sinna flokka, skapað í stemmningunni en gera svo bara ekki neitt þegar að því kemur að framkvæma hlutina, hafandi öll völd til þess. Á hverju stendur, hæstv. fjármálaráðherra?

Er hæstv. fjármálaráðherra á móti því að settir verði fjármunir í að standa við landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins um að jafna eitthvað ferðakostnað íþróttafélaga í landinu? (Gripið fram í.) Eru hv. þingmenn tilbúnir til þess að sameinast um að eitthvað verði gert í þessum málum? (Gripið fram í.) Það veitir nú ekki af, ekki gerið þið það. Það verður einhver að sjá um að þessar samþykktir ykkar komist í framkvæmd og ekki gerið þið það — þær sem vit er í. Það er náttúrlega ekki svo oft sem maður getur tekið undir og glaðst yfir ályktunum landsfundar Sjálfstæðisflokksins og skárra væri það nú að maður reyndi ekki að leggja þeim lið.

Nei, að öllu gamni slepptu, frú forseti, og í fúlustu alvöru þá finnst mér þetta neðan við allar hellur. Mér finnst það algjörlega viðkomandi mönnum til skammar og háðungar að hafa þetta svona. Þá er betra að sleppa því að vera með svona tillöguflutning eða ályktа svona. Þá er það bara aumkunarvert. Hefur ríkissjóður þá ekki efni á þessu? Hver getur verið skýringin? Það eru engar, engar, engar, engar frambærilegar málsástæður fyrir því að þetta sé ekki hægt að gera ef viljinn er til staðar, ef menn meina eitthvað með því sem þeir eru að segja, sem þeir eru að flytja tillögur um. Eða eru þessir menn allir áhrifalausir í eigin flokkum?

Hver ræður þessu þá ef það dugar ekki að kippa af stjórnarþingmönnum og landsfundur annars stjórnarflokksins flytji um þetta tillögur? Er formaður fjárlaganefndar í engri aðstöðu til að reyna að þoka þessu máli áfram þó að hann sé einn af tillögumönnum? Ég hélt nú kannski að sá maður hoppaði ekkert gjarnan inn á útgjaldatillögur nema hann meinti eitthvað með því, því að hann er nú einu sinni formaður fjárlaganefndar og hlýtur að vita það maðurinn að þegar tillögurnar eru nú bara beinlínis um peninga, bara beinlínis um fjárframlög í tilteknu, skilgreindu skyni, þá annaðhvort gerist það eða ekki. Þá er það þannig, það er ekkert til að skýla sér á bak við í þeim efnum.

Í ljósi þess, frú forseti, að þessi tillaga var fyrst lögð fram á 126. löggjafarþingi af hv. þm. Hjálmari Árnasyni þá verð ég nú að segja að mér fer nú að þykja leggjast lítið fyrir kappann, formann þingflokks Framsóknarflokksins, formann fjárlaganefndar, alla miklu forustumennina sem þarna eiga hlut að máli ef ekkert gerist. Nóg um þetta, frú forseti.

Ég ætla næst að nefna hér breytingartillögu við alþjóðastofnanir, það er liðurinn Alþjóðleg friðargæsla, liður 03-401 1.85. Það er nefnilega þannig að þetta er einn af þeim stöðum þar sem ríkisstjórnin af rausn sinni hækkar allt í einu talsvert fjárlagalið. En þegar betur er að gáð og farið er í skýringar með fjárlagafrumvarpinu kemur í ljós að þetta er vegna flutninga á hergögnum fyrir NATO. Við leggjum til að þessi hækkun gangi til baka. Þarna er þó a.m.k. hægt að ósekju að spara peninga og ekki er það nú síður ástæða til að Alþingi taki upp þykkjuna fyrir sjálfs sín hönd í þessum efnum því að þessum framlögum var lofað að Alþingi forspurðu. Þessum framlögum lofuðu hæstv. utanríkisráðherra þáverandi og hæstv. forsætisráðherra þáverandi algerlega að Alþingi forspurðu án þess að hafa rætt það eða borið það upp við nokkurn einasta mann svo vitað sé. Ég hef nokkuð áreiðanlegar heimildir fyrir því að aðrir ráherrar eða þingmenn í stjórnarliðinu fréttu af þessu með sama hætti og við stjórnarandstæðingar þegar þetta mál kom í fjölmiðlum frá útlöndum af fundum sem þeir sóttu þá þessir hæstv. ráðherrar.

Ég tel þar af leiðandi á engan hátt óeðlilegt að Alþingi einfaldlega taki af skarið í þessum efnum og segi að þessi útgjöld séu óþörf og ástæðulaus og þetta fé verði sparað. Því mætti að sjálfsögðu auðveldlega ráðstafa til annarra og betri verkefna, svo sem til að auka mannúðaraðstoð, þróunarframlög eða annað því um líkt.

Á þingskjali 407, breytingartillögu okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, í 4. tölulið flytjum við tillögu um að í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði ráðstafað fé til að fjármagna fyrsta áfanga af samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla. Það mundi duga vel fyrir einu af þeim fjórum árum sem í leikskólanum eru og mundi til að mynda nægja til að mæta útgjöldum allra sveitarfélaga í landinu þeirra sem leikskólar reka af því að gera síðasta ár leikskólans gjaldfrjálst. Það er alveg augljóst að þessu verkefni mun miða hægar en skyldi og kannski mun því lítt miða ef ríkið fæst ekki til samstarfs við sveitarfélögin um það. Þau hafa mörg hver ekki ráð á því að ráðast í þetta verkefni jafnvel þó að

hugur þeirra standi til þess. Það liggur fyrir eftir könnun sem þingflokkur okkar gerði á því máli í haust með því að skrifa öllum sveitarfélögum í landinu. Um helmingur þeirra svaraði eða rúmlega það og veitti upplýsingar um stöðu þessara mála. Þar kemur fram að milli tíu og tuttugu sveitarfélög eru ýmist búin að stíga skref í þessa átt eða eru að undirbúa slíkt. En mjög mörg þeirra bera því við, sem skiljanlegt er vegna bágrar afkomu sveitarfélaganna, að þau hafi illa ráð á því nema að fá til þess auknar tekjur á móti.

Við flytjum einnig tillögu um að framlög verði hækkuð til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem ég nefni hér og okkur finnst fullnaumlega skömmtuð. Það stendur mönnum fyrir þrifum í áframhaldandi uppbyggingu og þróun þeirrar góðu stofnunar að ekki hafa fengist fjárveitingar til margra brýnna verkefna. Það hefur verið mönnum metnaðarmál og keppikefli að flytja heim eða gera mögulegar ýmsar aðgerðir og rannsóknir norðan heiða sem hingað til hefur þurft að sækja suður með ærnum kostnaði oft fyrir þá sjúklinga sem í hlut eiga eða málunum tengjast. Þetta hefur þegar skilað miklum árangri, t.d. hefur efling rannsóknar- og greiningarstarfsemi norðan heiða sparað bæði heilbrigðiskerfinu fé og sjúklingum af þessu svæði og aðstandendum þeirra stórfé þegar hægt er að losna við dýrar ferðir og uppihald dögum eða vikum saman hér syðra.

Hlutir eins og hjartaþræðingar, eins og að koma upp líknardeild og annað því um líkt eru löngu, löngu tímabær skref í áframhaldandi uppbyggingu og þróun Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er flaggstofnun í heilbrigðismálum landsbyggðarinnar og miðlægt í allri sérhæfðri starfsemi um allt norðvestan- og austanvert landið og í raun er upptökusvæði þess að stækka með því skipulagi sjúkraflugs sem nú er að komast á og ljóst að hlutverk Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri verður enn mikilvægara en ella sökum þess að héðan í frá verður nær allt sjúkraflug nema hér á suðvesturhorninu og í Vestmannaeyjum byggt upp frá Akureyri og fyrsti viðkomustaður sjúklinga úr sjúkraflugi og sjúkraflutningum yfirleitt þar nema annað henti betur.

Við flytjum einnig breytingartillögu á öðru þingskjali um aukin framlög til St. Franciskusspítala í Stykkishólmi og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og ég vil nefna þá tillögu lítillega. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs heimsótti þá stofnun í haust og átti þar mjög góða heimsókn. Við settum okkur inn í stöðu mála og hvaða áform menn hafa þar um aukna þjónustu og styrkingu þeirrar starfsemi sem er geysilega mikilvæg sem svæðisbundin stofnun. Menn eru þar að vissu leyti á þröskuldi þess að hún geti að fullu staðið undir nafni og að fullu sinnt hlutverki sínu með sóma, ekki bara yfir daginn heldur allan sólarhringinn og allt árið. Fyrst og fremst er það skortur á fjármunum sem stendur stofnuninni fyrir þrifum að koma á sólarhringsvöktum. Það leiðir til þess að fæðingaraðstaða nýtist mun verr en skyldi af því að ekki er hægt að tryggja með fullkomnu öryggi fæðingar þann hluta sólarhringsins og um helgar sem ekki eru bakvaktir við spítalann. Þetta kostar heilar 30–40 millj. kr. á ári. Það eru öll ósköpin sem kostar í raun að færa stofnunina upp á það stig að geta fullnýtt aðstöðu sína svo sem eins og fæðingaraðstöðu eða skurðstofur allan sólarhringinn allt árið. Það er að mínu mati sóun á peningum að láta það stranda á ekki þó stærri útgjaldapósti en þetta. Ljóst er að þetta háir starfseminni og stofnuninni á margan hátt og á fleiri sviðum en ástæða og tími er til að fara yfir hér.

Við leggjum einnig til að nokkrir fjármunir komi til stofnkostnaðar, þ.e. til að hefja innréttingu nýrrar álmu eða nýrrar hæðar í nýjustu byggingu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sem stendur tóm og synd að geta ekki nýtt það húsnæði og full þörf er á.

Síðan verð ég að nefna lítillega málefni Háskólans á Akureyri, frú forseti. Reyndar liggur inni fyrirspurn frá mér um það mál til hæstv. menntamálaráðherra, en hæstv. ráðherra er fjarri góðu gamni eins og hér hefur þegar orðið frægt í dag í umræðum. Það má kannski segja um þetta að nota megi sama orðatiltæki og haft er eftir ónefndum slökkviliðsstjóra í Reykjavík eða brunamálastjóra þegar hann var svo óheppinn að eigin sögn að vera utan bæjar þegar hér varð stórbruni. Var viðtal við hann í hádeginu daginn eftir og hann tók þannig til orða að segja mætti að hann hefði verið fjarri góðu gamni. Svipað má ef til vill segja um hæstv. menntamálaráðherra að hún sé fjarri góðu gamni þegar kemur að því að ræða málaflokk hennar því það væri sannarlega ástæða til að hæstv. menntamálaráðherra væri í eigin persónu til að svara t.d. fyrir styttingu náms til stúdentsprófs og fleiri hluti, fjárveitingar til háskólanna sérstaklega.

Háskólinn á Akureyri er held ég að flestra dómi einhver best heppnaða, ef ekki yfir höfuð best heppnaða aðgerð á sviði mennta- og byggðamála sem menn hafa ráðist í á seinni áratugum. Auðvitað stæði Háskólinn á Akureyri sem menntastofnun fyrir sínu þó menn væru ekkert að velta öðru fyrir sér. En það er væntanlega ekki verra að óumdeilt er að hann hefur haft gríðarlega jákvæð áhrif á byggðaþróun, á samfélagsþróunina á því svæði sem hann hefur sérstaklega áhrif á og reyndar úti um allt land, meira að segja á höfuðborgarsvæðinu. Hann hefur verið ágætlega hollur litli bróðir eða litla systir Háskóla Íslands, míns gamla skóla. Menn höfðu gott af því þar að Háskólinn á Akureyri varð til. Hann hefur verið í fararbroddi á ýmsum sviðum, t.d. í uppbyggingu fjarnáms á háskólastigi ásamt og með Kennaraháskólanum sem hefur líka staðið sig mjög vel í þeim efnum. Háskólinn á Akureyri hefur verið snöggur til og hafið kennslu í nýjum greinum, sumum hverjum sem jafnvel voru búnar að vera afvelta og ekki höfðu komist áfram í áratugi. Hann hefur vaxið og dafnað, orðið að stórum og mikilvægum vinnustað og glæsilegri menntastofnun og hefur gríðarlega góð áhrif. En nú er því miður svo komið að vöxtur Háskólans á Akureyri er að stöðvast, ekki vegna þess að ekki sé eftirspurn eftir þjónustu hans, ekki vegna þess að hann fái ekki umsóknir í tuga eða hundraða tali frá nýjum nemendum. Nei, heldur vegna þess að hann fær ekki nóga peninga. Það er ósköp einfaldlega þannig að það er að því er virðist pólitísk ákvörðun að hægja á eða jafnvel stöðva vöxt Háskólans á Akureyri með því að skammta svo naumt til hans fjármuni og það hefur verið gert þrjú ár í röð.

Strax á árinu 2002 mættu Háskólanum á Akureyri nýir tímar að þessu leyti. Hann var rekinn með halla upp á 36 millj. kr. Sá halli varð um og yfir 100 millj. kr. árið eftir og

árið þar á eftir. Í lok árs 2004 var hallinn kominn í um 230 eða 240 millj. kr., 35 + 100 + 100 og á yfirstandandi ári er háskólinn í miklum erfiðleikum hafandi þó skorið niður og er þegar kominn í miklar sparnaðar- og niðurskurðaraðgerðir. Það þýðir ekkert annað en að horfast í augu við það að þetta er þegar farið að hafa veruleg áhrif á starfsemi háskólans, er þegar farið að valda því að hann getur ekki haldið áfram að byggja sig upp, taka við nýjum nemendum, þróa þjónustu sína, efla fjarkennslu og annað því um líkt eins og hugur manna stendur þar til.

Háskólinn á Akureyri hætti t.d. við að innrita nýnema í tölvunarfræði. Hann hætti við að innrita nemendur á fyrsta ár einfaldlega í sparnaðarskyni. Búið er að grípa til einhverra — ja, maður hlýtur að kalla það bráðabirgðaráðstafana til að auðvelda skólanum að kljást við vandann á yfirstandandi ári og lifa hann af en þær eru t.d. fólgnar í því að hann fær að nota söluandvirði eignar í rekstur. Hann fær að nota söluandvirði eignar í Glerárgötu í rekstur sem auðvitað er neyðarbrauð því söluandvirðið hefði þurft að fara í áframhaldandi uppbyggingu á húsnæði í staðinn fyrir það sem selt var. Auðvitað. Og til viðbótar niðurskurði eða minni fjárveitingum til rekstrar skólans er verið að snardraga úr og nánast fella niður framlög til áframhaldandi uppbyggingar sem er ákaflega bagalegt í ljósi þess að háskólinn starfar á þremur stöðum í bænum og allar hagræðingaráætlanir hafa gert ráð fyrir því að það tækist að flytja starfsemina saman á einn stað. Það er mjög umhendis fyrir háskólann að fara að reyna að endurskipuleggja starfsemi sína og draga úr rekstrarkostnaði við þessar snúnu aðstæður sem vonandi verða og áttu aldrei að verða nema til bráðabirgða.

Svo bætist það við að menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins vildi endilega að nýbyggingin við háskólann yrði byggð í einkaframkvæmd sem er náttúrlega að reynast einhver dýrasti biti sem menn hafa lengi tekið sér í munn. Hér stóð formaður fjárlaganefndar fyrr í dag og upplýsti — hvað? Að kostnaðarauki, ekki heildarkostnaður, nei, kostnaðarauki opinberra stofnana í húsinu er yfir 100 millj. kr. á ári. Yfir 100 millj. kr. á ári í viðbót fara í húsaleiguna í borgun vegna þess hversu dýr sú leið er að reynast sem valin var til að þjóna einkaframkvæmdarkreddunni.

Það sem ég ætlaði mér að spyrja hæstv. ríkisstjórn um, hæstv. forsætisráðherra segir að ríkisstjórnin geti svarað fyrir sig og menn þurfi ekki að hafa áhyggjur af fjarveru einstakra ráðherra, þá er prýðilegt að taka hæstv. forsætisráðherra á orðinu og spyrja hann: Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin skuli búa svona að þessu flaggskipi byggðamála og menntunar á æðri skólastigum á landsbyggðinni sem Háskólinn á Akureyri er? Er það ekki metnaðarleysi að láta vöxt og uppbyggingu Háskólans á Akureyri stöðvast í sjálfu góðærinu ef marka má? Erum við þá svo illa stödd úr því að við gátum á miklu erfiðari tímum hafið starfrækslu Háskólans á Akureyri og haldið áfram að byggja hann upp jafnvel á allra erfiðustu árum m.a. meðan við vorum saman í ríkisstjórn, ég og hæstv. forsætisráðherra. Menn létu það þó ekki aftra sér frá því að hleypa nýjum deildum við Háskólann á Akureyri og hefja þar nýbyggingar á þeim árum. En núna á sjálfri gullöldinni hjá hæstv. forsætisráðherra og hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni eru allt í einu ekki til peningar til að halda áfram þróun þessarar stofnunar. Það er mjög dapurlegt. Eða er ríkisstjórnin kannski ósammála því að Háskólinn á Akureyri hafi verið jafnjákvæð aðgerð og almennt er talið í mennta- og byggðamálum? Þá er náttúrlega allt annað uppi ef ríkisstjórnin hefur aðra skoðun á því og vill kannski skipta honum út fyrir einhverja aðra hluti sem hún telur heppilegri fyrir byggðirnar en þá er ég innilega ósammála því.

Ég vil að lokum hvað þetta varðar minna á og hamra á því að fjarnámið, sem Háskólinn á Akureyri og auðvitað í þeim mæli sem það er í boði hjá öðrum aðilum sérstaklega Kennaraháskólanum og vissulega Háskóla Íslands líka og fleiri aðilum, er algert undirstöðuatriði þess að landsbyggðin og sérstaklega hinar dreifðu byggðir geti haldið í við landsmenn að öðru leyti og aðrar byggðir landsins í þessum efnum. Það gleðilega er sem þrátt fyrir allt hefur þó verið að gerast að möguleikar hafa opnast fyrir fólk hundruðum saman í dreifðum byggðum landsins til að stunda nám á háskólastigi sem alls ekki var í boði áður. Ég get sem dæmi nefnt heimabyggð mína, Þórshöfn, Þistilfjörð og Raufarhöfn þar sem sex manns eru núna í réttindanámi til kennaraprófs í gegnum fjarnám frá Háskólanum á Akureyri. Þetta er reikna ég með í flestum ef ekki öllum tilvikum fólk sem ekki hefði haft tök á að afla sér þeirrar menntunar nema vegna þess að slíkir möguleikar eru í boði. Þetta eru leiðbeinendur, fólk sem er bundið við fjölskyldu sína og hefði ekki átt annan kost en flytja þá varanlega í burtu ef það hefði ætlað að fara í þessa menntun, ekki átt þess kost að afla sér hennar með starfi sínu á staðnum augljóslega nema í gegnum fjarnámið.

Þá kem ég að því sem mér finnst að hæstv. ríkisstjórn mætti huga að. Ef menn vantar upplögð verkefni til að styðja við bakið á væri það að auðvelda sveitarfélögunum og byggðunum á hinum endanum fyrir sitt leyti að mæta þeim kostnaði sem þessu er samfara. Í mörgum þessum allra minnstu sveitarfélögum eru það veruleg útgjöld sem munar um að kaupa þann búnað, sjá fyrir því húsnæði og styðja við bakið á því með mannahaldi sem helst þarf að vera ef þetta á að geta farið fram með fullri reisn. Og þetta væri auðvelt að gera í gegnum Byggðastofnun eða atvinnuþróunarfélög og styðja við þessar litlu útstöðvar þar sem menn safnast saman til að stunda sitt fjarnám.

Frú forseti. Um byggðamálin væri hægt að hafa langt mál. Aðrir hafa komið inn á það á undan mér og ég vísa til þeirra breytingartillagna sem við flytjum um að efla Byggðastofnun — eða við skulum orða það þannig eins og auðvitað er, að gera Byggðastofnun starfhæfa á nýjan leik. Það er alveg með ólíkindum að hæstv. ríkisstjórn er við 2. umr. fjárlaga og við afgreiðslu fjáraukalaga með þær aðstæður að Byggðastofnun er óstarfhæf, er búin að loka og ekkert bólar á tillögum um að taka á því máli. Menn þvæla eitthvað um að það sé í nefnd og það sé í skoðun. Að skoða hvað? Þarf einhverja skoðun á því að ef eigið fé Byggðastofnunar er farið niður fyrir viðmiðunarmörk þá þarf að auka það til að hún geti aftur orðið starfhæf? Er það eitthvað flókið mál? Nei. Þarf einhverja skoðun á því að það sem langmest ríður á að gera í þessum efnum er að efla atvinnuþróunarstarfsemina og styðja við bakið á atvinnuþróunarfélögunum í gegnum Byggðastofnun eða nota hana

sem tæki í þeim efnum? Þegar lögum um Byggðastofnun var síðast breytt var hún flutt frá forsætisráðuneytinu og þáverandi hæstv. forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, sem hafði verið yfirmaður hennar um skeið og hún flutt í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Þar er húsbóndi hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir. Hún var sem sagt flutt til Framsóknarflokksins. Nú man ég ekki nákvæmlega ártalið en ég er ekki frá því að þetta hafi getað verið árið 2000 eða 2001 og síðan hefur Framsóknarflokkurinn farið með þessi mál. Byggðamál hafa af þessum sökum formlega heyrt undir Framsóknarflokkinn síðustu 4–5 ár. Er þetta ekki allt saman rétt? Jú, ég hygg það.

Þá er spurningin: Eru framsóknarmenn stoltir af frammistöðunni? Er hæstv. forsætisráðherra stoltur af frammistöðu Framsóknarflokksins í byggðamálum eftir að hafa farið með þau í hálfan áratug og komið hlutunum þannig fyrir að Byggðastofnun er óstarfhæf? Hún er búin að loka. Hún á ekki fyrir skuldbindingum sínum miðað við þau eiginfjármörk og þær reglur sem gilda um sambærilegar eða slíkar fjármálastofnanir. Hvernig ætlar hún þá að fara að? Hvað verður þá um núverandi viðskiptavini hennar ef þeir þurfa á eðlilegri fyrirgreiðslu að halda í formi þess að ræða við sinn lánveitanda um biðlund, um skuldbreytingar eða annað slíkt? Getur það gengið að hafa Byggðastofnun óstarfhæfa? Nei, augljóslega ekki, a.m.k. gagnvart þeim verkefnum sem hún hefur með höndum og hún hlýtur að þurfa að virða skuldbreytingar sínar og standa við skilmála gagnvart viðskiptavinum sínum. Menn geta deilt um hvort eigi og megi endurskoða eitthvað hlutverk hennar inn í framtíðina og hvort hún þurfi að sinna þeirri lánastarfsemi sem hún hefur áður gert. Margt hnígur að því að það þurfi ekki endilega að vera með sama hætti og áður var, auðvitað er engin ástæða til að reka Byggðastofnun ef lánin frá henni eru jafnvel dýrari en bjóðast á almennum markaði, að því tilskildu að þeir aðilar séu þá tilbúnir til að lána út í þau byggðarlög og út í þá hluti sem Byggðastofnun hefur þó gert og á auðvitað að gera.

Mér finnst það ekki vera beysin frammistaða hjá Framsóknarflokknum að hafa tekist að koma því þannig fyrir, eftir að vera búinn að fara með byggðamálin og málefni Byggðastofnunar í ein fimm ár, að hún sé bókstaflega óstarfhæf í fjárhagslegum skilningi. Hún hefur að vísu legið undir grun um að vera ekki mjög vel fúnkerandi, m.a. vegna deilna um hennar mál, flutninga og fleiri hluta sem hafa haft áhrif á starfsemina undanfarin ár. Framsóknarmönnum hafa kannski verið mislagðar hendur með stjórn sína á apparatinu og ætla ég ekki að nefna nein nöfn í því sambandi en eitthvað var um deilumál þarna og læti. En svona er þessu alla vega komið, eftir glæsta fimm ára húsbóndatíð Framsóknarflokksins í byggðamálaráðuneytinu og farandi með Byggðastofnun, að hún er óstarfhæf og lokuð. Það er búið að loka sjoppunni.

Ég er meðflutningsmaður ásamt fleirum að tillögu um barnageðdeild og vísa til hennar og vona svo sannarlega að hægt sé að fá skilning á því hér að skoða eitthvað málefni þeirrar starfsemi. Í orði kveðnu ljúka auðvitað allir upp lofsorði á það sem þar er gert við erfiðar aðstæður en þegar á borðið kemur vill stundum verða minna úr. Það er að sjálfsögðu gott og virðingarvert að menn fái viðurkenningu fyrir störf sín, eins og menn gerðu þar nú á dögunum og svo sannarlega verðskuldað, en það er öllu lakara ef stjórnvöld sjá ekki sóma sinn í því að skila sínum hlut og það verður ekkert um það deilt að þessi starfsemi býr við óviðunandi aðstæður og úr því þarf að bæta.

Síðasta efnið sem ég ætla örstutt að nefna í lokin er afgreiðslan á Mannréttindaskrifstofu Íslands. Við ræddum það mál verulega á síðasta ári. Það var tilefni nokkuð heitra deilna og ekki að ástæðulausu því hæstv. ríkisstjórn greip þar til sérkennilegrar ráðstöfunar, satt best að segja, að taka þessa ágætu starfsemi út af fjárlögum í þeim skilningi að hún hafði áður sérmerktan og fastan og tryggan tekjustofn þannig að starfsemi hennar var í föstum skorðum og engin óvissa þar um. Alþingi gekk frá málinu með afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og þannig var það. En hæstv. ráðherrar, utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra, sameinuðust um það, eða einhvern veginn gerðist það, að Mannréttindaskrifstofa Íslands var tekin út úr fjárlögunum og þeim fengið húsbóndavaldið yfir því að útbýta tilteknum fjármunum til mannréttindastarfsemi eða slíkra hluta í landinu. Hver varð niðurstaðan? Það reyndist ekki orð að marka svardaga sumra talsmanna stjórnarliðsins hér um að þetta væri bara kerfisbreyting. Það reyndist einskis virði að hafa þá hér í ræðustólnum, þar á meðal, ef ég man rétt, formann fjárlaganefndar, Magnús Stefánsson, lofandi því að þetta væri bara kerfisbreyting, að sjálfsögðu yrði rekstur hennar tryggður áfram þótt með nýju fyrirkomulagi væri. Nei, hæstv. ráðherrar þjónuðu lund sinni með því að taka að verulegu leyti peningana af Mannréttindaskrifstofunni. Það er veruleikinn. Til þess voru refirnir skornir, það kom í ljós.

Nú á enn að ganga svo frá að þessi skrifstofa, sem m.a. á að veita stjórnvöldum aðhald og gefa skýrslur um ástand mannréttindamála til erlendra aðila og vera tengiliður okkar við t.d. starf Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði, á áfram að vera sett undir það jarðarmen að þurfa að ganga fyrir ráðherra og biðja þá náðarsamlegast um peninga. Óskaplega er lágt á þessu risið, frú forseti. Það er von að hæstv. forsætisráðherra velji að þoka sér út í hliðarsal (**Forsrh.:** Ég heyri þetta.) og sé ekki stoltur af þessari framgöngu. Eða er hann það kannski? Finnst honum vera til fyrirmyndar að standa svona að málum? Er ekki með einhverjum ráðum hægt að hætta þessari vitleysu, snúa ofan af þessu? Er það einhverjum til sóma að Mannréttindaskrifstofan þurfi að vera bónbjarga og upp á það komin að það takist að safna saman fé með einhverjum ráðum meðal stéttarfélaga og velvildarmanna hist og her úti í bæ? Ef það er einhver stofnun sem á einmitt ekki að þurfa þess, þarf að geta starfað óháð á traustum fjárhagslegum grunni og geta sagt það sem stundum þarf að segja í þessum efnum, óháð því og án þess að þurfa að hafa áhyggjur af því að hún móðgi með því stjórnvöld, þá er það Mannréttindaskrifstofan.

Þessi afgreiðsla varð hæstv. ríkisstjórn auðvitað til skammar og áframhaldið verður það ef hún ekki sér sóma sinn í að bæta úr því. Ég held að langbesti frágangurinn á þessu máli væri sá sem við reyndar lögðum til, formenn stjórnarandstöðuflokkanna, í frumvarpi til fjáraukalaga strax í kjölfar afgreiðslu fjárlaga í fyrra að Mannréttindaskrifstofan færðist sem sérstakur liður undir Alþingi. Ég held að skoða eigi það í miklu fleiri tilvikum að starfsemi

af þessu tagi, sem menn vilja tryggja að sé algerlega sjálfstæð og ósnertanleg og ekki á nokkurn hátt sett undir áhrifavald framkvæmdarvaldsins, nógur er yfirgangurinn samt, sé færð undir Alþingi. Hún starfi í skjóli af Alþingi sjálfstæð og óháð en í skjóli af Alþingi og í skjóli af fjárveitingavaldinu, fjárstjórnarvaldinu sjálfu sem er auðvitað Alþingi eða á að vera samkvæmt stjórnskipun landsins þó að það grautist dálítið saman. Það er ágætt að rifja upp og hafa í huga að það er nú þannig að samkvæmt stjórnskipun okkar er fjárstjórnarvaldið hér og reyndar hefur verið rætt um það í nefnd sem undirritaður á sæti í að ástæða væri til að taka það inn í stjórnarskrá að hér skuli afgreidd fjárlög og hér sé fjárstjórnarvald.

Frú forseti. Ég læt þá þessari ræðu minni lokið og þykir sjálfsagt ýmsum að mátt hefði vera fyrr en ég hef ekkert sérstakt samviskubit yfir því að hafa farið yfir þá hluti í þessu máli sem ég vildi ræða.

[18:54]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spurði um ummæli mín varðandi vexti Seðlabankans. Það liggur fyrir að Seðlabankinn er sjálfstæður í ákvörðunum sínum en það tekur ekki valdið af öðrum að hafa skoðanir á því hvað Seðlabankinn er að gera og ekki heldur frá forsætisráðherranum.

Ég get endurtekið að ég tel málum vera þannig háttað að ekki sé tilefni til frekari vaxtahækkana heldur fremur til lækkunar. Hverjar eru ástæðurnar? Það eru verðbólgumælingar í nóvember, væntingar um verðbólgu í desember, það eru þeir samningar sem náðst hafa á vinnumarkaði, það eru þær staðreyndir sem blasa við á húsnæðismarkaði, hjöðnun, vaxtahækkanir sem hafa verið á húsnæðismarkaði, það er olíuverð í heiminum sem hefur farið lækkandi og síðast en ekki síst liggur það fyrir að við erum að afgreiða fjárlög með miklum afgangi á næsta ári, yfir 20 milljarðar, og verið er að staðfesta mikið aðhald í ríkisfjármálum. Ég býst við því að þar sé fremur um varkárar spár að ræða í sambandi við tekjur fremur en hitt. Ef eitthvað er þá finnast mér a.m.k. líkur á því að tekjurnar gætu orðið ívið meiri.

Auðvitað er það alveg rétt hjá hv. þingmanni að hið háa gengi krónunnar hefur valdið erfiðleikum í ákveðnum greinum. Sem betur fer hefur orðið nokkur breyting síðustu missirin á gengi krónunnar og liggur alveg ljóst fyrir að gengið mun breytast á næstunni. Þessi sveifla hefur verið útflutningsatvinnuvegunum óhagstæð en það er einhvern veginn þannig að þegar vel gengur og þegar gengið er hátt hjá þjóðfélaginu þá er gengið almennt hátt.

[18:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Auðvitað er það alveg rétt að hæstv. ráðherra og aðrir geta haft sínar skoðanir og verið ósammála Seðlabankanum um horfur í efnahagsmálum. Ég verð þó bara að segja að þessi ummæli hæstv. forsætisráðherra slógu mig þannig. Blærinn á þeim var einhvern veginn þannig að ég fékk það á tilfinninguna. Kannski var það alger misskilningur að þetta væri sett fram sem bein tilraun til að hafa áhrif á Seðlabankann og reyna að stjórna því sem hann gerði.

Hæstv. forsætisráðherra veit vel að annars vegar Seðlabankinn og hins vegar ríkisstjórnin meta þessa hluti með mjög ólíkum hætti. Það liggur alveg fyrir. Það virðist vera djúpstæður ágreiningur um það hvernig þessi mál séu vaxin milli þessara aðila. Mér fannst hæstv. forsætisráðherra vera að segja við Seðlabankann: Við höfum rétt fyrir okkur og þið eigið að gera eins og við viljum.

Það má tína til, eins og hæstv. forsætisráðherra gerði, hluti til skamms tíma litið með nákvæmlega þessum hætti og segja: Það eru teikn á lofti um betri tíð. En Seðlabankinn stjórnast ekki af því. Seðlabankinn er ekki að velta því fyrir sér hvort verðbólgumælingin í október eða nóvember sé svo góð að hann geti lækkað vexti. Og ekki heldur hvernig verðbólguhorfurnar eru í janúar og febrúar. Nei, Seðlabankinn horfir 1–2 ár fram í tímann. Hann reynir að stýra væntingunum framvirkt þannig að menn hafi tök á ástandinu, ekki bara í augnablikinu heldur gagnvart því sem fram undan er og hverjar eru þá horfurnar? 8% verðbólga á árinu 2007, segir Íslandsbanki. Ég held að Seðlabankinn horfi á þetta í öðrum tímaskala en hæstv. forsætisráðherra. Ég er ekki jafnbjartsýnn og hann er kannski um að Seðlabankinn sjái ekki ástæðu til vaxtabreytinga 1. desember nk. og ef þær verði einhverjar þá verði þær ekki frekar upp á við en niður á við.

[18:58]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Seðlabankinn hefur ekki spáð 8% verðbólgu á árinu 2007. Það liggur fyrir að það hefur verið mikil uppsveifla í íslensku þjóðfélagi og hún mun ekki vara að eilífu. Það er mjög mikilvægt að sú lending sem verður í efnahagsmálum á næstunni verði, eins og menn segja, mjúk. Ég tel enga ástæðu til annars en ætla að svo verði. Það er m.a. mat aðila vinnumarkaðarins sem hafa nýlega staðfest kjarasamninga sína. Ég man ekki betur en að hv. þingmaður væri fyrir stuttu síðan að spá því að mikill tekjusamdráttur yrði hjá ríkissjóði á árinu 2007 og árinu 2008. Gera má ráð fyrir því, eins og hann sagði, að allmikil breyting verði en þó er ekkert víst í þeim efnum. Það ríkir mikil bjartsýni í þjóðfélaginu sem betur fer. Það er mikill hugur í fyrirtækjum og einstaklingum að fara út í framkvæmdir til atvinnuuppbyggingar. Auðvitað vitum við þetta ekki nákvæmlega. En hv. þingmaður sagði að menn þyrftu að grípa til aðgerða, ef ég man rétt, ég skrifaði það hjá mér, þannig að þjóðarbúið færi ekki í upplausn. Mér finnst hann vera að mála allt of dökka mynd af ástandinu. Það eru ákveðnir erfiðleikar á vissum sviðum eins og alltaf hafa verið en yfirleitt gengur þetta allt saman vel. Atvinnustigið er mjög hátt. Það hefur sjaldan eða aldrei verið jafnlítið atvinnuleysi, sem betur fer. Ég vænti þess að ég og hv. þingmaður getum verið sammála um að atvinnustigið skiptir miklu máli. Það er það mikilvægasta fyrir hverja fjölskyldu að hafa atvinnu og hafa fyrirvinnu og möguleika til að taka þátt í starfi þjóðfélagsins.

[19:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Þau eru nú að fara í gamalkunnan farveg þessi skoðanaskipti okkar, að því leyti til að við virðumst

meta hlutina með býsna ólíkum hætti, ég og hæstv. forsætisráðherra. Mér finnst hann áfram hafa mikla tilhneigingu til að fegra fyrir sér stöðuna. Hæstv. ráðherra virðist trúa því að þetta ástand geti bara haldið áfram sisona, að eilífu. Ég taldi mig hafa farið hér rækilega yfir það, og minnsta kosti rökstutt það fyrir mitt leyti, þannig að ég get ekki gert það mikið betur, að það er ekki hægt að keyra þjóðarbúið á þessum nótum áfram. Jafnvægisleysið er svo mikið. Það er það sem menn eru að segja og skrifa um. Ályktа um. Þannig að við verðum að horfast í augu við það hvernig ástandið er. Það breytist ekkert þó menn gefi því falleg lýsingarorð og tali um mikinn uppgang og uppsveiflu og mikinn hug í mönnum. Þetta er svona. Við erum að reka þjóðarbúið í miklu ójafnvægi, safna miklum skuldum og það er mat flestra að þeim mun lengur sem þetta ástand varir þeim mun harkalegri verði timburmennirnir þegar veislunni lýkur, ef nota má þá líkingu. Þeim mun harkalegri verði þá aðlögunin, ef menn vilja kalla það svo. Nú er jafnvel verið að spá því að það sé ekkert alveg á næstunni sem hlutirnir fari að breytast. Íslandsbanki metur það t.d. svo, hverra verðbólguspár ég vitnaði, vel að merkja, til hér áðan, að Seðlabankinn sé ólíklegur til að fara að lækka vexti fyrr en þá í fyrsta lagi á síðari hluta næsta árs. Þeir spá að vísu ekki beinlínis vaxtahækkun en þó má velta því fyrir sér hvort ekki sé verið að gefa í skyn að Seðlabankinn kunni enn að hækka vexti í eitt, tvö skipti áður en þetta getur farið að snúast við. Þannig að ég er ekki viss um að þetta sé allt saman eins slétt og fellt og hæstv. forsætisráðherra vill vera láta eða að líkurnar á mjúkri lendingu, sem hann kallar svo, séu eins miklar og hann virðist trúa.

[19:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var fyrir ári, eða 3. desember, að ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddum aðeins um gengismálin og stefnu Seðlabankans. Ég gagnrýndi þá mjög harkalega þá hundrað punkta hækkun sem varð hjá Seðlabankanum, sem hafði verið tilkynnt daginn áður, og taldi að þessi viðleitni bankans væri vonlaus frá upphafi. Þeir gætu ekki staðið að þessu, þeir mættu ekki gera þetta, það hefði engin önnur áhrif en þau að framleiðslan í landinu kæmist á kaldan klakann.

Ég man ekki betur en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi hneykslast mjög á mér þá. Að vera með þennan dónaskap að gagnrýna svona fína menn eins og þá sem eru í Seðlabankanum. Hann taldi það alveg óviðeigandi. Nú heldur hann hér langa ræðu og lýsir stöðu framleiðslunnar og ég gat ekki betur heyrt en hann væri að lýsa nákvæmlega því sem ég hafði spáð hér fyrir ári síðan. Nú leikur mér forvitni á að vita: Hvaða skoðun hefur hann á málinu? Hver telur hann að sé hin rétta efnahagsstjórn? Hann hneykslast á mér fyrir að segja að laun séu of há á Íslandi. Laun á Íslandi eru 70% af þáttatekjunum. Hvergi í OECD eru laun jafnhá. Næsta land fyrir neðan okkur er Svíþjóð með 64%. Hvað er það annað en launin sem við getum hreyft? Hvaða óhreinskilni er það að geta ekki komið hér fram og rætt efnahagsmálin á hlutlægan hátt án þess að segja það beint við þjóðina að hennar bíði að kaupmátturinn í erlendum varningi muni falla? Það ber að segja það og á að segja það, það er enginn möguleiki á að komast undan því.

[19:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er allt rétt munað hjá hv. þingmanni, nema bara að hann lætur staðar numið við sín eigin orð og segir að ég hafi hneykslast á því sem hann sagði. Ég spurði á móti og hef oft spurt síðan: Hvað á Seðlabankinn að gera? Ef hann rær einn á móti straumnum og fær enga hjálp til þess og er bundinn af ákvæðum laga sem ríkisstjórnin hefur ekki haft forgöngu um að breyta og hann er bundinn af yfirlýsingu sem ríkisstjórnin fyrir sitt leyti samþykkti og var undirrituð sameiginlega árið 2001 í framhaldi af lagasetningunni, sem setur vikmörk verðbólgunnar þar sem þau eru. Þannig að það er nú ansi einfalt af ríkisstjórninni að koma og kenna Seðlabankanum einum um. Hvað á Seðlabankinn að gera? Hann hefur bara þetta eina tæki og lái honum hver sem vill þó hann sé þá að reyna að nota það. Menn kunna að kalla þetta og mega kalla þetta brotna ár, en það er þá bara þessi eina brotna ár sem Seðlabankinn hefur. Það er að reyna að halda aftur af þenslunni og slá á verðbólguna og reyna að hafa áhrif á framtíðarvæntingarnar í gegnum vaxtabreytingarnar sem eiga að hafa áhrif inn í framtíðina fyrst og fremst. Og meðan hann er bundinn af óbreyttum ákvæðum laga um verðbólgumarkmið sem eina meginmarkmiðið í starfsemi bankans, hvað varðar peningastjórn, og þeim vikmörkum sem hann er líka bundinn af þangað til yfirlýsingunni verður breytt, þá sé ég ekki hvað hann getur gert. Væri ekki Seðlabankinn að brjóta lög ef hann reyndi ekkert að aðhafast þegar verðbólgan fer út fyrir vikmörkin? Hann væri að minnsta kosti að brjóta þessa yfirlýsingu sem er gerð á grundvelli stoðar í lögunum um Seðlabankann. Mér finnst þetta geysilega ósanngjarnt. Með því er ég ekki að segja að Seðlabankinn sé alvitur og ákvarðanir hans séu hafnar yfir gagnrýni. (Forseti hringir.) En ef menn horfa með sanngirni til stöðu hans þá verða menn að minnsta kosti að svara því hvað annað hann gæti gert.

[19:07]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í 2. mgr. 3. gr. laga um Seðlabankann segir: Með samþykki forsætisráðherra getur Seðlabankinn sett verðbólgumarkmiðum sínum tölulegt gildi. Þannig er nú textinn. Og hvað átti þá Seðlabankinn að gera? Hann átti auðvitað að láta kyrrt. Hann átti bara ekki að koma nálægt þessu. Það lá fyrir að þessi þjóð hafði farið óvarlega. Hún hefur hækkað launin sín meira að raungildi en allar samkeppnisþjóðir í kringum hana. Miklu meira. Hún hefur líka tekið ákvörðun um að fara í miklar framkvæmdir. Það var óumflýjanlegt að þjóð sem svo hagar sér fái einhverja verðbólgu. Og hvað með það? Verðbólgan bara fer í gegn. Hún lækkar kaupmáttinn í erlendum varningi og það er ekkert við því að gera. Það er bara eðlilegt og þurfti að koma í veg fyrir það hvort sem er. Hvers vegna erum við, virðulegi forseti, að berjast gegn verðbólgu? Það eru allir búnir að gleyma því. Við erum á móti verðbólgu vegna þess að við vitum að hún skaðar efnahagslífið. Það að vita að verðbólgan skaðar efnahagslífið réttlætir ekki það að stjórnendur peningamála gangi af efnahagslífinu dauðu. Eins og hefur

verið sagt hér áður, þegar svo er komið, er lækningin orðin hættulegri en sjúkdómurinn. Það er staðreyndin og þannig stendur það í dag. Ég vil enn þá ítreka, hvað er það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vill gera í peningastjórnarmálum? Er hann sammála mér eða er hann ósammála mér?

[19:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála því að beiting vaxtastýringatækisins, eins og Seðlabankinn hefur gert, er að sjálfsögðu ekki gallalaus aðferð. Það má alveg deila um bæði hversu virk hún er og það má líka deila um hvort neikvæðu afleiðingarnar séu ekki miklar hlutfallslega miðað við jafnvel meintan ávinning af henni. En ég endurtek, hvað á Seðlabankinn að gera meðan hann fær enga (**EOK:** Ekkert. Láta kjurrt.) hjálp frá einum eða neinum? Nei, það held ég að væri nú til að fara úr öskunni í eldinn, frú forseti. Ríkisstjórnin á auðvitað að vinna með Seðlabankanum. Það er ekki nokkur minnsti vafi í mínum huga að Seðlabankinn hefði farið vægar í ákvörðunum sínum um vaxtahækkanir ef hann hefði talið sig hafa stuðning og hjálp af því sem væri verið að gera, t.d. á vettvangi opinberra fjármála og opinberrar stefnu. Ef ríkisstjórnin gæti horfið af braut hinnar blindu og glórulausu stóriðjustefnu, ef ríkisstjórnin hefði fallist á að draga úr eða fresta skattalækkunum, það hefði að sjálfsögðu haft áhrif.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur hér og talar mikið um launahækkanir og launasummuna. En er þetta ekki sami hv. þingmaðurinn og styður það að lækka sérstaklega skatta og á því fólki sem mest hefur launin og setja þá peninga í umferð? Það verða allir að líta í eigin barm. Það þýðir ekkert að leita sífellt að sökudólgunum í annarra ranni og tala eins og ríkisstjórnin beri hér enga ábyrgð og hafi hvergi nærri neinu komið. Það lengsta sem hv. þingmaður komst var hér áðan að segja: Farið út í miklar framkvæmdir. Það örlaði fyrir viðurkenningu á því, svona með jákvæðri túlkun, að hv. þingmaður gerði sér grein fyrir því kannski að stóriðjustefnan hefði þarna einhver áhrif.

[19:11]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Fjárlagafrumvarpið, sem við erum hér að ræða, er stefnumarkandi plagg og sýnir okkur hvað ríkisstjórnin ætlar að gera í öllum málaflokkum á næsta ári. Í því ljósi vil ég tæpa á nokkrum atriðum og í því ljósi er líka mjög forvitnilegt að lesa og skoða einstaka þætti þessa fjárlagafrumvarps, þ.e. út frá stefnu og yfirlýsingum hæstv. ríkisstjórnar.

Ég verð að byrja á því, virðulegi forseti, að nefna að hæstv. forsætisráðherra hefur orðið mjög tíðrætt um stöðu barnafjölskyldunnar á Íslandi og stofnað sérstaka nefnd um málefni hennar. Hef ég fagnað þessu allverulega vegna þess að á mjög mörgum þáttum þarf að taka. Þess vegna veldur það sárum vonbrigðum að í því fjárlagafrumvarpi sem hér er kynnt á að skera niður vaxtabætur. Þannig ætlar ríkisstjórnin að spara í meira en 300 milljarða fjárlögum tæplega 600 millj. kr. á næsta ári. Þetta, virðulegi forseti, eru mjög skrýtin skilaboð frá ríkisstjórn sem boðar fjölskyldustefnu og átak í málefnum barnafjölskyldna í landinu í hátíðarræðu. Þetta eru afar sérkennileg skilaboð, að boða eitt og skera síðan niður vaxtabætur þegar við vitum að sú skerðing mun koma verst niður á þeim sem mestar hafa húsnæðisskuldirnar. Við vitum að samsetning skulda er á þann veg að þeir yngstu hafa hlutfallslega mestar húsnæðisskuldir. Þessi skerðing kemur verst niður á þeim tekjulægstu og þeim sem mestar hafa húsnæðisskuldirnar og eru að reyna að koma sér þaki yfir höfuðið. Það eru að stórum hluta ungar barnafjölskyldur.

Virðulegi forseti. Með þessari skerðingu á vaxtabótunum er komið aftan að fólki. Það er komið aftan að fólki sem hefur gert áætlanir í samræmi við þær vaxtabætur sem eru lögum samkvæmt áætlaðar. Það er komið aftan að þeim hér með því að halda áfram þeirri skerðingu sem byrjað var á á síðasta ári. Og ekki nóg með það, það á að gefa í á þessu ári og lækka vaxtabæturnar enn frekar. Í fyrra lét hæstv. ríkisstjórn sér nægja að miða við að vaxtabætur við álagningu ársins 2005 yrðu 95% samkvæmt gildandi reglum. Ekki nóg með að það eigi að framlengja þessa ráðstöfun, og ef ég má með leyfi forseta, vitna í fjárlagafrumvarpið sjálft, stendur hér orðrétt:

„Ákveðið hefur verið að framlengja þá ráðstöfun í samræmi við áform um aðhald með útgjöldum ríkissjóðs."

Þar segir einnig, með leyfi forseta:

„Við álagningu næsta árs verður einnig sú breyting að hámark vaxtagjalda til útreiknings á bótum miðast við 5,0% af heildarskuldum til öflunar húsnæðis í stað 5,5% áður."

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, er þarna verið að gefa enn í við skerðingar á vaxtabótum frá því sem var í fyrra og nóg var þá. Á þessu ári erum við að sjá himinhátt húsnæðisverð þannig að það er orðið mjög erfitt fyrir ungt fólk að koma sér upp þaki yfir höfuðið, bara að byrja, og þá kemur ríkisstjórnin aftan að því með því að skerða vaxtabæturnar sem gert var ráð fyrir við alla áætlanagerð.

Virðulegi forseti. Ég skil ekki þvílíka fjölskyldustefnu, ég bara skil hana ekki. Og ég skil ekki hvernig svona aðgerð getur rúmast innan fjölskyldustefnu sem boðuð er af hæstv. forsætisráðherra sjálfum. Maður hefði haldið í ljósi þeirrar stöðu sem hann er nú kominn í að tekið yrði raunverulega á fjölskyldumálunum en svo er greinilega ekki. Fjölskyldustefna Framsóknarflokksins er ekkert nema plat þegar fjárlagafrumvarpið er skoðað.

Virðulegi forseti. Ekki þarf að fara ítarlega yfir það, við vitum öll að á ungum barnafjölskyldum hvíla mjög miklar byrðar. Við erum með hátt matvælaverð og há skólagjöld í leikskóla og gjöld fyrir dagvistun yngri barna í grunnskólum. Við erum með háan læknakostnað og tannlæknakostnað og núna erum við með mjög háan húsnæðiskostnað, gríðarlega háan húsnæðiskostnað. Daglegur rekstur heimila þar sem börn búa er mjög kostnaðarsamur og margir þættir sem leggjast á eitt við það að þyngja þann róður. Og núna þegar húsnæðisverð hefur rokið upp og skuldir ungra barnafjölskyldna hafa aukist að sama skapi vegna húsnæðiskaupa ætlar ríkisstjórnin sem boðar fjölskyldustefnuna að kroppa í vaxtabæturnar. Á ungum barnafjölskyldum hvílir þung vaxtabyrði vegna húsnæðiskaupa og af heildarskuldum ungs fólks er stærstur hluti til kominn vegna húsnæðiskaupa.

Virðulegi forseti. Ungt fjölskyldufólk þarf að vinna

mjög langan vinnudag til að ná endum saman og lítill tími er fyrir samverustundir fjölskyldunnar. Þetta vitum við, þetta er umtalað. Talað hefur verið um þetta á hinu háa Alþingi árum saman. Ríkisstjórnin boðar að grípa þurfi til aðgerða til að bæta hag barnafjölskyldunnar og auka samverustundir hennar. En hvað er gert? Ekki neitt.

Ungt fólk sem er í lánasamsetningu sinni með að stærstum hluta lán vegna húsnæðiskaupa er ekkert að bruðla eða taka óþörf lán. Það er einfaldlega að koma sér og fjölskyldu sinni upp þaki yfir höfuðið. Þess vegna skuldar ungt fólk. Skuldasamsetning ungs fólks hefur sýnt okkur þetta á undanförnum árum. Ef ungar barnafjölskyldur hafa einhvern tíma þurft fullar vaxtabætur er það einmitt núna þegar verð á húsnæði hefur náð áður óþekktum hæðum.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að boðskapur hæstv. forsætisráðherra um bættan hag barnafjölskyldna er í þessu ljósi vægast sagt ótrúverðugur og ekkert nema sýndarmennska. Það er skoðun mín að ríkisstjórn sem kroppar í vaxtabætur, sem í kjölfarið bitnar verst á tekjulægstu hópunum í samfélaginu sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið, er komin í verulegt hugmyndalegt þrot ef þetta eru leiðirnar til niðurskurðar. Mér þykir það vægast sagt furðuleg fjölskyldustefna sem slíkar aðgerðir rúmast innan.

Varðandi samstarfsflokk hæstv. forsætisráðherra, Sjálfstæðisflokkinn, kemur þessi skerðing kannski ekki mikið á óvart í ljósi þess að skemmst er að minnast yfirlýsinga fyrrverandi fjármálaráðherra um að til greina kæmi að endurskoða vaxtabótakerfið og jafnvel afnema það. Því tel ég rétt að spyrja Framsóknarflokkinn og fulltrúa þeirra á Alþingi hvort þessi aðgerð, þessi skerðing, sem er endurtekin frá því í fyrra, og hin aukna skerðing sem nú á að ráðast í sé liður í því að þeir séu að hoppa á vagninn með Sjálfstæðisflokknum sem hefur rætt og viljað skoða vaxtabótakerfið og jafnvel afnema það. Við hljótum að spyrja okkur þeirrar spurningar.

Þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra var óbreyttur þingmaður fjallaði hann líka um þetta í sumar, þetta hefur því heyrst úr fleiri en einum ranni í Sjálfstæðisflokknum. Við hljótum að spyrja okkur og þetta hlýtur að valda okkur áhyggjum ef þetta er leiðin sem fara á. Það er skrýtið að þurfa að standa í þeim sporum að verjast fjölskyldustefnu stjórnmálaflokks ef þetta er birtingarmynd á framkvæmdinni á fjölskyldustefnunni.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hefur boðað og hafa þingmenn í dag barið sér á brjóst og fjallað um að nú sé verið að auka barnabætur. Gott og vel, það er verið að auka í í barnabótum en það er ekkert á við þær skerðingar á barnabótum sem átt hafa sér stað á undanförnum árum. Sú aukning nær ekki skerðingunni sem hefur átt sér stað á síðustu 15 árum að raungildi. Ríkisstjórnin er einungis að skila til baka um fjórðungi þess sem hún hefur hlunnfarið barnafólk um í barnabótum þegar hún loksins á árunum 2006 og 2007 skilar til baka þeim 2 milljörðum sem setja á nú í barnabæturnar. Að berja sér á brjóst eftir að hafa gengið til kosninga hvað eftir annað með loforð um barnakort og auknar barnabætur og tala um að verið sé að auka í barnabæturnar þegar búinn er að vera niðurskurður árum saman, finnst mér ekki trúverðugt og það finnst mér heldur ekki sannfærandi fjölskyldustefna, virðulegi forseti.

Ég sé þetta ekki öðruvísi en að skilaboðin til fjölskyldna séu þessi: Svona sker ríkisstjórnin niður. Hún sker niður í þeim tækjum sem við höfum ákveðið að nota til að létta róður barnafjölskyldna sem mikið leggst á, en svona sker núverandi ríkisstjórn niður, hún byrjar þar. Ég segi: Maður gerir ekki svona á sama tíma og fjölskyldustefna er boðuð. Eins og ég sagði áðan, það er illt í efni ef ungar barnafjölskyldur þurfa að verjast fjölskyldustefnu hæstv. ríkisstjórnar. Miðað við það sem við sjáum í fjárlagafrumvarpinu er fjölskyldustefna hæstv. forsætisráðherra plat.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins nefna fæðingarorlofið. Fjallað er um það í fjárlagafrumvarpinu að sjálfsögðu. Við í Samfylkingunni og í stjórnarandstöðunni höfum lagt fram breytingartillögu hvað fæðingarorlof varðar og boðað aukningu í Fæðingarorlofssjóð.

Samkvæmt útreikningum félagsmálaráðuneytisins er áætlað að halli verði á Fæðingarorlofssjóði um 688 millj. kr. á næsta ári og eigið fé í árslok verði neikvætt um 1.558 millj. kr. Þetta finnst mér verulegt áhyggjuefni. Við erum með góð fæðingarorlofslög og við eigum að vinna í því og leita allra leiða til að styrkja undirstöður þeirra laga.

Virðulegi forseti. Við vitum að staða sjóðsins er ekki góð og ekki á að gera neitt á næsta ári til þess að bæta hana. Það finnst mér líka áhyggjuefni vegna þess að það lýsir ákveðnu hugarfari. Menn ætla að sitja og bíða eftir því að afleiðingar breytinga á lögum um Fæðingarorlofssjóð sem gerðar voru á síðasta ári komi til framkvæmda. Og hverjar eru þær? Jú, skert fæðingarorlof vegna lengdra og breyttra viðmiðunarreglna um tekjur. Þær hafa lækkað fæðingarorlofsgreiðslurnar verulega, þannig að segja má að raungildi greiðslna sem áður var um 80% af tekjum getur farið niður í allt að 70% af tekjum.

Virðulegi forseti. Sú breyting sem hér um ræðir felur það í sér að nú er miðað við tvö síðustu tekjuár. Þegar barn fæðist er miðað við tvö tekjuár þar á undan þannig að tekjuviðmiðunin getur miðast við allt að þrjú ár. Það skal tekið fram að ekki er gert ráð fyrir að þær séu uppfærðar miðað við launavísitölu eða verðlagsbreytingar á viðmiðunartímabilinu. Því er alveg ljóst að mjög margir lenda í því að fá verulega skerðingu. Þessi 80% tala verður vægast sagt hlægileg í mörgum tilfellum vegna þess að þeir sem þetta hittir langmest fyrir er ungt fólk sem er að koma úr námi og hefur ekki haft tekjur og fólk sem eignast börn með skömmu millibili, það lendir í enn meiri skerðingum, fær 80% af tekjunum þá og síðan 80% af því o.s.frv. Svona mætti lengi telja.

Ég vil nefna að við þessu var verulega varað þegar verið var að fjalla um þá breytingu á lögunum á sínum tíma og kemur ágætlega fram í góðri ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um málið á sínum tíma og í nefndaráliti minni hlutans frá þeim tíma. Þar kom fram að þetta atriði, hið breytta viðmiðunartímabil, hafði verið eitt af helstu gagnrýnisatriðum umsagnaraðila svo sem ASÍ, BSRB, BHM og SÍB. Þar kom einnig fram, t.d. í umsögn frá BHM, að þeir sögðu að rofið væri samráð við samtök launafólks um því sem næst 80% heildartekna í fæðingarorlofi. Á þetta var ekki hlustað heldur ákváðu menn að fara í að rýra gildi þeirra ágætu laga sem sett voru á sínum tíma. Þetta þykir mér miður. Þessu höfum við mótmælt vegna þess að við viljum hafa góð fæð-

ingarorlofslög og til að hafa góð fæðingarorlofslög þurfum við að hafa góðar undirstöður. Góðar undirstöður eru sterkur sjóður og að staðið sé við þau viðmið og þær áætlanir sem gerðar eru en ekki endalaust að skerða. Við setjum ekki lög og byrjum síðan að skerða þau og rýra gildi þeirra.

Virðulegi forseti. Það er skoðun mín að þessa breytingu eigi að draga til baka og miða eigi við, eins og gert er á Norðurlöndunum og löndunum í kringum okkur, tólf mánaða tekjutímabil, þ.e. tólf mánuði fram að því fæðingarorlofið er tekið og hefst.

Virðulegi forseti. Það er vissulega margt í fæðingarorlofslögunum sem við verðum að skoða og að mínu mati er næsta skref eðlilegt að lengja fæðingarorlofið upp í tólf mánuði og skipta því þannig á milli foreldra að faðirinn fái fimm mánuði, móðirin fái fimm mánuði og síðan sé sameiginlegur tími tveir mánuðir. En það er efni í aðra ræðu og ekki lagt til í okkar tillögum núna en ég tel víst að við eigum að taka það sem næsta skref vegna þess að í samanburðarlöndunum á Norðurlöndunum sem standa okkur næst er fæðingarorlofið yfirleitt lengra eða sem nemur allt að 68 vikum í Svíþjóð, í Danmörku 52 vikum og í Finnlandi nær það 44 vikum, í Noregi 52 en hér á landi er það 39 vikur. Ég tel því að við eigum að skoða þetta sem næsta eðlilega skref.

Þetta snýst líka um fjölskyldustefnu svo ég komi inn á það aftur vegna þess að við vitum að það er erfitt að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þangað til leikskólavist hefst sem getur verið allt að níu mánuðir, jafnvel meira, þ.e. níu til tólf mánuðir sem fólk þarf að bíða. Þetta hefur ekki góð áhrif á eitt af grunnmarkmiðum laganna sem er að stuðla að jöfnum rétti karla og kvenna á vinnumarkaði vegna þess að hætt er við að þegar brúa þarf þarna bil þá taki konan það hlutverk að sér og því miður er tilhneiging til þess í okkar samfélagi. Það rýrir svo aftur stöðu konunnar á vinnumarkaði.

Virðulegi forseti. Ég vil koma inn á fleiri mál sem og það eru menntamál. Það er því miður staðreynd að hér á landi hefur verið rekin sveltistefna þegar kemur að háskólastiginu og framhaldsskólastiginu. Við erum með tölur um að við séum í 14. sæti hjá OECD-ríkjunum þegar kemur að útgjöldum til framhaldsskólastigsins. Við vitum það líka og okkur hefur verið sýnt það með óyggjandi hætti að við erum í 17. sæti þegar kemur að samanburði OECD-ríkjanna í framlagi til háskólastigs. Við erum þar undir meðaltali OECD-ríkjanna. Allt tal um það sem hér hefur átt sér stað í okkar samfélagi af hálfu hæstv. menntamálaráðherra að undanförnu um að við stöndum okkur vel er því ekki rétt. Við stöndum okkur ekki vel. Sveitarfélögin standa sig vel. Það eru framlög sveitarfélaganna til grunnskólanna sem toga okkur upp í meðaltalinu þegar kemur að öllum skólastigunum. En þegar kemur að því að greina þá þætti sem eru á hendi hæstv. menntamálaráðherra og ríkisins þá erum við undir meðaltali OECD-ríkjanna í framlögum til háskólastigsins. Það kalla ég ekki og það kallar það enginn og getur enginn kallað að standa sig vel eða vera í menntasókn eins og þetta hefur verið kallað.

Virðulegi forseti. Maður verður að nefna hlutina sínum réttu nöfnum. Í stað þess að leggjast á eitt með okkur í stjórnarandstöðunni sem höfum talað um það árum saman að auka þurfi framlög til háskólastigsins og framhaldsskólastigsins þá eru menn að slá upp einhverjum sýndarveruleika í menntamálum. En hverjum gagnast það? Engum, það gagnast engum til framtíðar. Það þýðir ekki að ganga um með einhvern umslátt og reyna að telja fólki trú um að hér sé allt i himnalagi þegar við vitum að háskólastigið er svelt og hefur verið árum saman.

Virðulegi forseti. Á þessu ári hafa verið gerðar tvær mjög góðar úttektir á Háskóla Íslands og fjárhagsstöðu hans. Önnur er stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á stöðu Háskóla Íslands.

Virðulegi forseti. Þessi stjórnsýsluúttekt er alveg ótrúleg. Hún sýnir okkur svart á hvítu að það verður að setja meira fjármagn í Háskóla Íslands ef hann á að geta staðið undir nafni sem breiður akademískur rannsóknarháskóli. Ég held að fólki sé hollt að heyra ákveðinn hluta úr þessari stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar. Vil ég, með leyfi forseta, grípa niður í einn kafla:

„Fjölgun nemenda og hækkun launakostnaðar, á sama tíma og skólinn hefur aukið námsframboð, ekki síst á framhaldsstigi, og ýtt undir rannsóknir, hefur t.d. haft áhrif á fjárhagsstöðuna. Við þessu þurfa bæði skólinn og stjórnvöld að bregðast. Getur skólinn aflað meiri ríkisframlaga eða ætti hann að auka tekjur sínar með skólagjöldum? Á hann að grípa til ráðstafana til að takmarka fjölda nýrra nemenda eða endurmeta áherslur í starfseminni og draga saman fjárframlög til sumra deilda og námsgreina til að geta aukið framlög til annarra? Hvorki skólinn né stjórnvöld geta vikist undan að taka af skarið um svo þýðingarmikil mál í starfsemi skólans. Í málum af þessu tagi hlýtur frumkvæðisskyldan að hvíla á báðum aðilum.“

Virðulegi forseti. Þetta er mjög skýrt af hálfu Ríkisendurskoðunar. Þarna þarf að gera eitthvað hvað fjármögnunina varðar. Fjármögnun er ekki nógu góð. Við vitum að Háskóli Íslands hefur gert allt sem hann hefur getað til að geta boðið upp á gott nám, góðar rannsóknir. Í nýlegri úttekt Evrópusamtaka háskóla kemur skýrt fram að Háskóli Íslands er í fremstu röð hvað gæði náms varðar og rannsókna en að hann á í fjárhagskreppu. Þetta kemur skýrt fram. Ég held að spurningu ríkisendurskoðanda frá því í vor um að frumkvæðisskyldan hvíli á báðum aðilum sé svarað þannig í þessari skýrslu að Háskóli Íslands hefur gert allt innan stofnunarinnar til að mæta þessum skertu framlögum frá ríkinu. Því er það ríkisins núna að taka af skarið um hvernig eigi að fjármagna þennan skóla til framtíðar. Það á ekki að vera að heldur á hendi Háskóla Íslands að ákveða hvort taka eigi upp skólagjöld. Það á að vera pólitísk ákvörðun sem er tekin hér. Það á ekki að svelta háskólann út í þá neyðaraðgerð að skera niður nám. Það á að mínu mati líka að vera pólitísk ákvörðun hvort við ætlum að hætta t.d. að vera með guðfræðideild. Enginn annar skóli í landinu, enginn af samkeppnisskólunum, býður upp á það. Tungumálakennsla er ekki í skólunum sem veita Háskóla Íslands samkeppni. Auðvitað verðum við að líta á þessa þætti. Því miður kemur það fram í báðum þessum skýrslum að næsta skref sé annaðhvort að auka fjármagn eða skera niður námsframboðið. Þetta eru staðreyndir sem hæstv. menntamálaráðherra verður að horfast í augu við. Það þýðir ekki bara að tala endalaust um menntasókn og að hér sé verið að

auka fjármagn í háskólastigið þegar það er ekki rétt eða vera hér með fagurgala af því að við vitum að þessi aukning til háskólastigsins fylgir því að nemendum hefur fjölgað. Háskólarnir sem slíkir eru því ekki að fá aukið fjármagn.

Virðulegi forseti. Nýjasta dæmið um þetta er að Háskólinn á Akureyri hefur þurft að leggja niður tvær deilda sinna vegna fjárskorts. Hann tók þá ákvörðun að leggja niður tvær deildir vegna fjárskorts. Út í þann leiðangur er hæstv. menntamálaráðherra að senda skólana. Næst kemur að Háskóla Íslands ef ekkert verður að gert. Því leggjum við til, virðulegi forseti, í stjórnarandstöðunni að settar verði 500 millj. kr. til Háskóla Íslands til að mæta þeirri stöðu sem hann er í nú og til þess að alla vega að hefja hér raunverulega menntasókn. Við leggjum líka til að fjármagn til Háskólans á Akureyri verði aukið um 100 millj. kr. til að bæta stöðu hans. Varðandi Háskólann á Akureyri þá er auðvitað verulega vont að skera niður námsframboð úti á landsbyggðinni með þessum hætti vegna þess að við vitum að Háskólinn á Akureyri hefur gegnt lykilhlutverki í að mennta fólk úti á landi og fólkið hefur farið aftur í heimabyggð eftir að hafa lært í Háskólanum á Akureyri. Það er veruleg synd og skömm að draga svo úr háskólaþjónustu við landsbyggðina.

Virðulegi forseti. Annan háskóla vil ég nefna, Kennaraháskóla Íslands. Í breytingartillögum okkar leggjum við til að settar verði 150 millj. kr. til Kennaraháskóla Íslands. Á bak við þá tillögu liggur sú hugmynd að teknir verði fleiri inn í Kennaraháskólann, að auka heimildir til inntöku nemenda vegna þess — ég get tekið dæmi — að við vitum að í leikskólakennaradeildinni er verið að taka allt of fáa inn ef anna á eftirspurn eftir leikskólakennurum í leikskólum landsins. Árið 2004 var helmingi umsækjenda vísað frá. Við sjáum að það er gríðarleg starfsmannavelta í leikskólum landsins og sú starfsmannavelta er aðallega í hluta ófaglærða hópsins sem á leikskólunum starfar. Ófaglærði hópurinn er um 60% af þeim sem starfa við kennslu á leikskóla. Leikskólakennarar eru um 34% af þeim sem starfa við kennslu á leikskólann. Starfsmannaveltan hjá ófaglærða hópnum er um 30% á meðan hún er um 7% hjá leikskólakennurum. Því er augljóst að við þurfum að stækka þann hóp sem ætlar að gera starf á leikskólum að ævistarfi með því að fjölga þeim sem hafa lært til leikskólakennara. Þegar munurinn er svona og þegar ekki er hægt að manna leikskóla á helstu þéttbýlisstöðum landsins, þegar það er ekki hægt og foreldrar þurfa að vera heima nokkra daga í mánuði vegna þess að ekki er hægt að manna allar stöður og gríðarlegt álag er á því starfsfólki sem er fyrir þá á auðvitað að ráðast í það verkefni að fjölga þeim sem ætla að gera störf á leikskólum að atvinnu sinni. Það er verkefnið fram undan.

Í umræðum á Alþingi um daginn þar sem ég átti orðastað við hæstv. menntamálaráðherra um þetta mál sá hún þetta ekki heldur benti einungis á sveitarfélögin og að þau þyrftu að hækka launin til að halda fólki á leikskólum. Auðvitað er það að vissu leyti rétt. Auðvitað þarf að hækka launin. Þau eru skammarlega lág laun fyrir leikskólakennslu. En þetta er ekki bara verkefni sveitarfélaganna. Sveitarfélögin munu að sjálfsögðu vinna í því og það hafa komið yfirlýsingar frá forustumönnum sveitarfélaga um að þetta verði verkefnið næsta haust, að það verði að skoða launakröfur leikskólakennara 2006. Fram að því er það verkefni hæstv. menntamálaráðherra að hleypa fleirum inn í leikskólakennaranámið. Það er eftirspurn eftir því. Það er umframeftirspurn eftir náminu. Við vitum það. Við erum með tölur um það hversu mörgum er vísað frá. Þessu verðum við að taka á vegna þess, eins og ég sagði, að vandinn felst í of mikilli starfsmannaveltu. Til að minnka hana þurfum við að fjölga leikskólakennurum. Það þurfum við að gera til að lenda ekki í þessari stöðu aftur og aftur, lenda í þessu um áramótin, á haustin. Þá eru sveitarfélögin að lenda í þessu og leikskólarnir að lenda í þessu. Þetta er algerlega ótækt bæði fyrir börnin og foreldrana. Þess vegna verður hæstv. menntamálaráðherra að skoða sinn þátt í málinu. Og hver er hann? Hvað er á hennar ábyrgð? Það er að fjölga leikskólakennurum.

Virðulegi forseti. Áður en ég yfirgef alveg Kennaraháskólann þá verð ég líka að nefna að heyrst hefur úr skólasamfélaginu að á næstu árum gæti komið upp töluverð vöntun á grunnskólakennurum í skólum landsins vegna þess að meðalaldur grunnskólakennara er mjög hár og búist er við að töluvert margir fari á eftirlaun á svipuðum tíma. Þetta er hlutur sem verður að skoða. Við vitum að umfram eftirspurn er eftir bæði grunnskólakennaranámi og leikskólakennaranámi. Það verður að hleypa þarna inn fleiri einstaklingum sem þetta vilja læra, sækja sér þessa góðu menntun, þessa nauðsynlegu menntun í tveimur af þeim skólastigum sem eiga að vera kjarninn í menntastefnu okkar. Þó svo að þessir málaflokkar séu á hendi sveitarfélaganna þá er hæstv. menntamálaráðherra ekkert stikkfrí og ríkisvaldið er ekkert stikkfrítt í þessum efnum þegar það er ríkisvaldið sem sér um menntunina. Við vitum líka að tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga er ranglát. Ríkisvaldið er því ekki stikkfrítt í þessum efnum og það verður að fara að líta til þess að veita sveitarfélögunum sjálfstæðari og sterkari tekjustofna.

Virðulegi forseti. Ég vil nefna annað varðandi menntamál og það er tillaga okkar þingmanna Samfylkingarinnar og Guðjóns Arnars Kristjánssonar. Við leggjum til að 35 millj. kr. verði settar í Listdansskóla Íslands. Þetta gerum við vegna þess að ákvörðun hæstv. menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur um að leggja Listdansskóla Íslands niður er illa ígrunduð. Hún er fljótfærnisleg og hún er afar illa ígrunduð. Við teljum ekki rétt að Listdansskóla Íslands verði lokað næsta vor miðað við þær forsendur sem fyrir liggja og því leggjum við til að veittar verði 35 milljónir til þess að skólinn geti starfað út næsta ár. Þetta gerum við vegna þess að sú ákvörðun um að leggja niður Listdansskóla Íslands er með miklum ólíkindum og aðdragandinn að henni afar sérstakur vægast sagt. Þessi ákvörðun var tekin án nokkurs samráðs við fagaðila eða þá sem koma að þessu námi eða listdansi í landinu yfirleitt. Yfirlýsingin kom okkur öllum í opna skjöldu og þeir sem að listdansnáminu standa og að listdansi standa hafa mótmælt vinnubrögðum ráðherrans harkalega.

Virðulegi forseti. Það er afar sérkennilegt að taka ákvörðun um að leggja niður slíkan skóla án þess að hafa nokkurt samráð við fagaðila. En það virðist vera orðið dá-

lítið leiðarljós í starfsháttum hæstv. menntamálaráðherra að taka ákvarðanir og segja síðan fólki sem á að standa undir því og lifa með þeim frá því eftir á. Þetta eru engin vinnubrögð. Þetta gerðist með Listdansskólann. Þetta gerðist með styttingu náms til stúdentsprófs. Þetta eru vinnubrögð fyrir neðan allar hellur, það verður að segja. Svona vinnubrögðum hlýtur maður að mótmæla og við mótmælum þeim.

Virðulegi forseti. Listdansskólinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki í menntun listdansara hér á landi og þangað hafa dansarar framtíðarinnar getað sótt sér menntun frá unga aldri. Það hefur enginn og hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki sagt þessum ungu krökkum sem eru á grunnskólaaldri og hafa ákveðið að leggja fyrir sig listdans, eða foreldrum þeirra, hvert þau eigi að sækja menntun sína á þessu sviði á næsta ári. Þetta er ömurleg staða fyrir þessa krakka sem eiga sér stóra drauma og hafa fundið sig í listdansinum. Þessir krakkar verða að fá svör frá ráðherranum um hvert þau eigi að halda á næsta ári þegar búið verður að loka skólanum. Þessi svör hafa ekki enn þá fengist og það eru komin lok nóvember. Það eru ekki nema níu mánuðir í að lokunin komi að fullu til framkvæmda og sé orðin raunveruleg. Þessari spurningu verður því að svara.

Það er mjög ruglingsleg framtíðarsýn, virðulegi forseti, fyrir listdansnámið ef það á að koma því fyrir innan veggja grunn- og framhaldsskólanna eins og þeir eru í dag. Í fyrsta lagi er svo vegna þess að kraftar stéttarinnar mundu dreifast óþarflega, í öðru lagi vegna þess að námið krefst sérhæfðrar æfingaaðstöðu og faglegrar kennslu. Í þriðja lagi hefur Listdansskólinn sinnt þeim einstaklingum sem hafa getað og viljað gera þetta „auka" sem til þarf til þess að leggja listdansinn fyrir sig. Venjulegt dansnám í skólakerfinu er allt annars eðlis því að þar er það hluti af þroskaferli barnanna og ætlað til að efla líkama þeirra og sál, þ.e. hreyfing. Listdansskóli Íslands hefur hins vegar sinnt þeim sem hafa viljað sérhæfa sig á þessu sviði og jafnvel gera listdansinn að ævistarfi. Á þessu er klárlega munur. Meðan þessi staða er uppi er skóla ekki bara lokað án þess að fyrir liggi hvernig eigi að koma þessu fyrir á grunn- og framhaldsskólastigi. Það hafa bara komið einhverjar ódýrar yfirlýsingar um að þetta verði sett inn í framhaldsskólann með einhverjum hætti. Útfærslan liggur ekki fyrir.

Þetta gengur ekki, virðulegur forseti. Þessi vinnubrögð eru menntamálayfirvöldum til fullkominnar skammar að mínu mati og að mörgu leyti lýsandi um margt. Ég tel að þessa niðurlagningu eigi að draga til baka. Ég vona svo sannarlega að tillaga okkar fái stuðning hér. Þetta eru 35 milljónir. Ég vona svo sannarlega að stjórnarliðar taki undir þessa tillögu og veiti henni liðsinni.

Virðulegi forseti. Ég gæti tæpt á fjölmörgum atriðum en ég ætla að láta félögum mínum eftir að fara yfir fleiri breytingartillögur sem við höfum kynnt í ræðum hér á eftir. En ég get ekki farið úr þessum stóli nema að lýsa því yfir enn og aftur að ég hef orðið fyrir ofboðslega miklum vonbrigðum. Ég veit að barnafjölskyldur í landinu hafa orðið fyrir ofboðslegum vonbrigðum með aðgerðir þessarar ríkisstjórnar í málefnum barnafjölskyldna. Það að berja sér á brjóst eins og gert hefur verið, koma síðan hingað og skera niður vaxtabæturnar, er bara — fyrirgefðu, frú forseti — þetta er bara „lásí" svo vægt sé til orða tekið.

[19:53]

Bryndís Haraldsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er aldeilis að stjórnarandstaðan hefur úthald í að standa í pontu í dag. Það er svo sem margt sem ég hefði viljað nefna úr ræðu hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur. En ég ákvað að taka hérna upp sérstaklega vaxtabótakerfið.

Hún fer mörgum orðum um það og telur þetta fjandsamlegt fyrir fjölskyldurnar í landinu. Ég ætla bara að koma skoðun minni á framfæri sem Samband ungra sjálfstæðismanna hefur reyndar oft ályktað um. Það er okkar skoðun að ekki eigi að umbuna fólki fyrir skuldir sínar. Aftur á móti á að leggja allt kapp á að fólk hafi sem mestan hluta tekna sinna til ráðstöfunar. Þar af leiðandi er athyglisvert að sjá breytingartillögur Samfylkingarinnar við þessi ágætu fjárlög. Þær felast allar í útgjaldahliðinni. En hvernig á að ná tekjunum inn? Jú, auðvitað fyrst og fremst með því að hækka skatta frá því sem lagt er til í fjárlagafrumvarpinu og svo er aftur á móti einhverjar bókhaldsaðgerðir.

[19:54]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi fagna ég því að í salnum er sjálfstæðismaður sem kemur upp og segir blákalt að hún styðji að vaxtabótakerfið verði lagt niður. Hér var því lýst yfir og það er þá gott að vita af því. Ég tek hatt minn ofan fyrir því að það sé gert hér með þessum hætti og sagt hreint út, vegna þess að þetta er einmitt það sem ég var að fiska eftir. Því hlýt ég núna að ítreka þá spurningu mína til framsóknarmanna, sem reyndar eru ekki hér í salnum, hvort þessi skerðing núna í ár sé byrjunin á því að leggja niður vaxtabótakerfið. Miðað við hvernig Sjálfstæðisflokkur eða ungir sjálfstæðismenn hafa ályktað, miðað við hvernig ráðherrar og þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa talað um vaxtabótakerfið þá sýnir þessi skerðing mér núna að ríkisstjórnin sé á hraðri leið með að leggja niður vaxtabótakerfið.

Því segi ég enn og aftur að vaxtabætur eru notaðar til þess að hjálpa skuldsettasta unga fólkinu með lægstu tekjurnar til þess að koma sér upp þaki yfir höfuðið og það er ekki hægt að boða fjölskyldustefnu á sama tíma og þetta er skorið niður. Það er mín skoðun. Þarna greinir okkur á við marga þingmenn sjálfstæðismanna.

Ég tel vaxtabótakerfið mikilvægt tæki til þess að jafna kjör og létta barnafjölskyldum róðurinn í sinni þrautagöngu, verð ég að segja, í okkar samfélagi, í gegnum fyrstu skrefin við að koma sér upp fjölskyldu (Forseti hringir.) og þaki yfir höfuðið.

[19:56]

Bryndís Haraldsdóttir *(andsvar)*:

Það er gott þegar við erum sammála að því leyti að skoðanir séu hér ljósar. Það er að minnsta kosti ljóst að það er skoðun ungra sjálfstæðismanna að vaxtabótakerfið sé ekki best til þess fallið að umbuna barnafjölskyldum. Það hvetur til skulda og er ekki kerfi sem við viljum standa vörð um.

Við teljum aftur á móti að skattalækkanir ríkisstjórnarinnar séu gott tæki. Þær sameina hag allra og koma barnafjölskyldum líka vel. Það er réttlátt að fólk hafi sem mest af

sínum tekjum til ráðstöfunar. Þess vegna tökum við hattinn ofan fyrir þeim skattalækkunum sem hafa verið framkvæmdar hér á síðustu árum og lagt er til að haldið verði áfram í þessu fjárlagafrumvarpi.

[19:57]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við vitum að þær skattalækkanir sem þessi ríkisstjórn hefur ráðist í koma þeim best sem hæstar hafa tekjurnar og þeim verst sem minnstar hafa tekjurnar. Þær eru því ekki besta tækið til þess að koma til móts við ungt fólki sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið og er með ung börn á framfæri.

Við höfum sagt að betri leið sé að lækka matarskatt því það jafni aðgengi og hafi miklu meiri jöfnunaráhrif en þær skattalækkanir sem þessi ríkisstjórn hefur ráðist í. Við höfum líka sagt að frekar eigi að hækka persónuafsláttinn vegna þess að hann kemur sér hlutfallslega best fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar. Þarna greinir okkur í Samfylkingunni á við unga sjálfstæðismenn. Það er svo sem ekkert nýtt. Þannig hefur það verið um nokkurt skeið. Vaxtabótakerfið hvetur ekki til skuldsetningar. Húsnæðisverð er himinhátt. Vextir eru háir og hafa verið hér um langt skeið með verðtryggingu ofan á. Því er vaxtabótakerfið einmitt ein af bestu leiðunum sem við höfum til þess að koma til móts við ungar barnafjölskyldur sem eru að reyna að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Ég sagði í ræðu minni áðan að ungt barnafólk væri ekkert að taka lán að óþörfu. Það er að koma sér upp þaki yfir höfuðið og við eigum að létta því róðurinn. Fjöldamörg gjöld leggjast á ungt fólk, mörg í einu. Það hittir það þungt fyrir og við eigum að létta því róðurinn eins og hægt er og vaxtabótakerfið er stór hluti af því.

Af því að hér var áðan talað um að við stæðum fyrir skattahækkunum þá er það bara ekki rétt. Ég hvet hv. þingmann til þess að lesa skattatillögur okkar og fara í gegnum það sem sagt hefur verið hér í dag vegna þess að þá sér hún að þetta er alls ekki rétt. Við erum ekki að leggja til skattahækkanir.

[19:59]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum nú fjárlögin í 2. umr. Búið að ræða þau frá því kl. 11 í morgun og er ég aðeins fjórði stjórnarliðinn sem kemst að í þeirri umræðu, þannig að sumir hafa haldið hér langar ræður í dag. Hagvöxtur hefur verið hér meiri en annars staðar miðað við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við og kaupmáttur almennings hefur aukist ár frá ári. Atvinnuleysi er í algeru lágmarki og sem betur fer ríkir friður og sátt á vinnumarkaðnum og er það ekki síst vegna þess að nú hefur ríkisstjórnin komið vel að vinnumarkaðinum og hefur tryggt þann frið með myndarlegum hætti. Spá um þjóðhagsforsendur er óbreytt og það er reiknað með að hagvöxtur verði 4,6% á árinu 2006 og verðbólgan 3,8%. Það er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 2,7%. Því er spáð að á næsta ári muni gengi krónunnar lækka og að landsframleiðslan muni aukast um 4,6% að magni til. Það er einnig reiknað með því að atvinnuleysi minnki milli ára úr 2,2% niður í 1,8%.

Virðulegi forseti. Ýmsar breytingartillögur liggja hér frammi frá meiri hluta fjárlaganefndar og mun ég fara aðeins yfir þær. Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra erinda sem hafa komið til hennar og breytingartillögur sem nú eru til umfjöllunar við 2. umr. nema samtals 1.859,3 millj. kr. til hækkunar á fjárlögum. Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að tekjur verði um 334,6 milljarðar kr. sem eru 7,2 milljarða kr. hækkun frá frumvarpinu. Tekjujöfnuður verður um 19,6 milljarðar sem er hækkun upp á 5,4 milljarða kr. Mest hækka útgjöld menntamálaráðuneytisins, eða um 690,2 millj. kr., og síðan heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis um 155,4 milljónir.

Ég mun nú geta geta aðeins um nokkur verkefni, m.a. verkefni sem vistað er hjá forsætisráðuneytinu, það er Jafnréttissjóður. Það er verið að leggja til 10 millj. kr. fjárveitingu samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um Jafnréttissjóð. Á fundi ríkisstjórnarinnar 21. október síðastliðinn var að tillögu forsætisráðherra samþykkt að verja 10 millj. kr. til að stofna sérstakan rannsóknasjóð, Jafnréttissjóð, sem ætlað er að veita úr til rannsókna á grundvelli umsókna. Markmiðið með stofnun sjóðsins er að tryggja að hér á landi verði unnar vandaðar kynjarannsóknir sem geti stuðlað að framgangi aukins jafnréttis og jafnri stöðu kynjanna. Fyrst um sinn verður lögð sérstök áhersla á annars vegar að veita fé til rannsókna á stöðu kvenna á vinnumarkaði, bæði að því er varðar launakjör og áhrif og hins vegar til rannsókna á áhrifum gildandi löggjafar hér á landi, svo sem lög um sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs. Ég held að þetta sé afskaplega mikilvægt og á örugglega eftir að skila sér inn í jafnréttisbaráttuna.

Þá eru í breytingartillögunum lagðar til 100 millj. kr. sem er hluti af ríkisstjórnarsamþykktinni við aðila vinnumarkaðarins um 100 millj. kr. til sérstaks átaks á árinu 2006, til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra einstaklinga með litla menntun, jafnframt því að bæta stöðu erlends vinnuafls í íslensku samfélagi. Tillagan er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Það er miðað við að menntamálaráðuneytið geri samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um eftirfarandi fjögur verkefni:

Í fyrsta lagi að útbúa námsefni og þjálfa leiðbeinendur í íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Í öðru lagi að greiða fyrir námskeiðahald og endurmenntun einstaklinga á vinnumarkaði sem leggja stund á nám sem byggist á námskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest.

Í þriðja lagi að halda áfram með verkefni um mat á raunfærni einstaklinga á vinnumarkaði.

Í fjórða og síðasta lagi að efla náms- og starfsráðgjöf fyrir ófaglærða og þá sem litla menntun hafa á vegum símenntunarmiðstöðva.

Því er nú þannig háttað að við höfum níu símenntunarmiðstöðvar á landinu fyrir utan Fræðslusjóð atvinnulífsins

og símenntunar. Samtals fyrir þessa liði eru þetta 291,4 millj. kr., sem eru eins og ég gat um áðan 100 millj. kr. viðbót við það sem var fyrir í frumvarpinu. Þetta er afskaplega mikilvægt verkefni því símenntunarstöðvarnar hafa rækilega sannað sig. Fleiri og fleiri hafa fengið tækifæri til að afla sér náms og mennta í fjarnámi og með ýmiss konar námskeiðum sem boðið er upp á í þessum miðstöðvum, sem eru eins og ég sagði áðan, níu á öllu landinu. Ein í hverju hinna gömlu kjördæma nema tvær á Suðurlandi, þar af önnur í Vestmannaeyjum. Allar hafa þessar símenntunarmiðstöðvar svo sannarlega sannað sig og þetta skiptir miklu máli.

Virðulegi forseti. Við umfjöllun fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga hafa nefndinni borist nú eins og á mörgum undanförnum árum, fjölmörg erindi um fjárframlög til ýmissa verkefna á vegum einstaklinga, félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana. Það er ljóst að því miður er ekki mögulegt að verða við nema að hluta þeirra erinda. Það kemur því í hlut fjárlaganefndar að forgangsraða, velja og hafna. Við slíkar aðstæður verður ekkert hafið yfir gagnrýni. Um allt land er unnið að mörgum mjög athyglisverðum verkefnum sem vert er að styðja við. Við afgreiðslu erinda að þessu sinni hefur sérstaklega verið tekið tillit til ákveðinna þátta og má þar nefna framlög til rannsóknarverkefna vítt og breitt um landið. Það eru störf sem eru sérstaklega ætluð háskólamenntuðu fólki en margir hafa gagnrýnt að það vanti störf fyrir háskólamenntað fólk út á landsbyggðina. Við þessu er fjárlaganefnd að bregðast með því að leggja aukið fé til rannsóknarverkefna.

Eins og undanfarin ár höfum við lagt mikla áherslu á endurbyggingu og varðveislu gamalla húsa og uppbyggingu safna. Slík verkefni falla vel að menningartengdri ferðaþjónustu en á hana hefur verið lögð mikil áhersla á undanförnum árum. Sá mikli uppgangur sem verið hefur á landinu öllu hefur komið ferðaþjónustunni mjög til góða. Við verðum að leggja okkur fram um að varðveita menningararfinn sem er okkur afskaplega mikilvægur. Við höfum því miður glatað of miklu af menningarverðmætum okkar og slíkt má ekki henda framvegis. Þessar fjárveitingar hafa orðið hvatning og lyftistöng fyrir félög, byggðir og sveitarfélög um allt land og hefur verið afskaplega ánægjulegt að fylgjast með hvernig verkefni hafa dafnað og blómstrað í gegnum árin. Þetta kemur einnig fram í fjölmörgum heimsóknum til nefndarinnar nú í haust sem önnur haust, og ég tala nú ekki um þegar fjárlaganefnd fer um byggðir landsins, þá eru þetta verkefni sem standa svo sannarlega upp úr.

Hvað varðar Þjóðminjasafn Íslands þá gerum við tillögu um að bæta við 15 millj. kr. hækkun á framlagi til húsasafns Þjóðminjasafns Íslands. Það eru endurbætur húsa í vörslu safnsins og þar má t.d. nefna torfbæina. Við verðum að taka okkur taki varðandi torfbæina. Þetta eru okkar menningarverðmæti. Þjóðin bjó og lifði í þessum bæjum og það er skylda okkar að sýna sögunni og menningarverðmætum okkar tilhlýðilega virðingu. Má geta þess að torfbæirnir gætu hugsanlega komist á heimsminjaskrá UNESCO. En það gerist aðeins ef vel verður að þessu hugað.

Húsafriðunarsjóður. Það er gerð tillaga um 126 millj. kr. tímabundna hækkun á liðnum til ýmissa verkefna. Sá liður verður þá samtals 202,4 millj. kr. Þetta er um 50 verkefni. Það hefur verið mikil og góð samstaða með Húsafriðunarsjóði varðandi úthlutun til endurbygginga gamalla húsa og hefur framkvæmdastjóri Húsafriðunarsjóðs, Magnús Skúlason, lagt mat sitt á umsóknirnar og verið fjárlaganefnd innan handar og leiðbeint henni í þessum efnum. Ég tel að það skipti afskaplega miklu máli.

Ég ætla aðeins að geta nokkurra verkefna sem fjárlaganefnd leggur til að verði lagðir fjármunir til. Það er vélsmiðjan á Þingeyri, gamli spítali, Gudmanns Minde, á Akureyri. Syðstabæjarhúsið í Hrísey. Maddömuhúsið á Siglufirði, gosminjar í Vestmannaeyjum, verkefni sem er kallað Pompei norðursins, þar sem verið er að grafa hús undan hrauninu í Vestmannaeyjum. Þetta verkefni er afskaplega merkilegt og mun verða notað sem tilraunaverkefni til að sjá hvernig húsin koma undan hrauninu. Þá er hér gamall kunningi, það er Duus-húsið í Reykjanesbæ sem er menningarhús þeirra Reyknesinga og er afskaplega merkilegt hús. Í tillögunni er lagt til að þessi verkefni fái 5 millj. kr. hvert. Síðan eru fjölmörg önnur verkefni, eins og Þingeyrarkirkja í Dýrafirði, Friðbjarnarhús á Akureyri, gamla salthúsið á Þingeyri, Vatneyrarbúð á Patreksfirði, Faktorshúsið á Djúpavogi og gamla Faktorshúsið á Ísafirði. Verslunarhús í Englendingavík í Borgarnesi, steinhlaðið íbúðarhús á Héðinshöfða á Tjörnesi, Tryggvaskáli á Selfossi sem er mjög merkilegt verkefni sem hefur staðið í mörg ár. Hótel Framtíð á Djúpavogi, gamli barnaskólinn á Ísafirði, gamla mjólkursamlagshúsið í Borgarnesi, Kaldrananeskirkja á Ströndum, stúkuhúsið á Akranesi, Kálfatjarnarkirkja á Vatnsleysuströnd, Brydebúð í Vík, verslunin bræðurnir Eyjólfsson og Ingjaldshólskirkja á Snæfellsnesi. Síðan eru nokkrar gamlar réttir sem við leggjum til að fái fjárframlag. Þar má nefna Hraunsrétt í Aðaldal og Skaftholtsréttir. Eins eru hér tveir hákarlahjallar, annar í landi Asparvíkur á Bölum í Strandasýslu og hinn, ásamt skemmu, á Reyðarhlein á Dröngum. Síðan er það Kaupvangur á Vopnafirði, minningarkapella séra Jóns Steingrímssonar á Kirkjubæjarklaustri, og svona mætti lengi telja og lægsta upphæðin er lögð til í gamla þinghússins í Hraungerðishreppi í Þingborg. Síðan eru það söfnin. Það eru 27 söfn á landinu sem fá öll einhverja úrlausn og það er upp á samtals 90 millj. og 500 þús.

Kvikmyndasjóður. Það er lagt til að Kvikmyndasjóður fái 65 millj. kr. hækkun framlags til að styrkja vegna kvikmyndagerðar. Og síðan er lagt til að 18 millj. kr. fari til menntunar á sviði kvikmyndagerðar sem er mikilvægur áfangi í að koma fótum undir kvikmyndaskóla Íslands. Þá er aðeins gerð úrlausn fyrir starfsemi áhugaleikfélaga og atvinnuleikhópa þar sem gerð er tillaga um 10 millj. kr. tímabundið framlag til Leikfélags Reykjavíkur vegna verkefna á vegum áhugaleikhópa.

Tónlist fyrir alla. Það er lagt til að bætt verði þar við 2 millj. kr. hækkun á framlagi. Það verða þá 7 millj. til alls. Þetta verkefni er eitt af því skemmtilegasta og merkilegasta verkefni sem ég þekki. Þetta eru okkar fremstu tónlistarmenn sem fara um landið og kynna skólabörnum tónlist. Þetta hefur orðið til að mörg ungmenni hafa fengið áhuga á að læra meira í tónlist. Þetta skiptir miklu máli.

Síðan eru samningar um menningarmál á Vesturlandi og

svo koma hér ýmis fræðistörf og ég vil geta um nokkur. Það eru nokkur fræða- og þekkingarsetur. Það er lagt til 31,1 millj. kr. framlag til Þekkingarseturs á Vestfjörðum. Og 8 millj. kr. framlag til að stofna fræðasetur í Stykkishólmi. 7 millj. kr. framlag til Háskólasetursins á Hornafirði og 5 millj. kr. framlag til Þekkingarseturs á Vestfjörðum til reksturs Fornleifaskóla Vestfjarða í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp og 5 millj. kr. framlag til Þekkingarseturs Þingeyinga.

Þá er gerð tillaga um hækkun á rekstrarframlagi til Skriðuklausturs og einnig gerð tillaga um 2 millj. kr. tímabundið framlag til fornleifarannsókna á Skriðuklaustri. En eins og flestir vita fara þar fram afskaplega merkilegar fornleifarannsóknir. Þá er einnig gerð tillaga um að Snorrastofa fái 5 millj. kr. hækkun á rekstrarframlagi.

Æskulýðsmál hafa verið sá málaflokkur sem fjárlaganefnd hefur alltaf lagt vel til. Gerð er tillaga um að Ungmennafélag Íslands fái 20 millj. kr. hækkun á framlagi og lagt er til að Dalabyggð ásamt UMFÍ verði veitt 10 millj. kr. framlag til ungmenna- og tómstundabúða á Laugum í Sælingsdal. Er óskandi að þetta verkefni og það verkefni sem UMFÍ hefur áhuga á að koma upp í Skógaskóla, hinum gamla, verði að veruleika í kjölfarið á þessu.

Þá er einnig lagt til að Bandalag íslenskra skáta fái aukin framlög og áfram verður haldið með afskaplega merkilegt verkefni, sparkvelli. Tillaga er um að veita Knattspyrnusambandi Íslands 25 millj. kr. tímabundið framlag til að halda áfram sparkvallaátaki. Þetta verkefni er samstarfsverkefni Alþingis, Knattspyrnusambands Íslands og erlendra aðila. Það hefur verið mjög ánægjulegt að sjá það sem þessir vellir hafa komið upp, hvað þeir eru mikið notaðir, bæði af stelpum og strákum.

Ég vil aðeins geta um landbúnaðarráðuneytið. Gert er ráð fyrir því að Veiðimálastofnun verði veitt 12 millj. kr. tímabundið framlag til rannsókna á sjávardvöl laxins. Það er mjög mikilvægt verkefni og er nauðsynlegt að það haldi áfram. Lagt er til að Guðbrandsstofnun við Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal verði veitt 5 millj. kr. tímabundið framlag til verkefnisins 900 ára afmæli Hólastaðar – biskupsseturs og skóla.

Síðan er gerð tillaga um að Landgræðsla ríkisins fái 7 millj. kr. tímabundið framlag vegna Hekluskóga og Skógrækt ríkisins einnig 7 millj. kr. tímabundið framlag vegna Hekluskóga. Þetta er afskaplega stórt og mikið verkefni sem er í samstarfi þessara tveggja stofnana.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu er gert ráð fyrir fangelsisbyggingum. Það eru stofnframkvæmdir. Gerð er tillaga um 50 millj. kr. tímabundið framlag til framkvæmda við stækkun og endurbætur fangelsa. Unnið hefur verið að frumathugun á stöðu og horfum í fangelsismálum þar sem fram kemur þarfagreining, yfirlit yfir núverandi aðstöðu, rekstur og fleira. Fyrirhugað er í fyrsta áfanga að gera breytingar á fangelsum á Akureyri og Kvíabryggju. Á Kvíabryggju er ætlunin að fjölga um átta fangarými og er kostnaður við þær framkvæmdir áætlaður 27 millj. kr. Þær verða fjármagnaðar með ónotuðum fjárheimildum frá fyrri árum.

Á Akureyri er ætlunin að fjölga fangaklefum um tvo og skapa möguleika á langtímavistun fanga. Áætlaður kostnaður við þær framkvæmdir eru 130 millj. kr. Auk þess er talið nauðsynlegt að gera breytingar á húsnæði lögreglustöðvarinnar og er kostnaður við það áætlaður 80 millj. kr. Fjárveitingin er ætluð til þess að unnt verði að hefjast handa við framkvæmdir á Akureyri seinni hluta næsta árs. Síðan er í undirbúningi stækkun og lagfæring á fangelsinu á Litla-Hrauni sem eru líka orðnar tímabærar.

Hvað varðar ýmsa starfsemi hjá félagsmálaráðuneyti vil ég geta hér um nokkur verkefni. Fyrst nefni ég Geysi, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Þar er gerð tillaga um 3 millj. kr. framlag til klúbbsins Geysis sem vinnur uppbyggingarstarf með einstaklingum sem hafa átt við geðræn vandamál að stríða. Það hækkar um 3 millj. kr. og verður þá 21,5 millj. kr. Lagt er til að Félag heyrnarlausra fái 4 millj. kr. tímabundið framlag og verður framlag til þeirra þá 9,2 millj. kr.

Síðan er nýtt verkefni, Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. framlag til klúbbsins Stróks sem er klúbbur fyrir fólk með geðraskanir á Suðurlandi. Sá klúbbur er staðsettur á Selfossi en starfssvæðið er allt Suðurland.

Þá er gerð tillaga um að Stígamót fái 4 millj. kr. hækkun og verður þá framlagið til þeirra 25,3 millj. kr. ef þetta verður að lögum. Undir liðnum Nýbúamiðstöð Vestfjarða er gerð tillaga um 5 millj. kr. hækkun á framlagi til Fjölmenningarseturs á Vestfjörðum og verður þá framlagið til þeirra 16,3 millj. kr.

Varðandi málefni fatlaðra eru styrkir til ýmissa framkvæmda. Gerð er tillaga um 2 millj. kr. tímabundið framlag til Bergmáls, líknar- og vinafélags, til að byggja hús undir starfsemi félagsins að Sólheimum í Grímsnesi.

Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili, fær 5 millj. kr. hækkun á framlagi samkvæmt frumvarpinu og verður þá framlagið 48,7 millj. kr.

Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu hjá samgönguráðuneytinu. Þar er lagt til að 20 millj. kr. tímabundið framlag sem var á fjárlögum 2004 í tvö ár til uppbyggingar og þróunar ferðaþjónustu á landsbyggðinni verði framlengt um eitt ár. Það er afskaplega mikilvægt að þetta verkefni verði framlengt.

Síðan er hækkun á safnlið sem fer til ferðamálasamtaka á nokkrum stöðum á landinu.

Loks er hjá samgönguráðuneytinu 15 millj. kr. fjárheimild til flutnings verkefna út á land.

Þá ætla ég að geta um jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku. Lagt er til að 25 millj. kr. viðbótarheimild verði veitt á þann lið. Áætlað er að um 20% þeirra sem nota rafhitun noti meira en 35 þús. kílóvattstundir á ári sem er núverandi hámark á niðurgreiðslu ríkissjóðs. Lagt er til að hámarkið hækki í 40 þús. kílóvattstundir á ári. Kostnaðarauki ríkissjóðs við að hækka viðmiðunarmörkin upp í 40 þús. kílóvattstundir á ári er áætlaður 40 millj. kr. á ári en mismunurinn, 15 millj. kr., rúmast innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

Þá kemur að umhverfisráðuneytinu og ég vil aðeins geta um það að lokum. Þar fær Náttúrufræðistofnun Íslands tímabundið framlag upp á 8 millj. kr. til að gera náttúrufarskort af landinu.

Síðan eru náttúrustofurnar sem eru nokkrar. Um er að

ræða framlög til rannsóknarverkefna og ég ætla aðeins að fara yfir þau. Náttúrustofa Neskaupstað: Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Austurlands til að sinna rannsóknum og vöktun hreindýrastofnsins. Náttúrustofa Vestmannaeyjum: Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Suðurlands til rannsókna á breytingum á fæðu lunda og áhrifum þeirra á varpárangur og rannsókn á búsvæðavali og afkomu óðinshana og þórshana á Suðurlandi. Náttúrustofa Bolungarvík: Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Vestfjarða til rannsókna í Hornstrandafriðlandi. Náttúrustofa Stykkishólmi: Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Vesturlands til áframhaldandi rannsókna á minkum. Náttúrustofa Sauðárkróki: Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Norðurlands vestra til eftirfarandi fimm verkefna: 2 millj. kr. til áframhaldandi jarðfræðilegrar úttektar á náttúrufari Skagafjarðar, 1 millj. kr. til jarðfræðilegrar úttektar á berghlaupum á Norðurlandi vestra, 1 millj. kr. til áframhaldandi rannsókna á Orravatnsrústum á Hofsafrétti, 0,5 millj. kr. til könnunar á útbreiðslu öskulaga á Norðurlandi vestra og loks 0,5 millj. kr. til áframhaldandi rannsókna á Sléttafellshverum við Síká. Náttúrustofa Sandgerði: Lagt er til 5 millj. kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Reykjaness til rannsókna á leiðum til fækkunar á mávi á Miðnesheiði með tímabundinni svæðafriðun á ref. Náttúrustofa Húsavík: Lagt er til 5 millj. kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Norðausturlands til rannsókna á lífríki vatna fyrir botni Öxarfjarðar og Skjálfanda.

Hjá öllum þessum náttúrustofum hafa verið í gangi afskaplega metnaðarfull verkefni, verkefni sem skiptir miklu máli fyrir þessar fámennu byggðir að geta sinnt. Þarna eru störf fyrir háskólamenntað fólk og með þessu 5 millj. kr. viðbótarframlagi fær hver náttúrustofa 13,4 millj. kr. á fjárlögum.

Virðulegur forseti. Ég hef ég farið yfir nokkur af þessum verkefnum og læt hér staðar numið.

[20:26]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þá ræðu sem hún flutti hér þar sem farið var yfir margar breytingartillögur sem var reyndar eftir. Ég lýsi þeirri skoðun minni hér, virðulegi forseti, að það væri mjög eðlilegt að við þingmenn sem ekki störfum í fjárlaganefnd fengjum að hlýða á nefndarmenn áður en settar eru á langar ræður af annarra hálfu því að auðvitað vakna margar spurningar sem þyrfti að fá svör við. Meðal annars kemur fram í breytingartillögum meiri hlutans að setja eigi 50 millj. kr. í endurbætur á fangelsum. Það er vel. En þær milljónir eiga að fara á Akureyri og Kvíabryggju þar sem fjölga á rýmum. Til eru þegar 27 millj. kr., uppsafnaðar, á Kvíabryggju, en Hegningarhúsið við Skólavörðustíg hefur verið rekið á undanþágum núna árum saman, menn segja jafnvel að þær undanþágur fáist ekki aftur, verði ekki endurnýjaðar. Hvað varðar kvennafangelsið þá lá fyrir nokkuð löngu síðan að þar þyrfti að fara í verulegar úrbætur. Ég spyr hv. þingmann: Hver er staða þessara mála?

Síðan spyr ég um framlög ríkisins til sérkennsludeildar, tilraunaverkefnis fyrir börn með geðraskanir sem velferðarsjóður og sveitarfélög á Suðurlandi hafa komið að. Ég hélt að hæstv. forsætisráðherra hefði talað um að ríkið kæmi líka að því tilraunaverkefni. Hver er staða þess?

Loks spyr ég um símenntunarmiðstöðvarnar sem hv. þingmaður minntist á. Ég sé að framlög hafa lítið hækkað til þessara símenntunarmiðstöðva sem við erum með vítt og breitt um landið og eru kannski eitthvert stærsta og mesta byggðamál sem sett hefur verið á laggirnar á undanförnum árum. Hver er sýn hv. þingmanns á starfsemi þeirra og framhaldi á háskólastigi miðað við þær fjárveitingar sem þar er um að ræða?

[20:28]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Suðurk., Margrét Frímannsdóttir, var með margar og merkilegar fyrirspurnir og ég þakka henni fyrir þær.

Ég greindi einmitt áðan frá áformum í uppbyggingu fangelsismála og ég tek undir með hv. þingmanni að það er mjög brýnt að því verkefni verði haldið áfram. Við ættum vonandi að sjá það í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007. Mikil og góð skoðun hefur farið fram af hálfu fangelsisyfirvalda á því hvernig byggja eigi upp fangelsi. Við fengum fangelsismálastjóra á fund til okkar í fjárlaganefnd. Það var afskaplega fróðlegt að hlusta á hann fara yfir þau mál. Það kom mjög vel fram hjá honum að bæði fangelsið við Skólavörðustíg og kvennafangelsið væru í alveg ómögulegri stöðu. Það væri óskandi að það gengi eftir að því yrði fundinn staður í framhaldi af þessu. Eins er með fangelsið á Litla-Hrauni sem ég tel að mikil þörf sé á að lagfæra.

Hvað varðar símenntunarverkefnin er verið að bæta 100 millj. kr. í þann pott. Ætlunin er, a.m.k. höfum við gert ráð fyrir því í fjárlaganefnd, að það fé fari til símenntunarstöðvanna með handleiðslu frá menntamálaráðuneytinu og Samtökum atvinnulífsins hvernig vinna eigi að því verkefni.

Hvað varðar háskólamenntunina tel ég afskaplega mikilvægt að háskólamenntun sé sem víðast. Mikið hefur verið um fjarnám í háskólanámi og í hefur Háskólinn á Akureyri verið þar í forustu.

[20:30]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi símenntunina þá sé ég að þar er sérmerkt verkefni, ekki merkt þeim símenntunarmiðstöðvum sem eru starfandi í dag sem hafa fengið úthlutað á fjárlögum. Þessi viðbót eftir samninga við aðila vinnumarkaðarins, 100 millj. kr. sem þar er um að ræða, eru ekki ætlaðar í símenntunarmiðstöðina. Ég spyr um væntanlega skiptingu.

Ég ítreka spurningu mína varðandi tilraunadeild, grunnskóladeild fyrir börn með geðraskanir. Ég lýsi eftir stefnu miðað við að legið hafi fyrir árum saman að t.d. kvennafangelsið í Kópavogi gefur ekki kost á að þar séu vistaðar konur með geðraskanir. Þeir fangar sem inn koma, oft eftir langvarandi neyslu, eru margir mjög illa haldnir og búa sumir við alvarlega geðveiki. Það hefur meira að segja þurft að flytja konu og vista á Litla-Hrauni, sem kannski er í sjálfu sér ekkert verra en að vista hana í fangelsinu í Kópa-

vogi. Þar þarf verulegra úrbóta við.

Ég harma að ekki skuli sjást meiri metnaður af hálfu hæstv. dómsmálaráðherra, sem hefur lýst því yfir að loksins ætti að hefja byggingu fangelsis sem dómsmálaráðherrann á undan honum hafði undirbúið. Hann er ekki enn byrjaður.

[20:32]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef gert ráð fyrir því varðandi sérkennsluna að hún væri inni í tillögum ráðherra. Það eru ekki neinar breytingartillögur um hana og ég hélt að hún væri inni í tillögum ráðherra.

Hvað varðar símenntunarstöðvarnar þá er, í texta um símenntun og fjarkennslu, gerð er tillaga um 100 millj. kr. til sérstaks átaks á næsta ári til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra einstaklinga með litla menntun jafnframt því að bæta stöðu erlends vinnuafls í íslensku samfélagi. Þessi tillaga er gerð í samkomulagi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Miðað er við að menntamálaráðuneytið geri samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í þessi verkefni og að það verði að hluta til á vegum símenntunarmiðstöðvanna sem eiga náttúrlega að sinna þessu verkefni. Ég tel að það hljóti að rata í réttan farveg. Þetta er a.m.k. sá texti sem við leggjum áherslu á að fari í þann farveg. Þar með held ég að ég hafi svarað spurningunni.

En ég gerði ráð fyrir að sérkennslan væri í tillögum ráðherra, að hann hefði gert ráð fyrir þessu.

[20:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég sat á mér með að fara í andsvar við hv. þm. Drífu Hjartardóttur. En ég get eiginlega ekki á mér setið að misnota aðstöðu mína í ræðu minni og flétta aðeins áfram þann þráð sem þær stöllur, hv. þingmenn Suðurlands, Drífa Hjartardóttir og Margrét Frímannsdóttir, voru að ræða hér rétt áðan. Það vill svo til að ég hafði hugsað mér að ræða um símenntunarmiðstöðvarnar úti á landi. Ég kynnti mér þess vegna málið í dag. Eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir gat um í andsvari sínu er hluti af þessum 100 millj. kr. sem merktur er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ætlaður í og fer beinlínis til símenntunarmiðstöðvanna.

Það er alveg rétt að átakið sem hér er efnt til, varðandi starfs- og endurmenntun ófaglærðra einstaklinga með litla menntun og sömuleiðis varðandi bætta stöðu erlends vinnuafls í íslensku samfélagi, verður gert innan símenntunarmiðstöðvanna. Það er gert ráð fyrir að gerður verði samningur eins og kom fram í máli hv. þingmanns. Síðan á að greiða ákveðið námskeiðahald til að endurmennta einstaklinga á vinnumarkaði sem leggja stund á nám sem byggist á námskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest. Síðan á að halda áfram ákveðnum verkefnum um mat á raunfærni einstaklinga á vinnumarkaði, efla náms- og starfsráðgjöf fyrir ófaglærða og þá sem litla menntun hafa. Þetta verður allt gert á vegum símenntunarmiðstöðvanna þótt þetta verði að hluta til á forræði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, þar sem ákveðin kunnátta og færni er til staðar í að halda svona námskeið, þ.e. að byggja slík námskeið upp kennslufræðilega.

Hins vegar sýnist mér ljóst að ekki sé komið til móts við þarfir símenntunarmiðstöðvanna varðandi fólk sem stundar fjarnám í almennum háskólum, í gegnum símenntunarmiðstöðvarnar. Ég hvet því hv. þm. Drífu Hjartardóttur, sem á sæti á fjárlaganefnd, að skoða þann þátt málsins. Ég er ansi hrædd um að símenntunarmiðstöðvarnar, þó að þær fagni því sem þær fá hér og komi til með að sinna því starfi af miklum myndarbrag, vanti óneitanlega fjármuni í þá starfsemi sem tengist háskólanámi almennra borgara sem ekki er gert ráð fyrir hér. Ég hvet hv. þingmann til að skoða það mál nánar.

Varðandi svo fangelsismálin, svo ég haldi áfram að byggja ræðu mína á andsvari, hæstv. forseti — ég vona að mér verði fyrirgefið en þetta er þannig umræða og mér sýnist mönnum margt fyrirgefið í dag — þá tek ég heils hugar undir með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Hún gerir athugasemd við að í raun sé það ámælisvert í uppbyggingu fangelsismálanna að dómsmálaráðherra hafi látið undir höfuð leggjast að gera framkvæmdaáætlun. Hvorki þeir sem starfa hjá fangelsunum né þeir sem dvelja í þeim og afplána þar refsingar, né heldur við sem á löggjafarsamkundunni störfum, vita á hvern hátt þessi uppbygging á að fara fram. Allt og sumt sem við vitum er að búið er að sletta ákveðnum fjármunum til þessa í gegnum vinnuna í fjárlaganefnd. Ákveðið var að setja 50 millj. kr. í tímabundið framlag til ákveðinna framkvæmda. Hverjar eru þær? Jú, það er Akureyrarfangelsið, og reyndar er lögreglustöðin á Akureyri þar innifalin, og síðan Kvíabryggja. Var það ekki? Jú, á Kvíabryggju er ætlunin að fjölga um átta fangarými og ætlaðir fjármunir í það. (Gripið fram í.)

Við vitum ekkert hvernig takast á við þau vandamál sem við eigum við að glíma hér, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Hvenær fáum við fjármuni í nýtt fangelsi á Hólmsheiði? Það er engin tímasett áætlun um það. Vinnubrögð af þessu tagi eru gagnrýnisverð. Fyrr en seinna hlýtur hæstv. dómsmálaráðherra að leggja fram tímasetta heildstæða áætlun um þessa uppbyggingu. Það þýðir ekki að ætla sér að kynna þetta ár fyrir ár. Á sama tíma er fangelsið uppi á Skólavörðustíg á útrunnu starfsleyfi. Í raun hefur það verið á undanþágu árum saman, eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gat um. Í kvennafangelsinu í Kópavogi er ófremdarástand. Það ríður á að setja fjármuni í að byggja nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu.

Ég er hrædd um að á næsta ári fáum við fjárlagafrumvarp þar sem slett verði ákveðnum milljónum í enduruppbyggingu á Litla-Hrauni. Ég er hrædd um að sú enduruppbygging geti orðið svo fjárfrek að framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu verði endalaust frestað. Ég er ekki sátt við það og ekki heldur það fólk sem þarf að starfa við þær aðstæður sem boðið er upp á. Það verður að setja heildstæða vinnu í gang og sýna löggjafarsamkundunni og þeim sem starfa í þessum málaflokki hvernig uppbyggingin á að fara fram.

Hæstv. forseti. Við höfum í allan dag rætt um fjárlagafrumvarpið og breytingartillögur sem liggja fyrir frá meiri hluta fjárlaganefndar. Sömuleiðis hafa hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar talað fyrir breytingartillögum minni hlutans sem liggja fyrir, ýmist sameiginlegar tillögur eða tillögur sem einstakir þingmenn flytja í eigin nafni.

Áður en ég fer út í að tala fyrir þeim breytingartillögum

sem mér standa næst langar mig til að eyða nokkrum orðum í vinnubrögðin við fjárlagafrumvarpið í þetta sinn. Ég verð að segja að framsetning frumvarpsins þetta árið er gagnrýnisverð, henni er afar ábótavant. Sérstaklega rek ég mig á þetta í kaflanum sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Þar höfum við lent í að þurfa að leita að tölum og lúslesa textann til að reyna að finna hvaða hugsun er þar á bak við. Upplýsingarnar, sundurliðunin hvað varðar skólana er með þeim hætti að nánast ómögulegt er, fyrir þá sem vilja fylgjast vel með, að gera sér grein fyrir því á hvern hátt menn breyta og gera tillögur um nýja framsetningu. Tölurnar og töflurnar eru með allt öðru móti en þær hafa verið undanfarin ár.

Mér finnst að svona breytingar, formbreytingar á framsetningu fjárlagafrumvarpsins, verði hreinlega að kynna. Það verður að gera þingmönnum grein fyrir því á hvern hátt *framsetningunni er breytt og af hverju. Við lendum í* verulegum vandræðum með þetta, en ekki bara við heldur líka og ekki síður þeir sem eiga að starfa eftir þessu, t.d. skólafólk sem á að starfa eftir lögunum.

Við spurðum um þetta í menntamálanefnd, hverju þetta sætti. Fulltrúar menntamálaráðuneytisins, þeir sem komu á okkar fund, sögðu okkur að breytingin sem þarna var gerð á töflum og upplýsingum um skólana ætti rætur að rekja til fjármálaráðuneytisins. Þeir höfðu ekki fengið viðhlítandi skýringar á því hvers vegna breytingarnar væru gerðar en vildu benda hv. þingmönnum menntamálanefndar á að upplýsingarnar sem við báðum um, sem við leituðum eftir og erum vön að fá í fjárlagafrumvarpinu, væru aðgengilegar á heimasíðu ráðuneytisins. Sömuleiðis sögðust þeir ætla að reyna að koma þeim upplýsingum til skólastjórnenda sem hefðu kvartað undan fjárlagafrumvarpinu, þ.e. að upplýsingarnar væru aðgengilegar á heimasíðu ráðuneytisins.

Frú forseti. Ég spyr og vil að hæstv. fjármálaráðherra svari því í ræðu sinni sem hann á örugglega eftir að halda á eftir: Hvers vegna eru þessar formbreytingar gerðar á frumvarpinu? Þær gera ekkert annað en að gera okkur erfitt fyrir sem störfum eftir því. Í alvöru talað, hæstv. forseti, þá hvarflar að manni að þarna sé tilraun til að fela eitthvað. Auðvitað vekur þetta tortryggni. Ég krefst þess að hæstv. ráðherra svari því hvers vegna þessar breytingar voru gerðar.

Ég vil jafnframt biðja hæstv. ráðherra, vegna þess að ég geri ekki ráð fyrir að ég eigi eftir að sætta mig við svarið, krefjast þess að horfið verði aftur til fyrra horfs og þær töflur sem hafa verið í fjárlagafrumvarpinu, fyrst og fremst varðandi skólamálin og eflaust á það við um fleiri kafla, verði áfram í frumvarpinu eftirleiðis. Þetta verði bara eitthvert flaustursfrumvarp sem verði undantekning frá reglunni.

Annað dæmi um flaustur í þessari vinnu, frú forseti, á rætur sínar í breytingartillögu. Ég ætla bara að taka það sem dæmi um fljótaskrift og illa ígrunduð vinnubrögð. Hér hef ég breytingartillögu meiri hlutans á þskj. 396 sem snertir kafla menntamálaráðuneytisins og fjárlagalið 982 Listir, framlög. Þar er gert ráð fyrir stuðningi upp á 10 millj. kr. undir fjárlagalið 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa. Þar er gert ráð fyrir 47 millj. kr. í frumvarpinu en framlagið á að hækka í 57 millj. kr. Þetta er 10 millj. kr. tímabundið framlag og sem er eyrnamerkt Leikfélagi Reykjavíkur, sem ekki hefur haft sjálfstæðan lið á fjárlögum í nokkuð mörg ár. Framlagið á greinilega ekki að nýtast Leikfélagi Reykjavíkur sem, ef hv. þingmenn vita það ekki, hefur í meira en 100 ár starfað innan borgarmarka og rekur Borgarleikhúsið. Það á ekki að nýta þá fjármuni til rekstrar leikfélagsins heldur á það að veita þá fjármuni til áhrifaleikhópa, trúlega innan Bandalags íslenskra leikfélaga, sem hefur sjálfstæðan fjárlagalið sem á að standa straum af kostnaði við skrifstofu bandalagsins og starfsemi áhugaleikfélaga sem starfa vítt og breitt um landið.

En hvað á Leikfélag Reykjavíkur að gera með það að fjármagna áhugaleikhópa undir fjárlagalið sjálfstæðu atvinnuleikhópanna sem starfa vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið — framlagið til þeirra, 47 millj. kr., fer allt saman til leiklistarráðs og er úthlutað til hópanna eftir úthlutunarreglum sem stjórn þess hefur sett sér. Á leiklistarráð núna að fá þessar 10 millj. kr. og er búið að setja merkimiða á það hvernig eigi að úthluta því til Leikfélags Reykjavíkur svo það geti stutt áhugaleikhópa? Fyrirgefið, frú forseti, hvaða rugl er hér í gangi? Þetta er dæmi um flaustur og fljótaskrift sem verður að leiðrétta, það er ekki hægt að vinna á þennan hátt.

Ég hef grun um að ástæðan sé sú að í orði kveðnu reyni fjárlaganefnd að hafa einhverja samvinnu við fagnefndir en hlusti svo ekki á þau ráð sem þær gefa. Þegar fagnefndirnar hafa gefið sín ráð segir fjárlaganefnd: Þá hækkum við fjárlagaliðina svo að við höfum svo og svo mikið umleikis til að úthluta sjálf í okkar nafni. Úthlutun fjárlaganefndar í þetta verkefni — fyrst og fremst er þetta menningarverkefni en ekki eingöngu — stefnir í óefni og ég hef svo sem rætt svipaða hluti áður í tengslum við fjárlög úr þessum stól, hæstv. forseti.

Ég held að einnig sé ástæða til að nefna, í þessari leit minni í gegnum fjárlagafrumvarpið, þá fjármuni sem hæstv. menntamálaráðherra vill setja í það að skerða nám til stúdentsprófs. Það kemur upp úr kafinu, þegar maður hefur fengið aðstoð þeirra sem hafa starfað hér lengi við að lesa þingskjöl, að á einum fjórum stöðum í frumvarpinu er að finna einhverjar smáupphæðir, samanlagt 90 millj. kr., sem eru vegna skerðingar náms til stúdentsprófs. En það er ekki einfalt fyrir þingmenn, jafnvel þó að þeir hafi starfað sex ár í menntamálanefnd, að finna þennan farveg, finna þessar leiðir, rekja þessa þræði sem í frumvarpinu eru. Ég fullyrði að frumvarpið er afar illa samið, það er ruglingslegt, og ég spyr hvort það sé gert með ásetningi.

Frú forseti. Ég stend hér að tveimur álitum, álitum fagnefnda sem ég starfa með, þ.e. menntamálanefndar annars vegar og umhverfisnefndar hins vegar. Í menntamálanefnd stend ég að áliti ásamt öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar í nefndinni en í umhverfisnefnd fylgdu fulltrúar Samfylkingarinnar meiri hlutanum og ég er ein með minnihlutaálit. Ég mun nú gera grein fyrir nokkrum þeim atriðum sem þar ber á góma og byrja á áliti mínu sem varðar menntamál og menntamálanefnd.

Getið hefur verið um Háskólann á Akureyri í þessari umræðu en í því frumvarpi til fjárlaga sem við hér ræðum vantar um 130 millj. kr. upp á að hann fái þá fjármuni sem stjórnendur hans eiga rétt á. Við teljum það verulegt

áhyggjuefni, við sem skipum 2. minni hluta menntamálanefndar í þessu áliti, að ekki skuli komið til móts við háa húsaleigu sem krafist er fyrir nýja aðstöðu í Borgum en hún er um 80 millj. kr. á ári og einungis 10 millj. sparast á móti vegna niður fallins rekstrarkostnaðar í Glerárgötu 36. Þeir áttu orðaskipti um þessi atriði áðan hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. varaformaður menntamálanefndar, Einar Oddur Kristjánsson, og hv. þm. Einar Oddur viðurkenndi í orði kveðnu að einkaframkvæmdin hefði í þessu tilfelli nánast farið út um allar trissur því það væri ekki hægt að skuldbinda Alþingi á þessum nótum um tugi milljóna, ég held að hann hafi reyndar sagt hundrað millj. kr. á ári, án þess að það færi í gegnum Alþingi. En það var ekki Alþingi sem ákvað þessa einkaframkvæmd á rannsóknarhúsinu norður á Akureyri. Það var ákveðið hjá framkvæmdarvaldinu af hæstv. fyrrv. menntamálaráðherra, Birni Bjarnasyni. Þar skuldbindur hann Alþingi og skólann, setur skólann um leið í þá klemmu sem hér um ræðir því það er skólans að greiða þessa háu húsaleigu, 80 millj. kr. á ári. Það er náttúrlega ósvífið að koma fram á þennan hátt við menntastofnun sem hefur verið í mikilli uppsveiflu. Menn hafa notað tækifærið og hælt þessari stofnun á hvert reipi þegar tækifæri hefur gefist, þar með taldir einir þrír menntamálaráðherrar í mínu minni, og svo koma þeir svona fram. Þegar Háskólinn á Akureyri reynir eftir fremsta megni að grípa til einhvers konar ráðstafana þá ákveður hann að leggja niður deildir, sameina deildir og fara í verulegan niðurskurð. Það má sjá í áliti okkar að þegar það var í vinnslu bárust þær fréttir að Háskólinn á Akureyri hefði samþykkt tillögur starfsfólks um hagræðingu í starfseminni, sem fól m.a. í sér fækkun deilda. Það er alveg ljóst að þær aðgerðir ganga verulega nærri ákveðnum þáttum í starfsemi skólans. Þeim er ætlað að skila 50 millj. kr. í sparnaði og jafnvel þó það markmið náist er staða skólans samt sú að 80 millj. kr. standa út af og ekki virðist eiga að koma til móts við þær þarfir. Í fréttum Ríkisútvarpsins þann 11. þessa mánaðar er hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, spurð um þessar niðurskurðarráðstafanir háskólaráðs. Hún segir að þær beri vott um mikla framsýni og hún segir ákvörðunina styrkja skólann til langs tíma. Mig langar til að fá að vitna beint í orð hæstv. ráðherra í fréttaviðtali Ríkisútvarpsins frá 11. þessa mánaðar:

„Þetta er allt þegar á heildina er litið til þess að efla og styrkja Háskólann á Akureyri og til lengri tíma litið er þetta, ja það mikil framsýni fólgin í því hjá háskólaráði hvernig þeir eru að taka á þessum málum. En ég vil undirstrika það, framlög, fjárframlög til Háskólans á Akureyri þau hafa verið aukin töluvert, við erum sérstaklega að reyna að gera það sem að hægt er að gera til þess að mæta þessu átaki þeirra til þess að taka á hallarekstrinum, við munum halda áfram að standa vörð um og efla Háskólann á Akureyri, bara þannig að það sé alveg skýrt."

Hæstv. forseti. Mér finnst ekki boðlegt að hæstv. menntamálaráðherra þjóðarinnar tali á þennan hátt, að sparnaðaraðgerðir og niðurskurður í menntastofnun á háskólastigi horfi til mikilla framfara og það beri að fagna því sparnaðarátaki sem einhvers konar aðgerð sem eigi að efla háskólann. Hvernig fær það staðist? Er verið að efla skólann með því að skera framlög til hans niður? Ekki í minni orðabók. Til að efla háskólann, sem er alltaf að stækka, þurfum við að standa straum af kostnaðinum sem hlýst af því að fá inn aukinn fjölda nemenda og aukinn fjölda deilda. Þessar ráðstafanir eru ekki til þess að efla skólann, hæstv. forseti, og það þyrfti að taka hæstv. menntamálaráðherra í tíma í þessum efnum. En hún er ekki stödd hér, eins og gert hefur verið að umræðuefni. Ég ætla ekki að gera athugasemd við það í sjálfu sér. En hún er ekki til að svara fyrir þessi orð sín né heldur nokkuð annað sem í frumvarpinu eða breytingartillögunum er og er það mjög miður. Það er sannarlega tilefni til að ræða hér við hæstv. ráðherra um menntamálin í tengslum við þetta fjárlagafrumvarp. Það er verulega miður að hún skuli ekki vera til staðar en við látum okkur hafa það og höldum áfram.

Mig langar að ræða næst um Háskóla Íslands en við í 2. minni hluta menntamálanefndar tökum í áliti okkar undir með stjórnendum þar og fögnum þeirri hækkun sem lögð er til á framlagi til skólans. Við vekjum þó athygli á því að hún nægir ekki til að greitt verði með öllum nemendum sem stunda nám við skólann. Og maður spyr: Hvað á það að fyrirstilla? Af hverju er ekki hægt að greiða með öllum nemendum sem stunda nám við Háskóla Íslands? Hvað er því til fyrirstöðu? Það vantar 80 millj. kr. upp á að skólinn fái greitt með öllum nemendum sem stunda þar nám. Við viðurkennum engu að síður að viðleitnin sem felst í auknu fjárframlagi er umtalsverð og hún skiptir auðvitað sköpum fyrir afkomu skólans í nánustu framtíð. En við teljum ekki að það firri stjórnvöld ábyrgð á þeim rannsóknarsamningi sem er í gildi við Háskóla Íslands.

Hvað vantar upp á að staðið sé við þann samning sem undirritaður er af stjórnendum háskólans og hæstv. menntamálaráðherra? Jú, það vantar um 200 millj. kr. til að framlagið samkvæmt frumvarpinu nægi fyrir því sem samningurinn kveður á um. Á sama tíma hafa einkaskólarnir það mikinn forgang að Háskólinn í Reykjavík fær 200 millj. kr. til rannsókna án þess að hafa nokkurn rannsóknarsamning. Ég ætla ekkert að skammast yfir því þó Háskólinn í Reykjavík fái eitthvert framlag til rannsókna en það er ekki forsvaranlegt að ríkisstjórnin standi ekki við þann samning sem hefur verið gerður við þjóðskólann, Háskóla Íslands. Það er ekki forsvaranlegt að það skuli vanta 200 millj. kr. upp á að staðið sé við þann samning. Hvers vegna er ekki hægt að standa við gerða samninga? Af hverju hafa hæstv. menntamálaráðherrar dásamað þá aðferð að gera samninga við menntastofnanirnar en standa svo ekki við fjármunaþáttinn? Svona á auðvitað ekki að stjórna og ekki að koma fram. Án skýringa eru hlutirnir á þennan veg og, hæstv. forseti, það er ekki forsvaranlegt að skilja við þetta hér. Það er nauðsynlegt að hv. fjárlaganefnd Alþingis gefi út einhvers konar sjónarmið varðandi það ástand sem er til staðar.

Minni hluti menntamálanefndar, við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í henni, teljum auðvitað að styrkja eigi Háskóla Íslands sem rannsóknarháskóla á heimsmælikvarða. Hann á að fá að fjölga doktorsnemum. Þeir eru um það bil 12 núna, held ég, en áætlun stjórnenda skólans er metnaðarfull. Hún hljóðar upp á að fjölga doktorsnemum í 60 á næstu fimm árum. Til þess þarf fjármuni og minni hluti menntamálanefndar, stjórnarandstöðuþingmenn í menntamálanefnd, styðja þær áætlanir stjórnenda háskólans.

Það kemur fram í úttekt Evrópusamtaka háskóla að Háskóli Íslands er í fjárhagskreppu. Sú úttekt hefur verið mikið í umræðunni upp á síðkastið og hún virðist afar greinargóð og skýr. Sama niðurstaða fékkst raunar í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Háskóla Íslands frá því í apríl 2005. Háskóli Íslands fær næstlægst framlög allra sambærilegra skóla í Evrópu. Enda þótt sýnd hafi verið ýtrasta ráðdeild í rekstri, sem staðfest er í þessum úttektum, er staðan alvarleg og við teljum brýnt að brugðist verði við með auknum fjárframlögum. Það er eina leiðin. Að öðrum kosti er rekstri skólans stefnt í tvísýnu og framtíð hans í óvissu.

Hæstv. forseti. Við fjöllum aðeins almennt um opinberu háskólana og á hvern hátt þeir hafa þurft að bregðast við fjárskorti með fjöldatakmörkunum. Kennaraháskóli Íslands vísar frá hundruðum nemenda á hverju einasta ári og Háskóli Íslands raunar einnig. Við teljum ekki forsvaranlegt að hægt sé að þvinga skólana til fjöldatakmarkana með því að svelta þá peningalega. Hæstv. menntamálaráðherra segir í orði kveðnu að við ætlum að standa okkur í samkeppninni en þá er nauðsynlegt að taka á annan hátt á málunum. Við verðum að feta í fótspor Norðurlandaþjóðanna í þessum efnum. Ef við gerðum það og legðum svipað hlutfall landsframleiðslu og aðrar Norðurlandaþjóðir til háskólastigsins væri árlegt framlag til háskólanna 4–8 milljörðum kr. hærra en það er núna. Norðurlandaþjóðirnar verja 35–80% hærra hlutfalli af landsframleiðslu sinni til háskólastigsins en við gerum.

Þá er ég komin að framhaldsskólanum, virðulegi forseti. Frá fulltrúum framhaldsskólanna heyrum við enn kvartanir um reiknilíkanið sem menntamálaráðuneytið notar til að áætla fjárþörf skólanna. Þar vantar enn að tölur vegna lífeyrisskuldbindinga séu réttar. Einnig eru gerðar athugasemdir við lága áætlun vegna afskrifta á tækjum og eignum skóla. Það verður til þess að verkmennta- og starfsnámsskólar búa gjarnan við óboðlegan og úr sér genginn tækjakost en það er á engan hátt í samræmi við yfirlýsingar stjórnvalda um að efla eigi starfs- og verknám á framhaldsskólastigi. Við tökum því undir kröfur stjórnenda framhaldsskólanna um að ljóst þurfi að vera við upphaf fjárlagaárs úr hvaða fjármunum skólarnir hafa að spila þannig að ekki sé úthlutað í lok skólaárs af þessum stóra lið Framhaldsskólar, almennt. Við teljum að þarna þurfi að koma til breytingar þannig að skólarnir geti betur skipulagt sig og gert áætlanir um sín mál.

Við erum með sérstakan kafla um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar. Ég hóf mál mitt á því að ræða aðeins um þær. Það er alveg ljóst að þær 9,8 milljónir sem stöðvarnar eiga að fá hver og ein samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nægja ekki fyrir grunnstarfsemi þeirra. Það vantar um 5 milljónir upp á að grunnstarfsemi þeirra verði sinnt. Þær þurfa hver og ein um 15 milljónir í heildina til þess að grunnþörfunum sé sinnt. Þó að þetta 100 milljóna framlag hafi komið til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem símenntunarmiðstöðvarnar taka verulegan þátt í þá held ég, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að það þurfi að gá að þeim þætti sem varðar háskólamenntun og fjarnám.

Við fögnum því að Þjóðleikhúsið skuli nú fá fjárveitingar sem gefa til kynna að það eigi að taka vel á varðandi endurbyggingu en hnykkjum eingöngu á því að kné verði þar að fylgja kviði. Við verðum að búa til áætlun um að ljúka því verki. Það er fjárfrek framkvæmd. En úr því að byrja á á henni verður að sjá fyrir endann á henni og þess vegna þarf að gera fyrr en seinna tímasetta áætlun þar að lútandi.

Safnliðirnir hafa verið hér til umræðu. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir gerði í löngu máli grein fyrir tillögum meiri hlutans í þeim efnum. Ég hef löngum sagt að þessar úthlutanir fjárlaganefndarinnar til menningarverkefna séu vægast sagt ámælisverðar og undarlegar. Ég held að þessi leið við að úthluta fjármunum til menningarverkefna sé afar gölluð. Við erum með sjóði, jafnvel sem starfa samkvæmt lögum, í okkar kerfi sem ætlað er að sinna verkefnum af þessu tagi. Við getum nefnt t.d. safnasjóð, tónlistarsjóð, Kvikmyndasjóð, þýðingarsjóð, húsafriðunarsjóð auk ýmissa samninga sem ráðuneyti menntamála hefur gert við ólíka landshluta um starf í menningargeiranum. Ég hef gagnrýnt það að fjárlaganefnd skuli úthluta hér hundruðum milljóna. Ég hugsa jafnvel að þessar úthlutanir til ýmissa menningarverkefna, íþróttaverkefna og æskulýðsverkefna, sem eru bara einhvers konar „vílingar“ og „dílingar“ fjárlaganefndar Alþingis, séu farnar að nálgast milljarðinn. Ég fullyrði það úr þessum stóli, hæstv. forseti, að þeir sjóðir sem ég nefndi sem starfa samkvæmt úthlutunarreglum og sjóðstjórnir þeirra sinna sínu verki af vandvirkni og natni, mundu sannarlega geta þegið þær hækkanir á fjárframlögum sínum sem fjárlaganefndin tekur til sín og úthlutar fram hjá þessum sjóðum. Hæstv. forseti. Þetta er ekki faglegt og það sem verra er, þetta býður upp á spillingu. Þetta býður upp á ásakanir um spillingu. Ég tel því að ekki sé eftir neinu að bíða með að koma þessum úthlutunum í þann farveg að sjóðirnir sem til þess eru ætlaðir fái þessa fjármuni og geti úthlutað þeim og vegið og metið allar umsóknir í geiranum en að ekki sé verið að taka, eins og ég segi, hundruð milljóna fram hjá sjóðunum sem úthlutað er af alþingismönnum sem hafa hvorki tíma né getu til að koma sér vel inn í verkefnin og geta alls ekki borið þau saman við aðrar umsóknir sem eru í viðkomandi sjóðum.

Ég vil ekki hætta að fjalla um menntamálin, hæstv. forseti, án þess að ræða aðeins um framlög í tengslum við styttingu námstíma til stúdentsprófs. Það er að mínu mati afar óraunhæft og mér finnst það fullkomlega — óraunhæft er allt of veikt orð — mér finnst það dónaskapur af hæstv. menntamálaráðherra að setja í fjárlagafrumvarpið 90 millj. kr. framlag til grunnskólans sem á að standa straum af kostnaði við það að koma á einhverjum framhaldsskólaáföngum niður í grunnskólann og það er ekki búið að semja frumvarp um skerðingu náms til stúdentsprófs. Við sem sitjum hér og setjum lög í þessu landi höfum ekki hugmynd um hvað er að gerast í kollinum á hæstv. menntamálaráðherra að þessu leyti. Samt eru hér 90 milljónir í beinhörðum peningum beinlínis inn í þessa hugmyndafræði hennar og einhverjar fléttur sem eru bara til í hennar kolli um það hvernig hún ætli sér að skerða nám til stúdentsprófs.

Frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra hefur alla elítuna, alla skólamenn, allt skólasamfélagið upp á móti sér í þessu. Framhaldsskólanemar eru búnir að stofna hagsmunasamtök gegn skerðingu náms til stúdentsprófs. Framhaldsskólakennarar skrifa nú eina grein á dag í dagblöðin, a.m.k.

eina grein á dag og þær eru mjög yfirvegaðar. Þær eru afar fróðleg lesning. En tónninn í þeim er náttúrlega alveg gassalegur. Ég mundi ekki vilja fá þessar einkunnir frá framhaldsskólanemum ef ég væri hæstv. menntamálaráðherra. Það nægir að stikla á fyrirsögnunum: „Ódýrar lausnir í menntamálum", „Rangar áherslur í menntamálum", „Í leit að glötuðum tíma", „Eigi skal höggva", „Sósíalismi andskotans", skrifar nú einn. „Að eiga réttlætinguna í sjálfum sér", segir annar. „Að byrja á þakinu", segir einn. „Enn tækifæri til að snúa við", segir annar. „Á að breyta því sem vel hefur reynst?" spyr einn. „Nýju fötin keisaraynjunnar" skrifar einn.

Frú forseti. Hér tala þeir sem starfa á þessum akri, þeir sem hafa verið að mennta unga fólkið okkar á framhaldsskólastigi og framhaldsskólanemar eru þeim hjartanlega sammála. Þetta fólk hefur sent okkur kröftug mótmæli, vel ígrunduð, vel formuð. En hvað gerum við? Við eigum að samþykkja hér í einhverju fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar tugi milljóna í þetta verkefni sem við vitum ekki hvernig á að líta út. Hvaða vitleysisgangur er þetta, frú forseti? Er ekki hægt að leiða hæstv. ráðherrum fyrir sjónir að svona vinnubrögð geta ekki verið ásættanleg?

Ég mótmæli þessari forgangsröð, hæstv. forseti, þ.e. að hér skuli verið að lauma í gegnum fjárlög einhverjum hugrenningum og spuna úr höfðinu á hæstv. menntamálaráðherra á sama tíma og þúsundir framhaldsskólanema og kennara mótmæla þeim aðgerðum. Ég segi bara: Vér mótmælum allir. Vér hér inni mótmælum. Við mótmælum, stjórnarandstaðan í menntamálanefnd. Svona á ekki að vinna.

Annað er hæstv. menntamálaráðherra að gera af sér í þessu fjárlagafrumvarpi. Hún er að leggja niður Listdansskóla Íslands. Það er líka forkastanlegt. Það gerir hún bara hér í gegnum fjárlögin sisona. Við fengum tækifæri til að að ræða það við hana í einhverri utandagskrárumræðu sem auðvitað hefur farið hér fram þar sem við áttum orðastað við hæstv. ráðherra. En við fáum ekki að ræða málin faglega. Hæstv. ráðherra gerir þetta algerlega án alls samráðs. Hún hefur ekkert samráð við nokkurn mann, enga fagmenn í dansinum, ekki við kennara skólans og svo flytur hún einhverja endemisræðu í þessari utandagskrárumræðu þar sem hún fjallar um sérskóla á listasviði sem geti bara starfað með sjálfstæðum hætti án þess að þeir lúti forræði opinberra aðila. Sem sagt, það á bara að heimila hæstv. menntamálaráðherra að einkavæða listdanskennslu á Íslandi án þess að setja við það spurningarmerki. Ég mótmæli svona vinnubrögðum, frú forseti. Það er ekki forsvaranlegt að koma svona fram, hvorki við foreldra sem eiga börn í dansnámi né þá listamenn sem hafa hingað til stundað þetta nám og eru núna að bera hróður okkar út um heiminn vítt og breitt. Það sama er uppi á teningnum í þessu máli og því fyrra sem ég nefndi varðandi skerðingu náms til stúdentsprófs. Blöðin eru full af greinum foreldra og aðstandenda þeirra sem stunda listdansnám og fyrirsagnir þeirra greina eru jafnlýsandi og í hinum sem ég tíundaði áðan. Þar er skrifað: „Til varnar Listdansskóla Íslands." „Erum við að tapa glórunni?" spyr skólastjóri úr einkageiranum. „Heggur sá er hlífa skyldi" skrifa tveir feður. „Fellibylurinn Þorgerður" skrifar forseti Bandalags íslenskra listamanna. Hæstv. menntamálaráðherra er ekki öfundsverð og ég er ekki hissa þó að hún sé ekki hér til staðar til að taka við þessari gagnrýni og svara fyrir áform sín.

Hæstv. forseti. Nú er langt liðið á þann tíma sem ég ætlaði mér að eyða í þessa ræðu og ég er eflaust komin fram yfir þann tíma sem ég ætlaði mér. Ég skynja óróleikann í salnum. Fleiri vilja komast að. Ekki nennum við að tala hér til klukkan sex í fyrramálið. (**Gripið fram í:** Við erum róleg.) „Við erum róleg", segja einhverjir hv. þingmenn. En ég get ekki látið hjá líða — ég bara verð — að fara nokkrum orðum um störf umhverfisnefndar núna að þessu fjárlagafrumvarpi. Í áliti minu má lesa mikla óánægju um vinnutilhögun nefndarinnar. Það er vegna þess að hv. formaður nefndarinnar, Guðlaugur Þ. Þórðarson, lét undir höfuð leggjast í þetta skiptið að kalla á forstöðumenn þeirra stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið á fund nefndarinnar þrátt fyrir að óskað væri eftir því að þessir forstöðumenn kæmu. Við þingmenn í nefndinni vorum látnir halda að þeir ættu að koma til okkar á fund á mánudagsmorgni. En þegar fundarboðið barst seint á föstudagskvöldi kom í ljós að bara einn þessara forstöðumanna yrði til staðar á fundinum á mánudegi. Síðan var bara sagt að tíminn væri útrunninn og ekki væri hægt að biðja um minnisblöð frá þeim eða umsagnir um fjárveitingar til stofnananna og að ekki væri hægt að halda annan fund. Það var því bara rubbað upp einhverju áliti sem mig meira að segja minnir að hafi legið fyrir á fundinum sem þessi eini forstöðumaður mætti á. Sá var Jón Gunnar Ottósson forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hann gerði náttúrlega grein fyrir sínum málum og sinni stofnun og það kemur fram í minnihlutaáliti mínu sem birt er bæði með nefndaráliti meiri hlutans og nefndaráliti frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni hver sjónarmið forstjóra Náttúrufræðistofnunar eru varðandi fjárveitingar til stofnunarinnar.

Ég vil bara árétta eitt. Ég spurði forstjóra stofnunarinnar hvað liði vinnu við að koma á laggirnar náttúruminjasafni, einu af höfuðsöfnunum sem samkvæmt safnalögum á að starfa hér á landi. Forstöðumaðurinn situr í nefnd um málið og hann tjáði okkur að nefndin hefði ekki hist í tvö ár. Ég spyr því: Hvað dvelur orminn langa? Enn er fullt tilefni til að flytja þá breytingartillögu við fjárlög sem við þingmenn úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði flytjum hér um að setja 20 milljónir í undirbúning að stofnun nýs náttúrminjasafns og við setjum það undir hatt menntamálaráðuneytisins. Um þetta er getið í breytingartillögum okkar á þskj. 407.

Frú forseti. Ég ætla þá kannski að draga hér niður að punkti. Ég gæti þó sagt nokkuð mörg orð í sambandi við stöðuna í geðlækningum. Morgunblaðið í morgun og allir fjölmiðlar hafa verið fullir af umfjöllun um barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, BUGL og sömuleiðis um þær aðstæður sem sjálfstætt starfandi barna- og unglingageðlæknum er boðið upp á. Það stefnir í að þeir hætti að starfa núna um næstu mánaðamót og allt er þetta vegna þess að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur ekki enn getað rekið samningamanninn sinn, sem er í nefndinni sem semur við þessa sérfræðinga, til þess að tala við þá. Það er ekki verið að eyða orði á fólk. Það er eins og þessi ríkisstjórn telji að hún geti bara komið alltaf sínu fram úr sínu

glerbúri og það þurfi ekki að eyða orði á það fólk sem starfar á akrinum og þarf að starfa eftir þeim fjárveitingum sem ákveðnar eru í fjárlögum. Það er bara ekki hægt að sýna því fólki sem starfar í þessum viðkvæma geira þá framkomu sem því er boðið upp á. Hæstv. heilbrigðisráðherra verður auðvitað að gera eitthvað annað en lýsa yfir góðum vilja til að gera eitthvað, góðum vilja til að breyta einhverju. Hér verða bara að sjást einhver átök til verka. Menn verða að bretta upp ermarnar og sýna fram á að þeir séu vanda sínum vaxnir, starfi sínu vaxnir og geti tekist á við það sem að þeim steðjar.

Hæstv. forseti. Ég ætla að láta máli mínu lokið með því að ítreka þá kröfu mína að vinnan við fjárlög verði endurskoðuð og fjárlagafrumvarpið verði fært aftur í það horf sem það hefur verið í þannig að þingmönnum og öðrum sem starfa eftir þessu fjárlagafrumvarpi sé ekki vísvitandi gert erfitt fyrir að þræða sig í gegnum það til þess að finna hvar þessi eða hin upphæðin er eða hvernig hlutirnir eru hugsaðir til enda. Töflur sem vantar verða að koma aftur inn í frumvarpið á næsta ári. Það er algjörlega nauðsynlegt. Annars er verið að gera okkur lífið hér enn leiðara en það þarf að vera.

[21:15]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum fjárlög fyrir árið 2006 við 2. umr. og þá aðallega álit hv. fjárlaganefndar um frumvarpið og þær breytingar sem hún gerir á því.

Það verður fyrst að segjast að þetta er afskaplega ánægjuleg niðurstaða, frú forseti. Afgangurinn vex um 5,4 milljarða upp í 19,6, tæplega 20 milljarða, og það er ekki ónýtt til hliðar við Seðlabankann í baráttunni við verðbólguna að skila ríkissjóði þessum afgangi sem er um 2% af landsframleiðslu. Þetta er afskaplega góð niðurstaða og ég held að það séu ekki mörg lönd í heiminum eða í Evrópu a.m.k. sem skila slíkum afgangi. Fyrir utan það að á yfirstandandi ári erum við að horfa upp á yfir 100 milljarða í lánsfjárafgang. Það er því virkilega verið að gera mikið til að aðstoða Seðlabankann í baráttunni við verðbólguna.

Eins og ég hef oft rætt er starf fjárlaganefndar aðallega fólgið í því að standa í alls konar úthlutunum í framkvæmdir. Ég tel það ekki rétta stefnu, frú forseti, þar sem Alþingi er löggjafarsamkunda og er reyndar með fjárveitingavald en á að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu, hvernig það ráðstafar fjárveitingum. Þetta er hluti af þeirri heimspeki sem ég er hlynntur, að til að vernda borgarann fyrir ríkinu þurfi að skipta því í þrennt, framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald. Ef löggjafarvaldið tekur að sér framkvæmdir er verið að blanda saman framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi. Hins vegar er framkvæmdarvaldið með eins konar löggjafarvald því að nánast öll lagafrumvörp sem samþykkt eru af Alþingi koma frá framkvæmdarvaldinu. Þetta er í rauninni mjög alvarlegt vegna þess að þeir sem framkvæma lögin eru jafnframt að semja þau þannig að þeir smíða vopnin í hendurnar á sér í baráttu við borgarana. Þetta er ekki nógu sniðugt, frú forseti.

Þær framkvæmdir sem Alþingi ákveður og fjárlaganefnd í þessu frumvarpi og breytingartillögum við það getur framkvæmdarvaldið ekki borið ábyrgð á. Segjum að við komumst að því að einhver framkvæmd sé röng, t.d. að ala önn fyrir fíkniefnahundi í Vestmannaeyjum, sem er víst hlutverk löggjafarsamkundunnar, en í ljós hafi komið seinna að hún væri röng og Alþingi færi að gagnrýna viðkomandi ráðherra fyrir það, þá gengi það að sjálfsögðu ekki vegna þess að hann getur ekki borið ábyrgð á því sem Alþingi sjálft hefur ákveðið. Svo er með fjöldann allan af öðrum framkvæmdum sem nefndar eru í breytingartillögum meiri hlutans og minni hlutans, að allar þær framkvæmdir ættu að vera á hendi framkvæmdarvaldsins. Alþingi ætti að setja ramma. Þetta mikið viljum við setja í söfnin og þið ráðið hvernig þið gerið það en þið verðið að standa okkur skil á því. Það er mikill munur á þessu.

Ég ætla rétt aðeins að fara í gegnum nokkrar skemmtilegar framkvæmdir. Til dæmis er lagt til 1,2 millj. kr. í tímabundið framlag til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu. Löggjafarsamkundan er þarna að standa að fjarkennslu. Ég veit ekki, frú forseti, hvort það sé hlutverk Alþingis.

Síðan er sett 1 milljón — ég hugsa að kostnaður við að setja málið í gang taki góðan hluta af því — í hákarlahjall í landi Asparvíkur á Bölum í Strandasýslu. Er þetta virkilega hlutverk löggjafarsamkundunnar, frú forseti? Þetta gæti að sjálfsögðu viðkomandi ráðuneyti, menntamálaráðuneytið, séð um og borið ábyrgð á. Þá gætu þingmenn spurt: Hvernig gengur með hákarlahjallinn í landi Asparvíkur á Bölum í Strandasýslu? En það er ekki svo. Nú er það Alþingi sem ákveður þetta og enginn ber ábyrgð á því. Segjum að þessir peningar gufuðu upp, færu allir í kostnað við að teikna og annað slíkt og engin framkvæmd yrði. Hver gæti spurt? Það gæti enginn í heiminum spurt ráðherrann að því hvernig gengi með þá fjárveitingu af því að Alþingi ákveður hana sjálft.

Svo á að setja 1 millj. kr. í manngerða hella í Rangárþingi ytra. Yndislegt, frú forseti. Þetta er hlutverk löggjafarsamkundunnar. Skaftholtsréttir, það á að fara að byggja réttir líka. Og setja á 0,5 millj. kr. í gamla þinghúsið í Hraungerðishreppi, Þingborg. Það eru 500 þús. kr. Ég hugsa að það eitt að setja verkefnið í gang kosti 500 þús. kr. þannig að ekki verður framkvæmt fyrir krónu. Þetta eru bæði of fáránlega litlar upphæðir og fáránlegar framkvæmdir til þess að löggjafarsamkunda landsins sé að eyða tíma sínum og orku í þetta í staðinn fyrir að smíða ramma utan um þjóðlífið í landinu.

Styrkja á kvikmyndagerð, auka á það framlag um 65 millj. kr. Segjum að það reyndist eintóm vitleysa. Hver bæri ábyrgð á því? Ekki ráðherrann, hann ákvað þetta ekki. Það er Alþingi. Og Alþingi er eftirlitsaðili með þessum framkvæmdum. Alþingi getur að sjálfsögðu ekki ákært sjálft sig.

Síðan á að gefa út íslensk-færeyska orðabók og gefa á út rit Harðar Ágústssonar um Laufás, 3 millj. kr. Þetta er bókaútgáfa, sem sagt ríkisútgáfa, Alþingi ætlar að sjá um orðabækur. (**JBjarn:** Spænsk-íslenska orðabókin kemur á fjáraukalögum.) Já, ég tala nú ekki um þau ósköp. Svo á að stofna fræðasetur í Stykkishólmi, 7 millj. kr.

Ég ætla að fara svolítið hraðar yfir. Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð á að fá pening. Það er svo sem ágætt. Einnig á að rannsaka — já, Alþingi ætlar að rann-

saka líka, það er rétt, Alþingi ætlar að rannsaka sjávardvöl laxins. Það eru 12 millj. kr. í það. Það er aldeilis ágætt. Svo er framlag í Hekluskóga, tvisvar sinnum 7 millj. kr. í hvort skipti, Skógræktin og Landgræðslan. Það á sem sagt að rækta skóg líka. Þetta er svo sem ágætt, en ég hélt ég væri kosinn á Alþingi til að semja lög.

Svo er það náttúrlega hinn frægi hundur, sem heitir ekki lengur hundur, fíkniefnahundur. Núna heitir það: „Gerð er tillaga um 1 millj. kr. framlag til fíkniefnavarna í Vestmannaeyjum." Ég er búinn að spyrjast fyrir um að þetta er hundurinn, frú forseti. (Gripið fram í.) Já, þessi hundur sem ... (**Gripið fram í:** Hvað heitir þessi hundur?) Ég veit það ekki en ég hélt að búið væri að ala hundinn upp. En það er sem sagt verkefni Alþingis að ala upp hund, ala önn fyrir hundi í Vestmannaeyjum. Það eru margir aðrir fíkniefnahundar og þeir eru á vegum dómsmálaráðuneytisins og ég held að þeir ættu bara allir að vera þar. Þá gætum við spurt ráðuneytið hversu margir hundar væru í gangi og hvað kostar að ala þá upp og svoleiðis. Þá ber einhver ábyrgð á þessu. En ég sé að hv. fjárlaganefnd er búin að breyta þessum titli af því að ég hef alltaf haft gaman af því að ... (**Gripið fram í:** Þeir sáu við þér.) Þeir sáu við mér, þeir héldu að þeir gætu séð við mér en ég sá við þeim. Þetta er hundurinn. Síðan á að vakta hreindýrastofninn og rannsaka minka. Það er að vísu mjög mikilvægt en það er ekki hlutverk Alþingis, frú forseti.

Framlag er til Náttúrustofu Reykjaness til rannsókna á leiðum til að fækka mávi á Miðnesheiði. Já. Ég mundi nú skjóta þá. Þetta er náttúrlega alveg fráleitt að Alþingi skuli vera að setja svona í lög. Slíkt er hlutverk viðkomandi ráðuneytis og það á að bera ábyrgð á því.

Í lokin ætla ég að ræða um læknana, unglæknana af því að þeir komu til hv. heilbrigðis- og tryggingaefndar og ræddu við hana. Staðan er mjög skrýtin með unglæknana. Þeir vinna alveg eins og ég veit ekki hvað, dag og nótt. (**Gripið fram í:** Það er skelfilegt.) Það er bara skelfilegt, já. En það kom fram í nefndinni að þeir eru með 6–7 millj. kr. á ári í laun, um 500–600 þús. kr. á mánuði, unglæknar í námi. Þeir eru ekki orðnir læknar. Þeir eru a.m.k. með 500 þúsund kall á mánuði.

Ef ég ræki fyrirtæki með svona mikilli yfirvinnu mundi ég ráða fleira fólk og setja það á vaktir eins og hjá venjulegum rekstri. Og ég mundi spara helling af peningum af því að ódýrara er að hafa fólk á vöktum með einhverju vaktaálagi en borga því næturvinnulaun alla daga. Ég vildi ekki lenda hjá lækni sem er búinn að vaka í 24 tíma, frú forseti. Það er ekki beint gæfulegt. Því er gert ráð fyrir að þetta verði afnumið vegna þess að stóri bróðir í Brussel vill það og það er ágætt, nema þetta á að kosta. Þetta á að kosta í fjárlagafrumvarpinu 35 millj. kr. og hér er gert ráð fyrir að það aukist enn frekar upp í um 50 millj. kr. Það á að kosta að láta menn vinna dagvinnu, fá fleiri inn til að vinna dagvinnu í staðinn fyrir að borga þeim næturvinnu fyrir nákvæmlega jafnmarga tíma. Þetta er hagfræði sem ég skil ekki, þetta er rekstur sem ég skil ekki. Ef ég ræki svona fyrirtæki með svona óskaplegri yfirtíð — það væri náttúrlega aldrei þannig, en ef ég tæki við fyrirtæki með svona mikilli yfirvinnu mundi ég að sjálfsögðu ráða fleiri og hafa minni yfirvinnu og meiri dagvinnu og spara mér pening. Ég reikna með því að ef þessi Evróputilskipun næði fram sem við ættum að samþykkja strax án undanþágu fyrir unglækna þá ætti ríkið að spara. Það er eitthvað að þessu, frú forseti. Það er eitthvað að kjarasamningunum. Það er eitthvað mikið að kjarasamningunum.

Ég ætla ekki að verða langorður. Ég er þegar kominn yfir 11 mínútur og það þykir mér allt of langt. Ég ætla að ljúka með því að segja að þegar við lækkuðum fjármagnstekjuskattinn úr 48% á söluhagnaði niður í 10% stórjukust tekjur ríkissjóðs og þær hafa vaxið æ síðan. Þegar við lækkuðum skatta á hagnað fyrirtækja úr 50% niður í 18% stórjukust tekjur ríkissjóðs. Nú erum við að lækka skatta á tekjur einstaklinga og gerum það ósköp varfærnislega og mér sýnist að tekjurnar séu þegar byrjaðar að hækka þannig að stofninn hækkar og tekjur ríkissjóðs munu væntanlega stórhækka, að sjálfsögðu ekki endalaust. Ef við færum með skattinn í 0% gæfi það náttúrlega engar tekjur. Ég held að við séum ... (**Gripið fram í:** En 1%?) nei, ég hugsa að það sé um 15% eins og Viðskiptaráðið leggur til, 15% flatan skattur mundi gefa ríkissjóði mestar tekjurnar og skattgreiðendur yrðu ánægðastir og miklir peningar yrðu í velferðarkerfið.

[21:30]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var margt athyglisvert í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Hann fór reyndar í margt ansi smátt. Ég ætla ekki að dvelja við það smæsta sem þar kom við sögu.

Í einum kafla ræðunnar komu m.a. fram vangaveltur um tengsl framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Það er auðvitað býsna áhugavert efni. Mér fannst hv. þingmaður dvelja, kannski eðlilega miðað við upplegg ræðunnar, við það að löggjafarvaldið væri raunverulega að taka eitthvað frá framkvæmdarvaldinu. Ég hugsa að það sé margt til í því en ég hef samt sem áður minni áhyggjur af því en hinni hliðinni, þ.e. að framkvæmdarvaldið sé að seilast æ meir í hlutverk löggjafarvaldsins. En ef hægt væri að hafa vöruskipti á þessu gætum við kannski náð jafnvægi á ný og ég gæti gengið í lið með hv. þingmanni til að ganga frá slíku.

Það sem ég vildi spyrja hv. þingmann um er hvort hann deili ekki þeim áhyggjum með mér að framkvæmdarvaldið sé búið að seilast fullmikið í hlutverk löggjafarvaldsins, sérstaklega gagnvart því sem við ræðum hér, þ.e. fjárlögunum, þar sem það liggur ljóst fyrir að ákvarðanir um fjárútlát úr ríkissjóði er teknar að stórum hluta áður en þær eru afgreiddar á Alþingi og framkvæmdarvaldið tekur slíkar ákvarðanir í trausti þess að það hafi traustan meiri hluta í þinginu. Þess eru jafnvel dæmi, ef við trúum skýrslum Ríkisendurskoðunar, að framkvæmdarvaldið hafi jafnvel hvatt aðila til þess að fara fram úr fjárlögum.

Er hægt að búast við að aðilar beri virðingu fyrir lögum eins og fjárlögum þegar svo er? Það er meira að segja ýjað að því að framkvæmdarvaldið telji þetta bara býsna þægilegt fyrirkomulag vegna þess að það er alveg sama hvað það býður löggjafarvaldinu það kemst að því er virðist upp með allt. Hv. þingmaður er hluti af þeim meiri hluta sem að þessu hefur staðið.

[21:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst um samspil framkvæmdar- löggjafar- og dómsvalds. Ég hef töluverðar áhyggjur af því hve þetta samspil er mikið eins og endurspeglast í þessu frumvarpi þar sem Alþingi stendur að framkvæmdum og líka því að Alþingi semur nánast ekkert af þeim lögum sem það samþykkir. Við þingmenn ættum að vinna að því að breyta því.

En við grípum líka inn í dómsvaldið. Með lágmarkssektum og ákvæðum um lágmarksrefsingar tökum við fram fyrir hendurnar á dómurum. (**Gripið fram í:** Það er alveg rétt.) Við þurfum að skoða það líka. (**Gripið fram í:** Já, já.)

Ég ræddi um margt smátt, það er rétt. Þetta er frumvarp um margt smátt, um baunir, sumir tala um baunatalningu. En varðandi það sem hv. þingmaður sagði um framkvæmdarvaldið, að það væri að framkvæma í trausti þess að meiri hlutinn samþykkti það. Það er náttúrlega ekki nógu góð lenska, engan veginn. Auðvitað eiga menn að standa klárir að því og hv. þingmenn geta spurt að því ef stofnunin fer fram úr fjárlögum. Hv. þingmaður er væntanlega að tala um fjáraukalögin því þar kemur þetta fram. Þá eiga hv. þingmenn að spyrja hvernig á því standi. Og ég veit að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa spurt hvernig á því standi að þetta og hitt hafi farið fram úr fjárlögum rétt eftir að búið er að setja þau.

Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt að koma á meiri aga. Ég hef lagt til að það væru svo sem eins og einn eða tveir forstjórar ríkisfyrirtækja látnir fara, (Gripið fram í.) þeir sem standa sig verst í því að fara að fjárlögum, til þess að gefa þeim og starfsmönnum þeirra og ráðherrunum merki um það að fjárlög séu lög sem fara eigi eftir og enginn hafi fjárveitingavald nema Alþingi. Einstakir forstöðumenn stofnana hafa ekki fjárveitingavald, þeir hafa ekki heimild til að fara fram úr fjárlögum, ekki samkvæmt stjórnarskrá.

[21:33]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka á margan hátt jákvæðar undirtektir hv. þingmanns við hugleiðingar mínar varðandi þetta efni. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að þessir hlutir ganga ekki lengur og það virðist vera að a.m.k. einn og einn þingmaður í stjórnarmeirihlutanum sé að átta sig á því. Maður bíður þess vegna eftir því að hv. þingmenn sýni það einu sinni til tilbreytingar að þeir meini eitthvað með því sem þeir segja vegna þess að það dugir ekki að koma hér í stólinn og segja ýmislegt í þá veru sem hv. þingmaður sagði hér og vera svo þegar að atkvæðagreiðslu kemur, eins og hv. þingmenn, margir hverjir, búnir að steingleyma því sem þeir sögðu eða fylgja a.m.k. ekki því sem sagt var. (**Gripið fram í:** Hefur Pétur samþykkt hundinn?) Það er t.d. alveg ljóst — hv. þingmaður hefur aldrei samþykkt hundinn, held ég, hann hefur alltaf passað það — að ef hv. þingmaður meinar eitthvað með því sem hann sagði áðan þá á hann a.m.k. mjög erfitt með að samþykkja þær tillögur sem hér liggja varðandi fjárlög fyrir næsta ár, vegna þess t.d. að þar blasir við að fjöldi stofnana er þannig settur að á næsta ári fá þær raunverulega þau fjárframlög sem samþykkt eru hér vegna þess að nú þegar er búið að eyða stórum hluta þeirra. Það er m.a. þess vegna sem forstöðumönnum er ekki sagt upp, eins og hv. þingmaður boðaði hér, af þeirri einföldu ástæðu að menn vita það í ráðuneytunum að það er ekki störfum forstöðumannanna í þessum tilfellum um að kenna hvernig staðan er heldur vegna þess að fjárlög eru samþykkt meira og minna út í bláinn. Það er málið. Margar stofnanir eru búnar með 20–30% af þeim fjárframlögum sem hér er verið að samþykkja þannig að stjórnarmeirihlutinn hefur ekki hugmynd um hvaða ramma hann er að skapa starfsemi stofnananna. Þannig er raunveruleikinn, því er nú verr og miður.

Meðan stjórnarmeirihlutinn gerir ekkert í þessu og lætur framkvæmdarvaldið valta yfir sig fram og til baka þá er því miður ekki hægt að taka mark á orðum hv. þingmanna sem tala svipað og síðasti ræðumaður.

[21:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hafði ekki verið lengi á Alþingi þegar ég uppgötvaði að ég réð ekki einn. Ég varð að gera málamiðlanir og ég varð að láta minni hagsmuni fyrir meiri. Það held ég að flestir þingmenn og allir þurfi að gera.

Ég samþykki ýmislegt frá ríkisstjórninni þó að ég sé ekki sáttur við það vegna þess að ríkisstjórnin er að mínu mati að gera afskaplega góða hluti í heildina. (Gripið fram í.) Ég gagnrýni það, og ég er mjög ánægður með að heyra eins og í dag gagnrýni hv. stjórnarandstæðinga á ýmislegt í framkvæmdinni því að það er aðhaldið sem ráðherrarnir og forstöðumenn viðkomandi stofnana þurfa. Þess vegna mun ég samþykkja fjárlögin í heild sinni þó að ég sé t.d. óánægður með að fíkniefnahundurinn skuli ekki heyra undir dómsmálaráðuneytið. Ég er óánægður með listamannalaun af því að ég tel að listamannalaun eigi ekki að vera til o.s.frv. Það er eitt og annað sem ég er ekki sáttur við. En í heildina, eins og ég gat um, er ég afskaplega ánægður með þessi fjárlög, það er góður afgangur á þeim. Og þó að það sé ekki alveg nógu góður agi í framkvæmdinni, eins og hv. þingmaður benti á, þá er það að lagast mjög mikið að ég tel. Ég tel að það sé miklu betra núna og miklu meiri agi en t.d. fyrir tíu árum þegar ég kom inn á þing.

Ég held að þetta horfi allt til betri vegar og ég mun sannarlega samþykkja endanleg fjárlög þó að ég sé ósáttur við eitt og annað smálegt.

[21:36]

Guðmundur Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég ætla að vona að hæstv. heilbrigðisráðherra sitji hér undir ræðu minni. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. forsætisráðherra væri við a.m.k. í lok hennar þar sem ég ætla að leggja fyrir hann spurningu, ef hann er í húsi.

Hæstv. forseti. Þegar fjárlög fyrir 2006 voru lögð fram í haust brá mönnum í brún. Eina úrræðið fyrir þá öryrkja sem minnst fá var að skerða þann eina lið bótagreiðslu sem með góðum vilja var hægt að kalla atvinnuhvetjandi. Boðað var frumvarp frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þess efnis að uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna aksturs bifreiðar, svokallaður bensínstyrkur, yrði

felld niður frá og með 1. janúar 2006 eða tæpum tveim mánuðum eftir framlagningu frumvarpsins. Slík vinnubrögð eru ekki til þess fallin að efla traust á hæstv. heilbrigðisráðherra.

Auðvitað snerust menn öndverðir gegn þessu. Jafnvel landsfundur Sjálfstæðisflokksins sá sitt óvænna og skammaðist sín frammi fyrir hreyfihömluðum félaga sínum og ályktaði síðan gegn þessum nýju álögum á öryrkja. En framsóknarmenn komu hver um annan þveran og æptu: Þið voruð búnir að samþykkja þetta og svíkið svo. Já, frú forseti, það hrikti í stoðum stjórnarheimilisins.

En þá kom nýtt tromp: Ha, ha, þið fáið ekki það sem við lofuðum að veita í sama væntanlega frumvarpi. En þar stóð, með leyfi forseta:

„Af þeim fjármunum," — þ.e. þessum 720 millj. kr.— „er lagt til að 100 millj. kr. verði milifærðar til að efla starfsendurhæfingu sjúkratrygginga og 393,6 millj. kr. til að hækka tekjutryggingarauka hjá elli- og örorkulífeyrisþegum og 226,4 millj. kr. notaðar til að mæta hagræðingarkröfu."

Frú forseti. Höfðingsskapur ríkisstjórnarinnar var eða hefði orðið mikill ef meiri hluti hv. fjárlaganefndar hefði ekki skert tekjutryggingarauka hjá elli- og örorkulífeyrisþegum eða til starfsendurhæfingar sjúkratrygginga, því samkvæmt breytingartillögum meiri hluta hv. fjárlaganefndar skulu þær milljónir sem áttu að ganga til að hækka tekjutryggingarauka hjá elli- og örorkulífeyrisþegum ganga til baka sem og 100 milljónirnar í starfsendurhæfinguna. Og hvað með 226,4 milljónirnar sem átti að nota til að mæta hagræðingarkröfu, með öðrum orðum sparnað? Já, ef menn vilja ekki sósu þá fá þeir ekki heldur kartöflur. Tekjutryggingarauka fá þeir einir sem fá engar aðrar greiðslur og eru hvað verst settir í þessu kerfi.

Frú forseti. Er þetta ekki dæmigert fyrir þessa aumu ríkisstjórn sem æ ofan í æ finnur hjá sér hvöt til að fara ofan í vasa þeirra sem minnst hafa fyrir? Ríkisstjórnin verður að hverfa af þeirri braut að skerða markvisst kjör fatlaðra og lífeyrisþega. Hlutdeild neytenda í lyfjakostnaði hefur verið aukin og gjöld fyrir hvers kyns þjálfun verið hækkuð. Þetta gengur ekki, frú forseti.

Bensínstyrkurinn svokallaði er líklega það eina í þessu stagbætta lífeyriskerfi ríkisins sem hægt er að kalla atvinnuhvetjandi. Þannig er málum háttað, frú forseti, að þegar fyrsta ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, sú með Alþýðuflokknum, tekjutengdi jafnvel örorku- og ellilífeyrinn, en áður var litið svo á að hann væri eins konar uppbót fyrir þann aukakostnað sem hlytist af fötlun eða öldrun, þá gleymdist bensínstyrkurinn sem betur fer. Eins og fram hefur komið í skýrslum eru hér á landi færri öryrkjar en á öðrum Norðurlöndum og fram að þessu hefur Ísland skorið sig úr vegna meiri atvinnuþátttöku fatlaðra en víðast hvar í Evrópu. Ég fullyrði að margur fatlaður einstaklingurinn treysti sér ekki á vinnumarkað ef ekki væri bensínstyrkurinn, ekki vegna þess að hann sé svo hár heldur er þarna einhver smáuppbót á sannarlega dýrara líf.

Jafnframt hefur komið í ljós að endurhæfingarúrræði eru færri hér á landi en víðast hvar í Vestur-Evrópu. Loks þegar eitthvað virðist vera að rætast þar úr kippir hæstv. ríkisstjórn að sér höndum af því að ekki er hægt að klípa það af einhverjum öðrum bótum. Þetta líkist helst krakka að leika sér með töluboxið hennar mömmu.

Frú forseti. Við gumum af ríkidæmi þjóðarinnar og víst er gaman að heyra um kaup landans á Magasin du Nord og öðrum stórfyrirtækjum í útlöndum, ævintýralegum gróða bankanna sem við áttum „forresten" en gáfum vinum og velunnurum. Jafnvel Símann, þá góðu mjólkurkú, lögðum við á altari einka- og græðgisvæðingar. Á sama tíma er helsta sparnaðarleið hæstv. ríkisstjórnar að klípa af þeim sem minnst hafa fyrir.

Mætti ég þá heldur benda á frumvarp þingflokks Vinstri grænna til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í frumvarpi þessu er lagt til að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10 í 18% en jafnframt verði sett skattleysismörk við 120 þús. kr. tekjur einstaklinga á ári. Vonandi skoða þingmenn þessar tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs betur og átta sig á að það er vel borð fyrir báru á Íslandi ef menn eru ekki svo „alúmeraðir" að þeir sjái ekki út fyrir álglýjuna eða vatnsvirkjanasullið sem öllu skal sökkva hversu fagurt og frítt sem það er.

Frú forseti. Þær upphæðir sem ætlaðar eru til framfærslu hér á landi eru mun lægri en á öðrum Norðurlöndum en verðlag þó hærra. Það á ekki aðeins við lífeyrisgreiðslur heldur ekki síður þau laun sem greidd eru fyrir lægst launuðu störfin. Það er okkur til vansa, frú forseti.

Hæstv. forseti. Ég vil ekki ljúka máli mínu án þess að nefna það sem mér hefur fundist vel hafa tekist. Þar skal fyrst nefna þann samning sem hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Jón Kristjánsson gerði 25. mars 2003 við Öryrkjabandalag Íslands um aldurstengda örorku. Að ekki hefur verið staðið við þann samning að fullu að okkar áliti læt ég liggja á milli hluta. Þessi samningur var sögulegur og í fyrsta sinn sem samið var beint við bandalag fatlaðra. Það var lofsvert og er mjög mikilvægt, frú forseti, að slíkt samband haldi áfram, en kjörorð Evrópusamtaka fatlaðra hljóðar svo: „Ekkert um okkur án okkar."

Að 26 þúsundkallinn eða desemberuppbótin sem samið var um við ASÍ, BHM og BSRB hefur einnig fengist til lífeyrisþega og nú jafnvel þeirra sem aðeins hafa vasapeninga er fagnaðarefni. Það má segja, frú forseti, að hér sé um sjálfsagðan hlut að ræða, en þegar horft er yfir sparnaðaráform ríkisstjórnarinnar undanfarið verður manni að orði: Batnandi manni er best að lifa.

Frú forseti. Á aðalfundi Öryrkjabandalags Íslands 19. október sl. ályktaði fundurinn m.a., með leyfi forseta:

„Öryrkjabandalag Íslands telur að brýna nauðsyn beri til að endurskoða nú þegar lög um almannatryggingar. Einfalda þarf ýmsa þætti laganna og tryggja afkomuöryggi lífeyrisþega. Síauknar tekjutengingar eru stórkostlegt vandamál."

Frú forseti. Hér eru svo sannarlega orð í tíma töluð. Lögin um almannatryggingar eru svo stagbætt, teygð og toguð að það hálfa væri nóg. Síðasta dæmið um slíkt eru þær deilur sem nú eru upp komnar milli hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Tryggingastofnunar ríkisins annars vegar og Öryrkjabandalagsins hins vegar vegna óvæginna innheimtuaðgerða á meintum ofgreiddum lífeyri. Lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins eru laun margra. Hætt er við að mönnum brygði í brún ef með litlum fyrirvara væru skert hjá þeim launin. Hvað með skuldbind-

ingar eins og húsaleigu og afborganir af lánum? Þetta er til vansa, frú forseti.

Í lögum um almannatryggingar frá 1993 segir í 50. gr., með leyfi forseta:

„Hafi Tryggingastofnun ríkisins eða umboð hennar ofgreitt bótaþega bætur samkvæmt lögum þessum skal stofnunin draga ofgreiddar bætur frá bótum sem bótaþegi síðar kann að öðlast rétt til, sbr. þó 2. mgr. Einnig á Tryggingastofnun endurkröfurétt á hendur bótaþega samkvæmt almennum reglum."

Í 3. mgr. sömu greinar segir, með leyfi forseta:

„Ekki er heimilt að draga frá bótum meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum til bótaþega, þó aldrei lægri fjárhæð en 3.000 kr., uns ofgreiðsla er endurgreidd að fullu nema samið sé um annað."

Frú forseti. Hér er um slíkt sanngirnismál að ræða að ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra ætli að fara inn í jólin án þess að greiða úr þessu máli með hag allra í huga. Að hamast á öryrkjum með lögfræðilegum hártogunum í stað þess að taka af skarið og segja: „nei, svona gerir maður ekki" og leysa málin.

Frú forseti. Lágtekjumiðun lífeyrisgreiðslna er eitt af meginsérkennum almannatryggingakerfisins á Íslandi. Það er ekki nóg, frú forseti, að tekjutenging og lífeyririnn skerðist heldur falla niður margs konar afslættir og aðstoð sem tengist því að hafa fulla tekjutryggingu. Það er nógu erfitt, frú forseti, að hafa sig upp eftir veikindi eða slys með skerta getu, sífellt áminntur um fyrri getu, þó að ekki sé verið að bregða fyrir mann fæti í hvert skipti sem maður reynir að vinna sér inn fáeinar krónur.

Frú forseti. Þrátt fyrir kerfi sem heldur letur til atvinnuþátttöku er það staðreynd að á Íslandi er meri atvinnuþátttaka fatlaðra en víðast hvar í Evrópu. Af þessu getum við verið stolt. En betur má ef duga skal. Því er það svo mikilvægt að bætt sé í til að efla starfsendurhæfingu og í raun að stórefla slíka starfsemi. Ég er þess fullviss, frú forseti, að það skilaði sér margfalt í þjóðarbúið að ekki sé talað um þá lífsfyllingu sem það gefur hverjum manni að vera þátttakandi í samfélaginu, ekki aðeins með þeim réttindum sem því fylgir heldur ekki síður að fá að takast á hendur þær skyldur sem því fylgir og eru í reynd mannréttindi númer eitt.

Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. forsætisráðherra væri hér en ég beini því til hæstv. samráðherra hans að hann komi því til hans: Hvað líður gerð neyslustaðals samkvæmt þingsályktun sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fékk samþykkta á þinginu fyrir þremur árum og kom síðan með fyrirspurn fyrir ári þar sem forsætisráðherra svaraði að gert væri ráð fyrir að starfshópurinn skili skýrslu til viðskiptaráðherra eigi síðar en 31. desember á næsta ári, þ.e. í árslok 2005? Ég vildi gjarnan fá að vita hvort ekki væri rétt að Öryrkjabandalag Íslands fengi að gefa álit sitt áður en slíkur neyslustaðall verður gefinn út.

[21:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Magnússyni fyrir ræðu hans. Ég vil sérstaklega þakka honum fyrir það að ræða hans er málefnaleg og efnisleg. Mér þykir vænt um að hann minntist á þann samning sem ég gerði við Öryrkjabandalagið á sínum tíma og talaði um hann með jákvæðum hætti. Ég þakka honum sérstaklega fyrir það. Mér þykir vænt um þau orð hans.

Varðandi svo þau efnisatriði sem hann fór hér yfir þá er það einfaldlega þannig að ég gerði grein fyrir ráðstöfunum okkar varðandi bensínstyrk við 1. umr. málsins, en bensínstyrkurinn var orðinn almennur styrkur. Hann hafði vaxið mjög síðustu árin. Það er ekki vegna öryrkja heldur vegna þess að mjög margir aðrir en öryrkjar höfðu þennan styrk. Hann var upphaflega hugsaður sem styrkur fyrir hreyfihamlaða. En það var horfið frá þessu. Það var horfið frá þessu með því að bakfæra þær aðgerðir sem voru í tengslum við bensínstyrkinn, sem voru að hækka tekjutryggingarauka og leggja fram fjármagn til endurhæfingar. Þetta var núllstillt aftur, ef svo má segja, þannig að þetta er ákvörðun sem hefur verið tekin til baka og er eiginlega liðin tíð. Þessar aðgerðir voru núllstilltar.

Ég er alveg sammála því að mjög áríðandi er að efla starfsendurhæfingu og efla öryrkja til þess að taka þátt í atvinnulífinu. Samningar sem voru gerðir við verkalýðshreyfinguna miða að þessu m.a. Þó að teknir hafi verið til baka þeir fjármunir sem voru í tengslum við bensínstyrkinn þá eru auknir fjármunir til starfsendurhæfingar í frumvarpinu. Ég hefði þó gjarnan viljað að það væri meira og ég hefði gjarnan viljað að þær 100 milljónir sem voru bakfærðar væru þar inni enn þá því mjög áríðandi er að efla starfsendurhæfingu. Ég er sammála hv. þingmanni um það.

Varðandi lyfjakostnaðinn hefur hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði ekki verið hækkuð núna í þessu frumvarpi. Í þessu frumvarpi eru engar hækkanir á komugjöldum eða gjöldum fyrir sérfræðiþjónustu. Ég tel því að ekki sé hægt að ganga lengra í því efni. Sjúklingurinn borgar núna eða notendur heilbrigðisþjónustu borga 20% úr eigin vasa eins og þar stendur en ríkið 80%. Ég tel að ekki verði gengið lengra í því efni þannig að ekki er reiknað með neinum kostnaðarhækkunum núna.

Ég rengi ekki tölur hv. þingmanns um hér séu færri öryrkjar en á öðrum Norðurlöndum. En fjölgunin er meiri. Sérstökum áhyggjum veldur fjölgun öryrkja í hópi ungs fólks og við verðum að horfa auðvitað á það. Ég endurtek að nauðsynlegt er að fjölga endurhæfingarúrræðum í því sambandi.

Það er rétt að þjóðin hefur efnast. Sem betur fer höfum við möguleika á að gera hluti núna sem við höfðum ekki möguleika á kannski fyrir tíu árum eða hvað þá tuttugu árum þegar ég byrjaði á Alþingi. Það er alveg ljóst. Af því að minnst var á Símann hér verð ég að geta þess að 1 milljarður af söluandvirði Símans fór í búsetuúrræði fyrir geðfatlaða. Ég tók þátt í að undirbúa það með félagsmálaráðuneytinu og ég met það mjög mikils. Það er gífurlega mikilvægt mál í þágu þeirra sem minna mega sín í samfélaginu og það met ég mjög mikils.

Ég tel að full þörf sé á því að endurskoða almannatryggingalögin. Það er gríðarlegt verkefni sem menn hafa gert atrennur að, annaðhvort endurskoða þau í heild eða endurskoða einhverja hluta þeirra. Ég tel einboðið að Öryrkjabandalagið hafi aðkomu að því ef við förum í slíka endur-

skoðun. Ég tel að það verði ekki gert án aðkomu Öryrkjabandalagsins.

Nefna má deilu sem upp hefur komið núna síðustu dagana um fólk sem hefur verið skert vegna annarra tekna og missir bætur í desember. Ég hef skoðað það mál sérstaklega. Ég hef fengið erindi frá Öryrkjabandalaginu um það mál. Ég mun kappkosta að skoða allar hliðar þess máls og svara því erindi. Þarna er um að ræða fólk sem hefur ekki gefið upp tekjuáætlanir. En ég vil lýsa því hér yfir að ég vil skoða það mál mjög vandlega og mun svara Öryrkjabandalaginu erindi þeirra.

Ég mun koma til skila til forsætisráðherra því sem hv. þingmaður beindi til mín um neyslustaðal. Ég get því miður ekki svarað fyrirspurninni. En ég mun koma henni til skila og lýk þá máli mínu að sinni.

[21:58]

Guðmundur Magnússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svörin og hlý orð í minn garð. Samningurinn er einmitt til fyrirmyndar og ætti að vera öllum ráðuneytum til fyrirmyndar um samráð þegar fjallað er um okkar mál. Ég fagna því að Öryrkjabandalagið mun koma að endurskoðun laganna.

Ég get vel skilið að bensínstyrkurinn hafi vaxið og að fleiri hafi kannski verið farnir að fá hann svona sem sporslu í stað þess að hann hafi verið nýttur betur þar sem hann virkilega átti rétt á sér. En þá þurfti bara að endurskoða hann en ekki fella hann niður. Það er aðalatriðið.

Svo er það neyslustaðalinn. Þar sem ég er að hverfa af þingi strax aftur þætti mér mjög vænt um að þetta yrði skriflegt svar til Öryrkjabandalagsins frá forsætisráðherra.

Ég fagna þessum milljarði í búsetuúrræðin. En ég hefði líka gjarnan viljað eiga Símann enn þá og geta mokað meiri peningum í þetta.

[21:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að veita örstutt andsvar við ræðu hæstv. ráðherra.

Vissulega þarf að endurskoða almannatryggingalögin, helst í heild en a.m.k. lífeyriskaflann í heild. Það er orðið mjög brýnt. Hæstv. ráðherra hefði átt að hafa tök á því þann tíma sem hann hefur verið í ráðuneytinu. Fyrirrennari hans í starfi hóf slíka endurskoðun en guggnaði á henni.

Varðandi bensínstyrkinn og að aðrir en öryrkjar hafi fengið hann. Hann var og er ætlaður hreyfihömluðum. Segja má að hreyfihömlun hafi verið nokkuð vítt skilgreind. Blindir fengu styrkinn t.d. og lungna- og hjartasjúklingar sem eiga erfitt með að hreyfa sig. Það er líka ákveðin hreyfihömlun fólgin í þeim sjúkdómum. Enginn fær bensínstyrkinn nema vera með vottorð frá lækni um slíkt. Læknar hafa þá gefið út fölsuð vottorð ef hæstv. ráðherra heldur þessu fram. Auðvitað á ekki að fella hann niður þó að ráðherra finnist heimildirnar of rúmar. Hann á þá að taka á skilgreiningunni.

Af því að hæstv. ráðherra talaði um starfsendurhæfinguna sem ekki kemur til vegna þess að bensínstyrkurinn verður áfram þá langar mig að segja að skortur á starfsendurhæfingu kemur niður á velferðarkerfinu aftur, svo sem í auknum kostnað í lyfjaútgjöldum ríkisins, í læknisþjónustu o.s.frv. Þetta bara bítur í skottið á sjálfu sér. Ég vil minna ráðherra á þetta.

Ég fagna því að mér heyrist á hæstv. ráðherra að hann ætli að hætta við að láta fólk sem Tryggingastofnun telur að hafi fengið fullar greiðslur fara í jólaköttinn. Ég fagna því og spyr hæstv. ráðherra hvort ég hafi ekki skilið hann rétt í því að (Forseti hringir.) hann ætli að bakka með að láta fólk verða greiðslulaust frá TR um jólin.

[22:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi endurskoðun almannatryggingalaga þá er það auðvitað spurning um aðferð hvort menn fara í endurskoðun í heild eða endurskoða einhvern hluta. Hingað til hefur það verið þannig að þegar ráðist hefur verið á allan lagabálkinn þá hafa menn hætt í miðjum klíðum þannig að það kemur alveg til greina að endurskoða einhvern hluta laganna en ég er ekki tilbúinn í kvöld að segja til um það hvaða leið ég fer í því.

Varðandi starfsendurhæfinguna þá eru möguleikar í fjárlagafrumvarpinu sem efla hana eins og frumvarpið lítur út núna eftir breytingartillögurnar sem hafa verið gerðar. Ég hefði gjarnan viljað efla hana meira og ég tel það nauðsynlegt, og þeir samningar sem hafa verið gerðir við lífeyrissjóðina og verkalýðshreyfinguna kveða á um þetta og það tel ég mikils virði.

Varðandi lögin um almannatryggingar sem voru samþykkt fyrir tveimur árum þá mun ég fara vel yfir þann lagabálk en ég er ekki þar með að segja hver niðurstaðan verður í því og ég vil ekki að hv. þingmaður leggi þannig út af orðum mínum en ég mun fara mjög vandlega yfir allar hliðar þess máls. Það var einfaldlega það sem ég sagði.

[22:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar skýringar og hvet hann til að hefja endurskoðun, a.m.k. á lífeyriskaflanum í almannatryggingunum í heild. Það er búið að endurskoða í hlutum sem gerir það að verkum að það kemur bara niður á öðrum hlutum laganna og einnig að lögin verða sífellt flóknari og flóknari. Ég minni á tekjutryggingaraukann sem settur var inn og útreikningsregluna á tekjutryggingunni sem er ekki fyrir nokkurn mann að skilja nema liggja yfir því lengi, þannig að ég hvet hæstv. ráðherra og spyr hann að því hvort hann sé tilbúinn að fara í þá vinnu að endurskoða lífeyriskafla almannatrygginganna og gera lögin einfaldari og mannúðlegri og minnka tekjutenginguna þannig að fólk geti þá a.m.k. aflað sér smá tekna án þess að það komi harkalega niður á því. Í ræðu minni á eftir mun ég vera með dæmi um það hvernig þær reglur sem nú gilda bitna á fólki.

Ég spyr hæstv. ráðherra einnig: Er hann tilbúinn að breyta þeirri reglugerð sem nú tók gildi um að stöðva greiðslur til þeirra sem hafa fengið ofgreiðslurnar? Ætlar hann að breyta þeirri reglugerð þannig að fólk verði ekki auralaust um jólin, þeir sem hafa fengið ofgreitt að mati Tryggingastofnunar?

Svo langar mig að nefna annað sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra og það er um milljarðinn í búsetuúrræðum fyrir geðfatlaða sem ég fagna vissulega. Það er löngu tímabært að þeir peningar komi frá sölu Símans, en ég minni á að hann er að úthluta peningum langt fram í tímann á fjárlög sem verða ekki samþykkt á Alþingi fyrr en á næsta kjörtímabili. En ég efast þó ekki um að staðið verði við það því það er orðið mjög brýnt mál að ráða bót á búsetumálum geðsjúkra.

[22:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á málefnum geðfatlaðra. Það mun verða skipuð nefnd til að útfæra það mál núna og ég efast ekki um að staðið verði við þetta. Ég held að um það sé víðtæk samstaða, enda er þetta mjög gott mál.

Varðandi þá reglugerð sem hefur verið til umræðu undanfarið og Öryrkjabandalagið skrifaði mér um vil ég taka það fram að reglugerðin er eingöngu starfsreglur. Það eru lögin sem skipta máli og túlkun á þeim og ég vil einbeita mér að því að túlka þau lög sem voru samþykkt fyrir tveimur árum með samþykki allra þingmanna, nema hv. þingmaður var með fyrirvara, ef ég man rétt. Ég vil einbeita mér að því að túlka þau lög þannig að ekki fari á milli mála hvað þau fela í sér, því vil ég einbeita mér að og taka mér örfáa daga í það. En ég vona að niðurstaða mín liggi fyrir í því innan mjög skamms tíma enda er ekki úr miklum tíma að spila í þessu.

En ég vil taka fram varðandi þá sem búa við skertar bætur að það er fólk sem er skert vegna annarra tekna, þannig að það er ekki þar með sagt að þetta fólk hafi engar tekjur, þó að ég sé ekki að gera lítið úr því í sjálfu sér. Þetta er fólk sem hefur aðrar tekjur og ég vil taka fram í sambandi við tekjuskerðingar að þær hafa minnkað á undanförnum árum, minnkað niður í 45% frá því að það var skert króna á móti krónu.

[22:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekkert ofsagt í nefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar að efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins séu ótraustar og það er sívaxandi áhyggjuefni hvað forsendur bæði á gjalda- og tekjuhlið eru veikar. Þetta frumvarp virtist því ekkert frábrugðið fjárlagafrumvörpum síðari ára, fjárlög næsta árs eru á brauðfótum og undir því veikar stoðir sem geta hrunið áður en við er litið og má þá benda á þá veikleika sem greiningaraðilar eins og greiningardeildir bankanna, ASÍ og Seðlabanki Íslands benda á varðandi efnahagsstjórnina. Það er t.d. athyglisvert að það kom fram í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar sem fjallaði m.a. um tekjuforsendur fjárlaga að Seðlabankinn gagnrýnir þær aðferðir og forsendur sem fjármálaráðuneytið setur fram þegar því er haldið fram að gengið muni veikjast og verðbólga í verðbólgumarkmiðum Seðlabankans en vextir eigi samt sem áður að lækka þó að verðbólgan sé miklu meiri en verðbólgumarkmið Seðlabankans.

Tekjuafgangur sem hér hefur verið rætt um í dag á að verða nálægt 20 milljörðum eða innan við 2% af landsframleiðslu. Mér fannst það mjög sérkennilegt í dag — og ágætt að heyra álit hæstv. fjármálaráðherra á því — að varaformaður fjárlaganefndar, Einar Oddur Kristjánsson, hafði ekki mikla trú á þessum afgangi í fjárlögunum. Hann taldi að það væri nær lagi að afgangurinn væri 1% en ekki 2% og hv. varaformaður fjárlaganefndar er því þegar búinn að gengisfella frumvarp ráðherrans um hvorki meira né minna en 10 milljarða kr. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé sammála þessu áliti varaformannsins að veikleikinn sé svo mikill á fjárlagahlið og þá væntanlega kannski einnig á gjaldahlið. Kannski er hann frekar að tala um gjaldahliðina, það verði aldrei neinn 20 milljarða afgangur vegna þess að það verði spenna í útgjöldunum sem kom ekki fram núna í fjárlagafrumvarpinu. Alla vega virtist hann ekki hafa trú á því að tekjuafgangurinn yrði 10 milljarðar kr. Auðvitað hefur hv. varaformaður fjárlaganefndar fyrir framan sig reynsluna bæði af gjaldahlið og tekjuhlið á undanförnum árum. Við ræddum það í síðustu viku, ég og hæstv. fjármálaráðherra, hvernig veikleiki fjárlaganna hefur verið á umliðnum árum bæði á tekju- og gjaldahlið þegar frávikin á gjaldahlið eru 10% að meðaltali á árunum 2000–2004 og veikleikinn einnig mikill á tekjuhliðinni, var t.d. 8,3% á árinu 2004 og 2,5% að meðaltali á árunum 2000–2004. Við þá umræðu nefndi hæstv. fjármálaráðherra að vera mætti að inn í þessar tölur vantaði lífeyrisskuldbindingar og afskriftir af skattkröfum þannig að ég gerði mér far um að kynna mér það sérstaklega hvort svo væri. Ef við tökum t.d. árið 2004 fyrir þá koma fram liðirnir Lífeyrisskuldbindingar upp á 13,4 milljarða en í fjárlögum var áætlað að það yrðu 4,7 milljarðar kr. og síðan voru afskriftir skattkrafna 10,1 milljarður en í fjárlögum eru áætlaðir 4 milljarðar kr. þannig að það var áætlað fyrir hvoru tveggja inni í þessum tölum en var bara vanmetið á fjárlögum eftir því sem ég kemst næst.

Þetta er vissulega mikið áhyggjuefni að fjárlagavaldið sé flutt í svo miklum mæli til framkvæmdavaldsins þannig að ekki sé óalgengt að verið sé að ráðstafa að meðaltali um 20 milljörðum kr. í útgjöld umfram það sem fjárlög heimila og við höfum auðvitað farið yfir það hér að fjárreiðulögin eru þverbrotin þegar þessi vinnubrögð eru viðhöfð.

Ef við reynum þá í ljósi þessarar reynslu að kíkja á hvað skeður núna fyrir árið 2005 og áætlun 2006 þá var það þannig, virðulegi forseti, í plöggum sem við fengum í efnahags- og viðskiptanefnd varðandi yfirstandandi ár, að heildartekjur í fjárlögum árið 2005, án eignasölu, voru áætlaðar 305 milljarðar kr. og í september á þessu ári voru þessir 305 milljarðar komnar í 339 milljarða eða 34 milljörðum þar yfir og síðan tveim mánuðum síðar, eða frá september til nóvember á þessu ári, hafa bæst við 10 milljarðar kr. þannig að við erum að tala um 44 milljarða fyrir utan peningana af eignasölu Símans sem kemur til viðbótar því sem hæstv. ríkisstjórn áætlaði fyrir ári síðan og borið var á borð fyrir þingheim að því er varðar yfirstandandi ár.

Það virðist stefna í það sama núna. Ég er ekki að segja að það verði kannski svona hrikalegt eins og ég nefni hér, svona miklar sveiflur í tekjum, en sporin hræða og við sjáum bara núna frá frumvarpinu 2006 að þar er gert ráð fyrir 327 milljörðum í tekjur. Áætlun nú í nóvember er 334 milljarðar, þarna munar 7,2 milljörðum kr. Maður er ekkert hissa á því þótt varaformaður fjárlaganefndar hafi vantrú á

forsendum fjárlaga að því er virðist bæði á tekju- og gjaldahlið.

Spár eru vissulega misvísandi fyrir næsta ár. Það er mikil óvissa í efnahagsmálunum almennt. Ég hef t.d. verulegar áhyggjur af því að við skulum ekki fá nákvæmari mynd af einkaneyslunni þegar við skoðum þann mismun sem Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið setja fram í því efni og reyndar greiningardeildir bankanna einnig. Munur á einkaneysluspá Seðlabankans og Landsbankans er verulegur. Mig minnir að 8,2% séu áætluð í einkaneyslu hjá Seðlabankanum en 4,3% — ef ég fer rétt með. Ég er ekki með tölurnar við höndina — hjá fjármálaráðuneytinu. Þarna er því mismunur í spá upp á tæp 4%. Maður spyr: Hvað þýðir það ef spá Seðlabankans gengur eftir? Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins þýðir það að ef einkaneysla eykst um 1% þá vex tekjuafgangur ríkissjóðs um 0,1% af landsframleiðslu. Ef spá Seðlabankans gengur eftir gæfi það um 4 milljörðum meira í ríkissjóð. Það er vissulega óvarlegt að ráðstafa þeim fjármunum eða gera ráð fyrir þeim í tekjuafgangi fjárlaga einfaldlega vegna þess hve miklar skekkjur og frávik eru ávallt á gjaldahlið fjárlaga, eins og ég nefndi, eða 10% að meðaltali fyrir árin 2000 og 2001.

Umhugsunarefni er líka sú mikla aukna einkaneysla sem verið hefur á þessu ári og við sjáum að nærri helmingi munar í spá ráðuneytisins og Seðlabankans. Það gekk eftir á þessu ári að því er varðar einkaneysluna, og kemur það fram í áliti minni hlutans, að einkaneyslan var áætluð á fjárlögum 5% en áætlun 2005 segir 9,5%. Skekkjan þarna er því 4,3% á þessu ári og við erum að tala um svipaða skekkju á næsta ári. Ég veit ekki hvort fjármálaráðuneytið spáir vísvitandi þannig um einkaneysluna. Eitt væri þó fróðlegt að fá að vita. Ég hef reyndar lagt fram fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra um það. Ég ætlast auðvitað ekki til þess að hann svari því núna. Hann hefur engin tök á því. En forvitnilegt væri að fá að vita hversu mikið af einkaneyslu undanfarinna ára hafi verið fjármagnað með lánum vegna þess að hér er verið að eyða skatttekjum framtíðarinnar sem koma af aukinni einkaneyslu. Þessi ríkisstjórn er að eyða þeim skatttekjum sem koma í framtíðinni þegar mikil einkaneysla heimilanna er fjármögnuð með lántöku. Það væri líka fróðlegt að fá að vita það sem ég spurði um í fyrirspurn minni, þ.e. hvaða áhrif það hefði haft á skatttekjur hins opinbera ef einkaneysla á umliðnum árum hefði eingöngu verið fjármögnuð með rauntekjum heimilanna.

Virðulegi forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að eyða fleiri orðum í þessar stóru línur fjárlaganna. Við hæstv. fjármálaráðherra fórum yfir þetta fyrr í vikunni. Ég fór þá yfir það hvernig hagvaxtarspá t.d. á árinu 2004 og verðbólguspár hafa gengið fram, t.d. á árinu 2004 miðað við spár, og þar er um verulega skekkju að ræða miðað við spár fjármálaráðuneytisins. Það kom reyndar fram í efnahags- og viðskiptanefnd, og ég vil ítreka það, að verulegur missir er að Þjóðhagsstofnun. Það er mjög vont fyrir okkur innan þings að þurfa bara eingöngu að treysta á þær spár sem við fáum frá fjármálaráðuneytinu en geta ekki leitað til óháðra aðila eins og Þjóðhagsstofnunar.

En maður horfir töluvert á spár ASÍ sem er búið að koma upp sæmilega góðri hagdeild. Þar er t.d. verulegur munur miðað við það sem er grundvallaratriði í fjárlagafrumvarpinu, þ.e. verðlagsforsendurnar sem eru 3,8% hjá fjármálaráðuneytinu en 4,2% hjá Alþýðusambandinu (**ÖS:** 6,8% hjá Íslandsbanka í dag.) og 6,8, segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem grípur hér fram í, hjá Íslandsbanka í dag. Þó að maður horfi bara á þessar breytingar sem eru 0,4% miðað við spár ASÍ og fjármálaráðuneytisins þá hefur það veruleg áhrif t.d. bara á lífeyrisgreiðslur og persónuafslátt og fleiri undirstöðuatriði í fjárlagafrumvarpinu. Fjármálaráðherra þarf ekki að undra þó að maður staldri aðeins við þær tölur sem hér eru settar fram. Það er ekki ofsagt að segja að jafnmiklar skekkjur og frávik sem verið hafa grafa undan sjálfstæði þingsins. Þessum vinnubrögðum verður að breyta. Ég vil gefa hæstv. nýjum fjármálaráðherra tækifæri til þess að breyta þessum vinnubrögðum. Hann hefur ekki nema kannski að litlu leyti komið nálægt undirbúningi fjárlaga og haft kannski lítinn tíma til þess að breyta þeim vinnubrögðum sem verið hafa. En ég held að við ættum að sammælast um að reyna að gera betur í þessu efni vegna þess að það er framkvæmdarvaldinu, fjármálaráðuneytinu og ráðuneytunum til vansa að svona miklar skekkjur skuli vera. Það er líka til vansa fyrir þingið að þurfa að taka við slíku fjárlagafrumvarpi og afgreiða það með þessari miklu óvissu í hinum stóru útlínum og stóru þáttum sem skipta öllu fyrir tekju- og gjaldahlið fjárlaga.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég ætla aðeins ræða um breytingartillögur sem 1. minni hluti flytur. Ekki síst vil ég nefna ýmis atriði sem lúta að félagsmálaráðuneytinu. Þar sem ég á sæti í félagsmálanefnd hef ég sérstaklega farið yfir kafla félagsmálaráðuneytisins. Þar kemur ýmislegt í ljós, virðulegi forseti, sem snertir hæstv. fjármálaráðherra sem hér gengur úr sal vegna þess að þar er um að ræða ýmsar vanáætlanir. Ég er mjög sátt við að hæstv. fjármálaráðherra fái sér sæti í hliðarsal af því að ég veit að hann hlýðir grannt á mitt mál.

Virðulegi forseti. Ljóst er að fjárlög og skattastefna ríkisstjórnarinnar hefur stuðlað að ójöfnuði í þjóðfélaginu. Það hefur ekkert skort á að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki haft úr nógu að spila. Við höfum sýnt fram á það í minni hlutanum að bara þegar horft er til þess tekjuauka sem ríkisstjórnin hefur haft úr að spila þá hefur hún á hverjum einasta degi — ég man nú ekki nákvæmlega töluna en alla vega er hún yfir 800 milljónir á hverjum einasta degi samanborið við það að þetta var rúmlega 400 milljónir á árinu 1995. Við erum því að tala um að tekjuaukinn hefur tvöfaldast hvern dag frá því að þessi ríkisstjórn tók við. En hún hefur ekki nýtt þessa fjármuni til þess að jafna kjörin. Hún hefur dregið fjármagnið frá þeim sem verr hafa það í þjóðfélaginu eins og öryrkjum, öldruðum, atvinnulausum, t.d. með verulegri skerðingu á skattleysismörkum. Hún hefur fengið verulega fjármuni þaðan til þess að flytja til þeirra sem betra hafa það, fjármagnseigenda og stórfyrirtækja. Þannig hefur þessi ríkisstjórn unnið. Ríkisstjórnin talar hér í öðru hvoru orði um stöðugleika í þjóðfélaginu en hún veit, ef hún horfir ekki á allt úr sínum fílabeinsturni, að ekki er stöðugleiki hjá mörgum heimilum í landinu í dag, hjá atvinnulausum, lífeyrisþegum, tekjulausum einstaklingum og fleiri tekjulágum hópum. Þeir hafa ekki fengið sinn eðlilega hlut af tekjuskiptingunni og því sem úr hefur verið að spila.

Við sáum nú bara nýlega í Blaðinu 21. október 2005 að hér hafa aldrei verið fleiri milljónamæringar. Þar segir að mikill fjöldi Íslendinga eigi gríðarlega fjármuni í fasteignum, fyrirtækjum og hlutabréfum. Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Á þriðja þúsund íslenskra fjölskyldna á skuldlausar eignir upp á 100 milljónir eða meira."

Síðar í þessari grein segir, með leyfi forseta:

„Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu um vaxandi tekjumun á milli manna og þau ofurlaun sem sum fyrirtæki eru að greiða starfsmönnum sínum. Þessar tölur gætu verið vísbending um það að hér á landi sé að myndast djúp gjá milli annars vegar eignafólks og hins vegar fólks sem þarf að draga fram lífið á lágmarkslaunum. Þetta gæti jafnvel verið" — stendur hér, virðulegi forseti — „fyrsti vísir að meiri háttar stéttaskiptingu í íslensku samfélagi."

Virðulegi forseti. Við í Samfylkingunni gerum ekki athugasemdir við þó að þeir ríku verði ríkari og þótt hér verði til fleiri milljarðamæringar bara ef það er ekki á kostnað þeirra sem minna hafa milli handanna og meðaltekjufólks. Það er þannig sem við viljum sjá jafnaðarsamfélagið, þ.e. að hið opinbera, að ríkisvaldið vinni þannig úr sínum hagstjórnartækjum að þeim sé beitt þannig að ekki sé verið að taka — mér liggur næstum við að segja, virðulegi forseti, stela — frá þeim sem minna hafa til þess að flytja til þeirra sem meira hafa. Þannig á ekki að stjórna þessu landi. Það á ekki að gera, virðulegi forseti.

Það er þetta sem við gagnrýnum þegar fjármagnið í ríkiskassann hefur tvöfaldast þannig að þeir hafa ekki núna 400 milljónir úr að spila á hverjum degi eins og þeir höfðu á árinu 1995 heldur yfir 800 milljónir á hverjum einasta degi. Ég fullyrði að tekjulágt fólk eins og lífeyrisþegar hefur það verra í dag en það hafði á árinu 1995. Ég skal bara draga eina tölu upp úr mínum hatti því til stuðnings, þ.e. þær skattgreiðslur sem fólk með undir 110 þús. kr. hefur. Það borgaði lítinn sem engan skatt, 2–3% af sínum tekjum, á árinu 1995 en borgar nú nærri því 14%. Ég spyr: Er það meðvitað hjá hæstv. ríkisstjórn að taka frá þeim sem lítið hafa og færa til þeirra sem meira hafa? Í hugum okkar jafnaðarmanna er það alveg klárt að það er ekki stöðugleiki. Það er ekki stöðugleiki að fara þannig með samfélagið og það sem til skiptanna er í þjóðfélaginu.

Ég get farið yfir, virðulegi forseti — ég ætla bara ekki að eyða tíma þingsins í það enda langt liðið á kvöld og margir á mælendaskrá — þær háu fjárhæðir sem skipta tugum milljarða sem skattleysismörkin, sem helst gagnast þeim sem minnst hafa og meðaltekjufólki, hafa verið skert um og flutt til þess að bæta afkomu þeirra betur settu.

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að fara yfir það sem snýr að félagsmálaráðuneytinu af því að ástæða er til þess að hafa áhyggjur af því hvað er í gangi þar í ýmsum stórum málaflokkum sem skipta verulega miklu máli fyrir fólkið í landinu, ekki síst fyrir t.d. ungbarnafjölskyldur. Þá er ég að tala um fæðingarorlofssjóðinn. Ríkisvaldið var með góð áform uppi þegar fæðingarorlofssjóður var stofnaður og þegar fæðingarorlofinu var breytt og það er kannski eitt besta verk ríkisstjórnarinnar. Þess vegna skil ég ekki af hverju ríkisstjórnin hafði ekki metnað til þess að standa vörð um fæðingarorlofsréttinn. Hún er skipulega að grafa undan fæðingarorlofslögunum. Hún breytti viðmiðunartímanum með þeim hætti að hann var lengdur verulega þannig að tekjur fólks í fæðingarorlofi hafa skerst verulega. Nú eru það ekki 80% af tekjum síðustu tólf mánaða eins og lagt var upp með heldur er þetta komið kannski niður í 70%.

Virðulegi forseti. Margir hafa haft samband við mig út af þessu sem hafa fundið á eigin skinni hvernig greiðslurnar í fæðingarorlofi eru allt aðrar en þeir héldu í upphafi og það er ekki allt komið fram í því efni. Ég spái því að á næstu vikum munum við þingmenn finna fyrir því að fólk mun kvarta mjög yfir því sem er að gerast í fæðingarorlofsmálunum þar sem verið er að grafa hreinlega undan þeim sjóði. Þar er vanmat á tekjunum vegna þess að í áætlunum félagsmálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að í árslok 2006 muni fæðingarorlofssjóður skulda ríkissjóði milli 1.500–1.600 millj. kr. Í áliti sem fylgir hjá minni hlutanum er þetta sundurliðað lið fyrir lið. Ég ætla því ekki að tefja tíma þingsins með því að fara yfir þetta. En það er alveg ljóst að ekki hefur ekki verið veitt nægilegt fjármagn af þessum átta hundruð og eitthvað milljónum sem ríkisstjórnin hefur á hverjum degi. Hún þarf nú ekki einu sinni að taka af því vegna þess að þetta er tekið af sérstöku tryggingagjaldi til að standa vörð um þennan sjóð. Það vantar hvorki meira né minna en 500 millj. kr., virðulegi forseti, á næsta ári til þess að hægt sé að greiða fæðingarorlof til fólks sem er að taka fæðingarorlof til þess að það halda sama hlut og það hafði í fæðingarorlofi þegar lagt var upp með það.

Við jafnaðarmenn viljum standa vörð um fæðingarorlofsgreiðslurnar þannig að ekki fjari svo undan að fólk hætti kannski að taka fæðingarorlof eða taki styttra fæðingarorlof en ella. Kannski mundu feðurnir gera það ef jafnt og þétt er grafið undan sjóðnum og dregið úr fæðingarorlofsgreiðslum til foreldra. Þess vegna flytjum við tillögu um 500 millj. kr. aukaframlag í sjóðinn, en áætla má að ef greiðslurnar eigi að halda raungildi sínu miðað við 80% af tekjum þá þurfi að bæta við 500 millj. kr. í sjóðinn.

Ég harma það líka við þessa umræðu að félagsmálaráðherra hefur ekki staðið við það sem hann ræddi hér um fyrir einu og hálfu ári síðan og sem við í minn hlutanum gagnrýndum þá, þ.e. að umönnunar- og lífeyrisgreiðslur falla niður við töku fæðingarorlofs. Það er afar ósanngjarnt og getur leitt til verulegs tekjutaps lífeyrisþega ef þeir taka fæðingarorlof. Það er óréttlátt að mínu viti að blanda umönnunargreiðslum og fæðingarorlofsgreiðslum saman þannig að þær gangi ekki upp samtímis.

Í Ábyrgðarsjóð launa hefði ég viljað fara en ætla að bíða með það til morguns af því að hæstv. ráðherra hefur boðað frumvarp þar að lútandi, en þar er um verulega vanáætlun að ræða. Ég ætla líka að minna á það varðandi stöðu Vinnueftirlitsins að hæstv. þáverandi fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra gáfu sameiginlega yfirlýsingu, loforð, þegar breytt var fjármögnun til Vinnueftirlitsins sem áður hafði fengið hluta af tryggingagjaldi og átti eftir það að koma beint af fjárlögum, um það að við þessa breytingu yrði fjármagn til Vinnueftirlitsins ekki skert. Á þessu ári og næsta ári munu tekjur Vinnueftirlitsins skerðast um 72,5 millj. kr. sem það hefði ella fengið af óbreyttum tekjustofni eins og hann var árið 2004. Minni hlutinn og við sem höfum sett fram þetta álit teljum að ekki hafi verið staðið við þetta lof-

orð og minnum á hve mikilvægt sé að efla og treysta starfsemi Vinnueftirlitsins og almennar kröfur um aukna vinnuvernd vegna nýrra og aukinna verkefna stofnunarinnar.

Ég ætla að halda til haga starfsmenntasjóði. Þótt fáist aukið fjármagn inn í þennan mikilvæga málaflokk nú í tengslum við kjarasamningana, en hann er mjög mikilvægur ekki síst ófaglærðu fólki, þá hefur fjármagn sem til þessa sjóðs hefur verið varið staðið óbreytt í mjög langan tíma. Til þessa sjóðs var stofnað í minni tíð sem félagsmálaráðherra. Nú er sennilega á annan áratug síðan. Þá voru þetta um 50 eða 55 millj. kr. en eru í dag 60 millj. kr. Þetta hefur því ekkert breyst. Þetta hefur ekki haldið verðgildi sínu. Samt eru umsóknir í starfsmenntasjóð alltaf að aukast. Núna er samtals verið að sækja um 152 millj. kr. í starfsmenntasjóð. Sama gildir um atvinnumál kvenna. Til þeirra er einungis varið um 25 millj. kr. sem er óbreytt krónutala í sennilega sama árafjölda, en á árinu 2005 bárust t.d. 146 umsóknir um fjármagn vegna atvinnumála kvenna að fjárhæð 175 millj. kr. en sjóðurinn hefur einungis til ráðstöfunar 25 millj. kr. Reynslan af úthlutun úr þessum sjóði er afar góð og hefur nýst mjög vel og gert mörgum konum kleift að koma á fót atvinnurekstri og verið mikilvægt framlag í frumkvöðlastarf meðal kvenna. En ekkert er gert til að efla þennan sjóð eins mikilvægur og hann er atvinnulífinu og eins mikilvægur og hann er til að fjölga störfum og auka skatttekjur ríkissjóðs. Það væri gott ef stjórnvöld hefðu þá forsjálni að sjá mikilvægi þessara sjóða, starfsmenntasjóðs og atvinnumálasjóðs kvenna og auka verulega fjármagn til þeirra.

Ég vil nefna eitt sem mér finnst mikill blettur á þessum fjárlögum, það eru fjármunir sem varið er til málefna barna. Í fjárlögum kemur fram að heildarframlög til málefna barna endurspegla mjög vel, virðulegi forseti, forgangsröð þessarar ríkisstjórnar. Það er dregið úr fjármunum og ekkert horft til Barnaverndarstofu sem gerir t.d. tillögur um viðbótarframlög til nýrra verkefna, m.a. til að geta tekist á við meðferð síbrotaunglinga. Það er ekki ein króna til nýrra meðferðarúrræða þó að mikil þörf sé á meðferðarúrræðum fyrir síbrotaunglinga.

Ég nefni líka Greiningarstöð ríkisins. Þó nokkuð hafi verið gert til þess að bæta þar úr þá vantar verulega þar á til þess að Greiningarstöðin geti sinnt verkefnum sínum. Þar lengist sífellt biðlistinn og er skömm að því að þannig skuli vera farið með Greiningarstöðina vegna þess að auðvitað vita það allir sem þekkja þar til starfseminnar að afar mikilvægt er fyrir þroskamöguleika barna að aðstæður þeirra séu kannaðar eins fljótt og mögulegt er eftir að tilvísun hefur borist þangað þannig að barn fái sem fyrst frumgreiningu. En nú eru langir biðlistar og til vansa er að ekki skuli vera hlúð betur að þessari stöð.

Aðrir þingmenn Samfylkingarinnar sem hér hafa talað á undan hafa gert grein fyrir þeim breytingartillögum sem við flytjum og lúta fyrst og fremst að því að færa meira fjármagn til velferðarmála. Við setjum fram tekjutillögur á móti og skilum reyndar, eins og hér hefur komið fram, eilítið betri niðurstöðu í tekjuafgang en stjórnarflokkarnir gera.

Hér hefur verið farið vel yfir vaxtabæturnar og skal ég ekki orðlengja það frekar. Ég vil þó segja að á þessu og síðasta ári voru 900 millj. kr. teknar af vaxtabótum. Um það voru þær skertar og á næsta ári verða þetta 500 eða 600 millj. kr. þannig að hér er um verulega fjármuni að ræða. Það er rangt sem a.m.k. fyrrverandi fjármálaráðherra heldur fram — ég veit ekki hvort núverandi fjármálaráðherra heldur því fram — að óhætt sé að gera þetta vegna þess að vextir hafi lækkað svo mikið hjá fólki. En ég skal þá halda því til haga sem kom fram í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn minni um það að af 73 þúsund lántakendum hjá Íbúðarlánasjóði eru nærri 50 þúsund með hærri en 5,1% vexti. Vextir hjá þessum stóra hópi, þ.e. nærri 50 þúsunda af 73 þúsund lántakendum eða tveimur þriðju, hafa ekkert lækkað. Þarna er beinlínis, virðulegi forseti, verið að koma í bakið á þessu fólki sem hefur verið að gera greiðsluáætlanir og treyst á að fá vaxtabætur á móti vöxtunum. Það er beinlínis komið í bakið á þessu fólki ár eftir ár. Það er alveg ljóst að sjálfstæðismenn með alveg ágætum stuðningi framsóknarmanna ætla sér með góðu eða illu að ganga að vaxtabótakerfinu dauðu. Það mun segja til sín, virðulegi forseti, í pyngju margra heimila.

Hér er líka flutt mikilvæg tillaga um vasapeninga ellilífeyrisþega. Við leggjum afar mikla áherslu á að hún verði samþykkt. Það er mjög lítið sem ellilífeyrisþegar hafa í vasapeninga og ekki liggur fyrir að kjör þeirra verði bætt neitt með einhverjum greiðslum nú í desember eins og hjá öðrum. Því leggjum við til verulega aukningu á vasapeningum ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega.

Ég sé ekki ástæðu til að tefja þessa umræðu lengur þó ég gæti farið yfir ýmsa þætti enn frekar. Ég hefði viljað ræða við hæstv. heilbrigðisráðherra um málefni lífeyrisþega betur en ég hef gert. Ég held að það sé afar mikilvægt og þoli raunar enga bið að taka á því sem reyndar kemur fram í þingmáli okkar þingmanna Samfylkingarinnar um afkomutryggingu aldraða og öryrkja. Vil ég þar sérstaklega draga fram þáttinn sem snýr að því að minnka skerðingarhlutfall grunnlífeyris og tekjutryggingar þannig að það verði rýmkað verulega til að auka svigrúm til atvinnuþátttöku. Sláandi upplýsingar hafa komið fram um þá skerðingu sem fólk verður fyrir vegna þess hve skerðingin er brött bæði í grunnlífeyri og tekjutryggingu. Samtök aldraða hafa nefnt að við 10 þús. kr. aukningu atvinnutekna á mánuði hjá hjónum þá hækkar ráðstöfun þeirra í mörgum tilvikum aðeins um 1.556 kr. á mánuði. Þegar skerðingunni hefur verið beitt og skattar teknir af þá hafa verið tekin í skatta og skerðingu tæp 85% af tíuþúsundkallinum. Það er ekki við það búandi að litlar atvinnutekjur sem fólk vinnur sér inn skuli lenda svona í skattinum og í mikilli skerðingu. Ég held, virðulegi forseti, að ekki sé hægt að bíða mikið lengur með að taka á þessu máli og auðvitað lífeyrisgreiðslum aldraða í heild sinni eins og við höfum lagt til.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að ég tel að þetta frumvarp standi á brauðfótum og engan þarf að undra þó að við höldum því fram í stjórnarandstöðunni. Við höfum fært fram rök máli okkar til stuðnings um að skekkjur eru bæði á gjalda- og tekjuhlið. Við höfum vitnað þar til fortíðarinnar og fært fram rök fyrir okkar máli með því að vísa í misvísandi spár sem koma fram hjá Seðlabanka, fjármálaráðuneytinu og ASÍ þannig að þar munar verulegu.

Það skulu vera mín lokaorð að varaformaður fjárlaganefndar hefur ekki meiri trú á fjárlagafrumvarpinu en svo

að hann sagði í umræðu fyrr í dag að líklegt væri að afgangurinn yrði ekki 2% heldur 1%. Hann er því þegar búinn að gengisfella frumvarp fjármálaráðherra um hvorki meira né minna en 10 milljarða kr. Er von til þess, virðulegi forseti, að við höfum trú á því fjárlagafrumvarpi sem hér á að fara að afgreiða þegar varaformaður fjárlaganefndar og hægri hönd hæstv. fjármálaráðherra í fjármálum ríkisins hefur enga trú á frumvarpinu sem hér á að fara að afgreiða?

[22:44]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu að þessu sinni. Ég kem hér fyrst og fremst til að mæla fyrir breytingartillögu sem ég flyt ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, Margréti Frímannsdóttur, Þuríði Backman og Magnúsi Þór Hafsteinssyni um aukna fjárveitingu til barna- og unglingageðdeildarinnar upp á 90 millj. kr. En áður en ég kem að því ætla ég að fara örfáum orðum um nokkur atriði í *því frumvarpi og breytingartillögum sem hér er verið að* ræða.

Fyrst vil ég segja, frú forseti, að ég vil þakka þeim ráðherrum sem hafa sýnt okkur þingmönnum þann sóma að vera við í allan dag til að eiga við okkur orðastað. Út af fyrir sig má segja að það sé sjálfsagt af hæstv. fjármálaráðherra að vera viðstaddur umræðu um frumvarp sem hann hefur sjálfur lagt fram og breytingartillögur við það. Þetta er háttur og vandi fjármálaráðherra, og hæstv. heilbrigðisráðherra hefur verið hér lungann úr deginum, vakinn og sofinn við þessa umræðu og hefur lagt margt gott til hennar allar götur frá því hún hófst í morgun. Hins vegar get ég ekki hafið ræðu mína án þess að áfellast harðlega að ráðherrar mikilvægra málaflokka hafa ekki verið viðstaddir. Ég hef þegar fundið að því fyrr í dag að hæstv. menntamálaráðherra sé fjarstödd, en hún er erlendis á þessum mikilvæga degi þingsins þegar menn ræða fjárveitingar til málaflokka.

Það eru tveir málaflokkar sem einkum bera af öðrum vegna þess hversu umfangsmiklir og þýðingarmiklir þeir eru og taka stóra skerfi af fjárlögum ríkisins, það eru heilbrigðisráðuneytið og menntamálaráðuneytið og ég verð að segja að ég er ánægður með að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur varið hér stefnu sína á meðan við höfum ekki getað átt orðastað við hæstv. heilbrigðisráðherra (**Gripið fram í:** ... við hæstv. menntamálaráðherra.) við hæstv. menntamálaráðherra. Ég kvarta ekki undan hæstv. heilbrigðisráðherra, a.m.k. ekki fyrr en orðaskiptum okkar verður lokið í kvöld.

Ég var að rifja það upp, frú forseti, að það er skammt síðan það bárust skýrslur um gæði og fjárveitingar íslenska háskólastigsins og þá kom það fram, sem við máttum auðvitað vita sum hver, að t.d. Háskóli Íslands stendur fyllilega jafnfætis þeim samanburðarháskólum sem samtök evrópskra háskóla báru hann saman við um gæði náms og rannsóknir. En að einu leyti stóð hann miklu aftar, það var hvað varðaði fjárveitingar. Við í Samfylkingunni höfum lagt þunga áherslu á að það væri gert markvisst og skipulegt átak til að hefja háskólastigið enn meira til vegs en gert er í dag. Við höfum lagt áherslu á að auka úrval námsbrauta og reyna að laða að aukinn fjölda íslenskra ungmenna til háskólanáms þannig að við stæðum jafnfætis nágrannalöndunum að þessu leyti. Í dag er það einfaldlega svo að engum blandast hugur um að lykillinn að farsæld og samkeppnishæfni í framtíðinni er menntastig þjóðar alveg eins og menntastigið skiptir sköpum um það hvernig landshlutum reiðir af hér innan lands. Við höfum ekki náð því að verja jafnmiklu af opinberu fé til háskólastigsins og nágrannalöndin og almennt má segja að við stöndum þeim að ýmsu leyti aftar. Okkur hefur heldur ekki tekist að byggja upp í jafnríkum mæli og þessar þjóðir hátækniiðnað, fjölbreyttan iðnað sem byggist á mikilli þekkingarframleiðslu.

Þetta stafar af því, frú forseti — af því að formaður menntamálanefndar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er staddur hér hjá okkur — að það er mjög erfitt að greina stefnu í þessum málaflokki. Ég segi það hiklaust að langvarandi seta Sjálfstæðisflokksins í menntamálaráðuneytinu er auðvitað ábyrg fyrir þessu. Í rúma tvo áratugi má segja að Sjálfstæðisflokkurinn hafi meira og minna farið með þessi mál og hann hefur ekki haft þá framsýni til að bera sem þeir flokkar sem hafa stjórnað málaflokknum í nágrannalöndunum hafa haft og það er þetta sem veldur stöðunni í dag. Um þetta hefði ég viljað ræða við hæstv. menntamálaráðherra en hún kaus því miður fremur að vera í Senegal og ég get ekkert um það sagt.

Ég hefði líka viljað ræða við hæstv. menntamálaráðherra um furðulegar staðhæfingar hennar um Háskólann á Akureyri. Hæstv. menntamálaráðherra hefur beitt sér fyrir því að sá skóli sem er vaxandi, og stendur sig vel eins og kom fram síðast í fréttum í dag, fær ekki þær fjárveitingar sem hann þarf til að geta staðið áfram undir þeirri þróun sem hann hefur verið í. Hæstv. menntamálaráðherra lét svo um mælt þegar hún var spurð hvað ylli því að hún skar niður 50 millj. af beiðni sem fyrir lá, að þegar upp væri staðið væri þetta gott fyrir skólann. Þetta hefði ég gjarnan viljað ræða við hæstv. menntamálaráðherra og annað sem mér finnst mikilvægt að ræða þegar menntastefna okkar er reifuð og þegar við erum að reifa fjárlög, en það er hin undirliggjandi stefna. Og af því að hæstv. starfandi menntamálaráðherra er hér í salnum segi ég það að ég þykist þó, af þeim umræðum sem hafa farið fram í dag, geta greint að í heilbrigðisráðuneytinu, sem er erfiður og vandasamur málaflokkur, er þó unnið eftir ákveðinni stefnu. Ég sé það hins vegar ekki í þeirri stefnu sem hæstv. menntamálaráðherra hefur sagst fylgja. Þar sér maður ekki að unnið sé eftir stefnu sem nær lengra en fram á mitt næsta ár og þá er nánast sama hvað maður skoðar hjá hæstv. menntamálaráðherra. Það er erfitt að sjá á hvaða áfangastað hún miðar í þeim ákvörðunum sem hún hefur tekið. Um þetta hefði ég viljað ræða en ég ætla ekki að krefjast þess að hæstv. fjármálaráðherra sem gegnir einnig embætti fyrir hæstv. menntamálaráðherra svari því.

Ég hefði líka viljað ræða við hæstv. iðnaðarráðherra sem fer með byggðamál um stöðu byggðamála landsins í dag. Nú er það svo, frú forseti, að það er ekki hægt að segja annað en að þjóðarbúið standi vel. Tekjustaða ríkisins er góð og sennilega verður langt þangað til ríkissjóður býr jafn vel og hægt er að segja að hann búi í dag. Ég ætla ekki að lá hæstv. fjármálaráðherra og ríkisstjórninni þótt hún berji sér á brjóst og þakki sjálfri sér þetta. Staðreyndin er þó sú að hin mikla tekjuaukning ríkissjóðs er auðvitað fjár-

mögnuð af viðskiptahalla og um það gæti ég haft langt mál og einnig um þann skort sem mér finnst vera á tökum hæstv. ríkisstjórnar á þenslunni sem hefur neikvæðar, en líka jákvæðar afleiðingar. Hluta af jákvæðum afleiðingum sjáum við t.d. í þeirri stöðu sem ríkissjóður er í eða áætlað er að hann verði í á næsta ári.

En það eru líka neikvæðar afleiðingar af þessu. Við sjáum hvernig staða lykilstarfa í efnahagsmálunum er. Við sjáum hækkandi vexti og gríðarlega hátt gengi og þetta kostar sitt. Ein af neikvæðum afleiðingum þessa eru ruðningsáhrifin sem hafa þau áhrif að fyrirtæki sem stunda framleiðslu og útflutning af landsbyggðinni láta undan síga og það er ekkert sem bendir til annars, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir í gögnum fjármálaráðuneytisins, en þessi staða verði áfram með svipuðu móti næstu árin. Þá er það alveg ljóst að sérstaklega fyrirtæki úti á landsbyggðinni eiga í vök að verjast og á síðustu vikum og mánuðum höfum við fréttir um það að hjá sumum þeirra hafi staðan sennilega aldrei verið verri. Þetta hefur ákaflega óheillavænleg áhrif á atvinnustig og einnig á almenna vellíðan og bjartsýni í þessum stöðum, má segja. Það er við þessar aðstæður sem við þurfum markvissa byggðastefnu. Við þurfum markviss tæki og vel brýnd til að geta unnið gegn afleiðingum þessa ástands á landsbyggðinni og það er þess vegna, frú forseti, sem ég hefði viljað ræða við hæstv. byggðamálaráðherra um byggðastefnuna sem er undirliggjandi í þessu frumvarpi vegna þess að þegar ég rýni í frumvarpið og reyni að greina stefnuna þá kem ég ekki auga á hana. Ég kem hins vegar auga á að það virðist sem ekkert sé verið að gera til að taka á þessum vanda.

Á síðustu dögum höfum við orðið vitni að því að hæstv. byggðamálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, hefur ekki hugmynd um hvað hún ætli að gera við Byggðastofnun sem einu sinni var vel virk stofnun. Byggðastofnun hefur alltaf verið umdeild en hún var þó að vinna gegn vandamálum sem landsbyggðin á við að glíma. En í dag má segja að undir stjórn núverandi byggðamálaráðherra sé stofnunin nánast orðin að skel. Það er búið að flytja verkefni sem tengjast rannsóknum frá henni til annarrar stofnunar á Akureyri. Það er búið að færa annars konar verkefni sem tengjast fjárfestingum í aðra stofnun sem er annars staðar og hvað er þá eftir í Byggðastofnun í dag? Jú, tap á fjárfestingum fyrri ára og erfiðustu lánveitingarnar liggja þar. Hvaða sýn hefur hæstv. ríkisstjórn á þróun þessarar mikilvægu stofnunar? Ég get ekki svarað því. En hæstv. byggðamálaráðherra þyrfti að svara því ef hún væri hér í kvöld og það er þess vegna sem Samfylkingin leggur með táknrænum hætti áherslu á þennan vanda með því að leggja tvennt til í byggðamálum: Í fyrsta lagi að hálfum milljarði verði varið sérstaklega til málaflokksins og í öðru lagi að sú fjárhæð verði ekki vistuð hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu heldur forsætisráðuneytinu. Samhliða því höfum við lýst því að við flytjum tillögu um að Byggðastofnun verði tekin úr höndum hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og flutt í forsætisráðuneytið. Fyrir því eru tvær ástæður: Í fyrsta lagi til að leggja áherslu á mikilvægi málaflokksins við núverandi aðstæður en í öðru lagi felast líka í tillögunni hörð mótmæli okkar í Samfylkingunni við athafnaleysi núverandi byggðamálaráðherra. Við teljum að henni hafi mistekist það hlutverk sem hún átti að hafa með höndum og að hún sé allt of upptekin og miklu áhugasamari um aðra málaflokka en þennan málaflokk sem hún hefur vanrækt.

Frú forseti. Þetta eru málin sem ég hefði viljað ræða við hæstv. byggðamálaráðherra, eins og um ákveðna þætti menntastefnunnar sem tengjast þessu fjárlagafrumvarpi og tillögum okkar í Samfylkingunni ef hæstv. menntamálaráðherra hefði ekki frekar kosið að vera í Senegal.

Eins og ég sagði, frú forseti, þá ætla ég að freista þess að halda hér ákaflega stutta ræðu. Fyrst og fremst kem ég hingað til að mæla fyrir þeirri breytingartillögu sem ég nefndi áðan og varðar stækkun á barna- og unglingageðdeildinni. Á síðustu vikum og mánuðum hafa verið fréttir um aðkallandi vanda á BUGL. Það hefur komið fram að aðstöðuleysi sem hefur verið viðvarandi þar hefur leitt til þess að t.d. læknanemar og þeir sem eru búnir að ljúka fyrsta áfanga læknismenntunar skirrast við að heyja sér framhaldsmenntunar á þessu sviði, þ.e. sem tengist barnageðsjúkdómum. Af sömu ástæðu má síðan gera ráð fyrir ákveðnum vanda í framtíðinni. Þetta hefur líka leitt til þess að það hefur skapast biðlisti við þessa deild LSH og nú er það svo, frú forseti, að ég held að við sem sitjum á þessu þingi séum öll sammála um að það beri að sinna þessum málaflokki betur. Ég hef áður sagt af ærleika hjarta míns að ég er mjög ánægður með að í tiltölulega nýlega tilkynntum aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar er gert ráð fyrir að veita töluverðu fjármagni í aukin úrræði fyrir geðfatlaða en mér og mörgum öðrum finnst að þetta tiltekna verkefni hafi legið eftir. Það sem er sárast er að fram hefur komið að það er búið að safna saman töluvert miklum fjármunum, 180 millj. sem eru í sjóði stofnunarinnar sem einstaklingar og fyrirtæki hafa safnað. Það vantar 90 millj. til að hægt sé að ráðast í framkvæmdina.

Ég held að það hafi komið fram fyrr í dag að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur tekið ákaflega vel í að reyna að finna lausn á þessum vanda. Ég spurðist fyrir um það í umræðunni, þegar hv. þingmaður Magnús Stefánsson hafði lokið framsögu sinni, hvort það væri mögulegt að hans mati að finna einhvern flöt á því að útvega fjármagn, hugsanlega allt að 90 millj. sem við leggjum til að bætist við á fjárlögum, hugsanlega minni upphæð og jafnvel samfara því að reyna að leita að fjármagni úr sjóðum sem tengjast framkvæmdum innan heilbrigðisgeirans, þannig að hægt væri að ráðast í þessa framkvæmd. Mig langar því til að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvaða afstöðu hann hafi til þessa. Hæstv. ráðherra hefur sagt í fjölmiðlum fyrr í dag að hann teldi að þetta væri unnt. Hann hefur sagt það fullum fetum að hann teldi jafnvel að ef vel tækist til væri hægt að hefja framkvæmdir innan tveggja mánaða.

Það hefur hins vegar líka komið fram í fjölmiðlum að stjórnendur þessarar deildar og raunar spítalans telja að það skorti vilyrði frá heilbrigðisráðuneytinu og þar með ríkisstjórninni til að standa að frekari framkvæmdum í framtíðinni til að ljúka verkinu. Því vildi ég gjarnan að hæstv. heilbrigðisráðherra mundi skýra þetta mál, helst í andsvari, þannig að það liggi alveg ljóst fyrir hver afstaða hans til málsins sé, hvað hann hyggst fyrir og hvort hann hafi rætt við forráðamenn LSH um að hefjast handa. Ég tel mikilvægt að það komi fram í aðdraganda þessarar yfirlýsingar

hæstv. ráðherra hvort samráð hafi átt sér stað við yfirstjórn LSH og hvort einhver niðurstaða liggi fyrir í slíkum viðræðum og þar með í reynd ákvörðun hæstv. ráðherra um þessa framkvæmd. Sömuleiðis um hvernig hann ætli þá að fjármagna þetta. Ef hæstv. ráðherra telur að ekki sé þörf á því að samþykkja þessa tillögu sem við höfum lagt fram þá vildi ég gjarnan að hann skýrði út fyrir þingheimi af hverju hann hefur þá skoðun.

[23:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir tveimur og hálfu ári var veitt fé til undirbúnings nýbyggingar fyrir barna- og unglingageðdeildina. Þá kom ósk um það frá Landspítalanum að skoða möguleika á því að leigja húsnæði fyrir göngudeild. Við gáfum grænt ljós á það hjá heilbrigðisráðuneytinu að leigja húsnæði sem við höfðum augastað á í Ármúla. Starfsfólk deildarinnar óskaði eftir því að fara aðra leið og við féllumst á að undirbúa nýbyggingu við Dalbraut sem felur í sér að þar verði komið upp göngudeild sem er áríðandi fyrir þessa starfsemi. Þar hefur verið undirbúin bygging sem kostar 600 milljónir sem ætlunin er að byggja í fjórum áföngum. Fyrsti áfanginn kostar um 278 milljónir. Í þá framkvæmd eru til núna um 180 milljónir, á annað hundrað milljónir eru framlag frá ríkinu sem dregið hefur verið saman til þessa verks og svo söfnunarfé sem lofað hefur verið upp á 50 milljónir frá þeim ágætu konum í Kvenfélaginu Hringnum.

Það er skemmst frá því að segja að ég hef rætt þetta mál ítrekað við yfirmenn Landspítalans. Þeir leggja áherslu á að byggt sé við Dalbraut því að þetta sé aftast í röðinni í áformum um byggingu á Landspítalalóðinni. Við höfum því fallist á það og ég tel að hægt sé að ráðast í verkefnið og byrja á því í upphafi næsta árs og raunhæft sé að ætla að því verði lokið á einu ári (Forseti hringir.) þannig að við gætum lokið því á árinu 2007.

[23:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil einungis þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa lýst þessu yfir hér í þingsal. Það liggur þá fyrir að hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir því, eftir samráð við yfirstjórn LSH og sitt fólk í ráðuneytinu, að framkvæmdir geti hafist innan tveggja mánaða. Það sem skiptir öllu máli er að hann hefur lýst því hér yfir að þeim verði hugsanlega lokið innan árs. Ég tel að þetta sé farsæl niðurstaða og vil fyrir mitt leyti þakka hæstv. ráðherra þann atbeina sem hann hefur veitt þessu mikilvæga máli.

[23:05]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil tímans vegna aðeins skýra nánar atburðarásina. Þessi framkvæmd hefur verið undirbúin síðastliðin tvö ár og farið hefur fram grenndarkynning, þarfagreining og frumkostnaðaráætlun um verkið. Við teljum að ef byggja ætti á Landspítalalóðinni yrði það eftir u.þ.b. 15 ár og það er of langur tími. Við viljum ekki rugga þessum bát og fara í þetta verk. Ef valin yrði önnur leið seinna meir gengur þetta húsnæði til margs konar annarrar starfsemi. Við teljum því einboðið að fara í verkið því að þörfin er brýn að efla göngudeildina þarna. Við munum beita okkur fyrir því að fjármagn til lokaframkvæmda verði veitt á árinu 2007. Það má líka geta þess að Landspítalinn hefur töluverða fjármuni til stofnkostnaðarframkvæmda. Mér hefur verið kynnt að þetta sé forgangsverkefni hjá þeim núna og ég hef ítrekað rætt þetta mál við forustumenn spítalans eins og hefur fram komið.

Þjóðin hefur áhuga á þessu máli og það eru jákvæðir straumar meðal þjóðarinnar til þessara framkvæmda. Við viljum mæta því að sjálfsögðu því að menn hafa látið verulega (Forseti hringir.) fjármuni af hendi rakna til þessara hluta.

[23:08]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langaði til að víkja að einu atriði sem fram kom í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og varðaði málaflokk menntamála. Hann sagði í ræðu sinni að erfitt væri að greina stefnu hæstv. menntamálaráðherra og raunar ríkisstjórnarinnar í menntamálum (**Gripið fram í:** Einkavæðingar?) og vék að því að Sjálfstæðisflokkurinn hefði haft með þann málaflokk að gera á síðustu árum og líklega áratugum.

Ég get sagt hv. þingmanni að stefna ríkisstjórnarinnar, hæstv. núverandi menntamálaráðherra og Sjálfstæðisflokksins hefur verið alveg skýr og afraksturinn einkar glæsilegur. Almennt má um það segja, og það veit hv. þingmaður, að t.d. þegar foreldrar mínir voru ungir, og þeir eru litlu eldri en hv. þingmaður, þótti bara sjálfsagt að taka landspróf og láta þar við sitja. Ég veit að þegar hv. þingmaður braust til náms og fór í háskóla þótti það ekkert sjálfsagt mál. Í dag er menntakerfið allt annað. Við erum ekki með einn háskóla heldur átta eða níu, við erum með þúsundir háskólastúdenta þannig að menntakerfið hefur vaxið og dafnað í tíð Sjálfstæðisflokksins í menntamálaráðuneytinu. Við erum með gjörbreytt menntakerfi í dag og það er hinn glæsilegi afrakstur sem sjá má af menntastefnu Sjálfstæðisflokksins. Það er erfitt að halda því fram í þessu sambandi og með þennan vitnisburð að leiðarljósi að erfitt sé að greina stefnu í þessum málaflokki.

Hv. þingmaður vék einnig að því að það vantaði peninga inn í menntakerfið. Ég vil í því sambandi benda hv. þingmanni á að nú er komin ný skýrsla frá OECD sem sýnir að ekkert land í heiminum ver hærra hlutfalli af landsframleiðslu sinni til menntamála en Ísland. Ég vil biðja hv. þingmann um að taka það til greina (Forseti hringir.) þegar hann kemur upp í andsvar.

[23:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður gleymdi auðvitað að greina á milli opinbers framlags og framlags úr öðrum geirum samfélagsins þegar hann hélt fram síðustu fullyrðingu sinni. Ég vil líka benda hv. þingmanni á að skammt er síðan skýrsla kom frá samtökum Evrópuháskóla þar sem kom alveg skýrt fram að t.d. Háskóli Íslands stendur jafnfætis samanburðarháskólum hvað varðar gæði rannsókna og nám en það skortir upp á opinberar fjárveitingar til að hægt sé að þróa

skólann áfram. Þeim hefur orðið mikið úr minna fé en samanburðarskólunum. Þetta er bara staðreynd.

Ja, þakka skyldi að eitthvað hafi gerst frá því að ég var ungur maður, frá því að ég tók landspróf, á öllum þessum tíma. Það er alveg rétt að það var ekkert sjálfsagt hjá þeirri kynslóð sem ég tilheyri að menn færu í langt nám, hvað þá að þeir væru í skóla þangað til þeir væru næstum þrítugir eins og ég, og ég var sá fyrsti úr minni fjölskyldu sem fór í háskólanám. En við verðum að bera það sem gerist hér saman við það sem er að gerast í nágrannalöndunum og þá kemur einfaldlega fram að það eru færri á Íslandi sem ljúka framhaldsskólamenntun, hér eru færri á háskólastigi en þar og hér er minna opinbert fé veitt til þess.

Hver er afleiðingin af þessu? Ja, hátækniiðnaður þróast örar og betur í þessum löndum en hér. Menntun er undirstaða allra framfara í dag. Stefna hæstv. menntamálaráðherra — hún er búin að afreka það að allt framhaldsskólakerfið er í uppnámi með vanhugsuðum tillögum sínum sem hún þorir ekki einu sinni að koma hingað og svara. Hún hefur áorkað því, eins og ég hef reynt að rökstyðja í ræðum mínum í kvöld, að háskólastigið stendur ekki alveg jafnfætis að öllu leyti því sem gerist erlendis. Hvar er stefna hæstv. menntamálaráðherra? Hún er ekki til.

[23:12]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef satt best að segja ekki orðið var við að hæstv. menntamálaráðherra þori ekki að svara fyrir stefnu sína í menntamálum, síður en svo. Hún hefur staðið hér síðan hún tók við því starfi og svarað hv. þingmönnum, þar á meðal hv. 1. þm. Reykv. n. (Gripið fram í.) vegna atriða sem varða þann málaflokk sem hún sinnir. (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður nefndi að opinbert framlag til háskóla væri ekki nægilega hátt á Íslandi og að fjármagn skorti til Háskóla Íslands. Hann er eins og aðrar ríkisstofnanir — og ég bið hv. þingmann um að nefna mér eina ríkisstofnun á Íslandi sem ekki telur sig skorta meira fjármagn. Það er alltaf hægt að tala svona, það er ofboðslega ódýr málflutningur að segja að það vanti meiri peninga í þetta og hitt. Ég veit ekki um neina ríkisstofnun sem vill ekki fá meiri peninga, það er bara þannig. En tölurnar tala sínu máli. Það liggja fyrir skýrslur frá OECD sem sýna fram á að er ekkert land í heiminum ver hærra hlutfalli af landsframleiðslu sinni til menntamála en Ísland. Þannig er það. Það er alveg sama í hversu marga hringi hv. þingmaður snýst, hann kemst ekki fram hjá því að viðurkenna þær staðreyndir og þær mælingar og rannsóknir sem fremstu menn á þessu sviði í heiminum hafa komist að. Þær liggja fyrir. Það verður hv. þingmaður að taka til athugunar þegar hann kemur hingað upp í umræðu um fjárlög og heldur því fram að það skorti fé í menntakerfið á Íslandi og skorti stefnu í menntamálum af hálfu ríkisstjórnarinnar og Sjálfstæðisflokksins. Þetta er einfaldlega ekki rétt hjá hv. þingmanni.

[23:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það þurfti að taka grunnskólann allan úr höndum Sjálfstæðisflokksins til þess að hann færi að blómstra. Arfleifðin sem við glímum við er enn sýnileg. Hún birtist í því að íslenskir grunnskólakrakkar eru langtum aftar í sumum efnum, sérstaklega drengir, en þær þjóðir sem við höfum nú ekki verið að bera okkur saman við, þjóðir sem við teljum að við höfum staðið miklu framar hvað varðar velsæld og ýmiss konar menntun. Þetta er arfleifð Sjálfstæðisflokksins og það var ekki fyrr en grunnskólinn var tekinn úr höndum hans og færður til sveitarfélaganna sem hann fór að blómstra.

Hv. þingmaður Sigurður Kári Kristjánsson, sagði að samkvæmt OECD rynni mest fjármagn til menntakerfisins á Íslandi af öllum þeim þjóðum. Hv. þingmaður ætti að lesa sér betur til með tilliti til þess að hann er formaður menntamálanefndar. Í þeim skýrslum sem ég hef verið að vitna hér til kemur fram að Ísland er í 17. sæti hvað varðar opinberar fjárveitingar. Hér er enginn mannfellir fram undan í háskólakerfinu eða menntakerfinu en ef við verjum ekki jafnmiklu og aðrar þjóðir höldum við áfram að vera fyrir aftan þær og þá glötum við samkeppnishæfninni. Við þurfum meiri samkeppnishæfni en aðrar þjóðir vegna þess að við erum svolítið úrleiðis og við þurfum að keppa við umheiminn um blóma kynslóðanna. Það gerum við ekki nema við getum boðið þeim upp á vellaunuð störf sem byggjast á mikilli menntun því að ella fer blómi kynslóðanna og hann finnur sér jarðveg annars staðar og skýtur rótum þar. Þetta er byggðastefna, þetta er alvörubyggðastefna. Hún snýst um menntun og fjárveitingar í skólakerfinu sem aftur snýst um það að búa hér til fjölbreytt atvinnulíf sem verður segull á kynslóðirnar sem ella fara.

[23:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Við erum að ræða fjárlögin og það er orðið nokkuð liðið kvölds og allmargir félagar mínir úr þingflokki Samfylkingarinnar, hv. þingmenn, hafa tekið til máls á undan mér og farið yfir þær breytingartillögur sem við leggjum til við 2. umr. fjárlaga. En eins og komið hefur fram leggjum við jafnaðarmenn mikla áherslu á velferðarmálin og mun meiri en hæstv. ríkisstjórn gerir og þess vegna leggjum við til auknar greiðslur til ákveðinna þátta velferðarþjónustunnar.

Hér á undan mér talaði hv. þm. Össur Skarphéðinsson um barna- og unglingageðdeildina og ég fagna því að hæstv. ráðherra lýsti því yfir í umræðunum að hann ætlaði að leysa vanda barna- og unglingageðdeildarinnar á næstunni. Virðulegi forseti. Ég ítreka að mér finnst það hafa verið mistök að barna- og unglingageðdeildin skyldi ekki hafa fengið inni í Barnaspítalanum á sínum tíma. Því auðvitað eiga öll börn sem eru veik að eiga þar aðkomu. Það er ekki eðlilegt að börn með ákveðna sjúkdóma, svo sem geðræna sjúkdóma, fái þjónustu annars staðar.

Ég furða mig í raun á því að það skuli vera 15 ára bið á því að börn með geðræna sjúkdóma skuli fá inni á Landspítalanum eins og önnur veik börn. Ég spyr hæstv. heilbrigðisráðherra, ef hann er enn þá í húsinu, hvort ekki sé hægt að breyta þessum áherslum þannig að forgangurinn verði sá að börn með geðræna sjúkdóma fái aðstöðu á barnaspítalanum nú þegar setja á mörg hundruð milljónir í að byggja upp aðstöðu sem er virkilega þörf á, og hún verði

þá höfð með annarri þjónustu fyrir börn inni á barnaspítalalóðinni eða við Landspítalann.

Síðan vil ég nefna Greiningarstöðina þar sem þörfin fyrir viðbótarfé er mjög mikil. Það er óviðunandi að börn skuli þurfa að bíða eftir greiningu í 3–4 ár og á þeim tíma fái börnin ekki þann stuðning og þjónustu sem þau ættu að fá, t.d. í skólakerfinu, og við vitum alveg hvað hvert ár er mikilvægt í þroskaferli barns. Það er ekki boðlegt að biðin sé svona löng á Greiningarstöðinni og það þurfa að koma viðbótarfjárveitingar og við leggjum til að það verði gert þannig að hægt verði að koma enn frekar til móts við þau börn sem þurfa greiningu að halda hjá Greiningarstöð ríkisins.

Síðan ætla ég að nefna Barnaverndarstofu þar sem við leggjum einnig til aukna fjárveitingu til nýrra verkefna en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði ágæta grein fyrir því þannig að ég ætla ekki að eyða tíma í það.

Mig langar aðeins að gera stöðu lífeyrisþega að umræðuefni. Ljóst er að við það að bilið milli ríkra og fátækra hefur aukist í tíð núverandi ríkisstjórnar þá hefur staða margra lífeyrisþega versnað, þ.e. bilið milli þeirra og launþega hefur aukist, sérstaklega þeirra sem eru á bótum. Því viljum við ekki una og leggjum því til viðbótarfjárframlög til þeirra.

Mig langar til að nefna vegna umræðna fyrr í kvöld þá nýju framkvæmd á almannatryggingalögunum að hætta að greiða fólki sem væri búið að nýta rétt sinn, þ.e. að um næstu mánaðamót ætti að stöðva greiðslur til fólks sem hefði fengið ofgreitt hjá Tryggingastofnun. Ég er vissulega ekki á þeirri skoðun að það eigi að ofgreiða fólki úr almannatryggingakerfinu og það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði í þeirri umræðu að þetta er fólk sem er búið að fá tekjur umfram það sem það upplýsti í Tryggingastofnun. En það sem við gagnrýnum er að þessi stöðvun greiðslna frá Tryggingastofnun kemur fólki að óvörum og margir hverjir eru búnir að eyða þeim peningum sem þeim hafa verið ofgreiddir og það er hastarlegt að stöðva greiðslurnar frá Tryggingastofnun eins og þarna er gert með nýrri reglugerð ráðherra. Ég heyrði á hæstv. ráðherra í umræðunni áðan að hann hygðist taka á þessu máli og ætli að svara erindi Öryrkjabandalagsins á næstu dögum. Ég ætla því ekki að gera þetta frekar að umræðuefni en fagna því að hæstv. ráðherra ætli að koma til móts við þennan hóp og minni á að almannatryggingakerfið er orðið það flókið og það er margt sem spilar inn í þegar bætur til einstaklinga eru endurreiknaðar og það hefur líka komið fram að margir hafa fengið vangreitt og fá þess vegna viðbótargreiðslu. Það spila líka ýmsir þættir inn í eins og t.d. ýmis réttindi sem eru tengd ákveðnum bótaflokkum, bæði greiðslur vegna tannlæknakostnaðar og vegna ýmissa annarra þátta í velferðarkerfinu. Þetta er því mjög snúið og sýnir svo vel hvað það er orðin mikil þörf á því að endurskoða almannatryggingarnar og sérstaklega lífeyriskaflann og svo tengslin við sjúkratryggingarnar, eins og ég nefndi áðan í andsvari við hæstv. ráðherra.

Eins og við ræddum fyrr í dag þá er líka orðið mjög brýnt að breyta og minnka tekjutengingarnar í almannatryggingunum, sérstaklega hvað varðar grunnlífeyri að tekjutryggingu, vegna þess hve þær eru farnar að bitna á fólki sem vill geta bætt við sig smá tekjum eða tekið einhvern þátt í atvinnulífinu. Mig langar til að lesa bréf sem ég fékk í gærkvöldi frá ellilífeyrisþega en það er kona sem lýsir því hvernig tekjutengingin kemur niður á henni og sendi mér „litla sögu frá ellilífeyrisþega". Hún segir, með leyfi forseta:

„Ég er ein af ellilífeyrisþegum þessa lands, finnst ég vera enn í fullu fjöri þótt ég sé hætt að vinna og er ekki tilbúinn til að setjast á rúmstokkinn og bíða. Fyrir skömmu frétti ég af því að það vantaði einhvern til að bera út Fréttablaðið í mínu hverfi og hugsaði mér gott til glóðarinnar. Þarna gæti ég fengið góða heilsubótargöngu á hverjum morgni og smápening. Fyrir þetta átti ég að fá 15 þúsund kr. á mánuði. Ég hringi í Tryggingastofnun til að grennslast um hver útkoman yrði og viti menn. Fyrst eru teknar af rúmar 5 þúsund kr. í skatt og síðan lækkuðu tekjurnar mínar frá Tryggingastofnun um rúmlega 10 þús. kr. Útkoman yrði 1.000 kr. í mínus við það að bera út blöð á morgnana." Þessi ellilífeyrisþegi spyr: „Er ekki hægt að gera eitthvað til að við gamlingjarnir gætum unnið okkur inn nokkrar krónur í viðbót við eftirlaunin? Kannski mundi líka sparast eitthvað ef við héldum lengur bæði andlegri og líkamlegri heilsu sem mér finnst ekki ólíklegt ef við yrðum ekki dæmd úr leik."

Þetta segir þessi ellilífeyrisþegi við mig í bréfi í gær og auðvitað er þetta dæmigert um það hvernig þetta kerfi er farið að virka. Ef viðkomandi ætlar að fara út í atvinnulífið og fá sér heilsubótargöngu til að halda heilsu og bera út nokkur blöð þá kostar það viðkomandi 1.000 kr. af lífeyri þótt hún fái 15 þús. kr. í laun fyrir viðvikið. Svona er þetta og á þessu þarf að taka og við í Samfylkingunni leggjum það til í þingmáli okkar um afkomutryggingu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flutningsmaður að og við flytjum öll í þingflokki Samfylkingarinnar.

En það eru nokkur fleiri atriði varðandi lífeyrisþegana sem mig langar til að nefna, sérstaklega kjör þeirra sem eingöngu lifa á almannatryggingabótunum og hafa minnst, en þeirra kjör eru mjög slæm. Sem betur fer eru það ekki nema 1% lífeyrisþega eða innan við 400 manns sem eru í þeirri stöðu og það sýnir náttúrlega hvernig lífeyrissjóðakerfið tekur yfir almannatryggingarnar, en sú var hugsunin alltaf. En engu að síður er það svo að þriðji hver ellilífeyrisþegi fær 110 þús. kr., eða minna í tekjur og borgar af þeim 14% skatt þannig að staða þess fólks er ekki öfundsverð og við teljum að þetta þurfi að bæta.

Þá langar mig aðeins að víkja að hjúkrunarmálunum og hjúkrunarheimilunum. Þar viljum við bæta í og leggjum til auknar fjárveitingar til hjúkrunarheimila en það hefur komið fram á fundum heilbrigðis- og trygginganefndar, hjá forstöðumönnum hjúkrunarheimilanna, að daggjöldin til hjúkrunarheimilanna séu orðin það naum — þeir tóku þá líkingu að þar væri allt kjöt búið á beinunum og þeir væru komnir inn í bein, enda hefur komið í ljós að þarna er ekki verið að veita alla þá þjónustu sem þyrfti, því miður. Þar þarf auðvitað að leysa vanda. Ég get ekki látið hjá líða að nefna einn hóp sem þyrfti mjög nauðsynlega að fá viðbótarþjónustu og það eru heilabilaðir, sem þurfa sérstaka aðstöðu og sérstaka þjónustu inni á hjúkrunarheimilum, að ógleymdum yngri alzheimersjúklingum sem ég gerði að

umtalsefni í gær í fyrirspurnatíma. Það er búið að koma því kerfi á að ekki er lengur unnt að sækja um fyrir þá á hjúkrunarheimilum sem er auðvitað til háborinnar skammar. Ég treysti því að hæstv. heilbrigðisráðherra skoði þær reglur sem búið er að setja og hann er búinn að setja um þann hóp.

Málið er þannig að þeir sem eru illa farnir þurfa að bíða, jafnvel í hjúkrunarrýmum á Landspítalanum, eftir að verða 67 ára til að geta sótt um hjúkrunarpláss, sem á náttúrlega alls ekki að eiga sér stað því að þó að þetta sé ekki gamalt fólk er það með öldrunarsjúkdóm og þarf sína hjúkrun.

Hvað varðar hjúkrunarheimilin þá þarf líka að ráða bót þar og fjölga þeim, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavík því að þar er langstærstur hópur aldraðra sem bíður eftir hjúkrunarrýmum í brýnni þörf. Þetta kemur reyndar fram í áliti stjórnarliða til fjárlaganefndar. Þeir taka undir áhyggjur okkar í Samfylkingunni af því hversu margir sjúklingar bíða á Landspítalanum eftir því geta útskrifast af spítalanum, fólk sem lokið hefur allri meðferð en kemst ekki út. Það gerir það að verkum að aðrir komast ekki inn og þurft hefur að fresta aðgerðum á sjúkrahúsinu vegna þess að ekki er hægt að útskrifa þá sem búnir eru að fá þjónustu. Þetta er auðvitað kostnaðarsamt.

Hér hafa aðeins verið rædd loforð ríkisstjórnarinnar til ákveðinna hópa og menn hafa gert að umræðuefni að ekki hafi verið staðið við öll þau loforð eins og t.d. við öryrkja og aldraða þar sem hæstv. ráðherra sagði fyrr í dag að loforðin við aldraða hefðu verið efnd nema að því leyti að ekki hefur verið staðið við sveigjanleg starfslok, minni ég á að lofað var 20 skammtímarýmum fyrir heilabilaða en þeim hefur fækkað síðan það loforð var gefið. Ég held því að skoða þurfi aðeins betur loforðin og hvernig þau hafa verið efnd.

Vegna þess að ég er að tala um hjúkrunarheimilin þá vil ég nefna kjör þess fólks sem er á stofnunum og er með vasapeninga. Það eru um 1.700 aldraðir og 230 öryrkjar sem eru með vasapeninga og búa á stofnunum. Það eru innan við 22 þús. kr. á mánuði sem þetta fólk fær til að standa straum af helstu nauðþurftum. Þetta eru mjög litlar upphæðir og ég veit að þær duga ekki hjá mjög mörgum. Það getur vel verið að þær dugi fólki sem ekki getur vegna heilsufars veitt sér nokkurn skapaðan hlut en þeir sem eru við þokkalega heilsu en eru samt vistaðir á stofnun þurfa hárgreiðslu, klippingu, fótsnyrtingu og jafnvel sígarettur, þeir sem reykja. Þar nefni ég sérstaklega hina geðsjúku því að flestir af þeim 230 öryrkjum sem enn eru á vasapeningum eru vistmenn t.d. á geðsjúkrahúsum eins og Kleppi og eru langveikir og hafa dvalið þar allt upp í 30 ár. Þetta fólk á ekki peninga til að kaupa sér föt til skiptanna. Það er ömurlegt að hlusta á félagsráðgjafana sem sinna vistmönnum á þessum stofnunum, þ.e. öryrkjunum, að það á alls ekki föt til skiptanna, það er algjörlega upp á aðra komið með að fá föt og þó að sótt hafi verið til sveitarfélaganna um fatastyrk fyrir jólin er það ekki innan heimilda sveitarfélaganna að veita slíkt. Þessar upphæðir fyrir þennan hóp eru til háborinnar skammar. Til að bæta þessum hópi þá ömurlegu stöðu sem hann er í leggjum við til að 188 millj. kr. verði varið til að hækka vasapeningana um helming en við þurfum að leggja þetta kerfi niður, þetta ölmusukerfi sem vasapeningarnir eru. Það þarf að breyta því og horfa til nágrannalandanna. Hvað varðar aldraða þurfum við að horfa til þess hvaða háttur er hafður á gagnvart fötluðum sem búa á sambýlum. Þar hefur annað kerfi leyst af vasapeningagreiðslur. Þær eru niðurlægjandi og ömurlegt að þurfa að sækja um þær eins og aldraðir hafa margoft bent á í ræðu og riti.

Ég ætla ekki að dvelja lengur við vasapeningana heldur koma aðeins að öðrum þáttum eins og rafrænu sjúkraskránni sem orðið er mjög brýnt að koma hér á. Það verður að setja fé í að byggja upp rafræna sjúkraskrá. Það mun örugglega skila okkur heilmikum hagnaði og meira öryggi í heilbrigðisþjónustunni. Þarna verður að taka á. Það er hneisa að ekki skuli vera settir verulegir fjármunir í að byggja upp rafræna sjúkraskrá. Það á að koma á rafrænum lyfseðlum og bólusetningarskrám en það þarf einnig að byggja upp þessa rafrænu sjúkraskrá. Það er mikilvægt að auka upplýsingaflæðið þannig að hægt sé að fletta því upp hvar sem sjúklingur kemur inn á hvaða lyfjum hann hefur verið eða hvaða þjónustu hann hefur fengið. Þetta kemur í veg fyrir tvíverknað. Við höfum séð svo mörg dæmi um að verið er að margendurtaka ýmis verk í heilbrigðisþjónustunni vegna þess að ekki var vitað að búið væri að framkvæma þau annars staðar. Þetta mun því auka skilvirknina í kerfinu.

Varðandi heilsugæsluna þarf að tryggja að hún verði fyrsti viðkomustaður sjúklinga í kerfinu. Það verður að segjast eins og er að ég fagnaði þeim áfanga sem náðist í vikunni þegar komið var á eftirfylgni við geðsjúka þegar opnuð var starfsemi í Bolholti á vegum heilsugæslunnar í Reykjavík. Það var langþráð verkefni og má eiginlega þakka það ötulum baráttukonum í iðjuþjálfastétt að það verkefni komst á. Sú þjónusta þyrfti að vera mun víðar í heilsugæslunni að slík teymi væru að störfum. Síðan þarf auðvitað að auka unglingamóttökur. Eitt vil ég nefna sem komið hefur fram í vinnu sem ég hef tekið þátt í fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra um heilsufar kvenna og það er að tryggja þarf símenntun heilbrigðisstétta í að greina hvenær fólk hefur orðið fyrir heimilisofbeldi. Þar skortir mikið upp á. Og það er ekki bara í heilbrigðiskerfinu sem þarf að koma slíku á, það þarf að koma því inn í menntakerfið alls staðar, bæði í skólunum og í símenntun innan heilbrigðisstétta að menn læri að meta merki um heimilisofbeldi því þetta er stór heilsufarsvandi.

Af því að ég er að tala um heilbrigðisþjónustuna vil ég nefna eitt mikið forgangsverkefni sem við í þingflokki Samfylkingarinnar teljum að verði að koma á og það er hágæsludeild á Barnaspítala Hringsins. Slíkri deild þarf að koma á því ekki er hægt að bjóða upp á þá löngu vegalengd sem er á gjörgæsluna þegar börn eru mikið veik. Það að hlaupa þurfi með þau langar leiðir, fara upp og niður stiga og í lyftu til að koma þeim inn á gjörgæslu. Við vitum að upp hafa komið mjög alvarleg tilvik vegna þessa. Ég hvet þingmenn til að samþykkja þá fjárveitingu sem við leggjum hér til, 40 millj. kr. til að koma á þessari hágæslu, þannig að börn inni á Barnaspítala Hringsins geti búið við örugga heilbrigðisþjónustu.

Mig langar aðeins í lokin að nefna þjónustuþörf við geðsjúka. Henni þarf að mæta. Þar er víða pottur brotinn þó svo að komin sé þessi eftirfylgni þarf miklu meira til. Þetta eru mjög viðkvæmir sjúklingar sem þurfa að fá mun meiri

þjónustu án þess að ég ætli að fara ítarlega út í það. Hjá aðstandendum geðsjúkra kom fram á fundi sem þeir héldu í þessum mánuði þegar þeir stofnuðu samtök sín að á milli 70 og 100 einstaklingar með geðrænan vanda væru taldir heimilislausir. Ég tel það vera mjög alvarlegt mál. Þessir einstaklingar eru oft skráðir hjá ættingjum en þeir hafa ekki sitt eigið húsnæði þó að þeir ættu að hafa það. Þarna þarf auðvitað að ráða bót á. Símapeningarnir eiga að koma í þetta eins og hæstv. ráðherra nefndi en það er þó nokkur bið eftir því og það er mjög erfitt að bíða fyrir sjúklinga með geðsjúkdóma.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra. Ég gæti náttúrlega nefnt mjög margt en ítarlegar upplýsingar koma fram, bæði í áliti frá okkur fulltrúum í hv. heilbrigðis- og tryggingaefnd til fjárlaganefndar og sömuleiðis í áliti okkar hv. samfylkingarþingmanna í fjárlaganefnd. Ég læt nú máli mínu lokið við 2. umr. en mun meta það hvort ég tek til máls við 3. umr.

[23:43]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Sagt er að góðæri ríki á Íslandi og það er líka sagt að það sé þensla á Íslandi. Ég held að við getum öll verið sammála um að fyrir vissa aðila og jafnvel á vissum svæðum landsins ríki góðæri á Íslandi og þó einkum og sér í lagi fyrir útvalinn hóp. Það er örugglega hægt að tala um þenslu á vissum svæðum landsins, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu og þar í kring og á Austurlandi. Annars staðar er ekki hægt að tala um þenslu heldur þvert á móti samdrátt mjög víða.

Í þessu ástandi hefur umtal um byggðastefnu eðlilega skotið upp kollinum og málefni Byggðastofnunar sérstaklega. Það er vegna þess að bornar voru fram spurningar í tengslum við fjárlagagerðina hvort ekki væri fyrirhugað að fara fram á auknar fjárveitingar til Byggðastofnunar þegar í ljós kom að hún var komin undir það eiginfjárhlutfall sem lögboðið er samkvæmt Fjármálaeftirlitinu. Ekki bólar á neinum aukatillögum.

Í fjárlagafrumvarpinu eru settar 664,3 millj. kr. í það sem kallast byggðamál. Þau eru undir tveimur liðum, þ.e. Byggðastofnun og Byggðaáætlun. Byggðastofnun fær 337 millj. kr., þ.e. 204 í rekstur og 133,5 til atvinnuráðgjafar, sem deilast út um landið til atvinnuþróunarfélaganna. Samkvæmt úttekt sem hæstv. byggðamálaráðherra, yfirmaður Byggðastofnunar, lét gera fyrir sig og skilað var til hennar í maí, frú forseti, þarf Byggðastofnun árlega 570–620 millj. kr. ef hún á að standa undir rekstri og þeim fyrirsjáanlegu útlánatöpum sem stofnunin þarf að glíma við. Hæstv. ráðherra hefur kosið að taka ekki mark á þessum ábendingum þannig að stofnunin á að fá í sinn hlut 337 millj. samkvæmt tillögu í fjárlögum. Auk þess á stofnunin að fá heimild í lánsfjárlögum upp á 1,5 milljarða. Það er vandséð hvað stofnunin hefur með slíkt að gera ef hún verður óstarfhæf á næsta ári. En eins og stendur er stofnunin ekki fær um að starfa á þessu sviði en hún hefur að vísu fleiri svið.

Samfylkingin leggur fram tillögu við fjárlagagerðina um að 500 millj. kr. verði veitt inn á lið 01-190, til Sérstakra verkefna á landsbyggðinni. Við leggjum til að sú fjárveiting fari til forsætisráðuneytisins þar sem hæstv. iðnaðarráðherra sé ekki treystandi fyrir málaflokknum. Það er ekki langt síðan að Byggðastofnun var flutt undir iðnaðarráðuneytið, var áður hjá forsætisráðuneytinu og á í rauninni betur heima þar. Byggðamál er málaflokkur sem snertir mjög mörg svið og á mjög vel heima undir forsætisráðuneytinu og hann á ekkert frekar en önnur málefni heima með málefnum sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur með höndum.

Í umræðunni nú hefur mikið verið talað um hversu miklu Byggðastofnun hefur tapað að undanförnu, þ.e. hversu mörg lán hún hafi veitt sem ekki hafa verið greidd, t.d. þegar fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota. Í úttektinni sem ég minntist á áðan kemur fram að lánin sem stofnunin er nú að fá í hausinn, ef svo má segja, voru langflest veitt á nokkurra ára tímabili, fyrir árið 2001. En árið 2002 var ráðinn nýr framkvæmdastjóri að Byggðastofnun og þar tók líka nýr stjórnarformaður til starfa, Jón Sigurðsson, núverandi bankastjóri Seðlabanka Íslands. Undir hans stjórn voru settar nýjar verklagsreglur og vinnureglur við stofnunina. Eftir að þessir nýju aðilar tóku við sem skipstjóri og fyrsti stýrimaður er verklagsreglum og starfsemi Byggðastofnunar hrósað í skýrslunni eða úttektinni. En ég reikna með að mörgum, örugglega öllum þingmönnum, sé í fersku minni átökin sem höfðu átt sér stað innan stjórnar Byggðastofnunar áður en skipti urðu á stjórnarformanni og framkvæmdastjóra. Þeim átökum lyktaði með að báðir aðilar létu af störfum. Þetta varð að sjálfsögðu ekki til góðs fyrir stofnunina, hafði mjög slæm áhrif á starfsemina, olli óróleika og óstjórn. Það sem stofnunin glímir við nú eru sem sagt gamlar syndir sem grunnurinn var lagður að fyrir 2001, fyrir þann tíma sem núverandi stjórn og núverandi framkvæmdastjóri eða forstjóri og stjórnarformaður tóku við.

Þessi átök og ýmis konar kárínur sem stofnunin hefur orðið fyrir, hafa orðið til þess að hún hefur fengið á sig frekar lélegt orðspor. Og ekki bætir úr þegar svo er búið að stofnuninni að hún geti ekki sinnt því hlutverki sem hún á að sinna samkvæmt lögum. Því að sjálfsögðu eru til lög um Byggðastofnun sem kveða á um hvað hún á að hafa með höndum og það er mjög mikilvægt fyrir viss svæði landsins. Í úttektinni sem ég var að vitna í áðan kemur fram að stærstur hluti lána og fyrirgreiðslna sem stofnunin hefur veitt fer til Vestfjarða og í einstaka málaflokka fer stærsti hlutinn í fiskveiðar og vinnslu. Við vitum öll að Vestfirðir eru sá landshluti sem hefur farið verst út úr fiskveiðistjórnarkerfinu og á við langmestan vanda að etja í atvinnumálum af þeim sökum.

Byggðastofnun þarf ekki einungis að glíma við þær aðstæður sem ég lýsti heldur þarf hún líka að glíma við breytingar á fjármálamarkaði. Þegar bankarnir lækkuðu vexti kom auðvitað að því að Byggðastofnun var með miklu óhagstæðari kjör á sínum lánum en þeir. Og Byggðastofnun hefur engar aðstæður til að breyta þeim vegna þess að hún fjármagnar sín lán með lántökum erlendis og svo óheppilega vildi til að um það bil þremur mánuðum áður en þessar breytingar urðu á íslenskum fjármálamarkaði, var stofnunin nýbúin að taka stórt erlent lán. Mér er sagt að ef hún hefði staðið í þeim viðskiptum þrem mánuðum síðar þá væri hún ekki í jafnslæmum málum og hún er í í dag. En Byggðastofnun er gert að lána út með ákveðnum lánamun sem ger-

ir það að verkum að hennar lán eru miklu óhagstæðari en þau sem bjóðast á almennum markaði. Fyrir vikið sóttust viðskiptavinir Byggðastofnunar eftir því að endurfjármagna lán sín og fara í viðskipti við viðskiptabankanna. Við það er ekkert að athuga og er hið besta mál og gott að lántakendur geti fengið sem best kjör á lánum sínum, það er eðlileg og sjálfsögð sjálfsbjargarviðleitni hjá fólki að leita sem bestra kjara á hverjum tíma. Þeir sem voru traustir og öruggir og höfðu góð veð fengu fyrirgreiðslu hjá bönkunum. En það voru ekki allir, hinir ótryggu og veiku urðu eftir. Reyndar er það nú svo að það þarf ekkert endilega að vera ótryggur eða veikur til að fá ekki fyrirgreiðslu. Ég þekki dæmi um aðila sem byggði upp gistiaðstöðu á landsbyggðinni, fékk fyrirgreiðslu hjá Byggðastofnun, hefur gengið ljómandi vel og alltaf staðið í skilum. Hann hefur stækkað við sig, fengið aukna fyrirgreiðslu og komið upp matsölu líka vegna þess að viðskiptavinir hans óskuðu eftir því. Sá aðili borgar 7,7% vexti hjá Byggðastofnun. Hann leitaði til viðskiptabanka síns um að fá fyrirgreiðslu. Mál hans voru tekin til skoðunar og metin og viðskiptabanki hans í heimabyggð mat það svo að hann væri traustsins verður og rétt væri að taka hann í viðskipti. Þetta hefði þýtt 300 þús. kr. árlega minni vaxtagreiðslur fyrir viðkomandi einstaklinga, ung hjón. En þegar málið var lagt fyrir aðalbankann í Reykjavík þá var sagt nei. Þessi aðili hefur alltaf staðið í skilum við Byggðastofnun og gerir örugglega enn þann dag í dag, en þarf þó að borga 7,7% vexti. Þrátt fyrir að hann sé traustur aðili situr hann uppi með sitt óhagstæða lán.

Byggðastofnun er líka með fyrirtæki í viðskiptum sem skila stofnuninni sjálfri engum gróða þótt þau standi í skilum. Þau skila bönkunum heldur engu og þeir vilja þar af leiðandi ekki taka þannig fyrirtæki í viðskipti. Ég get tekið dæmi af litlu 20 manna fiskvinnslufyrirtæki í smábæ sem ég þekki. Þetta fyrirtæki heldur nokkurn veginn velli og mundi örugglega ekki teljast mikils virði hér í Reykjavík eða á stærri markaði. En þetta er mjög mikilvægt fyrirtæki í þessum litla bæ, í fyrsta lagi veitir það 20 manns atvinnu og þeir skila útsvarstekjum inn í byggðarlagið og fyrirtækið sjálft sínum gjöldum. En viðskiptabankarnir hafa engan áhuga á svona fyrirtækjum. Þetta er dæmi um fyrirtæki sem Byggðastofnun tekur í viðskipti og við verðum að hafa stofnun sem getur sinnt slíku hlutverki, þ.e. ef við ætlum að hafa byggð í strjálbýlinu.

Það eru margir sem spyrja hvort við eigum bara ekki að láta bankana um þetta. En ég tel að þau dæmi sem ég hef nú rakið sýni og sanni að við getum ekki látið bankana um þetta. Við verðum að hafa stofnun sem tekur að sér að styðja við atvinnulífið. Og Byggðastofnun þarf auðvitað að fá aðstæður til að vinna betur. Hún þarf að geta stuðlað að nýsköpun og staðið við bakið á nýjum fyrirtækjum og nýjum greinum úti á landi af því að atvinnulífið á landsbyggðinni er víða allt of fábreytt og brothætt. Þar þurfum við að gera breytingu á.

Byggðastofnun er falið fleira en bara að standa í lánastarfsemi. Henni er falið að meta ýmis konar hluti og gera tillögur. Henni var t.d. falið að gera tillögur til að jafna aðstöðumun fyrirtækja úti á landsbyggðinni og svo á þéttbýlissvæðunum, í Reykjavík og víðar. Byggðastofnun gerði skýrslu og tillögur en þær eru niðri í skúffu hjá hæstv. ráðherra byggðamála. Þær hefur enginn fengið sjá þótt eftir þeim hafi verið gengið. Ég kalla slíkt ekki mikla eftirfylgni hjá ráðherranum eða áhuga á að fylgja eftir góðum tillögum sem settar eru fram og mundu örugglega nýtast atvinnulífi á landsbyggðinni mjög vel.

Af því ég er að tala um hæstv. ráðherra byggðamála þá ætla ég að víkja aðeins að vaxtasamningum, frú forseti. Það er eitt af þeim töfraorðum sem nú eru mikið uppi við. Fyrir nokkrum árum var gerður vaxtasamningur við Eyjafjörð sem byggist á því að búa til fyrirtækjaklasa, það kemur fjárframlag frá ríkinu og síðan mótframlag frá heimaaðilum. Núverandi ríkisstjórn hefur sett fram í byggðaáætlun hugmynd um þrjú svæði á landsbyggðinni sem beri að styrkja sérstaklega, þ.e. Akureyri, Miðausturland og Ísafjarðarsvæðið. Þau þrjú svæði eru þá hugsuð sem þjónustukjarnar fyrir svæðið í kring, t.d. Ísafjörður á að vera þjónustukjarni fyrir alla Vestfirði, suðurfirðina, Strandirnar og allt heila svæðið, hversu skynsamlegt sem það kann nú að hljóma í eyrum þeirra sem þekkja samgöngumál á Vestfjörðum en ég ætla að koma að því síðar.

Ísafjörður var næsta svæði sem var svo heppið að fá vaxtarsamning, staður sem á að vera þjónustukjarni fyrir alla Vestfirði. Þó nokkuð þykk bók var skrifuð í því tilefni, örugglega ágætar hugmyndir margar hverjar. Ég veit að talsvert miklar væntingar eru bundnar við þann vaxtarsamning. Orðið eitt og sér lætur svo vel í eyrum, vaxtarsamningur.

Meðaltekjur á Vestfjörðum hafa hrapað en voru áður hæstar á landinu. Það var meðan útgerðin var þar í blóma. Nú eru meðaltekjurnar orðnar frekar lágar og mjög lítið er um sterk fyrirtæki á Ísafirði eins og reyndar alls staðar úti á landi. Hvað skyldu svo miklir fjármunir vera settir í þennan vaxtarsamning um Ísafjarðarsvæðið fyrir Vestfirði, samning sem gildir í þrjú ár? Það hlýtur að vera rosalega mikið. Það á að efla heilan byggðakjarna til að hann geti stutt allt svæðið í kringum sig og orðið drifkraftur í að byggja upp atvinnulíf og ég veit ekki hvað og hvað. Það eru 70 millj. kr., takk fyrir, á þremur árum, 70 millj. kr. Heimaaðilar á Ísafirði, sem eiga lítinn pening, eins og ég gat um, eiga að leggja þar fram jafnmikið á móti.

Til að setja þetta aðeins í samhengi vil ég minnast á hús sem á að fara að byggja hér í Reykjavík, Það á að fara að byggja hús í Reykjavík fyrir 12 milljarða, eitt hús. Ég er ekki að öfundast út í Reykvíkinga fyrir það hús enda á það að nýtast öllum landsmönnum. Ég gleðst yfir því og veit að það verður aðdráttarafl fyrir ferðamennsku, listalíf og hvað eina. Það verður gaman þegar búið verður að byggja þetta hús. En þarna er augljóslega ansi mikill aðstöðumunur, 70 millj. kr. í Ísafjörð til þriggja ára en 12 milljarðar í eitt hús. Ég ætla að taka það fram að þessir 12 milljarðar koma að vísu ekki allir úr ríkiskassanum, hluti fjármagnsins á að koma frá Reykjavíkurborg og öðrum aðilum. Það er hægt, þegar viljinn er fyrir hendi, að koma hlutunum fyrir á þennan hátt. En það er ekki hægt að koma samgöngum við Ísafjarðarsvæðið eða aðra hluta Vestfjarða í lag.

Samkvæmt samgönguáætlun sem var í gildi fyrir síðustu kosningar máttu Ísfirðingar og íbúar þar í kring eiga von á að geta ekið á malbiki frá Ísafirði til Reykjavíkur árið 2014, á malbiki. Síðan komu jólasveinarnir rétt fyrir kosningar og

settu milljarð aukalega í vegamál þannig að nú geta Ísfirðingar og íbúar þar í kring vænst þess að geta keyrt á malbiki Djúpleiðina til Reykjavíkur árið 2008. Það er ekki hægt enn þann dag í dag, 2008 skal það vera. Þá á eftir að bæta úr samgöngum við suðurfirðina. Þannig háttar til þar að á sumrin þegar rignir setja flutningabílstjórar keðjur undir bílinn sinn til þess að komast niður einn hálsinn. Mín skoðun er sú að það þurfi að gera sérstaka áætlun um samgöngur við Vestfirði og ég held að við eigum að setja okkur það mark að klára samgöngubætur á tíu árum, í fyrsta lagi milli suður- og norðurhluta Vestfjarða og í framhaldi af því alla leiðina suður, og gera það af metnaði. Það kostar örugglega 30–40 milljarða. Ég ætla aftur að setja þetta í samhengi við þetta eina hús sem á að fara að byggja í Reykjavík. En ég tel óráðlegt að tala um að styrkja byggð eða búa til byggðakjarna eða hvað það nú er, eða halda að við getum breytt einhverju verulega á Vestfjörðum fyrr en samgöngur eru komnar í viðunandi horf. Samgöngur komast ekki í viðunandi horf nema mörg jarðgöng verði búin til og einhverjir firðir verði brúaðir og það er mjög dýrt. En það er líka dýrt að leggja heilu landshlutana af eins og við stefnum í með þessu áframhaldi.

Það sama á reyndar við um Austurland. Þar þarf að segja B á eftir A-inu. Þar eru miklar framkvæmdir og mikil uppbygging í atvinnulífinu, virkjunarframkvæmdir og hvað eina. En meira þarf að koma til. Þar þarf fleiri jarðgöng. Fyrir því er reyndar verið að berjast þar eystra og stofnaður hefur verið hópur sem mig minnir að heiti Veggöng á Austurlandi. Ég lýsi stuðningi mínum við hugmyndir þess hóps. Ég tel að ekkert sé arðbærara og skynsamlegra í byggðamálum en einmitt samgöngubætur.

Að vísu er annar þáttur sem er mjög mikilvægur fyrir landsbyggðina líka og reyndar hvaða svæði landsins sem er. Það sést svo ljóslifandi á landsbyggðinni af því að breytingar eru að verða á síðustu árum í því efni þar. Þá er ég að tala um skólana. Þetta kom vel í ljós þegar fjölbrautaskólarnir voru settir á stofn vítt og breitt um landið, þvílík breyting sem varð á byggðarlögunum. Nú síðast sáum við, og íbúar á Snæfellsnesi, álíka gleðilega breytingu verða þegar framhaldsskóli var settur á fót þar. Við sjáum þetta líka á vissum stöðum á landsbyggðinni þar sem háskólar hafa fengið að starfa. Minnst hefur verið á Háskólann á Akureyri í dag. Hann hefur gert mjög mikið fyrir Akureyri og byggðirnar þar í kring og hann hefur líka gert mikið fyrir aðra staði á landsbyggðinni. Rannsóknir hafa sýnt að það fólk sem menntar sig í háskólum á landsbyggðinni er miklu líklegra til að festa rætur og starfa þar. Það eru veigamikil rök fyrir háskólum á landsbyggðinni.

Við sjáum líka hvað háskólinn á Hólum er geysilega mikilvægur fyrir Skagafjörð og háskólarnir í Borgarfirði fyrir það svæði. Sú starfsemi er ómetanleg og hana verður að styðja. Við höfum hins vegar orðið vör við mikið metnaðarleysi ríkisstjórnarinnar í því að koma upp störfum fyrir langskólagengið fólk á landsbyggðinni. Það kemur m.a. fram í athugasemdum Fjórðungssambands Vestfirðinga við væntanlega byggðaáætlun sem nú er í undirbúningi. Hvorki er talað um flutning starfa fyrir menntað fólk út á landsbyggðina né flutning stofnana eins og var þó í fyrri byggðaáætlun. Þá var gerð aðgerðaáætlun fyrir ráðuneyti um að flytja störf út á land. Að vísu varð minna um efndir en orð en maður verður enn vondaufari þegar ekki einu sinni er hægt að herma orð upp á hæstv. ríkisstjórn. Þeir passa sig á því.

Varðandi skólana er eiginlega líka dálítið kúnstugt að horfa upp á að hæstv. landbúnaðarráðherra er mun metnaðarfyllri og stendur betur við bakið á þeim háskólum sem undir hann heyra en hæstv. menntamálaráðherra. Það hvarflar að manni að leggja til að háskólarnir fari undir stjórn hæstv. landbúnaðarráðherra. Hann hefur sinnt þeim svo ansi vel, háskólanum á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands. Ég er alveg viss um að hugur hans stendur til enn frekari stuðnings þó ég sakni þess að vísu að frumvarp um háskólann á Hólum er ekki enn komið fram en ég veit að það frumvarp er löngu tilbúið og liggur í ráðuneytinu. Það er eitthvað sem stendur þar í veginum, því miður.

Ég ætla, þó að hæstv. ráðherra sé horfinn héðan, hann sat hér lengi í kvöld, að nota tækifærið og skora á hann að koma þessu frumvarpi fram fyrir jól. Ég skal með ánægju styðja hann í að koma því áfram.

Í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar, á bls. 6, hljóðar ein markmiðsgreinin svo, með leyfi forseta:

„Að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu og efnahags.“

Þetta líkar mér en í því efni, eins og fleirum, vil ég sjá efndir, ekki bara orð. Símenntunarmiðstöðvarnar eru mikilvægur aðili í því að tryggja jafnrétti til náms og góðar aðstæður en þær hafa ekki fengið það fjármagn sem til þarf til að geta staðið almennilega að því að sinna þeirri þörf sem virkilega er fyrir hendi. Sérstaklega hefur ástandið verið erfitt þar sem margir eru í háskólanámi og margar útstöðvar eru því að sumar stöðvarnar þjónusta á 4, 5 og upp í 6 stöðum fyrir utan höfuðstöðvarnar. Það er ekki nóg að fagna því að margir séu í háskólanámi. Það er ekki nóg að lýsa yfir að til standi að veita öllum jöfn tækifæri til náms óháð efnahag eða búsetu. Það þarf að efna orðin og á því hefur staðið.

Háskólarnir eru í fjárhagskreppu eins og komið hefur fram og eitt af því sem kostar mikið fyrir háskólana er fjarkennslan. Þeir hafa í rauninni ýtt af sér þeim kostnaði sem fylgir fjarkennslu á þeim stað sem nemandinn er. En á þeim stöðum þar sem háskólarnir eru, t.d. í Reykjavík og á Akureyri, þá axlar auðvitað ríkið þann kostnað sem hlýst af vinnuaðstöðu nemandans og þjónustu við tækjabúnað og öðru. Þessu hefur verið ýtt yfir á sveitarfélögin vegna þess að stöðvarnar með sínar 9 eða 10 milljónir árlega geta að sjálfsögðu ekki tekið á sig kostnað af FS-netinu, af þjónustu við FS-netið og af húsnæði og öðru því sem þarf til þess að geta boðið upp á þetta nám. Sveitarfélögin hafa sýnt þessu skilning og eru af veikum mætti að borga. Til dæmis er kostnaðurinn við þetta á Vesturlandi 4 milljónir fyrir sveitarfélögin. Það er algjörlega óásættanlegt. Hann er eitthvað álíka fyrir sveitarfélög á Norðurlandi vestra og sums staðar er þetta enn meira. Ríkið verður að taka á sig rögg í þessu efni og endurskoða hvernig að þessum málum er staðið.

Ég sagði í upphafi máls míns, frú forseti, og það hefur komið fram fyrr í kvöld í máli hv. þm. Samfylkingarinnar Össurar Skarphéðinssonar að við teljum að málefni Byggðastofnunar, málefni landsbyggðarinnar væru betur

komin í höndum forsætisráðherra en hæstv. byggðamálaráðherra. Til þess að byggja upp á landsbyggðinni þarf þrennt. Það þarf samgöngubætur. Það þarf nýja stefnu í atvinnumálum og það þarf að efla menntun.

Fyrir ekki löngu síðan spurðist ég fyrir um fjölda þeirra sem eru á aldursbilinu 20–40 ára á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar og svo um menntun þess aldurshóps á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Ég vissi að það var mikill munur. En ég hafði ekki séð og veit ekki til að það hafi verið tekið saman áður nákvæmlega varðandi þennan aldurshóp. Hann er mjög mikilvægur fyrir öll byggðarlög því þessi aldurshópur er að eiga börn, er á fullu í atvinnulífinu, er að koma sér fyrir, er oft með frjóastar hugmyndir og mest frumkvæði. Ef þessi hópur er ekki fyrir hendi hefur byggðarlag í rauninni innifalið í sér fækkun vegna þess að, eins og ég sagði, það er þetta fólk sem er að fjölga sér og halda uppi fjöldanum til framtíðar.

Það kemur í ljós að í þessum aldurshópi er 2,2% færra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. En það er sérstaklega sláandi að á höfuðborgarsvæðinu hafa 27,5% grunnskólapróf sem seinasta lokapróf en á landsbyggðinni eru það 45%. Það eru 27,5 á móti 45%. Á höfuðborgarsvæðinu hafa 46% framhaldsmenntun en 41% á landsbyggðinni. Þar hallar enn á landsbyggðina. Á höfuðborgarsvæðinu eru 26% háskólamenntun en 14% á landsbyggðinni. Þetta eru, frú forseti, skuggalegar upplýsingar vegna þess að þeir sem eru með menntun, lengri skólagöngu, hafa hærri tekjur. Það er fólkið sem er best undir það búið að takast á við breytilegt atvinnulíf, laga sig að nýjungum og takast á við hlutina. Þar að auki vitum við að atvinnulíf framtíðarinnar byggist á menntun, þ.e. ef við ætlum að halda velli í samkeppni á alþjóðavísu.

Þegar við höfum þessar tölur fyrir framan okkur, þessa skuggalegu mynd, sjáum við skýrar en nokkru sinni hversu mikilvægt er að standa almennilega að málefnum landsbyggðarinnar og þeim mun dapurlegra verður að hugsa til þess að hafa í forsvari manneskju sem hefur í raun ekki áhuga á þessum málaflokki og vill helst ekki vita um það sem miður fer og vill ekkert gera í málunum. Þannig tel ég að málin séu, því miður, frú forseti.

Við samfylkingarþingmenn munum leggja fram tillögu hið allra fyrsta um málefni Byggðastofnunar, málefni landsbyggðarinnar, um að Byggðastofnun verði flutt undir forsætisráðherra með öllu því sem henni tilheyrir.

[00:21]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður gerði að umtalsefni lánastarfsemi og afskriftir Byggðastofnunar í sinni yfirgripsmiklu ræðu. Ég held að það hljóti að vera ljóst — mér fannst það ekki koma nægilega skýrt fram í ræðu hv. þingmanns — að eðli málsins samkvæmt eru lán Byggðastofnunar alltaf áhættulán. Þar af leiðir að við hverja einustu lánveitingu lagt í afskriftasjóð. Af því að hv. þingmaður vitnaði í skýrslu sem unnin var fyrir hæstv. iðnaðarráðherra á vordögum, sem ég hef að vísu ýmsar athugasemdir við, þá kemur þar fram m.a. að í afskriftasjóð hjá Byggðastofnun hafa verið lagðir 4,3 milljarðar á tíu ára tímabili. Hins vegar hefur 4,1 milljarður verið afskrifaður. Það hefur því verið gert ráð fyrir þessum afskriftum. Þetta eru áhættulán og alltaf má búast við því að hluti þessara lána verði afskrifaður.

Lánastarfsemin sem slík hjá stofnun eins og Byggðastofnun er hluti af atvinnuþróunarstarfi og að mínu mati mun eðlilegri og ódýrari leið en t.d. hlutafjárkaup, að ég tali nú ekki um styrkveitingar. Lánastarfsemin sem slík stendur undir því sem er lagt í afskriftasjóðinn. Lánastarfsemin er til þess að styrkja atvinnulífið á landsbyggðinni og sinnir að því leyti byggðaþróunarstarfi og atvinnuþróunarstarfi.

[00:23]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta. Það er ágætt að skýra þetta betur. Ég veit alveg hvað hún er að tala um. Þetta stendur í rauninni allt í skýrslunni. Ég hef sjálfsagt ekki komið því nógu skýrt frá mér.

Ég tók líka fram að núverandi stjórn og starfsháttum er hrósað í skýrslunni. Það er tekið fram að orðið hafi breyting eftir 2002. En ég sagði líka í ræðu minni áðan að breytingar á fjármálamarkaði hér heima hefðu orðið til þess að tryggustu og traustustu viðskiptavinir Byggðastofnunar hefðu leitað annað með lánin sín og það verður til þess að stofnunin verður af tekjum frá þeim. Það voru nákvæmlega tekjurnar af traustum viðskiptavinum sem stóðu undir rekstrinum þegar lán töpuðust. En eftir því sem þeim fækkar þeim mun verra verður að standa undir útlánatapi. Það liggur í augum uppi.

Það kemur líka fram í þessari skýrslu sem ég er alltaf að vitna í að ef ekki hefði verið bætt í afskriftasjóð aftur og aftur væri hann löngu orðinn tómur og með því framhaldi sem virðist vera núna þá stendur hann náttúrlega ekki lengi undir því tapi sem fyrirsjáanlegt er. Það er einmitt líka tekið fram að þau lán sem voru veitt fyrir 2001 voru miklu áhættusamari í raun en talið var í matinu þegar þau voru veitt. Samkvæmt skýrslunni — ég get auðvitað ekkert hengt mig upp á það eða tekið neina ábyrgð á því — voru því lánin eða áhættan rangt metin. Þess er stofnunin að gjalda núna.

En ég tek undir með hv. þingmanni að þetta er mjög mikilvæg starfsemi. Ég held að það hafi nú komið fram í ræðu minni áðan.

[00:26]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur m.a. komið fram að t.d. voru niðurstöður skýrsluhöfundar hvorki bornar undir endurskoðanda Byggðastofnunar né yfir höfuð leitað upplýsinga til hans. Því verður mjög áhugavert að sjá hvað löggiltur endurskoðandi segir um mat skýrsluhöfundar. En það er önnur saga.

Það sem ég tel að megi segja að sé ánægjulegt við einn helsta vanda Byggðastofnunar eru þær uppgreiðslur sem hafa orðið á lánum. Það eru að sjálfsögðu mjög ánægjuleg tíðindi vegna þess að fyrirtækin sem Byggðastofnun á sínum tíma þurfti að lána til eru orðin svo stöndug að þau eru orðin góðir kúnnar viðskiptabankanna. Ég held að við getum fagnað því að þetta eru heilbrigð og samkeppnishæf

fyrirtæki sem viðskiptabankarnir vilja nú fá í viðskipti við sig og þá erum við að ná árangri. Ég held að við getum verið sammála um það. En það að við skulum ná þessum árangri lýsir sér í einum helsta vanda Byggðastofnunar nú því þegar það gerist svona skyndilega á lánamarkaði að bankarnir vilja fá þessi fyrirtæki mjög hratt í viðskipti við sig þá eru þessi lán greidd mjög fljótt upp þannig að tekjur Byggðastofnunar hrapa mjög hratt. Þetta hefur gerst á mjög skömmum tíma og við skulum vona að efnahagsástandið verði slíkt að bankarnir vilji fá þessi góðu fyrirtæki í viðskipti við sig. En eins og ég held að hv. þingmaður hafi farið vel yfir þá eru það mörg fyrirtæki sem viðskiptabankarnir munu ekki skipta við og (Forseti hringir.) þá er það hlutverk Byggðastofnunar að sinna þeim.

[00:28]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Þetta er allt hárrétt hjá hv. þingmanni. Ég vil bara bæta því við að ég vona að við getum litið á þessa erfiðleika núna sem tækifæri og nýtt upphaf. En ef svo á að verða verður að koma til vilji þess sem ber endanlega ábyrgð á stofnuninni, þ.e. ráðherra. Því miður er ég ekki óttalaus í því efni.

Ég er líka smeyk um að gerðar verði miklar breytingar á stofnuninni því ég held að það sé alls ekki það sem landsbyggðin þurfi núna. Staða gengisins gerir fyrirtækjum á því svæði sem ég var að tala mest um, þ.e. Vestfjörðum, einkar erfitt fyrir því að þar er talsvert um sjávarútveg og útflutningsgreinar t.d. Það gerir nú ekki auðveldara fyrir viðkomandi fyrirtæki að standa í skilum við stofnunina, en 40% af lánum stofnunarinnar, ef ég man rétt, samkvæmt skýrslunni eru einmitt til sjávarútvegs. Ýmiss konar vandi er því þarna á ferðinni fyrir stofnunina og fyrir okkur í heild, landið, því að þetta er í raun ekki vandi einnar stofnunar heldur vandi allra landsmanna, mundi ég segja, vandi sem hvílir þungt á herðum okkar þingmanna. Það á vera á herðum allra þingmanna að reyna að halda lífvænlegri byggð í landinu sem víðast. Það getur gerst með hjálp Byggðastofnunar ef vel er stutt við bakið á henni.

[00:30]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Það er nú orðið langt liðið á kvöld og komið fram á nótt. Ég mun reyna að stytta mál mitt og fara yfir nokkra áherslupunkta sem sumir hafa komið fram með við umræðuna og ég vil hnykkja frekar á. Ég vísa til nefndarálits á þskj. 405 frá 2. minni hluta fjárlaganefndar hvað varðar forsendur fjárlaga, skuldastöðu þjóðarinnar og efnahagsspá, m.a. Seðlabanka, KB-banka og fleiri og tillögur þeirra aðila um hvernig þurfi að bregðast við því þensluástandi og þeirri skuldastöðu sem við búum við í dag.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram þó nokkrar breytingartillögur, bæði ein og sér og eins með stjórnarandstöðuflokkunum, til þess að lýsa áherslum okkar. Einnig höfum við lagt fram sem fylgiskjöl með fyrrgreindu nefndaráliti þingsályktunartillögur sem lýsa þeim leiðum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill fara til að ná efnahagslegum stöðugleika og til að ná meiri og betri jöfnuði í þjóðfélaginu.

Hæstv. forseti. Hæstv. ríkisstjórn og ríkisstjórnarflokkarnir eru nokkuð ánægðir með sig við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2006 og benda á góða stöðu ríkissjóðs. Ég segi bara eins og kerlingin sagði: Skyldi það nú vera að þeir væru ánægðir með sig. Því að þeir sem selja sína bestu mjólkurkú fá innleggið borgað í eitt skipti og ríflega fjárhæð sem þeir geta lagt inn, en þeir sem hlúa vel að mjólkurkúnni fá minni greiðslur en til lengri tíma og öruggt innlegg. Það er það sem ég tel að ríkisstjórnin hafi gert, að hún hafi selt hina góðu mjólkurkú þegar hún seldi Símann. Hún býr vel að því núna og næstu árin meðan verið er að eyða þeim fjármunum. En við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum farið yfir það og rökstutt vel, tel ég, hvers vegna við vildum ekki selja Símann heldur fá þann árlega arð sem varð af rekstri Símans og hlúa frekar að áframhaldandi rekstri þannig að þjóðin gæti notið öruggrar þjónustu þess fyrirtækis. En gert er gert og því er hægt að vísa til þess að til standi, ekki í þessum fjárlögum nema að hluta, en í nánustu framtíð og á næsta kjörtímabili að ráðstafa þeim fjármunum sem fengust fyrir sölu Símans.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins nefna — ég bið hæstv. forseta að láta sér ekki bregða þó að svona mikill bunki sé hér á borðinu, það stendur ekki til að lesa upp úr þessu en þetta er hluti þeirra gagna sem ég tók mér til handargagns.

Eins og áður hefur komið fram og sérstaklega hjá hv. þm. Guðmundi Magnússyni sem fór yfir stöðu mála sem snúa að öryrkjum og nefndi þar, eins og ég geri, að við tökum undir ályktun aðalfundar Öryrkjabandalagsins og þær kröfur sem frá Öryrkjabandalaginu hafa komið um að ríkisstjórnin standi við það samkomulag sem vitnað hefur verið til að hafi verið til fyrirmyndar en áhöld eru um að hún hafi staðið við og munar þar um 500 milljónum. Við leggjum því til að það verði bætt núna og þá verði komist hjá frekari málaferlum og skaðabótakröfum á hendur ríkinu. Ég tel að þetta sé mikið réttlætismál og að peningar eigi að vera til til að uppfylla þetta samkomulag og það sé rétt að gera það hið fyrsta.

Við höfum rætt um bensínstyrkinn sem átti að taka af og beita hagræðingarkröfu heilbrigðisráðuneytisins á þann lið en fallið hefur verið frá því að skera af bensínstyrkinn. En vegna þeirra ummæla og orðaskipta sem fóru fram milli hæstv. heilbrigðisráðherra og þingmanna um bensínstyrkinn og hvað þær upphæðir sem fara í bensínstyrkinn hefðu þanist út og hve mjög þeim bótaþegum sem fá bensínstyrk hefur fjölgað, vil ég benda á að þegar bensínstyrkurinn var settur á var horft til þess að þetta væru fatlaðir einstaklingar, þ.e. líkamlega fatlaðir og í hjólastól sem ekki kæmust á milli öðruvísi en með bíl. En, hæstv. forseti, það eru fleiri sem geta verið jafnósjálfbjarga eða ekki komist á milli staða nema með bíl þó að þeir séu ekki bundnir hjólastól. Má nefna sjúklinga sem eru með erfiða lungnasjúkdóma en eru ekki á heilbrigðisstofnunum heldur heima. Slíkir sjúklingar eru oft í það mikilli andnauð að þeir geta ekki komist á milli staða nema í bíl. Engir fá bílastyrk nema þeir séu með fullgilt læknisvottorð og þá vegna mismunandi sjúkdóma. Þetta er að hluta til ástæðan fyrir því að þessum einstaklingum hefur fjölgað svo mjög og ég tel enga ástæðu til að efast um að allir eigi rétt á bensínstyrk sem hafa hann í dag.

Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að vinna mjög hratt og skoða á allra næstu dögum það mál sem nú er komið upp varðandi innheimtu Tryggingastofnunar ríkisins á ofgreiðslum til öryrkja sem í ljós komið hefur eftir að Tryggingastofnun fékk betri tölvubúnað til að fylgjast með bótagreiðslum, vangreiðslum eða ofgreiðslum til lífeyrisþega. Ef um ofgreiðslur er að ræða er réttlætismál að endurgreiðslunni sé dreift á lengra tímabil þannig að fólk standi ekki uppi algjörlega tekjulaust og þá sérstaklega núna fyrir jólin. Það væri mjög ómannúðlegt að fella lífeyrisgreiðslur algjörlega niður fyrirvaralaust til þeirra sem hafa tekið á móti ofgreiðslum, flestir í góðri trú, og eiga síðan núna að vera þannig settir að fá engar greiðslur úr Tryggingastofnun. Það gengur ekki.

Hæstv. forseti. Mig langar til að segja nokkur orð um öldrunarþjónustuna og þá afgreiðslu sem hún fær í fjárlagafrumvarpinu og í þeim breytingartillögum sem komið hafa fram hjá stjórnarliðum og eins varðandi þær breytingartillögur sem við höfum lagt fram. Ljóst er að öldrunarstofnanir, dvalar- og hjúkrunarheimili, eiga í miklum rekstrarerfiðleikum. Þau eru mörg hver rekin á þessu ári með tapi og hafa þurft að spara óheyrilega til að reyna að láta enda ná saman og hefur ekki alltaf tekist. Mér finnst það vera þjóðarskömm ef svo er komið að sparnaðurinn hafi gengið svo langt að það sé farið að bitna á rekstri mötuneytanna, að þar sé hreinlega verið að spara. Maður gæti a.m.k. ályktað að svo sé þegar maður les niðurstöðu könnunar um næringarástand aldraðra á dvalar- og hjúkrunarheimilum þegar það sýnir sig að um næringarskort er að ræða hjá 60% einstaklinga sem dvelja á fyrrgreindum heimilum. Þetta er mjög alvarlegt. Rekstraraðilar hafa sýnt það og sannað að á ákveðnu tímabili, frá 1990–1998, var grunnurinn sem reiknað var út frá vanreiknaður. Því er nauðsynlegt að hið fyrsta verði þetta viðurkennt í fjárlögum og sú skekkja leiðrétt þannig að áframhaldandi rekstur verði eðlilegur og ekki sé verið að berjast stöðugt við fortíðarvanda og í máli sem er viðurkennt að er skekkja.

En það eru líka erfiðleikar hjá dvalar- og hjúkrunarheimilunum að því leytinu til að fólk eldist og hafi dvalarheimilin áður verið rekin fyrir hressari einstaklinga eldast þeir jú. Þeim fjölgar því stöðugt sem eru orðnir of lasburða til að vera í dvalarheimilisþjónustu og dvalarheimilisstofnanir annast þunga hjúkrunarsjúklinga. Nokkuð treglega hefur gengið að fá viðurkenningu á fjölgun hjúkrunarplássa, þ.e. að breyta dvalarheimilisrýmum yfir í hjúkrunarpláss og í rauninni viðurkenna þann vanda sem slíkar stofnanir eiga við að glíma. Ég tel að í fjárlögunum eigi að viðurkenna þennan vanda. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að fjölga hjúkrunarplássum, það er stefna okkar allra sem höfum fylgst með þróun mála. Í niðurstöðu nýútkominnar skýrslu um úttekt á dvalar- og hjúkrunarheimilum kemur fram að fleiri hjúkrunarpláss vantar og ég tel að við eigum að fjölga hjúkrunarrýmum, hjúkrunarplássum meira en gert er í tillögum ríkisstjórnar og fjárlaganefndar. Við erum því með tillögu um að bæta þar í.

Einnig er ósamræmi á milli stofnana á föstum fjárlögum og þeirra sem eru á daggjöldum, þar munar 10–30% á milli stofnana í lægri framlögum til stofnana á daggjöldum. Þetta ber að fara vel yfir og ég hvet hæstv. heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra til að skoða það vel og finna réttlátari grunn og reglur til að greiða eftir.

Eins verður að skoða vel, hæstv. forseti, hvernig dvalar- og hjúkrunarheimili standa varðandi áfallnar lífeyrisgreiðslur. Greiðslubyrðin er orðin mjög þung fyrir mörg heimili og verður það áfram. Ég tel því nauðsynlegt að sú staða verði skoðuð með tilliti til þess að vinna þarf að því að gera samninga við dvalar- og hjúkrunarheimilin. Rétt eins og gerður var samningur við Sóltún þarf að vinna samninga við aðrar stofnanir þannig að þær hafi fastari grunn, að vitað sé hvaða þjónustu þær eiga að veita og fái greitt samkvæmt hjúkrunarþyngd eða RAI-mati. Ég hvet hæstv. heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra til að vinda sér í þetta þannig að þessi heimili þurfi ekki að búa svo þröngt í nánustu framtíð sem þau gera í dag.

Hvað varðar heilbrigðisstofnanir, hæstv. forseti, vil ég nefna Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Það er heilbrigðisstofnun sem er háskóla- og hátæknisjúkrahús okkar á landsbyggðinni. Það er mótvægið við Landspítalann, stofnun sem hefur vaxið og dafnað á undanförnum árum og hefur mikla möguleika til að gera það enn frekar ef hún fær frekari fjárveitingar og möguleika á að byggja upp þjónustu sína. Það er ljóst að eftirspurnin er mikil, sérstaklega á ákveðnum sviðum, t.d. hvað varðar krabbameinslækningar og krabbameinsmeðferð. Eftir að Fjórðungssjúkrahúsið var mannað þannig að hægt væri að taka á móti krabbameinssjúklingum hefur sú starfsemi eflst mjög. Nú er svo komið að til að standa undir því álagi sem er á stofnuninni þyrfti að fjölga þar um einn krabbameinslækni. Þá væri hægt að mynda teymi fyrir krabbameinssjúklinga sem mundi bæta þjónustuna mjög og draga úr álagi á deildina fyrir sunnan.

Auk þessa er mögulegt að koma upp hjartaþræðingastofu og sinna hjartaþræðingum fyrir norðan. Þeir 200–300 sjúklingar sem sækja þá þjónustu á höfuðborgarsvæðið þyrftu því ekki að leita til borgarinnar. Það mundi sömuleiðis létta álagið á Landspítalanum fyrir utan að vera þægilegra fyrir sjúklingana.

Einnig er mikill áhugi og þörf fyrir að koma á líknardeild. Menn hafa safnað fjármunum til að koma henni í gang en þá þarf að tryggja rekstur deildarinnar. Þörfin á líknardeild vex að sjálfsögðu með aukinni þjónustu í krabbameinslækningum. Þegar fólk getur fengið meðferð í heimabyggð, þ.e. fyrir norðan, þá mun fólk vilja fá lokameðferð, þjónustuna undir lok lífsins, á sama stað.

Tækninni fleygir fram, sem er af hinu góða. Nú hafa verið teknar upp stafrænar framkallanir á röntgenmyndum. Til að það nýtist vel þarf að koma upp geymslu fyrir stafræna myndgreiningu og tengingu á milli sjúkrahúsanna svo hægt sé að nýta tæknina vel. Röntgenmyndirnar í núverandi mynd leggjast þá af og þarf ekki að senda þær á milli. Það sparar einnig sjúklingum heilmikil ferðalög, erfiði og kostnað. En það þarf að tengja á milli sjúkrahúsa Vesturlands, Vestfjarða, Akureyrar og Austurlands til að ná góðri hagkvæmni úr hinni nýju tækni, þ.e. að hægt sé að taka myndir á einum stað en lesa úr þeim á öðrum og koma upp myndvörslukerfi.

Frú forseti. Í sambandi við nýja tækni hvet ég fjárlaganefnd og hæstv. heilbrigðisráðherra til að fylgjast vel með og taka þátt í nýrri tækni við brjóstamyndatökur sem notað-

ar eru við kembileit að krabbameini í brjóstum kvenna. Sú tækni er miklu öruggari en röntgenmyndirnar, eins og þær eru notaðar í dag. Menn eru að safna fyrir slíku tæki eins og er en það er nokkuð dýrt þannig að ég hvet fjárlaganefnd og alla þá sem geta komið að málinu, sérstaklega hæstv. ráðherra, að fylgjast vel með og taka vel í það ef beiðni kemur, sem ég trúi, frá Krabbameinsfélagi Íslands um að stuðla að kaupum á slíku tæki. Það mundi skipta konur þessa lands miklu máli að vita að þær gætu gengið að öruggari greiningu en þær geta í dag.

Ég vil einnig minnast á Heilbrigðisstofnun Austurlands sem fær á fjárlögum aukið framlag sem nemur einu stöðugildi læknis. Það ber að þakka og eins framlag til uppbyggingar, tæplega 100 millj. kr., sem er mjög þarft. Ég þekki vel til stofnunarinnar og veit að húsnæðið er löngu sprungið utan af starfseminni, þá sérstaklega á Egilsstöðum. Huga þarf vel að áframhaldandi framlögum til aukinnar þjónustu vegna þeirra umsvifa sem nú eru í gangi og eins að horfa til fólksfjölgunar á svæðinu. Það þarf að fylgjast grannt með þessari stofnun upp á að hlúa að henni áfram.

Sama má segja um St. Franciskusspítalann sem við leggjum til að fái á fjárlögum 15 millj. kr., að það er stofnun rétt við radíus höfuðborgarsvæðisins sem sérhæfir sig í ákveðinni meðferð á bakveikum og þeim sem eru með veikt stoðkerfi. Þessi stofnun hefur mikla möguleika á að auka þjónustu sína og þar af leiðandi að létta á heilbrigðisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu, sem eru undir miklu álagi.

Sama má segja um sjúkrahúsið á Suðurnesjum, sem þarf ekki háa fjárupphæð til að geta sinnt bráðatilfellum og fæðingarhjálp og tekið að sér meiri þjónustu en það gerir í dag. Ég tel að í mörgum tilfellum sé þetta ekki spurning um háar fjárhæðir heldur að hlúa að þeim stofnunum sem við höfum og gera þeim og því fólki sem þar vinnur kleift að nýta krafta sína og sérþekkingu og þjóna betur sínu svæði. Það á t.d. við sjúkrahúsið á Suðurnesjum.

Hvað varðar stofnunina sem hér hefur nokkrum sinnum verið nefnd í ræðum í dag, þ.e. barna- og unglingageðdeildina, þá þjónar hún öllu landinu. Þar hafa verið miklir erfiðleikar. Sú starfsemi þarf verulegt fjármagn og athygli til að geta sinnt börnum og unglingum með geðraskanir. Það er svartur blettur á heilbrigðisþjónustu okkar að biðlistar, og það oft langir, séu eftir því að komast með börn í greiningu og meðferð á þessa stofnun. Það eigum við ekki að líða og láta viðgangast í ríku þjóðfélagi eins og okkar. Hér liggur fyrir breytingartillaga um framlag til stofnunarinnar þannig að hægt verði að ráða fleiri starfsmenn, vinna á þeim biðlistum sem þar eru og sinna betur börnum og unglingum sem þangað leita.

Hæstv. forseti. Nokkur umræða hefur verið um háskólana, framhaldsskóla, sí- og endurmenntunarstöðvar og þeirra stöðu. Þetta eru stofnanir sem margar eiga í rekstrarerfiðleikum, hvort sem það er Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands eða sí- og endurmenntunarstöðvar, sem eru svo mikilvægar fyrir landsbyggðina og til þess að efla menntun á viðkomandi svæði. Það hefur sýnt sig að mikill munur er á fjölda háskólamenntaðs fólks eftir því hvort það býr á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landi. Það hallar mjög á landsbyggðina og því ber okkur að leggja áherslu á að efla þar menntun. Með þeim hætti getum við eflt atvinnulífið og búsetu. Ég tel nauðsynlegt að samþykkja aukin framlög til sí- og endurmenntunarstöðvanna til að ráða bót á fjárhagsvanda þeirra og til að efla starfsemi þeirra.

Háskólinn á Akureyri er eins og fjórðungssjúkrahúsið stóriðja fjórðungsins. Það þarf sannarlega aukið fjármagn til háskólans til þess að anna eftirspurn nemenda og til að efla rannsóknir. Auknar rannsóknir skila sér víða út í fjórðunginn og út fyrir svæðið í afleiddum störfum. Auk þess er það til þess að mæta auknum rekstrarkostnaði vegna húsnæðis sem skólinn hefur orðið að taka á leigu. Bjarg, húsnæðið undir rannsóknarstarfsemina, er trúlega versta dæmi um einkarekstur og dæmalausa vitleysu og dæmalausasta samning sem gerður hefur verið um nýtingu opinberrar stofnunar á húsnæði sem er reist í einkaframkvæmd. Háskólinn og aðrar stofnanir á Akureyri sitja uppi með að borga um 100 milljónir króna á ári umfram það sem þær borguðu í leigu á því húsnæði sem þær voru áður í.

Hæstv. forseti. Ég vil nefna eina stofnun til viðbótar sem er líka úti á landi, þ.e. þekkingarsetrin. Þekkingarsetur Þingeyinga sem sækir um styrk. Það á í miklum fjárhagserfiðleikum núna og rekstrarerfiðleikum ef ekki verður brugðist við. Það er mjög mikilvægt að tryggja rekstur Þekkingarseturs Þingeyjarsýslu til þess að það geti fótað sig áfram og ekki sé óvissa með reksturinn. Svo vil ég nefna þekkingarsetur sem núna er kallað Þekkingarnet, áður Fræðslunet Austurlands. Nú er komið nýtt skipulag og stofnunin er komin í nýtt húsnæði. Heimamenn sjá mikla möguleika til þess að efla almenna menntun og háskólanám með rekstri þessarar stofnunar eins og hún er byggð upp í dag. Ég get þó ekki með nokkru móti fundið í fjárlagafrumvarpinu eða breytingartillögunum fjármagn sem er ætlað í þennan viðbótarrekstur.

Hugsanlega er þetta einhvers staðar í fjárlagafrumvarpinu. En ég tek undir orð þeirra sem hér hafa lýst því hversu erfitt er að lesa fjárlagafrumvarpið í þessari nýju uppsetningu. Þetta virðist flæða fram og til baka. Ég verð að viðurkenna það, hæstv. forseti, að ég hef ekki fundið framlög til þessarar nýju stofnunar og aukins reksturs hennar eins og frumvarpið er lagt fram. Ég leita því eftir aðstoð fjárlaganefndar við að skoða þetta mál og ráða þá bót á því ef engin aukning er til rekstursins eftir að því var breytt úr Fræðsluneti Austurlands í Þekkingarnet Austurlands.

Hæstv. forseti. Ég hef nokkrar áhyggjur af Tilraunastofu Háskóla Íslands á Keldum. Ég finn þó í fjárlagafrumvarpinu framlag til stofnunarinnar upp á um 5 millj. kr. á næsta ári. Það er mikil þörf á því að koma upp öryggisrannsóknarstofu samkvæmt P-3 staðli og er kostnaður við að koma upp slíkri rannsóknarstofu áætlaður um 130 milljónir. Ég tel að 5 millj. kr. séu þá eingöngu til undirbúnings bygginga eða reksturs slíkrar rannsóknarstofu. Við megum búast við því að hingað komi næsta vor farfuglar hugsanlega smitaðir af fuglaflensu. Alla vega eru miklar líkur á því að við þurfum að geta rannsakað hvort fuglar séu sýktir eða ekki. En þá er ekki til nein stofa til að ráðast í slíkar rannsóknir. Ég hvet til að allt verði gert til þess að fullbúin öryggisrannsóknarstofa verði risin hér næsta vor og það þarf meira en þessar 5 milljónir til þess að byggja slíka rannsóknarstofu eða koma henni á legg.

Hæstv. forseti. Ég ætla að nefna nokkur atriði til viðbótar, t.d. það sem snýr að landbúnaðarráðuneytinu og grisjun þjóðskóganna. Umhirða þjóðskóganna tel ég að sé okkur til vansa. Við þurfum að stórefla stígagerð og móttöku ferðamanna í þjóðskógunum. Allt kostar þetta bæði mannafla og fjármagn, þ.e. til að gera skógana aðgengilega og að umhirða þeirra sé okkur til sóma. Þetta er áætlun sem ég tel að við þurfum að setja í gang og veita rausnarleg fjárframlög til því að þetta mun hafa áhrif. Það skapast ekki bara atvinna við þetta heldur munu skógarnir verða aðdráttarafl fyrir ferðamenn, íslenska og erlenda, og styrkja ferðaþjónustuna á hverjum stað.

Eins vil ég nefna landshlutabundnu skógræktarverkefnin. Enn og aftur er verið að leggja fjármagn í þau án þess að farið sé eftir þeim tillögum um upphæðir sem voru samþykktar í þingsályktunartillögunni og vil ég enn og aftur nefna það.

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir ræddi rétt áðan um mikilvægi þess að treysta byggð í landinu. Ég tek undir það. Hún nefndi Byggðastofnun og að verið sé að vinna að nýrri byggðaáætlun. Ég tel að í þeirri byggðaáætlun ætti að vera sérstakur kafli um nýtingu og vinnslu skógarafurða því finna þarf bæði farveg fyrir og stuðning við að því verði komið á, þ.e. að við förum að sinna nýtingu og vinnslu skógarafurða. Brátt kemur að mikilli grisjun nytjaskóganna og ef við förum út í grisjun þjóðskóganna þá fellur til efni þar líka. Það er í raun til vansa hvað við erum stutt komin í að undirbúa það og nýta okkur þær afurðir sem falla til. Þetta eru verðmæti og við getum unnið mikið úr þessum verðmætum og gert þau enn verðmætari.

Hæstv. forseti. Ég vil líka nefna mál sem snýr að samgönguráðuneytinu. Það er Egilsstaðaflugvöllur. Samkvæmt samgönguáætlun er viðbygging við flugstöðvarhúsið ekki á dagskrá. En svo er komið að flugvallarbyggingin, móttakan, afgreiðslan, er svo gjörsamlega sprungin að varla er hægt að sinna innanlandsfluginu, sérstaklega yfir sumartímann þegar þotur í millilandaflugi lenda þar með 150–200 manns. Það er algjörlega óviðunandi hvernig tekið er á móti ferðamönnum, þ.e. þjónustan, hvað þá þegar saman fer innanlandsflugið og millilandaflugið. Þessa framkvæmd tel ég að þurfi að skoða og víkja þá út af samgönguáætluninni og flugmálaáætluninni og eyrnamerkja pening í að undirbúa stækkunina og helst að byrja strax á þessu ári því að þetta hefði þurft að vera komið þegar í gagn. Eins þarf að leggja þar bílaplön. Það mundi nú ekki setja okkur á hausinn en skiptir afgreiðsluna og aðkomu ferðamanna mjög miklu máli.

Hvað varðar utanríkismál vil ég bara nefna eitt sem ég hefði viljað sjá hér í tillögum. Ég sakna þess að við skulum ekki vera nógu framsýn og meðvituð um stöðu fólks í Palestínu að hafa í afgreiðslu fjárlaga framlag til færanlegrar sjúkrastöðvar eins og lagt hefur verið til núna í tvígang með þingsályktunartillögu um að Ísland leggi sitt lóð á vogarskálar friðar og uppbyggingar í Palestínu með því að styrkja eða reka færanlega sjúkrastöð þar.

Hæstv. forseti. Þetta vildi ég nefna. Sumt hefur komið hér fram áður og svo voru nokkur atriði þar fyrir utan sem ég saknaði í fjárlagagerðinni og svo vildi ég skýra aðeins betur hvers vegna breytingartillögur eru fram komnar.

[01:13]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Umræðan um fjárlög er yfirgripsmikil enda nær hún til allra þátta samfélagsins. Í raun má segja að umræða um fjárlög á hverju ári endurspegli hinar almennu pólitísku skoðanir allra flokka svo ekki sé minnst á persónulegar skoðanir þeirra þingmanna sem láta sig umræðuna varða. Einstaka þingmenn ræða eingöngu um tiltekin atriði sem snúa að þeirra sérþekkingu á meðan aðrir vilja ræða um hið stóra pólitíska svið sem fjárlögin á hverju ári sannarlega eru. Ég vil nota tækifærið og koma á framfæri þeim áherslum sem ég aðhyllist í almennum ríkisrekstri.

Á undanförnum árum hafa stór ríkisfyrirtæki verið einkavædd með misgóðum árangri. Nú síðast var Síminn einkavæddur og fyrir vikið ýtt úr vör nýju tímabili á sviði fjarskiptamála þar sem einkanlega tvö fyrirtæki berjast um hituna. Söluverðmæti Símans skilaði tæpum 70 milljörðum kr. í sameiginlega sjóði landsmanna og hefur nú þegar verið ákveðið hvernig fjármagninu skuli varið. Að stórum hluta verður söluandvirðinu varið í að styrkja samgöngur og efla heilbrigðiskerfið ásamt öðrum smærri liðum en einnig var ákveðið að niðurgreiða skuldir upp á rúma 30 milljarða kr. Fyrir vikið munu vaxtagjöld ríkissjóðs minnka til muna en einnig mun ríkissjóður njóta digurra vaxtatekna á næstu missirum fyrir það fé sem nú bíður verkefna á komandi árum.

Stór hluti stjórnarandstöðunnar var í meginatriðum samþykkur þeirri skiptingu sem ríkisstjórnarflokkarnir ákváðu á söluandvirðinu þó auðvitað hafi verið um mismunandi áherslur að ræða í þeim efnum. Til að mynda þótti mér sjálfum miður að ekki skuli hafa verið tekin ákvörðun um öfluga innspýtingu fjármagns til málaflokka sem tilheyra eldri borgurum en einnig vil ég lýsa yfir ánægju minni yfir þeirri niðurstöðu að sala Símans skuli gera nýja framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum mögulega svo dæmi sé tekið.

Þrátt fyrir góða stefnu ríkisstjórnarinnar, að mínu mati, við einkavæðingu stórra ríkisfyrirtækja og sterka stöðu ríkissjóðs í dag er engu að síður staðreynd að umsvif hins opinbera hafa verið að aukast. Fyrir þær sakir er að mínu viti rétt að við taki nýtt pólitískt tímabil á næstu missirum sem lýtur að frekari einkarekstri og markaðslausnum fyrir landið í heild og því mikilvægt að í ríkari mæli verði komið á öflugri samkeppni milli rekstrarforma í landinu. Á ég þá við samkeppni á milli annars vegar hins vanabundna ríkisrekna forms sem stundum er nauðsynlegt og dýrmætt ríkisrekstrinum og svo hins vegar þeim lausnum sem einkaaðilar geta skilað til aukinnar hagkvæmni og þjónustu öllum landsmönnum til hagsbóta.

Að sjálfsögðu kemur skattstefnan málinu við. Að sjálfsögðu er mikilvægt að hugsað sé til betri lausna sem leitt geti til sparnaðar og þá um leið betri þjónustu til að mynda á velferðarsviðinu sem og öðrum mikilvægum grunnþáttum sem íslenskt samfélag byggir á. Því er eðlilegt að spurt sé: Hvar getum við sparað? Enn mikilvægara er að spurt sé: Hvar vantar fjármagn og betri þjónustu frá ríki til landsmanna?

Áberandi í umræðunni eru málefni eldri borgara. Getur ekki verið að mikið bjáti á þar? Getur verið að umræðan um sama mál séu skýr skilaboð til stjórnvalda? Ég tel svo

vera, hæstv. forseti, enda hef ég kynnt mér þetta tiltekna málefni nokkuð ítarlega frá því ég settist fyrst inn á þing. Vandi eldri borgara er margþættur. Hins vegar má aðskilja hina miklu þörf til skjótra aðgerða á tvo vegu. Í fyrsta lagi er það fjárhagshliðin og sú ótrúlega tekjutenging sem er á milli almennra tekna og lífeyristekna annars vegar og hins vegar samsettra bóta almannatrygginga.

Í annan stað er um að ræða mjög erfiða stöðu á höfuðborgarsvæðinu þegar kemur að vistunarmálum og biðlistum á hjúkrunarheimili en vandinn er staðbundinn og virðist fyrst og síðast eiga við höfuðborgarsvæðið og allra nálægustu byggðir svo sem á Reykjanesi. Hér er að mínu viti um að ræða eitt allra brýnasta viðfangsefni sem stjórnvöld þurfa að bregðast við og það með skjótum hætti. Eitt ár er dýrmætur tími fyrir fullorðið fólk og það hlýtur að vera skiljanlegt að því fólki þyki erfitt að bíða eftir lausnum sem eiga að skila sér til þeirra eftir tvö ár, þrjú ár eða lengri tíma.

Það er því mikilvægt að brugðist verði skynsamlega við og leitað sparnaðarleiða og hagkvæmni í almennum ríkisrekstri. Uppgangur atvinnulífsins og sú dínamíska þróun sem átt hefur sér stað hér á landi á síðustu árum er hægt og rólega að skila til okkar öflugri einkafyrirtækjum en áður hefur þekkst. Flóra félaganna er mikil og fjölbreytileiki atvinnulífsins að sama skapi. Fyrir sakir einkavæðingar á fjármálafyrirtækjum og sterkrar stöðu þeirra í dag hefur á umliðnum árum skapast olnbogarými til uppbyggingar á þjónustu- og hátæknifyrirtækjum, svo dæmi séu tekin. Sömu fyrirtæki banka hastarlega á dyrnar hjá stjórnsýslunni þessa dagana. Þau vilja upplýsa stjórnmálamenn, ríkisstjórnina og ráðamenn ríkisstofnana og ráðuneyta um þær rekstrarlegu lausnir sem þau hafa upp á að bjóða fyrir hinn opinbera rekstur sem kostaður er af skattfé Reykvíkinga. Getur verið að sömu einkafyrirtæki geti boðið upp á ódýrari lausnir og á sama tíma betri þjónustu en ýmis ríkisfyrirtæki og stofnanir bjóða upp á í dag?

Hæstv. forseti. Ég er sannfærður um en umfram allt tel ég mestu skynsemina fólgna í því að tryggja öfluga samkeppni milli ólíkra rekstrarforma eins og áður hefur verið greint frá. Í því skyni vil ég, með leyfi forseta, lesa skýrslu sem Viðskiptaráð Íslands sendi nýlega frá sér um sama efni. Hún ber heitið Samkeppni ríkisfyrirtækja við einkaaðila.

„Fyrir um ári síðan var spurt að því í skoðun Viðskiptaráðs hvort að ríkisvæðing væri að taka við af einkavæðingu. Var tilefnið ábending Ríkisendurskoðunar um að fjölmargar ríkisstofnanir hefðu farið fram úr fjárlögum. Áður hafði Viðskiptaráð bent á að samhliða almennri einkavæðingu ríkisfyrirtækja hefur ríkisstofnunum fjölgað undanfarin ár og rekstur þeirra orðið sífellt umfangsmeiri. Þá er þátttaka ríkisins í atvinnulífinu enn umfangsmikil þótt lítið fari fyrir henni í daglegri umræðu."

Í upphafi þessa árs kom fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi að ríkið á hlut í næstum 200 félögum, hlutafélögum og einkahlutafélögum, ýmist með beinum hætti eða í gegnum fjárfestingarsjóði sína eins og Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóð. Eignarhluti ríkisins í þessum félögum er allt frá 100% niður í 0,1%. Flest þessara félaga eru í atvinnurekstri sem keppir með beinum hætti við aðra einkaaðila á markaðnum. Það er auðvitað ekki ásættanlegt að ríkið brengli þannig aðstæður á markaðnum á ógagnsæjan máta í gegnum eignaraðild að hlutafélögum. Viðskiptaráð telur brýnt að ríkið hverfi frá slíkri beinni þátttöku í fyrirtækjum sem betur væru komin í einkarekstri.

En beinum sjónum nú frá ríkisfyrirtækjum að ríkisstofnunum sem ekki bara hefur fjölgað undanfarin ár heldur hafa þær einnig stækkað. Allar þessar stofnanir hafa lögbundnu hlutverki að gegna sem yfirleitt er nokkuð skýrt afmarkað. Í mörgum tilvikum blasir hins vegar við að starfsemi ríkisstofnana fer út fyrir hið lögbundna hlutverk þeirra. Það er ekki nema von að oft liggi óljós mörk milli þess sem menn telja að ríkið eitt hafi getu til eða eigi að framkvæma og þess sem markaðurinn sinnir alla jafnan. Um leið og einkaaðilar hasla sér völl á ákveðnu sviði á það að vera regla en ekki undantekning að sambærileg verkefni hjá ríkisstofnunum séu lögð niður. Skilin milli verkefna ríkisins og markaðarins hljóta einnig að breytast með tímanum og oft færast þau skyndilega til. Þá kemur upp sú spurning hvort ekki sé kominn tími til að huga að breyttu lögbundnu hlutverki ríkisstofnunar. Í ljósi viðbragða markaðarins er jafnframt nauðsynlegt að endurskoða á hverjum tíma þörfina fyrir tilteknar ríkisstofnanir.

Í apríl 1996 gaf fjármálaráðuneytið út athyglisverða skýrslu sem nefndist Bætt samkeppnisstaða Íslands í framtíðinni. Skýrslan var afrakstur vinnu starfshóps um sama efni sem skipaður var af þáverandi fjármálaráðherra Friðriki Sophussyni. Rauði þráðurinn í skýrslunni er sá að samkeppni sé ein meginundirstaða framþróunar. Þar kemur fram að um þriðjungur atvinnustarfsemi sé rekinn án þess að um neina samkeppni sé að ræða. Er þá oftsinnis um að ræða atvinnustarfsemi sem ríkið sinnir og þar er erfitt ef ekki ómögulegt fyrir einkaaðila að komast inn í vegna gífurlega sterkrar stöðu ríkisins. Ríkið er jafnframt með starfsemi þar sem samkeppni er fyrir og skekkir það stöðuna til muna. Verður vart sagt að um frjálsa og eðlilega samkeppni sé að ræða þar sem ríkið er í atvinnurekstri. Það eykur enn á þessa misjöfnu samkeppnisstöðu að margar ríkisstofnanir innheimta ekki virðisaukaskatt á þjónustu við aðra opinbera aðila.

Þegar fjallað er um ríkisstofnanir er vert að hafa í huga að hin ýmsu embætti ríkisins falla undir þá skilgreiningu að vera ríkisstofnanir þótt almennt sé ekki litið svo á. Þannig eru t.d. héraðsdómstólar og sýslumannsembætti um land allt talin til ríkisstofnana. Fjöldi ríkisstofnana telst því um 240. Viðskiptaráð teldi óvarlegt að fjalla um þær allar í því samhengi sem þessi skýrsla lýtur að enda þótt ráðið teldi að auðveldlega mætti fækka stofnunum ef vilji væri til þess. Reyndar er þróunin í þá átt, eins og nýlegar fréttir af áformum dómsmálaráðherra um að fækka lögregluembættum sýna.

Það er talið að a.m.k. um 30 af þeim 240 ríkisstofnunum séu þess eðlis að um samkeppni þeirra geti verið að ræða við einkaaðila. Þar er aðallega um að ræða hinar hefðbundnu ríkisstofnanir, eins og menn hafa tilhneigingu til að skilgreina þær, sem hafa einhvers konar víðtækara þjónustuhlutverki að gegna en þeirri þjónustu sem leiðir af stjórnsýslunni.

Aðhald í ríkisrekstri hefur aukist á undanförnum árum

og eru gerðar kröfur til forstöðumanna ríkisstofnana um að þeir hagræði og sýni ráðdeild í rekstri. Til þess verður þó að líta að stofnanir hafa tilhneigingu til að blása út en það virðist oft ranglega vera viðhorf að um sé að ræða vel rekna stofnun ef útgjöld hennar aukast jafnt og þétt. Þannig má leiða líkur að því að ef framlög frá ríkissjóði til stofnana minnka eða aukast minna en áður leitist stofnanir við að finna önnur úrræði til að afla tekna. Því gæti verið vert að athuga hvort stofnanir reyni að afla sér aukinna tekna með því að útfæra starfsemi sína. Stofnanir krefjast þá annaðhvort heimildar til innheimtu, þ.e. þjónustugjalda fyrir nýja þjónustu, eða stofnunin selur einkaaðilum þjónustuna eins og einkaaðili mundi gera. Í báðum tilvikum er ekki ólíklegt að stofnunin sé að fara inn á svið sem einkaaðili hefur áður sinnt eða gæti sinnt jafn vel ef ekki betur en opinber aðili.

Íslensk lagahefð byggir á lögbundinni stjórnsýslu. Enn fremur gildir svonefnd lögmætisregla sem felur í sér að stjórnvöldum er ekki heimilt að gera neitt nema til standi sérstök heimild í lögum. Viðfangsefnin þarf því að nálgast út frá þeirri meginforsendu að umsvif ríkisins séu takmörkuð og því verði að teljast meginregla að ríkið sinni ekki tilteknum verkefnum og þá hlýtur starfsemi ríkisins fræðilega að vera undantekning. Viðurkennd lögskýringarregla er að undantekningar skuli skýra þröngt og því má ætla að skýra skuli lagaákvæði þar sem mælt er fyrir um tilgang og starfssvið ríkisstofnana þröngt.

Eins og sjá má af þeim örfáu dæmum sem nefnd eru hér á eftir er hins vegar augljóst að nokkuð frjálslega hefur verið farið með þessi ákvæði og þau gjarnan skýrð nokkuð rúmt. Í lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, er mælt fyrir um hlutverk Ríkisendurskoðunar sem er einkum endurskoðun ríkisreiknings og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá er Ríkisendurskoðun heimilt að gera svokallaða stjórnsýsluendurskoðun sem felst í því að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í því sambandi. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 kostaði rekstur Ríkisendurskoðunar 357 millj. kr. Skýr heimild er fyrir Ríkisendurskoðun um að fela utanaðkomandi sérfræðingum á viðkomandi sviði verkefni sem stofnuninni verður falið með lögunum. Rétt er að velta því upp hvort það sé almennt gert.

Ríkisendurskoðun hefur tekið að sér margs konar úttektir hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins. Viðskiptaráð vakti athygli á því á síðasta ári að stofnunin hefur til að mynda gert starfsánægjukönnun meðal starfsmanna Landhelgisgæslunnar. Er þetta aðeins eitt fjölmargra dæma um það þegar Ríkisendurskoðun hefur sjálf tekið að sér verkefni sem endurskoðunarfyrirtæki eða mannauðsráðgjafar eru a.m.k. jafn vel í stakk búnir til að inna af hendi. Má jafnvel halda því fram að utanaðkomandi aðilar væru betur í stakk búnir til að sinna eins sérhæfðu verkefni og nefnt er í dæmi Landhelgisgæslunnar, vegna sérhæfðrar reynslu og þekkingar sem þeir kynnu að hafa.

Viðskiptaráð leggur til að sem flest verkefni verði unnin af sjálfstætt starfandi endurskoðendum og öðrum sérfræðingum. Til dæmis væri hægt að bjóða upp einstök stærri verkefni eða bjóða upp heildstætt verkefni sem til falla á tilteknu tímabili.

Í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, er gert ráð fyrir veiðimálastjóra sem fer með stjórnsýslu veiðimála. Lögin gera jafnframt ráð fyrir aðskilinni Veiðimálastofnun sem ætlað er í fyrsta lagi að sinna rannsóknum á ám og vötnum með það að markmiði að veita ráðgjöf um veiðinýtingu og þróun í þeim efnum. Þá veita lögin í öðru lagi Veiðimálastofnun heimild til að taka að sér rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði sínu fyrir einstaklinga, félög og stofnanir gegn endurgjaldi. Það eru verkefni sem stærri verkfræðistofur og sjálfstætt starfandi vísindamenn gætu auðveldlega sinnt. Gert er ráð fyrir kostnaði af rekstri Veiðimálastofnunar upp á 122,5 millj. kr. ár hvert. Til dæmis var gert ráð fyrir sértekjum upp á 80 millj. kr. árið 2004.

Námsgagnastofnun er 25 ára á þessu ári en aldurinn veitir þó ekki vísbendingu um hversu lengi hið opinbera hefur haft afskipti af útgáfu námsbóka. Stofnunin tók nefnilega við starfi Ríkisútgáfu námsbóka sem sett var á laggirnar árið 1937. Kannski má halda því fram að um miðja síðustu öld hafi verið ástæða til að ríki hlutaðist til um námsgagnagerð þótt vissulega megi færa fyrir því rök að þróun námsgagna hafi með því orðið minni en ella. Í dag eru hins vegar aðstæður með þeim hætti að öflug bókaforlög hafa haslað sér völl í námsgagnagerð. Þannig reiða framhaldsskólar sig á hinn almenna markað um allar kennslubækur. Lög nr. 23/1990, um Námsgagnastofnun, fela Námsgagnastofnun hins vegar að sjá grunnskólum fyrir náms- og kennslugögnum. Þó er einnig heimild fyrir því að fela stofnuninni að annast verkefni fyrir framhaldsskóla og tónlistarskóla. Stofnuninni er ætlað að annast gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu á náms- og kennslugögnum og um leið að kaupa eða framleiða fræðslumyndir eða vera aðili að gerð þeirra.

Námsgagnastofnun er með öðrum orðum heimilt að kaupa, selja og dreifa náms- og kennslugögnum frá öðrum aðilum. Þó er Námsgagnastofnun ætlað að hafa með höndum þróun námsgagna og frumkvæði að könnunum og rannsóknum að gerð þeirra og notkun. Sjálf framleiðslan á námsefninu, þ.e. prentun og önnur tæknileg vinna er í flestum tilvikum boðin út. Engin rök leiða til þess að námsgagnagerð á grunnskólastigi lúti öðrum lögmálum en þeim sem að framhaldsskólastiginu lýtur, þ.e. markaðslögmálinu. Rekstur stofnunarinnar kostar 382 millj. kr. samkvæmt fjárlögum ársins 2005. Viðskiptaráð hvetur til þess að starfsemi Námsgagnastofnunar verði endurskoðuð. Telur ráðið vel koma til greina að leggja stofnunina alfarið niður. Að öðrum kosti verði hlutverki hennar breytt í þá veru að hún annist frekar úttekt og ráðgjöf vegna námsgagnavals skólanna.

Lög um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, gera ráð fyrir starfsemi Landmælinga Íslands, sérstakrar ríkisstofnunar sem ætlað er að sinna m.a. staðfræðilegum og landfræðilegum mælingum og útgáfu landslagskorta af Íslandi á prentuðu og stafrænu formi. Starfsemi ýmissa einkafyrirtækja svo sem Loftmynda ehf. og verkfræðistofunnar Hnits hf. ganga m.a. út á að kortleggja landslag Íslands. Starfsemi Landmælinga er því að miklu leyti á því sviði sem þau fyrirtæki sinna.

Í október síðastliðnum gerðu þessi fyrirtæki ríkissjóði tilboð um að taka yfir rekstri Landmælinga gegn greiðslu 100 millj. kr. á ári næstu 5 árin. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 kostar 226 millj. kr. að reka stofnunina. Hér er því um kostaboð að ræða fyrir íslenska skattgreiðendur. Stofnunin heyrir undir umhverfisráðherra og nú liggur fyrir að hann hyggist beita sér fyrir breytingum á áðurnefndum lögum með það að markmiði að draga verulega úr samkeppni Landmælinga Íslands við einkaaðila. Viðskiptaráð hvetur til þess að Landmælingar hætti þeirri starfsemi sem er í samkeppni við einkaaðila en að önnur starfsemi stofnunarinnar verði boðin út.

Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, fjalla um Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Ákvæðið um Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ekki þess eðlis að þar séu talin upp með tæmandi hætti möguleg verkefni stofnunarinnar. Kveðið er á um verkefni á borð við rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins í því skyni að tryggja fyllstu nýtingu hráefna og gæða afurðanna, einnig um aðstoð og leiðbeiningar við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar. Þá er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ætlað að kynna nýjungar í fiskiðnaði, tækjum og vinnsluaðferðum og prófun á gagnsemi þeirra. Einnig stendur stofnunin fyrir námskeiðum fyrir matsmenn, vélstjóra og verkstjóra í fiskiðnaðinum. Nauðsynleg rannsóknaþjónusta við fiskiðnaðinn er svo talin meðal verkefna stofnunarinnar. Lögin veita enga vísbendingu um hversu víðtæk slík rannsóknaþjónusta geti orðið. Enda er raunin sú að rannsóknastarfsemi stofnunarinnar hefur í auknum mæli keppt við einkaaðila. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 kostar 386 millj. árlega að reka stofnunina. (**Gripið fram í:** Hvað segir viðskiptaráðherra?)

Viðskiptaráð leggur til að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verði lögð niður. Ríkið rekur rannsóknastofur á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Ýmist eru þetta sjálfstæðar rannsóknastofur, eins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, eða rannsóknastofur inni á öðrum stofnunum ríkisins sem hafa að einhverju leyti víðtækari starfsemi með höndum, t.d. Iðntæknistofnun. Þessar rannsóknastofur, sjálfstæðar eða ekki, eru mjög gjarnan í samkeppni við einkaaðila sem í auknum mæli bjóða nú upp á rannsóknir af hvers kyns toga. Viðskiptaráð leggur til að hlutverk rannsóknastofa ríkisins verði endurskoðað þannig að þær annist ekki rannsóknir í samkeppni við einkaaðila.

Nýlega bárust fréttir af nýrri starfsemi hjá sýslumannsembættunum sem fyrirhuguð er í tengslum við útgáfu nýrra tegunda vegabréfa. Þannig er ráðgert að myndataka fyrir vegabréf fari fram hjá sýslumönnum og er ljóst að þar með er starfsemi sýslumannsembætta komin á svið atvinnuljósmyndara. Það stefnir þó ekki einu sinni í samkeppni sýslumanna við ljósmyndara því samkvæmt fréttum verður gert ráð fyrir að myndataka fyrir vegabréf geti aðeins farið fram hjá sýslumönnum en ekki atvinnuljósmyndurum. Ríkið er því að mæla fyrir um einokun á starfsemi sem hingað til hefur áfallalaust verið haldið út eingöngu af einkaaðilum. Kostnaður við þetta mun nema tugum millj. kr. á ári.

Fullyrðingar um að þetta sé nauðsynlegt af öryggisástæðum eiga ekki við rök að styðjast enda tíðkast þetta fyrirkomulag t.d. ekki á Norðurlöndunum sem lúta þó jafnframt að Schengen í þessum efnum. Myndatökur í passamyndir eru oft stór hluti af starfsemi ljósmyndara og því er jafnvel haldið fram að þetta geti riðið sumum ljósmyndurum að fullu. Viðskiptaráð leggur til að ríkið láti af hugmyndum sínum um að sýslumenn annist myndatökur í vegabréf.

Vinnueftirlitið. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, er gert ráð fyrir Vinnueftirliti ríkisins. Í lögunum er Vinnueftirlitinu ætlað margvíslegt hlutverk á þeim sviðum sem lögin fjalla um. Að miklu leyti sem umsagnaraðili vegna ýmissa reglna sem félagsmálaráðherra er ætlað að setja. Samkvæmt 75. gr. laganna eru þó talin upp verkefni Vinnueftirlitsins í 12 liðum og er þó ekki um tæmandi talningu að ræða. Verkefnin eru allt frá almennu stjórnsýsluhlutverki til almennrar fyrirtækjaráðgjafar. Ákvæði lagagreinarinnar um ráðgjöf til handa einkaaðilum eru afar opin og undir þann þátt má heimfæra ýmiss konar þjónustu Vinnueftirlitsins. Vinnueftirlitið hefur til að mynda tekið að sér ýmsar starfsmannaúttektir sem ráðgjafarstofur gætu hæglega tekið að sér.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 kostaði rekstur Vinnueftirlitsins 370 millj. kr. Viðskiptaráði er kunnugt um eftirfarandi raunverulegt dæmi um hvernig þetta hefur horft við einkaaðila á markaðnum. Verkefnið var unnið af Liðsinni í samstarfi við Samiðn og Samtök iðnaðarins ásamt fjórum öðrum einkaaðilum. Tilgangur verkefnisins var að kortleggja áhættuþætti í vinnuumhverfi í málm- og byggingaiðnaði til að finna leiðir til að draga úr slysum starfsmanna. Matskerfi frá LSP var notað og gert var skimunarúrtak hjá fjórum fyrirtækjum með um 150–200 starfsmenn og var meginniðurstaðan slök öryggisvitund. Í kjölfarið voru sett á laggirnar tvö verkefni á vegum Vinnueftirlits ríkisins. Verkefni sem LSP hefði auðveldlega getað sinnt. Niðurstaðan af þessu frumkvæði einkafyrirtækjanna varð sú að Vinnueftirlitið bætti viss verkefni á sviði eflingar öryggisvitundar á meðal starfsmanna þessara fyrirtækja, m.a. með skýrslu LSP úr ofangreindri greiningu til grundvallar. Þá var átaki í heilsueflingu hrundið af stað innan Samtaka atvinnulífsins í samvinnu við Vinnueftirlitið.

Að lokum kemur enn annað dæmi um samkeppni Vinnueftirlitsins. Árið 2003–2004 framkvæmdi ráðgjafarfyrirtæki áhættugreiningu á tveimur togurum fyrir útgerð, með eins árs heilsueflingu í kjölfarið. Markmið ráðgjafarfyrirtækisins var að nýta þá reynslu og þekkingu á öðrum rekstrarsviðum útgerðarfélagsins. Stuttu eftir ráðgjafarvinnuna bauð Vinnueftirlit ríkisins útgerðarfyrirtækinu tilraunaverkefnið um áhættugreiningu í landvinnslu fyrirtækisins sem útgerðarfyrirtækið þáði enda þeim að kostnaðarlausu. Áður hefur svo Viðskiptaráð vakið athygli á starfsánægjukönnun Vinnueftirlitsins sem var svo kölluð í fréttum meðal starfsmanna Landspítalans. Vinnueftirlitið gerði athugasemd við ályktun sem Viðskiptaráð prófaði af fréttum af þeirri könnun og áréttaði þá túlkun sína af lagaákvæðum um vinnueftirlit að slíkar kannanir væru liður í því að kanna aðbúnað starfsmanna á vinnustað. Viðskiptaráð mótmælir hins vegar áfram svo rúmri lagatúlkun.

Með hliðsjón af þeirri meginstefnumörkun sem ríkisstjórnir síðustu ára hafa haft varðandi ríkisrekstur almennt er þó óhætt að fullyrða að mörk ríkisrekstrar og einka-

rekstrar séu nokkuð skýr ef nánar er að gáð. Með einkavæðingu síðustu ára hefur markvisst verið unnið að því að leggja niður samkeppni ríkisins við einkaaðila. Sömu sjónarmið eiga við um ríkisstofnanir. Það getur vissulega verið umfangsmikið verkefni fyrir ríkisstofnanir að fylgjast með því á hvaða sviðum einkaaðilar hafa haslað sér völl. Það er hins vegar ekki nema eðlilegt að gera þá kröfu til forstöðumanna ríkisstofnana að þeir sjái til þess að stofnunin sé ekki í samkeppni á markaðnum. Að þessu leyti hvílir einnig mikil ábyrgð á einkaaðilum. Þeir verða að búa svo um hnútana að opinberir aðilar upplifi ekki hvatningu til að veita þjónustu sem er í samkeppni við einkaaðila. Þannig þurfa einkaaðilar að meta það með skipulegum hætti hvort rétt sé að þiggja opinbera þjónustu sem er í samkeppni við einkaaðila jafnvel þó svo hinu opinbera sé veitt gegn vægara gjaldi eða jafnvel ókeypis."

Frú forseti. Ég er á þeirri skoðun að ríkisstjórnin ráðist í krefjandi verkefni sem skila mun almennum sparnaði í ríkisrekstri öllum landsmönnum til farnaðar. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar um innkaupastefnu ríkisins frá 2002 felst m.a. sú eðlilega krafa til ríkisstofnana að skoðað sé með reglulegum og skipulegum hætti hvort verkefni séu leyst með hagkvæmari hætti innan stofnunar en með því að kaupa þjónustuna á almennum markaði. Ákveðið aðhald felst í því að einkaaðilar geti beint fyrirspurnum til stofnana um rekstur einstakra þátta sem stofnanir verði að bregðast við. Í tengslum við mótun innkaupastefnu verða ráðuneyti að fara yfir með viðkomandi stofnun þá þætti sem mögulegt er að bjóða út og tilgreina markmið og tímasetningar í því sambandi.

Ég er hjartanlega sammála samþykktinni en að sama skapi spyr ég: Er eftir henni farið í einu og öllu? Ég tel mikilvægt að fagráðherrar í ríkisstjórn Íslands virði í einu og öllu þá samþykkt sem felst í innkaupastefnu ríkisins um þessi mál. Með metnaði og vilja er ég sannfærður um að ríkisbúskapinn megi reka með hagkvæmari hætti sem og betri þjónustu. Samhliða slíkum fullyrðingum tel ég þó brýnasta verkefnið í dag að ríkisreksturinn og ríkisfjármálin hlúi að fullorðnu fólki í okkar ríka landi með því að tryggja viðeigandi og mannvirðuleg vistunarúrræði fyrir þá sem slíka þjónustu vantar og síðast en ekki síst breyti þeirri ófarnaðarstefnu að letja eldri borgara til vinnu sem og að hún rífi frá áunnin lífeyrisréttindi að stóru leyti vegna ómanneskjulegra tekjutenginga.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að gagnrýna rétt eins og að lofa. Það er hlutverk okkar þingmanna að leita leiða og benda á það sem betur má fara. Sjálfur er ég bjartsýnn á framtíðina. Ég er á þeirri skoðun að með fastmótaðri skattstefnu þar sem hlutur hins vinnandi manns verði réttur, samhliða þeim áunnu skattakjörum sem lögaðilar búa við í dag muni hún veita íslensku samfélagi gríðarsterka stöðu í alþjóðasamkeppni nútímans.

Ég er á þeirri skoðun að flatur tekjuskattur á fyrirtæki og einstaklinga sem og virðisaukaskattur verði sem næst 15%. Ég er sannfærður um að slík stefna mundi skila afkomendum okkar þegar allt kemur til alls þeim hagvexti, tekjum, tækifærum og ávinningi sem við viljum.

Okkur stjórnmálamönnunum ber skylda til að útfæra jákvæðan hvata til atvinnulífsins og samfélagsins. Við eigum að þora og leita leiða. Írland, Singapúr og fleiri stórhuga ríki hafa náð undraverðum árangri með róttækum skattstefnum í takt við þá skattstefnu sem ég hef séð þróast hér á landi. Einstaka stjórnarandstöðuþingmenn hafa komið hér upp og varla bent á nokkuð annað en niðurskurð í sendiráðum til ríkissparnaðar. Á sama tíma segja þeir vanta framtíðarstefnumótun í ríkisfjármálin. Ég spyr: Hvar hefur þetta fólk búið síðasta áratuginn? Ríkissjóður hefur aldrei staðið betur. Ég hef kynnt mér kostnað vegna nýrra sendiráða og hef enn þá skoðun að hægt sé að spara töluverða fjármuni í þeim efnum. Engu að síður hef ég ekki enn heyrt af heilbrigðri pólitískri stefnumótun til framtíðar frá neinum stjórnarandstöðuflokkanna sem skilar af sér betri þjónustu sem og frekari hagræðingu í ríkisrekstri, hvað þá betri tækifærum til afkomenda okkar.

Mín lokaorð verða þau skilaboð til ríkisstjórnarinnar að bretta upp ermar í málefnum eldri borgara og tryggja fullorðnu og stoltu fólki í samfélaginu þau lífsskilyrði sem það á skilið eftir að hafa skilað bændasamfélaginu Íslandi í stöðu einnar ríkustu þjóðum veraldar á umliðnum áratugum.

[01:43]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Erni Örlygssyni fyrir að loka þessari löngu umræðu okkar um fjárlög fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins en sem kunnugt er er hann nýr þingmaður þess flokks. Það var sérstakt, en um leið kannski hreint og beint af þingmanninum að lesa að mestu leyti upp úr tillögum Viðskiptaráðsins og áliti Viðskiptaráðsins enda þekkjum við í þessum sal að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins gengur mestan part erinda Viðskiptaráðsins í þessum sölum og að mörgu leyti því viðeigandi að þeir hafi upplestur á þeirra orðum fremur en að setja þau í sinn eigin búning.

Nú hefur hv. þingmaður nýverið skipt um stjórnmálaflokk og ekkert við það að athuga. Menn eiga að fylgja sannfæringu sinni. En ég geri mér ferð í ræðustólinn til að inna þingmanninn eftir því hver afstaða hans verði þetta árið til tillögunnar um það að ríkisstjórnin uppfylli samkomulagi sem hún gerði við Öryrkjabandalagið í aðdraganda kosninganna 2003. Hér liggur fyrir tillaga um að verja 600 millj. kr. til að efna það samkomulag. Þetta er ekki fyrsta árið sem tillagan er flutt heldur er þetta þriðja árið sem hún er flutt. Ég þekki vel hug þingmannsins til þess máls. Hann hefur komið skýrt fram, m.a. í tvígang í atkvæðagreiðslum á Alþingi um þá tillögu þar sem hann hefur léð henni liðsinni sitt með atkvæði sínu enda fylgt sannfæringu sinni eins og stjórnarskráin býður honum. Ég vil þess vegna inna hv. þingmann eftir því hvort hann muni styðja þá tillögu að veita 600 millj. kr. til að tryggja að ríkisstjórnin geti uppfyllt það samkomulag sem hann sannarlega hefur talið að hún hafi gert við Öryrkjabandalagið og þá lífeyrisþega sem hann kveðst bera hag fyrir brjósti.

[01:45]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í ræðu minni fór ég yfir pólitíska sviðið. Ég talaði fram í tímann, ég talaði um niðurskurð og sparnað í ríkisrekstri og ég talaði um hagkvæmni í ríkisrekstri. Ég fór yfir tillögur Viðskiptaráðs Íslands í þeim efnum, hvort sem þær eru að skapi hv. þm. Helga Hjörvars eða ekki. Ég tel það skyldu okkar að leita leiða og hlusta á félagasamtök í þjóðfélaginu, rétt eins og stjórnmálaflokkur hv. þingmanns hlustar iðulega á Alþýðusamband Íslands.

Hvað varðar spurningu hv. þingmanns vil ég segja: Auðvitað tel ég að koma eigi vel fram við öryrkja og aldraða í þessu landi. Það kom fram í ræðu minni rétt áðan að ég teldi brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar í dag að bretta upp ermar og koma til móts við þarfir eldri borgara í þessu landi, brýnasta verkefnið. Ég fer ekkert ofan af þeirri skoðun hvort sem ég er í Sjálfstæðisflokknum eða öðrum flokki. (Gripið fram í.) Þetta er allra brýnasta verkefnið sem bíður ríkisstjórnarinnar í dag, að taka tillit til umræðunnar og taka á vanda sem sannarlega er til staðar. En auðvitað þurfum við að halda uppi ákveðnum tekjum, auðvitað þurfum við að búa til ákveðið umhverfi þannig að við getum stutt það velferðarsamfélag sem við viljum hafa í okkar ríka landi. En ég vil á móti spyrja hv. þingmann: Hverjar eru sparnaðarleiðir Samfylkingarinnar í ríkisbúskapnum eins og hann lítur út í dag? Ég hef ekki heyrt af þeim enn sem komið er.

[01:47]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú hefur það komið fram í ræðu minni að ég geri engar athugasemdir við að alþingismenn skipti um stjórnmálaflokka eftir kosningar. Fylgi stjórn en ekki stjórnarandstöðu ef þeim býður svo við að horfa, fylgi með öðrum orðum sannfæringu sinni. Ég gerði engar athugasemdir við þær gerðir hv. þingmanns en það er áhyggjuefni, en kannski eðlilegt, að honum vafðist nokkuð tunga um tönn við að svara einfaldri spurningu. Spurningin var einfaldlega þessi: Hv. þingmaður hefur staðið að tillöguflutningi á Alþingi tvö undanfarin ár um að verja skuli nærri 600 millj. kr. til að uppfylla samning ríkisstjórnar Íslands við Öryrkjabandalag Íslands. Hann hefur haldið því fram ásamt okkur að sá samningur hafi ekki verið efndur og hann hefur ítrekað greitt því atkvæði að þann samning eigi að efna. Nú liggur sú tillaga fyrir Alþingi Íslendinga þriðja sinni og ég spyr hv. þingmann einfaldlega: Mun hann í þessu efni fylgja sannfæringu sinni og greiða henni atkvæði þriðja árið eða telur hv. þingmaður núna allt í einu að samkomulagið hafi verið efnt eða það þurfi ekki að efna það fyrr en eftir tvö, þrjú eða fjögur ár eða einhvern tíma í framtíðinni — hv. þingmaður talaði mestan part fram í tímann en ekki um það fjárlagafrumvarp sem hér liggur fyrir.

[01:49]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef það hefur ekki komið skýrt fram í máli mínu áðan þá er ég á þeirri skoðun að koma eigi til móts við öryrkja og aldraða í þessu landi. Mín afstaða til þess að ríkisstjórnin efni þau loforð sem hún gaf öryrkjum á sínum tíma hefur ekkert breyst. Þingmaðurinn á eftir að sjá það í þingsal þegar um þetta verður greitt atkvæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 01:51.

---

30. FUNDUR

föstudaginn 25. nóv.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 2006, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 395, 404 og 405, brtt. 396, 397, 398, 399, 400, 401, 406, 407, 408, 410, 411, 412, 415, 416 og 417. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Húsnæðismál, stjfrv., 343. mál, þskj. 377. — 1. umr.
3. Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 351. mál, þskj. 385. — 1. umr.
4. Búnaðargjald, stjfrv., 332. mál, þskj. 364. — 1. umr.
5. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 333. mál, þskj. 365. — 1. umr.
6. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 344. mál, þskj. 378. — 1. umr.
7. Verslunaratvinna, stjfrv., 345. mál, þskj. 379. — 1. umr.
8. Einkaleyfi, stjfrv., 346. mál, þskj. 380. — 1. umr.
9. Meðferð opinberra mála, frv., 295. mál, þskj. 314. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

Athugasemdir um störf þingsins.

Verðsamráð olíufélaganna.

[10:02]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég taldi rétt þegar atkvæðagreiðsla við

2. umr. fjárlaga er á dagskrá að fara hér upp um störf þingsins og spyrja hæstv. fjármálaráðherra um það hvernig ríkið hefur staðið að hagsmunagæslu sinni gagnvart olíufélögunum og því verðsamráði sem fram fór og uppvíst varð um fyrir nokkrum árum. Í febrúar á þessu ári spurði ég þáverandi hæstv. fjármálaráðherra hvernig hann hygðist standa að hagsmunagæslu fyrir hönd ríkisins því að a.m.k. í sex tilvikum, þ.e. varðandi dómsmálaráðuneytið, Landssímann, Íslandspóst, lögregluna í Borgarnesi, Landhelgisgæsluna og Vegagerðina, er ljóst að verðsamráð olíufélaganna olli ríkinu miklu tjóni. Sennilega nemur það tjón tugum ef ekki hundruðum millj. kr. Þegar þáverandi hæstv. fjármálaráðherra var spurður út í þetta mál sagði hann að verið væri að skoða málið. Síðan eru liðnir níu mánuðir og ekkert hefur gerst og ekkert hefur spurst til málsins.

Við vitum að Reykjavíkurborg hefur ákveðið að höfða mál en olíufélögin óskuðu eftir því við Reykjavíkurborg að setjast niður og ræða hugsanlegar skaðabætur.

Nú lýtur málið ekki að því hvort dómar falli eða ekki því að öll þessi brot eru meira og minna játuð og staðfest og þar af leiðandi er bótaábyrgðin nokkuð skýr. Því vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra sem fer með þessi mál fyrir hönd ríkisins:

1. Ætlar ríkið að höfða mál til að gæta réttar síns?

2. Hvar stendur undirbúningur þess máls núna, meira en níu mánuðum eftir að sagt var á hinu háa Alþingi að málið væri í skoðun hjá fjármálaráðuneytinu?

[10:04]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Þessi mál hafa verið til skoðunar hjá þeim ráðuneytum og stofnunum sem þetta varðar sérstaklega og eftir því sem ég hef fregnað að undanförnu eru þau mál langt komin og þess að vænta að innan tíðar fái fjármálaráðuneytið niðurstöður þeirrar vinnu. Þegar þær niðurstöður eru allar komnar í hús skapast grundvöllur til þess að taka afstöðu til málsins í heild og ákvarða hvort efni standa til að höfða mál eða hvort mál eru þannig vaxin að það séu minni líkur en meiri á því að niðurstaða náist.

En þrátt fyrir að liðnir séu níu mánuðir er enn verið að vinna í málinu, því hefur miðað áfram og niðurstöðu er að vænta innan tíðar án þess að hægt sé að nefna dagsetningar í því sambandi.

[10:05]

Mörður Árnason:

Forseti. Níu mánuðir duga venjulegu fólki til að eignast heilt barn en þeir duga fjármálaráðherra og ráðuneytunum öllum samanlögðum ekki til þess einu sinni að komast að því hvort stefnt skuli að því að höfða mál. Það er til skoðunar, sagði hæstv. fjármálaráðherra, og það er til umræðu í ráðuneytunum, öllum nema hans eigin því það bíður eftir niðurstöðum um hvort hugsanlegt sé að mál eigi að höfða eða hvort málið er ekki þannig vaxið að eigi að höfða það.

Þessi maður hér og forveri hans og félagar eru sérstaklega kjörnir til að gæta hagsmuna almennings á Íslandi gegn svikurum, gegn svindlurum og gegn pakki sem fer þannig með peninga fólksins að það ætti fyrir löngu að vera búið að koma þeim öllum saman fyrir á ónefndum stað. Það er ekki málið hér, eins og fyrri ræðumaður sagði, heldur er málið þetta: Ætlar ríkið ekki að reyna að ná aftur einhverju af því fé sem hefur verið tekið af því? Reykjavíkurborg hefur lyft upp hendi og þeir koma hlaupandi, olíufurstarnir. Neytendasamtökin eru komin í mál og auðvitað hafa útvegsmenn gert kröfur um að fá aftur það fé sem af þeim var tekið.

Það er sjálfsagt að gera þetta og það þurfa ekki að líða níu mánuðir, eða tvisvar sinnum níu mánuðir eins og andlitsdrættir hæstv. fjármálaráðherra bentu til að mundu líða, til þess að almenningur fái a.m.k. svör við því hvort á að gæta hagsmunanna eða ekki. Ef hagsmunagæslumennirnir eru orðnir svo þreyttir á störfum sínum að þeir treysta sér ekki til þess að gæta hagsmuna almennings í þessu máli, ef þeir eru svo miklir vinir þeirra sem hlut eiga að máli hinum megin að þeir þora ekki í þá, þá eiga þeir að hætta hagsmunagæslu sinni og fara að gera eitthvað annað.

[10:08]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að stóru olíufélögin þrjú höfðu með sér samráð um verð til stórra viðskiptaaðila, þar á meðal til ríkisins. Þetta er óumdeilt, þetta liggur fyrir og brot í þessa veru hafa verið játuð.

Maður veltir fyrir sér hvernig í ósköpunum geti staðið á því að hæstv. fjármálaráðherra kemur upp og svarar spurningu um það hvort ríkissjóður ætli að sækja bætur fyrir þau brot sem liggja fyrir á þann veg að það sé í skoðun. Getur verið að það þurfi að skoða það? Ef fyrir liggur að brotið hefur verið á ríkinu þarf þá að skoða það hvort sækja á þann rétt sem hlýtur að liggja hjá ríkinu?

Málið er í mínum huga ósköp einfalt. Það liggur fyrir. Við getum sett það upp í örfáar staðreyndir. Það var brotið á ríkinu. Þau brot er búið að játa. Ríkið hefur orðið fyrir tjóni. En hæstv. ráðherra segir að það skuli skoða hvort rétt sé að bregðast við þeim staðreyndum að svindlað hafi verið á ríkinu, að svindlað hafi verið á almenningi. Það er óboðlegt að koma í ræðustól þingsins og lýsa því yfir að í allan þennan tíma hafi embættismenn verið að skoða hvort ástæða sé til að bregðast við og það liggi ekki nein niðurstaða fyrir í því.

Við hljótum að þurfa að fara fram á það við hæstv. fjármálaráðherra að hann svari okkur betur og að svarið verði gleggra en þetta. Er einhver vafi á því að ríkið ætli að sækja bætur? Það er spurningin. Er einhver vafi á því? Ætlar fjármálaráðherra að gæta hagsmuna ríkisins og sækja þessar bætur fyrir okkar hönd?

[10:10]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Auðvitað er það ótækt að mál af þeim toga sem olíumálið er skuli ekki vera afgreitt, að við skulum vera að velkjast með það í dómskerfinu og í umræðum um mögulegar bótakröfur. Það er ótækt að við skulum láta það liggja áratugum saman óafgreitt og óuppgert í íslensku samfélagi. Það er ótækt. Að sjálfsögðu á ríkissjóður að gæta réttar síns í þessu máli ef brotið hefur verið á honum, að sjálfsögðu. Og mér finnst að hæstv. fjármálaráðherra

eigi að segja það hreint út en ekki segja að málið verði skoðað.

Við eigum kröfu á því að fjármálaráðherra segi fyrir hönd ríkissjóðs, fyrir hönd okkar hér, að að sjálfsögðu verði hagsmuna ríkissjóðs gætt í þessu máli. Við eigum kröfu á því að hann segi að hann muni beita sér fyrir því að málinu verði hraðað eins og kostur er og meira til. Það eru þau svör sem við viljum fá að heyra.

Ég legg áherslu á, frú forseti, að það er orðið tímabært að mál af þessum toga verði gerð upp — við höfum óuppgerð tryggingamál og önnur mál sem eru á sviði viðskipta, bæði í dómskerfinu sjálfu og hvað varðar bótakröfur. Það er óþolandi að slík mál safnist upp, frú forseti. Fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra, og aðrir þeir ráðherrar sem í hlut eiga, verða að ljúka þessu máli, gera það upp, gæta hagsmuna íslenska ríkisins. Það á að vera hafið yfir allan vafa að einbeittur vilji sé til að láta það mál ganga til enda og ljúka því.

[10:12]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þegar fyrir liggur niðurstaða frá stofnun á vegum ríkisins, stofnun sem hefur verið sett á fót til að hafa eftirlit með samkeppni, að samkeppni hafi verið brotin og það liggja fyrir játningar hvað það varðar ætti ríkið auðvitað að vera í fararbroddi og fylgja eftir kröfum um að bætur fáist frá þeim aðilum sem eiga hlut að máli. En það er ekki aldeilis þannig að ríkið gangi þar á undan. Heldur er ástæða til að halda að þar séu menn að hnoðast með þetta mál af einhverjum undarlegum ástæðum.

Hvernig stendur á því að ríkið getur ekki tekið afstöðu þegar Reykjavíkurborg hefur tekið hana, þegar útvegsmenn hafa opinberlega lýst því margsinnis yfir að þeir ætli sér að ná fram bótum? Það liggur ekki einu sinni fyrir hvort stjórnvöld hér ætli að fylgja málinu eftir og fá bætur fyrir þessi brot. Þetta er óbjörgulegt og þegar horft er á þetta í samhengi við það hvernig stjórnvöld hafa á undanförnum árum staðið við bakið á stofnunum af þessu tagi hjá okkur hlýtur maður að efast um að viljinn sé fyrir hendi. Mál eyðilögðust hjá Samkeppnisstofnun á sínum tíma, t.d. gagnvart tryggingafélögunum, af því að ekki var hægt að vinna að þeim, af því að stjórnvöld stóðu ekki við bakið á þessum stofnunum til þess að hægt væri að rannsaka þau. Og nú liggur fyrir að menn liggja yfir því mánuðum saman hvort sækja eigi þann rétt sem fyrir liggur á grundvelli játninga. Og hæstv. fjármálaráðherra skilar hér auðu. Jú, það er verið að skoða málið en niðurstaðan liggur ekki fyrir.

Hæstv. fjármálaráðherra ætti að geta orðið við þeirri kröfu að hann sæki rétt og ríkisvaldið sæki rétt fyrir hönd borgaranna í þessu landi.

[10:14]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég get vottað það fyrir mitt leyti að þessa níu mánuði hefði mátt nota til heillar meðgöngu en ég vil lýsa undrun minni á þeirri linkind sem lýsir af framgöngu nýs fjármálaráðherra í þessu hagsmunamáli almennings í landinu. Tvær rannsóknarstofnanir ríkisins, Samkeppnisstofnun og ríkislögreglustjóri, hafa báðar eftir áralanga rannsókn komist að þeirri eindregnu niðurstöðu að hér hafi verið framið víðtækt og skipulagt samsæri gegn almenningi, m.a. hafi verulegar fjárhæðir verið hafðar af ríkissjóði. Enn þá situr hæstv. fjármálaráðherra og klórar sér í kollinum og spyr sig hvort líkur séu til að hann vinni málið eða ekki. Ég hvet hæstv. fjármálaráðherra til að sýna eilitla djörfung á fyrstu embættisdögum sínum og sýna þjóðinni að hann muni ekki líða fyrirtækjum í landinu að fara þannig með sjóð almennings, ríkissjóð, heldur muni hann stefna hverjum þeim sem með þessum hætti gengur fram. Það hefur Reykjavíkurborg fyrir löngu gert og það sér auðvitað á hvernig þessi mál standa að þá þegar óskuðu olíufélögin eftir viðræðum við borgina um það hvernig þau gætu bætt fyrir misgjörðir sínar gegn henni.

Sumir þeirra aðila sem hér eiga í hlut hafa einfaldlega þegar játað brot sín þannig að það liggur fyrir og ekki eftir neinu að bíða fyrir hæstv. fjármálaráðherra að lýsa því skörulega yfir að hér verði stefnt, nema til standi að hlífa einhverjum.

[10:17]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það bar ekki á því að það væri mikill kraftur eða djörfung í nýjum hæstv. fjármálaráðherra hvað varðaði þau svör sem hér komu fram áðan, né að mikill hugur væri í honum til að gæta hagsmuna almennings í þessu tiltekna máli.

Ég vil aðeins rifja það upp að á sínum tíma komst Samkeppnisstofnun að þeirri niðurstöðu að olíufélögin hefðu hagnast um 6,5 milljarða á verðsamráði sínu. Nú stendur eftir að þau eigi að greiða 1,5 milljarða í sekt. Með öðrum orðum standa 5 milljarðar nettó enn þá eftir í hagnað og við getum ekki horft upp á að það sé látið óátalið.

Hvaða skilaboð eru það líka til annarra aðila sem vinna á þessum markaði, eins og Atlantsolíu, sem hugsanlega þurfa að þola að það verði látið óátalið að svona samráð hafi átt sér stað og jafnvel það að ríki hafi ekki enn þá tekið ákvörðun um hvort það ætli að stefna eða ekki?

Ég nefndi áðan að liðnir væru níu mánuðir síðan ég spurði hæstv. fjármálaráðherra um málið. Þá var það til skoðunar en það eru komin yfir tvö ár síðan öllum varð ljóst hvernig í pottinn var búið, það er þannig ekki aðeins að framtakssamir menn og konur hafi getað átt barn á þessum tíma, þetta er mun lengri tími, tvö ár, og hefði verið hægt að stofna heilu fjölskyldurnar á meðan. Þess vegna finnst mér ekki stórmannlegt af hæstv. fjármálaráðherra að koma hér upp og lýsa því yfir að hagsmuna ríkisins verði gætt í hvívetna og að sjálfsögðu muni ríkið stefna að því að gæta hagsmuna sinna þegar vegið er að því og brotið gegn því. Það er ekki stórmannlegt af hæstv. fjármálaráðherra að lýsa þessu yfir. Ég hvet hann eindregið til að kveða nú upp úr um að hann sé maður einhverra verka, nýr hæstv. fjármálaráðherra í fjármálaráðuneytinu.

[10:19]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Þetta er aldeilis mögnuð umræða. Það vantar ekki dirfskuna, djörfungina og kraftinn í hv. þingmenn sem hér tala en hvernig hefur sú dirfska og sú djörf-

ung gagnast þeim? Það er það sem ég velti fyrir mér.

Alla jafnan gerir stjórnarandstaðan kröfu um að ríkisstjórnin vandi til verka sinna, hún rasi ekki um ráð fram í einu eða neinu og þegar höfðað er mál fyrir hönd hins opinbera þá séu menn vel undirbúnir og verði ekki gerðir afturreka með þau á einn eða neinn hátt. Er það annars ekki rétt hjá mér að hv. alþingismenn geri slíka kröfu til hálfu ríkisvaldsins og framkvæmdarvaldsins? (Gripið fram í.) Það er nákvæmlega það sem verið er að gera núna. Það er verið að fara vel yfir þetta mál. Það er verið að vanda til undirbúningsins, til þess að þegar og ef sú niðurstaða verður í málinu að höfða skuli mál að vel athuguðu máli þá gangi það eftir.

Hv. þingmenn sumir hverjir tala hér eins og fjármálaráðherrann sé ekki málsaðili sem á að taka ákvörðun um að höfða málið heldur sé hann dómarinn í málinu og það sé hann sem eigi að tukta menn til. Þá eru menn að rugla saman. Það er ekki fjármálaráðherrann sem er dómarinn, það er dómsvaldið sem dæmir í þessu máli. Það verður vandað til þessarar ákvörðunar og þegar hún verður tekin þá mun niðurstaðan ganga vel eftir. (**LB:** Það liggur fyrir játning.) Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sem er menntaður lögfræðingur grípur fram í og kallar að það liggi fyrir játning en hann hlýtur að gera sér grein fyrir því að það er annað mál að höfða skaðabótamál en að höfða mál til að sanna sekt eða sýknu í einstökum atriðum, því það þarf að sýna fram á skaðann.

En hins vegar aðeins til að hjálpa hv. þingmönnum í líkingamáli sínu sem talsvert hefur borið á í þessari ræðu, að ef þá vantar að vita meðgöngutíma einhverra annarra dýrategunda eins og hann var að vitna til, þá gætu þeir leitað til mín til að fá þær upplýsingar.

Fjárlög 2006, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 395, 404 og 405, brtt. 396, 397, 398, 399, 400, 401, 406, 407, 408, 410, 411, 412, 415, 416 og 417.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:22]

Helgi Hjörvar *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Við höfum nú lokið meginumfjöllun um fjárlög við 2. umr. og göngum til afgreiðslu á þeim breytingartillögum sem við frumvarpið eru. Því miður er ekki ástæða til þess þetta árið að ætla að fjárlögin gangi neitt betur eftir en undangengin ár en eins og menn þekkja hefur verið viðvarandi gríðarleg skekkja frá frumvarpinu annars vegar að niðurstöðunni hins vegar og verður að harma það almenna agaleysi sem er í framkvæmd fjárlaganna. Við heitum á nýjan hæstv. fjármálaráðherra að reyna að gera þar bragarbót á frá því sem var í tíð hæstv. núverandi utanríkisráðherra, Geirs Haarde.

Einkenni þessa fjárlagafrumvarps er annars vegar skortur á aðhaldi og hins vegar skattalækkanir til okkar, hátekjufólksins í samfélaginu. Það er nú svo komið að hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson hefur á einum áratug ásamt félögum sínum í Sjálfstæðisflokknum aukið skattbyrði hinna lægst launuðu í landinu um heil mánaðarlaun á ári en létt sköttum af okkur, hátekjufólkinu í landinu um heil mánaðarlaun á ári. Sú misskipting er farin að ógna þeirri samstöðu og þeim einhug sem lengi hefur einkennt íslenskt samfélag. Þess vegna flytur Samfylkingin tillögur um öðruvísi skattalækkanir sem miða að því að lækka matarverð í landinu og hækka persónuafsláttinn og kemur þá þeim best sem lakasta hafa afkomuna. En auk þess eru þar tillögur um að bæta hag lífeyrisþega, styrkja menntakerfið og efla velferðarkerfið. Þó að tillögur okkar séu aðeins táknrænar þá skila þær samt 4 milljörðum meiri afgangi en tillögur ríkisstjórnarinnar vegna þess að útgjaldaþenslan í þessu frumvarpi sýnir að þessi ríkisstjórn hefur setið allt of lengi við völd. Það er engin snerpa eftir í henni til þess að taka á einu eða neinu í ríkisrekstrinum. Útgjöldin velta fram ár frá ári eins og snjóbolti niður brekku og hlaða utan á sig gæluverkefnum á bæði borð, þörfum og þarflausum og þegar þenslunni lýkur verður þessi mikli útgjaldavandi það sem ný ríkisstjórn jafnaðarmanna þarf að taka á sem og misskiptingunni í landinu.

Við munum taka nokkrar tillagna okkar til atkvæða í dag en draga aðrar til 3. umr. en sitja hjá við tillögur ríkisstjórnarinnar enda verður hún ein að bera ábyrgð á þeim fjárlögum sem hún ber fram.

Áður en gengið er til atkvæðagreiðslu vil ég fyrir hönd okkar fjárlaganefndarmanna Samfylkingarinnar færa samstarfsfólki okkar í fjárlaganefndinni og formanni hennar okkar bestu þakkir fyrir gott og farsælt samstarf í nefndinni.

[10:25]

Magnús Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að staða ríkissjóðs Íslands er sterkari nú en dæmi eru um á síðari tímum. Miðað við breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar verða fjárlög ársins 2006 með tekjuafgangi sem nemur 19,6 milljörðum kr. eða nálægt 2% af landsframleiðslu. Það er meiri afgangur en flestar Evrópuþjóðir geta státað af um þessar mundir. Útlit er fyrir að skuldir ríkissjóðs verði aðeins sem nemur um 10% af landsframleiðslu í lok næsta árs. Að þessu leyti hefur náðst ótrúlegur árangur á stuttum tíma við að greiða niður skuldir ríkissjóðs og er enn eitt dæmi um góðan árangur á stjórn ríkisfjármála síðustu árin. Ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir hafa náð miklum árangri í ríkisfjármálum og það skiptir þjóðina miklu máli að áframhald verði á því eins og frumvarpið gengur út á.

Stjórnarandstaðan heldur því fram enn og aftur að verið sé að skera niður útgjöld til velferðarmála og félagsmála. Sá málflutningur er holari nú en nokkru sinni og á sér enga stoð í raunveruleikanum. Þvert á móti er enn eitt árið verið að auka framlög til velferðarmála, til félagsmála og menntamála svo dæmi séu tekin. Það er rétt að vara þjóðina við því að taka mark á klisjukenndum og ósönnum málflutningi stjórnarandstöðunnar að þessu leyti heldur horfa til þess sem gert hefur verið og til þess sem felst í fjárlagafrumvarpinu. Allt miðar það að því að bæta hag og lífsgæði þjóðarinnar. Þar erum við í fremstu röð meðal þjóða heimsins og þar ætlum við að vera áfram.

[10:28]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við afgreiðslu fjárlaganna nú við 2. umr. munum við þingmenn Frjálslynda flokksins styðja eins og jafnan áður þær tillögur frá stjórnarandstöðu sem við teljum að horfi til bóta, ásamt því að taka afstöðu til þeirra tillagna ríkisstjórnarinnar sem við teljum að þjóni hagsmunum fólksins í landinu. Ríkisstjórnin er því miður að auka á misvægið í landinu með stefnu sinni. Það dregur í sundur með þeim sem lægri hafa launin og hinum sem hærri hafa launin. Sú stefna er í algerri andstöðu við hugmyndir okkar og stefnu í Frjálslynda flokknum. Að öðru leyti skýrist afstaða okkar við atkvæðagreiðsluna.

[10:29]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Frumvarp til fjárlaga kemur nú til atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. Þetta frumvarp er unnið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar. Stór hluti og meginhluti þeirra tillagna sem liggja hér fyrir á gjaldahliðinni hafa komið í formi tilskipana frá ríkisstjórninni og eru á ábyrgð hennar.

Veikleiki þessa frumvarps er hins vegar sá að hér er áfram haldið á skattalækkunarbrautinni, þ.e. að lækka skatta á þeim sem hæstar hafa tekjurnar en færa hlutfallslega aukna skattbyrði á lægstu tekjur. Þetta er verulegur veikleiki og algerlega gegn stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Hinn stóri veikleiki þessa frumvarps, sem birtist í miklum viðskiptahalla og háu raungengi, er það hversu stór hluti tekna er að verða bundinn þenslunni, skattar á viðskiptahallann, skattar á þensluna þannig að tekjugrunnur ríkissjóðs er að veikjast mjög. Og þó að nú sé hægt að gorta af miklum tekjum til ríkissjóðs þá er það skammgóður vermir því að sú aukning er til komin vegna þenslu og vegna viðskiptahalla sem við vildum ekki hafa. Við viljum hafa jöfnuð í efnahagslífinu.

Bankarnir tala um ógnarjafnvægi. Er það jafnvægi sem við viljum hafa? Nei.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur flutt nokkrar breytingartillögur sem miða að því að undirstrika áherslur okkar í velferðarmálum, í menntamálum, í atvinnumálum og við munum styðja breytingartillögur frá ríkisstjórninni við frumvarpið sem okkur þykja vera til bóta. Við munum annars almennt sitja hjá og vísa ábyrgð á ríkisstjórnina og meiri hluta hennar á Alþingi varðandi afgreiðslu frumvarpsins en þeim greinum sem við erum alfarið á móti og teljum afar afleitar munum við náttúrlega mótmæla harðlega við atkvæðagreiðsluna. Við höfum flutt tillögur okkar um hvernig skuli mæta og styrkja tekjugrunn ríkissjóðs með því m.a. að láta fjármagnseigendur og arð á fjármagnsgreiðslur og hagnað greiða skatta til ríkisins með líkari hætti og gert er með launagreiðslum.

Frú forseti. Skýringar okkar og stefna mun koma fram í atkvæðagreiðslunni um þetta frumvarp.

Brtt. 406,1 kölluð aftur.

Brtt. 407,1 felld með 28:5 atkv. og sögðu

já: GuðmM, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 400 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SJS, VF, ÞBack) greiddi ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 406,2 felld með 28:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:34]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Hér eru greidd atkvæði um tillögu sem við berum fram um að komið verði upp hagdeild við Alþingi. Þessi hugmynd kviknaði þegar til umræðu var niðurfelling á Þjóðhagsstofnun. Er það mjög minnisstætt að þáverandi forsætisráðherra Davíð Oddsson tók mjög vel í þá tillögu og taldi mjög eðlilegt að þingið yrði styrkt á þessu sviði. Því miður hefur stjórnarmeirihlutinn ekki léð máls á þessu þrátt fyrir að að sjálfsögðu sé full ástæða til. Það sýnir sig ætíð við fjárlagavinnuna að löggjafarvaldið stendur mjög veikt gagnvart framkvæmdarvaldinu hvað varðar hagfræðirannsóknir.

Það væri því við hæfi að meiri hlutinn tæki eftir málinu og greiddi því atkvæði til að láta vita á táknrænan hátt að menn hafi verið sammála því sem Davíð Oddsson sagði við umræðuna þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður, nú þegar hann hefur yfirgefið þennan sal. En því miður eru kveðjur til hans á annan veg að því er mér sýnist á töflunni.

Brtt. 396,1–4 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj,

ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, HBl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 406,3.a kölluð aftur.

Brtt. 406,3.b felld með 28:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:36]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Samfylkingin leggur til 500 millj. kr. framlag í sérstök verkefni á landsbyggðinni og leggur til að sú fjárhæð verði á forræði forsætisráðuneytisins. En Samfylkingin telur að hag landsbyggðarinnar sé betur borgið þar en undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti eins og nú er. Við munum í kjölfarið flytja tillögu, af sömu ástæðu, um að Byggðastofnun verði flutt undir forsætisráðuneytið.

[10:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er með nokkrum trega að ég tek þátt í að flytja tillögu af þessu tagi. Ég batt eins og margir aðrir vonir við það, þegar byggðamálin voru flutt frá forsætisráðuneytinu, að betur yrði staðið að þeim í framtíðinni. Það hefur aldeilis ekki reynst þannig. Menn hafa staðið í að hluta Byggðastofnun niður, flytja frá henni verkefni, fara að byggðamálum úr öllum áttum öðrum en í gegnum þessa stofnun. Hún er orðin ónýt í augum margra landsmanna.

Það koma tillögur utan af landsbyggðinni um að leggja stofnunina niður. Við setjum mikla peninga í byggðamál. Hvernig stendur á því að menn geta ekki verið sammála um að láta þá stofnun sem til þess er komið á fót um að fást við þessi mál, þar sem rannsóknir fara fram, þar sem krafturinn á að vera til að meta það sem gert er? Það er ekki þannig heldur er búið að eyðileggja þessa stofnun. (Forseti hringir.) Þess vegna er þessi tillaga flutt og þess vegna styð ég hana.

[10:38]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram. Annars vegar er um að ræða 500 millj. kr. sem þingmenn Samfylkingar leggja til að fari til sérstakra mála á landsbyggðinni.

Það hefur fallið í okkar hlut að ræða landsbyggðarmálin. Sem dæmi um dugleysi iðnaðarráðherra má nefna að nú þegar nokkrir þingdagar eru eftir fram að jólaleyfi bólar ekkert á byggðaáætlun sem á að taka gildi 1. janúar næstkomandi ef allt væri eins og það á að vera. Sú áætlun er enn ekki komin fram og verður væntanlega ekki lögð fram fyrir jól.

Þess vegna er mjög ánægjulegt að geta sagt frá því hér að eftir áramót munu þingmenn Samfylkingarinnar flytja þá tillögu sem boðuð hefur verið, þ.e. að flytja málaflokkinn, byggðamálin, úr iðnaðarráðuneytinu yfir í forsætisráðuneytið og freista þess að fá í hann meiri kraft, frekar en það dug- og kraftleysi sem einkennir núverandi byggðamálaráðherra.

Brtt. 396,5 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 410,1 kölluð aftur.

Brtt. 396,6 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 410,2–3 kölluð aftur.

Brtt. 396,7–9 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BBj, GuðmM, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,10 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF,

RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 417,1 kölluð aftur.
Brtt. 406,4 kölluð aftur.

Brtt. 396,10.d–11 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 417,2 kölluð aftur.

Brtt. 406,5 felld með 28:23 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack.
nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:42]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Í sumar kom eins og þruma úr heiðskíru lofti yfirlýsing frá hæstv. menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur um að loka ætti Listdansskóla Íslands eftir þann starfsvetur sem nú er. Það verða að teljast afar vond vinnubrögð að leggja niður lífæð listdansins í menntakerfinu án þess að fyrir liggi hver framtíð námsins verður. Það fylgdi nefnilega ekki yfirlýsingunni.

Virðulegi forseti. Listdansskóli Íslands hefur gegnt mikilvægu hlutverki í menntun listdansara á Íslandi. Þangað geta dansarar framtíðarinnar sótt menntun frá unga aldri. Hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín hefur ekkert sagt þeim 170 ungu krökkum sem eru að læra listdans frá 9 ára aldri og upp í framhaldsskóla, sem hafa ákveðið að leggja listdansinn fyrir sig, hvert þeir geti sótt menntun sína á því sviði á næsta ári. Það er ömurleg staða. Þetta er vel metinn skóli á heimsvísu. Þetta er aðför að listnámi í landinu og því leggjum við til fjárveitingu til áframhaldandi reksturs Listdansskóla Íslands. Ég segi já.

Brtt. 396,12 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MS, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BÁ, BBj, GuðmM, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 406,6 felld með 28:22 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack.
nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:44]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Hér eru greidd atkvæði um tillögu sem lýtur að því að auka fé til jöfnunar á námskostnaði um 130 millj. kr. Á því er mikil þörf. Besta dæmið um nauðsyn þess að greiða fólki úti á landi enn frekar götuna til aukinna mennta eru nýlegar tölur í svari við fyrirspurn hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur, um hlutfall íbúa úti á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu sem eingöngu hafa lokið grunnskólaprófi. Þar kemur fram að á aldrinum 20–40 ára, hjá fólkinu sem stendur undir byggðunum, fólkinu sem á börnin og fólkinu sem er að byggja upp, eru 45% íbúanna einungis með grunnskólapróf eða minna. En á höfuðborgarsvæðinu er þessi tala 27%. Þarna skilur verulega á milli. Það er mikil þörf á að efla menntun á landsbyggðinni. Fyrsta skrefið í því og eitt af þeim stóru er að verja verulega auknu fé til jöfnunar á námskostnaði. Því er þessi tillaga flutt.

[10:45]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég sé að hér er glæsilegur hópur úr framhaldsskóla á þingpöllum að fylgjast með þingstörfum og að mér skildist í morgun er hann úr Verslunarskóla Íslands.

Þessi tillaga er m.a. um að jafna rétt allra landsmanna að sækja Verslunarskólann sem er í Reykjavík. Við jafnaðarmenn erum ósammála því að fólk úti á landi sem hefur ekki verslunarskóla eða framhaldsskóla í byggðarlagi sínu þurfi að borga allt að 500 þús. kr. að lágmarki til að senda unglinginn sinn í skóla. Í fjárlögum er upphæð til að ganga í átt að því að jafna þann kostnað, jafna þennan mismun, dreifa honum eða taka hann út. Hér erum við jafnaðarmenn að flytja tillögu um 130 millj. kr. í viðbót. Þó náum við ekki jöfnuði. Það er því ágætt dæmi um það hér á þingpöllum, að allir þeir nemendur sem þarna eru uppi sama hvort þeir eru úr Reykjavík, Raufarhöfn, Kópaskeri eða Kópavogi hafi jafnan rétt til að ganga til náms. (**SKK:** Þetta er í fyrsta skipti sem þið styðjið Verslunarskólann.)

Brtt. 396,13–15 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn,

JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VS, ÞBack.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 407,2 kölluð aftur.

Brtt. 396,16–17 og sérstök yfirlit II,1–3 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það eru ákveðnir hlutir sem vekja athygli í þeim sundurliðunum sem hér fylgja. Setningin „Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs“ vakti athygli mína. Ég tek strax fram að ég greiði atkvæði með breytingartillögunni vegna þess að hér er um gríðarlega viðamikil og merk menningarverkefni að ræða. En ég vil samt sem áður vekja athygli á því að á sama tíma og fjárlaganefnd Alþingis veitir til safna rúmlega 257 millj. kr. fær Safnasjóður til sinna úthlutana einungis milli 70 og 80 millj. kr. og byggða- og minjasöfn undir hatti Þjóðminjasafnsins fá bara um 40,9 millj. kr. Það þýðir að fjárlaganefnd er að taka sér æ meira vald til að fara fram hjá Safnasjóði. Ég spyr: Hvaða söfn eru það sem ekki heyra undir verksvið Safnasjóðs? Þetta er eitt af því sem við þurfum að ræða við 3. umr., frú forseti, en ég segi já við breytingartillögunni.

Brtt. 407,3 kölluð aftur.

Brtt. 396,18–20 og sérstök yfirlit II,4 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 401 samþ. með 46:1 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BHar, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, KJúl, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞBack.

nei: PHB.

16 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MF, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,21–22 og sérstök yfirlit II,5–7 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 407,4 felld með 27:10 atkv. og sögðu

já: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, LB, MÞH, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

12 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (AKG, BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Forseti. Ég trúi ekki mínum eigin augum þegar ég sé öll þessi rauðu ljós því að ég er að mæla fyrir breytingartillögu sem er nákvæmlega í samræmi við þingsályktunartillögu sem þingmenn Framsóknarflokksins og reyndar fleiri flokka undir forustu hv. þm. Hjálmars Árnasonar, formanns þingflokks framsóknarmanna, og með formanni fjárlaganefndar, hv. þm. Magnúsi Stefánssyni, innan borðs. Og ég er líka að mæla fyrir breytingartillögu sem er í nákvæmu samræmi við landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins um að jafna skuli ferðakostnað íþróttafélaga í landinu. Þessi tillaga hv. þingmanna hefur verið endurflutt þing eftir þing en þegar kemur síðan að því að gera eitthvað í málinu sem er sáraeinfalt og snýst um einfaldan hlut, peninga, til að jafna þennan kostnað þá virðist þetta ætla að fara heldur illa.

Ég spyr: Hvar er metnaður manna fyrir sjálfum sér að gera ekki eitthvað í þessum málum og hversu lengi þarf að brýna járnið til að það bíti eitthvað eða er það borin von?

[10:52]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Það ber að þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir athyglina á þeim merku þingsályktunum sem liggja fyrir en ég hygg að þetta sé dálítil sýndartillaga og

lítið útfærð því nú liggur fyrir, hv. þingmaður, (Gripið fram í.) og vil ég vekja athygli á því, þingsályktunartillaga til efnislegrar meðferðar hjá hv. menntamálanefnd Alþingis. Þar er ætlunin að fara yfir með íþróttahreyfingunni, sem virðist ekki vera útfært hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, í hvaða mót á að veita slíka styrki, til hvaða aldursflokka, hvert umfangið er og þar fram eftir götunum. Þegar það liggur fyrir getum við tekið afstöðu til þess hver hinn raunverulegi kostnaður er. Ég heiti á hv. þingmann að beita sér fyrir því eins og aðrir í menntamálanefnd að sú þingsályktun komi til síðari umr. og þá getum við tekið afstöðu til þessa mikilvæga máls. Ég þakka hv. þingmanni þann efnislega stuðning. (**SJS:** Þetta er bara jafnerfitt og olíumálið.)

[10:53]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við verðum vitni að mjög svo erfiðum fæðingarhríðum ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Hér er á ferðinni mjög gott mál sem við í Frjálslynda flokknum höfum lýst yfir að við styðjum. Við fórum yfir það í umræðum fyrir nokkrum dögum þar sem við tókum til máls og fluttum ræður, gagnrýndum málið svolítið vegna þess að það lá ekki fyrir neinn kostnaðarrammi í kringum það en tókum hins vegar heils hugar undir það.

Það kemur mjög á óvart að sjá atkvæðagreiðslutöfluna eins og hún lítur út núna með öllum þessum rauðu ljósum. Það kemur mjög á óvart að ríkisstjórnin vilji ekki styðja þetta þarfa verkefni, að jafna ferðakostnað íþróttafélaga fyrir börn og unglinga sérstaklega innan lands. Það er mikil þörf á slíku. En hér höfum við dæmigert mál sem flokkast undir það sem á íslensku kallast lýðskrum, lýðskrum hjá Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Þetta er notað sem beita fyrir hverjar kosningar til að blekkja fólkið í landinu og það er komið tími til að þessum ljóta leik fari nú að linna.

Brtt. 396,23–24 og sérstök yfirlit II,8–11 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 408,1 kölluð aftur.

Brtt. 396,25 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Hér kemur til atkvæða fyrri breytingartillagan af tveimur sem varða æfingar hæstv. ríkisstjórnar að þessu sinni í sambandi við málefni Mannréttindaskrifstofu Íslands. Það mál varð frægt að endemum á síðasta þingi og við afgreiðslu síðustu fjárlaga hvernig ríkisstjórnin stóð þar að verkum og stjórnarliðar í nauðvörn sinni reyndu að sannfæra menn um að ekki stæði til að raska á nokkurn hátt högum Mannréttindaskrifstofunnar heldur væri um kerfisbreytingu að ræða. Annað kom á daginn. Yfirlýsingar þingmanna, þar á meðal hv. formanns fjárlaganefndar, reyndust ekki pappírsins virði og ríkisstjórnin þjónaði lund sinni með því að kippa fótunum undan rekstri Mannréttindaskrifstofu Íslands á árinu sem nú er að líða.

Sami skollaleikurinn á að halda áfram. Nú á að vísu dómsmálaráðherra einn að hafa kaleikinn og þangað á Mannréttindaskrifstofan að koma og biðja auðmjúklegast um peninga frá ríkisstjórninni. Þessi afgreiðsla málsins er auðvitað ríkisstjórninni til háborinnar skammar og sérstaklega þeim ráðherrum sem með þessu hafa þjónað lund sinni og sýnt nútímaleg viðhorf til mannréttindamála, eða hitt þó heldur.

[10:57]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er allt í lagi að hér komi fram að allt of stór hluti síðasta árs hefur farið í það hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands að reyna að afla fjár til starfsemi sinnar en Mannréttindaskrifstofa Íslands er regnhlífarsamtök yfir ákveðinn hóp félaga, frjálsra félagasamtaka sem vinna á sviði mannréttindamála. Það er til háborinnar skammar hvernig ríkisstjórn Íslands hefur komið fram við þessa stofnun sem er systurstofnun sambærilegra stofnana í nágrannalöndum okkar sem heyra undir þjóðþingin þar. Sú framkoma sem Mannréttindaskrifstofan hefur þurft að þola frá hendi núverandi ríkisstjórnar er skammarleg og það er mál til komið að þingmenn ræði það í alvöru hvort við getum ekki látið Mannréttindaskrifstofuna heyra undir Alþingi sjálft.

Brtt. 396,26 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, JBjarn, JónK, KolH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, HjÁ, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 406,7 felld með 28:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB,

BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 406,8 kölluð aftur.

Brtt. 415 felld með 28:8 atkv. og sögðu

já: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

14 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Við erum stundum sökuð um það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að vilja bara eyða peningum en ekki afla þeirra eða spara þá en hér er þó slík tillaga á ferðum. Við teljum að það séu alveg fullkomlega ástæðulaus útgjöld í þessu fjárlagafrumvarpi hvað varðar það að Íslendingar séu að standa í hergagnaflutningum fyrir NATO á stríðssvæðum eða átakasvæðum í fjarlægum heimshlutum. Alþingi Íslendinga er algerlega óbundið af einhliða yfirlýsingum fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra og fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra á vettvangi NATO sem þeir gáfu án nokkurs samráðs við þingið. Þar af leiðandi er þinginu algerlega í sjálfsvald sett að draga þetta til baka. Þessa fjármuni má annaðhvort hreinlega spara eða nota í önnur og þarfari verkefni eins og reyndar var lagt til að hluta til hér áðan.

Við mælum eindregið með því að menn sýni ráðdeildarsemi, aðhald og skynsemi og lækki útgjöld ríkisins sem nemur þessum 50 millj. kr. sem á að bæta við þennan lið vegna aukins kostnaðar Íslendinga af hergagnaflutningum í fjarlægum heimsálfum.

Brtt. 396,27–28 og sérstök yfirlit II,12–15 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, HBl, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,29 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,30–34 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JÁ, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,35 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JÁ, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 408,2 kölluð aftur.

Brtt. 396,36 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,37–39 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 406,9 felld með 27:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÞÞ, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:04]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Ekki verður sagt að stjórnvöld hafi hugsað mikið um að auka framlög til málefna barna með þeim 100 milljarða tekjuauka sem streymt hefur í ríkissjóð á undanförnum mánuðum enda verja Íslendingar hlutfallslega langminnst Norðurlandaþjóðanna til málefna barna.

Barnaverndarstofa telur að tilfinnanlega skorti á viðhlítandi meðferðartilboð utan stofnana fyrir síbrotaunglinga en sú meðferð beinist einkum að þeim sem stríða við andfélagslega hegðun og afbrotahneigð, en unglingar með langa sögu alvarlegra afbrota eru sá hópur sem Barnaverndarstofa á erfiðast með að sinna.

Við leggjum því til að 50 millj. kr. framlag fari til þessa verkefnis. Samfylkingin átelur harðlega að þessum málaflokki skuli ekki vera betur sinnt af stjórnvöldum með auknum framlögum. Það sýnir ljóslega að allt tal stjórnarherranna um að bæta stöðu fjölskyldunnar er ekki marktækt.

Brtt. 396,40–46 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

12 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, ISG, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BÁ, BjörgvS, BBj, GHall, GÖg, GÖrl, JÁ, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 406,10 felld með 28:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:06]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Samfylkingin og frjálslyndir leggja til aukið fjárframlag til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins vegna fjölgunar sem hefur orðið á tilvísun til hennar m.a. vegna aukinna tilvika á einhverfu. Biðlistar hafa lengst og voru 262 börn á biðlista í nóvember 2004 en eru 325 nú ári síðar. Skortur á fjármagni til Greiningarstöðvarinnar veldur því að fjöldi fatlaðra barna og aðstandenda fær ekki þá lögbundnu þjónustu sem þeim ber. Ég segi já.

Brtt. 407,5 kölluð aftur.

Brtt. 396,47 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GHall, GuðmM, GÁ, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BÁ, BBj, GÞÞ, GÖg, GÖrl, HÁs, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 406,11 felld með 27:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÞÞ*, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Það hefur komið á daginn sem við í Samfylkingunni vöruðum við með þeim breytingum sem gerðar voru á fæðingarorlofslögunum sem tóku gildi 1. janúar 2005 því að fjöldi foreldra hefur fengið mjög skert fæðingarorlof frá því sem áður var. Breyttar viðmiðunarreglur um tekjur vegna greiðslu fæðingarorlofs hafa lækkað fæðingarorlofsgreiðslurnar verulega þannig að raungildi greiðslna sem áður var 80% af tekjum er nú komið niður í allt að 70%. Ef ekkert verður að gert er ljóst að foreldrar munu í miklu minna mæli nýta sér ákvæði fæðingarorlofslaganna og því stefnir í að verið sé að grafa undan lögunum með augljósum ágöllum þeirra nú. Við í Samfylkingunni viljum koma í veg fyrir það og flytjum tillögu um 500 millj. kr. viðbótarframlag í Fæðingarorlofssjóð sem mun duga til að tryggja að fæðingarorlofsgreiðslur haldi raungildi sínu.

Brtt. 396,48–49 og sérstök yfirlit II,16–17 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG,

JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 411,1 kölluð aftur.

Brtt. 396,50 samþ. með 28:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

nei: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:09]

Guðmundur Magnússon:

Frú forseti. Hér er verið að draga til baka loforð sem var gefið með því að fella niður bensínstyrkinn sem reyndar varð að draga síðan náttúrlega til baka. Þetta er sem sagt hækkun á ellilífeyri og örorkulífeyri þeirra sem minnst hafa og ekkert hafa annað. Ég sé ekki annað en að það hljóti að vera hægt að finna aura í þetta. Ég segi nei.

Brtt. 406,12 felld með 27:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GuðjG, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Hér erum við í Samfylkingunni að hækka vasapeninga til fólks á stofnunum um helming. Við teljum vasapeningagreiðslur, sem eru tæpar 22 þús. kr. á mánuði til 1.700 ellilífeyrisþega og 230 öryrkja, þeirra sem minnst hafa, vera skammarlega lágar og við ætlum að hækka þær hér um helming. Síðan verður auðvitað að endurskoða þetta ölmusukerfi svo fólk sem dvelur á stofnunum geti haldið reisn sinni á ævikvöldinu. Ég segi já.

Brtt. 396,51.a–c samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BÁ, BBj, GAK, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 407,6 felld með 28:8 atkv. og sögðu

já: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:11]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þegar frumvarp til fjárlaga var lagt fram á þingi var lagt til að 100 millj. kr. yrði varið til þjálfunar á liði sjúkratrygginga, sérstaklega til að þjálfa öryrkja til starfa. Nú er þetta dregið til baka. Ég hvet til þess, frú forseti, að þessari upphæð verði haldið inni og við drögum ekki til baka fjárveitingar sem áður voru komnar inn í frumvarpið. Er þó ekki of mikið þar fyrir.

Brtt. 396,51.d samþ. með 26:5 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

nei: GuðmM, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BBj, GHH, GÖg, GÖrl, HÁs, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,52 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GHH, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 407,7 kölluð aftur.

Brtt. 396,53 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 406,13 felld með 28:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:14]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Hér erum við að greiða atkvæði um tiltölulega litla viðbótarupphæð til Landspítalans sem nemur um 40 millj. kr. Þessi aukning er hugsuð fyrir svokallaða hágæsludeild á Barnaspítala Hringsins sem er ekki þar að finna núna. Það hefur komið í ljós að vegalengdin milli Barnaspítalans og gjörgæsludeildarinnar á Landspítalanum er talsvert löng. Þess finnast jafnvel dæmi að þessi vegalengd reyndist of löng. Við leggjum því til að hafinn verði rekstur á sérstakri hágæsludeild á Barnaspítalanum og þannig verði þjónustustig spítalans aukið. Plássið er fyrir hendi og kostnaður af slíkri deild er ekki mikill í ljósi þeirra hagsmuna sem eru í húfi.

Ef meiri hlutinn treystir sér ekki til að styðja þessa tillögu núna vil ég hins vegar hvetja okkur öll hér inni til að skoða þetta mál sem fyrst á næsta ári. Ég segi já.

Brtt. 407,8 felld með 28:8 atkv. og sögðu

já: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,54.a samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BBj, EOK, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,54.b–c samþ. með 28:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

nei: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 412 kölluð aftur.

Brtt. 407,9 felld með 28:8 atkv. og sögðu

já: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,55 samþ. með 27:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

nei: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:18]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er verið að leggja til að lækka framlög til sjúkrahúsa í landinu, þ.e. á liðnum Sjúkrahús, óskipt, um 40 millj. kr. Þetta er liður í svokölluðum sparnaði eða hagræðingaraðgerðum ríkisstjórnarinnar. Það er táknrænt hvar það kemur niður. Það kemur einmitt niður á sjúkrahúsum. Hvar ætli þessi sjúkrahús séu líklegust til að vera? Jú, þetta eru einmitt sjúkrahús á landsbyggðinni. Þannig var það a.m.k. kynnt í fyrra og við stöndum enn frammi fyrir kröfum um lækkun á framlögum til litlu sjúkrahúsanna úti á landi. Þarna er ríkið að ná fram 40 millj. í hagræðingar- og sparnaðarskyni og það skal endilega látið koma niður á litlum sjúkrahúsum.

Frú forseti. Ég segi nei við þessu.

Brtt. 411,2 kölluð aftur.

Brtt. 396,56 og sérstök yfirlit II,18–19 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GAK, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 407,10 kölluð aftur.

Brtt. 396,57 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 407,11 felld með 27:8 atkv. og sögðu

já: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:21]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Með þessari breytingu er lagt til að öll úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra fari til framkvæmda og uppbyggingar hjúkrunar- og dvalarheimila. Brýn þörf er á auknu hjúkrunarrými og tala má um neyðarástand á höfuðborgarsvæðinu. Því er nauðsynlegt að hraða uppbyggingu húsnæðis fyrir mismunandi þjónustustig fyrir aldraða.

Framkvæmdasjóður aldraðra á að standa undir framkvæmdum og hann á að standa undir nafni. Rekstrarfé á að koma úr ríkissjóði en ekki úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Þörf er á stórauknum fjármunum í þennan málaflokk og það er brýnt að verða við ákalli frá Félagi eldri borgara, dvalarheimilum út um allt land og sveitarfélögum út um allt land í þennan málaflokk. Því segi ég já.

Brtt. 396,58 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

13 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BÁ, BjörgvS, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 407,12 felld með 27:8 atkv. og sögðu

já: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BjörgvS, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:23]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Í fjárlagafrumvarpinu eru tillögur vinstri grænna um að auka og bæta við fjármagni til heimahjúkrunar. En vegna stöðu aldraðra sérstaklega, brýnnar þarfar á frekari vistunarúrræðum eða þjónustu við þá og þróunar í þeim málaflokki — fólk sem hefur til þess heilsu er hvatt til þess að búa sem lengst heima — þá er ekki nóg að vísa til þess að sveitarfélögin eigi að sjá um öldrunarþjónustu. Meiri heimahjúkrun þarf þá að koma til. Til þess að þetta séu ekki bara orðin tóm verður að koma meira fé til heilsugæslustöðvanna til að sinna heimahjúkrun meira en gert er í dag. Því segi ég já.

Brtt. 396,59 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BÁ, BjörgvS, BBj, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,60–61 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KolH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS.

18 þm. (AKG, ÁRJ, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁÓÁ, BÁ, BjörgvS, BBj, GÖg, GÖrl, HBl, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 407,13 felld með 26:9 atkv. og sögðu

já: GAK, GÞÞ, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB,

BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

13 þm. (AKG, ÁRJ, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁÓÁ, BÁ, BjörgvS, BBj, GÖg, GÖrl, HBl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,62 samþ. með 26:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

nei: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GuðjG, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁÓÁ, BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, HBl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:26]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er enn eitt dæmið um hversu stórhuga ríkisstjórnin er. Hér er verið að lækka framlög til almenns reksturs heilbrigðisstofnana um 22,7 millj. kr. og viðhald heilbrigðisstofnana um 12 millj. kr. Stórir erum við. Líklega eru þetta litlu heilbrigðisstofnanirnar úti á landi sem taka þarna á sig hagræðingar- og sparnaðarkröfu ríkisins. Þetta skal koma þar niður. Það á að skera niður framlög til almenns reksturs heilbrigðisstofnana um 22,7 millj. og skera niður viðhald heilbrigðisstofnana um 12 millj. kr.

Frú forseti. Mér finnst þetta ekki bjóðandi. Ég segi nei við þessum niðurskurði.

Brtt. 407,14 kölluð aftur.

Brtt. 396,63 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 407,15 felld með 28:8 atkv. og sögðu

já: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JÁ, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:28]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við St. Franciskusspítala í Stykkishólmi er unnið merkilegt starf og mikilvægt á sviði bak- og hálsaðgerða. Þar er langur biðlisti en möguleiki er á að vinna enn meir. Til þess skortir þó fjármagn. Það skortir fjármagn til að ráða einn sjúkraþjálfara og kaupa bekki svo hægt verði að fjölga þar móttökum. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs leggjum því til að varið verði 15 millj. kr. í að styrkja háls- og bakdeildina við St. Franciskusspítalann í Stykkishólmi. Ég vona að þingheimur taki undir það. (**Gripið fram í:** Er það í þínu kjördæmi?)

Brtt. 416 kölluð aftur.

Brtt. 396,64 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 406,14 kölluð aftur.

Brtt. 406,15 felld með 27:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

13 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:30]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að vaxtabótakerfið á undir högg að sækja um þessar mundir hjá hæstv. ríkisstjórn. Sjálfstæðismenn hafa lýst því yfir margir hverjir bæði í umræðum hér í gær og úti í samfélaginu að þeir vilji leggja þetta kerfi niður. Nú hafa hv. þingmenn og ráðherrar Framsóknarflokksins hoppað á þann vagn með því að leggja til verulegar skerðingar á vaxtabótum á næsta ári.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að þarna eru hv. þingmenn og ráðherrar Framsóknarflokksins að koma í bakið á unga fólkinu sem þeir lofuðu öllu fögru og bættu umhverfi til reksturs og kaupa á húsnæði fyrir síðustu kosningar.

Virðulegi forseti. Það er skömm að þessu. Við í Samfylkingunni viljum standa vörð um hag unga fólksins og hag barnafjölskyldna í landinu. Við leggjum því til að veita fé til þess að vaxtabæturnar geti staðið óbreyttar á næsta

ári. Nú á tímum himinhás húsnæðisverðs hefur það aldrei verið mikilvægara að hér verði greiddar fullar vaxtabætur.

Brtt. 396,65–67 og sérstök yfirlit I samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 407,16 kölluð aftur.

Brtt. 396,68–70 og sérstök yfirlit II,20–23 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,71 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GuðmM, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddi ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BjörgvS, BBj, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,72 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack) greiddi ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MF, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 407,17 kölluð aftur.

Brtt. 396,73 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,74 og sérstök yfirlit II,24 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,75 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,76 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,77 samþ. með 27:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

nei: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þessi tillaga er um að lækka fjárveitingar til

byggðaáætlunar og þó það sé ekki nema um 12,5 millj. og af hvaða ástæðum sem það nú er þá er ekki hægt að segja annað en hún sé ákaflega táknræn fyrir það sem ég held að sé réttilega kallað niðurlæging og aumingjaskapur Framsóknarflokksins í byggðamálum. Það er með miklum endemum hvernig er verið að afgreiða þau mál hér á þessu haustmissiri þannig að Byggðastofnun er óstarfhæf og lokuð akkúrat um þessar mundir og það örlar ekki á aðgerðum til að koma henni í gang á nýjan leik, til að hægt verði að opna hana á nýjan leik. Innan örfárra vikna verður engin byggðaáætlun í gildi á Íslandi ef svo heldur sem horfir því ekkert bólar á neinu slíku plaggi frá hæstv. ráðherra byggðamála til að koma í stað þeirrar sem rennur út um áramótin.

Svona er nú staðan á þessu. Því er táknrænt að ofan í kaupið leggur svo ríkisstjórnin til beinlínis lækkun á fjárframlögum (Forseti hringir.) til gildandi byggðaáætlunar.

[11:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér þykir mjög ánægjulegt að fá tækifæri til þess að koma inn á byggðamálin. Ég er ákaflega stolt af því hvað náðst hefur mikill (**Gripið fram í:** Atkvæðaskýring.) árangur í byggðamálum (**Gripið fram í:** Atkvæðaskýring.) síðan málaflokkurinn færðist til iðnaðarráðuneytisins. Staða mála á landsbyggðinni er betri núna þegar við lítum á heildina heldur en hún hefur verið ákaflega lengi. Þetta er vegna þess að við höfum verið með ákveðna stefnu sem hefur verið framkvæmd og við höfum náð árangri.

Hvað varðar þá lækkun sem er í frumvarpinu núna þá er hún vegna þess að við fengum sérstaka hækkun á fjáraukalögum þessa árs. Vegna þess að betra þótti að hafa þetta með þessum hætti þá féllst ég á það. En í raun erum við að hækka framlög til byggðamála til næstu ára. Byggðaáætlun kemur inn í þingið á næstu dögum. Hún hefur verið send út til umsagnar fjölda aðila og hefur fengið þar ákaflega góðar viðtökur.

[11:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þó ekki sé verið að tala um stórar upphæðir sýnir þessi afgreiðsla varðandi byggðaáætlun í reynd, samanber þau orð sem féllu hér hjá hæstv. ráðherra, í hvers konar farvegi byggðamálin eru undir stjórn þessarar ríkisstjórnar. Byggðaáætlun og byggðastefna ríkisstjórnarinnar er bara á einn veg. Hún vegur að byggðunum í landinu. Ekki þarf að hafa fleiri orð um (Gripið fram í.) það. (**Gripið fram í:** Heyr! Heyr!)

[11:39]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það var ákaflega ánægjulegt að hæstv. byggðamálaráðherra vaknaði loks til lífsins. Hún kemur og útskýrir fyrir okkur hvers vegna ríkisstjórn sem hún situr í sker niður framlag til byggðaáætlunar. (Gripið fram í.) Núna er Byggðastofnun óstarfhæf, nánast lokuð. Það verður engin byggðastefna 1. janúar næstkomandi og hér er þessi niðurskurður. Virðulegi forseti. Byggðastefna hæstv. ríkisstjórnar er gjaldþrota .

Á síðasta kjörtímabili var hér þingmaður og ráðherra sem hét Páll Pétursson. Hann lýsti því einu sinni yfir og sagði að Framsóknarflokkurinn hefði gleymt landsbyggðinni í markaðssetningu sinni á höfuðborgarsvæðinu. Nú er það svo, virðulegi forseti, að markaðssetning Framsóknarflokksins hefur tekist mjög vel á höfuðborgarsvæðinu. Þeir mælast nánast ekki. Það ber auðvitað að þakka fyrrverandi hæstv. félagsmálaráðherra Páli Péturssyni fyrir að vera svo hreinskilinn sem hann var í þessum orðum sínum. Það væri óskandi að hæstv. iðnaðarráðherra, (Forseti hringir.) ráðherra byggðamála væri jafnhreinskilin. (Gripið fram í.)

[11:41]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði svo sem ekki að koma hér upp. En ég gat ekki orða bundist þegar hæstv. ráðherra sagði að ástand mála á landsbyggðinni væri betra en um langan tíma. Eitthvað á þá leið féllu orð hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.)

Þorskstofninn er að hrynja segir Hafrannsóknastofnun. (Gripið fram í.) Karfinn er farinn. Rækjan er farin. Kolmunninn er týndur. Loðnan er týnd. Gengismálin eru að buga landsbyggðina og fyrirtæki á (Gripið fram í.) landsbyggðinni. Þetta er staðan í dag. Fyrirtækjum er lokað nánast upp á hvern einasta dag. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Iðnaðarráðherra ...) Forsvarsmenn fyrirtækja koma til okkar þingmanna landsbyggðarinnar (**Gripið fram í:** Og reikna.) og segja: „Annaðhvort lokum við eða við förum í gjaldþrot." Hverjir standa fyrir þessu? Það eru ráðherrarnir sem sitja hér á þessum bekkjum. Þetta er allur árangurinn. Þess vegna er svo grátlegt, þó þetta sé lítill niðurskurður, að þurfa að horfa upp á þetta gerast, horfa upp á þetta aðgerðaleysi, þetta dugleysi, þetta ráðleysi og þennan aumingjaskap. Ég segi nei.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti beinir því til hv. þingmanna að *gera grein fyrir atkvæði sínu en ekki vera að svara öðrum* hv. þingmönnum.)

Brtt. 407,18 kölluð aftur.

Brtt. 396,78 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,79 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj,

ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, LB, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,80–81 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, BÁ, BBj, GuðjG, GHj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,82 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SJS, VF, ÞBack) greiddi ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 396,83 og sérstök yfirlit II,25–26 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, HBl, JóhS, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:44]

Mörður Árnason:

Forseti. Furðuleg ferli eru í gangi í undirbúningi fjárlaga, m.a. er nefndum falið að setjast yfir ofurlitla fjármuni og skipta þeim skilvíslega og nefndirnar taka það alvarlega. Nefndarmenn setjast niður og lesa sig í gegnum texta og ræða meira að segja við fólk. Síðan þegar þeir koma að sjá árangur sinna starfa við 2. umr. þá hefur því verið breytt. Einhvers staðar hefur maður þekkt mann og komnir eru inn nýir liðir sem ekki voru þar áður. Það þýðir að spurningar vakna um það hvort aðrar nefndir en fjárlaganefnd og í raun og veru aðrir en bara nokkrir menn í stjórnarliðinu eigi að sjá um þetta, t.d. hv. þingmaður sem hér situr í horni, Einar Oddur Kristjánsson af Norðurlandi vestra eða einhvers staðar að vestan svona í almennum dráttum. Ég greiði ekki atkvæði.

Brtt. 407,19 kölluð aftur.

Brtt. 396,84–86 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MÞH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GuðjG, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 3 (fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 397 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 4 (fjármál lánastofnana í C-hluta), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.
23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BÁ, BBj, GÞÞ, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr., svo breyttar, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.
23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BÁ, BBj, GHj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 398 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.
22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.
23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 406,16 kölluð aftur.

Brtt. 399,1 (liður 2.24) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.
18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 399,1 (liður 2.25) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.
23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 399,1 (liður 2.26) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.
23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 399,2 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.
17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, HBl, JBjart, KÓ, KHG, MF, MÁ, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 399,3–5 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.
23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, HBl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 399,6 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB,

BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 399,7 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KolH, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:51]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér er dregin til baka heimild ríkisstjórnarinnar til að selja varðskipið Óðin. Hugmyndir hafa verið um að gera hann að minjasafni þorskastríðsáranna.

Saga Landhelgisgæslunnar og ekki síður þau afrek sem unnin voru í þorskastríðinu við Breta er stórmerkilegur þáttur í sögu Íslands á 20. öld. Íslendingar öðluðust yfirráð yfir náttúruauðlindum sínum og gerðust brautryðjendur á alþjóðlegum vettvangi í baráttunni fyrir rétti strandríkja til fiskveiðilögsögu. Þessi barátta var háð annars vegar af embættismönnum og stjórnmálamönnum sem börðust með rökum á alþjóðaráðstefnum og samningafundum en hins vegar af áhöfnum varðskipanna sem þrátt fyrir erfiðar aðstæður stóðu uppi í hárinu á flota hennar hátignar með ævintýralegum og oft ótrúlegum hætti.

Lítill vafi er á því að skipið mundi draga að sér ferðamenn, ekki síst Breta sem vafalaust þætti þessi þáttur sögu þeirra gamla heimsveldis forvitnilegur. Saga þorskastríðanna má ekki gleymast. Ég segi já.

Brtt. 406,16 kölluð aftur.

Brtt. 399,8 (liður 7.11) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 399,8 (liður 7.12) samþ. með 28:8 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

nei: GAK, GuðmM, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, ISG, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Hér er á ferðinni ákaflega undarlegt ákvæði sem ég hef efasemdir um að stjórnskipulega standist að heimila með þessum hætti, að hreinu ríkisfyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum þar um sé á grundvelli heimildargreinar í fjárlagafrumvarpi heimilað að hlutafélagavæða starfsemi sína, þess vegna nánast alfarið. En hér segir:

„Að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að stofna hlutafélag um öflun og sölu raforku í samstarfi við aðra aðila á raforkumarkaði og leggja félaginu til nauðsynlegar eignir.“

Hvað er eftir í raforkufyrirtækjum þegar Landsnet er komið og sér um flutningana annað en annars vegar öflun og hins vegar sala raforkunnar? Það er ekki mikið annað en nafnið. Er hér verið að reyna að læða í gegn heimild til að einkavæða Rafmagnsveitur ríkisins bakdyramegin (**Gripið fram í:** Nei) eða aftan frá? (**Gripið fram í:** Nei.) Ja, það skyldi ekki vera að hæstv. ráðherra þori ekki að koma beint framan að málinu.

Þessi málatilbúnaður er að engu hafandi. Það á ekki að láta hæstv. ráðherra hafa þessa heimild. Ég held að hæstv. ráðherra væri nær (Forseti hringir.) að reyna að taka á þeim vandamálum sem kerfisbreytingar í raforkumálum um síðustu áramót sköpuðu með stórhækkun raforkuverðs.

[11:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég get fullvissað hv. þingmann um að ég þori. En ég vil hins vegar gera honum grein fyrir því að hann gleymir einhverju mikilvægasta hlutverki Rafmagnsveitna ríkisins sem er dreifing á raforku.

Það er hins vegar þannig að um áramótin er tekið upp fullt frelsi í viðskiptum með rafmagn og þá verðum við að koma Rarik í það rekstrarumhverfi að Rarik geti keppt. Ég hef greint frá því að ég mun leggja fram frumvarp um hlutafélagavæðingu Rariks. En til þess að við séum í stakk búin til að takast á við nýja tíma um áramót þá er þetta ákvæði í fjárlagafrumvarpinu mjög mikilvægt. (**Gripið fram í:** Hvað hækkar rafmagnið mikið með þessu?)

[11:56]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég held að landsmenn hafi fengið nóg af einkavæðingu og markaðsvæðingu rafmagns af hálfu hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins. Hér er laumað inn möguleikum fyrir Rarik til að hlutafélagavæða sig að einhverju eða öllu leyti.

Ef ráðherra er á leiðinni með frumvarp sem lýtur að Rarik og stöðu Rafmagnsveitna ríkisins þá skal það bara

koma inn í þingið. Þá ræðum við það efnislega í heild sinni í stað þess að búta Rarik niður með þessum hætti í einkavæðingaræði hæstv. iðnaðarráðherra í rafmagnsmálum. Við eigum bara að fá að fresta þessu máli, þ.e. heimild Rariks til að hlutafélagavæða sig, þangað til frumvarp ráðherra kemur fram og ræða þá heildstætt um það. Það eru vinnubrögð í lagi.

[11:57]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hann er undarlegur sá siður ríkisstjórnarinnar að setja ákvarðanir af þessu tagi inn í fjárlög. Það er alveg hárrétt að það eiga að koma efnisleg frumvörp fyrir alþingismenn til að ræða en það á ekki að fara að eins og hér er gert, að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að stofna hlutafélög um öflun og sölu raforku í fjárlagafrumvarpinu. Hvaða rugl er hér á ferðinni? Fólk verður að taka hlutina á þeim nótum sem formlega hefur verið gert og eðlilegt er að gera.

Frú forseti. Eru ekki allir í þessum sal gasalega glaðir eftir að bæklingurinn kom inn á heimili þeirra? Hrópuðu ekki allir: Jibbí, nú get ég valið hvort ég kaupi raforkuna mína af Rarik eða Orkubúi Vestfjarða? (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Eru ekki allir gasalega glaðir? Og trúa því ekki allir að hæstv. iðnaðarráðherra sé með þessu að lækka raforkuverðið? Ó nei, auðvitað trúir því enginn, enda hefur annað komið á daginn. Það er fáránlegt að hafa svona ákvæði í fjárlagafrumvarpinu. Ég segi nei.

[11:58]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það liggur alveg í augum uppi, eins og hæstv. ráðherra var að segja, að það þarf að leggja fram frumvarp ef breyta á Rarik í hlutafélag. Mér heyrðist hæstv. ráðherra segja það hér áðan. Það á þá að afgreiða á þeim 3–5 þingdögum sem eftir eru. Þetta eru vinnubrögð hæstv. iðnaðarráðherra. (**Iðnrh.:** Hvað er að?)

Ég verð að segja hið sama: Hvað er að, virðulegi forseti? Í hvert einasta skipti sem eitthvað kemur frá hæstv. iðnaðarráðherra fer ég að skjálfa. Vegna þess ... (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Gefið ræðumanni hljóð.) Ég heyri að stjórnarsinnum er frekar órótt. Ég skil vel að þeir skjálfi líka. Hæstv. iðnaðarráðherra lagði fram raforkufrumvarpið sem átti að hafa 1% hækkun í för á raforku til almennings. Hver eru dæmin? Hæstv. iðnaðarráðherra hefur fengið það beint í æð, virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Ég hlýt að fá smáviðbót, virðulegur forseti. (Forseti hringir.) (**Gripið fram í:** Nei, þú ert búinn.) Hver var niðurstaðan? Allt að 40% hækkun hjá fjölmörgum íbúum dreifbýlisins. (**Gripið fram í:** Tíminn er búinn.) Hæstv. forseti. (Forseti hringir.) Gætum við fengið (**Gripið fram í:** Tíminn er búinn.) yfirvegaðan og rólegan fjármálaráðherra í sætið eins og var áður fyrr?

Virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Ég hef lokið máli mínu.

(**Forseti** (SP)**:** Það er allt of mikill hávaði í salnum. Hv. þingmaður talaði miklu lengur en honum var heimilt. En það er greinilega líka mikill skjálfti í hv. þingmönnum.)

6. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BJJ, BjarnB, BHar, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GuðmM, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, HBl, JóhS, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BHar, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GuðmM, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VF, VS, ÞBack.

13 þm. (BÁ, BBj, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, KHG, MF, RG, SAÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:01]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Nú er komið að lokum atkvæðagreiðslunnar og þarf að vísa frumvarpinu til 3. umr. Við 1. umr. var sérstaklega gagnrýnt að aðhaldið skorti og afgangurinn var ekki nægur. Samfylkingin boðaði miklar tillögur í þeim efnum sem enduðu í táknrænum tillögum. Vinstri grænir hafa lagt fram þenslutillögur. Tillögur Samfylkingarinnar eru táknrænar á þann hátt að þau vilja auka útgjöld ýmiss konar en draga úr vegaframkvæmdum, menningarhúsum á landsbyggðinni og þróunaraðstoð. (**JBjarn:** Er þetta atkvæðaskýring?)

Hæstv. forseti. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er á þann veg að aðhald hefur verið aukið og afgangur á fjárlögum samkvæmt frumvarpinu, eins og það stendur núna, er nálægt 2% af landsframleiðslu. Þetta er mikilvægt innlegg til hagstjórnar og hagþróunar næstu mánuði og næsta ár. Ég legg því til að málinu verður vísað til 3. umr. (**JBjarn:** Forseti er búinn að því.)

[12:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti verður að segja að það gengur ekki að hv. þingmenn sem standa í ræðustól fái ekki að tala vegna þess að aðrir hv. þingmenn gefa ekki hljóð til þess.

[12:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég hafði ekki séð fyrir mér að sérstakrar skýringar þyrfti við að maður styddi að fjárlagafrumvarpið gengi til nefndar á nýjan leik og 3. umr. En þá gerast þau tíðindi að hæstv. fjármálaráðherra kemur upp í atkvæðagreiðslu um að vísa frumvarpinu til 3. umr. En til hvers notar hann ræðutíma sinn? Til að ráðast á stjórnarandstöðuna með ákaflega ómálefnalegum útúrsnúningum og gefa til-

löguflutningi hennar og málafylgju einkunnir eða falleinkunnir. Ég kann heldur illa við þetta.

Ég varð ekkert var við að hæstv. forseti benti hæstv. fjármálaráðherra á að þetta væri í hæsta máta óviðeigandi. Er venjan að fara í efnisumræðu og árásir á andstæðinga sína í atkvæðagreiðslu um að vísa máli milli umræðna? (**SKK:** Er þetta atkvæðaskýring?) Það er mjög óheppbundið. (**SKK:** Er þetta atkvæðaskýring?) Ætli mér leyfist ekki eitthvað svipað og sumum öðrum? Eigum við ekki að leyfa forseta að stjórna fundinum? (**Fjmrh.:** Ert þú ekki að reyna að stjórna fundinum?) Forseti stjórnaði fundinum áðan. (**Fjmrh.:** Ert þú ekki að reyna að stjórna fundinum?) Vill ekki hæstv. fjármálaráðherra bara skammast sín? Er það ekki niðurstaðan af þessu? (**Fjmrh.:** Vill ekki hv. þingmaður bara halda sig við efnið?) (Forseti hringir.) Ég mótmæli þeim snuprum sem komu frá hæstv. fjármálaráðherra um breytingartillögur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Þær eru ekki þensluhvetjandi heldur þvert á móti. Fjármálaráðherra á að skammast sín.

[12:04]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Það er greinilega bæði skjálfti og órói í salnum. Forseti hefur áður bent á að þingmönnum ber að halda sig við að gera grein fyrir atkvæði sínu en ekki standa í því að svara öðrum hv. þingmönnum (**Gripið fram í:** En ráðherra?) eða halda uppi efnislegri umræðu. (**JBjarn:** En ráðherra?) Ég vænti þess að næsti hv. þingmaður geri grein fyrir atkvæði sínu á réttan hátt.

[12:04]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki áttað mig á að það væri hæstv. fjármálaráðherra sem legði til að málinu væri vísað til 3. umr. Ég hélt að það væri virðulegur forseti og umræða af þessu tagi væri ekki vanabundin. En atkvæði okkar fellur auðvitað með því að vísa málinu í sinn lýðræðislega farveg eins og vera ber. Það felur ekki í sér neina efnislega afstöðu til málsins.

Hér hefur þegar komið fram hve illa er á málum haldið við framkvæmd fjárlaga, hvernig allt aðhald skortir í þetta frumvarp og hve mikið það eykur á misskiptinguna í samfélaginu. Það er ekki nema rétt eðlilegt, virðulegi forseti, að nýr hæstv. fjármálaráðherra sitji hér á ráðherrabekknum og öskri fram í hjá hverjum ræðumanninum á fætur öðrum og geti ekki haldið stillingu sinni í umræðunni vegna þess að hann veit sem er að af þessu frumvarpi er engin ástæða til að vera stoltur nýr fjármálaráðherra.

[12:05]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Eftir 2. umr. og atkvæðagreiðslu fjárlaga er eðlilegt að vísa málinu til 3. umr. Ég vona fyrir hönd okkar allra að þær tillögur sem dregnar voru til baka verði skoðaðar vandlega og eins margar þeirra ábendinga sem komu fram í umræðunni en hafa ekki allar birst í breytingartillögum. Þessu vil ég koma til skila.

Hvað varðar framlagningu mála og breytingartillagna þá lýsa þær auðvitað mismunandi pólitískum skoðunum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur af festu og ábyrgð tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, greitt atkvæði með þeim tillögum frá meiri hlutanum sem hún telur til bóta en lagst gegn öðrum. Hvað varðar fjárútlát og tekjur ríkissjóðs þá tel ég að við höfum með ábyrgum hætti lagt fram fullnægjandi fylgiskjöl með tillögum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um þau atriði.

Um fundarstjórn.

Atkvæðagreiðsluskýringar við fjárlög.

[12:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Vegna þeirrar umræðu sem fram fór í lokin og reyndar líka fyrr á fundinum, undir liðnum Atkvæðaskýringar, vil ég koma því að að þetta er nýbreytni sem ég hafði ekki áttað mig á, að þingmenn gætu fengið orðið eftir að aðrir þingmenn hafa hafið atkvæðaskýringar sínar. Ef menn ætla að hafa þann háttinn á er hætt við því að fjárlagaumræðan geti farið að dragast úr hömlu, þ.e. afgreiðsla fjárlaga.

Ég held að það sé þrátt fyrir allt skárra að þingmenn sem vilja gefa skýringu á atkvæði sínu biðji um það strax í upphafi en ekki verði úr því langar umræður í hvert skipti sem einhver fer upp til að gefa skýringar á atkvæði sínu. Ég beini því til hæstv. forseta hvort ekki beri að halda í heiðri þær venjur sem hafa skapast hvað þetta varðar.

[12:09]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Út af orðum hv. þingmanns vill forseti segja að það hefur svo sannarlega verið venja að menn óski eftir því að gera grein fyrir atkvæði sínu áður en slíkar greinargerðir eru fluttar.

[12:09]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað alvanalegt að við vísun til næstu umræðu geri menn grein fyrir atkvæði sínu. Í því er engin nýbreytni þrátt fyrir það sem menn hafa haldið fram. Það sem var óvenjulegt við þessa atkvæðagreiðslu var að fleiri fengu að gera grein fyrir atkvæði sínu en um það höfðu beðið í upphafi atkvæðagreiðslunnar. Það var nýbreytnin við þessa atkvæðagreiðslu og ég held að við ættum að taka til athugunar að svo verði ekki áfram.

Húsnæðismál, 1. umr.

Stjfrv., 343. mál (varasjóður viðbótarlána). — Þskj. 377.

[12:10]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frumvarpið er í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar til félagsmálaráðherra þann 17. mars síðastliðinn. En nefnd-

in var skipuð fulltrúum ríkis og sveitarfélaga.

Í 3. lið tillagna nefndarinnar er lagt til að varasjóði húsnæðismála verði heimilað að auka rekstrar- og sölueframlög vegna félagslegra íbúða í eigu sveitarfélaga og aðstoða við úreldingu þeirra. Lagt er til að framlögin komi til greiðslu á árunum 2005, 2006 og 2007. Framlögin nemi 280 millj. kr. á ári eða alls 840 millj. kr. á tímabilinu.

Um útfærslu segir í tillögum nefndarinnar að fjármögnun komi af höfuðstól varasjóðs viðbótarlána. Þessi breyting felur því ekki í sér útgjöld fyrir ríkissjóð. Varasjóður viðbótarlána, sem er tilkominn vegna framlaga frá sveitarfélögum samhliða veitingu viðbótarlána, er ætlað að bæta einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán.

Í lok árs 2004 hætti Íbúðalánasjóður að veita viðbótarlán og hefur sjóðurinn því ekki orðið fyrir nýjum skuldbindingum frá þeim tíma. Þvert á móti hafa skuldbindingar sjóðsins minnkað ört undanfarna mánuði vegna uppgreiðslna viðbótarlána.

Um síðustu áramót var staða útistandandi viðbótarlána rétt tæplega 21 milljarður kr. Á sama tíma var eigið fé varasjóðs viðbótarlána rúmar 1.300 millj. kr. eða sem nemur um 6,2% af útistandandi viðbótarlánum. Þann 30. september síðastliðinn hafði það hlutfall hækkað í 9–10% að teknu tilliti til vaxtatekna sjóðsins og tapaðra viðbótarlána á árinu og staðan batnað sem því nemur.

Samkvæmt úttekt sem unnin var fyrir varasjóð viðbótarlána fyrr á þessu ári er óhætt talið að lækka eigið fé sjóðsins þannig að hlutfall þess af útistandandi viðbótarlánum verði á bilinu 3–4%. Það er því ljóst að eigið fé sjóðsins er langt umfram það sem sérfræðingar telja nauðsynlegt vegna skuldbindinga hans. Fjölmörg sveitarfélög glíma við rekstrarvanda í félagslega húsnæðiskerfinu og í tillögum tekjustofnanefndar er lagt til að ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála verði heimilað að ganga á eigið fé varasjóðs viðbótarlána til að taka á þeim vanda með auknum rekstrarframlögum eða aðstoð við fækkun íbúða með sölu á almennum markaði. Tekið skal fram að um þetta ríkir full sátt við sveitarfélögin og er raunar um að ræða tillögu fulltrúa sveitarfélaga í tekjustofnanefnd sem stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur einnig samþykkt.

Hæstv. forseti. Í tillögum tekjustofnanefndar er enn fremur lagt til að rammasamkomulag ríkis og sveitarfélaga sem vísað er til í ákvæði til bráðabirgða VIII við lögin verði framlengt um þrjú ár, eða til ársins 2009. Samkomulagið felur í sér 60 millj. kr. árlegt framlag ríkissjóðs til verkefnis varasjóðs húsnæðismála. Kostnaðaraukning vegna þessa fyrir ríkissjóð nemur alls 180 millj. kr. á þessu tímabili. Á sama tíma munu sveitarfélög inna af hendi 20 millj. kr. á ári í sama tilgangi.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgðasjóður launa, 1. umr.

Stjfrv., 351. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 385.

[12:13]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa.

Efni frumvarpsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi tengist efni frumvarpsins frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006. Á undanförnum árum hefur Ábyrgðasjóður launa ekki getað staðið undir skuldbindingum sínum samkvæmt lögunum enda hefur útstreymi úr honum verið nokkuð meira en áætlað var við setningu laganna árið 2003.

Í árslok 2003 var eigið fé sjóðsins uppurið og hefur sjóðurinn af þeim ástæðum myndað skuld við ríkissjóð sem í árslok 2004 var 536 millj. kr. Enda þótt teikn séu á lofti um að hámarki hafi verið náð í útgjöldum sjóðsins þykir ljóst að hækka verði gjaldið vegna stöðu hans. Verði gjaldinu haldið óbreyttu eru horfur á að halli sjóðsins haldi áfram að aukast þrátt fyrir að dregið hafi úr útgjöldum hans það sem af er árinu 2005. Þegar miðað er við að árleg útgjöld sjóðsins nemi um 500 millj. kr. má ætla að halli hans verði um 1,1 milljarður kr. í árslok 2006 og tæpir 2,2 milljarðar kr. í árslok 2011, að óbreyttu gjaldi.

Í þessu ljósi, hæstv. forseti, er lagt til að ábyrgðargjaldið. sem ætlað er til að fjármagna Ábyrgðasjóð launa, verði hækkað. Hefur náðst samkomulag við atvinnurekendur um að gjaldið verði hækkað úr 0,04% í 0,1% af gjaldstofni frá og með 1. janúar 2006 verði það samþykkt á Alþingi. Verði ábyrgðargjaldið hækkað í 0,1% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir og árleg útgjöld Ábyrgðasjóðs verða um 500 millj. kr. er gert ráð fyrir að jafnvægi verði náð í rekstri sjóðsins árið 2011.

Í öðru lagi er lögð til breyting á heimild aðila máls til að kæra ákvarðanir Ábyrgðasjóðs launa til félagsmálaráðuneytis. Skipulag íslenskrar stjórnsýslu gerir almennt ráð fyrir tveimur stigum þar sem fyrir hendi eru lægra sett stjórnvöld, sem oftast eru stofnanir sem fara með framkvæmd tiltekinna málefna í umboði ráðherra. Er þá litið á ráðherra sem æðra stjórnvald á því sviði. Til að auka réttaröryggi almennings er gert ráð fyrir að heimilt sé að kæra ákvarðanir til lægra setts stjórnvalds til æðra stjórnvalds sem er þá skylt að taka ákvörðunina til endurskoðunar.

Í gildandi lögum virðist sem miðað sé við þrjú stjórnsýslustig í þessu tilviki. Gert er ráð fyrir málskoti til stjórnar sjóðsins áður en heimilt er að kæra ákvörðun til félagsmálaráðuneytisins. Hins vegar þykir það samræmast betur skipulagi íslenskrar stjórnsýslu að ákvarðanir Ábyrgðasjóðsins, sem teknar eru á grundvelli laganna, séu teknar í umboði stjórnar Ábyrgðasjóðs launa sem síðan væru kæranlegar beint til félagsmálaráðuneytis. Varsla Ábyrgðasjóðs launa er á ábyrgð stjórnar sjóðsins en stjórnin hefur gert þjónustusamning við Vinnumálastofnun um daglega umsýslu fyrir sjóðinn. Annast því starfsfólk stofnunarinnar að jafnaði afgreiðslu umsókna í umboði stjórnar Ábyrgðasjóðs launa.

Þegar upp koma mál sem talin eru þarfnast nánari skoðunar er gert ráð fyrir að starfsmenn leggi þau mál fyrir stjórn sjóðsins sem taki ákvörðun um hvernig málið skuli

afgreitt. Þrátt fyrir að einstakar umsóknir hljóti þannig umfjöllun stjórnar sjóðsins verða öll mál afgreidd á sama stjórnsýslustigi. Er þá litið svo á að ákvörðun hafi verið tekin af stjórnvaldinu, þ.e. Ábyrgðasjóði launa, hvort sem málið hefur hlotið umfjöllun stjórnar eða eingöngu starfsmanna.

Í reynd hefur framkvæmd laganna, hæstv. forseti, verið með þessum hætti. Breytingartillaga þessi er gerð í því skyni að treysta og skýra framkvæmdina og tryggja réttaröryggi þeirra sem þurfa að leita til Ábyrgðasjóðsins.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[12:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta litla frumvarp sem varðar málefni Ábyrgðasjóðs launa tekur á atriðum sem að sjálfsögðu er óumflýjanlegt að bregðast við og þá sérstaklega því sem snýr að fjárhag sjóðsins og því að hann á ekki fyrir skuldbindingum sínum eða verkefnum. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að taka á því vegna þess að starfsemi sjóðsins er bráðnauðsynleg og enginn vill, held ég, sjá að horfið verði aftur til þeirra tíma að launamenn geti misst í stórum stíl af launum sínum vegna þess að vinnuveitandi þeirra fari á höfuðið eða komist í þrot og þeir eigi inni stórar fjárhæðir í ógreiddum launum, varnarlausir með öllu oft og tíðum gegn því ástandi sem þar hefur skapast, hafandi ekki haft upplýsingar um stöðu fyrirtækisins o.s.frv.

En það vekur óneitanlega athygli að hér er lögð til meira en tvöföldun á gjaldtökunni, þ.e. úr 0,04% af gjaldstofninum, sem er greidd laun í landinu og í 0,1%. Þetta er sem sagt umtalsverð hækkun, meira en tvöföldun þó svo að prósentan sé ekki há. Það hlýtur að stafa af öðru tvennu nema hvoru tveggja sé í bland að gjaldþrot hafi orðið mun meiri en menn reiknuðu með þegar prósentan var stillt af á sínum tíma og talið var nægja að 0,04% væru tekin eða hinu að menn hafi vanmetið málin verulega. Mér fyndist því mega koma aðeins skýringar fram á því hverjar séu meginástæður þess að svona mikla breytingu þarf á gjaldtökunni.

Nú er það gott ef samkomulag er um það við atvinnurekendur sem greiða gjaldið að fara í þessa hækkun enda óumflýjanlegt og þá á það ekki að þurfa að valda deilum. Engu að síður er fróðlegt að vita hvað hér hefur gerst.

[12:19]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt sem fram kemur í máli hv. þingmanns að þarna er um að ræða tillögu um verulega hækkun þessa gjalds eða meira en tvöföldun. Hún er til komin, eins og ég rakti í fyrra máli mínu, af því að Ábyrgðasjóður launa hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem til hans eru gerðar samkvæmt lögum.

Það er sömuleiðis rétt sem kom fram í vangaveltum hv. þingmanns að skýringin er fyrst og fremst sú að gjaldþrot voru meiri á þeim tíma sem liðinn er frá breytingu laga um sjóðinn en ráð var fyrir gert og útstreymið úr sjóðnum þar með sömuleiðis meira. Það er rétt að undirstrika það og árétta hér, hæstv. forseti, að um þessa miklu hækkun — við hv. þingmaður getum verið sammála um það — er samkomulag við atvinnurekendur og þeir gera sér fyllilega grein fyrir því að ekki er hægt að reka sjóðinn áfram með þeim hætti sem gert hefur verið af þessum sökum og þess vegna er þessi hækkun lögð til.

[12:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og að staðfesta það hér að það urðu sem sagt veruleg meiri gjaldþrot á árunum 2003, 2004 og 2005 sem leiða til þess að óumflýjanlegt er að fara í þessa meira en tvöföldun á gjaldtöku til Ábyrgðasjóðs launa. Þetta gerist sem sagt mitt í öllu góðærinu. Þrátt fyrir það fjölgar gjaldþrotum svona mjög og meira er um að þar frjósi inni vangreidd laun til starfsmanna en menn gerðu ráð fyrir. Ég legg til að hæstv. félagsmálaráðherra fræði formann sinn, hæstv. forsætisráðhera, um að þetta sé nú að gerast þrátt fyrir allt í miðju góðærinu hans.

[12:21]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, því miður er það nú svo að enn finnast dæmi þess að menn kunni ekki fótum sínum forráð í rekstri. Þó ekki sé það nú alltaf ástæða gjaldþrota þá er það alla vega í sumum tilvikum og þannig háttar til í þessu tilviki að gjaldþrot urðu meiri á þessu tiltekna tímabili en menn gerðu ráð fyrir í upphafi. Það þarf, hæstv. forseti, því miður ekki mörg gjaldþrot til, mörg gjaldþrot umfram þau sem menn reikna með til þess að svona fari og þannig hygg ég nú að hafi verið í þessu tilviki, að þarna sé ekki um mörg gjaldþrot að ræða en því miður í einhverjum tilvikum stór.

[12:22]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel ástæðu til þess að fá það upplýst nú við 1. umr. hvort farið hafi fram sérstök úttekt á því hvernig þessi staða kemur upp í einstökum tilvikum. Þá á ég við það hvort farið hafi fram skoðun á aðdraganda gjaldþrota fyrirtækja og hvort menn hafi skoðað það sérstaklega hvort að í rekstri fyrirtækja sem enda í gjaldþroti séu menn í raun að stefna til þess að launþegar taki laun sín í gegnum Ábyrgðasjóð, þ.e. hvort þeir haldi of lengi áfram rekstri, þó að í verulegum taprekstri sé, og treysti á að koma launum fólksins yfir á Ábyrgðasjóð launa.

Ég held að nauðsynlegt sé að skoða það, hafi það ekki verið gert, því að það er ekki hugsunin við Ábyrgðasjóð launa að menn geti beinlínis gert út á það í rekstri sínum að lokauppgjör launþega færist sjálfkrafa yfir á sjóðinn. Þess vegna spyr ég að því hvort það hafi verið skoðað varðandi þetta ferli fyrirtækjanna, þ.e. hvort eðlilega sé staðið að málum miðað við þær kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja í rekstri og þeirrar ábyrgðar sem menn eiga að bera þar.

[12:24]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, stjórn Ábyrgðasjóðs launa og sömuleiðis félagsmálaráðuneytið hafa farið rækilega yfir þessi mál einmitt til þess að komast til botns í því hvort glufur

kunni að vera í kerfinu eða óeðlileg háttsemi. Ég tel að stjórn Ábyrgðasjóðs launa hafi gert sitt ýtrasta til þess að koma í veg fyrir að svo geti verið. Vissulega hafa einhver brögð verið að því að menn reyndu slíkt. En ég tel mig geta fullvissað hv. þingmann um að stjórn Ábyrgðasjóðs launa hefur vakandi auga með þessu verkefni og gerir sitt ýtrasta til þess að sjóðurinn starfi samkvæmt þeim lögum og þeim reglum og þeim áherslum sem um hann gilda.

[12:25]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar sem skoðun hefur farið fram á þessu vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort honum sé kunnugt um að menn hafi aftur og aftur stofnað til nýrra fyrirtækja á þeim tíma sem við vorum hér að ræða um, síðastliðin þrjú ár, hvort menn hafi kannski komið, ekki bara einu sinni heldur tvisvar eða jafnvel þrisvar með rekstur á nýrri kennitölu í nánast sömu atvinnugrein og launþegarnir eigi síðan rétt í sjóðnum.

[12:26]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stjórn Ábyrgðasjóðs launa í samvinnu við Vinnumálastofnun lét fara fram alveg sérstaka úttekt á því hvort um slíkt væru einhver dæmi. Því miður finnast dæmi um að sömu aðilar standi að baki fleiri en einu gjaldþroti. Því miður eru dæmi þess. Það er mál sem stjórnin er mjög vel meðvituð um og vakir yfir enda er ástæða til þess. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka það mál hér upp. Full ástæða er til að vaka yfir þessu á hverjum tíma því að auðvitað hljótum við öll að vilja gera okkar ýtrasta til að koma í veg fyrir að menn svo mikið sem geri tilraunir til þess að spila á þetta kerfi sem er sett upp í góðum tilgangi eins og við þekkjum.

[12:27]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra út í frumvarpið sem hér er til umræðu. Mér sýnist hér vera um að ræða flata hækkun sem leggst jafnt á öll laun, há laun og lág laun. Þess vegna kemur ekki persónuafsláttur neitt hér inn í. Þetta er svona skattur sem leggst jafnt á öll laun. Þetta er þá kannski liður í því að launakostnaðurinn — ef ég skil þetta rétt — og kostnaður atvinnurekenda við há og lág laun verður hlutfallslega jafnmikill á launin og ekki er tekið tillit til persónuafsláttar. Það má segja að tryggingagjaldið sé flatur skattur á öll laun.

Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé nær að skylda atvinnurekendur einfaldlega til þess að kaupa sér tryggingar í stað þess að vera með þetta sjóðskerfi því að þeir sem standa í skilum svo áratugum skiptir eru kannski að greiða jafnvel laun hjá þeim sem koma og fara og eru í samkeppni en fara ekkert eftir reglum. Þeim svíður það jafnvel að þetta fyrirkomulag sé með þessum hætti. Er kannski mögulegt að fara í einhverjar breytingar á innheimtunni?

[12:28]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú ástæða til þess að taka af allan vafa um það að hér er ekki um að ræða gjald sem kemur með nokkrum hætti niður á launþegum heldur eru það atvinnurekendur sem greiða þetta gjald. Það kemur hvorki launum einstaklinganna við né heldur persónuafslættinum. Þarna er um að ræða gjald sem atvinnurekendur safna saman í þennan sjóð til þess að standa undir því þegar áföll verða og gjaldþrot eiga sér stað.

Hv. þingmaður spyr hvort ekki megi allt eins sjá fyrir sér að atvinnurekendur kaupi sér sérstaka tryggingu. Ég vil nú líta svo á, hæstv. forseti, að það sé nákvæmlega það sem þeir eru að gera með þessum sjóði, þ.e. þar safna atvinnurekendur saman í einn sjóð peningum sem svo aftur eru nýttir til þess að taka áföllin af þeim þegar gjaldþrotin verða. Þarna er því um að ræða verkfæri sem við Íslendingar höfum nýtt okkur með margvíslegum hætti, þ.e. samfélagsleg ábyrgð og í þessu tilfelli samábyrgð fyrirtækjanna.

[12:29]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að launagreiðandi sér um að innheimta gjaldið. En þetta eykur launakostnaðinn og minnkar það svigrúm sem hægt er að nota til þess að greiða laun. Á endanum kemur þetta því niður á launafólki. Það er alveg gefið. Þetta leggst hlutfallslega jafnt á há og lág laun. Þess vegna kemur persónuafslátturinn ekkert inn í. Meðan bæði er verið að draga saman persónuafsláttinn og hækka tryggingagjaldið, sem má alveg líta á sem flatan skatt á öll laun, þá er verið að þyngja skattbyrði þeirra sem hafa lægri tekjurnar.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra, vegna þess að ég hef nú staðið í þeim sporum að greiða laun og það er ansi flókið, hvort ekki sé tímabært að huga að því að koma á miðlægu innheimtukerfi. Það mundi koma sér sérstaklega vel fyrir minni fyrirtæki og mundi eflaust líka tryggja að lífeyrissjóðsgreiðslur (Forseti hringir.) mundu skila sér. Það mundi svo leiða til þess mögulega að minna streymdi út í þessar ábyrgðatryggingar.

[12:31]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þingmanni að eftir því sem álögurnar eru meiri þeim mun minna verður svigrúmið til greiðslu launa en þetta er samt sem áður aðferð sem við höfum verið sammála um að beita. Ég hef ekki orðið var við að atvinnurekendur eða fulltrúar launþegahreyfingarinnar geri athugasemdir við að með þessum hætti reyni menn að strengja þetta öryggisnet.

Ég get hins vegar alveg tekið undir með hv. þingmanni í þeim efnum að að sjálfsögðu er fyllsta ástæða fyrir okkur að leita á hverjum tíma allra leiða til að samhæfa starfsemi ríkisins, fækka stofnunum og einfalda kerfið. Í þeim tilgangi hefur ríkisstjórnin sett af stað átak sem ber yfirskriftina Einfaldara Ísland og einnig sett af stað vinnu sem lýtur að því að einfalda Stjórnarráðið og stjórnkerfið, fækka ráðuneytum og stofnunum. Sú vinna er í fullum gangi.

[12:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Á þessu máli verður að taka og það er ekkert annað en ábyrgt af hæstv. ráðherra og ríkisstjórn að takast á við þann vanda sem uppi er með þennan ábyrgðarsjóð. Eins og komið hefur fram í umræðum er um mikilvægan sjóð að ræða. Hann er mikið öryggistæki fyrir launþega sem hafa oftast ekki mikið um rekstur þeirra fyrirtækja sem þeir starfa hjá að segja. Það getur komið sér mjög illa fyrir þá ef þeir missa skyndilega vinnuna, það er svo augljóst að ekki þarf að hafa um það mörg orð.

Ég vildi velta hér upp ákveðnum áhyggjum sem ég hef og tengjast þessu máli. Ég vil einnig þakka fyrir þau málefnalegu andsvör sem hér komu fram, sérstaklega hjá þingmönnum Frjálslynda flokksins, mér fannst þeir taka á málum sem við þurfum að ræða og skoða.

Þegar ég skoða stöðu sjóðsins, ég vitna þá í minnisblað sem var dreift til okkar nefndarmanna, vekur það athygli mína að tekjurnar árið 2004 eru samtals 337 millj. kr. Af því er ábyrgðargjaldið 196 millj. kr. en úr þrotabúum koma 142 millj. kr. Gjöldin eru 741 millj. kr. þannig að hallinn er 404 millj. kr., tekjurnar 337 millj. kr., gjöldin 741 millj. kr. og hallinn upp á 404 millj. kr. Gjöldin lækka miðað við áætlun 2005 en tekjurnar einnig. Þrátt fyrir að ábyrgðargjaldið hækki þá lækka tekjur úr þrotabúum úr 142 millj. kr. í 70 millj. kr. og miðað við áætlun 2006 lækkar það enn og er þá komið niður í 50 millj. kr. Miðað við áætlanir er varða breytingar á frumvarpinu er gert ráð fyrir 100 millj. kr. afgangi árið 2006 miðað við þessa miklu hækkun. Afgangur upp á 100 millj. kr. í því árferði sem nú er — ég held við getum ekki kallað það neitt annað en góðæri hvernig sem horft er á það — og er ég þá að miða við þessa miklu hækkun — gerir það að verkum að maður fer að hugsa til þess hvað gerist ef syrta fer í álinn. Við gætum lent í slæmum málum, eins og t.d. að hér kæmi vinstri stjórn, þá yrði góðærið fljótt að fara. Það segir reglan okkur. Einhverjar aðrar ástæður gætu líka komið til.

Eins og hér hefur komið fram, og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ræddi ágætlega í gær, og eru svo sem engin ný sannindi, þá skiptir máli í hlutum eins og þessum að sparað sé til mögru áranna eins og segir í ágætri bók. Við þurfum að ganga þannig frá, hvort sem um er að ræða þennan sjóð eða Atvinnuleysistryggingarsjóð, að þegar vel stendur á, eins og núna, leggi menn í sjóð þannig að ekki þurfi að fara út í það þegar illa gengur að hækka gjöld á fyrirtækjum eða fara út í einhverjar aðrar aðgerðir til að stoppa upp í gatið.

Ég er sammála hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni þegar hann segir að það þurfi að skoða þessi mál. Hann spurði hvort það gæti verið að menn væru að gera út á sjóðinn og er þá vísa í einhver atriði. Þegar maður lítur á þessa tölu finnst manni hlutirnir ekki alveg ganga upp. Gjöldin eru ansi há miðað við árferðið og þegar maður sér hver þróunin hefur verið, hvernig það sem komið hefur úr þrotabúunum fer lækkandi, ég vísa í reikninginn frá 2004 og síðan áætlun 2005 og 2006, ég hef ekki eldri tölur, þá sér maður að það er eitthvað sem gengur ekki upp. Ég tel æskilegast að vera með sjóði eins og þessa sem mundu safna upp fjármunum í góðæri og við gætum ef því er að skipta lækkað gjöldin þegar syrtir í álinn. Hér er vissulega ekki um að ræða gjald sem leggst á launafólk beint en samt, eins og hæstv. félagsmálaráðherra minntist á, minnkar það svigrúm sem atvinnurekandinn hefur þegar hann greiðir út laun ef hann er með há launatengd gjöld. Það segir sig sjálft. Það kom líka fram hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni þó að hann hafi ekki farið rétt með að þetta væri hlutfallslega sami skatturinn og flatur skattur og kæmi eins niður á þeim sem væru með lág laun og há laun. Þetta er prósentuskattur og þar af leiðandi greiða menn mun lægri prósentu á lág laun en á há laun. Það er nákvæmlega eins og hv. þingmaður segir, þetta er sama prósentan en 1% af þúsund krónum er miklu lægri tala en 1% af 100.000 kr. Þar af leiðandi greiðir atvinnurekandi meira með þeim sem eru með hærri laun en með hinum sem hafa lægri laun. Það er mjög mikilvægt að því sé haldið til haga í umræðu sem þessari ef farið er út í þau mál.

Aðalatriðið er þetta. Við þurfum að skoða það vel í nefndinni hvernig stendur á þeirri þróun sem verið hefur að undanförnu. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson velti því upp hvort verið væri að gera út á þennan sjóð af einstaka atvinnurekendum. Ég hef ekki trú á því að það sé algengt. Það hljóta þá að vera einhver afmörkuð tilvik. En við hljótum að spyrja að því hvort eitthvað slíkt sé í gangi og hvort til einhverra ráða sé hægt að grípa til að draga úr útgreiðslum í sjóðinn. Ég tel að við þurfum að ná meiri fjármunum inn á þessum tímum þannig að úr einhverju sé að spila þegar og ef aðstæður breytast.

[12:39]

Útbýting:

Afli smábáta, 374. mál, fsp. AHB, þskj. 430.

Bílaleigur, 379. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 435.

Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, 371. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 427.

Brottfall úr framhaldsskólum, 369. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 425.

Endurbætur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, 373. mál, fsp. AKG, þskj. 429.

Endurskoðun skipulags- og byggingarlaga, 368. mál, fsp. GuðmM, þskj. 424.

Framkvæmdasjóður aldraðra, 367. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 423.

Hafnalög, 380. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 436.

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 378. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 434.

Málefni heilabilaðra, 370. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 426.

Rannsóknarnefndir, 372. mál, frv. ÁÓÁ o.fl., þskj. 428.

Siglingalög, 376. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 432.

Siglingastofnun Íslands, 375. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 431.

Umferðarlög, 377. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 433.

[12:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér er tekið til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ábyrgðasjóð launa og til þess gripið að hækka framlög í sjóðinn með tilliti til slæmrar stöðu hans, hækka ábyrgðargjaldið um hátt í 150% frá

því sem nú er en það á að gefa sjóðnum 600 millj. kr. og ríflega það. Ég vil minna á í þessu sambandi að við höfum ítrekað, bæði núna við fjárlagagerðina og síðustu fjárlagagerð, vakið athygli þingheims á stöðu Ábyrgðasjóðs launa og talið að um verulegar vanáætlanir væri að ræða í sjóðinn miðað við skuldbindingar hans og vöruðum við hvert stefndi.

Við höfum bent á að tvöfalda þyrfti ábyrgðargjaldið, gerðum það á síðasta þingi, til að sjóðurinn gæti staðið undir skuldbindingum sínum og gert upp við ríkissjóð en hann skuldaði þá um 600 millj. kr. Þetta hefur ítrekað komið fram og kemur fram í gögnum núna við fjárlagagerðina þannig að þetta frumvarp kemur ekki á óvart og full ástæða er til að taka á málunum með þeim hætti sem hæstv. félagsmálaráðherra gerir.

Það vekur athygli að þrátt fyrir að verið sé að hækka gjaldið um fast að 150% þá er engu að síður áætlað að halli sjóðsins verði um 1,1 milljarður í árslok 2006 og tæpir 2,2 milljarðar í árslok 2011 að öllu óbreyttu — þrátt fyrir þessa hækkun sem hér er verið að gera. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að ekki var þá tekið fastar á fyrst þetta gerir ekki meira en raun ber vitni og enn verður áfram viðvarandi halli á sjóðnum á næstu árum? Í tengslum við fjárlagagerðina sá ég, og ég býst við að sé viðurkennt í þessu frumvarpi hæstv. ráðherra, að á árinu 2011 verði halli í árslok þrátt fyrir þessa gjaldtöku.

Að vísu ætla ég að leiðrétta mig hér vegna þess að þegar ég nefndi 2,2 milljarða í árslok 2011 var það að óbreyttu gjaldi en engu að síður er gert ráð fyrir verulegum halla á rekstri sjóðsins þrátt fyrir þá breytingu sem hér er verið að gera.

Aðeins var komið inn á það hér hvort hæstv. ráðherra teldi að grípa þyrfti til einhverra frekari aðgerða en gert hefur verið varðandi t.d. atvinnurekendur — atvinnurekendur sem ítrekað verða gjaldþrota og skuldbindingar þeirra lenda á Ábyrgðasjóði launa. Ég minnist þess að þegar við ræddum málið fyrir nokkru hafði verið gerð úttekt á stöðu sjóðsins og þá komu fram ýmsar aðgerðir sem þeir sem unnu verkið fyrir hæstv. ráðherra töldu að grípa þyrfti til til að sporna við hinu mikla útstreymi úr ábyrgðarsjóði launa. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort öllum þeim tillögum sem þar komu fram hafi verið hrint í framkvæmd. Ef ekki, hvað stendur út af? Við erum að fjalla um mjög mikilvægan sjóð sem hefur mikla þýðingu fyrir launafólk. Það er mjög mikilvægt að vel sé að honum staðið í fjármögnun og lögum og reglum. Það er ekki svo sjaldan sem fólk hefur þurft að sækja rétt sinn í þennan sjóð, ekki síst þegar þeir sem lenda með fyrirtæki sín í gjaldþrot fara og skilja eftir ógreidda vörsluskatta lífeyrisréttinda og annað.

Ég vildi spyrja ráðherrann í fyrsta lagi hvort hann teldi ekki að gera þyrfti betur en hér er gert til þess að ná fyrr jafnvægi í stöðu sjóðsins, hvort gerðar hafi verið einhverjar áætlanir um útgjöld í sjóðnum á næstu árum sem við sem um málið fjöllum í hv. félagsmálanefnd gætum fengið.

Ég vil líka vekja athygli ráðherrans á því svari sem ég fékk frá viðskiptaráðherra fyrir sennilega tveimur árum. Í því svari upplýsti ráðherra mig um ýmislegt sem ég hafði hug á að vita varðandi kennitöluflakk í atvinnurekstri. Spurt var hvort ráðherra teldi ástæðu til að grípa til aðgerða eða lagasetningar til að sporna við kennitöluflakki og hvort Norðurlandaþjóðirnar hefðu gripið til sérstakra aðgerða eða lagasetningar til að koma í veg fyrir slíkt. Ég sá ástæðu til að spyrja hæstv. ráðherra þeirrar spurningar þá í ljósi upplýsinga sem ég hafði áður fengið í svari til mín þar sem fram kom að á árunum 1992–2001 urðu rúmlega 3.000 hlutafélög og einkahlutafélög gjaldþrota og 331 einstaklingur sem sat í stjórn þessara félaga hafði setið í stjórnum þriggja eða fleiri félaga. Af þessum 331 einstaklingi sátu 228 í stjórnum þriggja þessara gjaldþrota félaga, 58 sátu í stjórnum fjögurra þeirra og 45 í stjórnum fimm eða fleiri þeirra félaga sem orðið höfðu gjaldþrota.

Þar kom líka fram að fjöldi gjaldþrota hlutafélaga og einkahlutafélaga þar sem stjórnarmenn þeirra tengdust þremur eða fleiri gjaldþrotum eru rúmlega 800 af þeim rúmlega 3.000 sem urðu gjaldþrota á árunum 1992–2001. Maður veltir því fyrir sér hvort einhver tengsl séu milli gífurlegrar aukningar á útstreymi úr Ábyrgðasjóði launa og fjölda einstaklinga sem aftur og aftur stofna til fyrirtækjareksturs eftir gjaldþrot og senda reikninginn fyrir ógreidd laun og vörsluskatta í ríkissjóð.

Þegar við ræddum hér fyrir ekki margt löngu um stöðu þessa sjóðs upplýsti ráðherra að útgjöld úr sjóðnum hafi, að mig minnir, fjórfaldast á stuttum tíma og maður veltir því þá fyrir sér hve mikil tengsl séu þarna á milli. Við höfum t.d. fjallað um þetta mál í efnahags- og viðskiptanefnd og m.a. velt því fyrir okkur hvort ástæða sé til að skoða kennitöluflakkið svokallaða og ég minnist þess að Samtök iðnaðarins hafa margoft bent á þetta.

Þess vegna held ég að gott væri að fá svar við því við þessa umræðu, af því erum að fjalla um Ábyrgðasjóðinn, hvort ráðherrann telji ástæðu til að skoða frekar en gert hefur verið hvort veruleg og þá hver tengsl séu milli gífurlegrar aukningar útgjalda hjá Ábyrgðasjóði launa og fjölda einstaklinga sem aftur og aftur stofna til fyrirtækjareksturs á grunni gjaldþrots sem þeir lenda kannski aftur og aftur í. Maður hefði haldið að þetta ætti að vera sameiginlegt verkefni bæði fyrir viðskiptaráðherra og félagsmálaráðherra að fara í. Ég spyr hæstv. ráðherra um það.

Ég vil benda á, þótt ég sé ekki sérstaklega að leggja það til, að aðrar þjóðir hafa gengið miklu lengra en við í því að grípa til aðgerða þegar um er að ræða kennitöluflakk í þeirri mynd að verið er að stofna aftur og aftur til fyrirtækja á grunni þess gamla og vísa réttarmálum og iðgjöldum launþega í ábyrgðasjóði. Í svari ráðherra til mín sem ég vitnaði í áðan kom fram að í frumvarpi um atvinnurekstrarbann sem var til skoðunar, og flutt var af Finni Ingólfssyni sem þá var þingmaður, var lögð til sú leið að leggja tímabundið bann við atvinnurekstri einstaklinga. Byggðist það á sænskum lögum og jafnvel á annarri norrænni löggjöf sem tengdist refsiverðu atferli. Í Finnlandi eru ekki ósvipuð lög um atvinnurekstur og sumir hafa farið þá leið að setja tímabundið bann við setu aðila í stjórnum fyrirtækja sem lent hafa aftur og aftur í gjaldþrotum.

Þetta eru mál sem menn hafa reifað annað slagið hér á landi en aldrei hefur orðið neitt úr því að fara þessa leið og aðrar Norðurlandaþjóðir virðast taka harðar á þessum málum en við gerum. Mér fannst ástæða til þess, virðulegi forseti, að hreyfa þessari hlið á málinu aftur þegar við fjöllum

um Ábyrgðasjóð launa. Við höfum fyrirliggjandi upplýsingar og athuganir sem gerðar hafa verið og ég vitna hér í sem gefa fullt tilefni til þess að fastar sé tekið á þessu af hálfu ráðherranna. Ég heyrði að hæstv. félagsmálaráðherra nefndi áðan að komið hefði fram í þeirri úttekt sem hann lét gera á stöðu sjóðsins að þarna væru einhver tengsl á milli.

Þá er spurningin: Hvað verður gert í framhaldi af því? Er bara látið þar við sitja að þarna sé sterk vísbending, sem kom fram í úttekt nefndar sem skoðaði málið á vegum ráðherra, og síðan verði ekkert gert með málið í framhaldinu? Þetta er ein leið til þess að vernda þennan sjóð sem er svo mikilvægur fyrir launafólk og til að koma í veg fyrir, virðulegi forseti, að verið sé að misnota hann. Þetta er mál sem ég tel að við ættum að kafa miklu dýpra í hér á landi en gert hefur verið án þess að ég sé að tala fyrir því að ráðist verði með einhverju offorsi eða hörku í það. Engu að síður er full ástæða til að skoða málið. Ég geri mér fyllilega ljóst að á því eru margar hliðar en það er engin ástæða til þess, virðulegi forseti, að láta kyrrt liggja í þessu efni. Þetta er mál sem þarf að kafa betur ofan í.

Að öðru leyti mun ég að sjálfsögðu greiða fyrir því að frumvarp þetta nái fram að ganga fyrir jólaleyfi. Ég geri mér grein fyrir að það er hluti af fjárlagagerðinni og mun fyrir mitt leyti reyna að stuðla að hraðri afgreiðslu málsins.

[12:53]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir orð hennar hér. Þingmaðurinn spyr í fyrsta lagi hvers vegna ekki sé gengið lengra í tillögu um hækkun gjaldsins. Auðvitað má alltaf velta fyrir sér, hæstv. forseti, hversu langt á að ganga við slíkar aðstæður. Þarna er um það að ræða að með frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækkunin verði um 150% eða úr 0,04% í 0,1%. Um það náðist samkomulag við atvinnurekendur og með því að freista þess að ná jafnvægi í rekstri sjóðsins á tilteknum tíma eða á árinu 2011.

Ég ítreka að auðvitað hefði verið hægt að leggja til að þetta yrði gert hraðar en það var mat mitt, hæstv. forseti, að þarna væri hóflega langt gengið en engu að síður sæju menn til lands.

Hv. þingmaður spyr sömuleiðis og tvinnar saman rekstur Ábyrgðasjóðs launa og svo kennitöluflakk, þá ljótu iðju. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að það er full ástæða til að fara sérstaklega yfir hvaða tengsl kunni að vera þarna á milli. Ég óskaði eftir því þegar sú úttekt lá fyrir sem ég greindi frá áðan í andsvari mínu við hv. þingmann að bæði dómsmálaráðherra og viðskiptaráðherra væru sendar þær skýrslur og við ættum þá viðræður á vettvangi þessara ráðuneyta um með hvaða hætti mætti reyna að taka á þessu máli með samræmdum hætti í þeim tilvikum sem þörf krefur. Ég tel mig því geta sagt, hæstv. forseti, og svarað hv. þingmanni með því að við erum vakandi fyrir þessu og förum yfir það sérstaklega.

[12:55]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Hann svaraði að vísu ekki hvort allar þær tillögur sem nefnd á hans vegum, sem fjallaði um stöðu sjóðsins á sínum tíma, lagði til hefðu komist til framkvæmda og ég spyr þá hvað þar standi út af. Það var auðvitað full ástæða hjá hæstv. ráðherra að senda hæstv. dómsmálaráðherra og viðskiptaráðherra niðurstöðu þessarar nefndar og skýrslur og ábendingar sem þar komu fram og snerta þessi ráðuneyti sameiginlega. En hvað var gert í framhaldinu? Nú er töluvert síðan þessi úttekt fór fram og ráðherrunum, dómsmálaráðherra og viðskiptaráðherra, hafa verið sendar þessar skýrslur en fer fram einhver vinna á vegum þessara aðila til að skoða þetta mál?

Ég spyr af því að það er líka mikilvægt innlegg hjá okkur í efnahags- og viðskiptanefnd sem höfum reifað það að ástæða væri til að skoða málið og þá er mikilvægt að vita hvernig hæstv. ráðherra hefur fylgt því eftir, eftir að hann sendi þessa skýrslu til dómsmálaráðherra og viðskiptaráðherra. Ég tel að það þurfi eftirfylgni í þessu máli, annars liggja slíkar skýrslur ofan í skúffum ráðherranna og öruggglega undir hælinn lagt hve mikið þær eru lesnar. Ég held að ráðherrarnir þurfi að hittast til að ræða þetta mál eða skipa vinnuhóp til að fara ofan í það til þess að sjá hvort ástæða sé til að bregðast við með einhverjum hætti. Það eru vísbendingar uppi eins og ég nefndi í ræðu minni, bæði úr nefnd ráðherra og í þeim tölum sem viðskiptaráðherra upplýsti á Alþingi að sé ærin ástæða til að taka á þessu máli. Ég spyr því um eftirfylgni ráðherra í þessu efni nánar en hann upplýsti í fyrra andsvari sínu.

[12:57]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð bara að játa það fyrir hv. þingmanni að ég þekki ekki nákvæmlega hver staða málsins er í dag. Ég mun ganga eftir því í ráðuneyti mínu og get þá upplýst það við umræðuna í félagsmálanefnd. En eins og ég nefndi áðan þótti mér ástæða til að vekja athygli samráðherra minna sérstaklega á málinu og tek undir með hv. þingmanni að full ástæða er til að samtvinna umfjöllun um þessi mál.

[12:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta er mjög mikilvægur sjóður sem hér er verið að fjalla um og full ástæða til að ræða hvort hækkun á tekjum hans með þessum hætti sé nægileg, bæði hvað varðar fjárhæð og líka hvort aðrar ráðstafanir geti orðið til þess að lækka útgjöld sjóðsins. Ég tel að menn hafi ekki gætt að sér hvað varðar þennan sjóð. Ég bendi á að bankar og lánastofnanir taka gjarnan fyrirtæki sem skulda þeim í gjörgæslu sem kallað er og heimta þá upplýsingar af þeim fyrirtækjum, líklega oftar en ársreikningar gefa upplýsingar. Það gæti því jafnvel verið á þriggja mánaða fresti sem bankar og lánastofnanir krefðust stöðumats á fyrirtækjum sem eru að þeirra mati í erfiðri stöðu.

Það liggur líka fyrir að töluvert löngu áður en fyrirtækin fara í gjaldþrot er mjög oft um það að ræða að laun, launatengd gjöld, lífeyrissjóðir og önnur slík gjöld séu ekki greidd af fyrirtækjunum og safnist upp. Það er vissa mín að í mörgum tilfellum hafi t.d. verkalýðsfélög og lífeyrissjóðir ekki gengið hart fram í slíkum málum vegna þeirrar vissu

að þeir fái þá fjármuni sem félagsmenn þeirra eiga rétt á úr ábyrgðasjóði og auðvitað er gott að hann sé fyrir hendi. En þarna eru a.m.k. vísbendingar um hvað er að gerast hjá viðkomandi fyrirtækjum sem ættu að skila sér með einhverjum hætti til þeirra sem hagsmuna eiga að gæta og þá væri hægt að taka þau fyrirtæki, sem vísbendingar eru um að standi ekki undir rekstri, í gjörgæslu og sjá til þess að þau fari þá í gjaldþrot eða einhvers konar endurskipulagningu áður en enn verr fer.

Það er stundum ótrúlegt að sjá tölur sem koma upp á borðið þegar fyrirtæki verða gjaldþrota. Þá hefur þeim tekist að safna gríðarlegum skuldum sem virðist ekki vera nokkur glóra í að hafi ekki leitt til þess að fyrirtækin hafi farið miklu fyrr í gjaldþrot. En á endasprettinum eru það oft örlögin að skuldum við starfsfólkið vegna launatengdra gjalda og lífeyrissjóðsgjalda er safnað upp og einhverjir aðrir reikningar borgaðir í staðinn sem viðkomandi finnst meiri ástæða til að greiða í þeirri vissu kannski að starfsfólkið, verkalýðsfélögin og lífeyrissjóðirnir nái fjármunum sínum annars staðar.

Mér finnst menn þurfa að skoða þetta fyrst og fremst með það fyrir augum hvort ekki sé ástæða til að koma á einhverju kerfi þar sem hægt er að fylgjast betur með rekstri fyrirtækja sem farin eru að sýna merki um að þau geti ekki staðið undir sér í rekstri til framtíðar. Ég beini því til þeirra sem fjalla um þetta mál í nefndinni að skoða hvernig fara megi yfir þessa hluti.

Það er líka ástæða til að hafa áhyggjur af því að verulega mikil aukning geti orðið á útgjöldum hjá sjóðnum í nánustu framtíð. Staða fyrirtækja á landsbyggðinni í sjávarútvegi og mörgum öðrum greinum, í ferðaþjónustu og þjónustugreinum sem eru í raunverulegri samkeppni við innflutning, er bara ákaflega erfið. Við getum alveg átt von á því að meira verði um gjaldþrot en verið hefur og hefur þó nóg verið að gerast hvað það varðar.

Ég vil svo svara því sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson talaði hér um. Hann taldi mestu hættuna stafa af því að vinstri stjórn kæmist til valda og þá mundu vandamálin hrannast upp. En hv. þingmaður ætti að líta sér nær því að vandamálin hafa verið að hrannast upp og því miður eru ófriðarblikur á lofti á vinnumarkaðnum og menn þurfa virkilega að gefa því gaum. Það eru gjaldþrot fram undan í fyrirtækjum tengdum sjávarútvegi og í mörgum öðrum samkeppnisgreinum. Þetta er mikill vandi sem flestum er ljós sem fylgjast eitthvað með í atvinnulífinu, þrátt fyrir það sem menn vilja kalla góðæri.

Erindi mitt í ræðustól var fyrst og fremst að benda á að það hlýtur að vera ástæða til þess að taka alvarlega vísbendingar um að fyrirtæki séu illa rekin. Ég vil taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem fjallaði hér um kennitöluflakkarana, að eitt af viðbrögðunum við þeim vanda gæti verið að slík fyrirtæki væru a.m.k. í sérstakri gæslu og fylgst með rekstri þeirra og að löggiltir endurskoðendur þeirra fyrirtækja gæfu skýrslu til þeirra aðila sem passa eiga upp á að allt fari hér ekki úr böndum þannig að menn gætu þá skipt sér af því. Ég tel að það sé alveg ljóst að í mjög mörgum tilfellum er sú ákvörðun að taka fyrirtæki til gjaldþrotaskipta tekin löngu eftir að átt hefði að vera búið að taka hana.

[13:04]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hvar varðar 1. gr. frumvarpsins sem á að einfalda alla málsmeðferð og kæruheimildir svo ekki þurfi að fara fyrir þrjú stig í stjórnsýslunni með kvartanir þá er það í sjálfu sér jákvætt mál en ég tel að gera þurfi miklu betur. Skoða þarf úrskurðarnefndirnar og úrskurði ráðuneytanna í heild vegna þess að fram kom í fyrirspurn á síðasta þingi að nefndirnar væru hvorki fleiri né færri en 42 og kostnaðurinn við þær árið 2003 væri vel á fjórða hundrað milljónir króna. Þarna má vel taka til hendinni og einfalda. Einnig verður að bæta alla málsmeðferð og skýra málsmeðferðarreglur innan þessara úrskurðarnefnda. Þar er víða pottur brotinn. Ég þekki það sjálfur eftir viðskipti mín nýlega við Fiskistofu og úrskurðarnefnd um upplýsingamál að þar voru mjög einkennileg vinnubrögð á ferðinni. Þar tók t.d. úrskurðarnefnd undir sjálfu forsætisráðuneytinu ákvörðun sem byggði á gögnum sem annar málsaðilinn, sá sem hér stendur, fékk aldrei að tjá sig um eða sjá. Svona má lengi telja. Síðan koma úrskurðir jafnvel frá ráðuneytunum eins og í því tilfelli sem ég lenti í þar sem ráðuneytið úrskurðaði en síðan fór Fiskistofa ekkert eftir þeim úrskurði. Það er með ólíkindum. Ég tel að gera þurfi betur. Þetta er í sjálfu sér lítið skref sem vel má styðja en þessi málefni þarf að taka fyrir í heild sinni.

Hvað varðar tryggingagjaldið má vel vera að ég hafi talað óskýrt í andsvörum þannig að leitt hafi til misskilnings hjá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni en engu að síður má vel líta á tryggingagjaldið sem flatan launaskatt sem leggst með sama þunga á öll laun. Sama prósentan leggst á há laun og lág laun en hefðbundinn launaskattur gerir það ekki vegna þess að þar kemur persónuafsláttur inn í. Fólk sem er undir ákveðnum tekjumörkum greiðir t.d. engan launaskatt meðan þeir sem hafa há laun greiða tiltölulega háa prósentu af launum sínum. Það er það sem ég vildi sagt hafa hér og ég vona að það komi skýrt fram. Ég hef einmitt varað við þeirri þróun þegar innheimta á tekjur, t.d. í verkefni sem þetta, að tryggja launagreiðslur eða hvaðeina sem ríkið ætlar sér að gera við fjármunina, að hækka tryggingagjaldið og lækka persónuafsláttinn vegna þess að með því að hækka tryggingagjaldið, sem leggst flatt á öll laun, er verið að auka hlutfallslega skattbyrðina á þá sem hafa lágu launin. Það bætir heldur ekki úr skák þegar verið er að lækka persónuafsláttinn, en hann fylgir ekki launaþróun eða neinu, að það verður enn og aftur til þess að auka skattbyrðina á þá sem hafa lágu launin.

Ég tel að einnig eigi að koma inn á í umræðunni um Ábyrgðasjóð launa hvernig við getum minnkað kostnað vegna þess að þessar ábyrgðir virðast fara vaxandi. Þá er ein leiðin, eins og ég nefndi fyrr í umræðunni, að atvinnurekendur kaupi sér tryggingar. En svo er önnur leið sem einnig mætti fara og hún er sú að verkalýðsfélögin og atvinnurekendur kæmu sér saman um að starfrækja sameiginlega reiknistofu launa til að tryggja að þessar greiðslur berist á réttan stað. Það er nú svo að mörg og flest íslensk fyrirtæki eru mjög lítil og skriffinnskan í kringum launagreiðslur er orðin talsverð og hjá minni atvinnurekendum fer oft mikill tími í þetta. Greiða þarf í ákveðinn lífeyrissjóð og jafnvel aukalífeyrissjóð og svo eru eilífar sendingar á

milli fyrirtækja með skattkort. Loks þurfa launagreiðendur að vasast í málum sem þeir kæra sig ekkert um, snerta jafnvel persónuvernd svo sem að greiða meðlagsskuldir og skattskuldir. Það er ótækt að leggja þetta á launagreiðendur.

Ég tel að með því að koma á reiknistofu launa sem verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur gætu jafnvel starfrækt sameiginlega væri hægt að komast hjá svona löguðu. Þetta gæti jafnvel orðið til sparnaðar ef hægt væri að koma á kerfi sem væri sambærilegt Reiknistofu bankanna og þá stæðu menn ekki í þessu hringinn í kringum landið við eldhúsborðið hjá sér síðasta dag fyrir útborgun. Það bætti líka ákveðið eftirlit lífeyrissjóða og verkalýðsfélaga með greiðslunum. Við værum þá ekki í þeim sporum sem við stöndum í í dag að auka útgjöld ríkisins heldur væri komið þarna ákveðið kerfi sem væri skilvirkara í að tryggja þessar greiðslur á rétta staði. Þannig væri hægt að minnka útgjöld og einnig yrði þetta kerfi sanngjarnara vegna þess að þeir atvinnurekendur sem fara eftir leikreglunum og starfrækja fyrirtæki sín svo árum og jafnvel áratugum skiptir og greiða laun á réttum tíma og í ábyrgðasjóðinn séu ekki að greiða fyrir þá sem hafa stofnað fyrirtæki ekki bara einu sinni heldur margoft, eins og hefur komið fram í umræðunni, og sett þau jafnoft á hausinn. Þetta er mál sem þarf að fara að skoða, hvort ekki sé hægt að tryggja að þessar greiðslur fari á réttan stað þannig að einfalda megi skil á vörslufé og sköttum á réttum tíma.

Þetta er eins og áður segir ágætismál að því leyti til að það er svona hænuskref í þá átt að einfalda stjórnsýsluna og við fögnum því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um dagskrá.

[13:12]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Áður en næsta mál verður tekið fyrir vill forseti upplýsa að hæstv. ráðherra hefur óskað eftir því að bæði 4. og 5. dagskrármál, sem fjalla um búnaðargjald og framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, verði rædd saman og verður forseti við því ef enginn hreyfir andmælum.

Búnaðargjald, 1. umr.

Stjfrv., 332. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 364.

og

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 333. mál (verðmiðlunargjöld). — Þskj. 365.

[13:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, á þingskjali 364.

Þann 10. maí síðastliðinn tóku gildi lög nr. 68/2005, um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, sem veittu mér heimild til þess að selja allar eignir og skuldbindingar sjóðsins. Ég fól einkavæðingarnefnd að annast sölu lánasjóðsins. Því ferli er nú lokið með þeim árangri sem staðfestur verður hér í fjárlögum. Lánasjóðurinn seldist á 2,6 milljarða og niðurstaða ríkisstjórnar og þingsins var sú að verja þeirri upphæð í Lífeyrissjóð bænda til þess að styrkja hann og efla til framtíðar. Um leið hefur farið fram mikil endurskipulagning á fjármálum bænda. Það kom til af því að áhugi bankanna á að taka þátt í lánastarfsemi til landbúnaðarins og sveitanna var gríðarlegur og um það ríkir eðlilega mikil samkeppni. Það var Landsbanki Íslands sem eignaðist Lánasjóð landbúnaðarins og fer með þau lán sem þar voru. Hann hefur sett upp stöðvar um allt land til að sinna þeirri starfsemi af miklum myndarskap en aðrir bankar hafa einnig eins og ég sagði mikinn áhuga fyrir lánastarfsemi sveitanna.

Virðulegur forseti. Með frumvarpi þessu er verið að leggja til breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald. Búnaðargjald var einn af tekjustofnum Lánasjóðs landbúnaðarins. Með frumvarpinu er verið að leggja til að það gjald sem áður rann til Lánasjóðs landbúnaðarins falli niður og skipting búnaðargjalds breytist.

Lagt er til að búnaðargjaldið lækki í 1,2% í stað 2% áður. Jafnframt er lögð til breyting á viðauka laganna og hlutfallslegri skiptingu gjaldsins á milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasamtaka og Bjargráðasjóðs að teknu tilliti til breyttrar prósentu búnaðargjaldsins. Ég vek athygli á því að í frumvarpinu er að finna töflu sem sýnir skiptingu á búnaðargjaldinu eins og það er samkvæmt núgildandi lögum og eins og breytingartillagan leggur til að skiptingin verði. Hefur orðið samstaða hjá Bændasamtökunum og öðrum um þá skiptingu sem hér er lögð til.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

Hitt frumvarpið sem ég mæli fyrir er frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, á þingskjali 365.

Þær breytingar sem verið er að leggja til eru til komnar vegna sölu á Lánasjóði landbúnaðarins, og frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi og varðar lækkun búnaðargjalds en hluti þess rann til Lánasjóðs landbúnaðarins.

Í 19. og 20. gr. laganna nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eru ákvæði sem taka til verðskerðingar- og verðmiðlunargjalda. Með frumvarpi þessu er lagt til að verðmiðlunargjald við flutning sauðfjár að afurðastöð og kindakjöts á markað falli niður í 19. gr. laganna, en það gjald nam 5 kr. á kíló. Í stað þess er lagt til að verðskerðingargjald samkvæmt 20. gr. laganna verði tekið upp á kindakjöt sem nemi 2 kr. á kíló. Þó er lagt til að það verði á heildsölustigi eins og var í 19. gr. laganna og skuli því gjaldi eingöngu varið til markaðsmála. Er því verið að lækka gjaldið um 3 kr., þ.e. úr 5 kr. í 2 kr. Jafnframt

er lagt til að verðskerðingargjald af nautakjöti falli alfarið niður.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

[13:18]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Þau tvö frumvörp sem hér eru til umræðu eru nauðsynlegt framhald þess að Lánasjóður landbúnaðarins var seldur, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra. Mér er kunnugt um að breytingar á lánamarkaði hafa verið mjög hagstæðar fyrir ýmsa bændur. Ég þekki t.d. eitt dæmi þar sem útgjöld einnar fjölskyldu vegna lána sem hvíldu á búinu lækkuðu um 800 þús. á ári eftir að bankinn var búinn að taka málefni þeirra til skoðunar og skuldbreyta. Það munar um minna, frú forseti.

Ég er ekki viss um að dæmin verði öll með svo hagstæðri niðurstöðu. Því miður sinnir hið almenna bankakerfi ekki hverjum sem er og alls ekki með sömu kjörum alls staðar. Þess vegna er nauðsynlegt að bændur sem búa afskekkt eða við einhver önnur skilyrði sem bankarnir telja ekki hagstæð geti átt athvarf á öðrum stað fyrir tilstilli ríkisvaldsins. Byggðastofnun hefur komið þar við sögu, en eins og alkunna er á sú stofnun einmitt mjög í vök að verjast gagnvart kæruleysi — það mætti jafnvel orða það sterkar — hæstv. iðnaðarráðherra, ráðherra byggðamála. Því er ekki víst að hægt verði að fela þeirri stofnun að sinna þeim bændum sem eiga í vök að verjast og fá ekki inni hjá almenna bankakerfinu þó að ég óski þess að Byggðastofnun fái það hlutverk að sinna þeim eins og reyndar fleirum sem eiga undir högg að sækja. En til þess þarf hún stuðning ríkisvaldsins.

Tíminn á eftir að leiða í ljós hvernig bankakerfið mun sinna bændum. En ég óska þess að flestir og reyndar allir sitji við sama borð hjá bankastofnunum og að Landsbankinn taki þetta hlutverk sitt alvarlega.

[13:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það vakti athygli mína að hæstv. landbúnaðarráðherra var nokkuð drjúgur með sinn hlut í því að hafa afrekað það að leggja niður Fjárfestingarlánasjóð landbúnaðarins sem hét undir það síðasta Lánasjóður landbúnaðarins, áður stofnlánadeild. Það má vel til sanns vegar færa að þetta líti ágætlega út fyrsta kastið. Síst geri ég lítið úr því að gott er að fá fjármuni til að styrkja Lífeyrissjóð bænda. Hins vegar held ég að það sé allt of snemmt að dæma um það hvernig breytingin á síðan eftir að reynast landbúnaðinum og byggð í sveitum landsins og kjörum bænda þegar til lengri tíma er litið. Ég er ekki viss um, því miður, að áhugi bankanna á því að lána fé á hagstæðum kjörum út í afskekktar byggðir Íslands reynist í öllum tilvikum til staðar á komandi árum eða aðstæður þannig á fjármálamörkuðum að menn sæki til einkarekinna bankastofnana lánsfé á hagstæðari kjörum en þeir gætu gert til opinbers fjárfestingarlánasjóðs með ríkisábyrgð. Það gengur illa upp miðað við fræðin að svo geti verið nema við afar sérstakar og tímabundnar aðstæður, því auðvitað á að mega reikna með því að opinber lánasjóður með ríkisábyrgð fái að breyttu breytanda til lengri tíma litið hagstæðari lánskjör eða fjármögnun á lánsfé til endurlána en einkaaðilar, jafnvel þó um stóra og sterka banka sé að ræða sem hafa á köflum náð mjög góðum árangri. Nú ber að vísu aðeins á því að álag ofan á heimsmarkaðsvexti hjá bönkum og kannski ekki síst íslenskum sé að hækka. Það voru m.a. af því fréttir núna sem ég ætla ekki að gera sérstaklega að umtalsefni hér. Þær vekja þó athygli manns og gera mann nokkuð hugsi yfir stöðunni.

Menn verða að hafa í huga að ástæðan fyrir því að bankarnir hafa m.a. boðið bændum góð kjör sem og eiginlega öllum öðrum sem viljað hafa eiga við þá viðskipti, húsbyggjendum, kaupendum o.s.frv., er náttúrlega sú að mikið fjármagn hefur verið á lausu, vextir eru með afbrigðum lágir, í sögulegu lágmarki í Evrópu, þannig að bankarnir hafa átt mjög auðvelt með að færa inn í landið til að endurlána fé á lágum vöxtum, mjög lágum borið saman við það vaxtastig sem er hér á landi á innlendum fjármálamarkaði, sérstaklega þeim hluta hans sem sætir áhrifum af stýrivöxtum Seðlabankans. Þetta er vegna þess, eins og áður sagði, að vaxtastig í löndunum umhverfis okkur, sérstaklega í Evrópu, er afbrigðilega lágt. Það er í sögulegu lágmarki vegna hægagangs í hagkerfunum þar og það er mikið fjármagn á lausu að leita ávöxtunar.

Vandi lánasjóðsins var sá að hann var með bundna samninga og gat ekki tekið inn með sama hraða og hinar stóru fjármálastofnanir hagstæðari vaxtakjör. Það var raunverulegur vandi sem að sjálfsögðu þurfti að horfast í augu við og takast á við. Hvort besta aðferðin hafi verið sú að selja þessa starfsemi í heilu lagi og leggja þar með niður allt sem heitir opinber fjármögnun eða fjárfestingarlánastarfsemi á vegum opinberra aðila hef ég miklar efasemdir um. Allir tala eins og t.d. einkavæðing fjárfestingarlánasjóða sjávarútvegsins og iðnaðarins hafi verið ein samfelld sigurganga og menn gleðjast óskaplega fyrir hönd þeirra banka sem urðu til úr þeim sjóðum og skila stórum hagnaðartölum. Ég held að menn ættu aðeins að horfa á hinn endann. Jafnvel þó að svona mikið framboð hafi verið á fjármagni á undanförnum árum þekki ég mýmörg dæmi þess að bæði iðnaðar- og sjávarútvegsfyrirtæki í afskekktum héruðum landsins hafi lent í miklum erfiðleikum með undirstöðufjármögnun verkefna einfaldlega vegna þess að menn búa á Vestfjörðum eða Norðausturlandi og þykja ekki sérstaklega spennandi viðskiptavinir eða hafa mjög góð veð í iðnaðarhúsnæði eða jafnvel fiskiskipum. Ætli það eigi nokkuð alltaf eftir að vera svo líka varðandi t.d. búrekstur og jarðir sem fjærst liggja þéttbýlissvæðunum og eru minnst eftirsóttar af slíkum, þykja þar af leiðandi lakari veð, að menn standi í biðröðum til að lána þeim peninga í atvinnurekstur sem er því miður ekki líklegur til að að vera neitt sérstaklega arðsamur, vonandi bærilega en væntanlega ekki þannig að hann keppi við gullgreinar þjóðfélagsins á komandi árum. Þá kann að fara svo að menn sakni vinar í stað þar sem var opinber fjárfestingarlánasjóður sem með ríkisábyrgð að baki gat tryggt mönnum grunnfjármögnun í fjárfestingum sínum á hagstæðum kjörum, gat deilt kjörum með atvinnugreininni í þeim skilningi að hann gat tekið á sig að hluta til sveiflur og erfiðleika í greininni með leng-

ingu lána og skuldbreytingum o.s.frv. Aftur og aftur var stofnlánadeildin og síðan Lánasjóður landbúnaðarins notuð þannig. Ég tel því fulla ástæðu til þess að menn séu vel meðvitaðir um það.

Það er ekki endilega eins og öll vandamál séu gufuð upp og horfin og menn búnir að höndla sannleikann í eitt skipti fyrir öll og eilífðarsælu með því að selja og leggja niður Lánasjóð landbúnaðarins. Ég áskil mér allan rétt til þess á komandi árum að skoða hvort nauðsynlegt geti orðið að koma aftur upp einhverju slíku kerfi sem er starfrækt í flestum löndum í kringum okkur í einhverjum mæli. Þar er við lýði einhvers konar stuðningur hins opinbera annaðhvort í formi stofnlána eða fjárfestingarlánastarfsemi eða í formi beinna styrkja sem koma þá til móts við menn í þeim tilvikum sem ástæða er talin til, til dæmis gagnvart ungum bændum, jarðakaupum o.s.frv.

Ég held að það hefði að mörgu leyti verið ágætislausn í þessum efnum ef menn hefðu látið á það reyna hvort viðskiptabankar og sparisjóðir gætu ekki tekið í aðalatriðum við venjulegri fjármögnun atvinnurekstrarins sem slíks og veitt landbúnaðinum og bændum þjónustu að því leyti. Eftir hefði staðið sá möguleiki t.d. að hafa jarðakaupalán á öðrum og hagstæðari kjörum sem ríkið væri á bak við með ábyrgð og mögulega sérstök lán til bænda sem væru að hefja búskap. Staðreyndin er líka sú að það fyrirkomulag sem var í Stofnlánadeild landbúnaðarins og Lánasjóður landbúnaðarins erfði að nokkru leyti þó að í minna mæli væri studdi sérstaklega við bakið á þeim sem voru að hefja búskap og voru í fjárfestingum. Það gerðist í gegnum búnaðarmálasjóðsgjaldið sem jafnaði í raun út kjörin. Þannig tóku þeir sem voru orðnir rótgrónir í greininni og búnir að koma sér vel fyrir í reynd í gegnum þessa félagslegu jöfnun þátt í því að styðja við bakið á hinum sem voru að byggja sig upp og fjárfesta á hverjum tíma. Þetta var sem sagt ákveðið millifærslukerfi í reynd innan greinarinnar þar sem grónari aðilarnir á hverjum tíma studdu við bakið á þeim sem voru að koma í greinina neðan frá. Ég sé ekkert nema gott við það að menn hafi slíkt fyrirkomulag með einhverjum hætti og taki félagslega á málinu að því leyti til. Það er enginn minnsti vafi á því að þetta nýttist landbúnaðinum mjög vel á löngum skeiðum og stóð á bak við mikla uppbyggingu í þeirri grein. Hún væri ekki sú sama og hún er í dag ef ekki hefði verið þetta fyrirkomulag.

Ég efast ekkert um að það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður nefndi að ýmsir bændur hafa við þær aðstæður sem nú hafa verið uppi getað notað sér þessar breytingar til að endurskipuleggja fjárhag sinn. Þeir hefðu út af fyrir sig getað gert það hvort sem var með uppgreiðslu lána og síðan fjármögnun þeirra á nýjum grunni með svipuðum hætti og margir húsnæðiskaupendur eða -byggjendur hafa gert og þurfti ekki endilega sölu lánasjóðsins til. Því hefði verið hægt að koma þar fyrir í því fyrirkomulagi.

Ég ætla ekki að hafa mörg um það sem eftir stendur, þ.e. búnaðargjaldið og tilhögun þess á hinum nýja grunni og þá lækkun sem leiðir af því að Lánasjóður landbúnaðarins hverfur og sá hluti gjaldsins sem þangað rann undir lokin, sem hafði auðvitað verið lækkaður á undanförnum árum ítrekað. Ef um þetta fyrirkomulag er gott samkomulag þá skiptir það miklu máli. Ef það er sátt um það milli búnaðarsamtakanna og einstakra búgreinafélaga og búnaðarsambanda og þeirra sem þarna eiga að deila með sér tekjustofninum þá skiptir það miklu máli og er fyrir miklu. Þó má spyrja hvort það sé pínulítið verið að nota tækifærið og aðeins hækka þetta gjald í reynd sem gengur til stofnana landbúnaðarins. Ég er ekki alveg grunlaus um að menn séu að fá þarna far fyrir pínulítið sem gangi til þessa rekstrar ef tekið er mið af skiptingu gjaldsins horft aftur í tímann. Því hefur a.m.k. verið hreyft í mín eyru að þarna sé ekki að fullu verið að lækka gjaldið miðað við hlutföllin sem á sínum tíma runnu annars vegar til félagsstarfsemi bænda og hins vegar stofnlánadeildar eða lánasjóðs. Menn geta farið betur ofan í saumana á þessu í hv. landbúnaðarnefnd. Þetta er tæknilegt mál sem þarf að rýna í. Ég er ekki fær um að tjá mig frekar um það hér eða hafa mikla skoðun á því fyrr en ég hef haft meiri tíma til að skoða það.

Frú forseti. Þetta eru hugleiðingar mínar við 1. umr. málsins.

[13:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær málefnalegu ræður sem hér hafa verið fluttar við umræðuna. Hv. þingmenn sem hafa talað hafa komið inn á nokkur atriði sem skipta máli. Ég hygg að það sé rétt sem fram kom í máli hv. 6. þm. Norðvest., Önnu Kristínar Gunnarsdóttur, að bændur hafa auðvitað orðið varir við miklar breytingar og tilboð. Þeir geta samið fyrir sína hönd um ný kjör á skuldbindingum sínum til framtíðar, lengt lán sín, upp skorið lægri vexti o.s.frv. þannig að þeir verði betur staddir eftir.

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á peningamarkaði sem ekkert síður snerta sveitir landsins en landið í heild sinni. Starfsemi bankanna innan lands og útrás þeirra erlendis hefur skilað miklu fyrir þjóðarbúið og eðlilegt að landbúnaðurinn njóti þess einnig. Á stuttum tíma, 5–10 árum hefur jarðaverð á Íslandi hækkað mjög verulega og jarðir seljast á mun sanngjarnara verði en þær gerðu, voru jafnvel ekki taldar góð söluvara og skiluðu eigendum sínum náttúrlega mjög ósanngjörnu verði ef þeir brugðu búi. Þarna hefur orðið gríðarleg breyting sem er hagstæð a.m.k. þeim sem eiga jarðirnar bæði til að eiga viðskipti við sína banka og ekki síður sem góð eign í samfélaginu, enda mikill áhugi fyrir jörðunum og sveitirnar njóta þess áhuga þjóðfélagsins má segja að fólk vilji eiga eignir í sveitum og vera þátttakendur í íslenskum landbúnaði og njóta þess að eiga athvarf í íslenskri náttúru og þess vegna hinum nýju ef ekki þeim eldri búgreinum sem við rekum.

Oft er spáð í framtíðina og báðir hv. þingmenn sem hér hafa talað hafa vissulega áhyggjur af henni. Það er góðra gjalda vert og ekki veit ég meira en aðrir um framtíðina. Erfitt er að spá um hana og breytingarnar geta komið til baka eins og kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég vil þó segja við hv. þingmann að í sjálfu sér er ég ekkert drjúgur með þann hlut að selja Lánasjóð landbúnaðarins. Ég hef sagt úr þessum ræðustól að hefði því verið spáð að það yrði hlutverk mitt, við skulum segja fyrir 5–6 árum, í upphafi ráðherraferils míns yrði það hlutskipti mitt að selja lánasjóðinn þá hefði ég sjálfsagt neitað því. En þjóðfélagið hefur gengið í gegnum örar breytingar, staða

sveitanna hefur styrkst verulega og áhugi bankanna aukist, þeir hafa verið að bjóða lægri vexti en lánasjóðurinn. Þannig var staðan þrátt fyrir niðurgreidda vexti Lánasjóðs landbúnaðarins að bændur voru að greiða upp lán sín í lánasjóðnum og hverfa úr viðskiptum við hann. Ýmsir kvörtuðu einnig yfir hinum lögbundna 1. veðrétti sem skapaði oft erfiðleika bæði gagnvart bankakerfi, lífeyrissjóðum og fleiru. Þetta kerfi bjó því orðið við gagnrýni fyrir utan hitt sem blasti við og var ef til vill alvarlegasta staðan að sjóðurinn í rauninni lifði og gat starfað með lægri vexti með því að sækja 140 milljónir í vasa bænda til að greiða niður vextina. Þó að þetta hafi verið gott kerfi eins og hv. þingmaður rakti hér og ég tek undir með honum á síðustu áratugum — við skulum taka þá sem ekki eru í framkvæmdum, menn með lítil bú sem hafa ekkert verið að byggja upp hjá sér en greiða af þess vegna af minni tekjum sínum til lánasjóðsins og eru í rauninni sjálfir að niðurgreiða vextina fyrir þá sem byggja upp stóru fjósin og annað.

Ég verð að segja fyrir mig að þegar ég fór yfir þessa stöðu sem mér bar að gera sem landbúnaðarráðherra og ábyrgðarmaður sjóðsins sá ég fyrir mér að 3,5 milljarðar í eigin fé sjóðsins voru dýrmætar eignir bændanna og ríkisvaldsins þess vegna. Þeir sem fóru yfir málið sáu fyrir sér að ef þetta gjald yrði fellt niður, þær 140 millj. kr. sem bændur hafa vesrið að greiða í sjóðinn, mundi það gerast á 5–10 árum að allt eigið fé sjóðsins brynni upp eða þá að menn yrðu að hækka vexti sjóðsins og þar með yrði hann ekki lengur samkeppnisfær við peningakerfið eins og það stendur í dag.

Þess vegna fannst mér það í raun skynsamlegt og bændur urðu mér sammála um það og ég held að töluverð samstaða sé um þessa óhjákvæmilegu stöðu dagsins og þann góða vilja ríkisstjórnarinnar og þingsins að verja söluandvirði sjóðsins til að styrkja þennan veikasta lífeyrissjóð landsmanna, Lífeyrissjóð bænda, sem nú fyrir áramót fær í sinn hlut 2,6 milljarða og stendur þá á öðrum grunni. Þetta var sú staða sem ég stóð frammi fyrir og fannst ég ekki eiga annan kost en bjarga þessum verðmætum. Um leið sé ég árangurinn af því að bankarnir, allir hinir stóru þrír og ekki síður sparisjóðir landsmanna, sýna sveitunum nýjan og mikinn áhuga. Ég gleymi ekki því sem bankastjóri Landsbankans lýsti yfir þegar hann tók við Lánasjóði landbúnaðarins eftir að hafa keypt hann, þá sagði hann það sem ég reyndar vissi að engin peningastofnun á Íslandi hefði í rauninni tapað á viðskiptum við íslenska bændur. Þar hefur ekki þurft að afskrifa neitt fé að neinu ráði og það hafa verið örugg og góð viðskipti og eru í rauninni öruggari núna en nokkru sinni fyrr vegna þess sem hefur gerst á síðustu árum að jarðaverð bænda hefur hækkað eins og ég gat um áðan.

Oft er rætt um hinar afskekktu byggðir og byggðir sem eru fjarri stóru kaupstöðunum. Ég þekki það bæði sem formaður Lánasjóðs landbúnaðarins og stjórnarmaður þar um langa tíð að það voru ekki síst bændur í þeim byggðum sem alltaf greiddu fyrst upp og stóðu í fullkomnum skilum við lánasjóðinn, mjög ábyrgt fólk í fjármálum. Ég hygg að það geti einnig komið í ljós að þetta er ekki verst setta fólkið hvað varðar að standa skil eða fá lán því að sú saga er með þeim hætti sem bankastjóri Landsbankans lýsti yfir. Við sem höfum setið í stjórn lánasjóðsins höfum þá reynslu að það var ekkert síður fólk í hinum afskekktu byggðum sem alltaf stóð í skilum á réttum tíma og greiddi upp skuldir sínar.

Það er einhvern veginn þannig að í því breytta samfélagi sem við lifum í má segja að landið allt sé í tísku, ekkert síður hinar afskekktu byggðir sem eiga á breyttum tímum ný tækifæri bæði í nýjum landbúnaði, ferðaþjónustu og fleiru. Þess vegna trúi ég því að bankarnir muni horfa til þeirra og beina viðskiptum þangað. Ég get auðvitað tekið undir með hv. þingmönnum að um framtíðina veit maður lítið og það kann vel að vera að heimurinn og Ísland breytist og menn þurfi að endurskoða þetta eins og svo margt annað og öll erum við á einhvers konar hringferð í lífinu. Eitt fer og annað kemur og þannig heldur þetta áfram.

Ég segi aðeins við lok þessarar umræðu að ég held að það hafi verið íslenskum landbúnaði farsælt að taka þessa ákvörðun með hin miklu verðmæti sem lágu í Lánasjóði landbúnaðarins, lækka gjöldin sem bændurnir greiða með þeim hætti sem hér er lagt til og um leið að fá skuldbreytingar og bætta stöðu og heildarviðskipti við lánastofnanir sínar sem munu skila þeim vonandi miklu.

Hæstv. forseti. Þetta var í rauninni óhjákvæmileg niðurstaða og ég trúi því í dag að hún verði bændum til farsældar, þeim sem eru að byggja landbúnaðinn upp en ekkert síður þeim öldruðu sem farnir eru að nota lífeyrissjóðinn, þeir eiga sterkari sjóð á eftir. Ég horfi því kinnroðalaust á þessa niðurstöðu og þakka í rauninni þá samstöðu bæði bænda og þingmanna um málið, og eins og ég finn hana hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingarsamningar, 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (heilsutryggingar og áhættulíftryggingar). — Þskj. 378.

[13:43]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004. Frumvarpið er á þskj. 378 sem er 344. mál þingsins.

Frumvarp til laga um vátryggingarsamninga var samþykkt á 130. löggjafarþingi og birt sem lög nr. 30/2004. Var vátryggingafélögum ætlaður rúmur tími til að undirbúa sig fyrir gildistöku þeirra og koma þau til framkvæmda 1. janúar nk. Fyrir liggur að gera þarf nokkrar breytingar á lögunum og er brýnt að þær nái fram að ganga áður en lögin koma til framkvæmda. Um er að ræða leiðréttingar á tilvísunum milli ákvæða (3. gr. og 120. gr.), efnisbreytingar á ákvæðum í því skyni að gera skýrari greinarmun á milli svonefndra heilsutrygginga án uppsagnarréttar (sjúkdómatrygginga) annars vegar og hreinna áhættulíftrygginga hins vegar (85. gr. og 86. gr.) og loks áréttingu um rétt eftirlifandi maka til greiðslu vátryggingarfjárhæðar (100. gr.).

Mun ég, hæstv. forseti, fara nokkrum orðum um þær breytingar sem lagðar eru til á greinum 85, 86 og 100 og vík ég þá fyrst að nauðsyn þess að gera gleggri greinarmun

á heilsutryggingum án uppsagnarréttar, þ.e. sjúkdómatryggingum og áhættulíftryggingum.

Í 61. gr. laganna segir að þegar rætt sé um líftryggingu í II. hluta laganna sé einnig átt við heilsutryggingu án uppsagnarréttar nema annað sé tekið fram. Vegna vandamála sem upp hafa komið m.a. í tengslum við öflun endurtryggingarverndar er talið nauðsynlegt að víkja frá þessari meginreglu víðar en lögin gera nú. Á það við um 85. gr. og 86. gr. laganna. Vegna heilsutrygginga án uppsagnarréttar vátryggingafélags er undir þær falla, svonefndar sjúkdómatryggingar, er talið nauðsynlegt að skerpa þann mun sem er á hreinum áhættulíftryggingum og sjúkdómatryggingum. Eiga mismunandi sjónarmið við um áhættumat í sjúkdómatryggingum og áhættulíftryggingum.

Breyting sú sem lögð er til á 86. gr. varðar samspil sjúkra- og sjúkdómatrygginga. Við samanburð við sambærilegar vátryggingar erlendis hefur komið í ljós að vandkvæðum er bundið að binda ábyrgðartakmörkun við sjúkratryggingar eingöngu eins og gildandi ákvæði gerir ráð fyrir.

Þá er rétt að fram komi að í sjúkdómatryggingu kann hið bótaskylda tilvik að vera aðgerð sem leiðir af sjúkdómi en ekki greining sjúkdóms sem slík. Því er nauðsynlegt að bæta við ákvæðið tilvísun til tjónsatvika en einskorða það ekki einvörðungu við sjúkdóminn sem slíkan.

Ég vík þá næst að þeim breytingum sem lagðar eru til á 100. gr. laganna. Samkvæmt lögum nr. 87/1996, um staðfesta samvist, geta tveir einstaklingar af sama kyni stofnað til staðfestrar samvistar. Þar er almennt gert ráð fyrir að staðfesting samvistar hafi sömu réttaráhrif og stofnun hjúskapar. Í lögum um vátryggingarsamninga kemur hugtakið maki víða fyrir. Er ágreiningslaust samanber lög um staðfesta samvist að hugtakið maki í lögum um vátryggingarsamninga taki almennt einnig til einstaklings í staðfestri samvist.

Í 100. gr. er fjallað um rétt til greiðslu bóta frá vátryggingafélagi þegar vátryggingartaki hefur ekki sjálfur ráðstafað vátryggingunni. Er þar í ýmsu horft til ákvæða erfðalaga sem fyrirmyndar m.a. varðandi réttindi maka. Í athugasemd við 2. mgr. 100. gr. segir hins vegar að orðið maki í 1. málsl. 2. mgr. 100. gr. taki „ekki til eftirlifandi samvistarmanns þótt til samvistar hafi verið stofnað samkvæmt lögum um það efni, nr. 87/1996."

Að vonum hafa þessi ummæli í athugasemd orðið tilefni skoðanaskipta og nokkurs ágreinings. Hefur þetta atriði komið til skoðunar hjá forsætisráðuneytinu þar sem unnið er að því að nema úr lögum ákvæði er hafa að geyma mismun í garð samkynhneigðra. Til þess að taka af öll tvímæli um rétt eftirlifandi maka leggur frumvarp þetta til að breyting verði gerð á 1. málslið 2. mgr. 100. gr. Með því er áréttað að ummæli um réttindi eftirlifandi samvistarmanns í athugasemdum í frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga skuli ekki hafa þýðingu við túlkun og framkvæmd laga nr. 30/2004. Skal það áréttað að þar sem hugtakið „maki" kemur fyrir í lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, tekur það einnig til einstaklinga í staðfestri samvist samkvæmt lögum nr. 87/1996.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslunaratvinna, 1. umr.

Stjfrv., 345. mál (EES-reglur, höfundarréttargjald). — Þskj. 379.

[13:49]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á lögum um verslunaratvinnu vegna innleiðingar ákvæða í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001, um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks. Tilskipunin var kynnt með þingsályktunartillögu utanríkisráðherra á 128. löggjafarþingi 2002–2003. Þar kom fram að breyta þyrfti ákvæðum um fylgiréttargjald í tvennum lögum hér á landi, framangreindum lögum um verslunaratvinnu vegna sölu listmuna á uppboði svo og höfundalögum vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni. Menntamálaráðherra mun standa að gerð frumvarps um það efni. Breytt er ákvæðum í lögum um verslunaratvinnu þar sem kveðið er á um að leggja skuli 10% gjald á málverk, myndir og listmuni sem seldir eru á listmunauppboðum. Skal gjaldið renna til listamanna eða erfingja þeirra en til vara til starfslauna handa myndlistamönnum.

Með tilskipuninni sem tekin hefur verið upp í EES-rétt er fylgiréttargjald lækkað samkvæmt ákveðnum reglum úr 10% og allt niður í 0,25% á dýrustu verkunum. Rétt þykir að nýta heimild EES-gerðarinnar til að halda 10% gjaldi á þeim verkum sem seld eru fyrir fjárhæð undir 3.000 evrum, sem eru um 230 þús. kr. í dag. Síðan fer gjaldið lækkandi í fimm þrepum. Hámark er sett á fylgiréttargjaldið.

Ég vil taka fram að við upptöku 10% fylgiréttargjalds á listmunauppboðum á sínum tíma var brotið blað í hugverkarétti á Norðurlöndum. Þá var felldur niður 24,5% söluskattur en síðar 22% virðisaukaskattur vegna sölu á listmunauppboðum. Verð til kaupandans hefur þannig lækkað til muna þótt fylgiréttargjald hafi verið lagt á. Ákvæði frumvarpsins leiða til enn lægra verðs til kaupenda á listmunum sem seldir eru á listmunauppboðum. Ég vil varðandi nánari upplýsingar vísa til frumvarpsins. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að lögin hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkaleyfi, 1. umr.

Stjfrv., 346. mál (nauðungarleyfi). — Þskj. 380.

[13:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Með tilliti til samþykktar ríkisstjórnarinnar um viðbrögð vegna hugsanlegra heimsfaraldra, svo sem inflúensu, er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir breytingu á ákvæðum laganna um einkaleyfi varðandi nauðungarleyfi. Jafnframt er tækifærið notað til að breyta ákvæðunum um nauðungarleyfi með tilliti til framleiðslu á lyfjum fyrir þróunarríki. Nánar tiltekið eru ákvæði 49. gr. laganna um heimild til veitingar á nauðungarleyfi víkkuð út í samræmi við ákvæði 31. gr. samnings um hugverkarétt í viðskiptum sem tengist samþykktum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á þessu sviði.

Með nauðungarleyfi er átt við það þegar dómstóll, hér á landi Héraðsdómur Reykjavíkur, heimilar einhverjum öðrum en einkaleyfishafa að framleiða einkaleyfisverndaða vöru án samþykkis einkaleyfishafans.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í neyðartilvikum hér á landi eða þegar um annað alvarlegt hættuástand sé að ræða megi víkja frá skilyrðinu um undangengnar samningaumleitanir. Hér undir félli t.d. framleiðsla á lyfjum vegna heimsfaraldurs inflúensu. Skal einkaleyfishafa tilkynnt um notkunina eins fljótt og auðið er og eftir sem áður fá sanngjarna greiðslu fyrir. Ef lyf yrðu framleidd fyrir þróunarríki, t.d. vegna eyðni, sem ekki geta framleitt lyfin sjálf var við samningu frumvarpsins ekki gert ráð fyrir því að framleiðsla gæti hafist án samningaumleitana við einkaleyfishafa. Í athugasemdum við frumvarpið er tekið fram að gert verði skilyrði um samningaumleitanir áður en framleiðsla fyrir þróunarríki hefst. Það yrði gert samkvæmt fyrirhugaðri reglugerð iðnaðarráðherra. Þær umleitanir þurfa ekki að taka langan tíma heldur fer eftir aðstæðum hvenær unnt er að veita nauðungarleyfi ef samningar takast ekki.

Bent er á að í framhaldi af ákvörðun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í ágúst 2003, á grundvelli Doha-yfirlýsingar stofnunarinnar frá nóvember 2001 varðandi slíka framleiðslu fyrir þróunarríki, hafa þau vestrænu ríki sem sett hafa lög hjá sér út af þessu ekki tekið fram að samningaumleitunum megi sleppa heldur kveðið skýrt á um samningaumleitanir. Hér er um að ræða Noreg og Kanada en Indland mun einnig á sama báti.

Evrópusambandið hefur að undanförnu ráðgert að fara sömu leið, þ.e. krefjast samningaumleitana. Þar eð frést hefur á síðustu dögum að afstaða Evrópusambandsins virðist vera að breytast, þannig að ekki þurfi samningaumleitanir ef um neyðartilvik eða annað hættulegt ástand er að ræða í þróunarríkjum, þarf að athuga betur hvort fara skuli framangreinda leið varðandi samningaumleitanir í öllum tilvikum eða hvort fara eigi tvíþætta leið, þ.e. sleppa kröfu um samningaumleitanir, eins og Evrópusambandið kann að taka formlega ákvörðun um, ef um neyðartilvik eða annað hættulegt ástand er að ræða í þróunarríkjum, en ekki í öðrum tilvikum. Þar með færi Ísland sömu leið og Evrópusambandsríkin en að nokkru leyti aðra leið en Noregur sem gerir alltaf kröfu um samningaumleitanir vegna framleiðslu fyrir þróunarríkin.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að lögin hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og iðnaðarnefndar. Ég vænti þess einnig að það verði afgreitt sem allra fyrst þannig að nauðsynlegar heimildir verði í lögum um einkaleyfi ef heimsfaraldur inflúensu skellur á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:56]

Útbýting:

Afleiðingar jarðskjálftanna á Suðurlandi, 270. mál, svar viðskrh., þskj. 402.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Frv. allshn., 295. mál (birting dóms). — Þskj. 314.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 13:57.

---

31. FUNDUR

mánudaginn 28. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál, stjfrv., 343. mál, þskj. 377. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 351. mál, þskj. 385. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Búnaðargjald, stjfrv., 332. mál, þskj. 364. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 333. mál, þskj. 365. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 344. mál, þskj. 378. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Verslunaratvinna, stjfrv., 345. mál, þskj. 379. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Einkaleyfi, stjfrv., 346. mál, þskj. 380. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Meðferð opinberra mála, frv., 295. mál, þskj. 314. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Starfsmannaleigur, stjfrv., 366. mál, þskj. 420. — 1. umr.
10. Faggilding o.fl., stjfrv., 361. mál, þskj. 403. — 1. umr.
11. Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, stjfrv., 331. mál, þskj. 363. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.

Lagt fram á lestrarsal:
Ályktun þýskukennara á haustþingi framhaldsskólanna.
Erindi frá ríkissaksóknara.

[15:04]

Útbýting:
Dragnótaveiðar í Faxaflóa, 325. mál, svar sjútvrh., þskj. 422.
Framlög til framhaldsskóla, 217. mál, svar menntmrh., þskj. 421.
Störf hjá Rarik, 260. mál, svar iðnrh., þskj. 409.

Húsnæðismál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 343. mál (varasjóður viðbótarlána). — Þskj. 377.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Ábyrgðasjóður launa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 351. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 385.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Búnaðargjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 332. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 364.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 333. mál (verðmiðlunargjöld). — Þskj. 365.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Vátryggingarsamningar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (heilsutryggingar og áhættulíftryggingar). — Þskj. 378.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Verslunaratvinna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 345. mál (EES-reglur, höfundarréttargjald). — Þskj. 379.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Einkaleyfi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 346. mál (nauðungarleyfi). — Þskj. 380.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 295. mál (birting dóms). — Þskj. 314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

Starfsmannaleigur, 1. umr.

Stjfrv., 366. mál. — Þskj. 420.

[15:09]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Umræður um málefni starfsmannaleigna hafa áður farið fram á vettvangi Alþingis og ég hef ítrekað lýst því yfir að frumvarp yrði lagt fram á þessu yfirstandandi þingi. Í samræmi við það mæli ég fyrir frumvarpi til laga um starfsmannaleigur.

Ég hef ítrekað upplýst hvernig málið hefur verið unnið á vettvangi félagsmálaráðuneytisins og segja má að það hafi gerst í nokkrum stórum skrefum. Í fyrsta lagi aflaði ég mér upplýsinga frá vinnumálaráðherrum í öðrum aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um það hvernig löggjöf þar er háttað að því er varðar starfsmannaleigur.

Í öðru lagi skipaði ég samráðshóp með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og félagsmálaráðuneytisins til að fjalla um möguleika á setningu íslenskrar löggjafar um starfsmannaleigur.

Í þriðja lagi óskaði ég eftir því við Rannsóknarsetur vinnuréttar og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst að unnin yrði greinargerð um starfsmannaleigur og mögulegar leiðir í lagasetningu hér á landi. Sú greinargerð lá fyrir nú 6. október síðastliðinn.

Öll þessi vinna gerði það að verkum að í aðdraganda samkomulags Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins þann 15. nóvember síðastliðinn um áframhaldandi gildi kjarasamninga náðist ákveðin sátt milli aðila um þau atriði er fram komu í frumvarpinu og ég mæli nú fyrir á Alþingi. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt var frumvarp til laga um starfsmannaleigur stór þáttur í því að mikilvægt samkomulag náðist milli aðila vinnumarkaðarins.

Í frumvarpi þessu, hæstv. forseti, eru enn fremur lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja og lögum um atvinnuréttindi útlendinga, en eins og hv. þingmönnum er kunnugt er nauðsynlegt að réttarstaða að þessu leyti sé skýr og ótvíræð. Því hef ég lagt á það mikla áherslu að menn líti til allra þátta sem hér geta haft áhrif. Ég hef m.a. lagt á það áherslu að skattyfirvöld og lögregluyfirvöld tryggi að þau tæki sem við höfum þegar í höndum í íslenskri löggjöf hvað varðar skyldur og eftirlit þeirra sem starfa á vinnumarkaði hér á landi séu nýtt að fullu. Þessu frumvarpi er ætlað að færa okkur enn fleiri verkfæri en á engan hátt ætlað að draga úr þeim sem fyrir eru. Það vil ég að sé ljóst í umræðu um þessi mál.

Ég vil einnig taka það skýrt fram í upphafi að þessu frumvarpi er ekki ætlað að breyta þeirri meginreglu sem ríkir á vinnumarkaði okkar um að starfsmenn séu ráðnir ótímabundið beint til vinnuveitenda. Hér á landi ríkir ákveðinn sveigjanleiki í ráðningum eins og ég hef margítrekað bent á á Alþingi og er honum ætlað að auðvelda fyrirtækjum að bregðast við sveiflum í starfsemi þeirra. Ég get fullyrt það hér að það er sameiginlegur vilji minn, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins að ótímabundnir ráðningarsamningar starfsmanna beint við vinnuveitendur sína verði áfram ríkjandi ráðningarform hér á landi. Þetta frumvarp breytir þar engu um.

Ég höfða því nú sem fyrr til ábyrgðar fyrirtækjanna í landinu um að virða framangreinda meginreglu og aðrar leikreglur sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Við höfum haft gott skipulag á okkar vinnumarkaði sem við viljum halda í og ég treysti því að fyrirtækin vinni stöðugt í því að halda í þá góðu kosti sem okkar kerfi býr yfir. Það hagnast enginn á því að brjóta gildandi kjarasamninga eða að fara gegn lögum þegar til lengri tíma er litið. Það kemur alltaf að skuldadögum. Það vita þeir sem reynsluna hafa. Við höfum búið við visst samfélagslegt jafnvægi hér á landi. Fólk hefur unnið saman og við höfum ekki búið við jafnstéttskipt þjóðfélag og þekkist víða annars staðar, m.a. í sumum Evrópulöndum, sem betur fer vil ég segja. Þetta hefur að mínu mati verið einn af meginkostum samfélags okkar og hugsanlega ein af ástæðum þess hve mörg öflug fyrirtæki hafa sprottið upp og haslað sér völl bæði hér innan lands og á alþjóðlegum vettvangi. Við höfum skapað þeim grundvöllinn og nú ber okkur að standa vörð um það að alþjóðavæðingin hafi ekki þau áhrif hér á Íslandi að við missum stjórn á því sem við erum ánægð með, því sem við viljum standa vörð um. Ég er þess fullviss að það frumvarp sem hér er lagt fram er lóð á vogarskálarnar til að tryggja okkur samfélag þar sem við virðum manngildið og alla þá sem leggja til samfélagsins. Við virðum kjarasamninga sem aðilar vinnumarkaðarins hafa náð saman um og við virðum réttindi sem margir hafa barist fyrir áratugum og jafnvel öldum saman. Við virðum samningsréttinn. Við virðum velferðarsamfélagið og viðurkennum um leið að öflugt atvinnulíf er grundvöllur þessa alls. Allt verður þetta að spila saman og umræðan um samfélagslega ábyrgð á sér eðlilega stað samhliða aukinni alþjóðavæðingu. Það kemur fram í umræðu um allan heim og þessir þættir endurspeglast á fundum samstarfsráðherra minna í öðrum Evrópulöndum og á alþjóðlegum vettvangi svo sem á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

En víkjum þá að því frumvarpi til laga um starfsmannaleigur sem hér er til umræðu. Fyrir liggur að ekki hefur verið áður í gildi sérstök löggjöf um starfsmannaleigur hér á landi og er því hér um nýmæli að ræða.

Í frumvarpinu er lagt til að hver sá sem ætlar að veita þjónustu starfsmannaleigu á Íslandi tilkynni um starfsemi sína til Vinnumálastofnunar átta virkum dögum áður en starfsemin hefst í fyrsta skipti hér á landi. Enn fremur er starfsmannaleigum ætlað að hafa hér sérstakan fulltrúa. Vinnumálastofnun er síðan ætlað að halda skrá yfir þá sem tilkynnt hafa um starfsemi sína. Öðrum starfsmannaleigum er ekki heimilt að stunda hér starfsemi. Jafnframt er þeim óheimilt að starfa hér láti þær hjá líða að tilkynna um fulltrúa sína.

Gert er ráð fyrir því að lögð verði tilkynningarskylda á starfsmannaleigur er lýtur að starfsmönnum þeirra. Ber starfsmannaleigu að láta Vinnumálastofnun í té yfirlit yfir starfsmenn sína ásamt nánar tilgreindum upplýsingum. Tilgangur þessa er einkum sá að gera Vinnumálastofnun kleift að hafa yfirsýn yfir stöðuna á innlendum vinnumarkaði að því er varðar starfsemi starfsmannaleigna hér á landi. Á þetta hefur því miður skort og að mínu mati er mjög brýnt að bæta úr þessu atriði.

Framangreindar skyldur hvíla jafnt á starfsmannaleigum

er hafa staðfestu hér á landi og þeim erlendu starfsmannaleigum er veita hér þjónustu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Almenn ákvæði um starfsemi starfsmannaleigna er jafnframt að finna í frumvarpinu. Þar á meðal er lagt til að starfsmannaleigum verði óheimilt að krefjast greiðslna frá starfsmönnum sínum fyrir að bjóða eða veita þeim vinnu hvort sem er við upphaf ráðningarsambands eða síðar. Þetta er annað mjög mikilvægt atriði að mínu mati.

Enn fremur er gert ráð fyrir að starfsmannaleigu sé óheimilt að leigja starfsmenn til fyrirtækis sem hann hefur áður starfað hjá fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því að ráðningarsambandi hans við það fyrirtæki lauk. Með þessu er stefnt að því að koma í veg fyrir að fyrirtæki segi upp starfsmönnum sínum til þess eins að ráða þá óbeint aftur gegnum starfsmannaleigu. Tel ég þetta mikilvægt atriði, enda er meginreglan á vinnumarkaði hér á landi sú að gerðir séu ótímabundnir ráðningarsamningar beint við vinnuveitendur eins og ég nefndi í upphafi. Jafnframt tel ég mikilvægt í ljósi framangreindrar meginreglu í ráðningum að starfsmannaleigu verði óheimilt að takmarka rétt starfsmanna sinna sem leigðir eru til notendafyrirtækja til að stofna síðar til ráðningarsambanda við það fyrirtæki.

Vinnumálastofnun er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Reynsla undanfarinna mánaða hefur fært mér heim sanninn um að nauðsynlegt er að kveða skýrt á um slíkt eftirlit, því miður verð ég að segja. Ég vona svo sannarlega að fyrirtæki sjái að sér þannig að ekki komi til þess að Vinnumálastofnun þurfi að beita þeim úrræðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að henni verði falin. Meðal annars er gert ráð fyrir að unnt verði að stöðva starfsemi fyrirtækja tímabundið sé ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar. Ég tel þetta reyndar mikilvægt tæki til að tryggja virka framkvæmd frumvarpsins eða öllu heldur laganna þegar þar verður komið en ítreka það að ég vona einfaldlega að til þessa þurfi ekki að koma.

Hæstv. forseti. Eftir að hafa farið ítarlega yfir stöðu mála þótti samhliða setningu sérstakra laga um starfsmannaleigur jafnframt nauðsynlegt að breyta öðrum gildandi lögum. Annars vegar er þar um að ræða breytingu á lögum nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið hér á landi og hins vegar breytingu á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga. Gætt hefur ákveðins misskilnings við túlkun laga um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja og er þeim breytingum sem fram koma í frumvarpi þessu ætlað að gera þau skýrari. Lagt er til að heiti laganna verði breytt þannig að skýrt sé að þau eigi einkum við um starfskjör starfsmanna erlendra fyrirtækja en að önnur lög sem gilda hér á land hverju sinni geti átt við um réttarstöðu þeirra að öðru leyti. Þá eru sett fram ákvæði sem ætlað er að taka af tvímæli um hvað telst til lágmarkskjara samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum.

Ekki er í frumvarpi þessu verið að leggja til breytingar á aðlögunarreglum vegna nýju aðildarríkjanna að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið heldur eingöngu verið að skýra þær.

Þá er lagt til að óheimilt verði að veita atvinnuleyfi vegna starfa hjá starfsmannaleigum. Þykir útgáfa atvinnuleyfa vegna starfa hjá starfsmannaleigum ekki samræmast tilgangi laganna um atvinnuréttindi útlendinga þar sem starfsmenn starfsmannaleigna eru að öllu jöfnu leigðir tímabundið á milli ólíkra fyrirtækja og jafnvel starfsgreina. Jafnframt er verið að undirstrika þá stefnu stjórnvalda að útlendingar sem fá atvinnuleyfi verði ráðnir með hefðbundnum ráðningum.

Hæstv. forseti. Markmið frumvarps þess sem ég mæli nú fyrir er að bæta úr ástandi sem virðist hafa ríkt á íslenskum vinnumarkaði að minnsta kosti undanfarin missiri. Mér er fulljóst að einhverjir hefðu viljað ganga lengra í vernd starfsmanna starfsmannaleigna en öðrum finnst nóg um og jafnvel gott betur. Það er mitt mat að skynsamlega hafi verið á málum haldið við smíði frumvarps þessa og hér sé hæfilega langt gengið að svo komnu máli til að tryggja að frumvarpið þjóni tilgangi sínum og móti starfsmannaleigum starfsramma til að fara eftir. Frumvarp þetta er afrakstur mikillar vinnu með mjög góðum atbeina fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka fyrir þá góðu vinnu. Félagsmálaráðuneytið leggur í þessum málum sem öðrum mikla áherslu á að vinna að lausnum í samvinnu við hagsmunaaðila og þetta frumvarp er dæmi um slíka vinnu.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember síðastliðnum til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga kemur fram að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir að lög um starfsmannaleigur verði samþykkt fyrir jólahlé Alþingis. Í ljósi þess, hæstv. forseti, legg ég ríka áherslu á að unnt verði að samþykkja frumvarp það sem hér er til umræðu fyrir jólahlé þingsins og vænti þess að hv. þingmenn séu mér sammála um mikilvægi þessa máls.

Að lokinni umræðunni legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[15:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur tekið þrjú ár að reka hæstv. félagsmálaráðherra til réttar í þessu máli, en þangað er hann kominn og ég held að við getum öll fagnað því. Frumvarpið sem hér liggur fyrir er a.m.k. stórt skref í áttina en þó kannski ekki að öllu leyti fyllilega fullnægjandi.

Mig langar hins vegar til að spyrja hæstv. ráðherra eftirfarandi spurninga: Er það frumvarp sem hér liggur fyrir algjörlega í samræmi við vilja Alþýðusambands Íslands? Í öðru lagi, af því að hæstv. ráðherra sagði að nauðsynlegt hefði reynst að breyta öðrum lögum langar mig til að spyrja hann hvort það sé þá líka fyrirhugað að breyta lögum til að tryggja að sveitarfélög fái það sem þeim ber í skattheimtu, og ríkið sömuleiðis. Það hefur brugðið við og verið kvartað yfir því að keisaranum sé ekki goldið það sem keisarans er. Raunar er það einn af ágöllum þessara erlendu starfsmannaleigna að þær grafa á vissan hátt undan velferðarkerfinu vegna þess að þær skila ekki inn í hina sameiginlegu sjóði því sem þeim ber. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hann ekki áhyggjur af þessu? Og er fyrirhugað að ríkisstjórnin beiti sér fyrir lagabreytingum á því sviði?

Ég geri mér grein fyrir að það er sennilega ekki á hans sviði, en spyr hvort þetta hafi verið rætt í hæstv. ríkisstjórn.

[15:21]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að mér kom á óvart að hv. þingmaður væri skyggn. Með því að segja að það hafi tekið þrjú ár að reka þann til réttar er hér stendur í umræddu máli er hann að lýsa því yfir að hann hafi vitað það langt á undan þeim er hér stendur, og hvað þá öðrum, að ég yrði nokkurn tímann félagsmálaráðherra. Ég hef ekki sinnt því starfi nema í rúm tvö ár. Látum það þó liggja á milli hluta, hæstv. forseti.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spyr hvort frumvarpið sé algjörlega í samræmi við vilja ASÍ. Eins og kom fram í ræðu minni áðan, hæstv. forseti, hefðu sumir viljað ganga lengra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, aðrir skemur. Það er engin launung á því að forsvarsmenn ASÍ, a.m.k. sumir hverjir, hafa lagt á það þunga áherslu að frumvarpið tæki sömuleiðis til ábyrgðar notendafyrirtækja. Samiðn hefur sent frá sér yfirlýsingu þess efnis, og sent mér bréf þar um, og þar kemur fram áhersla til þeirrar áttar af hálfu verkalýðsforustunnar.

Sömuleiðis hefur ýmsum atvinnurekendum þótt nóg um og fulllangt gengið, og þau sjónarmið eru sömuleiðis á lofti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan, hæstv. forseti, ég tel að vel hafi tekist til við frumvarpssmíðina. Ég tel hóflega langt gengið, ég tel að verði þetta frumvarp samþykkt sem lög héðan frá Alþingi höfum við í höndunum verkfæri sem mun gagnast í þeirri baráttu sem við ætlum í og frumvarpið er raunverulega yfirlýsing um.

Hvað varðar spurningu hv. þingmanns um hvort fyrirhugað sé að breyta öðrum lögum til að tryggja að ríki og sveitarfélög fái það sem þeim ber af skatttekjum höfum við farið yfir það. Okkur virðist, hæstv. forseti, að heimildir séu nægar í gildandi lögum en ég hef sagt það, bæði hér og áður, að ég tel að í einhverjum tilvikum hafi skort á að þeim væri fylgt nægilega vel eftir og að samhæfing aðgerða væri nægilega góð.

[15:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við sem hér erum gerum okkur öll grein fyrir að hæstv. félagsmálaráðherra er gríðarlega mikilvægur stjórnmálamaður en það vill svo til að áður en sá ágæti einstaklingur sem nú gegnir því embætti að vera kjörinn á þing gegndu aðrir menn því embætti. Það vandamál sem hér um ræðir var komið upp áður og reyndar höfum við þingmenn jafnaðarmanna lagt áherslu á lög um starfsmannaleigur frá því fyrir töluvert löngu síðan. Ég lagði t.d. fram fyrirspurn um þetta sennilega áður en hæstv. félagsmálaráðherra var orðinn frammámaður í sveitarstjórnarmálum í Hveragerði þar sem hann stóð sig með miklum sóma.

Ég kem upp aðallega til að vekja eftirtekt á því að hæstv. félagsmálaráðherra telur að nægar heimildir séu til að bregðast við skattundanskotum í gegnum þessar erlendu starfsmannaleigur. Hann telur það hins vegar sína skoðun að því miður séu brögð að því að þeim reglum sé ekki nægilega fylgt og heimildirnar ekki notaðar. Mig langar þá að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra:

Hvaða ráðherra er það sem hefur með þessum hætti ekki unnið vinnuna sína? Hvaða hæstv. ráðherra er það sem hefur ekki gengið eftir því að greidd væru rétt gjöld af þessu vinnuafli til ríkisins?

Ég er nefnilega þá algjörlega sammála hæstv. ráðherra, það hefur verið sleifarlag af hálfu ríkisins. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra fyrst að hann hefur komist að þessu eftir að hafa vegið þetta mál með embættismönnum sínum: Hvar er potturinn brotinn í þessum efnum?

[15:25]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli mínu áðan tel ég að einhver dæmi hafi verið um að ekki hafi verið nægilega hart gengið fram í þessum málum og heimildir ekki að fullu nýttar. Ég tel hins vegar, hæstv. forseti, að þar sé fyrst og fremst um að kenna ókunnugleika. Við erum að læra af reynslunni, menn eru að ganga harðar fram í þessum efnum núna en áður. Við sjáum sömuleiðis að uppi er málarekstur milli aðila, milli skattyfirvalda og einhverra þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir. Ég tel því, hæstv. forseti, að þessi mál horfi til betri vegar. Ég ætla ekki að gerast dómari í máli einstakra manna, stofnana eða ráðherra og mun ekki gera. Ég tel hins vegar að þetta mál sem við erum hér að ræða, þ.e. frumvarp til laga um starfsemi starfsmannaleigna, sýni að ríkisstjórninni er full alvara með að taka á í þessu máli.

[15:26]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Í framhaldi af þeim orðum sem hæstv. ráðherra sagði finnst mér mjög merkilegt að hæstv. félagsmálaráðherra skuli segja það blákalt að þeir ráðherrar sem áttu að sjá um að innheimt væru rétt gjöld af þessu erlenda vinnuafli hefðu ekki gert það sökum reynsluleysis.

Frú forseti. Þó að ég ætli ekki að dvelja lengi við þetta er óhjákvæmilegt að vekja eftirtekt á því að sá sem gegndi embætti fjármálaráðherra meðan á þessu stóð er sennilega einhver reyndasti ráðherra í því embætti um langt skeið. Hæstv. núverandi utanríkisráðherra, Geir H. Haarde, verður tæpast vændur um reynsluleysi. Mér finnst fulllangt vera seilst og jafnvel um hurð til lokunar þegar hæstv. félagsmálaráðherra bregður hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra um reynsluleysi og að það sé ástæðan fyrir því að ekki sé hægt með réttu lagi að innheimta þau gjöld sem ber að innheimta í ríkissjóð. Auðvitað væri fróðlegt, frú forseti, að fá hæstv. utanríkisráðherra til þessarar umræðu til að spyrja hann út í hvort svo sé. Ég ætla ekki að fara fram á það.

Ég get að vissu marki fallist á að það sé rétt hjá hæstv. félagsmálaráðherra að við höfum andspænis þessu vandamáli staðið frammi fyrir nýjum úrlausnarefnum sem við höfum ekki tekist á við áður. Hins vegar er ekki hægt að halda því fram að menn hafi ekki verið varaðir við. Frá því að fyrsta starfsmannaleigan fór að flytja hingað inn erlent vinnuafl svo einhver brögð urðu að var hæstv. félagsmálaráðherra, hvernig sem hann situr nú, einmitt varaður við þeirri þróun. Þess vegna, frú forseti, sagði ég áðan að það hefði tekið mörg missiri að draga hæstv. félagsmálaráðherra til réttar í málinu.

Ég veit ekki hvort það eru nokkur mál sem við höfum þurft að halda jafnlangar og -harðar og -tíðar ræður um og

einmitt um þau vandamál sem tengdust erlendu starfsmannaleigunum. Hæstv. félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, sagði svo að segja fyrstu dagana sem hann steig hér inn á þing að hann teldi þá að nægileg úrræði væru í lögum til að sporna gegn afleiðingum þessa vandamáls. Við sem vorum í stjórnarandstöðunni töldum að svo væri ekki og nú hefur einfaldlega komið í ljós að þróunin varð með svipuðum hætti og við töldum.

Ég vil hins vegar segja að ég fagna auðvitað hverjum týndum sauði sem snýr af villu síns vegar og ég fagna því að hæstv. félagsmálaráðherra er svo einbeittur í því að koma frumvarpinu í gegn. En það er táknrænt um afstöðu ríkisstjórnarinnar í málinu að hann sagði sjálfur í upphafsræðu sinni að það hefði verið eitt mikilvægasta samningsatriðið af hálfu verkalýðshreyfingarinnar að þetta yrðu það sem hann kallaður sjálfur eðlilegar reglur um starfsmannaleigur. Ég spyr þá, frú forseti: Hvers konar ríkisstjórn er það sem þarf nánast að knýja með valdi og hótunum um verkföll til að setja það sem ráðherrann sjálfur kallar eðlilegar reglur?

Af því að ég er sáttfús í þessu máli og á þessum degi og fagna framkomu þessa frumvarps ætla ég ekki að elta frekar ólar við það en mér finnst málflutningur hæstv. ráðherra bera öll merki þess að hann veit að hann hefði átt að vinna miklu hraðar að þessu máli. Ástæðan fyrir seinaganginum er sú að hann seldi fulltrúum Vinnuveitendasambandsins sjálfdæmi í málinu. Þriggja manna nefnd var sett niður til að semja um þessi lög og hæstv. ráðherra sagði sjálfur í ræðu nýlega, á ársfundi Samtaka atvinnulífsins, að hann liti svo á að sitt hlutverk, hlutverk síns ráðuneytis, væri að vera sáttasemjari í málinu. Hvað þýðir það? Það þýðir einfaldlega að þessi eini fulltrúi atvinnurekenda, VSÍ, gat einfaldlega sagt nei. Hann gat bara móast. Þá gerðist ekkert vegna þess að það var jafnstaða, pattstaða, í nefndinni á meðan fulltrúi hæstv. ráðherra gerði ekki neitt. Það er alveg klárt að ef hæstv. ráðherra hefði látið sitt fólk taka á í þessu máli með svipuðum hætti og verið er að gera núna í þessu frumvarpi hefðum við losnað við mörg vandamál sem þessu hafa tengst og mörg ljót mál hefðu ekki orðið að veruleika.

Mér hefur, frú forseti, þótt dapurlegt að fylgjast með því á síðustu árum hvernig Ísland hefur orðið að gróðrarstíu fyrir heldur óprúttnar erlendar starfsmannaleigur. Þær starfsmannaleigur hafa komið ljótu orði á atvinnugrein sem að öðru leyti á töluvert sterkt erindi inn í atvinnulíf nútímans sem þarf á sveigjanleika að halda. Úti í Evrópu hafa, eins og hér á Íslandi, verið hefðbundnar vinnumiðlanir sem miðla starfsmönnum til skamms tíma. Þær hafa unnið ákaflega gott starf og það er nauðsynlegt að rifja það hér upp að við eðlilegar aðstæður hafa vinnumiðlanir sem miðla tímabundnum starfskrafti töluvert mikilvægu hlutverki að gegna. Þær sjá til þess að hreyfanleikinn er meiri en áður og það er eitt af því sem eykur samkeppnishæfni. Þær eru líka oft fljótari en hefðbundnar ríkisreknar starfsmannaleigur til þess að samræma framboð og eftirspurn á markaðnum, þær hafa oft verið fljótari að finna störf fyrir atvinnulaust fólk. Það sem er einna jákvæðast, af því að ég hef skoðað þetta svolítið í öðrum löndum, við hefðbundnar starfsmannaleigur er hvernig þær hafa í sumum löndum náð að finna fólki af erlendum uppruna, t.d. hælisleitendum í Svíþjóð, störf á vinnumarkaði sem hafa leitt til þess að þeir ágætu nýbúar hafa náð varanlegri fótfestu á vinnumarkaði.

Þetta er nauðsynlegt að taka fram vegna þess að það eru einmitt umræddar ribbaldaleigur sem hafa einkennt starfsemina á Íslandi sem hafa komið óorði á atvinnugreinina hér. Við höfum séð það hér á síðustu árum, og það er kannski þess vegna sem ég hef verið ansi fúll út í ríkisstjórnina, að þessar erlendu starfsmannaleigur hafa misnotað fólk sem kemur frá fátækari hlutum Evrópu þar sem atvinnuleysi ríkir. Fjölskyldufeður hafa ekki átt fyrir framfærslu síns fólks og við slíkar aðstæður láta menn bjóða sér ansi mikið. Þess vegna reyndist unnt að gera það sem gert var við Kárahnjúka á sínum tíma, að bjóða portúgölsku verkafólki upp á vist sem við Íslendingar hefðum sagt að væri ekki hundum bjóðandi — þeim var boðið upp á kjör sem voru brot á öllu velsæmi og öllum samningum. Það þurfti heila verkalýðshreyfingu til að fara á Kárahnjúka og stappa þar niður fæti og veifa þungum hrammi til þess að ríkisstjórnin tæki við sér.

Ég hafði þá á orði að það hefði verið mannsbragur af hinum unga og nýja félagsmálaráðherra, sem þá var, ef hann hefði farið á Kárahnjúka og skekið sinn hrokkna makka framan í þá sem réðu fyrir umræddri starfsmannaleigu og réðu fyrir umræddu verktakafyrirtæki og beitt ráðherravaldi sínu til að reyna að koma vitinu fyrir þá. Hæstv. ráðherra var ekki til í það á þeim tíma en eins og ég hef sagt áður: Batnandi mönnum er best að lifa.

Ég er þeirrar skoðunar, frú forseti, að ákveðnar forsendur þurfi að uppfylla til þess að lög af þessu tagi verði góð og viðunandi. Það þarf að mínu viti að skylda starfsmannaleigurnar til þess að láta skrá sig, það má kannski líta á það sem eitt form af starfsleyfi, svo að hægt sé að útiloka þær sem verða uppvísar að því að brjóta gegn erlendu farandverkafólki og misnota sér stöðu þess. Slík lög verða líka að banna að hægt sé að hýrudraga verkafólk með því að draga hluta launanna af þeim sem þjónustugjald og það verður líka að sjá til þess að eftirlit með aðbúnaði starfsmanna sé eins og vera ber. Í núgildandi lögum eru heimildir og ætti að vera rými til þess að þetta sé gert en veruleikinn er allur annar. Það skortir fjármagn til þeirra stofnana sem hæstv. ráðherra ræður fyrir til þess að hægt sé að halda uppi eðlilegu eftirliti með aðbúnaði. Þegar ég segi „eðlilegu eftirliti“ þá er það ríkara en endranær, ríkara en gagnvart hefðbundnum fyrirtækjum hér á Íslandi vegna þess að við höfum dæmin. Við höfum dæmi síðustu ára sem sýna að við vissar kringumstæður er mikil hætta á að verið sé að fara illa með erlent verkafólk og þess vegna þarf að taka vel á því máli í lögum. Mér finnst líka að það þurfi að stoppa upp í ýmsar glufur sem varða réttindi þessa fólks, sem t.d. tengjast uppsagnarfresti og veikindum, og það verður að tryggja að trúnaðarmenn eða fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar geti fengið upplýsingar um launagreiðslur.

Þetta frumvarp er mikilvægt skref í rétta átt en mér finnst það ekki ganga nógu langt að öllu leyti. Ég taldi hér upp fimm atriði sem væru forsendur þess að hægt væri að slá því föstu að lögin uppfylltu þann tilgang sem við ætluðum þeim. En þau ná ekki að uppfylla öll þau skilyrði. Ég er til að mynda þeirrar skoðunar, eins og hefur komið fram af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, að það þurfi með einhverj-

um hætti að búa til kæruleið sem geri það að verkum að atvinnurekandi, sem í gegnum erlenda starfsmannaleigu fer illa með starfsmann sinn, greiðir honum lág laun, býður honum upp á óviðunandi aðstæður, verði sóttur til saka.

En nú skulum við setja okkur í spor erlends verkamanns sem kemur hingað frá suðurhluta Evrópu eða frá Austur-Evrópu, hefur aldrei til Íslands komið, þekkir ekki frjálsa verkalýðshreyfingu, veit ekki hvernig hann á að leita réttar síns, talar ekki málið. Hvernig á þessi maður að geta leitað réttar síns þegar honum er allt í einu sippað út úr landinu eftir þrjá mánuði? Það er hættan að hér sé verið að flytja inn fólk sem einfaldlega getur ekki notfært sér þá möguleika sem t.d. stuðningur frjálsrar verkalýðshreyfingar býður upp á til þess að sækja sinn rétt. Þetta er ekki bara einkamál viðkomandi verkamanns, þetta er líka mál sem varðar hreyfinguna alla vegna þess að ef þetta líðst í einhverjum mæli þá er verið að grafa undan samkeppnishæfni innlends vinnuafls, undan samkeppnishæfni þess vinnuafls sem er skipulagt í verkalýðshreyfingu. En það er verið að gera meira. Það er líka verið að draga undan samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja sem geta ekki, af siðlegum ástæðum, af því að þau vilja það ekki eða af einhverjum öðrum ástæðum, tekið upp starfshætti af þessu tagi.

Þetta er því ekki eingöngu spurning um að brjóta eða brjóta ekki mannréttindi, þetta er spurning um samkeppnishæfni innlends vinnuafls og íslensks atvinnulífs.

Förum yfir sviðið og skoðum það sem er að gerast t.d. í Noregi og Svíþjóð — það er svipað og hér á Íslandi að verið er að flytja inn í stórum stíl erlent farandverkafólk til þess að vinna við gríðarlega miklar byggingar og miklar framkvæmdir. Þetta fólk vinnur á hálendinu hér á Íslandi, í Noregi vinnur það á olíuborpöllum og sums staðar í Svíþjóð vinnur það í skipasmíðastöðvum. Við töluðum um það, þingmenn stjórnarandstöðunnar, fyrir nokkrum árum — þegar hæstv. ráðherra kom hér blautur á bak við bæði eyru og hafði ekki enn skilið að stundum borgar sig að hlusta á stjórnarandstöðuna — að ef ekki yrði tekið á málinu yrði það á endanum ekki eingöngu bundið við Kárahnjúka og stórframkvæmdir á hálendinu heldur mundi það smám saman sytra inn í aðrar atvinnugreinar.

Við spáðum því, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, í umræðum fyrir tveimur árum, að ef ekki yrðu reistar skorður gegn vandanum mundi hann fikra sig inn í byggingarframkvæmdir, smærri byggingarframkvæmdir á þéttbýlisstöðunum, og inn í málmiðnaðinn. Það gekk eftir. Við gengum síðan lengra og héldum því fram að þetta mundi smita víðar í atvinnulífið. Og núna er verið að reisa heilar blokkir í Reykjavík sem Morgunblaðið segir að séu reistar af erlendu vinnuafli sem verið er að greiða 400 kall á tímann af því að hæstv. ríkisstjórn tók ekki á málinu. Erlent farandverkafólk starfar hér í stóriðnaði innan landbúnaðarins fyrir skítalaun við vondan aðbúnað af því að hæstv. ríkisstjórn tók ekki á málinu.

Ég tel að það vanti tvennt í þessi lög. Það verður að vera möguleiki fyrir stéttarfélagið að kæra aðbúnað og kjör erlendra verkamanna sem koma hingað og dvelja í mjög skamman tíma. Í öðru lagi tel ég að það sé nauðsynlegt að með einhverjum hætti sé hægt að sannreyna að þau kjör sem eru gefin upp séu raunveruleg. Ég sé að hæstv. ráðherra gerir sér grein fyrir því vandamáli. Hann fer þá leið að fulltrúi Vinnumálaskrifstofu á að geta fengið upplýsingar um hvað eina sem lýtur að kjörum. Ég tel hins vegar að með einhverjum hætti þurfi að veita fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar þennan aðgang, til þess að þetta verði gaddaslegið. Ég veit að þetta er eitur í beinum t.d. sjálfstæðismanna og atvinnurekenda en þetta er nauðsynlegt.

Nú vil ég ekki kasta rýrð á þær ágætu stofnanir sem hæstv. ráðherra ræður fyrir sem eiga að tryggja kjör og aðbúnað samkvæmt núverandi lögum og líka samkvæmt þessu frumvarpi. En við höfum dæmin fyrir okkur, við vitum að þessar stofnanir eru fjársveltar og við vitum að þær geta ekki að öllu leyti staðið undir skyldum sínum eins og staðan er nú, hvað þá þegar þessum verkefnum verður bætt ofan á. Við vitum einfaldlega að það er enginn sérstakur vilji hjá öllum pörtum ríkisstjórnarinnar að setja fjármagn í þetta. Þetta er hins vegar brennandi hagsmunamál verkalýðshreyfingarinnar og stéttarfélaganna og mér finnst ekki óeðlilegt að það verði skoðað rækilega, frú forseti, hvort ekki sé hægt að breyta þessu með þessum hætti.

Ég staldra líka við 6. gr. í þessu frumvarpi þar sem verið er að reisa skorður gegn því að hægt sé að segja fólki upp og ráða það svo aftur í krafti starfsmannaleigu. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir að laun fólks séu lækkuð. Tilgangurinn er jákvæður en eftir sem áður er hægt að hugsa sér dæmi þar sem fólk hættir hjá stofnun og fer aftur að starfa við rekstur hennar með ýmsum hætti í gegnum starfsmannaleigu á hærri launum. Ég held að við þurfum að skoða þetta ákvæði, frú forseti.

Að lokum vil ég segja að ég gleðst yfir því að hæstv. ráðherra hefur loksins lagt þetta frumvarp fram. Hann hefði átt að gera það fyrir einu og hálfu ári en ég tek viljann fyrir verkið. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé stigið mikilvægt skref en það þarf að slípa og pússa þetta frumvarp í báða enda. Hæstv. ráðherra leggur mikla áherslu á að málinu verði lokið fyrir jól og sannarlega er ég og minn flokkur reiðubúinn til þess að taka þátt í því. Ég vek hins vegar eftirtekt á því að í andsvari við mig hér áðan upplýsti hæstv. ráðherra að það væru atriði sem verkalýðshreyfingin sjálf í heild væri óánægð með.

Við sem höfum í samstarfi við verkalýðshreyfinguna verið að hnika þessu máli áfram í þessum sal hljótum að óska eftir því að hæstv. ráðherra liðsinni okkur við að greiða fyrir för þessa frumvarps í gegnum þingið með því að sjá til þess að hans ágætu samstarfsmenn í meiri hluta þingsins taki tillit til sjónarmiða okkar þegar við förum með faglegan hefil á þetta frumvarp.

[15:45]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma inn á það sem hv. þingmaður sagði í lok ræðu sinnar af því að málið kemur núna til kasta þingsins og fer inn í vinnslu hjá félagsmálanefnd. Eins og hv. þingmaður veit þá er hér um samkomulagsmál að ræða. Þannig held ég að flestir skilji eðli þessa máls. Þetta er hluti af því að hægt var að afstýra núna uppnámi á vinnumarkaði. Hv. þingmaður rakti það ágætlega að fulltrúar bæði Samtaka atvinnulífsins og ASÍ komu að

samningu þessa frumvarps ásamt fulltrúa frá félagsmálaráðuneytinu.

Í lok ræðu sinnar segir hv. þingmaður Össur Skarphéðinsson að það eigi að breyta þessu máli og nefnir ákveðin atriði, 6. gr. og líka það að stéttarfélögin eigi að hafa betri aðkomu að því að geta kært þetta varðandi aðbúnað starfsmanna. Hann eggjar hér menn til að breyta frumvarpinu. Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort hann telji að þetta frumvarp sé samkomulagsmál eða ekki. Ef það er samkomulagsmál þá er mjög erfitt að breyta málinu í þinginu nema allir aðilar séu sammála um það. Auðvitað er ekki er hægt að útiloka að svo verði. En ef á að taka inn í þetta mál umdeild atriði er varla hægt að tala lengur um samkomulagsmál. Ég vil gjarnan heyra hv. þingmann færa betri rök fyrir því hvort meiningin sé virkilega að reyna að breyta málinu, eins og mér heyrðist hv. þingmaður leggja til, í veigamiklum atriðum, að margra mati, eða ekki því það mun tefja mjög framgang málsins ef við þurfum að setjast niður við samningaviðræður í félagsmálanefndinni.

[15:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hugsanlegt er að ég vanmeti sjálfan mig. En það er líka hugsanlegt að hv. þingmaður ofmeti mig. Alla vega þá gerir hún því skóna að sú staðreynd að ég hef sterkar skoðanir á þessu máli sé líkleg til að tefja framgang þess.

Hún spyr hvort þetta sé samkomulagsmál eða ekki. Hv. þingmaður var kannski ekki komin í þingsalinn þegar ég spurði hæstv. félagsmálaráðherra um slíkt hið sama. Svar hans var að Alþýðusamband Íslands vildi, eins og ég skildi hæstv. ráðherra, gjarnan sjá einstaka hluti öðruvísi. Hitt verð ég að segja algjörlega skýrt, að ég starfa í þessum þingsölum eftir sannfæringu minni vegna þess að ég hlýði stjórnarskránni og hún segir mér að gera það. Enginn aðili úti í bæ getur fjarstýrt mér í þeim efnum. Ég tek hins vegar tillit til þess ef um það er að ræða eins í þessu tilviki að ríkisvaldið og aðilar vinnumarkaðarins hafi gert bindandi samkomulag. Ef það er svo að Alþýðusamband Íslands segir við mig og okkur á þinginu að þeir óski eftir því að þetta verði samþykkt með þessum hætti fyrir jól þá hlusta ég á það. En ég áskil mér samt minn rétt til að hafa mínar sterku skoðanir á þessu máli. Ég hef skoðað þetta mál lengi. Mér er annt um þetta mál og frumvarpið er stórt skref eins og ég sagði. En ég finn á því nokkra annmarka, einn alvarlegan, eða einn sem dregur úr því að við náum markmiði frumvarpsins. Það er hlutverk mitt sem þingmanns að benda á það sem betur mætti fara og líka hlutverk hv. þingmanns Sivjar Friðleifsdóttur.

[15:50]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var í þingsal áðan og heyrði að verkalýðshreyfingin vildi fá einhverjar breytingar á þessu máli í upphafi og hugsanlega enn — ég skal ekki segja — m.a. Samiðn. Hér var sérstaklega dregið fram að Samiðn hefði sent bréf. Ég veit að hv. þingmaður Össur Skarphéðinsson hefur fylgst með málefnum starfsmannaleigna um skeið, m.a. á vettvangi Evrópuráðsins þar sem hann hefur unnið sérstaklega að þeim málefnum.

En ég vil draga hérna skýrt fram að eins og málið er í pottinn búið þá er það samkomulagsmál og var hluti af því að afstýra því að hér væri allt í uppnámi á vinnumarkaði. Á sama tíma eigum við þingmenn að vinna eftir sannfæringu okkar og auðvitað gerum við það. En þegar um samkomulagsmál er að ræða er geysilega erfitt að breyta þeim af því ef opnað er á breytingar sem menn eru ekki sáttir um, allir aðilar málsins, þá mun það tefja mjög fyrir afgreiðslu mála. Sem formaður félagsmálanefndar vil ég því sérstaklega draga það fram að að mínu mati verður mjög erfitt að breyta þessu máli í meðförum félagsmálanefndar nema aðilar séu þokkalega sammála um það bæði þingmenn og líka aðilar vinnumarkaðarins, af því að þetta er samkomulagsmál.

[15:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru út af fyrir sig tíðindi ef formaður félagsmálanefndar segir það bara svart á hvítu, blákalt, áður en hún fær málið til umfjöllunar, að því verði ekki breytt. (Gripið fram í.) Má þá ekki alveg eins aflýsa fundum félagsmálanefndar og stimpla þetta bara? Eigum við ekki bara, frú forseti, að taka upp þann sið að stofnanir úti í bæ, jafnvel þó þær séu stórar og mikilvægar eins og aðilar vinnumarkaðarins, taki að sér þingstörfin og ákveði hvernig lögin eigi að vera? Hér kemur formaður fagnefndar í þinginu og segir raunverulega að framselja eigi það vald sem stjórnarskráin felur okkur. Ég get ekki fallist á það.s

Ég get líka upplýst hv. þingmann um það að þegar hún fer að skoða þetta frumvarp mun hún finna þar ákvæði sem hefta úr hófi fram starfsemi t.d. innlendra starfsmannaleigna sem þegar eru á markaði. Ég held t.d. að þar séu ákvæði sem þarf að hefla svolítið og hugsanlega hefur það ekki verið nægjanlega skoðað. Ég dreg þá ályktun af ræðu hæstv. félagsmálaráðherra nú og þegar við ræddum þetta síðast fyrir bara nokkrum vikum að töluvert mikill hraði, sem ég þakka í sjálfu sér fyrir, hafi verið á afgreiðslu málsins. En ég er þeirrar skoðunar að þarna séu ákveðin ákvæði sem þarf að hefla. Ég drap á þau ákvæði. Ég tel að hv. félagsmálanefnd verði að skoða þetta mál eins og hvert annað þingmál með sínum faglegum gleraugum. Er einhver galli á því? Er hægt að bæta það? Þó Framsóknarflokkurinn sé hrifinn af Samtökum atvinnurekenda þá eru jafnvel þau mannleg. Þau eru breysk og jafnvel þau gera mistök. Það er hlutverk fagnefndanna, eins og hv. formaður félagsmálanefndar veit, að skoða mál og athuga hvort hægt sé að bæta þau, koma í veg fyrir mistök, (Forseti hringir.) jafnvel finna einfaldari leiðir.

[15:53]

Siv Friðleifsdóttir *(ber af sér sakir)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nauðsynlegt að bera af mér sakir. Hér er hv. þingmaður Össur Skarphéðinsson að saka mig um að vilja framselja vald þingsins út í bæ. Hann er með útúrsnúninga gagnvart mínu andsvari hér. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði. Að sjálfsögðu förum við yfir þetta mál faglega, að sjálfsögðu. En þetta er samkomulagsmál og þá er erfitt að breyta því. (Gripið fram í.) Það er ekki útilokað að breyta því en það er mjög (Gripið fram í.) erfitt og

hv. þingmaður veit það. Hann á ekki saka mig (**Gripið fram í:** Hvaða sakir er hún að bera af sér?) hér um það að vilja framselja vald þingsins út í bæ. (Forseti hringir.) Ég er einn af þeim þingmönnum sem einmitt (Gripið fram í.) vilja sjálfstæði þingsins sem mest.

[15:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil þá að ég sé leiðréttur ef þetta mál er eitthvað öðruvísi vaxið en önnur mál í þeim skilningi að hér er komið stjórnarfrumvarp í hendur þingsins til að fjalla um og skoða, m.a. í nefnd, og eftir atvikum gera lagfæringar á og færa til betri vegar hluti eins og mönnum finnst skynsamlegast að gera hér. Hér liggur löggjafarvaldið og það er hvergi annars staðar eins og kunnugt er.

Ef þetta samkomulag er með einhverjum sérstökum hætti vaxið þá náttúrlega er eðlilegt að það sé upplýst. Ég skildi málið þannig af umfjöllun fjölmiðla að samkomulagið fæli fyrst og fremst í sér að frumvarp yrði flutt og lagt til við þingið að setja lög um starfsmannaleigur. En það væri nú ákaflega skrýtið ef menn teldu sig geta gert samkomulag úti í bæ alveg frá orði til orðs um innihald þeirrar löggjafar. Að sjálfsögðu er hægt að leggja fram tillögur hér og það skiptir máli og eðlilega vilja menn vita hver viðhorf t.d. aðila vinnumarkaðarins eru í því efni. En Alþingi hlýtur sjálft að eiga síðasta orðið í þessum efnum eins og öðrum. Ef menn telja að hér megi eitthvað færa til betri vegar, snerpa á einhverjum ákvæðum, þá að sjálfsögðu ber að gera það.

Ég fagna framlagningu þessa frumvarps þó vissulega megi segja að það sé ansi seint fram komið. Ég held að ekki verði undan því vikist að horfast í augu við að íslensk stjórnvöld voru ákaflega vanbúin að takast á við þær aðstæður sem hér hafa skollið á vinnumarkaðnum á síðustu þrem, fjórum árum. Framan af virtist manni að kíkirinn væri settur dálítið upp að blinda auganu. Síðan liggur alveg fyrir að innlendar stofnanir, eftirlitsstofnanir og gæsluaðilar, voru algerlega vanbúnar t.d. því og eru enn að takast á við ástandið á Kárahnjúkum. Það liggur algerlega fyrir. Talað er um að þar hafi allt verið heldur að færast til betri vegar en ég heyri nú tvennar sögur af því, frú forseti. Ég heyri nefnilega líka þær sögur að menn séu algerlega búnir að gefast upp, að þar hafi eftirlitsaðilar og gæsluaðilar hreinlega gefist upp, ráði ekkert við ástandið og séu bara hættir að reyna að ómaka sig þarna upp eftir. Það fer nú tvennum sögum af því hversu mikið það ástand hafi batnað.

Við vorum sem sagt að fá hér inn og svona í fyrsta skipti í stórum stíl og í verulega útbreiddum mæli það sem ég hef burðast við að þýða sem félagsleg undirboð, „social dumping" mundi það vera á erlendum málum. Það var okkur fremur framandi því erlent vinnuafl hafði ekki verið í þeim mæli hér í landi og þá yfirleitt unnið sem ráðið starfsfólk á íslenskum kjarasamningum, t.d. í fiskiðnaðinum og ekki kannski mikil ástæða til að ætla að minnsta kosti kjarabátturinn væri ekki í lagi. Einstök dæmi voru um að aðbúnaður þess fólks var ekki sómasamlegur. Dæmi voru um að menn voru að ná einhverju til baka með því að okra á þeim í húsaleigu, í verbúðum. En það voru minni háttar mál borið saman við þau ósköp sem héldu innreið sína með því að erlent vinnuafl, m.a. á skammtíma ráðningarkjörum og m.a. hjá starfsmannaleigum, streymdi inn í landið svo þúsundum skipti.

Við ætlum ekki að líða þessi undirboð. Við ætlum ekki að líða að það sé níðst á fólki sem kemur frá fátækari svæðum eða þar sem atvinnuleysi er og það látið vera eins og einhverjir hálfgerðir þrælar í okkar landi og sætta sig við mun lélegri laun og verri aðbúnað en um er samið hér og á að vera samkvæmt íslenskum kjarasamningum og íslenskum starfsréttindum og lögum. Enga linkind má sýna í þeim efnum. Það er ekkert ásættanlegt annað en að þeir hlutir séu ósköp einfaldlega í lagi. Við getum ekki þolað að þarna séu menn að svindla. Þess vegna verð ég að segja að mér finnst sumt í þessu frumvarpi, þó það sé örugglega til bóta miðað við ekki neitt — það er örugglega til bóta að hafa þessi lög um starfsmannaleigur frekar en ekki neitt — en mér finnst margt hér veiklulegt, ákaflega veiklulegt. Ég ætla að fara aðeins yfir það.

Fyrsta spurningin er auðvitað þessi, frú forseti: Þurfum við að láta þetta yfir okkur ganga yfir höfuð? Þurfum við að taka starfsmannaleigufyrirkomulagið inn á innlendan vinnumarkað? Er okkur ekki stætt á því að hafa það bara í lögum að erlendir starfsmenn sem ekki koma inn á hreinum skammtímaskilmálum sem eru heimilir samkvæmt evrópskum vinnurétti — þ.e. starfsmenn erlendra fyrirtækja mega fylgja verkefnum hingað og vinna hér í tiltekinn tíma? Það er ljóst að við verðum að leyfa það — en ég hef ekki sannfærst um að við t.d. getum ekki gert það að skilyrði að starfsmenn sem eru hér til lengri tíma en þar er fyrir um mælt séu ósköp einfaldlega ráðnir af verkkaupanum sjálfum hér en ekki öðrum aðila, ekki millilið. Það með værum við auðvitað laus við þetta fyrirbæri. Kannski er okkur ekki stætt á því. Kannski erum við skyld til að leyfa þetta fyrirkomulag atvinnustarfsemi, sem þetta væntanlega heitir, svona vinnumiðlunarstarfsemi. En það er neyðarbrauð að mínu mati því þetta mun endalaust verða til vandræða. Þetta fyrirkomulag býður upp á það, sérstaklega það að verkkaupinn greiðir þá starfsmannaleigunni eða þeim sem sér um leigu vinnuaflsins í einni ávísun og það verður alltaf erfitt að fylgja því síðan eftir hvernig því síðan er skipt upp, hvernig greiðslurnar fara fram til hvers og eins og hvaða frádráttarliðir þar eru. Borgi þeir inn á bankareikninga í fjarlægu landi þá er nú handleggur fyrir Vinnumálastofnun eða skattinn að fylgjast með því öllu.

Af því að skattgreiðslurnar bar hér aðeins á góma í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og félagsmálaráðherra þá er rétt að upplýsa það og minna á að ég er búinn að spyrja hæstv. fjármálaráðherra fjórum sinnum á þremur árum um það mál. Svörin hafa alltaf verið þau sömu, ég hef alltaf fengið sama ranga svarið að það séu engin sérstök vandamál eða álitamál í sambandi við skattalega framkvæmd á Kárahnjúkum þegar hið gagnstæða blasir við, þegar hið gagnstæða liggur alveg fyrir, eins og m.a. hv. þm. Össur Skarphéðinsson vitnaði til áðan. Til dæmis liggur fyrir að það hafi orðið stórkostleg töf á því að tekjurnar skiluðu sér til sveitarfélaganna eins og vera ætti, m.a. vegna þess að skráningarmál eru þarna meira og minna í ólestri.

Það er kannski annað mál og varðar kannski ekki þetta beint, og þó, því að starfsmannaleigurnar eru hluti af vandanum sem þar er við að glíma. Það var t.d. þannig að það

kom hér fólk og vann í einn, tvo, þrjá mánuði við að setja upp vinnubúðir og síðan var það farið úr landi. Það fékk aldrei greidd nein laun á Íslandi, þau voru greidd inn á erlenda bankareikninga og síðan voru þessir menn farnir með allt sitt hafurtask áður en fjármálaráðherra eða skattayfirvöld svo mikið sem vissu af því að þeir væru í landinu.

Ég held að tilkynningar- og skráningarskyldan sem hér er sett upp í 2. gr. sé að sjálfsögðu til mikilla bóta. Það væri mun skárra að við hefðum upplýsingar um það fyrir fram hver þessi fyrirtæki eru og hvaða starfsmannahópa þau ætli að taka inn í landið. Þegar kemur síðan að því hlutverki sem fulltrúa þeirra er ætlað að gegna þá er spurningin hvort það fyrirkomulag komi til með að halda. Í raun og veru er fulltrúinn látinn taka á sig skyldur fyrirtækisins sjálfs og það verður hægt að birta honum stefnur eða hvað það nú er. Spurningin er þegar til kastanna kemur hvort fyrirtækin geti ekki farið í einhvern skollaleik og skipt bara um fulltrúa o.s.frv. Það þarf að fara mjög rækilega yfir það.

Um 4. gr., sem er auðvitað lykilgrein, þ.e. upplýsingaskylda eða tilkynningaskylda starfsmannaleignanna og þær upplýsingar sem þeim er gert skylt að lögum að veita fyrir fram, þ.e. sem liggja fyrir áður en starfsmenn á þeirra vegum fara hér í verk, þar held ég að sé allt of veiklulega frá málunum gengið og sérstaklega í d-lið 4. gr. Það leiðir af sjálfu að þarna verði veitt yfirlit um starfsmenn sem starfa á vegum fyrirtækisins, nöfn, heimilisföng, kennitölur o.s.frv., yfirlit yfir þann tíma sem þeir ætla að vera hér, atvinnuleyfin.

Svo segir í d-lið, með leyfi forseta:

„aðrar þær upplýsingar sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir til þess að ganga úr skugga um að starfsmannaleiga veiti sannanlega þjónustu hér á grundvelli 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og að um sé að ræða starfsmenn þess, svo sem afrit af þjónustusamningum og ráðningarsamningum."

Þarna kemur alveg aftast í þessari grein undir d-lið og á eftir orðunum „svo sem" að Vinnumálastofnun geti krafist þeirra upplýsinga sem öllu máli skipta. Nöfn og heimilisföng eru góðra gjalda verð en auðvitað skiptir öllu máli að ráðningarsamningarnir, að kjörin séu uppi á borðinu því annars er þetta algjörlega vonlaust. Af hverju er svona veiklulega búið um þetta?

Ég tel að það eigi að ganga eins langt og kostur er í því að skylda þessa aðila til að leggja þau ráðningarkjör sem þarna eru á ferðinni á borðið fyrir fram með algerlega óyggjandi hætti. Það er það sem þarf að vera uppi á borðinu og liggja fyrir og það þarf að vera hægt að sannreyna að þær upplýsingar séu réttar og að það sé greitt eftir þeim, að greiðsluferlið sé líka þarna. Það sé ekki bara nóg að leggja fram fallegan samning og segja: Þetta er svona, þeir eiga að vinna samkvæmt þessum samningi. Það þarf líka að vera hægt að fylgjast með því og hafa eftirlit með því að raunverulegar greiðslur fari fram í samræmi við hann. Þarna held ég að hljóti að vera hægt að taka miklu, miklu skeleggar til orða, þ.e. að greitt sé samkvæmt íslenskum kjarasamningum, að enginn afsláttur sé veittur af því. Þá er vísað í það og sagt að aðilar þessa máls sem gerðu samkomulag sín í milli um að þetta frumvarp kæmi fram, séu sammála um það. Mér finnst það nú svolítið kostulegt að þurfa að lesa það í greinargerð með frumvarpi að menn séu sammála um að meginregla íslensks vinnuréttar haldi áfram, þ.e. að byggt sé á almennum félagslegum kjarasamningum.

Það segir hér í greinargerðinni á bls. 5, með leyfi forseta:

„Frumvarpi þessu er ekki ætlað að breyta þeirri óskráðu reglu. Það er sameiginlegur vilji félagsmálaráðherra, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins að ótímabundnir ráðningarsamningar starfsmanna beint við vinnuveitendur sína verði áfram ríkjandi ráðningarform hér á landi."

Ég segi nú bara: Þakka skyldi það nú að menn væru ekki að taka um það ákvörðun að hverfa frá því. En þá er líka eins gott að staða þessara samninga sé völduð eins og kostur er gagnvart þessum málum. Og það er nú ekki lítið í húfi að það haldi að hægt sé að ganga að þessum fyrirtækjum, grípa til aðgerða gegn þeim ef þau greiða ekki samkvæmt félagslegu samningunum. Og nú hriktir í öllu út af þessu máli í sjálfu Evrópuverkinu því að sænsk verkalýðssamtök eru komin með mál, eða öllu heldur eru þau að verja hendur sínar í dómsmáli fyrir Evrópudómstólnum vegna byggingarfyrirtækja úr Eystrasaltsríkjunum sem neituðu að virða kollektífu samningana. Þá var gripið til aðgerða gegn fyrirtækjunum og þá fara þeir í mál og segja: Þetta er ekki heimilt. Og það mun hrikta mikið í, alla vega á norræna vinnumarkaðnum, ef þetta mál Svíanna tapast. Sumir ganga svo langt að segja að þá muni sænska verkalýðshreyfingin eins og hún leggur sig leggja til að Svíar gangi úr Evrópusambandinu því að það er náttúrlega komið að hjartanu í sjálfu sænska vinnumarkaðsskipulaginu, og auðvitað okkar líka, ef þetta færi þannig að þessi grunnregla á vinnumarkaðnum héldi ekki, menn skyldu virða slíka kollektífa samninga.

Ég held sem sagt að upplýsingaskyldan í 4. gr. þurfi að styrkjast. Það þarf að vera miklu skýrara að fyrirtækið verði að leggja á borðið fullnægjandi gögn um sjálf ráðningarkjörin og það á ekki að vera eitthvað „svo sem" sem Vinnumálastofnun geti dottið í hug að biðja um, aftast í greininni, þetta á að vera alveg hreint og klárt í lögunum. Það er miklu betra fyrir Vinnumálastofnun að hafa skýra lagastoð á bak við sig þegar hún sækir þessi gögn en að það þurfi ekki sérstaka ákvörðun hennar til. Það veikir auðvitað stöðu hennar að sækja þessi gögn inn í fyrirtækið.

Það má líka velta því fyrir sér: Þurfa ekki að vera þarna ákvæði sem eru meira í átt við það sem samkeppnisyfirvöld hafa, sem Fjármálaeftirlitið hefur og fleiri slíkir aðilar, að koma og sækja gögnin? Hvað ætlar Vinnumálastofnun að gera ef menn bara þrjóskast við? Á þá að fara út í aðgerðirnar að lokum á grundvelli 11. gr.? Þá kemur að því hvernig hún er orðuð, frú forseti. Ég var mjög undrandi þegar ég las 11. gr. frumvarpsins. Hún er í rauninni svo veikluleg og mér liggur við að segja kauðskt orðuð að það er ekki hægt að láta svoleiðis lagatexta standa, en það er nánast gefið í skyn að lögbrot verði látin óátalin bara ef menn bregðist við og kippi þeim í liðinn svona eftir á, innan hæfilegra tímamarka. Menn hætti að brjóta lögin svona innan hæfilegra tímamarka og þá verði það bara látið óátalið.

Eða hvernig á að lesa þetta, með leyfi forseta:

„Hafi Vinnumálastofnun krafist þess með hæfilegum fyrirvara“ — fyrirtækinu er gefinn hæfilegur fyrirvari — „að starfsmannaleiga fari að lögum og úrbætur hafa ekki verið gerðar, þegar sá frestur er liðinn sem gefinn var, getur“ — þá sem sagt getur „Vinnumálastofnun krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi starfsmannaleigunnar tímabundið“ — aftur — „þangað til úrbætur hafa verið gerðar.“

En hvað þá með lögbrotið? Ef aðili er staðinn að lögbroti sem telst sannað, þá er auðvitað ekki hægt að hafa þann blæ á þessu í lögunum að honum verði bara fyrirgefið ef hann hættir að brjóta lögin innan hóflegs tíma. Nei, þetta getum við ekki haft svona, frú forseti. Þetta verður að umskrifa því það verður að vera algjörlega skýrt að þessi fyrirtæki eiga að fara að lögum og reglum, einnig vegna þess að gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra geti sett reglugerð á grundvelli þessara laga. Það væri nú nær því að það stæðist að hafa svona umbúnað um orðalag ef þetta snerist um einhver brot á reglum en ekki á lögum. Það er ekki hægt að hafa þetta þannig að blærinn á greininni sé nánast sá að lögbrot innan hóflegra marka ætli menn að þola og ef þau standi ekki of lengi o.s.frv.

Þetta ber greinilega allt of mikinn blæ þess, frú forseti, að mínu mati, að menn reikni með að þessi mál verði í ólestri og að þetta verði svona „að gera sitt besta aðferðafræði“, að reynt verði að hafa einhver tök og einhvern hemil á þessu. Það er út af fyrir sig alveg skiljanlegt að menn hafi verið undir slíkum áhrifum þegar þeir voru að setja þetta saman, út frá ástandinu og hvernig allt gengur fyrir sig. En þetta finnst mér alls ekki nógu sterkt að orði kveðið, meingallað orðalag og þurfi að skoðast mjög vel, af því að þessar greinar sýnast mér nú vera alveg lykilgreinar þessa frumvarps. Það er það sem sagt er hér um skráningar- og tilkynningarskylduna, um fulltrúann, um tilkynningarskylduna í 4. gr. og þá viðurlögin ef í þau er farið. Þau eru að sjálfsögðu alveg bráðnauðsynleg.

Mér finnst líka að þetta tímabundna orðalag megi ekki vera þarna að þvælast fyrir. Er þá aldrei hægt að setja starfsmannaleigu bara endanlega á svartan lista ef hún hefur ítrekað brotið þannig af sér að hún er greinilega ekki traustverð? Þarf ekki að vera hægt að setja hana þá bara út af sakramentinu þannig að hún missi réttindi sín og leyfi til að starfa hér? Á hún þá ekki bara fara út af skránni sem aðili sem mætti veita þessa þjónustu hér? Ég held að það þurfi að vera miklu skýrari lagastoð fyrir því að ef um ítrekuð brot hefur verið að ræða o.s.frv. þá fari hún út.

Frú forseti. Ég held að þarna séu ákvæði sem ástæða er til að fara rækilega yfir og spyrja hvort ekki megi skerpa á. Ég hef enga ástæðu til að ætla að um það þurfi að verða nokkur minnsti ágreiningur, ef samstaða er um að þetta fólk eigi að fá hér laun og eigi að njóta réttinda eins og um er samið á íslenskum vinnumarkaði. Sé sú samstaða ekki biluð þá er það verkefnið að tryggja þetta. Það hljóta allir að vera sammála um að gera það sem rækilegast með lögum og að menn hafi allar þær heimildir sem til þess þarf að láta ekki líðast neina afslætti á því.

Þetta mál er síðan angi af gríðarstórum málum sem mætti segja ýmislegt um, t.d. opnun vinnumarkaðarins með stækkun Evrópusambandsins og hvernig menn hafa undirbúið sig þar eða að sumu leyti ekki undirbúið sig því miður. Hvernig notar Ísland aðlögunartíma sinn í þeim efnum? Ég hef verið talsmaður þess t.d. að Norðurlöndin ynnu þau mál miklu meira saman, að þau reyndu að styðja við bakið á uppbyggingu skipulegs vinnumarkaðsfyrirkomulags í Eystrasaltsríkjunum og Póllandi. Þaðan mun væntanlega þyngsti straumurinn koma inn á hinn norræna vinnumarkað. Það er eðlilegt, þetta eru þau lönd sem næst okkur liggja og það er mikið horft til Norðurlandanna úr þessum löndum. Við vitum að skoðanakannanir sýna t.d. að allt upp í 40% af ungu fólki í Eystrasaltsríkjunum og Póllandi hyggur á að freista gæfunnar á Vesturlöndum með opnun hins sameiginlega stóra vinnumarkaðar og Norðurlöndin eru langefst á lista yfir þau lönd sem menn horfa til og sjá sem æskileg lönd til þess að freista gæfunnar.

Að mínu mati hefði mátt nota tímann miklu betur og t.d. gera mun meira til að tryggja að upplýsingar séu til reiðu. Frú forseti. Að lokum vil ég segja um þetta frumvarp, mér finnst að upplýsingagjöfin megi koma sterkar fram, þ.e. að réttindin séu uppi á borðum og að síðan sé tryggt að þær upplýsingar liggi alltaf fyrir, t.d. að það sé áskilið og starfsmannaleigurnar látnar sanna að þær hafi gert starfsmönnunum grein fyrir réttindum sínum, að þær hafi afhent þeim efni þar um (Forseti hringir.) þannig að þeir viti að hverju þeir ganga, viti hvaða rétt þeir eiga, því að það er auðvitað forsenda þess að hægt sé að aðstoða þá síðan við að ná honum ef hann er af þeim hafður.

[16:14]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Því ber að fagna að þetta frumvarp skuli vera komið fram og vissulega vonast maður til þess að málið gangi fljótt í gegnum þingið, en þó ekki fljótar en svo að menn lagi það sem þarf að laga í frumvarpinu. Vil ég þá sérstaklega víkja að því sem er náttúrlega meginefni og meginstoð íslensks vinnumarkaðar en það er það fyrirkomulag að atvinnurekendur ráði sjálfir til sín starfsmenn. Það fyrirkomulag hefur viðgengist hér lengst af og ég tel að meginmarkmið okkar sé að tryggja að það verði ekki brotið niður eða eyðilagt, m.a. með því að of rúmt sé opnað fyrir það fyrirkomulag sem hér hefur verið að ryðja sér til rúms sem starfsmannaleigur.

Meginreglan um að starfsmenn séu ráðnir hjá ákveðnum fyrirtækjum hefur verið framkvæmd þannig hvað erlenda starfsmenn varðar að atvinnurekendur hafa sótt um að fá að ráða til sín erlent starfsfólk og jafnan þurft að færa fyrir því einhver rök að ekki væri nægilegt framboð af starfsfólki í viðkomandi atvinnugrein á viðkomandi atvinnusvæði eða á viðkomandi stöðum eftir því sem verkast vill. Vinnumálastofnun hefur haft það hlutverk að kanna að ástandið sem atvinnurekandinn hefur lýst væri réttmætt og staðist, að skortur væri á vinnuafli og þrátt fyrir tilraunir til að ráða hæft vinnuafl í starfsgreinina hefði það ekki fengist. Þetta hefur verið meginreglan hingað til og ég held að okkur Íslendingum hafi farnast nokkuð vel á okkar vinnumarkaði með því að hafa þessi skilyrði um að það sé atvinnurekandinn sem leiti eftir vinnuafli og ráði það til sín. Þar af leiðandi væru það í meginatriðum launþegar sem kæmu í vinnu

hjá viðkomandi atvinnurekanda með ráðningarsamningi og hefðu þar af leiðandi þau kjör sem almennt giltu á vinnumarkaði.

Við höfum verið svo gæfusöm í vinnumarkaðsmálum að hafa sveigjanleg ákvæði varðandi uppsagnarfrest og annað slíkt og ýmis réttindi sem tengjast starfsaldri. Fólk öðlast mikið af réttindum með því að vinna lengi hjá sama atvinnurekanda, t.d. lengist uppsagnarfrestur, veikindaréttur og jafnvel orlofsréttur, eins og þekkt er, og ýmis önnur réttindi sem fólk öðlast með því að vera stabíll vinnukraftur á vinnustað og í þeirri atvinnugrein sem það hefur starfað. Oft hafa réttindin því miður verið takmörkuð um of, það er að segja að þau hafa stundum verið takmörkuð við sama atvinnurekanda í einstaka tilfellum eins og þekktist áður fyrr. Það atriði hefur mikið vikið fyrir því að fólk kunni til starfa í atvinnugreininni og sé ekki bundið af því að starfa hjá sama atvinnurekanda heldur hafi ákveðinn starfsaldur og fái þar af leiðandi ákveðinn rétt sem bæði tengist menntun þeirra, þjálfun eða starfsaldri eftir atvikum.

Þetta hefur verið meginreglan og ég tel mjög mikilsvert, hæstv. forseti, að við reynum að halda okkur við hana í veigamestum atriðum og að við séum hér í raun og veru að fjalla um undantekningartilvik sem sé alveg óhætt að setja eins stífar skorður og okkur er framast leyfilegt og unnt. Ég held því að of vægt sé til orða tekið í 11. gr. um það hvernig megi koma fram við þær starfsmannaleigur sem hafa farið á svig við lögin og brotið þær skyldur sem viðkomandi starfsmannaleigur eiga að vinna eftir. Ég held að hægt væri að lagfæra þessa grein mjög mikið með tiltölulega einföldum hætti. Það mætti t.d. byrja á að strika út orðin „með hæfilegum fyrirvara". Þá væri fyrsta setning greinarinnar: Hafi Vinnumálastofnun krafist þess að starfsmannaleiga fari að lögum og úrbætur hafa ekki verið gerðar o.s.frv. Síðan gætu menn horft á orðið getur og sleppt því og sagt: Skal Vinnumálastofnun krefjast þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi starfsmannaleigunnar tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar.

Ég held að menn þurfi að horfa á þetta nokkurn veginn með þessum hætti vegna þess að það er engan veginn ásættanlegt að hægt sé að veita langan frest út á að starfsmannaleigur hafi ekki farið að lögum. Fyrirtækin hafa kærurétt samkvæmt 12. gr. og ef mönnum finnst að Vinnumálastofnun hafi farið hart að viðkomandi fyrirtæki geta menn auðvitað kært og látið á það reyna en ég tel að ekki sé ástæða til annars en að hafa tiltölulega stíf ákvæði um það hvernig brugðist skuli við ef starfsmannaleigur brjóta lög. Við erum almennt í frumvarpinu að marka lög um starfsmannaleigur, laga grunninn og móta þau skilyrði sem þær eiga að gangast undir. Þar af leiðandi held ég að við megum ekki ganga mjög langt í því að vera með ákvæði eins og í 11. gr. þar sem hægt er að finna því stað að þó menn hafi brotið sé í fyrsta lagi hægt að aðvara þá með hæfilegum fyrirvara og síðan eftir ákveðinn frest o.s.frv. Ég held að það sé ekki gott að hafa þetta í lagatexta með þeim hætti sem hér er og geri athugasemd við það.

Varðandi 4. gr. finnst mér að í a-liðnum eigi að koma fram meira en þar stendur. Þar stendur, með leyfi forseta:

„... yfirlit yfir starfsmenn sem starfa á vegum fyrirtækisins hér á landi þar sem fram kemur fjöldi þeirra, nöfn, heimilisföng í heimaríki, ríkisfang og starfsréttindi eftir því sem við á ... "

Ég held að það sé spurning um að velta því fyrir sér hvar eigi að setja kröfuna um það sem kemur fram í d-liðnum, hvað varðar afrit af þjónustu- og ráðningarsamningum. Mér finnst að það þurfi helst að koma fram í fyrsta lið. Það þyrfti að breyta uppröðun á greininni um hverjir þeir samningar eru og lög sem ber að uppfylla varðandi starfsmennina og hverjar greiðslur til starfsmannanna eru. Það þarf að liggja fyrir að þær upplýsingar eigi að gefa svo menn þurfi ekki að velkjast í vafa um á hvaða kjörum menn eru ráðnir. Mér finnst því að breyta þurfi uppröðun á þessu efni varðandi tilkynningarskylduna og það hljóti að þurfa að ætlast til þess strax í upphafi að það komi fram á hvað kjörum menn eru ráðnir o.s.frv.

Þetta vildi ég gera að umræðuefni við 1. umr. og vonast til þess að þegar farið verður að skoða þetta í nefnd geri menn það vel og vandlega. Ég held að við hljótum öll að vera sammála um að eðlilegt sé að setja þau lög sem hér er komið frumvarp að en tel hins vegar, hæstv. forseti, að í þeim lögum eigi að vera tiltölulega stíf ákvæði um hver réttindin og skyldurnar eru.

[16:24]

Útbýting:

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 381. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 438.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 364. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 418.

[16:24]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg varðandi frumvarp til laga um starfsmannaleigur. Eins og fram hefur komið í máli hæstv. félagsmálaráðherra hafa kjarasamningar um lágmarkskjör launafólks almennt gilt hér á landi, hvort heldur um er að ræða starfsmenn í föstu eða lausu ráðningarsambandi við vinnuveitanda sinn eða starfsmenn sem starfa á vegum starfsmannaleigna. Í grundvallaratriðum gilda því íslensk lög og samningar um lágmarkskjör um allar vinnandi hendur hér á landi hvernig sem ráðningarsambandi er háttað. Þannig má m.a. benda á að hér á landi gilda mun skýrari reglur um lágmarkslaun erlends vinnuafls en tíðkast í nágrannalöndum okkar og þannig viljum við hafa það. Samt sem áður hefur ASÍ lagt áherslu á að sett yrðu sérstök lög um starfsemi starfsmannaleigna hér á landi, fyrst og fremst vegna þess að verkalýðshreyfingin telur að það hafi verið erfiðleikum bundið að fylgja eftir þeim lágmarkskjörum kjarasamninga sem leigustarfsmenn, sem koma hingað til lands á vegum erlendra starfsmannaleigna, eiga rétt á samkvæmt almennri vinnulöggjöf sem gildir. Um þetta varð samkomulag á milli aðila vinnumarkaðarins fyrir stuttu og því er það frumvarp sem hér er til umræðu komið fram.

Það má vera ljóst að þessu frumvarpi er fyrst og fremst ætlað að setja frekari ramma um starfsemi starfsmannaleigna sem flytja erlenda starfsmenn hingað til lands til að sinna tilteknum verkefnum vegna verklegra framkvæmda og til að taka á þeim vanda sem verkalýðshreyfingin telur

að sé fyrir hendi um að tryggja starfsmönnum þeirra rétt til lágmarkslauna samkvæmt gildandi samningum og rétt til aðbúnaðar á vinnustað eins og íslensk lög gera ráð fyrir.

Ákvæði frumvarpsins bera þess merki að það hafi verið samið með það í huga að taka fyrst og fremst á starfsemi erlendra starfsmannaleigna hér á landi, enda var í erindisbréfi starfshópsins sem falið var að kanna stöðu starfsmannaleigna á íslenskum vinnumarkaði lögð áhersla á að skoða sérstaklega starfsumhverfi starfsmannaleigna sem hafa staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins en kjósa að veita þjónustu hér á landi á grundvelli 36.–39. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Virðulegi forseti. Það er fremur óljóst hvað felst í hugtakinu starfsmannaleiga. Þannig kemur fram í nýrri skýrslu um starfsmannaleigur að hugtakið hafi hvorki hér á landi né í öðrum Evrópuríkjum verið skilgreint í lögum og nákvæm viðmið um hvernig skilgreina beri útleigustarfsemi séu ekki til. Ekki er t.d. ljóst hvenær tiltekin starfsemi sem felur í sér kaup á þjónustu eins fyrirtækis af öðru til að leysa tiltekin verkefni, oftast kallað útvistun verkefna, telst vera útleigustarfsemi sem falli undir starfsmannaleigu eða aðkeypt vinna verktaka eða verksamningur. Það er hins vegar afar mikilvægt að það liggi ljóst fyrir því mörg ákvæði frumvarpsins eru íþyngjandi fyrir starfsemi fyrirtækja. Það er því mjög mikilvægt að gildissvið frumvarpsins liggi fyrir.

Eftir því sem ég kemst næst eru nokkur atriði sem má segja að séu einkennandi fyrir starfsemi starfsmannaleigna í hugum fólks, ekki síst í þeim tilvikum sem frumvarpið sem hér er til umræðu á að taka á og var tilefni þess að það var lagt fram:

1. Að starfsmaður er ráðinn til starfsmannaleigu en skilar starfi sínu hjá notendafyrirtæki sem nýtir starfskrafta hans og lýtur starfsmaðurinn stjórn notendafyrirtækis.

2. Ráðningarsamningar starfsmannaleigu og leigustarfsmanna eru oftast tímabundnir.

3. Starfsmaður er ráðinn til tímabundinna starfa hjá notendafyrirtækinu til tiltekinna verkefna en hverfur síðan til annarra starfa hjá öðru notendafyrirtæki að því loknu og jafnvel á allt öðrum kjörum. Ýmis Evrópulönd sem hafa sett sér lög um starfsmannaleigur hafa sett ákveðin tímamörk á slíkt framsal á starfsmanni til notendafyrirtækja sem miðast við 6–18 mánuði.

4. Að atvinnuöryggi starfsmannsins er ekki tryggt.

5. Að öllu jöfnu eru ráðningarréttindi og launakjör lakari en hjá föstum starfsmönnum notendafyrirtækis.

6. Almennt er talið að starfsmenn starfsmannaleigna séu útsettir fyrir verri starfsskilyrðum en almennt gerist.

7. Starfsmenn starfsmannafyrirtækja koma oft í stað starfsmanna sem eru í föstum störfum hjá notendafyrirtækinu.

Þó ég hafi dregið þessi almennu atriði fram eru þau þó alls ekki algild og alls ekki þar með sagt að þetta eigi við þær starfsmannaleigur sem starfa hér á landi.

Virðulegi forseti. Ég vil í ræðu minni benda sérstaklega á tvö álitaatriði sem varða frumvarp til laga um starfsmannaleigur sem ég hvet hv. félagsmálanefnd að taka til skoðunar.

Í 1. gr. frumvarpsins er hugtakið starfsmannaleiga skilgreint. Það er gert með eftirfarandi hætti:

„Með starfsmannaleigu er átt við þjónustufyrirtæki sem samkvæmt samningi leigir út starfsmenn sína gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess síðarnefnda.“

Þessi skilgreining er afar víð og getur eins átt við útvistun verkefna til fyrirtækja með verksamningum, verktöku og/eða útseldri vinnu eins og ég kom að áðan. Þannig er t.d. ljóst að starfsmaður sem er starfandi hjá ræstingarfyrirtæki sem hefur samning við sjúkrahús og skilar sínum störfum t.d. á sjúkradeild lýtur starfsreglum og að einhverju leyti verkstjórn yfirmanna á viðkomandi deild. Hið sama má segja um verkfræðing sem starfar hjá verkfræðistofu en er vegna aukinna verkefna fenginn tímabundið til starfa með verkfræðingi hjá fyrirtæki sem kaupir þjónustu hans. Í sama flokk má telja forritara sem starfar hjá tölvufyrirtæki en er sendur til að gegna ákveðnum verkefnum tímabundið hjá fyrirtæki sem vinnuveitandi hans hefur gert samning við. Að sama skapi má einnig nefna hjúkrunarfræðing eða lækni eða aðra sérfræðinga sem starfa hjá heilbrigðisfyrirtæki sem hefur gert verksamning við heilbrigðisstofnun um að veita hjúkrunarþjónustu, læknisþjónustu eða aðra sérfræðiþjónustu vegna manneklu, veikinda eða tímabundins aukins álags í starfsemi. Ég get einnig nefnt fleiri dæmi eins og smiði sem starfa hjá trésmiðju sem hefur tekið að sér tiltekna smíðavinnu í verktöku en undir verkstjórn byggingafyrirtækis. Þetta er starfsemi þar sem starfsmenn í föstu ráðningarsambandi við vinnuveitendur sína veita aðkeypta þjónustu í starfsstöð notendafyrirtækis sem er önnur en starfsstöð vinnuveitandans. Þessir aðilar sinna verkefnum hjá notendafyrirtæki um lengri eða skemmri tíma og lúta starfsreglum og að mismiklu leyti verkstjórn þess.

Hingað til hefur þessi starfsemi ekki verið talin til starfsmannaleigna heldur talin vera verksamningar, verktaka eða útseld vinna. Hins vegar getur skilgreiningin samkvæmt 1. gr. frumvarpsins átt við þessa starfsemi því starfsmenn lúta að meira eða minna leyti verkstjórn þess sem kaupir þjónustuna. Því verður að vanda til skilgreiningar á hugtakinu starfsmannaleiga þannig að frumvarpið taki á þeim vanda sem því er ætlað að taka en hafi ekki áhrif á starfsemi þar fyrir utan. Gildissvið frumvarpsins verður að vera ljóst en það er það ekki þegar horft er til skilgreiningar á hvað teljist starfsmannaleiga eins og ég hef bent á með dæmin hér á undan.

Hin athugasemd mín varðar 6. gr. frumvarpsins og tengist skilgreiningu á hvað fellur undir starfsmannaleigu. 6. gr. frumvarpsins kveður á um að fyrirtæki sem fellur undir skilgreiningu um starfsmannaleigu sé óheimilt að leigja út starfsmann til fyrri vinnuveitanda fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því að fyrra ráðningarsambandi hans við það fyrirtæki lauk. Í greinargerð með frumvarpinu er ákvæðið skýrt með þeim hætti að með því sé komið í veg fyrir að fyrirtæki segi upp starfsmönnum til þess eins að ráða þá óbeint aftur í gegnum starfsmannaleigu. Ákvæði frumvarpsins má hins vegar einnig lesa á þann veg að hið sama gildi ef starfsmaður hefur sjálfur sagt upp störfum og ræður sig til starfa hjá fyrirtæki sem selur þjónustu hans til fyrri vinnuveitanda. Ljóst er af greinargerðinni að þetta á ekki við en það má hins vegar ekki ráða af texta frumvarpsins. Ákvæðið er þannig alls ekki nægilega skýrt.

Ég vil nefna eitt dæmi sem gæti skýrt áhrif þessarar greinar. Iðnaðarmenn í tiltekinni grein segja upp störfum hjá opinberri stofnun. Þeir stofna fyrirtæki sem selur síðan hinni sömu stofnun og þess vegna einnig öðrum fyrirtækjum starfskrafta sína undir verkstjórn viðkomandi stofnunar. Það er mat allra aðila, bæði iðnaðarmanna og stjórnenda viðkomandi stofnunar, að um heppilegt fyrirkomulag sé að ræða og hagsmunum beggja aðila vel fyrir komið. Ég spyr: Mundi slík starfsemi teljast til starfsmannaleigu? Ég tel reyndar ekki svo vera. En ef svo væri, þýðir það að viðkomandi aðila sé meinað að selja þjónustu sína til sinna fyrri vinnuveitenda þar til sex mánuðir eru liðnir frá því að þeir létu af störfum?

Sams konar aðstæður geta skapast ef opinber stofnun ákveður að útvista ræstingar eða öryggisgæslu á stofnuninni. Ef lögin gilda um ræstingaþjónustu eða öryggisþjónustufyrirtæki má draga þá ályktun að ræstingafólki og öryggisvörðum sem sagt er upp í kjölfar slíkra skipulagsbreytinga sé óheimilt að ráða sig til starfa hjá því fyrirtæki sem tekur að sér þjónustuna. Þetta stríðir gegn stefnu ríkisstjórnarinnar um að auka samstarf ríkis og einkaaðila varðandi rekstur í almannaþjónustu með útvistun verkefna.

Að lokum vil ég segja: Takmarkar þessi grein ekki atvinnufrelsi einstaklinga, t.d. til að færa sig frá starfi hjá opinberum stofnunum til almenna markaðarins, t.d. á sviðum þar sem stjórnvöld hafa á hendi umfangsmikinn rekstur, t.d. í heilbrigðisþjónustu þar sem nánast 100% heilbrigðisstarfsmanna eru í starfi hjá ríkinu og ríkið hefur nánast tekið sér einkarétt á starfskröftum þeirra?

Reyndar hef ég almennt mikinn fyrirvara við 6. gr. frumvarpsins og tel að hv. félagsmálanefnd eigi að skoða ítarlega hvort hún stangist ekki á við þá grein stjórnarskrárinnar sem kveður á um frelsi fólks til að velja sér starfsvettvang eða atvinnufrelsi. Almennt vil ég leggja áherslu á að hv. félagsmálanefnd skoði þetta frumvarp vandlega. Hér er um að ræða löggjöf sem getur haft víðtæk áhrif langt út fyrir það svið sem henni er ætlað sé ekki til verksins vandað. Það þarf að afmarka svið frumvarpsins mun betur en gert er. Í tilefni þeirrar umræðu sem hefur farið fram hér á undan milli hv. þingmanna Össurar Skarphéðinssonar og Sivjar Friðleifsdóttur þá er það mín skoðun að þrátt fyrir að fyrir liggi samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins um þetta frumvarp þá hlýtur hv. félagsmálanefnd og Alþingi að hafa svigrúm til að sníða augljósa agnúa af frumvarpinu og bæta við atriðum sem væru til bóta.

[16:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sé á öllu að það stefnir í mikið óefni innan stjórnarmeirihlutans. Hér kemur hv. þm. Ásta Möller og tekur undir með okkur í stjórnarandstöðunni um að að sjálfsögðu eigi hv. félagsmálanefnd að vinna faglega og hugsanlega leggja til breytingar á þessu frumvarpi. En formaður félagsmálanefndar telur að með því sé verið að steypa undan mikilvægum kjarasamningum. Ég ímynda mér því að þær stallsystur, hv. þingmenn Ásta Möller og Siv Friðleifsdóttir, lendi nú í miklum vanda við að gera þessi mál upp. En við í stjórnarandstöðunni munum leggja okkar að mörkum til þess að greiða úr því og koma á friði í stjórnarmeirihlutanum um þetta mál.

Ég vil hins vegar segja að ég er algjörlega sammála því sem hv. þm. Ásta Möller sagði áðan um 1. gr. sérstaklega. Ég er þeirrar skoðunar að ekki falli undir starfsmannaleigur, eða a.m.k. hef ég ekki talað um það með þeim hætti, það sem hv. þingmaður kallar útleigu og á vondum tungum heitir „outsourcing“. Ég er alveg sammála því.

Varðandi skilgreininguna sem kemur fram í 1. gr. hnaut ég um það, en gleymdi að geta þess í ræðu minni, að eins og jafnan er um þetta rætt og ég hef skilið verkalýðshreyfinguna þá er gert ráð fyrir að starfsmannaleiga útvegi tímabundið vinnuafl. Ég sé ekki betur en með því að skjóta inn í 1. gr. í þriðju línu orðinu „tímabundið“, þ.e. að það sé átt við þjónustufyrirtæki sem samkvæmt samningi leigir út starfsmenn sína gegn gjaldi til að sinna tímabundið störfum, þá megi ná utan um þetta. Mér sýnist það alla vega í fljótu bragði. Ég er sammála hv. þingmanni um að þetta orðalag sem er að finna á tveimur stöðum í frumvarpinu gæti valdið erfiðleikum.

[16:37]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mig nú hafa heyrt hv. þingmann Siv Friðleifsdóttur tala um það hér einmitt í andsvari og er hún bar af sér sakir fyrr í dag í umræðunni, að hún líti ekki svo á að þetta frumvarp sé meitlað í stein og að sjálfsagt sé að taka tillit til sjónarmiða sem koma þá fram í umræðunni, m.a. frá þingmönnum og frá aðilum vinnumarkaðarins og öðrum hagsmunaaðilum sem þetta mál varðar.

Ég er hins vegar einnig sammála hv. þingmanni um skilgreiningu á útvistun eða „outsourcing“. Ég lít ekki á það sem starfsmannaleigu. Hins vegar er alveg ljóst að einhver fín lína er þarna á milli starfsmannaleigu og útvistunar. Ég held að það sé bara rétt að taka þá umræðu og átta sig á hvorum megin hryggjar starfsemin er. Ég er tilbúin til þess að taka þátt í umræðu ef eftir því er leitað.

Ég held að það verði að vera alveg ljóst hvert gildissvið frumvarpsins er og laganna. Hins vegar er alveg ljóst á hvaða aðstæðum frumvarpinu er ætlað að taka. Ég vara við því, og gerði það í ræðu minni, að ákvæði sem eru almennt íþyngjandi eigi þá ekki við starfsemi sem samkvæmt mínum skilningi á að falla utan gildissviðs laganna. En það verður að vera alveg ljóst af því að línan er það fín hvorum megin hryggjar starfsemin lendir.

[16:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að hefja hér þær umræður sem ég átti áðan við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur enda á hún ekki kost á því að taka þátt í þessum samræðum okkar hv. þm. Ástu Möller. Ég bara fagna því að það liggur alveg skýrt fyrir að þessi hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins telur ótvírætt að það eigi að skoða þetta frumvarp með tilliti til þess hvort hugsanlega þurfi að bæta úr einhverjum ágöllum og þar af leiðandi að breyta frumvarpinu. Það gerir hún vitandi vits og eftir að hafa ítrekað það sjálf að hér sé um að ræða samkomulag á milli aðila vinnumarkaðarins. Ég er henni algjörlega sammála. Enginn úti í bæ getur sent hingað inn frumvarp til þess að renna á færibandi í gegnum þingið án

þess að þingið fjalli faglega um það og hugsanlega bendi á hnökra, hugsanlega bendi á alvarlega ágalla eða sjái betri leiðir til þess að ná markmiði frumvarpsins.

Ég er t.d. þeirrar skoðunar að ákveðið skref sem hæstv. félagsmálaráðherra tekur með þessu frumvarpi til þess að tryggja að hægt sé að sannreyna upplýsingar um vinnuafl sem leigt er í gegnum starfsmannaleigur nái ekki fullkomlega tilgangi sínum. Ég hef í þessari umræðu lagt til aðrar leiðir sem slá það frekar í gadda en þetta ákvæði hans. Síðan kemur í ljós bara í umræðunni í nefndinni hvort menn séu sammála því viðhorfi eða ekki. Ég sit ekki í þeirri nefnd þannig að ég get ekki lagt gjörva hönd að því samkomulagi en er auðvitað alltaf reiðubúinn til ráðgjafar um þetta, sér í lagi ef það skyldi koma upp ágreiningur á milli stjórnarflokkanna um það með hvaða tökum á að taka þetta mál eða hvort það á að taka það nokkrum tökum.

[16:41]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Ég get ekkert svarað þessu andsvari öðruvísi en svo að ég tel að sá skilningur hafi verið staðfestur af hv. formanni félagsmálanefndar að þetta frumvarp sé ekki meitlað í stein, eins og ég orðaði það áðan, og að þingið fái vissulega og sannarlega tækifæri til að setja fingraför sín á lögin.

[16:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Samfylkingin hefur ítrekað kallað eftir því að sett verði löggjöf um starfsmannaleigur og höfum við flutt þingsályktunartillögu þar um undir forustu Össurar Skarphéðinssonar svo að vonum fögnum við því að hér er komið frumvarp fram um starfsmannaleigur sem er skref í rétta átt. En eins og hér hefur komið fram gagnrýnum við mörg atriði í þessu frumvarpi og köllum eftir ýmsum ákvæðum sem ekki er að finna í frumvarpinu. Við höfum auðvitað verið að kalla eftir frumvarpi um starfsmannaleigur því að verkalýðshreyfingin hefur vitaskuld tekið mjög hart á þessum málum, einkum í tengslum við ráðningu erlends starfsfólks í gegnum erlendar starfsmannaleigur vegna framkvæmda við Kárahnjúka. Við þekkjum að aðbúnaður, aðstaða og kaup og kjör þessa erlenda vinnuafls var auðvitað ekkert annað en atlaga að þeim réttindum sem kostað hafa verkalýðshreyfinguna margra áratuga baráttu að ná fram. Þess vegna var löngu orðið tímabært að frumvarp kæmi inn í þingið um þetta efni.

Það veldur mér vonbrigðum, eins og kannski fleirum sem hér hafa talað, að ýmislegt vantar í frumvarpið sem snýr að réttindum leigustarfsmanna, að mínu viti, og skyldum starfsmannaleigna og notendafyrirtækja sem ég mun nokkuð koma inn á nú við 1. umr. þessa máls. Frumvarpið ber augljóslega merki þess að um samkomulag er að ræða milli ASÍ og Samtaka atvinnulífsins. Raunar sýnist mér á efni þess að þar sé um að ræða algjöran lágmarkssamnefnara og langt í frá að ákvæði frumvarpsins nái þeim markmiðum að taka á öllum þeim vandamálum sem við höfum gengið í gegnum á umliðnum missirum vegna starfsmannaleigna. Þess vegna hefði ég vænst þess að hér kæmi metnaðarfyllra frumvarp í þessu efni en það sem við fjöllum um nú þegar það loksins sér dagsins ljós í þingsölum. Maður veltir því fyrir sér varðandi þetta eins og ýmislegt annað sem kemur hér inn á borð þingmanna og er sameiginleg niðurstaða aðila vinnumarkaðarins, hvort hér megi eiginlega engu um breyta. Um það hafa menn verið að skiptast á skoðunum í þessum ræðustól. Ráðherrann þarf að tala skýrar í þessu efni, þ.e. hvort hér sé um að ræða þá sátt milli aðila vinnumarkaðarins að þeir hafi sammælst um að mæla ekki með neinum breytingum á þessu, að málið sé jafnvel upp í loft ef einhver þingmaður eða þingnefnd leyfir sér að flytja breytingar sem annar hvor þessara aðila er ósáttur við. Ég er sannfærð um það, og ráðherra heyrir það á máli manna hér, að það verður mjög mikil óánægja með frumvarpið ef hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin ætla að beita sér fyrir því að málið fari óbreytt í gegn. Ég heyri ekki betur en að það eigi við um þingmenn í röðum bæði stjórnar og stjórnarandstöðu.

Í stuttu máli sýnist mér að hér sé um að ræða einhver algjör lágmarksákvæði eins og um skyldur starfsmannaleigna til að tilkynna til Vinnumálastofnunar um starfsemi sína hér á landi áður en hún hefst og síðan um skyldur Vinnumálastofnunar til að halda skrá yfir þær starfsmannaleigur sem tilkynnt hafa um starfsemi sína. Einnig er að finna mikilvægt ákvæði um að starfsmannaleigum sé óheimilt að krefjast greiðslna frá starfsmönnum sínum fyrir að bjóða eða veita þeim vinnu. Hér er að finna ágætt ákvæði um að starfsmannaleigu sé óheimilt að leigja út starfsmann til fyrirtækja sem hann hefur áður starfað hjá fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því að ráðningarsambandi hans við fyrirtækið lauk. Það þarf auðvitað að vera mjög skýr skilgreining á því hvað átt er við, eins og hér hefur komið fram. Ég hygg að ákvæði frumvarpsins snúist að mestu um þessar erlendu starfsmannaleigur. Það hafa auðvitað verið miklu minni vandamál í kringum innlendar starfsmannaleigur og þess vegna snýr búnaðurinn allur í kringum frumvarpið meira að erlendu starfsmannaleigunum.

Hér er inni ágætt ákvæði til að koma í veg fyrir að fyrirtæki segi starfsmönnum upp og ráði síðan í gegnum starfsmannaleigur aðra starfsmenn, kannski með minni réttindi. Síðan eru ákvæði sem lúta að réttarstöðu starfsmanna þess efnis að óheimilt sé að takmarka rétt starfsmanns sem leigður hefur verið til notendafyrirtækis til að stofna síðar til ráðningarsamnings við það fyrirtæki. Þá eru um það bil upptalin, frú forseti, þau ákvæði sem er að finna í frumvarpinu, auk skyldu Vinnumálastofnunar til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Ég tel að mikill fengur sé í greinargerð sem var unnin fyrir félagsmálaráðuneytið af rannsóknarsetri vinnuréttar og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst, sem hefur ekki mikið verið dregin fram í umræðunni, en aðilar vinnumarkaðarins og ráðuneyti hafa væntanlega stuðst við hana í vinnu sinni að frumvarpinu. Í þessari ágætu greinargerð er dregið saman hvernig þessum málum er fyrirkomið í Evrópu og ekki síst annars staðar á Norðurlöndunum og settar fram ábendingar um hvaða leiðir og valkostir séu fyrir hendi í þessu máli hér á landi. Þar kemur fram að skortur er á tölulegum upplýsingum hérlendis um innlendar starfsmannaleigur og fjölda starfsmanna á þeirra vegum og í reynd sé ekki að finna neinar opinberar upplýsingar um hvaða fyrirtæki stundi útleigustarfsemi á Íslandi eða um

fjölda innlendra útleigustarfsmanna. Ég kalla eftir því, frú forseti, hvort hæstv. ráðherra telji ekki nauðsynlegt að beita sér fyrir því að þessara upplýsinga verði aflað. Hér er verið að tala um skilgreiningarvandann og að það sé víð skilgreining á gildissviði frumvarpsins. Það er mikilvægt að opinberar upplýsingar séu til um hvaða fyrirtæki hérlendis stunda útleigustarfsemi.

Það kemur líka fram í þessari ágætu greinargerð að fjölgun virðist hafa orðið á að erlendir leigustarfsmenn komi hingað til lands eftir að nýju aðildarríkin gengu inn í ESB á grundvelli þjónustuviðskipta. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki þurfi líka að afla gagna þar um og leggja mat á þróunina sem gæti orðið, með tilliti til reynslu annarra þjóða, þar sem undanþáguákvæðið sem nú er í gildi á að falla brott 1. maí á næsta ári. Undanþáguákvæðið snertir það ákvæði sem samþykkt var til bráðabirgða við lögin um atvinnuréttindi útlendinga en átta af hinum tíu nýju aðildarríkjum ESB eru háð kröfu um atvinnuleyfi fram til 1. maí 2006. Frá þeim tíma opnast leið fyrir starfsmannaleigur með staðfestu í nýju aðildarríkjunum til að senda leigustarfsmenn hingað til lands í atvinnuskyni án þess að þeir séu háðir kröfum um atvinnuleyfi. Þar erum við að tala um Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Slóvakíu, Slóveníu, Tékkland og Ungverjaland.

Ég ætla að vitna þess sem um þetta segir í skýrslu rannsóknarsetursins á Bifröst, með leyfi forseta:

„Samkvæmt framansögðu hefur þrátt fyrir tímabundnar hömlur á frjálsri för launafólks frá hinum nýju aðildarríkjum ESB opnast gátt fyrir fyrirtæki í þessum ríkjum til að beina þjónustuviðskiptum hingað til lands, m.a. útleigustarfsemi. Þannig geta starfsmannaleigur með staðfestu í þessum ríkjum sent leigustarfsmenn hingað til lands til starfa án þess að gerð verði krafa um atvinnuleyfi af þeirra hálfu. Er raunin sú sama í öðrum EES- og ESB-ríkjum og hafa nágrannaríki okkar á Norðurlöndum orðið vör við aukna ásókn í störf á grundvelli þjónustuviðskipta frá ríkisborgurum þessara ríkja á meðan atvinnuleyfisumsóknum þaðan hefur fækkað."

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort mat hafi verið lagt á hvaða áhrif þessi opnun hafi á vinnumarkaðinn og flutning á erlendu starfsfólki í gegnum starfsmannaleigur. Það kæmi mér ekki á óvart að eftir að þessi leið opnast hér fyrir fólk frá þeim löndum þar sem atvinnuástand er slæmt munum við sjá verulega aukningu á fjölda útlendinga sem leita hér eftir vinnu til skemmri eða lengri tíma.

Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu rannsóknasetursins á Bifröst hefur útleigustarfsemi færst mjög í vöxt í ríkjum Evrópu en útleigustarfsemi hefur nú verið heimiluð í öllum ríkjum ESB. Á árunum 1992–2002 hefur störfum á þeirra vegum fjölgað um a.m.k. helming í öllum ríkjum ESB og var jafnvel um fimmfalda aukningu að ræða í ríkjum eins og Danmörku, Spáni, Ítalíu og Svíþjóð. Framkvæmdastjóri ESB hefur tiltekið sem eina ástæðu fyrir þessari aukningu að það sé þörf fyrirtækja fyrir sveigjanleika á vinnumarkaði. Ég hef auðvitað skilning á því að sveigjanleiki á vinnumarkaði sé mikilvægur bæði fyrir atvinnurekendur og launafólk og eigi að vera til staðar. En um leið verður þá líka að sjá til þess að sveigjanleikinn leiði ekki til þess að þeir sem standa höllum fæti á vinnumarkaði, t.d. ófaglærðir, verði ekki undir í þessari þróun og að kjör þeirra og aðbúnaður sitji á hakanum. Ég held að aldrei eins og nú hafi verið meiri nauðsyn fyrir endur- og starfsmenntun fyrir ófaglært fólk og mikilvægt að verulegur aukinn kraftur og fjármagn verði sett til þess að mennta ófaglært fólk hér á vinnumarkaðnum til að verða betur samkeppnisfært.

Mig langar að koma inn á nokkur atriði sem ég tel mikilvæg og hefðu átt að vera í því frumvarpi sem við fjöllum um varðandi starfsmannaleigur. Ég nefni í fyrsta lagi ábyrgð annars vegar starfsmannaleigunnar og hins vegar notendafyrirtækisins sem tryggir betur réttindi starfsmanna og kemur frekar í veg fyrir misnotkun á erlendu starfsfólki. Í raun má segja að réttindasamband þess sem ráðinn er í gegnum starfsmannaleigur sé þannig háttað að hann starfi fyrir tvo atvinnurekendur, starfsmannaleiguna og notendafyrirtækið. Hefði ekki þurft að tryggja í frumvarpinu, frú forseti, og ég spyr ráðherrann um það, hvar réttindaábyrgð gagnvart erlenda starfsfólkinu liggur ef brotið er á starfsfólkinu í kjörum eða aðbúnaði? Er ábyrgðin hjá starfsmannaleigunni eða hjá notendafyrirtækinu eða getur það í sumum tilvikum verið sameiginleg ábyrgð þessara aðila? Hvað gerist ef fyrirtæki hér á landi fær starfsfólk gegnum erlenda starfsmannaleigu og innlenda fyrirtækið brýtur gegn starfsmanninum með því að taka þátt í því að hagnast á því að starfsmenn starfsmannaleigufyrirtækja njóti ekki ákvæða laga, t.d. um aðbúnað og hollustuhætti eða samningsbundinna kjara? Er þá hægt að gera þau samábyrg starfsmannaleigunni á því tjóni sem starfsmennirnir verða fyrir vegna þess að þeir taka þátt í að lög eru á þeim brotin?

Ég held að það sé mikilvægt að fá skýrar fram en fram kom hjá ráðherra um þann þátt sem snýr að vinnuveitendaábyrgðinni vegna þess að það er misjafnt hvernig þessu er háttað í Evrópulöndunum. Stundum er um sameiginlega vinnuveitendaábyrgð að ræða og ég kalla eftir því hvernig við stöndum ef svona kemur upp. Ég vil líka nefna að í skýrslu rannsóknasetursins á Bifröst kemur fram að mismunandi er hvar vinnuveitendaábyrgðin liggur. Þess vegna geti hún stundum verið sameiginleg. Alla vega tel ég að þetta þurfi að vera skýrt í lögum um starfsmannaleigur.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann að hægt sé að ná samkomulagi um að á þessu ákvæði sé tekið í frumvarpinu eða er það eins og við höfum verið að ræða hér, virðulegi forseti, að þetta sé algjörlega neglt allt niður með því samkomulagi sem tókst milli aðila vinnumarkaðarins og það sé hvergi hægt að hreyfa sig í þessu? Það er augljóst að það er verulegur ágalli á frumvarpinu, t.d. varðandi réttarstöðu starfsmanna, sem verður að taka á. Ég tek undir ýmislegt sem kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að því er þetta varðar, t.d. varðandi kæruleiðir ef ljóst er að verið sé að brjóta á viðkomandi starfsmanni og hvernig hægt sé að sannreyna að kjörin séu í samræmi við lög. Í mínum huga er vinnuveitendaábyrgðin óljós, eins og frumvarpið er úr garði gert, sem leitt getur til alls konar erfiðleika við framkvæmd og öruggt ef svona er frá málum gengið að starfsfólki sem ráðið er gegnum starfsmannaleigur er verulega hætta á að það njóti lakari starfsréttinda en aðilar á vinnumarkaði. Ég spyr líka hvernig gengið sé úr skugga um hvort erlendar starfsmannaleigur og forsvars-

menn þeirra uppfylli ákveðnar skyldur um ábyrgð, bæði gagnvart skyldum við opinbera aðila, eins og rætt var hér áðan, um skattskyldur og svo ábyrgð gagnvart starfsfólki. Hvaða kröfur eru gerðar til þeirra sem reka starfsmannaleigur?

Löggjöfin um starfsmannaleigur ætti að taka bæði til starfsemi starfsmannaleigunnar og ábyrgðar þeirra og hins vegar að fjalla um réttarstöðu leigustarfsmanna. Í skýrslu rannsóknasetursins á Bifröst kemur fram að í ríkjum meginlands Evrópu séu reglur um útleigustarfsemi yfirleitt ítarlegar en annað gildi á Norðurlöndunum, að Noregi undanskildu. Ég tel að í frumvarpinu þurfi líka að kveða á um skýra upplýsingaskyldu notendafyrirtækisins og starfsmannaleigu til stéttarfélaga eða fulltrúa starfsmanna í notendafyrirtækjum, um kjör og aðbúnað erlends vinnuafls, eins og komið var inn á í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, en víða erlendis er að finna slíkar reglur, þ.e. um upplýsingaskyldu notendafyrirtækisins og starfsmannaleigu til stéttarfélaga eða fulltrúa starfsmanna í notendafyrirtæki. Þegar erlendir starfsmenn fá laun sín greidd frá erlendum starfsmannaleigum gefur augaleið að það getur reynst stéttarfélögum erfitt að fylgjast með að þeir njóti t.d. lágmarkslauna eða réttinda sem þeir eiga að hafa. Þetta finnst mér allt mjög óljóst að því er varðar þessa upplýsingaskyldu og það þarf að kveða skýrar á um þetta. Ég get ekki séð af hverju samtök atvinnurekenda ættu að vera á móti því að það væri skýr upplýsingaskylda fyrir hendi í þessu efni, vegna þess að það er auðvitað ein mikilvæg leið til þess að koma í veg fyrir að ekki sé verið að misnota erlent starfsfólk hér.

Það eru víða líka í gildi sérreglur um við hvaða aðstæður er heimilt að leigja út starfsmenn til notendafyrirtækja og eru slíkar reglur í gildi í meiri hluta Evrópuríkjanna, en sum ríki eins og Danmörk, Finnland og Svíþjóð hafa engar reglur um slíkt og nokkuð er líka um að bann sé lagt við að notendafyrirtæki leigi til sín starfsmenn sem ætlað er að komi í stað starfsmanna sem eru í verkfalli og bannað er að leigja starfsmenn í stað starfsmanna sem sagt hefur verið upp störfum. Sums staðar eru líka reglur sem mæla fyrir um að fyrirtæki megi aðeins leigja til sín starfsmenn við tilteknar aðstæður, t.d. þegar vinnuálag eykst tímabundið. Ekkert er um slíkt í frumvarpinu. Með því er ég ekki að segja að við eigum að taka upp hér á landi ýtrustu reglur sem gilda um starfsmannaleigur og réttindi starfsfólks, vegna þess að hér gildir líka vinnumálalöggjöf, lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnumarkaði og fleiri lög sem í mörgum tilvikum eiga að duga til að tryggja að hegðan þessara erlendu starfsmannaleigna sé í takt við reglur sem gilda um íslenskan vinnumarkað. Ég hef þó nefnt ýmis atriði sem eru sérákvæði sem gilda um starfsmannaleigur sem nauðsynlegt er að taka upp í löggjöf hér á landi, t.d. það sem ég nefndi að skýra vinnuveitendaábyrgð.

Sjálfsagt er hægt að benda á að meginreglan hér á landi sé sú að starfsmannaleigan teljist á grundvelli ráðningarsamninga vera vinnuveitandi þeirra sem ráðnir eru í gegnum starfsmannaleigur. En maður spyr: Af hverju er ekki hægt að taka á vinnuveitendaábyrgðinni með skýrari hætti í slíkum lögum, ekki síst ef notendafyrirtæki tekur þátt í að hlunnfara erlendan starfsmann? Það þarf líka að líta til þess ef erlendir starfsmenn eru verktakar sem eru þá ekki í starfssambandi við starfsmannaleigu eða notendafyrirtæki.

Þetta kemur t.d. skýrt fram í greinargerð rannsóknasetursins á Bifröst. Ég held, virðulegur forseti, að ég hafi ekki tíma til að fara yfir það sem stendur í greinargerðinni þar sem tíma mínum er að ljúka, þó það væri vissulega æskilegt. En þar er farið yfir ýmis ákvæði sem eru í lögum hjá ýmsum Evrópuþjóðum. Þar er að finna mjög ítarleg ákvæði sem talin eru upp í þessari skýrslu á bls. 37 og er mjög nauðsynlegt fyrir félagsmálanefnd að fara ýtarlega yfir, en mjög fá þeirra atriða sem eru talin upp í skýrslunni á bls. 37 er að finna í frumvarpinu. Þegar vísað er til þess að starfsmannaleigur hér á landi teljist vera vinnuveitendur þeirra sem ráðnir eru í gegnum starfsmannaleigur er ástæða til þess að vísa líka til úrskurðar sem kveðinn var upp af yfirskattanefnd vegna skattgreiðslu Impregilo. Um það segir í skýrslu rannsóknasetursins, sem ég ætla að leyfa mér frekar að eyða tíma mínum í að vitna til, með leyfi forseta:

„Á grundvelli sérreglna skattalaga hefur yfirskattanefnd komist að þeirri niðurstöðu að Impregilo hafi stöðu launagreiðanda gagnvart erlendum leigustarfsmönnum í þjónustu þess. Af þeim úrskurði verður ekki dregin sú almenna ályktun að notendafyrirtæki teljist launagreiðandi/vinnuveitandi erlends leigustarfsmanns í skilningi annarrar löggjafar eða kjarasamninga. Verður í hverju tilviki að líta til þess hvaða skuldbindingar löggjöf leggur á notendafyrirtæki eða hvort það hefur tekið á sig skyldur gagnvart leigustarfsmönnum með kjarasamningum eða öðrum skuldbindandi gerningum."

Af þessu sést að þetta er alls ekki skýrt í þessu efni, t.d. að því er varðar skattalögin sem hér hafa verið nefnd, hverjir teljist vinnuveitendur þeirra sem ráðnir eru í gegnum starfsmannaleigur.

Frú forseti. Ég hef í máli mínu gagnrýnt mjög hve knöpp þessi löggjöf er og hér sé ekki tekið á ýmsum nauðsynlegum þáttum sem eigi að vera í löggjöfinni. Ég held að full ástæða sé til þess að hv. félagsmálanefnd fari mjög ítarlega yfir þetta mál. Ég geri mér fulla grein fyrir að það er mjög knappur tími til stefnu, en ég held að það sé mjög nauðsynlegt að við fáum skriflegar umsagnir frá ýmsum lykilaðilum sem um málið hafa fjallað. Ég geri mér fulla grein fyrir að aðilar vinnumarkaðarins leggja áherslu á að afgreiða þetta mál fyrir jólaleyfi þingmanna, en engu að síður verður málið að vera í þeim búningi að sæmileg sátt sé um það í þingsölum ekki síður en hjá aðilum vinnumarkaðarins.

[17:02]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við umræðuna síðar í dag mun ég gera mitt ýtrasta til að svara mörgum og umfangsmiklum spurningum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En ég vil áður en lengra er haldið ítreka það sem fram kom í máli mínu fyrr í dag, að samkomulag er um meginatriði efnisinnihalds frumvarpsins í hópnum sem ég fól að fara yfir málefni starfsmannaleigna fyrir margt löngu. Þau atriði voru lögð til grundvallar í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 15. nóvember síðastliðinn og voru þungt lóð á vogarskálina þegar sátt tókst um áframhaldandi gildi kjarasamninga.

Ég dró fram í ræðu minni, hæstv. forseti, fyrr í dag að sumum þætti of langt gengið í þessu frumvarpi en öðrum of skammt. En innihald þess er engu að síður í samræmi við þessa niðurstöðu. Ég geri mér ekki grillur um, hæstv. forseti, eða læt mér til hugar koma að frumvarpið sé þar með meitlað í stein eða ekki til þess bært að taka það til umræðu. Væri svo væri engin ástæða til að leggja það fram, hæstv. forseti. Ég vildi undirstrika þetta þar sem ítrekað hefur verið spurt um það við umræðuna.

Formaður félagsmálanefndar, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, dró hið sama fram í máli sínu fyrr í dag, ekki síst að nú væri það hv. félagsmálanefndar að fara yfir málið og gera athugasemdir við það ef ástæða þykir til og kalla til þá sem nefndin telur ástæðu til að ræða við. Ég veit ekki betur, hæstv. forseti, en að nefndin eigi fund í fyrramálið með aðilum vinnumarkaðarins þar sem þessi mál verða örugglega til umræðu.

[17:04]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra ætlar að svara þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann síðar á fundinum og ég sætti mig við það. Hann telur ástæðu til að ítreka að málið sé ekki svo niður njörvað að ekki megi skoða það með einhverjar breytingar í huga, ef ég skil hæstv. ráðherra rétt. Hæstv. ráðherra heyrir að mikil gagnrýni hefur komið fram á frumvarpið. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að hún kemur úr báðum áttum, ýmist talið að of langt sé gengið eða of skammt. Við verðum að fara yfir það í félagsmálanefnd og við munum leggja okkur fram um að afgreiða málið fyrir jól.

Ég held þó, virðulegi forseti, að við verðum að leggja metnað okkar í að skoða málið vel og fara ítarlega yfir það. Um er að ræða löggjöf sem skiptir miklu máli, ekki síst fyrir erlent vinnuafl sem kemur til landsins. Það hefur ítrekað verið brotið á réttindum þess fólks og erlent starfsfólk verið misnotað. Við hljótum að gera kröfu til þess í þingsal að löggjöf sem við setjum frá okkur um þetta efni, loksins þegar hún sér dagsins ljós, sé sæmilega örugg og með henni verði tryggt að ekki sé hægt að misnota þetta starfsfólk. Við höfum ótal dæmi um það sem við höfum ítrekað farið í gegnum í þinginu á undanförnum missirum. Við megum ekki kasta til höndum í svona málum og hafa það mikið rúm fyrir málamiðlun milli aðila vinnumarkaðarins í þessu efni að lögin skili okkur ekkert áleiðis í að bæta kjör og aðbúnað erlends vinnuafls sem hingað kemur. Nóg hefur verið traðkað á réttindum þess fólks.

Ég velti fyrir mér, virðulegi forseti, og kannski fæ ég skýringu á því hjá hæstv. ráðherra: Hvað rekur á eftir því að við afgreiðum þetta mál fyrir jól? Af hverju má ekki afgreiða það á fyrstu dögunum þegar þing kemur saman aftur, ef okkur skortir á annað borð tíma til að afgreiða það fyrir jól?

[17:06]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í ræðu minni fyrr í dag legg ég mikla áherslu á að Alþingi ljúki málinu fyrir jólaleyfi. Ég tel að málið sé ágætlega reifað. Að sjálfsögðu mun félagsmálanefnd fara yfir það. Ég veit að aðilar vinnumarkaðarins leggja sömuleiðis áherslu á það. Málið átti þátt í því, eins og margoft hefur komið fram, að hér tókst að viðhalda og framlengja kjarasamninga. Ég tel að ef þess er nokkur kostur, hæstv. forseti, þá hljótum við öll að keppa að því að ljúka málinu eins fljótt og við mögulega getum, helst af öllu fyrir jólaleyfi.

[17:07]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka, þannig að það verði ekki misskilið, að auðvitað mun ég leggja mitt af mörkum til að félagsmálanefnd geti afgreitt málið fyrir jólaleyfi þingmanna. Ég legg hins vegar áherslu á að þessi lög séu þannig úr garði gerð þegar við afgreiðum þau að við getum verið sæmilega viss um að þau gagnist í baráttunni sem háð hefur verið á síðustu missirum, þar sem troðið hefur verið á erlendu vinnuafli.

Löggjöfin þarf að nýtast sem tæki í þeirri baráttu og gagnast til að koma í veg fyrir að erlent vinnuafl sé misnotað. Þess vegna spurði ég um ástæður þess að afgreiða málið fyrir jólaleyfi þingmanna. Ég legg mitt af mörkum til að svo geti orðið en ítreka að vanda þarf til verka. Þótt við þurfum að vera eitthvað lengur fram í desember en ráð er fyrir gert í starfsáætlun þingsins þá er ég tilbúin að taka þátt í því.

[17:08]

Útbýting:

Fjáraukalög 2005, 144. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 439; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 440.

[17:08]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Við ræðum um mikilvægt mál, þ.e. málefni starfsmannaleigna. Þau mál hafa verið til umfjöllunar í samfélaginu um nokkurt skeið.

Í frumvarpinu eru ýmis atriði sett fram til að gera starfsemi starfsmannaleigna eðlilegri, þ.e. til að skapa eðlilegri umgjörð um þá starfsemi. Í frumvarpinu kemur fram að gert er ráð fyrir því að starfsmannaleigur tilkynni um starfsemi sína til Vinnumálastofnunar og stofnunin geti haldið skrá yfir starfsmannaleigur. En í dag er ekki til yfirlit yfir slíkar leigur. Auk þess kemur skýrt fram að starfsmannaleigum sem ekki tilkynna sig mun ekki heimilt að starfa hér á landi.

Einnig er tínt til að starfsmannaleigur sem veita þjónustu í ákveðinn tíma, þ.e. eru virkar á markaðnum, skuli hafa sérstakan fulltrúa sem komi fram fyrir starfsmannaleiguna gagnvart stjórnvöldum en eitt af umkvörtunarefnunum, m.a. hjá stéttarfélögum, hefur verið að erfitt sé að halda uppi eftirliti þegar menn þurfa stöðugt að ræða við aðila sem eru mjög fjarlægir og eiga fulltrúa á landinu.

Starfsmannaleigunum er líka ætlað að gefa Vinnumálastofnun tilteknar upplýsingar um starfsemi sína. Það hefur verið gert að umtalsefni í þessari umræðu, sem eðlilegt er. Í frumvarpinu segir einnig að starfsmannaleigum verði óheimilt að krefjast greiðslna frá starfsmönnum sínum fyrir að bjóða þeim eða veita þeim vinnu hvort sem er við upp-

haf ráðningarsambands eða síðar, enda er það hin almenna regla á íslenskum vinnumarkaði að þegar fólk sækir um vinnu og fær vinnu þá þarf það ekki að greiða fyrir að fá þá vinnu. Hið sama á að gilda um starfsmannaleigur.

Fram kemur að starfsmannaleigu verði óheimilt að takmarka rétt starfsmanns sem leigður hefur verið til notendafyrirtækis en stofnar síðan til ráðningarsambands við það fyrirtæki. Að lokum er tínt til, í yfirliti um frumvarpið, að Vinnumálastofnun sé ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Virðulegur forseti. Ég tel að um ágætisramma sé að ræða fyrir starfsmannaleigur og að verði þetta frumvarp að lögum, sem mér heyrist almenn samstaða um, hvort sem það verður nákvæmlega í því formi sem það liggur fyrir í núna eða í breyttu formi, þá sé það skref fram á við.

Það skjal sem við getum helst nýtt okkur við vinnslu málsins í félagsmálanefnd er skýrsla eða greinargerð sem unnin var fyrir félagsmálaráðuneytið um starfsmannaleigur. Það var Rannsóknarsetur vinnuréttar og jafnréttismála á Bifröst sem vann þá greinargerð og skilaði í október. Hún tekur á helstu málum varðandi starfsemi starfsmannaleigna í nágrannaríkjum okkar, þ.e. í Evrópu. Þar kemur ýmislegt fram.

Ég ætla að grípa aðeins niður í áðurnefnda skýrslu. Þar kemur fram sérstaða útleigustarfseminnar sem felst einkum í því að á milli starfsmannaleigu, leigustarfsmanna og svokallaðra notendafyrirtækja, skapast þríhliða samband, sem er óvenjulegt miðað við það sem við þekkjum á vinnumarkaði. Ráðningarsambandið er á milli starfsmannaleigunnar og leigustarfsmannsins en starfsmannaleigan veitir síðan notendafyrirtæki ráðstöfunarrétt yfir starfsmanninum. Það er skýrt að ráðningarsambandið er milli starfsmannaleigunnar og starfsmannsins en segja má að starfsmaðurinn vinni eiginlega fyrir tvo atvinnurekendur í einu, þ.e. fyrir starfsmannaleiguna sjálfa, sem yfirleitt greiðir honum launin, og svo fyrir notendafyrirtækið og lúti daglega stjórn þess fyrirtækis varðandi þá vinnu sem hann innir af hendi. Þetta er óvenjulegt en í hefðbundnum ráðningarsamböndum, sem við þekkjum helst til á vinnumarkaði, lýtur starfsmaðurinn stjórn vinnuveitandans sem greiðir honum launin, þ.e. notendafyrirtækisins miðað við hvernig það er sett upp í greinargerð rannsóknarsetursins. Þar eru bara tveir aðilar í spilinu en með starfsmannaleigunni eru þrír aðilar í spilinu.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að takmarkað vinnuöryggi og vinnuvernd fylgi stundum starfsmannaleigu og að leigustarfsmennirnir séu útsettir fyrir mismunun. Það hefur komið fram í umræðunni í dag, virðulegi forseti, að á Kárahnjúkasvæðinu bjuggu starfsmenn, sem þar voru á vegum starfsmannaleigna, við bágbornar aðstæður. Þótt að sjálfsögðu sé ekki neitt broslegt við það þá muna sjálfsagt bæði þingmenn og aðrir landsmenn eftir því hvernig Spaugstofan fjallaði um það á sínum tíma. Aðbúnaðurinn var ekki til fyrirmyndar. Það gengur ekki að búa illa að starfsmönnum og allir mótmæla því. Ég vil ekki gera það að neinu skemmtiefni en ég held að þingmenn og aðrir muni ágætlega eftir umfjöllun um þau mál, m.a. úr þáttum Spaugstofunnar.

Í greinargerðinni kemur fram að útleigustarfsemi er heimiluð í öllum ríkjum Evrópu en hér kom fram hjá einum hv. þingmanni að kannski væri best að banna þessa starfsemi. Ég held að það sé flókið mál og gangi ekki upp og þess vegna sé eðlilegt að setja frekar reglur um starfsemina.

Þrátt fyrir mikla útþenslu í þessari útleigustarfsemi er hlutfall leigustarfsmanna í ríkjum ESB í heildina mjög lágt en á árinu 2001 var aðeins 1,9% starfa í þessum ríkjum unnin á vegum starfsmannaleigna. Þar fyrir utan er útleigustarfsemi hér á landi enn þá takmarkaðri en almennt gerist í ríkjum Evrópu enda þótt starfsmannaleigur séu til hér. Í greinargerðinni er sérstaklega minnst á tvö innlend fyrirtæki sem flokkuð eru sem starfsmannaleigur en það eru fyrirtækin Liðsinni-Sólarplexus ehf. og Alhjúkrun ehf. en þessi fyrirtæki leigja út hjúkrunarfræðinga.

Eftir að hin nýju aðildarríki gengu inn í ESB virðist upp á síðkastið hafa orðið fjölgun á erlendum leigustarfsmönnum hér á landi á grundvelli þjónustuviðskipta. Ég held að menn hafi almennt orðið varir þetta hér á landi.

Í ríkjum meginlands Evrópu er almennt frekar nákvæm löggjöf um starfsmannaleigur og réttindi leigustarfsmanna. Á Norðurlöndunum gilda á hinn bóginn almennt takmarkaðar eða engar reglur um útleigustarfsemi. Að vísu er undantekningar á þessu. Í Noregi eru ítarlegar reglur, í finnski og sænskri löggjöf eru fáar og í Danmörku engar. Þetta kemur svolítið á óvart af því að hinn norræni vinnumarkaður og Norðurlöndin hafa almennt má segja fylgst að í löggjöf. Það kemur manni á óvart hve Norðurlöndin eru, ég veit ekki hvort maður á að kalla það ósamstiga eða hafa tekið mjög mismunandi á þessum málum. Það eru engar reglur í Danmörku, fáar í Finnlandi og Svíþjóð en mjög ítarlegar í Noregi. Hér á landi gilda engar reglur í dag en við erum núna að setja okkur þær. Fyrir utan það er hvorki í Svíþjóð né Danmörku neitt um lágmarkskjör í lögum, það er í kjarasamningum. Það kemur manni svolítið á óvart með Danmörku að þar eru heldur engar reglur um þessa starfsemi þó að starfsmannaleigur eigi sér þar talsverða forsögu. Þetta kemur á óvart, virðulegur forseti.

Það kemur líka á óvart hve misjafnt er milli landa í hvaða störfum þessir leigustarfsmenn eru eða hvaða störfum þeir sinna. Það kemur fram að í ESB-ríkjum í heildina hafa iðnfyrirtæki einna helst nýtt sér vinnuafl á vegum starfsmannaleigna, einkum byggingarfyrirtæki. Þjónustufyrirtæki eins og hótel og veitingahús eru farin að nýta sér leigustarfsmenn í auknum mæli, sérstaklega á Norðurlöndunum. Í nýlegri skýrslu frá Dublinarstofnuninni þar sem fjallað er um útleigustarfsemi í sjö aðildarríkjum ESB kemur fram að þessi hreyfing á útleigustarfsemi frá iðnaði til þjónustustarfsemi hafi enn aukist enda þótt enn starfi hátt hlutfall leigustarfsmanna í framleiðsluiðnaði.

Á Norðurlöndunum er útleigustarfsemi einnig algeng í heilbrigðisgeiranum. Það kemur fram í greinargerðinni frá Bifröst að í Finnlandi störfuðu t.d. 19,5% allra leigustarfsmanna við heilbrigðisþjónustu árið 2002. Hlutfallið er einnig hátt í þeim geira í Danmörku þannig að bæði í Finnlandi og Danmörku starfa tiltölulega margir leigustarfsmenn í heilbrigðisgeiranum. Þetta er hugsanlega eitthvað sem við munum sjá á Íslandi í framtíðinni líka þó að erfitt sé að spá nákvæmlega um það.

Almennt hafa stéttarfélögin kvartað undan því að erfitt sé að fylgja því eftir hvort lágmarkskjara samkvæmt kjara-

samningum sé gætt og erfitt sé að gæta réttinda erlendra leigustarfsmanna. Það hefur verið hin opinbera og viðkvæma umræða sem við höfum tekið eftir á síðustu missirum. Það er hins vegar alveg ljóst að leigustarfsmenn eiga rétt á lágmarkslaunum samkvæmt kjarasamningum og lögum.

Virðulegur forseti. Ég vil einnig gera að umtalsefni það sem kemur fram í lok greinargerðarinnar frá Bifröst að ef litið er til nágrannaríkja okkar á Norðurlöndunum þá virðist réttarástandið eins og það er í dag vera tiltölulega sambærilegt hér á landi og í Danmörku en hvorki hér né í Danmörku gildir sérstök löggjöf um útleigustarfsemina. Við ætlum að bæta úr því. Í báðum ríkjunum er vinnulöggjöfin sveigjanleg og kjarasamningar samtaka aðila vinnumarkaðarins hafa mikla þýðingu, en það er mikilvægt atriði sem skilur á milli. Á Íslandi hafa kjarasamningar um lágmarkskjör launafólks almennt gildi á ákveðnum lagagrundvelli en í Danmörku hafa kjarasamningar ekki slíkt almennt gildi sem lágmarkskjör á vinnumarkaði. Að því leyti er réttarstaða leigustarfsmanna betri hér á landi.

Hér á landi standa stjórnvöld frammi fyrir ýmsum kostum varðandi mögulega lagasetningu um útleigustarfsemi og það er mikilvægt við þá skoðun, þ.e. þegar við skoðum hvað við ætlum að gera, að hafa í huga að starfsmannaleigur hér á landi eru afar fáar. Miðað við þær upplýsingar sem aflað hefur verið hjá stjórnvöldum og hjá stærstu samtökum aðila vinnumarkaðarins verður ekki greint að sérstök vandamál hafi tengst starfsemi þeirra umfram það sem almennt gerist á vinnumarkaði. Þau vandamál sem verkalýðshreyfingin hefur einkum bent á lúta að erfiðleikum við að fylgja eftir lágmarkskjörum kjarasamninga sem leigustarfsmenn sem hingað koma á vegum erlendra starfsmannaleigna eiga rétt á lögum samkvæmt. Það er erfitt að gera sér grein fyrir hvort nægjanlega sé tekið á þessu vandamáli í samkomulagi Samtaka atvinnulífsins og ASÍ frá 7. mars 2004 og samningsaðilar virðast ekki vera einhuga um það efni. En það verður þó að hafa í huga að með því samkomulagi tókust atvinnurekendur á hendur verulegar skyldur að því er snertir upplýsingagjöf varðandi laun eða önnur starfskjör erlendra leigustarfsmanna og það ætti auðvitað að auðvelda réttindagæslu stéttarfélaganna.

Virðulegur forseti. Starfsmannaleigur eru ekki margar á Íslandi en umræðan hefur verið heit um þær sem hér hafa starfað og því er eðlilegt að við bregðumst við með því að setja löggjöf sem á að tryggja eins og kostur er að vel sé búið að hinum erlendu starfsmönnum sem hingað koma á vegum starfsmannaleigna, eins og öðrum starfsmönnum á íslenskum vinnumarkaði, og þeir fái að sjálfsögðu ekki minna en lágmarkslaun sem eru lög í landinu og starfsmannaleigum ber að fara eftir.

Í umræðunum hefur komið fram að skilgreiningin í 1. gr. sé hugsanlega of víð eða óljós. Nefnd hafa verið dæmi um að almenn útleigustarfsemi gæti hugsanlega fallið undir 1. gr. eins og hún lítur út núna og e.t.v. þurfi að þrengja skilgreininguna. Þetta eru auðvitað atriði sem við þurfum að skoða í félagsmálanefnd og fara ítarlega yfir. Það kemur þó á óvart ef þessi skilgreining er á reiki, en hv. þingmenn hafa bent á það og fært ákveðin rök fyrir því, af því að nú er ljóst að bæði Samtök atvinnulífsins og ASÍ voru með fulltrúa í þeirri nefnd sem kom að samningu þessa frumvarps og því kemur á óvart ef þetta hefur farið fram hjá þeim. En við munum að sjálfsögðu fara yfir þetta í nefndinni.

Það hefur líka komið fram að e.t.v. væri frumvarpið íþyngjandi fyrir íslenskar starfsmannaleigur. Mér finnst þetta líka atriði sem við þurfum að skoða sérstaklega en eins og ég sagði áðan kom fram í greinargerðinni frá Bifröst að þar eru tvö fyrirtæki sérstaklega tiltekin, þ.e. Liðsinni-Sólarplexus og Alhjúkrun sem bæði eru hjúkrunarfyrirtæki. Þetta er eitthvað sem við þurfum að átta okkur á í hv. félagsmálanefnd hvort á við rök að styðjast.

Ég vil líka nefna 16. gr. frumvarpsins en þar kemur fram reglugerðarheimild fyrir félagsmálaráðherra sem orðast svo, með leyfi virðulegs forseta: „Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um tímabundin atvinnuleyfi.“ Ég býst við því að hér sé verið að skjóta lagastoð undir þann möguleika að ráðherra gæti sett reglugerð um tímabundin atvinnuleyfi, þ.e. atvinnuleyfi sem félli úr gildi eftir einhvern ákveðin tíma. Slík atvinnuleyfi eru talsvert útbreidd og mikið notuð í nágrannaríkjum okkar, ég get nefnt Noreg sem dæmi, en við höfum ekki nýtt okkur slík tímabundin atvinnuleyfi. Ég geng út frá því að hér sé verið að skjóta lagastoð undir slíka reglugerð þannig að menn geti gripið til hennar. Mér finnst alveg sjálfsagt að hægt sé að grípa til tímabundinna atvinnuleyfa ef menn kjósa svo eins og í öðrum ríkjum.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokum taka undir það sem komið hefur fram í umræðunni að þetta sé samkomulagsmál, þ.e. samkomulag um efnisinnihaldið. Að sjálfsögðu er það svo að ef einhverjir ágallar eru á málinu gerum við breytingartillögur um þá ágalla. En það verður að vera ljóst að það sé einhvers konar sátt um að það séu viðamiklir gallar á málinu þannig að ástæða sé til að gera breytingar. Frumvarpið er ekki meitlað í stein en við verðum að bera virðingu fyrir því að þetta frumvarp var liður í því að samkomulag náðist milli aðila vinnumarkaðarins um að kjarasamningar héldu. Þetta mál er því sérstakt að því leyti. Við fáum stundum slík mál inn í þingið, ekki oft en það kemur fyrir, og margir þingmenn þekkja af reynslunni að það er tiltölulega þungt fyrir fæti að breyta slíkum málum. Að sjálfsögðu gerum við það ef eitthvað í frumvarpinu er þess eðlis að við séum sammála um að það mundi bæta málið að breyta því. Ef okkur á að takast að klára málið fyrir jól sem ég heyri að aðilar vinnumarkaðarins eru áfram um og ég tel mjög æskilegt að gera líka, og tek undir með hæstv. félagsmálaráðherra um að við ættum að klára það fyrir jól og gera allt sem í okkar valdi stendur til þess, þá er ljóst að við getum ekki farið út í miklar breytingar. En auðvitað skoðum við breytingar sem við teljum að lagi málið.

Ég vil fagna því sem kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem þekkir vel til þessara mála í gegnum þingstörf á Alþingi og í félagsmálaráðuneytinu, að hún og fleiri þingmenn ætla að leggja sitt af mörkum til þess að klára þetta mál fyrir jól en eins og hv. þingmaður sagði, og ég vil taka undir með henni, þá viljum við að sjálfsögðu geta verið sæmilega viss um að sú löggjöf sem við erum að setja gagnist. Annars er verr af stað farið en heima setið. Ég hlakka til að takast á við að vinna að málinu í félagsmála-

nefnd með þeim ágætu þingmönnum sem þar eru og tel að við getum klárað það fyrir jól með hugsanlega einhverjum breytingum.

[17:29]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Komið er fram frumvarp um starfsmannaleigur og því ber að fagna. Starfsmannaleigur eru orðnar hluti af íslensku atvinnulífi og því nauðsynlegt að vernda kjör starfsmanna þeirra og erlendra farandverkamanna og vernda jafnframt þá kjarasamninga sem eru í gildi á íslenskum atvinnumarkaði.

Vinnulag starfsmannaleigna má hvorki grafa undan íslensku vinnuafli né íslenskum verkalýðsfélögum og íslenskum fyrirtækjum, t.d. með undirboðum í skjóli brota á íslenskum kjarasamningi eða jafnvel brota á lögum.

Ráðherra nefndi í upphafi að höfðað yrði til ábyrgðar fyrirtækja í landinu og jafnframt að enginn mundi hagnast fyrir rest á því að brjóta á kjarasamningum en deilur milli fyrirtækja, starfsmannaleigna og verkalýðsfélaga undanfarið segja okkur að lagasetning sé orðin nauðsynleg. Ekki er einungis hægt að treysta á ábyrgðartilfinningu stjórnenda fyrirtækja. Við munum taka þetta mál fyrir í félagsmálanefnd og að sjálfsögðu óska þar skriflegra umsagna og stefna að því að afgreiða frumvarpið fyrir jól, ef hægt er.

Frú forseti. Það eru nokkur atriði sem ég tel að skoða þurfi í umræðunni. Það er þá fyrst kannski varðandi 8. gr., um skriflega ráðningarsamninga, þar sem segir: „Starfsmannaleiga skal gera skriflega ráðningarsamninga við starfsmenn sína." Ég hefði talið heppilegra að þar kæmi jafnframt fram að skriflegu ráðningarsamningarnir þyrftu að uppfylla skilyrði tilskipunar nr. 91/553 frá Evrópusambandinu. Það er að vísu tekið fram í umsögninni að gert sé ráð fyrir að ráðningarsamningurinn fullnægi skilyrðum sem ég nefndi áðan, nr. 91/553, en ég tel heppilegra að kveða þar fastar að orði.

Í öðru lagi þurfa lögin jafnframt að kveða skýrar á um bann við mismunun, að notendafyrirtækin mismuni ekki starfsmönnum eftir því hvort þeir komi frá leigufyrirtæki eða ekki. Slíkt bann þarf að undirstrika skuldbindingargildi viðkomandi kjarasamninga.

Í þriðja lagi hefði ég viljað sjá kveðið fastar og skýrar á um ábyrgð notenda fyrirtækjanna, um ábyrgð fyrirtækja á Íslandi varðandi kröfur starfsmanna á vegum leigunnar og jafnframt á hendur leigunni.

Í fjórða lagi vantar ákvæði til að koma í veg fyrir að fyrirtæki sé heimilt að segja starfsmanni upp í þeim tilgangi að ráða hann síðan aftur í gegnum starfsmannaleigu.

Í fimmta lagi vantar ákvæði varðandi uppsögn fastra starfsmanna, að óheimilt sé að segja þeim upp í þeim tilgangi að ráða í staðinn annan í gegnum starfsmannaleigu. Miðað við allar þær deilur sem verið hafa undanfarið virðist ekki ástæða til annars en kveða skýrt og fast að orði til að fyrirbyggja áframhaldandi deilur. Eins og komið hefur fram hafa jafnframt verið uppi deilur um launatengd gjöld sem ber að skila til sveitarfélaga. Og hvað varðar þá aðila sem gert hafa athugasemdir, ASÍ, Samiðn og fleiri launþegasamtök, og verið að skipta sér af málinu þá ber okkur svo sannarlega að hlusta á þá þó ekki væri nema til að tryggja frið á íslenskum vinnumarkaði.

[17:33]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um starfsmannaleigur og ekki er annað hægt en að taka undir þau orð hv. þingmanna sem hafa talað á undan mér að hér sé um löngu tímabært frumvarp að ræða.

Það er vissulega til marks um ójafnvægið í veröldinni og misskiptingu auðsins að við skulum búa við það ástand sem raun ber vitni á Íslandi í dag. Ástæðan fyrir því að starfsmannaleigur eru til er sú að í okkar heimshluta þar sem nægir eru peningarnir til að framkvæma vantar vinnuafl. Launakröfur þeirra sem búa í fátækari heimshlutum eru allt aðrar en við búum við í hinum vestræna heimi. Það er í rauninni þörf hinna fátæku fyrir mat og fyrir framfærslu fjölskyldu sinnar sem býr til það ástand sem er til staðar hér á landi og við megum aldrei gleyma því að það er kjarni málsins. Ég verð að segja, frú forseti, að í fullkomnum heimi fyrirfinnast engar starfsmannaleigur. Í fullkomnum heimi, í mínum huga er það heimur sem byggir á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar í alvöru, eru samfélögin sjálfbær. Þá finna menn leiðir til að sinna þeim verkefnum sem viðkomandi samfélög þurfa á að halda án þess að riðla jafnvægi á milli hlutanna en í þeim heimi sem við búum í ríkir gríðarlegt ójafnvægi og gríðarlegur ójöfnuður. Sá ójöfnuður skapar möguleikana á því að starfsmannaleigur séu til staðar.

Það skiptir verulegu máli að standa vörð um aldalanga baráttu verkafólks í veröldinni. Við sem teljum okkur réttsýna borgara á Íslandi eigum að gera allt sem við getum, allt sem í okkar valdi stendur til að standa vörð um þá baráttu sem verkafólk hefur háð og þau réttindi sem verkafólk hefur uppskorið með aldalangri baráttu sinni. Tryggja þarf réttarstöðu launamanna, tryggja þarf kjör, öryggi og aðbúnað og ekki bara þeirra sem eru innlendir heldur allra sem þurfa einhverra hluta vegna að sækja störf um langan veg. Við þurfum að fá hingað til lands í hundraða tali verkamenn úr fátækari heimshlutum til að vinna störf sem við getum ekki mannað. Hvers vegna? Að hluta til vegna þess að við erum að fara út í verkefni sem hæfa ekki samfélagi okkar, verkefni á borð við Kárahnjúkavirkjun sem útheimtir gríðarlegt vinnuafl á framkvæmdatíma sem vitað var frá fyrsta degi, löngu áður en sú ákvörðun var tekin, að við mundum ekki geta annað með tilliti til vinnuafls, sem vitað var frá fyrsta degi að mundi ekki passa inn í samfélagsmunstur okkar, samfélagssnið eða hagkerfi. En við vitum öll hvernig sú ákvörðun var tekin og henni var mótmælt. Því var mótmælt í framhaldinu hversu augljóst það var þegar hinu lága tilboði frá ítalska verktakanum í Kárahnjúkavirkjun var tekið, meira að segja sjálfur hæstv. forsætisráðherra hvatti menn til að taka þessu lága tilboði. Hvers vegna? Vegna þess að að öðrum kosti væri óóruggt hvort ráðist yrði í verkið. Auðvitað spurðu menn á þeim tíma og spyrja enn: Vissu menn ekki allan tímann þegar hæstv. forsætisráðherra var að hvetja til þess að lága tilboðinu í Kárahnjúkavirkjun yrði tekið að tilboðið var svona lágt af því að ekki átti að greiða verkafólki full laun? Ég minnist þess að ekki liðu margir dagar þar til stjórnarformaður Landsvirkj-

unar fór yfir samningana með Impregilo og ákveðið var að hækka talsvert þóknunina til fyrirtækisins frá tilboðinu til að það mætti standa þannig að launakröfum yrði fullnægt. Þetta var náttúrlega til háborinnar skammar. Þetta var þvílíkt hneyksli að menn væru með galopin augun vitandi það hvers konar fyrirtæki var verið að bjóða hingað, vitandi það að hér yrðu félagsleg undirboð, bullandi félagsleg undirboð, til að koma þessum draumaverkefnum Framsóknarflokksins á. Nú situr Framsóknarflokkurinn í súpunni að reyna að leiðrétta það sem hægt er að leiðrétta í þessum efnum. Auðvitað stöndum við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð með Framsóknarflokknum í því að reyna að leiðrétta það sem hægt er. Það er ekki hægt annað. En þá viljum við líka ganga eins langt og hægt er. Ég fagna því að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir skuli hafa gefið þá yfirlýsingu í ræðu sinni rétt áðan að ef þyrfti að leiðrétta frumvarpið þá yrði það gert. Ég treysti því jafnvel þó við þurfum að ylja þeim svolítið undir uggum hjá Samtökum atvinnulífsins. Ég krefst þess að Alþingi Íslendinga, löggjafarsamkundan og hv. þingmenn taki rétt verkafólksins fram yfir verktakana, fram yfir rétt þeirra sem búa til þetta ástand og bjóða verkafólkinu ósæmandi kjör.

Því hlýtur að verða svigrúm til þess að fara ofan í ákveðnar greinar frumvarpsins. Sérstaklega hafa verið nefndar 11. gr., sem er náttúrlega alveg til háborinnar skammar eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um hvernig hún er orðuð, og sömuleiðis 3. gr. Kíkja þarf vel á hana því að í fréttum síðustu daga hefur komið fram, frá því að ljóst var að þetta frumvarp væri að líta dagsins ljós, að áhöld væru um hvort 3. gr. mundi nægja, þ.e. hvort það nægði að fulltrúi starfsmannaleigu verði til taks. Ég er með útskrift af frétt sem kom í Ríkisútvarpinu í gær, 27. nóvember, þar sem verið var að segja frá athugasemdum sem Samiðn gerir við frumvarpið. Þær athugasemdir snúa fyrst og fremst að ábyrgð notendafyrirtækjanna, þ.e. þeirra sem nýta sér þessa þjónustu. Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, segir í fréttinni „að til að lágmarkslaun og réttindi starfsmanna séu tryggð verði ábyrgð notendafyrirtækja að vera skýr ...“. Og hann saknar ákvæða um það í frumvarpinu. Þegar ég les þetta saman sýnist mér að það sé alveg réttmæt ábending að skoða þurfi ábyrgð notendafyrirtækjanna.

Það er auðvitað til skammar að notendafyrirtækin, þ.e. hin íslensku fyrirtæki sem nýta sér krafta hinna erlendu verkamanna, viti jafnvel upp á sig sökina að verið sé að bjóða ódýrara vinnuafl en lög og samningar kveða á um. Því hlýtur að verða að kalla þau notendafyrirtæki til ábyrgðar vegna þessa því að eins og lög gera ráð fyrir eru það slík fyrirtæki sem njóta þess hagnaðar, njóta ávaxtanna. Það eru þau sem uppskera á endanum. Þetta er sama sagan enn og aftur, hættan á að þeir sem valdið og fjármunina hafa nýti sér verkafólkið. Það er einu sinni enn endurtekið í nýrri mynd og við erum að sjá þetta mjög víða í heiminum. Og ef í hinum fullkomna heimi sem ég hóf mál mitt á væri hægt að búa þannig um hnútana að við þyrftum alls ekki á þessum fyrirbærum að halda væri það auðvitað eitthvað sem ég held að væri vert að skoða. Ég held að það megi alveg spyrja þeirra spurninga bæði í þessum sal, frú forseti, og eins hjá félagsmálanefnd: Er möguleiki að komast hjá því að hafa starfsmannaleigur á mála á Íslandi, hjá íslenskum fyrirtækjum? Eigum við einhvern möguleika á að komast undan — ég man ekki íslenska orðið fyrir „trend“ (**Gripið fram í:** Tilhneiging.) þessari tilhneigingu í veröldinni? Getum við komist undan henni? (**SF:** Er það ekki vont fyrir þá fátæku?) Mér finnst vel þess virði að skoða það. Er það ekki vont fyrir þá fátæku? spyr hv. formaður félagsmálanefndar. Auðvitað viljum við að sem flestir fátækir hafi laun fyrir störf sín, hafi störf og geti unnið, auðvitað. En það er spurning hvort við getum réttlætt það á þennan hátt. Eigum við ekki frekar að sinna skyldum okkar gagnvart fátæku fólki í veröldinni með því að sjá til þess að þeirra eigin samfélög geti útvegað þeim störf? Getur ekki verið að við séum að hlaupast undan ábyrgðinni á því að tryggja sjálfbærni samfélaganna úti í hinum fátæka heimi? Ég held að við séum með mjög stórt vandamál til skoðunar. Ég held að það sé sjálfsagt að við gerum okkur grein fyrir því og skoðum það eins djúpt og við mögulega getum og jafnvel þótt við höfum skamman tíma. Þess vegna spyr ég þeirrar spurningar. Er hægt að komast hjá því eða láta undan þessari tilhneigingu?

Frú forseti. Örlítið aftur um ábyrgð notendafyrirtækjanna. Finnbjörn Hermannsson, sem talað var við í fréttinni í Ríkisútvarpinu í gær og er formaður Samiðnar, segir í fréttinni að hann telji að það sé til lítils að starfsmannaleigur sem skráðar eru í útlöndum hafi fulltrúa hér eins og 3. gr. í frumvarpinu gerir ráð fyrir. Hann segir að ábyrgð þeirra sé of óljós samkvæmt skilgreiningunni í greininni og ákveðin hætta sé til staðar, t.d. ef viðkomandi fulltrúar þyrftu að tilkynna eitthvað, segjum birta stefnu, þá sé hætta á að viðkomandi geti horfið af landi brott, láti ekki sjá sig í nokkra mánuði og sama fyrirtæki, sama starfsmannaleiga geti síðan mætt einhverjum mánuðum síðar undir nýju nafni og með nýja kennitölu. Við verðum því að sjá til þess að hægt sé að byrgja fyrir slík mistök. Við megum ekki setja 3. gr. þannig í gegn að hún bjóði upp á að menn geti komist undan því að sæta ábyrgð. Ég held að skoða verði vel þau orð sem Finnbjörn Hermannsson hefur yfir í frétt Ríkisútvarpsins. Hann segir, með leyfi forseta:

„... ef í harðbakkann slær þá þurfum við einhverja ábyrga aðila sem eru með húsbóndavaldið en ekki bara einhverjir umboðsmenn. Og við þurfum alltaf á endanum að sækja til móðurfyrirtækisins og þó svo að við fengjum einhvern dóm hér á Íslandi þyrftum við að fá fullnustu hans í viðkomandi heimalandi“.

Þetta þarf að athuga í 3. gr. Finnbjörn Hermannsson segir líka reynsluna þá annars staðar frá, t.d. Norðurlöndunum, þar sem þessi háttur er hafður á að þegar umboðsmanni starfsmannaleigu hefur verið afhent stefna láti hann sig einfaldlega hverfa og síðan birtast þeir aftur innan skamms, komnir með nýja kennitölu og nýtt nafn.

Varðandi 4. gr. og tilkynningarskylduna verð ég að taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að afrit af þjónustusamningum og afrit af samningum hljóti að verða að hafa mikið vægi innan 4. gr. Það sé alveg ljóst að það sem hlýtur að skipta öllu máli sé að samningar liggi fyrir því það er lykillinn að þessu öllu saman, að kjör fólks séu uppi á borðinu, þau séu ljós og öllum kunn og séu ekki leyndarmál. Það verður að vera hægt

að sannreyna á hvaða kjörum verið er að ráða fólkið og það hlýtur að vera algert grundvallaratriði. Tryggja þarf að 4. gr. sé þannig orðuð að hún tryggi þann rétt að verið sé að greiða eftir íslenskum kjarasamningum og ekki sé verið að veita neinn afslátt í þeim efnum.

Frú forseti. Eftir tilkomu Kárahnjúkavirkjunar höfum við orðið þess áskynja að verkalýðshreyfingin hefur vaknað til lífsins. Hún hefur vaknað til vitundar um hversu alvarlegt ástandið er. Í gangi er sérstakt átak sem hleypt var af stokkunum hjá ASÍ sl. vor þar sem menn berjast undir kjörorðinu eða slagorðinu: Einn réttur – ekkert svindl. Átakið sem ASÍ hefur hleypt af stokkunum er mjög athyglisvert. Þar sameinast menn undir merkjum ASÍ — kemur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon færandi hendi, ég er með úr gagnasafni Morgunblaðsins frétt um þetta átak Einn réttur – ekkert svindl á erlendu vinnuafli. Þar hafa menn sameinast undir merkjum ASÍ vegna þess að fólk er búið að sjá í hversu skelfilegri stöðu erlent vinnuafl er á Íslandi. Menn hafa séð með eigin augum hvernig ástandið er og þeir vilja aðstoða fólk við að ná rétti sínum.

Við höfum orðið vitni að því í fjölmiðlum aftur og aftur að Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, hefur komið í fjölmiðla og kvartað undan því að eftirlitsstofnanirnar fyrir austan sem eiga að sinna Kárahnjúkasvæðinu séu ekki í stakk búnar til að gera það. Oddur Friðriksson, aðaltrúnaðarmaður á virkjunarsvæðinu, hefur aftur og aftur komið í fjölmiðla, gert ákveðnar kröfur, kvartað undan því að sýslumaður fyrir austan og þeir sem eru þar á svæðinu nái ekki að annast þetta á þeim nótum sem eðlilegt sé. Stjórnvöld verða að viðurkenna ábyrgð sína í þessum efnum. Þau verða að sjá til þess að þær stofnanir og þau embætti sem eiga að þjónusta þetta svæði séu með þann mannafla sem þarf, séu með þann kraft í málinu sem þarf og sinni þessu. Það er algert grundvallaratriði að stjórnvöld hlaupist ekki undan ábyrgðinni. Við verðum því að standa með ASÍ og Samiðn og þeim sem hafa verið að vinna að því missirum saman að opna augu okkar. Við verðum að sýna að þessi samkunda hér, löggjafarsamkundan, ætlar að taka á málinu af myndugleika þannig að þær ásakanir sem stjórnvöld hafa vissulega orðið að sitja undir í þessum efnum séu hraktar til föðurhúsanna. Núna ætlum við að fara að breyta rétt. Þess vegna sé ég ekki annað en stjórnvöld verði að fara að ganga í lið með ASÍ og þeim sem standa að þessu átaki.

Þegar Grétar J. Þorsteinsson, forseti ASÍ, og forsvarsmenn flestra aðildarfélaga ASÍ kynntu fyrrgreint átak síðasta vor sagði hann, með leyfi forseta: „Allir tapa á félagslegum undirboðum og ólöglegri atvinnustarfsemi.“ Það gera allir, öll þjóðin tapar, við hér töpum. Við höfum því gríðarlega ábyrgð í þessu máli.

Þetta minnir mig á annað slagorð sem var notað eilítið fyrr í baráttunni af því að ég var að tala um Kárahnjúkavirkjun. Það var slagorð sem náttúruverndarsinnar komu sér upp og var svohljóðandi: „Það tapa allir á Kárahnjúkavirkjun.“ Mér finnst þetta vera eitt dæmið sem er að sýna og sanna það á hvern hátt við töpum á Kárahnjúkavirkjun, ekki bara á einn máta heldur allan máta og þetta er einn liðurinn í tapinu. Það er ekki aðeins að útlendingarnir séu hlunnfarnir um laun, starfskjör og aðbúnað, allt launafólk tapar á því að grafið sé undan samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja, þeirra fyrirtækja sem fara eftir leikreglum á markaði. Samfélagið í heild tapar líka vegna þess að verið er að grafa undan velferðarkerfinu okkar.

Frú forseti. Mér þykir mjög miður að þetta ástand við Kárahnjúka skuli vera eins og það er. Ákveðin þáttaskil urðu í þessum málum, þó svo farið hafi verið að bera örlítið á að hér sæist erlent vinnuafl, t.d. í byggingariðnaði, þegar Kárahnjúkavirkjun var hleypt af stokkunum. Stjórnvöld voru vöruð við þessu. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem börðumst einarðlega gegn Kárahnjúkavirkjun töluðum um félagsleg undirboð í ræðum okkar löngu áður en gengið var til samninga við þýska verktakafyrirtækið sem virtist svo hafa á eftir sér langa slóð slíkrar sögu af félagslegum undirboðum í öðrum heimshlutum. Við töldum því ævinlega að stjórnvöld gengju að þessu með opin augu og vissu um hvað væri verið að ræða hér. Við erum að súpa seyðið af því núna og þurfum þá að ganga fram með oddi og egg og talsverðum krafti til að hægt verði að gera þær leiðréttingar sem gera þarf.

Gerðar hafa verið kannanir, a.m.k. lauslega, og ég held að fyrr á þessu ári hafi könnun verið gerð sem Samiðn stóð fyrir þar sem verið var að kanna umfang ólöglegs vinnuafls almennt í landinu. Út úr þeirri könnun kom áætlun um að a.m.k. 250 útlendingar væru að starfa við byggingariðnað á höfuðborgarsvæðinu án tilskilinna atvinnuleyfa. Við sjáum að þessi gátt sem opnaðist þegar Kárahnjúkavirkjun kom til sögunnar er til staðar. Við sjáum þetta í greinum sem við höfum kannski ekki einu sinni áttað okkur á að þetta yrði stundað. Því þarf að ganga vasklega til verks og ég treysti hv. formanni félagsmálanefndar Alþingis til að gera þær bragarbætur sem nauðsynlegar eru á frumvarpinu þannig að allir geti verið vissir um að við séum að taka á vandamálinu.

[17:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar til að blanda mér aðeins í umræðuna. Ég vil byrja á að fagna því frumvarpi sem komið er fram og tel að það sé og verði örugglega til bóta gagnvart þeim vandamálum sem hafa verið uppi. Sú starfsemi sem verið er að setja lagaramma um gildir bæði um íslenska og erlenda menn. Til eru fyrirtæki hér á landi sem hafa rekið starfsemi af þessu tagi og ég held að full ástæða sé til að menn átti sig á að þetta fyrirkomulag er eitthvað sem við eigum eftir að sjá meira til framtíðar. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sem talaði síðast sagði að í fullkomnum heimi væru ekki starfsmannaleigur. Ég er ekki viss um að það sé alveg rétt. Ég vil draga athygli að því að starfsemi samkynja þeirri sem starfsmannaleigur reka hefur verið rekin á Íslandi svo lengi sem menn muna. Fyrirtæki á Íslandi hafa ævinlega leigt frá sér starfsmenn eða lánað öðrum fyrirtækjum og þar hafa þeir unnið undir verkstjórn þeirra manna sem eru á þeim stað.

Mig langar til að gera þetta aðeins að umtalsefni. Ég bind vonir við að frumvarpið verði fyrst og fremst til þess að hægt verði að passa upp á að þeir starfsmenn sem vinna hjá starfsmannaleigum séu ekki hlunnfarnir í launum eða félagslegum réttindum og að sá hluti málsins komist í við-

unandi ástand. En hinu mega menn ekki gleyma að fyrirtækin á Íslandi vinna á þennan hátt að hluta til og hafa gert í gegnum tíðina. Þegar og ef — ég ætla sannarlega að vona að svo verði — næst utan um þessi réttindi á þann hátt sem hér er að stefnt hafa þeir sem vilja leigja frá sér vinnuafl um tvo kosti að velja. Annaðhvort að stofna starfsmannaleigu samkvæmt þessum lögum eða gera það hreinlega ekki. Þeir geta einfaldlega ráðið til sín starfsfólk á venjulegum uppsegjanlegum kjörum. Og ef þeir kjósa svo vegna þess að þeir telji að íþyngjandi ákvæði séu í lögunum þá munu þeir ekki sækjast eftir því að fá leyfi til að reka starfsmannaleigu heldur nota gömlu aðferðina eins og hún hefur verið notuð í gegnum tíðina.

Nefndin þarf að skoða þetta og velta fyrir sér hvort þurfi að setja ákveðin lög til að fylgjast með starfseminni sem þarna mun vissulega koma til. Það er meira en að segja það að setja lög á þann veg að öll útleiga starfsmanna með því fyrirkomulagi sem ég lýsti verði kölluð starfsmannaleiga og gera mönnum þá það að sækja eftir því að reka starfsmannaleigu ef þeir senda frá sér starfsmenn á þann hátt sem ég hef nefnt. Þetta tel ég að menn þurfi að hafa með í umræðunni í nefndinni. Ég lít á þetta fyrst og fremst sem áfanga til að sjá til þess að félagsleg réttindi og laun þeirra sem vinna hjá starfsmannaleigum eða á vegum þeirra verði tryggð. En þetta er ekki endanleg lausn á þessum málum. Vilji menn fylgjast með þeim sem er með starfsfólk í vinnu og leigir það frá sér með þeim hætti sem ég var að lýsa þurfa menn að skoða hvaða leiðir eigi að vera til þess.

Ég vildi leggja þetta til málanna en aðeins segja til viðbótar að sú þróun sem hefur orðið á undanförnum árum og sú þróun sem virðist mega sjá fyrir vegna erlends starfsfólks sem kemur í miklum mæli inn á íslenskan vinnumarkað er þróun sem menn þurfa virkilega að gefa gaum í landinu. Allt bendir til að slík þróun verði til þess að draga niður kjör á íslenskum vinnumarkaði. Ég hef mestar áhyggjur af að starfsmannaleigur og fyrirtæki, sem sanka að sér erlendum starfsmönnum til að setja inn á íslenska vinnumarkaðinn, muni verða til þess að draga niður kjörin. Hér er í boði mikið af erlendu starfsfólki með starfsþjálfun og jafnvel iðnmenntun og annað af því tagi sem það hefur fram að færa. Þetta fólk verði síðan leigt út á lágmarkskjörum sem verkafólk eða aðstoðarfólk í byggingariðnaði eða hvað svo sem það kann að heita. Kjör t.d. iðnaðarmanna eða annarra starfsstétta munu því einfaldlega rýrna vegna þess að í boði verður mikið af erlendu starfsfólki sem vantar vinnu og vill koma hingað og er tilbúið að vinna við það sem það hefur hlotið þjálfun til eða menntun í heimalandi sínu og þannig verði til undirboð sem í fljótu bragði virðast ekki vera ólögleg. Ekki er hægt að bregðast við þessu með lagasetningum að mínu viti. Hins vegar er hægt að bregðast við með því að koma á meiri sérhæfingu og sjá til þess að fólk fái starfsréttindi sem eru viðurkennd. Þannig geti verkalýðsfélögin síðan samið um kaup og kjör á grundvelli þeirrar menntunar og starfsréttinda og menn verði að virða það þegar þeir leigja frá sér starfsfólk, að þarna sé ekki á ferðinni — hvað á maður að kalla það — ef til vill rangar upplýsingar um hvað þessir starfsmenn hafa til brunns að bera og til hvers starfskraftar þeirra eru notaðir.

Ég nefni sem dæmi að einfalt er fyrir fyrirtæki í byggingariðnaði að flytja inn fólk með starfsþjálfun og jafnvel menntun í iðnaðarstörfum og borga því laun samkvæmt lægstu töxtum verkalýðsfélaganna en nota það sama starfsfólk í byggingariðnaði við fagvinnu. Þetta er að mínu viti einhver versta vá sem yfir verkalýðsfélögum í landinu hangir núna. Menn þurfa virkilega að velta því vandlega fyrir sér hvernig megi bregðast við þessu.

Ég vona að nefndin geti afgreitt þetta mál sem allra hraðast. Það verður að hafa það þó að menn finni kannski ekki lausn á því sem ég nefndi í umfjöllun um málið núna. En ég held að mjög gagnlegt sé fyrir nefndina að átta sig á því að ef þessi lagasetning verður á þann veg sem ég nefndi áðan munu atvinnurekendur, sem hafa áhuga á að bjóða upp á þjónustu af þessu tagi, hafa um tvo kosti að velja. Annar er sá að játast undir laun og starfsmannaleigur en hinn er að reka fyrirtæki á venjubundinn hátt á Íslandi og leigja frá sér starfsmennina eins og þeir hafa gert fram að þessu.

[18:02]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá góðu umræðu sem fram hefur farið hér í sölum Alþingis í dag um þetta mikilvæga mál. Eins og við mátti búast eru ekki allir á eitt sáttir nákvæmlega um efnisinnihaldið þótt ráða megi af umræðunni að þingheimur allur án undantekninga fagni framlagningu frumvarpsins og þingmenn hafi lýst sig reiðubúna til að gera það sem í þeirra valdi stendur til að klára megi afgreiðslu málsins áður en við höldum til jólahlés. Það dregur ekki úr skyldum okkar á þann veg að sjá til þess að þetta mál verði sem best úr garði gert, að sjálfsögðu ekki. Nokkrar spurningar hafa verið bornar fram við þessa umræðu sem ég vil gera mitt besta til þess að svara.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hvort ekki væri nauðsynlegt að kalla eftir upplýsingum um fjölda starfsmannaleigna í landinu og starfsmanna á þeirra vegum. Til þess er leikurinn m.a. gerður með framlagningu frumvarpsins og vonandi samþykkt þess þannig að lögum verði. Í 2. og 4. gr. frumvarpsins er því lýst með hvaða hætti ætlunin er einmitt að ná utan um það hvaða fyrirtæki hér er um ræða, hver þau eru, hvar þau starfa og hverjir starfsmenn þeirra eru. En eitt af því sem valdið hefur aðilum á vinnumarkaði áhyggjum og okkur sem stjórnvaldi er einmitt að þær upplýsingar hafa ekki legið á lausu.

Ellefta grein frumvarpsins hefur verið gerð að umtalsefni, hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði það meðal annarra hygg ég. Auðvitað er stöðvun á rekstri fyrirtækis afdrifarík aðgerð. Til hennar getur engu að síðu komið samkvæmt 11. gr. frumvarpsins. Hins vegar er það ekkert einsdæmi að frestir séu gefnir til úrbóta, jafnvel þótt nokkuð ljóst virðist að um lögbrot sé að ræða. Þetta er þekkt m.a. við framgöngu vinnueftirlits, heilbrigðiseftirlits og fleiri aðila.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson og hv. þm. Ásta Möller lögðu m.a. út af 1. gr. frumvarpsins og þeirrar hefðar sem vissulega hefur skapast á íslenskum vinnumarkaði, að starfsmenn eins fyrirtækis ynnu tímabundið fyrir annað. Þetta er eitt þeirra atriða sem komið hafa ítrekað til umræðu við 1. umr. málsins og hv. félagsmálanefnd hlýtur að taka

til athugunar. Ég vil þó ítreka það, hæstv. forseti, að þessum lögum er ætlað að taka til starfsemi starfsmannaleigna, þ.e. fyrirtækja sem stunda gagngert leigu á starfsfólki til annarra. Svo ég vitni, með leyfi forseta, til greinargerðar Rannsóknarseturs vinnuréttar og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst sem talað hefur verið um og vitnað til hér í dag. Þar segir á bls. 4:

„Staða leigustarfsmanna er að mörgu leyti óhefðbundin og hafa tvö atriði sérstaka þýðingu í því sambandi. Annars vegar að starfsmaðurinn starfar í raun fyrir tvo atvinnurekendur á meðan hann er í útleigu. Hins vegar að starfsmaðurinn er gjarnan stuttan tíma í hverju notendafyrirtæki fyrir sig og flyst gjarnan oft á milli vinnustaða."

Þetta skýrir málið að einhverju leyti en örugglega ekki öllu, enda er hér um mál að ræða sem verið er að takast á við víða um heim. Það leiðir okkur að spurningu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar o.fl. þar sem hv. þingmenn veltu fyrir sér hvort við Íslendingar gætum einfaldlega bannað starfsemi starfsmannaleigna. Ég vil aftur fá að vitna í fyrrnefnda greinargerð rannsóknarsetursins þar sem segir á bls. 5, með leyfi forseta, og fjallað er um útleigustarfsemina:

„Á síðustu fjórum áratugum hefur þróunin verið sú að starfsemi starfsmannaleigna hefur verið viðurkennd í auknum mæli. Í ríkjum Evrópu var útleigustarfsemi víða bönnuð lengi vel ásamt starfsemi einkarekinna vinnumiðlana, enda litið svo á að vinnumiðlun ætti aðeins að vera í höndum hins opinbera. Var afstaða ILO sú að útleigustarfsemi bryti í bága við samþykkt ILO nr. 96 um vinnumiðlanir reknar í hagnaðarskyni. Þessi afstaða breyttist þó samhliða breytingum á vinnumarkaði þar sem aukin þörf virtist vera fyrir sveigjanleika og ný ráðningarform.

Í lok sjöunda áratugarins mótaðist kenningin um hið þríliða samband sem útleigustarfsemi felur í sér, þ.e. að starfsmannaleigan sé vinnuveitandi leigustarfsmannsins en leigi hann til notendafyrirtækis og framselji þar með hluta stjórnunarvaldsins til þess.

Dómar Evrópudómstólsins á tíunda áratugnum urðu til þess að mörg Evrópuríki endurskoðuðu löggjöf sína og heimiluðu útleigustarfsemi. Á tíunda áratugnum breyttist síðan afstaðan jafnframt á vettvangi ILO, samanber samþykkt ILO nr. 181/1997."

Útleigustarfsemi af því tagi sem við ræðum hér er leyfð í öllum ríkjum Evrópusambandsins og dómaframkvæmd á Evrópuvettvangi er með þeim hætti að ekki er hægt að ímynda sér að mögulegt væri fyrir okkur að banna slíkt hér. Raunar kemur fram í Evrópurétti réttur til þess að veita þjónustuviðskipti. Bann við slíku, hæstv. forseti, kemur því ekki til greina í mínum huga í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga okkar.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir o.fl. nefndu ábyrgð notendafyrirtækjanna á því að starfsmenn starfsmannaleigna fái greitt samkvæmt kjarasamningum. Það kann vel að vera í hugum einhverra. Sú afstaða hefur m.a. komið fram, eins og ég tiltók fyrr í dag, í máli sumra forsvarsmanna verkalýðshreyfingar, að í einhverjum tilvikum sé réttlætanlegt að notendafyrirtæki beri sameiginlega ábyrgð með starfsmannaleigunni á kröfum starfsmanna hennar um leiðréttingu á kjörum sínum. Eflaust má finna og tína til dæmi um slíkt. Mér finnst hins vegar nokkuð langt gengið ef þjónustukaupi þyrfti að standa frammi fyrir því um leið og hann gerir þjónustusamning við starfsmannaleigu að vera gerður sameiginlega ábyrgur fyrir skyldum þjónustuveitandans gagnvart starfsmönnum hans að því er starfskjör varðar og ábyrgðin þar með orðin kannski að einhverju leyti tvöföld af hans hálfu. Slíkar ábyrgðir hafa ekki tíðkast á innlendum vinnumarkaði og ég tel ekki ástæðu til að fara slíka leið þegar líkur eru á að aðrar vægari geti dugað til, leiðir sem samræmast betur því sem við eigum að venjast, þ.e. að hver vinnuveitandi beri ábyrgð gagnvart starfsfólki sínu. Skoðun mín er sú að þær leiðir sem lagðar eru til í frumvarpinu dugi vel til þess að tryggja að starfsmannaleigur komist ekki upp með að brjóta íslensk lög og kjarasamninga gagnvart starfsfólki sínu.

Við megum heldur ekki, hæstv. forseti, að mínu viti ganga út frá því sem vísu að allar starfsmannaleigur sem starfa hér á landi eða koma til með að starfa hér séu glæpafyrirtæki og reisa starfsemi þeirra svo háar girðingar að þeim sé ekki ætlað að starfa hér. Í sumum tilvikum getur starfsemi þeirra eflaust átt rétt á sér, en þegar sveigjanleiki í ráðningum er eins og hann er hér á landi eru tilvikin væntanlega tiltölulega fá þar sem þeirra þarf raunverulega við. Ég vil þó í þessu sambandi ítreka það sem ég sagði í framsöguræðu minni áðan að fyrirtækin í landinu bera hér vissulega samfélagslega ábyrgð. Þeim ber öllum að virða þær leikreglur sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og þeim ber ekkert síður að taka virkan þátt í því forvarnastarfi sem þarf til svo halda megi utan um vinnumarkaðskerfi okkar og þar með stuðla að því að leikreglur séu virtar. Þau gera það að sjálfsögðu ekki með því að eiga viðskipti við fyrirtæki sem vísvitandi brjóta lög og kjarasamninga. Það á ekkert okkar að líða.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi sömuleiðis niðurfellingu aðlögunartakmarkana. Varðandi það mál vil ég segja að ég hef falið sérstakri samráðsnefnd, sem er m.a. skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, að fjalla um hvað skynsamlegt sé að gera eftir 1. maí á næsta ári varðandi átta af tíu nýjum aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Aðilar eru sammála um að fara þurfi yfir þessa stöðu með yfirveguðum hætti og ég vænti þess að niðurstöður liggi fyrir fljótlega upp úr áramótum. Ljóst er að við verðum m.a. að líta til ákvarðana annarra ríkja, ekki síst nágrannalanda okkar. Það má geta þess að skiptar skoðanir hafa verið um þetta mál á meðal Evrópusamtaka aðila vinnumarkaðarins en vænta má niðurstöðu Evrópusamtaka launþegahreyfinga um þetta mál í desember. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur komið fram sú ósk að afstaða aðildarríkja EES til frekari aðlögunarreglna verði gerð skýr sem fyrst og það rekur sömuleiðis á eftir okkur í þessum efnum.

Í umfjöllun í vinnuhópi embættismanna á vegum Evrópusambandsins hefur komið í ljós að vinnumarkaðir aðildarríkja sem ekki takmörkuðu frjálst flæði launafólks frá átta af hinum tíu nýju ríkjum hafi ekki orðið fyrir skaðlegum áhrifum og breytingin hafi gengið yfir án mikilla vandkvæða. Aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvettvangi hafa þó lýst yfir nokkrum áhyggjum og kvarta raunar sumir yfir því að hafa ekki verið með í ráðum þegar ríkisstjórnir tóku ákvarðanir um framkvæmd mála. Hér verður hins vegar

lögð mikil áhersla á að aðilar vinnumarkaðarins og utanríkisráðuneytið komi að ákvörðunartöku um framhaldið rétt eins og gert var á sínum tíma, hæstv. forseti, þegar ákvörðun var tekin um að leggja til við Alþingi að við beittum þeim aðlögunartakmörkunum sem renna sitt skeið 1. maí á næsta ári.

Þær takmarkanir sem við gripum til fólust í því að íslensk fyrirtæki sem þyrftu á erlendu vinnuafli að halda til að sinna hefðbundinni launavinnu, sem ekki tækist að manna með innlendum starfskrafti, þyrftu áfram að sækja um atvinnuleyfi líkt og gildir um ríkisborgara utan Evrópska efnahagssvæðisins, eða þriðju ríkisborgara eins og það er nefnt. Fyrst í stað gekk þetta vel og fyrirtækin héldu sig við hið þekkta form við að fá til sín erlendan starfskraft, stjórnvöld höfðu góðar upplýsingar um fjölda og kjör þeirra sem hingað komu, en undanfarið hefur í auknum mæli borið á því að íslensk fyrirtæki væru að fá til sín starfsmenn með svonefndum þjónustusamningum, m.a. í gegnum erlendar starfsmannaleigur, sem er umfjöllunarefni hér.

Rök atvinnulífsins fyrir að færa ráðningar á erlendu vinnuafli undir hatt þjónustusamninga á meðan á aðgangstakmörkunum stendur hafa fyrst og fremst verið þau að of tímafrekt sé að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi með þeim hætti sem lög okkar gera ráð fyrir. Við því hef ég brugðist og í samráði við dómsmálaráðherra breytt verklagi við útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa svo nú tekur einungis um tvær vikur að fá afgreitt slíkt atvinnuleyfi fyrir vinnuafl frá nýjum aðildarlöndum Evrópska efnahagssvæðisins. Þær breytingar hafa þegar haft þau áhrif að dregið hefur úr aðsókn fyrirtækjanna í þjónustu starfsmannaleigna eftir því sem þeir segja sem best til þekkja.

Ég vil ítreka að frumvarpið sem við ræðum hér breytir að sjálfsögðu engu um það að íslenskir kjarasamningar gilda áfram um kaup og kjör starfsmanna starfsmannaleigna sem veita þjónustu sína hér á landi. Það er alveg skýrt. Þá er bæði átt við innlendar og erlendar starfsmannaleigur. Þær bera einnig skyldur samkvæmt öðrum lögum og kemur skattalöggjöfin þar fyrst upp í hugann. Frumvarp þetta breytir þar engu um, heldur er einungis ætlað að undirstrika þær staðreyndir.

Vonir mínar, eins og fram hefur komið, standa til að frumvarp þetta verði ekki til þess að breytingar verði á skipulagi vinnumarkaðskerfisins. Það er nú eins og áður hlutverk aðila vinnumarkaðarins að útkljá mál sín sjálfir án atbeina ríkisvaldsins. Mál sem kunna að rísa í tengslum við kjarasamninga. Þannig vil ég sjá það áfram enda þótt Vinnumálastofnun sé falið ákveðið eftirlitshlutverk með efni þessara laga. Í því samhengi minni ég enn og aftur á þau lög sem samþykkt voru á sama tíma í fyrra þar sem samningi aðila vinnumarkaðarins um útlendinga á innlendum vinnumarkaði var gefið almennt gildi. Þar komu aðilarnir sér saman um farveg fyrir ágreining sem kann að rísa vegna starfskjara erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði. Sá samningur er virkur og hafa mál komið til kasta nefndarinnar er starfar á grundvelli hans nú þegar.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég nefna að það hefur þótt til fyrirmyndar hvernig íslenski vinnumarkaðurinn er skipulagður þar sem ákveðinn sveigjanleiki hefur verið ráðandi. Framkvæmd kjarasamninga er á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins og ágreiningsefni eru leyst með samningum síður en á grundvelli fyrirmæla í lögum eða reglugerðum. Því fyrirkomulagi tel ég mikilvægt að verði haldið. Ég tel farsælast að jafnan sé það þrautreynt af hálfu samningsaðila á vinnumarkaði að ná samkomulagi áður en skipulagsmál eða ágreiningur á vinnumarkaði er leystur með lagasetningu á Alþingi. En til þess að fyrirkomulagið reynist vel verður að höfða til samfélagslegrar ábyrgðar þeirra sem um þessi mál fjalla eins og ég hef ítrekað sagt.

[18:16]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þar sem hann tók nokkuð á þeim álitaefnum sem hér hafa komið upp. Ég fagna því sem hæstv. ráðherra nefndi hér að samráðsnefnd fulltrúa aðila vinnumarkaðarins muni fara yfir stöðuna þegar aðlögunartímanum lýkur varðandi þau átta af tíu nýjum aðildarríkjum ESB sem nú eru háð kröfu um atvinnuleyfi og það falli úr gildi 1. maí nk. Hæstv. ráðherra leggur áherslu á að lagt verði mat á það hvaða áhrif þessi opnun hafi á vinnumarkaðinn og ég tel mikilvægt að félagsmálanefnd fái að fylgjast með því vegna þess að ráðherrann nefndi að þetta mundi liggja fyrir fljótlega eftir áramótin.

Ég er ekki sammála hæstv. ráðherra að ekki þurfi að taka á vinnuveitendaábyrgðinni með skýrari hætti en gert er í frumvarpinu, þ.e. hvort ekki þurfi að skoða sameiginlega bæði ábyrgð notendafyrirtækisins og starfsmannaleigunnar. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað á að gera ef í ljós kemur að notendafyrirtæki taki þátt í því að hagnast á því að erlent starfsfólk sé misnotað? Það er ekkert sem tekur á þessu ákvæði í frumvarpinu og þeim mun mikilvægara er að skýra og styrkja upplýsingaskyldu til að mynda til stéttarfélaganna varðandi kjör erlenda vinnuaflsins og að trúnaðarmenn geti sannreynt upplýsingar um launagreiðslur. Það er ekkert sem kveður skýrt á um það í þessu frumvarpi og ég spyr hæstv. ráðherra um það.

Loks vil ég líka spyrja hvort hæstv. ráðherra telji ekki að liggja þurfi skýrar fyrir hvernig hægt sé að ganga úr skugga um hvort erlendar starfsmannaleigur og forsvarsmenn þeirra uppfylli ákveðnar skyldur um ábyrgð og skyldur sínum við opinbera aðila eins og skattskyldu sem við nefndum (Forseti hringir.) áðan.

[18:18]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst svara hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvað varðar lokaorð hennar, hvort ábyrgð fyrirtækjanna þurfi ekki að liggja skýrar fyrir út frá skattskyldu og slíku, þá tel ég, eins og kom fram í máli mínu fyrr í dag, að skyldur fyrirtækjanna í þeim efnum liggi alveg skýrt fyrir. Heimildir stjórnvalda liggja sömuleiðis skýrt fyrir.

Skattyfirvöld hafa verið að ganga harðar fram í þeim efnum en kannski í fyrstu, eins og ég hef sömuleiðis sagt hér í dag. Ég tel að þarna skorti ekki heimildir og þeim verði einfaldlega að beita og þá í ýtrasta skilningi.

Hv. þingmaður dregur í efa að rétt sé að fría notendafyrirtæki ábyrgð. Ég vil taka fram, hæstv. forseti, eins og ég hef gert hér í dag, að ég tel ekki að notendafyrirtækin beri ekki ábyrgð í þessu sambandi. Ég tel að þau beri samfélagslega ábyrgð. Ég hef ítrekað sagt það og hef höfðað til ís-

lenskra fyrirtækja í þeim efnum vegna þess að ég tel og hef sannfæringu fyrir því, hæstv. forseti, að fyrirtækin sem brjóta gegn íslenskum lögum og íslenskum kjarasamningum í þessum efnum séu fá en þau sverta hins vegar þennan markað. Þau sverta orðspor íslensks atvinnulífs og stjórnendur þeirra bera vissulega samfélagslega ábyrgð. En að setja í lög tvöfalda ábyrgð á þessi fyrirtæki gagnvart þeim sem þeir kaupa þjónustuna af er að mínu viti fulllangt gengið.

[18:20]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra segir að þau fyrirtæki sem brjóta á starfsmönnum séu fá. Það nægir auðvitað til þess ef einhver fyrirtæki brjóta á starfsmönnum að þá sé eitthvert ákvæði um notendaábyrgð. Ekki er þar með sagt að verið sé að tala um öll fyrirtæki, en ef einhver fyrirtæki eru uppvís að slíku verða einhver úrræði að vera til staðar í þessari löggjöf varðandi þá ábyrgð sem notendafyrirtækin bera og þar erum við greinilega ósammála. Ég býst við að við í hv. félagsmálanefnd þurfum að fara mjög vel yfir vinnuveitendaábyrgðina og gera breytingar ef við teljum slíkt nauðsynlegt.

Ég vil þá spyrja, af því að hæstv. ráðherra svaraði þessu ekki, að þar sem hann telur alveg skýrt að starfsmannaleigurnar eigi að bera slíka vinnuveitendaábyrgð, hvort hann telji þá ekki þeim mun nauðsynlegra úr því að það eru starfsmannaleigurnar að þá liggi fyrir að upplýsingaskylda, t.d. til stéttarfélaga, sé skýrari, bæði frá notendafyrirtækjunum og starfsmannaleigunum, um kjör þessa erlenda vinnuafls til þess að hægt sé að fylgjast með því að lögin séu uppfyllt og, eins og ég nefndi áðan, að trúnaðarmenn geti sannreynt upplýsingar um launagreiðslur. Mér finnst þetta óskýrt og við munum örugglega fara yfir þetta í hv. félagsmálanefnd. En ég vil heyra skoðun ráðherra á því hér í lokin hvort hann telji nógu skýrt tekið á upplýsingaskyldunni.

[18:22]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að með þessu frumvarpi sé alveg skýrt kveðið á um með hvaða hætti ætlað er að eftirlit með þessum málum verði og það verði í höndum Vinnumálastofnunar. Það breytir hins vegar ekki hinu, eins og ég hef margítrekað og lagt áherslu á í máli mínu í dag, að um þessi samskipti eins og önnur gilda íslensk lög og kjarasamningar. Ég hef sömuleiðis marglýst ánægju minni og raunar aðdáun á íslenskri verkalýðshreyfingu hvað þessi mál varðar, hvernig hún hefur gengið fram, hvernig hún hefur raunverulega viðhaldið þeirri reglu sem er á íslenskum vinnumarkaði og varðar eftirlit með því að íslensk lög og kjarasamningar séu uppfylltir. Ég vonast sannarlega til, hæstv. forseti, að íslensk verkalýðshreyfing haldi þeim upptekna hætti, enda hefur það eins og fram hefur komið í dag skipt sköpum varðandi þessa umræðu, framgang hennar og það að við ræðum í dag í sölum Alþingis frumvarp til laga um starfsmannaleigur. Þar á verkalýðshreyfingin auðvitað mjög ríkan hlut að máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Faggilding o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 403.

[18:24]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um faggildingu o.fl. á þskj. 403 sem er 361. mál þingsins.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði sérstök lög um faggildingu, en nú eru ákvæði um faggildingu í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992.

Frá því að ákvæði um faggildingu voru fyrst sett í íslensk lög hefur orðið mikil þróun í löggjöf hérlendis og á sviði Evrópuréttar. Stjórnvöld jafnt sem viðskiptalífið nota faggildingu í sífellt meira mæli sem aðferð til að veita formlega viðurkenningu á hæfni aðila til að framkvæma verkefni sem lög, reglur eða innri gæðakerfi mæla fyrir um.

Að undanförnu hafa kröfur verið að aukast á alþjóðavettvangi, og ekki síst hjá Evrópusamtökum faggildingaraðila, um að tryggja verði að faggildingarstofur njóti óyggjandi trausts sem óháðir matsaðilar á hæfi þeirra sem sækja um faggildingu til hinna ýmsu verkefna. Á vettvangi faggildingarstofa í Evrópu hefur á undanförnum árum einnig verið mælst til þess að í hverju ríki sé aðeins einn aðili sem hafi með höndum slíka starfsemi en í nokkrum ríkjum í Evrópu hafa fleiri en einn aðili verið viðurkenndir til að starfa að faggildingu í hlutaðeigandi Evrópuríki.

Frá árinu 1992 hefur faggilding verið í höndum Löggildingarstofu og nú Neytendastofu. Neytendastofa notar faggildar stofur til að sinna tæknilegu eftirliti í sínu umboði á sviði rafmagnsöryggis, markaðseftirlits og lögmælifræði auk þess að reka kvörðunarþjónustu.

Af framangreindum ástæðum þykir því nauðsynlegt að faggilding verði stjórnunarlega og fjárhagslega skýrt aðgreind frá starfsemi Neytendastofu eða annarra eftirlitsstjórnvalda þar sem hætta kann að vera á hagsmunaárekstrum. Þannig sé tryggt að faggilding sé framkvæmd af óháðum þriðja aðila sem stundi ekki starfsemi sem hann faggildir aðra til að starfrækja.

Í frumvarpinu er lagt til að Einkaleyfastofu verði falið að annast faggildingu samkvæmt lögunum. Heppilegast er talið að starfsemin sé felld að annarri starfsemi á vegum undirstofnunar ráðuneytisins fremur en að mynduð sé sérstök stofnun eins til tveggja starfsmanna. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafði umsjón með því hvernig þróun faggildingarsviðs verður, svo sem hvernig auðlindir og mannafli vegna starfseminnar verði tryggður og hvaða þjónustu Einkaleyfastofa er skuldbundin til að inna af hendi gagnvart ráðuneytinu, atvinnulífinu og almannahagsmunum. Í gegnum árlegan undirbúning fjárlaga hverju sinni og með hliðsjón af innheimtum tekjum faggildingarsviðs samkvæmt gjaldskrá verður einnig skilgreint í samvinnu við ráðuneytið hve stór hluti skuli í framtíðinni koma ár hvert úr ríkissjóði. Með þessu er tryggt faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði faggildingarsviðs Einkaleyfastofu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að faggilding verði að nokkru leyti sjálfbær en þó er þess ekki vænst að sértekjur geti staðið undir meira en sem nemur helmingi af rekstrarkostnaði. Gert er ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði muni nema helmingi af rekstrarkostnaði miðað við núverandi

umfang starfseminnar. Stefnt er að því að framlög ríkissjóðs minnki á næstu fimm til sex árum í samræmi við áætlanir um að fjöldi viðskiptavina muni aukast bæði vegna þróunar á eftirlitsstarfsemi hins opinbera svo og vegna þess að kröfur í viðskiptalífinu um faggildingu eru sífellt að aukast.

Hæstv. forseti. Frumvarpið skiptist í fjóra meginkafla. Í I. kafla er fjallað um gildissvið og skilgreiningar, í II. kafla um faggildingu, framkvæmd faggildingar o.fl., III. kafli fjallar um tilkynnta aðila og samræmismat og í IV. kafla eru ýmis ákvæði, um þagnarskyldu, viðurlög og gildistöku. Að svo stöddu tel ég ekki ástæðu til að rekja efni einstakra greina frumvarpsins. Ég vil þó taka fram að við samningu þess hafði ráðuneytið m.a. samráð við fjármálaráðuneytið, Einkaleyfastofu, Neytendastofu og sendi ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur drög að frumvarpinu í samræmi við ákvæði laga þar að lútandi. Í bréfi ráðgjafarnefndarinnar, dags. 29. september sl., segir að ekki séu gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Eftirlitsnefndin leggur í erindi sínu áherslu á að við mat á kostnaði við framkvæmd laganna verði tekið fullt tillit til aukins mikilvægis faggildingarinnar og aukinna verkefna á því sviði.

Þá vil ég sérstaklega taka fram að við gerð frumvarpsins var höfð góð samvinna við fulltrúa úr atvinnulífinu, frá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[18:29]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna nú á að færa þessa starfsemi frá nýrri stofnun, Neytendastofu, sem nýbúið er að setja á stofn og yfir í Einkaleyfastofuna. Maður veltir því fyrir sér hvers vegna þetta fór til Neytendastofu vegna þess að hún er ný stofnun. Hvað varð til þess að þessu er síðan kippt út jafnharðan? Þetta vekur upp spurningar um hver vinnubrögðin voru í kringum það þegar Neytendastofa var sett á stofn.

[18:30]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi starfsemi hefur verið hjá Löggildingarstofu. Síðan breytist Löggildingarstofa í Neytendastofu og kröfurnar aukast um sjálfstæði þannig að það sé hægt að treysta því að ekki séu hagsmunatengsl á milli faggildingarstarfseminnar og annarrar starfsemi sem fram fer í viðkomandi stofnun. Þetta er gert að kröfu Evrópusambandsins og hefur ekkert með það að gera að nýlega var Löggildingarstofu breytt í Neytendastofu. Það er alveg óháð þessu máli.

[18:31]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langaði að spyrja út í starfsemi faggildingarsviðs sem er verið að setja á legg núna, og verður, ef frumvarpið verður að lögum, innan Einkaleyfastofu. Samkvæmt greinargerðinni mun þetta svið faggilda starfsemi af fjölbreyttu tagi, bifreiðaskoðun, lífræna ræktun og fiskeftirlit og einungis er um tvo starfsmenn að ræða sem eiga að löggilda alla þessa mismunandi starfsemi sem hefur síðan eftirlit með fjölmörgum aðilum í þjóðfélaginu.

Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra hvort einn til tveir starfsmenn dygðu í svo víðtæka starfsemi? Það væri mjög áhugavert að fá það inn í umræðuna hvort fram hefði farið mat á því. Fljótt á litið virðast þessum starfsmönnum falin viðamikil störf.

[18:32]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu hefur það verið metið og í rauninni er bara einn starfsmaður í dag. Við reiknum því með að starfsemin fari vaxandi á næstu árum. Í umsókn frá fjármálaráðuneytinu sést mjög nákvæmlega hvernig áætlað er að þetta muni þróast á næstu árum. Við gerum vissulega ráð fyrir að þarna verði aukin starfsemi. Ef þetta þróast á einhvern annan veg er alltaf tækifæri til að bregðast við því með fjárlögum. En við reiknum líka með að tekjurnar aukist eins og þarna kemur fram. Ég held því að þetta sé allt saman þokkalega ígrundað.

[18:33]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er ekki hissa á því að hæstv. ráðherra hafi veigrað sér við að rekja frekar en hún gerði í framsögu sinni efni frumvarpsins. Stundum hafa komið inn á borð til okkar frumvörp sem eru gjörsamlega óskiljanleg. Þetta frumvarp er eitt af þeim sem ég held, með tilliti til þess sem ræða á hér á eftir, að íslensk málnefnd ætti að taka sérstaklega fyrir. Það hlýtur að vera skilyrði fyrir góðum lögum að þeir sem eftir þeim eiga að vinna og þeir sem lögin ná til, sem verða býsna margir aðilar miðað við það frumvarp sem hér er til umfjöllunar og þróunina eins og hún hefur orðið og má ætla að hún verði á næstu árum, skilji það. Æ fleiri aðilar þurfa að vinna eða a.m.k. sækja rétt sinn eftir þessu frumvarpi ef það verður að lögum.

Mig langar aðeins að grípa niður í frumvarpið, t.d. í 2. gr. þar sem talað er um skilgreiningar. Það hlýtur að vera tilgangurinn að skilgreina orðin til þess að auka skilning hv. þingmanna, hæstv. ráðherra og ég tala nú ekki um þeirra sem eiga að vinna eftir frumvarpinu, ef það verður að lögum. Þetta eru tiltölulega einföld orð, orð sem ég hefði haldið að væru til í íslensku máli og ekki þyrfti að flækja á nokkurn hátt. Í 2. gr. segir, með leyfi forseta, að prófun merki:

„... ákvörðun eins eða fleiri eiginleika viðfangs samræmismats samkvæmt verklagsreglu.

Skoðun merkir athugun á hönnun vöru, vöru, ferli eða uppsetningu búnaðar og ákvörðun á samræmi þess við tilgreindar kröfur, eða almennar kröfur, og skal þá byggt á faglegum úrskurði.

Tilnefning merkir heimild stjórnvalds til samræmismatsaðila til að stunda tiltekna samræmismatsstarfsemi.

Tilnefndur aðili merkir aðila sem stjórnvald hefur heim-

ilað að stunda tiltekna samræmismatsstarfsemi.

Tilkynntur aðili merkir aðila sem stjórnvöld hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins að uppfylli viðeigandi kröfur til þess að framkvæma samræmismat og stunda samræmismatsstarfsemi samkvæmt tiltekinni tæknilegri reglugerð.

Góðar starfsvenjur við rannsóknir merkir gæðakerfi sem varðar skipulagsferlið og skilyrðin fyrir áætlun, framkvæmd, eftirlit, skráningu, gagnageymslu og skýrslugjöf að því er varðar heilbrigðis- og umhverfisöryggisrannsóknir sem eru ekki klínískar."

Faggilding í 4. gr.:

„*Faggildingarsvið veitir faggildingu fyrir skoðunarstofur*, prófunarstofur, kvörðunarstofur og vottunarstofur og annast mat á tilnefndum aðilum, þ.e. hæfni þeirra og hæfi til að starfa samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda á því sviði sem starfsemi hins tilnefnda aðila tekur til. Faggildingarsvið annast einnig mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir og önnur verkefni sem kveðið er á um í lögum þessum."

Síðan kemur í 8. gr. gjaldskráin fyrir hina flóknu þjónustu sem á að fara að veita. Þar segir, með leyfi forseta:

„1. Umsóknar- og skráningargjald. Umsóknar- og skráningargjald er gjald fyrir upplýsingar fyrir umsókn, móttöku, skráningu, yfirferð umsóknar og fylgiskjala og stutta álitsgerð um niðurstöður fyrstu yfirferðar, svo og undirbúningsheimsókn til umsækjanda þegar það á við.

2. *Faggildingargjald. Faggildingargjald er gjald fyrir* mat á tilnefndum aðilum sem í er fólgið val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi umsækjanda, skýrslugerð, ákvörðun um faggildingu eða niðurstöðu mats og stjórn faggildingar eða mats á tilnefndum aðila.

3. Eftirlitsgjald. Eftirlitsgjald er gjald fyrir umsýslu við eftirlit með faggildum eða tilnefndum aðila, val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi, skýrslugerð, ákvörðun eða álitsgerð um niðurstöður og stjórn eftirlitsins."

Í fjórða lagi á að taka gjald fyrir mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir.

Tilkynntur aðili í 9. gr.:

„Faggildingarsvið annast mat á hæfni og hæfi þess sem *vill öðlast réttindi til þess að framkvæma samræmismat* sem skylt er að framkvæma á vöru, ferli eða þjónustu í samræmi við lög og reglur sem innleiða nýaðferðartilskipanir í íslenskan rétt og gilda um hlutaðeigandi vöru, þjónustu eða ferli."

Virðulegi forseti. Það er algjörlega með ólíkindum að hægt sé að setja fram á Alþingi lagafrumvarp sem virðist vera nánast bein þýðing og nýyrðasmíð og gera mál sem er í sjálfu sér ekkert mjög flókið þannig úr garði að það verði okkur nánast óskiljanlegt.

Ég lagði töluverða vinnu í að lesa mig í gegnum frumvarpið og greinargerðina. Vinnan á þessu er á þann veg að ég tel að nefndin sem fær það til umfjöllunar þurfi í fyrsta lagi að koma því yfir á skiljanlegt íslenskt mál og gera það þannig úr garði að allir þeir aðilar sem málið snertir geti unnið eftir því og sótt rétt sinn eftir því. Það er ekki síður þörf á því að menn geti sótt rétt sinn eftir að slík tilskipun verður leidd í lög á Íslandi — sem ég reikna með að þingflokkar stjórnarliða hafi þegar fjallað um því það er dálítið langt síðan fyrstu ákvæðin um faggildingu voru sett í íslensk lög og töluverð þróun hefur orðið í löggjöf hérlendis á sviði Evrópuréttar síðan. Stjórnvöld jafnt sem viðskiptalífið hafa notað faggildinguna. Það er að færast í vöxt. Það er nauðsynlegt fyrir okkur, ekki síst með tilliti til þess þegar við sækjum fram með vöru okkar á markað erlendis, að þarna séu samræmdar reglur, vel skiljanlegar og sem menn geta auðveldlega leitað til. Sú er ekki raunin með þetta frumvarp, virðulegi forseti. Ég furða mig á því að þessu frumvarpi skuli vera hleypt í gegnum yfirlestur á Alþingi, lestur sem hlýtur að eiga sér stað á frumvörpum eins og þessum, inn í þingsal til umfjöllunar. Þetta virkar á mann eins og verið sé að gera einfalda hluti mjög flókna.

Ég er með spurningar til hæstv. ráðherra hvað varðar sjálfstæði faggildingarstofu og þá stefnu að það beri að tryggja sjálfstæði hennar. Faggildingarstofa á samt sem áður að vera á ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort svo sé t.d. annars staðar á Norðurlöndunum. Ég veit að það er aðeins annað fyrirkomulag í Danmörku en spyr hvernig fyrirkomulagið er annars staðar á Norðurlöndunum. Ég vil líka spyrja um faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði, sem á að vera tryggt fyrir faggildingarstofu, þegar u.þ.b. helmingur af fjárveitingum til hennar á að koma frá íslenska ríkinu þar til öll gjaldtakan sem ég fór yfir áðan er farin að skila sér og starfsemin að standa undir sér. *Þangað til er gert ráð fyrir því*, verði *frumvarpið* óbreytt að lögum, að 25,6 millj. kr. verði veittar til faggildingarstofu á árunum 2006–2010. Eftir þann tíma er áætlað að þessi litla stofnun, sem er með einn mann í starfi að ég held núna, og verður tveggja manna stofnun, eigi að standa undir sér. Það kemur m.a. fram einhvers staðar í greinargerð með þessu sérkennilega frumvarpi að nauðsynlegt sé að hafa tvo starfsmenn en frá 1992 hafi einn maður verið að störfum, haustið 1998 hafi annar starfsmaður verið ráðinn en þá hafi sá sem fyrir var horfið frá störfum. Þá var bara einn eftir og kemur fram í greinargerðinni að nauðsynlegt sé að ráða annan (Gripið fram í.) þar sem ekki væri talið nógu gott að hafa einn starfsmann. Til að tryggja stöðugleika í starfseminni og trúverðugleika á faggildingarsviði þurfi að starfa þar a.m.k. tveir starfsmenn. Þá er gert ráð *fyrir að helmingurinn af rekstrarkostnaðinum* sem reiknað er með — núna komi úr ríkissjóði um 4,1 millj. kr., ekki kemur fram hverjar sértekjur stofnunarinnar eru í dag en reiknað er með því að þær aukist. Sérstaklega held ég að það verði fróðlegt að sjá hverju gjald fyrir mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir eigi eftir að skila þessari stofnun. Ég held að það hljóti að verða mjög fróðlegt fyrir okkur að fylgjast með því hvernig þeir tveir einstaklingar sem starfa eiga á faggildingarstofu taka að sér að skoða og meta sérstaklega góðar starfsvenjur við rannsóknir og taka fyrir það gjald.

Þetta er afar sérkennilegt frumvarp svo ekki sé meira sagt. Fyrst og fremst vegna orðalagsins og nýyrðasmíðar sem einhver hefur tekið að sér við samningu þess. Ég beini því til nefndarinnar að leggja fyrst vinnu í að breyta einstökum greinum, setja frumvarpið yfir á íslenskt mál áður

en farið verður að skoða verksvið stofnunarinnar. Eins og þetta er, hér eru setningar upp á nálægt hálfa síðu, er þetta illskiljanlegt og útilokað fyrir þá sem eiga að starfa eftir frumvarpinu í framtíðinni að gera það.

[18:45]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þingmaður hefur skemmt sér yfir þessum texta, en við þurfum nú að hafa í huga að þetta er nýyrðasmíð, eins og kom reyndar fram hjá henni, og um er að ræða þýðingar frá staðlaráði og þýðingardeild utanríkisráðuneytisins. Þegar um er að ræða nýyrði í íslensku máli getur vel verið að þetta komi spánskt fyrir sjónir við fyrstu sýn en engu að síður held ég að vandað hafi verið til verksins. Þarna er um hugtök að ræða sem eru kannski fyrst og fremst þekkt á enskri tungu og þeir sem starfa við þetta eflaust almennt séð færir á enska tungu og ef þeir skilja það betur á þann veg er ekkert nema gott um það að segja. En ég er ekkert að tala gegn því að það verði skoðað í hv. nefnd hvort þarna er hægt að bæta úr.

Hvað varðar hin Norðurlöndin þá eru hlutirnir, eins og hv. þingmaður sagði, með öðrum hætti í Danmörku. Þar er um sjálfseignarstofnun að ræða. Í Noregi hafa stjórnvöld skilið þessa starfsemi frá eins og við erum að gera hér. Í Svíþjóð eru hlutirnir ekki eins langt komnir hvað það varðar en eflaust þurfa þeir að ganga sama veg því að um er að ræða kröfur um algjört sjálfstæði hvað varðar þessa faggildingu.

Hins vegar, eins og ég sagði hér áðan, verður að sjálfsögðu að fylgjast með þróuninni og ef málin þróast í einhverja allt aðra átt en lagt er upp með í þessu frumvarpi hlýtur að gefast tækifæri til að bregðast við því.

[18:47]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki dreg ég í efa að þeir sem eiga að vinna eftir þessu frumvarpi, verði það að lögum, séu vel mæltir á enska tungu og geti skoðað tilskipunina á ensku og farið yfir hana. Engu að síður ber okkur skylda til þess að setja þetta inn í íslenskan lagatexta og hann verður þá að vera þannig að hann sé aðgengilegur og skiljanlegur. Hingað til hefur ekki þurft að tiltaka sérstaklega hvað er tilnefning, tilnefndur aðili eða tilkynntur aðili, það hefur legið fyrir. En hér koma algjörlega nýjar skilgreiningar á orðum sem við höfum haft í íslensku máli og þekkjum ágætlega.

Mér finnst að við eigum að gera þær kröfur hér á hv. Alþingi að sá texti sem frá okkur fer sé skiljanlegur, að þeir sem eiga að vinna eftir þeim lagatexta þegar hann hefur verið samþykktur geti það, að hann sé öllum aðgengilegur og skiljanlegur. Það er þessi texti ekki.

Ég fagna því hins vegar að það verður skoðað hvað hin Norðurlöndin eru að gera á þessu sviði, ég hef aðeins verið að kíkja á það sjálf. Ég held að sú leið sem Danir fóru sé mjög skynsamleg en kannski rétt að bíða með að stíga þau skref sem þeir hafa stigið nú þegar. En ég sé ekki að faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði faggildingarsviðs Einkaleyfastofu sé tryggt með ríkisframlagi. Hingað til hafa framlög ríkisins á fjárlögum ekki verið nein trygging fyrir faglegu og fjárhagslegu sjálfstæði. Það hefur ekki verið þannig.

[18:49]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það hljóti nú að vera augljóst að við stofnum ekki til sjálfseignarstofnunar fyrir einn eða tvo menn. Með því að gera þetta með þessum hætti, að fela Einkaleyfastofu að annast faggildingu, erum við að hugsa um ákveðið hagræði sem af því hlýst frekar en að setja á fót nýja stofnun, jafnvel sjálfseignarstofnun eins og hv. þingmaður stingur upp á, þar sem starfa tveir einstaklingar og jafnvel ekki nema einn. Það náttúrlega gengur ekki.

Ég held að sjálfstæði sé tryggt með þessum hætti og þetta hefur verið borið undir aðila sem fjalla um þessa hluti hjá Evrópusambandinu og ég skil það þannig að þetta sé samþykkt. En ef hv. þingmaður hefur betri tillögur má alltaf skoða slíkt.

[18:50]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. ráherra hvort það hafi verið skoðað að gera þjónustusamning við sjálfstæða aðila um að veita þessa þjónustu. Ekki kemur fram í frumvarpinu eða greinargerðinni að það hafi sérstaklega verið skoðað. Vissulega er um tvo einstaklinga að ræða sem eiga að starfa að þessu verkefni. En hefði þá verið hægt að leysa það með því að gera þjónustusamning við einkaaðila?

[18:51]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég get vel tekið undir að þetta frumvarp sé mikil hrákasmíð, þessi orð og þessar skilgreiningar. Því miður er það ekki einstakt að slík frumvörp komi frá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þess er skemmst að minnast að ekki er langt síðan mælt var fyrir öðru frumvarpi, sem í raun er búið að mæla fyrir tvisvar, þar sem sömu orðaleppar nir og skringilegheitin komu inn aftur og aftur. Það er kominn tími til þess, hæstv. ráðherra, að þessu verði breytt.

Við vorum að ræða hér um vatnalögin og þá var mannvirki skilgreint með þeim hætti að það væru einhverjar manngerðar tilfæringar, það voru mannvirki í því frumvarpi. Í þessu frumvarpi er prófun ákvörðun eins eða fleiri eiginleika viðfangs samræmismats samkvæmt verklagsreglu. Þetta er algjörlega óskiljanlegt og það er löngu orðið tímabært að taka á þessu.

Sú hrákasmíð sem er hér á blaði, og nefnist frumvarp til laga, leiðir hugann að öðru: Hvers vegna er hlutunum komið fyrir á þennan hátt í ráðuneytinu? Við fengum þau svör frá ráðherranum að löggildingarsviðið, sem á að fara inn í Einkaleyfastofuna nú, hafi lent inni á Neytendastofu og að allt hafi þetta verið gert á hraðferð. Það var undir því yfirskyni að það ætti að bæta eitthvað aðstöðu almennings. Samkeppniseftirlit var sett á fót og þessi Neytendastofa. Það virtist nú ekki takast betur en svo að við stöndum hér í þeim sporum að taka út úr því sem var hent inn á Neytendastofu fyrir nokkrum mánuðum.

Það leiðir hugann að því hve mikið mönnum lá á að brjóta Samkeppnisstofnun upp og helst að losna við for-

stjórann sem þar starfaði. Þá voru hin og þessi verkefni tínd út og stofnuninni skipt upp, í Neytendastofu og Samkeppniseftirlit. Síðan þarf að laga allt núna. Og lagfæringin er ekki betri en svo að við höfum hér frumvarp sem er mjög skringilegt. Þó að ég sé vanur að lesa í gegnum texta sem fjalla um eftirlit og opinbera stjórnsýslu á ég erfitt með að skilja margt af því sem þar stendur. Ég held að það verði mjög þungt í vöfum fyrir þá sem þurfa að starfa eftir þessum lögum að skilja hvað t.d. prófun er. Prófun merkir ákvörðun eins eða fleiri eiginleika viðfangs samræmismats samkvæmt verklagsreglu. Ég held að það verði erfitt að skilja þetta fyrir þann sem á að fara eftir þessum lögum og vinna eftir þeim.

Ég legg til að hæstv. ráðherra dragi þetta frumvarp einfaldlega til baka og komi með nýtt. Það er greinilegt að í öllum flýtinum sem fylgdi því þegar verið var að brjóta Samkeppnisstofnun upp lenti eitt og annað inni hjá Neytendastofu sem ekki á þar heima og búið er að setja yfirfrakka á Samkeppniseftirlitið, sérstök stjórn sem horfir yfir öxlina á forstjóranum. Síðan þarf að lagfæra þetta.

Í andsvörum nefndi hæstv. ráðherra að þessi einn eða tveir starfsmenn ættu að fylgjast með fjöldanum öllum af eftirlitsaðilum sem eiga að hafa eftirlit með mismunandi starfsemi í þjóðfélaginu. Til dæmis eiga þeir að votta að þeir sem starfa hjá aðalskoðun bifreiða geri það samkvæmt öruggri verklagsreglu. Þeir eiga einnig að faggilda umhverfisvottun. Það er mjög vítt starfssvið sem þessi einn til tveir eiga að fylgja eftir. Ég tel þetta mjög vafasamt vegna þess að það er ákveðin tilhneiging núna í lögum að færa meira og meira af eftirliti í einhverja faggildingu.

Í síðustu viku fjölluðum við um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá kom inn einhver breyting og ég fékk aldrei fullnægjandi skýringu á því hjá hæstv. umhverfisráðherra hvers vegna verið væri að setja hana inn í lögin. Þá kom það upp úr dúrnum að það væri til að samræma eitthvað í sambandi við róluvelli, það var helsta skýringin. En ég tel að það sé mögulega önnur skýring á þessu. Það er verið að færa ákveðið eftirlit í hendurnar á faggiltum aðilum og það er í sjálfu sér allt í lagi. Það kemur fram í greinargerðinni að faggilding sé formleg viðurkenning til þess að geta sinnt trúnaðarstörfum á sviði opinbers eftirlits. Í sjálfu sér er það allt í lagi ef menn ganga að því vísu hvað það þýðir.

Þýðir það t.d. að um leið og eitthvert eftirlit er fært frá hinu opinbera og inn í einhverja faggilta stofu, eftirlitsstofu, að almenningur eigi þá ekki rétt á að sjá ákveðin gögn. Þetta skiptir verulega miklu máli, sérstaklega ef litið er til ýmissa mála á sviði réttar um neytendur. Eiga neytendur rétt á því að fá að sjá gögn sem varða öryggi matvæla? Þessari spurningu þurfum við að velta fyrir okkur.

Ég tel að þegar eftirlitið er fært í meira mæli inn í þessar skoðunarstofur, sem hafa þá vottun, sé verið að hefta aðgang almennings að ákveðnum gögnum. Það eiga menn að ræða með opnari hætti en nú er gert. Í því sambandi má spyrja hvort almenningur eigi rétt á að skoða þau gögn, eftirlitsskýrslur, sem skoðunarstofur skoða hjá fiskvinnslum? Ég efast um að svo sé. Hins vegar á almenningur ríkan rétt á að fá gögn sem snúa t.d. að heilbrigðiseftirliti. Sá er munurinn. Þegar verið er að færa eftirlitið inn í löggiltar skoðunarstofur verður að vera ljóst hvort verið er að hefta aðgang almennings að viðkomandi gögnum.

Menn verða líka að hafa í huga að þegar þetta eftirlit er komið í hendurnar á einkareknum skoðunarstofum þá þurfa þvingunarúrræði eftir sem áður að vera í höndum opinberra aðila. Menn verða að hugsa betur fyrir því hvernig ná á böndum utan um það.

En eins og áður segir hvað varðar allar þær skilgreiningar sem koma fram í 2. gr., þá hlýtur að vera hægt að gera þetta betur, frú forseti. Það er alveg með ólíkindum að bjóða upp á þetta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 11. mál.

Fundi slitið kl. 19:01.

---

32. FUNDUR

þriðjudaginn 29. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Starfsmannaleigur, stjfrv., 366. mál, þskj. 420. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Faggilding o.fl., stjfrv., 361. mál, þskj. 403. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjáraukalög 2005, stjfrv., 144. mál, þskj. 367, frhnál. 439, 443 og 444, brtt. 440 og 445. — 3. umr.
4. Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, stjfrv., 328. mál, þskj. 360. — 1. umr.
5. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 329. mál, þskj. 361. — 1. umr.
6. Almenn hegningarlög, stjfrv., 365. mál, þskj. 419. — 1. umr.
7. Ársreikningar, stjfrv., 362. mál, þskj. 413. — 1. umr.
8. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 363. mál, þskj. 414. — 1. umr.
9. Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, stjfrv., 371. mál, þskj. 427. — 1. umr.
10. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 364. mál, þskj. 418. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
11. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 381. mál, þskj. 438. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
12. Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, stjfrv., 331. mál, þskj. 363. — 1. umr.
13. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 353. mál, þskj. 387. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.

[13:32]

Útbýting:
Fjáraukalög 2005, 144. mál, frhnál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 443; frhnál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 444; brtt. JBjarn o.fl., þskj. 445.

Saksókn og ákæruvald í skattamálum, 126. mál, svar fjmrh., þskj. 448.

Skatteftirlit með stórfyrirtækjum, 127. mál, svar fjmrh., þskj. 449.

Skattlagning söluhagnaðar af hlutabréfum og vaxta til erlendra aðila, 124. mál, svar fjmrh., þskj. 446.

Upplýsingaskylda í ársreikningum, 125. mál, svar fjmrh., þskj. 447.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins, 382. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 442.

Starfsmannaleigur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 366. mál. — Þskj. 420.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Faggilding o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 403.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 10.–11. dagskrármáls og brtt. 445. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Fjáraukalög 2005, 3. umr.

Stjfrv., 144. mál. — Þskj. 367, frhnál. 439, 443 og 444, brtt. 440 og 445.

[13:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég geri grein fyrir tillögu meiri hluta fjárlaganefndar við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005 við 3. umr. um frumvarpið.

Nefndin fjallaði um málið eftir að 2. umr. lauk og hefur meiri hluti nefndarinnar lagt fram nokkrar tillögur til viðbótar því sem áður hefur komið fram og verið afgreitt á Alþingi. Samtals eru þessar tillögur til útgjaldaauka upp á 1.686 millj. kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Í fyrsta lagi er um að ræða menntamálaráðuneytið, þ.e. hækkun á fjárheimild upp á 4 millj. kr. til Snorraverkefnis, sem er samskiptaverkefni við Vestur-Íslendinga. Á fjárlögum ársins var 1 millj. kr. fjárheimild til þessa verkefnis.

Varðandi utanríkisráðuneytið er lagt til að fjárheimild verði aukin um 11,9 millj. kr. til mannúðarmála og neyðaraðstoðar en í fyrri tillögum var lagt til að þær fjárhæðir yrðu 18,1 millj. kr. Hér er gert ráð fyrir að þær verði alls 30 millj. kr. Það er vegna jarðskjálftanna í Pakistan.

Varðandi landbúnaðarráðuneytið er lagt til að fjárheimild verði aukin um 430 millj. kr. Þar er um að ræða leiðréttingu á fyrri tillögu sem samþykkt var eftir 2. umr. og tengist sölu Lánasjóðs landbúnaðarins og fjárframlagi til Lífeyrissjóðs bænda.

Varðandi dóms- og kirkjumálaráðuneytið er lagt til að fjárheimild hækki um 40 millj. kr. Það er til Landhelgisgæslunnar vegna viðhaldskostnaðar á skipi og þyrlu.

Til félagsmálaráðuneytis er gert ráð fyrir að fjárheimildir hækki um 60 millj. kr. Það tengist samkomulagi aðila á vinnumarkaði um áframhaldandi gildi kjarasamninga.

Varðandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið er lagt til að fjárheimildin aukist um alls 720 millj. kr. Það er vegna tekjutryggingar ellilífeyrisþega, að sú fjárhæð hækki um 456 millj. kr. og tekjutrygging örorkulífeyrisþega hækki um 264 millj. kr. Það tengist einnig samkomulagi aðila um kjarasamninga.

Varðandi fjármálaráðuneyti er lagt til að fjárheimild aukist um 500 millj. kr. Það er einnig í tengslum við samkomulag aðila um framhald á gildi kjarasamninga sem gert var nú á haustdögum.

Varðandi samgönguráðuneytið er lögð til leiðrétting á fjármögnun vegna vetrarþjónustu sem tillaga var samþykkt um við 2. umr. Sú leiðrétting hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að þessar tillögur verði samþykktar og vísa ég til þingskjala til nánari skýringa.

Að þessu áliti standa auk mín hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Bjarni Benediktsson, Birkir Jón Jónsson, Drífa Hjartardóttir og Guðmundur Hallvarðsson.

Að teknu tilliti til þeirra tillagna sem hér liggja fyrir og ég hef farið yfir mun tekjuafgangur á fjáraukalögum og fjárlögum ársins samtals verða um 91 milljarður kr. sem er nokkuð sem við höfum væntanlega ekki séð áður, hvort

sem um er að ræða hlutfall tekjuafgangs af fjárlögum, hlutfall af landsframleiðslu eða annað.

Virðulegi forseti. Ég hef í stuttu máli rennt yfir þessar tillögur og vísa til þingskjala til nánari skýringar.

[13:40]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hv. þingmann, vegna frétta sem bárust í hádeginu sem við í þingsölum höfum því miður kannski ekki fengið miklar upplýsingar um. Samkvæmt þeim fréttum virðist að einhverju leyti hafa verið skorið á þann hnút sem kom á starfsemi Byggðastofnunar. Nú á að hefja 3. umr. um fjáraukalög ársins 2004 en ekkert bólar á því að Byggðastofnunarvandinn sé tengdur því á nokkurn hátt. Því er óhjákvæmilegt að spyrja hv. þingmann hvort vandi Byggðastofnunar sé leystur án þess að það tengist á nokkurn hátt fjáraukalögum fyrir árið í ár. Frú forseti. Það verður fróðlegt að heyra svar hv. þingmanns við þessu.

Það er ekki síður athyglisvert að við í fjárlaganefnd höfum ekki frekar en fyrri daginn fengið þær upplýsingar, sem við höfum kvartað undan skorti á í æðimörg ár, þ.e. um stöðu stofnana. Annars vegar vantar upplýsingar um stöðu stofnana í lok september þegar fjáraukalagafrumvarpið eða fjárlagafrumvarpið er lagt fram. Síðan vantar áætlaða stöðu stofnana í lok ársins til að hægt sé að sinna þeirri vinnu sem gert er ráð fyrir að fjárlaganefnd skili.

Þessar upplýsingar hafa ekki borist nefndinni frekar en fyrri daginn. Það er nauðsynlegt að spyrja hv. þingmann hvort hann geri ráð fyrir því að rætast muni úr þeim upplýsingaskorti. Nú fer hver að verða síðastur þar sem 3. umr. fjárlaga hefst í næstu viku. Berist upplýsingarnar ekki fyrir þann tíma þá hlýtur minni hluti fjárlaganefndar að taka sér rétt til að óska eftir því að þeirri umræðu verði frestað þar til þær upplýsingar liggja fyrir. Við þessu er nauðsynlegt, frú forseti, að fá svör í upphafi þessarar umræðu.

[13:42]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi Byggðastofnun þá liggja ekki fyrir neinar tillögur um það mál. Ekkert hefur borist til fjárlaganefndar um það. Hins vegar veit ég að ríkisstjórnin fjallaði um málið á fundi í morgun. En ég get því miður ekki upplýst nánar um það.

Varðandi hitt atriðið sem hv. þingmaður spurði um, um stöðu stofnana, þá geri ég ráð fyrir að við getum dreift þeim upplýsingum á fundi fjárlaganefndar á morgun. Við höfum gengið mjög eftir því að fá þessar upplýsingar og ég vænti þess að þeim upplýsingum verði dreift til fjárlaganefndar á fundi á morgun.

[13:43]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að rétt reynist hjá hv. þingmanni að þessar upplýsingar liggi fyrir á fundi nefndarinnar á morgun. Ég fagna því ef svo verður því að það yrði þá í fyrsta skipti sem slíkt gerist áður en umræðu lýkur. Auðvitað þarf þetta að vera þannig að upplýsingarnar liggi fyrir þegar vinnan hefst en ekki þegar henni er að ljúka.

Varðandi málefni Byggðastofnunar þá er athyglisvert að hæstv. iðnaðarráðherra boðar til blaðamannafundar sama dag og við ræðum frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005. Ef verið er að taka á vanda Byggðastofnunar þá hlýtur a.m.k. að hvarfla að mönnum að það hljóti að tengjast að einhverju leyti því ári sem nú er að líða. En það er auðvitað venjan hjá sumum hæstv. ráðherrum að vilja sem minnst við þingið ræða. Þeir sækja fremur í aðra farvegi og þá virðast blaðamannafundir betur til þess fallnir en þingsalurinn að ræða málin.

Það hlýtur að vekja sérkennilegar kenndir hjá okkur í salnum að iðnaðarráðherra boði lausn á vanda Byggðastofnunar á blaðamannafundi þegar við erum að ljúka þessari umræðu án þess að nokkur tillaga um slíkt komi inn í fjáraukalög ársins. Það kemur hins vegar ekki á óvart, frú forseti, vegna þess að umgengni ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á þingi um fjáraukalög og fjárlög er með þeim hætti að fjárreiðulög virðast aldrei hvarfla að því ágæta fólki.

[13:44]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil í upphafi andsvars míns fagna því að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi látið undan þrýstingi og fellt úr gildi reglugerð um skerðingu bótagreiðslna til öryrkja og ellilífeyrisþega sem hefur verið mjög umdeild upp á síðkastið og að málið verði sett í nefnd þannig að skerðingin sem fyrirhugað var komi ekki til framkvæmda á þessu ári. En ég spyr hv. formann fjárlaganefndar hvort ekki þurfi að gera ráð fyrir því í fjáraukalögum þessa árs þannig að hægt sé að standa við ákvörðun heilbrigðisráðherra, sem ástæða er til að fagna.

Í öðru lagi vil ég spyrja hv. formann fjárlaganefndar að því hvað líði skoðun á stöðu elli- og hjúkrunarheimila. Ef nefna ætti málaflokk sem verður kerfisbundið út undan og safnar halla þá eru það einmitt elli- og hjúkrunarheimili. Það er sama hvort hallinn safnast upp hjá heimilunum sjálfum eða hjá hlutaðeigandi sveitarfélögum sem standa á bak við slík heimili. Öllum ætti að vera ljóst, það hefur a.m.k. verið rækilega kynnt fyrir okkur í fjárlaganefnd, að rekstrargrunnurinn fyrir þessi heimili er rangur og afar brýnt að hann verði leiðréttur. Jafnframt þarf að koma til móts við þann halla sem þessi heimili bera. Ég hefði einmitt talið þetta væri eitt stærsta viðfangsefni fjáraukalaga, að taka á þeim uppsafnaða halla sem elli- og hjúkrunarheimili bera og hamlar þeim í allri starfsemi. Þess sér hvergi stað í þessu áliti. Ég spyr hv. formann fjárlaganefndar: Hvers vegna ekki?

[13:46]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst um það sem hv. þingmaður ræddi um reglugerð sem hafði verið felld úr gildi, sem hann fagnaði sérstaklega og var að velta fyrir sér hvort ekki þyrfti að koma til sérstakir fjármunir þess vegna. Ég geng út frá því

að þetta rúmist innan fjárheimilda ráðuneytisins, a.m.k. hefur ekki komið á okkar borð nein ósk um auknar fjárheimildir til þessa máls.

Varðandi elli- og hjúkrunarheimilin höfum við verið að kalla eftir upplýsingum um þau mál, hver staðan sé á rekstri þeirra. Hins vegar hefur komið fram að í gangi er ákveðin vinna í heilbrigðisráðuneytinu varðandi daggjöldin og mér vitanlega er þeirri vinnu ekki lokið. Ég vísa því til þess og það hefur reyndar komið fram áður í umræðunni.

[13:47]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Um stöðu elli- og hjúkrunarheimila hefur mér sýnst á þeim gögnum sem hafa komið til fjárlaganefndar að ekki þurfi að vinna neinar frekari skýrslur þar um. Staðan liggur ljós fyrir. Ef minnið bregst mér ekki finnst mér að höfð hafi verið hliðstæð orð við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga fyrir ári, að þetta þurfi að skoða og úttekt sé í gangi á vegum heilbrigðisráðuneytisins og vafalaust einhver nefnd sett þar.

Þetta snýst ekki lengur um nefndarskipan eða upplýsingasöfnun, frú forseti. Þetta snýst um að ganga til verks og leiðrétta þetta sanngirnismál, en ekki láta elli- og hjúkrunarheimilin bera stöðugt halla, vera með skert rekstrarframlög sem bitna á þjónustunni eða er á allan hátt þeim til trafala. Ekki er fjárhagur þeirra sveitarfélaga sem mörg hver eru að hlaupa undir bagga í rekstri á þessum heimilum svo sterkur að þau hafi aflögu. Ég átel það að ekki skuli vera tekið á málefnum um fjárhag þessara heimila nú við fjáraukalagaafgreiðsluna. Það er vitað um uppsafnaðan halla fyrrgreindra heimila, en þetta á enn einu sinni að fara í nefnd.

Ég ítreka spurningu mína: Hvað á þetta að vera lengi í nefnd? Hve lengi á að draga það að við gerum þær nauðsynlegu, eðlilegu og sjálfsögðu leiðréttingar sem á að gera á rekstrargrunni og fjárhagsstöðu elli- og hjúkrunarheimila?

[13:49]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar elli- og hjúkrunarheimili vitum við og höfum náttúrlega fengið þær upplýsingar í fjárlaganefnd að mörg af þeim heimilum eru í ákveðnum vanda í rekstri sínum. Hins vegar er nauðsynlegt fyrir okkur að fá upplýsingar til að vita nákvæmlega um hvað málið snýst og því miður höfum við ekki fengið þær nákvæmlega. Að öðru leyti hef ég engu við þetta að bæta. Ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður komi að þessu í ræðu sinni á eftir og við skulum sjá til hvort við munum eiga orðastað þá frekar.

[13:50]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég geri grein fyrir framhaldsnefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar sem er skipuð tveimur þingmönnum til viðbótar við þann sem hér stendur, þ.e. hv. þingmönnum Helga Hjörvar og Katrínu Júlíusdóttur.

Við 3. umr. um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005 leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld ríkissjóðs verði enn aukin um 1,8 milljarða kr. Að stærstum hluta skýrist þessi hækkun af tvennu, annars vegar af breytingum á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og hins vegar af ráðstöfun á söluandvirði Lánasjóðs landbúnaðarins í Lífeyrissjóð bænda.

Í kjarasamningum ríkisstarfsmanna eru ákvæði um sambærilegar breytingar á launakjörum og ráðast í samningum á almennum vinnumarkaði. Í framhaldi af samningum milli aðila á vinnumarkaði og aðkomu ríkisstjórnarinnar vegna þess samkomulags ákvað ríkisstjórnin að þeir sem fá lífeyri hjá almannatryggingum og atvinnuleysisbætur skyldu einnig fá eingreiðslu í desember. Af þessum sökum er reiknað með að launa- og verðlagsliður fjárlaga ársins 2005 hækki um 500 millj. kr., tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega aukist um 720 millj. kr. og atvinnuleysisbætur um 60 millj. kr.

Þá er lagt til að framlag til Lífeyrissjóðs bænda vegna sölu á Lánasjóði landbúnaðarins hækki úr 2.200 millj. kr. í 2.630 millj. kr. eða um 430 millj. kr.

Frú forseti. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögum er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði jákvæð um 91,2 milljarða kr. en samkvæmt fjárlögum ársins 2005 var áætlað að afkoman yrði jákvæð um 10 milljarða kr. Ef tekið er tillit til áhrifa af sölu Símans stefnir í að ríkissjóður verði rekinn með um 33 milljarða kr. afgangi á árinu 2005 sem er 23 milljarða kr. betri afkoma en reiknað var með í fjárlögum. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til þeirrar þenslu sem er í þjóðfélaginu. Má í því sambandi benda á að nú er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga og lögaðila aukist um 11,2 milljarða kr., virðisaukaskattur um 7 milljarða kr. og vörugjöld af innfluttum ökutækjum um 4,1 milljarð kr. Er þá í rauninni hin bætta afkoma að fullu skýrð.

Frú forseti. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 er ekki beint samhengi á milli þeirra fjárheimilda sem lagðar eru til í frumvarpinu og áætlaðra útgjalda á árinu. Kemur þar einkum tvennt til. Annars vegar eru í frumvarpinu veittar fjárheimildir til umframgjalda frá fyrri árum sem þegar hafa verið gjaldfærðar í reikningum ríkissjóðs. Hins vegar verða ekki öll umframútgjöld bætt á árinu og reynslan sýnir að fjárheimildir verða ekki að fullu nýttar á árinu. Þannig flytjast ónýttar fjárheimildir og umframútgjöld á milli ára og bætast við eða dragast frá útgjaldaheimild næsta árs.

Í þessu sambandi má benda á að ráðstöfun á söluandvirði Símans og Lánasjóðs landbúnaðarins fellur ekki undir ákvæði fjárreiðulaganna um fjáraukalög. Hér er einfaldlega verið að komast hjá því að þessar fjárhæðir birtist í fjárlögum næsta árs og hafi þar með áhrif á afkomu ríkissjóðs það ár. Þessi útgjöld nema samtals 4,1 milljarði kr. og hefði áætluð afkoma samkvæmt frumvarpi til fjárlaga ársins 2006 lækkað um tæp 30% ef gert væri ráð fyrir þessum útgjöldum í því frumvarpi eins og eðlilegt er.

Frú forseti. Rétt er að rifja upp í stuttu máli hvaða stærstu tölur hér er um að ræða. Í fyrsta lagi fjarskiptasjóður upp á 1 milljarð kr. Er líklegt að sá milljarður verði allur nýttur á árinu 2005? Bygging hátæknisjúkrahúss upp á 300 millj. kr. Er líklegt að það verði allt saman nýtt á árinu 2005? Búsetuúrræði fyrir geðfatlaða upp á 200 millj. kr.

Verður þetta allt saman nýtt árið 2005? Eins og heyra má er um að ræða góð verkefni en þegar við höfum fjárreiðulög ber okkur að fara eftir þeim.

Við sjáum á þessari upptalningu að ekkert af því er ófyrirséð. Eða hafa verið samþykkt lög á Alþingi frá því að fjárlög voru samþykkt sem tengjast þessu? Ekkert slíkt á við og þar af leiðandi á þetta ekki heima í fjáraukalagafrumvarpi heldur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006. Bæta má við annarri tölu sem tengist ekki sölu Símans og býsna þarft mál, en þar er um viðhaldsmál Þjóðleikhússins að ræða. Það eru 250 millj. kr. í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 í þá ágætu framkvæmd. Fram kom á fundi í menntamálanefnd þar sem fulltrúar Þjóðleikhússins komu að það lá algjörlega ljóst fyrir að þeir mundu ekki nýta þessar 250 millj. á þessu ári, ekki aldeilis. Það er ekki nokkur leið heldur mun það að einhverju leyti færast yfir á næsta ár.

Þetta sýnir hins vegar hvaða vinnubrögð hér eru viðhöfð. Þarna er sett inn ein tala, ekki liggja fyrir almennilegar áætlanir um hvað á að gera eða hversu mikið á að gera varðandi þetta mál. Nei, þarna virðist eingöngu fundin einhver tala sem enginn veit í raun hvernig er fundin og sett í fjáraukalög. Því til viðbótar var þetta að sjálfsögðu fyrirséð þannig að Alþingi hafði samþykkt fjárlög fyrir árið 2005 þar sem þetta var ekki inni. Það lá alveg ljóst fyrir þegar þau fjárlög voru samþykkt að fara þyrfti út í viðgerðir á Þjóðleikhúsinu. Það kemur engum á óvart. Þetta er hins vegar, eins og ég sagði áðan, gott mál en sýnir umgengnina um þessi lög og það er miður að svo sé. Við vonum hins vegar að viðhald Þjóðleikhússins verði sem best, en því miður virðist ekki vera sami taktur þegar horft er til frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2006. Það virðist því sem þessar 250 millj. kr. eigi að duga töluvert inn á það ár, a.m.k. miðað við þær tillögur sem þar liggja fyrir.

Frú forseti. Eins og áður er í mörgum tilfellum verið að bæta rekstrarhalla nokkurra stofnana sem þær hafa safnað á undanförnum árum og það oft og tíðum býsna mörgum. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í nokkrum tilfellum er lagt til að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana eða verkefna verði bættur að hluta eða öllu leyti. Er það gert í þeim tilvikum að verkefni sé lokið eða sýnt þykir að gripið hafi verið til þeirra aðgerða að rekstur verði innan fjárheimilda og hallarekstur stöðvaður. Þetta eru tiltölulega fáar stofnanir sem þannig fá leiðréttingu en það vekur upp spurningar um aðrar stofnanir sem eru í svipaðri stöðu. Hvað ræður vali á stofnunum, hvaða reglur gilda innan og milli ráðuneyta eða ræður, eins og oft áður, hrein tilviljun hvaða stofnanir eru leiðréttar hverju sinni?

Þá skal það ítrekað hér að samkvæmt fjárreiðulögum eiga þessar leiðréttingar hins vegar að afgreiðast í tengslum við fjárlög næsta árs en ekki fjáraukalög yfirstandandi árs. Þetta er eitt af því sem því miður hefur verið stundað oft undanfarið.

Frú forseti. Eins og undanfarin ár gengur erfiðlega að fá upplýsingar um áætlaða fjárhagsstöðu stofnana í árslok, en slíkt er nauðsynlegt til að meta trúverðugleika fjárlaga og fjáraukalaga. Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings ársins 2004 er slök framkvæmd fjárlaga gerð að umtalsefni. Þar kemur einmitt fram sú skoðun stofnunarinnar að það verði að teljast mjög óheppilegt að stór hluti útgjaldaákvarðana sé ekki ræddur í tengslum við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Nefna megi dæmi um fjárveitingar til stofnana samkvæmt fjárlögum sem skerðast strax í byrjun fjárlagaársins um tugi prósenta vegna umframgjalda fyrri ára. Fyrr eða síðar þurfi svo að bregðast við þeim vanda, ýmist með viðbótarfjárveitingum, hagræðingu í rekstri eða samdrætti.

Síðan segir orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Af þessari ástæðu telur Ríkisendurskoðun vel koma til greina að flutningi fjárheimilda milli ára með núverandi hætti verði settar skorður, t.d. að hann takmarkist við 4% af fjárheimild ársins."

Bendir stofnunin m.a. á að ef fjárheimild væri ekki nýtt vegna frestunar á verkefni þá gæti fjárveitingavaldið tekið nýja ákvörðun um verkefnið í tengslum við aðrar fjárveitingar. Þá sé eðlilegt að samdráttur í útgjöldum stofnana vegna halla fyrri ára sé ræddur í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og komi fram í þeim sem hækkun eða lækkun á framlagi.

Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar getur tekið undir það sem Ríkisendurskoðun leggur til í skýrslunni. Ákvæði fjárreiðulaga um flutning fjárheimilda á milli ára hefur verið togað og teygt í allar áttir þannig að það er hætt að virka eins og til var ætlast í upphafi. Þá benda ummæli fjármálaráðherra við 2. umr. um fjárlög ársins 2006 til þess að því miður hafi hann ekki áttað sig á mikilvægi reglufestu varðandi flutning fjárheimilda milli ára. Meðan svo er er vart hægt að búast við að vinnubrögð verði bætt á þessu sviði.

Frú forseti. Það var athyglisvert þegar hæstv. fjármálaráðherra ræddi m.a. tillögur okkar í minni hluta fjárlaganefndar varðandi það að fresta flutningi fjárheimilda milli ára. Hæstv. fjármálaráðherra lék sér þar nokkuð með tölur án þess að hafa, að því er virtist, fullt vald á þeim. Þannig sagði hæstv. fjármálaráðherra að það væri sérkennilegt að gera tillögu um 3 milljarða kr. frestun fjárheimilda yfir áramót þegar aðeins heildarupphæðin væri um 5 milljarðar kr. Hér leyfði hæstv. fjármálaráðherra sér að nota talnaleik á þann hátt að hann tók frávikin sem voru yfir, þ.e. inneignir stofnana, og fann mismuninn á því sem aðrar stofnanir höfðu farið yfir, en mismunurinn er um 5 milljarðar kr. í árslok 2004.

Hins vegar eru þau frávik þar sem stofnanir eiga inneignir samtals upp á rúma 16 milljarða kr. og þær stofnanir sem hafa farið fram yfir eru upp á rúma 21 milljarð kr. Samanlagt er því um að ræða tæplega 38 milljarða kr. Þessi tala er hins vegar athyglisverð eingöngu í samanburði við hver talan var samanlagt í árslok árið 2003. Þá var hún samanlagt um 20 milljarðar kr. Þessi tala hefur næstum því tvöfaldast frá árinu 2004. Talan sem hæstv. fjármálaráðherra lék sér með er sem sagt talan sem þarna fæst þegar tölurnar eru dregnar frá hvor annarri og mismunurinn kemur í ljós. Að sjálfsögðu er ekki verið að tala um þá tölu heldur er verið að tala um þá tölu sem ég nefndi áðan, rúmlega 16 milljarðar kr.

Það sem er alvarlegast var að hæstv. fjármálaráðherra virtist ekki gera sér grein fyrir alvarleikanum sem í þessu felst, þ.e. að við erum stöðugt að fjalla um eitthvað allt annað en raunveruleikann. Við erum að samþykkja ár eftir ár

fjáraukalög sem ekki eru í samræmi við fjárreiðulögin og við erum ár eftir ár að samþykkja fjárlög sem ekki fjalla um stöðu málaflokka eða stofnana á því ári sem fjárlögin eru um. Sýndarveruleikinn virðist því hafa náð algerlega valdi á ríkisstjórninni og meira að segja á hæstv. nýjum fjármálaráðherra en að sjálfsögðu, frú forseti, munum við bíða og halda ró okkar eitt árið til því að ekki er hægt að gera þá kröfu til hæstv. fjármálaráðherra sem nýtekinn er til starfa í því ráðuneyti að hann hafi áttað sig á öllu innan dyra á fyrstu dögum eða vikum. En það verður fylgst með því hvernig hæstv. fjármálaráðherra nýtir það ár sem fram undan er þar til hæstv. ráðherra leggur fram sitt fyrsta fjárlagafrumvarp.

Frú forseti. Í fjárlagavinnunni mörg undanfarin ár hefur 1. minni hluti fjárlaganefndar óskað eftir því að fjármálaráðuneytið veitti upplýsingar um rekstrarstöðu stofnana eftir fyrstu níu mánuði yfirstandandi fjárlagaárs ásamt áætlaðri stöðu í árslok. Þetta eru nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að leggja mat á trúverðugleika frumvarps til fjárlaga fyrir næsta ár. Engar heildstæðar upplýsingar hafa borist fjárlaganefnd. Fyrsti minni hluti er sannfærður um að þessar upplýsingar eru til, annað bæri vott um lélega fjármálastjórn og slakt eftirlit með rekstri ríkisstofnana og væri ekki í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga. Það vekur því furðu að þessum upplýsingum skuli ekki komið á framfæri við fjárlaganefnd.

Frú forseti. Það kallar á hugrenningar um hvort virkilega sé vilji til þess á einhverjum stöðum að fjárlaganefnd vinni ekki vinnu sína því að það er algerlega ógerningur fyrir nefndina að sinna því starfi sem henni er ætlað ef slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir. Þannig hefur það því miður verið mörg undanfarin ár.

Hv. þm. Magnús Stefánsson, formaður fjárlaganefndar, gerir sér miklar vonir um að á fundi á morgun í nefndinni verði hægt að dreifa þessum upplýsingum og því verður að sjálfsögðu fagnað ef svo verður. Það verður vonandi til þess að meiri hluti fjárlaganefndar skoðar frumvarp til fjárlaga fyrir 2006 með tilliti til þeirra upplýsinga, ef fram koma, vegna þess að þær upplýsingar ef fullkomnar eru segja þá auðvitað til um hve mikil merking er í fjárlagafrumvarpinu.

Frú forseti. Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að í árslok 2004 fóru 179 fjárlagaliðir samtals 21,3 milljörðum kr. fram úr fjárheimildum en 280 fjárlagaliðir voru samtals 16,4 milljörðum kr. innan fjárheimilda. Einnig kemur fram að fluttar inneignir frá árinu 2003 námu 14,9 milljörðum kr. en fluttar skuldir námu 4,5 milljörðum kr. Þetta eru ótrúlega stórar tölur sem nauðsynlegt er að gerð sé ítarleg grein fyrir af hálfu fjármálaráðuneytisins og annarra ráðuneyta.

Fyrsti minni hluti leggur því áherslu á að upplýsingum um rekstur stofnana á fyrstu níu mánuðum yfirstandandi árs og áætluð staða þeirra í árslok verði strax komið á framfæri við fjárlaganefnd þannig að tími gefist til að skoða stöðuna fyrir 3. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006.

Eins og fram kom í áliti 1. minni hluta við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006 eru efnahagsforsendur fjárlaga yfirstandandi árs algerlega brostnar. Því er nú spáð að einkaneyslan tvöfaldist frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir og hið sama gildir um fjárfestingu. Ríkisstjórnin hefur hingað til treyst Seðlabankanum fyrir stjórn efnahagsmála en bankinn getur í raun aðeins beitt stjórn peningamála og hefur til þess aðeins eitt verkfæri sem eru stýrivextir. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki unnið með Seðlabankanum að því markmiði að halda verðbólgu innan ákveðinna viðmiðunarmarka. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa jafnvel gengið þvert á verðbólgumarkmiðin og forsendur fjárlaga næsta árs miðast við að verðbólgan haldist ekki innan markmiðanna.

Að öllu óbreyttu ættu auknar tekjur ríkissjóðs árið 2005, umfram forsendur fjárlaga, að auka afgang á fjárlögum um sambærilega fjárhæð. Það hefur hins vegar ekki gerst þar sem ríkisstjórninni hefur ekki tekist að halda útgjöldum í skefjum og aukið raunútgjöld ríkissjóðs jafnt og þétt á undanförnum árum og í raun unnið þannig m.a. gegn þeim verðbólgumarkmiðum sem Seðlabankanum hafa verið sett.

Afleiðing af efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar eða öllu frekar efnahagsóstjórn var m.a. sú að forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði stóðust ekki. Nú er komið að skuldadögum og má orða það þannig að nú þurfi ríkissjóður að greiða vel yfir 1 milljarð kr. í „sekt" fyrir efnahagsóstjórnina.

Hvort þessi staðreynd verði til þess að ríkisstjórnin sjái að sér og fari að vanda vinnubrögð sín við fjárlagagerðina og framkvæmd fjárlaga er óvíst en reynsla undanfarinna ára gefur því miður ekki tilefni til bjartsýni.

Frú forseti. Því miður hefur á undanförnum árum ótrúlega lítið áunnist varðandi umgengni ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis um lögin um fjárreiður ríkisins. Þess vegna vantar enn verulega upp á að eftir þeim lögum sé farið í einu og öllu. Meðan svo er munu fjárlög og fjáraukalög ekki vera sá rammi sem þau eiga að vera um ríkisreksturinn. Meðan þessi vinnubrögð ráða för og meiri áhersla er lögð á glansmyndir en raunverulega áætlunargerð munu fjárlög og fjáraukalög ekki gefa þá mynd af ríkisrekstrinum sem nauðsynlegt er. Meðan ríkisstjórn og meiri hluti Alþingis umgengst fjárlög og fjáraukalög af slíkri léttúð er því miður ekki hægt að búast við að slík stjórntæki nýtist við efnahagsstjórnina og á meðan fá þessi lög ekki þann sess sem þeim ber í fjármálastjórn ríkisins.

Frú forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir framhaldsnefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar sem auk mín skipa hv. þingmenn Helgi Hjörvar og Katrín Júlíusdóttir.

[14:08]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Hér er komið til 3. umr. frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005, yfirstandandi ár. Ég leyfi mér að vitna til nefndarálits sem ég stóð að og flutti við 2. umr. fjáraukalaga og einnig að vitna talnalega til niðurstaðna og annars talnaefnis til framsögu hv. formanns fjárlaganefndar, Magnúsar Stefánssonar.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 og breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er lagt til að útgjöld ríkisins verði aukin um tæplega 21 milljarð kr. Heimild til gjalda í fjárlögum ársins 2005 var 296,4 milljarðar kr., þ.e. 6,4% hækkun frá útgjöldum fjárlaga ársins 2004, eins og lagt var upp með samkvæmt fjárlögum fyrir um ári.

Enn er áréttað að í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í 43. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, segir að ef þörf krefur skuli í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Í 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins kemur fram hvenær er heimilt að greiða fé úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Þar segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Undanfarin ár hafa ýmis fjárútlát sem fjáraukalagafrumvarp hefur kveðið á um, svo sem vegna mennta- og heilbrigðismála, verið fyrirsjáanleg við gerð fjárlaga og því átt heima í fjárlagafrumvarpi þess árs þegar það var samþykkt.

Í fyrra nefndaráliti 2. minni hluta, sem lagt var fram 14. nóvember sl. var farið yfir hversu ónákvæmar grundvallarforsendur fjárlaga hafa verið, t.d. vegna gengisvísitölu og viðskiptahalla.

Við getum rifjað það upp, frú forseti, að í forsendum fjárlaga fyrir árið 2005 eins og gengið var frá þeim fyrir um ári var gert ráð fyrir að gengisvísitalan á þessu ári yrði 122–124. Það voru þær forsendur sem lagt var upp með og atvinnulífið og viðskiptalífið áttu síðan að taka mið af. En hver hefur orðið raunin? Jú, gengisvísitalan hefur að undanförnu verið niður undir 100, þ.e. um 20% munur er á því sem áætlað var við gerð fjárlaga og er í raun. Viðskiptahallinn reynist líka miklu meiri, allmörgum milljörðum meiri á þessu ári en ráð var fyrir gert. Þetta sýnir kannski í hnotskurn hversu í fyrsta lagi óraunhæf áætlunargerð af hálfu ríkisins er og hversu á ýmsan hátt óraunhæf fjárlögin eru þegar þau eru samþykkt en einnig sýnir þetta stærsta veikleikann sem er að gerast í íslenskum efnahagsmálum, þ.e. hár viðskiptahalli, hátt gengi krónunnar, mjög erfið staða útflutningsgreinanna, háir vextir og verulega skert samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs.

Í þingsölum hefur undanfarið verið talað um hina erfiðu stöðu vegna hás gengis og hárra vaxta. Meira að segja sumir hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans, t.d. hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, hafa rætt um það. Ég sá í alveg splunkunýrri frétt frá OECD að væntanlega þurfi að hækka stýrivexti hér á landi enn meira frá því sem nú er. Það eru ekki nein sérstök gleðitíðindi fyrir íslenskt atvinnulíf. Þetta er spegill þeirrar efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin gengst fyrir og er að sliga allt atvinnulíf vítt og breitt um landið, sérstaklega útflutningsatvinnugreinarnar.

Þessi ónákvæmni í gerð áætlana sem ég hef rakið hefur einmitt verið ein af röksemdunum fyrir því að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum ítrekað lagt til að sérstök efnahagsskrifstofa verði sett á fót við Alþingi og þar starfi sérfræðingar sem geti lagt sjálfstætt mat á efnahagsforsendurnar og verið Alþingi og þingmönnum til ráðgjafar við mat og tillögugerð einstakra þátta efnahags- og fjármála. Ég held, frú forseti, að það sé aldrei brýnna en nú að Alþingi eigi sjálfstæða og óháða efnahagsskrifstofu sem geti verið til aðgerða hvað þetta varðar.

Núverandi efnahagsástand kalla margir ógnarjafnvægi með réttu þar sem óljóst er hvaða afleiðingar það ójafnvægi sem stóriðjuframkvæmdirnar hafa skapað hefur gagnvart öðrum atvinnugreinum eins og sjávarútvegi, ferðaþjónustu og hátækniiðnaði. Þess er skemmst að minnast að þegar sjávarútvegs- og fiskvinnslufyrirtækjum á Vestfjörðum var lokað fyrr í sumar, augljósar afleiðingar stóriðjustefnunnar, þeirra ruðningsáhrifa sem stóriðjustefnan hefur valdið og veldur enn og voru fyrirsjáanleg, þá sagði hæstv. iðnaðarráðherra við Vestfirðinga að ruðningsáhrifin gætu samt líka verið af hinu góða, þegar ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar ollu því að fiskvinnslufyrirtækjum á Vestfjörðum var lokað. Þetta er sú stefna sem núverandi ríkisstjórn hefur keyrt áfram og öllu öðru atvinnulífi blæðir.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum fram í upphafi þessa þings tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Fylgja þær tillögur með sem fylgiskjöl við frumvarp þetta en þar eru einmitt tínd til þau meginatriði sem grípa þarf til strax til að reyna að koma á efnahagslegum stöðugleika á ný og skapa atvinnugreinunum, útflutningsgreinunum, sjávarútvegi, fiskvinnslu, hátækniiðnaðinum, ferðaþjónustunni, starfsgrundvöll að nýju.

Eitt einkenni frumvarpsins og tekjuhliðar þess er hve stórt hlutfall tekna ríkissjóðs er orðið tengt viðskiptahallanum, þenslunni og einkaneyslu sem drifin er áfram af skuldasöfnun hvort sem er einstaklinga, heimila eða þjóðarbúsins alls. Þetta verður sérstakur skattstofn hjá ríkissjóði til að skattleggja með óbeinum sköttum, virðisaukaskatti og innflutningsgjöldum, og þetta er að verða aðaltekjustofn ríkissjóðs, þ.e. skattlagningin á viðskiptahallann og þensluna. Það er áhyggjuefni. Við vonum að þetta ástand vari ekki til eilífðar, að við söfnum ekki auknum viðskiptahalla áfram í mörg ár eða eyðum um efni fram. Hins vegar hefur ríkisstjórnin valið að lækka tekjuskatt, skatta á hæstu tekjur. Það er sú leið sem þessi ríkisstjórn velur í skattamálum, að lækka tekjuskatt á hæst launaða fólkinu en færa hlutfallslega skattbyrðina yfir á lágtekjurnar en með því veikir ríkissjóður tekjugrunn sinn þegar til framtíðar er litið sem getur líka ógnað efnahagslegum stöðugleika og möguleika ríkissjóðs á að axla ábyrgð á velferðarkerfinu. Sú stefna sem rekin er í skattamálum leiðir því til þess að tekjugrunnur ríkissjóðs verður veikari og veikari sem að mati þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er kolröng stefna.

Eins og áréttað var hér að framan á einungis að veita viðbótarheimildir í fjáraukalögum vegna ófyrirséðra verkefna. Undanfarin ár hafa sérstaklega verið nefndir hinir ýmsu fjárlagaliðir vegna mennta- og heilbrigðismála sem hafa fengið viðbótarheimildir í fjáraukalögum þrátt fyrir að bent hafi verið á við fjárlagagerð að ljóst væri að fjárveitingar væru ekki nægar. Sem dæmi um viðbótarheimildir í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 er sérstaklega bent á viðbótarheimild til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins og hefur áður verið gert hér að umtalsefni, 50 millj. kr., og til sendiráða Íslands, 276 millj. kr. Eini rökstuðningurinn fyrir viðbótarheimildinni er sagður vera uppsafnaður halli en í greinargerð Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga frá því í júní sl. kemur fram að 120 fjárlagaliðir voru með verulegan halla í árslok 2004. Halli samkvæmt höfuðstól einstakra fjárlagaliða í ríkisreikningi fyrir árið 2004 er alls rúmir 20 milljarðar, þar af eru lífeyrisskuld-

bindingar 7,3 milljarðar kr. Afskriftir skattkrafna eru 4,8 milljarðar en ónýttar fjárheimildir eru rúmir 16 milljarðar kr. Það er ljóst að sá vandi sem fluttist frá árinu 2004 yfir á árið 2005 verður hvorki leystur í fjárlögum fyrir árið 2005 né með fjáraukalagafrumvarpinu sem við fjöllum nú um. Í þessu sambandi má benda á að fjárlagaliðir sem komnir eru umfram heimildir hjá menntamálaráðuneytinu í árslok 2004 námu alls um 1,5 milljörðum kr. og hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti um 2,6 milljörðum kr. Ekki er tekið á þessum halla eða þessum skuldum í fjáraukalagafrumvarpinu sem við erum með til meðferðar hér.

Í fjáraukalagafrumvarpinu er lagt til 50 millj. kr. viðbótarframlag til Þróunarstofnunar Íslands til uppbyggingar og þróunarstarfs á Sri Lanka á árinu 2005 vegna jarðskjálftanna og flóðanna sem þar urðu í upphafi ársins. Enn fremur er lagt til 10 millj. kr. framlag til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna sama máls. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mundu styðja hærri upphæð til þessara hamfarasvæða í Asíu. Þá er í frumvarpinu lagt til 31 millj. kr. framlag í svokallaðan Bush-Clinton-sjóð til stuðnings við fórnarlömb fellibylsins Katrínar í Bandaríkjunum og er allt gott um það að koma til stuðnings vegna þeirra hamfara sem þar urðu. Við 2. umr. frumvarps til fjáraukalaga lagði meiri hlutinn til að varið yrði 18,1 millj. kr. til hjálparstarfs vegna náttúruhamfaranna í Kasmír. Þá lagði 2. minni hluti eða sá sem hér stendur ásamt fleirum til að aðstoð við hjálparstarfið í Kasmír næmi samtals 98 millj. kr. Sú tillaga var síðan kölluð aftur til 3. umr. Nú hefur meiri hluti fjárlaganefndar lagt til að fjárveiting til hjálparstarfs í Kasmír verði hækkuð úr 18 millj. í 30 millj. kr. eða hliðstæð upphæð og veitt er til fórnarlamba fellibylsins Katrínar í Bandaríkjunum. Er það í áttina svo langt sem það nær.

Af fréttum að dæma ríkir mikil neyð á hamfarasvæðunum í Kasmír og er ákaft kallað til alþjóðasamfélagsins um stuðning. Vetur gengur nú í garð á þessum svæðum og eykur kuldi, snjór og samgönguerfiðleikar enn á hörmungarnar. Við Íslendingar þekkjum hörmungar náttúruhamfara af eigin raun. Því er lagt til að samtals 87 millj. kr. verði veittar til hjálparstarfsins í Kasmír á þessum fjáraukalögum en ég og nokkrir aðrir hv. þingmenn stöndum að þeirri tillögu. Þeir eru auk mín hv. þingmenn Guðjón A. Kristjánsson, Þuríður Backman og Guðmundur Magnússon sem höldum áfram fyrri tillögu lítillega lækkaðri reyndar sem við fluttum við 2. umr. fjáraukalaga um að okkur bæri að koma myndarlegar að hjálparstarfinu, neyðaraðstoðinni í Kasmír.

Reyndar má minna á, án þess að þurfa að tengja það neitt saman, að upphæðin sem við leggjum til að verði veitt þarna er sú sama og upphæðin sem ríkisstjórnin velur og leggur áherslu á á fjáraukalögum, 87 millj. kr., til að greiða hlutdeild í hernaðarflugi á vegum NATO til Afganistans og Íraks. Forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í þessum málum er ljós. Það skal frekar verja fénu til að taka þátt í hernaðarumsvifum NATO en standa myndarlegar að þessu hjálparstarfi.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill sérstaklega benda á að ekki er tekið með nægilega ákveðnum hætti á uppsöfnuðum vanda hjúkrunar- og elliheimila. Uppsafnaður halli hefur í mörgum tilfellum aukist á árinu 2005 án þess að tekið sé á honum. Þá er einnig rétt að benda á að halli Háskólans á Akureyri hefur enn aukist á árinu og þær 110 millj. kr. sem veita á í fjáraukalagafrumvarpinu duga engan veginn til að leysa hallann sem skólinn hefur þegar safnað.

Frú forseti. Það er alveg makalaust að Háskólinn á Akureyri sem hefur einmitt sýnt að hann er eitt öflugasta átakið í rannsóknar- og menntunarstarfi og í atvinnu og nýsköpun hér á landi að ég tali nú ekki um á Norðurlandi, á Eyjafjarðarsvæðinu eða öllu Norðurlandi, skuli vera knúinn til að loka deildum en svo er hægt að senda sendisveit til að velta fyrir sér nýrri álbræðslu í Eyjafirði. Þetta er forgangsröðunin. Þegar fara á að undirbúa álverksmiðju hvort sem er í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum eða annars staðar þar sem ríkisstjórnin og hæstv. iðnaðarráðherra dettur í hug, þá eru til peningar. En þegar styðja á við mennta- og rannsóknarstofnanir eða aðra starfsemi þá eru þeir af svo af skornum skammti að meira að segja Háskólinn á Akureyri þarf að loka tveimur deildum til að standast þann fjárlagaramma sem honum er skammtaður svo þröngur.

Frú forseti. Alvarlegast er þó hvernig elli- og hjúkrunarheimilin eru skilin eftir við þessa fjáraukalagaafgreiðslu með mikinn uppsafnaðan rekstrarhalla sem annaðhvort hvílir á heimilunum sjálfum og torveldar starfsemi þeirra eða hlutaðeigandi sveitarfélaga sem hafa hlaupið undir bagga og tekið hallann á sig. Mörg þessara sveitarfélaga eru þó ekki fjárhagslega burðug fyrir til að taka á sig þennan halla en brýn nauðsyn krefur þau til. Þessi vandi er þó ekki nýr. Upplýsingar um hann lágu fyrir í fjárlaganefnd í fyrra, í hittiðfyrra, í ár án þess að á honum sé tekið og í orðaskiptum sem við áttum hér ég og hv. formaður fjárlaganefndar, Magnús Stefánsson, kom fram hjá hv. þingmanni að málið væri enn þá í skoðun í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, enn væri verið að skoða þessi mál og taka á þeim heildstætt til að sjá hver stærðargráðan væri, einhvern veginn þannig var það orðað. Gott og vel. Það er nauðsynlegt að hafa góða yfirsýn yfir þetta mál en eftir því sem ég fæ best séð liggja alveg fullnægjandi upplýsingar fyrir, bæði hvað vantar inn í rekstrargrunn þessara hjúkrunar- og dvalarheimila og hver hallinn er hjá viðkomandi heimilum og sveitarstjórnum sem tekið hafa á sig halla þessara stofnana. Það er því engin ástæða til að rekja það eða bíða eftir einhverri nefnd hvað það varðar.

Ég verð að segja fyrir mig að ég varð fyrir vonbrigðum með að ekki skuli vera tekið á þessu máli við 3. umr. fjáraukalaga, málið hefur verið rætt svo rækilega í haust, og að það skuli enn vera í nefnd til skoðunar. Það er dapurlegt til þess að hugsa ef það verður áfram í nefnd og áfram til skoðunar fram yfir 3. umr. fjárlaga. Mér fyndist afar sorglegt og dapurlegt ef það reyndist raunin og ég vona svo sannarlega að meiri hluti fjárlaganefndar, ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi láti ekki þá skömm um sig spyrjast að taka ekki á rekstrarvanda og halla hjúkrunar- og dvalarheimila áður en við ljúkum 3. umr. fjárlaga á Alþingi.

Í fylgiskjali með nefndaráliti mínu er vitnað í ýmis greinaskrif sem tengjast þessu máli, t.d. ágætisgrein eftir Elsu B. Friðfinnsdóttur, sem er formaður Félags hjúkrunarfræðinga, þar sem hún rekur þetta mál mjög vel en bendir jafnframt á hvernig staða og kjör þessa fólks fer aftar í röð-

ina gagnvart hugðarefnum ríkisstjórnarinnar því greinin heitir, og hún leggur áherslu á sína skoðun, „Hjúkrunarrými í stað skattalækkana". Þessi fyrirsögn segir margt og þarf ekki miklu við hana að bæta en í þessari grein rekur formaður Félags hjúkrunarfræðinga einmitt þetta mál, hversu þörfin er brýn og finnur að þessari forgangsröðun ríkisstjórnarinnar.

Þá er og vitnað til ritstjórnargreinar Morgunblaðsins frá 5. nóvember 2005 varðandi ástandið á hjúkrunarheimilunum þar sem það er rakið. Ég nefni þetta hér af því að hv. formaður fjárlaganefndar taldi að enn þyrfti að skoða málið í nefnd. Ekki telur ritstjórn Morgunblaðsins þess þurfa en þar segir, með leyfi forseta:

„Í nýrri stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar um þjónustu við aldraða kemur fram að í einungis 57% tilvika búa aldraðir á hjúkrunarheimilum á einbýli miðað við 91% í Noregi og aðeins um 29% hafa sér baðherbergi."

Síðan segir í forustugrein Morgunblaðsins:

„Það er ill meðferð á öldruðum að neyða þá til þess að búa í herbergi með öðrum, hvort sem um einn eða fleiri er að ræða. Friðhelgi einkalífs þeirra er ekki virt með þessum hætti."

Áfram er fjallað um þessi mál í forustugrein Morgunblaðsins frá 5. nóvember 2005. Ég hefði því gjarnan viljað sjá að þessu hefði verið fylgt eftir í fjáraukalögunum og vona enn að fyrir lok 3. umr. fjárlaga verði þetta tekið fyrir.

Fjárlögin fyrir árið 2005 heimiluðu tæplega 300 milljarða kr. útgjöld og nú er bætt við tæplega 20 milljörðum kr. Tekjurnar í fjárlögum 2005 voru áætlaðar um 306 milljarðar kr. Þegar bætt er við auknum skatttekjum samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 340 milljarðar kr. án tekna af sölu Símans. Miðað við þá umræðu sem á sér stað núna um stöðu lífeyris- og örorkumála má búast við enn frekari uppsöfnun skulda vegna þeirra mála. Ýmislegt bendir því til þess að þrátt fyrir að skatttekjur ríkissjóðs séu mun meiri nú en áður vegna þensluástandsins verði nánast enginn rekstrarafgangur í ríkisreikningi fyrir rekstur ársins 2005.

Frú forseti. Til að bæta vinnulagið og tryggja að farið sé að lögum hefur sá sem undir þetta nefndarálit ritar tvívegis mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins. Þær fela í sér að þegar svo ber undir skuli fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir Alþingi að vori og aftur að hausti. Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs sem geta haft í för með sér fjárskuldbindingar á sama ári. Ýmsar forsendur geta einnig breyst á nokkrum mánuðum bæði í tekju- og gjaldahlið ríkisbúskaparins. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd taki þau mál til meðferðar og leggi fram fjáraukalagafrumvarp sem verði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög væri hægt að afgreiða í byrjun október og síðan kæmu lokafjárlög. Með þessum hætti gæti Alþingi fylgt eftir ábyrgð sinni, stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum. Þannig yrði einnig komið í veg fyrir að efnt væri til útgjalda án heimildar Alþingis nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um.

Afar brýnt er að þessi endurskipan fjárlagagerðarinnar komist sem fyrst á svo það verði Alþingi sem raunverulega ákveði fjárveitingar til einstakra verkefna. Eins og nú er stendur Alþingi frammi fyrir ákvörðunum framkvæmdarvaldsins um fjárveitingar sem þegar hafa í öllum megindráttum verið teknar. Sú er því miður raunin sem við stöndum frammi fyrir nú varðandi frumvarp til fjáraukalaga sem hér er til lokaafgreiðslu á þingi.

Frú forseti. Ég hef gert grein fyrir framhaldsnefndaráliti 2. minni hluta og þeim helstu áhersluatriðum sem ég vildi draga fram um frumvarp til fjáraukalaga sem hér er til 3. umr. en ef ástæða er til kem ég að öðrum atriðum í seinni ræðu.

[14:36]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, einkum það sem sneri að hjúkrunarheimilum. Fyrst vil ég koma inn á það að ég lít svo á að fjárhagur ríkisins sé nokkuð góður og vel hafi verið haldið á málum. Hitt er öllum ljóst að nokkur atriði standa undan og þá sérstaklega, eins og komið var inn á áðan, varðandi hjúkrunarheimili. Það er alveg rétt að vandamál hafa komið fram varðandi rekstur hjúkrunar- og vistheimila. Fyrir ekki mörgum árum var sérstök nefnd sett á laggirnar til að kanna hver vandinn væri. Hún komst að þeirri niðurstöðu að vegna breytinga á söluskattskerfinu, þ.e. úr söluskatti yfir í virðisauka, skekktist grunnur hjúkrunarheimila um að meðaltali 8%. Síðan hefur komið fram að aðrar breytingar hafa átt sér stað sem hafa leitt til þess, eins og kom fram hjá þeim sem heimsóttu fjárlaganefnd, að skekkjan liggur á bilinu 10–12,5% eða þar um bil.

Varðandi það sem hv. þingmaður kom inn á er það líka rétt að skipuð var önnur nefnd til að fara ofan í störf fyrri nefndar og hún skilaði nákvæmlega sama áliti. Þrátt fyrir að þetta liggi nokkuð ljóst fyrir vantar enn nokkur atriði upp á til að hægt sé að skoða þetta mál af fullri alvöru með heildarpakkann undir. Eins og hv. þingmaður veit og vissi þegar við sátum saman í fjárlaganefnd og málið var afgreitt úr nefndinni til 2. umr. þá gerði ég sérstaklega grein fyrir atkvæði mínu þar sem ég benti á að ég teldi að þessum málum yrði að gera betri skil en raun bæri vitni um og vinna þyrfti betur í þeim. Í ljósi þess sem hv. formaður fjárlaganefndar gat um að verið væri að skoða þennan lið sérstaklega í heilbrigðisráðuneytinu trúi ég því og treysti að svo verði.

Hv. þingmaður sagði áðan að öll hjúkrunarheimili væru annaðhvort ríkisins eða undir verndarvæng sveitarfélaganna. Svo er ekki. Nokkur heimili eru sjálfseignarstofnanir og standa á eigin fótum og geta ekki sótt lagfæringar vegna daggjaldaskekkju til annars en rekstrarins.

Í annan stað vildi ég líka geta um það sem hann gerði að löngu máli um aðbúnað aldraðra þar sem tveir væru í herbergi og nauðsynlegt væri að breyta þar um. Væri það gert mundi hinn 350 manna biðlisti þeirra öldruðu sem eru í mjög brýnni þörf að komast á hjúkrunarheimili lengjast. Bæði þessi spor verða því ekki stigin í einu. Við þurfum auðvitað fyrst að einbeita okkur að því að minnka biðlistann og síðan skoða þau heimili sem eru komin til ára sinna og voru byggð sem framúrstefnuheimili á sínum tíma. Það

þótti gott þegar tveir voru í herbergi. En þetta tekur allt tíma og er í vinnslu.

[14:37]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur unnið að þessum málum um langt árabil. Eins og fram kom í andsvari hans þekkir hann þetta mjög vel og vafalaust mun betur en ég. En þau atriði sem hann kom að voru að taka undir þær áherslur sem voru í máli mínu. Ég tek undir með hv. þingmanni að sjóðstaða ríkissjóðs er það góð núna að honum ætti þess vegna að vera vansalaust að taka á málum elli- og hjúkrunarheimila, a.m.k. að stórum hluta. Ég var aðallega að hafa áhyggjur af að framtíðartekjugrunnur ríkissjóðs væri veikur með því að færa aukna hlutdeild tekna yfir á skatta af neyslu og viðskiptahalla, en eins og nú er er staða ríkissjóðs það góð að engin afsökun er að mínu mati fyrir því að taka ekki á málefnum elli- og hjúkrunarheimila og vistheimila.

Það er alveg hárrétt athugasemd hjá hv. þingmanni að ýmis form eru á rekstri elli- og hjúkrunarheimila, sem gott er, bæði með aðild sveitarfélaganna, með aðild ríkisins og félagasamtaka sem reka slík heimili sem þjónustu. Við höfum reyndar eitt heimili, Sóltún, sem er rekið á arðsemisgrunni og hefur hvað eftir annað verið hér til umræðu. Mörg heimili hafa sagt: Fáum við sama framlag á vistmann eða heimilismann hjá okkur og Sóltúnsheimilið, sem væri eðlilegt krafa, væru málin í nokkuð góðu horfi.

Ég veit og treysti á stuðning hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar í þessu máli og við munum standa saman þar.

[14:40]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason nefndi Sóltún. Það er alveg rétt að önnur hjúkrunarheimili hér á landi horfa í átt til Sóltúnssamningsins, m.a. til þess sem kannski ekki hefur komið fram hér áður að það býr við þær sérstöku aðstæður að ef hinn aldraði hefur t.d. þurft að fá svo mikla lyfjagjöf að þegar ígildi kostnaðar hjúkrunarheimilisins er orðið 21 daggjald þá tekur ríkið við og borgar. Þessa njóta engin önnur hjúkrunarheimili á landinu.

Annað sem ég vildi segja líka í þessu sambandi er að eins og komið hefur fram í ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra er verið að vinna að nýrri stefnumótun í sambandi við málefni aldraðra. Sannleikurinn er sá að óskynsamlegt er að geysast áfram í að byggja hjúkrunarheimili að óbreyttu ástandi, að óbreyttum rekstrargrunni, vegna þess að alls staðar á Norðurlöndunum hafa menn tekið upp aðra starfshætti. Nú hefur mikið verið rætt um það af aðilum úti í bæ að eðlilegt og sjálfsagt sé að hinir öldruðu haldi sínu peningalega sjálfsforræði þegar þeir koma inn á slíkar stofnanir eða hjúkrunarheimili og það er eðlilegt og rétt.

Hins vegar hafa t.d. aðrar Norðurlandaþjóðir og þjóðir í Evrópu farið aðrar leiðir en að byggja svona „mini-spítala" eins og hjúkrunarheimilin eru í dag. Ekki að það sé alvont rekstrarfyrirkomulag heldur þurfum við að horfa í átt til annarra rekstrarforma sem þekkjast í kringum okkur og þá á þann veg að þeir öldruðu halda peningalegu forræði sínu og taka þátt í kostnaði í ljósi þess, hv. þm. Jón Bjarnason, sem ég vil sérstaklega benda á að byggingarkostnaður 90 rýma hjúkrunarheimilis er rekstrarkostnaður í tvö og hálft ár. Það er kannski ekki að furða þó að ríkið geysist (Forseti hringir.) ekki fram í þessu máli svo geysilegur kostnaður (Forseti hringir.) sem þessu fylgir.

Hins vegar tek ég undir að aldraðir eiga — það besta er ekki nógu gott, svo vel hafa þeir búið að framtíðinni.

[14:42]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég minnist þess og við, ég og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, vorum sammála þegar málið var afgreitt úr fjárlaganefnd eða fjárlög fyrir næsta ár voru afgreidd til 2. umr. Við gerðum báðir fyrirvara um þennan málaflokk að á honum ætti að taka og vildum sjá það gert áður en málið væri afgreitt til 3. umr. Hv. þingmaður kom inn á að þarna þurfi verulegt fjármagn til og að forgangsraða þurfi en hann nefndi einnig að nefnd væri búin að skoða þessi mál um grunnþætti og síðan hafi önnur nefnd verið sett til að skoða nákvæmlega sömu grunnþætti og komist að sömu niðurstöðu. Okkur vantar ekki meiri nefndarvinnu til að taka á ýmsum grunnþáttum sem þarna er um að ræða, alls ekki. Okkur vantar bara aðgerðir.

Hv. þingmaður minntist líka á heimahjúkrun. Ég tek alveg undir með hv. þingmanni að auðvitað eigum við að efla heimahjúkrun svo fólk geti búið heima hjá sér sem allra lengst. En það liggja alveg nægar upplýsingar fyrir til að taka á ákveðnum grunnþáttum í rekstri elli- og hjúkrunarheimila og það getum við gert nú þegar.

[14:44]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við erum við 3. umr. fjáraukalaga fyrir árið 2005 og mér finnst full ástæða til að vekja athygli þingheims á framlagi stjórnarandstöðunnar til þessarar umræðu. Hvert er framlag hennar til umræðunnar? Við erum við lokaafgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 2005, fjárlaga sem sýna yfir 90 milljarða í tekjuafgang, fjárlaga sem sýna að lánsfjárafgangur er yfir 100 milljarðar. Aðalatriðið er að á ári eins og þessu, þegar líkur eru til þess að hagvöxtur verði yfir 6% sem er líklega sá mesti í Evrópu, er samneysluaukningin í heild sinni ekki nema um 2,4% en um 2% hjá ríkinu, eins og langtímaáætlunin stóð til. Hún mun standa.

Þetta er einstakt. Það hefur aldrei komið svona ár áður. Við munum minnast þessa árs þar sem aldrei hefur fyrr tekist að treysta svo fjárhag ríkisins sem á þessu ári. Ég á ekki von á því að á næstunni komi annað slíkt ár. Þá kemur stjórnarandstaðan — og hvað hefur hún fram að færa, virðulegur forseti? Jú, einhverjar gamlar tuggur. Mjög gott í sjálfu sér að tala um fjárreiðulögin, m.a. kom hv. þm. Einar Már Sigurðarson inn á eitt atriði sem meiri hlutinn hafði gagnrýnt í umræðum í nefndinni, þ.e. varðandi greiðslur til þess að standa straum af viðhaldi Þjóðleikhússins. Ég held að ég geti alveg verið hjartanlega sammála hv. þingmanni um það, eins og kom fram í nefndarstarfinu, að það er vafamál hvort þetta eigi heima í fjáraukalögum frekar en í fjárlögum. (**Gripið fram í:** Ekkert vafamál.) Þá er allt í lagi að

horfa á slíka gagnrýni. Það er gott að hann kom fram með hana. En að það skipti einhverju máli, nei, það er af og frá. Það skiptir engu máli.

Svo er líka hægt að fara yfir það eins og alltaf er hægt að gera, virðulegur forseti, að meiri peninga mætti hafa þarna eða á einhverjum öðrum stöðum. Það er lengi hægt að tína til hvað er til góða og hvað mætti bæta, breyta, hækka, stækka og betrumbæta. Þetta er allt saman hárrétt, en meginmarkmið langtímaáætlunar ríkisstjórnar um ríkisfjármál er einmitt gagnstætt, að halda niðri tilfærslufjárlögum og halda niðri samneyslunni, einmitt í þeirri uppsveiflu sem er núna í landinu. Það er meginmálið, að gæta þessara atriða þegar vel árar. Það er einmitt þetta sem hefur orðið flestum Evrópuríkjunum að falli og þess vegna eru ríkisfjármál þeirra í því óstandi sem raun ber vitni, af því að þau hafa ekki gætt þess þegar vel hefur árað að halda niðri samneyslunni. Þetta gefur vonir um að við eigum í framtíðinni möguleika til þess að halda áfram á þeirri gæfubraut sem við höfum sannarlega verið á, að bæta lífskjör Íslendinga, þeirra sem nýlega eru fæddir, þeirra sem eru ungir og ég tala nú ekki um þeirra óbornu. Þetta eru stóru skrefin.

Hins vegar er ýmislegt gagnrýnisvert kannski í ríkisfjármálunum. Stjórnarandstaðan minnist hins vegar ekkert á það, ekki einu orði, enda passar það ekki inn í hugarheim þeirra. Stjórnarandstaðan kemur með tillögur og hvaða tillögur eru það? Jú, að auka og efla hitt og þetta. Ráðið til að fjármagna er hærri skattar. Þetta heyrum við í umræðunni um fjárlögin á hverju ári.

Það sem er gagnrýnisvert, virðulegi forseti, við ríkisfjármál Íslands hentar ekki stjórnarandstöðunni að tala um. Það sem er gagnrýnisvert er nákvæmlega eitt, þ.e. að stjórnsýslan á Íslandi hefur of mikla peninga. Þar erum við aldrei nógu vakin yfir málunum, að passa peningana. Stjórnsýslan hefur of mikla peninga. Við verðum að gæta að því hvenær sem er og alltaf að reyna að passa þá. Allt of miklir peningar. Það þarf sterk bein til að þola góða daga, segir máltækið. Við þurfum að passa okkur á þeim. Það er mikið góðæri á Íslandi í dag. Þess vegna er það alltaf og á alltaf að vera til skoðunar hvort við notum of mikla peninga í stjórnsýsluna. Ég svara því, virðulegur forseti, afdráttarlaust: Já, of mikla peninga. Því er það hið versta mál þegar menn halda að leiðin sé að hækka skatta. Leiðin er að lækka skatta. Á þeirri vegferð erum við og á þeirri vegferð ætlum við að halda áfram, að lækka skatta, vegna þess að við þurfum ekki á skatttekjunum að halda. Það er hægt að komast af með minni peninga, á að vera hægt og yfir því skulum við vaka.

Þetta er niðurstaða mín. Yfir þetta skulum við fara og þessu skulum við gera grein fyrir. Við erum að ljúka hér einhverju besta ári í sögu íslenskra ríkisfjármála, árinu 2005. Það hefur aldrei komið annað eins ár og mér er til efs að það komi nokkurn tíma aftur, a.m.k. ekki á næstunni, því að vonandi, eins og ég hef sagt áður, dregur úr einkaneyslunni strax á næsta ári. Vonandi lækka tekjur ríkisins á næsta ári. Það yrði okkur til gæfu vegna þess að sú skuldasöfnun sem einstaklingarnir standa fyrir erlendis mun hefna sín. Því fyrr sem því linnir, þeim mun betra.

[14:51]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér var að mestu leyti um gamalkunna ræðu að ræða hjá hv. þingmanni og ekki ástæða til að fara út í þá sálma.

Það var aðeins eitt atriði í ræðu hv. þingmanns sem er eiginlega alveg nauðsynlegt að enginn vafi leiki á hvað hv. þingmaður átti við. Það var þegar hann notaði orðin „skiptir engu máli“. Það mátti skilja þau annaðhvort svo að þessar 250 millj. sem fara í viðhald á Þjóðleikhúsinu skiptu engu máli eða að engu máli skipti hvort farið væri eftir fjárreiðulögum eða ekki. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hv. þingmaður taki af allan vafa um það. Ég trúi ekki að hv. þingmaður hafi átt við, eins og var hægt að skilja á máli hans, að það skipti engu máli hvað stendur í fjárreiðulögunum. Þannig er auðvitað mál með vexti, eins og rakið hefur verið hér margoft og hv. þingmaður á að kannast þokkalega við, að því miður hefur meiri hlutinn á Alþingi og ríkisstjórn ekki náð að framfylgja fjárreiðulögunum. Það er mjög gagnrýnisvert hvernig menn umgangast þau lög. Þess vegna trúi ég því ekki að hann vilji hunsa þau en í þessu samhengi var hægt að skilja orð hv. þingmanns þannig að það skipti bara engu máli hvernig menn umgengjust fjárreiðulög, bara ef niðurstaðan væri nógu góð.

Síðan kom mikil lýsing á því glæsilega ári sem við erum að upplifa. Það er auðvitað rétt hjá hv. þingmanni að við höfum ekki séð annan eins afgang, enda var Síminn seldur á árinu. Skárra væri það nú hvort ekki væri afgangur.

Frú forseti. Ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt að hv. þingmaður kveði skýrt upp úr með það að hann vilji ekki umgangast fjárreiðulögin þannig að það skipti bara engu máli hvað í þeim stendur.

[14:53]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt og skylt að verða við þessari áskorun. Það vita allir að það er nauðsynlegt að passa upp á viðhald Þjóðleikhússins. Það hefur drabbast niður í mörg ár og lengi og þessar 250 millj. sem varið er til viðhaldsins (Gripið fram í.) eru eflaust rétt ákvörðun.

Ég tók undir gagnrýni hv. þingmanns áðan og sagði að líklega væri það rétt hjá honum að fjárhæðin ætti frekar heima í fjárlögum en fjáraukalögum. Ég benti á að í eitt og eitt skipti gæti það hent virðulega þingmenn úr stjórnarandstöðunni að hafa rétt fyrir sér og þá er rétt að halda því til haga. Kannski hefur verið óvarlegt orðalag hjá mér að segja að það skipti ekki máli. Það skiptir ekki sköpum hvorum megin hryggjar þetta liggur, þessar 250 millj., því að afkoma á ríkissjóði er náttúrlega glæsileg eigi að síður.

Það er alveg hárrétt að að mínum dómi áttu þessir peningar frekar, eins og fjárreiðulögin eru, að tilheyra árinu 2006, a.m.k. stór hluti af þeim.

[14:54]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að hv. þingmaður tekur undir á þennan hátt, en miklu fleiri dæmi voru nefnd sem

eru algjörlega hliðstæð. Þegar farið er í gegnum frumvarpið eru þau mýmörg, og því miður allt of mörg. En það sem var aðalmálið var að fá skýrt fram að hv. þingmaður átti ekki við það að fjárreiðulögin skiptu ekki máli. Þau skipta auðvitað máli og það væri miklu frekar fyrir hv. þingmann að fara betur yfir frumvarpið þó svo að dæmið um Þjóðleikhúsið sé býsna skýrt og auðvitað leiki enginn vafi á um að stærsti hluti þeirrar upphæðar eigi heima í fjárlögum. Eins og ég sagði á það við um allt of margt annað sem er í fjáraukalagafrumvarpinu og hefur verið í fjáraukalagafrumvörpum mörg undanfarin ár.

Það skýrist ekki almennilega fyrr en meiri hluti fjárlaganefndar stendur sig betur í að fá nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að fara yfir frumvörp með tilliti til fjárreiðulaga þannig að upplýsingar sem við eigum auðvitað að hafa aðgang að liggi fyrir strax í upphafi vinnuferilsins en ekki annaðhvort alls ekki eða bara í lokin. Að öðrum kosti er óhægt að bera þetta saman. Ég held að það blasi við, og hv. þingmaður hlýtur að vera mér sammála um það, að fyrr en síðar þurfi — það verður varla gert á þessu ári, vonandi á næsta — að taka eitt ár til að koma skikki á þessi mál. Það verður að vera hægt að taka eitt ár frá, þ.e. að ein fjárlög verði þannig að þau séu ekki algjörlega samanburðarhæf við önnur fjárlög af þeirri einföldu ástæðu að verið sé að koma skikki á málin. Þá getum við byrjað á núllpunkti þar á eftir og getum verið með fyllilega sambærileg fjárlög þaðan í frá og verið með fjáraukalög sem eru eins og gert er ráð fyrir í fjárreiðulögum, ella finnst mér meiri hlutinn á þingi skulda okkur að koma með breytingartillögu við fjárreiðulögin ef meiri hlutinn hefur engan áhuga á að fara eftir þeim eins og þau eru í dag.

[14:56]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil minna á að fjárreiðulögin eru frá 1997 og voru mikið framfaraspor frá þeim lögum sem við höfðum áður, eru miklu fyllri og betri í alla staði og ítarlegri. Á undanförnum árum höfum við lagt okkur mjög fram um að koma betra og meira skikki á ríkisreikninginn sjálfan. Fyrir nokkrum árum var hann ekki sýndur fyrr en löngu seinna. Við erum nú búin að koma því þannig fyrir að hann kemur alltaf árið eftir. Það er því komin röð og regla á ríkisreikninginn.

Hv. þingmaður veit að unnið er að þessu. Hann veit ósköp vel að tekist hefur að ná mörgum góðum áföngum í að hafa á þessu skikk og reiðu. Hins vegar er alveg rétt að því er ekkert lokið. Þessu starfi lýkur einfaldlega aldrei. Fjárreiður ríkisins þurfa eilífs eftirlits með og menn þurfa alltaf að vera vakandi yfir þeim og passa að gera betur. Það hefur verið reynt og hefur tekist að mörgu leyti. Það má gera betur, á að halda því starfi áfram og því starfi verður haldið áfram.

[14:58]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður fór mikinn í að hæla sér af ráðdeildarsemi við opinberan rekstur. Í því skyni finnst mér rétt að vekja athygli hv. þingmanns á svari sem ég fékk frá hæstv. fjármálaráðherra á síðasta þingi um hvað hlutur hins opinbera af þjóðarframleiðslu hefur vaxið á síðustu árum.

Ég tel það ákveðið áhyggjuefni, sérstaklega núna þegar við erum í uppsveiflu, að hlutur hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, hefur farið vaxandi. Mig langar að beina þeirri spurningu til hv. þingmanns hvort það sé rétt að vera svo ánægður með stöðu mála einmitt nú í ljósi þessa.

[14:58]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég minnist þess aldrei að hafa nokkurn tíma haldið nokkra tölu eða skrifað nokkurn einasta stafkrók þar sem ég hafi hælst yfir því hversu vel gengi með opinbera stjórnsýslu. Ég get ekki komið því fyrir mig að ég hafi nokkurn tíma tekið þátt í þeirri umræðu. Hins vegar hef ég oft staðið hér og gagnrýnt opinbera stjórnsýslu. Ég hef iðulega farið í gegnum það að við mættum gera mun betur. Ég hef oft gagnrýnt hina opinberu stjórnsýslu og sagt að þar séu of miklir peningar. Ég var að segja frá því rétt áðan. Hins vegar verða menn að gæta sín þegar þeir bera saman tölur um hið opinbera. Hið opinbera er, eins og hv. þingmaður sagði, ríki og sveitarfélög. Sveitarfélögin hafa á undanförnum árum aukið hlutdeild sína umtalsvert.

Ég hef haft áhyggjur af fjárreiðum sveitarfélaganna og hef margsinnis sagt það hér, virðulegur forseti. Tekjuaukning þeirra er að meðaltali aðeins hærri en ríkisins en útgjöld þeirra eru mun hærri og launaákvæði þeirra eru líka þó nokkuð umfram launaákvarðanir ríkisins. Það er því ástæða til að gera grein fyrir því að sveitarfélögin, mörg hver, þó að það séu náttúrlega undantekningar, fara óvarlega í peningamálum. Mjög óvarlega, því miður. Einstaka þeirra gera það ekki, sýna mikla ráðdeild, en meiri hlutinn sýnist mér gera það, sérstaklega þau sem fá miklar tekjur, þau sem eru á suðvesturhorninu.

Það er alrangt að ég hafi nokkurn tíma sagt að það væri ástæða til að hæla sér yfir stöðunni. Aldrei nokkurn tíma. Ég hef hins vegar oft haldið ræður um að það þyrfti að varast þetta, menn yrðu að fara varlega og vanda sig eins mikið og þeir gætu við meðferð opinberra peninga.

[15:01]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott að heyra að hlutirnir hafa að einhverju leyti snúist við, nú hafa menn áhyggjur og er það vel. En hér í ræðunni gætti þó fullmikillar bjartsýni og mikillar ánægju með stöðu fjármála.

Hv. þingmaður hefur miklar áhyggjur af stöðu sveitarfélaga. Ég get tekið undir það og þá sérstaklega hef ég áhyggjur af stöðu smærri sveitarfélaganna sem hafa farið mjög illa út úr fiskveiðióstjórninni sem flokkur hv. þingmanns hefur staðið fyrir — þar hefur orðið samdráttur í atvinnu. Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort ekki sé kominn tími til að skoða hvort ekki eigi að kostnaðarmeta frumvörp og reglugerðir sem fela í sér kröfur á hendur sveitarfélögunum, hvort ekki sé orðið tímabært að sveitarfélögin komi í meira mæli að slíkri vinnu. Það eru ekki einungis frumvörp sem leggja auknar skuldbindingar á herðar sveitarfélaganna, sem kosta stórfé, heldur einnig reglugerðir sem flæða yfir í stríðum straumum, jafnvel frá Evrópu, á sviði um-

hverfismála. Ég heyri hér í þingsalnum að margir hafa áhyggjur af stöðu sveitarfélaganna og sérstaklega þeirra smærri sem hafa farið halloka. Í ljósi þess spyr ég hvort ekki sé rétt að fara yfir stöðu þessara mála.

Ég vil einnig í framhaldi af þessari umræðu ræða áhyggjur manna af stöðu stjórnsýslunnar. Vestur á Ströndum, í Hólmavík, er einungis sýnd ráðdeildarsemi. Það er verið að skera niður í sveitarfélögum sem standa illa varðandi löggæslu. En ýmislegt annað bólgnar út. Í víkingasveitina fóru t.d. 100 milljónir á þessu ári og 100 miljónir árið áður. En alltaf er verið að klípa þjónustu af sveitarfélögum sem standa illa.

[15:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að staða sveitarfélaganna er misjöfn. Þau sveitarfélög sem hafa orðið fyrir mestum áföllum eru þau þar sem brestur hefur verið í atvinnulífinu, þar sem fólki hefur fækkað og tekjur hafa lækkað. Menn hafa verið að reyna að koma til móts við þau með auknum framlögum, verulega auknum framlögum í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Mér er til efs að það dugi. En það hefur verið reynt og þau sjónarmið eru uppi.

Við höfum oft bent á hvernig við eigum að reyna að vanda okkur í þessu og ástæða er til að fara í gegnum það aftur og aftur. Ekki er þó ástæða til að taka undir allar kröfur sem fram koma. Við megum ekki alltaf vera viðbúin því að segja já og amen við öllu sem fram kemur vegna þess að það þarf að gæta sín varðandi meðferð skattpeninganna.

Mér finnst hins vegar alveg óþarfi, virðulegur forseti, að hv. þingmaður spyrji mig um framkvæmdir fjárlaga, t.d. hvað varðar dómsmála- eða heilbrigðisráðuneyti. Ég get ekki svarað fyrir það, það eiga ráðherrarnir að gera. Ég er ekki með það á hreinu hver þróun lögregluþjónustu hefur verið á hinum ýmsu stöðum. Ég veit þó að í heild hefur ríkið ekki verið að draga úr þjónustu sinni, alls ekki. Ríkið hefur verið að auka þjónustu sína, gert það vegna þess að það er að fá auknar tekjur. Tekjuaukning ríkisins er heilmikil, svona svipuð og hjá sveitarfélögunum. Menn geta því verið þokkalega ánægðir með stöðuna. Við eigum að fagna því að staðan er góð og það hefur tekist vel upp með þessi ár. En svo geta komið verri tímar og þá skulum við vera viðbúin því.

[15:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum hér í lokaumræðu um fjáraukalögin fyrir 2005 og út af fyrir sig geri ég ekki neinar sterkar athugasemdir við þá aukningu sem nú kemur inn frá meiri hluta fjárlaganefndar, sem er upp á um 1,8 milljarða kr. tæpa. Langstærstur hluti tengist kjarasamningum. Tæplega 1,3 milljarðar kr. tengjast því að standa við þríhliða samkomulag ríkisvaldsins, atvinnurekenda og Samtaka launafólks nýverið — tengist eingreiðslum í desember til öryrkja, aldraðra og atvinnulausra og sömu eingreiðslum til starfsmanna ríkisins. Gert er ráð fyrir að í það þurfi að verja í allt 500 milljörðum kr., heildarfjárveitingin er 605 milljarðar kr. í launa- og verðlagsmál varðandi launþega ríkisins.

Síðan er önnur greiðsla sem ætlað er að renna í Lífeyrissjóð bænda, viðbótargreiðsla sem sett er inn í fjáraukalög upp á 430 millj. kr. og tengist sölunni á Lánasjóði landbúnaðarins. Þá munu heildargreiðslur inn á Lánasjóð landbúnaðarins nema rúmum 2,6 milljörðum þegar þeir fjármunir sem fengust fyrir lánasjóðinn hafa verið reiddir af hendi og kostnaður við sölu og smáuppgjörskostnaður dreginn frá. Um það var tekin ákvörðun síðasta vor, þegar ákveðið var að selja Lánasjóð landbúnaðarins, að þessum fjármunum skyldi varið inn í lífeyrissjóðinn.

Ég hafði uppi nokkra umræðu um þennan þátt málsins á vordögum vegna þess að mér fannst liggja nokkuð við, hæstv. forseti, að menn upplýstu um hver staða Lífeyrissjóðs bænda væri um þessar mundir og hvað fjárhagsstaða lífeyrissjóðsins batnaði mikið við þá fjármuni sem inn í sjóðinn kæmu. Í framhaldi af því hver yrði þá líkleg niðurstaða af því að hækka lífeyrisgreiðslur til bænda eða meta upp réttindi þeirra miðað við að sjóðurinn hefði bætt stöðu sína.

Lífeyrissjóður bænda hefur fyrir ekkert löngu síðan skert réttindi bænda í lífeyrissjóði eins og margir aðrir lífeyrissjóðir hafa þurft að gera og það byggist auðvitað á lögum um almenna starfsemi lífeyrissjóða. Þar er stjórnum lífeyrissjóðanna falið að sjá til þess að lífeyrissjóðir almennt eigi fyrir skuldbindingum sínum. Þetta ákvæði tekur einkum til þeirra lífeyrissjóða sem almennir launamenn eru í en ríkið ábyrgist hins vegar að stærstum hluta greiðslur til opinberra starfsmanna.

Margir lífeyrissjóðir hafa lent í því á undanförnum árum að þurfa að skerða þessi réttindi, m.a. Lífeyrissjóður sjómanna þar sem sá sem hér stendur á nú sennilega megnið af sínum réttindum og margir fleiri sem hafa starfað á sjó ásamt mér. En látum það liggja á milli hluta. Mig hefði langað til að vita, ef hæstv. fjármálaráðherra gæti aflað um það upplýsinga, hversu mikið krónuleg staða í Lífeyrissjóði bænda lagast við þá 2,6 milljarða sem settir eru inn í sjóðinn og hvað er þá líklegt að þau réttindi sem verið er að greiða út til bænda — sem eru því miður afar lág, það verður að segjast eins og er og þess vegna er skiljanlegt að menn reyni að lagfæra þessa stöðu — geti hugsanlega hækkað. Eða er staðan e.t.v. svo slæm í Lífeyrissjóði bænda að þessi eingreiðsla breyti engu til hækkunar á greiðslum til lífeyrisþega sem núna njóta lífeyrisgreiðslna úr Lífeyrissjóði bænda? Þetta hefði ég talið fróðlegt, hæstv. forseti, að fá upplýst við þessa umræðu því að við viljum auðvitað vita hvaða árangri menn ná við ákveðnar tilfærslur á fjármunum.

Það er vissulega svo að bændur lögðu fé inn í þennan sjóð, bæði með sérstöku gjaldi sem þeir greiddu til sjóðsins og síðan hafa þeir væntanlega byggt eignastöðuna í sjóðnum upp, eins og altítt er með viðskiptamenn sjóða sem greiða viðkomandi sjóði ávöxtun á því fé sem þeir fá lánað og mynda þar af leiðandi smátt og smátt inneign eða eignalega stöðu sjóðsins á einhverjum árum eða áratugum. Þetta er jú alþekkt úr t.d. sparisjóðunum þar sem menn byrjuðu með lág stofnfjárbréf og síðan voru það viðskiptamenn sparisjóðanna sem byggðu upp fjárhagsstöðuna en ekki endilega stofnfjáreigendurnir. Um þetta höfum við rætt hér á hv. Alþingi.

Það sama á auðvitað við um stofnlánasjóðinn. Það eru auðvitað viðskiptamenn sjóðsins og þeir sem greiddu til hans ákveðið gjald sem væntanlega hafa byggt upp stöðu hans að mestu leyti á undafönum áratugum. Þess vegna kunna að vera full rök fyrir því að láta þessa fjármuni renna inn í lífeyrissjóðinn, en spurningin er hins vegar: Hvaða gagn gera þessir fjármunir? Hvað breytist hjá bændum sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum?

Í svari sem gefið var á síðasta þingi, 131. þingi, við fyrirspurn hv. þm. Drífu Hjartardóttur kemur fram að menn fá ekki háar greiðslur. Til dæmis fær enginn örorkulífeyrisþegi í Lífeyrissjóði bænda greiðslu yfir 60 þús. kr. og í ellilífeyri fær enginn greiðslu yfir 50 þús. kr. og meðaltalsgreiðslurnar eru ótrúlega lágar. Það verður að segjast alveg eins og er, hæstv. forseti, að það þarf að muna dálítið um þá fjármuni sem látnir eru inn í sjóðinn svo að hægt sé að halda því fram að verið sé að lagfæra stöðu bænda með þessari greiðslu.

Það tengist auðvitað öðru fyrirbæri sem ég hef gert að umræðuefni hér í þessum ræðustóli, m.a. við fjárlagaumræðuna sjálfa, og einnig varðandi eingreiðsluna í desember sem ég spurði hæstv. fjármálaráðherra um hér fyrir nokkru og hann svaraði skýrt og skilmerkilega, en það eru þær skerðingarreglur sem gilda á útgreiðslur Tryggingastofnunar, þ.e. ellilífeyri og tekjutryggingu o.s.frv. þegar fólk fær viðbótartekjur úr lífeyrissjóði. Það er því miður þannig að *menn tapa tæplega annarri hverri krónu, skerðingin er 45%*, þ.e. fyrir hver 10 þús. kr. í auknum lífeyrisréttindum lækka menn í bótum hjá Tryggingastofnun um 4.500 kr. Síðan kemur tekjuskatturinn á eftir.

Ég benti á þetta við umræðuna í vor að það þyrfti að muna einhverju verulegu til þess að bændur fengju einhvern raunverulegan ábata af eingreiðslunni, það þyrfti að muna verulega um það í réttindainnvinnslu þessara stétta en hún er ekki há eins og þau dæmi sem ég tók hér áðan sýna. Síðan er meðferð makalífeyris og ýmislegt annað sem er í þessum sjóði og er reyndar í öðrum sjóðum nánast aftur úr grárri forneskju verð ég að leyfa mér að segja, hæstv. forseti. Ég held að það eigi einkanlega við ef fólk hefur ekki skipt á milli sín inngreiðslu í lífeyrissjóð, þ.e. hjón eða sambúðarfólk sem hefur starfað að landbúnaði, þá held ég að sé um verulega mismunun að ræða.

Ég ætla ekki að hafa umræðuna um þennan þátt málsins lengri en ég geri þetta að umræðuefni vegna þess að þetta mál er í breytingartillögunum og það hefði verið fróðlegt að fá þetta upplýst.

Aðrar tillögur í fjáraukaviðbótum meiri hlutans eru svo sem ekki stórar því að þegar búið er að leggja þær 430 milljónir sem koma í Lífeyrissjóð bænda til viðbótar við það sem fer í þá liði sem tengjast samkomulagi á vinnumarkaði, þá eru 76 millj. kr. umfram og ég ætla ekki að gera það að miklu umræðuefni hér.

Hins vegar er athyglisvert að afkoma ríkissjóðs er enn að batna mikið og nú er gert ráð fyrir því að í viðbótartekjur komi 11,2 milljarðar vegna tekjuskatta einstaklinga og lögaðila, vegna virðisaukaskattsins komi 7 milljarðar og vegna innflutnings á ökutækjum 4,1 milljarður. Það eru samanlagt 22,3 milljarðar sem gert er ráð fyrir að komi í auknar tekjur. Það er auðvitað að sumu leyti ánægjulegt að staða ríkissjóðs skuli vera svo góð en þetta er einnig vísbending um að við séum enn á miklu innflutningsfylleríi, ef hægt er að orða það svo, hæstv. forseti, það er mikið flutt inn af vörum nú. Við erum reyndar að nálgast jólamánuðinn og erum kannski rík á þeim tíma ársins þegar hvað mest er flutt inn. En hitt er alveg ljóst að innflutningur á ökutækjum hefur verið mikill allt þetta ár og er enn mjög mikill þannig að eyðsla almennings er mikil og það vekur áhyggjur þegar horft er til vaxandi skuldastöðu heimilanna.

Það er vissulega hægt að taka undir það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði áðan um sérstaka fjárveitingu til Tryggingastofnunar ríkisins og ég gerði að umtalsefni við fjáraukann í 2. umr. Ég bað um að fá þetta minnisblað frá Tryggingastofnuninni með samantekt á því hvað væri búið að láta mikið fé í hönnun á tölvukerfi fyrir stofnunina en talað var um 75 milljónir til viðbótar í því skyni. Kostnaðurinn væri þá samtals orðinn um 400 milljónir við hönnun á tölvukerfi fyrir Tryggingastofnun.

Ástæðan fyrir því að ég fór að velta þessu fyrir mér var m.a. sú að ég hafði verið að glugga í svar við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur til fjármálaráðherra sem hún bar fram á 130. löggjafarþingi um hugbúnaðarkerfi ríkisins almennt þar sem hún spurði um ýmislegt sem sneri að kostnaði ríkisins. Þegar ég var að glugga í svar hæstv. fjármálaráðherra kom í ljós að búið var að eyða verulega miklum fjárhæðum í hönnun á alls konar tölvukerfum fyrir ríkið og sá pakki *hjá Tryggingastofnun sem við vorum með hérna inni í fjáraukalögunum* er hluti af því.

Þó að niðurstaðan í svari til hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á sínum tíma hafi verið sú að það væri ekki talin ástæða til þess að skoða í heild kostnað ríkisstofnana varðandi hönnun á ýmsum kerfum, bókhaldskerfum og launakerfum og eftirlitskerfum og öllu því sem ríkið er að láta vinna að fyrir sig, þá held ég, hæstv. forseti, og vil beina því hér við lok máls míns til hæstv. fjármálaráðherra að hann láti skoða hversu miklu ráðuneytin og einstakar stofnanir sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti hafi á undanförnum t.d. tíu árum ráðstafað í hönnun á sérstökum tölvukerfum og eftirlitskerfum fyrir stofnanirnar. Ég er ansi hræddur um, miðað við það svar sem var veitt við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur og það svar sem ég fékk við spurningu minni um Tryggingastofnun ríkisins, að full ástæða sé til að skoða þennan þátt málsins og kortleggja vel og vandlega hvað menn hafa verið að fást við í þessum efnum í ríkisgeiranum á undafönum árum.

Hér á landi eru fjölmörg fyrirtæki sem sérhæfa sig í alls konar tölvuúrvinnslu og því hefði mátt gera ráð fyrir því nú seinni árin að mörg þeirra væru þegar búin að hanna alls konar lausnir fyrir hinn og þennan rekstur og að eitthvað af *því hljóti að geta hentað ríkinu þannig að ekki þurfi að sérhanna* öll tölvukerfi ríkisins sem mér sýnist vera mikið um að gert sé. Þess vegna beini ég því til hæstv. nýs fjármálaráðherra að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en hann leggur fram nýtt fjárlagafrumvarp næsta haust. Ég held að það sé full ástæða til að það verði skoðað. Auðvitað væri hægt að koma með þetta hér í fyrirspurn og biðja um skriflegt svar en ég vil skora á hæstv. fjármálaráðherra að taka frumkvæðið í þessu máli og skoða hvað ríkið hefur gert í slíkri vinnu á undanförnum árum, t.d. sértölvukerfi sem

hafa verið hönnuð fyrir spítalana o.fl. Ég held að það væri fróðlegt að fá þetta tekið saman í heild svo hægt sé að gera sér grein fyrir því hversu mikið fé er veitt í þetta.

[15:24]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður hefur það verið svo að bændur hafa haft minni möguleika til þess að vinna sér inn lífeyrisréttindi en aðrir og nú um stundir helgast það að mestu leyti af því að reiknuð laun í landbúnaði eru mjög lág. Staða Lífeyrissjóðs bænda hefur verið á þann veg á undanförnum árum að það hefur verið meira en 5% munur á eignum og skuldbindingum og ef sú staða er viðvarandi í fimm ár eða meira ber að breyta samþykktum til lækkunar.

Sú upphæð sem samkvæmt tillögu í fjáraukalagafrumvarpinu er nú lögð í Lífeyrissjóð bænda mun duga til þess að sjóðurinn verði í jafnvægi og því þurfi ekki að koma til þess að greiðslur verði skertar. Reyndar er það þannig að miðað við þá tölu sem er núna við 3. umr. mun það gera meira en að setja sjóðinn í jafnvægi og sem nemur um 400 milljónum. Ég held hins vegar að það vegi ekki stórt hvað varðar þær greiðslur sem væntanlega koma úr sjóðnum í framtíðinni. Ef við skoðum það síðan í samhengi við það hversu raunverulega lágar þær eru vegna hinna lágu reiknuðu launa mun það sjálfsagt ekki breyta mjög miklu. Það skiptir hins vegar mjög miklu máli upp á öryggi þeirra sem eiga réttindi í sjóðnum að hann skuli vera í jafnvægi og ríflega það. Það er ekki fyrirsjáanlegt að það muni þurfa að koma til skerðingar á sjóðnum í næstu framtíð.

[15:26]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra svörin. Það liggur þá alla vega fyrir að ekki verður um frekari skerðingu að ræða á næstunni. Mér sýnist hins vegar á svörum hæstv. ráðherra að það verði heldur ekki um það að ræða að sjóðurinn sé kominn í þá stöðu að hann fari að eiga meira en 5% umfram skuldbindingar sínar, ég tala nú ekki um 10% umfram skuldbindingar sínar. Ég get því ekki heldur heyrt á svari hæstv. ráðherra að þetta dugi til þess að hækka greiðslur til bænda í lífeyrissjóðnum heldur sé staðan einfaldlega þannig að hún sé plúsmegin en engan veginn nægjanleg til þess að auka útgreiðslur úr lífeyrissjóðnum. Þar af leiðandi á bændastéttin ekki von á sérstakri kjarabót í lífeyrissjóðnum sýnist mér miðað við þessi vör.

[15:27]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki getað látið reikna þetta út frá því að hv. þingmaður bar fram fyrirspurnina í ræðu sinni hér áðan en í fljótu bragði sýnist mér staðan vera þessi. Kjarabótin felst þá í því að sjóðurinn mun væntanlega vera í stakk búinn til þess að greiða það sem bændur eiga von á að fá úr sjóðnum og kannski eitthvað örlítið umfram, en ég á ekki von á því að það sé stórt, þannig að ég held að þrátt fyrir orð hv. þingmanns sé hann nú tæplega að gera lítið úr því að 2,6 milljarðar séu settir í Lífeyrissjóð bænda. En ég ætla heldur ekkert að gera meira úr því en efni standa til, en aðalávinningurinn felst í örygginu.

[15:28]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki neitt að gera lítið úr því að þessir fjármunir rynnu inn í lífeyrissjóðinn. Ég var einfaldlega að velta fyrir mér hver staða sjóðsins yrði eftir það og hvort bændur ættu von á lagfæringu. Ég þóttist vita miðað við það sem ég hafði lesið mér til um Lífeyrissjóð bænda að staða hans væri ekki sterk en hafði hins vegar ekki tölur um það hversu mikið þyrfti að koma þar inn af fjármunum til þess að staðan væri orðin plúsmegin. En mér heyrist á svarinu að þær 400 milljónir sem hugsanlega verða plúsmegin í þessu dæmi miðað við upplýsingar hæstv. ráðherra muni varla duga til þess að auka útgreiðsluna en þær muni, eins og ráðherra sagði, vafalaust tryggja það um einhver ár að ekki verði um frekari skerðingar að ræða enda mætti sjóðurinn varla við því miðað við þær lágu meðalgreiðslur sem bændastéttin á rétt á samkvæmt núverandi upplýsingum.

[15:29]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Nú er komið að lokum þessarar umræðu um fjáraukalög fyrir árið 2005 og rétt í lokin vil ég segja nokkur orð út af því.

Það liggur fyrir að við sjáum nú meiri tekjuafgang á fjárlögum en áður hefur þekkst og gildir þá einu hvort söluandvirði Símans er inni í þeirri tölu eða ekki. Í heildina erum við að tala um nálægt 9% af landsframleiðslu sem er auðvitað gríðarlega mikið en án sölu Símans eitthvað rúmlega 3%.

Við sjáum líka að lánsfjárafgangur er nálægt 100 milljörðum, við erum að lækka skuldir ríkissjóðs mjög mikið, sem er auðvitað sérstakt ánægjuefni og auðvitað mikilvægt innlegg til framtíðar.

Eitt mikilvægasta verkefni okkar í öllu þessu er að halda vexti samneyslunnar niðri eins og margoft hefur komið fram í þessari umræðu. Slíkt er auðvitað einnig til hagsbóta til framtíðar, en um þessar mundir fær ríkissjóður mjög miklar tekjur vegna þenslu í samfélaginu, vegna mikillar einkaneyslu og viðskiptahalla og við megum auðvitað ekki ráðstafa öllum þeim tekjum, sem eru sveiflukenndar og að mörgu leyti tímabundnar, til þess að auka samneysluna. Ég held að það sé eitt af okkar helstu verkefnum að hvetja þjóðina til þess að draga úr einkaneyslu og líta frekar til þess að spara fjármuni en að nota þá til einkaneyslu.

Í þessari umræðu eins og gjarnan í umræðu um fjárlög eða fjáraukalög, hefur komið fram að auðvitað vildu menn sjá að auknir fjármunir rynnu til ýmissa mála, en við vitum það, og ekki síst við sem fjöllum um þessi mál, að seint eða aldrei er hægt að gera allt fyrir alla eða mæta öllum kröfum og þörfum. En í heildina séð held ég að megi segja að fjáraukalagafrumvarpið eins og það liggur fyrir núna sé mjög gott. Í góðæri er mikilvægt að halda vel utan um og missa ekki tökin á rekstrarútgjöldunum, virðulegi forseti, því það fáum við auðvitað í bakið síðar meir, og við getum horft til reynslu annarra þjóða í þeim efnum.

Í þessari umræðu hefur töluvert verið rætt eins og áður um fjárreiðulög og vangaveltur um það hvort farið sé að þeim eða ekki. Það er út af fyrir sig mjög eðlilegt að slík

umræða fari fram, sérstaklega þegar rætt er um fjáraukalög. Menn túlka hlutina auðvitað sitt á hvað en fjárreiðulögin eru mjög mikilvægt tæki og það var mikil framför þegar þau voru sett á sínum tíma og að sjálfsögðu einbeita menn sér að því að fara eftir þeim, en í umræðunni kemur síðan fram ýmist álit manna á því hvernig til tekst.

Í þessari umræðu hefur einnig verið töluvert rætt um upplýsingaöflun og fram hefur komið gagnrýni á að fjárlaganefnd fái ekki þær upplýsingar sem hún óskar eftir frá ráðuneytum og öðrum aðilum. Að sumu leyti er sú gagnrýni réttmæt og ég tek undir hana. Ég hef sjálfur gagnrýnt það nokkuð að fjárlaganefnd gangi illa að fá upplýsingar en við höfum jafnframt fengið skýringar á því frá fjármálaráðuneyti, en við höfum sannarlega gengið eftir því að fá þær upplýsingar sem menn biðja um og það eru hagsmunir okkar allra að það gangi eftir.

Virðulegur forseti. Ég vildi bara rétt í lokin segja örfá orð þegar þessi umræða er að enda komin og nota tækifærið til að þakka öllum þeim sem hafa komið að umfjöllun um þetta frumvarp í fjárlaganefnd og hér á Alþingi fyrir gott samstarf.

[15:33]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eðlilegt að taka undir það með hv. þingmanni að störfin í fjárlaganefnd hafi að flestu leyti verið til mjög fyrirmyndar og það hefur ekkert hallað á í áhuga gagnvart því að fá upplýsingar afhentar. Hins vegar hefur okkur þótt í minni hlutanum að meiri hlutinn gæti nú kannski tekið örlítið fastar á því máli gagnvart þeim þingflokkum sem þeir starfa í þannig að þetta ætti að vera tryggt í gegnum ráðherrana. En við vonum að betri tíð sé fram undan.

Hér var minnst á eitt mál áðan og ég vildi spyrja hv. þingmann um hvort hann hefði nokkur tíðindi að segja frá því sem hv. þingmaður Guðjón A. Kristjánsson nefndi áðan um hugbúnaðarkerfi hjá Tryggingastofnun. Gert er ráð fyrir að 75 millj. kr. komi einmitt aukalega núna í það og þetta einstaka kerfi er þá líklega komið upp í tæplega 400 millj. kr. Spurningin er raunverulega hvort hv. þingmaður hafi nokkrar upplýsingar um hvort það minnisblað sem beðið hefur verið um væri nokkuð á leiðinni eða hefði einhvers staðar strandað. Ég mun svo í seinna andsvari bregðast við svari hans.

[15:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að óskað var eftir því, ég hygg í síðustu viku, að fá upplýsingar um þetta mál sem hv. þingmaður nefndi. Ég veit ekki til að okkur hafi borist þessar upplýsingar. Ég mun kanna það eftir að þessari umræðu lýkur. Sannarlega mun ég ganga eftir því að þær upplýsingar komi.

[15:35]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að hér komi fram vegna þessa máls upplýsingar sem ég hef fengið eftir að þessi beiðni kom fram í fjárlaganefnd. Þær gætu hugsanlega verið skýring á því að þessar upplýsingar hafa ekki borist. Samkvæmt ósk hv. þingmanns Jóhönnu Sigurðardóttur fór forsætisnefnd þingsins fram á það við Ríkisendurskoðun fyrir líklega um það bil einu og hálfu ári síðan að þetta mál yrði kannað í heild sinni, gerð nákvæm úttekt á því og unnin skýrsla um hvað þarna hefði raunverulega gerst, hvernig að þessu var staðið og hvað þarna væri í gangi. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef nú má búast við því að Ríkisendurskoðun, sem er búin að vinna að þessu núna um nokkurt skeið, skili niðurstöðu um þetta mál núna á vordögum. Það væri gott ef við fengjum minnisblaðið og rétt hjá hv. þingmanni að ganga eftir því. En ég held að það sé rétt að hinkra kannski með meiri ræðuhöld um málið þar til skýrsla Ríkisendurskoðunar liggur fyrir því hún verður mjög til bóta og vonandi læra menn eitthvað af henni. En því miður finnast fleiri dæmi um að viðlíka kerfi hafa blásið mjög út í fjárhagslegu tilliti og á stundum ekki einu sinni gert það gagn sem til var ætlast þrátt fyrir það.

[15:37]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem hv. þingmaður sagði ætla ég ekki að hafa fleiri orð um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, 1. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 360.

[15:37]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Meginefni frumvarpsins snýr að því að heimilt verði að afla sönnunargagna með leit að undangengnum dómsúrskurði hjá þeim sem grunur leikur á að hafi brotið gegn tilteknum hugverkaréttindum. Frumvarpið tekur mið af þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir til að tryggja vernd hugverkaréttinda, einkum með aðild að TRIPS-samningnum svokallaða sem er viðauki við samning um Alþjóðaviðskiptastofnunina og lýtur að vernd hugverkaréttinda í viðskiptum. Nokkur vafi hefur leikið á því hvort íslensk löggjöf fullnægi tilteknum ákvæðum samningsins og hefur hliðstæðri löggjöf á Norðurlöndum verið breytt þannig að mælt er sérstaklega fyrir um úrræði til öflunar sönnunargagna vegna brota á hugverkaréttindum.

Við mat á því hvort þörf sé á sérstöku úrræði fyrir rétthafa hugverkaréttinda til að afla sönnunargagna vegna ætlaðra brota gegn hugverkaréttindum verður að líta til þess að

oft er unnt að eyða eða koma undan sönnunargögnum um brotið á svipstundu. Stendur rétthafi þannig gjarnan höllum fæti gagnvart þeim sem brotið hefur gegn réttindum hans og valdið honum tjóni. Þykir því rétt að löggjöf sé hagað þannig að gætt sé að sérstöku eðli þessara mála svo komið verði í veg fyrir að rétthafi verði fyrir réttarspjöllum.

Með frumvarpi því sem nú liggur fyrir er lagt til að heimilt verði að afla sönnunargagna ef sá sem telur sig rétthafa þeirra hugverkaréttinda sem talin eru upp í frumvarpinu gerir sennilegt að brotið hafi verið gegn þeim rétti. Þarf gerðarbeiðandi þannig að sýna fram á ákveðnar líkur fyrir því að brot hafi verið framið en ekki er gerð krafa um að hann færi fram örugga sönnun fyrir brotinu. Gert er ráð fyrir að málsmeðferð hefjist á því að gerðarbeiðandi sendi beiðni um öflun sönnunargagna til héraðsdóms og er meginreglan sú að héraðsdómari tilkynni málsaðilum stað og stund þinghalds.

Lagt er til að heimilt verði að víkja frá skyldum til að tilkynna gerðarþola um þingfestingu málsins ef hætta leikur á að sönnunargögnum verði komið undan, þeim eytt eða breytt eða ef dráttur vegna tilkynningar getur valdið réttarspjöllum fyrir gerðarbeiðanda. Með hliðsjón af því hve oft er, eins og áður segir, á svipstundu unnt að eyða eða koma undan sönnunargögnum um ætlað brot gegn hugverkaréttindum má gera ráð fyrir að þessari heimild verði beitt í allnokkrum mæli.

Til að tryggja hagsmuni gerðarþola í slíkum tilvikum er lagt til að honum verði heimilt að krefjast endurupptöku málsins fyrir héraðsdómi innan tiltekins frests og skal sýslumaður ekki afhenda gerðarbeiðanda sönnunargögn fyrr en að liðnum þeim fresti. Fallist héraðsdómur á beiðni um heimild til að afla sönnunargagna er gert ráð fyrir að gerðarbeiðandi sendi úrskurðinn til sýslumanns sem framkvæmir í kjölfarið leit hjá gerðarþola. Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja sönnun á ætluðu broti er gert ráð fyrir að sýslumaður geti lagt hald á hluti eða skjöl, tekið myndir og afritað gögn. Gert er ráð fyrir að gerðarbeiðandi höfði mál á hendur gerðarþola á grundvelli þeirra sönnunargagna sem aflað hefur verið eftir ákvæðum frumvarpsins innan fjögurra vikna en ella skal hann skila sönnunargögnum. Lagt er til að gerðarþoli eigi rétt á skaðabótum vegna aðgerða á grundvelli frumvarpsins hafi ekki verið leitt í ljós að brotið hafi verið gegn þeim hugverkaréttindum sem frumvarpið tekur til og er um hlutlæga bótaábyrgð að ræða.

Herra forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umræðu.

[15:41]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða mikilvægt mál, frumvarp ríkisstjórnarinnar til laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Þetta er efnismikið frumvarp og þarna er komið inn á afar spennandi mál, svo sem höfundarétt, hönnunarrétt og vörumerkjarétt, félagamerkjarétt, einkaleyfarétt, yrkisrétt og síðast en ekki síst vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum. Þetta hljómar afskaplega spennandi. Hins vegar snertir þetta sem við erum að fjalla hér um grundvallaratriði og það þarf að skoða þetta mál afskaplega vel, að mínu mati, í allsherjarnefnd.

Nú við 1. umræðu langar mig að tæpa á nokkrum atriðum. Eins og kemur fram í frumvarpinu eru hugverkaréttindi samheiti þeirra eignarréttinda sem varða fyrst og fremst andleg sköpunarverk af einhverju tagi og brot gegn hugverkaréttindum felst í að einhver hagnýti sér vernduð hugverk heimildalaust. Eins og stendur í greinargerðinni eru algengustu brot gegn hugverkaréttindum ólögmætar eftirgerðir eða fjölfaldanir af tónlist, kvikmyndum og hugbúnaði. Þá má nefna ólögmætar merkingar á fatnaði og lyfjum með vernduðum vörumerkjum eða það sem einnig er oft nefnt eftirlíkingar.

Brot gegn ákvæðum sérlaga á sviði hugverkaréttar geta varðað refsingum eða skaðabótum. Er þá venjulega miðað við að þeim sem gerst hefur brotlegur gegn hugverkarétti verði gert að greiða bætur fyrir það tjón sem hlýst af og eftir atvikum endurgjald fyrir hagnýtingu þessara réttinda. Þá getur verið unnt að vernda hugverkarétt með lögbanni í samræmi við ákvæði laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Með frumvarpinu er, eins og hæstv. ráðherra gat réttilega um, verið að leggja til að heimilt verði að afla sönnunargagna með leit hjá þeim sem grunur leikur á að hafi brotið gegn þeim tilteknu hugverkaréttindum sem ég minntist hér áðan á. Ef við skoðum aðeins lengra inn í frumvarpið þá sjáum við að lagt er til að leit geti farið fram hjá þeim sem grunur leikur á að hafi brotið gegn tilteknum hugverkaréttindum og er þannig vikið frá grundvallarreglunni um friðhelgi einkalífs og heimilis. Við þurfum að skoða þetta afskaplega vel í allsherjarnefndinni, bæði 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en sá sáttmáli hefur lagagildi hér á landi. Ákveðin skilyrði í lögum þarf að uppfylla ef menn ætla að ganga á friðhelgi einkalífs, m.a. þarf þar dómsúrskurður að vera fyrir hendi. Við þurfum að ræða vel, að mínu mati, við fulltrúa frá Persónuvernd og Lögmannafélaginu og fleiri sérfræðinga hvað varðar persónuverndina. Við þurfum að skoða hvort þetta frumvarp sé hugsanlega að ganga of langt að einhverju leyti. Ég ætla ekki að fullyrða það hér en við þurfum að skoða það vel. Það kemur fram hjá frumvarpshöfundum að frumvarpið taki mið af þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands. En annars staðar kemur fram að ekki sé skylda að innleiða tilskipun Evrópusambandsins á þessu sviði í gegnum EES-samninginn. Þetta varð víst niðurstaða fastanefndar EFTA-ríkjanna. Eins og ég skil þetta þá er ekki skylda samkvæmt Evrópuréttinum að innleiða þessa tilskipun. Hins vegar hefur Ísland fullgilt svokallaðan TRIPS-samning og hann fylgir með í frumvarpinu sem er afskaplega ánægjulegt og er mjög upplýsandi að fá þann samning með í frumvarpinu. Hins vegar má spyrja hvort þetta frumvarp gangi að sumu leyti lengra en fyrrgreindur TRIPS-samningur. Því væri fróðlegt að vita frá hæstv. dómsmálaráðherra hvort hér sé gengið lengra en í þessum alþjóðasamningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem Ísland hefur fullgilt.

Það er einnig fróðlegt að vita í hvaða megindráttum þetta frumvarp er frábrugðið ESB-tilskipuninni sem okkur ber ekki skylda að innleiða samkvæmt niðurstöðu EFTA-nefndarinnar. Er hér gengið lengra en þörf krefur? Er geng-

ið lengra en aðrar þjóðir hafa gert? Það væri fróðlegt að vita það ef hæstv. dómsmálaráðherra hefur það á takteinunum. Við sjáum að dómsmálaráðuneytið fór þess á leit árið 1998 að réttarfarsnefnd kannaði hvort nauðsynlegt væri að breyta lögum til að Ísland fullnægði þjóðréttarlegum skuldbindingum samkvæmt TRIPS-samningnum. Réttarfarsnefnd komst að þeirri niðurstöðu að til greina kæmi að styrkja þau úrræði sem rétthafi eigenda hugverkaréttinda hefði í íslenskri löggjöf. Réttarfarsnefnd segir einnig að til séu gögn sem benda til að brotatíðni sé há í þessum málaflokki og þau réttarfarsúrræði sem eru fyrir hendi séu ekki nægjanlega virk. Það er stundum sagt í þessu samhengi að maðurinn sé að tapa fimm styrjöldum og það er stríðið um fíkniefni, vopn, mansal, peningaþvætti og síðan og ekki síst stríðið um höfundarétt og hugverkaréttindi. Og þetta frumvarp lýtur að því að reyna að ná betri tökum á því síðastnefnda.

Rökin fyrir að hafa sérstök úrræði, eins og þetta frumvarp opnar á, má finna víða í frumvarpinu. Á bls. 11 þar sem verið er að rökstyðja það segir, með leyfi forseta:

„Við mat á því hvort þörf sé á sérstöku úrræði fyrir rétthafa hugverkaréttinda til að afla sönnunargagna vegna ætlaðra brota gegn slíkum réttindum er einnig til þess að líta að oft er unnt á svipstundu að eyða eða koma undan sönnunargögnum um brotið. Á það sérstaklega við um hugbúnað fyrir tölvur og önnur gögn sem vistuð eru rafrænt. Þannig stendur rétthafi gjarnan höllum fæti gagnvart þeim sem brotið hefur gegn réttindum hans og valdið honum tjóni. Því er rétt að löggjöfin taki mið af þessu og sé hagað þannig að gætt sé að sérstöku eðli þessara mála svo komið verði í veg fyrir að rétthafi verði fyrir réttarspjöllum sem hætt er við að óbreyttum lögum."

Þetta þurfum við að sjálfsögðu að skoða mjög vel. Það hefur heyrst í umræðunni að hér sé verið að opna á svokallaða borgaralega húsleit og það má leiða líkur að því að við séum að fara yfir ákveðin mörk hvað það varðar sem eru ekki samanburðarhæf við þau úrræði sem við höfum í opinberu réttarfari. Það er hugsanleg að þetta frumvarp sé of víðtækt. Við sjáum að t.d. í 4. gr., um sannanir, stendur, með leyfi forseta:

„Sönnunar verður aflað á stað sem gerðarþoli hefur umráð yfir með athugun á öllum þeim gögnum og tækjum sem haft geta þýðingu við mat á því hvort og í hvaða mæli brotið hafi verið gegn þeim hugverkaréttindum sem getur í 1. gr. Nær könnunin meðal annars til söluvöru, véla og framleiðslutækja, bókhaldsgagna, pöntunarseðla, kynningarefnis, tölvugagna og hugbúnaðar."

Við sjáum í greinargerðinni með 4. gr. að þar er fjallað um þetta með ítarlegri hætti. Við sjáum einnig að 3. gr. er afskaplega athyglisverð og þá ekki síst 1. mgr. Það er betra að skoða það í greinargerðinni sjálfri, með leyfi forseta:

„Nú gerir sá sem telur sig rétthafa hugverkaréttinda er getur í 1. gr. eða sá sem lögum samkvæmt hefur heimild til að hagnýta þau réttindi sennilegt að einhver hafi brotið gegn þeim réttindum ..."

Miðað er við að gerðarbeiðandi geti ekki eingöngu verið rétthafi heldur einnig sá sem hefur heimild til að nýta sér þessi réttindi, svo sem nytjaleyfishafi, samanber ákveðin lög og greinar. Þá er gert ráð fyrir að gerðarbeiðandi geti beint kröfu sinni að hverjum þeim sem nýtur aðildarhæfis, samanber lög um meðferð einkamála. Engar takmarkanir eru gerðar í þeim efnum. Þannig getur gerðarþoli verið einstaklingur, félag, eða stofnun, þar með talið stofnanir ríkis og sveitarfélaga.

Við höfum heyrt þær raddir að hér sé verið að opna á einhvers konar borgaralega húsleit. En það er fróðlegt að vita hvort okkar þjóðréttarlegu skuldbindingar gera það að verkum að við þurfum að fara þessa leið og hvort við séum að ganga lengra en aðrar þjóðir. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti upplýst okkur um það hérna við 1. umræðu.

En að lokum langar mig að minnast á 2. mgr. 6. gr. sem er athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Nú leikur hætta á að sönnunargögnum verði komið undan, þeim eytt eða breytt eða að dráttur vegna tilkynningar geti valdið réttarspjöllum og er þá heimilt eftir rökstuddri beiðni gerðarbeiðanda að víkja frá skyldu skv. 1. mgr. til að tilkynna gerðarþola um þinghaldið."

Hér er verið að opna á frávik frá meginreglum, að viðkomandi viti um þinghald sem snertir hagsmuni hans og beint er gegn honum. Mig langar að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort þetta sé t.d. í ESB-tilskipuninni. Í greinargerðinni er vísað í að þetta sé hluti af TRIPS-samningnum en það er fróðlegt að vita hvort Evrópuþjóðirnar ganga svona langt. En í greinargerðinni stendur um þessa grein að í 2. mgr. sé að finna heimild til að víkja frá skyldum til að tilkynna gerðardómi um þingfestingu málsins. Þetta er alveg nýtt að mínu mati og talsvert langt er gengið varðandi þá meginreglu að viðkomandi einstaklingur viti að verið sé að þingfesta mál sem varðar hagsmuni hans. En í greinargerðinni stendur, með leyfi forseta:

„Verður það gert eftir rökstuddri beiðni gerðarbeiðanda ef hætta leikur á að sönnunargögnum verði komið undan, þeim eytt eða breytt eða dráttur vegna tilkynningar geti valdið réttarspjöllum fyrir gerðarbeiðanda."

En aðeins fyrir neðan stendur:

„Með hliðsjón af því að oft er unnt á svipstundu að eyða eða koma undan sönnunargögnum um ætlað brot gegn hugverkaréttindum má gera ráð fyrir að þessari heimild verði beitt í allnokkrum mæli."

Hér er hæstv. dómsmálaráðherra að segja að þessari heimild verði beitt í allnokkrum mæli og hann mun hugsanlega segja, eðli málsins samkvæmt, að hér sé á ferðinni hugsanlegt brot sem auðvelt er að afmá eða eyða. En við þurfum auðvitað alltaf í svona málum að gæta okkur á hvort við séum að virða meðalhófsregluna. Hvort við séum að ganga of langt. Hvort hægt sé að ná fram sömu markmiðum með vægari leiðum. En þetta og margt annað í þessu frumvarpi munum við að sjálfsögðu skoða í hv. allsherjarnefnd og fá á okkar fund þá gesti sem við teljum nauðsynlegt. Þetta er mikilvægt málefni að mínu mati. Þetta snertir hagsmuni margra. Þetta getur snert almenning í heild sinni hvað varðar þessi nýju úrræði, m.a. í 3., 4. og 6. gr., og þetta þurfum við að skoða í rólegheitum sem fyrst að mínu mati.

[15:53]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans og spurningar. Ég vil vekja athygli á því að hér er um að ræða frumvarp sem samið er af nefnd sem ég skipaði og í áttu sæti Benedikt Bogason, dómstjóri og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, Borghildur Erlingsdóttir, lögfræðingur frá Einkaleyfastofu, sem var tilnefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, og Jón Vilberg Guðjónsson, lögfræðingur hjá menntamálaráðuneyti, tilnefndur af því ráðuneyti. Ritari nefndarinnar var Ásgerður Ragnarsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Hv. þingmaður hélt því fram að þetta frumvarp gengi lengra en skylt væri samkvæmt þjóðréttarlegum skuldbindingum. Ég átta mig nú ekki almennilega á því hvernig þingmaðurinn kemst að þeirri niðurstöðu miðað við efni frumvarpsins og það sem segir í greinargerðinni. En það er alveg rétt að það er ekki EES-skuldbinding að flytja frumvarp af þessum toga og frumvarpið byggist að verulegu leyti á skuldbindingum okkar og að öllu leyti samkvæmt svokölluðum TRIPS-samningi og er flutt til að fullnægja þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem við gengumst undir með þeim samningi. Og eins og segir hér í greinargerðinni, á bls. 11, með leyfi hæstv. forseta:

„Að virtu því sem hér hefur verið rakið skortir nokkuð á að fyrir hendi séu nægjanlega trygg og skilvirk úrræði fyrir rétthafa hugverkaréttinda til að verja hagsmuni sína og afla sönnunargagna vegna ætlaðra brota gegn slíkum rétti. Því leikur í öllu falli vafi á hvort Ísland fullnægi þeirri þjóðréttarlegu skuldbindingu sem leiðir af b-lið 1. mgr. 50. gr. TRIPS-samningsins um að fyrir hendi séu tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til bráðabirgða til að varðveita sönnunargögn er tengjast meintu broti gegn hugverkaréttindum. Þótt hér verði ekki fullyrt að löggjöfin sé að þessu leyti í ósamræmi við alþjóðasamning sem Ísland hefur gengist undir er ástæða til að taka af allan vafa í þeim efnum. Má í því sambandi nefna að á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar var fjallað um hvort löggjöf Danmerkur og Sviþjóðar, sem var í öllum meginatriðum hliðstæð við gildandi íslensk lög að þessu leyti, fullnægði ákvæðum TRIPS-samningsins. Af þessu tilefni var dönskum lögum breytt með lögum nr. 809/2001 og nýjum kafla 57 a bætt við dönsku réttarfarslögin (Retsplejeloven) en þar er að finna úrræði á einkaréttarlegum grundvelli til að afla sönnunargagna vegna brota gegn hugverkaréttindum. Einnig var lögum breytt í Svíþjóð 1. janúar 1999 á þann veg að mæla fyrir um heimild til öflunar sönnunargagna í ýmsum lögum á sviði hugverkaréttar. Þá tóku gildi 1. maí 2000 sérstök lög um þetta efni í Finnlandi. Loks var gerð viðeigandi breyting á norsku réttarfarslögunum (tvistemålsloven) með lögum nr. 49/2004 til að fullnægja skuldbindingum samkvæmt TRIPS-samningnum."

Við erum því hér að þessu leyti að feta í fótspor annarra sem hafa gerst aðilar að TRIPS-samningnum og hafa haft svipaða löggjöf og við. Hér er þetta gert í sérstökum lagabálki og er mjög ítarlega og vel unnið og greinargerðin mjög vel úr garði gerð. En það er ekki að ástæðulausu sem þetta er gert. Og ég minni á það sem segir í greinargerðinni á bls. 9 og ég þekkti það vel sem menntamálaráðherra á þeim tíma, og þar segir:

„Þess má þó geta að ríkisendurskoðanda var falið í tilefni af samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Microsoft-tölvufyrirtækisins frá 20. janúar 1999 að kanna lögmæti hugbúnaðar hjá ríkisaðilum. Í skýrslu embættisins frá desember 1999 kom fram að 59% alls hugbúnaðar sem könnunin tók til reyndist verða ólögmætur eða að lögmæti hans var óþekkt."

Þetta er mjög alvarleg staðreynd og það er þetta sem við erum að takast á við með þessu frumvarpi að hér séu fyrir hendi nauðsynleg úrræði til þess að unnt sé að bregðast við málum sem þessum. Og í raun og veru tel ég að þetta sé ákveðinn blettur á íslenska upplýsingasamfélaginu að staðið sé að málum eins og kom fram í þessari athugun Ríkisendurskoðunar. Það er eina ítarlega rannsóknin sem hefur verið gerð á þessu sviði og hún náði til ríkisaðila, eins og sagt er, og hefði mátt ætla að þeir aðilar mundu gæta sín betur en aðrir jafnvel í þessu efni.

Hv. þingmaður vék að því sem segir í 2. mgr. 6. gr., og nefndi réttilega að þar er um óvenjulega heimild að ræða. En hann lét þess ekki getið að þetta er ekki einstæð heimild. Því eins og segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Í 3. mgr. 21. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, er að finna hliðstæða heimild af sambærilegu tilefni til að víkja frá skyldu til að tilkynna gerðarþola um hvenær aðför hjá honum muni byrja."

Þannig að við erum ekki hér í þessu frumvarpi að búa til neina nýja réttarreglu. Hins vegar erum við að taka upp svipaða aðferð við rannsókn þessara mála eða athugun á þessu eins og höfð er uppi þegar um aðför er að ræða. Þannig að það er ástæða til að vekja athygli þingmanna á þessu.

En ég tek undir með hv. þingmanni, það er mjög æskilegt að allsherjarnefnd fari rækilega yfir þetta. Ráðuneytið sendi þetta mál ekki til umsagnar. Ég ákvað að taka það beint frá nefndinni sem samdi frumvarpið og leggja það fram hér á Alþingi og hafa umræður um það hér í trausti þess og vitneskju þess að allsherjarnefnd leggur sig mjög fram um nákvæma yfirferð á öllum frumvörpum sem fyrir hana koma, ekki síst þegar um nýmæli er að ræða eins og þetta. Þannig að ég legg traust mitt á að í allsherjarnefnd ræði menn þetta við sérfróða aðila aðra en þá sem komu að gerð frumvarpsins og síðan megi takast samkomulag um að gera þetta sem best úr garði þannig að við höfum þau tæki hér á landi eins og annars staðar til að þvo þann blett af okkur að hér sé með ólögmætum hætti verið að nota of mikið af hugverkum.

[16:00]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir greinargóð svör. Mig langar aðeins að bæta við einni spurningu: Hvernig verður meðferð þeirra upplýsinga háttað sem t.d. lúta að annarri refsiverðri háttsemi sem kemst á yfirborðið við slíka leit?

Við sjáum að sagt er í 3. mgr. 4. gr., með leyfi forseta:

„Sönnunar verður ekki aflað með gögnum sem hafa að geyma upplýsingar sem óheimilt væri að gefa vitnaskýrslu um í einkamáli fyrir dómi."

Mig langar aðeins að átta mig á því í ljósi þess að slík leit getur verið víðtæk og náð til ýmissa gagna og tækja viðkomandi einstaklings. Hvernig verður meðferð og framhald málsins komi þar til t.d. einhverjar upplýsingar sem lúta ekki beint að hagsmunum gerðarbeiðanda, heldur t.d. öðrum hagsmunum og þá jafnvel refsiverðum atriðum? Hvað ef eitthvað meira kemur í ljós við leitina heldur en lýtur einmitt að hagsmunum gerðarbeiðanda? Fer það þá hefðbundinn farveg til lögreglunnar eða er einhver takmörkun á notkun slíkra upplýsinga að mati hæstv. dómsmálaráðherra?

[16:01]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fullyrða mikið um þennan þátt. Þetta er að sjálfsögðu atriði sem hlýtur að koma til skoðunar. Ef menn eru að gera rannsókn að þessu leyti og komast síðan að því að grunur sé um einhverja aðra refsiverða háttsemi, þá eru þessi lög ekki þannig úr garði gerð að þau heimili mönnum sérstakar aðgerðir í því skyni, heldur hlýtur það að fara eftir þeirri kæruleið sem menn hafa þegar leita þarf til lögreglu vegna þeirra brota sem menn telja sig hafa grunsemdir um.

Ég túlka það sem við erum að fjalla um því þröngt, enda er þetta eins og lögin heita: Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Menn verða að túlka lögin í samræmi við það sem segir í lögunum og í 1. gr. segir: „Samkvæmt því sem mælt er fyrir um í lögum þessum verður sönnunargagna aflað vegna ætlaðra brota gegn eftirfarandi hugverkaréttindum." Verið er að skilgreina þarna sérstakan andlagsflokk. Það gildir náttúrlega það sama í þessu efni og jafnan þegar menn eru að kanna eitthvað. Ef þeir sjá eitthvað sem þeir telja refsivert samkvæmt öðrum lögum er eðlilegt að gera viðvart um það. En þeir hafa í sjálfu sér engar sjálfstæðar heimildir til að ganga lengra í því efni en þessi lög heimila.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 1. umr.

Stjfrv., 329. mál (kjördæmi kirkjuþings o.fl.). — Þskj. 361.

[16:04]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Frumvarp það sem ég mæli fyrir er flutt á grundvelli samþykktar kirkjuþings í október sl. sem beindi tilmælum til mín að flytja þetta frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Þegar frumvarp um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar var til umræðu á Alþingi sem varð síðar að lögum nr. 78/1997, þjóðkirkjulögunum, var lagasetningunni hagað með þeim hætti að um væri að ræða rammalöggjöf sem setti þjóðkirkjunni ytri mörk sem hún gæti síðan unnið út frá sjálf og skipað sínum innri málum og sett innri reglur, m.a. með setningu starfsreglna frá kirkjuþingi. Ég tel að löggjöfin frá 1997 hafi reynst vel en eins og jafnan er má alltaf gera betur og það hefur verið gert af hálfu kirkjunnar. Kirkjuþing kaus árið 2004 nefnd sem var falið að fara yfir prófastsdæmaskipan landsins en biskupafundur hafði þá lagt til víðtækar breytingar á henni. Nefndinni var einnig falið að skoða núgildandi fyrirkomulag kosninga til kirkjuþings. Nefndin kynnti tillögurnar almennri kynningu um allt land og aflaði umsagnar héraðsfunda, og skilaði síðan biskupafundur og kirkjuráð áliti sínu. Nefndin taldi að 21. gr. laganna um kjördæmaskipan til kirkjuþings væri of þröng. Þar eru kjördæmin njörvuð niður í níu tiltekin kjördæmi og taldi nefndin að þetta ákvæði stæði í vegi fyrir að hægt væri að gera nauðsynlegar breytingar á skipan prófastsdæma.

Með frumvarpi því sem ég flyt nú er einkum ætlað að losa um þetta ákvæði þannig að kjördæmaskipan og skipan prófastsdæma geti verið með öðru móti. Ef frumvarpið verður að lögum verður kosið til kirkjuþings samkvæmt hinni nýju skipan á næsta ári en kjörtímabil þingsins er fjögur ár.

Kirkjuþing og yfirstjórn kirkjunnar telja mjög brýnt að hún geti gert breytingar á starfsreglum um kirkjuþing og kjör þingsins. Þá er það einnig skoðun þjóðkirkjunnar að hún fái sjálf að ráða fjölda kirkjuþingsfulltrúa, m.a. í því skyni að geta jafnað vægi kjördæma. Áfram gildir þó að leikmenn skuli vera fleiri en vígðir. Í dag eru 12 leikmenn á kirkjuþingi en prestar eru níu. Í stað orðsins „prestar" er lagt til að komi orðið vígðir en það hugtak nær einnig yfir aðra vígða menn er starfa innan þjóðkirkjunnar svo sem djákna. Þá telur þjóðkirkjan ekki rétt að hafa niðurnjörvað í lagatexta hvernig umdæmaskipting vígslubiskupsembættanna, stiftanna, skuli vera og vill geta breytt þeim umdæmamörkum ef hún sér ástæðu til.

Með hliðsjón af tillögum kirkjuþings flyt ég þetta frumvarp og mælist til að Alþingi taki það til umræðu og síðan meðferðar í nefnd.

Ég nefndi áðan að kosið væri til kirkjuþings á næsta ári. Ef frumvarpið nær ekki fram að ganga á því þingi sem nú situr frestast framkvæmdin um fjögur ár því þá yrði kjörið til kirkjuþings samkvæmt þeirri skipan sem gildir að óbreyttum lögum. En verði frumvarpið að lögum má ætla að aukakirkjuþing verði kallað saman svo unnt verði að ganga frá nýjum starfsreglum um kirkjuþingskjör.

Ég segi hið sama um þetta frumvarp og það sem ég flutti áður að af hálfu ráðuneytisins hefur ekki verið leitað umsagnar um það eða skoðun annarra en þess sem lagði það fyrir ráðuneytið að flytja þetta mál á Alþingi. Ég legg því til að hv. allsherjarnefnd skoði málið í því ljósi og legg til að frumvarpinu verði vísað til hennar að lokinni umræðu.

[16:09]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég ætla að vera stuttorður um þetta litla frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra. Eins og hæstv. dómsmálaráðherra sagði er m.a. lagt til að kirkjuþing hafi vald til að skipa kjördæmum með sama hætti og sóknum, prestaköllum, prófastsdæmum og einnig að ákveða fjölda kirkjuþingsmanna. Ég styð heils hugar að þjóðkirkjan sé sem

mest sjálfstæð í störfum sínum. Mér finnst alveg sjálfsagt að verða við þeim óskum sem hér er verið að gera, t.d. að kirkjuþing sjálft geti ákvarðað skipan umdæma vígslubiskupa. Sá þingmaður sem hér stendur vill meira að segja auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar það mikið að hann vill sjá fullan aðskilnað milli ríkis og kirkju. Það er kannski umræða sem við tökum síðar. En við þurfum einhvern tímann að taka þá umræðu.

Ég sé að í 2. gr. frumvarpsins er vikið að því að á kirkjuþingi skuli leikmenn vera fleiri en vígðir. Í athugasemdum við frumvarpið er talað um að rétt þyki að ganga ekki lengra en svo að áskilja áfram í lögum að leikmenn verði í meiri hluta á kirkjuþingi eins og nú er. Mig langar þá að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra: Af hverju er ekki gengið lengra í ljósi þeirrar hugmyndafræði þjóðkirkjulaga sem komið er inn á í frumvarpinu sjálfu, að kirkjan hafi sem mest sjálfræði um eigin mál? Væri þetta ekki alveg kjörið fyrir kirkjuna sjálfa, kirkjuþing, að taka ákvörðun um hvort leikmenn skuli vera fleiri vígðir eða ekki? En það getur vel verið að kirkjan vilji hafa þetta með þessum hætti. Því er ástæða til að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra: Af hverju er ekki gengið lengra hvað þetta varðar?

Við sjáum einnig í 3. gr. að ætlast er til að frumvarpið verði að lögum 1. janúar 2006. Það er augljóslega ætlast af okkur í allsherjarnefnd að hafa hraðar hendur í ljósi þess að aðeins fimm þingfundadagar eru eftir. En á meðan þetta mál þarf ekki að fara til umsagnar ætti það af okkar hálfu alveg að vera hægt.

[16:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það frumvarp sem hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra hefur mælt fyrir um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar er svo sem ekki mikið að vexti. En ég vil þó árétta og halda til haga sjónarmiðum varðandi skipan mála hjá þjóðkirkjunni. Ég er þeirrar skoðunar að mjög mikilvægt sé að þjóðkirkjan, sem er ríkiskirkja, haldi um og sé þáttur í grunnmenningarstarfi þjóðarinnar og hún hefur verið það um aldir. Skipan prestakalla, prófastsdæma og biskupsumdæma hefur verið hluti af íslenskri þjóðskipan um aldir og þess vegna er alveg ástæða til að gera ekki meiri breytingar á þeirri skipan en nauðsynlegt er til að starfsemi þjóðkirkjunnar geti aðlagast og fylgt nýjum og breyttum tímum. Og að öðru leyti að hafa í huga hina miklu og sterku menningarskyldur sem þjóðkirkjan hefur í íslensku samfélagi.

1. gr. lýtur að 18. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Gert er ráð fyrir að hún verði felld burt eins og hún er nú. Hún er núna í þremur undirliðum. 18. gr. í núgildandi lögum sem gert er ráð fyrir að falli brott, hljóðar svo, hæstv. forseti:

„Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir Múla-, Austfjarða-, Skaftafells-, Rangárvalla-, Árness-, Kjalarness-, Reykjavíkur-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dala-, Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Kirkjuþing getur ákveðið aðra skipan vígslubiskupsumdæma. Óðlast hin nýja skipan þá fyrst gildi er tvö kirkjuþing hafa samþykkt slíka tillögu óbreytta."

Í upphafi greinarinnar er kveðið á um hin fornu skipan biskupsstólanna á sínum tíma, Hólabiskupsdæmis og Skálholtsbiskupsdæmis. En síðan er ákvæði um að kirkjuþing geti ákveðið aðra skipan eins og reyndar raunin er orðin á að t.d. Hólabiskupsdæmi tekur nú yfir stærra svæði, tekur yfir hluta af Múlaprófastsdæmi og líklega Norður-Múlasýslu, eða gamla Austurland. Kirkjuþing hefur nú þegar heimild til að breyta þessu. Ég sé því ekki að kveða þurfi neitt nánar á um það í umræddri grein. Mér finnst 1. gr. í hinu nýja frumvarpi óþörf, þ.e. að fella eigi alla þessa þætti niður, en hún hljóðar svo: „Kirkjuþing ákveður skipan umdæma vígslubiskupa." Mér finnst 1. gr. óþörf. Allar þessar heimildir eru í núverandi grein til að kirkjuþing geti hnikað þar til en haldið til haga hinni fornu skipan biskupsdæma sem mér finnst alveg vera réttmætt. Þess vegna finnst mér þessi 1. gr. bara algerlega óþörf og snertir ekkert sjálfstæði kirkjunnar á nokkurn hátt miðað við þau lög sem núna eru fyrir hendi.

Þá er það 2. gr. þar sem gert er ráð fyrir að fella niður þrjár undirgreinar í 21. gr., þ.e. um að skipa landinu í kjördæmi til að kjósa til kirkjuþings. Það má í sjálfu sér segja að þau atriði megi skoða á hverjum tíma en ég vil þó vara við einu í þessari umræðu og það er sú tilhneiging að fækka hratt sóknarprestum í dreifbýli. Sú heimild sem hér er verið að taka inn er í rauninni að létta undir það ferli að fækka sóknarprestum í dreifbýli. Sóknarprestar eru mjög mikilvægir í allri samfélagsþjónustu í hinum dreifðu byggðum. Ekki er nú hin almenna félagsþjónusta of mikil þar og sóknarprestar gegna þar mjög margþættu og mikilvægu hlutverki ekki hvað síst en einnig í þéttbýlinu. En ég vil draga sérstaklega fram mikilvægi þeirra einmitt í hinum stóru og dreifðu byggðum. Þar gegna þeir afar mikilvægu samfélagshlutverki, menningarhutverki, fyrir utan trúarhlutverk sitt og að rækta kristindóminn, en ég vil alveg eins og ekkert síður draga hin verkefnin fram.

Verum minnug þess t.d. þegar sjávarþorpið Bíldudalur á Vestfjörðum stóð frammi fyrir þrengingum í atvinnulífinu, sem það reyndar stendur enn frammi fyrir. Þar voru lokanir fyrirtækja og uppsagnir á fólki í stórum stíl og byggðarlagið átti í miklum erfiðleikum. Samtímis var verið að leggja niður prestakallið þar. Nánast allir íbúar sendu áskorun til kirkjuyfirvalda um að fresta því og gera það ekki þá vegna þess að þá var einmitt hvað mest þörf á að sóknarprestur væri til staðar og veitti þann stuðning sem hann ætti í samfélagslegu tilliti við byggðarlagið. Því miður var það að engu haft.

Ég vil láta það koma fram að hlutverk presta, hlutverk þjóðkirkjunnar hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli, er mjög mikilvægt hvað varðar samfélagslega þætti og menningarlega arfleifð sem við bæði erum að varðveita og líka að gera sýnilega, halda fram, rækta o.s.frv. Og þó að færa megi rök fyrir því að vægi starfsemi þjóðkirkjunnar eins og annarra eigi að færast allt inn þar sem þéttbýlið er mest og fjöldinn eigi að ráða þar ferð, þá vil ég líka draga fram þetta vægi sem ég nefndi, mikilvægi þjóðkirkjunnar og prestanna úti um hinar dreifðu byggðir í samfélagslegu og menningarlegu tilliti. Ég vil að farið sé varlega í að veikja stöðu dreifbýlisins og prestanna í dreifbýlinu með því að ýta undir

möguleika eða létta undir það ferli að fækka þeim. Ég tel að skoða eigi þessar breytingar með varúð. Þjóðkirkjan er ein af elstu stofnunum þjóðfélags okkar og fara á varlega í að breyta skipan hennar.

[16:20]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég er alveg sammála síðasta ræðumanni um að fara eigi varlega þegar verið er að skipa málum þjóðkirkjunnar. Ég tel að í þessu frumvarpi felist ekkert um að sóknarprestum eigi eftir að fækka, það leiði ekki af neinu því sem hér er verið að ákveða. Hér er verið að ákveða að taka út þá skiptingu á kjördæmum kirkjuþings sem miðuð er við prófastsdæmi. Ekki er neitt fjallað um sóknarpresta eða fjölda þeirra í þessu frumvarpi. Ég hef heldur ekki orðið var við það hjá kirkjunni að hún gangi þannig fram til verks að hún átti sig ekki á skyldum sínum við hinar dreifðu byggðir og nauðsyn þess að halda þar uppi þjónustu.

Mér finnst hins vegar meginsjónarmiðið í þessu frumvarpi vera það sem kom fram í máli hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar að annaðhvort felum við kirkjunni að annast sín mál eða við felum henni það ekki. Hvers vegna skyldum við hér hafa meira vit á því eftir að reynsla hefur fengist á framkvæmd þessara laga síðan 1997 hvort málum skuli skipað eins og þau eru nú í 21. gr. varðandi kirkjuþingið eða á þann veg sem kirkjuþingið sjálft kýs og ætlar að sé betra fyrir starfsemina sem þar fer fram?

Síðan eru tengsl á milli 18. gr., sem hv. þm. Jón Bjarnason vék að, og 21. gr. sem verið er að breyta í þessum lögum, eins og segir í athugasemd um 1. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Lagt er til að ákvæði 18. gr. laganna verði einfaldað frá því sem nú er þó efnisbreyting sé lítil. Er það nauðsynlegt vegna samhengis við önnur ákvæði frumvarps þessa. Samkvæmt því verði afnumin upptalning prófastsdæma. Kirkjuþing ákveði skipan vígslubiskupsumdæma eins og verið hefur."

Það er þetta sem verið er að gera með þessu frumvarpi. Ekki er verið að hrófla neitt við grundvallarstarfsemi þjóðkirkjunnar um landið allt heldur er verið að fjalla um það í frumvarpinu hvernig menn kjósa fulltrúa á kirkjuþing. Ef hv. nefnd getur lokið yfirferð sinni á frumvarpinu á næstu dögum þá er það af hinu góða miðað við gildistökuákvæðið en það er að sjálfsögðu ekki neitt meginatriði í þessu hvort það er 1. janúar eða einhvern tíma síðar á árinu 2006. Aðalatriðið varðandi þær tímasetningar er spurningin um hvort unnt verði að kjósa til næsta kirkjuþings samkvæmt hinum nýju reglum eða ekki. Ég mundi því æskja þess að hv. nefnd hraðaði afgreiðslu málsins með það í huga en ekki endilega með dagsetninguna 1. janúar 2006.

[16:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þjóðkirkjan er ríkiskirkja, a.m.k. enn, og ég sé enga sérstaka ástæðu til að flýta fyrir þeim breytingum að hún verði það ekki áfram. Þar af leiðandi er mjög eðlilegt að þingmenn hafi skoðun á því hvernig málum hennar er skipað þó að sjálfsögðu sé eðlilegt að hún hafi stærstan rétt á að gera tillögur þar um.

Ég vil bara ítreka það sem ég sagði í ræðu minni að samkvæmt 18. gr. hefur kirkjuþing nú þegar heimild til að ákveða skipan vígslubiskupsembætta sem var breyting frá hinni gömlu skipan Hóla- og Skálholtsbiskupsdæma þannig að í sjálfu sér er ekkert sem rekur á eftir þessu. Þær breytingar sem verið er að leggja til í 21. gr. eru hins vegar vægisbreytingar, þ.e. að kirkjuþingsfulltrúar verði kosnir með öðrum hætti inn. Sá háttur er að breyta kjördæmaskipuninni þannig að vafalaust verði farið meira eftir fólksfjölda varðandi skipan kirkjuþings, verið er að breyta væginu þar. Ég hef vissan skilning á því sjónarmiði en vil líka draga fram hin sjónarmiðin sem vilja oft að mínu viti gleymast eða ekki fá þær áherslur sem eðlilegt er, hvort sem er í þessu máli eða öðru, sem er dreifbýlið með dreifðri byggð og líka með takmarkaðri annarri opinberri þjónustu, félagsþjónustu, menningarþjónustu. Þá horfir maður til þeirra starfa sem ríkið er þegar ábyrgt fyrir úti í hinum dreifðu byggðum og (Forseti hringir.) ber að halda í sem kostur er (Forseti hringir.) og ætti þess vegna að vera á varðbergi gagnvart þeirri vægisbreytingu sem hér er verið að leggja til, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 365. mál (heimilisofbeldi). — Þskj. 419.

[16:26]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Þar er m.a. lagt til að lögfest verði sérstök refsiþyngingarástæða þegar náin tengsl geranda og brotaþola þykja hafa aukið á grófleika verknaðar, þ.e. þegar um heimilisofbeldi er að ræða. Frumvarpið er liður í aðgerðum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins gegn heimilisofbeldi.

Ég ákvað fyrir u.þ.b. ári að leggja aukinn þunga á aðgerðir gegn heimilisofbeldi til að bregðast við ábendingum sem mér höfðu borist og þeirri umræðu sem spunnist hafði um þau mál. Einnig lögðu frjáls félagasamtök lóð á vogarskálarnar þegar þau tóku sig saman síðastliðið vor og beindu fjölda tilmæla til stjórnvalda um gerð heildstæðrar aðgerðaáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi í kjölfar 16 daga átaks. Tók ég þær tillögur strax til athugunar sem að mínu ráðuneyti sneru. Nú er annað slíkt átak hafið og óska ég aðstandendum þess til hamingju með það um leið og ég óska þeim velgengni í starfi sínu.

Í dómsmálaráðuneytinu er þannig nú þegar verið að vinna að hertum aðgerðum gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi. Fyrir utan það frumvarp sem ég mæli fyrir nú og kem nánar að á eftir vil ég nefna að ég fól ríkislögreglustjóra að setja verklagsreglur lögreglu um meðferð og skráningu mála er varða heimilisofbeldi. Þær hafa nú verið gefnar út og eru birtar sem fylgiskjal með frumvarpi því sem nú er hér til umræðu.

Í þriðja lagi hef ég falið Ragnheiði Bragadóttur prófess-

or að endurskoða ákvæði almennra hegningarlaga um nauðgun, kynferðisbrot gegn börnum og vændi. Verður frumvarp þess efnis lagt fram síðar í vetur.

Í fjórða lagi er löggjöf um vændi og mansal sérstaklega til umræðu í starfshópi skipuðum af dómsmálaráðherra.

Í fimmta lagi er til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu hvaða lagabreytinga sé þörf vegna fullgildingar nýs Evrópuráðssamnings gegn mansali.

Í umræðunni síðasta vetur voru uppi raddir um að gera þyrfti heimilisofbeldi refsivert og setja þyrfti sérstakt ákvæði um það í almenn hegningarlög. Ég hef ávallt lagt á það áherslu að ofbeldi, hvort sem er innan veggja heimilisins eða utan þess, sé refsivert. Ég tel því nauðsynlegt að bent sé á lagaleg úrræði til lausnar vandanum, að lagaleg rök liggi fyrir, að íslensk lagahefð fái að ríkja einmitt í því skyni að gera hin lagalegu úrræði virk.

Á þeim grundvelli beindi ég því til refsiréttarnefndar að hún gæfi álit á því hvort setja bæri í almenn hegningarlög refsiákvæði þar sem heimilisofbeldi yrði lýst sem sérstökum refsinæmum verknaði eða hvort áfram skyldi stuðst við hin almennu líkamsmeiðingarákvæði 217. og 218. gr. laganna. Jafnframt fór ég fram á það við nefndina að teldi hún ástæðu til að lýsa sjónarmiðum um önnur atriði þessa máls væri óskað eftir að þau sjónarmið yrðu kynnt.

Herra forseti. Á grundvelli álits refsiréttarnefndar legg ég nú þetta frumvarp fram. Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði í 70. gr. almennra hegningarlaga þar sem verði að finna refsiþyngingarástæðu þegar náin tengsl geranda og brotaþola þykja hafa aukið á grófleika verknaðar. Um yrði að ræða heimild til að hækka refsingu innan lögmæltra refsimarka viðkomandi refsiákvæðis með sama hætti og nú er gert á grundvelli þeirra heimilda sem koma fram í 1. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Telja verður að ákvæði af þessu tagi sé til þess fallið að beina sjónum dómara að nánum tengslum geranda og brotaþola þegar kemur að því að ákvarða refsingu fyrir brot á gildandi refsilögum. Þannig þurfi dómari ávallt að leggja á það mat og rökstyðja í forsendum sínum hvort náin tengsl geranda og brotaþola hafi haft einhver áhrif við ákvörðun refsingar.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæði 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga verði fellt brott en í stað þess komi í hegningarlögin ný grein, 233. gr. b, og telja verður að markmið að baki 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga sé einkum að vernda friðhelgi og æru einstaklinga í samskiptum við aðra innan fjölskyldu einstaklingsins. Ljóst er hins vegar að refsivernd ákvæðisins hefur ekki verið virk í réttarframkvæmd frá gildistöku laganna. Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum að þörf sé á að vernda einstaklinga betur en áður gegn afbrotum nákominna í skjóli hjónabands og fjölskyldu í rúmri merkingu þess orðs, er í frumvarpinu gerð tillaga um að í stað fyrrnefndrar 1. mgr. 191. gr. komi nýmæli sem hefur það að markmiði að gera þá refsivernd gegn stórfelldum ærumeiðingum þannig að raunhæfara sé að ná þeim refsiréttarlegu og réttarpólitísku markmiðum sem eðlilegt er að leggja til grundvallar í þessu sambandi.

Í fylgiskjali með frumvarpinu má, eins og ég hef áður nefnt, finna nýjar verklagsreglur ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[16:32]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að fagna því að hreyfing sé komin á þennan málaflokk og að nú standi til að taka aukið tillit til heimilisofbeldis í löggjöf okkar. Að stórum hluta má þakka það hinum frjálsu félagasamtökum sem hafa verið mjög iðin að benda stjórnvöldum á galla í löggjöfinni hvað þetta varðar. Ég held að málflutningur þeirra hafi snert okkur öll og að mörg okkar hér inni hafi látið sannfærast af rökum þeirra um að löggjöfin þurfi að endurspegla betur raunveruleikann sem blasir við.

Með frumvarpinu fylgja verklagsreglur ríkislögreglustjóra og ég fagna því að slíkar reglur séu settar. Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn minni frá 2. nóvember 2003 kom fram að í íslenskri löggjöf sé ekki að finna ákvæði sem skilgreini heimilisofbeldi. Þar er ekki heldur að finna upplýsingar um hvenær beri að flokka háttsemi með þeim hætti. Hugtakið heimilisofbeldi var þar af leiðandi, samkvæmt svari hæstv. ráðherra, ekki notað í gögnum lögreglu, ákæruvalds eða dómstóla sem formleg skilgreining á broti. Í svarinu kom einnig fram að þar sem málum sé svo háttað séu hvorki til fullnægjandi gögn um fjölda tilkynninga til lögreglu um heimilisofbeldi né upplýsingar um lyktir þeirra mála hjá hinu opinbera. Það er vonandi að betri skráning og meðferð heimilisofbeldismála hjá ríkislögreglustjóra bæti úr skorti á upplýsingum sem að mínu mati eru mjög nauðsynlegar fyrir okkur öll.

Réttarstaðan er varðar heimilisofbeldi er að mínu mati sérstök þar sem heimilisofbeldi sem hugtak er ekki nefnt í hegningarlögunum og það er hvergi skilgreint. Að mínu mati er heimilisofbeldi, ef svo má segja, týndur brotaflokkur í kerfinu. Núgildandi ákvæði almennra hegningarlaga eru ekki fullnægjandi að því er varðar slíkt ofbeldi. Sá sem verður fyrir heimilisofbeldi þarf oftast að þola ofbeldi af öllu tagi, andlegt, líkamlegt og kynferðislegt, og markar það að nokkru leyti sérstöðu þessara brota. Ég hef talið þörf á lagaákvæði sem nær heildstætt yfir þessi brot þar sem núgildandi ákvæði ná ekki að öllu leyti yfir eðli, umfang og raunverulegar afleiðingar heimilisofbeldis.

Vegna þessa flutti ég í fyrra, ásamt nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar, þingsályktunartillögu um að löggjafinn mundi beita sér fyrir að sett yrði lagaákvæði sem tæki á heimilisofbeldi með heildstæðum og fullnægjandi hætti. Þar óskaði ég eftir að Alþingi mundi álykta að fela dómsmálaráðherra að undirbúa í samráði við refsiréttarnefnd framlagningu lagafrumvarps sem hefði það að markmiði að í almennum hegningarlögum verði á skýran hátt tekið á brotum er flokkast undir heimilisofbeldi.

Það var mjög ánægjulegt fyrir mig sem stjórnarandstöðuþingmann að viku eftir framlagningu þessarar þingsályktunartillögu fór hæstv. dómsmálaráðherra af stað og bað refsiréttarnefnd að skoða hegningarlögin með það í huga hvort nauðsyn væri á sérstöku lagaákvæði sem tæki á heimilisofbeldi eða hvort bæta mætti núgildandi lagaákvæði. Refsiréttarnefnd skilaði síðan ágætri skýrslu nú í

haust og í kjölfarið leggur hæstv. dómsmálaráherra þetta frumvarp fram. Það er ánægjulegt að hann skuli gera það og ánægjulegt að því leyti að nú verður væntanlega gerður greinarmunur á hefðbundinni líkamsárás, samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga, sem lýtur að minni háttar líkamsárás, eins og það heitir, og heimilisofbeldi sem dæmt er eftir sömu grein í mörgum tilvikum.

Ég hef talið að með sérstöku lagaákvæði um heimilisofbeldi væri komið til móts við þá þekkingu sem nú liggur fyrir um ofbeldi af því tagi. Sömuleiðis væri með því komið til móts við athugasemdir frá 23. maí 2004 frá nefnd Sameinuðu þjóðanna, sem starfar samkvæmt alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, þess efnis að Ísland ætti að taka upp löggjöf um heimilisofbeldi. Heimilisofbeldi er samkvæmt skilgreiningu Samtaka um kvennaathvarf þegar einn fjölskyldumeðlimur kúgar annan í skjóli friðhelgi heimilisins og skjóli tilfinningalegrar, félagslegrar og fjárhagslegrar bindingar. Sá sem ofbeldinu beitir getur, samkvæmt skilgreiningunni, verið maki, fyrrverandi maki, foreldri, barn eða aðrir tengdir þolandanum fjölskylduböndum. En að sjálfsögðu eru til aðrar skilgreiningar á heimilisofbeldi og ég geri mér alveg grein fyrir að það getur verið flókið að skilgreina slíkt ofbeldi í löggjöf, en það er m.a. notað sem röksemd gegn því að farin sé sú leið að setja sérstakt lagaákvæði um það.

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að heimilisofbeldi gegn maka er í eðli sínu kynbundið og þarf að liggja fyrir skilningur á því hvað heimilisofbeldi er til þess að unnt sé að taka á því með skilvirkum hætti. Þó er ljóst að mínu mati að heimilisofbeldi getur birst í mörgum myndum og gerendurnir geta verið mjög ólíkir, jafnvel uppkomin börn aldraðra foreldra.

Í heimilisofbeldismálum sem koma fyrir dómstóla er einna helst dæmt eftir ákvæði 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga þar sem mælt er fyrir um refsingar fyrir líkamsmeiðingar. En eins og við vitum öll getur verknaðurinn verið af mjög ólíkum toga. Innan heimilisofbeldis getur verið um að ræða hótanir, nauðung, frelsissviptingu, einangrun, kúgun, líkamsmeiðingar, innbrot, ærumeiðingar, kynferðisbrot, nauðgun o.fl. Ólík ákvæði almennra hegningarlaga geta því tekið til þessara brota án þess að þau nái að öllu leyti yfir verknaðinn.

Eins og fyrr segir er 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga fyrst og fremst beitt í málum er varða heimilisofbeldi. En áhöld eru um hvort þau ákvæði ein og sér nægi til að taka á því. Þessar greinar virðast helst eiga við um ofbeldisbrot karlmanna gagnvart öðrum körlum sem eiga sér helst stað utan dyra milli tveggja ókunnugra aðila. Það á síður við ofbeldi sem konur og börn verða fyrir sem á sér iðulega stað innan veggja heimilisins og getur falist í langvarandi niðurlægingu og þá jafnvel án sjáanlegra áverka.

Í dómaframkvæmd er refsing vegna brota á þessum ákvæðum miðuð við þá aðferð sem beitt er og áverkana sem þolandi hlýtur, svo sem beinbrot. Ákvæði 217. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga gera almenna kröfu um heilsutjón af valdbeitingunni. Jónatan Þórmundsson prófessor segir í bók sinni Afbrot og refsiábyrgð I frá 1999 að þrátt fyrir að 217. gr. sé á mörkunum að vera tjónsbrot (tilteknar afleiðingar áskildar fyrir refsinæmi) og samhverft brot (verknaður refsinæmur án tillits til afleiðinga) þá séu líkamsmeiðingar samkvæmt greininni hugsaðar sem tjónsbrot. En þá eru ákveðnar afleiðingar áskildar fyrir refsinæmið. Í dómaframkvæmd hefur áherslan verið á beina líkamlega áverka og aðferðina við verknaðinn en það á ekki eins vel við þegar kemur að heimilisofbeldi.

Refsing samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga annars vegar og samkvæmt 218. gr. hins vegar er mjög mismunandi. Samkvæmt 217. gr. getur fangelsisdómur verið allt að einu ári en samkvæmt 218. gr. getur dómur orðið allt að 16 ára fangelsi. Eftir því sem líkamlegir áverkar eru meiri eða aðferð hættulegri eru meiri líkur á að háttsemin eigi við 218. gr. hegningarlaga. Heimilisofbeldi getur hins vegar verið mjög alvarlegt án mikilla líkamlegra afleiðinga og án hættulegra aðferða og þá getur legið talsvert lægri refsing fyrir slíkt ofbeldi samkvæmt núgildandi lagaákvæðum. Það er vonandi að þetta frumvarp breyti þessu.

Þegar dæmt er fyrir heimilisofbeldi á ekki að skipta öllu máli hvort þolandinn hljóti marbletti eða beinbrot. Líkamlegir áverkar þolandans eru ekki endilega rétt mælistika á alvarleika þessara brota og aðferð gerandans við heimilisofbeldið á ekki að skipta höfuðmáli við mat á alvarleika brotsins. Líta má á heimilisofbeldi sem brot gegn friðhelgi þolandans. Þolandinn er ekki óhultur á eigin heimili og þarf að lifa í stöðugum ótta við að verða fyrir ofbeldi af hálfu maka eða foreldris. Þolandi býr þá í fjötrum ofbeldis og andlegrar kúgunar. Þá er vandamálið yfirleitt falið utanaðkomandi einstaklingum því gerandinn og þolandinn eru tengdir tilfinningaböndum og skömmin af athæfinu leiðir til þess að erfitt getur verið að brjótast undan okinu.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Svíar hafa tekið þessi mál mjög til skoðunar. Svíar hafa skilgreint sérstakt „kvinnofridsbrot" sem þýða mætti sem brot gegn friðhelgi kvenna. Í sænsku hegningarlögunum er að finna ákvæði um ofbeldi manns gagnvart maka eða öðrum nákomnum en þar er m.a. fjallað um brot gegn heilsu og lífi, brot gegn friðhelgi og kynferðisbrot en allt eru þetta brot sem þolendur heimilisofbeldis geta orðið fyrir. Sömuleiðis er litið til þess hvort verknaðurinn sé liður í endurtekinni vanvirðingu á friðhelgi manneskjunnar og skaði alvarlega sjálfsmynd hennar. Svíar hafa farið þá leið að nálgast heimilisofbeldi sem hluta af því vandamáli sem ofbeldi á konum almennt er og virðist sem yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn konum hafi verið höfð til hliðsjónar. Leitast er við að vinna gegn og taka á líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi sem konur verða fyrir sakir kynferðis síns. Undirliggjandi forsenda þess að þetta varð hluti af sænsku hegningarlögunum er áhersla á alvarleika þeirra brota sem beinast gegn maka. Það er einnig rétt að minnast þess að Norðmenn hafa skoðað setningu sérstaks lagaákvæðis um heimilisofbeldi eins og Svíar.

Heimilisofbeldi er eitt algengasta mannréttindabrot í heiminum og á sér því miður stað í öllum samfélögum. Heimilisiofbeldi var fyrst skilgreint sem mannréttindabrot á alþjóðavettvangi á mannréttindaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1993, en á ráðstefnunni voru ríkisstjórnir hvattar til að grípa til aðgerða til að sporna við ofbeldi gegn konum og tekið var fram að ekki megi réttlæta ofbeldið með vísan

til siða, menningar eða trúar. Heimilisofbeldi má einfaldlega ekki líðast í skjóli friðhelgi heimilis og einkalífs og er mikilvægt að lögreglan átti sig á því. Löggjafinn þarf að nota öll möguleg úrræði til að ná utan um brot af þessu tagi. Löggjafinn þarf sömuleiðis að fylgja eftir þeirri stórauknu þekkingu sem nú liggur fyrir um þann raunveruleika sem þolendur heimilisofbeldis búa við.

Ekki alls fyrir löngu, eða árið 1991, leit rannsóknarlögregla ríkisins þannig á vandamál samfara heimilisofbeldi væru ekki refsiréttarlegs eðlis heldur fremur félagslegs eðlis.

Hugtök eins og „stormasöm sambúð" heyrast þó enn þegar átt er við heimilisofbeldi, samanber nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjaness nr. S923/2004. Þannig vottar jafnvel enn fyrir afar forneskjulegum viðhorfum hjá dómstólum landsins þegar þolandi heimilisofbeldis er jafnvel sagður eiga sök á ofbeldinu sjálfur.

Nú í 1. umr. um þetta mál vil ég taka það fram að ég fagna því að sett verði refsiþyngingarástæða séu gerandi og þolandi tengdir með einhverjum hætti. Við sjáum þá vonandi greinarmun á hefðbundnum líkamsárásum samkvæmt 217. gr. og síðan heimilisofbeldi sem dæmt er samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga. En það virðist vera þannig að flest heimilisofbeldismál lendi undir 217. gr. sem lýtur að minni háttar líkamsmeiðingum en ekki 218. gr. almennra hegningarlaga sem lýtur að meiri háttar líkamsmeiðingum, en það er að mínu mati vegna þeirrar áherslu sem lögð er á aðferðina og hinar líkamlegu afleiðingar. Það er vonandi að dómar framtíðarinnar fari að meta meira hið andlega tjón og felli það í frekara mæli undir 218. gr. en þeir hafa gert hingað til.

Við í allsherjarnefndinni munum að sjálfsögðu skoða röksemdir sem koma fram í frumvarpinu um af hverju sé ekki sérstakt lagaákvæði um heimilisofbeldi. Í frumvarpinu eru taldar upp ýmsar röksemdir og fjallað um af hverju þessi leið er farin. Það er líka mikilvægt að mínu mati að við skoðum fleiri þætti sem varða heimilisofbeldi, t.d. þann möguleika hvort við ættum að hafa opinberar ákærur í þessum málaflokki, í brotum sem varða 217. gr. þegar kemur að heimilisofbeldi. Lögreglumenn hafa iðulega bent okkur á að því miður virðast þolendur heimilisofbeldis oft vera það niðurbrotnir, það er búið að brjóta og skaða sjálfsmynd þeirra í þeim mæli, að lögreglan fær oft símtal daginn eftir frá viðkomandi þolanda þar sem hann biður lögregluna um að sleppa gerandanum. Það er spurning hvort við eigum ekki að hafa kerfi okkar þannig að það sé opinber ákæra í þessum málaflokki í ljósi þeirrar stöðu sem þolendur heimilisofbeldis eru iðulega í. Í hinum alvarlegri brotum hegningarlaganna grípur hið opinbera inn í með opinberum ákærum þannig að þær eru ekki lengur á forræði þolandans og það er að mínu mati umhugsunarefni hvort við ættum ekki að fara þá leið þegar kemur að heimilisofbeldi.

Við höfum einnig heyrt að ákvæðið um nálgunarbannið virki e.t.v. ekki eins og menn vildu og ég vildi gjarnan að við mundum skoða það í allsherjarnefndinni eða hvet þá hæstv. dómsmálaráðherra til að gera það, en ég hef heyrt það á ráðstefnum að bæði lögmenn og lögreglumenn sjá einhverja annmarka á því þó að ég þekki ekki nákvæmlega hverjir þeir eru.

Ég hef einnig verið afskaplega hlynntur hinni svokölluðu austurrísku leið sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur ítrekað lagt hér fyrir á þingi sem lýtur að því að taka ofbeldismanninn út af heimilinu í ákveðinn tíma og þolandanum er einfaldlega ekki heimilt að hleypa honum inn á heimilið á nýjan leik. Ég vona að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir komi aðeins inn á það frumvarp sitt hér á eftir því að þetta er afskaplega áhugaverð leið sem hefur tekist vel þar sem hún hefur verið farin, ef mig misminnir ekki hafa Norðmenn farið þá leið.

Heimilisofbeldi er eitthvað sem við þurfum öll að leggjast á eitt um að berjast gegn. Við þurfum öll að vinna saman þegar kemur að því að vinna gegn því. Við þurfum einfaldlega að setja þann málaflokk í pólitískan forgang. Við höfum séð það t.d. á Spáni þar sem ríkisstjórnin setti málefni heimilisofbeldis eða böl heimilisofbeldis á hina pólitísku dagskrá og forsætisráðherra Spánar talaði um að heimilisofbeldi væri böl á Spáni, að þeir hafa náð undraverðum árangri í baráttu sinni gegn heimilisofbeldi.

Við þurfum öll að starfa saman, sama í hvaða flokki við erum, hin frjálsu félagasamtök gegna lykilhlutverki í þessu að mínu mati. Þau samtök hafa staðið sig afskaplega vel með margs konar fundum og ráðstefnum og við þurfum einfaldlega að hafa löggjöfina þannig úr garði gerða að það sé alveg ljóst að Alþingi og löggjafanum sé fúlasta alvara með að ná tökum á þessu algengasta mannréttindabroti sem viðgengst hér á Íslandi sem heimilisofbeldi er. Það er einnig ánægjulegt að ríkislögreglustjóri hefur sett sér verklagsreglur, lögreglan þarf að vera fyllilega meðvituð um þau úrræði sem hún hefur. Við megum aldrei samþykkja það að heimilisofbeldi sé látið líðast í skjóli friðhelgi einkalífsins. Þá höfum við úrræði og lögreglan þarf að átta sig á því að hún hefur úrræði að grípa inn í þegar verið er að brjóta á konum, börnum eða öðrum einstaklingum inni á viðkomandi heimili. Það er mjög nauðsynlegt að þekkingin og löggjöfin sé þannig úr garði gerð að allir geti starfað eftir henni og að skilaboð þessarar löggjafarsamkundu séu alveg skýr að við munum ekki líða heimilisofbeldi, aldrei framar.

[16:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Já, það er sannarlega hægt að taka undir með hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni að það er komin hreyfing á þessi mál í dómsmálaráðuneytinu. Það ber að þakka. Sú hreyfing teygir sig reyndar yfir til ríkisstjórnarinnar allrar því, eins og getið hefur verið um og komið hefur fram í fjölmiðlum og reyndar verið vakin athygli á hér úr þessum ræðustóli, þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að fara út í þá vinnu sem frjálsu félagasamtökin hafa óskað eftir að farið verði í, þ.e. að útbúa heildstæða aðgerðaáætlun sem verði til þess fallin að vinna á hinu kynbundna ofbeldi sem við þekkjum í samfélagi okkar og búum við og við viljum öll gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir eða útrýma.

Það var í miðjum síðasta mánuði sem ríkisstjórnin gaf út fréttatilkynningu þess efnis að nú skyldi farið í þessa vinnu og í fyrirspurnatíma hér á Alþingi í síðustu viku, þar sem ég átti orðastað við hæstv. félagsmálaráðherra, kom í ljós að vinna við að undirbúa aðgerðaáætlun gegn kynbundnu of-

beldi væri komin vel í gang. Ég fagnaði því sérstaklega hversu greinilegt það er að félagasamtökin sem stigu fyrstu skrefin og eru í raun og veru upphafsmenn að þessari vinnu skuli eiga að fá að vera með í ráðum. Ég tel að það sé akkúrat í þeim heimi, þ.e. hjá hinum frjálsu félagasamtökum sem mest vitneskja er til staðar varðandi kynbundið ofbeldi og heimilisofbeldi þannig að ég tel það alveg sjálfgefið og fagna því að ríkisstjórnin skuli ætla að taka á þessum málum í félagi við félagasamtökin og leita til þeirra og hafa við þau náið samstarf.

Ég fagna því líka að nú skuli verklagsreglur lögreglu um meðferð og skráningu mála er varða heimilisofbeldi hafa litið dagsins ljós. Eins og fram hefur komið eru þær birtar sem fylgiskjal með frumvarpi þessu og það er satt að segja afar athyglisvert að fara í gegnum þessar reglur. Ég sé ekki annað en þær séu vel samdar og ítarlegar. Þær eru í tíu greinum í heildina og taka að því er virðist á öllum meginatriðum þeirra mála eða atriða sem lögreglan þarf að hafa í huga þegar mál af þessu tagi eru skoðuð og tekist á við þau á vettvangi.

Það er alveg ljóst að það þarf heildstæða áætlun til þess að vinna á þessum málum. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að dómsmálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og menntamálaráðuneytið hafi samstarf um þessi mál. Ég held að það sé verulega mikilvægt að ekki sé tekið einangrað á hverju atriði fyrir sig heldur sé litið heildstætt á málaflokkinn allan, þó svo að við séum hér og nú að fjalla um frumvarp sem varðar eingöngu heimilisofbeldið og það hvernig því er fyrir komið í almennum hegningarlögum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að það er vandkvæðum bundið að fást við heimilisofbeldið eða ná utan um það af hendi löggjafans og ákæruvaldsins, löggæsluvaldsins og dómsvaldsins. Það er ekki sjálfsagt mál að fá konu sem hefur mátt þola ofbeldi af hendi maka síns til þess að ganga fram fyrir skjöldu og viðurkenna ofbeldið, að ekki sé talað um að kæra það. Í fyrsta lagi eru konur sem hafa búið við langvarandi ofbeldi alltaf hræddar, þær eru stöðugt hræddar um líf sitt. Þær hafa mjög brotna sjálfsmynd, geta varla staðið undir sjálfum sér hvað þá undir því að fara í formleg opin átök við maka sinn sem hefur beitt þær ofbeldi kannski árum saman. Svo verður að hafa í huga að það sem þær óttast kannski mest af öllu er að missa börnin sín og þess vegna þegja þær um ofbeldið frekar en að gefa sig fram. Það vita það allir sem á hafa tekið og skoðað hafa þessi mál ofan í kjölinn hversu erfið og viðkvæm þau eru og þess vegna tel ég að það skref sem er stigið með þessu frumvarpi, þ.e. að skilgreina heimilisofbeldi sérstaklega í almennum hegningarlögum sé sannarlega til þess fallið að beina sjónum dómara t.d. að því að um heimilisofbeldi geti verið að ræða í tilfellum þegar það er ekki augljóst.

Ég tel líka að samhliða þessu væri mjög þýðingarmikið að lögregla fengi frekari heimildir í þessum efnum. Af því að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson benti á frumvarp sem ég hef flutt hér og liggur nú fyrir þinginu á þskj. 53, sem varðar breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og reyndar almenn hegningarlög líka, mál er varðar brottvísun og heimsóknarbann, þá tel ég þar vera á ferðinni tæki sem lögregla þyrfti að hafa í sínum höndum líka til þess að auðvelda meðferð þessara mála. Hugmyndin eru fengin frá Austurríki, eins og hv. þingmaður gat um. Þetta eru ákvæði sem voru leidd í austurrísk lög 1997 og hafa gefið góða raun þar. Það er búið að leiða þetta í lög í Skandinavíu, bæði í Noregi og Svíþjóð, þ.e. að lögreglan hafi í höndunum heimild til þess að vísa ofbeldismanni burt af heimili og banna honum endurkomu eða heimsóknir þangað í ákveðinn tíma. Þetta er auðvitað mjög gróft úrræði í sjálfu sér en Austurríkismenn hafa útfært það þannig að það er ekki mjög flókið að beita því. Það veitir lögreglunni þá heimild að vísa brott þeim manni sem beitir ofbeldi á heimili og það veitir lögreglunni líka heimild til þess að banna heimsóknir hans á heimilið í tiltekinn tíma. Lögreglunni er heimilt að nota þetta úrræði við ákveðnar kringumstæður þegar fjölskylda ofbeldismannsins eða öðrum stafar bein og augljós hætta af veru hans á heimilinu. Þannig er lögreglu gert að meta hagsmuni einstaklinganna á heimilinu, á staðnum, það hvort viðkomandi komi til með að valda öðru heimilisfólki skaða, hvort sem það væri sambúðarmaki, börn eða aðrir sem gætu þá beðið alvarlegt líkamlegt eða andlegt tjón af áframhaldandi veru ofbeldismannsins inni á heimilinu.

Austurríkismenn leiddu þetta í lög vegna þess að þeir veittu því athygli að það leysti ekki vandann inni á heimilunum að setja konur og börn ofbeldismanna í athvörf. Kvennaathvörfin sem voru orðin mörg í Austurríki á þessum árum fengu breytt hlutverk, þau urðu athvörf fyrir ofbeldismennina. Það vill svo til að Rosa Logar sem hefur verið einn af megintalsmönnum Austurríkis fyrir þessari leið var hér á ferð fyrir skemmstu. Hún var á fundi sem UNIFEM gekkst fyrir í háskólanum þann 21. október síðastliðinn þar sem fjallað var um konur í hnattvæddum heimi og talaði á málstofu um konur og ofbeldi og gerði grein fyrir nýjustu niðurstöðum og reynslu Austurríkismanna af þessari aðferð. Rosa Logar sagði að búið væri að beita þessu nálgunarbanni 30 þúsund sinnum á síðustu sjö árum í Austurríki. Hún sagði að þetta virtist koma í veg fyrir endurtekningu brota, þannig að það væri einungis í 10% tilfella sem sami einstaklingurinn fengi dæmt á sig slíkt nálgunarbann og heimsóknarbann, og því sé augljóst að ákvæðið hafi talsvert mikinn fælingarmátt.

Ljóst er að ákæruvaldið í Austurríki var nokkuð seint að taka við sér varðandi þetta mál, að það mundi virka og sama vandamál er vissulega þekkt mjög víða. Ákæruvaldið og dómsvaldið hefur átt í erfiðleikum með að greina heimilisofbeldi og þeir áttu erfitt með það í Austurríki að átta sig á að þetta nýja ákvæði hefði þann kraft eða fælingarmátt sem virkaði á þeim nótum sem það virtist gera. Frjálsu félagasamtökin sem hvöttu mjög til að þetta yrði leitt í lög voru ævinlega mjög sátt við þetta og á endanum virðist ákæruvaldið hafa sætt sig við þetta líka.

Þeir erfiðleikar sem hafa komið upp varðandi beitingu ákvæðisins í Austurríki virðast fyrst og fremst vera fólgnir í hvað það er umfangsmikið að annast umönnun eða aðhlynningu þeirra barna sem í hlut eiga í ofbeldissamböndum, því að hverjum hjónum geta fylgt mörg börn. Það sem þarf að gera þegar upp koma mál af þessu tagi og þegar viðvarandi heimilisofbeldi uppgötvast er að styðja börnin til einhvers konar hjálpar. Það er það verkefni sem Austur-

ríkismenn segjast vera að horfa fram á núna að reyna að taka betur á því að skilja ekki börnin eftir umönnunarlaus eða fylgja ekki eftir meðferð þeirra til ákveðinnar framtíðar.

Við áttum okkur á að heimilisofbeldi er gríðarlega vandmeðfarinn málaflokkur. Hann er ekki einangraður við hjónin sem deila eða ofbeldismanninn og þá meðferð sem hann fær. Verulega mikil þörf er á að skoða þetta mál heildstætt, skoða hvað við getum boðið ofbeldismanninum sjálfum upp á af meðferðarúrræðum. Ég fagna því að nú skuli eiga að endurvekja verkefnið Karlar til ábyrgðar því ég tel það vera eitt virkasta vopnið í baráttunni að karlar stígi fram og standi jafnfætis konum sem hafa verið í framlínu þessarar baráttu hingað til. Ég tel að verkefnið Karlar til ábyrgðar hafi skilað ákveðnum árangri meðan það var við lýði fyrir fáum árum og fagna því þess vegna sérstaklega að nú skuli eiga að endurvekja það. Það er gert í tengslum við það verk sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara í til að vinna af alvöru gegn kynbundnu ofbeldi.

Getið hefur verið um það hér að fyrir fáum dögum, þ.e. 25. nóvember, var hleypt af stokkunum í annað sinn á Íslandi 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Fjöldinn allur af félagasamtökum stendur á bak við það átak og verulega þess virði að gefa gaum ýmsum viðburðum sem verður boðið upp á fram til 10. desember. Í dag fengum við sendan póst um ályktunina 1325, þá frægu ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem varðar öryggi, konur og frið, mikið fræðsluefni sem við fengum frá UNIFEM á Íslandi tengt þeirri ályktun og áfram verður haldið næstu daga að fræða okkur um ofbeldismál, kynbundið ofbeldi og þar á heimilisofbeldi sinn sess.

Það sem þarf að hafa í huga þegar aðgerðaáætlun af þessu tagi er útbúin eru auðvitað ótal þættir. Við þurfum að taka til rækilegrar skoðunar þá þjónustu sem Neyðarmóttaka vegna nauðgunar veitir. Tryggja þarf að hún hafi nægan styrk til að veita fórnarlömbum alls kynbundins ofbeldis aðstoð. Við þurfum að horfa á heilbrigðiskerfið og eitt af því sem hefur verið talað um í þessum efnum er að uppfræða þurfi heilbrigðisstéttirnar, uppfræða þurfi hjúkrunarfólk, sjúkraliða, lækna, slökkviliðsmenn, sjúkraflutningamenn, lögreglu og dómara. Og eitt af því sem félagasamtökin í 16 daga átakinu ætla að hefja núna er markviss vinna í að bæta hlustunarskilyrði heilbrigðisstétta og annarra stétta sem koma að heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi til að auka líkurnar á að uppræta megi vandamálið og í fyrsta lagi greina það, að greina heimilisofbeldi rétt og geta þannig gripið til réttari úrræða.

Setja þarf vinnureglur fyrir allar heilbrigðisstofnanir, ekki bara lögreglu heldur líka heilbrigðisstofnanirnar hvernig svona tilvik eru skráð, hvers konar skráningu heimilisofbeldi fær í kerfinu. Auka þarf verulega alla fræðslu þess fólks sem starfar í réttarkerfinu. Talað er um starfsfólk dómstóla, saksóknara og það fólk sem starfar í löggæslunni og nauðsynlegt er að vinna að áframhaldandi þróun á þeim heildstæðu reglum sem hafa nú litið dagsins ljós og eru í fylgiskjali með frumvarpinu, eins og greint hefur verið frá.

Gera þarf nálgunar- og heimsóknarbann virkt. Ástæðan fyrir því að nálgunarbannið virkar ekki á Íslandi í dag er fyrst og fremst sú að fórnarlamb ofbeldisins þarf að óska eftir nálgunarbanninu. Eins og ég greindi frá í upphafi máls míns er ekki hægt að ætlast til þess að konur sem hafa mátt búa við ofbeldi árum saman, jafnvel áratugum saman, leggi í það að óska eftir nálgunarbanni á maka sinn. Eins og Austurríkismennirnir hafa farið að þessu hafa þeir sett valdið í hendur lögreglunnar sem metur stöðuna á staðnum og lögreglan tekur ákvörðun um að vísa viðkomandi út af heimilinu. Úrræðið er því í höndum lögreglunnar og dómari staðfestir síðan beitingu úrræðisins. Því er nauðsynlegt, held ég, að endurskoða nálgunarbannið með það í huga að það eigi að vera í höndum lögreglu og dómara en ekki í höndum fórnarlambsins sjálfs því þar virðist það vera harla máttlaust tæki.

Eitt af því sem þarf að gera til að við komum betur auga á heimilisofbeldið, greint það og fundið leiðir út úr því og leiðir til að hjálpa fórnarlömbunum er að markvisst verði unnið að fjölgun kvenna í starfsstéttum sem vinna við meðferð ofbeldismála. Fjölga þarf konum í lögreglunni og það þarf að fela þeim þessi mál í auknum mæli, sérstaklega þegar við erum að feta okkur inn á nýjar brautir í meðferð slíkra mála. Fjölga þarf konum hjá ákæruvaldinu og dómstólunum og sjá til þess að þær komi að þessum málum í jafnríkum mæli og karlar gera.

Ég tel líka nauðsynlegt að hið opinbera og opinberir aðilar stuðli að ákveðinni samvinnu á milli þeirra sem koma að þessum málum. Þar er ég að tala um réttarkerfið, heilbrigðiskerfið, ýmsa fagaðila og málsvara fórnarlamba. Ég held að það sé eitt af því sem við verðum að fara að skoða á næstu stigum, þ.e. á hvern hátt getum við komið þessu fólki til aðstoðar, bæði fórnarlömbum ofbeldisins og hinum líka sem beita ofbeldinu. Á hvern hátt hafa meðferðarúrræði gagnast sem reynd hafa verið? Ég held að það sé lykilatriði að ná að styðja við þetta fólk svo það geti þá komist aftur almennilega á fæturna og fórnarlömbin náð fyrri styrk, náð að styrkja sjálfsímynd sína, náð að standa undir sjálfum sér og taka ábyrgð á lífi sínu á sama hátt og skoða verður möguleikana sem ofbeldismennirnir geta haft í gegnum meðferðarúrræði.

Tengt þessu máli er auðvitað mansal og hæstv. ráðherra nefndi það í upphafsræðu sinni á hvern hátt ríkisstjórnin væri að skoða þau mál. Ég er í starfshópi þeim sem hann nefndi sem starfar innan ráðuneytisins og er að reyna að skoða vændismálin sérstaklega. Vændi og mansal er mjög nátengt og þarf að skoðast í því ljósi. Ég er þeirrar skoðunar að líta þurfi á lagaákvæði varðandi klám. Við þurfum að virða þau lagaákvæði sem við búum við og hnykkja á þeim. Við þurfum að skoða ákvæði í almennum hegningarlögum, í útvarpslögum, í lögum um póstþjónustu, í samkeppnislögum og lögum um prentrétt og við þurfum að fara almennilega ofan í saumana á því á hvern hátt þeim lagaákvæðum er framfylgt eða hvort þeim er kannski alls ekki framfylgt í landi okkar.

Ég held líka að í þessari vinnu þurfi að hafa ákveðið samstarf á milli sveitarfélaganna og ríkisins. Ég held að ekki sé annað hægt en að færa sveitarfélögin að borðinu til að skoða á hvern hátt þau og félagsþjónusta þeirra getur komið að þessum málaflokki, á hvern hátt þeir aðilar geta staðið saman í því að höndla þessi viðkvæmu mál sem hafa raskað tilveru svo ótal margra í samfélaginu, kvenna, karla

og barna. Ég tel að við séum að stíga mjög mikilvægt skref sem þó megi ekki taka úr samhengi við annað sem verið er að gera líka og við höfum fagnað í þessari umræðu. Auðvitað mun allsherjarnefnd Alþingis fara ofan í saumana á frumvarpinu, skoða það tæknilega og athuga hvort á því eru nokkrir vankantar. Ég sé það svo sem ekki í fljótu bragði. Ég tel að greinargerðin með málinu sé mjög skýr og markmið stjórnvalda sé mjög skýrt. Ég fagna því að þetta mál skuli vera hér fram komið.

[17:11]

Útbýting:

Fréttaþátturinn Auðlind, 383. mál, fsp. MÞH, þskj. 450.

Gini-stuðull, 208. mál, svar fjmrh., þskj. 452.

Samráðsskylda stjórnvalda við samtök fatlaðra, 385. mál, þáltill. GuðmM o.fl., þskj. 454.

Skatttekjur ríkissjóðs árið 2004, 219. mál, svar fjmrh., þskj. 453.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 384. mál, fsp. MÞH, þskj. 451.

Veiðar og stofnstærð kolmunna, 359. mál, svar sjútvrh., þskj. 455.

[17:11]

Bryndís Haraldsdóttir:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Hér er um mjög mikilvægt og gott frumvarp að ræða, enda ályktaði landsfundur Sjálfstæðisflokksins þess efnis, með leyfi forseta:

„Landsfundur telur brýnt að skerpa lagaúrræði til að takast á við heimilisofbeldi og fagnar hugmyndum um hert viðurlög vegna brota sem framin eru innan veggja heimilisins."

Ber að þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir koma fram með þetta mikilvæga mál og þá áherslu sem hann hefur lagt á aðgerðir gegn heimilisofbeldi. Í frumvarpi þessu kemur fram að refsiréttarnefnd hefur farið yfir málið og er tillaga hennar nýtt í frumvarpinu.

Við 70. gr. er lagt til að við bætist svohljóðandi texti, með leyfi forseta:

„Hafi verknaður beinst að karli, konu eða barni sem eru nákomin geranda, og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni."

Þá leggur nefndin einnig til að ákvæði 191. gr. hegningarlaganna verði gerð skýrari, m.a. vegna ákvæða stjórnarskrár sem krefst þess að refsiákvæði séu skýr svo þeim verði beitt.

Frumvarpið tekur skýrt á þessu og lagt er til að svohljóðandi texti bætist í lögin, með leyfi forseta:

„Sá sem móðgar eða smánar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda, og verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, skal sæta fangelsi allt að tveimur árum."

Það er auðvitað ekki þannig, hæstv. forseti, að heimilisofbeldi sé refsilaust í dag. Það er að sjálfsögðu refsivert að beita mann ofbeldi hvort sem gerandinn er honum nákominn eður ei. Hin hefðbundnu líkamsárásarákvæði hegningarlaganna taka hins vegar ekki sérstaklega á því ef brotamaður er nákominn þeim sem hann brýtur á, en það er ljóst að ofbeldi af hendi aðila sem þolandinn er nákominn er enn alvarlegra og veldur í öllum tilfellum enn meira áfalli en annað ofbeldi.

Mjög mikilvægt er að í frumvarpinu sem hér um ræðir er tekið á öllu ofbeldi, einnig kynferðislegu ofbeldi. Ljóst er að það að þyngja refsiákvæði er af hinu góða en það er ekki nóg. Hér þarf ekki síður ákveðna hugarfarsbreytingu. Almenningur þarf að vera vel meðvitaður um alvarleika heimilisofbeldis og vera óhræddur við að koma að og aðstoða þolendur slíks ofbeldis. Fjöldinn allur af frjálsum félagasamtökum hefur unnið gott starf við að halda umræðum um heimilisofbeldi á lofti. Þessi samtök eru m.a. Kvenréttindafélagið, Kvennaathvarfið, Stígamót, V-dagar og svo mætti lengi telja. Mikilvægt er að þau góðu samtök haldi áfram baráttu sinni á þessum vettvangi. Það er enn þá of útbreitt viðhorf að friðhelgi einkalífsins verji þá sem beita maka sinn eða börn ofbeldi, en ofbeldi er aldrei réttlætanlegt hvorki innan veggja heimilisins né utan.

Þyngingu refsinga, eins og lagt er til í frumvarpinu sem hér liggur fyrir, er ekki nóg. Málið þarf að upplýsa til að komið geti til refsingar. Því er mikilvægt að vel sé staðið að því innan löggæslunnar að sinna slíkum málum og að þolendur og gerendur finni fyrir því að brot af þessu tagi séu litin mjög alvarlegum augum. Í því ljósi eru verklagsreglur ríkislögreglustjóra um meðferð mála sem varða heimilisofbeldi mjög mikilvægar enda er þeim ætlað að gera rannsókn skýra og markvissa en verklagsreglur þessar eru einmitt viðauki við þetta ágæta frumvarp.

Við erum eflaust öll sammála um mikilvægi þess að taka hart á heimilisofbeldi og því er ánægjulegt að þetta frumvarp sé hér fram komið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ársreikningar, 1. umr.

Stjfrv., 362. mál (EES-reglur). — Þskj. 413.

[17:16]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum. Með frumvarpi þessu eru lagðar til leiðréttingar á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga áður en lögin verða endurútgefin, sbr. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 45/2005, um breytingu á lögum nr. 144/1994.

Við undirbúning á umræddri endurútgáfu kom í ljós að röng málsgrein var felld niður í lögum nr. 45/2005. Enn fremur kom í ljós að millivísanir á milli lagagreina voru ekki að öllu leyti réttar. Er frumvarpi þessu ætlað að leiðrétta framangreint áður en lögin verða endurútgefin. Jafnframt er í 5. gr. frumvarpsins tekin upp 74. gr. laga nr. 45/2005 til að það ákvæði komi inn í endurútgáfu laganna sem mælt er fyrir um að nýju í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði

vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 363. mál (framlenging á lækkun gjalds). — Þskj. 414.

[17:17]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald og fleira, með síðari breytingum. Með frumvarpi þessu er lagt til að tímabundin lækkun á fjárhæð olíugjalds úr 45 kr. í 41 kr. verði framlengd um hálft ár, eða til 1. júlí 2006. Með lögum nr. 70/2005, um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald og fleira, var lögfest tímabundin lækkun frá 1. júlí 2005 til 31. desember 2005 á fjárhæð olíugjalds um 4 kr. eða úr 45 kr. í 41 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu.

Markmiðið með hinni tímabundnu lækkun, sem gilda átti frá 1. júlí til 31. desember 2005, var að bregðast við óhagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði á dísilolíu, samanborið við heimsmarkaðsverð á bensíni. Verð á dísilolíu á heimsmarkaði er enn þá óvenjuhátt í samanburði við heimsmarkaðsverð á bensíni sé til viðmiðunar litið til nokkurra ára aftur í tímann. Eiga sömu forsendur nú við og fram komu þegar lög nr. 70/2005, um tímabundna lækkun olíugjalds, voru samþykkt. Óvissa er um hvernig heimsmarkaðsverð á bensíni og dísilolíu muni þróast innbyrðis á næstu mánuðum. Með vísan til þessa ástands er með frumvarpi þessu lagt til að hin tímabundna lækkun olíugjalds verði framlengd um hálft ár eða til 1. júlí 2006. Fram að þeim tíma gefst færi á að yfirfara betur innbyrðis samræmi milli olíugjalds, bensíngjalds og kílómetragjalds.

Þess ber að geta að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 kemur fram að í tengslum við lögfestingu tímabundinnar lækkunar olíugjalds, sbr. lög nr. 70/2005, kynni bensíngjald, olíugjald og kílómetragjald að verða stillt frekar af innbyrðis áður en gildistími tímabundinnar lækkunar olíugjalds rennur út um næstu áramót þó þannig að miðað verði við að tekjur ríkissjóðs héldust þær sömu.

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að það muni leiða af sér um 160 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð á árinu 2006 frá því sem miðað var við í forsendum fjárlaga 2006.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[17:19]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Það er rétt að segja það strax í byrjun að ég lýsi yfir stuðningi mínum við það frumvarp sem hæstv. fjármálaráðherra flytur hér um að framlengja afslátt eða lækkun á svokölluðu olíugjaldi úr 45 kr. í 41 kr. frá næstu áramótum til 1. júlí nk. Það geri ég vegna þess að ég er hlynntur öllum þeim lækkunum sem hægt er að koma fram með í tengslum við olíugjaldið og þá miklu skattheimtu sem á sér stað af umferð í landinu. Ég kem kannski að því síðar. Það þarf að skoða hver þróunin á heimsmarkaðsverði á olíu hefur orðið gagnvart bensíni og öðru, sem m.a. gerði það að verkum að fyrrverandi hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, neyddist til þess á síðustu dögum þingsins í vor að leggja fram frumvarp þar sem þessi lækkun úr 45 kr. í 41 kr. var sett fram. Og hér leggur sem sagt núverandi hæstv. fjármálaráðherra fram frumvarp um að Alþingi samþykki framlengingu á því til 1. júlí nk. Ég endurtek að ég styð það sem hér kemur fram.

Hins vegar vil ég, virðulegi forseti, gera að umtalsefni það sem kemur fram í þessari greinargerð og hefur komið fram síðan olíugjaldsfrumvarpið var samþykkt og gert að lögum — þ.e. síðan við breyttum úr þungaskattskerfinu yfir í þetta kerfi — þá verðmyndun sem hefur verið gagnvart olíu og bensíni. Olían er orðin jafndýr og bensínið og hefur stundum verið dýrari hér á landi. Það er þveröfugt við það sem spáð var þegar við breyttum þungaskattskerfinu og tókum olíugjaldið upp. Þar var alltaf talað um að olían yrði 10–15 kr. ódýrari en bensínið. Það var talinn nauðsynlegur hvati til að auka notkun lítilla dísilbifreiða hér á landi og samræma þetta í raun og veru. Það var talið nauðsynlegt að olíulítrinn væri ódýrari vegna þess að í flestöllum tilfellum eru dísilbílar dýrari í innkaupum en bensínbílar og þeir geta líka verið dýrari í viðhaldi. Þannig að sá munur sem þar var á og leit út fyrir að yrði með upptöku olíugjaldsins hefur horfið. Eins og verðið er í dag, ég veit náttúrlega ekki hvernig verðið hefur verið í dag — en síðustu daga hefur dísillítrinn verið örfáum aurum dýrari en bensínlítrinn og þykir okkur þó nóg um núna. Heimsmarkaðsverðið er hátt og við sáum dísillítrann fara upp í 112 kr. í sumar. En þó er staða krónunnar jafnsterk og raun ber vitni, það hefur auðvitað áhrif til lækkunar. Guð hjálpi okkur, virðulegi forseti, ef krónan væri 25–30% hærri.

Það sem talið var aðalatriði í þessu máli hefur ekki gengið eftir. Þess vegna ítreka ég það sem ég hef áður sagt, ég tel að það hefði verið betra að fara þá leið sem Samfylkingin lagði til þegar þungaskattskerfinu var breytt, þ.e. að búa til lægri þungaskattsflokka fyrir minni bíla og stuðla þar með að fjölgun lítilla dísilbíla í landinu og þar með hagkvæmari fyrir bæði eigendur og þjóðarbúið.

En það varð ekki því miður. Olíugjaldið er orðið að veruleika og þá er að reyna að sníða alla þá agnúa af því sem eru. Það hefur hæstv. fjármálaráðherra m.a. lagt til með frumvarpi sem hann flutti fyrir nokkrum dögum og er nú til umræðu og meðferðar í hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Þar eru hlutir, eins og ég ræddi þá, sem orka mjög tvímælis gagnvart jafnræðisreglu og gagnvart jafnræði ökutækja og atvinnurekenda, hvað varðar að nota tæki í sams konar vinnu ef svo má að orði komast.

Þegar við tókum olíugjaldið upp var m.a. ákveðið að strætisvagnarekstur yrði áfram með þeim afslætti sem sá rekstur hafði frá þungaskatti, sem var eitthvað í kringum 80%. Nú hefur það gerst, virðulegi forseti, að strætisvagnarekstur hefur fengið á sig mikinn kostnaðarauka. Til dæmis er talað um að Strætó bs. hafi fengið upp undir 40 millj. kr. kostnaðarauka vegna þessarar upptöku, vegna þess að ekki

er allt endurgreitt eins og gert var í þungaskattskerfinu. Strætisvagnar fengu 80% af þungaskattsgreiðslunni endurgreidd á sínum tíma. Núna fá þeir 80% af olíugjaldinu endurgreidd fyrir utan virðisaukaskattinn. Þar kemur það fram sem við höfum talað um að ríkisstjórnin notar virðisaukaskatt af olíugjaldi til að auka tekjur ríkissjóðs. Virðisaukaskatturinn í olíugjaldinu, virðulegi forseti, er ekki endurgreiddur til strætisvagnafyrirtækja í landinu eins og ég held að allir þingmenn hafi haldið þegar breytingin var samþykkt. Það var ekki meiningin þá að hækka rekstrarkostnað strætisvagna. Því vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort sú hafi verið meiningin, eða hvort kerfið virkar ekki eins og það á að virka — menn nota virðisaukaskattinn til að leggja hann ofan á olíugjaldið en endurgreiða hann ekki hvað strætisvagnana snertir.

Jafnframt vil ég, virðulegi forseti, af því við erum að ræða um tímabundna lækkun olíugjalds úr 45 kr. í 41 kr., minna á frumvarp sem við, nokkrir þingmenn jafnaðarmanna, fluttum hér í upphafi þings, frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem varða bensín- og olíugjald. Ég er flutningsmaður ásamt fjórum öðrum þingmönnum jafnaðarmanna en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er fyrsti flutningsmaður. Það frumvarp var annars vegar um lækkun á bensíngjaldi og hins vegar um frekari lækkun á olíugjaldi, þ.e. úr 41 kr. niður í 37 kr., og stóð til að hafa það tímabundið með sólarlagsákvæðum til loka mars árið 2006, eins og það var orðað. Þessi tillaga hefur verið flutt hér á Alþingi og liggur væntanlega hjá efnahags- og viðskiptanefnd til umfjöllunar. Þar var gert ráð fyrir að bæði bensín- og olíulítrinn lækki tímabundið um 5 kr., þ.e. olíugjaldið færi úr 41 kr. niður í 37 kr., og svo kæmu virðisaukaáhrifin þar inn. Tekjutap ríkissjóðs var áætlað í þessum tölum um hálfur milljarður kr. en á móti komu, sem var kannski aðaltilgangurinn, þau jákvæðu áhrif sem þetta hefði á vísitölu neysluverðs. Ég vildi geta þess að í þessu frumvarpi erum við bæði með bensín- og olíugjald inni. Það er rétt að taka fram að tekjur ríkissjóðs eru náttúrlega að aukast töluvert vegna þess háa verðs sem er á bensíni og olíu um þessar mundir, vegna virðisaukaskattsins sem kemur inn. Að auki eigum við eftir að fá endanlegar tölur, sem verður kannski deiluefni eitthvað fram á næsta ár, um það út frá hve mörgum seldum lítrum af olíu á að reikna olíugjaldið inn til ríkissjóðs. Hverjar verða heildartekjurnar til Vegagerðarinnar? Hvað kemur umfram í virðisaukaskatti til ríkisins? Við jafnaðarmenn bentum einmitt á að þar væri nýr tekjustofn og ný skattheimta ríkisins, eins og ég nefndi í sambandi við strætisvagnana — olíugjald og álagður virðisaukaskattur er ekki endurgreiddur, rennur beint í ríkiskassann og eykur þar með skattheimtu af umræddri starfsemi.

Það er líka rétt að geta þess, virðulegi forseti, til að færa rök fyrir þeirri tillögu sem við jafnaðarmenn fluttum hér á þinginu — og má eiginlega segja að sé einnig rökstuðningur fyrir því sem hæstv. fjármálaráðherra er hér að gera — að leggja til að olíugjaldið verði áfram lækkað um 5 kr. til 1. júlí nk. Það er vegna hinna miklu tekna sem renna inn í ríkissjóð af umferð og bílainnflutningi í landinu. Ég sagði hér við síðustu umræðu um þetta mál að áætlaðar tekjur ríkissjóðs væru 31 milljarður kr., en það eru gamlar tölur. Að mati FÍB, félags íslenskra bifreiðaeigenda, eru heildarskatttekjur ríkissjóðs af bílum og umferð, virðulegur forseti, um 40 milljarðar kr. á þessu ári en voru 31 milljarður kr. á síðasta ári. Þannig að heildarskatttekjurnar aukast um 9 milljarða kr. á einu ári.

Og má ég líka, virðulegi forseti, minna á að aðeins 13 milljarðar af þessum 40 renna til þeirra framkvæmda sem Vegagerðinni er skylt að standa fyrir, til nýframkvæmda, reksturs, vetrarþjónustu og annarrar þjónustu. Tekjur af notkun bíla eru helmingur þessara 40 milljarða og um helmingur vegna bílakaupa. Það skal engan undra að þessir 9 milljarðar sem koma í ríkissjóð á þessu ári, skv. mati FÍB, eru auðvitað að stórum hluta vegna mikillar aukningar á bílainnflutningi landsmanna og miklu meiri notkunar. Það er líka ástæða til, virðulegi forseti, að nefna að um 60% af verði hvers bensínlítra fara beint í skatt, þ.e. þetta almenna vörugjald, sérstaka vörugjald, sem við köllum oft bensíngjald, og virðisaukaskatt.

Virðulegi forseti. Það sem ég hef hér sagt um heildarskatttekjur ríkissjóðs og nýja skatta hæstv. ríkisstjórnar af umferð — þetta eru háar tölur og því getur maður lýst yfir stuðningi við þá tímabundnu lækkun sem hæstv. fjármálaráðherra boðar nú, og er áætlað að kosti eitthvað um 160 millj. kr. Ég vil einnig benda á það tímamótafrumvarp, vil ég segja, sem lagt var fram af þingmönnum jafnaðarmanna sem átti þó ekki að kosta nema hálfan milljarð á þeim tíma sem um er að ræða.

Virðulegi forseti. Ég ítreka spurningu mína til hæstv. fjármálaráðherra um virðisaukaskatt af olíugjaldinu, eins og það dæmi kemur út í strætisvagnarekstri. Það kann vel að vera að það séu fleiri dæmi úr öðrum atvinnurekstri. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því. En þetta dæmi er borðleggjandi og mig langar að heyra útlistun hæstv. fjármálaráðherra á hinni auknu skattheimtu af almenningsumferð í landinu.

[17:32]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef nú ekki séð neina útreikninga í þá átt sem hv. þingmaður er að vísa til. Eins og hefur komið fram í umræðum hér á Alþingi að undanförnu, í síðustu viku þegar rætt var um annað frumvarp er fjallar um olíugjald þá er ekki mjög langur tími liðinn síðan kerfið var tekið upp og áður en farið verður frekar út í að stilla af, eins og reyndar er talað um í greinargerð og forsendum með þessu frumvarpi, þá þarf að kanna hvaða áhrif þessar breytingar hafa haft. Þá mun væntanlega koma í ljós hvort það sem hv. þingmaður var að tala um er rétt eða rangt. Eins hvaða áhrif breytingarnar hafa haft á aðra aðila og hvort þær eru upp eða niður, hvort þær eru réttlætanlegar eða ekki og það verður þá auðvitað að skoðast í samhengi við þá hluti sem ætlunin er að nota þetta gjald til.

Til að endurtaka það, þá hef ég ekki séð þessar upplýsingar eða þá reikninga sem liggja að baki þeim upplýsingum sem hv. þingmaður nefndi og get þar af leiðandi ekki tjáð mig um það hér og nú.

[17:33]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held og hef áður sagt að við eigum

eftir að gera margar lagfæringar á olíugjaldslögunum innan eins til tveggja ára og ég skal að sjálfsögðu taka þátt í þeim lagfæringum sem verða til bóta. En þetta sýnir auðvitað þá mörgu vankanta sem við jafnaðarmenn bentum á við þessa upptöku og þann hraða sem var á þessu.

Það mál sem ég gerði hér að umtalsefni, þ.e. aukna skattheimtu af rekstri strætisvagna, er bara borðleggjandi, þannig er þetta frá þessum fyrirtækjum og kemur fram í umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar vegna þess frumvarps sem við jafnaðarmenn fluttum hér um tímabundna lækkun á bensíngjaldi og olíugjaldi, þetta kemur þar fram. Þetta er einn af þeim þáttum sem við bentum á, þ.e. að þungaskatturinn var aldrei með virðisaukaskatti og 80% endurgreiðsla til strætisvagna var bara 80% endurgreiðsla af þungaskattinum.

Nú var tekið upp olíugjald og bætt ofan á virðisaukaskattinn og þá er framkvæmdin þannig að fjármálaráðherra endurgreiðir strætisvagnarekendum þann hluta af olíugjaldinu sem er utan við virðisaukaskatt og virðisaukaskatturinn verður eftir. Þá er komið á daginn, virðulegi forseti, það sem við sögðum og vöruðum við að hæstv. ríkisstjórn með fjármálaráðherra þáverandi, Geir H. Haarde núverandi formann Sjálfstæðisflokksins, í broddi fylkingar, var rétt enn einu sinni að auka skattheimtu af umferð í landinu. Það getur vel verið að ég geti fundið fleiri dæmi, að það sé ekki bara strætisvagnarekstur. Svo skulum við líka hafa í huga að sumir eru með þannig rekstur og hafa leyfi til að nota hann til innskatts en þetta hvað varðar strætisvagnana er borðleggjandi dæmi, virðulegi forseti, þó að ég sé svo sem ekkert að ganga hér eftir frekari svörum frá hæstv. fjármálaráðherra sem ekki hefur kynnt sér þetta mál eins og hér hefur komið fram og ekki séð þessa útreikninga.

En ég hvet til þess að það verði gert svo nefndarmenn stjórnarflokkanna í efnahags- og viðskiptanefnd geti þá tekið tillit til þessa atriðis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, 1. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 427.

[17:36]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvíþættar breytingar á lagaumhverfi lífeyrissjóða. Í fyrsta lagi er lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað til samræmis við það sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði, eða úr 10% í 12% í tveimur áföngum á næstu tveimur árum.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með *frumvarpinu hefur verið samið um 2% hækkun á mótframlagi* vinnuveitanda á almennum vinnumarkaði í tveimur áföngum, eða úr 6% í 7% frá og með 1. janúar 2005 og síðan úr 7% í 8% frá og með 1. janúar 2007. Þessi hækkun á lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóða, sem lögð er til hér er til samræmis við þær breytingar.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar sem snúa að fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Með umræddum breytingum er stefnt að því að bæta starfsumhverfi lífeyrissjóða og laga starfsemi þeirra að breyttum aðstæðum á fjármálamarkaði í því skyni að auðvelda þeim að sinna því hlutverki sínu að ná sem mestri ávöxtun á fjármunum sínum með sem minnstri áhættu.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna tillögur um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem fela í sér hækkun á lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóða og breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða.

Í II.–V. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á sérlögum um einstaka lífeyrissjóði til samræmis við þá hækkun á lágmarksiðgjaldi sem fjallað er um í I. kafla frumvarpsins. Enn fremur eru lagðar til orðalagsbreytingar sem miða að því að gera ákvæði umræddra lagabálka um greiðslu lágmarksiðgjalds efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[17:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Mér finnst það nú alveg verðskulda nokkur orð af hálfu einhverra þingmanna að hæstv. ráðherra mælir hér fyrir þessu frumvarpi. Þó að það sé ekki stórt að vöxtum eða þykkt er það býsna mikilvægt að mínu mati því að hér er verið að festa í lög aðgerð sem tryggir betur en ella stöðu lífeyrissjóðanna og treystir þá í sessi til þess að standa undir þeim skuldbindingum og væntingum sem við þá eru bundnar. Ég held að ástæða sé til að fagna því að í framhaldi af því merka samstarfi sem tókst um afgreiðslu þessara mála á árunum 1996–1998 eða hvenær það nú var ... (**Gripið fram í:** 1971.) Já, ég veit hvenær þetta hófst en síðan var lífeyrissjóðakerfið fest í sessi með mjög afgerandi hætti bæði með samstöðu aðila vinnumarkaðarins og lagasetningu hér á Alþingi sem lögfesti 10% lámarksgreiðslur þannig að á þeim grunni hefur verið byggt síðan.

Ef maður fer aðeins lengra aftur í tímann er náttúrlega alveg ljóst að sú hreyfing sem komst á þessi mál á Íslandi um 1970 og samkomulag aðila vinnumarkaðarins um að hefja uppbyggingu söfnunarsjóða um það leyti var stórmerk aðgerð í íslensku samfélagi og ástæða til að hrósa þeim mönnum sem þar stóðu að verki fyrir framsýni. Það hefur síðan leitt til þess að Ísland er í allt annarri og betri stöðu eða vænlegri stöðu í þessum efnum en flest nálæg ríki vegna þess að við eigum hér öfluga samtryggingarlífeyrissjóði sem byggja á skylduaðild og tryggum greiðslum og byggja á sjóðssöfnun en ekki gegnumstreymi og allt skiptir það máli í þessu sambandi. Það leið hins vegar langur tími þangað til þetta verk var klárað með því að tryggja með lagabreytingum að greitt væri af öllum launum í lífeyrissjóði, ekki bara dagvinnulaunum eða einhverjum hluta af launum, og með því að tryggja að allir skyldu taka þátt í uppbyggingu slíks kerfis, líka sjálfstætt starfandi atvinnu-

rekendur og aðrir hópar sem höfðu verið á vinnumarkaði og höfðu ýmist mun seinna eða jafnvel alls ekki hafið greiðslur í lífeyrissjóði þegar þetta samkomulag var gert ásamt lagabreytingum 1996.

Sú ráðstöfun að hækka lágmarksiðgjöldin úr 10% í 12% er auðvitað heilmikil aðgerð því að þetta er nú býsna mikil hækkun ef horft er til þess hlutfallslega og að mínu mati er ástæða til að fagna því að um þetta hefur tekist samkomulag og ég ætla svo sannarlega að vona að menn beri hér eftir sem hingað til gæfu til og hafi framsýni til þess að verja þetta kerfi. Auðvitað hefur oft á tíðum komið upp sú umræða að því ætti að breyta og það ætti að fara á markaðstorgið og menn færa fram ýmis frelsisrök og guð má vita hvað fyrir því að það eigi bara hver og einn að geta haft þetta eins og hann vill. En algjör undirstaða þessa kerfis er samtryggingin sem í því er fólgin og hún hefur farið vaxandi, m.a. með sameiningu lífeyrissjóða þannig að kerfið hefur styrkst með færri og öflugri sjóðum sem dreifir líka betur ýmsum áhættuþáttum í þessum rekstri.

Þetta var nú aðalerindi mitt hingað, frú forseti, að fagna þessu. Svo að öðru leyti vil ég bara aðeins spyrja um það hvaða lagaráðstafanir aðrar kunni að þurfa að gera sem þessu tengjast. Það er a.m.k. ljóst að félagsmálanefnd hefur upplýsingar um að eitt atriði þarf að laga annaðhvort strax eða síðar og það varðar það að Ábyrgðasjóður launa, sem greiðir laun við gjaldþrot fyrirtækja og greiðir jafnframt gjaldfallin lífeyrisiðgjöld fyrir það tímabil, er samkvæmt þeim lögum sem hann starfar eftir eingöngu skyldugur til að greiða miðað við 10%. Því þarf að kippa í liðinn þannig að menn fái bættan þann lífeyrisrétt sem þeir höfðu áunnið sér á því tímabili sem þeir áttu að fá greidd laun frá fyrirtækjum sem síðan hafa komist í þrot og málin lent hjá Ábyrgðasjóði. Ef það er nú það eina sem þarna kemur við sögu er það auðvitað fljótgert en það kann þó að vera víðar, ég skal ekkert um það segja.

Síðan eru hér einnig á ferðinni minni háttar breytingar sem lúta að þeim reglum sem gilda um fjárfestingarheimildir til lífeyrissjóðanna. Það er nú ekki mikið um þetta sagt hér í greinargerðinni, satt best að segja, enda eru þær kannski ekki stórvægilegar. Þó er talað þar um breyttar aðstæður á fjármálamarkaði og ég hefði haft áhuga á því að heyra aðeins betur hvar skórinn kreppir þar að. Ég gef mér að það sé ekki verið að breyta þessum ákvæðum í þá átt að draga úr þeim lagaskyldum lífeyrissjóðanna að lágmarka áhættu sína í hverju tilviki, sem er mjög mikilvægt atriði og mun mikilvægara í mínum huga en að hafa þessa stífu áherslu á að lífeyrissjóðirnir þurfi alltaf að leita mestu ávöxtunar á hverjum tíma. Ef annað markmiðið á að víkja fyrir hinu þá er ég a.m.k. ekki í neinum vafa hvort það á að vera, þá á að velja þá leiðina sem er almennt séð tryggari og áhættuminni, því að það er ákaflega sárt ef þannig fer með fjármuni af þessu tagi, þ.e. sem safnað er inn á grundvelli skylduaðildar og eiga síðan að standa undir greiðslum fólks, að þeir glatist fyrir einhvern glannaskap.

Hitt er alltaf miklu, miklu umdeilanlegra hvort einhverjar ákvarðanir voru eftir á að hyggja alveg réttar í því skyni að reyna að ná í sem mesta ávöxtun eða hámarksávöxtun enda getur það nú oltið á ýmsa vegu eins og kunnugt er. Það má jafnvel færa fyrir því rök að lífeyrissjóðirnir eigi jafnvel líka að hafa að einhverju leyti félagsleg eða siðræn viðmið þegar þeir ávaxta sjóði sína. Það eru t.d. gerðar kröfur til slíkra hluta sums staðar í nágrannalöndunum. Það hefur ekki mikið komist á dagskrá hér en því skyldi það ekki rætt hér rétt eins og ég veit að t.d. hefur verið rækilega rætt í Svíþjóð hvað varðar ávöxtun af svipuðum toga, að það sé þó aldrei fjárfest í fyrirbærum sem beinlínis reki stefnu, segjum t.d. í umhverfismálum eða í samskiptum við þróunarlönd eða annað því um líkt sem menn vilja ekki leggja nafn sitt við? Þá hafa menn gripið til þess ráðs að setja vissan ramma, kannski siðrænan ramma, um það á hvaða grunni slíkar fjárfestingar eigi að byggja á í þessum efnum.

Frægar eru deilur í Noregi og einnig lyktir þess máls að norska þingið setti reglur um fjárfestingar norska olíusjóðsins þar sem eru alveg skýr fyrirmæli um að hann skuli ekki fjárfesta í starfsemi sem vafasöm getur talist að þeirra dómi og honum er ætlað að halda sig utan við vopnaviðskipti og annað slíkt. Ég nefni þetta nú ekki vegna þess að ég hafi mikla trú á því eða miklar áhyggjur af því að íslenskir lífeyrissjóðir fari að reyna að ávaxta fé sitt í slíku, ég nefni þetta fremur sem vangaveltur um grundvallarviðmið þegar að því kemur að velta þessum reglum fyrir sér, því að auðvitað eru þær ekkert óumbreytanlegar og það má alveg ræða þau ákvæði sem nú er starfað eftir og voru lögfest 1996, eða líklega var það 1997, og voru að verulegu leyti fyrir í eldri lögum.

Spurningin er hvort hæstv. fjármálaráðherra færi aðeins betur yfir það hvað það er sem varðar breyttar aðstæður á fjármálamarkaði og ætlunin er að rýmka eða auðvelda starfsumhverfi lífeyrissjóðanna gagnvart.

[17:48]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir jákvæða umfjöllun um frumvarpið. En þau atriði sem hann spurði um varða í meginatriðum 2. gr., a, b og c-lið. Í a-lið er um að ræða að á fasteignamarkaði hafa orðið þær breytingar að lántakendur geta tekið mun hærra lán sem hlutfall af markaðsverði fasteignarinnar en áður var. Talið er rétt að heimila sjóðunum að auka hlutfall sitt í lánveitingum á fasteignamarkaði úr 65% í 75% af metnu markaðsverði til að þeir geti tekið áfram þátt í fjármögnun á þessum markaði.

Í b-lið er um að ræða að heimila hærra hlutfall af fjárfestingum í hlutabréfum og það á rætur sínar að rekja til þess að það eru miklu meiri og fjölbreyttari möguleikar á hlutabréfamarkaði en áður var. Hlutabréf hafa verið að gefa mjög góða ávöxtun að undanförnu. Til að sjóðirnir geti nýtt sér þær aðstæður eða viðlíka aðstæður í framtíðinni er talið rétt að heimila þeim að hækka hlutfall sitt í fjárfestingum í hlutabréfum.

Í c-lið er um að ræða að breyta viðmiðunum eða tímasetningu viðmiðana hvað varðar þau hlutföll sem að framan getur svo hægt sé að miða við árshlutauppgjör en ekki bara uppgjör um áramót. Það hefur auðvitað verið mikil gróska á þessum mörkuðum og það hefur leitt til þess að staða sjóðanna hefur vænkast mjög yfir árið og því er rétt að leyfa þeim að njóta þess í því að geta notað það sem viðmið í hlutföllum í fjárfestingum.

[17:50]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég var að sjálfsögðu fyrst og fremst að spyrja um bakgrunn þessara breytinga. Út af fyrir sig er hægt að átta sig á því í skýringum eða fletta upp á því í lögunum hvaða hlutföllum er þarna verið að breyta. En það hlýtur að vera það sem máli skiptir í sambandi við rökstuðning fyrir þeim hver sé hinn efnislegi bakgrunnur þeirra úti á markaðnum eða gagnvart þeim aðstæðum sem hafa breyst. Ef svarið er t.d. einfaldlega það að verið sé að bregðast við þróuninni í átt til hærra lánshlutfalls eða hærra veðsetningarhlutfalls á fasteignamarkaði þá er auðvitað spurning hvort það sé endilega þróun sem menn vilja elta og hversu langt. Nú er þetta að einhverju leyti að ganga til baka og bankar hafa t.d. verið að lækka lánshlutfall sitt á nýjan leik þannig að það er í sjálfu sér ekki endilega sjálfgefið að lífeyrissjóðirnir eigi að hreyfa sig mikið þarna. En ef menn telja að það hafi háð þeim að geta ekki fylgt með í þróuninni þá eru það að svo sem rök út af fyrir sig. Ég hef jafnvel enn frekar efasemdir um hitt, að það sé endilega gæfulegt að rýmka heimildir lífeyrissjóðanna til að fara enn meira út í ávöxtun í hlutabréfum en þegar hefur verið heimilt. Það er ákaflega sveiflukenndur bransi. Og þó svo að rétt kunni að vera að fjárfestingarmöguleikarnir, væntanlega þá sérstaklega innan lands, séu takmarkaðir í öðrum pappírum — það liggur t.d. fyrir að útgáfa ríkispappíra er orðin mun minni hér en einu sinni var og svigrúmið minna í slíkum hlutum — þá breytir það auðvitað ekki hinu að meginhugsunin hefur alltaf verið áhættudreifingin sem í því er fólgin að leggja aldrei nema vissan hluta í innlend hlutabréf og aðra pappíra á móti því sem sjóðunum er heimilt að fjárfesta erlendis og mér sýnist samkvæmt þessu að sé óbreytt.

[17:53]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að ekki er endilega sjálfgefið að lífeyrissjóðirnir taki þátt í þeirri samkeppni sem er um að lána sem hæst hlutfall af markaðsverði fasteigna. Eins og kom fram hjá hv. þingmanni er kannski rétt að fara varlega í því og ég held reyndar að verið sé að gera það í þessu tilfelli. Ég held reyndar að bankarnir séu allir fyrir ofan þau 75% sem hér er verið að leggja til. Hér er um heimild að ræða en ekki skyldu. Sama á við um fjárfestingarhlutföllin hvað varðar hlutabréf og auðvitað hafa hlutföllin á mörkuðunum eitthvað um þetta að segja líka. Þar er líka um að ræða heimild sem sjóðirnir hafa en ekki skyldu til að fara upp fyrir þessi hlutföll en þeir þurfa auðvitað að meta hvað er hagstæðast fyrir þá.

Ég náði ekki að svara hv. þingmanni hvað varðar spurningar um Ábyrgðasjóð launa. Ég er ekki með það á takteinum að svo stöddu hvort líta þurfi á fleiri þætti aðra en Ábyrgðasjóð launa en auðvitað þarf að gera það og eins og kom fram hjá hv. þingmanni á það ekki að vera neitt stórvandamál að gera það til samræmis við þetta frumvarp þegar og ef það verður að lögum. En ef upp koma einhverjir þættir sem okkur hefur sést yfir þá á ég ekki von á að neinar tafir verði á því að flytja um það frumvörp og ég vona að þau fái jafnjákvæðar móttökur og þetta frumvarp hefur fengið hjá hv. þingmanni.

[17:55]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er hæstv. fjármálaráðherra að festa hér í lög það sem samið hefur verið um í almennum kjarasamningum, þ.e. um 2% hækkun á lágmarksiðgjaldi lífeyrissjóðanna, úr 10 í 12%, sem á að vera komin að fullu til framkvæmda 1. janúar 2007. Út af fyrir sig er það hið besta mál þó að upp komi spurningin: Hvað kostar þetta atvinnurekendur? Ég vil nota tækifærið til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í það ef hann hefur þá tölu hér á hraðbergi. Eða að hvetja efnahags- og viðskiptanefnd til þess að það verði kannað þar hvað þessi 2% kosta. Ég held að þetta sé hið besta mál vegna þess að þetta styrkir okkar góðu lífeyrissjóði. Mig minnir að það hafi komið fram í fréttum í dag að við Íslendingar erum ríkari með okkar lífeyrissjóði en Norðmenn með sinn olíusjóð. Ég veit ekki hvernig það er reiknað en ég held að ég hafi heyrt þetta rétt í fréttum í dag og er að auðvitað ánægjuefni en þessir sjóðir okkar eru sérstaklega góðir.

Ég hefði gjarnan viljað sjá þessar tölur hækka meira og vil nota tækifærið og segja það hér. Ég hefði líka viljað sjá þær tölur hækka meira sem fara í séreignarsjóði, bæði með eigin framlögum og framlögum atvinnurekenda, vegna þess að það er sennilega besta leiðin til að auka sparnað í landinu. Og ekki veitir af. Væri kannski betra ef á þessum síðustu tímum hefði verið um hærri tölur að ræða þar og hefði þá kannski farið minna í þá ofboðslegu neyslu sem nú á sér stað í landinu, sem m.a. gerir fjárlagafrumvarp hæstv. fjármálaráðherra sem verið er að vinna með hér á hæstv. Alþingi svo mikið að nánast flæðir út úr ríkissjóði, þ.e. skattar og gjöld af hinum ofboðslega innflutningi og þessari ofboðslegu neyslu. Þetta segi ég vegna þess að svo virðist vera, virðulegi forseti, að við Íslendingar getum ekki hugsað okkur að fara þá leið sem margir aðrir gera, þ.e. að með auknum sparnaði og sparnaðarátaki fólks komi jafnvel skattaívilnun á móti, líkt og gert var hér fyrir mörgum árum. Mig minnir að það hafi heitið húsnæðissparnaðarreikningar sem síðast voru í gangi þar sem fólk gat lagt inn og fengið skattafslátt út á. Eða þegar fólk var í biðröðum á gamlársdag fyrir nokkrum árum að kaupa sér hlutabréf til að fá skattafsláttinn 1. ágúst árið eftir. Nú er það liðin tíð og ekki lengur gert.

Hér er líka, eins og kveðið er á um, virðulegi forseti, verið að auka veðsetningarhlutfall fasteigna, með tilliti til þess sem lífeyrissjóðirnir mega gera, úr 65% í 75% af metnu markaðsvirði. Jafnframt verið að auka heimildina úr 50% í 60% til að fjárfesta í hlutabréfum eða eins og segir hér: „Með því er sveigjanleiki lífeyrissjóða til frekari fjárfestinga í hlutabréfum aukinn sem auðveldar þeim að ávaxta fé sitt á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma.“

Í athugasemdum með frumvarpinu er talað um að með breytingunum sé stefnt að því að lífeyrissjóðirnir nái sem mestri ávöxtun á fjármunum sínum með sem minnstri áhættu. Þetta eru allt saman göfug markmið. En ég vil nota tækifærið, virðulegi forseti, og segja að mér hefur oft fundist í sambandi við atvinnulíf okkar og uppbyggingu þess að lífeyrissjóðirnir megi bara alls ekki neitt, eins og að taka þátt í að kaupa hlutabréf í óskráðum félögum, í litlum fyrir-

tækjum úti á landi sem mörg hver berjast í bökkum og vantar meira af þolinmóðu hlutafé í staðinn fyrir dýrt lánsfé eða fá kannski hlutafé inn í staðinn fyrir lánsfé sem alls ekki er hægt að fá. Á þetta sennilega mest við um atvinnurekstur á landsbyggðinni. Það er að mínu mati ljóður á lífeyrissjóðskerfi okkar að lífeyrissjóðirnir skuli ekki geta komið betur að uppbyggingu eða stuðningi við atvinnulíf, sérstaklega á landsbyggðinni — ég geri ráð fyrir að ekki sé vandi að finna góða fjárfestingarkosti á höfuðborgarsvæðinu fyrir þau fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöllinni, sem flest hver eru á höfuðborgarsvæðinu að sjálfsögðu — vegna þess að ég held að t.d. að sjávarútvegsfyrirtækin sem skráð voru í Kauphöllinni áður og lífeyrissjóðir máttu kaupa í séu öll afskráð í Kauphöllinni nema kannski eitt. Mig minnir að HB Grandi sé þar inni enn þá.

Þetta á alveg eins við hvað varðar veðsetningarhlutfall fasteigna, að hækka það að metnu markaðsvirði, og það á náttúrulega sama við hvar sem er á landinu, sama hvort um er að ræða 60–70 millj. kr. eign á höfuðborgarsvæðinu eða 3–5 millj. kr. eign úti á landi sem oft og tíðum er jafnvel erfitt að fá lán til. Ég vildi aðeins leggja þetta inn í umræðuna, virðulegi forseti, og benda á þann mismun sem þarna er og kemur fram í, eins og ég hef tekið dæmi um, atvinnurekstri á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu og lífi og möguleikum fólks á að fá lán úr lífeyrissjóði sínum eftir því hvort sem það býr á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni. Þar er mikill munur á.

[18:00]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er nú ekki með neina tölu um hvað þetta verður há upphæð þegar þar að kemur og þetta er allt komið til framkvæmda, þ.e. þessi 2% hækkun á skyldugreiðslum í lífeyrissjóð. Hins vegar er ekki rétt að tala um þetta sem kostnað atvinnulífsins vegna þessa frumvarps þar sem um þetta hefur þegar verið samið á almennum vinnumarkaði. Sjálfsagt er stofn til tekjuskatts á bilinu 350–400 milljarðar. Ég ætla ekki að fara nákvæmar út í það. Þá eru það væntanlega 2% af þeim stofni sem um er að ræða. Þá getur hv. þingmaður reiknað sjálfur. (Gripið fram í.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 364. mál (undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts o.fl.). — Þskj. 418.

[18:02]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Frumvarpið er lagt fram í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar til félagsmálaráðherra þann 17. mars síðastliðinn en nefndina skipuðu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga.

Þær meginbreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru einkum tvíþættar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts samkvæmt 5. gr. gildandi laga verði fækkað. Einkum er hér um að ræða undanþágur er varða ýmsar fasteignir í eigu ríkissjóðs, t.d. fasteignir sjúkrastofnana, framhaldsskóla og háskóla. Í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar er lagt til að álagningarhlutfall gjaldflokksins verði ákvarðað á þann hátt að kostnaður ríkissjóðs vegna fækkunar undanþágna verði 600 millj. kr. á ári. Til að ná þessu markmiði er lagt til í frumvarpinu að þessar eignir verði í sérstökum gjaldflokki. Er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall innan þess flokks verði fast og það nemi 1,32% af fasteignamati í samræmi við útreikninga Fasteignamats ríkisins.

Nefndin lagði jafnframt til að fækkun undanþágna kæmi til framkvæmda í áföngum á árunum 2006–2008 og í samræmi við það er gert ráð fyrir að við lögin bætist nýtt bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að álagningarhlutfallið verði 0,44% árið 2006 og 0,88% árið 2007.

Í 4. gr. frumvarpsins eru tilteknar fasteignir sem áfram er gert ráð fyrir að verði undanþegnar greiðslu fasteignaskatts en um ástæður þess er ítarlega fjallað í athugasemdum með frumvarpinu. Hér er um að ræða kirkjur og bænahús, safnahús þar sem rekstur er ekki í ágóðaskyni og hús erlendra ríkja og alþjóðastofnana.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að álagning fasteignaskatts fari fram í Landskrá fasteigna og að breytingar geti orðið á skattstofni innan hvers árs í samræmi við breytingar sem verða á fasteignamati í Landskránni. Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, skal árlega leggja fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári. Í reglugerð um fasteignamat og fasteignaskráningu, nr. 406/1978, er hins vegar mælt fyrir um að taka skuli mannvirki í fasteignamat við fokheldi þeirra. Þetta hefur í för með sér að eigendur nýrra fasteigna sem metnar eru fasteignamati í upphafi árs geta komist hjá greiðslu fasteignaskatts í tæpt ár og getur það skapað ójafnræði í skattgreiðslum þeirra og annarra fasteignaeigenda sem fá eignir sínar metnar fasteignamati undir lok árs. Þetta leiðir einnig til þess að sveitarfélög, sérstaklega þar sem mikil uppbygging á sér stað, verða af tekjum í tæpt ár vegna fasteigna sem metnar eru fasteignamati í upphafi árs. Til að ná fram því markmiði að álagning fasteignaskatts taki mið af breytingum sem verða á fasteignamati er gert ráð fyrir því að heimilt verði að leggja fasteignaskatt á nýjar eignir sem bætast í Landskrá fasteigna frá næstu mánaðamótum eftir að breyting á fasteignamati á sér stað. Einnig er gert ráð fyrir að fasteignaskattur falli niður frá næstu mánaðamótum eftir að fasteign er afskráð í Landskrá fasteigna. Hafi allur fasteignaskattur ársins þegar verið greiddur getur orðið um endurgreiðslu að ræða vegna þessa.

Sveitarstjórn annast álagningu fasteignaskatts og innheimtu hans og ber ábyrgð á skiptingu fasteigna í gjaldflokka. Til að auka öryggi og hagkvæmni við álagningu fasteignaskatta er í frumvarpinu lagt til að sveitarfélög leggi skattinn á í Landskrá fasteigna frá 1. janúar 2007 og að álagning fari þannig fram á samræmdan hátt um land allt. Ekki þykir raunhæft að ætla þessari breytingu að taka gildi strax á næsta ári en í 7. gr. frumvarpsins er þó gert ráð fyrir að einstök sveitarfélög geti í samstarfi við Fasteignamat

ríkisins lagt skattinn á í Landskránni. Til að glata ekki hagræði er gert ráð fyrir að álagning fasteignagjalda geti einnig farið fram í Landskránni. Gert er ráð fyrir því að Fasteignamat ríkisins veiti hverri sveitarstjórn aðgang að aðgangsstýrðu svæði í skránni til að skrá álagningarforsendur og fylgjast með breytingum. Að álagningu lokinni er gert ráð fyrir að hægt verði að tengja upplýsingar um fjárhæðir álagningarinnar við innheimtu- og fjárhagsbókhald sveitarfélaganna.

Markmiðið með Landskrá fasteigna er að hún sé ein skrá sem nýtist öllum stjórnvöldum til að sinna stjórnsýslu sinni er varðar fasteignir. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um framkvæmd í reglugerð um fasteignaskatt. Þetta fyrirkomulag mun spara sveitarfélögunum, Fasteignamati ríkisins, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og öðrum aðilum sem málið kann að varða umtalsverða vinnu við úrvinnslu upplýsinga um álagningu fasteignaskatts þar sem upplýsingar um allar breytingar á álagningu verða í einni skrá.

Í frumvarpinu er jafnframt lögð til sú breyting að í stað þess að sveitarstjórn geti fellt fasteignaskatt niður eða lækkað hann af ýmissi starfsemi verði sveitarstjórn heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni svo sem menningar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarmál. Einnig verði sveitarstjórnum skylt að setja reglur um veitingu niðurfellingar eða aflsáttar til elli- og örorkulífeyrisþega en samkvæmt athugunum ráðuneytisins virðast flest sveitarfélög nú þegar hafa sett sér einhverjar slíkar reglur.

Að öðru leyti vísa ég til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[18:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er kunnugt að tilurð þessa máls er sú að þetta var liður í tillögum nefndar sem endurskoða átti tekjustofna og tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Lengi gekk sú fæðing ákaflega erfiðlega eins og kunnugt er og sumum fannst nú að þegar loksins fjallið tók jóðsótt hafi fæðst lítil mús, að ekki væri nú mikið að gerast í þessum efnum sem breytti í verulegum mæli stöðu sveitarfélaganna. Þá var því mikið hampað að í tengslum við sameiningarátak mikið sem einnig var í burðarliðnum yrðu settir verulegir fjármunir til sveitarfélaga í tengslum við sameiningu þeirra eða 2,5 milljarðar kr. eða eitthvað af þeirri stærðargráðu. En nú liggja lyktir þess máls svona að verulegu leyti fyrir. Sú tilraun öll sömul rann út í sandinn og var ekki samþykkt í raun nema á einum stað og síðan var kannski einhver frekari sameining í gegnum endurkosningu. Þar af leiðandi er nú ekki sýnt um ráðstöfun þeirra miklu fjármuna nema þá að mjög litlu leyti sem eyrnamerktir voru þessu verkefni, þess þá heldur ekki þegar það hefur komið í ljós sem vakti mikla undrun mína — ég vil leyfa mér að nota tækifærið og spyrja hæstv. félagsmálaráðherra um það — að aldrei hafi staðið til að neitt af þessum fjármunum sem eyrnamerktir voru sameiningaraðgerðunum sérstaklega færu til beinnar fjárhagslegrar endurskipulagningar sveitarfélaganna, þ.e. að ekki væri um að ræða fjármuni eyrnamerkta t.d. því að skuldajafna á milli hinna væntanlegu sameinuðu sveitarfélaga heldur væri þarna verið að taka til hliðar eða lofa fjármunum í aðgerðir sem tengdust sameiningunni og hefðu útgjöld í för með sér þannig að slíkur kostnaður yrði þá endurgreiddur. Þetta er að minnsta kosti skilningur manna sem hafa leitað á náðir ráðuneytisins, hafa farið þar á fjörur og spurst fyrir um hvað þeir gætu fengið út úr þessu. Þá vil ég nú meina að þetta mál hafi kannski ekki verið kynnt alveg sem skyldi.

Er þá ekki niðurstaða tekjustofnanefndarinnar, það sem eftir stendur af þessu að verða harla rýrt ef þetta er einn stærsti liðurinn fyrir utan það að í raun og veru voru framlög í jöfnunarsjóð framlengd svona af stærðargráðu þess sem verið hafði í mörg undanfarin ár vegna sérstakra erfiðleika sveitarfélaga, framlög sem voru tengd viðbótartekjujöfnun eða fólksfækkun í einstökum byggðarlögum? Ég segi nú bara: Þakka skyldi það þó að þau yrðu sett inn aftur að einhverju leyti tímabundið í einhver ár.

Hér er þó alla vega um ákveðna varanlega breytingu að ræða sem er upptaka þessara fasteignaskattgreiðslna á þetta opinbera húsnæði sem fyrst og fremst á hér í hlut. Ég geri að sjálfsögðu ekkert lítið úr því að það er efnisbreyting sem mörg rök standa til. Auðvitað munar þau sveitarfélög sem aðallega fá þarna tekjur um það. En þá er líka rétt að menn hafi það alveg í huga og horfist í augu við það eins og það er að aðeins lítill hluti sveitarfélaganna í landinu fær einhverja umtalsverða búbót út úr þessu því að ekki bætir það stöðu sveitarfélaganna þó þau borgi sjálfum sér fasteignagjöld. Það er nokkuð ljóst að það hjálpar mönnum lítið t.d. þó að sveitarfélög sem sum eiga stórar fasteignir af ýmsum ástæðum, félagsheimili eða annað því um líkt, borgi sjálfum sér fasteignagjöld af þeim. Það breytir nú litlu.

Nei, það sem færir þarna til fjármuni er í þeim mæli sem ríkið fer að greiða sveitarfélögunum fasteignagjöld vegna fasteigna sem það á eða stendur straum af rekstrarkostnaði að fullu eða mestu leyti. Það eru auðvitað sjúkrastofnanirnar og heilbrigðisstofnanirnar sem eru á vegum ríkisins. Það eru háskólar og framhaldsskólar og í einhverjum tilvikum fleiri slíkar eignir. Ég þykist hafa séð það einhvers staðar — hvort það er nú í frumvarpinu, kom fram í framsöguræðunni eða einhvers staðar — að þetta væru um 600 millj. kr., að stærðargráðan á þessu séu 600–700 millj. kr. Það vigtar svo sem ekki þungt í rekstri sveitarfélaganna upp á 110–120 milljarða á ári, en þó það.

Hitt er kannski meira umhugsunarefni, og það þurfa menn að hafa í huga við svona umhverfi þessa máls að öðru leyti, að nettótekjurnar falla fyrst og fremst til fáeinna stærstu sveitarfélaganna í landinu. Það er alveg ljóst að það sveitarfélag sem fær langmest út úr þessari breytingu er Reykjavíkurborg. Nú er hún í sjálfu sér ekki það sveitarfélag sem manni verður fyrst hugsað til í sambandi við erfiða stöðu og brýna þörf á að styrkja hana þó að hefðbundin ræðuhöld sjálfstæðismanna um óstjórn í fjármálum Reykjavíkurborgar séu orðin eitt það sígildasta sem ber á góma í þingsölum því að þeir mega aldrei svo heyra Reykjavíkurborg nefnda, blessaðir mennirnir, að þeir spýtist ekki hér upp og reyni að koma einhverju höggi á þá sem þar hafa farið með völd undanfarin ár. Það er önnur saga.

Veruleikinn er sá að stærstu sveitarfélög landsins og alveg sérstaklega sveitarfélögin hér á þenslusvæðunum, má segja, á Faxaflóasvæðinu, suðvesturhorninu, hafa verið að bæta sína stöðu. Það er heldur að rofa til í afkomu þeirra. Hún hefur auðvitað ekki verið nógu góð að meðaltali en þó langskást hér. Síðan hygg ég nú að t.d. sveitarfélag eins og Akureyri standi hvað sterkast og sé öflugast af þeim sem tilheyra landsbyggðinni.

Eigi þessi breyting að skoðast sem liður í almennum aðgerðum til að bæta stöðu sveitarstjórnarstigsins í landinu verða að fylgja þessu jöfnunaraðgerðir sem dreifa síðan afrakstrinum í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með meiri tekjujöfnunarframlögum eða einhvern veginn þannig að þetta skili sér þá að einhverju leyti til sveitarfélaganna almennt en gangi ekki bara til þess að auka enn á aðstöðumun þeirra og er hann nú ærinn fyrir.

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var hér í bæ fyrir nokkru síðan var ein helsta fréttin sú — það blasti við á öllum glærum þar — að enn dregur mjög í sundur með stóru þéttbýlissveitarfélögunum, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu og öllum þorra hinna, kannski með örfáum undantekningum sveitarfélaga annars staðar í landinu. Langverst sett eru svona miðlungs þéttbýlissveitarfélög við sjávarsíðuna af ástæðum sem auðvitað skýra sig að mörgu leyti sjálfar. Ég held að það verði ekkert undan því vikist að taka fjármál sveitarfélaganna, afkomu þeirra og stöðu og vaxandi mun þeirra í tekjum, til rækilegrar skoðunar. Nú veit ég að vísu að nefnd er að störfum sem er að fara yfir úthlutunarreglur og málefni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og það er gott í sjálfu sér svo langt sem það nær enda verði því verki þá hraðað eins og kostur er og reynt að fá þar skilvirkar og skýrar niðurstöður og menn geta áunnið nokkuð með því. Menn geta þá sagt sem svo að að því marki sem afkoma einhverra sveitarfélaga fari batnandi og þau verði betur aflögufær þá verði kannski svigrúm til staðar að sama skapi í auknum mæli til tekjujöfnunar milli þeirra í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og breyttar úthlutunarreglur þar o.s.frv. En meginvandinn er auðvitað sá að sveitarstjórnarstigið vantar svona 4–6 milljarða kr. inn í rekstur sinn til þess að sæmilega sé að því staðið. Það er bara veruleikinn. Menn hafa aðeins verið að nálgast land ef hið fræga meðaltal er notað vegna batnandi afkomu sumra stóru sveitarfélaganna sem vega þungt í þessu samhengi en vandi hinna er jafntilfinnanlegur og jafnvel vaxandi á sama tíma. Á þessu verða menn auðvitað að taka.

Varðandi framkvæmdina á þessu, til að lengja ekki umræðuna hér, frú forseti, þá er hér lögð til sú breyting að þetta fari inn í Landskrá fasteigna og með ákveðinni aðlögun að því, sem sjálfsagt er nú skynsamlegt að hafa, þá verði sveitarfélögunum skylt að innheimta þetta í gegnum samræmt skráningarkerfi. Ég spyr þá hæstv. ráðherra um það fyrirbæri, Landskrá fasteigna. Ef ég man rétt gekk uppbygging hennar eitthvað hægt og vandræðagangur var í kringum mannahald, staðsetningu og fleira. Er Landskrá fasteigna þannig í stakk búin að hún sé tilbúin til að vera grunnurinn í þessu verkefni? Eru menn þar klárir í bátana og tilbúnir að takast á við þetta? Það hljómar á margan hátt skynsamlega að gera þetta með slíkum samræmdum hætti og er örugglega til mikilla bóta, ekki síst fyrir minni sveitarfélög að geta notið góðs af slíkri samræmdri innheimtu. En ég leyfi mér að spyrja hvernig ástandið sé á þeim bænum.

Síðan spyr ég að því: Er það þannig að ekki hafi náðst samkomulag um annað en að hafa innheimtuna á húsnæðinu, þ.e. í b- og c-liðum 3. gr. laganna, sem 2. gr. þessa frumvarps fjallar um, þannig að álagningarhlutfallið sé fast í tilviki b-hópsins og sveitarfélögunum þá ekki heimilt að reikna þar álag með sama hætti og á við í hinu tilvikinu? Var það ríkið sem lagðist gegn því að svigrúm sveitarfélaganna væri þá hið sama og almennt gildir og var það til þess að verja ríkið fyrir útgjöldum? Maður sér í fljótu bragði ekki að það séu nein sérstök efnisrök til þess að hafa þarna þessa tvo flokka og þetta flækir auðvitað málin. Úr því að það er ákveðið að fara út í að greiða fasteignagjöld af fasteignum eins og heilbrigðisstofnunum eða skólum eða heimavistum eða hvað það nú er, rétt eins og iðnaðar- og skrifstofu- og verslunarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, af hverju er þá ekki látið eitt um það gilda og sveitarfélögin hafi þá sömu heimildir þar og sama svigrúm til álagningar eins og annars staðar er?

Auðvitað má segja að það hafi á margan hátt verið óeðlilegt að sveitarfélögin hafi ekki notið einhverra fasteignagjalda af þessu húsnæði eins og öðru húsnæði og fasteignum því að auðvitað fylgir því kostnaður og það má ekki gleyma því að fasteignagjöldin eru til þess að mæta ákveðnum kostnaði sem sveitarfélögin hljóta að hafa af slíku húsnæði. En þessu fylgja líka miklar tekjur, þetta eru líka fjölmennir vinnustaðir og þarna eru margir útsvarsgreiðendur sem skapar veltu í viðkomandi sveitarfélögum o.s.frv., þannig að ég er ekki að segja að sveitarfélög sem notið hafa góðs af því að hafa mestalla uppbyggingu opinberrar þjónustu innan sinna vébanda hafi verið illa haldin, eins og á auðvitað við um höfuðborgina öllum öðrum sveitarfélögum fremur og kannski nokkur önnur stór sveitarfélög og staði, t.d. eins og Akureyri sem er mikil miðstöð opinberrar þjónustu í sínum landshluta og hefur notið góðs af og mun væntanlega njóta í nokkrum mæli góðs af þessum breytingum.

En frú forseti. Það gefst sjálfsagt hvorki tóm né aðstæður til slíkra umræðna hér á þinginu nú í jólaösinni, ef það á að afgreiða þetta frumvarp nú, sem mér sýnist flest benda til enda gildistakan miðuð við 1. janúar 2006 og þá er ekki seinna vænna að drífa þetta eitthvað áfram. En það hefði svo sannarlega verið ástæða til þess að hafa hér svigrúm fyrir rækilega umræðu um málefni sveitarfélaganna og um samskipti ríkis og sveitarfélaga og um framtíðarstefnuna í þeim efnum. Sú stefna er satt best að segja harla losaraleg núna þegar stóra sameiningarátakið er runnið út í sandinn og þeir fjármunir sem þar var verið að veifa og hampa, gulræturnar miklu, nýtast kannski að minnstu leyti vegna þess að ekkert verður af þessum sameiningum, a.m.k. ekki í þeim mæli sem lagt var upp með.

Hver er þá niðurstaða t.d. hæstv. félagsmálaráðherra varðandi afkomu og stöðu sveitarfélaganna svona þó ekki sé spurt nema til næstu ára? Eiga þau að láta sér þessa dúsu nægja eða er eitthvað annað í bígerð umfram það að endurskoða úthlutunarreglur jöfnunarsjóðs, sem er auðvitað bara önnur jöfnun á fjármunum, önnur dreifing á þeim en þýðir

ekki neinn nettóafkomubati sveitarfélaganna í heild sinni.

Sveitarfélögin sem eru að bæta tekjustöðu sína núna gera það auðvitað fyrst og fremst af sömu ástæðu, þó í minna mæli sé og seinna en ríkissjóður. Þau fá inn svolítinn hluta af þensluveltunni — að vísu liggur aðeins öðruvísi í því þar sem þau eiga ekki hlutdeild í innflutningssköttum og öðru slíku — m.a. þenslunni á vinnumarkaði og í fasteignamarkaði og hækkun fasteignaverðs og annað því um líkt kemur þar við sögu. En með nákvæmlega sama hætti geta þau staðið frammi fyrir því að a.m.k. þessi hluti tekna þeirra hætti að aukast eða dragist jafnvel saman aftur ef hagsveiflan snýst við.

Það er nokkuð sláandi þegar farið er yfir stöðu sveitarfélaganna hversu geysilega mismunandi hún er í þessum efnum. Það er að mínu mati ekki um annað að ræða en að horfast í augu við að það verður að taka á í þessum tekjujöfnunarmálum milli sveitarfélaganna ef menn vilja ekki bara sætta sig við stórfelldan aðstöðumun þeirra.

Það hafa verið að koma af því fréttir í fjölmiðlum að ein stétt í landinu hefur sennilega orðið fyrir harkalegri kjaraskerðingu á undanförnum tveimur árum en dæmi eru um í langan tíma, í háa herrans tíð, og það eru sjómenn sem fá gengi krónunnar beint í hausinn í formi stórlækkaðra tekna. Hvað halda menn þá um sveitarfélögin sem hafa borið uppi afkomu sína af tekjuhárri sjómannastétt eins og víða var? Það var það sem hélt uppi meðaltekjum margra sveitarfélaga, t.d. víða á landsbyggðinni. Á meðan Vestfirðir voru með yfir landsmeðaltali í tekjum var það auðvitað tekjuhá sjómannastétt sem þar skipti sköpum. Það er því miður liðin tíð og hlutur Vestfirðinga hefur rýrnað hrottalega í þessum efnum. Bæði má sjávarútvegurinn þar muna sinn fífil fegri og síðan hefur auðvitað tekjulækkun sjómannastéttarinnar komið hart niður þar eins og annars staðar í byggðarlögunum við sjávarsíðuna. Þetta er einn anginn af þeim mikla vanda sem menn standa frammi fyrir þar, til viðbótar því að glíma kannski við fólksfækkun og hafandi séð lítið af góðærinu rómaða sem ríkisstjórnin gumar af og á nú aðallega lögheimili hér á einum stað.

Mér finnst að hæstv. félagsmálaráðherra mætti vel spandera á það eins og fimm mínútum að fara yfir það með okkur hvernig hann sér þessa hluti fyrir sér. Hvað hann sjái að hægt sé að gera í þessum efnum núna í ljósi þess að þetta fór eins og þetta fór með sameininguna. Eða er það bara ætlunin að láta þetta dankast svona að óbreyttu út þetta kjörtímabil?

[18:24]

Adolf H. Berndsen:

Frú forseti Það verður að játast að þetta er í sjálfu sér jákvætt frumvarp sem hér er á ferðinni. Hitt er það að ég sem starfandi sveitarstjórnarmaður á landsbyggðinni á svæði sem sannarlega hefur átt í vörn, hef áhyggjur af því að ekki sé horft nægjanlega til þessara byggða. Ég get sagt í því sambandi að fyrstu sex mánuði þessa árs var tekjusamdrátturinn í því sveitarfélagi um 8%. Þetta er tæplega 600 manna sveitarfélag og í því eru gerðir út tveir frystitogarar. Það er ekkert auðveldur veruleiki sem við stöndum frammi fyrir og á okkar svæði hefur sannarlega verið frekar erfitt en það á ekki bara við um Skagaströnd, þetta á við um fleiri byggðir .

Ég verð að játa það líka að það er ekki auðvelt að sjá hvernig þetta jákvæða frumvarp nýtist mörgum þessara litlu byggða þar sem ekki er mikið um opinberar byggingar. Ég treysti því að hæstv. félagsmálaráðherra beiti sér mjög í þá átt að styrkja stöðu þessara byggða.

Í sambandi við að ræða þá stöðu sem er í þessum byggðum þá er hún grafalvarleg vegna þess að það er ekkert auðvelt að draga saman þjónustu við íbúana. Þarna þarf sannarlega að taka á. Ég vil ekki trúa því að ráðamenn þessa lands muni ekki horfa til þess á næstunni að taka til í þeim málum.

Ég hefði viljað heyra frá hæstv. félagsmálaráðherra hvort einhverjar nýjar fréttir eru frá þeirri nefnd sem nú er að störfum með það í huga að breyta úthlutunum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, hvort sérstaklega sé horft til þessara veikari byggða þar.

[18:27]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Af því að hv. þm. Adolf H. Berndsen var hér í ræðustól og ræddi um frumvarpið sem nú er flutt og er jafnframt oddviti lítils sveitarfélags úti á landi, Höfðahrepps, og geri ég ráð fyrir því að sveitarstjórnin sé að vinna að fjárhagsáætlun og sé með allt á hreinu eins og sveitarstjórnir eru, um hvað muni koma í kassann og hvað verði hægt að leggja á, þá vil ég leggja eftirfarandi spurningu fyrir hv. þingmann:

Hvað munu tekjur Höfðahrepps vaxa við þá breytingu sem hér er boðuð, þ.e. að fara að leggja fasteignaskatt á opinberar byggingar?

[18:29]

Adolf H. Berndsen *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi fyrirspurn hv. þm. Kristjáns Möllers hef ég þær tölur ekki á hraðbergi en á Skagaströnd er væntanlega um að ræða heilsugæslustöð, það er það eina sem ég man eftir í augnablikinu og þar er ekki um stórar tölur að ræða. Það er það sem ég hef um málið að segja á þessu stigi.

[18:29]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Svar hv. þingmanns kom mér ekki á óvart. Það eru fasteignagjöld af einni lítilli heilsugæslustöð. Það er svona það sem mér datt í hug miðað við að þekkja til staðarins.

En ég verð að segja alveg eins og er að mér þótti mjög ánægjulegt að heyra hv. þingmann, þingmann Sjálfstæðisflokksins og jafnframt oddvita í litlu sveitarfélagi, segja okkur það að tekjurnar muni lítið aukast við þá breytingu sem hér er lögð til. Þetta er auðvitað það sem menn hafa gagnrýnt í þessum breytingum og ég tala nú ekki um svo aftur hitt atriðið hvenær húseignir eru skráðar inn, að þær tekjur sem þar munu streyma inn verði þá væntanlega ekki heldur til þess að auka tekjur Höfðahrepps miðað við þá breytingu sem hér er.

Frú forseti. Það sem kemur hér fram í máli hv. þingmanns, sem er eins og ég hef áður sagt jafnframt oddviti í litlu sveitarfélagi úti á landi, er það að tekjurnar muni sáralítið aukast.

[18:30]

Útbýting:

Diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf, 258. mál, svar utanrrh., þskj. 441.

Umræðu frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 381. mál (hækkun eftirlitsgjalds). — Þskj. 438.

[18:30]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar vegna opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, sem er 381. mál þingsins.

Á árinu 1999 voru samþykkt á Alþingi lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Með lögunum var gjald sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til að standa straum af rekstri Fjármálaeftirlitsins greitt á þann veg að tryggt væri að það uppfyllti skilyrði stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir. Þetta þýddi m.a. að festa þurfti álagningarhlutfall í lög í stað þess að kveða einungis á um hámark álagningar. Þessum álagningarhlutföllum þarf að breyta á hverju haustþingi enda ógerlegt að ákveða nákvæmlega hlutföll álagningar á flokka eftirlitsskyldra aðila til lengri tíma en eins árs í senn. Samkvæmt þessu hefur frumvarp til breytinga á þessum lögum verið lagt fram á hverju haustþingi að fenginni skýrslu Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs, athugun ráðuneytisins á skýrslunni og að fengnu áliti samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila.

Með frumvarpinu er álagningarhlutfalli einstakra tegunda eftirlitsskyldra aðila breytt. Eru álagningarhlutföll á viðskiptabanka, sparisjóði, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir lækkuð en álagningarhlutföll vegna annarra eftirlitsskyldra aðila hækkuð. Mismunur á breytingum hvað þetta varðar skýrist af mismunandi þróun álagningarstofna einstakra flokka eftirlitsskyldra aðila en rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2006 gerir í meginatriðum ráð fyrir óbreyttri hlutfallslegri skiptingu eftirlitsgjaldsins milli þessara flokka.

Áætlað er að álagt eftirlitsgjald hækki úr 298 millj. kr. vegna yfirstandandi árs í 424 millj. kr. árið 2006 sem er hækkun um 126 millj. kr. eða um 42,3%. Rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins samkvæmt upphaflegri áætlun fyrir árið 2005 var 309,5 millj. kr. en áætlaður rekstrarkostnaður á árinu 2006 verður 410,5 millj. kr. sem er hækkun um 101 millj. kr. eða 32,6%. Lætur nærri að launakostnaður sé um ¾ hlutar rekstrarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins. Skýrist því meginhluti hækkunar og rekstrarkostnaðar milli ára annars vegar af áætlaðri fjölgun stöðugilda úr rúmlega 35 samkvæmt upphaflegri áætlun fyrir árið 2005 í 39,7 samkvæmt áætlun fyrir árið 2006 og hins vegar af hækkun samkvæmt kjarasamningum og launaskriði.

Fjölgun stöðugilda helst í hendur við aukin verkefni og er þar einkum um að ræða aukin verkefni í tengslum við breytingar á verðbréfaviðskiptalögum, undirbúning að innleiðingu nýrra eiginfjárreglna fyrir fjármálafyrirtæki og aukin verkefni sem tengjast vaxandi umsvifum íslensku viðskiptabankanna á erlendum mörkuðum.

Þá eru í frumvarpinu gerðar tillögur til breytinga á ákvæðum 2. gr. laganna til að gæta betur samræmis við almenna vinnu við fjárlagagerð og ákvæðum 4. og 6. gr. af tæknilegum ástæðum.

Til marks um öra þróun í starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins má nefna að frá því að eftirlitið sendi ráðuneytinu áætlun sína hafa innlendir bankar ráðist í frekari kaup á fjármálafyrirtækjum erlendis og innlent vátryggingafélag hefur keypt ráðandi hlut í bresku vátryggingafélagi. Kaup þessi munu kalla á enn aukin útgjöld vegna eftirlits Fjármálaeftirlitsins með starfsemi innlendra aðila erlendis.

Hæstv. forseti. Í fylgiskjali með frumvarpinu er að finna skýrslu Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra um starfsemi eftirlitsins. Í skýrslunni er fjallað um eftirlit með einstökum sviðum fjármálamarkaðar, lánamarkaðar, verðbréfamarkaðar, vátryggingamarkaðar og lífeyrismarkaðar auk þess sem greint er frá þróun og horfum á íslenskum fjármálamarkaði og áherslum í starfi Fjármálaeftirlitsins næstu missiri.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[18:35]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Það verður að gagnrýna það í upphafi umræðu um þetta mál hve seint það kemur fram og hve lítill tími gefst til þess að fjalla um það bæði í þingsölum og í þingnefnd. Þó að efni til sé þetta mál um greiðslukostnað við opinbert eftirlit og þær breytingar sem eiga sér stað frá ári til árs — og tengjast því fjárlagagerðinni með óbeinum hætti, það þarf að breyta þessu á hverju ári — þá koma hér fram viðamiklar upplýsingar um fjármálamarkaðinn yfirleitt sem full ástæða er til að ræða undir þessum dagskrárlið.

Ég hef haft skilning á því, frú forseti, á umliðnum árum og látið það koma hér fram að það þarf að búa vel að Fjármálaeftirlitinu eins og öðrum eftirlitsstofnunum. Eftirlitsstofnanir þurfa að hafa þann mannskap og aðbúnað sem nauðsynlegur er til þess að sinna eftirlitsskyldu sinni, ekki síst á fjármálamarkaðnum. Eins og við þekkjum hafa umsvif á fjármálamarkaði vaxið gífurlega ár frá ári og sá rökstuðningur sem Fjármálaeftirlitið setur fram fyrir þeirri aukningu sem hér er lögð til á fjármagni til starfseminnar er að mörgu leyti skiljanlegur. Ég hef ævinlega stutt þá breytingu sem Fjármálaeftirlitið hefur lagt til í þessu efni. En, virðulegi forseti, hér er á ferðinni miklu, miklu meiri breyting en við höfum séð á umliðnum árum, sem kallar á skýringu. Við erum að tala um hækkun á eftirlitsgjaldi úr 298 milljónum í 424. Við erum að tala um 126 millj. kr. hækkun eða um 42,3%, sem er gífurlega mikil hækkun. Í frumvarpinu er sagt að 80 milljónir af þessu séu vegna fjölgunar á stöðugildum um fimm. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig

stendur á því að hækkun um tæp fimm stöðugildi, eða úr 35 í 39,7, kallar á 80 millj. kr. hækkun? Endurspeglast þarna kjörin sem eru almennt á fjármálamarkaðnum hjá stjórnendum og þeim sem hæst hafa launin í þessu þjóðfélagi? Þetta er gífurlega mikil hækkun og það hlýtur að kalla á skýringu þegar fimm stöðugildi kosta 80 milljónir og síðan eru 22 milljónir í rekstur. Til dæmis er ráðgerð rúmlega 400% hækkun á rekstri tölvubúnaðar.

Sú skýring sem hér er sett fram af hálfu Fjármálaeftirlitsins er ekki boðleg. Þar sem verið er að réttlæta þessa aukningu á næsta ári segir, með leyfi forseta:

„Sérstaklega var gerð grein fyrir þessari auknu starfsmannaþörf hjá Fjármálaeftirlitinu í frumvarpinu til breytinga á verðbréfaviðskiptalögunum og í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins."

Síðan kemur orðrétt, með leyfi forseta:

„Segja má að löggjafinn hafi viðurkennt þessa auknu starfsmannaþörf við gildistöku laganna og taldi Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að bregðast strax við."

Vegna þess að Fjármálaeftirlitið er líka að fara hér fram úr á þessu ári, m.a. með þessum skýringum.

Hinu vil ég þó halda til haga að á þessu var vakin athygli þegar við fjölluðum um lögin um verðbréfaviðskipti á sínum tíma, ætli það sé ekki um ár síðan. Þá var vakin athygli á því að með breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti væri um aukna fjárþörf að ræða. Fjármálaráðuneytið áætlaði að kostnaður, miðað við að þessi verðbréfalög tækju gildi um mitt þetta ár, væri um 15 millj. kr. Þar eru því alveg fullboðleg rök fyrir hækkun á gjaldinu en ekki það að Fjármálaeftirlitið líti svo á að með því að samþykkja lögin um verðbréfaviðskipti hafi það þar með fengið heimild til þess að fara fram úr og ráða starfsfólk til þess að geta mætt þeim auknu verkefnum sem voru m.a. í þeirri löggjöf. Það hefði auðvitað átt að taka tillit til þess þegar við samþykktum sambærilegt frumvarp á þessum tíma árs fyrir ári síðan og vakti ég einmitt athygli á því að þetta vantaði þar inn í varðandi Fjármálaeftirlitið.

Ég spyr því hæstv. ráðherra um skýringu á þessari miklu aukningu og sérstaklega vegna launaliðarins. Það er dregin hér fram mjög athyglisverð tafla á bls. 17 um rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd. Það er auðvitað mjög sláandi að Ísland hefur þar miklu lægri rekstrarkostnað, hlutfallslega aukningu, á umliðnum þrem, fjórum árum en önnur Norðurlönd, einkum Svíþjóð. Í Svíþjóð er um að ræða 34% aukningu en á Íslandi er um að ræða 8% aukningu. Röksemd Fjármálaeftirlitsins fyrir þessari aukningu, að það þurfi fjögur stöðugildi, get ég vel fundið stað. En, virðulegi forseti, ekki 80 milljónir vegna fjögurra stöðugilda. Það kallar á skýringu.

Ég hef stundum sagt hér að við eigum kannski að taka til endurskoðunar hvernig við fjármögnum Fjármálaeftirlitið með tilliti til sjálfstæðis þess. Hjá sumum Evrópuþjóðum er það ríkissjóður sem fjármagnar fjármálaeftirlitið einmitt með tilliti til sjálfstæðis þess. Mér þykir aðkoma eftirlitsskyldra aðila að löggjöf og regluverki sem snertir umgjörð þeirra sjálfra allt of mikil. Mér finnst þeir hafa of mikil ítök hér í reglugerðarsetningu og löggjöf sem e.t.v. má rekja til þess að þeir standa undir fjármögnun Fjármálaeftirlitsins. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi ekki íhugað að ástæða sé til þess að skoða hvernig við fjármögnum þessa starfsemi.

Síðan hefði ég viljað, virðulegi forseti — fyrir utan þær athugasemdir sem ég geri hér og við förum auðvitað yfir í efnahags- og viðskiptanefnd — fara yfir ýmis atriði sem snúa að fjármálamarkaðnum. Atriði sem við höfum stundum rætt hér í þessum ræðustól, ég og hæstv. ráðherra, og ég hef ekki fengið fullnægjandi svör við. Ýmislegt hefur komið fram á síðasta ári og síðustu missirum sem snertir fjármálamarkaðinn sem ekki hefur verið tekið á í lögum og reglum og hefði ég gjarnan viljað að hæstv. ráðherra svaraði spurningum mínum þar um. Ég ætla að leyfa mér að vitna til þess í örstuttu máli og skal ekki taka langan tíma til þess. Ég veit að hæstv. ráðherra er tímabundin og hér er stefnt að atkvæðagreiðslu fljótlega.

Ég vil t.d. nefna þátttöku fjármálafyrirtækja í atvinnurekstri. Ég hef rætt það áður við hæstv. viðskiptaráðherra hvort ekki sé ástæða til að huga að þeirri lagaumgjörð sem er í kringum það. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins vakti t.d. athygli á því, þegar hann talaði fyrir ársskýrslu embættisins, að það væri brotalöm varðandi upplýsingar fjármálafyrirtækja um þátttöku í atvinnurekstri. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki að skoða þurfi löggjöfina og lagarammann sem er í kringum það. Ég held að það sé mjög mikilvægt og gæti rökstutt mitt mál ítarlega í því sambandi en tímans vegna ætla ég bara að drepa á þessu. Ég tel að hæstv. ráðherra þurfi að fjalla um þetta. Það kom einmitt fram hjá forstjóranum að fjármálafyrirtæki hefðu ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni sem skyldi í þessu efni.

Ég vil einnig nefna — eins og ég ræddi við ráðherrann fyrir u.þ.b. ári og mér fannst að ráðherrann ætlaði að skoða — hvort ekki væri rétt að Fjármálaeftirlitið fengi heimild til að beita sektum vegna innherjasvika. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til að beita stjórnvaldssektum við brotum er varða tilkynningaskyldu fruminnherja og birtingu upplýsinga um viðskipti fruminnherja og innherjaskrá en ekki heimild til að beita stjórnvaldssektum sem viðurlögum við innherjaviðskiptum. Ég man ekki betur en Fjármálaeftirlitið hafi kallað eftir slíkum heimildum og þær sé að finna í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Ef ég man rétt áleit hæstv. viðskiptaráðherra, þegar við fjölluðum um það fyrir ári síðan, að skoða þyrfti þessar heimildir sérstaklega og fara vandlega yfir viðurlög við efnahagsbrotum almennt. Ég spyr: Hver er staðan núna? Stöndum við í nákvæmlega sömu sporum og fyrir ári síðan eða hefur eitthvað verið gert í þessu máli?

Ég vil líka spyrja að öðru og það er nú í tilefni af svari sem hæstv. ráðherra gaf mér varðandi leikreglur á fjármálamarkaðnum. Ég kalla þær leikreglur siðlausan fjármálagjörning sem við erum farin að sjá hér á fjármálamarkaðnum. Þegar lykilstjórnendur fjármálastofnana eru farnir að kaupa hlutabréf í eigin banka og selja það síðan tveimur, þremur mánuðum síðar og græða hundruð milljóna — örfáir stjórnendur — á slíkum viðskiptum. Þetta er náttúrlega mjög óeðlilegt og hæstv. ráðherra hefur boðað að hún vilji skoða breytingar á þessu, t.d. með því að lengja eignarhaldstíma bréfanna. Ég spyr: Megum við eiga von á frumvarpi frá ráðherra hvað þetta varðar á þessu þingi? Er ráðherra að láta skoða það og yfirleitt aðgang stjórnenda að

lánum hjá þeim bönkum sem þeir vinna hjá og kjör sem þeir fá á slíkum lánum? Það þarf að upplýsa slíkt mjög skýrt í ársreikningum þannig að gegnsæi sé í því eins og öðru á fjármálamarkaðnum. Mér finnst vera brotalöm í þessu í framkvæmd. Þar sem við erum að ræða hér um Fjármálaeftirlitið gefst tækifæri til þess að spyrja hæstv. ráðherra um þau atriði sem ég hef hér nefnt. Ég lýsi um leið lýsi óánægju minni með að við höfum ekki meiri tíma til að ræða almennt um fjármálamarkaðinn og þær miklu breytingar sem þar eiga sér stað núna. Ýmislegt markvert kom fram í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins þar að lútandi sem ég hefði viljað ræða. En það er alltaf sama sagan, við fáum þetta mál inn með mjög stuttum fyrirvara og óvanalega seint nú á þessu þingi og því gefst lítill tími til þess að fjalla um fjármálamarkaðinn almennt, sem þarf auðvitað að gera, virðulegi forseti, hér úr þessum ræðustól.

Ég skal ekki tefja tímann lengur en ítreka spurningar mína til ráðherra, ítreka það að ég hef skilning á fjárþörf Fjármálaeftirlitsins en finnst nú aðeins keyra úr hófi fram. Ég hef takmarkaðan skilning á því að Fjármálaeftirlitið þurfi svona svakalega mikinn pening eins og hér er lagt til — 47% hækkun og þar af 80 milljónir í laun vegna fimm stöðugilda. Þetta þarf skýringar við og það þarf að fara betur yfir þetta í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar.

[18:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Hafi síðasti ræðumaður haft lítinn tíma hef ég enn styttri tíma ef sú áætlun á að standast að greiða hér atkvæði klukkan sjö um þessi mál. En það kemur svo sem ekki að sök, ég ætlaði ekki að setja á langa ræðu um þetta mál þó að ég sé sannarlega sammála því að það sé margt sem hér heyrir undir sem full ástæða væri til að ræða rækilega. Frumvarpið í sjálfu sér er ekki ýkja flókið. Hægt er að átta sig á því og taka afstöðu til þess út af fyrir sig. Það felur fyrst og fremst í sér það sem hæstv. ráðherra fór yfir og gert var að umtalsefni áðan, þ.e. að hækka verulega gjaldtökuna til Fjármálaeftirlitsins þar sem annars stefni í hallarekstur eða aukinn hallarekstur á stofnuninni. Hér er gefið dálítið hressilega í því að hækka á rekstrarkostnaðinn milli ára um meira en 100 millj. kr., um tæpan þriðjung miðað við það sem hann er áætlaður á yfirstandandi ári eða var a.m.k. áætlaður samkvæmt áætlun upp á liðlega 300 millj. kr. og vel yfir 400 milljónir á næsta ári.

Að sjálfsögðu þarf Fjármálaeftirlitið að hafa traustan fjárhag og geta sinnt sínu mikilvæga hlutverki, enginn deilir um það. Nú ætti það að vísu að vera svo ef gjaldstofninn hefði verið sæmilega skynsamlega út fundinn á sínum tíma að aukin umsvif í fjármálaheiminum skiluðu Fjármálaeftirlitinu sjálfkrafa auknum tekjum og þetta héldist í hendur. En auðvitað geta komið upp þær aðstæður, ný verkefni af einhverjum toga eða breytingar sem gera það að verkum að þetta samræmi haldist ekki að fullu og þá það. En mér finnst það kannski ekki vera neitt sérstaklega vel rökstutt þótt farið sé yfir þessi verkefni hér.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum verið þeirrar skoðunar að efla bæri Fjármálaeftirlitið, það hafi verið of veikt og það hafi ekki verið nógu sjálfstætt í störfum og við höfum flutt tillögur um að það yrði flutt undir Alþingi, það yrði eflt m.a. með því og sjálfstæði þess undirstrikað og það aukið að það starfaði í skjóli Alþingis. Sú staðreynd var nefnd áðan að það væru eftirlitsaðilarnir sem greiða kostnaðinn, það er vissulega Alþingi sem ákveður það, en það væri kannski enn þá betra ef skilið væri enn rækilegar á milli viðfangsefnanna og starfseminnar með því að ráðuneytið kæmi þar hvergi að málum heldur væri það Alþingi sem tryggði starfsskilyrði Fjármálaeftirlitsins með löggjöf og með því að fóstra það í skjóli sínu svipað og Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis. Það eru ýmis rök fyrir því að það gæti verið skynsamlegt fyrirkomulag og að það væri heppilegra líka fyrir ráðuneytið sjálft að vera ekki tengt við þau mál og hafa þau ekki með höndum.

Mér hefur fundist að Fjármálaeftirlitið væri of mikið í því að bregðast við þegar orðnum atburðum á fjármálamarkaðnum og vera með aðfinnslur og setja kannski ofan í þegar allt er um garð gengið og búið og gert í staðinn fyrir að reyna að vera helst á undan og með fyrirbyggjandi ráðstafanir og ef ekki þá a.m.k. samsíða atburðunum þannig að það gæti tekið á þeim þegar þeir gerast en ekki rannsaka þá eftir á. Það hefur því miður allt of mikið verið niðurstaðan. Kannski er það að einhverju leyti vegna þess að ekki hafi verið búið nægjanlega vel að starfseminni og menn hafi einfaldlega ekki verið nógu öflugir. Vöxtur fjármálaheimsins hefur auðvitað verið mikill og hann skilar þá tekjunum jafnt og þétt inn í framhaldinu og það kann líka að einhverju leyti að skýra af hverju Fjármálaeftirlitið hefur oft viljað vera eftir á að bregðast við þegar orðnum hlutum, þegar þörfin væri eiginlega alveg hin gagnstæða, að Fjármálaeftirlitið gæti kortlagt hvert væri verið að stefna, út á hvaða braut hlutir væru að þróast og brugðist við því fyrir fram. Til dæmis þegar umsvif fjármálastofnananna stórjukust hvað varðar kaup og sölu á fyrirtækjum. Það er ekkert óskaplega langt síðan viðskiptabankarnir fóru út í það yfirleitt að fara að láta til sín taka í þeim efnum, enda hefur nú reyndar verið umdeilt allan tímann hvort þeir hafi fullnægjandi lagaheimildir til þess að hegða sér þar eins og þeir gera, vegna þess að samkvæmt lögunum er það ekki hlutverk t.d. viðskiptabanka að kaupa og selja fyrirtæki. Nei, það er að taka við innlánum og veita fjármálaþjónustu og útlán, auðvitað veita fyrirtækjum ráðgjöf og þjónusta þau en ekki premíalt að vera gerandinn í kaupum og sölum á fyrirtækjum. Þá hengja menn sig á það að túlka mjög rúmt heimild sem er til þess að vera þátttakandi í einhvers konar endurskipulagningu eða fjárhagslegri umbreytingu fyrirtækja. Ég hef verið þeirrar skoðunar að þarna ætti að skilja á milli og um það höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flutt frumvörp.

Eitt af því sem gerir viðfangsefni Fjármálaeftirlitsins mjög snúin er þetta samkrull almennrar viðskiptabankaþjónustu og síðan fjárfestingabankastarfsemi og í raun reksturs. Það munar ekki miklu að bankarnir á köflum hegði sér hreinlega eins og fyrirtæki sem er byggt upp miðað við það að hagnast á kaupum og sölu fyrirtækja, fyrirtækjafjárfestir eða fyrirtækjaumbreytingafjárfestir gæti það heitið. Það er stór hluti af veltu ónefndra deilda viðskiptabankanna nú hin síðustu missiri. Mætti ýmislegt um það segja.

Tvennt í viðbót, frú forseti. Það fyrra er að ekki er nefnt hér til rökstuðnings auknum fjárveitingum til Fjármálaeftirlitsins — það ég best fæ séð eftir frekar lauslegan lestur á þessa vísu, ekki er boðið upp á mikið annað þegar málin koma fyrir á færibandi — ekki er nefnt að Fjármálaeftirlitið þurfi að efla sig til þess að fara yfir áhættumatið og áhættugrunninn í íslenska fjármálakerfinu til þess að vera vel á varðbergi og jafnvel fara í sérstakar ráðstafanir til að kanna hvort ekki þurfi að huga betur að áhættumati í bankakerfinu og meta hvaða áhrif á greiðslugetu fjármálakerfisins og fjármiðlunargetu þess snöggar breytingar, t.d. á gengi krónunnar eða lækkun fasteignaverðs gætu haft. Ég hefði alveg eins fagnað því og viljað leggja því lið mitt að Fjármálaeftirlitið fengi aukna fjármuni og gæti ráðið starfsmenn til að vera vel vakandi í þessum efnum og geta eftir atvikum farið í sérstakar úttektir og könnun á þessu. Ekki þýðir að gera lítið úr því að mörg sömu hættumerkin eru uppi hér og voru í fjármálakerfum annars staðar á Norðurlöndunum á árunum um og fyrir 1990 þegar bankakreppan þar var í uppsiglingu. Auðvitað vona allir hið besta og við tökum ekki mark á neinum illa ígrunduðum lausafregnum frá útlöndum um okkar ágætu banka þó að þær veki athygli og síst ef menn þurfa að éta slíkt ofan í sig aftur eins og hin merka stofnun Bank of Scotland.

En við skulum horfast í augu við að hér eru mörg sömu hættumerki uppi. Hér hefur orðið gríðarleg fasteignabóla. Og hvað var það sem var mönnum einna skeinuhættast í bankakreppunum annars staðar á Norðurlöndunum? Jú, það var geysileg óraunhæf hækkun fasteignaverðs sem ýtir undir útlánaþenslu og sem gengur síðan snögglega til baka. Hér erum við með mikla áhættuþætti til viðbótar sem er gengi krónunnar sem er langt yfir öllum jafnvægismörkum eins og allir vita og deilt kannski helst um hvort lækka þurfi um 30, 35 eða 40 punkta til að það sé eitthvað sem hægt er að kalla jafnvægi. Þarna finnst mér að Fjármálaeftirlitið mætti vel eflast til að takast á við slík verkefni.

Síðan er það seinna atriðið og það varðar stöðu Fjármálaeftirlitsins vegna hinna miklu umsvifa bankanna erlendis, hinna miklu fyrirtækjakaupa og dótturfélagarekstrar þeirra á erlendri grundu. Nú verð ég að játa það á mig að ég hef svo sem ekki náð að grúska almennilega í því hvernig það kemur beinlínis út fyrir Fjármálaeftirlitið. Þó er alveg augljóst mál að það starfar í verulega breyttu umhverfi að þessu leyti. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann eða ráðuneytið hafi farið ofan í saumana á því að það gæti verið að hluta til vandi Fjármálaeftirlitsins að það fái á sínar herðar verkefni, aukin verkefni sem ekki fylgi tekjur í sama mæli vegna þess að reikningsskil móðurfyrirtækjanna eru hér, samstæðuuppgjörið er hér, samstæðueftirlitið er hér en stofnanirnar greiða væntanlega eftirlitsgjöldin miðað við heimilisfang sitt, dótturfyrirtæki íslenskra banka í London o.s.frv. Þá er spurningin: Hvernig á að bregðast við þessu ef við erum að nálgast það að vera komin með eiginlega alveg, ég veit ekki hvort maður má segja afbrigðileg hlutföll eða a.m.k. mjög óvenjuleg hlutföll í því hvað hátt hlutfall veltu þessara stofnana er orðið erlendis og hvað efnahagsreikningur þeirra er orðinn skrýtinn að því leyti til að hann er geysistór og bólginn þegar samstæðan er tekin en af henni eru kannski ekki nema 30% eða jafnvel minna af veltunni innan lands. Meðaltalið er núna komið yfir 40%, þ.e. af veltu íslensku bankanna sem er erlendis. Það hefur stokkið upp úr 20% fyrir um þremur, fjórum árum í yfir 40% núna og ég veit ekki hvert það stefnir og sá bankinn sem er umsvifamestur erlendis er með þetta í 60–75% (**JóhS:** 50% ...) Já, 50% af veltu allra bankanna? Nú þess þá heldur.

Þá er spurningin: Er þetta eitthvað sem þarf að taka á? Hvernig er þá þessu háttað? Greiða menn sérstaklega, er hægt að láta höfuðstöðvarnar vegna samstæðureikningsskilanna og eftirlitsins sem því fylgir greiða eitthvert sérstakt gjald af því sem er ekki bara prósenta af innlendu veltunni eða hvernig er hægt að takast á við það? Ef þessi þróun heldur svona áfram og þetta verða orðin 5% eða eitthvað af veltu bankanna sem verða hér heima, þá verða þeir bókstaflega búnir að sigra heiminn og svo til öll velta þeirra yrði í fjarlægum löndum og álfum og þá geta þessi hlutföll augljóslega orðið mjög skrýtin. Þau hafa náttúrlega snöggbreyst í þessum efnum. Því er spurning hvort eitthvað er hægt að líta á þetta.

[19:01]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frumvarp en vil þó láta koma fram það sem ég hef áður sagt í þinginu varðandi Fjármálaeftirlitið og reyndar Samkeppnisstofnun einnig.

Ég held að tími sé kominn til að velta upp þeirri spurningu hvort Fjármálaeftirlitið og Samkeppnisstofnun ættu ekki að heyra beint undir þingið. Ég tel mig hafa orðið varan við það varðandi Samkeppnisstofnun að sum mál sem þangað hafa farið hafi fengið afar skrýtna afgreiðslu. Ég nefni mál fyrirtækja sem sent hafa þangað athugasemdir t.d. vegna viðskipta með aflamark, hvernig það blandast inn í verðmyndun sjávarfangs hér á landi, en búið er að senda nokkrum sinnum inn erindi út af því máli. Það er eins og þar sé einhver pólitísk hönd að verki sem alls ekki geti fallist á að þau mál fái afgreiðslu þar þó að þau séu ekki með neinu öðru móti en mörg önnur viðskiptamál hér á landi sem stofnunin hefur fjallað um.

Ég held að það yki trúverðugleika Fjármálaeftirlitsins og einnig Samkeppnisstofnunar ef þessar stofnanir heyrðu beint undir Alþingi og skiluðu skýrslum til þingsins og væru ekki undir neinu sérstöku ráðuneyti. Þetta væru eftirlitsstofnanir eins og þær eru auðvitað til að sjá um ákveðin verkefni í þjóðfélaginu en þær heyrðu ekki undir neitt sérstakt ráðuneyti.

Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess að ég hef áður tjáð þessar skoðanir mínar í þinginu og vildi láta þess getið við umræðuna án þess að ég fari að tefja neitt fyrir framgangi þess máls sem hér er til umræðu.

[19:03]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að bregðast vel við því að taka þetta mál á dagskrá fyrr en kannski áætlað var, en ég vil líka segja að ég skil mjög vel að það sé gagnrýnt hversu seint málið kom fram. Það var vegna einhvers misskilnings á milli Alþingis og ráðuneytisins og

ekkert annað að gera en biðjast afsökunar á því.

Ég skal vera fljót því að tíminn er naumur en það eru nokkur atriði sem ég vildi aðeins bregðast við, t.d. það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talar um og reyndar fleiri þingmenn að það er mikil hækkun á milli ára. Því er ekki hægt að neita og ég verð að viðurkenna að mér varð mjög bilt við þegar ég sá það. Það sem kannski er hægt að nefna sem skýringu er launaskrið og fjölgun stöðugilda eins og kemur fram og að halli á yfirstandandi ári reiknast líka þarna inn. Hægt er að nefna breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti, eins og komið hefur fram í umræðunni, og kannski síðast en ekki síst útrás íslenskra banka sem hefur verið með ólíkindum á þessu ári og ekki nema gott um það að segja. Og talandi um þá starfsemi sem fram fer erlendis þá vil ég segja varðandi bankana sem hafa umsvif erlendis og eru með þá starfsemi í efnahagsreikningi hér á landi að þá er að sjálfsögðu innheimt hér. Við verðum að treysta því að svo sé. Ég held því að það vandamál sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á sé kannski ekki alveg eins augljóst og hann vildi vera láta.

Spurt er hvort þessi starfsemi og Fjármálaeftirlitið ætti ekki að vera á fjárlögum. Ég hef áður neitað því að svo skuli vera og held mig við það. Ég tel ekki rétt að fara þá leið og tel núverandi fyrirkomulag ágætt. Ég tel ekki að að samráðsnefndin sé of valdamikil og ég held að starfsemi Fjármálaeftirlitsins og reynslan sem við höfum af því sanni að þessi mál séu í ágætisfarvegi hjá okkur.

Síðan er spurt um þátttöku fjármálafyrirtækja í atvinnurekstri. Það er náttúrlega eitthvað sem skoða þarf á hverjum tíma og ég vitna til ræðu forstjóra á síðasta aðalfundi um það efni. Auðvitað erum við alltaf með þessi mál til skoðunar.

Um sektir vegna innherjasvika er þess að geta að innherjaviðskipti sem slík eru ekki refsiverð en hins vegar er annað upp á teningnum ef um svik er að ræða. Nefnd sem hæstv. forsætisráðherra skipaði er að störfum og fer yfir viðurlög. Nefndin hefur ekki skilað áliti en hún er að fara yfir mjög mikilvægt mál og ég vonast til að ekki líði langur tími þar til eitthvað fréttist af því nefndarstarfi.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi fyrirspurn þá sem hún lagði fram og ég svaraði. Verið er að skoða reglur erlendis hvað varðar innherjaviðskipti. Ég gat þess í því svari að fram kæmi frumvarp og meiningin er að það verði á vorþinginu.

Aðeins vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Hann taldi æskilegt að ráðuneytið kæmi hvergi að málum og kom með ýmis rök fyrir því. Ég held að þetta sé á einhverjum misskilningi byggt hjá hv. þingmönnum. Það er ekki svo að ráðuneytið hafi afskipti af starfsemi Fjármálaeftirlitsins, daglegum rekstri þess. Ég fullyrði það. Það kom líka fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að betra væri að Fjármálaeftirlitið heyrði undir þingið og eins Samkeppnisstofnun. Ég fullyrði að ekki væri eðlilega að málum staðið ef svo væri. Auðvitað eru þessar stofnanir hluti af framkvæmdarvaldinu og þær eru algerlega sjálfstæðar. Því verða hv. þingmenn að trúa. (Gripið fram í.) Það er ekki sanngjarnt að nefna einhver dæmi og álíta að einhver pólitísk hönd hvíli yfir þessari starfsemi. Það er mjög ósanngjarnt að bera slíkt á borð.

Það sem fram kemur í sambandi við áhættugrunn og áhættumat er fjallað um á bls. 20 í greinargerðinni. Það er hlutur sem alltaf er til skoðunar. Standard & Poor's hafa gefið fjármálafyrirtækjum okkar mjög háa einkunn eins og alþekkt er. Við trúum því að ástæða sé til að hafa fullt traust á þeirri starfsemi sem er í gangi. En það er rétt að bankarnir eru meira í fjárfestingum hér en almennt gerist. Það eru ákvæði í lögum um fjárfestingar sem segja til um að þegar fjármálafyrirtæki kaupa í fyrirtækjum eigi það að vera til skamms tíma og bara á umbótatíma eða til endurskipulagningar á fyrirtækjum en ekki þannig að þau megi vera þar til allrar framtíðar. Hvort það eru nógu sterk ákvæði skal ég ekki segja um en ég endurtek hins vegar að þau eru til staðar.

Ég veit að tíminn er naumur en ég mun koma frekar inn á þessi mál við 2. umr. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunni.

[19:10]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega ekki boðlegt að ráðherra geri í örstuttri ræðu grein fyrir afstöðu sinni til stórra mála sem hún var spurð um, eins og þátttöku fjármálafyrirtækja í öðrum atvinnurekstri, um innherjasvik, um eignarhaldstíma stjórnenda á hlutabréfum og hvernig þeir hafa að mínu mati beitt sér þar fyrir fjármálagjörningum sem ég tel algerlega siðlausa og þurfi að taka á. Hæstv. ráðherra boðar að hún muni fara ítarlegar yfir þessi mál þegar málið kemur til 2. umr. Ég ætla að sætta mig við það í ljósi þess knappa tíma sem hér er til umræðu af því að hér eru mál að fara í atkvæðagreiðslu og hæstv. ráðherra upptekin. En ég fagna auðvitað því sem ráðherra nefndi áðan að hún muni leggja fram frumvarp á vorþinginu er varða eignarhaldstíma, ef ég skildi hana rétt, á hlutabréfum stjórnenda fjármálafyrirtækja. Ég fagna því mjög og hefði auðvitað viljað fara aðeins nánar út í það en það var mjög gott að fá þetta fram við þessa umræðu.

Hæstv. ráðherra nefndi að í þeim 80 milljónum sem ég gagnrýndi áðan væri líka halli vegna síðasta árs. Það skýrir auðvitað þessa háu fjárhæð en við munum fara betur yfir það í efnahags- og viðskiptanefnd. Og í trausti þess að hæstv. ráðherra muni við 2. umr. gera betur skil þeim stóru málum sem snerta fjármálamarkaðinn, sem ég og fleiri þingmenn komum inn á í þessari umræðu, mun ég ekki krefja ráðherrann frekari svara í þessu efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 364. mál (undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts o.fl.). — Þskj. 418.

[19:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs áðan til að leita álits ráðherra á ýmsu sem mér finnst ástæða til að ræða við þessa umræðu en hæstv. ráðherra er ekki í salnum og þykir

mér það miður. Ég spyr hvort hægt sé að gera ráðstafanir til þess að ráðherra komi í salinn. Ég skal lofa því að ég mun ekki tala nema í örfáar mínútur en það veltur auðvitað á því hvað hæstv. ráðherra verður fljótur inn í salinn.

Við ræðum hér frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem er þáttur í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga sem gert var og fjallar um hækkun á undanþágu frá greiðslu fasteignaskatts einkum er varðar fasteignir í eigu ríkisins. Þegar um er að ræða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga kippist maður aðeins við og fer að skoða málið og frumvarpið sem lýtur að því þegar slík mál eru til umfjöllunar, vegna þess að brugðið hefur við að fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga séu ekki sem skyldi. Það er augljóslega trúnaðarbrestur í samskiptum ríkisvalds og sveitarfélaga að því er varðar fjárhagsleg samskipti. Maður skilur það vel þegar horft er til reynslunnar og liðinna ára, af því að þegar menn hafa sest yfir tekjustofna sveitarfélaga nú og reynt að horfa kannski frekar til varanlegra tekjustofna þeirra og á aukinn hlut þeirra í verkefnum og tekjum sem þeim eiga að fylgja þá koma sveitarfélögin ekki að hreinu borði. Þar standa út af, að því er sveitarfélögin telja og við ræddum m.a. á fjármálaráðstefnu ríkis og sveitarfélaga, a.m.k. um 2 milljarðar þar sem lagabreytingar sem ríkisvaldið hefur staðið fyrir án samráðs við sveitarfélögin hafa skert verulega tekjustofna sveitarfélaga. Þar er m.a. um að ræða einkahlutafélög þar sem hallar verulega á sveitarfélögin þeim í lagabreytingum sem gerðar voru varðandi starfsgrundvöll einkahlutafélaga. Sveitarfélögin fóru verulega halloka gagnvart ríkinu í þeim samskiptum sem urðu vegna uppgjörs á húsaleigubótum. Húsaleigubætur hafa vaxið alveg gríðarlega, m.a. vegna hækkunar á húsaleigu í kjölfar breytinga sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir á fasteignamarkaðnum með þeim afleiðingum að húsaleigubætur eða kostnaður við þær hefur þrefaldast frá því sem menn gerðu ráð fyrir. Allt þetta er auðvitað innlegg í það að trúnaðarbrestur varð í samskiptum þessara aðila.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann sér fyrir sér framtíðarsamskipti þessara aðila varðandi varanlega trausta tekjustofna sem sveitarfélögin geta reitt sig á. En ég held að við stöndum á þeim krossgötum núna að það þýði ekkert að ræða frekari verkefni til sveitarfélaganna. Við erum strand í því þar til farið verður að ræða frekar um framtíðartekjustofna sveitarfélaganna og menn setjast yfir þá hlið á málinu en setja þá aðeins til hliðar verkefnatilfærsluna vegna þess að menn eru nokkuð klárir á því og það ríkir bærileg sátt um hvaða verkefni ættu heima hjá sveitarfélögunum ef því fylgdu þá nauðsynlegir tekjustofnar. Það hefur ekki verið gert, við vorum komin vel áleiðis með að flytja málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna en það strandaði á því að ekki náðist samstaða um tekjustofnana þannig að ég spyr ráðherrann: Megum við vænta þess að farið verði í, af fullum heilindum, að skoða frekari breytingar á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga?

Við sjáum það t.d. varðandi grunnskólana þegar þeir fóru yfir til sveitarfélaganna að við það jókst hlutur sveitarfélaganna í staðgreiðslunni og var meira en helmingur af staðgreiðslunni sem fór við þá breytingu yfir til sveitarfélaganna. En örfáum árum síðar, sennilega 6–7 árum síðar hafði þetta snúist við og ríkið var aftur komið með meiri hluta í staðgreiðslunni. Og ég hef reitt fram tölur því til stuðnings að í þeim auknu skatttekjum sem hafa orðið á umliðnum 4–5 árum, sem er 15% aukning, þá hefur ríkið fengið 14% af því en sveitarfélögin ekki nema 1%. Í þeirri gósentíð sem er núna hjá ríkissjóði þar sem allt veltur í peningum og varaformaður fjárlaganefndar hefur sagt að það sé of mikið af þeim, þá hefur ríkissjóður haft í auknar tekjur t.d. á þessu ári um 100 milljarða meðan sveitarfélögin fá um 6 milljarða. Þessu er því ekki bróðurlega skipt milli þessara opinberu aðila, ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar.

Varðandi þá breytingu, af því að ég ætla að stytta mál mitt, virðulegi forseti, sem hér er til umræðu þá vil ég spyrja af því að hér stendur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins: „Afnám undanþágna frá greiðslu fasteignaskatts mun hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð þar sem t.d. framhaldsskólar og sjúkrastofnanir hafa verið undanþegin skattinum.“

Ég spyr: Er gert ráð fyrir þessu í rekstri þessara stofnana á næsta ári, t.d. í rekstri framhaldsskólanna, rekstri sjúkrastofnana eða hvernig eiga þessir aðilar að standa straum af þessu eða mun ríkissjóður greiða þetta undir einum hatti eða er þetta sett á viðkomandi stofnanir? Ég held að það sé nauðsynlegt að við fáum það fram. Við erum að ræða fjárlögin og ekki er búið að loka þeim þannig að það þarf að fá fram hvort gert sé ráð fyrir þessu í rekstri þessara stofnana.

Það er hægt að ræða margt um þetta frumvarp en ég vil spyrja um þá heimild sem er í 4. gr. Þar stendur:

„Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.“ Ég hygg að það síðasta sem ég var að lesa sé nýtt, frú forseti, þarna er verið að skylda sveitarstjórnir til að setja reglur þar að lútandi og í viðamikilli greinargerð sem fylgir kemur fram ágæt úttekt um hve sveitarfélögin framkvæma þetta mjög misjafnlega gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum. Hérna stendur: „Flest sveitarfélög veittu bæði elli- og örorkulífeyrisþegum afslátt [...] en þó veitti hluti þeirra aðeins ellilífeyrisþegum afslátt (16%).“ Síðan er misjafnt hvort þetta er eins og hér segir í fastri krónu eða hlutfall af fasteignaskatti. Ég spyr: Er hugmyndin að samræma reglurnar þannig að þetta verði eins hjá öllum sveitarfélögunum eða á einungis að skylda hvert sveitarfélag fyrir sig til að setja slíkar reglur?

Ég hef stundum nefnt það úr þessum ræðustól að mér finnst það umhugsunarvirði hvað ýmis þjónusta sem íbúar sveitarfélaganna fá er misjöfn og svo misjöfn að manni finnst stundum að jafnræðis íbúanna sé ekki gætt hér á landi, að það sé ekki jafnræði með þeim. Ég nefni t.d. leikskólagjöldin sem eru mjög misjöfn eftir sveitarfélögunum og þann afslátt sem sveitarfélögin veita af þeim. Sama má segja um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga o.s.frv., þannig að manni finnst vanta mikið upp á að þarna sé ákveðið jafnræði en auðvitað togast á líka sjálfstæði sveitarfélaganna annars vegar og síðan jafnræði þegnanna eða íbúanna hins vegar.

En má gera ráð fyrir einhverjum grundvallarbreytingum að því er varðar fasteignaskatt hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum eða tekjulágum hópum eða þeim hópum sem ég hef nefnt við þessa breytingu? Ég spyr um það og hvernig framkvæmdin á þessu sé hugsuð og skal svo ekki lengja mál mitt frekar, virðulegi forseti.

[19:22]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Við erum að ræða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Eins og fram hefur komið er tilgangur frumvarpsins einkum tvíþættur. Það er annars vegar að fækka undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts og hins vegar að fasteignaskattur verði lagður í Landskrá fasteigna.

Það er rétt að taka fram að í frumvarpinu kemur fram að talið er að með því að fækka undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts muni hann skila sveitarfélögunum 600 millj. Það er að vísu ekki reiknað með að það fari upp í þá tölu fyrr en 2008. Það kemur fram í skjali frá nefnd um tekjustofna sveitarfélaga að á árinu 2006 er áætlað að þetta muni ekki skila nema 200 millj.

Þegar farið er yfir skjalið sem nefnd um tekjustofnana skilaði af sér vekur athygli að alla vega sumir nefndarmenn telja að hér hafi menn ekki verið gengið nógu langt. Það sé löngu kominn tími á að ná fram sanngjarnri leiðréttingu á tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga til að tryggja betri fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Það er jafnframt talað um að hér séu eingöngu úrlausnir af hálfu ríkisvaldsins, svokallaðar skammtímaúrlausnir. Þannig hafi það verið oft áður og sé hér enn og aftur, en það þurfi að taka þetta meira heildstætt, taka almennan tekjugrunn sveitarfélaganna og horfa um leið til framtíðarskipunar sveitarstjórnarmála í landinu.

Fleira hef ég ekki að segja.

[19:24]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál. Nokkrar spurningar hafa komið fram hjá hv. þingmönnum og ég mun gera mitt besta til að svara þeim við þessa umræðu.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir viku að ýmsum atriðum sem varða samskipti ríkis og sveitarfélaga, ekki síst út frá tekjuskiptingu þeirra. Í því ljósi vildi ég rekja, hæstv. forseti, ákveðin atriði sem snerta tillögur tekjustofnanefndar og þar með einmitt þessi samskipti en tillögur nefndarinnar voru alls sex talsins og litu ljós í mars á þessu ári.

Það er allt útlit fyrir að okkur takist að ljúka við að hrinda þeim í framkvæmd fyrir áramót ef störf þingsins ganga með þeim hætti sem ég helst vonast til. Í þessum tillögum er lögð áhersla á að taka á vanda þeirra sveitarfélaga sem búa við erfiðar ytri aðstæður. Í fjárlagafrumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir 700 millj. kr. viðbótarframlagi ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þetta eru peningar sem ætlaðir eru til að jafna aðstöðumun þeirra sveitarfélaga sem eru í mestri þörf, m.a. vegna erfiðra ytri aðstæðna og þessa dagana er verið að vinna að gerð reglna um úthlutun þeirra fjármuna í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Það er gert ráð fyrir að jafnhá fjárhæð komi á fjárlögum áranna 2008 og 2007 í þessu sama skyni og þarna er þá um að ræða ríflega 2 milljarða kr.

Ég hef þegar mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um húsnæðismál auk þess frumvarps sem hér er til umræðu og felur í sér tvær breytingar að auki. Jafnframt hefur umhverfisráðherra lagt fram frumvarp sem kveður á um framlengingu á gildistíma laga um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum en samkvæmt þeim styrkir ríkissjóður fráveituframkvæmdir sveitarfélaganna um allt að 200 millj. kr. á ári og er gert ráð fyrir að gildistími þeirra laga verði framlengdur um þrjú ár eða frá 2006 til og með 2008.

Að síðustu hef ég í samræmi við 6. tillögu tekjustofnanefndarinnar, en það hefur komið til umræðu og umtals í dag, skipað nefnd til að endurskoða lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og gert er ráð fyrir að hún ljúki störfum sínum fyrir 1. apríl 2006 en nefndina skipaði ég í september síðastliðinn. Hlutverk nefndarinnar er að meta kosti og galla núverandi jöfnunarkerfis og kanna hvort það tryggi réttláta jöfnun meðal sveitarfélaganna. Verði niðurstaða nefndarinnar sú að þörf sé á breytingum á núverandi kerfi, hvort sem það er á kerfinu í heild sinni eða einstökum þáttum þess er gert ráð fyrir að hún skili tillögum um þær breytingar.

Í þessari endurskoðunarnefnd eiga sæti alþingismenn, bæjarfulltrúar og sveitarstjórar en stjórnarformaður ráðgjafarnefndar jöfnunarsjóðsins er Herdís Sæmundardóttir varaþingmaður sem er formaður nefndarinnar. Með nefndinni starfa m.a. sérfræðingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, félagsmálaráðuneytinu, jöfnunarsjóðnum, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti og ég vonast til að nefndin ljúki störfum sínum fyrir 1. apríl á næsta ári.

Hér hefur sömuleiðis, hæstv. forseti, verið tæpt á reglum um sameiningarframlög. Reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaganna eru frá árinu 2003 og þær fela m.a. í sér að sjóðurinn tekur verulegan þátt í þeim kostnaði sem hlýst af undirbúningi og framkvæmd sameiningar sveitarfélaga. Svo er veitt margvísleg aðstoð á næstu árum eftir sameiningu, t.d. til skuldajöfnunar ef sveitarfélag sem sameinast er illa statt fjárhagslega. Ef reglur sjóðsins að öðru jöfnu mundu leiða til að framlög til sameinaðs sveitarfélags skerðist eftir sameininguna er mælt fyrir um það í reglunum að sú skerðing komi ekki til framkvæmda á sameiningarári né á næstu fjórum árum eftir sameiningu.

Hvað varðar 2,4 milljarða sameiningarframlög eða allt að 2,4 milljörðum eins og rætt var um í aðdraganda sameiningarkosninga, þá voru tryggðir fjármunir í gegnum jöfnunarsjóð til aðstoðar sveitarfélögum við sameiningu allt að 2,4 milljörðum á fimm árum í þeirri viljayfirlýsingu sem félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga undirrituðu 17. september 2004. Þeir peningar voru ekki síst ætlaðir til að aðstoða við endurskipulagningu stjórnsýslu í kjölfar sameiningar. Í ljósi niðurstöðu kosninganna er hins vegar augljóst að ekki verður þörf fyrir allt þetta fjármagn til að greiða framlög til þeirra sveitarfélaga sem hafa ákveðið að sameinast. Það liggur í augum

uppi. Hve hár stuðningur jöfnunarsjóðs verður við þau sveitarfélög sem hafa ákveðið að sameinast eða munu gera á næstu mánuðum liggur hins vegar ekki fyrir á þessari stundu. Niðurstaða um það veltur m.a. á því hve mikla áherslu nýjar sveitarstjórnir leggja á að þróa stjórnsýslu sína og þjónustu sveitarfélagsins.

Það hefur margoft komið fram, hæstv. forseti, og um það eru allir sammála að rekstrarafkoma sveitarfélaganna á árinu 2003 var í heildina langt í frá nógu góð. Niðurstöður ársreikninga 2004 og fjárhagsáætlana fyrir árið 2005 sýna hins vegar verulegan viðsnúning í rekstri sveitarfélaganna þegar á heildina er litið. Samanlagður rekstrarafgangur á árinu 2004 var 2,3 milljarðar kr. og samkvæmt fjárhagsáætlunum 2005 er gert ráð fyrir 1,2 milljörðum í afgang. Reyndar er þegar ljóst í kjölfar endurskoðunar á fjárhagsáætlunum hjá fjölmörgum sveitarfélögum að afgangurinn verður umtalsvert meiri á þessu ári.

Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að mestur hluti rekstrarafgangs sveitarfélaganna er til kominn á höfuðborgarsvæðinu og byggðarlögunum í kring og það liggur fyrir og því hef ég ekki andmælt að rekstrargrundvöllur, tekjuöflunarmöguleikar og fjárhagsleg staða sveitarfélaga er ákaflega mismunandi. Þróun í tekjustofnum sveitarfélaga þar sem íbúum fjölgar ört og lítið lát er á hækkun fasteignaverðs er verulega frábrugðin þeirri þróun sem hefur allvíða orðið á landsbyggðinni þar sem íbúum hefur fækkað og erfiðleikar verið í atvinnulífi.

Eins og fram hefur komið í umræðunni, hæstv. forseti, sendi eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga 11 sveitarfélögum bréf í októbermánuði þar sem óskað var eftir greinargerð viðkomandi sveitarstjórnar vegna neikvæðrar rekstrarniðurstöðu á árinu 2004. Með því bréfi var ekki verið að gera athugasemdir við ársreikningana, einungis verið að minna á að með breytingu á reglugerð var sett inn nýtt ákvæði sem felur í sér skyldu sveitarstjórnar til að senda nefndinni greinargerð með ársreikningi, fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun, ef rekstrarniðurstaða ársreiknings eða áætlunar er neikvæð.

Það er ánægjulegt að geta getið þess að eftirlitsnefndin hefur nýlega lokið athugun á ársreikningum sveitarfélaga 2004 og sá ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við niðurstöðu þeirra hjá neinu sveitarfélagi. Það undirstrikar auðvitað það sem ég hef fyrr sagt, hæstv. forseti, að um er að ræða viðsnúning í rekstri sveitarfélaganna, sem betur fer.

Af öðru því sem hér var tínt til þá spurði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hvort Landskrá fasteigna væri þannig í stakk búin að hún gæti tekið við því verkefni sem henni er ætlað með frumvarpinu. Starfsmenn Fasteignamatsins telja svo vera, samanber fylgiskjal II með frumvarpi þessu. Að öðru leyti hvet ég hv. félagsmálanefnd til að kynna sér það mál, bæði með lestri þeirrar greinargerðar og samtölum við starfsmenn Fasteignamatsins, ef nefndarmenn telja ástæðu til.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði sömuleiðis hvort álagningarprósenta sú sem nefnd er í frumvarpinu og lýtur að álagningu á fasteignum ríkissjóðs væri föst og ákveðin, og svo er. Um það var samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga, þ.e. samkomulag um tiltekna fjárhæð, að tiltekin fjárhæð skilaði sér til sveitarfélaganna af hálfu ríkisins vegna þessara fasteigna innan þriggja ára, 600 millj. kr. Út frá því er álagningarprósentan reiknuð.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi hér ítrekaðar lagabreytingar án samráðs við sveitarfélögin sem hefðu orðið til verulegs kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Þá er auðvitað ástæða til að halda því til haga að í tengslum við niðurstöðu tekjustofnanefndarinnar var ákveðið að eftirleiðis verði öll lagafrumvörp sem varða sveitarfélögin tekin til kostnaðarmats, sérstaklega með tilliti til hagsmuna þeirra. Kostnaðarmat af þessu tagi hefur verið framkvæmt til reynslu í nokkrum ráðuneytum en samkomulagið felur það í sér að nú verður það gert á sviði allra ráðuneytanna.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttur spyr sömuleiðis hvort áform séu uppi um það nú að skoða sérstaklega tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Því er til að svara að á þessu stigi eru ekki frekari áform um það. Tekjustofnanefndin komst að niðurstöðu, sem ég rakti áðan, í mars sl. og þær tillögur sem nefndin komst að niðurstöðu um koma til framkvæmda á næstu þremur árum, síðast á árinu 2008. Ekki er áformað að taka upp frekari viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um þessi tekjulegu samskipti fyrr en þá að þeim tíma liðnum eða í lok hans. Hv. þingmaður spyr sömuleiðis hvort gert sé ráð fyrir kostnaði við fasteignaskattana af hinum opinberu fasteignum. Ég verð að játa það, hæstv. forseti, að ég get ekki svarað hv. þingmanni þeirri spurningu. Ég þekki það einfaldlega ekki og það er þá viðkomandi ráðherra, eða fjármálaráðherra, að svara því en ég er ekki í stakk búinn til þess hér og nú.

Varðandi spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um 4. gr. frumvarpsins, og sérstaklega þann lið þess sem fjallar um reglur vegna undanþágu elli- og örorkulífeyrisþega og ákvæði þess efnis að sveitarfélögunum verði hér eftir skylt að setja reglur um þær undanþágur og hvort það feli einungis í sér skyldu þeirra til reglusetningarinnar en ekki samræmingar, þá er það rétt skilið hjá hv. þingmanni að þarna er einfaldlega um það að ræða að sveitarfélögunum verður eftirleiðis skylt að setja þessar reglur en ekki er verið að skylda þau til að samræma þær. Ég tel að ég geti fullyrt að mikil andstaða yrði við það meðal sveitarstjórnarmanna því þeir líta svo á að þarna sé höggvið nærri sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna og sömuleiðis að sveitarfélögunum eigi að vera kleift að hafa á milli sín ákveðna samkeppni um íbúana og þetta kunni að vera liður í því.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi rakið flest þau efnisatriði sem komið hafa til tals við þessa umræðu í dag og vona að svo sé. Ég ítreka síðan ósk mína um að málinu verði vísað til hv. félagsmálanefndar til umfjöllunar.

[19:37]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Ég held að hann hafi svarað sæmilega skilmerkilega öllu því sem ég bað hann um og ég þakka fyrir það. Þegar ég spurði hæstv. ráðherra um halann sem út af stendur í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og hvort ekki væri ástæða til að hafa hreint borð milli þessara aðila, ríkis og sveitarfélaga, í því efni og þetta uppgjör færi fram, þá svaraði ráðherrann því raunverulega neitandi. Ekkert yrði gert í því eða ég skildi mál

hans þannig vegna þess að hann vísaði einungis til þess að héðan í frá yrði gert kostnaðarmat á málum sem varða hag sveitarfélaga í frumvörpum sem hér koma inn. Með því telur hæstv. ráðherra væntanlega að það mál sé afgreitt. En ég held að trúnaðarbrestur muni vera milli ríkis og sveitarfélaga meðan þessi hali stendur út af og er ekki afgreiddur.

Það var sömuleiðis athyglisvert sem hæstv. ráðherra sagði varðandi endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga en hann sagði í reynd hér og nú að ekki yrði meira gert í því máli fyrr en kannski á árinu 2008. Ég tel það mjög miður vegna þess að ég tel að um leið sé verið að segja að ekkert meira verði gert í verkefnatilfærslu til sveitarfélaganna fyrr en eftir 2008 ef mönnum tekst að leiða þá til lykta þær deilur sem eru um tekjustofnana. Það er auðvitað til vansa að ekki sé hægt að setjast yfir það og búa sveitarfélögunum framtíðartekjustofna.

Ég vænti þess að hv. fjárlaganefndarmenn hafi hlýtt á hæstv. ráðherra þegar hann sagði að ekki sé vitað hvort gert sé ráð fyrir fasteignaskatti sem ríkið er nú að yfirtaka á fasteignum ríkisins, t.d. í framhaldsskólum og sjúkrastofnunum. Hér er um að ræða 200 milljónir á næsta ári. Er það virkilega svo að þetta standi út af og hefur ekki verið gert ráð fyrir því í tekjum þessara stofnana?

[19:39]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Með aðstoð nútímasamskiptatækni þ.e. SMS-skilaboðum, get ég nú í andsvari mínu svarað hv. þingmanni að það mun verða gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlagafrumvarpinu á sameiginlegum lið fjármálaráðuneytis og þaðan verður því deilt út á viðkomandi stofnanir. Það er ánægjulegt að geta með þessum hætti tekið tæknina í sína þjónustu, hæstv. forseti.

Tekjustofnar ríkis og sveitarfélaga verða að sjálfsögðu sífellt umfjöllunar- og því miður eflaust deiluefni milli ríkis og sveitarfélaga. Við höfum komist að niðurstöðu um tilteknar breytingar sem skila sveitarfélögunum umtalsvert auknum tekjum á næstu árum. Það er ánægjulegt. Hvað verður í framtíðinni get ég ekki spáð fyrir um. Það sem ég legg hins vegar áherslu á er það að við höfum náð þeim árangri að sveitarfélögin munu á tilteknum tíma hafa einhvers staðar á bilinu 5–6 milljarða í auknar tekjur fram til ársins 2008 frá því sem nú er. Það tel ég að sé mikill áfangi, hæstv. forseti. Framtíðin verður svo að leiða í ljós hvernig þessum tekjulegu samskiptum verður háttað.

[19:40]

Útbýting:

Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 386. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 456.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 2005, frh. 3. umr.

Stjfrv., 144. mál. — Þskj. 367, frhnál. 439, 443 og 444, brtt. 440 og 445.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[19:41]

Katrín Júlíusdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum farið yfir það í umræðum og í álitum okkar hvernig farið er á svig við fjárreiðulög í ýmsum atriðum fjáraukalaganna. Það er því miður orðið að hvimleiðu munstri hjá hæstv. ríkisstjórn að nota fjáraukalögin til að breyta myndinni af ríkisrekstrinum. Það er orðið að hvimleiðu munstri hjá ríkisstjórnarmeirihlutanum að slá upp glansmyndum í stað þess að fram fari raunveruleg áætlanagerð. Umgengni ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis á lögum um fjárreiður ríkisins hefur ekkert farið fram eins og sést í þessu frumvarpi til fjáraukalaga. Á meðan svo er munu fjárlög og fjáraukalög ekki vera sá rammi sem þau eiga að vera um ríkisreksturinn ef farið væri að fjárreiðulögum í einu og öllu. Við þessar aðstæður er því ekki hægt að búast við að stjórntæki á borð við fjárlög og fjáraukalög nýtist við efnahagsstjórnina eins og þeim ber ef rétt væri á málum haldið.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings ársins 2004 er slök framkvæmd fjárlaga gerð að umtalsefni. Þar kemur fram sú skoðun stofnunarinnar að það verði að teljast mjög óheppilegt að stór hluti útgjaldaákvarðana sé ekki ræddur í tengslum við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Einn stærsti galli þessa fjáraukalagafrumvarps er hvernig tekið er á vanda einstakra fjárlagaliða vegna þess að ekki er hægt að sjá neina reglu í því hvernig tekið er á einstaka vanda heldur virðist vera um dapurlega tilviljunarkennt úrtak að ræða á hverju tekið er hverju sinni.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í nokkrum tilfellum sé lagt til að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana eða verkefna verði bættur að hluta eða öllu leyti. Hér er um fáar stofnanir að ræða sem þannig fá leiðréttingu núna sem vekur upp spurningar um þann fjölda annarra stofnana sem eru í svipaðri stöðu. Hvað það er sem ræður vali á stofnunum eða hvaða reglur gilda innan á milli ráðuneyta er óljóst. Því er hér, eins og oft áður, hrein tilviljun sem ræður því hvaða stofnanir eru leiðréttar í frumvarpi þessu. Í þessu sambandi er mikilvægt að benda á að samkvæmt fjárreiðulögum eiga þessar leiðréttingar hins vegar að afgreiðast í tengslum við fjárlög næsta árs en ekki fjáraukalög yfirstandandi árs eins og hér er gert.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnarmeirihlutinn ber alla ábyrgð á þessum vinnubrögðum og þar með á málinu öllu. Samfylkingin getur ekki tekið þátt í þeirri gjörð og mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[19:44]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Fjáraukalög fyrir árið 2005 koma nú til lokaafgreiðslu við 3. umr. Ég hef áður lagt áherslu á það við umræður um fjárlagagerð á vegum þingsins að fjáraukalög

væru unnin að vori og hausti þannig að Alþingi tæki í raun ákvarðanir um fjárútlát og aðrar breytingar sem gera þarf á fjárlögunum innan ársins.

Þær tillögur sem liggja fyrir í þessu fjáraukalagafrumvarpi sem komið er til 3. umr. eru að stærstum hluta tillögur um gerðan hlut, ákvarðanir sem framkvæmdarvaldið hefur tekið og Alþingi er í rauninni formsins vegna að leggja blessun sína yfir. Slík vinnubrögð eru ólíðandi og þau eru óþingræðisleg og þess vegna legg ég áherslu á að tillögur sem ég hef lagt fram, og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um fjáraukalög að vori og fjáraukalög að hausti verði tekið upp.

Það sem mér finnst þó alvarlegast við þessa lokaafgreiðslu á fjáraukalögum er að ekki skuli vera tekið á þeim rekstrarvanda og uppsafnaða halla hjá ellilheimilum, öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimilum sem liggur fyrir og hefur legið fyrir ekki bara í ár, það lá líka fyrir í fyrra, og áfram er sagt að hann sé til skoðunar í nefnd. Þetta liggur allt fyrir og mér finnst það ábyrgðarhluti að á því skuli ekki tekið við lokaafgreiðslu fjáraukalaga. Þetta hef ég gagnrýnt og geri enn. Ég hef ásamt nokkrum öðrum þingmönnum lagt fram tillögu um að auka framlög til hjálparstarfsins, neyðaraðstoðarinnar, í Kasmír og hún kemur til atkvæða á eftir. Ég gleðst yfir því að meiri hluti fjárlaganefndar leggur fram aukin framlög frá því sem var við 2. umr. til hjálparstarfsins í Kasmír og ég fagna því þó svo að mér finnist það allt of lítið, bæði miðað við þörfina og það sem okkur ber að gera. Ég hvet Alþingi og landsmenn alla til að taka virkan þátt í að styrkja hjálparstarfið í Kasmír. Þar er virkileg neyð.

Frú forseti. Að öðru leyti sitjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hjá við meginafgreiðslu þessa frumvarps.

[19:47]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Nú fer í hönd tímamótaatkvæðagreiðsla. Það er ekki aðeins að við munum greiða atkvæði um að skila fjáraukalögum með 33,2 milljarða kr. tekjuafgangi að frátalinni sölu eigna eða afgangi upp á 3,4% af landsframleiðslu heldur erum við einnig að greiða atkvæði um að skila lánsfjárafgangi upp á 103 milljarða kr. að meðtalinni sölu eigna. Þetta er alveg örugglega met. Ég veit ekki hvort við munum fá tækifæri til að greiða atkvæði um slíkar tölur aftur. Ég mundi gjarnan vilja það. (Gripið fram í.) En ég fagna þeim árangri að við getum að lokinni þessari atkvæðagreiðslu greitt niður skuldir um 103 milljarða kr. (Gripið fram í.)

Brtt. 440,1 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BBj, BHar, DJ, DrH, EOK, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP.

14 þm. (AKG, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GuðmM, GÖg, HBl, HHj, ISG, JGunn, JBjart, KHG, KLM, LB, PHB, RG, SKK, VS) fjarstaddir.

Brtt. 445 felld með 24:7 atkv. og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

nei: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BBj, BHar, DJ, DrH, EOK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, MS, SAÞ, SÞorg, SF, SP.

9 þm. (AKG, JÁ, JóhS, KJúl, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JGunn, JBjart, KHG, KLM, LB, PHB, RG, SKK, VS) fjarstaddir.

Brtt. 440,2 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BBj, BHar, DJ, DrH, EOK, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JBjarn, JónK, KÓ, KolH, MÞH, MS, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, ÞBack, ÖS.

7 þm. (AKG, JóhS, KJúl, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JGunn, JBjart, KHG, KLM, LB, PHB, RG, SKK, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:50]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að auka framlag til hjálparstarfsins í Kasmír í Pakistan upp í 30 millj. kr., um 11,9 millj. kr. Það er ekki mikið en það er þó litur og ég styð það.

Brtt. 440,3–8 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BBj, BHar, DJ, DrH, EOK, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, MÞH, MS, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP.

11 þm. (AKG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JGunn, JBjart, KHG, KLM, LB, PHB, RG, SKK, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BBj, BHar, DJ, DrH, EOK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, MS, SAÞ, SÞorg, SF, SP.

16 þm. (AKG, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GuðmM, GÖg, HHj, ISG, JGunn, JBjart, KHG, KLM, LB, PHB, RG, SKK, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 457).

Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 360.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 329. mál (kjördæmi kirkjuþings o.fl.). — Þskj. 361.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 365. mál (heimilisofbeldi). — Þskj. 419.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Ársreikningar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 362. mál (EES-reglur). — Þskj. 413.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 363. mál (framlenging á lækkun gjalds). — Þskj. 414.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 427.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 364. mál (undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts o.fl.). — Þskj. 418.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 381. mál (hækkun eftirlitsgjalds). — Þskj. 438.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 12.–13. mál.

Fundi slitið kl. 19:56.

33. FUNDUR

föstudaginn 2. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[15:02]

Útbýting:
Afli smábáta, 374. mál, svar sjútvrh., þskj. 468.

Bifreiða-, ferða- og risnukostnaður, 89. mál, svar fjmrh., þskj. 463.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 287. mál, nál. utanrmn., þskj. 467.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, 285. mál, nál. utanrmn., þskj. 465; nál. utanrmn., þskj. 466.

Endurbætur á varðskipinu Ægi, 330. mál, svar dómsmrh., þskj. 461.

Fjárlög 2006, 1. mál, þskj. 437.

Gjaldþrot ungs fólks, 321. mál, svar dómsmrh., þskj. 460.

Greiðslur til foreldra langveikra barna, 389. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 471.

Innflutningur dýra, 390. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 472.

Matvælarannsóknir hf., 387. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 469.

Merkingar ásetningsfjár, 309. mál, svar landbrh., þskj. 462.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar, 319. mál, svar sjútvrh., þskj. 459.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis, 284. mál, nál. utanrmn., þskj. 464.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 474.

Tóbaksvarnir, 388. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 470.

Athugasemdir um störf þingsins.

Útbýting þingskjala.

[15:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Varðandi þær útbýtingar sem hér hafa verið lesnar upp á fundinum er um flestar þeirra það eitt að segja að það er eðlileg afgreiðsla á málum úr nefndum. Í sjálfu sér er ekkert við það að athuga að haldinn sé útbýtingarfundur þannig að slík mál megi þá koma á dagskrá strax eftir helgi án þess að taka þurfi þau fyrir með afbrigðum. Hið sama gildir ekki um a.m.k. þrennt á þessum lista, ef mér heyrðist rétt, og þá á ég við í fyrsta lagi það að hér sé verið að útbýta gögnum til 3. umr. fjárlaga. Það er mjög skrýtið því að ég vissi ekki til þess að fjárlaganefnd hefði tekið fjárlagafrumvarpið fyrir milli 2. og 3. umr. eins og alltaf hefur verið gert. Ef til vill er hér um misskilning að ræða og sé svo leiðréttist það.

Varðandi hins vegar tvö frumvörp sem þarna voru á listanum er annars vegar um að ræða frumvarp um Matvælastofnun ríkisins hf. Það er auðvitað athyglisvert að nú skuli lagt af stað með opinberar stofnanir af því tagi sem hlutafélög. Enn þá meiri athygli mína vakti þó frumvarp til laga um að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag. Ég vil spyrja forseta, bara til að það sé á hreinu, hvort ekki sé ör-uggt og því megi treysta að það mál verði ekki tekið fyrir hér fyrir jólahlé. Ef slíkt stæði til vildi ég mótmæla því strax og láta koma í ljós að það ylli miklum deilum ef menn ætluðu á allra síðustu sólarhringum þinghaldsins fyrir jól að fara af stað með slíkt eldfimt og mjög umdeilt mál. Ég held að hæstv. forseti hljóti að sjá í hendi sér að svo er málið vaxið og þess vegna vildi ég gjarnan fá það staðfest, sem ég vona, að ekki standi til að gera annað en að dreifa þessu máli fyrir jól.

[15:06]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill taka fram að það er misskilningur hjá hv. þingmanni að verið sé að dreifa gögnum sem snerta 3. umr. fjárlaga.

Varðandi þau tvö stjórnarfrumvörp sem hann nefndi, annars vegar Matvælarannsóknir hf. og hins vegar stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjórnarfrumvarp, getur forseti sagt að honum er ekki kunnugt um að ósk liggi fyrir um að þessi mál verði afgreidd fyrir jólahlé.

[15:07]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það væri óskandi að fá frekari upplýsingar um störf þingsins á næstu dögum. Nú er verið að dreifa skýrslu um að gera Rafmagnsveitur ríkisins að hlutafélagi en hér liggur fyrir raforkuskýrsla hæstv. iðnaðarráðherra og mér leikur forvitni á að vita hvort eigi að ræða þá skýrslu áður en menn fara að ræða um að breyta einhverjum fyrirtækjum og rekstrarformi þeirra. Á að gera það?

Einnig hef ég beðið um að rædd verði sú hækkun sem hefur orðið á rafmagnsverði til þeirra sem hita hús sín með slíkri orku. Mér finnst svolítið sérstakt að svo virðast sem keyra eigi þessi mál í gegn, að breyta fyrirtækjum í hlutafélög, og síðan fáum við ekki að ræða þau mál sem brenna á fólki, t.d. hækkað orkuverð þeirra sem hita hús sín með rafmagni og síðan þá skýrslu sem var dreift hér fyrir um 10 dögum.

Ég hef ýmsar athugasemdir fram að færa við þá skýrslu,

sérstaklega það að í henni kemur ekki fram, frú forseti, sú heildarhækkun sem varð á rafmagnsverði í landinu við þessar breytingar. Mér finnst ótækt að ræða t.d. breytingu á Rarik í hlutafélag án þess að við höfum rætt áður þær breytingar og þær hækkanir sem hafa orðið á rafmagnsmarkaðnum í landinu.

[15:08]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill upplýsa að engin áform eru um að taka þessa skýrslu til umræðu nú en ítrekar það sem hann sagði áðan að ekki stendur til að stjórnarfrumvarp um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins verði afgreitt fyrir jólahlé.

[15:09]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Í fyrsta lagi vil ég fá að heyra hjá forseta hvernig háttað sé almennt varðandi frumvarp til fjárlaga. Það var afgreitt við 2. umr. fyrir nokkru og kemur síðan til 3. umr. Á fundi í fjárlaganefnd í morgun var tilkynnt að frumvarpið kæmi ekki inn í nefndina fyrir 3. umr., heldur yrði afgreitt til 3. umr. án þess að það færi til fjárlaganefndar aftur. Ég mótmælti því, taldi bæði marga efnisflokka vera eftir og að gögn sem hefði verið beðið um hefðu verið að skila sér fram á síðasta dag. Auk þess er þetta eitt af stærstu málum þingsins og væri eðlilegt að það kæmi inn í nefndina með formlegum hætti fyrir 3. umr. og að nefndarmenn, meiri eða minni hluti eftir atvikum, gætu skilað nefndarálitum með eðlilegum hætti. Við þessu var ekki orðið og málið látið ganga áfram til 3. umr.

Ég ritaði formanni nefndarinnar bréf þar sem ég spurði hvort það væri löglegt og lyti almennum vinnuhefðum þingsins að afgreiða fjárlagafrumvörp svona. Ég óskaði einnig eftir að fá skilgreinda málaflokka sem hafði verið um rætt að yrðu á dagskrá nefndarinnar og um fjallað áður en frumvarpið færi til 3. umr. Ég spyr því hæstv. forseta hvort það sé lögleg meðferð á málum eins og fjárlagafrumvarpi að vísa því til 3. umr. án þess að það komi inn í nefnd.

[15:11]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseta er kunnugt um að til stendur að kalla saman fund í fjárlaganefnd nk. mánudagsmorgun. Það er líka í samræmi við þingsköp, sbr. 25. gr., en í lok 1. mgr. segir: „Frumvarpi til fjárlaga skal að nýju vísað til fjárlaganefndar að lokinni 2. umræðu."

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka þessar upplýsingar. Þá verður þeim væntanlega komið til forsvarsmanna fjárlaganefndar. Þeim hlýtur að hafa verið ókunnugt um að það væri ekki einungis hefð, heldur líka beinlínis bundið í þingsköpum að fjárlagafrumvarp gengi formlega til nefndar einnig milli 2. og 3. umr.

Það sem ég vil hér ræða, frú forseti, er það að hér eru boðuð, og var útbýtt á þessum fundi, tvö hlutafélagafrumvörp hæstv. ríkisstjórnar og í fréttum hefur verið að undanförnu að væntanleg séu fleiri hlutafélaga-, einkavæðingareða markaðsvæðingarfrumvörp frá ríkisstjórninni, svo sem eins og mögulega um Ríkisútvarpið og hlutafélög í opinberri eigu. Ég held að það sé algerlega óumflýjanlegt að á Alþingi fáist umræða um stefnumörkunina í þessum efnum og að færi gefist á að ræða við hæstv. ríkisstjórn um það einkavæðingarfár eða -æði sem hér er greinilega skollið á. Ríkisstjórnin verður auðvitað að gera grein fyrir stefnu sinni í þeim efnum. Það þýðir ekki að tína inn málin eitt af öðru og kasta sem sagt sprengjunum þannig. Ég held að það væri miklu skilvirkara að við tækjum formlega umræðu um stefnumörkun í þessum efnum og að ríkisstjórnin reyndi þá að rökstyðja framgöngu sína í þeim. Ég óska hér með formlega eftir því að fá umræðu utan dagskrár um stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum einkavæðingarmálum öllum saman hvað varðar það einkavæðingaræði sem greinilega er skollið á.

Varðandi rafmagnsmálin sem slík sérstaklega tek ég undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að það eru full efni til að ræða um þau, um hækkun á raforkuverði og um allt sem hefur verið að gerast í þeim efnum í kjölfar markaðsvæðingar hæstv. iðnaðarráðherra, áður en menn fara að taka einstök mál fyrir, ég tala nú ekki um stór deilumál eins og það augljóslega verður ef á að fara að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag.

[15:14]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem komu fram hjá hæstv. forseta, að þingsköp kveðu á um að fjárlagafrumvarp skyldi fara inn til fjárlaganefndar milli 2. og 3. umr., fá þar efnislega umfjöllun og að þar kæmu á dagskrá þau mál sem nefndarmenn teldu nauðsynlegt að væru rædd milli 2. og 3. umr., enda koma gögn til nefndarinnar á milli 2. og 3. umr., gögn sem meira að segja nefndin hefur beðið um til að hafa til stuðnings við yfirferð og frágang fjárlaga. Ég fagna því, frú forseti, og veit að þessum skilaboðum verður komið á framfæri.

Hitt vil ég svo taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Sigurjóni Þórðarsyni varðandi það hvernig einkavæðingarmál ríkisstjórnarinnar koma núna inn hvert af öðru. Það er ekki aðeins það að boðuð sé hlutafélagavæðing á almannaþjónustu í fyrirtækjum. Líka eru boðuð lög um hlutafélög í eigu ríkisins. Væri ekki rétt röð að taka þá umræðu fyrst ef nauðsynlegt er að breyta almannafyrirtækjum í hlutafélög, ef það sýnist svo og ríkisstjórnin er með á prjónunum frumvarp þess efnis? Eigum við ekki að taka þá umræðu áður en genginn verður þessi einkavæðingarvegur? Ég man ekki betur en að hæstv. forsætisráðherra segði eftir einkavæðingu og sölu Símans að nú yrði hlé á einkavæðingunni og að hann sæi ekki fyrir sér stórfellda einkavæðingu á næstunni. Þeim orðum er ekki fyrr sleppt en allt er sett á fullt, einkavæðing á vatninu, einkavæðing á Rarik, einkavæðing á Ríkisútvarpinu.

Frú forseti. Eigum við ekki að taka (Forseti hringir.) prinsippumræðu um þessi mál áður en hvert frumvarpið á

fætur öðru er keyrt með þessum hætti inn í þingið?

Fundi slitið kl. 15:17.

---

34. FUNDUR

mánudaginn 5. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
3. Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, stjfrv., 331. mál, þskj. 363. — 1. umr.
4. Greiðslur til foreldra langveikra barna, stjfrv., 389. mál, þskj. 471. — 1. umr.
5. Innflutningur dýra, stjfrv., 390. mál, þskj. 472. — 1. umr.
6. Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis, stjtill., 284. mál, þskj. 299, nál. 464. — Síðari umr.
7. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 285. mál, þskj. 300, nál. 465. — Síðari umr.
8. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 286. mál, þskj. 301, nál. 466. — Síðari umr.
9. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 287. mál, þskj. 302, nál. 467. — Síðari umr.
10. Meðferð opinberra mála, frv., 295. mál, þskj. 314. — 2. umr.
11. Samráðsskylda stjórnvalda við samtök fatlaðra, þáltill., 385. mál, þskj. 454. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.,
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.,
Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Minning Páls Hallgrímssonar.

[15:04]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Páll Hallgrímsson, fyrrverandi sýslumaður og alþingismaður, andaðist í fyrradag, 3. desember. Hann var níutíu og þriggja ára að aldri.

Páll Hallgrímsson var fæddur í Reykhúsum í Eyjafirði 6. febrúar 1912. Foreldrar hans voru hjónin Hallgrímur Kristinsson, forstjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga, og María Jónsdóttir húsmóðir. Hann stundaði nám við Menntaskólann á Akureyri og lauk stúdentsprófi 1931, nam síðan lögfræði við Háskóla Íslands og lauk prófi vorið 1936. Um eins árs skeið, 1936–1937, starfaði hann hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga við lögfræðistörf og endurskoðun, en hinn 1. janúar 1937 var hann skipaður sýslumaður í Árnessýslu. Hann tók við því embætti 1. október það ár, aðeins 25 ára að aldri, og gegndi því samfellt til ársins 1982, í hálfan fimmta áratug. Hann var jafnframt bæjarfógeti á Selfossi 1978–1982.

Í sumarkosningum til Alþingis 1942 var hann í framboði fyrir Framsóknarflokkinn í Árnessýslu og var kjörinn þingmaður. Sat hann á rúmlega fimm vikna aukaþingi í ágúst og fram í september árið 1942, en þingmennsku hans lauk við kosningar til Alþingis í október 1942.

Jafnframt sýslumannsembætti gegndi Páll Hallgrímsson ýmsum trúnaðarstörfum, bæði í héraði og á landsvísu. Hann var í stjórn Kaupfélags Árnesinga 1939–1968, formaður stjórnarinnar frá 1960, og endurskoðandi Sambands íslenskra samvinnufélaga 1951–1957. Stéttarbræður hans völdu hann til forustu í samtökum sínum, í stjórn Dómarafélagsins og Sýslumannafélagsins.

Langt er nú liðið frá því að Páll Hallgrímsson átti skamma setu á Alþingi, en hann gaf ekki kost á lengri setu hér. Hann kaus að helga starfskrafta sína sýslumannsstörfum í víðlendri sýslu og standa með sýslungum sínum að framkvæmdum innan sýslunnar. Hann studdi og hafði forustu um viðreisn Þorlákshafnar, rekstur og byggingu skólaseturs á Laugarvatni og sjúkrahúsmál Suðurlands á Selfossi, svo að fátt sé talið.

Páll Hallgrímsson var samvinnumaður. Hann var farsæll embættismaður, félagslyndur og naut trausts þeirra sem störfuðu með honum.

Ég bið hv. alþingismenn að minnast Páls Hallgrímssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

[15:07]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 1. þm. Reykv. s., Geir H. Haarde, dagsett þann 5. desember:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykv. s., Lára Margrét Ragnarsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Lára Margrét Ragnarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[15:07]

Útbýting:

Ársreikningar, 362. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 478.

Fjárlög 2006, 1. mál, brtt. MS og EOK, þskj. 480.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 381. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 477.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 3. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 479.

Tilkynning um dagskrá.

[15:08]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Um kl. hálffjögur í dag fer fram umræða utan dagskrár um stefnu stjórnvalda í alþjóðasamstarfi gegn vá af völdum loftslagsbreytinga. Málshefjandi er hv. þm. Mörður Árnason. Hæstv. umhverfisráðherra, Sigríður A. Þórðardóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Skýrsla um stöðu öryrkja.

[15:09]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Í síðustu viku var kynnt skýrsla um örorku og velferð á Íslandi og í öðrum vestrænum löndum sem unnin var m.a. fyrir samtök öryrkja. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann skýrsluna. Í þeirri skýrslu kemur fram að kjör öryrkja á Íslandi hafa dregist aftur úr kjörum annarra þjóðfélagshópa á síðustu tíu árum. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að í lögum um málefni fatlaðra frá 1992 setja stjórnvöld sér það markmið að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi.

Það sem virðist hafa haft mest áhrif á stöðu og kjör öryrkja og reyndar aldraðra líka á þessu tíu ára bili er annars vegar sú aftenging launa og bóta sem var ákveðin við afgreiðslu fjárlaga árið 1996 og hins vegar sú skattstefna sem rekin hefur verið af stjórnvöldum. Þetta tvennt eru afdrifaríkustu þættirnir í því að öryrkjar hafa dregist aftur úr öðrum hópum í kjörum. Fram kemur að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann á landinu almennt á þessu tíu ára tímabili hefur hækkað um 50%, hjá einhleypum öryrkja og öryrkja í sambúð um 40% en öryrkja sem er einstætt foreldri aðeins um 30%. Það hefur gerst í því góðæri sem hér hefur ríkt á síðustu tíu árum að þessir hópar hafa dregist aftur úr öðrum sem er auðvitað algerlega ólíðandi. Þess vegna spyr ég, virðulegur forseti: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að bæta stöðu öryrkja?

[15:11]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Verið er að fara yfir þessa skýrslu á vegum forsætisráðuneytisins. Ég skal játa að þessar tölur komu mér nokkuð á óvart því það er staðreynd að kaupmáttur þeirra bóta sem ríkið greiðir hefur hækkað um 58% á síðustu tíu árum á sama tíma og kaupmáttur almennra launa hefur hækkað um 37%. Þetta hef ég fengið staðfest. Hins vegar liggur fyrir að greiðslur frá lífeyrissjóðum hafa verið að skerðast á undanförnum árum. Lífeyrissjóðirnir hafa ekki haft þá getu sem menn höfðu vænst til að standa undir örorkubótum og svo liggur líka fyrir að atvinnuþátttaka öryrkja hér á landi er með minnsta móti. Það er nauðsynlegt að fara yfir þessi mál og verið er að því.

Hvað varðar skattamálin þá liggur það alveg fyrir, hv. þingmaður, að eftir því sem laun hafa hækkað hér á landi hafa að sjálfsögðu skattgreiðslur hækkað til opinberra þarfa, þ.e. í fjárhæðum talið. Hér hefur orðið gífurleg launahækkun undanfarinn áratug og það hefur orðið til þess að við höfum getað farið út í margvíslega hluti á vettvangi samneyslunnar, hvort sem það er til menntamála eða heilbrigðismála og líka til að hækka tryggingabætur.

Auðvitað má gera betur. Það liggur fyrir. Það má gera betur bæði gagnvart eldri borgurum og öryrkjum og það er eitt af því sem við hljótum ávallt að vilja bæta. Ástæðan fyrir því að hægt hefur verið að ganga í þá átt að hækka þessar bætur er hin mikla aukning þjóðartekna sem hér hefur verið á undanförnum tíu árum.

[15:13]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það er vissulega rétt að stjórnvöld geta gert miklu betur og það er auðvitað áfellisdómur yfir þessari ríkisstjórn í því góðæri sem hér hefur verið og sem hún hefur státað sig mjög af á síðustu tíu árum. Að það skuli hafa getað gerst að öryrkjar og aldraðir dragist aftur úr öðrum í lífskjörum á þessu tímabili er þungur áfellisdómur yfir ríkisstjórninni og segir okkur bara að þetta er ríkisstjórn ójafnaðar. Það þýðir ekki að vitna í lífeyrissjóðina því aðeins helmingur öryrkja fær yfirleitt bætur úr lífeyrissjóðum. Hinir fá það ekki.

Það sem vegur þyngst í þessu, eins og ég sagði áðan, er annars vegar sú aftenging launa og bóta sem ákveðin var með stjórnvaldsaðgerð og hins vegar sú skattstefna sem hér hefur verið rekin sem hefur falist í því að lækka álagningarprósentuna í skattinum en láta skattleysismörkin ekki fylgja verðlagsþróun. Það gerir það að verkum að þeir sem verst eru settir greiða af launum sínum í skatt sem þeir gerðu ekki áður.

[15:14]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það væri fróðlegt við þessa umræðu að fá upplýsingar um hver sé skattstefna Samfylkingarinnar. Það hefur allt saman verið út og suður í þeim efnum. Það er alveg rétt að núverandi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir því að lækka skattprósentuna og þar með hafa skattleysismörkin hækkað. Það hefur verið alveg skýr stefna af hálfu stjórnvalda að lækka skattleysismörkin með þeim hætti.

Hv. þingmaður segir að ekkert hafi gerst í málefnum öryrkja hér á landi. Ég vil t.d. minna á að árið 2000 var tekinn upp sérstakur tekjutryggingarauki og það var líka farið út í

mikið átak í sambandi við örorku ungra öryrkja og lífeyrir til þeirra hækkaði verulega. Nauðsynlegt er að halda þessu öllu til haga á sama tíma og ber að viðurkenna að hægt er að gera betur. En það er alveg ljóst að það hefði ekki tekist ef stefna Samfylkingarinnar í efnahags- og velferðarmálum hefði gilt hér á landi.

[15:16]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Hann er oft sérkennilegur, sá málflutningur hjá hæstv. ráðherra og hv. stjórnarliðum þegar kemur að því að þeir svari fyrir stjórnarstefnu sína að kalla eftir stefnu Samfylkingarinnar. Þeir tóku að sér að vera í ríkisstjórn og þeim ber að haga hlutum með þeim hætti að hér sé sanngjörn og réttlát stjórnarstefna.

Varðandi skattstefnu Samfylkingarinnar skal það sagt, svo að það sé alveg ljóst og það á að vera alveg ljóst, að það er tvennt sem við höfum lagt áherslu á, einmitt að hækka skattleysismörkin og lækka matarskattinn. Þessar tillögur fluttum við núna og þessar tillögur fluttum við í fyrra þannig að það á ekki að koma neinum á óvart.

Varðandi öryrkjana og þetta álag sem yngstu öryrkjarnir fá er ég hér með dæmi um 40 ára einhleypan öryrkja. Hann þarf að standa undir heimili og húsnæðiskostnaði og öllu sem 40 ára einstaklingi tilheyrir með engar aðrar tekjur en frá almannatryggingum. Hann fær að hámarki frá Tryggingastofnun 107 þús. kr. í nóvember 2005, greiðir 12.300 í skatta af heildartekjum sínum og heldur því eftir 94.700 kr. ár út og ár inn. (Forseti hringir.) Er þetta það sem hann á að lifa af í nánustu framtíð?

Vaxtaákvörðun Seðlabankans.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil eiga orðastað við hæstv. forsætisráðherra um þá sérkennilegu stöðu sem uppi er í samskiptum ríkisstjórnar og Seðlabanka. Hæstv. forsætisráðherra hefur áður tjáð sig opinberlega, ekki síst á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins í síðasta mánuði, um þá skoðun sína að engin þörf sé á frekari vaxtahækkunum. Það hefur verið þannig gert að ég hef orðað það svo að engu sé líkara en að hæstv. forsætisráðherra vilji segja Seðlabankanum fyrir verkum.

En nú er annað upp á teningunum þegar forsætisráðherra tekur sér það fyrir hendur að túlka ákvarðanir Seðlabankans um 25 punkta hækkun stýrivaxta sem stefnubreytingu sem hann fagni, hæstv. forsætisráðherra. Spyrja má: Síðan hvenær varð það hlutverk forsætisráðherra að gerast sjálfskipaður talsmaður og útskýrandi fyrir hönd Seðlabankans?

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra, af því að ekkert í yfirlýsingu Seðlabankans sjálfs, rökstuðningi hans og þaðan af síður í útgáfu Peningamála, gefur tilefni til að ætla að Seðlabankinn sjálfur telji sig vera að breyta um stefnu: Í hverju telur hæstv. forsætisráðherra að stefnubreytingin sé þá fólgin? Er það í því að hverfa frá núgildandi verðbólgumarkmiðum? Er það stefnubreytingin sem forsætisráðherra fagnar, að Seðlabankinn slaki á, hleypi verðbólgunni í gegn eins og það er stundum kallað? En einmitt þeirri leið hafnar Seðlabankinn sjálfur skýrt og skorinort og leggur áherslu á að hann telji sig ekki vera að breyta um stefnu og telji áframhaldandi þörf fyrir mjög mikið aðhald.

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Getur svona yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnar eða forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra gert annað en að grafa undan trúverðugleika bankans? Er kannski leikurinn til þess gerður vegna ágreiningsins sem uppi er milli bankans og ríkisstjórnar, að ríkisstjórnin sé bara ákveðin í því (Forseti hringir.) að veikja Seðlabankann og grafa undan trúverðugleika hans með yfirlýsingum af þessu tagi?

[15:20]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það liggur fyrir að Seðlabankinn er sjálfstæð stofnun og það var ekki hugmyndin með sjálfstæði hans að forsætisráðherra og ríkisstjórn afsöluðu sér því að hafa skoðun á málefni bankans eða hafa skoðun á efnahagsmálum. Mér finnst þetta með eindæmum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hv. þingmaður krefst þess að forsætisráðherra og ríkisstjórn hafi enga skoðun á efnahagsmálum. Hvað á þetta að þýða?

Ég hef sagt og stend við það að ég hef ekki talið ástæðu til vaxtahækkunar af hálfu Seðlabankans núna. Ég hef hins vegar fagnað því að Seðlabankinn hefur farið mjög mildilega í þessa hækkun og hún er minni en flestir gerðu ráð fyrir. Ég tel það vera stefnubreytingu og menn mega hafa aðra skoðun á því. Seðlabankinn talar ekki um það núna í yfirlýsingum sínum að hann ætli sér að hækka vexti enn frekar. Það hefur komið skýrt fram í tilkynningum Seðlabankans að undanförnu. Mín vegna geta menn kallað það eitthvað annað en stefnubreytingu, það skiptir ekki máli, en ég tel að þessi ákvörðun Seðlabankans sé hógvær og ásættanleg við núverandi aðstæður, jafnvel þótt ég hafi haft þá skoðun að ekki hefði verið ástæða til að hækka vexti núna. Við það stend ég.

Ég vænti þess að hv. þingmaður geti samþykkt það að forsætisráðherra landsins hafi einhverja skoðun á efnahagsmálum. Hv. þingmaður á ekki að koma hér upp í tíma og ótíma og mótmæla því að forsætisráðherrann hafi skoðun og krefjast skoðanaleysis af honum.

[15:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þetta er grundvallarmisskilningur. Ég vil endilega að forsætisráðherra og ríkisstjórn hafi skoðun á efnahagsmálum, en réttar skoðanir og skynsamlegar. Ég vil að forsætisráðherra og ríkisstjórn vinni með Seðlabankanum en ekki móti honum. Og það er mikill munur á því að lýsa almennum viðhorfum sínum til efnahagsmála, og þess vegna þó því að Seðlabankinn þurfi ekki að beita frekari vaxtahækkunum, og hinu að fara beint inn í ákvörðun Seðlabankans og reyna að útskýra hana á þann hátt sem gengur bersýnilega gegn vilja Seðlabankans sjálfs. Það er verið að reyna að barna þessa yfirlýsingu í áttina að því sem ríkisstjórnin vill en ekki Seðlabankinn.

Trúverðugleiki Seðlabankans í þessum efnum skiptir öllu máli, að markaðurinn hafi þá trú að Seðlabankinn sé

vandanum vaxinn og geti tryggt aðlögun efnahagsaðstæðna í landinu með mjúklegum hætti að veruleikanum. Það er ekki deila um það að gengið er yfir jafnvægismörkum. Það er hins vegar mikil deila um það hvaða áhrif það hefur ef gengið tekur kollsteypur og það er það sem Seðlabankinn vill varast. Þess vegna eru ummæli hæstv. forsætisráðherra (Forseti hringir.) að mínu mati ábyrgðarlaus og utan hans hlutverks.

[15:23]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Hv. þingmaður verður að fá að hafa þá skoðun að ég hafi talað af ábyrgðarleysi. Ég tel það af og frá. Ég tel eðlilegt að ég hafi mína skoðun á efnahagsmálum og ég vænti þess að hv. þingmaður fagni því að gengisvísitalan hefur heldur hreyfst til. Ég veit ekki betur en að hv. þingmaður hafi komið upp á Alþingi í vetur skipti eftir skipti, haft miklar áhyggjur af efnahagsmálum og spurt ríkisstjórnina skipti eftir skipti hvað hún ætli að gera í þeim málum.

Nú kemur hv. þingmaður upp og segir að þetta sé alveg skelfilegt. Hvaða afstöðu hefur hann sjálfur og hvaða skoðun hefur hann sjálfur á ákvörðunum Seðlabankans? Telur hann ákvörðun Seðlabankans góða og telur hann ástandið núna vera orðið ásættanlegt? Hann hefur hingað til í vetur talað eins og að við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegum hlutum og að efnahagsmál okkar séu í hinu versta ástandi. Við höfum verið ósammála um það. (Forseti hringir.) Það verður fróðlegt að vita hvað hann telur núna.

[15:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það vill svo til að efnahagsstefna okkar liggur fyrir í formi þingmáls, og við ein þingflokka höfum gert skilmerkilega grein fyrir henni og leggjum þar til ákveðna hluti, ákveðnar aðgerðir. Vandinn er aðallega sá — það stendur upp úr á öllum fundum og ráðstefnum sem núna eru um efnahagsmál öðrum en ríkisstjórnarfundum, þar er greinilega annar vandi — að Seðlabankinn er aleinn í glímu sinni við að halda aftur af þenslu og verðbólgu og reyna að endurheimta stöðugleika í hagkerfinu. Ríkisstjórnin hefur unnið gegn Seðlabankanum. Í staðinn fyrir að ganga til samstarfs við Seðlabankann um einhverjar samræmdar aðgerðir virðist núna vera komin upp sú staða að ríkisstjórnin hjóli í Seðlabankann og reyni að draga úr trúverðugleika hans. Það er háskalegt. Það er, eins og ég sagði áðan, ekki deila um það mikla jafnvægisleysi sem er í efnahagsmálum okkar núna og það er ekki deila um það að gengið er langt yfir raungengismörkum en allir hugsandi menn hljóta að sjá hversu hættulegt það er ef einmitt þetta brothætta ástand fer úr böndunum, m.a. (Forseti hringir.) vegna þess að ríkisstjórnin og Seðlabankinn vinni ekka saman heldur hvort gegn öðru.

[15:26]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég held að allir geti verið sammála um að við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu er mikilvægast af öllu að draga úr eyðslu og auka sparnað. Eina tillagan sem ég hef séð frá hv. þingmanni og þingflokki Vinstri grænna er að hækka fjármagnstekjuskatt við þær aðstæður úr 10% í 18%. Það er það vitlausasta af öllu sem gert væri við þessar aðstæður. Það yrði til þess að auka eyðslu og draga úr sparnaði. (Gripið fram í.) Ég held að hv. þingmaður ætti að tala varlega um eigin tillögur í efnahagsmálum.

Textun innlends sjónvarpsefnis.

[15:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Á árinu 2003 beitti þáverandi menntamálaráðherra sér sérstaklega fyrir því að settar voru 4,5 millj. kr. til að auka textun á íslensku sjónvarpsefni. Það var gert ráð fyrir því í skriflegu svari sem hann gaf við fyrirspurn hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur að auka fjárveitingar allt upp í 7 millj. á árinu 2004 í þetta verkefni. Ég varð ekki var við það núna við fjárlagagerðina að markaðir væru til þessa sérstakir fjármunir og ég veit ekki til þess að sérstaklega hafi verið mótuð stefna um það hjá Ríkisútvarpinu að fylgja þessu eftir, enda sýnist mér komið í ljós að það hefur ekki sést í raunveruleikanum.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort þær áætlanir sem mótaðar voru af fyrrverandi menntamálaráðherra um það að auka textun sjónvarpsefnis og láta til þess fé séu enn þá stefna ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi: Finnst hæstv. menntamálaráðherra að Ríkisútvarpið hafi staðið sig í stykkinu við það að auka textun á innlendu sjónvarpsefni? Í þriðja lagi: Hefur núverandi menntamálaráðherra í hyggju að auka fjárveitingar í textun til að fylgja eftir þeirri stefnumörkun sem kom fram í því svari sem ég vitnaði til í upphafi máls míns? Hann sagði m.a., með leyfi forseta:

„Ráðherra hefur lagt á það áherslu við forsvarsmenn Ríkisútvarpsins að verulega verði aukið við það fjármagn sem fer til textunar efnis á næstu árum.“ Síðan segir: „Fyrir skömmu var heimiluð 5% hækkun afnotagjalda sem eiga að auka tekjur Ríkisútvarpsins talsvert og er það álit ráðherra að hluta þess fjár eigi að ráðstafa til að texta íslenskt sjónvarpsefni.“

Nú spyr ég: Hvar eru þessar áætlanir í verkum ríkisstjórnarinnar? Hvar hefur þeim verið fylgt eftir eða hyggst ráðherra fylgja þeim eftir?

[15:29]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Já, ég tek undir með hv. þingmanni, það er mikilvægt að áfram verði haldið við það að texta meira en nú er gert. Það hefur verið aukið töluvert en ekki er nóg að gert. Ég mun halda áfram að fylgja eftir þeirri fyrirætlan forvera míns, sérstaklega þá í tengslum og samskiptum við Ríkisútvarpið. Ég tel að borð sé fyrir báru á þeim bænum og sér í lagi kannski í ljósi þess að nú hafa báðir þingflokkar ríkisstjórnarinnar, þingflokkar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, samþykkt breytingar á stjórnskipulagi Ríkisútvarpsins, að breyta því í hlutafélag. Ég geri ráð fyrir því að við það aukist svigrúm Ríkisútvarpsins til að sinna einmitt þessari mikilvægu almannaþjónustu.

Það er líka rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að svo var litið til hluta af þeirri afnotagjaldshækkun upp á 5% á

sínum tíma að hann ætti m.a. að fara í það að auka textun á efni. Ég mun fylgja þessu eftir og gera það innan tíðar.

[15:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka þau svör sem komin eru en hefði gjarnan viljað fá svolítið nákvæmari svör um það hvort hæstv. ráðherra metur það svo að ríkissjónvarpið hafi staðið sig í stykkinu á árinu 2004 miðað við þessa áætlun og það sem af er árinu 2005. Ég fagna því ef hagur Ríkisútvarpsins er með þeim hætti að það geti aukið textun á næsta ári og að ekki þurfi sérstaklega að gera ráð fyrir neinni fjárveitingu til þess. Ef ekki, þá geri ég ráð fyrir, miðað við svör hæstv. ráðherra, að ráðherrann beiti sér fyrir því að lagt verði til þessa fé, sérstaklega á næsta ári, eins og reyndar var gert á árinu 2003 þegar forsætis-, félagsmála-, heilbrigðis- og menntamálaráðuneytin lögðu saman 4,5 millj. til að auka textun. Ég vonast til þess að það sé full alvara í því að fylgja þessu máli eftir.

[15:31]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ríkisútvarpið hefur aukið þessa þjónustu sína töluvert en það er aldrei nóg að gert eins og ég greindi frá áðan. Ég mun sérstaklega láta fara yfir það hversu mikil aukningin hefur verið á þessu tímabili en ég vil líka undirstrika það að ég tel þetta tvímælalaust vera eitt af þeim hlutverkum sem við getum krafið Ríkisútvarpið um. Þetta er hluti af almannaþjónustuhlutverki þess og það á að uppfylla þessa þjónustu eins og annað sem fellur undir það hlutverk.

[15:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum þakka fyrir þessi svör og sérstaklega það sem sagt var síðast í þessum ræðustól, að það væri hluti af hlutverki Ríkisútvarpsins að auka textun á sjónvarpsefni og að að því yrði unnið. Ég mun fylgjast með því hvernig ríkisstjórninni tekst til við það verkefni sitt.

Markaðsráðandi staða á matvælamarkaði.

[15:32]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með umfjöllun bresku pressunnar undanfarnar vikur um aukna samþjöppun á matvælamarkaði þar í landi. Kveikjan að umræðunni er að stærsta matvörukeðja Bretlands, Tesco, hefur á undanförnum missirum jafnt og þétt aukið hlutdeild sína á matvælamarkaði og er nú með yfir 30%. Nánast þriðja hvert pund sem fer til matvælakaupa í Bretlandi fer í gegnum kassa Tescos. Þær þrjár keðjur sem koma í kjölfar Tescos hvað stærð varðar hafa markaðshlutdeild á bilinu 11,5–16,6% en samanlögð markaðshlutdeild fjögurra stærstu keðjanna er um 74%. Raunveruleikinn er sá að aukið umfang stórverslanakeðjanna hefur leitt til þess að 20% sjálfstæðra matvælaverslana í Bretlandi hafa lagt upp laupana á síðustu fjórum árum sem samsvarar um 50 verslunum í viku hverri. Umræðan í Bretlandi er á þann veg að staða Tescos á matvælamarkaði sé á góðri leið með að leiða til tæknilegrar einokunar miðað við markaðshlutdeild fyrirtækisins. Yfirburðastaða keðjunnar geri henni kleift að standa fyrir undirboðum og óheilbrigðum verslunarháttum sem til lengri tíma leiði til minna vöruvals og stríði gegn hagsmunum neytenda. Nefnd þingmanna í breska þinginu vinnur nú að úttekt á stöðu matvælamarkaðarins. Kallað er á opinbera stefnumótun um hvernig eigi að taka á breyttum aðstæðum á matvælamarkaði og hvernig beita megi samkeppnisreglum til að spyrna gegn þessari þróun, t.d. með kröfu um að keðjan selji hluta verslana eða þeim bönnuð kaup á verslunum til að auka hlutdeild sína enn frekar.

Þessi umræða er athyglisverð fyrir okkur Íslendinga, ekki síst í ljósi þess að hér á landi hefur ein matvörukeðja yfir 60% markaðshlutdeild á matvörumarkaði. Ef Bretar hafa áhyggjur af því að ein keðja hafi 30% og fjórar stærstu keðjurnar hafi samanlagt 74% markaðshlutdeild, hvað segja stjórnvöld og almenningur um stöðuna hér á landi og áhrif á almenna hagsmuni?

Af þessu tilefni varpa ég fram eftirfarandi spurningu til hæstv. viðskiptaráðherra: Telur hæstv. viðskiptaráðherra í ljósi umræðna í breskum fjölmiðlum um aðgerðir til að bregðast við markaðsráðandi stöðu fyrirtækja á breskum matvælamarkaði ástæðu til að grípa til sambærilegra aðgerða hér á landi í ljósi þeirra aðstæðna sem hér ríkja?

[15:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég efast ekki um að allt sem hv. þingmaður sagði hér er rétt. Hún vitnaði sérstaklega til stöðunnar í Bretlandi og eitthvað hef ég kynnt mér það sem þar er að gerast. Sem svar við spurningunni um það hvort ég muni grípa til einhverra aðgerða eða hvort ég sjái ástæðu til að fara svipaðar leiðir og Bretar hafa farið er það að segja að við erum með lög í landinu, samkeppnislög, sem eru alveg í samræmi við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar og eru sett á grundvelli EES-samþykkta. Þar að auki erum við hér með nýja stofnun, Samkeppniseftirlit sem kemur í stað Samkeppnisstofnunar, sem fær aukið hlutverk í sambandi við einokun á markaði og það að misnota markaðsráðandi stöðu.

Ég treysti þessari stofnun ákaflega vel til að fara með það eftirlit á markaðnum sem henni ber að gera samkvæmt lögum og ég mun ekki sem viðskiptaráðherra beita mér sérstaklega í þessum málum. Það er ekki mitt hlutverk að hafa afskipti af Samkeppniseftirlitinu. Það leggur sjálft sínar línur um það hvaða markaði eftirlitið skoðar hverju sinni. Það er svarið sem ég get gefið hv. þingmanni.

[15:36]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ráðherrann kom í svörum sínum að því hvernig löggjöfin er hér á landi og ég vil benda á grein sem birtist í Morgunblaðinu nýverið eftir tvo heiðursmenn, þá Jónas Haralz og Jóhann J. Ólafsson. Þeir segja m.a. eftirfarandi um markaðsaðstæður hér á landi, með leyfi forseta:

„Er frelsi viðskiptanna að leiða til þess að eignir og áhrif þjappist saman hjá fáum fyrirtækjum og einstaklingum sem

hika ekki við að misbeita aðstöðu sinni, ekki aðeins í atvinnulífinu sjálfu heldur jafnvel einnig í stjórnmálum og í þjóðlífinu öllu? Eru útrásarfyrirtækin, studd af íslenskum bönkum, að ráðast í ævintýraleg viðskipti sem ekki eiga stoð í heilbrigðum rekstri?"

Síðan velta þeir fyrir sér hvort við séum að ganga í gegnum ribbaldaskeið ungs kapítalisma sem aðrar þjóðir hafi gengið í gegnum á mismunandi tímum, m.a. Rússar eftir fall kommúnismans. Og þeir spyrja síðan:

„Ef í þetta stefnir, hvað er þá til ráða?" — Þessir ágætu menn hvetja til þess að endurskoðun fari fram á löggjöf um starfsemi atvinnulífsins, m.a. samkeppnislögum og lögum um eftirlitsstofnanir, með hliðsjón af þeim markaðsaðstæðum sem hér nú ríkja. Ég hvet hæstv. ráðherra til að hugleiða betur orð þessara heiðursmanna.

[15:37]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er hissa á að heyra þessar áherslur hjá hv. þingmanni með tilliti til þess að við gengum í gegnum heilmikla vinnu á síðasta þingi, fyrst í nefndarstarfi, í nefnd sem ég skipaði. Þar voru að sjálfsögðu fulltrúar samstarfsflokksins líka. Hún komst að ákveðnum niðurstöðum sem síðan hafa verið lagðar fram í formi frumvarpa og þau frumvörp hafa orðið að lögum. Þetta hefur verið unnið allt í sátt og samlyndi og ég gerði mér ekki grein fyrir, a.m.k. ekki á þeim tíma þegar við vorum að vinna að þessum málum, að aðrar hugmyndir væru uppi í Sjálfstæðisflokknum í sambandi við þetta mál. Hins vegar get ég að sjálfsögðu tekið undir með hv. þingmanni að það er áhyggjuefni þegar um fákeppni er að ræða á mörkuðum, hvaða markaðir sem það eru. En við settum í þau lög sem nú gilda um samkeppnismál, m.a. heimildir fyrir samkeppnisyfirvöld til að krefjast skipulagsbreytinga hjá fyrirtækjum ef þau hafa brotið lög.

[15:39]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Markaðsaðstæður breytast mjög hratt hér á landi eins og við höfum líka séð að gerist í Bretlandi. Ég vek athygli á því að tilefni umræðunnar í Bretlandi er það sem ég sagði hér áðan að eitt af hverjum þrem pundum sem fara í matvælakaup fer í gegnum kassa Tescos. Hér er það þannig að tvær krónur af hverjum þremur fara í gegnum vasa þeirrar stóru matvælakeðju sem við erum með hér á landi. Bretar kalla þetta einokun ... (**Gripið fram í:** Hvað heitir hún aftur?) Baugur heitir hún. (**Gripið fram í:** Já, já.) Ef Bretar kalla markaðshlutdeild Tescos einokun, hvaða orð getum við þá notað um markaðsstöðu Baugs? Ég lýsi eftir því orði. Ég held að við hljótum að hugleiða í þessu litla landi hvar almannahagsmunir liggja og hvað þurfi að endurskoða í lögum sem geri það að verkum að við getum náð betri tökum á þessum markaði.

[15:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að huga að almannahagsmunum í þessu máli eins og öðrum en við skulum hafa það í huga að það er ekki ólöglegt að hafa markaðsráðandi stöðu samkvæmt lögum. Hins vegar er ólöglegt að misnota markaðsráðandi stöðu. Ef fyrirtæki gera það eru þau að brjóta lög. Það er það sem hlýtur að vera útgangspunkturinn í þessari umræðu, ef fyrirtæki sem hafa markaðsráðandi stöðu brjóta lög þarf að fara með það athæfi sem lögbrot.

Eins og ég sagði áðan tel ég að Samkeppniseftirlitið hljóti að hafa eftirlit með öllum mörkuðum, ekki síst matvælamarkaði þar sem hann er hverjum íbúa þessa lands mikilvægur. Og hvað þeir eru að gera get ég ekki svarað hér vegna þess að ég hef ekki afskipti af Samkeppniseftirlitinu. Það er ekki lítið búið að tala um það á hv. Alþingi að það skipti máli að stjórnvöld hafi ekki afskipti af eftirlitsstofnunum almennt.

Umræður utan dagskrár.

Stefna stjórnvalda í alþjóðasamstarfi gegn vá af völdum loftslagsbreytinga.

[15:41]

Mörður Árnason:

Forseti. Á morgun heldur hæstv. umhverfisráðherra af stað til Montreal á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem um leið er fyrsti fundur Kyoto-ríkjanna. Nú eru síðustu forvöð að spyrja hvað ráðherrann hefur fram að færa í Kanada. Hvað vill ríkisstjórnin í loftslagsmálum? Hvað á að taka við þegar fyrsta Kyoto-tímabilinu lýkur 2012? Er ríkisstjórnin enn þá sammála Evrópusambandinu um að hlýnun skuli ekki fara yfir 2° frá iðnbyltingu og að iðnríkin eigi að draga úr útstreymi gróðurhúsalofts um 30% fyrir 2020? Eða er ríkisstjórnin þeirrar skoðunar að Kyotobókunin sé misskilningur og þess vegna sé rétt að fara léttari leið á næsta tímabili? Er ríkisstjórnin reiðubúin að falla frá hinu setta marki til að þóknast vilja Bandaríkjanna? Hvað vill ríkisstjórnin?

Vísindamenn eru nú að kalla samhljóða um vána af völdum loftslagsbreytinga. Flestir þeirra telja reyndar að breytingarnar séu þegar hafnar. Hér á Íslandi nægir að rifja upp skýrslu Norðurskautsráðsins frá í fyrra, um miklu meiri hlýnun á norðurslóðum en að jarðarmeðaltali. Þeir tala um 4–7° á svæðinu næstu 100 ár ef ekkert er að gert. Hlýnunin getur umbreytt náttúru umhverfis heimskautið þannig að við þekkjum ekki annað eins úr sögu Íslands og grannþjóðanna.

Við undirrituðum Kyoto-bókunina í maí 2002 í beinu framhaldi af Ríó-sáttmálanum. Í þeirri undirritun fólst að Íslendingar viðurkenndu þann vanda sem við er að fást og hétu samstarfi við að draga úr mengun frá gróðurhúsalofti. Þetta gerðu ekki allir. Ríkisstjórn Bandaríkjanna er því miður haldin kreddu. Hún undirritaði ekki Kyoto-bókunina og hefur hingað til hafnað algjörlega samstarfi um aðgerðir gegn vánni. Evrópusambandið hefur hins vegar þá stefnu að halda einarðlega áfram aðgerðum þar til ráðamenn í Washington láta af afstöðunni „veit ekki, skil ekki, vil ekki" og ganga til liðs við Kyoto-ríkin.

Hver er afstaða ríkisstjórnar Íslands gagnvart tregðu Bandaríkjastjórnar? Fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, virðist vera á Bush-línunni. Hann sagði á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í haust að Kyoto-bókunin væri

að vísu viðleitni í rétta átt en byggðist á, með leyfi forseta „afar ótraustum vísindalegum grunni". Veit ekki, skil ekki, vil ekki. Síðan síðast, árið 2002, eru sjálfstæðismenn orðnir umhverfis- og utanríkisráðherrar. Nýi hæstv. utanríkisráðherrann sagði hálfa setningu um þessi mál í skýrslunni til þingsins í haust og talaði, með leyfi forseta, um „ótta við hugsanlegar loftslagsbreytingar af mannavöldum". Hugsanlegar, sagði Geir Haarde. Veit ekki, skil ekki, vil ekki.

Hæstv. umhverfisráðherra talar því miður ekki skýrar. Hér á þinginu um daginn treysti ráðherrann sér t.d. ekki til að lýsa yfir stuðningi við framhald samkvæmt Kyoto eftir árið 2012.

Forseti. Við þurfum að vita hvað íslenska ríkisstjórnin ætlar að leggja til málanna í Montreal. Við þurfum að vita hvort ríkisstjórnin hefur breytt fyrri stefnu í loftslagsmálum. Við þurfum að vita hvort stjórnarflokkarnir eru einhuga í málinu. Er hæstv. umhverfisráðherra þeirrar skoðunar að grundvöllur Kyoto-bókunarinnar sé afar ótraustur og þess vegna sjálfsagt að láta undan Bandaríkjastjórn? Eða er ráðherrann sammála hæstv. ráðherra Halldóri Ásgrímssyni sem sagði þetta um Norðurskautsskýrsluna í fyrrahaust, með leyfi forseta:

„Við höfum aldrei áður staðið frammi fyrir jafnmiklum og -örum loftslagsbreytingum á norðurhveli jarðar. Þær munu hafa gríðarleg áhrif á umhverfi, efnahag og félagslegar aðstæður fólks."

Það er ekki hægt, forseti, að hafa báðar þessar skoðanir í einu. Milli orða fyrrverandi forsætisráðherra úr öðrum stjórnarflokknum og yfirlýsinga núverandi forsætisráðherra úr hinum stjórnarflokknum er himinn og haf.

Er umhverfisráðherra nú sammála eða ósammála þeim orðum hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur frá 16. nóvember að, með leyfi forseta, „við höfum ekkert fyrirkomulag annað en Kyoto-bókunina til að taka á þessum málum. Mér finnst því einsýnt að menn hljóti að byggja á henni."

Það er ekki hægt að vera í senn sammála og ósammála þessum orðum fyrrverandi umhverfisráðherra. Ég skal verða fyrstur til að fagna því ef ráðherrann er sammála Siv Friðleifsdóttur, Samfylkingunni og öðrum flokkum stjórnarandstöðunnar, hygg ég, um þetta mál. Ef ráðherrann er hins vegar ekki sammála þessum ummælum Sivjar Friðleifsdóttur er komin upp misklíð og óeining í ríkisstjórninni og liði hennar um þetta mál, mesta verkefni stjórnmálanna á okkar tímum.

[15:46]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Hv. þm. Mörður Árnason heldur uppteknum hætti og reynir ítrekað að finna einhvern ágreining á milli ríkisstjórnarflokkanna í loftslagsmálum. Ég er alveg undrandi á þessum málflutningi. Stefna ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum á alþjóðavettvangi er skýr og hefur verið það lengi. Hún byggir á rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá árinu 1993. Ísland er einnig aðili að Kyoto-bókuninni frá 1997 sem tók gildi 16. febrúar á þessu ári. Það var ekki ljóst fyrr en þá að svo yrði. Skuldbindingartímabil hennar er frá árinu 2008–2012 og skuldbindingar okkar felast í því annars vegar að almennt útstreymi gróðurhúsalofttegunda aukist ekki meira en um 10% frá árinu 1990 og hins vegar fela þær í sér að losun koltvíildis frá nýrri stóriðju eftir 1990 aukist ekki meira en um 1,6 milljónir tonna árlega að meðaltali á skuldbindingartímabilinu.

Sé litið til ákvæða Kyoto-bókunarinnar og almennra heimilda Íslands er samdráttur gróðurhúsalofttegunda um 6% frá árinu 1990. Ekkert bendir til annars en að við verðum innan heimildanna sem er mun betri staða en mörg önnur ríki standa nú frammi fyrir. Gripið hefur verið til margvíslegra aðgerða sem stuðla að því að við getum staðið við skuldbindingar okkar gagnvart Kyoto-bókuninni og byggjast þær á stefnumörkun í loftslagsmálum sem samþykkt var í ríkisstjórn 2002. Það hefur verið ágæt sátt í þjóðfélaginu um þá stefnumótun og það hefur verið ágæt sátt á Alþingi líka um þá stefnumótun.

Um einstakar aðgerðir sem farið hefur verið út í má nefna að opinber gjöld á umhverfisvæna bíla hafa verið lækkuð í tveimur áföngum, síðast nú í vor. Olíugjald hefur verið lagt á dísilbíla í stað þungaskattsins til að hvetja til notkunar þeirra en þeir eyða minna eldsneyti en bensínbílar. Sorpa hefur dregið úr metanútstreymi með því að vinna hauggas í Álfsnesi og landsáætlun stjórnvalda um meðferð úrgangs á að stuðla að minni lífrænum úrgangi til urðunar en urðun sláturúrgangs verður bönnuð frá 1. janúar (Gripið fram í.) 2009. Það mun draga úr metanlosun. Íslensk stjórnvöld hafa stutt við rannsóknir á loftslagsvænni tækni, svo sem nýtingu vetnis og verkefnis fyrirtækisins Marorku sem vinnur að því að draga úr orkunotkun skipa. Þá hefur ríkisstjórnin veitt 450 millj. kr. í sérstakt bindiátak kolefnis í skógrækt og landgræðslu.

Síðast en ekki síst vil ég í þessu sambandi nefna að Ísland hefur lagt áherslu á nýtingu endurnýjanlegrar orku. Við höfum m.a. lagt mikið af mörkum við að kynna nýtingu jarðvarma fyrir öðrum þjóðum sem ég tel afar mikilvægt og jákvætt framlag af okkar hálfu því að hundruð milljóna manna gætu nýtt jarðvarma í stað jarðefnaeldsneytis til upphitunar og raforkuframleiðslu.

Nú stendur yfir 11. aðildarþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna sem jafnframt er fyrsti aðildarríkjafundur Kyoto-bókunarinnar. Þar er rætt um alþjóðlegar aðgerðir gegn útstreymi gróðurhúsalofttegunda og það fer ekki á milli mála að um mikilvægt málefni er að ræða fyrir alla heimsbyggðina. Umhverfisráðherra Kanada, Stéphane Dion, sem er forseti þingsins, hefur sent bréf til þátttakenda þar sem hann lýsir viðhorfum sínum til viðfangsefnanna sem fyrir liggja og væntingum um árangur af viðræðunum. Þetta byggir hann á samræðum sem hann hefur átt við fulltrúa um 40 ríkja á síðustu mánuðum til undirbúnings þeirra funda sem nú standa yfir. Umhverfisráðherra Kanada telur meginviðfangsefnið vera þrenns konar, í fyrsta lagi að hrinda ákvæðum Kyoto-bókunarinnar í framkvæmd með nánari útfærslu þeirra, í öðru lagi að styrkja Kyoto-bókunina og loftslagssamninginn með ákvörðunum um framkvæmd og fjármögnun aðgerðaáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum og um hreinni þróun sem gerir ríkjum kleift að fá metin loftslagsvæn verkefni í þróunarríkjunum og í þriðja lagi að þoka alþjóðlegu samningaferli um loftslagsmál, sérstaklega hvað varðar spurninguna um hvað tekur við eftir að fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto lýkur

2012, fram á veginn með pólitískri yfirlýsingu um grundvöll nýrra viðræðna um loftslagsmál ásamt tímasetningu slíkra viðræðna.

Þetta getum við Íslendingar að sjálfsögðu stutt allt saman af heilum hug og það er alveg ljóst að þær viðræður munu að sjálfsögðu byggja bæði á loftslagssamningnum og Kyoto-bókuninni. Í því munum við taka þátt.

[15:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hæstv. umhverfisráðherra er á leiðinni til Montreal í Kanada. Þar mun hæstv. umhverfisráðherra þurfa að útlista stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar í málefnum Kyoto-bókunarinnar. Eitt af því sem hæstv. umhverfisráðherra þarf að svara í Montreal er spurningin um framhaldið, hvað taki við að loknu fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar.

Mér hefði fundist afar forvitnilegt að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvort það eigi að fara fram með áframhaldandi framlengingu á stóriðjuákvæðinu umdeilda. Ætlar hæstv. ráðherra að fara þarna fram með ósk um að stóriðja á Íslandi fái áframhaldandi undanþágu frá losunarbókhaldi og losunarsamningum?

Eins og allir vita þurfa stjórnvöld að vera trúverðug gagnvart Kyoto-bókuninni. Bókunin er eini möguleikinn sem við eigum á því að bregðast við loftslagsbreytingum og berjast gegn þeim. Málflutningur hæstv. ríkisstjórnar verður að taka mið af því.

Þetta viðurkenna stjórnvöld langflestra ríkja veraldarinnar. Bandaríkin eru það ríki sem berst harðast gegn aðgerðum á borð við þær sem Kyoto-bókunin mælir fyrir um. Í fyrstu barðist Bush-stjórnin gegn því að bókunin yrði að veruleika. Hún reyndi allt sem hún gat til að kæfa hana í fæðingu og núna þegar bókunin er gengin í gildi gerir Bush-stjórnin sitt ýtrasta til að kæfa hana í vöggunni, eins og komist var að orði í einu fréttabréfinu frá ráðstefnunni sem nú stendur yfir. Íslensk stjórnvöld hafa ævinlega verið tvístígandi í afstöðu sinni til bókunarinnar enda rúmaðist stóriðjustefna þeirra ekki innan ákvæða bókunarinnar. Ástæðan fyrir því að þau fullgiltu hana yfir höfuð var eingöngu sú að hægt var að knýja fram undanþáguákvæðið fræga sem undanskilur losun frá stóriðjulosunarbókhaldinu á fyrsta skuldbindingartímabilinu.

Kyoto-bókunin er bara lítið skref í áttina. Samkvæmt niðurstöðum færustu vísindamanna þyrfti að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 60% á næstu 50 árum en Kyoto-bókunin hljóðar bara upp á skuldbindandi samdrátt upp á 5,2% hjá þeim þjóðum sem losa mest. Hæstv. umhverfisráðherra verður að fara til Montreal með trúverðugan (Forseti hringir.) málflutning.

[15:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þær áherslur sem við framsóknarmenn lögðum í umhverfismálum á síðasta flokksþingi okkar í vor eru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi leggjum við áherslu á að Íslendingar beiti sér fyrir því að sem flest ríki staðfesti Kyoto-bókunina. Í öðru lagi leggjum við áherslu á að Íslendingar beiti sér fyrir því að loftmengunarsáttmáli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar verði staðfestur enda er þar um mikið hagsmunamál að ræða eins og sést af því að hvert meðalstórt flutningaskip getur losað brennistein á við allan bílaflota Íslendinga. Í þriðja lagi leggjum við áherslu á að draga úr þeirri loftmengun sem hefur áhrif á lífríki og lífsgæði á Íslandi.

Ég get ekki betur heyrt en að þær áherslur sem hæstv. umhverfisráðherra lagði hér fram af sinni hálfu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hljómi mjög vel saman við þær áherslur sem við höfum lagt á okkar flokksþingi þannig að tal um að ágreiningur sé uppi meðal stjórnarflokkanna í þessu máli getur ekki staðist við nein rök sem haldbær eru.

Virðulegi forseti. Menn velta fyrir sér spurningunni: Hvað gerist að loknu fyrsta skuldbindingartímabilinu? Við verðum að hafa í huga að það magn af gróðurhúsalofttegundum sem losað er út í andrúmsloftið á Íslandi mun vaxa úr 11 tonnum á hvert mannsbarn upp í 16,8 þegar fullnýttar eru allar undanþáguheimildir í Kyoto-bókuninni. Ég held að það verði afar þungsótt fyrir Íslendinga að sækja um frekari heimildir og ég held að Íslendingar ættu að hugsa sig vandlega um áður en þeir leggja út á þá braut. Ég held að við séum komnir býsna hátt í þessum efnum með því að nýta þá heimild sem við höfum og eigum að ákveða næstu skref ákaflega varlega þaðan í frá.

[15:56]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka málshefjanda, hv. þm. Merði Árnasyni, fyrir að taka þetta mál hér upp áður en hæstv. umhverfisráðherra hverfur til Montreal því það er nauðsynlegt að átta sig á því hvað hæstv. ráðherrann ætlar að hafa í veganestinu og hvaða flögg hann ætlar þar að reisa. Það hefur komið fyrir í forustu Sjálfstæðisflokksins og forustu repúblikana í Bandaríkjunum og hægri manna í Ástralíu og á stöku öðrum stað að þar hafa heyrst raddir sem hafa vefengt þá hættu sem stafar af loftslagsbreytingunum. Þess vegna er ánægjulegt að heyra hæstv. umhverfisráðherra taka undir þær áhyggjur hér og staðfesta það almenna álit sem nú er orðið að þetta sé eitthvert mikilvægasta verkefni sem við eigum við að fást, eða eins og hv. málshefjandi sagði, stærsta verkefni stjórnmála í samtímanum.

En hæstv. umhverfisráðherra svaraði ekki lykilspurningunum. Hún svaraði því ekki hvaða kröfur Ísland vill gera um að dregið verði úr mengun eftir 2012. Hvaða kröfur viljum við gera eftir 2012? Í öðru lagi: Ætlar hæstv. umhverfisráðherra að bregðast við áskorun hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur um að pressa á Bandaríkin og George Bush um að fara inn í þetta ferli af fullri alvöru? Í þriðja lagi: Telur hæstv. umhverfisráðherra að það komi yfir höfuð til greina að við sækjum um frekari undanþágur og frekari mengunarheimildir fyrir stóriðju á Íslandi en nú er eða telur hæstv. umhverfisráðherra að það sé útilokað að það geti verið framlag okkar til umhverfismála í heiminum að sækja um enn frekari mengunarkvóta fyrir stóriðju í landinu?

[15:58]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa umræðu

um umhverfismálin. En ég verð að segja að í þetta skiptið finnst mér umræðan um þessi mál dálítið hysterísk á köflum og ekki mjög yfirveguð. Það er einhvern veginn þannig með þennan málaflokk að sumir þeirra sem láta hann sig varða falla oft í þá gryfju að mála skrattann á vegginn og gerast heimsendaspámenn þegar kemur að málefnum náttúrunnar. Mér finnst hv. málshefjandi að sínu leyti falla í þá gryfju þegar hann talar um vá af völdum loftslagsbreytinga.

Auðvitað ber okkur Íslendingum að fylgjast vel með þróun umhverfisins. En ég kannast ekki við þessa vá sem hv. þingmaður talar um og ég sé ekki að að okkur Íslendingum eða jarðarbúum steðji vá vegna breytinga á loftslaginu og ég kannast ekkert við að almenningur upplifi hana frekar en ég. Umhverfismálin eru mikilvægur málaflokkur sem varðar okkur Íslendinga miklu og þar gegnir sama máli um loftslagsbreytingar og aðra þætti umhverfisins.

Úr því að hv. þingmaður spyr hvaða vísindagrunn stjórnvöld á Íslandi telji vera undir kenningum um loftslagsbreytingar þá tel ég fyrir mitt leyti að þær byggi á afar ótraustum vísindalegum grunni. Ekki þarf nema lesa þær rannsóknir og skýrslur sem liggja fyrir um þessi mál til þess að komast að þeirri niðurstöðu. Það kemur t.d. fram í niðurlagi loftslagsskýrslu Norðurskautsráðsins frá 2004 að þær, þ.e. niðurstöður þeirra, byggi ekki á traustum grunni. Þær eru ekki yfir vafa hafnar. Það sama má segja um margar aðrar rannsóknir á sviði umhverfismála. Þær eru mjög óvissar. Ég get nefnt dæmi um rannsókn sem birtist í Nature fyrir stuttu síðan sem gaf til kynna að Golfstraumurinn hefði hugsanlega veikst um 30%. (Forseti hringir.) Það kemur líka fram í blaðinu að breytingarnar séu óþægilega nærri óvissumörkum og það sama segir í Science.

Það er ekkert svart og hvítt í þessu, hv. þingmaður, og við eigum að taka umræðuna á þeim forsendum.

[16:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég heyri að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er trúr fyrrum leiðtoga sínum, Davíð Oddssyni, um að menn skuli ekki gefa sér það fyrir fram að neitt sé að í loftslagsmálum og menn eigi ekki að vera að mála skrattann á vegginn. Það mun hafa verið sá hinn sami leiðtogi sem tók þannig til orða að skrattinn væri leiðigjarnt veggskraut í þessum efnum. Og nú sakna þeir sem eru þeirrar skoðunar vinar í stað náttúrlega þar sem Björn Lomborg, hinn danski er af stalli fallinn en hann var einna helstur spámaður þeirra sem töldu að þetta væri allt saman bara svartagallsraus og órökstuddir heimsendaspádómar. En þeim fer mjög fækkandi í þessum hópi, það verð ég að hryggja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson með, sem betur fer auðvitað því að það er mál til komið og þó fyrr hefði verið að heimsbyggðin horfist alvarlega í augu við það sem hér er að gerast og yfirgnæfandi rök benda til.

Ég fagna því að hæstv. umhverfisráðherra er krafin svara um nestið sem hæstv. ráðherra tekur með sér til Montreal. Það er meira en ástæða til að tekið sé til alvarlegrar umræðu á Íslandi hvar Ísland ætlar að skipa sér á bás í þessum efnum, ekki síst í ljósi grafalvarlegra upplýsinga um hversu mikil áhrif þessar breytingar koma til með að hafa á hánorrænum slóðum þannig að jafnvel sjálfur tilverugrundvöllur sjálfstæðs þjóðríkis hér og efnahagslífs geti meira og minna horfið með margra gráða lækkun hitastigs vegna breyttra hafstrauma þó svo að meðalhitastig á jörðinni haldi áfram að hækka.

Hvað ætlar Ísland að gera í þessum efnum á tímabilinu 2008–2012 og alveg sérstaklega hvaða framtíðaráherslur ætla íslensk stjórnvöld að hafa gagnvart því að þetta sé aðeins fyrsta skrefið og aðeins lítið hænuskref í rétta átt og að taka þurfi miklu alvarlegar á málum en hingað til hefur verið lagt til? Á kannski að fara vestur með þann boðskap að til standi að byggja þrjú ný álver á örfáum missirum á Íslandi (**Gripið fram í:** Öll á undanþágum.) og sækja um meiri mengunarundanþágur? (Forseti hringir.) Er það kannski veganestið sem hæstv. ráðherra að einhverju leyti verður með? Það væri fróðlegt að fá því þá svarað ef svo er ekki. Og hvað segir (Forseti hringir.) Framsóknarflokkurinn um það sem er hér næstur á mælendaskrá?

[16:03]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég hygg að flestir geti verið sammála um að iðnbyltingin svokallaða hafi fært þjóðum heims mikla velsæld. Hins vegar má segja að skuggi fylgi þeirri ágætu byltingu en það er útblástur sem í rauninni hefur leitt þjóðir heimsins núna til að bregðast við og eitt form þess er Kyoto-samkomulagið.

Ef við lítum hins vegar 100 ár aftur í tímann hafa Íslendingar verið mjög framarlega þar sem við höfum innleitt vatnsorku og jarðvarma í staðinn fyrir kol og olíu sem voru nýtt í efnahagslífi okkar áður. Við erum þar til fyrirmyndar og höfum vakið athygli á alþjóðavettvangi fyrir það. Eigi að síður höfum við við útblástursvanda að glíma hér. Einn þriðji af þeim útblæstri sem fram fer á Íslandi stafar af bílum, af bruna í sprengivélum í bílum. Þar eru, frú forseti, sannarlega tækifæri. Þar hafa Íslendingar markað spor, þeir eru í forustu. Íslenska ríkisstjórnin er sú fyrsta í heiminum sem lýsir því yfir að hún vilji stuðla að því að vetni verði tekið upp sem orkuberi í íslensku efnahagslífi.

Með því móti hafa Íslendingar haft áhrif. Þessi yfirlýsing og þær framkvæmdir sem hér hafa orðið, m.a. með fyrstu almennu vetnisstöðinni í heiminum, og með ýmsum áætlunum sem uppi eru hafa Íslendingar markað spor. Þau hafa m.a. leitt til þess að fyrsta alþjóðlega samkomulagið um nýtingu vetnis var undirritað í Bandaríkjunum fyrir tveimur árum og í bígerð er stofnun samtaka við Norður-Atlantshafið um nýtingu vetnis.

Með því móti má segja að Íslendingar séu í forustu til þess að ráðast á þann þátt útblásturs sem lýtur að samgöngum og sprengivélum og við, frú forseti, höfum markað þau spor, erum til fyrirmyndar og ríkisstjórn Íslands hefur stutt það með umræddri yfirlýsingu og með ráðum og dáð.

[16:05]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég þakka umhverfisráðherra svörin í síðasta tólftungi ræðu sinnar. Ég verð að lýsa því yfir að ég harma að hér skuli ekki vera í umræðunni sjálf Siv Friðleifsdóttir hv. þm., heldur eru sendir af stað þeir ágætu menn Kristinn H. Gunnarsson og Hjálmar Árnason, hv. þingmenn, hjónin

eða hjónaleysin eftir því hvernig á stendur í Framsóknarflokknum.

Athyglisvert er við málflutning þeirra að þeir hafa greinilega sætt sig við einhvers konar hálfvolga afstöðu umhverfisráðherra til málsins sem segir nú, sem betur fer, að þá yfirlýsingu sem að sé stefnt í Montreal eigi að byggja á Ríó-sáttmálanum og Kyoto-bókuninni.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu sérstaklega í ljósi þeirra orða sama umhverfisráðherra fyrir rúmum hálfum mánuði sem svo hljóðuðu, með leyfi forseta:

„Ég tel líka allt of snemmt að segja til um hvaða aðferð verður hægt að beita til að takast á við loftslagsmálin eftir 2012."

Hæstv. umhverfisráðherra hefur því áttað sig á því á þessum hálfa mánuði að það er ekkert annað en Kyoto-bókunin sem hér kemur til greina. Ég fagna því alveg sérstaklega vegna þess m.a. að Siv Friðleifsdóttir lagði á það áherslu og leiðrétti þar með ráðherrann í þessu.

Það vekur líka athygli að hæstv. umhverfisráðherra virðist vera eini sjálfstæðismaðurinn sem tekið hefur þátt í umræðu um þessi mál undanfarna mánuði og jafnvel missiri sem er þeirrar skoðunar að byggja eigi á Kyoto-bókuninni. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson flutti boðskap Davíðs Oddssonar um afar ótraustan vísindagrunn undir öllu saman. Geir Haarde sagði að loftslagsbreytingarnar væru hugsanlegar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur á þann hátt í rauninni mótmælt sjálfum forsendum þessara loftslagsbreytinga og þeirra aðgerða sem verið er að grípa til.

Athygli vekur að í síðustu viku kom út skýrsla umhverfissamtaka Evrópusambandsins. Í einum kaflanum í henni kemur fram að loftslagsbreytingarnar séu staðreynd. (Forseti hringir.) Það er sú staðreynd sem nú kallar á aðgerðir en ekki einhverjir hugsanlegir spádómar eða ótraust vísindi.

[16:07]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Við Íslendingar höfum tekið mjög skýra afstöðu í stuðningi okkar við Kyoto-bókunina. Þar höfum við skipað okkur á bekk með Norðurlöndunum og öðrum Evrópulöndum. Það er til fyrirmyndar að við getum án erfiðleika staðið við okkar hlut og það er enginn ágreiningur á milli okkar hv. þm. og fyrrverandi umhverfisráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur, varðandi þessi mál. Stefnan hefur ekki breyst.

Ég minni líka á að það var í forsætisráðherratíð Davíðs Oddssonar sem Íslendingar gerðust aðilar að Kyoto-bókuninni. Mér finnst því eins og þingmenn séu að reyna að snúa hlutunum við, ég átta mig ekki alveg á því hvað þeim gengur til. Hins vegar er mjög gott fyrir mig að fara með það veganesti sem þessar umræður fela í sér í dag, í rauninni er mjög ánægjulegt að fá að taka þátt í þeim.

Ég nefndi áðan áherslur umhverfisráðherra Kanada, sem er í forsæti á fundinum. Hann telur að í þeim grundvelli sem byggja eigi á í Montreal eigi að felast að þátttaka í aðgerðum verði breiðari en nú er, sem felur þá í sér að stórríki á borð við Bandaríkin og stóru þróunarríkin, Indland og Kína, verði með til að árangur geti náðst. Á þetta höfum við Íslendingar einnig lagt áherslu enda má heita augljóst að án víðtækari samstöðu næst aldrei viðunandi árangur. Stefna íslenskra stjórnvalda er því mjög skýr.

Samstilltar aðgerðir þjóða heims eftir 2012 verða að megna að snúa þróuninni við. Það skiptir ekki meginmáli hvaða leið verður valin heldur hitt að um hana náist víðtæk sátt sem tryggi framhaldið og tryggi að það sjáist fyrir endann á aukningu gróðurhúsalofttegunda (Forseti hringir.) í andrúmsloftinu.

Greiðslur til foreldra langveikra barna, 1. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 471.

[16:10]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Frumvarp þetta byggist í meginatriðum á tillögu nefndar sem lauk störfum í febrúar sl. og hafði það hlutverk að finna leiðir til að auka rétt foreldra á innlendum vinnumarkaði til greiðslna í fjarveru þeirra frá vinnu vegna langvarandi veikinda barna þeirra.

Nefndin lagði áherslu á að foreldrar langveikra barna hefðu tækifæri til þess að viðhalda tengslum við vinnumarkaðinn þrátt fyrir að þeir þyrftu að leggja tímabundið niður störf vegna veikinda barna sinna. Lagði nefndin því til að bæði ríkið og sjúkra- og styrktarsjóður stéttarfélaga kæmu til móts við aðstæður foreldra langveikra barna. Frumvarp það sem hér er til umræðu lýtur því að þætti stjórnvalda en ég treysti því að stéttarfélögin skoði vel sinn hluta.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að foreldrar sem eru virkir þátttakendur á innlendum vinnumarkaði geti átt rétt til tímabundinna greiðslna að fjárhæð 93 þús. kr. ef þeir þurfa að leggja niður störf vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp kunna að koma þegar börn þeirra greinast með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Miðað er við að foreldrar hafi verið sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Enn fremur er það skilyrði að foreldrar leggi niður störf til að annast barnið en greiðslunum er ætlað að koma til móts við sannanlegt tekjutap foreldra. Á sama hátt er lagt til að komið verði til móts við aðstæður foreldra í námi þurfi þeir að gera hlé á námi sínu vegna sömu aðstæðna.

Foreldrar geta átt sameiginlegan rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í tilvikum þegar barn þarfnast verulegrar umönnunar vegna alvarlegra veikinda eða alvarlegrar fötlunar er lagt til að heimilt verði að framlengja sameiginleg réttindi foreldra til greiðslna í allt að sex mánuði til viðbótar. Geta foreldrar í alvarlegustu tilvikunum átt þá sameiginlegan rétt til greiðslna í samtals níu mánuði.

Það er skoðun mín, hæstv. forseti, að verið sé að stíga mikilvægt framfaraskref til að koma til móts við aðstæður foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Framkvæmdaraðila er ætlað að meta hvort og í hversu langan

tíma foreldrar eigi rétt á greiðslum samkvæmt frumvarpinu. Áhersla er lögð á að framkvæmdaraðili líti heildstætt á aðstæður fjölskyldnanna sem í hlut eiga enda liggur t.d. ekki fyrir einhlít skilgreining á hugtakinu „langveikt barn". Misjafnt er hvernig sjúkdómar leggjast á börn en miðað við tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir að foreldrar barna í fyrstu þremur flokkum umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð geti átt rétt á greiðslum innan þess kerfis sem nefndin lagði til. Áhersla er lögð á sveigjanleika þannig að foreldri getur átt rétt á hlutfallslegum greiðslum samhliða minnkuðu starfshlutfalli eigi foreldri kost á að fara í hlutastarf. Þetta er í samræmi við það markmið að stuðla að því að foreldri sjái sér hag í því að halda tengslum við vinnumarkaðinn þrátt fyrir alvarleg og langvinn veikindi eða alvarlega fötlun barns þess þegar því verður við komið. Þetta getur einnig átt við þegar foreldri snýr til baka á vinnumarkaðinn í lægra starfshlutfall en það var í áður en það lagði tímabundið niður störf.

Miðað er við að foreldrar öðlist rétt til greiðslnanna þegar fullar launagreiðslur frá vinnuveitanda hafa fallið niður í forföllum foreldra enda hafi foreldrar samtals verið frá vinnu í 14 daga vegna veikinda eða fötlunar barns. Er þannig jöfn fjölskylduábyrgð undirstrikuð og við það miðað að báðir foreldrar nýti sér kjarasamningsbundin réttindi sín til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna. Í tilvikum þegar aðeins annað foreldri leggur niður störf er gert ráð fyrir að sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaganna komi til móts við félagsmenn sína þann tíma er kjarasamningsbundin réttindi þrýtur og greiðslur samkvæmt frumvarpinu hefjast. Þá er gert ráð fyrir að foreldrar geti sjálfir ákveðið hvernig þeir skipta með sér greiðslunum en þeir geta ekki fengið báðir greitt fyrir sama tímabil. Enn fremur er gert ráð fyrir að vinnuveitandi geti haldið áfram að greiða starfsmanni sínum laun samkvæmt kjarasamningi, ráðningarsamningi eða einhliða ákvörðun sinni til hagsbóta fyrir starfsmanninn. Er því miðað við að greiðslur hefjist þegar fullar launagreiðslur hafa fallið niður. Jafnframt er gert ráð fyrir að vinnuveitandi, sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaga eða aðrir aðilar geti greitt foreldri mismun greiðslnanna og launa þess ef því er að skipta. Umönnunargreiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns koma ekki til frádráttar greiðslunum.

Það er vissulega erfiðleikum bundið, hæstv. forseti, að áætla með nokkurri vissu hversu margir foreldrar koma til með að eiga rétt samkvæmt frumvarpinu. Nefndin hafði reynslu Tryggingastofnunar ríkisins af umönnunargreiðslukerfinu til hliðsjónar og var við það miðað að foreldrar 250–300 barna kunni að nýta sér þann rétt sem mælt er fyrir í frumvarpinu á ári hverju. Síðan er gert ráð fyrir að foreldrar um 40 barna komi til með að nýta sér réttinn til framlengingar á greiðslum í allt að sex mánuði. Geri ég ráð fyrir að sú áætlun sé ekki fjarri lagi og hefur verið byggt á þeim tölum við mat á kostnaði vegna þessa nýja kerfis.

Við innleiðingu á kerfinu er lagt til að það taki gildi í áföngum. Þannig er gert ráð fyrir einum mánuði á fyrsta árinu, tveimur mánuðum á öðru ári og á þriðja árinu kemur það til fullra framkvæmda. Enn fremur tekur rétturinn til framlengingar gildi í áföngum á sama tíma. Á árinu 2006 verður heimilt að framlengja rétt foreldra um tvo mánuði, ári síðar um fjóra mánuði og frá og með 1. janúar 2008 um sex mánuði þegar lögunum er ætlað að koma að fullu til framkvæmda. Slík innleiðing á nýju kerfi gaf góða raun er réttur feðra til fæðingarorlofs varð sá sem hann er í dag. Er mikilvægt að skrefin séu tekin af varfærni en örugglega.

Það sem helst hefur valdið mér hugarangri í sambandi við smíði frumvarps þessa var hvernig hefja ætti kerfið. Það getur vissulega valdið fólki vonbrigðum þegar ný kerfi eru sett á fót sem eru til hagsbóta fyrir borgarana þegar ákvarða þarf við hvaða tímamark skuli miða við gildistöku. Þetta kemur oft upp og sem nærtækt dæmi get ég nefnt lögin um fæðingar- og foreldraorlof. Lögin tóku gildi um áramótin þegar árið 2001 gekk í garð og tóku til foreldra barna er fæddust á því herrans ári en ekki árinu áður. Sama átti við um foreldraorlofið en það tók til foreldra barna sem fæddust 1. janúar 1998 eða síðar enda þótt börn fædd fyrir það tímamark væru þá yngri en átta ára gömul.

Þetta kerfi sem við ræðum hér nú, hæstv. forseti, er engin undantekning. Eftir að hafa farið vel yfir málið með sérfræðingum mínum töldum við skynsamlegast að miða við tiltekið tímamark. Það tímamark sem lagt er til að verði við miðað er að frumvarpið muni eiga við um aðstæður foreldra barna sem greinast með alvarlegan og langvarandi sjúkdóm eða alvarlega fötlun 1. janúar nk. eða síðar. Greiðslur koma þó ekki til framkvæmda fyrr en lögin, verði frumvarpið samþykkt óbreytt að þessu leyti, taka gildi um mitt næsta ár. Þetta vildi ég nefna sérstaklega, hæstv. forseti. Ég vil þó vekja athygli á ákvæði 15. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir að foreldrar geti átt rétt á greiðslum vegna sama barns í tilvikum er barnið greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm. Þetta getur átt við enda þótt barnið hafi áður greinst fyrir 1. janúar nk. Hið sama á við þegar ástand barns versnar aftur vegna sjúkdóms eða fötlunar eftir að hafa náð jafnvægi. Skiptir þá ekki máli hvernig barnið greindist í fyrsta sinn.

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á að ég lít svo á að það sé áfram í verkahring aðila vinnumarkaðarins að semja um rétt foreldra til fjarveru frá störfum vegna veikinda barna í kjarasamningsviðræðum sín í milli. Frumvarpi þessu er ekki ætlað að breyta nokkru þar um, enda fjallar það ekki um leyfi frá störfum. Samkvæmt kjarasamningum eiga foreldrar rétt á 7–10 daga fjarveru á ári en fjöldi daga er misjafn milli kjarasamninga einstakra félaga. Hefur mörgum þótt sá réttur nokkuð takmarkaður. Þrátt fyrir það tel ég mikilvægt að starfsmenn mæti ákveðnum skilningi hjá vinnuveitanda þegar þeir þurfa að vera fjarverandi vegna tilfallandi veikinda barna. Ýmsar leiðir eru færar í þessu efni en auk sveigjanlegs vinnutíma má nefna tímabundið hlutastarf eða heima- eða fjarvinnu. Þar sem frumvarpið tryggir foreldrum ekki leyfi frá störfum í sjálfu sér þótti ástæða til að breyta ákvæðum um foreldraorlof. Er því lagt til að foreldrum langveikra og alvarlega fatlaðra barna verði gert kleift að nýta sér þann hluta foreldraorlofsins sem þeir nýttu ekki áður en orlofsrétturinn féll niður í tilvikum þegar börn greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun eftir 8 ára aldur en áður en þeir ná fullum 18 árum.

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka orð mín hér að framan að ég tel að frumvarpið feli í sér stórt framfaraskref til hagsbóta

fyrir foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Ég legg jafnframt áherslu á að þetta kerfi verði til þess að styðja við bakið á þeim sem virkilega þarfnast þess og ég vona sannarlega að þetta sé einungis góð byrjun á áframhaldandi þróun. Reynslan verður síðan að leiða í ljós hverju fram vindur.

Að lokinni umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[16:19]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir að leggja þetta mál fram. Mig langar aðeins að ræða aðdraganda þessa frumvarps.

Árið 2002 var samþykkt þingsályktunartillaga, flutt af þingmönnum úr öllum flokkum, um aukinn rétt foreldra vegna veikra barna. Sú tillaga er að hluta til komin til framkvæmda þegar þetta frumvarp verður orðið að lögum en veikindaréttur foreldra almennt vegna veikinda barna er margfalt minni hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum.

Þegar hæstv. félagsmálaráðherra svaraði fyrirspurn minni um framkvæmd áðurnefndrar tillögu í febrúar á þessu ári sagði hann tillögurnar í þessu frumvarpi vera niðurstöðu nefndar um aukinn rétt foreldra langveikra barna sem fékk tillögu Alþingis um þetta efni til meðferðar. Þess vegna fagna ég mjög þessu frumvarpi um leið og ég ítreka að enn hefur þessi þverpólitíska tillaga Alþingis ekki að fullu komið til framkvæmda. Ég spyr hæstv. félagsmálaráðherra hvort ekki sé verið að vinna áfram með efni tillögunnar sem Alþingi samþykkti, að auka réttindi foreldra vegna veikinda barna almennt vegna þess að hann er margfalt meiri annars staðar á Norðurlöndunum og þar er það ríkissjóður sem kemur að því að fjármagna slík réttindi fyrir foreldra veikra barna.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið komi til framkvæmda í áföngum. Að mínu mati er ekki, virðulegi forseti, um slíkan útgjaldaauka fyrir ríkissjóð að ræða að áfangaskipta þurfi því. Í áliti fjármálaráðuneytisins kemur fram að þegar frumvarpið er að fullu komið til framkvæmda, sem gerist á þremur árum, ef ég skil rétt, kosti það í heild um 160–170 millj. kr. Gert er ráð fyrir aðeins einum mánuði á ári þar til þremur mánuðum er náð, einum mánuði á hverju ári næstu þrjú árin og fyrir þau börn sem glíma við alvarlegustu veikindin er verið að ræða um þrjá mánuði fyrst og síðan bætast þrír mánuðir við á ári þar til níu mánuðum er náð að þremur árum liðnum.

Hér er vissulega á ferðinni mikil réttarbót fyrir foreldra langveikra barna. En það olli mér vissulega miklum vonbrigðum — og ég heyri að hæstv. ráðherra hefur áhyggjur af því líka — þegar ég uppgötvaði, og það var nú ekki fyrr en í dag, hvert gildissvið þessara laga er. Ég átti erfitt með að trúa því að málið væri þannig vaxið. Þegar gildistaka þessara laga er skoðuð kemur í ljós að þau réttindi og réttarbót sem felast í frumvarpinu, þau lagaákvæði sem öðlast eiga gildi 1. júlí 2006, eiga við um börn sem greinast með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun 1. janúar 2006 eða síðar. Frumvarpið nær með öðrum orðum ekki til þess fjölda fatlaðra barna, langveikra barna, sem í dag þurfa á þessari aðstoð að halda heldur til barna sem fæðast 1. janúar 2006 og síðar og eru með langvinna sjúkdóma sem skilgreining þessa frumvarps tekur til. Undantekning er þó gerð en í 19. gr. segir:

„Ákvæði 1. mgr. 15. gr. getur þó átt við þegar barn hefur greinst í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 2006“ — en þar er einungis verið að tala um fyrsta skipti.

Þetta rýrir mjög gildi þessara laga og veldur mér miklum vonbrigðum og ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur efni þessa frumvarps verið rætt t.d. í samtökum langveikra og alvarlega fatlaðra barna eins og Umhyggju? Eru þau sátt við þetta gildissvið þessara laga? Ég spyr, virðulegi forseti: Hefði það nú munað mjög miklu að láta þetta ná til allra þeirra barna sem búa við langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun og þurfa sannanlega á þessari réttarbót að halda í dag? Ég veit að Umhyggja og samtök og félagsmenn þeirra hafa lengi kallað eftir þessari réttarbót. Að sjálfsögðu hljóta þau að búast við því að frumvarpið nái til þeirra barna sem hafa lengi búið við langvinnan sjúkdóm. Þess vegna er þetta mér algjörlega óskiljanlegt, virðulegi forseti.

Ég spyr: Hefur það verið kortlagt ef ákvæði þessa frumvarps mundu ná til foreldra þeirra barna sem eru í brýnustu þörfinni, foreldra sem sannanlega geta ekki verið á vinumarkaðnum vegna langvinnra veikinda barna sinna og missa þar af leiðandi tekjur? Ef þetta næði eingöngu til þeirra og ekki annarra, sem féllu undir skilgreiningu þessara laga, hvað værum við þá að tala um stóran hóp? Ég álít, virðulegi forseti, að ef grannt væri skoðað værum við ekki að ræða um tiltakanlega stóran hóp barna, væntanlega einungis nokkur hundruð börn. Það er ekki nokkur maður, virðulegi forseti, ekki nokkurt foreldri, sem leikur sér að því að fara út af vinnumarkaðnum vegna þeirra lágu greiðslna sem eiga að koma í hlut þeirra foreldra sem eru með langveik eða alvarlega fötluð börn. Hér er einungis verið að tala um 93 þús. kr. á mánuði. Ég skora á hæstv. ráðherra og nefndina sem fær málið til umsagnar að reyna að ná utan um það hvað það mundi kosta ef við reyndum að aðstoða þá foreldra sem í dag eru með langveik og alvarlega fötluð börn og geta af þeim sökum ekki verið á vinnumarkaði.

Við erum ekki að tala um öll börn sem falla í þann hóp að vera alvarlega fötluð eða langveik, einungis þá foreldra sem sannanlega geta ekki verið á vinnumarkaðnum og missa tekjur. Þetta er lykilatriði sem ég hygg að félagsmálanefnd muni fjalla um þegar hún ræðir þetta frumvarp, hvort ekki sé hægt að koma til móts við foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna sem búa við það nú að geta ekki verið á vinnumarkaðnum.

Ég vil snúa mér að gildissviðinu að öðru leyti. Ég hef svolitlar áhyggjur af því að gildissviðið sé ekki nægjanlega vel skilgreint, það er einungis talað um að þessi réttindi og þessar greiðslur nái til foreldra sem eiga börn sem greinast með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Hver á að skilgreina hvað er langvinnur sjúkdómur eða alvarleg fötlun? Ég spyr: Er verið að miða við þá flokka sem fram koma hjá Tryggingastofnun ríkisins varðandi umönnunargreiðslur fatlaðra?

Þar segir um fötluð börn: „... er átt við barn sem vegna greindarskerðingar, geðrænna truflana eða líkamlegrar

hömlunar þarf sérstaka þjálfun, aðstoð og gæslu á uppvaxtarárum sínum."

Nær þetta til þessara fötluðu barna?

Um langveik börn segir: „... er átt við barn sem þarfnast læknisfræðilegrar meðferðar vegna alvarlegs og/eða langvinns sjúkdóms."

Síðan er talað um alvarleg þroskafrávik: „... er átt við barn með þroskafrávik sem jafna má við fötlun."

Um hegðunarvandamál segir: „... er átt við barn með hegðunarvandamál sem jafna má við geðræna sjúkdóma."

Síðan eru fötlunar- og sjúkdómsstigin flokkuð samkvæmt umönnunarbótum í fimm flokka sem ég ætla ekki að fara nákvæmlega yfir hér. En ég spyr: Hvaða flokkar af þessum fimm falla undir þau réttindi sem hér er rætt um? Ef það er ekki skilgreint, ef gildissviðið er óljóst, mun það kalla á alls konar skilgreiningarvandamál þegar verið er að meta hverjir eigi að falla undir þau réttindi sem þetta frumvarp kveður á um. Ég spyr því ráðherra hvort hægt sé að fá nánari skilgreiningu á gildissviðinu að því er þetta varðar.

Síðan ætla ég að fara í einstakar greinar, örfáar þó, í þessu frumvarpi og þar stoppa ég fyrst við 8. gr.

Í 3. málsgrein í 8. gr. kemur fram:

„Heimilt er að framlengja sameiginleg réttindi foreldra til greiðslna skv. 1. mgr. um allt að sex mánuði þegar barn þeirra þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegra veikinda eða fötlunar."

Hvað er veruleg umönnun? Þarf ekki að skilgreina það nánar, frú forseti, hvað átt er við?

Í 8. gr. er líka kveðið á um skilyrði sem þurfa að vera til staðar til þess að foreldrar fái þennan rétt. Meðal annars er talað um að foreldrar leggi niður störf til að annast barnið meðan greiðslurnar standa yfir.

Hvað ef viðkomandi leggur niður starf að hluta eða hefur aðrar tekjur annars staðar frá, það gætu hugsanlega verið fjármagnstekjur? Mér finnst skilgreiningin líka óljós hvað þetta varðar og mér finnst við þurfa að fara betur yfir þetta. Við megum aldrei láta frá okkur lög ef verulega óljóst er hvernig á að framkvæma þau eða skilgreina. Ég spyr því um skilgreiningu á þessum tveimur atriðum í 8. gr.

Varðandi 6. gr. þá er talað um umsókn um greiðslur og vísa ég til þeirrar greinar, með leyfi forseta:

„Foreldri skal sækja um greiðslur skv. III. kafla til framkvæmdaraðila skv. 5. gr. þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og henni skal meðal annars" — og nú kem ég að því sem ég vildi sérstaklega beina augum ráðherrans að — „fylgja vottorð sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu um greiningu, meðferð og umönnunarþörf barns."

Ég stoppa fyrst við að hér hljóti menn að vera að tala um Greiningarstöð ríkisins eða hvaða aðrar meðferðarstofnanir geta gefið út slíkt vottorð sem er forsenda þess að foreldrar geti sótt um greiðslur?

Þá kem ég líka að því, virðulegi forseti, hvað eru biðlistar á Greiningarstöðinni langir? Eru þeir ekki margir mánuðir, kannski eitt ár eða þaðan af lengri? Og er það þá þannig að fólk þarf að fara í biðröð á þessa biðlista til þess að geta fengið slíkt vottorð eða hvernig er haldið utan um slíkt þannig að foreldrar langveikra barna þurfi ekki að bíða lengi eftir því að fá þessar greiðslur? Ég bið um svar við þessu líka.

Þá vík ég að 11. gr. og þar er tala um uppsöfnun og verndun réttinda:

„Foreldri, sbr. b- og c-liði 3. gr., greiðir að lágmarki 4% af greiðslum skv. 8.–10. gr. í lífeyrissjóð og ríkissjóður greiðir mótframlag að lágmarki 6%."

Síðan kemur setning sem segir, með leyfi forseta:

„Foreldri er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð."

Ég spyr þá: Er verið að tala um viðbótarlífeyrissparnað sem atvinnurekendur greiða yfirleitt mótframlag á móti? Ef það er hugsunin af hverju kemur þá ekki mótframlag á móti hjá foreldrum sem fá slíkar greiðslur ef þau kjósa að vera með viðbótarsparnað?

Ég vík næst að 16. gr. Þar er talað um ósamrýmanleg réttindi. Þar segir: „Foreldri sem fær atvinnuleysisbætur á ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil." Síðan kemur: „Sama á við um foreldri sem fær lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar."

Er framkvæmdaatriðið ekki eitthvað óljóst þarna? Ég velti því fyrir mér ef viðkomandi fær greiðslur úr Tryggingastofnun sem eru undir þessum 93 þúsund, af því að hér er talað um lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar, fær hann þá ekkert af því að hann er bara með lífeyrisgreiðslur? Eða fær hann mismuninn eða hvernig er þetta hugsað ef einhver, t.d. öryrki sem fær greiðslur úr Tryggingastofnun sem eru þá lægri en þær sem á að greiða samkvæmt þessu frumvarpi, ef að lögum verður, hvernig er þá farið með það?

Nú ætla ég að fara að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, en kemst þó ekki hjá því að tala um annan alvarlegan galla á þessu frumvarpi fyrir utan gildissviðið sem auðvitað nær ekki til foreldra sem nú eru með langveik börn, en það eru greiðslurnar. Þetta eru skammarlega lágar greiðslur að réttlurinn sé upp á 93 þús. kr. á mánuði. Einstaklingur getur ekki einu sinni framfleytt sér af þessu hvað þá fjölskylda eða einstætt foreldri.

Ég tók það svo þegar við hæstv. ráðherra spjölluðum um þetta mál fyrr á þessu ári og ráðherra tilkynnti að hann ætlaði að beita sér fyrir framlagningu þessa frumvarps að fjárhæðin sem hann kynnti þá, þ.e. 93 þúsund kr. greiðslan, væri miðuð við atvinnuleysisbætur og nógu lágar eru þær nú samt. Það eru þeir sem minnst hafa í þjóðfélaginu og hafa verið á atvinnuleysisbótum og við það er þessi samnefnari væntanlega miðaður.

En nú hafa þau tíðindi gerst í millitíðinni að það á að hækka atvinnuleysisbætur. Grunnurinn á atvinnuleysisbótum, grunnbætur eiga að vera 96 þús. kr. við gildistöku kerfisbreytinga árinu 2006 og taka 2,9% hækkun launa 1. janúar 2007. Síðan á að vera tekjutenging bóta, hún á að miðast við 70% af heildartekjum samkvæmt launaseðlum síðastliðna sex mánuði og hámarksbætur eiga að vera 180 þús. kr. á mánuði. Hefur ekki hvarflað að hæstv. ráðherra að það sé rétt að horfa til þessarar breytingar sem er verið að gera á atvinnuleysisbótakerfinu og láta foreldra langveikra barna sem hafa misst atvinnu vegna umönnunarþarfa barnsins fá þó þær greiðslur sem var verið að semja um varðandi atvinnuleysisbæturnar? Hér er komið ákveðið for-

dæmi um viðmið þegar atvinnuleysisbótakerfinu er breytt. Það er verið að tala um ákveðinn grunn sem er 96 þúsund, sem er 3 þúsundum hærri en hér á að greiða samkvæmt þessu frumvarpi og það er verið að tala um tekjutengingu á atvinnuleysisbótunum sem að hámarki geta numið 180 þús. kr. á mánuði. Væri ekki ástæða til þess að skoða það líka að hafa þetta með ákveðnum hætti tekjutengt og að lágmarki, frú forseti, að greiðslan til foreldranna sé þó aldrei lægri en grunnbætur atvinnuleysistrygginga eru á hverjum tíma?

Mér kom það á óvart að hæstv. ráðherra hafði ekki skoðað þetta með hliðsjón af þeim breytingum sem hafa orðið á atvinnuleysisbótakerfinu. Eins og ég segi, virðulegi forseti, þá erum við þó að tala um það fólk sem minnst hefur á milli handanna, þ.e. atvinnulaust fólk sem þarf að framfæra sér á atvinnuleysisbótum.

Tvennt sem ráðherrann nefndi álít ég að sé afar mikilvægt, þ.e. að þessar greiðslur skerða ekki rétt til umönnunarbóta. Það finnst mér mikilvægt atriði. Ráðherrann hvetur líka til þess að þetta valdi í engu skerðingu á greiðslum úr styrktar- og sjúkrasjóðum stéttarfélaganna og ég spyr ráðherrann: Liggur það fyrir að þetta muni ekki skerða þær greiðslur, að styrktar- og sjúkrasjóðirnir fari þá eitthvað að minnka þá aðstoð sem þeir hafa veitt? Það er sannarlega þakkarvert að fólk hafi getað leitað til styrktar- og sjúkrasjóðanna í þeim tilvikum þegar það hefur þurft að leggja niður vinnu vegna langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Ég ætla ekki að tefja tímann lengur. Ég hef lagt nokkrar spurningar fyrir ráðherrann og ég spyr hvort hann sé tilbúinn að aðstoða félagsmálanefnd í því að skoða og kortleggja hvað miklar viðbætur það væru ef opnað væri fyrir þann hóp sem verst er staddur núna, foreldra langveikra barna sem hafa misst vinnu sína vegna umönnunar barnanna. Ég er sannfærð um að þetta er ekki mjög stór hópur og ég ítreka að það er ekki verið að sækjast eftir miklu og gæti alls ekki verið um neina misnotkun að ræða ef þetta væri bundið við þann hóp. Fyrstu árin hjá foreldrum þar sem er um að ræða langveikt eða alvarlega fatlað barn eru örugglega erfiðust og það er örugglega á þeim árum sem fólk þarf mestrar aðstoðar við og ég trúi því ekki að það sé ekki hægt að komast að samkomulagi og niðurstöðu um það að opna líka fyrir þetta fólk, foreldra þessara langveiku og alvarlega fötluðu barna. Ég veit að þessir foreldrar hafa beðið í mörg ár eftir þeirri réttarbót sem ráðherrann er með þessu frumvarpi að færa þeim foreldrum sem í framtíðinni munu fæða langveik eða alvarlega fötluð börn og ég held að ráðherra muni valda þessu fólki miklum vonbrigðum ef hann skoðar það ekki jákvætt með félagsmálanefnd að breyta frumvarpinu í þá veru að það opni líka fyrir það að þessir foreldrar fái líka greiðslur samkvæmt lögum.

[16:39]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður kom inn á í upphafi ræðu sinnar var ég einn af þeim þingmönnum sem voru á þingsályktunartillögu varðandi mál sem í hnotskurn er það sama og hér er verið að ræða, frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Ég get í meginatriðum tekið undir það sem hv. þingmaður kom hér inn á um þau vandamál sem blasa við fjölskyldu sem stendur frammi fyrir þessum aðstæðum. Það er erfitt að vera heima með langveik börn og geta jafnvel ekki stundað atvinnu og þurfa nánast að vera vísað á guð og gaddinn.

Þess vegna vildi ég tala beint til hv. þingmanns hvort ekki væri rétt varðandi þau minnisatriði sem hv. þingmaður kom hér inn á, að halda þeim til haga og senda hv. nefndarmönnum félagsmálanefndar þannig að málin lægju nokkuð ljós fyrir áður en nefndarfundur verður haldinn. Þá gætu menn áttað sig betur á því hvað þetta getur orðið miklu yfirgripsmeira en hinn skrifaði texti hér er. Ég held að það væri mjög af hinu góða.

Varðandi það sem hv. þingmaður kom inn á um styrktar- og sjúkrasjóði verkalýðsfélaganna þá hefur það venjulega verið þannig að þessum sjóðum hefur verið haldið utan við allar aðrar greiðslur og ég væri í hæsta máta ósáttur við ef breyting ætti að verða þar á, en vonandi skil ég það rétt að það eigi ekki að verða.

En ég vil þakka þingmanninum fyrir margar ágætar ábendingar. Þetta mál er hér til umræðu í fyrsta sinn og kannski ekki við öðru að búast en að einhverjir hnökrar séu á en mér finnst það eðlilegt og sjálfsagt að þeir séu skoðaðir tímanlega þannig að frumvarpið megi fara sem mest og best vandað frá hinu háa Alþingi.

[16:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Þingforseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður ítrekaði var hér um þverpólitískt mál að ræða og hv. þingmaður var líka flutningsmaður að og skiljanlegt að hann fylgist grannt með framkvæmdinni þegar málið er komið hingað inn á þingið og ég er viss um að það er sameiginlegur vilji allra þingmanna að gera úrbætur á frumvarpinu eins og það liggur fyrir. Ég ítreka það líka að það er mjög mikilvægt að vinna þetta mál núna í meðferð félagsmálanefndar í góðu samráði við þá sem við þetta eiga að búa eins og félagið Umhyggju og ég er sannfærð um að formaður nefndarinnar, sem situr hér í salnum, Siv Friðleifsdóttir, mun sannarlega sjá til þess að við munum ná farsælli lendingu í þessu máli. Það eru miklir annmarkar á þessu frumvarpi og við reynum að ná sameiginlega ásættanlegri niðurstöðu þannig að þinginu sé sómi að því þegar það afgreiðir þetta mál frá sér, vonandi sem allra fyrst.

[16:43]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þetta frumvarp skuli vera komið fram hér þó svo að ég geti vel tekið undir að upphæðirnar eru lágar. En þrátt fyrir það er ég sannfærður um að þá, sem þurfa á þeim að halda og geta sótt um slíka aðstoð, munar um þessar upphæðir.

Ég vil taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvað varðar 19. gr., það er ótækt að þessi lög eða ákvæði frumvarpsins taki eingöngu til barna sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun eftir 1. janúar 2006. Mér finnst að í meðförum nefndar ættu menn ekki að vera að hengja sig í þessa dagsetningu. Það kemur fram í umsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu að um er að ræða 40–50 milljónir fyrstu árin og síðan þegar

lögin taka að fullu gildi, eða markmið þeirra, verður kostnaðurinn vegna þeirra árlega 160–170 millj. kr. Þetta eru ekki mjög háar upphæðir fyrir ríkissjóð og ég vil leggja áherslu á að hér er alls ekki um minna hagsmunamál að ræða en fæðingarorlof og fæðingarstyrki, hér er jafnvel um brýnna hagsmunamál að ræða en talsvert lægri upphæðir. Ég er því á því að menn eigi alls ekki að vera að hengja sig í þessa dagsetningu, heldur að láta lögin taka gildi fyrir öll börn sem eru langveik nú.

Enn fremur vil ég vekja athygli á því að ég renndi í gegnum skýrslu um velferðarkerfið íslenska, Örorka og velferð á Íslandi, sem er rituð af Stefáni Ólafssyni þar sem velferðarkerfið hér er borið saman við velferðarkerfi í öðrum löndum. Í skýrslunni kom fram að við stöndum langt að baki öðrum Norðurlöndunum hvað varðar sjúkradagpeninga og greiðslur til veikra og þar munar allt að fimmtánfalt. Ég er á því að það þurfi að fara yfir þetta velferðarkerfi í heild. Við sjáum að þessar greiðslur eru hjá félagsmálaráðuneytinu, sjúkradagpeningarnir, ef ég hef skilið það rétt, eru hjá heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu og örorkulífeyririnn er þar einnig. Sveitarfélögin hafa ákveðnu hlutverki að gegna og allar greiðslur í þessu kerfi eru meira og minna tekjutengdar fram og aftur þannig að ef einhver skríður yfir einhverja ákveðna upphæð rennur hann jafnharðan niður í 120 þús. kr. eða hvað það nú er. Ég er á því að það þurfi að fara fram mikil endurskoðun á velferðarkerfinu íslenska og ég sannfærðist endanlega um það eftir lestur þessarar skýrslu þar sem kemur í ljós að við stöndum nágrannaþjóðum og þjóðum Vestur-Evrópu talsvert að baki hvað varðar velferðarmál. Við náum kannski í miðjan hópinn ef viðmiðunin er að tryggja framfærslu en þegar verið er að skoða hvernig við tryggjum félagslega þátttöku og minnkum einangrun fatlaðra þá erum við langt að baki öðrum. Það sást í umræðunum í dag m.a. í umræðunni um textun, sem er dæmigert mál til að tryggja þeim sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu aðgang að samfélaginu.

Að lokum vil ég ítreka það að ég fagna þessu frumvarpi og ég tel þetta spor í rétta átt.

[16:47]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Hér er komið fram frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Rétt eins og aðrir ræðumenn fagna ég því alveg sérstaklega og tek undir með ráðherra að um mikið framfaramál er að ræða. En vegna umræðunnar sem var á síðasta þingi vil ég fá það staðfest — það eru um 100 sjúkdómsheiti sem falla þarna undir — en er það ekki alveg skýrt að í þeim hópi eru m.a. börn með Goldenhar-heilkenni, og aðstandendur þeirra? Nær frumvarpið ekki örugglega til þessa hóps sem hingað til hefur fallið á milli tveggja ráðuneyta?

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur farið vel yfir frumvarpið og í sjálfu sér engin ástæða til að endurtaka allar þær athugasemdir sem fram komu og við erum sammála um. En, frú forseti, ég verð þó að taka sérstaklega fyrir 19. gr. varðandi gildissvið. Ég verð að viðurkenna að ég varð fyrir afskaplega miklum vonbrigðum þegar ég las hana yfir en þar stendur, með leyfi forseta:

„Ákvæði laganna eiga við um börn sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2006 eða síðar.“

Ég er afskaplega óánægður með að þetta lagafrumvarp skuli ekki ná yfir þá hópa sem nú þegar hafa verið greindir og ég verð að viðurkenna að það er afskaplega erfitt að samþykkja frumvarpið án þess að breyta 19. gr. Hvaðan kemur sú hugmynd að láta þetta ekki gilda yfir þau börn sem þegar hafa verið greind, þ.e. að láta þetta einungis gilda síðar? Er það hugmynd sem kom frá nefndinni eða kom hún á síðari stigum? En við eigum nú eftir að fara yfir frumvarpið í félagsmálanefnd. Ég verð að gera að vísu athugasemd við hversu seint það kemur fram. Við þurfum að sjálfsögðu að fá umsagnir frá öllum þeim hagsmunaaðilum sem að málinu koma og ég verð að draga í efa að hægt sé að afgreiða þetta fyrir jólaleyfi þingsins.

Ég ítreka að það verður mjög erfitt, a.m.k. fyrir þann sem hér stendur, að samþykkja 19. gr. um gildissvið eins og hún er skrifuð núna. Ég skora eindregið á ráðherra og jafnframt formann félagsmálanefndar að taka þetta sérstaklega til skoðunar. Mér liggur við að halda að þetta séu hreinlega mistök og verð að viðurkenna að á tímum hagsældar, þegar ríkisstjórnin er að skila miklum hagnaði að því er sagt er, skuli ekki vera hægt að taka þann hóp með sem þegar hefur verið greindur. Ég verð að draga í efa að hagsmunasamtök og foreldrar langveikra barna sem hafa beðið eftir frumvarpinu geti á nokkurn hátt verið þessu sammála eða hafi gert sér grein fyrir því að mönnum dytti í hug að láta þetta ekki gilda aftur í tímann.

[16:51]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstvirtur forseti. Ég þakka þær góðu umræður sem farið hafa fram í dag um þetta mikilvæga mál og að þingmenn skuli almennt fagna því að það sé fram komið þótt menn greini á um einstök efnisatriði eins og oft áður. Jákvæð skoðanaskipti eru ætíð til góðs og leiða oftar en ekki til skynsamlegra niðurstaðna. Ég vona að nefndarmenn í félagsmálanefnd nýti sér það sem fram hefur komið við umræðuna en hvet hv. alþingismenn að hafa í huga að það kerfi sem hér er til umræðu er einungis ætlað að mæta tilteknum þörfum tiltekins hóps foreldra sem ekki geta stundað vinnu sína vegna bráðaaðstæðna sem upp kunna að koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlegar fatlanir.

Ég vil, hæstv. forseti, ítreka þá skoðun mína að hér sé verið að stíga mikilvægt skref til framfara til að bæta aðstæður þessa hóps, eins og hv. þingmenn hafa tekið undir. Að sjálfsögðu eru fleiri hópar foreldra sem geta þurft á stuðningi að halda við erfiðar aðstæður og vonandi reynist unnt að taka á þeim aðstæðum í náinni framtíð.

Hér hafa verið bornar fram nokkrar spurningar sem ég ætla að gera mitt ýtrasta til að svara, hæstv. forseti. Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hvort áfram væri eða yrði unnið að réttindum foreldra á vinnumarkaði vegna veikinda barna þeirra almennt, í þeirri nefnd sem hér um ræðir. Því er til að svara að svo er ekki. Málið er ekki til frekari umræðu a.m.k. að sinni að öðru leyti en því sem fjallað er um í frumvarpinu. Við horfum til aðila vinnu-

markaðarins varðandi frekari réttarbætur og þá á vettvangi kjarasamninga.

Hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir og Valdimar Leó Friðriksson spurðu hvort efni frumvarpsins hefði verið borið sérstaklega undir tilheyrandi hagsmunasamtök, þar á meðal Umhyggju. Við því er svarið já. Umhyggja hefur fengið frumvarpið til umsagnar. Því er ekki að leyna að félagið hefur gert athugasemdir við gildissvið frumvarpsins. Ég vil ekki draga neina fjöður yfir það, hæstv. forseti.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr sömuleiðis hvort munað hefði öllu að láta lögin taka til foreldra allra þeirra barna sem greinst hafa með alvarleg veikindi eða fötlun. Því er til að svara, hæstv. forseti, eins og ég rakti í ræðu minni áðan að það er að sjálfsögðu ákveðnum vandkvæðum bundið við hvaða dagsetningu skuli miða þegar ný kerfi á velferðarsviðinu eru tekin upp. Þannig hefur það alltaf verið og mun sjálfsagt alltaf verða. Við erum hér að gæta samræmis við það sem áður hefur verið gert þegar slík kerfi hafa verið tekin upp eins og ég rakti í máli mínu. Ég vil einnig undirstrika, hæstv. forseti, að þessum greiðslum er fyrst og fremst ætlað að mæta því áfalli sem foreldrar verða fyrir við greiningu barna sinna. Þá sé til staðar ákveðið öryggisnet sem tekur að hluta til, að sjálfsögðu að litlum hluta til, áfallið af fólki.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr sömuleiðis til hvaða hópa frumvarpið taki. Hvort þarna sé um að ræða sömu skilgreiningar og í umönnunargreiðslunum. Því er til að svara að þrír erfiðustu flokkarnir í því kerfi voru hafðir til hliðsjónar við smíði frumvarpsins en síðan er, eins og fram kemur í frumvarpinu, þetta háð mati framkvæmdaraðila hverju sinni. Hv. þingmaður gerir sömuleiðis að umfjöllunarefni vottorðs sérfræðings. Hvaða sérfræðings? Er verið að tala um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins? Já, hæstv. forseti. Meðal annarra er verið að tala um hana. En þarna getur einnig fleira komið til. Ég get nefnt sem dæmi Barnaspítala Hringsins, barna- og unglingageðdeildina, og eflaust fleiri aðila sem þarna geta komið að málum. Hv. þingmaður gerir þá að umfjöllunarefni þann biðlista sem er á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Mér er að sjálfsögðu kunnugt um þann vanda. Við höfum verið að taka á honum á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi því sem liggur fyrir þinginu að áfram verði haldið við þá iðju á næsta ári og á næstu árum. Því miður er það svo að ásóknin í slíka greiningu hefur aukist mjög ört, jafnvel enn örar en við gerðum ráð fyrir og þess vegna þarf uppbyggingin á Greiningar- og ráðgjafarstöðinni að verða allnokkur á næstu árum. Ég vonast til að við sjáum fyrir endann á því á næstu tveimur til þremur árum.

Spurt er hvort koma eigi mótframlag við séreignarsparnað foreldra í lífeyrissjóði. Það er ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr sömuleiðis hvort upphæðin hafi verið miðuð sérstaklega við atvinnuleysisbætur. Og hvort nýumsamin hækkun þeirra ætti ekki að vera höfð til hliðsjónar við ákvörðun um greiðslur. Því er til að svara að nefndin sem fjallaði um þetta mál hafði fleiri bótaflokka til hliðsjónar en atvinnuleysisbæturnar, m.a. umönnunargreiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og lágmarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði fyrir 50–100% starf. Þær greiðslur hafa ekki hækkað frá því í febrúar sl. þó að ég geri ráð fyrir að þær hækki um næstu áramót. Við lokagerð þess frumvarps sem hér er til umræðu var tekið tillit til þeirrar staðreyndar og því er lagt til að greiðslurnar verði 93 þús. í stað 90 þús. eins og nefndin lagði til á sínum tíma. Ástæða er til, hæstv. forseti, að vekja athygli á að enda þótt eitt kerfi taki tilteknum breytingum þarf sú breyting ekki sjálfkrafa að eiga sér stað í öllum öðrum bótakerfum okkar.

Aðeins hefur örlað á gagnrýni við umræðuna, hæstv. forseti, á það hvað stjórnvöld ætla að gera lítið. En eins og ég tiltók í framsöguræðu minni vil ég ekki útiloka á þessu stigi að við séum að horfa í þessu frumvarpi á byrjun á áframhaldandi þróun. Þetta er í það minnsta fyrstu skrefin inn í kerfi sem ekki hefur verið til staðar áður. Þegar ég kynnti málið fyrr á árinu fékk það góð viðbrögð.

Ég get tekið undir það að málið hefur tekið langan tíma í undirbúningi, ekki eingöngu innan þeirrar nefndar sem starfar á mínum vegum heldur hafa fleiri nefndir fjallað um málið án niðurstöðu. Ég held hins vegar að við eigum að vera samtaka um það, hæstv. forseti, að fagna því að við sjáum koma fram frumvarp sem tekur á grundvallaratriðum málsins og finn að hv. þingmenn eru mér sammála um það og efast ekki um að flestir gera sér grein fyrir að aðstæður foreldra langveikra eða fatlaðra barna eru alvarlegar og enginn gerir lítið úr því. Við þurfum engu að síður, hæstv. forseti, að sýna ábyrgð í ríkisfjármálum og teljum okkur vera að gera það með að innleiða þetta kerfi í áföngum. Það þýðir hins vegar ekki að við ætlum ekki að koma til móts við aðstæður þessa fólks.

Hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson spurði hvort þetta frumvarp, yrði það að lögum, tæki sérstaklega til foreldra barna með svokallað Goldenhar-heilkenni. Því til að svara að við smíði frumvarpsins var ekki gert ráð fyrir að miðað væri við einstaka sjúkdóma eða einstakar tegundir fötlunar. Lögð er áhersla á að framkvæmdaraðili meti aðstæður foreldra og barns heildstætt með hliðsjón af öllum aðstæðum, m.a. að miða við að barn þarfnist þjónustu þriðja stigs greiningar og meðferðarstofnunar, þ.e. sérhæfðra stofnana á landsvísu, og enn fremur miðað við að barn þarfnist víðtækrar aðstoðar og umönnunar af hálfu foreldris.

Þess vegna, hæstv. forseti, get ég ekki svarað því hér og nú hvaða tilvik komi nákvæmlega til með að falla undir lögin, verði frumvarpið að lögum, að öðru leyti en því að um er að ræða þau tilvik sem teljast alvarleg. Ég veit hins vegar að hv. þingmaður hefur virðingarverðan áhuga á málefnum foreldra barna með Goldenhar-heilkenni og við höfum átt orðastað um það mál í þingsal áður. Af því tilefni vil ég upplýsa hv. þingmann um að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur tekið málefni foreldra þessara barna til sérstakrar umfjöllunar hjá sér og ég vænti þess vegna að það mál sé í betri farvegi en verið hefur.

En ég ítreka, hæstv. forseti, þakkir mínar fyrir þessa málefnalegu umræðu og vonast til að málinu verði vísað til hv. félagsmálanefndar og fái þar þá umfjöllun sem það á skilið.

[17:01]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér urðu það vissulega vonbrigði að hæstv.

ráðherra skuli ekki taka undir það að hækka þessar greiðslur sem eru skammarlega lágar og skuli ekki taka undir að skoða það að miða þær við þær breytingar sem hafa verið gerðar á atvinnuleysisbótakerfinu. Sömuleiðis veldur það mér vonbrigðum að hæstv. ráðherra virðist lítið, a.m.k. í ræðustólnum áðan, vilja hreyfa sig varðandi gildissvið laganna og opna fyrir að lögin nái einnig til þeirra sem greinst hafa með alvarleg veikindi eða fötlun nú þegar. Þá er ég að tala um alvarlegustu tilvikin.

Ég ítreka þá ósk mína að hæstv. ráðherra láti kortleggja í ráðuneyti sínu hvað við værum að tala um mikinn fjölda ef við opnuðum fyrir þá foreldra sem geta ekki verið á vinnumarkaðnum og hafa misst vinnu sína vegna alvarlegrar fötlunar eða veikinda barna. Ég held að mikilvægt sé að við kortleggjum það mál og sjáum hvað það væri stór viðbót að taka þennan hóp undir lögin sem ég tel raunverulega vera grundvallaratriði að þingið geri.

Varðandi framkvæmdina og hvað er alvarlegur og langvinnur sjúkdómur eða alvarleg fötlun, eins og gildissvið laganna tekur til, þá vísar ráðherrann í þrjá fyrstu flokkana af fimm sem falla undir umönnunargreiðslur og segir að stuðst hafi verið við það en síðan segir hæstv. ráðherra, ef ég skildi hann rétt, að þetta væri síðan háð mati framkvæmdaraðila. Ég veit ekki hvort við getum sett svona matskennt ákvæði, samþykkt það hér og sett það í hendur á framkvæmdaraðila sem ekki einu sinni er skilgreindur í þessu lagafrumvarpi heldur á félagsmálaráðherra að ákveða „með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara." Mér finnst þetta allt of opið og óljóst hverjir falla undir þessi lög. Ég spyr því ráðherrann: Hver er það sem er líklegur aðili til að vera framkvæmdaraðili þessa máls? Er það Tryggingastofnun ríkisins sem ráðherrann er að tala um og telur hann að það þurfi ekki að skilgreina gildissviðið nánar en hér er gert?

[17:03]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mun að sjálfsögðu gera mitt ýtrasta til að verða félagsmálanefnd innan handar um þær upplýsingar sem nefndin óskar eftir. Ég heyri að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem á sæti í félagsmálanefnd kallar eftir útreikningi þess hvað kerfið mundi kosta ríkissjóð með þeim breytingum sem þingmaðurinn leggur áherslu á og mun ég að sjálfsögðu verða við því að leita eftir þeim upplýsingum.

Hver framkvæmdaraðilinn verður, hæstv. forseti, hefur ekki verið tekin ákvörðun um. Þetta er hins vegar mál sem við horfum á út frá þörfum foreldra á vinnumarkaði. Ég á því ekki síður von á að það gæti komið til framkvæmda hjá Vinnumálastofnun frekar en Tryggingastofnun ríkisins.

[17:04]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og að hann ætli að beita sér fyrir því að félagsmálanefnd fái þær upplýsingar sem ég hef kallað eftir. Ég vil líka nefna að hæstv. ráðherra sagði að ákvæði frumvarpsins tæki ekki til viðbótarlífeyrissjóðssparnaðar sem mér finnst mjög óeðlilegt og ég tel að félagsmálanefnd eigi að skoða þann þátt. Hæstv. ráðherra nefndi heldur ekki það sem ég spurði hann um varðandi þá sem fá lífeyrisgreiðslur ef þær eru lægri en þær greiðslur sem eiga að koma til foreldranna, hvaða áhrif það hefur, og hvort eigi þá að greiða mismuninn eða hvort þeir sem eru með einhverjar lífeyrisgreiðslur úr Tryggingastofnun ríkisins fái þar enga aðstoð samkvæmt þessu lagafrumvarpi.

Síðan vil ég, virðulegi forseti, segja af því að ráðherrann sagði í máli sínu áðan að ekki væri og mundi ekki verða unnið áfram í samræmi við þá tillögu sem Alþingi samþykkti fyrir nokkrum árum, sem var almennt um að taka á og auka rétt foreldra vegna veikra barna sinna. Ég tel, virðulegi forseti, að hæpið sé að hæstv. ráðherra geti í ræðustólnum hunsað vilja Alþingis sisvona. Alþingi uppálagði honum með samþykkt tillögu héðan að auka ætti rétt foreldra vegna veikra barna sinna og að hafa ætti hliðsjón af því kerfi sem er á Norðurlöndum í því efni, þar sem er margfalt meiri veikindaréttur og síðan taka opinberir sjóðir þátt í þeim greiðslum. En mér finnst, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra geti hreinlega ekki sagt: Nei, við ætlum ekki að gera meira í málinu. Og ætla ekkert að gera með þann vilja Alþingis sem kom fram í þeirri tillögu sem var þverpólitísk, flutt af þingmönnum úr öllum flokkum og væntanlega samþykkt af öllu Alþingi. Ég fæ ekki séð, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra geti vísað málinu frá og hafnað að leggja þá vinnu í málið sem Alþingi fól honum sem framkvæmdaraðila málsins.

[17:06]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna síðustu orða hv. þingmanns vil ég ítreka að sú nefnd sem lagði þær breytingar til sem hér eru ræddar hefur ekki verið að störfum hvað varðar umfjöllun um rétt foreldra barna á vinnumarkaði vegna veikinda þeirra. Ég vil ekkert útiloka hvað verður í þeim efnum um alla framtíð, hæstv. forseti. Ég vona að hv. þingmaður skilji mig ekki þannig.

Hins vegar verðum við að hafa í heiðri þá grundvallarreglu vinnumarkaðar okkar að málefni sem varða kjarasamninga eru til umfjöllunar milli aðila vinnumarkaðarins og ekki hefur verið vilji til að grípa þar inn í með freklegum hætti. En ég vil ekki að orð mín séu skilin þannig að ég útiloki það um alla framtíð að það kunni að koma til einhverra frekari tillagna af minni hálfu í þessum efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, 1. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 363.

[17:07]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Forsaga frumvarps þessa er sú að menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands hafa um nokkurt skeið kannað hvort ekki væri fengur að því að samnýta krafta þeirra stofnana

sem sinnt hafa rannsóknum og miðlun þekkingar á sviði íslenskra fræða. Afrakstur af þeirri skoðun er frumvarp þetta þar sem lagt er til að sett verði á laggirnar ný stofnun á sviði íslenskra fræða sem mun bera heitið Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Nýja stofnunin mun verða til við samruna Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Orðabókar Háskóla Íslands, Íslenskrar málstöðvar, Örnefnastofnunar Íslands og Stofnunar Sigurðar Nordals. Tilgangur sameiningarinnar er að efla rannsóknarstarf og miðlun á sviði íslenskra fræða, auk þess að efla fræðilega ráðgjöf til styrktar og eflingar íslenskri menningu. Þá er gert ráð fyrir að margvíslegt hagræði verði af því að sameina vissa þætti í starfsemi þessara stofnana, einkum á sviði stjórnunar, tækni og þjónustu. Við samrunann skapast því skilyrði til þess að leggja aukna rækt við menningararf þjóðarinnar og íslenska tungu. Markmiðið er að til verði öflug háskólastofnun sem byggir á helstu undirstöðum íslenskrar menningar, tungumálinu og fornbókmenntunum.

Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að stofnunin verði háskólastofnun með sjálfstæðum fjárhag sem heyrir undir menntamálaráðherra en hafi náin tengsl við Háskóla Íslands. Framangreindar stofnanir eru samkvæmt gildandi lögum og reglum ýmist ríkisstofnanir eða stofnanir sem heyra undir Háskóla Íslands. Forstöðumenn þeirra eru því annaðhvort skipaðir af menntamálaráðherra eða ráðnir af rektor Háskóla Íslands.

Rekstrarform stofnananna er með ýmsum hætti en þær eiga það sameiginlegt að hljóta fjárveitingar á fjárlögum. Jafnframt því að leggja áherslu á að í 1. gr. frumvarpsins komi fram að stofnunin sé háskólastofnun þykir rétt að það sé sérstaklega kveðið á um að stofnunin hafi náin tengsl við Háskóla Íslands eins og nánar greinir í lögunum. Í því sambandi ber þó að hafa í huga að hinar sameinuðu stofnanir samkvæmt frumvarpi þessu hafa flestar ákveðnum skyldum að gegna gagnvart stjórnvöldum sem snerta ekki starfsemi Háskóla Íslands. Þá verður jafnframt að taka mið af þeirri fjölgun menntastofnana á háskólastigi sem orðið hefur á undanförnum árum sem opnar möguleika fyrir hina nýju stofnun að auka samstarf og samvinnu við aðra háskóla og háskólastofnanir. Því byggist frumvarp þetta á því að Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun heyri undir menntamálaráðherra, sem skipi forstöðumann hennar, en síðan verði þrír af fimm stjórnarmönnum stofnunarinnar sem ætlað er ráðgefandi hlutverk, tilnefndir af háskólaráði Háskóla Íslands.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins er ástæða fyrir heiti stofnunarinnar, Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, einkum skyldur stjórnvalda sem tengjast sáttmála Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum stofnunar Árna Magnússonar í vörslu og umsjón Háskóla Íslands. Því er lagt til að Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun muni varðveita og sjá um þau handrit og skjalagögn sem hafa verið flutt til Íslands frá Danmörku samanber fyrrgreindan sáttmála.

Eins og hv. þingmenn þekkja liggur fyrir þinginu frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. þar sem fram kemur að verja skuli samtals 1.000 millj. kr. til nýbyggingar fyrir Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun. Lagt er til í frumvarpinu að fjárframlögin skiptist þannig milli ára að verja skuli 300 millj. kr. til þessa verkefnis árið 2007, 300 millj. kr. árið 2008 og 400 millj. kr. árið 2009.

Hugmyndin að því að reisa byggingu fyrir þessar stofnanir á sér langan aðdraganda og hér er því um að ræða niðurstöðu af margra ára samræðu og samstarfi við stjórnvöld menntamála og þeirra stofnana sem hlut eiga að máli. Í hinu nýja húsnæði mun gefast færi á að búa handritunum umgjörð við hæfi þar sem skilyrði til varðveislu þeirra verða hin ákjósanlegustu og þannig mun gefast betra tækifæri á að skoða og fræðast um handritin.

Helstu breytingar sem er að finna í frumvarpinu frá núgildandi lögum eru að í stað dreifðra lagaákvæða og reglna er lagt til að einn lagabálkur fjalli um rannsóknir og miðlun þekkingar á sviði íslenskra fræða. Hér er átt við rannsóknir á íslenskri tungu, bókmenntum og sögu, auk varðveislu og eflingar þeirra safna sem stofnuninni er falin eða hún á. Samkvæmt frumvarpinu mun Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun sinna þeim verkefnum sem þær stofnanir sem hér um ræðir hafa sinnt hver í sínu lagi. Því er lagt til að verkefni Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Orðabókar Háskóla Íslands, Íslenskrar málstöðvar, Örnefnastofnunar Íslands og Stofnunar Sigurðar Nordals færist í heild sinni yfir á hina nýju stofnun.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun verði jafnframt öðrum verkefnum skrifstofa Íslenskrar málnefndar sem menntamálaráðherra skipar. Lagt er til að Íslensk málnefnd muni áfram veita stjórnvöldum ráðgjöf um íslenska tungu en helstu nýmæli í störfum nefndarinnar eru að henni verði falið að semja ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út, auk þess að gera tillögu til menntamálaráðherra um málstefnu og ályktа árlega um stöðu íslenskrar tungu. Þetta eru nýmæli.

Ég vil sérstaklega vekja athygli þingheims á því að Íslensk málnefnd mun því gegna veigameira hlutverki en áður og verður enn sem fyrr afar mikilvægur og breiður samráðsvettvangur um íslenskt mál. Gert er ráð fyrir að málnefndin skipti með sér verkum þannig að innra starf hennar verði með þeim hætti sem viðhaft hefur verið til þessa. Þá er einnig gert ráð fyrir að málnefndin taki þátt í norrænu og evrópsku samstarfi málnefndarmanna svo sem verið hefur og taki að öðru leyti þátt í að efla samstarf á fræðasviðum Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar samkvæmt d-lið 3. gr. frumvarpsins en þar segir, með leyfi forseta: „efla samstarf á fræðasviðum stofnunarinnar á innlendum og erlendum vettvangi og auka þekkingu á íslenskum fræðum meðal almennings og í alþjóðlegu fræðasamfélagi.“

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins umfram það sem ég hef þegar farið yfir í framsöguræðu minni bendi ég á að samkvæmt 4. gr. frumvarpsins skipar menntamálaráðherra forstöðumann stofnunarinnar að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Lagt er til að forstöðumaðurinn skuli hafa hæfi sem prófessor á fræðasviði stofnunarinnar að mati þriggja manna dómnefndar. Eins og fram kemur í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins þykir rétt að gera þessi hæfisskilyrði vegna þess fjölþætta rannsóknarhlutverks sem stofnuninni er ætlað. Er það einnig í samræmi

við gildandi lög um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi þótt þar sé gert ráð fyrir að forstöðumaðurinn skuli jafnframt vera prófessor við heimspekideild Háskóla Íslands.

Þá eru í frumvarpinu gerð skýr skil á milli ábyrgðarhlutverks forstöðumanns og ráðgjafarhlutverks stjórnar stofnunarinnar. Varðandi stjórnina bendi ég á að lagt er til að stjórnin sé skipuð fimm mönnum og skulu þrír þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands og tveir án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnar. Með því að Háskóli Íslands tilnefni þrjá af fimm stjórnarmönnum er lögð áhersla á sterk tengsl stofnunarinnar við Háskóla Íslands eins og tekið er fram sérstaklega í 1. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til að við stofnunina verði tvö sérstök rannsóknarstörf. Annað verði tengt nafni og fræðilegri arfleifð Árna Magnússonar en hitt með sama hætti tengt nafni og fræðilegri arfleifð Sigurðar Nordals. Með þessu er fræðilegur grundvöllur stofnunarinnar treystur en jafnframt haldið til haga fræðilegri arfleifð þessara mikilvægu fræðimanna.

Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins við 7. gr. er við það miðað að þessar stöður verði a.m.k. fyrst um sinn mannaðar án þess að stöðugildum við hina nýju stofnun fjölgi umfram þau sem til staðar eru í þeim stofnunum sem sameinast í Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að ég legg sérstaka áherslu á að litið verði til þess við gerð fjárlaga fyrir fyrsta heila starfsár stofnunarinnar, þ.e. fyrir árið 2007, að skapa stofnuninni svigrúm til að ráða í þessi störf sérstaklega sem kveðið er á um í 7. gr. frumvarpsins og þar með undirstrikað mikilvægi rannsóknarhlutverks stofnunarinnar.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, benda á ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er snertir einkum starfsmenn þeirra stofnana sem frumvarp þetta fjallar um. Þar kemur fram að verði frumvarpið að lögum taki Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun við eignum og skuldbindingum Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskóla Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands. Í því felst m.a. að starfsmenn þeirra stofnana verða starfsmenn Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar. Gert er ráð fyrir að hin nýja stofnun yfirtaki ráðningarsamninga starfsmannanna og að ekki verði um breytingar á ráðningarkjörum þeirra að ræða við sameininguna. Eftir sem áður gilda um starfsmennina ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Þá verða samkvæmt ákvæðinu störf forstöðumanna þeirra stofnana sem sameinast lögð niður en lagt er til að öllum fráfarandi forstöðumönnum verði boðin rannsóknarstörf við Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun og skulu þeir við ráðningu í þau störf halda öllum áunnum réttindum sínum úr fyrra starfi. Niðurlagning á störfum forstöðumanna Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi og Orðabókar háskólans hefur þó ekki áhrif á ráðningu þeirra í störf prófessora við hugvísindadeild Háskóla Íslands. Starf forstöðumanns hinnar nýju stofnunar verður auglýst og lagt er til að gengið verði frá skipun í það starf eigi síðar en 1. september 2006, þ.e. sama dag og lagt er til að lögin taki gildi.

Herra forseti. Ég hef rakið efni frumvarpsins í megindráttum en sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um einstakar greinar þess heldur vil ég vísa til frumvarpsins sjálfs og eftir atvikum til umfjöllunar í athugasemdum þess. Ég legg því til að frumvarpinu verði að lokinni umræðu vísað til hv. menntamálanefndar og 2. umr.

[17:19]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Áður en við hefjum umræðuna tel ég nauðsynlegt að fá skoðun hæstv. menntamálaráðherra á umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þar segir að hugsanlegt sé að samþykkt þessa frumvarps valdi því að úr ríkissjóði þurfi að fara biðlaun að hámarki 30 millj. kr. Ég óska eftir því að vita hvaða biðlaun það eru. Ég les það þannig að átt sé við forstöðumenn sem geta neitað að taka nýja stöðu vegna þess að þær eru ekki hinar sömu og fyrir voru. Þar að auki geti laun hjá nýjum forstöðumanni numið 2 millj. kr. á þessu ári, samtals 32 millj. kr. Við skulum vona að svo fari ekki að forstöðumenn segi allir upp og þar að auki komi nýr forstöðumaður, og þetta gangi allt upp en það getur verið, segir í umsögninni.

Þarna eru 32 millj. kr. og fjármálaráðuneytið telur í þessari umsögn að hífa megi upp í þær með því að ganga á svokallað eigið fé, held ég að það sé eða jákvæðan höfuðstól, sem stofnanirnar eigi inni en hann nemur 8,4 millj. kr. og þá eru eftir 23,6 milljónir, ef af verður. Það telur fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins að hægt sé að fá á þessu ári vegna lækkaðs kostnaðar við stjórnsýslu og rekstur m.a. og væntanlega aðallega fækkun stjórnenda, stjórna og nefnda. Spurningin er fyrir utan þetta um forstöðumennina: Telur menntamálaráðherra að þetta sé raunhæf áætlun eða hefur menntamálaráðherra einhverjar aðrar ráðagerðir um það hvernig mæta á þessum kostnaði, ef af verður, eins og fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins hefur reiknað með?

[17:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri ekki ráð fyrir að forstöðumennirnir komi til með að hætta að starfa við þessa nýju stofnun því að þetta frumvarp og þetta fyrirkomulag sem liggur fyrir þinginu hefur m.a. verið unnið í mjög náinni samvinnu og miklu samstarfi við alla forstöðumenn þeirra stofnana sem um ræðir. Ég ætla hins vegar ekki að gera athugasemdir við þau vinnubrögð sem fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins viðhefur í umsögn sinni þannig að hún kemur fyrir á pappírnum eins og hún er.

Ég sagði það reyndar áðan í framsögðuræðu minni að varðandi 7. gr. mun ég leggja til innan míns fjárlagaramma fyrir árið 2007 að styrkja stofnunina sérstaklega hvað varðar þessi tvö rannsóknarstöðugildi og útfærslu á þeim. Ég geri ekki ráð fyrir að frumvarpið leiði til þess að við stöndum frammi fyrir því að stofnunin þurfi að ganga á jákvæðan höfuðstól sinn. Við verðum líka að gera ráð fyrir að við sameiningu stofnunarinnar verði vonandi einhver hagræðing sem verði til bóta bæði fyrir innra og ytra skipulag og stjórnsýslu slíkrar stofnunar.

[17:22]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hæstv. menntamálaráðherra virðist ekki hafa farið í gegnum umsögnina frá fjárlagaskrifstofunni vegna þess að hún getur engu svarað um það sem hún er spurð um. Ég spurði: Hvernig á að hífa þetta upp, hvaða peningur á að fara í þær 23,6 milljónir sem fjárlagaskrifstofan reiknar með að hugsanlega geti farið forgörðum, eins og ég skil það hjá menntamálaráðherra, vegna hugsanlegra uppsagna forstöðumanna og vegna þess að ráða þarf nýjan mann sem nemur 2 millj. kr.? Fjárlagaskrifstofan talar ekki um rannsóknarstöðurnar tvær. Ekki er um það að ræða, forseti, að verið sé að ræða um þær heldur segir fjárlagaskrifstofan að þetta megi gera fyrir utan jákvæða höfuðstólinn með því að lækka kostnað við stjórnsýslu og rekstur með fækkun stjórnenda, stjórna og nefnda.

Nú er það svo að stjórnendur, stjórnir og nefndir í þessum stofnunum fimm munu vera þannig að í Árnastofnun, þ.e. þeirri sem nú er, er svokölluð stjórnarnefnd og er sérstaklega kveðið á um það í lögum að hún sé launalaus. Íslensk málefnd er sín eigin stjórn. Við getum því ekki gert ráð fyrir að laun lækki hjá Íslenskri málnefnd, hún á að vera jafnstór og áður. Í lögum um Örnefnastofnun er engin stjórn þannig að engir stjórnendur, stjórnir og nefndir falla til hér til að lækka þennan kostnað. Í Orðabók Háskólans er vissulega stjórn og hún er líka til í Stofnun Sigurðar Nordals. Ég hef athugað hver sá launakostnaður muni vera við stjórnendur, stjórnir og nefndir sem þar er um að ræða og mér skilst að hann geti að hámarki orðið 50–100 þús. kr. á ári miðað við venjuleg stjórnarstörf og þó heldur minna, a.m.k. að venju í Orðabók Háskóla Íslands. Ég spyr: Er menntamálaráðherra reiðubúin til að koma til móts við þessa nýju stofnun hvað þetta varðar ef fara skyldi svo, eins og fjárlagaskrifstofan reiknar með, að það sé mínus upp á 23,6 millj. kr. og á móti séu aðeins 50–100 þús. kr. í þau stjórnarlaun sem fjárlagaskrifstofan ætlar að spara? Fyrir mér ber þessi umsögn fjárlagaskrifstofunnar vott um að hvorki hún né menntamálaráðuneytið hafi skoðað þetta mál ofan í kjölinn.

[17:24]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt sem kom fram síðast í máli hv. þm. Marðar Árnasonar að þetta hafi ekki verið skoðað. Vissulega hefur þetta verið skoðað og álit fjárlagaskrifstofunnar eða umsögn hennar liggur fyrir og hún hefur sínar forsendur alveg eins og við lögðum upp sem fórum af stað með frumvarpið. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að menn lesi nákvæmlega það sem stendur hér. Ef við stöndum frammi fyrir því að það verði aukinn kostnaður vegna hugsanlegs brottfalls einhverra forstöðumanna þá verður því að sjálfsögðu mætt. Það kemur hér fram. Það er skýrt og skilmerkilega sagt frá því. Auðvitað verður gert ráð fyrir því. Verið er að draga fram allan hugsanlegan mögulegan kostnað sem kemur til með að falla á stofnunina. Það er ekki svo að skila eigi þessari stofnun inn í nýja framtíð með ekki nægilega mikilli reisn. Að sjálfsögðu hefur verið unnið mjög ötullega í samvinnu við alla aðila að þessu máli. Við ætlum að efla og styrkja íslenska tungu, íslenskan menningararf og allt það umhverfi. Ekki er hægt að lesa neitt annað út úr umsögn fjárlagaskrifstofunnar en það sem við ætlum að gera, nákvæmlega það sem ég sagði áðan.

[17:26]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér er lagt fram frumvarp um merkilegar stofnanir á merkilegu sviði, stofnanir sem eiga rætur sínar, hin elsta, að rekja til loka heimsstyrjaldarinnar og í raun og veru miklu lengra aftur ef við tökum forvera þeirra með ýmsum hætti, enda á að kenna hina nýju stofnun við Árna Magnússon sem er auðvitað á margan hátt við hæfi.

Ég tel að athugunarmál og umræðuefni við 1. umr., ef vel á að vera, og í menntamálanefnd þar á eftir séu m.a. eftirfarandi:

1. Markmið stofnunarinnar og undirbúningur sameiningarinnar.

2. Nafn og inntak stofnunarinnar og örlítið um íslenska menningarpólitík.

3. Umfang sameiningarinnar og aðila hennar.

4. Hugtakið háskólastofnun.

5. Tengsl stofnunarinnar við Háskóla Íslands, um námsskyldur sem henni fylgja, um stofnanir hugvísindadeildar og hvernig þær tengjast henni, um þróunina í íslenskuskor og víðar í hugvísindadeild.

6. Réttindi starfsmanna.

7. Stjórnskipulag í stofnuninni.

8. Innra skipulag stofnunarinnar.

9. Íslensk málnefnd og hvernig koma á málstöðinni fyrir í hinni nýju stofnun.

10. Rannsóknarstöðurnar sem kenndar eru við Árna Magnússon og Sigurð Nordal.

11. Rétt er að víkja að því hvernig málið ber að og huga að starfsstíl ráðherra og ráðuneytis hennar.

Í 12. lagi hefði ég viljað koma með bráðabirgðaniðurstöður við 1. umr.

Þetta tekst sjálfsagt ekki á 20 mínútum og kannski ekki á þeim 10 mínútum sem ég á hér að auki en það verður að hafa það, það er þá hægt að halda þeim umræðum áfram í nefndinni og við 2. umr. um málið einhvern tíma á vordögum.

Hugmyndin um að sameina stofnanir á sviði íslenskra fræða hefur verið á sveimi nokkra stund og er auðvitað góðra gjalda verð. Sumar af þessum stofnunum eru vanburða, hafa í raun og veru aldrei komist á legg og eru of litlar til að standa með reisn á eigin fótum, t.d. Örnefnastofnun. Gagnasöfn á þessum stofnunum geta samnýst, t.d. gagnasöfn Orðabókar Háskólans og Íslenskrar málstöðvar, og vonandi skapast tækifæri við sameiningu. Stofnunin yrði stærri og þróttmeiri eining sem hefur meira afl og burði til að rannsaka og hafa samskipti og veita þjónustu.

Það eru líka hættur við sameiningu, a.m.k. eins og hún er hér sett fram. Hætt er við ofstjórn og einstefnu ef vald forstöðumanns og stjórnar eða bara forstöðumanns er of mikið og sambýli þessara fimm stofnana í einni er auðvitað ekki sjálfsagt mál. Til dæmis verður að búa þannig um hnútana að lítil fræðasvið, ef svo má segja, sem nú eiga sér ákveðinn gróðurreit og skjól innan einhverra af stofnunun-

um fimm eða deilda í þeim, týnist ekki eða lendi út undan.

Svo er það að nefna af okkar miklu reynslu undanfarin ár og áratugi af sameiningu fyrirtækja, eða sveitarfélaga og stofnana að misheppnuð sameining er oft verri en engin sameining. Það skiptir máli hvernig svona sameining er undirbúin. „Traustir skulu hornsteinar hárra sala", sagði einn af þeim sem hlýtur að koma við sögu í þessum stofnunum. Það skiptir máli að hornsteinarnir séu: skýr markmið, að á undan hafi farið vandlegar athuganir, greining þeirra þarfa sem á að uppfylla, mat á kostum og göllum við sameininguna og leiðum að henni, hún hafi verið undirbúin með stjórnendum, starfsfólki og haghöfum öllum, gætt hafi verið samráðs og skapað traust í þeim ferli.

Tilgangur sameiningarinnar er nefndur í upphafi athugasemda frumvarps hæstv. menntamálaráðherra. Hann er tvíþættur, þ.e. annars vegar að efla rannsóknarstarf og miðlun og hins vegar að efla fræðilega ráðgjöf til styrktar og eflingar íslenskri menningu. En í raun og veru kemur hvergi fram hvernig eigi að efla þetta. Það er alveg óljóst í frumvarpinu fyrir utan það að þessi nýja stofnun verður stærri en hinar, a.m.k. einstakar þeirra, og það er von greinilega frumvarpssemjandans að sameiningin sjálf muni leiða til þess með einhverjum hætti að fræðileg ráðgjöf eflist, rannsóknarstarf og miðlun sömuleiðis.

Það er gert ráð fyrir öðrum tilgangi. Það er gert ráð fyrir að margvíslegt hagræði verði af því að sameina vissa þætti í starfsemi þessara stofnana, einkum á sviði stjórnunar, tækni og þjónustu. Eins og leitt var í ljós í andsvörum rétt áðan þá getur verið vafamál hvenær slíkt hagræði næst. Hvorki fjárlagaskrifstofan né hæstv. menntamálaráðherra virðast hafa nokkurn skilning á því að þegar rætt er um mikið stjórnarbákn á þessum stofnunum fimm þá er það minna en maður skyldi ætla. Það er þannig. Það er þannig vegna þess að stjórnendur þessara stofnana og starfsfólkið þar hefur kosið að eyða eins litlum tíma og eins litlum peningum og unnt er í þessi venjulegu hefðbundnu stjórnarstörf til að geta veitt þjónustu og rannsakað. Þess vegna er samanlögð stjórnarþóknun í þessum stofnunum fimm sú sem ég nefndi, þ.e. 50–100 þús. kr. á ári gróft áætlað. Ég efast ekki um að með góðum vilja megi ná einhverri hagræðingu og einkum þegar komið er í nýja húsið eftir fimm til tíu ár, t.d. á bókasafni. Eina verulega bókasafnið í þessum stofnunum er reyndar á Stofnun Árna Magnússonar. Miðað við það er í raun um smá söfn að ræða í Stofnun Sigurðar Nordals, í Örnefnastofnun og á Íslenskri málstöð og bókasafn Orðabókar Háskólans er mjög af öðru tagi en hjá Stofnun Árna Magnússonar. En ég efast ekki um að þarna megi ná fram hagræðingu.

Það er miklu óljósara hins vegar um tæknina vegna þess að sú tækni sem er notuð á þessum stofnunum er afar ólík eftir þörfum hverrar stofnunar um sig. Að leggja saman gagnasöfnin er auðvitað prýðilegt. En þá má líka minna á að nú þegar er verulegur gagnkvæmur aðgangur að gagnasöfnunum, t.d. hjá Orðabók Háskólans og Íslenskri málstöð. Það má ræða áfram um þetta en ástæða er til að spyrja ráðherrann hvernig hún fyrirhugi og hennar menn að efling rannsóknarstarfs, miðlunar og fræðilegrar ráðgjafar fari fram í hinni nýju stofnun, þ.e. hvernig það verði. Hver nákvæmlega er hagræðingin sem þeir menn sem hafa undirbúið þetta frumvarp búast við í a) stjórnun, b) tækni, c) þjónustu?

Sameining er eitt af tískuorðunum síðustu áratugi og ekki að ófyrirsynju. Við þekkjum eins og ég sagði áðan sameiningarferli nokkuð vel. Við höfum ýmsa reynslu af því. Við höfum góða reynslu og við höfðum slæma reynslu. Við eigum að vita líka hvernig á að varast vítin. Það er ástæða til að spyrja að því hvort sameiningarferlið hafi verið hafið með því að stofnanirnar, stjórnendur þeirra og starfsmenn, hafi talað saman, hvernig athugun hafi farið fram á því hvernig starfsemi hverrar stofnunar rúmast sem best í nýrri stofnun og hvaða tækifæri myndast við sameininguna. Ég spyr þess vegna menntamálaráðherra: Hvar eru þær rannsóknir og athuganir sem standa að baki þessu frumvarpi og hvert er hið skipulega starf á stofnununum fimm sem farið hefur fram vegna þessara sameiningarhugmynda?

Sérstaklega af því að menntamálaráðherra ræddi um að í þessari stofnun ætti að sinna íslenskri tungu, bókmenntum og sögu vil ég segja að íslensk fræði hafa reyndar verið nokkuð óljóst hugtak. Þegar þetta nafn var til í stjórnsýslunni a.m.k. þá var það í Háskóla Íslands þegar íslensk fræði voru þar námsgrein. Þetta var þannig námsgrein að menn lögðu fyrir sig einmitt þetta, tungu, þ.e. málfræði, bókmenntir og síðan sögu. Þessi fræðigrein eða námsgrein var aflögð á sjöunda áratugnum, að ég held árið 1965. Hún lifir að vísu enn í heiti fagfélagsins, Félags íslenskra fræða. En nú eru komin ný íslensk fræði sem menn geta tekið til meistaraprófs í Háskóla Íslands. Það eru hins vegar íslenskar bókmenntir plús íslensk málfræði en ekki saga. Þess vegna er ástæða til að spyrja um þetta sérstaklega: Er ætlunin að Íslandssaga eigi sérstakt rúm í þessari nýju stofnun og er ætlunin að rannsóknir nútímabókmennta eigi líka rúm í hinni nýju stofnun? Það er ekki ljóst. Þetta skiptir kannski ekki miklu máli. En máli skiptir þegar menn nota svona hugtök að allt sé með sem hugtakið tekur til, bókmenntir, tunga og saga, og að með notkun hugtaksins séu ekki útilokaðar aðrar greinar sem nú eru stundaðar innan veggja þessara stofnana fimm. Það má sérstaklega nefna að íslensk fræði í Stofnun Árna Magnússonar eru í raun almenn evrópsk miðaldafræði með útgangspunkti í bókmenntum, tungu og atburðum á íslenskum miðöldum. Við megum því ekki ganga þannig frá þessu að heitið íslensk fræði verði of þröngt.

Örlítið tel ég að verði að koma inn á nokkuð fornfálegan og þröngan skilning hæstv. menntamálaráðherra á hugtakinu íslensk menning. Nú eru menn búnir að deila um það lengi en í kringum 1930 mundu menn einmitt hafa sagt þetta sem segir í frumvarpinu, að helstu undirstöður íslenskrar menningar séu: a) tungumálið, b) fornbókmenntirnar. Auðvitað er þetta góðra gjalda vert. Tungumálið hefur skapað tilveru Íslendinga og án fornbókmenntanna værum við miklum mun fátækari. En íslensk menning er miklu fleira. Íslensk menning, jafnvel þó við tökum það bara sögulega, á líka við myndlist og tónlist sem menn héldu einu sinni að ekki hefði verið til. Hún á líka við byggingarlist og alls kyns fræðirit. Íslensk menning væri vissulega fátækleg án fornbókmenntanna en undirstöður hennar felast ekkert síður í síðari tíma bókmenntum, í bókmenntum frá

því sem kallað er íslensku miðaldirnar, á 16., 17. og 18. öld, og í nútímabókmenntum okkar. Skilgreiningin er ekki góð. Mér finnst að með því að setja þetta í greinargerðina sé verið að gefa hinni nýju stofnun erindi sem er of þröngt og sem er of aldurhnigið og ekki hugsað frá grunni.

Um umfang sameiningarinnar er líka rétt fara nokkrum orðum. Það er skýringarlaust af þeim sem hér flytur frumvarpið af hverju um nákvæmlega þessar fimm stofnanir er að ræða. Það er ekki náttúrulögmál að það séu þessar fimm stofnanir. Þær eru, eins og hæstv. menntamálaráðherra rakti, mjög ólíkar og stjórnsýslustaða þeirra er líka mjög ólík. Höfuðsameiningin sem hér er um að ræða er auðvitað sameining Stofnunar Árna Magnússonar og Orðabókar Háskólans. Það er ekki óeðlilegt að Örnefnastofnun sé þar talin með. En það þarf sérstök rök fyrir því að Stofnun Sigurðar Nordals sé með í þessum pakka vegna þess að hún fjallar mjög um kennslu og er nátengd Háskóla Íslands. Ef til vill væri betra að hún væri áfram í háskólanum. Sameining Íslenskrar málstöðvar og stjórnar hennar, Íslenskrar málnefndar, og þessarar stofnunar skapar þegar veruleg vandræði sem fram koma beinlínis í frumvarpstextanum. Það er engin skýring í greinargerðinni eða ræðu ráðherrans af hverju um er að ræða þessar fimm. Það má spyrja áfram. Ef hér á að fjalla um íslensk fræði, af hverju er þá ekki þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins hér inni með allt sitt mikla gagnasafn sem fræðimenn á sviði íslenskrar tungu, bókmennta og sögu sækja mjög í? Af hverju er ekki handritadeild Landsbókasafnsins með í þessum pakka? Er það af einhverjum viðkvæmnisástæðum gagnvart Landsbókasafninu? Hún smellpassar inn í þessa nýju stofnun vegna þess sem þeir kannast við sem hafa þurft að eiga við handrit að þurfa að flakka milli enda háskólalóðarinnar, milli handritadeildar Landsbókasafns – háskólabókasafns og Stofnunar Árna Magnússonar. Ein spurningin er því: Af hverju er hún ekki með? Hvar eru skýringarnar á því? Enn má spyrja t.d. um mannanafnanefnd sem er að vísu undir allt öðru ráðuneyti. En er ekki rétt að hún hafi hér skrifstofu á sama hátt og Íslensk málnefnd? En hér eru engar skýringar. Hér virðist ekki vera nein sérstök hugsun á bak við eða þá menn hafa kastað upp teningunum og hagað sér samkvæmt því sem uppi á þeim var þegar þeir komu niður.

Það er að styttast tíminn en að lokum gengur þetta nú sjálfsagt. Ég vil líka minnast á hugtakið háskólastofnun vegna þess að í greinargerðinni segir að markmiðið sé að til verði öflug háskólastofnun. Háskólastofnun þýddi það einu sinni í íslenskum lögum að um var að ræða stofnun innan Háskóla Íslands. Aðra fyllingu hefur orðið í raun og veru ekki. Til dæmis er Landsbókasafn – háskólabókasafn nú nefnt háskólastofnun án þess að þar sé í raun akademía, rannsóknir og skipulag fræðaverks með þeim hætti sem er í háskólum. Þess vegna er orðalag 1. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta: „... háskólastofnun ... [sem] hefur náin tengsl við Háskóla Íslands ...", eiginlega upptugga eða tátológía. Hvað þýðir í raun og veru hugtakið háskólastofnun í þessu frumvarpi? hlýt ég að spyrja hæstv. menntamálaráðherra. Ég held að við þurfum að rannsaka það í menntamálanefndinni hvort við ættum kannski frekar að segja hér rannsóknarstofnun á háskólastigi þannig að ljóst sé að rannsóknir eru höfuðhlutverk þessarar stofnunar eða þá kannski rannsóknarstofnun og fræðileg ráðgjafarstofnun, sem lýsti eðli starfsins betur en nú er.

Tengslin við Háskóla Íslands eru næsta umræðuefni mitt. Ég tel að úr því að þetta frumvarp kemur fram sé alveg feikilega mikilvægt að ítreka þessi tengsl við Háskóla Íslands. Það að stofnunin tengist sérstaklega Háskóla Íslands, sem útilokar auðvitað engan veginn samstarf við aðra háskóla, gefur stofnuninni mikilvæga kjölfestu og staðfestir sérstakt ábyrgðarhlutverk Háskóla Íslands gagnvart þessu fræðasviði. Alþingi er með því beinlínis að segja að Háskóli Íslands eigi að hafa forustu fyrir kennslu og rannsóknum í íslenskri tungu, bókmenntum og textafræði, hvernig sem maður skilgreinir nú innihaldið í hinni nýju Stofnun íslenskra fræða, og þessi nánu tengsl skuldbinda háskólann til þess, en þau skuldbinda líka stjórnvöld, Alþingi og framkvæmdarvaldið, til að gefa háskólanum færi á því að standa sig sem þessi forustustofnun. Það er annað en verið hefur undanfarið. Til dæmis hefur sífelldur niðurskurður veikt íslenskuskor Háskóla Íslands verulega. Kennurum hefur þar fækkað og námsframboð þrengst þannig að fyrir sjö árum, sem dæmi, voru 15 föst kennarastörf í íslenskuskor. Þau eru nú aðeins ellefu. Rúmur fjórðungur starfa þar hefur sem sé eyðst á þeim sjö árum sem hér eru tekin til samanburðar og það spáir ekki góðu um framhaldið. Það er líka óljóst hvernig samstarfi Stofnunar íslenskra fræða og hugvísindadeildar Háskóla Íslands verður háttað. Ástæða er til að skýra það nánar. Það er full ástæða til þess líka að minnast á þær rannsóknarstofnanir sem frumvarpshafi og greinargerðarsemjendur virðast ekki hafa haft hugmynd um að til séu innan hugvísindadeildar, nefnilega Bókmenntafræðistofnun, Málvísindastofnun og Sagnfræðistofnun. Þær eru reyndar að veslast upp úr fjárskorti. En þær eru þó til og innan þeirra átti að stefna að því að fram færi doktorsnám og að þar yrði aðstaða fyrir doktorsnema. Nú spyr maður: Á það að vera þarna eða á Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun að taka algjörlega við því hlutverki? Er búið að semja við háskólann um það eða á að leggja þessar þrjár stofnanir niður?

Réttindi starfsmanna eru sjötta umræðuefnið af tólf sem ég ætlaði að fara yfir. Um þau er það eitt að segja í bili að ég fagna því að frá þeim er gengið, virðist mér, tryggilega og hrósa hæstv. menntamálaráðherra fyrir það, vegna þess að það hefur ekki verið raunin við ýmsar breytingar að undanförnu, að þeir ganga beint yfir í hina nýju stofnun án nokkurrar viðkomu annars staðar. Þeir halda sem sé fullum réttindum sínum og í því felst m.a. að rannsóknarskylda þeirra helst í hlutföllunum 60 á móti 40. Þeir njóta sama akademíska frelsis og áður við rannsóknarstörf sín og í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um sérstakar siðareglur sem tryggi þeim fræðilegt sjálfstæði. Eina spurningin í þessu sambandi er: Hvernig verða tengsl starfsmannanna í nýju stofnuninni við háskólann? Teljast þeir vera í þeim tengslum við Háskóla Íslands að þeir hafi aðgang að sjóðum í Háskóla Íslands, þ.e. Sáttmálasjóði, Rannsóknasjóði og vinnumatssjóði svipað og starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar og Orðabókar Háskólans nú?

Ég á eftir að ræða ákaflega mikilvæga hluti og sérstaklega er það um Íslenska málnefnd og Íslenska málstöð. En ég vil að lokum þessarar ræðu segja að ég tel vera bæði

plúsa og mínusa í þessu frumvarpi. Mér þykir undirbúningur þess ákaflega daufur af hálfu ráðherrans og, ef rétt er hjá ráðherranum, einnig af hálfu Háskóla Íslands, þ.e. ef líta á á þetta frumvarp og þessa greinargerð sem árangur af því samstarfi. Ef þetta verður að lögum verður að setja allt traust á framhaldið innan hinnar nýju stofnunar. Það er óljóst hvernig það á að verða af hálfu ráðherrans. Það er ekkert getið t.d. um innra skipulag í þessu og það á eftir að skipta gríðarlega miklu máli, ef þessi lög verða samþykkt, hver verður næsti forstöðumaður. Ég treysti því að næsti forstöðumaður þessarar stofnunar, ég vona, ef þetta frumvarp verður að lögum, að hann verði góður maður. En ég tel óvarlegt að samþykkja lög sem beinlínis gera ráð fyrir því að forstöðumaðurinn næsti sé stjórnskipunarsnillingur sem geti fylkt öllum fræðimönnum hjá þessum stofnunum fimm á bak við sig. Ég vil segja að ég hefði talið hyggilegast að láta þetta mál bíða nokkur ár, að það verði unnið miklu betur og síðan komið (Forseti hringir.) aftur með það þegar þessi nýja stofnun fær það húsnæði sem henni hefur verið lofað, sem er eftir fimm til tíu (Forseti hringir.) ár.

[17:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það kveður kannski við annan tón hjá hæstv. menntamálaráðherra í þessu máli en síðustu vikur og daga. Á máli hæstv. menntamálaráðherra hefur mátt skilja að tryggasta leiðin til að efla stofnanir sé að skera niður framlög til þeirra — sem dæmi má nefna Háskólann á Akureyri — og til að efla fræðasvið eða umhverfi heilu listgreinanna sé árangursríkast að leggja niður menntastofnanir þær er kenna viðkomandi fag — sem dæmi má nefna Listdansskóla Íslands. Hér er þó ekki verið að leggja til að stofnanir verði lagðar niður heldur sameinaðar, þ.e. fimm stofnanir eru settar undir einn hatt, Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Nú er það svo, virðulegur forseti, að þessar stofnanir, Íslensk málstöð, Orðabók Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands, eru að mörgu leyti ólíkar. Að einu leyti má segja að þetta séu allt gamlar og mjög grónar stofnanir og gæta þurfi sérstakrar varkárni þegar þær eru sameinaðar en að öðru leyti verður að gæta að því að þessar stofnanir hafa ólík hlutverk. Annars vegar er um þrjár rannsóknarstofnanir að ræða, hreinar og klárar rannsóknarstofnanir, sem hafa haft mikil eða mismikil samskipti við Háskóla Íslands og hafa beinlínis heyrt undir hann. Hins vegar er um að ræða þjónustustofnanir. Það verður að tryggja að undir einum hatti verði hinna ólíku sviða þessara ólíku stofnana nægilega vel gætt þannig að ekki sé gengið á eitt umfram annað. Þess vegna hefði ég viljað sjá í þessu frumvarpi einhvers konar hugmyndir um deildaskiptingu þessarar stofnunar.

Í þessu frumvarpi virðist allt eiga að fara undir einn hatt, undir þennan eina forstöðumann sem virðist eiga að hafa vottorð frá almættinu um að hann hafi svo víðtæka menntun og reynslu að hann geti stjórnað þessu öllu án þess að hafa um það t.d. samráð við sérfræðinga eins og þó er kveðið á um í núgildandi lögum um stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Í þeim lögum segir að sérstakur forstöðumaður skuli annast rekstur stofnunarinnar. Hann eigi að annast fræðilega stjórn ásamt öðrum starfsmönnum sem eru allir sérfræðingar, hver á sínu sviði. Í þessu frumvarpi er ekkert kveðið á um að viðkomandi forstöðumaður eigi að hafa samstarf við sína sérfræðinga. Hann getur verið algerlega einangraður í sínum fílabeinsturni ef þannig verkast. Ég teldi því verulegan feng að því að koma inn ákveðnum breytingum um þetta mál, t.d. hvað deildaskiptingu stofnunarinnar varðar, og alveg skilyrðislaust að forstöðumaðurinn sé ekki einn á báti í sínu stjórnunarherbergi í brúnni heldur sé það beinlínis áskilið í lögunum, líkt og er í dag, að hann annist fræðilega stjórn stofnunarinnar ásamt þeim sérfræðingum sem þar vinna. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt ef vel á að takast til í þessum efnum.

Hæstv. menntamálaráðherra segir í inngangsræðu sinni að málið hafi verið unnið í nánu samráði við alla forstöðumenn þessara stofnana en lét þess ekki getið hvort einhverjar athugasemdir forstöðumannanna stæðu enn út af. En, frú forseti, samráð þessa hæstv. menntamálaráðherra hefur helst verið með því móti að leita til hlutaðeigandi eftir að ákvarðanir um breytingar eru teknar. Komi fram óskir um annan framgangsmáta en hæstv. menntamálaráðherra leggur til hafa þær óskir yfirleitt verið hunsaðar, ekki orðið við þeim. Ég tel því að menntamálanefnd Alþingis þurfi að vita og fara rækilega í saumana á því á hvern hátt forstöðumenn þessara stofnana eru sáttir við þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram eða hvort þar greinir eitthvað á milli.

Hæstv. menntamálaráðherra segir símapeningana vera grunninn undir sameiningu þessara stofnana, þ.e. nú séu til peningar til að byggja hús yfir stofnun íslenskra fræða. Það má til sanns vegar færa að rétt sé að nota slíkt tækifæri og auðvitað fagna allir byggingu þessa húss. Það geri ég og tek undir það sem aðrir hafa sagt við þessa umræðu. Ég ítreka jafnframt að stofnanirnar þurfa í nánustu framtíð, jafnvel næstu 5–10 árin, að starfa áfram hver í sínu húsnæðinu, hver á sínu svæðinu á svipuðum nótum og þær gera núna. Ég spyr hvort hér sé ekki um óðagot og flaustur að ræða, að láta sameininguna fara fram 1. september 2006 löngu, löngu áður en sameiginleg aðstaða verður tilbúin. Þetta atriði þarf, að mínu mati, að skoða betur og fara að með varúð.

Ég held ég þurfi að leiðrétta mig: Hv. þm. Mörður Árnason, sem talaði á undan mér, sagði að 10–15 ár gætu liðið þar til þetta hús kæmist í gagnið. (**MÁ:** 5–10 sagði ég.) Sagðirðu 5–10? Hæstv. forseti, hvað svo sem það verður langur tími þá óttast ég að ef sameiginleg aðstaða er ekki til staðar geti það reynst verulegum vandkvæðum bundið fyrir þennan eina forstöðumann að sinna öllum þessum stofnunum. Þetta eru, eins og ég sagði áðan, grónar stofnanir og hafa hver um sig mjög djúpar rætur og mjög afmarkað svið. Þær hafa starfað eftir ákveðnum reglum og ákveðnum hefðum og þessi sameining gæti reynst þeim erfiðari en ella ef hún er ekki öll komin undir sama þakið.

Ég vara líka við því ráðherraræði sem hér er til staðar. Mér finnst það lýsa þessari ríkisstjórn og hæstv. menntamálaráðherra að jafnvel í háskólastofnunum af því tagi sem við fjöllum um hér er fólki ekki treyst. Sérfræðingum og þeim sem reynsluna hafa er ekki treyst. Í fimm manna stjórn, sem menntamálaráðherra á að skipa stofnuninni,

eiga þrír að vera skipaðir samkvæmt tilnefningu háskólaráðs og tveir án tilnefningar, sem gegna ekki störfum við Háskóla Íslands, og annar þeirra er formaður stjórnarinnar. Það þýðir, herra forseti, að formaður stjórnarinnar situr í skjóli ráðherra. Í stofnun af þessu tagi finnst mér ekki eðlilegt að hæstv. menntamálaráðherra þurfi að fara fram á að hún tilnefni þennan forstöðumann. Mér finnst þýðingarmikið að sá eða sú sem stjórnar þessari stofnun hafi náin tengsl við fræðin og þá við Háskóla Íslands. Ég er svolítið uggandi yfir því að slíta eigi tengslin við Háskóla Íslands á þeim nótum sem mér sýnist frumvarpið gera ráð fyrir. Og tengslin við Háskóla Íslands eru slitin til þess að stofnunin og forstöðumaður stjórnarinnar geti heyrt undir ráðherra. Mér finnst gæta tilhneigingar til ráðherraræðis sem ég held að geti verið hættulegt stofnun af þessu tagi og ég tel nauðsynlegt að hér sé enn farið að með gát og varúð. Það er ekki hollt, hvorki svona stofnun né öðrum menningarstofnunum, að hafa það ævinlega á tilfinningunni að allt vald komi að ofan.

Í mínum huga kemur vald þessarar stofnunar úr fræðunum sjálfum, það eru þau sem hér verður að hafa í huga, það eru þau sem fókusinn verður að hvíla á. Það á ekki að vera aðalatriðið að menntamálaráðherra eigi einhver ítök eða að forstöðumaður stjórnar, eða hver sem verður prímus mótor í stjórn stofnunarinnar, þurfi að sitja í skjóli hæstv. menntamálaráðherra. Ég vara við þessum slitum við Háskóla Íslands og að þau tengsl verði færð yfir til ráðherrans. Ég minni á að í 1. gr. laga um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, eins og þau eru í gildi í dag, er gert ráð fyrir því að stofnunin sé háskólastofnun með sérstakri stjórn og sjálfstæðum fjárhag og heyri vissulega undir menntamálaráðherra eins og aðrar menningarstofnanir gera — en hún er háskólastofnun, skilgreind háskólastofnun. Sú skilgreining fer út samkvæmt þessu frumvarpi. Þar er ég ekki viss um að ég sé sammála hæstv. ráðherra. Að mínu mati þarf að gaumgæfa nokkuð mörg atriði áður en hægt er að fagna því að stofnanirnar skuli stefna undir einn hatt og undir eitt þak.

Hæstv. forseti. Ég held að í 1. umr. hafi ég svo sem ekki nein önnur sjónarmið en þessi. Ég get tekið undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar, að þessi umsögn fjármálaráðuneytisins, fjárlagaskrifstofunnar, vekur auðvitað athygli. Ég sé ekki að menn hafi farið nægilega djúpt í saumana á því hvaða staða gæti komið upp í þessum efnum og tel því mjög mikilvægt að menntamálanefnd Alþingis fái um það haldbetri upplýsingar en getur að líta í fylgiskjalinu með frumvarpinu. Það er fullsnemmt að fagna þessu máli. Ég hefði talið að jafnrótgrónar og rótfastar stofnanir og hér um ræðir, sem fjalla um þessi öflugu viðkvæmu fræði okkar, eigi það skilið að farið sé að öllu með gát. Ég treysti því að hv. menntamálanefnd skoði málið ofan í kjölinn og tryggi að ekki verði rasað um ráð fram í þeirri sameiningu sem stendur fyrir dyrum.

[17:58]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir allar þær áhyggjur sem fram komu í ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur varðandi það mál sem hér er til umfjöllunar. Ég er t.d. ekki þeirrar skoðunar að það þurfi að standa starfsemi þessarar stofnunar fyrir þrifum að hún fari ekki öll fram undir sama þaki. Við höfum dæmi um fullt af stofnunum sem ganga vel þrátt fyrir að þær séu staðsettar hingað og þangað og ekki allar í sama húsinu. Það sama á við um fyrirtæki. Þó að starfsemin sé ekki öll á sama stað þarf það ekki að þýða að hún geti ekki gengið.

Ég hef heldur ekki áhyggjur af því sem hv. þingmaður nefndi að með því að skipa málum með þeim hætti sem fram kemur í frumvarpinu séu tengsl þessara stofnana við Háskóla Íslands slitin. Ég veit ekki betur en að merkilegar stofnanir, eins og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Lagastofnun Háskóla Íslands, séu sambærilegar við það sem kemur fram í frumvarpinu en auðvitað munum við fara yfir það í menntamálanefnd. En það er augljóst af þessu frumvarpi að tengslin við Háskóla Íslands verða eftir sem áður mjög mikil.

Ég hlýt að fagna því sem áhugamaður um íslensk fræði, eins og hv. þm. Mörður Árnason, að hér sé verið að stíga þetta skref. Tilgangur sameiningarinnar er að efla rannsóknarstarf og miðlun á sviði íslenskra fræða og efla fræðilega ráðgjöf til styrktar og eflingar íslenskri menningu. Ég hefði talið að með því að skipa málum með þessum hætti styrktum við það starf sem fram á að fara í þessari stofnun. Ég hefði talið að hv. þingmaður ætti að taka undir það.

Ég nefni sem dæmi að á Örnefnastofnun starfar einn maður og það sama á við um Stofnun Sigurðar Nordals. Mig langar til að fá afstöðu hjá hv. þingmanni til þess hvort hún telur ekki að sameining þessara stofnana, og samnýting kraftanna, verði íslenskum fræðum til eflingar.

[18:00]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. þingmanni að ég tel að hér sé farið af stað með þá hugmyndafræði að efla eigi þessar stofnanir, og eins og ég sagði í ræðu minni kann vel að vera að þessi aðgerð, sameining þessara stofnana, efli þær til langs tíma litið. Það sem ég varaði við var að skrefin yrðu tekin of hratt, of flausturslega, af einhverju óðagoti. Hugleiðingar mínar lutu að því að það kynni að vera að fyrst þegar þakið er komið, hið sameiginlega þak þessara stofnana, gætu stofnanirnar farið að starfa saman. Um þetta get ég ekkert fullyrt vegna þess að ég þekki ekki þessar stofnanir. Ég tel hins vegar einsýnt og ég treysti því að hv. formaður menntamálanefndar starfi að því með okkur hinum í menntamálanefnd Alþingis að fá fram allar þær upplýsingar sem þarf varðandi þetta mál, að forstöðumenn þessara stofnana verði kallaðir fyrir nefndina og við fáum að heyra sjónarmið þeirra í þessum efnum og á hvern hátt þeir sæju fyrir sér að best yrði á málum haldið. Því það hefur ekki komið fram enn þá á hvern hátt þeir líta þessi mál þó að hæstv. ráðherra segi að málið hafi verið unnið í samráði við þá.

[18:02]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg fullvissað hv. þingmann um að auðvitað verða allir sem að þessu máli koma og frumvarpið skiptir máli kallaðir fyrir nefndina til skrafs og ráða-

gerða um það sem þar kemur fram. Það stendur ekkert annað til í þessu máli frekar en öðrum þannig að vinnsla þessa frumvarps verður með sama hætti og annarra mála innan nefndarinnar. Við munum kalla eftir öllum þeim sjónarmiðum sem æskilegt er að komi þar fram, hvort sem þau eru neikvæð eða jákvæð í garð frumvarpsins.

Ég er þeirrar skoðunar, og tek undir það sem kemur fram í frumvarpinu, að sameiningin muni styrkja þá starfsemi sem við fjöllum hér um. Ég hef takmarkaða trú á því að stofnanir eins og Örnefnastofnun og stofnun Sigurðar Nordals, sem eru með einn starfsmann, geti sinnt almennilega þeirri starfsemi sem þar á að fara fram og þessar fræðigreinar eiga skilið. Ég held að miklu heppilegra sé fyrir þetta fræðasvið að menn reyni að samnýta kraftana. Það gildir í rauninni alveg það sama um stofnun eins og þessa og háskóla. Það eru takmörk fyrir því hversu litlar háskóladeildir geta verið til að geta borið sig og staðið undir nafni sem fræðistofnanir. Ég hefði því haldið að hv. þingmaður fagnaði þessu frumvarpi, afstaða hv. þingmanns til frumvarpsins hefur ekki komið skýrt fram en ég vona að hún komi fram í seinni ræðu hennar. Ég hefði haldið, miðað við þann metnað sem þingmaðurinn hefur og talar venjulega fyrir í garð íslenskra fræða og menningar, að þetta væri mál sem ætti að vera henni að skapi og ég vona að hún upplýsi (Forseti hringir.) mig um það í seinna andsvari sínu.

[18:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sínu leyti fagnaði ég því að málið var sett fram á þann hátt sem gert er og hæstv. ráðherra leggur ekki til að stofnanir verði skornar niður. Fagnaðarlætin í upphafi málsins voru því varfærin en þau voru samt sem áður fögnuður yfir því að hér væri verið að setja fram mál þar sem hugmyndafræðin virtist vera sú að efla ætti þessar stofnanir. Ég tek undir það, ég tel að efla eigi þessar stofnanir. Ég tel alla möguleika á því að við getum gert það með þessari sameiningu. Efasemdir mínar lúta að spurningunni um hvort stofnanirnar verða tilbúnar til að fara út í þá vinnu sem þarf að vinnast áður en hið sameiginlega þak verður komið yfir þær. Þess vegna er ég einungis, í vangaveltum mínum og hugleiðingum, að láta í ljós þau sjónarmið að ég telji að slík sameining þurfi að fara fram að vel athuguðu máli og ekki megi hraða henni. Ég tel að stofnanirnar verði sjálfar að ráða ferðinni og prinsippinu sem þær sjálfar vinna eftir. Ég fagna hins vegar öllum tilraunum hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnarinnar allrar til að efla íslenska menningu ef alvara er þar að baki, sem mér sýnist vera í þessu máli. Mér sýnist fólk vilja standa af alvöru við bakið á Stofnun íslenskra fræða, það á að standa af myndarskap að því er virðist að þeirri nýbyggingu sem reisa á á háskólasvæðinu. Ég fagna ég því, ég sagði það reyndar í ræðu minni líka. Ég held að við hér á Alþingi, stjórn og stjórnarandstaða, getum alveg staðið saman að öllu sem getur orðið til eflingar þessara stofnana og þeirra fræða sem þær sinna.

[18:06]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun. Í þó nokkurn tíma hafa kostir þess að sameina stofnanir á sviði íslenskra fræða verið skoðaðir. En þessar stofnanir eru, eins og fram hefur komið, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Orðabók Háskóla Íslands, Íslensk málstöð, Örnefnastofnun Íslands og Stofnun Sigurðar Nordals.

Í mínum huga er engin spurning að slík sameining mun efla starfsemi þessara stofnana, ekki síst í ljósi þess að í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra um ráðstöfun á söluandvirði Símans er gert ráð fyrir að verja skuli samtals 1.000 millj. kr. til nýbyggingar fyrir Stofnun Íslenskra fræða — Árnastofnun. Þetta verði gjöf íslensku þjóðarinnar til Háskóla Íslands á aldarafmæli hans. Ég fagna því sérstaklega sem fram kemur í frumvarpinu, þ.e. orðalaginu sem kveður skýrt á um náið samstarf við Háskóla Íslands. Í slíkri sameiningu er mikilvægt að vinna málið í góðri samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Okkur er annt um þessar stofnanir sem hafa unnið svo gott starf og vonandi mun rannsóknarstarf og miðlun á sviði íslenskra fræða eflast til muna. Það er af hinu góða.

Í máli hæstv. menntamálaráðherra voru tíndir til kostir þessara breytinga og get ég tekið undir þá. Þó vil ég sérstaklega víkja að tveimur atriðum. Í fyrsta lagi tel ég rétt að við skoðum það mjög vel hvort stofnunin setji í skipulag sitt ákveðin svið sem byggja á gömlu stofnunum. Svipuð hugmynd hefur komið fram hér í máli hv. þingmanna. Ástæðan er ekki síst sú að til að byrja með verða stofnanirnar dreifðar eða þar til húsnæðið verður tilbúið — ég vil vera bjartsýn og vonast til að það verði tilbúið á afmæli háskólans — en einnig vegna þess að þær eru mjög misstórar, ein er gríðarlega stór og aðrar minni. Þetta er eitthvað sem við munum skoða og án efa mun hin nýja stjórn hafa skoðun á starfsskipulagi stofnunarinnar, ég ætla að vona það, og því ættum við jafnvel að beina þessu atriði til hennar.

Í öðru lagi er það skoðun mín að við þurfum að staldra aðeins við áður en við fellum úr gildi lögin um Íslenska málnefnd. Sumir eru þeirrar skoðunar að sú breyting sem hér er lögð til muni efla stöðu íslenskunnar og að orðalagið kveði með skýrari hætti á um hvað nefndin eigi að gera, líkt og hæstv. menntamálaráðherra kom inn á. Kannski er það svo. Ég er hins vegar ekki alveg sannfærð um það en tel að þetta sé dæmigert atriði sem við í hv. menntamálanefnd förum yfir og skoðum kosti og galla. Ég er ekki í vafa um að niðurstaða þessa frumvarps mun stórefla alla starfsemi í kringum íslensk fræði. Ég man það þegar ég var í námi í íslensku við Háskóla Íslands hvað mér þótti skrýtið að allar þessar stofnanir væru svo dreifðar. En þetta er að mínu mati gott mál og ég fagna þessu frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra sem við munum síðan vinna áfram í hv. menntamálanefnd.

[18:09]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að taka undir með síðasta hv. þingmanni um fyrirkomulag Íslenskrar málstöðvar inni í þessari nýju stofnun og Íslenskrar málnefndar. Í mínum huga gengur það ekki upp að afnema lögin sérstöku um Íslenska málnefnd. Meðferðin sem Íslensk málnefnd og Íslensk málstöð fá í þessu frumvarpi þykja mér vera í raun og veru fingurbrjótur í frumvarpinu. Hættan er

auðvitað sú að starfi því sem farið hefur fram í Íslenskri málnefnd og skrifstofu hennar, málstöðinni, sé settur þrengri rammi, úr því sé dregið og jafnframt verði þá með einhverjum hætti dregið úr því starfi sem fer fram í kringum sjálfa hina íslensku tungu.

Það er hins vegar lofsvert að í reglunum um málnefndina, og því ætti auðvitað að koma inn í þau lög sem nú gilda um málnefndina, að henni sé falið að semja íslenskar ritreglur og stoðum þar með skotið undir stafsetningarreglurnar sem menntamálaráðuneytið hefur gefið út án lagastoðar allt frá, að ég hygg, 1918, eða 1917. Mér þykir líka jákvætt að þarna er nefnt að málnefndin eigi að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu.

Annað er óljóst í þessu frumvarpi um Íslenska málnefnd, og þó einna helst það af hverju lög um hana eiga að vera inni í lögum um rannsóknastofnun á sviði íslenskra fræða vegna þess að þetta tvennt er ólíkt þó að það sé auðvitað skylt í gegnum tungumálið. Staða Íslenskrar málnefndar er í raun og veru staða stjórnvalds eins og nú er í lögum og þess vegna er það undarlegt að hún sé sett inn í allt önnur lög um allt aðra hluti, en ég skal ekkert segja um það — það þarf að athuga betur. Ég er út af fyrir sig ekkert andstæður þeirri hugmynd að Íslensk málstöð sé sem slík færð inn í hina nýju stofnun af því að Íslensk málstöð er skrifstofa þessarar nefndar en Íslensk málnefnd verður hins vegar að vera sjálfstætt afl. Það verður að hafa sérstakar fjárveitingar sem það fær ekki samkvæmt frumvarpinu. Nefndin verður að geta samið við þá stofnun sem sér henni fyrir skrifstofustörfum og þjónustu um hvað þar á að vera inni. Ég vara líka við því að taka undan Íslenskri málnefnd eins og hér er gert ýmis hlutverk sem henni eru nú falin í lögum, m.a. að vera í beinu sambandi við opinberar stofnanir og almenning um leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli, eins og það heitir, og hins vegar að málnefndin eigi að sjá um samstarf við ýmsa faghópa um íðorð og aðra slíka vinnu. Ég hef ekki lengri tíma til að fara í gegnum þetta en gæti haldið um það töluvert lengri ræðu og kann að þurfa það í 2. umr. ef ekki verður ráðin bót á þessu máli.

Ég vil líka taka undir orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um innra skipulag. Það kemur ekkert fram um hvernig þetta innra skipulag á að vera, það er sem sé falið forstöðumanni, ekki einu sinni stjórn, heldur forstöðumanni einum. Auðvitað væri eðlilegt að með einhverjum hætti væri fjallað, þó ekki væri nema á leiðbeinandi hátt, um það hvernig þetta skipulag á að vera þegar út í jafnviðkvæma sameiningu er farið og hér er um að ræða og ég vitna hér til orða hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um það mál.

Um stjórnskipulagið verð ég að fara nokkrum orðum. Þá vil ég segja strax, til að það komist að, að í þessu frumvarpi er tekin burt sú hefð sem hefur ríkt á þessum stofnunum, a.m.k. þeim tveimur þeirra sem aðalstofnanirnar teljast, og byggist á miklu samráði sérfræðinganna, fræðimannanna, um hinn fræðilega þátt starfsins. Á Orðabók Háskólans eru að sönnu engin lög og reglur um þetta samráð en hefðin hefur skapað þetta allt frá stríðslokum þar sem í upphafi unnu fáir menn og komu sér saman, þeir og stjórn stofnunarinnar. Sú hefð hefur svo haldið áfram yfir í þá nokkru fleiri sem nú vinna þar. Í Árnastofnun eru hins vegar ósköp einfaldlega lagafyrirmæli um að forstöðumaðurinn eigi að annast reksturinn frá degi til dags, en fræðilega stjórn stofnunarinnar á hann að hafa í samráði við starfsmenn, fræðilega starfsmenn, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð. Í reglugerðinni sem Vilhjálmur Hjálmarsson, sá ágæti öðlingur, setti að ég hygg árið 1978, ég þori ekki að fara með það, gengur þetta samráð undir nafninu húsþing og hefur nú verið til í þrjá áratugi á Stofnun Árna Magnússonar og gefist mjög vel. Húsþingið annast hina fræðilegu stjórnun ásamt forstöðumanni, bæði hvaða útgáfuverk á að taka fyrir og hvaða áherslur á að setja í rannsóknastarfinu. Húsþingin hafa líka gegnt því hlutverki sem deildarráð gegnir í venjulegum háskóla, t.d. umsögn um hverja á að ráða þegar það ferli stendur yfir o.s.frv. Ég vona að það sé handvömm hjá menntamálaráðherra að fyrirskipa ekki um þetta mál og tel að það sé eitt af því allra mikilvægasta sem við fjöllum um í menntamálanefnd að koma hinu akademíska frelsi þarna inn og gera þessa stofnun að raunverulegri háskólastofnun vegna þess að það gerist þannig.

Ég verð svo að segja í framhaldi af þessu um stjórnina að þarna virðist hafa verið slegið saman tvenns konar stjórnum. Það kann að liggja í sögu frumvarpsins með einhverjum hætti eða undirbúningi. Annars vegar er stjórn sem stjórnar, mótar stefnu, tekur ákvarðanir og forstöðumaðurinn er framkvæmdastjórinn. Í slíkri stjórn er ráðherraskipaður formaður sem hefur bein tengsl við pólitíska valdið og á að framfylgja vilja ráðherra. Ef um venjulega ríkisstofnun er að ræða er eðlilegt að það sé þannig. En núna erum við með ráðgefandi stjórn. Í þessu frumvarpi erum við með ráðgefandi stjórn sem fyrst og fremst styður stjórnandann og hjálpar honum, en hún á líka að vera forstöðumanni til faglegrar ráðgjafar. Þá spyr maður: Hverjir eru þessir faglegu ráðgjafar? Þeir eru þessir þrír úr háskólanum sem valdir eru án þess að nokkrar kröfur séu gerðar til þeirra. Og síðan þeir tveir sem hæstv. menntamálaráðherra skipar hverju sinni og geta komið af allt öðru sviði. Andinn í frumvarpinu er auðvitað sá að þeir sem koma frá ráðherranum séu í raun og veru ekki beinlínis fræðimenn, vegna þess að áskilið er að þeir eigi ekki að koma frá Háskóla Íslands. Eiga þeir að veita faglega ráðgjöf? Hörður Sigurgestsson er formaður stjórnar Landsbókasafns – háskólabókasafns, hygg ég. Ég hef ekkert á móti því. Slíkur maður getur veitt landsbókaverði eða sérfræðingum og stjórnendum þar mikilvæga ráðgjöf hvað varðar rekstur, peningaútvegun og fleira en menn mundu reka upp stór augu ef Hörður Sigurgestsson væri fyrirskipaður faglegur ráðgjafi í Landsbókasafninu. Hér hefur slegið saman tveimur stjórnarlíkönum. Og vegna þess að ákvæðið úr Stofnun Árna Magnússonar um hina fræðilegu stjórnun ásamt starfsmönnunum vantar er stjórnskipulagið í raun og veru orðið hálfgert skrímsli. Það þarf að bæta. Ég lít á þetta, eins og ég segi, sem handvömm sem þarf að bæta úr og koma húsþingum úr Stofnun Árna Magnússonar fyrir í hinni nýju stofnun, sem er einnig í samræmi við þá hefð í stjórnun sem ríkt hefur á Orðabók Háskólans.

Ég á lítinn tíma eftir og ég ætlaði mér að fjalla aðeins um rannsóknarstöðurnar tvær. Ég ætla að vona að menntamálaráðherra og menn hennar geri sér grein fyrir að þetta er rannsóknastofnun þannig að þær verða fleiri en tvær sem

kenndar eru við Árna Magnússon og Sigurð Nordal. Nú mætti hafa töluvert mál um það af hverju þessir tveir menn eiga endilega að speglast þarna í rannsóknarstöðum. En ég skal segja eins og er að menntamálaráðherra hæstv. er mín vegna heimilt að telja upp hvaða nöfn sem er eða búa til hvaða stöður sem er úr því að loksins er komið það tannfé sem ég og fleiri höfum kallað eftir með þessari stofnun, þ.e. að þessar tvær stöður bætist við á fjárlög á næsta ári.

Að lokum þetta: Málið er ekki nógu vel undirbúið, málið er ekki nógu vel hugsað. Samráð við forstöðumenn og fræðimenn hefur byggst á því, að mér heyrist ofan úr þessum hluta Vesturbæjarins, að menn segja: ja, menntamálaráðherra og stjórnvöld hafa ákveðið þetta og við skulum reyna að gera eins gott úr því og hægt er. En þó að þetta kunni að vera nægilegt fyrir fræðimenn er það ekki nægilegt fyrir okkur þingmenn. Við eigum í fyrsta lagi að veita fé og í öðru lagi að samþykkja sjálf það sem okkur finnst skynsamlegt í þessu. Þegar menn koma hér með plögg sem gera ráð fyrir miklum breytingum verða að fylgja þeim athuganir, rök, skýrslur og greinargerðir. Þannig er það, forseti, um þetta mál eins og önnur.

[18:19]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðum um þetta mikilvæga mál fyrir fínar athugasemdir og ábendingar sem ég geri ráð fyrir að hv. menntamálanefnd muni fara mjög gaumgæfilega yfir og satt best að segja, þótt ég sé ekki alltaf sammála hv. þingmönnum, þá hefur verið athyglisvert og fróðlegt að hlusta á ágætar ábendingar allra þeirra sem hafa tekið til máls og mér finnst mikilvægt og ítreka það að nefndin fari vel yfir allt sem fram hefur komið við 1. umr. En ég vil hins vegar mótmæla því að þetta mál sé ekki nægilega vel unnið. Eins og margoft hefur komið fram hefur aðdragandinn að þessu máli verið langur og þess hefur sérstaklega verið gætt við samningu þessa frumvarps að allir forstöðumenn sem þetta mál varðar hafi komið að því. Þeir hafa komið með sínar athugasemdir og í rauninni hreint og beint samið sumar greinar sem við lesum og fjöllum um í þessu máli þannig að þess hefur verið gætt til hins ýtrasta að sjónarmið þeirra endurspegli það sem kemur síðan fram í frumvarpinu.

Auðvitað er stóra málið það að á hátíðarstundum erum við sífellt að ræða það hvernig hægt sé að efla íslenska tungu, stuðla að eflingu menningararfsins okkar sem skiptir okkur miklu máli hvernig við getum staðið andspænis þeim áhrifum sem menn oft og tíðum vilja tengja við alþjóðavæðinguna og samskiptin við umheiminn. Ég er einfaldlega sannfærð um að með því að tengja saman þessar fimm stofnanir, sumar hverjar örstofnanir, beina þeim inn í eina öfluga sterka stofnun sem hefur skýrt hlutverk til að varðveita, efla og styrkja þau málefni sem skipta okkur máli, þ.e. íslenska tungu, menningararfinn, söguna okkar, bókmenntirnar, nútíma- sem fornbókmenntir, þá er ég eins og ég gat um sannfærð um að þetta er sú leið sem við eigum að fara. Við eigum að efla og styrkja þessa stofnun og það er einmitt ætlunin með þessu frumvarpi.

Ýmsar athugasemdir hafa verið settar fram og ég reyni að svara hv. þingmönnum í seinni ræðu minni hvernig ég horfi á málið út frá þeim spurningum sem hafa verið lagðar fyrir mig en vil einnig beina því til hv. menntamálanefndar að taka þau málefni til úrlausnar sem sérstaklega brenna á fólki og ég er ekki talin hafa svarað nægilega vel úr þessum ræðustól.

Ég hef sagt það að þetta mál á sér langan aðdraganda þannig að ég get ekki tekið undir það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði að þetta væri óðagot og flaustur. Hagsmunirnir eru gríðarlega miklir, það eru hagsmunir íslenskrar tungu og að efla og styrkja okkar sjálfsmynd til lengri tíma til að við getum staðið í samkeppni og samskiptum við aðrar þjóðir og ekki síst að undirstrika mikilvægi Háskóla Íslands. Við verðum að horfast í augu við þann veruleika sem ekki blasir við í háskólaumhverfinu í dag og ekki allir flokkar hafa stutt, það er samkeppni í háskólaumhverfinu. Við erum komnir með fjölbreytta háskólaflóru. Háskólanemendur hafa aldrei verið fleiri en í dag og það eru fleiri háskólar hér en Háskóli Íslands sem hugsanlega kunna að leita samvinnu og samstarfs þessarar stofnunar alveg eins og stofnunin kann hugsanlega að leita samstarfs við aðrar háskólastofnanir. En engu að síður tel ég afar brýnt að mikilvægi Háskóla Íslands í tengslum við t.d. þessa háskólastofnun sé undirstrikað og þess vegna er það háskólaráð sem skipar meiri hluta þeirrar nefndar sem er lögð til í frumvarpinu. Ekki síður er það mikilvægt að tengja þessa stofnun við háskólann að því leytinu til að Háskóli Íslands er sú stofnun sem er í fararbroddi í háskólaumhverfinu til að stuðla að uppbyggingu íslenskrar tungu. Hún sér um kennsluna, hún sér um íslenskukennsluna í háskólanum o.s.frv. og það er afar mikilvægt að þessi mikilvægu tengsl séu undirstrikuð og Háskóli Íslands hafi ríku hlutverki að gegna. Þetta finnst mér ekkert síður mikilvægt að undirstrika í tengslum við þetta mál.

Ég vil líka benda hv. þingmönnum á, og þá sérstaklega hv. þm. Merði Árnasyni, það sem kemur fram í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins varðandi stjórnina. Árið 2000 var gefið út álit nefndar á vegum fjármálaráðuneytisins um ábyrgð og valdsvið og stjórnun forstöðumanna ríkisstofnana. Eins og hv. þingmaður setti mál sitt fram í þessum ræðustól þá var ekki hægt að skilja hann öðruvísi en svo að hér væri verið að miða við eitthvert gamaldags form á stjórnun. Það hefur verið stefnan að fækka stjórnum stofnana og hér hefur verið farin sú leið að hafa ráðgefandi nefnd við Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun en jafnframt er tekið skýrt fram í 4. gr. að það er forstöðumaður stofnunarinnar sem ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og önnur fyrirmæli.

Ég vil fara inn á það sem menn hafa rætt um í tengslum við Íslenska málnefnd og athyglisverðar ábendingar hafa verið settar fram í þessum umræðum. Ég vil undirstrika að það er í rauninni verið að ítreka mikilvægi Íslenskrar málnefndar í þessu samhengi. Það er verið að skerpa á hlutverki hennar, verið að fela henni ný hlutverk sem hún hefur m.a. farið fram á. Að mínu mati er líka verið að undirstrika mikilvægi hennar, hún er í rauninni eina nefndin sem heldur sínu hlutverki og um leið er undirstrikað að málnefndin lifir áfram þótt svo starfsemi skrifstofu Íslenskrar málstöðvar færist til hinnar nýju stofnunar þá mun málnefndin sem

slík lifa áfram og ekki síst hið mikilvæga hlutverk hennar sem verður aukið og samráðsvettvangurinn verður eftir sem áður mjög breiður fyrir íslenskt mál. Hlutverk hennar er, og ég undirstrikaði það sérstaklega í framsöguræðu minni, m.a. að standa að því sem t.d. snertir erlend samskipti við málnefndir annarra landa þannig að við höfum það alveg á hreinu að íslensk málnefnd lifir áfram. Hennar hlutverk er afar brýnt og mikilvægt og ég tel rétt að menn geri sér grein fyrir því að hlutverk hennar er undirstrikað með þessu frumvarpi og ég sé ekki tilgang í því að hafa sérstakan lagabálk um Íslenska málnefnd. Það er verið að steypa fimm lagabálkum saman, það er verið að steypa saman fimm stofnunum með það í huga að styrkja stöðu tungunnar. Ég tel þetta vera skynsamlegustu leiðina í þá veru og það að fara yfir þær athugasemdir sem forstöðumennirnir höfðu sérstaklega út af þessu og gaumgæfilega fara yfir þær athugasemdir og þær síðan endurspeglast í þessu frumvarpi.

Ég beini því líka til menntamálanefndar að skoða þau atriði sem geta styrkt málnefndina enn frekar en ég tel ekki að það styrki hana að sérstakur lagabálkur verði settur fram heldur miklu frekar að tækifærið verði nýtt eins og hægt er, með þetta frumvarp til umfjöllunar.

Það voru ýmis málefni, ýmsar spurningar eins og að menn hefðu áhyggjur af því að forstöðumaðurinn yrði hugsanlega í fílabeinsturni. Mér finnst þetta nú vantrú á því fólki sem bæði vinnur þarna og mun koma til með að vinna þarna. Ég sé ekki að það auki svigrúm á sjálfstæði stofnunarinnar ef löggjafinn ætlar síðan að njörva niður skipulagið í stofnuninni með ákveðnum deildum. Ég tel rétt að fela forstöðumönnum að móta starfsemi stofnunarinnar og þeir munu að sjálfsögðu vinna þetta í samvinnu við sitt fólk. Í því felast vissulega tækifæri sem við hv. þingmenn sjáum sennilega ekki, nema þeir miklu sérfræðingar sem eru hér innan þingsins og hafa tekið til máls.

Mér fannst hv. þm. Mörður Árnason koma inn á athyglisverðan punkt þegar hann var að velta fyrir sér hugtakinu íslensk menning. Ég get í sjálfu sér tekið undir það að íslensk menning er mjög vítt hugtak og snertir ekki eingöngu bókmenntaarfinn okkar, menningararfinn, eða íslensku tunguna sem slíka heldur er það miklu víðara og mér fannst hv. þingmaður fara ágætlega yfir þann þátt. Í því samhengi vil ég sérstaklega benda hv. þingmanni sem og öðrum á að í 3. gr. er ekki um tæmandi talningu á hlutverki stofnunarinnar að ræða. Ég vil hins vegar vekja sérstaka athygli á því að sú grein var meira og minna samin af forstöðumönnum og færð að tillögum sem forstöðumenn settu fram í vinnu við þetta frumvarp.

Ég vil undirstrika að þarna er ekki um tæmandi talningu að ræða og útilokar á engan hátt nútímabókmenntir frekar en fornbókmenntir.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, fannst mér athyglisvert sem kom fram í lok fyrri ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar að eftir að þetta mál hafði verið rætt fram og til baka á mjög faglegan og málefnalegan hátt þá orðaði hann það engu að síður að það ætti að bíða með málið. Ég get ekki skilið það öðruvísi en þannig að þá séu menn á móti málinu sem slíku. Ég tel það afskaplega dapurlegt ef menn ætla að fara að setja sig upp á móti þessu mikilvæga máli, sameiningu þessara fimm stofnana sem hafa það að markmiði að efla íslenska tungu og helst að efla sókn hennar til lengri tíma litið. Við erum að styrkja menningararfinn með þessu og ég tel ekki rétt að fara þá leið að bíða með það þangað til húsið er risið. Þvert á móti tel ég að það muni styrkja stofnunina að menn fari að vinna saman og ræða betur saman, þeir sjái þá betur fyrir sér þau tækifæri sem við þeim blasa við sameiningu stofnananna. Ég er sannfærð um að það er hægt að fá miklu meira, ef svo má að orði komast, út úr þeim stofnunum sem nú eru stakar, örstofnanir sumar hverjar, með því að sameina þær heldur en að hafa þær dreifðar og þess vegna er afar brýnt, virðulegur forseti, í ljósi þess að við erum að fjalla um íslenska tungu ekki bara í þessum þingsal heldur á hátíðarstundum, að við sameinumst um þetta mikilvæga frumvarp. Að sjálfsögðu verður farið gaumgæfilega yfir allar athugasemdir þeirra sem koma á fund nefndarinnar eða hv. þingmanna því við höfum öll metnað til þess að gera þetta mál þannig úr garði að það verði hafið yfir alla flokkapólitík og við sameinumst um að efla og styrkja það sem hefur gert okkur að þjóð fram til þessa, sem er að sjálfsögðu íslensk tunga.

[18:32]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get í sjálfu sér alveg tekið undir lokaorð hæstv. ráðherra. Það er nauðsynlegt að við stöndum þannig að málum í menntamálanefnd Alþingis að við getum náð að sameinast um þetta mikilvæga mál og gera það þannig úr garði að markmiðið náist, þ.e. að efla og styrkja stofnanir þær sem um ræðir og það starf sem þar er stundað. Ef það verður brennipunkturinn, ef það verður fókusinn getum við vel við unað áður en yfir lýkur.

Hins vegar kvaddi ég mér hljóðs í andsvar við hæstv. ráðherra þegar hún skýrði á hvern hátt frumvarpið gerir ráð fyrir að bein tengsl hinnar nýju stofnunar og Háskóla Íslands verði mun veikari en nú er á þann hátt að benda okkur á hina fjölbreyttu háskólaflóru sem breyst hefur síðan þessar stofnanir voru settar á fót. Þá kvaddi ég mér hljóðs og hugsaði: Veit ekki hæstv. ráðherra að einungis einn af þessum háskólum er vagga íslenskra fræða og það er Háskóli Íslands?

Svo fór nú hæstv. ráðherra inn á þá braut að rifja það upp með sjálfri sér að sú væri raunin. Tengslin við Háskóla Íslands eru því algjörlega skýr, þau liggja á borðinu. Fyrir nú utan það, eins og fram kemur í greinargerð með 2. gr. frumvarpsins, að orðalagið í 2. gr. tekur mið af sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslu og umsjón Háskóla Íslands og alveg ljóst að Háskóli Íslands er tengdur Stofnun Árna Magnússonar órjúfanlegum böndum. Við verðum að gæta að því að tengslin við Háskóla Íslands séu þess eðlis að næringin sem flæðir milli háskólans og þessarar stofnunar verði ekki heft, að hún geti haldið áfram að streyma eins og hún hefur gert hingað til.

[18:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst alveg óþarfi að einhver hundur sé í mönnum yfir svona mikilvægu og merku máli

og þó maður nefni fleiri háskóla en Háskóla Íslands þurfa menn ekki að fara alveg af hjörunum.

En það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður sagði að tengslin við Háskóla Íslands skipta mestu máli. Háskóli Íslands er vagga, eins og hv. þingmaður komst að orði, íslenskra fræða. Við höfum falið Háskóla Íslands það mikilvæga hlutverk að standa vel að kennslu, þekkingarleit, rannsóknum o.fl. varðandi íslenskuna og á því verður engin breyting. Með frumvarpinu erum við í rauninni að hnykkja á því mikla og góða samstarfi sem hefur verið við Háskóla Íslands og þau mikilvægu störf sem þar hafa verið innt af hendi í tengslum við íslenskuna.

Þess vegna fagna ég því að fá þá tækifæri til að brýna orð mín enn frekar og minna á það sem kemur fram í frumvarpinu að það er ekki tilviljun að þetta er háskólastofnun og það er heldur ekki tilviljun að þetta er háskólastofnun með sérstök tengsl við Háskóla Íslands því að eins og hv. þingmaður kom inn á eru sérstök lög í gildi um Stofnun Árna Magnússonar þar sem sérstaklega er kveðið á um skyldur íslenskra stjórnvalda samkvæmt danska sáttmálanum sem gerður var á sínum tíma. Það er sérstaklega verið að virða þann sáttmála í frumvarpinu. Við erum sérstaklega að hnykkja á þeim tengslum um leið og við nýtum tækifærið til að segja: Já, við ætlum að efla enn frekar Háskóla Íslands sem rannsóknastofnun, sem háskólastofnun í nánum tengslum við þá mikilvægu stofnun sem við ræðum nú um.

[18:36]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka menntamálaráðherra fyrir ýmsar mikilvægar yfirlýsingar í þessari umræðu og ég efast ekki um að þær verði notaðar, ef ekki sem lögskýringargögn þá sem rökstuðningur við ýmsar beiðnir, bæði um skipulag og fjárveitingar í framtíðinni. Umræða í andsvörum getur því miður ekki orðið löng, því verð ég að takmarka mig. En mig langar að spyrja um tvennt.

Í fyrsta lagi um tengsl Íslenskrar málnefndar eða réttara sagt um stöðu Íslenskrar málnefndar í þessu lagafrumvarpi. Hefur Íslensk málnefnd sérstaka fjárveitingu? Er það svo að hún hafi sérstaka fjárveitingu samkvæmt lagafrumvarpinu? Það sýnir gjarnan sjálfstæði stjórnvalds eða stofnunar af þessu tagi hvort fjárveiting er til reiðu eða hvort hún þarf að sækja fjárveitingu sína til forstöðumanns yfirstofnunar.

Í öðru lagi. Hver eru tengsl forstöðumanns hinnar nýju stofnunar og formanns Íslenskrar málnefndar? Á að líta svo á að forstöðumaðurinn sé yfirmaður, verður að líta svo á að forstöðumaður — forseti, menntamálaráðherra heyrir ekki, það er galli — (**Gripið fram í:** Hún er að koma.) sé yfirmaður formanns Íslenskrar málnefndar? Hvernig er þeim tengslum háttað? Þau koma hvergi fram í frumvarpinu.

Í þriðja lagi, sem mér finnst mikilvægt að fá svar við. Ég bið menntamálaráðherra að staðfesta það við mig sem ég sagði í ræðu minni áðan að það væri handvömm í frumvarpinu að gera ekki ráð fyrir fræðilegri stjórnun stofnunarinnar, að hún sé í samvinnu forstöðumanns og annarra starfsmanna hennar, eins og stendur í 3. gr. laga um Stofnun Árna Magnússonar, og fari fram á eins konar húsþingum eins og kemur fram í 7. gr. — ég man nú ekki hvaða grein reglugerðarinnar — það er 4. gr. laga og 3. gr. reglugerðarinnar, að við getum óhrædd virt fyrir okkur vilja menntamálaráðherra í því að við ósköp einfaldlega breytum þessu í menntamálanefnd og komum því í það horf sem eðlilegt er.

[18:38]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég heyri ágætlega og þakka umhyggju hv. þingmanns í minn garð að telja mig vera nokkuð heyrnarlausa gagnvart ábendingum hans. Það vill svo til að ágætir félagar okkar í hliðarherbergi hafa aðeins hærra en venja er. En ábendingar hv. þingmanns eru ágætar og ég hvet menntamálanefnd sérstaklega að fara yfir þessar spurningar og ábendingar hans.

Svo ég skýri út nákvæmlega hugsunina á bak við Íslenska málnefnd þá er verið að efla og skerpa hlutverk hennar. Verið er að uppfylla þær óskir sem ýmsir á hennar vegum hafa sett fram eins og t.d. að hún móti málstefnu, skrifi skýrslu um stöðu íslensku tungunnar o.s.frv.

Hins vegar er ljóst að af því að Íslenska málnefndin fellur undir þessa stofnun þá kemur hún ekki til með að hafa sérstaka fjárveitingu. Hún kemur ekki til með að hafa slíkt. Engu að síður er ekkert því til fyrirstöðu að málnefndin skipti með sér verkum eins og hún gerir í rauninni í dag, fundi reglulega. Það mun verða allt gert til þess að koma til móts við að þetta hlutverk verði skýrt og því sé hægt að framfylgja. Ég vona að ég og hv. þingmaður getum verið sammála um að það er ekki ætlunin að rýra mikilvægi Íslenskrar málnefndar á neinn hátt, miklu frekar hitt að skerpa það og skýra. Ég hef kosið að fara þessa leið m.a. með vísan til þess að búið er að fara mjög gaumgæfilega yfir þetta með forstöðumönnum þeirra sem hlut eiga að máli og þeirrar stofnunar sem við erum að ræða í dag.

[18:40]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég lít á það sem misskilning af hálfu menntamálaráðherra að hægt sé að styrkja málnefndina með því að leggja niður þennan mikla lagabálk, sem er nú ekki nema níu greinar. Ég tel að hún sé þess eðlis að hún eigi áfram að hafa lög og vera sjálfstæð stofnun eða stjórnvald þó að hún semji við Stofnun íslenskra fræða, þá sem ef til vill kemur, um skrifstofustörf og rannsóknastörf.

Þá vil ég enn ítreka hina spurninguna vegna þess að hún er mjög mikilvæg. Hún skiptir fræðimennina miklu máli og hún skiptir rannsóknar- og fræðistarf miklu og reyndar allt það starf sem fer fram á hinni nýju stofnun ef af verður. Hún fjallar um þetta: Hversu valdamikill er forstöðumaðurinn?

Hægt væri að hugsa sér — og það misskildi hæstv. ráðherra áðan, og ég skal fyrirgefa henni það vegna þess að ræðustíll manna hér í stólnum þegar mikið er að segja á litlum tíma getur orðið með ýmsum hætti — að annaðhvort styddist forstöðumaðurinn við stjórn og væri framkvæmdastjóri hennar eða þá, sem hér er hugsunin, að hann sé með ráðgefandi menn í stjórninni. Hins vegar er gallinn á því sá að honum er ekki sett að hafa samráð um hinn fræðilega part. Af hverju — ef það er ekki handvömm sem er fyrsta skýring mín — er 4. gr. í lögum um Stofnun Árna Magnús-

sonar á Íslandi ekki framlengd í þessu frumvarpi? Að forstöðumaðurinn annist rekstur stofnunarinnar og, með leyfi forseta: „Hann annast og fræðilega stjórn stofnunarinnar ásamt öðrum starfsmönnum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.“

Í reglugerðinni frá Vilhjálmi Hjálmarssyni kemur fram að þetta geri hann á svokölluðum húsþingum þar sem eiga sæti hinir fræðilegu starfsmenn stofnunarinnar. Þar eru t.d. teknar ákvarðanir um útgáfu og önnur fræðileg viðfangsefni. Húsþingið hefur líka þjónað hlutverki eins konar deildarráðs við að hafa umsagnir um þá sem koma til greina í (Forseti hringir.) stöður o.s.frv.

[18:42]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum að tala um breytta stjórnskipan á þessari stofnun miðað við það sem nú er. Við erum að tala um nútímalegri stjórnarhætti, ef má orða það svo. Við erum einfaldlega að tala um að forstöðumaðurinn beri ábyrgð á stjórn og rekstri stofnunarinnar, svo einfalt er það. Við verðum að treysta því að þessi forstöðumaður eins og forstöðumenn annarra ríkisstofnana axli þá ábyrgð sem í því felst, þá miklu ábyrgð að vera forstöðumaður ríkisstofnunar. Við verðum einfaldlega að treysta þeim forstöðumanni sem verður síðan ráðinn þegar þar að kemur.

Ég vil sérstaklega ítreka eitt í sambandi við vald forstöðumanns. Hann kemur ekki til með að ráða yfir Íslenskri málnefnd. Hún er sjálfstætt fyrirbæri. Hún kemur til með að vera hjá stofnuninni, eiga heima þar en forstöðumaðurinn mun ekki stjórna Íslenskri málnefnd, hún kemur til með að vera sjálfstæð nefnd. Það undirstrikar enn og aftur mikilvægi og hlutverk Íslenskrar málnefndar, svo við höfum það alveg á hreinu og menn fari ekki að tala um einhvern misskilning og að menn hafi ekki talað skýrt hér.

Það er alveg skýrt af minni hálfu að forstöðumaðurinn kemur til með að bera ábyrgð á rekstri og stjórn stofnunarinnar. Hann mun eftir sem áður hugsanlega styðjast við íslenska hefð, hefðina sem hefur skapast innan þeirrar stofnunar sem um ræðir. En þetta er fyrirkomulagið eins og það er ákveðið í þessu frumvarpi sem og í mörgum öðrum frumvörpum er varða stjórn stofnana á vegum ríkisins. Það hlutverk er breytt frá því að lög um Stofnun Árna Magnússonar voru sett á sínum tíma. Það er rétt að menn nútímavæðist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:44]

Útbýting:

Ábyrgðasjóður launa, 351. mál, nál. félmn., þskj. 491.

Birgðir innflúensulyfja vegna fuglaflensu, 394. mál, fsp. JóhS, þskj. 489.

Fjárlög 2006, 1. mál, brtt. EMS o.fl., þskj. 482; brtt. GAK o.fl., þskj. 483; brtt. HHj o.fl., þskj. 484; brtt. ÖS o.fl., þskj. 485; brtt. JBjarn o.fl., þskj. 486; brtt. ÞBack o.fl., þskj. 487; brtt. JBjarn o.fl., þskj. 488.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 393. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 475.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 3. mál, nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 481.

Styrkir til háskólanáms, 395. mál, fsp. AHB, þskj. 490.

Innflutningur dýra, 1. umr.

Stjfrv., 390. mál (afnám opinberrar verðskrár fyrir einangrunarstöðvar). — Þskj. 472.

[18:46]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum, á þskj. 472, mál nr. 390.

Í 7. gr. laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, er kveðið á um að starfrækja skuli sóttvarna- og einangrunarstöðvar vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni þeirra. Í samræmi við þessi ákvæði laganna stofnsetti landbúnaðarráðuneytið árið 1990 einangrunarstöð fyrir hunda og ketti í Hrísey og hefur stöðin verið starfrækt þar síðan.

Margir hafa orðið til þess að gagnrýna staðsetningu stöðvarinnar vegna þess viðbótarálags fyrir dýrin sem flutningur frá Keflavíkurflugvelli til Hríseyjar veldur og þess kostnaðarauka sem flutningnum fylgir. Hins vegar hefur einangrunin sannað gildi sitt og ekki hafa komið upp sjúkdómar í gæludýrum hér á landi sem rekja má til innflutnings gæludýra frá því að stöðin tók til starfa.

Ýmsir einkaaðilar hafa í gegnum árin sóst eftir að fá leyfi til að reka einangrunarstöðvar fyrir gæludýr og með lögum nr. 175/2000, um breytingu á lögum um innflutning dýra, var landbúnaðarráðherra heimilað að fela einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur einangrunarstöðva. Með reglugerð nr. 432/2003 voru síðan skilgreindar þær kröfur sem gerðar eru um útbúnað einangrunarstöðva fyrir hunda og ketti og hvernig skuli staðið að veitingu rekstrarleyfis fyrir slíkar stöðvar. Landbúnaðarráðherra veitir leyfi til reksturs slíkra stöðva að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

Nú hefur einkaaðila í Höfnum á Reykjanesi verið veitt leyfi til reksturs einangrunarstöðvar fyrir hunda og ketti og tók stöðin til starfa 1. desember sl. Í framhaldi af því hefur verið ákveðið að landbúnaðarráðuneytið hætti afskiptum af rekstri einangrunarstöðvarinnar í Hrísey. Óskað hefur verið eftir heimild í fjárlögum næsta árs til að selja stöðina eins og kunnugt er hér í þinginu. Óeðlilegt þykir að gefin sé út opinber verðskrá fyrir þjónustu einangrunarstöðva fyrir hunda og ketti eftir að ríkið hefur dregið sig út úr slíkum rekstri.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og landbúnaðarnefndar.

[18:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um ákveðin atriði. Það er í fyrsta lagi: Hvers vegna er nauðsynlegt að tengja ákvörðun um að fella niður staðlað gjald því að loka stöðinni í Hrísey? Mér finnst það vera tvennt ólíkt. Maður hafði nú haldið að ekki veitti af því að reyna að halda at-

vinnutækifærum á Eyjafjarðarsvæðinu. Ég veit ekki betur en að þar sé starfandi klúbbur eignafyrirtækja sem leiti eftir því að fá ný fyrirtæki á svæðið. Hefur hæstv. ráðherra rætt við þá um að yfirtaka þessa einangrunarstöð í Hrísey, reka hana áfram, auka jafnvel umsvifin og gera hana að öflugri rekstrareiningu?

Við það að veita einu fyrirtæki leyfi til þess að reka starfsemi af þessum toga, einangrunarstöð á suðvesturhorninu, erum við náttúrlega búin að koma þessu í fákeppnisstöðu. Það er þá bara einn einkavæddur aðili sem rekur þessa starfsemi.

Herra forseti. Ég vil sérstaklega inna hæstv. ráðherra eftir því hvers vegna þarf að tengja þetta saman og hefur hann rætt við dugnaðarmenn og fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu um að taka að sér reksturinn á stöðinni þannig að hann þurfi ekki að selja hana með þessum hætti?

[18:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eftir að Alþingi samþykkti á sínum tíma að einkaaðili geti rekið slíka stöð þykir eðlilegast að ríkið hverfi út úr þeim rekstri en hafi aftur á móti eftirlit með honum. Það kann vel að vera, eins og hér hefur komið fram, að duglegir athafnamenn á Eyjafjarðarsvæðinu muni kaupa stöðina í Hrísey og þess vegna reka hana í samkeppni við hina. Mér finnst það mjög líklegt og menn hafa gefið það til kynna. En ég hygg að þeir mundu ekki taka hana að sér nema fá hana keypta til rekstursins þannig að það er niðurstaðan að ríkið selji stöðina. Hvað gjaldtökuna varðar þá er það nú svo að þegar ríkið hefur horfið úr rekstrinum þykir eðlilegast að sá sem stöðvarnar rekur, hvort sem það er ein eða fleiri, ákveði verð til viðskiptavina sinna.

Ég tel það mjög heppilegt fyrir Hrísey að sem fyrst sé hægt að bjóða stöðina til reksturs. Hún verður líklega í rekstri til marsloka og vonandi gefur kaupandi sig fram á þeim tíma. Kaupandi sem vill nýta sér þá þekkingu sem fyrir er í eynni og þá góðu þjónustu sem þar hefur verið veitt til þess, ef því er að skipta, að reka stöðina áfram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samráðsskylda stjórnvalda við samtök fatlaðra, fyrri umr.

Þáltill. GuðmM o.fl., 385. mál. — Þskj. 454.

[18:52]

Flm. (Guðmundur Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að óska Alþingi til hamingju með hressileikaverðlaunin sem Nýjung, ungliðar Sjálfsbjargar, Landssambands fatlaðra, veitti hv. Alþingi 3. desember sl. Mig undrar reyndar það afskiptaleysi sem fjölmiðlar, að Morgunblaðinu frátöldu, sýndu deginum og þessum sérstaka viðburði hér í húsinu sem öllum sem þar voru bar saman um að hefði verið sérstaklega hátíðlegur.

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar sem við flytjum allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að móta tillögur um það hvernig samráð stjórnvalda við samtök fatlaðra verði gert skylt og eftir atvikum bundið í lög. Markmiðið verði að við undirbúning allrar löggjafar, setningar reglugerða og stjórnarframkvæmdir sem sérstaklega snerta fatlaða eða hafa áhrif á aðstæður þeirra í samfélaginu verði skylt að hafa samráð við þá í anda kjörorða Evrópusamtaka fatlaðra „Ekkert um okkur án okkar".

Herra forseti. Þó að fatlaðra sé ekki getið sérstaklega í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, hvorki í 76. gr. né í jafnréttisreglunni í 65. gr. nema sem, með leyfi forseta, „að öðru leyti", er ljóst að þessar reglur gilda greinilega einnig um fatlaða.

Í 1. gr. laga um málefni fatlaðra, 2. mgr., segir, með leyfi forseta:

„Við framkvæmd á markmiðum laganna skal tryggja heildarsamtökum fatlaðra og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðra."

Þetta er margítrekað í grunnreglum Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra að samfélaginu og kynntar voru á hv. Alþingi í janúar 1994. Þessar reglur hafa verið okkur leiðarljós í jafnréttisbaráttu fatlaðra.

Herra forseti. Um áratuga skeið hafa stjórnvöld gjarnan sent samtökum fatlaðra lög til umsagnar. Því miður hefur reyndin oftast verið sú að umsögnina skyldi gefa innan mjög skamms tíma og því hefur ekki gefist tími til að ígrunda mál eins og vert hefði verið með tilliti til lýðræðis á fundum í félögunum o.s.frv. Á þessu eru þó undantekningar, herra forseti, og er vinnsla að nýjum skipulags- og byggingarlögum dæmi þar um — þar sem samtök fatlaðra koma að sem umsagnaraðili snemma á ferlinu án þess að koma beint að samningu frumvarpsins.

Herra forseti. Sem betur fer eru þeir tímar liðnir að fjallað sé um fötlun, svo sem hreyfihömlun, sjóndepru eða heyrnarskerðingu, sem sjúkdóm sem dæmi fólk frá þátttöku í samfélaginu eða geri það að annars flokks borgurum. Almennt er unnið eftir þeirri hugsun að auðvelda beri fötluðum eins og kostur er að lifa og starfa í samfélaginu á sömu forsendum og aðrir. En til þess þarf samfélagið að taka sig á og ryðja ýmsum hindrunum úr vegi. Enn er því miður langt í land, t.d. hvað varðar aðgengismál. Of rík tilhneiging er til að fjalla um málefni fatlaðra, og reyndar margra annarra hópa samfélagsins, að þeim fjarstöddum, en krafa fatlaðra er: „Ekkert um okkur án okkar". Fatlaðir eru sjálfir dómbærastir á það hvar skórinn kreppir og því er hætt við að farið sé á mis við sérþekkingu ef ekki er haft samráð við þá um málefni sem þá varðar sérstaklega, t.d. við undirbúning löggjafar, reglugerða eða ákvarðana í skipulagsmálum.

Í skýrslu Stefáns Ólafssonar, „Örorka og velferð á Íslandi og í öðrum vestrænum löndum", sem kom út nú á dögunum, kemur fram að Ísland er með mun verri afkomu öryrkja í hlutfalli við fullvinnandi fólk á vinnumarkaði en tíðkast á hinum Norðurlöndunum og á meginlandi Evrópu, þ.e. í ríkjum sem búa við svipaða eða lakari hagsæld en Íslendingar. Danir og Svíar skera sig úr en þar er orðin hefð fyrir að hafa gott samband við samtök fatlaðra. Svíar eru með stofnun umboðsmanns fatlaðra og frá 1999 hafa þar verið í gildi lög sem banna mismunun fatlaðra á vinnu-

markaði í anda bandarísku ADA-laganna, Americans with Disability Acts. Danir stofnuðu ráð um málefni fatlaðra þegar árið 1980 með jafnmörgum fulltrúum frá fötluðum og yfirvöldum sem fylgist með aðstæðum fatlaðra í samfélaginu og ráðleggur stjórnvöldum auk þess að geta haft frumkvæði að úrbótum á einstökum sviðum.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka hlýjar móttökur sem ég hef fengið þær rúmu tvær vikur sem ég hef setið á þingi. Á það bæði við um allt starfsfólk þingsins sem og þingmenn alla sem ég hef átt samskipti við hvar í flokki sem þeir hafa staðið. Auk þess vil ég þakka forseta og forsætisnefnd að mér sé gert kleift að mæla fyrir þessari þingsályktun sem er mér hjartans mál. Ég er fullviss um að hún á stuðning vísan í öllum flokkum enda er hér um jafnréttis- og sanngirnismál að ræða.

Herra forseti. Að lokinni umræðu óska ég eftir að þessi þingsályktun verði send allsherjarnefnd til umfjöllunar.

[18:58]

Valdimar L. Friðriksson:

Herra forseti. Í lögum um málefni fatlaðra segir að markmið þeirra séu m.a. að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna. Þarna ætti orðið „sambærileg lífskjör“ að sjálfsögðu að vera fallið út og standa einfaldlega „jöfn kjör“ á við aðra Íslendinga.

Í lögunum stendur jafnframt, með leyfi forseta:

„Við framkvæmd á markmiðum laganna skal tryggja heildarsamtökum fatlaðra og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðra.“

Á þessu er greinilega mikil brotalöm sem hv. þm. Guðmundur Magnússon veit manna best hér á hinu háa Alþingi og er væntanlega ástæða þess að hann leggur fram þingsályktun um samráðsskyldu stjórnvalda við samtök fatlaðra.

Í greinargerð segir m.a.:

„Of rík tilhneiging er til að fjalla um málefni fatlaðra, og reyndar margra annarra hópa samfélagsins, að þeim fjarstöddum en krafa fatlaðra er „ekkert um okkur án okkar“. “

Þetta er mjög athyglisvert og segir að sjálfsögðu allt sem segja þarf.

Herra forseti. Það er von mín og okkar í Samfylkingunni að þessi þingsályktun fái brautargengi. Þrátt fyrir að miklar breytingar hafi orðið á skilningi fólks á Vesturlöndum á málefnum fatlaðra, eins og kemur fram í nýútkominni skýrslu Stefáns Ólafssonar um örorku og velferð á Íslandi, sem hv. þingmaður vitnaði til, þá hefur hugmyndaþróunin í þessum málum ekki náð til fulls inn í opinbera þjóðmálaumræðu hér á landi.

[19:00]

Helgi Hjörvar:

Virðulegi forseti. Ég óska hv. þingmanni til hamingju með það mál sem hann flytur og þakka honum gott samstarf þá daga sem hann hefur staldrað við í þinginu í trausti þess að þetta verði ekki síðasta mál sem hann flytji á þingi né síðustu ræður sem hann flytji hér þó hann hverfi af vettvangi nú um stund.

Málið er brýnt og ekki bara fyrir fatlaða heldur ekki síst fyrir stjórnvöld því eins og við höfum séð svo fjöldamörg dæmi um á undanförnum mánuðum og missirum hefðu íslensk stjórnvöld getað sparað sér ærið ómakið og forðast mörg gönuhlaupin með einföldu samráði á þessu hausti, eins og t.d. í málefnum um bifreiðastyrk til hreyfihamlaðra eða öðrum málefnum sem snúa að fötluðum og ekki var haft samráð við þá um.

Ég vil hins vegar — vegna þess að það eru því miður alla jafna afdrif þingsályktunartillagna frá stjórnarandstöðunni að sofna í nefnd því meiri hlutinn hleypir þeim ekki út þaðan aftur nema í algerum undantekningartilfellum — aðeins taka fram um skilning á orðalagi þar sem flutningsmenn tala um að gera stjórnvöldum skylt að hafa samráð við samtök fatlaðra. Það er trúlega ætlan þeirra og full ástæða til að skerpa á þeirri skyldu og útfæra til þess leiðir. En ég vil leggja á það ríka áherslu að stjórnvöldum er skylt að hafa samráð við samtök fatlaðra um mál sem að þeim lýtur. Á það leggja ákvæði í meginreglum Sameinuðu þjóðanna ríka áherslu sem Ísland hefur fyrir sitt leyti staðfest og ríkisstjórn Íslands er með þeim hætti skuldbundin af þeim samráðsskyldum við samtök fatlaðra sem lögð er áhersla á í meginreglum Sameinuðu þjóðanna. Þess vegna er einfaldlega mikilvægt að sá misskilningur verði ekki við meðferð málsins að sú réttarstaða sé uppi að þeim sé ekki skylt að hafa samráð við samtök fatlaðra. Íslenskum stjórnvöldum er skylt að hafa samráð við samtök fatlaðra. Það er fyllilega þess virði af flutningsmönnum að reyna að skerpa þá skyldu og útfæra með einhverju móti.

[19:03]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Sem einn af flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar vil ég þakka hv. þm. Guðmundi Magnússyni fyrir að hafa frumkvæði að flutningi þessa máls. Ég tel að þetta sé eitt af þeim málum sem allir stjórnarflokkar geti sameinast um og unnið hratt og vel. Ég hvet til þess að allsherjarnefnd afgreiði málið og það verði eitt af þeim málum sem við getum sameinast um að afgreiða fyrir jól.

Lýðræði fyrir alla eru orðin tóm nema samráð sé haft við þá aðila sem málið fjallar um og þátttaka allra er mikilvæg fyrir hvert þjóðríki. Þátttaka í atvinnu og félagsstörfum og í þjóðfélagsumræðunni allri er mikilvæg og brýnt fyrir hvert þjóðríki að fá alla þar að borðum. Ég tel mikilvægt að við förum að temja okkur breytt vinnubrögð þar sem samráð verði grunnur að vinnu okkar. Samráð verði haft við fatlaða við reglugerðarbreytingar og þegar verið er að breyta og leggja grunn að lífeyrisgreiðslum og öðrum greiðslum sem snerta kjör og aðbúnað fatlaðra.

Ég vil eins og fleiri þakka Guðmundi Magnússyni fyrir störf hans þennan hálfa mánuð sem hann hefur verið á þingi. Hann hefur vakið okkur mörg hver til umhugsunar um störf og kjör fatlaðra og aðbúnað allan í þinghúsi. Ég þakka honum fyrir það.

[19:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða mjög áhugavert mál sem væri vissulega ástæða til að ræða í þó nokkurn tíma. En mér skilst að menn hafi gert óformlegt samkomulag um að ljúka þessari umræðu tiltölulega fljótt og ég skal reyna

að verða við því.

Af okkar hálfu í Frjálslynda flokknum tökum við mjög undir það sem hér er verið að leggja upp með í umræddri þingsályktunartillögu um samráðsskyldu stjórnvalda við samtök fatlaða, að slíkt samráð verði tekið upp. Í nýlegri skýrslu sem Stefán Ólafsson hefur unnið hefur hann m.a. bent á að þannig væri þessu fyrirkomið í nágrannalöndum okkar. Þar er dreginn upp samanburður á kjörum öryrkja hér á landi og í nágrannalöndunum. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að það er fátt sem kemur þar á óvart að mínu viti. Við höfum bent á þau skerðingarákvæði sem eru í gildi hjá Tryggingastofnun varðandi afkomu aldraðra og öryrkja undanfarin ár. Ég hef löngum gert mér grein fyrir að í því fyrirkomulagi sem er á möguleikum aldraðra og öryrkja til að taka þátt í atvinnulífinu undir þeim skilyrðum sem ríkisstjórnin hefur skapað er varla hægt að ætlast til að fólk geri það þegar staðan er sú að ef fólk fer út á vinnumarkaðinn þá haldi það sáralitlu í raun og veru eftir af viðbótartekjunum. Eins og skerðingarákvæðunum er háttað lýkur þeim ekki hjá fólki almennt sem er að reyna að bæta við sig tekjum, hvort sem það eru aldraðir borgarar eða öryrkjar, fyrr en fólk er búið að þéna upp undir 160 þús. á mánuði því að 45% reglan skerðir alveg niður að grunnlífeyri.

Þannig er þetta uppbyggt, því miður, og í rauninni afleit niðurstaða, held ég, að hafa kerfið eins og það er. Það getur ekki verið annað en vinnuletjandi, bæði fyrir aldraða og öryrkja. Einnig er sú þróun á vinnumarkaðnum hér sem hefur kannski verið þannig að viðhorf til vinnuaflsins hefur harðnað. Gerð er meiri krafa um að fólk vinni allan vinnudaginn og erfiðara er að semja um hlutastörf o.s.frv. En þegar fólk stendur uppi með það ef það fer út á vinnumarkaðinn og hefur unnið sér inn 10 þús. kr. að halda ekki eftir nema 2 þús. kr. í raungildi eftir 45% skerðingu og síðan 37,73% tekjuskatt, þá er náttúrulega ekki hægt að segja fólki að fara út á vinnumarkaðinn ánægjunnar vegna, þótt sumir geri það. Það er staðreynd. Sumir gera það. Þrátt fyrir þessar reglur fer fólk út á vinnumarkaðinn ánægjunnar vegna og vegna þess að það vill fá að starfa.

Ef fólk heldur að þetta séu eingöngu mín orð er auðvelt að fara aftast í skýrslu Stefáns Ólafssonar og lesa þar eina málsgrein, með leyfi forseta. Hún hljóðar svona:

„Efla þarf vinnuhvata með því að gera atvinnuþátttöku örorkulífeyrisþega ábatasamari, með minnkun tekjuskerðinga í almannatryggingakerfinu, skattaívilnunum eða öðrum aðferðum."

Skýrara getur það varla verið, hæstv. forseti. Ég held að þetta segi miklu meira en þó ég héldi ræðunni langt fram eftir kvöldi.

[19:10]

Flm. (Guðmundur Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið hér til máls og stutt þingsályktunartillögu okkar. Ég vil taka undir ábendingu frá Helga Hjörvar um að sú lagfæring verði gerð á ályktuninni að stjórnvöldum verði skylt að hafa þetta samráð.

Að öðru leyti þakka ég fyrir mig og segi góða nótt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis, síðari umr.

Stjtill., 284. mál. — Þskj. 299, nál. 464.

[19:11]

Frsm. utanrmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis. Þetta er 284. mál þingsins en nefndarálitið er að finna á þskj. 464.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti. Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Túnis sem undirritaður var í Genf í Sviss 17. desember 2004.

Samningurinn við Túnis kveður á um afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum landbúnaðarvörum auk þess sem í honum eru ákvæði um vernd fjárfestinga og hugverkaréttinda, þjónustuviðskipti og úrlausn deilumála. Gert er ráð fyrir að EFTA-ríkin afnemi tolla og aðrar takmarkanir á innflutningi vöru sem samningurinn tekur til um leið og hann öðlast gildi en Túnis afnemi hins vegar tolla á ákveðnu aðlögunartímabili sem lýkur 1. júlí 2008. Aðlögunartími fyrir sjávarafurðir verður hins vegar allt að 18 árum uns fullri fríverslun með sjávarafurðir verður komið á.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt, virðulegi forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 285. mál (upplýsingar um umhverfismál). — Þskj. 300, nál. 465.

[19:13]

Frsm. utanrmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 465 frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Þetta er 285. mál þingsins á þskj. 465.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti. Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar geta allir einstaklingar og lögaðilar óskað eftir aðgangi að upplýsingum um umhverfismál sem opinber yfirvöld ráða yfir eða eru geymdar fyrir þeirra hönd án þess að þurfa að sýna fram á

að þeir hafi hagsmuna að gæta. Efnisákvæði tilskipunarinnar taka mið af þeim hluta Árósasamningsins frá 25. júní 1998 sem varðar aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál.

Umhverfisráðherra hefur lagt fram lagafrumvarp til að innleiða tilskipunina í íslenskan rétt (þskj. 300, 221. mál) og er það nú til meðferðar í umhverfisnefnd Alþingis.

Steingrímur J. Sigfússon ritar undir álitið með fyrirvara.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

[19:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil aðeins í örfáum orðum gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef á þessu máli. Hann tengist þeirri staðreynd að hluti hins svonefnda Árósasamnings er hér að koma inn í íslenska löggjöf eða það er verið að leggja til að fullgilda ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um það atriði sem felur í sér að í framhaldinu taki Íslendingar upp í sinn landsrétt hluta af efni Árósasamningsins og hann kemur þá þessa nokkuð krókóttu leið, þ.e. í gegnum ákvarðanatöku í Evrópusambandinu. En staðreyndin er sú að íslensk stjórnvöld undirrituðu Árósasamninginn á sínum tíma og hafa haft ærinn tíma til þess að fullgilda efni hans og koma þeim hér fyrir í lögum. Á því hafa menn heykst og það höfum við harðlega gagnrýnt undanfarin ár.

Það er að sjálfsögðu til bóta að sá hluti hans, sem varðar aðgang almennings að ýmsum upplýsingum um umhverfismál, komi inn en eftir stendur að íslensk stjórnvöld hafa ekki unnið heimavinnuna sína og fullgilt Árósasamninginn með þeim hætti sem vonir stóðu til. Þetta er að okkar mati alls ekki ásættanleg málsmeðferð og hefur oft áður orðið tilefni til umræðna hér á Alþingi og gagnrýni af okkar hálfu.

Svo vil ég einnig geta þess að það frumvarp sem framsögumaður nefndi og er hér til umfjöllunar í þinginu er að okkar dómi þannig að á því þyrfti að gera breytingar eða þar mættu hlutir betur fara og við hljótum því að áskilja okkur sömuleiðis allan rétt hvað það varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 286. mál (rafbúnaðarúrgangur). — Þskj. 301, nál. 466.

[19:17]

Frsm. utanrmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. utanríkismálanefndar á þskj. 466, við 286. mál sem er tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 og 134/2004, um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn, en hann fjallar um umhverfismál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti. Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 frá 4. júní 2004 og 134/2004 frá 24. september 2004, um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og 2003/108/EB frá 8. desember 2003 um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

Markmið tilskipunar 2002/96/EB er að draga úr myndun raftækja- og rafeindatækjaúrgangs, auka endurnýtingu og endurnotkun á slíkum úrgangi og vinna að aukinni umhverfisvitund allra aðila sem koma að lífsferli vörunnar en í henni eru m.a. ákvæði um hvernig skuli fjármagna, safna, meðhöndla og endurnýta raftækja- og rafeindatækjaúrgang. Tilskipun 2003/108/EB felur í sér breytingar á fyrrnefndri tilskipun.

Innleiðing tilskipananna krefst lagabreytinga hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 287. mál (evrópsk samvinnufélög). — Þskj. 302, nál. 467.

[19:19]

Frsm. utanrmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti hv. utanríkismálanefndar á þskj. 467, við 287. mál sem er tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004, um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn en hann fjallar um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, vinnurétt og jafnrétti kynjanna.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti. Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Meginmarkmið löggjafar um evrópsk samvinnufélög er að gera einstaklingum, með búsetu í mismunandi aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eða lögaðilum, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum mismunandi aðildarríkja, kleift að stofna evrópskt samvinnufélag. Tilskipun 2003/72/EB er svo ætlað að vernda rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi evrópska samvinnufélagsins sem þeir vinna hjá.

Innleiðing tilskipunarinnar krefst lagabreytinga hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Frv. allshn., 295. mál (birting dóms). — Þskj. 314.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:22.

---

35. FUNDUR

þriðjudaginn 6. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, stjfrv., 331. mál, þskj. 363. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Greiðslur til foreldra langveikra barna, stjfrv., 389. mál, þskj. 471. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Innflutningur dýra, stjfrv., 390. mál, þskj. 472. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis, stjtill., 284. mál, þskj. 299, nál. 464. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
5. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 285. mál, þskj. 300, nál. 465. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
6. Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 286. mál, þskj. 301, nál. 466. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
7. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 287. mál, þskj. 302, nál. 467. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
8. Meðferð opinberra mála, frv., 295. mál, þskj. 314. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Samráðsskylda stjórnvalda við samtök fatlaðra, þáltill., 385. mál, þskj. 454. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Fjárlög 2006, stjfrv., 1. mál, þskj. 437, frhnál. 492 og 498, brtt. 480, 482, 483, 484, 485, 486, 487, 488, 496 og 497. — 3. umr.
11. Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 479 og 481. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ögmundur Jónasson , 9. þm. Reykv. s.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.,
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.,
Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Einari H. Guðmundssyni og Edvard Oliverssyni.

[10:34]

Útbýting:

Fjárlög 2006, 1. mál, frhnál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 492; brtt. SJS, þskj. 496; brtt. KolH o.fl., þskj. 497.

Húsnæðismál, 343. mál, nál. félmn., þskj. 493.

Athugasemdir um störf þingsins.

Samræmd stúdentspróf – frumvarp um Ríkisútvarpið.

[10:34]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er óhætt að fullyrða að samræmd stúdentspróf í framhaldsskólum landsins hafi vakið miklar deilur að undanförnu og sætt mikilli gagnrýni í skólasamfélaginu, og ekki að ástæðulausu. Prófin fela að mínu mati í sér allt of mikla miðstýringu, þau taka sjálfstæði af skólunum og minnka til lengri tíma litið sérkenni þeirra. Tilgang fyrir prófunum er auk þess erfitt að finna þar sem þau hvorki ná því að mæla gæði skólanna né eru notuð sem inntökupróf í þær greinar háskóla þar sem þess er þörf, líkt og fram hefur komið að undanförnu.

Sterk rök eru fyrir því að mínu mati að hverfa frá samræmdum stúdentsprófum. Prófin hafa margar neikvæðar hliðar fyrir starf skólanna, en fáar ef nokkrar jákvæðar. Þau auka verulega á miðstýringu í framhaldsskólakerfinu, auka einsleitni skólanna og vega klárlega að sérstöðu þeirra. Þá er framkvæmd prófanna vanhugsuð og meingölluð með þeim hætti að skólasamfélag framhaldsskólanna hafna prófunum. Til marks um það skiluðu núna 70–80% nemenda í nokkrum skólum auðu í mótmælaskyni en í fyrra tóku prófin í mörgum skólunum nánast allir sem það áttu að gera, enda telja nemendur sig hafða að fíflum með prófunum.

Prófin eru tilgangslítil miðstýring sem gera fjölbreytt og gott skólakerfi einsleitt og verra. Undir það tók t.d. landsfundur Sjálfstæðisflokksins á dögunum og má segja að bragð sé að þá barnið finni. Við eigum þess í stað að fjölga valkostum í framhaldsskólakerfinu og auka fjölbreytni þannig að allir geti fundið menntun við sitt hæfi en grundvallaratriðið er að framkvæmd prófanna sé sniðin að ákveðnum markmiðum þannig að þau séu tekin alvarlega af nemendum, háskólum og öðrum í skólasamfélaginu. Auk þessu eru til margar aðrar leiðir til að meta gæði skólastarfs

en með miðstýrandi prófum. Þess vegna spyr ég hæstv. menntamálaráðherra hvort í þessu ljósi væri til skoðunar að hennar mati að koma hingað með þingmál sem legði af samræmd stúdentspróf í framhaldsskólunum.

[10:37]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil minna þingheim á hvernig það bar til að samræmd próf voru tekin upp. Þau voru samþykkt í þinginu árið 1996 og enginn flokkur greiddi atkvæði gegn þessari tillögu. Meginforsendan á sínum tíma var sú að annars vegar vildu háskólarnir hafa svona próf, fá þau inn í skólakerfið, og hins vegar var þetta hugsað sem ákveðið gæðatæki.

Hins vegar verð ég að segja eins og er að ég tek heils hugar undir orð hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, það eru líka efasemdir í mínum huga varðandi samræmd próf. Ég hef fyrir mitt leyti sagt að mér finnist þau að mörgu leyti fela í sér ákveðna miðstýringu. Mér finnst þau ekki stuðla að þeirri fjölbreytni sem við viljum öll. Ég vona að við getum öll tekið undir það að við viljum hafa fjölbreytni og valfrelsi í skólakerfinu. Mér finnst þau ekki samræmast þeirri hugsun en engu að síður vó það mjög þungt á sínum tíma að háskólarnir báðu sérstaklega um prófin og ég er með eins árs gamalt bréf frá Háskóla Íslands þar sem m.a. deildarforsetar háskólans hvetja ráðuneytið til að halda í samræmd próf og helst fjölga þeim eins og segir í bréfinu.

Ég held engu að síður að í ljósi þeirra framkvæmda sem átt hafa sér stað á undanförnum dögum sé rétt að yfirfara þetta mál og ég hef hug á því að kalla til þá aðila sem málið snertir, nemendur, skólastjórnendur, kennara, háskólann og fleiri, eins og t.d. Námsmatsstofnun, til að yfirfara þetta mál. Það er alveg ljóst að sú framkvæmd sem hefur átt sér stað varðandi samræmdu prófin á undanförnum dögum hefur ekki tekist sem skyldi.

[10:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. menntamálaráðherra gaf, að hún skuli ætla að taka þessi samræmdu stúdentspróf aftur inn á sitt borð og endurskoða þau. Það er auðvitað tímabært í ljósi framkvæmdanna. Þar með er þó fögnuður minn í garð hæstv. menntamálaráðherra upp talinn í dag því að ég verð að kveðja mér hljóðs, hæstv. forseti, vegna framgöngu hennar í sjónvarpi í gærkvöldi og reyndar í Ríkisútvarpinu líka í morgun þar sem hæstv. menntamálaráðherra varð heldur betur á í messunni.

Hún gerðist sek um það að mæta í viðtal í ríkissjónvarpinu í gærkvöldi til að fjalla í smáatriðum um frumvarp um Ríkisútvarpið eins og málið væri komið fram á Alþingi — sem það er ekki. Svona gerir maður ekki, frú forseti, sérstaklega ekki í ljósi fyrri yfirlýsinga hæstv. menntamálaráðherra um samstarf og samráð, ekki í hvaða máli sem er, ekki í einhverju allt öðru máli en þessu, heldur í málefnum fjölmiðla. Eða minnast menn orða hennar þegar fjölmiðlaskýrslan fræga var gefin út og hún talaði fjálglega á fundi í Þjóðmenningarhúsinu um samstarf og samráð? Ég spyr: Er allt samstarf og samráð þessa hæstv. menntamálaráðherra á þeim nótum sem hún nú hefur sýnt okkur, ekki bara í þessu máli með RÚV núna heldur í fleiri málum þar sem samráðið er allt eftir á? Þegar menn gagnrýna er ýmist ekki hlustað eða gagnrýninni er vísað á bug.

Ég spyr, frú forseti, hvort þetta verði látið viðgangast, hvort forseti ætli að láta þetta óátalið. Í morgun gekk hæstv. menntamálaráðherra svo langt að svara ímynduðum mótbárum míns flokks við málinu. Ég ætla að lýsa því yfir hér að ég og við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum tilbúin í þau skoðanaskipti hvenær sem er. En við verðum þá að vera búin að fá málið fram til að geta skipst á skoðunum við hæstv. menntamálaráðherra. Svona getur maður ekki komið fram í lýðræðissamfélagi í máli sem (Forseti hringir.) er og verður umdeilt.

[10:41]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Þetta var furðuleg uppákoma hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur sem sakaði hæstv. menntamálaráðherra um það að hafa með einhverjum óeðlilegum hætti fjallað um frumvarp um Ríkisútvarpið hf. í Kastljósi sjónvarpsins í gær áður en málið hefur verið lagt fram á Alþingi. Hún sakaði hæstv. ráðherra um það að með þessu gerði ráðherrann að engu samstarf og samráð við stjórnarandstöðuna í þessu máli eða öðrum sem varða fjölmiðla. Ég hlýt að mótmæla svona málflutningi.

Ég veit ekki betur en að aðrir ráðherrar, hvort sem þeir koma úr þessari ríkisstjórn eða öðrum, hafi kynnt sín mál efnislega í fjölmiðlum áður en þeim hefur verið dreift á Alþingi. Ég veit ekki til þess að þingmenn (**Gripið fram í:** Það er svona.) Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi verið mjög hræddir við það að fjalla efnislega um sín eigin frumvörp og þingsályktunartillögur í fjölmiðlum hvað eftir annað áður en þingheimur hefur fengið tækifæri til að kynna sér efni þeirra. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur ekkert skirrst við það að kynna í fjölmiðlum efni einstakra þingmála sem þau hyggjast leggja fram, m.a. áður en þing hefur komið saman. Og það er ekkert að því. Þetta eru bara venjuleg vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið á Alþingi, ekki bara á þessu ári eða þessu kjörtímabili heldur svo lengi sem elstu menn muna. Uppákomur sem þessar eru algerlega óskiljanlegar og ég veit ekki betur en að þessu frumvarpi verði dreift á þingi í dag og þá getur hv. þingmaður kynnt sér það nánar. Þau vinnubrögð sem hæstv. menntamálaráðherra viðhafði í þessu máli og kom fram með í fjölmiðlum eru mjög eðlileg og (Forseti hringir.) það er ekkert út á þau að setja.

[10:43]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að tilraun með samræmd stúdentspróf í þessum farvegi hefur mistekist. Framhaldsskólanemar taka ekki mark á þeim enda skil ég þau vel þar sem þau þurfa að velja á milli stúdentsprófanna sinna og þessara prófa sem hafa ekkert vægi fyrir þau. Ég er ekki í vafa um að ég hefði valið eins í sömu stöðu.

Markmiðin að mínu mati voru ekki síst þau að fá fram mælingu milli skóla um frammistöðu eða gæði kennslu. Þau markmið munu ekki nást nema með því að gera nem-

ana samvirka. Að öðrum kosti eru prófin marklaus. Það er mikil hætta á því að stýra öllum í sama farveg og ég er ekki hrifin af slíkri miðstýringu þegar komið er upp á framhaldsskólastigið. Við höfum það á stefnuskrá okkar í Framsóknarflokknum að endurskoða alvarlega þessa framkvæmd. Ef það er nauðsynlegt að mæla stöðu skólanna held ég að það væri farsælla að leggja fyrir einhvers konar könnunarpróf og tengja þau alls ekki við útskriftina.

Ég fagna því sérstaklega orðum hæstv. menntamálaráðherra þar sem hún lýsir yfir áhyggjum sínum af prófunum og ég tel að hæstv. ráðherra taki mjög faglega á málinu.

Ég lýsi líka yfir furðu minni vegna orða hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur vegna hæstv. menntamálaráðherra. Ég tel mjög eðlilegt að hæstv. ráðherra lýsi frumvarpi um Ríkisútvarpið fyrir alþjóð þó svo að ekki sé búið að dreifa því. Þetta er ekkert einsdæmi í sögunni og mér finnst hæstv. ráðherra hafa haldið mjög vel á því máli og eins og ég segi eru mörg fordæmi fyrir því að þingflokkar, ekki bara hæstv. ríkisstjórn, kynni mál sín áður en þeim er dreift á hinu háa Alþingi.

[10:45]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Fyrst að samræmdu stúdentsprófunum. Það er að sjálfsögðu fagnaðarefni að stjórnvöld ætli að endurskoða þetta mál. Það er gríðarleg óánægja með það en frásagnir af því hafa líka verið nokkuð misvísandi. Þetta virðist vera haltu mér – slepptu mér staða, eins konar patt-staða. Ég vil þó segja þá skoðun mína að ég tel að nemendur eigi ekki að ganga svo langt að hunsa þessi próf algjörlega eins og brögð hafa verið að. Ég held að með því séu þau að skaða sjálfa sig mest en að sjálfsögðu ber að endurskoða þetta og það er fagnaðarefni að það standi til.

Að hinu málinu, virðulegi forseti, Ríkisútvarpinu. Mér finnst mjög gagnrýnivert að það skuli hafa tekið hálft ár að koma þessu frumvarpi aftur inn í þingið í breyttri mynd þegar við heyrum fréttir af því að breytingarnar séu ekki meiri en svo að kannski hafi verið breytt einni setningu í öllu frumvarpinu. Hvers vegna í ósköpunum tekur hæstv. menntamálaráðherra svona langan tíma að koma þessu frumvarpi frá sér ef það er efnislega nánast eins og frumvarpið sem var lagt fyrir þingið í vor og fór þá í gegnum 1. umr.? Það er búið að skipta orðinu „sameignarfélag“ út fyrir orðið „hlutafélag“.

Hvað hefur fólkið í menntamálaráðuneytinu verið að gera allan þennan tíma? Og hvernig í ósköpunum stendur á því að þetta frumvarp er komið á þvæling úti í bæ, frumvarp frá ráðherra? Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson var á flækingi í morgun í höfuðstöðvum Norðurljósa á fréttastöðinni NFS í umræðuþætti þar í beinni útsendingu á móti Margréti Sverrisdóttur, framkvæmdastjóra Frjálslynda flokksins, þar sem þau töluðu um þetta frumvarp og þar sat hann í beinni útsendingu með þetta frumvarp á milli handanna. Mér finnst alveg ólíðandi að frumvarpið sé á þvælingi úti í bæ þegar það er ekki einu sinni búið að prenta það hér á þingi, það er ekki einu sinni búið að dreifa því til þingmanna. Svona vinnubrögð eru hreinlega ekki verjandi.

[10:47]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fá að halda mig hér við umræðuna um samræmdu prófin. Ég fagna því að þetta mál sé tekið upp á Alþingi vegna þess að framkvæmd prófanna er og hefur verið fullkomlega galin, framkvæmd samræmdu prófanna í framhaldsskólunum. Því er vissulega mikilvægt að taka málið hér upp vegna þess að núna eru brögð að því að nemendur neiti að taka þessi próf, þau mæta í prófin og skila auðu vegna þess að prófin eru fullkomlega tilgangslaus. Þessi próf koma ofan í önnur próf, önnur mikilvæg próf sem framhaldsskólanemendur þurfa virkilega á að halda til að fá inngöngu í háskóla landsins. Við erum með fjölbreytta háskóla sem krefjast fjölbreytts undirbúnings. Þá eigum við ekki að vera með miðstýrð samræmd stúdentspróf í framhaldsskólunum.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að framkvæmdin á þessum stúdentsprófum er það meingölluð að ég spyr hæstv. menntamálaráðherra, sem var líka efins um þessi próf í umræðunum áðan, hvort samræmd stúdentspróf verði framkvæmd næsta vor í sömu mynd og þau eru núna. Mér finnst að nemendur framhaldsskólanna þurfi að fá að heyra hér að þessi próf verði lögð niður strax þegar þing kemur saman eftir áramót þannig að þau þurfi ekki að þreyta þau næsta vor.

Við í Samfylkingunni mótmæltum þessari framkvæmd fyrir þremur árum þegar við sáum í hvað stefndi, þegar við sáum hvernig framkvæmd þessara prófa yrði. Þá töluðum við fyrir daufum eyrum. Þáverandi menntamálaráðherra lokaði eyrunum fyrir þeirri gagnrýni sem þá þegar var komin fram. Auðvitað fagna ég því að loksins hafi náðst til eyrna hæstv. menntamálaráðherra þó að ég vildi að hún hefði kveðið skýrar að. Framkvæmdin eins og hún er núna er fullkomlega galin, og samræmd stúdentspróf í framhaldsskólanum eru skrípaleikur eins og þau eru núna.

[10:49]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Þátttaka framhaldsskólanema í samræmdum prófum fyrir nokkrum dögum gefur fullt tilefni til að leggja fram þá fyrirspurn sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson lagði fram um framkvæmd samræmdra prófa.

Ég lýsi því yfir að í máli hans kom fram sú stefna sem ég tel að falli mjög vel að menntastefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Í henni kemur fram, með leyfi forseta:

„Núverandi fyrirkomulag samræmdra prófa hefur of stýrandi áhrif á allt skólastarf og njörvar það niður á kostnað frumkvæðis og fjölbreytni. Mikilvægt er að skólastarf sé metið út frá breiðum forsendum og tekið sé tillit til annarra þátta en samræmdra prófa. Þar má nefna sjálfsmat skóla, ytra mat fræðsluyfirvalda á hverjum stað og mat skóla á framförum nemenda. Eðlilegt er að grundvöllur slíks mats sé breiðari en nokkrar námsgreinar. Meta þarf nám í bóklegum greinum, verklegum greinum og listgreinum, umgjörð skólastarfsins, menntun kennara, sérverkefni og áherslur viðkomandi skóla og umhyggju fyrir nemendum. Hins vegar er eðlilegt að skólar geti lagt fyrir stöðluð próf hvenær sem er á námsferli nemenda til að meta stöðu

þeirra, framfarir og leitað að tilteknum greinum.“

Ég tel að þetta sé sú stefna sem flestir leita að. Henni verður ekki náð með því að halda sig við samræmdu prófin, sérstaklega ekki eins og þau hafa verið framkvæmd. Því tek ég undir áhyggjur hæstv. menntamálaráðherra um framkvæmd prófanna og ég hlýt að álykta sem svo af orðum hennar að hún muni endurskoða samræmdu prófin og þá sérstaklega framkvæmd þeirra.

[10:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram í máli hæstv. menntamálaráðherra að hún hefur efasemdir um framkvæmdina á samræmdu prófunum eins og hefur verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu.

Þess ber hins vegar að geta, og nauðsynlegt að rifja það upp, að samræmd próf voru sett í lagatexta á Alþingi 1996 þannig að aðdragandinn að þessu hefur verið býsna langur. Einnig verður að hafa í huga að háskólarnir kölluðu eftir því að þessi samræmdu próf yrðu framkvæmd og það kemur jafnframt fram hjá deildarforsetum háskólans að núverandi stúdentspróf henti ekki vel til að bera saman undirbúning stúdenta og velja á milli þeirra vegna þess að einkunnir úr fjölbrauta- og menntaskólum séu ekki fyllilega sambærilegar.

Til að bregðast við þessu verður þá að finna einhverjar leiðir sem háskólarnir geta sætt sig við til að meta nemendur inn í háskólana. Í máli þeirra hefur einmitt komið fram að þeir telji að samræmd stúdentspróf muni henta vel og gefa mikilvægar upplýsingar um hæfni nemenda. Einhverjar leiðir verður að finna ef breytt verður út af þeirri leið sem nú er í lagatexta hér á þingi og við verðum að finna þá einhverjar aðrar leiðir sem háskólarnir geta sætt sig við til að velja nemendur inn í skólana.

Ég fagna því að hæstv. menntamálaráðherra hefur ákveðið að fara betur yfir málið. Það sem við viljum er auðvitað fjölbreytni og valfrelsi í framhaldsskólunum og það er stefna sem ég held að við eigum að halda okkur við.

[10:53]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeim efasemdum sem hafa komið fram held ég hjá öllum sem til máls hafa tekið um ágæti samræmdra stúdentsprófa. Ég fagna því líka að hæstv. menntamálaráðherra lýsir yfir efasemdum sínum um tilgang prófanna og framkvæmd þeirra. Hæstv. ráðherra lýsir hér yfir að þau verði tekin til endurskoðunar og ég vona að sú endurskoðun sé auk þess vísir að nýjum vinnubrögðum. Það er aldrei málum til framdráttar þegar þau eru kynnt með miklum fjölmiðlahasar og síðan dregið í land þegar á hólminn er komið, heldur þarf að vinna þetta mál upp á nýtt í samráði við skólasamfélagið eins og það leggur sig.

Það skortir að prófin séu sniðin að þeim markmiðum sem upp var lagt með og það verður að fara yfir endurskoðun á tilgangi þeirra og framkvæmd í samráði við skólasamfélagið allt. Það væri mjög heppilegt í ljósi þess hvernig þetta mál hefur snert skólasamfélagið á undanförnum vikum og mánuðum, hundruð nemenda úti í bæ hafa mótmælt prófunum með því að skila auðu og skilaboðin til þeirra þurfa að vera skýr. Vonandi svarar hæstv. menntamálaráðherra spurningum hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur játandi eða tekur líklega undir það að prófin verði lögð niður og ekki notuð á næstu önn. Það væru jákvæð skilaboð út í skólasamfélagið og síðan yrði málið allt tekið til gagngerrar endurskoðunar og fundnar aðrar leiðir til að gæðamæla skólana. Háskólarnir nota sínar eigin aðferðir við að taka inn stúdenta í þær deildir sínar sem þeir þurfa að velja inn í. Samræmd stúdentspróf í ensku, íslensku og stærðfræði segja ósköp lítið til um það hvort viðkomandi nemandi sé hæfari en annar til að hefja t.d. nám í læknisfræði þannig að aðrar leiðir eru heppilegri og betri en þessi.

[10:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Sameiginlegt kynningarátak hæstv. menntamálaráðherra og útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins í sjónvarpinu í gærkvöldi um nýtt frumvarp þeirra um Ríkisútvarpið er óneitanlega mjög sérstakt. Alþingi Íslendinga er sýnd óvirðing með því að mjög mikilvægt og mjög umdeilt stjórnarfrumvarp skuli kynnt í fjölmiðlum án þess að Alþingi fái það fyrst í hendur.

Ekki nóg með þetta. Hæstv. menntamálaráðherra og útvarpsstjóri létu í veðri vaka að málið væri að fullu frágengið. Hæstv. forseti. Ég á enn eftir að sannfærast um að svo sé. Ég á enn eftir að trúa því að Framsóknarflokkurinn geti hlaupið þetta langt frá gefnum loforðum og fyrirheitum. Framsóknarflokkurinn hefur lofað kjósendum sínum, flokksmönnum sínum og Alþingi Íslendinga að Ríkisútvarpið yrði ekki hlutafélagavætt. Eru engin takmörk fyrir því hve mikið þessi stjórnmálaflokkur, Framsóknarflokkurinn, getur lyppast niður? (**Gripið fram í:** Nei.) Ég á enn eftir að sannfærast um það, við eigum eftir að leiða þessi mál til lykta og sannleikann í ljós þegar þetta mál verður tekið til umræðu á næsta ári.

[10:57]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég verð nú að segja út af umræðunni vegna RÚV að mér finnst þetta vera óttaleg viðkvæmni af hálfu ákveðinna þingmanna hér inni að ekki megi ræða það frumvarp sem er verið að leggja fram í dag. Þetta er viðtekin venja og það eru mörg fordæmi fyrir því að ráðherra ræði mál sín fyrir fram — sem og þingmenn annarra flokka, eins og þingmenn stjórnarandstöðunnar. Það hefur líka berlega komið fram. Ég segi þá að ég býst við því að ef menn ætla að vera samkvæmir sjálfum sér í stjórnarandstöðunni muni þeir ávallt leggja málin fram fyrir þing og tjá sig eftir það.

Það ætla ég hins vegar ekki að gera. Málið varðandi Ríkisútvarpið er í eðlilegum farvegi. Það var fyrst kynnt í ríkisstjórn, síðan er búið að kynna það þingmönnum stjórnarflokkanna sem hafa samþykkt það þannig að málið var ekkert á neinum þvælingi úti í bæ þegar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson tjáði sig um það í morgun. (Gripið fram í.) Hann gat auðvitað ekkert samþykkt málið innan þingflokksins nema hafa kynnt sér það þannig að við höfum það alveg á hreinu. Ég hlakka til að ræða málið fyrir jól við hv.

þm. Ögmund Jónasson sem greinilega ber hagsmuni Ríkisútvarpsins fyrir brjósti eins og allir aðrir.

Varðandi samræmdu prófin vil ég ítreka þær efasemdir sem ég hef uppi varðandi þau. Ég efast um, án þess að vilja slá þau af hér og nú, að þau verði í þeirri mynd sem þau eru og voru á síðustu dögum. Eins og ég gat þó um áðan vil ég sérstaklega kalla til þá aðila sem þetta mál snertir, kennara, nemendur, háskólann ekki síst, til að fara gaumgæfilega yfir málið. Það þurfa að vera faglegar forsendur ef við ætlum að breyta þessu ákvæði í lögum — sem enginn flokkur greiddi atkvæði á móti. Það verða að vera faglegar forsendur fyrir því ef við ætlum að fara gegn því markmiði sem þessu var ætlað í upphafi, þ.e. að koma upp öflugu tæki fyrir háskólana annars vegar og hins vegar að efla og styrkja gæðaeftirlitið innan framhaldsskólakerfisins. Þetta allt þurfum við að sjálfsögðu að fara yfir því að við viljum halda hér uppi öflugu og fjölbreyttu framhaldsskólanámi en ég efast um að það verði best gert með samræmdum prófum.

Útbýting:

Fjárlög 2006, 1. mál, frhnál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 498.

Stofnun íslenskra fræða -- Árnastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 363.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Greiðslur til foreldra langveikra barna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 471.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Innflutningur dýra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 390. mál (afnám opinberrar verðskrár fyrir einangrunarstöðvar). — Þskj. 472.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis, frh. síðari umr.

Stjtill., 284. mál. — Þskj. 299, nál. 464.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:02]
Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EOK, GHall, GÁ, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LMR, LB, MÞH, MS, MF, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
18 þm. (AKG, BJJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, KHG, KLM, MÁ, RG, SAÞ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 500).

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 285. mál (upplýsingar um umhverfismál). — Þskj. 300, nál. 465.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:02]
Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EOK, GHall, GÁ, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LMR, LB, MÞH, MS, MF, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
18 þm. (AKG, BJJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, KHG, KLM, MÁ, RG, SAÞ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 501).

Breyting á XX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 286. mál (rafbúnaðarúrgangur). — Þskj. 301, nál. 466.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:03]
Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EOK, GHall, GÁ, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LMR, LB, MÞH, MS, MF, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (AKG, BJJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, KHG, KLM, MÁ, RG, SAÞ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 502).

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 287. mál (evrópsk samvinnufélög). — Þskj. 302, nál. 467.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:04]

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EOK, GHall, GÁ, GÖg, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LMR, LB, MÞH, MS, MF, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (AKG, BJJ, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, KHG, KLM, MÁ, RG, SAÞ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 503).

Meðferð opinberra mála, frh. 2. umr.

Frv. allshn., 295. mál (birting dóms). — Þskj. 314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:04]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Samráðsskylda stjórnvalda við samtök fatlaðra, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðmM o.fl., 385. mál. — Þskj. 454.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:05]

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:06]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 496–497. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Fjárlög 2006, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 437, frhnál. 492 og 498, brtt. 480, 482, 483, 484, 485, 486, 487, 488, 496 og 497.

[11:06]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Þá er komið að 3. umr. um fjárlög ársins 2006. Meiri hluti fjárlaganefndar Alþingis gerir ekki frekari breytingartillögur varðandi þetta frumvarp og leggur ekki fram framhaldsnefndarálit. Hins vegar legg ég fram breytingartillögu ásamt hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni til leiðréttingar á áður samþykktri tillögu sem kom fram við 2. umr. Það er leiðrétting á mistökum sem urðu við frágang skjala.

Ég legg áherslu á það í stuttri ræðu við 3. umr. að umfjöllun um fjárlagafrumvarpið gekk vel og störf nefndarinnar gengu mjög vel. Ég þakka öllum þeim sem tóku þátt í því starfi fyrir gott starf.

Það er hins vegar eitt mál, virðulegur forseti, sem ég vil aðeins tæpa á. Þegar fjallað er um fjárlagafrumvarpið á hverju hausti koma gjarnan upp mál sem menn eru sammála um að skoða þurfi rækilega. Þegar umræða hófst um frumvarpið á haustdögum kom hér upp umfjöllun um 6. gr. frumvarpsins, þ.e. heimildargreinina sem tengist samningum ríkisins um einkaframkvæmd varðandi uppbyggingu húsa og aðstöðu o.s.frv. Umræða þessi spratt hygg ég aðallega út af heimildarákvæði í frumvarpinu sem snertir uppbyggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík án þess að ég ætli að gera það í sjálfu sér að aðalefni þess sem ég ætla hér að segja, heldur er ég að tala um grundvallaratriði málsins. Við fjölluðum töluvert um þetta í fjárlaganefnd og í umræðum á Alþingi og óskuðum m.a. eftir og fengum álit frá Ríkisendurskoðun um málið og fjölluðum um það á fundum nefndarinnar í síðustu viku. Ég hygg að málið sé einfaldlega þannig að fjárlaganefnd muni fjalla nánar um það sérstaklega í tengslum við fjárreiðulög. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að skoða það mjög rækilega hvort gera þurfi breytingar á fjárreiðulögum í þessu skyni, þ.e. til að það sé alveg skýrt hvaða rammi það er sem menn þurfa að vinna eftir varðandi samninga um einkaframkvæmd við uppbyggingu húsnæðis. Ég hygg að það sé samstaða um þetta í nefndinni og við munum fara í þá vinnu eftir áramótin að fjalla nánar um þetta.

Ég held að það sé öllum til góðs og auðvitað eðlilegt að þessi mál séu klár og kvitt þannig að allt sé á hreinu um það hvernig með þau skuli fara. Ég vildi bara rétt nefna þetta, virðulegur forseti, af því að við erum að ljúka umræðu um fjárlagafrumvarpið og segja frá því að við munum, eins og ég sagði, fjalla betur um þetta mál síðar.

[11:10]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrir hönd okkar í Samfylkingunni þakka ég hv. formanni fjárlaganefndar fyrir það ágæta samstarf sem hann hér nefndi. Meðan við störfuðum að fjárlögunum í fjárlaganefnd Alþingis komu fram skýrslur um stöðu ríkisháskólanna í landinu sem hljóta að valda okkur öllum áhyggjum. Þar er fyrst til að taka nýlega skýrslu um stöðu Háskólans á Akureyri og síðan alþjóðlega samanburðarskýrslu um stöðu Háskóla Íslands þar sem í ljós kemur í þeirri rannsókn að aðeins háskóli einn í Króatíu býr við lakari fjárhag en hann. Framlög okkar til háskólastigsins eru aðeins rétt liðlega 1,1% af landsframleiðslu samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar frá í sumar meðan meðaltal OECD-ríkjanna er 1,4% og framlög Kanadamanna og Bandaríkjamanna 2,5% og 2,7%, þ.e. meira en tvöföld framlög okkar til háskólastigsins.

Framhaldsmenntun í landinu er fjöregg framtíðarinnar og við hljótum að spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvers vegna háskólastigið í landinu er ávallt aftast á forgangslista meiri hlutans, hvers vegna meiri hlutinn vanrækir ár frá ári að sinna þeirri brýnu fjárvöntun sem er á háskólastiginu. Hvaða afleiðingar heldur hv. formaður að þessi áralanga vanræksla ríkisstjórnarinnar muni hafa á háskólamenntun í landinu, á samkeppnisstöðu Íslands til langrar framtíðar?

[11:12]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi framlög til háskólastigsins þá höfum við aukið mjög verulega framlög til háskólanna á síðustu árum. Ég hygg að það sé leitun að þjóðum sem hafa aukið jafnmikið framlög til háskólamenntunar undanfarin ár eins og við Íslendingar. Ef ég man rétt erum við í dag komin nálægt meðaltali innan OECD-ríkjanna í framlögum til háskólastigsins.

Hv. þingmaður nefndi þjóðir vestan hafs í þessu sambandi. Við vitum auðvitað að stór hluti tekna þessara skóla er í formi skólagjalda þannig að ég held að það sé mjög mikilvægt að við berum saman rétta hluti. Meginmálið er það að við höfum stóraukið framlög til háskólastigsins í landinu á síðustu árum og það er auðvitað það sem skiptir máli í mínum huga á þessari stundu.

[11:13]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er hryggilegur vitnisburður um metnaðarleysi ríkisstjórnar Íslands í menntamálum að formaður fjárlaganefndar Alþingis lýsir því yfir úr þessum ræðustól að það sé bara býsna gott að vera undir meðaltali OECD-ríkjanna, að Háskóli Íslands rétt skríði upp yfir háskóla í Króatíu í fjárframlögum. Það ber vitni um metnaðarleysi og um skammsýni vegna þess að skortur á fjárfestingu í háskólamenntun og framhaldsmenntun fyrir hinar nýju kynslóðir veikir undirstöður atvinnulífs okkar til framtíðar, veikir okkur sem þekkingarsamfélag og veikir okkur í samkeppni þjóðanna. Ég hlýt að spyrja hv. þingmann hvort hann hafi engar áhyggjur af stöðu til að mynda ríkisháskólanna eins og Háskólans á Akureyri nú um stundir.

[11:14]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður talar um metnaðarleysi og notar ýmis lýsingarorð hér. Ég verð að segja að ég er mjög ánægður með hvað okkur hefur tekist að auka framlög til háskólastigsins á Íslandi síðustu árin. Mér finnst það bera vitni um ágætan metnað í þeim málaflokki. Ég tel að við munum halda áfram að auka þessi framlög til háskólastigsins og það er auðvitað mikill metnaður í því.

Menn geta velt fyrir sér ýmsum tölum í samanburði en þetta er staðreynd og ég lýsi bara ánægju með að það skuli hafa náð fram að ganga að auka svona framlög til háskólastigsins. Við vitum það að háskólanám hefur verið byggt upp í miklum mæli hér á landi á síðustu árum. Hér hafa sprottið upp nýir skólar þannig að mér sýnist vera töluvert mikill metnaður í þessum málaflokki, hv. þingmaður.

[11:15]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil gera að umtalsefni breytingartillögu á þskj. 480 frá hv. formanni fjárlaganefndar og hv. varaformanni hennar sem varðar starfsemi atvinnuleikhópa. Þau mistök voru gerð, eins og ég gat um í 2. umr. um fjárlög, að framlag sem fjárlaganefnd ætlaði að veita Leikfélagi Reykjavíkur var sett inn á liðinn Starfsemi atvinnuleikhópa, 10 millj. kr. Nú ætlar formaður fjárlaganefndar að leiðrétta þetta mál en gerir það með því að lækka framlagið til atvinnuleikhópa, sem við 2. umr. var 57 millj. kr., niður í 47 millj. kr. Ég vil mótmæla þessari gerð og óska eftir því að hv. formaður fjárlaganefndar tjái sig þá frekar um rök fyrir þessari breytingu og hvort það hafi aldrei verið skilningur fjárlaganefndar að starfsemi atvinnuleikhópa þyrfti meira fé. Mér er kunnugt um að fulltrúar atvinnuleikhópanna komu á fund fjárlaganefndar og óskuðu eftir sérstökum stuðningi við það að reka starfsemi sína í Tjarnarbíói. Þeir hafa af miklum myndarbrag verið að reyna að halda Tjarnarbíói í gangi sem leikhúsi en þeir fá, að því er virðist, enga umbun og enga viðurkenningu á þeirri þörf. Mér þykir illa komið fram við hópana að þeir skuli við 2. umr. fá 10 millj. kr. inn á liðinn sem er síðan tekið af þeim við 3. umr.

Mér finnst líka andstaða hæstv. menntamálaráðherra, sem kom fram í fréttaviðtali í gær, við þessa framkvæmd athyglisverð. Í fyrsta lagi spyr ég hv. formann fjárlaganefndar um rökstuðning fyrir því hvers vegna starfsemi atvinnuleikhópa fær ekki að halda þessum 10 millj. kr. Í öðru spyr ég hvað vaki fyrir fjárlaganefnd með þessum stuðningi við Leikfélag Reykjavíkur sem í áraraðir hefur sótt um að komast aftur inn á fjárlög ríkisins eftir að þeim var vísað þaðan í burtu fyrir nokkuð mörgum árum.

[11:17]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við 2. umr. var gerð tillaga um að hækka þann lið sem hv. þingmaður nefnir. Fyrir mistök fór

sú tillaga á vitlausan lið í tillögum okkar. Nú er verið að leiðrétta það þannig að þessar 10 millj. kr. voru teknar til baka. Það er ekkert verið að taka frá neinum heldur er um leiðréttingu að ræða á hlut sem meiri hluti fjárlaganefndar lagði til. Það er einföld skýring á þessu máli.

[11:18]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil leyfa mér að halda því fram úr þessum ræðustóli að fjárlaganefnd hafi ekki sett sig nægilega vel inn í þau mál sem um er að ræða. Mér þykir það lýsa mikilli vankunnáttu hv. þingmanna sem stóðu að tillögunni við 2. umr. hvernig að henni var staðið, hvernig breytingartillagan var orðuð — gert var ráð fyrir að Leikfélag Reykjavíkur styddi við bakið á áhugaleikhópum fyrir þessar 10 millj. kr. en starfsemi Leikfélags Reykjavíkur byggist ekki á því að starfa með áhugaleikhópum. Hér var um flaustur og fljótfærni að ræða og mér finnst ósanngjarnt að leikhóparnir gjaldi fyrir það. Þeir gerðu ráð fyrir að þeir fengju þessa 10 millj. hækkun, sem er eitthvað sambærilegt við það sem hóparnir óskuðu eftir, en hún er tekin til baka af því að um mistök hafi verið að ræða. Það sýnir að enginn skilningur er til staðar hjá hv. þingmönnum á þeim málum sem hér liggja að baki, á þeirri starfsemi og þeim fjármunum sem hér um ræðir.

[11:19]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Fjárlagafrumvarpið er nú að koma til 3. umr. og hv. þm. Magnús Stefánsson hefur mælt fyrir því til 3. umr. Ég vil í sjálfu sér þakka fyrir samstarf í nefndinni þó svo ég gagnrýni að meiri hluti nefndarinnar afgreiði nú frumvarpið frá sér til 3. umr. án þess að taka þar á veigamiklum málaflokkum.

Ég nefni fyrst málefni öldrunarheimila, elli- og hjúkrunarheimila. Alveg frá byrjun í umræðum um fjárlög í haust, og reyndar líka í fyrra, var vitað að þessi heimili búa við mikinn rekstrarhalla, uppsafnaðan rekstrarhalla, og mjög skertan rekstrargrunn. Allar tölulegar upplýsingar liggja fyrir og mér fannst í umræðunni í haust að ætlunin væri að taka á þessum málum.

Mér finnst, frú forseti, framkoma Alþingis gagnvart öldrunarheimilunum, að rétta ekki rekstrarstöðu þeirra og halla, til skammar.

Við höfum hér bréf frá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, dagsett 2. desember, þar sem er tilgreint að miðað við þær upplýsingar sem þau hafa verði rekstrarniðurstaða ársins neikvæð um 420 millj. kr. og uppsafnaður halli 31. desember 690 millj. kr. og auk þess hafa sveitarfélögin lagt til 235 millj. kr. þannig að uppsafnaður halli fer að nálgast milljarð. Allt liggur þetta fyrir. Það er talað um að málið sé í nefnd og málið sé í annarri nefnd sem er að endurskoða störf fyrri nefndar. Hvers vegna er ekki tekið á málum öldrunarheimila?

[11:21]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar hjúkrunarheimilin og það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði um þau mál er ekkert nýtt í umræðunni. Við höfum rætt þetta mál meira og minna í allt haust og ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta sem ég hef sagt áður. Eftir því sem ég best veit og hef upplýsingar um er verið að vinna að þessum málum í heilbrigðisráðuneytinu með aðilum málsins og mér skilst að niðurstaðan sé ekki komin í því. Ég á því í sjálfu sér, virðulegi forseti, svolítið erfitt því ég get engu bætt við það sem ég hef áður sagt. Reyndar er hv. þm. Jón Bjarnason líka að fara með sömu tugguna því að við erum búnir að ræða þetta mál á sömu nótum í allt haust.

[11:22]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrir mér eru málefni öldrunarheimila og hjúkrunarheimila engin tugga. Fyrir mér er þetta grafalvarlegt mál. Það hefur legið fyrir í allt haust hver rekstrarvandi þessara heimila er og hverju þarf að bæta inn í. Það er vitað að rekstrargrunnur öldrunarheimilanna hefur kerfisbundið verið skertur á undanförnum árum. Það hefur legið fyrir og enn er þetta í nefnd, enn eru menn að ræða um þetta segir hv. formaður fjárlaganefndar.

Frú forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir hvað þarf að gera. Það þarf fjármagn inn í rekstrargrunninn, til þess að bæta aðstöðu, og inn í stofnkostnað elli- og hjúkrunarheimila. Það er okkur til vansa að taka ekki á þessu máli af festu og skilningi.

Frú forseti. Fátt harma ég meir við afgreiðslu þessara fjárlaga en að skilja eigi elli- og hjúkrunarheimilin eftir úti í kuldanum í ári sem menn kalla góðæri.

[11:24]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Það er kominn tími til að skipta um ríkisstjórn. Það fjárlagafrumvarp sem hér er lagt fram er til vitnis um það. Í ellefta sinn er lagt fram frumvarp til aukinnar misskiptingar í íslensku samfélagi. Hér sjáum við í einum pakka nýtt met í eyðslusemi á þeim tímum þegar aðhalds er helst þörf vegna þenslu. Hér sjáum við vítaverða vanrækslu á framlögum til háskólastigsins í landinu sem grefur undan samkeppnisstöðu okkar við aðrar þjóðir til langrar framtíðar og lýsir því hversu kolröng forgangsröðun stjórnarmeirihlutans er orðin. Pláss er fyrir hvers kyns þarflaus gæluverkefni á allar hendur en ekki nægt fé til að sinna mikilvægustu menntastofnunum landsins svo að sómi sé að, Háskóla Íslands, Kennaraháskólanum, Háskólanum á Akureyri og öðrum slíkum stofnunum.

Hér hefur auðvitað ekkert gerst á milli 2. og 3. umr., enda varla að meiri hlutinn nenni orðið eftir yfir 10 ára stjórnarsetu að skila fjárlögum í því ástandi að sómi sé að. Hefur framkvæmd fjárlaga enda verið til vansa um langt árabil og þá orðin gefin stærð að útgjöld frumvarpsins verði aldrei lægri en fast að 10 milljörðum umfram það sem stendur í frumvarpinu sjálfu og er frumvarpið þó kallað

fjárlög, virðulegi forseti. Þannig gefur Seðlabankinn sér t.d. í spá sinni frá því á föstudaginn var, undir forustu Davíðs Oddssonar, að aukning samneyslunnar verði 3% nærfellt, en ekki 2% eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Kemur það heim og saman við reynslu undanfarinna ára að það er því miður harla lítið að marka fjárlagafrumvarp hæstv. ríkisstjórnar þegar að útgjöldunum kemur.

Lausatök hafa líka einkennt fjárlagagerðina og eftirfylgnina í mörg undangengin ár og þannig eru yfirfærðar til stofnana fjárheimildir fyrir um 20 milljarða kr. við síðustu áramót eins og ekkert sé sjálfsagðara. Stofnanir flytja milli ára uppsafnaðan halla, samkvæmt þeim svörum sem við höfum fengið milli umræðna, trúlega um 8 milljarða kr. hið minnsta þetta árið. Yfir 100 fjárlagaliðir sem fram úr fara en lítil viðleitni til að taka á þeim vanda og þeim lausatökum og agaleysi sem virðist vera í framkvæmd fjárlaga.

Hér lýsti varaformaður fjárlaganefndar því yfir nýverið, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, að stjórnsýslan hefði allt of mikinn þening á milli handanna. Það er býsna rétt lýsing hjá hv. þingmanni og hann þekkir auðvitað veruleika ríkisfjármála ákaflega vel sitjandi í fjárlaganefnd og fjallandi um málin þaðan. Þar sjáum við að þessi mikli fjáraustur á báðar hendur í hvers kyns gæluverkefni, og það mikla fé sem stjórnsýslan, aðhalds- og eftirlitslítið af þingsins hálfu, fær að hafa milli handanna, leiðir auðvitað til óhæfilegs agaleysis og aðhaldsskorts í ríkisfjármálunum almennt. Og það er sérstakt áhyggjuefni á þessum tíma þegar þensla í íslensku samfélagi er meiri en nokkru sinni fyrr og meiri ástæða til að sýna aðhald og aga í ríkisfjármálunum en nokkru sinni áður.

Við gerðum forsendur fjárlagafrumvarpsins að umfjöllunarefni við 1. umr. en þær hafa hin síðari ár verið annar af helstu veikleikum frumvarpsins og hafa staðist illa. Á þessu ári hefur m.a. frávikið frá spám fjármálaráðuneytisins satt að segja verið gríðarlegt. Nú höfum við nýja spá Seðlabankans frá því á föstudaginn var og þá kemur í ljós að í stað þess sem fjármálaráðuneytið spáir um liðlega 4% aukningu á einkaneyslunni þá eykst hún samkvæmt spá Seðlabankans um nærfellt 8%. Fjármálaráðuneytið spáir samneyslunni aukningu upp á rúm 2%, Seðlabankinn nær 3%. Meðan fjármálaráðuneytið spáir 1% aukningu á fjárfestingu spáir Seðlabankinn 3% samdrætti á fjárfestingu. Það er áhyggjuefni að hætt er við því að í fjárlagafrumvarpinu sem hér liggur fyrir sé þenslan í hagkerfinu vanmetin, framleiðsluspennan í hagkerfinu vanmetin. Hún hefur hér verið talin vera minni en var árið 2000 og má það koma nokkuð á óvart. Ég hygg að það blasi við hverjum manni að hér hefur ekki verið meiri þensla og þrýstingur á hagkerfið allt um langt árabil. Ástæða er til að taka undir með nýjum seðlabankastjóra og seðlabankastjóra Dana þegar þeir leggja áherslu á að það er jafnmikilvægt í efnahagsmálunum að virða reglur um hámarkshraða eins og í umferðinni og það er engum blöðum um það að fletta að við þurfum að hafa áhyggjur af því að hér hafi verið of geyst farið og hér hafi í ríkisfjármálunum ekki verið haldið nægilega traust um framkvæmd þeirra og um forsendur um langt árabil.

Í skattaaðgerðum ríkisstjórnarinnar er enn verið að auka á misskiptinguna í samfélaginu eins og við fórum yfir við 2. umr. Áherslur þessarar ríkisstjórnar hafa verið á það að halda niðri persónuafslættinum sem kemur hinum lægst launuðu verst en að lækka prósentuna í tekjuskattinum og afnema hátekjuskattinn, sérstaka tekjuskattinn, og afnema ýmsa aðra skatta af eigna- og hátekjufólki. Þetta hefur smátt og smátt nú á rúmum áratug leitt til þess að láglaunafólk, lífeyrisþegar til að mynda með 110 þús. kr. á mánuði greiða heilum mánaðarlaunum meira í skatta en þeir gerðu fyrir tíu árum meðan við, hátekjufólkið, greiðum fast að heilum mánaðarlaunum minna í skatta. Þannig hefur hagur lífeyrisþega og hinna verst settu skipulega, meðvitað og af pólitískum ástæðum verið gerður þyngri í því skyni að skapa rými til að létta byrðum af eignafólki, fjármagnstekjueigendum og hátekjufólki.

Afleiðing þeirrar þróunar til langs tíma kemur síðan glögglega í ljós til að mynda í skýrslu Stefáns Ólafssonar um kjör öryrkja og velferð á Íslandi þar sem það sést hvernig bilið í íslensku samfélagi breikkar, hvernig það gliðnar á milli hópanna enn frekar og hvernig hinir lægst launuðu verða eftir í tekjuþróuninni. Um það hefur talsvert verið fjallað í fjölmiðlum undanfarna daga og er út af fyrir sig óþarfi að tíunda hér enn, enda höfum við farið yfir þessa þætti í stefnu ríkisstjórnarinnar bæði við 1. og 2. umr.

Á útgjaldahlið frumvarpsins er fyrir utan ranga forgangsröðun og lausatök almennt, eins og ég nefndi hér fyrr, fyrst og fremst ástæða til að hafa áhyggjur af vanrækslu þegar kemur að háskólastiginu í landinu. Því miður var hæstv. menntamálaráðherra fjarstaddur við 2. umr. fjárlaga, efnisumræðu fjárlaganna sjálfra, og er það miður því að menntamálin eru auðvitað næststærsti útgjaldamálaflokkurinn í ríkisfjármálunum og mikilvægt að unnt sé að fjalla um hann vel og ítarlega við 2. umr. fjárlaga en ég trúi því að við nýtum 3. umr. þeim mun betur til að ræða sérstaklega um þann málaflokk við hæstv. ráðherra þegar hann er kominn aftur til leiks.

Okkur hafa á undanförnum mánuðum borist ýmsar skýrslur í fjárlaganefnd, stjórnsýsluúttekt á Háskóla Íslands, sérstök úttekt á Háskólanum á Akureyri auk þess sem hér hefur verið kynnt samanburðarrannsókn á níu háskólum í Evrópu gerð af hlutlausum alþjóðlegum aðilum. Niðurstöðurnar úr þessum úttektum staðfesta það sem við í Samfylkingunni höfum verið að segja í þinginu um langt árabil. Það að ríkisstjórn Íslands vanrækir framlög til háskólastigsins svo mjög að ástæða er til að hafa áhyggjur af því að það dragi úr samkeppnishæfni okkar til framtíðar og við séum ekki að skapa ungu kynslóðinni í landinu þær kjöraðstæður sem hún þarf og verður að búa við í menntamálum ef hún ætlar að geta keppt við aðrar þjóðir til langrar framtíðar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá í sumar kemur fram að þegar kemur að menntamálum í samanburði OECD-ríkjanna þá trónum við ekki á toppnum eins og við eigum að venjast í nær öllum málaflokkum, Íslendingar, eigandi heimsmet í öllu sem kunnugt er. Nei, framlög til háskólastigsins eru samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar 1,14% af landsframleiðslu. Meðaltal OECD-ríkjanna er 1,4%. Þeir sem verja mestu verja 2,5–2,7%. Við erum sem sagt verulega undir meðaltali OECD-ríkjanna, hvað þá að við séum í fremstu röð þegar kemur að framlögum til háskólastigsins. Þetta hlýtur að vera okkur vaxandi áhyggjuefni. Við vitum að hér koma stjórnarþingmennirnir iðulega og vísa til þess

að fjárframlög til háskólanna hafi verið að aukast á undanförnum árum og það er út af fyrir sig rétt. En hvers vegna hafa þau verið að aukast? Það er vegna þess að nemendunum hefur verið að fjölga. Það er meginskýringin. Hvers vegna er það? Það er vegna þess að við erum yngri þjóð en OECD-ríkin almennt. Þar af leiðandi er fleira fólk á Íslandi á þeim aldri sem sækir nám í háskóla og þess vegna ættu framlög til menntamála að vera enn hærri en ella. Þess vegna er enn ríkari ástæða til að við séum ekki langt undir meðaltali OECD-ríkjanna í framlögum til háskólastigsins heldur vel yfir því því að miðað við aldurssamsetningu þjóðarinnar verðum við að vera það. Og þegar við fáum staðfestan alþjóðlegan samanburð á níu háskólum þar sem Háskóli Íslands rétt skríður upp fyrir háskóla í Króatíu í fjárframlögum en kemst hvergi nærri hinum sjö skólunum sem bornir eru saman í fjárframlögum á hvern nemanda, þá er veruleg ástæða til að hafa áhyggjur. Ég trúi því og treysti að hæstv. menntamálaráðherra muni við umræðuna fara yfir áherslur sínar í þessu og þær málsbætur sem ráðherrann kann að eiga. En það hlýtur auðvitað að setja að okkur öllum ugg ef ekki er búið betur að fjöreggi þjóðarinnar, framhaldsmenntuninni í landinu, því það er í framhaldsnáminu sem við fáum ungu kynslóðinni þau vopn sem duga henni í sífellt harðnandi alþjóðlegri samkeppni og það er sú menntun sem atvinnulífið treystir á og þarf að geta byggt á framfarir, rannsóknir og þróun á komandi árum og þannig staðið undir góðum lífskjörum áfram í landinu.

Virðulegur forseti. Í ljósi þess að hér hafa ekki orðið neinar breytingar á milli 2. og 3. umr. þá er í sjálfu sér ekki efni til að fara í lengra máli yfir það frumvarp sem hér liggur fyrir. Það var af minni hálfu nokkuð fullrætt þegar við 2. umr. Ég hef aðeins notað tækifærið til að vekja athygli á helstu vanköntum sem sjá má á þessu frumvarpi. Þeir lúta sem fyrr segir að því að forsendur frumvarpsins eru eins og hin fyrri ár ákaflega veikar og veruleg ástæða til að hafa áhyggjur af því að þær standist ekki, enda Seðlabankinn með allt aðrar forsendur, nú síðast á föstudaginn var.

Í öðru lagi: Lausatök í ríkisfjármálum þar sem útgjöldin sem sýnd eru í fjárlagafrumvörpunum reynast aldrei standast en verða 10 milljörðum meiri hið minnsta á ári hverju.

Í þriðja lagi: Sívaxandi misskipting tekna í landinu þar sem skattkerfisbreytingum ríkisstjórnarinnar hefur í 11 ár verið skipulega beitt til þess smátt og smátt, skref fyrir skref að létta sköttum af eignafólki og hátekjufólki um mánaðarlaun á ári og þyngja skattbyrði hinna lægst launuðu, lífeyrisþeganna, um heil mánaðarlaun á ári. Það hlýtur að vera langstærsta áhyggjuefni okkar í íslensku samfélagi því að sá ójöfnuður sem ríkisstjórnin þannig beitir sér fyrir ógnar stöðugleikanum í landinu, ógnar því að við séum ein þjóð í landinu og ógnar þeirri samheldni sem hefur einkennt íslenskt samfélag umfram annað ef hér er skipulega á hinum pólitíska vettvangi unnið að því að þyngja byrðar hinna verst settu en létta byrðar þeirra sem allt hafa til alls.

Að síðustu er helst ástæða til þess í útgjaldalið þessa frumvarps að hafa áhyggjur af framlögum til háskólastigsins af því að þegar kemur að menntamálunum, mikilvægustu fjárfestingu okkar til framtíðar þá eru framlög hér því miður samkvæmt nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar langt undir meðaltali OECD-ríkja.

[11:42]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sérstaklega sem kom að mínu mati í fyrsta sinn af vörum þingmanna stjórnarandstöðunnar þar sem þeir viðurkenna þó að verið er að auka fjárframlög til háskólastigsins. Ég held að ég hafi heyrt þetta nú í fyrsta sinn í þessum sal af vörum þingmanns úr stjórnarandstöðunni. Það er alveg ljóst að við erum að stórauka framlög okkar til háskólamála og til skólamála almennt. Það má alltaf gera betur, ég tek undir það, og það er alltaf hægt að fara út í þann pólitíska leik að toppa síðasta mótframlag. En það eru staðreyndir sem tala sínu máli og þær eru að við erum að auka mest allra OECD-þjóða framlög til háskólamála. Engin þjóð innan þessara ríkja sem við erum sífellt að bera okkur saman við eykur framlög sín til háskólamála jafnmikið og jafnhratt og við Íslendingar.

Hv. þingmaður tiltók töluna 1,14% af þjóðarframleiðslu til háskólamála en hver var aukningin þar á milli ára? Hún var 0,8% og fór í 1,14%. Þetta eru tölur frá 2002 og ég er sannfærð um, og hef tölur fyrir því, samantekt á því, að við erum komin upp fyrir meðaltal OECD-ríkja. Hv. þingmaður, sem fór að öðru leyti ágætlega yfir sviðið, var að tala um toppinn og þangað stefnum við Íslendingar rakleitt. Við munum ná toppnum varðandi framlög til háskólamála innan örfárra ára ef sami hraður verður á aukningu til þeirra eins og verið hefur að undanförnu. Hv. þm. Helgi Hjörvar ræddi einmitt um þær þjóðir sem setja hvað mest til háskólamála, Kanada og Bandaríkin minnir mig að hann hafi nefnt, upp á 2,5%, en hv. þingmaður gat þess ekki hve há framlög einkaaðila eru inni í þessari tölu. Framlög hins opinbera til háskólamála innan þessara landa eru aðeins minni en okkar Íslendinga. Það eru einkaaðilar sem draga upp framlög þeirra ríkja, sem er afar jákvætt, sem eru í forustu innan OECD varðandi framlög til háskólamála.

[11:44]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki skal standa á mér að fallast á að hér hafi verið aukin framlög til háskólastigsins. Ég vil eiga sanngjarna orðræðu við hæstv. menntamálaráðherra um málefni háskólastigsins. Svo mikilvæg eru þau. En ástæðan er auðvitað sú fyrst og síðast að nemendum á háskólaaldri hefur fjölgað mikið hér á landi á síðustu árum ólíkt því sem er í öðrum OECD-ríkjum sem eru eldri þjóðir en Íslendingar. Og vegna þess að við erum ung þjóð þurfum við að gera miklu betur en að vera meðaltalsþjóð í OECD en staðreyndin er sú að við gerum umtalsvert verr en meðaltalið í OECD. Skýrsla Ríkisendurskoðunar frá því í sumar segir að við séum nærfellt 3 milljörðum undir þeim framlögum sem við þyrftum að vera til að ná meðaltalinu og þurfum við þó að gera betur vegna aldurssamsetningar þjóðarinnar.

Hæstv. menntamálaráðherra kemur svo hér og virðist lifa í einhverju allt öðru landi en ég, þar sem framlögin aukast og aukast og allt er í blóma og þó stöndum við í hinni hendinni með nokkurra vikna gamla skýrslu sem ber saman á alþjóðlegum vettvangi níu háskóla og Háskóli Ís-

lands, flaggskip háskólamenntunar í landinu, rétt skreiðist upp fyrir háskóla í Króatíu í framlögum á nemanda og nær hvergi hinum sjö. Það er ástæða til að hafa áhyggjur, hæstv. menntamálaráðherra, og ég vona að í síðara andsvari þínu komi þær áhyggjur fram því þær áhyggjur á hæstv. menntamálaráðherra að hafa af fjöreggi þjóðarinnar ef við erum ekki að fjárfesta í því til framtíðar.

[11:46]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Rætt var um sanngirni. Þá skulum við ræða málið út frá sanngirni og staðreyndum. Staðreyndirnar eru þær, og þær tala sínu máli, að við erum að stórauka framlög okkar til háskólamála. En hins vegar er það ekki rétt sem hv. þingmaður kom inn á áðan í andsvari sínu, að nemendum sé að fjölga hér sérstaklega umfram aðrar þjóðir út af því að við erum svo ung. Það eru ekki síst eldri nemendur sem streyma inn í skólakerfið að nýju, sem er mikið fagnaðarefni, hvort sem það er á framhaldsskólastigi eða á háskólastigi. Það eru eldri nemendur sem valda þessari miklu þenslu, jákvæðri þenslu innan háskólastigsins sem og á öðrum skólastigum. Þetta m.a. leiðir til að við erum að fjölga nemendum, en það skyldi þó ekki vera að það hafi verið markviss stefna ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum að fjölga nemendum. Það var stefna að fjölga nemendum, fjölga valkostum og valfrelsi, auka tækifæri nemenda til að fara í háskóla. Þess vegna höfum við þetta fjölbreytta háskólanám, einkaskóla sem opinbera skóla. En það var nú bara einu sinni þannig, hv. þingmaður, að að þeirri stefnu stóðum við ein, því ekki varð betur séð en bæði Samfylkingin og Vinstri grænir berðust hatrammlega gagnvart fjölbreytninni í skólakerfinu og þá sérstaklega gagnvart einkaskólunum.

Ég vil einnig taka fram varðandi málefni Háskóla Íslands að sá skóli er á fleygiferð. Hann ætlar sér að vera á toppnum og mér sýnist hann vera á góðri leið til að verða meðal háskóla í allra fremstu röð. Og ég vil taka undir áform háskólarektors, metnaðurinn á þeim bænum er mikill sem er mjög mikið fagnaðarefni og ég vil gera allt mitt til að stuðla að því að háskólinn verði háskóli í fremstu röð, þar á meðal að efla framhaldsnámið.

En það ber að taka fram að umræðan til að mynda sem átti sér stað hér á síðasta ári varðandi launastikuna, hún er ekki lengur til staðar, og af hverju er það? Af því að í gegnum þau fjárlög sem við erum að ræða núna er búið að leiðrétta þau mál. Það er búið að leiðrétta þau mál þannig að Háskóli Íslands, sem aðrir háskólar, fær stóraukningu á framlögum til sinna mikilvægu mála (Forseti hringir.) en að sjálfsögðu viljum við gera enn betur.

[11:48]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá er það komið fram í sanngjarnri orðræðu að hér hafa framlög til háskólastigsins aukist vegna fjölgunar nemenda. En við erum langt undir meðaltali OECD-ríkjanna. Nærri 20% undir því meðaltali og hefur það þó aldrei verið markmið okkar Íslendinga að vera meðaltalsþjóð í menntamálum. (Gripið fram í.) Við skulum auka framlög til menntamála á hvern nemanda, hæstv. menntamálaráðherra, því það er ekki boðlegt og það er algerlega ótækt að í alþjóðlegum samanburði sé flaggskip háskólastigsins á Íslandi, Háskóli Íslands, með framlög á hvern nemanda, í áttunda sæti af níu skólum sem hann er borinn saman við. Aðeins háskóli úr gömlu Austur-Evrópu, úr hinni stríðshrjáðu Júgóslavíu, þarf að búa við lakari kost í framlögum á hvern nemanda en hæstv. menntamálaráðherra úthlutar Háskóla Íslands. (**Gripið fram í:** Horfðu á þróunina.) Enda eru það auðvitað aðrir háskólar á háskólastiginu sem átt hafa allan hug hæstv. menntamálaráðherra. Það er áhyggjuefni þegar við tölum um staðreyndirnar, hæstv. menntamálaráðherra, að nærfellt 3 milljarða kr. vantar til að við Íslendingar séum meðaltalsþjóð í framlögum til háskólastigsins. (Gripið fram í.) Sú frammistaða hlýtur að kalla á alvarlega gagnrýni á stefnumörkun okkar í menntamálum.

[11:51]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti sem ég stend að fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar — grænsframboðs sem fulltrúi í fjárlaganefnd. En eins og þegar hefur komið fram í umræðunni er frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006 nú að koma til lokaafgreiðslu. Meiri hluti fjárlaganefndar hefur ekki séð ástæðu til að endurskoða frumvarpið eða gera á því breytingar eftir 2. umr. þó svo að gögn og skýrslur hafi borist sem gefa ríkulegt tilefni til að ákveðnir þættir bæði í tekjum og gjöldum frumvarpsins væru endurskoðaðir. Má þar nefna nýja spá Seðlabankans um efnahagsþróun, bæði á þessu ári en þó sérstaklega á því næsta, sem víkur í mörgu mjög frá áætlunum fjármálaráðuneytisins.

Starfsemi og fjármögnun Byggðastofnunar er í uppnámi og byggðaáætlun fyrir næsta ár er ekki komin fram. En sú sem er rennur út nú um áramótin og þó svo hún væri ekki merkileg hefur það þó verið svo, að við höfum verið með samþykkta byggðaáætlun.

Ný skýrsla frá Ríkisendurskoðun um fjármögnun háskólanna sýnir fjárskort ríkisháskólanna allra en þó sérstaklega hjá háskólanum á Akureyri sem settur er skör neðar en aðrir í fjárveitingum. Hvergi er tekið á fjárskorti elli- og hjúkrunarheimilanna þótt ný gögn sýni nákvæmlega hver skorturinn er, hver þörfin er. Ný skýrsla Stefáns Ólafssonar um stöðu öryrkja gæfi einnig fjárlaganefnd tilefni til að fara yfir þau mál. Hvernig skattbyrði á lægstu launin hefur vaxið og hvernig tekjustaða einmitt þessara þjóðfélagshópa hefur skerst á undanförnum árum. Þegar svo meiri hlutinn afgreiddi fjárlagafrumvarpið til 3. umr. án þess að taka það inn í nefnd, mótmælti ég því og sendi formanni nefndarinnar bréf þar sem ég óskaði eftir að frumvarpið kæmi til nefndarinnar og fyrrgreind efnisatriði tekin fyrir.

Þegar til kom reyndist það vera andstætt þingsköpum að taka ekki fjárlagafrumvarpið til nefndar eftir 2. umr. og var því haldinn fundur þar sem þeirri skyldu var fullnægt en enginn efnisumræða fór fram um þá þætti sem ég hafði lagt áherslu á að nefndin tæki til umræðu og afgreiðslu áður en það væri tekið til 3. umr. en það var, eins og ég nefndi áð-

an, frú forseti, rekstrargrunnur og fjárhagsstaða öldrunarheimila, staða öryrkja í ljósi nýútkominnar skýrslu Stefáns Ólafssonar, fjárhagsstaða Háskólans á Akureyri í ljósi nýrra skýrslu Ríkisendurskoðunar um samanburð á háskólum og fjárhagur Byggðastofnunar og verkefni á hennar vegum. Þarna hefðum við á milli 2. og 3. umr. fengið nýjar upplýsingar sem gáfu fyllilega tilefni til þess að fjárlaganefnd færi yfir þau mál og eftir atvikum endurskoðaði tillögur sínar hvað þau viðvék.

Auk þess kom ný skýrsla frá Seðlabankanum um peningamál, desemberskýrsla, sem sýndi aðra hlið á stöðu efnahagsmála en ríkisstjórnin og fjármálaráðuneytið og meiri hluti fjárlaganefndar vill viðurkenna eða láta koma fram í því fjárlagafrumvarpi sem við erum að fjalla um.

Frú forseti. Ég vil árétta að ég átel þessa vinnu fjárlaganefndar. Að taka ekki inn skýrslur og ný efnisatriði varðandi veigamikla þætti fjárlagagerðarinnar sem berast milli 2. og 3. umr. og fjalla um það efnislega. Ég átel þau vinnubrögð fjárlaganefndar að hafa ekki gert það.

Í frumvarpinu með þeim breytingum sem gerðar voru við 2. umr. er gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á næsta ári verði um 315 milljarðar kr. og þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hafi í skýrslu sinni frá því í júní á þessu ári bent á að margir fjárlagaliðir safni stöðugt upp meiri halla er ekki tekið á þeim vanda nema að litlu leyti. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði 334,6 milljarðar kr., og gert er ráð fyrir 20 milljarða kr. afgangi á þessu ári. En ef tekið er tillit til þess að vitað er að margar stofnanir fara núna inn í næsta ár með halla þá er það í rauninni sýndartala.

Vinstri hreyfingin — grænt framboð áréttar enn þá kröfu að vandað sé til fjárlagagerðarinnar og hið raunverulega rekstrarumfang komi fram í fjárlögum og fái þar efnislega umræðu en ríkisstjórnin sé ekki síðan að læða inn í rauninni í fjáraukalögum og lokafjárlögum þeim rekstrarvanda eða þeirri rekstrarþörf og fjárþörf sem fyrirsjáanleg er við gerð fjárlaga. Það er rétt að vera minnug þess að ekkert gjald má greiða af hendi nema að heimild sé til þess í fjárlögum og á fjáraukalögum.

Frú forseti. Þá hefur mjög skort á að fjárlaganefnd fengi eðlilegar upplýsingar um stöðu einstakra stofnana og viðfangsefna á vegum ríkisins. Þrátt fyrir gríðarlegar upphæðir sem veittar hafa verið til að endurnýja tölvu- og bókhaldskerfi ríkisstofnana, verið einkavætt og varið til þess miklum fjármunum, þá hefur sú staða að veita upplýsingar bæði til Alþingis, til fjárlaganefndar og til stofnana síst batnað. Ég tel að eitt brýnasta mál nú fyrir fjársýslu ríkisins og fyrir stjórnun fjármála ríkisins sé að fara í gegnum þessi mál, innri mál sín, og kanna hvort ekki sé réttara að taka þennan málaflokk aftur inn til ríkisfjárhirslunnar, bókhaldið og uppgjörið þannig að bæði Alþingi og stofnanir geti átt þá eðlilegra og greiðari aðgang að upplýsingunum. Eins og nú er, er staða bókhalds og fjársýslunnar og upplýsingagjafar innan ársins varðandi rekstur ríkisins algerlega ófullnægjandi. Og fjárlagagerðin og umfjöllun um einstaka fjárlagaliði eðlilega geldur þess.

Í fyrra nefndaráliti með fjárlögum við 2. umr. var farið yfir hversu efnahagslegar forsendur fjárlaganna hafa reynst veikar. Meðal annars var bent á að gert var ráð fyrir að gengisvísitalan yrði um 125 stig á árinu 2005 en hún fór niður undir 100 og er nú um 106 og ekki er enn vitað hvert verði meðatal ársins. Líklega verður það nálægt 110 og víkur það allmikið frá því sem áætlað var, að gengisvísitalan yrði 125 og sér hver heilvita maður, að ætla að reka fyrirtæki eða atvinnurekstur við svona miklar gengissveiflur og svona óáreiðanlegar áætlanir um gengi er mjög erfitt.

Þá má benda á að gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir ári að viðskiptahallinn yrði rúmir 100 milljarðar en nú telur fjármálaráðuneytið að hann verði jafnvel yfir 130 milljarða og Seðlabankinn telur í nýrri skýrslu sinni að viðskiptahallinn fyrir árið í ár verði um 15,5% af landsframleiðslu eða nálgist 150–160 milljarða kr. Það er nokkur breyting frá því sem áætlað var við gerð fjárlaga eða upp á 30–50 milljarða sem viðskiptahallinn verður meiri á árinu 2005 en fjármálaráðuneytið gerði ráð fyrir.

Aðstæður fjárlaganefndar til að meta á sjálfstæðan hátt forsendur útgjalda- og tekjuhliðar frumvarpsins hafa versnað stórum á undanförnum árum, m.a. af því sem ég greindi frá að skýrslugerð, bókhald og annað því um líkt hefur síst batnað. Auk þess var Þjóðhagsstofnun lögð niður og nú hefur Alþingi enga sjálfstæða stofnun til að leita til varðandi aðstoð og ráðgjöf við mat á efnahagsforsendum og þróun efnahagsmála. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ítrekað lagt til á Alþingi að stofnuð verði sérstök efnahagsskrifstofa þingsins sem gæti lagt sjálfstætt mat á stöðu og þróun efnahagsmála og fjármála ríkisins og verið þingmönnum og nefndum þingsins til ráðuneytis um mat og tillögugerð í þeim efnum. Ég tel þetta mjög brýnt, frú forseti.

Það var fyllilega ástæða til að fjárlaganefnd tæki fyrir breyttar horfur í efnahagsmálum, m.a. í ljósi desemberheftis Peningamála, nýs rits frá Seðlabanka Íslands um horfur í efnahagsmálum, bæði fyrir þetta ár og næsta ár og hefði verið eðlilegt að fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu hefðu komið á fund nefndarinnar og farið yfir og borið saman þann mismun sem augljóslega er á. Meiri hluta fjárlaganefndar fannst það ekkert tiltökumál þó að efnahagslegar forsendur gætu verið að breytast mjög hratt, það væri í sjálfu sér eitthvað sem ekki þyrfti að hafa áhyggjur af. Ég er því ekki sammála. Ef aðeins er litið á nokkur atriði sem Seðlabankinn bendir á í nýrri skýrslu sinni þá segir þar að Seðlabankinn taki sérstaklega fram að enn sé mikið ójafnvægi í þjóðarbúskapnum. Áætlað sé að viðskiptahallinn verði 15,6% af landsframleiðslu ársins 2005. Síðasta áætlun fjármálaráðuneytisins hljóðaði upp á rúm 13% og að viðskiptahallinn verði um 154 milljarðar kr. á þessu ári. Fyrsta áætlun fjármálaráðuneytisins við afgreiðslu fjárlaga í fyrra gerði ráð fyrir liðlega 100 milljörðum þannig að það sést hve gríðarlegur munur er að verða hér á. Seðlabankinn spáir að viðskiptahallinn verði 11,9% af landsframleiðslu ársins 2006 eða um 132 milljarðar en fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir örlítið meiri viðskiptahalla. Seðlabankinn spáir að einkaneysla verði 8 milljörðum kr. meiri en fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir og svo mætti áfram telja varðandi allmörg atriði sem við byggjum efnahagsstefnu okkar á. Við byggjum á þessum grunnforsendum.

Það er alveg ljóst að í því óörugga efnahagsástandi sem

við búum nú við, sem kallað hefur verið ógnarjafnvægi í efnahagsmálum, þá eru það m.a. hinar gríðarlegu samþjöppuðu stóriðjuframkvæmdir sem ákveðið var að ráðast í, bæði fyrir austan og hér á suðvesturhorninu, sem valda þessum áhrifum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ítrekað bent á erfiða stöðu útflutningsgreina ferðaþjónustunnar vegna allt of hás gengis krónunnar. Jafnframt blasir við sívaxandi viðskiptahalli með tilheyrandi skuldasöfnun og það getur ekki gengið til lengdar. Á innan við ári hefur störfum í sjávarútvegi fækkað um 500. Útflutnings- og samkeppnisiðnaður bregst við með því að leggja niður starfsemi eða flytja hana úr landi. Talsmenn atvinnulífsins vítt og breitt um land sem og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bentu ítrekað á þá hættu sem ruðningsáhrif stóriðjunnar mundu hafa á hagkerfið og aðrar atvinnugreinar í landinu. Samþjöppun í stóriðjuframkvæmdum mundi stefna efnahagslegum stöðugleika í voða. Sama lagði Seðlabankinn áherslu á í skýrslu sinni fyrir ári síðan. Þessar gríðarlegu samþjöppuðu framkvæmdir eru allt of stórar fyrir okkar litla hagkerfi og okkar litla vinnumarkað, enda er reyndin sú að ruðningsáhrifin koma fram í erfiðleikum í sjávarútvegi og í öðrum útflutningsatvinnugreinum, ferðaþjónustunni, hátækniiðnaðinum. Til viðbótar eykur svo ríkisstjórnin á þessa misskiptingu, á þessa þenslu með því að lækka skatta á þeim sem hafa hæstar tekjur og ekki bætir það úr skák að það leiðir til aukins svokallaðs ógnarjafnvægis í efnahagsmálum eins og menn hafa kallað það.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lýst algerri andstöðu við þá vaxandi misskiptingu sem núverandi ríkisstjórn hefur stuðlað að. Áður hefur verið minnst á að Gini-stuðullinn svonefndi, sem notaður hefur verið til að bera saman launa- eða tekjuskiptingu innan þjóðarinnar, er að breytast hér á landi. Því lægri sem stuðullinn er því minni misskipting. Meðan hinar Norðurlandaþjóðirnar eru með um 25 í Gini-stuðul fyrir tekjur hefur Ísland hækkað úr 21 í 31 frá árinu 1995 til 2003. Eftir síðustu skattkerfisbreytingu, sem samþykkt var á síðasta þingi, færumst við enn fjær og hraðar frá öðrum Norðurlandaþjóðum hvað varðar innri jöfnuð tekna.

Þegar lög um breytingar á skattkerfinu voru samþykkt á síðasta þingi benti Vinstri hreyfingin – grænt framboð á að breytingar á tekjuskatti og eignarskatti kæmu langbest við þá efnameiri í þjóðfélaginu. Ef skattleysismörk hefðu fylgt þróun neysluvísitölunnar frá árinu 1988 væru skattleysismörkin ekki 75 þús. kr. heldur ríflega 100 þús. kr. og um 130 þús. kr. ef þau hefðu hækkað í samræmi við hækkun launavísitölunnar. Á árinu sem nú er að líða hækkar neysluvísitalan um ríflega 4% en persónuafslátturinn hækkar aðeins um 2,5% fyrir árið 2006. Ríkisstjórnin og meiri hlutinn á Alþingi eru því með aðgerðum sínum að færa skattleysismörkin stöðugt neðar. Þessi framkvæmd kemur þeim sem lægstar hafa tekjurnar verst en lækkunin á skattprósentunni kemur þeim best sem hæstar hafa tekjurnar. Það er markmið þessarar ríkisstjórnar að ívilna og gera best við þá sem hafa hæstar tekjurnar en láta þá sem eru á lægstu tekjum stöðugt bera hlutfallslega stærri hlut af skattbyrðinni eða sameiginlegum framlögum okkar til samneyslunnar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að lágmarkskrafa sé að skattleysismörk fylgi almennum verðlagsbreytingum en til þess þarf að verða grundvallarstefnubreyting á hjá þessari ríkisstjórn.

Tekjumyndun í þjóðfélaginu hefur breyst gífurlega á síðustu árum. Sífellt fleiri Íslendingar hafa mjög háar tekjur af eignum sínum. Þær bera aðeins 10% skatt en skattprósentan á launatekjur er um 37%. Til þess að jafna og gera skattlagninguna réttlátari hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar hækki úr 10% í 18% eftir að 120 þús. kr. fjármagnstekjum er náð. Við leggjum áherslu á það í tillögum okkar að eðlilegt sé að stuðla að sparnaði og að einstaklingar geti lagt fyrir nokkra upphæð án þess að það sé skattlagt eða hafi áhrif á aðrar greiðslur. Við viljum afnema að lágmarkssparnaður hafi áhrif t.d. á greiðslu almannatrygginga eða greiðslu barnabóta, en þegar komið er yfir ákveðið hámark í fjármagnstekjum geti viðkomandi greitt skatta meira í líkingu við það sem gert er af launum. Við leggjum til að það sé aðeins helmingur af því sem greitt er af launum en það er samt veruleg breyting frá því sem nú er þegar lagður er flatur 10% fjármagnstekjuskattur á allar fjármagnstekjur. Í fylgigögnum með frumvarpinu eru dæmi sem sýna að skattlagning fjármagnstekna er almennt lægri hér á landi en í flestum viðmiðunarlöndum okkar. Núverandi ríkisstjórn létti skattbyrðinni mest af stóreignamönnum þegar eignarskatturinn var afnuminn. 2. minni hluti leggur til að nú þegar stór hluti tekna í þjóðfélaginu skapast af eignum verði skattbyrði réttlátari með því að jafna betur skattana á milli tekna af launum og fjármagns og arðgreiðslna. Það er fullkomið réttlætismál að meiri jöfnuður verði á milli skatta af arði og fjármagnstekjum og af launum.

Í ljósi þess að skattleysismörkin hafa ekki fylgt verðlagsþróuninni hefur skattbyrðin á þá sem hafa lægstar tekjur hækkað verulega og ráðstöfunartekjur versnað að sama skapi. Þessi staðreynd kemur vel fram í skýrslu Félagsvísindastofnunar frá 1. desember 2005. Allt virðist leggjast á eitt með að gera samanburð við önnur ríki á Norðurlöndum óhagstæðan. Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka öryrkja minnkað úr 42% í 38,5%. Á árinu 2003 var starfsendurhæfing hér á landi rúm 4%, en um 20% í Danmörku og tæp 40% í Noregi. Í skýrslu Félagsvísindastofnunar kemur fram að hlutfall tekna öryrkja miðað við aðra þjóðfélagshópa er mun lakari á Íslandi en hjá öðrum OECD-ríkjum. Miðað við stöðuna eins og hún var 1999 var hlutfallið í Danmörku um 86% og Noregi 79% en 65% á Íslandi. Áhrifin af breytingunum sem gerðar voru 2004 koma hlutfallinu á Íslandi aðeins í 67% það ár. Þegar tekjurnar og samfélagsþátttakan er vegin saman er Ísland í einu af neðstu sætum OECD-ríkjanna. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að þessi staða er algerlega óviðunandi og gerir kröfu til þess að brugðist verði við þessum vanda nú þegar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð ætlast til þess að stjórnvöld vinni samkvæmt lögunum frá árinu 1992 um málefni fatlaðra. Í 1. gr. þeirra laga segir: „Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.“

Þrátt fyrir að íslenskt samfélag mælist nú með einna

hæstu tekjur í heiminum á hvern íbúa, hefur núverandi ríkisstjórn ekki séð sóma sinn í því að sinna þeim sem lægst hafa kjörin, heldur aukið misréttið með því að létta skattbyrðinni af þeim betur settu en þyngja hana hlutfallslega á þeim sem lægri hafa tekjur. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að þessari þróun verði að snúa við með því að bæta kjör öryrkja, aldraðra og þeirra launamanna sem lægst hafa kjörin. Þá er sérstaklega bent á smánarleg kjör þeirra sem vinna að umönnun barna, sjúkra og eldri borgara, enda kemur það í ljós hversu erfitt er að manna einmitt þau störf. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til að persónuafslátturinn verði hækkaður þannig að skattleysismörkin hætti í stað þeirra ívilnana og skattalækkana á hátekjufólki sem ríkisstjórnin keyrir nú í gegn. Það mun leiðrétta kjör öryrkja, aldraðra og þeirra sem verst eru settir hvað kjör varðar. Til að mæta þessum útgjöldum að hluta er bent á að hækkun á skatti af fjármagns- og arðgreiðslum úr 10% í 18% eftir að 120 þús. kr. markinu er náð mundi jafna nokkuð þann mun sem hér um ræðir.

Frú forseti. Þrátt fyrir þá miklu umræðu sem hefur verið um að bæta þurfi aðbúnað eldri borgara, þá er framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra ekki nægjanlegt til að standa undir rekstri sjóðsins miðað við núverandi rekstur. Uppsafnaður halli sjóðsins var 174 millj. kr. í árslok 2004. Miðað við fjárlögin fyrir árið 2006 þarf sjóðurinn að minnka umsvif sín verulega. Þá vekur það athygli að framlög til bygginga og viðhalds hjúkrunar- og öldrunarrýma lækka um rúmar 300 millj. kr. frá fjárlögum 2005.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð kallar eftir viðeigandi aðgerðum til að tryggja eldri borgurum þessa lands eðlilegan aðbúnað og umönnun. Vísað er til meðfylgjandi bréfs frá fulltrúum öldrunarstofnana sem fylgir með þessu nefndaráliti. Hér er bréf frá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu um rekstrarhalla öldrunarheimila, dagsett 2. desember 2005. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á fundi með fjárlaganefnd Alþingis þann 16. nóvember sl. var óskað eftir að SFH fengi upplýsingar hjá öldrunarheimilum innan samtakanna um áætlaða rekstrarniðurstöðu ársins í ár. Send var fyrirspurn til þeirra og hafa 20 svarað. Áætla stjórnendur heimilanna að rekstrarniðurstaða ársins verði neikvæð um 420 millj. króna fyrir afskriftir, sem er um 7,2% af tekjum þeirra.

Einnig var spurt um uppsafnaðan rekstrarhalla til 31. 12. 2004 og er hann alls 690 millj. króna hjá þessum heimilum. Framlög sveitarfélaga fram til sama tíma eru um 235 millj. króna

Það er því ekki að ástæðulausu sem forsvarsmenn öldrunarheimila hafa áhyggjur af stöðu og framtíð heimilanna og þeim öldruðum sjúkum sem þar dvelja."

Frú forseti. Ég nefni þetta vegna þess að ítrekað hefur komið fram í umræðunni að fjárhagsstaða öldrunarheimilanna væri í skoðun í heilbrigðisráðuneytinu, í skoðun. Það hefur jafnframt komið fram að nefnd var skipuð fyrir nokkrum árum og henni falið að skoða rekstrargrunn öldrunarheimilanna. Hún komst að þeirri niðurstöðu að það vantaði, að mig minnir, 8–10% í rekstrargrunninn til þess að hann væri réttur. Ekki þótti þetta nægilegt þannig að önnur nefnd var skipuð til þess að fara ofan í sömu hluti og auðvitað er niðurstaðan nákvæmlega sú sama. Það er því fullkomlega óábyrgur fyrirsláttur að segja að upplýsingar liggi ekki fyrir um rekstrarþörf og fjárhagsstöðu öldrunarheimilanna. Þær liggja fyrir. Það vantar bara viljann til að taka á því. Mér finnst eitt hið daprasta við afgreiðslu fjárlaga vera að ekki skuli tekið á augljósri rekstrarþörf elli- og hjúkrunarheimilanna og reyndar líka heimahjúkrunarinnar sem líka stórlega skortir fjármagn, að ekki skuli tekið á því í fjárlagafrumvarpinu, ég tala nú ekki um eftir allt tal forustumanna stjórnarflokkanna, ráðherranna, um góðærið mikla og þær miklu tekjur sem séu í íslensku samfélagi. En þá er ekki vera hægt að koma til móts við sjálfsagða þörf sem liggur fyrir í rekstri elli- og hjúkrunarheimila. Menn tala um að ríkissjóður hafi allt of mikla peninga. Því sér ekki stað þegar tekið er á halla, rekstrarþörf og uppbyggingu elli- og hjúkrunarheimila, frú forseti, og ég átel það.

Það hefur verið fjallað um menntamálin og stöðu háskólanna fyrr í þessari umræðu. Það kom skýrsla frá Ríkisendurskoðun um stöðu ríkisháskólanna hér á landi í samanburði við háskóla erlendis. Það kom einmitt fram að fjárframlög til Háskóla Íslands, flaggskips íslenskra mennta, eru ein þau lægstu í samanburði við ríkisháskóla í öðrum löndum. Til viðbótar hefur komið fram skýrsla eða minnisblað frá Ríkisendurskoðun um stöðu háskólanna hér á landi. Þar kemur einmitt fram að Háskólinn á Akureyri býr við sérstaklega skertar fjárveitingar miðað við aðra háskóla í landinu. Ég óskaði eftir því að á þessum málum yrði tekið innan fjárlaganefndar áður en fjárlög yrðu afgreidd til 3. umr. en því hafnaði meiri hlutinn. Því leggjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, til nú við 3. umr. að veita aukið fé til háskólanna og koma þar með að nokkru til móts við augljósa og eðlilega fjárþörf til þess að starfsemin geti svarað kröfum og væntingum okkar.

Í fjárlagafrumvarpinu er ekki tekið á hallarekstri margra framhaldsskóla. Reiknilíkanið sem unnið er eftir leysir ekki þennan vanda. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þeirri leið sem menntamálaráðherra hefur boðað með skerðingu náms til stúdentsprófs að því er virðist með það að meginmarkmiði að spara fjármagn til framhaldsskólans. Það hefur verið lagt til að færa hluta af þeirri kennslu og starfsemi sem nú er í framhaldsskólunum í grunnskólann. En mér er ekki kunnugt um að nokkrar viðræður hafi farið fram á milli ríkis og sveitarfélaga um að sveitarfélögin taki stærri hluta framhaldsskólanámsins á sínar herðar. Ég veit ekki betur en að sveitarfélögin telji sig fullsödd af að axla fjárhagslega ábyrgð á grunnskólanum og telji sig hafa fengið minna fjármagn frá ríkinu til reksturs grunnskólans en þörf var á þegar grunnskólinn var færður til sveitarfélaganna. Þess vegna eru það mjög furðuleg vinnubrögð stjórnvalda og hæstv. menntamálaráðherra að fara einhliða í þetta með þeim hætti að skerða nám til stúdentsprófs með styttingu námstíma í framhaldsskóla en ætla síðan að færa hluta af náminu niður í grunnskólann án þess að eiga nokkrar viðræður við samtök kennara eða Samtök sveitarfélaga um það mál enda er sparnaðarhugmynd ríkisins augljós og yfirgnæfir allt í þeirri vegferð sem hæstv. menntamálaráðherra er þar að leggja upp í.

Þá vil ég og minnast á tónlistarnámið. Fyrirkomulag tónlistarnáms í grunn- og framhaldsskólum hefur verið í

vissu uppnámi. Gert var sérstakt samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga um að ríkið veitti nokkurn fjárstuðning til tónlistarnáms í framhaldsskólum. Sá samningur rennur út nú um áramótin og hvorki bólar á að sá samningur verði endurnýjaður né að neinar aðgerðir komi til þess að tryggja áframhaldandi nokkurt jafnræði við tónlistarnám í framhaldsskóla.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. menntamálaráðherra: Hvernig á að taka á málefnum tónlistarnámsins, t.d. í framhaldsskólanum, nú þegar sú fjárveiting sem um var samið á milli aðilanna fellur niður um áramót og ekki er gert ráð fyrir neinu fjármagni þar inn? Á tónlistarnámið að vera áfram hornreka í starfi og námi í framhaldsskólum landsins? Kannski lýsir stefna menntamálaráðuneytisins sér best og afstaða þess til menntamála í því sem er að gerast við einkavæðingu Listdansskólans. Þar á að einkavæða listdansnámið og væntanlega reka skólann að stórum hluta með skólagjöldum þannig að það nám verði fyrst og fremst forréttindi hinna ríku. Er það afstaða menntamálaráðherra til listnáms að það skuli vera forréttindanám fyrir þá sem hæstar hafa tekjurnar og geta greitt hæstu skólagjöldin?

Frú forseti. Með þessu nefndaráliti fylgir ályktun frá Félagi framhaldsskólakennara um fjárveitingar til framhaldsskólanna og fjárhagsstöðu þeirra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Félags framhaldsskólakennara hvetur Alþingi til að veita framhaldsskólum það fjármagn sem þeir þurfa til að tryggja jafnrétti til náms, kennslu við hæfi og fjölbreytt námsframboð fyrir þá sem þess óska.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2006 eru fjárveitingar til framhaldsskóla enn á ný stórlega vanáætlaðar. Á sama tíma hafa stjórnvöld uppi áform um að stytta nám til stúdentsprófs. Þetta á sér stað um leið og æ fleiri sækja um inngöngu í framhaldsskóla. Ekki er hægt að skilja þessi áform öðruvísi en sem ásetning um að koma böndum á fjölda framhaldsskólanemenda til að spara í rekstri skólanna."

Svo segir á ályktun Félags framhaldsskólakennara sem barst okkur í fjárlaganefnd einmitt í dag.

Áfram er rakið í ályktun Félags framhaldsskólakennara hvernig grófleg og árviss vanáætlun hafi viðgengist við að áætla fjármagn til framhaldsskólanna, með leyfi forseta.

„Í fjárlagafrumvarpi árið 2003 var gert ráð fyrir að útgjöld til skólanna myndu aukast um 3% og um 4% á næstu árum vegna fjölmennari aldursárganga. Útgjaldarammi framhaldsskóla hefur hins vegar staðið í stað og aðeins hækkað árlega um liðlega 3%." — Í heild sinni frá þessum tíma. — „Fjárveitingum til skólanna, samkvæmt gildandi fjárlögum hverju sinni, hefur auk þess verið „þjappað saman" í reiknilíkani menntamálaráðuneytis sem þýðir enn frekari skerðingu á fjárheimildum."

Í þessari ítarlegu ályktun Félags framhaldsskólakennara er rakið hvernig kerfislega hefur verið dregið úr framlögum til framhaldsskólanna miðað við fjölda nemenda, þeim haldið í spennitreyju og að skólar hafi orðið að vísa frá nemendum, meira að segja skólar þar sem talið er að fjölgun nemenda gæti aukið hagræði og hagkvæmni í rekstri. Þeim hefur verið gert að vísa nemendum frá vegna þess að fjárhagsrammi þeirra hefur verið settur svo stífur og strangur að þeir hafa ekki getað tekið við öllum þeim nemendum sem vildu sækja þar skólavist.

Sem dæmi má nefna að útreikningar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005, eins og það var samþykkt, byggðust á að nemendur væru 18.200 og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að þeir verði 18.900 en vitað er að fjöldinn er meiri. Það liggur nú þegar fyrir.

Frú forseti. Ég vísa að öðru leyti til þessarar ítarlegu ályktunar Félags framhaldsskólakennara sem barst okkur. Það hefði í sjálfu sér verið eðlilegt að fjárlaganefnd hefði fjallað um hana áður en hún afgreiðir fjárlagafrumvarpið frá sér með svo kæruleysislegum hætti eins og ég hef hér áður vikið að.

Þá má og nefna það sem hér hefur komið til tals áður, það eru fjárveitingar til leikhúsanna, til sjálfstæðu leikhúsanna eða til Leikfélags Reykjavíkur.

Frú forseti. Ég stóð sjálfur í þeirri meiningu að verið væri að afgreiða fjárveitingu til sjálfstæðu leikhúsanna þegar verið var að afgreiða þetta hér við 2. umr. Síðan hefur komið í ljós að sú fjárveiting er áætluð til Leikfélags Reykjavíkur. Ég tel líka eðlilegt að Alþingi horfi til Leikfélags Reykjavíkur og veiti því nauðsynlegan fjárhagslegan stuðning. Það er eðlilegt og sjálfsagt. Öflugt leikhúslíf er stolt okkar og skiptir menningu okkar og afl miklu máli — að standa að baki þeim sem leggja á sig ómælda vinnu öðrum til ánægju, menningarauka og uppörvunar. Það er alveg sjálfsagt að samþykkja að veita Leikfélagi Reykjavíkur fjárhagsstuðning. En það hafði bara ekkert að gera með fjárstuðning til sjálfstæðu leikhúsanna og það á alls ekki að blanda þessu tvennu saman. Um tvo ólíka, sjálfstæða aðila er að ræða þótt vissulega njóti þeir í mörgum tilvikum stuðnings hvor hjá öðrum eins og eðlilegt er. Ég hygg að einmitt Leikfélagi Reykjavíkur og Borgarleikhúsinu sé ekki hvað síst stuðningur að starfi sjálfstæðu leikhúsanna sem koma þar inn með sínar góðu og öflugu sýningar. En það á ekkert skylt við það þegar Alþingi tekur ákvörðun um að veita þessum aðilum stuðning til að standa við sitt öfluga starf og hvetja til enn frekari dáða. Leikfélag Reykjavíkur er vel komið að fjárstuðningi alveg eins og sjálfstæðu leikhúsin eru vel komin að sjálfstæðum stuðningi. Þannig að mér finnst, frú forseti, eins og málin hafa síðan þróast, að þá sé erfitt að skilja hina efnislegu röksemd á bak við þessar tilfæringar í fjárveitingum til leiklistarfélaganna hér í Reykjavík. Mér fannst það á allan hátt skiljanlegt þegar fulltrúar sjálfstæðu leikhúsanna komu á fund fjárlaganefndar og greindu frá sínu merka starfi, væntingum og metnaði og greindu frá því til hvers þau væru að sækja stuðning. Mér fannst full ástæða til þess í sjálfu sér að styðja það. Það er mín skoðun.

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð fagnar auknum framlögum til barnabóta í frumvarpinu. En til lengri tíma litið er það eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar að foreldrum séu sköpuð skilyrði til samveru með börnum sínum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur einmitt haft forustu í umræðunni um gjaldfrjálsan leikskóla og þingflokkurinn hefur í tillögu til þingsályktunar lagt til að unnið verði að því að gera leikskólann gjaldfrjálsan í áföngum. Slíkt jafnar aðstöðu barnafjölskyldna og gefur þeim aukið tekju- og fjölskyldulegt svigrúm. Til að þetta verði mögulegt er lagt til að ríkið komi til móts við sveitarfélögin

með sérstakri fjárveitingu til að hrinda í framkvæmd fyrsta áfanga áætlunar um gjaldfrjálsan leikskóla fyrir alla. Nánar er gerð grein fyrir þessu máli í meðfylgjandi þingsályktunartillögu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um gjaldfrjálsan leikskóla, sem hefur verið flutt hér á Alþingi.

Frú forseti. Ef litið er til ýmissa þátta atvinnulífsins kemst ég ekki hjá því að minnast á stöðu ferðaþjónustunnar. En stóriðjustefnan, hátt gengi íslensku krónunnar, ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar koma hvað harðast niður á þeirri atvinnugrein. Ef horft er til þess að verð á ferðum til Íslands í dollurum hefur á tveggja, þriggja ára bili lækkað um kannski 20, 30, 40%. Hvernig á þá innlend ferðaþjónusta bæði að taka á sig þessa miklu gengisbreytingu — og mæta auknum kostnaði innan lands sem er óhjákvæmilegur líka — og standa að uppbyggingu ferðaþjónustunnar? Ofan á þetta bætist að ríkisvaldið dregur úr fjárframlögum til grunnstoða ferðaþjónustunnar eins og markaðsstarfs. Fjármagn var í nokkrum mæli aukið til ferðaþjónustu á árunum 2001 og 2002. En á árunum 2004 og 2005 og aftur núna hefur verið dregið úr fjárframlögum til ferðaþjónustunnar. Fulltrúar samtaka ferðaþjónustunnar komu einmitt á fund samgöngunefndar, þar sem ég átti sæti, og greindu frá þessari stöðu. Þegar þeir voru spurðir að því hvað þeir teldu að nú þyrfti að gera lögðu þeir áherslu á að breyta þyrfti efnahagsumhverfinu þannig að gengisskráningin væri nær íslenskum viðskiptajöfnuði, til þess að við næðum jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Þeir bentu á að hægt væri að setja fjármagn inn í markaðsstarf ferðaþjónustunnar, bæði erlendis og innanlands. En það er ekki gert. Heldur er það látið standa í stað á milli ára. (**BJJ:** Er ekki Ferðamálaráð?) Hv. þm. Birkir Jón Jónsson talar um Ferðamálaráð, en Ferðamálaráð sem hefur litla fjármuni getur nú lítið gert. Hugsið ykkur t.d. ef Þingeyingar fengju verulegan fjárstuðning til uppbyggingar ferðamála. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson gæti komið og montað sig af því í Þingeyjarsýslu að kannski hálfur milljarður eða milljarður væri lagður í grunnstuðning við ferðamál í Þingeyjarsýslu. Hvað er nú verið að leggja í að rannsaka forsendur fyrir álveri í Þingeyjarsýslu af hálfu ríkisins? Eru það ekki nokkrir tugir eða nokkur hundruð milljóna á ferð? Það eru til peningar þegar á að rannsaka forsendur álvers eða virkjun Skjálfandafljóts. Taka Aldeyjarfoss. Þá eru til peningar til að segja við Þingeyinga: Við skulum rannsaka forsendur fyrir álver og virkja Skjálfandafljót og eyðileggja Aldeyjarfoss. Ef Þingeyingar stæðu nú frammi fyrir einmitt því vali að fá þá peninga sem nú er verið að leggja í að undirbúna álver, stíflur og stórvirkjanir á svæðinu til að byggja upp ferðaþjónustu. Hvort mundu þeir velja? (**BJJ:** Byggja upp hvalasafn.) Ætli þeir vilji ekki byggja upp hvalasafn. (**BJJ:** Við höfum stutt það.) Allt of lítið, frú forseti. Ef fjármagni sem núna á að leggja í stóriðjudrauma Framsóknarflokksins, álráðherrans, á Þingeyjarsýslusvæðinu væri varið í ferðaþjónustu, ætli Þingeyingar mundu ekki velja ferðaþjónustuna. En ríkið og ríkisstjórnin velur að setja peninga í álbræðslur, setja peninga í stórvirkjanir. Þá eru nógir peningar. En þegar kemur að öðru atvinnulífi eins og ferðaþjónustu — vistvænni ferðaþjónustu sem byggist á því að Skjálfandafljótið og Aldeyjarfoss séu ósnert, að jökulsárnar í Skagafirði séu ósnertar — þá er ekki til fjármagn. Nei. En ef við ætlum að setja fjármagnið í að rannsaka náttúruna sem stórvirkjunarkost, til álbræðslu, þá er til nóg fé. Frú forseti. Þessar áherslur stóriðjuríkisstjórnarinnar, ríkisstjórnarinnar sem er á móti náttúrunni, eru dapurlegar.

Því leggjum við hér til, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, í okkar breytingartillögum, að viðbótarfjármagni við það sem nú er gert, og meiri hlutinn hefur lagt til, sé varið til upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni. Slíkar upplýsingamiðstöðvar eru ein af grunnstoðunum í eflingu ferðaþjónustu út um land og koma öllum sem starfa að ferðaþjónustu til góða. Aukningin, þessar 50 millj. kr., mun koma að miklum notum þó að aðeins þessi upphæð verði samþykkt. Sömuleiðis leggjum við til að varið verði 250 millj. kr. til viðbótar í markaðssókn í ferðaþjónustu sem er þó aðeins rétt til þess að færa þær upphæðir í sama horf og var fyrir þremur, fjórum árum.

Frú forseti. Þá leggjum við líka til að hugað sé að áningarstöðum fyrir ferðafólk út um land og grunnstoðir ferðaþjónustunnar verði styrktar. Þetta er það sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs viljum leggja áherslu á. En ekki þessa ofurtrú á álbræðslur um allt land, stórvirkjanir og spillingu á náttúruauðlindum landsins. Eigum við ekki að stöðva þær nú og ljúka því sem í gangi er áður en við göngum lengra? Tökum þá peninga sem nú er verið að setja í áframhaldandi rannsóknir og skoðanir og samninga um nýjar álbræðslur. Tökum þá og setjum þá í ferðaþjónustuna út um land. Ég er viss um að sá er vilji landsmanna en ekki frekari álbræðslur.

Frú forseti. Í nýjasta hefti Peningamála frá því í desember 2005, sem birtist nú fyrir tveimur dögum, segir, með leyfi forseta:

„Mikið ójafnvægi einkennir núverandi ástand efnahagsmála þar sem saman fer metviðskiptahalli, raungengi í sögulegum hæðum, mikil hækkun íbúðaverðs, vaxandi skuldsetning heimila, fyrirtækja og þjóðarbúskaparins í heild sinni og verðbólga yfir markmiðum Seðlabankans.“

Frú forseti. Ég er að lesa upp úr nýjasta hefti Peningamála. Áfram koma hér fulltrúar ríkisstjórnarinnar, fjármálaráðherrann, og segir að ástandið hafi aldrei verið betra. Kannski ekki í hans ráðherratíð, enda er hún svo stutt og verður vonandi ekki löng — ekki sem fjármálaráðherra. En það sýnir hversu óraunsætt mat forsvarsmenn þessarar ríkisstjórnar leggja á stöðu efnahagsmála. Seðlabankinn, forustumenn hans, viðurkenna þetta. Atvinnulífið viðurkennir þetta. En ríkisstjórnin lemur hausnum við steininn. Samkeppnisstaða útflutningsgreinanna, sjávarútvegs, fiskvinnslu, ferðaþjónustu og hátækniiðnaðar og samkeppnisstaða alls frumkvöðlastarfs veikist stöðugt einmitt fyrir ruðningsáhrif stóriðjustefnu þessarar ríkisstjórnar. Ruðningsáhrifin geta líka verið af hinu góða, var kveðja iðnaðarráðherra til Vestfirðinga í vor í fjölmiðlum þegar fjölda manns var sagt þar upp og fiskvinnslu lokað. Er verið að gera Ísland náttúrulaust, spyrja samtök sem boða til mikillar samkomu í byrjun janúar og verið er að boða til einnar mestu tónlistarhátíðar vetrarins, baráttutónleika gegn áframhaldandi náttúrufórnum og álbræðslum. Þar segir í fréttatilkynningu, með leyfi forseta:

„Stórtónleikar. Náttúrufélag Íslands. Viltu verða nátt-

úrulaus? Laugardaginn 7. janúar nk. verða haldnir sannkallaðir stórtónleikar í Laugardalshöll. Þar munu leiða saman hesta sína stórskotalið íslenskra og erlendra tónlistarmanna. Tilefnið er: Náttúra Íslands og umgengni okkar við hana. Með tónleikunum viljum við, skipuleggjendur og listamenn, beina fókusnum að þessari náttúru og að hún sé ekki sjálfsögð uppspretta raforkuvera og álvera. Er ekki kominn tími til að stöðva stíflurnar?" — segir í fréttatilkynningu frá þessum samtökum.

Viljum við verða náttúrulaus? Viljum við að ríkisstjórn Íslands, með hæstv. iðnaðarráðherra í fararbroddi, geri Ísland náttúrulaust? Með tónleikum þessum gefst fólki tækifæri til að njóta tónlistar á heimsmælikvarða og því að sýna hug sinn í verki.

Frú forseti. Varla liðu nema nokkrar mínútur frá því að opnað var fyrir miðasölu á tónleikana þar til uppselt var. Það sýnir hvaða hug fólk, venjulegt fólk, almenningur, ungt fólk, ber til náttúru Íslands og krefst þess að nú verði sagt stopp. Við skulum ekki fórna að tilefnislausu frekari náttúruperlum, vatnsföllum, á altari álvera og stóriðju núverandi ríkisstjórnar. Eigum við ekki að segja stopp og reyna að ljúka því sem í gangi er áður en áfram er haldið?

Frú forseti. Ánægjulegt er að fólk geri sér æ betur grein fyrir að stóriðjustefnan, sem einmitt stýrir nú efnahagskerfi þjóðarinnar, skili ekki aðeins afar litlum þjóðhagslegum ábata og krefst gríðarlegra óafturkræfra náttúrufórna heldur er hún einnig að rústa grunngerð íslensks atvinnulífs, búsetu og samfélagsmunstri. Við höfum tölur um flutning fólks og stöðu atvinnulífs á Vestfjörðum, á Norðurlandi, meira að segja á Austurlandi innan ákveðinna hluta sem ekki eru í næsta nágrenni við stóriðjuframkvæmdirnar þar. Viljum við fá breytingu í grunngerð íslensks atvinnulífs sem álbræðslur úti um allt land munu kalla fram? Ég segi nei. Stór og vaxandi hópur þjóðarinnar segir nei, nú er nóg komið. Nú blæs ungt fólk til sóknar gegn blindri áltrú ríkisstjórnarinnar, græðgi og virðingarleysi fyrir náttúrunni og dýrustu perlum landsins. Við tökum undir með því unga fólki og segjum: Við viljum ekki náttúrulaust Ísland.

Frú forseti. Vinstri hreyfingin — grænt framboð getur ekki samþykkt þær áherslur sem fram koma í þessu fjárlagafrumvarpi. Frumvarpið er í samræmi við fyrri frumvörp núverandi ríkisstjórnar þó þannig að nú er enn meiri áhersla lögð á að færa þeim einstaklingum mest sem hafa mest fyrir. Staðreyndirnar tala sínu máli, samanber ný skýrsla Stefáns Ólafssonar um stöðu öryrkja. Vinstri hreyfingin — grænt framboð mótmælir þessum áherslum og vill að ríkisfjármálum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna stjórnvaldsaðgerða ríkisstjórnarinnar sem leitt hafa til stóraukinnar mismununar á lífskjörum fólks. Vinstri hreyfingin — grænt framboð leggur áherslu á aðalsmerki hins samábyrga velferðarsamfélags sem er að tryggja öllum þegnum þjóðfélagsins mannsæmandi lífskjör og þjóðfélagslegan rétt. Vinstri hreyfingin — grænt framboð vill vernda íslenska náttúru og auðlindir lands og sjávar. Náttúruauðlindirnar eiga að vera sameign landsmanna og þær á að nýta í þágu almannahagsmuna án þess að gengið sé á umhverfið. Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að efla stofnanir á þessu sviði og gera þeim kleift að sinna þýðingarmiklu hlutverki sínu. Lögð er áhersla á að framlög til þjóðgarða og friðlýstra svæða og landvörslu séu aukin. Vakin er athygli á að hvergi er ætlað fjármagn, t.d. til náttúruverndaráætlunar, sem þó hefur verið samþykkt á Alþingi. Ég leyfi mér að vísa til álits 2. minni hluta umhverfisnefndar, frá fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í nefndinni.

Vinstri hreyfingin — grænt framboð leggur áherslu á að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, framlög til umhverfismála verði aukin og tekið verði upp „grænt bókhald" þar sem meta skal út frá þeim forsendum arðsemi í rekstri og framkvæmdum. Stjórnvöld þurfa að stuðla að fjölbreyttari atvinnustefnu en nú er, stefna þeirra snýst nú nánast alfarið um að byggja hér upp erlenda stóriðju. Því miður hafa viðvaranir Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs um ruðningsáhrif þessarar stefnu reynst réttmætar.

En frú forseti. Ég treysti því að sú bylgja sem nú er að vakna meðal þjóðarinnar, meðal ungs fólks, leiði til þess að teknar verði upp breyttar áherslu í umhverfis-, náttúru- og atvinnumálum. Við viljum ekki náttúrulaust Ísland, segir þetta unga fólk sem boðar til stórtónleika til stuðnings íslenskri náttúru.

Frú forseti. Með nefndarálitinu fylgja allmörg álit áskorunar um stuðning við Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ég hef rakið ýmis atriði, t.d. að skattbyrði af heildartekjum öryrkja hefur aukist verulega. Hér er einnig álit frá Félagi framhaldsskólakennara eins og ég nefndi áðan.

Frú forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir nefndaráliti 2. minni hluta fjárlaganefndar. Ég sit í fjárlaganefnd fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs og ég ítreka að við krefjumst breyttrar stefnu, nútímastefnu, í atvinnumálum, í umhverfismálum, í velferðarmálum. Það er tími til kominn. En það gerist ekki með núverandi ríkisstjórn. Við þurfum að koma henni sem allra fyrst frá.

[12:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Skýrsla Stefáns Ólafssonar um málefni og stöðu öryrkja og velferð þeirra í íslensku þjóðfélagi var kynnt fyrir fáum dögum. Svo vitnað sé í niðurstöðuna er sagt á bls. 127, með leyfi forseta:

„Íslendingar virðast vera á eftir í að bjóða upp á atvinnuaukandi aðgerðir fyrir öryrkja og aðra sem eru óvirkir í atvinnulífi."

Síðan er sagt að of litlir hvatar séu í örorkulífeyriskerfinu fyrir atvinnuþátttöku öryrkja. Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Atvinnuþátttaka öryrkja á Íslandi hefur minnkað frá 1995 til 2004, einkum hjá einhleypum öryrkjum og einstæðum foreldrum í hópi öryrkja. Það gengur þvert á þau markmið sem flestar þjóðir hafa, þ.e. að auka atvinnuþátttöku öryrkja.

Markmið laga um málefni fatlaðra frá 1992 fela í sér að lífskjör fatlaðra og öryrkja séu færð að meðalkjörum samfélagsborgaranna. Ef markmiðinu á að ná þurfa tekjur öryrkja að hækka meira en tekjur annarra vegna þess að tekjur öryrkja eru svo miklu lægri að jafnaði en tekjur annarra þjóðfélagsþegna."

Síðan segir í skýrslunni þegar vikið er að skattbyrðinni, með leyfi forseta:

„Skattbyrði öryrkja hefur stóraukist frá 1995 um leið og stuðningur af vaxtabótum og barnabótum hefur minnkað.

Öryrkjar með lægstu tekjur voru skattlausir á fyrri hluta tímabilsins frá 1995 til 2004 en greiða nú umtalsverðan skatt af tekjum sínum, vegna raunlækkunar skattfrelsismarka." Og síðan kemur dæmi:

„Einhleypir öryrkjar með meðaltekjur greiddu 7,4% af tekjum sínum árið 1995 en árið 2004 greiddu þeir 17,1%. Skattbyrðin jókst á hverju ári nema árinu 2002."

Þá eru tekin dæmi um skattbyrði öryrkja í hjúskap og af einstæðum foreldrum í hópi öryrkja o.s.frv. Allt ber þetta að sama brunni. Og áfram segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Skattbyrði einhleypra öryrkja jókst að jafnaði um 131,1% frá 1995 til 2004. Skattbyrði er mæld sem heildarskattgreiðslur öryrkja í hlutfalli af heildartekjum þeirra." Tekið er dæmi af 18 ára öryrkja og 40 ára öryrkja. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Gríðarleg aukning á skattbyrði hefur þannig stórlega skert kjör öryrkja á síðasta áratug. Almennt hefur tekjuþróun öryrkja verið óhagstæð frá 1995 til 2004. Markmið laganna um málefni þeirra frá 1992, um að kjör hópsins skuli færð að meðalkjörum samfélagsborgaranna hafa ekki náðst, nema síður sé. Meginástæða þess er sú að lífeyrir almannatrygginga hefur ekki hækkað nógu mikið og skattbyrði öryrkja hefur stóraukist."

Það sama á við um aldraða og hér var nefnt um skattbyrði öryrkja. Þar þyngist skattbyrðin og eldri borgarar með lágar tekjur greiða meiri skatta en áður. Persónuafsláttur hefur lækkað og skattleysismörk fylgja ekki eftir hækkun verðlags og launa. Lágtekjufólkið greiðir skatta og þeim fjölgar í hópi lágtekjufólks sem greiða skatta.

Við sitjum sem sagt uppi með skattstefnu ríkisstjórnarinnar með þeim röngu áherslum sem þar eru uppi. Áherslum sem auka á misskiptingu þegna landsins, stefnu sem verður til að hækka ráðstöfunartekjur þeirra verulega sem eru með há laun, þ.e. yfir 500 þús. kr. á mánuði eða meira, en færa lágtekjufólki örfáar krónur. Það virkar jafnvel þannig vegna lágs persónuafsláttar sem hefur ekki haldið raungildi sínu að fólk með lægstu tekjur, undir 100 þús. kr. á mánuði, greiðir nú allt að 9 þús. kr. í skatt til ríkissjóðs.

Fjölgun tekjuskattsgreiðenda í tíð núverandi ríkisstjórnar er að finna í hópi eldri borgara, í hópi öryrkja og láglaunafólks. Ríkisstjórnin vinnur að því með stefnu sinni að breikka bilið milli þjóðfélagshópanna. Hleður undir þá sem hæstar hafa tekjur en vegur að lífskjörum þeirra sem eru tekjulægri. Það er mikil þörf á að endurskoða stefnuna í skattamálum og hætta við þá stefnu sem ríkisstjórnin keyrir fram. Ég þykist vita að fjármálaráðherra og ríkisstjórnin sé ekki sammála mér í þeirri niðurstöðu. En ég tel að sú útfærsla sem er í skattalækkunarstefnu ríkisstjórnarinnar þjóni ekki þeim markmiðum að auka jöfnuð í þjóðfélaginu og þjóni heldur ekki nægjanlega þeim markmiðum að koma til móts við þá sem lægri tekjur hafa í þjóðfélaginu sem ég held að séu mjög nauðsynlegt í núverandi stöðu, hæstv. forseti.

Skýrslan um stöðu öryrkja í íslensku samfélagi, sem ég vitnaði til í upphafi máls, sannar að ójöfnuður er vaxandi hér á landi. Við vitum um mikla óánægju verkalýðshreyfingarinnar með hvernig mál hafa þróast hér á landi. Talað eru um að meðaltalskaupmáttur hafi aukist verulega en það er auðvitað svo að meðaltalskaupmátturinn tekur mið af þeim launabreytingum sem hafa orðið í þjóðfélaginu. Við vitum að þeir sem hafa hærri launin hafa verið að bæta við sig og það er launaskrið sums staðar í fyrirtækjum og einkum á þeim stöðum þar sem greitt er hærra kaupið. Hinir föstu samningar verkalýðshreyfingarinnar hafa jafnan gert það að verkum að í slíku ástandi dregst kaupmáttur verkamanna meira saman en meðaltalstölur sýna. Það hefur gerst hjá okkur nú og margir í verkalýðshreyfingunni telja að láglaunafólkið sitji mjög verulega eftir í launabótum. Sama á við um aldraða og öryrkja og á það hafa forsvarsmenn þeirra samtaka fært sönnur, eins og dæmin sanna.

Þess vegna er það að mínu mati mjög verðugt verkefni núverandi ríkisstjórnar að endurskoða skattastefnu sína, m.a. með það að markmiði að í stað þess að fara í flata prósentulækkun í tekjuskattinum upp á 1% og síðan 2% 2007, að skoða hvort ekki mætti koma til móts við aldraða, öryrkja og láglaunafólk á almennum vinnumarkaði með öðrum útfærslum í þessum skattalækkunum. Á þetta hefur stjórnarandstaðan öll bent og m.a. bent á hækkun persónuafsláttar. Það er mín skoðun og okkar í Frjálslynda flokknum að miklu nær hefði verið, sérstaklega eins og ástandið er núna, að setja þá fjármuni sem gert er ráð fyrir í skattalækkunum á næsta ári, sem eru 4 milljarðar kr. miðað við 1% skattalækkun, yfir í að hækka persónuafsláttinn. Ég tel að með þeim 4 milljörðum hefði verið hægt að hækka persónuafslátt á næsta ári á bilinu 2.600 til 2.800 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling. Og þá hefðum við verið að tala um nokkurn veginn sömu fjárhæð, eða um 4 milljarða króna, vegna þess eins. Með sama hætti hefði auðvitað verið hægt að taka næstum því tvöfalt það í janúar 2007 ef menn hefðu valið að fara þá leið.

Ég hygg að verkalýðshreyfingin, samtök aldraða og öryrkja hefðu metið það talsvert ef menn hefðu farið slíka leið í skattalagabreytingunum og þannig búið til meiri jöfnuð í þjóðfélaginu. Það hefði örugglega komið þeim betur sem lægri hafa launin sem og öldruðum og öryrkjum að fá hækkun á persónuafsláttinn sem Frjálslyndi flokkurinn lagði til fyrir alþingiskosningarnar vorið 2003. Að stefna að því að hækka persónuafsláttinn í áföngum um 10.000 kr. Það hefði verið nær frekar en að fara þá prósentutengdu flötu skattalækkun sem ríkisstjórnin vill fara og færir hátekjufólki mörg hundruð þúsund krónur á ári í auknar raunteknjur.

Við hefðum getað sleppt því að fella niður hátekjuskattinn, hæstv. forseti, og ekki setja þá forgangsröðun á undir þessum kringumstæðum að lækka sérstaklega tekjuskatt þeirra sem eru með upp undir hálfa millj. kr. á mánuði í tekjur. En þá forgangsröðun valdi ríkisstjórnin. Í skýrslu Stefáns Ólafssonar, sem ég vitnaði áður til, segir í lokin með leyfi forseta:

„Efla þarf vinnuhvata með því að gera atvinnuþátttöku örorkulífeyrisþega ábatasamari með minnkun tekjuskerðingar í almannatryggingakerfinu og skattaívilnunum eða öðrum aðferðum."

Tilvitnun lýkur.

Sú skerðingarregla sem hér er vikið að er mjög ósanngjörn og heldur öldruðum og öryrkjum við fátæktarmörk þar sem allar tekjur, og þar með taldar lífeyristekjur, skerða bætur eftir 45% skerðingarreglu almannatrygginga sem eytt geta öllum bótum frá almannatryggingum til aldraðra og öryrkja. Ég vil einnig, hæstv. forseti, minna stjórnarliða á að sex sinnum höfum við í Frjálslynda flokknum á jafnmörgum þingum flutt mál um tryggan lágmarkslífeyri fólks sem gengur út á að afnema alla skerðingu á bótum almannatrygginga ef tekjur úr lífeyrissjóði eru undir 50 þús. kr. á mánuði hjá einstaklingum. Síðan lögðum við til þrepaða skerðingu fyrir tekjur úr lífeyrissjóði frá 50–100 þús. kr. á mánuði þegar aftur væri komið að því að skerðingin yrði 45% eins og nú er varðandi bætur frá Tryggingastofnun. Það væri mikil kjarabót, hæstv. forseti, að slíku. Það mundi þýða að þeir sem lægstar hafa afkomutekjur hér á landi yrðu ekki fyrir þeirri bröttu skerðingu sem verður núna þegar fyrsti þúsundkallinn skerðir bætur þeirra með 45% reglunni. Það er í hvert skipti sem eldri borgari eða öryrki fær þúsund krónur til viðbótar, annaðhvort í laun eða sem bætur úr lífeyrissjóði sínum missir hann 450 kr. af bótunum frá Tryggingastofnun. Þetta finnst mér ósanngjörn regla, hæstv. forseti, og það hlýtur að vera skynsemi í að búa til einhverja þrepaskiptingu í þessar skerðingarreglur. Þannig að þeir sem lægstar hafa tekjurnar og eru í raun og veru með tekjur undir lágmarksframfærslukostnaði, eins og hann er skilgreindur í þjóðfélaginu, fái leiðréttingu sinna launa.

Á þetta er einnig mjög rækilega bent í skýrslu Stefáns Ólafssonar, eins og ég vitnaði til áðan, þar sem í lokin er minnt á hina ósanngjörnu skerðingarreglu sem öryrkjar verða fyrir og það er í raun og veru sama reglan sem gildir gagnvart öldruðum. Þarna er um að ræða hópa í þjóðfélaginu sem höfðu á árum áður oft litlar tekjur og eignuðust lítinn rétt í lífeyrissjóði, því miður. Það er þannig með marga öryrkja, þeir eiga engan rétt í lífeyrissjóði, þ.e. ef þeir hafa orðið öryrkjar á unga aldri og aldrei unnið úti á vinnumarkaðnum og þannig aflað sér lífeyrisréttinda.

Hæstv. forseti. Að lokum langar mig í ræðu minni að vitna til mála sem ég vék að við 2. umr. fjárlaga og við fjáraukalögin sem snúa að Landhelgisgæslu Íslands. Það var að vísu brugðist við þeirri áskorun minni að lagfæra stöðuna hjá Landhelgisgæslu Íslands með 40 millj. kr. aukafjárveitingu í fjáraukalögum ársins 2005. En ég hygg að enn þá sé staðan sú, og svo virðist vera ef marka má fréttir, að rekstrarstaða Landhelgisgæslunnar á næsta ári sé ekki tryggð. Það er okkur til vansa, hæstv. forseti, að sjá ekki til þess að Landhelgisgæslan, sem á að þjóna hér öryggishlutverki á miðum við landið og umhverfis landið og einnig inn til landsins, hafi ekki þær fjárveitingar að hún geti nokkurn veginn rekið sig í fyrirsjáanlegri framtíð. En ríkisstjórnarmeirihlutinn vill ekki bæta við þá fjármuni sem þarf til varðandi rekstur Landhelgisgæslunnar þó vafalaust komi erindi hennar inn í fjáraukalög á árinu 2006.

Hæstv. forseti. Byggðastofnun er skilin eftir í algerri óvissu. Fjárveitingar vantar ef stofnunin á að geta starfað með eðlilegum hætti. Á þessum málum er ekki tekið. Það er hins vegar tekið á málefnum Nýsköpunarsjóðs sem fær verulega aukið fjármagn en lánatap hans er mikið enda áhættufjárfestingasjóður. Byggðastofnun er einnig ætlað að taka áhættu í sínum lánveitingum en þar vill ríkisstjórnin, með byggðamálaráðherrann í fararbroddi, ekki taka á vandanum. Honum er í raun og veru ýtt inn í framtíðina. Þó hefur það verið vitað í marga mánuði að staða Byggðastofnunar væri erfið og það er lítil fyrirhyggja í þeirri byggðastefnu og byggðaútfærslu sem ríkisstjórnin sýnir í málefnum Byggðastofnunar og landsbyggðarinnar. Ætli það verði ekki að líta svo á, hæstv. forseti, að byggðastefna ríkisstjórnarinnar sé í raun og veru gjaldþrota undir forustu hæstv. iðnaðarráðherra.

Varðandi samgöngumál hef ég nokkrum sinnum vikið að því hér í ræðum í haust, þegar við höfum verið að (Forseti hringir.) tala um fjárlögin.

(**Forseti** (SP)**:** Til stóð að gera hlé á þessum fundi þannig að forseta leikur forvitni á að vita hversu langt hv. þingmaður á eftir í ræðu sinni.)

Þér tekst það hæstv. forseti, eftir tvær mínútur.

(**Forseti** (SP)**:** Þá heldur þingmaðurinn áfram og lýkur ræðu sinni.)

Ég hef nokkrum sinnum vikið að samgöngumálum og lýst andstöðu minni við að skorið verði niður í samgöngumálum og verklegum framkvæmdum á landsbyggðinni í þeirri stöðu sem víða er uppi í hinum dreifðu byggðum landsins. Þetta hefur verið gert í ljósi þess að menn teldu að þyrfti að beita aðhaldi í ríkisfjármálunum. En það er einfaldlega þannig, hæstv. forseti, að hin mikla þensla sem menn tala gjarnan um hér í Reykjavík finnst ekki víða á landsbyggðinni, m.a. á Vestfjörðum, Norðausturlandi og á norðausturhorni landsins. Ég hefði talið, hæstv. forseti, að falla hefði átt frá þeim 2 milljarða kr. niðurskurði sem núna er tekinn inn í verklegar framkvæmdir. Það er í raun og veru sama niðurstaða og hagsmunasamtök, t.d. á Vestfjörðum og víða annars staðar í hinum dreifðu byggðum, hafa komist að.

Hæstv. forseti. Mikil gróska og vöxtur hefur verið í kennslu og fjölgun háskóla á landinu enda væntanlega allir sammála um að framtíð okkar byggist á vaxandi og betri menntun. Ber vissulega að fagna því að kennsla á háskólastigi er að aukast. Við þurfum hins vegar að fylgja þessari þróun eftir með auknum fjárveitingum. Á það skortir hjá núverandi stjórnarflokkum og nær það bæði til framhaldsskólanna og háskólanna eins og vikið hefur verið að í ræðum og nefndarálitum stjórnarandstöðunnar nú í morgun. Við viljum efla menntun og leitast við að Háskóli Íslands fái haldið sérstöðu sinni í samanburði við erlenda og innlenda háskóla. Háskólinn á Akureyri er að þrengja að starfsemi vegna fjárskorts og við því viljum við bregðast. Leigukostnaður Háskólans á Akureyri er sérstakt vandamál sem verður að taka á sérstaklega enda málið óvenjulegt svo ekki sé meira sagt, hæstv. forseti.

Ég vil í lok ræðu minnar vísa til breytingartillagna sem við í stjórnarandstöðunni flytjum varðandi fjárveitingar til Háskólans á Akureyri en þar er lagt til að 500 millj. kr. verði settar til viðbótar við þá fjárveitingu sem gert er ráð fyrir við rekstur Háskóla Íslands. Það er gert ráð fyrir því í þessari breytingartillögu að Háskólinn á Akureyri fái 100 millj. kr. til viðbótar við það fé sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu og að Kennaraháskólinn fái 150 millj. kr.

til viðbótar við það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Þetta teljum við að sé nauðsynlegt, hæstv. forseti, til að megi reka eðlilega starfsemi háskólanna og Kennaraháskólans hér á landi og þess vegna leggjum við þetta sem sagt til við 3. umr. þessa máls. Vonandi sjá fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna ljósið í því að það sé réttara að taka á þessu í fjárlögunum heldur en að færa þennan vanda inn í fjáraukalög næsta árs, hæstv. forseti.

[Fundarhlé. — 13:13]

[13:33]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við tökum nú til við 3. umr. fjárlaga fyrir árið 2006. Það má kannski segja að að mestu leyti sé efnisumræðunni um þau lokið. En þó er það svo að það er rétt að fara hér yfir nokkur mál.

Formaður nefndarinnar, hv. þm. Magnús Stefánsson, gat þess aðeins í upphafsræðu sinni hér í morgun að fjárlaganefnd hefði á undanförnum vikum og mánuðum farið í gegnum fjárreiðulögin og hvernig þau virkuðu. Fjárreiðulögin hafa verið okkur til mikilla bóta og mikill sómi að þeim og menn hafa lagt sig fram um að fara eftir þeim til að tryggja að allar fjárheimildir séu vel grundaðar og farið sé yfir hvað verið er að gera. En við höfum rekið augun í það og veitt því athygli á undanförnum árum að svokallaðar einkaframkvæmdir hafa farið hér án þess að þingið komi þar nokkurn tíma nálægt. Það er rétt, virðulegi forseti, að athuga þá hluti nokkuð nánar.

Við höfum verið í einkaframkvæmdum á ýmsum sviðum, bæði í skólamannvirkjum, skrifstofuhúsnæði og fleira. Ég er ekki með þessum orðum að segja að ég sé í sjálfu sér á móti einkaframkvæmd. En við skulum athuga að fjárreiðulögin svo og lögin um opinberar framkvæmdir eru ákaflega ströng lög. Þau eru ströng vegna þess að það er verið að koma í veg fyrir að mistök verði. Mjög mörg mistök geta átt sér stað við ákvörðun opinberra framkvæmda og frágang þeirra og þess vegna eru þessi ströngu lög. En þegar við komum að einkaframkvæmdinni þá er það reyndar þannig að Alþingi kemur þar hvergi nærri.

Við svo búið má að okkar dómi ekki standa. Og ég vil ítreka það sem hv. þm. Magnús Stefánsson sagði hér í morgun að við komumst ekki hjá því að breyta fjárreiðulögunum til að tryggja að Alþingi komi þar nærri. Vegna þess að Alþingi er jú aðilinn einn sem getur skuldbundið ríkið. Það getur enginn gert það annar.

Eitt mál varðandi þetta hefur komið hér mjög til umræðu, þ.e. rekstrargrunnur Háskólans á Akureyri vegna tæknihússins sem þeir eru með þar og menn eru með efasemdir um að það hafi verið gert ráð fyrir því á réttum tíma hver rekstrarkostnaðurinn væri. Ég segi það, virðulegi forseti, að ég á fastlega von á því að hæstv. fjármálaráðherra muni koma inn á þau mál hér á eftir.

Það er eitt svona stórt mál í gangi og hefur verið undirbúið nokkuð lengi. Það er Austurhöfnin svokallaða, þ.e. tónlistar- og ráðstefnuhúsið. Samkvæmt samningi sem okkur er sagður að gerður hafi verið hefur ríkið skuldbundið sig til að borga í þeirri framkvæmd 54% af 600 millj. kr. framlagi ár hvert í 35 ár. Á núvirði mundu það vera um 11,7 milljarðar kr. Auk þess er gert ráð fyrir í þessum samningi um 3.000 millj. kr. leigusamningi til sama tíma fyrir íslensku sinfóníuhljómsveitina þannig að hér er um skuldbindingu fyrir ríkið að ræða upp á tæpar 15.000 millj. kr.

Það hlýtur öllum að vera ljóst sem lesa fjárreiðulögin og lesa stjórnarskrána að það gengur ekki að ríkið skuldbindi sig um slíkar fjárhæðir óðruvísi en að málið verði lagt fyrir Alþingi. Slíkur samningur hefur ekkert gildi óðruvísi. Ríkisstjórn getur ekki skuldbundið Alþingi, getur ekki skuldbundið ríkið nema Alþingi komi þar til og staðfesti ákvörðunina. Það er líka mjög nauðsynlegt, virðulegi forseti, að menn átti sig á þessu gagnvart þriðja aðilanum þeim sem ætlar að taka að sér verkið. Það er enginn samningur í gildi um þetta nema það hafi verið lagt fyrir Alþingi og Alþingi samþykki það. Alþingi samþykki þá þessar tæplega 15.000 millj. kr. fjárskuldbindingu ríkisins. Annars er hann ekki í gildi. Þannig að þriðji aðilinn stendur ekki föstum fótum í þessum samningi og getur engu treyst óðruvísi en að þetta gangi eftir. Þannig að það er rangt sem menn hafa sagt í fréttum hvað eftir annað og hefur verið talað um opinberlega að þetta mál sé afgreitt og sé í höfn, það er það alls ekki. Ekki fyrr en þetta hefur gengið fyrir, að málið hafi verið samþykkt á Alþingi. Ég bið menn að átta sig mjög vel á þessu.

Hér í umræðunni, þriðju umræðu fjárlaga, hefur það komið núna æ ofan æ að þingmenn hafa gert mjög að umræðuefni nýlega skýrslu eftir Stefán Ólafsson prófessor um örorku og velferð á Íslandi og heilmiklar fréttir hafa verið af þeirri skýrslu. Ég fékk hana ekki í hendur fyrr en fyrir tæpum sólarhring þannig að lítill tími hefur gefist til að fara yfir hana. Þó vil ég segja það hér, virðulegi forseti, að mér koma efnistök skýrslunnar mjög spánskt fyrir sjónir. Mér finnst mjög einkennilegt hvað er verið að bera saman og spurningin er, hvers vegna er verið að bera þetta saman? Skýrslan er dálítið áróðurskennd vegna þess að höfundurinn fer ekkert dult með skoðanir sínar. Hann er að berjast fyrir því að hér á Íslandi verði sams konar velferðarkerfi og er á Norðurlöndunum. Hann telur það allt til bóta en hitt til mestu vandræða. Stefán Ólafsson er ákaflega vandaður vísindamaður. Eftir hann er til mjög merkileg bók, Íslenska leiðin, sem gefin var út að mig minnir 1999 þar sem mjög vandlega er farið ofan í þetta og mjög margt skýrt í sambandi við það. Þess vegna koma efnistökin í þessari skýrslu töluvert á óvart. Ég t.d. skil ekki, sem hefur kannski verið aðalfréttin um þetta, hvers vegna menn eru að bera saman hlutfall atvinnutekna öryrkja og heildaratvinnutekjur annarra og bera það síðan saman við önnur lönd og draga af því þær ályktanir að Íslendingar beri minna úr býtum. Það kemur engin skýring fram í skýrslunni um það. Hins vegar finnst mér alveg liggja í augum uppi hvers vegna það er. Það er minnst atvinnuleysi á Íslandi. Þar eru mestir möguleikar til að sækja sér aukatekjur auk þess sem Íslendingar eru einhver vinnufúsasta þjóð í heimi og mjög fáar þjóðir leggja svo mikla vinnu á sig. Það eru kannski helst Bandaríkin sem koma þar til samanburðar.

Ég hef heyrt í fréttum að í töflu 9.5 í þessari skýrslu sé gerð grein fyrir því að ráðstöfunartekjur öryrkja á síðustu

10 árum hafa vaxið. Ráðstöfunartekjur, þ.e. tekjurnar eftir skatt og eftir leiðrétta verðbólgu, hafa vaxið um 40% sem hlýtur að teljast gríðarlega mikill vöxtur. Er ábyggilega vandfundið það land, og finnst örugglega ekki, þar sem tekjur og kjör öryrkja hafa batnað jafnhratt og jafnmikið og á Íslandi. Þetta kemur reyndar fram í töflu 10.1 þar sem verið er að bera saman, og það er í eina skiptið sem það er gert, í erlendri mynt, í evrum, tekjur á hvern íbúa. Þá kemur einmitt þetta sama í ljós. Hvergi nokkurs staðar í þeim samanburðarlöndum sem getið er um hefur verið annar eins vöxtur. 63% raunvöxtur á tekjum öryrkja á sex árum er eitthvað sem engin þjóð getur borið sig saman við. Þetta er miklu hærra en á Norðurlöndunum. Það er ekki reynt í þessari skýrslu að bera saman rauntekjurnar sem hafa vaxið mjög mikið hin seinni ár — tekjur Íslendinga eru núna áætlaðar um 1.000 milljarðar. Það mundi vera tæplega 50 þús. dollarar á mann sem er með því hæsta í heiminum. Það eru varla nema Sviss, Lúxemborg, Bandaríkin og Noregur sem eru jafnhá. Ef við gerðum þetta svona er ég viss um að það væri alveg ljóst að hvergi nokkurs staðar hafa kjör öryrkja batnað jafnhratt og mikið og á Íslandi. Það er alveg ljóst. Þess vegna er það skrýtið hvernig þessari skýrslu er hent fram og hvernig hún er meðhöndluð. Það er hægt að fara nákvæmar yfir það. Ég tel af og frá að hún sé einhver áfellisdómur um þá efnahagspólitík sem rekin hefur verið á Íslandi. Það er af og frá. Hins vegar kemur ýmislegt fram í henni sem gaman er að benda á. Ekki gaman, kannski sorglegt að benda á og mætti t.d. minnast á að það er einn þáttur í félagsmálaumhverfinu sem hefur mjög rýrnað á síðustu árum. Rýrnað. Alveg öfugt við örorkulífeyrinn sem hefur vaxið mjög hratt. Einn mjög mikill og veigamikill þáttur sem hefur rýrnað á undanförnum árum. En það er félagsaðstoð sveitarfélaga sem hefur rýrnað stórkostlega. Þar munar mest um þá miklu rýrnun á því sem hefur orðið hér í Reykjavík. Mér finnst undarlegt að heyra hér fyrrverandi borgarstjóra, sem er tiltölulega nýhætt, tala hér um smánarbletti. Sumum ferst nú að tala um en öðrum ekki. Þannig að menn skulu nú fara varlega í þessu. Mjög varlega.

Það er líka veruleg ástæða til að gera athugasemd við umfjöllun um skattamál í þessari skýrslu því þar er mjög einhliða sagt frá og einhliða farið í gegnum hlutina. Þar er margsinnis fullyrt, og hefur komið fram í ræðum manna hér í dag, að það sé hið versta mál og svívirðilegt að skattleysismörk skuli ekki fylgja launavísitölu.

Virðulegi forseti. Ég bið menn að hugsa aðeins hvernig þetta er. Menn skulu átta sig á því að í lögunum um almannatryggingar segir að örorkubætur og ellilífeyrisbætur skuli fylgja almennri launaþróun nema ef framfærsluvísitalan verður hærri, sem er aðalatriðið og ég ætla að sé einsdæmi í velferðarlöggjöf vestrænna ríkja. Hvað gerist ef framfærsluvísitalan verður hærri en launavísitalan? Það sem gerist er að kjör fólks rýrna. Kjör þjóðarinnar rýrna. Þá er kaupmáttarskerðing hjá almenningi í landinu, öllum nema öryrkjum og ellilífeyrisþegum. Þetta settum við inn í löggjöfina 1997 til að tryggja það að tímabil eins og frá 1988 til 1992 kæmi aldrei aftur. En hvað gerðist á því tímabili, virðulegi forseti? Þá varð kjararýrnun í landinu. Það var svo sem ekkert við því að segja. Efnahagslífið stóð illa og það varð kjararýrnun í landinu. Kjararýrnun launþega á þessu tímabili varð 10%. En kjararýrnun öryrkja og ellilífeyrisþega varð 16%. Menn mættu nú rifja þetta upp vegna þess að sumir eiga sögu í þessu, sumir eiga fortíð. Það var þess vegna að við settum inn ákvæðið um að bætur öryrkja og ellilífeyrisþega skyldu fylgja almennri launaþróun nema þegar neysluvísitalan væri hærri. Til að tryggja þetta. Og hvað segir það í framkvæmdinni? Þær fylgja almennri launaþróun, þær fylgja ekki launaskriðinu Það er alveg rétt. Það þarf heldur engum að koma á óvart sem stendur í þessari skýrslu og enginn ætti að hneykslast á því að bætur öryrkja og ellilífeyrisþega hafi ekki fylgt launaþróuninni. Það er bara alveg rétt. Það stóð aldrei til. Ef fara ætti að taka inn í bæturnar launaskriðið í landinu, hvar ætla menn þá að enda þetta? Hvað ætla menn að gera? Trúa menn því að nú sé komið eitthvert tímabil þar sem kjör eigi aldrei eftir að rýrna á Íslandi? Trúa menn því eins og Kanarnir í Wall Street í kringum aldamótin síðustu trúðu því að nú væri komið eitthvert New Economy? Nú væri kominn sá tími þegar alltaf færi allt upp og ekkert niður. Menn trúðu þessu í nokkur ár. Menn eru hættir að trúa því núna. Auðvitað mun efnahagslíf á Íslandi sveiflast upp og niður í framtíðinni eins og efnahagslíf allra annarra þjóða og auðvitað eigum við að vera viðbúin því. En það sem við höfum girt fyrir í lögum er að öryrkjar og ellilífeyrisþegar taki aftur á sig kjararýrnun heldur geri þjóðfélagið það í heild. Þeir taki aldrei aftur á sig kjararýrnun eins og þeir urðu að gera á árunum 1988–1992. Aldrei aftur.

Um þetta er lítið getið í skýrslunni. Og ég veit ekki nema ef menn færu að hugsa málið að allir væru sammála um að sú efnahagsstefna og sú skattstefna sem við höfum fylgt sé mjög eðlilegur og mjög venjulegur keynesismi. Þegar þjóðfélagið eflist, þegar framleiðslan eykst og verðmætin aukast og vaxa, þá batna kjör fólksins. Þá á hagur ríkissjóðs líka að batna. Því það er nauðsynlegt í uppsveiflunni að hagur ríkissjóðs batni líka þannig að ríkið geti þá t.d. borgað niður skuldir sínar eins og við höfum verið að gera í stórkostlegum stíl á undanförnum árum. Skuldir sem kannski urðu til þegar harðar var í ári. En hvað gerist svo þegar kjörin rýrna? Á að fylgja launavísitölu þá? Hvernig halda menn að það yrði, virðulegi forseti, ef skattleysismörkin fylgdu þá launavísitölunni? Þá ætti ríkið að taka meira til sín þegar kjör fólks versnuðu. En það gengi alls ekki upp, það gera sér allir grein fyrir því. Því er eðlilegt þegar ládeyða er í þjóðfélaginu, þegar hagvöxturinn fer niður og kjör almennings rýrna, að þá versni kjör ríkisins líka. Ríkið á að taka þátt í því með samfélaginu og á þá, ef þörf er á, hiklaust að taka lán til að halda uppi velferðarþjónustu sinni. Ekki hika við það til að tryggja að hjól atvinnulífsins komist aftur í gang til að viðhalda kjörum og þeirri þjónustu sem við viljum að ríkið standi fyrir við borgarana.

Þetta er ekkert mjög flókið ef menn hugsa þetta. Ef menn átta sig á því að það eru tvær hliðar á þessum peningi eins og öllum öðrum, það er bæði uppsveiflan og niðursveiflan. Það verður að vera samhengi í því sem menn eru að gera og hugsa. Þannig hefur þetta verið sett upp og þannig gengur það fram.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar fylgja þannig almennri launaþróun í landinu, þ.e. þeim taxtabreytingum og þeim samningum sem gerðir eru í uppsveiflunni. Þegar niður-

sveiflan verður og kjörin rýrna þá er tryggt að þeir fylgja neysluvísitölunni. Kjör þeirra versna ekki. Þetta er jafnstaðan. Þannig höfum við rætt um þetta, þannig tölum við um þetta og þannig teljum við að við tryggjum þessum aðilum öruggt skjól því þeir geta síst bjargað sér þegar harðnar á dalnum.

Það er hins vegar enginn vandi að koma og segja: Það þarf að bæta þetta. Menn hafa ekki nóg. Þeir sem hafa lægstu launin hafa ekki nóg laun. Auðvitað er það rétt, virðulegi forseti. Auðvitað þurfa þeir sem hafa lægstu launin að fá meiri laun. En hvernig er það gert? (**Gripið fram í:** Að skattleggja þá.) Það er ein leið til þess í sögu mannkynsins að bæta kjör fólks. Það er að auka verðmætasköpunina í samfélaginu. Það höfum við gert með því að tryggja atvinnulífinu það starfsumhverfi að það hefur getað vaxið, eflst og þróast hraðar og betur á Íslandi en í öðrum nágrannalöndum okkar. Það er grundvöllurinn fyrir því að við getum búið til og byggt upp velferðarkerfi sem stendur traustum fótum.

Í góðri bók sem ég gat um áðan eftir Stefán Ólafsson, þar sem hann fer yfir velferðarkerfi Evrópuríkjanna, gerir hann mjög vel grein fyrir því að í mjög mörgum Vestur-Evrópuríkjum stendur velferðarkerfið á algerum brauðfótum og menn standa frammi fyrir því að geta ekki leyst þau lífeyrisvandamál sem þar hrúgast upp. Þetta á líka við um Japan og fleiri iðnríki. Það er ekkert getið um það í þessari skýrslu, en þannig er það. Flestöll Evrópuríki standa í þeim sporum núna að þau verða og hafa þegar hafist handa við að rýra kjör, að rýra það sem velferðarkerfið hefur búið fólki, af því þau hafa ekki efni á að standa undir því. Því er verið að reyna að lengja lífeyrisaldurinn, minnka þetta og gera alls konar ráðstafanir og þess vegna eru alls konar deilur uppi því enginn vill náttúrlega samþykkja það. Þetta verður mjög erfitt og allir gera sér grein fyrir því. Þetta verður mjög erfitt viðfangsefni. Hér á Íslandi stendur velferðarkerfið og sá mikli vöxtur sem verið hefur í því, meiri en annars staðar og hraðari, mjög traustum fótum efnahagslega. Fá ríki Evrópu geta státað af jafnstyrkri stöðu ríkisins og Ísland. Mjög fá.

Og komi menn nú og segi réttilega að auðvitað þurfi að bæta kjör fólks þá kemur upp spurning sem menn verða líka að svara: Hver á ekki að hækka? Hver á ekki að hækka í samfélaginu? Hvað með verkafólk í landinu? Hvað með verkakonur í landinu? Hvað með það fólk sem í sveita síns andlitis stendur alla daga undir framleiðslunni á Íslandi? Hvaða kjör er hægt að bjóða því? Hverju standa íslensk framleiðslufyrirtæki undir að geta borgað sínu verkafólki? Á ekki að hækka það? Hver á þá ekki að hækka? Menn skulu hugsa þetta aðeins nánar. Auðvitað þurfa allir að hækka. Það gefur augaleið. Hér á landi var mikið verkfall í fyrra þar sem sanngjarnir menn og réttrúaðir bentu á að auðvitað þyrftu kennarar að hækka meira en aðrir o.s.frv. Ég sé ekki betur en að Reykjavíkurborg hafi verið að semja um það við umönnunarstéttir í nótt að þær þyrftu að hækka meira en aðrir o.s.frv. Hér hefur stjórnarandstaðan haldið ræður. Í hverri ræðunni af annarri hafa menn bent á að auðvitað þurfi að stórauka framlögin í hitt og þetta, í alla mögulega málaflokka. Auðvitað er þetta allt saman satt og rétt, virðulegi forseti. Auðvitað þarf að auka og efla og hækka og stækka og betrumbæta hvað sem er. Auðvitað er það allt saman rétt.

Umræðan um efnahagsmál og verðbólgu síðustu missirin er farin að nálgast það að líkjast meira umræðu um trúarbrögð en efnahagsmál. Ég hef reynt að forðast hana vegna þess að mestu vitringarnir geta alltaf dregið upp einhverjar gamlar guðsorðabækur orðum sínum til staðfestingar. Ég minni samt á, ég held að menn séu búnir að gleyma öllu sem þeir áttu að kunna, að í 20 ár var krónísk verðbólga á Íslandi. Við kunnum að fletta upp á því tímabili þegar laun fólksins hækkuðu um 10.000% en kjör þess versnuðu um 1%. Eru allir búnir að gleyma þessu? Mér er nær að halda að svo sé. Það eru allir búnir að gleyma þessu. Og hver er umræðan um efnahagsmálin og verðbólguna? Hún er í einhverju guðsorðatali og einhverri mikilli speki, en allir búnir að gleyma orsökinni. Það var bara ein orsök fyrir því hvers vegna Ísland lá í krónískri verðbólgu sjálfu sér til hins mesta ósóma og hélt niðri kjörum á Íslandi og kom í veg fyrir að íslensk fyrirtæki gætu vaxið og dafnað. Hver var ástæðan? Það var ein ástæða fyrir þessu öllu saman. Hún var sú að Íslendingar, allir upp til hópa, gátu ekki hamið sig. Gátu ekki hamið langanir sínar og vilja til að hækka, betrumbæta, stækka og auka eitt sem annað og engin undantekning þar á. Það var ástæðan fyrir ógæfunni og engin önnur. Það er þannig, virðulegi forseti, að það hvarflar aðeins að mér, bæði á morgnana og kvöldin, að við séum svona við það að komast í sama stand, búin að gleyma öllu, á góðri leið með að koma okkur í sama farveginn aftur. Ég heyrði einu sinni sagt, virðulegi forseti, eftir frægum bankamanni og þekktum sem þekkti vel til Íslands að Íslendingar væru örugglega duglegasta þjóð í heimi að koma sér út úr vandræðum en þann skugga bæri víst á að trúlega væri hún jafndugleg að koma sér í vandræði aftur. Það hvarflar að mér að þetta tímabil sé að renna upp. Þannig tala menn hver ofan í annan og allir hafa rétt fyrir sér, það á auka, efla, stækka, hækka.

En menn mega ekki gleyma því aðalatriði að það er íslensk framleiðsla sem stendur undir þjóðfélaginu. Það er vegna framleiðslunnar og arðsins af framleiðslunni sem við getum byggt upp velferðarþjóðfélag. Við erum velferðarþjóðfélag af því við höfum vaxið hraðar og betur en aðrir. Þess vegna höfum við getað aukið framlögin til velferðar meira og hraðar á undanförnum árum en aðrar þjóðir. Og hvenær sem við gleymum því er hætt við að við lendum úti í skurði, lendum úti í móa eins og við gerðum forðum tíð. Við erum á mjög góðri leið, það gengur mjög vel. Það sem skiptir þó höfuðmáli í dag, virðulegi forseti, er að við höldum stillingu okkar. Förum ekki of hratt, pössum okkar á því að reyna að hemja þær kröfur sem við gerum til sjálfra okkar, til samfélagsins og alls umhverfisins, reynum að átta okkur á því að við erum, örfá, meðal þeirra þjóða sem hafa það best í heiminum. Það er enginn vandi að benda á að betrumbæta þurfi hitt og þetta, en aðferðin er bara ein og hún sú er að treysta og efla íslenska framleiðslu og sjá til þess að samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega sé með því besta sem gerist í heiminum. Þannig og aðeins þannig getum við bætt kjör þjóðarinnar. Á þeirri vegferð höfum við verið og á þeirri vegferð ætlum við að vera.

[14:00]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. varaformaður fjárlaganefndar hefur nú haldið sína árlegu hvatningarræðu til íslenskrar alþýðu. Það er vissulega tilefni til að svara mörgu af því sem hv. þingmaður kom að í ræðu sinni en í ljósi hins stutta tíma vil ég einungis nefna fátt. Auðvitað á eftir að verða niðursveifla, segir hv. þingmaður. Þá spyr ég: Er ekki hv. þingmaður þar með að viðurkenna þá kenningu okkar hv. þingmanna í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að sú skattalækkun sem ríkisstjórnin hefur stundað í bullandi góðæri verði til þess, þegar niðursveiflan verður, að ríkisstjórnin fái gott tækifæri til að skera niður útgjöld sín? Er það ekki það sem þeir stefna leynt og ljóst að, þeir menn sem eru svona framsýnir og sjá svona langt fram í tímann eins og hv. þingmaður?

Síðan vil ég mótmæla því hvernig hv. þingmaður talar um Stefán Ólafsson, segir hann vera vandaðan vísindamann en talar síðan um skýrsluna hans sem áróðursplagg og að hún sé lituð af skoðunum hans.

[14:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sannfærður um að sú skattalækkun sem ríkisstjórnin stendur fyrir er mjög af hinu góða. Ég er í engum vafa um að hún hefur örvað mjög þetta þjóðfélag. Vinstri menn verða að gera sér grein fyrir því að einmitt með því að lækka skattana er verið að örva vilja fólks til að vinna fyrir þetta þjóðfélag. Það hefur gerst á Íslandi. Það hefur gerst í mjög stórum stíl og þannig höfum við séð þetta þjóðfélag vaxa hraðar en nokkurt þjóðfélag í kringum okkur. (**KolH:** Skattleggja öryrkja.) Þannig erum við ekki á nokkurn hátt að eyðileggja ríkissjóð eins og þeir vilja meina. Ríkissjóður er mjög sterkur á Íslandi, mjög sterkur, og við höfum notað þetta tímabil til að lækka skuldirnar mjög mikið eins og við eigum að gera á slíkum tímum. Ég tók það líka fram, virðulegi forseti, að ef að kreppti væri ekkert að því að ríkið tæki stórlán ef á þyrfti að halda til að (Forseti hringir.) halda uppi þeirri velferð sem við viljum hafa.

[14:02]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Út í aðra sálma. Hv. þingmaður talaði hér um einkaframkvæmd og það væri enginn sem gæti skuldbundið ríkið nema Alþingi. Ég tek undir það með honum og ég er þakklát þegar ég heyri að hv. þingmaður, og það er ekki í fyrsta skipti, varar við því einkavæðingaræði sem gripið hefur um sig. Þar deilum við sjónarmiðum og ég tel líka að stórframkvæmdir á borð við Austurhöfnina og fleiri stórframkvæmdir þurfi að fara í gegnum Alþingi.

Nú erum við að lögleiða breytingu á lögum um fráveitumál sveitarfélaga. Þar eru einkaframkvæmdirnar farnar að vaða uppi. Ekki gerði hv. þingmaður tilraun til að hreyfa andmælum þegar það mál fór í gegn hér fyrir skemmstu. En ég vil spyrja: Úr því að ekki er hægt að skuldbinda Alþingi á þessum nótum nema með því að senda málin hér í gegn, hvernig líst hv. þingmanni þá á að menntamálaráðherra skuli vera að leggja niður stofnun sem hefur starfað hefur undir forræði ríkisins eða á fjármagni (Forseti hringir.) ríkisins í 50 ár, Listdansskóla Íslands, með því einu að breyta fjárlögum?

[14:04]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að það komi hér fram að í sjálfu sér hef ég ekkert á móti einkaframkvæmd. Hins vegar verður Alþingi, löggjafinn sem einn getur skuldbundið ríkið, alltaf að sjá til þess að þær skuldbindingar sem ríkið gengst undir komi til meðferðar þingsins til að tryggja að rétt sé á haldið, til að tryggja að menn viti hver skuldbindingin er, geri sér grein fyrir hvað hún kostar á hverjum tíma. Það er mjög nauðsynlegt og ég vænti þess, virðulegi forseti, að við fáum hér þverpólitíska samstöðu um að breyta fjárreiðulögunum til að koma í veg fyrir að slíkt framhjáhlaup, eins og ég kalla sumar einkaframkvæmdirnar sem hafa farið hér fram á undanförnum árum, endurtaki sig. Það er ekki einkaframkvæmdin sjálf heldur framhjáhlaupið gagnvart hinum löglega aðila, sem er löggjafinn, sem þarf að fylgja eftir. Því löggjafinn einn getur gengið úr skugga um að rétt sé með höndlað og rétt á haldið og tryggt þannig fjármuni ríkisins. Alþingi ber jú ábyrgð á fjárreiðum ríkisins.

[14:05]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur hér reglulega í ræðustól og talar um allt of hátt gengi íslensku krónunnar. Nú ber svo við að hv. þingmaður vill tala í evrum. Það er vegna þess að hann er að fara yfir þróun örorkulífeyris á Íslandi. Eina leiðin til að hann geti sýnt hana skaplega er að sýna samanburðinn í evrum. Ég held að það segi nóg um þær ógöngur sem hv. þingmaður er í í málflutningi sínum. Svo kallar hann reglulega hér í þinginu eins og hrópandinn í eyðimörkinni: Hverjir eiga ekki að hækka? Og heldur sig býsna snjallan. Spurningin snýst ekki um það, hv. þingmaður. Spurningin snýst um það: Hverjir eiga ekki að lækka? Því hv. þingmaður hefur lækkað skattana á sjálfum sér, mér og öðrum hátekjumönnum í landinu um 30 milljarða kr. Til að geta gert það hefur hann skert vaxtabætur ungu húsbyggjendanna, skert barnabætur barnafjölskyldnanna og lagt heil mánaðarlaun í skatta á (Forseti hringir.) lífeyrisþegana í landinu. Hverjir eiga ekki að lækka, hv. þingmaður? Það erum við, hv. þingmaður.

[14:06]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í skýrslu þeirri sem við ræddum um áðan eftir Stefán Ólafsson prófessor er í töflu 9.5 farið yfir hvernig ráðstöfunartekjur hafa vaxið á Íslandi. Það er farið yfir það nákvæmlega, þ.e. ráðstöfunartekjurnar, tekjur eftir skatta leiðréttar af verðbólgu. Hvernig hefur þetta gengið hjá einyrkjanum, öryrkjanum sem er einn? Jú, 40% raunhækkun á 10 árum, mætti vera meira, það er alveg hárrétt. 41,5% hjá hjónum, mætti vera meira, það er alveg hárrétt. En hefur samt hvergi í heiminum vaxið jafnmikið. Það er enginn að tala um að neitt hafi lækkað, það eru bara ósann-

indi. Það hafa allir tekið þátt í og allir notið þess mjög, því góðæri, þeim árangri, þeim mikla efnahagsárangri sem hefur fylgt í kjölfar þess að við afnámum hér gömul, úrelt, sósíalísk (Forseti hringir.) viðhorf og tókum upp ný og frjálsleg vinnubrögð í viðskiptum.

[14:08]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Allir vita, þar með talinn hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, að á undanförnum 10 árum hefur tekjuskiptingin í landinu orðið mun ójafnari en áður var. Ekki síst ræður skattapólitík hv. þingmanns þar miklu um, því að við hátekjumennirnir borgum nú mánaðarlaunum minna meðan lífeyrisþegarnir eru látnir borga mánaðarlaunum meira og barnabætur og vaxtabætur eru skertar. Í því frumvarpi sem við fjöllum hér um er verið að lækka skattana á hv. þingmann sem hér stendur og hv. ræðumann. Það er ekki það verkefni sem á að ráðast í hér. En hv. þingmaður sagði að Stefán Ólafsson prófessor væri áróðursmaður vegna þess að hann tryði á að hér ætti að vera norrænt velferðarkerfi. Sú yfirlýsing hv. þingmanns hlýtur að kalla á að við spyrjum hv. þm. Einar Odd Kristjánsson hvort hann sé ekki þeirrar skoðunar að hér í landinu eigi að vera velferðarkerfi að norrænni fyrirmynd (Forseti hringir.) og að hér eigum við að búa við jöfnuð og velferð eins og í nágrannalöndum okkar.

[14:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill nú svo til að ég mér hefur gefist kostur á oftar en einu sinni að ræða við þann ágæta prófessor, Stefán Ólafsson. Ég ber mikla virðingu fyrir honum. Segi þó satt og rétt frá þessari skýrslu vegna þess að það kemur fram í textanum hvað eftir annað, hann er ekkert að leyna sínum skoðunum. Ég hef haldið því fram, virðulegi forseti, að ég kunni ekki þær aðferðir og þekki ekki það þjóðfélag þar sem hægt er að hafa bótakerfi sem er hærra og meira og betra en það sem framleiðsluatvinnuvegirnir geta greitt sínu verkafólki. Ég skil það ekki hvar við ætlum að lenda þá. Ég hef verið á móti því og tala um það alveg hreinskilnislega, ég hef verið á móti því. Ég tel að við eigum að búa að verkafólki landsins eins vel og við getum, gera allt til þess að íslensk framleiðsla standi sem föstustum fótum og í sem bestu umhverfi til að kjör fólksins geti batnað. Ég hef talið að það væri eina leiðin til þess að lyfta þeim upp sem þurfa á bótum að halda að bæta kjör verkamanna.

[14:10]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. varaformaður fjárlaganefndar er kjarkaður maður að standa hér og verja þessa grófu aðför stjórnarflokkanna að kjörum lífeyrisþega á undanförnum 10 árum. Sú bók sem hv. þingmaður vitnar hér í er svartasti bletturinn sem við höfum séð í tíð þessarar ríkisstjórnar og er þó af nógu að taka. Veit hv. þingmaður ekki og sá hann það ekki í skýrslunni að við verjum t.d. minnst allra Norðurlandabúa til útgjalda öryrkja og lífeyrisþega? Veit hv. þingmaður að við erum í þessari skýrslu sett á bekk með þeim þjóðum sem búa verst að öryrkjum? Hvernig sem á málið er litið. Hvaða mælikvarðar sem eru notaðir. Hvort sem það er kaupmáttur, skattbyrði eða annað. Og kaupmáttur lífeyrisþega hefur vaxið miklu minna en annarra þjóðfélagshópa. Skattbyrði öryrkja hefur aukist miklu meira en hjá öðrum þjóðfélagshópum. (Forseti hringir.)

[14:11]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er einfaldlega rangt. Þetta bara stendur ekkert í þessari skýrslu. Það segir enga sögu, virðulegi forseti, þó að borin sé saman verg landsframleiðsla í hlutfalli af vergri landsframleiðslu. Hún er mjög mismunandi. Við eigum eftir 50 þúsund dollara á mann meðan aðrar þjóðir eiga kannski 10, 15 og 20 þúsund dollara. Það segir heldur enga sögu öðruvísi en að við hliðrum tölunum miðað við það hvernig samsetningin er í þjóðfélaginu. Við erum yngsta samfélagið. Hér geta menn komið eins og í morgun og í gær og í fyrradag, hliðrað til öllum tölum og sagt: Það verður að hliðra þessu til svo að við fáum rétta mynd af framlögum til menntamála. Af því að við erum yngsta samfélagið. En svo þegar við komum að heilbrigðismálunum og þessu, nei þá á ekki að hliðra tölunum til. Það gildir nákvæmlega það sama. Á hvaða mælikvarða sem er í erlendri mynt — sem er ekki sett hér inn — mundi koma í ljós að Ísland er með alfremstu ríkjum í þessu máli, ekki öfugt. (Forseti hringir.)

[14:12]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Í þessari skýrslu stendur að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann í landinu hafi hækkað á þessum síðustu 10 árum um 50%. Þar stendur líka að kaupmáttur einstæðra foreldra í hópi öryrkja hafi aðeins hækkað um 30%. Það stendur líka hér að skattbyrði einhleypra öryrkja hafi aukist að jafnaði um 131% á þessum tíma. Og öryrkjar og þeir sem voru með lægstar tekjurnar borguðu nánast engan skatt á árinu 1995. Það stendur líka í þessari skýrslu að hámarksörorkulífeyrir frá almannatryggingum varð hæstur sem hlutfall af meðaltekjum allra framteljenda í landinu árið 1993. Eða um 52% en lækkaði niður í 41% árið 2001. Það er staðreynd að skattleysismörkin hafa verið svo mikið skert að tugir milljarða hafa verið fluttir af þeim sem minnst hafa milli handanna til að lækka skattbyrði þeirra sem mest hafa. Þetta eru staðreyndir sem hv. þingmaður eða stjórnarflokkarnir og þingmenn þeirra geta ekki hlaupið frá. Þetta eru staðreyndir málsins. Allt annað sem hv. þingmaður heldur hér fram eru öfugmæli. (Forseti hringir.)

[14:14]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á bls. 91 í þessari skýrslu, í töflu 9.5, er farið yfir ráðstöfunartekjurnar. Hvað eru ráðstöfunartekjur? Það er tekjur eftir skatta leiðréttar af verðbólgu. Hvað stendur þar? Jú, aukningin hjá einhleypum einstaklingi sem er öryrki er 39,0%. (**HHj:** En hjá alþingismönnum?) Þar stendur það. Þannig að ég er að fara með rétt mál hér. Ég sagði áðan að það hefði aldrei staðið til að bætur fylgdu

launaskriði. Það stendur í lögunum að bætur skuli fylgja almennri þróun launa nema þegar neysluvísitalan er hærri til að tryggja að launþegar fái aldrei þá niðursveiflu og þá kjararýrnun sem þeir fengu á árunum 1988 til 1992. Þá rýrnuðu kjör öryrkja um 16% og rifji svo hver upp hver var félagsmálaráðherra þá.

(**Forseti** (SP): Forseti minnir hv. þingmenn á að halda tímamörk, þau eru stutt í þessari umræðu.)

[14:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að bætur almannatrygginga skulu fylgja almennri launaþróun nema í þeim tilvikum sem neysluvísitalan hækkar meira. Þannig er það samkvæmt núverandi löggjöf. Sú löggjöf hefur hins vegar verið brotin og ég hef sýnt fram á það margoft í blaðagreinum og hér á Alþingi að sú löggjöf hefur verið brotin. Það munar ekki mjög miklu en það munar, sú löggjöf hefur verið brotin.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hvatti til þess að við héldum stillingu okkar. Ég held að það sé ágæt ábending hjá hv. þingmanni. En sjálfur var hann ekkert sérstaklega stilltur í sínum ræðum hér áðan. Hans ræður gengu fyrst og fremst út á að réttlæta lág, bágborin kjör öryrkja og þeirra sem eru á bótum almannatryggingakerfisins. Hann sagði: Eina leiðin til að rétta hlut þessa fólks er að skapa aukin verðmæti í þjóðfélaginu.

Auðvitað skiptir það máli en það er til önnur leið og hún er til umræðu núna við gerð fjárlaga. Við erum að ræða á hvern hátt löggjöf sem við samþykkjum hér hefur áhrif (Forseti hringir.) á kjör þessa fólks.

[14:16]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er mjög þakklátur fyrir það þegar sá ágæti hv. þm. Ögmundur Jónasson minnir mig á að vera stilltur í ræðustól. Ég held að það sé mjög gott að fá slíkar ábendingar frá þeim manni. Við reynum þá að hjálpa hvor öðrum og styrkja hvor annan framvegis í ræðuhöldum.

Hann fór rétt með það hvernig lögin eru. Hann sagði að þau hefðu verið brotin, að vísu lítillega. Mér kemur það á óvart en það er þá sjálfsagt að athuga það. Ég held að það hafi alltaf verið farið yfir þetta mjög gaumgæfilega og þetta leiðrétt í hvert skipti. Ég hef aldrei séð rök fyrir því að það hafi ekki verið gert.

Ég ítreka það hér að það var og er meining allra að tryggja að tímabilið 1988–1991 komi aldrei aftur, tímabilið þegar kjör öryrkja rýrnuðu mjög mikið, rýrnuðu meira en kaupmáttur almennra launa.

[14:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal koma greinargerðum til hv. þingmanns núna á eftir þar sem ég sýni fram á að lögin hafa verið brotin. Það er alvarlegt en ekki síður er hitt alvarlegt hve mjög hefur dregið í sundur með öryrkjum og þeim sem eru á bótum almannatrygginga annars vegar og lágtekjufólki í landinu því að sú var tíðin við fyrri löggjöf að bætur almannatrygginga fylgdu tilteknum kauptöxtum hjá verkafólki. Ef litið er á þá þróun kemur í ljós að hvað varðar grunnlífeyri og tekjutryggingu, ef hún er skoðuð með hliðsjón af þessum kauptöxtum, vantar 23,5% upp á að þetta hafi fylgst að eða um 17 þúsund kr. Kröfur Landssambands eldri borgara ganga út á það að dregið verði úr þessum mun og settar hafa verið fram tillögur um að það verði gert í gegnum skattkerfið. (Forseti hringir.) Þetta eru tillögur sem ég styð, en, hæstv. forseti, ég nefni þetta sem dæmi um áhrif sem við getum haft (Forseti hringir.) á kjör þessara hópa.

[14:19]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við komum alltaf aftur og aftur að þessu. Það var árið 1995 að gerð var sérstök sátt hjá Alþýðusambandi Íslands og undir forustu þess um að taka lægstu launin sérstaklega út úr og allir gengu undir þau jarðarmen að krefjast ekki sömu hækkunar. Það var eina leiðin til að gera þetta og það voru allir sem lofuðu því. Þetta var gert aftur árið 1997, þá voru laun hinna lægst launuðu hækkuð alveg sérstaklega.

Þessir lægstu taxtar hjá Alþýðusambandinu eru taxtar sem eru sáralítið notaðir. Það eru þó okkar minnstu bræður sem eru að reyna að hjálpa til sem eru á þessum töxtum. Það var þjóðarsátt um að gera þetta, það var sómi að því að Alþýðusambandinu tókst að gera þetta. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Þetta er alveg rétt hjá mér og þetta er satt, og þetta samkomulag byggðist á því. Þáverandi forseti Alþýðusambands Íslands stóð fyrir þessu, vinnuveitendur samþykktu þetta, ríkið samþykkti þetta, allir gengu undir þessi jarðarmen og það var mikill sómi að því að loksins tókst að leiðrétta þau lágu laun sem þetta fólk hafði.

[14:20]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Við 3. umr. um fjárlög næsta árs langar mig að fjalla um vinnubrögðin við gerð fjárlaga og fjáraukalaga. Því miður er það orðið hvimleitt mynstur hjá hæstv. ríkisstjórn að bregða upp glansmynd af ríkisrekstrinum og nota fjáraukalögin til þess ár hvert. Á meðan fjáraukalögin eru notuð til þess að lagfæra hina raunverulegu stöðu í ríkisrekstrinum og breyta þar með fjárlögum hvers árs verða fjárlög og fjáraukalög ekki sá rammi um ríkisreksturinn sem þau væru ef farið væri að fjárreiðulögum í einu og öllu.

Virðulegi forseti. Ríkisendurskoðun gaf út skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings ársins 2004. Þar er slök framkvæmd fjárlaga einmitt gerð að umtalsefni. Þar kemur sú skoðun stofnunarinnar fram að það verði að teljast mjög óheppilegt að stór hluti útgjaldaáætlunar sé ekki ræddur í tengslum við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Þá vil ég líka nefna, virðulegi forseti, að bæði í fjáraukalögum, sem við eða öllu heldur ríkisstjórnin samþykkti hér í síðustu viku, og í þessum fjárlögum er merkilegt að sjá hvernig tekið er á vanda einstakra fjárlagaliða og á vanda einstakra stofnana. Ekki er hægt að sjá að nein regla sé í því hvernig tekið er á einstaka vanda, einungis er um tilviljunarkennt úrtak að ræða hverju sinni. Þetta, virðulegi forseti, er vont. Það er vont fyrir þær stofnanir sem í hlut eiga auk

þess, eins og fram kemur í nefndaráliti okkar í 1. minni hluta í fjárlaganefnd, hv. þm. Helga Hjörvars og þeirrar sem hér stendur, sem margar stofnanir eru með það mikinn rekstrarhalla að vonlaust er að ætla þeim að leiðrétta með hagræðingu í rekstri án þess að skerða þjónustu verulega. Virðulegi forseti, fjölmargar menntastofnanir eru í þessari stöðu og varað er við því í ítarlegum skýrslum sem ég mun fara betur yfir í ræðu minni hér á eftir.

Virðulegi forseti. Í nefndaráliti okkar kemur einnig fram að samkvæmt fjárreiðulögunum beri að taka á vanda stofnana í fjárlögum næsta árs en framkvæmdarvaldið kýs að halda þessum blekkingarleik fjárlaganna áfram og óhjákvæmilega læðist að manni sá grunur að ætlunin sé að ná í viðbótarheimildir í næstu fjáraukalögum eða lokafjárlögum. Þetta horfum við upp á ár hvert. Þannig gefa fjárlögin ekki raunsanna mynd af því sem á eftir að gerast í ríkisrekstrinum á næsta ári. Það, virðulegi forseti, er vont. Ríkisendurskoðun hefur gagnrýnt að hér sé ekki farið fyllilega að fjárreiðulögum. Þessu tel ég að verði að breyta til þess að þær stofnanir sem í hlut eiga geti starfað eðlilega árið um kring án þess að þurfa ýmist að skerða þjónustu sína eða vona að þær fái eitthvað í fjáraukalögum. Hæstv. forseti, þetta gengur ekki til lengdar.

Virðulegi forseti. Það er fjölmargt í þessu fjárlagafrumvarpi sem er vert að koma inn á og er mjög gagnrýnisvert. Ég var að vonast til þess, virðulegi forseti, að eiga samtal við hæstv. menntamálaráðherra. Ég var að vonast til að hún yrði hér í salnum við 3. umr. Hún var ekki viðstödd 2. umr. og ég hefði viljað fá svör við fjölmörgum spurningum um menntamál. Mér þætti vænt um að kallað yrði á hana.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti gerir hæstv. menntamálaráðherra viðvart um að nærveru hennar sé óskað í salnum.)

Takk kærlega fyrir það.

Virðulegi forseti. Áður en ég fer í menntamálin langar mig að ræða örlítið um vaxtabætur. Það kom fram í 1. umr. og í 2. umr. um fjárlögin og það kemur fram í fjárlagafrumvarpinu að það eigi að skerða vaxtabætur á næsta ári. Virðulegi forseti. Sá grunur læðist að manni að þetta séu fyrstu skrefin í því að leggja vaxtabótakerfið niður. Við vitum að í umræðunni hefur vaxtabótakerfið átt verulega undir högg að sækja. Margir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ekki dulið þá skoðun sína að þeir telji að leggja beri þetta kerfi niður, meira að segja hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni hafa fjallað um þann möguleika. Í 2. umr. um fjárlög kom sú skoðun fram hjá hv. þingmanni sem hér sat í fjarveru hæstv. menntamálaráðherra. Vaxtabæturnar voru skertar í fyrra og það á enn að skerða þær, það á enn að gefa í. Ekki er að undra að maður hugleiði hvort hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar Framsóknarflokksins hafi horft á þann vagn sem þeir draga með félögum sínum í Sjálfstæðisflokknum. Sá grunur hlýtur að læðast að manni að þetta sé fyrsta skrefið í því að leggja vaxtabótakerfið niður, í það minnsta að draga úr virkni þess og áhrifum fyrir unga fólkið í landinu sem er að koma sér þaki yfir höfuðið — draga úr þeim mikilvæga tilgangi sem það hefur. Ég vonast til að það komi skýrar fram af hálfu hv. þingmanna Framsóknarflokksins í dag á hvaða ferðalagi þeir eru með vaxtabæturnar. Því hefur ekki verið svarað í þessari umræðu. Framsóknarmenn hafa farið undan í flæmingi um það sem stendur skýrum stöfum í því fjárlagafrumvarpi sem þeir eru aðilar að — þeir eiga líka forsætisráðherrann í ríkisstjórninni sem leggur frumvarpið fram. Ég hef nú lesið þetta upp hér áður en ég held að það sé þörf á því að gera það einu sinni enn og menn svari hér á hvaða ferðalagi þeir eru með vaxtabæturnar.

Í fjárlagafrumvarpinu stendur, virðulegi forseti, skýrum stöfum, með leyfi forseta:

„Við breytingar á vaxtabótum á síðasta ári var miðað við að vaxtabætur við álagningu ársins 2005 yrðu 95% af því sem gildandi reglur skv. b lið 68 gr. l. nr. 90/2003 kveða á um. Ákveðið hefur verið að framlengja þá ráðstöfun í samræmi við áform um aðhald með útgjöldum ríkissjóðs. Við álagningu næsta árs verður einnig sú breyting að hámark vaxtagjalda til útreiknings á bótum miðast við 5,0% af heildarskuldum til öflunar húsnæðis í stað 5,5% áður."

Virðulegi forseti. Þetta verður ekki skýrara og ég óska eftir svörum við því á hvaða vegferð menn eru vegna þess, og ástæðan fyrir því að að ég vil að hv. þingmenn Framsóknarflokksins, sem ekki eru staddir hér í salnum, svari því þar sem þeir komu fyrir síðustu kosningar og lofuðu ungu fólki í þessu landi því að aðstoða það við að koma sér upp þaki yfir höfuðið og beinlínis hvöttu til þess að ungt fólk réðist í fjárfestingar í húsnæði. Með þessari aðgerð, virðulegi forseti, eru þeir að koma aftan að þessu unga fólki því við vitum að vaxtabæturnar eru verulegt liðsinni við þá sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Því skýtur það mjög skökku við á tímum þegar húsnæðisverð hefur farið upp úr öllu valdi og sífellt erfiðara verður að koma sér upp þaki yfir höfuðið fyrir þá sem eru að koma inn í kerfið í fyrsta sinn að vaxtabótakerfið sé veikt, enn veikt frá því sem áður var.

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því að hæstv. menntamálaráðherra væri viðstödd þessa umræðu þar sem ég hefði gjarnan viljað eiga við hana orðastað um fjölmarga þætti menntamálanna.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti, sem hér sat í stól áður, gerði ráðstafanir til að fá hæstv. menntamálaráðherra hingað og það verður enn ítrekað að athuga hvort hún komi ekki og verði viðstödd og hlýði á mál hv. þingmanns.)

Virðulegi forseti. Ég þakka þær upplýsingar og vona að svo verði. En ástæðan fyrir því að ég hefði viljað að hæstv. menntamálaráðherra væri hér viðstödd er sú að það er töluverð ólga í skólasamfélaginu og sama á hvaða skólastigi það er, þó ekki síst í framhaldsskólum og á háskólastiginu. Fjölmargar skýrslur hafa komið fram á undanförnum mánuðum sem sýna að sú mynd sem hæstv. menntamálaráðherra kýs að draga hér upp, að hér sé allt í himnalagi og hér sé verið að auka verulega í, er ekki rétt. Þetta er stór og mikilvægur málaflokkur hvað varðar framtíð þjóðarinnar og því tel ég að ekki sé seinna vænna að við fáum tækifæri til að ræða þetta við hæstv. menntamálaráðherra við 3. umr. fjárlaga sem er stefnumarkandi fyrir skólana í landinu á næsta ári. Ég hefði því kosið að eiga við hana samræðu um þessi mál.

Virðulegi forseti. Eins og ég kom inn á hriktir í stoðum háskólastigsins og framhaldsskólastigsins hér á landi. Það er svo að Ísland kemur vel út í samanburði við OECD-ríkin varðandi menntun t.d. á grunnskólastiginu vegna þess að

þar hafa sveitarfélögin gefið töluvert í hvað varðar útgjöld til þessa skólastigs, en þegar kemur að útgjöldum til framhaldsskólastigsins erum við rétt undir meðallagi meðal OECD-ríkjanna eða í 14. sæti. Þegar kemur að háskólastiginu erum við vel undir meðallagi og erum þar í 17. sæti. Ég tel, virðulegi forseti, að við hljótum að vera töluvert uggandi yfir þessu vegna þess að við vitum að hér er menntunarstig líka töluvert lægra en í samanburðarríkjum.

Í andsvari við hv. þm. Helga Hjörvar talaði hæstv. menntamálaráðherra mikið um það að hér töluðu staðreyndir sínu máli. Því vil ég líka ræða hér nokkrar staðreyndir í menntamálum. Í gær sendi Félag framhaldsskólakennara frá sér mjög merkilega ályktun um stöðu framhaldsskólanna, um fjárveitingar til framhaldsskólanna og fjárhagsstöðu þeirra. Ég vil gjarnan fá að fara aðeins yfir nokkra mikilvæga þætti í henni. Þar gagnrýnir stjórn Félags framhaldsskólakennara stjórnvöld mjög harðlega fyrir að vanáætla gróflega, eins og sagt er í ályktuninni, og árvisst fjárveitingar til framhaldsskóla miðað við nemendafjölda og heildarfjárþörf. Þar er sagt að stjórnvöld hafi brugðist við þessari árlegu vanáætlun á nemendafjölda og heildarfjárþörf framhaldsskóla með því að sækja viðbótarframlög í fjáraukalög sem hrökkvi þó hvergi nærri til. Þarna komum við enn að því sem ég ræddi áðan, hvernig fjáraukalögin eru notuð til að ...

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti hefur þær spurnir af hæstv. menntamálaráðherra að hún verði hér í húsi í síðasta lagi korter yfir þrjú. Forseti getur boðið þingmanni upp á að ljúka ræðu sinni þegar henni hentar nú. Við þurfum að taka a.m.k. eitt andsvar sem þegar hefur verið óskað eftir, en þingmaðurinn yrði þá sett á mælendaskrá aftur í síðari ræðu sinni strax þegar menntamálaráðherra kemur í hús. Svo nú er valið hv. þingmanns.)

Virðulegi forseti. Ég ætla að þiggja það þar sem ég hef ekki áhuga á að standa hér enn eina ferðina og tala út í vindinn um menntamál og fá ekki svör. Ég þigg það og flyt þá seinni hluta ræðu minnar á eftir þegar menntamálaráðherra er komin í hús.

[14:36]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hefur gert vaxtabætur að umtalsefni í ræðum sínum við umræður um fjárlög, bæði við 2. umr. og nú við 3. umr. Hún hefur farið mikinn og telur að ríkisstjórnin ætli sér að skerða framlög til vaxtabóta og hefur rukkað Framsóknarflokkinn mikið um svör í þeim efnum. Svarið er það að ekki stendur til að skerða framlög til vaxtabótakerfisins, það er á hreinu. Þvert á móti munu framlög á milli áranna 2005 og 2006 aukast rétt eins og flestallir aðrir málaflokkar er snerta fjölskyldu- og velferðarmál í því fjárlagafrumvarpi sem við ræðum hér. Við framsóknarmenn höfum lagt ríka áherslu á að standa vörð um vaxtabótakerfið, standa vörð um þann stuðning sem það er við fólk sem á húsnæði og er að greiða af lánum vegna húsnæðis hér á landi, standa vörð um þá samhjálp sem vaxtabótakerfið er. Það er ekki þar með sagt að ekki komi til greina að breyta einhverjum hlutum vaxtabótakerfisins þannig að það hvetji ekki til þeirrar skuldsetningar sem kannski núverandi kerfi gerir. En það er alveg á hreinu að við munum standa vörð um þá fjármuni, þá rúmu 5 milljarða, sem áætlaðir eru til vaxtabótakerfisins í landinu og það verður ekki skerðing á vaxtabótum á milli áranna 2005 og 2006 heldur aukning.

[14:38]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er vissulega hækkun vegna vaxtabóta, 200 millj. kr., á næsta ári en hún, virðulegi forseti, kemur til vegna verðlagshækkana á viðmiðunarfjárhæðir fyrir útreikning bótanna eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu. Ég legg til að hv. þingmaður lesi síðu 391, lið 821, um vaxtabætur, þar sem þetta kemur skýrt fram. Það er skerðing til einstaklinga í vaxtabótum. Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir skerðingu til einstaklinga en það eru mögulega fleiri sem fá vaxtabætur. En það er klár skerðing hér. Hvernig fær hv. þingmaður það út að ekki sé verið að skerða vaxtabætur til einstaklinga? Það var gert í fyrra. Ætlar hv. þingmaður að mótmæla því? Þú getur séð það í reiknivél á vefsíðu ríkisskattstjóra ef þú reiknar út hvaða vaxtabætur þú hefur fengið á síðasta ári.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil biðja hv. þingmann að ávarpa þingmanninn með réttum hætti.)

Virðulegi forseti. Ég biðst velvirðingar á þessu en mér er heitt í hamsi. En hv. þingmaður getur farið, eins og ég sagði, inn á vefsíðu ríkisskattstjóra og fengið þessa útreikninga og það kemur auðvitað í ljós að vaxtabæturnar voru skertar á síðasta ári. Hér stendur, og ég las það upp áðan, að hjá einstaklingum, miðað við þá útreikninga sem notaðir hafa verið hingað til, á að fara að skerða enn frekar á næsta ári vegna þess að breyta á hámarki vaxtagjalda til útreikninga á bótum í 5% af heildarskuldum í staðinn fyrir 5,5%. Og hvernig hv. þingmaður fær það út að hér sé verið að gefa í til einstaklinga skil ég ekki. Ég óska eftir að hann útskýri það enn frekar. En ég fagna hins vegar yfirlýsingu hans um að Framsóknarflokkurinn sé ekki búinn að hoppa á vagninn með Sjálfstæðisflokknum með að leggja vaxtabótakerfið niður. Ég vonast til að hv. þingmaður sýni það í verki og leggi til að þessi áform um skerðingu verði dregin til baka.

[14:40]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er miður að heyra þann tón sem felst í málflutningi hv. þingmanns. Ég hefði haldið að hv. þingmaður ætti að gleðjast yfir að við værum að auka framlög til vaxtabóta hér á landi. Hv. þingmaður hefur talað mjög mikið um að ríkisstjórnin væri að skerða framlög til vaxtabóta. Það er rangt. Ég leiðrétti það í fyrra andsvari mínu. En hv. þingmaður kemur hér upp og tuðar yfir því að fallið skuli hafa verið frá þeim áformum að skera niður vaxtabæturnar. Það þarf sérstakt frumvarp til að skerða vaxtabæturnar og því hefur verið lýst yfir að það verði ekki flutt en hv. þingmaður kemur hér upp og tuðar eiginlega yfir því að ríkisstjórnin skuli hafa fallið frá þessum áformum sínum. Ég segi það enn og aftur að það stendur ekki til að skerða vaxtabæturnar. Ég vona að hv. þingmaður skilji orð mín þannig að þá muni framlög til vaxtabóta hækka en ekki lækka. Það stendur alveg skýrt. Það er stefna ríkisstjórnar-

innar í þessum efnum. Framsóknarflokkurinn hefur ekki fallið frá því að styðja við bakið á húseigendum í landinu í því formi að styðja þá gagnvart afborgunum af háum lánum með háum vöxtum, sem við þurfum náttúrulega að líta til og þurfum að lækka. Við hv. þingmaður erum sammála um það. Vextir hafa verið að lækka, sem betur fer. Vegna þeirrar stefnubreytingar sem ríkisstjórnin áformaði með útgáfu íbúðabréfa lækkaði vaxtastigið um heilt prósent, úr 5,1 niður í 4,15, sem skilaði heimilunum í landinu mörgum milljörðum króna í lægri afborganir af lánum sínum. Við höfum verið að stíga jákvæð skref og það er ekki verið að skera vaxtabótakerfið niður eins og hv. þingmaður vill halda fram. En ég vona að hv. þingmaður hafi hlustað á svör mín hér og þau hafi verið nokkuð afdráttarlaus.

[14:42]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef þetta hefur verið yfirlýsing um að þær lagabreytingar sem gera þarf til að skerðingarnar sem boðaðar eru í fjárlagafrumvarpinu komi ekki til framkvæmda, þ.e. ef verið er að lýsa því hér yfir að þetta verði ekki gert, þá hlýt ég að fagna því, ég hlýt að gera það. En því fjármagni sem í það þarf það fara sér hvergi stað í fjárlagafrumvarpinu. Það er hvergi í þessu fjárlagafrumvarpi. Það hlýtur að þurfa að koma fram með meira afgerandi hætti af hálfu ríkisstjórnarinnar að þetta verði ekki gert vegna þess að fjárlagafrumvarpið sem hér er verið að ræða og á að fara að samþykkja segir ósköp einfaldlega að þetta eigi að gera. Við höfum enga tryggingu fyrir því aðra en þessi orð hér. Ég veit ekki hversu marktæk þau eru þar sem maður hefur ekki heyrt þau frá öðrum. En ef þetta er rétt fagna ég því og mun auðvitað fylgjast með að svo verði.

Virðulegi forseti. Ég tel að vaxtabótakerfið sé einmitt núna gríðarlega mikilvægt fyrir það unga fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Við vitum að heildarskuldir ungs fólks eru að langstærstum hluta tilkomnar vegna húsnæðiskaupa en gefið var í skyn hér við 2. umr. að vaxtabótakerfið hvetti til skuldsetningar ungs fólks. Ég tel það alls ekki rétt. Mér heyrist hv. þingmaður vera sammála mér um það að þetta séu lán sem fólk tekur einfaldlega til að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta sé rétt en það er auðvitað erfitt að trúa því þegar þá fjármuni er ekki að finna í fjárlagafrumvarpinu sem þarf til að vaxtabótakerfið standi óbreytt.

[14:44]

Útbýting:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 236. mál, nál. félmn., þskj. 494.

[14:44]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Við erum í 3. umr. um fjárlög fyrir árið 2006 og ég verð nú segja vegna orðaskipta okkar hv. þingmanns Katrínar Júlíusdóttur að það var hálfleiðinlegt að heyra hvernig hv. þingmaður endaði orð sín, að hún vissi ekki hvers virði orð þess sem hér stendur væru. Ég meina það sem ég segi en hv. þingmaður hefur kosið að trúa því ekki að ríkisstjórnin sé í raun að auka framlög til vaxtabótanna vegna þess að uppistaðan í ræðu hv. þingmanns við 2. umr. var að verið væri að skerða vaxtabæturnar samkvæmt frumvarpinu eins og það leit út þá. Nú hefur komið í ljós að ríkisstjórnin ætlar ekki að fara í skerðingu á vaxtabótunum og hv. þingmaður hefur orðið fyrir gríðarlega miklum vonbrigðum vegna þess að þá hefur sá málflutningur sem hv. þingmaður viðhafði við 2. umr. fallið um sjálft sig. Þetta er staðreynd mála, við stöndum vel að vaxtabótakerfinu í landinu eins og mörgu öðru.

Hæstv. forseti. Þau fjárlög sem við erum að ræða hér endurspegla gríðarlega sterka stöðu ríkissjóðs. Endurspegla að ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi hefur allt frá árinu 1995 haldið fast utan um fjárlög íslenska ríkisins. Skuldir hafa stórlækkað en aftur á móti hefur ekki skort á útgjaldatillögur frá hv. stjórnarandstöðu þar sem hún kemur hér og ber upp útgjaldatillögur ár eftir ár, vinsældatillögur í því skyni að slá ryki í augu almennings.

Ríkisstjórnin hefur þurft að taka erfiðar ákvarðanir í þeim efnum að halda fast utan um ríkissjóð og það hefur tekist. Til að mynda greiðir ríkissjóður 18 milljörðum minna árið 2006 í vaxtagjöld en árið 1998. Það eru gríðarlega miklir fjármunir. Það má gera eitthvað fyrir þá milljarða. Þetta eru fjármunir framtíðarinnar. Hægt er að verja þeim í að standa undir velferðarkerfinu og annað slíkt. En til að ná slíkum árangri hefur þurft að halda fast utan um ríkissjóð og það hefur verið gert. Velmegun er hér mikil. Kaupmáttaraukning almennings hefur verið 50–60% frá árinu 1995. Vanskil heimilanna hér á landi hafa aldrei verið minni. Vanskil fyrirtækjanna hafa aldrei verið minni. Okkur gengur í meginatriðum mjög vel. Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu hafa ekki verið minni í áratugi. Hér er því vel á málum haldið.

Hæstv. fjármálaráðherra má vera mjög stoltur af því frumvarpi sem hann hefur lagt fram. Tekjuafgangur ríkissjóðs verður 20 milljarðar á árinu 2006, sem er 2% af landsframleiðslu. Aðrar Evrópuþjóðir geta vart státað af slíkum tekjuafgangi. Lánsfjárafgangur á því ári sem nú er að líða verður 105 milljarðar. Við erum því að verja ríkissjóð framtíðarinnar. Við höfum sett gríðarlegt fjármagn í lífeyrissjóðakerfi landsins, lækkað skuldir ríkissjóðs og allt er þetta ávísun fyrir framtíðina, á áframhaldandi velmegun hér á landi. Það er í rauninni furðulegt að hlusta á hv. stjórnarandstöðu, hvernig hún snýr staðreyndum á hvolf. Verið er að auka fjármuni til velferðarmála, til félagsmála, til menntamála en hv. stjórnarandstaða, og þá kannski sérstaklega Vinstri grænir koma hér upp og tala um niðurskurð.

Það virðist vera þannig hjá hv. þingmönnum Vinstri grænna að ef ríkisstofnanir fá ekki hreinlega allt það sem þær biðja um sé um niðurskurð að ræða. En hvenær hefur það verið í lífinu, hæstv. forseti, að menn fái allt það sem þeir biðja um? Það hefur aldrei verið þannig og það verður aldrei þannig. En þetta virðist vera öðruvísi í hugarheimi Vinstri grænna sem virðast lifa í einhverjum draumheimi sem stenst ekki raunveruleikann. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Af því að hér hlakkar í hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur undir þessari ræðu vil ég undirstrika af hverju núverandi ríkisstjórn hefur náð þeim árangri sem

raun ber vitni. Jú, það er öflug atvinnustefna sem ríkisstjórnin hefur fylgt. Hver var staðan árið 1995? Hér var bullandi atvinnuleysi. Atvinnuleysi er núna í sögulegu lágmarki og gerist það af sjálfu sér. Stjórnarandstaðan hefur verið á móti þeirri atvinnustefnu sem núverandi ríkisstjórn hefur rekið. Hæstv. fjármálaráðherra kannast vel við það sem fyrrverandi sjávarútvegsráðherra að stjórnarandstaðan hefur barist með oddi og egg gegn því fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum rekið. Aðrar þjóðir sjá nú reyndar ljósið, segja að við búum við fyrirmyndarfiskveiðistjórnarkerfi og aðrar þjóðir hafa viljað fara þá leið sem við Íslendingar höfum valið. Uppbygging stóriðju. Nú er það orðið allt í einu eitthvert skammaryrði í eyrum hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar að tala um stóriðju og uppbyggingu stóriðju. Auðvitað er margt annað sem við viljum byggja upp en stóriðju. En hún er nauðsynlegur hluti af þeirri atvinnustefnu sem núverandi ríkisstjórn hefur rekið.

Þessir þættir ásamt markaðsvæðingu bankanna hafa haldið uppi þeim mikla hagvexti sem hefur einkennt íslenskt þjóðfélag á undanförnum árum. Og hvað gerir svo þessi blessaði hagvöxtur? Hann knýr á kaupmáttarauknингu, eykur velferð íslenskra heimila og eykur velferð ríkissjóðs. Eins og ég fór yfir áðan hafa skuldir ríkissjóðs stórlækkað á tímabilinu og hagur allra hefur batnað.

En stjórnarandstaðan má eiga það að hún er mjög samhent gegn þeirri atvinnustefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið en án þeirrar atvinnustefnu og án þeirrar uppbyggingar sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á sviði atvinnumála værum við ekki í þeirri stöðu sem við erum í í dag. Það væri meira atvinnuleysi ef ríkisstjórnin hefði ekki bætt stöðu atvinnuveganna, bætt samkeppnisumhverfi íslenskra fyrirtækja, sem m.a. hluti stjórnarandstöðunnar var á móti.

Það er alveg ljóst að ef annar meiri hluti væri á Íslandi í dag, ef annar meiri hluti hefði stjórnað og ráðið hér för frá árinu 1995 værum við í allt öðruvísi málum. Það er náttúrlega ómögulegt um það að segja hvernig staðan væri. En ég fullyrði að sá árangur sem hefur náðst á síðustu tíu árum er nærri því einsdæmi ef við berum okkur saman við aðrar þjóðir í Evrópu hvað þetta varðar. Alveg sama hvar við komum niður. Hvort sem það er staða íslenskra lífeyrissjóða, staða ríkissjóðs, staða íslenskra heimila eða staða íslenskra fyrirtækja. Auðvitað má alltaf gera betur. Ég er alveg sammála hv. stjórnarandstöðu í því. Auðvitað getum við alltaf gert betur. Hvenær getum við ekki gert betur?

Við höfum farið yfir kjör aldraða og öryrkja. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fór ágætlega yfir það áðan að kjör aldraða og öryrkja lækkuðu á árunum 1988 til 1992, stórlækkuðu. Það var kjararýrnun hjá þeim hópi, mun meiri kjararýrnun en hjá almennu launafólki. Kaupmáttur þeirra hefur aukist að meðaltali um 40% frá árinu 1995. Ég er ekki að segja að þessi hópur sé of sæll af kjörum sínum. Það má alltaf gera betur. En það verður að hafa undirstöður til að geta gert betur. Það er það sem núverandi ríkisstjórn hefur tryggt, þ.e. öflugt atvinnulíf í landinu sem styður öflugt velferðarkerfi.

Hæstv. forseti. Barnabætur munu stórhækka á næsta ári. Um 1,2 milljarða. Þetta var sérstakt áhersluatriði okkar framsóknarmanna í aðdraganda síðustu kosninga að auka sérstaklega barnabætur til lágtekju- og millitekjufólks. Þær bætur munu nú hækka um 1,2 milljarða á næsta ári og munu koma sérstaklega þessum hópum til góða. Hv. stjórnarandstaða má þó eiga það að hún hefur ekki farið gegn þeim áformum ríkisstjórnarinnar. En hins vegar hefur stjórnarandstaðan sett sig upp á móti skattalækkunum. Ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu því fyrir síðustu alþingiskosningar að lækka tekjuskattinn. Staðið verður við það að tekjuskattur mun lækka um 1% á næsta ári. En hv. stjórnarandstaða er á móti þeirri fyrirætlan stjórnarflokkanna. Verið er að skila til almennings og fjölskyldufólks í landinu með þessari skattalækkun þeim ágóða og þeirri traustu efnahagsstjórn sem ríkisstjórnin hefur haldið utan um síðustu tíu ár.

Við ræddum mikið um það fyrir síðustu kosningar hvernig við ættum að koma til móts við ungt fólk. Ungt, skuldsett fólk sem er að koma úr námi, er vel menntað jafnvel, eða er bara duglegt fólk sem hefur háar tekjur og fær þess vegna litlar barnabætur og litlar vaxtabætur vegna þeirrar tekjutengingar sem er í þeim kerfum. Þetta fólk hefur ekki haft það of gott. Hefur lent í jaðarsköttunum. Við lofuðum því, a.m.k. við framsóknarmenn, fyrir síðustu alþingiskosningar að við ætluðum að létta jaðarsköttunum af þeim þjóðfélagshópi sem hefur það ekkert of gott. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir ætti að vita það manna best sem fyrrverandi forustumaður námsmanna við Háskóla Íslands að þetta fólk er ekkert of vel sett þegar námi lýkur. En hv. þingmaður vill ekkert koma sérstaklega til móts við það fólk. Við erum að tala um að minnka jaðaráhrif skattkerfisins gagnvart því fólki. Það mun ríkisstjórnin gera, það er ætlan okkar en Samfylkingin vill fara einhverja allt aðra leið.

Hæstv. forseti. Við höfum verið að auka mjög framlög til nýsköpunar- og menntamála. Í tengslum við markaðsvæðingu Landssímans voru fjármunir sérstaklega veittir til uppbyggingar nýsköpunar hér á landi. Vonandi nýtist það öllu landinu, hinu dreifðu byggðum ekki síst. Mjög mikilvægt er að standa vörð um þær byggðir sem standa halloka. Þar vil ég nefna sjávarbyggðirnar. Erfiðleikar eru á þeim svæðum um þessar mundir, sérstaklega á þeim svæðum sem hafa haft viðurværi sitt af rækjuveiðum. Mjög mikilvægt er að ríkisstjórnin standi sig í því að byggja upp atvinnulífið á viðkomandi stöðum og styðji við atvinnuuppbyggingu þar.

Mikið hefur verið rætt um menntamál. Það er staðreynd og við deilum ekkert um það að framlög til menntamála hafa stóraukist í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það er meðal annars tilkomið vegna þess að við höfum verið að bæta kjör námsmanna. (Gripið fram í.) Við höfum verið að efla Lánasjóð íslenskra námsmanna og lækka endurgreiðslubyrði lánanna. Það er ósköp eðlilegt að samfylkingarmönnum verði órótt í salnum ef við rifjum upp hve endurgreiðslubyrði námslána var 1991–1995 þegar kratarnir voru við völd. — Ég sé mér til vinstri handar að þar sitja tveir kratar, ég vona að þeir skilgreini sig enn sem krata þó að sumir eigi kannski einhverja aðra fortíð. Ég sé að hv. þingmaður réttir upp þumalputtann og þeir gera það báðir, ég held því að þeir skilgreini sig sem krata. Árin 1991–1995 gerðu kratarnir aðför að íslenskum námsmönnum. Endurgreiðslubyrði námslána þá var gríðarleg. Við höfum lækkað endurgreiðslubyrði um helming, er núna um 3,75% en var um 7% á þeim tíma, sem var náttúrlega skattpíning gagnvart

því fólki. Auðvitað kostar þetta sitt. Við flokkum þetta væntanlega sem framlög til menntamála.

Við höfum verið að verja stórauknum fjármunum til háskólasamfélagsins. Það er vel. Samkeppni er á því sviði og aldrei hefur verið meiri gróska í háskólalífi landsmanna en nú um stundir. Öflugir háskólar eru víða um land, í Reykjavík, í Borgarfirði, á Akureyri og í Skagafirði, svo dæmi séu nefnd. Þetta eru gríðarlega öflugar stofnanir og við eigum að halda áfram þessari leið. Við eigum að halda áfram að byggja upp háskólamenntun, t.d. á Austfjörðum og Vestfjörðum, vegna þess að öflug menntun og öflugar menntastofnanir styrkja viðkomandi byggðarlög. Við sjáum áhrifin t.d. á Akureyri. Háskólinn á Akureyri er stóriðja Eyjafjarðar. Hefur sá skóli liðið fyrir þann stjórnarmeirihluta sem hefur verið hér síðustu tíu ár? Háskólinn á Akureyri hefur margfaldast að stærð á síðustu tíu árum og er glæsileg menntastofnun. Við viljum standa vörð um hana. Menn hafa nefnt húsnæðismál skólans, að vandi sé tengdur húsnæðismálum Háskólans á Akureyri. Unnið er að lagfæringum á því sviði. Ég hef vissu fyrir því. Eins og ég hef áður sagt verður að koma á móts við skólann. Verið er að fara yfir þau gögn sem bárust m.a. frá ríkisendurskoðanda og mikilvægt er að leyst verði úr þeim málum öllum, eins og ég hef áður sagt.

Hæstv. forseti. Aðalatriðið er að það gengur vel í heildina sagt. Það er óþolandi við 1., 2. og 3. umr. um fjárlög fyrir árið 2006 að heyra hv. þm. Jón Bjarnason tala um niðurskurð. Það er enginn niðurskurður í velferðar- eða heilbrigðismálum. Við erum jafnt og þétt að auka framlögin til þeirra málaflokka og við stöndum okkur vel í því að mínu mati. Íslenskri þjóð gengur í meginatriðum vel en eins og ég hef áður sagt að alltaf má gera betur. Skárri væri það nú stjórnarandstaðan sem fyndi ekki einhverja hluti sem mætti gera betur. Fjárlög íslenska ríkisins eru upp á 330 milljarða og það væri slöpp stjórnarandstaða sem gæti ekki komið með ábendingar um eitthvað sem betur mætti fara þegar 330 milljörðum er úthlutað. Það stendur samt sem áður upp úr að stjórnarandstaðan getur ekki komið sér saman um eitt fjárlagafrumvarp. Hér skilar stjórnarandstaðan útgjaldatillögum til hægri og vinstri og getur ekki komið sér saman um neinn ramma hvað þetta varðar. (Gripið fram í.) Getur ekki komið sér saman um neinn ramma. Svo talar þetta fólk um að það ætli að vinna saman á vettvangi ríkisstjórnar. Getur ekki komið sér saman um eitt nefndarálit um fjárlög ársins 2006. Hér er mjög ósamstæður hópur á ferðinni og það hefur ekki dulist þjóðinni í þessari umræðu að málflutningur hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar hefur verið út og suður. Staðreynd málsins er í 3. umr. um fjárlög ársins 2006 að stjórnarandstaðan fótar sig ekki í þeirri umræðu vegna þess að staða ríkissjóðs er með eindæmum góð. Staða lífeyrissjóðakerfisins er með eindæmum góð og heilt yfir litið gengur öllu íslensku samfélagi vel. Við eigum að fagna því en ekki snúa staðreyndum á haus eins og hv. stjórnarandstaða gerir í hverri ræðunni á fætur annarri og talar um niðurskurð sem er enginn niðurskurður.

[15:01]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var mikil ræða og undarleg. Mörg orð voru höfð um þátt ríkisstjórnarinnar í mikilvægi háskólamenntunar á landsbyggðinni. Á sama tíma er Háskólinn á Akureyri í kröggum. Hann er að loka tveimur deilda sinna. Hann er að skera verulega niður í rekstri sínum. Hann er að draga saman seglin. Þessi prúðasta rós í byggðastefnu stjórnvalda er að draga saman seglin um leið og upplýst er að hann fær lægst nemendaframlög allra háskóla á landinu og er þá gengið langt í samjöfnuði þar sem Háskóli Íslands fær umtalsvert meira á hvern nemanda, er einhver verst setti háskóli í Evrópu, fyrir utan háskólann í Rijeka í Króatíu. Háskólinn á Akureyri er sem sagt enn þá verr settur á sama tíma og hv. þm. Birkir Jón Jónsson kemur hér upp og talar um menntastefnu stjórnvalda á landsbyggðinni sem er ekkert annað en skrum og aðför að menntun á landsbyggðinni eins og staðið er að Háskólanum á Akureyri. Hvernig ætlar hv. þingmaður að mæta bráðavanda skólans núna?

[15:02]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Merkilegt er að heyra málflutning hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, talsmanns Samfylkingarinnar í menntamálum. Hver hefur breytingin verið frá 1995–2005 í starfsemi Háskólans á Akureyri? Er hv. þingmaður að tala um að núverandi stjórnarflokkar hafi verið að gera aðför að Háskólanum á Akureyri? Háskólinn á Akureyri hefur aldrei verið öflugri en nú. Það hafa aldrei verið fleiri nemendur við Háskólann á Akureyri. Ég hef talað um að skoða þurfi húsnæðismál skólans. Það er unnið að því á vettvangi ríkisstjórnarinnar og fortíðin hefur sagt okkur að við munum áfram standa vörð um Háskólann á Akureyri. Það stendur ekkert annað til í þeim efnum og allt tal um að ríkisstjórnin sé með sérstaka aðför að Háskólanum á Akureyri er einfaldlega ekki rétt.

[15:03]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fjárlagafrumvarpið sem nú er til 3. umr. á hinu háa Alþingi er aðför að rekstri Háskólans á Akureyri. Fram hefur komið undanfarið hjá bæjarstjórn Akureyrar, hjá sjálfstæðismanninum Kristjáni Þór Júlíussyni bæjarstjóra, að þar óttast menn um starfsemi og framtíð Háskólans á Akureyri, skólans sem núna rifar seglin, menntastofnunar á Akureyri, háskólans á landsbyggðinni sem núna neyðist til að loka tveimur deilda sinna til að mæta fjársveltinu sem stjórnvöld eru að setja skólann í og samanburðurinn talar sínu máli um þá stöðu. Skólinn fær verulega lægri framlög á nemanda miðað við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Háskóli Íslands, sem þarna er töluvert framar Háskólanum á Akureyri, er þó einhver fjársveltasti skóli í allri Evrópu í þeim samanburði. Og er þetta sú menntastefna sem hv. þingmaður ætlar að bjóða sínu fólki heima í kjördæmi? Það hlýtur að vera hryggilegt, virðulegi forseti.

[15:04]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hryggilegt, sagði hv. þingmaður. Ég hef nýlokið ræðu þar sem ég tjáði að unnið væri að leiðréttingu

hvað varðar fjárhag Háskólans á Akureyri á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Verið er að fara þar yfir ákveðin gögn. Ég held að í staðinn fyrir að vera með þau stóru orð sem hv. þingmaður viðhafði áðan ættum við að fagna því að þau mál eru til sérstakrar endurskoðunar. Við ættum að fagna því.

Þegar til framtíðar er litið er í öllum áætlunum á vegum menntamálaráðuneytisins gert ráð fyrir að nemendafjöldinn aukist við Háskólann á Akureyri. Framtíðarsýn stjórnvalda hvað Háskólann á Akureyri varðar er mjög skýr. Það á að efla þá stofnun, fjölga á nemendum við stofnunina eins og gert hefur verið á síðustu tíu árum. Það er mjög mikilvægt eins og ég hef áður sagt að standa vörð um þá starfsemi sem hefur eflt, ekki bara Akureyri, heldur allt Eyjafjarðarsvæðið til muna. Ég held að hv. þingmenn ættu að fagna því að þessi mál eru til (Forseti hringir.) skoðunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

[15:06]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður Birkir Jón Jónsson dásamaði mjög stefnu ríkisstjórnarinnar og sérstaklega Framsóknarflokksins í atvinnumálum hvað viðvíkur álverum og stórvirkjunum. Þetta væri það sem koma skyldi og haldið áfram á þeirri braut. Ætli flestum finnist ekki nóg komið í bili? Ég vil spyrja þingmanninn: Hverju mundu Húsvíkingar eða Þingeyingar svara ef þeir fengju ekki nema brot af því sem kostar að stofna álver og stórvirkjun í Skjálfandafljóti? 500 milljónir eða 1 milljarð til að byggja upp ferðaþjónustu eða efla þekkingarsetrið á Húsavík. Eða Eyfirðingar. Mundu þeir ekki vilja taka peningana sem nú er verið að verja í álrannsóknir til að styrkja háskólann sinn? Það væru áherslur ef þeir fengju að velja. En atvinnustefna Framsóknarflokksins er að láta byggðarlögin standa frammi fyrir eftirfarandi: Álver eða ekki neitt. Fórnið náttúruperlunum ykkar, fossunum, Aldeyjarfossi, Þjórsárverum, hverju sem er (Forseti hringir.) fyrir álversstefnu ríkisstjórnarinnar. Haldið þið ekki að Húsvíkingar mundu vilja skipta? (Forseti hringir.)

[15:07]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega alrangt hjá hv. þingmanni að gefa eitthvað annað í skyn en að ríkisstjórnin hafi ekki staðið að uppbyggingu ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu. En þessi málflutningur kemur ekkert á óvart miðað við hvernig hv. þingmaður hefur snúið öllum sínum málflutningi á haus í þeirri umræðu sem hér um ræðir. Talar um eilífan niðurskurð í hinum og þessum málum þó verið sé að verja auknum fjármunum til viðkomandi starfsemi. Við getum talað um þekkingarsetur Þingeyinga. Það er ekki gömul stofnun og mjög mikilvægt að hún byggist upp áfram. Við höfum staðið að hvalasafni á Húsavík. Ferðaþjónustan er mjög mikilvægur þáttur í atvinnulífi Húsvíkinga. En síðan þegar menn tala um að líta eigi líka til einhverra annarra þátta, eins og nýsköpunar eða uppbyggingu stóriðju jafnvel, sem er skammaryrði í eyrum Vinstri grænna, þá koma menn og öskra úr ræðustól Alþingis eins og þeir séu á útifundi. Það má ekki tala um neitt annað en ferðaþjónustu svo ágæt sem hún er. En við þurfum fleiri undirstöður fyrir þessi byggðarlög.

[15:08]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður svaraði ekki spurningu minni. Hvort mundu Húsvíkingar eða Þingeyingar velja fjárframlag sem næmi stofnkostnaði álverksmiðju, ríkisstyrktu framlagi til að stofna álverksmiðju og sem færi í rannsóknir og virkjanir, eða framlag til annarrar atvinnustefnu og losna við áltroðslu og áltrúnað Framsóknarflokksins? Ég vil að hv. þingmaður svari því. Hvað mundu Þingeyingar segja ef þeir fengju frjálst val? Ef Akureyringar fengju að velja um þá peningana sem nú er verið að setja í undirbúning álvers og fá þá í háskólann sinn. Eða Skagfirðingar, sem nú er stillt upp við vegg til að fá þá til að fórna jökulánum sínum? Ef við fengjum val, þó ekki væri nema þá peninga sem núna er verið að verja til álrannsókna, fengjum þá m.a. til grunnstuðnings við ferðaþjónustu. Ég vil fá svar. Hvað heldur hv. þingmaður að íbúarnir mundu segja ef þeir fengju val, fengju að velja sitt á undan áltrúboði Framsóknarflokksins?

[15:10]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þingeyingar vilja nýta náttúruauðlindir sínar skynsamlega. (Gripið fram í.) Það hafa skoðanakannanir sýnt sem hafa verið gerðar á svæðinu að Þingeyingar vilja nýta náttúruauðlindir sínar skynsamlega. (Gripið fram í.) Ég held að nær væri fyrir hv. þm. Jón Bjarnason að fara ásamt hv. þm. Þuríði Backman og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og tala við Húsvíkinga um þessi mál. Spyrja ekki mig hvað Þingeyingar vilja. Hv. þingmaður skal fara með þingflokk sinn norður á Húsavík og spyrja til að mynda meiri hlutann í bæjarstjórn Húsavíkur hvað hann vilji í þessum málum. Ég get fullyrt að meiri hluti bæjarstjórnar Húsavíkur, sem samanstendur nú af vinstri mönnum, vill nýta náttúruauðlindir í Þingeyjarsýslum á skynsamlegan hátt. (Gripið fram í.) Ég hvet hv. þingmann að fara með félaga sína í Vinstri grænum til Húsavíkur og í Þingeyjarsýslur (Forseti hringir.) og ræða við fólkið sem býr þar.

[15:10]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þótti vænt um að hv. þm. Birkir Jón Jónsson tileinkaði mér stóran hluta af ræðu sinni í upphafi. Það ber merki um að hv. þingmaður hefur lagt við hlustir þegar við í Samfylkingunni höfum verið að tala um stöðu ungs fólks og stöðu barnafjölskyldna í landinu. Ég er honum sammála. Sá hópur er alls ekki ofalinn. Á honum hvílir gríðarlega mikill kostnaður. Þar erum við sammála og tek ég mikið mark á þeim orðum hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar þegar hann tekur undir það með okkur í Samfylkingunni að svo sé.

En, virðulegi forseti. Það var eitt sem ég var ósátt við. Það var fullyrðing hv. þingmanns um að við ætluðum ekki að grípa til neinna aðgerða. Ég bendi á að Samfylkingin

hefur lagt til lækkun á matarskatti, einmitt til að mæta mjög háu matvælaverði sem íþyngir sérstaklega stórum barnafjölskyldum og ungu fólki sem eru í millitekjuhópi.

[15:12]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samfylkingin vill margt í skattamálum. Meðal annars vill Samfylkingin lækka matarskattinn sem er örugglega hið besta mál. Samfylkingin vill líka gera leikskólann gjaldfrjálsan. Ef við gefum okkur að lækkun virðisaukaskattsprósentunnar af matvælum úr 14% í 7% kosti um 5 milljarða og að gera leikskólann gjaldfrjálsan kosti aðra 5 milljarða, hvort væri betra að fara þá leið að skila barnafólki því beint í vasann, að gera leikskólann gjaldfrjálsan eða fara þá leið að lækka virðisaukaskatt af matvælum sem fer nú í gegnum einhvern millilið. Ég hef ekki séð að gengisstyrking krónunnar hafi skilað sér að fullu í vasa neytenda og Neytendasamtökin hafa vitnað um það. Hvor aðgerðin væri betri og mundi skila sér betur til neytenda hvað þetta varðar? Ég vil fá svör hjá hv. þingmanni við þessu.

[15:13]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að draga það fram að við höfum talað um hversu mikill kostnaður það sé fyrir fjölskyldur að vera með börn í leikskóla. Það er ekki bara kostnaðarsamt að vera með börn í leikskólum, kostnað upp á um tugi þúsunda króna á mánuði, heldur er líka mjög kostnaðarsamt fyrir fjölskyldur að vera með börn á yngstu stigum í grunnskóla sem eru í svokallaðri dægradvöl og einnig ef þau eiga að fá heitan mat í hádeginu.

En það er ekki bara leikskólinn sem við þurfum að skoða. Ég tel að við þurfum að ráðast í gagngera skoðun á (Gripið fram í.) námskostnaði, hvernig hann leggst á fjölskyldur í landinu, þ.e. með leikskóla, grunnskóla, endurgreiðslur á námslánum. Við verðum að skoða hvernig námskostnaður leggst á ungar barnafjölskyldur. Þetta verðum við að skoða allt í samhengi.

[15:14]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður svaraði ekki spurningu minni hvor leiðin væri vænlegri, að fella niður leikskólagjöld eða lækka matarskattinn. Ég ætla ekki að gera hv. þingmanni upp skoðanir í þeim efnum. En ég held að sú leið að afnema leikskólagjöld og skila þeim beint í vasa foreldra barnanna muni skila sér betur en að láta einhvern þriðja aðila sjá um framkvæmd á hinni skattalækkuninni. Það er a.m.k. skoðun mín á því máli. Ég veit því ekki hvort okkur hv. þingmann greinir á.

Hins vegar er það svo að við getum ekki endalaust farið út í skattalækkanir. Við verðum að standa vörð um samhjálpina í samfélaginu. Það hefur verið þverpólitísk sátt um að við höldum samhjálpinni og höldum uppi öflugu velferðarkerfi hér á landi. Ef við ætlum að fara í að lækka matarskattinn, leikskólagjöld og annað slíkt og gera bara alla hluti í einu, er alveg ljóst að það mundi bitna á velferðarkerfinu og það er ekki stefna Framsóknarflokksins.

[15:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson mærði mjög stóriðjustefnu Framsóknarflokksins, áltrúna margfrægu. Það kom í sjálfu sér ekki á óvart. En hitt kemur mér alltaf jafnmikið á óvart, að heyra stjórnarþingmenn, ekki síst framsóknarmenn, tala til tekjulægsta hluta íslensks samfélags. Ég hélt sannast sagna, eftir alla umfjöllunina sem við fengum í sumar í fjölmiðlum, um fátækt í röðum aldraðra og öryrkja, erfiðleika atvinnulauss fólks o.s.frv., að við fengjum ekki ræðuhöld eins og við urðum vitni að áðan.

Það er staðreynd, óvefengjanleg staðreynd, að dregið hefur í sundur með þessum hópum annars vegar og öðrum hópum hins vegar. Þetta er staðreynd sem margoft hefur verið sýnt fram á. Ég mun víkja að barnabótum í seinna andsvari mínu.

[15:16]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Okkur hv. þingmann, framsóknarmenn og Vinstri græna, greinir herfilega á í atvinnumálum. Framsóknarmenn hafa viljað bæta starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Við komum að stjórnvölnum árið 1995 í miklu atvinnuleysi. Það er lítið atvinnuleysi á Íslandi í dag. Íslenskri þjóð gengur vel en Vinstri grænir hafa verið á móti þeirri atvinnustefnu sem núverandi ríkisstjórn hefur rekið. Þar vil ég nefna fiskveiðistjórnarkerfið, uppbyggingu stóriðju (Gripið fram í.) og markaðsvæðingu Símans. Þessir þrír þættir hafa leitt til þess að hagvöxtur hefur orðið gríðarlegur hér á landi og kaupmáttur aukist hjá öllum þjóðfélagshópum í framhaldinu. Um það er ekki deilt.

Ég er talsmaður þess að halda í samhjálpina í íslensku samfélagi. En til að halda í samhjálpina verðum við að reka öfluga atvinnustefnu. Þá atvinnustefnu hafa Vinstri grænir einfaldlega ekki. Þeir hafa ekki stutt þá atvinnustefnu sem stjórnarflokkarnir hafa rekið í gegnum tíðina og staðan væri einfaldlega ekki eins góð og hún er í dag ef ekki væri fyrir atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar.

[15:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hagvöxtur hefur aukist um nánast allan hinn iðnvædda heim á undanförnum árum. Svo hefur einnig verið hér á landi, þrátt fyrir þá ríkisstjórn sem hér hefur setið. Hins vegar er áhyggjuefni manna á hvern hátt þeim hagvexti hefur verið náð, þ.e. með gegndarlausri skuldasöfnun og meiri viðskiptahalla en dæmi eru um í Íslandssögunni.

Hv. þingmaður segist vera stuðningsmaður velferðarkerfisins. Hann vék sérstaklega að barnabótum, hækkun þeirra um 1,2 milljarða kr. Staðreyndin er sú að á síðasta ári voru barnabætur 5,4 milljarðar kr. Þegar Framsóknarflokkurinn komst til valda voru þær 6,4 milljarðar kr. (**BJJ:** Miðað við hvað?) á föstu verðlagi en 7,2 milljarðar kr. í byrjun áratugarins. Þrátt fyrir öll loforðin sem Framsóknarflokkurinn hefur gefið nánast á hverju ári og fyrir allar kosningar frá 1995, sem hafa verið svikin, stöndum í lægri tölu á föstu (Forseti hringir.) verðlagi en þegar Framsóknarflokkurinn komst til valda.

[15:19]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður verður náttúrulega að horfa á hina hliðina á peningnum. Kaupmáttaraukning í íslensku samfélagi hefur verið á bilinu 50–60% frá árinu 1995. Hvernig höfum við hagað úthlutun barnabóta? Jú, þær eru tekjutengdar. Það hlýtur að leiða af sjálfu sér að ef tekjur almennings í landinu stórhækka, um 50–60% þá lækka barnabætur sé tekjuviðmiðið ekki hækkað. Það leiðir af sjálfu sér.

Aðalatriðið er að verja á 3 milljarð kr. á næstu tveimur árum til að hækka barnabætur, þrátt fyrir að kaupmáttaraukning hafi aldrei verið meiri í íslensku samfélagi en á umræddu tímabili. Hv. þingmaður ætti að fagna þeirri áherslu okkar framsóknarmanna að þeir fjármunir munu fyrst og fremst fara til lágtekjufólks og millitekjufólks. Hv. þingmaður á að taka undir það með okkur framsóknarmönnum að það er góð forgangsröðun. (**ÖJ:** Ég benti á svikin loforð.)

[15:20]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þann sveigjanleika sem hér er veittur en ég hafði óskað eftir því að hæstv. menntamálaráðherra yrði hér svo við gætum rætt svolítið um stöðuna í skólamálum. Það eru helst tvö skólastig sem ég vil ræða um við hæstv. menntamálaráðherra, þ.e. framhaldsskólinn og háskólinn.

Ég kom inn á það áðan að töluverð ólga er bæði innan framhaldsskólans og háskólans vegna stöðu skólanna. Ég hef fyrir framan mig ályktun stjórnar Félags framhaldsskólakennara um fjárveitingar til framhaldsskólanna og fjárhagsstöðu þeirra. Það er býsna skýr og skorinorð ályktun þar sem stjórn Félags framhaldsskólakennara gagnrýnir stjórnvöld harðlega fyrir að vanáætla gróflega, eins og þar er sagt, og árvisst fjárveitingar til framhaldsskóla hvað varðar nemendafjölda og heildarfjárþörf. Það er rakið í mjög skýru máli að framlög í fjárlögum vegna nemendafjölda í framhaldsskólunum hafi verið vanáætluð hingað til, síðan hafi verið gripið til þess ráðs í fjáraukalögunum að bæta þann skort upp en það hafi þó aldrei náðst fyllilega. Þetta er gagnrýnt harðlega í ályktuninni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld hafa brugðist við þessari árlegu vanáætlun á nemendafjölda og heildarfjárþörf framhaldsskóla með því að sækja um viðbótarframlög í fjáraukalagafrumvörpum, sem hrökkva þó hvergi til.“

Virðulegi forseti. Hæstvirt ríkisstjórn hefur verið gagnrýnd fyrir að gera ekki raunhæfar áætlanir í fjárlögum hvað varðar kostnað við rekstur hinna ýmsu stofnana. Það er mjög slæmt ef sú staða kemur upp ár eftir ár að framhaldsskólarnir fái ekki raunhæf fjárframlög til að rekstrarins og til að mæta gríðarlegri fjölgun nemenda í framhaldsskólum á undanförnum árum.

Í áðurnefndri ályktun kemur einnig fram að skólar í heimabyggð, þ.e. skólar úti á landi, þurfi að glíma við meira brottfall og samsetning nemendahópa í þeim skólum eigi sinn þátt í að þeir komi ekki vel út úr reiknilíkönunum. Með öðrum orðum er gagnrýnt að reiknilíkanið fyrir fjárþörf framhaldsskólanna henti ekki skólum á landsbyggðinni þótt það henti fyrir meðalstóra skóla á höfuðborgarsvæðinu. Ég vil því beina þeirri fyrirspurn, m.a. til hæstv. menntamálaráðherra, hvort reiknilíkanið sé til endurskoðunar og hvort gerðar verði á því breytingar til að mæta þessari gagnrýni.

Virðulegi forseti. Ég ætla að grípa aftur niður í ályktunina frá stjórn Félags framhaldsskólakennara. Í einum kaflanum er fjallað um jafnrétti til náms. Þar segir, með leyfi forseta:

„En ýmsar blikur eru á lofti í málefnum framhaldsskólans. Sífellt fleiri nemendur leita þangað, bæði nýnemar og eldri nemendur. Reiknilíkanið sem sníður skólunum allt of þröngan stakk, bæði hvað varðar nemendafjölda og fjárþarfir, gerir þeim erfitt fyrir að sinna því grundvallarhlutverki að mennta þá sem þangað vilja sækja.“

Virðulegi forseti. Þetta eru ákveðin og skýr skilaboð sem félagið sendi frá sér í gær. Örlítið aftar í þessum kafla segir síðan, með leyfi forseta:

„Það hriktir í undirstöðum margra framhaldsskóla vegna erfiðs rekstrarumhverfis sem forsendur reiknilíkansins taka ekki tillit til. Af þessum sökum hefur námsframboð margra skóla orðið einhæfara.“

Þetta er gagnrýni sem við höfum heyrt í töluverðan tíma, að skólakerfið og reiknilíkanið sem við búum við ýti skólunum út í að verða einsleitari, að námið verði einhæfara og þetta komi niður á starfs- og verknámi í skólunum. Við höfum heyrt slíka gagnrýni í nokkuð mörg ár. Þessi ályktun frá stjórn Félags framhaldsskólakennara, sýnir manni að innan framhaldsskólans telja menn að staðan hafi ekki breyst. Miðað við það hvernig ályktun félagsins er orðuð, virðulegi forseti, vil ég draga þá ályktun að framhaldsskólakennarar sjái ekki neitt í spilunum sem sýni fram á að staðan batni á næstu árum. Það hlýtur að vera áhyggjuefni.

Ég ætla að lesa lokaorð þessarar ályktunar, með leyfi forseta:

„Við Íslendingum blasa enn mörg óleyst verkefni áður en menntunarstig þjóðarinnar stenst samjöfnuð við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við. Þar er tekið á móti hverjum nemanda sem æskir skólagöngu, sú er ekki raunin hérlendis.“

Virðulegi forseti. Mér þætti vænt um að hæstv. menntamálaráðherra brygðist við því sem ég hef nefnt úr þessari ályktun. Hún bendir til að framhaldsskólakennarar séu ekki bjartsýnir á að hagur framhaldsskólanna muni vænkast á næstunni. Við vitum að þeim hefur verið sniðinn þröngur stakkur undanfarin ár. Ég vildi gjarnan heyra viðbrögð hæstv. menntamálaráðherra við þessu.

Annað sem ég vil koma inn á varðar háskólastigið. Á undanförnum mánuðum hafa komið fram tvær skýrslur um stöðu Háskóla Íslands. Önnur þeirra er stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á stöðu Háskóla Íslands. Hin er úttekt sem gerð var á vegum European University Association. Þessar skýrslur hljóta að vekja töluverðan ugg í hjörtum okkar vegna þess að þær gefa báðar skýrt til kynna að þessi stóra stofnun, rannsóknaháskólinn sem við höfum byggt upp í hátt í 100 ár, búi við verulegan fjárskort. Báðar þessar skýrslur draga fram að Háskóli Íslands er vel rekin stofnun

en sé að komast í þrot með þau úrræði sem þar eru til innan húss til að draga saman seglin og næsta verkefni sé að auka fjárframlög til skólans.

Hæstv. menntamálaráðherra ræddi það hér í andsvörum við hv. þingmann Helga Hjörvar fyrr í dag að framlög til háskólanna hefðu aukist verulega. Það er rétt en nemendum hefur líka fjölgað verulega. Þess vegna kemur hækkunin til. Mér þætti vænt um að heyra frá hæstv. menntamálaráðherra hve mikið framlögin hafi hækkað í rauninni. Hver er hækkunin, umfram þá hækkun sem til kemur vegna reiknilíkansins sem gengur út frá fjölgun nemenda? Hver er sú hækkun, svo það komi fram í dagsljósið í eitt skipti fyrir öll? Í svari ráðherra þyrfti líka að koma fram hversu hátt hlutfall af hækkuninni er vegna hækkunar launa starfsmanna vegna þess að það er alls ekki sama til hvers féð er veitt. Það sem þessar skýrslur gagnrýna báðar og draga fram er að hækka verði fjármagn á hvern nemanda. En hækkunin undanfarin ár er fyrir hvern nemanda, umfram það sem ætlað var. Þetta verður að koma fram.

Virðulegi forseti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er gerður samanburður á Háskóla Íslands og tíu öðrum háskólum. Þar kemur Háskóli Íslands verulega illa út eins og komið hefur fram í umræðunni í dag og við erum með langlægstu framlög á hvern nemanda á undan háskólanum í Rijeka í Króatíu. Hæstv. menntamálaráðherra sagði í andsvari við hv. þingmann Helga Hjörvar að staðreyndirnar töluðu sínu máli. Þessi staðreynd talar sínu máli.

Háskóli Íslands stenst ekki samanburð við þá háskóla sem Ríkisendurskoðun kýs að bera saman við hvað varðar fjárframlög á hvern nemanda. Og hann kemst ekki í hálfkvisti við marga þá skóla sem eru samanburðarhæfir við Háskóla Íslands að flestu leyti til. Þetta er, virðulegi forseti, staðreynd sem talar sínu máli.

Önnur staðreynd sem talar sínu máli og kemur fram í sömu stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar er hvar við stöndum í samanburði við hin OECD-ríkin hvað varðar framlag til háskólanna. Þar erum við rétt undir meðaltalinu hjá OECD-ríkjunum og erum töluvert á eftir öðrum Norðurlandaþjóðum. Þetta stendur hér skýrum stöfum og það verður ekkert hlaupið frá því. Ég hefði viljað sjá einhverja áætlun um hvernig við ætlum á næstu árum að ná nágrönnum okkar og þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við því að við eigum ekki að vera í meðaltalinu að mínu mati. Þarna eigum við að fara langt upp úr meðaltalinu og við eigum að tróna á toppnum vegna þess að lítil þjóð eins og okkar á að geta rekið öflugt menntakerfi og það er undirstaða velferðar til framtíðar. Það erum við hins vegar ekki að gera, við vitum það, það stendur skýrum stöfum í þeim skýrslum sem hafa verið gerðar. Það hefur líka komið í ljós í PISA-rannsóknum. Við eigum því að horfast í augu við þetta og fara að gera eitthvað í málinu en ekki berja okkur á brjóst fyrir einhverja mynd sem er ekki rétt.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fá, með leyfi forseta, að koma aðeins inn í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar hvað varðar Háskóla Íslands og vitna í ákveðinn kafla í skýrslunni sem heitir Umræða og niðurstöður.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá sýnist hann koma ágætlega út úr samanburði á hagkvæmni og skilvirkni sem gerður var við nokkra erlenda háskóla. Fjárhagsvandi háskólans er því ekki fólginn í stöðugum hallarekstri og skuldasöfnun heldur liggur fremur í að skólinn á óhægt um vik að mæta auknum kostnaði vegna fleiri nemenda, nýrra námsbrauta og dýrari starfsmanna án þess að það komi niður á gæðum kennslu og rannsókna. Einnig er hætt við að fjárhagsstaða skólans komi í veg fyrir að hann geti þróast sem öflugur rannsóknaháskóli með framhaldsnámi og rannsóknum sem standast alþjóðlegan samanburð."

Virðulegi forseti. Seinna í sama kafla segir, með leyfi forseta:

„Til að halda aftur af aukningu útgjalda hefur skólinn gripið til ýmissa aðhaldsaðgerða, svo sem að stækka nemendahópa og fjölga stundakennurum í stað þess að fastráða kennara. Hætt er við að þessar aðgerðir komi að öðru óbreyttu niður á gæðum kennslunnar. Fjárframlög til rannsókna hafa staðið í stað að raungildi. Þessari þróun hefur að nokkru verið mætt með aukinni skilvirkni og má sjá þess merki í afköstum eins og þau mælast í vinnumatskerfi skólans."

Virðulegi forseti. Það kemur skýrt fram að Háskóli Íslands hefur gert það sem í hans valdi stendur til að hagræða innan stofnunarinnar til að halda sig innan þess ramma sem honum er ætlaður. Þetta eru skýr skilaboð um að ef ekkert verður gert í málunum, ef framlag verður ekki aukið á hvern nemanda, ekki með hverjum nemanda heldur á hvern nemanda, muni það hamla framþróun skólans. Þetta þykja mér alvarleg tíðindi og þetta er staðfest í skýrslunni sem gerð er af European University Association.

Virðulegi forseti. Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar kemur einnig fram að samanburður Háskóla Íslands og erlendra háskóla sé athyglisverður vegna þess að tekjur háskólans séu lægri en samanburðarskólar með svipaðan nemendafjölda fá.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Sams konar munur sést þegar útgjöld ríkja til háskóla eru skoðuð en þar eru Íslendingar fremur neðarlega á blaði. Hvað segir þetta um starfsemi háskólans? Tvær meginskýringar koma til greina: Annars vegar sú að skilvirkni skólans sé mjög mikil í samanburði við hina skólana, þ.e. að hann skili svipuðum árangri og þeir með mun minni tilkostnaði. Að einhverju leyti virðist þetta vera raunin, t.d. menntar skólinn tiltölulega marga nemendur í grunnnámi. Hins vegar virðast minni fjármunir og mannafli leiða til minni starfsemi og árangurs. Þetta er einnig raunin, sérstaklega þegar kemur að framhaldsnámi. Telja verður að fjárhagslegt svigrúm Háskóla Íslands takmarki möguleika skólans til að byggja upp öflugt framhaldsnám og rannsóknir í samræmi við þá stefnu hans að vera rannsóknaháskóli og hluti af hinu alþjóðlega vísindasamfélagi."

Virðulegi forseti. Í skýrslu European University Association er einnig komið inn á að skýrari stefnumótun vanti af hálfu stjórnvalda hvað varðar fjármögnun opinberu háskólanna og Háskóla Íslands. Því vil ég, virðulegi forseti, kalla eftir því hjá hæstv. menntamálaráðherra hvernig hún ætli að bregðast við því sem kemur fram í báðum þessum skýrslum, vegna þess að í þeim kemur fram þungur dómur. Þær sýna okkur að Háskóli Íslands er vel rekin stofnun, hún er skilvirk, en hún er stopp, hún getur ekki þróast, hún getur

ekki stækkað með þessu áframhaldi. Því vil ég, virðulegi forseti, spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvernig hún vilji bregðast við þessu vegna þess að hættan er auðvitað sú að við munum sjá í auknum mæli að námsframboð muni minnka á háskólastigi. Næsta skref fyrir Háskóla Íslands er að grípa til sömu aðgerða og gert var í Háskólanum á Akureyri þar sem verið er að leggja niður deildir, minnka námsframboðið. Ég trúi ekki, virðulegi forseti, að það sé sú leið sem við ætlum okkur að fara vegna þess að það mun ekkert stoppa það. Ég er hérna með tvær skýrslur um Háskóla Íslands, en ég get líka talað í jafnlöngu máli um Háskólann á Akureyri og eftir að skýrsla um stöðu Háskólans á Akureyri kom út sjáum við að hann er jafnvel enn verr staddur. Þetta er því verkefni sem við verðum að ræða. Við ætlum ekki að horfa upp á það í nánustu framtíð að námsframboð verði minnkað, að hér verði sett ströng inntökuskilyrði, því að þessir skólar verða að stækka og þróast áfram til að geta verið samkeppnishæfir við erlenda háskóla.

Virðulegi forseti. Ég vil einnig spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvað eigi að gera varðandi Háskólann á Akureyri. Mér finnst ofsalega sorglegt að við séum með þetta flaggskip menntunar á landsbyggðinni, Háskólann á Akureyri, sem er notaður í ræðu og riti sem rósin í byggðastefnu hæstv. ríkisstjórnar, að hann sé í þeirri stöðu sem hann er í núna að fá allt of lág framlög og að skera þurfi niður deildir. Þetta er skert þjónusta við landsbyggðina af því að við vitum og tölur hafa sýnt að þeir sem sækja nám við Háskólann á Akureyri skila sér í atvinnulífið úti á landi. Þetta er því afar slæm staða. Þess vegna þætti mér vænt um að fá einhverja skýringu á því eða frásögn hvað þarna eigi að gera vegna þess að ég trúi ekki öðru en að hæstv. menntamálaráðherra ætli að gera eitthvað. Ekki viljum við minnka þjónustustigið úti á landi hvað menntunina varðar og þar með draga út þjónustu við landsbyggðina og skilja Háskólann á Akureyri eftir sem fölnað blóm í byggðastefnu ríkisstjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en spurt um annað atriði þessu tengt. Þegar við höfum fyrrgreindar tvær skýrslur sem benda á að aukið fjármagn verði að koma inn í háskólana, bæði Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri og við getum án efa nefnt fleiri, þá þykir mér það verulegt umhugsunarefni og vil því spyrja hæstv. menntamálaráðherra aðeins út í skólagjöld, vegna þess að á nýafstöðnum landsfundi Sjálfstæðisflokksins er síðasta setningin í ályktun um skóla- og fræðslumál á þá leið að landsfundur leggi til að nemendur við opinbera háskóla taki í auknum mæli þátt í kostnaði við nám sitt. Erum við að horfa upp á að nemendur fari að greiða með sér inn í háskólana? Erum við að horfa á upphafið að því? Mér finnst í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er og ekki er lengra liðið frá því að landsfundur Sjálfstæðisflokksins, sem hæstv. menntamálaráðherra tilheyrir, kemur með slíka setningu í ályktun, þá hlýtur maður auðvitað að spyrja hvort þetta sé næsta skref.

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að fara að stytta mál mitt. Það er tvennt í viðbót sem mig langar að ræða við hæstv. menntamálaráðherra. Í fyrsta lagi vil ég spyrja hana út í Kennaraháskólann og kennaramenntun, hvort það sé til skoðunar að gefa bæði Háskólanum á Akureyri, sem býður upp á kennaramenntun, og Kennaraháskóla Íslands svigrúm til þess að taka inn fleiri nemendur á næstu árum. Í því samhengi vil ég ekki síst nefna leikskólakennaradeildirnar og leikskólakennaradeildina í Kennaraháskólanum. Við búum við þá stöðu núna að mjög vantar faglært fólk inn í leikskólana. Vandi leikskólanna sem hefur birst okkur á undanförnum mánuðum, mönnunarvandi leikskólanna felst í því að gríðarleg starfsmannavelta er í leikskólunum.

Á vef Hagstofunnar er hægt að sjá að starfsmannaveltan í hópi ófaglærðra starfsmanna er um tæplega 30% á meðan hún er um 7% hjá faglærðum. Það hlýtur því að vera metnaður okkar til framtíðar og hlýtur að vera næsta stóra verkefnið hvað leikskólana varðar að fjölga í þeim hópi sem vill gera starf á leikskóla að ævistarfi til þess að minnka starfsmannaveltu og koma á meiri stöðugleika í leikskólum landsins, sem er jú fyrsta skólastigið og gefin er út námskrá fyrir af hálfu menntamálaráðuneytisins. Ég vildi því spyrja hæstv. menntamálaráðherra út í hver hennar framtíðarsýn er í þessum efnum varðandi leikskólakennaramenntun.

Síðan að lokum, virðulegi forseti, vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra örlítið út í Listdansskóla Íslands og niðurlagningu hans. Við höfum beðið eftir því í allt haust að fá einhver svör við því hvert hinir tæplega 200 nemendur, sem þar stunda nám frá níu ára aldri og upp í framhaldsskóla, ættu að sækja dansmenntun sína þegar skólinn verður lagður niður í vor. Við höfum ekki fengið nein svör við því. Skólinn var bara lagður niður í einu vetfangi sumar og engin svör fengust. Síðan kom það upp á dögunum að gerður var samningur við fyrirtæki sem mig minnir að heiti Dansmennt ehf. sem á að sjá um danskennslu. Fyrsta verkefni þeirra var að semja við Menntaskólann við Hamrahlíð um framhaldsskólanema.

Virðulegi forseti. Þessi svör eru ekki nægjanleg. Framtíðarsýnin um hvert þessir nemendur eigi að fara hefur ekki verið nógu skýr. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort gert sé ráð fyrir að halda áfram starfsemi Listdansskólans fyrir nemendur í grunnnámi og framhaldsnáminu að einhverju leyti.

Niðurlagning skólans kemur einungis fram á fjárlögum, þetta bar að einungis í gegnum fjárlögin að klippt var á framlög til Listdansskólans. Ég vil því spyrja hæstv. menntamálaráðherra, í fyrsta lagi: Er hagræði í því að gera þetta á þann hátt eins og ætlunin er, að þetta verði einkavætt? Í öðru lagi: Hvaða tryggingu hafa nemendur fyrir því að fá það sérhæfða nám sem Listdansskólinn hefur boðið upp á fyrir börn frá níu ára aldri? Við erum ekki að tala einungis um framhaldsskólanemendur. Hvaða tryggingu hafa nemendur fyrir því að þetta nám verði rekið áfram þannig að þeir eigi eðlilegt framhald og eðlilegt áframgengi í framhaldsnám á erlendri grundu sem Listdansskólinn hefur veitt hingað til?

Ég vil ítreka að þetta liggur ekki nógu ljóst fyrir og ég vil spyrja hvort hæstv. menntamálaráðherra geti ekki í eitt skipti fyrir öll sagt okkur hvert og hvernig þessu námi verði fyrir komið þegar skólanum hefur verið lokað í þeirri mynd sem hann er í dag. Vegna þess að þetta er alls ekki nógu skýrt og gagnrýni vert hvernig þessi ákvörðun var tekin, ekki í neinu samráði við fagaðila og ekki í neinu samráði við þá sem innan skólans störfuðu, ekki við foreldrana og ekki við nemendur. Þeir eru búnir að vera í óvissu í fleiri

mánuði og ég vonast til að hæstv. menntamálaráðherra eyði henni í eitt skipti fyrir öll, þannig að þeir viti t.d. hversu hátt gjald þeir muni þurfa að greiða fyrir námið á næstu önn ef þeir ætla að halda áfram í sínu námi.

Ég hef lokið máli mínu og vonast til að hæstv. menntamálaráðherra geti svarað spurningum mínum.

[15:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég gerði ráð fyrir að hæstv. menntamálaráðherra færi í andsvör við hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur. En hæstv. ráðherra ætlar greinilega að slá tvær flugur í einu höggi og fara í sameiginleg andsvör við okkur báðar enda veit hún sem er að menntamál verða fyrirferðarmikil í ræðu minni. Við hefðum gjarnan viljað hafa hæstv. menntamálaráðherra hér hjá okkur við 2. umr. fjárlaga. Það varð því miður ekki og því er eðlilegt að við tökum talsverðan tíma í það við 3. umr. að ræða menntamálin.

Ég ætla að byrja á að gera að umtalsefni orð hæstv. ráðherra í andsvari við hv. þm. Helga Hjörvar hér fyrr í dag. Þar klifaði hún enn eina ferðina á setningu sem hún hefur sagt aftur og aftur og kann náttúrulega algerlega utanbókar aftur á bak og áfram. Setningin er þessi: Við erum að stórauka framlög til háskólastigsins. Svo bætir hún iðulega við: En að sjálfsögðu er alltaf hægt að gera betur. Síðan sagði hæstv. ráðherra að hún hefði aldrei heyrt stjórnarandstöðuþingmann viðurkenna það úr þessum ræðustóli að verið væri að auka fjárframlög til háskólastigsins. Ef hún hefur ekki heyrt það þá hefur hún ekki verið að hlusta á mig þegar ég hef veitt þessari ríkisstjórn viðurkenningu fyrir það. Ég hef að vísu á sama tíma gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir forgangsröðunina, þ.e. hvaða háskólar það eru sem fá aukna fjármuni frá ríkisstjórninni. Það eru dekurbörn ríkisstjórnarinnar, einkaháskólarnir. En ég hef líka fagnað fjölbreytninni. Það er rangt sem hæstv. ráðherra sagði í andsvörum sínum við hv. þm. Helga Hjörvar að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefði barist hatrammlega gegn fjölbreytninni. Ég hef fagnað hverju nýju tækifæri sem íslenskir háskólastúdentar fá til náms. Alveg sama hvaða skólar bjóða upp á þau tækifæri. Hins vegar gagnrýni ég ríkisstjórnina fyrir að taka einkaháskólana út fyrir sviga og hækka fjárframlögin til þeirra umtalsvert meira en til opinberu háskólanna. Opinberlega fagnaði ég auknum tækifærum háskólastúdenta til náms síðast á fundi í Háskóla Íslands þann 1. desember. Stúdentaráð boðaði fulltrúa stjórnmálaflokkanna til hátíðarfundar í hátíðarsal skólans og vildi ræða við okkur fjármál hans. Nemendur vildu ræða við okkur um það hvernig staða háskólans hefði áhrif á þá. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þar voru afar áhrifamiklar ræður fluttar. Pallborðsumræður sem fóru fram eftir ræður stúdenta voru mjög málefnalegar.

Á þessum fundi kom fram, og ég veit að hæstv. ráðherra er vel kunnugt um það, að aukningin á milli áranna 2005 og 2006 til háskólanna er á þann veg að Háskóli Íslands hækkar minnst. Hann hækkar um 12,9%. Á sama tíma hækkar háskólinn á Hólum í Hjaltadal um 29,3%. Nú skulum við undanskilja Landbúnaðarháskólann og háskólann á Hólum í Hjaltadal og skoða eingöngu þá háskóla sem heyra undir hæstv. menntamálaráðherra. Þá er það Viðskiptaháskólinn á Bifröst sem hækkar mest eða um 21,6%. Háskólinn í Reykjavík og Tækniháskólinn hækka um svipaða tölu, 20,6%. En opinberu háskólarnir hækka allir þrír minna: Háskóli Íslands um 12,9%, eins og ég sagði, Kennaraháskólinn um 13,1% og Háskólinn á Akureyri um 17,5%. Það er þessi forgangsröðun sem ég gagnrýni. Ég stend á því fastar en fótunum að hæstv. ráðherra sé að bregðast flaggskipi æðri menntunar á Íslandi, Háskóla Íslands, með stefnu sinni í fjárveitingum til háskólastigsins.

Sérfræðingar, bæði innlendir og erlendir, hafa greint ástandið í Háskóla Íslands og það er óumdeilt. Við þekkjum öll þá stjórnsýslu- og fjárhagsúttekt sem Ríkisendurskoðun gerði og birt var fyrir skemmstu. Stjórnsýsluúttektin leiðir í ljós að Háskóli Íslands er ódýr í rekstri í samanburði við sambærilega háskóla í nágrannalöndunum. Því eigum við auðvitað að fagna. Við eigum líka að fagna því hvernig Háskóli Íslands kemur út, bæði hvað varðar kennslu og eins hve nemendur hans koma vel út í samkeppni við háskóla á erlendri grund. Háskóli Íslands kemur mjög vel út og nemendur hans koma mjög vel út. Ég tek undir það sem hæstv. ráðherra segir um þann þátt samkeppninnar. Ég vil að við tryggjum að Háskóli Íslands fái áfram að standa jafn vel að vígi og helst betur í þeirri samkeppni. En ég vil að við leggjum af allt tal um samkeppni hér innan lands þar sem verið er að etja skólum saman og láta þá keppa um fjármagn á ótrúlega ósanngjörnum forsendum.

Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar kemur líka fram að skilvirkni Háskóla Íslands sé mikil. En þar er þess líka getið að framhaldsnemar séu hlutfallslega fáir og stundakennarar séu margir. Nú er það svo að tekjur á skráðan nemanda í Háskóla Íslands eru lágar miðað við þá skóla sem hann ber sig saman við — sem eru háskólar í nágrannalöndum okkar, sem er eðlilegt og sanngjarnt að skólinn beri sig saman við. Í Háskóla Íslands eru tekjur á skráðan nemanda lægstar af öllum þeim skólum sem stjórnendur skólans hafa gegnum árin borið sig saman við til að fá marktæka niðurstöðu. Á sama tíma eru skráðir nemendur á starfsmann í Háskóla Íslands miklu fleiri en í umræddum samanburðarháskólum. Í Háskóla Íslands er ævinlega verið að fjölga nemendum á hvern kennara. Búin eru til námsúrræði fyrir nemendur sem eru í sjálfu sér ekki boðleg í skóla sem ætlar að standa sig og stendur sig þó jafn vel og raun ber vitni í samkeppninni. Það verður að hægja á í þessum efnum. Það verður að fækka nemendum á hvern skráðan starfsmann. Það verður að fjölga framhaldsnemum til að Háskóli Íslands geti talist rannsóknarháskóli á heimsmælikvarða, sem ég held að hæstv. ráðherra vilji í orði kveðnu. Hæstv. ráðherra verður að styðja við bakið á þeirri stefnu stjórnenda Háskólans að þeir fái svigrúm til að fjölga doktorsnemum upp í 60 á næstu fimm árum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lýst miklum stuðningi við þá stefnu. Núna eru doktorsnemar við Háskóla Íslands einungis 12. Ef við viljum að Háskóli Íslands nái að standa vel í fæturna í samkeppninni við háskóla á erlendri grund verður að fjölga doktorsnemum. Það verður ekki gert nema með auknum fjármunum til skólans.

Það er líka ámælisvert, frú forseti, að fé til rannsókna til Háskóla Íslands hefur nánast staðið í stað á sama tíma og afköst í rannsóknum hafa aukist. Á þessu sviði stendur Há-

skóli Íslands sig afburðavel. En á sama tíma vantar 200 millj. upp á að ríkið standi við rannsóknarsamning sinn við skólann. Í fjárframlag til rannsókna vantar 200 millj. kr. upp á að ríkið standi við samkomulag sem það sjálft hefur gert. Á sama tíma fær Háskólinn í Reykjavík, einn af einkaháskólunum, 200 millj. kr. í rannsóknir án þess að hafa rannsóknarsamning. Þetta er ekki jafnvægi. Þetta er ójafnvægi. Þarna er verið að mismuna, frú forseti.

Hæstv. ráðherra verður að sjá til að staðið sé við þá samninga sem gerðir eru í þessum geira. Það er skammarlegt að ekki sé staðið við þann rannsóknarsamning sem gerður hefur verið við Háskóla Íslands. Það er eitt af því sem við gagnrýnum hér í þessari umræðu þegar við erum að tala um fjárlögin í 3. umr.

Stjórnendur Háskóla Íslands hafa staðið sig vel og hagað rekstri skólans í samræmi við fjárveitingar og aðrar tekjur. Ekki verður annað sagt og ég vona að hæstv. ráðherra sé mér sammála um það. Gripið hefur verið til ýmissa aðhaldsaðgerða. En það má aldrei verða svo að aðhaldsaðgerðirnar skeri svo nærri beinunum að gæði námsins séu í hættu. Það er líka ljóst að hlutfall þeirra tekna sem skólinn verður að afla sér fyrir utan ríkisframlagið er hátt í samanburði við erlenda háskóla. Það er áhyggjuefni þegar litið er á tölfræðina í Háskóla Íslands hversu t.d. framlag frá Happdrætti Háskóla Íslands hefur lækkað. Það hefur lækkað á árunum 1988 til 2005 um 68%. Það er verulegt áhyggjuefni að fjárveitingarnar sem skólinn hefur ævinlega getað reitt sig á frá happdrættinu skuli hafa lækkað svona mikið. Það er líka áhyggjuefni í sambandi við Happdrætti Háskóla Íslands að það skuli þurfa að borga 100 millj. kr. á ári í ríkissjóð í einkaleyfisgjald fyrir peningahappdrætti. Ef Happdrætti Háskóla Íslands ætti að standa á þann veg á bak við Háskóla Íslands að okkur fyndist sómi að, og eins og ég veit að þeir hv. þingmenn sem stóðu að lögunum um happdrættið ætluðust til, væri löngu búið að leggja niður umrætt einkaleyfagjald og sjá til þess að happdrættið fengi það óskipt svo að það gæti runnið til háskólans.

Hæstv. ráðherra er í lófa lagið að breyta þessu. Við erum ekki að tala um að það þurfi beinlínis að fara ofan í ríkissjóð til að auka fjárveitingarnar. Þarna eru um 100 millj. kr. árlega í einkaleyfagjaldinu sem við getum látið renna beint til happdrættisins og þar með til að efla háskólann.

Við vitum líka að fjárhagsvandi Háskóla Íslands er hvorki fólginn í stöðugum hallarekstri skólans né heldur í skuldasöfnuninni. Skólanum er mjög óhægt um vik að mæta auknum kostnaði vegna fleiri nemenda eða nýrra námsbrauta og dýrari starfsmanna, án þess að það komi niður á gæðum, bæði kennslu og rannsókna. Það verður líka að viðurkennast að Háskóli Íslands þarf aukna fjármuni til að styrkja framhaldsnámið og það er veruleg hætta orðin á því núna, eins og málum er komið, að rannsóknaháskólinn sem við viljum öll reka og standa við bakið á, verði ekki eins öflugur og draumar okkar segja til um og atgervi þeirra sem starfa í háskólanum, hvort sem það eru kennarar eða stúdentar, segir okkur að gæti orðið.

Eitt af því sem veldur áhyggjum þegar statistikkin er skoðuð er að hlutfall fjárveitinga til rannsókna til Háskóla Íslands hefur farið lækkandi. Það er áhyggjuefni út af fyrir sig. Þegar öllu er á botninn hvolft greiðir ríkissjóður ekki með öllum þeim nemendum sem stunda nám við Háskóla Íslands, jafnvel þó ég hafi fagnað þeirri aukningu sem kom sem kennsluframlag í því frumvarpi sem við ræðum núna. Það er virkilegt fagnaðarefni að gerð hafi verið sú leiðrétting sem raun ber vitni. Hún er vissulega til bóta. En skrefið er ekki stigið til fulls. Enn þá vantar fjármuni upp á að greitt sé með öllum þeim nemum sem stunda nám við Háskóla Íslands. Maður hlýtur að spyrja: Hvers vegna?

Eftir því sem stjórnendur Háskóla Íslands segja okkur vantar um það bil 10% á að launastikan hafi hækkað í samræmi við launaþróun. Það mun vera um það bil 1 milljarður kr. á fimm árum. Það er mjög alvarlegt ef ekki er farið eftir launastikunni, sem ég hélt að sátt ríkti um og við værum sammála um að ætti að vera til viðmiðunar. Húsnæðisframlag til háskólans er að minnsta kosti helmingi of lágt til að geta staðið undir markaðsleigu. Skotið er á að það geti munað um 200 millj. kr. á ári hvað húsnæðisframlagið ætti að vera hærra ef markaðsleiga væri reiknuð. Síðan má segja að fjárveitingar til rannsókna hafi staðið í stað og fjármögnun framhaldsnámsins sé langt frá því að vera fullnægjandi.

Við vitum að við þessar aðstæður verður halli á rekstri Háskóla Íslands, bæði á árinu 2005 og einnig á árinu 2006. Það er trúlegt að hallinn verði svipaður á báðum þeim árum. Þetta vitum við og erum algerlega með galopin augu gagnvart því hér í þessum sal, sem erum að ákveða fjárveitingarnar til þjóðskólans. Við vitum líka og það sýnir tölfræðin okkur að ef Háskóli Íslands fengi hlutfallslega sömu hækkun fjárveitinga og þeir skólar sem mesta hækkun fá, yrði rekstur hans í góðu jafnvægi á árinu 2006. Það munar um það bil 371 millj. kr. Er það ofverkið okkar, frú forseti, að sjá til þess að Háskóli Íslands fái þá fjármuni? Mitt svar er nei. Í bullandi góðæri, í fjárlögum sem aldrei hafa verið hærri höfum við efni á 371 millj. kr. í Háskóla Íslands til að leiðrétta rekstur hans. Það væri virkilega áhrifaríkt gjörð hæstvirts menntamálaráðherra en því miður hefur hv. fjárlaganefnd Alþingis ákveðið að taka málið ekki einu sinni inn á sitt borð á milli 2. og 3. umr. Það er því ekkert að gerast og við sjáum alveg í hvað stefnir, hver lokaafgreiðsla fjárlaganna verður. Hún verður ekki sú sem ég óskaði mér að sjá.

Ég hef það sem af er ræðu minni, frú forseti, einbeitt mér að því að ræða um Háskóla Íslands því að aðrir hafa talað um Háskólann á Akureyri. Ég tek heils hugar undir það sem komið hefur fram í ræðum hv. þingmanna varðandi Háskólann á Akureyri. Eins og ég gagnrýndi það í ræðu minni við 2. umr. fjárlaga vil ég ítreka gagnrýni mína á orð hæstv. menntamálaráðherra í viðtali í fjölmiðlum um fækkun deilda, sem háskólaráð og Háskólinn á Akureyri tók ákvörðun um að yrði að eiga sér stað til að hægt væri að sjá fram á sæmilegan rekstur Háskólans á Akureyri á þessu ári sem fram undan er og grípa þyrfti til þeirra ráðstafana að fækka deildum og reyna með því að hagræða sem frekast væri unnt. Í mínum huga er alveg ljóst að þær aðgerðir ganga verulega nærri ákveðnum þáttum í starfsemi skólans sem er ætlað að skila u.þ.b. 50 millj. kr. í sparnað. Jafnvel þó að markmiðið náist er staða skólans samt sú að 80 millj. kr. vantar upp á að skólinn geti staðið undir þeim rekstri sem fram undan er hjá honum. Í fréttum Ríkisútvarpsins þann 11. nóvember sagði hæstv. menntamálaráð-

herra þegar hún var spurð um þessar niðurskurðarráðstafanir háskólaráðs Háskólans á Akureyri, að þær bæru vott um mikla framsýni. (**Menntmrh.:** Skipulagsbreytingarnar. Það var leiðrétt. Skipulagsbreytingarnar, það verður að hafa þetta rétt eftir.) Ég er ekki með leiðréttingu á fréttinni, ég er eingöngu með útskrift af henni eins og hún er frá Fjölmiðlavaktinni. Ekki var annað að skilja á orðum hæstv. ráðherra en að hún teldi þessa ákvörðun vera þess eðlis að hún ætti að styrkja skólann til langs tíma. Mér er það gjörsamlega óskiljanlegt, og ég hef svo sem vikið að því í máli mínu áður þegar að málefni hæstv. menntamálaráðherra hafa borið á góma, hvernig hægt er að segjast vera að efla stofnanir með að kreppa meira að þeim fjárhagslega.

Eitt af því sem væri hægt að fara út í en ég ætla að spara mér til að stytta ræðu mína er umræðan um jafnrétti til náms á háskólastigi, umræða sem sprottið hefur upp vegna ályktunar landsfundar Sjálfstæðisflokksins um skólagjöld í háskólanámi. Ég ætla að spara mér þá umræðu en einungis gefa út þá yfirlýsingu sem ætti að vera alþjóð kunn að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar skólagjöldum á háskólastigi og telur að standa eigi vörð um öfluga háskólamenntun á annan hátt en að seilast í vasa nemenda til að fá þar aukna fjármuni. Sömuleiðis ætla ég að spara mér að ræða mikið um gæðamál í háskólum en það er líka eitt af því sem skiptir verulegu máli þegar við fjöllum um háskólamenntun, þ.e. hvernig standa þessir skólar sig þegar við horfum til gæða námsins?

Mig langar að koma að næsta kafla ræðu minnar sem varðar hæstv. ráðherra og það er Listdansskóli Íslands. Óþarfi er að rekja í smáatriðum aðdraganda þess máls en nú liggur ljóst fyrir að fyrirtæki að nafni Dansmennt ehf. mun taka við af Listdansskóla Íslands sem hæstv. menntamálaráðherra hefur ákveðið að leggja niður. Ég hef gagnrýnt að henni skuli vera það kleift eingöngu með því að breyta fjárveitingum til skólans þannig að hann verði þurrkaður út. Þetta er dæmi um framkvæmd sem ég tel að eigi að fara í gegnum Alþingi jafnvel þó ekki séu til lög um skólann. Þá tel ég sjálfsagt mál að Alþingi komi á einhvern hátt að ákvörðun af þessu tagi öðruvísi en í gegnum fjárlög.

Það liggur sem sagt ljóst fyrir. Búið er að undirrita viljayfirlýsingu menntamálaráðuneytisins, Menntaskólans við Hamrahlíð og fyrirtækis sem heitir Dansmennt ehf. Eftir því sem sú viljayfirlýsing segir, ég hef þetta eingöngu úr fjölmiðlum, ég hef ekki séð viljayfirlýsinguna sjálfa, en eftir því sem sagt er í fjölmiðlum mun þetta hlutafélag hafa það að markmiði að starfrækja listdansskóla fyrir alla aldurshópa og á öllum námsstigum. Ég held að hæstv. menntamálaráðherra hljóti að segja okkur frá því við þessa umræðu á hvern hátt grunnskóladeild skólans verður borgið innan þessa nýja fyrirkomulags. En hæstv. ráðherrann segir í viðtali við Morgunblaðið föstudaginn 2. desember, með leyfi forseta:

„Með þessu er verið að tryggja að þeir nemendur sem eru í Listdansskóla Íslands fái áframhaldandi nám og tryggja samfelluna frá grunnskólastiginu og upp úr."

Frú forseti. Það var hæstv. menntamálaráðherra sem setti þá samfellu í uppnám síðasta haust með því að tilkynna að hún ætlaði sér að leggja niður skólann. Hæstv. menntamálaráðherra er því að bjarga uppnáminu núna sem hún sjálf hefur valdið. Því er haldið fram að auka eigi kröfurnar til listdansnámsins. Í orðunum felst að ekki hafi þá verið gerðar nægilegar kröfur til listdansnáms hingað til í Listdansskóla Íslands. Hæstv. menntamálaráðherra skuldar þeim sem hlut eiga að máli skýringu á þeirri afstöðu að nú eigi allt í einu að auka kröfurnar til listdansnámsins og efla gæðaeftirlitið. Gott og vel, ef þetta gengur allt eftir, að þetta eigi að verða til að efla dansmenntina og gæði námsins. Ég er ekki mjög trúuð á það, frú forseti. Ég óttast að við horfum fram á mikinn ójöfnuð. Ég óttast að foreldrar þeirra barna sem hafa hæfileika til að verða listdansarar og leggja þá braut fyrir sig verði að bera kostnaðinn af námi barna sinna, umfram það sem verið hefur. Heimildir mínar segja að það hafi kostað um 90 þús. kr. á ári að hafa barn í listdansnámi. Ég hefði gaman af að heyra frá hæstv. ráðherra hvort hún telji að skólagjöldin hjá Dansmennt ehf. verði á svipuðum nótum. Eða verður það þannig að foreldrar þurfi að greiða algerlega fyrir grunnnámið, fyrir grunnskóladeildina, full skólagjöld? Verður það þannig að ríkið ætli sér eingöngu að standa straum af kostnaði við þreyttar eiringar til stúdentsprófs, þannig að allt sem verður þar umfram í námi barna á framhaldsskólaaldri verði greitt af foreldrum? Hvað verður um þá nemendur, þá listdansara, sem eru kannski á hraðri leið inn í atvinnumennsku, mjög ungir, kannski 18 ára gamlir og ætla sér alls ekki að taka stúdentspróf og eru alls ekki að stunda nám í framhaldsskóla? Eiga foreldrar þeirra að greiða listdansnámið frá a til ö að fullu? Engin af þessum spurningum hefur hlotið svar frá hæstv. ráðherra. Ég spyr líka: Hvar eru fjármunirnir núna sem til þarf til að greiða kostnað nemendanna sem munu hefja nám hjá Dansmennt ehf. næsta haust? Ekki eru þeir í fjárlagafrumvarpinu. Hvar eru þeir? Ætlar hæstv. ráðherra kannski að redda þessu í kompaníi við félaga sína í fjárlaganefnd með fjáraukalögunum á næsta ári? Ætli það ætti eftir að koma okkur mikið á óvart að það sé nákvæmlega það sem stendur fyrir dyrum að gera.

Hvað húsnæði fær Dansmennt ehf.? Er búið að gera samning við Tónskóla Sigursveins, sem á húsnæðið sem Listdansskóli Íslands er í núna, um að Dansmennt ehf. fái þar inni? Eða ætlar hæstv. menntamálaráðherra kannski ekki að hafa neinar áhyggjur af því? Getur Dansmennt ehf. bjargað málinu núna?

Af því að Menntaskólinn við Hamrahlíð er aðili að þessu samkomulagi, þessari viljayfirlýsingu, þá vil ég að fólk viti að Menntaskólinn við Hamrahlíð gerir háar kröfur til þeirra nema sem teknir eru inn í MH. Þar fara yfirleitt ekki inn nemar sem hafa lægri en 8,5 í meðaleinkunn. Hvað ætlar hæstv. menntamálaráðherra að gera við nema sem eru undir 8,5 í meðaleinkunn en hafa gríðarlega hæfileika í listdansi og hafa lært listdans kannski frá 6–7 ára aldri og eru í listdansnámi til að verða listdansarar og komast ekki inn í MH? Hvað verður um þá? Fá þeir ekki inni á listdansbraut og verður þeim þá úthýst? Eða þurfa foreldrarnir að borga upp í topp?

Svo er líka til í dæminu að nemendur muni vilja fara í aðra skóla. Það eru ekki allir sem eru í listdansnámi sem vilja endilega fara í Hamrahlíðina. Þeir koma ekki til með að eiga völ á hinni nýju braut, þessari listdansbraut sem Menntaskólinn í Hamrahlíð ætlar að bjóða upp á. Hvernig

ætlar hæstv. menntamálaráðherra að endurvinna það traust sem nemendur, foreldrar og kennarar Listdansskóla Íslands hafa borið til hennar þangað til í haust? Ég er sannfærð um að hún þarf að gera verulega mikið til að endurvinna það traust, ef hún ætlar sér að endurvinna það. Það er hún ekki búin að gera með undirritun viljayfirlýsingarinnar. Það er hún heldur ekki búin að gera með aðalnámskránni sem hún er búin að birta á heimasíðu ráðuneytisins. Það eru allt of margir lausir endar, allt of mikið í lausu lofti. Vinnubrögðin sem hér hafa verið viðhöfð, frú forseti, eru bara til skammar. Ef maður ætlar að fara út í svona breytingar gerir maður það að vel yfirlögðu ráði og þannig að fólk sé haft með í ráðum, fólkið sem breytingarnar eiga að bitna á.

En það var því miður ekki gert og þess vegna stöndum við í þeim sporum sem við nú gerum, með fullt af ungum listdönsurum í óvissu, foreldra og fjölskyldur í uppnámi og óvissu út af þessu. Hæstv. menntamálaráðherra skuldar því fólki skýringar. Foreldrar áttu sér einskis ills von, kennarar vissu ekkert um áformin, skólanefnd hafði ekki verið haldið að störfum, ekki hafði verið skipað nefndina missirum saman. Foreldrafélagið hafði því miður legið í dvala. Kannski notfærði hæstv. menntamálaráðherra sér þær aðstæður sem voru í skólanum að skólanefndin var ekki til staðar og foreldrafélagið var í dvala. Þá var höggið látið dynja.

Frú forseti. Ekki meira um Listdansskóla Íslands í bili en ég vona að hæstv. ráðherra geti svarað einhverjum af þeim spurningum og vangaveltum sem ég hef komið inn á í ræðu minni.

Framhaldsskólarnir eru annar málaflokkurinn þar sem hæstv. ráðherra er með allt upp á móti sér. Ég verð að segja að ég fagna ályktun Félags framhaldsskólakennara, sem barst því miður afar seint til okkar en hún kom hingað í gær. Ályktunin er rituð 5. desember og undirrituð af Aðalheiði Steingrímsdóttur, formanni Félags framhaldsskólakennara. Þetta er efnismikil ályktun og hún er birt sem fylgiskjal með framhaldsnefndaráliti um frumvarp til fjárlaga frá 2. minni hluta fjárlaganefndar. Ég las hana af mikilli athygli og ég verð að segja að þar koma fram ávirðingar sem hæstv. ráðherra hlýtur að verða að svara á einhvern hátt. Þær eru af ýmsu tagi en kjarninn í þeim er eins og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir kom inn á áðan að þær fjárveitingar sem framhaldsskólunum eru ætlaðar í fjárlagafrumvarpinu eru stórlega vanáætlaðar. Á sama tíma og fjárveitingar til framhaldsskólanna eru stórlega vanáætlaðar eru stjórnvöld uppi með áform um að stytta nám til stúdentsprófs sem ég hef ævinlega talað um sem skerðingu, þ.e. þau hafa í hyggju að skerða nám til stúdentsprófs og spara stórlega í rekstri framhaldsskólanna. Ég get ekki annað en tekið undir með framhaldsskólakennurum þar sem þeir halda því fram að þær aðgerðir sem hér eru í gangi muni leiða til þess að sumir komist ekki inn í framhaldsskóla og hér sé verið að rjúfa samfélagssátt sem ríkt hefur um áratuga skeið á Íslandi um menntakerfið og lykilhlutverk þess í jöfnun lífskjara því að framhaldsskólinn á samkvæmt lögum að vera fyrir alla. Hann er það ekki í dag og verður það trúlega enn síður ef styttingar- eða skerðingaráform hæstv. ráðherra ná fram að ganga.

Framhaldsskólakennarar segja að fjárveitingarnar séu gróflega vanáætlaðar og hafi verið það árvisst og sömuleiðis nemendafjöldinn, þ.e. spá um nemendafjölda hafi verið hunsuð. Þeir fara mörgum orðum um þessi sjónarmið sín í ályktuninni og styðja þau öll rökum. Það kemur t.d. fram hjá þeim að í fjárlagafrumvarpinu 2003 hafi fjárveitingar til framhaldsskólanna verið ákvarðaðar samkvæmt endurskoðuðu reiknilíkani menntamálaráðuneytisins því það er ekki eins og menntamálaráðuneytið hafi ekki vitað að reiknilíkanið er gallað. Markmið endurskoðunarinnar var auðvitað að lagfæra fjárhagsvanda en ekki allra, heldur fyrst og fremst fjölmennra verknámsskóla og meðalstórra og fámennra skóla á landsbyggðinni. En í hverju fólst aðferðin sem farin var til að auka fjárveitingar til þessara skóla? Jú, hún fólst í því að lækka fjárveitingar til annarra skóla, skóla sem voru hreint ekki aflögufærir fyrir. Er þetta nokkur pólitík? Þetta er ekki menntapólitík, frú forseti.

Þær breytingar sem gerðar voru á reiknilíkaninu skiluðu verknámsskólunum að meðaltali 2–7% hækkun framlags með hverjum nemanda en greiðslur með nemendum í bóknámi lækkuðu við sömu breytingu um 2%. Í fjárlagafrumvarpinu 2003 var heildarfjárveiting til skólanna hvorki aukin til að ná kostnaði af breyttu reiknilíkani né heldur til að styrkja almennt starfsemi skóla og þjónustu þeirra við nemendur. Þetta eru auðvitað átakanlegar staðreyndir og sama má segja um þær staðreyndir sem framhaldsskólakennararnir telja upp í ávirðingum sínum varðandi fjárlagafrumvarpið 2004. Síðan kemur fram að útreikningarnir í frumvarpinu 2005 hafi byggst á 18.200 nemendum og í frumvarpinu 2006 er gert ráð fyrir að nemendur verði 18.900 en þeir verða í raun 23.000. Af hverju er yfirvöldum menntamála gjörsamlega fyrirmunað að sjá til þess að framhaldsskólarnir fái þá fjármuni sem nemendafjöldinn segir til um? Hvers vegna er þeim fyrirmunað að láta nemendafjöldann að ráða? Sérstaklega þegar skoðaðar eru hástemmdar ræður um að hækka eigi menntunarstig þjóðarinnar og að framhaldsskólinn sé fyrir alla. Af hverju má þá ekki sjá til þess að fjárveitingarnar séu a.m.k. samkvæmt reiknilíkaninu svo ósanngjarnt sem það nú er? Að hver einasti nemandi sem ákveður að fara í framhaldsskóla og kemst í framhaldsskóla fái a.m.k. með sér þau framlög sem reiknilíkanið gerir ráð fyrir að eigi að koma. Í mínum huga er þetta sáraeinfalt mál og ég skil ekki hvers vegna hæstv. ráðherra getur ekki lagst á sveif með framhaldsskólakennurum og barist fyrir málstað framhaldsskólanna. Það er óskiljanlegt.

Hallinn á rekstri framhaldsskólanna er umtalsverður. Segja má að uppsafnaður rekstrarhalli þessara skóla hafi verið samtals 480 millj. kr. árið 2004. Það mun samsvara næstum því framlagi til eins fjölmenns framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt fjárlögum ársins 2005. Í greinargerð frá Ríkisendurskoðun um framkvæmd fjárlaga 2004 má lesa úttekt á fjárhagsstöðu nokkurra stofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið. Meðal annars eru teknir níu framhaldsskólar þar sem halli skólanna mun hafa numið frá 4% og upp í 35% af fjárveitingum til þeirra árið 2005. Í þeim hópi eru meðalstórir og fámennir fjölbrauta- og bóknámsskólar, fjölmennir og fámennir verknámsskólar. Fimm af þessum níu skólum eru á landsbyggðinni en fjórir á höfuðborgarsvæðinu.

Það kemur líka fram í ályktun framhaldsskólakennara að vegna fjárhagsvandans hafi orðið samdráttur og beinn

niðurskurður á námsframboði flestra þessara skóla, sérstaklega í starfs- og verknámsskólunum. Fram kemur að nemendum hafi verið fjölgað í námshópum í bóknámi sem að sögn kennaranna verður ekki til að minnka brottfallið. Ég hef heyrt hæstv. menntamálaráðherra halda hástemmdar ræður um að það verði að gera allt sem hægt er til að minnka brottfallið en þá eigum við ekki að þvinga framhaldsskólana til að fjölga í nemendahópunum því það eykur brottfall. Það er elsta reglan í bókinni varðandi brottfall. Það er líka ljóst að ýmiss konar þjónusta við nemendur hefur verið skert, gjaldtaka skólanna af nemendum eykst sífellt. Framhaldsskólanemar hér á landi fá ekki ókeypis námsbækur eins og framhaldsskólanemar í nágrannalöndum okkar, í Skandinavíu, sem við berum okkur saman við. Þannig mætti áfram telja, frú forseti.

Það er auðvitað heilmargt ánægjulegt við framhaldsskólana og m.a. að þar er mjög mikil fjölbreytni í gangi. Vísbendingar eru um að mörkin á milli tegunda skóla hafi verið að mást út. Fleiri eldri nemendur sækja framhaldsmenntun núna en verið hefur. Mörkin á milli dagskóla, kvöldskóla og fjarnáms eru orðin óskýrari vegna þess að skólarnir hafa líka verið að aðlaga þjónustu sína að þeim fjölbreytta nemendahópi sem þangað sækir. Það sama má í rauninni segja um mörkin á milli grunnmenntunar þeirra og endurmenntunar.

Ég talaði áðan aðeins um framhaldsskóla fyrir alla og jafnrétti til náms. Það er kafli um það í ályktun framhaldsskólakennaranna. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt fyrir hæstv. menntamálaráðherra að skoða þessa ályktun gaumgæfilega og ég held að það hefði líka verið full ástæða fyrir fjárlaganefnd að skoða þessa ályktun gaumgæfilega. Og af því hv. þm. Magnús Stefánsson, formaður fjárlaganefndar, situr í salnum núna og ég held að hann hljóti að verða að svara fyrir það, þá finnst mér með ólíkindum hvers vegna ekki var farið betur ofan í fjárveitingar til skólanna, framhaldsskólanna og háskólanna, en raun ber vitni meðan að málin voru á borði fjárlaganefndar. Það mætti kannski fá að heyra það frá hv. þingmanni hvort hann sé búinn að lesa ályktun framhaldsskólakennara og hvort honum bregði ekki nokkuð við þegar hann sér að enn eitt árið á að stefna framhaldsskólunum inn í ástand sem er fullkomlega óviðunandi.

Ég hafði hugsað mér að fara hér nokkrum orðum um skerðingu náms til stúdentsprófs. Ég læt mér hins vegar nægja að hvetja hæstv. menntamálaráðherra til að lesa ræðu mína við 2. umr. fjárlaga þar sem ég fór yfir ávirðingar og gagnrýni framhaldsskólakennara og nemenda í framhaldsskólum á þau áform og vitnaði til nokkurra greina sem hafa verið skrifaðar í þeim efnum. Ég treysti því að hæstv. ráðherra kynni sér þann máflutning sem hér fór fram við 2. umr. og renni yfir þær ræður sem þá voru fluttar.

Eitt get ég ekki látið undir höfuð leggjast að nefna, frú forseti, í þessari umræðu, 3. umr. til fjárlaga, og það eru mannréttindamálin og Mannréttindaskrifstofa Íslands. Við höfum hér á borðum okkar breytingartillögu frá stjórnarandstöðunni sem gerir ráð fyrir því að Mannréttindaskrifstofa Íslands fái framlög sem nema 9 millj. kr. undir hatti dómsmálaráðuneytisins, nafngreind framlög, og að Mannréttindastofnun Háskóla Íslands fái framlög sem nema 1,2 millj. kr. Öll hneisan í kringum framgöngu stjórnvalda varðandi Mannréttindaskrifstofu Íslands er náttúrlega þyngri en tárum taki. Það er algerlega óásættanlegt að Mannréttindaskrifstofan skuli ekki fá sér nafngreinda fjárveitingu og það er sárgrætilegt að ríkisstjórnin eða ráðherrar hennar og ekki einu sinni hv. formaður eða varaformaður fjárlaganefndar skuli hafa fært fram nokkur rök í þessu máli. Engin rök hafa verið færð fram fyrir því hvers vegna þær breytingar voru gerðar að Mannréttindaskrifstofa Íslands er ekki lengur sérgreindur liður undir ráðuneyti heldur einungis almennt framlag sem við vitum núna af reynslunni vegna ársins 2005 að stendur Mannréttindaskrifstofu Íslands ekki til boða. Hver voru rökin fyrir þessari breytingu? Hv. formaður fjárlaganefndar verður að svara því eða þeir ráðherrar sem í hlut eiga. Þessi rök hafa ekki enn komið fram. Maður les hér áskoranir til þingmanna þar sem málsmetandi fólk fer þess á leit að við endurskoðum þessa ákvörðun okkar og allir í stjórnarmeirihlutanum þegja bara þunnu hljóði og þessum ályktunum og áskorunum er ekki svarað. Menn þumbast bara við. Við erum með ályktanir og áskoranir frá landsnefnd UNIFEM á Íslandi, frá Stígamótum, frá hjálparstarfi kirkjunnar, frá Siðmennt – félagi siðrænna húmanisma á Íslandi, frá presti innflytjenda og frá Landssamtökunum Þroskahjálp. Þeim er í engu svarað. Hvaða dónar eru hér við völd að ekki sé hægt að svara áskorunum og bænaskjölum sem við fáum og að ekki sé hægt að koma með nein rök fyrir þeim ákvörðunum sem hér eru teknar þvert ofan í hávær mótmæli stjórnarandstöðunnar. Svona háttsemi er sannarlega ekki til fyrirmyndar, frú forseti, sannarlega ekki. Hv. þingmenn eiga þess kost að greiða atkvæði með breytingartillögu stjórnarandstöðunnar. Ég er ekki farin að sjá að þeir geri það, en það væri kannski mannsbragur að því að þeir hugleiddu það.

Frú forseti. Eitt mál gleymdist við 2. umr. fjárlaga. Þar verður að fá skýringu frá hv. formanni nefndarinnar, Magnúsi Stefánssyni. Okkur barst umsókn um stuðning, rekstrarstyrk, fyrir íslenskan kvennagagnabanka á netinu, frá Kvennaslóðum sem reknar eru undir Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands. Gagnabankinn kvennaslodir.is er banki sem hefur verið starfræktur hjá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum síðan í lok árs 2003 og okkur er fullkunnugt um það því hingað hafa komið umsóknir um þetta verkefni áður og við höfum veitt því brautargengi. Í gagnabankanum eru nú á áttunda hundrað nöfn kvensérfræðinga á öllum sviðum þjóðfélagsins. Í honum eru aðgengilegar upplýsingar um menntun, störf, sérsvið, rannsóknir og útgefið efni skráðra kvenna og hann er leitarbær eftir nöfnum, fagsviðum og efnisorðum. Hann er líka frétta- og upplýsingaveita um jafnréttismál, útgáfur tengdar jafnréttismálum og ýmsa atburði sem tengjast þeim. Markmið þessa gagnabanka er fyrst og fremst það að gera kunnáttu og hæfni kvenna sýnilega og aðgengilega. Hann er vettvangur fjölmiðlafyrirtækja og stjórnvalda til að finna sérfræðinga til margvíslegra starfa með skjótvirkum hætti. Einnig er hann mikilvægt tæki til að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu og það er einmitt það sem við viljum gera með jafnréttislögunum sem við erum öll svo stolt af. Fyrirmyndin er sótt til nágrannalanda okkar, þar eru til sambærilegir gagnabankar.

Undirbúningsvinna við þennan gagnabanka hefur hlotið brautargengi hjá félagsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Jafnréttisstofu, Jafnréttisráði, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Þeir aðilar hafa allir styrkt starfið á þessi ári. En ef koma á fótunum undir þennan gagnabanka þá er algerlega nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga fái tækifæri til að styrkja hann. Þetta er eitt af því sem hefði þurft að ræða og átt að vera á borðum fjárlaganefndar á milli 2. og 3. umr. En hvað gerist? Fjárlaganefnd hunsar að taka málið til sín, lætur eins og hún sé búin með vinnuna sína, krossleggur hendur og lítur ekki á nokkurn skapaðan hlut á milli umræðna. Þannig er þessi gagnabanki á netinu, Kvennaslóðir, settur á milli stafs og hurðar, beiðni um fjárveitingu verður ekki sinnt og það er til skammar. Kannski má fyrst og fremst kenna fjárlaganefnd um þá handvömm sem hefur verið í gangi við vinnsluna. Ég hef reyndar leitt rökum að því að svo var einnig þegar umræðan um stuðning til sjálfstæðra atvinnuleikhópa, til sjálfstæðu leikhúsanna fór fram, en þá fórst fjárlaganefnd jafnóhönduglega og raun ber vitni að koma Leikfélagi Reykjavíkur inn á fjárveitingu. Kvennaslóðir eru sem sagt að lenda milli stafs og hurðar, kannski fyrir handvömm og athugunarleysi einhverra þingmanna og vegna þess að fjárlaganefnd neitar að taka málið inn á sín borð milli 2. og 3. umr.

Ég nefndi hér sjálfstæðu leikhúsin vegna þess að það er ein af ályktunum sem við höfum fengið síðustu daga. Þar fagnar stjórn sjálfstæðu leikhúsanna því sem gerðist við 2. umr. fjárlaga en þar átti sá liður sem leiklistarráð veitir til leikhópanna að hækka um 10 millj. Þetta virtist vera skilyrt hækkun og fjárlaganefnd gerði grein fyrir því framlagi þannig að það ætti að vera tímabundið til Leikfélags Reykjavíkur vegna verkefna á vegum áhugaleikhópa. Í fyrsta lagi var þessi skilyrðing algerlega fáránleg. Þetta eru fjármunir sem leiklistarráð úthlutar eftir umsóknum og ég hef skýrt hér áður og ætla ekki að lengja mál mitt með því. En það var samt sem áður ótrúleg handvömm að þetta skyldi gerast svona. Fjárlaganefnd er auðvitað frjálst að styrkja Leikfélag Reykjavíkur og leikfélagið hefur árum saman farið fram á að fá stuðning frá ríkinu til að reka leikhús sitt í Borgarleikhúsinu. En eins og kom fram í fréttum og viðtali við hæstv. menntamálaráðherra í Ríkissjónvarpinu í gærkvöldi var samkomulag gert á sínum tíma milli ríkis og borgar um að ríkið skyldi annast fjármögnun Íslensku óperunnar en í staðinn skyldi Reykjavíkurborg alfarið sjá um Leikfélag Reykjavíkur. Þessu undi Leikfélag Reykjavíkur aldrei og hefur æ síðan reynt að komast aftur hingað inn á fjárlög. Þegar loks átti að verða af því, reyndar með tímabundnu framlagi upp á 10 millj., þá fórst fjárlaganefndinni svo óhönduglega að breytingin er sett inn á lið sjálfstæðu leikhópanna. Og þegar á að leiðrétta málið geta menn ekki verið nægjanlega rausnarlegir til að sjá til þess að þessar 10 millj. haldist inn á lið leikhópanna. Nei, þær eru dregnar af. Þannig að aftur þarf liður sjálfstæðu leikhópanna, sem fjárlaganefnd hækkaði um daginn, að lækka um 10 millj. Þetta er algerlega með ólíkindum.

Og það er reyndar með ólíkindum að hæstv. menntamálaráðherra skuli hafa lýst því yfir að hún sé ekki sammála því að fjárlaganefnd skuli yfir höfuð styrkja Leikfélag Reykjavíkur. Þetta er auðvitað hið mesta klúðurmál, frú forseti, sem ég spái að eigi eftir að verða spunnið frekar í fjölmiðlum og menn þurfi að svara frekar fyrir. Ég bendi hv. þingmönnum einungis á að í atkvæðagreiðslu um þessi mál muni verða hægt, ef vilji er fyrir hendi, að sjá til þess að sjálfstæðu leikhúsin þurfi ekki að lækka um 10 millj. núna á milli umræðna, þá verði vonandi greidd atkvæði um það sérstaklega. Ég vona bara að nýjasta tillaga fjárlaganefndar í þessum efnum verði felld þannig að starfsemi atvinnuleikhópanna fái þessar 10 millj. og það verði varanleg hækkun á þeirra framlagi.

Einn liður hefur ekki verið ræddur nægjanlega nú, hvorki við 2. né 3. umr. í fjárlögunum, en það eru safnamálin. Ég hafði um þau nokkur orð í 2. umr. Þau orð lutu ekki síst að Náttúruminjasafni sem ég tel að sé orðið löngu tímabært að setja á stofn og það er skammarlegt að nefndin sem á að undirbúa það skuli ekki hafa verið kölluð saman í tvö ár. Eftir ræðu mína við 2. umr. var mér bent á að á nýafstöðnum landsfundi Sjálfstæðisflokksins hefði verið samþykkt ályktun um safnalögin. Þar segir, með leyfi forseta:

Í safnalögum, sem sett voru að frumkvæði menntamálaráðherra, er kveðið á um að hér skuli vera þrjú höfuðsöfn; Listasafn, Þjóðminjasafn og Náttúruminjasafn. Listasafn er starfrækt og Þjóðminjasafn hefur nú verið endurreist. Landsfundur vill standa við ákvæði safnalaga og að hér rísi náttúruminjasafn sem fræðir og upplýsir um náttúru Íslands og lífríki hennar.

Ég segi: Húrra. En svo spyr ég líka hæstv. menntamálaráðherra: Hvar eru fjármunirnir til þess að Náttúruminjasafn geti risið, til að hægt sé að stofna þetta þriðja höfuðsafn Íslendinga? Þeir er ekki í fjárlagafrumvarpinu. En þeir eru hins vegar í breytingartillögu frá stjórnarandstöðunni frá okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar — grænsframboðs. Ég bendi því þingmönnum á að vilji þeir í alvöru, sérstaklega þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sjá til þess að Náttúruminjasafn geti risið hér þá ættu þeir að samþykkja tillögu hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar — grænsframboðs um 20 millj. kr. stofnframlag til safnsins, þ.e. til þess starfs sem þar á að fara fram við að undirbúa safnið.

Ég gagnrýndi líka í ræðu minni við 2. umr. hversu fjárlaganefnd væri hér frek til fjörsins í að úthluta til safna og sýninga hvers konar. En á sama tíma væri ekki hægt að hækka framlögin til Safnasjóðs. Auðvitað þarf að standa betur að þessum málum en gert er. Safnasjóður stendur enn í 83,7 millj. U.þ.b. 10 millj. af því fara til reksturs Safnasjóðs þannig að það eru ekki nema 74 millj. fyrir Safnasjóðinn til að úthluta. En á sama tíma veitir fjárlaganefnd 260 millj. til safna og safnatengdra verkefna. Er þetta nokkurt vit, hæstv. menntamálaráðherra? Eigum við ekki að reyna að koma þessu í það horf að það séu faglegar úthlutanir til safna þannig að söfnin fái sín framlög í gegnum Safnasjóð þar sem ákveðnar kríteríur eru til staðar og sama mælistikan sett á allar umsóknir? Þess vegna hefði ég gaman af að heyra hæstv. menntamálaráðherra fara nokkrum orðum um það, hvort hún sé ekki sammála mér í því að nær væri að hækka framlögin til Safnasjóðs, þess vegna um 250–260 millj., það væri fínt. Ég veit að safnaráð mundi vel við una og örugglega safnamenn allir og þeir þyrftu þá ekki

lengur að koma hingað pílagrímsferðir til hv. þingmanna fjárlaganefndar og gætu unað við faglegar úthlutanir, eins og við búum við t.d. í leiklistargeiranum og höfum fagnað í áraraðir eftir að leiklistarráði var komið á. En úthlutun til sjálfstæðu leikhópanna hefur verið komið í það horf að leiklistarráð útbýr sínar úthlutunarreglur og síðan eru allar umsóknir vegnar og metnar á sömu mælistiku og þannig una allir glaðir við sitt, nema náttúrlega að fjárveitingin mætti vera hærri. En það er eins og alltaf.

Að lokum, hæstv. forseti, er ég ásamt hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar — grænsframboðs með breytingartillögu á þskj. 497. Við höfum áhyggjur af tónlistarnámi í framhaldsskólum og við höfum áhyggjur af Listdansskólanum og þess vegna leggjum við fram breytingartillögur nú í 3. umr., en reyndar kynntum við hana við 2. umr., kölluðum hana aftur til 3. umr. þar sem hún verður flutt aftur. Þar gerum við ráð fyrir að á fjárlögum næsta árs verði veitt 40 millj. kr. til að auka við tónlistarnám í framhaldsskólum og 50 millj. kr. verði veitt til Listdansskóla Íslands, sem enn þá er til að nafninu til í fjárlögum, til að efla listdansnámið.

Frú forseti. Ég hef nú eflaust talað hér talsvert lengur en ég ætlaði mér og á meira að segja eftir að tala um formbreytingar á frumvarpinu sem ég er ósátt við en ég reyni að ræða það við hæstv. fjármálaráðherra í betra tómi. Ég læt máli mínu við 3. umr. nú lokið.

[16:40]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka fyrir það tækifæri að fá að vera hér með hv. þingmönnum við 3. umr. og eiga orðastað við þá þingmenn sem hér eru. Mér finnst aftur á móti miður að hv. þingmaður Össur Skarphéðinsson sem ég ætlaði líka að eiga orðastað við er ekki staddur hér en hann er í Washington. Þar er hann eflaust að sinna brýnum verkefnum fyrir land og þjóð en það gerum við sem störfum á vegum hins opinbera, við sinnum þeim verkefnum sem okkur ber skylda til. Þannig að ég ætla ekki fara meira út í þá sálma.

En svo aftur sé komið að verkefnum hér heima fyrir sem þingmenn hafa verið að fara yfir þá finnst mér það er afskaplega ánægjulegt hversu þingmenn hafa bæði mikinn áhuga og metnað fyrir hönd þessa mikilvæga málaflokks sem við ræðum nú í tengslum við fjárlög, þ.e. menningu okkar og menntakerfið allt í einni heild.

Ég verð þó að viðurkenna, af því ég var að hlusta á hv. þingmenn hér áðan, að þegar mér varð litið á fjárlagafrumvarpið eins og það lítur út núna og síðan á breytinguna sem hefur átt sér stað á milli umræðna þá er eins og þingmenn hafi ekki tekið eftir því að það er meira en 13% aukning til þessa málaflokks. Halda menn bara að 13% aukningu, sem er langmesta aukningin til eins málaflokks af öllum í fjárlagafrumvarpinu, sé bara stungið undir stól? Auðvitað fer þetta fjármagn, þessi gríðarlega aukning til menntamála. Og mér finnst allt í lagi þótt ég klifi á þeirri staðreynd enn og aftur að við erum að stórauka framlög til menntamála og það er staðfest með rausnarlegum hætti í þessu frumvarpi. Ég get alveg sagt eins og hv. þingmaður sagði að ég gerði alltaf, að ég vil sjá meira fé til allra málaflokka innan menntamálanna, til hvaða skólastigs sem er, hvort sem það er framhaldsskólinn eða háskólinn, og ég vil sjá meira fé til menningarmála. Ég vil sjá meira fjármagni varið til þessara málaflokka því þetta er það sem að mínu mati framtíðin byggir á.

En við megum heldur ekki loka augunum fyrir því sem vel er gert. Þetta er sá málaflokkur fjárlagafrumvarpsins sem framlög eru aukin langmest til, ég vil að menn átti sig á því. Á síðustu árum höfum við að stóraukið framlög til menntamála, þá sérstaklega til framhalds- og háskólamála. Vissulega er það rétt sem menn hafa verið að nefna um tölurnar frá OECD, þær fyrstu voru frá 2000 en þar var miðað við 0,8% miðað við landsframleiðslu. En tölurnar hækkuðu milli ára, fóru upp í 1,1%. Það er gríðarleg aukning til eins málaflokks. Í dag er ég sannfærð um, ef við lítum til framlaganna eins og þau eru til háskólamála í dag þá erum við komin yfir það sem við erum að tala um meðaltal OECD-ríkjanna. Við erum komin þangað. Svona hlutir gerast ekki af sjálfu sér, við þurfum að auka þessi framlög meðvitað á næstu árum, það höfum við verið að gera á undanförnum árum og við ætlum að halda því áfram. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hafa tekið hér til máls, við ætlum ekki að vera í neinu meðaltali, við stefnum á toppinn og þar ætlum við okkur að vera. En það tekur tíma og við höfum ekki farið sömu leiðir. Aðrar þjóðir hafa líka fjölgað nemendum. Við höfum reyndar fjölgað þeim meira en aðrar þjóðir, við höfum verið með þreföldun á nemendafjölda innan háskólanna meðan aðrar þjóðir glíma við tæplega tvöföldun. Og eins og ég kom inn á í andsvari mínu við hv. þingmann Helga Hjörvar hér fyrr í dag er ekki síst ánægjulegt að hér eykst fjöldi þeirra nemenda sem flokkast undir eldri nemendur. Það er mikið ánægjuefni að við skulum ná til þess hóps sem þarf enn frekar á aukinni menntun að halda og langar að sækja sér menntun. Ekki síst er það ánægjulegt. En við höfum ekki farið sömu leiðir og margar aðrar þjóðir, þ.e. að skera niður framlagið miðað við nemanda heldur höfum við reynt að kappkosta að láta framlögin fylgja nemendum.

En menn verða líka að hafa það hugfast að það eru ekki þannig að kostnaður aukist sjálfkrafa við fjölgun nemenda. Halda menn að 20. nemandinn sé jafndýr og 2. nemandinn í hópi? Að sjálfsögðu er það ekki þannig. Það vita það allir sem hafa eitthvert vit á rekstri að kostnaðurinn eykst ekki samhliða fjölgun nemenda og þar af leiðandi fer aukningin í fleiri þætti en eingöngu nemandafjölgunina sem slíka.

Það hefur verið komið inn á marga þætti hér og ég ætla að reyna að svara eftir bestu getu. Ef ég þekki þingmenn sem hér eru staddir rétt munu þeir vaða upp í andsvör og knýja mig nánari svara. En gott og vel, til þess er leikurinn gerður að öll sjónarmið séu dregin fram og við fáum málefnalega umræðu. Það er mikilvægt, þegar við ræðum mennta- og menningarmál, að við reynum að hefja okkur upp yfir flokkapólitík. Við verðum að sameinast um það mikilvæga verkefni, sem er markmiðið, eins og ég hef áður sagt, að verða þekkingarsamfélag í fremsta flokki árið 2010. Við erum á góðri leið. Við stöndum framar en t.d. Evrópusambandsþjóðirnar hvað varðar framlög til rannsókna og vísinda. Við höfum fyrir löngu uppfyllt þau takmörk sem þau settu sér fyrir árið 2010 hvað rannsóknir varðar. Við erum á fleygiferð með háskólana. Ég viður-

kenni að við þurfum að taka á í ýmsum málum og þá ekki síst í tengslum við opinberu háskólana, Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. — Ég fagna fleirum hér í þingsal.

Menn hafa rætt hér um opinberu háskólana, Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Sú mikla fjölgun nemenda sem hefur átt sér stað á síðustu árum hefur ekki gerst af sjálfu sér. Við höfum verið að setja fjármagn í þessa málaflokka og ég fullyrði að þessi mikla fjölgun nemenda og aukið námsframboð er m.a. afleiðing þeirrar samkeppni sem átt hefur sér stað á síðustu árum innan menntakerfisins. Það getur vel verið að menn verði sárir þegar ég fullyrði að stjórnarandstaðan, sumir þingmanna hennar, hefur verið að agnúast út þá skóla sem kallast einkaháskólar. Sannleikanum verður hver sárreiðastur. En svona er þetta nú einu sinni. Við höfum þurft að berjast fyrir samkeppni sem hefur leitt af sér þennan aukna fjölda nemenda. Við höfum þurft að gera það samhliða því að við höfum aukið fjármagnið. En auðvitað gerist það oft í samkeppni að hún verður líka að samstarfi og samvinnu. Það sjáum við einmitt gerast nú á milli Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Það kom skýrt fram, m.a. við ræðuhöld í tengslum við Háskólann í Reykjavík, að Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík huga að nánara samstarfi t.d. hvað varðar heilbrigðisgreinar og á ýmsum sviðum, sem er mjög mikið fagnaðarefni að mínu mati. Aðalsamkeppnin, og það er rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni Kolbrúnu Halldórsdóttur, er vissulega út á við. En við þurfum líka, eins og komið hefur fram hér, á heilbrigðri samkeppni að halda hér innan lands. Við eigum ekkert að vera feimin við að segja það.

Háskóli Íslands er flaggskipið. Menn hafa verið að ræða á undanförnum árum að launastikan sé ekki rétt. Hún hefur að mörgu leyti verið leiðrétt með þessu fjárlagafrumvarpi. Uppbygging Háskóla Íslands heldur að sjálfsögðu áfram. Ég vil minna þingmenn á að haldið er áfram með Vísindagarðana og vonandi sjáum við fram á tillögur til frekari framfara á því sviði núna á næstu vikum. Háskólatorgið er farið af stað. Við ræddum hér í gær frumvarp varðandi Árnastofnun. Sú leið sem þar er farin mun styrkja og efla Háskóla Íslands. Hún mun undirstrika mikilvægi þeirrar stofnunar sem helstu menntastofnunar á sviði íslenskra fræða. En þegar þær stofnanir sameinast í nýju og glæsilegu húsnæði á svæðinu hjá Þjóðarbókhlöðunni mun m.a. núverandi húsnæði Árnastofnunar losna og það húsnæði mun Háskóli Íslands að sjálfsögðu fá.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um skýrslur Ríkisendurskoðunar. Ég óskaði eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar til að fara yfir fjárhagsmálefni og stjórnsýslu innan Háskóla Íslands. Þar kemur ýmislegt í ljós, m.a. um fjárframlög til háskólans. En það er athyglisvert — það kom líka fram í skýrslu frá sambandi evrópskra háskóla — að það þarf að taka á stjórnsýslunni og stjórnskipun innan háskólanna. Menn mega ekki gleyma þeim þætti. Hann er ekki síður mikilvægur en fjárhagsþátturinn. Það kemur í ljós í umræðu um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri að nauðsynlegt er að breyta stjórnskipulaginu þannig að það verði skýrara og að ábyrgð rektors verði skarpari og deildarforsetarnir hafi líka sínu veigamikla hlutverki að gegna. En spurningin er að sjálfsögðu um það hvernig þeir eru og verða skipaðir. Þetta er að sjálfsögðu allt til athugunar og á ekki að gleymast í umræðunni um þær skýrslur sem hér hefur verið komið inn á og er sjálfsagt að ræða. Ég vil einnig geta skýrslu sem var gerð að mínu frumkvæði um vísindi og rannsóknir. Þar kemur berlega í ljós að Háskóli Íslands er góður rannsóknaháskóli með merkilegt vísindastarf. Það eru einhverjir agnúar varðandi framlög og framleiðni til rannsókna en í megindráttum stendur Háskóli Íslands sig gríðarlega vel á því sviði.

Umræddar skýrslur koma sér kannski ekki alltaf vel fyrir ráðherra. Af hverju er ég að ræða þær? Af hverju var ég að biðja um að fá þær fram? Það er til að móta stefnuna enn frekar í samvinnu við Háskóla Íslands. Nú höfum við þessar skýrslur. Nú höfum við ákveðinn grunn til að byggja á sem við höfðum ekki fyrir nokkrum missirum. Ég verð að segja að sú metnaðarfulla framtíðarsýn sem núverandi rektor Háskóla Íslands hefur slær í takti við það sem ég vil gjarnan sjá. Ég heyrði til að mynda að hv. þingmaður Kolbrún Halldórsdóttir fagnaði sérstaklega því markmiði sem sett er um fjölgun doktorsnema. Að því er verið að vinna og ég vonast til að á nýju ári verði hægt að leggja fram markmið sem vísa þann veg sem við ætlum okkur að ganga hvað varðar háskóla og rannsóknir til næstu fimm ára. Það þarf að móta stefnu á grundvelli upplýsinga. Nú höfum við þær upplýsingar um Háskóla Íslands og þá er okkur ekkert að vanbúnaði að efla hann enn frekar. Við höfum verið að gera það, ætlum okkur að gera það og munum gera það.

Mér verður tíðrætt um samkeppnina innan lands, öðrum er í nöp við hana. En mér finnst erfitt að heyra hv. þingmenn kalla einstaka skóla, það vill svo til að það eru skólar sem ekki flokkast undir það opinbera, sérstök dekurbörn. Ég tók eftir því og skrifaði það niður. Þingmenn hljóta þá að eiga við háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík sem hefur orðið enn stærri með samruna Háskólans gamla í Reykjavík og Tækniháskólans. Stjórnarandstaðan var á móti þeirri sameiningu en að mínu mati var hún gríðarlega mikilvægt framfaraskref. Þessir skólar eru engin dekurbörn. Þeir eru lykilháskólar til að efla menntun, bæði á landsbyggðinni og hér í þéttbýlinu. Við eigum að vera stolt af því að styðja við þá. Það er rétt að það er verið að auka rannsóknarframlög til Háskólans í Reykjavík. Við erum að reyna að koma okkur upp í 30% á næstu fimm árum. Háskóli Íslands er með 47% rannsóknarframlag. Við höfum líka gjörbreytt, og því vilja menn oft gleyma í þessari umræðu, öllu rannsóknarumhverfinu. Við höfum komið á samkeppnisumhverfi. Við höfum eflt samkeppnissjóði til rannsókna. Og hvað þýðir það á mæltu máli? Jú, við höfum stóraukið framlög í heild til rannsókna hér á landi; í gegnum samkeppnissjóðina, með því að vísindamenn keppi á sanngjörnum grundvelli um framlög úr vísindasjóðum. Þeirri leið hafa vísindamenn mælt með. Þetta hefur gefist vel og hefur verið unnið í náinni samvinnu við háskóla og rannsóknarumhverfið.

En það er líka rétt að taka fram að Háskóli Íslands, sem kemur engum að óvörum, fær langmest til viðbótar úr þessum rannsóknarsjóðum eða um 75% af því fjármagni sem rennur til samkeppnissjóða. Það er til viðbótar þessu 47% rannsóknarframlagi. Þannig að Háskóli Íslands kemur vel út úr þessu miðað við aðra skóla. En ég sagði á fundi í Háskóla Íslands, sem haldinn var í hátíðarsalnum, að ég hefði

sérstaklega hug á að fara í framtíðarvinnu og styðja skólann í þá veru að reyna að ná þeim markmiðum sem þeir setja sér með að efla framhaldsnám, meistara- og doktorsnám.

Ég vona að menn fari ekki að snúa út úr öllu og vera neikvæðir. Mér finnst menn oft vera neikvæðir í umræðu um háskóla- og menntamál þegar við erum á fljúgandi ferð. Við erum á bullandi siglingu fram á við. Þá koma menn, bæði í útvarpsþáttum og oft og tíðum hér í þessum þingsal, og tala um niðurskurð til menntamála. Hér eru miklir íslenskuspekingar sem geta frætt mann um það hvað niðurskurður er. Niðurskurður er að sjálfsögðu þegar verið er að skera af einhverju sem fyrir er. Niðurskurður þýðir ekki að bæta í, ekki nema að það sé þá ný orðskýring í hinni íslensku orðabók sem ég veit ekki af. Það er verið að bæta menntakerfið og við eigum að fagna því og við eigum að geta tekið höndum saman um að gera enn betur hvað framlög til menntamála varðar. Helstu talsmenn til að mynda Samfylkingarinnar hafa dregið fram lönd sem eyða 2,5% af landsframleiðslu í háskólamálin, það eru lönd eins og Kanada og Bandaríkin þar sem framlög hins opinbera eru á svipuðu róli og við erum að setja stefnuna á í dag. Framlög einkaaðila bætast við og ná hlutfallinu upp 2,5%.

Það er umhugsunarefni ef menn boða hér að fara eingöngu þá leið að bæta í menntamálin í gegnum einkaaðila. Menn hafa verið að tala um skólagjöld. Að mínu mati þarf að fara mjög gaumgæfilega yfir, og það hef ég löngum sagt, hvaða áhrif skólagjöld hafa á menntakerfið okkar. Ég tel ekki óeðlilegt að menn ræði það að setja skólagjöld á framhaldsháskólanám, eins og ýmsir hafa rætt hér, og gefa þar með háskólunum tækifæri til að auka fjármagn inn í skólana sem slíka. En þetta er einfaldlega ekki á dagskrá eins og staðan er núna. Það kom m.a. berlega fram í utandagskrárumræðu sem við áttum hér. Hv. þingmaður Björgvin G. Sigurðsson var upphafsmaður að þeirri umræðu og þar var talað skýrt. Það er ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar að koma skólagjöldum inn í háskólana eins og staðan er núna.

Aðeins um Háskólann á Akureyri. Mér finnst það umhugsunarefni þegar þau skilaboð eru gefin hér út af hálfu þingmanna — sem tala um aðhald í ríkisrekstri og að menn verði að halda sig innan ramma og búa við öflugri aga við fjárlög — að það eigi að setja peninga inn í ákveðnar stofnanir, í þessu tilviki háskólastofnanir, án þess að spyrja hvernig eigi síðan að ráðstafa þeim fjármunum. Það versta fyrir ríkisstofnun sem rekin er með halla, hvort sem það er háskólastofnun eða ekki, er að ekki sé farið yfir hvað hægt er að gera til að bæta stöðuna, hvaða leiðir eru færar til að starfsemin verði skilvirk og skipulögð á þann veg að stofnunin þjóni tilgangi sínum, í þessu tilviki að mennta nemendur og standa undir góðu og öflugu námsframboði og gæðanámi.

Þegar við fórum yfir tillögurnar frá háskólaráðinu spurði ég strax hvort menn færu í þær skipulagsbreytingar óháð því hvort það yrði til hagræðingar í rekstri. Skilaboðin voru þau að að sjálfsögðu yrði farið í skipulagsbreytingar því að Háskólinn á Akureyri hefur stækkað ört sem er mjög jákvætt. Það þarf að skipuleggja háskólann þannig að hann geti tekist á við þá samkeppni sem hann stendur í, ekki bara innan lands heldur ekki síður utan frá. Hann þarf að eiga kost á að sækja m.a. um styrki í öfluga rannsóknasjóði erlendis.

Þessi umbreyting var óumflýjanleg, skipulagsbreyting til framtíðar, enda leggur háskólaráð áherslu á að endurskoðun skipulags Háskólans á Akureyri sé afleiðing þess mikla vaxtar sem hafi verið í starfseminni. Menn þurfa að átta sig á hvað hægt er að gera. Við erum ekki að skera niður nám hjá Háskólanum á Akureyri heldur er um fækkun deilda, hagræðingu og skipulagningu að ræða. Að sjálfsögðu verður haldið áfram að byggja upp Háskólann á Akureyri eins og gert hefur verið fram til þessa, enda hafa fjárframlög til Háskólans á Akureyri á árunum 2000–2005, á verðlagi hvers árs, verið langmest til Háskólans á Akureyri eða um 160% en meðalaukning framlaga á því tímabili var 120%. Hið sama gildir um nemendaígildin í fjárlögum og fjáraukalögum á þessu árabili. Meðalfjölgun í skólunum er 85% meðan hún er ríflega 123% til Háskólans á Akureyri.

Þessar tölur segja að við höfum veitt Háskólanum á Akureyri svigrúm, ekki eingöngu sem háskóla á landsbyggðinni og fyrir öfluga menntun þar. Hann hefur einnig skilað góðum nemendum sem hafa skipt miklu máli fyrir samfélagið í kringum skólann, bæði norðan heiða og sunnan. Ríkisvaldið hefur stutt við skólann á Akureyri en það kemur að því, þegar ekki er hægt að reka skólann hallalausan, að taka þarf á í rekstrinum. Ég vara við því ef þingið ætlar að gefa út þau skilaboð að forstöðumenn ríkisstofnana eigi ekki að halda sig við ramma. Er það bara hentistefna sem ræður því hvaða stofnanir skuli halda sig við ramma og hvaða stofnanir ekki? Er það þannig? Að sjálfsögðu ekki.

Allar tölur gefa til kynna að við munum áfram standa vörð um allt háskólasamfélagið, ekki síst þá skóla sem mönnum hefur verið hvað tíðræddast um, þ.e. Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Við munum gera það og ég heiti á þingmenn og hvet þá til að koma með ríkisstjórnarflokkunum í þá vinnu, að efla Háskólann á Akureyri enn frekar, sem og Háskóla Íslands.

Ég verð að vera hreinskilin í þessu efni. Ég tel að skoða þurfi sérstaklega rannsóknahúsið á Akureyri, ég held að finna þurfi lausn á þeim þætti. Þó að ekki sé hægt að gera það núna tel ég að við þurfum að líta til þess þannig að jafnræði sé á milli háskóla, hvort sem það er milli Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands eða annarra háskóla. Ég tel einsýnt að við förum gaumgæfilega yfir þá þætti sem snerta rannsóknahúsið.

Ég ætla að fara örstutt yfir framhaldsskólann. Hv. þingmenn hafa fjallað um framhaldsskólann, listdansinn og einnig komið inn á Safnasjóð og fornleifasjóð.

Út af framhaldsskólanum vil ég aðeins endurtaka það sem ég sagði áðan. Langmest aukning framlaga er til menntamála og sú aukning skilar sér inn í háskólana. Sú aukning skilar sér einnig inn í framhaldsskólana. Svo mikil hefur aukningin til framhaldsskólanna ekki verið í áraraðir. Um hvaða fjárhæðir erum við að tala? Við erum að tala um ríflega 1,5 milljarða kr. hækkun á milli ára, þar af eru verðbætur tæpur milljarður og 680 millj. kr. í hreina hækkun, nettóhækkun á milli ára. Ætla menn að halda því fram að ekki hafi verið bætt við framlög til framhaldsskóla?

Það er rétt að fara aðeins yfir þau mál. Við höfum breytt aðeins vinnubrögðum varðandi innritun í framhaldsskóla.

Ég er ekki viss um, eins og menn hafa talað, að menn séu meðvitaðir um þá breytingu. Hún skilar sér í því að við færumst nær og nær því að áætla hve margir muni sækja um í framhaldsskólann. Við viljum geta tekið á móti öllum inn í framhaldsskólann, það er stefnan. Framhaldsskólinn er og á að vera öllum opinn.

Síðasta sumar fórum við í að innrita nemendur miðlægt þannig að við sáum alla nýnema og gátum frá mínútu til mínútu séð hvar nemendur sóttu um pláss, í hvaða skóla þeir vildu komast. Við sáum þannig líka forgangsröðina, hvaða skólar voru settir í fyrsta sæti, annað sæti, þriðja sæti o.s.frv. Við gátum um leið séð og áætlað fjölda nýnema. Þetta gátum við hins vegar ekki varðandi eldri nemana. Hið ánægjulega er að eldri nemum innan skólakerfisins fjölgar. Við náum til þeirra í auknum mæli og þurftum líka að gera það, það er rétt að það komi fram. Við förum aðrar leiðir en hinar Norðurlandaþjóðirnar varðandi símenntun og fullorðinsfræðslu. Við tengjum slíkt nám við framhaldsskólana. Það eru ekki allir sem átta sig á því að framhaldsskólarnir gegna ákveðnu hlutverki, t.d. með kvöldskólunum, með fjarkennslunni o.s.frv. Þeir gegna ríku hlutverki í fullorðinsfræðslunni, í þeim hópi sem við viljum ná til, sem hefur í raun eingöngu grunnskólamenntun í dag.

Það er erfitt að áætla þennan hóp en við munum stefna að því að koma upp svipuðu kerfi og varðandi nýnemana, þá nema sem koma beint úr grunnskóla. Okkur miðar mun betur í áætlunum en gerst hefur áður varðandi fjárlagagerðina. Að sjálfsögðu er markmið okkar að tölurnar sem við setjum fram af hálfu menntamálaráðuneytisins nái yfir alla þá nemendur sem sækja um. Það er markmiðið. Í reynd hafa þeir stundum verið fleiri og stundum verið færri. Þá hefur verið komið til móts við þá skóla sem leitað hafa eftir því. Sumir hafa staðið frammi fyrir því að nemendum hafi fækkað meðan aðrir hafa fengið fleiri nemendur.

Hv. þingmenn þekkja líka að það eru tískusveiflur á milli ára. Sumir skólar eru vinsælli en aðrir eitt árið meðan allt annað er uppi á teningnum næsta árið. Undir þetta þarf kerfið að vera búið. Við þurfum að geta brugðist við þessum þáttum sem spila m.a. inn í alla áherslu okkar í fjárlagagerð. Markmiðið hjá okkur við fjárlagagerðina er að ná yfir alla nemendur sem ætla sér í framhaldsskóla.

Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir spurði líka sérstaklega um reiknilíkanið og hvort það hentaði öllum skólum. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að taka upp umræðuna reiknilíkanið. Það er afar mikilvægt að reiknilíkanið verði ekki staðnað verkfæri sem bara er þar og enginn horfir til. Að sjálfsögðu á reiknilíkan alltaf að vera í sífelldri endurskoðun. Ég hef bent á að við breytingu á reiknilíkani hafi til að mynda verið komið til móts við skóla með starfs- og verkmenntun og verið reynt að lagfæra reiknilíkanið í þá veru. Við verðum alltaf að horfa á hvernig skóla við bjóðum upp á og hvernig námsframboð er til staðar. Reiknilíkanið verður að svara þörfum skólanna og verður líka að svara þörfum nemendanna.

Með hliðsjón af þeim fjárlagatillögum sem hér eru til umræðu, aukningunni sem við sjáum á milli ára til framhaldsskóla og háskólastigsins, hlýt ég að hvetja hv. þingmenn sem hafa bent á og rætt ályktun Félags framhaldsskólakennara að taka ekki þá ályktun, sem er athyglisverð, algjörlega hrátt og gagnrýnislaust upp. Þingmenn vinna með fjárlagafrumvarpið og þeir sjá muninn á milli ára. Menn sjá svart á hvítu að framlögin til framhaldsskólans aukast og að í rauninni er allt gert sem hægt er að gera til að mæta fjölgun nemenda. Það er því ekki allt rétt sem fram kemur í þessari ályktun þótt að öðru leyti sé sjálfsagt að fara yfir hana og skoða ábendingar sem þar koma fram. En ekkert er hafið yfir gagnrýni.

Varðandi listdansinn verðum við að horfa á hann eins og annað listnám, þ.e. í samhengi. Það hefur komið fram að Listdansskóli Íslands hafi í raun verið eini skólinn á vegum ríkisins sem varð eftir árið 1996, þegar grunnskólinn fór yfir til sveitarfélaganna. Menn hafa síðan reynt að koma því skikki á grunnnámið í skólum landsins, hvort sem það er listnám eða annað nám, að það sé á forræði sveitarfélaga en tónlistarnám og annað listnám á forræði ríkisins. Þetta er það fyrirkomulag sem við erum að vinna að. Við vinnum t.d. að því í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga eftir að tónlistarnámið var sett í uppnám fyrir ári þegar því var sagt upp einhliða af hálfu Reykjavíkurborgar.

Ég vonast til að við getum komið á einföldu og skýru skipulagi varðandi listnámið eins og annað nám. Það er óþarft að annað gildi um listdans en t.d. tónlistarnám. Ég sé þetta þannig að við fjölgum tækifærum þeirra sem vilja stunda listdans. Ég hef bent á og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði það einnig að við værum að auka gæðakröfur. Ég tel okkur gera það, annars vegar með námskrá sem samin hefur verið fyrir framhaldsskólastigið. Síðan ætlum við að einhenda okkur í að semja námskrá á grunnskólastigi og fá m.a. til þess foreldra, sem hafa sérstaklega óskað eftir að koma að þeirri námskrárgerð. Það er sjálfsagt að verða við því. Með námskránni, þar sem listdansinn er á framhaldsskólastigi, er búið að móta umgjörðina og tryggja sess listdansins í skólakerfinu sem slíku, búið að viðurkenna hann en svo var ekki áður miðað við fyrra fyrirkomulag.

Það var aldrei ætlunin að slíta samhengið á milli skólastiga, á milli grunnnáms og framhaldsnáms varðandi listdansinn, þ.e. Listdansskólans eins og hann er í núverandi mynd. Ætlunin var alltaf að tryggja samfellu. Það er mikilvægt, þegar Listaháskóla Íslands hefur verið heimilað að setja á laggir listdansnám á háskólastigi, að hugsa um skólagönguna sem eina heild. Það er mikilvægt að tryggja að skólastigin vinni saman og að ákveðin samfella sé á milli grunnnáms og framhaldsnáms. Þess vegna er búið að semja við Dansmennt, sem tekur við Listdansskóla Íslands. Í því húsnæði munu nemendur halda áfram námi og ríkið mun kaupa þá þjónustu, hvað varðar framhaldsskólastigið, en líka fyrir nemendur sem ekki eru í framhaldsskóla og eru núna innan skólans. Það verður tryggt.

Hins vegar er ætlunin að gera þetta í samvinnu við sveitarfélögin þannig að þau sjái þá til þess, eins og þau gera með tónlistarnámið, að grunnnámið í listdansinum verði til staðar og með þeirra aðkomu. En samfellan verður að vera til staðar og það er mikilvægt að hún sé tryggð.

Það er rétt að það komi líka fram að með samningnum við Menntaskólann við Hamrahlíð er einfaldlega verið að tryggja að til staðar sé ákveðin leið, ákveðið ferli, í skólakerfinu. Við erum að tryggja að listdansinn geti átt sér leið í framhaldsskólakerfinu. Auðvitað er eðlilegt að semja við

Menntaskólann við Hamrahlíð sem hefur haft mikinn metnað varðandi listnám allt. En um leið segjum við að ef aðrir framhaldsskólar vilja semja við Listdansskóla Íslands eða Dansmennt um að þeirra nemendur geti stundað þar nám líka þá gera þeir það að sjálfsögðu. Ríkið mun þá borga fyrir það. Í rauninni er því verið að víkka aðkomu nemenda á framhaldsskólastigi með því að opna allt framhaldsskólastigið. Með því að semja við MH er verið að tryggja að alla vega ein leið sé til staðar. En ég sé ekkert því til fyrirstöðu að aðrir framhaldsskólar í landinu setji á fót listdansbraut eða heimili nemendum sínum sem eru líka í listdansi að fara þá leið. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu. Ég tel okkur miklu frekar vera að víkka út þá möguleika sem eru til staðar fyrir þá nemendur sem hyggjast stunda listdans.

Hv. þingmaður Kolbrún Halldórsdóttir nefndi áðan Safnasjóð. Ég verð að viðurkenna að ég get tekið undir með hv. þingmanni um að ég hefði talið æskilegra að alla vega hluti þeirrar fjárhæðar sem fjárlaganefnd er að útdeila og tengist söfnun ætti frekar að renna í Safnasjóð. Það þarf að auka enn frekar framlög til Safnasjóðs m.a. með það í huga að við erum ekki síst að stuðla að uppbyggingu á landsbyggðinni. Ég er margoft búin að segja að með því að efla menntun og menningarþáttinn þá erum við ekki síst að styrkja landsbyggðina með öflugum framlögum til rannsókna. Og talandi um rannsóknir þá var einkar ánægjulegt að fá að vera viðstödd núna síðustu úthlutun Kristnihátíðarsjóðs varðandi fornleifarannsóknir. En við þurfum að huga að hvert framhaldið verður varðandi þær rannsóknir sem hafa fengið úthlutað og verið styrktar, þ.e. hvert framhaldið verður á þeim rannsóknum sem þar um ræðir. Ég er t.d. með í huga Skriðuklaustursrannsóknina sem þarf lengri tíma en bara eitt ár í viðbót. Að mínu mati hvað það varðar þá er réttast að fara inn í það kerfi sem er til staðar og þá þekkingu sem er til staðar til að leysa þau málefni. Ég er þá sérstaklega með fornleifasjóð í huga sem er, að mig minnir, með 7 millj. kr. á þessu ári. En ég tel rétt að menn meti hvaða rannsóknir á vegum Kristnihátíðarsjóðs sem hafa fengið úthlutanir þurfa á lengri tíma að halda varðandi sínar rannsóknir og þá beina því í þann farveg að fornleifasjóður komi til með að halda utan um framhaldið. Þetta eru náttúrulega gríðarlega merkilegar rannsóknir fyrir menningarsöguna, fyrir menningararfinn, en þær hafa líka leitt til þess að nokkur störf hafa skapast í kringum þetta á landsbyggðinni og rannsóknarþátturinn hefur verið styrktur og efldur. Þetta er nú það sem ég vildi segja um safnamálin sem slík. Auðvitað fagna ég öllum framlögum sem m.a. fjárlaganefnd hefur lagt fram. Ég ætla ekki að efast um að faglegar forsendur hafi ráðið velflestum úthlutunum þar. Ég fagna því einfaldlega að menn eru að auka framlög til safnamála. En ég hefði kosið að Safnasjóður yrði styrktur enn frekar í stað þess að að fara þessa leið.

Að öðru leyti þá þakka ég fyrir umræðuna og þann áhuga og metnað sem hv. þingmenn hafa sýnt þeim málaflokki sem ég ber ábyrgð á.

[17:20]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra ágæta ræðu. Ég vil spyrja hana einnar spurningar á þeirri stuttu mínútu sem ég hef til umráða. Um daginn heimsótti ég merkilegan einkarekinn framhaldsskóla sem heitir Kvikmyndaskóli Íslands. Þar er unnið frábært starf. Hann er einstakur skóli, sérskóli á framhaldsstigi. Hann innheimtir 600 þús. kr. á önn í skólagjöld. 1,2 millj. kr. á ári innheimtir hann í skólagjöld til að geta staðið undir rekstri sínum og haldið úti því merkilega, arðbæra og góða námi sem þar er kennt. Skólann styð ég heils hugar og vona að hann fái dafnað sem mest og best í framtíðinni. En telur hæstv. menntamálaráðherra ekki eðlilegt að auka framlög til skólans — þetta er lítill skóli og fámennur — þannig að hann þurfi ekki að innheimta nema hófleg skólagjöld af því að 1,2 millj. kr. á ári fyrir 18–19 ára nemanda í framhaldsskóla hljóta að teljast himinhá skólagjöld, hvað þá á framhaldsskólastigi og háskólastigi líka. Telur hæstv. ráðherra ekki eðlilegt að koma á móts við skólann með auknum framlögum (Forseti hringir.) þannig að hann geti lækkað sín háu skólagjöld?

[17:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni þessa fyrirspurn. Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að Kvikmyndaskóli Íslands er mjög merkilegur skóli og þar á sér stað gríðarlega gott skólastarf. Við höfum þegar tekið það út í ráðuneytinu. Þar er mjög faglega unnið að öllum þáttum. Sá skóli gerir ekkert annað en að styrkja og efla framhaldsskólastigið og þá sérstaklega í rauninni starfs- eða verkmenntun að mörgu leyti. Ég vil upplýsa hv. þingmann um að við munum ganga til samningaviðræðna við Kvikmyndaskólann til að reyna að efla starf hans. Ég geri ráð fyrir að það hafi komið fram við umræðu nú þegar í dag vegna fjárlagafrumvarpsins og afgreiðslu frá fjárlaganefnd að gert hefur verið ráð fyrir ákveðinni fjárhæð til Kvikmyndaskólans. Ég tel einsýnt að við þurfum að semja við þennan skóla og fara vel yfir starf sem þar er unnið.

[17:22]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið. Ég tel mjög mikilvægt að auka verulega framlög til þessa litla skóla. Hér er dæmi um merkilegan einkarekinn sérskóla sem veitir sérhæft starfsnám, ef svo má segja, á sviði kvikmyndafræða. Framtíð skólans gæti verið mjög björt og glæsileg ef hann fær sprungið út og fær til þess framlög. En 1,2 millj. kr. á ári fyrir ungling í framhaldsskóla er geypilega há upphæð þó svo að lánað sé fyrir því af Lánasjóði íslenskra námsmanna því styrkjakerfið okkar er ekki til staðar þannig að það komi á móts við þetta. Þetta er gríðarlega há fjárhæð, 1,2 millj. á ári og ég held að nauðsynlegt sé að koma til móts við skólann með auknum framlögum því ekki er hægt að tala um jafnrétti til náms í framhaldsskóla ef einn nemandi í kvikmyndafræðum þarf að borga 1,2 millj. kr. á ári — þetta er fjögurra anna nám — fyrir sitt nám í skóla á framhaldsskólastigi. Eina viðmiðunin er MBA nám á endurmenntunarstigi uppi í háskóla hvað varðar gjaldtöku. Þetta er gríðarlega mikil (Forseti hringir.) gjaldtaka. Við hljótum að þurfa að bregðast einhvern veginn við þessu.

[17:23]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það verður brugðist við og farið í samningaviðræður við Kvikmyndaskólann eins og ég gat um áðan. Ég fagna sérstaklega hugulsemi og umhyggju hv. þingmanns, ekki bara fyrir hönd skólans heldur líka vegna þess að hann sem vonandi aðrir þingmenn skuli sýna skólanum þessa virðingu ekki síst í ljósi þess að þetta er einkaskóli sem hefur sýnt gríðarlega gott framtak. Það má eiginlega segja að öðruvísi mér áður brá.

[17:24]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir ræðuna sem hún flutti. Hún virtist gera sér far um að vera heiðarleg í þeim svörum sem hún gaf þó hún hafi auðvitað á ýmsum stöðum skautað ansi hraustlega yfir og ekki farið ofan í þá dýpt sem hefði þurft ef vel hefði átt að vera. Ég fagna sérstaklega þeirri yfirlýsingu hennar að að hennar mati eigi Háskóli Íslands að vera flaggskip menntunar á Íslandi og hún getur reitt sig á stuðning stjórnarandstöðunnar í þeim efnum. Það er líka ánægjulegt að hún skuli ætla að standa við bakið á Háskóla Íslands í þeirri áætlun að fjölga doktorsnemum upp í 60 á fimm árum. Þessu fagna ég. En athugasemd mín til hæstv. ráðherra er varðandi svokölluð dekurbörn þessarar ríkisstjórnar. Skandinavíska módelið fyrir einkaháskóla er þannig að háskólar sem taka skólagjöld fá skert ríkisframlag sem nemur skólagjöldunum. (Forseti hringir.) Þar er verið að jafna aðstöðumun. Það er ekki hér. Þess vegna kalla ég einkaháskólana dekurbörn.

[17:25]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta væri kannski hægt að kalla flokkapólitík. Það er alveg ljóst að okkar stefna hefur verið sú að við höfum ekki viljað mismuna háskólunum hvað það varðar í hvaða skóla nemendur vilja fara eða kjósa að fara. Ef þeir kjósa að fara í einkaskóla eða í opinberan háskóla þá gera þeir það og fá sama framlag með sér. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að ein ástæðan fyrir því að menn hafa ekki farið út í að skerða framlög til einkaskólanna sem nemur skólagjöldunum er m.a. mun hærri rannsóknarframlög, eins og ég fór yfir m.a. í ræðu minni áðan, til hinna opinberu skóla sem eiga síðan að jafna þetta út. En þrátt fyrir það fær Háskóli Íslands miklu hærri framlög með hverjum nemanda en til að mynda Bifröst eða Háskólinn í Reykjavík.

[17:26]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni að stefnan væri að hækka rannsóknarframlögin til allra háskólanna, líka einkaháskólanna. Við verðum aðeins að skoða aðstöðumun þeirra skóla sem eru hér innan lands. Það er ekki sanngirni í því að ákveðin tegund skóla geti lagt á skólagjöld og fengið þar með skólagjöldin ofan á opinbera framlagið á meðan opinberir háskólar sem ekki innheimta skólagjöld fá ekki þessa aukasporslu. Ef hæstv. ráðherra ætlar ekki að skerða ríkisframlag einkaskólanna sem nemur skólagjöldum þá ætti hún auðvitað að greiða sem nemur skólagjöldum með þeim nemendum sem stunda nám í opinberu háskólunum. Það væri miklu meira réttlæti, held ég, en það kerfi sem hæstv. ráðherra talar fyrir. Skandinavíska módelið er byggt á réttsýni og réttlæti. Ég held að hæstv. ráðherra verði á endanum að endurskoða þessa afstöðu sína.

[17:27]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. þingmanni. Þetta fer nú kannski að vera hættulegt, þ.e. að taka undir með henni. Ég ítreka enn og aftur að Háskóli Íslands er flaggskip háskólaumhverfisins og við leggjum ákveðnar skyldur þeim góða skóla á herðar. Hins vegar er ljóst að til að framfylgja stefnu Vísinda- og tækniráðs sem ég veit að hv. þingmaður hefur kynnt sér — við erum að koma á auknu samkeppnisumhverfi í rannsóknum — en þá um leið hefur Vísinda- og tækniráð sagt líka að auka þurfi grunnframlög til háskólanna varðandi rannsóknir til að þeir geti keppt á sæmilegum jafnréttisgrundvelli inn í sjóðina sem við erum að efla og höfum eflt svo um munar. Framlög til rannsókna hafa aukist það mikið að við höfum náð því takmarki, eins og ég kom inn á áðan, sem Evrópusambandsríkin hafa sett sér fyrir árið 2010. Við erum að auka samkeppnina um rannsóknarframlagið. Við erum að auka framlögin inn í rannsóknarsjóðina. En við þurfum líka að auka (Forseti hringir.) grunnframlögin til rannsókna til háskólanna.

[17:28]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ráðherra talaði hér nokkuð roskinmannlega um flaggskip og um Árnastofnun þá sem koma skyldi. Vegna þess er rétt að spyrja ráðherrann hvar þess sjái stað í fjárlögum að verið sé að efla hugvísindadeild háskólans, hvar þess sjái stað sérstaklega að verið sé að efla íslenskuskorina í þeirri hugvísindadeild, þar sem kennarastöðum hefur fækkað, lektorum, dósentum og prófessorum, frá 1997–2005 úr 15 í 11 og hvar þess sjái stað að verið sé að hefja þá uppreisn í hinni nýju Árnastofnun sem á þyrfti að halda miðað við starfsmannaþróun undanfarið í þeim stofnunum sem eiga að vera forverar hennar.

[17:29]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kom sérstaklega inn á það þegar ég ræddi húsnæðismál Háskóla Íslands. Ég talaði um vísindagarðana. Ég talaði um háskólatorgið sem er nú þegar farið að stað og þegar hin nýja stofnun, Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, mun fara í hið nýja hús þá mun losna um það húsnæði sem Árnastofnun er í núna og Háskóli Íslands mun fá það húsnæði. En hins vegar hvað snertir þá athugasemd hv. þm. Marðar Árnasonar að kennarastöðum, prófessorsstöðum, í hugvísindadeild hafi fækkað þá tengist það að sjálfsögðu deililíkaninu. Við skiptum okkur ekki af því hvernig

Háskóli Íslands skiptir sínum fjármunum heldur er ákveðið deililíkan í gangi sem háskólinn hefur sjálfur stjórn á.

[17:30]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ráðherrann bað um dæmi. Hér er það dæmi, úr fimm í ellefu í íslenskuskor hugvísindadeildar.

Hún svaraði ekki til um Árnastofnun. Ég gladdist í gær þegar ráðherrann sagði um hina nýju Árnastofnun að hún ætti þegar á þarnæsta ári að fá tvær rannsóknarstöður til viðbótar, rannsóknarstöður sem kenndar yrðu við Árna Magnússon og Sigurð Nordal. Ég var nokkuð hress yfir þessu — ég var ekki hress yfir öllu í frumvarpinu sem við ræddum hér í gær — þangað til það rann upp fyrir mér að á hinni gömlu Árnastofnun er staðan þannig að síðustu 10 ár hafa fjórir fræðimenn hætt störfum, sumir þeirra fallið frá, en aðeins tveir fræðimenn tekið við. Sú mikla rausn menntamálaráðherrans árið 2007 að bæta tveimur mönnum við á Árnastofnun hina nýju gerir nákvæmlega það að fylla upp í götin sem hafa myndast á síðustu 10 árum. Ef það er ekki niðurskurður veit ég ekki hvernig niðurskurður skal skýrður í íslensku orðabókinni.

[17:31]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. þingmann um íslenskar orðabækur. Alveg ljóst er að framlög til Árnastofnunar hafa haldist á síðustu árum. Þau hafa haldist miðað við verðlag og verðgildi. Hins vegar er líka ljóst, og ég vona að fögnuður hv. þingmanns verði eftir sem áður til staðar, að ég mun forgangsraða innan míns ramma, fjárlagaramma fyrir árið 2007, á fyrsta heila starfsári hinnar nýju stofnunar þannig að til verði tvær rannsóknarstöður sem stofnunin mun sjálf ákveða hvernig hún komi til með að skipta, hvort það verða t.d. fastar rannsóknarstöður eða rannsóknarstöður sem verða til að efla möguleika doktorsnema til að starfa við stofnunina. Þær hugmyndir hafa m.a. komið upp meðal fræðimanna innan stofnunarinnar að stofnunin muni einfaldlega ráða því hvernig hún mun haga skipulagi á þeim rannsóknarstöðum tveimur sem ég mun styrkja.

[17:32]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér fór hæstv. menntamálaráðherra ágætlega yfir sviðið og þær spurningar sem við höfðum þó að ég hefði reyndar viljað fá skýrari svör við flestum þeirra. Ég vonast til þess að geta hér og nú fengið skýrari svör hvað Listdansskólann varðar. Ég kom með spurningar um kostnaðinn. Ekki er gert ráð fyrir neinu fjármagni í fjárlagafrumvarpinu til reksturs Listdansskólans á næsta ári, þ.e. eftir að honum verður lokað í núverandi mynd í vor. Yfirlýsingar hafa komið um að búið sé að ganga til samninga við Dansmennt ehf. Þá mundi ég vilja heyra skýrt frá hæstv. menntamálaráðherra hvernig eigi að fjármagna þetta. Upp á hvaða fjármagn hljóðar sá samningur? Hversu mikinn kostnað eiga nemendur að bera sjálfir? Liggur það fyrir og er kveðið á um eitthvert hámark hvað varðar skólagjöld eða annan kostnað sem nemendur og foreldrar þeirra þurfa að bera?

[17:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt sem komið hefur fram að ritað hefur verið undir viljayfirlýsingu við Dansmennt sem mun taka við af Listdansskóla Íslands og námið verður starfrækt í sama húsnæði og Listdansskólinn er í í dag. Það er til að auka samfelluna í grunnnáminu og framhaldsnáminu og tryggja líka þeim nemendum sem nú þegar eru til staðar í Listdansskóla Íslands áframhaldandi námsval og námsbrautir. Hins vegar eigum við eftir að ganga frá samkomulagi þar um og það tengist m.a. því sem ég kom inn á áðan, og ég vona að menn skilji, og það er hvernig við ætlum að haga listnámi. Þá er ég ekki að tala bara um listdansinn, heldur listnámið almennt, þar á meðal tónlistarnámið, hvernig við munum haga því til framtíðar. Það er ekki búið að ganga frá því á milli sveitarfélaga og ríkis þannig að við munum að sjálfsögðu skoða þetta sem eina heild en ekki sem stakt verkefni. Við munum fara yfir listnámið sem eina heild þannig að það verði samfella, það verði heildstætt og samræmt skipulag á milli listgreina og listgreinum ekki mismunað.

[17:35]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntamálaráðherra svaraði mér í engu hvort einhver áform væri uppi um að setja hugsanlegt þak á það hvað þessi sérskóli á sviði listmenntunar og þetta sérnám muni kosta mögulega nemendur. Við sjáum að hér eru einkareknir sérskólar sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson nefndi áðan, glæsilegir skólar en þeir taka himinhá skólagjöld. Þess vegna hefði ég viljað heyra frá hæstv. menntamálaráðherra hvað hún sjái í þessu.

Það er ekki mikill tími til stefnu. Skólinn verður lagður niður í vor en hæstv. menntamálaráðherra hefur núna haft fjóra mánuði eða svo síðan tilkynnt var um niðurlagningu Listdansskólans til að hugsa það hvernig eigi að koma þessu fyrir og tala við einhverja sem hún ætlast til að taki við þessu. Ég bjóst við að fá hér skýrari svör um það hvernig staðið verði að fjármögnun þessa náms í nánustu framtíð ef halda á áfram að bjóða upp á námið í haust.

[17:36]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að ítreka það sem ég sagði áðan, við munum ganga til samninga við Dansmennt. Það er ekki gert ráð fyrir neinni umtalsverðri hækkun á skólagjöldum sem eru töluverð til staðar nú þegar innan Listdansskólans. Við förum einfaldlega yfir sviðið. Það sem við viljum tryggja er að áfram verði hér metnaðarfullt nám í listdansi, bæði í grunnnámi, framhaldsnámi og síðan á háskólasviði, eins og við erum búin að tryggja.

[17:36]

Útbýting:

Fjárlög 2006, 1. mál, brtt. KolH og JBjarn, þskj. 508.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 3. mál, nál. 3. minni hluta fjárln., þskj. 511.

Ríkisútvarpið hf., 401. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 517.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 518.

Viðskipti með aflaheimildir, 396. mál, beiðni um skýrslu JÁ o.fl., þskj. 495.

Þunglyndi meðal eldri borgara, 397. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 499.

[17:37]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. 3. umr. um fjárlögin hefur nú staðið hér í nærfellt sjö tíma og á sjálfsagt eftir að standa lengi enn. Það er kannski skiljanlegt því að þessi umræða er auðvitað stefnumótandi. Fjárlög ríkisins, eins og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og sveitarfélaga, eru auðvitað stefnumótandi um það sem menn ætla sér að gera, ekki bara á næsta ári, heldur næstu árum og segir okkur svolítið um það hvert sú ríkisstjórn sem situr hverju sinni ætlar sér að stefna.

Um þau fjárlög sem við erum að fjalla hér um má segja að þau séu fyrir ýmissa hluta sakir nokkuð merkileg. Ég vil líka segja það um fjáraukalögin sem voru afgreidd í síðustu viku. Bæði fjárlögin núna og fjáraukalögin eru merkileg fyrir það að tekjur ríkissjóðs hafa aldrei verið meiri. Líklega hafa tekjur ríkissjóðs á milli ára aldrei vaxið eins og á milli áranna 2004 og 2005, og það er viðbúið að það verði líka verulegur vöxtur milli áranna 2005 og 2006 þó að því sé ekki sérstaklega spáð í þessu fjárlagafrumvarpi. Með öðrum orðum hefur íslensk ríkisstjórn aldrei haft úr meiru að moða en sú ríkisstjórn sem nú situr. Það er auðvitað ágæt staða að vera í en hún er mjög vandasöm því að það þarf sterk bein til að þola góða daga.

Á árinu 2005 fékk ríkissjóður búhnykk upp á rúmlega 30 milljarða kr. fyrir utan sölu Símans, þetta var bara búhnykkur sem kom mest í gegnum óbeinu skattana. Með sölu Símans fór þetta yfir 90 milljarða kr. Í fjárlögum næsta árs er ekki gert ráð fyrir sama búhnykk eins og frumvarpið lítur hér út. Í nýútkomnum Peningamálum Seðlabankans er spáð meiri tekjuauka á árinu 2005 en gert var í fjáraukalögunum. Mér sýnist gert ráð fyrir 10 milljörðum til viðbótar í ríkissjóð á árinu 2005 umfram það sem var í fjáraukalögunum. Enn fremur er þar gert ráð fyrir verulegum búhnykk á árinu 2006 sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu þannig að tekjuaukinn verði enn meiri bæði á árinu 2005 og 2006 en fjármálaráðuneytið hefur áætlað. Það er því úr verulegum fjármunum að spila.

Tekjuáætlun ársins 2005 var vanáætluð af hálfu ríkisins í síðasta fjárlagafrumvarpi og það má færa sterk rök fyrir því að tekjurnar séu mjög vanáætlaðar líka á næsta ári í því fjárlagafrumvarpi sem hér liggur fyrir. Það er kannski svolítið ný staða og lýsir þeirri sérstöðu sem þessi fjárlagafrumvörp hafa. Sú hefur ekki verið raunin í gegnum tíðina að menn hafi mjög vanáætlað tekjur sínar. Hins vegar hafa útgjöld alltaf verið vanáætluð. Útgjöld hafa alltaf verið vanáætluð vegna þess að það er ákveðin fegrunaraðgerð sem er farið í þegar fjárlagafrumvarpið er lagt fram. Ef við horfum bara yfir síðustu ár, árin 2000 til 2004, voru útgjöldin vanáætluð um 90 milljarða kr. á því árabili, þ.e. um 18 milljarða kr. á ári að meðaltali. Þá má búast við því að hið sama sé upp á teningnum í þessu fjárlagafrumvarpi eins og áður, svona út frá fegurðaraðgerðunum séu útgjöldin vanáætluð, enda er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að raunútgjöld standi í stað á milli ára án óreglulegra liða og vaxta. Ég held að það sé mjög óraunsætt að gera það og að þarna sé enn einu sinni á ferðinni óskhyggja eða fegrunaraðgerð til að láta frumvarp til fjárlaga líta heldur betur út.

Ég segi að þetta sé óraunsætt og það kemur reyndar líka fram í fyrrnefndum Peningamálum Seðlabankans að þetta sé að minnsta kosti mjög metnaðarfullt, eins og Seðlabankinn orðar það, vegna þess að hingað til hafa útgjöld ríkissjóðs hækkað um að minnsta kosti 2% á ári umfram verðlag frá árinu 1998. Ég held að það sé tvennt í áætlanagerð frumvarpsins sem líklega fái ekki staðist, annars vegar vanáætli menn tekjur sínar eins og þeir gerðu á þessu ári og hins vegar vanáætli þeir útgjöldin, þau verði meiri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Það er kannski ekkert skrýtið því að eins og við vitum er mikill útgjaldaþrýstingur. Við vitum líka, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur svo sem verið óþreytandi við að benda á hér í pontunni, að víða er kallað eftir auknum framlögum. Það er víða sem mætti gera betur eins og hér hefur komið fram. Það er auðvitað mjög freistandi fyrir menn að gefa eftir gagnvart þeim óskum og það verður gert þegar fram líða stundir. Við munum sjá aðrar tölur í frumvarpi til fjáraukalaga þegar það kemur fram næsta haust. Þá munum við að sjálfsögðu sjá aðrar útgjaldatölur.

Í þeirri miklu tekjuaukningu sem hér hefur verið á þessu ári og væntanlega því næsta vega tekjur vegna óbeinna skatta þyngst. Það eru þessar tekjur sem auðvitað sveiflast mest. Við höfum séð ákveðna toppa í þeim. Það var toppur árið 1982, 1987, árið 2000 og svo núna á þessum árum, 2005 og 2006. Hjá Seðlabankanum er því spáð að ef þjóðarbúskapur hyrfi aftur til eðlilegra efnahagsskilyrða, eins og það er orðað, yrði tekjutap ríkissjóðs upp á 12–13 milljarða kr.

Virðulegi forseti. Þetta var svona almennt um tekju- og útgjaldahlið frumvarpsins. Það sem ég vil hins vegar leggja nokkra áherslu á, þegar við fjöllum um frumvarpið fyrir næsta ár og þær spár sem koma fram bæði í þjóðhagsspá og víðar, er að gert er ráð fyrir að á árunum 2006 og 2007 munum við áfram búa við erfitt efnahagsástand að því leytinu til að viðskiptahallinn verði mikill, verðbólguhorfur verði talsvert háar, gengið verði sterkt, stýrivextir verði háir og þetta muni hafa umtalsverð áhrif á umhverfi íslenskra fyrirtækja. Ef fram heldur sem horfir og með þeim háu stýrivöxtum sem núna eru næst ekki verðbólgumarkmið Seðlabankans fyrr en árið 2008, þ.e. við eigum eftir að fara í gegnum árin 2006 og 2007 með talsvert meiri verðbólgu en verðbólgumarkmið Seðlabankans gerir ráð fyrir. Það þýðir að við munum fara í gegnum þessi ár með háum stýrivöxtum og því er spáð að stýrivextirnir muni hækka enn frekar. Þeir voru hækkaðir núna um 0,25% eða 25 punkta og gert er ráð fyrir að ekki sé séð fyrir endann á

þessum vaxtahækkunum og að hækka þurfi þá frekar, þó að það verði kannski gert í smærri skrefum, og þeir geti farið í allt að 12%. Greiningardeildir bankanna spá því að stýrivextirnir geti farið í allt að 12%. Það setur auðvitað mikinn þrýsting á gengið. Samkeppnisatvinnugreinar okkar, útflutningsatvinnugreinarnar, sprotafyrirtækin, nýsköpunarfyrirtækin og ferðaþjónustan munu því búa áfram við mjög erfið skilyrði.

Það eru auðvitað mjög alvarlegar blikur á lofti af þessum sökum og er mjög mikilvægt að við ræðum um það í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og gerum okkur grein fyrir því ástandi sem gæti verið fram undan. Seðlabankinn og fleiri aðilar hafa sameiginlega gert kannanir hjá stjórnendum fyrirtækja, gerðu það í febrúar og aftur núna, til að reyna að átta sig á hvernig þeir mætu stöðuna. Það kemur fram að þeir eru mun svartsýnni á efnahagsástandið og sitt umhverfi en þeir voru í febrúar. Það er því meiri svartsýni ríkjandi vegna þess að menn sjá fram á að þetta er langvarandi ástand. Þetta er ekki bara eitthvert ástand til skamms tíma, það er ekki bara spurning um að þreyja þorrann og góuna núna heldur er um að ræða ástand sem mun að öllum líkindum vara allt til ársins 2008. Það eru mjög mörg fyrirtæki sem eiga erfitt með að þola þetta ástand. Það hefur að vísu hjálpað t.d. sjávarútvegsfyrirtækjunum að það hefur verið hátt verð á sjávarafurðum á okkar erlendu mörkuðum. Það hefur bjargað þeim og þess vegna getur vel verið að þau geti kannski þolað þetta ástand ef verðið heldur áfram að vera gott á þeim mörkuðum.

En það eru ýmis önnur fyrirtæki sem munu eiga mjög erfitt uppdráttar, t.d. ferðaþjónustan og tæknigreinarnar. Það er dálítið athyglisvert að lesa það sem Samtök iðnaðarins hafa sent frá sér um hátækniiðnaðinn og eru þar með framtíðarsýn og spá, og síðan það sem ýmis fyrirtæki í þessum geira hafa sent frá sér. Það kemur m.a. fram í plaggi frá Samtökum iðnaðarins þar sem vitnað er í ýmsa aðila sem stjórna fyrirtækjum í hátæknigreinum að það sé tvennt sem sé kannski mesta áhyggjuefni allra þessara fyrirtækja í dag. Það eru annars vegar gengissveiflurnar og það ástand sem er í efnahagsmálunum og hins vegar, og það kemur líka fram hjá þessum aðilum, að það sé skortur á nægilega vel menntuðu vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði. Og það er kannski það sem menn hafa verið að tala um hér í umræðunni við menntamálaráðherra, hvernig standa eigi að menntamálum og hvernig það endurspeglist í fjárlagafrumvarpinu, vegna þess að eitt mikilvægasta málið sem við stöndum andspænis núna er að renna styrkari stoðum undir menntakerfið í landinu.

Hér eru skilaboð til stjórnvalda. Þau eru frá iðnþingi sem reyndar var haldið í vor. Þar er vitnað í framkvæmdastjóra Actavis sem segir að það sé áhyggjuefni að einungis 40% af vinnuaflinu hér á landi ljúki stúdentsprófi en það sé undir meðaltali OECD-ríkja. Vitnað er í forstjóra Marels og hann talar sérstaklega um gengissveiflur krónunnar sem hafi mjög slæm áhrif á fyrirtæki með mikinn virðisauka. Vitnað er í framkvæmdastjóra Marorku sem talar um að fjárhagsleg staða sprotafyrirtækja sé mjög slæm. Vitnað er í framkvæmdastjóra Líftækni hf. þar sem hann talar um hágengið, hversu erfitt það sé og að uppbyggingin krefjist seiglu og fjármagns sem er mjög erfitt við þær aðstæður sem nú séu í efnahagslífinu.

Það kemur fram líka í þessu sama plaggi hvílíkur vaxtarbroddur sé á ferðinni í hátækninni, hve hún sé mikill vaxtarbroddur í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Þar segir að útflutningur á sjávarafurðum hafi vaxið að meðaltali um 4,3% á ári undanfarin 13 ár en meðaltalsvöxtur hátæknigreina hafi verið 36%. Sambærileg tala fyrir stóriðju sé um 14%. Auðvitað mun stóriðjan taka ákveðið stökk núna í framhaldi af framkvæmdunum á Austurlandi. En þetta segir okkur hvað hátæknigreinarnar hafa skipt miklu máli bæði fyrir útflutning okkar og atvinnusköpun. Þá kemur fram að hlutdeild hátækni í verðmætasköpuninni hafi stokkið úr 0,6% í 3,9%. Þetta eru auðvitað ekki stórar tölur í verðmætasköpuninni en þetta sýnir þróunina. Þetta sýnir getu þessara fyrirtækja ef þau búa við stöðug starfsskilyrði, stöðuga mynt og öflug framlög til menntunar og rannsókna.

Mér barst líka, eins og kannski ýmsum öðrum, grein í hendurnar í dag vegna uppsagnanna hjá Hjartavernd og áhyggjur manna af því. Þetta er ekki grein sem kemur frá fólki sem þar starfar, heldur fólki sem starfar í hátækni- og líftæknigreinunum, sem hefur miklar áhyggjur af því að við séum að missa af lestinni ef þessi störf detta út vegna hágengis og stöðunnar í efnahagsmálunum. Talað er um stefnu stjórnvalda í því bréfi sem mér barst um iðnbyltinguna á Íslandi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það er magnað að stjórnvöld telji að með því að auka fé til rannsóknasjóða sé verið að leysa þau mál sem skapast þegar rekstrartekjur vegna erlendra viðskipta falla vegna ruðningsáhrifa frá ríkisstyrktum gæluverkefnum ráðamanna, en á þann veg eru svör ráðherra. Það virðist skorta á skilning á þeirri staðreynd að það tekur yfirleitt langan tíma að byggja upp söluhæfa vöru eða þjónustu á hátæknisviði og aðeins lítið brot af því sem reynt er gengur upp.

Hér er verið að leggja í rúst það sem tekist hefur að byggja upp síðustu 20–30 árin bæði hjá Hjartavernd og öðrum. Nýsköpunarstyrkir stjórnvalda breyta þar engu um vegna þess að umhverfið sem þessum fyrirtækjum er búið, rekstrarskilyrðin sem þeim eru búin, gerir það að verkum að þau fá ekki staðist þrýstinginn af háum vöxtum og háu gengi og þeim gengissveiflum sem hér hafa verið."

Ég kem inn á þetta hér, virðulegi forseti, vegna þess að það kom fram í máli a.m.k. tveggja stjórnarþingmanna sem töluðu hér fyrr í dag að það væri atvinnustefnan sem skipti svo miklu máli og það væri að renna styrkari stoðum undir atvinnufyrirtækin í landinu og það væri ríkisstjórnin að gera. Þetta kom fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og hv. þm. Birki Jóni Jónssyni. (**Gripið fram í:** Það eru fúnar stoðir.)

Það eru fúnar stoðir sem verið er að renna undir atvinnustarfsemina í landinu þegar þetta blasir við okkur og þetta er áhyggjuefni fólks. Það er áhyggjuefni fólks núna úti um allt land, á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, að fyrirtækin sem eiga að leggja grunninn að atvinnusköpun og verðmætasköpun og tekjum fólks í framtíðinni eru að leggja upp laupana. Þau eru að gefast upp, þau eru að segja upp fólki, þau eru að flytja starfsemi sína úr landi og þau fá ekki staðist þetta hágengi og þá þróun sem hér hefur orðið. Þetta eru auðvitað ekki neinar náttúruhamfarir. Þetta er ekki eitthvað sem hefur bara gerst sisona af slysförum. Það eru

stjórnvaldsaðgerðir sem þessu valda.

Það vissu allir fyrir síðustu kosningar að mikill vandi yrði í hagstjórninni á þessu kjörtímabili og það var um fátt meira talað fyrir síðustu kosningar en vandann sem við stæðum andspænis í hagstjórninni. Það var auðvitað vegna þess að ákveðið var að ráðast í stórvirkjanir og álver á Austurlandi og menn vissu að það mundi þýða mikinn innflutning á gjaldeyri og skapa mikinn þrýsting á hagstjórnina, á peningastefnuna og ríkisfjármálin. Um þetta var talað fyrir síðustu kosningar og við lögðum áherslu á það, í Samfylkingunni, að ef menn ætluðu að ná utan um þetta þyrfti samstillt átak allra. Þá þyrfti ríkisstjórnin, hver sem hún yrði, að leita samráðs við alla þá aðila sem skipta máli á þessum markaði því að það er ekki bara ríkisstjórnin sem skiptir máli og ekki bara Seðlabankinn sem skiptir máli. Auðvitað skipta bankarnir máli, auðvitað skiptir verkalýðshreyfingin máli, Samtök atvinnulífsins skipta máli á þessum markaði. Þetta var spurningin um að reyna að skapa eins víðtækt samráð og kostur væri við alla þessa aðila til að sigla í gegnum þessa vandasömu hagstjórn sem hér blasti við. En þetta var ekki gert og hefur ekki verið gert.

Ríkisstjórnin ákvað einhliða og án þess að hafa samráð um það við aðra aðila að fara út í 80% lán Íbúðalánasjóðs og fer þar að hluta til inn á markað bankanna sem bregðast hart við og fara í bullandi samkeppni. Við vitum alveg hvað það hafði í för með sér. Það er kannski stóri orsakavaldurinn í því sem nú er að gerast að þetta skyldi gert á þessum tímapunkti. Þessi ríkisstjórn hefur heldur ekki viðhaft neitt sérstakt samráð við aðila vinnumarkaðarins um það hvernig menn ættu að stíga ölduna í því ástandi sem núna er. Það hefur ekki verið gert. Það má eiginlega segja að slíkt samráð hafi að mestu verið aflagt eftir fyrsta kjörtímabil þessarar ríkisstjórnar. Hún var sæmilega góð í samráði við aðila vinnumarkaðarins á fyrsta kjörtímabilinu frá 1995–1999 en síðan eiginlega ekki söguna meir. Það hefur auðvitað haft þau áhrif að menn hafa ekki lagst sameiginlega á árarnar til að takast á við þá stöðu sem hér er.

Það sem við blasir ef svo heldur fram sem horfir, og það kemur m.a. fram í þessu marg- og títtnefnda riti Peningamálum Seðlabankans, og ef menn ná ekki tökum á þessu, sem virðist ekki ætla að gerast fyrr en á árinu 2008, er að við þróumst í átt til þess að verða hrávöruframleiðendur í stað þess að búa við öflugan hátækniiðnað.

Ég ætla að leyfa mér að vitna í Peningamál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sterkar vísbendingar eru um að hátt raungengi sé farið að hafa veruleg áhrif á ýmsar útflutningsgreinar. Hækkun afurðaverðs hefur reyndar komið ýmsum greinum sjávarútvegs til góða, en áhrif hágengisins birtast meðal annars í hlutfallslega meiri útflutningi óunnins fisks.“ — Það er fiskiðnaðurinn sem líður auðvitað fyrir þetta. — „Samdráttur iðnaðarvöruútflutnings stafar sennilega að verulegu leyti af háu raungengi sem fyrr segir. Þessi áhrif kunna að vera enn sterkari nú en áður þar sem sumir framleiðendur reka framleiðslustarfsemi víða um heim og geta flutt framleiðslu að einhverju leyti úr landi ef aðstæður krefjast þess.“

Við erum orðin alþjóðavætt samfélag, það er jákvætt, það er fínt. En það þýðir líka að menn eru með starfsstöðvar víðar en á Íslandi og geta flutt framleiðslu sína á milli eftir því sem hentar. Þetta þekkjum við frá hátæknifyrirtækjunum. Þekkjum þetta frá Össuri, við þekkjum þetta frá Marel og frá Actavis, að við þær aðstæður sem núna eru kjósa þessi fyrirtæki ekki endilega að flytja starfsemi sína úr landi, en viðbótin, stækkunin verður ekki til á Íslandi heldur annars staðar. Eins og ég segi, það eru ekki náttúruhamfarir heldur stjórnvaldsaðgerðir sem þessu valda.

Ríkisstjórnin hefur að mörgu leyti lifað mjög góða daga eins og ég sagði í upphafi. Hún hefur haft miklar tekjur. Góðæri hefur verið í landinu. Miklar breytingar hafa orðið á atvinnuháttum. Ég kom inn á hvað hátæknigreinarnar hafa verið að vaxa. Þetta á m.a. rót sína að rekja til ákveðinna breytinga sem við höfum verið að fara í gegnum í atvinnuháttum. Stærsti orsakavaldurinn í því var samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði.

Þegar samningurinn við Evrópska efnahagssvæðið var gerður stukkum við inn í ákveðinn nútíma með þeim samningi. Þar var mikill kraftur leystur úr læðingi. Það er dálítið merkilegt að hugsa til þess að á þeim 11 árum, hann tók gildi árið 1994, sem liðin eru höfum við gengið í gegnum þróun og breytingar sem tók kannski áratugi í öðrum löndum. Þetta leysti sannarlega mikinn kraft úr læðingi og mikið áræði hjá íslenskum athafnamönnum og það hefur skilað sér í auknum tekjum þjóðarinnar og í mikilli kaupmáttaraukningu sem hér hefur sannarlega orðið. Kaupmáttaraukningin er líklega um 50% frá árinu 1995. Eitthvað er það á reiki hver hún er, sumir segja hana enn meiri, en við skulum segja að hún hafi verið um 50% frá árinu 1995. Þetta er auðvitað mjög jákvætt. Það þýðir að góðærið sem hér hefur verið hefur komið almenningi til góða í aukinni kaupgetu. Það er jákvætt. En það sem er verst þegar maður horfir yfir þetta tímabil frá árinu 1995 við þær aðstæður sem hér hafa verið, í því góðæri sem hefur verið, það er að skynja eiginlega tvennt. Tvennt hefur gerst. Mönnum hefur mistekist að nýta góðærið með skynsamlegum hætti í tveimur veigamiklum þáttum. Annars vegar hafa menn ekki nýtt góðærið til að bæta stöðu þess fólks sem stendur höllustum fæti í samfélaginu. Menn hafa ekki nýtt góðærið til þess. Ójöfnuður hefur aukist á Íslandi í góðærinu á þessum tíu árum.

Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að hann sagði að við gætum ekki haft hærra og betra bótakerfi en sem næmi því sem framleiðslukerfi okkar gæti staðið undir. Framleiðslukerfið okkar yrði að geta staðið undir þessu. Við gætum ekki haft hærra og betra bótakerfi. En ef við höfum staðið andspænis því á síðustu tíu árum að kaupmáttur hefur verið að aukast um 50% almennt, hvernig getur þá staðið á því að við höfum ekki getað staðið þannig að málum að hlutur þess fólks sem verst er sett, aldraðir og öryrkjar, væri réttur þannig að það sæti ekki eftir í góðærinu eins og gerst hefur? Nú ætla ég ekki að halda því fram að það hafi ekki fengið aukningu. Ég ætla ekki að halda því fram, alls ekki. Ég veit að sett var viðbótarframlag í samninga við öryrkja, aldurstengt framlag. Ég veit að gerður var samningur við aldraða líka í þessum efnum. En staðreyndin er sú að þegar horft er á kaupmátt, alveg burt séð frá því hvernig tekjurnar verða til, annars vegar almenns launafólks og hins vegar öryrkja og aldraðra kemur í ljós að kaupmáttur öryrkja og aldraðra hefur aukist minna en al-

mennt gerist í samfélaginu. Það er alveg furðulegt að í slíku góðæri skuli það hafa gerst.

Annað sem er auðvitað mjög sláandi þegar við horfum yfir síðustu tíu ár og tengist líka jöfnuði, eða ójöfnuði skulum við segja, er hvernig ójöfnuður hefur aukist á milli höfuðborgar og landsbyggðar. Ég talaði áðan um atvinnuháttabreytingar sem við höfum verið að ganga í gegnum. Þær eru mjög mikilvægar og í eðli sínu mjög jákvæðar. Þær eiga eftir að skila okkur miklu þegar til framtíðar er litið. Ef fyrirtæki þola eða getað staðist það áhlaup sem nú er vegna gengisskráningar og stöðunnar í efnahagsmálunum, þá mun þessi atvinnuháttabreyting skila okkur heilmiklu þegar til framtíðar er litið. En hún hefur gerst með þeim hætti að fólkið sem varð fyrir atvinnuháttabreytingunni, ekki síst úti á landi, situr eftir í þeirri þróun sem hefur verið án þess að gripið hafi verið til raunhæfra aðgerða gagnvart landsbyggðinni og án þess að reynt hafi verið að stuðla að atvinnuuppbyggingu á öðrum sviðum í byggðarlögum landsins. Ójöfnuður hefur aukist milli almenns launafólks og síðan aldraðra og öryrkja hins vegar og milli höfuðborgar og landsbyggðar. Þetta er þróunin sem hefur orðið á síðustu tíu árum.

Eins og ég sagði er tvennt sem mér finnst að mönnum hafi mistekist sérstaklega á þessu tíu ára tímabili í góðærinu að takast á við. Það er annars vegar ójöfnuðurinn og hins vegar menntamálin. Í rauninni var grátbroslegt að hlusta á menntamálaráðherra áðan tala um úttektirnar sem búið er að gera. Það er búið að gera alls konar úttektir. Búið er að gera úttektir á vegum Ríkisendurskoðunar og Háskóla Íslands. Búið er að bera saman framlög til háskóla almennt á vegum Ríkisendurskoðunar. Búið er að gera evrópska úttekt á háskólanum. Það er búið að gera alls kyns kannanir, rannsóknir og úttektir á þessum háskólum og menntamálaráðherra stóð hér og sagði: Upplýsingar eru forsenda stefnumótunar. Nú getum við farið að móta stefnuna. Bíddu við, Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að vera í menntamálaráðuneytinu í 15 ár samfellt. Og það á að fara að móta stefnu núna þegar liggja loksins fyrir einhverjar upplýsingar, úttektir og kannanir. Hvað hafa menn verið að gera í 15 ár í ráðuneytinu? Flytja til pappíra?

Ég veit vel að aukin framlög hafa komið inn í menntamálin á fjárlögum á undanförnum árum og ég veit að við stöndum betur í OECD-samanburði en við gerðum. Ég veit að ef við horfum einungis á háskólastigið fer núna um 1,1% af vergri landsframleiðslu í háskólastigið en var áður 0,9%. En það bara dugir ekki til vegna þess að ef við horfum á Norðurlöndin er framlagið til háskólastigsins þar 1,7–2%.

Ég hlustaði líka á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, varaformann fjárlaganefndar, þegar hann talaði um að vega þyrfti hlutina saman, það hefði verið gert í menntaumræðunni, að vega þetta sérstaklega saman við aldur og aðrar breytur. (**EOK:** Hliðrun.) Hliðrun. Þingmaðurinn sagði það, það er rétt, að ákveðin hliðrun ætti sér stað og menn yrðu að skoða það sérstaklega í þessu sambandi. Það er út af fyrir sig alveg rétt og ef við horfum á þessa svokölluðu hliðrun, við skulum kalla þetta hliðrun, við getum líka kallað það að vega þetta andspænis öðrum breytum, þá erum við með yngri þjóð en ýmsar aðrar þjóðir sem þýðir að við ættum kannski að verja meiru til menntamála en ýmsar aðrar þjóðir.

Þar að auki erum við með lægra menntunarstig og það er áhyggjuefnið okkar. Við erum með lægra menntunarstig en margar aðrar OECD-þjóðir. Þess vegna ættum við líka að vera með meiri framlög til menntamála, ef það er tekið inn í myndina, en þær þjóðir sem við berum okkur saman við. Við erum ekki enn búin að ná því stigi að geta sagt að við séum að leggja sambærilegt til háskólastigsins og aðrar Norðurlandaþjóðir.

Ég geri mér alveg grein fyrir að ekki er hægt að ná slíkum áföngum eins og hendi sé veifað. Það þarf að vinna skipulega að því, hafa um það einhverja sýn hvert menn ætla að vera komnir og gera það síðan í einhverjum áföngum.

Það sem ég er að segja er að á þessum tíu árum hafa menn vanrækt þetta. Það er auðvitað ekki hægt að gera það í einum fjárlögum sisvona, hér og nú. En þetta hefur verið vanrækt á síðustu árum og þess vegna erum við ekki komin lengra en raun ber vitni. Þetta er hitt áhyggjuefnið þegar við komum að því að renna stoðum undir atvinnulíf framtíðarinnar, að við erum að vega að nýsköpunargreinunum, við erum að vega að nýgræðingnum í atvinnulífinu vegna þeirrar hávaxtastefnu og hágengisstefnu sem hér ríkir. En við erum heldur ekki í rauninni tilbúin að mæta þessum nýju atvinnugreinum vegna þess að við höfum ekki sinnt nógu vel grunninum sem er menntakerfi þjóðarinnar.

Ef til vill er ekki sérkennilegt, virðulegur forseti, í ljósi þess sem ég hef verið að segja — annars vegar hafa menn ekki verið nógu stefnufastir og ákveðnir í uppbyggingu menntakerfisins og hins vegar að menn hafa misst af tækifærinu á þessum tíu árum til að gera betur við það fólk sem verst er sett í samfélaginu — að tekist sé á um þrjá málaflokka núna í samfélaginu, eða sem hefur verið að koma upp á yfirborðið að verið sé að takast á um af mestri hörku í samfélaginu núna. Það eru byggðamálin, átökin í kringum Byggðastofnun og það sem þar er að gerast. Það eru málefni öryrkja og aldraðra. Ég vil leyfa mér að segja að ég hef sjaldan upplifað eins mikinn þunga og er í hópum aldraðra og öryrkja og núna. Ráðherrar og stjórnarþingmenn hljóta að finna þetta líka. Þessa uppsöfnuðu reiði, þennan urg, þessa óánægju sem er hjá þeim hópum. Það eru sem sagt byggðamálin og Byggðastofnun vegna þess að ójöfnuðurinn hefur verið að aukast á milli höfuðborgar og landsbyggðar. Það eru aldraðir og öryrkjar vegna þess að ójöfnuðurinn hefur verið að aukast á milli almenns launafólks og þessara hópa. Og svo er það þriðja sem eru menntamálin.

Það eru deilur nánast hvar sem litið er í menntakerfinu. Það eru deilur út af samræmdu stúdentsprófunum, það eru deilur út af styttingu framhaldsskólans, það eru deilur út af fjárframlögum til Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Af hverju skyldu menn nú vera með þennan uppsteyt út um allt ef allt væri í lukkunnar velstandi og það hefði bara flætt fjármagn úr ríkissjóði til þessara stofnana? Ég hygg að ástæðan fyrir deilum í menntamálunum sé einmitt þessi átakanlegi skortur á stefnumörkun og stefnufestu í menntamálum. Ég held að menn mundu betur sætta sig við þó að allt gangi ekki alltaf að óskum og þó þeir fái ekki allt sem þeir biðja um ef þeir væru vissir um hvert væri stefnt. Það vantar ekki að hér koma mjög staffírugar yfirlýsingar yfir-

leitt frá menntamálaráðherra um öll möguleg mál sem lúta að menntakerfinu. Og hún kemur fram og er mjög ákveðin í skoðunum sínum og afstöðu til þess sem á að gera eða ekki að gera. En þegar upp er staðið verður óskaplega lítið úr framkvæmdum og lítið úr efndum eins og sést best á því að líklega hefur komið eitt EES-mál inn í þingið í haust frá menntamálaráðuneytinu fyrir utan frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sem er væntanlegt á næstu dögum og tengist í sjálfu sér ekki menntakerfinu. Það er ekki nóg að vera staffírugur í tali þegar stefnan er óljós og þar að auki sífellt verið að breyta um kúrs. Tekið sterkt til orða en svo er snúið við á miðri leið.

Virðulegi forseti. Ég vitnaði í orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar þar sem hann talaði um bótakerfið, sem gæti ekki verið betra en svo að framleiðslukerfi okkar geti staðið undir því, í þeim mikla hagvexti sem hér hefur verið. Í því mikla góðæri sem hér hefur ríkt getur kerfið ekki staðið undir betri bótum en raun ber vitni. Hvaða bótakerfi erum við að tala um? Það kemur skýrt fram í skýrslu Stefáns Ólafssonar, um örorku og velferð á Íslandi. Það væri hægt að tína ýmis dæmi upp úr skýrslunni en það sem kemur hins vegar skýrast fram í henni er að það er kannski ekki öðru fremur það sem menn hafa sett í örorkubótakerfið með stjórnvaldsákvörðunum sem veldur þeim mismun sem orðið hefur. Það er tvennt, öðru fremur, þ.e. aftenging launa og bóta og skattkerfisbreytingar. Þetta tvennt hefur mestar afleiðingar haft fyrir bæði öryrkja og aldraða.

Það sem mér fannst merkilegt við það sem Einar Oddur Kristjánsson sagði áðan, ég hjó eftir því og vona að ég sé ekki að barna orð hans, en mér fannst hann tala um að kannski væri ekkert óskaplega mikið að marka skýrsluna af því skýrsluhöfundur hefði ákveðnar skoðanir á velferðarkerfinu. Hann taldi að skýrsluhöfundur væri þeirrar skoðunar að við værum norrænt velferðarríki og ættum að hafa norrænt velferðarkerfi. Ég er einnig þeirrar skoðunar og 70%, kannski 75% þjóðarinnar eru þeirrar skoðunar. Það er ekki eins og það sé einhver jaðarskoðun. Sú skoðun er ekki úti á jaðrinum og telst ekki öfgakennd skoðun. Þessi skoðun byggir í raun á þeirri grundvallarforsendu að hér deili menn kjörum. Hér sé ein þjóð í einu landi, að menn deili kjörum hver með öðrum og hafi skilning á því að sérstaklega þegar vel árar þurfi að gera meira fyrir þá sem standa höllum fæti en hina.

Mér finnst ekki sæmandi að reyna að gera þessa skýrslu tortryggilega vegna þess að höfundurinn hafi tilteknar skoðanir á velferðarkerfinu, hvernig það eigi að vera. (**EOK:** Ég geri það ekki.) Það er gott, þá leiðréttir hv. þingmaður það, hafi hann ekki gert það. (**EOK:** Ég sagði að mér kæmu efnistök hans á óvart.) Efnistökin koma hv. þingmanni á óvart. Ég heyrði í umræðunni að talað var um að höfundurinn færi ekki í grafgötur með afstöðu sína í þessum málum. Ég trúi því treysti að það hafi ekki áhrif á umræðu manna um þá skýrslu eða afstöðu þeirra til þess sem fram kemur í skýrslunni, að menn tortryggi skýrsluna vegna þess að Stefán Ólafsson sé þeirrar skoðunar að hér eigi að vera norrænt velferðarkerfi. Ég ætla að vona að það sé ekki raunin, að menn gagnrýni hana af þeim sökum. Það skiptir í sjálfu sér engu máli hver skoðun höfundar er. Spurningin er: Hvernig rök færir hann og hvaða upplýsingar koma fram? Ég vona að skoðun hans hafi ekki áhrif og menn fari að tortryggja skýrsluna af þeim sökum. Nóg er samt um þá tortryggni sem fólk í samfélaginu mætir sem ekki er sammála hæstv. ríkisstjórn um það sem hún gerir.

Í því sambandi ætla ég að tala aðeins, það verður örstutt, virðulegi forseti, um Mannréttindaskrifstofuna. Það sem gerðist varðandi Mannréttindaskrifstofuna við afgreiðslu fjárlaga síðast, sem virðist ætla að endurtaka sig við afgreiðsluna núna, er ekkert annað en eineltisstjórnmál. Tekið er á sjálfstæðum stofnunum og þær skornar niður við trog vegna þess að þær skoðanir sem þar eru uppi, sú afstaða sem þar er sett fram, sú vinna sem þar er unnin, er ekki með samþykki og samkvæmt sjónarmiðum þeirra sem sitja í ríkisstjórn.

Við afgreiðslu fjárlaga síðast var talað um að þótt fjármagn væri ekki eyrnamerkt sérstaklega til Mannréttindaskrifstofu eða nákvæmlega ákveðið við afgreiðslu fjárlaga til hvaða þátta féð færi þá mundu framlögin fara til mannréttindamála. 4 millj. kr. í dómsmálaráðuneytinu og 4 millj. kr. í utanríkisráðuneytinu mundu klárlega fara til mannréttindamála og menn gætu treyst því. Menn sögðu að hér væri um formbreytingu að ræða en ekki efnisbreytingu. Til mannréttindamála skyldu þessi framlög fara. Gegnum dómsmálaráðuneytið, sýnist mér, hefur féð gengið til mannréttindamála. En hvað hefur gerst í utanríkisráðuneytinu? Hvað hefur gerst þar? Af þessum 4 millj. kr. hafa 800 þús. kr. farið til mannréttindamála en 3,2 millj. kr. er enn óráðstafað á þessum tímapunkti. Talað var um að þetta ætti að fara í sérstakan mannréttindafulltrúa hjá ÖSE, að þar ættu Íslendingar einhvern vonarpening í einhverri stöðu og þetta ætti að fara til þess. Nú liggur ljóst fyrir og hefur legið fyrir síðan í haust að Íslendingar fá ekki þennan mannréttindafulltrúa hjá ÖSE. Peningarnir fara ekki í það. Þegar það varð ljóst sótti Mannréttindaskrifstofan aftur um til utanríkisráðuneytisins og fékk ósköp einfaldlega synjun. Þar liggja eftir 3,2 millj. kr. til mannréttindamála sem ekki eru notaðar í utanríkisráðuneytinu.

Ég er ekki á móti því að menn fari sparlega með fé. En ég trúi því að einhvers staðar sé stærri aðili sem gæti þolað meiri niðurskurð en Mannréttindaskrifstofan og að einhver staðar séu breiðari bök til að taka á sig þann niðurskurð en á Mannréttindaskrifstofunni. Það mætti kannski spara annars staðar í utanríkisráðuneytinu. Einhvers staðar hlýtur að vera matarhola í utanríkisráðuneytinu upp á 3,2 millj. kr. sem menn gætu sparað þótt þeir létu þessa peninga ganga til mannréttindamála. Ég trúi því að í risnu, ferðakostnaði og dagpeningum og öðru slíku hljóti einhvers staðar að liggja um 3,2 millj. kr. sem menn gætu séð af ef þeir vildu sinna mannréttindamálunum og sýna þeim einhvern sóma. En það gera þeir ekki.

Það er ljóst að þegar þetta var ákveðið við afgreiðslu fjárlaga í fyrra var ekki bara um formbreytingu heldur pólitíska ákvörðun að ræða, að skera þessa skrifstofu niður við trog vegna þess að sjónarmið manna þar voru stjórnvöldum ekki hugnanleg. Það er því miður þannig í samfélagi okkar að margir veigra sér við að setja fram afgerandi skoðanir sem ekki njóta velþóknunar á stjórnarheimilinu. Menn gætu einmitt lent í þessu. Til þess eru vítin að varast þau. Nú er búið að sýna mönnum hvernig hægt er að standa að verki

og það var gert gagnvart Mannréttindaskrifstofunni.

Ég ætla að trúa því og treysta — spurningin er hvernig við stöndum að því máli — að Mannréttindaskrifstofan fái þau fjárframlög sem hún þarf til að standa undir starfsemi sinni.

[18:24]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ræðumaður sagði hreint út að við værum að vanmeta útgjöld næsta árs. Hún taldi það stafa af fegrunaraðgerðum af okkar hálfu, það væri fallegra að sjá frumvarpið ef þar væru minni útgjöld. En svo sagði hún líka að við værum örugglega að vanmeta tekjurnar. Það var þá fegrunaraðgerð líka. Ég hélt að frumvarpið liti fallegar út ef það sýndi meiri tekjur. Það er einhver vitleysa í þessu og hún hefur ábyggilega ekki hugsað þetta nægilega rétt. Ég ætla að benda á að það hefur komið fram margsinnis að kaupmáttur almennings á Íslandi hefur aukist um meira en 50% á tíu árum. Það er ekki undarlegt að ákveðnar stéttir hafi ekki náð því meðaltali. Á því eru til skýringar og við höfum margsinnis farið yfir það hvernig bótagreiðslum er háttað.

Það kom fram hjá hv. þingmanni, sem er alveg rétt og ég ætla að taka undir það með henni, að mikill ójöfnuður hefur orðið milli launagreiðslna á Reykjavíkursvæðinu og í þéttbýlinu, í þéttbýlinu sem byggir alla afkomu sína á framleiðslunni, samkeppnisiðnaði og útflutningsgreinum. Ég minni á að fyrir meira en ári stóð ég og mótmælti þeirri vaxtastefnu, hávaxta- og hágengisstefnu, sem þá var kynnt og hóf innreið hér. En kom einhvern að hjálpa mér? Ég man ekki eftir að nokkur maður úr Samfylkingunni hafi tekið undir með mér. Ég minnist þess ekki. Ég man ekki eftir að nokkur maður hafi samþykkt það þegar ég fór rækilega yfir það sem mundi gerast og hvernig landsbyggðin færi út úr þeirri þróun.

Í þriðja lagi langar mig að spyrja hv. þingmann: Er það rétt skilið hjá mér, sem ég þóttist lesa í opnugrein í Morgunblaðinu, að hv. þingmaður vilji miða bætur almannatrygginga við launavísitölu og þróun hennar?

[18:26]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst varðandi tekjurnar og hvort þær virkuðu sem fegrunaraðgerð. Ég hélt því svo sem ekkert fram að þær væru sérstök fegrunaraðgerð. Ég geri ráð fyrir því að það sé af klókindum gert að vanmeta tekjurnar í fjárlagafrumvarpinu. Ég býst við því að ýmsir vilji sækja í þessar tekjur, af ráðherrum og þingmönnum, og mat þeirra sé af klókindum gert. Ég segi einfaldlega: Það er innbyggð skekkja í fjárlagafrumvarpinu, annars vegar á tekjuhliðinni, geri ég ráð fyrir, og hins vegar á útgjaldahliðinni. Það er hins vegar kosmetík, hin árvissa kosmetík, að vanáætla útgjöld ríkisins. Eins og ég fór yfir eru það 90 milljarðar kr. sem þau hafa verið vanáætluð um frá árinu 2000 til 2004.

Varðandi þær stéttir sem ekki hafa náð 50% meðaltalinu er það alveg rétt að ekki hafa allir náð þessum 50% og einhverjir eru þar undir. Ég segi hins vegar: Það er með öllu ólíðandi að þeir hópar sem standa verst í samfélaginu skuli ekki ná þeirri meðaltalskaupmáttaraukningu sem verður í samfélaginu á góðæristímum. Við eigum að grípa til þeirra stjórnvaldsaðgerða sem færar eru til að tryggja að þessir hópar sitji ekki eftir.

Ég gæti líka fjallað um hinn almenna ójöfnuð sem hefur aukist á Íslandi á þessu tíu ára tímabili, þar sem ráðstöfunartekjur þeirra 20% þjóðarinnar sem hafa hæstar tekjur hafa tvöfaldast frá 1995 en hjá þeim 20% sem hafa lægstar tekjur hefur það ekki gerst með sama hætti. Þannig er hægt að nefna mörg dæmi.

Varðandi hágengisstefnuna og hávaxtastefnuna og að enginn hafi komið til aðstoðar hv. þingmanni þegar hann talaði um það. Þegar maður fær pest, þarf að taka inn lyf við henni og gæti fengið í magann af því. Þá er ekki mikið við því að gera. Veikindin sem þjóðin gengur í gegnum eru af völdum stjórnarstefnunnar. Hv. þingmaður er bara ábyrgur fyrir því. Það þýðir ekki að koma hingað (Forseti hringir.) og gráta þótt það verki illa á magann þegar lyfin eru gefin.

[18:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var svo dularfullt að meira að segja ég gat ekki skilið þetta. Þá er nú mikið sagt.

Við höfum því miður fylgt efnahagsstefnu varðandi gengi íslensku krónunnar sem hefur komið illa við framleiðslu á Íslandi og við samkeppnisstöðuna. Stefnan hefur komið illa við þau fyrirtæki í framleiðslu og getu þeirra til þess að borga verkafólkinu sem vinnur við framleiðsluna laun. Það hefur setið eftir. Það er alveg hárrétt.

Ég hef reynt að mótmæla þessu og sagt að þessi rétttrúnaður í Seðlabankanum geti ekki leitt nema til ófarnaðar, til skuldasöfnunar erlendis sem muni hefna sín grimmilega, fyrr en seinna. Það er sá ójöfnuður sem er okkar vandamál.

Ef ég fæ ekki svar við því hvort bæturnar eigi að fylgja launavísitölu, eins og lesa mátti í greininni í gær, þá hlýt ég að halda að svo sé í dag. Ég benda hv. þingmanni í fullri vinsemd á að velta fyrir sér hvað menn geri þegar framfærsluvísitalan verður hærri en launavísitalan. Hvað gera menn þá? Þá rýrna kjör fólksins. Ætla menn þá að miða bæturnar við launavísitöluna? Menn verða að hugsa þetta til enda, það eru tvær hliðar á hverjum peningi. Eins og við höfum gengið frá þessu í núgildandi lögum miðast bæturnar við almenna þróun launa nema þegar kjararýrnun verður, þá miðast bæturnar við neysluvísitöluna til að forða því að þær stéttir sem standa veikast að vígi, öryrkjar og eldri borgarar, fái á sig kjararýrnun. Það er megininntakið.

Við viljum koma í veg fyrir að það endurtaki sig sem gerðist því miður á árunum 1988–1991 að kjararýrnun öryrkja og eldri borgara varð mjög mikil, meira að segja meiri en launþega. Þegar launþegar urðu fyrir (Forseti hringir.) 10% kjaraskerðingu skertust kjör öryrkja um 16%. Það viljum við ekki að endurtaki sig.

[18:31]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skal byrja á að svara þessu með launin og bæturnar. Sú gliðnun sem hefur orðið varð vegna þess að við afgreiðslu fjárlaga 1996 tóku menn hina beinu tengingu launa og bóta úr sambandi. (**EOK:** Það var 1992.)

En til að tryggja að menn yrðu ekki fyrir kaupmáttarrýrnun var sett inn ákvæði, eins og hér hefur komið fram, um að hún mundi aldrei fara lægra en neysluverðsvísitalan. Það er auðvitað hægt að fara ýmsar leiðir í þessu. Það er hægt að setja inn að það sé hægt að miða við þá vísitöluna sem hærri er hverju sinni. Það er víst hægt að gera það. (Gripið fram í.) Það er hægt að setja inn að það skuli miða við, við skulum segja að miða við launavísitöluna, verði þróun neysluverðsvísitölunnar hins vegar þessum hópum hagstæðari, þá skuli miða við hana. Það er auðvitað hægt að fara og setja allt mögulegt inn í lögin ef menn vilja raunverulega tryggja að þessir hópar sitji ekki eftir heldur njóti þeirrar kaupmáttaraukningar sem verður í samfélaginu.

Hins vegar varðandi stefnu Seðlabankans, þá hlýt ég að vísa ummælum þingmannsins til föðurhúsanna. Auðvitað kemur þetta niður á landsbyggðinni. Auðvitað kemur þetta niður á þróun hátæknigreinanna. En eins og ég sagði áðan, það eru stjórnvaldsaðgerðir sem valda þessu. Það eru ákvarðanir sem stjórnvöld hafa tekið og það er skortur þeirra á samráði við alla þá aðila sem eru á þessum markaði og eru áhrifavaldar, þar er orsakavaldurinn. Það er ekki Seðlabankinn sem er orsakavaldurinn í þessu efni, það er ríkisstjórnin sjálf. Þegar hin kröftugu meðul Seðlabankans koma í formi vaxtahækkana, stýrivaxtahækkana og það fer að bíta þá er það bara lyfið sem gefið er. Væntanlega telur þá hv. þingmaður að þetta sé röng lyfjagjöf hjá Seðlabankanum, en það er bara ekki mörgum öðrum til að dreifa.

[18:33]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, svo notuð séu hennar eigin orð, ræddi hér staffírug um efnahagsmálin við 3. umr., eins og hún sagði að væri eðlilegt að gera í fjárlagaumræðum. Þetta er reyndar hennar fyrsta ræða í fjárlagaumræðunni í ár ef ég hef tekið rétt eftir. (**ISG:** Það er ekki rétt tekið eftir hjá þér.) Hún fór enn einu sinni með tölur frá Samfylkingunni um að það hefði verið 90 milljarða mismunur á fjárlögum og niðurstöðum á síðustu fjórum árum. Þarna er enn þá einu sinni verið að bera saman epli og appelsínur þar sem óreglulegir liðir eru ekki teknir með í reikninginn, svo sem afskrifaðar skattakröfur, greiðslur í lífeyrissjóði, vaxtagjöld og þar fram eftir götunum. Hv. þingmaður gerði að umræðuefni það sem hún telur vera aukinn ójöfnuð í þjóðfélaginu. Það getur vel verið að það sé einhvers staðar aukinn ójöfnuður í þjóðfélaginu. Ég skal ekki fullyrða nákvæmlega um það. En hann er ekki orðinn til vegna þess að öryrkjar og aldraðir hafi ekki notið sömu kaupmáttaraukningar og aðrir hafa gert. Á árunum 1995 til 2005 hækkaði launavísitala um 37% en á meðan varð kaupmáttaraukning þeirra raungreiðslna sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir til sömu aðila um 58%, þ.e. kaupmáttur tengdur launavísitölunni hækkaði um 37% meðan kaupmáttur raungreiðslna Tryggingastofnunar ríkisins hækkaði um 58%.

Hins vegar gerðist það á sama tíma að hjá Reykjavíkurborg lækkaði hlutfall félagslegra bóta sem þar eru greiddar sem hlutfall af greiðslum Tryggingastofnunar úr því að vera 105% af greiðslum Tryggingastofnunar niður í 80%, þegar ekki er tekið tillit til aldurstengdrar uppbótar hjá örorkulíf-eyrisþegum. Og hver skyldi hafa ráðið ríkjum á þessum tíma hjá Reykjavíkurborg?

[18:35]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er dálítið merkilegt að hæstv. fjármálaráðherra sem ætti nú að fylgjast sæmilega vel með því sem gerist hér í þingsalnum þegar fjárlagaumræðan er á dagskrá, skuli byrja á því að koma í ræðustól og halda því blákalt fram að þetta sé í fyrsta sinn sem ég taki til máls í þessari fjárlagaumræðu. Hvað hrjáir hæstv. fjármálaráðherra? Einhver óskapleg minnisglöp eða vísvitandi ósannindi? Það er alveg ótrúlegt að koma hér og segja þetta í 3. umr. um fjárlögin. Er þingmaðurinn eða ráðherrann hæstv. ekki í salnum þegar verið er að ræða málin? Ég hlýt að spyrja. Hann gæti að minnsta kosti flett upp í þingtíðindum til að leita af sér allan vafa. En ég bið hæstv. ráðherra að fara ekki með svona staðlausa stafi hér í ræðustól Alþingis.

Varðandi ójöfnuðinn þá segir ráðherrann að það sé hugsanlegt að hér hafi einhvers staðar aukist ójöfnuður. Það er ekkert hugsanlegt. Það er búið að leiða fram staðreyndir eftir staðreyndir um aldraða, öryrkja og almenna tekjuþróun í landinu, ójöfnuður hefur aukist í tíð núverandi ríkisstjórnar sem hefur haft úr miklum fjármunum að moða vegna þess að það hefur verið stefna hennar.

Varðandi félagsþjónustuna í Reykjavík þá er sá eðlismunur á félagsþjónustunni í Reykjavík annars vegar og svo tryggingabótum hjá Tryggingastofnun ríkisins hins vegar að bæturnar hjá félagsþjónustunni eru ekki ætlaðar til að fólk lifi af þeim árið út og árið inn, ár eftir ár. Þær eru í rauninni hugsaðar sem neyðaraðstoð við ákveðnar aðstæður. En þið, hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni, eruð að skammta fólki kjör í gegnum tryggingabæturnar sem því er gert að lifa á árum saman. Sá er munurinn.

[18:37]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að byrja á að biðja hv. þingmann afsökunar á því að mér skyldi hafa skjöplast minnið. En það er sennilega vegna þess að ég taldi að hún ætti að vera mér eftirminnilegri úr ræðustólnum en að hún reyndist vera. En ég skal reyna að bæta úr þessu í framtíðinni.

En hins vegar varðandi það sem hún segir um eðlismun á bótum félagsþjónustu Reykjavíkurborgar og bótum Tryggingastofnunar þá má vel vera að þar sé einhver munur á. En eftir sem áður hljóta þær bætur að vera þeim sem á þeim þurfa að halda jafnmikilvægar. Og því ættu bæturnar hjá Reykjavíkurborg ekki að dragast svona aftur úr á tímabili eins og hér er um að ræða og að því hefði hv. þingmaður auðvitað átt að gæta á þeim tíma sem hún hafði tök á því að hafa áhrif á þau mál.

Hv. þingmaður nefndi nokkur fleiri atriði sem vert er að tala um. Hún hefur áhyggjur af menntamálunum. En finnst henni ekki nokkuð vel í lagt að fjármunir til menntamála aukist um 12% á milli ára og um 20% yfir tveggja ára tímabil? Er það of lítið þegar á sama tíma er verið að tala um slaka í útgjöldum, bæði hvað varðar framkvæmd fjárlaganna og eins í fjárlagatillögunum, af hálfu hv. talsmanna hennar flokks í þessum efnum?

Hv. þingmaður talaði líka um að það hefði verið góðæri í landinu. En góðæri kemur ekki af sjálfu sér. Það þarf að hafa fyrir því. Það hafa tveir flokkar setið við stjórnvölinn í 10 ár. Og þeir hljóta að eiga einhvern hlut í því góðæri sem hv. þingmaður var að nefna. Hv. þingmaður nefndi líka að góðærið ætti að einhverju leyti upptök sín í því að við samþykktum EES-samninginn. Ég get verið sammála henni um það. En kom hún eitthvað nálægt því? (Forseti hringir.) Hafði hún eitthvað með það að gera að EES-samningurinn var yfir höfuð samþykktur?

[18:40]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sá ráðherra sem hér stóð og talaði er alveg með endemum minnislaus ráðherra. Það hefur ekkert með það að gera hvort mínar ræður eru ódauðlegar eða ekki. Í fyrsta lagi man hann ekkert eftir því sem gerðist nú í vikunni, ekki síðustu heldur þar áður eða kannski aðeins fyrr, en þá talaði ég um fjárlagafrumvarpið. Í öðru lagi man hann ekkert eftir því heldur hvernig umræðan um EES-samninginn fór fram. Vegna þess að ég studdi EES-samninginn efnislega og lýsti þeim stuðningi yfir hér í ræðustól Alþingis og fékk fyrir það ýmsar kárínur (**ÁMM:** Greiddirðu atkvæði með honum?) en ég greiddi ekki atkvæði með honum vegna þess að ég taldi að þar væri um stjórnarskrárbrot að ræða. Ég taldi að þingið hefði ekki heimild til að framselja fullveldið með þeim hætti sem gert var í samningnum og það var af þeim sökum sem ég tók þá afstöðu að greiða samningnum ekki atkvæði mitt. En ég tók skýra afstöðu með samningnum og ég ætla að biðja þingmanninn að leita það líka uppi í þingtíðindunum. Því minnið er greinilega alveg óskaplega brigðult hjá hæstv. ráðherra.

Varðandi skólamálin vil ég segja að þótt 12% aukning hafi orðið milli ára, sem skýrist auðvitað að hluta til vegna þess að mikil nemendafjölgun á sér stað og henni verður auðvitað að mæta með fjárframlögum, þá vil ég benda á hvernig sveitarfélögin og Reykjavíkurborg þar í fararbroddi hafa staðið að uppbyggingu grunnskólans og hvernig þau tóku við honum úr höndum ríkisins og þess vegna segi ég líka: Sveitarfélögin eiga að taka við framhaldsskólunum. Ríkið og sú ríkisstjórn sem nú situr er ekki til þess bær að fara með málefni framhaldsskólans, sveitarfélögin eiga að taka þar yfir og byggja upp framhaldsskólann af sama metnaði og þau gerðu með grunnskólann. Það þarf ekki annað en að líta á húsnæðiskostinn, tölvukostinn, búnaðinn eða kennsluna. Það er alveg sama hvert litið er, það er himinn og haf á milli grunnskólans, hvernig hann hefur verið uppbyggður af hálfu sveitarfélaganna og Reykjavíkurborgar, og hins vegar framhaldsskólans.

[18:42]

Útbýting:

Alnæmissmit, 400. mál, fsp. GÖg, þskj. 510.

Aukatekjur ríkissjóðs, 403. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 519.

Búnaðargjald, 332. mál, nál. landbn., þskj. 513; brtt. landbn., þskj. 515.

Hlutafélög, 404. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 520.

Innflutningur dýra, 390. mál, nál. landbn., þskj. 516.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 288. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 512.

Starfsmannaleigur, 366. mál, brtt. ÖS o.fl., þskj. 507.

Úrskurðarnefndir, 399. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 509.

[18:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Mig langaði að gera hér aðeins að umræðuefni vinnu hv. fjárlaganefndar. Ég veit ekki hvort ábyrgðarmenn hennar eru staddir á vettvangi, þeir mættu gjarnan vera viðstaddir umræðu um þetta handverk sitt, fjárlagafrumvarpið. En ég verð að segja alveg eins og er, að ég er ekki jafnmikið upp með mér eða hrifinn af þeirri aðferðafræði sem hér hefur verið að þróast, minnsta kosti núna tvö til þrjú síðustu ár, ef ég man rétt, að meiri hluti fjárlaganefndar ljúki umfjöllun um fjárlagafrumvarpið við 2. umr. Og svo er bara gefin út sú lína að það sé lok, lok og læs og allt úr stáli og engu verði breytt. Það er sagt um þau mál sem út af standa, við þau erindi sem hafa verið síðbúin til fjárlaganefndar og eru að koma þar inn kannski síðustu vikurnar áður en 2. umr. fer fram að þá sé bara búið að loka, því miður. Þetta er eins og búð. Ef þú kemur fimm mínútur yfir sex, þá er bara búið að loka. Mér finnst þetta ekkert sérstaklega faglegt satt best að segja. Mér finnst þetta ekki lýsa mikilli karlmennsku eða miklu sjálfstrausti. Við vitum alveg hvað hér er á ferðinni. Þessi aðferð er notuð til að menn missi ekki í gang umfjöllun um mál sem ekki hafa fengið fullnægjandi fyrirgreiðslu og hafa kannski bara mætt afgangi þegar málið er tekið til 2. umr. Af hverju halda menn að það standi í þingsköpunum að það skuli vísa fjárlagafrumvarpinu til fjárlaganefndar milli 2. og 3. umr. og hún skuli taka það efnislega fyrir? Það er auðvitað vegna þess að menn ætlast til að tíminn sé notaður til að vinna málið eins gaumgæfilega og kostur er og allt til enda. Og það sem mönnum kann að hafa yfirsést eða ekki hefur náðst að taka með við 2. umr. eigi þá möguleika á að koma inn við 3. umr. Þannig að það er fullkomlega ómálefnalegt að svo sé það bara notað sem afsökun og sem svör eins og það sé efnislegt að segja: Nei, því miður, það er búið að loka.

Þegar upp koma aðstæður, þegar fram koma vísbendingar og ný gögn — þegar vandamál sem þyrfti að taka á koma fram í dagsljósið — þá er þetta svarið. Er hægt að frá svör við því frá meiri hlutanum í fjárlaganefnd, hv. formanni hennar og varaformanni, hvers vegna þeir gátu ekki tekið málið efnislega fyrir og farið yfir þau vandamál sem ekki hafa hlotið fullnægjandi og eðlilega afgreiðslu við vinnslu þessa fjárlagafrumvarps? Mér finnst það satt að segja harla dapurlegt. Auk þess sem mér finnst að þeir eigi að vera hér viðstaddir, þessir ágætu herrar sem bera ábyrgð á vinnu fjárlaganefndar í málinu. Það er lofsvert að hæstv. fjármálaráðherra er hér sem er bæði rétt og skylt en það er líka ástæða til að hér séu forsvarsmenn fjárlaganefndar.

Það hefur verið athyglisvert hér í dag, frú forseti, að heyra í stjórnarliðum, þeim fáu sem hafa komið hér í pontu, t.d. hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og hv. þm. Birki Jóni Jónssyni sem sperrti sig hér talsvert og fór mikinn í því að útlista hversu ágætt ástandið væri nú að öllu leyti. Mest þótti mér koma til þess þegar að hv. þm., Birkir Jón Jóns-

son úr Norðausturkjördæmi, fór að ræða um málefni Háskólans á Akureyri og talaði eins og þar væri allt í sómanum og eðlilega á allan hátt að málum staðið — og í raun og veru hin mesta sæmd fyrir meiri hlutann og hann þar með talið, hv. þingmann, hvernig búið væri að þeirri stofnun og hvernig mál hennar hefðu verið meðhöndluð, m.a. í ljósi gagna sem nú liggja fyrir og fjárlaganefnd sjálf óskaði eftir að yrði unnin þar sem er samanburður á málefnum háskólanna. Menn hafa ekki mikinn metnað fyrir hönd sjálfs sín og sinnar vinnu á þessum bæ í fjárlaganefnd ef þeir gera ekki meira með þá hluti sem þeir hafa sjálfir stuðlað að að kæmu fram í dagsljósið. Ég veit það ekki en er það þannig að menn treysti sér ekki til þess að opna fjárlagafrumvarpið upp milli 2. og 3. umr.? Þeir séu svo hræddir um að þeir bili þá og missi útgjöldin eitthvað upp eða það skemmist eitthvað glansmyndin. Þegar ég hef verið að reyna að inna hér eftir afgreiðslu tiltekinna mála, sem mér sýnast standa algerlega út af, hef ég aftur og aftur fengið þetta sem svör. Ég veit að aðrir, sem hafa lifað í voninni um að þeirra mál fengju einhverja úrlausn við 3. umr. fjárlaga, hafa einnig fengið þetta sem svör. Það er dapurlegt.

Ég vil fyrst nefna í þessu sambandi Háskólann á Akureyri. Ég skaust á fund í fjárlaganefnd, hljóp þar í skarðið fyrir hv. þm. Jón Bjarnason, sem var á ferðalagi í sínu kjördæmi, og varð þar af leiðandi svo heppinn að fá einmitt glænýja í hendurnar samantekt Ríkisendurskoðunar þar sem háskólarnir eru bornir saman. Einhver misskilningur hefur verið í gangi um það hvað á því blaði stendur og ástæða er til að upplýsa að samanburðurinn er á grunninum tekjur skólanna á nemanda — það er ekki endilega alveg það sama og kostnaður því þar getur það haft áhrif ef sumir skólarnir eru gerðir upp með einhverjum halla en aðrir með afgangi. Þeir skólar sem eru samanburðarhæfastir, eru líkastir, almennu háskólarnir, eru auðvitað teknir. Það er að sjálfsögðu augljóst mál að t.d. Listaháskóli Íslands eða þess vegna Landbúnaðarháskólinn eða Hólaskóli eiga lítið erindi inn í samanburð við hina almennu háskóla. En þegar þeir eru skoðaðir þá blasir það við, í fyrsta lagi ef vikið er að hinum alþjóðlega samanburði, hversu litlir fjármunir eru veittir til almennra háskóla á Íslandi. Það gildir líka um Háskóla Íslands þó hann hafi nokkra sérstöðu þegar kemur að samanburði á heildartekjum á ársnema vegna hins umfangsmikla rannsóknarstarfs sem þar er. Og er auðvitað vel.

Þegar þessir skólar eru bornir saman þá kemur það út svart á hvítu að svo nokkru munar eru heildartekjur Háskólans á Akureyri á ársnema lægstar ef við tökum þessa almennu háskóla, opinberu háskólana og Háskólann í Reykjavík til dæmis. Háskólinn á Akureyri er í minni kantinum, er á landsbyggðinni með þeim viðbótarkostnaði sem því er samfara og er í uppbyggingu umfram má segja að minnsta kosti Háskóla Íslands og Kennaraháskólann. Er það eðlilegt að hann komi eftir sem áður þannig út í þessum samanburði að hann sé með lægstar heildartekjur á ársnema? Auðvitað eru það ríkisframlögin sem þar skipta sköpum. Er það sá metnaður sem menn vilja hafa fyrir hönd þessarar stofnunar sem gjarnan er nú sagt á tyllidögum að sé alveg sérstaklega vel heppnuð aðgerð á sviði mennta- og byggðamála? Sem er rétt. Háskólinn á Akureyri hefur skipt gríðarlega miklu máli fyrir það svæði. Hann hefur haft geysijákvæð áhrif og ekki bara sem stór vinnustaður og vaxandi. Hann hefur haft gríðarlega þýðingu fyrir andrúmsloftið á svæðinu. Hann hefur skipt miklu máli í þeim efnum að sannfæra fólk um að björt framtíð sé fyrir höndum og menn eigi í vændum betri tíma með aukinni menntun og uppbyggingu m.a. þessarar stofnunar sem ég hef leyft mér að kalla flaggstofnun hvað varðar uppbyggingu á sviði mennta- og byggðamála utan höfuðborgarsvæðisins.

En veruleikinn er sem sagt þessi, þegar málin eru skoðuð ofan í kjölinn, að ekki er betur gert við Háskólann á Akureyri en þetta. Er hann þó með á sínum herðum nú þegar mjög veigamiklar skyldur og á honum brennur að mæta kröfum t.d. hvaðanæva að af landsbyggðinni, og reyndar af landinu öllu, um uppbyggingu háskólanáms í fjarkennslu. Það er mér vel kunnugt um að úr mörgum byggðum liggja fyrir óskir um að Háskólinn á Akureyri komi þar til samstarfs um að bjóða hópum upp á þann möguleika að stunda háskólanám úr sinni heimabyggð með fjarnámi.

Ég hélt að það væri nokkuð óumdeilt að það væri nú eitt það allra allra besta sem menn gætu gert til þess að slá margar flugur í einu höggi, til að hækka menntunarstigið og byggja upp í þeim efnum á landsbyggðinni, til að gefa fólki í þessum byggðum tækifæri sem það færi á mis við ella — til þess t.d. að í framtíðinni væri kannski hægt að manna grunnskóla landsbyggðarinnar með réttindafólki í ríkari mæli en nú er, til þess að fólk standi ekki frammi fyrir þeim nauðungarkostum að velja á milli búsetu í sinni heimabyggð eða menntunar. Það liggur alveg fyrir að mjög margir af þeim sem á undanförnum árum hafa átt þann möguleika að afla sér náms á háskólastigi hefðu ekki átt þann kost ef ekki hefði komið til þessi uppbygging fjarnámsins. Nema þá með því að flytjast búferlum. Ég þykist muna það rétt að þegar fyrstu hjúkrunarnemarnir á Ísafirði hófu fjarnám á vegum Háskólans á Akureyri var gerð könnun á því. Ætli það hafi ekki verið sex til átta manna hópur. Mig minnir að það hafi verið þannig að af þeim hefðu sennilega tveir flutt í burtu ef þetta tækifæri hefði ekki gefist og hinir hefðu orðið af þessum möguleika. Einfaldlega vegna þess að þeir voru ekki tilbúnir að færa þá fórn að flytjast búferlum úr sinni heimabyggð.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að stjórnarliðar, eins og hv. þingmaður Birkir Jón Jónsson, ættu að vera aðeins hógværari í tali þegar þeir koma hér og belgja sig mikið yfir þessum glæsilega árangri og hversu vel sé að öllu búið. Það má auðvitað deila um ýmislegt sem gert hefur verið eða ekki verið gert á undanförnum árum og áratugum á Íslandi og menn flokka undir, hvort sem heldur er, uppbyggingu á sviði mennta- eða í byggðamálum. En það er tiltölulega óumdeilt að þetta er eitthvað það allra best heppnaða. Og menn hafa tækifærin ef þeir vilja gera eitthvað metnaðarfullt í þessum efnum, t.d. í stóru, miðlægu þjónustustofnunum á Akureyri sem hafa verulega sérstöðu hvað varðar alla slíka starfsemi á landsbyggðinni. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Háskólinn á Akureyri hafa mikla sérstöðu hvað varðar þeirra hlutverk og stöðu í þessum efnum. Og í hvorugu tilliti er að mínu mati af nándar nærri miklum metnaði búið að þessum stofnunum. Það er dapurlegt að það skuli ætla að taka sennilega hátt á annan

áratug að innrétta suðurálmuna við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Að þar skuli vera bullandi vandræði og húsnæðisekla sem háir starfseminni þó að standi þar ný óinnréttuð viðbygging upp á nokkrar hæðir.

Og Háskólinn á Akureyri fær að mínu mati alls ekki þá úrlausn sem hann ætti að fá. Það er furðulegt að fjárlaganefnd skuli ekki taka á því máli með einhverjum hætti á milli 2. og 3. umr. með glæný gögn í höndunum sem nefndin sjálf hefur óskað eftir að yrðu unnin fyrir hana frá Ríkisendurskoðun. Auðvitað þyrfti að taka betur á málefnum allra háskólanna. Þeir verða allir í vandræðum á næsta ári og alveg sérstaklega Háskóli Íslands, Kennaraháskólinn og Háskólinn á Akureyri. Minni hlutinn flytur um það breytingartillögur að á þessu verði tekið.

Þá að byggðamálunum, frú forseti. Það væri nú ástæða til að ræða svolítið um stöðuna í þeim efnum hér og hafa gjarnan hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem fer með byggðamálin, viðstadda. Hún var nú ekki svo lítið hreykin og glöð, hæstv. ráðherrann, þegar byggðamál voru flutt 1. janúar árið 2000 úr forsætisráðuneytinu til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Hver er svo útkoman á fimm ára afmæli ráðsmennsku Framsóknarflokksins í þessum efnum, hafandi farið með Byggðastofnun? Jú, Byggðastofnun er lokuð. Meira og minna óstarfhæf. Að vísu er það þannig að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur skipað stofnuninni að fara aftur í gang með lánveitingar þó að Fjármálaeftirlitið, sem heyrir undir sama ráðherra, geri athugasemdir við það — spyrji stofnunina út úr um það hvernig hún ætli að uppfylla ákvæði laga vegna þess að eiginfjárhagur hennar er farinn niður fyrir viðmiðunarmörk sem henni, eins og öðrum fjármálastofnunum í landinu, er gert að starfa eftir. Það er kúnstug uppákoma að yfirmaður Fjármálaeftirlitsins í öðru hlutverkinu skuli sem yfirmaður Byggðastofnunar í hinu hlutverkinu nánast skipa henni að brjóta lögin. Að lána bara engu að síður. Farið þið bara í gang aftur og lánið þið, segir hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þó að Byggðastofnun sé svona á sig komin. Hér verður engin byggðaáætlun í gildi frá og með áramótum. Hvers konar sleifarlag er það? Og geta ekki komið því hér frá sér og fyrir þingið. Það er þá ekki mikill metnaður heldur fyrir hönd þeirra verkefna sem þar á að vinna.

Hver er frammistaða hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra Framsóknarflokksins og ríkisstjórnarinnar þegar kemur að jöfnun flutningskostnaðar í landinu? Hvar er það mál statt? Afvelta síðan löngu fyrir síðustu kosningar þrátt fyrir loforð í allri kosningabaráttunni um að nú yrði heldur betur tekið á málum. Heldur betur tekið á málum. Það er meiri frammistaðan. Ég er hér með glænýtt blað einhvers staðar, ef ég finn það nú hérna í bunkanum hjá mér, þar sem verið er að upplýsa að flutningsaðilar — hvað eru þeir að gera akkúrat núna? Þeir eru að senda landsbyggðinni tilkynningar um nýjar og hærri gjaldskrár. Og hverjar eru röksemdirnar? Það er hækkun olíuverðs, það er olíugjaldið, það eru ýmsar kostnaðarhækkanir sem þessir aðilar telja sig hafa orðið fyrir og þeim er rúllað beint út í verðið. Nýjar gjaldskrár og er þó ekki á bætandi eða hvað? Hafa menn skoðað gjaldskrárnar t.d. fyrir léttavöru og pakkasendingar eins og þær eru orðnar út á afskekktustu svæði landsins? Vita menn hvað það kostar orðið að senda smásendingar norður á Vopnafjörð? Vita menn hvað það kostar að senda kíló af lauk frá Reykjavík og til Kópaskers á fullu gjaldi? Það kostar meira en laukurinn sjálfur. Flutningskostnaðurinn er talsvert hærri en innkaupsverð vörunnar á kíló. Halda að mönnum líði svo vel að reka verslun á þessum slóðum að fara að leggja ofan á vöru við þannig aðstæður? Segjum að laukurinn kosti ekki nema 40 kr. í heildsölu kílóið en 55 kr. að flytja hann norður í búðina eða vestur. Hvernig halda menn að það sé? Að ætla þá að fara að leggja á vöruna og svo fá þeir á sig verðkönnun og samanburð á verðinu við stórmarkaði hér á höfuðborgarsvæðinu.

Auðvitað er þessi frammistaða til háborinnar skammar. Ég saknaði kaflans í annars glæstri ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar hér áðan um aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að jafna flutningskostnað. Eða missti ég af þeim kafla, var hann fluttur? Var það í sama ánægjustílnum og einkenndi málflutning hv. þingmanns að öðru leyti? Það hefði verið fróðlegt að vita. Nei, ætli hann hafi ekki sleppt því og ýmsu öðru sem ríkisstjórnin er kannski ekki alveg jafnhreykin af þegar öll kurl koma til grafar. Þá er bara settur upp gamli belgingurinn um góðærið. En góðærið er ekki hjá öllum. Það fer meira og minna hjá garði á landsbyggðinni. Og góðærið er heldur ekki hjá ýmsum hópum í þessu samfélagi sem ríkisstjórnin mætti muna eftir á öðrum tímum en rétt fyrir kosningar þegar reynt er að draga þá upp í Þjóðmenningarhús til að skrifa undir samninga sem eru svo sviknir eins og í tilviki öryrkja.

Frú forseti. Það er af ýmsu að taka ef út í það er farið sem ástæða væri til að hlýða hæstv. ríkisstjórn yfir hér við þessa 3. og síðustu umræðu fjárlaga og gefst ef til vil ekki annað betra tækifæri áður en þingið lýkur senn störfum — miðað við það t.d. að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra ætli alls ekki að koma frá sér neinu um byggðamál á þessu haustmissiri þingsins. Hér hefur ekkert litið dagsins ljós í þeim efnum annað en vandræðalegar afsakanir og útskýringar hæstv. ráðherra á því sem ekki er verið að gera. En var þó lofað.

Ég ætla svo hér eftir matarhlé, sem ég hef nú grun um að forseti hafi mikinn hug á að fara að gera, að ræða aðeins um atvinnumálin. Ég mun þá taka nokkur málefni, eins og Mannréttindaskrifstofuna og hjúkrunarheimilin, fyrir í þeim hluta ræðu minnar sem ég fæ þá að flytja eftir hlé ef það hentar forseta að gera það núna.

[Fundarhlé. — 19:03]

[20:00]

Útbýting:

Einkaleyfi, 346. mál, nál. iðnn., þskj. 524.

Fjarskiptasjóður, 191. mál, nál. samgn., þskj. 523.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 333. mál, nál. landbn., þskj. 514.

Starfsmannaleigur, 366. mál, nál. félmn., þskj. 521; brtt. félmn., þskj. 522.

[20:01]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.)**:**

Frú forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni að ég hafði rætt svolítið um málefni Háskólans á Akureyri og byggða-

mál. Reyndar byrjaði ég á því að ræða aðeins um vinnubrögð hv. fjárlaganefndar milli umræðna því að það vakti satt best að segja verulega athygli að hv. nefnd virtist í byrjun ekki hafa ætlað sér að taka frumvarpið yfir höfuð inn í nefndina milli umræðna, sem þó er lögbundið og áskilið í þingsköpum. En úr því var bætt og nefndin hélt að mér er tjáð einn stuttan fund þar sem málið átti að heita tekið á dagskrá en í raun og veru þó eingöngu til að afgreiða það út aftur. Voru gefin þau svör, bæði leynt og ljóst, að ekkert þyddi að bera upp ný erindi eða ámálga afgreiðslu einstakra fjárlagaliða sem ekki höfðu fengið fullnægjandi fyrirgreiðslu eða meðhöndlun við 2. umr. því að búið væri að loka málinu. Menn virðast líta svo á að þeir geti tekið um það einhvers konar geðþóttaákvörðun að ákveða á einhverjum tilteknum tímapunkti að hér með sé málinu lokað og þar með koma menn ekki frekari rökum við, svona eins og um væri að ræða búð sem er með fyrir fram auglýstan opnunartíma. Þetta er svolítið snautlegt þegar í ljós kemur að í sumum tilvikum t.d. eru að koma fram nýjar upplýsingar og ný gögn í málum sem meira að segja fjárlaganefnd sjálf hefur óskað eftir.

Ég ætla að víkja aðeins að einu litlu atriði og stóru þó sem ég veit vel að fyrri ræðumenn hafa gert á undan mér, og einnig var nefnt af ýmsum og þar á meðal mér við 2. umr., en ég ætla að nefna það engu að síður og fara um það nokkrum orðum af því að smán hæstv. ríkisstjórnar verður kannski óvíða meiri en í því máli. Þar er ég að tala um afgreiðsluna á Mannréttindaskrifstofu Íslands. Það er alveg ótrúlegt að menn skuli standa í slíku, að troða illsakir við slíka starfsemi sem hefur fengið fáeinar milljónir króna á fjárlögum undanfarin ár til þess að hægt sé að hafa einn starfsmann í föstu starfi, til þess að hægt sé að sinna í algjöru lágmarki þó þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði mannréttindamála, t.d. að vera fulltrúi Íslands gagnvart mannréttindastarfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það hefur Mannréttindaskrifstofan sannarlega gert og sinnt því hlutverki með ágætum, meira að segja svo miklum ágætum að núverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hét hann síðast þegar ég vissi, hældi Mannréttindaskrifstofunni sérstaklega í ræðu, eða hvort það var ekki bréf sem frá honum gekk í embætti þá sem utanríkisráðherra, og taldi það til marks um stuðning íslenskra stjórnvalda við mannréttindastarf að Mannréttindaskrifstofunni væri nú lagt fé og starfsemi hennar tryggð með stuðningi stjórnvalda. Þetta var þannig eins og menn muna að skrifstofan fékk fjárveitingar úr tveimur áttum en þær voru eyrnamerktar henni, 4 milljónir í hvoru tilviki, annars vegar frá dómsmálaráðuneytinu og hins vegar utanríkisráðuneytinu, en við fjárlagaafgreiðsluna var þetta gert þannig að þessar fjárveitingar voru eyrnamerktar Mannréttindaskrifstofunni. Hún gekk að fjárveitingum sínum vísum í gegnum þessa tvo mismunandi farvegi upp á þessa upphæð, ef man rétt, árin hér á undan.

Þangað til í fyrra að það bar svo við að í öðru tilvikinu birtist fjárlagaliðurinn hér, ég hygg að það hafi verið í dómsmálaráðuneytinu, þegar við vorum að skoða fjárlagafrumvarpið fyrir árið í ár á haustþinginu 2004, að þá er þetta allt í einu orðinn almennur liður til mannréttindamála. (Gripið fram í.) Ætli það hafi ekki verið í dómsmálaráðuneytinu sem þannig var frá málinu gengið þannig að Mannréttindaskrifstofan gat ekki lengur gengið að því sem vísu að hún fengi þetta fé, enda var upplýst og boðað að nú yrði hún að sækja til ráðuneytisins um fjárveitingu eins og aðrir aðilar gætu gert sem sinntu verkefnum á sviði mannréttindamála. Og svona til að láta þetta ekki nægja tók meiri hlutinn sig til og breytti þessu hjá hinu ráðuneytinu líka. Í báðum tilvikum var því hætt að merkja Mannréttindaskrifstofunni þessa fjármuni þannig að hún gengi að þeim vísum og þetta sett undir vald ráðherrans á því formi að menn yrðu að sækja til hans um fjárveitinguna.

Þetta var auðvitað gagnrýnt harðlega og m.a. bent á hversu óviðeigandi þetta væri þegar í hlut ætti aðili eins og Mannréttindaskrifstofan sem m.a. og ekki síst hefur það hlutverk að veita stjórnvöldum aðhald, gagnrýna þau og gefa álit sitt á frammistöðu þeirra í samstarfi við erlenda aðila til upplýsingamiðlunar á alþjóðavettvangi. Þetta létu menn hér eins og vind um eyru þjóta, gerðu þessar breytingar og það sem verra var, menn reyndu að afsaka sig og komast ódýrt frá afgreiðslunni við fjárlagagerðina í fyrra með því að sverja og sárt við leggja að þetta væri bara kerfisbreyting, Mannréttindaskrifstofan mundi að sjálfsögðu fá þessa peninga eins og verið hefði. Ég þykist muna að ekki ómerkari maður en formaður fjárlaganefndar, hv. þm. Magnús Stefánsson, hafi tekið þátt í þessu. Það voru fleiri en einn og fleiri en tveir stjórnarliðar sem reyndu að afgreiða málið svona í fyrra. En hver var reyndin? Það reyndist ekki orð að marka þetta og fótunum var kippt undan rekstri Mannréttindaskrifstofunnar með því að láta hana aðeins hafa brot af þeim fjárveitingum sem hún hafði gengið að vísum undanfarin ár. Mér er meira að segja sagt að ónotaðir séu inni í öðru ráðuneytinu einhverjir peningar sem til stóð að setja í annað mál en Mannréttindaskrifstofan fær þá ekki eða hafði ekki gert síðast þegar ég vissi.

Frú forseti. Hvar er hv. þm. Magnús Stefánsson? Vill hann fara yfir það með okkur sem hann sagði hérna í fyrra? Hvar er hæstv. dómsmálaráðherra? Eru menn hreyknir af þessu? Finnst mönnum það á sig leggjandi fyrir ekki stærra mál en þetta í fjármunum talið að troða illsakir við þessa litlu veikburða skrifstofu sem er að reyna að halda uppi merkjum mannréttindabaráttu og alþjóðlegrar samvinnu og alþjóðlegrar þátttöku af Íslands hálfu í samstarfi á því sviði? Hverjir eru bakhjarlar þessa starfs? Það eru mannúðarsamtök, líknarfélög, samtök öryrkja og aðrir slíkir aðilar. Það eru undirfélög stofnana Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Amnesty International, UNIFEM og slíkir aðilar, Kvenréttindasamtök Íslands og hvað það nú er. Þetta eru aldeilis óvinirnir sem ríkisstjórnin telur ekki eftir sér að kljást við. Það er nú gaman fyrir ríkisstjórnina að glíma við svona verðuga andstæðinga, er það ekki, eins og Mannréttindaskrifstofu Íslands, eins manns stofnun sem menn hafa verið að reyna að halda úti hér af ákaflega veikum burðum. En það virðist henta hæstv. ráðherrum að þjóna lund sinni m.a. í þessu og stjórnarmeirihlutinn er þá ekki stærri í sniðum en svo að þingmennirnir ganga götuna á eftir foringjum sínum án þess að hiksta, án þess að þaðan heyrist hósti eða stuna.

Ég óska eftir því að hv. þm. Magnús Stefánsson komi hingað áður en þessari umræðu lýkur og fari yfir þetta með okkur, rifji upp það sem hann sagði um málið í fyrra. Ég vil

ekki leggja hv. þingmanni orð í munn eða gera honum upp skoðanir ef ég fer ekki alveg hárrétt með en það stendur ákaflega sterkt í minni mínu að hv. þm. Magnús Stefánsson og fleiri talsmenn stjórnarliðsins hafi reynt að afgreiða máli í fyrra með því að fullvissa okkur um að þetta væri bara kerfisbreyting. Það væri bara verið að skíra liðinn upp á nýtt en það yrði ekki nein efnisbreyting og Mannréttindaskrifstofan fengi sína peninga. Finnst formanni fjárlaganefndar þá gaman að mæta hér til leiks ári síðar með útkomuna í málinu eins og raun ber vitni? Er það bara allt í lagi? Ekki nokkur ástæða til að taka á því máli milli 2. og 3. umr. enda búið að loka. Lokað klukkan sex, segir formaður fjárlaganefndar, ef menn koma mínútu yfir.

Það er líka þannig, frú forseti, svo maður tali nú líka um þetta kannski af því viti sem á við í þessu máli að hæstv. ríkisstjórn ætti nú aðeins að gá að sér með þann feril sem hún á að baki í þeim efnum þegar kemur að samskiptum og ýmsum mannréttindatengdum atriðum. Ætli þetta sé ekki ríkisstjórnin sem misnotaði nafn Íslands og studdi hið ólögmæta árásarstríð í Írak? Og ætli þetta sé ekki ríkisstjórnin sem er svona heldur linuleg þegar kemur að því að krefja Bandaríkjamenn svara og tryggja að Ísland sé ekki gert meðsekt í þeirri óhæfu sem nú hefur verið upplýst um ólöglegt fangaflug, rekstur leynifangelsa og flutninga á föngum fram og aftur um heiminn, sem er haldið án dóms og laga í búrum, hlekkjuðum í samfestingum án þess að þeim sé birt ákæra, án þess að þeir fái lögfræðiaðstoð, án þess að þeir njóti lágmarksmannréttinda annaðhvort sem stríðsfangar eða borgarar? Ætli veiti nú af að hafa virkt starf á verksviði mannréttindamála þegar svona er í pottinn búið í heiminum? Þeir tímar eru liðnir að Ísland sé hér í friði með sín mál, einangrað frá umheiminum og komi þessir hlutir ekki við. Það hafa m.a. þeir höfðingjarnir Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, núverandi hæstv. forsætisráðherra og fyrrverandi, gert að verkum með því að þvæla Íslandi inn í stríðsrekstur og með því að styðja loftárásir og ýmsar aðgerðir hernaðarhaukanna í Bandaríkjunum og í NATO. Það er bara alveg jafnbrýnt og gilt að hér á Íslandi sé haldið uppi vakandi starfi á sviði mannréttindamála og vöktunar í þeim efnum og að íslenskum stjórnvöldum sé veitt aðhald eins og öðrum.

Ferill okkar er kannski ekki alveg eins glæsilegur og við höldum þegar betur er að gáð. Staðreyndin er nefnilega sú að í skýrslum, bæði frá Sameinuðu þjóðunum og aðilum í Evrópu, hafa íslensk stjórnvöld ítrekað fengið áminningar og umkvartanir fyrir ýmislegt sem ekki hafði verið í lagi í stjórnarframkvæmd okkar og í löggjöf okkar og við erum heldur ekki laus undan ábyrgð, a.m.k. ekki gagnvart þeim hlutum sem okkur hefur verið þvælt inn í með þeim hætti sem ég hef hér farið yfir.

Það er því þeim mun meira óviðeigandi að svona skuli vera komið fram við það veikburða starf sem þarna hefur verið unnið og menn þó almennt sammála um að hafi tekist ótrúlega vel miðað við hvað menn hafa þar haft úr að moða. Það hefur rignt yfir okkur þingmenn áskorunum, ég geri ráð fyrir að það hafi ekki bara verið stjórnarandstaðan sem fékk þær. Áskoranir skipta orðið tugum, víða að úr þjóðfélaginu, að kippa þessu litla máli í liðinn, að sjá til þess að Mannréttindaskrifstofan hafi tryggar fjárveitingar og geti sinnt starfi sínu óháð stjórnvöldum og þurfi ekki að fara að knékrjúpa og mæta í viðtöl hjá þeim hinum sömu ráðherrum og hún á m.a. að hafa eftirlit með. En þannig vilja þeir hafa þetta, höfðingjarnir, það þjónar lund þeirra.

Utanríkisráðherra hefur ákveðið að láta taka kaleikinn frá sér. Nú er þetta alfarið orðið hausverkur dómsmálaráðuneytisins, að taka við umsóknum þeirra sem sinna verkefnum á sviði mannréttindamála. Eða finnst mönnum sérstaklega viðeigandi að dómsmálaráðuneytið úthluti þessum peningum, frú forseti? Ráðuneytið fer með þau mál sem gjarnan hafa mesta mannréttindaskírskotun og eru tengdust þeim málaflokki. Nei, ég er ekki viss um að það sé mjög rökrétt eða skemmtilegt. Látum vera að forsætisráðuneytið eða fjármálaráðuneytið hafi starfið með höndum. En eitt síðasta ráðuneytið sem ætti að vera í þessari stöðu gagnvart eftirlits- og aðhaldsaðilum á sviði mannréttindamála er einmitt dómsmálaráðuneytið, af ástæðum sem þarf ekki að útskýra.

Langeðlilegast, frú forseti, er að Alþingi afgreiði þetta mál og sjái einfaldlega um að Mannréttindaskrifstofan hafi trygga fjármuni til þeirrar starfsemi sem talin er duga að lágmarki. Mætti örugglega færa rök fyrir því að til þess þyrfti meira en það sem hún hefur fengið undanfarin ár. En að svelta hana þannig að menn séu á harðahlaupum um þjóðfélagið, að reyna að skrapa saman peningum og vera upp á náð og miskunn velviljaðra aðila komnir til að halda þeirri starfsemi úti, er til skammar. Það er ríkisstjórninni til minnkunar að standa þannig að verki og öllum þingmönnum hennar, stuðningsmönnum hennar, sem láta hafa sig til þeirra verka að greiða því atkvæði. Ég skora á menn að skoða hug sinn vel til að styðja breytingartillögur um að Mannréttindaskrifstofan fái trygga fjármuni og þeir verði færðir undir Alþingi þannig að hún þurfi ekki að vera upp á náð og miskunn ríkisstjórnarinnar komin.

Fleiri málaflokkar, frú forseti, fá ekki afgreiðslu sem hægt er að segja að sé sómasamleg. Tímans vegna nefni ég fyrst og fremst tvennt. Ég nefni málefni aldraðra og hjúkrunarheimili og uppbyggingu á því sviði. Í þeim efnum er mikið metnaðarleysi hjá ríkisstjórn, ekki síst í ljósi hinnar miklu umræðu sem orðið hefur í þjóðfélaginu um aðbúnað og kjör aldraðra, sem eru langt frá því að vera sómasamleg. Í mörgum tilvikum eru húsnæðismál á gömlum þröngum hjúkrunarheimilum þannig að ekki er hægt að ræða kinnroðalaust um það. Aldrað fólk er í fjölbýli, sem nánast þekkist ekki orðið í nálægum löndum. Ástand þess húsnæðis er oft og tíðum ekki sérlega beysið.

Sama gildir um kjör þess hóps aldraðra sem ekkert hefur annað en tryggingabæturnar. Ef menn búa heima hjá sér og reyna að reka heimili þá gefur augaleið að það er ekkert sældarlíf. Hvað þá hinir sem eru inni á stofnunum og fá hina margfrægu vasapeninga og hafa það eitt til ráðstöfunar fyrir sjálfa sig eða til að reyna að gleðja einhverja í kringum sig með jólagjöfum eða öðru slíku. Þetta er auðvitað neðan við allar hellur að ekki hafi verið tekið verulega á í þessum efnum. Ég tala ekki um þegar ríkidæmi þjóðfélagsins er jafnmikið og stjórnarherrarnir sjálfir þreytast aldrei á að tala um. Það stendur bunan upp úr mönnum þegar þeir koma í ræðustólinn. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson, brosti aftur á hnakka í dag þegar hann fjallaði um góðærið og hversu

allt gengi vel. En hvernig stendur þá á því að ekki skuli hægt að gera aðeins betur við þennan hóp, sem hefur ekkert annað sér til framfærslu og er algjörlega óumdeilt að býr við einhver lökustu kjörin sem nokkrum er boðið upp á á Íslandi í dag? Um það er ekki deilt.

Frú forseti. Það er ástæða til að minna á að við erum að tala um að dæma til þessa ákveðinn hóp, í raun aðeins tiltekna kynslóð sem er núna komin á eftirlaun eða að fara á þau og hefur ekki myndað umtalsverðan eða jafnvel nokkurn lífeyrisrétt sökum þess að annaðhvort fór viðkomandi seint eða alls ekki að greiða í lífeyrissjóð eða að lífeyrissjóður viðkomandi er veikur. Við Íslendingar gerum okkur vonir um það, ekki satt, að innan svona 15–25 ára verði aðstæður velflestra talsvert breyttar að þessu leyti, ef áfram tekst vel til í uppbyggingu og rekstri lífeyrissjóðakerfisins. Þá fer að muna mikið um það sem þar hefur verið byggt upp, eftir svona 15–25 ár. Þá styttist í að kerfið komist í fullt jafnvægi, þ.e. að allir hafi þá greitt í lífeyrissjóð sem á annað borð hafa verið á vinnumarkaði og lokið fullri starfsævi. Þeir hafa eftir um 25 ár greitt í sjóð stærstan hluta starfsævi sinnar af öllum launum, frá og með 1996. Þá verður staðan vonandi verulega breytt. Þá má gera sér vonir um að almennt verði kjör þeirra betri en þau eru í dag. Að sjálfsögðu er rétt og skylt að hafa á þessu ýmsa fyrirvara en svona lítur dæmið út og menn hafa meira að segja slegið því upp með gylltum stöfum og stórum fyrirsögnum hversu bjart sé framundan í þeim efnum. Ekki ómerkari maður en sáttasemjari ríkisins, hagfræðingurinn Ásmundur Stefánsson, hélt um það fræga tölu hversu gott þetta ætti að geta orðið innan 25–40 ára.

Við erum í raun að segja, með þeim hlutaskiptum sem við bjóðum upp á í dag, að við ætlum bara að láta þessa kynslóð ljúka ævi sinni við þessi bágu kjör en svo fái hinir miklu meira sem á eftir koma. Þarf að hafa þetta svona? Er ekki ríkidæmi þjóðfélagsins nóg til að við getum búið betur að þessu fólki, kynslóðinni sem nú er að fara á eftirlaun, sem byggði upp þetta land og við njótum öll góðs af. Þar er sennilega einhver vinnusamasta og fórnfúsasta kynslóð sem lengi hefur verið uppi í þessu landi, lýðveldisbörnin. Þeir sem tóku við af aldamótakynslóðinni. Við eigum mörg foreldra í þessum hópi og getum sjálfsagt rakið ýmislegt um hvernig var unnið á þessum árum, t.d. á þessum mestu uppbyggingarárum í sögu Íslands. Þar slógu menn ekki slöku við og eru margir slitnir eftir þau störf til sjávar og sveita, í borg og bæ, sem þá tóku til höndum og bjuggu til Ísland nútímans, í þeirri mynd sem það er í dag. Menn tala hér oft eins og klukkan hafi farið af stað 1991. Það er mjög algengt að menn tali eins og Ísland hafi nánast ekki verið til eða minnsta kosti verið á steinaldarstigi fram til 1991.

Reyndar var fyndið að heyra í dag hvaða tímabil menn tóku til viðmiðunar eftir því hvað hentaði þeirra pólitísku hagsmunum. Framsóknarmenn byrja alltaf 1995. Allt var alveg skelfilegt fyrir 1995 en þá kom sólin upp af því að Framsókn komst í ríkisstjórn. Aðrir muna eitthvað eftir tímabilinu 1991 til 1995. Sjálfstæðismenn tala með ósköpum um skelfingarástandið á árunum 1988 til 1991. Þeir minnast aldrei á það hverjir skildu við árið 1988. Þeir tala aldrei um hverjir báru ábyrgð á mesta kaldakoli í íslensku atvinnulífi og efnahagsmálum sem að á síðustu áratugum hefur litið dagsins ljós, þegar allt var að stöðvast og var í upplausn síðsumars og haustið 1988 þegar ríkisstjórn undir forustu Sjálfstæðisflokksins hrökklaðist frá völdum.

Fyndnast er þó þegar fulltrúar stjórnarflokkanna, annars hvors eða beggja, tala um hina svart/hvítu mynd, hversu allt sé gott síðan núverandi ríkisstjórn komst að völdum og hve skelfilegt allt hafi verið áður. Reyrt í boð og bönn, skelfileg höft og sósíalismi þannig að það var alveg skelfilegt. En hverjir voru nú lengst af við völd? Hverjir sátu lengst af í ríkisstjórnum allan lýðveldistímann og frá því að flokkastjórnmál urðu til á Íslandi? Sömu flokkar. Gallinn er nefnilega sá að á þeim tíma voru allt of sjaldan vinstri stjórnir. Þær gerðu mikið þegar þær komust til þess og voru við völd. En það eru Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn sem hitta öllum öðrum flokkum fremur sjálfa sig fyrir þegar þeir ræða um stjórnmál síðustu áratuga, og reyndar allrar síðustu aldar, á Íslandi. Er ekki Framsóknarflokkurinn stoltur af því að vera elsti starfandi stjórnmálaflokkur í landinu? Hann hefur verið oftar og lengur í ríkisstjórn en hann á skilið og nokkur glóra er í þannig að það hálfa væri nóg.

Það dugir ekki fyrir menn með lágmarksþekkingu á stjórnmálum að tala um hina dásamlegu tíma sem hafi haldið innreið sína frá 1995, eða 1991 þegar Sjálfstæðisflokkurinn á í hlut, og bera saman við skelfinguna og ósköpin sem viðgengust áður eins og þeir hafi þar hvergi nærri neinu komið. Voru kannski Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn í stjórnarandstöðu frá 1930 og fram til 1991? Er það allt saman á ábyrgð einhverra annarra? Ég held ekki.

Það er dálítið merkilegt, frú forseti, hvernig menn tala stundum um hlutina. Þegar frá líður greina menn það með öðrum hætti og skoða sögu þjóða í lengri tímabilum og hvernig þeim vegnar óháð slíkum ártölum. Það er út af fyrir sig fróðlegt að skoða þróunina á Íslandi, hvort heldur við tökum útgangspunkt í upphafi heimastjórnar og þingræðis 1904, frá fullveldinu 1918 eða skoðum bara tímann frá og með lokum kreppunnar og þess vegna eftir seinna stríð. Þá kemur í ljós sá að flestu leyti ánægjulegi veruleiki að Íslandi hefur nánast samfellt vegnað mjög vel á þeim tíma. Það er mjög gleðilegt. Við erum að mörgu leyti gæfusöm þjóð. Við höfum náð miklum árangri. Síðasta öld, 20. öldin, var öld mikils árangurs og margra sigra á Íslandi í uppbyggingu þjóðfélagsins. Þar kemur margt til. Ég er ekki í vafa um að stór breyta í því var dugnaður, bjartsýni og kraftur þeirra kynslóða sem gerði Ísland að því sem það er, aldamótakynslóðarinnar sem endurheimti sjálfstæðið og fullveldið og síðan kynslóðarinnar sem byggði upp atvinnulífið og skóp nútímasamfélag á Íslandi, einkum og sér í lagi á árunum frá og með 1945 og fram til dagsins í dag.

Þar hafa margir lagt hönd á plóg. Menn hafa gert margt gott en þeir hafa líka gert ýmis mistök eins og skylt er að játa. Ég spái því að eftir 10–15 ár muni mönnum þykja umræðan um hið mikla góðæri og hinn ævintýralega árangur, sem menn hafa montað sig mikið af síðustu árin, harla sérkennileg. Það er ekki vegna þess að menn muni ekki viðurkenna að að ýmsu leyti hafi okkur vegnað vel. En þá verður önnur birta farin að falla á atburðina. Þá verður m.a. búið að reyna á, að ég óttast því miður með býsna sársaukafullum hætti, hve þungar byrðarnar verða á komandi árum af

hinni gríðarlegu skuldsetningu þjóðarbúsins. Menn tala eins og þeir hafi alls enga hugmynd um þá staðreynd að frádrátt-arliðirnir á svokölluðu góðæri eru auðvitað hin gríðarlega skuldsetning þjóðarbúsins sem orðið hefur á þessum tíma og verður að standa undir. Væri það svo að skuldir hefðu allar stofnast vegna fjárfestinga í framleiðslutækjum og lagt grunninn að aukinni verðmætasköpun í öllum tilvikum þá væri það mikil huggun harmi gegn. Við mundum gera okkur von um arð af þeim fjárfestingum á komandi árum til að standa undir skuldunum. En það á við því miður um minni hlutann af viðskiptahalla undanfarinna ára og yfirstandandi viðskiptahalla. Hann er að meira en helmingi einfaldlega hrein umframeyðsla, umframneysla þjóðarbúsins sem tekið er lán fyrir erlendis.

Núna segir Seðlabankinn, frú forseti, að viðskiptahallinn verði sennilega 15–15,5%, er það ekki? (**Gripið fram í:** 15,6%) Eða 15,6% af landsframleiðslu. Það er náttúrulega meira en Íslandsmet. Það er langtum meira en fjármála-ráðuneytið spáði. Þetta er hæsta spá sem hingað til hefur sést. Af hverju ætli hún sé svona há? Jú, það vegna þess að árið er að verða búið. Þetta eru að verulegu leyti rauntölur, að við rekum þjóðarbúið með um 150 milljarða kr. halla út á við á þessu ári. Það þýðir að við tökum lífskjör í verulegum mæli, neyslu okkar, að láni. Af þeim lánum þarf að borga síðar meir. Geta menn, hvort sem þeir eru forsætis-ráðherrar, þingmenn eða eitthvað annað, látið sem þetta sé ekkert vandamál? Er það ekki til að hafa neinar áhyggjur af að við rekum þjóðarbúið með dúndrandi halla ár eftir ár og söfnum hratt skuldum af því við teljum okkur trú um að það sé góðæri og því sé allt í lagi? Ég kem með engu móti auga á hvernig menn geta fjallað um hlutina með þeim hætti, frú forseti.

Dökkar blikur eru á lofti í efnahagsmálum, miklir erfið-leikar í okkar útflutnings- og samkeppnisgreinum og þeir blasa við, þeir æpa á mann hvert sem litið er. Nú er þetta allt komið upp á yfirborðið og nú neitar þessu enginn leng-ur sem fyrirsjáanlegt var auðvitað og margreynt var að vara við fyrir tveimur, þremur, fjórum árum þegar stofnað var til þess ástands sem nú ríkir í landinu. Þetta eru ekki utanað-komandi og óvæntir atburðir. Þetta eru að langmestu leyti beinar afleiðingar pólitískra ákvarðana sem ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi ber ábyrgð á. Stærstu orsaka-valdarnir eru stóriðjustefnan, eru bæði efnisleg áhrif hinna gríðarmiklu stórframkvæmda sem troðið er með handafli inn í hagkerfið á örfáum árum. Á þremur til fjórum árum koma inn í hagkerfið vegna stóriðjufjárfestinga fjárhæðir sem nema um 1/3 af landsframleiðslu heils árs, segir Seðla-bankinn og bætir við að ekkert sambærilegt hagkerfi þurfi að glíma við annað eins. Þetta eru afleiðingar af þeim vænt-ingum sem þessar ákvarðanir hafa skapað því að efnahags-mál snúast ekki bara um beina mælanlega hluti og bein efn-isleg áhrif, þau snúast líka mjög mikið um væntingar, um sálarástand, um tilfinningu fólks og einkum og sér í lagi um væntingar þess sem fram undan er, markaðurinn, einstak-lingar, fyrirtæki, það stjórnast mikið af því sem þau trúa að sé í vændum.

Þess vegna skiptir tal ráðamanna máli. Þess vegna er það ábyrgðarhlutur að telja mönnum trú um að það verði kannski betri tímar í boði og menn geti látið meira eftir sér en raunverulegar innstæður eru fyrir. Með því að hvetja til og tala upp stemmningu fyrir eyðslu og spennu í þjóðfélag-inu eru menn að gera það.

Sömu áhrif hafa hinar glórulausu skattalækkanir ríkis-stjórnarinnar upp á samtals tæplega 30 milljarða kr. á þrem-ur árum. Hvað eru 30 milljarðar kr.? Það eru næstum 10% af niðurstöðutölu fjárlaganna eins og þau eru núna. Losa þau ekki 300 milljarða, ef ég man rétt, á gjaldahliðin a.m.k. og eitthvað hærri á tekjur miðað við afgangsspána? Og al-veg eins og skattáhrifin eru náttúrlega efnisleg og mikil, það munar um að losa 30 milljarða og setja þá í umferð, hafa þau líka væntingaráhrif. Fólk hugsar sem svo: Já, fínt, nú get ég farið að spýta aðeins í af því að skattarnir verða svo lækkaðir á mér á næsta ári og þarnæsta ári. Ein snilldin var sú að boða þetta langt fram í tímann.

Þriðja stóra breytan í þessu eru húsnæðismálin, fast-eignamarkaðurinn þar sem allir viðurkenna núna að var auðvitað glórulaust að rjúka með lánshlutfallið jafnhátt og raun bar vitni í miðri þenslunni og lyfta öllum fasteigna-markaðnum og bankarnir komu síðan í kjölfarið og yfir-buðu, fóru upp í 100% lán miðað við uppsprengt fasteigna-verð án nokkurra hámarka eða þaka sem er náttúrlega glórulaust. (**JóhS:** Bankarnir komu á undan Íbúðalána-sjóði.) Nei, hv. þingmaður, Íbúðalánasjóður var náttúrlega — stefnan var mótuð af ríkisstjórn og það lá fyrir hvað í væn-dum var í þeim efnum. (**JóhS:** ... á þremur árum ...) Bankarnir fóru í samkeppni við Íbúðalánasjóð þegar þeim mistókst að knésetja hann með því að kæra hann til ESA. Það er staðreyndin í því máli. Og nú sjá allir eftir þessu auðvitað og eru að reyna að vinda ofan af vitleysunni þótt hægt gangi.

Síðan kom menn og reyna gjarnan að kenna um fjórða þættinum, sem vissulega hefur umtalsverð áhrif í dag, en það er skuldabréfaútgáfa og stöðutaka erlendra aðila í ís-lenskri krónu að undanförnu þar sem menn spila á og gera út á vaxtamuninn milli Íslands og nálægra landa. En það er að sjálfsögðu ekki frumorsök heldur eru það viðbrögð við því ástandi sem er orðið. Það er furðulegt að heyra menn koma hér og reyna að afsaka jafnvægisleysið með þessu. Við hverja ætla menn að skammast? Þó að spákaupmenn og erlendir aðilar bregðist við því ástandi og nýti sér þau færi sem þeir sjá í að gera út á vaxtamuninn milli Íslands og annarra landa og í trausti þess að Seðlabankinn geti ekki annað gert en að reyna að halda aftur af þenslu og verð-bólgu með því að halda uppi háum vöxtum.

Í raun og veru er það svo að þrjár af fjórum breytum sem verulega marka ástandið í dag eru allar meira eða minna á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Það var ekki Seðlabank-inn sem ákvað að ráðist skyldi í Kárahnjúkavirkjun og upp-bygginguna á Grundartanga og allar þær virkjanir sem þarf til og þetta allt saman gert á þremur, fjórum árum. Nei, ég held að Seðlabankinn hafi lítið skipt sér af því. Var það ekki ríkisstjórnin sem var í fararbroddi fyrir þeim leiðangri og hrósar sér af því? Eitthvað hrósuðu frambjóðendur Framsóknarflokksins á Austurlandi sér af því fyrir kosning-arnar 2003, ef ég man rétt. Það væri gaman að bregða upp fyrir menn plakatinu góða með sjö myndum af iðnaðarráð-herra. Ég hef aldrei séð á einu og sama plakatinu sjö mynd-ir af sömu manneskjunni. Það var plakatið af iðnaðarráð-

herra sem var dreift fyrir kosningarnar á Austurlandi þar sem hún var ákaflega brosmild að klippa á borða og skrifa undir pappíra.

Það er því ríkisstjórnin sem á það umfram allt annað. (**Gripið fram í:** Og hafði áhrif ...) Það voru stjórnarflokkarnir og reyndar fleiri sem auluðust til að lofa þessum glórulausu skattalækkunum fyrir kosningarnar 2003. Ég verð að segja, frú forseti, að það er einhver ömurlegasta umræða sem ég hef á köflum tekið þátt í í kosningabaráttu og hef ég þó marga fjöruna sopið, það var þetta glórulausa tal um skatta fyrir síðustu kosningar, því að það var svo fullkomlega ábyrgðarlaust að vaða þannig áfram þegar allir vissu hvað var fram undan í hagstjórn í landinu, að halda aftur af hættunni á verulegri verðbólgu og þenslu vegna þegar tekinna ákvarðana um stórframkvæmdir. Nei, þá koma menn og bæta við áformum um 30 milljarða skattalækkanir og 90% húsnæðislán í viðbót. Það var heldur dapurlegt, frú forseti. Ætli ýmsir vildu nú ekki kannski hafa farið aðeins vægar í sakirnar núna? Og þó veit ég það ekki, kannski finnst mönnum þetta bara allt í lagi, flýtur á meðan ekki sekkur, segja einhverjir.

Já, frú forseti, það mætti margt um þetta segja í viðbót. Ég gæti lengt t.d. verulega þann hluta ræðu minnar sem fjallar um erlendar skuldir, um hina háskalegu erlendu skuldasöfnun þjóðarbúsins vegna þess að ég hef miklar áhyggjur af því. Mér finnst það hreint ábyrgðarleysi af hvaða stjórnmálamanni sem er að hafa ekki kjark til að horfast í augu við það og ræða þær staðreyndir ef menn ætla sér að viðhalda og varðveita sjálfstætt hagkerfi sem getur staðið undir öflugu velferðarsamfélagi á komandi árum og áratugum á Íslandi. Menn geta auðvitað átt sér þá draumsýn að segja sig til sveitar eða gefast upp einhvern tíma á leiðinni og það er þá önnur saga. En ef menn ætlast til þess að fyrrgreindar skuldir verði greiddar þá mun það taka í og þá er ekki fagnaðarefni að sjá tölur eins og þær sem við erum að horfast í augu við t.d. núna um skuldastöðu íslenska þjóðarbúsins í lok septembermánaðar sl.

Þá jukust erlendar skuldir Íslands um 4% milli mánaða. Það er nú ekkert smáræði, hann er dýr hver mánuðurinn sem líður með slíka þróun. Hann verður dýr á fóðrum þegar kemur að því að borga vextina og borga af þeim lánum. Erlendi skuldastabbi íslenska hagkerfisins nemur hátt í 2.500 milljörðum kr., 2.330 til 2.340 milljörðum kr. í lok september. Það er gríðarleg tala þegar landsframleiðslan er enn innan við þúsund milljarða í ljósi t.d. niðurstöðutölu fjárlaga upp á 300 milljarða, þá er þetta há tala. Jú, menn segja að það séu þarna eignir á móti, en því miður þegar nettóskuldirnar eru skoðaðar eru þær breytur í raun og veru síst hagstæðari, enda engin sú eignamyndun á móti þessu erlendis að hún mæti því að fullu.

Hugsum okkur bara þessar skuldir, 2.300 til 2.400 milljarða kr. og svo hækka raunvextir í þeim löndum þar sem þessar skuldir eru eða á þeim gjaldmiðilssvæðum, um 1%. Hvað fá Íslendingar þá í hausinn? Það er enginn smáreikningur og getur gamli stærðfræðikennarinn væntanlega reiknað það út. Það hleypur á milljörðum og milljarðatugum sem þjóðarbúið fær sem skell í andlitið, sem rýrir það sem til skipta er til að standa undir lífskjörum í landinu á komandi árum þegar við þurfum að takast á við að greiða af þeim skuldum. Það eru innlánsstofnanirnar okkar sem hafa verið þarna í fararbroddi. Þær hafa aukið skuldir sínar erlendis gríðarlega og atvinnulífið, heimilin, sveitarfélögin standa fyrir hluta af þessu að sínu leyti.

Frú forseti. Ég ætla í lokin aðeins að gera að umtalsefni framtíðina á svolítið öðrum nótum. Tekist hefur verið svolítið á í dag um það að Stefán Ólafsson, ágætur fræðimaður, hefur tekið saman skýrslu um kjör öryrkja sem heitir Örorka og velferð á Íslandi og í öðrum vestrænum löndum, og þóttist ég heyra í dag að menn væru eitthvað að reyna að grafa undan trúverðugleika þeirra niðurstaðna með því að tala um að þar væri villandi samanburður á ferð eða menn hefðu hagrætt viðmiðunarpunktum eða eitthvað í þeim dúr. Nú hef ég ekki lesið skýrsluna þannig að ég geti blandað mér sterkt í þá umræðu annað en það að allt sem ég hef lesið og haft saman við viðkomandi fræðimann að sælda hefur gert það að verkum að ég ber hið fyllsta traust til hans og met hann mikils sem fagmann og fræðimann á sínu sviði. Auðvitað er aldrei hægt að fullyrða að einhvers konar samanburður geti ekki verið umdeilanlegur þegar hann er tekinn milli landa og settur upp og menn velja sér tímabil o.s.frv., skárra væri það nú. Það væri mikil ósanngirni að ætlast til þess að þar væri allt svo gjörsamlega skothelt að ekki mætti út á það setja eða gagnrýna. Hins vegar er langur vegur frá því og hinu að telja að menn geti vefengt heildar- og meginniðurstöður af því tagi sem þar eru settar fram á mjög skýran hátt. Ég trúi því ekki að menn ætli að reyna að gera það. Það er alveg borðleggjandi og þetta gagn er mjög sterkt í því að enn vantar verulega upp á að Ísland standi sig sem skyldi og þoli samanburð, sérstaklega við sín næstu nágrannalönd, hin Norðurlöndin, í þessum efnum. Við eigum enn langt í land, það er augljóst mál, bæði hvað varðar það sem snýr að lífskjörum öryrkja og aðbúnaði að þeim í samfélaginu og líka hinu sem varðar virkni þeirra og þátttöku í samfélaginu.

En ég ætla líka að nefna hérna annað rit eftir sama mann eða sem hann er höfundur að ásamt öðrum og það er þetta rit hér, Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag, Ísland í breyttu þjóðfélagsumhverfi. Ég hvet menn til að blaða í því riti og skoða það sem þar er fram sett, sem er geysiviðamikill og vandaður samanburður, greining á stöðu Íslands og samanburður á því og stöðu þess og nágrannalandanna. Niðurstöðurnar eru að mínu mati sláandi og hafa mikið pólitískt gildi og þær falla mjög vel að margvíslegum mælingum og samanburðarrannsóknum sem hafa verið að berast okkur úr ýmsum áttum undanfarin missiri.

Hver er meginniðurstaðan? Jú, hún er sú að staða Norðurlandanna og Íslands þar með talið að því marki sem við getum enn talist eitt af norrænu velferðarsamfélögunum — en þar hallar því miður undan fæti — er ótrúlega sterk á tímum hraðra og mikilla breytinga í hnattvæddum heimi. Íslenska velferðarsamfélagið, norræna velferðarsamfélagið með blönduðu hagkerfi, öflugu opinbert fjármögnuðu velferðarkerfi í grunninn, stendur sig ótrúlega vel í hvers konar alþjóðlegum samanburði. Ekki bara af því sem okkur er tamt að reikna með, að hér sé jöfnuður og jafnrétti meira en yfirleitt fyrirfinnst annars staðar, hér séu lífsgæði meiri og almennari og jafnar dreift um samfélagið en er annars staðar. Það merkilega er að norræna velferðarmódelið reynist

einnig eitt það allra samkeppnishæfasta í heiminum. Það spjarar sig mjög vel í þekkingargrunduðum samfélögum nútímans. Eru það ekki góðar fréttir? Ég hefði haldið það. Og það eru alveg sérstaklega góðar fréttir fyrir þá stjórnmálamenn og stjórnmálaöfl sem vilja sækja fram undir merkjum slíkrar baráttu, vilja þannig þjóðfélag. Um hvað snúast stjórnmál að lokum, frú forseti, ef við hugleiðum það hérna aðeins í endann í tvær, þrjár mínútur? Jú, þau snúast um það hvernig samfélag við viljum. Það er það sem skiptir máli í pólitík að menn að hafi meiningar um og sýn á það samfélag sem þeir telja að sé farsælt og gott fyrir fólk að búa í. Þetta snýst um það að setja velferð manns og umhverfis í öndvegi og ofar hagsmunum t.d. fjármagns og gróðahyggju.

Þessu hættir því miður ýmsum til að snúa við í anda þeirrar nýfrjálshyggju og hægri stefnu sem hér hefur tröllriðið húsum. Það er búið að halda uppi miklum rógi, miklum og skipulögðum rógi af hægri mönnum í vestrænum stjórnmálum, m.a. um samfélagskerfi eins og hið norræna. Hvað oft erum við búin að heyra ræðurnar um að nú sé Svíþjóð að fara á hausinn? Ég er nú búinn að fylgjast nokkuð vel með pólitík í 25, 30 ár. Jafnlengi hafa ræðurnar verið um hið dýra, þunga, stirðbusalega velferðarkerfi Norðurlandanna og sérstaklega Svíþjóðar, sem sé nú bara að verðleggja þá út af kortinu og þeir séu ekki samkeppnisfærir og þeir séu að fara á hausinn. En Svíþjóð er ekkert að fara á hausinn. Það gengur bara vel í Svíþjóð. Þar er hagvöxtur, heldur minnkandi atvinnuleysi og það er afgangur af viðskiptum Svíþjóðar við útlönd. Svo kemur mæling eftir mælingu, samanburðarrannsókn eftir samanburðarrannsókn sem sýnir að norrænu samábyrgu velferðarsamfélögin standa mjög vel og standa sig í nánast öllum samanburði sem marktækur er í þessum efnum.

Áhyggjuefni mitt hvað varðar íslensk stjórnmál er fyrst og fremst eitt. Það er hvernig Ísland er að reka frá öðrum Norðurlöndunum eftir 14 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins og tíu ár þar af með Framsóknarflokknum. Það er sláandi hversu Ísland er að þróast inn á annað spor hvað varðar vaxandi misskiptingu, ört vaxandi misskiptingu í launum og lífskjörum í landinu. Það eru á margan hátt mun veikari undirstöðuþættir hér í velferðarþjónustunni en við sjáum annars staðar á Norðurlöndunum, kannski helst að okkur svipi til Finna í sumum tilvikum. Öryggisnetið undir samfélaginu er gisnara, það falla fleiri niður um það, mun hærra hlutfall á hér í erfiðleikum með að ná endum saman, leitar aðstoðar hjálparstofnana, mælist fátækt, fátækt á mælikvarðanum hlutfallslega fátækt, hefur svo miklu minna til skiptanna en menn almennt hafa í landinu að það telst á alþjóðlega viðurkenndan samanburðarmælikvarða fátækt.

Menn geta auðvitað komið hér og sagt að þetta sé ekki fátækt, menn séu ekki fátækir fyrr en þeir svelti, en ég er ósammála þeirri skoðun. Ég tel að einstæð móðir sem getur ekki veitt börnum sínum nokkurn veginn sambærileg gæði hvað varðar t.d. skólagöngu og tómstundir eða klæðnað sé fátæk og sú fjölskylda sé fátæk þó að börnin svelti ekki. Fátækt er ekki bara örbirgð af því tagi sem við þekkjum í Afríku. Hún er líka að hafa svo miklu minna til skiptanna en almennt gerist í samfélaginu að menn geti ekki verið fullgildir þátttakendur í því. Þess vegna er það því miður þannig að við eigum enn langt í land með að útrýma fátækt á Íslandi og hún hefur jafnvel farið vaxandi mitt í góðærinu svokallaða hjá ýmsum hópum samfélagsins og það er dapurlegt.

Þessu þarf að breyta, frú forseti. Stjórnarflokkarnir hefðu, ef marka má þeirra eigin málflutning, kjöraðstæður núna til þess að takast á við ýmis verkefni, t.d. bæta svo verulega munaði kjör þess hluta aldraðra sem lakast er settur og taka vel til hendinni í sambandi við uppbyggingu, stoðþjónustu og húsnæðis í þeirra þágu. Það er ekki gert. Forgangsröðunin í frumvarpinu er ekki til þess að hrópa húrra fyrir. Hún styrkir ekki samábyrgt velferðarkerfi á Íslandi í sessi, færir okkur frekar í burtu frá öðrum Norðurlöndum sem hafa varið samfélagsgerð sína þrátt fyrir allt í gegnum ýmsar sviptingar umliðinna ára og áratuga af miklu meiri festu en við. Meira ístöðuleysi hefur verið ríkjandi í íslenskum stjórnmálum hvað varðar að standa vörð um sjálfa grundvallarsamfélagsgerðina. Það er bara því miður veruleikinn. Menn hafa látið hafa forgang að lækka skatta, sérstaklega á hátekjufólki, fjármagnseigendum og gróða fyrirtækja, það hefur haft forgang fram yfir það að veita fé til ýmissa brýnna samfélagsverkefna af því tagi sem ég hef verið að fjalla hér um. Um það snýst pólitík, þetta er pólitíkin. Hún er um hvernig samfélag við viljum sjá í landinu.

[20:51]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kom víða við í ræðu sinni og fór ítarlega yfir ýmsa þætti í efnahagsmálum okkar og ríkisfjármálum. Ég vil aðeins bregðast við einu af því sem kom fram í máli hans og það laut að Íbúðalánasjóði og ummælum hans um breytinguna sem ákveðin var með lögum á sínum tíma á síðasta ári, um að hækka lánshlutfallið í áföngum á kjörtímabilinu upp í 90%.

Til að halda öllu til haga gerðust hlutirnir þannig að eftir að sú stefna lá fyrir af hálfu stjórnvalda og naut stuðnings allra þingflokka á Alþingi, þar með talið Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs — ég veit ekki annað en að allir þingmenn þess flokks hafi greitt atkvæði með því lagafrumvarpi sem grundvallaði þessar breytingar af hálfu Alþingis. Hins vegar kom til eftir að þetta lá fyrir skyndilega mikil samkeppni af hálfu bankanna. Þeir brugðust mjög hart við og fóru í einu vetfangi upp með lánveitingar, bæði hámarkslánin og fóru alla leið upp í 100% lánveitingar. Þetta kom mönnum algjörlega í opna skjöldu og það fjárstreymi sem varð á íbúðalánamarkaðnum í kjölfarið var algjörlega á ábyrgð viðskiptabankanna. Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar segir einmitt um þetta mál, þar sem var verið að ræða um málefni Íbúðalánasjóðs, að um hafi verið að ræða óvænta samkeppni á húsnæðislánamarkaði sem Íbúðalánasjóður gat ekki séð fyrir.

[20:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlustaði í gær á ekki ómerkari mann en seðlabankastjóra, formann bankastjórnar Seðlabankans, Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, hafa um þetta mjög nálægt því efnislega þau orð að það væri gagnrýnisvert hvernig menn hefðu þarna staðið að málum og hann

tók sérstaklega fram að menn ættu ekki að vera í vafa um hvaða forsætisráðherra hvaða ríkisstjórnar hann væri að tala. Hann var í raun og veru að segja að eftir á að hyggja — og það er auðvitað alltaf auðvelt að vera vitur eftir á — hefði kannski þurft að fara þarna varlegar. Við skulum ekki gleyma því að varnaðarorð voru mælt af ýmsum aðilum. Seðlabankinn t.d. varaði sterklega við þessu en menn fóru fram engu að síður.

Ég viðurkenni það fúslega út af fyrir sig að allir vildu gjarnan að þetta væri hægt að gera þannig að það tækist vel. Menn þurftu auðvitað ekki endilega að sjá það fyrir og gátu ekki endilega séð það fyrir hvernig bankarnir hjóluðu í þetta eins og kom á daginn. Og þó, áhugi bankanna á að komast inn í þessi viðskipti er ekkert nýr. Þeir hafa undanfarin ár nuddað um það og gegnum samtök sín, þessar fjármálastofnanir, að óeðlilegt sé að ríkið sé að sinna öllum þessum viðskiptum. Þeir hafa girnst þetta svið lánsviðskiptanna, m.a. vegna þess að það flokkast með hagstæðum hætti í lánasamsetningu þeirra og eru trygg lán og þeir vilja náttúrlega gjarnan hafa af því tekjur og hagnað að sýsla með þetta. Auðvitað mátti því alveg búast við því að það gæti eitthvað af þessu tagi skollið á. En fleira kom til, aðstæður sem voru komnar upp í fjármálunum, ódýrt erlent lánsfjármagn sem var auðvelt fyrir bankana að sækja sér til að fjármagna innrás sína á þetta svið viðskipta og fleira.

[20:55]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einmitt í þeirri ræðu sem hv. þingmaður nefndi, formanns bankastjórnar Seðlabankans, tekur bankastjórinn fram að um hafi verið að ræða mjög óvænt viðbrögð bankakerfisins. Hann segir það í ræðu sinni, segir reyndar orðrétt, með leyfi forseta, að „viðbrögð bankakerfisins komu hins vegar stjórnvöldum vissulega í opna skjöldu."

Ég held að engum blandist hugur um hvað þarna var á ferðinni. Viðskiptabankarnir ætluðu sér og voru að nýta sér veikleika hjá Íbúðalánasjóði við skipti úr húsbréfakerfi yfir í íbúðabréf sem laut að uppgreiðslum lánanna. Þeir beittu sér fyrir því að fá viðskiptavini gegn því að þeir vinir kæmu með allar sínar lánveitingar til viðskiptabankanna og greiddu upp lánveitingar sínar í Íbúðalánasjóði. Þeir ætluðu sér beinlínis að koma Íbúðalánasjóði á kné með þessum uppgreiðslum. Það var það sem var verið að takast á um. Viðskiptabankarnir voru samtaka í því að reyna að koma Íbúðalánasjóði út af markaðnum.

Ég held að það hafi verið fyllsta ástæða til að gera athugasemdir við framgöngu viðskiptabankanna vegna þess að þeir voru ekki bara að vega að sjóðnum, þeir voru að vega að almenningi. Hefði þeim tekist ætlunarverk sitt hefði kostnaður almennings eða lántakenda hækkað af íbúðalánum sínum. Það var það sem málið snerist um.

Ég minni á að sumir bankarnir, þar með talinn KB-banki hafa viðurkennt að þeir séu að greiða niður íbúðalán sín og muni halda því áfram.

[20:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er að mörgu leyti sammála hv. þingmanni, mér er því meinilla við að það komi síðan út að ég sé að standa í einhverri vörn fyrir bankana, það er ekki svo. Ég tel að þeim beri að líta hressilega í eigin barm og þeir hafi farið glannalega og ábyrgðin sem átti að fylgja einkavæðingunni hafi ekki alltaf verið sem skyldi.

Ég er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að verja opinberan íbúðalánasjóð. Ég sé reyndar fyrir mér að þeir tímar muni aftur ganga í garð á Íslandi að menn þurfa að beita í miklu ríkari mæli en í boði er í dag félagslegum úrræðum í húsnæðismálum. Það er þannig í öllum löndum þar sem þessi mál eru í lagi þá er félagslegum úrræðum beitt og þar á meðal í gegnum fjármögnun í húsnæðismálum til að tryggja mönnum þau lífsnauðsynlegu gæði sem tryggt húsnæði, þak yfir höfuðið, er.

Ég held að það sé mjög alvarlegt ef það er í reynd svo að bankarnir í krafti stærðar sinnar og tímabundinnar getu til að heyja slíkt stríð beinlínis niðurgreiði svona lán. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að í samkeppnislög okkar vanti sterkari ákvæði um að undirboð séu ekki heimil, að verðleggja vörur sannanlega undir kostnaðarverði eigi ekki að líðast nema þá í einhverjum afar afmörkuðum og tímabundnum undantekningartilvikum sem hægt væri að flokka undir kynningu á nýrri vöru eða annað í þeim dúr. Það er ósiður að láta það líðast í viðskiptum að hinn stóri geti neytt aflsmunar og knésett minni samkeppnisaðila með því að verðleggja vöru undir kostnaðarverði eða þjónustu af hvaða tagi sem er til langs tíma. Auðvitað ættu þá aðilar eins og Samkeppniseftirlit og Fjármálaeftirlit að fara ofan í saumana á því hvort það sannanlega hafi verið (Forseti hringir.) eða sé svo að bankarnir séu þarna að stunda hrein undirboð.

[21:00]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Umræða um skólamál og stöðu menntamála hefur verið nokkuð áberandi við umræðu fjárlaga þetta árið og ekki síst við 3. umr. í dag. Í sjálfu sér hefur umræða um stöðu menntamála verið miklu meiri í samfélaginu á síðustu mánuðum og missirum en verið hefur um langt skeið og langt árabil. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Það eru mikil átök á mörgum sviðum menntamála, það er mikil tortryggni í skólasamfélaginu í garð stjórnvalda, það er langvarandi hallarekstur, bæði framhaldsskóla og háskóla, vegna ýmissa hluta eins og mikillar nemendafjölgunar og stærri árganga sem komið hafa inn í skólana auk eldra fólks sem hefur aftur hafið nám. Ég ætla að tæpa á þeim málum sem varða háskólastigið, stöðu menntunarmála, og háskólamenntunar úti á landi sérstaklega.

Fyrir nokkrum dögum barst svar hæstv. forsætisráðherra við ákaflega athyglisverðri fyrirspurn hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um aldur og menntun á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Varpar það svar við fyrirspurninni nokkuð skýru ljósi á þau skil sem hafa orðið á milli menntunar og samsetningar að þessu leyti á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis og sérstaklega hve brýnt er að efla aðgang að háskólamenntun úti á landi gegnum fjarnám og með ýmsum öðrum hætti. Margt ágætt hefur verið gert í þeim málum en ganga þarf miklu lengra og miklu vasklegar fram. Er staða fræðslunetanna og símenntunarstöðvanna

eins og hún er í dag kannski besta dæmið um að þar hefur ekki verið gengið nógu langt og allt of hægt farið fram.

Um þau mál hefur nokkuð verið rætt og ekki að ósekju þar sem símenntunarstöðvarnar eiga sitt undir fjárlögum á hverju ári þó að þær heyri undir menntamálaráðuneytið. Og þrátt fyrir að fræðslu- og símenntunarstöðvarnar hafi starfað í meira en áratug búa þær enn við mikla óvissu í skipulagsmálum og formi. Þær eru sjálfseignarstofnanir og heyra eðli málsins samkvæmt undir menntamálaráðuneytið en eru ekki á föstum fjárlögum. Þeim hefur ekki verið settur starfsrammi af hálfu ráðuneytisins og framlög til þeirra eru án tillits til eðlis og umfangs þeirra verkefna sem miðstöðvarnar hafa með höndum og starfsumhverfis þeirra. Þannig er t.d. ekki tekið tillit til mismunandi landfræðilegra starfsaðstæðna, mismunandi fólksfjölda á starfssvæðum þeirra, hvaða hópi þær þjóna eða annars sem augljóslega skapar miðstöðvunum þó mismunandi grundvöll og aðstæður. Til að mynda hafa símenntunarstöðvarnar á Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi reiknað út að fjarnámsþjónusta þeirra er verðlögð á um 10 millj. kr. á ári sem er svipað og þær fá fyrir símenntunarþjónustuna frá hinu opinbera en fyrir fjarnámsþjónustuna fá þær ekki neitt, fá enga leiðréttingu á meðan hin formlegu háskólasetur fyrir vestan og norðan fá töluvert hærri framlög vegna skilgreiningar á starfseminni.

Þessu er mikilvægt að breyta og það er mikilvægt að efla aðgengi að háskólamenntun úti á landi. Það gefur augaleið að verði aðgengi að háskólamenntun og frekari menntun ekki aukið úti á landi heldur fólksstraumurinn af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið áfram. Fólk flytur, tekur sig einfaldlega upp til þess að komast að menntunartækifærunum.

Annað sem ég vildi nefna er staða háskólastigsins. Það hefur opinberast á síðustu vikum með miklu skýrari hætti en nokkurn tíma áður hve staða þess er bágborin ef við berum hana saman við stöðuna annars staðar í Evrópu og í þeim samanburðarlöndum vestrænum sem við viljum bera okkur saman við og styðjast við. Á vordögum kom til að mynda fram úttekt Ríkisendurskoðunar á stöðu Háskóla Íslands, mjög vönduð og mjög afdráttarlaus úttekt. Þar er að finna erlendan samanburð á fjármögnun háskóla en hvað varðar fjármögnun háskólastigsins þá er það umræða sem hefur kannski ekki verið tekin hér eða mörkuð skýr stefna og þarf að ráðast í mikla stefnumótunarvinnu þar. Í úttektinni kemur fram að Háskóli Íslands er hvað varðar sambærilega skóla næstverst settur allra skóla í Evrópu, einungis háskólinn í Króatíu er verr settur, og þarna munar mjög miklu. Fyrir árið 2003 voru t.d. tekjur háskólans á hvern nemanda margfalt lægri en sambærilegra skóla bæði á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu, eins og rakið er mjög prýðilega í skýrslunni. Og eins það að framangreindar niðurstöður sem raktar eru í skýrslu Ríkisendurskoðunar um tekjur háskóla eiga sér nokkuð skýra samsvörun í tölum frá OECD, sem mikið hefur verið rætt um. Þar kemur fram að Íslendingar vörðu um 1,14% af vergri landsframleiðslu til háskólastigsins árið 2004 á meðan hinar Norðurlandaþjóðirnar vörðu allar hærra hlutfalli til þessara mála. Hlutfallið er t.d. 1,3% í Noregi, 1,3% í Svíþjóð og Finnlandi og 1,8% í Danmörku.

Ef við berum saman aldurssamsetningu íslensku þjóðarinnar við aldurssamsetningu annarra Norðurlandaþjóða ættum við að vera töluvert langt fyrir ofan þær allar í þessum samanburði. Munurinn er sérstaklega áberandi þegar litið er til útgjalda þeirra ríkja sem verja mestu til háskóla sem eru Bandaríkjamenn, sem verja tæpum 3%, 2,8–2,9% af vergri landsframleiðslu til háskóla og svo Kanadamenn sem verja 2,5%. Að meðaltali verja ríki OECD um 1,5% af vergri þjóðarframleiðslu til háskólastigsins. Þetta er langt fyrir ofan þær tölur sem við þekkjum á Íslandi og við eigum mjög langt í land með að ná því, sérstaklega þegar staðan er skoðuð út frá aldurssamsetningu þjóðarinnar og því hve fáir eru með háskólamenntun á íslenskum vinnumarkaði, 11% þeirra sem eru á vinnumarkaði á landsbyggðinni og rúm 20% á höfuðborgarsvæðinu, 22%. Það er mjög lágt hlutfall miðað við þau lönd sem við berum okkur saman við og viljum ná og teljum nauðsynlegt að halda í við.

Þá verður að nefna framlög ríkisháskólanna til rannsókna sem þarf að auka verulega og sérstaklega þegar skoðuð er fjölgun nemenda í framhaldsnámi en árið 1990 voru framhaldsnemendur við Háskóla Íslands sex talsins. Árið 1997, sjö árum seinna, voru þeir 200 og tæplega 500 árið 2000, sem er gríðarleg fjölgun, en árið 2004 eru þeir orðnir 1.200, þar af 107 í doktorsnámi. Þetta er sprenging nemendafjölda sem þarf að fylgja vel eftir, enda stunduðu ákaflega fáir framhaldsnám við íslenska háskóla áður en þetta kom til. Í nokkuð merkri brautskráningarræðu í október 2004 fjallaði Páll Skúlason, fyrrverandi háskólarektor, ítarlega um þessa þróun sem hann kallaði menntabyltingu sem gengi yfir mannkynið og ætti sér enga líka í sögunni. Nefndi hann að fyrir fáeinum áratugum hafi um 5% atvinnubærra manna verið með háskólamenntun en rektorinn fyrrverandi fullyrðir að þeir verði a.m.k. 50% eftir nokkra áratugi. Í það stefnir hjá þeim þjóðum sem búa næst okkur þannig að við þurfum að bæta verulega í framlög okkar til háskólamála til að mæta þessum málaflokki með myndarskap, sérstaklega af því að háskólarnir eru í miklum þrengingum. Háskólinn á Akureyri hefur verið töluvert mikið til umræðu í dag en hann gengur í gegnum miklar þrengingar núna. Skólanum hefur verið hampað á undanförnum árum og áratugum sem mikils afreks í byggðamálum og undir það má vissulega taka. Skólinn er glæsileg stofnun og fátt hefur sjálfsagt tekist betur sem tengja má einhvers konar byggðaaðgerðum, enda var með tilkomu hans byggð upp mjög öflug menntastofnun norðan heiða sem hefur mikil margfeldisáhrif inn í samfélagið, eins og við sjáum með öðrum hætti í Viðskiptaháskólanum á Bifröst sem hefur haft feikileg áhrif á því svæði sem hann er staðsettur á í Borgarfirðinum.

Rekstur opinberu háskólanna er í járnum, sérstaklega þegar litið er til framtíðarfjármögnunar þeirra og þeirrar óvissu sem þeir búa við innan lands og utan hvað varðar samkeppni við aðra skóla. Þeir hafa mætt miklu skilningsleysi af hálfu stjórnvalda eins og felst í því að hæstv. menntamálaráðherra fullyrðir að Háskólinn á Akureyri sé einungis að hagræða og endurskipuleggja sig en gangi ekki í gegnum neinar þrengingar á sama tíma og mikil ólga er í bæjarstjórn Akureyrar og hjá þeim sem reka skólann yfir þeirri stöðu sem hann er í, enda hefur skólinn lokað tveimur

deilda sinna.

Niðurstaða skýrslu Ríkisendurskoðunar var mjög afdráttarlaus. Annaðhvort fari skólarnir í gegnum harkalegan niðurskurð, eins og Háskólinn á Akureyri gerir núna, eða beiti verulegum fjöldatakmörkunum, eins og þeir hafa verið að gera í auknum mæli á síðustu árum með því að nýta ekki undanþáguheimild til að taka þá nemendur inn í skólana sem ekki eru með formleg stúdentspróf. Háskóli Íslands er einfaldlega hættur að nota þessa heimild og Háskólinn á Akureyri sem var mjög framarlega í því, tók inn mörg hundruð nemendur á ári sem voru ekki með formleg stúdentspróf og var ákaflega vel gert af skólanum, enda fráleitt í sjálfu sér að nota það sem eina mælikvarðann þegar um er að ræða fullorðið fólk með margvíslega starfsreynslu aðra. Nú hefur verið tekið fram fyrir hendurnar á háskólanum hvað þetta varðar og skólinn rifar seglin vegna fjárskorts af hálfu stjórnvalda og bregst við með því að skera mjög harkalega niður og leggja niður tvær deilda sinna.

Kennaraháskóli Íslands vísar frá tveimur af hverjum þremur nemendum sem sækja um inngöngu í grunnnám í Kennaraháskólanum. Háskólarnir eru því sveltir að mörgu leyti til vondra verka og neyðarúrræða í rekstri sínum. Í þessu samhengi vakti ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins fyrr í haust töluverða athygli, að nemendur í opinberum háskólum ættu að taka verulega aukinn þátt í rekstri skólanna, þ.e. að skólarnir ættu að taka upp skólagjöld í einhverjum mæli til að mæta fjárhagsvandanum. Þegar þetta var sett í samhengi við niðurstöðu skýrslu Ríkisendurskoðunar og annarra úttekta á háskólastiginu, í opinberu háskólunum, þá kvað þar við mjög afdráttarlausan tón, en hæstv. menntamálaráðherra hefur fullyrt að þessu eigi ekki að fylgja eftir og það sé a.m.k. ekki stefnumið núverandi ríkisstjórnar að hækka skólagjöld við opinbera háskóla eða taka þau upp sem fjármögnun í auknum mæli. Ef íslensk stjórnvöld verðu svipuðu hlutfalli af landsframleiðslu sinni og aðrar Norðurlandaþjóðir gera fengi háskólastigið 4–8 milljörðum kr. meira á ári en það gerir núna en þær þjóðir verja, eins og ég sagði áðan, 35–80% meira af landsframleiðslunni til háskólastigsins en við gerum.

Kjarni málsins hvað varðar fjármögnun opinberu skólanna er að mínu mati sá að það verður að taka af skarið með það hvort skólarnir eigi til framtíðar að fá aukin framlög sem skipta máli og lyfta grunninum þannig að þeir standist þennan samanburð eða þeir fái heimild til skólagjalda til að fjármagna starfsemi sína. En áður en aukin skólagjöld koma til greina að mínu mati verður að fara fram ítarleg stefnumótun og úttekt á málefnum háskólastigsins þar sem áhrif skólagjalda á starfsemi skólanna og skólasókn eru vegin og metin t.d. út frá jafnrétti til náms, hlutverki lánasjóðsins, fjármögnun skólastigsins og skólasókn. Og það er mjög athyglisvert að skoða bæði skólastigin þegar litið er til þess hve sárlega skortir skýra stefnumörkun í þessum málum.

Eins og ég nefndi fyrr í dag í andsvari við hæstv. menntamálaráðherra innheimtir Kvikmyndaskóli Íslands, sem er lítill og góður sérskóli á framhaldsstigi, hann útskrifar stúdenta, 1,2 millj. kr. á ári af nemendum sínum í skólagjöld. Meðalaldur nemenda er líklega í kringum 20 ár þannig að þar eru 18, 19 og 20 ára framhaldsskólakrakkar að borga 1,2 milljónir á ári í skólagjöld. Lánasjóðurinn lánar fyrir þessu þannig að það má segja að þetta sé að hálfu leyti niðurgreitt aftur af hinu opinbera í gegnum lánasjóðinn en um það hefur aldrei verið tekin nein stefnumótandi umræða um hvort fara eigi þessar leiðir við að fjármagna skólastigin, að ég tali nú ekki um framhaldsskólana. Þetta gerist í einhvers konar kyrrþey, af því að ég hafði aldrei heyrt af því að þessi skóli innheimti 1,2 milljónir í skólagjöld á ári af nemendum sínum á framhaldsskólastigi fyrr en við hv. þm. Katrín Júlíusdóttir heimsóttum þennan merkilega og skemmtilega skóla á dögunum. En ég held að útilokað sé að halda því fram að nemendur Kvikmyndaskóla Íslands búi við jafnrétti til náms í framhaldsskóla samanborið við aðra nemendur á Íslandi í framhaldsskólum sem borga ekki skólagjöld. Þetta er í rauninni dæmi um stöðuna í menntakerfinu. Það er vissulega heilmikil gerjun og það er margt gott að gerast en það skortir skýra stefnumótun, sérstaklega um fjármögnun skólastigsins.

Skólinn sem ég nefndi áðan, Kvikmyndaskóli Íslands, er lítill skóli með fáa nemendur og það er ekki verið að tala um háar upphæðir þó að hið opinbera mæti kostnaði við skólann í auknari mæli þannig að skólagjöld væru miklum mun lægri. En það er mjög athyglisvert dæmi um stefnuleysið að í einum skóla á framhaldsskólastigi — ég ítreka að við erum ekki að tala um háskóla — skuli eini samjöfnuðurinn um gjaldtöku í íslenska menntakerfinu vera MBA-námið í endurmenntunardeild Háskóla Íslands. Þar eru innheimt svona há skólagjöld, hátt í 2 millj. kr. á ári, á þeim forsendum að þar sé um að ræða endurmenntunarnám sem er mjög dýrt og yrði ekki kennt nema svo væri að staðið. Ég er alveg sammála því að það er ekkert athugavert við það í sjálfu sér. Þar er um að ræða allt annan hóp. Þar er um að ræða MBA-nám sem lýtur allt öðrum lögmálum en nám í framhaldsskóla, nám sem útskrifar stúdenta. Þarna eru nemendur að borga 2,5 millj. kr. fyrir nám í tvo vetur í íslenskum skóla á framhaldsskólastigi. Það er verulega há upphæð og vissulega er ekki við þá sem reka skólana að sakast. Þeir fara þær leiðir sem þeim eru færar og þær leiðir sem þeim eru gerðar færar af stjórnvöldum til að reka sinn skóla. Metnaðarfullt hugsjónastarf liggur að baki skólanum og mun skila íslenskri fjölmiðlun, íslenskri kvikmyndagerð, íslenskri sjónvarpsþáttagerð o.s.frv. miklum ábata þegar fram líða stundir. Þarna stendur til að kenna mjög margvísleg fræði sem falla undir kvikmyndagerð, handritagerð o.s.frv. — frábær skóli, einstakur í sinni röð og að honum á að hlúa og undir hann að byggja. Það hlýtur að vera hægt að koma til móts við núverandi og væntanlega nemendur í skólanum til framtíðar þannig að þeir séu ekki að borga á þriðju millj. kr. fyrir tveggja vetra nám í skólanum. Það er í sjálfu sér alveg fráleitt að þetta skuli vera svona en þetta gerist án þess að um það sé rætt og engin sambærileg dæmi finnist um skólagjaldtöku á Íslandi, ekki í grunnnámi, ekki á framhaldsskólastigi og ekki á háskólastigi.

Að mínu mati er það grundvallaratriði að til staðar sé menntunarferli frá leikskóla og upp í gegnum háskóla þar sem jafnrétti til náms er tryggt, burt séð frá bakgrunni hvers og eins. Það má segja að vegið sé að því þegar menntun er stofnað í það mikinn vanda að að lokum verður krafan um há skólagjöld eina leiðin út úr ógöngunum — að skólanum

séu ekki aðrar leiðir færar til að standa þannig að rekstri sínum á skólum að gæði skólanna raskist ekki verulega. Í Evrópuúttektinni á gæðum og fjármögnum Háskóla Íslands á dögunum kom í ljós að gæði Háskóla Íslands eru í sjálfu sér mjög mikil. Forustumaður Evrópuúttektarinnar sagði það hreint og klárt kraftaverk hve skólinn væri góður og hve gæðastandardinn er hár miðað við það hvað hann býr við lág fjárframlög og mikið fjársvelti.

Þessar tvær úttektir, önnur kom fram á vormánuðum og hin nú á haustdögum, eru mjög athyglisverðar. Enginn hefur borið brigður á að þessar úttektir séu mjög vandaðar og þær hljóta að liggja til grundvallar allri umræðu um framtíð opinberu háskólanna. Einkareknu háskólarnir fá svipuð framlög á hvern nemanda og opinberu háskólarnir en auk þess heimild til töluverðrar gjaldtöku ofan á það þannig að þeir njóta þess umfram opinberu háskólana sem fá aftur á móti hærri framlög til rannsókna o.s.frv. En það er erfitt að bera þetta saman. Það er erfitt að bera saman Háskóla Íslands, sem er breiður fræðaskóli og rannsóknarháskóli, og lítinn skóla á háskólastigi sem kannski kennir tvær til þrjár greinar. Það er ólíku saman að jafna og í sjálfu sér er samanburðurinn oft mjög ósanngjarn.

Þetta vildi ég segja í þessari umræðu um fjárlög þar sem ekki er tekið tillit til þess bráðavanda sem uppi er hjá opinberu háskólunum að neinu vitlegu marki eða með þeim hætti að það leysi vandann eða þeim sés mörkuð einhver skýr stefna til framtíðar.

Þá ætla ég einnig að nefna stöðuna í framhaldsskólunum. Eins og nefnt hefur verið fyrr í umræðunni kom í gær fram mjög afdráttarlaus og hörð ályktun frá stjórn Félags framhaldsskólakennara þar sem hún gagnrýnir harðlega áætlanir um fjárveitingar til framhaldsskólanna sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Nú segir stjórn Félags framhaldsskólakennara að fjárveitingar séu enn á ný stórlega vanáætlaðar og á sama tíma hafi stjórnvöld uppi áform um að stytta nám til stúdentsprófs og þetta eigi sér stað þegar æ fleiri sæki um inngöngu í framhaldsskólann. Í ályktuninni segir, með leyfi forseta:

„Ekki er hægt að skilja þessi áform öðruvísi en sem ásetning um að koma böndum á fjölda framhaldsskólanema til að spara í rekstri skólanna. Stjórnin segir að aðgerðir sem leiða til þess að sumir komist í framhaldsskólann en aðrir ekki séu rof á þeirri samfélagssátt sem ríkt hafi um áratuga skeið á Íslandi um menntakerfið og lykilhlutverk menntakerfisins við jöfnun lífskjara. Stjórn Félags framhaldsskólakennara gagnrýnir stjórnvöld harðlega fyrir að vanáætla gróflega enn og aftur árvissar fjárveitingar til framhaldsskólanna hvað varðar nemendafjölda og heildarfjárþörf."

Samkvæmt þessu búa skólarnir við stöðuga vanáætlun — það kemur líka í ljós þegar staða þeirra er skoðuð — og vandanum í áætlanagerðinni er ekki mætt. Þar er gróflega vanáætlað og brugðist við með því að sækja aukafjárveitingar í fjáraukalög sem hrökkva yfirleitt hvergi til enda nemur uppsafnaður halli skólanna hundruðum milljóna. Greinargerð Ríkisendurskoðunar á dögunum fjallaði um stöðu níu framhaldsskóla, fimm eru á landsbyggðinni og fjórir á höfuðborgarsvæðinu, og þar kom fram að hallarekstur skólanna er á bilinu 4% til 35% af fjárveitingum til þeirra. Það er því ástæða til að taka einnig fjármögnun framhaldsskólastigsins til endurskoðunar og heildarumræðu. Mikill munur er á aðstöðu nemenda og aðgengi eftir því um hvaða menntun er að ræða. Ástæða er til að ræða það ítarlega, ekki síst þar sem nemendafjölgunin hefur verið um 10% síðustu fjögur árin. Árgangarnir sem koma inn í skólann eru stórir og um allan hinn vestræna heim hefur eldra fólk verið að sækja sér aukna menntun.

Virðulegi forseti. Víða er pottur brotinn í menntakerfinu og fyrst og fremst þarf að eiga sér stað víðtæk umræða um það hvernig menntakerfi við viljum byggja upp, hvort sem er í leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla eða á háskólastigi — hvernig við viljum fjármagna þessi skólastig. Við erum t.d., eins og ég nefndi áðan, að fjármagna einn framhaldsskóla að stórum hluta með skólagjöldum upp á 1,2 millj. kr. á ári. Fram að þessu hefur verið nokkur pólitísk sátt um að opinberu háskólarnir fjármagni ekki starfsemi sína nema að mjög litlu leyti með skólagjöldum. Innheimt eru einhvers konar skráningargjöld sem eiga að standa undir skráningu og verulega litlum hluta af starfsemi skólanna. En fram að þessu hefur verið sátt um að skólagjöld verði ekki hækkuð til að standa undir rekstri og fjárþörf skólanna. Þessu þarf að marka mjög skýra stefnu alveg frá grunni. Sú stefnumótun þarf að fara fram áður en til greina kemur að nota skólagjöld sem fjármögnun og það þarf líka klárlega að hækka grunninn til skólanna áður en farið er að skoða slíkt.

[21:24]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Það fer að líða að lokum 3. umr. um fjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 2006. Eftir að hafa farið í gegnum fjárlagaumræðuna og hlustað á hv. þingmenn og ráðherra í dag finnst mér eins og hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti fjárlaganefndar, hv. þingmenn, séu í glerkössum eða hafi stungið höfðinu í sandinn. Mér finnst hæstv. ríkisstjórn gleyma sér í upphafningu á góðærinu, góðæri sem hefur skilað miklum tekjum í ríkissjóð, góðæri sem hefur aðallega byggst á tekjum af þeirri eyðslu og spennu sem er í þjóðfélaginu. Þetta góðæri byggist líka á því að hæstv. ríkisstjórn setur hér rammafjárlög sem taka mið af hugarheimi hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar sem horfir ekki á stöðu ríkisstofnana sem hún ber ábyrgð á og horfir ekki til þeirra kjara og þess aðbúnaðar sem aldraðir og öryrkjar búa við — sem má að mestum hluta rekja til þess að lífeyrisgreiðslur aldraðra og öryrkja hafa ekki fylgt verðlagi og skattlagning þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu er orðin óheyrilega há.

Ég tel það ámælisvert að ekki hafi verið hlustað á raddir þessa fólks og ekki farið eftir ákalli þeirra stofnana og félagasamtaka sem hafa látið í sér heyra á milli 2. og 3. umr. Því segi ég, hæstv. forseti, að það sé eins og þessir fulltrúar ríkisstjórnar og í meiri hluta fjárlaganefndar lifi í glerbúrum, séu sjálfhverfir og horfi ekki á stöðu annarra. Þannig er auðvitað hægt að búa sér til mjög fallegan heim og skila ríkissjóði með góðum tekjuafgangi og neita að viðurkenna þann vanda sem er víða í þjóðfélaginu.

Hæstv. forseti. Ég vil nefna það í upphafi máls míns að á fjárlögum eru svokallaðir safnliðir hjá hverri nefnd. Með

tilstuðlan viðkomandi nefndar á hv. Alþingi er raðað niður og úthlutað til einstaklinga, félagasamtaka og annarra sem sækjast eftir framlögum úr ríkissjóði til sinnar starfsemi. Mér finnst miður að ekki skuli hafa verið hægt að koma betur til móts við mörg þessara félagasamtaka og einstaklinga sem sóttu til heilbrigðis- og tryggingarnefndar. Ég tel að með meiri og betri stuðningi við mörg þessara félaga sé ríkissjóður að spara mikla fjármuni því í þessum félögum er unnið mikið sjálfboðaliðastarf og með eflingu þeirra má leiða að því líkur að ýmsum forvörnum verði við komið og sparnaður verði á öðrum stöðum í ríkisrekstrinum. Þetta á þá sérstaklega við um ýmis góðgerðarfélög og hjálparstarf.

Ég tek undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem fór vel yfir nefndarálit 2. minni hluta fjárlaganefndar og greindi þar frá þeirri gagnrýni sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð setur fram hvað varðar fjárlagagerðina eins og hún er núna og forsendur fjárlaga og ýmsa liði sem hér eru afgreiddir.

Hæstv. forseti. Ég vil bæta því við að ég tel einnig mjög ámælisvert að þau vinnubrögð skuli viðhöfð við fjárlagagerðina að stofnanir sem fá framlög af fjárlögum eigi ekki lengur jafngreiðan aðgang að fjárlaganefnd og þær höfðu á árum áður. Ef ég lít eingöngu til þeirra stofnana sem falla undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið þá hafa forstöðumenn þessara heilbrigðisstofnana ekki haft möguleika eða tækifæri til að koma fyrir fjárlaganefndina og greina frá fjárhagsstöðu sinna stofnana. Það er ekki nema fjárlaganefnd sjálf kalli eftir upplýsingum, kalli til forstöðumennina eða starfsfólk, að upplýsingar liggja frammi. Það væri allt í lagi að hafa þetta svona ef það gæfist þá tími og ef vilji væri fyrir hendi hjá fjárlaganefnd að kalla til forstöðumenn þessara stofnana. En svo er ekki. Það er alveg ljóst ef við tökum eingöngu hjúkrunarheimilin og dvalarheimilin að langflestar þessara stofnana eru í miklu fjársvelti og ekki bara í ár heldur til lengri tíma. Það er misjafnt eftir stofnunum en í heildina eru flestar stofnanir sem reka dvalarheimili og hjúkrunarþjónustu reknar með halla í ár og þannig er þeim ætlað að fara inn í næsta ár með mikinn rekstrarhalla án þess að hækka daggjöldin eða taka tillit til þessa halla. Þetta er alveg afleit stjórnunaraðferð og algerlega óviðunandi fyrir rekstraraðila þessara stofnana að halda uppi óbreyttum rekstri.

Svo rekum við upp stór augu á hinu háa Alþingi yfir því að enn þann dag í dag skuli reynt að hafa fleiri einstaklinga á dvalarheimilisstofnunum, hjúkrunarstofnunum en eðlilegt má teljast miðað við þá kröfu sem við gerum í dag þar sem við viljum að fólk sé eitt í herbergi eða hafi andrými til að vera með þeim sem það kýs, maka eða vinum, en ekki sett í herbergi með bláókunnugu fólki og þar sem eru örar skiptingar á herbergisfélögum eins og nú tíðkast. Það kom stjórnarandstöðunni ekki á óvart en virtist koma stjórnarliðum á óvart að þetta væri ein leiðin hjá rekstraraðilum þessara stofnana til að halda rekstri gangandi því að með fækkun dvalarheimilisþega lækka tekjurnar og það kemur niður á almennum rekstri. Við erum því bæði að ásaka dvalarheimilin fyrir að hafa allt of marga einstaklinga inni og við of þröngan kost og svo erum við að sama skapi að gera kröfur um að þær reki sínar stofnanir án þess að fá hærri framlög. Stjórnarmeirihlutinn verður að gera sér grein fyrir því að þetta gengur ekki upp. Reksturinn gengur ekki eins og hann er í dag. Ef við ætlum að gera þá kröfu, sem ég vona að verði sett upp núna hið allra fyrsta, að fjölga einbýlum og stækka vistarverur þannig að dvalarheimilis- og hjúkrunarpláss verði mannsæmandi dvalarstaður þá verður að setja upp áætlun um aukið fjármagn til að breyta og styrkja rekstrargrunn þessara heimila í daggjöldum. Auk þess verður að koma til aukið fjármagn til að fjölga bæði hjúkrunarheimilum og hjúkrunarplássum. En eins og þetta er núna þá eru stigin hænufet við að fjölga hjúkrunarplássum en ekki tekið tillit til rekstrarvanda dvalarheimila og hjúkrunarheimila.

Það er mikil þensla í þjóðfélaginu, herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn hlustar með öðru eyranu á aðvörunarorð frá Seðlabanka Íslands og frá öðrum fjármálastofnunum sem vara við áframhaldandi þenslu og afleiðingum sem sterk staða íslensku krónunnar hefur hvað varðar allar útflutningsgreinar. Brjálæðisleg stóriðjustefna hefur verið hér ríkjandi og virðist ekki vera neitt lát á henni. Það á að keyra áfram í blindum átrúnaði á þessa einu stefnu til að styrkja stöðu atvinnuveganna, ekki þó atvinnuveganna heldur atvinnuvegarins í eintölu, þ.e. álframleiðslu á Íslandi. Með áframhaldandi áformum um að reisa fleiri álver höldum við þeirri spennu sem er í dag. Við höldum uppi væntingum. Við höldum uppi þeirri trú að hægt sé að halda áfram að eyða um efni fram og við höldum áfram að byggja upp falsvæntingar um áframhaldandi góðæri eins og það góðæri sem við búum við í dag.

Herra forseti. Fleiri en við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og viðskiptabankarnir og Seðlabankinn vara við áframhaldandi stóriðjustefnu og þeirri þenslustefnu sem hefur verið ríkjandi. Í Morgunblaðinu birtist grein þann 6. desember, í dag sem sagt, eftir Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóra Útflutningsráðs. Hann er nákvæmlega sama sinnis og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Hann nefnir að vísu ekki álverin sérstaklega en hann minnist á að launakostnaður sé hár á Íslandi og það sé m.a. ástæðan fyrir því að fyrirtæki sem hafa verið með töluverða framleiðslu hafa horft til annarra landa og að það sama sé að gerast á annars staðar á Norðurlöndunum. Hann segir, með leyfi forseta:

„„Allar nágrannaþjóðir okkar hafa horfst í augu við sömu þróun“ — þ.e. vegna launakostnaðar — „og látið hana yfir sig ganga með þeim rökum að eðlilegt sé að vinnuaflsfrek framleiðsla leiti þangað sem hin vinnandi hönd er ódýrust og að það sé huggun harmi gegn að eftir sitji fyrirtæki sem byggi tilveru sína á margháttaðri þjónustu og framleiðslu sem grundvallist á vísindalegri þekkingu, hönnun og frjórri hugsun.

Til skamms tíma hefur virst sem mál mundu einnig skipast á þennan veg hér á landi. Við yrðum að sætta okkur við flótta vinnuaflsfreku fyrirtækjanna, en gætum treyst því að þjónustu- og hátæknifyrirtækin færu hvergi. Hugur ungra Íslendinga stæði hvort eð er aðallega til þess að starfa við slík skapandi fyrirtæki. Nú eru hins vegar blikur á lofti. Flaga er farin og stöðugt berast fregnir af gylliboðum til íslenskra nýsköpunarfyrirtækja utan úr heimi. Í boði eru skattfríðindi, þróunarstyrkir, styrkir til fjárfestinga, hagstæð lánakjör og þátttaka í launakostnaði ef fyrirtækin eru tilbúin

að flytja starfsemi sína úr landi. Til þess að bæta gráu ofan á svart er svo hið ótrúlega og óraunverulega hágengi íslensku krónunnar, sem er svo að sliga allan rekstur sem byggist á útflutningi eða samkeppni við innflutning að búast má við hruni íslenskra framleiðslufyrirtækja á næstunni eða að þau muni í vaxandi mæli hverfa úr landi með starfsemi sína. Hið sama á við um ferðaþjónustuna.

En hvað er til ráða?" — segir greinarhöfundur Jón Ásbergsson — „Stjórnvöld geta auðvitað með markvissum aðgerðum boðið íslenskum sprotafyrirtækjum sambærilegt rekstrarumhverfi við það sem fæst erlendis. Og sértækar aðgerðir geta sjálfsagt bjargað einhverjum fyrirtækjum. Vandinn er bara sá að slíkt dugar skammt nema gengi íslensku krónunnar lækki. Allar hinar góðu almennu rekstrarforsendur koma útflutningsfyrirtækjunum að litlu gagni ef þau eru öll rekin með tapi. Gengisleiðrétting verður að vera efst á baugi í stjórn íslenskra efnahagsmála á næstu mánuðum, annars fara fyrirtækin á hausinn eða úr landi," að því er fram kemur í leiðara Jóns Ásbergssonar."

Þetta stendur í Morgunblaðinu í dag. Ég nefni þessa grein, hæstv. forseti, til að sýna að fleiri en við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði telja að fórnarkostnaður stóriðjustefnunnar sé allt of mikill. Við höfum horft á fækkun starfa í fiskiðnaði allt í kringum landið. Ekki á einum stað eða tveimur heldur hringinn í kringum landið eru fyrirtæki að loka og gefast upp og ekki virðist vera neitt hlé á því. Búast má við fleirum því miður. Stóriðjustefnan og hágengisþróunin er líka farin að hafa áhrif á það sem menn hafa talið flaggskip þekkingariðnaðar okkar sem mundu ekki fara úr landi en eru nú að gera það. Blikur eru því alls staðar á lofti. Ég tel að hæstv. ríkisstjórn verði að komast út úr sínu glerbúri og horfa á raunveruleikann, það sem er að gerast í íslensku samfélagi, áður en allt verður um seinan og reyna að vinda sér að því að snúa blaðinu við og hlúa að þessum sprotafyrirtækjum með eins ráðum og aðrar þjóðir nota til þess að lokka íslensk fyrirtæki til sín og til að halda sínum eigin í eigin landi því það er framtíðin.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara neitt frekar út í efnahagsumræðu þó tilefni sé til þess. Það hafa aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gert sem hér hafa talað á undan mér. Ég ætla því að leggja áherslu á heilbrigðisstofnanir og stöðu aldraðra, sjúkra og öryrkja því ljóst er að staða bæði stofnana og einstaklinga hefur versnað og ekki er fyrirsjáanlegt að rekstur heilbrigðisstofnana verði bjartur á næsta ári ef þessi fjárlög verða afgreidd eins og þau eru lögð fram í dag.

Ég nefni flaggskip íslensku heilbrigðisþjónustunnar. Við höfum talað mikið um flaggskip menntamála og menntunar, þ.e. Háskóla Íslands sem er flaggskip íslenskrar menntunar. En Landspítali – háskólasjúkrahús er flaggskip okkar á heilbrigðissviði. En þannig er staðan hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi að gerðar hafa verið óhóflegar kröfur um aðhald og sparnað. Þessi krafa hefur verið uppi alveg frá því að þessar tvær stofnanir, Landspítali og Borgarspítali, sameinuðust. Þær fengu aldrei andrými til að koma starfseminni þannig í gang að hægt væri að sýna hagræðingu með sameiningu. Sameiningin ein og sér kostaði fjármuni og þeir fjármunir voru aldrei lagðir til þessarar stofnunar. En hún er enn þá undir þeirri pressu að sýna óhóflegt aðhald og sparnað. Dregið hefur úr stoðþjónustu á stofnuninni og það er markvisst gert. Það er gert undir þeim formerkjum að í sparnaðaráformunum og kröfunum felst að spítalinn verður að einbeita sér að sjúkrahúsrekstrinum sjálfum og hátækniþjónustunni og því er allt tekið út sem hægt er sem gerði þjónustuna betri, fjölbreyttri og mannúðlegri, við skulum ekki gleyma mannúðlegri.

Um langt skeið hefur verið óheyrilegt álag á starfsfólki, sérstaklega í hjúkrunargeiranum, á sjúkraliðum og hjúkrunarfræðingum. Margar deildir hafa verið undirmannaðar og fólk er að gefast upp. Langvarandi álag er farið að hafa áhrif á heilsu og krafta þeirra starfsmanna sem enn starfa við stofnunina. Þetta er staðreynd sem ég tel að ekki sé hægt að horfa fram hjá.

Undirmönnunin birtist ekki bara í því að færri séu á vakt heldur einnig því að færri hjúkrunarfræðingar eru á vakt, miðað við það sem eðlilegt getur talist, m.a. miðað við þá staðla sem settir hafa verið eftir miklar rannsóknir. Það er ekki byggt á getgátum eða óskhyggju heldur hefur verið sýnt fram á að með ákveðnu menntunarstigi í hjúkruninni, þ.e. með vissum fjölda hjúkrunarfræðinga fyrir ákveðinn fjölda sjúklinga sé þjónustan öruggari, skilvirkari og verði með tímanum ódýrari. Við erum langt frá því að uppfylla staðla um góða og faglega þjónustu. Ég tel að við séum komin að mörkum þess að reka heilbrigðisþjónustu sem talist geti örugg og eins góð og við ættum að eiga möguleika á að veita, miðað við þá starfskrafta sem við höfum til að sinna henni. Fagleg þjónusta hefur verið skert á mörgum deildum og ég tel að hættan á faglegum mistökum hafi aukist. Það hefur komið fram.

Hætta á sýkingum getur einnig aukist. Sýkingarhættan eykst með breyttu fyrirkomulagi við ræstingu. Það gerist sjálfkrafa þegar ræsting er boðin út. Þrifin á hverri deild fyrir sig eru með öðrum hætti en þegar starfsfólkið er fastráðið. Slíkt fyrirkomulag getur leitt til aukinnar sýkingarhættu. Ég tel rétt að við ræðum þetta opið enda mun þetta áhyggjuefni hjá mörgum innan sjúkrahússins.

Fleiri deildir mætti nefna en barna- og unglingageðdeildin hefur orðið einna verst úti við rekstur Landspítala – háskólasjúkrahúss. Barna- og unglingageðdeild hefur bæði verið undirmönnuð og eins hefur dregist að ráða bót á húsnæði hennar. Samtímis hefur verið stóraukin eftirspurn eftir þjónustu deildarinnar þannig að á tíðum ríkir neyðarástand á þessari deild. Það er neyðarástand þegar ekki er hægt að taka við bráðveikum börnum og unglingum inn á deildina, sem enginn vafi er á að þurfa á bráðaþjónustu að halda. Það er alvarlegt mál. Þurfi að dragast um einhvern tíma að veita börnum og unglingum með geðræna sjúkdóma þjónustu þá getur það haft alvarlegar afleiðingar. Ef ekki er hægt að grípa nógu fljótt inn í þá versnar sjúkdómurinn í mörgum tilfellum og þá þarf á meiri lyfjagjöf eða lengri meðferð að halda.

Ég vil benda á að fyrir liggur breytingartillaga á þskj. 485, sem hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Margrét Frímannsdóttir og Magnús Þór Hafsteinsson standa að ásamt mér. Þar er gert ráð fyrir framlagi til nýframkvæmda til Landspítala – háskólasjúkrahúss, 90 millj. kr., til að hefja framkvæmdir við barna- og unglingageðdeild. Miklu fé hefur verið safnað til þessa sjúkrahúss

og ég tel það til vansa að slíkar umbætur skuli ekki komnar í gagnið.

Ég vil í þessu sambandi líka nefna geðdeild Landspítalans á Kleppi. Því miður er hæstv. heilbrigðisráðherra ekki viðstaddur en það væri áhugavert að fá úr því skorið hvort inni á Kleppi sé rekin lokuð geðdeild eða öryggisdeild. Menn gera sér ekki allir grein fyrir því að töluverður munur er á lokaðri deild og öryggisdeild. Lokuð deild hindrar að sjúklingar komist út. Um öryggisdeild gildir hið sama, þar komast sjúklingar ekki út en hún er mönnuð með allt öðrum hætti. Þar eru starfsmenn fleiri og önnur samsetning á mannafla. Sú deild verður að standa undir nafni en svo er ekki í dag. Mér finnst mikilvægt að upplýst verði hvort deildin á Kleppi sé lokuð deild eða öryggisdeild. Erfiðar geðdeildir verða að vera vel mannaðar og með hæfu starfsfólki.

Hæstv. forseti. Ég vil einnig nefna stöðu aldraðra og öryrkja. Í breytingartillögum á þskj. 484 sem lagðar eru fram af hv. þm. Helga Hjörvar, Einari Má Sigurðarsyni, Katrínu Júlíusdóttur, Guðjóni A. Kristjánssyni og Jóni Bjarnasyni er lagt til að örorkulífeyrir hækki um 600 millj. og til heilbrigðismála verði auk þess lagðar fram 300 millj. kr. til að fjölga hjúkrunarrýmum umfram það sem gert er í fjárlagafrumvarpinu. Hvoru tveggja er bráðnauðsynlegt að koma í gegn enda ekki hægt að loka augunum fyrir því lengur og efast um upplýsingar frá öryrkjum og öldruðum varðandi útreikninga á lífeyri þeirra og stöðu þeirra hvað varðar framfærslugetuna af þeim lífeyri sem þeir fá eftir að búið er að taka af þeim skatta. Tekjutengingin er með þeim hætti að öryrkjar og eldri borgarar hafa lítið upp úr því að afla sér aukatekna með launaðri vinnu. Af þeim er fer stórt hlutfall í skatta auk þess, vegna reglna um tekjutengingar, að þeir missa lífeyrisgreiðsluréttindi sín að auki.

Mörgum hefur verið hegnt fyrir að ætla að reyna að styrkja framfærslugrunn sinn með því að vinna launaða vinnu. Fyrir utan það er kerfið sem þeir búa við í dag mjög óréttlátt. Enginn lifir af tekjum undir 100 þús. kr. að frádregnum sköttum. Það er augljóst að framfærslukostnaðurinn er miklu hærri. Auk þess er niðurlægjandi fyrir þá sem geta unnið að kerfið skuli letja þá í að vinna. Ég tel að fyrirkomulagið, fyrir utan það að vera þjóðarskömm, hvetji aldraðra og öryrkja til svartar atvinnustarfsemi, líkt og marga aðra sem komast ekki öðruvísi af en að vinna án þess að gefa upp tekjur sínar.

Hæstv. forseti. Ég mæli ekki með því að fólk vinni á svörtum markaði. En þetta eru staðreyndir og þeir einstaklingar sem hafa möguleika á að vinna án þess að gefa upp tekjur sínar freistast örugglega til að gera það. En því miður er hugsanlega ekki mikið framboð af vinnu fyrir þessa einstaklinga. Við búum í þjóðfélagi sem veltir sér upp úr æskudýrkun þar sem eldra fólki er frekar sagt upp en að hlúa að starfsframlagi þess. Vinnufyrirkomulagið þyrfti að vera þannig að aldraðir og öryrkjar geti verið á vinnumarkaðnum með sveigjanlegan vinnutíma. Sú hugsjón og hugsun að hafa sveigjanlegan vinnutíma á vinnumarkaði er frekar í orði en á borði. Á því hefur lítið borið hvort heldur sem það hefur snúið að öldruðum og öryrkjum eða barnafólki. Þar sitja allir við saman borð. Vinnumarkaðurinn er ósveigjanlegur og hefur fram að þessu frekar viljað losa sig við aldraða en stuðla að því að þeir fái vinnu.

Skýrsla Stefáns Ólafssonar sem birt var 1. desember staðfestir það sem aldraðir hafa lýst yfir á undanförnum árum, að kjör þeirra hafa versnað frá árinu 1988. Árið 1995 fóru kjör þeirra að skerðast verulega og það nægir hverjum og einum hv. þingmanni að tala við hóp aldraða. Það er undantekning ef einhver í þeim hópi lýsir sig ánægðan með stöðu sína, kjör og þjónustu heilbrigðis- og félagsþjónustunnar. Það er bara þannig.

Sem betur fer býr stór hópur aldraða vel og hefur góðan lífeyri en það afsakar ekki að þeir eru miklu fleiri sem búa við mjög kröpp kjör. Þær lífeyrisgreiðslur sem allt of margir verða að búa við hneppa aldraða og öryrkja í fátæktargildru sem ómögulegt er fyrir þá að komast úr. Ljóst er að þau kjör sem öldruðum eru boðin með lífeyrisgreiðslunum hafa eingöngu hækkað, greiðslur vegna lyfja hafa hækkað, greiðslur vegna heilbrigðisþjónustu hafa hækkað. Þetta samanlagt hvetur fólk og rekur það inn á dvalar- og hjúkrunarheimili. Þegar fólk hefur ekki efni á að eiga hús sín, þegar það hefur ekki efni á að leigja, þegar það hefur ekki efni á því að lifa mannsæmandi lífi af þeim tekjum sem það hefur er skömminni skárra að reyna að komast inn á dvalarheimili þó svo þessir sömu einstaklingar gæfu lifað ágætu lífi og búið einir sér ef þeir fengju til þess stuðning.

Hæstv. forseti. Fyrir utan að hækka lífeyrinn er nauðsynlegt að hækka frítekjumarkið þannig að við verðum á svipuðu róli og Norðurlandaþjóðirnar hvað varðar frítekjur aldraðra og öryrkja. Einnig verður að draga úr hinni óhóflegu tekjutengingu frá því sem nú er. Hún er þjóðarskömm. Það er skömm að því að setja svo strangar reglur hvað varðar möguleika til tekjuöflunar að fólk sjái sér engan hag í því að fara út á vinnumarkaðinn þó það hafi heilsu til og ánægju af.

Hæstv. forseti. Hér eru nokkrar breytingartillögur á þskj. 486 frá okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Ég vil nefna breytingartillögur í 4. lið. Þar leggjum við til að framlag til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri verði 40 millj. kr. til að tryggja starfsemi líknardeildar, ekki bara hálft næsta ár heldur allt árið, og eins til að styrkja starfsemi krabbameinslækningadeildar og þá þjónustu sem krabbameinssjúklingar gætu fengið á Akureyri ef bæði krabbameinsdeildinni og líknardeildinni yrði tryggður rekstur. Það er hægt að stórefla krabbameinslækningar á Akureyri og draga enn frekar úr því að fólk þurfi að fara suður til Reykjavíkur í krabbameinsmeðferð nema í þeim tilfellum þegar um mjög sérhæfða meðferð er að ræða eða fólk óski hreinlega eftir því.

Í 6. lið eru 17 millj. kr. áætlaðar í stafræna myndgreiningu á Norður- og Austurlandi. Nú er það svo, herra forseti, að á þessum stofnunum, á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Sjúkrahúsinu á Ísafirði, hefur nú undanfarið verið unnið að því að koma á tengingu og keypt hefur verið greiningartæki til stafrænnar framköllunar á röntgenmyndum. Eins hefur verið keypt sneiðmyndatæki á Austurlandi fyrir Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Þetta er meira og minna fyrir gjafafé en tengingar fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri eru komnar í lag. Hugmyndin er sú að með því að nota þessa stafrænu myndgreiningu á röntgenmyndum sé hægt að fá þjónustu

röntgenlækna, sérfræðinga, allan sólarhringinn allt árið. Þeir sérfræðingar eru þá staddir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Þangað eru myndirnar sendar og greindar og sjúkdómsgreiningin kemur til baka. Af þessu er mikil hagræðing og mikið öryggi. Núna er hægt að senda þessar myndir hnökralaust en ekki hefur verið hægt að geyma þær. Til þess þarf alveg sérstakt tæki og þessar 17 millj. kr. eru ætlaðar í það tæki. Það er til lítils að fjárfesta í sjálfum myndgreiningartækjunum og dýrum tækjum eins og sneiðmyndatækjum og vinna að þessu samstarfi milli stofnana á milli fjórðunga — Sauðárkrókur er trúlega inni í þessu líka — ef ekki er hægt að klára dæmið til fulls og koma upp tæki sem geymir myndirnar. Þetta er dýrt tæki, kostar að mig minnir eitthvað um 60 millj. kr. Það væri hægt að dreifa kostnaðinum á einhver ár en það kostar þessa upphæð að festa kaup á þessu tæki og koma því upp.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég vinnulag hv. fjárlaganefndar ámælisvert, þ.e. að kalla ekki til sín þá forstöðumenn ríkisstofnana sem bera ábyrgð á viðkomandi rekstri. Þetta hefur verið gagnrýnt af þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Þeir vilja fá upplýsingar um stöðu margra stofnana en ekki hefur þótt ástæða til að kalla forstöðumenn þeirra fyrir. Mér er kunnugt um að Heilbrigðisstofnun Austurlands á í miklum fjárhagserfiðleikum og ég nefni þá stofnun hér þar sem ég þekki aðeins til reksturs hennar. Ég tel að sá rekstur geti verið samnefnari fyrir rekstur annarra heilbrigðisstofnana og margra sjúkrahúsa vítt og breitt um landið. Það er vitað í heilbrigðisráðuneyti og fjármálaráðuneyti að mikill hallarekstur er á stofnuninni, ekki bara á þessu ári heldur líka á síðasta ári. Stofnuninni er ætlað að fara út í starfsemi næsta árs með um 200 millj. kr. fjárþörf umfram það sem fram kemur í fjárlögum. Í dag er rekstrarhalli þessa árs og síðasta orðinn um 200 millj. kr. Þessari stofnun er ætlað að standa undir óbreyttum rekstri og meira en það. Henni er ætlað að taka við þeirri fjölgun íbúa sem er að verða á svæðinu og fjölgun ferðamanna og starfsmanna sem ekki hafa lögheimili á staðnum. Þrátt fyrir að orðið hafi 20–25% aukning á starfsemi stofnunarinnar frá 2003, þá er ég að tala um komur og innlagnir, og þótt fyrirsjáanlegt sé að stöðug aukning verði á allra næstu árum er stofnuninni ætlað að fara inn í næsta ár með þennan rekstrarhalla. Ég veit ekki hvernig hún á að gera það öðruvísi en að loka einhverri deild eða deildum eða hætta einhverri starfsemi. Dýrasta sparnaðaraðgerðin er lokun deilda þannig að þó að deildum yrði lokað yrði það líka dýrt. Ég sé ekki annað en að það þróunarstarf sem hefur verið í gangi muni líða, forvarnir muni líða og raunar sé verið að setja þessa stofnun ásamt öðrum heilbrigðisstofnunum og ríkisstofnunum í óviðráðanlega stöðu. Á þessu eiga svo forstöðumennirnir að bera ábyrgð. Hvaða ráðherra mundi vilja vera í þeirra sporum? Ég trúi enginn. Það er óásættanlegt að ætlast til að stofnanir séu reknar með þessum hætti.

Hæstv. forseti. Ég nefndi áðan að mikil þörf væri á að fjölga hjúkrunarrýmum en þar sem hjúkrunarrými eru, eins og nafnið bendir til, fyrir þá fullorðnu einstaklinga sem þurfa hjúkrun umfram það sem hægt er að veita á dvalarheimilum þá er það sérkafli. Dvalarheimilin, eins og þau hafa verið rekin, eru að mestu leyti að verða barn síns tíma. Mjög margir einstaklingar leita til hjúkrunarheimilanna, ekki endilega af heilsufarsástæðum heldur vegna þess að félagslegt og fjárhagslegt öryggi skortir. Báða þessa þætti er hægt að veita þó að fólk búi í heimahúsi eða út af fyrir sig eða eins og það sjálft óskar. En til þess þarf að stórefla heimaþjónustuna, bæði heimahjúkrunina sem heilsugæslan veitir og heimaþjónustu sveitarfélaganna. Eins og staðan er núna er hvorugur þessara opinberu þjónustuþátta í stakk búinn til að veita þessa þjónustu. Heilsugæslan er spennt til hins ýtrasta. Þangað vantar fleiri starfsmenn og fleiri starfsstéttir. Inn í félagsþjónustu sveitarfélaganna vantar fyrst og fremst fjármagn. Það vantar líka að geta ráðið fleira fólk á hærri launum svo að heimaþjónustan verði eftirsóknarverð og hægt verði að veita þá heimaþjónustu sem stendur undir nafni. Þannig er í raun og veru verið að færa til fjármagn frá dvalarheimilum og heilbrigðisþjónustu yfir í heimaþjónustu. En þetta kostar skipulagsbreytingar, þetta kostar hugarfarsbreytingar og þetta kostar vilja til að styrkja sveitarfélögin svo að þau geti staðið undir þeirri þjónustu sem þau vilja efla en hafa ekki bolmagn til.

Hæstv. forseti. Það er eitt sem ég vildi nefna að lokum sem í raun og veru er gerður hlutur. Reyndar er ég með margt sem sem væri gaman að nefna en í pappírunum mínum var eitt erindið nærri því orðið eftir, hæstv. forseti. Það hefði ekki verið gott. Ég ætla að nefna eina breytingartillögu til viðbótar sem ég er 1. flutningsmaður að en meðflutningsmenn eru hv. þm. Guðmundur Magnússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Breytingartillagan er á þskj. 487. Þar leggjum við til að Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fái 30 millj. kr. til sólarhringsvakta og 25 millj. kr. til innréttingar nýrrar álmu.

Málefni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja voru töluvert í umræðunni í vor og síðan aftur í haust. Þessi stofnun getur sinnt miklu fleiri sjúklingum en hún gerir í dag með því að hafa sólarhringsvaktir skurðstofusvæfingarlæknis. Eins er mikil þörf á að stækka húsnæðið til að geta uppfyllt þau skilyrði sem aukin þjónusta kallar á. Með því að efla Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mundi létta mikið á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og færri sjúklingar þyrftu að fara á milli. Það er nefnilega ekki svo að sjúklingarnir gufi upp, þeir eru til staðar og veikindi eða fæðingar eiga sér stað í raunveruleikanum, og ef þessum einstaklingum er ekki sinnt á Suðurnesjum fara þeir til Reykjavíkur, flestir hverjir, og leggjast þá inn á Landspítala – háskólasjúkrahús eða á þau sjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu sem í dag eru undir allt of miklu álagi.

Hæstv. forseti. Það sem ég nefndi áðan og kallaði gerðan hlut er sala húsnæðis Heilsuverndarstöðvarinnar sem nú er orðin staðreynd. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég trúði því aldrei fyrr en gjörningurinn var yfirstaðinn að hann yrði látinn ganga til enda. Allan tímann sem ég vissi að það kæmi til greina að selja Heilsuverndarstöðina taldi ég að það yrði þá gert til að fá verðmiða á húsnæðið, það væri erfitt að verðleggja það. Það er ekkert launungarmál að ágreiningur hefur verið á milli Reykjavíkurborgar og ríkisins um afnot af húsinu og leigu og hvernig ætti að verðleggja sjálft húsið og eignarhlutann. Reykjavíkurborg átti 60% í húsnæðinu og vildi selja sinn eignarhluta ríkinu sem hefur notað húsnæðið fyrir heilsugæslustarfsemi sína og fleira — Lýðheilsustöðin hefur verið þar líka — en ríkið

var ekki tilbúið til að kaupa. Ég trúði því, hæstv. forseti, að það væri verið að leita eftir þessum verðmiða. Svo var þó ekki, heldur var húsnæðið selt.

Ég nefni þetta hér því að mér finnst þetta ákaflega heimskuleg gjörð af hálfu ráðuneytisins. Heilbrigðisráðuneytið, starfsemi ríkisins, er í húsinu. Það er sérhannað fyrir heilsuverndarþjónustu, heilbrigðisþjónustu. Hver einasti smáhlutur inni í þessu húsi er hannaður með tilliti til gegnumstreymis af sjúklingum og þjónustu sem þeir þurfa að fá. Því miður er húsnæðið ekki allt friðað í dag en það ætti að vera það. Húsið sjálft er sérhannað fyrir heilsuvernd og heilbrigðisþjónustu og nú á að fórna góðri hönnun og í raun og veru menningarverðmætum ef húsið sem heild verður ekki verndað. Og ég tel að ríkissjóður sé að gera hér mikið glappaskot því að þá starfsemi sem núna er í húsinu þarf að flytja eitthvað annað. Hvert hún flyst veit enginn en það húsnæði mun kosta eitthvað eða leigan mun kosta eitthvað og ég er ekki viss um að það verði svo mikill gróði af þessari sölu þegar upp verður staðið. Kannski blöskrar mér samt fyrst og fremst það að láta sér detta í hug að selja húsnæði sem er sérhannað fyrir heilsuvernd og heilbrigðisstarfsemi — þar sem sú starfsemi fer fram í húsinu — undir eitthvað allt annað og koma svo þessari sömu heilsugæslustarfsemi fyrir í einhverju húsi sem alls ekki er þá hannað eða að öllum líkindum verður ekki hannað fyrir þá starfsemi. Það verður a.m.k. aldrei jafnsérhannað fyrir slíka starfsemi og þetta hús er. Mér finnst þetta vitlaust, fjárhagslega óskynsamlegt, menningarlega, rekstrarlega og hvernig sem á það er litið. Þetta er hugsanlega dæmi um ýmis þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð í húsnæði opinberra stofnana.

[22:21]

Útbýting:

Málefni aldraðra, 174. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 525.

[22:21]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Það er langt liðið á 3. umr. og rétt að tæpa hér á nokkrum atriðum sem fram hafa komið í umræðunni. Eitt sem hefur komið upp er að mönnum finnst óeðlilegt að fjárlaganefnd hafi svo gott sem lokið umfjöllun sinni um fjárlagafrumvarpið að lokinni 2 umr. og að meiri hlutinn skuli ekki flytja nema eina breytingu sem kalla mætti tæknilega. Hún er reyndar flutt af hálfu formanns og varaformanns fyrir hönd meiri hlutans ef ég man þetta rétt. Ég held samt að þetta sé hið eðlilegasta mál, sérstaklega í ljósi þess að sú breyting hefur orðið á að tekjuáætlun er nú kynnt fyrir 2. umr. en ekki við 3. umr. eins og áður var. Meginlínurnar liggja þá betur fyrir vegna þess að tekjurnar liggja fyrir og auðvitað sú viðmiðun sem útgjöldin verða að hafa að einhverju leyti útgangspunkt í þótt það sé auðvitað ekki algilt og 100% viðmið sem þar er. Ég held að það sé eðlilegt að langsamlega mest af vinnunni og afgreiðsla nefndarinnar fari fram við 2. umr. og þá fær raunverulega fjárlagafrumvarpið líkari meðferð og önnur frumvörp. Síðan geta hlutir gerst eins og við afgreiðslu fjáraukalaga fyrr á þessu þingi þegar upp komu atvik eftir að 2. umr. lauk sem leiddu til þess að leggja þurfti til breytingar við 3. umr. Þá auðvitað gegnir 3. umr. fullkomlega hlutverki sínu en það er ekki endilega þannig að jafnvel þótt menn eigi eina umræðu eftir þurfi að auka í útgjöldin, eins og manni fannst aðeins liggja að í umræðunni að gera ætti.

Það er þó líka þannig jafnvel að lokinni 3. umr. og þá standa eftir álitaefni sem menn hafa ekki komist að endanlegri niðurstöðu um. Það er fullkomlega eðlilegt líka að það þarf einfaldlega að klára fjárlög á tilteknum tíma og það liggja ekkert endilega niðurstöður fyrir í öllum málum. Það má segja að fyrst og fremst hafi borið á tveimur málum í umræðunni hvað þetta varðar, t.d. stöðu hjúkrunarheimilanna. Framkvæmdarvaldið er meðvitað um þá umræðu og þá vinnu sem þar hefur farið fram, enda hefur það staðið fyrir þeirri vinnu að hluta til sjálft. Niðurstaðan liggur ekki endanlega fyrir. Það sem liggur fyrir hefur ekki verið greint en það verður auðvitað gert síðar og menn geta þá tekið afstöðu til þess hvernig mönnum sýnist staðan vera.

Eins eru það málefni rannsóknarhúss Háskólans á Akureyri. Þar eru að mínu mati ekki öll kurl komin til grafar og það mál snýr að fleiri aðilum en háskólanum sjálfum og þá að þeim stofnunum sem nýta sér húsnæði rannsóknarhússins. Ég held að við þurfum að skoða þetta betur og sjá hvernig staðan er og hvernig rétt er að bregðast við henni, þá með tilliti til þess að fleiri aðilar en bara háskólinn nýta húsnæðið.

Síðan hafa orðið umræður um vaxtabætur. Kannski er rótin þar að einhverju leyti misskilningur og hv. þingmenn hafa ekki alveg áttað sig á stöðunni og að einhverju leyti er kannski mér um að kenna líka. Ég ætla ekkert að útiloka það. Staðan er sú að fallið hefur verið frá þeim fyrirætlunum sem kynntar voru í frumvarpinu um að gera lagabreytingar í framhaldi af þeim breytingum sem gerðar voru í fyrra og giltu einungis í eitt ár. Eins og hv. þingmenn hafa væntanlega tekið eftir hefur ekki verið lagt fram frumvarp á þinginu í vetur um þær breytingar og það verður ekki gert. Þar af leiðandi verður ekki um að ræða þær skerðingar og aðrar breytingar sem kynntar eru í þeim kafla fjárlagafrumvarpsins. Það eru þær breytingar sem geta virkað í báðar áttir og niðurstaðan er sú að það að falla frá þessum fyrirhuguðu breytingum mun ekki hafa þau áhrif á stöðu þessara mála að nauðsynlegt sé að leggja fram breytingartillögur hvað varðar upphæðirnar. Því stendur það eftir að um 200 millj. kr. aukningu verður að ræða á framlögum samkvæmt frumvarpinu til vaxtabóta.

Eitt mál hefur komið nokkuð upp í dag líka, umræða um skýrslu Stefáns Ólafssonar um öryrkja og velferð. Ég verð að segja að þessi skýrsla kom mér nokkuð á óvart og olli mér reyndar nokkrum vonbrigðum líka, a.m.k. við fyrstu sýn. Ég tel þó ekki skynsamlegt að fara út í mikla efnislega umræðu um skýrsluna fyrr en búið verður að fara nákvæmar ofan í þær upplýsingar sem þar er að finna og þær forsendur sem þær upplýsingar eru byggðar á. Vonandi verður hægt að kynna niðurstöður þeirra athugana sem fyrst en ég endurtek að skýrslan kom mér á óvart og við fyrstu sýn valda niðurstöðurnar mér vonbrigðum en leiða þó til þess að þær þarf að skoða betur.

Jafnframt hefur orðið nokkur umræða í dag um nýjustu skýrslu Seðlabankans í Peningamálum og í tengslum við ákvarðanir um hækkun á stýrivöxtum bankans um 25

punkta fyrir helgina. Þetta er áhugaverð skýrsla og sérstaklega auðvitað umfjöllunin um ríkisfjármálin og þær athuganir sem Seðlabankinn hefur gert í þeim efnum. Ánægjulegt er líka að Seðlabankinn tekur jákvætt í þau markmið sem sett eru í fjárlagafrumvarpinu og hafa síðan komið fram í því hvernig þróun mála hefur verið hvað fjárlagafrumvarpið varðar í meðförum þingsins á haustdögum.

Í heildina litið er Seðlabankinn jákvæðari hvað varðar þróun í efnahagsmálum og verðbólguhorfur hafa batnað. Jafnframt því hefur Seðlabankinn kynnt til sögunnar svokölluð fráviksferli hvað varðar verðbólguna og sýnir þar hvernig hann metur það hvað markaðsaðilar sjái fyrir sér, hver þróunin geti verið bæði hvað varðar breytt gengi og breytta vexti. Eins og hv. þingmenn vita spáir Seðlabankinn hvorki fyrir um sínar eigin vaxtabreytingar né um það hvert gengi krónunnar verður. Hann verður því að notast við þessar greiningar á spám markaðarins. En það er greinilegt að Seðlabankinn gerir ráð fyrir því að gengið muni lækka á næstu mánuðum og að hann muni með vaxtaákvörðunum reyna að hafa áhrif á það hvernig þróun gengisins verður til að stýra þá verðbólguferlinu að markmiði Seðlabankans á næstu missirum. Ég held að það sé nokkuð skynsamleg hugsun sem fram kemur hjá Seðlabankanum og ég held að atvinnulífið eigi að geta fagnað þeirri hugsun sem þar kemur fram og sjá þá fram á að þeim erfiðleikum sem hátt gengi krónunnar hefur valdið því muni linna með tíð og tíma þó að auðvitað sé ekki beinlínis lagt fram tímaplan af hálfu Seðlabankans í þessum efnum.

Eitt af því sem hefur komið fram hjá Seðlabankanum líka er það að hann — það er kannski helsta frávikið sem núna er í spá Seðlabankans og í spá fjármálaráðuneytisins í þjóðhagsáætluninni, þ.e. spáin um hagvöxtinn — gerir ráð fyrir meiri hagvexti og þá væntanlega í samhengi við að hann reiknar með meiri tekjum og meiri afgangi á ríkissjóði. Út af fyrir sig á það ekki að breyta mjög miklu í þeirri afgreiðslu sem við sjáum fram á á þinginu að tekjurnar hafi ekki á þennan hátt áhrif á útgjaldaáformin. Auknar tekjur ættu einungis að verða til þess, miðað við þær ákvarðanir sem varða afgang á ríkissjóði, að aðhaldið eykst. Þannig séð er þetta jákvætt hvað ríkisfjármálin varðar og ekki ástæða til að láta það raska þeim áætlunum sem hér er verið að vinna með.

Ég held, herra forseti, að ég láti þetta nægja í bili. Hér í dag hafa verið ágætar umræður og málefnalegar eins og umræðurnar hafa verið um fjárlagafrumvarpið í vetur, a.m.k. að mestu leyti. Það er ánægjulegt að svo skuli geta verið því að eins og kom fram hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur lifum við í góðæri en þó að gott sé í ári hjá ríkissjóði þýðir það ekki endilega að það sé eitthvað auðveldara fyrir okkur á hv. Alþingi að taka ákvarðanir. Það getur líka verið erfitt fyrir okkur að marka rétta kúrsinn þegar vel gengur því að við viljum auðvitað láta þann tíma sem velgengni fylgir endast sem lengst og nýtast okkur sem best.

[22:34]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að gera að umtalsefni málefni Íbúðalánasjóðs en í fjárlögum er gert ráð fyrir því að ríkissjóður veiti ábyrgðir upp á 81 milljarð í þessum fjárlögum. Það sem mér hefur hins vegar þótt á skorta í þessari umræðu hefur fyrst og fremst verið það að nýverið gaf ríkisendurskoðandi út skýrslu um sjóðinn og þar kemur fram talsverð gagnrýni á starfsemi hans. Nú vil ég taka það skýrt fram að ég er einn þeirra sem vilja veg sjóðsins sem mestan. Þess vegna hef ég miklar áhyggjur af þeirri gagnrýni sem þar kemur fram og einnig því umhverfi sem sjóðurinn er í. Og eins kemur fram í skýrslunni sú áhættustýringarstefna sem tekin var upp en láðist, eins og það er orðað í skýrslunni, að tilkynna Ríkisábyrgðasjóði annars vegar og Fjármálaeftirlitinu hins vegar, sem þó er löglegur umsagnaraðili um málið. Því langaði mig að beina því til hæstv. fjármálaráðherra — því að ég veit og hef fengið það staðfest að Ríkisábyrgðasjóður hefur tekið saman samantekt um stöðu sjóðsins og væntanlega einhvers konar mat á því hvernig staða ríkisábyrgða er sem eru í dag upp á 500 milljarða — að ég held að það sé afar mikilvægt áður en Alþingi afgreiðir ríkisábyrgðir upp á 81 milljarð til viðbótar að það liggi fyrir mjög skýrt fyrir þingheimi hvernig staðan er og hvernig þessi áhætta er metin þannig að hið háa Alþingi geti tekið upplýsta ákvörðun áður en það ákveður að samþykkja svo gríðarlega háar ábyrgðir.

[22:36]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að hv. þingmaður ber hag Íbúðalánasjóðs fyrir brjósti. Ég geri það líka.

Það hefur verið heilmikið umræða um Íbúðalánasjóð að undanförnu og út af fyrir sig eðlilegt miðað við hvernig málin hafa þróast á íbúðalánamarkaðnum. Það kemur ýmislegt fram í úttekt Ríkisendurskoðunar. Sú úttekt snýr þó aðallega að stjórnsýsluþættinum en ekki að fjárhagslegri stöðu sjóðsins. Eins og staðan er í dag hef ég engar slíkar upplýsingar undir höndum að einhverra breytinga sé að vænta á afstöðu minni gagnvart sjóðnum.

Hv. þingmaður minntist á samantekt Lánasýslunnar. Vegna fyrirspurnar frá hv. þingmanni grennslaðist ég fyrir um hana. Það mál stendur þannig að þeirri samantekt er ekki lokið en mun væntanlega ljúka á næstu dögum og berst okkur þá til athugunar. En það er auðvitað ekki svo að Alþingi sem slíkt sé með þessari ákvörðun að taka endanlega ákvörðun um ábyrgðina heldur er verið að veita fjármálaráðherra heimild til að veita ábyrgðirnar og við þá ákvörðunartöku hefur ráðherra að sjálfsögðu Ríkisábyrgðasjóð og Lánasýsluna sér til ráðuneytis til að vega og meta hvort eðlilega og rétt sé að málum staðið og ég á ekki von á öðru en að svo sé.

[22:38]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að ég og hæstv. ráðherra deilum ekki sömu skoðun eða sömu sýn á framtíð Íbúðalánasjóðs. Ég tel afar mikilvægt að hann starfi áfram og þar af leiðandi er mjög mikilvægt að starfsemi hans sé þannig úr garði gerð að við getum treyst því að þar sé allt með þeim hætti sem vera ber. Það er lykilatriði. Þessi stofnun nýtur ríkisábyrgðar og í þeirri ábyrgð felst lánshæfismat hennar.

Það vakti athygli mína áðan í ræðu hæstv. ráðherra þegar hann sagði að samantekt frá Ríkisábyrgðasjóði væri í vinnslu, ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt, og mundi klárast á næstu dögum. Nú hef ég fengið það staðfest frá Ríkisábyrgðasjóði að þessi samantekt hafi verið kláruð í síðustu viku og send fjármálaráðuneytinu. Það er því ljóst, miðað við þá staðfestingu sem ég hef, að það samræmist ekki alveg orðum hæstv. ráðherra í pontunni (Forseti hringir.) og mér þætti gott ef hægt væri að fá einhverja skýringu á því.

[22:39]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er sjálfsagt að skýra það að vegna fyrirspurnar hv. þingmanns lét ég kanna það sérstaklega í skrám ráðuneytisins hvort þessi samantekt lægi fyrir. Hún hefur ekki borist ráðuneytinu en það sem hins vegar getur villt mönnum sýn í þessu efni er að drög að samantektinni hafa gengið á milli ráðuneytisins og Lánasýslunnar. Vinnunni við hana er ekki lokið og þegar henni lýkur verður hún að sjálfsögðu ekkert leyndarmál.

[22:40]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. fjármálaráðherra að hann lýsti því yfir að ekki yrði af lagabreytingum sem boðaðar voru í texta í upphaflegu frumvarpi til fjárlaga og ætlaðar voru til að skerða vaxtabætur vegna húsnæðiskaupa. Ég áttaði mig hins vegar ekki alveg á því í ræðu hæstv. fjármálaráðherra hvernig hann fékk það út að ekki þyrfti að gera ráð fyrir auknum fjármunum vegna þessarar breytingar þar sem það kom skýrt fram þegar hæstv. fjármálaráðherra kynnti fjárlagafrumvarpið að í 1.000 millj. kr. sem átti að vera lækkun af hálfu ríkisstjórnarinnar til sérstakra aðgerða á gjaldahlið voru vaxtabætur og gert ráð fyrir að þar yrði sparnaður 250 millj. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig hæstv. ráðherra fær það út að hér þurfi ekki að gera neinar breytingar (Forseti hringir.) ef draga á skerðinguna til baka og þætti vænt um fá skýringu á því.

[22:41]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er sjálfsagt að skýra það. Í þeim breytingum sem kynntar eru í þessum kafla fjárlagafrumvarpsins er bæði gert ráð fyrir breytingum sem eru til hækkunar og lækkunar og þegar betur var að gáð standast þær nánast á þannig að ekki var talin ástæða til að fara út það að breyta fjárhæðinni í frumvarpinu vegna þeirra áætlana sem lúta að vaxtabótunum. Það eru skýringarnar sem liggja þar lá bak við.

[22:42]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá hlýt ég að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort í þeim breytingum sem hann boðar, þ.e. ef dregin verður til baka sú fyrirætlun að skerða vaxtabæturnar eða þær fjárhæðir sem vaxtabæturnar ættu að vera miðað við gildandi reglur, eigi þá jafnframt að draga til baka þær verðlagshækkanir sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu, sem áttu að valda þeirri hækkun sem fyrirhuguð er upp á 200 milljónir. Er það ástæðan fyrir því að hann fær það út að þetta standist á eða jafnist út að þetta verði gert? Að hér sé verið að draga það til baka, skerðingarnar séu dregnar til baka en á móti eigi að draga til baka það sem er áætlun um hér, verðlagshækkun á viðmiðunarfjárhæðir við útreikning bótanna, er það aðgerðin?

[22:43]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nákvæmlega það sem ég var að segja, að í þeim kafla sem hv. þingmaður vísar til er bæði gert ráð fyrir breytingum til hækkunar og lækkunar. Og eins og ég sagði áðan hefur hvorki verið flutt frumvarp um hækkunina né lækkunina og þær munu nokkurn veginn standast á þannig að ekki er ástæða til að breyta upphæðunum sem eru í frumvarpinu. Þar með verður heildarniðurstaðan sú að það verður 200 millj. kr. meira til vaxtabóta á þessu ári en á síðasta ári.

[22:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort hann og ríkisstjórnin ætli að hunsa óskir nánast allra almannasamtaka í landinu um fjárframlag til Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Í öðru lagi vil ég minna á að lokið er kjarasamningum við nær öll verkalýðssamtök í landinu. Samningar hafa hins vegar staðið yfir við Landssamband eldri borgara mánuðum og missirum saman. Stendur til að ljúka árinu og loka fjárlögum án þess að gengið verði til samninga við þau samtök?

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. ráðherra: Stendur virkilega til að hunsa óskir hjúkrunarheimila og dvalarheimila aldraða sem hafa lýst því yfir í þjóðfélaginu og gagnvart fjárlaganefnd Alþingis að við búum við neyðarástand, neyðarástand sem okkur öllum og allri þjóðinni er kunnugt um eftir umfjöllun í fjölmiðlum á undanförnum dögum og vikum?

[22:45]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þingmaður veit eru fjárveitingar til mannréttindamála í fjárlagafrumvarpinu. Þær eru á lið dómsmálaráðuneytisins. Það mun ráðstafa þeim fjármunum og það verður í höndum dómsmálaráðherra að ákveða hvernig þeim fjármunum verður best ráðstafað.

Varðandi hjúkrunarheimilin þá fór ég yfir það í ræðu minni áðan að yfirferð á stöðu þeirra er ekki lokið, ekki er búið að greina niðurstöðurnar sem fyrir liggja í þeim liðum sem lokið er að vinna, en við munum fara yfir það og sjá hvernig þeim málum verður best fyrir komið í framtíðinni. Varðandi aldraða stendur ekki til að gera samninga við þá um einhverja hluti sem hafa muni áhrif á afgreiðslu þessara fjárlaga eins og þau liggja núna fyrir.

[22:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki aðeins blaut tuska í andlitið á Mannréttindaskrifstofu Íslands. Þetta er blaut tuska í and-

litið á nánast öllum almannasamtökum í landinu sem óska eftir því og krefjast þess af Alþingi og ríkisstjórninni að veita framlag til mannréttindamála, til Mannréttindaskrifstofu Íslands. Það eru mikil vonbrigði að heyra svar hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra segir að skoða eigi stöðu öldrunar- og hjúkrunarheimila. Þetta var sagt í fyrra, líka í hittiðfyrra. Og nú höfum við fengið bréf, Alþingi hefur fengið bréf, fjárlaganefnd, þar sem forsvarsmenn þessara stofnana segja, með leyfi forseta: „Það er því ekki að ástæðulausu sem forsvarsmenn öldrunarheimila hafa áhyggjur af stöðu og framtíð heimilanna og þeim öldruðu og sjúku sem þar dvelja.“ Ríkisstjórnin og hæstv. fjármálaráðherra hafa hins vegar engar áhyggjur af þessu. Þetta er fullkomið ábyrgðarleysi og gagnvart öldruðum og Landssambandi eldri borgara mundu samningar við þau samtök að sjálfsögðu hafa áhrif á fjárlög á næsta ári (Forseti hringir.) og þess vegna er eðlilegt að ganga til samninga áður en samningum er lokað.

[22:47]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil ekki alveg af hverju þetta kemur hv. þingmanni svona mjög á óvart í kvöld. Það er eins og hann hafi ekki lesið þingskjölin og fylgst með þeim umræðum sem hafa farið fram hér að undanförnu. Þessi mál eru í athugun.

Hvað hjúkrunarheimilin varðar þá þarf hv. þingmaður hins vegar hvorki að gera mér né öðrum í ríkisstjórninni upp einhverjar hugsanir um af hverju við höfum áhyggjur og af hverju við höfum ekki áhyggjur. Hann þarf ekki að vera með neinar getsakir um það.

Varðandi Mannréttindaskrifstofuna þá eru, eins og ég sagði áðan, fjárframlög í frumvarpinu til mannréttindamála. Þau verða hjá dómsmálaráðuneytinu og dómsmálaráðherra mun ráðstafa þeim eins og hann telur skynsamlegast að gera. Ef hann telur skynsamlegast að ráðstafa þeim til Mannréttindaskrifstofunnar mun hann væntanlega gera það en ég get hins vegar ekki fullyrt nákvæmlega um hvað hann muni gera.

[22:48]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst hæstv. fjármálaráðherra túlka ákvarðanir og yfirlýsingar Seðlabankans nú á dögunum nokkuð frjálslega rétt eins hæstv. forsætisráðherra og utanríkisráðherra hafa líka gert, sem hafa talað um að þar hafi orðið stefnubreyting. Það kom skýrt fram í kvöldfréttum sjónvarpsins í kvöld í viðtali við formann bankastjórnar Seðlabankans að hér væri ekki um stefnubreytingu að ræða. Bankinn væri enn við sama heygarðshornið og hann var í september þegar hann hækkaði síðast vexti og það kemur fram í Peningamálum að áfram sé gert ráð fyrir miklum viðskiptahalla á árunum 2006 og 2007. Það er gert ráð fyrir mikilli framleiðsluspennu sem skapar verðbólguþrýsting. Það er gert ráð fyrir því hjá greiningaraðilum að stýrivextir fari í 12% á næsta ári, síðan í 11% eftir rúmt ár og í 8% í ársbyrjun 2008. Þetta þýðir einfaldlega að verið er að spá hærri stýrivöxtum en gert var í september. Það þýðir því ekki að tala um að hér sé einhver mikil breyting fram undan.

[22:49]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur auðvitað ekki orðið nein stefnubreyting hjá Seðlabankanum hvað það varðar að halda niðri verðbólgu og nálgast það markmið sem honum hefur sett. Það sem er hins vegar breytingin í þessu er að Seðlabankinn fjallar um það í umfjöllun sinni núna að gengið muni lækka og hann ætli að hafa áhrif á hvernig það gerist. Hann fjallar um það að innan tíðar, þó að það sé óskilgreint hversu langur tími það er, muni gengisvísitalan verða hærri og það mun auðvitað, eins og ég gat um áðan, létta ákveðnum áhyggjum af atvinnuvegunum. Þá er Seðlabankinn raunverulega kominn nær því að spá á svipaðan hátt og fjármálaráðuneytið hefur gert og greiningaraðilarnir um þær breytingar sem verða munu á genginu í framtíðinni

[22:51]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt að þetta hafi ekki verið stefnubreyting. Jæja, gott að vita það. Fjármálaráðherra segir: ekki stefnubreyting. Forsætisráðherra og utanríkisráðherra segja: stefnubreyting, þannig að það rekur sig hvað á annars horn í málflutningi þessara ágætu ráðherra. Meðan gert er ráð fyrir því að stýrivextir verði jafnháir og raun ber vitni þá eru mjög litlar líkur á því að gengið gefi eitthvað verulega eftir, mjög litlar líkur á því og meðan það ástand varir sem er spáð að geti varað allt til ársins 2008 þá er ekki líklegt að það séu miklar breytingar fram undan fyrir atvinnulífið í landinu því miður. Auðvitað væri það gott ef svo væri en það er ekkert sem bendir til þess, hæstv. forseti, og ég held að menn séu hér, hæstv. utanríkisráðherra, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra að reyna að tala kjark í atvinnulífið þrátt fyrir þau kólguský sem fram undan eru.

[22:52]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er afar einkennilegt. Stundum vitnar stjórnarandstaðan í greiningardeildirnar eins og þar sé hinn heilaga sannleik að finna. Þegar greiningardeildirnar segja hins vegar eitthvað sem stjórnarandstöðunni líkar ekki þá er ekkert mark takandi á þeim. Allar greiningardeildirnar, ASÍ og fjármálaráðuneytið hafa spáð því að gengi krónunnar muni lækka á næstu missirum og Seðlabankinn talar um það núna í greiningu sinni að gengið muni lækka á næstu missirum (Gripið fram í.) og leggur fram „alternatíf“ ferla um það hvernig verðbólgan geti þróast miðað við breytilegt gengi og breytilega vexti. Þegar Seðlabankinn gerir það kemst hann að nánast sömu niðurstöðu og fjármálaráðuneytið og ASÍ hafa komist um hvernig verðbólgan muni líklega þróast á næstu missirum.

[22:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi 3. umr. fjárlaga er eiginlega miklu frekar framhald 2. umr. heldur en 3. umr. fjárlaga því að

engar breytingar hafa orðið sem hægt er að tala um á milli þessara umræðna. Þegar þinginu var breytt í eina deild í staðinn fyrir tvær lögðu menn mikla áherslu á að þær umræður sem færu fram hér kæmu í staðinn fyrir deildaskiptinguna að þessu leyti. Ég er á þeirri skoðun að menn eigi ekki að setja sér það að markmiði að ekkert geti breyst í málum á milli 2. og 3. umr. Því er kannski ástæða til að tala meira almennt um þessi mál, enda búið að ræða mikið um þau í dag, en að ég fari að ræða hér einstaka liði. Það er auðvitað sama snið á áætlunum ríkisstjórnarinnar og verið hefur. Tekjur og gjöld hafa verið vanáætluð ýmist mikið eða lítið á undanförnum árum og það er gríðarleg spenna í samfélaginu, viðskiptahallinn er gríðarlegur, heimilisbókhaldið er kannski í lagi hjá ríkissjóði en fjölskyldumeðlimirnir eyða um efni fram og ekki lítið.

Það er góðæri hjá ríkissjóði og góðærið veitir ríkissjóði og þeim sem stjórna málum í landinu frelsi. „Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil", segir í frægum dægurlagatexta. Og menn geta þess vegna merkt það á því hvernig ríkisstjórnarflokkarnir fara með frelsið hver stefna þeirra er. Það er nefnilega ekki endilega hægt að sjá hver stefnan er af því sem menn hafa lýst yfir. Það getur verið munur á því hvað menn gera og hvað menn segjast ætla að gera, en framkvæmd stefnunnar segir okkur hver hún er hjá ríkisstjórninni. Sú stefna og forgangsröðun sem ríkisstjórnin sýnir okkur með ákvörðunum sínum er auðvitað komin mjög skýrt fram eftir tíu ár með Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum og tólf ár með Sjálfstæðisflokknum. Í velferðarmálum sjáum við að eftir allan þennan tíma eru aldraðir og fatlaðir settir hjá í góðærinu. Þetta hefur verið sannað á undanförnum missirum og árum með mjög skýrum hætti þó að menn gangi í ræðustól og haldi öðru fram. Það er auðvitað gríðarlegur munur á því hvernig þetta fólk hefur upplifað góðærið og aðrir í samfélaginu.

Ég tók eftir því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson benti á það til huggunar fyrir fatlaða að meiri möguleikar væru fyrir þá að taka þátt í atvinnulífinu hér en í öðrum löndum. Er það svo? Er hægt að halda því fram að meiri möguleikar séu fyrir það fólk að taka þátt í samfélaginu sem upplifir það að bæturnar eru teknar af því að mestu leyti ef það vogar sér út á atvinnumarkaðinn? Ég held ekki. Þessi stefna í velferðarmálum er stefna sem felur í sér aukna misskiptingu í samfélaginu og það er niðurstaðan af þeim tíma sem ríkisstjórnin hefur haft völdin.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði áðan að ekki þyrfti að hafa neina peninga í fjárlagafrumvarpinu vegna aldraðra, ekki væri þörf á því. Hann orðaði það kannski ekki svona en meiningin var þessi. Allir vita hvernig ástandið er hvað varðar öldrunarstofnanir og hjúkrunarheimili og það ástand er ekki að koma upp núna. Það ástand hefur varað árum saman. Endalaus togstreita milli sveitarfélaganna og hins opinbera um rekstur þessara heimila hefur staðið árum saman án þess að tekið hafi verið því máli. Það er auðvitað ríkisstjórninni til algerrar skammar hvernig staðið hefur verið að málum hvað varðar rekstur öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila. Og að ekki skuli vera hægt að gera neitt í því núna þegar góðærið stendur sem hæst segir auðvitað eitthvað um stefnu núverandi ríkisstjórnar. Hún móast endalaust við í þessum málum eins og hægt er.

Í menntamálum, sem hafa verið mest til umræðu í dag, skortir metnað og samræmi. Það eru skólagjöld á Íslandi og hafa verið lengi en ég tók eftir því að hæstv. menntamálaráðherra talaði um að í stað skólagjalda fengju háskólarnir framlög vegna rannsókna. Er það stefnan að annars vegar fái háskólar að taka skólagjöld og hins vegar fái þeir rannsóknarstyrki? Er þetta boðlegt? Auðvitað eiga háskólar að fá rannsóknarstyrki í samræmi við rannsóknir og auðvitað eiga þeir að hafa sambærilega möguleika til skólagjalda ef þau eru á annað borð höfð.

Þarna er á ferðinni vandræðagangur sem hefur verið allan tímann og nú er hálfur annar áratugur síðan Sjálfstæðisflokkurinn tók við menntamálaráðuneytinu. Þessi einn og hálfur áratugur íhaldsins ber vitni um stefnuna að bjarga sér frá degi til dags. Það liggur ekki fyrir hvað menn ætla sér, heldur verða menn að ráða í hvað fram undan er í menntamálum.

Hvernig er svo stefnan í byggðamálum? Það er nú býsna fínt að hér skuli vera staddur fyrrverandi formaður stjórnar Byggðastofnunar (**Gripið fram í:** Sem þekkir þetta afar vel.) sem þekkir þessi mál býsna vel. Byggðastofnun er lokuð, liggur í brotum. Það er búið að hluta hana niður, fleygja hinum og þessum verkefnum Byggðastofnunar út um hvippinn og hvappinn. Lánastarfsemi stofnunarinnar er strand.

Það kom skýrsla frá starfshópi sem fjallaði um þessi mál. Í henni kemur ýmislegt fram sem væri alveg ástæða til þess að fara hér yfir. Starfshópurinn leggur það til að stofnunin haldi áfram lánastarfsemi þrátt fyrir að hún hafi ekki stöðu til þess samkvæmt mati lánastofnana eða þeirra sem um það eiga að fjalla. Það er talað um að þróa fjármögnunartæki og samstarf við fjármálafyrirtæki og að til greina komi t.d. að veita ábyrgðir og það er talað um það að halda lánastarfsemi Byggðastofnunar áfram með sama hætti og hún hefur verið á undanförnum árum. Það er talað um einhvers konar samstarf við aðrar lánastofnanir.

Úr hvaða heimi tala menn? Halda þeir að ábyrgðir kosti ekki peninga í fjármálastarfsemi? Auðvitað. Ef Byggðastofnun ætlar að stunda lánastarfsemi og hjálpa þannig fyrirtækjum á landsbyggðinni, þar sem erfiðleikar eru við það að koma upp nýrri starfsemi eða halda starfsemi áfram, þá mun það kosta fjármuni. Sú starfsemi getur aldrei orðið fullkomlega sjálfbær. Ef menn ætla að fara aftur af stað með bundið fyrir augun munu þeir upplifa það aftur að fara í strand með starfsemina. Ef hún gæti verið sjálfbær þá þarf ekki á Byggðastofnun að halda, vegna þess að aðrar lánastofnanir geta auðvitað séð um það sem er sjálfbært hvað varðar fjármálastarfsemi í landinu.

Það er talað um að þróa samstarf við atvinnuþróunarfélögin og aðra aðila sem vinna við atvinnuþróun og nýsköpun og að nýta vaxtarsamninga sem tæki til að efla samstarf á þessu sviði og sérstaklega er bent á Impru, Iðntæknistofnun, Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins í því sambandi.

Ég nefni þetta vegna þess að ég sagði það áðan að það hefði verið búið að hluta Byggðastofnun niður. Það er komið að byggðamálum úr ýmsum áttum, fjölmörgum áttum, en ekki í gegnum Byggðastofnun sem var þó sett á lappirnar til þess að vera miðja þeirra verkefna sem tilheyra því að standa við bakið á veikum byggðum landsins. Þetta er auð-

vitað gjaldþrot í stefnu ríkisstjórnarinnar og alveg sérstaklega í byggðastefnu byggðamálaráðherrans, sem tók við þeim verkefnum fyrir fimm árum og hefur því haft forustu um að veikja Byggðastofnun. Það má því segja að líklega ætti maður að fagna yfirlýsingu hæstv. ráðherra um að nú standi til að skoða það að koma aftur á einhvers konar starfsemi í tengslum við stofnanirnar sem ég hér nefndi.

Í skattamálum kemur stefna ríkisstjórnarinnar býsna skýrt fram. Skattleysismörkin lækka og lækka á stjórnartímanum, hátekjuskatturinn er tekinn af, eignarskattar eru teknir af, það er lækkuð prósenta í álagningunni og það eru lækkaðir skattar á fyrirtæki, en þeir sem eru lægst launaðir í samfélaginu sitja uppi með að borga meiri skatta en áður. Stefnan er aukin mismunun og hún fer ekki á milli mála, það er aukin misskipting sem af henni hlýst, þannig að hún er alveg ljós þó að henni hafi ekki verið lýst yfir. Gerðin segir allt um það hver stefnan er.

Í samgöngumálum er ýmist niðurskurður eða átök í samgöngumálum. Því fylgir gjarnan hástemmt tal um afrek og eiginlega er með ólíkindum hvernig menn tala um samgöngumál þegar stefnan á undanförnum árum er skoðuð. Við höfum séð að með reglulegu millibili kemur niðurskurður í þeim málum og síðan kemur nýtt átak með svona reigingslegum yfirlýsingum um stórhug og framsýni, en langtímahugsun er ekki til staðar. Við erum að tapa gríðarlegum fjármunum á því að hún skuli ekki vera til.

Það er t.d. ástæða til að nefna Ísafjarðargöngin í því sambandi. Ef fyrir lægi langtímastefna í samgöngumálum væri ljóst hvar og hvenær ættu að koma göng í gegnum Tröllaskaga til að tengja saman Skagafjörð og Eyjafjörð. Ef það lægi fyrir hvar og hvenær þau göng kæmu hefðu menn aldrei farið í Héðinsfjarðargöng. En það er áfram farið með kíkinn fyrir blinda auganu hjá ríkisstjórninni. Hentistefnan er stefnan í samgöngumálum.

Í atvinnumálum er stóriðjustefnan aðalstefnan. Henni er samt ekki lýst þannig að fólk viti hvert menn ætla, menn verða að ráða í það. Það standa yfir athuganir á alls konar stóriðjukostum, það eru fjölmargir aðilar á ferðinni sem vilja byggja stóriðjuver hér á Íslandi, virðist vera af fréttum. Menn tala um Húsavík, Helguvík, Straumsvík, Skagafjörð. (Gripið fram í.) Já, og rafskautaverksmiðju í Hvalfirði.

Umhverfisráðherra var að fara úr landi núna. Skyldi hæstv. umhverfisráðherra vita hver stefnan er? Skyldi hæstv. umhverfisráðherra geta sagt félögum sínum eða kollegum á þessu sviði hvað Íslendingar vilji í þessu efni, hvort það standi til að kaupa kvóta fyrir þessa starfsemi á Íslandi, hvort það standi til að sækjast eftir meiri undanþágum? Ríkisstjórnin er ekki með stefnu í þessum efnum. Hún hefur ekki lýst því yfir. Þó er þetta nokkuð ljóst af verkunum og því sem er í gangi. Viljinn sést á verkunum þótt stefnan sé ekki yfirlýst.

Í sjávarútvegsmálum, sem eru auðvitað kannski stærstu byggðamálin úti um landsbyggðina, geta menn kannski velt því fyrir sér hvort þau mál samræmist yfirlýsingum um vilja í byggðamálum í landinu. Byggðastofnun er í brotum eins og ég sagði áðan, það er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum á fjárlögum til þess að rétta hana við, hún á bara að halda áfram. Það er gefin út tilskipun um það að þar skuli menn halda áfram uppteknum hætti þó að ástandið hjá stofnuninni sé eins og lýst hefur verið.

Mikilvægasti atvinnuvegur fólks á landsbyggðinni, sem er sjávarútvegurinn, hvernig skyldi nú líta út þar? Það er þannig að fjölmörg byggðarlög horfa fram á mikil vandamál á næstunni. Sjávarútvegurinn á í miklum vanda vegna hás gengis en ekki bara það, heldur er sú stefna sem hefur verið rekin — og hv. þm. Birkir Jón Jónsson var að hælast yfir hér í dag — þannig að í smærri byggðarlögum við sjávarsíðuna sér enginn fram á neina framtíð í aðalatvinnuveginum sem skapaði þessi byggðarlög. Það sér enginn möguleika á að stofna ný fyrirtæki í sjávarútvegi, aðalatvinnuveginum. Hver verður þá trú á slíkt byggðarlag til framtíðar? Hún verður auðvitað ekki mikil.

Stefnan ber vott um að því hefur aldrei verið lýst yfir hvert eigi að fara, aldrei verið sagt hvað eigi að gera, ekki berum, beinum orðum. Hún snýst um að einkavæða þjóðarauðlindina en því hefur aldrei verið lýst yfir, ekki í eitt einasta sinn. Samt er þetta stærsta einkavæðing Íslandssögunnar, upp á svona 350, 400 milljarða. Það hefur ekki farið fram heiðarleg umræða um það að menn væru að einkavæða fiskimiðin við Ísland og það hefur ekki verið lagt fyrir með neinum slíkum hætti.

Fólkið í landinu hefur verið á móti þessari stefnu allan tímann, það hefur alltaf legið fyrir. Ég vil halda því fram að þetta sé einhver óheiðarlegasta pólitíska aðgerð sem hefur verið gerð í landinu vegna þess að hún hefur verið framkvæmd undir sauðargærunni, vegna þess að menn hafa aldrei sagt hvað stæði til, hvað þeir væru í raun og veru að gera.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu en í lokin langar mig til þess að tala um þau mál sem bar hér á góma áðan, þ.e. þau vandamál sem menn sjá núna uppi vegna stöðu krónunnar. Ég held að það sé eitthvert erfiðasta viðfangsefni stjórnvalda sem fram undan er, þ.e. að sjá fram úr því hvernig hægt verður að stjórna efnahagsmálum í landinu. Það er undarlegt að hlusta á sumar vangaveltur manna um hvernig nú sé hægt að hafa áhrif á gengi krónunnar. Það er eins og helst skipti máli hvernig menn orði hlutina, það skipti öllu máli jafnvel hvernig menn eru í málrómnum þegar þeir tala um krónuna, þegar talað um stöðu gjaldmiðilsins. Menn eru svona að ráða í hlutina og velta þeim fyrir sér. Seðlabankinn velur vaxtastig og hækkanir af mikilli kostgæfni með það fyrir augum hvernig það sem gert er verði síðan útlistað og hvaða setningar fylgi því þegar menn lýsa yfir vaxtahækkuninni í hvert sinn.

Gengið stendur býsna hátt og það eru ekki bara sjávarútvegsfyrirtækin sem eiga í erfiðleikum vegna þess. Það eru hátæknifyrirtækin í landinu, það eru útflutnings- og samkeppnisgreinarnar í heilu lagi sem líða fyrir þetta gengi. Eitt ætti þetta þó að hafa fært mönnum heim sanninn um og það er að íslenska krónan verður erfið viðfangs inn í framtíðina. Hún er orðin enn þá smærri í samanburði við efnahagslífið en hún var áður. Það er búið að opna það upp á gátt gagnvart samskiptum við útlönd og það er ekki gott að sjá hvernig stjórn á gengismálum muni geta fært okkur eitthvað sem við gætum kallað jafnvægi eða stöðugleika í framtíðinni.

Ég held að það sé eitthvert brýnasta verkefni í stjórn-

málum á Íslandi að menn fari yfir stöðuna og reyni að koma sér upp hugmyndum um hvernig halda megi utan um stjórn efnahagsmála þannig að menn geti trúað því að hægt sé að ná jafnvægi. Ef menn finna ekki þá leið verða þeir að horfast í augu við að ekki sé hægt að treysta á íslensku krónuna til framtíðar. Staðan sem er uppi núna er að mínu viti sú að krónan sé ónýt. Og það er ekki bara ég sem hef þá skoðun. Margir í atvinnulífinu hafa hana. Samtök iðnaðarins hafa margoft lýst því yfir að það sé ekki hægt að búa við þær sveiflur sem íslenska krónan skapar í atvinnulífinu.

Þess vegna tel ég að hið stóra verkefni fram undan hljóti að vera það að íslenskir stjórnmálamenn geri upp við sig hvort hægt sé að treysta einhverri leið sem hægt er að fara til að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum og ef sú leið finnst ekki þá horfist menn í augu við að það verði að finna aðra leið en þá að treysta á íslensku krónuna.

Ég ætla ekki að hafa orð mín mikið fleiri. 3. umr. um fjárlög er búin að vera löng hér í dag. Samfylkingarmenn hafa farið mikið yfir sérstaklega menntamálin. Menn hafa talað um vandamál sem ríkisstjórnin virðist ekki hafa vilja til að leysa, vandamál aldraða og öryrkja. Það fólk ætlar að halda útifund á næstu dögum og gefa þingmönnunum jólagjöf. Sú jólagjöf er ætluð til þess að vekja athygli enn einu sinni á því að stjórnvöld hafa ekki staðið sig í því að veita réttlæti inn í samfélagið. Það liggur fyrir skýrsla um stöðu öryrkja á Íslandi og það liggja fyrir fullkomlega skýrar og klárar sannanir um stöðu aldraðra.

Það sem ekki liggur fyrir er hvort ríkisstjórnarflokkarnir ætla að taka mark á þessu. Reynslan af ríkisstjórnarsamstarfi segir okkur að það sé staðföst ákvörðun ríkisstjórnarinnar að halda þessu fólki við hungurmörkin, en það er sú stefna sem hefur verið rekin. Ég verð að segja það að í þessu gríðarlega ríka samfélagi sem Ísland er í raun og veru þá er sú stefna stjórnvöldum íslenska ríkisins til skammar.

[23:18]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hefur í allan dag staðið 3. umr. um fjárlög. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál um það efni, einfaldlega vegna þess að félagar mínir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafa gert ágætlega grein fyrir sjónarmiðum okkar. Hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárlaganefnd, gerði grein fyrir ítarlegu nefndaráliti um fjárlögin og vil ég gera hans orð að mínum. Aðrir þingmenn hafa vikið að einstökum liðum fjárlagafrumvarpsins og menn hafa farið nokkrum orðum um hinn almenna efnahagsramma sem við erum í. Ég ætla að byrja á því að víkja örfáum orðum að honum, stöðunni í þjóðarbúinu.

Að þessu leyti hefur umræðan skipst í tvö horn. Annars vegar er það ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn sem horfir út um gluggana og sér stóru bílana, horfir á vaxandi kaupmátt í landinu, neitar að vísu að sjá aukna misskiptingu, horfir í meðaltölin og sér að þar stefnir margt upp á við, dregur þá ályktun að allt hljóti að vera í lukkunnar velstandi. Vissulega er það svo að það er margt ágætt í þjóðlífinu nú um stundir. Við höfum hins vegar mörg lagt áherslu á að velsæld verði byggð hér upp til framtíðar, að við reisum okkar efnahagskerfi á bjargi en ekki á sandi. Við höfum bent á ýmis teikn á lofti sem hljóti að vekja okkur til umhugsunar um hættur sem kunni að steðja að.

Við horfum á vaxandi skuldir þjóðarinnar. Skuldir þjóðarbúsins eru núna 315% af vergri landsframleiðslu, þreföld landsframleiðslan í skuldir. Þegar litið er á skuldir erlendis kemur fram í Hálffimm fréttum KB-banka í dag að í lok september hafi erlendar skuldir hagkerfisins numið 2.334 milljörðum kr. Það eru 235,3% af vergri landsframleiðslu. Nettóskuldirnar eru að sjálfsögðu lægri vegna þess að þetta byggist á peningum sem streyma inn í landið og út úr landinu en munu engu að síður vera núna um 1.000 milljarðar kr., nettóskuldir Íslendinga erlendis. Þetta eru geysilegar skuldir.

Í annan stað hafa menn horft á viðskiptahallann sem hefur verið viðvarandi núna í nokkur ár og er spáð á næstu árum — stefnir í 15% á þessu ári, um 150 milljarðar kr. Við höfum líka varað við þessari þróun og höfum fengið liðsauka í seðlabankastjóra sem var nú ekki á þeim buxunum fyrir nokkrum mánuðum þegar hann sat í stóli forsætisráðherra landsins. Nú segir hann hins vegar að þetta gangi ekki lengur, vísar annars vegar á stóriðjuframkvæmdir fyrir austan, en rekja megi um helming viðskiptahallans til fjárfestinga sem tengjast þeim, og síðan til neyslunnar.

Þá horfa menn til gengisins, menn horfa á vaxandi erfiðleika í ýmsum framleiðslugreinum íslenskum, horfa til ferðaiðnaðarins þar sem erfiðleikar eru einnig vaxandi — menn horfa þá á hið stóra samhengi hlutanna. Við höfum rætt hér í dag um vextina og á hvern hátt þeir hafi áhrif á gengið. Við höfum fylgst með því á undanförnum vikum og mánuðum hvernig erlendir og innlendir aðilar hafa pumpað fjármagni inn í íslenska hagkerfið. Peningar eru teknir að láni í útlöndum, þar sem vextir eru lágir, og fluttir yfir í hagkerfi okkar, lánaðir út á mun hærri vöxtum. Nú mun vaxtamunurinn á milli Íslands og evru-svæðisins vera um 7%. Í þessu samhengi ræða menn um leiðir til að ná vöxtunum niður og hvort það muni þá ekki leiða til lækkandi gengis krónunnar.

Ég hef fullan skilning á því og tel mjög mikilvægt að vextir fari lækkandi en þó það hægt og sígandi að þeir aðilar sem hafa pumpað fjármagni hér inn dragi þá ekki skyndilega til baka með tilheyrandi kollsteypu. En vextir verða að sjálfsögðu að lækka. Vextir eru allt of háir á Íslandi.

Við horfum einnig á annan þátt, sem ég hef saknað hjá fulltrúum annarra stjórnmálaflokka í þessari umræðu, og það er hin pólitíska ábyrgð á genginu. Yfirlýsingar sem komið hafa frá stjórnvöldum um stóriðjuframkvæmdir á komandi árum hafa líka áhrif á gengið. Gengið er sú áhætta sem fjárfestirinn sem flytur peninga að utan inn í íslenska hagkerfið til að hagnast á vaxtamismun tekur. Í genginu er áhættan fólgin. Ef gengið hrapar rýrnar krónan sem komin er inn í íslenska hagkerfið.

Yfirlýsingar hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. forsætisráðherra og reyndar annarra ráðherra á undanförnum dögum um að á komandi árum verði framhald á stóriðjufyllirínu með tilheyrandi ofsafjárfestingum þýða það í reynd að verið er að segja við fjárfestana: Þið þurfið ekki að hafa nokkrar áhyggjur af genginu. Við munum sjá til þess með fjárfestingum okkar á komandi árum að mikil eftirspurn verði eftir krónunni. Þar með draga fjárfestarnir þá ályktun

að gengið muni áfram haldast sterkt. Yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um áframhald stóriðjuframkvæmda á komandi árum eru okkur því mjög dýrar. Hæstv. forseti. Á þetta vildi ég leggja áherslu og nefna í upphafi ræðu minnar.

Annað sem lýtur að efnahagsumgjörðinni eru náttúrlega skattarnir. Í anda þess sem ég sagði, að við vildum reisa framtíðina á bjargi en ekki sandi, höfum við varað við stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Þegar þetta kjörtímabil er runnið á enda, ef áform ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga, munu skatttekjur ríkisins hafa lækkað um á milli 20 og 30 milljarða kr. Ef það gerist svo samhliða því að dregið er saman í skattheimtu ríkisins að dregur úr tímabundnum neyslu- og þenslusköttum — sem eru um 20 milljarðar á þessu ári ef trúa á fylgigagni sem lagt var fram með fjárlagafrumvarpinu í formi alls kyns veltuskatta og aukinna skatta vegna þenslu — er voðinn vís. Við því höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði verið að vara.

Við vorum eini stjórnmálaflokkurinn fyrir síðustu kosningar sem setti fram að mínu mati raunsæ sjónarmið hvað þetta snertir. Við forðuðumst alla yfirborðspólitík í þessu máli því að til lengri tíma litið borgar sig að sjálfsögðu að sýna fyrirhyggju af því tagi sem við höfum talað fyrir. Þetta vildi ég segja um fjármála- og efnahagsrammann almennt. Ég vík svo í örstuttu máli að ýmsum þáttum sem hér hafa komið til umræðu.

Það vekur athygli mína að heyra í hvaða samhengi glaðbeittir menn eins og ýmsir hv. þingmenn Framsóknarflokksins tala og hvernig málin eru sett fram. Hv. þm. Birkir Jónsson, svo dæmi sé tekið, talaði manna ákafastur um að allt væri hér í lukkunnar velstandi, einnig hjá öryrkjum og atvinnulausum því að allir hefðu notið kjarabóta á undanförnum árum. Menn segja: Á Íslandi er mikil velsæld. Það er hagvöxtur, það er uppgangur á öllum sviðum þjóðlífsins. En um leið eru þau kjör sem tekjulægsta hluta íslenska samfélagsins eru búin réttlætt. Ef það væri nú svo að við hefðum ekkert handa á milli, hér væri bullandi samdráttur á öllum sviðum, gæti ég skilið þann málflutning þótt ég mundi ekki skrifa upp á hann. Ég gerði það ekki á fyrstu árum tíunda áratugarins, í samdrættinum þá, í kreppunni þá. Ég gat aldrei skilið þá forgangsröðun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks að skerða barnabætur og skerða kjörin hjá öryrkjum og atvinnulausum eins og þá var gert. Þó er það skiljanlegri málflutningur en hinn í góðærinu að tala til öryrkja og tekjulægsta hluta samfélagsins eins og hér var gert.

Ég hélt sannast sagna að þetta hefði verið leiðrétt, að ríkisstjórnin hefði fallist á röksemdir Öryrkjabandalagsins og Landssambands eldri borgara hvað varðar allar stærðir í þessu efni en það var ekki að skilja á umræðunni í dag. Staðreyndin er sú að ef horft er til síðustu 10 ára hefur myndast gjá á milli verkamannalauna annars vegar og bóta úr almannatryggingakerfinu hins vegar — þarna var tenging áður á milli — sem núna nemur 17 þús. kr. á mánuði ef við spyrðum saman í eitt grunnlífeyri og tekjutryggingu. Það vantar 23,5% upp á að hún nái þessum viðmiðunarverkamannalaunum. Þetta er staðreynd sem ég hélt að enginn deildi um en menn hafa hins vegar verið að bera brigður á í dag. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hélt því fram að á árinu 1995 hefði myndast breið þjóðfélagssátt um nýja vísitölu almannatrygginga. Alþýðusambandið hefði haft forgöngu um þetta og allir upp á það skrifað. Það er alrangt. Hann hélt því nefnilega fram að þarna hefði verið gerð breyting á vísitöluútreikningnum og Alþýðusambandið hefði haft forgöngu um að breyta honum.

Það sem gerðist var þetta: Á árinu 1992 var sambandið á milli verkamannalauna og almannatrygginga rofið. Þarna var vísitölutryggingin sem aldraðir og öryrkjar gátu reitt sig á. Klippt var á þau tengsl. Ég held að það hafi örugglega verið á árinu 1992 fremur en 1993, það var á þessum árum. Og um nokkurra ára skeið var engin tenging þar á milli. Vegna kröfu frá verkalýðshreyfingunni, Alþýðusambandinu og öðrum samtökum launafólks féllst ríkisstjórnin þá á að binda almannatryggingar vísitölu að nýju. Það var gert með því að almannatryggingar eru nú bundnar almennri launaþróun, ef hún er lægri en nemur verðbólgunni skuli almannatryggingar fylgja verðbólgunni. Þetta er ekki slæm regla í sjálfu sér. Þetta er ágæt regla eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson benti á á samdráttartímum. Ef kaupmáttur hrapar eru þessir hópar varðir þannig að við slíkar aðstæður er þetta ekki slæm regla. Hins vegar var tengingin á milli verkamannalauna og almannatrygginga rofin þegar fyrirsjáanlegt var að samið yrði um mikla hækkun lægstu launa, þá var klippt á þau tengsl. Það er hið svívirðilega í þessari stöðu. Landssamband eldri borgara fer fram á að þeim verði bættar þessar 17 þús. kr. Grunnlífeyririnn verði hækkaður sem þessu nemur eða, og það er hinn kosturinn sem þau bjóða upp á, að hann verði undanþeginn skatti.

Hæstv. fjármálaráðherra landsins lýsti því nánast yfir áðan að sér kæmi þetta ekki við. Það þyrfti ekki að ganga frá samningum við Landssamband eldri borgara áður en fjárlögum yrði lokað, sér kæmi þetta mál nánast ekki við. Ég furða mig á slíku ábyrgðarleysi. Mánuðum og missirum saman hefur Landssamband eldri borgara knúið á um að fá samkomulag við ríkisstjórnina um þetta atriði eða aðrar kjarabætur. Hurðinni er bara skellt á þá. Það er staðreynd.

Hæstv. forseti. Ég vildi koma þessu að til að leiðrétta rangfærslur og misskilning sem fram kom í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Hann hefur margoft haldið þessum misskilningi sínum fram. Hann hefur margoft haldið þessa ræðu sem hann flutti gegn öryrkjum og öldruðum. Hann hefur margoft haldið þessa sömu ræðu en hann setur fram rangar upplýsingar. Þetta er ekki rétt.

Ég vil einnig nefna í þessari yfirferð þær staðhæfingar sem hér komu fram um barnabæturnar, að nú ætti að bæta í barnabætur 1,2 milljörðum kr. Þetta er held ég eitt best notaða og margnotaðasta kosningaloforð Framsóknarflokksins. Allar götur frá því um miðjan 10. áratuginn hefur Framsóknarflokkurinn lofað því að stórbæta í barnabætur. Hvað skyldu þær hafa verið miklar á síðasta ári? Þær voru 5,4 milljarðar kr. Hvað skyldu þær hafa verið miklar þegar Framsóknarflokkurinn komst til valda um miðjan 10. áratuginn? Árið 1995 voru barnabætur 6.400 millj. kr., 6,4 milljarðar. Með öðrum orðum vantar þarna 1,2 milljarð upp á, sem menn segjast núna ætla að bæta við barnabæturnar. Þetta er staðreyndin þrátt fyrir allar yfirlýsingarnar og öll loforðin sem gefin voru.

Á síðasta ári námu barnabætur 0,61% af vergri lands-

framleiðslu. Árið 1991, áður en Sjálfstæðisflokkurinn, flokkur hæstv. fjármálaráðherra, Árna Mathiesens, komst til valda, voru þær 1,22% af vergri landsframleiðslu. Það er helmingi lægra hlutfall núna en var þegar íhaldið komst til valda, fyrst með Alþýðuflokknum og síðar með Framsókn. Þetta er allur árangurinn. Þrátt fyrir allt tal Framsóknar, öll flettiskiltin, allar heilsíðuauglýsingarnar um loforðin, eru þetta niðurstöðurnar. Barnakortin, munið þið eftir barnakortunum? Út á hvað skyldu þau hafa gengið? Barnakortin gengu út á það að auka ótekjutengdar barnabætur. Þegar Framsóknarflokkurinn komst til valda voru ótekjutengdar barnabætur 0,6% af vergri landsframleiðslu. Í fyrra voru þær 0,12% af vergri landsframleiðslu. Einnig þarna stendur ekki steinn yfir steini. Samt koma menn hér upp og stæra sig af árangri á þessum sviðum.

Það eru mörg atriði sem ég hefði gjarnan viljað nefna í þessari ræðu en ég ætla ekki að lengja mál mitt óþarflega mikið enda hefur verið komið inn á flest þau mál sem ég hafði í huga. Ég vil þó sérstaklega nefna Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Nánast öll almannasamtök í landinu hafa ályktað í þá veru að ríkisstjórnin tryggi Mannréttindaskrifstofu Íslands rekstrarfé en sem kunnugt er var skorið fyrir fjármögnun til Mannréttindaskrifstofunnar að því er virðist í einhverjum undarlegum hefndarráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort það hafi verið vegna þess að Mannréttindaskrifstofan skuli hafa dirfst að setja fram gagnrýnin viðhorf gagnvart ýmsum frumvörpum sem frá ríkisstjórninni komu. Ég get að sjálfsögðu ekkert fullyrt um þetta en ég spyr mig þeirrar spurningar.

Það hefur verið vitnað í álitsgerðir, kröfur og óskir sem fram hafa komið frá almannasamtökum. Þær eru enn að berast. Barnaheill sendir okkur álit sitt í dag og einnig Starfsgreinasambandið og vísað hefur verið til annarra álitsgerða. Á sunnudaginn skrifaði formaður stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands, Brynhildur G. Flóvenz, opið bréf til alþingismanna og birti það í Morgunblaðinu. Hún fjallar í því bréfi um stöðu Mannréttindaskrifstofunnar. Ég ætla að vitna í nokkrar setningar úr þessu bréfi, með leyfi forseta:

„Í lok síðastliðins árs spunnust miklar umræður í samfélaginu um þá ákvörðun Alþingis að fella niður bein framlög á fjárlögum til Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) og veita þess í stað 8 milljónir til mannréttindamála almennt, sem skipt var jafnt milli ráðuneyta utanríkis- og dómsmála. MRSÍ og aðildarfélög hennar mótmæltu þessari ráðstöfun, sem og stór hluti mannréttindastofnana Evrópu. Mótmælin lutu einkum að því að með þessari ráðstöfun væri vegið að sjálfstæði skrifstofunnar sem og að fjárhagslegum grundvelli hennar þar sem ekki væri hægt að sjá fyrir hver framlögin yrðu ef einhver. Enn fremur lýstu sysurstofnanirnar á Norðurlöndum yfir áhyggjum af því að þessi ákvörðun hefði áhrif á norrænt samstarf, sem og aðrar mannréttindastofnanir. Við umræður um málið innan Alþingis sem utan, kom fram sú skoðun að hér væri ekki um efnislega breytingu að ræða heldur formlega og engin ástæða væri til að ætla að MRSÍ fengi minna fé en áður. Því miður varð raunin önnur. Af þeim 4 milljónum sem dómsmálaráðuneytið hafði til umráða fékk MRSÍ 2.490.000 kr. og er þar meðtalið framlag til sameiginlegs verkefnis með Mannréttindastofnun Háskóla Íslands. Af 4 milljónum utanríkisráðuneytis fær MRSÍ ekkert. Þegar er utanríkisráðuneytið búið að ráðstafa 800.000 kr. til Mannréttindastofnunar HÍ. Þær 3.200.000 sem þá standa eftir hyggst ráðuneytið nota til mannréttindamála erlendis, en ekki hefur tekist að fá upplýsingar um til hvaða verkefna fénu verður varið. Niðurstaðan er því sú að af þeim 8 milljónum sem ætlaðar voru til mannréttindamála hafa tæplega 2,5 milljónir farið til MRSÍ í stað 8 milljóna áður."

Ég ætla ekki að vitna frekar í þetta opna bréf Brynhildar G. Flóvenz, formanns Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ég vil einungis segja að Mannréttindaskrifstofan, og það kemur fram í bréfinu, sinnir ýmsum mjög mikilvægum þáttum í samstarfi við sysurstofnanir í útlöndum, við undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna. Það er mjög bagalegt að hún skuli núna svipt þessum fjármunum. Verkalýðshreyfingin hefur safnað umtalsverðu fé, nokkrum milljónum, til að standa straum af kostnaði við rekstur skrifstofunnar á þessu ári. Menn höfðu haft trú á því að ríkisstjórnin mundi sjá að sér og veita peninga í þessum fjárlögum en við heyrðum svörin frá hæstv. fjármálaráðherra. Hann sagði að þetta yrði á ábyrgð hæstv. dómsmálaráðherra. Við heyrum hins vegar og sjáum hver reyndin varð á þessu ári. Peningarnir skiluðu sér ekki til Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ég hef ekki ímyndunarafl til að skilja hvað vakir fyrir ríkisstjórninni, að koma svona fram gagnvart þessari litlu stofnun sem skiptir mjög miklu máli í okkar samfélagi. Nóg um það að sinni.

Að lokum vildi ég víkja að stöðu dvalarheimila aldraða og hjúkrunarheimila. Í andsvari við hæstv. fjármálaráðherra vitnaði ég í bréf frá forsvarsmönnum þessara stofnana þar sem þeir lýsa yfir þungum áhyggjum vegna fjárhagsstöðunnar á komandi ári. Ekki er komið til móts við uppsafnaðar skuldir þessara stofnana í þeim fjárlögum sem nú stendur til að afgreiða og forsvarsmenn stofnananna lýsa yfir þungum áhyggjum.

Ég hélt að sú umræða sem farið hefur fram í þjóðfélaginu að undanförnu, um ástandið á hjúkrunarheimilum, um hvernig víða er búið að öldruðu fólki vegna fjárskorts hefði opnað augu ríkisstjórnarinnar. Ég hélt það. Hæstv. fjármálaráðherra sagði áðan að menn væru enn að skoða málin. Þetta var sagt í fyrra líka og líka í hittiðfyrra. Þá var verið að skoða málin.

Í sumar fór fram umræða um þessi mál í blöðum, m.a. í Morgunblaðinu. Þar var hæstv. heilbrigðisráðherra spurður um hvernig á því stæði að öldrunarheimilum, hjúkrunarheimilum, væri mismunað eins og raun ber vitni. Einkareknu heimilin fá meira úr hendi ríkisstjórnarinnar en hin sem eru samfélagslega rekin. Spurt var hvort það stæði til að lyfta þeim upp á sama plan. Ráðherrann sagði að það væri alveg rétt að heimilunum væri mismunað en það stæði ekki til að leiðrétta það, a.m.k. ekki í þessum fjárlögum.

Síðan líður og bíður og fjölmiðlarnir fara á kreik, inn á Sólvang í Hafnarfirði, á hjúkrunarheimili þar sem við sjáum að manneklan er svo mikil að aðstandendur eru farnir að ráða starfsmenn til að sinna öldruðum ættingjum sínum. En ekkert af þessu hefur nokkur áhrif á ríkisstjórnina. Ég velti því fyrir mér hvort viðhorf okkar til aldraðs fólks séu mismunandi eftir því hvort við sitjum í ríkisstjórn eða í stjórnarandstöðu nú um stundir. Ég held ekki. Ég held að

við viljum öll að gömlu fólki líði vel. Ég held að við viljum öll að vel sé búið að öldruðu fólki. Ég held það. Við viljum öll að það búi við góð kjör og góða aðhlynningu á hjúkrunarstofnunum. Ég held að allir vilji líka góða og öfluga heimaaðhlynningu og heimahjúkrun.

Hvað skilur okkur að? Það sem skilur okkur að er forgangsröðin, hvernig við viljum forgangsraða fjármunum sem eru til ráðstöfunar. Þar skilur okkur að í pólitíkinni. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að aldraðir, öryrkjar og þeir sem hafa minnstar tekjur í þjóðfélaginu verði settir í forgang. Um það stendur hin pólitíska umræða sem farið hefur fram í dag, um forgangsröð pólitísku flokkanna á Alþingi.

Ríkisstjórnin hefur sýnt það í fjárlagafrumvarpinu hvernig hún vill forgangsraða. Við höfum sýnt, í málflutningi okkar og tillögum sem liggja fyrir Alþingi sem verður gengið til atkvæða um á morgun, hvernig við viljum forgangsraða. Við viljum forgangsraða í þágu þessara hópa.

[23:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil leggja orð í belg við þessa umræðu af því að svo háttaði til að ég var fjarverandi þegar 2. umr. fór fram, var í opinberum erindagerðum og átti ekki kost á að taka þátt í henni. Ég vil því koma að áherslum mínum í þessu efni við 3. umr. þó að langt sé liðið á hana.

Ég vil fyrst segja um efnahagsmálin að það er deginum ljósara að það er mikill snúningur á íslensku efnahagslífi, m.a. vegna þess að verið er að byggja upp til framtíðar. Menn hafa ráðist í miklar framkvæmdir á Austurlandi til að skapa atvinnu og afla þjóðarbúinu tekna. Menn trúa því að þær framkvæmdir standi undir sér þannig að sú starfsemi sem nýta mun raforkuna greiði kostnaðinn sem af þeim framkvæmdum hlýst, bæði virkjunum og iðjuveri og skila þjóðfélaginu ávinningi auk þess þannig að þjóðarbúið í heild og landsmenn verði betur staddir eftir framkvæmdirnar en áður.

Hitt vissu menn, að það yrði töluverð þensla og mundi reyna á hagstjórnina þau ár sem framkvæmdirnar ganga yfir. Það hefur auðvitað komið á daginn. Auk þess hefur það gerst sem menn sáu ekki fyrir og tengist miklum umsvifum fjármálamarkaðarins. Umsvif viðskiptabankanna hafa verið gríðarleg á síðasta ári, miklu meiri en menn gátu séð fyrir þegar þeir ákváðu að einbeita sér að því að ná fótfestu á íbúðalánamarkaðnum. Í raun hafa verið miklu meiri fjármagnstilflutningar í því máli en stóriðjuframkvæmdunum.

Auðvitað er ójafnvægi í hagkerfinu á meðan þetta gengur yfir, framleiðsluspenna og viðskiptahalli. En ég vil þó segja um viðskiptahallann að það af honum sem stafar af opinberum aðgerðum, eins og virkjunarframkvæmdum, eru framkvæmdir sem starfsemin sem af þeim leiðir mun síðan greiða þannig að skuldsetningin mun ekki lenda á almenningi í þeim efnum.

Í öðru lagi má segja að mikil einkaneysla og umsvif á fjármálamarkaði leiði til aukins viðskiptahalla. Aðilarnir sem þar eiga í hlut skuldbinda sig til að greiða þær skuldir, ekki ríkissjóður. Hann er ekki í ábyrgð fyrir þeim skuldum. Við hljótum að haga efnahagskerfi okkar þannig að einstaklingar og fyrirtækin beri ábyrgð á fjárfestingum sínum. Þeir hafa stofnað til skulda í þeirri trú að geta endurgreitt þær og við verðum að ganga út frá því að það gangi eftir, að einstaklingarnir hafi reiknað dæmið rétt og fjármálafyrirtæki, sem hafa lánað þeim peninga, hafi gengið úr skugga um að þetta væru trúverðugar fjárfestingar fyrir þá. Ég held því að menn megi ekki mála myndina mjög svörtum litum þó að viðskiptahallinn sé mikill. Menn verða að skoða baksviðið sem virðist þannig að tiltölulega traustar forsendur séu fyrir skuldsetningunni.

Á hinn bóginn er engin ástæða til að draga fjöður yfir það að menn verða að fara gætilega til lengri tíma. Menn þurfa tíma til að ljúka framkvæmdum og draga úr þenslu í hagkerfinu og mega ekki skipuleggja svo hratt fram í tímann að enginn slaki myndist á næstu tíu árum eða svo. Ég held að menn verði að hafa hóf á frekari áformum um framkvæmdir. Ég tel ekki skynsamlegt að gera ráð fyrir miklum framkvæmdum í nýrri stóriðju á næstu árum eftir að þeim framkvæmdum lýkur sem nú standa yfir.

Ég var í gærmorgun á fundi Viðskiptaráðs Íslands og hlustaði þar á sérfræðinga greiningardeilda viðskiptabankanna. Þeir ræddu um stöðuna á þeim nótum að við værum að búa til störf í hagkerfi sem ekki vantaði störf. Það töldu þeir leiða til þess að önnur störf yrðu undir, féllu fyrir borð, á móti þeim sem stofnað er til. Við verðum að fara mjög gætilega í að standa fyrir framkvæmdum ef þær leiða ekki til þess að skapa ný störf varanlega og fjölga þeim frá því sem áður hefur verið. Það er ekki alveg víst að við eigum að fara mjög hratt í að stofna til nýrra framkvæmda, skapa mörg hundruð ný störf sem leiða af sér að nokkurn veginn jafnmörg störf falli fyrir borð eða flytjist úr landi. Þá held ég að ávinningurinn, a.m.k. í heildina, sé ekki eins mikill og menn ætluðu.

Vandinn sem menn standa frammi fyrir var samkvæmt mati sérfræðinganna sá að byggðarlög þar sem menn búa við einhæft atvinnulíf mundu eiga í erfiðleikum á næstu árum þar sem störfin sem töpuðust væru í útflutningsgreinum fyrst og fremst, í sjávarútvegi og vinnsluþættinum og þar væri ekki það fjölbreytt atvinnulíf að menn gætu búist við því að ný störf yrðu til á því atvinnusvæði. Ef menn ganga mjög langt í þessa átt munu þeir, að mati þessara sérfræðinga, búa til verulegt vandamál í ákveðnum fámennum landshlutum þar sem atvinnulíf er ekki eins fjölbreytt og á höfuðborgarsvæðinu eða stærstu atvinnusvæðum þar fyrir utan.

Ég held að menn þurfi að taka þessi varnaðarorð alvarlega og hafa þau til hliðsjónar við stefnumótun eða stefnumörkun á næstu árum. Ég hvet menn til að fara gætilega í frekari áform um stóriðjuframkvæmdir umfram þær sem þegar eru í gangi. Það þarf a.m.k. að ræða málin nánar ef áhrifin af nýjum framkvæmdum eru þau að færa til störf frá einu landsvæði til annars. Ef menn ætla sér að nýta náttúruauðlindir landsins eða þær auðlindir sem í fallvötnunum felast og skapa fleiri störf á atvinnusvæði þeirra, sem leiðir til þess að störfum fækkar annars staðar, þá þurfa menn a.m.k. að hafa gert upp við sig hvernig þeir ætla að mæta þeim vanda sem skapast og hvernig skapa eigi ný störf á landsvæðum sem tapa störfum. Ég held að menn þurfi að hafa þá mynd fyrir framan sig þegar ákvarðanir verða teknar um framhaldið í stóriðjumálum eftir árin 2007 og 2008.

Um efnahagsstjórnina vil ég auk þess segja að auðvitað er ákveðið ósamræmi í henni sem ég hvet hæstv. fjármálaráðherra til að beita sér fyrir að dregið verði úr. Ríkisvaldið reynir að draga úr framkvæmdum sínum á öðrum sviðum til að mæta framkvæmdum í stóriðju eða virkjunarframkvæmdum. Í því skyni var t.d. dregið úr framlögum til vegamála. Það er ekki í samræmi við þá stefnu þegar ýmis fyrirtæki ríkisins auka framkvæmdir sínar á sama tíma. Ég nefni sem dæmi Rafmagnsveitur ríkisins sem réðust í framkvæmdir við Lagarfossvirkjun, upp á milli 2–3 milljarða kr., á sama tíma og við hægjum á vegaframkvæmdum um svipaðar fjárhæðir. Mér finnst ekki skynsamlegt að leggja það á fólk sem býður eftir samgöngubótum að þurfa að una því að þeim seinki vegna þess að rýma þurfi til fyrir stóriðjuframkvæmdum en menn noti svigrúmið til að fara í aðrar framkvæmdir eins og þarna fyrir austan eða í stækkun á Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það er reyndar einn ókosturinn við að breyta því fyrirtæki í hlutafélag að ekkert er um það fyrirtæki í fjárlögunum. Við höfum engar upplýsingar um framkvæmdir eða áform þess fyrirtækis. Alþingi hefur ekkert um það að segja yfir höfuð, tekju- eða fjárfestingaráætlun þess fyrirtækis. En mér er sagt, án þess að ég hafi gengið úr skugga um það, að fjárfestingar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar séu liðlega 4 milljarðar kr. um þessar mundir.

Án þess að ég setji út á þær tvær framkvæmdir sem ég nefndi þá tel ég að í þetta vanti samræminguna af hálfu hins opinbera. Ég hvet hæstv. fjármálaráðherra til að beita sér í því að gæta þess að samræmingin sé fyrir hendi. Ég get svo sem nefnt fleiri dæmi um framkvæmdir sem settar eru í gang fyrir töluvert fé á sama tíma og hægt hefur verið á öðrum framkvæmdum. Við getum nefnt ráðstefnu- og tónlistarhús í Reykjavík. Allt þarf þetta að spila saman og mér finnst vanta á að það rími saman sem að ríkinu snýr.

Ég vil aðeins víkja að einu máli í fjárlagafrumvarpinu sérstaklega, heimildargrein 7.11, sem heimilar Rafmagnsveitum ríkisins að stofna hlutafélag um öflun og sölu raforku í samstarfi við aðra aðila á raforkumarkaði og leggja félaginu til nauðsynlegar eignir.

Ég held að menn þurfi svolítið að vita hvað þeir eru að fara í þessum efnum. Við erum annars vegar með frumvarp hér um að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag. Ef menn vilja túlka þessa heimildargrein mjög vítt þá geta þeir komist að þeirri niðurstöðu að í gegnum þessa heimildargrein væri hægt að taka nánast allar eignir út úr Rafmagnsveitum ríkisins, virkjanir, og setja inn í sjálfstætt hlutafélag. Þá stæði ekkert eftir í Rafmagnsveitum ríkisins annað en hluti af dreifikerfinu og einhverjar fjarvarmaveitur, ef Rarik á slíkt, eða hitaveitur. Það getur ekki verið meiningin með því, herra forseti, að í raun tæma stofnunina innan frá á sama tíma og verið er að leggja fyrir Alþingi óskir um að það fallist á að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Ég legg áherslu á að menn framkvæmi þessa heimildargrein í samræmi við þær útskýringar sem hafa verið gefnar, en þar hefur verið lögð áhersla á að þessi heimild væri til þess að opna fyrir stofnun félags um sölu á raforku, fyrst og fremst um sölu, þar sem fyrirtæki í eigu ríkisins gætu sameinast um að selja raforku og keppa við önnur fyrirtæki. Ég held að það geti út af fyrir sig verið skynsamleg ráðstöfun. En ég hef efasemdir um hitt, að taka allar eignir úr Rafmagnsveitum ríkisins eða Orkubúi Vestfjarða og Landsvirkjun og slá því saman í eitt hlutafélag. Ég verða að segja að það þarf þá að ræða það mál frekar áður en hægt er að líta svo á að það sé upplýst og samþykkt stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég legg áherslu á að þegar það mál kemur til umræðu nýti menn auðlindir vatnsins sem mest til atvinnuuppbyggingar á þeim svæðum þar sem rafmagnið verður til, rétt eins og menn eru að gera á Austurlandi. Menn eru að nota fallvötnin þar til að skapa atvinnu á Austurlandi og styrkja byggð þar. Sama á við annars staðar á landinu t.d. um mitt Norðurland eða vestanvert Norðurland eða þá á Vestfjörðum eða annars staðar á landinu eins og á Suðurlandi. Ég legg því áherslu á að menn gæti að því við skipulag og fyrirkomulag eigna ríkisins á þessu sviði að þeir búi til fyrirtæki eða hafi fyrirtæki sem standi í þeirri samkeppni sem ætlast er til að þau standi í í þessu nýja skipulagi raforkumála en þeim sé líka beitt til þess að styrkja atvinnu og byggð á þeim svæðum þar sem fyrirtækin starfa. Ekki meira um það, herra forseti.

Hér hefur dálítið verið rætt um málefni aldraðra og öryrkja og eðlilega eru þau mál í brennidepli eins og menn þekkja. Hér hafa menn minnst á skýrslu sem nýlega hefur komið fram frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, hygg ég, og ég held að menn verði að skoða þá skýrslu vandlega, fara yfir forsendur hennar og niðurstöður og taka þær alvarlega. Ég held að þetta sé vel unnin skýrsla þó að ég geti ekkert um það fullyrt hvort í henni leynist ekki einhverjar villur. Það verður þá bara að fara yfir það. En í megindráttum held ég að niðurstaðan sé trúverðug. Það er viðfangsefni stjórnvalda að vinna út frá þeim staðreyndum sem þar koma fram. Ég held að fullur vilji sé til þess af hálfu beggja stjórnarflokka að taka alvarlega ábendingar sem þar koma fram og niðurstöður. En þar er líka að finna upplýsingar sem sýna að menn hafa að mörgu leyti verið að gera vel á síðustu árum.

Það er ekkert sjálfgefið að kaupmáttur fari alltaf vaxandi. Það er ekkert sjálfgefið hvorki hjá þessum þjóðfélagshópi eða öðrum að leiðin liggi alltaf upp á við. Menn sem hafa verið lengi í pólitík vita að það hefur nú verið bæði upp og ofan í þeim efnum. Hér hefur verið minnst á árin frá 1988, eða hvað eigum við að segja, 1988–1993 sem voru að mörgu leyti erfið ár. Kaupmáttur dróst saman og það varð mikil skerðing, m.a. hjá þessum þjóðfélagshópum. Þá var við stjórnvölinn t.d. Alþýðuflokkurinn, þ.e. á síðari hluta þess tíma, og aðrir flokkar eins og Alþýðubandalagið og Framsóknarflokkurinn á fyrri hlutanum. Ekki er hægt að saka þá sem voru í forustu í ríkisstjórn á þessum árum um að þeir hafi sérstaklega haft í huga að skerða kjör þessa hóps, aldraðra eða öryrkja. Ég hygg að það megi segja um þá alla að þeir reyndu að bregðast við minnkandi tekjum og minnkandi kaupmætti þannig að reynt var að hlífa þeim sem stóðum höllum fæti. En það er bara staðreynd að atvinnulífið og efnahagslífið var með þeim hætti að það varð að skerða. Þess vegna er ekkert sjálfgefið að tíu ár í röð geti komið þar sem leiðin liggur alltaf upp á við. Svo má deila um það hvort menn hafi lagt nógu mikla áherslu á að bæta kjör þessara hópa. Það má svo sem færa rök fyrir því að þeir hefðu getað staðið sig betur í þeim efnum.

Ég vil þó benda á ákveðnar athyglisverðar tölur sem

koma fram í gögnum ríkisskattstjóraembættisins um tekjur á síðasta ári samkvæmt skattframtölum 2005. Þar kemur t.d. fram að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á síðasta ári hækkuðu um 9,4% frá árinu 2004, þ.e. í skattframtali 2005 sem eru tekjur ársins 2004 voru greiðslur þess árs 9,4% hærri en árið 2003. En að meðaltali hækkuðu laun um 6,4%. Hækkun greiðslna til þeirra sem fengu greiðslur frá Tryggingastofnun var því um 50% meiri en hækkun launatekna að meðaltali. Þessi hækkun greiðslna frá Tryggingastofnun verður ekki nema að litlu leyti skýrð með fjölgun þeirra sem fengu greiðslur. Þeim fjölgaði aðeins um 0,8%. Ef við deilum þessu niður á einstaklinga og berum svo saman hækkunina á milli ára þá er hún 8,4%. Þetta þýðir einfaldlega að þeir sem fengu greiðslur á árinu 2004, á síðasta ári, fengu meiri hækkun en varð að meðaltali á hækkun launatekna. Ég vildi nefna þessar tölur þannig að menn vissu af þeim og myndu eftir þeim því að það er auðvitað líka eðlilegt að minna á það sem bendir til þess að menn hafi verið að gera sæmilega í þessum efnum. Ég er ekki þar með að segja að ekki þurfi betur að gera eða að menn eigi ekki að taka alvarlega þær athugasemdir sem fram hafa komið, m.a. frá Samtökum aldraðra.

Herra forseti. Ég vil þá víkja að launadreifingu. Ég hef aðeins verið að skoða upplýsingar um það mál í framhaldi af umræðu sem verið hefur um vaxandi tekjumun eftir tekjuhópum í þjóðfélaginu og hef reynt að átta mig á því hvort svo væri raunin og ef svo væri þá hversu mikið og af hvaða ástæðum. Ég hef stuðst við gögn frá ríkisskattstjóraembættinu sem finna má á vef embættisins og borið saman upplýsingar um álagningu ársins 2005, sem eru tekjur ársins 2004 og svo álagningarárið 1994, sem eru tekjur ársins 1993. Ég hef borið þetta tvennt saman.

Þá kemur í ljós ákaflega athyglisverð mynd. Skoðum fyrst dreifinguna eða svokallaða Gini-mælingu, sem svo er stundum kölluð, þar sem athugaður er launamunur þeirra sem hafa mestu tekjurnar og þeirra sem hafa minnstu tekjurnar. Skoðum launamun hjá einstaklingum, einhleypingum á þessu árabili. Ef meðaltekjur þeirra 10% framteljendanna sem höfðu lægstar tekjur eru bornar saman við meðaltekjur þeirra 10% sem höfðu hæstu tekjurnar þá kemur í ljós að hlutfallið þarna á milli er 1 á móti 30, eða 1 á móti 29,6 árið 1994, en 1 á móti 30 á þessu ári. Það hefur því örlítið aukist en þó sáralítið ef maður skoðar þessar tölur.

Ef við skoðum þetta hlutfall hjá hjónum árið 1994 þá voru meðallaun þeirra sem voru í 10% tekjuhæsta hópnum að meðaltali árið 1994 5,8 sinnum hærri en meðaltekjur þeirra sem voru í 10% tekjulægsta. Hlutfallið var 5,8 á móti 1. Á þessu ári er hlutfallið nákvæmlega hið sama, þ.e. 5,8 á móti 1. Það bendir til þess að ekki hafi dregið í sundur, að launamunur eða tekjumunur í þjóðfélaginu hafi ekki vaxið hjá þessum hópi sem í eru hjón og samskattaðir.

Ég skoðaði reyndar líka muninn með því að sleppa tekjulægsta hópnum, einstaklingum, því að í honum er fólk sem hefur ekki tekjur. Það geta verið unglingar og heimavinnandi og annað slíkt fólk. Til þess að hafa frekari samanburð á milli þeirra sem hafa tekjur þá bar ég saman þá 10% tekjuhæstu og þá sem voru á bilinu 15–25% tekjulægstu. Ég sleppti sem sé 15% tekjulægsta hópnum. Þá varð hlutfallið 6,5 á móti 1 hjá einhleypingum árið 1994 en var komið upp í 7,2 á móti 1 árið 2005. Það hafði vaxið þarna um 0,7% eða um 1/10. Tekjubilið hjá hjónum var hjá þessum hópi 3,6 á móti 1 árið 1994 en 3,5 á móti 1 árið 2005. Það hafði minnkað lítillega. Þó að þetta sé nú ekki altæk vísindaleg úttekt á þessum hlutföllum eru þetta samt það eindregnar vísbendingar að ekki er líklegt að fullyrða megi að tekjumunur hafi vaxið.

Ég skoðaði þetta reyndar líka út frá öðrum tölum eða öðrum mælingum og í raun kom það mjög svipað út því 5% tekjuhæsti hópurinn hafði 13,7% af laununum árið 1994. En hann hafði 13,0% af laununum á þessu ári. Hlutur tekjuhæsta hópsins í heildarlaunagreiðslum þjóðfélagsins hafði því minnkað úr 13,7% í 13,0%.

Ef ég tek 10% tekjuhæsta hópinn þá hafði sá hópur 23,1% af tekjunum árið 1994 en 22,7% á þessu ári. Hlutur þessa 10% tekjuhæsta hóps hafði því líka minnkað.

Ef maður tekur 20% tekjuhæsta hópinn hafði sá hópur 38,5% af laununum fyrir 11 árum en 38,6% á þessu ári þannig að hann hefur í raun og veru það sama.

Ef við skoðum hinn endann á málinu, þeirra sem hafa lægstu tekjurnar, hafði 10% tekjulægsti hópurinn 2,7% af laununum árið 1994 en hefur núna 2,5% af laununum þannig að hlutur hans hefur minnkað um 0,2 prósentustig. 20% tekjulægsti hópurinn hafði 7,1% en hefur núna 6,7%. Það er því ekki að sjá, ef maður skoðar þetta á þennan veginn, að þarna sé um að ræða gliðnun í tekjudreifingunni þegar maður skoðar launatekjur. Allar þessar tölur miðast bara við launatekjur.

Ef maður skoðar svo aftur fjármagnstekjurnar er önnur mynd uppi. Fjármagnstekjur hafa vaxið gríðarlega á þessu tímabili, þær hafa vaxið úr því að vera 6,2 milljarðar upp í 74,6 milljarða þannig að fjármagnstekjur af launagreiðslum og fjármagnstekjum samanlögðum voru 2,6% af heildinni en eru komnar upp í nærri 12% af heildinni. Dreifingin á fjármagnstekjunum er með allt öðrum hætti en dreifingin á launatekjunum.

Eins og ég gat um áðan hafði t.d. 5% tekjuhæsti hópurinn 13% af laununum, en 5% tekjuhæsti hópurinn hefur 69% af fjármagnstekjunum, þ.e. 51,7 milljarða kr. í sinn hlut, og hefur aukið hann úr 42% frá 1994. Í stað þess að hafa 42% af fjármagnstekjunum í þessum 5% tekjuhæsta hópi eru þar 69% af fjármagnstekjunum. Þetta er aukning um 27%, um 20 milljarða kr., sem dreifist á 13–14 þús. einstaklinga í þessum hópi.

Ef maður leggur svo saman fjármagnstekjudreifinguna og launadreifinguna kemur í ljós að hlutur tekjuhæsta hópsins vex en það er eingöngu vegna þess að fjármagnstekjurnar hafa vaxið svona mikið og þær dreifast allt öðruvísi en launatekjur. Menn þurfa að bregðast við þessu, í fyrsta lagi vegna þess að stærri hlutur teknanna er þá í formi fjármagnstekna og skattyfirvöld verða að bregðast við því. Sveitarfélögin fá ekkert af fjármagnstekjunum sem þau fá af launatekjum þannig að þegar vöxturinn í tekjunum kemur fram í fjármagninu nýtur ríkið góðs af því en sveitarfélögin fá minna. Ég held að menn þurfi að taka upp skiptingu á skatttekjunum á milli ríkis og sveitarfélaga í þessu efni.

Ég held líka í öðru lagi að menn þurfi að minnka muninn á skattlagningu fjármagnstekna annars vegar og launa-

tekna hins vegar. Fjármagnstekjur eru skattlagðar með 10% skatti en launatekjur að meðaltali með 25%. Ég tók eftir því að Viðskiptaráð Íslands lagði til 15% skatt á fjármagnstekjur. Það var að vísu með tillögu um 15% skatt á allar tekjur, launatekjur og fjármagnstekjur, en þá hlýtur það að trúa því að fjármagnið þoli 15% skattlagningu. Ég held að menn eigi að skoða það að hækka fjármagnstekjuskattinn. Þessu vildi ég nú koma að, herra forseti, varðandi dreifingu á tekjunum, hvernig þær hafa breyst hvað varðar fjármagnið og þeim sjónarmiðum mínum að ég telji ástæðu til að bregðast við með því að breyta skattlagningunni á fjármagnstekjunum og skiptingu þeirrar skattlagningar á milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég vil svo, virðulegi forseti, víkja að Íbúðalánasjóði sem hefur verið dálítið í umræðunni við fjárlagaumræðuna og reyndar utan þingsins síðustu daga.

Ég vil fyrst víkja að ummælum hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar sem féllu 4. desember á NFS, Nýju fréttastofunni. Þar var verið að fjalla um skýrslu frá Ríkisendurskoðun sem gerð var að beiðni félagsmálanefndar Alþingis vegna lánasamninga sem Íbúðalánasjóður gerði við fjármálastofnanir vegna áhættustýringar á þeim peningum sem sjóðurinn sat uppi með vegna uppgreiðslna á íbúðalánum. Í þessu viðtali kemur fram það álit þingmannsins að skýrsla Ríkisendurskoðunar leiði það í ljós að skipurit og skipulag Íbúðalánasjóðs sé að mörgu leyti í molum og að innra eftirlit sé afleitt. Enn fremur kemur fram hjá hv. þingmanni að það sé fráleitt að samþykkja ábyrgð ríkisins á þeim útlánum sem áætluð eru á næsta ári og koma fram í frumvarpi til fjárlaga, um 80 milljarðar kr., vegna þess að, eins og þingmaðurinn orðar það, þessar fjárhæðir séu jafnvel úti í vindinum. Þetta eru býsna hörð ummæli um sjóðinn og er það ekki til þess fallið að auka tiltrú almennings eða fjármálastofnana á sjóðnum þegar menn láta svona ummæli falla og bæta svo við fréttum um meintar skoðanir sem fram hafa komið hjá opinberum aðilum um að e.t.v. sé ekki ríkisábyrgð á lánunum. Ég held að við verðum aðeins að fara yfir þetta mál, herra forseti, til að taka af öll tvímæli í þessu efni.

Í fyrsta lagi varðandi skýrslu Ríkisendurskoðunar og hvað hún leiðir í ljós, ég fæ ekki séð þegar maður les skýrsluna að hún lúti neitt að skipuriti og skipulagi sjóðsins eða segi neitt um að það sé í molum. Ég held að þetta sé fullyrðing sem enginn fótur sé fyrir. Það mætti draga saman niðurstöðu Ríkisendurskoðunar með því að vitna í bréf stofnunarinnar til félagsmálanefndar Alþingis sem er dagsett 28. nóvember árið 2005. Í þessu bréfi segir m.a. að orsökina fyrir þeim vanda sem Íbúðalánasjóður hafi átt við að glíma í formi mikils innstreymis fjár megi rekja til óvæntrar samkeppni á húsnæðislánamarkaði sem sjóðurinn gat ekki séð fyrir. Það er því dregið fram af hálfu Ríkisendurskoðunar að þetta voru óvænt atvik sem menn gátu ekki séð fyrir.

Í öðru lagi lá vandinn hjá skiptiútboði vegna þess að það var verið að skipta úr húsbréfakerfi yfir í peningaútlánakerfi. Það þurfti að innkalla húsbréfin til að geta gefið út peningabréfin og það var ákveðið skiptiálag þarna á milli. Um það segir Ríkisendurskoðun að það hafi riðið á miklu að ákvarða skiptiálagið þannig að tryggt væri, með leyfi forseta, „að hættunni á tjóni vegna óhóflegra uppgreiðslna yrði ekki boðið heim. Að mati Ríkisendurskoðunar er ekki hægt að gagnrýna Íbúðalánasjóð fyrir ákvörðun skiptiálagsins". — Ríkisendurskoðun kveður því upp úr með það að sá þáttur málsins hafi verið þannig að ekki sé hægt að gagnrýna sjóðinn fyrir hann.

Íbúðalánasjóður er gagnrýndur fyrir að hafa ekki sinnt þeirri lagaskyldu að leita umsagnar Fjármálaeftirlitsins um breytingu á áhættustýringarstefnu sinni fyrr en hálfu ári eftir að þessum breytingum var hrint í framkvæmd. Það er út af fyrir sig óumdeilt, Íbúðalánasjóður hefur viðurkennt að þetta hafi verið yfirsjón.

Í bréfi Ríkisendurskoðunar segir um þær aðgerðir sem sjóðurinn greip til vegna þessa ástands, vegna þessara uppgreiðslna sem voru í fimm liðum, með leyfi forseta:

„Ágreiningslaust er að fjórar fyrsttöldu aðgerðirnar, sem sjóðurinn greip til, flokkast undir hefðbundna áhættu- og fjárstýringu, sem er í fullkomnu samræmi við bæði lögin um stofnunina og áhættustýringarstefnuna, sem hún hefur sett sér."

Það er því enginn efi um að þessi fjögur fyrstu atriði sem nefnd eru eru ágreiningslaus, þau voru eðlileg. Varðandi fimmta atriðið sem var það umdeilda atriði að Íbúðalánasjóður hafi gert lánasamninga við banka og sparisjóði segir í bréfi Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Ef litið er fram hjá efasemdum um lagagrunn þann, sem lánasamningarnir við fjármálafyrirtækin hvíla á, verður að mati Ríkisendurskoðunar ekki annað ráðið af fyrirliggjandi gögnum en að Íbúðalánasjóði hafi með framangreindum aðgerðum tekist að forða sjóðnum frá yfirvofandi tjóni í formi neikvæðs vaxtamunar ... Aðgerðirnar sem slíkar sýnast því hafa tryggt fjárhagslega hagsmuni sjóðsins með nokkuð viðunandi hætti."

Það er ekki hægt að gagnrýna sjóðinn fyrir það hafa gripið til aðgerða sem afstýrðu því að hann yrði fyrir tjóni. Enn fremur segir í bréfi Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið telur eftir að hafa skoðað lagagrundvöll samninganna gaumgæfilega að enginn vafi leiki á því að samningarnir séu í samræmi við lög."

Það er sem sé mat Fjármálaeftirlitsins, sem fer með eftirlitið gagnvart stofnuninni, að enginn vafi sé á lagagrundvellinum fyrir þessum samningum. Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Verði því ekki séð að Íbúðalánasjóði hafi verið óheimilt að gera umræddu lánasamninga sem lið í áhættustýringu sinni. Þá telur Fjármálaeftirlitið ákvörðun Íbúðalánasjóðs um að halda áfram útgáfu íbúðabréfa óháð þróun uppgreiðslna ekki fara í bága við lagaheimildir sjóðsins."

Loks segir í bréfi Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Þó svo að ýmsir efist um lögmæti umræddra áhættustýringaraðgerða Íbúðalánasjóðs og útboða hans á íbúðabréfum verður ekki fram hjá því litið að sú niðurstaða Fjármálaeftirlitsins er afdráttarlaus að lagaskilyrði eru fyrir umræddum aðgerðum. Ríkisendurskoðun gerir í sjálfu sér ekki sérstakar athugasemdir við þessa meginniðurstöðu Fjármálaeftirlitsins" þannig að það er ekki bara að Fjármálaeftirlitið stimpli þetta, heldur gerir Ríkisendurskoðun það líka.

Þetta er niðurstaða skýrslunnar, virðulegi forseti. Um það var hún, þessi varð niðurstaðan og það verður ekki séð að hægt sé að viðhafa ummæli af því tagi sem féllu í viðtalinu við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, að skipurit og skipulag sjóðsins sé að mörgu leyti í molum, að innra eftirlit sé afleitt og að ekki sé hægt að samþykkja ábyrgðir eða heimild Íbúðalánasjóðs til að gefa út bréf á næsta ári fyrir 80 milljarða kr. Í raun og veru er þessi skýrsla Ríkisendurskoðunar hið gagnstæða, hún sýnir að sjóðurinn stendur á traustum grunni, hann nýtur öruggrar stjórnar og þeir sem þar stjórna hafa fundið leið út úr óvæntri, erfiðri stöðu á þann veg að hagsmunum sjóðsins og þar með ríkisins var fullkomlega borgið.

Virðulegi forseti. Hér hafa menn verið með ummæli um Ríkisábyrgðasjóð, fjármálaráðuneytið og meint bréfaskipti þar á milli. Fyrr í umræðunni voru menn að spyrja um það. Lögum samkvæmt eru málin alveg skýr. Eftirlit með Íbúðalánasjóði hafa Fjármálaeftirlitið og Ríkisendurskoðun, sem eru samkvæmt lögum eftirlitsaðilar Íbúðalánasjóðs. Ríkisábyrgðasjóður hefur engu hlutverki að gegna í þeim efnum. Hann sinnir ekki eftirliti með Íbúðalánasjóði, né fjármálaráðuneytið, þannig að það sé á hreinu og enginn misskilningur um lögin í landinu. Aðilarnir sem hafa eftirlit með Íbúðalánasjóði eru Ríkisendurskoðun og Fjármálaeftirlitið og ég vitnaði einmitt til þeirra í skýrslunni sem ég las upp úr áðan.

Hins vegar fá Lánasýsla ríkisins og Ríkisábyrgðasjóður skýrslur í hendur, upplýsingar sem sendar eru til Fjármálaeftirlitsins og Ríkisendurskoðunar. Þannig er öllum aðilum haldið upplýstum og þeir fá þær upplýsingar aðrar sem þeir kunna að óska eftir. Ég bendi að auki á að Íbúðalánasjóður hefur sótt sér ráðgjöf til að treysta áhættustýringuna, sem er auðvitað aðalmálið í svo stórum sjóði. Hann hefur fengið til þessa verks sænskt fyrirtæki sem heitir Capto. Það þjónar t.d. mörgum sænskum stórfyrirtækjum.

Ég held að menn geti ekki staðið betur að verki en Íbúðalánasjóður hefur gert. Einnig má segja að félagsmálaráðherra hafi ákveðið eftirlit með Íbúðalánasjóði. Hann skipar stjórn sjóðsins og sjóðurinn verður að senda ráðherranum og Fjármálaeftirlitinu skýrslur um framvindu áhættustýringarstefnunnar á þriggja mánaða fresti með helstu lykilkennitölum úr rekstri sjóðsins, samanber reglugerð sem kveður á um það og fjallar um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs. Þessar skýrslur á líka að senda, eins og ég sagði áðan, Ríkisábyrgðasjóði og reyndar fjármálaráðherra. Ég held að erfitt sé að halda því fram að eitthvað skorti upp á eftirlit og ráðgjöf og upplýsingastreymi hjá þeirri ágætu stofnun. Ég get t.d. nefnt að búið er að senda skýrslu vegna fyrstu níu mánaða þessa árs. Hún er hjá Fjármálaeftirlitinu, menn hafa farið yfir hana þar og engar athugasemdir komið fram.

Ég vildi koma þessu á framfæri, virðulegi forseti, þannig að menn vissu að vel er staðið að málum, bæði hjá Íbúðalánasjóði og þeim opinberu aðilum sem eiga að fylgjast með honum. Á því leikur enginn vafi. Menn geti treyst því að sjóðurinn stendur vel og að fyllsta öryggis er gætt í þeirri áhættustýringarstefnu sem sjóðurinn hefur markað sér. Það kemur m.a. fram í því að lánshæfi sjóðsins er metið mjög hátt, metið það sama og íslenska ríkið er metið á, sem er betra en íslensku viðskiptabankarnir búa við. Þetta held ég að ég láti duga um stöðu Íbúðalánasjóðs og vil þar með víkja að öðru sem snertir sjóðinn.

Formaður bankastjórnar Seðlabankans flutti í gærmorgun ræðu á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs Íslands. Þar fjallaði bankastjórinn um húsnæðislánakerfið og lét þau ummæli falla að hann teldi að það hefði orðið úrelt á augabragði þegar bankarnir hófu samkeppni sína á síðasta ári. Bankastjórinn sagði enn fremur, með leyfi forseta:

„... samkeppnisstaða á húsnæðismarkaði gengur ekki upp, þegar einn aðili nýtur lánstrausts ríkissjóðs, greiðir ekki ábyrgðargjald og er undanþeginn ýmsum gjöldum sem samkeppnisaðilar hans bera. Það er laukrétt að þetta vissu lánastofnanir fyrir, þegar þær opnuðu upp á gátt. En það er, sem fyrr sagði, orðið aukaatriði nú og verkefnið hlýtur að vera að koma þessari skipan í eðlilegt horf sem allra fyrst."

Virðulegi forseti. Mér finnst eðlilegt að stjórnmálamaður hafi þessa skoðun, ráðherra eða forsætisráðherra. En ég lýsi undrun minni á því að bankastjóri Seðlabankans skuli viðra slíkar skoðanir. Ég stend í þeirri meiningu að það sé ekki hlutverk Seðlabankans að senda stjórnmálamönnum tóninn um hvað þeir eigi að gera og hvernig þeir eigi að hafa íbúðalánakerfi sem á að þjóna landsmönnum. Ég er algerlega ósammála bankastjóranum um að núverandi kerfi sé úrelt og ósammála honum um að núverandi skipan sé óeðlileg. Ég tel að núverandi kerfi sé eðlilegt og það besta sem menn geta boðið íslenskum almenningi.

Ég vil ítreka, virðulegi forseti, að ég held að bankastjórar Seðlabankans eigi ekki að blanda sér í stefnumörkun af þessu tagi. Eða má búast við því að hann fari að gefa út línurnar um hvað hann telji eðlilegt að gera varðandi aðra þætti viðskiptalífsins, eins og samkeppnislöggjöf? Mun Seðlabankinn gefa Alþingi línu um hvernig samkeppnislöggjöfin eigi að vera til að ástandið verði með þeim hætti sem bankinn telur eðlilegt? Ég held, virðulegi forseti, að menn eigi ekki að blanda Seðlabankanum í þessi verkefni og hvet bankastjóra Seðlabankans til að láta stjórnmálamönnum eftir að ráða fram úr því verkefni að ákveða hvaða stefnu við höfum varðandi lánveitingar til húsnæðismála.

Mig langar að lokum, virðulegi forseti, að fara aðeins yfir núverandi kerfi og bera saman við það sem menn kunna að vilja taka upp. Á haustdögum fyrir þremur árum, september 2002, hélt Landsbankinn mikla ráðstefnu. Þar var þáverandi forsætisráðherra gestur og setti fram sjónarmið sín varðandi þau mál sem ég hef gert að umræðuefni. Hann reifað þau sjónarmið sín að eðlilegt væri að fela bankakerfinu rekstur slíkra sjóða en ríkið héldi áfram að tryggja með niðurgreiðslum eða beinum styrkjum hin félagslegu markmið sem sjóðunum væri ætlað að ná. Morgunblaðið tók þetta upp í leiðara daginn eftir. Þar sagði m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Íbúðalánasjóður er sá sjóður á vegum ríkisins, sem nærtækast virðist að færa til bankakerfisins. Morgunblaðið hefur árum saman haldið því fram að engin ástæða væri til að hafa sérstakan opinberan íbúðalánasjóð með tilheyrandi kostnaði fyrir skattgreiðendur af rekstri hans."

Enn fremur segir í sama leiðara:

„Opinberir aðilar geta falið einkaaðilum að sinna ýmiss konar þjónustu, sem áfram er greidd af hinu opinbera, t.d.

samkvæmt þjónustusamningum. Kosturinn við slíkt fyrirkomulag er að frumkvæði og hugmyndaauðgi einkaframtaksins er virkjuð, samkeppni er komið á og þar með stuðlað að bættri þjónustu við almenning og lægri kostnaði fyrir skattgreiðendur.“

Nú held ég að ástæða sé til að staldra við og velta fyrir sér hvað gerðist ef við legðum af þetta kerfi eins og Morgunblaðið leggur til, kerfið sem við höfum í dag, og létum bankana um þetta. Mun það gerast sem þar stendur, að þjónusta muni batna og kostnaður skattgreiðenda muni lækka? Mun það gerast? Er líklegt að það muni gerast? Þá skulum við í fyrsta lagi skoða hver kostnaður skattgreiðenda er af núverandi kerfi. Í fyrsta lagi er aðalkostnaðurinn fólginn í vaxtabótakerfinu og því að ríkissjóður niðurgreiðir vexti til leiguíbúða. Ég reikna með því að það sé ekki pólitískur ásetningur að breyta því kerfi. Menn setja um 5 milljarða kr. eða eitthvað slíkt í vaxtabætur og þótt einn ráðherra hafi fyrr á þessu ári — hann var reyndar ekki ráðherra þá — viðrað hugmyndir um að leggja niður vaxtabótakerfið þá geri ég ekki ráð fyrir að þær hugmyndir séu það útbreiddar að það sé stefna ríkisstjórnarinnar eða annars hvors stjórnarflokksins. Ég geng út frá því að pólitísk samstaða sé um að hafa það kerfi áfram, hvort sem menn reka Íbúðalánasjóð eða ekki. Sá þáttur breyttist því ekki við þá breytingu.

Bera skattgreiðendur kostnað af rekstri Íbúðalánasjóðs? Svarið er nei. Viðskiptavinir sjóðsins greiða kostnaðinn af rekstrinum. Ríkið greiðir ekki neitt. Reyndar hafa viðskiptavinir sjóðsins byggt upp eigið fé sjóðsins á þeim árum sem hann hefur starfað þannig að það er núna bókfært, ef ég man rétt, um 13 milljarðar kr. Að auki eru milli 3 og 4 milljarðar í afskriftasjóði þannig að Íbúðalánasjóður hefur getu upp á 16–17 milljarða kr. Ríkissjóður hefur ekkert lagt fram og ekki borið neinn kostnað af þessu.

Þá má spyrja: Ber skattgreiðandinn kostnað af því að Íbúðalánasjóður nýtur ríkisábyrgðar? Ef maður skoðar það mál er svarið í raun nei. Skattgreiðandinn borgar ekkert vegna þess. Lánshæfi ríkissjóðs er ekki minna þótt Íbúðalánasjóður sé til staðar þar sem enginn kostnaður hefur fallið á ríkið út af ríkisábyrgðinni. Þvert á móti hefur ríkisábyrgðin leitt til þess að sjóðurinn getur aflað sér fjár á lægri vöxtum en ella væri og menn njóta þess.

Loks vil ég nefna eitt atriði sem gæti komið til álita þegar menn skoða kostnað skattgreiðenda af Íbúðalánasjóði. Það er áhættan. Er mikil áhætta af rekstri sjóðsins, sem hugsanlega gæti leitt til þess að sjóðurinn eigi ekki fyrir skuldbindingum og ríkið verði að leggja honum til fé? Það er sáralítil hætta á því eins og sést best af því hvernig sjóðurinn hefur byggt upp eigið fé á fáeinum árum. Útlánatap sjóðsins á árabilinu 1999–2003 er ekki nema 0,05%. Útlánatapið á síðasta ári var enn minna eða 0,015%.

Ef ég dreg öll þau atriði saman sem komið gæti til álita að gerðu það að verkum að skattgreiðandinn bæri kostnað af rekstri sjóðsins þá er niðurstaðan sú að skattgreiðandinn ber engan kostnað af rekstri sjóðsins. Þar af leiðandi verður enginn sparnaður við að leggja sjóðinn niður og færa verkefnið til viðskiptabankanna.

Lítum þá á lántakandann en ekki skattgreiðandann. Ber lántakandinn kostnað af því að þurfa að skipta við Íbúðalánasjóð fremur en eingöngu við viðskiptabankana? Það eru ekki mörg atriði sem koma til álita. Það er í fyrsta lagi lántökukostnaður. Ég held að menn verði fljótir að sjá, þegar þeir skoða það mál, að lántökukostnaður er lægri hjá Íbúðalánasjóði en hjá viðskiptabönkunum. Vextirnir eru lægri einmitt vegna þess að Íbúðalánasjóður er ríkissjóður og nýtur ábyrgðarinnar og þarf ekki að borga fyrir að hafa þá ábyrgð. Það má áætla að sú staðreynd að Íbúðalánasjóður þarf ekki að borga skatta til ríkisins, þarf ekki að borga arð og að hann nýtur ábyrgðarinnar þýði um 1% í útlánavöxtum. Ef Íbúðalánasjóður verður látinn starfa á sama grundvelli og bankarnir gera og með sömu arðsemiskröfu þá yrði hann að hækka útlánavexti sína um 1%. Og 1% af íbúðalánum, sem geta verið um 800 milljarðar kr., eru bara 8 milljarðar kr. á hverju ári. Þannig að í raun og veru nýtur lántakandinn a.m.k. þeirrar fjárhæðar á hverju ári í lægri útgjöldum vegna þess að sjóðurinn er eins og hann er. Reyndar er það meira því að vaxtamunurinn í Íbúðalánasjóði er ekki nema 0,32% en hjá bönkunum er hann líklega um 2% meiri. Ef við færum með vextina frá því sem Íbúðalánasjóður hefur ákvarðað og alfarið yfir í það umhverfi að viðskiptabankarnir mundu ákvarða vextina mundu þeir líklega hækka um 2%. Það yrðu um 16 milljarðar kr. á ári.

Það er t.d. viðurkennt af hálfu KB-banka að bankinn sé að greiða niður vexti af lánum sem hann hefur veitt vegna íbúðalána. Ef maður skoðar hvað sú niðurgreiðsla getur hugsanlega verið mikil hjá viðskiptabönkunum miðað við tiltekna ávöxtun, t.d. 4,10% ávöxtun, mundi ég halda að niðurgreiðsla bankanna sé ekki undir 1 milljarði á ári. Bankarnir eru því í dag að veita lán á lægri vöxtum en þeir hafa efni á. Ef við leggjum Íbúðalánasjóð niður og segjum viðskiptabönkunum að sjá um þetta má búast við því að vextir hækki um 2%. Lánshlutfallið hjá Íbúðalánasjóði er 90%, hjá bönkunum er það 80% þannig að þeir standa sig lakar að þessu leytinu til. Sums staðar er það 60% hjá bönkunum þar sem það er líka 90% hjá Íbúðalánasjóði. Búsetustaður lántakenda skiptir máli hjá viðskiptabönkunum en ekki hjá Íbúðalánasjóði. Ábyrgð á útlánum hjá Íbúðalánasjóði er sameiginleg þannig að lántakandinn fær sama hlutfall lána óháð því hvar hann býr. Því er ekki að heilsa hjá viðskiptabönkunum og menn eru dregnir þar í ýmsa dilka og sumir eru jafnvel settir út fyrir réttina og fá engin lán af því að þeir eru taldir búa á stöðum sem viðskiptabankarnir hafa ekki trú á að eigi sér framtíð.

Ef við skoðum málið út frá hagsmunum lántakandans þá mun hann ekki njóta góðs af þeirri breytingu sem leiðari Morgunblaðsins boðaði og formaður bankastjórnar Seðlabankans kallaði eftir í gær. Það er einfaldlega breyting sem mundi leiða til kostnaðarauka fyrir lántakendur á Íslandi, fjárhæðir sem mundu nema milljörðum kr. á ári, milljörðum kr. Til hvers eigum við að skipta út kerfi sem skilar hagnaði, skilar lægstu mögulegum vöxtum, skilar jafnræði til fólks óháð efnahag og búsetu fyrir annað kerfi sem er fyrir fram vitað að er dýrara og mismunar fólki verulega eins og ég hef rakið? Ég sé enga forsendu fyrir því, virðulegi forseti. Þegar menn kalla eftir slíkum breytingum kalla þeir eftir því að Alþingi íþyngi íslenskum lántakendum og skerði kjör þeirra sem taka lán til íbúðarkaupa á Íslandi. Ég get ekki fallist á, virðulegi forseti, að menn eigi að ljá máls á því hvað þá eyra við slíkum málflutningi.

[00:50]

Útbýting:

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, 18. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 526; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 527.

Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 313. mál, nál. félmn., þskj. 528.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 11. mál.

Fundi slitið kl. 00:51.

---

36. FUNDUR

miðvikudaginn 7. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 2006, stjfrv., 1. mál, þskj. 437, frhnál. 492 og 498, brtt. 480, 482, 483, 484, 485, 486, 487, 488, 496, 497 og 508. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Viðskipti með aflaheimildir, beiðni um skýrslu, 396. mál, þskj. 495. *Hvort leyfð skuli.*

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.,
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.,
Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá foreldrum og aðstandendum samkynhneigðra.

[13:34]

Útbýting:

Fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar, 334. mál, svar utanrrh., þskj. 506.

Framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, 121. mál, svar utanrrh., þskj. 458.

Starfsmannaleigur, 366. mál, brtt. ÖJ o.fl., þskj. 533.

Fjárlög 2006, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 437, frhnál. 492 og 498, brtt. 480, 482, 483, 484, 485, 486, 487, 488, 496, 497 og 508.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:36]

Magnús Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Frumvarp til fjárlaga ársins 2006 kemur nú til lokaafgreiðslu á Alþingi. Það liggur fyrir að staða ríkissjóðs er mjög sterk um þessar mundir, tekjuafgangur frumvarpsins eins og það liggur fyrir er 19,5 milljarðar kr. sem nemur nálægt 2% af landsframleiðslu sem er meiri afgangur en flestar Evrópuþjóðir geta státað af um þessar mundir. Það verður haldið áfram að greiða niður skuldir ríkissjóðs og má gera ráð fyrir að þær muni nema nálægt 10% af landsframleiðslu í árslok 2006 sem er gríðarleg breyting frá því sem var fyrir um áratug þegar þetta hlutfall var nálægt 50%. Vaxtagjöld eru nú um sjöundi stærsti útgjaldaliður fjárlaga en voru í 2.–3. sæti fyrir um áratug.

Hér er verið að auka fjárheimildir til velferðarmála mjög mikið á sama tíma og stjórnarandstaðan hamrar á þeirri gömlu og slitnu klisju að verið sé að skera niður í velferðarkerfinu. Nauðsynlegt er að vara við þeim ómerkilega málflutningi sem er ósannur.

Eins og frumvarpið liggur fyrir núna eru framlög til mennta- og menningarmála 12% hærri en var í fjárlögum 2005 sem eru um 4,4 milljarðar. Fjárheimildir til heilbrigðis- og tryggingamála eru 5,8% hærri í þessu frumvarpi en í fjárlögum 2005 sem eru 7 milljarðar kr. og fjárheimildir til félagsmála eru 7,7% hærri í þessu frumvarpi en í fjárlögum 2005 sem eru 2 milljarðar. Þrátt fyrir þessar staðreyndir rembist stjórnarandstaðan við að halda því fram að ekkert sé að gerast í t.d. menntamálum. Nú sem fyrr talar stjórnarandstaðan eins og hún sé í öðrum heimi en lifi ekki í raunveruleika samtímans.

Virðulegur forseti. Þetta er gott fjárlagafrumvarp eins og það liggur hér fyrir. Við Íslendingar erum afar lánsöm þjóð að búa við þær aðstæður sem hér ríkja. Við þessar aðstæður er mikilvægt að halda vel á stjórn ríkisfjármála og það verður eitt brýnasta verkefni okkar á næstu missirum og árum í þágu samtímans en ekki síður með hagsmuni framtíðarinnar að leiðarljósi. Við ætlum okkur að halda áfram að bæta hag og lífsgæði þjóðarinnar og vera þar áfram í fremstu röð meðal þjóða heimsins.

[13:38]

Helgi Hjörvar *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Fram að þessu hafa allar tillögur stjórnarandstöðunnar um þetta frumvarp verið felldar og líkur til að svo verði enn í dag, enda meiri hlutinn orðinn svo þreyttur á því að vera í meiri hluta að hann er löngu hættur að taka tilsögn eða ábendingum, hvort sem er frá stjórnarandstöðunni, almannasamtökum eða stofnunum í efnahags- og atvinnulífi. Hann er svo þreyttur á því að vera í meiri hluta að hann nennti ekki einu sinni að taka þetta frumvarp inn í fjárlaganefnd til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. þó að hann vissi að ýmislegt í þessu frumvarpi stæðist ekki.

Þau vinnubrögð sem hér hafa þróast við gerð fjárlaga sýna því miður, virðulegur forseti, að við þurfum enn að þroska með okkur lýðræðislega starfshætti, Íslendingar, því að vinnubrögðin lýsa valdhroka.

Þær tillögur sem við í Samfylkingunni stöndum hér að miða að því að auka aðhald á þenslutímum, miða að því að lækka þá skatta sem best kemur barnafjölskyldum og lágtekjufólki í landinu og miða að því að styrkja stöðu mikilvægustu framtíðarstofnana Íslendinga, framhalds- og háskólanna í landinu. Þær tillögur eru ein heild og við munum því styðja þær við afgreiðslu málsins sem ein heild en ekki taka að venju afstöðu til tillagna annarra þó að við kunnum efnislega að styðja þau málefni sem þau snerta.

Við afgreiðslu fjárlaganna sjálfra munum við sitja hjá. Í þessu fjárlagafrumvarpi eru vanræktir framhalds- og háskólar landsins sem eiga að vera undirstaða atvinnulífs og velmegunar hér til langrar framtíðar og sú uppspretta auðs í landinu sem nýjar kynslóðir þurfa á að halda. Hér gætir ónógs aðhalds og hér er 11. árið í röð verið að létta byrðunum af hinum tekjuhæstu, leggja þær á hina tekjulægstu og auka þannig misskiptinguna í íslensku þjóðfélagi. Því tökum við ekki þátt í. En það er engu líkara en að með þessu frumvarpi sé Framsóknarflokkurinn endanlega genginn í Sjálfstæðisflokkinn því að jafnvel unga fólkið sem Framsóknarflokkurinn talaði við fyrir síðustu kosningar um 90% íbúðalánin og hefur verið að veita hin stóru lán þegar íbúðaverðið hefur hækkað og hækkað, (Forseti hringir.) jafnvel þetta unga fólk svíkur Framsóknarflokkurinn nú með því að skerða enn og aftur vaxtabætur til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

[13:42]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Fjárlög fyrir árið 2006 koma nú til lokaafgreiðslu þingsins. Seðlabankinn gefur efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar einkunn í Peningamálum sem komu út 2. desember sl. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Mikið ójafnvægi einkennir núverandi ástand efnahagsmála þar sem saman fer metviðskiptahalli, raungengi í sögulegum hæðum, mikil hækkun íbúðaverðs, vaxandi skuldsetning heimila, fyrirtækja og þjóðarbúskaparins í heild sinni og verðbólga yfir markmiði Seðlabankans."

Þetta er einkunn Seðlabankans um efnahagsástandið, frú forseti. Nú er talið að viðskiptahallinn á þessu ári verði um 15,6% af þjóðarframleiðslu, þ.e. um 154 milljarðar kr., nærri 50 milljörðum meira en áætlað var við fjárlög fyrir ári. Á næsta ári er áætlaður viðskiptahalli upp á 130 milljarða, það haldi áfram á sömu leið. Má búast við að sá halli nálgist frekar 200 milljarða ef ekki verður snúið af þeirri efnahagsbraut sem nú er keyrð. Aðaltekjustofn ríkisins er síðan að verða skattar á viðskiptahallann, skattar á þensluna, skattar á innfluttar vörur. Þetta er ekki traustur tekjustofn en atvinnulífinu blæðir, hátæknigreinunum, ferðaþjónustunni, útflutningsgreinunum, þeim greinum blæðir í þessari efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar láta virkilega til sín taka. En þær geta verið af hinu góða, sagði hæstv. iðnaðarráðherra við Vestfirðinga þegar þeim var sagt upp vinnunni.

Heilu málaflokkarnir eru óafgreiddir við lok fjárlaga. Ég nefni Byggðastofnun, hún er fjárvana, byggðaáætlun rennur út nú um áramótin og engin ný er til. Er það viðhorfið til byggðamála þessarar ríkisstjórnar, frú forseti? Ég nefni hjúkrunarheimilin og fátt er kannski daprara við lokaafgreiðslu þessa frumvarps en að ríkisstjórnin og meiri hlutinn skuli ekki hafa tekið á sjáanlegum vanda hjúkrunarheimilanna.

Frú forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytja nokkrar breytingartillögur, sumar með Frjálslynda flokknum og Samfylkingunni og aðrar sérstakar til að bæta úr í nokkru. Við munum að sjálfsögðu styðja þær góðu tillögur sem lúta að því að bæta þetta frumvarp en að öðru leyti er ábyrgð á því vísað til ríkisstjórnarinnar.

[13:45]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Með þessu fjárlagafrumvarpi festir ríkisstjórnin áfram í sessi það aukna misrétti sem fylgt hefur stefnu ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum, sérstaklega skattstefnunni sem hefur aukið á misvægi milli stétta í þjóðfélaginu þar sem hinir lakar settu sitja eftir en þeir sem hærri hafa tekjurnar njóta ávaxtanna. Þetta er sú markvissa stefna sem ríkisstjórnin hefur sett sér og fylgir nú eftir enn á ný á þriðja ári kjörtímabilsins.

Við sem höfum verið hér fyrir Frjálslynda flokkinn höfum flutt um það margar tillögur og bent á það margsinnis að persónuafsláttinn þyrfti að lagfæra ef auka ætti jöfnuð í þjóðfélaginu. Á þetta hefur ríkisstjórnin ekki hlustað. Þetta hafa samtök launþega bent á, þetta hafa aldraðir bent á, þetta hafa öryrkjar bent á.

Við afgreiðslu þessa fjárlagafrumvarps segir ríkisstjórnin auðvitað við þessa hópa: Við viljum hafa þessa stefnu svona. Við viljum auka misvægið. Við viljum sjá til þess að þeir sem hæstar hafa tekjurnar hafi það betra, en þeir sem minni tekjur hafa hafi það lakara. Og þegar að því kemur sem sennilega verður eins og venjulega að ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur fellt allar breytingartillögur minni hlutans á Alþingi mun ríkisstjórnin auðvitað sitja uppi með það að bera ein ábyrgð á þessari stefnu.

[13:47]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þegar líður að lokum fjárlagavinnunnar á hv. Alþingi fyrir árið 2006 vil ég þakka hv. fjárlaganefnd fyrir skilvirk vinnubrögð og þakka þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðum um fjárlögin fyrir málefnalega umræðu að mestu.

Þau fjárlög sem við erum nú að fara að afgreiða eru aðhaldssöm en samt sem áður fjárlög þar sem tekst að bæta í mikilvæga málaflokka eins og mennta- og velferðarmál. Þetta eru fjárlög skattalækkana en einnig fjárlög þar sem skilað er góðum afgangi upp á nær 2% af landsframleiðslu sem er gott tillegg til jákvæðrar efnahagsþróunar næstu missirin.

Stjórnarandstaðan er þreytt á lýðræðinu og skilar auðu en ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn heldur áfram af fullum krafti að bæta enn frekar hag ríkissjóðs og stjórnarinnar og þjóðarinnar allrar.

Brtt. 482,1 felld með 30:18 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, JBjart, LB, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:49]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem hér er til afgreiðslu endurspeglar þann mun sem er á skattstefnu Samfylkingarinnar og ríkisstjórnarinnar. Tillögur ríkisstjórnarinnar fela í sér að áfram mun draga í sundur með þeim sem hæstar hafa tekjurnar og hinum sem hafa þær lægstar. Tillögur Samfylkingarinnar fela í sér að persónuafsláttur fylgir verðlagsþróun og matarskattur er lækkaður sem kemur tekjulágu fólki og fólki með meðaltekjur og mikla framfærslu helst til góða. Í þessu felst sem sagt grundvallarmunur á skattstefnu Samfylkingar og ríkisstjórnar þar sem ríkisstjórnin stuðlar að auknum ójöfnuði en þetta felur í sér meiri jöfnuð en þær tillögur gerðu ráð fyrir. Ég segi já.

Brtt. 483,1–3 felld með 30:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, JBjart, LB, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:50]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Með þessari tillögu mæta stjórnarandstöðuflokkarnir þeim þrengingum sem opinberu háskólarnir eiga nú í og kemur m.a. fram í lokun deilda eins og í Háskólanum á Akureyri og þeirri alvarlegu stöðu sem þar er uppi og í hinum opinberu skólunum. Það speglast vel í þeim úttektum sem hafa verið gerðar á stöðu þeirra þar sem það er rammað inn að skólarnir eiga við alvarlegar fjárhagsþrengingar að stríða og í raun og veru er kraftaverk hve mikil gæði skólanna eru miðað við þá þrengingu sem þeir búa við.

Sprenging hefur orðið í skólasókn á Vesturlöndum á síðustu árum. Sú sprenging kemur vel fram í þeim orðum fyrrverandi rektors, Páls Skúlasonar, að fyrir nokkrum missirum voru 5% af vinnuafli almennt með háskólapróf á Vesturlöndunum en innan nokkurra áratuga er því spáð að það hlutfall verði á milli 40 og 50%. Við Íslendingar erum verulegir eftirbátar annarra Norðurlanda og Evrópuþjóða hvað varðar háskólamenntað fólk á vinnumarkaði. Við þurfum að mæta því með verulega auknum framlögum og þessi tillaga stjórnarandstöðuflokkanna er fyrsta skref í þá átt. Ég segi já.

[13:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í orði eru allir sammála um að fjárfesting í góðri menntun og þar með betri framtíð Íslands verði að fá forgang í nútímaþjóðfélagi ef við ætlum að vera samkeppnisfær í atvinnulífinu á alþjóðavísu. Hér eru greidd atkvæði um auknar fjárveitingar til Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Við þessa atkvæðagreiðslu sést hvort hugur fylgir máli um að mæta fjárþörf þessara háskóla svo að þar megi starfa af auknum krafti fyrir betri framtíð landsins. Ég segi já.

[13:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hér eru greidd atkvæði um aukin fjárframlög til þriggja opinberra háskóla, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennaraháskólans. Hæstv. menntamálaráðherra hélt því fram í ræðu á Alþingi í gær að Háskóli Íslands væri flaggskip æðri menntunar á Íslandi. Um það erum við sammála. En hvers vegna er það ekki viðurkennt í fjárlögum næsta árs?

Við vitum öll að ef Háskóli Íslands fengi hlutfallslega sömu hækkun fjárveitinga og þeir skólar sem mesta hækkun fá núna yrði rekstur hans í góðu jafnvægi á næsta ári. Við erum að tala um 370 millj. Stjórnarandstaðan leggur til að Háskóli Íslands fái þessar 370 millj. og raunar 130 millj. að auki til að standa straum af kostnaði við fjölgun doktorsnema. Við leggjum líka til að Háskólinn á Akureyri fái viðurkenningu fyrir það mikla og öfluga starf sem þar hefur verið til staðar og fái 100 millj. kr. í aukafjárveitingu og að Kennaraháskóli Íslands fái svipaða viðurkenningu, aukafjárveitingu upp á 150 millj. kr. Ég segi já.

[13:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Íslendingar standa sig ekki nógu vel í því að efla háskólamenntun í landinu. Opinberu háskólarnir þrír eiga allir í verulegum rekstrarerfiðleikum, Háskóli Íslands, Kennaraháskólinn og Háskólinn á Akureyri. Fjárveitingar gera varla að halda í við nemendafjölgun en þó hlýtur að vekja sérstaka athygli að metnaður ríkisstjórnarinnar, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, er ekki meiri en raun ber vitni fyrir hönd Háskólans á Akureyri sem samkvæmt nýjum samanburðargögnum er með lægstar tekjur á hvern nemanda af þessum skólum þrátt fyrir að þarna sé á ferðinni lítil stofnun í mikilli uppbyggingu og starfi á landsbyggðinni með þeim kostnaði sem því fylgir. Háskólanum á Akureyri er mjög treyst í sambandi við uppbyggingu fjarnáms á háskólastigi vítt og breitt um landið. Vöxtur Háskólans á Akureyri er nú að stöðvast vegna fjárskorts. Meiri er metnaðurinn ekki þrátt fyrir öll fögru orðin um hann og hversu vel heppnuð aðgerð á sviði menntunar og (Forseti hringir.) byggðamála hann er. Hér gefst mönnum færi á að bæta ráð sitt.

Brtt. 497,1 felld með 30:8 atkv. og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, JBjart, LB, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Nemendur og kennarar í tónlistarskólunum eru í óvissu um framtíð tónlistarnáms. Ekki er vitað með hvaða hætti því verður fyrir komið á næstu missirum. Starfshópur sem um málið fjallaði virðist ekki geta komið sér saman um niðurstöðu og á meðan blæðir tónlistarnáminu, tónlistarskólunum.

Hversu margir upprennandi listamenn eiga eftir að líða fyrir þetta ástand? Að okkar mati í Vinstri grænum: Of margir, frú forseti. Þess vegna flytjum við þá tillögu sem hér kemur nú til atkvæða og gerir ráð fyrir því að tónlistarnám á framhaldsskólastigi verði styrkt sérstaklega um 40 millj. kr. Ég segi já.

[13:56]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er verið að greiða atkvæði um stuðning við tónlistarskólana. Hæstv. menntamálaráðherra svaraði ekki í gær spurningunni: Hvernig er staða tónlistarnámsins við framhaldsskólana? Gerður var samningur milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins um að fjármagn kæmi til tónlistarnáms í framhaldsskólum á þessu ári. Að ég best veit rennur sá samningur út um áramótin. Ekki er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir neinu fjármagni til tónlistarnáms við framhaldsskóla. Er það þó hluti af námskrá þar, en mun dýrara.

Frú forseti. Hæstv. ráðherra svaraði þessu ekki. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs svörum því hér með því að leggja til að áfram verði staðið við og endurnýjað það samkomulag sem gert var við Samband íslenskra sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám í framhaldsskólum þangað til varanlegt samkomulag hefur verið gert.

Brtt. 482,2 felld með 30:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, JBjart, LB, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:58]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur orðið veruleg aukning í nemendafjölda í framhaldsskólum á undanförnum árum. Er það vel og gleðilegt að margir eldri nemar eru að snúa aftur í framhaldsskólanám. Þessu hefur því miður ekki verið mætt með skilningi af hálfu stjórnvalda og það eru viðvarandi verulegar vanáætlanir á nemendafjölda í framhaldsskólum landsins. Þetta kemur skýrt fram í góðri ályktun frá stjórn Félags framhaldsskólakennara sem var send okkur 5. desember sl. en þar kemur fram að halli nokkurra framhaldsskóla sé á þessu ári 4–35% af framlögum ársins í ár. Þessi viðvarandi rekstrarvandi vegna vanáætlana stjórnvalda á nemendafjölda og galla í því reiknilíkani sem áætlar framlög til framhaldsskólanna er auðvitað óþolandi fyrir þessa skóla og margir eiga við alvarlegan rekstrarvanda að stríða. Afleiðingar af þessu eru að námsframboð verður stöðugt einhæfara. Þessu viljum við mæta af myndarskap. Við verðum að viðurkenna þennan vanda og við gerum það, Samfylkingin, ólíkt hæstv. ríkisstjórn. Því leggjum við til 250 millj. kr. framlag. Ég segi já.

[14:00]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Á sama tíma og æ fleiri sækja um inngöngu í framhaldsskóla þrjóskast þessi ríkisstjórn við að láta þeim í té það fjármagn sem þarf til rekstrarins. Á sama tíma og framhaldsskólanemar og kennarar senda bænarskjöl til ráðherra menntamála um að falla frá hugmyndum um skerðingu náms til stúdentsprófs þá hunsar þessi ríkisstjórn rök framhaldsskólakennara fyrir því að aukið fjármagn sé nauðsynlegt til að taka á móti auknum fjölda nemenda til að vinna gegn brottfalli í skólunum, til að verknámsskólar geti boðið nemendum upp á námsgögn og tækjabúnað sem standist kröfur tímans og til að tryggja öllum skólavist í framhaldsskólunum sem þess óska. Tillaga sú sem við hér greiðum atkvæði um byggir á þeirri staðreynd að stjórnarandstaðan ákvað að hlusta á rök framhaldsskólakennara. Ég segi já.

[14:01]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér leggur stjórnarandstaðan til að auka við fjárveitingar til framhaldsskólanna almennt um 250 milljónir. Það er ekki vanþörf á að slíkt sé gert og um það má greinilega lesa í bréfi frá Félagi framhaldsskólakennara sem við fengum fyrir örfáum dögum en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Stjórn Félags framhaldsskólakennara gagnrýnir stjórnvöld fyrir að vanáætla gróflega og árvisst fjárveitingar til framhaldsskólanna hvað varðar nemendafjölda og heildarfjárþörf."

Þetta ætti að vera nægilega skýr vísbending fyrir ríkisstjórnina til að lagfæra þessi mál en svo virðist ekki vera miðað við atkvæðagreiðslur á töflunni hér.

[14:01]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt greinargerð Ríkisendur-

skoðunar um stöðu níu framhaldsskóla, fjögurra á höfuðborgarsvæðinu og fimm á landsbyggðinni, þá er viðvarandi rekstrarhalli þeirra á bilinu 4–35% af fjárveitingum til skólanna. Þetta er einungis ein birtingarmynd af mörgum af viðvarandi fjárhagsvanda margra framhaldsskóla. Það er mikil sókn í skólana af fólki sem hefur áður snúið frá námi. Auk þess þurfum við að gæta þess sérstaklega að vinna gegn brottfalli. Brottfall er miklu meira á Íslandi en annars staðar. Hlutfall hvers árgangs sem útskrifast úr framhaldsskóla er ekki nema 60%, 40% útskrifast ekki með aðra menntun en grunnskóla sem er mjög ólíkt því sem gerist hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Þessu þurfum við að breyta og vinna gegn þeim viðvarandi og króníska rekstrarhalla sem skólarnir búa við og fjárlagafrumvörpin, þetta sem önnur, virðast gróflega vanáætla fjárþörf skólanna. Því segi ég að sjálfsögðu já við þessari tillögu.

Brtt. 497,2 felld með 30:8 atkv. og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, JBjart, LB, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Menntamálaráðherra hefur einhliða ákveðið að einkavæða kennslu í listdansi án alls samráðs við fagaðila og þvert ofan í mótmæli listdansara, listdansnema og foreldra þeirra, meira að segja þvert ofan í mótmæli Bandalags íslenskra listamanna. Aðferðirnar sem beitt hefur verið bera þessum hæstv. menntamálaráðherra miður fagurt vitni. Á þessari stundu veit enginn hvað hæstv. ráðherra ætlast fyrir. Hvað verður um listdansnema næsta árs eða listdansnema framtíðarinnar? Munu þeir hafa húsnæði næsta haust? Hversu mikið munu skólagjöldin hækka og hvar eru fjármunirnir sem þarf til að sinna þörfum listdansnáms næsta haust þegar sú fjárveiting sem þingmeirihlutinn er búinn að skera niður um helming verður uppurin? Frú forseti. Þessi ráðstöfun er tilræði við listdansinn í landinu. Sú tillaga sem við flytjum, þingmenn Vinstri grænna, mundi tryggja Listdansskóla Íslands áfram öflugt líf en ég sé á atkvæðatöflunni að hv. þingmenn stjórnarliða ætla ekki að tryggja slíkt. Mér finnst miður að horfa á þessi skilaboð sem stjórnarliðar senda listdansinum. Ég segi já.

[14:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Nýjasta afrek ríkisstjórnarinnar í einkavæðingarmálum í því einkavæðingar- og hlutafélagavæðingaræði sem ríkisstjórnin er bókstaflega heltekin af er að einkavæða listina, listdans, leggja niður opinberan listdansskóla á Íslandi og ætla einkaaðilum að sjá um það mál og nemendunum að standa straum af kostnaðinum með himinháum skólagjöldum. Það er mikill metnaður fyrir hönd listarinnar sem ríkisstjórnin sýnir.

Mér varð á að horfa á hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og ráðherra varð órótt, ég biðst afsökunar, ég skal reyna að horfa í hina áttina. Þar situr hæstv. menntamálaráðherra og brosir út að eyrum yfir afrekinu að einkavæða listina. Til hamingju, stjórnarflokkar, með þetta afrek. Það er þá líklegt eða hitt þó heldur að það verði til þess að hlúa að þessu starfi að taka það af fjárlögum, að svipta það þeim 50 millj. kr. eða svo sem runnið hafa úr opinberum sjóðum til að styðja við þessa list í landinu.

[14:06]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vill með þessari tillögu sýna í verki stuðning við Listdansskóla Íslands. Í stað þess að leggja skólann niður og einkavæða starfsemina viljum við hlusta á þá sem þekkja best til. Við viljum hlusta á kennara skólans, á nemendur skólans og á listamennina sjálfa. Allir þessir aðilar vara við áformum og ákvörðunum hæstv. menntamálaráðherra. Það á að hlusta á fólk sem býr yfir reynslu. Það á að hlusta á rödd skynseminnar.

Hæstv. menntamálaráðherra lætur þrönga pólitíska hugmyndafræði vísa för. Sú hugmyndafræði er að leiða okkur í ógöngur og valda þessari listgrein miklu tjóni. Það er enn þá hægt að snúa til baka og þessi tillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er tilraun í þá átt.

Brtt. 486,1–2 felld með 30:8 atkv. og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, JBjart, LB, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég vil vekja sérstaka athygli á þeirri atkvæðagreiðslu sem nú fer fram. Hér er tillaga um að Náttúruminjasafni verði látið í té 20 millj. kr. til að hefja undirbúning við stofnun eins af þremur höfuðsöfnum Íslendinga. Sömuleiðis er hér tillaga um að Ríkisútvarpið fái sérstaka fjárveitingu upp á 140 millj. til að efla innlenda dagskrárgerð. Mig langar til að bregða út af vana mínum í þessum ræðustóli og vitna í ályktun frá Landsfundi Sjálfstæðisflokksins um náttúruminjasafn en þar segir, með leyfi forseta:

„Í safnalögum, sem sett voru að frumkvæði menntamálaráðherra, er kveðið á um að hér skuli vera þrjú höfuðsöfn; Listasafn, Þjóðminjasafn og Náttúruminjasafn. Listasafn er starfrækt og Þjóðminjasafn hefur nú verið endurreist. Landsfundur vill standa við ákvæði safnalaga og að hér rísi náttúruminjasafn sem fræðir og upplýsir um náttúru

Íslands og lífríki hennar."

Frú forseti. Ég sé ekki að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins séu að fylgja eftir stefnu flokks síns. Ég segi hins vegar já.

Brtt. 480,a samþ. með 30:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, JBjart, LB, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við 2. umr. fjárlaga hækkaði meiri hlutinn á Alþingi fjárveitinguna til sjálfstæðu leikhúsanna, til leiklistarsjóðs sem úthlutað er til leikhópa sem stunda leiklist á atvinnugrundvelli við hliðina á stóru stofnanaleikhúsunum, aðallega á höfuðborgarsvæðinu. Núna ætlar stjórnarmeirihlutinn að taka þessa fjárveitingu, 10 millj. kr., sem þeir hækkuðu liðinn um til baka. Það er fáheyrt að slíkt sé gert og það eru köld skilaboð til starfsemi atvinnuleikhópanna, sem bjóða 170 þúsund Íslendingum að sjá leiksýningar sínar á hverju ári, að ekki skuli vera hægt að leyfa þessum 10 milljónum að standa inni á liðnum sem allur þingheimur hafði samþykkt að yrðu þar. Hér gerum við tilraun til að halda þessum 10 milljónum inni til starfsemi atvinnuleikhópanna og greiðum því ekki atkvæði með þessari lækkun stjórnarmeirihlutans. Ég segi nei.

[14:10]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þegar fjárlaganefnd lagði til, reyndar að tillögu meiri hlutans, að veittar væru 10 millj. kr. við 2. umr. fjárlaga til starfsemi atvinnuleikhópanna þá fannst mér það góð tillaga og studdi það. Ég vissi ekki annað en að þessi fjárveiting ætti að renna til þeirra. Síðan hefur komið upp umræða um að þetta hafi verið ætlað öðrum, ætlað til ráðstöfunar á vegum Leikfélags Reykjavíkur. Nú er Leikfélag Reykjavíkur alls góðs maklegt og mér finnst alveg sjálfsagt að styrkja og standa við bakið á starfsemi Leikfélags Reykjavíkur en jafnframt finnst mér líka rétt að við stöndum við bakið á starfsemi atvinnuleikhópanna og þeir fái að halda þeim 10 millj. kr. sem lagðar voru til við 2. umr. fjárlaga. Því segi ég nei við að þetta sé fellt út.

Brtt. 480,b samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, ISG, JBjart, LMR, LB, RG, SAÞ, VF, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 496 felld með 30:8 atkv. og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, JBjart, LB, RG, SAÞ, VF, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég er með í höndunum tillögu til þingsályktunar um ferðasjóð íþróttafélaga, flutta af hv. þingmönnum Hjálmari Árnasyni og Magnúsi Stefánssyni m.a., en tillagan gengur út á það að Alþingi veiti árlega fé af fjárlögum í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra innan lands eftir reglum sem menntamálaráðherra setur.

Ég er sömuleiðis með ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins, íþrótta- og tómstundahóps, og þar er sérstaklega vikið að þessu og sagt að landsfundurinn hvetji hið opinbera til að jafna stöðu íþróttaiðkenda vegna ferðakostnaðar með stofnun sérstaks sjóðs. Íþróttahreyfingunni verði falin ráðstöfun þessa sjóðs eftir reglum sem settar verða í samráði við menntamálaráðuneytið.

Ég lagði til við 2. umr. að Alþingi brygðist vel við þessu og setti fjárveitingu í þennan sjóð, 150 millj. kr. Það gátu hvorki tillögumenn né þeir sem að ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins stóðu samþykkt, sennilega hefur þeim þótt of í lagt. Ég legg því til aðeins lægri upphæð eða 100 milljónir og treysti því þá að menn séu sjálfum sér samkvæmir og styðji það.

[14:14]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég verð að segja það að hv. flutningsmaður þessarar breytingartillögu er að mínu mati að slá sig til riddara með heldur ósmekklegum hætti og leyfi mér að draga í efa að varatillagan sé þingleg við 3. umr. um fjárlög. Þessi tillaga er réttilega sambærileg þingsályktunartillögu Hjálmars Árnasonar o.fl. sem er núna til meðferðar í hv. menntamálanefnd. Tillagan er þar til þinglegrar og málefnalegrar meðferðar og gera má ráð fyrir að hún verði afgreidd með jákvæðum hætti úr nefndinni eftir áramót, eftir vandaða meðferð þar. Ég verð að segja að mér finnst þessi tillaga og þessi tilraun vera heldur máttlaus og ódýr til þess að vekja á sér athygli á kostnað annarra og til að koma höggi á flutningsmenn þingsályktunartillögunnar. Það vekur svolitla athygli að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem hafa lagt sig fram um það á hinu háa Alþingi að tryggja vandaða og efnislega meðferð við efnislegar tillögur, skuli ekki gera það í þessu máli. Ég segi nei.

[14:16]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég styð þessa tillögu og ég geri það ekki til að afhjúpa umræddа þingmenn eins og gefið hefur verið í skyn í umræðunni. Þeir hafa gert það ítrekað og þetta er ekki í fyrsta sinn. Við sjáum það á töflunni að þeir hafa ekki greitt tillögunni atkvæði. Ég greiði atkvæði með þessu vegna þess að ég hef starfað fyrir íþróttahreyfinguna á landsbyggðinni og þar er full þörf fyrir þessa fjármuni. Mér finnst mjög sérstakt að horfa upp á það að þingmeirihlutinn sjái það ekki og fylgi eftir tillögu sem breytir því ástandi og mismunun sem íþróttahreyfingin á landsbyggðinni býr við. Ég skora á hv. þingmenn, stjórnarliðana, að endurskoða afstöðu sína og greiða þessari tillögu atkvæði sitt.

Brtt. 488 felld með 30:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

9 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, JBjart, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:17]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Aðförin að Mannréttindaskrifstofu Íslands er eitthvert vesælasta verk þessarar ríkisstjórnar. En ef til vill er það táknrænt að það skuli einmitt vera sú stofnun, sem á að standa vörð um mannréttindi og frjálsa hugsun, sem niðurskurðarhnífnum er beitt gegn. Þetta segir nokkuð um þann sem á hnífnum heldur. Framlög sem áður runnu beint til Mannréttindaskrifstofu Íslands fara nú um hendur hæstv. dómsmálaráðherra Björns Bjarnasonar. Hann hefur ekki reynst veitull á fé til þessarar stofnunar. Þetta mál snýst ekki um sparnað, málið snýst um pólitík og pólitíkin er að kæfa gagnrýnisraddir, bregða fæti fyrir þá sem eiga að hafa það hlutverk að veita valdhöfum heima og heiman aðhald. Látum það vera að sjálfir valdhafarnir komi svona fram, við erum orðin ýmsu vön frá hendi ráðherra í þessari ríkisstjórn, en að stjórnarmeirihlutinn, þeir þingmenn sem hér sitja, skuli láta hafa sig út í þetta skítverk (Forseti hringir.) er mér undrunarefni en væri verðugt rannsóknarefni í sálarfræði.

[14:19]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Eftir mikla umræðu á Alþingi, eftir áskoranir frá öllum helstu almannasamtökum í landinu og öllum launþegasamtökum í landinu um að Mannréttindaskrifstofa Íslands fái sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum þá situr ríkisstjórnarmeirihlutinn hér og greiðir atkvæði gegn tillögu hv. þingmanna um að mannréttindamálin, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands fái sérgreindar fjárveitingar. Það er mál til komið að tekið verði almennilega á málum Mannréttindaskrifstofu Íslands. Það er smánarblettur á ráði þessarar ríkisstjórnar að neita henni um þá fjárveitingu sem hún sótti um núna á þessu ári. Ég sé ekki nokkurn skapaðan hlut í spilunum sem gæti gefið okkur einhverjar vonir um að ríkisstjórnin styðji Mannréttindaskrifstofu Íslands á næsta ári. Þess vegna er þessi tillaga flutt og ég segi já.

[14:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Framganga ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans í þessu máli er þeim ekki til mikils sóma. Mannréttindaskrifstofan, örsmá stofnun sem hefur sinnt alþjóðasamstarfi á sviði mannréttindamála og haft hefðbundnu eftirlitshlutverki að gegna með frammistöðu stjórnvalda hér á þessu sviði, hafði um árabil sérmerktar fastar fjárveitingar upp á 8 millj. kr. Svo virðist sem stofnunin hafi fallið í ónáð hjá tilteknum ráðherrum sem hafa síðan þjónað lund sinni og fengið stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í lið með sér til að kippa fótum undan rekstri hennar. Ekki var staðið við það sem sagt var í fyrra við afgreiðslu fjárlaga þá að Mannréttindaskrifstofan fengi óbreyttar fjárveitingar, eingöngu væri um kerfisbreytingu að ræða. Það reyndust innistæðulaus ómagaorð. Samt hafa menn ekki meiri metnað fyrir sjálfs sín hönd en svo að endurtaka á leikinn. Það er alveg með ólíkindum að menn skuli leggja lykkju á leið sína, fara í langferð (Forseti hringir.) eins og hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason hefur gert til að ná sér niðri á Mannréttindaskrifstofunni.

[14:21]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem hér er flutt lætur ekki mikið yfir sér, er tiltölulega lítil tillaga, felur í sér lítinn útgjaldaauka, felur í sér að eyrnamerkt er fé til Mannréttindaskrifstofu Íslands. Þessi tillaga er lítil eins og ég sagði og lætur ekki mikið yfir sér en varpar skýru ljósi á eðli og vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar.

Þegar fjárlögin voru afgreidd í fyrra var talað um að hér væri um formbreytingu að ræða en ekki efnisbreytingu. Það voru blekkingar, það var staðið svona að málum til þess eins til að refsa Mannréttindaskrifstofu Íslands, til að refsa henni, vegna þess að þeir fjármunir sem fóru inn hjá utanríkisráðuneytinu hafa ekki verið nýttir til mannréttindamála. Þeir hafa ekki verið nýttir, þær 4 millj., aðeins 800 þús. af þeim hafa verið nýttar til mannréttindamála. Það er verið að skera niður á mannréttindamálum, það er verið að refsa þeim aðilum sem tala með öðrum hætti en ríkisstjórnin vill.

Hér fylgjum við þessu máli aftur eftir og við munum fylgja því fast eftir áfram að þessir fjármunir komi.

[14:22]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekkert annað en hneyksli og mjög sorgleg staðreynd að stjórnvöld skuli ekki vilja sjá af þessum örfáu krónum í mannréttindamál, í Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands. Við sjáum hvernig taflan lítur út, þetta er ófögur sjón, margir rauðir punktar og allir falla þeir á stjórnarliða sem segja nei. Við í Frjálslynda flokknum

hörmum þetta. Við segjum að sjálfsögðu já.

Brtt. 486,3 felld með 30:8 atkv. og sögðu
já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, JBjart, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haft gjaldfrjálsan leikskóla sem eitt af sínum helstu baráttumálum á sviði velferðarmála. Í samræmi við það höfum við flutt tillögu í þinginu um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um að koma á gjaldfrelsi í leikskólum í áföngum. Við leggjum til að veitt verði fé á fjárlögum til að hefja þetta samstarfsverkefni og fyrsti áfangi upp á 700 millj. kr. geti komið til framkvæmda á árinu sem í hönd fer.

Allmörg sveitarfélög eru þegar tekin að fikra sig í þessa átt þar á meðal Reykjavíkurborg, sem mun taka annan áfanga nú um næstu áramót í þessum efnum, og milli 10 og 20 sveitarfélög önnur hafa ýmist þegar tekið skref í þessa átt eða eru með það í undirbúningi. Mörg fleiri mundu vilja stefna í þessa átt og væntanlega sveitarfélögin almennt og öll, væri þeim það fjárhagslega kleift. Þess vegna er ljóst að koma þarf til sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga til að þetta megi ná fram (Forseti hringir.) að ganga og við leggjum til að það hefjist með þessari fjárveitingu.

[14:25]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Í stefnu Frjálslynda flokksins segir að tekinn skuli upp gjaldfrjáls leikskóli í áföngum. Við í þingflokki Frjálslyndra höfum hlustað á málflutning Vinstri grænna í þessu máli og hann á alla okkar samúð. Við höfum ákveðið að segja já í þessu máli.

Brtt. 484,1 felld með 30:24 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

9 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, JBjart, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu sem snýr að örorkulífeyri. Við teljum að leitast eigi við að standa við alla samninga sem gerðir hafa verið að þessu leyti og að klára eigi þetta mál á hv. Alþingi. Ég held að ekki þurfi að hafa fleiri orð um það og því greiðum við málinu atkvæði.

[14:27]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Enn gerum við tilraun til þess, stjórnarandstaðan á Alþingi, að hjálpa hæstv. ríkisstjórn við að efna eigin samninga. Framsóknarflokkurinn setti upp leiksýningu í Þjóðmenningarhúsinu þegar fylgi flokksins var horfið og formaður hans trúlega út af þingi samkvæmt skoðanakönnunum. Hann lofaði öryrkjum á Íslandi tilteknum kjarabótum og út á það loforð var hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson kjörinn á Alþingi Íslendinga. Það er tillaga okkar að það loforð verði efnt með því að breyta fjárlögum til samræmis við það og veita 600 millj. til að uppfylla svik ríkisstjórnarinnar við öryrkja í landinu.

[14:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er þörf á að bæta kjör öryrkja, þess fólks sem býr við skerta starfsorku, er óvinnufært vegna slysa, sjúkdóma eða fötlunar. Í öðru lagi þarf að þvo þann smánarblett sem féll á Alþingi fyrir tilverknað núverandi ríkisstjórnar þegar hún sveik Öryrkjabandalag Íslands. Í aðdraganda síðustu alþingiskosninga var gerður samningur við Öryrkjabandalag Íslands Að kosningunum loknum var sá samningur svikinn. Þetta er tilraun stjórnarandstöðunnar á þingi til að þvo þennan smánarblett af ríkisstjórninni.

Brtt. 486,4 felld með 30:8 atkv. og sögðu
já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, JBjart, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:30]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja til á þessari breytingartillögu 40 millj. kr. fjárveitingu til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og sú fjárhæð er til að styrkja enn frekar rekstur krabbameinslækningadeildar og til að koma á og undirbúa líknardeild á Akureyri. Í fjárlögum þessa árs er lögð til 12 millj. kr. fjárveiting til að styrkja krabbameinslækningadeildina en þessar 12 milljónir duga eingöngu til að tryggja starfsemi í hálft ár. Við viljum ganga lengra þannig að ljóst sé að starfsemin verði tryggð allt árið. Það er ósk um að fá að ráða krabbameinslækni til fjórðungssjúkrahússins og það verður gert þegar sá einstaklingur (Forseti hringir.) fæst en til þess þarf að tryggja fjármagn.

Brtt. 485 felld með 29:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, HBl, JBjart, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 484,2 felld með 29:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, HBl, JBjart, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:32]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu stjórnarandstöðunnar um 300 millj. kr. viðbótarfjárframlag til að fjölga hjúkrunarrýmum. Það er ljóst að mikil þörf er fyrir hjúkrunarrými um allt land en þó síst á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar eru á fjórða hundrað manns í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými, í brýnni þörf. Við þurfum því að gera átak í að fjölga vistunarúrræðum fyrir aldraða og hér vill stjórnarandstaðan sýna það í verki. Það er vel hægt sé vilji fyrir því. Allar útgjaldatillögur Samfylkingarinnar eiga sér einhverja niðurskurðartillögu á móti og því er þetta ábyrg tillaga. Við eigum að samþykkja hana ef við meinum eitthvað með því að vilja setja málefni eldri borgara í forgang. Það vill Samfylkingin a.m.k. Ég segi því já.

[14:33]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Það er þjóðkunnugt að það bráðvantar fleiri hjúkrunarrými en eru til staðar í dag og þrátt fyrir að lagt sé til í fjárlögum að fjölga hjúkrunarrýmum leggjum við til að bætt verði í og þessar 300 millj. kr. til viðbótar verði settar í frekari uppbyggingu hjúkrunarrýma.

Landspítalinn – háskólasjúkrahús líður fyrir það í sínum rekstri að geta ekki útskrifað sjúklinga sem í raun ættu frekar að vera á hjúkrunarheimilum en á sjúkrahúsinu. Það er dýr kostur sem við veljum okkur og því teljum við mikilvægt að hraða enn frekar uppbyggingu hjúkrunarrýma en gert er með fjárlögunum eins og þau eru. Því segi ég já.

[14:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Fjölgun aldraðra kallar á aukin útgjöld ef mæta á brýnni þörf fyrir betri þjónustu. Það er bið eftir fullnægjandi þjónustuúrræðum og betri aðbúnaði á hjúkrunarheimilum. Við leggjum til að 300 millj. kr. verði aukið við fjárveitingar í þessum lið. Ég segi já.

Brtt. 486,5–6 felld með 29:8 atkv. og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, HBl, JBjart, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:35]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ganga til atkvæða um tillögu frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem vill styrkja og bæta fjárhagsstöðu hjúkrunarheimila fyrir aldraða. Það er staðreynd að dvalarheimili aldraðra og hjúkrunarheimili fyrir aldrað fólk búa við fjársvelti, mjög mikið fjársvelti en afleiðingar þessa hafa verið að birtast okkur í fjölmiðlum á undanförnum dögum. Um það þarf ekki að hafa mörg orð. Það þekkja allir.

Hér er ekki verið að vísa í biðraðir sem hafa myndast við þessar stofnanir heldur þann aðbúnað sem fólkinu er búinn inni á stofnunum, inni á þessum fjársveltu stofnunum. Alþingi hefur borist ákall frá forsvarsmönnum þessara stofnana þar sem segir á þá leið að það sé ekki að ástæðulausu sem forsvarsmenn öldrunarheimila hafa áhyggjur af stöðu og framtíð heimilanna og þeim öldruðum sjúkum sem þar dvelja. Hæstv. forseti. Nú reynir á hvernig alþingismenn vilja bregðast við þessu ákalli.

[14:36]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Sú tillaga sem hér liggur frammi um að styrkja grunn hjúkrunarheimila um 200 millj. er rétt til að létta þeim reksturinn. Það er staðreynd að grunnur daggjalda er ekki réttur og því hefur þessum stofnum ekki tekist að rétta sinn rekstrargrunn sem skyldi og þetta framlag er til þess.

Varðandi 6. liðinn, stafræna myndgreiningu á Norður- og Austurlandi, þá er lagt til að það fari 17 millj. á fjárframlögum næsta árs til að kaupa geymslustöð fyrir rafrænar myndir, röntgenmyndir, en nú hefur sú tækni verið tekin upp að framkalla röntgenmyndir á stafrænt form og þær eru framkallaðar norður á Akureyri fyrir heilbrigðisstofnanir á þessu svæði en til þess þarf að geta geymt myndirnar svo þessi nýja tækni nýtist. Ég segi já.

[14:38]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Stundum gerist það, reyndar ærið oft og kannski oftar en maður kærir sig um að muna, að maður finnur til skammar við atkvæðagreiðslu á Alþingi. Það gerist núna trekk í trekk þegar ég sé hvernig greidd eru atkvæði í málum sem varða gamla fólkið í landinu. Hvernig

þessar ágætu breytingartillögur eru kolfelldar hver á eftir annarri.

Ég skammaðist mín líka um daginn þegar það var kolfellt að auka vasapeninga til gamla fólksins sem er á stofnunum. Þá skammaðist ég mín og ég skammast mín líka núna. Og ég tel að þeir sem hér hafa sagt nei, ekki bara við þessa atkvæðagreiðslu heldur líka atkvæðagreiðsluna sem var hér á undan, ættu að skammast sín. Ég segi já.

Brtt. 487 felld með 28:8 atkv. og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖg, GÖrl, HBl, JBjart, PHB, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Sem betur fer er rekstur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja að komast á betra ról á nýjan leik og stofnunin sinnir auðvitað ört stækkandi svæði. Þar eru miklar íbúðabyggingar og fólksfjölgun. Það sem háir sérstaklega rekstri stofnunarinnar nú er að þar eru ekki sólarhringsvaktir tryggðar þannig að fæðingum t.d. verður að vísa annað um helgar og á nóttunni og sömuleiðis hafa byggingarframkvæmdir eða innrétting á óinnréttaðri álmu, efstu hæð D-álmu sem þar stendur, stöðvast sökum fjárskorts. Þetta snýst ekki um mjög háar upphæðir til að þessi stofnun geti nýst og sinnt hlutverki sínu með öflugri hætti en henni er kleift í dag vegna þess að þetta skortir á. Við leggjum því til að fé verði veitt til að unnt verði að taka upp sólarhringsvaktir á árinu sem í hönd fer og sömuleiðis megi hefjast handa við að innrétta efstu hæð D-álmunnar þannig að rakni úr húsnæðisvanda stofnunarinnar.

[14:41]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á fjáraukalögum og fjárlögum eru veittar aukalega 125 millj. kr. til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, 50 millj. kr. til byggingarframkvæmda og 70 millj. kr. til að styrkja rekstrargrundvöll stofnunarinnar. Þetta á að gefa góðan grunn til að hefja tímabærar endurbætur á skrifstofum og þetta á einnig að gefa góðan grundvöll til að auka og bæta þá ágætu þjónustu sem stofnunin veitir. Ég segi því nei við þessari tillögu og tel hana óþarfa miðað við þær fjárveitingar sem stofnunin hefur núna.

Brtt. 482,3 felld með 29:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, HBl, JBjart, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Fyrir nokkru síðan var lögð fram úttekt á skattsvikum hér á landi sem unnin var í samræmi við þingsályktunartillögu sem þingmenn Samfylkingarinnar lögðu fram og samþykkt var á Alþingi. Þessi úttekt sýndi að ætla má að undandráttur frá skatti sé um 34 milljarðar kr. og í úttektinni voru lagðar fram margvíslegar tillögur sem kalla munu á útgjöld í þeim tilgangi að herða skattaeftirlit. Í samræmi við það flytjum við nú tillögu um 200 millj. kr. í hert skattaeftirlit sem margfalt mun skila sér aftur í ríkissjóð auk þess að stuðla að jafnræði og réttlæti í allri skattlagningu. Ég segi já.

Brtt. 486,7–8 felld með 29:8 atkv. og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, HBl, JBjart, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:44]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ferðaþjónustan, einkum úti um land, er grundvallaratvinnuvegur á mörgum svæðum og vonir um vöxt hennar eru miklar. Þetta er einn stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar. Framlög til hans eru hins vegar í algeru lágmarki miðað við það. Hér er lagt til að fjármagn í markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu verði aukið um 250 millj. kr. til að sinna almennu og auknu markaðsstarfi.

Einnig verði 25 millj. kr. lagðar í að byggja upp sérstaka áningarstaði úti um land en það er einnig afar brýnt. Síðast en ekki síst leggjum við til aukið fjármagn, 50 millj. kr., til upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni en þær hafa grundvallarþýðingu, frú forseti, fyrir ferðaþjónustuna úti um land.

Brtt. 486,9 felld með 29:8 atkv. og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÖrl, HBl, JBjart, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er með hreinum ólíkindum að meiri hlutinn skuli ætla að ljúka svo fjárlagaafgreiðslunni og vinnu fyrir jólin að ekki verði tekið á vanda Byggðastofnunar og byggðamálunum almennt. Eins og kunnugt er er eigið fé Byggðastofnunar komið niður fyrir viðmiðunarmörk, Fjármálaeftirlitið hefur stofnunina í sérstakri gjörgæslu og krefur hana svara um það hvernig hún ætli að kippa sínum málum í lag.

Stjórn stofnunarinnar greip til þess ráðs að loka fyrir lánveitingar sem eðlilegt er og telur stofnunina ekki vera í færum um að veita frekari lán fyrr en ráðin hefur verið bót á eiginfjárvanda hennar. Í stað þess að leggja henni til meira fé eða koma með einhverjar aðrar tillögur til úrbóta skipar hæstv. ráðherra sem jafnframt er yfirmaður Fjármálaeftirlitsins Byggðastofnun að hefja lánveitingar á nýjan leik þó að hún sé í raun og veru með því að brjóta lög og reglur.

Þetta er með miklum endemum, frú forseti. Við leggjum til að úr þessu verði bætt, annars vegar með því að eigið fé Byggðastofnunar verði styrkt um hálfan milljarð og sömuleiðis leggjum við til fjárveitingu til að efla atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni.

[14:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Sú afstaða sem kemur fram hjá stjórnarliðum við að fella þessa tillögu lýsir í rauninni afstöðu þeirra til byggðamála í landinu. Þetta er stofnun sem er gert að lappa upp á ástand á landsbyggðinni en ríkisstjórnin hefur rekið stefnu gegn landsbyggðinni, m.a. hvað varðar stefnu í atvinnuvegum hennar. Það er búið að loka sjávarútveginum fyrir nýliðum. Það er ekki eitt, það er allt. Fyrr í atkvæðagreiðslunni kom fram stefna ríkisstjórnarinnar gegn íþróttafélögunum á landsbyggðinni og nú fær þessi stofnun, sem á að rétta hlut landsbyggðarinnar, ekki eina krónu í fjárveitingu aukalega þó svo að það blasi við hverju mannsbarni í landinu sem eitthvað kynnir sér þetta mál að bæta þarf fjárhagsstöðu Byggðastofnunar.

Ég lýsi furðu yfir því að menn skuli ekki ætla að snúa við blaðinu nú þegar það blasir við öllum (Forseti hringir.) að það þarf að taka á hvað varðar þessa stofnun.

[14:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég efast ekki um góðan hug að baki þeirri tillögu sem hér er flutt um það að auka fjármuni sem lagt er til að gangi til Byggðastofnunar. Hins vegar er þetta ekki lausn mála og það vita hv. þingmenn.

Það þarf að leysa þessi mál til framtíðar og það er það sem unnið er að innan stjórnsýslunnar, þ.e. að móta tillögur til framtíðar um verkefni Byggðastofnunar. Ég vonast svo sannarlega til þess að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar komi í lið með stjórnarflokkunum í sambandi við þá vinnu sem nú fer fram þar sem við munum leggja línur um það hvaða hlutverk Byggðastofnun hefur til framtíðar. Það er það sem skiptir máli. (Gripið fram í.) Það er von mín að nú verði ekki farið í skotgrafirnar eins og oft áður heldur sýni hv. þingmenn málefnalega afstöðu í þessu máli.

Brtt. 486,10 felld með 28:8 atkv. og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GÖrl, HBl, JBjart, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við eigum val um það á hvern hátt við kjósum að nýta náttúruauðlindir þjóðarinnar. Það er hægt að nýta ósnortnu víðernin okkar ósnortin. En ríkisstjórnin hefur því miður kosið aðra leið. Hún hefur kosið að fórna fjölda náttúruperlna á altari stóriðjustefnunnar. Við, hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, viljum kjósa aðra leið. Þess vegna leggjum við til að þjóðgarðar og friðlýst svæði fái sérstaka fjárveitingu upp á 30 millj. kr. á fjárlagalið Umhverfisstofnunar til að efla megi friðlýstu svæðin okkar og standa við þá náttúruverndaráætlun, þótt ekki væri annað, sem Alþingi hefur samþykkt og ríkisstjórnin hunsað, ekki bara í einum fjárlögum heldur eru þetta önnur fjárlögin þar sem hæstv. ríkisstjórn ákveður að hunsa náttúruverndaráætlunina.

Ég greiði að sjálfsögðu atkvæði með þessari tillögu og segi já.

[14:51]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við gerum tillögu um að 30 millj. kr. fari til þjóðgarða og friðlýstra svæða. Ég held að öllum sé kunnugt að þjóðgarðar landsins hafa verið vanhirtir um langan tíma. Við höfum ekki grisjað þá, við höfum ekki hirt þá og úr því þurfum við að bæta.

Friðlýstu svæðin eigum við að nýta til uppbyggingar ferðaþjónustu. Við eigum að bæta aðgengi ferðamanna og við eigum að geta tekið við meiri ánauð ferðafólks með sóma og undirbúið svæðin þannig að þau verði ekki fyrir skaða, heldur verði sú landkynning að kalla til fleiri ferðamenn, ferðamenn sem við getum tekið á móti án þess að skaða hin friðlýstu svæði. Ég segi já.

[14:52]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum styðjum þessa tillögu og það er vegna þess að þetta er liður í því að byggja upp ferðaþjónustu í landinu. Ég er satt að segja mjög hissa á því að sjá að hæstv. ráðherra ferðamála, samgönguráðherra, skuli greiða atkvæði á móti þessu. Maður fer að velta fyrir sér hvers vegna það sé í ljósi annarra atkvæðagreiðslna hérna, þ.e. um Byggðastofnun. Þangað má ekki fara ein króna þegar hún stendur höllum fæti og ekki heldur til íþróttamála á landsbyggðinni.

Ef til vill er þessari tillögu hafnað vegna þess að þessir þjóðgarðar eru utan Reykjavíkur. Maður fer að velta fyrir sér þessari afstöðu til landsbyggðarinnar sem kemur hér æ ofan í æ, m.a. frá hæstv. iðnaðarráðherra í hverju málinu á fætur öðru. Hún endurspeglast í máli sem allir ættu að geta verið sáttir um að efla, a.m.k. þeir sem vilja ferðaþjónustunni í landinu vel.

Enn og aftur, við í Frjálslynda flokknum styðjum þessa tillögu heils hugar.

Brtt. 482,4 felld með 28:18 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GÖrl, HBl, JBjart, LB, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 496 felld með 28:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, LMR, GHall, GÁ, SÞorg, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, ArnbS, SP.

14 þm. (BjörgvS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MF, VF, ÞSveinb, AKG, ÁÓÁ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GÖrl, HBl, JBjart, LB, MÁ, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:56]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér liggur fyrir tillaga sem felur það í sér að heimila menntamálaráðherra, að höfðu samráði við íþróttahreyfinguna, að koma á fót sjóði til að jafna ferðakostnað íþróttafélaga innan lands og leggja honum til nauðsynlegt *stofnfé*.

Frú forseti. Við sem þekkjum a.m.k. aðstæður á landsbyggðinni vitum að það er mjög kostnaðarsamt og fyrirhafnarsamt fyrir ungt fólk úti um land að taka þátt í íþróttastarfi, sækja íþróttakappleiki eða íþróttamót um langar vegalengdir og þetta verða yfirleitt börnin eða foreldrarnir að fjármagna. Við leggjum til, til að jafna þennan aðstöðumun, að ráðherra verði a.m.k. heimilað að beita áhrifum sínum til að stofna sjóð til að jafna ferðakostnað íþróttafélaga innan lands. Mér blöskrar, frú forseti, bara sjaldan meira en nú að sjá þetta skilningsleysi þeirra sem hér hafa greitt atkvæði gegn þessari brýnu og sjálfsögðu tillögu. (Forseti hringir.) En ég segi náttúrlega já, frú forseti.

[14:58]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Enn skal reynt, og nú í þriðja sinn við afgreiðslu þessara fjárlaga, að koma þessu sjálfsagða réttlætismáli í gegnum þingið. Ég verð að segja að maður er mjög undrandi á því hvers konar viðtökur þetta mál fær. Við vitum að ef það er eitthvað að marka stjórnarliða er meirihlutastuðningur fyrir þessu máli í þinginu og þá hlýt ég að spyrja: Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að sýna smálit og taka þótt ekki væri nema undir þessa tillögu? Hvernig stendur á því?

Stjórnarliðar verða núna að að athlægi úti um allt land. Það er fjöldi fólks um allt land, líka á höfuðborgarsvæðinu, sem fylgist mjög grannt með þessu máli, foreldrar barna og unglinga sem stunda íþróttir og eru búnir að fá sig fullsadda af því að þurfa að bera kostnaðinn af því að senda börnin á *íþróttamót*. Þetta eru *smápeningar*, þetta er gott starf, þetta er forvarnastarf. Af hverju getum við ekki tekið þátt í þessu á sama tíma og stjórnarliðar æ ofan í æ gorta sig af því (Forseti hringir.) að afgreiða fjárlög sem aldrei hafa verið betri en nú, að þeirra eigin sögn? Ég segi já.

[15:00]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Eins og ég gerði grein fyrir áðan tel ég að þessi varatillaga sem við greiðum atkvæði um sé á mörkum þess að vera þingleg við 3. umr. um fjárlög. Hún er engu að síður tilraun flutningsmanns til að slá sig til riddara með ómerkilegum og ósmekklegum hætti.

Hv. flutningsmaður tillögunnar veit ósköp vel að sambærileg tillaga er til meðferðar, málefnalegrar og þinglegrar meðferðar, í menntamálanefnd (Gripið fram í.) og tillagan verður afgreidd frá nefndinni (**Gripið fram í:** Nú?) eftir þinglega, málefnalega, eðlilega og efnislega meðferð í nefndinni. (Gripið fram í.)

Ég man eftir því að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur margoft kvartað yfir því á Alþingi að stjórnarflokkarnir stæðu ekki málefnalega, þinglega og efnislega að meðferð þingmála. Tillaga hans er sú að svo verði ekki gert (Forseti hringir.) í þetta skipti en það ætlum við að gera. Ég segi nei, herra forseti, og lýsi furðu minni yfir því að tillagan komi fram með þessum hætti.

[15:01]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég styð þetta mál heils hugar. Ég er á því að ýmsir þingmenn, t.d. sá sem talaði á undan mér og er þingmaður Reykvíkinga, þekki einfaldlega ekki ástandið úti á landi. Það er mikil þörf á að styðja félagastarfið úti á landsbyggðinni. Við getum litið til staða eins og Bíldudals, þar sem frystihúsið hefur verið lokað frá því snemma í sumar. Þrátt fyrir loforð stjórnvalda hefur ekki verið komið til móts við fólkið þar.

Með þessari tillögu gætu stjórnarliðar t.d. komið til móts við börnin á Bíldudal þar sem búið er að svipta foreldra þeirra vinnu. Mér finnst að stjórnarliðar ættu að sjá aumur á þeim og samþykkja þetta mál. Það er full þörf á því.

Ef einhverjir eru með blekkingar þá eru það þingmenn sem hafa hvað eftir annað flutt tillögu um að koma á þessu kerfi, slíkum sjóði. En síðan þegar hefur átt að veita í það fjármuni hafa þeir neitað að greiða því atkvæði sitt. Mér finnst það frekar vera blekking.

Ég hef trú á því að stjórnarliðar, ef þeir fara (Forseti hringir.) yfir málið, séu nokkuð örugglega sammála mér, frú forseti. Ég segi já.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það eru kostuleg öfugmæli að kalla það sýndarmennsku að leggja til að fjárheimildir eða heimild til útgjalda, samkvæmt 6. gr., verði til staðar í fjárlögum vilji menn hrinda málum í framkvæmd á næstu mánuðum. Er þá ekki betra að hafa heimildir fyrir útgjöldum á fjárlögum ef tillagan yrði loksins afgreidd?

Ég hef stutt þessa tillögu og talað með henni í hvert einasta skipti sem hún hefur verið flutt. En ég er farinn að þreytast á því að stjórnarliðar reyna að slá sig til riddara með því að flytja slíkar tillögur, hafandi meirihlutaaðstöðu á þinginu til að fá eitthvað í gegn í sambandi við fjárveitingar, afl til þess sem gera skal, en svo gerist ekkert ár eftir ár. Ég vil láta menn horfast í augu við það. Fylgir hugur máli eða ekki?

Nákvæmlega sama staða kom upp í fyrra. Þá sögðu menn það sama: Það er ekki hægt að samþykkja fjárveitingar af því að tillaga liggur inni í þinginu. Síðan líður ár og svo aftur ár og enn ár. Svo er kosið, þá er lofað (Forseti hringir.) en svo er öllu gleymt. Nei, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, þetta gengur ekki svona fyrir sig. Ég segi já.

[15:04]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt að þessi tillaga skuli koma fram en mér finnst öllu minna hald í henni en því loforði sem kom fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni í umræðum um þingsályktunartillögu hans, hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur og Guðjóns Hjörleifssonar. En þau leggja fram tillögu um ferðasjóð til íþróttafélaga. Þar kom skýrt fram að 1. flutningsmaður væri að tala um 300 millj. kr.

Ástæðan fyrir því að menn eru að þrasa hér er einfaldlega sú að hingað til hefur þetta verið alger sýndartillaga. En ég treysti því og trúi, sérstaklega eftir að hv. formaður menntamálanefndar hefur tekið undir að málið verði tekið á dagskrá og afgreitt — það yrði þá í fyrsta sinn sem málið yrði afgreitt hjá hv. menntamálanefnd — að þau standi við loforðin. Ég treysti því að hann standi við loforð sín, svo og hv. þm. Hjálmar Árnason, Dagný Jónsdóttir og Guðjón Hjörleifsson, um að málið verði afgreitt úr nefnd á þessu þingi og til þess renni 300 millj. kr. eins og skýrt kom fram. Ég greiði ekki atkvæði.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GÖrl, HBl, JBjart, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Fjármálaráðherra og stjórnarliðar guma mjög af þessu frumvarpi sínu en þegar betur er að gáð er tekjuafgangurinn sem þar er fyrst og fremst tilkominn vegna þess að ríkissjóður græðir á gríðarlegum viðskiptahalla og þenslu. Ef afkoma hans er sveiflujöfnuð stendur ekki mikill afgangur eftir.

Á bak við frumvarpið lúrir gríðarlegur hagstjórnarvandi sem allir aðilar eru sammála um í þjóðfélaginu nema ríkisstjórnin ein. Hún kannast ekkert við hann og vill ekkert af honum vita. Útkoman eða horfurnar eru þrátt fyrir allt ekki vænlegri en svo að strax á árinu 2007 er gert ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með halla og síðan jafnvel viðvarandi halla í mörg ár eftir það. Það yrði m.a. vegna þess að gangi allar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar eftir verða farnar fyrir borð tekjur upp á 30 milljarða kr. eða upp undir 10% af niðurstöðutölu fjárlaga eins og hún er nú. Það er því ekki víst að menn muni telja þessar gerðir eins ábyrgar að tveimur, þremur árum liðnum og stjórnarliðar vilja vera láta.

Við greiðum ekki atkvæði, frú forseti, með þessu frumvarpi. Ríkisstjórnin verður ein að bera ábyrgð á því.

[15:09]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Frumvarp hæstv. fjármálaráðherra var gott og í meðförum fjárlaganefndar hefur það batnað. Það er orðið mjög gott núna. Það er með 20 milljarða kr. afgangi þrátt fyrir að við aukum framlög stórlega til menningarmála, menntunar, heilbrigðismála og félagsmála.

Þetta er gott frumvarp. Afgangurinn er 2% af landsframleiðslu. Þannig stendur ríkisstjórnin með Seðlabankanum í baráttunni við verðbólguna og hugar að skattgreiðendum framtíðarinnar, sem munu njóta þessa afgangs. Það eru börnin okkar.

Afgangurinn er þrátt fyrir skattalækkun upp á 1% til viðbótar við 1% á síðasta ári, þ.e. 2% sem gefur venjulegum launþega hjá ASÍ 65 þús. kr. meira til ráðstöfunar á næsta ári en hann hafði fyrir tveimur árum. Þetta tekst þrátt fyrir afgang á ríkissjóði.

[15:11]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Tvennt finnst mér standa upp úr eftir umræðu um þetta fjárlagafrumvarp. Hið fyrra er hversu víðtækur stuðningur er í þinginu við tekju- og skattstefnu ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Ha?) Það kom fram í breytingartillögum að grundvallarmunurinn á skattstefnu stærsta stjórnarandstöðuflokksins og ríkisstjórnarinnar næmi um hálfu prósentustigi í tekjuskatti, sem stjórnarandstöðuflokkurinn vildi hafa tekjuskattinn hærri og um hálfu prósentustigi lægri í virðisaukaskatti. Þó að þær tillögur byggist á málefnalegum forsendum sem ég ber fulla virðingu fyrir þá verður ekki talið að sé mikill munur á skattastefnu ríkisstjórnarinnar annars vegar og stærsta stjórnarandstöðuflokksins hins vegar. Ég lít því svo á að víðtækur stuðningur sé í þinginu við skattstefnu ríkisstjórnarinnar í

þessu fjárlagafrumvarpi.

Helstu pólitísku tíðindin úr þessari atkvæðagreiðslu um fjárlagafrumvarpið eru hins vegar (Forseti hringir.) hve eindregin samstaða hefur ríkt milli tveggja stjórnarandstöðuflokka um flutning á breytingartillögum og stuðning við þær, annars vegar, virðulegi forseti, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hins vegar Frjálslynda flokksins. Fram undan hlýtur að vera, virðulegi forseti, að þeir tveir flokkar sameinist.

[15:12]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að bjóða nýjan hæstv. fjármálaráðherra velkominn til verka um leið og það er hryggilegt að þurfa að gefa fyrsta frumvarpi hans í þinginu falleinkunn. Við vitum öll sem hér erum að í því er margt sem ekki mun standast, bæði á útgjalda- og tekjuhliðinni. Forsendur þess eru beinlínis rangar. Við vitum líka að við erum á einhverjum mestu þenslutímum í Íslandssögunni og það skortir á aðhald í ríkisfjármálum. Við vitum að framkvæmd fjárlaga hefur verið til vansa um árabil og lausung í fjármálum stofnana óþolandi. Ég brýni hæstv. nýjan fjármálaráðherra til að taka fast á og reyna að bæta vinnubrögðin svo að við jafnaðarmenn komum að skárra búi í fjármálaráðuneytinu vorið 2007.

Eina gleðiefnið við afgreiðsluna á þessum fjárlögum er sú staðreynd að hér erum við að afgreiða síðasta heila fjárlagaárið 2006 sem ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks fær að stýra. En samfelldur 11 ára vaxandi ójöfnuður í skattlagningu á almenning þar sem byrðarnar hafa skipulega verið færðar af okkur hátekjufólkinu á lífeyrisþega og láglaunafólk er orðinn slíkur (Forseti hringir.) að þessi stjórn hlýtur að sitja sitt síðasta kjörtímabil.

[15:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er ekkert sérstaklega spámannslega vaxinn. Ég vissi ekki fyrr en nú að hann áliti að hann jafnaðist á við Nostradamus. En svo gæti farið að þessar hugleiðingar hv. þingmanns yrðu til að byggja eitthvað undir hans eigin þankagang um að hann gæti hugsanlega fundið sér skjól í framtíðinni.

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin festir nú niður fjárlagafrumvarp á hinu þriðja ári sínu á þessu kjörtímabili. Ég heyri að stjórnarliðar eru afar ánægðir með niðurstöðuna. Ég er það ekki, hæstv. forseti. Ég tel að stefna ríkisstjórnarinnar sé að auka enn á misvægið í þjóðfélaginu, það sé verið að hlaða undir þá sem betri hafi tekjurnar og það sé verið að taka niður kjör þeirra sem lakar eru settir.

Ríkisstjórnin ber auðvitað ábyrgð á þessari stefnu en við munum halda áfram að gagnrýna hana í Frjálslynda flokknum og greiða góðum tillögum atkvæði okkar eins og áður.

[15:16]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Eins og sést á töflunni hefur stjórnarmeirihlutinn á hv. Alþingi náð fram fjölþættum markmiðum með samþykkt þessara fjárlaga. Það er aðhald í fjárlögunum, framfarir í fjárlögunum, skattalækkanir og tekjuaf-gangur. Þetta endurspeglar gríðarlega sterka stöðu ríkissjóðs sem er afrakstur áralangs starfs við að bæta fjárlagagerðina, framfylgd fjárlaga og stöðu ríkissjóðs. Það má enn bæta og stjórnarmeirihlutinn mun halda því áfram í þágu þjóðarinnar.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 540).

Viðskipti með aflaheimildir.

Beiðni JÁ o.fl. um skýrslu, 396. mál. — Þskj. 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]

Beiðni leyfð til fjármálaráðherra með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GAK, GHall, GÁ, GÖg, HÁs, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GÖrl, HBl, JónK, JBjart, LB, RG, SAÞ, VS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:18]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég hef vissar efasemdir um að verið sé að beina skýrslunni til rétts aðila. Ég hef það svolítið á tilfinningunni að hv. þm. Jóhann Ársælsson sé að elta mig á milli ráðuneyta með málið, en ég er tilbúinn til að reyna að svara þessu ef ég fæ til þess samstarf stofnana sjávarútvegsráðuneytisins sem ég veit að geta gert vel í þessum efnum. Ég segi þess vegna já.

[15:18]

Útbýting:

Hjúkrunarrými, 109. mál, svar heilbrrh., þskj. 476.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 288. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 536; brtt. minni hluta iðnn., þskj. 537.

Stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009, 391. mál, stjtill. iðnrh., þskj. 473.

Fundi slitið kl. 15:19.

37. FUNDUR

miðvikudaginn 7. des.,
að loknum 36. fundi.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Aðgangur að opinberum háskólum, fsp. BjörgvS, 114. mál, þskj. 114.

2. Dreifikerfi Ríkisútvarpsins fyrir stafrænt sjónvarp, fsp. SÞorg, 188. mál, þskj. 188.

3. Raunfærnimat, fsp. AKG, 214. mál, þskj. 214.

4. Fræðsla í Kennaraháskóla Íslands um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, fsp. ÁÓÁ, 215. mál, þskj. 215.

Til félagsmálaráðherra:

5. Réttur nemenda í framhalds- og háskólanámi til húsaleigubóta, fsp. JBjarn, 118. mál, þskj. 118.

6. Réttarstaða sjómanna, fsp. SigurjÞ, 282. mál, þskj. 297.

Til samgönguráðherra:

7. Hvalnes- og Þvottárskriður, fsp. DJ, 228. mál, þskj. 228.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fyrirspurnir á dagskrá.

[15:20]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna þess að samkvæmt starfsáætlun þess er áætlað að við ljúkum störfum á föstudaginn. Ég geri alvarlega athugasemd við það hvernig mál eru tekin á dagskrá. Þá vísa ég til fyrirspurna sérstaklega en þannig stendur á að þann 13. október sl. var útbýtt fyrirspurn sem ég lagði fram til hæstv. menntamálaráðherra um fjárframlög til grunnskólastigsins. Þessi fyrirspurn hefur ekki enn verið tekin á dagskrá og núna eru liðnir næstum því tveir mánuðir.

Í 49. gr. þingskapa stendur: „Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að henni var útbýtt." — Ég get skilið að það séu tafir og ég get alveg skilið að það dragist að svara fyrirspurnum en tæplega tveir mánuðir eru allt of mikið. Ég geri við þetta athugasemd vegna þess að ég veit að það á ekki að vera mikið mál að sækja upplýsingarnar sem ég óska eftir, upplýsingar um fjárframlög til grunnskólastigsins. Þar sem þessi fyrirspurn kemst ekki á dagskrá nú þegar fyrirspurnir eru teknar fyrir og hæstv. menntamálaráðherra er hér til svara óska ég eftir því, og mun óska eftir því formlega, að þessi fyrirspurn verði prentuð upp og ég mun biðja um að henni verði svarað skriflega. Ég mun óska eftir því að það verði gert áður en þing lýkur störfum og það verði gert vegna þess að hér hefur ekki verið farið að þingsköpum hvað varðar svar við þessari fyrirspurn.

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hver ástæðan er fyrir því að hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki svarað, hvort hún hafi kannski ekki treyst sér til að svara þessari spurningu, mögulega vegna þeirra upplýsinga sem þar koma fram. Það hlýtur að hvarfla að manni. Ég ítreka þá ósk mína að ég fái skriflegt svar áður en þing lýkur störfum þegar ég hef látið prenta þessa fyrirspurn upp.

[15:22]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er rétt að taka fram í upphafi að ég óskaði eftir því að fá að svara fleiri fyrirspurnum en þeim fjórum sem voru settar á dagskrá í dag. Vegna tímaleysis á þingi var ekki hægt að svara nema þessum fjórum.

Að mörgu leyti verð ég að taka undir með hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, það er ekki gott að það taki þetta langan tíma að svara fyrirspurn. Svarið við þessari fyrirspurn var ekki tilbúið. Það skiptir mestu máli að svarið við fyrirspurnum sé vel vandað, að vandað sé til verka. Við þurftum vegna svars við þessari fyrirspurn — þær eru misumfangsmiklar — að leita út fyrir ráðuneytið eftir upplýsingum og því miður hafa þær upplýsingar ekki enn borist. Við munum ítrekað leita eftir þeim og ég mun að sjálfsögðu svara þessari fyrirspurn, hvort sem verður í skriflegu formi eða munnlegu. Menn verða að hafa í huga að það er ekki alltaf hægt að stjórna för varðandi upplýsingar sem fást utan ráðuneytis. Þannig er það. Mér finnst leitt að hafa ekki getað svarað þessari fyrirspurn í dag sem ég lagði mikið upp úr, sérstaklega með tilliti til jólahlés.

Síðan er kannski líka rétt að draga fram að oftar en ekki hefur það komið fyrir á þessu haustþingi að ég hef ætlað mér að svara fyrirspurnum en einhverra hluta vegna hafa þingmenn beðið mig að fresta því að svara sér, m.a. vegna fjarveru. Að sjálfsögðu ber að taka tillit til þess.

[15:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil af þessu tilefni, um leið og ég tek undir þá gagnrýni sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttir kom með fram, taka fram að í gær var fullur vilji fyrir því hjá starfsmönnum þingsins og hæstv. forseta að taka þessa fyrirspurn á dagskrá. Því miður voru svörin ekki tilbúin frá hæstv. ráðherra eða ráðuneyti við þessari tilteknu fyrirspurn.

Það getur auðvitað komið fyrir að það sé erfiðleikum bundið að svara fyrirspurn innan átta sólarhringa frá því að hún er lögð fram, en þá er það líka jafnsjálfsögð kurteisi að hæstv. ráðherrar láti viðkomandi fyrirspyrjanda vita af því hverju sinni. Því miður kom í ljós þegar við fórum yfir fyrirspurnirnar sem fyrir lágu í gær að býsna margar þeirra voru lagðar fram í október og hafa enn ekki fengið svör. Ég held að það sé full ástæða fyrir hæstv. forseta að taka það saman og senda viðkomandi hæstv. ráðherrum áminningarbréf um að það eigi að fara að þingsköpum nema sérstakar aðstæður liggi að baki, eins og hæstv. menntamálaráðherra hefur skýrt núna hvað varðar þessa fyrirspurn.

[15:25]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er svo, eins og komið hefur fram í þingsköpum, að munnlegar fyrirspurnir skulu teknar á dagskrá

eigi síðar en átta virkum dögum eftir að þeim var útbýtt. Um skriflegar fyrirspurnir gildir það að ráðherra á að senda forseta svar eigi síðar en 10 virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Þó er þar tekið fram „að jafnaði". Ég held að það sé undantekning með a.m.k. skriflegar fyrirspurnir að þær komi á tilsettum tíma og eins og hefur komið fram getur munnleg fyrirspurn beðið í marga mánuði. Mig minnir að dæmi hafi verið um að hæstv. fjármálaráðherra sem þá var sjávarútvegsráðherra hafi tekið fjóra eða fimm mánuði í að svara tiltölulega einfaldri fyrirspurn frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Þá verður þetta að gerast sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði, það verður að vera þannig að ráðherrarnir sýni þá kurteisi að skýra frá því þegar komið er fram yfir þennan frest, skýra þingmanninum frá því og gera það í samráði við hann.

Sjálfur bað ég um skriflegt svar við fyrirspurn í byrjun nóvember og fékk það ekki fyrr en í lok mánaðar. Það kom í ljós að mjög einfalt var að svara því. Það gerðist ekkert í millitíðinni. Hæstv. utanríkisráðherra sem átti að svara því hafði ekkert samband við mig og ekkert gerðist dag eftir dag. Svo var þessu svarað að lokum. Það kunna að hafa verið einhver vandræði en ég hefði glaður framlengt þennan frest og verið með ráðherra í að ákveða hvenær svar ætti að koma. Þegar ráðherrarnir bregðast verður forseti sem er fulltrúi okkar allra gagnvart framkvæmdarvaldinu að grípa í taumana og ég tek undir þá ósk sem hér kom fram áðan til forseta um að gera það framvegis.

[15:27]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Maður undrar sig oft á því hve langan tíma tekur fyrir hæstv. ráðherra að svara fyrirspurnum. Ég er ekki hissa á því að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hafi spurt að því hér eftir að hún lagði þann 13. október fram jafneinfalda fyrirspurn og hér um ræðir. Hæstv. ráðherra segir okkur að ekki hafi gefist tími til að svara fyrirspurninni vegna þess að hún hefði þurft að sækja upplýsingar út fyrir ráðuneytið og það hefði ekki tekist.

Þegar ég vissi fyrr í dag að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir ætlaði að spyrja þessarar spurningar minnti mig að svörin við henni væri jafnvel að mestu leyti hægt að finna í Árbók sveitarfélaga sem gefin er út núna árið 2005. Ég fletti upp í henni, gaf mér nokkrar mínútur með reiknivél og blýant og ég treysti mér til að svara fyrirspurn hv. þingmanns nánast úr pontu eins og hún er lögð fram. Hv. þingmaður spurði:

„Hver voru heildarútgjöld sveitarfélaganna til grunnskólastigsins árið 2004?" — Svarið er: Þau voru 29.401.382 þús. kr.

„Hver var nemendafjöldi sama ár?" — Hann var 44.511 nemendur. Meðalkostnaður á nemanda var 660.542 kr.

Síðan er spurt um heildarútgjöld ríkisins til grunnskóla síðasta heila árið áður en sveitarfélögin tóku alfarið við rekstri grunnskólans á verðlagi ársins 2004. Þær upplýsingar er ekki að finna í Árbók sveitarfélaga en þar er upplýsingar að finna fyrir fyrsta heila árið sem sveitarfélögin voru með grunnskólann. Það var árið 1997 og þá nam kostnaður rúmum 15 milljörðum. Nemendur voru 42.318, kostnaður á nemanda 361.761, reiknað upp á verðlagi dagsins í dag 493.762. Það munar á verðlagi dagsins um 170 þús. kr. á nemanda.

Hvaða upplýsingar eru það sem ráðherrann hafði ekki?

[15:30]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Fyrirspurnirnar eru að sjálfsögðu dýrmætt verkfæri þingmanna til að veita stjórnvöldum aðhald á hverjum tíma. Það er hreinlega alveg rétt sem bent hefur verið á, fyrirspurnum hefur fjölgað mjög. Það er svo einkennilegt með þjóðfélag okkar að þrátt fyrir allt þetta gríðarlega framboð í fjölmiðlum og upplýsingastreymið sem manni sýnist fara um þjóðfélagið virðist það oft og tíðum vera ansi yfirborðskennt. Ég hef stundum sagt það í gríni, en jafnframt af svolítilli alvöru, að sennilega eru duglegustu rannsóknarblaðamenn Íslands í dag þingmenn í stjórnarandstöðu. Oftar en ekki rata svör við fyrirspurnum beint í fjölmiðla og verða ekki að fréttum fyrr en þær hafa komið fram sem svör frá ráðherrum. Þetta finnst mér svolítið skrýtið. Ég hef ekki séð þetta í öðrum löndum en svona er þetta á Íslandi og er að sjálfsögðu umhugsunarefni.

Hins vegar er ábending hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur fyllilega réttmæt. Ég vil bara gera að tillögu minni að ráðherrar taki sér tak. Ef þeir eiga erfitt með að svara fyrirspurnum af því að erfitt sé að ná í upplýsingar eiga þeir að sýna þá sjálfsögðu kurteisi að hafa samband við þingmenn og láta þá vita af töfinni. Ég veit að þingmenn eru allir af vilja gerðir til að sýna því skilning ef um slíkt er að ræða.

Hins vegar er hægt að finna upplýsingar um mörg atriði eins og hv. þm. Jón Gunnarsson benti á áðan, auðvelt að nálgast þær, og þá vekur það aftur upp spurningu um það hvort eitthvað af öllum þeim aragrúa af fyrirspurnum sem þingmenn bera fram sé kannski óþarfi. Þingmenn sjálfir þurfa líka að hugsa sig um og íhuga hvort þeir eigi ekki að gæta smáaðhalds, að þegar þeir semja fyrirspurnir spyrji þeir ekki um hluti sem auðvelt sé að nálgast svör við, eins og mér sýnist hafa verið í þessu tilfelli.

[15:32]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Það var afskaplega skemmtilegt að heyra í hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni. Þetta er akkúrat það sem þingmenn eru að gera með fyrirspurnum, þeir eru að koma sér í fjölmiðla og þess vegna hefur fyrirspurnum fjölgað alveg gríðarlega. 80 fyrirspurnir liggja núna fyrir þinginu sem ráðherrar verða að svara og ég vil taka fram að hæstv. forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, hefur lagt mikla áherslu á að fyrirspurnum sé svarað. Hún hefur aukið við fyrirspurnatímann. Heill aukadagur var tekinn í að svara fyrirspurnum og mikið svigrúm hefur verið veitt í dagskrá þingsins einmitt til að svara fyrirspurnunum. (Gripið fram í.)

Mjög margir vilja koma með stuttar athugasemdir inn í fyrirspurnatímann af því að þetta er í rauninni mjög skemmtilegt form í þinginu, það er skemmtilegt form þegar verið er að ræða málefni sem okkur þykja áhugaverð. Þess vegna komast færri fyrirspurnir að. Þegar kannski upp í 10 þingmenn vilja gera stuttar athugasemdir teygist heldur betur úr tímanum og því komast færri fyrirspurnir að.

Í dag er fyrirspurnatími og fyrirspurnum er deilt niður á flokkana. Það verða þrjár fyrirspurnir frá Samfylkingunni, ein frá Framsóknarflokki, ein frá Sjálfstæðisflokki og ein frá Vinstri grænum þannig að ég tel að forseti þingsins hafi reynt að vinna afskaplega vel úr þessu máli og komið til móts við þingmenn.

[15:33]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra hefur gefið mjög eðlilegar skýringar á því af hverju ekki er búið að svara þeirri tilteknu fyrirspurn sem var upphaf þessarar umræðu. Eins og hér hefur komið fram er það auðvitað þannig varðandi fyrirspurnir almennt að þeim hefur fjölgað gífurlega mikið. Reynt hefur verið að hliðra til í störfum þingsins með því að byrja kl. 12 á miðvikudögum við að svara fyrirspurnum og því hefur verið haldið áfram eftir þingflokksfundi á miðvikudögum. Svo hefur verið aukadagur, eins og hér kom fram. Sá fjöldi fyrirspurna sem hér liggur fyrir kemst hins vegar einfaldlega ekki fyrir í störfum þingsins.

Síðan er rétt að leggja áherslu á það að hér er ekki eingöngu um það að ræða að ráðherrar hafi ekki komist til að svara þeim fyrirspurnum sem fyrir þá hafa verið lagðar, heldur eru þingmenn oft og tíðum fjarverandi, þeir þingmenn sem hafa lagt fram fyrirspurnirnar, þegar ráðherrar hafa ætlað að svara þeim. Í dag var t.d. fjarverandi þingmaður sem átti að fá svar við fyrirspurn. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er erlendis og væntanlega þá, samkvæmt hans eigin orðum og skilgreiningu á því hvernig menn rækja embættisskyldur sínar erlendis, flatmagandi núna og getur ekki verið við umræðuna til að fá fyrirspurn sinni svarað.

Oft og tíðum er þetta svona, hæstv. forseti. Það kemur hvort tveggja til, að ráðherrar eru að sinna skyldum annars staðar á þeim miðvikudögum þegar fyrirspurnum er svarað en einnig og ekki síður eru þingmenn oft fjarverandi þegar á að svara fyrirspurnum þeirra.

[15:36]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur að mörgu leyti verið með hreinum ólíkindum. Hérna koma stjórnarþingmenn upp hver á fætur öðrum og gera lítið úr fyrirspurnum þingmanna. (Gripið fram í.) Hér, virðulegi forseti, er um form að ræða þar sem við þingmenn getum sótt upplýsingar frá hæstv. ráðherrum. Það er gríðarlega mikilvægt í störfum þingsins og það er auðvitað óþolandi þegar lítið er gert úr því. Sömuleiðis vil ég taka fram að það heyrir til undantekninga að þingmenn séu fjarverandi og að það sé ástæða þess að fyrirspurnir frestist. Það eru undantekningar og ég vil að það komi skýrt fram að ástæðan fyrir því að ég er búin að bíða eftir svari við þessari fyrirspurn frá því að henni var útbýtt 13. október er ekki sú að ég hafi verið fjarverandi, heldur vegna þess að svarið er ekki enn þá tilbúið. Sá er kjarni málsins.

Eins og hv. þm. Jón Gunnarsson kom inn á áðan spyr ég tveggja spurninga í fyrirspurn minni. Svarið við annarri þeirra er að finna í nýútkominni Árbók sveitarfélaganna. Hin er fyrirspurn um heildarútgjöld ríkisins til grunnskólastigsins síðasta heila árið áður en sveitarfélögin tóku alfarið við rekstri grunnskólanna. Þær upplýsingar eiga að vera til í ráðuneytinu og því á ekki að vera erfitt að taka þessar upplýsingar saman og birta þennan samanburð sem ég var að biðja um í fyrirspurn.

Ég frábið mér, virðulegi forseti, þá umræðu að hingað streymi inn óþarfar fyrirspurnir í stríðum straumum. Slík umræða er með ólíkindum.

Virðulegi forseti. Ég verð að mótmæla þessari frestun og þeirri seinkun sem hefur orðið á svari til mín og biðja hæstv. ráðherra um skriflegt svar við spurningunni um útgjöld ríkisins til grunnskólastigsins.

[15:39]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þetta fjallar nákvæmlega um fundarstjórn forseta og fyrirkomulag funda. Hér hefur komið fram að það hafi átt að svara öðrum fyrirspurnum en þeim sem eru á dagskrá. Það er ekki rétt. Hafi hæstv. forseti raðið öðruvísi niður á dagskrána — það fellur undir fundarstjórn forseta — en formanni þingflokks Samfylkingarinnar var kunnugt um er það auðvitað mjög slæmt. Sex fyrirspurnir komu til greina frá Samfylkingunni á þennan fund, þrjár eru inni, og í viðræðum þingflokksformanna í gær var aldrei rætt um það að fyrirspurn frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni væri á dagskrá í dag. Ef svo hefði verið hefði hann að sjálfsögðu flýtt för sinni heim.

[15:39]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseta er ekki kunnugt um það samkomulag sem gengið var frá við forseta þingsins með formönnum þingflokka um uppröðun á fyrirspurnum eða hve margar fyrirspurnir kæmust á dagskrá í dag en skal koma boðum til forseta þingsins um þá óánægju sem fram kom hjá hv. 1. þm. Suðurk.

[15:40]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil ekki vega svona ómaklega að hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Hann er að sinna mjög brýnum skyldustörfum á vegum þingsins. Það er rétt að það komi fram og að allir hafi það á hreinu.

Síðan er rétt að draga fram þau athyglisverðu ummæli sem hafa fallið hér, ekki bara frá stjórnarþingmönnum. Allir þingmenn eru sammála um að fyrirspurnir eru mjög mikilvægt tæki til að huga að lýðræðislegri umræðu og afla upplýsinga sem alla jafna er erfitt að fá. Þess vegna spyr maður eftir ágæta ræðu hv. þm. Jóns Gunnarssonar: Ef svarið er svona einfalt, af hverju þá að spyrja? Það hefði ekki verið neitt mál fyrir ráðuneyti menntamála að koma fram með svarið við spurningunni ef það hefði verið svona einfalt en það er rétt að taka fram að ýmsar breytingar hafa t.d. orðið á bókhaldi ríkisins síðan grunnskólinn færðist yfir til sveitarfélaganna. Ríkið færði til að mynda rekstrargrunn árið 1998. Sveitarfélögin hafa líka reyndar fylgt nýrri reglugerð um bókhald og ársreikninga frá árinu 2002. Einnig skilst mér að verkaskipting hafi breyst, t.d. varðandi stofn-

kostnað sem hefur verið færður til. Auðvitað gerir þetta allt það að verkum að við þurfum að kalla eftir upplýsingum. Eru þingmenn e.t.v. að kalla eftir því að við vöndum ekki til verka, að við svörum ekki skýrt og skilmerkilega? Eru þingmenn að biðja um það? (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu viljum við að þau svör sem við veitum öllum hv. þingmönnum séu skýr og rétt. Þess vegna tel ég réttara að tefja aðeins þótt mér þyki það leitt, og ég er búin að segja það áður að þessi fyrirspurn hafi tafist en það voru réttmætar forsendur fyrir því að sú töf varð eins og hún varð.

Aðgangur að opinberum háskólum.

Fsp. BjörgvS, 114. mál. — Þskj. 114.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Umfangsmiklar frávísanir nemenda í opinberu háskólana eru rof á þeirri samfélagssátt sem hefur verið um það að þeir sem sækja í skólana og hafa til þess réttindi fái þar inni, a.m.k. í Háskóla Íslands. Þetta hefur breyst á síðustu árum. Fyrir tveimur árum fór fyrst að bera á því að Háskóli Íslands hætti að nýta heimild til að taka aðra en þá sem hafa formlegt stúdentspróf inn í skólann til að spara fjármuni. Í inntökuskilyrðum til náms í Háskóla Íslands segir að nemendur skuli hafa lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skólum. Heimilt er þó að veita öðrum en þeim sem uppfylla þetta skilyrði rétt til þess að hefja nám við skólann ef þeir að mati viðkomandi deildar búa yfir hliðstæðum þroska og þekkingu sem stúdentsprófið veitir.

Grundvallaratriði í menntamálum er að veita öðrum, líka fullorðnu fólki sem vill snúa til náms og hefur sambærilega lífsreynslu eða aðra menntun en stúdentspróf, leyfi til að fara inn í skólana.

Það er mikilvægt að fá upplýsingar um hve mörgum sem sóttu um skólavist í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands var vísað frá haustið 2005, sundurliðað eftir deildum og skorum eins og fyrirspurnin hljómar. Það er mikilvægt að þessar upplýsingar komi fram og liggi umræðum um fjármögnun og framtíðarmarkmið opinberu háskólanna til grundvallar. Eftirspurn eftir námi hefur aukist gífurlega um allan hinn vestræna heim.

Fyrir nokkrum missirum, tveimur áratugum eða svo, voru um 5% af meðaltali mannafla á vinnumarkaði á Vesturlöndum með háskólapróf. Innan 20 ára héðan í frá stefnir í að þetta hlutfall verði á bilinu 35–50%, mismunandi eftir löndum. Við Íslendingar erum verulegir eftirbátar margra sambærilegra þjóða, ekki síst út af því að enn þá ljúka heil 40% af hverjum árgangi ekki öðru prófi en grunnskóla. Í rauninni er lítil aukning á því. Einungis 12% af fólki á vinnumarkaði á landsbyggðinni eru með háskólamenntun og 22% af fólki á vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu þannig að við eigum mjög langt í land til að ná þeim löndum sem best eru sett. Því þarf að fjárfesta í háskólunum. Aðgengi að þeim er sjálfsagt algert grundvallaratriði þarna, bæði fyrir landsbyggðina þar sem Háskólinn á Akureyri gegnir lykilhlutverki, bæði einn og sér og sem fjarnámsveitandi annarra háskólasetra og fræðslunet úti um allt land, en sérstaklega skiptir þó máli aðgengi að Háskóla Íslands og það að hann vísi ekki frá hundruðum nemenda á hverju ári út af því að hann hafi ekki fjármuni til að mennta þá. Þessu þarf að bregðast við og því kalla ég eftir upplýsingum við þessum spurningum:

Hve mörgum sem sóttu um skólavist var vísað frá haustið 2005 í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, sundurliðað eftir deildum og skorum?

[15:45]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er spurt:

„Hve mörgum sem sóttu um skólavist var vísað frá haustið 2005 í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, sundurliðað eftir deildum og skorum?“

Það var leitað til nemendaskráa Háskóla Íslands, KHÍ, þ.e. Kennaraháskólans, og Háskólans á Akureyri og byggist svarið á upplýsingum frá þeim. Í þeim upplýsingum kemur fram að allir umsækjendur sem uppfylltu sett inntökuskilyrði við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri fengu skólavist og var engum þeirra vísað frá. Mikil aðsókn að Kennaraháskóla Íslands er hins vegar engin nýlunda. Áhugi á kennaramenntun virðist vera mjög mikill og er það vel. Það er stefna mín að auka fjölbreytni í námsframboði á þessu sviði og má í því sambandi nefna að nú fer kennaramenntun af ýmsum toga fram við fimm háskóla í landinu, þ.e. við Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Listaháskólann og einnig í Háskólanum á Akureyri.

Háskóli Íslands hafnaði 48 umsækjendum í grunnnámi háskólaárið 2005–2006. Í öllum tilvikum var um að ræða umsóknir sem ekki uppfylltu inntökuskilyrði viðkomandi deildar. Auk þess var 59 umsóknum erlendra námsmanna hafnað. Þá var umsóknum hafnað þar sem þær bárust eftir að umsóknarfrestur var liðinn. Einnig var um að ræða umsóknir sem var svarað formlega með bréfi en fæstir sækja um eftir að þeim hefur verið tjáð að engar undanþágur séu veittar frá umsóknarfresti eða inntökuskilyrðum sem vel er kynnt t.d. á vegum HÍ.

Umsóknirnar 48 sem var hafnað í Háskóla Íslands skiptast með eftirfarandi hætti á deildir og skorir: Guðfræðideild 2, lagadeild 4, viðskipta- og hagfræðideild 8, þar af 1 í hagfræði og 7 í viðskiptafræði, hugvísindadeild 11, þar af 3 í bókmenntafræði og málvísindaskor, 1 í skor rómanskra og klassískra mála, 2 í heimspekiskor, 1 í sagnfræðiskor, 2 í íslenskuskor og 2 í skor þýsku og Norðurlandamála. 5 umsóknum var hafnað í verkfræðideild, þar af 1 í umhverfis- og byggingaverkfræði, 2 í véla- og iðnaðarverkfræði, 1 í rafmagns- og tölvuverkfræðiskorinni og 1 í tölvunarfræðiskorinni. 11 umsóknum var hafnað í félagsvísindadeild, þar af 1 í bókasafns- og upplýsingafræðiskorinni, 4 í félagsfræðiskorinni, 2 í félagsráðgjafaskorinni, 3 í sálfræðiskorinni og 1 í uppeldis- og menntunarfræðiskorinni. 7 umsóknum var hafnað í hjúkrunarfræðideildinni en þetta voru allt

umsækjendur sem ekki uppfylltu inntökuskilyrði.

Í upplýsingum frá Kennaraháskóla Íslands um háskólaárin 2005–2006 kemur fram að alls voru umsækjendur í grunndeild 1.071 og var 645 umsækjendum hafnað eða þeir settir á biðlista. 324 sóttu um framhaldsdeild og var 142 hafnað eða settir á biðlista. Allar umsóknirnar sem hér um ræðir uppfylltu inntökuskilyrði og voru teknar til umfjöllunar og forgangsraðað.

Skipting þeirra umsókna sem hafnað var í grunndeild Kennaraháskólans var sem hér segir: 98 á kennsluréttindabraut, 278 á grunnskólabraut, 140 á leikskólabraut, 72 á þroskaþjálfabraut, 34 á tómstundabraut og 23 á íþróttabraut. Skipting þeirra umsókna sem hafnað var í framhaldsdeild var sem hér segir: Fullorðinsfræðsla 7, kennslufræði og skólastarf 2, nám og kennsla ungra barna 17, náttúrufræðimenntun 9, sérkennslufræði 29, stjórnun menntastofnana 55, tölvu- og upplýsingatækni 4, uppeldis- og menntunarfræði 11, þroskaþjálfa- og fötlunarfræði 2, meistaranám 3 og doktorsnám 3.

Háskólanum á Akureyri bárust 552 umsóknir fyrir háskólaárið 2005–2006 og var 127 umsækjendum hafnað eða 19%. Í öllum tilvikum var ástæðan sú að viðkomandi uppfyllti ekki inntökuskilyrði viðkomandi deilda. Þær 127 umsóknir sem hafnað var við HA skiptast með eftirfarandi hætti á deildir og brautir: 5 í auðlindadeild, þar af 3 í meistaranám í auðlindafræði og 2 í sjávarútvegs- og fiskeldisbraut, 5 í félagsvísinda- og lagadeild, 10 umsóknum var hafnað í heilbrigðisdeild, 9 í hjúkrunarfræði og 1 í framhaldsnám í heilbrigðisvísindum. 65 umsóknum var hafnað í kennaradeild, þar af 26 á grunnskólabraut, 4 í kennslufræði til kennsluréttinda og 35 á leikskólabraut. 9 umsóknum var hafnað í upplýsingatæknideild, öllum á tölvunarfræðibraut. Að lokum var 33 umsóknum hafnað í viðskiptadeild, þar af 2 á ferðaþjónustubraut, 8 á fjármálabraut, 9 á markaðsfræðibraut, 8 á rekstrarbraut og 6 á stjórnunarbraut.

Frú forseti. Það er ljóst að engum sem sótt hafa um inntöku í Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands og uppfylltu inntökuskilyrði hefur verið hafnað. Við Kennaraháskólann er það eins og ég gat um áðan engin nýlunda hversu margir sækja um kennaramenntun. Það má hins vegar geta þess og er rétt að draga það fram að háskólasamfélagið, kerfið sem slíkt, getur tekið inn fleiri kennara. Eftirspurnin er til staðar en framboð er líka í kennaramenntun og eins og ég gat um áðan býður fjölbreytt flóra háskólanna upp á þessa mikilvægu menntun.

[15:50]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Um er að ræða 1000 manns. Hæstv. menntamálaráðherra hefur farið yfir það að á árinu 2005 var 1000 manns synjað um að sækja háskólanám. Við vitum um þann mikla vanda sem um er að ræða í Kennaraháskóla Íslands og er auðvitað svartur blettur á menntakerfinu og því miður á hæstv. menntamálaráðherrum undanfarið. Við vitum hins vegar ekki um töluna í Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar vegna þess að það er fullt af fólki sem ekki sækir um nám þar vegna þess að háskólarnir hafa auglýst það sérstaklega, nú síðast í Morgunblaðinu fyrir tveimur vikum, hygg ég, auglýsti Háskóli Íslands að ekki verði tekið á móti því fólki sem ekki hefur stúdentspróf. Hvaða fólk er það? Það er fólk aðallega á miðjum aldri og það eru aðallega konur. Við erum að fara að ræða hérna raunfærnimat á eftir hygg ég og þetta er mjög athyglisvert innlegg í þá umræðu.

[15:52]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. 1000 umsækjendum í íslenska opinbera háskóla var með einum eða öðrum hætti synjað um skólavist á liðnu hausti. Sérstaklega vekur athygli og er undirstrikað að Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands eru hættir að nota þá undanþáguheimild sem þeir hafa til að taka inn aðra nemendur en þá sem eru með formleg stúdentspróf. Þetta er afskaplega slæm breyting og hlýtur að mega túlka sem svo að verið sé að reisa hindranir fyrir fullorðið fólk sem vill snúa aftur til náms inn í háskólana og njóta tækifæra í þeirri menntasókn sem nú stendur yfir og er svo mikilvægt að eigi sér stað á Íslandi. 1000 manns er hafnað og það er alvarlegt mál að sú staða sé komin upp í þessum skólum. Helmingurinn er í Kennaraháskóla Íslands. Það má örugglega færa rök fyrir því að veruleg þörf er á fræðslumenntuðu fólki sem nýtist hér og hvar í þjóðlífinu og til að efla skólana. En upp úr stendur að Háskólinn á Akureyri sem áður beitti undanþáguheimildinni nokkuð ríkulega gerir það ekki lengur en þeir tóku inn aðra en þá sem voru með formleg stúdentspróf. Það var eitt af merkustu flöggum skólans að efla nám á landsbyggðinni og gefa fullorðnu fólki með einn, tvo eða þrjá vetur að baki framhaldsskólanna, ekki með formlegt stúdentspróf en með mikla starfs- og lífsreynslu á öðrum vettvangi, færi á að komast í háskólanám án þess að fara fyrst inn í framhaldsskólana og ljúka formlegu stúdentsprófi sem er alger óþarfi í því tilfelli og ég held að flestir séu sammála um það.

En skólarnir grípa til þessara örþrifaráða að vísa því fólki frá sem ekki er með formlegt stúdentspróf og upp úr þessu stendur að nú í haust fengu 1000 Íslendingar ekki inni í því háskólanámi sem þeir sóttu um. Það er grafalvarlegt mál og því verður að breyta og hlýtur að liggja allri endurskoðun, fjármögnun og framtíðarmarkmiðum háskólastigsins til algers grundvallar.

[15:54]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er undarlegt að heyra að það er verið að undirstrika mikilvægi framhaldsskólans og stúdentsprófsins en um leið er verið að tala um í hina röndina að slaka á kröfum varðandi inntökuskilyrði í Háskóla Íslands. Að sjálfsögðu verður ákveðið svigrúm að vera til staðar og menn verða að líta einfalt á málin en það er einu sinni þannig að það hefur engum verið hafnað sem hefur uppfyllt inntökuskilyrðin í Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri. Það er rétt að undirstrika að það er plúss fyrir fleiri sem vilja stunda kennaranám í kerfinu eins og það er byggt upp í dag og það er rétt að undirstrika það og minnast þess að t.d. Samfylkingin fór gegn því að sameinast Tækniháskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík sem m.a. hafði það í huga og hefur þegar sett á laggirnar öfluga kennara-

deild, en rétt er að undirstrika að Samfylkingin studdi ekki að það yrði gert.

Í heildina séð má segja að við séum að sinna þörf Íslendinga fyrir háskólamenntun gríðarlega vel miðað við þá miklu ásókn sem hefur orðið í þeirri miklu og góðu menntabyltingu sem sumir hafa ekki viljað standa að. Það er í rauninni ekkert annað land miðað við þessa miklu menntasókn sem við höfum staðið fyrir og þá miklu fjölgun sem þingmenn stjórnarandstöðunnar eru búnir að átta sig á og eru byrjaðir að viðurkenna. Við erum að fjölga þeim sem við tökum á móti inn í háskólana meira en allar aðrar þjóðir og við gerum það hratt, fljótt og vel og það er ekki síst fyrir þær sakir að við höfum komið á samkeppni sem reyndar enn og aftur sumir hafa ekki stutt, leiðinlegt að undirstrika það fyrir ykkar hönd. En enn og aftur hefur fjölbreytnin leitt til þess að við getum tekið á móti fleirum í kennaranám en nú er gert. Það segir umhverfið.

Síðan er rétt að taka það fram að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um grunnskólakennara sem birt var á sínum tíma, kemur í ljós að skólaárið 2008–2009 verður kennaraskortur í grunnskólum óverulegur og þörfin ekki lengur til staðar varðandi fleiri kennara.

Umræðu lokið.

Dreifikerfi Ríkisútvarpsins fyrir stafrænt sjónvarp.

Fsp. SÞorg, 188. mál. — Þskj. 188.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Sigurrós Þorgrímsdóttir):

Frú forseti. Við lifum á tíma mikilla tækniframfara þar sem ný tækni hefur verið að ryðja sér til rúms og opnað áður óþekkta möguleika á dreifingu stafræns sjónvarpsefnis. Þannig á stór hluti þjóðarinnar nú þess kost að horfa m.a. á dagskrá RÚV með stafrænni tækni og það er ekki bara í einu dreifineti heldur mörgum. Þau dreifinet sem nú þegar bjóða upp á stafrænt sjónvarp hér á höfuðborgarsvæðinu eru breiðband Símans, ADSL sjónvarp Skjás 1 sem er í eigu Símans, Digital Ísland sem er í eigu 365 ljósvakamiðla og ljósleiðaranet Orkuveitu Reykjavíkur sem er í Reykjavík og ýmsum nágrannasveitarfélögum. Öll þessi dreifikerfi flytja nú þegar dagskrá RÚV með fullkominni stafrænni tækni.

Frú forseti. Það kom mér nokkuð á óvart í ljósi ofangreindra staðreynda þegar ég sá í fréttum nýlega útboð á sjónvarpsrásum fyrir þá sem hafa áhuga að byggja nýtt dreifinet fyrir stafrænt sjónvarp sem skyldi ná til 98% landsmanna og að RÚV hefði verið meðal tveggja aðila sem vildi byggja slíkt dreifikerfi. Greint var frá því að Ríkissjónvarpið hefur boðið í þrjár rásir sem dreifa sjö sjónvarpsdagskrám til 98% landsmanna fyrir 1. október 2007. Að auki hyggst Ríkisútvarpið dreifa háskerpusjónvarpi á einni rás. Í ofangreindu ljósi hef ég lagt fram eftirfarandi spurningar til menntamálaráðherra:

Er fyrirhugað að Ríkisútvarpið setji upp eigið dreifikerfi fyrir stafrænt sjónvarp, og ef svo er:

a. hver eru helstu rökin fyrir því á svæðum þar sem slík dreifikerfi eru til staðar, t.d. á höfuðborgarsvæðinu,

b. hafa aðrir kostir verið athugaðir, t.d. að fá aðgang að einhverju hinna dreifikerfanna,

c. hver er áætlaður heildarkostnaður við uppsetningu dreifikerfisins?

Frú forseti. Hugsanlega þarf Ríkisútvarpið að gera sérstakar ráðstafanir varðandi dreifðustu byggðir landsins en ég spyr hvort nauðsynlegt sé að byggja upp enn eitt dreifikerfið á stöðum þar sem íbúar hafa nú þegar aðgang að stafrænu sjónvarpi, ekki bara einu heldur fjórum mismunandi.

Ég velti því fyrir mér, frú forseti, hvort ekki sé æskilegra að nýta þá fjármuni sem ætlaðir eru í enn eitt dreifikerfið í innlenda dagskrárgerð.

[15:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég hef leitað eftir upplýsingum og afstöðu Ríkisútvarpsins til fyrirspurnar hv. þingmanns og koma svör stofnunarinnar hér eftir. Í upphafi er rétt að taka fram að samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið er stofnuninni ætlað að dreifa dagskrá sjónvarpsins til alls landsins. Að þessu marki hefur verið stefnt allt frá stofnun sjónvarpsins árið 1966 en takmarkinu hefur ekki enn verið náð.

Núverandi dreifing sjónvarpsins nær til um 99,9% heimila landsins í mismiklum myndgæðum. Til dæmis hefur ekki sérstaklega verið unnið að dreifingu til sumarbústaðasvæða. Núverandi dreifikerfi þarfnast endurnýjunar og verður stefnt að henni í stafrænni tækni.

Fyrr á árinu fór fram útboð á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar, eins og hv. þingmaður kom inn á, á UHF-rásum til sjónvarpsútsendinga á landsvísu með dreifingu til 98% heimila landsins innan tveggja ára. Ríkisútvarpið lagði inn tilboð og fékk úthlutað rásum til sjónvarpsþjónustu um allt land, annar tveggja aðila. Fram til þessa hefur útvarpsgjald og tekjur vegna birtinga auglýsinga staðið undir kostnaði dreifikerfisins, samanber 10. gr. núgildandi laga um Ríkisútvarpið.

Eins og kunnugt er eru útsendingar sjónvarpsins opnar og með viðeigandi búnaði eiga allir að geta tekið á móti þeim. Núverandi stafræn dreifikerfi Landssíma Íslands hf. og 365 ljósvakamiðla eru fjölrásaveitur sem selja aðgang að fjölbreyttu dagskrárefni. Ef útsendingamerki sjónvarpsins væri eingöngu miðlað um slíkt dreifikerfi þyrftu allir notendur sjónvarpsins að kaupa að þeim aðgang, jafnvel aðeins til að horfa á sjónvarpið.

Síðan er spurt hvort aðrir kostir hafi verið athugaðir, t.d. að fá aðgang að einhverju hinna dreifikerfanna. Dagskrá sjónvarpsins er dreift í öllum fjölrásaveitum sem hafa óskað eftir því að flytja merki sjónvarpsins. Ríkisútvarpið hefur markað þá stefnu að heimila dreifingu á dagskrám sínum án skilyrða og með þeim hætti reynt að tryggja sem best aðgengi að þeim. Ríkisútvarpið hefur talað fyrir því að svonefnd „must carry“ regla samkvæmt 55. gr. fjarskiptalaga verði innleidd þannig að fjölrásaveitu verði gert skylt að flytja dagskrá Ríkisútvarpsins. Ákvörðun um beitingu þessa

ákvæðis fjarskiptalaga er nú í höndum Póst- og fjarskiptastofnunar.

Ríkisútvarpið hefur fram til þessa miðað við að dreifa dagskrám stofnunarinnar um eigið dreifikerfi. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að dreifa dagskrá Ríkisútvarpsins eingöngu um fjölrásaveitur einkafyrirtækja enda ber Ríkisútvarpinu að annast rekstur eigin dreifikerfis, samanber 4. mgr. 4. gr. núgildandi laga. Ríkisútvarpið á hins vegar í viðræðum við einkaaðila um samstarf í dreifingu á dagskrá stofnunarinnar.

Síðan er spurt hver sé áætlaður heildarkostnaður við uppsetningu dreifikerfisins. Kostnaður við byggingu stafræns dreifikerfis fyrir eina fléttu — en ein flétta er 5–7 sjónvarpsdagskrár — sem nær til 98% þjóðarinnar er áætlaður 310 millj. kr. Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður um 90 millj. kr. Ef hins vegar á að ná dreifingu til 99,9% landsmanna er stofnkostnaður fyrir eina fléttu áætlaður um 680 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður þá áætlaður um 300 millj. kr. Ríkisútvarpið hefur kynnt menntamálaráðuneytinu framangreindar kostnaðaráætlanir og hefur þegar óskað eftir viðræðum við ráðuneytið um fjármögnun stafræns dreifikerfis.

[16:02]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tel að hér þurfi að mörgu að gá. Þannig er að í fjölmiðlavinnu sem allir flokkar áttu fulltrúa í og var tiltölulega vönduð urðu menn sammála um að búa til ákvæði um flutningsskyldu og flutningsrétt m.a. til þess að Ríkisútvarpið fengi tryggan aðgang að öllum þeim dreifikerfum sem í gangi væru. Þá virðist það vera eftir að athuga um þá sem ekki hafa nein slík dreifikerfi en með samvinnu við þá einkaaðila sem eru að undirbúa framtíðarlausnir — þær lausnir sem við erum með núna eru fæstar af því tagi — ætti að vera hægt að koma því þannig fyrir að Ríkisútvarpið losnaði við þennan kostnað. Það er vilji t.d. núverandi útvarpsstjóra að beina kröftum Ríkisútvarpsins að dagskránni en losa það við þann kostnað sem það þarf sannarlega ekki að hafa.

[16:04]

Fyrirspyrjandi (Sigurrós Þorgrímsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka ráðherra fyrir greinargóð svör. Ég heyri að þegar er farið að hugleiða kostnaðinn við þetta því það er vissulega kostnaðarsamt að fara út í slíkt dreifikerfi. Í þessu sambandi er líka rétt að minna á stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi stafrænt sjónvarp, en þar kemur m.a. fram að forsætisráðuneytið hefur gefið út skýrsluna Auðlindir í allra þágu, stefna ríkisstjórnarinnar í upplýsingasamfélagi 2004–2007. Þar segir m.a. í kaflanum um fjarskipti, með leyfi forseta:

„Stuðlað verði að uppbyggingu dreifikerfis fyrir stafrænt sjónvarp sem nái til landsins alls."

Hið háa Alþingi samþykkti fyrr á þessu ári fjarskiptaáætlun en þar segir m.a. um stafrænt sjónvarp, með leyfi forseta:

„Allir landsmenn hafi aðgengi að gagnvirku stafrænu sjónvarpi.

Stafrænt sjónvarp um háhraðanet verði boðið árið 2005.

Boðnar verði út UHF-sjónvarpstíðnir fyrir stafrænt sjónvarp á árinu 2005."

Eins og ég sagði í upphafi tel ég þetta mikla peninga sem væri eflaust betur varið ef þeir væru nýttir á annan hátt nema að sjálfsögðu þarf að taka til ráðstafana varðandi hinar dreifðustu byggðir landsins. Ég vil endilega að við hugum að því þar sem hér er þegar verið að dreifa á fjóra mismunandi vegu, að við tengjumst því eins og við höfum þegar gert og kannski óþarfi að bæta þar við.

[16:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina því að hún dregur athyglina að því mikilvægi að efla innlenda dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu. Að sjálfsögðu verður að fara mjög gaumgæfilega yfir alla þætti, kostnaðarmikla þætti sem geta leitt til sparnaðar á ákveðnu sviði en um leið eflt innlenda dagskrárgerð, þ.e. aukið fjármagnið til þess þáttar sem er okkur svo mikilvægur innan Ríkisútvarpsins.

Það var einnig hárrétt sem hv. þm. Mörður Árnason kom inn á áðan varðandi flutningsréttinn og flutningsskylduna að þetta var stórt og veigamikið atriði í þeirri fjölmiðlaskýrslu sem var kynnt í vor og að mínu mati kannski merkilegasta ákvæðið hvað varðar rétt neytenda á þessum ljósvakamiðlum. Ég tel því afar mikilvægt að við förum heildstætt yfir þetta mál, sjáum hvað líður meðferð frumvarps til laga um breytingu á Ríkisútvarpinu við að breyta því í hlutafélag. Við þá breytingu mun skapast að mínu mati töluvert svigrúm til að mæta þeim þörfum sem við erum að kalla eftir.

Umræðu lokið.

Raunfærnimat.

Fsp. AKG, 214. mál. — Þskj. 214.

[16:07]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Mörg ár eru síðan menntamálaráðuneytið hóf tilraunir til að koma á kerfi til að meta þá færni og þekkingu sem einstaklingur hefur aflað sér með námi utan hins formlega skólakerfis. Þar er um að ræða óformlegt nám, það sem lærist á vinnustað og á ýmiss konar námskeiðum og af reynslunni. Mat á þessum þáttum er mikilvægt til þess að einstaklingur fái notið ofangreindra þátta við atvinnu eða við inntöku í nám innan hins hefðbundna skólakerfis. Raunfærnimat er sérstaklega mikilvægt fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu. Þannig fæst viðurkennt að þroski, reynsla, vinnustaðanám og óformlegt nám sé mikils virði, að nám utan skólakerfisins sé metið.

Raunfærnimat er ekki síður mikilvægt fyrir atvinnulífið til þess að hæfileikar og hæfni fólks með lágt sjálfsmat nýtist. Fyrir samfélagið er dýrt að vanmeta þekkingu og færni fólks. Margmenntun er dýr, þ.e. þegar fólk er skikkað til að sitja á skólabekk og læra hluti sem það kann fyrir. Það er

afar mikilvægt að framhaldsskólarnir og háskólarnir viðurkenni niðurstöður mats þegar það hefur farið fram og að viðkomandi einstaklingar geti gengið að því sem vísu.

Ég ætla að minna á að í haust var 119 einstaklingum, aðallega fullorðnu fólki, vísað frá dyrum framhaldsskólanna af einhverjum ástæðum en mikilvægt er fyrir þessa aðila að dyrnar að framhaldsskólunum séu opnaðar og þeir fái að njóta þess sem þeir kunna fyrir. Afar brýnt er að þróun raunfærnimats ljúki sem fyrst og ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra:

1. Hvað líður mati á óformlegu námi og starfsreynslu og gerð kerfis til að meta raunfærni sem unnið er að á vegum ráðuneytisins?

2. Taka fulltrúar framhaldsskólanna þátt í þessari vinnu? — Það verður ákaflega forvitnilegt einmitt að heyra svar ráðherra við þessari spurningu því ég hef grun um að ákveðinnar tregðu gæti innan framhaldsskólanna að meta óformlegt nám.

3. Hvernig er fyrirhugað að nýta eða samþætta kerfið íslensku skólakerfi?

4. Hvenær er reiknað með að afrakstur vinnunnar geti nýst?

[16:09]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Rétt aðeins í upphafi vil ég koma því á framfæri að þeir 119 af 20 þúsund nemendum, sem sóttu um vist í framhaldsskólunum og fengu inni, voru ekki endilega eingöngu eldri nemar heldur nemar sem komust ekki inn á t.d. listfræðibrautir. Það eru bara venjulegar hagkvæmar forsendur fyrir því að þeir komast ekki inn. Framhaldsskólarnir eins og þeir eru í dag eru öllum opnir, ekki nema tæknilegir örðugleikar hafi leitt til þess að einstaklingar hafi ekki komist inn á þá braut sem þeir sérstaklega sóttust eftir.

Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum um raunfærnimat og fyrsta spurningin er:

„Hvað líður mati á óformlegu námi og starfsreynslu og gerð kerfis til að meta raunfærni sem unnið er að á vegum ráðuneytisins?"

Mat á óformlegu námi og starfsreynslu eða því sem nefnt er raunfærni einu nafni er mikilvægur þáttur í að hækka menntunarstig þjóða. Raunfærnimat er einkum mikilvægt fyrir þá einstaklinga sem stysta skólagöngu hafa að baki og vilja auka menntun sína og styrkja stöðu á vinnumarkaðnum. Menntamálaráðuneytið gerði þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2003 um að þróa aðferðir um mat á óformlegu námi og starfsreynslu. Starfshópur skipaður tveimur fulltrúum ráðuneytisins og einum skólameistara hefur unnið að málinu undir verkstjórn sérfræðings frá fræðslumiðstöðinni. Afraksturinn er þegar kominn í ljós því búið er að meta námskrár átta námsbrauta sem starfræktar eru utan hins formlega skólakerfis fyrir ófaglærða einstaklinga eða þá sem skortir menntun í undirstöðugreinum. Allar hafa þessar átta brautir það að markmiði að auðvelda ófaglærðum að stunda nám í framhaldsskólum eða að nýta þekkingu og reynslu sína úr fyrri störfum til að afla sér starfsmenntunar og starfsréttinda.

Starfshópurinn hefur gert tillögu til ráðuneytisins hvernig meta megi þessa námskrá til hagsbóta fyrir þá sem ljúka námi samkvæmt þeim. Tillögur hópsins hafa tekið mið af því að meta megi inntak óformlegs náms annars vegar og þá starfsreynslu sem hver einstaklingur býr yfir hins vegar. Þegar ráðuneytið hefur afgreitt tillögurnar eru framhaldsskólunum sendar leiðbeinandi reglur um hvernig þeir geta metið óformlegt nám þeirra sem þangað leita til frekari menntunar. Matið tengir þannig saman óformlegt nám, starfsreynslu og nám sem í boði er í framhaldsskólum landsins.

Síðan er spurt:

„Taka fulltrúar framhaldsskólanna þátt í þessari vinnu?"

Skólameistari á sæti í þeim starfshóp sem nefndur var áðan. Hópurinn leggur áherslu á að koma upplýsingum um raunfærnimatið til framhaldsskólanna þar sem þeir eru lykilaðilar í því að raunfærnimatið nýtist. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ætlar að heimsækja alla framhaldsskóla landsins og koma þekkingu á raunfærnimatinu þar á framfæri. Búið er nú þegar að heimsækja fimm skóla þegar þessi orð eru töluð og lokið verður við að heimsækja þá alla í vetur.

Þá er spurt:

„Hvernig er fyrirhugað að nýta eða samþætta kerfið íslensku skólakerfi?"

Sú vinna sem nú er í gangi við að móta aðferðafræði og kerfi til raunfærnimats hefur að leiðarljósi að það verði hluti, og þetta skiptir miklu máli, af íslenska menntakerfinu. Afraksturinn af matinu á að vera grunnur að frekara námi innan skólakerfisins til hagsbóta fyrir þá einstaklinga sem nýta sér raunfærnimatið.

Að lokum er spurt:

„Hvenær er reiknað með að afrakstur vinnunnar geti nýst?"

Eins og að framan greinir er vinnan þegar farin að nýtast einstaklingum sem lokið hafa óformlegu námi, en það er einn þáttur raunfærnifmatsins. Hér er hins vegar um mjög stórt og margþætt viðfangsefni að ræða. Fyrsta kastið beinist vinnan að því að þróa aðferðir og tæki til raunfærnimats, leita upplýsinga og kynna hugmyndafræðina að baki raunfærnimatinu fyrir fræðslustofnunum, samtökum og einstaklingum. Raunfærnimat sniðið að þörfum ófaglærðra hefur verið sett í forgang og er reiknað með í áætlunum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að á árinu 2006 verði búið að móta stefnuna og þróa aðferðir og tæki á því sviði. Í framhaldi af því þarf að þjálfa matsaðila og koma virku ferli raunfærnimats um allt land. Reikna má með að það taki a.m.k. tvö ár til viðbótar. Jafnframt þarf að huga að raunfærnimati sem nýtist faglærðum og er stefnt að því að hefja þróun þess á árinu 2006 með tilraunaverkefnum og samstarfi við fagaðila. Gangi þessar áætlanir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eftir ætti skilvirkt kerfi raunfærnimats að geta komið á hér á landi eftir 3–5 ár að því gefnu að unnt verði að tryggja fjármagn til þeirrar starfsemi sem raunfærnimatið mun óhjákvæmilega kalla á.

Þá er rétt að geta þess að vinna við kortlagningu á raunfærnimati starfa í matvælaframleiðslu er að hefjast í samstarfi starfsgreinaráðs hótel- og matvælagreina og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þá er einnig áhugavert að fræðslumiðstöðin leiðir nú stórt evrópskt verkefni um raunfærnimat í samstarfi við aðila frá fimm öðrum Evrópulönd-

um en verkefnið er styrkt af Leonardo da Vinci-starfsmenntaáætluninni. Vinna við raunfærnimat á Íslandi er eins og að ofan greinir komin nokkuð áleiðis en stór verkefni eru vissulega fram undan. Markviss áætlun um uppbyggingu öflugs raunfærnimats hér á landi liggur fyrir og tel ég afar brýnt og mikilvægt að hún fái framgang.

[16:15]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er eins og tveir hæstv. menntamálaráðherrar séu í landinu, annars vegar sá sem kom rétt áðan og talaði vel um raunfærnimatið og hins vegar sá sem með nokkrum reigingi taldi að fólk með stúdentspróf ætti ekkert erindi í háskóla og kom þar með í veg fyrir að háskólarnir sjálfir framkvæmdu það raunfærnimat sem hinn síðari menntamálaráðherra talaði um.

Um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurn sína og verkalýðshreyfingunni og samtökum atvinnurekenda fyrir að hafa beitt sér fyrir þessu máli, þá er það auðvitað svo að þetta er kannski það sem við þurfum allra mest á að halda í menntakerfi okkar í tengslum við starfs- og verknám. Við stöndum frammi fyrir því, og þær tölur hafa ekkert breyst, að 40% af vinnumarkaðnum eru með grunnmenntun og aðeins 60% með einhverja meiri menntun og þó að árin líði breytist þetta hlutfall ekki, sem bendir til þess að við séum að ganga inn í nýtt stéttskipt upplýsingasamfélag þar sem munurinn er menntun og ekki menntun í staðinn fyrir fyrri mun. Við þurfum að einbeita okkur sérstaklega að þessu og raunfærnimatið getur verið leið í þá átt. Ég vona að hæstv. menntamálaráðherra beri gæfu til að fylgja (Forseti hringir.) okkur hinum í því máli.

[16:16]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er um mikilvægt mál að ræða. Það hefur komið fram að háskólarnir eru hættir að nota undanþáguheimildir sínar til að raunfærnimeta fólk, sem er ekki með formleg stúdentspróf, inn í skólana. Það er dapurleg þróun af því að það er gott að skólarnir beiti þeim undanþáguheimildum sem allra mest og best. En samkvæmt svari hæstv. forsætisráðherra við fyrirspurn hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur á dögunum um menntun eftir búsetu kemur fram að af þeim sem eru á vinnumarkaði eru alls tæp 41% með grunnmenntun, þ.e. grunnskóla eða styttri formlega skólagöngu, 40% með starfs- og framhaldsskólamenntun en einungis tæp 19% með háskólamenntun. Þetta er ekki að breytast. Þeim fjölgar ekki að neinu marki sem hafa lengri formlega skólagöngu að baki en grunnskólagöngu. Við því þarf að bregðast og þar er vinnan við raunfærnimat mjög mikilvæg. Því er sú umræða sem á sér stað núna fagnaðarefni.

[16:17]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir fyrirspurnina. Þetta er stórmál og það er allt of létt tekið á því af hálfu menntayfirvalda. Ég minni á að í búnaðarnámi hafa til margra ára verið þær reglur að skólarnir hafa haft vissa heimild til að meta starfsreynslu og annað nám inn í námsbrautir sínar. Þegar nemandi er orðinn 25 ára og hefur unnið við bústörf hefur hann átt aðgengi inn í búnaðarskólana og þó svo að hann skorti einhverja áfanga í bóklegum greinum fær hann að spreyta sig. Það á að vera hin almenna regla að þegar fólk er komið yfir ákveðinn aldur, er komið með ákveðna reynslu að baki og vill sækja um eitthvert nám á það að fá tækifæri og leyfi til að spreyta sig. Það stendur þá og fellur með því hvernig til tekst. (Forseti hringir.) Það er dapurlegt að háskólarnir skuli einmitt nú beita þessu ákvæði sem skerðingu á möguleikum fólks til að sækja háskóla, frú forseti.

[16:19]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ágæt svör. Það kom margt jákvætt fram í svari hæstv. ráðherra, t.d. það að reiknað er með að raunfærnimatskerfið verði hluti af hinu íslenska skólakerfi, sem er ákaflega mikilvægt, því að eins og ég kom að í ræðu minni fyrr veit ég að það gætir ákveðinnar tregðu t.d. innan framhaldsskólanna að meta óhefðbundið nám og fyrra nám þeirra sem sækja vilja um inngöngu þar. Mér er kunnugt um dæmi þar sem framhaldsskóli vildi ekki meta ákveðið próf í áfanga úr framhaldsskóla vegna þess hve langt var síðan sá áfangi var tekinn og hélt því fram að það væri ekki lengur í gildi, sem er auðvitað della.

Það kom líka fram í máli ráðherrans hvernig unnið er að þessu núna og það kom í ljós að loksins er vinnan við þetta mat orðin markviss eftir að hún fór úr ráðuneytinu og í hendur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins en þar er unnið af virkilegri fagmennsku að málinu.

Hins vegar er leitt að heyra að ekki er reiknað með að matið verði komið í gagnið fyrr en eftir 3–5 ár og svo vona ég að ekki verði settur hemill á málið með því að setja ekki nóg fjármagn í það. Eins og kom fram í máli manna áðan er þetta sérstaklega mikilvægt fyrir þá einstaklinga sem hafa stysta skólagöngu. Ég er hér með nýtt svar frá forsætisráðherra sem upplýsir að á landsbyggðinni eru 45% á aldrinum 20–40 ára með grunnskólapróf sem síðasta próf en á höfuðborgarsvæðinu eru þeir 27,5%. Þessu fólki þarf að þjóna (Forseti hringir.) og þar er raunfærnimatið stór og mikilvægur hlutur.

[16:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir þessa fyrirspurn og að draga fram mikilvægi raunfærnimatsins og þá miklu þýðingu sem það hefur og mun hafa fyrir íslenskt menntakerfi. En það er líka rétt að taka það fram til upplýsingar, m.a. af því að menn drógu fram fyrri umræður, að um 10% þeirra sem teknir eru inn í Háskólann á Akureyri eru ekki með stúdentspróf þannig að kerfið tekur tillit til fólks með fjölbreyttan bakgrunn. (Gripið fram í.) Síðan er líka hárrétt að það skiptir miklu máli að fá fleiri með grunnskólamenntun inn í menntakerfið aftur. Við erum með fjölbreytt námsframboð. Það vita ekki allir að við erum með 87 starfs- og verkmenntabrautir þegar grunnskóla lýkur sem blasa við sem tækifæri fyrir ungt fólk

en það nýtir sér ekki þau tækifæri. Og þá segi ég enn aftur það sem ég hef margoft sagt í þessum ræðustól að við þurfum á ákveðinni viðhorfsbreytingu að halda gagnvart starfs- og verkmenntun í landinu.

Ég vil einnig upplýsa það, frú forseti, að í ljósi mikilvægis símenntunar og fullorðinsfræðslu, sem er reyndar með töluvert öðrum hætti hér en gengur og gerist á Norðurlöndunum — við erum að taka fullorðinsfræðsluna og símenntunina mikið inn í framhaldsskólakerfið, það er ekki svo alls staðar annars staðar á Norðurlöndum — þá vil ég upplýsa að ég hef stofnað sérstaka deild innan ráðuneytisins sem sérstaklega kemur til með að fjalla um símenntun og fullorðinsfræðslu og það er að sjálfsögðu til þess að undirstrika mikilvægi þessa flokks innan menntakerfisins.

Umræðu lokið.

Fræðsla í Kennaraháskóla Íslands um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Fsp. ÁÓÁ, 215. mál. — Þskj. 215.

[16:23]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Það hefur sem betur fer verið mikil vitundarvakning um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum hér á landi og hafa margs konar félagasamtök gegnt lykilhlutverki í því sambandi. Má þar nefna átaksverkefnið Blátt áfram og starf Stígamóta. Lengi vel var þessi málaflokkur í þagnargildi og eru jafnvel til dæmi þar sem ekki var brugðist við rökstuddum grunsemdum um slíkt ofbeldi. Það er vonandi að slíkir dagar séu liðnir.

Það er skýr lagaskylda á öllum þegnum landsins að bregðast við sé grunur um ofbeldi eða vanrækslu á barni. Þessi lagaskylda trompar öll þagnarskylduákvæði sem einstakar stéttir eða einstaklingar búa við. Að mínu mati er fræðsla um kynferðislegt ofbeldi eitt mikilvægasta vopnið gegn þeim viðbjóði sem það er. Í þessu sambandi gegna ákveðnar stéttir mikilvægu hlutverki, það á ekki síst við kennara. Skólakerfið þarf að vera í stakk búið að takast á við svona mál. Það er einmitt á þeim heimilum þar sem börnum er misboðið eða eru misnotuð þar sem börn fá ekki fræðslu um slíkt ofbeldi. Reynslan sýnir einnig að gerendur í þessum málum eru í langflestum tilvikum einstaklingar sem eru á heimili barnsins eða mjög nákomnir fjölskyldunni. Í þessu tilviki þurfa kennararnir að grípa inn í.

Í umræðu um þessi mál undanfarnar vikur hefur komið í ljós að fræðslu í Kennaraháskóla Íslands um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sé ábótavant og ætti að vera mun víðtækari en hún er í dag. Talað hefur verið um að einungis leikskólakennarar fái einhverja skyldumenntun á þessu sviði en grunnskólakennarar fái hana t.d. ekki. Kennarar hafa sjálfir sagt að þeir vilji læra meira um þessi mál. Það þarf að kenna verðandi kennurum að þekkja einkenni kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og þá lagalegu skyldu sem þeir hafa að tilkynna grunsemdir sínar um brot gegn börnum til barnaverndaryfirvalda. Það þarf einnig að fræða kennaranemendur um þau nauðsynlegu viðbrögð sem þarf e.t.v. að sýna og uppfræða verðandi kennara um þær leiðir sem eru til staðar í kerfinu og þetta á ekki síst við grunnskólakennara.

Því vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort hún muni beita sér fyrir því að fullnægjandi fræðsla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum verði tekin upp í námskrá Kennaraháskóla Íslands. Ég tel að hún geti vel gert það sem æðsti yfirmaður menntamála í landinu þótt ábyrgð námskrár Kennaraháskólans sé á vegum deildanna sjálfra, en það er t.d. ólíkt námskrám grunn- og framhaldsskóla en þau málefni munum við ræða í annarri fyrirspurn sem ég hef lagt fram á þinginu.

[16:25]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda, Ágústi Ólafi Ágústssyni, fyrir þessa fyrirspurn varðandi fræðslu Kennaraháskóla Íslands um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvort ég muni beita mér fyrir því að fullnægjandi fræðsla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum verði tekin upp í námskrá Kennaraháskóla Íslands.

Ég vil strax í upphafi máls míns undirstrika það að ráðuneytið hefur ekki bein áhrif á námskrá Kennaraháskólans enda værum við þá að fara gegn sjálfstæði háskóla. Stofnunin ber sjálf ábyrgð á gerð námskrár og kennsluskrár, en eins og ég gat um áðan eru bæði Kennaraháskólinn og aðrir háskólar, hvort sem um er að ræða Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands eða þá háskóla þar sem fram fer kennaramenntun, allt sjálfstæðar stofnanir. Hins vegar er rétt að undirstrika það að ráðuneytið gefur úr aðalnámskrár sem setja auðvitað rammann um skólastarfið, námsefni og kennsluhætti í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum þannig að aðalnámskráin getur verið eitt af viðmiðum við gerð námskrár kennaramenntunar stofnananna. Þar sem hér er sérstaklega spurt um námskrá frá Kennaraháskólanum þá er svarið byggt á upplýsingum m.a. frá þeirri stofnun.

Samkvæmt Kennaraháskólanum er fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á ýmsan hátt bæði í grunnnámi fyrir leikskólakennara, grunnskólakennara og þroskaþjálfa auk þess sem það er á dagskrá í framhaldsdeild skólans og á símenntunarnámskeiðum. Í upplýsingum frá skólanum kemur fram að kynferðislegt ofbeldi gegn börnum hafi sérstaklega verið rætt innan skólans í kjölfar nýlegrar fjölmiðlaumfjöllunar. Kennsla í Kennaraháskólanum um ofbeldi gegn börnum og barnavernd fer bæði fram í námskeiðum í kjarna námsins, á kjörsviðum og í valnámskeiðum á mismunandi brautum.

Sem dæmi má nefna þroskasálfræði, sem er skyldugrein á fyrsta ári í grunnnámi allra deilda skólans. Þar er m.a. fjallað um árásargirni, einelti og ofbeldi, þar með talið ofbeldi gagnvart börnum í sínu heimaumhverfi. Í þessu samhengi er kennaraefnum gerð grein fyrir tilkynningarskyldu og helstu úrræðum og vinnubrögðum starfsfólks barnaverndarnefnda. Á leikskólabraut er fjallað sérstaklega um ofbeldi gegn börnum og barnavernd og er barnaverndin þar hluti af námskeiði um nútímafjölskylduna. Þar er m.a. fjallað um helstu atriði er varða barnavernd eins og þau birtast í

lögum. Á kjörsviði um yngribarnakennslu á grunnskólabraut er einnig fjallað um hvernig kennari geti borið kennsl á einkenni hjá börnum í bekknum og um viðbrögð kennara sérstaklega gagnvart barninu.

Auk þessa er fjallað um efnið frá ýmsum sjónarhornum í valnámskeiðum Kennaraháskólans, bæði grunndeild, framhaldsdeild og á símenntunarnámskeiðum. Má þar nefna námskeið um barnavernd, einelti, erfiðar félagslegar aðstæður unglinga, afbrotafræði og áhættuhegðun unglinga. Í framhaldsdeild hefur verið kennt valnámskeið um barnavernd þar sem ofbeldi gegn börnum er snar þáttur. Fjallað er um réttindi barnsins, framkvæmd barnaverndar, ólík stig aðgerða svo sem forvarnir, stuðningsaðgerðir og afskipti af uppeldi og forsjá foreldra, um slæma aðbúð barna og ofbeldi. Ítarlega er fjallað um tilkynningarskyldu, bæði hvað snertir lög og framkvæmd. Kynnt eru réttindi og skyldur starfsmanna, staða barnanna sjálfra, unglinganna og forsjáraðila, samanber lög og reglugerðir sem tengjast barnaverndinni. Fjallað er sérstaklega um hlut fagmanna í því að sinna uppeldis- og umhyggjuhlutverki sínu og fást við viðkvæm úrlausnarefni. Auk þess má nefna að í lokaritgerðum við Kennaraháskóla Íslands hefur víða verið skrifað um ofbeldi í uppeldi og þá einkum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Ljóst er af þessum dæmum að umfjöllun og kennslu um ofbeldi gegn börnum og barnavernd er víða að finna í námi leikskólakennara, grunnskólakennara, íþróttakennara og þroskaþjálfa í grunnnámi, framhaldsnámi og símenntun í Kennaraháskólanum. Sama máli gegnir væntanlega um aðrar stofnanir sem veita kennaramenntun.

Nýleg umfjöllun í fjölmiðlum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum hefur vakið óhug fólks og vangaveltur um hvernig unnt sé að koma í veg fyrir slíkt. Þótt víða sé fjallað um ofbeldi í kennaranámi tel ég mikilvægt að styrkja þennan þátt, bæði í grunnnámi og endurmenntun, þar sem kennarar geta í daglegu starfi sínu verið í lykilaðstöðu til að fylgjast með andlegri og líkamlegri líðan nemenda. Þá er mikilvægt að uppeldisstéttir þekki þau úrræði sem grípa þarf til þegar grunur leikur á að um kynferðislegt ofbeldi og misnotkun barna sé að ræða.

Menntamálaráðuneytið treystir þeim háskólum sem mennta kennara til að byggja námið upp á faglegan hátt og veita fræðslu um viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi auk fjöldamargra atriða sem kennarar þurfa að hafa vald á í þeirra ábyrgðarmikla starfi.

[16:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn. Mér er kunnugt um að talsverðar breytingar hafa verið að eiga sér stað upp á síðkastið innan Kennaraháskóla Íslands í þessum efnum, eins og hæstv. menntamálaráðherra kom að.

Fyrir skemmstu, fyrir nokkrum missirum, héldu Stígamót ráðstefnu þar sem ýmsar fagstéttir sem koma að vinnu með börnum voru kallaðar saman til skrafs og ráðagerða varðandi það hvernig þær geta lagt lóð sín á vogarskálarnar í þessum efnum og hvernig við í heildina sinnum menntunarhlutverki okkar gagnvart þeim ólíku stéttum sem koma að því að vinna með börn.

Stígamót hafa búið til slagorðið: Bætum hlustunarskilyrðin og það á við um að bæta hlustunarskilyrði ekki bara kennara, heldur ekki síður lögreglumanna, dómara, sálfræðinga, meðferðarfræðinga og annarra þeirra sem vinna með börn og ungmenni. Og þó að við bætum menntunarskilyrðin í þessum efnum núna, sem ég veit að við erum öll vakandi fyrir, þá þurfum við ekki síður að vera opin fyrir fullorðinsfræðslunni, fyrir símenntuninni, að sjá þeim sem eru núna starfandi úti á akrinum fyrir þeirri fræðslu sem nauðsynleg er.

[16:31]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni, fyrir að vekja athygli á þessu máli.

Í nýútkominni bók, Myndin af pabba, sem er um Thelmu Ásdísardóttur, kemur alveg skýrt fram og ætti öllum að vera ljóst sem hana hafa lesið að kerfið hafi þar gersamlega brugðist barninu. Kennarar eru í góðri aðstöðu til að fylgjast með breyttu hegðunarmunstri hjá börnum. Í grunnskólum kenna þeir börnum frá 5–6 ára aldri og því er nauðsynlegt að veita kennurum fullnægjandi fræðslu til að geta komið með ábendingar til barnaverndarnefnda. Ég vænti þess að ráðherra fylgist vel með þessu máli og beiti sér fyrir því.

[16:32]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin og þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Ég held að við séum öll sammála hvað þennan málaflokk varðar, þ.e. kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, að fræðslan er lykilatriði og ekki síst fagstétta. Þá á ég við þær stéttir sem starfa bæði innan menntakerfisins og heilbrigðiskerfisins.

Eins og kom fram í máli mínu geri ég mér alveg grein fyrir að ábyrgð námskrár er hjá viðkomandi deildarráði eða deild hjá Kennaraháskólanum, en ég tel hins vegar að það skipti miklu máli ef hæstv. ráðherra menntamála segir á þingi að hún muni beita sér fyrir breytingu eða aukinni áherslu á þessa fræðslu í námskrá.

Það er auðvitað mjög ánægjulegt að heyra að Kennaraháskólinn hafi verið að bregðast við gagnvart umræðu undanfarinna vikna eins og hæstv. ráðherra gat um og ánægjulegt að ýmislegt er að gerast varðandi þennan hluta innan skólans. Kennaranemendur hafa einmitt sjálfir bent á að þeir vilji meiri kennslu um þessi málefni í skyldunámi sínu. Ég tel þó að gera þurfi jafnvel enn betur og mér heyrist hæstv. ráðherra vera sammála mér í því þegar hún segir að styrkja þurfi þessa fræðslu.

Einnig er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, við þurfum með einhverjum hætti að geta liðsinnt þeim kennurum sem eru nú þegar úti á akrinum eða í skólunum og fengu ekki viðhlítandi fræðslu. Þetta eru einstaklingar sem hafa hugsanlega lent í vandræðum að þekkja einkenni kynferðisofbeldis gegn börnum og það er mikilvægt að þetta fólk hafi aðgang að einhvers konar fræðslu. Ég er ekki að tala um dýr endurmenntunarnámskeið í End-

urmenntun Háskóla Íslands heldur að bregðast við á annan hátt. Það væri mjög fróðlegt að heyra ef hæstv. menntamálaráðherra væri tilbúin að beita sér fyrir einhvers konar endurmenntunarmöguleikum eða símenntunarmöguleikum gagnvart þeim kennurum sem nú þegar eru farnir að kenna og fengu jafnvel enga fræðslu um kynferðisofbeldi gegn börnum.

[16:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa mikilvægu umræðu og hv. þingmanni og fyrirspyrjanda að vekja máls á þessu atriði sem nauðsynlegt er að ræða innan menntakerfisins sem og alls samfélagsins eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á. Það skiptir máli að við séum öll vakandi, séum öll meðvituð og reynum að nálgast þetta efni á varfærinn en samt opinskáan hátt. Við eigum að þora að ræða þessi mál og þá ekki síst þeir góðu fagaðilar sem eru starfandi innan menntakerfisins. Mér sýnist á öllu að þeir sem stjórna Kennaraháskólanum séu afar meðvitaðir um ábyrgð sína varðandi þá fræðslu sem þeir veita nemendum sínum. Þeir eru að taka á þessu og mér sýnist þeir frekar vera að bæta í en hitt.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ég treysti bæði þeim kennurum sem eru við háskólana, Kennaraháskólann og aðrar menntastofnanir sem bjóða upp á kennaramenntun sem og þeim kennurum sem starfa almennt innan leikskólans og grunnskólans. En ég tel rétt að allar sveitarstjórnir og fræðsluskrifstofur viðkomandi sveitarfélaga fari yfir þessi mál og haldi fundi með kennurum sínum. Ég er alveg sammála hv. þingmanni. Við eigum ekki að tala um stór, mikil og dýr endurmenntunarnámskeið heldur að fræðslan sé veitt og menn séu meðvitaðir um svona tilvik, hugsanleg tilvik í öllum störfum sínum innan fræðslu- og menntakerfisins. Það er brýnt að ræða þetta og ég þakka fyrirspyrjanda enn og aftur fyrir fyrirspurnina.

Umræðu lokið.

Réttur nemenda í framhalds- og háskólanámi til húsaleigubóta.

Fsp. JBjarn, 118. mál. — Þskj. 118.

[16:37]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra — ég gæti notað nákvæmlega sama orðalagið og ég notaði 16. febrúar árið 2005, frú forseti.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að nemendur í framhalds- og háskólanámi sem verða að búa á heimavist eða leigja sér húsnæði vegna fjarlægðar frá skóla öðlist rétt til húsaleigubóta þótt þeir eigi lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi?

Eins og lögin kveða á um eiga þeir leigjendur rétt á húsaleigubótum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili. Hins vegar gilda sérstakar reglur um námsmenn en í lögunum um húsaleigubætur segir svo, með leyfi forseta:

„Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst og á þar skráð aðsetur getur viðkomandi átt rétt til húsaleigubóta þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. um lögheimili í leiguíbúð.“

Þetta skiptir gríðarlegu máli fyrir ákveðinn hóp nemenda sem verða að búa utan heimilis til að sækja skóla. Nú er verið að stækka sveitarfélögin og þá kemur þetta enn frekar til greina. Tökum nemendur — af því að ég þekki svo vel til í Skagafirði — sem búa úti í Fljótum, búa fram í Lýtingsstaðahreppi og eru í sveitarfélaginu Skagafirði. Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki er þeirra næsti skóli í sjálfu sér en hann er í sama sveitarfélagi og þá samkvæmt reglunum eiga þessir nemendur ekki rétt á húsaleigubótum þegar þeir sækja þann skóla. Hins vegar fari þeir í skóla á Akureyri eða í skóla í Reykjavík eða hvert annað í framhaldsskóla, þá eiga þeir rétt á húsaleigubótum.

Þetta er svo mikið misrétti að ég er hálfhryggur, frú forseti, yfir að þurfa að halda nákvæmlega sömu ræðuna og ég hélt hér fyrir tæpu ári um mikilvægi þess að rétta hlut þessara nemenda.

Félagsmálaráðherra er ábyrgur fyrir framkvæmd laga um húsaleigubætur. Hann er líka ábyrgur fyrir jafnréttismálum og þess vegna finnst mér hálfdapurt að þurfa að spyrja hann aftur. Hann svaraði því í fyrra að hann væri með þetta í skoðun og hygðist leysa úr þessu bráðlega, þetta væri mál sem væri verið að leysa í samstarfi sveitarfélaga og ráðuneytisins. Ekkert bólar á því. Hæstv. ráðherra, þetta gildir um örfáar undantekningar.

[16:40]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Í ágústmánuði sl. lagði samráðsnefnd um húsaleigubætur sem í eiga sæti fulltrúar félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga fram tillögur um lagabreytingar sem m.a. miða að því að taka á þeim vanda sem hv. fyrirspyrjandi nefnir í fyrirspurn sinni og ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að þarna er um verkefni að ræða sem við eigum að finna lausn á.

Nefndin leggur til að skilyrði um þinglýsingu húsaleigusamninga verði afnumið þegar um er að ræða leigu á heimavist, stúdentagörðum eða sambýli fyrir fatlaða. Krafa um þinglýsingar á heimavistum, stúdentagörðum og sambýlum hafa skapað fjölmörg vandamál í framkvæmd. Til samanburðar má nefna að leiguíbúðir í eigu sveitarfélaga eða félaga í eigu sveitarfélaganna eru nú þegar undanþegin skilyrðum um þinglýsingu húsaleigusamninga.

Nefndin leggur einnig til að krafa um lengd húsaleigusamnings fyrir námsmenn á heimavist eða stúdentagörðum verði einungis fjórir mánuðir í stað sex mánaða nú. Með því er tekið mið af því að hver önn í framhaldsskóla er styttri en sem nemur lágmarksleigutíma samkvæmt lögunum.

Loks leggur nefndin til breytingu varðandi það atriði sem fyrirspyrjandi nefnir og að bætt verði við lögin ákvæði er tekur til námsmanna er þurfa að sækja nám um langan veg en eru þó innan sama sveitarfélags, eins og hv. fyrirspyrjandi rakti ágætlega í máli sínu.

Samkvæmt lögheimilislögum verða námsmenn að fara í annað sveitarfélag til að eiga kost á að skrá aðsetur sitt á dvalarstað. Í tillögu nefndarinnar er miðað við að þeir nemendur sem þurfa að vista sig innan sama sveitarfélags en í a.m.k. 30 km fjarlægð frá lögheimili vegna námsins öðlist rétt til húsaleigubóta. Einnig verði sveitarfélagi heimilt að greiða húsaleigubætur þótt fjarlægð sé styttri en 30 km ef samgöngur til og frá skóla eru nemanda sérstaklega erfiðar, m.a. með tilliti til veðráttu og ástands vega eða vegna skorts á almenningssamgöngum.

Í tillögu nefndarinnar er höfð hliðsjón af reglum um dvalarstyrki í 4. gr. reglugerðar um námsstyrki nr. 6 92/2003, með síðari breytingum.

Hæstv. forseti. Það sem út af stendur nú er að samkomulag takist milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármögnun og ábyrgð á greiðslu á þeim viðbótarkostnaði sem framangreindar tillögur geta leitt af sér. Við höfum reynt að leggja mat á hver sá kostnaður er, hæstv. forseti, og virðist að hann sé trúlega á bilinu 20–25 millj. kr. Mér finnst þetta mikið réttlætismál og mun beita mér fyrir því að það finnist sem fyrst lausn á þessu brýna hagsmunamáli námsmanna.

[16:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn. Hér er um sjálfsagt réttlætismál að ræða og manni sýnist þetta eiga að vera svo lítið mál fyrir hæstv. ráðherra að hafa forgöngu um að þessu verði kippt í liðinn.

Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga. Jú, hæstv. ráðherra á auðvitað að geta gengið fram fyrir skjöldu og reynt að ná því samkomulagi sem allra fyrst því mér finnst ekki eðlilegt að maður láti svona mál dankast eftir að búið er að benda á það víða að, að leiðrétta þurfi í sjálfu sér réttindi fólks. Fólk verður að fá að búa við svipuð réttindi burt séð frá því hvorum megin við sveitarfélagamörk viðkomandi á heima. Ég hvet því hæstv. ráðherra, og tek undir hvatningu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að taka nú á honum stóra sínum og leiðrétta þetta, vera ekki að lúra neitt á þessu heldur bara kippa málinu í liðinn. Annað væri óeðlilegt. Þetta er sjálfsagt réttlætismál sem þarf að leiðrétta strax.

[16:44]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vonast til að hæstv. ráðherra hrindi þessum tillögum í framkvæmd sem fyrst. Hér er ekki einungis um réttlætismál að ræða heldur er þetta eitt af þeim atriðum sem hefur vafist fyrir fólki hvers vegna það ætti að vera að samþykkja sameiningu sveitarfélaga.

Hv. fyrirspyrjandi talaði um hvernig hlutirnir gengju fyrir sig í Skagafirðinum. Þeir sem væru í Fljótum ættu ekki rétt á húsaleigubótum ef þeir sæktu nám í Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki en hins vegar eiga þeir sem búa í Akrahreppi rétt á húsaleigubótum. Ég spyr því: Hvers vegna eiga þá íbúar Akrahrepps í ósköpunum að vera að samþykkja sameiningu? Ef þeir gerðu það væru þeir um leið að samþykkja að svipta börnin sín eða unglingana réttinn til húsaleigubóta. Það eru svona atriði sem hæstv. ráðherra ætti að líta til og kippa í liðinn áður en hann fer í næstu sameiningarhrinu.

[16:45]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég fagna sérstaklega orðum hæstv. félagsmálaráðherra um að finna sem fyrst lausn á þessu brýna hagsmunamáli nema. Ég trúi ekki öðru en að það takist fljótlega.

Það er auðvitað þannig að með stækkandi sveitarfélögum er annað ómögulegt en að nemar standi jafnfætis í þessu máli. Það sýnir auðvitað hæstv. ráðherra með framgöngu sinni núna, að verið er að finna lausn á þessu máli. Væntanlega munu sveitarfélög halda áfram að sameinast. Ég get nefnt sem dæmi að fyrir austan, heima hjá mér þar sem sameining var ákveðin, ætti nemi á Stöðvarfirði ekki að fá þessar bætur ef hann færi í Verkmenntaskólann í Neskaupstað en hins vegar ef hann færi í Menntaskólann á Egilsstöðum. Það sjá náttúrlega allir að þetta hefur áhrif á nemana og slík misbeiting er ekki af hinu góða.

Ég trúi því og treysti að við náum að landa þessu máli fljótlega.

[16:46]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Þetta mál snýst ekkert um einhverjar nefndarskipanir eða niðurstöður einhverra nefnda. Ég minni hæstv. ráðherra á að hann er líka ráðherra jafnréttismála. Hann er líka ráðherra þess að fólki sé ekki mismunað beinlínis lagalega, eins og ég tel að hér sé verið að gera.

Það er gott og vel með þessar tillögur sem hann las upp, hæstv. ráðherrann. Tillögur þessarar nefndar eru góðar. Hann nefndi líka upphæðina, 25 millj. kr. — er það þess virði að beita þessa nemendur, þessa foreldra, misrétti, brjóta á þeim jafnréttislögin? Ég tel að ráðherrann sem er ábyrgur fyrir þessum lögum láti lögbrot viðgangast. Sveitarfélögin eru ábyrg fyrir greiðslu húsaleigubóta, það er alveg rétt, en þau geta ekki einhliða tekið þá ákvörðun. Þetta er hluti af heildarpakka sem er á milli sveitarfélaganna og ríkisins.

Hæstv. félagsmálaráðherra er ábyrgur fyrir því að fólk sem sendir börn sín langan veg í skóla njóti húsaleigubótanna sem veitir svo sannarlega ekki af fyrir það. Hann er ábyrgur fyrir jafnrétti þessa fólks, jafnréttislögunum, sanngirnismálum. Burt séð frá öllum lögum er þetta slíkt sanngirnismál að mér finnst að hæstv. félagsmálaráðherra, sem ég treysti oft mjög til góðra verka, eigi ekki að vera að velta fyrir sér tillögum einhverrar nefndar. Hann á að sjá til þess að þetta mál fái réttláta og sanngjarna úrlausn fyrir áramót þannig að þegar nemendur sækja um annarnám, í upphafi næstu annar, geti þeir (Forseti hringir.) gengið að þessu vísu en þurfi ekki að hlusta á það að þetta sé enn í einhverri nefnd.

[16:48]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu. Við erum sammála um að hér er um réttlætismál að ræða. Við getum hins vegar ekki, hv. þm. Jón Bjarnason, varpað fyrir róða lögum

og reglum í þessu máli frekar en öðrum. Samráðsnefnd um húsaleigubætur á samkvæmt lögum að fylgjast með framkvæmd laganna. Þar var málið til umfjöllunar þegar við hv. þingmaður áttum síðast orðastað um þetta í eðlilegum farvegi. Nú hefur nefndin skilað af sér tillögum sínum fyrir fáeinum vikum. Ég rakti það áðan, hæstv. forseti, og nefndin leggur til breytingar, nákvæmlega í þá átt sem við höfum hér rætt. Eins og ég lýsti áðan mun ég beita mér fyrir því að við getum gengið til breytinga í þá átt sem hér varðar. Ég tek algjörlega undir það að hér er um réttlætismál að ræða og eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson m.a. rakti með því að taka dæmi úr Skagafirði, af Fljótamönnum annars vegar og fólki úr Akrahreppi hins vegar. Það dæmi undirstrikar að hér er um réttlætismál að ræða sem ég vona að okkur takist að koma til lands á næstu vikum.

Umræðu lokið.

Réttarstaða sjómanna.

Fsp. SigurjÞ, 282. mál. — Þskj. 297.

[16:50]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég vil beina eftirfarandi spurningu til hæstv. félagsmálaráðherra. Spurningin er mjög mikilvæg og varðar réttarstöðu sjómanna: Hefur ráðherra kannað réttarstöðu sjómanna á smábátum sem eru án kjarasamninga?

Í umræðunni hefur ekki farið mjög hátt að þeir eru án allra kjarasamninga hvað varðar launakjör, veikindarétt og svo má lengi telja. Samningsleysi sjómanna hefur ekki fengið mikla umfjöllun undanfarið en fyrir fimm árum var talsvert fjallað um það í Morgunblaðinu. Þar sagði þá að kjarasamningar væru í burðarliðnum. Sú fæðing hefur gengið mjög örðuglega, hríðir hafa staðið yfir í fimm ár. Ég er á því að hæstv. félagsmálaráðherra eigi að bregða sér í gervi fæðingarlæknis og reyna að koma þessu barni í heiminn vegna þess að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða.

Mikið hefur verið fjallað um þau brot sem framin hafa verið á erlendum verkamönnum hvað varðar starfsmannaleigur og við erum að vinna bót á því, m.a. með nýju frumvarpi. Einnig var rætt hér um réttleysi blaðburðarbarna og mér skilst að a.m.k. sum fyrirtæki hafi tekið sig verulega á hvað það varðar. Ég er á því að það sé löngu orðið tímabært að taka á þessu máli.

Menn hafa einnig velt vöngum yfir því að erfiðlega gangi að manna fiskiskipaflotann. Ég er á því að hér sé eina skýringuna að finna, mennirnir hafa einfaldlega engan kjarasamning. Yfirleitt ganga samskiptin ágætlega á milli útgerðarmanna þessara smábáta og sjómanna en það er ekki einhlítt. Við í Frjálslynda flokknum höfum fengið neyðarkall frá sjómönnum á Skagaströnd. Þeir sögðu farir sínar ekki sléttar í viðskiptum við mjög ósanngjarnan útgerðarmann, að þeirra sögn, sem braut á þeim, hafði af þeim laun og rak þá fyrirvaralaust ef þeir reyndu að krefjast réttar síns.

Víða má sjá mikinn vilja meðal útgerðarmanna til að taka á þessu máli, bæði skín það stundum í gegn í viðtölum við formann Landssambands íslenskra smábátaeigenda og nýlega samþykkti Smábátafélagið Elding á Ísafirði að fara í samninga við sjómenn. Hér er um mjög brýnt mál að ræða sem hefur ekki farið mjög hátt en full þörf er á að ræða. Þetta mál varðar mjög marga, nokkur hundruð manns, og þetta kvótakerfi sem þeir vinna í hefur leitt til þess að sumir þeirra hafa lent í því að vera jafnvel neyddir til að taka þátt í leigu aflaheimilda. Það er orðið nauðsynlegt að setja ramma utan um þessa starfsemi.

Það verður fróðlegt að fá að heyra svör hæstv. ráðherra hvað þetta varðar.

[16:53]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur beint til mín fyrirspurn um það hvort félagsmálaráðherra hafi kannað réttarstöðu sjómanna á smábátum sem eru án kjarasamninga. Út af fyrir sig gæti ég svarað þessu með líkum hætti og einn fyrrverandi hæstv. ráðherra gerði hér í þingsalnum einhvern tíma, svaraði spurningunni einfaldlega með því að segja nei. Ég ætla þó ekki að gera það. Hins vegar er svarið: Nei, engin könnun hefur farið fram á vegum félagsmálaráðuneytisins á réttarstöðu sjómanna á smábátum. Ég vil bæta eftirfarandi við það einfalda svar: Nokkur áhöld eru um hvort það er í verkahring félagsmálaráðherra að svara fyrirspurn sem snertir réttarstöðu sjómanna. Í áranna rás hefur sú venja skapast að samtök útgerðarmanna og sjómanna hafa kosið að eiga orðastað við sjávarútvegsráðherra þegar þau á annað borð hafa viljað ræða hagsmuna- og réttindamál sín við stjórnvöld. Aðbúnaður og öryggi um borð í skipum heyrir til verksviðs samgönguráðherra.

Það er jafnljóst að það er löng og viðtekin venja hér á landi að samtök aðila vinnumarkaðarins semji um kaup og kjör launafólks sem og önnur vinnuskilyrði í frjálsum samningaviðræðum. Oftar en ekki hefur það komið fram hjá samtökum atvinnurekenda og launafólks að þau afþakka afskipti stjórnvalda og löggjafarvalds og vilja skipa málum sín í milli með kjarasamningum sem gerðir eru á milli jafnsettra samningsaðila í frjálsum viðræðum. Þar af leiðandi hafa stjórnvöld fylgt þeirri stefnu að gefa hagsmunasamtökum á vinnumarkaði mikið svigrúm til að semja sín í milli um réttindi og skyldur atvinnurekenda og launamanna án opinberra afskipta.

Þess eru þó dæmi að samtök aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöld hafi komið sér saman um að vissum lágmarksréttindum sé betur fyrir komið í lögum en að öðru leyti séu samningar um nánari útfærslu og betri réttindi í höndum samningsaðila atvinnurekenda og launafólks. Þessir aðilar hafa meðal annars komið sér saman um ákveðnar samskiptareglur við gerð frjálsra kjarasamninga, sem finna má í lögum, en þar er gert ráð fyrir að samningsaðilarnir geti notið atbeina ríkissáttasemjara til þeirra starfa. Lög um ríkissáttasemjara falla vissulega undir málefnasvið félagsmálaráðuneytis, enda þótt því sé ekki ætlað þar sérstakt hlutverk.

Þetta kerfi byggist auðvitað á því að allir aðilar gangist við skyldu og ábyrgð sem fyrst og fremst felst í því að ræða við gagnaðilann og gera samning þar sem aðilar setja niður

á blað hvernig skipa eigi réttindum, skyldum, kaupi og kjörum. Við þessu hafa aðilar gengist og ég trúi því að það séu einmitt þær samskiptareglur sem eru grunnurinn að þeirri uppbyggingu og velferð sem ríkir hér á Íslandi enda hefur víðtæk sátt ríkt um þær í samfélagi okkar.

Hæstv. forseti. Líkt og forverar mínir í starfi hef ég lagt áherslu á að eiga gott og náið samráð við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks um breytingar á gildandi lögum og reglugerðum sem og aðra þá þætti er varða vinnumarkaðinn. Ég hef ekki í krafti embættis míns vald til að skylda einstaka aðila á vinnumarkaði til gerða á kjarasamningum og er því þeirrar skoðunar að þetta málefni eigi betur heima á öðrum stað en hér í þingsalnum þótt það sé sjálfsagt að taka það hér til umræðu. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja athygli á þessu máli hér. Ég vil líka nota tækifærið sem hér gefst til að hvetja þá aðila sem hér eiga hlut að máli til að vinna að gerð kjarasamninga sem ætlað er að ná til þeirrar starfsstéttar sem þingmaðurinn vísar til hér í fyrirspurn sinni. Vinnumarkaðskerfi okkar byggist á gerð slíkra samninga og því kerfi viljum við viðhalda. Ég ítreka það, hæstv. forseti, að ég hvet þá aðila sem hér eiga í hlut eindregið til að koma sér saman um slíkan samning.

[16:57]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. félagsmálaráðherra að málefni sjómanna heyra undir marga ráðherra. Við búum svo vel að tveir ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru í salnum núna, þ.e. hæstv. félagsmálaráðherra og síðan hæstv. samgönguráðherra, og málefni sjómanna heyra að hluta til undir báða þessa hæstv. ráðherra.

Nú er það svo að við sem vinnum hér í þessum sal, þessir 63 þingmenn, förum með löggjafarvaldið í þessu landi í umboði þjóðarinnar. Ég held að full ástæða sé til að skoða þessi mál mjög vandlega og athuga hvort löggjafarvaldið geti einmitt ekki komið að lausn þessa máls, til að mynda með lagasetningu. Það yrði hreinlega færð inn lagaskylda þess efnis að kjarasamningar skuli gilda á smábátum hér við land. Mér er kunnugt um að formaður Frjálslynda flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson, hefur verið að skoða þetta mál mjög ítarlega á undanförnum vikum. Hann hefur verið í sambandi við marga sjómenn og ég vona að það sem hann er að vinna að fái góðar undirtektir, bæði hjá ráðherrum og einnig þingmönnum. Mér finnst ekki sæmandi á Íslandi árið 2005 að hér sé heil stétt manna án samninga.

[16:58]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég var ekkert sérstaklega ánægður með svörin hjá hæstv. félagsmálaráðherra. Hann segir að hann hafi ekki vald til að koma á kjarasamningi en hann hefur samt fullt vald og heimild í lögum til að kanna þá stöðu sem upp er komin. Það hefur ítrekað komið fram í umræðunni, þótt það hafi ekki farið hátt, að brotinn sé réttur á þessum mönnum, launamönnum. Hvers vegna ekki að kanna það, hæstv. ráðherra? Ég skil ekkert í svona svörum. Ég hefði talið eðlilegt að fara yfir það. Ég veit ekki hvort sjómenn eru flokkaðir aftar en t.d. erlendir verkamenn. Það er búið að fara í mikla vinnu hvað þá varðar. Og hvað varðar blaðburðarbörn, það var ekki talið lítilvægt að kanna stöðu þeirra. Mér finnst þetta vera stórmál sem varðar þá sem vinna hættulegustu og erfiðustu störfin. Ef það er ekki nógu fínt og flott fyrir ráðherra að kanna það finnst mér það félagsmálaráðuneytinu til skammar.

Ég vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra taki sig á í þessu máli. Ég bjóst sannast sagna við því, frú forseti, að hann kæmi hérna og tæki þessari ábendingu vel. Ég bjóst við að hann segði: Jú, það er rétt að skoða málið, þetta er búið að vera lengi í umræðunni og staðan hjá þessum mönnum er erfið vegna þess að þetta eru oft og tíðum lítil fyrirtæki. Þeir eru miklu nálægari yfirmönnum sínum og þess vegna getur verið erfitt fyrir þá að krefjast réttar síns, sérstaklega ef upp úr dúrnum kemur að staðan er eins og hún er sögð í þessu bréfi sem við fengum í Frjálslynda flokknum, að menn séu unnvörpum reknir fyrir það eitt að fara fram á það að fá launin sín greidd.

Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra fari að átta sig á alvöru málsins. Þetta snýst um kjör þeirra sem vinna erfiðustu störfin og ein hættulegustu störfin í þjóðfélaginu. Ef eitthvað ætti að vera forgangsverkefni hjá hæstv. ráðherra er það þetta mál.

[17:01]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þingmanni ekki sæmandi að ýja að því að þetta mál sé ekki nægilega fínt eða flott fyrir þann sem hér stendur. Þetta mál snýst ekkert um það. (**SigurjÞ:** Hvað þá?) Það sem ég sagði áðan var að ég hef ekki vald til að knýja menn til að ganga frá slíkum samningi. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu, hv. þingmaður, ef við höldum ró okkar, að kanna þetta mál. Ekki hefur verið leitað til ráðuneytis míns sérstaklega með það. Ég mun að sjálfsögðu, ef það verður gert, fara yfir málið með þeim aðilum sem fara fram á það, að sjálfsögðu.

Ég vil hins vegar árétta það sem ég sagði áðan, í landi okkar ríkir samningsfrelsi og hér eru lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Þau fela í sér umgjörð um samskipti atvinnurekenda og launafólks. Ég legg áherslu á og tek undir það með hv. þingmanni að það er sjálfsagt og eðlilegt að hvetja þessa aðila til að koma sér saman um gerð kjarasamnings. Ef menn leita eftir því við mig sem félagsmálaráðherra og okkur í félagsmálaráðuneytinu að við förum yfir þetta mál með aðilum munum við að sjálfsögðu gera það. Ég vil að það liggi alveg skýrt fyrir, hæstv. forseti.

Umræðu lokið.

Hvalnes- og Þvottárskriður.

Fsp. DJ, 228. mál. — Þskj. 228.

[17:02]

Fyrirspyrjandi (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég lagði fram fyrirspurn um Hvalnes- og Þvottárskriður en um það leyti þegar ég lagði hana fram hafði það nýlega gerst í eitt skipti sem oftar að vegurinn um Hvalnes- og Þvottárskriður hafði lokast vegna veðurs. Því

miður gerist það orðið æ oftar og veldur okkur miklum áhyggjum. Þetta er eina leiðin fyrir okkur þarna á svæðinu og ekki hægt að sneiða fram hjá kaflanum. Öryggi vegfarenda skiptir gríðarlegu máli og hafa stjórnvöld sýnt það nýlega í máli þegar ákveðið var að fara í aðgerðir fyrir vestan í Óshlíðinni en þar eru kannski ekki ósvipaðar aðstæður og fyrir austan.

Sveitarstjórnir á svæðinu hafa lýst yfir miklum áhyggjum af ástandi mála og segir m.a. í bókun frá Djúpavogshreppi, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnin telur mjög brýnt að sérstakt fé verði markað strax í endurbætur á þessum vegarkafla til að tryggja nauðsynlegt öryggi vegfarenda, starfsmanna Vegagerðarinnar og annarra er vinna að viðhaldi og opnun vegarins þegar hann lokast eða verður illfær."

Vegagerðin hefur einnig lýst yfir áhyggjum af ástandi leiðarinnar og í fundargerð þeirra frá fundi á Höfn segir, með leyfi forseta:

„Aðstæður í Hvalnes- og Þvottárskriðum hafa farið versnandi ár frá ári vegna vaxandi grjóthruns, aurskriðna og snjóflóða. Vegurinn þar hefur því oft á tíðum orðið illfær og lokast á öllum tímum árs af þeim sökum. Starfsmenn vinna þarna oft við erfiðar og mjög hættulegar aðstæður. Þeir hafa bent á í nokkur ár að vegurinn sé mjög hættulegur vegfarendum við slíkar aðstæður og ekki sé hægt að vinna þarna af neinu öryggi og tímaspursmál jafnvel hvenær slys verði þarna á fólki."

Við þekkjum það fyrir austan nýlega þegar opnuð voru ný göng á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar hvílíkur munur það var að losna við Vattarnesskriðurnar og núna eru í raun þessar skriður eina hindrunin á svæðinu. Mér finnst því vera tilefni til að spyrja hæstv. samgönguráðherra að því til hvaða ráðstafana hann hyggst grípa vegna stórvaxandi hættu fyrir vegfarendur um Hvalnes- og Þvottárskriður og þá helst Hvalnesskriðurnar. Er t.d. hugmynd að byggja yfir veginn á versta kaflanum?

[17:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur fyrir að gefa mér tækifæri til að svara þeirri fyrirspurn sem hún leggur fram og fjallar um Hvalnes- og Þvottárskriður, en þingmaðurinn spyr:

„Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa vegna stórvaxandi hættu fyrir vegfarendur um Hvalnes- og Þvottárskriður?"

Svar mitt er svohljóðandi: Undanfarið ár hefur verið mikið um stórrigningar á Austurlandi, og raunar mörg undanfarandi ár, sem víða hafa valdið skriðuföllum og oft í framhaldi valdið stórskemmdum. Þetta á ekki síst við í Hvalnes- og Þvottárskriðum en þar hafa aðstæður farið versnandi síðustu árin vegna vaxandi grjóthruns og aurskriðna. Í snjóþungum vetrum geta einnig fallið snjóflóð í skriðunum þótt lítið hafi verið um það undanfarna vetur.

Hámarki náðu skemmdir á veginum um skriðurnar í miklum rigningum nú í haust þegar stórt skarð kom í veginn um Þvottárskriður samfara miklum aurskriðum og grjóthruni. Við slíkar aðstæður getur vissulega skapast mikil hætta fyrir vegfarendur auk þess sem vegagerðarmenn vinna þarna oft við erfiðar og í raun hættulegar aðstæður bæði við að sinna þjónustu og eins að aðstoða vegfarendur.

Stefnt er að því að vegurinn um skriðurnar verði endurbyggður á næstu árum og eru 207 millj. kr. ætlaðar í það verkefni á árinu 2007. Líklegt er þó að til að ljúka endurbyggingu vegarins í báðum skriðunum þurfi a.m.k. 500 millj. kr. Miðað er við að gerð vegarins verði svipuð og í Kambaskriðum, þ.e. tiltölulega breið rás verði fjallmegin við veginn og kantvörn með netkössum þar sem þörf er á til að varna því að grjót berist inn á veginn. Þetta eru lausnir sem eru þekktar og hafa víða gefist vel.

Að undanförnu hafa heyrst raddir um að fremur eigi að gera jarðgöng undir Lónsheiði en endurbyggja veginn um skriðurnar. Eðlilegt er að slíkar raddir heyrist miðað við lélegt ástand vegarins sem nú er um skriðurnar. Jarðgöng undir Lónsheiði yrðu sennilega rúmlega 5,5 km á lengd og vegagerð alls um 13 km til viðbótar. Kostnaður yrði sennilega nálægt 4 milljörðum kr. og stytting hringvegarins um 12 km. Þetta er varanleg og góð lausn en kostnaðarsöm engu að síður, en þessi kostur kemur að mínu mati til álita þegar við leggjum á ráðin um enn frekari aðgerðir um endurbætur og úrbótaaðgerðir á þjóðvegakerfinu og ekki síst með tilliti til þess að stytta leiðir eins og í þessu tilviki yrði gert þar sem þarna yrði um 12 km stytting með jarðgöngum.

Ég tel alveg einsýnt og nánast liggja fyrir að við munum taka þetta verkefni upp við endurskoðun á samgönguáætluninni sem er nú þegar hafin. Við gerum ráð fyrir að langtímaáætlunin verði lögð fram endurskoðuð á hausti 2006 og fjögurra ára áætlun verði jafnframt eins og lög gera ráð fyrir til meðferðar og endurskoðunar hér í þinginu á haustinu 2006 og ársbyrjun 2007.

Engu að síður er ljóst að við verðum að leggja áherslu á frekari endurbætur á veginum um Hvalnes- og Þvottárskriður og við verðum að meta það, og það mun Vegagerðin gera, hversu mikið þarf að gera til þess að aðstæðurnar séu viðunandi og öryggið sé sem mest og að því verður unnið á næstu missirum.

[17:10]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Reynsla okkar í vegamálum á mörgum undanförnum missirum hlýtur náttúrlega að mæla með því að við skoðum kosti þess að grafa jarðgöng alls staðar þar sem því verður við komið. Við sjáum hvað jarðgöng geta sparað okkur miklar fjárhæðir. Allir hljóta að vera orðnir mjög þreyttir á að henda hundruðum milljóna ár eftir ár í vonlausa vegi eins og við sjáum á veginum til Bolungarvíkur og á þeim vegi sem ráðherra nefndi áðan að hálfur milljarður a.m.k. færi í að endurbæta þann veg en hins vegar kostar ekki nema tæpa 4 milljarða að gera þessi göng. Sennilega er það þannig að eftir því sem tíminn líður verður gangakosturinn enn þá áhugaverðari því mér sýnist á þeim kostnaðartölum sem liggja fyrir eftir þær framkvæmdir í jarðgangagerð sem farið hefur verið í á undanförnum árum hér á landi að tíminn vinni mjög með þessu, þ.e. gerð jarðganga verður sífellt ódýrari eftir því sem þekking okkar verður betri á því hvernig staðið skuli að slíkri mannvirkjagerð.

[17:11]

Fyrirspyrjandi (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu og sérstaklega hæstv. samgönguráðherra fyrir svör hans. Menn eru greinilega að taka vel á málinu. Ég vil segja þá skoðun mína að það er nauðsynlegt að grípa til langvarandi lausna. Við verðum að passa okkur á að falla ekki í þá gryfju að koma með einnota lausnir í langan tíma því þegar upp er staðið eru slíkar aðferðir ekki gerðar til að spara okkur neina peninga. Því vil ég fagna mjög orðum hæstv. samgönguráðherra um að skoða alla kosti í alvöru og þar með talin jarðgöng. Það er kostur sem greinilega kemur vel til álita og ekki síst þá vegna þess að við öryggisþáttinn bætist sú stytting sem ráðherra kom inn á áðan.

Við vitum að jarðgangaumræðan er viðkvæm, það eru margir sem bíða eftir göngum og sú umræða mun fara fram hér í vetur. En í þessu tilfelli eru sérstakar aðstæður og því vil ég fagna sérstaklega þessari umræðu. Ég tel að göng undir Lónsheiði séu eitthvað sem við munum horfa á til framtíðar en nauðsynlegt einnig, eins og hæstv. ráðherra kom inn á hér, að áætlaðir eru fjármunir í þetta á næstu árum í endurbyggingar þannig að þetta verður sambærilegt við veginn um Kambanesskriður og það finnst mér traust vegna þess að mjög ólíkt er að keyra þær skriður eða Hvalnes- og Þvottárskriður. Ég þakka fyrir þessa umræðu.

[17:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir umræðuna. Það er ljóst eins og fyrri daginn að mikill skilningur er hjá hv. þingmönnum á því að við þurfum að leggja fjármuni til vegagerðar og ekki síst jarðgangagerðar til að auka öryggið á þjóðvegakerfinu og til að stytta leiðir og gera flutningskerfi okkar landsmanna sem hagkvæmast. Það er auðvitað það sem verið er að sækjast eftir með úrbótum á vegakerfinu og styttingu í vegalengdum.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson vakti athygli á því að jarðgöngin spara þegar til lengri tíma er litið. Engu að síður er það svo að við höfum verið að þreifa okkur áfram í lausnum. Dæmi um það eru vegskálarnir í Óshlíðinni sem við gerum ráð fyrir núna að bæta enn frekar úr á þeirri leið til viðbótar við vegskálana og þær úrbætur sem hafa verið gerðar á Óshlíðinni og víðar. En allt tekur þetta sinn tíma og við erum að þróa bæði vinnubrögð, hönnun og framkvæmdir í vegagerðinni, þannig að ég trúi því að þær aðgerðir sem eru fyrirhugaðar þarna á skriðunum verði til skemmri tíma mikilvæg úrlausn þó að það sé ekki frambúðarútfærsla eða frambúðarlausn á þessum leiðum. Framtíðarlausnin er jarðgöng.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 17:15.

---

38. FUNDUR

miðvikudaginn 7. des.,
að loknum 37. fundi.

Dagskrá:

1. Meðferð opinberra mála, frv., 295. mál, þskj. 314. — 3. umr.
2. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 288. mál, þskj. 304, nál. 512 og 536, brtt. 537. — 2. umr.
3. Einkaleyfi, stjfrv., 346. mál, þskj. 380, nál. 524. — 2. umr.
4. Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 479, 481 og 511. — 2. umr.
5. Ársreikningar, stjfrv., 362. mál, þskj. 413, nál. 478. — 2. umr.
6. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 381. mál, þskj. 438, nál. 477. — 2. umr.
7. Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frv., 18. mál, þskj. 18, nál. 526, brtt. 527. — 2. umr.
8. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 236. mál, þskj. 236, nál. 494. — 2. umr.
9. Húsnæðismál, stjfrv., 343. mál, þskj. 377, nál. 493. — 2. umr.
10. Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 351. mál, þskj. 385, nál. 491. — 2. umr.
11. Starfsmannaleigur, stjfrv., 366. mál, þskj. 420, nál. 521, brtt. 507, 522 og 533. — 2. umr.
12. Fjarskiptasjóður, stjfrv., 191. mál, þskj. 191, nál. 523. — 2. umr.
13. Málefni aldraða, stjfrv., 174. mál, þskj. 174, nál. 525. — 2. umr.
14. Búnaðargjald, stjfrv., 332. mál, þskj. 364, nál. 513, brtt. 515. — 2. umr.
15. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 333. mál, þskj. 365, nál. 514. — 2. umr.
16. Innflutningur dýra, stjfrv., 390. mál, þskj. 472, nál. 516. — 2. umr.
17. Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 313. mál, þskj. 340, nál. 528. — 2. umr.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 2. umr.

Stjfrv., 288. mál (vatnsaflsrannsóknir, leyfi o.fl.). — Þskj. 304, nál. 512 og 536, brtt. 537.

[17:15]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason frá iðnaðarráðuneytinu, Hákon Aðalsteinsson frá

Orkustofnun, Davíð Egilson og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Hjörleif B. Kvaran frá Orkuveitu Reykjavíkur, Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja, Björn Pétursson og Örlyg Þórðarson frá Landsvirkjun og Tryggva Þór Haraldsson frá Rafmagnsveitum ríkisins.

Á síðasta þingi lagði iðnaðarráðherra fram frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Var því frumvarpi ætlað að leysa af hólmi lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, auk þess sem því var m.a. ætlað að taka til rannsókna á vatnsaflsvirkjunum. Í meðförum Alþingis ákvað iðnaðarnefnd að fresta afgreiðslu frumvarpsins. Hins vegar lagði nefndin síðan fram nýtt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998 þar sem kveðið var á um rannsóknir á vatnsaflsvirkjunum. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju með þeirri breytingu að fellt er niður ákvæði til bráðabirgða.

Í frumvarpinu er lagt til að gildissvið laganna verði víkkað þannig að lögin taki til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Við þessa breytingu munu ákvæði laganna, samanber einkum ákvæði III. kafla laganna um rannsóknir og leit, taka til slíkra rannsókna eftir því sem við á. Þá er í 2. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum séu veitt einum aðila með þeirri undantekningu að hafi aðilar sammælst um rannsóknir og sæki sameiginlega um rannsóknarleyfi skuli heimilt að veita þeim það sameiginlega. Í 3. gr. frumvarpsins er síðan mælt fyrir um endurkröfurétt þeirra sem fengið hafa rannsóknarleyfi og lagt í kostnað við rannsóknir en fá af einhverjum ástæðum ekki leyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður sem endurgreiða ber sé í samræmi við rannsóknaráætlun og í beinum og efnislegum tengslum við fyrirhugaða nýtingu.

Meiri hlutinn leggur til eina breytingu á frumvarpinu og lýtur hún að ákvæði til bráðabirgða þar sem mælt er fyrir um skipun nefndar sem skal hafa það hlutverk að gera tillögu um það með hvaða hætti verði valið á milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi samkvæmt lögunum og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Nefndinni ber að skila tillögum sínum til iðnaðarráðherra í síðasta lagi 15. september 2006.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Við bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti þrír fulltrúar frá Samorku. Þá skal iðnaðarráðherra skipa tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. september 2006.

Undir nefndarálitið rita 3. des. 2005 Birkir J. Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Birgir Ármannsson.

Hæstv. forseti. Í ljósi 1. umr. um frumvarpið og umræðu í nefndinni tel ég rétt að fara örlítið betur yfir þetta í stuttu máli. Hér er, eins og ég sagði áðan, um endurflutt frumvarp að ræða nema með þeim breytingum að hæstv. iðnaðarráðherra lagði ekki til ákvæði til bráðabirgða sem hv. iðnaðarnefnd lagði til á síðasta löggjafarþingi um það annars vegar að skipa þverpólitíska nefnd til að móta framtíðarfyrirkomulag þessara mála og hins vegar hvað varðaði að skipa starfshóp sérfróðra manna sem skyldi vera nefnd til aðstoðar við greiningu á atriðum sem máli skipta við val á umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara.

Hæstv. forseti. Starfshópur sérfróðra manna hefur þegar hafið störf. Hins vegar stóð það út af þá að ekki var gert ráð fyrir að ákvæði yrði til bráðabirgða sem hljóðaði upp á að þverpólitísk nefnd færi í þetta mál, að skoða hvernig við myndum haga þessu máli til framtíðar litið. Meiri hluti nefndarinnar, öll iðnaðarnefnd Alþingis að undanskildum áheyrnarfulltrúa í iðnaðarnefnd, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem var á móti því þá, lagði það til, að undanskildum hv. þingmanni, að frumvarpið færi fram með þeim hætti sem ég mæli hér fyrir um. Meiri hluti nefndarinnar hefur sett inn ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar á þann veg að skipuð verði þverpólitísk nefnd til fara yfir framtíðarhorfur í þessum málaflokki. Því hefur ekkert breyst á sjö mánuðum frá því að hv. iðnaðarnefnd lagði í heild sinni fram það frumvarp sem ég mæli hér fyrir um fyrir utan fyrirvara, eins og ég sagði áðan, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem er áheyrnarfulltrúi í nefndinni.

Hæstv. forseti. Ég held að þverpólitísk sátt sé um að nýta náttúruauðlindir þjóðarinnar skynsamlega. Síðan geta menn náttúrulega haft sínar skoðanir á hvað sé skynsamlegt og hvað sé ekki skynsamlegt í þeim efnum. En eins og sakir standa í núverandi lagaumhverfi þá hafa fyrirtæki sem vilja fara í rannsóknir á vatnsaflsvirkjunum í landinu ekki átt tryggan endurkröfurétt gagnvart þeim rannsóknum sem þau hafa farið í og veitt mikla fjármuni til ef þau fá svo ekki nýtingarleyfi á vatnsaflinu á endanum heldur einhver annar aðili, þannig að rannsóknaraðili geti þá krafið þann aðila sem fær nýtingarleyfið um sanngjarna endurgreiðslu á rannsóknarkostnaði. Það er mjög brýnt að gera þessa breytingu á þann hátt sem ég hef hér að framan rakið.

Hv. þingmenn hafa viljað tengja saman rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi í þessari umræðu. Það er ekkert sjálfgefið að ef fyrirtæki er úthlutað rannsóknarleyfi á fyrirhugaðri vatnsaflsvirkjun eða vatnasvæði sem á að nýta til raforkuframleiðslu að rannsóknaraðili fái nýtingarleyfi. Þegar nýtingarleyfi er veitt hefst sjálfstætt matsferli sem er mat á umhverfisáhrifum. Í raun er þröskuldurinn á milli nýtingarleyfisins og rannsóknarleyfisins sá að nýtingarleyfið verður að falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Hæstv. forseti. Við fengum á okkar fund, eins og ég greindi frá áðan, m.a. fulltrúa frá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun. (Gripið fram í.) Það var mjög gagnlegt að fá þá aðila á fund nefndarinnar og voru ágæt skoðanaskipti á milli allra nefndarmanna og þeirra aðila sem komu á þennan fund. Ég vil sérstaklega þakka fyrir þá samstöðu sem náðist í nefndinni að lokum um að kalla þessa aðila til fundar. Það er til marks um hvað samstarf í nefndinni er með ágætum þó menn greini náttúrulega á í hinum

ýmsu málum er snerta pólitíkina. En fram kom í máli fulltrúa þessara stofnana að þeir gerðu ekki athugasemdir við það frumvarp sem hér liggur fyrir. Þetta er mjög afmarkað frumvarp og snýr eingöngu að rannsóknum á vatnsafli og svo fremi sem það sneri ekki að öðrum rannsóknum, að menn mundu binda þetta við vatnsaflið eins og gert er í þessu frumvarpi, þá gerðu fulltrúar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að þetta mál næði fram að ganga. Það kom mjög skýrt fram í starfi nefndarinnar og í þeim svörum sem við fengum frá þessum ágætu aðilum.

Reyndar kom það fram hjá fulltrúa Umhverfisstofnunar að hér væri í raun um framfaraspor að ræða að því leyti til að nú geta fulltrúar umhverfisráðuneytisins og undirstofnana þess komið að málum þegar úthluta á rannsóknarleyfum. Það þarf að gera sérstakar áætlanir í þeim efnum en eins og málum hefur verið háttað fram á þennan dag hafa aðilar, umhverfisráðuneytið og undirstofnanir þess, ekki verið umsagnaraðilar um rannsóknarleyfin og þær áætlanir sem þeim tengjast. Það er náttúrlega mjög jákvætt ef fulltrúar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar geta fengið að koma beint að þessum málum. Það kom mjög skýrt fram af hálfu þessara aðila að hér væri um framfaraspor að ræða.

Hæstv. forseti. Ég hef reifað þetta mál í örfáum orðum enda hefur það hlotið mikla umræðu við 1. umr. málsins. Það var mikið rætt í hv. iðnaðarnefnd á síðasta þingi. Þá var til umræðu frumvarp til laga um jarðrænar auðlindir sem nefndin ákvað að afgreiða ekki. Þess vegna ákvað nefndin öll þá, fyrir utan fyrirvara hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að leggja fram frumvarpið sem hér liggur fyrir. Því miður hafa hv. þingmenn Samfylkingarinnar og frjálslyndra fallið frá stuðningi við þetta mál og hafa ákveðna fyrirvara á því og vilja gera breytingartillögur sem þeir munu væntanlega kynna hér á eftir. En aðalatriðið er að þetta málefni hefur fengið mikla umræðu bæði þegar rætt var um frumvarp til laga um jarðrænar auðlindir og eins í þeirri umræðu sem við áttum við hagsmunaaðila, hvort sem það voru fulltrúar frá orkufyrirtækjunum eða fulltrúar frá Umhverfisstofnun eða Náttúrufræðistofnun.

[17:27]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hv. fyrri ræðumaður, formaður iðnaðarnefndar, hefur lýst þessu frumvarpi sem gríðarlegu framfaraspori í atvinnumálefnum Íslendinga. Fyrir fram er ekkert við því að segja. Hann hefur líka lýst því hvað það sé jákvætt að ráðherra getur nú gefið vilyrði um nýtingarleyfi um leið og hún úthlutar rannsóknarleyfum vegna vatnsaflsvirkjana. Ræðumaðurinn er mjög viss í sinni sök og þess vegna er rétt að spyrja hann: Eftir hvaða reglum er þá farið við þessa vilyrðisgjöf? Hvaða reglur eru það? Ræður bara geðþótti ráðherrans eða er farið eftir einhverju regluverki við að gefa þessi leyfi, reglugerðum eða vinnureglum í iðnaðarráðuneytinu sem mér er ekki kunnugt um en hv. formanni iðnaðarnefndar hlýtur að vera?

[17:28]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Framfaraspor kallaði hv. þingmaður frumvarpið sem hér liggur fyrir Alþingi og það er mitt mat að hér sé um mjög mikið framfaraspor að ræða. Við hv. þingmaður eigum það sameiginlegt að vera fulltrúar flokka sem vilja skynsamlega nýtingu á náttúrauðlindum þjóðarinnar. Það er mjög mikilvægt að farið sé í rannsóknir á þessum náttúruauðlindum okkar. Ég tók það skýrt fram áðan, hæstv. forseti, að nýtingarleyfi þarf að fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Það eru alveg skýr skil þar á milli þannig að ef slík framkvæmd fullnægir ekki þeim skilyrðum þá er málið að sjálfsögðu í uppnámi og umhverfið nýtur vafans.

Hæstv. forseti. Staðið hefur verið faglega að úthlutunum rannsóknarleyfa m.a. hvað varðar jarðhita og ég hef ekki orðið var við að það hafi valdið miklum deilum í samfélaginu og ég á von á að fulltrúar ráðuneytisins og aðrir aðilar muni standa faglega að þessu.

[17:29]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er alveg rétt að ég vil, og minn flokkur, skynsamlega nýtingu á náttúruauðlindum landsins sem m.a. getur falist í að nota þær til orkuöflunar eða falist í því að vernda þær til framtíðar, nota þær til okkar eigin yndis og yndis ferðamanna sem hingað koma o.s.frv. En ég var nú ekki að spyrja um þetta, forseti, heldur var ég að spyrja um hvaða reglur giltu um þau vilyrði sem ráðherra hefur samkvæmt þessu frumvarpi rétt til að veita rannsóknarfyrirtækjum. Viti hv. formaður iðnaðarnefndar það ekki þá á hann að koma og biðjast afsökunar á þeirri ræðu sem hann flutti hér því hann flutti hana þannig að hér væri um mikið framfaraspor að ræða og ef maður vissi ekkert annað um málið en það sem maður heyrir frá formanni iðnaðarnefndar þá er hér allt klárt og kvitt. Þess vegna geng ég eftir því sem er nú eitt aðalmálið í þessu, þ.e. hvaða reglur eru það sem ráðherra eru gefnar í hendurnar þegar hann veitir þetta vilyrði?

[17:31]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við skulum gæta stillingar í málflutningi, hv. þm. Mörður Árnason. Það er náttúrlega ljóst að Orkustofnun mun fara yfir rannsóknaráætlunina. Með gildistöku þessara laga hleypum við umhverfisráðuneytinu og undirstofnunum þess að rannsóknaráætlunum áður en þær verða samþykktar. Embættismenn hljóta að fara yfir þetta með hlutlausum hætti og meta þær áætlanir sem fyrir liggja. Ég ætla ekki sem hv. þingmaður á Alþingi að fara að meta hvaða rannsóknaráætlanir eru betri eða verri en aðrar. Þar koma margir þættir til. Þetta er flókið mál eins og kom fram í nefndarstarfinu og ég sem þingmaður ætla ekki að fara að gerast dómari í þeim efnum.

[17:32]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil fyrst lýsa yfir vonbrigðum mínum með að hv. nefndarformaður skuli ekki enn hafa svarað. Í

tveimur andsvörum svarar hann ekki fyrirspurn hv. þm. Marðar Árnasonar. Það er því rétt að ég ítreki spurninguna: Hvaða reglur koma til með að gilda? Eftir hverju á ráðherra að fara þegar þessi rannsóknarleyfi koma inn á hennar borð? Hins vegar ætlaði ég fyrst og fremst að spyrja hv. þingmann hvort ekki hafi komið fram beiðni í iðnaðarnefnd um að málið yrði sent til umsagnar umhverfisnefndar. Ég veit sem nefndarmaður í umhverfisnefnd að þangað barst málið ekki og ég vil fá að vita frá hv. þingmanni hverju það sætir. Hin spurning mín er þess eðlis að bráðabirgðaákvæðið, sem er komið aftur inn samkvæmt breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar, gerir ráð fyrir að þverpólitísk nefnd verði að störfum um framtíðarskipulag mála. Ég spyr hv. þingmann: Til hvers á að setja á fót slíka nefnd þegar ljóst er að frumvarpið heimilar ráðherranum að gefa út öll þau leyfi sem henni sýnist áður en sú nefnd kemur til með að ljúka störfum.

[17:33]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við fórum yfir málið á síðasta löggjafarþingi og það var sent þá til umsagnar hv. umhverfisnefndar. Það ákvæði sem við erum að fara yfir hér í þessu frumvarpi var inni í frumvarpi til laga um jarðrænar auðlindir. Það er ekki deilt um það. Það mál fékk mjög mikla umfjöllun í iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd fékk aðkomu að því. Síðan ákvað öll iðnaðarnefnd, reyndar fyrir utan Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, að leggja fram það frumvarp sem við ræðum hér. Það var þverpólitísk sátt að því leyti til um málið milli þingflokka Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks, Frjálslynda flokksins og Samfylkingar. (**KolH:** Það var í fyrra.) Hæstv. forseti. Hv. þingmaður getur komið hingað aftur og spurt mig en þetta mál hefur fengið mjög ítarlega umfjöllun og það er ágætlega að því staðið á alla vegu.

[17:34]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta litla frumvarp, þ.e. þetta þunna frumvarp frá hæstv. iðnaðarráðherra, fór ekki til umsagnar umhverfisnefndar. Hvers vegna ekki? Mér er kunnugt um að eftir því var óskað í iðnaðarnefnd. Í öðru lagi, hverjar verða reglurnar sem ráðherra er gert að styðjast við? Í þriðja lagi, hvers vegna þverpólitísk nefnd sem á ekki möguleika á að skila niðurstöðum um framtíðarsýn fyrr en eftir að hæstv. iðnaðarráðherra verður búinn að úthluta öllum heimsins leyfum? Þessar þrjár spurningar vaka enn í loftinu, frú forseti. Þeim er enn ósvarað.

[17:35]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hingað til hafa ekki sprottið upp mjög háværar deilur í samfélaginu hvað úthlutunarreglur um háhitasvæðin í landinu varðar. En fyrst hv. þingmaður spyr hvernig velja eigi á milli tveggja aðila sem sækja um rannsóknarleyfi þá hef ég komið inn á það að sérfræðistofnanir fara yfir þau. Það er ljóst og kom fram í starfi nefndarinnar að ef tveir aðilar sækja um leyfi reyna menn náttúrlega að leiða þá aðila saman þannig að eitthvert samstarf verði á milli þeirra við rannsóknir á viðkomandi auðlind. Fram á þennan dag hafa ekki skapast stórkostleg vandamál eða mikill hávaði í samfélaginu vegna þessara leyfa og ég hef trú á því að þessi mál verði áfram í ágætum farvegi eins og þau hafa verið.

[17:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála hv. þm. Birki Jóni Jónssyni um það og ég og minn flokkur styðjum skynsamlega orkunýtingu en þar skilja hins vegar leiðir að við styðjum ekki óskynsamlega orkunýtingu. Við styðjum ekki virkjunarframkvæmdir sem eru hervirki og óréttlætanlegar í umhverfislegu eða efnahagslegu tilliti. Mér fannst formaður iðnaðarnefndar skauta svolítið léttilega yfir söguna þegar hann rakti aðdraganda þessa máls. Hann hefði mátt láta getið svolítið ítarlegar örlaganna sem biðu auðlindafrumvarpsins sem kom í fyrra og þessa holdgetna afkvæmis þess. Mér finnst hann heldur ekki alveg sanngjarn í garð þeirra sem stóðu að flutningi frumvarpsins í fyrravor í ljósi þeirra aðstæðna sem þá voru uppi í nefndinni. En átakanlegast er að heyra að formaður iðnaðarnefndar hefur engin svör við þeim mótsögnum sem liggja annars vegar í að ráðherra fái þetta bráðabirgðaleyfi til að úthluta rannsóknarleyfum með vilyrðum í nýtingarátt bara að eigin (Forseti hringir.) geðþótta en síðar eigi jafnframt að skipa nefnd til að útfæra leikreglur um hvernig gera eigi þetta í framtíðinni. (Forseti hringir.)

[17:37]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri gott að fá það á hreint hvort hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar styðji það bráðabirgðaákvæði sem meiri hlutinn hefur lagt til um að nefnd allra þingflokka fái að koma að þeirri vinnu að móta framtíðarfyrirkomulag á þessu sviði þjóðlífsins, að fá það á hreint hvort stjórnarandstaðan vill koma að þeirri vinnu eða ekki. Það er líka alveg ljóst, miðað við þann tímaramma sem þessari nefnd er gefinn, að engin nýtingarleyfi verða veitt í framhaldi af rannsóknarleyfi á því tímabili. Ég fór yfir það áðan að ekki er hægt að tengja beint saman nýtingarleyfi og rannsóknarleyfi. (Gripið fram í.) Nýtingarleyfi þarf að fara í mat á umhverfisáhrifum, þannig að ef það stenst ekki (Gripið fram í.) það mat — það er alveg skýrt — þá er ekkert þar á milli.

Hæstv. forseti. Það er mjög erfitt að halda ræðu hér þegar hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar halda aðrar (Gripið fram í.) ræður úti í sal og það verður mjög erfitt að eiga orðaskipti við þá ef ég fæ ekki tóm til að gera grein fyrir máli mínu hér.

(**Forseti** (SP)**:** Þetta er rétt ábending hjá hv. þingmanni.)

[17:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Að sjálfsögðu mundum við taka því fagnandi að taka sæti í stjórnskipaðri nefnd sem mótaði leikreglur til frambúðar í þessum efnum, enda mundu menn þá ekki aðhafast neitt þangað til þær reglur lægju fyrir. Það liggur ekkert á. Það er alveg sjálfsagt mál að afgreiða

bráðabirgðaákvæðið eitt, gera það að lögum ef svo undarlega þarf að standa að því að setja eina nefnd á laggirnar að fá þarf um það lagaheimild. Og það má líka spyrja. Hvers vegna í ósköpunum var þessi nefnd bara ekki sett af stað með ráðherrabréfi strax í fyrra? Hvers vegna er þetta unnið svona? Hvers vegna biður ráðherrann um heimildir til að úthluta öllum rannsóknarleyfum í samhengi núgildandi laga þar sem hægt er að gefa fyrirheit um nýtingu í framhaldinu? Þannig er það og það hefur verið gert í tveimur tilvikum að undanförnu þegar rannsóknarleyfum í háhita hefur verið úthlutað. En síðan segir hæstv. ráðherra jafnframt við þingið: „Ég vil fá heimild til að skipa nefnd sem móti leikreglur til frambúðar." Þegar kannski verður búið að úthluta landinu að mestu leyti, þegar menn verða búnir að helga sér þúfurnar, (Forseti hringir.) orkuhöfðingjarnir.

[17:40]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gott að fá það fram hér að hv. þingmenn Vinstri grænna styðja a.m.k. það bráðabirgðaákvæði sem meiri hlutinn hefur lagt til hvað þetta frumvarp áhrærir. Hins vegar er líka mikilvægt að fá afstöðu stjórnarandstöðunnar hvað það varðar að verði þetta frumvarp að lögum fá umhverfisráðuneytið og undirstofnanir þess aðkomu að því ferli áður en rannsóknaleyfi er veitt. (Gripið fram í.) Það hafa þeir ekki í dag. Það kom skýrt fram í störfum nefndarinnar að þeir hafa ekki haft það hvað vatnsaflsvirkjanir varðar. Ég held að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ætti að kynna sér málið betur áður en hún grípur hér fram í fyrir mér.

[17:41]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sannarlega styður Vinstri hreyfingin — grænt framboð skynsamlega nýtingu auðlinda. Við styðjum það líka að farið sé í rannsóknir, svo sannarlega. En hvað varðar nýtinguna þá styðjum við ekki nýtingu með óafturkræfum umhverfisspjöllum í þeim anda sem verið hefur með Kárahnjúkavirkjun og aðrar virkjanir. Við gerum líka mun á því á hvaða forsendum verið er að koma af stað virkjunum. En varðandi úthlutun á rannsóknarleyfum þá er það í sjálfu sér úthlutun á verðmætum og því skiptir máli að reglurnar séu ljósar áður en kemur til þess að úthluta þeim leyfum. Úthlutun út af fyrir sig er ávísun á verðmæti. Ég tel að eins og málið er lagt fram núna sé það í anda rammaáætlunar, hún er sett fram en það er ekki unnið eftir henni (Forseti hringir.) og farið aftan að hlutunum.

[17:42]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þær rannsóknir sem hér er verið að leggja til eru náttúrlega mikilvægar út frá rammaáætluninni. Ég veit að við hv. þingmaður erum sammála um að mikilvægt sé að rannsóknir fari fram til að móta þá rammaáætlun sem við þurfum að nota í framtíðinni.

Hæstv. forseti. Það kom líka fram í máli mínu áðan að hópur sérfróðra manna hefur farið yfir málið frá því síðastliðið vor og viðað að sér upplýsingum og mun síðan aðstoða þá nefnd sem meiri hlutinn lagði til, í því starfi að móta framtíðarfyrirkomulag í þessum málaflokki. Það er alveg ljóst að vinna er í fullum gangi hvað þetta varðar. Það er mjög skýr munur milli rannsóknarleyfis og nýtingarleyfis. Nýtingarleyfið verður að fara í mat á umhverfisáhrifum. Um það er ekki deilt þannig að það er ákveðinn þröskuldur þar á milli.

[17:43]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins um rammaáætlunina. Hún var sett fram og virkjunarframkvæmdum forgangsraðað en farið var í stærstu og mestu virkjunina sem sett var efst á lista yfir þær sem komu síst til greina. Ég tel að með framkvæmd eins og hér er lagt upp með líði einhver tími þar til sérskipuð nefnd, hugsanlega með þátttöku allra þingflokka, skili þeirri framtíðarsýn eða áætlun um hvernig úthluta eigi leyfum. Á því tímabili gæti hæstv. iðnaðarráðherra úthlutað þeim rannsóknarleyfum sem henni liggur svo mikið á að koma af stað núna til að halda áfram þeirri brjáluðu stóriðjustefnu og álæði sem gripið hefur Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkurinn lætur teyma sig með, þannig að þegar að því kæmi að vinna eftir einhverjum reglum verða þau nýtingartækifæri farin. (Forseti hringir.) Það verður búið að taka þetta allt saman og virkja.

[17:44]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða fer vel af stað. Hún er á málefnalegum nótum. Álæði og brjáluð virkjunarstefna — þetta er náttúrlega þvílíkur málflutningur í andsvari sem tekur eina mínútu og á að fjalla efnislega um þætti málsins. Það er alveg ljóst að ef fara á að gefa út rannsóknarleyfi (Gripið fram í.) þá mun umhverfisráðuneytið og undirstofnanir þess eiga aðkomu að útgáfu slíks leyfis og veita umsögn um það. Það er framfaraspor frá því ástandi sem nú er. Það kom skýrt fram hjá fulltrúum þessara ágætu stofnana. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við höldum því til haga og förum rétt með hlutina hér, að verið er að hleypa stofnunum umhverfisráðuneytisins að því ferli sem úthlutun rannsóknarleyfanna er.

[17:45]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég fékk í veganesti frá hæstv. ráðherra um leið og ég gekk í ræðustólinn að ég hlyti nú að samþykkja þetta allt saman. Það er kannski von að hæstv. ráðherra gefi mér það veganesti vegna forsögu málsins því við stóðum að tillögu iðnaðarnefndar hér í vor, en ég kem að því á eftir.

Ég er að mæla fyrir nefndaráliti um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Endurskoðun hins mikla og mikilvæga lagabálks vatnalaganna frá 1923 er að mati minni hlutans verkefni sem Alþingi verður að vanda til. Til þess að svo megi verða verður glögg heildaryfirsýn að fást á alla þá lagabálka sem eiga að taka við hlutverki vatnalaganna. Til að freista þess að skapa Alþingi tíma til að vinna að málum í þessum anda stóð minni hluti nefndarinnar að því að flytja með meiri hlutan-

um frumvarp sem ekki náðist að ljúka umfjöllun um á síðasta þingi en er að mestu samhljóða því frumvarpi sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur nú lagt fram. Þessu frumvarpi er ætlað að skapa svigrúm til þess að vinna áfram að undirbúningi fyrirhugaðrar lagasetningar um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Áður en það mál getur komið til umfjöllunar á Alþingi þurfa að liggja fyrir niðurstöður í afar mikilvægu máli, þ.e. með hvaða hætti velja eigi milli þeirra sem sækjast eftir nýtingarrétti á auðlindum. Meiri hlutinn leggur til þá breytingu á frumvarpinu að skipa skuli þverpólitíska nefnd til að vinna að þeirri stefnumótun. Þessi tillaga var í því frumvarpi sem nefndin flutti á liðnu vori. Af einhverjum óútskýrðum ástæðum hefur ráðherra fellt tillöguna úr því frumvarpi sem nú liggur fyrir en það er þó að öðru leyti samhljóða frumvarpi nefndarinnar eins og áður sagði. — Hæstv. ráðherra mun kannski útskýra það fyrir okkur hér á eftir í umræðunni hvers vegna hún kaus að fella út þessa tillögu um nefndina. — Þessi tillaga var mikilvægur hluti málsins að mati minni hlutans og því ber að þakka meiri hlutanum fyrir að taka tillöguna upp aftur. Það er afar lýsandi fyrir vinnubrögð stjórnarmeirihlutans við endurskoðun þeirra lagabálka sem eiga að taka við af vatnalögunum frá 1923 að öll nefndin skuli sasmmála um að í þessu frumvarpi þurfi að vera ákvæði um endurskoðun á mjög mikilvægum grundvallarþætti málsins, þ.e. hvaða reglur eigi að gilda í framtíðinni um það hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir því að fá nýtingarrétt á auðlindum. Það að minni hlutinn tók þátt í að flytja frumvarp samhljóða þessu frumvarpi verður að skoða í því ljósi að það virtist eina færa leiðin til að koma í veg fyrir að ófullburða frumvarp um jarðrænar auðlindir yrði gert að lögum á síðasta vorþingi. Minni hlutinn harmar að ekki hefur verið fallist á þau sjónarmið hans að allir lagabálkarnir sem koma eiga í stað vatnalaga verði unnir í samhengi svo nauðsynleg yfirsýn fáist. Þetta sést á því að frumvarp til vatnalaga er nú endurflutt nánast óbreytt og því ætluð lögfesting á þessu þingi. Enn er ekki fram komið boðað frumvarp um vatnsvernd.

Sá galli er á því frumvarpi sem hér liggur fyrir að við lögfestingu þess tekur ákvæði 2. gr. frumvarpsins (5. gr. laganna) sem veitir ráðherra heimild til að veita vilyrði fyrir nýtingarleyfum í tengslum við útgáfu rannsóknarleyfa einnig til nýtingarleyfa hvað vatnsafl varðar. Í því samkeppnisumhverfi sem nú er að skapast í raforkuframleiðslu er nú þegar ljóst að kapphlaup er hafið hjá orkuframleiðslufyrirtækjum um auðlindir landsins. Kapphlaupið er að mati minni hlutans háð vegna þess að stjórnendur fyrirtækjanna telja að reglur sem settar verði um val á milli þeirra sem sækjast eftir nýtingarrétti á auðlindum verði íþyngjandi fyrir fyrirtækin. Þetta kann að vera rétt en ef svo er munu þeir sem hljóta náð fyrir augum iðnaðarráðherra í því millibilsástandi sem mun ríkja þar til fyrirhuguð lög taka gildi hafa forskot í samkeppninni við hina sem á eftir koma.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir stjórnvöld að það eru einmitt nýju aðilarnir, væntanlega aðallega einkafyrirtæki á markaðnum, sem eiga að tryggja þá samkeppni sem stjórnvöld segjast vilja skapa. Minni hlutanum hefur orðið þessi staða enn betur ljós á þeim tíma sem liðinn er frá því að málið var til umfjöllunar á síðasta þingi og nefndin fékk skýra staðfestingu á því sem hér hefur komið fram í viðræðum við forsvarsmenn orkufyrirtækja og embættismenn iðnaðarráðuneytisins við umfjöllun málsins. Af þessum ástæðum lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar og frjálslyndra fram þá breytingartillögu á fundi nefndarinnar að heimildarákvæðið sem ráðherra hefur skv. 5. gr. laganna verði numið úr gildi. Með þeirri ákvörðun kæmi ekki til kapphlaups á þeim forsendum sem fyrr er lýst vegna þess að allir sættu þá í framtíðinni sömu reglum eftir að ný lög um jarðrænar auðlindir öðlast gildi. Þessi breyting mundi ekki hamla í neinu veitingu leyfa til rannsókna og ekki heldur veitingu nýtingarleyfa á þeim tíma sem líður þar til endurskoðun laganna verður lokið. Það vakti þess vegna mikla undrun minni hlutans að meiri hlutinn hafnaði tillögunni og því telur hann sig knúinn til að flytja breytingartillögur við frumvarpið sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Steingrímur J. Sigfússon áheyrnarfulltrúi er í aðalatriðum sammála þeim sjónarmiðum sem fram koma í þessu áliti minni hlutans og telur þá breytingartillögu sem þar er boðuð til bóta. Hann telur þó réttast að fresta afgreiðslu málsins með öllu og mun gera nánar grein fyrir ástæðum þess við umræðu um málið.

Hæstv. forseti. Það er auðvitað hægt að ræða margt um þessa endurskoðun vatnalaganna frá 1923 og ég mun gera það hér á eftir, en ég ætla fyrst að mæla fyrir þessari breytingartillögu sem minni hluti nefndarinnar flytur nú.

Hún orðast svo:

„1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Rannsóknarleyfi skal veitt einum aðila á hverju svæði. Þó er heimilt að veita fleiri en einum aðila slíkt leyfi sameiginlega hafi þeir staðið saman að rannsóknarleyfisumsókn og gert með sér samning um skiptingu rannsóknarkostnaðar.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo: Orðin „og forgangsréttartíma eins og hann er ákveðinn í 2. mgr. 5. gr“ í 1. mgr. 23. gr. laganna falla brott.“

Hæstv. forseti. Með þessu er gerð tilraun til þess að koma einhverju viti í það ástand sem er að skapast. Ég tel að það sé full ástæða til þess að vekja athygli á því að sjálfstæðismenn ættu hér töluvert erindi í salinn, því að mér finnst það með undarlegheitum að Sjálfstæðisflokkurinn, sem ævinlega talar fyrir því að einkaaðilar taki þátt í atvinnurekstri á Íslandi og hefur talað fjálglega um það samkeppnisumhverfi sem eigi að verða til á raforkumarkaðnum, skuli sætta sig við það umhverfi sem nú er verið að skapa á þessu sviði. Er það þannig að menn átti sig ekki á því hvernig ástandið er á raforkumarkaðnum á Íslandi?

Hverjir komu t.d. til nefndarinnar til að ræða við hana um þessa hluti? Það voru fulltrúar frá Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, Landsvirkjun og fulltrúar frá Rafmagnsveitum ríkisins. Hvað skyldu þessir aðilar eiga sameiginlegt? Jú, að fyrirtækin eru öll í opinberri eigu. Væntanlega hafa menn nú hugsað sér að einhverjir aðrir aðilar kæmu inn á þennan markað, inn í þá samkeppni sem talað hefur verið um að skapa á markaðnum.

Hverjir eru í kapphlaupinu um að merkja sér auðlindirnar? Við fengum lista í nefndinni yfir þá sem hafa sent inn

umsóknir. Í fljótu bragði sýnist mér að af öllum þeim umsóknum sem nú liggja fyrir og hafa verið sendar inn að undanförnu séu einungis tveir aðilar sem ekki tilheyra þeim hópi sem ég las hér upp áðan, sem ekki eru hluti af þeim opinberu fyrirtækjum sem eru í raforkuframleiðslu á Íslandi.

Ég vil koma að þessu aftur því það er svo mikið umhugsunarefni hvernig stendur á því að menn sækjast eftir því og hæstv. ráðherra virðist sækjast eftir því að fá að hafa það hlutverk að úthluta vilyrði fyrir nýtingarleyfi ásamt rannsóknarleyfunum. Ég hefði haldið að hæstv. ráðherra ætti að vera guðsfegin að vera leyst undan þeim þrýstingi að þurfa að meta hvort þeir aðilar sem sækjast eftir rannsóknarleyfum eigi að fá nýtingarleyfin með. (**Iðnrh.:** Það er heimild.) Það er heimildarákvæði en hæstv. ráðherra þarf væntanlega að svara þeim sem sækjast eftir því að fá vilyrðið. Það fór ekkert á milli mála að þeir opinberu aðilar sem komu til nefndarinnar töldu það vera rétt sinn að fá það vilyrði og töldu ekki björgulegt að biðja um rannsóknarleyfi nema vilyrði fylgdi. Þá mætti velta því fyrir sér hvers vegna er verið að setja það í eina af greinum frumvarpsins að menn eigi að fá endurgreitt fyrir kostnað vegna rannsókna ef aðrir fái nýtingarleyfi.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að þessi hluti málsins þurfi að fá góða umræðu og ég kalla eftir því að sjálfstæðismenn, sem alltaf segjast ganga fremstir í því að koma á samkeppni og frelsi á markaðnum, útskýri hvernig í ósköpunum stendur á því að þeir eru sáttir við að hæstv. ráðherra sé undir þá sök seld að þurfa að svara þeim sem vilja fá nýtingarleyfin með — og eigi að meta það. Mér fannst eiginlega hálfsorglegt að hlusta á hv. formann nefndarinnar þegar hann var spurður að því hvers vegna þessi nýtingarleyfi þyrftu að fylgja og fór að blanda því saman við það að umhverfismat þurfi að fara fram áður en nýtingarleyfi er veitt — blanda því saman við það sem skiptir þarna máli, að velja á milli þeirra sem fá nýtingarleyfi. Það mat hlýtur alltaf að þurfa að fara fram áður en nýtingarleyfinu er úthlutað. Ef hæstv. ráðherra úthlutar vilyrðinu með rannsóknarleyfinu verður matið á auðlindinni aldrei neitt. Eigi menn að láta verðmæti auðlindarinnar skipta einhverju máli, þegar ákveðið er hverjir eiga að fá að nýta hana, verður það að gerast þegar nýtingarleyfinu er úthlutað. Hafi menn fengið vilyrðið með rannsóknarleyfinu verður það til þess að menn borga ekkert fyrir auðlindina. Menn munu þá ekki keppa á eðlilegum grundvelli um þær auðlindir sem á að fara að nýta.

Það sem er þó kannski mest til skammar hvað þetta varðar er að menn skuli ekki vilja gera það sem þó er hægt að gera til að koma í veg fyrir þetta kapphlaup en það er að skera á tengsl rannsóknarleyfa og nýtingarleyfa þannig að ráðherra þurfi ekki að standa frammi fyrir óskum og kröfum þeirra sem vilja hefja rannsóknir um að fá nýtingarleyfið. Fyrir fram er ljóst að það mun þýða og hefur þýtt — menn hafa áttað sig á stöðunni — að menn sækja mjög fast eftir því að fá þessum rannsóknarleyfum úthlutað og vilja vilyrðin með. Þannig er það.

Hverjir eru svo sem að sækja um? Landsvirkjun er með umsóknir um rannsóknarleyfi, vatnasvið Skjálfandafljóts, vatnasvið Tungnár fyrir ofan Sigöldu, vatnasvið Þjórsár neðan Búrfells, vatnasvið efri hluta Skaftár, vatnasvið vestari og austari Jökulsár í Skagafirði, leitar- og rannsóknarleyfi í Brennisteinsfjöllum, leitar- og rannsóknarleyfi í Gjástykki og nágrenni. Þetta er bara Landsvirkjun sem ég var hér að lesa upp, opinbert fyrirtæki í eigu ríkisins og Akureyrarbæjar ásamt Reykjavíkurborg.

Hitaveita Suðurnesja er með umsókn um jarðhitaleit á Reykjanesskaganum. Orkuveita Reykjavíkur, háhitasvæðin í Reykjadölum, í Rangárþingi ytra og háhitasvæði í Kerlingarfjöllum. Síðan eru Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja sameiginlega með umsókn um háhitasvæði í Brennisteinsfjöllum.

Rarik sækist eftir því að rannsaka vatnasvið Hólmsár í Skaftárhreppi. Síðan er hér eitthvert fyrirtæki sem heitir Héraðsvötn hf. Það sækist eftir því að rannsaka vatnasvið austari og vestari Jökulsár í Skagafirði. Annað fyrirtæki, Þeistareykir ehf., sækist eftir því að skoða virkjanir í Skjálfandafljóti. Tvö síðastnefndu fyrirtækin eru þau einu sem ekki eru í eigu hins opinbera af þeim hópi sem ég las hér upp áðan.

Það er ekki allt búið með Landsvirkjun því að hún sækist eftir aukinni raforkunýtingu á Kröflusvæðinu. Orkuveita Reykjavíkur sækist eftir stækkun Hellisheiðarvirkjunar upp í 160 megavött og virkjunarleyfi í Farinu í Bláskógabyggð. Hitaveita Suðurnesja sækist eftir virkjunarleyfi fyrir 100 megavatta virkjun, Reykjanesvirkjun. Orkubú Vestfjarða — eitt nafnið enn — hver skyldi nú eiga það? Tungudalsvirkjun í Skutulsfirði.

Ég les þetta hér upp til að reyna að benda mönnum á hvers konar samkeppnisumhverfi verið er að skapa, hvers konar samkeppnisumhverfi verður til ef hæstv. ráðherra notar hið valkvæða ákvæði um að láta nýtingarleyfin fylgja rannsóknarleyfunum. Hvaða aðstaða verður það fyrir einkafyrirtækin, sem Sjálfstæðisflokkurinn heldur svo mikið upp á, og vill að taki þátt í samkeppninni, að koma svo inn á eftir þegar búið er að úthluta þessum aðilum öllu saman? Fara að keppa eftir að búið er að setja einhverjar reglur sem eiga að þýða það að menn geti valið á milli aðila á jafnræðisgrundvelli sem getur þýtt samkvæmt tillögum auðlindanefndar a.m.k — auðlindanefnd var sett á fót með miklu brambolti á sínum tíma. Hún vann mjög mikið starf, mjög gott starf að mörgu leyti, og menn eiga ekki að henda þeim niðurstöðum, af og frá. Menn eiga auðvitað að nota þær niðurstöður núna og hafa þær í huga þegar búnar eru til reglur um val á milli þeirra aðila sem fá að nýta auðlindir landsins. Hvað skyldi auðlindanefnd hafa lagt til hvað þetta varðar? Hún lagði til að að öllu jöfnu færi fram uppboð milli þeirra aðila sem þyrfti að velja á milli til að nýta slíkar auðlindir landsins. (**Gripið fram í:** ... á því.) (**Gripið fram í:** ... kommúnismi.) Eftir að menn væru búnir að pissa á allar þúfurnar kæmu einhverjir nýir aðilar inn á markaðinn til að keppa við þá sem eru búnir að fá öll þessi leyfi og fengju að taka þátt í uppboðinu á móti þeim sem væru fyrir á markaðnum. Hverjir eru það nú? (**Gripið fram í:** ... sjávarútveginn?) Það eru opinberu aðilarnir í heilu lagi. Sjálfstæðisflokkurinn hlýtur að vera óskaplega ánægður með þetta. Þetta er fína samkeppnisaðstaðan sem verið er að búa til. (**Gripið fram í:** ... á sunnudögum.)

Það er athyglisvert að Sjálfstæðisflokkurinn skuli ganga

undir þetta jarðarmen, að geta ekki einu sinni gengið í lið með þessari litlu tillögu, að taka þetta valkvæða ákvæði af ráðherranum, taka frá honum þann vanda sem hann er í, þann þrýsting sem verður á hann að úthluta þessum leyfum, af því að það er engin þörf á því. Það er hægt að úthluta rannsóknarleyfunum, ekkert mál, og það er hægt að úthluta virkjunarleyfunum á þeim tíma sem það tekur að skapa þessar reglur og það er ekkert sem kemur í veg fyrir að ráðherrann geti gert það. Hafi menn lokið rannsóknarferlinu og sæki um virkjunarleyfi getur ráðherrann fjallað um það atriði og gengið frá því með þeim hætti sem hefur verið gert fram að þessu.

Hvers vegna vilja menn þá endilega að ráðherrann hafi þetta vald núna og vilja endilega að hann fái þetta viðbótarvald gagnvart vatnsaflsvirkjunum í landinu? Það er svolítið merkilegt. Full ástæða er til að halda að það sé vegna þess að það standi til að úthluta rannsóknarleyfum ásamt vilyrði um virkjunarleyfi á næstunni út á þær umsóknir sem ég var að lesa upp og snúast um það að virkja vatnsafl á Íslandi. Og stundum er það nú þannig að það dettur eitthvað út úr fólki. Það datt út úr hv. formanni nefndarinnar að heimamenn biðu ... (**Gripið fram í:** Það skiptir nú ekki máli.) Hæstv. forseti. Ég er bara að rifja upp það sem datt út úr hv. formanni nefndarinnar við umræðuna um daginn, að heimamenn biðu eftir því að fá að taka að sér að rannsaka þessa hluti. Hv. þingmaður sagðist hafa mismælt sig og það kann vel að vera og menn eiga auðvitað leiðréttingu orða sinna. Ég óska eftir því að það verði útskýrt fyrir mér til hvers hæstv. ráðherra þarf að hafa þetta vald gagnvart vatnsaflsvirkjununum. Ég óska eftir því að það verði útskýrt hér til hvers hann þarf þetta vald. Ég sé ekki að ástæðan geti verið önnur en sú, á meðan ekki hafa verið færð rök fyrir einhverri annarri ástæðu, að aðilar sem nú eru að sækjast eftir rannsóknarleyfunum telji það svo gríðarlega mikilvægt að vilyrði fyrir nýtingarleyfinu fylgi að hæstv. ráðherra megi til með að hafa það í hendi sinni og vilji gera það fyrir einhverja sem bíða eftir þessum leyfum.

Ég geri ráð fyrir því að bæði sjálfstæðismenn, og auðvitað líka hv. formaður nefndarinnar og framsóknarmenn, útskýri þetta kannski betur fyrir okkur og leiði okkur til skilnings á því hvers vegna hæstv. ráðherra á að hafa þennan rétt áfram, eða þetta valkvæða ákvæði. Það er full ástæða til að fá útskýringar á því. Þetta ástand kallar nefnilega á áframhaldandi kapphlaup. Kannski eru menn komnir hér með aðallistann en það er ábyggilega verið að velta fyrir sér fleiri möguleikum. Alþingi er því með endurskoðun laganna að skapa vandamál í stað þess að gera tilraun til þess draga úr því. En það er svo sem hægt að skoða þessa hluti í heild sinni og hefði átt að gera. Það höfum við lagt áherslu á í umræðum um þau mál sem hafa komið hér inn. Það eru nefnilega býsna mörg frumvörp, og sum af þeim eru orðin að lögum, sem eiga að taka við af vatnalögunum frá 1923.

En af hverju voru vatnalögin frá 1923 sett? Það var vegna þess að Íslendingar óttuðust að erlendir aðilar mundu eignast fossana á Íslandi. Er það ekki það sem við erum að tala um núna, að menn ætla að eignast þessar orkulindir, komast yfir þær á því tímabili sem líður þangað til menn hafa skapað reglurnar? Við stöndum sem sagt í svipuðum sporum og menn á öndverðri öldinni þegar erlendir aðilar sýndu mikinn áhuga á því að fara að virkja fossana á Íslandi, eignast þá, kaupa þá og sumir vildu endilega selja. Nú reynir á hv. Alþingi Íslendinga hvort það stendur í fæturna eins og það gerði þá eða ekki? Mér finnst einhvern veginn ýmislegt benda til þess að það vanti svolítið upp á metnaðinn hjá hv. alþingismönnum hvað þessa hluti varðar núna. Þegar menn höfðu árum saman farið yfir þessi mál urðu vatnalögin frá 1923 að lögum frá Alþingi. Undanfari þess var fossanefnd sem hafði verið sett á og minnihlutaálit fossanefndar frá 1917–1919 var í raun og veru undirstaða þeirra laga sem hafa verið í gildi síðan og menn eru núna að endurskoða.

Þeir sem hafa skilað tillögum eða frumvörpum til Alþingis á grundvelli þeirrar endurskoðunar sem hefur farið fram undanfarin ár, hvað sögðu þeir í umsögnum sínum? Þeir sögðu að vatnalögin hefðu enst ótrúlega vel. Ótrúlega fá vandamál hefðu verið uppi á þeim tíma, mjög sjaldan þrætur og málaferli vegna vatnalaga af því að menn vönduðu sig við þau lög. En nú koma menn — og það er ekkert óeðlilegt, þetta eru orðin gömul lög og auðvitað þarf að færa þau til nútímans. Ýmsar þarfir hafa myndast sem þarf að uppfylla sem sést best á því að lagabálkarnir sem menn setja í raun og veru á grunni vatnalaganna eru svo margir sem raun ber vitni.

Við erum t.d. búin að sjá raforkulög verða að lögum sem taka til nýtingar á orkulindunum í landinu. Menn hafa á grundvelli þeirra og fleiri laga komið á þeirri samkeppni sem á að taka gildi að fullu um áramótin. Þá voru sett í tengslum við það lög um jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu á raforku. Þau voru líka tengd saman við þetta í rauninni og sett voru lög sem hétu lög um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði. Síðan voru lögð fram tvö lagafrumvörp á síðasta ári. Annars vegar frumvarp til nýrra vatnalaga sem nú er aftur lagt fram og hins vegar frumvarp um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, sem ég nefndi hér fyrr. Það vita menn líka að einn af þeim lagabálkum sem tilheyrir í rauninni endurskoðun laganna frá 1923 eiga að verða lög um vatnsvernd eða eftir því sem nefndin best veit mun það nafn hafa a.m.k. verið vinnuheiti á því frumvarpi og það frumvarp á að byggjast á Evróputilskipuninni um vatnsvernd. Nefndinni er kunnugt um og hún fékk að vita á síðasta vetri að það frumvarp væri í vinnslu í umhverfisráðuneytinu, lægi þar í drögum eins og sagt var. Það frumvarp hefur ekki komið fram enn. Við vitum líka núna að ekki er stefnt að því að lögfesta frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum fyrr en á næsta vetri ef vel gengur. Þá vantar enn það frumvarp sem ég nefndi áðan sem á að koma úr umhverfisráðuneytinu.

Þess vegna er full ástæða til að gagnrýna það hvernig að þessu hefur verið staðið vegna þess að það hlýtur að þurfa heildaryfirsýn yfir þá lagabálka sem eiga að koma í stað laganna frá 1923, en mönnum hefur legið svo á að skilningur á þessu hefur ekki verið fyrir hendi. Það sannaðist síðan í umfjöllun bæði um vatnalagafrumvarpið á síðasta vetri og um frumvarpið um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, að það var æðimargt sem þeir er veittu umsagnir um það frumvarp höfðu við það að athuga og þeir höfðu líka miklar athugasemdir við vatnalagafrumvarpið sem seg-

ir sitt um það. Auðvitað er þetta skiljanlegt. Ég er ekki að setja út á það þó að athugasemdir komi við lagafrumvarp og auðvitað þurfa nefndir þingsins að fást við það og taka sér þann tíma sem þarf til þess að vinna þau mál sem koma inn. Það er náttúrlega höfuðskilyrði að menn hafi yfirsýn yfir málaflokkinn sem um er að ræða. Það hefur ekki verið skilningur á því hjá stjórnarflokkunum og ég verð að segja alveg eins og er að ég botna ekki almennilega í þessu. Mér finnst að full ástæða sé til að menn geri betur grein fyrir því hvers vegna svona er gengið fram.

Hæstv. forseti. Í umræðum í nefndinni um þessi mál og reyndar á hv. Alþingi líka höfum við verið stöðugt minnt á að við tókum þátt í flutningi þessa máls í vor sem leið. Ég kvarta svo sem ekki undan því. Ég er búinn að útskýra hvers vegna við gerðum það. Við gerðum það vegna þess að meiri hluti nefndarinnar sagði við okkur algerlega skýrt og skorinort að ef við gerðum það ekki yrði lagafrumvarpið sem fyrir lá um jarðrænar auðlindir að lögum. Það frumvarp var ekki björgulegt og margt í því sem hefði þurft að breyta. Við töldum það ómaksins vert að reyna að koma í veg fyrir það.

Við sáum líka fram á að vatnalagafrumvarpið mundi ekki verða að lögum í fyrravetur og við töldum að ef bæði þessi lagafrumvörp mundu liggja kæmust menn til einhvers ráðs með þessa hluti og mundu fara að vinna að þessu með einhverja heildaryfirsýn í huga. En hvað gerist? Menn mæta alveg nákvæmlega eins til þessa haustþings eins og þeir voru búnir á þinginu á undan. En munurinn á því hvernig við í minni hlutanum mætum til þessa þings er sá að nú höfum við fengið býsna skýrar staðfestingar á því hvaða vandi er uppi og komin er miklu heillegri mynd á hver eftirspurnin er eftir því að fá að nýta þessar auðlindir. Satt að segja er það ekki fyrir alla að vilja bera ábyrgð á því ástandi sem er að koma upp. Það virðist hins vegar vera þannig að menn vilji glaðir gera það. Ég kemst ekki yfir það, ég skil ekki hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn a.m.k. hefur ekki haft burði í sér til að reyna að ganga í lið með væntanlegum samkeppnisaðilum á þessum raforkumarkaði framtíðarinnar með þeim hætti að sjá til þess að sem flestir þurfi a.m.k. að hlíta sömu reglum sem á að skapa í þeirri nefnd sem verið er að leggja til að fjalli um þær reglur sem eiga að gilda.

Það er svo mikill tvískinnungur í afstöðu nefndarmanna meiri hlutans. Annars vegar koma þeir og vilja setja upp þessa nefnd, sem er bara gott og ég hef hælt þeim fyrir að hafa ákveðið að gera það þó að ráðherrann hafi ekki viljað hafa þá nefndarskipan í frumvarpinu, en hins vegar eru þeir ekki tilbúnir að líta á þau rök sem við leggjum fram og sem þeir sáu sjálfir. Þeir sátu fundi nefndarinnar og ræddu við forsvarsmenn opinberu raforkuframleiðendanna í landinu. Þeir hljóta að hafa séð fyrir sér hvers konar samkeppnisumhverfi það væri sem þeir ætluðu að fara að skapa.

Síðan er alveg ástæða til að nefna vegna þess að hv. formaður nefndarinnar var að búa til einhverja þoku í kringum skilin á milli rannsóknarleyfis og nýtingarleyfis. Segja má að engin skil séu þar á milli önnur en þau að fram fer umhverfismat. Ef hæstv. ráðherra veitir nýtingarleyfið eru engin skil á milli önnur en umhverfismatið. Engin spurning er uppi um hver fær að nýta leyfið þegar búið er að veita viljyrðið. Spurningin er þá um hvort umhverfismatið segi að nýta megi svæðið eða ekki. Og það er alveg rétt, auðvitað þarf að meta það á þeim tíma og ekkert nema eðlilegt að það sé gert.

Hins vegar er ekki hægt að sjá fyrir sér samkeppnisumhverfi um að nýta þessar auðlindir ef menn geta ekki metið verðmæti þeirra með einhverjum hætti. Hvenær á það að fara fram? Reglurnar sem verða settar um það og nefndin sem um þær á að fjalla hlýtur að mínu viti að horfa fyrst og fremst til tillagna auðlindanefndarinnar. Þá verður annaðhvort að láta fara fram einhvers konar útboð, auglýsa þær auðlindir sem nýta má og það yrði þá að hengja saman í einn pakka rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi og bjóða út. Eða að leyfa rannsóknir og síðan verði metið á einhvers konar jafnræðisgrundvelli hverjir eigi að fá þau. Það segir okkur að það verður ekki endilega sá sami sem rannsakar og sá sem nýtir auðlindina. Þannig er það í t.d. olíuvinnslunni í heiminum. Það eru meira að segja til alveg sérstök fyrirtæki sem stunda bara rannsóknir. Hins vegar er ekkert sem kemur í veg fyrir það í sjálfu sér að þeir sem fá rannsóknarleyfin fái síðan nýtingarleyfin, og sjálfsagt eru þeir oftast í bestu aðstöðunni til að fá þau. Aðrir sem hugsanlega fengju nýtingarleyfi eftir að eitthvert annað fyrirtæki hefði rannsakað, yrðu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins að greiða þann kostnað sem liggur þá fyrir vegna rannsóknanna. Það er alveg skilningur á því, meiri hlutinn skilur það alveg að það þurfi. Þarna er ákvæðið. En til hvers er það ákvæði ef hæstv. ráðherra er búinn að veita vilyrði fyrir nýtingunni? Er það til þess að menn geti svo bara selt þetta allt saman, menn geti pissað í eina af þessum þúfum, fengið vilyrði frá ráðherranum og boðið þetta fram á markaðnum? Halda menn að markaðurinn verði ekki til? Auðvitað verður hann til. Menn þurfa fyrst og fremst að huga að svona hlutum þegar þeir eru í aðsigi, ekki einhvern tíma seinna þegar allt er um seinan.

Ég get ekki skilið hvers vegna menn hafa ekki komist til ráðs hvað þetta varðar. Ég óska eftir skýringum á því, ég endurtek, ég óska eftir skýringum á því hvers vegna hæstv. ráðherra á að hafa þetta valkvæða ákvæði hjá sér. Það er tækifæri til að taka þetta ákvæði út. Við erum hér með breytingartillögur sem ganga út á það að þetta ákvæði verði fellt úr lögunum og þá stendur ráðherrann ekki frammi fyrir þeim vanda að fyrirtæki sé að þrýsta á ráðuneytið með að fá nýtingarleyfi með rannsóknarleyfunum. Ég er sannfærður um að það mundi verða til þess að draga úr því kapphlaupi sem nú þegar er hafið. Það er óábyrgt frá hendi Alþingis að standa fyrir slíku gullæði af þessu tagi í landinu.

Hæstv. forseti. Ég get samkvæmt þingsköpum haldið þrjár ræður í þessari umræðu og það getur vel verið að ég geri það. En vegna þess að ég veit að mörgum finnst þetta athyglisverð og áhugaverð umræða til að taka þátt í ætla ég svo sem ekki að lengja mitt mál miklu meira en orðið er í þessari fyrstu ræðu. En það er ýmislegt sem ég á eftir að fara yfir og mun gera síðar í umræðunni ef tilefni gefst til. Ég held að það sé nokkuð ljóst að margir vilja ræða þetta mál. Okkur er auðvitað kunnugt um, það kom mjög skýrt fram hjá vinstri grænum, að þeir vilja að málið verði stöðvað í heild, að ekki verði gerð þessi breyting á lögunum sem hér er verið að leggja til og er auðvitað bara bráðabirgðaað-

gerð. Það fer ekkert á milli mála. Þetta er bara bráðabirgðaaðgerð til þess að mögulegt verði að veita rannsóknar- og nýtingarleyfi eins og meiri hlutinn stefnir að að gert verði. Það er ekki Alþingi til neins sérstaks sóma að talað skuli um lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það er ekki mjög skemmtilegt í sjálfu sér að lögin skuli eiga að heita lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, þ.e. að menn séu að skjóta inn í þau lög nýtingu á vatni sem rennur ofan jarðar. Hér eru ekki margar neðanjarðarár, svo ég viti, sem stendur til að virkja. Auðvitað er þetta bráðabirgðaaðgerð. Í ljósi þess að þetta er bráðabirgðaaðgerð finnst mér að menn verði að gá að sér og a.m.k. gera það sem mögulegt er til þess að koma í veg fyrir það kapphlaup sem er í gangi.

Mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á því — það hefur kannski breyst frá því að ég fór í ræðustólinn — að áður en ég fór í ræðustólinn sá ég að býsna margir voru á mælendaskránni. Ég taldi þá ekki en ætli þeir hafi ekki verið tíu, tólf, eitthvað svoleiðis. En það var enginn sjálfstæðismaður á mælendaskránni. Ég hefði talið fulla ástæðu til þess að þeir fengju rými á mælendaskránni. (Gripið fram í.) Ég mun ekki gráta það þó að þeir færðust upp þannig að þeir hefðu möguleika á því að koma sjónarmiðum Sjálfstæðisflokksins að í þessari umræðu og útskýra fyrir þingheimi hvernig þeir sjá fyrir sér samkeppni opinberu raforkufyrirtækjanna í framtíðinni og hvaða aðstöðu aðrir aðilar komi til með að hafa á þeim markaði sem þeir sjá fram á að er að myndast og hvernig standi á því að þeir hafa slíka ofurtrú á hæstv. iðnaðarráðherra að þeir vilja að hún hafi allt vald í þessum efnum. Það væri fínt að fá útskýringar á því.

Ég satt að segja er á þeirri skoðun að þeim muni vefjast tunga um tönn við að svara því hvernig í ósköpunum standi á því að Framsóknarflokkurinn getur bara látið þá gera hvað sem er. Ég bara trúi því ekki að þeir sjái ekki hvers konar della þetta er. (Gripið fram í.) En það kemur auðvitað í ljós.

[18:34]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fara aðeins yfir það hvað í rauninni er verið að gera með þessari lagasetningu. Það sem er verið að gera er að við erum að færa okkur frá því þegar Landsvirkjun hafði einkarétt á virkjun hér á landi. Við erum að framfylgja raforkulögunum sem við höfum samþykkt hér á þingi. Við erum að færa okkur úr þessu einkaréttarákvæði sem var og yfir í frelsið. (Gripið fram í.) Það erum við að gera og það ánægjulega við það er að mikil gróska er í orkufyrirtækjunum í landinu. Þeir segja okkur það í nefndinni að verið er að spyrja þá um orku, orkuafhendingu og orkusölu næstu árin inn í framtíðina. Þess vegna er svo mikilvægt að orkufyrirtækin hafi möguleika til að fara út í rannsóknir þannig að þau geti planað sig fram í tímann.

Það er ekki þannig að menn geti pantað einn gám af orku erlendis frá. Það þarf að rannsaka þessi svæði bæði í vatnsaflinu og í gufuvirkjununum. Við verðum að samþykkja þessi lög þannig að þessi bolti geti haldið áfram að rúlla eðlilega og við getum fullnægt markaði og eftirspurn hér á landi og sem verður sem betur fer. Það er okkar höfuðverkefni á þinginu að klára þessi lög þannig að þetta geti verið í eðlilegum farvegi áfram og hann er sá nú samkvæmt raforkulögunum að við erum að gefa þetta frjálst. (Gripið fram í.) Svo á þetta eftir að þróast áfram. Allir markaðir þróast og taka breytingum. Þetta er breytingin sem við erum að stíga núna. Það er alveg ljóst mál. (**Gripið fram í:** Skotleyfi á náttúruna.)

[18:36]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jafnvel þó að menn hafi þá skoðun sem hv. þingmaður setti hér fram, — ég ætla ekkert að gagnrýna hana — að það þurfi að vera hægt að rannsaka orkulindirnar þá finnst mér að ástæða hafi verið til þess að hv. þingmaður svaraði því hvers vegna í ósköpunum þeir sjálfstæðismenn vilji að hæstv. ráðherra hafi þetta valkvæða ákvæði til þess að fá þeim í hendur nýtingarleyfin um leið, hvers vegna ekki sé nóg að úthluta nýtingarleyfunum þegar rannsóknum er svo komið að hægt er að sækja um nýtingarleyfi, hvers vegna þetta vilyrði þurfi að vera til staðar.

Sér hv. þingmaður það fyrir sér að þetta skapi óskaplega eðlilegt ástand á þessum markaði? Ég veit að hv. þingmaður man ósköp vel hverjir mættu á fundinn hjá okkur í nefndinni til þess að tala við okkur. Ég taldi þá upp hérna áðan. Það voru engir aðrir. Það voru opinberu orkufyrirtækin. Þau eru öll alveg prýðileg fyrirtæki. Það er ekkert að þeim og allt í lagi með það. En þegar verið er að tala um samkeppni á þessum markaði þá geri ég ráð fyrir því að aldrei geti orðið eðlileg samkeppni nema nýir aðilar eigi möguleika á að koma inn á markaðinn. Það er algjörlega númer eitt til þess að tryggja samkeppnina að nýir aðilar eigi möguleika á að koma inn á markaðinn. En það er ekki verið að huga að þeim eins og ætti að gera að mínu viti. Mér finnst að hv. þingmaður ætti að svara þeim spurningum sem ég hef sett hér fram um það. Hvernig stendur á því að hann og aðrir sjálfstæðismenn í nefndinni og líklega í öllum þingflokknum eru tilbúnir að skrifa upp á þetta valkvæða leyfi (Forseti hringir.) sem ráðherrann getur gefið út?

[18:39]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil koma í örfáum orðum að því að ég sé ekkert í veginum fyrir því að nýir aðilar komi inn á þennan markað þrátt fyrir þessa lagasetningu heldur þvert á móti. Þeir geta sótt um leyfi ekkert síður en aðrir, rannsóknarleyfi og virkjanaleyfi, þannig að ekkert lokar á það. Ég held að það sé algjör misskilningur. (**Gripið fram í:** Einræði ráðherrans.)

Mig langar að koma inn á annað sem hefur kannski ekki verið nógu skýrt í þessari umræðu og það er varðandi (Gripið fram í.) lagabreytinguna og umhverfismatið sem kemur skýrt og klárt inn, þ.e. að umhverfismat á ekki einvörðungu við þegar framkvæmdarleyfi er veitt. Það hefur komið fram í umræðunni hér hjá fleiri þingmönnum að talað hafi verið um að umhverfismatið ætti sér einungis stað þegar framkvæmdarleyfi verði veitt. Í fjölmörgum tilfellum

þarf rannsóknarleyfið að fara í umhverfismat og ekki síst þegar um er að ræða gufuaflsvirkjanirnar þá þarf að byggja stór borplön og leggja vegi þannig að umhverfisraskið verður ekkert síður við rannsóknarundirbúninginn en við nýtingu. Við skulum því hafa það alveg á hreinu að umhverfismat þarf að eiga sér stað oftar en ekki og ekkert síður þegar um rannsóknarleyfi er að ræða. Það er síður kannski í vatnsaflinu þegar rannsóknirnar byggja á rennslismælingum og menn eru að vakta hvernig vatnasvið viðkomandi svæðis hagar sér. Þá þurfa menn ekkert að fara út í neinar raskanir á náttúrunni. Í gufuaflinu er alveg ljóst að menn geta þurft að fara í umfangsmiklar umhverfisaðgerðir til að komast á viðkomandi stað.

[18:41]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Kemur ekkert í veg fyrir að nýir aðilar komi inn í þetta? Það er ekkert nema samkeppnisaðstaðan. Hvernig verður hún? (Gripið fram í.) Hvernig verður þessi samkeppnisaðstaða þegar búið verður að úthluta þessum leyfum öllum með vilyrðum um nýtingarleyfi? (Gripið fram í.) Ég er ansi hræddur um að hún verði ekki mjög björguleg. Halda menn virkilega að verið sé að velja verstu bitana af borðinu? (Gripið fram í.) Það er verið að velja auðvitað bestu bitana. Menn sækja auðvitað um það sem er best að virkja, það sem er líklegast til þess að skila arði og menn sækja um í þeirri von að þeir þurfi aldrei að borga nokkurn skapaðan hlut fyrir orkuna sjálfa. En um það snýst málið. Að því nákvæmlega eiga þeir sem eiga að sitja í þessari nefnd að huga, þ.e. hvernig þessar auðlindir verða metnar. Þeir sem koma undir þær reglur í framtíðinni verða að sæta því að orkan verður metin til fjár en ekki þeir sem fá úthlutað þessum leyfum núna.

Hv. þingmaður nefndi umhverfismatið. Þar vantar nú svolítið upp á metnaðinn. Það kom fram mjög skýrt hjá forstjóra Náttúrufræðistofnunar að verulega mikið vantar upp á að grunnrannsóknir hafi verið stundaðar á þeim svæðum þar sem menn eru að sækjast eftir því að fá að rannsaka auðlindir, sérstaklega auðlindir vegna háhitanýtingar. Hvað var okkur sagt? Að hægt væri að gera þessar rannsóknir að stórum hluta á fjórum árum ef menn fengju 25 milljónir á ári til þess. En þeir eru að fá 8 milljónir á ári sem þýðir að þessar rannsóknir taka að minnsta kosti 12 ár, þ.e. þær nauðsynlegustu sem þurfa að fara fram.

Ég held að menn ættu að huga að þessu líka ef þeir eru svo stórhuga í þessum málum, þ.e. að grunnrannsóknirnar séu þá til staðar. En það stefnir ekkert í það.

[18:43]

Mörður Árnason:

Forseti. Við fjöllum um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það er ekki nema von að þeir sem ekki hafa sérstaklega skoðað hvað er um að vera og hvað hefur verið um að vera á Alþingi núna í tvo vetur séu frekar ruglaðir því að í fyrra kom fram frumvarp um jarðrænar auðlindir sem átti að taka við af þessu frumvarpi. Það tengist reyndar frumvarpi um vatnalög sem einnig var lagt fram síðast og átti að taka við af vatnalögunum frá 1923 sem getið var hér áðan. Síðan kemur fram í vor þetta frumvarp sem heitir sama nafni og það sem hér er flutt og svo kemur viðskiptaráðherra aftur með þetta frumvarp um breytingu á lögum um nýtingu og rannsóknir á auðlindum í jörðu.

Þetta ferli hefur líka verið sérkennilegt. Frumvarpið um jarðrænu auðlindirnar sem kom hér inn í fyrra mætti strax mjög harðvítugri andspyrnu, fyrst miklum spurningum og athugasemdum og síðan andspyrnu frá ekki bara þeim sem hér hafa tekið að sér hlutverk stjórnarandstöðu nauðugir viljugir heldur líka samfélaginu almennt og sérstaklega stofnunum á sviði náttúruverndar og umhverfismála. Þá var gripið til þess ráðs að búa til þetta litla frumvarp, þennan kálf eða kvígu eins og það var kallað hér áðan, í vandræðum síðasta vor þegar sýnt var að þeir eldar sem upp voru komnir gætu breyst í mikinn voða. Sem betur fer endaði það nú með því að hvorki boli né kálfur var leiddur hér í gegnum þingið í vor. Og svo kemur þetta frumvarp nú.

Fyrst er nú við þetta að bæta að ferill þeirrar nefndar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu eins og það er nú orðið eftir umfjöllun í iðnaðarnefnd — nú er ég að vísu ekki með það skjal þannig að ég verð að fara með það eftir minni — nefndar sem á að starfa í nokkurn tíma og gera sér og landsmönnum öllum, hagsmunaaðilum og haghöfum ýmsum, grein fyrir því hver framtíðarskipan getur orðið í þessum málum um nýtingu auðlinda, jarðrænna eða í jörðu eða vatnsafls eða hvernig það er nefnt og fer eftir því í hvaða plaggi maður er staddur.

Þessi nefnd leit fyrst dagsins ljós á pappír einmitt í því stóra frumvarpi sem ég nefndi áðan, frumvarpinu um jarðrænar auðlindir. Þá var hún í því samhengi að að því frumvarpi samþykktu — sem var mjög gagngert frumvarp og mótaði stefnu til mikillar framtíðar og í ranga átt að því er ég taldi og tel — átti hún að taka við og athuga málin. Í nefndinni áttu að sitja fulltrúar allra flokka, ég man ekki hvort þar áttu að vera einhverjir fleiri en örugglega í samráði við hina og þessa sérfræðinga, en í raun og veru var verksvið nefndarinnar orðið mjög lítið að samþykktu því frumvarpi.

Það sem iðnaðarnefnd gerði svo í fyrra, þegar hún tók upp á því að breyta bola í kálf, var að reyna að taka aðalatriðin sem hún taldi vera eða það brýnasta sem hún taldi vera í stóra frumvarpinu, í stóra bola, og nota það til að skapa kálfinn og þá var ekki það síst að úr því að farin væri þessi hjáleið þá ætti endilega að setja á stofn þessa nefnd sem síðan rannsakaði framhaldið.

Það ber eiginlega að harma að sá kafli frumvarpsins skuli ekki hafa verið samþykktur í vor því að hann var kannski það bitastæðasta í frumvarpinu öllu, í stóra bola, að menn settust niður yfir þetta mikla úrlausnarefni sem enn bíður okkar að ákvarða, að reyna að leita sameiginlegrar leiðar í eins mikilli sátt við guð og menn og hægt er í þessum efnum til að koma okkur saman um nýtingu og háttalag um orkulindir. Það hefur ekkert verið skýrt en kemur vonandi fram við þessa umræðu hér hvers vegna iðnaðarráðherra ákvað, um leið og hún valdi þá leið í vandræðum sínum með stóra bola, að taka kálfinn og að fella út úr honum ákvæðin um skipun þessarar nefndar.

Það er, forseti, furðulegt að iðnaðarráðherra skuli hafa

gert það, því hafi verið ástæða til að hafa ákvæðin um nefndina inni í fyrsta frumvarpinu um jarðrænar auðlindir þá var svo sannarlega ástæða til að hafa það inni í þessu frumvarpi, enda gerði iðnaðarnefnd ráð fyrir því í fyrra og er reyndar söm við sig nú. Og það verður að segja meiri hluta iðnaðarnefndar til hróss í þessu máli að hún hefur dirfst, þvert á vilja ráðherra greinilega, að setja aftur inn þetta ákvæði. Svo er auðvitað spurning hvort það á betur heima í frumvarpinu eða utan þess eins og það er borið fram nú þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra veiti, þangað til lög eru samþykkt eða nefndin komist að niðurstöðu sem unað verði við, þetta vilyrði um nýtingarrétt vatnsaflsvirkjana sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu eða í þeim lögum sem að lokum kæmu út úr því. Það er spurning hvort menn hafa geð í sér til að setjast í slíka nefnd þegar ráðherra hefur sjálf allt vald í höndum sér til úthlutunar þessa vilyrðis þvert á það sem nefndarmenn kynnu að vera að hugsa um og án nokkurra reglna. Í öðru lagi hlýtur maður að fjalla hér nokkuð rækilega um hvernig ráðherranum dettur í raun og veru í hug að vilja fá vatnsaflið inn í lög sem gera ráð fyrir því að hún geti eða verði þar með knúin til að veita það vilyrði til nýtingar sem hér er um að ræða.

Hv. fyrri ræðumaður, Jóhann Ársælsson, sagði það um ráðherra að í raun og veru ætti ráðherrann að fagna þeirri breytingartillögu sem hér er flutt um að þessi kaleikur sé frá henni tekinn vegna þess að það er alveg ljóst af tíðindum þessa árs eða tíðindum sumarsins og haustsins að það verður gríðarlegur þrýstingur á ráðherrann að veita slík vilyrði um leið og hún veitir rannsóknarleyfin. En það er kannski einmitt þess vegna sem ráðherra er að þessu að hún vill fá þennan þrýsting og geta þá notað þetta vilyrði til þess að drífa pólitík eins og henni sýnist. Ráðherranum hefur reyndar á öðrum stöðum þar sem hún hefur komið við í pólitískum efnum á undanförnum missirum beitt sér fyrir aðgerðum og lagabreytingum sem auka vald ráðherrans. Nýjasta dæmið er auðvitað Byggðastofnun þar sem ráðherrann virðist stefna að því að hún leggi meira og minna upp laupana af sjálfsdáðum og síðan verði þau verkefni sem Byggðastofnun hefur færð inn í ráðuneytið þannig að ráðherra hafi beinan úthlutunarrétt og geti komið þeim gæðum sem í þeim úthlutunarrétti felast til þeirra sem henni þóknast. Ég verð að segja hér í framhjáhlaupi að ég hef aldrei verið mjög hrifinn af þessari stofnun, Byggðastofnun, en þó hefur mér verið sagt og mér hefur skilist að einkum hin síðari ár hafi fagmennska heldur orðið meiri en áður var, bæði í starfi stofnunarinnar sjálfrar og einnig í störfum að úthlutun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. (**Gripið fram í:** Undir forustu Framsóknarflokksins.) Vissulega undir forustu Framsóknarflokksins en með ráðum og dáð allra þeirra sem þarna koma að máli sem er vissulega frá fornu fari nokkurn veginn þverpólitísk stjórn, a.m.k. að flokkslit þó að hún sé það kannski ekki alveg að stefnu í landsmálum því að þarna hafa á einhvern hátt valist einkum nokkuð harðkjarna byggðastefnumenn og hefði hugsanlega verið kostur fyrir stofnunina að hafa fulltrúa höfuðborgarsvæðisins þar á meðal vegna þess að byggðastefna er auðvitað mótsögn í sjálfu sér ef hún á bara við það að beinast að byggðum utan höfuðborgarsvæðisins.

Í þessum byggðamálum hefur verið ljóst að ráðherrann hæstv., sú sama og hér er um að ræða, hefur smátt og smátt verið og haft þá stefnu að beina valdinu til sín þannig að hún hafi valdið en ekki sú stofnun sem þarna var um að ræða. En af hverju var valdið sett til hennar í upphafi? Nú tek ég enn fram að margt hefur þar farið á verri veg en menn ætluðu. Það var auðvitað til þess að því valdi og þeim fjármunum sem í þessari stofnun fólust væri varið með tilliti til þeirra hagsmuna sem átti að verja en ekki í flokkspólitískum úthlutunum sem alltaf er hætt við þegar ráðherra hefur þetta vald. Þetta virðist því vera ákveðið munstur hjá ráðherranum og vekur ekki traust um það hvernig hún fari með vald sem hún er hér að reyna að afla sér.

Menn hafa rætt hér nokkuð um það, einkum formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, að með einhverjum hætti hafi minni hluti iðnaðarnefndar hlaupist undan merkjum frá því í fyrra og saknar þar vina í stað sem minni hlutinn er, vegna þess að hann flutti í fyrra það frumvarp sem þá var flutt og leiddi þá kálfinn hér inn á vettvang ásamt meiri hlutanum. Það er rétt og verður ósköp einfaldlega að ítreka að það var gert í þeirri stöðu að menn voru að reyna að bjarga því sem bjargað varð af þessari skrýtnu og miklu lagabreytingartillögu. Það sem hefur gerst síðan er að enn hefur aukist í fréttir af áætlunum um virkjanir og iðjuver í framhaldi af því og það er augljóst að það umhverfi sem við búum við núna er jafnvel enn flóknara og enn verra við að eiga af hálfu ráðherra, sem ekki hefur neitt við að styðjast nema sitt eigið vit og geðþótta, en þó var á þeim tíma sem um er að ræða, síðastliðið vor.

Það er alveg augljóst að við þær breytingar sem hafa orðið hér í umhverfi orku-, virkjunar- og umhverfismála á síðustu missirum þá verður ráðherra, framkvæmdarvaldið, að hafa ákveðnar leikreglur að styðjast við þegar hún úthlutar leyfum bæði til rannsókna og enn fremur til nýtingar. Það hefur það mikið gerst á öllum þessum sviðum að það er ómögulegt fyrir ráðherrann til lengdar annað en að hafa slíkar reglur ef hún vill standa sig faglega og standa pólitískt rétt að málunum. En auðvitað má segja að þegar mikið er um að vera og þegar fram undan eru greinilega miklar umbyltingar á þessu sviði þykir ráðherrum og valdsmönnum af ákveðnu tagi þægilegt að geta farið að geðþótta sínum. Það er auðvitað fullkomlega í stíl þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, ríkisstjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, og þeirra ríkisstjórna sem þeir flokkar hafa myndað áður í Íslandssögunni á öldinni sem leið, að sækja sér einmitt vald til úthlutana sem allra mest vegna þess að völd þeirra eða réttara sagt krafturinn á bak við pólitískt starf þeirra byggist ekki á því að reyna að breyta samfélaginu til einhverrar áttar, að hafa einhverjar þær hugsjónir eða hugmyndir sem geti leitt af sér betri samskipti, betri reglur, t.d. jafnari stöðu manna sem við jafnaðarmenn mundum leggja áherslu á, heldur hafa þessar ríkisstjórnir einkum verið myndaðar til þess að skipta með sér völdum og úthluta gæðum sem hafa staðið ráðherrum og ríkisstjórnum til boða að úthluta á milli vildarvina sinna í Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. Við munum að lengst af á síðustu öld var atvinnulífinu skipt í tvennt eftir einmitt þeim sömu línum og skáru í sundur og skildu á milli Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks og þær ríkisstjórnir Framsóknar- og Sjálf-

stæðisflokks sem hér sátu höfðu gert sérstaka samninga um það formlega eða óformlega að hvor parturinn af atvinnulífinu um sig, sjálfstæðisparturinn og framsóknarparturinn, nyti sérstakrar velvildar hjá ríkisstjórninni og þar yrði samið um samskipti og tækifæri þessara atvinnulífsparta til framhaldslífs.

Það út af fyrir sig kemur því heldur ekki á óvart en ég hlýt að spyrja Birki Jón Jónsson, hv. þingmann og formann iðnaðarnefndar, hvort það sé ekki einmitt þannig sem þetta er hugsað að í því hléi sem nú skapast þangað til nýjar aðstæður komist upp geti hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnin öll ráðið því sjálf án reglna, vegna þess að reglurnar virðast ekki vera til, hverjir fá rannsóknarleyfi og hverjir fá vilyrði til nýtingarleyfis og síðan nýtingarleyfið sjálft.

Hér var svolítið rætt um umhverfismat áðan og formaður iðnaðarnefndar taldi að það kæmi hér mjög við sögu og lagaði þetta heilmikið. Ég þori nú ekki að fara með það, af því að ég er ekki með lögin fyrir framan, en mig minnir að umhverfismat geti einmitt komið til greina við rannsóknarleyfi og sérstaklega við rannsóknarleyfi sem taka til jarðvarma eða gufuafls, eins og hv. þm. Kjartan Ólafsson kallaði það áðan, vegna þess að það veldur raski.

Nú má ræða lengi um umhverfismatið en umhverfismatið sker ekki úr um það hver fær leyfið. Það er misskilningur hjá hv. formanni iðnaðarnefndar að það geri það. Umhverfismatið sker í raun og veru ekki úr um neitt af því tagi heldur er umhverfismatið ákveðinn ferill sem tryggir að allar skoðanir og allar athugasemdir komi fram áður en hið pólitíska vald tekur ákvörðun og ekki ákvörðun um leyfið heldur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli fara fram eða ekki. (Gripið fram í.) Það er réttur skilningur, já. Í raun og veru verð ég að biðja hv. þingmann afsökunar á því að hafa gert honum upp aðrar skoðanir í þessu efni því að þetta vita menn auðvitað og einkum þeir sem sitja í iðnaðarnefnd. En vegna þess arna er umhverfismatið eiginlega ekki partur af þessari umræðu. Það kemur ekkert hér við sögu, það skiptir engu máli gagnvart því hver hefur rannsóknarleyfið og hver hefur nýtingarleyfið. Þá er eiginlega næst eftir þessar stuttu inngangsathugasemdir að fara hér yfir ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Telur hv. þingmaður að hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?)

Já, ég tel að nokkuð sé eftir, forseti.

(**Forseti** (BÁ)**:** Þá hyggst forseti gera hlé á þessum fundi til klukkan átta og óskar eftir því að hv. þingmaður geri hlé á ræðu sinni þar til fundur hefst að nýju vegna kvöldmatarhlés og nefndarfunda.)

[Fundarhlé. — 19:03]

[20:01]

Útbýting:

Dýravernd, 312. mál, nál. umhvn., þskj. 541; brtt. umhvn., þskj. 542.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál, nál. allshn., þskj. 531; brtt. allshn., þskj. 532.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 364. mál, nál. félmn., þskj. 529; brtt. félmn., þskj. 530.

Úrvinnslugjald, 179. mál, nál. umhvn., þskj. 534; brtt. umhvn., þskj. 535.

[20:02]

Mörður Árnason (frh.)**:**

Forseti. Ég var búinn að fara yfir nokkrar inngangsathugasemdir í þeim hluta ræðu minnar sem ég lauk fyrir matarhlé og hyggst nú hefja meginefni ræðunnar.

Það er auðvitað ekki allt slæmt við þetta frumvarp til laga um breytingu á lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og það er sérstaklega 3. gr. í frumvarpinu sem er góð. Hún er um það að ef annar en rannsóknarleyfishafinn fær leyfi til að nýta viðkomandi auðlind þá geti sá sem kostaði rannsóknirnar gert kröfu á nýtingarleyfishafann, eins og það heitir, um að greiða sér aftur kostnaðinn vegna rannsóknanna, eða markaðsvirði þeirra, og fái þá niðurstöðu rannsóknanna til sín enda geti þær nýst þeim sem hefur nýtingarleyfið. Þetta er auðvitað afar mikilvægt og þá má spyrja: Af hverju er það það? Það er vegna eins þáttarins í hinni nýju stöðu í virkjunarmálum og á orkumarkaði og í umhverfismálum sem upp er komin á síðustu missirum.

Þetta er auðvitað í raun og veru alveg sjálfsagt ákvæði en var ekki inni áður vegna þess að þá var það þannig bæði um vatnsafl og jarðvarma að það þótti sjálfsagt og eðlilegt ástand að sá sem fékk rannsóknarleyfið væri að rannsaka eingöngu til þess að nýta það. Hann gerði það þá upp á sína, eins og það hét í gamla daga og heitir enn á viðeigandi stöðum, tæki þá áhættu sem af því hlytist og fengi hana þá launaða ef allt gengi vel. Af hverju voru menn svona tiltölulega afslappaðir gagnvart þessu? Jú, vegna þess að þar var um opinbera aðila að ræða í hvert skipti. Hér ríkti í raun engin samkeppni og ríkir kannski ekki enn þá fyrr en á síðustu mánuðum. Annars vegar var Landsvirkjun með nánast allt vatnsafl sem til greina kom að rannsaka eða nýta og hins vegar voru svo nokkur orkufyrirtæki sem fóru í jarðvarmann. Landsvirkjun ber auðvitað að nefna fyrsta, hún kemur fyrst í hugann vegna Kröfluævintýrisins mikla en auðvitað er Orkuveita Reykjavíkur miklu eldra fyrirtæki í fyrra líki sínu sem Hitaveita Reykjavíkur, sem væri vert að taka til rækilegrar sögulegrar umfjöllunar en verður látið eiga sig að sinni, og síðan Hitaveita Suðurnesja og sjálfsagt er ég að gleyma einhverjum þótt ég sé alveg örugglega kominn með þá stærstu.

Hér var í raun og veru ekki um það að ræða að þyrfti að skipta rannsóknarleyfum eða einhverjum svæðum á milli. Þetta gerði sig sjálft, hver hafði nóg með sitt og það var eðlilegt að þessi tvö fyrirtæki, auk Landsvirkjunar, hefðu hvort sitt afmarkaða svæði og litlir eða engir árekstrar voru á milli þeirra. Nú er hins vegar annað uppi í þessu. Nú er búið að koma á samkeppni eða markaði að evrópskri kröfu — ég hef hrósað mörgu sem það kemur en kannski síður núna — og ég tel að kannski hefðum við átt að fara hægar í það og gera það á annan hátt. Aðstæður í Evrópu eru allt aðrar en hér á landi í þessum efnum. Þar var auðvitað fyrst og fremst verið að miða við að landamæri lokuðu menn ekki af við rannsóknir eða réttara sagt við nýtingu á sölu á orku. Hér eru landamæri þannig að jafnvel Evrópusambandið á erfitt með að opna þau þannig að þær grunnforsendur sem voru að baki þessari breytingu í Evrópusambandinu og þar með Evrópska efnahagssvæðinu voru ekki og eru ekki enn fyrir hendi hér, þ.e. að ekki sé mismunað

eftir ríkisfangi, þjóðerni fyrirtækja eða einstaklinga.

Svona er þetta nú komið, við bjuggum þetta til og þá er næsta skref — þó að við hefðum kannski átt að taka bæði í einu — að stjórnmálamenn, fulltrúar almennings, þeir sem fara með almannavaldið virði fyrir sér hvers konar markaður þetta á að vera og hvers konar samkeppni þar á að ríkja. Til þess er sú nefnd sem iðnaðarráðherra kom með í frumvarpinu um jarðrænar auðlindir í fyrra og á sér þessa sérkennilegu sögu sem ég rakti í upphafi, að hún hoppaði þaðan úr stóra frumvarpinu í litla frumvarpið sem flutt var í vor og náði ekki í gegn. Síðan datt nefndin allt í einu út úr litla frumvarpinu þegar það var komið upp í iðnaðarráðuneyti og iðnaðarráðherra sendi það síðan hingað en iðnaðarnefnd setti núna aftur inn þá nefnd sem einmitt á að rannsaka þetta. Ég verð að segja, forseti, að að 3. gr. slepptri, ég er enn að ræða um hana, þá hefði mér fundist kannski að ekkert ætti að standa eftir af þessu stóra frumvarpi iðnaðarráðherra og litla frumvarpi iðnaðarnefndar frá því í fyrra og síðan því sem meiri hluti iðnaðarnefndar flytur núna og hefur tekið við af iðnaðarráðherra aftur, nema þessi nefnd. Við ættum að leggja áherslu á hana og hraða henni vegna þess að hún er einmitt að gera það sem við hefðum þurft að gera strax og þessi markaður varð til, þ.e. að móta um hann reglur, gera grein fyrir honum og koma honum af stað.

Það ástand sem upp hefur komið vegna þess að þetta var ekki gert og hefur ekki verið gert enn þá, er auðvitað það sem gerist þegar markaður fer af stað án þess að honum sé með einhverjum hætti sinnt, hann hefur engar reglur nema hnefaréttinn, engar leikreglur nema frumskógarlögmálin. Það er sorglegt að iðnaðarráðherra og hans menn í ráðuneytinu, þeir hagsmunaaðilar sem hann hefur helst samráð við og ríkisstjórnin öll skuli ekki hafa gert sér grein fyrir þessu. Það er kúnst að búa til markað en þá kúnst verða menn að fara út í, ef þeir segja A í þessum efnum þá verða þeir líka að fara með allt stafrófið og reyna að klára dæmið, ef þeir ætla að vera fulltrúar almannavaldsins og fremja landsins gagn og nauðsynjar. Þetta er einstætt vegna þess að í raun og veru er enginn markaður til fyrir og markaðurinn þess vegna skapaður nánast upp úr engu. Almannavaldið kemur þar við sögu á öllum punktum og þess vegna ber það enn þá meiri ábyrgð í þessu efni en þegar um er að ræða að koma með lagfæringar á einhverjum skekkjum á markaði sem raunverulega er þó til og hefur sín innri lögmál.

3. gr. í frumvarpinu sem hér liggur fyrir er þó viðleitni í þessa átt. En vegna þess að málið er ekki hugsað meira en raun ber vitni þá stangast tilgangur 3. gr., eða forsendur 3. gr., á við það sem er meginmálið í þessu frumvarpi þó að það standi hvergi í því, þ.e. að iðnaðarráðherrann geti gefið vilyrði um nýtingarleyfi til vatnsaflsvirkjunar um leið og ráðherra gefur rannsóknarleyfið.

3. gr. klýfur í raun og veru sundur rannsóknarleyfishafann annars vegar og nýtingarleyfishafann hins vegar. Hún gerir ráð fyrir því að sá sem sækir um rannsóknarleyfi klári rannsóknir sínar og hætti síðan á þeim punkti vegna þess að honum þyki rannsóknirnar þannig að framkvæmdin muni ekki vera arðbær, vegna þess að hann vilji ekki fara í gegnum þau átök sem e.t.v. þarf til til að koma virkjununum af stað. Það gæti t.d. verið vegna umhverfismála, að honum lítist ekki á að fara þannig gegn þeim sem huga að umhverfismálum að hann þurfi að efna til stórstyrjaldar til að hafa sitt í gegn eða ósköp einfaldlega, sem er þegar staðreynd og verður vonandi enn frekar í framtíðinni, að framkvæmdamenn hafa ákveðnar umhverfisforsendur sjálfir samkvæmt þeirri umhverfisstefnu sem þeir hafa mótað og þeirri samvisku sem þeir telja að t.d. fyrirtæki á virkjanasviði hljóti að tileinka sér í þeim efnum. Ég verð að segja að þó að margt skorti á í þessum efnum hjá fyrirtækjum hér þá eru líka dæmi um annað. Kannski má nefna tvö af þeim þremur fyrirtækjum sem ég nefndi áðan til vitnis um það þótt ég vilji ekki oflofa þau í þessu efni. Það eru annars vegar Orkuveita Reykjavíkur og hins vegar Hitaveita Suðurnesja sem eiga sér jákvæðan feril í þessu hin síðustu ár hvað sem um almennar framkvæmdir þeirra sérstaklega fyrr á tímum má segja þegar þessi hugsun var ekki jafnáberandi.

Það sem Drottinn gefur hins vegar með annarri hendinni tekur hann með hinni í þessu frumvarpi því um leið og 3. gr. er sanngjörn og rétt og framfaraskref í þessum efnum þá er ráðherranum veitt sama heimild í vatnsaflinu og hann þegar hafði í jarðvarmanum, sem sé að veita þeim sem annast rannsóknirnar vilyrði fyrir nýtingu. Þannig gæti komið upp, sem er þvert á 3. gr., að rannsóknarleyfishafinn geti sjálfur tekið sér þennan nýtingarrétt án þess að skilið sé þar á milli. Ég held hins vegar að mikilvægt sé að skilja þarna á milli. Það sé klárt að sá sem rannsakar hafi ekki sjálfkrafa þennan nýtingarrétt. Ein af ástæðunum fyrir því að svo þarf að vera er auðvitað að á okkar tímum verður það ekki lengi liðið, að ég hygg, að ekki sé greitt fyrir afnot af þeim auðlindum sem hér er um að ræða.

Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því, forseti, að þessar auðlindir, hvort sem við erum að tala um jarðvarmann eða vatnsaflið, eru endanlegar á Íslandi. Við búum ekki á sléttum Afríku eða í hinni miklu og stóru Ameríku þar sem mönnum fundust auðlindirnar einu sinni óþrjótandi, sem þær eru auðvitað ekki, heldur búum við í landi sem er tiltölulega lítið. Okkur finnst það stórt og mikið af því að við virðum og metum það mikils og okkur finnst það líka vegna þess að við erum tiltölulega mjög fá sem um það hugsum. Þess vegna finnst okkur þetta ævintýri á hálendinu og jafnvel í óbyggðum, héraðsbundnum óbyggðum má segja, svo stórfenglegt að við höldum að þetta sé endalaust en er það auðvitað ekki. Þegar við lítum yfir þær auðlindir sem við raunar höfum miklar skýrslur um sjáum við að þær eru endanlegar. Ég kann ekki að fara með tölur um það, en ljóst er að með núverandi hraða í virkjunarmálum — ef maður tekur t.d. Kárahnjúkavirkjun eða Hellisheiðarvirkjun, svo við tökum tvær ólíkar virkjanir saman — mætti nánast klára það sem er tæknilega unnt að virkja með lágmarkstilliti til náttúrufars og umhverfisþátta á um 2–3 áratugum ef menn hefðu nægilegt fjármagn og væru nógu kaldrifjaðir til þess, þá mætti gera þetta svona.

Það er ákaflega alvarlegt í því ljósi að í frumvarpinu, sem gerir ráð fyrir að iðnaðarráðherra geti veitt þetta vilyrði þeim sem rannsaka til að nýta, skuli ekki vera um það neinar frekari reglur. Ég held að í gömlu lögunum sem enn gilda, þó gömul séu, hafi þetta á sínum tíma verið eðlilegt. Þau eru auðvitað hugsuð fyrst og fremst fyrir það sem

menn tala um í titlinum, um auðlindir í jörðu, og höfðu þá ekki hugmyndaflug til að ímynda sér að það gæti átt líka við vatn sem rennur ofan á jörðinni, menn hafi verið að hugsa fyrst og fremst um jarðvarma. Á þeim tíma sem þetta er undirbúið og samið var allt annað ástand og út af fyrir sig eðlilegra að rannsóknarleyfi fylgi nýtingarvilyrði um jarðvarma en um hitt, en einkum kann um það að hafa ráðið að ekki var fyrir hendi nein samkeppni á þessum stöðum.

Ljóst er að ef þetta verður þannig að ráðherra beitir rétti sínum til vilyrðis og hún verður undir miklum þrýstingi til að beita honum á næstunni þá mismunar það mjög milli fyrirtækjanna. Ljóst er að það verða einkum hin eldri fyrirtæki eða þau sem nú eru stór og sterk sem þrýsta á um að taka að sér þessar rannsóknir og þar með þá umrætt vilyrði til nýtingar vegna þess hreinlega að verulegt fé þarf og verulegan fjármagnslegan styrk til að fara út í rannsóknir sem menn vita ekki hverju skila. Ný fyrirtæki gera það miklu síður en hin eldri nema þau hafi þá náð sér í þann styrk með einhverjum hætti. Það er líka ólíklegt að að þessu frumvarpi samþykktu komi upp sú staða sem æskileg væri að sum fyrirtæki yrðu kannski fyrst og fremst rannsóknarfyrirtæki. Það má vel ímynda sér að svo verði. Mönnum kann að finnast það vera nokkuð útópísk hugmynd. Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi þetta í ræðu sinni og vísaði til aðstæðna erlendis. En það hefur ýmislegt gerst fráleitara á síðustu árum í atvinnulífinu en það að eitthvert af þeim fyrirtækjum sem eru í orkuvinnslu eða í kringum orkukerfið gerist sjálfstætt rannsóknarfyrirtæki. Í raun og veru er með t.d. ÍSOR kominn upp vísir að því í opinbera geiranum og getur vel verið að það verði líka í hinum. Til þess þarf auðvitað mikið fjármagn en það er fyrir hendi á landinu og auðveld samskipti við erlenda banka sem betur fer eftir aðildina að Evrópska efnahagssvæðinu og opnun landsins með ýmsum hætti.

Það væri að ég hygg ákaflega æskileg þróun að fyrirtæki sérhæfðu sig í slíkum rannsóknum og það væri líka sjálfsagt að hið opinbera hjálpaði þeim til þess og fengi þau til að rannsaka sem allra flest svæði þannig að ekki væri eingöngu um að ræða rannsóknir til að selja síðan nýtingarfyrirtækinu. Það væri ákaflega heppilegt. En það er ljóst að ef rannsóknarleyfishafinn er bundinn við nýtinguna með vilyrðum frá ráðherranum, sá stendur sem sagt betur gegn ráðherranum sem vill þetta vilyrði og vill nýta heldur en sá sem einungis vill rannsaka, ekki er lokað fyrir þann möguleika en hann yrði þá í raun ekki raunhæfur í framtíðinni.

Ég var áðan að tala um nýja tíma í þessum efnum og þeim nýju tímum fylgir klárlega sú krafa sem ég minntist á áðan að menn borgi að lokum fyrir afnot af auðlindinni. Við höfum rætt þetta nokkuð lengi, sérstaklega um sjávarútveg og með litlum árangri kannski en þó þeim að sett var niður ágæt nefnd, auðlindanefndin sem menn höfðu kannski ekki mikla trú á í byrjun en rættist ákaflega vel úr. Hún skrifaði í rauninni grundvallarskýrslu um þetta efni sem við erum enn að vinna úr. Auðlindanefndin gerði ráð fyrir að þannig yrði í framtíðinni að orkuvinnslufyrirtæki borguðu fyrir afnot af auðlindinni vegna þess að auðlindanefndin ímyndaði sér að ákveðnar auðlindir væru sameign landsmanna. Maður spyr sig auðvitað að því vegna þess að ekki er gert ráð fyrir neinu slíku í frumvarpinu og í umræðunni í kringum það, hvort hæstv. ráðherra geri ráð fyrir að það verði ekki. En ef það á að verða þarf að skilja að vissu leyti á milli rannsóknarleyfisins og nýtingarleyfisins, a.m.k. ef fara ætti þá leið sem auðlindanefndin benti á að væri best í þessu að loknum ákveðnum rannsóknum og að því loknu að menn þættust vissir um að framkvæmdin gæti tekist bæði frá hagkvæmnissjónarmiðum og einnig frá umhverfissjónarmiðum og almennum pólitískum sjónarmiðum, að nýtingarrétturinn yrði boðinn upp. Þá fengist fyrir hann það verð sem glúrnir menn sköpuðu eða markaðurinn byði upp á svo maður noti algengt orðalag.

Ljóst er að með því að vilyrði sé tengt rannsóknunum þá væri iðnaðarráðherrann búinn að koma í veg fyrir að markaður myndist um þá auðlind sem í boði er, þann auðlindaafnotarétt sem í boði er og yrði þá annaðhvort sjálf að búa til verð á slíka nýtingu eða þá það sem hæstv. iðnaðarráðherra er væntanlega að hugsa með þessu, að það verði ekkert verð á henni, menn kaupi einfaldlega auðlindina sem eign af einhverjum sem áttu hana fyrir og það passar vissulega ágætlega við frumvarp sem sami hæstv. ráðherra flutti um daginn og flutti reyndar líka í fyrra, þ.e. frumvarpið um ný vatnalög. Þar er einmitt gert ráð fyrir að það sé klár venjulegur eignarréttur af sama tagi og þegar maður á bíl eða hamar, þannig geti maður líka átt t.d. vatnsfall eða foss. Því miður komst sá eignarréttur á árið 1998 um hinar svokölluðu auðlindir í jörðu, sem sennilega verður í framtíðinni talið með verri lagaslysum á Íslandi vegna þess að það er ákaflega erfitt og dýrt að koma því til rétts vegar aftur og skapa þann þjóðarrétt sem sjálfsagður hefði verið. Rétturinn nær, ef lögin yrðu tekin bókstaflega, inn að miðju jarðar, réttur landeiganda og þeirri ágætu spurningu Sighvats Björgvinssonar hefur aldrei verið svarað sem hann orðaði á þá leið að úr því að landeigandi á rétt á öllum auðlindum inn að miðju jarðar verður hann þá ekki að bæta líka fyrir þann skaða sem hlýst af þeim auðlindum? Hvað ef upp kemur eldgos í garði hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur? Ber þá ekki henni sem landeiganda að bæta okkur öllum hinum það upp sem upp úr hennar garði skreið?

Það er mörg flækjan í þessu en auðvitað ætti það að vera þannig að eignarréttur sé með öðrum hætti, bæði með jarðvarmann og aðrar auðlindir í jörðu og einnig og allra helst með vatnsaflið, við erum aðallega að tala um það hér. Breytingarnar eru á því sviði, að þar ríki sem sé þjóðareign.

Þá er rétt að fara aðeins yfir það að eignarréttur getur verið margs konar. Við þekkjum aðallega eignarrétt sem einkaeignarrétt eins og ég nefndi áðan, það sé þegar maður á bíl, hamar, hús eða bók og sá eignarréttur er að sjálfsögðu varinn í stjórnarskrá. Það er ein af undirstöðunum í réttarríki okkar og samfélagsgerð að sá einkaeignarréttur sé til og hann sé varinn. Hann strandar á ákveðnum sviðum en hann er vissulega ein af undirstöðunum í þjóðfélagskerfi okkar.

Síðan er til annars konar réttur. Það er opinber einkaeignarréttur. Ríkið getur líka átt bíl, hamar og bók en síðan er til í lögum okkar, sem menn hafa verið seinir að viðurkenna, þjóðareign sem er af öðru tagi en þessi réttur. Skýrustu dæmin um þjóðareign eru Þingvellir við Öxará sem eru skilgreindir þannig í lögum að þeir séu þjóðareign sem aldrei má láta af hendi og aldrei selja og þjóðin á öll saman.

Sú eign er eðlisólík því að ríkið eigi bíl eða hamar.

Það má líka reyndar fara lengra. Þótt ekki sé um eignarrétt að ræða af sama tagi og það sem ég hef þegar nefnt þá er auðvitað ákveðinn sameiginlegur eignarréttur eða kannski umsýsluskylda öllu heldur á t.d. stofni í hafi sem tilheyrir mörgum þjóðum. Einn aðili, einn eigandinn getur ekki farið með þann stofn eins og honum líkar og svo má fram halda. Það er auðvitað mikill galli að við skulum ekki hafa borið gæfu til þess á undanförnum árum, t.d. 10–15 árum, að hafa mótað þetta hugtak betur og komið í þjóðareign, skýrt þjóðareignina á því nákvæmlega sem við viljum hafa í þjóðareign.

Ég man ekki betur en jafnvel stjórnarflokkarnir hafi notað þetta hugtak og þá varla í skilningnum einkaeignarréttur ríkisins þegar þeir ákváðu í stjórnarsáttmála sínum að gera auðlindir sjávar að þjóðareign í stjórnarskrá. Ég veit ekki betur en það standi í því plaggi og að sá sáttmáli gildi enn. Við bíðum þess að hin ágæta nefnd undir forsæti Jóns Kristjánssonar framkvæmi þessa stefnu ríkisstjórnarinnar þannig að það er ekki eins og menn hafi neitað þessu einu sinni þar. Það væri allt öðruvísi ef við værum með það alveg skýrt um auðlindir, annars vegar auðlindir í jörðu og hins vegar vatnsaflið, að yfir þær næði þjóðareign sem fylgdi því að gera vel við þá menn sem nærri búa og veita nýtingarrétt á ákveðnum forsendum.

Það hefur fleira gerst en það að til sé orðinn samkeppnismarkaður, að vísu ákaflega furðulegur en samkeppnismarkaður þó að lögum á orkusviði. Það hefur fleira breyst í samfélaginu en það og eitt af því er auðvitað að á síðustu þremur, fjórum áratugum hefur orðið gríðarleg vakning í umhverfismálum. Menn hafa vaknað fyrir því að auðlindir okkar séu ekki óþrjótandi, menn hafa áttað sig á því að við berum, sem nú lifum, sú kynslóð sem nú byggir Ísland og heiminn allan, mikla ábyrgð sögulega gagnvart forfeðrum okkar, þeim arfi sem við höfum tekið við af þeim, og síðan gagnvart þeim sem á eftir koma.

Það má nefna að á Íslandi háttar svo til að við vitum hvenær maðurinn settist þar að. Það mun hafa verið eða við skulum nota hið forna ártal 874. Menn hafa nú deilt um það *í sögunni hvort það var síðar eða kannski öllu heldur* nokkru fyrr og hafa sumir teygt sig reyndar allt fram á áttundu öldina í því, en ætli almenn skoðun sé ekki sú að það hafi verið um 860–880 í stórum dráttum sem maðurinn settist hér að. Ef við reiknum með að 30 ár séu í hverri kynslóð, sem er gróf reikningur, þá munum við vera 31. eða 32. kynslóðin sem lifir hér í landinu og erum sá hlekkur í þeirri keðju sem hefur umgengist Ísland, sem hefur borið ábyrgð á Íslandi, nýtt auðlindir þess og skilað því síðan í hendur þeirra sem á eftir komu. Það er sennilega þannig, það er ekki sennilegt heldur alveg víst að við getum haft meiri áhrif á þetta land, hafið í kringum það, loftið yfir því og alla þess náttúru en nokkur önnur kynslóð sem hér hefur lifað. Í öðru lagi höfum við þegar beitt þessum áhrifum og jafnvel bara þeir sem nú lifa, við höfum breytt landinu, skilið eftir eins og tíska er að segja núna fleiri og dýpri fótspor í náttúru landsins en nokkur önnur kynslóð sem á undan hefur komið.

Nú eru þær kynslóðir að vísu ekki alveg saklausar og sérstaklega hugsum við nú frekar nöturlega til þeirra kynslóða sem eyddu hér skógum og bjuggu til sandeyðimerkur úr því sem við höldum að hafi verið gróðurflatir áður, einkum með beit, stjórnlítilli beit. Þær hafa þó það sér til afsökunar að þær vissu ekki hvað þær voru að gera og við verðum því að hlýða einum af leiðtogum okkar og fyrirgefa þeim vegna þess að þær vissu það hreinlega ekki, þær bjuggust við að skógarnir yxu á ný, höfðu ekki áhyggjur af því að þeir eyddust, vissu ekki að skóglendið var óafturkræft. Þeir höfðu heldur ekki í höndunum þá kunnáttu sem þurfti til að vita að eyðing gróðurs með beit varð ekki afturkölluð með einhverjum öðrum ráðum og kom ekki af sjálfu sér. Guð almáttugur var ekki í því sambandi við þjóðina að hann hlýddi óskum hennar samstundis um að láta það gróa aftur sem einu sinni hafði verið eytt. Þeir þekktu ekki hugtakið „óafturkræfni", sem er að vísu ekki mjög fallegt, í umgengni sinni við náttúruna. Skilningur á þessu hefur auðvitað aukist feikilega á undanförnum árum í takt við það að þegar samfélag okkar vex, þéttbýli verður meira og not okkar af landinu stóraukast, þá verður hverjum það fyrir að hugsa um sjálfan sig og gera ákveðnar kröfur til þess hvaða rétt hann hafi til nytja af landinu. Nytjar þéttbýlisbúa í nútíma eru aðrar en dreifbýlisbúa fyrir t.d. 100 árum og við þyrftum kannski að fara enn aftar til að fá raunverulegan samanburð, þ.e. umgengni við náttúruna og upplifun í náttúrunni. Samlífið við náttúruna er orðin eitt af helstu lífsgæðum nútímamannsins, sífellt mikilvægara, sífellt fleiri sem nefna þau lífsgæði og þegar menn eru spurðir hvaða kröfur þeir geri helstar til lífsins svara menn með því. Þetta er auðvitað ein af grundvallarbreytingunum í þessum málum öllum.

Eitt af því sem hér verður líka að nefna, og ég tengi það því sem ég sagði áðan um að auðlindirnar væru ekki endanlegar, er að við höfum nú tæki til þess og kunnáttu að gera mjög rækilegar skýrslur og safna mjög rækilega gögnum um alla okkar náttúru, um Ísland, land, haf og loft, og við höfum þegar farið af stað með eina slíka rannsókn og köllum hana Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Það var ákveðið hér á þessum stað, hygg ég, árið 1997 að hefja störf við þessa áætlun. Vinna við hana hófst árið 1999 og var henni áfangaskipt, a.m.k. var frumvinnan kölluð fyrsti áfangi og henni lauk í nóvember 2003. Þetta var mikil vinna og vel af hendi leyst og kostaði, ef ég man rétt, upp undir hálfan milljarð sem mörgum fannst feikilegt verð en ég hygg að því fé hafi verið einkar vel varið að fá þær niðurstöður, þau gögn og þá flokkun sem raun bar vitni. Vinnan við annan áfanga rammaáætlunarinnar hófst hins vegar rétt nýlega. Ekki hafa verið fluttar margar fréttir af því og einkum hefur hæstv. iðnaðarráðherra verið treg að segja okkur frá því hvernig sú vinna gengur en þær litlu fréttir sem ég hef hljóða þannig að við þá vinnu séu allmiklu færri verkamenn og óljóst hverju hún á að skila. Það er þó verra í því efni að þó að búið sé að verja til þessa verkefnis rúmum hálfum milljarði þá hefur aldrei legið fyrir hjá hæstv. iðnaðar- og umhverfisráðherrum til hvers eigi að nota þessa áætlun, hvað hún eigi í raun og veru að gera. Þegar þeir hafa verið spurðir sem hafa gegnt þessum háu störfum í þágu lands og þjóðar undanfarin ár hverju verk þetta eigi að skila hafa þeir svarað sem svo, m.a. sá hæstv. iðnaðarráðherra sem hér situr mér á vinstri hönd, að þetta séu ágætar upp-

lýsingar að hafa, orkufyrirtæki geti skoðað þetta og að gott sé að fletta þessu aðeins í ráðuneytinu þegar verið er að leggja á ráðin um rannsóknir og nýtingu orkulinda.

Það þarf þó ekki langt að fara til að sjá að hægt er að hafa þetta öðruvísi. Einn af hvötunum að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma var skipan mála í grannlandi okkar Noregi en Norðmenn hafa verið á undan okkur á þessu sviði með góðu eða illu. Þeir fóru fyrr út í stórkostlegar vatnsaflsvirkjanir en þeir búa auðvitað ekki að jarðvarma eins og við þó að þeir hafi að vísu verið svo heppnir fyrir nokkrum áratugum að finna olíu í hafi. Því hófust t.d. deilur þar út af virkjunarmálum mun fyrr en hjá okkur og hafa sennilega orðið harðvítugri, e.t.v. með undantekningunni sem við sáum í Kárahnjúkum hér um árið og þó hygg ég að deilurnar í Noregi hafi orðið enn þá illskeyttari en hér urðu um Kárahnjúkavirkjun og þætti nú mörgum nóg um. En þeir hafa lært af erfiðleikum sínum og hafa nú komið upp sinni eigin rammaáætlun á undan okkar sem heitir ekki um vatnsafl og jarðvarma, vegna þess að þar er enginn jarðvarmi sem menn vita um, heldur rammaáætlun fyrir vatnasvið, á norsku „Samlet plan for vassdrag". Norska Stórþingið samþykkti þessa áætlun í þremur áföngum árið 1986. Það er ótrúlegt að hugsa sér að það séu 20 ár á næsta ári síðan Norðmenn gerðu þetta. Þeir bættu síðan við hana 1988 og gengu svo frá þriðja áfanga 1993 og hún hefur verið í þróun allan þennan tíma. Samhliða þessari rammaáætlun fyrir vatnasvið er þar í gildi verndaráætlun fyrir vatnasvið sem heitir á því máli „Verneplan for vassdrag". Ég biðst afsökunar á því að tónkvæðið hjá mér ekki alveg í þjálfun en úr því gæti kannski hæstv. iðnaðarráðherra bætt ef hún tæki sig til því að hún hefur betri tengsl við Noreg en ég hef.

Þessi verndaráætlun fyrir vatnasvið var fyrst samþykkt 1973 og má minnast þess með nokkurri blygðan að við höfum ekki enn þá samþykkt neitt af því tagi nema fyrir einstök vatnsföll og eru þó okkar vatnsföll ekki ómerkari en Norðmanna og heldur merkari ef eitthvað er því að þau eru auðvitað miklu fjölbreyttari en norsku árnar þótt stórfenglegar séu. Verndaráætlun fyrir vatnasvið var síðast endurnýjuð á vorþinginu 2005, þ.e. þeir endurnýjuðu þessa áætlun sína síðastliðið vor.

Verndaráætlun fyrir vatnasvið í Noregi tekur til að ég held 341 vatnasvæðis í landinu. Noregur er stórt land og langt og mörg vatnasvæði þar. Þetta skiptist þannig að verndaráætlunin tekur til allra þeirra vatnasvæða eða hluta þeirra sem eru vernduð, þ.e. þar verður ekki unnin orka og þar verða ekki framdar neinar þær stórathafnir sem eyðileggja vatnasvæðin eða spilla þeim. Í rammaáætluninni er fjallað um öll önnur vatnsföll og hún er eðli málsins samkvæmt miðuð við orkuframleiðslu. Norðmenn hafa því í raun og veru tekið öll sín vötn, þannig að það orð sé nú notað í fornri merkingu, og skipt þeim í þrennt. Einn hlutann hafa þeir sett í verndaráætlunina, þann hluta eru þeir harðir á að ætla að vernda og hafa fært fyrir því rök og það verður að ég held ekki aftur tekið nema þannig að mikið gangi á. Auðvitað eru allar mannasetningar afturkræfar, a.m.k. þær sem í lög eru settar. Síðan eru öll önnur vötn í rammaáætluninni sem skiptist í tvennt, a.m.k. samkvæmt síðustu áætlun. Þetta hefur sem sé breyst með þróun þessa merkilega lagabálks í Noregi. Annars vegar eru þær ár eða þau vatnsföll sem geta án frekari umfjöllunar farið í leyfisveitingarferil, þ.e. í mat á umhverfisáhrifum og rannsóknir auðvitað og síðan í nýtingu og á ekki að vera nein fyrirstaða fyrir því. Hún getur auðvitað komið upp í umhverfismatinu eins og við þekkjum, til þess er umhverfismatið að finna eða eyða vafa um slíkar hindranir í vegi nýtingar. Hins vegar er flokkur vatnsfalla í rammaáætluninni sem Norðmenn hafa ákveðið að bíða með að svo stöddu, m.a. vegna þess að þeir hafa ekki nægar rannsóknir til að ákveða hvort vatnsföllin eigi heldur að fara í vatnsverndaráætlunina eða nýtingaráætlunina. Það má því segja, þó að það sé nöturleg samlíking, að það sé eins konar biðsalur vatna í Noregi sem felst í þessari B-deild í rammaáætlun Norðmanna.

Rammaáætlun Norðmanna er gerð með nokkuð annarri aðferð en íslenska áætlunin en hún var þó ein helsta fyrirmynd þeirra sem tóku ákvörðun um tilhögun rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hjá okkur. Þeir lærðu af reynslunni og ákváðu að fara ekki nákvæmlega sömu leið og Norðmenn en byggðu áætlunina upp á mjög svipaðan hátt og þeir. Það er ekki bara að þetta sé fagurt sögulegt dæmi hjá Norðmönnum heldur skiptir það okkur því verulega mikla meira máli að rammaáætlun Norðmanna um vatnasvið og verndaráætlun um vatnasvið eru samþykktar af Stórþinginu. Það er Stórþingið sem tekur ákvörðun um þetta og það getur enginn annar breytt því en Stórþingið. Þar með er það Stórþingið sem hefur gefið þessum tveimur áætlunum lagagildi og ákveður hvernig með það skuli fara þannig að iðnaðarráðherrann í Noregi getur ekki, eins og hæstv. iðnaðarráðherra hér, sagt að þetta séu pappírar sem sé ágætt að fletta og gott fyrir orkufyrirtækin að stúdera áður en þau fara í næsta áfanga heldur eru þetta áætlanir sem hafa klárt lagagildi og verða lagðar fram sem stórþingstilkynningar og samþykktir, ég kann ekki alveg ganginn í norska Stórþinginu en þetta eru samþykktir sem hafa lagagildi.

Um norsku áætlunina er í rauninni lítið til á íslensku og ekki auðvelt að nálgast upplýsingar um hana. Í formála að niðurstöðum 1. áfanga rammaáætlunarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma frá málinu 2003 er nokkuð fjallað um rammaáætlunina. Annað vissi ég ekki að væri til fyrr en mér tókst að grafa upp skjal sem er sennilega eini íslenski pappírinn um þetta, og mig minnir að ég hafi fundið samkvæmt ábendingu úr þessari skýrslu, ritinu sem niðurstöður rammaáætlunar okkar voru kynntar í, en þetta er skýrsla Þorkels Helgasonar, Sveinbjörns Björnssonar og Árna Bragasonar frá desember 1998 sem heitir Frásögn af kynnisferð til Óslóar 23.–26. nóvember 1998, Rammaáætlun Norðmanna um vatnasvið. Þetta er 1998 þannig að þar er ekkert um það sem gerst hefur síðan og skýrslan er auðvitað ekki um vatnsverndaráætlunina, verndaráætlun fyrir vatnasvið. En af þessari skýrslu má hafa nokkurt gagn og ég bendi þingheimi hér með á að hún er til. Ég fékk hana frá Árna Bragasyni sem þá var, að ég held, forstjóri Náttúruverndar ríkisins en er nú skrifstofustjóri, hygg ég, í umhverfisráðuneytinu. Þeir Þorkell og Sveinbjörn hafa hana sjálfsagt líka, mætir menn hvor á sínum stað.

Það sem við þurfum auðvitað að gera og á að vera þáttur í því að mæta nýjum tíma í orkumálum, umhverfismálum

og í virkjunarmálum, er í fyrsta lagi að búa til almennilega rammaáætlun, að klára þennan 2. áfanga og koma í það lag sem sæmilegt er. Síðan ákveðum við hvaða gildi það hefur, því ég skil ekki þá fyrirhyggju að láta búa til slíka áætlun upp á hálfan milljarð eða meira og skilja hana síðan eftir í lausu lofti. Ég hygg að það hafi ekki verið tilgangur þeirra sem upphaflega lögðu á ráðin um þetta verk. Það mun hafa verið Finnur Ingólfsson sem átti hlut að því máli þegar hann var iðnaðarráðherra og var þá auðvitað að reyna með sínum hætti að móta þá framtíð sem þá væri sjáanleg og hann sagði um stefnu og verklag við áætlunarstarfið, í skýrslu sem hét Maður – nýting – náttúra og kom út í mars 1999, að með rammaáætluninni eigi að, með leyfi forseta — „að leggja grundvöll að forgangsröðun virkjunarkosta ...“ Þetta má auðvitað túlka út og suður en mér finnst sú túlkun sem er sanngjörnust vera sú að Finnur Ingólfsson, þáverandi iðnaðarráðherra, framsóknarmaður ef einhver skyldi hafa gleymt því, hafi ætlað sér að skapa þannig grundvöll að hann væri raunverulegur, hefði einhvers konar lagagildi eða væri þannig að það væri hægt að taka mark á honum þótt hann væri auðvitað ekki óbreytanlegur — það verður auðvitað að meta hvern kost þegar hann kemur upp — en væri sem sagt til þeirrar leiðbeiningar að menn tækju á því fullt mark.

Ég skil þau orð Finns að rammaáætlun eigi að vera um grundvöll að forgangsröðun virkjunarkosta og stefnumörkun á grunni slíkrar áætlunar eigi þannig að geta skilað af sér skýrum leikreglum við nýtingu vatnsfalla og vatnasvæða og að *hún eigi, eins og í Noregi, að geta komið vatnasvæðum* og vatnsföllum tryggilega fyrir í vatnsverndaráætlun á vatnsverndarlista með þeim hætti að það verði treglega aftur tekið.

Forseti. Í þessum fyrri hluta ræðu minnar hef ég aðeins rakið ákveðin þáttaskil sem hafa orðið í umhverfis-, orku- og virkjunarmálum og ég hef talað nokkuð um slíkar áætlanir í Noregi. Ég er með umræddu skýrslu í ljósriti og væri kannski rétt að í lok ræðu minnar læsi ég nokkra kafla úr henni þótt ekki væri til annars en koma henni á prent og á netið þar sem hún er ekki nú þegar. En ég ætla þó áður en ég vinn það þarfa verk að minnast á eitt af því sem enn veldur tímamótum nú í þessum mánuði vil ég nánast segja í þessum efnum og það er djúpborunarverkefnið mikla sem nú er verið að vinna á Íslandi. Flestir munu kannast við það, væntanlega þar á meðal hæstv. iðnaðarráðherra sem í haust kom til liðs við það verkefni á mjög virðingarverðan og glæsilegan hátt þegar þar vantaði, ég kann ekki þá sögu nákvæmlega í krónum eða milljónum króna, en þar vantaði fé fyrir ákveðinn áfanga og þá gekk iðnaðarráðherra í það mál og ég hygg, án þess að hafa síðuna á hreinu, að þar sjáist stað í þeim fjárlögum sem við vorum að samþykkja hér í dag og ég vil nota tækifærið og þakka iðnaðarráðherra fyrir þetta því ég tel það raunverulegt þarfaverk og þó að ég sjái einhvern glotta hér í salnum þá er þetta ekki sagt í neins konar gríni. Ég tel að þetta sé gott verk hjá iðnaðarráðherra.

Vísindamenn standa því auðvitað á þröskuldi mjög merkilegs áfanga við nýtingu jarðvarmans sjálfs og ef sá árangur næst sem líklegt er í þessu verkefni þá gæti staðan í framtíðinni orðið þannig að jarðvarmavirkjanir verði miklu vænlegri kostur til orkuframleiðslu á Íslandi en vatnsaflsvirkjanir. Það rannsóknarverkefni sem ég tala hér um heitir Djúpborun á Íslandi, enska skammstöfunin er IDDP, og því er ætlað að skera úr um hvort tæknilega sé unnt að nýta jarðvarma sem liggur djúpt í jörðu. Til þess ætla menn að bora 4–5 km eftir vatni sem liggur í rótum háhitasvæða þar sem heitast er og er 400–600° heitt, sem við eigum kannski erfitt með að ímynda okkur sem þekkjum aðallega heitt vatn úr krananum á baðinu, þar er vatnið sem sé í raun og veru ekki í lagarlíki heldur í svokölluðu yfirmarksástandi, ég er kannski ekki besti maður að lýsa því, það líkist einna helst samþjappaðri gufu, ef ég á að reyna að nota einhver hugtök sem venjulegt fólk getur skilið. Ef þetta tekst eða tekst að bora eftir þessu vatni og það verður að gera það sérstaklega, það má ekki blandast við vatnið sem ofar er í jarðlögunum þ.e. sem utar er á háhitasvæðinu, ekki í kjarna háhitasvæðisins, þá telja menn að hægt sé að vinna þrisvar til fimm sinnum meiri orku úr háhitasvæðinu en menn hafa talið hingað til að sé hægt. Borhola af þessu tagi gæti fræðilega gefið af sér tífalt afl venjulegrar borholu en ylli samt ekki meira raski, sem þýðir að með færri borholum mætti ná miklu meiri orku úr háhitasvæðunum. Hér er því annars vegar um að ræða að þessi jarðvarmi gæti ógnað, ef við notuð *bardaga- og samkeppnismál, vatnsaflsvirkjununum* og hins vegar það að þessi tækni yrði vonandi umhverfisvænni en sú tækni sem nú er notuð við að ná í jarðvarma.

Það má einnig nefna, og þar er um hefðbundna vinnslu að ræða, að Hellisheiðarvirkjunin þegar hún er öll komin í gang mun skila jafnmikilli orku og öll Kárahnjúkavirkjun. *Ég hef heyrt ýmsa t.d. útivistarmenn hafa horn í síðu* Hellisheiðarvirkjunar og talið að þar sé Orkuveita Reykjavíkur að fara of mikinn. Hún sé að leggja þetta land allt undir sig og eyðileggja það meira og minna. Þar sé ekki lengur um óspillta og ósnortna náttúru að ræða. Ég get í sjálfu sér tekið undir þetta. Ég hef sjálfur verið svolítið á Hellisheiðinni, aðallega að vetri til á skíðum og veit að Hellisheiði og nágrenni hennar er dýrlegur staður, svo dýrlegur að þegar ég fer þar um á sumrum og horfi á svæðið sem Kjarval og fleiri máluðu grænt, rautt og gult, þá finnst mér það eiginlega vera hálfgerð spilling að hafa þetta svæði án snjávar og tel að þarna eigi alltaf að vera snjór til að við getum notið þess sem best.

Ég get alveg skilið þessa menn en með Hellisheiðina ber í fyrsta lagi að líta á að þar eru engin þau spjöll sem komast neitt nálægt því að minna á venjulega virkjun ár, hvað þá Kárahnjúkavirkjun og síðan auðvitað það að þar hefur virkjandinn lagt mikla rækt við svæðið, þar hafa verið lagðir miklir göngustígar og komið upp ýmissi aðstöðu fyrir ferðamenn. Og þó að auðvitað sé þar ekki lengur um að ræða ósnortna náttúru þá er hún engu að síður manngerð náttúra og hefur þar ýmsa kosti í nágrenni Reykjavíkur og þéttbýlisins alls, umfram þá miklu eyðileggingu á hinu stóra ósnortna svæði sem Kárahnjúkavirkjun er. Mín meining með þessu dæmi var að sýna að úr því að með Hellisheiðarvirkjun, sem er svona tiltölulega saklaus held ég að flestra dómi og vil ég þó enn minna á dóm útivistarmanna, getum við fengið sömu orku og með Kárahnjúkavirkjun, þá getur því svo farið að í framtíðinni líti menn agndofa á Kárahnjúkavirkjun, hristi hausinn og segi: Hvernig stóð á því að menn réðust í þetta stórvirki sem olli öllum þessum

deilum, treystu sér til að eyðileggja náttúru sem engan veginn verður búin til aftur með sama hætti á sama stað, ætluðu að fylla Hálslón upp smám saman, að lokum alveg, einmitt þegar menn stóðu á þessum þröskuldi, þessu mikla orkuævintýri sem djúpborunin gæti verið? Og með uppfyllingu Hálslóns á næstu árum má búast við miklu foki af aur og reyki yfir þann fjölda Austfirðinga sem bætast við og þar verður kannski ekki eins glatt líf og menn gerðu ráð fyrir.

Þegar ég var að rannsaka þetta í haust komst ég að því að menn gera ráð fyrir þremur tilraunaholum og tímabilið sem reiknað er með í núverandi áætlun er að þær verða fullkannaðar árið 2020. Fyrsta holan gæti þó skilað árangri strax, eftir 2–3 ár hugsanlega, og það er í raun og veru það sem menn bíða eftir. Menn eru að bíða eftir staðfestingu á árangri til að sanna það sem enn þá er kenning, að þetta sé hægt. Það er auðvitað ýmislegt sem stendur hér í vegi og ýmis mælitæki og viðkvæmir hlutar í borun eru þannig að ekki er hægt að kaupa þá út úr búð, tæki sem á að nota í umhverfi sem er 400–600°. Menn eru auðvitað að prófa sig áfram með það líka. Í raun og veru gengur þetta verkefni út á það að komin er kenning sem talin er sennileg og hana þarf að sanna og um leið og hún sannast, um leið og vatnið kemur upp og hægt er að vinna það þá er í raun og veru hægt að fara af stað með næsta skref sem er vinnsluáætlun.

Með meira fjármagni er auðvitað hægt að flýta fyrir þessu þannig að jafnvel yrði sýnt um árangur kannski eftir þrjú ár, fimm ár, sjö ár. Því var ég að hrósa hæstv. iðnaðarráðherra að hún lagði fram fé sem á vantaði og er opin fyrir þessu verkefni, skilur hversu mikilvægt það getur orðið. Þetta verkefni sem er sprottið upp á Orkustofnun og á ÍSOR er rekið af íslensku orkufyrirtækjunum, og eiga þau heiður skilinn fyrir það, en nýtur líka styrkja frá erlendum rannsóknasjóðum. Við hljótum að gera allt til þess — ég er með tillögu um það á þinginu, sem ekki er enn komin í umræðu og er kannski aðeins að laumast til að stela úr greinargerð hennar í þessari ræðu, ég vona að menn fyrirgefi mér það — við hljótum auðvitað í sameiningu að gera allt til þess að fá skorið úr um það hvort þetta djúpborunarverkefni stenst til að vita hverju það getur breytt fyrir framtíð í orkumálum, virkjunarmálum og almennum umhverfismálum á Íslandi.

Ef það gengur upp sem ég út af fyrir sig efa ekki, ég held að það sé bara spurning um tíma en ég er auðvitað ekki fræðimaður í þessari grein, þá munu þessar rannsóknir, þessar niðurstöður gjörbreyta í einu vetfangi stöðunni í íslenskum orkumálum og þær mundu til frambúðar hugsanlega geta skapað samstöðu um forgangsröð við virkjun og verndun og aðra nýtingarkosti, samstöðu sem nú er ekki í sjónmáli. Af þessum ástæðum er því rétt að ganga fram af varúð og skyggnast um áður en menn stíga afdrifarík ný skref í orku- og virkjunarmálum okkar Íslendinga.

Það má kannski bæta við þetta tal um djúpborunarverkefnið að í fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar sem ég talaði um áðan, okkar eigin rammaáætlunar, þá falla 12 kostir í þann umhverfisflokk þar sem skaðinn er talinn allra minnstur af jarðvarmavirkjunum. Og sé miðað við að þær jarðvarmavirkjanir fari af stað, þetta er spurning um áætlanir um virkjanir, ekki þær sem þegar eru komnar í gagnið, með hefðbundnum aðferðum og meðalorkuframleiðsla sé um 840 gígavattstundir á ári, sem er algeng tala í mati manna á jarðvarmavirkjunum, þá yrði ársframleiðslan 10.080 gígavattstundir. Ef við gerum ráð fyrir fimmföldun þessarar framleiðslu með djúpborunum þá gætu unnist úr þessum 12 jarðvarmavirkjunum 50.400 gígavattstundir. Ég er ekki að biðja menn að hafa það á hreinu hver gígavattstundin er, hve mikil stærð það er, en ég bið menn að bera saman 12 jarðvarmavirkjanir þar sem með einni tækni má fá rúmlega 10 þúsund gígavattstundir og með annarri tæplega 51 þúsund gígavattstundir. Þetta eru upplýsingar eftir vísindamönnum úr bæklingnum Ísland örum skorið, sem menn þekkja hér á þinginu frá í vor. Þessar 50.400 gígavattstundir eru svo mikil orka að hún er þreföld áætlun heildarframleiðslu raforku á Íslandi árið 2007 og þá gerum við ráð fyrir að árið 2007 sé Kárahnjúkavirkjun komin í gagnið og öðrum virkjunum sem nú eru í smíðum sé lokið.

Ég held að við þetta tækifæri verði líka að fara aðeins yfir það sem ég nefndi síðast, þ.e. hvað er hér í gangi, því það er auðvitað eitt af því sem við þurfum að hafa í huga þegar kemur að þessu ágæta frumvarpi til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu þar sem ráðherra ætlar sér að fá rétt til að veita rannsakendum vilyrði til nýtingar. Þó er rétt að nefna að raforkuvinnsla í vatnsaflsvirkjunum í fyrra, árið 2004, nam 7.131 gígavattstund og í jarðvarmavirkjunum 1.483 gígavattstundum. Menn taka eftir hvað hlutfallllið er vatnsaflsvirkjununum í hag, það er sem sé 7.000 og 1.400, annars vegar vatnsaflið og hins vegar jarðvarminn. Samtals eru þetta 8.614 gígavattstundir. Uppsett afl í þessum virkjunum er mælt í vöttum en ekki vattstundum og það er samtals 1.357 megavött og þar er vatnsaflið auðvitað miklu sterkara eins og í hinni mælingunni, vatnsaflið með 1.155 megavött en jarðhitinn 202. Nefna má að rúmlega 63% af þessari orku allri fara til stóriðju, um 5.500, en 37% til annarra atvinnugreina, heimila o.s.frv. Þetta er staðan nú.

Hér er ekki reiknað með þeim fjórum stóru orkuverum sem í smíðum eru, vatnsaflsverinu sem kennt er við Kárahnjúka og síðan þremur jarðvarmaverum; á Nesjavöllum sem verið er að stækka, á Hellisheiði sem ég fór nokkrum orðum um áðan og við Reykjanes, þ.e. hið raunverulega Reykjanes sem er vestast þeim skaga stórum sem við stundum köllum Reykjanesskaga. Áætlað afl, orkuvinnslugeta og verklok í þessum fjórum virkjunum eru sem hér segir:

Á Nesjavöllum er uppsett afl 30 megavött, orkuvinnslugetan er 240 gígavattstundir og verklokin áttu að vera fyrir árslok 2005. Á Reykjanesi eða við Reykjanes er kannski réttara að orða það — hér kinka Suðurnesjamenn kolli — er uppsett afl 100 megavött, orkuvinnslugetan er 800 gígavattstundir og verklok eru áætluð í upphafi næsta árs, 2006. Hellisheiði, sem ég nefndi áðan, virkjunin þar á að hafa af uppsettu afli 80 megavött, orkuvinnslugetan er 640 gígavattstundir og verkinu á að ljúka haustið 2006. Kárahnjúkavirkjun, hin fræga, hefur uppsett afl 690 megavött, og er náttúrlega hinn mikli risi í þessum söfnuði, orkuvinnslugetan er 4.600 gígavattstundir og verklokin eru eins og menn vita vorið 2007. Samtals er þarna um að ræða 900 megavött og 6.280 gígavattstundir á ári. Þessi raforka á öll að fara til stóriðju nema frá Nesjavallasvæðinu. Verður þess þó að geta að aðeins er samningur til fimm ára um stóriðjunot af

um fimmtungi orku væntanlegrar Reykjanesvirkjunar hvað sem verður í framtíðinni. Menn reikna nú held ég með því að það verði líka fyrir stóriðju.

Þegar þessar fjórar virkjanir eru komnar í gang verður raforkuvinnsla í vatnsaflsvirkjunum hérlendis, ef þessar tölur standast allar, um 11.731 gígavattstund og í jarðvarmavirkjunum 3.163 gígavattstundir, samtals 14.894 gígavattstundir. Aukningin á uppsettu afli miðað við það sem nú er er tæp 73%. Það bætast sem sagt við frá því sem nú er 73% með þessum fjórum virkjunum. Uppsett afl í vatnsaflsvirkjununum er 1.845 megavött en 412 í jarðvarmavirkjunum, samtals 2.257 megavött. Aukningin á áætlaðri orkuvinnslugetu, annars vegar er uppsetta aflið, hins vegar er orkuvinnslugetan, er rúm 66%. Við erum því á næstu árum að tala um gerbreytt landslag, eins og menn gera sér grein fyrir, í orkuvinnslu á Íslandi. Með því verður auðvitað að reikna þegar við fjöllum um framtíð í orkumálum eins og við erum að gera í umræðunni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem hafa það að meginmarkmiði að gefa hæstv. iðnaðarráðherra heimild til að veita vilyrði þeim sem rannsaka virkjunarkosti til að geta nýtt þá.

Síðan er svolítið snúið að litast um á því svæði sem fram undan er og reyna að gera sér grein fyrir hvað kann að vera að gerast á næstu árum vegna þess að nýjar hugmyndir koma fram nánast, ég segi nú ekki í hverri viku, en maður heyrir nýjar hugmyndir á nokkurra mánaða fresti og ýmislegt af því t.d. sem hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi áðan var mér annaðhvort ókunnugt eða óljóst áður en ég heyrði hann nefna það. En þegar ég fór yfir þetta í haust fann ég út að virkjunarleyfi sem þegar hafa verið veitt til framkvæmda sem ekki eru komnar af stað eru við Búðarhálsvirkjun til Landsvirkjunar. Þar er reyndar komin brú, byrjunin á Búðarhálsvirkjun er mikil brú á Sprengisandsleið og hefur ekki verið reist á Íslandi, held ég, önnur eins brú yfir vatnsfall til einskis síðan Jónas frá Hriflu lét smíða brýr í gamla daga, en hann var svo framsýnn að hann lét oft smíða brýr þar sem ekki voru vegir fyrir. Það er mér í æskuminni þegar við ókum, á Halldórsstöðum í Kinn, í gamla Willys-jeppanum norður Kinnardal og komum að brú fyrir utan Ystafell. Þar var bíllinn stöðvaður og Þórhallur bóndi benti stoltur út um gluggann á brúna sem þar liggur yfir Skjálfandafljót og sagði: „Þetta byggði Jónas“. Og bætti svo við: „En það var hvorki vegur að henni hérna megin né hinum megin.“ Þetta er sem sé dæmi um framsýna stjórnmálamenn. Landsvirkjun hefur nú tekið upp þessa hætti Jónasar, það er að vísu vegur að henni öðrum megin en ekki hinum megin. Þetta er ekki sagt Landsvirkjun til lasts, þeir ganga vel frá sínum málum þegar þeir fara yfir og það er auðvitað byrjunin á því að koma á virkjun að komast að henni og þá þurfa menn að fara yfir fljótið á brú.

Það er líka annað virkjunarleyfi við Norðlingaölduveitu eins og við vitum. Sú virkjun á að vera að orkuvinnslugetu 570 gígavattstundir en Búðarhálsvirkjun um 630 gígavattstundir. (Gripið fram í.) Já, svo er það spurning. Búðarhálsvirkjun verður sennilega reist og engin eða ekki mikil andmæli í sjálfu sér gegn því en um Norðlingaölduveitu er miklu meiri vafi. Ég er reyndar einn af þeim sem vona að ekki verði af þeirri veitu vegna þess að hún stangast mjög á við nútímasjónarmið í umhverfismálum og er þar að auki í andstöðu við vilja sveitarstjórna á svæðinu. En um árið var skipulagsvaldið á hálendinu sett í hendur sveitarstjórnunum og voru töluverðar deilur um það en nú virðast ráðherrar vera á báðum áttum um hvort þeir í raun og veru treysta sveitarstjórnunum til að hafa með höndum ákvörðunarvald í þessum efnum þegar því ákvörðunarvaldi er beitt á annan hátt en ráðherrunum sýnist heppilegast.

Þá er því við að bæta að ráðherra hefur ekki nýtt gamla heimild frá Alþingi til að veita leyfi til framkvæmda við Villinganes í Skagafirði. Þar er spurningin um allt að 40 megavatta uppsettu afli og það er líka eins og við vitum virkjun sem er mjög háð óvissu. Ég hef komið þangað reyndar og skoðað þar, ég var keyrður þangað inn eftir einu sinni og fékk að skoða umhverfið þar. Ég hef kannski ekki farið mjög vendilega ofan í þau mál en ég verð að segja að viðbrögð mín voru ekki eins og umhverfisráðherrans síðasta, hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur við Kárahnjúka, heldur voru þau þannig að verulega mikið þyrfti að vera í veði til að eyðileggja þá náttúru sem þarna er hrikaleg og skemmtileg inni á hinum lygna Skagafirði.

Síðan hefur ráðherra ekki heldur nýtt gamla heimild til að veita leyfi til nýframkvæmda við Kröflu, eða hafði ekki þegar ég rannsakaði þetta rétt fyrir þingupphaf í haust, en það er mjög sennilegt að af þeirri virkjun verði, uppsett afl á þar að verða 40 megavött.

Virkjanir sem nú eru á undirbúningsstigi, rannsóknarstigi eða einhvers konar umræðustigi öðru en hugarflugs eru þessar helstar að því er ég fann þegar ég var að athuga þetta. Það eru hinar ágætu tvær rennslisvirkjanir neðarlega í Þjórsá sem kenndar eru við Núp og Urriðafoss. Önnur gæti verið að orkuvinnslugetu 1.030 gígavattstundir og hin 920 gígavattstundir. Þá ber að nefna að í stað Núpsvirkjunar hafa líka verið uppi hugmyndir um tvær smærri virkjanir sem eru kallaðar Holta- og Hvammsvirkjun. Þetta er ekki alveg deilulaust, ekki deilulaus áform um þær virkjanir. Ég hygg þó að af mörgum virkjunarkostum sem nú eru uppi séu þessar virkjanir að því leyti sjálfsagðari en aðrar að þær eru í Þjórsá, sem er vinnukona okkar mikil, sú ágæta á. Má kannski segja að þegar hafin er nýting ár, eins og er með Þjórsá, sé skynsamlegt að klára að nýta allan mátt hennar a.m.k. áður en farið er í aðrar ár sem ósnortnar eru. En ég skal ekki taka afstöðu til þess í þessari ræðu. Ég kannast við að þarna er náttúra sem glatast og aldrei verður heimt aftur. En ég tel að þetta sé a.m.k. sjónarmið í forgangsröðun virkjana að líta á hvernig stendur á með ána ofar eða neðar. (**Gripið fram í:** Hefði iðnaðarráðherra ekki gott af því að vera hérna við umræðuna?)

Ég geri ráð fyrir að iðnaðarráðherra hljóti að vera í grenndinni og fyrir framan sjónvarp að horfa á þingmenn ræða saman. Hlýtur það ekki að teljast rökrétt niðurstaða, forseti?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti getur upplýst að hæstv. iðnaðarráðherra er í húsinu og forseti væntir þess að ráðherrann fylgist með umræðum hér í þingsalnum.)

Ég tek undir með forseta með þetta, ég vænti þess líka og geri fullkomlega ráð fyrir því.

Þá má nefna stækkun Hellisheiðarvirkjunar um 40 megavött. Sú stækkun var með í því dæmi sem ég nefndi

áðan þegar ég bar hana saman við Kárahnjúka. Ég set örlítinn fyrirvara samt á þann samanburð en ég hygg að það sé mjög nærri lagi.

Þá hefur Hitaveita Suðurnesja áætlanir um aukna raforkuframleiðslu í Svartsengi. Þar er verið að tala um 30 megavatta uppsett afl. Undirbúningur jarðvarmavirkjunar í Bjarnarflagi er langt kominn og einnig hefur verið veitt leyfi til rannsókna vegna jarðhitavirkjunar á Þeistareykjum. Við tökum eftir á þessari upptalningu að menn eru mjög spenntir fyrir jarðhita- eða jarðvarmavirkjunum víða um land og má ítreka að rétt er að menn fari ekki of hratt í því vegna þeirrar tækni sem kynni að bjóðast okkur á næstu áratugum eða jafnvel árum. Tvö orkufyrirtæki hafa sýnt áhuga á virkjun í Skjálfandafljóti. Áhugi er á Skatastaðavirkjun á Hofsafrétti upp af Skagafirði. Hún hefur verið sögð á frumhönnunarstigi en hefur ekki verið veitt neitt virkjunarleyfi þar.

Landsvirkjun hefur enn ekki gefist upp á áformum sínum um að hækka stífluna efst í Laxárgljúfri. Því miður hefur Landsvirkjun ekki gert það. Ég verð að telja Landsvirkjun mjög til lasts að geta ekki mannað sig upp í að gefast upp í því máli. Segja má að ákveðinn sigur hafi unnist í því af hálfu umhverfisverndarmanna og Þingeyinga í fyrra þegar stöðvaðist hér frumvarp frá þáverandi umhverfisráðherra um að leyfa þessa hækkun þvert á vilja flestra heimamanna og náttúruverndarmanna í landinu.

Við Kröflu er nýtt vinnslusvæði í athugun og til athugunar er líka jarðvarmavirkjun í Gjástykki. Hitaveita Suðurnesja hefur hafið rannsóknir á Trölladyngju, hvað sem um þær verður. Landsvirkjun hefur sýnt áhuga á hágöngusvæði sunnan Vonarskarðs. Orkufyrirtæki hafa líka sýnt Brennisteinsfjöllum áhuga og sótt þar um rannsóknarleyfi auk þeirra smærri virkjana sem ýmis fyrirtæki eru að huga að um allt land. Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi t.d. að Orkubú Vestfjarða væri að vinna að Tungudalsvirkjun í Skutulsfirði.

Enn er eitt eftir á mínu blaði sem er Skaftárveita, sem Landsvirkjun er að athuga, en hún hefði þær afleiðingar að einhver mesta náttúruperla á suðuröræfum eins og menn eru farnir að kalla óbyggðirnar og hið mikla svæði austan og norðan Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls, þ.e. Langasjó. Um það svæði er að opnast mikil ferðamennska og ég hygg að ef fer sem horfir, ef það verður ekki eyðilagt, þá verði hjarta þess Langisjór og margir möguleikar uppi í ferðamennsku og náttúruupplifun á því sérkennilega svæði, sem hefur að mér skilst vakið mikinn áhuga útlendinga sem eru búnir að fara þennan fyrsta og annan hring, þegar þeir koma þarna þá opnast í rauninni alveg nýtt svæði. Allt þetta mikla hálendi, það er ekki beinlínis hrikaleikinn þarna heldur fjölbreytnin og mergðin af hæðum og fjöllum sem þarna er og síðan þessi tenging við jökulinn og við jarðsöguna sem Langisjór sér til þegar þangað er komið og síðan ef þeir fara þar í suður koma þeir í Markarfljót og á það svæði. Ég held því að það væri ákaflega óhyggilegt að halda áfram með þessar hugmyndir um Skaftárveitu.

Þessi upptalning sýnir í fyrsta lagi hvaða breytingar við erum að fara í gegnum á þessum árum, þessi gríðarlega aukning á orkuvinnslugetu okkar og orkuframleiðslu sem væntanleg er fram á vorið 2007. Hún sýnir líka örlitla mynd af þeirri ásókn sem núna er í nýjar virkjanir, bæði jarðvarmavirkjanir og vatnsaflsvirkjanir. Ég verð að segja að ég öfunda ekki iðnaðarráðherra af því þegar hún þarf að eiga við þrýsting um að veita vilyrði fyrir nýtingarleyfi, þeim sem nú knýja á um að fá að rannsaka svæðið til vatnsaflsvirkjunar.

Ég hét því hér að festa í Alþingistíðindi þetta plagg frá Þorkatli Helgasyni orkumálastjóra, Sveinbirni Björnssyni, sem þá var deildarstjóri auðlindadeildar í Orkustofnun og Árna Bragasyni, sem þá var forstjóri Náttúruverndar ríkisins. Ég hyggst að betur athuguðu máli láta það bíða til síðari ræðu minnar því að hér eru þingmenn orðnir nokkuð langeygir eftir að komast að í stólnum og ræða um frumvarpið sem liggur fyrir

Ég vil að lokum þessarar fyrri ræðu segja að ég tel að frumvarpinu eigi að breyta með þeim tillögum sem minni hluti iðnaðarnefndar leggur til þannig að við nýtum þann kost sem í því er sem felst, eins og ég sagði í upphafi eftir inngang ræðu minnar, í 3. gr. en hafna þeim megintilgangi frumvarpsflytjandans að reyna að kría út það vilyrði að tengja saman nýtingu og rannsóknir. Vilji minn, sem kemur fram í þeirri þingsályktunartillögu sem ég hef lagt fram og flyt ásamt þremur öðrum samfylkingarmönnum, er sá í raun og veru að við stöldrum við í þessum virkjunaráformum öllum saman, reynum að klára rammaáætlunina okkar, reynum að gefa henni ákveðið lagagildi og sjá til hvernig við ætlum að vinna okkur áfram í þessu, að við gefum djúpborunarverkefninu, hinu djarfa djúpborunarverkefni möguleika á að sanna sig áður en við tökum ákvarðanir sem verða þvert á þá möguleika sem í því felast og að við komum saman þessari pólitísku nefnd sem kanni framtíð í orkumálum og virkjanamálum. Menn eru stundum hræddir við að pólitíkusar eða fulltrúar stjórnmálaflokkanna komi saman og stundum hefur það endað hörmulega og stundum er það þannig að því verr gefast heimskra manna ráð sem þeir koma fleiri saman.

En við höfum líka dæmi um annað. Við höfum líka dæmi um prýðilegt starf sem unnið er af alvöru, þrótti og djúpri íhugun. Það höfum við t.d. séð í auðlindanefndinni. Ber að harma að álit hennar hafi ekki valdið meiri breytingum á lögum, það skuli ekki hafa haft meiri áhrif á umræður, sérstaklega ráðherra og stjórnarliðs en raun ber vitni. Það er af þeim sökum sem ég tel að við eigum að hrinda þeirri tilraun sem hér er gerð til að ýta sér of snemma áfram í þessu. Ég sé í raun engin rök til þess af hálfu iðnaðarráðherra nema þau að hún ætli sér að halda áfram fyrirgreiðslupólitík og láta í pólitísku skyni undan ýmsum héraðshagsmunum og hagsmunum stórfyrirtækja og halda áfram þeirri pólitík núverandi ríkisstjórnar að skipta á milli sín úthlutun almannagæða eftir pólitískum línum.

Forseti. Ég læt lokið fyrri ræðu minni um þetta efni en hlakka til að heyra aðra þingmenn taka þátt í umræðunni og skal ekki liggja á liði mínu við að svara þeim og halda áfram þeim hugleiðingum sem hér verða uppi hjá næstu mönnum.

[21:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem oft áður er mér þannig farið að at-

hygli mín dofnar þegar ræðutími er kominn yfir korter, það er kannski minn veikleiki. Vegna þess arna hef ég misst þráðinn í ræðu hv. þingmanns og vildi gjarnan, ef hann gæti, að hann tæki saman í stuttu máli hvert innihaldið var.

[21:31]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Innihaldið var það að ástæðulaust með öllu væri að láta undan þeim vilja hæstv. iðnaðarráðherra að hann geti veitt rannsóknarfyrirtækjum vilyrði fyrir nýtingarrétti. Ég taldi það upp hér með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi með því að fara yfir frumvarp það sem hann hefur flutt og telja það til sem mér þykir jákvætt í því frumvarpi. Síðan rakti ég, að vísu í löngu máli en þó, að ég held, tiltölulega skýru, þær breytingar sem eru að verða í virkjunar-, orku- og umhverfismálum hér á Íslandi. Þær breytingar felast m.a. í því að við erum hér komin í samkeppnisumhverfi á mjög viðkvæmum stað í okkar þjóðlífi þar sem engin samkeppni hefur ríkt og þar sem almannavaldið ber mikla ábyrgð á því að skapa það samkeppnisumhverfi.

Í öðru lagi rakti ég tæknibreytingar sem kynnu að gjörbreyta stöðu þessara mála nú á næstunni og í þriðja lagi minntist ég á þá miklu áherslu á umhverfismál sem nú er komin upp og hefur verið að vaxa hér í þrjá áratugi. Ég held að fjórði þátturinn hafi verið í þessu, sem er dottinn úr mér sjálfsagt vegna þess að langar ræður þreyta líka þann sem flytur þær. En mér þótti rétt að kynna hér mín viðhorf í þessum málum öllum og koma því rækilega til skila hvers vegna ég er á móti því að ráðherra haldi áfram á þeirri braut sem hann hefur verið á að undanförnu og skapi hér kaos í staðinn fyrir skipulag — skapi hér náttúrufjandsamlega og umhverfisfjandsamlega stefnu í orku- og iðnaðarmálum í staðinn fyrir að reyna að ná þeirri sátt í þessum málum sem ég tel að okkur beri skylda til hér í íslenskum stjórnmálum og íslensku þjóðlífi.

[21:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góða yfirferð yfir málið á einungis tveimur mínútum. Ég spyr hv. þingmann: Af hverju í ósköpunum þurfti hann að tala svona óskaplega lengi fyrst hann gat sagt þetta allt saman á tveimur mínútum?

[21:33]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Til þess að geta sagt hlutina á mjög stuttum tíma þarf maður stundum að hugsa þá lengi og velta þeim fyrir sér og auðvitað var ég með þessari ræðu fyrst og fremst að undirbúa samræður okkar Péturs Blöndals, hv. þingmanns, á Stöð 2 á morgun. Þar ætla ég að reyna að segja þetta á hálfri mínútu sem ég hef nú sagt á einum og hálfum tíma.

[21:34]

Útbýting:

Innleiðing tilskipana ESB, 349. mál, svar utanrrh., þskj. 538.

Rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögu, 98. mál, svar forsrh., þskj. 539.

[21:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég átti ekki í neinum erfiðleikum með að halda þræði í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar, (**PHB:** Sumir eru svo gáfaðir.) þótti hún afar fróðleg. Það er nú eins og oft áður, maður situr hér í þessum sal eða í nefndarstarfi á hinu háa Alþingi og finnst að maður sé að taka góðan háskólakúrs. Mér fannst fyrirlestur hv. þm. Marðar Árnasonar jafnast á við góðan fyrirlestur í góðum kúrsi. Þó að ég hafi hins vegar tamið mér að tala um raforkuframleiðsluna í teravattstundum en ekki í þessum gríðarlega fjölda gígavattstunda náði ég samt að umreikna það þar sem ég sat í sætinu mínu. Ég átti því ekki í neinum erfiðleikum með að skilja ræðu Marðar. Ég mundi treysta mér til að sitja með hv. þm. Merði Árnasyni og koma Pétri H. Blöndal í skilning um það hvert inntakið var.

Þetta frumvarp, eins og ég hef sagt áður, lætur kannski ekki mikið yfir sér. Það virðist sakleysislegt við fyrstu sýn en er það ekki. Margt af því sem hefur yfirbragð sakleysisins getur verið verulega skaðlegt og þetta frumvarp er þannig. Ég fór yfir það í 1. umr. um þetta mál á hvern hátt hér er verið að rífa ákveðinn einn þátt mála, stórra veigamikilla mála sem tengjast hvert öðru, úr samhengi. Hér er ég auðvitað að tala um vatnalögin, vatnsverndarfrumvarp sem okkur er tjáð að sé í samningu í umhverfisráðuneytinu, ég er að tala um hið stóra frumvarp sem er undanfari þessa frumvarps, frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, og ég er að tala um rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Öll þessi mál tengjast í mínum huga órjúfanlegum böndum og að mínu mati væri það afar metnaðarfullt verkefni ríkisstjórnar að koma slíkum málapakka í gegnum þingið. En þá teldi ég líka nauðsynlegt, ef ríkisstjórnin vill láta líta út fyrir að hún sé vandanum vaxin, að tengja þessi mál saman, fjalla um þau öll í einu, í ákveðinni heild, fara heildstætt yfir málin, hleypa þeim nefndum þingsins sem hlut ættu að máli að rannsóknarvinnunni sem þyrfti að fara fram. Í einingu, í ákveðinni samvinnu, gæti þingheimur farið á einum vetri í gegnum þetta heildarlitróf, þessa heildarstefnumótun — og án efa náð gáfulegri niðurstöðu ef menn ætluðu sér í alvöru að ná sáttum og búa hér til umhverfi sem sátt mundi ríkja um úti í samfélaginu, meðal almennings, meðal stofnana samfélagsins, jafnt þeirra sem vinna á orkusviði og hinna sem vinna á umhverfissviði og svo ekki síst meðal frjálsra félagasamtaka sem láta sig þessi mál miklu skipta.

Inntak þessa máls lýtur að þeim rannsóknarleyfum sem orkufyrirtækin ásælast nú um stundir og má segja að þetta sé kannski í síðasta sinn sem mál af þessu tagi á eftir að koma til kasta þingsins ef það fer í gegn hér í þessari lotu. Heimild Alþingis til að véla um eða fjalla yfir höfuð um einstakar virkjanir í formi virkjunarleyfa yrði nefnilega afnumin með nýju raforkulögunum. Þess vegna er hér um að ræða síðasta skiptið, síðasta vígið í þessum málaflokki, þ.e. þar sem alþingismenn geta komið að umræðu um einstaka virkjunarkosti eins og við höfum haft tilhneigingu til að draga hér inn í umræðuna um þetta mál því að vissulega eru hér tilteknir virkjunarkostir undir.

Hæstv. iðnaðarráðherra sagði þegar hún gerði grein fyrir

málinu í 1. umr. að það byggði á þeirri staðreynd að við værum búin að innleiða samkeppni í vinnslu raforku. Vissulega er það rétt, raforkulögin sem tóku gildi 2003 heimila það sem kallað er samkeppni á raforkumarkaði. Með þeim lögum fékk hæstv. iðnaðarráðherra að mínu mati talsvert mikið vald, það vald að veita þessi virkjunarleyfi sem áður hafa fengið almenna umfjöllun hér á Alþingi Íslendinga. Alþingismenn hafa í gegnum tíðina gefið sérstakar heimildir til hæstv. iðnaðarráðherra til þess að gefa út virkjunarleyfi ákveðinna virkjunarkosta.

Það verður að segja eins og er að breytingin sem varð við nýju raforkulögin ristir afar djúpt, hún er afar djúpstæð og hún breytir í grundvallaratriðum umhverfi sem við höfum búið við áratugum saman.

Hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni hér í 1. umr. að eftir að lögunum var breytt og nýju raforkulögin tóku gildi hafi orkufyrirtækjunum verið gert erfiðara fyrir, fyrst og fremst þeim orkufyrirtækjum sem stunda rannsóknir á vatnsafli, með rannsóknir vegna þess að þau hefðu ekki forgang til nýtingarinnar. Þegar orkufyrirtækin eru að rannsaka jarðvarma hafa þau ákveðna tryggingu fyrir því að þau fái að nýta rannsóknirnar áfram með því að þau fái virkjunarleyfið sjálft. En hvað vatnsaflið snertir, eins og lögin eru núna, hafa þau orkufyrirtæki sem stunda rannsóknir ekki forgang að nýtingunni og þau hafa heldur ekki tryggingu fyrir því að fá rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan ef til þess kæmi að aðrir aðilar fengju nýtingar- eða virkjunarleyfið á viðkomandi svæði.

Í greinargerð með frumvarpinu segir, og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra við 1. umr., að fyrir þessar sakir væru orkufyrirtækin tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli en heppilegt gæti talist. Mér finnst afar mikilvægt að gera athugasemd við þetta orðalag og spyrja hæstv. ráðherra, ef hún er að hlýða á mál mitt, sem við skulum gera ráð fyrir þó að hún sé ekki hér í salnum, hvað hún telur heppilegt að orkufyrirtækin stundi mikið af rannsóknum á vatnsaflinu í ljósi þess að nú þegar liggja fyrir ónýttir fullrannsakaðir virkjunarkostir, sem hafa verið taldir upp hér í fyrri ræðum, og sömuleiðis er talsvert mikil starfsemi orkufyrirtækjanna í jarðvarmavirkjunum. Það er verið að reisa hér gríðarlega stórar jarðvarmavirkjanir eins og allir vita. Þess vegna spyr ég: Hvers vegna telur hæstv. ráðherra nauðsynlegt að tryggja orkufyrirtækjunum þennan aðgang að rannsóknum í vatnsaflinu?

Við skulum líka líta til annarra þátta í sambandi við vatnsaflið. Við erum ekki svo rík af vatnsafli til að halda áfram að virkja það. Ég fór yfir það í 1. umr. hvaða vatnsföll það mögulega væru sem við ættum eftir að virkja. Þau eru nú ekki mörg þessi stærri vatnsföll sem má segja að séu eftir til að virkja á einhverjum stórum skala. Það má segja að það sé Jökulsá á Fjöllum annars vegar og hins vegar Hvítá í Árnessýslu. Það er spurning hvort menn ætla að halda áfram að fórna okkar stærstu náttúruperlum í því orkunýtingaræði sem ríkisstjórnin er haldin. Þá erum við kannski komin að spurningu sem mér finnst afar mikilvæg í þessu sambandi og er: Til hvers á að nýta þá orku sem orkufyrirtækin eru svo áfjáð í að rannsaka eins og sakir standa? Svarið við þeirri spurningu er bara eitt: Það á að nýta þá orku sem orkufyrirtækin hugsa sér að framleiða til stóriðju. Það á að selja enn meiri orku frá vatnsaflsvirkjunum okkar og hvaða virkjunum sem er á útsöluverði til stóriðjunnar.

Það er því alveg ljóst, herra forseti, að hagsmunir þeir sem hæstv. iðnaðarráðherra ber hér fyrir brjósti eru hagsmunir orkufyrirtækjanna, þ.e. hæstv. iðnaðarráðherra vill tryggja það að orkufyrirtækin geti fengið kostnað sinn endurgreiddan ef þau fá ekki virkjanaleyfi, og sömuleiðis að tryggja það að orkufyrirtækin geti farið í rannsóknir á vatnsaflinu með einhvers konar tryggingu fyrir því að þau fái annaðhvort nýtingarleyfi eða kostnaðinn endurgreiddan. Hér eru eingöngu hagsmunir orkufyrirtækjanna sem hæstv. ráðherra ber fyrir brjósti. Og hvers vegna er hún að því? Hún ber þá fyrir brjósti vegna þess að hún ætlar sér að reisa á Íslandi í nánustu framtíð a.m.k. þrjú stykki álver í viðbót við það sem verið er að reisa nú austur á fjörðum. Nú verðum við að fara ofan í saumana á stefnu þessarar ríkisstjórnar.

Því segi ég að þó að þetta mál hafi yfirbragð sakleysisins er það skaðlegt í eðli sínu vegna þess að allt þetta hangir á spýtunni. Ríkir hagsmunir ferðaþjónustunnar hanga þar með á spýtunni, hagsmunir þeirra sem vilja varðveita náttúruna okkar ósnortna sem telja að hún geti orðið okkur miklu öflugri tekjulind til framtíðar litið en álbræðslan. Það er óráð og ekkert annað en óráð að hleypa hæstv. iðnaðarráðherra í gegn með þetta mál áður en öll hin málin eru komin fram, áður en hv. alþingismenn fá tækifæri til að fjalla um þessa hluti í einu stóru samhengi.

Þá er ég komin að spurningunni sem ég bar upp í andsvari við hv. þm. Birki Jón Jónsson þegar við hófum þessa umræðu fyrr í kvöld. Hvers vegna var þetta mál ekki sent til umsagnar umhverfisnefndar Alþingis? Mér er kunnugt um að þess var óskað en það var ekki gert. Við eigum í þessum sal heimtingu á því að fá að vita hvers vegna hv. formaður iðnaðarnefndar tók þá gerræðislegu ákvörðun að senda málið ekki til umhverfisnefndar. (**JÁ:** Þeir geta kallað málið ... iðnaðarnefnd ... iðnaðarráðherra svari því.) Hæstv. forseti. Það væri ekki verra að hafa hv. formann iðnaðarnefndar hérna til að hlýða á mál mitt. Það eru fleiri spurningar sem eiga eftir að koma sem varða hann. (**JÁ:** Það þýðir lítið að spyrja ef enginn er til svara.)

Hæstv. forseti. Það er spurningin um þessi virkjanaleyfi sem Alþingi hefur, eins og ég rakti áðan, haft hingað til möguleika á að fjalla um. Í mínum huga skiptir miklu máli að Alþingi komi að slíkri umfjöllun. Ég er ósátt við það að útgáfa slíkra virkjanaleyfa sé eingöngu í höndum hæstv. iðnaðarráðherra, í höndum framkvæmdarvaldsins og stofnana þess eins og Orkustofnunar. Mín tilfinning er sú — ekki bara tilfinning, ég sé það í hendi mér á þeim frumvörpum sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur kynnt, þá er ég að tala um vatnalagafrumvarpið, frumvarpið um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum og þetta hérna — að Orkustofnun sé ætlað allt vald í þessum málaflokki. Þar eru stofnanir umhverfisráðuneytisins hunsaðar. Það er vaðið yfir þær á skítugum skónum svoleiðis að tveir virtir forstöðumenn í stofnunum umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands, misstu þolinmæðina og umburðarlyndi þegar þessi mál komu fram síðasta vetur og tjáðu sig um þau á þann hátt, bæði með umsögnum

sem þeir sendu hingað inn til þingnefnda og sömuleiðis í fjölmiðlum, að það endaði á því að hæstv. umhverfisráðherra var farinn að skamma þessa virtu forstöðumenn opinberlega í fjölmiðlum. Þótti mér leggjast ansi lítið fyrir hæstv. umhverfisráðherra þar. — Nú er hv. þm. Birkir Jón Jónsson genginn í salinn og gott að ég ítreki þá spurningu sem ég lagði fyrir hann áðan. Ég lagði hana líka fyrir hann í andsvari mínu við upphafsræðu hans: Hvers vegna var málið ekki sent til umsagnar umhverfisnefndar? (**BJJ:** Ég svaraði því þá.) Því var ekki svarað. Það hljóta að vera einhver rök fyrir því. Ég veit að beiðnin kom fram, erindið var ekki sent til nefndarinnar og við þurfum að fá skýringu á því hvers vegna það var ekki gert. Ég lít á það sem gerræðislega ákvörðun hv. formanns að það skyldi ekki hafa verið gert.

En eigum við sem sagt að láta framkvæmdarvaldinu og sérfræðistofnunum framkvæmdarvaldsins, Orkustofnun í þessu tilfelli, það eftir að fjalla um þessa hluti án þess að Alþingi komi þar nærri? Auðvitað fjallaði ég um þessi mál þegar raforkulögin fóru hér í gegn, og eins og þeir hv. þingmenn vita sem hér sitja í salnum voru þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ósáttir við grundvallaratriðin í raforkulögunum. Við greiddum atkvæði gegn þeim þannig að við reyndum andmæli okkar þar þó svo að við hefðum þá ekki árangur sem erfiði.

Mér finnst skipta máli að Alþingi taki afstöðu til þeirra verðmæta og nýtingar þeirra sem verið er að höndla með. Mér finnst skipta máli að Alþingi komi að þeim framkvæmdum sem í bígerð eru og mér finnst skipta máli að Alþingi taki afstöðu til þeirra áhrifa sem slíkar framkvæmdir hafa síðan í för með sér. Í mínum huga eru verðmætin sem um er fjallað náttúran og landið og það er ekki einhlítt á hvaða nótum við lítum þau verðmæti, það vitum við. Í mínum huga er ekki um venjulega verslunarvöru að ræða. Í mínum huga er um að ræða verðmæti sem skipta grundvallarmáli fyrir lífssýn mjög margra Íslendinga, kannski flestra Íslendinga. Mér finnst þau skipta máli fyrir það hvað það þýðir að vera Íslendingur og mér finnst þau ekki bara skipta máli fyrir núverandi kynslóðir, þau skipta máli fyrir allar komandi kynslóðir.

Þess vegna, virðulegi forseti, finnst mér skipta máli að vekja athygli á því að þau verðmæti sem hér um ræðir eru verðmæti sem hæstv. iðnaðarráðherra lætur í té einkaaðilum, orkufyrirtækjunum sem ásælast þessi verðmæti, verðmæti sem eru sameign allrar þjóðarinnar. Þess vegna set ég mig upp á móti þessu máli. Hér er verið að fjalla um verðmæti sem koma ekki bara hæstv. iðnaðarráðherra við eða hv. iðnaðarnefnd og ekki bara þeim meiri hluta sem nú situr á Alþingi. Það er þetta stóra samhengi sem hv. formaður iðnaðarnefndar neitar að horfast í augu við og hæstv. iðnaðarráðherra líka því að það er hún sem dregur vagninn.

Svo að ég fjalli aðeins nánar um þau verðmæti sem um ræðir vitum við að virkjun, hvort heldur er virkjun fallvatnanna eða jarðvarmans, felur í sér óafturkræfar breytingar á náttúrunni, ekki síst hvað fallvötnin varðar, sérstaklega auðvitað virkjun jökulána sem hefur oft verið fjallað um hér. Fjallað hefur verið um á hvern hátt slíkar virkjanir eru ósjálfbærar og hversu mikil náttúruspjöll þær kalla yfir okkur. Það er engin von til að hægt sé að fjarlægja stórar jökulvirkjanir síðar meir og segja að áhrifin séu afturkræf. Það er algerlega vonlaust þannig að hér er um að ræða stórar framkvæmdir sem allar komandi kynslóðir eiga eftir að hafa sínar skoðanir á og eiga þá auðvitað eftir að hugsa okkur þegjandi þörfina þegar skoðaðar verða myndir af þeim perlum sem fórnað var á altari skammsýnnar stóriðjustefnu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að völdum. Og hvað kemur hún til með að sitja lengi við völd? Auðvitað vona ég sem hér stend að hún komi til með að sleppa þessum valdataumum eftir tæp tvö ár (**Gripið fram í:** 10 ár.) þannig að í næstu alþingiskosningum verði kjörin hér ný stjórn sem aðhyllist sjálfbæra orkustefnu, sem kemur til með að aðhyllast varúð í þessum málum, aðhyllast heildstæða nálgun í þessum málaflokki, (Gripið fram í.) ríkisstjórn sem kemur til með að fjalla á einu bretti um vatnalög, lög um rannsóknir og nýtingu jarðrænna auðlinda, um allan pakkann þannig að vatnsvernd sé inni í myndinni þegar við fjöllum um nýtingu vatnsaflsins.

Eins og ég var að segja erum við að fjalla um mikil verðmæti í vatnsaflinu en við erum líka að fjalla um mikil verðmæti í jarðvarmavirkjunum. Hv. þm. Mörður Árnason fór afar vel yfir djúpborunarverkefnið mikla sem ég viðurkenni að er afar fróðlegt að fylgjast með. Auðvitað þurfum við að vinna þá vinnu sem vísindamenn í dag eru að vinna varðandi rannsóknir á möguleikum okkar í jarðvarmanum. En af því að þar virðast leynast gríðarlegir möguleikar finnst mér sýnu auðveldara fyrir okkur að segja: Slöppum af hvað varðar vatnsaflið. Ef við gætum orðið sammála um að við ættum að setja orkuna okkar, fjármuni, rannsóknarorkuna og vísindamennina í að rannsaka jarðvarmann liggur ekkert á fyrir þessi orkufyrirtæki sem nú ásælast rannsóknarleyfi í vatnsaflinu. Það liggur með öðrum orðum ekkert á að setja þetta mál hér í gegn, ekki nokkurn skapaðan hlut. Við getum bara hallað okkur rólega aftur í stólnum, haldið áfram að skoða málin, fengið alla sem hlut eiga að máli hingað til okkar til að ræða þau við okkur og fræða okkur, haldið áfram þeim háskólakúrs sem það felur í sér að fara í gegnum svona flókið mál. Við getum látið þessi orkufyrirtæki bíða. Þau hlaupa ekki frá okkur, ég get lofað því.

Varðandi jarðvarmann er ekkert sjálfgefið að það verði í lagi að fara í öll þau verkefni sem þar virðast vera á teikniborðinu. Við vitum alveg að jarðvarmavirkjanir eru umhverfisvænni en vatnsaflsvirkjanirnar í t.d. stóru jökulhlaupunum. Við teljum okkur geta afmáð Nesjavallavirkjun af yfirborði jarðar án þess að tiltakanlega mikil umhverfisáhrif sjáist eftir hana á sama hátt og við getum fjarlægt rennslisvirkjanir í bergvatnsám án þess að nokkur ummerki séu um þær eftir á. Ég held að jarðvarmavirkjanirnar lúti sannarlega öðrum lögmálum en við verðum líka að hafa í huga að þær eru náttúrlega reistar á afar viðkvæmum svæðum þegar horft er til umhverfismála og þegar horft er á náttúru Íslands.

Ég spyr um til að mynda virkjun á Torfajökulssvæðinu. Slík virkjun hefði í för með sér gríðarlegt jarðrask, ekki bara á sjálfum virkjunarstaðnum sem er einstakur í veröldinni að fegurð og mikilfengleik heldur verðum við líka að hafa í huga alla vegagerðina sem tengist slíku raski, slíkum virkjunum, allar línulagnirnar sem koma til sögunnar og þar

fram eftir götunum. Auðvitað horfir öðruvísi við þegar við fjöllum um svæði sem hefur þegar verið raskað. Það hefur verið talað um það hér. Af því að framsóknarmenn hafa iðulega gert vinstri grænum upp þær skoðanir að við séum á móti öllum virkjunum og við höfum reynt að leiðrétta það úr þessum stóli er kannski rétt að ég segi það einu sinni enn, eins og ég er búin að segja núna: Auðvitað er ekkert að því að virkja bergvatnsár í farvegi sínum, fullkomlega umhverfisvænar virkjanir sem hægt er að taka niður ef við ákveðum að við þurfum ekki þessa orku lengur án þess að eftir lifi umhverfisummerki, skaðleg ummerki í náttúrunni. Á sama hátt höfum við vinstri græn ævinlega sagt að þar sem búið er að raska er eðlilegt að þar sé haldið áfram. Auðvitað er eðlilegt að halda áfram með Kröflu. Það setur sig enginn upp á móti því. En þá verðum líka að spyrja: Til hvers ætlum við að nýta orkuna? Við erum ekki sátt við það að eina orkunýtingartækifærið sem farið er út í hjá þessari þjóð sé til að virkja fyrir erlenda stóriðju. Við mótmælum þeirri stefnu hátt og kröftuglega hvar sem er og hvenær sem er og það höfum við gert frá því að flokkurinn varð til. Við vinstri græn aðhyllumst annars konar atvinnustefnu og segjum: Það er komið gott í stóriðjunni, hingað og ekki lengra. Förum nú að nota hausinn til annars en að skálda upp fleiri vatnsaflskosti sem hægt er að virkja fyrir erlenda stóriðju.

Veit hv. þm. Birkir Jón Jónsson hvers konar fréttir eru að berast utan úr heimi núna um framleiðsluvörur Alcoa, hvað Alcoa gerir við framleiðsluvörur sínar, álframleiðsluna sem eflaust á eftir að framleiða í álverinu austur á Reyðarfirði? Ég er með mjög nýlega úrklippu úr blaði sem heitir Business Wire og var gefið út í Pittsburgh 1. desember sl. Þar er sagt frá því að Alcoa hafi þann dag, á fullveldisdegi Íslendinga, tilkynnt að þeir væru búnir að gera gríðarlega stóran samning við fyrirtæki sem heitir Klune Industries og hvaða hlutverki gegnir þetta fyrirtæki? Jú, það sér um að afla Bandaríkjaher, sjóhernum, ákveðinna íhluta í eldflaugar sem bera sprengjur sem heita Tactical Tomahawk. Þessir íhlutir eru steyptir úr áli sem Alcoa framleiðir, og hvar? Mögulega í álverinu sem verið er að reisa austur á Reyðarfirði. Samningurinn er gríðarlega verðmætur, segja þeir hjá Alcoa, næstum því 30 millj. dollarar. Ég er, herra forseti, ekki stolt af því að Íslendingar skuli leggja hergagnaframleiðslu af þessu tagi lið og að við fórnum náttúruauðlindum okkar til að framleiða vöru af þessu tagi. Það finnst mér afar lágkúrulegt og ég verð mjög döpur þegar ég sé frétt eins og þessa.

Þetta hangir allt á sömu spýtunni. Við erum ekki einangruð þó að við séum eyland. Við erum hluti af þessum stóra heimi. Það skiptir máli hvað við gerum og við þurfum að skoða okkar skref í hinu stóra samhengi. Þótt þetta litla frumvarp hafi yfirbragð sakleysis, eins og ég sagði hér áðan, þá kann að vera að undir leynist mikil hætta og eitthvað sem er alls ekki saklaust.

Virðulegi forseti. Í mínum huga er það alveg ljóst að allar þessar virkjanir okkar, hvort sem það eru jarðvarmavirkjanir eða vatnsaflsvirkjanir og þar með þetta frumvarp hér, varða almenna hagsmuni verulega. Í mínum huga og margra Íslendinga mikilsverða hagsmuni. Það er þess vegna sem mér finnst eðlilegt að ákvarðanir um virkjunarleyfi séu teknar og rökstuddar hér, þar sem eðlilegast er að ræða slíka hagsmuni í stóru samhengi. Þess vegna var ég á móti raforkulagafrumvarpinu á sínum tíma af því að að mínu mati tók það ákveðin sjálfsögð völd úr höndum Alþingis Íslendinga, úr höndum þingmanna.

Það er kannski ekki úr vegi að rifja hér aðeins upp hvernig það kom til að þessi, í mínum huga, arfavitlausa raforkutilskipun Evrópusambandsins var innleidd á Íslandi. En menn þekkja það auðvitað, þótt það hafi kannski ekki verið rifjað upp nýlega, að með aðild okkar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var Íslendingum gert að lögfesta hér sama rétt einstaklinga og lögaðila á öllu EES-svæðinu, þann rétt sem við Íslendingar höfðum búið einir að fram að því, til að eignast virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita og fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. Sama gilti um kaup á fasteignum og orkunýtingu þeim tengda. Á 120. löggjafarþingi 1996 var lögum þar að lútandi breytt og í krafti þeirra samningsákvæða geta útlendingar nú eignast virkjunarréttindi og landareignir sem t.d. hafa að geyma jarðvarma hér á landi. En þessi ákvæði geta, eins og önnur hliðstæð, orðið afar varhugaverð fyrir íslenska hagsmuni og þau eru eitt af mörgum sem bent var á af andstæðingum EES-samningsins þegar sú umræða fór fram. Þegar samningaviðræðurnar um EES-samninginn stóðu yfir á árunum 1989 til 1991 létu íslensk stjórnvöld iðulega að því liggja í þeirri umræðu að ákvæðin um orkumál lægju að mestu utan samningssviðsins. Það var sagt að það hefði lítið reynt á samræmingu í orkumálum innan Evrópusambandsins. En á endanum kom auðvitað allt annað á daginn. Árið 1992 lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram tillögur að tilskipunum um innri markað fyrir rafmagn og reyndar líka um jarðefnaeldsneyti, olíu og gas. Þessar tillögur miðuðu að því að stórauka frelsi í viðskiptum með rafmagn og reyndar líka jarðefnaeldsneyti. Sem lokaskref var svo gert ráð fyrir því að öllum raforkunotendum yrði gert kleift að semja beint við raforkuframleiðendurna. Hér á landi mættu þessar tilskipanir pólitískri andstöðu sem og víða í Evrópu og þá jafnvel af hálfu ríkisstjórna í aðildarlöndunum og innan Evrópuþingsins. En þær voru studdar með 235. gr. í Rómar-samningnum sem veitir einstökum ríkjum neitunarvald gagnvart tilskipunum. Svo fór á endanum eftir mikla og heita umræðu og mikil pólitísk átök að tilskipunin um jarðefnaeldsneyti var samþykkt 1995. Noregur samþykkti tilskipunina einnig í kjölfarið þrátt fyrir gríðarlega andstöðu innan Noregs við hana en ég held að það hafi verið eitthvað seinna, þ.e. eftir 1995. Í ársbyrjun 1994 leggur framkvæmdastjórnin fram nýja útgáfu að tilskipunum um innri markað með raforku. Þar var heldur hægar farið í sakirnar en í fyrri tilskipun og þess vegna náðist samkomulag á grundvelli hennar í ráðherraráði ESB og meiri hluti Evrópuþingsins samþykkti hana og innleiddi þá tilskipun sem tók gildi innan Evrópusambandsins 19. desember 1996.

Það er óþarfi að fara nánar í gegnum hvað í henni felst. Við þekkjum það eftir miklar umræður um raforkulögin og tilskipunina hér fyrir tveimur, þremur árum. Í grunninn var það sem sagt þannig að einkaréttur starfandi orkufyrirtækja var afnuminn og áskilið að vinnsla, flutningur, dreifing og sala á raforku sé aðskilið, þannig að um það ríki viðskipta-

legt frelsi. Tilskipun þessi sem er frá árinu 1996 er nr. 92 er byggð á grein 100a í stofnskrá Evrópusambandsins og hún er túlkuð svo að hún falli undir EES-samninginn, þar eð orka sé hluti af vöruhugtakinu samkvæmt samningnum. Með samþykkt þingsályktunartillögu hér á hinu háa Alþingi á 125. löggjafarþingi heimilaði Alþingi að fallið yrði frá þessum klassíska stjórnskipulega fyrirvara við að fella umrædda tilskipun inn í EES-samninginn. En við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs mótmæltum þessu, við töldum að sérstaða Íslendinga í raforkumálum væri slík að það væri óheppilegt að tilskipun Evrópusambandsins um þennan innri markað tæki gildi hér á landi. Í því sambandi bentum við á ýmislegt, eins og smæð og einangrun íslenska raforkumarkaðarins og þá staðreynd að raforka er hér nær eingöngu framleidd með orkugjöfum sem mega teljast endurnýjanlegir. Hér er ekkert val á milli grænnar orku, svokallaðrar, sem framleidd er á endurnýjanlegan hátt og hinnar orkunnar sem framleidd er með kolum og olíu og losar þar af leiðandi gríðarlegt magn gróðurhúsalofttegunda. En það var einn af grunnþáttunum í orkutilskipuninni að neytendur ættu þetta val og gætu þar með keypt þá orku sem þeir teldu að ætti að framleiða í heiminum, þess vegna var talað um það í sambandi við orkutilskipunina að auka umhverfismeðvitund fólks, auka hlut vistvænna orkugjafa og neytendur ættu þá þetta val að kaupa vistvæna orkugjafa og velja þá umfram hina.

Hér var ekki um það að ræða, virðulegi forseti. Hér var eitt opinbert fyrirtæki ráðandi á raforkuframleiðslunni og aðgerðir til að byggja upp samkeppnismarkað í framleiðslu raforku alls ekki líklegar til að skila ávinningi. Ég er ekki farin að sjá það enn að það eigi eftir að verða einhver verulegur ávinningur fyrir íslenska neytendur af hinu nýfengna frelsi í raforkumálum. Ekki hrópaði ég jibbí jei húrra þegar bæklingurinn um að nú gæti ég valið mér raforkuseljanda kom inn um lúguna hjá mér fyrir tveimur vikum. (Gripið fram í.) Við mig höfðu samband kjósendur sem vildu meina að þetta kæmi þeim á óvart. Höfðu farið varhluta af því að þessi tilskipun hefði verið samþykkt og skildu hreinlega ekki hvað um væri að ræða. Það er ekkert skrýtið, virðulegi forseti, ef fólk fylgdist ekki þeim mun betur með því sem hér var að gerast, því þetta var löng og ströng umræða sem hér fór fram og mjög flókin og örugglega sofnuðu margir sem ætluðu sér að reyna að fylgjast með henni. Það eru því margir borgarar úti í íslensku samfélagi sem vita ekkert um hvað þetta mál snýst. Þannig að hagsmunir íslenskra neytenda af þessu nýfengna frelsi eru örugglega umdeilanlegir. Okkur var líka tíðrætt um það þegar þetta allt var að fara hér í gegn að þessi samkeppni gæti jafnvel torveldað og útilokað viðleitni til jöfnunar raforkuverðs. Það hefur komið í ljós á síðustu dögum að orkuverð úti á landsbyggðinni til húshitunar fer hækkandi og auðvitað er hægt að rekja það að hluta til til þeirrar staðreyndar að orkufyrirtækin eru öll að búa sér í haginn.

Í mínum huga var það alltaf þannig að Íslendingar gætu gert allar þær breytingar sem þeir vildu, sem segja mætti að gætu leitt til einhvers konar hagsældar eða væru hagstæðar fyrir okkar aðstæður, án þess að innleiða þessa tilskipun. Við hefðum t.d. getað skilið á milli framleiðslu og flutnings um stofnlínur ef við hefðum viljað það. Við hefðum ekki þurft að innleiða tilskipunina til þess. Við hefðum þess vegna getað farið út að efla fyrirtæki eins og Rafmagnsveitur ríkisins sem orkuframleiðanda. Við gátum greint t.d. á milli raforkusölu til stóriðju og almenns markaðar. En það er alkunna að ef raforkufyrirtækin sem framleiða orku til stóriðju væru með stóriðjusöluna í séreiningum þá yrði auðvitað að selja orkuna miklu dýrar. Þó að það sé óheimilt samkvæmt lögum, hafa hagfræðingar leitt í ljós að í grunninn er það salan til almennings sem niðurgreiðir stóriðjurafmagnið.

Hæstv. forseti. Það er skammarlegt að svo skuli vera og það skuli vera látið viðgangast. Alveg á sama hátt og það var skammarlegt árið 1995 að leyfa sér að gefa út þennan fádæma bækling þar sem Ísland er auglýst sem orkuríkt land sem selur orkuna á útsöluverði, „lowest energy prices", lægsta orkuverð í Evrópu. Og ekki nóg með það, heldur auglýstu þeir í þessum bæklingi líka að það hér væri hægt að fá svo ódýrt vinnuafl. Ekki nóg með það. Heldur líka svo litlar umhverfiskröfur. Þetta var áður en við vorum komin á kaf í að setja allar framkvæmdir í mat á umhverfisáhrifum eða um það bil þegar við vorum að byrja á því. Litlar umhverfiskröfur, lág laun vinnuaflsins og lægsta orkuverð í Evrópu. Er það nú, virðulegi forseti. Af þessu stærði sig, sú sem nú situr við völd, og enn er stefnan sú sama. Engar hugmyndir. Fullkomin lágkúra. Bara þessi eina hugmynd. Nauðhyggjan sem landsbyggðinni er boðið upp á. Ef þið viljið ekki álver, þá fáið þið ekki neitt. Ja svei.

Virðulegi forseti. Það sem við ættum að vera að gera hér er að móta sjálfbæra orkustefnu fyrir Ísland. Sjálfbæra orkustefnu sem mundi byggja á því að endurnýjanlegir orkugjafar gætu á endanum leyst allt innflutt jarðefnaeldsneyti af hólmi. Sjálfbær orkustefna mundi líka fela það í sér að markvisst yrði dregið úr orkusóun og þar með líka losun gróðurhúsalofttegunda, sem er að sjálfsögðu ávinningur fyrir okkur, ekki bara okkur hér á Íslandi, heldur hnattrænt séð. Sjálfbær orkustefna mundi taka ríkulegt tillit til náttúruverndar og umhverfis við allar áætlanir og ákvarðana um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þess vegna höfum við vinstri græn lagt megináherslu á að rammaáætlunin varðandi nýtingu vatnsafls og jarðvarma fái eitthvert stjórnsýslulegt gildi. Að hún sé ekki bara safn upplýsinga sem liggur í skúffu iðnaðarráðherra, engum til gagns. Það sem búið er að vinna að rammaáætlun, fyrsti áfanginn kostaði okkur yfir 500 millj. kr. Enginn hér í þessum sal hefur nokkurn tíma látið í ljósi að hann hafi séð eftir þeim fjármunum. Ekki sé ég eftir þeim fjármunum. Um 70 manns sem komu að þeirri vinnu. En hvað á að gera við niðurstöðuna? Niðurstöðu okkar færustu vísindamanna á ýmsum sviðum, bæði náttúruvísindum og orkuvísindum. Hagfræðingar og fleiri sem koma að þessu söfnuðu þarna viðamiklum upplýsingum, settu þær fram á mjög svo læsilegan hátt og þetta plagg liggur í skúffu iðnaðarráðuneytisins og það er ekkert gert með það. (Gripið fram í.) Þetta er auðvitað til skammar og þess vegna teljum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs að það sé ósvinna að rammaáætlunin skuli yfir höfuð heyra undir iðnaðarráðherra. Ef einhver dugur væri í okkur hér mundum við samþykkja fyrirliggjandi þingsályktunartillögu frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs sem gengur út á að for-

ræði rammaáætlunarinnar verði tekið frá iðnaðarráðherra og sett undir umhverfisráðherra þar sem það á auðvitað heima. Þar sem Norðmenn létu það vera, eins og hv. þingmaður Mörður Árnason gerði grein fyrir með vinnu við sambærilega rammaáætlun hjá Norðmönnum. Það var ekki hæstv. iðnaðarráðherra Noregs sem stýrði þeirri vinnu, ó nei. Sú vinna heyrði undir umhverfisráðuneytið. Þannig að hér er öllu steypt á stél, eins og Megas mundi segja, og iðnaðarráðuneytið gín hér yfir öllum þáttum þessara mála eins og orkumálin séu einangruð frá umhverfisþáttum. Það eru þau ekki.

Hvenær ætlum við að játa það og læra að það þarf að hugsa hlutina heildstætt? Til þess er sú formúlering sem við höfum sett fram í þingmáli um sjálfbæra orkustefnu afar skýr og skilmerkileg, sjálfbær orkustefna er auðvitað ráðið. Þess vegna ráðlegg ég hv. þingmönnum sem eru, eins og ég sagði áðan, náttúrlega í góðum kúrsi í orkumálum að kynna sér vel þá sjálfbæru orkustefnu sem við höfum talað fyrir.

Ég er sannfærð um að ef við settumst niður í iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd Alþingis og ræddum um sjálfbæra orkustefnu gætum við alveg náð sáttum. En til þess verða framsóknarmenn að breyta stóriðjuáherslum sínum og þeir verða að sjá ljósið í annars konar atvinnuuppbyggingu. Þeir verða að fá fleiri hugmyndir en þessa einu. Ég treysti því að ef framsóknarmenn opna huga sinn og fara að ræða við okkur hin, sem erum að reyna að horfa víðar yfir sviðið, er líka hægt að breyta þeim. Annars stæði ég ekki hér, annars héldi ég ekki hér aftur og aftur ræður á þessum nótum. (**BJJ:** Við verðum seint sammála um þetta.) Ég treysti því að hægt sé að breyta ungum manni eins og hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, að hann sé ekki orðinn svo læstur á klafa stóriðjustefnunnar að ekki sé hægt að lofta út úr heilanum á honum og sýna honum að það eru aðrar leiðir. (**Gripið fram í:** Með op á heilanum.) Ég hef þá trú á hv. þm. Birki Jóni Jónssyni að hægt sé að kenna honum og sýna fram á að til séu aðrar leiðir. Ég er alveg til í að taka að mér hluta af þeirri vinnu. Ég hef tíma til þess og ég hef fullt af orku til að fara í þá vinnu. Ég er sannfærð um að ég fengi fullt af þingmönnum með mér í hana. (Gripið fram í.)

Einhvern tímann las ég blaðagrein í tengslum við Kárahnjúkamálið með skondna fyrirsögn sem þessi frammíköll kalla fram í huga minn. Fyrirsögnin var á þessa leið: Verndum hálendið, virkjum Austfirðinga. Mér finnst þetta alveg glimrandi skemmtilegt. Ég held nefnilega að við getum verndað hálendið og virkjað menn eins og hv. þm. Birki Jón Jónsson og alla aðra sem ég veit að ef þeir horfa með opnum huga á hlutina geta verið skapandi á öðrum nótum en raun ber vitni í dag. Það er örugglega ekki öll nótt úti með framsóknarmenn þó að það þurfi að taka dálítið vel á við að breyta þeim.

Af því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur verið nefndur í þessari ræðu oftar en einu sinni vil ég líka fá að ítreka hér spurninguna um reglurnar sem hæstv. ráðherra á ekki að fara eftir af því að það eiga ekki að vera neinar reglur: Er hv. þingmaður, hv. formaður iðnaðarnefndar, sáttur við það að afgreiða frumvarp af þessu tagi þar sem hæstv. ráðherra verður heimilað að veita orkufyrirtækjum rannsóknarleyfi með tengingu yfir í nýtingarleyfi án þess að um það verði settar nokkrar reglur? Á Alþingi ekki að hafa neitt um það að segja til hvaða hluta, hvaða þátta, hæstv. ráðherra á að líta þegar hann metur umsóknir? (**Gripið fram í:** Hvar eru hugsjónir hinna ungu manna?) Það er ekki búið að kveikja á þeim. (**Gripið fram í:** Ha?) Það þarf að virkja unga framsóknarmenn betur. (**Gripið fram í:** Ungir framsóknarmenn.)

Satt að segja er óskiljanlegt að meiri hluti iðnaðarnefndar skuli setja málið frá sér með þessum hætti, jafnvel þó að hv. iðnaðarnefnd setji aftur inn í frumvarpið með breytingartillögu ákvæði um nefndina, hina þverpólitísku nefnd. Því mætti í sjálfu sér fagna ef hún hefði eitthvað að segja, hún hefur bara ekkert að segja. Hvernig sér hv. þm. Birkir Jón Jónsson fyrir sér að þessi þverpólitíska nefnd geti komið með einhverjar framtíðarhugmyndir um orkunýtingu og fyrirkomulag þessara mála á Íslandi eftir að hæstv. iðnaðarráðherra væri búinn að fá heimild til þess að veita hinum áfergjufullu orkufyrirtækjum öll þau rannsóknarleyfi sem þau sækja um núna? Það liggur fyrir í gögnum málsins um hvað er verið að sækja. Hv. þm. Jóhann Ársælsson fór yfir það áðan þar sem hann var með gögn úr iðnaðarnefnd og hann las upp fyrirliggjandi umsóknir um rannsóknar-, nýtingar- og virkjunarleyfi. Það var ekki lítil lesning.

Hvað er verið að tala um hér? Það er verið að tala um vatnasvið Skjálfandafljóts, Tungnaár, Neðri-Þjórsár, efri hluta Skaftár, vatnasvið vestari og austari Jökulsár í Skagafirði. Það er verið að tala um Brennisteinsfjöll, Gjástykki og nágrenni, jarðhitann á Reykjanesskaga, háhitasvæðin í Reykjadölum, í Rangárþingi ytra, háhitasvæðin í Kerlingarfjöllum, háhitasvæðin í Brennisteinsfjöllum, vatnasvið Hólmsár í Skaftárhreppi — þetta er bara allt.

Þegar hæstv. iðnaðarráðherra væri búin að gefa út öll þessi rannsóknarleyfi mætti nefndin skila einhverri tillögu um framtíðarsýn. Hvaða bull er þetta? Eigum við að reyna að gera hlutina í réttri röð eða ekki?

Í sannleika sagt er verið að fara, eins og unglingarnir mundu segja, með þvílíka steypu að það tekur ekki nokkru tali. Það er ekki skynsamlegt að fara svona að hlutunum. (Gripið fram í.) Þess vegna er ástæða til þess að flytja hér þær ræður sem fluttar eru og það er ástæða til að taka fast á þessu máli. Það er skynsamlegt af okkur þingmönnum stjórnarandstöðunnar að gera það og leggja okkur í líma við að snúa þessari ríkisstjórn frá villu síns vegar í þessu máli og hreinlega taka það af dagskrá, svo arfavitlaust er það. Svo miklir hagsmunir eru í húfi sem gætu verið ónýtir með því að hleypa málinu hér í gegn.

Hæstv. forseti. Hér stöndum við í þeirri trú að orð okkar hafi einhver áhrif, öðruvísi gætum við þetta sennilega ekki. Ég nefndi hér og las upp þennan lista — sem nota bene er listi Landsvirkjunar — um rannsóknarleyfi en enn eru ótalin önnur orkufyrirtæki sem auðvitað bíða af áfergju þarna líka. Ég nefndi Brennisteinsfjöll. Þau hafa verið mér afar hugleikin og ég ætla að nota tækifærið hér og gera þingheimi grein fyrir ályktun sem við vinstri græn samþykktum á landsfundi okkar nýafstöðnum.

Þar segjum við, með leyfi forseta:

„Í Brennisteinsfjöllum á Reykjanesi er sérstætt háhitasvæði, nánast ósnortið og með afar hátt verndargildi. Svæðið er hið eina fjögurra eldfjallakerfa á Reykjanesi sem ekki hefur verið spillt með borunum, vegagerð og línulögnum. Í

Brennisteinsfjöllum eru merkar gosminjar frá sögulegum tíma, umhverfið er stórbrotið með gígum, eldhraunum og hellum og þar má rekja opnar jarðskjálftasprungur og misgengi. Eldvirkt svæði nær alveg frá sjó norður fyrir Sandskeið. Dýrmætt er að hafa aðgang að öræfakyrrð og svo fjölbreyttu landslagi í aðeins 20 km fjarlægð frá þéttbýlinu á suðvesturhorni landsins.

Að Brennisteinsfjöllum steðjar nú hætta þar sem mikill þrýstingur er á stjórnvöld um að veita rannsóknarleyfi þeim aðilum er telja svæðið fýsilegt til orkunýtingar. Landsfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs skorar á stjórnvöld að friðlýsa Brennisteinsfjöll, varðveita þau sem ósnortið víðerni og tengja þau friðlandinu í Herdísarvík eins og lagt er til í náttúruverndaráætlun."

Hæstv. forseti. Þetta er ályktun okkar vinstri grænna um Brennisteinsfjöll. Auðvitað ályktuðum við líka almennt um náttúruvernd og friðlýsingu, um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs, friðun Jökulsár á Fjöllum og verndun Langasjávar, stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, en þessi ályktun um Brennisteinsfjöll er mér mjög hugleikin því að ég held að í alvöru steðji núna veruleg ógn að Brennisteinsfjöllunum. Ég hvet þá hv. þingmenn og hæstv. iðnaðarráðherra ef hún hefur ekki farið og skoðað það svæði með eigin augum að gera það, 20 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Það eru verulegir verndarhagsmunir í húfi þar sem Brennisteinsfjöll eru, verulega miklir.

Ef við værum skynsöm mundum við nú setja reiknimeistara yfir það að reikna ólíka hagsmuni, annars vegar af því að vernda Brennisteinsfjöll og hins vegar að hleypa orkufyrirtækjunum þar að til að ná í jarðvarmann til að selja raforkuna ódýrt til stóriðju. Hvorir hagsmunirnir ætli kæmu betur út? Í mínum huga er ekki nokkur vafi, langtímahagsmunirnir af náttúruverndinni yrðu miklu meiri. Ég er sannfærð um það af því að reikniaðferðirnar sem umhverfissinnaðir hagfræðingar hafa þróað í þeim efnum hafa sýnt okkur fram á að ef dæmin eru reiknuð til enda þar sem náttúruverndarsvæði eru eða verndarsvæði sem hafa mikla verndarhagsmuni eru þau svo þung á vogarskálunum þegar til langs tíma er litið. Ef þau eru reiknuð inn í heildarverðmætamatið eða hagsmunamatið allt verður útkoman sú að á endanum borgi það sig beinlínis í beinhörðum peningum fyrir okkur að vernda slíkt svæði. (**Gripið fram í:** Hefurðu ...?) Varðandi Brennisteinsfjöll hefur þetta ekki verið reiknað svo að ég viti en gerðir hafa verið útreikningar og skrifuð um þetta háskólaverkefni, bæði hér á landi og reyndar í háskólum erlendis. Ég minnist þess að í háskólum í Skotlandi hafa háskólastúdentar reiknað út svæði á þessum nótum hér á Íslandi. Það þarf oft að fara út fyrir landsteinana til að fólk átti sig á því hve mikil verðmæti eru í húfi. Þessi aðferð sem kölluð er „skilyrt verðmætamat" hefur verið reynd á ákveðnum svæðum á Íslandi og það hefur ævinlega komið í ljós að verndargildi svæðanna sem hafa verið reiknuð er gríðarlega hátt. Stjórnvöld hafa þó verið ófáanleg til að meta þá hagsmuni og taka þá inn í lokaákvarðanatöku um endanlega nýtingu á svæðinu. Þá er ég að tala um að náttúruvernd sé líka nýting. Það er auðvitað það sem þessi stjórnvöld verða að fara að opna augu sín fyrir. Með því að vernda náttúruna ósnortna erum við að nýta hana til yndisauka og yndisaukinn hefur á reiknistokki þeirra hagfræðinga sem ég var að tala um ákveðið verðgildi.

Enn ein rökin fyrir því að hinkra og hætta þessu óðagoti, láta ekki eftir orkufrekjunni í orkufyrirtækjunum vegna þess að það liggur ekki lífið á, er að hér er fjöldi virkjunarkosta, í vatnsaflinu jafnvel, fullrannsakaður og ónýttur. Hv. þm. Mörður Árnason fór yfir það áðan og það skiptir verulegu máli að við tökum þetta upp á arma okkar á þeim nótum að við horfum heildstætt á málin.

Frú forseti. Ég blaðaði að gamni mínu í gegnum umræðurnar við 1. umr. þessa máls og rifjaði upp rök hæstv. ráðherra fyrir því að hún fór fram með þetta mál. Hún kemur því inn í framsöguræðu sína að orkufyrirtækin séu tregari til þess að stunda orkurannsóknir í vatnsafli vegna þess að þau geti ekki fengið tryggingu fyrir því að rannsóknarkostnaður þeirra verði endurgreiddur og ekki heldur vilyrði fyrir því að nýtingarrétturinn fylgi rannsóknunum. Þegar öllu er þó á botninn hvolft geta orkufyrirtækin alveg rannsakað þau svæði sem þau vilja. Þau geta tekið það upp hjá sjálfum sér en vissulega hafa þau ekki tryggingu fyrir því að rannsóknarkostnaðurinn verði endurgreiddur. Þó má segja að þau hafi einhvers konar vilyrði ríkisstjórnarinnar fyrir því að það sé í kortunum að slíkt verði gert. Þau geta auðvitað farið af stað með þær rannsóknir sem þau vilja, rannsóknir sem þau telja að þurfi að fara í á viðkomandi svæði þó að þau hafi ekki tryggginguna í höndunum. Ég tel að orkufyrirtæki okkar séu það stöndug að þau eigi alveg að geta það, þau eigi að geta forgangsraðað í búi sínu þannig að þau geti rannsakað þau svæði sem þau telja verulega þörf á að rannsaka án þess að hafa þessa tryggingu í dag. Þau geta ætlað að þau komi til með að fá það engu að síður endurgreitt.

Ráðherra var í 1. umr. þráspurð um það hver þessi rannsóknar- og virkjunarleyfi væru. Hún vildi ekki svara en nú liggur þetta allt saman fyrir, við erum búin að fá það núna inn í gegnum hv. iðnaðarnefnd hvaða staðir það eru sem orkufyrirtækin leggja áherslu á að fá rannsakaða. Það er alveg ljóst að þar er um að ræða viðkvæmustu svæði landsins og þar af leiðandi langt í frá sjálfgefið að það eigi að heimila fyrirtækjunum að fara inn á þau. Við vitum alveg að jafnvel af rannsóknunum verður ákveðið rask, sérstaklega auðvitað í jarðvarmanum þar sem þarf að gera borplön til þess að gera rannsóknarholur. Borplanið eitt og sér er gríðarleg röskun í landslagi og óafmáanlegt í sjálfu sér. Jafnvel rannsóknarleyfin leiða af sér óafturkræf spjöll.

Það er búið að fara hér yfir hvaða virkjunarkostir það eru sem við eigum nokkurn veginn fullrannsakaða svo að það þarf ekkert að endurtaka það hér. Það er búið að fara yfir það á hvern hátt þessi raforkumarkaður okkar er uppbyggður, um hve mikið afl er að ræða sem og hvað það er mikið sem framleiðslan kemur til með að aukast bara með þeim virkjunum sem nú er verið að framkvæma. Hv. þm. Mörður Árnason fór inn á það að með þeim fjórum virkjunum sem eru í smíðum í dag komi orkuframleiðsla okkar til með að aukast um 73% frá því sem er í dag. Ég spyr enn og aftur: Til hvers í ósköpunum að vera að framleiða alla þessa orku ef það eru engar hugmyndir á bak við hana aðrar en þær að selja hana stóriðjunni ódýrt? Í mínum huga er svo mikil sóun í farvatninu hjá hæstv. ráðherra og svo rosalega vanhugsaðar ákvarðanir. Þessi flýtir og þetta óðagot og það

að vilja ekki bíða eftir því að geta horft heildstætt yfir svið-ið lýsir í mínum huga helst bara hroka, hroka gagnvart náttúru Íslands. Það er auðvitað skelfilegt til afspurnar að ríkisstjórnin skuli ekkert ætla að vitkast í þessum efnum, svo mikið er búið að reyna að tala yfir hausamótunum á henni í gegnum tíðina. Ég lýsi vonbrigðum mínum með hæstv. iðnaðarráðherra og þessa ríkisstjórn eina ferðina enn, vonbrigðum með þá hrokafullu afstöðu sem kemur í ljós í öllum þessum málatilbúnaði.

Eins og ég sagði við 1. umr. segi ég aftur: Látum nú af þessari orkugræðgi okkar og þessu óðagoti. Dokum við, gefum okkur þann tíma sem þarf í að fara yfir þessi mál heildstætt. Verum skynsöm, hlustum líka á rödd hjartans. Ég trúi ekki öðru en að ef hæstv. iðnaðarráðherra tengir sig við óminn sem er í hjarta hennar sæi hún skynsemina, hún sæi ljósið, alveg eins og ég trúi því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson geti líka vitkast og fengið nýjar hugmyndir, aðrar hugmyndir um atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni en álhugmyndir. Ég segi, hæstv. forseti: Enn er von, ríkisstjórnin á möguleika. Ég vona að hún kasti þeim ekki á glæ.

[22:33]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur náttúrlega úr hörðustu átt þegar hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talar um hroka í gjörðum stjórnarmeirihlutans og í málflutningi okkar. Hér hefur hv. þingmaður talað í rúman klukkutíma og talað niður til þess sem hér stendur, talað niður til hæstv. iðnaðarráðherra og sýnt ekkert nema hroka. Hv. þingmaður talaði um það áðan að sá sem hér stendur þyrfti að lofta út úr heila sínum. Hvers lags málflutningur er þetta? Er þetta efnisleg umræða sem hér á sér stað?

Hæstv. forseti. Það er dapurlegt að hlusta á þennan málflutning og það er dapurlegt að heyra málflutning hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Hún minnist ekki orði á það að með því frumvarpi sem hér liggur fyrir er umhverfisráðuneytinu og undirstofnunum þess veitt umsagnaraðild að þeim rannsóknarleyfum sem við ræðum hér um. Verið er að hleypa fulltrúum umhverfisins að þessu máli og hv. þingmaður, sem kennir sig við umhverfisvernd, minnist ekki orði á það í sinni löngu ræðu hér.

Það er náttúrlega með ólíkindum að hlusta á slíkan málflutning og það hlýtur að segja okkur að það er eitthvað holt í þessu. Þetta er holur málflutningur, málflutningur sem er einungis til þess gerður að upphefja sjálfan sig á kostnað annarra. Og þvílíkur málflutningur sem kom fram hjá hv. þingmanni hér áðan, það voru engin rök á bak við sumt af því sem þingmaðurinn sagði. Það er margt gott út frá umhverfissjónarmiðum í þessu frumvarpi en hv. þingmaður hefur kosið að líta fram hjá því og drepa umræðunni á dreif og slíkt er ekki til fyrirmyndar.

[22:35]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir mjög leitt ef hv. þingmaður hefur upplifað það sem ég sagði áðan sem hroka af minni hálfu og ég verð bara að segja, ég veit ekki hvort hann trúir því, að það var ekki ætlunin að sýna neinn hroka eða tala niður til hv. þingmanns. Við erum hins vegar að deila. Við erum í pólitískum deilum hér og ég er alveg sannfærð um það að ef hv. þingmaður, sem er ungur og hress maður, loftar út úr heila sínum þá opnar hann fyrir nýjar hugmyndir. Ég ber hag hans fyrir brjósti í þeim efnum, (Gripið fram í.) ég tel að ég hafi bara verið hér með jákvæðar ráðleggingar en engan hroka. Svona greinir okkur á. Gott og vel. Ég bið þá afsökunar ef hv. þingmaður hefur skilið orð mín svo að ég væri að tala niður til hans því að það var ekki meiningin.

Varðandi hins vegar það að ég eigi að viðurkenna einhverja aðkomu umhverfisráðuneytisins eða stofnana þess að þessum málum umfram það sem er í dag, þá ætla ég að vitna í 5. gr. laganna eins og hún er í dag, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þar segir:

„Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og umhverfisráðuneytis."

Þessi aðkoma umhverfisráðuneytisins er í dag. Hverju er hv. þingmaður að breyta í þeim efnum? (**BJJ:** Vatnsaflið er ekki þarna inni.) Þakka skyldi iðnaðarnefnd að hún innleiddi sama ákvæði varðandi vatnsaflið og er varðandi jarðvarmann í núgildandi lögum. Ég sé því ekki hverju verið er að breyta í þessum efnum og þess vegna sé ég heldur ekki hvað það er sem ég ætti að þakka.

[22:37]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er langt gengið þegar hv. þingmaður talar hér í rúma klukkustund og hefur greinilega ekki að fullu skilið megininntak þess frumvarps sem við ræðum. Hér er verið að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og 1. gr. þess hljóðar svo:

„Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Lögin taka einnig til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu."

Það hefur ekki verið í núgildandi lögum. Þess vegna hafa stofnanir umhverfisráðuneytisins ekki haft aðkomu að þessum rannsóknarleyfum og útgáfu þeirra hvað varðar vatnsaflið. Ég ætla því að leiðrétta þennan misskilning hér og nú. Þetta er alveg kristaltært.

Síðan deilum við einfaldlega ekki sömu lífssýn, ég og hv. þingmaður. Ég gat ekki skilið annað en að hv. þingmaður hálfskammaðist sín fyrir að vera Íslendingur af því að hér væri álframleiðsla. Af hverju? Af því að ál væri m.a. notað í hergagnaframleiðslu. Hæstv. forseti. Í hvers kyns draumheimi lifum við? Eigum við að skammast okkar fyrir það að hér á landi er fyrirtæki sem heitir Alcoa af því að eitthvert annað álfyrirtæki úti í heimi, sem kannski heitir Alcoa, framleiðir ál sem hugsanlega verður notað í þessu skyni? Eigum við bara að skammast okkar? Þarf ekki heimurinn á áli að halda? Keyrir hv. þingmaður ekki bíl? Flýgur hv. þingmaður ekki í flugvélum? Þurfum við ekki á þessum málmum að halda? Eigum við að skammast okkar ef svo slysalega vill til að einhver hluti af þessari vöru verður notaður í eitthvað sem viðkemur hergögnum? Við getum einfaldlega ekki ráðið við það. Það er voðalega fallegt að tala svona en því miður er heimurinn flóknari en svo að hægt sé að koma í veg fyrir svona hluti, því miður.

Við erum einfaldlega mjög ósammála um þá atvinnu-

uppbyggingu sem hefur átt sér stað. Ég er mjög ánægður með þann uppgang sem á sér stað á Austurlandi og það er búið að virkja Austfirðinga með þeim hætti sem greinilegt er.

[22:39]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þingmanni að við deilum ekki sömu lífssýn. En þó að ég sé að þrjóskast hér við og haldi að ekki sé öll nótt úti með hv. þingmann þá vil ég bara segja þetta: Já, virðulegi forseti, *mér finnst að við ættum að skammast okkar fyrir að eyða náttúruauðlindunum okkar, sem eru einstæðar á heimsvísu,* til þess eins að framleiða úr þeim raforku sem seld er á útsöluverði til erlendra auðhringa eins og Alcoa sem framleiðir í hluti fyrir hergagnaiðnað hér á landi. Mér finnst að við ættum að skammast okkar fyrir það. Og ég skammast mín ekkert fyrir að standa hér og segja það. Ég er þannig innréttuð, þetta er hluti af minni lífssýn og þannig er mér innan brjósts. Og ég vildi satt að segja óska að það væri þannig með hv. þingmann en svo er greinilega ekki. Ergo, virðulegi forseti: Við deilum ekki sömu lífssýn. Það kann að breytast. (Gripið fram í.)

Varðandi hins vegar aðkomu stofnana umhverfisráðuneytisins að rannsóknarleyfum í vatnsaflinu þá er það alveg rétt sem hv. þingmaður segir að þessar stofnanir hafa ekki haft aðkomu að rannsóknarleyfum í vatnsafli hingað til. En þegar það er sett inn í þessi lög er það náttúrlega svo sjálfsagt mál að það sama gildi um rannsóknarleyfi í vatnsafli og hefur gilt um rannsóknarleyfi í jarðvarma að ég segi, þakka skyldi nú, það er ekkert til að stæra sig af.

[22:40]

Útbýting:

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 3. mál, brtt. MS, þskj. 546.

Tekjuskattur og eignarskattur, 326. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 544.

Vátryggingarsamningar, 344. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 545.

[22:41]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Í dag hófst allnokkuð löng umræða og augljóst að margir alþingismenn hafa kvatt sér hljóðs við umfjöllun um þetta litla mál. Umræðan hefur þegar staðið mjög lengi þó að ræðumenn hafi enn verið fáir sem tekið hafa þátt í umræðunni og hver um sig þurft að fara um nokkuð breitt svið. Ástæðan fyrir þessu er harla einföld, virðulegur forseti. Orrustan um orkuauðlindir Íslands er hafin. Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar er hluti af þeirri orrustu. Sameinaður Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkur hefur það sem næsta stóra, pólitíska verkefni sitt að deila út virkjunarleyfum í jarðvarma og vatnsföllum til hinna opinberu fyrirtækja og í framhaldinu að færa þau með handafli í hendur einkaaðila og þar með slá einkaeign á sameiginlegar auðlindir landsmanna til þessa dags með sama hætti og þessi öfl beittu sér fyrir og stóðu vörð um að færa auðlindir hafsins úr eigu almennings og í eigu einkaaðila. Þetta, virðulegur forseti, eru hinar stóru pólitísku línur. Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkurinn eru búnir að gefa vildarvinum sínum fiskinn í sjónum, nú er komið að fossum landsins og jarðhitanum, sameiginlegum auðlindum okkar og orkufyrirtækjum landsmanna, samanber yfirlýsingar iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrr á þessu ári.

Þetta verða hin stóru átök í stjórnmálum hér á næstu árum og munu auðvitað líka tengjast skiptum skoðunum í umhverfismálum og í atvinnustefnu og munu þess vegna trúlega mjög setja svip sinn á alla þjóðmálaumfjöllun, þær hræringar. Og þó að þetta frumvarp sé lítið og lélegt, virðulegur forseti, þá er það vegna þess að það er hluti af þeirri stóru heildarmynd, einkavæðingu á auðlindum landsins, sameiginlegum auðlindum landsmanna, sem það kallar á mikla umræðu hér og auðvitað líka vegna þess að því miður er hér staðið að verki, ég vil leyfa mér að segja, á skammarlegan hátt því að frumvarpið eins og það kemur frá hv. iðnaðarnefnd, þar sem ég á sæti, er því miður hrákasmíð sem er langt því frá að vera virðingu hins háa Alþingis samboðin.

Ég vona að hv. formaður iðnaðarnefndar taki ekki orð mín sem hroka eða yfirlæti í hans garð eins og hann gerði um orð þess sem talaði á undan mér í málinu. Við alþingismenn þekkjum ekki formann iðnaðarnefndar, hv. þm. Birki Jón Jónsson, nema að góðu einu og góðri framkomu í þingsölum og málefnalegri umfjöllun alla jafna og góðri verkstjórn í iðnaðarnefnd og á engan hátt á hann hallað með þessum orðum, þann vaska svein og þingmann úr Norðausturkjördæminu.

Það sér auðvitað hvert barn að það að leggja fram frumvarp á Alþingi um að fela einhverjum að afhenda eitthvað og segja síðan í sama frumvarpi að eftir að það taki gildi eigi að skipa sérstaka nefnd um að setja reglur um hvernig eigi að afhenda það, er náttúrlega bara, virðulegur forseti, fyrir neðan allar hellur. Það er ekkert sem kallar á slíka fljótaskrift í þessum málum. Í liðlega 100 ára raforkusögu Íslands hefur ekki þurft að úthluta þessum virkjunarleyfum með neinu hraði og það er ekkert sem kallar á að úthluta þeim á næstu níu mánuðum. (***Iðnrh.:*** *Er ræðumaður í stjórn* Landsvirkjunar?)

Já, ræðumaður er í stjórn Landsvirkjunar og honum er vel kunnugt um alla þá mörgu kosti sem fyrir hendi eru í orkumálum Íslendinga, m.a. í jarðhitanum, sem Landsvirkjun hefur m.a. tryggt sér með samningum nýverið á Norðausturlandi, eins og hæstv. ráðherra þekkir og mér þykir vænt um að hæstv. ráðherra minnti mig á að taka það sérstaklega fram að ég er stjórnarmaður í Landsvirkjun og það er rétt að menn hlýði á orð mín með það í huga þannig að hagsmunir fyrirtækisins liti örugglega ekki málflutninginn á Alþingi. Þar hef ég setið síðustu sex ár og þar áður um átta ára skeið sem varaformaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Það er rétt ábending hjá hæstv. iðnaðarráðherra að af því starfi hygg ég að ég hafi nokkuð glögga mynd af þeim kostum sem uppi eru í orkuöflun á Íslandi nú um stundir.

Ég sé ekki að það sé neitt sem knýr á um að afgreiða með slíkri fljótaskrift í byrjun desember þessi leyfi, jafnilla og þau eru úr garði gerð, til hæstv. ráðherra. Ég tel einfaldlega að gera eigi það sem upp var lagt með í vor, að setja eigi reglur um hvernig þeim leyfum eigi að úthluta. Það

eigi að vera almennar reglur, gagnsæjar reglur og það eigi að vera reglur sem séu öllum ljósar og aðgengilegar. Og að öllum gefist kostur á að taka þátt í að sækja um þau gæði sem virkjunarleyfi á Íslandi eru. Ég held að það sé kannski sérstaklega mikilvægt núna vegna þeirra kerfisbreytinga sem við erum að fara í, vegna þeirrar samkeppnisvæðingar sem við skulum vona að við fáum að sjá í vaxandi mæli á orkumarkaðnum á Íslandi á komandi árum þó að auðvitað megi færa rök fyrir því að íslenskur orkumarkaður sé svo lítill að hann beri ekki samkeppni á slíkum markaði. Ýmsir hafa orðið til þess að halda því fram, virðulegur forseti, að 290 þúsund manna markaður sé einfaldlega allt of lítill til að þar geti nokkurn tíma borið sig samkeppni í raforkuiðnaði, a.m.k. eru fyrirtækin þar giska fá nú um stundir eins og raforkuneytendur og landsmenn allir þekkja.

Það atriði frumvarpsins sem við höfum viljað gera breytingar á, ég og hv. meðnefndarmaður minn, Jóhann Ársælsson, og við þingmenn Samfylkingarinnar, er að rannsóknarleyfi sem úthlutað er af hálfu iðnaðarráðherra fylgi ekki vilyrði um nýtingarrétt. Og að síðan verði undinn bráður bugur að því að setja almennar reglur um hvernig eigi að velja úr og úthluta nýtingarleyfunum. Ég held að það séu svo almenn og augljós sjónarmið um sanngirni og jafnræði í úthlutun á veigamiklum opinberum gæðum að það hlýtur einfaldlega að vekja undrun okkar að þessi ósk okkar í hv. iðnaðarnefnd skyldi ekki vera tekin til greina, jafnsjálfsögð og hún er, ekki síst þegar haft er í huga að við hv. þingmenn Samfylkingarinnar í nefndinni gerðum meiri hlutanum það alveg ljóst að með því að fá fram þá breytingu mundum við ljá málinu stuðning okkar, þ.e. þá væri hér yfirgnæfandi samstaða í þinginu þar sem stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn legði málinu lið ásamt stjórnarflokkunum. En það er greinilega svo brýnt að hæstv. iðnaðarráðherra fái að úthluta vilyrðum til virkjunarleyfa í framtíðinni án þess að um það gildi nokkrar einustu reglur að það er ekki tilvinnandi að fórna þeim réttindum ráðherrans næstu tíu mánuðina til að ná um málið góðri samstöðu í þinginu. Þó að vissulega sé hluti þingmanna stjórnarandstöðunnar eftir sem áður andvígur frumvarpinu liggur málið þannig að það hefðum við stutt út úr nefndinni ef þessi breyting hefði náðst fram.

Þá hljótum við að spyrja hvaða gríðarlegu hagsmunir þetta eru. Ég vænti þess að í andsvari muni hæstv. iðnaðarráðherra upplýsa okkur um vilyrði fyrir hvaða virkjunarleyfum hæstv. ráðherra telur svo nauðsynlegt að hún fái að úthluta á næstu tíu mánuðum að ekki sé hægt að bíða með að afhenda ráðherra þetta vald þar til settar hafa verið almennar reglur um hvernig eigi að velja á milli umsækjenda. Það verður athyglisvert að heyra svör hæstv. ráðherra. Er það virkjunarleyfið í Skjálfanda sem hún ætlar að úthluta núna á næstu vikum og mánuðum? Er það virkjunarleyfið í Skagafirðinum eða eru það virkjunarleyfi annars staðar á landinu?

Ástæða er til að undirstrika að við höfum ekki talið annað en sjálfsagt að hæstv. ráðherrann gæti úthlutað rannsóknarleyfum og þess vegna þyrfti ekkert að stöðva orkuiðnaðinn í því að halda áfram að kanna og skoða þessa virkjunarkosti, vega þá og meta út frá hagkvæmni og umhverfisaðstæðum o.s.frv. En það er einfaldlega þannig í orkuiðnaðinum að gríðarlega langan tíma tekur frá því að hafnar eru rannsóknir og þangað til hægt er að taka ákvörðun um að virkja. Þess vegna er illskiljanlegt að ekki dugi að veita rannsóknarleyfin heldur sé einhver knýjandi nauðsyn á því að veita vilyrði um virkjunarleyfi án þess að nokkrar reglur séu um hvernig forgangsraða eigi umsækjendum í slíkum tilvikum. Ég ítreka að ég treysti því að hæstv. iðnaðarráðherra komi í andsvar og geri grein fyrir þeim mikilvægu og knýjandi hagsmunum sem standa til þess að hæstv. ráðherra fái vald til að úthluta á næstu mánuðum þeim réttindum sem við Íslendingar eigum saman, virkjunarleyfunum í vatnsföllum. Í hvaða vatnsföllum er það?

Það er líka mikilvægt að hæstv. ráðherra í þessari umræðu — þess gefst þó náttúrlega ekki neinn kostur í stuttu andsvari en ég treysti því að hæstv. ráðherra muni halda eina eða tvær ræður við umræðuna — geri okkur nokkuð glögga grein fyrir áformum sínum um einkavæðingu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins, þeim áformum sem ráðherra kynnti sjálf hér ekki alls fyrir löngu, því að líkur eru til þess að þau gæði sem hér er verið að fela ráðherranum, að úthluta reglulaust, komi m.a. í hlut þess fyrirtækis sem ég sit í stjórn fyrir, Landsvirkjunar, komi m.a. í hlut Rafmagnsveitna ríkisins. Ef það er hluti af myndinni að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra ætli síðan í framhaldinu að einkavæða þessi fyrirtæki á næstu árum og að það sé pólitísk stefna ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks að afhenda einkaaðilum í landinu Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins, þá eru þau virkjunarleyfi sem hæstv. ráðherra er núna að fá leyfi til að úthluta, þessi eign almennings, þessi sameign okkar allra, einfaldlega á hraðri leið í einkavinavæðinguna. Þar með er verið að einkavæða auðlindir landsins. Þetta er slíkt grundvallaratriði í málinu að ráðherrann verður að fara vandlega yfir það hvort taka eigi mark á fyrri yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins í kringum þá viljayfirlýsingu sem gerð var um sölu Reykjavíkurborgar á eignarhlut sínum í Landsvirkjun, sem við skulum öll vona að gangi sem allra fyrst fram. Og hvenær megi þá vænta þess að fyrirtækin verði einkavædd og hvort það sé ætlun hæstv. ráðherra að afhenda þessum fyrirtækjum sem hún er að fara að einkavæða eitthvað af þeim virkjunarleyfum sem hér er verið að fá henni vald til að gefa vilyrði fyrir og hvaða fallvötn landsins er þá verið að einkavæða í raun með frumvarpinu. Er það Skjálfandinn, er það Skagafjörðurinn eða eru það einhverjar aðrar ár?

Ég ítreka, virðulegur forseti, að við í Samfylkingunni hefðum ekkert við það að athuga að gefin væru út rannsóknarleyfi út af fyrir sig þannig að iðnaðurinn geti haldið áfram að sinna uppbyggingu og undirbúningi fyrir verkefni næstu ára. Íslendingar eru fámenn og lánsöm þjóð, við erum lánsöm í því að eiga gríðarlega miklar orkuauðlindir, þær orkuauðlindir eigum við auðvitað að reyna að hagnýta skynsamlega án þess þó að ganga freklega á umhverfissjónarmið þau sem við hljótum eðlilega fyrir komandi kynslóðir og skyldur okkar gagnvart heiminum að standa vörð um. Við hljótum eigi að síður að reyna að hagnýta okkur auðlindirnar skynsamlega, m.a. vegna þess að það verður með öðru til þess að auka auðlegð okkar, auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og auðvitað til þess að leggja okkar lóð á

vogarskálarnar, þó að lítið sé, í því að framleiða umhverfisvæna orku sem heimurinn er sorglega fátækur af.

Ég árétta þó að stór uppistöðulón og stórvirkjanir eru auðvitað ekki umhverfisvænar virkjanir og ekki græn orka í þeim skilningi enda hljóta þær virkjanir fremur að vera á undanhaldi eins miklir möguleikar og hafa verið að opnast fyrir okkur í jarðhitanum á undanförnum árum og jafnvel áratugum núorðið. Við höfum séð hversu mikla möguleika og hagkvæma kosti jarðhitinn færir okkur, m.a. í framkvæmdum á vegum Hitaveitu Suðurnesja sem kannski voru fyrstu velheppnuðu framkvæmdirnar eftir að orkuiðnaðurinn varð fyrir talsverðu áfalli við Kröflu á sinni tíð. Með góðu gengi Hitaveitu Suðurnesja endurnýjaðist trú manna á þessa leið og með velheppnuðum virkjunarframkvæmdum hjá okkur í Orkuveitu Reykjavíkur, þegar raforkuvirkjunin á Nesjavöllum var reist og öðrum góðum verkefnum sem síðan hefur verið ráðist í á þessu sviði, held ég að augu manna hafi smátt og smátt verið að opnast fyrir því að í jarðhitanum eigum við mikla sérfræðiþekkingu og okkur hefur tekist að nýta hann með hagkvæmum hætti. Í honum eru ákaflega spennandi verkefni á ferðinni núna.

Verið er að vinna að tilraunum með djúpboranir og þær djúpboranir gætu, ef kenningar þær sem verið er að láta reyna á reynast réttar, aukið talsvert, skulum við láta okkur nægja að segja, orkuvinnslugetuna í hverri og einni háhitavirkjun. Með því að bora miklum mun dýpra en við gerum nú, þessa hefðbundnu 2.000 metra, og fara yfir 4.000 metra niður í jörðina telja menn að jafnvel mætti tvö- til fjórfalda orkuvinnslugetuna eftir bjartsýnustu spám. Það mundi náttúrlega, ef þær kenningar vísindamanna reynast réttar, enn auka þau gríðarlegu verðmæti sem við Íslendingar eigum í jarðvarmanum.

En ég hygg að við höfum ekki síður verið að horfa til jarðvarmans vegna þess að okkur er öllum ljóst að vatnsaflsvirkjanir — einkum þær allra stærstu, svo sem eins og Kárahnjúkavirkjun — og uppistöðulón — ekki síst á viðkvæmum svæðum, eins og deilurnar við Þjórsárver hafa sýnt okkur á undanförnum missirum — eru orðnir umdeildir kostir og sæta mikilli gagnrýni meðan þær virkjanir sem við höfum ráðist í í jarðhitanum hafa verið því sem næst óumdeildar út frá umhverfis- og grenndarsjónarmiðum og er heldur tekið fagnandi. Orkufyrirtækin þurfa þá ekki að fara út í einhvers konar átök við heimamenn eins og við höfum dæmi um til að mynda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi því miður, (**Gripið fram í:** Í Skagafirði.) og víðar auðvitað. Allir þeir sem hafa fylgst með á þessum vettvangi og þessari umræðu átta sig sífellt betur á því að þessar gömlu aðferðir við að virkja eru heldur á undanhaldi. Það er auðvitað sjálfsagt að nýta eftir sem áður hagkvæmustu kostina í því sem hafa minnst umhverfisáhrif.

Á Þjórsársvæðinu er til að mynda þegar búið að virkja mjög mikið og þar er auðvitað ekki ósnortnu svæði til að dreifa. Þar má í virkjunarröðina bæta einhverju af virkjunum og einhverjir slíkir jákvæðir kostir í vatnsafli eru auðvitað eftir í landinu, en almennt talað hljóta þeir kostir að vera víkjandi og við hljótum í vaxandi mæli að horfa til jarðhitans. Það er kannski líka í því ljósi sem maður undrast svolítið að hæstv. ráðherra liggi þessi lifandis býsn á að fá að úthluta vilyrðum til virkjunarframkvæmda í vatnsafli. Hann gæti fengið hér stuðning við að úthluta rannsóknarleyfunum og síðan væri einfaldlega farið í að setja almennar reglur um hvernig menn ætla að vinna úr því að velja hverjir fá virkjunarleyfin þegar rannsóknum er lokið.

Það er auðvitað alveg skýrt að ef sá eða þeir sem rannsaka fengju ekki virkjunarleyfin, sem alla jafna mætti trúlega telja ólíklegt, tryggja lögin jú sannarlega endurgreiðslu til manna á öllum þeim kostnaði sem þeir hafa orðið fyrir við það. Í öllum tilfellum ættu menn að fara skaðlaust út úr því. En það væri þá hægt að gera hlutina í réttri röð, að setja fyrst hinar almennu reglur um það hvernig eigi að úthluta vilyrðum um virkjunarleyfi, og eftir hverju eigi að fara við að forgangsraða umsóknum þar um, og fela síðan ráðherranum það vald að úthluta eftir reglunum — ekki fela honum fyrst valdið til að úthluta og ætla síðan að setja reglur einhvern tíma eftir að hann er búinn að úthluta vilyrðum. Það er svo augljóslega öfug röð á hlutunum að ég held að það hljóti að vera hverjum manni ljóst.

Virðulegur forseti verður að afsaka en mér kom í hug samlíking frá fyrrv. hæstv. forsætisráðherra í þessu sambandi en mér þótti hún satt að segja ekki tilhlýðileg í ræðustóli á hinu háa Alþingi.

Í rauninni er einstök tilraun í gangi á raforkumarkaðnum og verður spennandi að fylgjast með hvernig hún þróast. Kannski það hafi verið mistök hjá okkur Íslendingum að hafa ekki leitað eftir undanþágu frá reglum Evrópusambandsins á raforkumarkaði. Kannski það hafi verið mistök hjá okkur að undirgangast að þær tilskipanir giltu hér því að það regluverk sem menn hafa smíðað í Brussel fyrir raforkumarkaðinn í Evrópu á að þjóna því markmiði að búa í raun og veru til sýndarmarkað nokkurs konar, búa til verslun og viðskipti á einhvers konar tilraunastofu, hafa menn kallað — rafmagn er í raun og veru ekki vara í neinum venjulegum skilningi og þess vegna ekki neinn markaður með hana í þeim venjulega og náttúrulega skilningi sem leggja má í það orð, en það er hægt að skapa viðskiptaumhverfi í raforkugeiranum með nokkuð öflugu regluverki.

Hið evrópska regluverk hefur hins vegar miðað að því að leysa úr verkefnum á mörg hundruð milljón manna meginlandi þar sem raforkumarkaðir hafa ekki verið samtengdir, á meginlandi sem er í nokkrum tímabeltum þannig að álagstoppar í raforkukerfunum eru mismunandi frá einu belti til annars í álfunni. Þannig gátu menn náð mikilli hagkvæmni í raforkukerfið allt í Evrópu með því að skapa því regluverk sem hvetti til þess að menn tengdu saman kerfi þjóðríkjanna og nýttu sér það að álagstopparnir í Evrópu allri væru ólíkir frá einu tímabelti til annars. Er jafnvel talið að Evrópa hafi getað skapað rúmlega 10% afkastaaukningu með þessu.

Hverjum manni er ljóst að aðstæður á 290 þúsund manna eyju langt norður í Atlantshafi, sem er mörg þúsund kílómetra frá næsta landi og frá næsta raforkumarkaði, eru náttúrlega með allt öðrum hætti. Margir hafa talið að að lágmarki 10 milljón manna þjóð þyrfti til þess að standa undir markaðsviðskiptum af því tagi sem við erum að reyna að innleiða til þess að þar gæti skapast einhver öflug samkeppni. En þetta er metnaðarfull og spennandi tilraun, held ég megi segja, hvort á þessu sviði takist okkur Íslendingum eins og á svo mörgum öðrum að gera hið ómögulega, skapa

samkeppni á því sem verður ekki kallað neitt annað en dvergmarkaður og er í raun og veru fákeppnismarkaður þar sem örfá fyrirtæki ráða öllum markaðnum. Það fyrirtæki sem ég sit í stjórn í, Landsvirkjun, hefur náttúrlega í orkuframleiðslunni rétt um eða yfir 90% markaðshlutdeild og markaðshlutdeild Orkuveitu Reykjavíkur á smásölumarkaði er náttúrlega algerlega yfirgnæfandi, trúlega með yfir 60% af neytendum í landinu.

Það er að ýmsu leyti vandséð hvernig takast á að skapa samkeppni á þessu sviði. Það verður alla vega ekki til þess að auðvelda það verkefni ef núna, þegar samkeppnin er rétt að hefjast og rétt að fara af stað og einstaklingsframtakið og fjármagnið og fyrirtækin í landinu eru kannski smátt og smátt að átta sig á þessum markaði og þeim möguleikum sem þar eru að opnast — einn af viðskiptabönkunum hélt t.d. ágæta ráðstefnu um þau tækifæri fyrir stuttu síðan, það er mikilvægt að tækifæri verði fyrir nýja aðila til að koma inn á þennan markað ef hér á að takast að skapa einhverja samkeppni. Þetta segi ég sem stjórnarmaður í því fyrirtæki sem er ráðandi í orkuframleiðslunni. Ég held að það væri bara gott fyrir okkur í Landsvirkjun að fá fleiri aðila inn á þennan markað og öfluga samkeppni. Ég hef trú á því að það mundi einfaldlega hvetja Landsvirkjun og hin orkufyrirtækin til að standa sig enn betur í því sem þau eru að gera, ná enn hagkvæmari rekstri og enn betri þjónustu og þeim mörgu jákvæðu áhrifum sem góð og öflug samkeppni getur haft á markaðinn og hagsmuni neytenda.

Virðulegur forseti. Ef unnt á að vera fá nýja aðila inn á þennan markað til að skapa samkeppni í orkuvinnslunni má það náttúrlega ekki vera þannig að klukkan eina mínútu í samkeppni úthluti hæstv. iðnaðarráðherra vilyrðum fyrir bestu virkjunarkostunum til þeirra fyrirtækja sem fyrir eru á markaðnum. Það mundi trúlega gerast ef þetta frumvarp yrði að lögum því þar er ráðherranum falið slíkt vald. Á markaðnum eru enn aðeins hin opinberu orkufyrirtæki og þessi tiltölulega fáu fyrirtæki. Þar eru ekki komnir neinir nýir aðilar inn. Ekki hafa verið settar neinar reglur um það hvernig nýir aðilar gætu komið inn á þennan markað, hvernig þeir fengju aðgang að þessum virkjunarkostum. Þeir hafa ekki haft tækifæri til að gera þær athuganir og rannsóknir sem fyrirtækin sem fyrir eru á markaðnum hafa gert. Því er ástæða til að hafa áhyggjur af því — þó að ég taki það skýrt fram, virðulegur forseti, að auðvitað er ekki hægt að fullyrða neitt um það — að framganga frumvarps þessa gæti þannig verið beinlínis samkeppnishindrandi í raforkuiðnaðinum, þ.e. ef menn rasa um ráð fram og úthluta vilyrðum til virkjunarleyfa of hratt og of fljótt. Eins er ástæða til að hafa áhyggjur af því að ef hæstv. ráðherra hefur frjálsar hendur með úthlutunina þá séu allir bestu kostirnir farnir þegar nýir aðilar kynnu að vilja koma inn á markaðinn. En þetta eru út af fyrir sig bara sum af þeim álitamálum sem nú eru uppi.

Ég held að það sé kannski líka mikilvægt að hæstv. ráðherra geri grein fyrir vilyrðum um hvaða virkjunarleyfum hún ætlar að úthluta á grundvelli þeirrar heimildar sem hér er fengin, vegna þess að ég held að það skipti máli um hina stóru mynd. Erum við kannski í þessu, mér liggur við að segja, örverpi, virðulegur forseti, um þetta litla og lélega frumvarp, að taka ákvörðun um að reisa liðlega 200 þúsund tonna álver eða öllu heldur veita Alcoa leyfi til þess að gera það norður á Húsavík? Er það kannski sú prinsippákvörðun sem hér liggur á borðum þingmanna búin í þessi dularklæði, heimild til ráðherra til að veita vilyrði um virkjunarleyfi inn í framtíðina? Er það kannski hin knýjandi nauðsyn sem ber til þess að ráðherrann fái þessa heimild refja- og tafarlaust? Ef svo er, virðulegur forseti, þá er ekki rétt farið að hlutum.

Nú ætla ég ekkert um það að segja hvort það sé rétt eða rangt í sjálfu sér að fá þessu ágæta alþjóðlega fyrirtæki Alcoa leyfi til að starfrækja álbræðslu á Húsavík, ég hef engar forsendur til að taka efnislega afstöðu til þess hér og nú. (Gripið fram í.) Hvað sagði hæstv. ráðherra? (**Iðnrh.:** Þú værir náttúrlega á móti því.) Var ekki sá þingmaður sem hér stendur rétt að enda við að lýsa því yfir að hann hefði engar forsendur til þess á þessari stundu að vera með eða á móti því máli? (**Iðnrh.:** ... fram að þessu.)

Það verður að segja eins og er að þegar hæstv. ráðherra missir sig í frammíköll við hv. ræðumenn út af jafnlitlu máli og ætla mætti að þetta væri þá sýnir það auðvitað að hér býr fleira að baki. Það er greinilegt að þær almennu athugasemdir sem ég hef fært fram hér og þær sjálfsögðu ábendingar um að eðlilegt sé að setja fyrst reglurnar um hvernig úthluta eigi leyfum og úthluta svo leyfunum en ekki öfugt, sem ég hélt að hvert mannsbarn ætti að geta skilið, túlkar hæstv. ráðherra sem eindregna andstöðu mína við að Alcoa fái að reisa álver á Húsavík. Þá er ekki annað hægt en að gagnálykta og telja að eitthvað sé til í þeirri kenningu sem ég var rétt í þessu að setja fram og velta upp hvort væri mögulega rétt, að með þessu frumvarpi eigi í raun og veru að taka hina pólitísku ákvörðun um að byggja eitt álver enn, að leyfa Alcoa að reisa um 200 þúsund tonna álver norður á Húsavík.

Ég árétta að það er rangt hjá hæstv. iðnaðarráðherra að ég sé á móti því. Ég hef bara ekki tekið afstöðu til þess, ég hef engar forsendur til þess. Slíka ákvörðun á ekki að taka með svona frumvarpi, með því að lauma í gegnum Alþingi á síðustu dögunum fyrir jól frumvarpi sem virðist vera um eitthvað allt annað og sé bara svona smávegis lagfæring, smávegis redding á lögum. Ef menn ætla að halda áfram þeirri þenslu í stóriðjuuppbyggingu sem verið hefur á undanförnum árum með þeim miklu og alvarlegu áhrifum sem það hefur fyrir nýsköpunar- og þekkingariðnað í landinu þá á að taka um það pólitíska ákvörðun fyrir opnum tjöldum og þá á sú pólitíska umræða að fara fram hér, í atvinnulífinu og í samfélaginu öllu en ekki að vera laumað inn í einhverju litlu frumvarpi eins og þessu án þess að nokkur viti. (**Gripið fram í:** Án þess að nokkur viti.)

Það er ágætt ef hæstv. iðnaðarráðherra ætlar að staðfesta það að þetta sé raunverulega sá ásetningur sem búi að baki þeim heimildum sem ráðherrann er að kalla eftir og hvort það séu þessar heimildir sem ráðherranum sé nauðsynlegt að hafa til að geta tryggt áframhaldandi stóriðjuuppbyggingu í Norðausturkjördæminu með þeim virkjunarframkvæmdum sem því fylgja og þeim áhrifum á gengi krónunnar og stöðu útflutningsatvinnuveganna og þekkingarfyrirtækjanna, kannski ekki síst hér á suðvesturhorninu eins og við höfum séð undanfarið á CCP, Marel, Flögu og ýmsum öðrum fyrirtækjum sem við höfum haft trú á að yrðu í for-

ustu fyrir íslensku atvinnulífi hér á næstu árum og áratugum og í því að skapa þau atvinnutækifæri framtíðarinnar sem börnin okkar hefðu áhuga á að vinna við. (**Iðnrh.:** Á móti álverum.) Út af fyrir sig, hæstv. ráðherra, ekki á móti álverum og orkuiðnaði því síður. Spurningin er aðeins um hversu ríkan þátt slíkt eigi að eiga í atvinnuuppbyggingunni, hversu hratt þar eigi að fara, hvort fáist tryggilega nægilegt endurgjald fyrir orkuna, efasemdir um að ríkið eigi að niðurgreiða stóriðjustarfsemi og aðrir slíkir hlutir.

En ólíkt hæstv. ráðherra og ýmsum öðrum sem taka þátt í þessari umræðu eru þetta ekki trúarbrögð fyrir mér, ég er ekki með eða á móti álverum. Það finnst mér satt að segja, með fullri virðingu fyrir hæstv. iðnaðarráðherra, vera ákaflega heimskuleg afstaða að vera í lífi sínu með eða á móti einhverri tiltekinni atvinnustarfsemi. Ég held að sannarlega þurfi að bræða ál í heiminum og einhvers staðar þarf að gera það og hér hefur það verið gert með ágætum árangri, bæði í Straumsvík og hjá Norðuráli, og slík uppbygging upp að vissu marki og með svona hæfilegum hraða getur bara verið jákvæð. Það getur hins vegar verið mjög varasamt fyrir ríkið að hlutast til um með niðurgreiðslum að draga inn miklar fjárfestingar í þessari einu atvinnugrein sem leiðir til mjög erfiðs ástands fyrir aðrar atvinnugreinar sem við bindum kannski nú um stundir meiri vonir við til framtíðar. Ég leyfi mér þess vegna að hafa verulegar efasemdir um að við eigum að fara hratt í þessu, eins og ég leyfi mér að hafa efasemdir um að við eigum að ganga mikið lengra í vatnsaflinu en við höfum þegar gert. Ég held að við eigum að horfa fyrst og fremst til nýtingar á jarðhitanum og síðan til hóflegrar iðjustarfsemi af þessu tagi og ekki í eins gríðarlegum áföngum og við höfum farið í við Kárahnjúka. Eins og hæstv. ráðherra veit var ég í málefnum Kárahnjúkavirkjunar og álversins á Reyðarfirði í minni hluta í mínum flokki og endurspegla þess vegna ekki sjónarmið hans til þeirrar framkvæmdar, en eins og hæstv. ráðherra er kunnugt var ég eini stjórnarmaðurinn af sjö stjórnarmönnum Landsvirkjunar sem greiddi atkvæði gegn þeim samningum á sínum tíma og mér sýnist ljóslega að sú afstaða hafi verið rétt í ljósi framhaldsins.

Það verður sannarlega, virðulegur forseti, ákaflega athyglisvert að heyra svör ráðherrans á eftir. Það sem skiptir sífellt meira máli og ég held að sé óhjákvæmilegt að við gerum að kosningamáli í kosningunum 2007 er að tryggja eignarrétt almennings á auðlindum landsins í jarðvarma og í vatnsafli, tryggja það áður en Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkurinn reyna að einkavæða þær auðlindir líka en ekki eftir á eins og við lentum í með fiskinn í sjónum. Það er nauðsynlegt að tryggja eignarhald almennings á þessum auðlindum og það er sömuleiðis nauðsynlegt að tryggja að almenningur hafi arð og ávöxt af þeirri eign sinni og það komi endurgjald fyrir nýtingu þessara auðlinda. Það er dapurlegt að við höfum verið að spilla auðlindum landsins án þess að fyrir þær kæmi nokkurt endurgjald til almennings, sem er eigandinn, heldur fyrst og fremst bara niðurgreitt rafmagn til stóriðju. Það að tryggja eignarrétt almennings á auðlindunum og eðlilegt endurgjald gæti út af fyrir sig skapað forsendur fyrir því að þetta nýja samkeppnisumhverfi og vaxandi einkarekstur í orkuiðnaðinum gæti verið á heilbrigðum forsendum því að þá væru hagsmunir almennings að mestu tryggðir um eignarhaldið á auðlindinni og eðlilegt afgjald af henni. En með því verklagi sem hæstv. iðnaðarráðherra og nú hv. iðnaðarnefnd standa að á Alþingi er því miður vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af því að hér sé ekki nægilega vel að verki staðið.

Einn hluti málsins er að það sem veldur því að menn, sannast sagna, virðulegur forseti, tortryggja mjög framgang hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra í málinu er að við höfum haft í landinu firnagóð lög, vatnalögin frá árinu 1923. Það voru satt að segja miklir völundarsmiðir sem settu saman þau lög, vatnalögin frá 1923, því að þau hafa dugað síðan, í yfir 80 ár, og í samfélagi sem hefur tekið algjörum stakkaskiptum, í atvinnulífi sem er allt, allt annað og í landi sem er allt, allt annað en það land sem þau voru sett í. Þessi lög hafa dugað til að leysa úr helstu álitamálum í einhverjum mikilvægustu hagsmunamálum í landinu, þeim hagsmunamálum sem varða vatnið og alla þá miklu hagsmuni sem því er tengt. Það er sjálfsagt og eðlilegt að endurskoða slíka löggjöf. Þó að hún hafi dugað vel og dugað í gegnum í allar þessar breytingar er kominn tími til að endurskoða þá löggjöf. En það vekur auðvitað ákveðnar efasemdir í hvaða leiðangri menn eru þegar ekki er hægt að gera það með heildstæðum hætti. Það vekur vissulega talsverðar efasemdir. Við erum að fá vatnatilskipun frá Evrópusambandinu sem hér þyrfti að liggja undir, við erum að fara að endurnýja vatnalögin og allt ætti þetta að haldast í hendur, virðulegur forseti. Ekki ættu að koma svona kálfar eða hvað menn vilja kalla þetta og málin slitin í sundur, heldur að hægt væri að sjá þau sem heild og reyna að tryggja samfellu og samhengi í þeim.

Ég tel einfaldlega, virðulegur forseti, að engar forsendur séu fyrir því að veita iðnaðarráðherra þessa heimild til útgáfu á vilyrðunum. Það er ekki flóknara en svo og ég held að ég hafi fært einföld og augljós rök að því að það standi bara í frumvarpinu sjálfu, í bráðabirgðaákvæðinu frá meiri hlutanum sem kveður á um það að setja þurfi reglur um hvernig standa eigi að þessari útgáfu á leyfum. Engu að síður ætlar meiri hlutinn að heimila leyfaútgáfuna áður en reglurnar eru settar og ég skil ekki að nokkur maður skilji svoleiðis verklag, satt að segja.

Ég held, virðulegur forseti, að ég hafi farið yfir meginsjónarmiðin í þessu efni á þessu stigi en ég geymi mér kannski að fara yfir tæknilegri atriði til síðari ræðu minnar við þessa umræðu, en ég held að þetta séu stóru línurnar. Það er þetta sem ég vil kalla orrustuna um orkuauðlindir Íslands sem ég tel að sé hafin, að hér eigi að stíga eitt litla skrefið af þeim mörgu litlu skrefum sem þurfi að stíga til að einkavæða orkuauðlindir Íslands og að hér sé verið að afhenda hæstv. iðnaðarráðherra ákveðið tæki og tól í þeirri vegferð. Mér finnst mikilvægt að einkavæðingarstefna ríkisstjórnarinnar í þessum málefnum liggi alveg skýr og klár fyrir og refjalaust af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hér sé ekki uppi neinn feluleikur með hvað verið er að ákveða eða ákvarða og algjörlega nauðsynlegt að hæstv. ráðherra gefi skýra yfirlýsingu um það hvort hér sé í rauninni verið að taka hina pólitísku ákvörðun um að byggja eitt álver í viðbót og það sem allra fyrst.

[23:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki mikil reisn yfir Samfylkingunni í þessu máli, það er óhætt að segja það. Flytur frumvarp á vorþingi og er á móti sama frumvarpi á haustþingi. Þetta er reisnin yfir Samfylkingunni. (**Gripið fram í:** Það hefur margt breyst.)

Hins vegar er mér efst í huga á þessari stundu að það er eiginlega ekki Samfylkingin sem hefur talað hér í kvöld, það er Alþýðubandalagið og Alþýðubandalagið mun tala áfram hér í nótt, þannig að ég segi bara, hæstv. forseti, (Gripið fram í.) ég hef fulla samúð með hv. formanni Samfylkingarinnar miðað við þau spil sem hún hefur á hendi.

Hv. þingmenn láta eins og hér séu einhver stórtíðindi uppi með þessu frumvarpi. Það vill svo til að í 19. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu er í dag ákvæði sem heimilar að auglýsa eftir umsóknum um rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi í jarðvarma. Nú er reyndar verið að taka vatnsaflið inn í það en það er eins og þetta sé einhver gríðarleg breyting og svo kemur stjórnarmaður í Landsvirkjun, hv. þm. Helgi Hjörvar, og þvílík ræða. Ég skal segja það, hæstv. forseti, að ég hélt einhvern tíma, ekki fyrir óskaplega mörgum mánuðum, að hugsanlega væri hægt að vinna með þessum flokki, Samfylkingunni. En þetta Alþýðubandalag sem hefur birst í kvöld í umræðunni, nei, takk.

[23:35]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki nema gott eitt um það að segja að hæstv. ráðherra bendi á að ýmsir atkvæðamiklir þingmenn hafa fyrr á árunum dvalið í Alþýðubandalaginu, eins og raunar flokksfélagi hæstv. ráðherra, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði með okkur og við vitum nú hversu vel hæstv. ráðherra lyndir við hann og aðra sem úr þeim flokki koma. En við erum út af fyrir sig alveg jafnstoltir af þeirri fortíð okkar fyrir því. En þá er kannski ástæða til að spyrja hvort hér í andsvari hafi ekki talað fulltrúi Sjálfstæðisflokksins því að hæstv. iðnaðarráðherra virðist vera kappsamari um einkavæðingu en nokkur af ráðherrum Sjálfstæðisflokksins og jafnvel þeir allir samanlagt og gengur ákaflega hart fram í því að hægrivæða samfélagið. Í verkum ráðherrans er ákaflega lítið að sjá af þeim stefnumálum sem eitt sinn voru á miðju íslenskra stjórnmála.

En ég spurði hæstv. ráðherra, vona ég, málefnalegra og efnislegra spurninga. Hvaða virkjunarleyfi þarf ráðherrann nauðsynlega að veita nú í vatnsafli, án þess að neinar reglur séu fyrir hendi og er hér í raun og veru verið að taka ákvörðun um að byggja stóra álverið norður á Húsavík í þessu laumufrumvarpi ráðherrans? Ef svarið er nei þá nær það ekki lengra en það væri ágætt ef hæstv. ráðherra gæti svarað þeim spurningum sem til hennar er beint.

[23:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér var ekki kunnugt um að það væri hægt að flytja laumufrumvörp á hv. Alþingi. Það vill svo til að þau eru opinber og umræðan líka.

Hvað varðar hvaða virkjunarleyfi ég muni veita þá get ég ekki svarað því á þessari stundu enda gengur þetta mál ekki út á það hvaða virkjunarleyfi verði veitt heldur að það sé heimild til þess í lögum. Það er verið að uppfylla skilyrði raforkulaga með þessu frumvarpi þar sem vitnað er í lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þetta hlýtur hv. þingmaður að vita.

Hvað varðar Húsavík þá getur vel verið að þar verði byggt álver eða annars staðar á Norðurlandi. Ég vona að svo verði en það er ekki útkljáð mál. Þar yrði væntanlega fyrst og fremst um jarðvarma að ræða sem nýttur yrði til þess hugsanlega álvers, en vel getur verið að notað yrði vatnsafl. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að með þessu frumvarpi er verið að veita mér sem ráðherra vald en það er bara þannig að framkvæmdarvaldið hefur vald og það er ekkert hafið yfir gagnrýni, það er alveg augljóst mál. Komi til þess að veitt verði rannsóknarleyfi með forgangi að nýtingarleyfi í tvö ár þá verður það að sjálfsögðu rætt í iðnaðarnefnd hv. Alþingis. Og þegar hv. þingmaður talar um lélegt frumvarp þá var þetta lélega frumvarp flutt af Samfylkingunni fyrir örfáum mánuðum síðan. (**Gripið fram í:** Við erum búin að fara yfir það.) Og hvað varðar einkavæðingu þá er ég stolt af þeirri einkavæðingu sem ég hef staðið fyrir, hún hefur öll heppnast gríðarlega vel. Hún hefur komið af stað þeirri orku sem er í íslensku samfélagi og aukið kaupmátt hins almenna borgara. Það er ekki spurning. Það er ekki meiningin að einkavæða Landsvirkjun eða Rarik en það er hins vegar von mín að það náist samkomulag um það sem allra fyrst að kaupa meðeigendur út úr Landsvirkjun og mér heyrist hv. þingmaður vera mér sammála um að það sé mikilvægt.

[23:39]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það getur vel verið að hér sé verið að leggja grunninn að nýja álverinu fyrir norðan. Hæstv. ráðherra komst ekki nær því að segja sannleikann hér hreint og beint í ræðustólnum. Það getur vel verið. (Gripið fram í.) En það er gott að hæstv. ráðherra viðurkenndi að henni er hér falið verulegt vald.

Virðulegur forseti. Það vald er sambærilegt því að við hefðum afhent sjávarútvegsráðherra heimild til að veita mönnum vilyrði fyrir kvótanum í sjónum við strendur Íslands og ákveðið síðan að skipa nefnd sem ætti að setja reglur um það sem tækju gildi eftir á. Þannig stendur maður náttúrlega ekki að hlutum. Þannig fer maður ekki með sameiginlegar auðlindir landsmanna. Fyrst setjum við reglurnar um hvernig eigi að úthluta, hvernig eigi að tryggja almannahagsmuni, jafnræði, samkeppnissjónarmið og aðra slíka hluti og síðan felur löggjafarvaldið framkvæmdarvaldinu að framkvæma þær reglur. En við gefum ekki auðlindirnar fyrst og setjum reglurnar svo því þá er einfaldlega ekki til neins að setja reglurnar.

[23:41]

Útbýting:

Verslunaratvinna, 345. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 547; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 548.

[23:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er þakklátur fyrir að komast að í þessari umræðu. Ég þurfti því miður að láta færa mig aðeins til af mælendaskránni þar sem ég hafði öðrum skyldum að gegna úti í bæ um kvöldmatarleytið en það kemur vonandi ekki að sök því að hér er umræðan í fullum blóma og stendur með ágætum og vindur vel fram eins og þar segir.

Ég ætla að skipta ræðu minni upp í efnisþætti og byrja á því að fara lítillega yfir aðdraganda þessa máls og setja það síðan í sitt rétta samhengi sem hluta af þeirri þróun í orkumálum og virkjunarmálum sem hér hefur verið í gangi. Þetta mál á líka erindi við grundvallarstefnu okkar í rannsóknarmálum og hvernig við skiptum verkum með opinberum stofnunum, t.d. Orkustofnun og orkuiðnaðinum eða orkugeiranum annars vegar og stofnunum á vettvangi umhverfisins hins vegar.

Það hefur komið fram að þetta frumvarp er afkvæmi aðstæðna sem sköpuðust í iðnaðarnefnd á síðasta þingi en þá lagði hæstv. iðnaðarráðherra og viðskiptaráðherra, sem a.m.k. var hér í salnum áðan, fram frumvarp nokkurt um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum og á því var muðlað í hv. iðnaðarnefnd drjúgan hluta vetrar í fyrra. Málið fór út til umsagnar og það komu gestir til viðtals við nefndina út af því.

Það er skemmst frá því að segja að frumvarpið fékk heldur dapurlega einkunn. Ég hef ekki í langan annan tíma séð jafnviðamikla smíði tætta eins hressilega niður og gert var við þetta frumvarp af mörgum viðmælendum nefndarinnar og þeim sem sendu henni álit. Það skipti að vísu svolítið í tvö horn að þeir sem voru mjög hallir undir orkuiðnaðinn og stóriðjustefnuna sáu auðvitað í því grand að færa iðnaðarráðherra, Orkustofnun og orkugeiranum alræðisvald meira og minna á þessu svið og ýta til hliðar út af borðinu sjónarmiðum um umhverfisvernd, sjálfbæra þróun og nokkra aðra mögulega framvindu í samfélaginu en þá að við settum allt okkar traust á hinn nýja guð, álið. En það tókst að koma vitinu fyrir menn og leiða þeim fyrir sjónir að þetta frumvarp væri svo gersamlega á skjön við allt sem talist gæti eðlileg verkaskipting milli aðila og bryti svo gersamlega í bág við þá framvindu og þróun sem Íslendingar hafa a.m.k. í orði kveðnu þóst vilja vera hluti af. Til dæmis eins og að festa í sessi grundvallarreglur umhverfisréttarins sem hafa verið að þróast frá dögum fyrstu stóru umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi, í Ríó og síðan Jóhannesarborg. Menn sáu sitt óvænna og kistulögðu þetta frumvarp um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum eða settu það í frystinn eða hvernig menn vilja orða það og síðan hefur það verið þar.

Óneitanlega vekur það athygli að hæstv. ráðherra skuli hafa farið þvílíka hrakför með þetta stjórnarfrumvarp að ekki er reynt að endurflytja það að hausti. Sumarið hefur greinilega ekki dugað til að lappa upp á það. Nei, það er fluttur þessi litli kálfur sem fæddist í vandræðaganginum og þeirri kreppu sem var komin upp eftir að iðnaðarnefnd hafði eytt drjúgum hluta vetrar í að reyna að fara yfir bráðónýtt frumvarp frá hæstv. iðnaðarráðherra. Ég hef sagt það áður og get endurtekið það, mér finnst það ekki sérstaklega stórmannlegt af meiri hlutanum, hv. þm. Birki Jóni Jónssyni né hæstv. ráðherra að reyna síðan að negla menn á því að þeir hafi verið að reyna að bjarga málum með þeim hætti sem þarna var verið að reyna með framlagningu hins litla frumvarps í fyrra til að afstýra öðru og enn þá verra slysi, að hin ósköpin yrðu mögulega keyrð í gegn. Þetta eru aðstæður málsins. Ég veit að hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur farið vel yfir þetta og ég er til vitnis um það að svona og nákvæmlega svona var þetta af því að ég starfa með iðnaðarnefnd.

Auðvitað eru menn frjálsir að því að skoða stöðuna og gera það sem skynsamlegast telst í þessum efnum. Iðnaðarnefnd er líka búin að átta sig betur á hvernig ýmislegt í þessu máli er vaxið. Það hefur m.a. tekist að fá menn til að afla sér vitneskju um hlutina. Það hefur stundum kostað smáerfiði. En nú er hv. formaður iðnaðarnefndar óskaplega glaður yfir því hvað nefndin hafi unnið vel og faglega í þessu máli. Það er út af fyrir sig kannski gaman að fara yfir það að nefndin eyddi heilum tveimur klukkutímum í rannsókn á þessu frumvarpi og það kostaði þó nokkur átök í iðnaðarnefnd að fá því framgengt. Það er auðvitað skylt að þakka það sem þó ávannst að í staðinn fyrir að rífa málið út án athugunar á einum og sama fundinum og það var fyrst tekið fyrir, þá náðist vopnahlé, við skulum kalla það vopnaðan frið um að taka sér tvo tíma í að ræða við valda gesti. Það voru annars vegar forkólfar orkuiðnaðarins og hins vegar þeir tveir forsvarsmenn tveggja lykilstofnana á vettvangi umhverfismála og það var mjög fróðleg yfirferð.

Ég hygg að mönnum hafi t.d. orðið það betur ljóst en kannski nefndarmenn vissu endilega áður hvað er í gangi og hvað er fram undan í kapphlaupi orkufyrirtækjanna um að helga sér land. Ég held að menn hafi haft gott af því að fá þá vitneskju.

Mótsetningarnar í málinu eru með þeim kostulegri sem lengi hafa sést á prenti. Ekki þarf að byggja þar bara á munnlegri geymd, þær eru hér á prenti. Þær eru á prenti í formi frumvarpsins annars vegar og breytingartillögu frá meiri hluta iðnaðarnefndar hins vegar sem endurvekur ákvæði til bráðabirgða um að skipa skuli nefnd til að vinna tillögur um grundvallarleikreglur í þessum efnum og við hvað eigi að miða og hvernig eigi að standa að úthlutun rannsóknarleyfa á komandi árum nákvæmlega því sem þetta frumvarp fjallar um, að veita hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra heimildir til að úthluta rannsóknarleyfum í vatnsafli. Er það þá ekki pínulítil mótsetning að segja nánast í sömu setningunni annars vegar: Ráðherrann þarf að fá heimildir til að úthluta leyfum. Hins vegar verður nefnd að taka til starfa til að finna út úr því hvernig eigi að gera þetta. Ha. Hef ég misst af einhverju? Vantar ekki eitthvað hérna? Er það boðleg stjórnsýsla að leggja hlutina svona upp fyrir opnum tjöldum. Okkur vantar allar forsendur, okkur vantar kortlagningu og leikreglur til að ákveða hvernig skuli að þessu farið í framtíðinni en við ætlum samt að byrja að gera þetta. (Gripið fram í.) Eftir hverju á hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra að fara? Hvaða viðmiðanir, (Gripið fram í.) hvaða aðferðafræði á að nota í þessu millibilsástandi? Þar gataði sjálfur formaðurinn þegar hann var spurður í dag, margbeðinn að koma og reyna aðeins að fara yfir það. Við hvað ætlar ráðherrann að miða? Hvernig ætlar hún að fara að þessu? Á að klæðskera kannski nýja aðferð í

hvert sinn eins og í einkavæðingum? Ýmsar útgáfur hafa verið prófaðar þar af blöndu af fegurðarsamkeppni, fyrstur kemur, fyrstur fær hæsta verðgildið. (**Gripið fram í:** Lægsta verðgildið.) Stundum lægsta, já, stundum hafa menn prófað þá aðferð, t.d. þegar þeir eru að selja banka. Þá er vinsælt að byrja á því að ræða það við lægstbjóðanda. Það var gert í Landsbankamálinu, lægstbjóðandi var tekinn til viðtals, hæstbjóðanda hent út, öflugum fjárfestingaraðilum í kjördæmi okkar hv. þingmanns. Ekki virtir viðlits, heldur var rætt við lægstbjóðanda. (**Gripið fram í:** Flokksskírteini ...) Já, svo eru auðvitað svoleiðis hlutir sem geta verið nytsamlegir, kannski er það einfaldast að láta bara vinina hafa þetta. Það eru þá menn sem þeir þekkja alla vega og vita að eru samkvæmishæfir.

Hæstv. forseti. Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð og hægt að nota bara eina samlíkingu um það, að ríkisstjórnin og meiri hlutinn er með allt niður um sig í málinu, algerlega. Það stendur ekki steinn yfir steini í þessum málatilbúnaði og menn lýsa því yfir sjálfir með því að flytja svona vandræðalega tillögu, viðhengi við frumvarpið um að skipa skuli nefnd til að fara í það að reyna að finna út úr því hvernig eigi að hafa þetta í framtíðinni. En áður verða menn væntanlega búnir að úthluta svæðum landsins, stórum hluta af því sem eftir er, því það munar um minna en vatnasvið stórfljótanna, bæði norðan og sunnan jökla, sem fyrir liggur og ég mun fara yfir í ræðu minni svolítið síðar í kvöld að búið er að sækja um rannsóknarleyfi á.

Hvað eigum við að giska á að vatnasvið Skjálfandafljóts sé stórt? Svona 3–4 þúsund ferkílómetrar. Hvað eigum við að giska á að vatnasvið jökulánna í Skagafirði sé stórt? Svipað trúlega, þær eru nokkurn veginn jafnlangar. Efri hluti Tungnaársvæðisins, Skaftá, Hólmsá, neðri hluti Þjórsár, Brennisteinsfjöll, Kerlingarfjöll, Torfajökulssvæðið. Það er farið að ganga dálítið á flatarmál Íslands, er það ekki? Er þó margt ónefnt enn. Svo ætla menn að móta leikreglur til að úthluta því sem eftir verður. Eru það Elliðaárnar eða bæjarlækurinn í Hafnarfirði? Hvað á eftir að skoða? Þetta er eins og hver annar brandari, herra forseti, að bera þetta svona á borð fyrir okkur. Algert lágmark væri náttúrlega, ef menn telja að lagastoð þurfi fyrir þessari nefnd, að taka það og það eitt í gegn eða haga gildistöku frumvarpsins þannig að afgangurinn biði með gildistöku þangað til nefndin hefði skilað störfum og þær tillögur lægju fyrir. Svo er það. Við skulum aðeins ræða það. Hvað liggur svona á? Það er fróðlegt að fara yfir það. Ætli ég geymi það ekki þangað til svolítið síðar því ég ætla nefnilega að leggja út af því með vissum hætti og vera þá búinn að fara aðeins yfir það sem undir er í þessu máli.

Ég held að nauðsynlegt sé að rifja það líka upp að þetta mál, öll þau ósköp sem það er, er náttúrlega ekki eitt á ferð í löggjöf eða lagasetningu eða fyrirhugaðri lagasetningu eða stjórnarframkvæmdum í landinu að þessu leyti.

Málið er í fyrsta lagi þetta afkvæmi óbermisins frá því í fyrra, ónýta frumvarpsins um nýtingu á jarðrænum auðlindum. Það hefur beina tengingu inn í frumvarp til vatnalaga sem liggur fyrir þinginu og við höfum í höndunum í iðnaðarnefnd og vitum talsvert um og er þar ekki félegu fyrir að fara að ýmsu leyti. Þetta er einmitt nátengt því og verður að skoðast í samhengi við það sérstaklega vegna þess að vatnalagafrumvarpið byggir á því að færa, hverjum vatnið í heilu lagi? Orkustofnun, orkugeiranum, iðnaðarráðherranum. Það á að slá eign orkugeirans á vatn á Íslandi, (**Gripið fram í:** Nei, nei.) ekki bara rennandi vatn, ekki bara fossa og straumvatn, nei, nei, allt vatn, í föstu, fljótandi og loftkenndu formi. Skýin eiga að heyra undir iðnaðarráðherrann. Einhverjum hefði nú dottið í hug umhverfisráðherra af því að hann er yfirmaður Veðurstofunnar. Nei. Vatnið og grunnvatnið neðan jarðar á að færast undir lögsögu iðnaðargeirans, orkuiðnaðarins, Orkustofnunar, iðnaðarráðherra með frumvarpi til vatnalaga. Það er bara þannig, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, „per definition“ í upphafsgrein frumvarpsins. Og frumvarpið sem setur vatn í orkuöflunarskyni undir ráðuneytið verður að skoðast í því samhengi.

Að hinu leytinu bólar ekkert á því sem talað hefur verið um að eigi svo að fylgja á verksviði umhverfisráðuneytisins, þ.e. vatnsverndarlög og fullgildingu þeirra hluta, vatnatilskipunar Evrópusambandsins sem við munum þurfa að taka upp í landsrétt hér. Ekkert bólar á því. Það er ævinlega þannig hjá hæstv. ríkisstjórn að allt sem snýr að umhverfinu mætir afgangi. Það kemur ekki. Rammaáætlunin er afvelta. Árósasamningurinn er ekki fullgiltur, vatnsverndarlögin sjást ekki. Hvernig stendur á þessu? Það er af því að forgangsröðun ríkisstjórnarinnar er sú að þarfir stóriðjustefnunnar, orkugeirans, ganga fyrir í einu og öllu. Umhverfisráðuneytið er því miður, svo dapurlegt sem það er að þurfa að segja það, eins og viðhengi utan á þessum iðnaðarhagsmunum eins og þeir hafa verið keyrðir fram af núverandi ríkisstjórn og virðist ekki ætla að batna mikið þótt þar hafi orðið húsbóndaskipti. Við þurfum náttúrlega ekki að rifja upp hörmungarnar þegar umhverfisráðuneytið brást jafnhrottalega skyldu sinni og það gerði þegar það tók faglegar niðurstöður mats á umhverfisáhrifum sem gaf Kárahnjúkavirkjun falleinkunn og sneri þeim við með pólitísku handafli. Það verður einhver ljótasti bautasteinn sem vonandi nokkur umhverfisráðherra í íslenskri stjórnmálasögu mun þurfa að burðast með, það sem Siv Friðleifsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, gerði. Það verður þannig á spjöldum sögunnar og verður kannski einstöku sinnum rifjað upp af þeim sem hér stendur á meðan ég skipti mér af málum á þessum vettvangi. En svona er þetta.

Tökum raforkulögin. Tökum markaðsvæðingu raforkugeirans, tökum það hvernig þetta er síðan fært yfir á markaðstorgið og gert að verslunarvöru og söluvöru í gróðaskyni fyrir fjármagnið. Síðan verður þetta að sjálfsögðu einkavætt og hvað er þá búið að gera, herra forseti? Þá er búið að færa þessa sameiginlegu auðlind okkar, vatnið, inn undir orkuiðnaðinn, skilgreina þetta allt á hans forsendum og síðan einkavæða það. Og þá er þessi sameiginlega auðlind okkar sem okkur er mörgum tamt að vilja trúa að sé, regnvatnið af himnum ofan, orðið að fullmarkaðsvæddri verslunarvöru og auðlind sem nýtt er í einkaþágu.

Ég held að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem kann að hafa forðað sér, er ef til vill þreytt eftir langan dag, væri nær að standa Alþingi reikningsskap gerða sinna í þeim efnum að undanförnu sem snýr að t.d. þróun raforkuverðs í landinu, snýr að hinum geigvænlegu hækkunum sem markaðsvæðingarbröltið hefur haft í för með sér fyrir þá sem kynda hús sín með rafmagni. (**Gripið fram í:** ...

hækka ...) Já, það hrekkur nú skammt, hv. þingmaður, þó þeir lyfti þessu þaki um eins og 5000 kílóvattstundir. Það dregur skammt satt best að segja, því miður. Og það er ekki einu sinni hægt að fara alla leið í það sem það var áður.

Þetta heildarsamhengi, herra forseti, er mikilvægt að menn hafi í huga þegar þessi mál eru rædd, að frumvarpið er ekki ein einangruð eyja heldur er það hluti af miklu stærra samhengi. Og það er auðvitað hluti af þróuninni í þessum efnum. Það er hluti af þeim gríðarlegu breytingum sem eru í rauninni að verða á íslensku samfélagi en þó einkum og sér í lagi íslensku atvinnulífi og íslensku hagkerfi vegna þess hvernig stóriðjustefnan hefur verið rekin áfram og vegna þess sem þar er jafnvel boðað á komandi árum. Það er skrýtið að heyra hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra koma hér í vörn sinni og reyna eiginlega að gera lítið úr málinu, þetta sé ekki neitt, neitt og hvað menn séu að æsa sig. En ætli það sé ekki fiskur undir steini? Ætli það sé ekki dálítið á bak við? Það skyldi nú ekki vera svo?

Staðreyndin er náttúrlega sú, herra forseti, að orkuiðnaðurinn gín yfir hlutunum. Það er mikil frekja í því liði sem þar ræður ferðinni og mikill yfirgangur. Ég held að menn hafi ekki almennilega áttað sig á því á þeim bæ að þeir eru komnir inn í nýja tíma, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Forkólfar á þessu sviði hafa komist upp með það, að vísu í skjóli núverandi ríkisstjórnar af því að hún er fulltrúi fortíðarinnar og fortíðarsjónarmiðanna í þessum efnum, að hegða sér eins og þeir gerðu hér áður. Auðvitað vita allir sem þekkja þessa sögu að Landsvirkjun var dekurbarn og ríki í ríkinu þegar hún var stofnuð. Hún var algert ríki í ríkinu og þar gerðu menn það sem þeim sýndist. Það var einn fínasti klúbbur landsins að sitja í stjórn Landsvirkjunar og menn urðu þar yfirleitt miklir mátar og vinir. Það sást jafnvel hér í þingsölum að menn úr gerólíkum flokkum voru eins og síamstvíburar hönd í hönd af því að þeir höfðu setið saman í stjórn Landsvirkjunar í gamla daga.

Landsvirkjun var stofnun sem taldi sig ekki þurfa að hlusta mikið á eitthvert nöldur úti í þjóðfélaginu, hún væri í sínum eigin rétti og hefði landið undir og auðlindir þess. Vissulega hafði hún einkaleyfi, hún hafði líka skyldur. Sú var okkar ógæfa, frú forseti, að við lentum inn á það spor að það eina sem einhver verulegur akkur væri í væru stórvirkjanir fyrir stóriðnaðinn — þetta varð að trúboði, stundum kennt við ónefndan mann sem var stjórnarformaður Landsvirkjunar á löngu árabili. Það er svo sem ástæðulaust að nefna hér einstaklinga sem ekki eru til staðar til að svara fyrir sig. Auðvitað voru þetta sómamenn og velviljaðir sinni þjóð. En sjónarhornið var að mínu mati ákaflega þröngt. Það helgaðist kannski af þeirri tilfinningu að Ísland ætti fáa kosti. Við ættum hér ósköp lítið nema fiskinn í sjónum og síðan orkulindirnar. Sú var klisjan. Svo var sagt á 6., 7., 8. og 9. áratug síðustu aldar að það eina sem gæti leyst sjávarútveginn af hólmi og orðið ný stoð undir atvinnulíf í landinu væri orkuiðnaðurinn. Þannig var talað. Það var talað eins og það væri bara ein önnur stór auðlind sem gæti komið upp til hliðar við sjávarútveginn og aukið útflutningstekjur og skapað velsæld og það væri orkuiðnaðurinn. (**Gripið fram í:** Hann hefur gert það.) Bíddu nú við, hv. þingmaður. Eigum við að fara yfir það hver var síðan veruleikinn? Hver var veruleikinn? Veruleikinn var sá að sú skoðun að sjávarútvegurinn væri kominn að endimörkum vaxtar síns á 6., 7. og 8. áratug síðustu aldar reyndist algert kjaftæði. Sjávarútvegurinn kom mönnum hressilega á óvart með því að standa undir gríðarlegri viðbótarverðmætasköpun. (**Gripið fram í:** Kvótakerfið.) Það á ekkert skylt við kvótakerfi, hv. þingmaður. Það má frekar færa rök fyrir því að það hafi orðið okkur dýrt og eigi kannski eftir að verða okkur enn þá dýrara með þeirri einhæfni og fákeppni sem þar með er að myndast í greininni.

Sjávarútvegurinn sjálfur afsannaði ár eftir ár og áratug eftir áratug hrakspárnar um að nú væri hann kominn að endimörkum vaxtar síns og hér yrði enginn vöxtur og engin uppbygging nema annað kæmi til. En það var enn ánægjulegra að nýjar greinar skutu hér rótum og uxu þannig að það kom öllum að óvörum. Það er ekki langt síðan það komu ekki nema 10–15 þúsund ferðamenn á ári til Íslands, svipaður fjöldi og kemur til Grænlands í dag. Nú eru ferðamennirnir löngu orðnir fleiri en íslenska þjóðin, stefna í hálfa milljón á næsta ári eða þar næsta og verða kannski orðnir ein milljón á ári hverju innan tíu ára. Og ferðaþjónustan bara svona skaust úr kafinu og varð að næststærsta gjaldeyrisútvegi þjóðarinnar. Hún skipaði þann sess alveg fram undir síðustu ár þegar stóriðjan kannski núna með allri stækkuninni er aftur að taka annað sæti. Það komu ýmsar iðngreinar og ýmis verðmætasköpun sem auðvitað afsannaði að *Íslendingar ættu enga aðra kosti en þá að reyna að* selja orku í heildsölu til erlendra stórfyrirtækja á því sviði.

Þeim mun undarlegra er það, frú forseti, að gamla nordalskan skuli lifa svona góðu lífi, að menn skuli enn tala eins og það geti ekkert annað gerst á Íslandi nema þetta. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Menn tala þannig. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Víst tala menn þannig. Eða hvað þýðir spurningin: Já, bara eitthvað annað? Þegar við höfum andæft tilteknum stóriðjuframkvæmdum, t.d. vegna þess að virkjanirnar sem eiga að framleiða rafmagnið eru gersamlega óverjandi frá umhverfissjónarmiði, hvaða spurningu fáum við þá? Já, þið eruð á móti þessu og hvað viljið þið þá? Bara eitthvað annað? Málið er nefnilega það, einmitt, bara eitthvað annað. Og það er nóg af því. Það er það góða. Það hefur sýnt sig undanfarin ár. Möguleikarnir og tækifærin hafa verið óþrjótandi og Íslendingar hafa verið duglegir við að nýta sér það og byggja upp margar greinar, hátæknigreinar, þekkingargreinar, nýjar iðngreinar og vaxtagreinar sem hafa vakið undrun langt út fyrir landsteinana. Nú er að vísu verið að eyðileggja þetta í stórum stíl. Stóriðjustefnan er að eyðileggja þetta. Hún er að hrekja þessar greinar úr landi eins og ég mun koma betur að.

Ég legg að lokum sérstaka áherslu á, frú forseti — ég er ekki að ljúka ræðu minni heldur bara þessum þætti málsins, svona til að róa menn ef einhverjum skyldi hafa brugðið í brún — að orkurisarnir, orkuiðnaðurinn, orkugræðgin verður að átta sig á því að hún er ekki lengur eða á ekki að vera nein forréttindagrein í landinu. Hún hefur engan rétt til að krefjast þess að öðru atvinnulífi sé rutt úr vegi þannig að þessi gamla stefna geti haldið áfram á grundvelli 20, 30, 40 ára úreltra röksemda. Hafi þær einhvern tíma gilt þá gera þær það auðvitað enn þá síður í dag. (Gripið fram í.) Þau eru miklu verðmætari, hv. þingmaður, af því að ég heyrði þetta frammíkall um hálaunastörfin, þau eru miklu verð-

mætari störfin sem við erum einmitt að missa úr landi í staðinn núna eða hvað? Hefur hv. þingmaður t.d. kynnt sér meðallaunin hjá hátæknifyrirtækjunum sem eru að taka ákvarðanir þessar vikurnar um að loka á Íslandi og flytja störfin út? Þar eru hámenntaðir vísindamenn, geysilega verðmætur og eftirsóttur starfskraftur, sem hafa m.a. verið að koma heim úr sérnámi erlendis — þar sem annar hver, þriðji hver starfsmaður er með doktorsgráðu vegna þess að þessir möguleikar hafa verið að opnast í rannsóknum og þróun í hátækni- og þekkingarfyrirtækjum. Er það ekki grátlegt að horfa á eftir störfum eins og gerist þegar Medcare Flaga hverfur úr landi eða Hjartavernd segir upp sínu rannsóknarfólki? Kemur það ekkert við hv. þm. Birki Jón Jónsson? Svo bara kallar hann hér fram í „hátæknistörf". Þau eru ekki há launin enn þá sem koma út úr þessum framkvæmdum hjá Portúgölunum og Kínverjunum á Kárahnjúkum. Ég hef ekki heyrt af því enn þá að þeir séu hálaunamenn. Ætli hneisan sé ekki frekar í hina áttina, þrælahaldið sem þar þrífst og er búið að innleiða í landinu í skjóli þessa ástands og verður auðvitað að skrifast á þess reikning. Það var augljóst mál hvernig þetta mundi fara.

Það er einn þáttur þessa máls, frú forseti, sem er óhjákvæmilegt að fara svolítið yfir. Ef þessi skipan mála verður tekin upp, að setja þessa hluti alla meira og minna undir orkugeirann og fela Orkustofnun öll þau samsettu og fjölþættu hlutverk, sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi er ýmist búinn að gera eða ætlar sér að gera — sem gert var að hluta til með raforkulögunum, sem stendur til að gera með vatnalögunum og sem stendur til að gera með þessu frumvarpi — þá er auðvitað verið að búa til hér mikið bákn þar sem er Orkustofnun og það er verið að fela henni mjög viðamikið og samsett hlutverk. Orkustofnun verður í raun og veru allt í senn: ráðgefandi stofnun fyrir stjórnvöld; hún á að sinna vissum grundvallarrannsóknarskyldum; hún á að fara með eftirlit á sínu sviði; hún á að skammta orkufyrirtækjunum tekjuramma, hún á að setja bæði þak og gólf í það hvað þau megi hafa raforkuverðið hátt; hún fær lögregluvald eða sektarvald þannig að hún getur farið að beita stjórnsýslusektum og refsingum — það er eiginlega fljótlegra að telja það upp sem á ekki að gera. (**Gripið fram í:** Gríðarleg þekking.) Ég held að hún eigi kannski ekki beinlínis að fara með landbúnaðarmál eða málefni ferðaþjónustunnar en það er ekki margt sem Orkustofnun verður ekki orðið viðkomandi. Það verður fátt mannlegt henni óviðkomandi ef svo heldur sem horfir. (Gripið fram í.) Í skjóli Orkustofnunar verður orkuiðnaðurinn meira og minna orðinn einráður í vísindarannsóknum í landinu og það er af þremur ástæðum:

Það er í fyrsta lagi vegna þess að peningarnir fara í það, nógir eru peningarnir þegar kemur að því að rannsaka eitthvað sem getur síðan orðið ávísun á virkjun. Það er í öðru lagi af því að með lögum er verið að útvíkka hlutverk Orkustofnunar á þessu sviði með því t.d. að færa vatnið undir hana, ef það verður gert. Og það er í þriðja lagi vegna þess að fagstofnanirnar, sem eiga að sinna því hlutverki að annast grunnrannsóknir og almenna þekkingarsöfnun um náttúru landsins, eru fjársveltar. Það er verið að stefna í verkaskiptingu sem er alger hneisa fyrir þjóð sem vill taka sjálfa sig alvarlega, vill rannsaka sitt land og hafa um það upplýsingar og vill geta tekið skynsamlegar og upplýstar ákvarðanir, t.d. um vernd umhverfis og náttúru. Ef vatnsaflinu verður skotið inn í gildandi lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og fer undir verksvið Orkustofnunar og iðnaðarráðuneytis — rannsóknir og leit, því verður væntanlega úthlutað á grundvelli umsókna frá orkufyrirtækjunum og það verða orkufyrirtækin sem útfæra það hvernig rannsaka skuli því það liggur ekkert fyrir um það að stjórnvöld, að iðnaðarráðuneytið eða Orkustofnun, enda ekki til þess bærir aðilar, ákveði hvernig þessar rannsóknir verða. Hvernig verða þær sem sagt? Þær verða nýtingarrannsóknir. Þær munu einbeita sér að þeim þáttum sem menn þurfa að safna vitneskju um til að nýta, til að virkja og sleppa hinu. Auðvitað verður ákveðin almenn þekkingarsöfnun alltaf fólgin í slíkum rannsóknum. En þær taka ekki útgangspunkt í því að rannsaka hið smáa, hið almenna, hið fróðlega, það sem hefur almennt þekkingarlegt gildi, það sem kann að tengjast menningarsögunni eða hvað það nú væri. Ég sé ekki annað en það stefni í það með þessu hugarfari, með þessari stjórnarstefnu, að rannsóknir almennt á Íslandi færist meira og minna úr grunnrannsóknaflokknum, því sem kallað er almennar grunnrannsóknir, og yfir í flokk nýtingarrannsókna. Það er auðvitað eðlilegt að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra — sem vel að merkja er fjarstaddur, ég leyfi mér að spyrja forseta hvort ekki hafi verið ætlunin að ráðherra yrði hér við og mundi þreyja þorrann og góuna, taka vökuna með okkur.

(**Forseti** (DrH)**:** Ráðherra er í húsinu og er örugglega að hlusta á hv. þingmann.)

Því má nú treysta, jafnkært og er með okkur, að hæstv. ráðherra sé að hlusta. En það væri gaman að hafa hér líka hæstv. umhverfisráðherra og hæstv. menntamálaráðherra. Hvar eru hæstv. fagráðherrar sem eru yfir þessum málaflokkum eins og umhverfismálunum og öllu sem þeim tengist eða menntamálunum og almennum vísindarannsóknum í landinu o.s.frv.? (**BJJ:** Það er nú langt seilst.) Er það langt seilst, hv. þm. Birkir Jón Jónsson? Ég skal þá fara rækilegar yfir þetta þannig að hv. þingmaður átti sig á þessu.

Þetta er nefnilega meira en fullgilt sjónarmið sem ég er hér að færa fram og hv. þm. Birkir Jón Jónsson skal ekki halda að ég sé einn um þessa skoðun. Hún er mjög útbreidd meðal vísindamanna í landinu, ekki síst náttúruvísindamanna og ég þykist hafa sæmileg sambönd inn í þann hóp og það er auðvitað af því að menn hafa af þessu áhyggjur. Menn vilja ekki hafa þetta svona, að almenn þekkingaröflun í þjóðfélaginu, almennar grunnrannsóknir lúti ekki lögmálum faglegs frelsis og séu sjálfstæðar. En auðvitað eru þær það ekki ef þær eru pantaðar á forsendum orkufyrirtækjanna, miða eingöngu að nýtingunni og eru borgaðar af þeim.

Það er að vísu í lögum að stofnanir eins og t.d. Umhverfisstofnun, og auðvitað alveg sérstaklega Náttúrufræðistofnun Íslands, eigi að sinna þessu hlutverki. Þar á bæ hafa menn lögbundnar skyldur til að sinna undirstöðurannsóknum og er alveg sjálfsagt mál að lesa það upp, sérstaklega fyrir hv. formann iðnaðarnefndar ef hann skyldi ekki vera útlærður í þeim fræðum. (Gripið fram í.) Það segir t.d. hér í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur í 4.

gr., með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun Íslands stundar undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins“ — og allan þann tíma sem ég hef stúderað þau fræði hefur grunnvatn í raun og veru verið flokkað þarna undir — „og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands. Hún varðveitir niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum er veiti sem best yfirlit um náttúru landsins. Aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar eru:

a. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands. [...]

c. að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda. [...]

e. að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna.“

Hvað þarf til að menn geti sinnt þessu hlutverki? Það þarf þekkingu sem er safnað á sjálfstæðum, faglegum forsendum og hún verður að vera það því annars er ekki hægt að treysta henni. Annars er ekki hægt að treysta því alveg óyggjandi að hinn faglegi, vísindalegi þekkingargrundvöllur sé hlutlægur, málefnalegur. Ekki bjagaður af einhverjum hagsmunum. Við viljum hafa mat á hlutunum eins og þeir eru. Svo tökum við ákvarðanir um hvort einhver nýting sé réttlætanleg eða ekki gagnvart gildi þess og mikilvægi að vernda.

Það var farið aðeins yfir það fyrr í umræðunni t.d. hvernig aðstæður þessara aðila eru eins og Náttúrufræðistofnunar. Hún er fjársvelt og það eru flestir ef ekki allir aðrir aðilar sem eru að burðast við að stunda faglegar sjálfstæðar grunnrannsóknir í náttúru Íslands. Þeir eru það. Þetta er ákaflega veikburða starf sem er unnið af fáum vísindamönnum og langt frá því að það sé búið þannig að þeim að sómi sé að. Það er alveg sama hvort við tökum Náttúrufræðistofnun og náttúrustofurnar, rannsóknarstöðina við Mývatn, háskólana og starfið þar í jarðfræðistofnun sem nú er, en var áður Raunvísindastofnun háskólans og Norræna eldfjallastöðin og þeir aðilar. Þetta er bara því miður svona. Hver er svo helsta fjáröflunarleið þessara aðila? Hún er oftar en ekki að komast í verkefni hjá Landsvirkjun eða orkufyrirtækjunum og þá gerist það sem er mikið umhugsunarefni en kannski ekki gott við að gera að okkar litli vísindaheimur verður þannig saman settur að tveir af hverjum þremur eða þrír af hverjum fjórum vísindamönnum og stofnunum verða háðar orkurisunum vegna þess að þaðan fá þeir peninga, þaðan fá þeir að hluta til sinn framfærslueyri.

Menn verða auðvitað að tala um þetta eins og það er. Það er ekki verið að ásaka neinn. Ég er ekki að halda því fram að menn reyni ekki samkvæmt bestu getu að halda hlutunum aðgreindum og standa í lappirnar, en svona er veruleikinn. Ég man eftir því á fundi í jarðfræðifélaginu, eða hvort það var í Félagi íslenskra náttúrufræðinga, að þar var verið að kynna frumvarp eða drög að nýju frumvarpi um breytingar á skipulagslögum eða mat á umhverfisáhrifum. Það var verið að ræða þessa hluti fram og til baka, hvaðan óháðir faglegir aðilar ættu að koma til að leggja dóm á áætlanir framkvæmdaraðilanna o.s.frv. Hvar finnum við þá í hinum litla íslenska vísindaheimi þegar staðan er orðin þannig að þrír af hverjum fjórum eru annaðhvort beint ráðnir af eða fá hluta tekna sinna eða rannsóknarfjár síns gegnum verkefni sem eru kostuð af orkufyrirtækjunum? Það er ekki auðvelt. Og þarna á fundinum voru þeir beðnir um að rétta upp hönd sem ættu einhverra hagsmuna að gæta í þessu efni og það var fyllilega þetta, þrír af hverjum fjórum fundarmanna viðurkenndu að þeir væru auðvitað ekki óháðir í þessum skilningi orðsins.

Þeim mun tilfinnanlegra er það auðvitað að þær stofnanir þar sem menn eru þó í fullu starfi og eiga að sinna þessu eins og vísindamenn á Náttúrufræðistofnun og annars staðar, að þar skuli ekki vera betur að slíku starfi búið þannig að það séu þó a.m.k. einhverjar sæmilega öflugar einingar sem geti einbeitt sér að grunnvísindastarfi á sjálfstæðum faglegum forsendum og séu ekki neinum öðrum háðar. Ég held menn hljóti að geta viðurkennt að það er ekki notaleg tilhugsun ef þetta þróast áfram í þessa veru og nú tek ég ákaflega diplómatískt til orða, frú forseti, því satt best að segja væri hægt að segja reynslusögur sem eru miklu ljótari en ég hef hingað til gefið tilefni til með mínum hógværu orðum, (**Gripið fram í:** Talar af hógværð.) ég tala af mikilli hógværð hér vegna þess að það er eiginlega svo leiðinlegt að fara að segja frá því sem ég hef því miður orðið vitni að og upplifað, hvernig vísindamenn sem hafa staðið í lappirnar og þorað að vera sjálfstæðir og gagnrýnir á framferði þessara stóru hagsmunarisa, sáldrandi silfrinu um þjóðfélagið, hafa farið út úr því. Það eru ekki allt fallegar sögur. Það hefur ríkt mikil tilhneiging til að kúska alla undir þessa stefnu, þessa meginstefnu að láta bara stóriðjustefnuna vaða áfram eins og snjóplóg í gegnum samfélagið og ryðja öllu til hliðar, öðru atvinnulífi og þeim vísindamönnum sem væru eitthvað að malda í móinn, t.d. vildu ekki láta spjalla Þjórsárver frekar en orðið er o.s.frv.

Þessi árekstur milli nýtingarsjónarmiðanna, orkugræðginnar, sem ég kalla svo, og annarra sjónarmiða sem lúta meira að vernd og varðveislu umhverfis, að grunnrannsóknum og almennri þekkingaröflun o.s.frv., endurspeglaðist í raun og veru mjög vel í mismunandi viðbrögðum manna við stóra frumvarpinu um jarðrænar auðlindir í fyrra. Ef menn hafa fyrir því að fara yfir þær umsagnir sem þá komu, þá eru þær að mörgu leyti mjög góð gögn og sláandi um þessa harkalegu árekstra þessara heima og það hefur ekki í annan tíma kannski komið jafnmikið af því upp á yfirborðið. Af hverju er það? Það er af því að menn veigra sér við því vegna stöðu sinnar sem opinberir embættismenn í stofnunum sem heyra undir ráðherra í ríkisstjórn sem hefur þá stefnu sem raun ber vitni. En það gerðist þó í fyrra og er lofsvert að það gekk svo fram af forstöðumönnum bæði umhverfisstofnana og samtaka að þau sendu frá sér nokkur hvassyrt álit, svo gersamlega gekk fram af mönnum og þar á meðal forsvarsmönnum stærstu undirstofnana umhverfisráðuneytisins. Þeir fengu að vísu bágt fyrir, það er vitað. Þannig er ástandið á Íslandi í dag. Menn eru teknir á teppið og fá bágt fyrir ef þeir hafa sjálfstæðar faglegar skoðanir og leyfa sér að láta þær í ljósi þegar það er reyndar skylda þeirra, eins og það er þegar Alþingi biður þá um álit. Menn hafa fyrir sér fordæmin, ef þeir eru með múður verða þeir

bara lagðir niður eða fluttir norður á Hólmavík eða eitthvað. Annað eins hefur gerst. (**Gripið fram í:** Hólmavík er ...) Hólmavík er fallegur staður og góður staður en það var dæmi um það að einhver embættismaður var fluttur til og það var talið vera í tyftunarskyni. Mig minnir að það hafi verið á þann nefnda stað.

Ef við aðeins rifjum upp úr þessum umsögnum, frú forseti, þá er það mjög lýsandi fyrir árekstrana sem þarna urðu og það segir sína sögu. Þannig t.d. segir Náttúrufræðistofnun um þetta frumvarp af hverju litli kálfurinn sem við ræðum nú hér sérstaklega var hluti, með leyfi forseta: „Frumvarpið fjallar um jarðrænar auðlindir eða „hvers konar jarðefni, frumefni, lífræn og ólífræn efnasambönd, vatn og orkulindir sem vinna má á landi og úr jörðu" án þess að fléttað sé inn í það ákvæðum um umhverfis- og náttúruvernd eða almannarétt." Með öðrum, þetta var bara hrátt orkunýtingarfrumvarp og öllu öðru hent út.

Áfram segir: „Verði frumvarpið að lögum óbreytt er hætt við að hagnaðarsjónarmið efna- og orkuvinnslufyrirtækja verði ráðandi við nýtingu náttúruauðlinda landsins á kostnað umhverfisverndar og félagslegs réttlætis sem eru hinar tvær meginstoðir sjálfbærrar þróunar." Hér er verið að vitna í Ríó-samþykktirnar sem Ísland hefur gengist undir. Jafnframt fengi stjórnsýslustofnun orkumála, Orkustofnun, óeðlilega mikil völd á kostnað stjórnsýslustofnunar umhverfismála Umhverfisstofnunar. Frumvarpið er að þessu leyti afturför frá fyrri auðlindalögum og í andstöðu við nútímaumhverfishugsun og stefnu ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun. Frumvarpið vekur enn fremur upp spurningar um verkaskiptingu og samstarf umhverfis- og iðnaðarráðuneytis og stofnana þeirra. Við gerð þess virðist ekki hafa verið tekið nægjanlegt tillit til lögboðinna hlutverka þeirra stofnana umhverfisráðuneytisins sem málið varðar samanborið t.d. náttúruverndarlög o.s.frv.

Þetta er ákaflega skýrt og vel orðað í samanþjöppuðu formi og lýsir í hnotskurn árekstrunum sem hér eiga sér stað þar sem orkugeirinn með Orkustofnun undir iðnaðarráðuneytinu í fararbroddi er að valta yfir hin sviðin og ryðja því til hliðar í krafti stefnu ríkisstjórnarinnar um að þessir hagsmunir skuli vera öllum öðrum æðri. Ef kemur til árekstra milli mögulegrar nýtingar og þarfarinnar á verndun þá víkur verndunin, þá er henni hent burtu. Þarf nokkurn að undra? Er þetta ekki sama ríkisstjórnin og lét umhverfisráðherra sinn snúa niðurstöðu Skipulagsstofnunar um Kárahnjúka við? Jú, er það ekki? Mig minnir það. Hvað var sagt? Það var sagt að það væri stefna ríkisstjórnarinnar. Það var sagt þegar við vorum að takast á um tillögu um málið, þá kom þáverandi hæstv. utanríkisráðherra, núverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson upp og sagði: Það er búið að ákveða að byggja þessa virkjun. Sem sagt, ríkisstjórnin var búin að ákveða að gera það. Í rauninni var verið að segja: Hvað eru menn að röfla? Við erum búnir að ákveða þetta, við Davíð. Þetta er hugarfarið og það er þarna enn, því miður, hefur sáralítið lagast. Og hafi einhver haldið að það mundi bregða til betri tíðar með því að umhverfisráðuneytið flytti frá Framsókn yfir til Sjálfstæðisflokksins þá bíð ég enn eftir merkjum þess. Ég sé þau ekki, því miður.

Mér finnst það mikið metnaðarleysi t.d. að umhverfisráðherra skuli láta bjóða sér að frumvarp í þessa átt sé endurflutt. Ég vísa til umsagna höfuðstofnana umhverfisráðuneytisins sem var svo misboðið í fyrra að þær sendu frá sér svona harðorðar umsagnir, eins og t.d. þá sem ég vitnaði í áðan og lýsir, eins og ég segi, þeim árekstrum milli umhverfisverndarsjónarmiða og í raun allra annarra sjónarmiða og nýtingarkröfunnar, nýtingarfrekjunnar, hins vegar.

Mér verður vissulega tíðrætt um það frumvarp sem lagt var fram í fyrra, um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, og vatnalagafrumvarpið sem líka er tengt því. Menn verða að átta sig á því á hvaða hugmyndafræði það byggir og hver hugsunin í því er til að skilja þetta. Tökum dæmi af bónda eða hvaða jarðeiganda sem er sem á jarðarskika. Á honum er falleg á, á þeirri jörð er falleg árspræna og í henni er foss. Þetta er fallegur foss og þó að þarna mætti skrúfa út einhver kílóvött með því að virkja hann hefur bóndinn eða landeigandinn ekki áhuga á því. Hann vill horfa á fossinn, vill að hann fái að renna til fegurðar og yndisauka sjálfum sér og öðrum og komandi kynslóðum. Hann er sem sagt að hugsa um unaðsstundirnar en ekki kílóvattstundirnar.

Hvernig eru lögin úr garði gerð? Hvernig er hugsunin í frumvarpinu eða frumvörpunum, vatnalagafrumvarpinu og þessu? Já, hún er sú að ef bóndinn er ekki innan tiltekins tíma, fimm ára, byrjaður að rannsaka fossinn í því skyni að virkja hann þá fyrirgerir hann rétti sínum sem landeigandi til að hafa ráð á því hvað um hann verður. Utanaðkomandi aðilar geta þá í krafti laganna og heimtufrekju orkugeirans komið inn á landareign bóndans og hafið rannsóknir á fossinum í því skyni að virkja hann. Það er sett upp þannig að það sé í raun og veru glæpur að eiga ársprænu sem eitthvert fall er í og sinna því ekki að rannsaka hana með því hugarfari að virkja hana. Þá ert þú bara ekki að standa þig góði, burt með þig. Síðan kemur einhver annar, hann fær rannsóknarleyfi, sem þetta snýst nú um, ekki satt? Hann fær rannsóknarleyfi á grundvelli laganna og ef þarf er síðan farið í eignarnámsmál til að hann geti þá virkjað á annarra manna landi. Ef hann ekki nær samningum um afnot fer það sína leið.

Sjá menn hugsunina í þessu? Hugsum okkur, ef við snúum þessu við, og segjum að það væri þannig að umhverfisverndarstofnanir gætu farið sömu leið til að ná landi til að vernda það. En það er og hefur nú aldeilis ekki verið þannig, frú forseti. Nei, það hefur verið þannig að ríkið hefur orðið að kaupa upp land til að auka verndunarstig þess og hefur engin svona úrræði í lögum. Það segir sína sögu um aflsmuninn sem þessir aðilar búa við í löggjöf og í stjórnarfari í landinu. Þetta er náttúrlega það sem við verðum að fara að taka til umræðu og ræða og átta okkur á. Viljum við hafa þetta svona, viljum við hafa þessa hluti nákvæmlega svona? Á að vera þessi gríðarlega framkvæmdanýtingarslagsíða á allri okkar löggjöf eða á kannski að nálgast þetta með öðru hugarfari og tryggja þessum aðilum a.m.k. meira jafnræði?

Í raun og veru er ég ekki tilbúinn til að segja að það eigi að vera þarna jafnræði, ég er það ekki, af því að verndarsjónarmiðin verða að vera æðri hinum og sönnunarbyrðin á að hvíla á þeim sem ætlar inn í náttúruna og fara að taka þar til við að framkvæma. Hann verður að sanna fyrst að af því hljótist ekki spjöll og skemmdir, óþolandi miklar og

jafnvel aldrei endurbætanlegar.

Ég held, frú forseti, að það sem ég hef lítillega farið yfir og varðar þetta samhengi málsins láti ég duga að sinni um þann þátt málsins og samhengi þess við önnur frumvörp og almenna stöðu í þessum orkuöflunar- og búskaparmálum. Ég ætla að víkja svolítið sértækar að því sem fram undan er og líklegt er til að blasa við okkur allra næstu árin ef svo heldur sem horfir.

Eitt af þeim gögnum sem tókst þrátt fyrir allt að fá úr vinnu iðnaðarnefndar þó stutt væri var listi, ekki endilega tæmandi, ég skal ekki segja hvort hann sé það alveg en a.m.k. allmikill listi og unninn örugglega eftir bestu samvisku af starfsmönnum Orkustofnunar og ráðuneytis um þau rannsóknarleyfi og nýtingar- og virkjunarleyfi sem núna liggja fyrir. Það er fróðleg lesning. Hvað er fram undan? Af hverju liggur svona mikið á, var spurt hér áðan, hvað liggur á? Hvaða fiskur er undir steini að hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. iðnaðarráðherra setur þetta mál í algjöran forgang og virðist ætla að láta það mæta afgangi að afgreiða öll önnur mál nema þá fjárlögin sem kláruðust í dag? Jú, það er nefnilega þannig að m.a. með breytingum á raforkulögum á að heita svo að hér hafi verið innleidd samkeppni í orkumálum.

Nú er það eins og hálfgerður brandari á sinn hátt að hægt sé að tala um samkeppni við aðstæður af því tagi sem hér ríkja milli opinberra fyrirtækja að verulegu leyti í eigu sama aðila, því að svo kostulegt sem það nú er þá krossast eignarbönd í öllum orkufyrirtækjunum, nema kannski á Orkuveitan eða Reykjavíkurborg ekki í Hitaveitu Suðurnesja. En ríkið og sveitarfélög eiga þetta þvers og kruss. Þannig á ríkið Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, ríkið á helminginn í Landsvirkjun á móti Reykjavíkurborg og Akureyri og Reykjavíkurborg á síðan aftur 95% í Orkuveitunni. Ríkið hefur til skamms tíma a.m.k. átt eitthvað í Hitaveitu Suðurnesja, gott ef sá hluti var ekki til sölu eða kannski seldur núna. Þannig krossast þetta allt saman meira og minna. Landfræðilegar og náttúrulegar aðstæður eru auðvitað líka þannig að í veruleikanum er nánast ekki tæknilega mögulegt að um eiginlega samkeppni sé að ræða, jafnvel horft fram hjá þessum eignarböndum.

Þetta eru ekki nema þrír stórir aðilar og kannski fjórir ef við tökum Norðurorku með, sem mega sín einhvers á þessu sviði og þar af er einn algjör yfirburðarisi þegar kemur að framleiðslunni, þ.e. Landsvirkjun. Hún er með nánast alla vatnsaflsframleiðsluna og er að fikra sig inn í jarðhitann og þar af leiðandi eru fyrirtækin nokkuð sitt á hvoru sviðinu, tvö þeirra, Orkuveitan og Hitaveita Suðurnesja fyrst og fremst sérhæfð í virkjun jarðhita en Landsvirkjun sérhæfð í virkjun vatnsafls. Og það er ekki þannig að menn sippi sér þar á milli átakalaust einn góðan veðurdag þegar á að heita að komin sé samkeppni í lögum. Það er nú flóknara mál en það. Ýmislegt mætti um það segja en skiptir kannski ekki öllu máli.

Framtíðin er hins vegar sú, og búið er að ákveða það, ríkisstjórnin er búin að ákveða að þetta skuli markaðsvætt og síðan einkavætt eins og allt annað. Ekki er rætt um að gera nokkurn skapaðan hlut af hálfu ríkisstjórnarinnar lengur nema það sé hlutafélag og helst einkavætt strax. Fyrirtækin fara auðvitað að horfa til þeirrar framtíðar og búa sig undir hana, m.a. með því að horfa á alla þá álitlega virkjunarkosti sem eftir standa í landinu og enginn einn aðili hefur fengið einkaleyfi á eða helgað sér og reyna að klófesta þá, hremma þá. Eðlilega, fullkomlega eðlileg viðbrögð af hálfu fyrirtækjanna og þeir fara sem betur fer ekkert dult með það. Þeir koma á fund í iðnaðarnefnd og segja: Við teljum mjög mikilvægt að fá þessi rannsóknarleyfi og að þeim tengist fyrirheit um nýtingu. Þeir eru ekkert að fara í launkofa með að þannig vilji þeir hafa það og þannig ætlist þeir til að þetta verði, og ég er alveg viss um að hæstv. ráðherra hefur það í huga líka. (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherra?) Hvar er hæstv. ráðherra? Sem hefur greinilega þurft að bregða sér frá og er nú lengur í burtu en kannski mætti búast við eftir því hver erindin eru.

Fróðlegt væri að hæstv. ráðherra færi aðeins yfir það síðar við umræðuna hvernig hæstv. ráðherra hefur hugsað sér að halda á þessum málum ef hún fær þessar heimildir í hendur, þó ekkert kæmi annað til en það að Alþingi ber ekki og á ekki að framselja óútfyllta víxla af þessu tagi til framkvæmdarvaldsins leiðbeiningalaust um hvernig með þá sé farið. Það er eðlileg krafa til að hér séu teknar upplýstar ákvarðanir um mál að upplýsingar liggi fyrir að svo miklu leyti sem það getur verið um þá hluti.

Það sem er fram undan, frú forseti, í sambandi við þau rannsóknarleyfi sem hafa verið lögð inn að undanförnu eru eftirtalin vatnsföll eða vatnasvið: Landsvirkjun hefur sótt um að fá að rannsaka allt vatnasvið Skjálfandafljóts. Ég giska á svona upp úr mér að það geti verið um 3.000–4.000 ferkílómetrar að stærð. Landsvirkjun hefur sótt um að rannsaka allt vatnasvið Tungnaár ofan Sigöldu. Landsvirkjun hefur sótt um að fá rannsóknarleyfi á vatnasviði Þjórsár neðan Búrfells, sem út af fyrir sig er athyglisvert vegna þess að Landsvirkjun á þegar nokkurn veginn fullhannaðar virkjanir á því svæði, Núpsvirkjun eða virkjun í Hreppum og aftur niður við Urriðafoss. En það skyldi nú ekki vera að þeir vilji treysta enn stöðu sína á svæðinu með því að fá útgefið, ef þetta frumvarp verður að lögum, rannsóknarleyfi með vilyrði um nýtingarrétt þannig að það sé bara í höfn. Landsvirkjun hefur sótt um að rannsaka vatnasvið Vestari og Austari Jökulsár í Skagafirði, allt vatnasvið Héraðsvatna og jökulsánna upp að jökli. Það er nú spilda. Landsvirkjun hefur sótt um rannsóknarleyfi í Brennisteinsfjöllum, vissulega til jarðhitavirkjunar. Brennisteinsfjöllin eru nú einu sinni síðasta stóra ósnortna háhita- og eldstöðvakerfið á Reykjanesi. Og Landsvirkjun hefur sótt um rannsóknarleyfi á Gjástykki og nágrenni, þ.e. nýja virkjun norðan Kröfluvirkjunar.

Hitaveita Suðurnesja hefur sótt um rannsóknir á jarðhita á Reykjanesskaga. Orkuveita Reykjavíkur hefur sótt um háhitasvæði í Reykjadölum í Rangárþingi ytra og háhitasvæðið í Kerlingarfjöllum. Þar ætla þeir kannski að bera niður, blessaðir mennirnir, og kemur nú við hjartað í einhverjum. Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja sameiginlega hafa sótt um háhitasvæðið í Brennisteinsfjöllum, með öðrum orðum, allir orkurisarnir eru að keppa um að fá að fara í Brennisteinsfjöll. Það er heldur betur að þeim sótt.

Rarik hefur sótt um vatnasvið Hólmsár í Skaftárhreppi. Það er talsverð spilda. Hún er að vísu ekki mjög löng en tekur til svæðisins norðan Mýrdalsjökuls að vatnaskilum og

upp að vatnaskilum á móti Skaftá. Þeistareykir ehf. Virkjanir í Skjálfandafljóti. Það eru líka tveir að keppa um Skjálfandafljót. Það eru sem sagt tveir aðilar búnir að sækja um Skjálfandafljót, tveir um jökulvötnin í Skagafirði og tveir um Brennisteinsfjöll. Þetta kapphlaup er hafið. Það er skollið á. Það er nú ekkert lítið sem þarna væri verið að úthluta og er þó ekki allt talið því það er ýmislegt í gangi sem ekki ratar inn í þennan lista. Þannig er t.d. Orkustofnun ekki með sjálfa sig á þessum lista. Þar er t.d. búið að forkanna, hvað? Torfajökulssvæðið, Landmannalaugar. Tvær af merkustu hálendisvinjunum í jarðhita, Torfajökulssvæðið með Landmannalaugum og öllu því og Kerlingarfjöll eru á listanum. Brennisteinsfjöll, eina stóra, ósnortna svæðið hér á suðvesturhorninu nálægt byggð.

Þegar við höfum það í huga að að bæði stóru jökulvötnin á Austurlandi eru farin eða eru að fara, Jökulsá í Fljótsdal og Jökulsá á Dal. Við vitum hvernig er með Þjórsá og Tungnaá. Það er verið að sækja um Skaftá, það er verið að sækja um Hólmsá, það er verið að sækja um Skjálfandafljót og það er verið að sækja um jökulvötnin í Skagafirði. Það er nú ekki mjög mikið eftir. Þá er aðeins ein af stóru korguðu jökulánum eftir, Jökulsá á Fjöllum. Og síðan Hvítárnar. Þetta er bara svona. Landið er að vísu stórt og það tekur þó nokkurn tíma t.d. að labba þvert yfir það, en það er samt ekki stærra en það að við erum nánast með í höndunum hugmyndir um að úthluta því sem eftir er af því til rannsókna. — Og býð ég nú menntamálaráðherra hjartanlega velkomna í salinn, glaðbeitta. (Gripið fram í.) Vonandi tekur hún nú til máls hið snarasta hér í umræðunni og það gæti jafnvel orðið til þess að ég stytti mál mitt ef hæstv. ráðherra lofaði því. (**Menntmrh.:** Má treysta því?) Það má hafa það í huga.

Ég gæti síðan farið rækilegar yfir það, frú forseti, t.d. hvað þegar er útgefið af leyfum. Hellisheiðarsvæðið er nú í bullandi framkvæmdum og rannsóknum. Vesturhluti Kröflusvæðisins, en þar hefur Landsvirkjun nýfengið úthlutað leyfum. Þeistareykir, þeir eru allir afgreiddir. Þar er fyrirtækið Þeistareykir ehf. með leyfi. Hágöngusvæðið og Köldukvíslarbotnar, þegar úthlutað, búið að taka það frá fyrir Landsvirkjun. Og Landsvirkjun á fullbúnar virkjanir og er komin með framkvæmdaleyfi, með virkjanaleyfi t.d. á Búðarhálsvirkjun, Norðlingaölduveitu, Hellisheiðarvirkjun. Rarik er komið með leyfi á Lagarfoss o.s.frv. Enda stendur í þessu riti hér, skýrslu Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra um raforkumálefni, og mótmælir þá vonandi ekki hv. þm. Birkir Jón Jónsson, þó að vitnað sé þar í. (Gripið fram í.) Nei, því skal ég trúa. Það er þá líklega mark á því takandi. En hvað stendur þar? Jú þar stendur m.a., frú forseti:

„Undanfarin fjögur ár hafa verið lífleg í framkvæmdum og rannsóknum á orkulindum landsins."

Já, en það stemmir ekki vel við þetta frumvarp. Þetta er búið að vera svona líflegt, bæði í rannsóknum og framkvæmdum. En hvernig stendur þá á því að hér í greinargerð stendur, með leyfi forseta:

„Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu hefur komið í ljós að orkufyrirtækin eru tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli vegna þessa en heppilegt getur talist."

Það er einhver tregða í þessu í frumvarpinu en það er svona bullandi gangur í þessu í skýrslunni. Á hvoru á nú að taka mark? Veruleikinn er auðvitað sá að þegar farið er yfir þetta hafa framkvæmdirnar verið gríðarlegar og það þekkjum við öll. Það er búið að undirbúa heilmikið sem bíður ýmist fullhannað eða hálfhannað. Búðarhálsvirkjun bíður algerlega tilbúin. Það er bara að bjóða út. (Gripið fram í.) Að vísu vilja þeir helst fá vatnið úr Þjórsárverum líka í gegnum Kvíslarveitur og Tungnaá. Það veit ég vel. En menn geta virkjað án þess. Þeir þurfa kannski ekki að fá allt, mennirnir, þó þeir fái mikið. En það er nefnilega þannig að Landsvirkjun er trú hugmyndafræði fyrrum formanns Alþýðuflokksins og heldur að það sé hægt að fá allt fyrir ekkert. Það er hennar pólitík í þessu, að fá allt fyrir ekkert. Fá bara alla náttúru Íslands fyrir ekkert. Er það nú ekki aldeilis með ólíkindum í raun og veru? (**Gripið fram í:** Er þetta þá ekki hugmyndafræði Samfylkingarinnar í dag?) Nei, þetta er hugmyndafræði Landsvirkjunar og ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Náttúra landsins er náttúrlega bara gratís. Hún er föl fyrir ekkert. Núll krónur á að greiða fyrir eyðilegginguna á norðausturhálendinu. Ekki ein einasta króna þó að tekin séu 40% af einu elsta friðlandi Íslands, Kringilsárrana. Ekki skóbótarvirði að mati ríkisstjórnarinnar og Framsóknarflokksins sérstaklega. Svona er þetta.

Þess vegna er auðvitað ekki nokkur minnsti grunnur til þess að reyna að halda því hér fram að það liggi á að fylla út fleiri rannsóknarleyfi. Það getur þá aðeins verið í einum tilgangi. Þeim að Framsóknarflokkurinn trúi því enn að villtustu stóriðjudraumar sínir geti orðið að veruleika með þremur nýjum álverkefnum og rafskautsverksmiðju í Hvalfirði í viðbót. Þá þarf auðvitað mikið til. Þá þarf u.þ.b. að tvöfalda raforkuframleiðsluna frá því sem hún verður eftir að Kárahnjúkavirkjun verður komin í gang. Úr 16 teravattsstundum í kannski um 30. Og hvað er þá farið? Þá eru farin 60% af því virkjanlega afli sem um langt árabili hefur verið miðað við að væri verjanlegt að hugsa sér að taka úr vatnsaflinu og háhitanum. Og er ég þá auðvitað ekki farinn að taka pælingar um djúpborun og annað þvílíkt inn í myndina. En við höfum lengi notað þá viðmiðun, ekki satt? Að þetta gætu verið svona 25–30 teravattstundir í vatnsaflinu og 20 í háhitanum. Og þá eru menn bara búnir með pakkann, búnir að ráðstafa þessu. Hvað ætla menn þá að gera eftirleiðis ef upp koma nýjar þarfir á komandi tímum, áratugum eða öldum og nota þarf orku til nýrra hluta, t.d. til að reyna að gera orkubúskap Íslendinga sjálfbæran, fara hér yfir í vetni eða aðra orkugjafa eða orkumiðla sem geta flutt orkuna úr fallvötnum og jarðhita út í farartæki? (**Gripið fram í:** Það er nú mál Framsóknarflokksins.) Það er mál Framsóknarflokksins, já, en ætlar þá Framsóknarflokkurinn bæði að éta kökuna og geyma hana? Bæði að virkja svo til allt virkjanlegt vatnsafl og háhita í landinu og líka að geyma hann til að framleiða vetni síðar meir þegar það verður orðið tæknilega og efnahagslega mögulegt? Það virðist vera. En það er nú eftir öðru hjá Framsóknarflokknum að hann haldi enn að þetta sé hægt, eftir öll árin, stofnaður 1916 og hann hefur enn ekki áttað sig á því. Hann hefur haft næstum öld til að fatta þetta en það hefur ekki dugað, að ekki er bæði hægt að éta kökuna og geyma hana. (Gripið fram í.) Það er ekki bæði hægt að taka drjúgan hlut af öllu því virkjanlega vatnsafli og háhita sem menn hafa

reiknað með að hér væri verjanlegt að taka og þá er ekki mikið dregið undan. Ég veit vel hvað það er því ég hef séð forsendur þessara gömlu reikninga. Það eru í aðalatriðum bara Gullfoss og Dettifoss. Það er nú ekki miklu meira, satt best að segja, sem menn hafa reiknað með að ekki yrði farið í. Sennilega ekki í Geysi í Haukadal, ég hugsa að menn reikni ekki með að fara í það háhitasvæði. En miklu meira er það ekki sem menn hafa hugsað sér að skilja eftir.

Frú forseti. Þetta er ekki eins og við viljum hafa það. Það er ekki svona sem framtíð Íslands á að ráðast. Það er ekki með þessum hætti sem á að taka hinar stóru, óafturkræfu ákvarðanir um það hvernig við skilum af okkur landinu til komandi kynslóðar. Við höfum engan siðferðilegan rétt til að standa svona að fóstruhlutverki okkar, núlifandi kynslóð í landinu. Það verður okkur til ævarandi skammar ef við látum allt þetta ganga yfir landið sem ríkisstjórnin er með á prjónunum. Okkur verður aldrei fyrirgefið af komandi kynslóðum ef við stórskemmum landið með þessum hætti í þágu skammtímagróðasjónarmiða sem reynast svo ekki einu sinni gróðasjónarmið. Hvernig ætlum við að biðja um fyrirgefningu á því t.d. að eyðileggja Þjórsárver? Hver á að fyrirgefa okkur? Ef við vitandi vits og með opin augun og mitt í öllu góðærinu teljum allt í einu að við séum svo fátæk að við höfum ekki efni á að varðveita eina helstu perlu heimsins í flokki hálendisvinja og fuglaparadísa. (**Gripið fram í:** ... þó það væri til.) Það hefur ekki hingað til orðið til, a.m.k. með því að eyðileggja Þjórsárver, alla vega ekki það sem eftir er af þeim. Ég held að þessir höfðingjar verði að fara að átta sig á því, bæði ríkisstjórnin og orkufurstarnir að þeir eru ekki einir í heiminum. Þeir munu ekki komast upp með þetta lengi, þeir verða settir af. Það er liðin tíð að menn geti hegðað sér eins og þeir séu ríki í ríkinu. Það er til yfirgengilegrar skammar, Friðrik Sophusson, ef þú heyrir mál mitt, að þú skulir ekki beita þér fyrir því að Landsvirkjun hætti í Þjórsárverum. Það er til yfirgengilegrar skammar að Landsvirkjun skuli ekki a.m.k. færa það fram til lágmarkssáttagerðar í þessum málum. Að vera enn að þjösnast á Gnúpverjum og öllum þeim sem reynt hafa að standa vörð um Þjórsárver er til skammar. Þið eruð litlir karlar sem getið ekki játað mistök ykkar og bjargað ykkur í land í málum af því tagi. (**Gripið fram í:** Hann er nú fjarstaddur.) Ég tala til hans í krafti þess embættis sem hann gegnir, að vera forstjóri Landsvirkjunar og áhrifamaður, og stjórnin að sjálfsögðu meðtalin, og iðnaðarráðherrann ekki undanskilin og ríkisstjórnin. Því skylt er skeggið hökunni. (**Gripið fram í:** Hvar er iðnaðarráðherra?)

Og hvað er nú að gerast? Flautustjórinn, hæstv. iðnaðarráðherra, bíður á hliðarlínunni að flauta kapphlaupið á um það sem eftir er að skipta upp af landinu á milli orkufyrirtækjanna. (Gripið fram í.) Það er ósköp einfaldlega það sem er að gerast. Flautustjórann vantar hérna snúru í flautuna til að geta hafta hana um hálsinn og blásið. (**Gripið fram í:** Þetta er nú heimsenda?) Þetta er nú bara svona. Menn eru að helga sér landið. Skipta því upp sem eftir er af því. Það er bara þannig. (Gripið fram í.) Og látum nú vera ef aðferðafræðin við að helga sér land væri sú hin forna, að þeir yrðu þá að leiða út kvígur og teyma þær um 4.000 ferkílómetra vatnasvið og sjá hvernig þeim gengi. (**Gripið fram í:** Og kveikja elda.) Eða kveikja bál og reyna að halda því lifandi þannig að sæist á milli þeirra. En það er ekki þannig sem á að fara að þessu. Ónei, það á að afhenda þeim þetta með einni undirskrift, bara með einum bírópenna ætlar hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra að færa Landsvirkjun Skjálfandafljót og þeim sem með henni vilja vinna þar. Að færa Rarik og Kaupfélagi Skagfirðinga og fleiri góðum aðilum jökulvötnin í Skagafirði. Hver fær Brennisteinsfjöll til að rassakassast í? Ætli það verði ekki heimaaðilarnir hér, orkuveitan og Hitaveita Suðurnesja? Það er ekki ólíklegt. Fær Rarik Hólmsá? Það er ekki ólíklegt. (**Gripið fram í:** Þú ert bara með svör við þessu öllu.) Enda verður það í góðu lagi ef iðnaðarráðherra verður að ósk sinni, og hún getur síðan sameinað Rarik og Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun. Þá rennur þetta allt saman. (Gripið fram í.) Fær Landsvirkjun Skaftá? Langasjó? Mjög sennilega. Hún er þegar með miklar rannsóknir í gangi þar og vel að merkja, þarf ekki þetta frumvarp til. Menn hafa nú þorað öðru eins, eins og að leggja smáaura í rannsóknir hér og þar þó að þetta frumvarp komi ekki til. En það er svo sem út af fyrir sig hægt að gulltryggja þetta betur með þeim hætti.

Málið snýst um þetta að mínu mati. Þetta er minn spádómur ef þetta gengur eftir og ráðuneytið afhjúpar sig í málflutningi sínum hér þar sem það er að sýta tregðu orkufyrirtækjanna í að rannsaka. Þetta gangi ekki nógu vel, ekki nógu hratt. Auðvitað er það rétt að ef öll þessi ósköp eiga að ganga eftir og álframleiðslan á að tvöfaldast á fáeinum árum í viðbót við það sem hún verður orðin þegar Grundartangi og núverandi stækkun þar verður komin og Kárahnjúkavirkjun og Reyðarál á Reyðarfirði, þau rúmu 700 þús. tonn af áli á ársgrundvelli sem þá verða framleidd, að þá séum við að dobla það. En út á það ganga áætlanirnar. Nei, þá er að breytast ýmislegt í orkubúskap okkar.

Stóriðjuæðið er alvöruæði. Ég get ekki notað annað orð yfir það því að mér finnst þetta vera óðs manns æði. Ég skil ekki að menn skuli ekki að minnsta kosti fást til að staldra við og velta þeirri hugsun fyrir sér þó það væri ekki nema í um hálft ár. Sumir þurfa kannski lengri tíma að hugsa en aðrir. Framsóknarflokkurinn hefur t.d. ekki fattað þetta enn þá með kökuna alveg síðan 1916 að það sé ekki bæði hægt að geyma hana og borða hana. Af hverju staldra menn ekki við og segja: Er kannski komið nóg í bili? Ef við sláum striki yfir allt sem á undan er gengið, deilurnar og það og segjum: Heyrðu, hér erum við stödd við áramót 2005/2006 og það er allt þetta í gangi. Er kannski nóg komið í bili? Eigum við aðeins að staldra við og átta okkur á hvar við stöndum, hvernig þetta lítur út?

Einhverjum hefði kannski komið í hug að láta smáreynslu koma á nýlega teknar stórframkvæmdir og fjárfestingar á þessu sviði. Eigum við kannski að láta dóm reynslunnar skera aðeins úr um það? Er þetta skynsamlegt? (Gripið fram í.) Já, það er að vísu rétt. Það þarf kannski að hafa það í huga. Einhverju nýju þarf að vera hægt að lofa, slá um sig og einhvern veginn þarf að reyna að hífa fylgið upp á ónefndum svæðum. (Gripið fram í.) Eða Suðurnesjum. (**Gripið fram í:** Á ónefndum svæðum.) Já, ég er ófeiminn við að nefna það. Þrír staðir á Norðurlandi eru látnir keppa um hver á að hreppa hnossið, er það ekki? Er það ekki opinberlega þannig? Ég veit ekki betur en að heimamenn trúi því hver á sínum stað að þetta kunni að

falla þeim í skaut, Skagfirðingar, Eyfirðingar, Þingeyingar. Dapurlega margir gína við þessari flugu og halda að eftir miklu sé að slægjast. Út af fyrir sig er það það ef við einblínum bara á umsvifin á framkvæmdatíma eins og við sjáum á veisluhöldunum fyrir austan um þessar mundir. En er það það sem menn vilja, að fá eitt, tvö þús. útlendinga í þrælabúðir í kjördæminu hjá sér í nokkur ár? Það væri kannski gaman og hyggilegt að sjá reynsluna af því þegar það verður allt um garð gengið og þegar eða ef vinnumarkaður og byggð á viðkomandi svæði leitar aftur jafnvægis, hvað stendur þá eftir. Er þetta þess virði? Er þetta skynsamleg ráðstöfun eða aðgerð í byggðamálum burt séð frá öllu öðru. Það hefur reynst misjafnlega í nágrannalöndunum. Sums staðar hefur það farið þannig að álver hafa orðið óstarfhæf af því að byggðarlagið í kringum þau hrundi. Fyrir ekki löngu síðan var álveri í Skotlandi lokað af því að það var orðið ómögulegt að manna það. Norðmenn hafa mjög blendna reynslu af þessu hjá sér. (**Gripið fram í:** Hvernig er með Straumsvík?) Með Straumsvík? Höfuðborgarsvæðið er ekki farið í eyði. Það sannar að þetta er einmitt svona, af því að höfuðborgarsvæðið er ekki farið í eyði. (**Gripið fram í:** Grundartangi?) Ætli menn vinni ekki við eitt og annað fleira á höfuðborgarsvæðinu en í álverinu í Hafnarfirði? Er hv. þingmaður enn þeirrar skoðunar að ekkert nema ál geti bjargað okkur? Hann hefur ekki tekið mikið mark á því sem ég fór yfir í sambandi við þróun atvinnulífs að öðru leyti í landinu. Honum þykir ekki mikið til þessara hátæknifyrirtækja koma. Þau mega fara, Össur, Marel og svona aðilar. (Gripið fram í.) Ja, hvert er hv. þingmaður að fara ef hann heldur þessu fram blákalt? Nefnir að allt sé blómlegt á höfuðborgarsvæðinu af því að það hafi verið byggt eitt álver í Straumsvík eins og það sé skýringin á því máli í heild sinni. (**Gripið fram í:** Einkavæðing bankanna.) Ætli það nú?

Þetta er bókstaflega svona, frú forseti, nú er það aftur herra forseti. Þetta er mjög erfitt. Forsetar hafa skipt um sæti þarna fyrir aftan mig alveg stanslaust síðustu tímana þannig að ég er hálfruglaður í þessu. Með þeim framkvæmdum og stækkunum sem nú standa yfir fer álframleiðslan á Íslandi í eitthvað milli 700 og 800 þús. tonn. Það eru orðin 2,5–3% af heimsframleiðslu af áli. Það þýðir að ál, brúttó útflutningstekjur af áli verða orðnar 20–25% af vöruútflutningi þjóðarinnar. En ríkisstjórnin er með tvö ný álverkefni á borðinu og er þátttakandi í þeim báðum. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem er enn fjarri góðu gamni eins og maðurinn sagði forðum ... (**Gripið fram í:** Af hverju er ekki kallað á ráðherrann?) Ég nenni því ekki. Forseti gerir ekkert í þessu og þá verður bara að hafa það.

Ríkisstjórnin er samningsbundinn þátttakandi í því að byggja álver í Helguvík og álver á Norðurlandi. Ekki bara einhver áhorfandi að því, ekki bara aðili úti í bæ, hún hefur skrifað undir samning með fyrirtæki sínu, markaðsskrifstofunni eða hvað það heitir við heimamenn og viðkomandi álfyrirtæki um að gera þetta. Í þriðja tilvikinu þar sem er stækkun álversins í Straumsvík hefur ríkisstjórnin einfaldlega gefið út leyfi til að greiða götu þess máls. Er hægt að halda öðru fram en að öll þrjú stóru nýju álverkefnin, tvær nýbyggingar og ein gríðarleg stækkun þar sem á að meira en tvöfalda framleiðslugetu álversins í Straumsvík séu á fullri ferð? Ég fæ ekki séð annað. Hvernig ætlar ríkisstjórnin allt í einu að koma og segja, ef hún ætlar þá að segja það: Nei, bíddu, þetta gengur ekki. Þið fáið ekki að byggja. Hvernig ætlar hún að velja? Þarf þá að skipa nefnd með bráðabirgðaákvæði í lögum til að reyna að finna út úr því hvaða framkvæmd fái að fara af stað og hver ekki?

Hæstv. ráðherra lætur stundum eins og ráðherrann sé áhrifalaus aðili úti í bæ og þetta séu bara markaðsákvarðanir sem ekkert sé við að gera. Ef það er þannig gæti það gerst að þessar þrjár framkvæmdir færu allar af stað í einu á árunum 2007–2009? Þær eru miðaðar við það. Undirbúningnum er hagað þannig bæði hjá viðkomandi hópum og orkufyrirtækjunum sem eru að skoða möguleika sína á því að framleiða fyrir þau orku. Mér vitanlega eru enn í gangi hugmyndir um rafskautaverksmiðju í Hvalfirði sem er enn ein verksmiðjan sem spúir miklum reyk út í loftið. Hvernig þetta á svo að ganga gagnvart Kyoto-skuldbindingum okkar veit enginn maður en samt er þetta allt á fullri ferð. Hvernig í ósköpunum þetta á að komast í íslenska hagkerfið veit enn síður nokkur hugsandi maður. Það er enginn nema ríkisstjórnin sem í villtustu draumum sínum lætur sér detta það í hug að þetta geti allt saman gengið eftir. En svona er þetta, herra forseti. Þetta er allt í gangi og Sjálfstæðisflokkurinn ber fulla ábyrgð á þessu meðan hann ekki tekur í bremsurnar og kælir ónefnda aðila niður, stoppar þá af.

Mjög margt liggur fyrir um þau ruðningsáhrif sem núverandi stórframkvæmdahrina í landinu er sannanlega að hafa í för með sér. Það þýðir ekki að neita því lengur. Það eru ekki bara einhverjar hrakspár, svartagallsraus í okkur Vinstri grænum, eins og sagt var fyrir kosningar 2003, að þetta komi til með að hafa ýmsar afleiðingar. Nei, þetta er sannanlega þannig að stórframkvæmdirnar og stórfjárfestingarnar með væntingunum sem þeim tengjast og ýmsu fleiru eru að ryðja sér til rúms í íslensku hagkerfi og ryðja þá öðru um koll eða í burtu, undir yfirborðið eða úr landi. Þetta er veruleikinn. Það er alveg yndislegt að sjá iðnaðarráðuneytið og þessi batterí þar sem gefa út dýra og fína bæklinga. Sjáðu nú, forseti: Hátækniiðnaður: framtíðarsýn og spá. Hátækniiðnaður: þróun og staða á Íslandi. Auðlind framtíðarinnar. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. (Gripið fram í.) Já, allt er þetta svona skínandi gott og það eru prentaðar flottar skýrslur. Svo kemur að vísu út hefti, en það er frá Samtökum iðnaðarins og þá versnar nú í því. Þar er spurt: Eru hátæknifyrirtækin á förum? Þá er þetta ekki kannski alveg eins og í flottu bæklingunum frá ráðuneytinu um hina glæstu framtíð og miklu uppbyggingu. Nei, það er verið að spyrja spurninga sem reyndar þarf ekki að spyrja því svarið liggur fyrir. Eru hátæknifyrirtækin á förum? Já, þau eru á förum. Auðvitað. Þau geta ekki lifað af í þessu umhverfi. (Gripið fram í.) Það liggur fyrir og niðurstaðan er sú. Sérfræðingur eftir sérfræðing segir einfaldlega: Þetta mun aðeins enda á einn veg og það tiltölulega fljótt. Ef svo heldur sem horfir fer þetta svona.

Þetta er út frá ástandinu í dag. Hvernig halda menn þá að verði umhorfs í íslensku hagkerfi og atvinnulífi segjum árið 2009 ef þrjú eða fjögur ný risaverkefni eru meira og minna öll að fara af stað samtímis með þeim brjálæðislegu

væntingum um gullöld, gleðitíð, þenslu, hágengi og allt sem það mun hafa í för með sér? Það mun auðvitað þýða að sjúklingnum verður bara gefið inn enn þá sterkara lyf og veislan heldur áfram þangað til hún endar með ósköpum og hún endar með þeim mun meiri ósköpum sem þetta heldur lengur áfram. *Þá verður búið að grisja skóg hins almenna* atvinnulífs og sérstaklega útflutnings- og samkeppnisgreinanna þannig að við verðum lengi að bíða þess bætur ef við gerum það nokkurn tíma. Þetta á þá eftir að reynast eitthvert dýrasta mistakaskeið í atvinnuuppbyggingarsögu landsins af því að við hrekjum frá okkur og kæfum í uppbyggingunni verðmætu fyrirtækin sem við ætluðum að skapa með hátækni- og þekkingarstörf og vel launuð störf í nýja þekkingarsamfélaginu á komandi áratugum. Fyrir hvað? Fyrir tiltölulega einhæf störf í gamaldags þungaiðnaði sem borgar miklu lægri laun og skilar sorglega lítilli ef nokkurri þjóðhagslegri arðsemi. (**BJJ:** Þetta er bara rugl.) Er þetta bara rugl, hv. þingmaður, hv. hagfræðingur Birkir J. Jónsson? Nú skulum við fara yfir það. Nú skulum við fara yfir arðsemina af þessu bröltí. Það hefur ekki mátt mikið tala um það af því að *líka þar* (**BJJ:** *Það er trúnaðarmál.*) er byggt á gömlum trúarsetningum, gömlum norðdælskum trúarsetningum aftan frá miðri síðustu öld. Það er bara þannig.

Nú vill svo til að á þessu hafa líka verið gerðar úttektir og rannsóknir. Það má auðvitað ekki tala hátt um þær í þessu samfélagi þar sem stofnanir eru lagðar niður ef þær eru með múður og Veðurstofan hefur varla þorað að spá vondu veðri í mörg ár af ótta við að hún verði lögð niður. Ástandið er bara þannig. (**Gripið fram í:** Það er fínt veður, Steingrímur.)

Gamlar hégiljur og gamlir frasar hafa verið lífseigir, t.d. um að tonn af áli sé jafnverðmætt og tonn af þorski, það hefur verið ein lífseigasta hégiljan, kennisetningin. Ég held að það séu ekki nema bara einhver missiri síðan hún stóð eins og *heilagur sannleikur í leiðara Morgunblaðsins*. Það er búið að taka þetta aðeins í gegn og fara yfir þetta (**Gripið fram í:** Hvar á sannleikurinn sér bót við þessu?) þannig að það kemur í ljós, sem auðvitað blasir við hverjum manni sem fer að hugsa málið, að innlendi virðisaukinn af fjárfestingum í stóriðju er sorglega lítill. Jafnvel þó menn nái að semja um sæmilegt raforkuverð og það standi undir sér er innlendi virðisaukinn samt ótrúlega lítill. Af hverju er það? Af því að innlendu kostnaðarþættirnir eru svo lágir í rekstrinum og af því að þetta er að svo miklu leyti ósköp einfaldlega flutningur á vöru hér í gegn. Um 70% kostnaðarins í álframleiðslu er erlendur þegar fyrirtækið er erlent og er með höfuðstöðvar sínar á erlendri grund. Það mundi að sjálfsögðu breytast ef arðurinn af rekstrinum sem slíkur kæmi þar.

Þetta er þannig ef við berum saman álframleiðslu, fiskvinnslu og ferðaþjónustu, það er nú mjög gilt því að það eru nákvæmlega þessar greinar sem keppa um pláss í íslensku atvinnulífi í dag — sjávarútvegurinn og fiskvinnslan eru að verða undir og álframleiðslunni er rutt inn í hagkerfið með handafli þannig að ónefndir húsbændur í austurvegi væru fullsæmdir af að keyra slíkar handaflsákvarðanir í atvinnumálum inn í sitt land. (Gripið fram í.) Það er nú ekki svo, hv. þingmaður og frammíkallandi.

Innlendur kostnaður er 30% — þetta er lífseigt frammíkall en menn gefa sér fyrst og fremst sjálfir einkunn með svona löguðu finnst mér nú — og þar af eru laun 10%. Vefengir hv. þm. Birkir Jón Jónsson þessar tölur? Hefur hann betri upplýsingar en greiningardeild KB-banka t.d.? Hefur *hann það, veit hann eitthvað um þetta? Ég efast um það*, af því að þetta hefur aldrei mátt reikna út. Við margbáðum um að einhverjir þjóðhagslegir arðsemisútreikningar yrðu lagðir til grundvallar ákvörðunum um byggingu Kárahnjúkavirkjunar og Reyðaráls. Það mátti aldrei. Það er pukrast með það eins og hernaðarleyndarmál hvað borgað er fyrir rafmagnið og menn hlæja að því í löndunum í kringum okkur. Þegar ég ræddi við kollega mína á norska Stórþinginu og spurði þá um orkuverðið í norskum stóriðnaði vissu þeir það allt saman, það liggur allt fyrir í skýrslum í norska Stórþinginu. Nú, er þetta ekki trúnaðarmál hjá ykkur? sagði ég, og þeir hlógu. Ha, trúnaðarmál? Heldur þú að við létum einhvern tíma bjóða okkur það að taka ákvarðanir um þessa hluti og hafa ekki upplýsingarnar uppi á borðinu? Hvað þarf að fara leynt? Ekki nokkur skapaður hlutur.

Hér rembast menn við að fara með það eins og trúnaðarmál að þeir eru að selja og ætla að selja stóriðjunni rafmagnið á rétt rúmlega eina krónu kílóvattstundina á sama tíma og bændur borga á þrettándu krónu fyrir kílóvattstundina sem þeir nota. Þetta finnast framsóknarmönnum eðlileg hlutföll. Þeir eru miklir vinir bænda eins og kunnugt er. Það er allt í lagi að menn borgi þessar upphæðir svona fyrir rafmagnsnotkun til sveita og jafnvel með einfasa rafmagni sem nýtir það 30% verr en ella væri. (**Gripið fram í:** Þetta er nú ekki hægt.) Þegar við brjótum þessa þætti niður skilur álframleiðslan merkilega lágt hlutfall af umsetningu sinni eftir í íslenska hagkerfinu og það er einfaldlega vegna þess að svo stór hluti kostnaðarþáttanna fellur til erlendis, stór hluti af tilkostnaðinum verður ekki eftir hér í formi neins virðisauka. (Gripið fram í.) Má ekki ræða þetta kannski?

Ég verð nú bara að biðja framsóknarmenn að fara úr salnum ef þeir þola þetta ekki, þeir eru orðnir eitthvað svo órólegir undir þessu. Ég skil vel að mönnum líði illa yfir þessu því að þetta hefur aldrei mátt tala um, auðvitað ekki. Það þorir enginn að tala um þetta. (**Gripið fram í:** Þetta skilaði nú góðum framsóknarmönnum inn á þing.) Launin eru um 10%, í álframleiðslu eru launin aðeins 10%. Þau eru 45% í sjávarútvegi. Ef við tökum laun sjómanna og laun fiskverkafólks og þeirra sem koma að verðmætasköpun í sjávarútveginum, þegar það er gert upp skilur sjávarútvegurinn eftir um 45% í laun. Það gerir hann m.a. jafngríðarlega mikilvægan í íslensku hagkerfi og hann er og í raun og veru umfram það sem ætla mætti miðað við hlutfall hans í útflutningsframleiðslunni af því að hann er mjög atvinnuskapandi grein. Ekki endilega í þeim skilningi að hann ráði *mjög margt starfsfólk en hann hefur borgað sæmileg laun* til sjómanna.

Í álinu skiptist þetta í grófum drættum þannig að raforkan, sem notuð er til að bræða báksítið og breyta því í ál, er um 15% kostnaðarþáttur plús/mínus auðvitað eitthvað. Að sjálfsögðu verður að hafa í huga að hér er um rúnnaðar tölur að ræða og það er ekki hægt að hafa það öðruvísi — 15% en aðeins 15% eru þá þátturinn sem lokkar starfsemina hingað. Það ætti að segja mönnum að verðið fyrir raf-

orkuna þarf auðvitað að vera mjög hagstætt til að taka ákvarðanir um að flytja slíka starfsemi landa eða heimsálfa á milli út á þó ekki stærri kostnaðarþátt í rekstrinum en 15 af hundraði. Þess vegna þarf auðvitað að hafa útsöluna ansi hressilega ef það á að lokka hana hingað en ekki eitthvert annað. Um 15% í rafmagn, 10% í vinnuafl, 5% í viðhald og þá erum við komin með þetta. Innlendir þættir eru gróft reiknað 30%, 70% erlendur kostnaður og hagnaður erlends eiganda.

Í fiskvinnslunni er innlendur kostnaður og hagnaður 80%. Það eru aðeins 20% sem eru erlend og gæti verið enn minna, t.d. ef við værum duglegri við að smíða okkar skip sjálf. (**Gripið fram í:** Olía.) Það er fyrst og fremst olía og vextir og eitthvert hráefni í skipin og reksturinn.

Í ferðaþjónustunni er þetta næstum því jafnhagstætt. Innlendur kostnaður og hagnaður eru 70% og þar af laun 50%. Það er engin grein sem kemst jafnhátt í þessum samanburði og ferðaþjónustan, hún er með helmingskostnað í laun þannig að hún er mjög atvinnuskapandi. Þar er stóriðjan auðvitað á engan mælikvarða enda eru atvinnutækifæri í stóriðju einhver þau dýrustu sem þekkjast á byggðu bóli, kosta fleiri, fleiri tugi ef ekki hundruð milljóna hvert miðað við störfin í álverinu. Þá veit ég auðvitað að menn koma og segja: Já, en hvað með afleiddu störfin? Þannig reikna menn alltaf dæmið, svo ótrúlegt sem það nú er, og það láta menn bjóða sér, þeir reikna ekki bara einhver 400 störf í álveri á Reyðarfirði eða 200 á Grundartanga heldur reikna álverinu til tekna öll afleiddu störfin annars staðar í samfélaginu í kringum þau. En skiptir það máli hvort það eru álver eða eitthvað annað? Verða ekki alltaf til afleidd störf? Jú. Það skiptir nákvæmlega engu máli. Menn mega auðvitað ekki gefa sér að annars sætu bara allir viðkomandi atvinnulausir á bótum. Ástandið er ekki þannig á Íslandi, það vantar vinnuafl. Það vinnuafl sem ekki binst í stórframkvæmdum af þessu tagi leitar inn í aðrar greinar, nýtir önnur tækifæri og það verða til afleidd störf utan um þau störf rétt eins og hin. Dæmið er nú svona valt.

Hver er þá niðurstaðan af þessum samanburði? Hún er sú að eitt tonn af áli er ekki jafngilt og eitt tonn af þorski. Það þarf tíu, ellefu tonn af áli til þess að skapa og skilja eftir í íslenska hagkerfinu sambærilegan virðisauka og af einu tonni af þorski. Heildaráhrifin af álbræðslunum í íslenska hagkerfinu reynast þess vegna merkilega lítil og það er ekkert að marka brúttótöluna þó að útflutningstekjurnar fari í 25, eða þess vegna 40% ef villtasti stóriðjudraumur Framsóknar gengi eftir — ef við færum hérna í 1,4 milljónir tonna af áli með nýbyggingunum og stækkun í Straumsvík færi álið sennilega upp í 40% af vöruútflutningi þjóðarinnar. En það er ekkert að marka þá tölu vegna þess að virðisaukinn sem eftir verður innan lands er svo lítill og það fer svo mikill gjaldeyrir út á móti í formi aðfanga og hagnaðar sem hinn erlendi eigandi dregur úr landinu. Nettóáhrif stóriðjunnar í hagkerfinu á komandi árum verða því miklu, miklu, miklu minni en menn hafa almennt talað um hingað til. Þau verða satt best að segja svo léttvæg að það verður sáralítil hjálp í þeim þegar kemur að því að borga af erlendum skuldum þjóðarinnar á komandi áratugum.

Hins vegar stendur sú fjárfesting fyrir verulegum hluta af þeim, það verður nefnilega svo kúnstugt, vegna þess að þannig háttar til að virkjanirnar eru síðan byggðar nánast alfarið fyrir erlent lánsfé þannig að frá nettógjaldeyrissköpun álframleiðslunnar á komandi árum verður í raun og veru að draga vaxtakostnaðinn vegna lántökunnar til að byggja virkjanirnar ef dæmið á að núllast eða koma rétt út í samanburðinum — að vísu að sjálfsögðu bara þau fyrstu 25–40 ár sem tekur að afskrifa þær, þá breytist það. En það er þannig að vaxtagreiðslurnar af fjárfestingum Landsvirkjunar eystra og Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja hér syðra vegna yfirstandandi framkvæmda verða væntanlega um 4 milljarðar kr. þegar þær verða allar komnar í framkvæmd og þá tölu þarf í raun og veru að draga frá gjaldeyrissköpuninni sem útflutningurinn á álinu skapar, þ.e. nettógjaldeyrisskilunum sem verða jafnlítil og léttvæg í hagkerfinu og ég hef verið að reyna að fara hérna yfir.

Hvernig stendur á því að stjórnarliðar eru ekki menn til þess að ræða þessa hluti svona? Af hverju má aldrei fara yfir dæmið í heild sinni og reyna að gera það upp? Er einhver glóra í þessu? Mín niðurstaða er sú að það sé engin glóra í þessu. (Gripið fram í.) Það er engin glóra í þessu dæmi. Við erum að stórskaða rekstrarskilyrði og vaxtarmöguleika annarra greina í atvinnulífinu. Við erum að fá hérna mjög dýr störf í þeim skilningi að fjárfestingin á bak við þau og erlend skuldsetning vegna þeirra verður gríðarlega mikil. Við erum að taka inn í landið eða troða inn í landið greinum sem hafa mjög lítil nettóarðsemisáhrif í hagkerfinu, skilja lítið eftir, á kostnað greina sem skilja mikið eftir. Tækni- og þekkingarfyrirtækin eru þau allra bestu í þessum skilningi vegna þess að yfirleitt eru aðföngin nánast ekki nein af því að það er verið að selja hugvit, þetta hérna, sem er það albesta og það er hér sem á að virkja. Eina almennilega virkjunarstefnan er sú að virkja þetta hérna, hausinn á okkur og nota hann. Þá komumst við að þeirri niðurstöðu að þetta er nú sennilega ekki mjög gáfulegt.

Af hverju vegnar Dönum svo vel sem raun ber vitni í atvinnulífi án þess að hafa neina Kárahnjúkavirkjun? (**Gripið fram í:** Þeir hafa engan Framsóknarflokk.) Nei, hann er a.m.k. mjög áhrifalítill þar á bæ. Það er af því að Danir eru snillingar í því að gera sér verðmæti úr þekkingu og hugviti og færni sinni sem sölumenn og gera margt mjög vel og mjög athyglisvert í þeim efnum. Af hverju seljast t.d. hljómflutningstæki Bang og Olufsen á svona u.þ.b. tvöföldu verði á við flestar aðrar græjur? Er það endilega af því að þau séu miklu betri, tvöfalt betri? Þetta eru að vísu ágætisgræjur en það er fyrst og fremst vegna þess að það er verið að selja hönnun, það er verið að selja hugvit og menn gera sér verðmæta vöru úr því, nota á sér hausinn.

Er nú ekki kominn tími til þess að framsóknarmenn byrji á því að reyna að nota á sér hausinn (Gripið fram í.) og búnir að hafa allan tímann síðan 1916 til þess? Þetta er ekki úthugsuð þróun í íslensku samfélagi. Hún byggist ekki á traustum málefnalegum eða rökrænum forsendum þegar farið er í gegnum það mál.

Ég er að sjálfsögðu alls ekki að segja að orkunýting með ýmsum hætti eigi ekki rétt á sér og eigi ekki að vera hluti af atvinnuuppbyggingu í okkar landi. Jú, hún á að vera það. En hún á ekki að ákvarðast með þessum hætti og á þessum forsendum og það síðasta sem við eigum að gera er auðvitað að selja orkuna okkar í heildsölu á útsöluverði til er-

lendra aðila. Við eigum að reyna að nota hana sjálf og láta hana skapa meiri verðmæti og fjölbreyttari og skjóta rótum undir fjölbreytni og grósku í okkar innlenda atvinnulífi.

Ég er algjörlega sannfærður um að ef öðruvísi hefði verið staðið að málum í orkumálum hér á landi og menn hefðu byggt virkjanir af hóflegri stærð fyrir innlendan notendamarkað, hagkvæmar rennslisvirkjanir í ám með jöfnu rennsli, hagkvæmar viðbótarvirkjanir á rafmagni samhliða nýtingu á heitu vatni, eins og t.d. á Nesjavöllum, sem er bráðhagkvæmt, að tappa rafmagninu af í leiðinni um leið og menn virkja jarðhitann til húshitunar, einhverjar hagkvæmustu virkjanir sem hægt er að fara í. Ef við hefðum staðið skynsamlega að þessum hlutum, ekki fjárfest um of, greitt niður þessar fjárfestingar, þá gætum við haft rafmagnsverðið einn þriðja af því sem það er til innlendra nota í dag. Ég er alveg sannfærður um það og auðvelt er að reikna þetta. Og hvaða vaxtarmöguleika og grósku gæti það nú skapað í almennum, fjölbreyttum iðnaði? Halda menn að *bændurna mundi ekki muna um að kílóvattstundin væri* ekki 13 krónur heldur 5? Er einhver vitglóra í því að selja þessa auðlind til útlendinga á svona algjörum útsöluverðum að reikna þarf arðsemina alveg niður í frostmark og setja þarf að veði fyrir fjárfestingunum gjörvallar eignir og gjörvallar tekjur Landsvirkjunar og ríkisábyrgð að auki og dugar varla til, selja þetta á 1,17 kr. eða 1,20 eða 1,30, skiptir ekki öllu máli, það er af þeirri stærðargráðu sem þetta er, það er auðreiknað dæmi.

Hvernig er þróunin síðan í þessum hlutföllum milli almenna markaðarins og iðnaðarins? Jú, hún er þannig að þegar það sem núna er í pípunum verður gengið yfir verða tæp 80% af raforkuframleiðslu í heild sinni í landinu til stóriðju á þessum verðum, rétt rúm 20% til almenna markaðarins. Ef stóriðjumartröðin mikla, fantasía Framsóknarflokksins nær fram að ganga skekkjast þessi hlutföll enn um 10%. Þá yrðu 90% til stóriðju og 10% til almennra innlendra nota í blönduðum fyrirtækjum. Hver er hættan í því dæmi? Hún er auðvitað geigvænlegri en nokkru sinni fyrr á því að innlendir notendur með minnkandi og minnkandi hluta af þessu eru í raun og veru bakábyrgir ef hitt dæmið gengur ekki upp. Og það verður alltaf erfiðara og erfiðara eftir því sem þessi hlutföll verða skakkari.

Auðvitað var það tilfinnanlegt þegar raforkuverðið var sérstaklega hækkað í tvígang á landsmönnum til að varna því að Landsvirkjun færi á hausinn vegna þess að samið var um svo lágt orkuverð í Búrfellsvirkjun í byrjun. Það er staðreynd að fara þurfti í björgunarleiðangra til handa Landsvirkjun á fyrstu árunum og hækka sérstaklega raforkuverðið á innlendum notendum til þess. En þá voru þau hlutföll um það bil öfug. Þá var aðeins ein virkjun að framleiða í eina umtalsverða stóriðju, að slepptri Áburðarverksmiðjunni sem ekki vó þungt.

Nú horfir þetta öðruvísi við og ábyrgðaraðilarnir, raforkunotendurnir eru landsmenn, skattgreiðendurnir sem eru með þetta allt saman á herðunum hvort sem er, á alla enda og kanta. Þeirra verður það að bíta úr nálinni með þau áhrif á atvinnulíf og lífskjör sem þetta hefur og þeirra er að standa undir ríkisábyrgðunum ef þær skyldu falla. Ég hef að sjálfsögðu engan áhuga á að gerast einhver heimsendaspámaður og ég vona svo sannarlega að þetta gangi og mönnum takist að láta þetta bera sig, en það getur enginn maður neitað áhættunni sem er tekin þegar 80% af orkuframleiðslunni í landinu verða orðin hengd á þessa einu breytu, heimsmarkaðsverð á áli upp og niður. Þá er eins gott að það klikki ekki, þá er eins gott að það gerist ekki eitthvað í tækninni eða á mörkuðunum sem allt í einu valdi því að þessi málmur dúndri niður, (Gripið fram í.) að það komi einhver ofurefni í staðinn og leysi hann af hólmi, koltrefjaefni, fjölliður eða aðrar málmblöndur. (**Gripið fram í:** Á þá Bandaríkjaforseti að hætta að fara í frí?) Það var t.d. þannig að ál er á útleið í mörgum greinum þar sem við þekktum það áður. Framsóknarmenn halda enn að bílar séu aðallega framleiddir úr áli en staðreyndin er sú að það er að uppistöðu til plast og slík efni sem hafa leyst álið af hólmi. Fleiri og fleiri hlutir í flugvélaiðnaðinum eru núna úr slíkum gerviefnum þar sem áður var ál og jafnvel aðrir málmar eru í vissum tilvikum farnir að koma inn, t.d. títan. Nú veit ég ekki hvort það er félegra en þó hafa títanblöndur vissa *yfirburði, eru sterkari og jafnvel léttari en ál* og leysa það sums staðar af hólmi.

Það er t.d. svolítið fyndið, ég get sagt frá því að framsóknarmenn, vinir mínir, voru svo huggulegir við mig að þeir gáfu mér göngustafi í afmælisgjöf í sumar. Þessi hlýhugur gladdi mig að sjálfsögðu. Það fylgdi með skemmtileg vísa, ort af hirðskáldi þeirra um að þarna fengi ég nú álstafina. Jæja, viti menn. Ég tek svo fram stafina núna um daginn og skondraði á Esjuna á sunnudagsmorguninn var og sé ég þá ekki að stafirnir eru úr títanblöndu. Þeir eru því alls ekki úr áli. (Gripið fram í.) Ég verð að hryggja þá vini mína með því að þessi annars ágæti brandari og góða vísa er ekki alveg sannleikanum samkvæm. Það er nú svona.

Einn af lærðustu doktorum, þó víðar væri leitað í sambandi við fjölliður og koltrefjaefni, segir mér að sannfæring hans sé sú að álið eigi engan raunverulegan möguleika á að hækka í verði á komandi áratugum. Það geti aðeins verið tímabundið ástand sem helgast af aðstæðum, aðallega í Kína, sem veldur því að tímabundin eftirspurn er sem heldur heimsmarkaðsverðinu uppi en þegar frá líður muni álið ekki eiga neinn annan kost en að lækka sig heldur í verði ef það ætlar að halda markaðshlutdeild sinni af því að hin efnin séu að koma sterkar og sterkar inn og sérstaklega á þeim enda markaðarins sem borgar hæst verð. Ergó, álið er líklegra til að þróast heldur niður á við í verðmætakeðjunni og verða kannski að meira massaefni í ódýrari framleiðslu. (**SigurjÞ:** Hvað með Sjálfstæðisflokkinn?) Teiknar það til mjög glæsilegrar framtíðar í hagkerfi þjóðar sem er búin að leggja öll þessi ósköp undir þennan eina málm? Nei, það gerir það ekki. Þess vegna finnst mér að þó að ekkert annað kæmi til en að við viljum ekki hafa öll eggin í sömu körfu þá ættum við þegar af þeim ástæðum að hugsa okkar gang, þó ekki væri nú allt hitt sem ég ýmist hef farið yfir eða á eftir að fara yfir.

Ég held að menn manni sig nú loksins upp í að fara í rækilega þjóðhagslega arðsemis- og samanburðarútreikninga í þessum efnum — hvernig geta menn forsvarað það að það skuli ekki hafa verið gert? Það þarf einhverja áhugasama unga hagfræðinga í greiningardeildum bankanna sem fara að kíkja í þetta og þá fær maður í fyrsta skipti í hendur almennilegar samanburðarupplýsingar um þessa undir-

stöðuhluti, af því að stjórnvöld hafa auðvitað aldrei viljað reiða fram neinar upplýsingar um þetta, það má ekki. Dæmið gæti stórskaddast. Auðvitað gerir það það. Það hrynja meira og minna undan þessu allar stoðir og voru þær þó ekki beysnar fyrir, harla fúnar.

Hvað er þá eftir í þessu? Ef þetta kostar í fyrsta lagi algerlega óverjandi spjöll á náttúru landsins, ef þetta öðru lagi ryður í öðru atvinnulífi í stórum stíl um koll eða hrekur það úr landi, og ef þetta er í þriðja lagi mjög slakur bisness í þeim skilningi að hann skilur lítið eftir í hagkerfinu. Virðisauki sem til fellur innan lands er alveg óvenjulega lítill í þessum fjárfestingum og launahlutfallið er það langlægsta sem við sjáum nokkurs staðar á byggðu bóli, svo mikið fyrir atvinnusköpunina sem á að heita í kringum þetta. Svo ekki bætist við þau ósköp, sem væri nú endirinn á öllu saman, að kannski kunni heimsmarkaðir að þróast þannig að tekjurnar dugi ekki til að standa undir fjárfestingunum sem ráðist hefur verið í við að byggja virkjanirnar og við landsmenn verðum með það á herðunum að bjarga því einhvern veginn því að auðvitað getum við ekki látið þetta fara á hausinn. Það er alveg augljóst mál, við getum það ekki. Það verður einhvern veginn að reyna að bjarga því.

Segir það ekki ákveðna sögu að hugmyndirnar um að kannski yrði ráðist í framkvæmdirnar fyrir austan af sjálfstæðu fyrirtæki, nýju sjálfstæðu hlutafélagi, gufuðu bara upp eins og dögg fyrir sólu? Landsvirkjunarmenn, þeir mega eiga það, hafa í hreinskilni viðurkennt opinberlega á ráðstefnum að auðvitað hefði aldrei verið hægt að fara í þetta nema vegna þess að Landsvirkjun er ríkisfyrirtæki með ábyrgðir ríkisins og sveitarfélaganna á bak við sig. Það er bæði hefðbundin ríkisábyrgð og eigendaábyrgð á bak við. Öðruvísi hefði ekki verið hægt að ráðast í þetta. Sem sagt, þetta hefði aldrei litið dagsins ljós sem venjuleg markaðsákvörðun, sem venjuleg fjárfesting sem varð að spjara sig á eigin arðsemisforsendum.

Það er nú alveg kostulegt, herra forseti, að það skuli vera Sjálfstæðisflokkurinn sem hjálpar Framsóknarflokknum í gegnum þessi ósköp með þessa ofboðslegu ríkishandaflsframkvæmd sem þetta er. Ég segi nú bara: Til hamingju, hægri menn í Sjálfstæðisflokknum. Þetta verður lengi á spjöldum sögunnar, að menn hafi komið þessum ósköpum í gegn.

Nei, ég held að þessi mál hafi lent inn á alvarlegan villuveg þegar sú ákvörðun var tekin í byrjun að reisa inni í einu og sama fyrirtækinu virkjanir fyrir almennan notendamarkað og stóriðju. Það skyldi aldrei verið hafa. Ef við hefðum borið gæfu til að halda þeim hlutum algerlega aðskildum og að stóriðjan yrði að sjá um sig algerlega sjálf í sérkerfi fjárhagslega og rekstrarlega hvað ábyrgðir snertir og alla hluti, algerlega aðskilið, værum við ekkert í þessum sporum í dag. Þá væri ekki þessa inngróna og eðlilega tortryggni sem almennir notendur hafa um að þeir séu látnir borga brúsann.

Ég held því fram, herra forseti, að mjög sé að fjara undan þessari stefnu. Ég hitti fleiri og fleiri sem eru alveg búnir að sjá að þetta er ekki leiðin sem þeir vilja fara með Ísland. En það vantar enn að opna augu og eyru ríkisstjórnarinnar, stjórnarflokkanna og vissra aðila í samfélaginu í viðbót. Þjóðin er ekki hrifin af þessu að mínu mati en það er auðvitað ekki hlustað á hana nema bara þegar það á þá við.

Þegar það svo bætist við, herra forseti, að kringumstæður þessara mála og ákvarðanatökuumhverfi, ef við getum kallað það svo, er þannig að það er engan veginn forsvaranlegt. Við getum ekki borið á móti því að t.d. sú staðreynd að rammaáætlunin er afvelta og ekkert með niðurstöður hennar gert að svo miklu leyti sem þær liggja þá fyrir sem er ekki nema að hluta til og til bráðabirgða. Við getum ekki mælt á móti því að þar með vantar veigamikinn grundvöll til að taka þessar ákvarðanir, eða til hvers eru menn að gera rammaáætlun ella? Er hún þá ekki óþörf ef ekkert þarf á henni að halda til að taka allar þessar stóru ákvarðanir? Staðan er samt sú. Það er sett í hægagang og hægagír.

Auðvitað á að taka þessa hluti í réttri röð. Það á að vinna almennar grunnrannsóknir og undirstöðurannsóknir og safna þannig þekkingu á hlutlægum og faglegum forsendum til þess að hægt sé að móta stefnu og taka ákvarðanir um annars vegar vernd og hins vegar nýtingu. Það á að ganga frá rammaáætluninni og gefa henni lagastöðu þannig að menn séu skyldugir til að horfa til þess að ráðast fyrst í þær virkjanir sem minnstri röskun valda í náttúrunni og síðast og síðan alls ekki í hinar sem eru á hinum endanum.

Það á að móta orkustefnu áður en við bindum fleiri virkjunarkosti til langs tíma með samingum á útsöluprísum og það eigum við auðvitað ekki að gera. Það á að móta orkustefnu um það hvernig Ísland ætlar að þróa sig áfram í átt til sjálfbærrar nýtingar í þessum efnum. Hvað ætlum við að gera í sambandi við vetnisverkefnin? Ætlum við að reyna að skipta út innfluttu kolefnaeldsneyti með innlendum orkugjöfum þegar við höfum einhverja miðla til þess að flytja orkuna á milli hvort sem það verður vetni eða eitthvað annað? Orkan er ekki ótæmandi eða að öllu leyti endurnýjanleg auðlind. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum frá byrjun lagt ríka áherslu á nauðsyn þess að móta hér það sem við köllum sjálfbæra orkustefnu. Ef hún lægi fyrir með útlínum um hvernig við viljum sjá þessa hluti þróast inn í framtíðina væri hér margt öðruvísi.

Þannig hafa Norðmenn farið að. Við erum ekki yfir það hafin að líta til reynslu annarra þjóða og læra af þeim. Norðmenn luku fyrir um 25 árum því sem við erum enn með í höndunum, að vinna rammaáætlun á grundvelli rannsókna og kortlagningar á orkukostunum í landinu. Þar svöruðu þeir þessum stóru spurningum: Hvaða vatnsföll og vatnasvið kemur til greina að virkja, hvaða vatnasvið og vatnsföll má mögulega virkja að uppfylltum skilyrðum og hvaða vatnasvið hreyfum við ekki? Þeir gengu frá málinu. Síðan hafa staðið eftir leifarnar af átökum um einar tvær virkjanir eða svo, sem í öðru tilviki var ráðist í þar sem var Alta-virkjunin og í hinu hætt við þar sem voru virkjanirnar við Svartafoss eða á Svartafjalli.

Norska Stórþingið mótar útlínur orkustefnu Noregs, það er ekki bara einhver skúffa í iðnaðarráðuneytinu. Nei, norska Stórþingið leggur línurnar um það hvernig orkubúskapur Norðmanna eigi að þróast hvort heldur er í sambandi við vatnsaflsvirkjanir eða vinnslu á gasi eða olíu og leggur línurnar með „stortingsmelding“ inn í framtíðina. Þar er ólíku saman að jafna. Þá er kominn grunnurinn til þess að taka vitrænar ákvarðanir um hvort þessi framkvæmd verði leyfð eða ekki.

Okkur liggur ekkert á, minna en ekki neitt á. Það er

einmitt hið gagnstæða sem við þurfum, þ.e. að staldra við, að leyfa hagkerfinu að jafna sig, kólna niður og gefa okkur tíma til að hugsa okkar gang hvernig við viljum við fara í þetta á komandi árum. Hvernig viljum við að Ísland líti út? Það verður að sjálfsögðu áfram virkjað á Íslandi, af sjálfu leiðir. En það er ekki hið minnsta vandamál að mæta þörfum innlends iðnaðar og almennrar innlendrar notkunar með viðbótarþrepum í virkjunum, t.d. viðbótartúrbínum á háhitasvæðum á komandi árum og það þarf ekki að hafa nokkur minnstu óæskileg umhverfisáhrif í för með sér. Þetta snýst bara um það. Við leikum okkur að því að taka við fjölbreyttum meðalstórum iðnfyrirtækjum þó að þau noti frá nokkrum megavöttum og upp í nokkra tugi megavatta. Ekkert vandamál. Það eru risadæmin sem kalla á risavirkjanir sem skapa vandann. Þeim fylgja hin óviðráðanlegu þenslu- og vaxtarverkjavandamál þegar þeim er troðið inn í hagkerfið.

Við höfum nefnilega enn þá mjög góða aðstöðu til þess að móta hér sjálfbæran orkubúskap og höfum áfram möguleika til þróunar og vaxtar ef við offrum þeim ekki öllum á altari þessa stóriðjutrúboðs á örfáum árum. Það er einhver ótrúlegasta skammsýni að mínu mati sem nokkuð getur verið eða ætlum við enga möguleika að eiga og geyma til framtíðar?

Herra forseti. Ég er kominn þar að ég gæti alveg hugsað mér að fara eftir atvikum annaðhvort að gera hlé á þessari ræðu minni eða þess vegna geyma ýmislegt til seinni ræðu í þessari umferð, en það er náttúrlega fjarri því að ég hafi tæmt það sem um málið er að segja og í raun aðeins lauslega reifað ýmsa þætti þess. Það er nefnilega aldeilis einnar messu virði að fara yfir þessi mál því ætli þau séu ekki einhver þau stærstu sem við erum yfir höfuð með í höndunum á þessum árum og áratugum núlifandi kynslóð stjórnmálamanna í landinu? Ég held það. Fyrir utan kannski átökin um grundvallargerð hins mannlega samfélags þegar við svörum spurningunni um það hvort við viljum áfram vera norrænt velferðarsamfélag eða eitthvað annað þá held ég að fátt sé stærra og afdrifaríkara en þetta sem við ræðum.

Ég hef því ákaflega góða samvisku yfir því að eyða í það eins og einni kvöldstund og þó fleiri væru, herra forseti, og ég veit að forseti hefur líka gaman af því að hlusta á mig fara yfir þessi mál. Það er ekki bara rétt heldur skylt að menn taki upp á borðið og ræði grundvallarþættina í þessum málum. Þeir eru afdrifaríkir og stórir og koma til með að hafa mikil áhrif á það hvernig Ísland lítur út á komandi árum og áratugum og kannski ekki síst á það hvernig við skilum því af okkur til komandi kynslóða.

Ég á að vísu svo mikið efni eftir, herra forseti, að ég er hálftregur til að fara úr ræðustólnum. Ég á t.d. alveg eftir að ræða þetta rit hér sem ég tek gjarnan upp úr skjalasafni mínu með nokkru millibili og nota mönnum sem víti til varnaðar. Ég veit ekki hvort forseti — hann er e.t.v. það ungur að árum hér á þingi að hann hafi ekki barið það áður augum. Þetta er verðmætt eintak því að ég er einn örfárra manna sem ég veit að á frumeintak og hef undir höndum og gæti því að því eins og sjáaldurs augna minna. Þetta er bæklingur sem menn í orkusölugleði sinni og stóriðjutrúboði gáfu út hér á árunum, það eru rúmlega tíu ár síðan ef ég man rétt. Það lá mikið við að selja landið og kynna fyrir erlendum auðhringjum hvers konar gósenland Ísland væri fyrir aðila sem vildu koma og fjárfesta hér í orkuiðnaði.

Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjun gáfu út þennan bækling, hún hét þá MIL. Svipað batterí er til núna og heitir eitthvað annað. Það voru ýmsar vitleysur að vísu í þessu, eins og það að Ísland væri 40 þús. fermílur o.fl., en látum það vera. Í janúar 1995 kom þessi bæklingur út. Á forsíðunni stendur risastórum rauðum stöfum: „Lowest Energy Prices in Europe.“ Kynningin var sem sagt á forsendunum „lægsta orkuverð í Evrópu“, komið þið, komið þið. Lægsta orkuverð í Evrópu. Þannig vildu menn fara í samningaviðræðurnar um sölu á einni af auðlindum þjóðarinnar. Þeir bættu ýmsu fleiru við sem fróðlegt gæti verið að fara yfir í annarri ræðu og kannski ég geymi mér það í aðalatriðum að ræða þetta. En það var miklu og fögru lofað um það hversu lítið menn væru að ergja sig út af umhverfismálum og öðru slíku.

Það er reyndar ekkert óskaplega mikill munur á bæklingunum þegar maður tekur nýrri útgáfur, þá er enn verið að reyna að lokka menn til landsins. Komið þið til Íslands, þar eru auðlindir til að vaxa o.s.frv.

Herra forseti. Ætli ég láti þá ekki nótt sem nemur og geri hlé á þessum ræðuhöldum mínum, enda á ég þess kost að koma í ræðustólinn aftur síðar í þessari umræðu. Verði frekara framhald á mun ég ekki draga af mér að reyna að vera fullgildur þátttakandi í þeim umræðum sem þetta mál kann að eiga eftir hér á þingi.

Umræðu frestað.

[01:54]

Útbýting:

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 327. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 549; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 550; nál. efh.- og viðskn., þskj. 551.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 3.–17. mál.

Fundi slitið kl. 01:55.

---

39. FUNDUR

fimmtudaginn 8. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 288. mál, þskj. 304, nál. 512 og 536, brtt. 537. — Frh. 2. umr.

2. Meðferð opinberra mála, frv., 295. mál, þskj. 314. — 3. umr.

3. Ársreikningar, stjfrv., 362. mál, þskj. 413, nál. 478. — 2. umr.

4. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 381. mál, þskj. 438, nál. 477. — 2. umr.

5. Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frv., 18. mál, þskj. 18, nál. 526, brtt. 527. — 2. umr.

6. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 326. mál, þskj. 358, nál. 544. — 2. umr.

7. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 344. mál, þskj. 378, nál. 545. — 2. umr.

8. Verslunaratvinna, stjfrv., 345. mál, þskj. 379, nál. 547, brtt. 548. — 2. umr.

9. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 327. mál, þskj. 359, nál. 549, brtt. 550. — 2. umr.

10. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 363. mál, þskj. 414, nál. 551. — 2. umr.

11. Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 479, 481 og 511, brtt. 546. — 2. umr.

12. Einkaleyfi, stjfrv., 346. mál, þskj. 380, nál. 524. — 2. umr.

13. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 236. mál, þskj. 236, nál. 494. — 2. umr.

14. Húsnæðismál, stjfrv., 343. mál, þskj. 377, nál. 493. — 2. umr.

15. Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 351. mál, þskj. 385, nál. 491. — 2. umr.

16. Starfsmannaleigur, stjfrv., 366. mál, þskj. 420, nál. 521, brtt. 507, 522 og 533. — 2. umr.

17. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 364. mál, þskj. 418, nál. 529, brtt. 530. — 2. umr.

18. Fjarskiptasjóður, stjfrv., 191. mál, þskj. 191, nál. 523. — 2. umr.

19. Málefni aldraðra, stjfrv., 174. mál, þskj. 174, nál. 525. — 2. umr.

20. Búnaðargjald, stjfrv., 332. mál, þskj. 364, nál. 513, brtt. 515. — 2. umr.

21. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 333. mál, þskj. 365, nál. 514. — 2. umr.

22. Innflutningur dýra, stjfrv., 390. mál, þskj. 472, nál. 516. — 2. umr.

23. Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 313. mál, þskj. 340, nál. 528. — 2. umr.

24. Úrvinnslugjald, stjfrv., 179. mál, þskj. 179, nál. 534, brtt. 535. — 2. umr.

25. Dýravernd, stjfrv., 312. mál, þskj. 339, nál. 541, brtt. 542. — 2. umr.

26. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 189. mál, þskj. 189, nál. 531, brtt. 532. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,

Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.

Rafmagnsbilun.

[13:04]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt um var boðað til þingfundar í morgun kl. 10 árdegis samkvæmt dagskrá. Á 9. tímanum varð hins vegar straumrof í þinghúsinu en meðan varaafls naut við varð bilun í aðaltöflu fyrir rafkerfi þinghússins og Skálans þannig að ófært reyndist að setja þingfund á tilsettum tíma. Unnið hefur verið að bráðabirgðaviðgerð í morgun og standa nú vonir til þess að þinghald geti gengið eðlilega fyrir sig í dag. Ég bið hv. þingmenn um að sýna þolinmæði þótt einhver truflun verði.

Það er von forseta að þessi óvænta töf verði ekki til þess að raska áformum okkar um að ljúka þinghaldi samkvæmt starfsáætlun Alþingis — og að umræður verði ekki það rafmagnaðar að öllu slái út aftur.

Tilkynning um dagskrá.

[13:05]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill tilkynna að stefnt er að því að hafa hér atkvæðagreiðslur kl. 6 síðdegis í dag.

Um kl. 1.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um ástand íslenska þorskstofnsins og veiðihorfur. Málshefjandi er hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson. Hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Ársreikningar, 2. umr.

Stjfrv., 362. mál (EES-reglur). — Þskj. 413, nál. 478.

[13:06]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga. Ég ætla ekki að lesa nefndarálitið í hörgul en það kemur fram á þskj. 478. Ég ætla að geta þess eins að nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Hv. þm. Guðmundur Magnússon var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller, Siv Friðleifsdóttir og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 381. mál (hækkun eftirlitsgjalds). — Þskj. 438, nál. 477.

[13:07]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags-

og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Á nefndaráliti sem prentað er á þskj. 477 koma fram upplýsingar um gesti og lýsing á frumvarpinu og ætla ég ekki að lesa það.

Við umfjöllun málsins var m.a. rætt um kosti og galla þess að eftirlitsskyldir aðilar greiði eftirlitsgjaldið sjálfir. Þá komu fram athugasemdir varðandi hækkun álagningarhlutfalls á vátryggingarmiðlara. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Hv. þm. Guðmundur Magnússon var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller og Siv Friðleifsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, 2. umr.

Frv. SKK o.fl., 18. mál (vanskil á vörslufé). — Þskj. 18, nál. 526, brtt. 527.

[13:09]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum. Nefndarálit þetta er að finna á þskj. 526 og þar er talið upp hvaða gestir komu á fund nefndarinnar og eins hvað lagt var til í frumvarpinu.

Í umsögnum skattrannsóknarstjóra og fjármálaráðuneytisins komu fram athugasemdir um að ósamræmi væri milli frumvarpstexta og greinargerðar, þ.e. að orðalag frumvarpstextans væri rýmra en til stæði. Við umfjöllun málsins var einnig bent á að ákvæði laganna væru of ósveigjanleg og gæfu dómara ekki færi á að taka tillit til ýmissa aðstæðna, svo sem greiðslu á hluta vanskila og reglulegum skilum á gögnum. Þá kom fram að heimild virðist skorta fyrir þeirri framkvæmd skattrannsóknarstjóra að fella niður mál áður en þeim er vísað til yfirskattanefndar eða til opinberrar rannsóknar.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu þannig að tekið verði fram að fésektarlágmark, þ.e. tvöföldun upphaflegrar skuldar, eigi ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á viðkomandi sköttum, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar. Dómara er því veitt aukið svigrúm til að ákvarða sekt í þessum málum.

Enn fremur leggur nefndin til að skattrannsóknarstjóra verði heimilað að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð með því að greiða sekt enda sé málið upplýst og um minni háttar brot er að ræða, t.d. ýmiss konar athafnaleysisbrot, svo sem að skila ekki tilteknum upplýsingum eða gögnum til skattyfirvalda, vanskilamál svo og þegar brotlegir aðilar hafa leitast við að firra skattkröfueiganda, ríkissjóð og sveitarfélög tjóni með því að greiða áfallnar kröfur meðan á meðferð málsins stendur. Þótt brotið sé unnið með saknæmum hætti er alvarleiki þess talsvert annar en þegar um hefðbundin skattsvik er að ræða enda hafa málsatvik verið upplýst eins og áður hefur komið fram. Oft eiga brotlegir sér málsbætur umfram fremjendur annarra skattalagabrota, einkum þær að brotið hafi ekki verið drýgt til persónulegs ábata né heldur í hagnaðarskyni.

Nefndin telur að með sektarákvörðun skattrannsóknarstjóra sé þess að vænta að meðferð skattsvikamála fyrir dómstólum og yfirskattanefnd fækki og ætti því öll meðferð mála af því tagi að verða bæði hraðari og skilvirkari. Hugmyndir sem hér eru settar fram um afgreiðslu mála með sektum eiga sér hliðstæðu í lögreglumálum, sbr. 115. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og hefur gefist vel.

Með breytingunni er réttarstaða sökunautar bætt með því að auka möguleika hans á að ljúka refsimeðferð skjótar en verið hefur og án þess að brot verði opinbert. Það er einnig ótvírætt aukinn réttur að sökunautur veit við sektarboð hvaða fjárhæð honum er ætlað að greiða í sekt. Sætti sökunautur sig ekki við sektarboðið, hann telur það of hátt eða vill ekki sæta slíkri meðferð getur hann ætíð hafnað sektarboði og fer þá um málið samkvæmt almennum reglum með venjulegri dómsmeðferð eða sektarmeðferð fyrir yfirskattanefnd.

Sett er það skilyrði að málsmeðferðinni ljúki innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk. Telur nefndin þann frest hæfilegan. Ljúki málsmeðferð ekki innan sex mánaða fer um málið samkvæmt almennum reglum með venjulegri dómsmeðferð eða sektarmeðferð fyrir yfirskattanefnd. Nefndin telur ekki rétt að gera ráð fyrir að vararefsing fylgi ákvörðun skattrannsóknarstjóra heldur fari um innheimtu sekta samkvæmt reglum sem gilda um innheimtu sekta fyrir yfirskattanefnd.

Til þess að ná markmiði breytingartillagnanna er nauðsynlegt að gera sambærilegar breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og þarf fyrirsögn frumvarpsins að breytast í samræmi við það.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Ásta Möller, Ögmundur Jónasson, Siv Friðleifsdóttir og Lúðvík Bergvinsson.

Frú forseti. Ég vil bæta við örfáum orðum frá eigin brjósti um þetta mál. Það var fyrst lagt fram af núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einari K. Guðfinnssyni, og fleirum. Það hefur tekið nokkuð miklum breytingum í meðförum nefndarinnar en það fjallar um það að dómarar hafa þurft að sæta mjög ósveigjanlegum reglum við uppkvaðningu dóma þannig að flestum hefur fundist það vera mjög óréttlát niðurstaða, sem fram hefur komið, sérstaklega í þeim málum þar sem menn hafa greitt inn á skuldina og í raun verið refsað fyrir það. Ég held að hér sé um mjög mikla réttarbót að ræða og er mjög ánægður með þá niðurstöðu sem fengist hefur.

[13:14]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er komið úr nefnd og til 2. umr. hefur tekið, eins og hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar sagði, miklum breytingum frá því að það fyrst kom inn. Reyndar var það fyrst lagt fyrir Alþingi í fyrra af hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einari K. Guðfinnssyni.

Málið fékk í fyrra mikla og góða umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd en ekki tókst að ljúka málinu. Frá upphafi hafði nefndin mikla samúð með því sjónarmiði að dómarar sem fá það verkefni að gera mönnum fésektir fái heimild til að fara niður fyrir lágmarkssektir sem kveðið var á um. Eins og lögin eru nú er meginreglan sú að að lágmarki skuli tvöfalda sektargreiðslur miðað við þau vanskil sem áætlað er að viðkomandi hafi ekki gert skil á virðisaukaskatti. Það er að lágmarki að refsingin verði tvöföld skattskuldin. Hins vegar var málið þannig í upphafi úr garði gert að menn höfðu af því miklar áhyggjur að það gæti skaðað mjög möguleika innheimtuaðila að innheimta virðisaukaskatt og hugsanlega gætu menn skilað virðisaukaskattsskýrslu og það eitt mundi duga jafnvel til að komast hjá nokkurri refsingu.

Þetta mál hefur því fengið góða og mikla umræðu undanfarin tvö ár. Ef ég man rétt lagði hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson það fram í haust og í framhaldi af þeirri miklu umræðu sem fram fór í fyrra og einnig núna er niðurstaðan sem nú er fengin að minni hyggju mjög góð og mjög ánægjuleg. Ég hæli hv. þm. Pétri Blöndal fyrir að halda utan um málið eins og hann gerði. Ég held að málið hafi þroskast mikið í meðförum nefndarinnar og eins og málið kemur út núna er það mjög ásættanlegt og meira en það, það tryggir að dómarar geta farið niður fyrir lágmarksrefsingu þegar sérstök sjónarmið eiga við og eins var gerð ákveðin bragarbót á þeim stöðum sem lengi hefur verið í framkvæmd en vart haft lagastoð, þ.e. að skattrannsóknarstjóri hefur afgreitt mál sem hann hugsanlega ekki gat og ekki mátti. Hér er skotið stoðum undir þá afgreiðslu að skattrannsóknarstjóri getur afgreitt minni háttar mál eða allt að 6 millj. kr. eins og tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir.

Sú umræða sem fram hefur farið hefur verið mjög af hinu góða. Hún hefur þroskað málið, margir komu fyrir nefndina og ég held að niðurstaðan sé sú að allir séu mjög sáttir við það eins og það lítur út núna. Ég ætla ekki að hafa um þetta langt eða mikið mál en vil að lokum segja að ég held að fleiri nefndir geti tekið sér til fyrirmyndar þau vinnubrögð sem tíðkuðust í þessu máli, sérstaklega þegar niðurstaðan er í samræmi við það sem við sjáum hér nú.

[13:18]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kem fyrst og fremst til að lýsa ánægju minni með að þetta mál skuli verða að lögum. Fyrsti flutningsmaður að því nú er hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson en auk hans standa að málinu þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum þannig að þetta er þverpólitískt mál. Eins og fram kom hafði hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, núverandi ráðherra, upphaflega lagt málið fram en það er eitt sem við gætum lært af þessu máli og það er nokkuð sem iðulega hendir þingmannamál, jafnvel þótt það sé byggt á þverpólitískri samstöðu, að þau verða oft afgangs. Ég held að þetta sé dæmi um mál sem hefur liðið fyrir það að við reynum að leysa það á síðustu metrunum.

Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, það var unnið vel að þessu máli í efnahags- og viðskiptanefnd. Þar hefur verið fullur vilji til að leiða málið til lykta áður. Í rauninni er það harmsefni að það skuli ekki hafa tekist fyrr því að þetta hefur farið mjög illa með marga einstaklinga en nú er málið sem betur fer að komast í höfn. Ég fagna því.

[13:20]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta mál en mér finnst samt ástæða til að leggja hér orð í belg. Það er svo sem búið að gera grein fyrir forsögu þessa máls sem upphaflega var lagt fram af hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra, Einari K. Guðfinnssyni, og síðan fékk ég það hlutverk að fylgja því eftir eftir að sá ágæti maður settist í ráðherrastól. Í þetta skipti, eins og áður, hafa þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi sameinast um það, þ.e. flutningsmenn frumvarpsins, að gera breytingar á núverandi löggjöf um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt. Við höfum séð í allt of langan tíma niðurstöður í dómsmálum sem varða þetta réttarsvið sem hafa verið alveg sérstaklega ósanngjarnar. Ástæða hefur verið til að bregðast við þeim niðurstöðum með breytingum á löggjöfinni. Ég fagna því verulega að slíkar tilraunir beri nú árangur.

Eins og fram hefur komið í umræðunni eru allir sammála um nauðsyn þess að gera breytingar á lögunum. Ég hef fundið það, ekki bara núna í vetur eftir að þetta mál kom fram, heldur á síðustu missirum að skattyfirvöld, lögmenn, aðilar í viðskiptalífinu og ekki síst dómarar hafa beðið um breytingar og bíða eftir breytingum á þessum lögum til að geta brugðist við þeim aðstæðum sem við erum hér að fjalla um og frumvarpið varðar með sanngjarnari hætti en gert hefur verið.

Ég minnist þess þegar þetta mál var til umræðu á sínum tíma að þá var varaþingmaður á þingi, Hilmar Gunnlaugsson, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins. Hann tók til máls um málið og rifjaði upp þegar hann sjálfur var dómari við Héraðsdóm Austurlands og fékk mál eins og þessi til meðferðar og lýsti því hvernig það hefði verið og hvernig dómarar horfðu á slík mál. Hann lýsti því að í sjálfu sér hefði það verið mjög sorglegt fyrir hann sem dómara að þurfa að komast að þeirri niðurstöðu sem hann komst að, einfaldlega vegna þess að lögin eru eins og þau eru, og voru þá eins og þau eru nú. Dómararnir verða að fara eftir lögunum en niðurstöðurnar eftir sem áður hafa verið ósanngjarnar í þessum málum. Það horfir nú til betri vegar þegar þetta frumvarp verður samþykkt sem lög héðan frá Alþingi.

Ég fagna því sérstaklega að hæstv. sjávarútvegsráðherra kemur hér í salinn þegar þetta mál er til meðferðar og vonandi verður þetta til þess að réttlætið nái fram að ganga. Það er nefnilega þannig að auðvitað viljum við virkt skatteftirlit og að menn skili sköttum sínum og skyldum eftir því sem vera ber en þetta mál snýst kannski fyrst og fremst um

það að gefa því fólki sem verður fyrir áföllum, hvort sem það er af heilsufarsástæðum eða öðru, tækifæri til að rísa upp eftir að það verður fyrir áföllum í rekstri. Ég tel að þær breytingar og sá texti sem nú liggur fyrir gefi dómurum möguleika á að líta til slíkra þátta.

Ég tel að nefndin hafi unnið afskaplega vel í þessu máli. Ég þakka henni kærlega fyrir þá miklu og málefnalegu vinnu sem lögð hefur verið í málið, sérstaklega formanni nefndarinnar, hv. þm. Pétri H. Blöndal, og ekki síður fulltrúum minni hlutans í efnahags- og viðskiptanefnd. Ég held að sú lending sem hér hefur verið fundin og sú niðurstaða sem hv. þingmaður og formaður efnahags- og viðskiptanefndar hefur mælt fyrir sé afskaplega skynsamleg og vel unnin. Þar kemur skýrt fram, í texta breytingartillögunnar, að dómarar muni hafa tækifæri til að líta til þess við ákvörðun refsinga eða skatta ef málsbætur viðkomandi aðila sem í þessum málum standa eru miklar. Þetta tel ég ákaflega mikla réttarbót, fagna henni og þakka að lokum nefndinni fyrir að afgreiða málið og að gera það með svo miklum myndarbrag sem breytingartillögur og nefndarálit gefa til kynna.

Að svo búnu lýk ég máli mínu og vonast til þess að þetta frumvarp verði samþykkt sem lög frá Alþingi nú fyrir hlé.

[13:26]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil vegna nokkurra orða í ræðu síðasta hv. ræðumanns og ekki síður vegna viðbragða eins flutningsmannsins, hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, í dagblaði fyrr í vikunni taka fram að mér sýnast þær breytingar sem hafa orðið á þessu frumvarpi í meðförum nefndarinnar vera til mikilla bóta og heilla. Ég tel að gagnrýnendur hins upphaflega frumvarps hafi haft rétt fyrir sér og náð sínu fram með þessum breytingum.

Það er rétt sem komið hefur fram í ræðum sem hér hafa verið fluttar að líta má svo á að hinar ströngu reglur um refsingar vegna vanskila á vörsluskatti geti verið ósanngjarnar og að það sé rétt að hjálpa fólki sem lent hefur í áföllum, persónulegum eða fjárhagslegum, í þeim viðskiptum sem leiða menn til slíks. Ég vil þó ítreka að eftir sem áður, hvað sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson flytur margar ræður um það, eru skil á vörslusköttum meiri skylda en að standa sig á ýmsum öðrum sviðum. Vörsluskattar eru skattar sem menn fara með og eru fé frá öðru fólki sem á að renna til samneyslu, þar á meðal velferðarþjónustu. Það er alvarlegt mál að standa ekki skil á því fé. Hins vegar er auðvitað í því máli, eins og öllum öðrum, munur á ásetningsbrotum eða auðgunarbrotum og síðan því sem kann að koma fyrir menn út úr vandræðum eða jafnvel af einhvers konar misskilningi.

Þetta vil ég bara að komi fram þannig að ekki leiki neinn vafi á því að hér í þinginu er enn litið svo á að það að standa skil á vörslusköttum sé fyrsta skylda þeirra sem standa í viðskiptum og fá vörsluskatta í hendur þess vegna.

[13:28]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég stend einungis upp til að fagna því að þetta mál sé komið svona vel á veg, og sérstaklega vil ég láta í ljósi ánægju yfir því að um afgreiðslu þess virðist hafa tekist mikil samstaða. Það er samstaða um málið í efnahags- og viðskiptanefnd og ég tel að málið hafi batnað í meðferð nefndarinnar. Þetta er gott dæmi um hvernig þingið getur tekið á einstökum málum, einstökum réttlætismálum eins og þessu. Ég held að það sé þannig með þessa löggjöf sem nú er verið að breyta að mjög mörgum okkar sveið þetta óskaplega og fannst þetta mál mjög óréttlátt. Þess vegna var málinu hreyft á sínum tíma en ég var á þeim tíma fyrsti flutningsmaður þess og með mér voru flutningsmenn úr öllum stjórnmálaflokkum. Nú hefur það tekist, eftir mikla og góða vinnu efnahags- og viðskiptanefndar sem ástæða er til að þakka fyrir að málið er komið hingað inn í Alþingi og um það er mikil samstaða.

Þess vegna er ástæða til að ætla að því verði lokið núna vel fyrir jól og að það verði að lögum. Ég hef orðað það þannig að með því að við breytum þessum lögum muni margir sem ella hefðu átt heldur slæma daga fram undan eiga gleðileg jól. Ég held að ástæða sé til að fagna því og árétta það sem ég var að segja að þetta mál er eitt dæmi um það hvernig þingið getur tekið á málum. Hér var um að ræða þingmannamál sem var flutt á sínum tíma, mál sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur síðan unnið að á mjög sjálfstæðan og vandaðan hátt. Þessi vinnubrögð eru til fyrirmyndar. Ég hefði að vísu kosið að málið hefði verið afgreitt síðasta vor en mér sýnist hins vegar málið hafa batnað síðan þá þannig að ég iðrast þess ekki, heldur fagna ég því að málið sé komið svona vel á veg og að það verði samþykkt núna fyrir jólin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Ástand íslenska þorskstofnsins og veiðihorfur.

[13:30]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Arfavitlaus nýtingarstefna fiskstofna á Íslandsmiðum undanfarinn aldarfjórðung er nú að koma okkur Íslendingum í koll. Þorskstofninn, okkar verðmætasta auðlind sem skapað hefur svo mikla atvinnu og auðlegð fyrir fólkið í landinu, hefur orðið fyrir miklum skaða. Fyrir atbeina misviturra manna og oft litla þekkingu stjórnmálamanna hafa menn nýtt fiskimiðin með þeim afleiðingum að þorskstofninn þrífst orðið mjög illa. Vísbendingarnar um það eru alls staðar sjáanlegar.

Hér má telja þær upp í stuttu máli en tíminn leyfir því miður ekki lengri fyrirlestur þó svo að hægt væri að halda mjög langa ræðu um þessa hluti.

Í fyrsta lagi, aldur þorsksins þegar hann verður kynþroska hefur farið lækkandi. Á 9. áratugnum var þorskurinn á bilinu 6–7 ára gamall þegar um það bil helmingur hvers árgangs varð kynþroska og hrundi í fyrsta sinn. Síðustu 10 árin hafa fiskarnir verið á bilinu 5–6 ára þegar um það bil helmingur hvers árgangs hefur orðið kynþroska. Athugum það að kynþroskaaldurinn hjá stórum hluta af yngri fiski

hefur líka farið lækkandi þannig að hér horfum við upp á mjög alvarlega hluti, virðulegi forseti. Þetta skiptir mjög miklu máli fyrir afrakstur fiskstofns eins og þorsksins. Hjá öllum lífverum fer gríðarleg næring og orka í að fjölga sér sem annars hefði nýst í vöxt. Með öðrum orðum dregur þetta úr vaxtarmöguleikum fiska þegar þeir verða kynþroska og þetta bitnar að sjálfsögðu á afrakstursgetu stofnsins.

Fiskveiðar snúast um peninga og að sjálfsögðu fáum við greitt fyrir hvert kíló sem við náum að veiða og landa úr stofninum. Ótímabær kynþroski getur valdið mjög miklu efnahagstjóni. Margt bendir til að smáþorskur sem er að hrygna í fyrsta skipti skili litlu af sér í formi seiða sem geta aukið nýliðun í stofninum. Það er því alger sóun þegar svona fiskur hrygnir.

Auk þess má leiða líkum að því að töluvert af þeim fiski sem hrygnir drepst eftir það þar sem allt hrygningarferlið veldur svo miklu álagi á fiskinn. Í ofanálag við lélegan vöxt fáum við ótímabær afföll úr heilu árgöngunum. Fiskurinn drepst, hann hverfur, hann týnist.

Lítum þá á annað, holdafar þorsksins. Það hefur versnað ískyggilega á undanförnum árum. Meðalþyngd 4–8 ára þorsks eftir aldri í afla lækkaði að meðaltali um 13% á árunum 2002 til 2004. Hjá 9–10 ára þorski erum við að tala um lækkun upp á heil 20% og þetta er ekkert smáræði hjá svona dýrastofni.

Svipað er upp á teningnum þegar vegin er meðalþyngd þorsks sem veiðist í svokölluðum stofnmælingum eða togararöllum sem fara fram í mars á hverju ári. Þar er niðurstaðan lækkun meðalþyngdar frá árinu 2002. Þegar við lítum svo á stofnmælingar á hausti sem eru togararöll sem eru framkvæmd í október var meðalþyngdin hjá flestum aldursflokkum sú lægsta frá því að farið var að stunda þessar haustmælingar árið 1996.

Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar sýna að þorskinn vantar víða æti. Þetta er allt saman hægt að lesa í þessari skýrslu hér, ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar, sem kemur út í júní á hverju ári. Þessar rannsóknir sýna að þorskinn vantar æti. Hér erum við kannski einkum að tala um loðnu en líka eins og segir orðrétt í nýjustu ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar, þessari skýrslu hér, með leyfi forseta:

„Fæðusýni úr stofnmælingu botnfiska í mars sýna að lítið hafi verið af loðnu í þorskmögum mörg undanfarin ár, og árin 2003–2005 það minnsta síðan athuganir hófust."

Þegar maður les áfram í þessari skýrslu kemur í ljós að það er ekki nóg með að þorskinn vanti loðnu, hann vantar líka annað æti. Fiskifræðingar sýna að fæðuathuganir sýni, og enn og aftur vitna ég orðrétt í þessa skýrslu, með leyfi forseta, „að heildarfæðumagn í einstökum þorskmögum hafi minnkað á undanförnum árum. Þorskurinn virðist því ekki ná að bæta upp minnkandi loðnu með annarri fæðu".

Hér loga allir mælar á rauðu. Þeir hafa gert það mjög lengi og það er eins og mönnum sé alveg nákvæmlega sama um það í ríkisstjórninni. Ég hef því óskað eftir þessari umræðu til að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvernig hann sjái nú framtíðarhorfur þorskstofnsins, hvernig hann sjái framtíðarhorfur varðandi stærð hans, afrakstursgetu og síðast en ekki síst horfur varðandi afla á næstu árum.

[13:36]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þessa umræðu. Ég tel að það sé aldrei ofgert að við ræðum þau mál sem snúa að vexti og viðgangi þorskstofnsins. Þetta er auðvitað okkar langmikilvægasti nytjastofn og þess vegna er alltaf ástæða til að við ræðum þau mál.

Hv. þingmaður spurði mig í lokin hvernig ég sæi framtíðarhorfur og stöðuna varðandi þorskinn. Það er auðvitað rétt, og ég tek alveg undir það, að okkur hefur alls ekki tekist eins og við ætluðum okkur við uppbyggingu þorskstofnsins. Það er ákveðið áhyggjuefni. Ég held hins vegar að við eigum ekki að draga upp þá mynd að sú skýrsla sem hv. þingmaður vitnaði til, ástandsskýrsla Hafrannsóknastofnunar, sé svört. Ég tel að ekki sé hægt að gera það. Þegar við horfum á þessa skýrslu og þær umræður sem hafa sprottið af henni hefur mér stundum fundist sú umræða vera dregin um of í of sterkum og dökkum litum. Þegar við förum yfir skýrsluna er það ekki að mínu mati tilefni til þess að vera með einhverja heimsendaspádóma, alls ekki. Menn drógu að vísu þá ályktun að sumu leyti af umræðum sem fram fóru um daginn á ráðstefnu sem Hafrannsóknastofnun efndi til en að mínu mati var ekki neitt tilefni til þess.

Það er alveg rétt að meðalþyngd í þorski hefur lækkað á milli ára frá 2002 til 2004 um 13% og meira hjá stærri þorskinum. Það er auðvitað vegna þess, eins og hv. þingmaður nefndi, að það er minna aðgengi þorsksins að loðnu á sínu hefðbundna svæði og það er auðvitað hlutur sem við hljótum að horfa sérstaklega til.

Þetta mál er hins vegar býsna flókið. Við stöndum einmitt þessa dagana í því að leita að loðnu og átta okkur á stærð stofnsins. Það hefur því miður ekki tekist að mæla loðnustofninn þó að menn hafi orðið varir við loðnu úti fyrir Norðurlandinu sem er út af fyrir sig ágætisvísbending. Það er líka rétt að holdafar hefur rýrnað á tilteknu tímabili en það er hins vegar ánægjulegt að á þessu ári batnaði holdafar þorsksins frá árinu 2004. Ef við skoðum stofnvísitölu þorsksins er hún 50% hærri núna en hún var árið 2001, og svipuð og við upphaf síðasta áratugar. Sama er ef við skoðum vísitölu þorsks í stofnmælingunni haustið 2004, þá er hún sú hæsta núna frá árinu 1996 þegar mælingar hófust. Ef við skoðum enn þá fleiri tölur úr þessari skýrslu um nytjastofna sjávar þar sem fjallað er sérstaklega um þorskinn kemur sömuleiðis fram að viðmiðunarstofninn hafi stækkað úr 600 þús. tonnum í 854 þús. tonn frá árinu 2004 til 2005. Lélegi árgangurinn sem við þekkjum frá árinu 2001 skýrir hins vegar það að stofninn fer á næsta ári niður í 823 þús. tonn.

Það sem er hins vegar sérstakt áhyggjuefni, og er mál sem ég tel að við eigum að ræða einkanlega í þessu sambandi, er staðan varðandi stærsta þorskinn. Það er tvímælalaust ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af henni. Það er alveg ljóst mál að við höfum gengið allt of nærri stærsta fiskinum, elstu árgöngunum, og við erum í þeirri stöðu núna að sá hluti þorskstofnsins er í sögulegu lágmarki. Það er það mál sem að mínu mati er mjög brýnt að við horfum á. Við höfum tekið á því en það hefur hins vegar valdið deilum vegna þess að það kemur auðvitað heilmikið við á

svæðum sem við mörg hver þekkjum vel. Við höfum gert það með því að breyta reglum um hámarksmöskvastærð sem hefur hins vegar haft þau áhrif að við reynum að vernda stærsta þorskinn sem er okkur mjög mikilvægt varðandi hrygninguna.

Hrygningarstofninn er auðvitað mjög mikilvægur í þessu sambandi. Það er alveg ljóst mál að þegar þorskurinn er í þeirri stærð sem hann er í í dag skiptir stærð hrygningarstofnsins máli. Það er alveg augljóst mál og hefur margoft komið fram. Það kemur líka fram í þessari ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar að hrygningarstofninn hefur stækkað umtalsvert. Hann er ekki mjög stór í sögulegu samhengi þannig lagað séð en engu að síður er það ljóst að hann hefur stækkað. Hann er 260 þús. tonn núna og hefur ekki verið stærri frá árinu 1981.

Það er mat Hafrannsóknastofnunar sem svarar að einhverju leyti spurningu hv. þingmanns að ekki verði mikil breyting við óbreytta sókn. Ég hef lýst því yfir að ég hyggist ekki breyta aflareglunni. Hún er núna 25% og ég hyggst ekki breyta því.

Staða loðnunnar og spurningar varðandi hana eru auðvitað grundvallaratriði sem snúa að þessu. Ég tel að ekki eigi að banna loðnuveiðar, ég tel að ekki eigi að banna sumarloðnuveiðar. Við eigum að ganga hins vegar þar fram af miklu hófi. Við eigum að reyna að gæta þess að sumarloðnuveiðarnar séu ekki miklar. Því miður hefur ekki verið ástæða til að grípa þar inn í því að það voru engar sumarloðnuveiðar á þessu ári. Það veiddist engin sumarloðna. Við höfum skilið eftir meiri loðnu í sjónum en fiskifræðingar hafa lagt til og talið ráðlegt. Við höfum skilið eftir 30% meira. Það sem er hins vegar sérstakt áhyggjuefni eru þessar miklu flottrollsveiðar og ég vil segja að ég tel að það komi til greina að breyta veiðisvæðum þar sem flottrollsveiðar á loðnu eru leyfilegar. Um það er hins vegar ekki tímabært að taka ákvörðun á þessari stundu vegna þess að núna erum við að reyna að mæla loðnustofninn (Forseti hringir.) og við vitum ekki nákvæmlega hvernig staðið verður að loðnuveiðunum. Þetta er hlutur sem ég held að muni skipta okkur miklu máli, hlutur sem ég hef horft sérstaklega til og ætla að beita mér fyrir.

[13:41]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það er full ástæða fyrir okkur öll til að ræða ástand þorskstofnsins eins og það er í dag. Við hljótum að viðurkenna að frá því að kvótakerfið var tekið upp og takmarkanir hófust á veiðum hefur okkur algjörlega mistekist að byggja upp þennan stærsta nytjastofn á Íslandsmiðum. Í raun getum við sagt að það að reyna að byggja upp þorskstofninn sé mistakasaga í 20 ár. Auðvitað reynir hæstv. sjávarútvegsráðherra að bera sig vel þegar hann svarar fyrir þetta en tölurnar tala sínu máli og við sjáum nákvæmlega hvernig ástandið er.

Kvótakerfið hefur gert það að verkum að sóknin hefur breyst, hefur beinst í stærsta og verðmesta fiskinn sem eðlilegt er þegar takmörkun er fyrir hendi. Það eru orðnar mjög sterkar vísbendingar um að þessi sókn sem velur einstaklinga úr stofninum sé farin að hafa víðtæk og varanleg áhrif á stofninn. Samt sem áður halda Hafrannsóknastofnun og hæstv. ráðherra sig við kenningar um að það sé ákveðið og beint samband á milli stærðar hrygningarstofns og nýliðunar á hverju ári þó að mjög erfitt virðist vera að benda á að tölfræði geti stutt þá kenningu.

Við vitum öll að fiskifræðin er ekki nákvæmnisvísindi. Það er að mörgu að hyggja og þegar við horfum upp á mistakasögu í 20 ár verður að segjast eins og er að það er undarlegt að við ætlum samt sem áður að halda okkur við sömu kenningar, við ætlum samt sem áður að halda okkur við sömu aðferðir ár eftir ár þó að ekkert gangi og árangurinn sé hörmulegur.

Fyrstu mánuðir nýs hæstv. sjávarútvegsráðherra í embætti koma til með að gefa okkur vísbendingar um hvort hann muni reyna að hafa áhrif til að breyta þessu. Við bíðum eftir þeim vísbendingum.

[13:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Vissulega hefur árangurinn af uppbyggingu þorskstofnsins síðustu 20 ár verið vonbrigði. Því er ekki að neita. Hitt er líka rétt að benda á að vandinn virðist ekki liggja í klakinu eða seiðunum því að mjög mörg undanfarin ár hafa verið mjög góðir árgangar í þeim efnum. Það virðist sem vandinn liggi á stiginu frá seiði til fisks sem gengur á stofninn meira en menn ætla. En hvað ber að gera? Ég vil nefna fáein atriði sem ég legg til að menn taki til athugunar í núverandi stöðu.

Í fyrsta lagi er rétt að ákvarða meira en nú er stýringu veiðanna í gegnum veiðarfæri. Það þarf að takmarka notkun ákveðinna veiðarfæra á ákveðnum svæðum, á ákveðnum tegundum o.s.frv. í meira mæli en við höfum gert. Við þurfum að taka á því stærðarvali sem leiðir af framsali veiðiheimilda sem hefur leitt af sér mjög þunga sókn á stóran fisk. Við þurfum líka að vernda eða loka eða takmarka veiðar á ákveðnum svæðum í ríkari mæli en við höfum gert.

Í öðru lagi þurfum við að beita meiri stýringu í veiðar á fæðu þorsksins en verið hefur. Ráðherra tók hér undir hugmyndir um að skoða betur veiðar á loðnu sem mörgum hefur verið þyrnir í auga á undanförnum árum.

Í þriðja lagi tel ég að menn eigi að taka mið af þeirri staðreynd sem æ betur er að koma í ljós, að þorskstofninn er ekki einn stofn heldur margir stofnar. Það þarf að skipta veiðiálaginu á einstaka stofna, reyna að dreifa því eftir stærð þeirra og styrkleika. Þetta er það sem ég held að við ættum að gera í þeirri stöðu sem við erum í um þessar mundir.

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu mikið áhyggjuefni og mikil vonbrigði hversu hægt hefur miðað ef það hefur yfir höfuð eitthvað miðað við að byggja upp þorskstofninn sl. 20–30 ár. Menn deila eðlilega um það hvað valdi og það verður sjálfsagt seint úr um það skorið með óyggjandi hætti og ekki gerir það viðfangsefnið auðveldara að við stöndum frammi fyrir miklum breytingum í umhverfisþáttum sem gera að sjálfsögðu allan samanburð við eldri tíma erfiðari. Við horfum á aukinn sjávarhita og áhrif af loftslagsbreytingum og fleira í þeim dúr og við þessar aðstæður söknum

við þess auðvitað tilfinnanlega að vita ekki meira, að hafa ekki traustari grunn sem nær betur utan um málið í heild sinni í formi fjölstofna rannsókna, í formi rannsókna á samsettum umhverfisþáttum, á fæðubúskap einstakra nytjastofna, rannsókna á hrygningunni og því sem þar gerist og ekki síst rannsókna á mikilvægi þess að hrygningarstofninn sé samansettur á tiltekinn hátt, þ.e. að stórfiskurinn sem leggur kannski til öflugustu hrognin eða seiðin sé til staðar.

Ég held að það sé rétt sem hefur komið fram í máli margra að það þarf að beina sjónum meira að og reyna að stýra meira með tilliti til hluta eins og þess að sókninni sé ekki beinlínis beint í stærsta fiskinn. Við vitum það öll að bátar hafa róið með því hugarfari, jafnvel beinlínis með þeim fyrirmælum, að aflinn sem kæmi í land væri allur saman 8 kíló plús eða hvað það nú er kallað.

Ég er sömuleiðis þeirrar skoðunar, eins og hér hefur verið nefnt af fleirum, að flottrollsnotkunin sé mikið umhugsunarefni þótt ekkert annað kæmi til en það einfaldlega hversu gríðarlega stór og umfangsmikil þau veiðarfæri eru í geimnum. Þetta eru margir fótboltavellir sem eru dregnir þarna galopnir um stór hafsvæði og engin ástæða til að efast um að veruleg afföll verða á seiðum og ungviði margra tegunda sem kannski eiga í hlut. (Forseti hringir.)

Það er að mörgu að hyggja í þessum efnum og mikilvægt, frú forseti, að menn efli rannsóknir og takist á við þetta af einurð.

[13:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Oft hefur reynda fiskiskipstjóra og fiskifræðinga greint á um margt sem snýr að veiðum og viðhaldi þorsksins. Upp úr 1960 voru áhugaverðar deilur milli fiskiskipstjóra í Bolungarvík, Hálfdáns Einarssonar og Jakobs Þorlákssonar, og fleiri vestfirskra og breiðfirskra skipstjóra um hvort þorskurinn hryggndi yfirleitt í Breiðafirði. Á þeim tíma töldu fiskifræðingar þetta nánast útilokað og til lítils gagns fyrir þorskinn. Hrygning þorsksins við Suðvesturland væri það sem réði öllu um viðhald og vöxt þess eina þorskstofns sem vísindin töldu þá vera við landið. Nú vita menn betur og þorskurinn hrygnir þar sem skilyrði eru til þess.

Skipstjórar töldu nótaveiðar af stórþorski vondar fyrir viðhald stofnsins á árunum 1964–1968 þegar þær voru loks bannaðar. En forsvarsmenn Hafró sögðu þá að svona gamlir þorskar væru að deyja úr elli hvort sem væri og ástæðulaust annað en að veiða þá. Þennan stórþorsk töldu skipstjórar viðhald þorskstofnsins og Guðrún Marteinsdóttir hefur komist að því nýlega með rannsóknum sínum að stórþorskur skiptir miklu máli sem trygging fyrir lífvænlegar þorsklirfur og síðan seiði. Það er oft gott sem gamlir kveða.

Oft hafa skipstjórar haldið því fram að þorskfjölskyldur við landið væru margar og að stofnar væru í flóum og fjörðum. Um þetta deildu menn hér áður og fyrr en nú hefur verið sýnt fram á að þannig eru lífsskilyrði þorsksins, að það eru margir minni stofnar.

Innkoma þorsksins og ýsunnar í firði og flóa fyrir vestan, norðan og austan hefur verulega breytt atvinnuháttum á þeim svæðum. Rækjan sem áður var uppistaða atvinnu á hausti og vetri er nú ekki lengur til staðar og íbúarnir fá ekki að veiða fiskinn.

Fiskifræðin hefur oft verið sett fram sem trúarbrögð og aðfinnslur sjómanna sagðar vega að starfsheiðri manna (Forseti hringir.) á Hafrannsóknastofnun. Slíkt fær auðvitað ekki staðist, virðulegur forseti.

[13:51]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka málshefjanda, hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni, fyrir að taka þetta mál hér upp og jafnframt þakka ég hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir hans svör.

Það má öllum ljóst vera að uppbygging þorskstofnsins hefur ekki gengið sem skyldi sem eru töluverð vonbrigði á meðan stofn fjölmargra annarra fisktegunda hefur stækkað. Ef við skoðum söguna hefur á sl. 30 árum verið veitt umfram veiðiráðgjöf. Þetta gerðist mest á árunum 1974–1994 en síðustu 10 ár hefur ekki verið farið eins mikið fram úr veiðiráðgjöf. Með því að leggja af sóknardagakerfið og færa það yfir í krókaaflamarkskerfið hefur aflamarkskerfið orðið markvissara og veiðar á þorski munu að jafnaði vera nálægt núverandi aflareglu sem er 25% en oft hefur verið veitt allt að 30%.

Það er einnig mikilvægt fyrir Hafrannsóknastofnun að nálgast sjómanninn og hagsmunaaðila betur og ég fagna þeirri fundaherferð sem farin hefur verið um landið þar sem þessi mál eru rædd af hreinskilni og reynt að fá botn í ýmsa þætti.

Margir hafa rætt um áhrif loðnuveiða á þorskstofninn. Það er ljóst að þorskur hefur haft takmarkaðan aðgang að loðnu á undanförnum árum. Loðnan hefur haldið sig langt utan við íslenska landgrunnið og hegðunarmynstur hennar á undanförnum árum hefur breyst mikið. Því tel ég að nótaveiðar á loðnu hafi takmörkuð áhrif á þorskstofninn.

Virðulegi forseti. Það eru hins vegar skiptar skoðanir með áhrif flottrollsveiða á loðnu- og þorkstofninn. Hafrannsóknastofnun er komin með búnað til að mæla þessi áhrif og það er mikilvægt að niðurstöður þeirra rannsókna liggi fyrir svo fljótt sem verða má. Að því loknu þarf að taka ákvörðun um hvort leyfa eigi flottrollsveiðar á loðnu.

Flestir fiskstofnar okkar hafa verið að vaxa. Þorskurinn hefur átt erfitt uppdráttar um allan heim og ég tel að það eigi eftir að rannsaka marga þætti. Það er ágreiningur meðal fræðimanna um hvað sé að gerast í lífríkinu. Hvað hefur t.d. stækkandi hvalastofn mikil áhrif á þorskstofninn? Er nóg æti í sjónum? Hvað með veiðarfærarannsóknir? Er dánarvísitala þorsks vanmetin? Er eitthvað annað að gerast í lífríkinu sem við höfum ekki áttað okkur á þrátt fyrir miklar rannsóknir? Þorskstofninn er ekki að hrynja en það er spurning hvað það tekur langan tíma að byggja hann upp. Því er ánægjulegt að Hafrannsóknastofnun skuli fá 100 millj. í viðbót í starfsemi sína til að auka enn frekari rannsóknir og fjölga útgerðardögum á hafrannsóknaskipum (Forseti hringir.) sínum. Það er mjög mikilvægt í þessari stöðu.

[13:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Staða þorskstofnsins og ástand hans veldur eðlilega mörgum heilabrotum. Vísindamenn á Hafrannsóknastofnun standa á þeirri skoðun sinni að stærð

hrygningarstofnsins ráði úrslitum um nýliðunina og telja sig sjá þetta á því að nýliðun hafi verið marktækt lélegri eftir að hrygningarstofninn dróst saman á 9. áratugnum. Það er í þessu sambandi athyglisvert að það er ekki hægt að sjá samhengi milli nýliðunar í færeyska þorskstofninum og stærðar hans. Sá stofn er nú ekki nema 10% af íslenska þorskstofninum en hann er auðvitað þorskur líka.

Menn hljóta að þurfa að gefa gaum að fleiri þáttum sem gætu ráðið miklu um nýliðun og afkomu íslenska þorskstofnsins. Það er t.d. ástæða til að skoða hvort nýting loðnustofnsins sem náði hámarki sínu einmitt líka á 9. áratugnum geti leikið þarna stórt hlutverk. Var það einhver tilviljun að þorskgöngurnar hrundu í kjölfar loðnugangnanna hvern vetur áður fyrr? Var það einhver tilviljun að mesta hryngingin fór fram við suðvesturhorn landsins þar sem mest hrygndi af loðnunni? Er það þá tilviljun að þar dróst hryngingin líka mest saman? Þetta hefur stofnunin ekki skoðað þó að nýting loðnustofnsins hafi verið undir vísindalegu eftirliti hennar allan tímann.

Það er líka ástæða til að velta fyrir sér að á sömu árunum og við erum hér að tala um breyttu Íslendingar veiðiháttum sínum gríðarlega mikið, fóru að veiða meira, meira með botnlægum veiðarfærum, dregnum veiðarfærum, trolli. Þetta hefur ekki heldur verið rannsakað. Á sínum tíma kom það fram sem afstaða stofnunarinnar að henni væri svo sem alveg sama hvernig þorskurinn væri drepinn, það kæmi þeim ekkert við á Hafró, aðalatriðið væri bara að hann væri drepinn.

[13:55]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Virðulegur upphafsmaður þessarar umræðu hóf mál sitt á því að segja að í raun væri lítt að marka þá sem fjölluðu um og tjáðu sig um þorskveiðar og horfur í þeim efnum en hóf síðan að deila úr djúpum viskubrunni sínum, rétt eins og Messías þorskfræðanna. Staðreyndin er einfaldlega sú að við vitum afskaplega lítið um þessi mál. Sannarlega hefur gengið hægt að byggja upp þorskstofninn hér síðustu 20 árin en þá skulu menn ekki gleyma því hvert ástand hans var fyrir 22 og 25 árum en það má þó segja að það hafi gengið skár hér en víðast annars staðar við Norður-Atlantshaf.

Óvissustofnar, óvissuþættir í þessum fræðum, eru sannarlega miklir enda flókið kerfi sem verið er að fjalla um. Hvaða áhrif hefur breytt hitastig á hegðan og mynstur þorsksins, breytt seltustig, hvað um þann þorsk sem er sagður liggja á 1.000–1.500 metra dýpi, grænlenska stofninn, hvað með áhrif breytts göngumynsturs loðnunnar á veiðihorfur í þorski eða hvaða áhrif hafa miklar veiðar á loðnustofni á þorskinn? Hvað með sandsíli? Þannig má áfram telja. Að ekki sé minnst á blessaðan hvalinn, hver eru áhrif hans á þorskstofninn?

Við erum hér í rauninni að fjalla um afar flókið og mikið lífríki, og hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er í rauninni sú að við vitum afskaplega lítið um einstaka þætti þessa lífríkis, hvað þá ef kemur að samspili þeirra. Hvert er þá svarið og hver eru eðlileg viðbrögð okkar? Það er að sjálfsögðu að rannsaka, og rannsaka meira, bæði af vísindamönnum, með sjómönnum og þar fram eftir götunum. Meðan þær rannsóknir standa yfir hlýtur blessaður þorskurinn að njóta vafans.

[13:57]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér ræðum við um stöðu þorsksins og þorskstofnanna og það er í sjálfu sér fyllilega tilefni til. Þorskveiðarnar og vinnsla á þorski eru meðal undirstöðuatvinnugreina þjóðarinnar, hafa verið og verða áfram.

Það er mjög mikilvægt, og við höfum lagt áherslu á það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að veiðarnar séu stundaðar á sjálfbæran hátt, vistvænan hátt, og við gjöldum varhuga við því ef við vitum ekki hvaða áhrif þær hafa, t.d. hin ýmsu veiðarfæri. Rannsóknir á veiðarfærum og áhrifum þeirra hafa verið allt of takmarkaðar hér en vonir standa til að þær verði auknar.

Það sem mér finnst koma athyglisvert fram hjá Hafrannsóknastofnun er að nú er viðurkennt að þorskurinn í kringum landið er samsettur af allmörgum hrygningarstofnum, jafnvel staðbundnum. Það hefur líka áhrif á hvaða fiskveiðistjórnarkerfi við byggjum upp því að það kerfi sem við höfum nú búið við, kvótakerfið, hefur gert ráð fyrir því að þorskurinn sé einn stofn og fari nánast fyrirstöðulaust kringum landið og megi veiða hann hvar sem er. En nú, þegar búið er að viðurkenna að þorskurinn er kannski fjölstofnahópur — þetta var reyndar þekkt meðal ferskvatnsfiska, við þekkjum þetta meðal bleikjunnar, meðal laxfiska — er líka ástæða til að kanna hvort ekki eigi að fara að gefa út staðbundnar veiðiheimildir þannig að hægt sé að stokka upp þetta allsherjarkvótakerfi sem byggt hefur verið upp. Mér finnst að forsendur fyrir því séu í sjálfu sér orðnar mjög veikar en staðbundin fiskveiðistjórn og (Forseti hringir.) fiskveiðiheimildir séu það sem eigi að huga að, frú forseti.

[14:00]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði að ég hefði ausið úr viskubrunni mínum. Það er ekki alveg rétt. Það er nú svo að hv. þm. Hjálmar Árnason verður seint sakaður um að vera bjartasta ljósaperan í annars frekar fátæklegri jólaseríu Framsóknarflokksins þegar þingmenn eru annars vegar. En ég get alla vega upplýst hann um það, svo hann verði aðeins vitrari fyrir vikið, að ég var að lesa upp úr upplýsingum, tölur úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar. Þetta er sú viska sem er fyrir hendi á Skúlagötu 4 og mér datt í hug að nota hana sem grundvöll fyrir þessa umræðu. Þetta eru þær staðreyndir sem stjórnvöld á öðrum tímum segjast styðjast við þegar um fiskveiðistjórn er að ræða.

Nú koma menn hér upp og segja að þetta séu svo ófullkomin vísindi að við vitum ekki neitt og þá spyr ég aftur: Hvar erum við eiginlega stödd? Ég tel að við séum á mjög alvarlegum refilstigum og kannski vitum við ekki hvar við erum stödd. Það kom vel fram í svari hæstv. sjávarútvegsráðherra sem svaraði í raun og veru í engu spurningum mínum um horfur varðandi þorskstofninn. Hann óð úr einu í annað en fátt af því var bitastætt.

Ég tel augljóst hvað þarf að gera. Við þurfum að ná upp fallþunganum hjá þorskinum. Við þurfum að auka framboð á æti á grunnslóðinni. Það gerum við með því að draga

markvisst úr loðnuveiðunum, ganga hiklaust þar til verks. Þetta er einfalt mál. Formaður sjávarútvegsnefndar flissar í sæti sínu. Þetta er mjög alvarlegt mál, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson. Við eigum ekki að hlæja að þessu. Fólkið í þínum heimabæ, Vestmannaeyjum, á allt undir því að okkur takist að byggja upp þennan þorskstofn. Það hefur okkur mistekist á 20 árum.

Það var talað um það hvernig ástandið hefði verið þegar við byrjuðum? Ég fór yfir það. Það stendur í skýrslunni. Þá var veiðistofninn rétt um milljón tonn, núna 700 þúsund tonn. Svo sitja menn hér og hlæja.

[14:02]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í þessari umræðu að menn eru almennt sammála um að uppbygging þorskstofnsins hefur alls ekki tekist og ég held að við þurfum í sjálfu sér ekkert að deila um það. Mér finnst hins vegar ástæða til að árétta hér að skýrsla Hafrannsóknastofnunar, sem við höfum verið að vitna til, er ekki svört skýrsla um þorskinn. Það er ekkert tilefni til þess að túlka hana þannig.

Ef ég fer síðan yfir umræðuna, sem í meginatriðum hefur verið málefnaleg, stendur það upp úr að menn kalla fyrst og fremst eftir tvennu. Í fyrsta lagi segja menn: Við þurfum að auka veiðarfærastýringuna. Ég er sammála því. Það er rétt sem menn hafa verið að segja að það er ekki bara spurning um magnið sem við tökum heldur líka hvernig við tökum það magn. Það skiptir mjög miklu máli. Það er t.d. alveg ljóst að við höfum gengið of nærri stærsta þorskinum. Það er engin spurning um það og það sjáum við m.a. á öllum þeim tölum sem við höfum handbærar. Það liggur líka fyrir, sem hefur komið fram hér í umræðunni, að stærsti þorskurinn er auðvitað langverðmætastur fyrir hrygninguna því það er ekki bara spurningin um nýliðunina heldur líka hvernig þeim seiðum reiðir af.

Í annan stað hafa menn bent á, sem ég tek líka undir, að við þurfum sérstaklega að hyggja að fæðuframboðinu. Það er augljóst mál að loðnan skiptir þar langmestu máli. Breytt göngumynstur loðnunnar er mikið áhyggjuefni. Líklegasta skýringin á því er sú að skilyrði hafa breyst í sjónum en þá vaknar líka spurningin um áhrif veiðarfæranna, eins og ég hef margnefnt — aðferðir við loðnuveiðarnar hafa breyst.

Ég nefndi áðan að ég teldi ástæðu til þess að hyggja að því að takmarka frekar flottrollsveiðarnar, takmarka þær frekar heldur en við höfum verið að gera núna vegna þess að við sjáum að loðnan er ekki að ganga vestur fyrir Reykjanesið inn á sitt hefðbundna hrygningarsvæði. Það er auðvitað ein ástæða fyrir því að aðgengi þorsksins að loðnunni hefur ekki verið eins og við höfðum ætlað og hefði verið nauðsynlegt. Það er því vissulega rétt að við þurfum að spila saman annars vegar mál sem snýr að fæðuframboðinu og hins vegar að veiðarfærastýringunni. Ég tek undir það.

Um fundarstjórn.

Ummæli í utandagskrárumræðu.

[14:05]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér fór fram umræða utan dagskrár um ástand þorskstofnsins. Út af fyrir sig var sú umræða mjög fróðleg og málshefjandi hafði mikið til málanna að leggja enda fiskifræðingur og vel heima í þeim efnum. Hins vegar fannst mér hv. málshefjandi í síðari ræðu sinni viðhafa ummæli sem að mínu mati eiga ekki heima í þingsölum. Hann vék á niðrandi hátt — ekki að málflutningi þingmanna Framsóknarflokksins heldur að skoðunum sínum á vitsmunum þeirra og gáfnafari. Ég verð að segja, virðulegur forseti, að mér finnst alveg óþarfi að menn heyi pólitíska umræðu á þessum nótum. Ég vil mælast til þess af hæstv. forseta að hann ræði þetta við hv. þingmann og leitist við að færa hina pólitísku umræðu í þingsölum í málefnalegan farveg.

[14:06]

Útbýting:

Íbúðalán banka og sparisjóða, 336. mál, svar viðskrh., þskj. 543.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 327. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 555; brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 556.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 326. mál (hækkun sjómannaafsláttar). — Þskj. 358, nál. 544.

[14:06]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Nefndarálitið kemur fram á þskj. 544. Ég ætla ekki að lesa það sérstaklega en um er að ræða breytingu á tveimur atriðum, þ.e. hækkun á grunnfjárhæð sjómannaafsláttar í samræmi við hækkun persónuafsláttar sem ákveðin var haustið 2004 til þriggja ára og enn fremur breytingu á dagsetningu, hvenær miðað skuli við búsetu manna í þjóðskrá, frá 1. desember til 31. desember.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að nauðsynlegt væri að taka á vandamálum sem koma upp varðandi álagningu eignarskatts, sem búið er að leggja niður, á fyrirtæki sem hafa annað rekstrarár og framtalsár en almanaksárið. Fram komu hugmyndir um lausn á þeim vanda sem nefndin flytur sem breytingartillögu. Greinargerð með því máli liggur fyrir á þskj. 544 og ég ætla ekki að lesa það frekar, frú forseti.

Nefndin leggur fram smávægilega breytingu á gildistöku þessa ákvæðis, þ.e. um dagsetninguna, 31. desember, þannig að það taki gildi 1. janúar 2006. Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum sem fram koma í nefnd-

arálitinu, þskj. 544. Þar kemur fram sú breyting sem gerð er á 2. gr. og varðar hún eignarskattsálagningu á fyrirtæki sem hafa annað rekstrarár en almanaksárið og síðan ákvæðið um að ákvæði 2. gr. öðlist gildi 1. janúar 2006.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller, Ögmundur Jónasson og Siv Friðleifsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingarsamningar, 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (heilsutryggingar og áhættulíftryggingar). — Þskj. 378, nál. 545.

[14:09]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga. Nefndarálitið kemur fram á þskj. 545 og ætla ég að sleppa því að lesa fyrri hlutann.

Við athugun nefndarinnar á málinu kom í ljós að gildissvið 61. gr. laganna sem fjallar um persónutryggingar þykir fullvíðtækt, einkum með tilliti til kjarasamninga launþega á vinnumarkaði. Slysatryggingar launþega munu falla undir ákvæði laganna um hóptryggingar en slíkar tryggingar hafa hingað til verið, og verða áfram, tryggðar með kjarasamningum aðila á vinnumarkaði. Framkvæmd kjarasamningsbundinna trygginga hefur þótt einföld í framkvæmd og haft í för með sér tiltölulega lítinn kostnað við umsýslu og er því ekki ástæða til að hrófla við þeim. Nefndin leggur því til að undanþáguákvæði 4. mgr. 61. gr. laganna verði víkkað og látið ná til persónutrygginga launþega samkvæmt kjarasamningum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu: Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Við 4. mgr. 61. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá gilda ákvæði um hópvátryggingar í þessum hluta laganna ekki um persónutryggingar launþega samkvæmt kjarasamningum.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Kristján L. Möller, Ásta Möller, Ögmundur Jónasson, Siv Friðleifsdóttir og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslunaratvinna, 2. umr.

Stjfrv., 345. mál (EES-reglur, höfundarréttargjald). — Þskj. 379, nál. 547, brtt. 548.

[14:11]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (fylgiréttargjald). Nefndarálitið er á þskj. 547 og þar kemur fram hverjir komu fyrir nefndina, hverjir skiluðu umsögnum og það að markmiðið með frumvarpinu sé að innleiða listmunauppboðsákvæði tilskipunar Evrópusambandsins og ráðsins, um rétt höfunda til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt).

Við umfjöllun málsins kom fram það sjónarmið að óeðlilegt væri að ríkið innheimti sem skatt fjármuni sem renna eiga til einkaaðila. Jafnframt var því velt upp hvort umfang innheimtunnar væri svo lítið að kostnaður vegna hennar stæði ekki undir tekjunum.

Þá var gerð tillaga sem kemur fram í nefndaráliti, þ.e. rætt var um að breyta reglugerðarheimild og taka burt að hafa þyrfti samráð við ákveðinn aðila, heldur talað um hagsmunaaðila.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Kristján L. Möller, Ásta Möller, Ögmundur Jónasson, Siv Friðleifsdóttir og Lúðvík Bergvinsson.

Frú forseti. Ég vildi gjarnan geta þeirrar skoðunar minnar að ég tel mjög óeðlilegt og jafnvel ekki samrýmast stjórnarskránni að ríkið innheimti sem skatt gjöld eða fjárhæðir sem síðan renna til einkaaðila eins og hér er um að ræða. Þegar menn kaupa listaverk og selja þau síðan sem eign sína kynni maður að halda að þeir ættu þessa eign og þyrftu hugsanlega að sæta því að borga höfundarréttargjöld til listamannsins — ríkið á ekki að koma inn í það að innheimta þau höfundarréttargjöld fyrir listamanninn, ekkert frekar en ríkið kemur ekki inn í þegar innheimt eru alls konar gjöld sem menn eiga rétt á í þjóðfélaginu. Í stjórnarskránni er kveðið mjög nákvæmlega á um skatta, hvernig leggja eigi á að skatta. Það má eingöngu gera með lögum og að sjálfsögðu eiga skattar að renna til ríkis og sveitarfélaga. Það er mjög óeðlilegt að ríkið sé notað, og sá styrkur sem innheimta ríkisins hefur til skattheimtu, þegar hinar innheimtu fjárhæðir renna síðan til einkaaðila, einkafyrirtækja eða samtaka slíkra aðila.

[14:15]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Samstaða er um það í efnahags- og viðskiptanefnd að standa að þessum lagabreytingum sem eru eins konar aðlögun að tilskipun frá Evrópusambandinu og á að gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði. Það varð nokkur umræða um það í nefndinni hvaða hlutfall ætti að innheimta vegna sölu á listaverkum. Það sjónarmið kom fram í umræðunni, þó að það sé ekki að finna í nefndarálitinu, að eðlilegt væri að taka það mál til skoðunar í framtíðinni þótt

niðurstaðan yrði sú sem raun ber nú vitni.

Ég kveð mér þó fyrst og fremst hljóðs til að ræða atriði sem er hv. formanni efnahags- og viðskiptanefndar hjartfólgið og hann gerði að umtalsefni hér, innheimtu gjalda fyrir aðra óskylda aðila. Mér finnst ekkert óeðlilegt við að ríkið hafi milligöngu um að innheimta þetta gjald sem er eins konar höfundarréttargjald til listamanna eða erfingja þeirra. Mér finnst ekkert óeðlilegt við það en því segi ég að þetta sé hv. þingmanni hugleikið að hann hefur oft orðað þetta varðandi innheimtu á stéttarfélagsgjöldum og þykist ég vita að hann sé að feta sig inn á þær slóðir í umræðunni. Það kemur fram í nefndaráliti að orðað hafi verið að mönnum þætti óeðlilegt að ríkið innheimti sem skatt fjármuni sem renna eiga til einkaaðila. Þótt það sé alveg rétt að það hafi verið orðað í nefndinni vil ég taka fram að það er ekki sjónarmið allra nefndarmanna.

[14:17]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að rætt var um það hvort þyrfti að bregða frá reglugerð Evrópusambandsins sem kveður á um lágmark, þ.e. 4% upp að 50 þús. evrum. Það má fara hærra og það var farið hærra, upp í 10% upp að 3 þús. evrum og síðan 5% upp að 50 þús. evrum í staðinn fyrir 4%. Þetta var rætt í nefndinni, kostir og gallar beggja leiða. Það er rétt hjá hv. þingmanni að þetta vantaði kannski í nefndarálitið.

Það er þó ljóst að of há gjöld geta hamlað uppboðum þar sem menn selja þá kannski frekar beint eða í gegnum listaverkasala og geta þannig óbeint komið eigendum slíkra listaverka í koll og þar með listamanninum sjálfum. Þá minnkar óhjákvæmilega eftirspurn eftir listaverkum.

Þetta var rætt í nefndinni og hefði með réttu átt að koma fram í nefndaráliti.

Varðandi innheimtu ríkisins á ýmsum gjöldum fyrir einkaaðila og félagasamtök — það er rétt að þetta er mér hjartfólgið vegna þess að ég hef svarið eið að stjórnarskránni, herra forseti. Ég les út úr henni að skatta megi ekki leggja á nema með lögum og ríkið getur ekki innheimt annað en skatta og þóknunargjöld af borgunum. Þóknunargjöld eru þess eðlis að menn fá þjónustu í samræmi við gjaldið sem þeir borga og skattar eru þá allt annað, þ.e. þegar ríkið innheimtir eitthvað þegar þjónustan sem veitt er stendur ekki alveg undir því eða engin þjónusta er veitt í staðinn. Skattar eiga að renna til, samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu á sköttum, opinberra aðila, þ.e. til ríkis eða sveitarfélaga. Aðrir eiga ekki að njóta skatta.

Við erum hins vegar með töluvert mikið í lagasafninu af slíkum gjöldum. Ég nefni fiskræktargjald sem er í lögum um lax- og silungsveiði, iðnaðarmálagjald, skyldugreiðslu opinberra starfsmanna til stéttarfélaga opinberra starfsmanna, hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki. Mönnum er gert að borga í stéttarfélag opinberra starfsmanna þótt þeir séu ekki félagar og þótt þeir vilji ekki vera félagar og þótt þeir séu á móti þeirri stefnu sem félagsskapurinn predikar, t.d. í sambandi við að vatnsréttarmál séu mannréttindi. Það er ekki víst að allir opinberir starfsmenn vilji skrifa upp á það en þeir verða samt sem áður að borga undir þá skoðun. Það má náttúrlega segja að það brjóti ákvæði stjórnarskrárinnar um skoðanafrelsi.

Ég hef unnið að því og flutt um það frumvörp, og mun halda áfram að flytja frumvörp um það, að ríkið hætti að innheimta gjöld fyrir aðila þar sem fjármunir renna til einkaaðila.

[14:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er alveg guðvelkomið að taka þessa umræðu ef hv. þm. Pétur H. Blöndal óskar eftir því að ræða um gildi stéttarfélaga á þessum næstsíðasta degi þingsins fyrir jól. Það er alveg sjálfsagður hlutur. Hann hlýtur að hafa einhverja sérstaka kvöð og helsi af því að fólk taki þátt í stéttarfélagsvinnu og að fólk greiði til stéttarfélaga jafnvel þótt það sé ekki félagar í viðkomandi félögum. Ég vil benda hv. þingmanni, og öllum sem orð mín heyra, á að allir, hvort sem þeir eru í stéttarfélaginu eða standa utan þess, njóta þeirra kjara sem stéttarfélagið hefur náð fram í sínu starfi. Gildir þá einu hvort um er að ræða lífeyrisréttindi, veikindarétt eða önnur kjör sem launafólk býr við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 363. mál (framlenging á lækkun gjalds). — Þskj. 414, nál. 551.

[14:23]

Frsm. ehf.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum. Nefndarálitið kemur fram á þskj. 551 og ætla ég ekki að lesa það en þetta mál var rætt samhliða 327. máli í nefndinni. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Hv. þm. Kristján L. Möller, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Birgir Ármannsson, Kristján L. Möller, Ásta Möller, Ögmundur Jónasson, Siv Friðleifsdóttir og Lúðvík Bergvinsson, og sum með fyrirvara eins og fyrr var getið.

[14:25]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem við ræðum hér, um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum, er ágætisfrumvarp. Þar er verið að framlengja tímabundna lækkun á olíugjaldinu um 4 kr., úr 45 kr. í 41 kr., á hvern lítra af gjaldskyldri olíu fram til 1. júlí á næsta ári. Þetta er m.a. gert til að bregðast við tímabundinni óhagstæðri þróun á heimsmarkaði á dísilolíu, sem ég held að sé reyndar ekki tímabundin. Ég held frekar að þróunin verði til frambúðar á þann veg að ég reikna með að við eigum eftir að fá eitthvert svona frumvarp í lok þings næsta vor. Við eigum þá eftir að framlengja

þetta frá 1. júlí 2006 vafalaust í sex mánuði í viðbót.

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, erum við, fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs í efnahags- og viðskiptanefnd, með fyrirvara á nefndaráliti okkar. Sá fyrirvari var vegna þess að við höfðum óskað eftir skriflegum gögnum frá fjármálaráðuneyti um heildarsölu á olíu til þess að reyna að gera okkur grein fyrir hver salan væri. Ég tek skýrt fram að hv. formaður nefndarinnar, Pétur H. Blöndal, beitti sér fyrir því að þau gögn bærust. Þau hafa hins vegar ekki borist. Ég vil taka fram að ég átti samtal við annan fulltrúa fjármálaráðuneytisins sem kom fyrir nefndina og ræddi þetta áðan. Ég geri ekki athugasemdir þótt þau skriflegu svör hafi ekki borist vegna þess að enn þá er svolítið erfitt að gera sér grein fyrir þessu.

Þó er rétt að taka fram að sölutölur fyrir júlí, ágúst og september liggja fyrir, 30 millj. lítra af olíu sem bera olíugjald. Það er rétt að taka fram að þetta eru auðvitað söluhæstu mánuðir ársins.

Á næstunni er einmitt verið að skila fyrir októbermánuð þannig að enn þá er erfitt að gera sér grein fyrir hver heildarsalan er og hverjar skatttekjur ríkisins af virðisaukaskattinum og olíugjaldi til Vegagerðarinnar verða. Það setur málið auðvitað í smáóvissu. Ég vildi taka þetta fram, virðulegi forseti, vegna þessa fyrirvara sem við, þessir hv. þingmenn, setjum við nefndarálitið.

Það er auðvitað dálítið bagalegt að enn skuli vera á floti hvaða tölur eigi að nota í þessu sambandi og stemmir ekki það sem notað er við fjárlög, það sem Vegagerðin notar og þriðju töluna hef ég einhvers staðar séð, um 90 millj. lítra. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan styðjum við, fulltrúar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem sæti eigum og fulltrúar þeirra á þingi, þessa lækkun vegna þess að hún er góð. Hún staðfestir það að ríkisstjórnin gekk of langt þegar olíugjaldið var sett í 45 krónurnar. Þetta er allt of hátt gjald.

Ég vil líka geta þess, virðulegi forseti, að í frumvarpi sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri þingmenn Samfylkingar fluttu hér á þingi, 30. mál þessa þings, er fjallað um meiri lækkun á olíugjaldi, úr 41 kr. í 37 kr. Þar er líka lækkun á bensíngjaldinu vegna hins háa heimsmarkaðsverðs. Það frumvarp er í vinnslu í hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Við viljum trúa því og treysta, og hvetjum hv. formann nefndarinnar, að það frumvarp fái umfjöllun og verði skoðað í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 556. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 327. mál (sérstakt kílómetragjald). — Þskj. 359, nál. 549 og 555, brtt. 550 og 556.

[14:31]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Nefndarálitið er á þskj. 549 og er þar getið um gesti og umsagnir og eins er lýsing á frumvarpinu sem lagt var fram. Þá kemur fram að meiri hlutinn leggur áherslu á að leitað verði leiða til að þau ökutæki sem heimild hafa til að nota litaða olíu verði sérstaklega auðkennd, t.d. á númeraplötu eða með miða í framrúðu.

Við umfjöllunina var varpað fram spurningu um ábyrgð afgreiðslumanna olíufélaganna. Í því sambandi var bent á að olíufyrirtæki bæru samkvæmt ákvæðum laganna ábyrgð á greiðslu gjalds af gjaldskyldri olíu og litun ógjaldskyldrar olíu, auk þess sem þeim bæri að tryggja að ógjaldskyld, ólituð olía til skipa færi ekki til annarra nota. Í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur fram að litaða olíu megi ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilvikum en lýst er í 1. mgr. þeirrar greinar. Af þessu má álykta að notandinn beri ábyrgð á því að lituð olía verði ekki notuð nema samkvæmt þeim heimildum í 1. mgr. greinarinnar sem þar er getið um. Meiri hlutinn telur því að starfsmenn olíufélaga beri ekki ábyrgð á afgreiðslu olíunnar.

Meiri hlutinn undirstrikar það sem kom fram í áliti 1. minni hluta í 849. máli 130. löggjafarþings, þ.e. að endurgreiðslur sem bændur fengu á grundvelli laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, en misstu við gildistöku laga um olíugjald og kílómetragjald, verði bættar þeim með einhverjum hætti.

Fram kom við umfjöllunina að ekki hefðu orðið breytingar á áformum Evrópusambandsins að taka í notkun mælitæki í bifreiðar árið 2011 til að mæla notkun á vegum eins og fram kom í fyrrgreindu nefndaráliti 1. minni hluta. Móta þurfi stefnu í álagningu umhverfisskatta á brennsluefni og notkunarskatta (þjónustugjalda) fyrir vegi fram til þess tíma.

Meiri hlutinn leggur til að gjaldskrá sérstaks kílómetragjalds verði breytt frá því sem kveðið er á um í 4. gr. frumvarpsins. Ástæða þess er tvíþætt. Lagt hefur verið fram frumvarp um að framlengja skuli tímabundna lækkun á olíugjaldi úr 45 kr. í 41 kr. til 1. júlí 2006, sbr. 363. mál sem við ræddum hér rétt áðan. Það hefur áhrif á sérstakt kílómetragjald þar sem gæta þarf jafnræðis í skattlagningu þyngri ökutækja sem borga bæði olíugjald og kílómetragjald í samræmi við núgildandi lög. Í öðru lagi er byggt á nákvæmari og samhæfðari eyðslutölum þyngri ökutækja sem fengust frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, nokkrum bifreiðaumboðum og Samtökum iðnaðarins. Þannig næst meira jafnræði í gjaldtöku milli ökutækja til sérstakra nota sem aka á gjaldfrjálsri olíu og annarra ökutækja svipaðrar gerðar miðað við sambærilegan akstur í almenna vegakerfinu.

Samkvæmt frumvarpinu eiga allar dráttarvélar að fá heimild til að nota gjaldfrjálsa litaða olíu þar sem þær eru oftast notaðar sem vinnuvélar. Þess vegna leggur meiri hlutinn til að eftirvagnar sem eru þyngri en 5.000 kg og eru dregnir af dráttarvélum greiði sérstakt kílómetragjald. Undanþegnir gjaldskyldu eru eftirvagnar sem dregnir eru af bifreið á beltum eða dráttarvél og nær eingöngu notaðir utan opinberra vega. Með þessu er m.a. átt við eftirvagna í eigu bænda sem nýttir eru við eða innan landareignar lögbýla.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Ásta Möller og Siv Friðleifsdóttir.

Herra forseti. Ég vildi gjarnan geta þess að nokkuð var rætt í nefndinni um hversu flókið þetta kerfi væri orðið og að það væri sífellt að verða flóknara. Ég held að sé rétt að minna á að öll flæking kerfa kostar mikið og hv. þingmenn ættu að vinna að því að reyna að finna einfaldara form á þessari gjaldtöku og það sé haft í huga til framtíðar.

[14:37]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langaði að gera hér litla fyrirspurn og hún er þess eðlis að ég vil vera viss um að ég hafi skilið það rétt að þetta sé þriðja leiðin til innheimtu olíugjalds. Ef þetta frumvarp verður að lögum er þá farin þriðja leiðin til innheimtu olíugjalds? Þá vil ég jafnframt spyrja: Var sú leið athuguð hvort ekki mætti leggja eitt gjald á alla dísilolíu sem notuð er á landi, eitt gjald líkt og gert er í bensíninu?

Mig langaði jafnframt að kanna hvort menn hefðu reynt að skoða þann kostnað sem hlýst af eftirlitskerfinu sem verður ef þetta frumvarp verður að lögum. Hver verður sá kostnaður í raun ef þetta frumvarp verður að lögum?

[14:38]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar þessi lög voru samþykkt á árinu 2004 var vissulega um það rætt að taka upp eitt gjald fyrir olíu til einföldunar. Þá var líka rætt um kostnaðinn við þessa flækingu sem ég nefndi áðan en menn töldu sér ekki fært, engu að síður, vegna hinna mjög mismunandi hagsmuna sem um er að ræða að fara þá leið. Þarna mætast hagsmunir landsbyggðar og þéttbýlis varðandi samkeppni og líka það að olía er mikið notuð á báta og skip. Menn sáu því ekki aðra leið en að fara þá leið sem farin er víða í löndunum í kringum okkur, þ.e. að taka upp litaða olíu. Meginmarkmið þeirra laga var það að gera mögulegt að flytja inn dísilbifreiðar til einkanota og það hefur sýnt sig að það hefur að einhverju leyti tekist.

[14:39]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal talar um að það kynni að verða mismunun ef sú leið hefði verið farin að hafa eitt gjald á allri olíu. Ég hygg nefnilega að það geti ekki síður orðið mismunun með því að fara þá leið sem nú er lögð til sem er koma upp þriðju aðferðinni við að innheimta gjaldið. Það verður mismunun bæði milli landsbyggðar og þéttbýlis og ekki síður gagnvart atvinnurekstrinum sem slíkum. Atvinnureksturinn er að tækja sig upp með tilliti til skattlagningar sem þessarar og má þar nefna t.d. að notuð er lituð olía á búkollur til stórframkvæmda og þessi skattur því ekki borgaður af þeim. Því má búast við að þær verði notaðar í miklu meira mæli en annars hefði verið. Atvinnulífið fer að fjárfesta í annars konar tækjum einmitt vegna þess að verið er að mismuna hinum ýmsu útfærslum á tækjum með þessu gjaldi. Ég óttast að það komi niður á okkur síðar meir.

[14:40]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegagerð á Íslandi hefur verið fjármögnuð með olíugjaldi og bensíngjaldi. Það er kannski það sem veldur vandkvæðum í þessari lagasetningu vegna þess að sum tækin nota vegina ekki neitt eða mjög lítið. Það eru þau sjónarmið sem menn eru að reyna að taka á í þessu sambandi og það gerir þetta svo óskaplega flókið. Menn eru alltaf að reyna að taka tillit til nýrra og breyttra aðstæðna sem koma fram með nýjum og breyttum tækjum og því hvernig menn bregðast við lagasetningunni.

Það sem menn binda vonir við er sú tækni sem stefnt er að að taka í notkun í Evrópusambandinu, að hafa mæla í bílunum sem mæla vegalengdir sem þeir aka á vegum. Þá geta menn tekið upp annars vegar mengunarskatt sem allir greiddu sem nota bensín og svo hins vegar gjald (Forseti hringir.) fyrir hvern ekinn kílómetra.

[14:42]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er á dagskrá mál sem við gætum kallað vitleysuna endalausu. Hún hefur verið hér í mjög mörg ár til umræðu. Mig langar til að spyrja hv. framsögumann efnahags- og viðskiptanefndar, hv. þm. Pétur Blöndal, hvort hann trúi því sjálfur að þetta gæti verið til bóta.

Ég held að öllum sé ljóst að hvað eftir annað hefur verið farið úr einni vitleysunni í aðra, menn steypa sér endalaust áfram. Alltaf verður málið flóknara og flóknara, rétt eins og hv. framsögumaður gat um sjálfur. Alltaf verða því villur og hættan við að svindlið aukist vex í sama hlutfalli. Ég ætla að biðja hv. þingmann, framsögumann efnahags- og viðskiptanefndar, að hugleiða það núna, rétt fyrir jólin þegar annir eru á þinginu, hvort ekki sé rétt að geyma þetta mál a.m.k. fram í janúar og gá hvort við getum ekki fengið einhverja til að fallast á að þetta er vonlaus skattheimtuaðferð.

[14:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt þetta sem ég gat um sem mína persónulegu skoðun eftir að hafa lesið nefndarálitið áðan, að þetta býður upp á ýmsa möguleika í því að menn breyti hegðun sinni. Þetta er hins vegar talið nauðsynlegt til að jafna samkeppnisstöðu aðila og ná fram þeim markmiðum að menn greiði fyrir notkun á vegum, sem er ákveðið

markmið, og taka jafnframt inn það markmið að gæta hagsmuna landsbyggðarinnar. Það má segja að þetta sé vitleysan endalausa en menn binda samt vonir við að heilsteyptara kerfi náist árið 2011. Þess má geta að þetta kerfi var aðallega sett á, þ.e. breytingin var gerð, til að mögulegt væri að nota dísilbifreiðar til einkanota.

[14:44]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sannfærður um að þetta er misskilningur vegna þess að ef við hefðum eitt gjald og værum ekkert að þessu mundi þetta náttúrlega lækka ef allir notuðu þetta. Þar með væri einkabíllinn orðinn mun æskilegri sem dísilbíll.

Eigi að síður er það aðalatriði þessa máls, virðulegi forseti, að þegar við búum til skattheimtukerfi sem eru svo flókin og uppfull af alls kyns undanþágum og alls kyns tilbrigðum erum við að búa til hvata til að fara fram hjá þessu á allan mögulegan hátt. Það er röng skattheimta og ég trúi því að hv. þm. Pétur Blöndal sé í hjarta sínu sammála mér um það. Ég bið enn og aftur: Skoði menn þetta lengur úr því að tíminn er nógur og ekkert sem knýr á um að við förum í þetta. Gefum nú heldur frí til að ræða önnur mál hér í önnunum fyrir jólin. Hættum þessu umtali núna, ég skora á menn að athuga það.

[14:45]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get mætavel tekið undir með hv. þingmanni um hvað kerfið er flókið og að betra væri að hafa einfaldara kerfi en við stöndum frammi fyrir þeim hagsmunum sem ég gat um og bent hefur verið á að menn séu með ólitaða olíu í samkeppni við litaða olíu sem ekki er borgaður skattur af. Það er sú nauðsyn sem knýr á um samþykkt frumvarpsins núna. Það er svo önnur saga að menn búast við því til framtíðar, eins og ég gat um, að betri lausn finnist á þessu og kannski meiri rökfræði í kerfinu. Það er eiginlega það sem menn bíða eftir. Þessi lög voru sett á sínum tíma eftir mikla umræðu og langa til að gera mögulegt að nota dísilbíla í einkaeign.

[14:46]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvær spurningar sem ég vildi fá að leggja fyrir hv. þingmann. Í fyrsta lagi: Kannaði nefndin rök eða forsendur sem flutningafyrirtækin nú beita við hækkun á gjaldskrám, beita þeim rökum að breytingin á olíugjaldinu hafi leitt til hækkunar á gjaldskrá á flutningum úti um land og þess vegna þurfi að hækka gjaldskrárnar? Mig minnir að samkvæmt umfjölluninni hafi það alls ekki átt að vera svo þegar þessi lög voru sett. Kannaði nefndin það?

Í öðru lagi spyr ég: Í 1. gr. laganna eru talin upp tæki sem gætu verið undanþegin því að greiða þetta olíugjald og ég spyr um snjóruðningstæki. Hér er talað um götuhreinsibifreiðar, holræsabifreiðar, borholumælingabifreiðar og úðunarbifreiðar, (Forseti hringir.) snjóruðningstæki, bifreiðar sem (Forseti hringir.) eru í notkun.

[14:47]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Á fund nefndarinnar komu gestir sem voru spurðir eins og nefndarmenn óskuðu eftir, þar á meðal varðandi snjóruðningstæki sem Vegagerðin borgar að mestu leyti þannig að gjaldtakan fer þá í hring. Ríkið borgar Vegagerðinni og hún borgar svo aftur gjaldið og eigendur tækjanna borga svo skattinn. Það var líka kannað varðandi hækkun á gjaldskrá út á land og það hefur verið mjög veigamikil umræða í þessu olíugjaldsmáli öllu saman að hlífa flutningunum út á land við auknum álögum vegna olíugjaldsins, þ.e. það rekst á það sjónarmið að olíugjaldið eigi að standa undir notkun á vegum. Þá verða flutningar út á land allt of dýrir. Þessi sjónarmið eru bara gagnstæð

[14:49]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki alls kostar rétt hjá hv. þingmanni að Vegagerðin borgi þetta beint. Það eru samningar við verktaka, einnig sveitarfélögin, við snjóruðningsaðila, og þeir hafa ekki fengið hækkanir sem nema olíuverðshækkuninni. Þá lendir þetta beint á einstaklingunum eða þeim fyrirtækjunum sem að þessu standa. Ég tel mjög mikilvægt að tekið sé á þessu.

Í öðru lagi, varðandi það sem hv. þingmaður nefndi með hækkun á flutningskostnaðinum. Það var sagt og gert, og mig minnir að hæstv. páverandi fjármálaráðherra hafi sagt það þegar hann mælti fyrir lögunum, að þetta ætti ekki að verða til hækkunar eða röksemd til hækkunar á flutningsgjöldum út um land eða hvert annað á vegum flutningafyrirtækja.

Mér finnst það vera skylda nefndarinnar, nú þegar verið er að beita þessum rökum fyrir hækkunum á flutningsgjöldum, að kalla til (Forseti hringir.) ... hvers vegna?

[14:50]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Einmitt þau tvö dæmi sem hv. þingmaður nefndi sýna hvernig þessi markmið stangast á. Annars vegar vilja menn taka inn í notkun á vegum og þar af leiðandi ættu snjóruðningstæki, sem eru oft að athafna sig án þess að nota vegina, eða keyra mjög hægt eftir vegum og nota mjög mikla olíu við að ryðja snjó, að borga minna. Hins vegar vilja menn að notkun á vegum sé ekki tekin inn þegar um er að ræða flutning út á land, langa flutninga. Þetta stangast á og það eru einmitt þessi tvö sjónarmið sem menn hafa glímt við að leysa með þessu lagafrumvarpi sem ég endurtek aftur að var aðallega sett á til að gera mögulegan innflutning á dísilbifreiðum en sá innflutningur var ómögulegur þegar um var að ræða (Forseti hringir.) þungaskatt.

[14:51]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal á alla mína samúð í þessu máli. Það kom glöggt fram í máli hans áðan að hans einasta von er sú að Brussel bjargi þessu með einhverjum kubbi árið 2011, sem getur þá greint frá því hvert

bílarnir hafa farið, a.m.k. hve mikið þeim hefur verið ekið. Ég hef notið þess að sitja í efnahags- og viðskiptanefnd meðan þetta mál hefur verið þar til umfjöllunar en eins og hér hefur komið fram held ég að efasemdir séu í hugum flestra sem sitja í nefndinni. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um að þetta væri mjög flókið og það er m.a. þannig úr garði gert að það vinnur á móti því að menn leiti til að mynda eftir sparneytnari ökutækjum. Það mun einfaldlega hækka gjaldið. Það er margt í þessu sem í raun vinnur gegn t.d. viðurkenndum umhverfissjónarmiðum. Þetta er mjög (Forseti hringir.) athyglisvert þannig að ég vildi (Forseti hringir.) spyrja hv. þingmann hvort ekki væri ástæða til að fresta þessu máli (Forseti hringir.) og við reyndum að vinna betur í því.

[14:52]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir samúðarkveðjurnar en málið var það að í mörg ár var rætt um að taka upp litaða olíu í staðinn fyrir þungaskatt sem áður var og leiddi til þess að bílar sem óku mjög mikið borguðu eiginlega engan skatt, þ.e. þá var þetta akkúrat þannig að þeir sem óku mjög mikið eftir vegunum borguðu minna og minna eftir því sem þeir óku meira.

Það gerði það líka að verkum að ekki var hægt að flytja inn dísileinkabíla. Á því stóð í mörg ár vegna þess að menn vildu ekki taka upp litaða olíu. Síðan sáu menn fram á að það yrði að gera það til þess að dísilbílar yrðu notaðir hér á landi. Þeir eyða minna og þá var dísilolían líka ódýrari. Því var ákveðið að fara út á þessa braut en menn vissu af þessum vandkvæðum fyrir fram, og sérstaklega þegar menn ætla að reyna að samrýma sjónarmið sem stangast á, eins og það að flutningar út á land megi ekki kosta mikið.

[14:53]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við verðum að gæta þess hér, þegar við afgreiðum mál á hinu háa Alþingi, að við látum ekki kerfin algjörlega ráða för. Við megum heldur ekki í þessu efni fara að réttlæta þetta kerfi með því að við höfum haft vont kerfi. Á þá á þann hátt að réttlæta enn þá verra kerfi eins og hér er augljóslega um að ræða? Við þekkjum það held ég báðir, ég og hv. þm. Pétur Blöndal, að þetta er alveg óskaplega flókið og þetta er óskaplega snúið. Innheimtan er gríðarlega erfið og markmiðið sem að er stefnt stangast á við viðurkennt sjónarmið, t.d. umhverfissjónarmið, og einnig hvetur kerfið eiginlega til þess að ýta fjárfestingum í tiltekinn farveg. Það er t.d. skynsamlegt að fjárfesta í traktorum, tengivögnum og búkollum af því að þau tæki eru undanþegin einhvers konar gjaldi, og þá er ég að tala um tengivagna (Forseti hringir.) undir fimm tonnum.

Virðulegi forseti. Ég ítreka hvort ekki sé rétt að við frestum málinu og afgreiðum það ekki nú.

[14:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bent hafði verið á það, bæði af hálfu ráðuneytisins og gesta sem komu fyrir nefndina, að laga þyrfti ýmiss konar atriði sem trufla samkeppni milli aðila á markaðnum. Þess vegna flytja menn þetta frumvarp, gera breytingar, til að koma í veg fyrir að mismunandi gjaldheimta trufli mikið samkeppni milli aðila sem flytja vörur eða vinna öðruvísi á vegunum. Þess vegna liggur á að afgreiða frumvarpið og þess vegna mun ég standa að því að samþykkja það en ég tek undir með hv. þingmanni að kerfið er orðið allt of flókið og það þyrfti að vinna að því að einfalda það og helst taka upp annað kerfi sem hefði ekki svona markmið sem stangast á.

[14:56]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar sem undir skrifa, auk mín, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson. Þetta er nefndarálit fulltrúa stjórnarandstöðu Samfylkingar og Vinstri grænna í nefndinni um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Minni hlutinn telur að leggja þurfi meiri vinnu í þetta frumvarp, svo og heildarendurskoðun á lögunum, en það álit kemur reyndar fram í umsögnum fjölmargra aðila um málið. Upptaka olíugjalds í stað þungaskatts átti að vera til að auðvelda kerfið, en raunin er allt önnur. Vont kerfi fer versnandi og hér er um bútasaum að ræða eins og komið hefur fram í málinu. Sumir gestir nefndarinnar töldu að verið væri að flækja flókið kerfi enn meira. Það er sannarlega rétt.

Minni hlutinn er sammála þeirri skilgreiningu og leggur því til að lögin verði endurskoðuð í heild sinni og að þeirri endurskoðun verði lokið fyrir þingbyrjun haustið 2006. Leiðarljós þeirrar vinnu á að vera að gera kerfið einfaldara, skilvirkara og réttlátara og að mismuna ekki aðilum eftir gerð og útbúnaði ökutækjanna eða fylgivagna þeirra, eins og gert er reyndar og bætt í með því frumvarpi sem hér hefur verið flutt.

Virðulegi forseti. Með frumvarpinu er lagt til að tekinn verði upp enn einn flokkur kílómetragjalds sem m.a. á að vera fyrir steypuhrærибifreiðar, eins og það er nefnt. Gjald þetta er fyrir ökutæki frá 5.000 kg til 31.000 kg og þar yfir. Að mati nokkurra umsagnaraðila er hækkunin allt að 60%, eins og komið hefur fram í umsögnum, m.a. frá Skeljungi en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Hið sérstaka kílómetragjald er hins vegar allt of hátt. Kílómetragjald fyrir 18 tonna bifreið er í dag 5,09 kr./km og hið sérstaka gjald samkvæmt frumvarpinu er 21,40, eða samtals 26,49 kr./km. Til samanburðar var kílómetragjald fyrir 18 tonna bifreið 16,61 kr./km til 30. júní sl. og nemur hækkunin því 60% sem þarf að skoða, enda engin rök fyrir slíkri hækkun.“

Frá því að þessi umsögn var skrifuð hefur meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar stjórnarflokkanna, hækkað þetta gjald enn meira. Tökum sem dæmi, fyrir 18 tonna bifreið er hækkunin úr 21,40 kr. í 23,99 kr., þ.e. um rúm 12%.

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu með þessu sérstaka gjaldi og þar töldu ýmsir

aðilar, eins og Skeljungur sem ég hef hér nefnt og fulltrúar frá Samtökum iðnaðarins sem mældu þetta frá 20 og upp í 40%, sig ekki hafa séð þá breytingu sem sett hefur verið fram af stjórnarmeirihlutanum í nefndinni sem gerir ráð fyrir hækkun á flestöllum flokkum, örlítilli lækkun á þyngstu flokkunum. Það var rökstutt með því að það væri vegna þess að menn hefðu skoðað betur eyðslutölur steypuhræribíla og annarra slíkra, vitnuðu m.a. í upplýsingar frá BM Vallá, stærsta fyrirtækinu sem sér um steypu. Hér er sem sagt enn einu sinni verið að hækka þetta gjald og þennan taxta og þótti hann þó hár fyrir.

Áfram segir í nefndaráliti minni hlutans í kafla sem ég kalla Skattahækkun á bændur: Við upptöku olíugjalds misstu bændur endurgreiðslu vegna nota eigin bifreiða í landbúnaði. Sú endurgreiðsla var framkvæmd í gegnum skattkerfið og nam fyrir árið 2002 u.þ.b. 71 þús. kr. á hvert lögbýli, þ.e. um 60 millj. kr. það ár.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að endurgreiðslan var gerð í gegnum skattkerfið. Það bendir til og er auðvitað rökstuðningur fyrir því að hægt er að nota skattkerfið til að jafna aðstöðu manna eftir því hvar þeir búa á landinu eða í hvaða atvinnugrein þeir starfa.

Í umsögn Bændasamtaka Íslands kemur m.a. þetta fram, með leyfi forseta:

„Ávallt var tekið fram að þessi kerfisbreyting ætti ekki að hafa áhrif á einstaka hópa landsins og atvinnugreinar, hvorki til tekjulækkunar eða -hækkunar.

Starfs- og stjórnarmenn Bændasamtakanna hafa margítrekað þetta erindi og átt fund í fjármálaráðuneytinu, þar sem heitið var úrbótum, en jafnframt sagt að líklega þyrfti lagabreytingu til og að því yrði hugað við endurskoðun laganna í ár. Nú lítur frumvarpið dagsins ljós til lagfæringa fyrir atvinnulífið, en bændur hafa alveg gleymst."

Minni hlutinn átelur ráðuneytið og meiri hlutann fyrir þessi vinnubrögð og gerir breytingartillögu við frumvarpið þar sem komið er til móts við bændur og tryggt að þeir séu ekki verr settir hvað endurgreiðslu varðar og þegar þungaskattskerfið var við lýði. Það má með sanni segja að þetta hafi verið hluti af starfskjörum bænda hér áður fyrr. Eins og þeir vitna hér til er það ekki meiningin við að leggja niður þungaskattskerfið og taka upp olíugjald að ráðast svo á tekjur bænda, eða starfskjör þeirra öllu heldur.

Síðan kem ég að kafla í nefndarálitinu sem heitir Aukin skattheimta á almenningssamgöngur. Eins og fram kemur í umsögn Strætós bs. í 30. máli, sem Jóhanna Sigurðardóttir er fyrsti flutningsmaður að, hefur upptaka olíugjalds aukið kostnað við strætisvagnarekstur. Þetta er m.a. vegna þess að virðisaukaskattur af olíugjaldinu er ekki endurgreiddur.

Umsögn Strætós bs. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í löngum aðdraganda að upptöku olíugjalds í stað þungaskatts, voru tvö meginatriði sem Strætó bs., áður SVR, óskaði eftir í umbeðnum umsögnum til nefndarinnar. Þau eru að breytingin yrði ekki til útgjaldaauka eða aukinnar fjárbindingar.

Niðurstaðan er hins vegar að upptakan leiddi til aukins kostnaðar og fjárbindingar fyrir þjónustu strætisvagna.

Upptaka olíugjalds í stað þungaskatts hefur leitt til um 39 millj. kr. kostnaðarauka á ári fyrir strætisvagnaþjónustu á þjónustusvæði Strætó bs. frá því sem var er þungaskattskerfi var til staðar. Því til viðbótar er 11–12 millj. kr. fjárbinding, þar sem olíugjald er greitt að fullu við afhendingu, en 80% af 41 kr. sem er 64,3% af olíugjaldinu, er endurgreitt síðar. Virðisaukaskattur er lagður á olíugjaldið, en ekki endurgreiddur að neinu.

Strætó bs. áréttar jafnframt að gerðar verði ráðstafanir til að leiðrétta þann kostnaðarauka og fjárbindingu sem þjónustustarf strætisvagna er látið bera þvert gegn því sem óskað hefur verið. Þar vekur þó mesta athygli að 80% endurgreiðsluhlutfall í lögunum er við framkvæmd ekki látið ná til virðisaukaálagningar þannig að endurgreiðsla er liðlega 64%" eins og áður kom fram.

Þetta sannar svo að ekki verður um villst að ríkisstjórnin notar upptöku olíugjalds til að auka skattheimtu af umferð í landinu. Fram komu viðvörunarorð um þetta í umræðu um málið á sínum tíma sem þáverandi fjármálaráðherra mótmælti. Dæmið frá Strætó bs. sannar þetta.

Minni hlutinn leggur til þá breytingu að olíugjaldið og virðisaukaskattur af því verði endurgreiddur til almenningssamgöngufyrirtækja eins og var í gamla þungaskattskerfinu.

Fram hafa komið, virðulegi forseti, eins og ég hef áður sagt, margar athugasemdir og margir töluðu um heildarendurskoðun. Fjölmargir umsagnaraðilar lýstu ýmsum öðrum göllum laganna, svo sem hvað varðar eftirlitsskyldu söluaðila, og lögðu jafnvel til að auðkenna ætti þau ökutæki sem mega nota gjaldfrjálsa olíu með númeraplötum í öðrum lit og að herða þyrfti refsiákvæði brota.

Eftir standa fjölmörg álitamál sem vafalaust eiga eftir að koma til kasta ráðuneytisins og jafnvel Alþingis á næstu missirum. Undir þetta skrifa eins og áður sagði fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í efnahags- og viðskiptanefnd. Auk þess sem hér stendur eru það hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson.

Ég hef skýrt frá þeim breytingartillögum sem við flytjum við frumvarpið og skýrt þær breytingartillögur með þeirri greinargerð sem hér kemur fram. Segja má að frá því að hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar, Pétur H. Blöndal, skýrði meirihlutanefndarálit og þær breytingartillögur sem þau nefna hafi í stuttum andsvörum komið fram þvílíkar ádeilur á frumvarpið og kerfið í heild að mér sýnist sem svo að það væri hárrétt að taka frumvarpið frá þinginu og klára það ekki fyrir jól heldur geyma það. Eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði og hv. þm. Pétur H. Blöndal tók að vissu leyti undir: Þetta er vitleysan endalausa. Þetta er allt of flókið. Ég gat ekki heyrt annað en að hv. þm. Kjartan Ólafsson væri á svipaðri skoðun um að hér væri verið að flækja þetta allt of mikið og búa til nýja flokka sem sannarlega er verið að gera. Það er sem sagt olíugjald, kílómetragjald og sérstakt olíugjald. Hvað kemur næst, virðulegi forseti? Má ég enn minna á það sem hv. þingmenn hafa sagt og allir staðið í meiningu um, að upptaka olíugjalds átti að vera til að einfalda kerfið. Upptaka olíugjalds átti líka að vera til þess að fjölga litlum sparneytnum bílum, dísilbílum, í umferð þannig að almenningur í landinu gæti farið að fjárfesta í litlum sparneytnum dísilbílum og það yrði þjóðhagslega hagkvæmt fyrir þjóðarbúið að nota meiri olíu og minna bensín.

Þetta hefur heldur betur ekki gengið eftir. Heimsmarkaðsverð á olíu er það hátt og verður held ég áfram, m.a. vegna mikillar olíunotkunar Kínverja. Ég held að við eigum eftir að sjá að þetta sé orðið fast í sessi, eins og þetta er í dag á olíutönkunum, að þetta sé svipað verð. Og svipaða verðið er auðvitað vegna hinnar svakalegu skattheimtu hæstv. ríkisstjórnar af umferð í landinu, að maður tali ekki um olíuna sem við erum hér að tala um. 45 kr. olíugjaldið sem stjórnarmeirihlutinn samþykkti og hefur verið lækkað um 4 kr. og á að framlengja lækkun á til 1. júní á næsta ári er staðfesting á því. Hvernig var þetta olíugjald fundið? Það var gert með því að hækka þungaskattinn áður upp í hæstu hæðir og nota svo þær tekjur sem komu til ríkissjóðs, ímynda sér einhverjar kílómetratölur og eyðslutölur og annað slíkt, og þannig var 45-kallinn fundinn.

Það dugði ekki til og þá var búið til þungaskattskerfi fyrir bíla sem eru 10 tonn og þyngri. Þeir borga því olíugjald og kílómetragjald og svo er hér verið að búa til enn einn flokk fyrir einhverjar ákveðnar tegundir af bílum, eins og steypuhræribílinn sem hér hefur verið rætt um og tengivagna sem eru 5.000 kg eða þyngri og dregnir af dráttarvélum.

Virðulegi forseti. Því miður komst ég ekki að í andsvari við hv. þm. Pétur H. Blöndal sem flutti meirihlutaálitið. Mig langar að spyrja hann og hann mundi kannski svara á eftir: Hvað með tengivagna 5.000 kg eða þyngri sem eru dregnir af öðrum tækjum en dráttarvélum? Í lagatextanum er fjallað um að þetta séu eingöngu tæki sem dregin eru af dráttarvélum. Hvað ef það er ekki hefðbundin dráttarvél, heldur t.d. bara payloader, hjólaskófla eða vörubíll sem getur dregið svona tæki?

Þetta er dálítið sérstakt og því miður er ekki verið að bæta kerfið með þessu. Við 1. umr. málsins tók ég dæmi, ótalmörg dæmi, sem eru mjög alvarlegs eðlis, sem mismuna og gert var ráð fyrir hér. Hér er að vissu leyti aðeins komið til móts við þetta. Ég bendi t.d. á samkeppnissjónarmiðið hvað varðar dráttarvélar sem menn keyra þá á gjaldalausri olíu og draga tengivagna og flytja efni. Hér á að koma til móts við það gagnvart samkeppni við vörubíla. Ég held að ekki sé nógu langt gengið, ég held að þetta sé enn þá til að skekkja samkeppnisstöðu en menn reyna að finna einhverja leið til að jafna þetta út en tekst ekki betur en hér hefur verið gert. Það er auðvitað alveg óþolandi að eiga það yfir höfði sér að aðilar geti kært til Samkeppnisstofnunar eða annarra þann mismun sem þar er á. Nákvæmlega hið sama gat ég um við 1. umr., mismuninn sem er á svokölluðum búkollum, sem kallast námuökutæki, og vörubílum. Hv. þm. Kjartan Ólafsson gat um hann áðan og ég hygg að við séum kannski að tala um svipað dæmi. Við Hellisheiðarvirkjun vinna menn með þessi tæki. Þar geta verktakar verið með tæki sem kallast búkollur sem keyra á gjaldfrjálsri olíu. Við hliðina á þeim, í nákvæmlega sama verki, geta verið verktakar sem eiga ekki búkollur heldur hefðbundna vörubíla. Þeir þurfa að greiða olíugjald. Þeir vörubílar geta verið í það erfiðum akstri, og þessi tæki, að þess eru dæmi að vörubílar hafa eytt upp undir 100 lítrum af olíu á 100 km vegna þess hve erfiður aksturinn er og hvað þeir flytja mikið magn upp brattar fjallshlíðar.

Sá mismunur verður áfram og er mjög bagalegur. Það er líka mjög skrýtið og sýnir hvað kerfið er gallað og allt að því vitlaust að vörubílar eru notaðir með olíu með olíugjaldi, borga olíugjald ... (Gripið fram í.) Það getur vel verið að ég tali í um 10–15 mínútur í viðbót, hv. þingmaður. — Um leið og þessir aðilar eiga að fara að þjóna Vegagerðinni og eru verktakar hjá henni og eiga að moka snjó á þjóðvegum landsins mega þeir vera með gjaldfrjálsa olíu. Að því er mér skilst á að framkvæma það þannig að vörubílstjórar eigi að hreinsa út olíuna og taka upp gjaldfrjálsa olíu meðan þeir ryðja snjó. Ef ekki snjóar, heldur rignir, sem gerist stundum, kann að vera að viðkomandi vörubíll fari í annað verk og þá á hann að skipta um olíu á tankinum hjá sér. Þá má hann ekki nota lengur gjaldfrjálsa olíu, heldur á að nota venjulega olíu. Þetta sýnir náttúrlega hvers konar vitleysa hér er á ferðinni og hvað þetta er orðið flókið og vitlaust. Ýmislegt hefur komið í ljós sem varað var við þegar málið var rætt hér en því miður var ekki hlustað á það. Hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, sagði að lögin yrðu endurskoðuð þegar reynsla kæmi á þau. Ég held að hér sé endurskoðun og lagfæring númer eitt og að þær eigi eftir að koma margar.

Kannski er besta lýsingin á frumvarpinu sú að mér virðist sem aðeins einn aðili sem hafi fengið frumvarpið til athugasemda geri ekki athugasemdir við það. Sá aðili er Landssamband smábátaeigenda. Var það alveg svakalega fínt, virðulegur forseti, að Landssamband smábátaeigenda, sá ágæti félagsskapur, sem fékk frumvarpið til umsagnar sem allt snýst um olíugjald á vegum, er sá eini sem gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og hefur ekkert við það að athuga. Ég held að það sé eiginlega forskrift að því frumvarpi sem við ræðum hér, að einn aðili gerði ekki athugasemdir.

Virðulegi forseti. Þá ætla ég að gera að umtalsefni olíugjaldið, upptöku þess, þetta háa olíugjald, 45 kr. sem stjórnarmeirihlutinn samþykkti en lækkaði svo í 41 kr. til næstu áramóta og á að framlengja, eins og áður hefur komið fram. Þetta háa olíugjald hefur auðvitað farið þráðbeint út í verðlagið og hækkað flutningsgjöld enn frekar og þótti það nú nóg fyrir. Eins og áður hefur komið fram eru flutningabílar þar að auki látnir greiða kílómetragjald eða þungaskatt. Þungaskattskerfið sem menn töldu sig vera að leggja niður er sem sagt enn þá við lýði á öllum bílum sem eru þyngri en 10 tonn. Flutningabílar falla undir það og þeir þurfa að borga kílómetragjald. Það er einmitt út af þessari skattheimtu ríkisstjórnarinnar sem flutningsgjöld eru að hækka og eru orðin eins svimandi há og þau eru.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að taka þær reynslutölur sem til eru af því en þær eru hrikalegar. Þetta hefur m.a. leitt til þess að það er kominn einn liður á reikning fyrir flutningsgjöld sem heitir olíugjald þar sem flutningsaðilar eru farnir að rukka sérstaklega vegna olíugjaldsins.

Það er dapurlegt að ríkisstjórnarflokkarnir skuli aðeins hafa notað það rétt hálfum mánuði fyrir alþingiskosningar 2003 að tala um nauðsyn á lækkun flutningskostnaðar. Eftir kosningar, eftir endurnýjað umboð illu heilli, hafa stjórnarflokkarnir ekkert annað til ráða en að hækka álögur á flutningafyrirtæki sem gerir það að verkum að flutningsgjöld hafa hækkað. Þetta þyngir atvinnurekstri á landsbyggðinni

mjög mikið, sama hvort það er flutningur á fiski eða öðrum vörum til iðnaðarframleiðslu, og skekkir samkeppnihæfni fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu og gerir það að verkum að fyrirtækin hafa nánast ekki úr neinu að spila. Ég hef séð hrikalegar tölur um flutningskostnað hjá kjötiðnaðarfyrirtækjum sem ég hef áður tekið hér sem dæmi þar sem tvö fyrirtæki eyða upp undir 100 millj. kr. í flutningsgjöld til að koma vörum sínum á markað á stórhöfuðborgarsvæðinu. Ríkisstjórnarflokkarnir halda enn þá áfram að hækka skatta af flutningastarfsemi sem leiðir til svo hárra flutningsgjalda.

Virðulegi forseti. Í nefndaráliti meiri hlutans er m.a. fjallað um að merkja bíla með sérstökum lit, þ.e. lituðum númeraplötum sem ég held að gæti orðið til bóta til að koma í veg fyrir misnotkun á þessu kerfi og eftirlitsmönnum og söluaðilum yrði þannig gert auðveldara að hafa þetta sýnilegra. Um þetta er getið í nefndarálitinu og ég spyr hv. formann efnahags- og viðskiptanefndar: Af hverju gerði meiri hlutinn ekki breytingartillögu í þessa veru? Frá ríkisskattstjóra kom fram ábending um þetta ásamt því að full þörf væri á að hækka viðurlög við brotum, hvort þetta kom frá ríkisskattstjóra eða öðrum skiptir ekki öllu máli. Ég kann ekki að segja hver viðurlögin eru núna, ég er ekki með það á hraðbergi hér en mér þótti þetta sláandi vegna þess að það liggur auðvitað í augum uppi að það er þegar byrjað að misnota þetta kerfi mjög mikið. Mér er t.d. sagt að á sjálfsölum sem selja gjaldfrjálsa olíu sé hún yfirleitt búin klukkan sex eða sjö á morgnana, menn komi að næturþeli og kaupi mikið af þessari olíu og setji á bifreiðar sínar. Mér skilst líka að þetta hreinsist tiltölulega fljótt út þannig að ef menn sleppa við eftirlitsmenn Vegagerðarinnar í einhverja daga þá geti menn komist upp með þetta.

Þetta er auðvitað ekki hægt að líða því þó svo að þetta kerfi sé komið, sem ég er nú ekki par hrifinn af, þá gengur ekki að það sé misnotað á þann hátt sem hér er að talað um að gert sé því þá skerðir þetta tekjur Vegagerðarinnar enn meira en það ætti að gera og þá stöndum við frammi fyrir því að Vegagerðin fær ekki þá peninga sem henni eru þar ætlaðir til framkvæmda.

Ég fagna því sem kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans um ábyrgð afgreiðslumanna. Ég er sammála því að starfsmenn geti ekki borið ábyrgð á afgreiðslu olíunnar. Ef einhver kemur og vill fá gjaldfrjálsa olíu á tæki sem hann á ekki rétt á að fá, þá getur það ekki verið hlutverk olíuafgreiðslumanna að bera ábyrgð á því og það er heldur ekki hægt gagnvart sjálfsölunum. Mig minnir að það hafi komið fram á fundi nefndarinnar að t.d. í Svíþjóð væri gjaldfrjáls olía ekki seld í sjálfsölum.

Sama gildir um bændur og það sem gerist hjá þeim. Um það var bara fjallað í nefndarálitinu, það var engin breytingartillaga gerð um það og ég spyr: Hvers vegna var það ekki gert? Ég minni á þá tillögu sem við minni hlutinn flytjum um það mál vegna þess að okkur finnst að þetta hafi verið hluti af starfskjörum bænda, ef þannig má að orði komast. Það má líta á þennan lið sem sambærilegan lið endurgreiðslu í gegnum skattkerfið eins og sjómannaafsláttinn til sjómanna. Þetta er orðið fast í kerfinu hvort sem okkur líkar betur eða verr og það er engin ástæða til þess að svíkja bændur um þetta vegna þessarar kerfisbreytingar sem gerð er, þ.e. þungaskatturinn var lagður niður og olíugjaldið tekið upp.

Ég vil líka taka undir það sem ég þykist vita að sé komið frá hv. formanni nefndarinnar, Pétri H. Blöndal, vegna þess að við höfum kannski sömu sýn á að hægt sé að gera þetta kerfi einfaldara, þ.e. að einfalda skattheimtuna með því að taka upp svokallaða aksturskubba eða ökurita sem talað er um en þá er hægt að setja í bíla til þess að mæla notkun þeirra á vegum. Virðulegi forseti: Af hverju notum við ekki þá leið að t.d. hæstv. fjármálaráðherra gæti heimilað að ákveðnir bílar sem eiga að falla undir sérstaka kílómetragjaldið fengju að taka upp ökurita og fjármálaráðherra yrði treyst til þess að búa til hæfilega gjaldskrá fyrir það. Þannig sæjum við nákvæmlega hvað vörubílar, steypuhrærubílar og þau tæki sem ferðast um vegi landsins og nota þá, ég vil ekki segja slíta, heldur nota þjóðvegi landsins. Og sama um tæki sem eru í kyrrstöðu, t.d. á byggingarstað þar sem mikil olíunotkun á sér stað við að snúa tækjunum. Það hefði verið upplagt að taka þetta upp.

Ég hef áður sagt að mér finnist að það eigi að nota þessa ökurita og ég hef komið þeirri hugmynd til hæstv. ríkisstjórnar vegna þess að t.d. byggðamálaráðherra landsins, hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir, hefur sagt að það sé ekki hægt að lækka flutningsgjöld vegna þess að ESA banni okkur að fara ákveðnar leiðir og geri ákveðnar kröfur á það. Það getur enginn bannað okkur að lækka skattheimtu á flutningastarfsemi og við gætum t.d. sett þessa ökurita í flutningabíla. Þess vegna gætum við tekið þetta kerfi upp og látið gjaldið fyrir þá sem keyra bara á nóttunni frá miðnætti til sjö á morgnana vera helmingi lægra, því vegslit er miklu minna á næturnar þegar kalt er og þá er líka hættuminna að vera á ferðinni, almenningur er ekki í umferðinni og það er minni umferð. Þetta væri hægt að gera. Það eru ótal aðferðir til við þetta.

Þennan búnað er verið að þróa hjá íslensku fyrirtæki sem heitir ND og í Svíþjóð, Noregi og hér á Íslandi eru þegar komnir 500 ökuritar í notkun. Þetta er íslensk uppfinning og ég held að ég megi fullyrða að tækið sem fyrirtækið hefur þróað, en þar starfa sjö starfsmenn, er sennilega fremsta tækið af þeim sem eru á markaðnum í heiminum í dag, það er þetta tæki sem þessir ungu Íslendingar hafa hannað og sett upp.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur getið um það að Evrópusambandið ætli að taka upp slík mælitæki í bifreiðar árið 2011. Þá verður notkun á vegum mæld í samræmi við að taka upp svokallaða notkunarskatta eða þjónustugjöld eftir eknum kílómetrum. Ef við værum nú það huguð að stíga þetta skref núna og byrja að nota ökuritana í einhverjum ákveðnum tegundum bifreiða, eins og ég hef hér gert að umtalsefni, þá stuðlum við kannski að því að þetta fyrirtæki geti þróað tækið enn frekar og geti orðið leiðandi fyrirtæki í heiminum til að selja þessi tæki þegar kerfið verður tekið upp í Evrópu, hvort sem það verður 2011 eða fyrr. Mér dettur t.d. í hug borgarstjórinn í London, sem setti upp eftirlitsmyndavélar til þess að auka skatta og taka meiri skatta af bifreiðum sem aka inn í miðborg London til þess að minnka mengun. Það er hægt að stilla þetta þannig inn að þeir bílar sem fara inn á ákveðið svæði, þeir mundu sjálfkrafa borga hærri gjöld.

Tækið er komið í fjölmörg tæki hérna núna og var m.a. notað í aksturskeppni sem ég held að Vátryggingafélag Íslands hafi beitt sér fyrir, til þess að dæma aksturslag ökumanna. Þetta er mjög merkilegt tæki og þeir hafa líka unnið þetta eitthvað í samráði við Vegagerðina. Mér er kunnugt um að eitt olíufyrirtæki hefur óskað eftir því við samgönguráðuneytið eða fjármálaráðuneytið eða bæði að fá að nota slíkt tæki í sína bíla, en eins og við vitum eyða olíubílar töluvert mikilli olíu þegar þeir keyra um vegi landsins. Þeir eyða reyndar líka mikilli olíu þegar þeir standa kyrrir og eru að dæla olíu, t.d. um borð í skip eða annað sem er með gjaldfrjálsa olíu.

Þetta íslenska tæki sem er kallað Saga ökuriti er sem sagt til staðar fullhannað og okkur er ekkert að vanbúnaði að taka þetta upp, ef við bara viljum. Því hvet ég, virðulegi forseti, hv. þm. Pétur H. Blöndal, formann nefndarinnar, svo og aðra fulltrúa í efnahags- og viðskiptanefnd til að að skoða þetta. Þetta gæti kannski verið einn rökstuðningurinn fyrir því að við tækjum frumvarpið sem nú er til umræðu og settum það í salt fram yfir áramót en værum ekki að keyra það í gegn í þinginu í dag eða á morgun, vegna þess að þetta frumvarp hefur fengið algjöra falleinkunn, a.m.k. frá nokkrum stjórnarþingmönnum, eins og ég hef hér áður talað um.

Virðulegi forseti. Ég vildi einnig segja frá því að Saga ökuriti hefur verið settur í bíla hjá ákveðnum pitsufyrirtækjum, en stundum hefur verið kvartað yfir að þeir keyrðu hratt um götur bæjarins. Þetta hefur m.a. leitt til þess að eitt pitsufyrirtækið hefur fengið verðlaun fyrir góðakstur þannig að þetta virkar vel þar. Tækið er því hægt að nota bæði til þessa og eins til þess að mæla vegnotkun.

Varðandi hitt frumvarpið um olíugjaldið sem við vorum að ræða eru að sjálfsögðu deilur um það, ég hef deilt á fjármálaráðuneytið fyrir að auka skattheimtu á virðisaukaskatt á strætisvagnaakstur og af endurgreiðslum til bænda, og ég tek líka eftir því að það er mjög misjafnt út frá hvaða tölum menn nota það, þ.e. seldum olíulítrum. Ég tek eftir því að Vegagerðin í vegáætlun notar ákveðna milljón lítra, að mig minnir 75 milljónir, eitthvað svoleiðis, fjárlögin mæla hins vegar 80 milljónir lítra og einhvers staðar hef ég séð 90 milljónir lítra í hinu opinbera kerfi. Ég vil taka það skýrt fram að þetta skiptir auðvitað miklu máli og eftir að olíugjaldið var tekið upp 1. júlí vitum við að töluvert mikið var hamstrað af olíu fram að þeim tíma, verktakar og aðrir máttu eiga 5 þúsund lítra, en það er gaman að segja frá því og ég vil endurtaka það hér að salan í júlí, ágúst og september er 30 milljónir lítra af olíu sem greitt er olíugjald af. Þetta er gert upp svipað og virðisaukaskattur nema bara það er mánaðarlega og 15. desember næstkomandi er gert upp fyrir október.

Þess vegna þurfum við því miður að halda áfram að ræða um hver verði heildarsölufjöldi lítra til þess að reikna út hvað Vegagerðin fái og hvað ríkissjóður muni fá í aukna skattheimtu. En ég fullyrði það enn einu sinni að ríkissjóður er að ná sér í auknar tekjur við upptöku olíugjaldsins í formi virðisaukaskatts sem fer í ríkissjóð þó svo að þeir vilji afsaka sig með því að sum fyrirtæki geti notað virðisaukaskatt á olíugjaldinu sem innskatt.

Ég hef áður bent á atriði sem mér finnst vera mjög á skjön við það atriði sem kemur fram í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar, þ.e. hið sérstaka kílómetragjald sem nokkrir aðilar töldu að væri allt of hátt en er hækkað hér enn frekar hjá tveimur af hverjum þremur notenda. Það eru aðeins þyngstu ökutækin sem fá örlitla lækkun. Ég bendi á þetta enn einu sinni til þess að benda á þá skattahækkun sem felst í þessu að áfram skuli haldið með þetta.

Virðulegi forseti. Það eru ótalmörg atriði sem hér mætti fjalla um sem koma fram í umsögnum þeirra aðila sem gáfu umsagnir hingað til nefndarinnar, t.d. eins og frá Samtökum iðnaðarins sem greinilega hafa sett sig vel inn í þetta mál enda fulltrúar fjölmargra aðila sem eru notendur að olíunni. Þeir t.d. bentu á tæki sem eru með laus tæki sem sett eru á, ég man nú ekki alveg hvað þetta er kallað, (**Gripið fram í:** Gámakrókabílar.) gámakrókabílar, þannig að þetta getur nú oft og tíðum blandast dálítið saman með þessa olíu.

Vegagerðin bendir á ótal atriði varðandi það að aflétta olíugjaldinu af öllum dráttarvélum og bendir á að áður hafi það eingöngu verið gert í landbúnaði og á lögbýlum. En hér er verið að fara þá leið að taka þetta af öllum. Það getur haft í för með sér tekjutap fyrir Vegagerðina eins og við höfum hér verið að ræða. Síðan bentum við á mismuninn sem var og meiri hlutinn ætlaði að lagfæra með tengivagninum. En ég ítreka spurningu mína, virðulegi forseti, vegna þess að í breytingartillögunum er eingöngu talað um „dregnar af dráttarvélum" og það er þá spurning hvað skeður hjá öðrum.

Olís, Olíuverslun Íslands, fjallar líka um þetta í sinni umsögn þar sem þess er getið að þrýstingur sé á starfsmenn félagsins að afgreiða litað eldsneyti sem ætla má að nota eigi á gjaldskyld ökutæki. Tekið er á því hér í nefndarálitinu um réttarstöðu starfsmanna og vænti ég að það sé fullnægjandi. En m.a. segir þar í niðurlagi umsagnar, með leyfi forseta:

„Að ofansögðu má ljóst vera að margir gallar eru enn á lögunum og verður ekki séð að neinn sá ávinningur sé af breytingunum, sem ekki var hægt að ná með öðrum hætti sem réttlæti þann kostnað og þær álögur sem lögin hafa lagt á atvinnulífið og samfélagið í heild sinni."

Lagt er til að lögin verði endurskoðuð í heild sinni í samvinnu við hagsmunaaðila eins og við fulltrúar minni hlutans leggjum til.

Ríkisskattstjóri hefur einnig gert athugasemdir og sagði m.a. að þetta kallaði á breytingar á tölvukerfi ríkisskattstjóra og Umferðarstofu. Menn ætla að láta þessa breytingu taka gildi án þess að taka ábendingum frá ríkisskattstjóra sem telur að í fyrsta lagi 1. febrúar sé hægt að taka þetta upp.

Ég hef áður getið um skoðun bændasamtakanna.

Landssamband vörubifreiðastjóra telur þetta til bóta á vissan hátt en bendir á vörubifreiðar í snjóruðningi og bendir svo á þann mismun sem verður á dráttarvélum og vörubílum þegar búið verður að aflétta af þeim öllum. Þeir setja svo fram þessa tillögu sem meiri hlutinn hefur tekið upp um tengivagna sem eru 5.000 kg eða þyngri. Fjölmörgu í umsögn Samtaka iðnaðarins væri líka full ástæða til að gera betri skil hér en ég vísa til þeirrar umsagnar. Þar er m.a. fjallað um þetta sérstaka kílómetragjald — af hverju þessi mikla hækkun? Ég vil taka skýrt fram að hækkunin

hefur orðið enn meiri í meðförum nefndarinnar. Ég veit ekki hvað Samtök iðnaðarins hefðu sagt ef þau hefðu séð þær breytingartillögur sem þar koma fram. Þau benda á þennan mismun, snjóruðningsbílana og útskiptanlegar snjótennur og hvað þetta allt saman nú heitir.

Það kann vel að vera, virðulegi forseti, að vegna þess að við höfum ekki bundið það hér í lög hvað við ætlum að kalla þessa olíu — ég tek eftir því að Skeljungur kallar þetta vélaolíu, aðrir kalla þetta gjaldfrjálsa olíu. Ég hef aldrei komið að þessum tönkum og veit ekki hvernig þetta er merkt.

En virðulegi forseti. Ég hef hér farið yfir þetta mál enn einu sinni. Reynt að benda á þá galla sem ég sé á frumvarpinu og einnig þá sem eru að bætast við. Og af því hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gengur hér fram held ég að ég megi gera hans orð að mínum hér: Þetta er vitleysan endalausa. Ég vil spyrja fulltrúa stjórnarmeirihlutans sem hér hafa talað: Er það virkilega svo að menn ætla að keyra þessa vitleysu í gegn sem hv. þingmenn stjórnarinnar hafa dæmt með þeim orðum sem hér voru sögð áðan, vitleysan endalausa, flækjukerfi sem er að flækjast enn meira og að þetta sé ekki til bóta? Á þá að halda áfram við það að gera þessa vitleysu hér á hinu háa Alþingi? Hvenær verður það, virðulegi forseti, sem næsta breytingartillaga kemur inn? Hvenær verður það sem hæstv. fjármálaráðherra gefur út reglugerð og breytir henni tíu dögum seinna? Vegna þess að hún gat ekki gengið eins og hann gaf hana út. Svona má lengi telja. Ég ítreka, virðulegi forseti, að hér er stjórnarmeirihlutinn enn einu sinni að fara fram með skattahækkun á umferð í landinu sem m.a. bitnar á flutningsstarfsemi og þeim sem við höfum hér verið að ræða um.

[15:35]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við erum hér að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Mér finnst eðlilegt að koma hér að nokkrum efnislegum þáttum þessa frumvarps og fara örlítið yfir forsögu þessara breytinga, bæði þeirra sem gerðar eru nú á þessu lagafrumvarpi og frumvarpinu frá 2004. En áður en þessi kerfisbreyting var gerð bjuggum við við það kerfi að annars vegar var innheimtur þungaskattur eftir kílómetragjaldi, þ.e. bílar voru með mæla og greiddu eftir því mælagjaldi kílómetragjald og þannig myndaðist skattstofn. Í öðrum tilfellum gátu menn greitt eitt fast gjald og voru ekki með mæli og gátu þá keyrt ótakmarkað á því ári án þess að borga neitt viðbótargjald. Þannig varð til mismunun. Þeir sem keyrðu mjög mikið greiddu þetta fasta gjald og keyrðu svo miklu meira og hefðu jafnvel þurft að borga tvöfaldan þungaskatt ef þeir hefðu verið á mælum. Það var Samkeppnisstofnun sem kom að málinu og sagði að þetta bryti samkeppnislög og þess vegna varð þessi kerfisbreyting að eiga sér stað. Allir urðu að vera jafnir fyrir innheimtu þessara laga. Þess vegna var farið út í þetta olíugjald og reynt að koma innheimtunni — við erum eflaust öll sammála um hér á Alþingi að það verður að innheimta einhvers konar gjald sem nýtt er til að byggja upp vegina. Þessu gjaldi var þá þannig breytt að sett var gjald á olíuna, sem verið hefur 41 kr. plús virðisaukaskattur, en hluti af ökutækjum á landi borgar ekkert olíugjald og er þar af leiðandi með litaða olíu sem er gjaldfrjáls. Þannig er kerfið tvöfalt í dag. Þar af leiðandi er mismunun í því. Með því frumvarpi sem hér er lagt fyrir er verið að fara þriðju leiðina, þ.e. að tæki sem eru á gjaldfrjálsri olíu eigi að borga einhvern tiltekinn skatt líka.

Ég hef haft þá skoðun í þessu máli að það væri eðlilegast að reyna að búa þetta kerfi þannig út að það yrði sem einfaldast. Það yrði einfaldast að hafa eitt gjald á alla olíunotkun á landi. Það gjald yrði þar af leiðandi með miklu breiðari grunn, það yrðu miklu fleiri notendur sem borguðu það og þess vegna þyrfti það ekki að vera nærri eins hátt. Það þyrfti engan veginn að vera 41 kr. Ég hef ekki útreikning á því hve hátt þetta gjald þyrfti að vera, en það gæti verið miklu lægra. Þar með yrði olíulítrinn hlutfallslega ódýrari en bensín og þar með er kominn sá hvati sem menn vildu gjarnan fá í kerfið, að einkabílafloti landsmanna verði dísilknúinn. Þar með væri sá hvati kominn. Í þessu kerfi, með því að hafa eitt gjald á alla olíu sem notuð er í landi, getum við um leið raunar farið að hugsa um það gjald, ekki bara sem slit á vegum heldur sem umhverfisgjald, eldsneytisgjald, og það mundi þá verða hvati um leið fyrir alla þá sem reka og gera út olíuknúin tæki að hafa þann rekstur með þeim hætti að hann verði sem ódýrastur, sem hagkvæmastur, sem þýddi að það væri minni olíueyðsla en ella er. Í raun hefur sú breyting sem varð á sl. sumri orðið til að fyrirtæki hafa endurnýjað bílaflota sinn vegna þess að ný tæki eyða minni dísilolíu en gömul tæki. Þannig yrði það hvati að hafa þá hugsun í málinu að um umhverfisgjald væri að ræða, það mundi hvetja menn til þess að ná sér í hagkvæm tæki sem nota dísilolíu.

En kerfið yrði þá líka þannig að eftirlitið yrði nánast óþarft. Ég sé ekki neina þörf fyrir eftirlit ef öll olía á landi yrði með einu gjaldi. Núna, eins og kerfið hefur verið frá því í sumar, og verður ef þetta frumvarp verður að lögum, þarf gríðarlega öflugt eftirlit. Það eru til fyrirtæki sem eru með tugi tækja og þau eru ýmist með gjaldfrjálsa, litaða eða ólitaða olíu. Það er mikill kostnaður því samfara, bæði hjá olíufélögunum og viðkomandi fyrirtækjum, að hafa tækjaflota sinn, sem er í mörgum tilfellum stór, á tvenns konar olíu. Auðvitað kann það að vera einhver freisting hjá mönnum að nota litaða olíu þar sem ekki má nota þá olíu. En sú freisting er ekki fyrir hendi ef við höfum eitt gjald á allri olíunotkun. Þá er sú freisting ekki fyrir hendi, það eru allir jafnir fyrir þessu gjaldi og þá þarf engan eftirlitskostnað. Það þarf engan kostnað við að vera með tvöfalt dreifingarkerfi hvorki hjá olíufyrirtækjunum né hjá notendunum sem eru oft og tíðum verktakafyrirtæki. Það sparar mikið fyrir þjóðfélagið að þurfa ekki að hugsa um það.

Það má jafnframt benda á að með þessari lagabreytingu sem tók gildi í sumar og þeim lögum sem nú liggja hér frammi í frumvarpsdrögum verður vissulega áfram mismunur. Það verður mismunur á milli þeirra tækja og þeirra tegunda tækja sem nota litaða olíu og ólitaða olíu. Það hefur komið fram hér í umræðunni að mismunurinn verður sá að sumir hverjir nota Búkollur eða annars konar tæki en dráttarvélar til að draga fimm tonna vagna eða þyngri. Það er einungis talað um að það eigi að vera mælir ef það eru dráttarvélar sem draga slíka vagna. Þannig að þarna erum við komin með marga þætti sem eru mismunandi. Þeir gera

það að verkum að landsmenn fara að fjárfesta í tækjum, einfaldlega til að komast hjá því að borga olíugjaldið. Það er ekki æskilegt. Það verður einungis til þess að kerfið verður flóknara og óhagkvæmara fyrir landið í heild. Ég sé ekki betur en að þá verði flækjustigið enn meira og meiri mismunun verði milli ýmissa verktaka og aðila sem að þessum málum koma. Sveitarfélögin munu að sjálfsögðu fara í að nota dráttarvélar meira en nokkru sinni fyrr og þá með vagna sem eru 4.999 kg að sjálfsögðu. Við erum á þann hátt að stýra fjárfestingum í atvinnurekstrinum og mér finnst að það eigum við ekki að gera.

Eitt gjald er á allt bensín í landinu hvort sem það verður til þess að valda sliti á vegum eða ekki. Það er enginn að fjárfesta óeðlilega í einhverjum bensínvélum til að sleppa við þann skatt. Það er ekki fyrir hendi. Þær sláttuvélar og tæki sem garðyrkjudeildir sveitarfélaganna nota, bensínknúnar, valda ekki sliti á vegum. Menn hafa bara verið sáttir við að hafa eitt gjald og þá fjárfesta menn með tilliti til þess að það er eitt gjald í bensínknúnum vélum. Við erum að beina mönnum inn á að nota annars konar tæki en væri ef eitt gjald næði yfir allt saman. Þess vegna held ég að það sé eðlilegt að koma því inn í þessa umræðu að einn þátturinn er not á vegum en annar þáttur og ekki síðri er umhverfisþátturinn. Við erum að brenna eldsneyti hér í landinu og það er því eðlilegt að hafa þetta eitt gjald og minnka þannig eldsneytisnotkun og gera hana hagkvæmari.

Ég held, frú forseti, að ég hafi komið þeim sjónarmiðum að sem ég vildi í þessu máli og mér fyndist eðlilegra að þetta yrði skoðað með tilliti til þess að við settum á eitt gjald. Það verður greinilega ekki gert að sinni, að mér sýnist, en ég mæli með því, eins og hér hefur komið fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að þetta mál verði skoðað eftir áramótin.

[15:45]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir margt sem hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði, enda höfum við kannski svipaðar áhyggjur af þróuninni, þessu flókna kerfi sem er að flækjast meira.

Spurning mín til hv. þingmanns er ofur einföld. Miðað við það sem hann hefur sagt og aðrir hafa sagt: Styður hv. þingmaður þetta frumvarp?

[15:46]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef lýst sjónarmiðum mínum gagnvart frumvarpinu og ég hef lýst því yfir áður í þinginu að ég er ekki sannfærður um að þetta sé sú leið sem við eigum að fara. Ég mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu frumvarpsins.

[15:46]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál á sér töluvert langan aðdraganda. Fyrst þegar ég kom nálægt málinu fyrir um tíu árum voru tildrögin þau að eftirlitsstofnun ESA hafði dæmt það kerfi ógilt sem hafði verið í gangi gagnvart þungaskattinum en inni í því var fólginn ákveðinn afsláttur fyrir lengri leiðir. Efnahags- og viðskiptanefnd reyndi þá að bregðast við með því að setja afsláttarkerfið inn í lögin, endirinn var sá að það var líka dæmt ógilt. Við lentum því í miklum böggli ingi með þetta mál hvað eftir annað. Ég held að á þeim árum sem ég sat í efnahags- og viðskiptanefnd hafi í tvígang komið upp tillögur um að setja á þetta olíugjald og litunarmál og ég held og man það alveg greinilega að okkur tókst í tvö skipti að koma í veg fyrir það og eyðilögðum málið, meiri hlutinn í efnahags- og viðskiptanefnd. Ég hafði alltaf og hef enn þá mjög miklar efasemdir um olíugjaldið og litunina. Við sýndum fram á þá að hættan á misnotkuninni væri gríðarleg, enda hafa allar þær hrakspár sem við vorum með þá komið í ljós.

Virðulegi forseti. Skattheimta ríkissjóðs er hinn eðlilegasti hlutur. Ríkið verður að fá fjármuni til starfsemi sinnar hvort sem það er til rekstrar eða uppbyggingar og það má að sjálfsögðu leita margra leiða til skattheimtu. Menn hafa haft á orði í umræðum um skattheimtu að hún eigi að vera einföld og réttlát en í framkvæmdinni snýst þetta yfirleitt við. Þegar menn ætla að leita að réttlætinu hverfa menn frá einfaldleikanum og síðan er þetta orðið svo flókið að það verður mjög óréttlátt. Þannig er yfirleitt gangur mála í umræðum um skattheimtu.

Það sem liggur fyrir núna og menn hafa fengið reynslu af um litun á olíu er nákvæmlega það sem við sögðum fyrir um fyrir mörgum árum. Freisting borgaranna til að gerast lögbrjótar er allt of mikil og það er ekki vansalaust að reka slíka skattheimtu. Við getum ekki verið þekkt fyrir að gera það, við megum ekki gera það og verðum því að hverfa frá þessu. Og ég hef alltaf talað gegn olíugjaldinu.

Í sjálfu sér var það sjónarmið og er kannski sjónarmið enn þá og það sjónarmið á vissulega rétt á sér, eins og hv. þm. Kjartan Ólafsson kom inn á áðan, að borga eigi fyrir notkun á vegum, ég get alveg fallist á það í sjálfu sér. Frumvarpið, þessi breyting á lögunum er alls ekki í þá átt að þeir sem keyra mest fái þarna lækkun og þeir sem keyra minnst og nota vegina ekki fái hækkun. Það eru því ekki röksemdir fyrir breytingunni sem þarna er verið að gera. Ég held að það sé rétt sem hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði áðan, við komumst ekkert hjá því að horfast í augu við að notkun á eldsneyti varðar umhverfið og skattheimtan verður að vera til staðar vegna þess að okkur ber að haga skattheimtunni þannig að nýting og notkun á jarðolíu verði þannig að hún sé sem hagkvæmust. Við megum ekki rugla fjárfestingunni í atvinnuvegunum eða hjá einstaklingum á einn né neinn hátt.

Ef það er niðurstaðan sem varð fyrir nokkru, að hverfa frá þungaskattinum og taka upp olíugjald þá er ég hjartanlega sammála hv. þm. Kjartani Ólafssyni. Við getum aldrei framkvæmt það nema með einu gjaldi, það er ógerningur. Það verður okkur til mikils vansa og mikillar háðungar því að það verður alltaf flóknara og erfiðara. Eftirlitið snýst upp í hreinan kjánaskap, það snýst upp í að vera eins og hjá Stasi, við náum aldrei utan um þetta, getum aldrei náð utan um þetta. Freisting einstaklingsins verður okkur ofviða.

Við erum því að framkvæma kerfi sem er okkur til vansa, mjög mikils vansa, og verður alltaf erfiðara og erfiðara eftir því sem lengra líður því að það koma ný og ný tilbrigði við þetta sama stef: Hvernig ætlum við að þykjast

vera réttlát? Auðvitað getum við aldrei verið réttlát, við erum nú einu sinni í mannheimum.

Ég segi því enn og aftur eins og ég hef oft sagt í umræðum á undanförnum tíu árum um þessa hluti: Við getum ekki framkvæmt neitt kerfi nema vera nokkurn veginn viss um að það gangi eftir og að það sé ekki brotið. Reynslan er alveg ótvíræð gagnvart þessu kerfi sem núna er. Það misnota það allir sem geta og við vitum það, allir vita það. Eftirlitið er alveg vonlaust. Við gætum aukið eftirlitið, sett í það 10, 20, 30, 100, 200 manns, en það yrði alltaf sama vitleysan.

Ég endurtek því, virðulegi forseti, þær áskoranir sem ég hef látið áður koma fram um að við séum ekki hér í önnunum fyrir jólafrí að fjalla um þetta mál, heldur gefum okkur góðan tíma til að hugleiða ástæður okkar allar, fara í gegnum þetta og reyna af fremsta megni að gera okkur grein fyrir því að við höfum skyldum að gegna gagnvart skattheimtunni á Íslandi. Við getum ekki framkvæmt þetta svona. Við verðum að vera ábyrg gagnvart því sem við erum að gera í allri skattheimtu.

Ég ítreka því óskir mínar um að menn láti af þessari umræðu og reyni að nota útmánuðina til þess að gá hvort menn geti ekki séð það í hendi sér að svona skattheimta, þessi litun á olíu er hlutur sem þegar liggur fyrir að er vonlaus.

[15:53]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans um olíugjald. Ég hef aðeins eina spurningu til hv. þingmanns: Styður hann þetta stjórnarfrumvarp eða ekki?

[15:53]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt ég hefði farið rækilega yfir þetta. Það var fyrir tíu árum hér á þinginu sem ég kom fyrst að þessum málum. Allan tímann og alltaf hef ég verið á móti þessu. Ég hef verið á móti þessu olíugjaldi, talið þessa litun vera ranga aðferð. Ég er alveg viss um og taldi mig segja það skýrt að þetta frumvarp er bara enn ein vitleysan, farið er úr öskunni í eldinn. Menn fara úr einni vitleysunni í aðra, enda kallaði ég þetta mál vitleysuna endalausu. Að sjálfsögðu greiði ég atkvæði á móti því.

[15:54]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég þakka hina miklu umræðu um þetta frumvarp sem er framhald af mjög langri umræðu, ég vil segja tíu ára gamalli umræðu þegar hugmyndir um litun olíu komu upp í efnahags- og viðskiptanefnd fyrir mjög mörgum árum. Þá var ég á móti því og benti einmitt á þá vankanta sem nú hafa komið í ljós, flækjuna og hugsanlega misnotkun. Því er ekki auðvelt að verja þetta kerfi.

Hins vegar féllst ég á þau rök að þáverandi kerfi með þungaskatti og öllu því sem þar blómstraði skekkti samkeppni og nauðsynlegt væri að gera breytingu. Þegar þau lög sem voru til umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd, sem við núna ræðum breytingu á, lagði ég mikla vinnu í að athuga hvort þessir ökukubbar eða ökuritar væru orðnir nægilega þróaðir til að hægt yrði að setja þá inn í dæmið en svo reyndist ekki vera. Það sem vantaði sérstaklega upp á var hvernig haldið er utan um þetta annars staðar, þ.e. hvernig upplýsingum er safnað saman og sérstaklega vantaði vörn gegn því að persónunjósnum væri ekki við komið. Það er kannski það sem enn er ekki leyst, hvernig menn ætla að hindra það að stóri bróðir eða einhver geti fylgst með einstaklingnum hvert sem hann fer á bíl sínum, því að það er nefnilega hægt ef þetta kerfi er notað. Það skráir hvern einasta punkt í hnitakerfinu þar sem menn eru staddir á bílnum.

Ég féllst því á með þeim rökum að þetta skerpti samkeppni að fara út í þessa litun þrátt fyrir að mér væri fullljóst að það yrði ekki til einföldunar eins og hv. þm. Kristján Möller segir, það átti ekki að vera til einföldunar. Það sem menn voru að reyna að ná fram var að koma í veg fyrir skekkingu á samkeppni og alveg sérstaklega, frú forseti, að breyta því að dísilbílar til einkanota væru nánast bannaðir í landinu, en þannig kom það fram. Markmiðið með lögunum var kannski það að gera einstaklingnum kleift að kaupa sér dísilbíla, sem eru sparneytnari, en þegar lögin voru samþykkt var olían líka miklu ódýrari á heimsmarkaði, sem hefur reyndar breyst í millitíðinni.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði um einföld kerfi og hann á þá væntanlega við að sama gjald yrði á olíu og bensín og ég væri alveg hlynntur því, en þá vakna spurningar með sjávarútveginn. Ætla menn að hafa sama gjald þar líka? Ég væri alveg til í það en ég er hræddur um að heyrast muni þá í einhverjum ef það ætti að vera og þá mætti kalla það mengunarskatt. Við getum bara hugleitt það að hafa sömu krónutöluna, við getum fundið út hver hún á að vera, 39 kr. eða hvað það nú er, bæði á bensín og olíu yfir alla línuna og ekki gera neinar undantekningar eða neitt annað. Þetta kæmi til greina og ég held að það sé rétt að menn byrji strax að hugleiða það. En menn geta ekki verið að breyta kerfum á eins eða tveggja ára fresti, það gengur náttúrlega ekki. Miklar fjárfestingar eru bundnar í því að lita olíu og annað slíkt og miklar fjárfestingar í að koma upp eftirlitskerfi og öðru slíku. Menn geta því ekki leikið sér að því að breyta fram og til baka.

Hv. þm. Kristján Möller benti á marga vankanta í kerfinu og í rauninni var hann að biðja um enn frekari flækju því að hann nefndi dæmi fram og til baka um að þetta og hitt væri að, það væri of dýrt fyrir landsbyggðina og ég veit ekki hvað. Það þýðir að við þurfum að koma með enn fleiri undanþágur og breytingar ef við ætlum að taka tillit til allra þeirra sjónarmiða sem hann nefndi. Síðan bætti hann við að það mætti koma með tilraun, sem væri mjög áhugavert, að nota snjóruðningstæki og þessa ökurita til prufu. En það mundi þýða enn meiri flækju, enn eitt kerfið til viðbótar við öll hin, þannig að ég held að það sé ekki beint gáfulegt.

Hann spurði margra spurninga. Hann talaði um að lækka flutningskostnað út á land. Ef menn ætla að láta borga fyrir notkun á vegum hlýtur að vera dýrara að fara út á land af því að þangað liggja jú vegir, það er það sem menn eru að tala um. Svo hefur auk þess komið fram að þungir flutningabílar slíta vegunum margfalt á við einkabíla þannig að það dugar ekki einu sinni að láta þá borga fast gjald per lítra af olíu, það þarf að bæta við ef menn ætla að

hafa það markmið í huga. Þungir bílar þurfa þá að borga hlutfallslega miklu meira en sem nemur olíueyðslunni.

Hann nefndi af hverju þyrfti ekki að koma breytingartillaga um merkingu á bílum. Það var rætt nokkuð í nefndinni en ekki var talin ástæða til að það þyrfti að setja í lög, nóg væri að það kæmi fram í nefndaráliti og í ræðu flutningsmanns á Alþingi að geta um að merkja ætti bifreiðar, það dygði til.

Hann sagði líka að staðið hefði til að einfalda kerfið en eins og ég gat um áðan stóð það aldrei til og það var vitað að þetta yrði flækja. Ég man eftir því í efnahags- og viðskiptanefnd þegar þetta mál var stoppað þar fyrir mörgum árum að ég nefndi það einmitt af reynslu minni erlendis að menn mundu misnota kerfið.

Ég held að menn verði hreinlega að bíða smástund og vona að þessi persónuverndarsjónarmið verði leyst varðandi þessa kubba því að það er kannski besta mælingin til að mæla notkun á vegum eða þá að menn hverfi frá því að hugsa um notkun á vegum og líti hreinlega á þetta sem mengunarskatt eða hreinlega sem skatt og tækju eina ákveðna tölu bæði á bensín og olíu, flata yfir allt. Það kæmi til greina og þá með það í huga að einföldunin mundi spara svo mikla fjármuni að öll hin sjónarmiðin hverfi í ljósi þess.

Það frumvarp sem við ræðum er viðbrögð við göllum sem hafa komið upp í samkeppni, samkeppni bíla og tækja, traktora o.s.frv. þar sem menn nota ólitaða olíu annars vegar og litaða olíu hins vegar, gjaldskylda olíu annars vegar og ekki gjaldskylda olíu hins vegar. Þannig eru menn alltaf að elta réttlætið með sífellt flóknari og flóknari lögum og flækjan er í rauninni líka óréttlát því að þeir sem ekki vita af henni nota hana ekki og einnig gefur þetta líka möguleika á því að svindla, sem er náttúrlega mjög óréttlátt.

[16:03]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ein af breytingartillögum meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar sem hv. þm. Pétur H. Blöndal mælti fyrir og ég gat um áðan snýr að tengivögnum, 5 þús. kílóum eða þyngri, sem eiga að greiða sérstakt kílómetragjald. Hv. þm. Kjartan Ólafsson benti á að vagnar sem eru 4.999 kíló muni ekkert borga en hinir muni þurfa að borga 9,27 kr. á hvern dreginn kílómetra, ekki ekinn heldur dreginn. Talað er um að þetta sé eingöngu fyrir vagna sem eru dregnir af dráttarvélum. Því er það spurning mín: Hvað með 5 þús. kílóa tengivagn eða þyngri sem dreginn er af tækjum á gjaldfrjálsri olíu, t.d. vélskóflum eða öðrum sambærilegum tækjum sem borga ekki olíugjald, hvernig á að rukka það? Þetta er enn eitt dæmi um þetta flækjustig.

[16:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Fram kom í nefndinni að slík tæki væru afskaplega óhagkvæm til dráttar fyrir lengri vegalengdir þannig að það kæmi ekki til. Auðvitað er ekki hægt að sjá fyrir að það gæti ekki gerst með aukinni tækni og breytingum á vélbúnaði og slíku. Það sýnir einmitt vandkvæðin í því að framkvæma lögin þannig að réttlætis sé gætt, þó að maður reyni ekki einu sinni að nálgast fullkomið réttlæti þýðir einhvers konar nálgun á réttlæti sífellt meiri flæking í lögunum.

[16:05]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður gat ekki svarað þessu. Ég skil hann vel enda ætla ég ekki að ganga eftir frekari svörum um þetta atriði vegna þess að það er ekki hægt að svara þessu. Þetta er enn eitt dæmi um þá vitleysu sem verið er að setja inn í frumvarpið sem tveir ef ekki þrír stjórnarþingmenn tala um sem vitleysisfrumvarp. Breytingartillögurnar sem settar voru fram í hv. efnahags- og viðskiptanefnd og hv. þm. Pétur H. Blöndal mælti fyrir gera þetta enn vitlausara en áður og síðast en ekki síst stendur hv. þingmaður að hækkun á sérstaka kílómetragjaldinu á vel flestum þyngdarflokkum, um 12–15%.

[16:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Málið eins og það hefur þróast frá því að það var samþykkt í efnahags- og viðskiptanefnd fyrir líklega tveimur árum sýnir það að þau varnaðarorð sem við fluttum þá, þingmenn Samfylkingarinnar, áttu rétt á sér. Vitlaust var kerfið fyrir en vitlausara og erfiðara er það orðið núna. Mig langar að rifja það upp fyrir hv. þm. Pétri H. Blöndal að hann var löngum á móti því kerfi sem nú er við lýði. Við unnum þann vetur allan að því að breyta því en hver er ástæðan fyrir því að við búum við þetta kerfi í dag? Jú, hv. þingmaður, hinn sjálfstæði formaður efnahags- og viðskiptanefndar, fékk hringingu frá hæstv. fjármálaráðherra og var ekkert að fela það fyrir nefndarmönnum sínum. Það var bara skipun frá fjármálaráðuneytinu að hafa þetta svona. Allt sem við sögðum um vitleysuna í málinu hefur komið fram og enginn ber meiri ábyrgð á því en hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar nema ef vera skyldi hæstv. fyrrv. fjármálaráðherra.

Ég kem þó aðallega hér upp til þess að minna á að við þingmenn Samfylkingarinnar lögðum til að tekin yrði upp sjálfvirk skráning. Hv. þm. Pétur H. Blöndal kemur hér enn einu sinni og mælir gegn því vegna þess að hann telur að það sé brot á persónuverndarlögum eða brot á persónuhelgi. Ég fæ það ekki skilið, frú forseti. Að vísu er rétt að samkvæmt því kerfi yrði sú vegalengd sem farartæki ækju skráð en það hlýtur að vera mjög auðvelt að koma í veg fyrir að það yrði skráð hvert viðkomandi farartæki færu og hvar þau væru stödd. Ef menn vilja ekki slíkar upplýsingar er hægurinn að koma í veg fyrir það.

Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hann sé ekki þeirrar skoðunar að hægt sé að búa svo um hnúta að þetta verði ekki sá ásteytingarsteinn sem það var allavega á sínum tíma millum þingmanna Samfylkingarinnar og sumra þingmanna Sjálfstæðisflokksins því ég tel að þetta sé framtíðin og þetta sé mjög gott kerfi.

[16:08]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar frumvarpið sem við tölum nú um að breyta var samþykkt og varð að lögum var það vissulega mikið rætt í hv. efnahags- og viðskiptanefnd að reyna að taka upp þessa ökurita. En þá voru menn ekki vissir um að það kerfi sem ætti að bóka niðurstöðurnar, þ.e. tæki við skilaboðunum, væri tilbúið.

Það er ekki rétt að ég hafi fengið hringingu frá hæstv. fjármálaráðherra heldur ræddum við saman um nauðsyn þess að gera eitthvað í málunum til að bregðast við samkeppnismismun og öðru slíku. Þess vegna fór ég ekki út í þessa breytingu með glöðu geði á sínum tíma. Vitað var að þetta yrði flókið kerfi, það var engum sem datt í hug að það yrði einfalt. Reynt var að samræma alls konar sjónarmið sem voru ósamrýmanleg, eins og ég nefndi fyrr í dag.

Varðandi persónuupplýsingar eru menn að tala um tvenns konar notkun á kubbunum. Annars vegar væri hægt að nota bara vegalengdina. Þá koma engar persónuupplýsingar fram en þá er heldur ekki hægt að nota þá möguleika sem menn hafa bent á og Evrópusambandið ætlar að nota, ef þeim tekst að leysa það, að mæla hvar menn nota bílana, t.d. væri hægt að hafa mismunandi gjald fyrir malarvegi og malbikaða vegi. Hægt væri að innheimta veggjöld fyrir Hvalfjarðargöngin og önnur göng með þessu, það væri meira að segja hægt að taka upp gjöld fyrir stöðumæla og annað slíkt. Þeir notkunarmöguleikar gefa aftur á móti upp staðsetningu sem getur verið hættulegt varðandi persónuupplýsingar. Allt eru þetta hlutir sem menn þurfa að leysa og verið er að vinna í að leysa í Evrópusambandinu, þ.e. hvort kerfið getið orðið nógu skothelt þannig að enginn komist inn í það. (Gripið fram í.)

[16:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. þingmann um það hvort það var símtal eða eitthvað annað sem olli því að hv. þingmaður hvarf algerlega frá margyfirlýstri skoðun sinni í málinu. Það er náttúrlega mergurinn málsins. Við lögðum þennan vetur upp með það að ætla að hverfa einmitt frá því kerfi sem hv. þingmaður hefur enn þá haldið í. Við ætluðum að fara aðra leið og hv. þingmaður var manna áhugasamastur um það þangað til hann fékk skilaboð um aðra niðurstöðu. Það er ekki hægt að kalla það fagleg vinnubrögð enda er niðurstaðan þannig að kerfið er orðið miklu flóknara en nokkur gerði skóna í upphafi.

Varðandi persónuhelgi og persónuvernd í málinu er óhjákvæmilegt að rifja það upp að í dag eru ferðir hv. þingmanns skráðar í gegnum notkun hans á debet- og kreditkortum. Sömuleiðis er hægt að fá upplýsingar um ferðir manna einungis með því að rekja símtöl þeirra og það hefur verið gert. Ég geri ekki mikið með það að það kynni ekki að vera hægt að skrá ferðir manna t.d. á malarvegum, ég held að það skipti mjög litlu máli.

Það sem skiptir máli er tvennt. Í fyrsta lagi vegalengdin og síðan tími sólarhringsins, vegna þess að ef hægt væri að taka þetta upp væri hægt að taka upp tvenns konar kerfi þannig að mönnum væri beint inn á þá tíma sólarhringsins til aksturs þar sem minnst umferð er. Það var helsta röksemd mín a.m.k. á sínum tíma. Ég er einn af þeim sem ek um vegi landsins skíthræddur við þessa stóru bíla og vil beita þeim tækjum sem við höfum, hagrænum stjórntækjum eins og þessu gjaldi, með þeim hætti að þeim væri frekar beint til aksturs á tímum þegar fjölskyldufólk og smærri bílar eru endranær ekki á ferli. Það er einn af ávinningunum við að taka upp (Forseti hringir.) þetta kerfi.

[16:12]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekkert voðalega ánægður með þessa ræðu hv. þingmanns um margyfirlýsta skoðun, það er alltaf eins og hann sé í hanaslag. Við erum ekkert í hanaslag, við erum að reyna að finna góða lausn á málum og það var reynt í efnahags- og viðskiptanefnd á sínum tíma. Ég reyndi mikið að fá lausn á málinu varðandi persónunjósnir og persónuvandamál en hún var bara ekki tilbúin á þeim tíma. (Gripið fram í.) Menn stóðu því frammi fyrir því að þurfa að breyta lögunum, þurfa að hverfa frá því kerfi sem þá var í gildi og yfir í nýtt kerfi. Sú leið sem ég sá og vildi helst fara var bara ekki tilbúin. Það getur vel verið að hún verði tilbúin árið 2011, að menn verði búnir að leysa þessi vandamál þá. En það sem hv. þingmaður sagði um að hægt væri að beina umferð stórra bíla á næturnar og annað slíkt þýðir einmitt að gefa þyrfti upp staðsetningu allra bíla og tímann þannig að einhvers staðar lægju þá fyrir upplýsingar um staðsetningu í kubbnum. Það þýðir líka að hægt væri að fylgjast með því hvar menn væru staddir.

Varðandi það að hægt sé að fylgjast með fólki í dag með debet- og kreditkortum er það einmitt eitt af því sem margoft hefur verið rætt hvort menn séu ekki komnir fulllangt þar í því að geta fylgst með einstaklingnum og hvort sú mikla notkun á debet- og kreditkortum og GSM-símum sé ekki orðin hættuleg fyrir einstaklinginn. Menn hafa reynt að byggja upp kerfi sem gera það ómögulegt fyrir óviðkomandi aðila að komast inn í það. Ég er ekki viss um að allir landsmenn vilji láta t.d. maka sinn fylgjast með því hvar þeir eru á hverjum tíma.

[16:14]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég ætla eftir atvikum ekki að halda mjög langa ræðu en ég tel samt að nauðsynlegt sé að fara vel yfir þetta mál. Hér höfum við í höndunum dæmi um það hvernig þingið á ekki að vinna. Á sínum tíma lagði efnahags- og viðskiptanefnd töluvert mikla vinnu í að reyna að finna nýja leið í stað þess fyrirkomulags sem við sitjum uppi með núna. Við vorum sammála um það, ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal, að það væri mjög fýsilegur kostur að skoða sjálfvirka ökurita. Það vakti fyrst og fremst fyrir mér að draga úr slysahættu. Ég lýsti alltaf yfir þeim tilgangi mínum að reyna að finna einfalda leið sem jafnframt yrði til þess að draga úr slysahættu. Það er vafalaust ein mesta hætta sem búin er fjölskyldufólki á sumarferðalagi hér á Íslandi að lenda í árekstri við þá stóru bíla sem aka landið þvert og endilangt að flytja fisk og hvað eina sem nauðsynlegt er til þess að smyrja hjól efnahagslífsins. En þeir sem lenda í

slíkum árekstri þurfa yfirleitt ekki um sárt að binda. Við vitum að það eru einmitt árekstrar á vegum úti, árekstrar milli fólksbíla og þessara stóru bíla, sem valda hvað mestu manntjóni á Íslandi. Þess vegna er eftirsóknarvert að reyna að finna kerfi sem hægt er að beita til þess að stýra umferð stóru bílanna á tíma sólarhrings þegar minni líkur eru á að venjulegt fjölskyldufólk sé í akstri.

Ökuritarnir hefðu haft þann ávinning í för með sér að hægt hefði verið að setja upp fyrirkomulag um mismunandi gjald eftir tíma sólarhrings. Ég veit að þingmenn, bæði aldnir og ungir, eins og hv. þm. Birkir J. Jónsson sem ekur mikið um vegi landsins, og er líka einn af þeim sem hefur talað fyrir aðgerðum til þess að draga úr slysahættu, hljóta að taka undir með mér í þessum efnum eins og allir hv. þingmenn efnahags- og viðskiptanefndar gerðu þegar þetta mál kom til umræðu.

Það var helst talið málinu að vanbúnaði að hinn sjálfvirki ökuriti væri ekki tæknilega reiðubúinn. Nú vill svo til, frú forseti, að þarna áttu Íslendingar alveg stórkostlegt tækifæri. Ekkert land var komið jafnlangt í að þróa þennan búnað en einmitt Íslendingar. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hélt því fram í ræðu sinni að þessi tækni væri ekki fullþróuð. Hún er það núna. Hv. þingmaður þarf ekki annað en að taka upp síma og tala við þá ágætu ungu menn sem hafa starfað að þróun þessarar tækni á síðustu árum.

Ef Íslendingar hefðu borið gæfu til þess að fara að tillögum okkar þingmanna sem vildum taka þetta upp fyrir tveimur árum hefðum við fengið forskot sem hefði að öllum líkindum gert okkur kleift að hefja útflutning á þessari tækni og líka vélbúnaðinum sem henni fylgir. Það hefði orðið stórkostleg lyftistöng fyrir hátækniiðnað á Íslandi. Það hefði líka orðið til þess að hægt hefði verið að setja upp mjög einfalt kerfi í stað þess flókna kerfis sem við höfum núna. Það sem þó skiptir mestu máli frá mínum bæjardyrum séð er að verulega hefði dregið úr slysahættu. Það er það sem skiptir máli.

Ég sagði í upphafi að þetta væri dæmi um að þingið hefði ekki unnið vel. Þó að það hafi verið yfirlýstur vilji þingmanna á sínum tíma, og ég held nefndarinnar allrar, að skoða þetta út í hörgul var þeirri vinnu hætt á einum eftirmiðdegi vegna þess að fyrirskipanir bárust frá hæstv. fjármálaráðherra um að klára málið með öðrum hætti. Málið hafði þá velkst um fjörur Alþingis í hartnær áratug vegna þess að það hafði alltaf verið mikil vantrú á þessari aðferð. Menn sögðu að þetta kerfi væri betra en hitt og yrði einfaldara en því miður hefur komið í ljós að það er miklu flóknara en menn óraði fyrir. Þetta kerfi er hundónýtt og við sjáum það á þeim breytingartillögum sem liggja hér fyrir og fleiri tillögum sem eiga eftir að koma frá stjórnarliðinu að það þarf stöðugt að plástra þetta kerfi til þess að það gangi upp.

Það kerfi sem Samfylkingin lagði til var tæknilega best í stakk búið til þess að klára þetta. Sú tækni hefði dregið úr slysahættu og sú tækni hefði verið einfaldari í framkvæmd. En þetta er nú sennilega bara upphafið á minni ræðu um þetta því að málið er flókið og yfirgripsmikið og þarf auðvitað að fara dýpra í það. Ég veit ekki alveg hvort ég tek mikinn tíma í það núna en þó berast mér hvatningar um að gera málinu góð skil. Hins vegar verð ég líka að segja að það er margt í þessu sem ég ekki skil, þar sem heilbrigð skynsemi kemur ekki heim og saman við veruleikann.

Á sínum tíma var talað sérstaklega um að það þyrfti að taka vel á hlut þeirra farartækja sem heyra undir almenningssamgöngur. Það er svo, og var í gamla kerfinu, að 80% af gjaldinu áttu að endurgreiðast vegna almannaökutækja. Að vísu er það rétt að í framkvæmd endurgreiðast 80% upp að ákveðnu marki en ekki virðisaukaskatturinn. Hvers konar vitleysa er þetta eiginlega? Getur hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar skýrt þetta út fyrir mér? Þetta er bara til marks um það hvað þetta er götótt og illa plástrað kerfi.

Ég vil líka koma því viðhorfi að, frú forseti, þó að ég ætli ekki að leggja fram tillögu um það núna, að mér finnst að endurskilgreina eigi þessi 80% sem eru endurgreidd til almenningsfarartækja. Ég er þeirrar skoðunar að leigubílar eigi að falla undir þetta líka. Leigubílar eru orðnir að almannasamgöngutækjum alveg eins og langferðabílar. Ástæðan er sú að ákveðnir þjóðfélagshópar nota þá mjög mikið, sérstaklega eldra fólk. Þetta mundi lækka verðið á þjónustunni og hjálpa eldri borgurum og við vitum það jú að hv. þm. Pétri H. Blöndal er alveg einstaklega annt um að aðstoða bæði eldri borgara og öryrkja, án þess að ég ætli að fara neitt frekar út í það núna.

Frú forseti. Staða þessa máls sýnir að varnaðarorð okkar sem vöruðum við því að þessi leið yrði farin hafa reynst á rökum byggð. Það kerfi sem við lögðum til hefði dregið úr slysahættu, einfaldað framkvæmd og sennilega hleypt af stokkunum nýjum iðnaði hér á Íslandi. Íslendingar voru lengst komnir með þessa tækni og segja má að umrætt símtal úr fjármálaráðuneytinu hafi í reynd skorið á þá tækni — þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal lét skipa sér að hætta vinnu við þetta góða mál. Ég veit að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er mér algjörlega sammála. Hann hefur alltaf lýst miklum efasemdum um núverandi fyrirkomulag þessa máls enda er hann með allra skynsömustu mönnum þegar kemur að þessum málaflokkum þó að ég vilji ekki veita honum þá einkunn í mörgum öðrum.

[16:23]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þar sem samkomulag hefur orðið um þinghaldið ætla ég ekki að lengja mál mitt. Til að halda mínum sjónarmiðum til haga í þessu máli vil ég þó taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að með ökurita er hægt að hafa áhrif á umferðina til góðs, með því að tengja ökuritann og gjaldtöku er hægt að nota það til stýringar til góðs.

En á því eru einnig miklir vankantar og miklar hættur og ég horfi til þeirra. Að því leyti tek ég undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal að eftirlitsþjóðfélaginu á ekki að færa fleiri tæki til þess að fylgjast með borgurunum. Það veldur því að ég hef um það mikla fyrirvara að sú leið verði farin að setja ökurita í einkabíla því að slíkt má nota til að hafa eftirlit með borgurum landsins og ég tel nóg komið af slíku.

Ég tel að við getum gert greinarmun á almennum einkabílum annars vegar og tilteknum vinnuvélum hins vegar. Ég held að eðlilegt sé að styðja það að ökuritar verði settir í slík vinnutæki. En þegar kemur að einkabílnum hef ég um það miklar efasemdir og hef haldið þeim fram í umræðu í

efnahags- og viðskiptanefnd þegar þessi mál hefur borið á góma.

En ég tek undir með hv. þingmanni, það er eðlilegt að við höldum þessari umræðu vakandi því að ég held að allir séu sammála um að kerfið er mjög erfitt viðfangs, það þarf að finna lausn sem dugir.

[16:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ber fyllstu virðingu fyrir þeim viðhorfum sem hv. þm. Pétur H. Blöndal og Ögmundur Jónasson hafa sett hér fram varðandi persónuhelgi og nauðsyn þess að koma í veg fyrir að of miklum upplýsingum sé safnað um einkahagi manna. En nú verð ég hins vegar að segja að hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem yfirleitt er vel að sér um flesta hluti, hefur ekki kynnt sér þessa tækni nægilega vel. Það er hægt að gera hana þannig úr garði að það sé ekki fylgst með því hvar menn eru staddir heldur einungis vegalengdinni sem þeir aka og leggja að baki og tíma sólarhringsins sem þeir eru í akstri. Það eru þær upplýsingar sem þarf að fá, engar aðrar. Hv. þingmaður ætti auðvitað að gera sér grein fyrir því að því miður er það svo að hægt er að fylgjast með ferðum hans sjálfs eftir alls konar leiðum. Starfs síns vegna notar hv. þingmaður farsíma töluvert mikið og er jafnan hægt að fylgjast með því hvort hann er staddur í austurbænum eða vesturbænum eða hvar á landinu hann er staddur og það er hægt að skrá ferðir hans þannig. Einnig er hægt að afla mikilla upplýsinga um hvað hann gerir og hvers hann neytir með því einu að skoða færslur á bankakortum — sem til skamms tíma var furðugáleysislega farið með af allra hálfu þó að á því hafi verið gerð bragarbót.

En ég kem hér einungis til þess að undirstrika það að tæknin, sem hv. þingmaður tók undir að væri jákvæð, er þannig úr garði gerð að hún girðir fyrir þá vankanta sem hv. þingmaður nefndi hér gegn málinu. Ég held því að það sé hægt að nota þessa ökurita í allar bifreiðir og ég held að það sé hægt að gera þá þannig úr garði að ekki sé hægt að fylgjast með því hvert menn eru að fara. Það er hins vegar hægt eftir margvíslegum öðrum leiðum í dag.

[16:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vandinn við að reisa skorður við vexti eftirlitssamfélagsins er einmitt sá að flest þau tæki sem notuð eru til að fylgjast með einstaklingunum eru jafnframt til góðs. Við nefndum símana, við nefndum ökuritana — ég tek undir með hv. þingmanni að þá er að sönnu hægt að nota til góðs, til að stýra umferð á umhverfisvænan hátt o.s.frv., ég tek undir þau sjónarmið.

En ef tæknilega er hægt að nota þessi tól til að fylgjast með borgurunum, þrátt fyrir alla fyrirvara sem menn hafa, þrátt fyrir öll þau höft sem menn setja á slíkt, þá er möguleikinn engu að síður til staðar. En það eru mótsagnir í þessari umræðu og við þurfum að taka hana.

Þegar verið er að fylgjast með fólki — í pössum er t.d. verið að taka það upp að setja þar inn alls kyns lífsýni o.s.frv. — þarf sá sem er heiðarlegur þá að óttast að fylgst sé með ferðum hans, hvort hann er í austurbæ eða vesturbæ, hvar hann er staddur eða hvert hann fer? Þarf heiðarlegur maður að óttast nokkuð varðandi eftirlit? Í rauninni væri hægt að svara þeirri spurningu neitandi. Hins vegar er það svo að þegar búið er að raða allri þessari mósaík saman hefur stóri bróðir fengið í hendurnar tæki til að fylgjast með einstaklingunum og til að misnota ef óprúttnir aðilar komast til valda. Við því viljum við, sem höfum efasemdir um m.a. þetta mál, vara. En ég hvet til áframhaldandi umræðu um þetta mál, hún er flókin en hún er mjög nauðsynleg.

[16:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit að hv. þingmaður hefur alltaf haft varann á sér, næstum því alltaf — ekki alltaf þó — þegar kemur að óhóflegri söfnun persónuupplýsinga. Ég minnist þess að ég var ósáttur við hv. þingmann þegar hann greiddi atkvæði með því að heimild yrði veitt — af því að hann nefnir hér lífsýni — til þess að greina erfðaefni í blóðsýni fólks sem kemur til vanabundinnar skoðunar í Blóðbankanum. Við ræddum þetta hér fyrir nokkrum árum og ég var ekki fullsáttur við afstöðu þingmanns í þeim efnum.

En það er rétt hjá hv. þingmanni að margvíslegar hættur felast oft í tækni sem er þróuð og beitt almennt til þess að bæta hag fólks. Eitt af því sem væri hægt að gera með þessu, en menn segja samt að falli undir verk stóra bróður, er að fylgjast með því hvort menn fari yfir óleyfilegan hraða. Það skiptir ákaflega miklu máli þegar um er að ræða þessi stóru og þungu ökutæki að hægt sé að grípa til hvers kyns ráða til þess að koma í veg fyrir það vegna þess að þau breytast í drápstæki um leið og þau eru komin á mikinn hraða. Þetta er einn af þeim ávinningum sem mundu fylgja þessum ökurita. Þetta var nú það sem ég vildi segja við hv. þingmann.

Ég deili áhyggjum hans af því að það sé stöðugt verið að koma hlutunum þannig fyrir að hægt sé að fylgjast með allt of mörgum þáttum í lífi manna. Auðvitað ættum við sameiginlega að reyna að reisa skorður við því. En þessi tækni er þannig úr garði gerð að það er hægt að koma í veg fyrir að ríkið taki til sín og skrái þær upplýsingar sem tveir hv. þingmenn óttast að yrði safnað. En jafnvel þó svo væri ekki finnst mér það minni háttar vankantur á þessu máli, það mundi ekki duga til þess að ég félli frá stuðningi við þessa aðferð. Ég ítreka hins vegar að það er hægt að girða fyrir þetta.

[16:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það ekki vera minni háttar vankantur að hægt sé að fylgjast með ferðum einstaklinga, hvert þeir fara í sínum tíma. Mér finnst það vera stórmál.

Hins vegar ítreka ég það að ég tel að við séum sammála í grundvallaratriðum, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Við viljum báðir sporna gegn því að eftirlitssamfélagið gerist of ágengt við borgarana en ég tel mjög mikilvægt að menn haldi þessari umræðu áfram, hún er flókin eins og ég sagði áðan, en hún er mjög mikilvæg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 2. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 3, nál. 479, 481 og 511, brtt. 546.

[16:33]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 1. meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Eftir yfirferð málsins gerir 1. minni hluti tillögu um að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið skrifa Magnús Stefánsson, Birkir J. Jónsson, Drífa Hjartardóttir, Bryndís Haraldsdóttir og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Hins vegar mæli ég fyrir breytingartillögu sem flutt er í mínu nafni við 5. gr. frumvarpsins. Tillagan er á þskj. 546 og tengist Nýsköpunarsjóði en með henni fylgir greinargerð sem gerir grein fyrir þessari breytingartillögu.

[16:34]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 2. minni hluta fjárlaganefndar um frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Það verður að segjast eins og er að nefndin hefur í raun ekki fjallað um þetta frumvarp sem lýtur að ráðstöfun á þeim fjármunum sem fengust við einkavæðingu Símans. Eins og kunnugt er hefur nefndin fjallað miklu meira um aðrar einkavæðingar á yfirstandandi ári en það voru einkavæðingar bankanna. Ég held að segja megi að sú ítarlega og gagnrýna umfjöllun sem fram fór um það hvernig staðið var að einkavæðingu bankanna hafi sem betur fer verið hæfilegt aðhald með framkvæmdinni á einkavæðingu Símans og hafi með öðru orðið til þess að mun betur var að henni staðið en sölu bankanna á sinni tíð. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni hversu fjárlaganefnd tók fast á þeim málum hér á vor- og sumarmánuðum.

Hér er í sjálfu sér ekki um að ræða lagafrumvarp í neinum þeim skilningi sem við leggjum venjulega í það orð. Hér er um að ræða viljayfirlýsingar sitjandi ríkisstjórnar um það hvernig ráðstafa eigi þessum fjármunum í framtíðinni og hefði trúlega verið miklu nær að hafa um það þingsályktunartillögu um áætlun manna um framkvæmdir á þessum sviðum, eins og venja er til með samgönguáætlun til að mynda og aðrar slíkar áætlanir, m.a. um skógrækt, sem hafa verið samþykktar í þinginu. En lagagildi þessa frumvarps er auðvitað svona og svona því ef nýr þingmeirihluti á Alþingi árið 2007 kýs að haga hlutunum með eitthvað öðrum hætti í fjárlögum fyrir 2008 en tekið er fram í þessu lagafrumvarpi þá standa þau fjárlög auðvitað hærra og taka þessum lögum fram. Þessi lög eru því ekki annað en viljayfirlýsing þeirra sem nú sitja á þingi um það hvernig ráðstafa eigi einhverjum peningum í framtíðinni og nýr meiri hluti hér árið 2007 er algjörlega óbundinn af ákvæðum þessara laga nema þá að þeim fylgi einhverjar aðrar skuldbindingar í einstökum tilfellum, t.d. með samningum sem gerðir verða í framhaldinu o.s.frv. En fjárveitingavaldið er þingsins á hverjum tíma og fjárlögin á endanum þau lög sem ráða.

Við í Samfylkingunni getum út af fyrir sig tekið undir ýmis af þeim ágætu verkefnum sem hér um ræðir. Við minnum á að stærstum hluta þessara fjármuna á að verja til Landspítala – háskólasjúkrahúss og það var einmitt hv. þm. Kristján L. Möller sem ásamt fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar flutti um það þingsályktunartillögu og hreyfði þeirri hugmynd fyrstur að hluti af söluandvirði Símans yrði notaður til að byggja nýtt hátæknisjúkrahús og það er vel að sjá það verk nú hafið að tillögu þingmannsins.

Ég hafði hins vegar vegna ákvæða í greinargerð með frumvarpinu óskað eftir því að hæstv. forsætisráðherra yrði viðstaddur umræðuna og ég vil þakka honum fyrir að vera það. Það er vegna málefna Sundabrautarinnar, en í greinargerð með frumvarpinu segir að þeir milljarðar sem ætlaðir eru í lagningu Sundabrautarinnar miðist við að farið verði innri leiðina. Nú eru komin fram viðbrögð íbúa, bæði í Grafarvogs- og Laugardalshverfum í Reykjavík, við lagningu Sundabrautar á innri leið og það er skylt samkvæmt þeim skipulagslögum sem við höfum sett á Alþingi að hafa samráð við íbúana um lagningu brautarinnar.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsætisráðherra og óska eftir því að hann svari því hér í andsvari við ræðu mína hvort hér sé verið að skilyrða fjárveitinguna innri leiðinni eða hvort enn sé opið að fara aðrar leiðir með Sundabrautina samkvæmt frumvarpi þessu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt, sérstaklega eftir samhljóða ályktun borgarráðs Reykjavíkur, meiri og minni hluta, að hér séu tekin af öll tvímæli af hálfu ríkisstjórnarinnar og forustumanns hennar og þingmanns Reykv. n., sem bæði þessi íbúðahverfi eru raunar í, um að íbúarnir fái að hafa eitthvað um skipulagsmál í sínum eigin hverfum að segja og að ekki sé búið að ákveða það áður en samráðsferlið hefst að fjármunir þessir séu algjörlega bundnir einni leið fremur en annarri. Ég treysti því að hæstv. forsætisráðherra taki af tvímæli um hvernig þetta skuli skiljast í greinargerð frumvarpsins sem hér er til afgreiðslu.

[16:40]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Mér er ljúft að koma inn á það mál sem hv. þm. Helgi Hjörvar spurði hér um. Þegar ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að leggja til við Alþingi að 8 milljörðum kr. yrði varið til Sundabrautar á tilteknum árafjölda ræddi ég m.a. við borgarstjórann í Reykjavík um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar og gerði henni grein fyrir því að hér væri miðað við tillögu Vegagerðarinnar eins og hún lá fyrir á þeim tíma, sem gerði ráð fyrir svokallaðri innri leið. Í framhaldi af því lýsti borgarstjórn Reykjavíkur frekar en borgarráð, ég held að ég fari rétt með það, yfir ánægju sinni með þá ákvörðun, enda hafði það lengi verið baráttumál Reykvíkinga og borgarstjórnar Reykjavíkur að verja fjármagni til þeirrar framkvæmdar.

Ég held að í sjálfu sér hafi ekkert annað verið að gera, enda stendur í greinargerð með frumvarpinu að þessi fjárhæð taki mið af innri leið. Af hverju öðru ætti að taka mið en tillögu Vegagerðarinnar? Það er að sjálfsögðu ekki hægt. Það kemur hins vegar fram í greinargerðinni að gert sé ráð fyrir því að þessi framkvæmd geti kostað á bilinu 7,5 milljarða til 14,5 milljarða eftir því hvaða leið er farin.

Það stendur hvergi í frumvarpinu að þessi leið sé skilyrt. Það kemur hvergi fram í frumvarpinu. Ákveðnir aðilar hafa hins vegar kosið að túlka það svo, af hverju veit ég ekki, að það sé skilyrt í frumvarpinu að þessi leið verði nánast farin óbreytt. (Gripið fram í.) Það kemur ekki fram. Nú fara fram athuganir á því hvort ekki sé nauðsynlegt að gera einhverjar lagfæringar á þessari tillögu. Það er eðlilegt að sú umræða fari fram. Það eru athugasemdir frá íbúum í Grafarvogi út af því að fara þá leið sem farin er í gegnum Hamarinn og margir telja nauðsynlegt að fara jafnvel fram hjá honum. Mér finnst eðlilegt að það sé skoðað. Það eru líka athugasemdir um að umferð sé í of miklum mæli beint inn á Skeiðarvoginn. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að fara í gegnum það. Ég segi fyrir mitt leyti að ég sé enga ástæðu til að beina umferðinni sem kemur eftir Sundabrautinni almennt inn á Skeiðarvoginn. Aðaláherslan hlýtur að vera að beina umferðinni inn á Sæbrautina og inn á Reykjanesbrautina en alls ekki inn í íbúahverfi. Mér finnst eðlilegt og nauðsynlegt að þessi umræða fari fram þó að ég vænti þess að það verði ekki til þess að seinka framkvæmdinni.

Nú liggur fyrir að ýmsar aðrar leiðir hafa verið athugaðar í þessu sambandi. Þær athuganir hafa staðið lengi yfir og það er margt sem kemur til greina í þeim efnum. Það má líka vel vera að borgarstjórn Reykjavíkur vilji að þarna verði farið í kostnaðarsamari framkvæmdir sem komi borginni vel og þá er það atriði sem þarf að ræða milli ríkis og borgar. Ég átti nýlega fund með hafnarstjórn hinnar nýju Faxaflóahafnar. Þar kom skýrt fram að þessi framkvæmd skiptir höfnina mjög miklu máli, eykur arðsemi hennar mikið og er mjög mikilvæg fyrir það nýja samstarf sem hefur tekist á þessu svæði um hafnarmál. Það er mikilvægt að menn skapi vettvang til að ræða þessi mál saman og ég lýsti því þar yfir að ég væri tilbúinn að beita mér fyrir því að við fyndum þann vettvang milli borgaryfirvalda og ríkisins að fara betur yfir þessi mál áður en endanlegar ákvarðanir yrðu teknar.

Auðvitað verðum við að gæta þess að velja sem hagkvæmasta leið í þessu sambandi þannig að það kosti skattborgarana sem minnst, þó þannig að íbúar verði ekki fyrir ónauðsynlegu ónæði þar af. Ég býst hins vegar við því, virðulegur forseti, að það sé í sjálfu sér sama hvaða leið verður farin að því leytinu til að að reisa þarf mikil mannvirki í sambandi við þennan mikilvæga veg. Það verður alltaf eitthvert ónæði af öllum slíkum mannvirkjum og það er ekki vilji margra að hafa slík stór mannvirki allt of nálægt íbúðum sínum og húsakynnum. Það er eðlilegt en það er ekki í fyrsta skipti sem farið er yfir slík mál á höfuðborgarsvæðinu frekar en annars staðar í landinu.

Síðan hef ég lagt áherslu á það, og ríkisstjórnin öll, að mikilvægt sé í sambandi við þessa mannvirkjagerð að menn sjái fyrir endann á því að Sundabraut verði lokið, það sé ekki nægilegt að hún sé lögð upp í Grafarvog, í íbúahverfið þar, heldur þurfum við að sjá fyrir endann á þessari framkvæmd alla leið upp á Kjalarnes. Það kemur fram í þessu frumvarpi að gert sé ráð fyrir því að þar verði um einkaframkvæmd að ræða. Nú hafa margir látið sér vaxa í augum að þetta eigi að vera einkaframkvæmd og reikna með því að það þýði gífurlega aukningu í skattheimtu. Nú liggur fyrir að áætlað er að framhald Sundabrautar kosti um 8 milljarða. Þar að auki liggur fyrir að það er nauðsynlegt að tvöfalda Hvalfjarðargöngin innan ekki allt of langs tíma og bæta þar um. Það sem stendur eftir af skuldum vegna Hvalfjarðarganganna eru einhvers staðar á bilinu 4–4,5 milljarðar. Ef við leggjum allar þessar tölur saman, þ.e. Sundabrautina frá Grafarvogshverfinu og upp á Kjalarnes, tvöföldun Hvalfjarðarganga og þær skuldir sem þar standa eftir, er fjárhæðin u.þ.b. 15 milljarðar. Þá fjárhæð er hægt að endurgreiða með sömu gjaldtöku og er í Hvalfjarðargöngunum í dag á u.þ.b. 30 árum. Það er því vel hægt að standa undir þessum framkvæmdum með sömu gjaldtöku og er í dag með 30 ára endurgreiðslutíma.

Það má líka hugsa sér að umferðin verði jafnvel meiri. Ef hún eykst um svo sem eins og 500 bíla á dag er hægt að greiða þetta niður á 25 árum. Þá er hægt að endurgreiða þessar framkvæmdir með lægri gjaldtöku á lengri tíma. Þar að auki þarf að taka til athugunar hvort menn nota í einhverjum mæli svokallað skuggagjald þar sem gert er ráð fyrir að ríkið greiði fyrir afnot af slíku mannvirki. Þetta er allt til athugunar. Hvort innheimtan á sér stað með veggjaldi á einum stað eða tveimur læt ég liggja á milli hluta. Það er atriði sem þarf að skoða nánar. En það er alveg ljóst að hægt er að fara í allar þessar framkvæmdir og ljúka þeim á þeim tíma sem kemur fram í frumvarpinu með hóflegri gjaldtöku. Þar sem hér er um mjög mikið hagsmunamál að ræða, bæði fyrir íbúa höfuðborgarinnar og íbúa alls Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands, vænti ég þess að þær tímasetningar sem koma fram í frumvarpinu geti staðist og menn láti það ekki hindra þessa mikilvægu framkvæmd þó að einhverjar umræður séu um það hvar Sundabrautin eigi nákvæmlega að liggja og hvernig veggjald skuli innheimt. Ég tel að þetta sé svo stórt mál að það ætti að geta verið mjög góð pólitísk samstaða um það og ég vænti þess að hún geti tekist. Ég tel mikilvægt að góð samstaða sé um málið milli ríkisvaldsins og borgaryfirvalda í Reykjavík og ég tel enga ástæðu til að ætla annað en að svo geti orðið í þessu máli miðað við þau samtöl sem farið hafa fram og ég hef átt, bæði við íbúa sem ég hef talað við og einnig við fulltrúa Reykjavíkurborgar.

Ég vænti þess að þessar hugleiðingar mínar svari fyrirspurn hv. þm. Helga Hjörvars.

[16:52]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Helgi Hjörvar) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa eindreginni ánægju minni með svör hæstv. forsætisráðherra um að sá skilningur sé ekki uppi að fjárframlög til Sundabrautarinnar séu skilyrt ákveðinni leið heldur miði þau einfaldlega við þá útfærslu sem nú er uppi hjá Vegagerðinni og þá augljóst að samráðsferli við íbúana er opið og hægt að gera þær breytingar sem gera þarf til að mæta sjónarmiðum þeirra og ekki búið að taka neinar ákvarðanir áður en það samráðsferli hefst.

Ég tek undir með hæstv. forsætisráðherra að mikilvægt er að þessi brýna úrbót í vegamálum dragist ekki lengur en þegar er orðið og ekki síður þá sýn sem hann lýsir hér, að leggja eigi Sundabrautina alla leið. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt, sem fram kemur hjá hæstv. forsætisráðherra, að hún sé lögð alla leið og farið verði í tvöföldun á

Hvalfjarðargöngunum til þess að þetta sem eitt atvinnusvæði og m.a. eitt hafnarsvæði geti þroskast og þróast sem byggð með sem allra hagkvæmustum hætti.

Hvað veggjöldin varðar er auðvitað sjálfsagt að ræða þau og við í Samfylkingunni höfum út af fyrir sig ekki fyrir fram afstöðu gegn einkaframkvæmd ef hún reynist vera hagkvæmari en hin opinbera. Það hlýtur að vera hið eina skilyrði í því. Við hljótum hins vegar á næstu árum að líta til jafnræðis í veggjöldum með nýjum tæknilausnum eins og hér komu til umræðu við umfjöllun um síðasta mál á dagskrá um olíugjaldið. Að lokum ítreka ég ánægju mína og þakkir til hæstv. forsætisráðherra með þessi skýru svör.

[16:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er um að ræða svo mikilvæga framkvæmd að það er ekki hægt annað en taka undir með hæstv. forsætisráðherra að vonandi skapist sem breiðust samstaða um bæði tímasetningar og aðferðir. Ég hef fyrir mitt leyti ekkert á móti einkaframkvæmd og ef í ljós kemur að hún er heppileg til að flýta þessu get ég fallist á þá aðferð. Ég hef hins vegar áður sagt við hæstv. forsætisráðherra og endurtek það hér að ég er allsendis á móti því að tekið verði upp veggjald. Ég er einfaldlega á móti því. En meiri hlutinn ræður og ef það verður niðurstaðan mun ég þegar að því kemur mótmæla henni og ekki fylgja þeirri ákvörðun. Ég tel hins vegar óþarft að menn leggist í einhverjar langvinnar deilur sem verði til að seinka framkvæmd af þeim sökum.

Ég skil tvímælalaust hæstv. forsætisráðherra þannig að í ræðu sinni áðan hafi hann verið að lýsa því yfir að fjárveitingin af Símapeningunum til Sundabrautar sé ekki í reynd háð því að ein tiltekin leið verði farin. Það er nauðsynlegt að ítreka þetta. Fram kom hjá einum hæstv. ráðherra Sjálfstæðisflokksins við fyrri umræðu málsins og reyndar áður og við fleiri tækifæri, að fjárveitingin væri háð því að svokölluð innri leið yrði farin. Í greinargerð er sagt að tekið sé mið af því en hæstv. forsætisráðherra hefur skýrt mjög ítarlega af hverju það orðalag er. Það er einungis vegna þess að það var sú tillaga sem þá var uppi á borðum Vegagerðarinnar. Ég fagna því að hæstv. forsætisráðherra hefur sagt það hér alveg tvímælalaust að fjárveiting til Sundabrautar sé ekki háð því að ein tiltekin leið verði farin. Ég held að það sé mjög jákvætt af hæstv. forsætisráðherra og fagna þeim ummælum hans.

[16:57]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég endurtek það sem ég hef áður sagt að gert er ráð fyrir í áætluninni að innri leiðin verði farin. Það er tekið mið af því en það er ekki skilyrt. Það er enginn ágreiningur um það milli ráðherra eða í ríkisstjórn. Að sjálfsögðu verður að fara yfir þetta mál en það liggur náttúrulega líka fyrir að við erum skuldbundin því að fara sem hagkvæmasta leið. Það stendur í lögum landsins. Vegagerðinni ber að velja hagkvæmustu leiðina. Það má svo sem lesa ýmislegt út úr því hvað er hagkvæmasta leiðin. Þar á náttúrulega ekki eingöngu að taka tillit til fjárhagslegra raka heldur líka langtímasjónarmiða í sambandi við þróun byggðar o.s.frv.

Hv. þingmaður sagðist styðja það að farið yrði í einkaframkvæmd en var hins vegar algerlega á móti veggjöldum en ástæðan fyrir því að menn setja mannvirki eins og þetta í einkaframkvæmd er að gert er ráð fyrir að það verði innheimt veggjöld. Ég vil heldur ekki útiloka að það geti komið til þess að farið verði í einkaframkvæmd í sambandi við aðrar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, t.d. að því er varðar leiðina suður á bóginn áleiðis til Keflavíkur. Í mínum huga liggur fyrir að fara þarf í jarðgangagerð á næstu missirum til að bæta aðgengið að höfuðborginni og að Keflavíkurflugvelli. Mér finnst sjálfsagt að það verði einkaframkvæmd og geri ráð fyrir að þar munum við ekki útiloka veggjöld.

[16:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara að búa til einhvern ágreining milli hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar. Hins vegar leyfi ég mér út af þeim orðum sem hæstv. forsætisráðherra hafði hér uppi, um að veggjald væri fylgifiskur einkaframkvæmdar, að fullyrða að hæstv. samgönguráðherra er á öðru máli. Við áttum ágætar umræður á fyrri stigum málsins í þinginu og ég held að ég fari örugglega með rétt mál og minni mitt bregðist ekki þegar ég segi að hæstv. samgönguráðherra sagði það fortakslaust, að jafnvel þó farið yrði í einkaframkvæmd yrði það ekki með þeim hætti að tekin yrðu upp einhver sérstök veggjöld. Hann útskýrði nákvæmlega með hvaða hætti það væri kleift.

Ég ítreka hins vegar að ég er ánægður með það og skil hæstv. forsætisráðherra svo að nú liggi fyrir yfirlýsing af hans hálfu um að fjárveitingin til Sundabrautar sé ekki (Forseti hringir.) skilyrt við innri leiðina. Það voru orðrétt ummæli hæstv. forsætisráðherra og þeim ber að fagna.

[17:00]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna yfirlýsingum hæstv. forsætisráðherra um þetta mál og legg áherslu á, eins og kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra, hversu mikilvægt það er og einnig að það má ekki tefjast. Við erum í svolítið sérstakri stöðu að því leytinu til að þetta er enn eitt mikilvægt samgöngumál í Reykjavíkurborg þar sem ríkið þrýstir á en borgaryfirvöld hafa því miður dregið lappirnar. Alveg eins og annars staðar á landinu þá er mjög mikilvægt að taka tillit til íbúa borgarinnar við þessar vegaframkvæmdir en menn mega samt sem áður ekki fara hér í neinn leik til að tefja málið. Þetta er gríðarlega mikilvæg samgöngubót. Hv. þingmaður hér í salnum efast um það, en þannig er málið. Við þurfum að vanda okkur í þessu máli, leiðir eru ekki trúarbrögð, það skiptir máli fyrir íbúa sem þarna búa í næsta nágrenni að þeir geti unað vel við framkvæmdina. Menn eru að ræða um að fara í gegnum Hamarinn í Grafarvogshverfi, en það finnst mér afskaplega sérkennileg hugmynd, svo ekki sé dýpra í árinni tekið. En án þess að vilja fara, virðulegi forseti, í smáatriði þá held ég að það skipti afskaplega miklu máli að vinna hér hratt. Þetta er mikilvægt mál og það má ekki tefja það. Það er auðvelt að ganga þannig frá málum að allir geti verið sáttir við það. Það er afskaplega ánægjulegt að ríkisstjórnin hafi haft forgöngu í

málinu eins og raun ber vitni og við skulum vona að við sjáum glæsilega Sundabraut lagða á allra næstu árum.

[17:02]

Útbýting:

Eftirlit með framkvæmd fjárlaga, 253. mál, svar fjmrh., þskj. 552.

Framvinda byggðaáætlunar 2002–2005, 398. mál, skýrsla iðnrh., þskj. 504.

Grisjun þjóðskóga, 307. mál, svar landbrh., þskj. 554.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 314. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 559.

Svæði sem lotið hafa forræði varnarliðsins, 248. mál, svar utanrrh., þskj. 505.

Útivist í þjóðskógum, 306. mál, svar landbrh., þskj. 553.

Veiting ríkisborgararéttar, 405. mál, frv. allshn., þskj. 560.

[17:03]

Frsm. 3. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti 3. minni hluta fjárlaganefndar en ég sit í fjárlaganefnd sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Hér er verið að mæla fyrir og taka fyrir frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. við 2. umr. Í 1. gr. þeirra laga stendur, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að ráðstafa söluandvirði Landssíma Íslands hf. til að styrkja innviði íslensks samfélags án þess að raska stöðugleika í efnahagsmálum."

Í upphafi vil ég taka það fram að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vorum þeirrar skoðunar og teljum enn að Landssími Íslands hefði áfram átt að vera þjóðareign og að þannig hefðum við styrkt innviði íslensks samfélags mest og best, með því að beita styrk Landssímans til að treysta og efla fjarskiptakerfið í landinu öllu. Landssíminn hefði áfram átt að vera þjónustustofnun þjóðarinnar sem ekki aðeins hefði skilað henni öflugri og góðri þjónustu á jafnréttisgrunni, heldur einnig skilað tekjum af rekstri sínum og arði inn í ríkissjóð. Þannig hefur þetta verið undanfarin ár og hefði getað orðið áfram ef þessi endaleysa og einkavæðingarárátta ríkisstjórnarinnar hefði ekki tekið Landssímann m.a. og sett hann í þær heljargreipar að einkavæða hann og selja eins og staðreyndin er nú. Frammi fyrir þeirri staðreynd er kannski hollt að velta aðeins fyrir sér einkavæðingarferli Landssímans, þeim svardögum sem gefnir voru við upphaf þess ferils.

En í aðdraganda hlutafélagavæðingar Pósts og síma árið 1996 er viðtal við þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, í BSRB-tíðindum, 4. tbl. 8. árgangi 1995, með leyfi forseta:

„Póstur og sími er vel rekin stofnun, þjónustan ódýr og mjög vel er fylgst með á tæknisviðinu. Það er t.d. afar ánægjulegt að Ísland skuli vera fyrsta landið sem notar eingöngu stafrænt símakerfi og ég legg áherslu á að Póstur og sími er hluthafi í sæstrengnum milli Evrópu og Kanada, sem hefur opnað og mun í framtíðinni opna ótalda möguleika á fjarskiptasviðinu, þannig að við getum fylgst með þeirri þróun sem er í heiminum í dag."

Frú forseti. Ég vitna hér í viðtal við hæstv. þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, þegar var verið að ræða hlutafélagavæðingu Símans. Og í viðtalinu segir hæstv. ráðherra enn fremur:

„Á hinn bóginn geldur Póstur og sími óneitanlega þess í daglegum viðskiptum og markaðssetningu að vera opinber stofnun sem er rekin eftir fjárlögum. Póstur og sími getur t.d. ekki gerst hluthafi í hlutafélögum, þótt í smáu sé, nema slík ákvörðun hafi áður verið lögð fyrir Alþingi. Ákvarðanataka með þessum hætti er of þung í vöfum og samræmist ekki nútíma viðskiptaháttum. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma til þess að styrkja samkeppnisstöðu hans og" — takið eftir — „starfsöryggi þess fólks sem þar vinnur. Ég legg áherslu á að í mínum huga kemur ekki annað til greina en að Póstur og sími verði áfram alfarið í eigu ríkisins."

Þetta voru orð hæstv. þáverandi samgönguráðherra Halldórs Blöndals þegar nauðsynlegt þótti að hlutafélagavæða Símann svona til að aðlaga hann breyttum aðstæðum.

Það er athyglisvert að lesa þessa yfirlýsingu þáverandi hæstv. samgönguráðherra í ljósi þess að einmitt sami maður gegndi stöðu forseta Alþingis þegar allar þær fögru yfirlýsingar um að Síminn yrði áfram og alfarið í eigu þjóðarinnar voru þverbrotnar, þá sat hinn sami maður hér, þá sem forseti þingsins og stýrði þeirri vegferð.

Landssími Íslands er seldur og staðreyndin er sú að öryggi starfsfólks er í uppnámi, varð það reyndar strax við hlutafélagavæðinguna, en öryggi starfsfólks hefur aldrei verið minna hjá þessari stofnun en nú eftir að hann var seldur. Þannig að á þeim tíma þegar hæstv. samgönguráðherra sagði að til að tryggja starfsöryggi væri nauðsynlegt að breyta því í hlutafélag þá hefur það breyst í andstöðu sína. Ég held að það sé hollt að hafa þetta með í umræðunni, minnast þessara orða, þverbrotinna yfirlýsinga og svardaga. Því nákvæmlega sömu orð eru notuð í umræðunni um frumvarpið sem núna hefur verið lagt fram um einkavæðingu Ríkisútvarpsins — og er alveg furðulegt að Framsóknarflokkurinn skuli styðja það — á sama hátt og sagt var um Póst og síma á sínum tíma, til að aðlaga það nútímanum en yrði áfram alfarið í eigu ríkisins. Sama er sagt um hlutafélagavæðingu á Rarik, það þarf að einkavæða Rarik til að aðlaga það nýjum tíma, einnig um Landsvirkjun, Matvælastofnun, o.s.frv. Nákvæmlega sömu orð eru nú sögð og sögð voru í upphafi einkavæðingarferils Landssímans sem núna hefur verið seldur. Það er okkur öllum hollt, frú forseti, að hafa þetta í huga. En þessa umræðu eigum við eftir að taka enn betur þegar þessi frumvörp um einkavæðingu á Ríkisútvarpinu, Rarik, Landsvirkjun og Matvælastofnun koma hér inn í þingið til umræðu.

Ég hef sagt að Landssíminn hefði átt að vera þjóðareign áfram. Og þegar veitt var heimild á 126. löggjafarþingi til að selja allt hlutafé ríkisins í Landssíma Íslands hf. var þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs því andvígur og vildi að Landssíminn væri áfram í eigu þjóðarinnar. Í nefndaráliti undirritaðs um það mál segir:

„Fjarskiptaþjónusta er ein af grunnstoðum almannaþjónustu í landinu. Þessi þjónusta má ekki lúta þeim lögmálum markaðarins að arðsemiskrafa eiganda ein sé drifkraftur reksturs og þjónustu. Sjálfsagt er að gæta allra almennra hagkvæmni- og rekstrarsjónarmiða og gera kröfur um

aukna þjónustu. Landssími Íslands á áfram að vera sameign þjóðarinnar og styrk hans á að nýta til hins ýtrasta til að byggja upp gott fjarskiptakerfi sem nær til allra landsmanna án mismununar í verði eða gæðum."

Þetta sagði ég í nefndaráliti mínu þegar heimild til að selja Landssíma Íslands var veitt hér á Alþingi. Öll áform um sölu á Landssímanum voru afar umdeild í samfélaginu, svo vægt sé til orða tekið. Reyndar sýndu skoðanakannanir hvað eftir annað að mikill meiri hluti landsmanna var andvígur sölu Símans og grunnfjarskiptakerfis hans. Þannig lýsti 61% svarenda í Gallup-könnun andstöðu við söluna í mars árið 2002. Í könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði í febrúar 2005, það er ekki langt síðan, frú forseti, af því að hv. þingmaður Magnús Stefánsson var að velta því fyrir sér, kváðust rúm 70% þeirra sem afstöðu tóku andvíg sölu grunnnetsins. Ekki er mikill munur á andstöðu fólks eftir því hvort það er búsett á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni. 68% höfuðborgarbúa voru andvíg sölunni en 75% landsbyggðarfólks voru andvíg sölu Landssímans í febrúar árið 2005, í þeirri skoðanakönnun. Í þjóðarpúlsi Gallups, sem kynntur var í mars 2005, var meiri hluti aðspurðra andvígur sölu Símans og 76% aðspurðra í Gallup-könnuninni í mars árið 2005 voru andvíg því að selja grunnfjarskiptakerfi Símans. Þannig er ljóst að allan söluferil Símans hefur yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar verið andvígur sölu Símans og viljað að hann yrði áfram í þjóðareigu. Í samræmi við það fluttu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um sölu Símans. Sú tillaga fékkst ekki einu sinni tekin fyrir á Alþingi. Meira að segja, frú forseti, í skoðanakönnun Gallups frá því í ágúst síðastliðnum þegar salan hafði farið fram eða hafði verið ákveðin og loforðalistinn sem fylgdi ráðstöfun fjárins var kominn fram reyndist stærstur hluti aðspurðra þeirra sem afstöðu tóku vera áfram á móti sölunni og vildi að Síminn væri áfram þjóðareign, þrátt fyrir að loforðalistinn um ráðstöfun fjárins væri kominn fram.

Ákvörðun um sölu Landssímans einnar mikilvægustu almannaþjónustustofnunar þjóðarinnar er skýrt dæmi um mál sem átti að fara undir dóm þjóðarinnar í allsherjar þjóðaratkvæðagreiðslu. Að mínu viti hefur við ákvörðun á sölu Landssímans verið beitt hreinni valdníðslu gagnvart fyrirsjáanlegum vilja þjóðarinnar sem var sá að Landssíminn væri áfram í þjóðareign. (Gripið fram í.) Já, samkvæmt skoðanakönnunum.

Hæstv. samgönguráðherra má velta því fyrir sér hvernig salan blessunarlega klúðraðist (**Gripið fram í:** Blessunarlega?) á Landssímanum undir forustu hans þegar hann fór með söluferilinn. Þá hækkaði verðið á Landssímanum um nokkra tugi milljarða auk þess sem nokkrir milljarðar komu í ríkissjóð. (**Gripið fram í:** Ertu ekki ánægður með það, klúðrið?) Jú, ég var ánægður með að þetta skyldi klúðrast. Þetta er eitthvað viðkvæmnismál og þegar ég vitna til þessara skoðanakannana skil ég vel að þeim sem öxluðu hér ábyrgð og tróðu sölu Landssímans í gegn sé ekki rótt og þeir geti ekki hreykt sér hátt af aðgerðum sínum.

Síminn hafði ekki fyrr verið seldur en hinir nýju eigendur sýndu hvaða hug þeir báru til viðskiptavina sinna. Tveimur eða þremur dögum eftir að gengið hafði verið frá kaupsamningi var þjónustustöðinni á Blönduósi og Siglufirði lokað og svarstöðinni 118 á Ísafirði, allt í hagræðingarskyni, og uppsagnirnar látnar koma fyrirvaralaust og án samráðs við heimamenn, sem þó voru þeir sem áttu að njóta þjónustunnar. Þetta almannaþjónustufyrirtæki sem var ábyrgt og hafði einokunaraðstöðu við þjónustu á þessum svæðum taldi ekki einu sinni nauðsynlegt að ræða við heimafólk áður en gripið var til uppsagna og lokunar starfsstöðva.

Frú forseti. Við sölu Símans var sagt að kannað hafi verið hver hinn fjármálalegi áreiðanleiki kaupendanna væri. Ég hefði líka talið eðlilegt að siðferðislegur og þjónustulegur þáttur kaupendanna hefði verið tekinn út áður en þeim var afhentur Síminn með þessum hætti því framkoma þeirra á þessum stöðum, sem mun vafalaust halda áfram, því miður, sýnir hvernig fyrirtæki sem lýtur fyrst og fremst og eingöngu kröfu arðseminnar til eigenda sinna bregst við gagnvart þeim sem þeir eiga að þjóna.

Það styrkir ekki samkeppnishæfni atvinnulífsins á viðkomandi svæðum að nú þarf að bíða í nokkrar vikur eftir að fá lagt fyrir nýjum síma, eins og t.d. á Skagaströnd. Ég var þar fyrir viku. Þar var verið að stofna fyrirtæki og þurfti að fá færðan og lagðan síma. Búið var að bíða í meira en tvær vikur og enn höfðu þau ekki fengið svar um hvenær vænta mætti þeirrar þjónustu. Á meðan þjónustustöðin var á Blönduósi kom þetta strax. Með þessari afstöðu til þjónustunnar er því samkeppnishæfni atvinnulífsins á þessum svæðum stórlega skert.

Ég er með greinar og yfirlýsingar sveitarstjórnarmanna sem mótmæltu hagræðingaraðgerðum hinna nýju eigenda Símans nokkrum dögum eftir að salan hafði farið fram og kem að þeim á eftir. Skerðing á þjónustu einkavædds Síma í fákeppnisumhverfi eins og raun ber vitni víðast um land kemur þó flutningsmanni þessa nefndaráls ekki á óvart. Varað var við því allan tímann. Síðan kom loforðalistinn. Eftir að Síminn hafði verið seldur átti að reyna að kaupa sér vinsældir og frumvarpið sem við fjöllum um lýtur að því og ráðstöfun á söluandvirði Landssímans.

Ögmundur Jónasson fjallaði um þetta í grein í Morgunblaðinu 13. september sl. (Gripið fram í.) Ég held að þetta sé með betri greinum sem hv. formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur skrifað, af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallar hér fram í, sem hefði átt að hugsa sig um tvisvar sem gamall Vestfirðingur áður en hann samþykkti að selja hlutafé Landssíma Íslands á sínum tíma. (Gripið fram í.)

En í grein hv. þm. Ögmundar Jónassonar stendur, með leyfi forseta:

„Ekki er hægt að áfellast þá fyrir að gleðjast, forsvarsmenn aðskiljanlegrar starfsemi sem eygja að fá hlutdeild í söluandvirði Símans. Málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar í þessu samhengi er hins vegar ekki geðfelldur. Minnir á þegar reynt er að kaupa menn til fylgis við óvinsælar ákvarðanir. Sala Símans er nefnilega óvinsæl. Fólk skynjaði að þar væri ekki búhyggindum fyrir að fara. Ítrekað kom fram í skoðanakönnunum að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar var andvígur sölunni, þótt Vinstri hreyfingin – grænt framboð væri eini stjórnmálaflokkurinn sem berðist gegn einkavæðingunni á öllum stigum ferlisins. Þegar þjóð-

in er hins vegar nú spurð hvort hún vilji styrkja geðfatlaða eða bæta vegasamgöngur, efla hag Árnastofnunar eða Landhelgisgæslunnar, þá svara menn því almennt að slíkum ráðstöfunum séu þeir fylgjandi. Þetta segir sig nánast sjálft. En á þetta reynir ríkisstjórnin að spila," segir Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í grein í Morgunblaðinu 13. september sl., samanber meðfylgjandi fylgiskjal með nefndarálitinu.

Frumvarpi um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. sem var mælt fyrir á Alþingi 5. október sl. og vísað til fjárlaganefndar. Málið kom fyrst á dagskrá fjárlaganefndar 2. desember en þá komu fulltrúar forsætisráðuneytis á fund nefndarinnar til að skýra frumvarpið.

Þrátt fyrir beiðni mína fékkst frumvarpinu ekki vísað til umsagnar ýmissa aðila í samfélaginu eins og venja er til. Með hliðsjón af því hversu umdeild salan var hefði enn frekar átt að vanda til þeirrar vinnu fyrst menn vildu setja það í sjálfstætt frumvarp. Þá hefur komið í ljós að mjög skiptar skoðanir eru í samfélaginu á vali einstakra verkefna og forgangsröðun við ráðstöfun á þessu fé og jafnframt hvort með þessu einfalda lagafrumvarpi með hæpna stjórnsýslulega stöðu sé verið að taka ákvarðanir um framkvæmdir og tilhögun þeirra sem eðlilegra væri að taka annars staðar og að loknum vönduðum undirbúningi. Má þar nefna fjármagn í Sundabraut sem var til umræðu áðan. Sundabrautin er jú á vegáætlun og það er við gerð hennar og afgreiðslu á hverjum tíma sem tekin er endanleg ákvörðun um fjármagn til einstakra verkefna og á að gera það.

Hátæknisjúkrahús. Hvar hefur verið tekin pólitísk ákvörðun um byggingu hátæknisjúkrahúss og með hvaða hætti? Það er ágreiningur um það hvort þetta sé rétt forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu. Hér fylgja einmitt með greinar frá ábyrgðaraðilum í heilbrigðisþjónustunni sem telja þetta ekki vera rétta forgangsröðun, að hana hefði allavega átt að skoða miklu nánar áður en menn settu þetta með þessum hætti fram í sérstöku frumvarpi.

Það er líka rétt að menn hafi hugfast að í 21. gr. fjárreiðulaga segir svo, með leyfi forseta:

„Þegar er Alþingi kemur saman að hausti skal fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjárlaga sem nái yfir fjárreiður aðila í A-, B- og C-hluta á næsta fjárlagaári. Frumvarpið skal vera á rekstrargrunni sbr. 1. gr., en einnig skal gerð grein fyrir áætluðum sjóðshreyfingum. Þannig skal fyrir fram leitað heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, eftirgjafar krafna og til að gera hvers konar samninga um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir."

Þarna, og reyndar víðar í fjárreiðulögum, er skýrt kveðið á um að það er í raun í fjárlögum á hverjum tíma sem kveðið er á um fjármagn til einstakra stofnana og verkefna á vegum ríkisins.

Nærtækt er að benda á þingsályktun um vegáætlun sem samþykkt er af þinginu til nokkurra ára með sundurgreindum fjárupphæðum á einstakar framkvæmdir. Hún hefur hvað eftir annað verið skorin niður, breytt, enda er í fjárlögum ársins ákveðið hvert fjármagn fer til vegamála í heild sinni og hvernig það skiptist á einstaka verkefnaflokka. Eðlilegra hefði því verið og réttara þinglega að flutt væri þingsályktunartillaga en ekki lagafrumvarp sem fjallaði um ákveðna viljayfirlýsingu þingsins um hvernig þessi ráðstöfun fjár skyldi gerð því frumvarpið hefur enga aðra stjórnsýslulega stöðu en að vera viljayfirlýsing um að ákveðið sé gert, því ákvörðunin er tekin á fjárlögum á hverjum tíma. Svo einfalt er það.

Frú forseti. Hérna er líka verið að leggja til ráðstöfun fjár að nokkrum árum liðnum. Gott og vel. Það má vinna það sem viljayfirlýsingu en lagalegt gildi þess er afar takmarkað.

Frú forseti. Ég tel að Landssíminn hefði skilað mestum ábata ef hann hefði áfram verið í eigu almennings. Almannaþjónusta eins og fjarskipti er forsenda fyrir samkeppnishæfri búsetu og atvinnulífi um allt land. Síminn er tengdur inn á hvert heimili í landinu. Landssíminn hefur skilað milljörðum kr. í ríkissjóð á undanförnum árum. Enginn góður bóndi mundi selja bestu kúna úr fjósinu eins og ríkisstjórnin gerir með því að selja Landssíma Íslands. Nú verður sú fjarskiptaþjónusta sem ekki uppfyllir stífustu arðsemiskröfur fyrirtækis á fákeppnismarkaði að vera komin upp á náð sérstakra fjárveitinga ríkissjóðs, eins og við komum til með að ræða síðar í dag, að stofna sérstakan fjarskiptasjóð til að draga í land verstu ágalla í sölu Símans.

Þegar frá líður hygg ég að mörgum landshlutanum, sveitabæjunum og sjávarþorpunum þyki þeir verða afskiptir og hafðir útundan í fákeppni einkavæddra fjarskipta. Þar verða engar samfélagsskyldur eða tilfinningar með nærsamfélaginu. Þetta hafa íbúar Blönduóss, þar sem starfsmönnum starfsstöðvarinnar á Blönduósi var sagt upp fyrirvaralaust, Siglufjarðar og Ísafjarðar þegar fengið að reyna. Nú verður það krafan um hámarksarð fjármagnsins sem ein ræður för. Því miður.

Ég hef vísað til nefndaráls 2. minni hluta samgöngunefndar um frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. sem var flutt á 126. löggjafarþingi, sömuleiðis til frumvarps til laga sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttum um frestun á sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. á 131. löggjafarþingi og tillögu til þingsályktunar sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttum um þjóðaratkvæðagreiðslu um sölu Landssímans á 131. löggjafarþingi.

Frú forseti. Þó gaman sé að leggja fram loforðalista eins og hér er gert um ráðstöfun á þessu fé til framkvæmda, sem flestar ef ekki allar eru hinar bestu framkvæmdir og allir vilja styðja, er skoðun mín sú að Landssími Íslands hefði betur þjónað íslensku þjóðinni með því að vera áfram í eigu hennar og þannig tryggt öflugt og gott fjarskiptakerfi og fjarskiptaþjónustu um allt land á jafnræðisgrunni og áfram skilað tekjum til ríkissjóðs sem hefðu getað staðið m.a. undir þeim verkefnum sem tíundið eru í frumvarpinu um ráðstöfun á þessu fé. Ég vil árétta að ég tel að sala Símans sé ein vitlausasta einkavæðing núverandi ríkisstjórnar og er þó nokkuð langt til jafnað.

Meðfylgjandi í þessu nefndaráliti, frú forseti, eru greinar og yfirlýsingar um það sem breyst hefur síðan Landssíminn var einkavæddur. Fyrsta greinin, „Einkavæddur Landssími sýnir klærnar", er um það þegar starfsmönnum á Blönduósi og Siglufirði var fyrirvaralaust sagt upp — þessu stóra fyrirtæki þótti nauðsynlegt að byrja hagræðinguna þar tveimur dögum eftir að Síminn var seldur. Bæjarstjórn Blönduós-

bæjar mótmælti þessu harðlega 28. september sl. í Morgunblaðinu.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Blönduósbæjar mótmælir harðlega þeirri ákvörðun nýrra eigenda Símans að leggja niður starfsstöðina á Blönduósi." — Athugið að þetta er tveim eða þrem dögum eftir að kaupverðið var greitt. „Það hefur sýnt sig að næg verkefni eru fyrir hendi á svæðinu í fjarskiptamálum og lýsir bæjarstjórn yfir áhyggjum með að þjónustustig Símans á svæðinu versni og uppfylli ekki þær kröfur sem nútímasamfélag gerir. Hún skorar því á stjórnendur Símans að ákvörðunin um lokun starfsstöðvarinnar verði endurskoðuð. Jafnframt vill bæjarstjórn benda á að einkavæðing ríkisfyrirtækja hefur komið hvað verst niður á störfum á landsbyggðinni og krefur stjórnvöld um tafarlausar aðgerðir í atvinnumálum á svæðinu í samvinnu við heimamenn."

Þetta var yfirlýsing frá Blönduósbæ.

Frú forseti. Ég tel þetta vera alvörumál. Sams konar yfirlýsing er frá bæjarráði Siglufjarðar sem líka varð fyrir því að starfsstöð, þjónustustöð Símans — tæknimennirnir sem voru að fylgjast með, leggja nýjar lagnir, hafa eftirlit með fjarskiptakerfinu — var líka lokað og er nú Siglufjörður býsna afskiptur og langt að sækja þjónustu, a.m.k. í verstu veðrum eða þegar vetrarveður hindra eðlilegar samgöngur. Þetta voru staðirnir sem þurfti nauðsynlega að loka fyrst á.

Síðan kom Ísafjörður. Þar voru nokkrar konur sem höfðu það hlutverk að svara í síma 118, sex eða sjö, ég man ekki alveg nákvæmlega fjöldann. Þarna var næsta skrefið hjá hinum einkavædda Síma að hagræða, að segja þessu fólki upp.

Enda segir hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra og þingmaður Norðvesturkjördæmis, í viðtali við Bæjarins besta 28. október, með leyfi forseta:

„Ég heyrði þetta síðdegis í gær og varð hneykslaður, sár og reiður. Ég hafði samband við framkvæmdastjóra fyrirtækisins og skoraði á hana að taka þessa heimskulegu ákvörðun til baka" — Þessar uppsagnir á Ísafirði. „Svo heimskuleg er þessi ákvörðun að mér datt helst í hug að hún hefði verið tekin á fundi hjá Vinstri grænum til þess eins að koma höggi á einkavæðingarferlið."

Þetta segir ágætur þingmaður og núverandi hæstv. ráðherra, Einar Kristinn Guðfinnsson, í viðtali við Bæjarins besta 28. október:

„Ég hreinlega trúi því ekki að hún verði látin standa. Það vita allir að þjónustuver sem þessi eru til úti í heimi þar sem starfsemin fer fram utan borgarsamfélagsins þar sem kostnaðurinn er mestur. Því er stórfurðulegt að ákveða að leggja niður starfsemina á Ísafirði. Ef forsvarsmenn fyrirtækisins halda að það sé hagkvæmt, ættu þeir að fara út í heim og segja þeim sem þar reka fyrirtæki að þeir séu á villigötum."

Frú forseti. Síðan er ítarlegar vitnað í ummæli hv. þm. og núverandi sjávarútvegsráðherra, Einars Kristins Guðfinnssonar, þar sem hann hneykslast á þessum aðgerðum nýeinkavædds Síma á Ísafirði. Og þetta er það sem stjórnarmeirihlutinn er af veikum mætti að reyna að hæla sér af.

En það er of seint að iðrast og þessir tilburðir hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar og Kristins H. Gunnarssonar, sem einnig hneykslaðist á þessum fyrstu aðgerðum Símans í hagræðingarskyni í viðtali við Bæjarins besta, eru til lítils. Það er ekki hægt að taka það aftur sem gert hefur verið.

Frú forseti. Hérna er svo grein hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem birtist í Morgunblaðinu 13. september um að ríkisstjórnin reyni að kaupa sér vinsældir með því að leggja fram þennan lista hér um ráðstöfun fjárins.

Einnig fylgja með greinar um ólíkar skoðanir á því hvort það sé rétt forgangsröðun að verja þessu fé til hátæknisjúkrahúss eða ekki. Hér er tilvitnun í Morgunblaðið frá 30. júlí 2005 þar sem bent er á hina löngu biðlista og hversu fáránlegt það sé að loka heilu deildum sjúkrahúsanna, m.a.s. háskólasjúkrahússins hér í Reykjavík, Landspítala – háskólasjúkrahúss, yfir hásumarið þó að biðlistar séu. Haldið þið að það bæti eitthvað rekstrarstöðuna í sjálfu sér þó að ný hús séu byggð? Morgunblaðið bendir einmitt á það í ritstjórnarpistli 30. júlí sl. að eitthvað sé að þegar menn loka sjúkrahúsunum með langa biðlista. Einnig er hér vitnað í lækna sem starfa í heilbrigðisþjónustunni þar sem þeir benda á að það hefði mátt velta fyrir sér annarri forgangsröðun.

Ég nefni þetta hér því að þetta frumvarp, sem menn eru hér að stæra sig af, var ekki sent út til umsagnar og hefði þó verið ærin ástæða til og nógur tími ef vilji hefði verið fyrir hendi.

Frú forseti. Einnig eru hér greinar sem hafa verið skrifaðar, m.a. af undirrituðum, um þá fáránlegu aðgerð að selja Landssímann og ég ætla að ljúka þessu nefndaráliti mínu með því að lesa hér grein sem birtist í Morgunblaðinu 8. september 2005, „Þjóðin vildi fá að eiga Landssímann":

„Senn er Landssími Íslands allur. Almannaþjónustu, sem hefur verið í sameign þjóðarinnar og stolt hennar í hartnær 100 ár, hefur nú verið fórnað á altari einkavæðingar og markaðsbrasks. Allar skoðanakannanir sem gerðar hafa verið á undanförnum árum hafa sýnt að mikill meiri hluti þjóðarinnar var andvígur sölu Símans. Hefur sú andstaða vaxið frekar en hitt. Gallupkönnun í mars 2002 sýndi að 61% þjóðarinnar var afar andvígt sölu Landssímans" — og alveg til loka þessa ferils hefur yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar verið andvígur sölu Landssímans í þeim skoðanakönnunum sem bæði Gallup og Félagsvísindastofnun hafa gert.

Stefna vinstri grænna hefur ávallt verið skýr í þessu máli: Grunnfjarskiptakerfið á að vera í sameign þjóðarinnar þannig að hægt sé að tryggja jafnrétti í verði og gæðum þessarar þjónustu um allt land. Það átti að beita styrk Landssímans til að koma upp fjarskiptakerfi um allt land, öflugu og góðu. Nú verður sú fjarskiptaþjónusta sem ekki uppfyllir stífustu arðsemiskröfur fyrirtækisins og markaðar að vera upp á náð sérstakrar fjárveitingar ríkisins komin.

Skoðanakönnun sýnir að meðal kjósenda Framsóknarflokksins, eða þeirra sem kusu Framsóknarflokkinn við síðustu kosningar, er yfirgnæfandi meiri hluti, milli 70 og 80%, á móti sölu Símans. Hvernig líður þeim nú þegar þeir horfa á félagshyggju síns gamla flokks týnda og tröllum gefna?

Við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, kröfðumst þjóðaratkvæðagreiðslu, það var ekki gert. Frú forseti. Ég óska og vona að nýir eigendur Landssímans

standi undir þeirri ábyrgð sem þeim hefur verið falin, að veita öfluga og góða þjónustu um allt land. Ég vona að þeir sjái að sér í þeim efnum, frú forseti.

[17:40]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það þarf út af fyrir sig ekki að bæta miklu við þá umræðu sem hér hefur farið fram. Það eru þó nokkur atriði sem ég vildi minnast á í framhaldi af þeirri vinnu — eða kannski réttara sagt, frú forseti, þeirri litlu vinnu — sem fram fór í fjárlaganefnd varðandi þetta frumvarp. Það var hluti af röksemdunum fyrir því að þetta var lagt fram í lagaformi að ítarleg umræða þyrfti að fara fram um innihald þessa frumvarps til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Það hefur áður komið fram að við teljum mörg að eðlilegra hefði verið að flytja málið sem þingsályktunartillögu en ekki sem lög. Fjárlaganefnd fékk í heimsókn fulltrúa úr forsætisráðuneytinu og m.a. kom fram að menn teldu að lagaformið væri traustara en þingsályktunartillaga — þau orð segja okkur ýmislegt um sjálfsmat ríkisstjórnarinnar. Hér hafa verið samþykktar þingsályktunartillögur sem ríkisstjórnin hefur umgengist með þeim hætti að hún telur að hlutirnir komist frekar í verk ef þeir eru bundnir í lög. Út af fyrir sig er ekki hægt að gagnrýna það í sjálfu sér ef þetta er álit hæstv. ríkisstjórnar á eigin verkum. En það er augljóst að samkvæmt hefðinni á þetta miklu betur heima í þingsályktun eins og bent hefur verið á hér í umræðunni.

Eitt dæmi sem hægt er að nefna því til staðfestingar er að við erum nú að fjalla um þetta mál hér í 2. umr. og mun þingheimur væntanlega samþykkja þetta sem lög frá Alþingi á morgun. Fyrir þó nokkru vorum við búin að samþykkja hluta af því sem hér er verið að leggja til, í fjáraukalögum fyrir árið 2005 er nú þegar búið að samþykkja 2,5 milljarða sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Þetta er auðvitað alveg á skjön við það sem ætti að vera vegna þess að fjáraukalög eru auðvitað m.a. til þess að bregðast við settum lögum en ekki lögum sem á eftir að setja. Þetta eru því miður dæmi um þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð og eru ekki til fyrirmyndar. Þar að auki blasir það við að þessir 2,5 milljarðar, sem samþykktir voru í fjáraukalögum, verða ekki allir nýttir á þessu ári og ættu þess vegna heima í fjárlögum næsta árs. Þetta er hluti af þeirri umræðu sem kemur bæði fjárlögum og fjáraukalögum við en er dæmi um þau vinnubrögð sem við höfum því miður þurft að búa við of lengi.

Frú forseti. Það væri hægt að fara hér yfir einstaka þætti sem hér er verið að leggja til að framkvæmdir verði fyrir þá peninga sem fengust fyrir Landssímann. Hér eru inni þættir sem maður hefði talið eðlilegra að væru teknir fyrir í eðlilegri röð, þ.e. ýmist í samgönguáætlun eða fjárlögum hvers árs, upphæðirnar eru ekki hærri en það. En það er mjög áberandi að einn mjög stór verkþáttur sem bíður okkar í samgöngumálum kemst ekki á blað. Þar á ég að sjálfsögðu við jarðgangagerð. Það er miður að þegar slíkir fjármunir koma inn og verið er að gera áætlanir til lengri tíma að þá komist slík verk ekki á blað. Það er miður en á móti má segja að það sem hér er verið að setja niður skapar svigrúm á öðrum sviðum sem á þá að auka líkur á að til slíks komi.

Frú forseti. Það er annað sem kemur upp í hugann þegar maður hefur hlýtt á þá umræðu sem hér hefur farið fram og sérstaklega varðandi ræðu hæstv. forsætisráðherra. Hann tók af allan vafa um það að engin skilyrði væru sett með þeim fjármunum sem ætlaðir eru til Sundabrautar. Það verður að segjast eins og er að þetta vekur upp hugmyndir um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Við ættum ekki að þurfa að ræða hér innansveitarvegagerð, þróun byggðar í einstökum sveitarfélögum. Það á að vera á hendi sveitarfélaganna sjálfra að ákveða slíka hluti. Þetta kallar enn einu sinni á það að menn fari nú einhvern tíma í þá vinnu fyrir alvöru að endurskipuleggja þá verkaskiptingu. Ég tala nú ekki um þegar maður heyrir síðan einstaka hv. þingmenn koma hér og ræða um það að sveitarstjórnir hafi ekki staðið sig nægjanlega vel og svo heyrist á öðrum vettvangi að hugsanlega sé það ríkisvaldið sem hafi ekki staðið sig nægjanlega vel — það er sem sagt stöðugt verið að reyna að ná einhverju samkomulagi á milli tveggja stjórnvalda um framkvæmdir innan sveitarfélaganna. Þetta er auðvitað ekki við hæfi og það þarf sem allra fyrst að stokka hlutina upp þannig að sveitarfélögin sjálf taki slíkar ákvarðanir. Þá losnum við við að hlýða á slíkar umræður og sú umræða sem hér hefur farið fram finnst mér að stórum hluta miklu frekar eiga heima í húsi hér í nágrenninu, þ.e. Ráðhúsi Reykjavíkur.

[17:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á söluandvirði Símans. Eins og menn vita sjálfsagt höfðum við í Frjálslynda flokknum verulegar athugasemdir við að selja dreifikerfið með Símanum. Við töldum að dreifikerfið og útbreiðsla þess ætti að vera í sérfyrirtæki sem væri áfram í ríkiseigu og síðan væri fyrirtækjunum gert jafnt undir höfði við að keppa um þjónustuna en hefðu í raun og veru möguleika til að semja um aðgang að dreifikerfinu í eigu óháðs fyrirtækis. En sú varð ekki raunin og Síminn hefur verið seldur með öllu og ekki hægt að velta sér lengi upp úr þeirri umræðu. Þeirri stöðu verður sjálfsagt ekki breytt.

Hér er hins vegar um að ræða frumvarp um ráðstöfun þess fjármagns sem fékkst fyrir Símann að hluta til og um það er að segja að nánast öll þau verk sem upp eru talin eru út af fyrir sig ágæt og ekki ástæða til að mótmæla þeim sérstaklega. Á hinn bóginn höfum við séð, hæstv. forseti, ráðstafanir þessa fyrirtækis, núna Landssíma Íslands hf., sem við erum ekki par sáttir við, margir, á landsbyggðinni. Þar er hægt að nefna, sem hér hefur áður verið nefnt, að uppsagnir hafa komið til í þjónustuveri Símans á Ísafirði, sagt hefur verið upp fólki á Blönduósi og Siglufirði. Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst ekki mikil reisn yfir þessari hagræðingarstefnu hins nýja fyrirtækis. Ég vonast til að forsvarsmenn Símans eigi eftir að kynnast því í viðskiptum sínum á næstu mánuðum að landsbyggðarfólk er ekki alveg sátt við þetta nýstofnaða fyrirtæki. Ekki er víst að viðskiptamönnum þessa fyrirtækis fjölgi mikið á næstunni, a.m.k. ekki á landsbyggðinni. Ég hygg að margir hugsi sig tvisvar um þegar kemur að því að endurmeta það við hverja þeir vilja skipta í framtíðinni um

símaþjónustu og aðra þjónustu. Ég held að forustumenn Landssímans mættu gjarnan huga að þessu. Það er ekki sama hvernig menn koma fram við rekstur fyrirtækja sinna. Það skiptir auðvitað verulega miklu máli á landsbyggðinni og það munar um þrjú eða fjögur störf við þjónustu í hinum ýmsu sveitarfélögum.

Ég vil víkja að einu, hæstv. forseti, og það er það sem m.a. kom fram í máli hæstv. forsætisráðherra áðan um gjaldtöku fyrir samgöngur á suðvesturhorninu, þ.e. áformin um Sundabraut og hugsanlega gjaldtöku á þeim vegum. Við höfum tjáð það mjög skýrt í Frjálslynda flokknum að við teljum engan veginn hægt að vera með tvenns konar gjaldtöku á þessum vegarspotta frá Reykjavík og norður fyrir Hvalfjörð þótt nýlagður verði í nýrri Sundabraut. Því hefði þurft að hugleiða það, ef menn virkilega setja stefnuna á að vera með sérstaka gjaldtöku á Sundabraut, að áður en að það yrði gert yrði auðvitað að klára að greiða algjörlega upp lánin sem Spölur tók varðandi þær framkvæmdir og afnema gjaldtökuna í Hvalfjarðargöngin. Ekki verða tekin gjöld bæði í Hvalfjarðargöngin og á Sundabrautina. Ég sé það ekki fyrir mér, hæstv. forseti.

Ég held að menn verði að skoða þetta í samhengi. Ég segi þetta vegna orða hæstv. forsætisráðherra áðan um að hugsanlega tækju menn lán, jafnvel til 30 ára, með gjaldtöku á Sundabraut. Ég held að það gangi alls ekki að taka gjald tvisvar á þessum vegarspotta. Þó er ég ekki þar með að taka neina afstöðu til þess eða hafna því að ekki sé hægt að fjármagna merkilegar og góðar vegasamgöngur með gjaldtöku svo framarlega sem menn eiga kost á annarri akstursleið. Það eiga menn vissulega því þótt ný Sundabraut verði lögð eiga menn kost á annarri akstursleið alveg eins og menn eiga kost á annarri akstursleið fyrir Hvalfjörð. Þetta vildi ég sagt hafa um þetta mál, hæstv. forseti.

Síðan hef ég nokkrar áhyggjur af því hvernig 6. gr. um fjarskiptasjóð er orðuð þar sem mér finnst vanta á að sérstaklega sé hugað að símaþjónustu við skip á fiskimiðum við landið. Í greinargerðinni er sérstaklega getið um GSM-kerfið og dreifingu stafræns sjónvarps um gervihnött o.s.frv. Það er vissulega til mikilla bóta. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir öflugri uppbyggingu á háhraðatengingum og loks er talað um hinn sérstaka fjarskiptasjóð sem á að koma upp og við munum ræða hér síðar í dag. Ekki er hins vegar vikið sérstaklega að því að halda þurfi uppi góðri símaþjónustu við skip umhverfis landið. Við höfum heyrt fréttir af því að til standi til að leggja niður NMT-kerfið án þess að við vitum neitt um hvað kemur í staðinn. Mér finnst það ekki nægilega markað hér að tryggt sé að haldið verði uppi símaþjónustu við fiskimiðin og sjóðurinn hafi beinlínis það hlutverk. Það er eiginlega ekki talið upp hér og ekki heldur getið um það í greinargerðinni. Ég saknaði þess einnig þegar við vorum tala um fjarskiptasjóðinn að ekki væri nægjanlega kveðið á um í þá veru. Hugsanlega vilja menn túlka þetta mjög þröngt en ég held að við þurfum að varast það og því vek ég athygli á þessu máli hér, hæstv. forseti.

Hitt er algerlega ljóst, virðulegi forseti, að landsmenn bíða eftir bættum samgöngum. Það höfum við í Frjálslynda flokknum auðvitað gert okkur ljóst eins og fleiri þingmenn og við höfum flutt um það sérstakt þingmál hvernig við teljum að hraða ætti varanlegum samgöngubótum eins og við höfum kallað, þ.e. jarðgöngum og þverun fjarða og styttingu. Við teljum að gera eigi sérstaka framkvæmdaáætlun til 20 ára um markverðustu og nauðsynlegustu leiðirnar sem fara þurfi í. En ég held að enginn deili um það lengur að einhver besta lausnin í vegasamgöngum í okkar fjöllótta landi er jarðgangagerð, sem við höfum farið í á undanförnum árum og almennt er mjög mikil ánægja með samgöngur sem hafa verið leystar á þann hátt. Því miður búum við bæði við fjallvegi og eins vegi sem liggja um hættulegar hlíðar og skriður hér á landi og að því þarf virkilega að huga, þó það þar hafi vissulega verið gerð bragarbót á og nú síðast með jarðgöngum á Austfjörðum, annars vegar undir Almannaskarð og hins vegar með tengingu milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar sem er hið besta mál.

Hæstv. forseti. Ég vil síðan benda á í lokin að vissulega hefði mátt víkja að stöðu aldraðra í landinu og hugsa fyrir því í þessu frumvarpi um ráðstöfun símafjárins. Ég hef hins vegar heyrt forustumenn ríkisstjórnarinnar segja að þó svo að þess sé ekki getið í þessum tillögum mundi sú ráðstöfun fjármuna sem hér hefur verið lögð til auðvelda það að hægt væri að taka fjármuni í málefni aldraðra eftir öðrum leiðum og þá hlýtur það að vera í fjárlögum. Vonandi verður svo á næstu árum.

[17:55]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér er um að ræða frumvarp til laga að formi til en innihald þess er í rauninni viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar og væntanlega stjórnarmeirihlutans sem verður þá staðfest hér með atkvæðum hans að minnsta kosti. Um þessa viljayfirlýsingu er í sjálfu sér ekki mikið að segja. Hún er komin fram fyrir nokkru og hefur fengið þá umræðu og gagnrýni sem henni bar. Ég kem hins vegar upp til að taka þátt í þeirri umræðu sem hér var fyrr um Sundabrautarkafla þessarar viljayfirlýsingar og ég vil eins og aðrir sem tóku þátt í henni þakka forsætisráðherra fyrir skýr svör. Fyrir þau svör að ekki sé um að ræða nein skilyrði í þessari viljayfirlýsingu um sérstaka leið sem Sundabraut eigi að fara til að hún fái það fé sem hér er um rætt og er á valdi ríkisstjórnarinnar fram til vors 2007, vegna þess að þá tekur við önnur ríkisstjórn, hvernig sem hún verður.

Ég tel að forsætisráðherra hafi líka haft mjög góð orð um framhaldið. Ég tek undir það að við verðum að skoða verkið allt. Í upphafi skyldi endinn skoða, eða endirinn skoða, segir í íslensku máltæki. Við eigum að klára þetta verk sem allra fyrst. Það var nokkuð rætt um veggjöld í þeirri umræðu og forsætisráðherra virtist hrifinn af þeirri hugmynd. Nefndi það sem nátengt einkaframkvæmd á þessari leið. Ég held að það sé bara inni í framtíðinni og kannski varla á færi núverandi ríkisstjórnar að ákveða það á þeim stutta tíma sem hún í sjálfu sér á eftir og hefur nóg að gera við að klára þennan fyrri áfanga. En um einkaframkvæmdina vil ég segja að ef menn geta sýnt fram á að það sé góð leið og hagkvæm þá er auðvitað ekkert á móti henni. Menn eiga ekki að festa sig í að vera á móti hugtökum jafnvel þeim orðum sem byrja á einka- eða félags- eða hvað sem það er.

Um veggjaldið verður hins vegar að segja að það er auðvitað ekki nátengt þessasri einkaframkvæmd. Það kom

ágætlega í ljós í umræðu sem hér fór fram um daginn í fyrirspurnatíma, að ég hygg, við Sturlu Böðvarsson, hæstv. ráðherra, um svipaða hluti. Það kom fram hjá honum að veggjald kæmi vissulega til greina á Sundabraut og þá — öfugt við það sem ég tel reyndar hafa verið misskilning síðasta ræðumanns — taldi samgönguráðherra að það yrði aðeins einu sinni rukkað á samanlagðri leiðinni Hvalfjarðargöng–Sundabraut. En samgönguráðherra talaði líka um svokallaða skuggagjaldaleið, þ.e. að einkaframkvæmandinn fengi greitt fyrir þann bílafjölda eða farartækjafjölda sem æki um göngin á ári eða hvaða tímaeiningu sem menn notuðu um það. Þannig að ekki eru öll kurl komin til grafar í þessu máli.

Aðalerindi mitt hingað var að fagna yfirlýsingu forsætisráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar að ég tel. Hún er gríðarlega mikilvæg vegna þess að auðvitað hafa orðið meiri tafir á þessu máli en vera skyldi. Það hefur ekki hjálpað því fram á veginn að ríkisstjórnin hefur verið sein að ákveða sig og sumir ráðherrarnir, þar á meðal samgönguráðherra hæstv., hafa dregið nokkuð lappirnar í þessu. Maður sem stendur utan ríkisstjórnar og borgarstjórnar getur ekki varast þá hugsun að þetta sé að kenna ákveðnum vandræðagangi sjálfstæðismanna í ríkisstjórninni og í borgarstjórninni þar sem flokkspólitísk afstaða hefur um of ráðið fram yfir þá hagsmuni sem hér er um að tefla, bæði fyrir Reykvíkinga og nærsveitarmenn þeirra, eða Vestlendinga og Vesturland og Norðvesturland allt og auðvitað alla landsmenn. Því framkvæmd af þessu tagi, sem tengir höfuðborgarsvæðið hið stærra aðra leiðina við landið, er auðvitað feikilega arðbær og mikil framkvæmd. Það sem nú hefur gerst, því ber að fagna líka, er að Sjálfstæðisflokkurinn hefur tekið sinnaskiptum í þessu máli. Sjálfstæðisflokkurinn í borginni bindur sig ekki lengur við innri leiðina heldur tók þátt í einróma samþykkt borgarráðs um daginn. Mig minnir að það hafi verið 2. desember sem borgarráð skoraði á ríkisstjórnina að falla frá öllum skilyrðum um leiðir og Sjálfstæðisflokkurinn í ríkisstjórn hefur í líki Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra einnig tekið þeim sinnaskiptum í þessu máli að hann lætur að minnsta kosti ómótmælt yfirlýsingu forsætisráðherra í þessu efni. Við erum því á ákveðnum tímamótum í þessu Sundabrautarmáli. Ég kem hér upp til að styðja viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um Sundabrautarmálið og styðja yfirlýsingu sem hæstv. forsætisráðherra gefur í framhaldi af því um að hún sé óskilyrt.

[18:01]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við 2. umr. Ég var búinn að tjá mig um þetta mál við 1. umr. og ætlaði að láta það duga en ég hlustaði áðan á seinni hluta ræðu hæstv. forsætisráðherra. Því miður heyrði ég ekki fyrri hlutann, ég var upptekinn úti í bæ í útvarpsviðtali, en ég náði þó seinni hlutanum og heyrði að hæstv. forsætisráðherra talaði einmitt um margnefnda Sundabraut, lagningu hennar, fjármögnun og annað þess háttar. Þar kom hann inn á hluti sem mér þóttu nokkuð athyglisverðir og fréttnæmir. Hann talaði m.a. um að hér væri á ferðinni einkaframkvæmd og nefndi möguleikana á því að Hvalfjarðargöngin yrðu tvöfölduð og talaði um að skuldirnar sem eftir stæðu þar, eins og dæmið væri í dag, væru eitthvað á bilinu 4–4,5 milljarðar, ef ég heyrði rétt. Þetta eru mun lægri tölur en ég hélt að væru réttar, ég hélt að talan væri nær 5 milljörðum, en nóg um það.

Síðan sagði hæstv. forsætisráðherra eitthvað á þá leið að ef farið yrði í einkaframkvæmd værum við að tala um lánapakka upp á eina 15 milljarða, reikna ég með, en að það tæki 30 ár að greiða hann niður miðað við þau veggjöld sem eru á framkvæmdinni í dag. Mér finnst þetta stangast svolítið á við þær hugmyndir sem hæstv. samgönguráðherra nefndi um daginn þegar hann talaði um hina svokölluðu skuggagjaldaleið.

Ég spyr hæstv. forseta hvort hæstv. samgönguráðherra sé í húsinu.

(**Forseti** (SP)**:** Já. Forseti getur látið athuga hvort hægt sé að sækja hæstv. samgönguráðherra í salinn.)

Virðulegur forseti. Ég vil fá að lýsa því yfir að þessi ummæli hæstv. forsætisráðherra valda mér nokkrum vonbrigðum. Hin svokallaða skuggagjaldaleið hugnast mér mjög vel, það sem ég hef heyrt af henni, eins og hæstv. samgönguráðherra lagði hana upp, þ.e. að frekar yrði lagt gjald á hvern bíl sem færi um þetta mannvirki og síðan mundi ríkissjóður borga í réttu hlutfalli við umferðina á hverjum tíma. Það yrði þá ekki beint veggjald eða tollur á vegfarendur eins og er í dag um Hvalfjarðargöng.

Hitt er svo annað sem veldur mér nokkrum óróa, það að hæstv. forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins boðar að hér verði áfram tollamúr við norðanverðan Hvalfjörð næstu 30 árin. Þetta mun að sjálfsögðu hafa mjög neikvæð samkeppnisáhrif fyrir byggðirnar, ekki bara byggðirnar á Vesturlandi, heldur líka á Vestfjörðum, á vestanverðu Norðurlandi og áhrifanna mun að líkindum gæta langt norður í land, norður á Norðausturland. Þetta hlýtur að vera töluvert mikið umhugsunarefni fyrir íbúa í þeim landshluta, ég tala nú ekki um þegar við heyrum síðan í dag ávæning af því að hæstv. samgönguráðherra hafi talað um það í fjölmiðlum, sagt í viðtali við svæðisútvarp Ríkisútvarpsins á Austurlandi, a.m.k. var það auglýst hér syðra, að það ætti að fara út í að gera göng undir Lónsheiðina á Austurlandi. Það er væntanlega án veggjalda.

Ég held að yfirvöld, ríkisstjórnin, og við öll verðum að fara að hugleiða betur hvers konar stefnu við ætlum að taka varðandi veggjöld í framtíðinni. Getum við mismunað landshlutum á þennan hátt? Getum við í raun skert möguleika eins landshluta miðað við aðra landshluta með því að setja upp svona tollamúra? Ég held að þetta sé mjög mikið og alvarlegt umhugsunarefni. Ég er ekki fylgjandi því að við mismunum landshlutum á þennan hátt. Þetta hefur neikvæð áhrif fyrir okkur öll til lengri tíma.

Það sem mig langaði síðan til að koma inn á er einmitt þetta með Sundabrautina og lagningu hennar. Í dag komu fréttir af ummælum sem hæstv. samgönguráðherra hefur látið falla í viðtali við héraðsfréttablaðið Skessuhorn. Það er hægt að sjá það á vef Skessuhorns og þar er yfirskriftin: „Þrýstingur kominn á framkvæmdir við Sundabraut“. Komið hefur fram hugmynd frá sveitarfélögum á Vesturlandi að ef vandræðagangurinn og deilurnar með Sundabrautina og það hvernig fara eigi út í framkvæmdirnar fyrir Símapen-

ingana ætla að halda áfram í Reykjavík verði byrjað á hinum enda framkvæmdarinnar, farið verði út í það að þvera Kollafjörð og leggja brautina um Álfsnes og Geldinganes að Gufunesi. Reykvíkingar virðast ekki geta orðið sáttir um það hvort fara eigi hina svokölluðu innri eða ytri leið. Gott og vel, en þá er haft eftir hæstv. samgönguráðherra í Skessuhorni — nú er hann kominn í salinn — með leyfi forseta:

„Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra segir hringlandaháttí borgarstjórn Reykjavíkur setja þessa miklu framkvæmd í nokkra óvissu. Hann segir þessa óvissu koma nokkuð á óvart því borgarstjórn hafi á fundi 6. september fært til bókar fögnuð vegna þessarar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar. Aðspurður hvort möguleiki sé að fara þá leið sem sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi leggja til segir Sturla svo ekki vera. Slíkt sé ekki í myndinni nú. Hann telur tafir á verkinu frekar leiða til þess að fjármunir sem ætlaðir voru til málsins verði færðir annað enda víða þörf á framkvæmdum í samgöngumálum. Aðspurður segist Sturla hins vegar skilja áhyggjur Vestlendinga af stöðu málsins. Hún undirstriki hversu mikilvæg þessi framkvæmd sé og hún sé langt í frá einkamál Reykvíkinga. Því vonist hann til þess að niðurstaða í málinu fáist fljótlega."

Þá langar mig til að spyrja hæstv. samgönguráðherra hvað hann eigi við með þessum orðum. Getur hann leyft sér, verði það samþykkt hér á hinu háa Alþingi að þessir peningar eigi að fara í Sundabrautina, að taka peningana á seinni tímapunkti og setja þá í eitthvað annað, og þá hvað?

Það væri fróðlegt að fá að heyra svolítið meira um þetta.

Að lokum vil ég enda ræðu mína á að lýsa því yfir að ég hafi orðið fyrir ákveðnum vonbrigðum með það að menn skuli ekki hafa viljað skoða þann möguleika að nota eitthvað af þessum Símapeningum einmitt til að greiða niður skuldina sem hvílir á Hvalfjarðargöngum. Þá væri hægt að aflétta gjaldskyldu þar fyrr en menn áætla í dag. Ég get ekki fallist á að það þurfi að tvöfalda göngin. Ég fer um þetta mannvirki á hverjum einasta degi. Það væri miklu frekar hægt að hagræða umferðinni í gegnum göngin, skipuleggja hana betur, beina þungaflutningum í gegnum göngin til að mynda á nóttinni og annað þess háttar í stað þess að tvöfalda þetta mannvirki með þeim afleiðingum að íbúar á Vesturlandi og Norðurlandi þurfa áfram að búa við tollheimtu.

Við skulum hafa það í huga og ekki gleyma því að þegar fyrirtæki eins og þetta er búið til, apparat eins og fyrirtækið er sem á göngin í dag, þá fer slíkt fyrirtæki að lifa sínu eigin lífi. Þetta er eins og dýr, og dýr hugsa alltaf um það hvernig þau geti framlengt líf sitt, ævi sína. Dýr fara að hugsa: Jú, ég ætla að stækka, ég ætla að tvöfalda mig, þá fæ ég að lifa lengur. Svo fer dýrið að hugsa um að það ætli að taka þátt í að fjármagna Sundabrautina því sað þá fái það að lifa aðeins lengur. Þannig heldur þetta áfram. Það að ráða yfir slíku mannvirki veitir mönnum ákveðin völd og stöðu í þjóðfélaginu. Þetta skapar náttúrlega þægileg störf fyrir þá sem vinna við mannvirkið en á hitt ber að líta að þetta hefur í för með sér neikvæð áhrif fyrir þá sem eru hvað háðastir notkun slíkra mannvirkja. Ég held að við ættum að hafa þetta í huga en ég hlakka síðan til, virðulegi forseti, að heyra nánar skýringar hæstv. samgönguráðherra á þeim ummælum sem fram komu í Skessuhorni.

[18:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður vitnar til fréttar í Skessuhorninu. Af því tilefni vil ég segja að að sjálfsögðu erum við að fjalla hér um áform um lagningu Sundabrautar og sérstaka fjármögnun á grundvelli þess að við erum að nýta söluandvirði Símans. Það er ekkert annað sem stendur til en að nýta þessa fjármuni í Sundabrautina. Þarna gætir ónákvæmni. Ég trúi ekki öðru en að gott samkomulag náist um það þegar þar að kemur, milli borgaryfirvalda og Vegagerðarinnar, hvernig Sundabrautin verður lögð. Ég vænti þess að ekki verði tafir á þeirri framkvæmd.

[18:11]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að þeir sem eru áhugamenn um að Sundabrautin verði lögð hljóti að fagna þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra, að rangt hafi verið eftir honum haft eða orðalag ónákvæmt í þessari frétt. Ráðherra segir sem sagt ekki að ef borgaryfirvöld í Reykjavík geti ekki ákveðið sig fljótt og örugglega um það hvora leiðina eigi að fara sé innstæða fyrir því sem haft er eftir ráðherra í Skessuhorni, að þá verði peningarnir teknir og settir í einhver önnur verkefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Frv. allshn., 295. mál (birting dóms). — Þskj. 314.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:14]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, RG, SAÞ, SJS, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 571).

Ársreikningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 362. mál (EES-reglur). — Þskj. 413, nál. 478.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:14]

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

2.–6. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 381. mál (hækkun eftirlitsgjalds). — Þskj. 438, nál. 477.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:15]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Frv. SKK o.fl., 18. mál (vanskil á vörslufé). — Þskj. 18, nál. 526, brtt. 527.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:17]
Brtt. 527,1–2 (ný fyrirsögn I. kafla og ný 1. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 527,3 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 527,4–5 (ný fyrirsögn II. kafla og ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 527,6 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 527,7 (2 nýir kaflar, III.–IV. kafli með þremur nýjum greinum, verða 5.–7. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 527,8 samþ. með 52 shlj. atkv.
3. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 527,9 (ný fyrirsögn) samþ. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 326. mál (hækkun sjómannaafsláttar). — Þskj. 358, nál. 544.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:20]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 544,1 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 544,2 samþ. með 52 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Vátryggingarsamningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (heilsutryggingar og áhættulíftryggingar). — Þskj. 378, nál. 545.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:21]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 545 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–6. gr. (verða 3.–7. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Verslunaratvinna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 345. mál (EES-reglur, höfundarréttargjald). — Þskj. 379, nál. 547, brtt. 548.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:23]
Brtt. 548,1 (ný 1. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 548,2 samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 548,3 (3. gr. falli brott) samþ. með 51 shlj. atkv.
4.–5. gr. (verða 3.–4. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 327. mál (sérstakt kílómetragjald). — Þskj. 359, nál. 549 og 555, brtt. 550.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:25]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég held að óhætt sé að segja um þetta mál að það sé ansi flókið, reyndar hluti af stærra máli þar sem við höfum verið að sjá gríðarlega miklar breytingar. Komið hefur fram í umræðum að menn hafa misjafnar skoðanir á því hvaða áhrif þessar breytingar hafa haft. Hins vegar er ekki nema um það bil hálft ár liðið síðan breytingarnar tóku gildi en það líður hins vegar að því, hv. þingmaður, að flest atriði komi í ljós og því er komið að því að það verði skoðað nákvæmlega hvaða áhrif þessi breyting hefur haft og hvort þau markmið sem höfð voru uppi hafi náðst, hvort eitthvað hefur misfarist og annað sem þurfi að bæta. Þetta mál er eins og ég sagði hluti af stærra máli og þarf að skoðast í því samhengi.

Þetta vildi ég að kæmi fram, frú forseti, við atkvæðagreiðsluna.

[18:26]

Kristján L. Möller *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Fram hefur komið í umræðu um málið að þetta sé vitleysan endalausa svo gripið sé til orða nokkurra stjórnarsinna sem lýstu þessu frumvarpi þannig að þetta sé hálfgerð langavitleysa. Einnig hefur komið fram að verið sé að flækja flókið mál meira og þetta sé arfavitlaus skattheimta og stjórnarþingmenn hafa sagt að fresta ætti frumvarpinu og geyma þetta fram yfir jól og reyna að gera eitthvað betur úr því.

Ég er út af fyrir sig alveg sammála þessu. Við þingmenn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem sátum í efnahags- og viðskiptanefnd flytjum breytingartillögu sem ég er viss um að ákveðnir stjórnarsinnar sem ég sé að eru ekki í salnum núna vildu mjög gjarnan greiða atkvæði með. Þess vegna vil ég, frú forseti, óska eftir því að draga þessar breytingartillögur okkar til 3. umr. vegna þess að við viljum gefa þeim stjórnarsinnum sem hyggjast og hafa talað þannig að þeir muni styðja þetta kost á að greiða atkvæði um það á morgun.

[18:27]

Kjartan Ólafsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við höfum átt nokkurn orðastað um þetta frumvarp í dag og ég hef lýst skoðunum mínum hvað það varðar og hef gert það fyrr þegar við höfum afgreitt frumvarp um olíugjald.

Að orðum hæstv. fjármálaráðherra sögðum um að þetta mál verði tekið upp og skoðað í reynslu sögunnar þá vona ég að það verði með tilliti til þess að það verði skoðað til einföldunar. Því mun ég bæði nú og við 3. umr. greiða atkvæði mitt með frumvarpinu. (**MÁ:** En Einar Oddur?)

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ*, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

22 þm. (AKG, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ*, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

22 þm. (AKG, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 556,1 kölluð aftur.

3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SP, StB, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, MÁ, RG, SAÞ, SF, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 550,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, LB, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

5.–12. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 556,2 kölluð aftur.

13. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, MÁ, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 550,2 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (MÞH, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 363. mál (framlenging á lækkun gjalds). — Þskj. 414, nál. 551.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:31]

1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 3, nál. 479, 481 og 511, brtt. 546.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:32]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp er dæmalaust, sennilega dæmalaust í sögu Alþingis. Í frumvarpinu er fjármunum ráðstafað um ókomin ár, um ókomin fjárlagaár, allt til ársins 2012. Kveðið er á um að breikka veg hér á árinu 2007, að gera gatnamót þar á árinu 2008 og síðan er það Sundabraut. Á hún að fara í einkaframkvæmd? Hæstv. forsætisráðherra hefur rætt fjálglega um þetta í tengslum við þetta platfrumvarp því að sjálfsögðu er þetta platfrumvarp. Öll þessi fjárframlög eiga eftir að koma til umræðu á komandi árum við fjárlagagerð og einkaframkvæmd Sundabrautar verður rædd við aðra lagasmíð líka. En þetta er ekki bara platfrumvarp. Þetta er tilraun til pólitískrar sjónhverfingar, tilraun til að réttlæta óvinsæla sölu Símans. Þess vegna eru þessi einkavæðingarfjárlög búin til. (**Gripið fram í:** Það er gott mál.) Þar eru bara vinsæl mál. Þar eru engin óvinsæl mál. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun ekki taka þátt í þessu sjónarspili.

Ég hef engar efasemdir um að Íslendingar muni ekki sjá í gegnum þessar blekkingar en það vil ég segja að ríkisstjórnir eiga ekki að komast upp með að kaupa sér vinsældir á fölskum forsendum því að það er verið að gera með þessu platfrumvarpi.

[18:34]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég gerði í dag grein fyrir afstöðu okkar í Frjálslynda flokknum. Það er margt í þessari stefnumótun sem við getum samþykkt og höfum lýst yfir stuðningi. Hins vegar er málsmeðferðin nokkuð óvenjuleg eins og hér hefur verið vikið að þar sem ákveðnar fjárveitingar eru markaðar hér með sérstökum lögum langt inn í framtíðina og í ljósi þess munum við sitja hjá við þetta mál.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, MF, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, MF, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 546 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, MF, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj,

DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, HBl, JÁ, JGunn, JBjart, MF, RG, SAÞ, SJS, ÞKG) fjarstaddir.

6.–9. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÖg, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JBjart, MF, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

5 þm. (KolH, LB, MÞH, MÁ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, MF, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 12.–26. mál.

Fundi slitið kl. 18:37.

---

40. FUNDUR

föstudaginn 9. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Starfsmannaleigur, stjfrv., 366. mál, þskj. 420, nál. 521, brtt. 507, 522 og 533. — 2. umr.
2. Einkaleyfi, stjfrv., 346. mál, þskj. 380, nál. 524. — 2. umr.
3. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 236. mál, þskj. 236, nál. 494. — 2. umr.
4. Húsnæðismál, stjfrv., 343. mál, þskj. 377, nál. 493. — 2. umr.
5. Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 351. mál, þskj. 385, nál. 491. — 2. umr.
6. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 364. mál, þskj. 418, nál. 529, brtt. 530. — 2. umr.
7. Fjarskiptasjóður, stjfrv., 191. mál, þskj. 191, nál. 523. — 2. umr.
8. Málefni aldraða, stjfrv., 174. mál, þskj. 174, nál. 525. — 2. umr.
9. Búnaðargjald, stjfrv., 332. mál, þskj. 364, nál. 513, brtt. 515. — 2. umr.
10. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 333. mál, þskj. 365, nál. 514. — 2. umr.
11. Innflutningur dýra, stjfrv., 390. mál, þskj. 472, nál. 516. — 2. umr.
12. Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 313. mál, þskj. 340, nál. 528. — 2. umr.
13. Úrvinnslugjald, stjfrv., 179. mál, þskj. 179, nál. 534, brtt. 535. — 2. umr.
14. Dýravernd, stjfrv., 312. mál, þskj. 339, nál. 541, brtt. 542. — 2. umr.
15. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 189. mál, þskj. 189, nál. 531, brtt. 532. — 2. umr.
16. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 314. mál, þskj. 341, nál. 559. — 2. umr.
17. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 405. mál, þskj. 560. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
18. Ársreikningar, stjfrv., 362. mál, þskj. 413. — 3. umr.
19. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 381. mál, þskj. 438. — 3. umr.
20. Staðgreiðsla opinberra gjalda, frv., 18. mál, þskj. 572. — 3. umr.
21. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 326. mál, þskj. 573. — 3. umr.
22. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 344. mál, þskj. 574. — 3. umr.
23. Verslunaratvinna, stjfrv., 345. mál, þskj. 575. — 3. umr.
24. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 327. mál, þskj. 576, brtt. 556. — 3. umr.
25. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 363. mál, þskj. 414. — 3. umr.
26. Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., stjfrv., 3. mál, þskj. 577. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.

[10:31]

Útbýting:

Birgðir innflúensulyfja vegna fuglaflensu, 394. mál, svar heilbrrh., þskj. 563.

Endurskoðun skipulags- og byggingarlaga, 368. mál, svar umhvrh., þskj. 558.

Frestun á fundum Alþingis, 406. mál, stjtill. forsrh., þskj. 569.

Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ, 355. mál, svar heilbrrh., þskj. 564.

Jafnréttisfræðsla o.fl. í grunn- og framhaldsskólum, 146. mál, svar menntmrh., þskj. 567.

Nemendaráð í grunnskólum, 112. mál, svar menntmrh., þskj. 568.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 327. mál, þskj. 576.

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 3. mál, þskj. 577.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 18. mál, þskj. 572.

Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum, 119. mál, svar fjmrh., þskj. 562.

Tekjuskattur og eignarskattur, 326. mál, þskj. 573.

Vátryggingarsamningar, 344. mál, þskj. 574.

Verslunaratvinna, 345. mál, þskj. 575.

Viðskipti með hunda, 232. mál, svar umhvrh., þskj. 557.

Umræður utan dagskrár.

Örorka og velferð.

[10:33]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Að undanförnu hefur verið mikið fjallað um málefni öryrkja í framhaldi af skýrslum, minnisblöðum og álitsgerðum um fjölgun þeirra, stöðu og kjör. Heilbrigðisráðuneytið lét Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vinna fyrir sig skýrslu sem kom út fyrr á þessu ári um fjölgun öryrkja. Þar voru færð fram þau rök að sú hætta væri fyrir hendi að öryrkjum fjölgaði úr hófi ef örorkulífeyrir nálgaðist lágmarkslaun um of, það hvetti fólk til að reyna að komast á örorkulífeyri í stað þess að vinna fyrir sér. Þá var sett fram sú staðhæfing að hlutfallslega væri mest fjölgun í hópi ungra og miðaldra öryrkja.

Í framhaldi af þessari skýrslu ráðuneytisins vann Rannsóknarstöð þjóðmála rannsókn á þróun örorku og velferðar á Íslandi með tilstyrk Öryrkjabandalags Íslands. Þar er niðurstaðan sú að fjölgun öryrkja sé ekki öðru fremur meðal ungs fólks heldur sé hún mest í elstu aldurshópunum, eins og annars staðar á Vesturlöndum, þannig séu meira en 70% öryrkja 40 ára eða eldri.

Í skýrslu Rannsóknarstöðvar þjóðmála eru líka færð rök fyrir því að grunnlífeyrir og tekjutrygging öryrkja hafi ekki haldið í við þá tekjuþróun sem orðið hefur í landinu á síðasta áratug, m.a. vegna þeirrar aftengingar launa og bóta sem ákveðin var í árslok 1995 — eitt fyrsta verk þessarar ríkisstjórnar — og eins vegna aukinnar skattbyrði lágtekjufólks. Því hafi kaupmáttaraukning öryrkja verið minni en almenn kaupmáttaraukning í landinu og þegar heildartekjur þeirra eru skoðaðar út frá skattframtölum — og þá má einu gilda hvaðan tekjurnar eru komnar, hvort um er að ræða lífeyri, aldurstengdar greiðslur, launatekjur eða hvað það nú er — kom í ljós að meðaltekjur þeirra hafa ekki þróast eins og meðaltekjur annarra samfélagsborgara. Á þetta verði að líta og gera ráð fyrir að öryrkjar eigi rétt til sömu hlutdeildar og aðrir í vaxandi auðlegð samfélagsins.

Við þetta er svo því auðvitað að bæta að sannarlega hafa fleiri hópar en öryrkjar setið eftir í góðærinu, svo sem aldraðir og láglaunafólk, sem hvorki njóta launaskriðs né þeirra fjármagnstekna sem hafa vaxið mikið á undanförnum árum. Vaxandi tekjumunur í samfélaginu er reyndar efni í aðra umræðu, virðulegur forseti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafa gagnrýnt skýrsluna og tekið saman athugasemdir við hana. Þar er því haldið fram að í skýrslunni sé hvorki tekið nægilegt tillit til þeirrar kjaraleiðréttingar sem varð með tekjutryggingaraukanum sem kom til sögunnar árið 2001 né til aldurstengdrar örorkuuppbótar sem kom til framkvæmda í ársbyrjun 2004. Báðar þessar leiðréttingar voru sannarlega til bóta en þær dugðu ekki til þar sem segja má að aukin skattbyrði hafi étið upp stærstan hlutann af aldurstengdu bótunum.

Stefán Ólafsson prófessor, sem skrifaði skýrsluna, segir frá því í minnisblaði sem hann gaf út í gær hver sé stjarnan í örorkulífeyriskerfinu, eins og hann orðar það. Jú, það er einstaklingur sem er óvinnufær og hefur verið metinn öryrki fyrir 18 ára aldur. Hann á rétt á hámarkslífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og fær rúmar 127 þús. kr. á mánuði. Þar af er aldurstengda uppbótin tæplega 22 þús. kr. Síðan greiðir hann 19.748 kr. í skatta, þ.e. aldurstengda uppbótin fer nær öll í skatta. Ráðstöfunartekjur viðkomandi eru ríflega 107 þús. kr. allt árið um kring ævina á enda ef það á að reikna með því að hlutir verði áfram eins og þeir eru. Þetta er toppurinn í kerfinu, þetta er stjarnan.

Umræðurnar um öryrkjaskýrsluna sem og sá þungi sem er í málflutningi aldraðra vegna stöðu og kjara þeirra endurspeglar þann trúnaðarbrest sem orðið hefur milli ríkisstjórnarinnar og þessara hópa. Það er augljóst hverjum manni að megn óánægja hefur grafið um sig hjá þessum hópum sem finnst sem góðærið hafi farið fram hjá sér. Mikil auðlegð blasir við hvarvetna en líka aukin misskipting lífskjara. Íslenskt samfélag á mjög erfitt með að þola þetta, það er auðvitað ástæðan fyrir þessari óánægju. Uppi eru háværar kröfur um að einhverjar tilraunir séu hafðar uppi af hálfu stjórnvalda til að sporna gegn þessari þróun með stjórnvaldsaðgerðum.

Ég spyr því hæstv. forsætisráðherra hvort hann sé tilbúinn til þess að vinna markvissa og sanngjarna áætlun til næstu fimm ára í samvinnu við samtök öryrkja og aldraða um umbætur á lífeyriskerfinu, áætlun sem stuðli að því að lífeyrisþegar njóti sambærilegra kjara við aðra þjóðfélagsþegna og skapi þeim betri skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

[10:38]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Hv. þingmaður gerði að umtalsefni skýrslu sem nýlega hefur komið út um kjör öryrkja. Ég skal byrja á því að játa að þegar ég fletti þessari skýrslu kom ýmislegt í henni mér á óvart þannig að ég spurðist fyrir um það hver hefði orðið kaupmáttaraukning þessara bóta á undanförnum 10 árum. Ég fékk þau svör að sú aukning væri 59%, þ.e. verulega meiri en launavísitalan hefur breyst um. Ég kom fram með þessar upplýsingar og þá sagði aðilinn sem vann þessa skýrslu að hér væri annaðhvort um að ræða misskilning hjá forsætisráðherra eða þá að hann hefði fengið rangar

upplýsingar. Ég lét aftur fara yfir þessi gögn og fékk nákvæmlega sömu svörin hjá þeim ágætu embættismönnum sem vinna að þessum málum.

Það náttúrlega gengur ekki að við þurfum að byggja umræðuna á einhverju stagli um þessa hluti. Það er mjög mikilvægt að fyrir liggi réttar upplýsingar um stöðu mála. Ég hef enga ástæðu til annars en að treysta þeim ágætu embættismönnum sem vinna að þessum málum á vegum ráðuneytanna og ég er mjög undrandi á þessum prófessor að vera ekki tilbúinn til að leiðrétta skýrslu sína.

En hvað um það, aðalatriðið er ekki skýrslan heldur staða mála. Hv. þingmaður spyr hvað ríkisstjórnin hyggist fyrir í þeim efnum. Ég hef átt ágætan fund með formanni Öryrkjabandalagsins og hann leggur áherslu á sömu hluti og fulltrúar aldraðra, þ.e. að breyta skattalegri meðferð bóta og draga úr tekjutengingum. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir margvíslegum umbótum á þessu sviði. Á árinu 2001 kom sérstakur tekjutryggingarauki, á árinu 2003 var dregið úr skerðingu vegna tekna, úr 67% í 45%, og á árinu 2004 komu aldurstengdar örorkubætur.

Nýlega var haldinn fundur með fulltrúum eldri borgara þar sem ákveðið var að hraða skýrslu vegna þeirra mála og hún kom út núna í nóvember. Næsti fundur með fulltrúum eldri borgara verður 21. desember. Okkur finnst sjálfsagt að fara yfir meginkröfur þessara aðila, þ.e. draga enn frekar úr tekjutengingum í sambandi við bætur, það eru aðalkröfur þeirra. Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á að auka atvinnuþátttöku með því að lækka skattprósentu. Nú kemur þetta ágæta fólk og biður um að atvinnuþátttaka þess verði aukin eða skilyrði sköpuð til að auka atvinnuþátttökuna. Mér finnst mikilvægt að líta á það. Sérstaklega á það við um öryrkja þar sem atvinnuþátttaka er lítil. Í nýlegu samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins var ákveðið að fara í sérstakt samstarf milli fulltrúa lífeyrissjóða og stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til þess að auka endurhæfingu og gera það mögulegt að þeir sem hafa orðið fyrir örorku geti tekið meiri þátt í atvinnulífinu í landinu. Það starf er að fara af stað.

Ég tel því að þessi mál séu í mjög eðlilegum farvegi en ég harma það að menn þurfi að vera að þrátta um það hver raunveruleg staða þessara mála sé í prósentum og tölum. Það ætti að geta legið fyrir. Þessi mál eru mjög viðkvæm og það er nauðsynlegt að huga ávallt að leiðréttingu þeirra en það er lágmark að mínu mati að menn geti verið sammála um staðreyndir málsins. Þess vegna hefur verið ákveðið að fá utanaðkomandi aðila til að fara yfir þetta enn á ný þannig að það geti verið á hreinu.

[10:43]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrir að taka upp utandagskrárumræðu um nýútkomna skýrslu Stefáns Ólafssonar um örorku og velferð á Íslandi, skýrslu sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Fyrr á þessu ári kom út önnur skýrsla sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gaf út, Fjölgun öryrkja á Íslandi – orsakir og afleiðingar, eins og hér hefur komið fram. Báðar þessar skýrslur gefa fullt tilefni til að vinna hratt og vel að stefnumótun, nýjum áherslum og úrbótum í málefnum öryrkja. Það verður að gerast með öryrkjum. Þrátt fyrir nokkrar kjarabætur yngri öryrkja og nýjan bótaflokk, þ.e. tekjutryggingarauka, er ljóst að brýn nauðsyn er á verulegum kjarabótum ef öryrkjar eiga ekki að verða öreigar þessa lands.

Skýrsla Stefáns Ólafssonar dregur fram það sem öryrkjar hafa bent á undanfarin ár. Kjör þeirra hafa versnað, sérstaklega þó undanfarin 10 ár. Skattbyrði einhleypra öryrkja hefur hækkað á þessu tímabili, frá 7,4% af heildartekjum þeirra að jafnaði í 17,1% á síðasta ári. Skattleysismörk hafa setið eftir. Þannig ættu skattleysismörk nú að vera rúmlega 102 þús. kr. ef þau hefðu fylgt verðlagi frá 1988 en eru rúmlega 75 þús. kr. Tekjutengingar eru óhóflegar og draga úr atvinnuþátttöku.

En það skiptir ekki höfuðmáli hvert viðmiðunarárið er því að staðreyndirnar tala sínu máli og það er ljóst að í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið gengið mjög hart að kjörum bæði öryrkja og eldri borgara. Það er ekki hægt að framfleyta sér á tekjum sem eru langt undir framfærslumörkum. Fólk fer ekki í hungurverkfall eða hópast í kröfugöngur til að fá kjarabætur nema eitthvað mikið sé að. Í allri velferðinni á enginn að þurfa að svelta eða neita sér um nauðsynleg lyf. Velferðarkerfið á að tryggja afkomu og mannsæmandi lífsgæði. Það þarf ekki fleiri skýrslur, það þarf að vinna og það þarf að vinna að þessum málum með öryrkjum.

[10:46]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Þessi skýrsla olli mér miklum vonbrigðum. Hér er kostað til miklum tíma og miklum peningum og fenginn til þess kunnur fræðimaður, gamall baráttufélagi minn úr launþegahreyfingunni, og niðurstaðan er svo full af rangfærslum þar sem verið er að bera saman ósambærilega hluti, sleppt úr heilu bótaflokkunum og nýjustu upplýsingar ekki notaðar að það gerir skýrsluna nánast ónothæfa í þessari umræðu.

Ég vona að við séum öll sammála um að við viljum bæta hag öryrkja, jafnvel þótt við deilum um það hvaða aðferð sé best til að gera það þannig að sá hagur batni á viðvarandi hátt. Það sem ég á afskaplega bágt með að átta mig á er hvaða tilgangi það þjóni í umræðunni að sverta stöðu Íslands í þessum efnum gagnvart nágrannalöndum okkar. (**Gripið fram í:** ... ekki sammála.) Hvaða tilgangi þjónar það að rangfæra tölur þegar borið er saman við það hvernig staðan er annars staðar á Norðurlöndunum?

Í nýrri skýrslu þar sem borin eru saman almannatryggingakerfin á Norðurlöndunum kemur fram að hvað varðar öryrkja erum við Íslendingar vel fyrir ofan meðallag. Við erum rétt fyrir neðan Norðmenn en Svíar og Finnar eru fyrir neðan okkur. Hvaða tilgangi þjónar það þá að segja að við fylgjum ekki hinu norræna módeli?

Í sömu skýrslu kemur fram að ráðstöfunartekjur eldri borgara á Íslandi séu hæstar á Norðurlöndunum. Þetta er miðað við árið 2002 en einmitt á árinu 2002 gerði ríkið samkomulag við eldri borgara og nýlega er búið að fara yfir hvernig það samkomulag hafi verið efnt. Alls staðar þar sem hægt er að setja mælikvarða á samkomulagið hefur það

verið efnt að fullu. Hvaða tilgangi þjónar það svo í umræðunni að sverta stöðu okkar og sverta það sem okkur hefur þó tekist að gera í þessum efnum?

[10:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki nýtt að við veltum fyrir okkur stöðu öryrkja og aldraðra í þjóðfélaginu sem myndast hefur hér á síðustu 10 árum undir forustu Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Það hefur verið viðvarandi regla að tekjur öryrkja eru skertar með sérstöku skerðingarákvæði og síðan hefur verið sýnt fram á hvernig viðbótin í skattkerfinu tekur nánast allan ábata öryrkja í burtu ef þeir afla sér tekna eða ef þeir eiga lífeyristekjur.

Þetta fyrirkomulag sem ég hef svo margoft bent á úr þessum ræðustól er mjög ósanngjarnt bæði gagnvart öryrkjum og eldri borgurum. Það vantar átak í að hækka persónuafslátt. Það þarf að koma persónuafslættinum upp undir 38–40 þús. kr. þannig að skattleysismörkin nálgist 110 þús. kr. Það er algjört skilyrði að mínu mati. Ég hef margsagt það í þessum ræðustól að ríkisstjórnin hefur valið það að fjölga skattgreiðendum í láglaunahópum, fjölga skattgreiðendum meðal öryrkja, eldri borgara, atvinnulausra og lágtekjufólks.

Svo kemur hæstv. fjármálaráðherra og segir að skýrsla sú sem Stefán Ólafsson vann og sýnir það viðvarandi ástand sem er til staðar valdi miklum vonbrigðum og að hún sé ósönn. Hæstv. ráðherra. Væri ekki nær að óska öryrkjum gleðilegra jóla með einhverju öðru en slíkum boðskap? Heldurðu að öryrkjar viti ekki hvað þeir fá útborgað? Heldurðu að þeir viti ekki fyrir hvaða skerðingu þeir verða? Hvers konar fíflaskapur er þetta, hæstv. ráðherra?

[10:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Heildartekjur ríkissjóðs jukust á föstu verðlagi úr 425 millj. á dag á árinu 1995 í 838 millj. á dag á árinu 2005. Samt eru aldraðir, öryrkjar og atvinnulausir settir út í kuldann af þessari ríkisstjórn. Í tíð jafnaðarmanna á árunum 1988–1995 hækkuðu skattleysismörk í takt við neyslu- og launavísitölu. Nú þarf að hækka skattleysismörk úr 72 þús. kr. í 102–114 þús. kr. til að þau séu í samræmi við neyslu- og launavísitölu eins og fram kemur í línuriti sem ég er með frá fjármálaráðuneytinu. Hámarksörorkulífeyrir sem hlutfall af meðaltekjum allra framteljenda hefur aldrei verið hærri síðustu 20 ár en í tíð jafnaðarmanna á árinu 1993. Þegar hæstv. forsætisráðherra talar um 59% aukinn kaupmátt vísar hann aðeins til lítils hluta öryrkja og lífeyrisþega sem eru með hæstu samsettu bæturnar frá Tryggingastofnun ríkisins sem eru innan við eitt þúsund manns af um 30–40 þúsund lífeyrisþegum. Kaupmáttur þeirra hefur aðeins aukist um 30–40%.

Þegar dómstólar ráku stjórnvöld til að bæta lítillega kjör öryrkja fyrir nokkrum árum og þegar öryrkjar knúðu stjórnvöld í aðdraganda kosninga til að bæta lífeyri ungra öryrkja sviku stjórnvöld það að hluta og hirtu líka verulegan hluta kjarabótanna aftur í aukinni skattbyrði sem aukist hefur um 131% í tíð stjórnarflokkanna. Staðreyndin er sú að ráðherrarnir hafa allir verið á harðahlaupum síðustu 10 árin við að mylja undir þá sem mest hafa fyrir, ríkasta fólkið í landinu, á sama tíma og öryrkjar þurfa að sækja rétt sinn til dómstóla. Skýrsla Stefáns Ólafssonar er skilaboð til lífeyrisþega um hve atkvæðaréttur þeirra er dýrmætur, líka skilaboð til ráðherranna, hvers og eins, um að þeir eigi að skammast sín, klifra ofan úr fílabeinsturninum og reyna að komast í jarðsamband við kjör lífeyrisþega og lágtekjufólks í landinu.

[10:52]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Það er vissulega brýnt að ræða örorku og velferð á Íslandi og í vestrænum löndum. Það er vissulega brýnt að fara vandlega bæði yfir aðferðir og útreikninga sem menn nota til að komast að niðurstöðum og samanburði á þessu sviði.

Varðandi skýrslu þá sem hér er til umræðu endurtek ég það sem ég hef áður sagt, margt almennra atriða sem flokkast undir vangaveltur eða lýsingar á tilteknum hliðum örorkunnar er af hinu góða í þeim skilningi að það hvetur til almennrar umræðu um samfélagsmál. Það kemur hins vegar í ljós að mínum dómi þegar kafað er í talnaefnið, útreikninga og umfram allt útleggingar og ályktanir sem höfundur dregur, að þar set ég fyrirvara og vísa á bug tilteknum atriðum, eins og skýrt hefur komið fram í athugasemdum sem fjármála- og heilbrigðisráðuneytin hafa gert.

Menn geta á hinum pólitíska og flokkspólitíska vettvangi haldið því fram t.d. að fjölgun öryrkja sé ekki sérstakt vandamál en í þessu sambandi eru staðreyndir sem menn verða að horfa til, bæði fræðimenn og stjórnmálamenn. Þeir sem fengu örorkulífeyri áður en örorkumatið var gert læknisfræðilegt voru árið 1998 7.982, tveimur árum síðar 9.329, 2002 voru þeir 10.443, árið 2004 12.011 og í síðustu viku var fjöldi öryrkja 12.638. Í þessum tölum endurspeglast vandinn sem við stöndum frammi fyrir. Við stöndum frammi fyrir því að yngstu öryrkjarnir eru hér hlutfallslega fleiri en annars staðar á Norðurlöndum og við stöndum líka frammi fyrir því að fjöldi öryrkja mældur sem hlutfall af íbúafjölda á aldrinum 16–66 ára hefur vaxið úr 5,5% upp í 7% á nokkrum síðustu árum. Það er forgangsmál að snúa þessari þróun við og það ætti að vera hagsmunamál allra. Það er það sem við höfum hugsað okkur að gera með því að endurskipuleggja starfsendurhæfinguna og fara yfir tekjuskerðingarnar eins og forsætisráðherra kom að í ræðu sinni áðan.

Talað hefur verið um norrænt velferðarkerfi og ég er eindregið fylgjandi þeirri hugsun í norræna velferðarkerfinu að við sem skattgreiðendur tryggjum þeim (Forseti hringir.) bærilega afkomu sem höllum fæti standa.

[10:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Aðalatriði þessa máls er þetta: Öryrkjum á Íslandi eru búin óviðunandi kjör. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur það vera forgangsatriði að búa svo um almannatryggingar að þær tryggi öllum öryrkjum og öldruðum mannsæmandi kjör. Við höfum sett fram tillögur um hvernig megi ná því markmiði.

Síðan er hitt, samanburðurinn við önnur lönd og fortíðin. Auðvitað skiptir máli að það sé rannsakað, og Stefán Ólafsson, fræðimaður og prófessor við Háskóla Íslands, á mikið lof skilið fyrir rannsóknir sínar á íslenska velferðarkerfinu og þeim samanburði sem hann hefur gert á okkar kerfi og þeim kerfum sem aðrar þjóðir búa við. Í ljós hefur komið að við búum öryrkjum lakari lífskjör en nágrannaþjóðir okkar gera. Stjórnvöld hafa borið brigður á ýmsa þætti í rannsóknum Stefáns, það gera öryrkjar hins vegar ekki og sýna fram á það með gögnum. Það er mjög mikilvægt að við sem komum nálægt lagasmíð af þessu tagi, sem þessum málum tengjast, kynnum okkur málin sjálf til hlítar. Allt of oft hefur leti og sinnuleysi stjórnmálamanna til að kafa sjálfir ofan í málin valdið því að umræða af þessu tagi hefur gufað upp. Við fengum ágætt dæmi áðan frá hæstv. forsætisráðherra sem sagðist hafa spurst fyrir um málið og að á grundvelli fyrirspurnar og þess sem honum er sagt fullyrðir hann hér síðan út í loftið að þetta sé allt saman bull og vitleysa. Hann verður sjálfur að kafa ofan í þessi mál og færa rök fyrir máli sínu.

Varðandi framtíðina vil ég líka segja þetta: Stigið var ákveðið framfaraspor vorið 2003, eða fyrirheit gefin um slíkt, um að búa þeim öryrkjum sem ekki njóta samtryggingar lífeyrissjóðanna bærilegri kjör. Það var undirritað á flóðlýstum blaðamannafundi í aðdraganda kosninganna 2003. Það var svívirðilegt (Forseti hringir.) að þetta samkomulag, þessi samningur við Öryrkjabandalag Íslands, skuli hafa verið svikinn. Ég auglýsi eftir umræðu um framhaldið á því máli.

[10:57]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Lengi framan af síðustu öld stóð Ísland mun veikar að vígi efnahagslega en önnur Norðurlönd en á síðustu áratugum hefur orðið mikil breyting á, Ísland er með nákvæmlega sömu tekjur og Norðurlöndin, meira að segja meiri tekjur en sum þeirra. Á sama tíma hefur íslenska samhjálpin, velferðarkerfið, vaxið meira hér en í nokkru öðru landi. Og alveg sama hvað menn segja, hin norræna tölfræði sem er hin fullkomnasta og besta í heiminum segir þessa sögu, íslenskt velferðarkerfi stenst fullkomlega samanburð við það besta sem er í heiminum. Þannig viljum við hafa það. Þannig hefur samhjálp alltaf verið aðferð norrænna þjóða, skandinavíska þjóða, til að ná hámarksárangri.

Ef menn vilja standa hér í þrætubók um hvað sé rétt og hvað rangt í þessu er mönnum það fullkomlega heimilt en staðreyndir málsins geta menn ekki flúið. Þær liggja alveg fyrir. Hvergi í heiminum hafa lífskjörin batnað meira og betur á síðustu 10 árum, þ.e. ráðstöfunartekjurnar, tekjurnar eftir skatt, leiðrétt með vísitölu, hvergi. Öryrkjar og eldri borgarar og hverjir sem er hafa allir notið þess. Það eru ósannindi að orðið hafi gliðnun þar á milli. Það stenst ekki. Menn verða að horfa til þess að verið er að vinna að þessu af einlægni núna, eins og gert hefur verið í marga áratugi og engar pólitískar deilur um það. Það er því leiðinlegt þegar menn eru hér með köpuryrði út af þessum hlutum, sérstaklega í garð hæstv. heilbrigðisráðherra sem allir vita að hefur lagt sig fram af einlægni í þessu starfi, af einlægni og hreinu hjarta. Það er ömurlegt þegar menn nota svoleiðis aðferðir.

[10:59]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það er greinilega viðkvæm skýrsla sem menn ræða hér. Það er sorglegt að verða vitni að því að hæstv. ráðherrar hafi þá einu vörn að sverta skýrsluna í stað þess að ræða hana efnislega. Síðan heyrum við hér ræðu hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni sem er eins og bjórauglýsing, „Best í heimi – Ísland". Ég verð að segja að þetta er alvarlegt mál sem við ræðum hér. Það snýst um það hvernig stjórnvöld koma fram við þá sem eru verst settir í þjóðfélaginu. Hvernig gerum við það? Annars vegar með því að tryggja þeim framfærslu, og menn deila um hvort það sé nægjanlegt eða ekki, og hins vegar með því að tryggja þeim þátttöku í samfélaginu. Þar þarf að bæta úr.

Ég held að menn ættu að líta til þess þáttar einnig í skýrslunni hvernig tryggja eigi öryrkjum endurhæfingu, hvernig eigi að koma þeim aftur út á vinnumarkaðinn, enn fremur hvernig eigi að tryggja þeim atvinnuþátttöku. Ég tel það mjög mikilvægt. Menn ættu að geta litið til þess þáttar en deila ekki endalaust um prósentur og hvað hver og einn fær af kökunni.

Það er samt athyglisvert að bera viðtökur sem þessi skýrsla fékk saman við viðtökur sem önnur skýrsla fékk, skýrsla sem unnin var síðastliðið vor, um öryrkja. Þar var ekkert dregið í efa þó að upp úr kafinu hafi komið að í henni hafi eitt og annað verið rangfært.

Ég ætla að nota síðasta hluta ræðu minnar í að fara yfir samninginn sem var gerður í Þjóðmenningarhúsinu. Mér finnst til skammar að hann hafi ekki verið uppfylltur, sérstaklega í ljósi þess að ef við lítum á skýrsluna sjáum við að einungis 2 þús. kr. sitja eftir af þeim 25 þús. kr. sem samið var um að ungir öryrkjar fengju í sinn vasa. Mér finnst þetta mjög sérstakt, það er búið að draga svo úr þessum bótum með sköttum og öðru að ég tel (Forseti hringir.) til skammar að öryrkjar séu í dómsölum að sækja það að þessi samningur verði uppfylltur að fullu.

[11:02]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin þó að þau væru rýr í roðinu vegna þess að hann svaraði því í engu hvort hann væri tilbúinn að beita sér fyrir slíkri áætlun í samvinnu við samtök aldraða og öryrkja.

Ráðherrann sagðist harma að það þyrfti að þrátta um prósentur og staðreyndir, við ættum ekki að þurfa að þrátta um slíkt, hér væru viðkvæm mál á ferðinni og við ættum að geta verið sammála um ákveðin grundvallaratriði varðandi prósentur og staðreyndir.

Þetta er rétt, þetta eru viðkvæm mál og við eigum ekki að þurfa að þrátta um þessa hluti stöðugt. Sá veldur miklu sem upphafinu veldur. Öryrkjar fengu hvergi að koma nærri skýrslugerðinni um fjölgun öryrkja sem unnin var af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þeir fengu hvergi að koma þar nærri þegar sú skýrsla var samin. Ef menn vilja hafa sátt við þessa hópa, vilja efna til góðs samstarfs við þessa hópa, verða þeir að hleypa hópunum að borðinu. Þeir verða að

ræða við þá á jafnréttisgrundvelli alveg eins og aðra hópa í samfélaginu. Það verður að sýna þeim þá virðingu. Auðvitað væri næst að menn settust niður yfir slíka skýrslugerð og kæmu sér bara saman um forsendurnar í henni. En því er ekki að heilsa hjá hæstv. ríkisstjórn.

Í mínum huga snýst þetta mál í grundvallaratriðum um það hvert við ætlum að stefna með íslensku velferðarkerfi. Mér finnst sérkennilegt hvernig menn tala hér. Það er talað um að heilbrigðisráðherra sé góður maður — vissulega er heilbrigðisráðherra hinn vænsti maður en þetta snýst bara ekkert um það. Við erum ekki að tala um einhverja góðgerðarstarfsemi, við erum að tala um lífskjaratryggingu fyrir öryrkja og aldraða og það er það sem hið norræna, eða skandinavíska, velferðarkerfi snýst um. Það er lífskjaratrygging, ekki góðgerðir, ekki góðvilji einn og sér. Hann dugir voðalega skammt.

Við eigum ekki að dæma fólk til lágra launa, skammta því lök lífskjör þó svo að það hafi orðið fyrir örorku einhvern tímann á lífsleiðinni. Þannig er þankagangurinn hjá stjórnvöldum, (Forseti hringir.) það á að skammta þeim lök lífskjör en ekki lífskjaratryggingu.

[11:04]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég tel að aðalatriði þessa máls sé hvaða markmið við höfum til framtíðar í sambandi við kjör öryrkja. Ég er sammála fulltrúum öryrkja um að það er mjög mikilvægt að auka atvinnuþátttöku þeirra. Atvinnuþátttaka eldri borgara hér á landi er með því mesta sem gerist, hún er 40% meiri en t.d. í Danmörku. Ef atvinnuþátttaka eldri borgara í Danmörku væri svipuð og hér á Íslandi mundu þjóðartekjur Dana hækka álíka mikið og heildarþjóðartekjur Íslendinga.

Það er hins vegar rétt að atvinnuþátttaka öryrkja hér á landi er of lítil og þess vegna er mjög mikilvægt að auka starfsþjálfun og endurhæfingu. Það er einmitt það sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um. Það starf mun fara af stað.

Síðan hafa fulltrúar öryrkja líka lagt á það áherslu að minnka skerðingu vegna atvinnuþátttöku öryrkja og við í ríkisstjórninni teljum mjög eðlilegt að fara yfir það mál. Við skulum þó líka muna að þegar við tölum um að draga úr þessum svokölluðu skerðingum erum við jafnframt að tala um að draga úr tekjujöfnun. Það skulu menn líka hafa í huga. Kröfur eldri borgara ganga út á það að draga úr þessum skerðingum og ríkisstjórnin tekur undir það að fara yfir þau mál. Ég tel því að þessi mál séu í eðlilegum farvegi og við munum vinna að þeim en við þurfum enga fimm ára áætlun til þess samkvæmt tillögu Stefáns Ólafssonar.

Starfsmannaleigur, 2. umr.

Stjfrv., 366. mál. — Þskj. 420, nál. 521, brtt. 507, 522 og 533.

[11:07]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég flyt nefndarálit hv. félagsmálanefndar um frumvarp til laga um starfsmannaleigur á þskj. 521, 366. mál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda gesta.

Þetta frumvarp felur í sér að nú eru sett í fyrsta sinn heildstæð lög um starfsemi starfsmannaleigna hér á landi.

(**Forseti** (SP): Forseti biður hv. þingmenn um að gefa hljóð ræðumanninum sem mælir fyrir nefndaráliti félagsmálanefndar.)

Aðdragandinn að þessu máli var þannig að hæstv. félagsmálaráðherra skipaði árið 2004 starfshóp til að skoða stöðu starfsmannaleigna á íslenskum markaði og vinnuumhverfi þeirra. Í þessum starfshópi áttu sæti fulltrúar frá ASÍ, SA og félagsmálaráðuneytinu. Það er skemmst frá því að segja að samstaða náðist um að sett yrðu sérlög um starfsmannaleigur og gerðu fulltrúar aðila samkomulag um þau atriði sem koma fram í þessu frumvarpi sem við höfum verið að fjalla um í félagsmálanefnd. Þetta samkomulag náðist 15. nóvember sl. og var ein af forsendum þess að ekki kom til uppsagnar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

Þá má segja að eiginlega séu tvær meginstoðir í frumvarpinu, þ.e. frumvarpið á að stuðla að því að hér verði ekki um félagsleg undirboð að ræða á íslenskum vinnumarkaði þannig að erlendir starfsmenn komi hingað til lands og starfi á lakari kjörum en gengur og gerist. Svo er líka lögð mikil áhersla á að við takmörkum möguleika á óheilbrigðri samkeppni þannig að þau fyrirtæki sem standa sig vel og halda öll lög varðandi kjör búi ekki við skert starfsumhverfi. Með þessu frumvarpi er bæði verið að passa upp á launamennina og fyrirtækin.

Virðulegur forseti. Á fundum félagsmálanefndar var rætt um skilgreiningu hugtaksins „starfsmannaleiga“ og í einstaka umsögnum kom fram gagnrýni á það hvernig hugtakið er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Til að taka af öll tvímæli þar um skal tekið fram að það er hvorki ætlun löggjafans að lögin nái til þess þegar um tilfallandi lán á starfsmönnum er að ræða né verktakasamninga. Fram komu ábendingar um þetta m.a. frá fulltrúum SA, Samtaka atvinnulífsins, og ég vil taka það fram, fyrst maður er nú að vitna í aðila vinnumarkaðarins, að nefndin átti mjög gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins við vinnslu þessa máls, þ.e. Magnús Norðdahl frá ASÍ og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá SA, en auk þess kom á fund nefndarinnar Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ.

Það var talsvert mikið rætt um aðgengi upplýsinga á fundum nefndarinnar og því ætla ég að gera því nokkur skil hér við yfirferð þessa nefndarálits. Ákvæði 9. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, heldur vitanlega gildi sínu en ákvæðið fjallar um störf trúnaðarmanna stéttarfélaga. Sama gildir um ákvæði kjarasamninga sem fjalla nánar um efnið. Skal trúnaðarmaður m.a. gæta þess að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans. Þá er í gildi samkomulag ASÍ og SA um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði — ég bendi á að það samkomulag er viðhengi við nefndarálit félagsmálanefndar — en það kveður á um rétt trúnaðarmanna til að yfirfara gögn um laun og önnur starfskjör þeirra erlendu starfsmanna sem kjarasamningur tekur til. Jafnframt var sett á fót sérstök samráðsnefnd sem getur krafist nauðsynlegra gagna

frá vinnuveitanda um laun eða önnur starfskjör þeirra erlendu starfsmanna sem mál varðar. Samkomulagi þessu var veitt almennt gildi með 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sbr. lög nr. 145/2004. Fram kom hjá fulltrúum ASÍ og SA í félagsmálanefnd að samkvæmt því gætu trúnaðarmenn, eða fulltrúi viðkomandi stéttarfélags ef trúnaðarmaður er ekki fyrir hendi, krafið starfsmannaleigur um að fá að yfirfara gögn til að sannreyna að kaup og kjör starfsfólks starfsmannaleigna væru í samræmi við kjarasamninga. Takist trúnaðarmönnum ekki að leysa þann ágreining sem kann að rísa um kjör einstakra starfsmanna er unnt að vísa málinu til umræddrar nefndar.

Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins skal starfsmannaleiga veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegar til að fylgjast með framkvæmd laganna. Í frumvarpinu er kveðið nánar á um hvaða upplýsingar hér er um að ræða. Í 10. gr. er ákvæði sem verður virkt ef rökstuddur grunur vaknar um að brotið sé gegn réttindum launafólks og það er alveg ljóst að nefndin lítur svo á að þessu kerfi sé ekki ætlað að hafa áhrif á þær heimildir sem verkalýðshreyfingin hefur nú þegar til að fylgjast með að kjarasamningum sé fylgt eftir. Telur nefndin mikilvægt að Vinnumálastofnun sé áfram í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins en helstu samtök þeirra eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Nefndin leggur þannig áherslu á að því vinnumarkaðskerfi sem hefur verið í þróun á síðustu áratugum verði viðhaldið og lítur nefndin svo á að frumvarp þetta feli í sér ákveðið frávik frá þeim meginreglum sem gilda. Frumvarpið breytir ekki eftirlitshlutverki aðila vinnumarkaðarins en kemur því til stuðnings, m.a. ef vinnuveitendur sinna ekki upplýsingagjöf gagnvart þeim. Frumvarpinu er þannig ætlað að vera til stuðnings gildandi kerfi að því er starfsmannaleigur varðar. Er mikilvægt að draga þetta sérstaklega fram hér vegna þess að í nefndinni var mikil umræða um aðgang m.a. stéttarfélaga að upplýsingum um kaup og kjör. Það sem nú hefur verið við lýði heldur að sjálfsögðu fullu gildi — við höfum stundum kallað það axlabönd í nefndinni — en svo koma því til viðbótar heimildir Vinnumálastofnunar til að krefja starfsmannaleigur um upplýsingar ef grunur leikur á broti. Við höfum stundum kallað það belti í nefndinni þannig að það eru belti og axlabönd. Það er ekki þannig að verið sé að veikja hér aðgengi að upplýsingum, alls ekki.

Virðulegur forseti. Við ræddum líka talsvert um notendafyrirtækjaábyrgð í nefndinni, en hugsunin með frumvarpinu er þannig að starfsmannaleiga er vinnuveitandinn og ber ábyrgð á kjörum starfsfólksins sem það leigir út en notendafyrirtækið ber ábyrgð á vinnuverndinni á staðnum þar sem viðkomandi starfsmaður er að vinna dagsdaglega. Það kom fram í nefndinni að ASÍ hafði talið æskilegt — og það var ein af kröfum ASÍ á fyrri stigum — að notendafyrirtæki bæri einnig ábyrgð á kaupi og kjörum. Það er ekki inni í þessu frumvarpi.

Það kom í ljós í umræðum í nefndinni að það hafði skipt mjög miklu máli í því samkomulagi sem ASÍ og SA gerðu, að í hinum nýju lögum eða í því kerfi sem við vorum að taka upp varðandi starfsmannaleigurnar fær Vinnumálastofnun gríðarlega miklar heimildir sem Vinnumálastofnun hefur ekki í dag. Þær heimildir felast í því að vakni grunur um brot þannig að starfsmenn njóti ekki eðlilegra kjara getur Vinnumálastofnun krafið starfsmannaleiguna um upplýsingar ráðningarsamninga, upplýsingar um kaup og kjör og krafist úrbóta með ákveðnum fyrirvara.

Ef starfsmannaleigan bætir ekki úr eins og Vinnumálastofnun hefur krafist getur Vinnumálastofnun með lögregluvaldi stöðvað starfsemina, sem eru auðvitað miklar heimildir. Það var alveg ljóst í umræðunum í nefndinni að þetta hafði talsverð áhrif á ASÍ, þ.e. að Vinnumálastofnun fékk þessar miklu valdheimildir til að stöðva starfsemi ef starfsmannaleigur höfðu ekki staðið sig í því að greiða starfsmönnum sínum eðlileg laun. Ég vildi draga þetta sérstaklega hér fram, virðulegur forseti, af því að ábyrgð notendafyrirtækja var að sjálfsögðu talsvert mikið rædd í nefndinni.

Í nefndinni fóru einnig fram umræður um hvort ákvæði í frumvarpinu, m.a. 3. gr. um að starfsmannaleigur skyldu hafa fulltrúa hér á landi, hvort það ákvæði stæðist EES-samninginn og hvort þetta væri of íþyngjandi fyrir fyrirtækin. Við skoðuðum það sérstaklega og við teljum að ákvæðið um að allar starfsmannaleigur skuli hafa fulltrúa staðsetta hér á landi samræmist EES-samningnum enda er það ákvæði sett inn í þágu almannaheilla og þjónar lögmætu markmiði. Reglan um að öll fyrirtæki óháð staðfestu skuli hafa fulltrúa verður að teljast hófleg miðað við tilefnið og hindrar ekki aðgang að markaðnum. Í þessu sambandi var sérstaklega dregið fram að ákvæði EES-samningsins gefa svigrúm vegna þess að hér er um sérstaklega viðkvæma starfsemi að ræða. Við erum að fjalla um fólk sem vinnuafl en ekki um bíla, þannig að það er svigrúm til að verja fólk sérstaklega í þessu sambandi og það er skoðun okkar að þetta ákvæði brjóti ekki EES-samninginn.

Það var talsverð umræða í nefndinni um vinnuverndarmál og skattamál. Þar kom fram að eðlilegt væri að taka til skoðunar vinnuverndarmál og skattamál er lúta að starfsmönnum starfsmannaleigna og nefndin beinir því til viðkomandi ráðherra að skoða þau mál með heildstæðum hætti í þeim lögum sem um þá málaflokka fjalla.

Svo að ég minnist aðeins á skattamálin þá er alveg ljóst að skattaréttur er ekki það sama og vinnuréttur. Þetta var atriði sem við skoðuðum sérstaklega vegna þess að hér hefur yfirskattanefnd úrskurðað varðandi ábyrgð notendafyrirtækis á skattskilum en það er líka augljóst að það er ekki hægt að setja samasemmerki á milli skattaréttar og vinnuréttar, en okkur þykir eigi að síður mikilvægt að skattamálin séu skoðuð og sömuleiðis vinnuverndin, með heildstæðum hætti gagnvart þessum starfsmönnum.

Virðulegi forseti. Varðandi þær upplýsingar sem eru í frumvarpinu um kostnað sem mun falla á Vinnumálastofnun verði þetta frumvarp að lögum, fengum við þær upplýsingar að sá kostnaður yrði líklega um 12–15 millj. kr. árlega fyrir stofnunina auk stofnkostnaðar vegna búnaðar, þ.e., tölvur og þróun tölvukerfa. Vinnumálastofnun telur þar af leiðandi að hún þurfi 12–15 millj. kr. plús stofnkostnað, verði frumvarpið að lögum. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins kom því á framfæri að ráðuneytið hefði nýlega farið yfir kostnaðaráhrifin með Vinnumálastofnun og teldi vera svigrúm til þess að mæta aukakostnaði innan nú-

verandi fjárheimilda stofnunarinnar þar sem atvinnuleysi hefur minnkað talsvert að undanförnu og þar með umsvif Vinnumálastofnunar, ráðuneytið teldi því ekki þörf á viðbótarfjármagni að svo stöddu.

Nefndin telur að starfsemi Vinnumálastofnunar sé mjög mikilvæg í þessu nýja lagaumhverfi, sem væntanlega mun verða samþykkt. Það er alveg ljóst að það verður talsvert mikið vinnuálag á Vinnumálastofnun, líklega mest fyrst um sinn, en eftirlitshlutverk stofnunarinnar er kannski eitt af því mikilvægasta sem lögin fela í sér.

Við segjum því í nefndaráliti okkar, með leyfi forseta:

„Nefndin telur að Vinnumálastofnun muni gegna mikilvægu hlutverki verði frumvarpið að lögum og telur því mikilvægt að ef í ljós kemur að kostnaðaráhrif vegna nýrra laga um starfsmannaleigur rúmast ekki innan fjárhagsramma stofnunarinnar verði það mál skoðað sérstaklega."

Virðulegi forseti. Mér finnst frekar líklegt að eitthvað þurfi að bregðast við þessu á næsta ári miðað við lögin, af því að Vinnumálastofnunin fær svona mikið hlutverk, þetta er bæði mikið og flókið hlutverk.

Virðulegi forseti. Nefndin flytur breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að sett verði inn ákvæði til bráðabirgða um að lögin skuli endurskoða innan tveggja ára. Telur nefndin eðlilegt að lögfesta slíkt ákvæði þar sem um ný heildarlög er að ræða sem fjalla um reglur á vinnumarkaði gagnvart starfsmannaleigum. Eðlilegt er að skýrt sé kveðið á um endurskoðun laganna strax og nokkur reynsla er komin af þeim, þ.e. innan tveggja ára.

Auðvitað vonumst við til þess að nýju lögin sýni að starfsemi starfsmannaleigna batni á Íslandi og við verðum að láta reyna á þau. En af því að þetta eru ný lög vitum við auðvitað ekki nákvæmlega hvernig þau muni virka. Ég hef trú á því að þau verði til mikilla bóta og mér heyrist það almennt vera skoðun þingmanna að lögin séu mikið framfaraskref. En við verðum að skoða málið í ljósi reynslunnar og það er eðlilegt að við gerum það að tveimur árum liðnum. Við ræddum svolítið hvort sá tími ætti að vera styttri eða lengri en við töldum að eftir eitt ár væri líklega ekki komin nógu mikil reynsla á lögin en ekki væri gott að hafa tímann lengri en tvö ár ef þetta gengur ekki eins vel og við viljum. Það þótti því eðlilegt að lögin yrðu skoðuð innan tveggja ára, ef litið er á rök með og móti lengri eða styttri tíma.

Virðulegi forseti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að gera breytingartillögur. Hv. þingmenn Magnús Þór Hafsteinsson og Pétur H. Blöndal standa ekki að þessu áliti.

Virðulegur forseti. Hér með hef ég gert grein fyrir nefndaráliti hv. félagsmálanefndar um frumvarp um starfsmannaleigur.

[11:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, formanni félagsmálanefndar, fyrir þessa yfirferð sína sem skýrði ákaflega vel þá vinnu sem nefndin hefur í þetta lagt og sannarlega er það mikilsvert að margt sem er óskýrt og á köflum erfitt við að una, liggur skýrar fyrir eftir ýmsar upplýsingar sem komu fram í máli hv. formanns.

Eigi að síður verð ég að spyrja hv. formann betur út í hvað valdi því að ekki er lögð fram tillaga af hálfu nefndarinnar um notendaábyrgðina. Það kom alveg skýrt fram í mjög fínni röksemdafærslu hjá hv. þingmanni að það væri sennilega betra fyrir vellíðan og öryggi starfsmannanna að slíkt ákvæði kæmi fram. Hv. þingmaður rakti það líka mjög vel að á fyrri stigum skoðunar málsins af hálfu ASÍ hefði það verið tillaga. Mér er kunnugt um að í nefndinni komu fram mjög sterk viðhorf af hálfu verkalýðshreyfingarinnar sem lutu að þessu og ég spyr: Hvað veldur því að ekki kemur fram tillaga um þetta?

Í annan stað, frú forseti, er auðvitað ekki annað hægt en að segja að hér er verið að draga upp ákveðin pótemkintjöld af hálfu hæstv. félagsmálaráðherra. Hann leggur fram frumvarp sem hann segir að sé nægilega gott. Það kemur í ljós að hans eigin stofnun segir að það þurfi 12–15 milljónir til þess að hægt sé að uppfylla veigamikinn þátt í frumvarpinu. Hvaðan eiga þeir peningar að koma? Jú, hæstv. ráðherra fer og hristir einhverjar skúffur, opnar þær svo og segir: Jú, hér eru peningarnir.

Þetta er ekki trúverðugt. Mig langar til þess að spyrja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hvort hún sé ekki algjörlega sannfærð um það miðað við þá yfirferð sem hún gaf okkur hérna áðan að þessi lög munu ekki geta náð gildi sínu fyrr en þessir peningar eru fram komnir vegna þess að röksemdafærsla var elegant um einmitt það atriði.

[11:26]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi ábyrgð notendafyrirtækjanna teljum við sem styðjum nefndarálitið að eftir tvö ár sé eðlilegt að skoðað verði hvernig lagaumhverfið hefur virkað, vegna þess að í þessu nýja kerfi verður hlutverk Vinnumálastofnunar mjög sterkt. Með þessu frumvarpi er gengið mjög langt í því að þjarma að starfsmannaleigunum, þegar yfir höfði þeirra hangir sú svipa að starfsemin verði hugsanlega stöðvuð með lögregluvaldi ef þær greiði ekki rétt kaup til starfsmanna sinna, það er yfirvofandi hótun um að loka starfseminni ef starfsmannaleigurnar standi sig ekki. Þannig er ábyrgðin sett á starfsmannaleigurnar enda eru það þær sem eru vinnuveitandinn. Við teljum því að eins og málið er útbúið eigi að vera hægt að verja starfsmennina með fullnægjandi hætti án þess að ábyrgðin sé sett á notendafyrirtækið, þ.e. hið íslenska fyrirtæki.

Varðandi hitt atriðið með fjárhaginn þá er það hlutverk sem Vinnumálastofnun fær kannski meira en maður gerði sér grein fyrir í upphafi máls. Þess vegna er sérstaklega tekið inn í nefndarálitið að verði kostnaðurinn meiri en gert er ráð fyrir þurfi að skoða það mál sérstaklega. Ég tel að það séu talsverðar líkur á að það þurfi að aðstoða Vinnumálastofnun á næsta ári varðandi kostnaðinn.

[11:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir er að segja hér er að eftir þá faglegu umfjöllun sem hún hefur veitt forustu í nefndinni þá hafi hún ekki trú á því að þessi

lög muni virka á næsta ár. Í dag er staðan sú að það viðgengst ekki önnur eins ribbaldamennska í nokkurri annarri atvinnugrein og í þessari. Einmitt þess vegna hefði þurft að taka föstum tökum á þessu strax í upphafi og þar eru tveir lykilþættir sem er að finna í þessu frumvarpi. Það er annars vegar aðkoma Vinnumálastofnunar og hins vegar þetta sem blasir við öllum sem hafa kynnt sér þessi mál, að notendaábyrgðin er ekki þarna inni.

Það er alveg rétt röksemdafærsla hjá hv. þingmanni þegar hún segir að sá aðgangur sem Vinnumálastofnun hefur að upplýsingum og viðurlögin sem stofnunin hefur, geti gengið langt til þess að uppfylla nákvæmlega þær þarfir. En þá er það lykilatriði að Vinnumálastofnun hafi fjármagn til þess.

Nú kemur það fram hjá hv. formanni félagsmálanefndar að hún telur að strax á næsta ári muni stofnuninni verða féskylft, þá muni þurfa peninga. Hún er með öðrum orðum að segja að eins og þetta mál er búið af hálfu hæstv. félagsmálaráðherra muni lögin ekki ná tilgangi sínum, það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi. Hv. þingmaður segir hreint út að það vanti peninga. Og það blasir auðvitað við að þegar hæstv. félagsmálaráðherra sendir einhvern ágætan starfsmann sinn og segir við nefndina: Ég er búinn að skoða málið og við fundum 12–15 milljónir. Þá var annaðhvort að stofnunin var illa rekin frá upphafi, sem hún er ekki, eða að þarna er verið að búa til leiktjöld.

Þess vegna verð ég að spyrja hv. þingmann: Er hún ekki ósátt við hæstv. félagsmálaráðherra út af þessu? Hún þarf reyndar ekki að svara mér, ég veit að hún er það.

[11:30]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að mótmæla því að hv. þingmaður túlki orð mín svo að ég telji að lögin muni ekki virka. Ég held að þau muni einmitt virka. Ég held að þau verði geysilega sterk. Það er alveg ljóst að ASÍ kallar eftir lögum af þessu tagi og segir að ástandið sé ekki viðunandi. Það er þrýstingur á að klára málið núna svo að lögin fari að virka af því að þau verði góð. Ég hef hins vegar bent á það og það er sérstaklega bent á það í nefndarálitinu, að það er ekki samræmi á milli þess sem Vinnumálastofnun telur og þess sem ráðuneytið telur. Ráðuneytið telur að hægt sé að mæta þessari auknu byrði í Vinnumálastofnun innan núverandi fjárhagsramma en Vinnumálastofnun telur að hún þurfi 12–15 millj. kr. aukalega og einhverjar óskilgreindar upphæðir í stofnkostnað. Miðað við hvernig málið er vaxið og vegna þess að Vinnumálastofnun fær svo mikið og erfitt hlutverk er sérstaklega bent á það í nefndarálitinu að ef í ljós kemur að Vinnumálastofnun hefur rétt fyrir sér þurfi að skoða það mál sérstaklega. Nefndin tekur því undir það að Vinnumálastofnun hefur miklu hlutverki að gegna og að hún verði að geta sinnt því, að sjálfsögðu.

Ég leyfi mér að segja hér, virðulegi forseti, að ég tel vera talsverðar líkur á því að skoða þurfi þetta mál á næsta ári. Þá verður að mæta þeirri fjárþörf. Vinnumálastofnun fær svo mikið hlutverk og verður að standast það. Ef það kemur í ljós að hún getur ekki mætt því innan fjárheimilda sinna þarf að skoða það sérstaklega á næsta ári. Ég vil vera algjörlega opin fyrir því.

[11:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Við í Samfylkingunni höfum undir forustu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar lengi kallað eftir lögum um starfsmannaleigur. Því er mikilvægt fyrir okkur að þegar frá slíkum málum er gengið að við getum verið sæmilega örugg um að lögin séu traust og markviss og komi í veg fyrir að í gegnum starfsmannaleigur hér séu stundað félagsleg undirboð eða að verið sé að misnota erlent vinnuafl og ekki að greiða því í samræmi við íslenska kjarasamninga. Þó margt hafi skýrst í málinu þegar það kemur til 2. umr. vantar því miður inn í það lykilatriði til að við getum verið sæmilega örugg um að frumvarpið nái tilgangi sínum og það er það sem verið var að ræða fyrir nokkrum mínútum, ákvæði um notendaábyrgð.

Við fulltrúar Samfylkingarinnar í félagsmálanefnd skrifum undir frumvarpið með fyrirvara, þ.e. sú sem hér stendur, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hv. þm. Valdimar L. Friðriksson. Fyrirvari okkar lýtur sérstaklega að notendaábyrgðinni og flytjum við breytingartillögu við frumvarpið sem snýr að henni, við þrjú sem erum fulltrúar Samfylkingarinnar í félagsmálanefnd ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem er 1. flutningsmaður þeirrar breytingartillögu. Það sem upp úr hefur staðið í umfjöllun félagsmálanefndar er í fyrsta lagi það sem ég nefndi um notendaábyrgðina, en nokkuð hefur verið tekist á um það mál, upplýsingaskyldan til stéttarfélaga og trúnaðarmanna þeirra, framlögin til Vinnumálastofnunar sem hér hafa verið rædd og einnig ákvæði um skatta- og vinnuvernd.

Virðulegi forseti. Ef ég vík fyrst að notendaábyrgðinni er alveg ljóst að margir innan verkalýðshreyfingarinnar eru óánægðir með að slíkt ákvæði sé ekki að finna í frumvarpinu eða í breytingartillögum stjórnarliða. Það kom líka skýrt fram í umfjöllun nefndarinnar um málið að þó að ASÍ og Samtök atvinnulífsins hefðu viljað sjá frumvarpið öðruvísi en það var lagt fram eru þeir mjög samstiga um að fallast ekki á neinar breytingartillögur. Það kemur auðvitað ekki í veg fyrir að fulltrúar á löggjafarsamkundu þjóðarinnar geti haft skoðun á málinu og flutt þær breytingartillögur sem þeir telja nauðsynlegar til að frumvarpið nái tilgangi sínum.

Notendaábyrgðin gæti verið tvíþætt og um það var nokkuð rætt í nefndinni. Það er annars vegar sú leið sem við þingmenn Samfylkingarinnar förum í breytingartillögu okkar, að það sé alveg klárt og kvitt að notendafyrirtækin séu ábyrg fyrir því að greitt sé í samræmi við kjarasamninga og þeim fylgt í öllum atriðum. Hins vegar gæti verið um að ræða sameiginlega ábyrgð notendafyrirtækja og starfsmannaleigna, þ.e. að þau fyrirtæki sem leigja til sín starfsmann, starfsmannaleigufyrirtæki, og sem af ásetningi eða gáleysi taka þátt í að una brotum starfsmannaleigu gegn ákvæðum laganna varðandi laun og önnur starfskjör séu samábyrg með viðkomandi starfsmannaleigu á kröfum þeirra. Þetta er einmitt ákvæði sem ASÍ vildi ná inn í meðferð málsins áður en það kom á þing en það varð ekki samkomulag um það.

Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að ákvæðið um notendaábyrgðina nái fram að ganga. Við fengum umsagnir nokkurra aðila varðandi þann þátt málsins og ætla ég að

leyfa mér að vitna í eina sem barst í tölvupósti frá Oddi Friðrikssyni, yfirtrúnaðarmanni við Kárahnjúka. Þar kemur fram nauðsyn þess að hafa slíkt ákvæði um notendaábyrgð vegna þess að hér segir Oddur, með leyfi forseta:

„Frá upphafi framkvæmda hér við Kárahnjúka hafa komið upp með reglulegu millibili deilur vegna starfsmannaleigna. Helsta vopn verkalýðsfélaganna í þeim málum hefur verið kafli 20, mgr. 23, í virkjunarsamningi sem kveður á um ábyrgð verktaka á undirverktökum sínum gagnvart virkjunarsamningi. Ég leyfi mér að fullyrða að án þessa ákvæðis hefði verið nær vonlaust að ná þeim tökum á starfsmannaleigunum sem við þó höfum. Vegna þess óttast ég að verði ekki sett ákvæði um ábyrgð notendafyrirtækja gagnvart íslenskum kjarasamningum þá kunni lög þessi að hafa takmarkað gildi."

Þetta er maður sem hefur mikla reynslu í að kljást við þau vandamál sem upp hafa komið og tengjast starfsmannaleigum varðandi það að erlent vinnuafl fær ekki greitt í samræmi við íslenska kjarasamninga eða að aðbúnaður þeirra sé í samræmi við íslensk lög og reglur.

Fleiri aðilar nefna þetta atriði og er það í raun og veru lykilatriði og stendur upp úr hjá öllum þeim sem gagnrýnt hafa frumvarpið, þ.e. frá hlið verkalýðssamtaka.

Hér segir t.d. Rafiðnaðarsambandið, með leyfi forseta:

„RSÍ hefur alloft þurft að hafa afskipti af starfsmannaleigum. Eins og margoft hefur komið fram á opinberum vettvangi hefur reynst ákaflega erfitt að afla öruggra upplýsinga um hvort staðið sé með réttum og löglegum hætti að launum og kjaratengdum atriðum gagnvart þeim starfsmönnum, sem eru hér á landi á vegum starfsmannaleigna. Það var því að mati RSÍ orðið löngu tímabært að sett yrðu lög um starfsemi starfsmannaleigna hér á landi."

Síðan er talað um að staða skattamála vegna starfsmanna á vegum starfsmannaleigna sé einnig óljós og vegna þess sé erfitt að draga starfsmannaleigur til ábyrgðar. Einnig segir, með leyfi forseta:

„Það hefur komið glögglega fram í afstöðu rafiðnaðarmanna gagnvart frumvarpsdrögunum, að skýr ákvæði um ábyrgð notendafyrirtækja sé forsenda þess að það takist að koma böndum á það ófremdarástand sem ríkt hefur hér á landi."

Formaður Verkalýðsfélags Akraness kom m.a. á fund nefndarinnar og sendi umsögn um málið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Einnig vill félagið benda á að hendur stéttarfélaga eru algerlega bundnar hvað varðar eftirlit með kjörum þeirra sem koma á vegum starfsmannaleigna samkvæmt frumvarpinu."

Þeir tala um hinn mikilvæga þáttinn í málinu, þ.e. upplýsingaskylduna, og segja, með leyfi forseta:

„Það verður að veita stéttarfélögum einhverja heimild til eftirlits með starfskjörum þessara starfsmanna sem koma á vegum starfsmannaleigna og þá í fullri samvinnu við Vinnumálastofnun.

Verkalýðsfélag Akraness hefur þó nokkra reynslu hvað varðar erlent vinnuafl og þeim vandamálum sem því hefur fylgt. Stéttarfélagið er ekki í neinum vafa að frumvarpið eins og það er nú er alls ekki til þess fallið að leysa þann vanda sem stéttarfélögin hafa verið að glíma við á undanförnum mánuðum því meira þarf til."

Þeir lögðu fram ýmsar breytingartillögur, m.a. um notendaábyrgðina, skyldur notendafyrirtækis og um upplýsingaskylduna.

Sömuleiðis lagði Samiðn fram ýmsar breytingartillögur. Lykilatriði í máli þeirra, en þeir komu á fund nefndarinnar, var notendaábyrgðin og skortur á ákvæði þar að lútandi í frumvarpinu. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Megingalli frumvarpsins er að ekki er gert ráð fyrir ábyrgð notendafyrirtækjanna á að farið sé eftir íslenskum kjarasamningum og lögum þegar þau hafa starfsmenn frá starfsmannaleigum í sinni þjónustu."

Þeir nefna líka upplýsingaskylduna sem ég er með undir núna í mínu máli líka, með leyfi forseta:

„Einnig telur Samiðn að ákvæði í 10 gr. frumvarpsins um að Vinnumálastofnun skuli vera bundin trúnaði varðandi upplýsingar sem stofnunin aflar og að eingöngu skuli áframsenda upplýsingar til Útlendingastofnunar samanber 4. gr. geti gert stéttarfélögum erfitt fyrir að fylgjast með að kjarasamningum sé framfylgt."

Þeir lögðu m.a. til skynsamlega breytingu að mínu viti á 4. gr. frumvarpsins þar sem er verið að tala um að Vinnumálastofnun skuli framsenda upplýsingar sem hún aflar til Útlendingastofnunar eftir því sem við getur átt. Þeir vildu bæta við að Vinnumálastofnun ætti ekki aðeins að senda Útlendingastofnun þessar upplýsingar heldur viðkomandi stéttarfélögum einnig.

Ég ætla að láta þessar tilvísanir í umsagnir um málið nægja sem sýna hversu stíft ýmsir í verkalýðshreyfingunni kalla eftir ákvæði í frumvarpinu um notendaábyrgð og upplýsingaskyldu. Við fulltrúar Samfylkingarinnar teljum það óviðunandi að slíkt ákvæði sé ekki fyrir hendi og flytjum því breytingartillögu þar um.

Það var mjög misvísandi hvort að stéttarfélögin og fulltrúar þeirra teldu að koma þyrfti inn ákvæði um skýra upplýsingaskyldu eða ekki. Fulltrúar ASÍ telja t.d. að núgildandi lög og reglur ásamt því samkomulagi sem fylgir með í nefndaráliti félagsmálanefndar um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði dugi til þess að stéttarfélögin geti krafið starfsmannaleigur um upplýsingar.

Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta, sem við fulltrúar Samfylkingarinnar í félagsmálanefnd teljum ákaflega mikilvægt:

„Fram kom hjá fulltrúum ASÍ og SA í nefndinni að samkvæmt því gætu trúnaðarmenn eða fulltrúi viðkomandi stéttarfélags ef trúnaðarmaður er ekki fyrir hendi krafið starfsmannaleigur um að fá að yfirfara gögn til að sannreyna að kaup og kjör starfsfólks starfsmannaleigna væru í samræmi við kjarasamninga."

Það er ákaflega mikilvægt að fá þetta inn, að það er skilningur aðila vinnumarkaðarins og reyndar var það einnig skilningur fulltrúa félagsmálaráðuneytisins sem kom á fund nefndarinnar, að stéttarfélögin ættu að geta yfirfarið gögn til að sannreyna að kaup og kjör starfsmannaleigna væru í samræmi við kjarasamninga.

Virðulegi forseti. Hvað ef það reynist þannig að stéttarfélögin fá ekki að yfirfæra þessi gögn frá starfsmannaleigum? Þeir hafa verið að kvarta yfir því. Reynsla þeirra frá umliðnum mánuðum og missirum er að erfitt sé að nálgast

þessi gögn og erfitt að fá þessar upplýsingar. Hvaða leið hafa þeir þá?

Þá er í 10. gr. frumvarpsins ákvæði um stofnunina, sem er auðvitað mjög mikilvægt. Þar segir: „Starfsmannaleiga skal veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar er stofnunin telur nauðsynlegar til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þar með talið um ráðningarsamninga og ráðningarkjör.“ Þetta er auðvitað ákaflega mikið og nýtt ákvæði í baráttunni við að koma í veg fyrir félagsleg undirboð og verið sé að misnota erlent vinnuafl. En stéttarfélögin sem slík munu ekki hafa aðgang að þeim upplýsingum sem koma fram í 10. gr. vegna þess að Vinnumálastofnun er bundin trúnaði og þá hanga menn á því að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, ASÍ, eiga aðgang að þessum upplýsingum í gegnum stjórn Vinnumálastofnunar.

Nú á eftir að koma í ljós, virðulegi forseti, hvort þetta sé nægjanlegt hald sem hér er sett fram eða hvort beinlínis þurfi, sem sumir hafa kallað eftir, að lögfesta slík ákvæði um upplýsingaskyldu. Við fulltrúar Samfylkingarinnar í félagsmálanefnd höfum kosið að láta á það reyna, hvort stéttarfélögin fái aðgang að þeim gögnum eða geti yfirfarið þessi gögn til að sannreyna að kaup og kjör séu í samræmi við íslenska kjarasamninga eins og fulltrúar SA og ASÍ halda fram. Komi það í ljós, kannski fyrr en seinna, að þetta haldi ekki og stéttarfélögin séu í engu betur sett en áður til að hafa eftirlit með þessu, kallar það auðvitað á breytingartillögu á því lagafrumvarpi sem við erum hér að samþykkja og þá kannski fyrr en seinna. Við munum skoða það mjög alvarlega ef ekki er hald í þeirri yfirlýsingu eða því sem aðilar vinnumarkaðarins halda fram. Við munum fylgjast grannt með því og skoða þá síðar hvort ástæða sé til að flytja breytingartillögu.

Þess vegna leggjum við líka mikið upp úr því sem samstaða náðist um og formaður félagsmálanefndar mælti fyrir, þ.e. þeirri breytingartillögu að lögin verði endurskoðuð innan tveggja ára þegar komin er reynsla á framkvæmdina. En ég útiloka ekki að það geti þurft að gerast miklu fyrr ef við sjáum og í ljós kemur að þau lög og reglur og það samkomulag sem er milli aðila vinnumarkaðarins um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, heldur ekki.

Í því samkomulagi sem gert var í mars 2004 segir, með leyfi forseta:

„Það er hlutverk trúnaðarmanna stéttarfélaga á vinnustað að gæta þess að gerðir kjarasamningar séu haldnir gagnvart starfsfólki. Sé rökstuddur grunur um brot gegn viðkomandi kjarasamningi eða lögum sem varða starfskjör erlends launafólks hefur trúnaðarmaður á grundvelli þessa samkomulags rétt á að yfirfara gögn um laun eða önnur starfskjör þeirra erlendu starfsmanna sem kjarasamningur tekur til og starfa hjá viðkomandi vinnuveitanda og eftir því sem við á um starfsréttindi þeirra sem eru í störfum sem slíkra réttinda er krafist.

Sé ekki trúnaðarmaður á vinnustað hefur fulltrúi viðkomandi stéttarfélags sömu heimildir og trúnaðarmaður til að yfirfara gögn og ber sömu skyldur.“

Þetta segir í samkomulaginu, virðulegi forseti. Þetta er ársgamalt samkomulag og enn eru stéttarfélögin í reynd að kvarta yfir að þau hafi ekki eðlilegan aðgang að gögnum til að sannreyna upplýsingar um kjör erlenda vinnuaflsins, þannig að vera má að þetta sé ekki það hald í þessu sem við ætlum þó að leyfa okkur að treysta á eins og fram kemur í nefndaráliti.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið. Ég vil þó benda á bæði varðandi notendaábyrgðina og upplýsingaskylduna að fulltrúi frá rannsóknasetri á Bifröst, sem gert hefur ítarlega skýrslu um starfsmannaleigur og hvaða ákvæði um þær gilda, t.d. erlendis, taldi að eftirlit mundi reynast erfitt fyrir Vinnumálastofnun og þungt í vöfum að fylgjast með að lög séu ekki brotin og taldi að æskilegt væri að ákvæði kæmi að því er varðar notendaábyrgð. Og talaði um að hægt væri t.d. að fara út í tvöfalda notendaábyrgð, eins og ég nefndi, ef um er að ræða að notendafyrirtæki er samábyrgt um að ekki sé farið að lögum og reglum. Að það sé þá samábyrgt með starfsmannaleigunni.

Ég ætla ekki að fara mikið út í skattamálin en ríkisskattstjóri setti fram ítarlega umsögn. Mig langar að vitna í umsögn ríkisskattstjóra en þar segir, með leyfi forseta:

„Eftir nokkra skoðun á frumvarpinu virðist sem að tilgangur þess sé nokkur óskýr og áhrif þess, ef að lögum verður, yrðu óljós. Þótt frumvarpið fjalli ekki um skattframkvæmd eða önnur verkefni embættis ríkisskattstjóra gæti það haft áhrif á þau með óbeinum hætti. Ástæðan er fyrst og fremst sú að í frumvarpinu eru notuð ýmis hugtök sem ekki eru skilgreind en virðast í sumum atriðum geta stangast á við ákvæði laga sem miklu skipta um skattframkvæmd svo sem laga um fyrirtækjaskrá, laga um hlutafélög, laga um tekjuskatt og virðisaukaskatt svo og við túlkanir og framkvæmd á sviði alþjóðaskattaréttar.“

Síðan lýkur ríkisskattstjóri umsögn sinni með eftirfarandi orðum:

„Af framangreindu má ljóst vera að ákvæði frumvarpsins eru um margt óskýr og þarfnast mikilla lagfæringa áður en lögfest verða. Að öðrum kosti er hætta á að með þeim skapist réttaróvissa, sem m.a. gæti haft veruleg áhrif á skattlagningu m.a. vegna þess að óvissa léki á um hvenær um væri að ræða innlendan og hvenær erlendan skattaðila í skilningi íslenskra skattalaga og tvísköttunarsamninga. Skattaleg staða þess sem kaupir vinnuafl á leigu verður óvissari, skattaleg staða hinna útleigðu starfsmanna verður að líkindum verri og stefnt yrði í hættu þeirri úrskurðarframkvæmd sem skapast hefur á grundvelli gildandi skattalaga.“

Eins og heyra má hefur ríkisskattstjóri áhyggjur hvað varðar skattframkvæmd með tilkomu þessara laga. Því er ákaflega mikilvægt, og beini ég því sem stendur í nefndarálitinu til hæstv. félagsmálaráðherra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fram kom í nefndinni að eðlilegt væri að taka til skoðunar vinnuverndarmál og skattamál er lúta að starfsmönnum starfsmannaleigna og beinir nefndin því til viðkomandi ráðherra. Í því sambandi þyrfti að skoða þau mál með heildstæðum hætti í þeim lögum sem um þessa málaflokka fjalla.“

Fram kom í nefndinni og ég gat ekki heyrt annað en ríkisskattstjóri tæki undir, að ekki væri hægt að breyta þeim lögum sem við erum að fjalla um til að tryggja skilvirkni í skattframkvæmd heldur þyrfti að skoða skattalögin í því sambandi. Ég er ekki viss um að fjármálaráðherra viti eitt-

hvað um það ákvæði sem hér stendur í nefndarálitinu. Þannig að það er mikilvægt að hæstv. félagsmálaráðherra komi þessu á framfæri með formlegum hætti við fjármálaráðherra og þá eftir atvikum með þeirri umsögn sem ríkisskattstjóri setur fram um þetta mál svo við stöndum ekki frammi fyrir því fyrr en seinna að erfiðleikar rísi upp varðandi skattframkvæmdina vegna starfsmannaleigna. Sama gildir raunar um vinnuverndina. Forstjóri Vinnueftirlitsins kom á fund nefndarinnar og hann segir að skoða þurfi betur bæði þjálfun þeirra erlendu starfsmanna sem koma til landsins, vinnutíma og heilsuvernd þeirra. Hann spyr t.d.: Hver á að tryggja að starfsmaður hafi færni til að bera til að vinna verkið sem hann er ráðinn til? Því er ljóst að í vinnuverndarþættinum sem slíkum þarf einnig að skoða ákvæði laga og ég beini því til hæstv. félagsmálaráðherra, því það mál snýr að ráðuneyti hans, að hann láti sérstaklega skoða vinnuverndarþáttinn í samráði við Vinnueftirlitið. Það er þetta tvennt sem ég beini til hæstv. ráðherra.

Síðan í lokin, því ég ætla ekki að tala mikið lengur í þessu máli, hef ég áhyggjur af því sem kom fram í andsvörum hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni við formann félagsmálanefndar, þ.e. því fjármagni sem Vinnumálastofnunin þarf til að geta sinnt skyldum sínum, tekið á sig þær kvaðir sem á hana er settar, t.d. í 10. gr. þessa lagafrumvarps. Þeir fullyrtu að þeir þyrftu til þess 12–15 millj. kr. Að vísu kom fulltrúi ráðuneytisins daginn eftir og sagði að svigrúm væri til þess, benti á minna atvinnuleysi og þess háttar sem gæfi þetta svigrúm hjá Vinnumálastofnun. En Vinnumálastofnun vissi auðvitað deginum áður að minna atvinnuleysi væri. Engu að síður héldu þeir því fram að þeir þyrftu þessar 12–15 millj. En auðvitað hefði verið eðlilegra að ganga frá þessu við 3. umr. fjárlaga þannig að Vinnumálastofnun fengi klárlega þá peninga sem hún þarf í þessu sambandi en að þetta sé ekki að koma inn á fjáraukalögum þegar fyrir séð er raunar að Vinnumálastofnun þurfi þessa peninga. Fannst mér ég skilja á máli formanns félagsmálanefndar að hún tryði því að meiri líkur en minni væru á því að Vinnumálastofnun þyrfti þetta fjármagn.

Í nefndarálitinu stendur að við treystum því að Vinnumálastofnunin fái þessa peninga. Því spyr ég hæstv. ráðherra, af því hann hefur ekki tjáð sig um það: Getum við treyst því, og ég óska eftir að það komi þá fram áður en þessari umræðu lýkur, að hæstv. félagsmálaráðherra muni fara nákvæmlega yfir það með Vinnumálastofnun hvaða fjármagn hún þurfi til að geta sinnt þeim skyldum sem á hana eru lagðar með frumvarpinu? Og hæstv. ráðherra beiti sér þá fyrir því að aðbúnaður Vinnumálastofnunar sé með þeim hætti að hún geti sinnt skyldum sínum og það dragist ekki fram á næstu fjárlagagerð, heldur verði séð til að framkvæmdin á þessu máli geti gengið snurðulaust fyrir sig hjá Vinnumálastofnun? Vegna þess að verið er að setja mikil og stór verkefni á hana, ekki aðeins í mannskap sem hún þarf að auka, heldur líka í tölvumálum eins og stofnunin benti á.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um málið. Ég hef sett fram athugasemdir mínar og félaga minna í félagsmálanefnd og við treystum enn á að meiri hlutinn skoði málið með það í huga að fallast á þá veigamiklu tillögu sem margir í verkalýðshreyfingunni kalla eftir sem er ákvæði um notendaábyrgðina.

[11:58]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þingmanns um hvort sá er hér stendur muni beita sér fyrir að fram fari athugun á því á vegum félagsmálaráðuneytis og Vinnumálastofnunar hvort hægt verði að koma fyrir því verkefni sem hér er um rætt innan fjárhagsramma Vinnumálastofnunar. Ég verð að upplýsa hv. þingmann um að við höfum þegar hafið þá vinnu. Vinnumálastofnun er þegar komin að því verki að fara yfir það með hvaða hætti við getum rúmað þetta innan þeirra fjárhagsheimilda sem stofnunin ræður yfir og félagsmálaráðuneytið kemur að þeirri vinnu. Verði niðurstaðan sú að svo verði ekki, þá að sjálfsögðu þurfum við að bregðast við því. En ég á von á að þetta takist.

[11:59]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir þessar upplýsingar. Verið er að skoða hvort þær rúmist innan fjárheimilda stofnunarinnar nú og þeirra fjárheimilda sem henni er ætlað á næsta ári. Ráðherrann segir að ef það er ekki þá verði að bregðast við því og þá er spurningin: Verður strax brugðist við því? Það verði ekki látið lulla áfram allt næsta ár, fram að næstu fjárlagagerð, heldur verði strax brugðist við. Það er ákaflega mikilvægt að Vinnumálastofnun hafi í höndum þau tæki, tól og mannafla sem þarf til að hún geti fylgt eftir ákvæðum laganna vegna þess að verkefni hennar verður töluvert mikið samkvæmt ákvæðum 10. gr.

Ef til vill er ástæða til þess að spyrja, og ég vona að ráðherrann svari því í seinna andsvari, hvort hann muni verða við þeirri ósk sem ég beindi til hans varðandi það að koma á framfæri athugasemdum ríkisskattstjóra við fjármálaráðherra og hvort hann bregðist við varðandi vinnuverndarþáttinn sem forstjóri Vinnueftirlitsins gerði athugasemdir við og augljóslega þarf að skoða miklu nánar en gert hefur verið.

[12:00]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil undirstrika að mér er að sjálfsögðu fyllsta alvara með að leggja fram þetta frumvarp hér á Alþingi. Komi í ljós að vegna fjárskorts megi halda því fram að Vinnumálastofnun geti ekki rækt það hlutverk sem henni er ætlað samkvæmt lögum mun ég beita mér fyrir því af fyllsta afli að við því verði brugðist.

Ég mun einnig verða við áeggjan hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að koma á framfæri þeim athugasemdum sem hún hefur hér rakið, bæði hvað varðar fjármálaráðherra og mitt ráðuneyti og þær ábendingar sem forstjóri Vinnueftirlitsins hefur sett fram.

[12:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Í Morgunblaðinu miðvikudaginn 7. desember birtist frétt þar sem vitnað er í Grétar Þorsteinsson, forseta ASÍ. Hann kveðst í samtali við blaðamenn ávallt hafa

lagt áherslu á að frumvarpinu yrði ekki breytt. Hann segir enn fremur að Samtök atvinnulífsins og ASÍ hafi sammælst um frumvarpið eins og það síðan var lagt fram. Hann segir að löggjöfin um starfsmannaleigur hafi verið eitt helsta baráttumál ASÍ að undanförnu. Þrýst hafi verið á slíka löggjöf á síðasta vorþingi en það hafi ekki tekist. Í samkomulaginu er sammælst um frumvarpið eins og það lítur út núna og við leggjum áherslu á að það verði samþykkt þannig.

Nú stendur hv. þingmaður að breytingartillögu á þskj. 507, þar sem veigamikil breyting er gerð á þessu frumvarpi sem er forsenda samkomulagsins. Má ég skilja það þannig, frú forseti, að hv. þingmaður vilji setja kjarasamningana í uppnám?

[12:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er hissa á því að hv. þm. Pétur Blöndal tali með þeim hætti sem hann gerði. Ef ég hef skilið hv. þingmann rétt þá er ástæðan fyrir því — þó hann eigi auðvitað að túlka það sjálfur — að hann stendur ekki að þessu nefndaráliti að honum finnst óforsvaranlegt að mál sem koma frá aðilum vinnumarkaðarins séu með þeim hætti að þinginu séu settar þær skorður að það megi engu breyta. Nú þegar ég hef lagt fram breytingartillögu, því að ég er ekki ánægð með að ákvæði um notendaábyrgð sé ekki fyrir hendi, heyri ég ekki betur en hv. þingmaður sé að gera athugasemd við það. Auðvitað er það svo að þó aðilar vinnumarkaðarins geri með sér samkomulag bindur það ekki hendur þingsins. Af sjálfu leiðir. Þingmenn eru fyrst og fremst bundnir af eigin sannfæringu og samvisku og stjórnarskránni. Þannig að það er ekkert höfuðatriði þó að aðilar vinnumarkaðarins komi sér saman um eitthvert mál sem er lægsti samnefnari — mér skilst að SA þyki of langt gengið en ASÍ telji of skammt gengið. Það er náttúrlega ávísun á það að sett er fram frumvarp sem er ekki fullkomið að því leyti að við getum kannski treyst því 100% að það þjóni þeim tilgangi og markmiðum sem því er ætlað. Við teljum það lykilatriði að ákvæði um notendaábyrgð sé sett inn. Það er ástæðan fyrir því að við flytjum þessa breytingu. Ég er alveg í hópi með hv. þm. Pétri Blöndal, af því ég hélt að það væri ástæðan fyrir því að hann stæði ekki að nefndarálitinu, að ákvæði og samningar sem aðilar vinnumarkaðarins gera eiga auðvitað ekki að binda þingmenn. Þeir eiga að fara að sinni eigin samvisku.

[12:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki að ræða mín sjónarmið gagnvart þessu frumvarpi. Það geri ég á eftir í ræðu. Ég var að spyrja hv. þingmann um hans skoðun á þessu og hvaða afleiðingar það hefur ef hv. þingmaður gengur gegn forustu ASÍ með því að breyta frumvarpi sem ASÍ hefur samið um og hefur samið. Hann gerir breytingartillögur við það og ég spyr: Mun það ekki breyta forsendum kjarasamninga þannig að þeir fari upp í loft?

[12:05]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eigum við ekki að sjá við 2. umr. hvort þessi breytingartillaga nái fram að ganga. Nái hún fram að ganga skal ég taka langa og ítarlega umræðu við 3. umr. um afleiðingar og áhrifin af því að þessi tillaga er samþykkt. En ég geri mér góðar vonir um að hún verði samþykkt. Ég heyrði ekki betur á hv. þingmanni en að hann muni styðja þessa tillögu. Kannski vonandi fleiri þingmenn.

[12:05]

Útbýting:

Fæðingarorlof, 90. mál, svar félmrh., þskj. 581.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 314. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 578.

Skammtímaatvinnuleyfi ungmenna, 245. mál, svar félmrh., þskj. 580.

Skerðingarreglur lágmarksbóta, 289. mál, svar heilbrrh., þskj. 565.

[12:06]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég sit sem fulltrúi Frjálslynda flokksins í félagsmálanefnd sem hefur haft þetta frumvarp til umfjöllunar nú undanfarnar vikur. Ég vil í upphafi máls míns taka það fram að þegar hæstv. félagsmálaráðherra mælti fyrir þessu frumvarpi á Alþingi þann 28. nóvember sl. þá talaði fyrir okkar hönd hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, gamall verkalýðsforingi til margra ára. Hann fagnaði því að sjálfsögðu að þetta frumvarp væri komið fram og við í Frjálslynda flokknum fögnuðum þessu frumvarpi af einlægni. Við höfum lengi haft þungar áhyggjur af þróun mála hvað varðar þessar starfsmannaleigur og höfum látið þær skoðanir í ljós hér á þinginu. Ég ætla svo sem ekki að hafa mál mitt mjög langt hér en mig langar aðeins til að útskýra mína afstöðu til málsins og hvernig þetta hefur þróast.

Ég fór í þetta mál af miklum áhuga og hef setið alla fundi félagsmálanefndar. Ég hef kynnt mér umsagnir sem hafa borist, hef sótt ráðstefnu um starfsmannaleigur sem haldin var á Bifröst fyrir viku. Félagsmálanefnd hefur mikið fundað um þetta mál, verð ég að segja. Ætli við höfum ekki setið yfir þessu máli í eina 10–12 tíma, gæti ég ímyndað mér, og haldið eina 3–4 fundi. Eftir því sem málið skreið fram og við fengum gesti á fund til okkar sá maður að það var náttúrlega ástæða til að gera ýmsar breytingar á þessu frumvarpi. Þetta frumvarp er á margan hátt meingallað. Hér hafa komið fram breytingartillögur frá stjórnarandstöðunni, bæði um hina svokölluðu notendaábyrgð en líka ákvæði varðandi lífeyrisréttindi, ákvæði varðandi það að stéttarfélögin skuli fá eitthvað um það að segja — að stéttarfélögin skuli fá aðgang til að mynda að þeim ráðningarsamningum sem gerðir eru hverju sinni. Það bárust verðmætar og ágætar ábendingar um einmitt þetta frá grasrótinni í verkalýðshreyfingunni, ef svo má segja. Oddur Friðriksson, trúnaðarmaður á Kárahnjúkum, sendi okkur umsögn. Við fengum líka ágæta umsögn frá verkalýðsfélagi Akraness og ég sé að andi þessara umsagna hefur náð í gegn í breytingartillögum frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar, öðrum en okkur í Frjálslynda flokknum. Við erum ekki með á nefndaráliti, við erum heldur ekki með á breytingartillögunni. En ég vil lýsa því hér yfir að við munum greiða breytingartillögum

stjórnarandstöðunnar atkvæði okkar í þeirri atkvæðagreiðslu sem fer fram hér á eftir. Síðan munum við sjá til. Ég reikna nefnilega fastlega með að þessar breytingartillögur verði kolfelldar af stjórnarmeirihlutanum. Fari svo munum við sitja hjá við lokaafgreiðslu frumvarpsins.

Eins og ég sagði áðan, við höfum ekki verið með á nefndaráliti. Við erum ekki með á þessum breytingartillögum, og hvers vegna er það? Jú, ég skal útskýra það. Það var nefnilega þannig að á einum af síðustu fundum nefndarinnar komu til okkar forustumenn ASÍ. Þá rann upp fyrir mér ljós, hvað hér væri í raun og veru að gerast. Hér var ekki á ferðinni neitt annað en vel útfært leikrit. Við þingmenn vorum gerðir að þátttakendum í því leikriti. Kannski er ég svona grænn, ég veit það ekki. Ég er bara búinn að vera hér í tvö ár. En ég gerði mér allt í einu grein fyrir því að verið væri að hafa mig að fífli. Það væri verið að eyða tíma mínum í að skoða mál sem búið væri að ákveða fyrir löngu. Það frumvarp sem liggur fyrir á Alþingi er ekki lagafrumvarp í mínum huga. Þetta er samningur. Þetta er ekkert annað en samningur. Samningur sem hefur verið gerður úti í bæ á milli ASÍ og Samtaka atvinnulífsins. Ég held að hæstv. félagsmálaráðherra ætti að fara mjög varlega í að hreykja sér af því að hafa komið með þetta frumvarp hér inn á þingið. Ríkisstjórnin var pínd til að fallast á þennan samning, fara með hann inn í þingið til að bjarga kjarasamningum fyrir horn. Þetta er ekkert flóknara en það. Ríkisstjórninni var stillt upp við vegg. Það er búið að taka ríkisstjórnina mörg missiri að taka sig saman í andlitinu og gera eitthvað í þessum málum og hún gerði það ekki fyrr en Samtök atvinnulífsins og ASÍ urðu sammála um þennan samning úti í bæ. Hann er svo færður í lagabúning og við á fundum félagsmálanefndar fengum skýr skilaboð um það frá verkalýðsforustunni að þessu yrði ekki breytt. Að þetta ætti að fara í gegn á Alþingi óbreytt. Við fengum skýr skilaboð um það.

Þegar ég fór í framboð á sínum tíma, sótti um vinnu hér á Alþingi, ef svo má segja, gerði ég mér háar hugmyndir um að það væri Alþingi sem færi með löggjafarvaldið ásamt forseta Íslands, eins og stendur í 2. gr. stjórnarskrárinnar — og ég hef skrifað undir eiðstaf að þeirri stjórnarskrá. Ég get ekki fallist á að svona vinnubrögð séu tíðkuð, að aðilar úti í bæ geri á milli sín samninga og fari síðan með þá inn á þing í skjóli einhverra ráðherra sem kannski hafa ekkert komið nálægt þessari samningsgerð og síðan sé gerð krafa um að þetta verði samþykkt. Að allar þær breytingartillögur, allar þær umsagnir og allt það snakk sem fer í gang í kringum svona frumvarp séu bara orðin tóm því búið sé að ákveða hlutina löngu fyrir fram. Þetta eru hreinlega ekki ásættanleg vinnubrögð. Það er einmitt þess vegna, til að mótmæla þessum vinnubrögðum, að ég ákvað þennan laugardag — eftir að hafa hlustað á forustumenn ASÍ koma með þessi skýru skilaboð inn á borð til okkar þingmanna, um að hér yrði engu breytt — að ég ákvað að ég ætlaði ekki að eiga aðild að þessu máli. Ég ætlaði ekki að setja nafn mitt við þennan málatilbúnað vegna þess að ég er einfaldlega ósammála því að svona sé staðið að verki. Málið er ekkert flóknara en það. Þetta hefur ekkert að gera með það, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að við séum á móti því að lög séu sett um starfsmannaleigur hér á Íslandi. Alls ekki. Enda hefur það komið fram í okkar málflutningi. Ég veit að formaður Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, mun koma hér á eftir í ræðustól og gera enn frekar grein fyrir afstöðu okkar til þessara mála. En til að undirstrika andstöðu okkar við að þetta sé gert með þeim aðferðum sem við höfum orðið vitni að höfum við valið að fara þessa leið, að leggja ekki nafn okkar við þetta mál að öðru leyti en því að við munum greiða breytingartillögum minnihlutans atkvæði okkar.

Enn og aftur, virðulegi forseti, ef þær verða felldar munum við sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

[12:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef í sjálfu sér fyllstu samúð með því viðhorfi sem kom fram hjá hv. þingmanni. Frá því að ég settist hér inn á þing 1991 hefur alltaf verið í gangi viðleitni til að stýra löggjafanum. Það er bara partur af því vinnuumhverfi sem við störfum í. Þetta sáu menn fyrir sem upphaflega settu þann ramma sem Alþingi starfar eftir. Þetta sáu menn fyrir þegar þeir settu stjórnarskrána og þess vegna er sérhverjum þingmanni fyrir lagt að hann á eingöngu að starfa eftir sannfæringu sinni. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að þótt kontóraveldi úti í bæ séu að reyna, og stundum með of góðum árangri, að hafa áhrif á mál þá eigum við einfaldlega að gera það sem við getum til að hrista slíkt af okkur og starfa hér eftir okkar sannfæringu. Nú er það svo að það frumvarp sem hér er verið að ræða hefur í för með sér framfarir. Ég er ekki alveg sammála hv. þingmanni þegar hann segir að það hefði ekki komið hér fram nema vegna þessa samnings. Hér hafa þingmenn stjórnarandstöðunnar í tvö ár verið að reyna að reka hæstv. félagsmálaráðherra og ríkisstjórnina til réttar í málinu. Það var stjórnarandstaðan, m.a. flokkur hv. þingmanns, sem tók þátt í þeirri umræðu frá upphafi og benti á þennan vanda og hvernig þessi mál væru að þróast. Við sögðum réttilega fyrir um þær ógöngur sem þessi grein atvinnulífsins hefur ratað í. Ég tel að það hafi verið óhjákvæmilegt að setja lög af þessu tagi á þessum vetri, einfaldlega til þess að koma skikk á þá sjóræningjamennsku, sem ég hef kallað, sem ríkir í þessari grein. Mér finnst það með vissum hætti ákveðin uppgjöf hjá hv. þingmanni að láta þetta ráða afstöðu sinni. Við eigum að fara eftir því sem okkur finnst, ekki eftir kontóraveldum úti í bæ, en við eigum ekki að hafna þeim framfaraskrefum sem stigin eru, (Forseti hringir.) m.a. vegna þrýstings frá okkur sem höfum verið að vinna í þessum málum.

[12:16]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt það sem ég eða við erum að reyna að gera, að vekja athygli á því að hér sé kannski rangt farið í málið þó við séum alveg sammála því að sjálfsögðu að eitthvað þurfi að gera í þessum málum. Að sjálfsögðu mun frumvarpið verða samþykkt hér og það hlýtur að vera til bóta því að þá er alla vega að einhverju leyti verið að reyna að setja einhver bönd á það ófremdarástand sem varað hefur allt of lengi hér.

Eins og ég sagði áðan er frumvarpið að mörgu leyti gall-

að. Það eru sem betur fer ákvæði um að lögin skuli endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku þeirra. Ég ber þá von í brjósti að þegar það gerist, sem ég reikna með, muni Alþingi geta haft eitthvað meira um það að segja hvernig lögin líti út eftir þá endurskoðun.

[12:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Sú staða hefur stundum komið upp við erfiðar kringumstæður í samfélaginu, sem ekki ríkja nú, að Alþingi hefur orðið að samþykkja gerninga til þess að halda frið í samfélaginu. Á alþingismönnum hvílir ákveðin friðarskylda og við vissar aðstæður er það skylda ráðgjafans að grípa inn í með lagasetningu. Stundum hefur það verið við aðstæður þar sem hefur af og til t.d. ríkt ófriður á vinnumarkaði, jafnvel þegar hafa ríkt harðvítug sjómannaverkföll sem nokkur dæmi eru um. Þá hefur það verið nauðsynlegt. Segja má að Alþingi hafi tekið þátt í að samþykkja hluti sem hafa verið samþykktir úti í bæ, kannski vegna þess að menn voru því algjörlega sammála hér innan dyra.

Nú gegnir töluvert öðru máli. Við reifum hér frumvarp sem á að taka á ákveðinni óeirð sem hefur skapast á vinnumarkaði vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki staðið undir skyldum sínum við að koma skikki á nýja atvinnugrein. Hún er að gera það í dag og það er tvennt sem veldur því. Í fyrsta lagi barátta stjórnarandstæðinga innan þessara veggja og í öðru lagi barátta verkalýðshreyfingarinnar. Það breytir ekki hinu að engin kontóraveldi úti í bæ, hvorki þau sem tengjast samtökum atvinnurekenda né þeirra sem starfa að verkalýðsmálum, eiga að geta sagt Alþingi fyrir verkum. Við verðum að fara eftir því sem okkur þykir réttast.

Ég er þeirrar skoðunar að frumvarpið gangi ekki nógu langt en ég ætla að samþykkja það vegna þess að ég tel að það sé þrátt fyrir allt mikið framfaraspor. Ég ætla ekki síst að samþykkja það vegna þess að það hefur komið fram ákveðinn skilningur af hálfu formanns nefndarinnar sem ég tel styrkja þessa baráttu. Í öðru lagi tel ég mjög mikilvægt að frumvarpinu er breytt að einu leyti, það er endurskoðunarákvæði. Það skiptir máli fyrir mig. Að því leytinu til var þó ekki að öllu leyti farið eftir því sem (Forseti hringir.) óskað var eftir utan úr bæ.

[12:19]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom kannski ekki nógu skýrt fram hjá mér einmitt þetta sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði, að ákveðnir aðilar úti í bæ eiga ekki að geta stjórnað því sem fram fer á Alþingi. (Gripið fram í.) Það sem hér er að gerast er einmitt að aðilar úti í bæ eru að segja þinginu fyrir verkum og við fengum mjög skýr skilaboð um það á fundi félagsmálanefndar á laugardaginn ef ég man rétt. Eins og ég sagði áðan í ræðu minni rann þá upp fyrir mér ljós ef svo má segja og ég ákvað að ég mundi ekki vilja eiga aðild að þessum gerningi með þeim aðferðum sem þar skein í og við þá afstöðu vil ég standa.

[12:20]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þau orð sem féllu áðan um að við værum að taka þátt í leikriti eru þess valdandi að ég kem hér upp. Ég er algjörlega ósammála því.

Það er rétt sem hér kom fram að það var mjög vönduð yfirferð í félagsmálanefnd. Það var tíu klukkustunda vinna í málinu á fimm fundum og fengum skriflegar athugasemdir og allt það. Að mínu mati var bráðnauðsynlegt að fara yfir grein fyrir grein í málinu og það var ekki leikrit, það var bráðnauðsynlegt. Þingmenn hafa frelsi til þess að gera breytingar, auðvitað, og nokkrir þingmenn í Vinstri grænum og Samfylkingunni hafa flutt breytingartillögur. Ef þær verða samþykktar verða auðvitað breytingar á frumvarpinu.

Ég vil draga það sérstaklega fram að aðilar vinnumarkaðarins á Íslandi hafa geysilega mikilvægu hlutverki að gegna. Þeim er falin mikil ábyrgð og þeir njóta ákveðinnar virðingar líka vegna þeirrar ábyrgðar sem þeir hafa staðið undir. Að sumu leyti finnst mér svolítið sjarmerandi að aðilar vinnumarkaðarins geti komið sér saman um viðkvæm mál eins og þetta en það er ekki þar með sagt að við samþykkjum allt sem frá þeim kemur í þingið, alls ekki. En í þessu máli, eftir að hafa farið faglega yfir það, er ég sannfærð um að frumvarpið hefur hitt á hárfína línu. Verið er að setja upp mjög mikilvægt og öflugt kerfi til að taka á starfsmannaleigunum. Ég tel því að frumvarpið sé til stórkostlegra bóta og vil eiga aðild að því.

Ég minni á að það er sérstakt ákvæði um endurskoðun innan tveggja ára í frumvarpinu af því að þetta er svo nýtt og við vitum ekki alveg hvernig þetta mun virka. Við höldum öll að frumvarpið sé til bóta (Forseti hringir.) en það verður endurskoðað ef skerpa má á því.

[12:22]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að ég hafi notað orðið leikrit áðan var ég ekki endilega að segja að umfjöllun nefndarinnar hefði á einhvern hátt verið óvönduð. Það er hægt að skrifa góð leikrit og það er líka hægt að skrifa vond leikrit. Orðið leikrit var kannski rangt, það hefði kannski frekar átt að lýsa þessu sem leshring. Við fórum vandlega yfir frumvarpið, það er alveg rétt, við fengum fjölmarga gesti á fundi til okkar og að mörgu leyti fóru fram mjög áhugaverðar umræður á fundum nefndarinnar. Ég var þeirrar trúar alveg þar til á laugardaginn, ætli það hafi ekki verið fjórði fundurinn í þessari röð fimm funda, að meiri hluti nefndarinnar mundi sameinast um að gera breytingartillögur á frumvarpinu því að ég held að við höfum öll gert okkur grein fyrir því að frumvarpið er langt í frá fullkomið. Forseti ASÍ lýsti því meira að segja yfir að það væri alls ekki fullkomið. ASÍ hefði til að mynda gjarnan viljað sjá frumvarpið öðruvísi en ef ég man orð hans rétt sagði hann eitthvað á þá leið að þetta væri ekki fullkominn heimur og menn yrðu að leita málamiðlana og þetta hefði verið lendingin í samningaviðræðunum þegar samningurinn var gerður, því að eins og ég sagði áðan er frumvarpið ekkert annað en samningur sem komið er með á Alþingi. Þannig er það einfaldlega.

Umfjöllun nefndarinnar var mjög vönduð og til fyrirmyndar, ég vil fá að taka það fram. En eins og ég hef áður sagt veldur það mér miklum vonbrigðum að þrátt fyrir allt skuli meiri hluti nefndarinnar láta flatreka í málinu, ef svo má segja, og það eina sem kemur inn er ákvæðið um að

frumvarpið verði endurskoðað innan tveggja ára, sem er að vísu mjög góður varnagli og kannski sá varnagli sem bjargar að einhverjum hluta andliti nefndarinnar, þó ég verði að segja líka að mér finnst samt sem áður að hann fari fyrir frekar lítið, (Forseti hringir.) heiður nefndarinnar.

[12:25]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, leikrit eða leshringur, mér finnst gott að hv. þingmaður telur að umfjöllunin hafi verið vönduð í nefndinni. Hún var mjög vönduð en hv. þingmaður gerir því skóna að hún hafi verið meira og minna óþörf af því að þetta er samningur utan úr bæ. Ég er ekki sammála því. Ég held að umfjöllunin hafi verið algjörlega nauðsynleg vegna þess að ef við hefðum séð mikla meinbugi á málinu hefðum við breytt því.

Helsta málið sem stjórnarandstaðan vildi breyta og var til umræðu í nefndinni var notendafyrirtækjaábyrgðin. Ég rakti það í máli mínu af hverju meiri hlutinn féllst ekki á sérstakar breytingar þar að lútandi. Það er vegna hinna sterku úrræða sem Vinnumálastofnun fær til að stöðva starfsemi ef starfsmannaleigurnar standa sig ekki og greiða ekki þessi réttmætu kjör. Það er geysilega sterkt úrræði. Ég vil að það sé alveg klárt.

Mér finnst svolítið skrýtið þegar þingmenn — og ég er ekki endilega að saka hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson um það — tala um aðila vinnumarkaðarins eins og kontórista úti í bæ eins og þeir skipti litlu máli. Mér finnst aðilar vinnumarkaðarins skipta rosalega miklu máli á íslenskum vinnumarkaði. Þeir hafa sýnt mikla ábyrgð þannig að mér finnst eðlilegt að við tökum mikið mark á þeim þegar þeir ná saman um hluti. En auðvitað þurfum við þegar mál koma hingað inn að fara yfir grein fyrir grein og ef við sjáum einhverja stórkostlega meinbugi á þeim gerum við auðvitað breytingar. Það er alveg klárt að þingmenn hafa frelsi til að gera breytingar en í þessu tilviki teljum við að ef málið fer svona í gegn sé um geysilegt framfaraspor að ræða.

[12:27]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að enginn sé að gera lítið úr aðilum vinnumarkaðarins í málinu, alls ekki, og það sé kannski oftúlkun á þessari afstöðu. Að sjálfsögðu ber að fagna því þegar þeir sýna ábyrgð og ná samkomulagi, en enn og aftur finnst mér það bara svo stuðandi að þetta skuli gert með þessum hætti, að okkur skuli vera settur stóllinn fyrir dyrnar á fundum og sagt við okkur að hér megi engu breyta jafnvel þó að við vitum öll að þetta sé gallað. Þegar löggjafarvaldið, þ.e. Alþingi, má í raun og veru ekki grípa inn í er mér nóg boðið.

Eins og hv. formaður nefndarinnar, Siv Friðleifsdóttir, kom inn á voru uppi miklar umræður í nefndinni um mörg atriði frumvarpsins og ýmsar efasemdir á lofti. Formaður nefndarinnar, ef ég man rétt, kom sjálf fram með þessa breytingartillögu um að sett yrði inn bráðabirgðaákvæði um endurskoðun innan tveggja ára. Ég hygg að formaður nefndarinnar geri sér grein fyrir að það eru ansi margir meinbugir á frumvarpinu og hún viti það innst inn að eftir tvö ár munum við verða að endurskoða frumvarpið allrækilega og gera á því breytingar, því að þegar þetta fer út í lífið, ef svo má segja, þegar þetta fer að virka munu menn strax reka sig á að frumvarpið var langt í frá nógu gott.

[12:29]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er fagnaðarefni að stjórnarandstöðunni á Alþingi og verkalýðshreyfingunni skuli hafa auðnast að knýja ríkisstjórnina loksins til að hreyfa sig í málinu. Loksins, segi ég. Í næstum tvö ár hefur legið fyrir þinginu frumvarp frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um breytingar á lögum sem náð hefðu markmiðum þess frumvarps sem liggur nú fyrir þinginu til samþykktar. Í allan þann tíma sem liðinn er hafa legið ljósar fyrir kröfur frá verkalýðshreyfingunni.

Ég ætla ekki að gera lítið úr því samkomulagi sem Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins hafa náð. Ég virði það fullkomlega og tel það hið besta mál. Með breytingartillögu þeirri sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur fram er hins vegar verið að fylgja eftir þeim tillögum sem við höfum áður lagt fram í þinginu auk þess sem leggjum áherslu á ábendingar sem fram hafa komið frá ýmsum samtökum launafólks, BSRB, Samiðn og öðrum aðilum.

Það er ástæða til að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir vinnubrögð í þessu máli, seinagang og sleifarlag. Í ágúst árið 2004 er skipuð nefnd til þess að setjast yfir þessi mál. Hún skilar ekki af sér fyrr en nýlega. Þá fær félagsmálanefnd málið til umfjöllunar og síðan örfáum dögum, nánast klukkustundum, áður en á að afgreiða málið fá ýmsir umsagnaraðilar frumvarpsdrög í hendur. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð sem eiga ekki að líðast.

Þegar hins vegar litið er á frumvarpið, greinargerð sem fylgir frumvarpinu og ekki síst nefndarálitið sem fylgir því, og það er lögskýringargagn og ber að hafa í huga — þegar litið er á málið heildstætt að þessu leyti tel ég hér verið að stíga framfaraspor og lýsi því yfir að við munum styðja frumvarpið en við teljum því ábótavant í ýmsum atriðum. Þar er komið að því að ég geri grein fyrir þeim breytingartillögum sem við leggjum fram.

Í fyrsta lagi teljum við að lögin þurfi að taka af allan vafa um að þau tryggi starfsmönnum starfmannaleigna lágmarkskjör samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Það kemur fram í greinargerð og álitsgerð með frumvarpinu að litið sé svo á að þau geri það. Við teljum að þetta þyrfti að standa í sjálfum lagatextanum.

Í öðru lagi þarf að kveða skýrt á um ábyrgð þess fyrirtækis sem nýtir sér þjónustu starfsmannaleigunnar, þ.e. kveða þarf á um lagalega ábyrgð notenda fyrirtækisins og við viljum að þetta taki til allra launamanna, vísum þar í starfsmenn flugfélaga og sjómenn einnig.

Á þessu tökum við í tveimur fyrstu breytingartillögunum við lagafrumvarpið sem við leggjum fram en við leggjum til að við 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Lögin taka til allra erlendra launamanna sem starfa hér á landi á vegum starfsmannaleigna eða hliðstæðra fyrirtækja og atvinnurekenda sem nýta sér þjónustu þeirra. Enn fremur til starfsmanna sem starfa á skipum og í loftförum sem skráð eru hér á landi.“

Á eftir 8. gr. kemur ný grein, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ákvæði laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, gilda um starfsmenn starfsmannaleigna sem lög þessi taka til.“

Í þeim lögum er kveðið á um að lágmarkssamningar eða íslenskir kjarasamningar skuli gilda.

Þriðja atriðið sem við teljum mikilvægt að hnykkt sé á í lögunum varðar upplýsingaskyldu. Við viljum að kveðið sé á um rétt trúnaðarmanna íslensku verkalýðshreyfingarinnar um aðgang að upplýsingum sem lúta að kjörum og kjarasamningum. Þessu tökum við á í þriðju tillögunni sem við leggjum fram en við viljum að við 1. málsgrein 10. gr., sem verði 11. gr., bætist nýr málsliður, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Starfsmannaleigu og atvinnurekendum sem nýta sér þjónustu hennar er skylt að veita trúnaðarmönnum stéttarfélags í viðkomandi starfsgrein aðgang að ráðningarsamningum og öðrum upplýsingum um launakjör leigðra starfsmanna.“

Hér hefur komið fram í umræðunni og í skýringum hv. formanns nefndarinnar að í frumvarpinu séu úrræði sem eigi að duga og þar sem fulltrúar verkalýðshreyfingar eigi aðild að stjórn Vinnumálastofnunar hafi þeir aðgang að þeim upplýsingum í gegnum hana. Við teljum hins vegar að það þurfi að ganga lengra og að tryggja þurfi í lagatextanum aðgang trúnaðarmanna verkalýðshreyfingarinnar að þessum upplýsingum.

Síðan viljum við að kveðið sé á um miskabætur í lögunum og leggjum til að við 13. gr., sem verði 14. gr., bætist ný málsgrein, sem verði 3. mgr., svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Auk skaðabóta má dæma þeim starfsmönnum sem lög þessi taka til miskabætur.“

Þetta eru þær breytingar sem við leggjum til að gerðar verði á frumvarpinu og ástæðulaust að hafa um það fleiri orð en ég vísa í greinargerð með frumvarpinu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram í tvígang, bæði á þessu þingi og því síðasta. Þá var það hv. varaþingmaður Atli Gíslason sem lagði málið fram og hafði um það forgöngu hér í þinginu er þar eru ítarlegar skýringar á þeim tillögum sem við höfðum þá fram að færa.

Eitt að lokum og það snýr að eftirfylgninni, snýr að því að lögin verði að veruleika og það snýst um peninga. Það hefur komið fram hér í umræðunni, bæði í greinargerð og í undirbúningi málsins í félagsmálanefnd, að það var álitið að það þyrfti talsvert viðbótarfjármagn inn í Vinnumálastofnun til þess að hún gæti rækt þær skyldur sem eru lagðar á hennar herðar, talað er um 10 til 15 milljónir. Síðan hefur komið fram að verið sé að endurskoða þau mál, hvort svigrúm sé fyrir stofnunina til að sinna þessum þáttum og vísað til þess að atvinnuleysi hafi minnkað og af þeim sökum sé svigrúmið meira. Ég hef ekki aðstæður til að meta þetta en tel hins vegar mjög brýnt að í alvöru verði séð til þess að hún geti sinnt þessu hlutverki.

Því hefur verið haldið fram gagnvart Vinnueftirlitinu að það hafi ekki haft fjárhagslega burði til að sinna skyldum sínum við Kárahnjúka t.d. Mér er sagt að Vinnueftirlitið hafi gert allt sem í þess valdi stendur til að rækja skyldur sínar í seinni tíð, það hafi verið vanbúið til þess og það hefur verið kvartað yfir fjárskorti á þeirri stofnun þannig að dæmin hræða mjög hvað þetta snertir. Ef það er virkilega svo að til stendur að setja lög sem verða lítið annað en lagabókstafurinn, nánast orðin tóm, þá er til lítils að ráðast í slíka lagasmíð.

Hæstv. forseti. Ég ítreka gagnrýni okkar á ríkisstjórnina fyrir sleifarlag og sofandahátt í þessu máli, að hún skuli hafa látið allan þennan tíma líða, mánuði, missiri og ár þar sem þjóðin hefur horft upp á þær brotalamir sem eru í þessum efnum og skuli nú loksins, knúin af stjórnarandstöðu og verkalýðshreyfingu, farin að hreyfa sig. Við teljum brýnt að hert verði á þessum lögum á þann hátt sem við leggjum til hér og leggjum síðan að sjálfsögðu áherslu á að Vinnumálastofnun verði gert kleift að rísa undir þeim skyldum sem henni eru lagðar á herðar. Ég ítreka að Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður að sjálfsögðu þetta frumvarp og telur það vera framför.

[12:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Á þskj. 533 er breytingartillaga frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni og fleirum þar sem tekið er fram að lögin taki til erlendra starfsmanna. Hvernig ber að skilja það að þeir gera mun á erlendu fólki og innlendu?

Í fyrra andsvari mínu í dag gat ég um ummæli Grétars Þorsteinssonar, forseta Alþýðusambands Íslands, um að ekki mætti gera breytingar á þessu frumvarpi. Nú er hv. þm. Ögmundur Jónasson formaður BSRB. Getur maður litið svo á að um sé að ræða íhlutun eins verkalýðsfélags í starfsemi annars og samninga sem það gerir?

[12:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sá vandi sem við höfum átt við að glíma á íslenskum vinnumarkaði er hvernig farið hefur verið með erlent aðkomufólk, farandverkafólk sem hefur komið hingað til lands. Hins vegar skal ég játa að mér finnst þessi gagnrýni og þessi spurning eiga við rök að styðjast. Að sjálfsögðu ætti þetta að vísa til allra launamanna, ég skal taka undir þá gagnrýni. En þetta er sprottið af þeim ástæðum sem ég nefndi, að við höfum beint sjónum okkar að þessum vanda erlendra aðkomumanna, en ég tek undir þessa gagnrýni og tek undir þessa ábendingu.

Varðandi spurninguna um íhlutun og þann þátt málatilbúnaðar hv. þingmanns gat ég um það hér áðan að ég fagnaði því samkomulagi sem náðst hefði. Ég gat þess jafnframt að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði værum með þessum tillögum okkar að fylgja eftir tillögum sem legið hafa í frumvarpi fyrir þinginu af okkar hálfu í næstum tvö ár og ég er jafnframt að vísa í ábendingar og athugasemdir sem hafa borist frá samtökum launafólks. Er ég þá ekki á nokkurn hátt að gera lítið úr því samkomulagi sem Alþýðusambandið náði að knýja fram.

[12:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður kemst ekkert undan því að hann er formaður BSRB, sem er með stærri verkalýðshreyf-

ingum eða samtökum verkalýðsfélaga á Íslandi. (Gripið fram í.) Hann er að gera tillögu um breytingu á samkomulagi sem annað verkalýðsfélag hefur gert. Hann ætlar að breyta kjarasamningi sem það félag hefur gert. Ég spyr: Er það eðlilegt að formaður eins verkalýðsfélags og verkalýðsfélagasambands geri tillögu um breytingu á kjarasamningi annars verkalýðsfélagasambands? (Gripið fram í.)

[12:44]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Það verður nú að segjast í byrjun að það vakti athygli mína að hv. þm. Ögmundur Jónasson svaraði ekki hv. þm. Pétri H. Blöndal og sætir það nokkurri furðu. Hv. þm. Pétur H. Blöndal spurði, að ég tel, afskaplega eðlilegrar spurningar í tengslum við þetta mál. Það dugar lítið fyrir menn svona alla jafna að tala um mikilvægi þess að haft sé samráð og samvinna við verkalýðsfélög og aðila vinnumarkaðarins en þrýsta síðan á um það í tengslum við kjarasamninga að hér komi fram og verði samþykkt mál sem þeir eru búnir að vinna — leggja mikið upp úr því að koma þá og vilja breyta því út og suður. Það er nokkuð sérkennilegt í ljósi fyrri ummæla viðkomandi hv. þingmanna.

Það vakti athygli mína að hv. þm. Ögmundur Jónasson kaus að sleppa því að svara fyrirspurn hv. þm. Péturs H. Blöndals. Það er ekki hægt að halda því fram að sá ágæti maður, hv. þm. Ögmundur Jónasson, eigi erfitt með að tala úr þessum ræðustóli. Hann hefur oft gert það (**Gripið fram í:** Allt of oft.) og er ekki feiminn við það. En einhverra hluta vegna sá hann ekki ástæðu til að gera það áðan. En við skulum ekki dvelja við það. (**ÖJ:** Ég var búinn að svara.) Það dugar lítið fyrir hv. þm. Ögmund Jónasson að kalla að hann hafi verið búinn að svara því við hlustuðum öll á svar hans og það var eðli málsins samkvæmt ekki fullnægjandi og öllum ljóst að hann vék sér undan að svara í fyrra andsvari sínu.

Málið sem við fjöllum um er að mörgu leyti mjög erfitt og snýr að samningi sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu í tengslum við kjarasamninga. Hvort sem okkur líkar betur eða verr erum við þingmenn í erfiðri stöðu þar sem menn hafa gert ákveðið samkomulag. Það er ekki einhver viljayfirlýsing sem menn vinna út frá heldur er verið að tala um að gera samkomulagið vel niðurneglt eða niðurgreint og í þessu tilfelli snýr það að starfsmannaleigum. Ég dreg engan dul á að ég tel mun auðveldara svo ekki sé dýpra í árinni tekið að vinna mál með öðrum hætti.

Ég fagna því mjög að lögð hefur verið fram breytingartillaga við frumvarpið sem felur í sér að hægt verði að endurskoða það tiltölulega fljótlega og ég tel mjög mikilvægt að gera það sem allra fyrst. Ég held hins vegar að það sé mjög mikilvægt að hafa í huga að engum er heimilt að greiða minna en lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningum. Ég held að það skipti máli í umræðu um þessi mál að við gefum ekki nein önnur skilaboð. Það er einfaldlega ekki heimilt og skiptir engu máli hver atvinnurekandinn er, hvort hann er starfsmannaleiga eða einhver annar. Það liggur alveg fyrir. Ef einhver aðili gerir eitthvað annað gerir hann það þvert á lög í landinu.

Málið er flókið og viðkvæmt m.a. vegna þeirra aðstæðna sem eru uppi, þeirra dæma sem upp hafa komið og verið fjallað um í fjölmiðlum og á fleiri stöðum. Ég held að við öll séum sammála um að þau séu fyrir neðan allar hellur. Um það þarf ekkert að fjölyrða. Það er auðvitað framganga aðila sem er fyrir neðan allar hellur. Ég kann engin önnur orð um það. Ég held líka að það sé mjög mikilvægt að við höfum það í huga, sérstaklega hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að við höfum hér stöðu sem aðrir öfunda okkur af. Hver er sú staða? Við erum með mjög sveigjanlegan vinnumarkað. Af hverju skyldi það vera gott? Það leiðir af sér m.a. að við erum með mjög lítið atvinnuleysi.

Ef við berum okkur saman við nágrannalöndin og lönd sem við viljum bera okkur saman við og förum kannski bara til Evrópu, til ESB-landanna t.d., sjáum við allt aðra stöðu uppi þar. Ég hef ekki heyrt neinn einasta aðila halda öðru fram en að ein stærsta ástæðan fyrir þeim gríðarlega vanda sem ESB-löndin eiga við að stríða sé gríðarlegt atvinnuleysi. Ég er að tala um að í sumum þessara stóru landa er 20% atvinnuleysi meðal yngsta fólksins. Það eru flestallir sammála um að það sé vegna þess að vinnumarkaðurinn sé ósveigjanlegur. Jafnmagnað og það er, að þó menn séu sammála um greininguna og að forráðamenn þessara ríkja vilji breyta gengur það mjög illa. Þess vegna skiptir afskaplega miklu máli þegar við breytum lögum sem tengjast vinnumarkaðnum að við sköðum ekki þann sveigjanlega vinnumarkað sem við höfum. Við verðum alltaf að hafa það hugfast.

Ég ætla engum þingmanni, og ég er ekki sammála þeim öllum eins og menn þekkja um lífsskoðanir eða annað, að þá ætla ég engum að vilja koma hér upp atvinnuleysisstigi eins og þekkist í ESB-löndunum. Það liggur alveg fyrir að ef við vöndum okkur ekki við lagasmíð í tengslum við vinnumarkaðinn, ef við förum sömu leið og t.d. ESB-löndin sem eiga við þennan gríðarlega vanda að etja sköpum við aðstæður fyrir atvinnuleysi. Þess vegna tel ég að við höfum farið alveg á ystu nöf við gerð frumvarpsins. Ég vona samt sem áður að ég sé of svartsýnn hvað þetta mál varðar en ég hef áhyggjur þrátt fyrir að viljinn sé góður. Enginn okkar þingmanna og enginn Íslendingur, í það minnsta mjög fáir, vill sjá að hér sé starfsfólk misnotað og ekki borgað í það minnsta lágmarkskjör, hvort sem viðkomandi starfsmaður er innlendur eða erlendur. Viljinn er því góður þegar menn vilja setja ramma um eitthvað sem heita starfsmannaleigur eða annað á vinnumarkaðnum en ég held að við höfum stigið ákveðið skref sem við þurfum að endurskoða við fyrstu hentugleika. Ég held t.d. að skilgreiningin á starfsmannaleigu í frumvarpinu sé nokkuð víð. Það er þó tekið skýrt fram í nefndarálitinu á bls. 2, með leyfi forseta, að:

„Á fundum nefndarinnar var rætt um skilgreiningu hugtaksins starfsmannaleiga og í einstaka umsögnum kom fram gagnrýni á það hvernig hugtakið er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Til að taka af öll tvímæli skal tekið fram að það er hvorki ætlun löggjafans að lögin nái til þess þegar um tilfallandi lán á starfsmönnum er að ræða, né heldur verktakasamninga."

Þetta er afskaplega mikilvægt því það hefur viðgengist á vinnumarkaðnum að menn láni starfsmenn í hinum ýmsu greinum og það er ekkert unnið með að þau fyrirtæki þurfi að vera skilgreind sem starfsmannaleigur og getur ekki ver-

ið vilji og kemur skýrt fram í nefndarálitinu. Ég vona að það muni halda. Á sama hátt hef ég ákveðnar áhyggjur af því að með því að láta þessa ágætu stofnun, Vinnumálastofnun, sjá um eftirlitið séum við að stíga fyrstu skrefin með opinbert kjaraeftirlit sem t.d. verkalýðsfélögin hafa barist gegn og raunar allir aðilar vinnumarkaðarins vegna þess að við höfum ágætisfyrirkomulag hvað þetta varðar, þ.e. að verkalýðsfélögin hafi eftirlit með því að kjarasamningum sé framfylgt. Ég held að það sé kerfi sem við viljum ekki snúa frá.

Ég held að þegar við förum yfir málið aftur, hvenær sem það verður, ættum við að skoða hvort við getum ekki náð fram markmiðum frumvarpsins með einfaldari hætti. Við þekkjum það að notendafyrirtæki, sem er notendafyrirtækið starfsmannaleiga, sjái í raun um vinnueftirlit og skattgreiðslur viðkomandi starfsmanna þó þeir séu starfsmenn starfsmannaleigna. Sá þáttur er að vísu fyrir dómi. Ég held að ef við mundum setja ákvæði inn um að hægt væri að draga notendafyrirtæki til ábyrgðar ef þau geti ekki sýnt fram á að endurgjaldið sem er borgað fyrir viðkomandi starfsmann svari að minnsta kosti launum hlutaðeigandi lágmarkskjarasamningi að viðbættum ætluðum launatengdum gjöldum og hæfilegri umsýsluþóknun væri hægt að sækja þau til saka og við gætum sleppt skráningu, opinberu kjaraeftirliti og skilgreiningu sem hér er.

Virðulegi forseti. Það er eins með þetta mál og mörg önnur á hv. Alþingi að maður þarf að taka afstöðu til þess hvort í því séu meiri hagsmunir en minni. Ég held að við séum sammála um að það sé ekki vænlegt að setja kjarasamninga í uppnám og ég tel það vera afskaplega skynsamlegt af nefndinni að setja inn endurskoðunarákvæði allra hluta vegna. Ég vonast til þess að áhyggjur mínar eigi ekki við rök að styðjast en ég tel það hins vegar vera grundvallaratriði og mjög mikilvægt að öllum þingmönnum sé það ljóst að við eigum að leggja mikið á okkur til að halda vörð um hinn sveigjanlega vinnumarkað okkar. Við eigum að setja markið hátt. Við eigum að halda þeirri stöðu okkar og helst gera betur að vera með eitt lægsta atvinnuleysisstig sem þekkist. Það gerist ekki af sjálfu sér. Við þurfum ekki annað en að líta til næstu landa til að sjá hvernig á ekki að gera hlutina og eigum að passa okkur á að fara ekki þá leið. Ég vonast til að það sé sátt um það innan Alþingis og meðal þjóðarinnar. Ég hef að vísu engar áhyggjur af því að það sé sátt um það meðal þjóðarinnar enda eru Íslendingar duglegir, þeir vilja hafa störf og vilja vinna og vita að það er einn lykillinn að lífshamingjunni.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra en vonast til, eins og áður sagði, að áhyggjur mínar af málinu og öðrum sem tengjast kjarasamningum séu ekki á rökum reistar. Mér þykir hins vegar rétt að fara yfir þær og vonast til að við getum á næstu missirum sniðið af þá agnúa sem eru á málinu.

[12:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson gerði orðaskipti mín og hv. þm. Péturs H. Blöndals að umræðuefni og sagði að ég virti þingmanninn ekki svars, hefði ekki svarað honum. Þetta er ekki rétt. Ég svaraði hv. þm. Pétri H. Blöndal en ég skal játa að þótt hann hafi séð ástæðu til að endurtaka spurningu sína sá ég ekki ástæðu til að endurtaka svar mitt. Ég sagði í umræðunni að mér fyndist það vera fagnaðarefni að stjórnarandstöðunni á Alþingi og verkalýðshreyfingunni skuli hafa heppnast að knýja ríkisstjórnina til að hreyfa sig loksins í þessu brýna máli.

Varðandi málflutning hv. þingmanns um sveigjanleikann þá segir hann að sveigjanleikinn sé nauðsynlegur til að tryggja hér hátt atvinnustig. En hvar eru mörk sveigjunnar? Hvar eru mörk þessa sveigjanleika? Hljóta þau ekki að vera þeir kjarasamningar sem eru gerðir í landinu? Frumvarpið og öll viðleitni okkar í verkalýðshreyfingunni og í stjórnarandstöðu er að tryggja að íslenskir kjarasamningar haldi. Út á það gengur málið. Út á það eitt gengur málið.

[12:59]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst aðeins út af orðaskiptum hv. þm. Ögmundar Jónassonar og hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég veit ekki betur en hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi verið að spyrja hvort hér væri ekki um óeðlilegt inngrip að ræða. Hann vísaði í annað starf hv. þingmanns þegar hann kemur með breytingartillögu um samkomulag sem ASÍ og Samtök atvinnulífsins gera og fara fram á og leggja mikla áherslu á að fari óbreytt í gegn. Það er spurningin og henni hefur ekki verið svarað.

Varðandi sveigjanleikann skal því til haga haldið að það er ólöglegt, eins og menn þekkja og hv. þm. Ögmundur Jónasson þekkir mjög vel, að greiða undir lögbundnum kjarasamningum. Ég fór yfir það í ræðu minni og ef hv. þm. Ögmundur Jónasson hefði hlustað hefði hann heyrt hverja ég teldi bestu leiðina til að koma í veg fyrir það. Ég tel að hægt væri að gera það með einfaldari hætti en við ætlum að gera núna. Ég vík ekki frá þeirri skoðun minni að ég ætla ekki að veita neinn afslátt ef ég hef einhver tök á þessum sveigjanleika. Ég ætla ekki að fara leið ESB og búa til atvinnuleysi á Íslandi. Ég ætla ekki að gera það.

[13:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég á svolítið erfitt með að átta mig á hvers vegna fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja draga þessa umræðu niður á lægra plan eins og þeir hafa gert. Varðandi óeðlilegt inngrip í kjarasamninga o.s.frv. þá hef ég hef svarað því. Ekki er um neitt slíkt að ræða. Við höfum verið fullkomlega samstiga innan samtaka launafólks við að knýja á um réttarbót í þessum efnum. Ég hef ítrekað að ég fagna því að stjórnarandstöðunni á Alþingi og verkalýðshreyfingunni, þar með Alþýðusambandi Íslands, skuli hafa tekist að knýja ríkisstjórnina til að hreyfa sig í þessu máli.

Ég hef fylgt eftir lagabreytingum sem hafa legið fyrir Alþingi í langan tíma, í frumvarpi frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, og áherslum VÍÐS vegar að úr verkalýðshreyfingunni sem eru fullkomlega í takt við það sem verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur gjörvöll barist fyrir.

Varðandi tilkostnaðinn við frumvarpið, hvort það sé einfalt eða flókið, þá get ég ekki ímyndað mér einfaldara form við að ná þeim markmiðum sem hv. þingmaður lýsir yfir að hann vilji í heiðri hafa, þ.e. að íslenskir kjarasamningar

gildi. Þetta er spurning um innsæi í kjör manna, að menn hafi aðgang að upplýsingum og að kveðið sé á um það í lögum að þeir samningar skuli vera virkir og hægt að hafa eftirlit með því. Ég held að ekki verði deilt um að það hefur ekki tekist. Þau lög sem við búum við hafa ekki skapað möguleika á slíkri eftirfylgni. Reynslan knýr okkur til breytinga.

[13:03]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Alltaf þegar ákveðnir þingmenn verða rökþrota þá fara þeir að tala um að málið sé komið niður á eitthvert plan. Það er svolítið sérstakt. Við hv. þm. Ögmundur Jónasson ráðum alveg á hvaða plani umræðan er. Ef hann hefur fast land undir fótum þá færir hann rök fyrir máli sínu. Það er ekkert flóknara. (**ÖJ:** Ég hef gert það.) Virðulegi forseti. Hv. þingmaður Ögmundur Jónasson gerði það ekki. Hv. þingmaður sagði að þetta væri ekki óeðlilegt inngrip. Hann kom ekki með rök. Ég skrifaði eftir hv. þingmanni að ekki væri um óeðlilegt inngrip að ræða.

Virðulegi forseti. Alla jafna koma þingmenn Vinstri grænna í ræðustól og tala um að mikilvægt sé að eiga samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Nú koma aðilar vinnumarkaðarins og segja: Svona viljum við hafa þetta og verði ekki unnið með þeim hætti mun hið háa Alþingi setja kjarasamninga í uppnám. Þá kemur hv. þm. Ögmundur Jónasson og er augljóslega alveg til í að setja kjarasamninga í uppnám. Hann segir: Við skulum breyta þessu öllu saman. Hv. þm. Pétur H. Blöndal spurði þá hv. þm. Ögmund Jónasson hvort þetta sé eðlilegt og í samræmi við það sem áður hefur verið sagt. En enn hefur ekki borist svar við því. (**ÖJ:** Jú, jú. Þetta er rosalega málefnaleg umræða.)

Virðulegur forseti. Það er nefnilega svo magnað að sumir þingmenn eru þannig að þegar vitnað er beint í þá, þeirra eigin orð, þá er það ekki málefnalegt. Þannig eru bara sumir hv. þingmenn. En eftir stendur að það er ekki búið að svara spurningu hv. þm. Péturs H. Blöndals.

[13:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson er önnum kafinn og mæðist í mörgu. Ég geri ekki kröfu til þess að hann fylgist með því sem gerist í samfélaginu. En fyrst hann er að tala um þetta mál og kjarasamninga þá er lágmark að hann geri sér grein fyrir og viti af því að búið er að fullnægja kjarasamningum og greiða út hina umsömdu hækkun sem fólst í kjarasamningum. Menn setja því ekkert í uppnám þótt þeir leyfi sér að breyta lögum hér.

Hv. þingmanni til upplýsingar þá var ekki eitt einasta orð um það í niðurstöðu eða forsendum nefndarinnar sem ákvað með hvaða hætti ætti að fullljúka samningum, að þeir væru í upplausn eða mundu slitna þótt þessu frumvarpi yrði breytt. Ég vildi koma því á framfæri til upplýsingar til hv. þingmanns því að hann virðist hvorki þekkja haus né sporð á því sem hann er að tala um.

Í annan stað, frú forseti, átti ég eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson töluvert erfitt með að greina kjarnann í máli hv. þingmanns. Kjarninn virtist sá að það væri atvinnuleysi í ESB. Má ég spyrja hv. þm. Guðlaug Þ. Þórðarson um atvinnuleysið: Hversu hátt atvinnuleysi er t.d. í Írlandi? Í Holland? Í Lúxemborg og ýmsum smáríkjum Evrópusambandsins sem vegnar vel?

Meginspurning mín er hins vegar þessi: Ber svo að skilja að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson telji að löggjöf um starfsmannaleigur takmarki með einhverjum hætti sveigjanleika íslensks vinnumarkaðar? Ég gat ekki skilið mál hans öðruvísi en svo að það væri sá varhugi sem hann gyldi við frumvarpinu.

[13:07]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ágætt að fram komi frá jafnaðarmannaflokki Íslands að þótt samkomulag sé gert við verkalýðshreyfinguna og vitnað til þess í nefndaráliti þá skipti það ekki neinu máli. Það er bara ágætt að það komi skýrt fram. Mér þykir gott að fá fram það viðhorf. Þá liggur fyrir hvert viðhorf Samfylkingarinnar er til samninga og þess þegar samkomulag er gert við aðila vinnumarkaðarins.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór af hógværð og lítillæti yfir það sem menn vissu og skildu. Að sjálfsögðu veit hv. þm. Össur Skarphéðinsson meira en flest okkar hér inni. Við þurfum að lifa með því. En ég vil hvetja hann til að lesa nefndarálitið og fara yfir samkomulagið sem gert var 15. nóvember og við hverja það var gert. Það er ágætt að fram hafi komið að hann telur það engu máli skipta, ekki nokkru. Ég held að það sé frétt fyrir verkalýðshreyfinguna, að heyra þetta frá forustumönnum Samfylkingarinnar. Þar kveður við nýjan tón líkt og oft hefur gerst áður en það er í sjálfu sér mjög ánægjulegt.

Ég vildi gjarnan fara yfir vinnumarkaðsmál í Evrópusambandinu þótt ég nái því kannski ekki í þessu stutta andsvari. En ég væri til í að gera það hvar og hvenær sem er fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég fagna því að hann tilgreindi þau fáu ríki Evrópusambandsins sem hafa fylgt svipaðri stefnu og íslensk stjórnvöld í skattamálum og ýmsum málum öðrum. En hins vegar liggur það fyrir að ég hef áhyggjur af því að með lagasetningu sem þessari höfum við áhrif á sveigjanleika íslensks vinnumarkaðar.

[13:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég rifja það upp, þingheimi til upplýsingar, að hv. þingmaðurinn kom áðan og talaði um rökþrot annarra, talaði um að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefði ekki rök fyrir máli sínu.

Ef hv. þingmaður kynnti sér til hlítar kjarasamninginn sem gerður var þá sæi hann að þar er ekki stafkrókur um að ekki megi breyta tilteknu frumvarpi. Ég hugsa að það mætti segja að þeir litu svo á að það væri rof samninga ef frumvarpið sem fram kom hefði verið ónýtt en um það hefur ekki nokkur maður talað.

Ég spurði hv. þingmann um hvernig hann teldi að lög af þessu tagi kynnu að draga úr sveigjanleika vinnumarkaðarins en hann svaraði engu. Ég spurði hv. þingmann um hvernig atvinnuleysið væri í ýmsum smáríkjum Evrópusambandsins, t.d. Írlandi, Hollandi og Lúxemborg. Veit hv. þingmaður það? Ég spyr vegna þess að hann geipaði hér um hið gríðarlega atvinnuleysi úti í Evrópu. Það er rétt að í

ýmsum löndum, t.d. Frakklandi þar sem hægri menn hafa ráðið áratugum saman, eða allt of lengi, þá hefur ekki tekist að endurskoða lög um vinnumarkaðinn. Þannig mætti segja að þar ríki meira atvinnuleysi en ella hefði verið.

En ég bendi hins vegar á að í ýmsum öðrum löndum, líka stærri löndum Evrópusambandsins, er hægt að sjá tilhneigingu í aðra átt. Það skiptir kannski ekki máli en hv. þingmaður dró þetta inn í umræðuna. Spurning mín er eftirfarandi: Er hv. þingmaður þeirrar skoðunar að lög af þessum toga dragi úr sveigjanleika á vinnumarkaðnum? Og hvaða ákvæði innan þeirra gerðu það?

[13:12]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði um að sá sem hér stendur gæti ekki fylgst með því sem gerðist í þjóðfélaginu, sæi ekki blöð og annað slíkt (**ÖS:** Ég gerði ekki kröfu til þess.) Já, gerði ekki kröfu til þess. Ég verð að viðurkenna að ég geri örlitlar kröfur til hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, ekki miklar en þó þær að fari hann í andsvar þá hlusti hann í það minnsta á það sem er sagt.

Varðandi sveigjanleika vinnumarkaðarins þá fór ég yfir það að ef við förum út á braut opinbers kjaraeftirlits þá tel ég það ekki skynsamlegt. Ég hef áhyggjur af því þegar við stígum slík skref. Af hverju? Jú, þessi ágætu lönd sem við berum okkur saman við, sem búa við mikið atvinnuleysi, hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi eitt þeirra, hafa m.a. farið þá leið. Þau eiga erfitt með að snúa frá því en eru sammála um að það sé ekki góð leið fyrir vinnumarkaðinn og ekki til þess fallin að hækka atvinnustigið eða auka atvinnu í viðkomandi landi.

Ég geri engar sérstakar kröfur til hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar en þó þær að hann hlusti á ræður sem hann ætlar í andsvar við þannig að hann hafi efni þeirra nokkurn veginn á hreinu þegar hann kemur í ræðustól. Ég held að það sé ekki til of mikils mælst að fara fram á slíkt. Eftir stendur hins vegar að forustumaður Samfylkingarinnar lýsti því yfir að geri ríkisvaldið samkomulag við aðila vinnumarkaðarins þá skipti það ekki máli.

Ég sat fundi félagsmálanefndar um þetta mál. Ég var viðstaddur þegar fulltrúar samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar komu fyrir nefndina. Þeir eru svo sannarlega ekki á sama máli og hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

[13:14]

Útbýting:

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 18. mál, brtt. PHB, þskj. 588.

Stofnun endurhæfingarseturs, 408. mál, þáltill. ÞBack, þskj. 583.

Sveitarstjórnarmál, 407. mál, skýrsla félmrh., þskj. 570.

Tekjuskattur og eignarskattur, 326. mál, brtt. PHB, þskj. 584.

Útflutningur á íslensku vatni í neytendaumbúðum, 102. mál, svar iðnrh., þskj. 582.

[13:15]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er eðlileg krafa hjá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni að menn sem eiga við hann orðastað eigi að hlusta eftir því sem hann segir. Ég verð að gera þá játningu að ég reyndi það áðan en hins vegar gildir það um mig eins og fleiri sem hafa hlustað á hann í morgun að það er töluvert erfitt að greina meininguna í orðum hans. En ég skildi hana undir lokin. Hv. þingmaður telur að það lagafrumvarp sem við erum að samþykkja sé óæskilegt að því leyti að í því felist einhvers konar vísir að opinberu starfskjaraeftirliti og telur að það dragi úr sveigjanleika vinnumarkaðarins.

Það er lágmarkskrafa af hálfu þeirra sem eiga í málefnalegri umræðu að þeir skýri með einhverjum hætti fyrir viðmælendum sínum hvers vegna þeir telja, eins og hv. þingmaður í þessu tilviki, að aðkoma Vinnumálastofnunar að eftirliti með launakjörum verði til þess að rýra með einhverjum hætti sveigjanleika vinnumarkaðar á Íslandi. Ég verð að segja það hv. þingmanni til varnar að það er kannski erfitt að gera það í stuttu andsvari en hv. þingmaður kemur þá væntanlega upp á eftir og skýrir það út fyrir þingheimi hvers vegna hann er á móti því að Vinnumálastofnun fylgist með því að ekki sé verið að brjóta rétt á útlendu farandverkafólki vegna þess að hann telur að það geti dregið úr sveigjanleika vinnumarkaðarins. Staðreyndin er auðvitað sú að obbinn af sjálfstæðismönnum er á móti lagasetningunni vegna þess að þeir telja að það auki samkeppnishæfni Íslands gagnvart öðrum löndum að hér sé verið að borga útlendu fólki á lágmarkskjörum og sumir vilja jafnvel helst lægra en það, þó ég ætli ekki að gera hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins það upp.

Staðreyndin er einfaldlega sú og það væri hollt fyrir hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson að horfast í augu við þá staðreynd að menn hafa verið af hálfu ríkisstjórnarinnar að nota starfsmannaleigurnar sem hagstjórnartæki til að halda kjörum niðri til að draga úr launaskriði til að koma í veg fyrir verðbólgu, til þess að mistökin sem þeir hafa gert í efnahagslífinu komi ekki eins og sprengja í fólk sem reynir að halda uppi sæmilega smurðu gangvirki í efnahagslífinu. Þetta er bara staðreyndin og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson á að horfast í augu við það að menn hafa sett kíkinn fyrir blinda augað þegar þeir hafa verið að skoða atvinnumarkaðinn á síðustu árum vegna þess að það hefur þjónað hagsmunum ríkisstjórnarinnar að hér ganga uppi fyrirtæki sem ég kalla ribbaldaleigur vegna þess að það dregur einfaldlega úr þessari þenslu, úr launaskriði. Það er eina ástæðan að ég tel fyrir því að ríkisstjórnin hefur hangsað við að setja þessi lög síðustu tvö ár.

Það eru nefnilega tvö ár síðan stjórnarandstaðan kom í þennan stól og benti á þessa þróun. Allt það sem þá var sagt hefur gengið eftir. Hæstv. félagsmálaráðherra sagði að ég held fyrir tveimur árum að hann teldi ekki þörf á að setja slík lög. Hann taldi að nægilegt tak og hald væri í gildandi lögum til að koma í veg fyrir að menn misnotuðu þessi fyrirtæki með því að brjóta réttindi á fólki, með því að láta það búa við kjör sem ekki eru sæmandi og með því að greiða því undir taxta. Því miður hefur það gerst og af því að það er ein biblía í lífi hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem heitir Morgunblaðið, þá rifja ég það bara upp að Morgun-

blaðið gerði ákaflega fína úttekt á þessum málum fyrir líklega níu mánuðum og sýndi fram á að í Reykjavíkurborg er verið að byggja blokkir íbúða af erlendu verkafólki sem verið var að borga 400 kr. á tímann. Af hverju ríkir þetta ástand? Vegna þess að ekki hefur verið framfylgt lögum sem í gildi eru en líka vegna þess að það eru ekki nægilega sterk lög sem skapa tök á því að fylgjast með þessu.

Við höfum m.a. heyrt hæstv. félagsmálaráðherra eiga orðastað við þingmann í dag um framfylgd laga um vinnuvernd. Það liggur einfaldlega fyrir að þau lög sem fyrir eru eru ekki nægilega sterk eða ríkisstjórnin veitir ekki fjármagn til að hægt sé að framfylgja þeim. Það var ekki síst þess vegna sem við höfum átt samtöl í dag um möguleika Vinnumálastofnunar á að framfylgja lögum, ef samþykkt verða, um aðkomu hennar að málinu. Við höfum það einfaldlega fyrir okkur að það eru ágætislög í gildi í landinu um vinnuvernd en það hefur ekki tekist að fylgja þeim eftir á Kárahnjúkum vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki séð til þess að fjármagnið sem þarf til að starfrækja eftirlitið sé fyrir hendi.

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal kom og rakti garnir úr mönnum um það hvort þeir séu viljandi að setja kjarasamninga í uppnám með því að vilja breyta því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Ef hv. þingmaður hefur rétt fyrir sér er ljóst að hv. formaður félagsmálanefndar er fyrir sitt leyti búinn að setja kjarasamninga í uppnám vegna þess að það er verið að breyta lögum og bæta inn endurskoðunarákvæði. Það var ekki í hinu upphaflega frumvarpi en vitaskuld verður það ekki til þess að setja kjarasamninga í uppnám.

Kjarasamningum er lokið og búið að greiða út þær kjarabætur sem samið var um. Í þeim samningi sem gerður var er hvergi að finna eitt einasta orð um að ekki sé hægt að breyta frumvarpinu sem hér liggur fyrir án þess að það setji upplausn í samningsferlið. Það er bara vitleysa. Í annan stað er algerlega nauðsynlegt að undirstrika það, að þingmenn sem koma til starfa á þessum vettvangi gera það á grundvelli sannfæringar sinnar einnar. Auðvitað sá stjórnarskrárgjafinn fyrir þann möguleika að það gæti verið reynt að seilast inn fyrir þessa veggi og seilast til valdanna sem hér eiga að hvíla. Þess vegna er okkur lögð sú skylda á herðar fyrst og fremst að fara eftir sannfæringu okkar og það eiga menn að gera og það hafa menn gert, held ég.

Það frumvarp sem hingað kom inn og við fjöllum um í dag gengur ekki nógu langt að mínu viti. Ég vildi sjá ákveðnar breytingar á því. Samt sem áður er það svar við aðstæðum sem hafa skapast á vinnumarkaði og það er líka ákveðið svar við þeim kröfum sem stjórnarandstaðan hefur um tveggja ára skeið sett fram. Þó að frumvarpið gangi ekki nógu langt ætla ég samt að styðja það en ég ætla samt sem áður að leyfa mér að starfa eins og stjórnarskráin heimilar mér og leggja fram og mæla fyrir breytingartillögu.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að að ýmsu leyti væri hægt að gera frumvarpið betur úr garði. Ég vil þó taka fram að ég tel að nefndin hafi unnið vel og ég er þakklátur hv. formanni félagsmálanefndar fyrir að hafa lagt sig í líma við að skýra ákveðin mál í umræðum áðan ekki síst vegna þess þrýstings sem fram hefur komið af hálfu stjórnarandstöðunnar í nefndinni. Ég er sérstaklega þakklátur hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir að segja það bara hreint út að hún telji að kunni þurfi að grípa til aukinna fjárveitinga skömmu eftir samþykkt laganna. Ég tel að svo sé.

Ég get fallist á að umbúnaður frumvarpsins varðandi aðkomu Vinnumálastofnunar að upplýsingum gengur töluvert langt til að ná þeim tilgangi laganna sem ég vildi að væri þar kristaltær, að hægt væri að fá upplýsingar um ráðningarsamninga og ganga úr skugga um það svart á hvítu við hvaða launakjör tilteknir starfsmenn sem miðlað er fyrir tilstilli starfsmannaleigu eru ráðnir. Ein leið, eins og hv. þingmaður reifaði í framsögu sinni, er að fara í gegnum Vinnumálastofnun að þessum launum og ráðningarsamningunum en þá verður það að vera alveg skýrt að stofnunin hafi fjármagn til þess og það verður að vera alveg skýrt að hún geti gert það. Starfsmenn stofnunarinnar segja að það kosti 12–15 millj. kr. Það sé aukakostnaður. Ég dreg ekki í efa að þeir meti það rétt en ég tek það ekki gilt þegar skyndilega á einum degi koma menn frá hæstv. félagsmálaráðherra og segja að búið sé að finna þessar 12–15 millj. kr. innan ramma stofnunarinnar. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. félagsmálaráðherra betur út í þetta.

Ég hjó eftir því að hann var ekki algerlega sannfærður fyrr í dag. Hann sagði að vinnan við að skoða og finna peningana væri þegar komin af stað í samstarfi stofnunarinnar og ráðuneytisins og svo bætti hann við: Ef það þarf meira verður að bregðast við því. Hæstv. félagsmálaráðherra er því í reynd þeirrar skoðunar í fyrsta lagi að ekki sé búið að ganga úr skugga um að hægt sé að finna aukið fjármagn innan veggja stofnunarinnar, en í öðru lagi er hann að segja svart á hvítu að til þess að hægt sé að uppfylla þetta ákvæði laganna þurfi meiri peninga. Þess vegna segi ég það alveg hreint út að mér finnst það vera svolítill leikaraskapur þegar við erum á annað borðið að samþykkja lög með þessu ákvæði í en á hitt borðið liggur fyrir að ekki er búið að tryggja fjármagn til þess. Það finnast mér ekki vera nægilega góð vinnubrögð.

Ég hef mörgum sinnum úr þessum ræðustóli á síðustu árum agnúast út í að það er ekki búið nægilega vel að verkafólki sem vinnur uppi á reginfjöllum um hávetur og ég hef skammast yfir því að þær stofnanir sem lögin segja að eigi að fylgjast með aðbúnaði þeirra hafi ekki nægilegt fjármagn til þess.

Sporin hræða. Stofnanirnar sem í dag eiga að treysta og tryggja að réttindi þessa fólks séu ekki brotin hvað aðbúnað varðar ná ekki í öllum tilvikum að standa undir skyldum sínum af því að það skortir fé, Hvers vegna eigum við þingmenn þá að trúa því þegar hæstv. félagsmálaráðherra kemur og segir: Við ætlum að finna peningana innan stofnunarinnar og ef það skortir eitthvað ætlum við að sjá til. Það eru ekki nógu góð vinnubrögð.

Ég vek líka eftirtekt á því þó það skipti ekki meginmáli, að það er munur á því sem í nefndarálitinu er haft eftir starfsmanni félagsmálaráðuneytisins og því sem hæstv. ráðherra sagði í morgun. Samkvæmt nefndarálitinu kemur alveg skýrt fram hjá fulltrúa félagsmálaráðuneytisins að það séu til peningar innan vébanda stofnunarinnar en hæstv. félagsmálaráðherra var ekki viss um það í morgun og þökk sé honum fyrir að vera ærlegur að því leyti til. Ég nefni þennan mismun til að sýna fram á að þarna er ákveðin fljóta-

skrift á hlutunum og ég hefði talið að það ætti að vanda betur til verka. En eins og ég hef sagt áður hefur hæstv. félagsmálaráðherra auðvitað selt atvinnurekendum ákveðið sjálfdæmi í málinu.

Hæstv. félagsmálaráðherra hafði einn þriggja manna fulltrúa í nefndinni sem vélaði um gerð frumvarpsins um starfsmannaleigur sem við ræðum hér um og það hefur komið alveg skýrt fram hjá hæstv. ráðherra að hann leit svo á að fulltrúi sinn væri fyrst og fremst milligöngumaður. Ég get ekki túlkað það með öðrum hætti en svo að þá væri í reynd verið að selja atvinnurekendum SA sjálfdæmi vegna þess að þeir hafa ekki þurft að gera annað en móast í málinu. Ef fulltrúi hæstv. ráðherra hefur ekki tekið af skarið þá gerist náttúrlega ekki neitt og það var þetta sem leiddi til þess að það var erfitt að ná þarna niðurstöðu.

Herra forseti. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum flutt breytingartillögu við frumvarpið sem ég held að a.m.k. í tilviki flestra þingmanna stjórnarliðsins, ekki þó allra sem hér hafa tekið til máls, ríki samstaða um að því er varðar tilganginn, þ.e. það þarf að slá í gadda í lögum að lágmarkskjör séu ekki brotin á erlendu farandverkafólki sem hingað kemur. Við höfum þess vegna, ég og hv. þingmenn Samfylkingarinnar, Jóhanna Sigurðardóttir, Valdimar Leó Friðriksson og Lúðvík Bergvinsson lagt fram á þskj. 507 breytingartillögu þar sem lögð er lagaskylda á notendafyrirtækið til að sjá um þetta. Við viljum með öðrum orðum setja ríkari ábyrgð á notendafyrirtækin til að tryggja að ekki sé brotinn réttur á þessu fólki. Ég er þeirrar skoðunar að það sé miklu betra að fara þá leið. Ég geri mér hins vegar grein fyrir að það er andstaða við það meðal þingmanna meiri hlutans. Ég er ekki búinn að sjá fram á að breytingartillagan nái fram að ganga en ég vil samt lýsa því skýrt yfir fyrir mína hönd að ég mun að henni felldri eigi að síður styðja frumvarpið.

Ástæðan fyrir því að ég treysti mér til þess er í fyrsta lagi að það koma fram í greinargerðinni mjög mikilvægar útskýringar á rétti verkalýðsfélaganna til að hafa eftir sem áður í gegnum kjarasamninga aðgang að upplýsingum um kjör starfsmanna. Ég tel mjög mikilvægt að það liggi fyrir með þessum hætti í þingskjali. Það sem gerir hins vegar útslagið með stuðning minn við frumvarpið er að það er endurskoðunarákvæði þarna inni. Ég held að það skipti ákaflega miklu máli.

Ég ætla að leyfa mér alveg eins og fyrir tveimur árum, herra forseti, að gerast spámaður um framtíðina. Ég sagði þá við hæstv. félagsmálaráðherra að á allra næstu missirum mundum við sjá að sú þróun sem við sjáum ryðja sér til rúms við Kárahnjúka mundi smita miklu víðar út í samfélagið. Hún mundi ekki bara einskorðast við stórar framkvæmdir uppi á fjöllum eða þar sem erfitt er að ná saman miklum liðsafnaði til framkvæmda. Ef ekkert yrði að gert og ef engar skorður yrðu reistar af hálfu hæstv. ráðherra við þessari þróun mundi þetta smita út í aðra geira samfélagsins og það hefur gerst. (Gripið fram í.) Þingmaðurinn studdi Kárahnjúka á allt öðrum forsendum en þeim að þar yrði farið illa með erlent verkafólk. Þingmaðurinn studdi ekki framkvæmdir á Kárahnjúkum á þeim grundvelli og hefur aldrei gert. En þetta sem við spáðum þá og þau orð sem ég lét falla í utandagskrárumræðum við hæstv. félagsmálaráðherra og hann tók náttúrlega ekkert mark á þá frekar en áður hafa gengið eftir. Við höfum séð þessa framkvæmd starfsmannaleignanna smita út í miklu minni fyrirtæki og óskyldar atvinnugreinar, meira að segja í landbúnaði. Þar er verið að fara illa með fólk, borga því undir lágmarkskjörum og brjóta á því það sem ég kalla a.m.k. almenn viðmið um hvernig á að koma fram við fólk. Ég hef sagt það alveg hreint út að það eru dæmi um það á Íslandi að mönnum er boðið upp á aðbúnað sem er ekki hundum bjóðandi fyrst og fremst vegna þess að stjórnvöld hafa sýnt linkind.

Ég tel því miður að það frumvarp sem við erum að samþykkja hér gangi ekki nógu langt og ég óttast að það verði til þess að fyrr en seinna verði nauðsynlegt að grípa til þess að breyta lögunum sem hér verða væntanlega samþykkt í dag. Ég held að við munum sjá að frumvarpið gengur einfaldlega ekki nógu langt til að stemma stigu við þeim ófögnuði sem við höfum séð breiðast út um atvinnulífið. Það skiptir hins vegar mjög miklu máli fyrir utan þessi lög að hæstv. ríkisstjórn tryggi fjármagn bæði til vinnuverndar og til Vinnumálastofnunar. Það skiptir öllu máli að hægt sé að halda uppi sæmilegu eftirliti í þessum efnum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa málið lengra en ég vil þó segja að hér eru tillögur sem hv. þingmenn Vinstri grænna hafa líka flutt og mér sýnist að ákveðinn samhljómur sé með a.m.k. sumum tillagna þeirra og okkar. Ég hef ekki skoðað þær alveg út í hörgul en mér sýnist að þær tillögur taki líka á ýmiss konar vankönturn sem sjá má á frumvarpinu.

Ég vil að lokum ítreka tvennt, eins og ég hef áður sagt, að það er ekkert í þeim kjarasamningum sem gerðir voru og eru komnir til framkvæmda sem segir að ekki megi breyta frumvarpinu sem hér liggur fyrir. Annaðhvort væri nú. Það er einfaldlega þannig að það er ekki hægt að koma með fyrirskipanir utan úr bæ um að hin og þessi frumvörp sem mikilvæg eru beri að samþykkja óbreytt.

Í annan stað vil ég ítreka spurningu mína til hæstv. félagsmálaráðherra: Hvar hefur hann fundið þessa peninga innan þessarar stofnunar og ef það verður niðurstaða þeirrar fjárleitar sem nú fer þar fram að það skorti fjármagn til að hægt sé að standa undir kostnaðinum við framkvæmd þessa ákvæðis sem ég hef gert að umræðuefni, mun hæstv. félagsmálaráðherra þá tryggja að fjármagnið verði sótt með einhverjum hætti til ríkisins til að hægt verði að fylgja eftir ákvæðum laganna ef samþykkt verða?

[13:34]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil nú fyrst segja að ég var í umræðunni fyrr í dag búinn að svara nákvæmlega þeirri sömu spurningu og hv. þm. Össur Skarphéðinsson leggur hér fyrir mig. Svaraði því í andsvari við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En hv. þingmaður hefur alveg einstakt lag á að snúa út úr því sem fólk segir og afbaka það og leggja mönnum jafnvel orð í munn. Ég skal svara því alveg skýrt. Ég tel að á Vinnumálastofnun séu fyrir hendi fjármunir til að sinna þessu verkefni. Við erum að fara nákvæmlega yfir það með stofnuninni þessa dagana. Komi í ljós að svo er ekki, sem kæmi mér þá algerlega í opna skjöldu, mun ég að sjálfsögðu beita mér fyrir því að það fjármagn verði tryggt.

En ég vil ítreka enn og aftur, hæstv. forseti, svo hv. þingmaður snúi nú ekki aftur út úr orðum mínum: Ég tel að þessir fjármunir séu fyrir hendi.

Ég vil einnig vekja athygli á því í máli hv. þingmanns að hann gerir ítrekað úr þessum ræðustól lítið úr þríhliða samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Talar um það eins og einhvern skrípaleik þegar stjórnvöld annars vegar og Samtök atvinnulífsins og ASÍ hins vegar koma að borðinu til að klára jafnmikilvægt mál og hér er á ferðinni. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hefur stundum kallað einmitt þetta samræðustjórnmál. Það að fólk setjist niður og tali saman og komist að sameiginlegri niðurstöðu. Ég vil þá spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson: Er hann ósammála formanni sínum um að á góðum dögum sé rétt að ástunda slík stjórnmál?

[13:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo að bæði á góðum dögum og vondum er rétt að leiða saman mismunandi sjónarmið til að reyna að komast að niðurstöðu. Í þessu tilviki var það gert og fyrir lá ákveðið frumvarp en það lá líka fyrir ákveðinn kjarasamningur sem búið er að hrinda í framkvæmd, eins og hæstv. ráðherra veit. Hæstv. ráðherra veit líka að ekki eitt einasta orð í þeim samningi segir að ekki megi breyta því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Ég held að það hafi verið starfsmenn hæstv. ráðherra sem sömdu það — byggðu að vísu á niðurstöðum þessarar nefndar. En það er einfaldlega þannig að þingmenn fara eftir sannfæringu sinni samkvæmt stjórnarskránni. Það er sú skylda sem á herðar okkar er lögð. Við komum hérna og fjöllum með faglegum hætti um mál. Ég hef bent á það hér, eins og reyndar fleiri, að það væri æskilegt að því frumvarpi sem hér er til umræðu yrði breytt með tilteknum hætti. Ég tel reyndar að það séu ýmiss konar sfleiri atriði en þau sem ég reifaði í ræðu minni áðan sem væri betra að breyta líka. En einu grundvallaratriði taldi ég að þyrfti að breyta. Ef það er sannfæring mín, herra forseti, að slík breyting sé nauðsynleg til að tryggja rétt verkafólks í landinu ætti ég þá að hverfa frá þeirri sannfæringu vegna þess að búið er að gera samþykkt um það sem hæstv. félagsmálaráðherra og fleiri góðir menn koma að? Og ég spyr hæstv. félagsmálaráðherra: Telur hann að þingmenn eigi ekki að fara að fyrirmælum stjórnarskrárinnar um að fylgja sannfæringu sinni?

[13:38]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var algjörlega dæmigerð ræða fyrir hv. þingmann. Algjörlega dæmigerð ræða. Hann fór í allt aðra átt en umræðan var um. Allt í einu fór hv. þingmaður að tala um að þingmenn hefðu frjálst vald til að leggja fram tillögur. Að sjálfsögðu, hæstv. forseti. Málið snýst ekkert um það. Það sagði ég strax og ég mælti fyrir málinu fyrir nokkrum dögum. Að sjálfsögðu. Hv. þingmaður gerði lítið úr samráði stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins hér í pontunni áðan. Eins og hann hefur raunar oft gert áður. Ég kref hv. þingmann svara við spurningu minni um þetta. Er hann ósammála formanni sínum um að rétt sé að ástunda samræðustjórnmál nákvæmlega eins og við gerðum í þessu tilviki? Og svaraðu nú, hv. þingmaður.

[13:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg klárt að ég er algerlega sammála formanni mínum um að iðka beri umræðustjórnmál og samræðustjórnmál eftir því sem hægt er. Ég er út af fyrir sig ánægður með að hæstv. félagsmálaráðherra skuli hafa farið að fordæmi Samfylkingarinnar um það og vilji leggja megináherslu á að ná samkomulagi um mál. En ef svo væri held ég að hæstv. ráðherra hefði átt að leggja sig eftir því t.d. að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna um þau tilteknu atriði sem við höfum hér verið að ræða. Það er hugsanlegt að ég hafi ekki hlýtt nægilega vel á hæstv. ráðherra þegar hann flutti sína fyrstu ræðu, þ.e. við 1. umr. málsins. En ég man ekki betur en að þá hafi spunnist orðaskipti milli um þingmanna og eftir atvikum hæstv. ráðherra um að ekki væri mögulegt að gera nokkrar breytingartillögur við þetta frumvarp af því að samræðustjórnmálin, sem þessi hæstv. ráðherra iðkar, eru þannig að ekki er gert ráð fyrir því að löggjafinn kunni að hafa aðra skoðun en t.d. ágætir kontóristar hans í ráðuneytinu. En það er einfaldlega þannig að okkur ber skylda til, og það er hlutverk okkar, að fara sem faglegustum höndum um þau verk sem koma frá ráðuneytunum, í þessu tilviki frá hæstv. félagsmálaráðherra. Ég geri mér mætavel grein fyrir því að hæstv. félagsmálaráðherra er mörgum kostum búinn og vafalítið ber hann af öllum öðrum mönnum. En hann er samt eins og við. Hann er breyskur eins og allir dauðlegir menn. Jafnvel hæstv. félagsmálaráðherra á það til að gera mistök. Það kerfi sem við höfum sett hér upp á Alþingi Íslendinga er m.a. til að finna og bæta úr vanköntum sem jafnvel (Forseti hringir.) fullkomnum mönnum eins og hæstv. félagsmálaráðherra verður stundum á.

[13:41]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er ágætismaður og ég ber virðingu fyrir honum. En ég verð að segja eins og er: Þegar hv. þingmaður segir að hér séu ribbaldaleigur, og tengir það hagsmunagæslu ríkisstjórnarinnar, þykir mér hann ganga of langt. Það er allt í lagi að vera ósammála og láta hörð orð falla en þetta finnst mér þessum ágæta þingmanni ekki sæmandi. Ég vil vekja athygli á öðru sem hefur komið fram í umræðunni. Ég bað hv. þm. Össur Skarphéðinsson að lesa nefndarálit félagsmálanefndar. Hann hefur ekki gert það þannig að ég ætla að gera það fyrir hann, þ.e. ákveðinn kafla hér, sem hljóðar svo — þá er vísað í starfshóp sem í átti sæti fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífs og félagsmálaráðuneyti, með leyfi forseta:

„Samstaða náðist um að sett yrðu sérlög um starfsmannaleigur og gerðu fulltrúar aðila samkomulag um þau atriði sem fram koma í því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram. Samkomulagið náðist 15. nóvember sl. og var það ein af forsendum þess að ekki kom til uppsagnar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði."

Ein af forsendum þess. Ekkert flóknara en það. (Gripið fram í.) Það liggur alveg hreint og klárt fyrir að hv. þing-

maður segir að þetta skipti engu máli, það þurfi ekkert að standa við þetta samkomulag. Annað, virðulegi forseti, hér spyr einn af forustumönnum jafnaðarmannaflokks Íslands mig út í hvað ég eigi við að það verði ósveigjanleiki á vinnumarkaði ef við komum af stað opinberu kjarastríði. Ég hvet hv. þingmann til að tala við aðila síns eigin flokks, fulltrúa launþegahreyfingar t.d., sem hafa farið yfir hve miklu betra það sé að þessi samskipti séu á milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda í staðinn fyrir að hafa opinbert eftirlit. (Forseti hringir.) Mér finnst það eigi ekki að vera mitt hlutverk að útskýra þetta fyrir hv. þingmanni.

[13:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta sem helst nú varast vann, varð þó að koma yfir hann. Nú kom hér upp hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson og las samkomulagið sem vitnað er til í nefndarálitinu. Og nákvæmlega eins og ég hef verið að sýna fram á í nokkrum ræðum í dag er þar ekki að finna stafkrók um að ekki megi breyta því frumvarpi sem hér er. Um hvað er samkomulagið eins og þar kemur fram? Hv. þingmaður las það upp og hann sagði orðrétt að minnsta kosti efnislega svona: Samkomulag er um að samþykkja sérlög. Ég er að taka þátt í því. Ég er að taka þátt í því að uppfylla það samkomulag ef það gleður hv. þingmann. En ég er fyrst og fremst að gera skyldu mína sem alþingismanns, að hafa skoðanir og sannfæringu og fara eftir henni. En það er hins vegar alveg ljóst að skilninginn sem hv. þingmaður leggur í þetta samkomulag er ekki að finna í textanum. Samkomulagið er um að gera sérlög og það er það sem við erum að gera hér. Það stendur ekkert hvernig þau sérlög eigi að vera vegna þess að þá hefðu þau væntanlega verið samþykkt þar í viðhengi og okkar afgreiðsla hefði verið algerlega óþörf. Við gætum þá raunverulega hætt störfum og búið til stimpla til að klára þessi mál sem hv. þingmaður vill að sé lokið úti í bæ. En þetta er mergurinn málsins. Hér er verið að samþykkja sérlög um starfsmannaleigur sem Samfylkingin hefur barist fyrir sl. tvö og hálft ár, sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir en sem atvinnurekendur og sjálfstæðismenn hafa móast gegn. En sem betur fer urðu þeir að lúta í gras í því máli.

[13:45]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Var hv. þingmaður ekki bara að grínast? Ég vona að svo hafi verið, ég vona að þetta hafi bara verið eitthvað til að létta lund okkar þingmanna. Er hv. þingmanni alvara? Hann hefur setið fundi félagsmálanefndar, farið yfir þetta mál ásamt okkur og segir hér, orðrétt, að það sé ekkert um það hvernig þau sérlög eigi að vera. (Gripið fram í.) Já, virðulegur forseti, hv. þingmaður segir bara að þau eigi að samþykkjast. Þetta er engin smáfrétt sem kemur hér á lokadegi þingsins.

Ef þetta er rétt, virðulegi forseti, (Gripið fram í.) hafa forustumenn Alþýðusambandsins sest niður með félagsmálanefnd og sagt okkur ósatt. Forustumenn Samtaka atvinnulífsins hafa sest niður með félagsmálanefnd og sagt henni ósatt og allt þetta mál er á misskilningi byggt, ef það er satt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði. Hann sagði að í þessu samkomulagi væri ekkert um hvað ætti að vera í þessum sérlögum, bara ekki neitt, að við ætlum bara að samþykkja sérlög. (Gripið fram í.) Kannski sönglög líka.

Virðulegi forseti. Þessi málflutningur er náttúrlega algjörlega fráleitur. Það er búið að fara yfir þetta, einn hv. þingmaður, ég man nú ekki hver það var, fór yfir það að hjá félagsmálanefnd hefðu farið 10 tímar í að fara í gegnum þetta mál með þeim aðila sem gerði þetta samkomulag, nokkurn veginn hverja einustu setningu. Svo kemur hv. þm. Össur Skarphéðinsson hér og segir að í samkomulaginu hafi ekkert verið um það hvað ætti að vera í sérlögunum. Það er náttúrlega fyrir neðan allar hellur.

[13:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Loksins átti hv. þingmaður kollgátuna, þetta er misskilningur. Hv. þingmaður las þennan texta og komst að því að það sem hann hélt að stæði þar stóð þar einfaldlega ekki og það var misskilningur.

Það sem skiptir mestu máli varðandi þetta er sú staðreynd að það er enginn úti í bæ sem getur beinlínis fyrirskipað þinginu að samþykkja hitt og þetta. Hér er ákveðið vinnuferli. (Gripið fram í.) Já, þeir gera tilraunir til þess, hv. þingmaður, þeir gera stöðugt tilraunir til þess og það á að vera hlutverk okkar að verjast slíkum tilraunum þegar aðrar stofnanir seilast til valda sem eiga samkvæmt lögum og stjórnarskrá að vera innan þessara veggja. Það er alveg eins og ég sagði við hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson fyrr í dag að þetta er eilíf viðleitni en við verjum okkar vald vegna þess að við höfum stjórnarskrána sem vopn okkar í þeirri vörn. Við vinnum starf okkar þannig að nefndirnar fjalla um frumvörp sem hingað koma, hvort heldur þau koma frá einstökum þingmönnum eða ráðherrum, og það er bara þannig að mjög oft kemur í ljós að ágallar eru á þeim, það er hægt að gera hlutina betur. Það er þess vegna sem við höfum þetta vinnuferli sem oftar en ekki bætir töluvert þá smíð sem kemur frá framkvæmdarvaldinu í formi frumvarpa hingað. Þannig er einfaldlega gangur málsins þó að hv. þingmaður líti svo á að hann eigi bara að vera hér eins og einhvers konar ósjálfráða stimpill fyrir stofnanir utan úr bæ. Á þeim tíma sem viðhorf hv. þingmanns verða ríkjandi í þessum sal verður Alþingi að engu orðið.

[13:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þetta eru fróðlegar og skemmtilegar umræður. Ég sagði við 1. umr. þessa máls að ég fagnaði því að þetta frumvarp væri fram komið og vonaðist til að það fengi góða og málefnalega afgreiðslu í þinginu og að okkur tækist að afgreiða málið, ekki með of miklum hraða heldur með skynsamlegu vinnulagi. Ég hef ekki heyrt annað í umræðunni hér í morgun en að þeir sem unnu að þessu máli í nefndinni hafi eytt þó nokkuð miklum tíma í að fara yfir málið, velta því fyrir sér, finna á því hugsanlega hnökra og eftir atvikum leggja upp með það hvort einhverju eigi að breyta.

Það var hins vegar upplýst hér af nefndarmönnum í morgun að að lokum hafi komið á fund nefndarinnar fulltrúar ASÍ og tilkynnt nefndinni það að þetta væri í raun

samkomulagsmál sem yrði að fara hér í gegn nánast óbreytt og það er í raun og veru það sem er að gerast. Málið stefnir í að fara óbreytt í gegnum þingið eins og það kom hér inn, að vísu með viðbótarákvæði um að þessi smíð skuli endurskoðuð eftir tvö ár og það ber auðvitað að fagna því. En það er nú svo, hæstv. forseti, að öll lög getum við endurskoðað sem hér eru samþykkt. Það er því ekki beint mikið nýmæli í því þó að við eigum þann rétt að endurskoða lög en gott þegar menn sameinast um að lög skuli endurskoðuð.

Ég sagði hér við 1. umr. málsins að lagfæra þyrfti ýmislegt í þessu frumvarpi svo betur mætti fara og nefndi nokkur atriði. Þau liggja hér eiginlega fyrir, hæstv. forseti, í breytingartillögum frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Að vísu nota menn kannski hvorir sína aðferðina, þ.e. í breytingartillögum samfylkingarmanna er talað um notendafyrirtæki sem beri ábyrgð o.s.frv. og þrátt fyrir að starfssamband viðkomandi starfsmanns og notendafyrirtækis sé byggt á milligöngu starfsmannaleigu skuli notendafyrirtæki samt sem áður fá þessar upplýsingar og þar eigi menn aðgang að.

Í annarri breytingartillögu frá vinstri grænum segir:

„Starfsmannaleigu og atvinnurekendum“ — sem eru þá notendafyrirtækin — „sem nýta sér þjónustu hennar er skylt að veita trúnaðarmönnum stéttarfélags í viðkomandi starfsgrein aðgang að ráðningarsamningum og öðrum upplýsingum um launakjör leigðra starfsmanna.“

Það eru kannski orðalagsbreytingar í tillögunum en ekki meginbreytingar um að það sem menn vilja tryggja er að stéttarfélögin geti fengið að sjá þessa ráðningarsaminga og fylgja þeim eftir og fylgja eftir sínu virka eftirliti. Það er raunar, hæstv. forseti, algjörlega í samræmi við t.d. umsögn Verkalýðsfélags Akraness en þar segir þegar komið er með tillögu að nýrri 10. gr. sem lagt er til að verði 11. gr., með leyfi forseta:

„Stéttarfélag getur krafið notendafyrirtæki á félagssvæði sínu um ráðningarsaminga þeirra starfsmanna starfsmannaleigna sem þar starfa sem og önnur þau gögn sem notendafyrirtæki hefur undir höndum um vinnu starfsmanna svo sem tímaskýrslur. Ef stéttarfélag telur að brotið hafi verið gegn ákvæðum laganna ber því að senda Vinnumálastofnun rökstudda kvörtun.“

Mér sýnist að í sjálfu sér hafi menn leitast við að taka undir þessar tillögur verkalýðsfélagsins í þessum breytingartillögum, sem mér finnst sjálfsagt og ég vék reyndar að í máli mínu við 1. umr., og að breytingartillögurnar gangi út á það að tryggja að viðkomandi stéttarfélög hafi aðgang að því að skoða þessar upplýsingar og fylgja þar af leiðandi eftir vinnuréttarsambandi sem snýr að kjörum og starfstíma og öðru slíku, lögum landsins o.s.frv. Það er mjög eðlilegt hlutverk verkalýðsfélaga að fylgja því eftir og ég tel að tryggja eigi að þau fái aðgang að slíkum upplýsingum.

Á það hefur verið bent að Vinnueftirlitið muni fylgja þessu eftir með tilheyrandi kostnaði og til þess þurfi fjármagn. Gott og vel um það. En ég tel að við eigum að leitast við að reyna að hafa sem beinast samband milli verkalýðsfélaga á viðkomandi félagssvæði og þeirra starfsmanna sem þar vinna til að verkalýðsfélagið geti sinnt hlutverki sínu. Því tel ég, hæstv. forseti, að þær breytingartillögur sem hér liggja frammi og við höfum hugsað okkur að styðja í Frjálslynda flokknum séu til bóta og málið muni batna við þá meðferð ef samþykktar verða.

Hins vegar verð ég að segja að ef tillögur stjórnarandstöðunnar verða felldar í heilu lagi þá sýnist mér vera komin upp enn á ný sama staða og iðulega hefur komið hér upp að inn koma inn frumvörp frá ríkisstjórninni með einum eða öðrum hætti eins og sumir segja, búið er að leggja þar ákveðnar línur og okkur ber að klára það. Ég er ekki sammála því að við eigum að vinna þannig og tel að við eigum að klára málin eftir sannfæringu okkar og þess vegna hef ég ekki trú á því, hæstv. forseti, að þessi lög haldi óbreytt í tvö ár eins og þau eru upp sett.

Því er það niðurstaða okkar í Frjálslynda flokknum að óskynsamlegt sé að fella þær breytingartillögur sem hér eru lagðar fram. Ég hef gert grein fyrir því að hvor tillagan sem samþykkt yrði nægði til þess að mínu viti að tryggja aðkomu stéttarfélaga að sinni víðtæku eftirlitsskyldu sem þau hafa vissulega, og þá mundum við fyrir okkar leyti samþykkja þetta frumvarp. Ég tel ekki nægjanlegt að endurskoða þessi lög eftir tvö ár, hæstv. forseti, ég spái því að það verði miklu fyrr sem menn þurfi að koma með lagabreytingar til að lagfæra það sem að er.

[13:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mun aðeins tala hér örstutt, ekki vegna þess að það sé ekki margt sem ég gæti hugsað mér að segja um málið, heldur vegna hins að samkomulag hefur verið gert um tilhögun þinghaldsins og að ljúka hér störfum í dag. Fyrir liggja mörg mál sem þurfa afgreiðslu og eftir atvikum einhverrar umræðu við þannig að ég mun stytta mál mitt mjög. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs viljum að sjálfsögðu standa við þetta samkomulag og virða það.

Það er til bóta að hér er komið fram frumvarp um starfsmannaleigur. Það er skref í rétta átt, um það er ekki deilt. Spurningin er bara hvort hér sé nógu vel og tryggilega frá málunum gengið og hvort þar megi ekki gera betur. Við höfum barist fyrir því í allmörg ár að tekið yrði á þessu máli, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, vöruðum reyndar fyrstir flokka við því að stórframkvæmdunum miklu sem þá var til umræðu að hleypa af stað, á árunum 2002 og 2003, hlytu að fylgja hlutir af þessu tagi — það má fletta upp í þeim ræðum ef menn endilega vilja — en fengum satt best að segja litlar undirtektir því að það var augljóst mál að íslenskur vinnumarkaður réð ekki við þessar framkvæmdir. Það voru yfirgnæfandi líkur á því að þær yrðu að vinnast að verulegu leyti af erlendu farandvinnuafli og þá mátti búast við því að hlutir af þessu tagi kæmu upp því að þeir voru komnir á fulla ferð í löndunum í kringum okkur þar sem sambærilega háttaði til. Það þurfti engum að koma á óvart sem hafði fylgst með t.d. þróun á dönskum vinnumarkaði að slíkir hlutir skytu upp kollinum en þá þegar er deilur um Kárahnjúkavirkjun stóðu hér sem hæst var farið að bera á slíku t.d. í dönskum byggingariðnaði.

Þingmaður okkar sem sat á þingi þá, fyrir tveimur árum síðan, Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður, varaþingmaður vinstri grænna, lagði fram frumvarp um að taka ákvæði inn í lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyris-

réttinda sem tækju af skarið um það að þau lög skyldu gilda um alla erlenda starfsmenn hvort sem þeir störfuðu á vegum íslenskra eða erlendra atvinnurekenda, starfsmannaleigna eða hliðstæðra fyrirtækja. Með því að bæta því inn í 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og taka jafnframt fram að aðgangur trúnaðarmanna stéttarfélaga að ráðningarsamningum og upplýsingum um launakjör skyldi vera jafngildur og um innlenda starfsmenn á grundvelli innlendra kjarasaminga væri að ræða, þá hefði að verulegu leyti verið tekið á þessu máli strax með þeim tveimur einföldu breytingum inni í þessum lögum því þá hefðu þessir hópar komið inn undir íslenskan vinnurétt með sama hætti og aðrir og öll ákvæði þar um gilt. Því miður hefur þetta frumvarp ekki fengið afgreiðslu. Þörfin fyrir það minnkar, má segja, að vissu marki með þessum lögum, ef af verður, um starfsmannaleigur, en hverfur þó ekki. Og þar kem ég að því sem ég tel að sé aðalatriði þessa máls og hefur svifið kannski pínulítið óljóst, að mér finnst, yfir vötnunum hér í umræðunni og það er hvað gera þarf til að tryggja með óyggjandi hætti að hægt sé að taka á þessu máli og fylgjast með því að íslenskir kjarasamingar gildi um þessa hópa og það haldi.

Að mínu mati er það ósköp einfalt. Það þarf að tryggja í lögum um starfsmannaleigur með beinum og pósitífum hætti að öll þau réttindi, sem t.d. stéttarfélög hafa á íslenskum vinnumarkaði, gildi í þessu tilviki, taka það skýrt fram þannig að ekki þurfi að leiða það af öðrum ákvæðum í öðrum lögum og annars staðar eða í kjarasamningum, sem sagt að um beinar heimildir verði að ræða en ekki afleiddar. Þetta snýst í raun og veru í aðalatriðum um það.

Það er reyndar svo að mínu mati — og mjög mikilvægt er að það komi fram og væri bagalegt fyrir málið ef annar skilningur væri uppi — að í aðalatriðum er fullnægjandi fyrirkomulag á þessum hlutum í dag með því að beita afleiddum heimildum. Enginn vafi er á því að nefndarálitið er til bóta og einnig er til bóta að hafa sem fylgiskjal samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Það undirstrikar og styrkir þá stöðu sem er að þetta samkomulag er í fyrsta lagi í gildi og hefur lagastoð og að kjarasamningar á Íslandi eru í eðli sínu lögvarin lágmarksréttindi. Það er munurinn á íslenskum vinnumarkaði og víða annars staðar.

Í þeim skilningi eru í gildi á Íslandi lög um lágmarkslaun en þau eru þannig ákvörðuð að það eru aðilar vinnumarkaðarins sem gera það með kjarasamningum en ekki stjórnvöldin sjálf eins og sums staðar er þar sem eru í gildi lög um lágmarkslaun sem löggjafinn ákvarðar. Þannig hefur það t.d. verið lengi í Bandaríkjunum ef ég man rétt. Það var til þess að ekki væri svínað á erlendum verkamönnum, sérstaklega í bandarískum landbúnaði, á mannamáli sagt á Mexíkönum, sem tugþúsundum og hundruðum þúsunda saman hafa haldið bandarískum stórlandbúnaði gangandi og bjuggu oft við bág kjör og gera nú svo sem enn, en það var þó tekið á því að ég held af alríkisstjórninni, alveg örugglega af flestum fylkisstjórnum, að tryggja þeim lögvarin lágmarkslaun.

Það er í reynd í gildi hér á landi. Ég er ekki að halda því fram að í aðalatriðum séu ekki möguleikarnir þarna til staðar en þeir eru afleiddir og það er með óbeinum hætti sem menn geta reynt að takast á við starfsmannaleigurnar með því að sækja sér réttindi og heimildir til slíks í önnur lög, t.d. í lögin um trúnaðarmenn. Það hefði verið sterkara, enginn vafi er á því, að hafa þetta pósitíft hér inni. Út á það gengur breytingartillaga okkar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson mælti fyrir áðan og ég þarf ekki að endurtaka, enda rökstuddi hann það skýrt og greinilega hversu mikilvægt þetta væri. Við leggjum þar til í fjórum töluliðum að þessar mikilvægu breytingar verði gerðar sem eru sumpart hliðstæðar þeim ákvæðum sem hafa legið fyrir í frumvarpsformi á tveimur ef ekki þremur þingum og voru upphaflega flutt af hv. þm. Atla Gíslasyni, varaþingmanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, eins og áður sagði.

Þá er aðeins eitt eftir í þessu máli sem ég vil fá að nefna og það snýr að hlutverki Vinnumálastofnunar. Það er að mínu mati alveg eðlilegt og á sínum stað að Vinnumálastofnun verði fengið þarna hlutverk. Það er fullkomlega eðlilegt og ég geri engar athugasemdir t.d. við að hún sé sá aðili sem haldi utan um og annist skráningu fyrirtækjanna og taki við upplýsingum frá þeim um starfsmenn þeirra o.s.frv. En ekki er þar með sagt að það sé nóg að Vinnumálastofnun geri þetta og að hún ein annist um eftirlitið. Ég hef því miður enga trú á því að Vinnumálastofnun ein, ég tala nú ekki um með einum ráðnum starfsmanni, fái nánast neinu sem heitir áorkað í þessu ef hún í fyrsta lagi fær ekki fjármagn og aðstöðu til að efla sig verulega í því skyni og í öðru lagi og það sem mestu máli skiptir ef hún nýtur ekki stuðnings stéttarfélaganna og ef stéttarfélögin verða ekki í aðstöðu til að beita sér af öllu afli í þessu máli. Þetta er vonlaus slagur nema stéttarfélögin geti í krafti stöðu sinnar og réttinda beitt sér í málunum, ásamt trúnaðarmönnum þeirra á vettvangi. Þess vegna þarf líka að mínu mati eða væri til bóta að taka með beinum hætti inn rétt þeirra þannig að ekki léki vafi á, og það gildir það sama og ég hef áður sagt um þetta atriði.

Auðvitað væri síðan best, og það er líka lagt til, að notendafyrirtækin, að verkkaupinn yrði gerður þarna ábyrgur, allt annað er í raun og veru hálfgert hálfkák, og það er enginn eðlismunur á að gera notendafyrirtækið ábyrgt fyrir því að lögbundin og lögvarin lágmarkslaun séu tryggð með sama hætti og notendafyrirtækinu er gert af hálfu skattyfirvalda að vera ábyrgt fyrir að greiðslur af launum starfsmanna, sem hjá því starfa í gegnum starfsmannaleigur, leigðir inn af starfsmannaleigum, skili sér. Nú er það mál að vísu fyrir dómstólum eða mun fara fyrir dómstóla af því að höfðingjafyrirtækið Impregilo neitar að sjálfsögðu að fallast á þá ákvörðun íslenskra skattyfirvalda að því beri að standa ábyrgt fyrir þeim greiðslum og ætlar með málið fyrir dóm og kemur ekki á óvart því að það fyrirtæki er frægt eins og kunnugt er af málaferlum sínum um víða veröld.

Staðreyndin er sú að í garð gengu nýir tímar á Íslandi með Kárahnjúkaframkvæmdunum og við erum rétt að byrja að mínu mati að sjá framan í þau átök sem af þessu kunna að leiða á vinnumarkaði á komandi árum og áratugum, við erum miklu fremur að sjá upphafið að slíkri viðureign en einhvern enda hennar. Það mun þurfa meira til en bara einn starfsmann hjá Vinnumálastofnun sem tekur á móti gögnum og skýrslum og verður bundinn við að safna því saman við skrifborð í Reykjavík. Hverjum dettur í hug að einn

starfsmaður við skrifborð í Reykjavík fái einhverju áorkað gagnvart ófremdarástandi eins og er í þrælabúðum ríkisstjórnarinnar við Kárahnjúka? Hverjum dettir það í hug þegar trúnaðarmenn þar á staðnum eiga jafnerfitt uppdráttar og raun ber vitni og þegar eftirlitsaðilar stjórnvalda eru að gefast upp? Það er veruleikinn við Kárahnjúka að menn eru meira og minna að gefast upp við að reyna að hafa eftirlit með ástandinu og segja að það svari ekki kostnaði að reyna að fara þangað upp eftir, þannig sé ástandið að ýmsu leyti. Þetta mun því þurfa að hvíla á stéttarfélögunum og samstarfi þeirra og þess vegna væri eðlilegast að fyrir væri mælt um það með beinum hætti í lögunum, það væri langákjósanlegast.

Það er miður, herra forseti, að frumvarpið skuli ekki vera sterkara en raun ber vitni. Það væri þó auðvelt að gera á því verulegar úrbætur og styrkja það mjög, eins og hér er lagt til í breytingartillögum annars vegar af þingmönnum Samfylkingarinnar sem flytja tillögu um breytingu á 8. gr. og hins vegar af okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem flytjum fjórar breytingartillögur og væri málið náttúrlega mun betra að þeim samþykktum. Engu að síður er þó rétt að túlka það — sem það og er — sem visst skref í rétta átt svo fremi sem — einasta hættan í málinu að mínu mati er sú að þetta verði notað sem eitthvert yfirskin að menn sofni á verðinum, eða afsökun fyrir því að nú sé búið að koma málunum í farveg.

Hættan gagnvart stéttarfélögunum og trúnaðarmönnum þeirra er sú að menn fari að segja: Hvað eruð þið að skipta ykkur af þessu, þetta er verkefni Vinnumálastofnunar. Það má ekki verða þannig. Þess vegna verður þetta að vera samvinna Vinnumálastofnunar og stéttarfélaganna og það verður að vera algerlega á hreinu að þau njóti stuðnings stjórnvalda til að beita sér áfram í þessum slag. Hann hefði mátt vera meiri fram að þessu. Þess vegna er ástæða til, herra forseti, að mæla þessi varnaðarorð.

[14:10]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um starfsmannaleigur og við ræðum nefndarálit frá félagsmálanefnd sem er undirritað af flestöllum þingmönnum nema hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni og mér, og það er af þeim ástæðum sem ég ætla að fara í gegnum frumvarpið.

Í fyrsta lagi er ég með efnislegar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Með leyfi herra forseta, vil ég lesa 1. gr.:

„Gildissvið.

Lög þessi gilda um starfsmannaleigur á innlendum vinnumarkaði.

Með starfsmannaleigu er átt við þjónustufyrirtæki sem samkvæmt samningi leigir út starfsmenn sína gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess síðarnefnda."

Mér sýnist að þetta ákvæði nái til fjölda íslenskra fyrirtækja. Þegar bilar hjá mér pípulögn og fer að leka hringi ég í þjónustufyrirtæki pípulagningamanns og hann kemur til mín, gerður er munnlegur samningur um að hann vinni fyrir mig. Ég segi honum: Þarna lekur krani. Ég tékka á að hann sé mættur og svoleiðis, hann vinnur sem sagt undir minni verkstjórn á vinnustað mínum. Þá er píparafyrirtækið orðið starfsmannaleiga. Menn geta ímyndað sér hvað þetta gerist víða.

Þegar fyrirtæki gerir samning, t.d. eins og Þorgeir og Ellert við Sementsverksmiðjuna einu sinni, gerir samning um að vinna ákveðið verk og sendir menn inn í fyrirtækið, þá er það líka starfsmannaleiga því það er vinna samkvæmt fyrirskipun á vinnustað þess sem leigir þá. (**Gripið fram í:** ... að leigja út starfsmenn?) En það er samt sem áður starfsmannaleiga.

Þá kemur nefnilega spurningin um verktökuna, herra forseti. Ég er búinn að leita að því og ég hef ekki séð neins staðar skilgreiningu á hvað er verktaka. Mér sýnist að öll verktaka sé nánast orðin starfsmannaleiga. Það hefur ekki verið skilgreint hvað verktaka er þó að það sé nefnt í mörgum lögum. Mjög víða í lagasafninu er verktaka nefnd, en ég hef ekki séð skilgreiningu á því. Ég held því að menn séu komnir út á ansi hálan ís.

Í hv. félagsmálanefnd vorum við fullvissuð um það af ráðuneytum og öðrum að þetta yrði nú ekki framkvæmt svona. Það er nú ágætt. Það ætlar einhver að fara að framkvæma eins og honum finnst að lögin eigi að vera.

Í nefndarálitinu er tekið fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundum nefndarinnar var rætt um skilgreiningu hugtaksins starfsmannaleiga og í einstaka umsögnum kom fram gagnrýni á það hvernig hugtakið er skilgreint 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Til að taka af öll tvímæli skal tekið fram að það er hvorki ætlun löggjafans að lögin nái til þess þegar um tilfallandi lán á starfsmönnum er að ræða, né heldur verktakasamninga."

Af hverju í ósköpunum er þetta ekki sett í lögin ef þetta er meining löggjafans? Af hverju ekki?

Þessi ákvæði eru svo opin. Síðan kemur nefnilega að því að starfsmannaleigum ber að tilkynna sig til Vinnumálastofnunar og eiga að senda þeim afrit af þjónustusamningum og ráðningarsamningum, bara allan pakkann. Ef þær ekki gera það geta þær sætt því að lokað sé á þær.

Nú er það þannig að fyrirtæki úti í bæ, eins og þessi ágæta pípulagningaþjónusta sem ég hringi í, hlýtur að þurfa, til að vera öruggt um að það fari að lögum, að senda, dæla inn upplýsingum til Vinnumálastofnunar um ráðningarsaminga o.s.frv. sem og öll önnur fyrirtæki í landinu meira og minna ef þau að ætla að stunda svona starfsmannaleigu. Ég sé ekki hvernig hægt er að framkvæma lögin öðruvísi en þau segja, af því að annars myndast ákveðin lagaóvissa hjá þeim aðilum sem eiga að hlíta þeim. Við erum sem sagt komin með opinbert eftirlit með ráðningarsamningum, herra forseti. Búið er að negla niður vinnumarkaðinn í þá veru að einhverjir opinberir starfsmenn eiga að fylgjast með ráðningarkjörum í landinu. Ég held að þetta sé ekki það sem menn vilja, hvorki aðilar vinnumarkaðarins né við hv. þingmenn.

Þetta er ein ástæðan fyrir því að ég skrifaði ekki undir nefndarálitið, en það er fleira. Í gegnum tíðina hefur það verið svo að stærstu mál sem varða velferðarkerfið á Íslandi, skylduaðild að lífeyrissjóðum, skyldugreiðslur til sjúkrasjóða, starfskjör launþega o.s.frv. eru ekki samin af Alþingi og þau eru ekki samin af ríkisstjórn sem situr í skjóli Alþingis. Þau eru samin af aðilum vinnumarkaðarins

og þau eru yfirleitt samin um blánótt, stundum klukkan sex að morgni á sunnudögum þar sem fara á að skrifa undir kjarasaminga. Ég held meira að segja að fyrstu lögin, frá 1974, um skylduaðild að lífeyrissjóðum, skyldugreiðslur í lífeyrissjóð, bara bingó, allir Íslendingar eiga að borga 10% af launum í lífeyrissjóð, hafi verið samþykkt klukkan sex að morgni í einhverjum félagsmálapakkanum. Það er nú aldeilis mikil hugsun á bak við það. Þessi lög voru samþykkt, það má ekki breyta stafkrók á Alþingi, þau eru þess eðlis, því þá fara kjarasamningarnir í uppnám með alls konar hótanir og alþingismenn verða að gjöra svo vel að stimpla samninginn sem lög frá Alþingi. Þvílík er niðurlæging Alþingis þrátt fyrir að við höfum svarið eið að stjórnarskrá þar sem við eigum að fara að sannfæringu okkar og þrátt fyrir að Alþingi hafi eitt löggjafarvaldið í landinu.

Ég hef margoft bent á að það eru sárafá lög sem Alþingi samþykkir sem það hefur samið sjálft, sem hv. þingmenn hafa samið sjálfir, sem er náttúrlega ákaflega slæmt. Það er slæmt fyrir þjóðina vegna þess að þá gerist það að þeir sem framkvæma lögin eða hafa hagsmuni ná lögum í gegn en ekki fulltrúar sem kosnir eru af þjóðinni og það er mjög alvarlegt mál. Það sem er athyglisverðast í þessu er að undir þetta nefndarálit rita hv. stjórnarandstæðingar. Fulltrúar Samfylkingarinnar rita undir þetta nefndarálit, reyndar með fyrirvara, en þeir rita undir það samt. Þeir beygja sig samt í duftið. (**Gripið fram í:** Eru þeir ekki með breytingartillögur?) Þeir rita undir nefndarálitið.

Nú er það svo að það getur verið ágætt að skylda alla þjóðina til að borga í lífeyrissjóði eins og gert var 1974 og 1980. En vita menn hvað gerðist? Það voru engin lög til um lífeyrissjóði. Það var ekki einu sinni vitað hvað þessar ágætu stofnanir ættu að gera. Það voru ekki til nein lög um lífeyrissjóði, ekkert eftirlit, ekkert bókhald, engin krafa um eitt eða neitt eða hvort þeir ættu að borga einhvern lífeyri eða ekki. Þau voru ekki sett fyrr en sennilega tveimur áratugum seinna. Þá voru sett lög um eftirlit eftir að nokkrir lífeyrissjóðir fóru á hausinn og aðrir höfðu rýrnað svo og brunnið upp í verðbólgu að þeir nánast hurfu og það varð gífurleg kjaraskerðing hjá mörgum lífeyrisþegum. Þá loksins voru sett lög um lífeyrissjóði og það tók reyndar 13 ár, held ég, ein nefndin starfaði í 13 ár, hún var komin á fermingaraldur þegar hún loksins kom frá sér frumvarpi. Og ekki er enn þá, herra forseti, búið að setja nein lög um sjúkrasjóði. Þó að landslýður sé allur skyldaður til að borga 1% af launum í sjúkrasjóði eru engin lög til um það. Það veit enginn neitt, þetta er bara er sjúkra- eitthvað. Það veiti enginn hvað þessir sjúkrasjóðir eiga að gera, það er ekkert eftirlit með þeim. Þeir heyra ekki undir Fjármálaeftirlitið, það er ekki einu sinni bókhaldsskylda. Landslýður er skyldaður til að borga 1% af launum í sjúkrasjóði en það er ekkert um það hvað gera eigi með þessa peninga, þannig að lagasetning, herra forseti, á höndum aðila vinnumarkaðarins er bara ekki nógu góð. Það er þess vegna sem ég skrifa ekki undir þetta nefndarálit og ég mun ekki geta greitt þessu frumvarpi atkvæði mitt, bæði út af efnislegum ástæðum og líka út af þessu.

Í Morgunblaðinu sem ég las fyrr í dag er haft eftir Grétari Þorsteinssyni, forseta Alþýðusambands Íslands, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallaði „kontóraveldi úti í bæ". — Það er rétt, þetta er veldi, þetta eru völd sem eru á einhverjum kontórum úti í bæ. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, hitti naglann á höfuðið þegar hann sagði að ASÍ, verkalýðshreyfingin hér á landi, væri kontóraveldi úti í bæ. (Gripið fram í.) Það sagði hann orðrétt. — Forseti Alþýðusambands Íslands, Grétar Þorsteinssson, sagði í Morgunblaðinu 7. desember að hann hefði lagt áherslu á að frumvarpinu yrði ekki breytt, það sagði hann líka í hv. félagsmálanefnd, og með leyfi herra forseta, ætla ég að lesa hér:

„Í samkomulagi ríkisstjórnarinnar, Samtaka atvinnulífsins og ASÍ „hafi verið sammælst um frumvarpið, eins og það var síðan lagt fram", segir Grétar. Hann segir að löggjöf um starfsmannaleigur hafi verið eitt helsta baráttumál ASÍ að undanförnu. Þrýst hafi verið á um slíka löggjöf á síðasta vorþingi, en það hafi ekki tekist. „Í samkomulaginu er sammælst um frumvarpið eins og það lítur út núna og við leggjum áherslu á að það verði samþykkt þannig"."

Það á ekki að gera neinar breytingar á þessu og þar sem Alþingi var ekki nógu duglegt að samþykkja tillögur sem lágu fyrir tóku þeir sig bara til og samþykktu þetta fyrir Alþingi og nú rennur þetta ljúflega í gegn fyrir áramót, herra forseti. Þetta verður samþykkt, stjórn og stjórnarandstaða sjá til þess.

Í nefndarálitinu segir eftirfarandi um starfshóp sem félagsmálaráðherra skipaði, með leyfi herra forseta:

„Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og félagsmálaráðuneyti. Samstaða náðist um að sett yrðu sérlög um starfsmannaleigur og gerðu fulltrúar aðila samkomulag um þau atriði sem fram koma í því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram. Samkomulagið náðist 15. nóvember sl. og var það ein af forsendum þess að ekki kom til uppsagnar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði."

Þetta stendur í nefndarálitinu, herra forseti. Forsenda þess að gerðir verði kjarasamningar er að þetta skuli samþykkt óbreytt. Svo geta hv. þingmenn talað hér fjálglega um minni háttar mál.

[14:23]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það hefur viðgengist á Vesturlöndum, einkum í þeim löndum þar sem velferðarkerfið er sterkt og samfélagið fer fram með þokkalegum hætti og menn ganga hver við annars hlið, að samfélagsstefna er m.a. mótuð í þríhliða samningaviðræðum atvinnurekenda, verkalýðshreyfingar og ríkis. Ég tel að þetta hafi orðið til gæfu í þeim samfélögum þar sem þessi siður hefur tekist upp og sé augljós galli í öðrum samfélögum þar sem þetta hefur ekki gerst. Ég get nefnt t.d. Bandaríki Norður-Ameríku þar sem þetta er ekki svo og á m.a. þátt í þeim gríðarlega stétta- og tekjumun sem ríkir í því landi og mætti reyndar nefna önnur Evrópulönd hér til dæmis.

Þarna munar á milli mín og hv. síðasta ræðumanns, en ég er hins vegar sammála honum í því að við höfum kannski ekki fágað og þroskað þetta samstarf hér og þessar samræður eins og vera ætti. Til dæmis er það auðvitað klaufalegt að inn á þingið komi frumvörp sem a.m.k. í orði eru sögð nákvæmlega samin í svona viðræðum og Alþingi

þar með kúplað út úr eða ætlast til að það kúpli sjálfu sér út úr löggjafarstarfinu sem er þó fyrsta og fremsta hlutverk þess.

En þyrfti það að vera svo, spyr ég, forseti, hv. þm. Pétur Blöndal, ef Alþingi hefði druslast til þess og framkvæmdarvaldið hjálpað til þess að semja slík lög um starfsmannaleigur sem hér hefur verið beðið eftir í a.m.k. tvö ár og hæstv. félagsmálaráðherra hefði sett þetta starf í gang sjálfur, eins og honum auðvitað bar skylda til strax og þetta málefni kom upp í samfélaginu, sem það gerði auðvitað með hinum mikla innflutningi erlendra starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun, sem mátti sjá fyrir. (Forseti hringir.) Er þingmaðurinn ekki sammála mér að vanræksla ríkisstjórnarinnar eigi hér hlut að máli miklu fremur en nokkuð annað?

[14:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er dapurlegt að heyra fulltrúa á löggjafarsamkundunni vísa til framkvæmdarvaldsins um lagasetningu. Auðvitað áttu þingmenn sjálfir að vinna að þessu máli. Það var augljós vandi í þjóðfélaginu (Gripið fram í.) og ég vil taka fram að ég geri mér fullkomlega grein fyrir vandanum og ég er alveg sammála því að hann þurfi að leysa. Ég vil hins vegar ekki að menn geri það undir því helgislepjuáliti að menn séu að hjálpa erlendum verkamönnum því að þeir koma ekki til landsins, þeir fá ekki þessa vinnu ef menn ná fram markmiðum sínum. Það er ekki verið að gera neitt fyrir þá.

En það er nauðsynlegt að halda uppi því kerfi sem við höfum hér á vinnumarkaði, því lágmarkskerfi, ég er alveg sammála því, en þingmenn áttu sjálfir að vinna að þessu, hv. félagsmálanefnd hefði átt að vinna að þessu. (**Gripið fram í:** ... frumkvæðið.) Það vantar frumkvæðið, það vantar hreinlega hefðina fyrir því að þingmenn vinni slík mál. Menn kalla á framkvæmdarvaldið, ráðherrana sem eiga að framkvæma lögin. Og svo þegar aðilar vinnumarkaðarins grípa til sinna ráða og semja lagafrumvarp gerist það ekki þannig að þeir biðji okkur um að semja eitthvað í þessa veru. Nei, nei, þeir koma með fullbúinn texta. Það er það sem ég er á móti. Það kom beiðni frá aðilum vinnumarkaðarins um að gera nokkrar breytingar á vátryggingarsamningum. Ég lít allt öðruvísi á það. Það var beiðni um að gera breytingu, það er allt annað en skipun um að framkvæma eitthvað óbreytt. Ég held að þetta sé mjög mikið vandamál.

Auðvitað ætti þingið að hafa miklu meira frumkvæði að því að taka á alls konar velferðarmálum og þróa velferðarkerfið og hafa einhver markmið og skoðanir í sambandi við það hvernig velferðarkerfið eigi að vera. Ég er með ákveðnar skoðanir í þeim málum og hef flutt um það frumvörp.

[14:27]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Ég er alveg sammála hv. þm. Pétri Blöndal um það að hér ætti að vera miklu meiri umræða og löggjafarstarf í kringum velferðarkerfið eða velferðarþjónustuna og þróun hennar en verið hefur. Hverjum ætli sé um að kenna? Ætli það sé velferðarandstæðingunum í Samfylkingunni, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Frjálslynda flokknum að kenna? Nei, ætli það sé ekki hreðjatakinu sem framkvæmdarvaldið hefur á stjórnarmeirihlutanum sem hér er um að kenna?

Þó að við séum sammála um þetta frábið ég mér athugasemdir eins og þingmaðurinn var með hér í upphafi, um að ég væri að biðja framkvæmdarvaldið um einhverja lagasetningu í þessu. Við samfylkingarmenn höfum tvisvar sinnum flutt þingsályktunartillögu sem var í eðli sínu frumkvæði að löggjafarstarfi, gerði ráð fyrir að sett væri á stofn nefnd til að hefja löggjafarstarf um starfsmannaleigur. Mig minnir að framkvæmdarvaldið hafi ekki átt að eiga neinn hlut að þeirri nefnd. Hverjir ætli hafi nú ekki samþykkt þetta? Ætli það hafi ekki verið stjórnarmeirihlutinn, sá sami og er hér undir hæl framkvæmdarvaldsins? Mér er þetta minnisstætt vegna þess að annaðhvort í fyrsta eða annað skiptið flutti aumingi minn framsöguræðu í þessu máli í fjarveru 1. flutningsmanns sem var Össur Skarphéðinsson, sem einkum hefur af okkar hálfu í stjórnarandstöðunni beitt sér fyrir þessu. Það var því tækifæri til þess, forseti, fyrir Pétur Blöndal að styðja þetta mál þá, að styðja það sjálfstæða löggjafarstarf á Alþingi sem við lögðum til. En hann gerði það ekki og hann situr þá uppi með að þurfa núna nauðugur viljugur, sem hluti af þessum stjórnarmeirihluta, að sætta sig við að lögin séu samin úti í bæ eins og mig minnir að hann hafi kallað það sjálfur.

[14:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kann nú aldrei við orðalag eins og hreðjatak og slíkt, það er dálítið leiðinlegt að nota svoleiðis í málefnalegri umræðu.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að ég held að þingmenn ættu allir að taka höndum saman um það að breyta því hvernig lagafrumvörp verða til. Ég hef nefnt það mörgum sinnum að það er hvorki í þágu framkvæmdarvaldsins né aðila vinnumarkaðarins né þjóðarinnar í heild að aðrir en þingmenn semji frumvörp. Svo ættu þingmenn eða þingnefndir að senda frumvörp til umsagnar til ráðuneyta, til aðila vinnumarkaðarins til að sjá hvernig gengur að framkvæma þau, í staðinn fyrir að við fáum það til umsagnar til að kanna hvernig gengur að framkvæma þau.

Ég vildi því gjarnan koma að þeirri hugmynd og hef gert það áður mörgum sinnum að Alþingi breyti þessari vinnureglu og jafnframt hætti Alþingi að hafa áhrif á framkvæmdir með alls konar breytingum í fjárlagafrumvarpi um að reisa kofa hér og rækta hund þar. Ég vildi gjarnan að menn notuðu þetta tækifæri þar sem kviknað hefur ljós hjá mörgum þingmönnum og þeir finna hvað þeim líður illa að þurfa að stimpla eitthvert samkomulag úti í bæ, og þeir tækju sér tak og færu að vinna málefnalega að málum sem brýn þörf er á að leysa. Það gæti komið ábending frá aðilum vinnumarkaðarins eða ráðuneytum til þingnefnda um að vinna þyrfti þetta eða hitt málið, nefndin ákvæði hvort hún gerði það eða ekki, hún ynni síðan frumvarpið, hún semdi það sjálf með aðstoð nefndadeildar Alþingis.

[14:31]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það hefur verið athyglisvert að hlýða

á umræðuna í dag um frumvarp til laga um starfsmannaleigur. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur talað um að stjórnarandstaðan sé að beygja sig í duftið gagnvart einhverju samkomulagi sem gert hafi verið á kontór úti í bæ og býsnast yfir uppurðarleysi stjórnarandstöðunnar gagnvart þessu samkomulagi.

Hins vegar talaði samflokksmaður hans, Guðlaugur Þór Þórðarson, hér fyrr í dag og spurði með hneykslan og forundran hvort stjórnarandstaðan og Samfylkingin ætluðu virkilega að koma með einhverjar breytingartillögur og ganga gegn verkalýðshreyfingunni í þessu máli. Það rekur sig greinilega hvað á annars horn í málflutningi stjórnarliða og samflokksmannanna, sjálfstæðismannanna Péturs H. Blöndals og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar í þessu efni.

Hið rétta í málinu er að stjórnarandstaðan, Samfylkingin, ætlar hvorki að beygja sig í duftið gagnvart einhverju samkomulagi frá kontór úti í bæ, eins og það var orðað, né heldur ætlar hún að ganga gegn verkalýðshreyfingunni eða aðilum vinnumarkaðarins í þessu máli. Staðreynd málsins er einfaldlega sú að höfum við kallað eftir og átt frumkvæði að löggjafarstarfi sem snýr að starfsmannaleigum undanfarin tvö ár. Það er einnig staðreynd að verkalýðshreyfingin hefur kallað eftir því að sett yrðu lög um starfsmannaleigur og hefur gert það núna í tvö ár þannig að við hljótum að fagna því að nú liggur frumvarp til laga um starfsmannaleigur fyrir í þinginu og er að verða að veruleika þó að við getum haft ýmislegt við það að athuga.

Þess vegna vil ég líka halda því hér til haga að það eru þrír aðilar að því samkomulagi sem samið var á kontór úti í bæ, eins og það er orðað. Það eru Samtök atvinnulífsins, það er ASÍ og það er ríkisstjórnin. Þetta eru þeir þrír aðilar sem hafa samið um málið og ríkisstjórnin er auðvitað jafnskuldbundin af þessu samkomulagi og ASÍ og Samtök atvinnulífsins og menn hljóta að standa við það samkomulag sem þeir gera.

Stjórnarandstaðan er ekki aðili að þessu samkomulagi, hún var ekki spurð hvernig þetta frumvarp ætti að líta út og það er því eðlilegt að hún haldi á lofti sjónarmiðum sem hún hefði talið nauðsynlegt að skiluðu sér inn í þetta frumvarp og það er líka eðlilegt að hún komi hér með tillögur til breytinga á frumvarpinu, hún hefur að sjálfsögðu fullan rétt til að gera það.

Ég ætlaði reyndar ekki að tala bara um þetta. Mig langar til þess að segja um þetta frumvarp að ég fagna því að það er komið fram, ég mun styðja það, en ég tel að það hefði átt að ganga heldur lengra í því en gert er hér. Ég tel t.d. að það hefði mátt skoða, og kannski hefur það verið gert en einhverra hluta vegna varð það ekki að veruleika í þessu frumvarpi, að starfsmannaleigur væru starfsleyfisskyldar. Hér er ekki um að ræða viðskipti með vörur, þetta eru ekki bara venjuleg vöruviðskipti sem eiga sér stað þegar um starfsmannaleigur er að ræða, hér er um að ræða viðskipti með fólk. Þess vegna tel ég að það þurfi að gera ríkari kröfur til þeirra en gert er í þessu frumvarpi. Ég held að slíkar kröfur vegi ekki að sveigjanleika heldur geti kannski stuðlað að því starfsmannaleigurnar sem hér starfa umgangist þetta launafólk, sem þær eru m.a. að flytja hér til landsins, af meiri virðingu en þær gera. Það er mikill misbrestur á því að þær umgangist þetta fólk af virðingu og virði réttarstöðu þess og kjör, og ég er ekki viss um að við náum alveg utan um það í þessu frumvarpi. Ég er samt sem áður sannfærð um að það er til bóta að það verði að veruleika, það er til bóta að fulltrúi fyrirtækis skuli vera sérstaklega skráður, það er til bóta að það eigi að gera skriflega ráðningarsamninga. Það er til bóta að hægt sé að hafa slíkt eftirlit með þessum starfsmannaleigum eins og hér er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnunin geri, þannig að margt er hér fært til betri vegar.

Það er í rauninni þyngra en tárum taki að sjá hvernig sumar þessar starfsmannaleigur umgangast sitt fólk. Ég fékk upp í hendurnar í gær mjög gróft dæmi um það frá Verkalýðsfélaginu Hlíf í Hafnarfirði og Félagi iðn- og tæknigreina. Það er um starfsmannaleigu sem var sett á laggirnar hér eins og hendi væri veifað í sumar til þess að flytja inn bæði ófaglært fólk og iðnaðarmenn til þess að vinna fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, þetta er ekki Kárahnjúkamál, hér er um höfuðborgarsvæðið að ræða. Hér á landi hafa verið á bilinu 80 til 120 manns á vegum þessarar starfsmannaleigu. Flestir eru þetta iðnaðarmenn og ófaglærðir verkamenn frá Austur-Þýskalandi sem hafa verið fluttir til landsins.

Þessi starfsmannaleiga hefur greitt þessum mönnum upp í laun fyrir októbermánuð, hún hefur ekkert greitt þeim fyrir nóvembermánuð og ekkert það sem af er desember og litlar líkur eru á að þeir fái þau laun sem þeir ættu með réttu að fá. Það sem var greitt upp í launin hjá þessum mönnum var miðað við lágmarkstaxta, eða 988 kr. á tímann fyrir iðnaðarmenn, og síðan var lífeyrisiðgjald ofan á það, þeir fá um 1.250 kr. greiddar á tímann, þ.e. dagvinnutíma.

En þegar launaseðlar þeirra eru skoðaðir kemur hið ótrúlega í ljós. Á einum mánuði eru dagvinnutímarnir á einum launaseðli sem ég hef hér undir höndum 305, það eru 305 dagvinnutímar í einum mánuði, hvernig í veröldinni sem það getur gerst að hægt sé að vinna 305 dagvinnutíma í mánuði þegar aðeins eru 173,33 dagvinnutímar jafnaðarlega í hverjum mánuði. Þessum mönnum var sagt að á Íslandi væru laugardagar almennir vinnudagar þannig að ekki ætti að greiða neitt sérstakt álag fyrir laugardagana. Þeir hafa verið að vinna hér helgar og kvöld og þetta eru launagreiðslurnar sem þeir fá.

Þetta fyrirtæki hefur tekið af mönnum bæði í lífeyrissjóð og staðgreiðslu skatta. Það hefur haldið eftir um 30 millj. kr. í staðgreiðslu skatta og hefur ekki skilað því. Það hefur haldið 10 milljónum í lífeyrisiðgjöld og ekki skilað því.

Núna eru þessir menn að fara heim, fengu eins og ég segi borgað upp í launin fyrir októbermánuð, og eru að fara heim til Austur-Þýskalands. Sumir eru farnir en aðrir hafa beðið í viku eftir að fá uppgjör frá fyrirtækinu og hafa ekki fengið, annar hópur fer heim 16. desember og sá þriðji 23. desember. Þeir fara héðan slyppir og snauðir og þeir eiga ekki einu sinni fyrir lestarmiðanum heim til sín þegar þeir koma til Þýskalands. Þeir eiga ekki fyrir olíu til kyndingar þegar þeir koma heim til sín. Þessir menn voru á atvinnuleysisskrá í fyrrverandi Austur-Þýskalandi, komu hingað til þess að reyna að komast í uppgrip, reyna að vinna sér inn einhverjar tekjur en þeir fara heim til sín aftur núna fyrir jólin slyppir og snauðir. Þeir eru í rauninni verr settir þegar þeir fara héðan en þeir voru þegar þeir komu, vegna þess að

þegar þeir fóru að heiman duttu þeir út af sjúkraskrám í Þýskalandi en þeir hafa ekki komist inn á sjúkraskrár hér, þeir eru ekki sjúkratryggðir á Íslandi af því að þeir eru ekki með lögheimili hér. Fyrir því liggur niðurstaða hjá Tryggingastofnun ríkisins að þeir eru skráðir í svokallaðri utangarðsskrá og hafa þar af leiðandi ekki getað fengið sjúkratryggingu. Eftir því sem mér skilst þýðir það að fjölskyldur þeirra í Þýskalandi eru ekki heldur sjúkratryggðar vegna þess að þetta tengist jú þátttöku á vinnumarkaði í Þýskalandi.

Þannig dæmi blasa við okkur hérna að einstaklingar, sem sumir hverjir eru kannski ekki með glæsilegan feril í atvinnulífinu að baki, setja hér upp starfsmannaleigur eins og hendi sé veifað, flytja inn 100 manns frá Þýskalandi og koma fram við þá með þessum hætti og síðan verða mennirnir að hverfa héðan af landi brott verr settir en þeir voru þegar þeir komu hingað.

Þetta eru ljótar sögur sem við höfum verið að heyra um þessi fyrirtæki og þó að eflaust ætti þetta fólk rétt í Ábyrgðasjóð launa ef fyrirtækið verður gjaldþrota, sem ég ætla ekki að fullyrða á þessari stundu en mér þykir ekki ólíklegt, þá þarf auðvitað að reka það mál og slíkt tekur langan tíma og þessir menn eru ekki á staðnum til þess að gæta hagsmuna sinna.

Ég óttast að við náum ekki alveg utan um þessi mál í því frumvarpi sem hér liggur fyrir og þess vegna er auðvitað mikilvægt að við höfum ákvæði inni í frumvarpinu um endurskoðun laganna innan tveggja ára til þess að við fáum reynslu á þetta og sjáum hvernig til hefur tekist í þessu sambandi. En miðað við frumvarpið eins og það liggur hér fyrir er auðvitað hægt að setja upp starfsmannaleigur bara með átta daga fyrirvara, þær eru ekki starfsleyfisskyldar, það eru engar tryggingar sem liggja til grundvallar þó að það sé verið að flytja fólk inn til landsins. Það hefur verið bent á að ferðaskrifstofurnar okkar sem eru að senda fólk úr landi í sumarleyfi þurfi að leggja fram tryggingar til þess að sannanlegt sé að þær geti komið fólkinu heim aftur, en starfsmannaleigur sem eru að flytja fólk inn til landsins þurfa ekki að leggja fram neinar slíkar tryggingar.

Nú eru eflaust ýmis vandkvæði á til þess að ná utan um þetta mál og auðvitað þarf að huga að því að þetta verði ekki íþyngjandi fyrir almenna verktakastarfsemi í landinu, það þarf að vera hægt að gera einhvern greinarmun þarna á milli. En mér finnst mikilvægt fyrir okkur og mér finnst það snúast um sómatilfinningu okkar Íslendinga að við reynum að haga þessu máli þannig að við misbjóðum ekki erlendu verkafólki sem við flytjum til landsins með því að koma fram við það með þeim hætti sem við erum með allt of mörg dæmi um, uppsöfnuð dæmi á undanförnum mánuðum.

Virðulegur forseti. Mér fannst ástæða til þess að greina frá þessu máli sem mun væntanlega verða opinbert nú um eða eftir helgina því að það eru auðvitað mál af þessu tagi sem við þurfum að reyna að ná utan um í þeirri lagasmíð sem hér er á ferðinni og ég hef vissar efasemdir um að það takist til fulls. Hins vegar er hinn mikilvægi þáttur málsins sá að við erum þrátt fyrir allt að sjá hér frumvarp til laga um starfsmannaleigur, það er verið að svara því kalli sem verkalýðshreyfingin hefur verið með undanfarin tvö ár, að vissu leyti er verið að svara kröfu stjórnarandstöðunnar hér á þingi á undanförnum tveimur árum og síðan stendur það bara upp á okkur sem sitjum á þingi að fylgjast með hvernig framkvæmdin verður og gera á þessu þær breytingar sem þarf að gera ef upp koma ágallar í framkvæmdinni.

[14:44]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Við ræðum um frumvarp til laga um starfsmannaleigur. Rétt í byrjun langar mig að nefna enn eitt dæmi úr þeim heimi, þ.e. um það þegar verkamenn eða iðnaðarmenn eru ráðnir í gegnum starfsmannaleigur frá útlöndum.

Á Akranesi starfa nokkrir Litháar í byggingarvinnu. Í ágúst síðastliðnum unnu þeir rúmar 330 klukkustundir og fengu fyrir það greiddar 97 þús. kr. Samkvæmt kjarasamningi hefðu það að lágmarki átt að vera 400 þús. kr. Þetta er ein ástæða þess að verkalýðshreyfingin og fleiri kalla eftir lögum um starfsmannaleigur. Erlent vinnuafl er staðreynd, og væntanlega starfsmannaleigurnar líka, á íslenskum vinnumarkaði. Þessu hafa því miður fylgt miklar deilur og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallaði eftir lögum um starfsmannaleigur í utandagskrárumræðu á Alþingi þann 6. október 2003.

Hér er komið fram frumvarp. Ég hefði í sjálfu sér viljað að það gengi lengra, þá helst varðandi notendaábyrgð fyrirtækja sem títt hefur verið nefnd í dag og jafnframt varðandi aðgang fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar að upplýsingum um kaup og kjör leigðra starfsmanna. Þess vegna leggjum við fulltrúar Samfylkingarinnar fram breytingartillögu en í henni segir, með leyfi forseta:

„Notendafyrirtæki bera ábyrgð á því að allir sem hjá þeim starfa njóti launa og annarra starfskjara sem fullnægi áskilnaði 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þrátt fyrir að starfssamband viðkomandi starfsmanns og notendafyrirtækis sé byggt á milligöngu starfsmannaleigu."

Yrði þessi tillaga samþykkt mundi það bæta lögin til muna.

Frumvarpið kom frekar seint fram. Þrátt fyrir það tel ég að félagsmálanefnd, undir stjórn hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, hafi farið vel í gegnum frumvarpið. Margir voru kallaðir fyrir nefndina og flestum ætti að vera ljóst að forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar standa í miklu stappi við starfsmannaleigur og notendafyrirtæki til að fá upplýsingar um kaup og kjör. Svo virðist sem lög um kaup og kjör sé þverbrotin. Við því er reynt að sporna með þessu frumvarpi en sökum þess hve lifandi íslenski vinnumarkaðurinn er og hve skammt mörgum finnst þessi lagasetning ganga leggur félagsmálanefnd fram breytingartillögu um að lögin skulu endurskoðuð innan tveggja ára.

Hæstv. félagsmálaráðherra svaraði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þannig fyrr í dag að honum væri full alvara með frumvarpinu og mundi m.a. vinna að því að leysa þann fjárhagsvanda sem Vinnumálastofnun telur sig lenda í ef hún eigi að fara í öllu að ákvæðum lagafrumvarpsins, um að stofnunin sæki og haldi utan um þær upplýsingar sem þarf. Vinnumálastofnun mun gegna mjög mikilvægu hlutverki.

Nefndarálitið er að mínu viti gott. Á það mun örugglega reyna sem lögskýringargagn í framtíðinni. Það er því bráðnauðsynlegt. Þar kemur m.a. fram að lögunum sé ætlað að koma í veg fyrir undirboð á íslenskum vinnumarkaði og takmarka möguleika á óheilbrigðri samkeppni. Jafnframt kemur fram í nefndarálitinu að notendafyrirtækjum beri að virða gildandi kjarasamninga og lög sem gilda á vinnumarkaði.

Ákvæði 9. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, um störf trúnaðarmanna, heldur gildi sínu samkvæmt nefndarálitinu. Frumvarpið breytir jafnframt ekki eftirlitshlutverki verkalýðsfélaga varðandi skyldu fyrirtækja vegna launþega. Auk þess kemur fram í nefndarálitinu nauðsyn þess að skoða sérstaklega vinnuverndarmál og skattamál varðandi starfsmenn starfsmannaleiga.

Forseti. Það er bráðnauðsynlegt að setja lög um starfsmannaleigur. Þeir sem bera hag launþega fyrir brjósti og vilja að friður ríki á vinnumarkaði telja frumvarpið ekki ganga nógu langt. Með þeim breytingartillögum sem hér liggja fyrir yrðu lögin mun betri. En við í Samfylkingunni styðjum frumvarpið og munum vaka yfir framvindu mála.

Ég verð að segja að það vekur athygli mína að þingmenn Sjálfstæðisflokksins, með hv. þm. Pétur H. Blöndal í fararbroddi, virðast á móti því að sett séu lög um starfsmannaleigur. Hvers vegna veit ég ekki en það er a.m.k. víst að það var ekki að frumkvæði þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem þetta frumvarp kom fram heldur fyrst og fremst að frumkvæði þingmanna Samfylkingarinnar.

[14:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Örstutt, varðandi þessa breytingartillögu: Hvernig á notendafyrirtæki að vita að starfsmannaleiga greiði laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningum?

[14:50]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég náði ekki alveg spurningunni. Get ég fengið að heyra hana aftur?

[14:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Spurningin var afskaplega einföld: Hvernig á notendafyrirtækið, sem fjallað er um í breytingartillögunni, að bera ábyrgð á því að allir sem hjá því starfa njóti launa og annarra kjara, hvernig á það að vita að starfsmannaleigan greiði laun og starfskjör hennar séu í samræmi við kjarasamninga? Það veit ekkert um það.

[14:51]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég nenni ekki að svara svona útúrsnúningum.

[14:52]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið þekkt á Íslandi í marga áratugi að ríkisstjórnir hafi beitt sér fyrir því að aðilar vinnumarkaðarins, atvinnurekendur og launþegar, nái ákveðnu samkomulagi. Ef menn líta á söguna geta þeir deilt um áhrifin sem þetta hefur haft en ég held að flestir séu þeirrar skoðunar að í mörgum tilfellum, ef ekki nær öllum, hafi þetta leitt til góðs. Slíkt fyrirkomulag hefur komið í veg fyrir deilur og komið málunum áfram.

Sumir á hinu háa Alþingi segja að með slíku samkomulagi sem ríkisstjórnin stendur fyrir sé löggjafarþingið á einhvern hátt niðurlægt. Menn hafa komið inn á það í dag. Ég hef hlustað á það mér til undrunar, virðulegi forseti. Menn hafa talað um að þeir ættu ekki beygja sig í duftið fyrir fólki úti í bæ sem væri að semja þar o.s.frv. Mér finnst þessi umræða ekki rétt.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa mjög miklar skyldur. Það sem þeir semja um getur haft grundvallarþýðingu fyrir framgang efnahagslífs á Íslandi. Mér finnst eins og menn gleymi því oft hvaða þýðingu kjarasamningar hafa, eins og allir gleymi því hver er grundvallarþýðingin með kjarasamningum. Grundvallarþýðing kjarasamninga í landi eins og Íslandi er friðarskyldan sem fylgir samningunum. Friðarskyldan er grundvallaratriðið og þess vegna er hörmulegt, og ég tek undir það með mönnum, ef einhver ruddamenni nýta sér fáfræði erlendra fátækra verkamanna. Það er hörmulegt og eðlilegt að menn reyni allt hvað þeir geta til að koma í veg fyrir slík óhæfuverk. Hins vegar verður löggjafinn að gæta þess á hverjum tíma að trufla ekki með lagasetningu eðlilega verktakastarfsemi í landinu, sem er eðlileg og mjög nauðsynleg. Þetta er því alltaf vandmeðfarið.

Sumir koma og ræða um samkomulag sem ríkisstjórnin stendur fyrir. Ég lít þannig á að það hefði mjög mikinn skaða í för með sér til framtíðar ef aðilar vinnumarkaðarins, m.a. Alþýðusamband Íslands, hefðu vantrú á stjórnvöldum. Ég held að allir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, svo og allir stuðningsmenn fyrri ríkisstjórna sem hafa staðið að slíku samkomulagi, líti þannig á að það sé höfuðnauðsyn að fylgja slíku samkomulagi.

Það var gert annað samkomulag en það sem var gert um starfsmannaleigur. Það var líka gert samkomulag um breytingu á atvinnuleysisbótum, um að tekjutengja þær. Það er ekki launungarmál, virðulegi forseti, að ég hef átalið forustumenn atvinnulífsins mjög harðlega fyrir það samkomulag. Ég hef bent þeim á að það einkennist af mjög miklu kæruleysi af þeirra hálfu. Ég hef sagt að það sé ekki bitið úr nálinni með það fyrir vinnumarkaðinn hvað þetta hafi í för með sér. Eigi að síður hvarflar ekki að mér annað en að styðja ríkisstjórnina. Það má ekki gerast nokkurn tíma að ríkisstjórn, hvort sem það er þessi ríkisstjórn eða önnur ríkisstjórn í framtíðinni, geri slíkt samkomulag við aðila vinnumarkaðarins en síðan fari menn að efast um að hún hafi afl til að framfylgja samkomulaginu.

Virðulegi forseti. Mér finnst umræðan í dag, sem lunginn af deginum hefur farið í, koma dálítið á óvart og þessi röksemdafærsla stjórnarandstöðunnar fyrir breytingartillögum hennar ber vott um tvöfaldan móral. Auðvitað hefur stjórnarandstaðan fullan rétt til hvaða skoðunar sem er á hvaða máli sem er. Auðvitað hefur hún í framtíðinni hvaða rétt sem er til að leggja fram breytingartillögur við hvaða löggjöf sem er. Enginn efast um það. En vitandi að það er höfuðnauðsyn fyrir framtíðina að aðilar vinnumarkaðarins

geti treyst því að samkomulag sem ríkisstjórn, núverandi eða einhver önnur, hefur gert standist þá finnast mér rökin fyrir breytingartillögum þeirra skrýtin.

Virðulegi forseti. Hvað ef einhver í þinginu, nú eða síðar, kæmi með tillögur og berðist fyrir því að breyta samkomulagi ríkisins, t.d. á þann veg að það stæðist ekki þær lágmarkskröfur sem Alþýðusambandið hefur sett? Væri það ekki að dómi þessa fólks hin mesta svívirða? Eflaust. Ég efast ekki um það. Þess vegna er skrýtið að menn skuli núna eyða deginum í deilur, m.a. um hvort grundvöllur sé fyrir þessum breytingartillögum. Ég held að stjórnarandstaðan ætti að sjá sóma sinn í því vegna aðstæðna og þess sem um er að ræða, samkomulags sem lögleg ríkisstjórn Íslands hefur gert við aðila vinnumarkaðarins, að sleppa bara breytingartillögum sínum. Hún hefur nægan tíma til þess í framtíðinni að vinna að breytingum á löggjöfinni. Tillaga mín er sú að þeir dragi breytingartillögur sínar til baka og láti málin ganga fram eins og þessir þrír aðilar, vinnuveitendur, Alþýðusambandið og ríkisstjórnin, gerðu ráð fyrir.

[14:58]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom mér ekki á óvart að heyra hv. þm. Einar Odd Kristjánsson leggja á það áherslu að samkomulag sem aðilar vinnumarkaðarins gera sín á milli og við ríkisstjórnina skipti verulegu máli og það sé ekki spurning um að beygja sig í duftið þó að slíkt samkomulag komi til kasta Alþingis, til meðferðar Alþingis og hljóti samþykki á þingi. Mér fannst ánægjulegt að heyra það.

Ég er hv. þingmanni sammála um að samkomulag vinnumarkaðarins skiptir gríðarlegu máli fyrir efnahagslífið. Þar skipta þrír þættir meginmáli. Þeir eru ríkisfjármálin, stjórn peningamála og samkomulag aðila vinnumarkaðarins um kjaramál. Við eigum auðvitað að vaka yfir því eins og ríkisstjórnin og enginn má efast um, eins og fram kom hjá honum, að ríkisstjórn hafi afl til að fylgja slíku fram.

Það hefur komið fram hjá stjórnarandstöðunni, ég veit ekki betur en að það sé einróma niðurstaða stjórnarandstöðunnar, að hún styðji frumvarpið. En það er ekki hægt að meina mönnum að koma fram með skoðanir á því sem betur hefði mátt fara í þessu máli. Það má vafalítið bæta án þess að það skaði aðila vinnumarkaðarins nokkuð. Það er ekki eins og við séum að ræða um fjárhagslega þætti, að breyta kjarasamningum eða annað slíkt. Við bendum hins vegar á hluti sem bæta mætti án þess að skaða aðila vinnumarkaðarins. En stuðningurinn við frumvarpið stendur.

[15:00]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skilur þýðingu málsins en ég var einmitt að hamra á því vegna prinsippsins, vegna framtíðarinnar, að menn sæju sóma sinn í því og skildu hversu miklu það varðaði að slíkir hlutir gengju fram. Auðvitað hefur enginn meinað stjórnarandstöðunni að hafa hvaða meiningar eða skoðanir sem hún vill. Það datt engum manni í hug, það hefur hvergi komið fram. En hv. þingmaður sagði sjálf í ræðu fyrir 10–15 mínútum að hún skildi mætavel að ríkisstjórnin yrði að tryggja að samkomulagið gengi fram eins og frá því var gengið í hinum þríhliða niðurstöðum þessara þriggja aðila.

Til hvers er þá breytingartillagan flutt? Hv. þingmaður skilur að frumvarpið verður að ganga fram eins og frá því var gengið í samkomulagi þessara þriggja aðila. Hún sagði það áðan. Hún skilur það. Til hvers eru þá breytingartillögurnar fluttar? (**Gripið fram í:** Eðlileg spurning.) Þær eru fluttar bara af sýndarmennsku. Ég sagði að þetta væri tvöfaldur móralL og mér finnst það. Ég held að menn eigi ekki að vera með sýndarmennsku þegar við ræðum frumvörp sem eru svona til komin.

Allir eiga að skilja það núna og líka í framtíðinni, því það kemur ríkisstjórn eftir þessa ríkisstjórn og ríkisstjórn eftir þá ríkisstjórn o.s.frv., að þýðingarmikið samkomulag eins og þetta sem kann að vera gert af hvaða ríkisstjórn sem er á hverjum tíma við aðila vinnumarkaðarins þarf að fá stuðning þingsins.

[15:02]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú breytingartillaga sem hér er flutt af Samfylkingunni hefur ekki í för með sér neina eðlisbreytingu á því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Með tillögunni er verið að reyna að tryggja betur réttarstöðu þess erlenda vinnuafls sem hingað kemur m.a. til vinnu. Frumvarpið sem hér liggur fyrir getur staðið eftir sem áður í grundvallaratriðum og menn eru tilbúnir að standa að því. En þarna er um að ræða hlut sem getur tryggt betur, eins og ég sagði, réttarstöðu þess erlenda vinnuafls sem hingað kemur og ég tel eðlilegt að við tökum þetta upp hér og við látum á það reyna hvernig þingheimur stendur andspænis því.

[15:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn og aftur: Þetta var samkomulag þriggja aðila. Þrír aðilar gengu að samkomulaginu. Áðan var sagt réttilega: Um hvað urðu þeir sammála? Jú, lægsta samnefnara, á því byggðist samkomulagið. Það voru þrír aðilar. Samkomulagið lá um lægsta samnefnara. Svo koma menn með breytingartillögu sem gengur á einn af þessum aðilum. Til hvers? Vitandi það og hafandi sagt það í þessum stól fyrir nokkrum mínútum: Auðvitað skiljum við að samkomulagið þarf að fá lögfestingu eins og frá því var gengið. (Gripið fram í.)

Þetta er samkomulag þriggja aðila sem byggist á lægsta samnefnara. Það er sama hverju við breytum þá göngum við á hlut einhvers þeirra og það megum við ekki gera vegna þess að ríkisstjórnin var búin að heita því að ganga frá þessu svona. Ég vona, virðulegi forseti, að menn skilji þetta núna og í framtíðinni.

[15:04]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil í lok umræðunnar sérstaklega taka á því sem hér hefur komið fram, þ.e. að aðilar vinnumarkaðarins hafi sett félagsmálanefnd með einhverjum hætti stólinn fyrir dyrnar. Ég vil gjarnan að allir sem komu fyrir nefndina njóti sannmælis og réttmætis. Ég vil taka það skýrt fram að aðilar vinnumarkaðarins sögðu aldrei á fund-

um nefndarinnar, eins og þingmenn hafa sagt í umræðunni, að frumvarpið yrði að fara óbreytt í gegn, að það væri skipun að frumvarpið færi óbreytt í gegn, það er ekki rétt. Þeir lögðu hins vegar áherslu á að þeir hefðu gert samkomulag.

Aðilar vinnumarkaðarins báðu ekki um að gerðar yrðu breytingar á frumvarpinu, þeir virða auðvitað löggjafann og það kom fram. Að sjálfsögðu eiga þeir von á því að við samþykkjum efnisinnihald samkomulagsins sem frumvarpið felur í sér á þeim nótum sem þeir sömdu um. Auðvitað búast aðilar vinnumarkaðarins við því. Af hverju ættu þeir að öðrum kosti að leggja mikla og erfiða vinnu í að gera samkomulag? Það er því alveg ljóst að þeir sögðu aldrei í nefndinni að það væri krafa þeirra að þetta færi óbreytt í gegn en þeir báðu ekki um breytingar. Þær breytingartillögur við frumvarpið sem nú liggja fyrir fela í sér eðlisbreytingu á málinu, mikla eðlisbreytingu.

Ég vil í lok umræðunnar bera svolítið blak af aðilum vinnumarkaðarins. Þeir létu aldrei þau orð falla í nefndinni að það mætti ekki gera breytingar á frumvarpinu en að sjálfsögðu búast þeir ekki við þeim.

[15:07]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Andsvar mitt er í því formi að ég fagna mjög ummælum hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, formanns félagsmálanefndar, vegna þess að þau eru gersamlega andstæð fullyrðingum síðasta ræðumanns á undan henni, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem lét þannig að verkalýðshreyfingin annars vegar og atvinnurekendur hins vegar stæðu með svipuna yfir mönnum að samþykkja orðrétt þann texta sem þeir hefðu með einhverjum hætti samið og ætluðust til í þríhliða samningum ríkisstjórnar, verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda að fjórði aðilinn, Alþingi Íslendinga, samþykkti. Það var svo fráleit túlkun hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að maður hélt að hann væri úti að aka en það var hann ekki heldur stóð hann hér í ræðustól og þrumaði þetta yfir þingmönnum eins og þeir væru annaðhvort börn eða með greind langt fyrir neðan meðallag og var auðvitað rétt hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að koma upp og leiðrétta þetta.

Þegar ríkisstjórnin gerir þessa samninga, ég var að hrósa þeirri almennu aðferð áðan, þá hefur hún sinn þingmeirihluta og skuldbindur stjórnarandstöðuna líka að einhverju marki þegar um landsins gagns og nauðsynjar er að tefla. En það er auðvitað ekki þannig, eins og hefur verið sagt frá fyrstu orðum okkar stjórnarandstæðinga í 1. umr. um málið, að nokkur maður geti skuldbundið Alþingi til eins eða neins, sérstaklega ekki þegar um er að ræða breytingar sem ekki varða grunneðli málsins, eins og þær breytingar sem við samfylkingarmenn leggjum til, sem tryggja enn frekar réttarstöðu þeirra sem heyra undir lögin og bæta við þáttum í því réttarríki sem við erum að reyna að byggja upp og því sambandi sem við erum að reyna að ná við aðrar þjóðir á tímum alþjóðavæðingar.

[15:09]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði áðan að að sjálfsögðu gætu þingmenn komið með þær breytingartillögur sem þeir vildu. Þeim er það heimilt, þeim er það frjálst, það er alveg klárt. Hins vegar er alveg rétt sem hann benti á að þegar menn gera samkomulag eins og þetta þá ætlast aðilar til þess að það haldi og þær breytingartillögur sem hafa komið fram við málið breyta frumvarpinu í eðli sínu. Það er því alveg skiljanlegt að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi bent á það. Ég vildi að lokum ná því fram svo það sé alveg skýrt, að ASÍ og SA stilltu nefndinni ekki upp við vegg heldur sögðu: Við gerum ekki kröfur um breytingar á frumvarpinu. Við virðum það samkomulag sem við höfum gert og frumvarpið felur í sér það samkomulag. Hins vegar virða þeir frelsi okkar til að gera breytingar ef okkur þykir það skynsamlegt. En okkur þykir það bara alls ekki skynsamlegt af því að þetta er samkomulag.

[15:10]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur mér satt að segja furðulítið við hvað hv. þm. Siv Friðleifsdóttur finnst skynsamlegt í málinu eða ekki. Það sem mér kemur við og ég fagnaði áðan er sú yfirlýsing hennar að þau samtök sem hér um ræðir, heildarsamtök atvinnurekenda annars vegar og verkalýðshreyfingin hins vegar, þ.e. Alþýðusamband Íslands fyrst og fremst, stilltu félagsmálanefnd og þar með Alþingi ekki upp við vegg í málinu, eins og hv. þingmaður kýs að orða það, heldur sögðu: Við gerum ekki tillögur til breytinga á samkomulaginu en auðvitað virðum við rétt Alþingis til að gera þær. Þá er spurning hvort Alþingi vill gera það og það höfum við í stjórnarandstöðunni viljað með því að virða grunneðli frumvarpsins sem við báðum um. Við höfum flutt tillögur um að slík lög verði sett en viljum færa frumvarpið til betri vegar vegna þess að okkur þykja þau ákvæði sem varða þarna tvo sérstaka hluti ekki gæfuleg og viljum breyta þeim. Í hvers þágu er það? Í þágu verkamannanna sem um er að ræða og í þágu verkalýðshreyfingarinnar og grunnhugsunar þess frumvarps sem um er að ræða.

Þetta sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði, þ.e. að þau samtök sem um er að ræða hafi ekki sett sig á móti breytingum Alþingis, enda væri það furðudjarfmannlegt af þeim, skiptir öllu máli vegna þess að það gengur þvert gegn því sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði áðan, að við værum bundin, ekki bara núna heldur um alla framtíð, af því samkomulagi sem þessi tvenn samtök kynnu að gera. Ég náði því ekki hvort það væri hvor við önnur eða hvort ríkisstjórnin var nauðsynlegur liður í því.

Ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir að hafa með skorinorðum hætti skýrt frá því að skilningur hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar er ekki hennar skilningur og ekki þeirra samtaka sem sendu fulltrúa sína á fund félagsmálanefndar.

[15:12]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki fallist á þá túlkun að ég sé að mæla eitthvað á móti hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Hann var einmitt að ræða um grundvöllinn að lagafrumvarpinu, þ.e. þetta þríhliða samkomulag. Við erum einmitt að vinna að því og ætlum að afgreiða hér á eftir.

Hins vegar vil ég ekki ljúka umræðunni þannig að menn telji að aðilar vinnumarkaðarins hafi stillt félagsmálanefnd upp við vegg af því að þeir gerðu það ekki. Þeir sögðu: Auðvitað virðum við löggjafann en við gerðum þetta samkomulag. Við biðjum ekki um breytingar af því að við erum trú þessu samkomulagi. En stjórnarandstaðan flytur breytingar. Gott og vel. Henni er það frjálst en þær breyta eðli málsins, það eru grundvallarbreytingar. Við erum trú þessu samkomulagi. Ég tel það vera skynsamlegt. Reyndar er þetta nýtt mál, ný lög, þannig að það er eðlilegt að endurskoða lögin innan tveggja ára. Þess vegna flytjum við þá breytingartillögu en í heild er málið mjög jákvætt á þeim nótum sem aðilar vinnumarkaðarins sömdu um við ríkisvaldið.

Ég ber mikla virðingu fyrir aðilum vinnumarkaðarins. Mér finnst það, eins og ég orðaði í morgun, mjög sjarmerandi, mér finnst það mjög flott að aðilar vinnumarkaðarins beri þetta mikla ábyrgð og geti samið, en þá verða þeir líka að trúa því að þeir hafi bakland í ríkisstjórninni þegar gengið er frá samkomulagi og það bakland kemur í ljós seinna í dag.

[15:14]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hélt ræðu áðan og hef vanist því hér á þinginu að þegar menn hefðu einhver andsvör við ræðum mínum færu menn upp í andsvör við þá ræðu en ekki við einhvern allt annan með andsvör sín. Það er því *nauðsynlegt að fara aftur í gegnum ræðuna úr því að hún* komst ekki til skila í fyrsta skipti enda liggur Alþingi ekkert á að fara í jólafrí að mínu viti.

Ég fór yfir það að við eigum langa sögu að baki að ríkisstjórnir Íslands, mjög margar ríkisstjórnir, hafa komið og staðið fyrir samkomulagi á vinnumarkaði. Þó að sumir séu á móti slíku samkomulagi og telji rangt að ríkisstjórnin komi nálægt því er það flestra manna mál sem ég þekki að það hefur oftast haft gæfu í för með sér. Ég vil líka trúa því að þetta sé ekki síðasta samkomulagið sem ríkisstjórn Íslands gerir við aðila vinnumarkaðarins. Ég trúi því að menn muni halda áfram á þeirri farsældarbraut sem þeir hafa verið, bæði núverandi ríkisstjórn, sú sem kann að taka við af henni og sú næsta og næsta inn í framtíðina.

Ég fór áðan yfir það eins skilmerkilega og mér var unnt að ef slík samkomulög eiga að geta borið gæfu í framtíðinni væri mjög þýðingarmikið að traust aðila vinnumarkaðarins á þeirri ríkisstjórn sem væri að semja væri til staðar. Auðvitað liggur alveg fyrir að Alþingi er frjálst að því sem það samþykkir. Auðvitað getur enginn maður komið og kúgað alþingismenn. Auðvitað geta engin samtök komið og heimtað að Alþingi geri svona en ekki hinsegin enda hefur engum dottið það í hug. Frásagnir af komu aðila vinnumarkaðarins til félagsmálanefndar benda til hins gagnstæða. Þeir sögðu einmitt: Við viljum ekki gera neinar kröfur, við viljum ekki gera breytingartillögur, við virðum rétt Alþingis. En þeir virða líka það þríhliða samkomulag sem var gert við atvinnurekendur, vinnuveitendur, aðila Alþýðusambandsins og ríkisvaldið. Þess vegna lagði ég áherslu á að ég teldi það til framtíðar horft mjög þýðingarmikið að Alþingi á hverjum tíma legði sig fram um að slíkt samkomulag væri virt og staðfest í þinginu. Ég sagði ekkert annað. Hvað sem hv. þm. Mörður Árnason hefur heyrt var það örugglega ekkert annað sem ég sagði og þetta á að vera alveg skýrt. Ég vil ítreka það hér því ég heyrði á andmælum hans áðan við allt annan þingmann að hann hafði greinilega ekki tekið eftir því sem ég sagði og því endurtek ég það hér nú.

[15:17]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég fór í andsvör við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur vegna þess að ræða hennar var í raun eitt stórt táknrænt andsvar við ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Þá þótti mér kominn tími til að stjórnarandstöðuþingmaður vekti athygli á því að hann héldi með öðrum helmingi stjórnarliðsins gegn hinum helmingnum í málinu. En nú virðist það hafa verið einn stór misskilningur.

Við skulum taka vendilega niður hvað við erum öll sammála um, ég, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Siv Friðleifsdóttir. Hvað er það? Þau samtök sem hér um ræðir, stjórn Alþýðusambands Íslands og samtök atvinnurekenda, sendu fulltrúa sína á fund félagsmálanefndar. Þeir sögðu að þeir bæðu í sjálfu sér ekki um neinar breytingar á frumvarpinu en virtu rétt Alþingis til að breyta því. Þetta er fínt. Þá er það komið. Við höfum þar með fullan rétt til, og höfðum hann reyndar fyrir, en það er mótmælalaust af hálfu þessara samtaka, að breyta frumvarpinu.

Þá kemur að máli númer tvö. Eigum við að breyta frumvarpinu? Það er allt annað mál. Hv. þingmenn Einar Oddur Kristjánsson og Siv Friðleifsdóttir hafa lengi velt því fyrir sér en hafa þó ekki komist að kjarna málsins: Eigum við að breyta frumvarpinu? Ég tel heppilegt að breyta frumvarpinu í þeim atriðum sem hér hafa verið tiltekin. Ég lít ekki svo á að það muni rifta þeim samningum sem samtök atvinnurekenda hafa gert við Alþýðusamband Íslands.

Eða er svo, forseti? Er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson með boð um það? Hv. þingmaður tengist mjög öðrum þessara samtaka enda var hann formaður þeirra á sínum tíma þótt þau hétu þá öðru nafni. Er hann með boð um að samningunum verði rift ef Alþingi Íslendinga samþykki aukinn rétt verkamanna og verkalýðsfélaga í þeim tveimur atriðum sem við höfum lagt fram? Ég spyr, hann svarar.

[15:20]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get líka spurt: Hvaða endemis vitleysa er þetta? Ég hef farið yfir það að gert var samkomulag þriggja aðila. Að því komu þrír aðilar, þ.e. ríkisvaldið, vinnuveitendur og Alþýðusambandið. Þegar þrír aðilar gera með sér samkomulag er það höfuðnauðsyn fyrir ríkið, sem ber ábyrgð á samkomulaginu, að það standi. Ef það breytist þá breytist það þannig að það hallar á annan aðilann. Um það voru allir sammála og margir af stjórnarandstæðingum hafa sagt það. Samkomulagið var um lágmark sem einhver kallaði lágmarkssamnefnara, þ.e. einhver úr stjórnarandstöðunni. Ég veit það ekki. Ég var ekki í þessum samningum.

Samkomulagið var milli þriggja aðila. Ég bendi á að ef slíkt samkomulag gengur ekki, stenst ekki í meðförum þingsins, þá getur verið slæmt upp á framtíðina. Það grefur undan trausti þessara aðila á að standa að slíku samkomu-

lagi. Sagan sýnir okkur að oftar en ekki hefur samkomulag af því tagi verið til farsældar. Ég tel þetta því hættulegt atvik og endurtek áskorun mína til stjórnarandstöðunnar um að draga breytingartillögu sína til baka.

[15:21]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Endemis vitleysa, segir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hann býr að langri þingreynslu og hefur mikið vit til að fella slíka dóma. Hann svarar hins vegar ekki spurningu minni um það hvort ræður hans hér áðan hafi verið skilaboð frá einhverjum samtökum um að tilteknum samningum verði rift ef Alþingi Íslendinga breyti þessu frumvarpi og samþykki lög, sem það á að gera samkvæmt stjórnarskrá, með öðrum hætti en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vill sjálfur.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni, að hann hefur ekki fylgst með umræðunni í dag. Hann heyrði þess vegna ekki andsvör mín áðan. (**EOK:** Ég fylgdist með.) Hann virðist ekki hafa gert það. Í ræðu hans kom ekki fram sá skilningur á afstöðu minni sem ég lýsti áðan, þ.e. að ég teldi að í samfélögum þar sem svokallaður ný-korporatismi hefði ekki tíðkast, verulegt samráð ríkisstjórnar og ríkisvalds, verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda um heildarstefnuna í samfélaginu og einkum í efnahagsmálum, að þar sem það hefði ekki gerst þá hefði það verið miður. Ég styð þá samráðsleið. Hún verður hins vegar að fylgja hefðinni í hverju landi fyrir sig. Ég tel ekki heppilegt að samráðið sé með þeim hætti að ríkisstjórn, sem er aðeins hluti ríkisvalds, geri bindandi samninga þannig að hún múlbindi meiri hlutann og þar með stjórnarandstöðuna í þinginu, sem er annar hluti ríkisvaldsins, til að samþykkja það orðalaust og óbreytt. Enda kemur engum samningsaðila þetta til hugar, nema þá að Einar Oddur Kristjánsson beri okkur boð frá samtökum atvinnurekenda um að þau ætli sér að rifta samkomulaginu og muni ekki treysta ríkisvaldinu nokkru sinni framar ef við aukum þann rétt sem um er að ræða í breytingartillögum okkar.

[15:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu er ég ekki sendiboði eins né neins. Hvaða hvatir liggja á bak við það hjá hv. þingmanni þegar hann spyr mig slíkra spurninga? Ég er ekki einu sinni fulltrúi jólasveinsins. Ég er ekki fulltrúi eins né neins. (Gripið fram í.) Hvað á að þýða að koma með svona spurningar? Af hverju ætla menn mér að ég sé með einhverjar hótanir þótt ég bendi á að gagnvart framtíðinni, ég fullyrði það, getur verið slæmt ef aðilar vinnumarkaðarins hafa efasemdir um að ríkisvaldið á hverjum tíma standi við gerða samninga. Ég vil bara segja það.

Fyrir framtíðina getur það verið hættulegt. Ég vara menn við því. Auðvitað veit ég ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér frekar en aðrir. En mér finnst liggja í augum uppi að það er mikilvægt að samkomulagið fái staðist og aðilar vinnumarkaðarins treysti því að það sem um er samið standi. Þetta er mjög einfalt og enginn efast um það. Þetta er alveg skýrt.

[15:25]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er mjög mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórn geti náð samningum sín á milli um mikilvæg atriði. Hins vegar er ekki sjálfgefið að allir hlutir séu í samningaferli þar á milli. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að frumvarp til laga um starfsmannaleigur hefði ekki þurft að vera samkomulagsatriði á milli þessara aðila. Það er nokkuð sem Alþingi hefði getað sett lög um, þ.e. hlustað á sjónarmið beggja aðila og fengið þau fram en tekið síðan sjálfstæða afstöðu til þess hvernig slík lög ættu að líta út. Ég tel ekki sjálfgefið að um mál af þessu tagi sé samið í tvíhliða viðræðum og Alþingi sé síðan bundið af því.

En ríkisstjórnin ákvað að fara þessa leið. Það er mikill ávinningur af því er að þessi lög fái framgang. Þar hefur verkalýðshreyfingin unnið gott verk og ég skil vel að ríkisstjórnin er bundin af því samkomulagi sem hún gerir. Það er hins vegar fráleitt að halda fram að þótt stjórnarandstaðan flyti breytingartillögur þá sé þar á ferðinni sýndarmennska. Að sjálfsögðu ekki. Ég sagði áðan að við sátum ekki við samningaborðið. Við hljótum að leggja áherslu á það sem við hefðum viljað sjá í þessum lögum. Við vitum ósköp vel, þegar við flytjum hér breytingartillögu, að það er ekki líklegt að þær nái fram að ganga.

Við flytjum fullt af breytingartillögum við fjárlögin. Það er ekki líklegt að þær nái fram að ganga en það eru ekki sýndartillögur. Það eru tillögur sem sýna hvernig við hefðum viljað standa að málum, hverju við hefðum viljað ná fram hefðum við setið við samningaborðið. Það á við í þessu máli.

Við tökum vissulega afstöðu með sjónarmiðum sem verkalýðshreyfingin hefur haldið fram, sjónarmiðum sem hún hélt fram en náðu ekki fram að ganga í þessari umferð. Við sýnum samstöðu með henni í því tilliti og tökum kannski einn aðila fram yfir annan í þessu þríhliða samkomulagi. En það er mikilvægt að við höldum þeim sjónarmiðum á lofti á Alþingi, hv. þingmaður, og ég frábið mér að lítið sé gert úr því.

[15:27]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ríkisstjórn Íslands, svo ég fari enn í gegnum það, stendur fyrir samkomulagi milli tveggja aðila, við getum kallað þá A og B. Samkomulag getur verið um hvað sem er. Þetta geta verið hvaða aðilar sem er. Við erum sammála um að þegar ríkisstjórnin gerir samkomulag við aðila vinnumarkaðarins þá hefur það gríðarlega þýðingu fyrir efnahagslífið. Það er þríhliða samningur sem byggist á lágmarkssamnefnara sem báðir aðilar geta verið sammála um.

Að sjálfsögðu, virðulegi forseti, geta menn haft hvaða skoðun á því sem er. Við getum fordæmt samkomulagið. Enginn bannar mönnum það. Menn geta haft allt aðra skoðun á samkomulaginu. Ég bendi aðeins á að til framtíðar hlýtur að vera þýðingarmikið, a.m.k. í augum þeirra sem telja að slíkt samkomulag geti leitt til farsældar eins og saga Íslands segir skýrt til um, að aðilar málsins geti treyst því að það standi, að Alþingi fari ekki að halla á annan aðilann,

hvort sem það er A eða B. Menn verða að geta treyst því að samkomulagið standi. Breytingartillögur sem kunna að koma fram munu yfirleitt halla á annan aðilann. Það getur verið á hvorn veginn sem er. Ég vara við því að Alþingi geri það. Ég vara við því. Það mundi grafa undan getu stjórnvalda til að stuðla að farsælum lausnum í slíkum málum.

[15:29]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Breytingartillögur frá stjórnarandstöðu, við þær aðstæður að gert hefur verið þríhliða samkomulag milli verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ríkisstjórnar, geta verið á hvorn veginn sem er og þar getur hallað á annan hvorn aðilann.

Það er t.d. mjög líklegt að þegar Samfylkingin kemst í ríkisstjórn og gerir slíkt samkomulag þá rísi upp sjálfstæðismenn úti í sal og vilji gera breytingartillögur sem dragi taum atvinnurekenda. Gott og vel. Þeir hafa fullan rétt til þess en það væri í okkar verkahring, sem þá verðum í ríkisstjórninni, að standa vörð um verkalýðshreyfinguna og fylgja eftir því samkomulagi sem við höfum gert.

[15:30]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef menn vilja teyma þetta lengi þá er það svo sem hægt. Það skiptir engu máli hvort það er ríkisstjórn Framsóknarflokks eða Sjálfstæðisflokks eða Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins eða Vinstri grænna. Það er jafnþýðingarmikið, ef það eru rétt kjörin stjórnvöld sem vinna að slíkum þjóðþrifamálum, að það standi sem ríkisstjórnin gerir og menn geti treyst því að slíkt samkomulag verði að lögum. Það skiptir engu máli hverjir semja eða á hvaða tíma. Það er jafnnauðsynlegt.

Að gera því skóna að í framtíðinni, ef ógæfan yrði sú að Samfylkingin færi í ríkisstjórn, mundu einhverjir vondir sjálfstæðismenn gera einhverja vitleysu er náttúrlega draumsýn sem ég vona, virðulegi forseti, að aldrei muni reyna á. En það eru rétt að koma jólin þannig að ég ætla ekki að trufla menn með því meira. En ef menn trúa því að svona séu hlutirnir (Gripið fram í.) virðulegi þingmaður, þú getur ábyggilega talað einhvern tíma seinna, þá hefur slíkt samkomulag oftast reynst farsælt. Ég hvet menn til þess til framtíðar að efla traustið á ríkisstjórn Íslands á hverjum tíma þannig að það geti orðið áframhald á því. Það er tilgangslaust að reyna að snúa út úr því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkaleyfi, 2. umr.

Stjfrv., 346. mál (nauðungarleyfi). — Þskj. 380, nál. 524.

[15:31]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila sem tengjast málinu og eru nánar tilgreindir í nefndaráliti þessu.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvíþættar breytingar á 49. gr. laga um einkaleyfi, annars vegar að tveimur málsliðum verði bætt við 1. mgr. og hins vegar að bætt verði við nýrri málsgrein. Ákvæði 49. gr. laganna varðar heimild til nauðungarleyfis og skilyrði til að fá slíkt leyfi. Samkvæmt greininni verður nauðungarleyfi eingöngu veitt þeim sem ekki hefur með samningi tekist að fá nytjaleyfi með sanngjörnum kjörum og ætla má að sé fær um að hagnýta uppfinninguna á sanngjarnan og viðunandi hátt og í samræmi við leyfið.

Ástæður breytinganna eru annars vegar samþykkt ríkisstjórnarinnar um viðbrögð við hugsanlegum heimsfaraldri, svo sem inflúensu, en þá má búast við að innflutningur lyfja takmarkist eða stöðvist alveg um nokkurn tíma og hins vegar að laga íslenska einkaleyfalöggjöf að ákvörðun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003 um framkvæmd svonefndrar Doha-yfirlýsingar frá 2001 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og heilbrigði almennings.

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að í neyðartilvikum hér á landi eða þegar um annað alvarlegt hættuástand er að ræða séu samningaviðræður ekki skilyrði en þannig má spara dýrmætan tíma. Einkaleyfishafi skal eftir sem áður fá sanngjarna greiðslu fyrir. Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er síðan gert ráð fyrir heimild til að veita nauðungarleyfi vegna lyfja til útflutnings til þróunarríkja eða ríkja sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda í samræmi við ákvörðun aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og heilbrigði almennings. Slík nauðungarleyfi verða þó aðeins veitt að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglugerð sem samræmist fyrrgreindri ákvörðun aðalráðsins.

A-liður 1. gr. frumvarpsins er óumdeildur og ekki komu fram athugasemdir varðandi hann. Við b-lið 1. gr. frumvarpsins voru hins vegar gerðar nokkrar athugasemdir, m.a. að frumvarpstextinn væri ekki nógu ítarlegur og að of margt þyrfti að útfæra nánar í reglugerð. Þá komu fram athugasemdir við að ekki væru tiltekin í frumvarpinu nein tímamörk á hvað samningaumleitanir þyrftu að standa lengi áður en leitað er nauðungarleyfis.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu og lýtur hún að því að efnisákvæði b-liðar 1. gr. frumvarpsins eru gerð ítarlegri. Þannig er gert ráð fyrir skilyrði í lögum um undanfarandi samningaumleitanir tiltekinn lágmarkstíma áður en leitað er nauðungarleyfis í þeim tilvikum þegar ekki er um að ræða neyðartilvik eða annað alvarlegt hættuástand í þróunarríkjum og ríkjum sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda. Einnig yrði tekið sérstaklega fram í lögunum að í reglugerð yrðu m.a. sett skilyrði um magn og merkingar allra lyfja sem framleidd yrðu á grundvelli nauðungarleyfis samkvæmt þessari málsgrein.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Efnismálsgrein b-liðar 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að veita nauðungarleyfi vegna lyfja til útflutnings til þróunarríkja og ríkja sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda í samræmi við ákvörðun aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og heilbrigði almennings. Sá sem óskar eftir nauðungarleyfi skal sýna fram á að hann hafi án árangurs reynt að öðlast heimild til framleiðslu frá einkaleyfishafa í þrjátíu daga. Framangreint skilyrði um samningaumleitanir á þó ekki við þegar um er að ræða neyðartilvik eða annað alvarlegt hættuástand. Nauðungarleyfi samkvæmt þessari málsgrein verða aðeins veitt að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglugerð sem samræmast fyrrgreindri ákvörðun aðalráðsins, m.a. varðandi magn og merkingar lyfjanna.

Hv. þingmenn Sigurjón Þórðarson og Gunnar Örlygsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Birkir J. Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Katrín Júlíusdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 2. umr.

Stjfrv., 236. mál (EES-reglur, læknar í starfsnámi). — Þskj. 236, nál. 494.

[15:36]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég flyt nefndarálit hv. félagsmálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þetta er 236. mál þingsins á þskj. 494.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund fjölmarga gesti. Í þessu máli er tekið á vinnutíma unglækna. Lagt er til að vikulegur vinnutímafjöldi lækna í starfsnámi verði styttur í áföngum. Frá gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum, fram til 31. júlí 2007 skal hámarksvinnutími lækna í starfsnámi, að yfirvinnu meðtalinni, ekki vera umfram 58 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili. Frá 1. ágúst 2007 til 31. júlí 2009 skal hámarkið vera 56 klukkustundir á viku. Þannig er veittur sérstakur aðlögunartími og stefnt að því að meginregla vinnutímatilskipunarinnar um 48 klukkustunda vikulegan hámarksvinnutíma verði komin til framkvæmda hér á landi 1. ágúst 2009. Jafnframt er kveðið á um að reglur sem settar voru fyrir gildistöku laga nr. 68/2003 skuli halda gildi sínu, en nokkur vafi hefur leikið á um gildi þeirra.

Virðulegur forseti. Í öllum aðdraganda málsins og í vinnu þess í félagsmálanefnd var um tíma nokkuð óvíst um fjárhagsafleiðingar frumvarpsins og bar í upphafi nokkuð mikið á milli fjármálaráðuneytisins og skoðana unglækna í því sambandi. Við vinnslu málsins kom í ljós að einhver misskilningur hafði verið í því en að lokum urðu aðilar nokkurn veginn sammála um afleiðingarnar, þ.e. að stöðum unglækna við sjúkrahúsin mun líklega fjölga um tíu ár hvert vegna innleiðinga tilskipunarinnar þannig að ráðuneytið telur að um 40 læknar verði á þessu fjárreiðutímabili en unglæknar telja að um 37–39 lækna verði að ræða en menn fengu sameiginlegan skilning á fjárhagsafleiðingunum í stórum dráttum.

Hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Pétur H. Blöndal og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álitið með fyrirvara. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Virðulegur forseti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

[15:40]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Örstutt. Ég geri fyrirvara við samþykkt undirskriftar nefndarálitsins vegna þess að ég skil ekki kostnaðarútreikningana sem því fylgja. Ekki stendur til að auka vinnumagnið sem unglæknar eiga að vinna, en þeir hafa unnið ómælda yfirvinnu og næturvinnu svo heyrir til óskapa. Það sem um er að ræða er að ráðnir verða fleiri læknar þannig að meiri vinna verður unnin í dagvinnu og við það lækkar kostnaðurinn, frú forseti, en hækkar ekki. Þetta er þekkt í öllum fyrirtækjum að það borgar sig að ráða fleiri starfsmenn til að láta vinna meira í dagvinnu eða vaktavinnu en vinna næturvinnu.

[15:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Segja má að fyrirvari minn við málið lúti að efni þess og kringumstæðum núna og líka því hvernig stjórnvöld hafa staðið að málum að undanförnu. Þannig er að menn hafa haft langan aðlögunartíma að því að koma reglum um vinnutíma unglækna í skikkanlegt horf. Það hefur verið með öllu óforsvaranlegt hvernig að þessu hefur verið staðið og ætti ekki að þekkjast í nútímanum, vinnutími af því tagi sem þar hefur iðulega verið ástundaður. Það er ósköp einfaldlega ekki þannig sem við eigum að reka heilbrigðisstofnanir okkar að stunda hálfgert þrælahald á ungu fólki eins og þetta hefur í raun og veru verið. (Gripið fram í.) Það efast ég mjög um, hv. þingmaður, að menn vilji það þó þeir kannski láti sig hafa það nýkomnir út úr skólum, blankir og þurfandi fyrir tekjur á allra fyrstu árunum. En þetta er líka plagsiður, þetta er gamall ósiður sem menn hafa haldið í og jafnvel verið einhver furðuleg rómantík í kringum það að þetta sé eitthvað sem eigi að viðgangast, sem er auðvitað alveg fráleitt og ekki síst með tilliti til þess hvers eðlis störfin eru sem hér eiga í hlut. Getur nokkur maður mælt því bót að öll vinnutíma- og hvíldartímaákvæði séu gersamlega þverbrotin hjá starfsfólki í vandasömum og viðkvæmum störfum á heilbrigðisstofnun? Það er auðvitað algerlega fráleitt.

Ég er mjög ósáttur við að ekki skuli hafa verið tekið á þessu bæði fyrr og betur. Þetta hefur áður orðið deiluefni hér á þingi en stjórnvöld hafa skotið sér undan því að taka almennilega á þessum málum. Ég tel reyndar að stjórnendur ýmissa stærstu heilbrigðisstofnananna séu ekki alveg saklausir í þeim efnum heldur, hafi af einhverjum ástæðum talið sér henta að láta þetta mál dankast og framlengjast.

Það hefur því gengið seint og illa að fá tillögur um hvernig ætti að vinna sig út úr þessu verkefni. Auðvitað hefur alltaf legið fyrir að æskilegast væri að gera það í skrefum, einhverjum áföngum þannig að þetta þyrfti ekki að leiða til snöggra breytinga í mönnun og rekstri spítalanna, en satt best að segja er þetta ekki slíkt stórmál að það eigi að hafa þurft að vefjast svona fyrir mönnum.

Ég benti t.d. á að úr því að hægt væri að uppfylla og hrinda í framkvæmd nýjum hvíldartímareglum fyrir lækna, þ.e. ekki unglækna heldur fastráðinna lækna á spítölunum, á t.d. lítilli deildaskiptri stofnun, litlu deildaskiptu sérgreinahúsi eins og FSA, hvers vegna í ósköpunum á það þá að vefjast fyrir mönnum að hrinda þessu í framkvæmd gagnvart þessum afmarkaða hópi, þ.e. unglæknunum? Og að það skuli sérstaklega hafa staðið á því að gera það á Landspítalanum, svona stórri stofnun þar sem eru miklu fjölmennari deildir og á að vera auðveldara að ráða við þetta á allan hátt, er auðvitað algerlega óskiljanlegt. Ég gagnrýni þessa frammistöðu, þetta sleifarlag. Það hefði einnig í þessum áfanga mátt taka betur á hlutunum og gera þetta að mínu mati hraðar en að gaufa með þetta fram undir lok þessa áratugar.

Að síðustu nefni ég að kannski hefur ekki verið haft eins náið samráð við samtök unglækna og æskilegt hefði verið um fyrirkomulagið á vinnutímanum, eins og reyndar er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þeir munu að vísu hafa komið sjónarmiðum sínum að gagnvart starfshópi sem unnið hefur að þessu máli á undirbúningsstigi og það er vissulega betur en ekki. Að mínu mati hefði verið eðlilegast að vinna þetta mál allt saman á öllum stigum í mjög nánu samráði við þá og það er meira hagur stjórnvalda að leita eftir slíku samstarfi við starfsmennina en öfugt, að þeir þurfi endilega á stjórnvöldum að halda í því tilviki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðismál, 2. umr.

Stjfrv., 343. mál (varasjóður viðbótarlána). — Þskj. 377, nál. 493.

[15:45]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. félagsmálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, á þskj. 493, mál 343.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund gesti.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um breytingu á útreikningi rekstrarframlaga til sveitarfélaga vegna hallareksturs í félagslega íbúðakerfinu. Þannig verður framlag reiknað út með hliðsjón af tekjumöguleikum og nýtingu tekjustofna sveitarfélags. Þá er lagt til að rammasamkomulag ríkis og sveitarfélaga verði framlengt um þrjú ár, til og með 2009. Auk þess verði ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála heimilt að ganga á eigið fé varasjóðs viðbótarlána annars vegar í þeim tilgangi að hækka rekstrarframlög til sveitarfélaga sem glíma við hallarekstur á félagslegum íbúðum í þeirra eigu eða félaga sem eru að fullu í eigu þeirra og hins vegar fái sveitarfélög aðstoð við að fækka þessum íbúðum með því að selja þær eða úrelda.

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Þór Hafsteinsson og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu, með fyrirvara.

Virðulegur forseti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgðasjóður launa, 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 385, nál. 491.

[15:46]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. félagsmálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðarsjóð launa. Nefndarálitið er á þskj. 491. mál 351.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið gesti á sinn fund. Í frumvarpinu er lagt til að ábyrgðargjald hækki úr 0,04% í 0,1%. Þetta er óhjákvæmileg hækkun en eigið fé sjóðsins var uppurið í árslok 2003. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að halla sjóðsins verði náð niður á sex árum ásamt því að sjóðurinn standi undir útgjöldum sínum. Ef ekkert verður að gert mun skuld sjóðsins við ríkissjóð nema um 2 milljörðum kr. að þessum sex árum liðnum.

Nefndin telur mikilvægt að unnið verði til samræmis við tillögur sem koma fram í úttekt sem Ábyrgðasjóður launa lét gera undir lok ársins 2004. Hún telur jafnframt nauðsynlegt að koma í veg fyrir óeðlilegt fjárstreymi úr sjóðnum og tryggja fjárhagsstöðu hans.

Rætt var í nefndinni um þörf á að gera breytingu á lögum um Ábyrgðasjóð launa til samræmis við frumvarp fjármálaráðherra, sem nú liggur fyrir þinginu, um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði og tengist samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um hækkun iðgjaldagreiðslna til lífeyrissjóða. Á þessari stundu er ekki ljóst hvenær framangreint frumvarp nær fram að ganga og er því ekki gerð tillaga um breytingu á lögunum að svo stöddu.

Virðulegur forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 364. mál (undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts o.fl.). — Þskj. 418, nál. 529, brtt. 530.

[15:48]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. félagsmálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Þetta nefndarálit er á þskj. 529 og er 364. mál þingsins.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti.

Efni frumvarpsins er þríþætt. Í fyrsta lagi að undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts verði fækkað. Verði frumvarpið að lögum mun breytingin skila sér í 600 millj. kr. aukningu á tekjum frá ríki til sveitarfélaga þar sem þær undanþágur sem í gildi eru nú varða helst fasteignir í eigu ríkissjóðs. Lagt er til að beinar styrkveitingar verði meginreglan framvegis.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að sveitarfélögin leggi fasteignaskatt á í Landskrá fasteigna frá 1. janúar 2007 og álagningin fari þannig fram í einu heildstæðu skráarumhverfi. Ástæða þess er einkum sú að auka hagkvæmni og öryggi.

Virðulegur forseti. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að fasteignaskattur sé annar mikilvægasti tekjustofn sveitarfélaga og af hálfu sambandsins hafi verið lögð áhersla á að ákvörðunarvald um álagningarhlutfall gjalda og innheimta skattsins sé hjá sveitarfélögunum. Á því, virðulegi forseti, verða ekki breytingar með þessu frumvarpi þannig að sveitarfélögin halda öllu því frelsi sem þau hafa varðandi það í dag.

Hvað varðar þá tillögu sem er gerð um fækkun undanþágna kom sú spurning fram í umræðum í nefndinni hvort undanþága elli- og örorkulífeyrisþega, skv. 4. mgr. 5. gr. laganna, muni falla niður verði frumvarpið að lögum. Virðulegur forseti. Sú er ekki raunin, sbr. 4. efnisgrein 4. gr. frumvarpsins.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson skrifa undir álitið með fyrirvara en nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali:

1. Lagt er til að tekið sé fram að álagning sé árleg og stofn til álagningar séu allar fasteignir í fasteignamati 31. desember næstliðins árs.

2. Þá er gerð tillaga um breytt orðalag í tilvísun í lögum um heilbrigðisþjónustu.

3. Lagt er til að orðin „mannvirki og lóðir“ séu notuð í stað orðsins „fasteign“.

4. Lagt er til að tekið sé fram í 2. efnisgr. 4. gr. að ákvæðið nái einnig til íþróttamannvirkja.

5. Að lokum er lagt til að 2. mgr. 20. gr. laganna verði breytt í samræmi við lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003.

[15:52]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. formanns félagsmálanefndar, Sivjar Friðleifsdóttur, skrifaði ég undir þetta nefndarálit með fyrirvara og í stuttu máli vildi ég gera grein fyrir því hvers vegna ég gerði það.

Það er einkum eitt atriði sem ég vildi gera athugasemdir við en það er að sveitarfélögin hafa ekki um það val hvort þau láti leggja á í Landskrá fasteigna heldur verður þeim gert skylt að gera það.

Við lögðum talsverða áherslu á það í umræðu í nefndinni að sveitarfélögin fengju val um þetta efni. Án efa vilja mörg sveitarfélög halda utan um sín mál sjálf, afgreiða þetta sjálf, en hins vegar varð þetta niðurstaðan. Kannski má segja sem svo að vegna þess hve gríðarleg fjárfesting hefur verið í Landskrá fasteigna — við fengum það fram í umræðum í nefndinni og frá Landskrá fasteigna að undanfarin fjögur ár hefur kostnaður við að byggja þetta upp verið allt að 2 milljarðar, þ.e. til ársins 2004. Ekki liggja fyrir kostnaðartölur fyrir árið 2005 og vitaskuld ekki heldur fyrir árið 2006 því þetta á að taka gildi 1. janúar 2007. En ef sami kostnaður verður þau ár sem ég nefni hér verður kostnaður við að koma þessu öllu í Landskrá fasteigna hugsanlega um það bil 3 milljarðar.

Alltaf er erfitt að meta nákvæmlega hvort um góða fjárfestingu er að ræða eða ekki, hvort skipulagi og utanumhaldi um fasteignir landsmanna verði betur fyrir komið þarna en nú er, um það er ákaflega erfitt að fullyrða. Ég hef haft á tilfinningunni undanfarin ár að þessi þróun hafi gerst dálítið sjálfala, þ.e. þetta hefur verið eins og snjóbolti sem hlaðist hefur utan á. Nú er svo komið að þessi uppbygging mun sennilega kosta ríkissjóð upp undir 3 milljarða. Það eru gríðarlegir fjármunir. Í því ljósi má kannski telja það eðlilega niðurstöðu að félagsmálanefnd og meiri hlutinn á Alþingi sé ekki tilbúinn að fallast á það að sveitarfélögin hafi val um að ganga inn í þetta. Sú hætta er þá fyrir hendi að þessi fjárfesting fari fyrir lítið. Fyrirvari minn, þegar málið var afgreitt, laut að þessu. Hann lýtur kannski meira að fortíðinni og hvernig haldið hefur verið á málum sem ekki verður breytt nú. Það breytir því ekki að ég hefði talið eðlilegt að sveitarfélögin hefðu um þetta tiltekið val en ekki var meiri hluti fyrir því í nefndinni.

[15:55]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga felur í sér að verið er að heimila, eða í rauninni að skylda, víðtækari skattheimtu á mannvirkjum og m.a. á félagslegum mannvirkjum — sem ég vil gera athugasemdir við. Hér er lagt til að fasteignaskatta megi leggja á sjúkrastofnanir, samkvæmt heilbrigðislögum, skóla, heimavistir, leikskóla, íþróttahús og bókasöfn.

Nú er það svo að mörg sveitarfélög hafa með sér samstarf um byggingu og rekstur slíkra mannvirkja víða um land. Verði þetta sjálfstæður skattstofn til sveitarfélagsins þar sem viðkomandi mannvirki er staðsett vekur það deilur og togstreitu um það eðlilega samstarf.

Þarna er líka verið að heimila skattlagningu á ríkisstofnunum, húsnæði sem oft eru skiptar skoðanir um hvar eigi að vera. Við þekkjum umræðuna á milli Kópavogs, Reykjavíkur, Mosfellsbæjar, Garðabæjar, Hafnafjarðar, svo fátt

eitt sé nefnt, þar sem visst kapphlaup er um að ná ríkisstofnunum til sín, að ekki sé minnst á landsbyggðina. Mörg sveitarfélög fá engar slíkar ríkisstofnanir, mannvirki, sem nú eiga að verða skattstofn fyrir viðkomandi sveitarfélag. Þetta er önnur ástæðan.

Hin ástæðan er sú að ég tel að þau félagslegu mannvirki sem þarna er verið að tala um eigi að njóta skattfríðinda því að samfélagið sjálft borgar þessa skatta, þeir deilast út á það. Þetta eru stofnanir sem reknar eru á samfélagslegum grunni á ábyrgð okkar allra landsmanna. Við öxlum líka ábyrgðina á þessari skattheimtu fyrir utan þann gríðarlega ávinning sem sveitarfélag sem fær slíkt mannvirki til sín hefur oft og tíðum, og veldur miklum deilum. Ég tel að þarna sé verið að ganga rangan veg og get ekki stutt það þó ég fagni því að að þessu sinni sé ekki lagt til að leggja fasteignaskatta á kirkjur og bænahús, hús trúfélaga og safnahús sem ekki eru rekin í ágóðaskyni. Það virðist vera það eina sem á að undanskilja.

Frú forseti. Ég vil gera grein fyrir þessu. Ég tel að þarna sé verið ganga rangan veg hvað varðar félagslegt og opinbert húsnæði í eigu ríkis og sveitarfélaga. Ég get því ekki stutt þetta frumvarp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskiptasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 191. mál. — Þskj. 191, nál. 523.

[15:59]

Frsm. samgn. (Hjálmar Árnason):

Forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. samgöngunefnd um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð. Nefndin fjallaði ítarlega um þetta mál og fékk til sín fjölmarga gesti svo sem greint er frá á þskj. 523. Segja má að almenn ánægja hafi ríkt innan nefndarinnar um efni þessa frumvarps, enda lýtur það því að renna stoðum undir ályktun Alþingis frá því í vor um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010 en frumvarpið gerir ráð fyrir því að stofnaður verði sérstakur sjóður til að ráðstafa fjármunum samkvæmt áðurnefndri fjarskiptaáætlun.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að yfir sjóð þennan verði sett stjórn og ákveðið skipulag og jafnframt að sjóðurinn heyri stjórnskipulega undir samgönguráðuneytið.

Þá er rétt, frú forseti, að vekja athygli á því að ríkissjóður leggur sjóðnum til að stofni 2,5 milljarða kr. en stjórn sjóðsins er einmitt ætlað að úthluta þeim fjármunum til einstakra verkefna samkvæmt fjarskiptaáætlun og samkvæmt ákvæðum fjarskiptalaga.

Af hálfu nefndarinnar hefur verið lögð áhersla á að sjóðurinn standi straum af kostnaði við nauðsynlega uppbyggingu fjarskiptakerfis hér á landi og fyrst og fremst sé þá miðað við stofnkostnað. Nefndin leggur jafnframt á það ríka áherslu að við slíka úthlutun úr sjóðnum skuli menn gæta að samkeppnissjónarmiðum og að verklag við þá úthlutun verði afar skýrt.

Almenn samstaða ríkti um efni þessa frumvarps en þó gerir nefndin tillögu um eina breytingu sem lýtur að 7. gr. þar sem fjarskiptasjóði er ætlað að bera allan kostnað af starfsemi sinni. Nefndin leggur til að við verði bætt öllum kostnaði Póst- og fjarskiptastofnunar af starfsemi sem tengist verkefni sjóðsins, að sá kostnaður verði einnig greiddur úr sjóðnum.

Hv. þm. Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu en þó með fyrirvara sem ég efa ekki eitt augnablik að hv. þingmaður muni gera rækilega grein fyrir hér á eftir. En undir þetta álit skrifa, auk þess sem hér stendur, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Kjartan Ólafsson, Kristján L. Möller, Sigurrós Þorgrímsdóttir, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, sem einnig hefur fyrirvara, og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Nefndin leggur sem sagt til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég gat um.

[16:02]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að nota þetta form til að gera grein fyrir fyrirvara mínum sem snýr að áhyggjum mínum af því sem mér fannst hv. þingmaður ekki víkja að. Það er varðandi NMT-kerfið eða annað sambærilegt kerfi sem ætlað er að þjóna fiskiskipaflotanum eða skipaflotanum umhverfis landið. Mér finnst ekki nægjanlega tekið á því hvernig með slíkt fyrirkomulag verður farið á komandi árum, hvorki í frumvarpinu um ráðstöfun símafjárins né í þessu frumvarpi Við höfum fengið fregnir af því að menn vilji leggja niður NMT-kerfið án þess að neitt sé komið í staðinn og ég óttast það svolítið að við munum standa frammi fyrir því, kannski af því þetta er ekki nógu fínt markað hjá okkur í þessum lögum um fjarskiptasjóðinn, að upp geti komið sú staða að enginn sérstakur sækist eftir því að þjónusta skipaflotann. Minn fyrirvari snýr eingöngu að þeim áhyggjum mínum.

[16:03]

Frsm. samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil og virði ugg hv. þingmanns yfir stöðu sjófarenda en vísa jafnframt til þess sem kemur fram í greinargerð með þessu frumvarpi og jafnframt til hinnar glæsilegu fjarskiptaáætlunar sem hefur verið samþykkt þar sem gert er ráð fyrir þessu og menn eru meðvitaðir um þetta. En ég deili áhyggjum með hv. þingmanni og það hlýtur að vera hlutverk sjóðsins að fylgja eftir hinni ágætu fjarskiptaáætlun þar sem er einmitt minnst á þau atriði sem hv. þingmaður dregur fram.

[16:04]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka svar hv. þingmanns og tel að m.a. þessi orð hans ættu að nægja til þess að menn hafi skilning á afgreiðslu þessa máls og því atriði sem ég vék að. Samkvæmt þessu ætti mönnum að bera skylda til þess með fjarskiptasjóðnum að tryggja að slíkt samband haldist hér á landi.

[16:04]

Jón Bjarnason:

Virðulegi frú forseti. Ég er með fyrirvara við þetta nefndarálit um fjarskiptasjóðinn. Þarna er verið að stofna sjóð sem á að fara að taka á og draga í land verstu ágallana sem koma upp við sölu Símans. Þarna finnst mér vera farið að fara mjög aftan að hlutunum. Ef þjóðin hefði átt Símann áfram þá hefðum við getað beitt styrk hans til að tryggja öflugt fjarskiptakerfi um allt land og jöfnuð í þjónustu og verði.

Nú er verið að flytja frumvarp um vandræðamál, stofnun fjarskiptasjóðs, þar sem ríkið ætlar að koma inn til að styrkja framkvæmdir varðandi fjarskipti sem teljast ekki svo arðbærar að fjarskiptafyrirtækin vilji leggja í þær. Þetta er ekki svo einfalt mál. Hvaða arðsemiskröfu ætla fjarskiptafyrirtækin að gera? Hvenær getum við gert kröfu á ríkið? Þarna er ríkið sett í spennitreyju gagnvart fjarskiptafyrirtækjum sem starfa hér á fákeppni, ef ekki á einkamarkaði, því einokun í fjarskiptum er orðin einkavædd, og með því að segja að ekki sé nógu arðbært að stunda fjarskipti í einhverjum landshluta þá geta þau bara gert kröfu á ríkið og ríkið á ekki annarra kosta völ en að greiða, því ekki getur það farið að viðurkenna liðsmuninn.

Þessi sjóður er settur á stofn með nokkrum heimanmundi, reyndar bara eingreiðslu 2.500 millj. kr. sem fyrst í stað á að koma inn í hinar svokölluðu óarðbæru fjárfestingar í fjarskiptum. Ég tel þetta ranga nálgun en ég styð samt þessa viðleitni hjá ríkisstjórninni og met hana, viðleitni til þess að bæta fyrir annars vitlausa ákvörðun um sölu Símans.

Ég vil benda á að í umræðunni í nefndinni kom fram að fjarskiptafyrirtækin og fleiri gátu engan veginn séð hvernig ætti að framkvæma þetta. Þau vildu líka fá reksturinn. Það er ekki nóg að leggja bara í stofnkostnað, sögðu þau, við þurfum líka að fá rekstarfjármagn því ekki viljum við standa undir rekstri á einhverri óarðbærri fjárfestingu. Þannig að við stofnun þessa fjarskiptasjóðs rak sig eitt á annars horn.

Frú forseti. Ég styð samt viðleitnina þó að þarna sé hálfpartinn verið að koma aftan að hlutunum. Miklu betra væri ef þjóðin hefði átt sinn Síma og getað beitt honum með eðlilegum hætti til að byggja upp öflugt og gott fjarskiptakerfi um allt land á jafnræðisgrunni en þurfa ekki að fara þessa fjallabaksleið til að reyna að bjarga því sem bjargað verður í þeim efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 174. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 174, nál. 525.

[16:08]

Frsm. heilbr.- og trn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, frá hv. heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Ólafsson, Borgþór S. Kjærnested og Helga Hjálmsson frá Landssambandi eldri borgara, Stefaníu Björnsdóttur, Ásgeir Guðmundsson og Einar Árnason frá félagi eldri borgara í Reykjavík.

Með frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 5,87%, um 337 kr. á hvern gjaldanda, úr 5.738 kr. í 6.075 kr. Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu kemur fram að hækkunin sé í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar og að gert sé ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 5,87% frá verðlagi í desember 2003 til desember 2004. Sú hækkun liggur hins vegar fyrir og þarf því ekki að áætla hana.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Ásta Möller, Magnús Stefánsson, Pétur H. Blöndal, Ásta R. Jóhannesdóttir með fyrirvara, Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman með fyrirvara, Birkir J. Jónsson og Guðrún Ögmundsdóttir með fyrirvara.

[16:10]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég tek eftir að sá sem hefur valist sem framsögumaður þessa nefndarálits, hv. þm. Pétur H. Blöndal, ritar ekki undir það með fyrirvara. Það þýðir að hann er, og ég bið hann að svara því ef það er ekki rétt hjá mér, í fyrsta lagi samþykkur því að nefskattur sé til eilífðarnóns hafður um þetta málefni og í öðru lagi að nefskatturinn sé innheimtur m.a. til rekstrar. En þessum skatti var upphaflega komið á, til fróðleiks fyrir Pétur Blöndal sem er mikill andstæðingur skatta, til að gera átak í byggingum á sviði hjúkrunarrýma og að ég held fleiri byggingarframkvæmda fyrir aldraða.

Ég geng út frá því ef hann svarar þessu ekki að hann sé þessu hvoru tveggja samþykkur og sé ákaflega ánægður með þennan skatt á landsmenn.

[16:11]

Frsm. heilbr.- og trn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Á síðasta ári lagði ég fram þá hugmynd sem ég jafnframt lagði fram í nefndinni núna, að persónuafsláttur yrði lækkaður sem næmi þessari upphæð. Það kemur nokkurn veginn eins út og er miklu einfaldari skattlagning. Ég nenni hins vegar ekki, frú forseti, að koma með sama fyrirvarann ár eftir ár. Þá fer maður að virka eins og biluð plata, en ég held þessu hins vegar til haga og man þetta því þetta er ekki góð skattlagning. Hún er ófélagsleg og algerlega óþörf því að Alþingi hefur fjárveitingavald engu að síður og eins og kom fram í andsvari hv. þingmanns hefur hluti af þessu farið til rekstrar og það undirstrikar eiginlega löggjafarvald og fjárveitingavald Alþingis.

Ég væri hlynntur því að stærri hluti færi til stofnkostnaðar en það hefur verið gert heilmikið átak í því efni engu að síður þannig að þetta gjald hefur nýst nokkuð vel. Ég held að ég sé búin að svara hv. þingmanni að öllu leyti.

[16:12]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég fagna því að fá staðfestan þann grun minn að hv. þm. Pétur H. Blöndal sé alls ekki sammála því frumvarpi sem hann er að mæla fyrir eða mæla með í nefndaráliti sínu og tek undir með honum að þetta frumvarp er á margan hátt óeðlilegt. Þegar þessi skattur var settur á hafði hann það markmið að standa undir sérstöku átaki við byggingu þessara hluta. Þess vegna var hann settur sem nefskattur en auðvitað væri eðlilegt að skattar til allra þessara málefna færu sömu leið og aðrir skattar og væru lagðir á eftir tekjum og að teknu tilliti til aðstæðna manna.

Við erum bara sammála um þetta ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal og verður fróðlegt fyrir þingheim að virða fyrir sér baráttu okkar um þetta mál á næstunni. Þess vegna finnst mér hryggilegt að hann skuldi standa hér beinlínis sem framsögumaður nefndarálits sem er algerlega öndvert við raunverulegar skoðanir hans.

Hitt verð ég svo að gera athugasemd við og spyrja um en hv. þingmaður sagði að honum þætti æskilegt að meiri hluti en nú er rynni til framkvæmda og minni til rekstrarkostnaðar. Ég get ekki lesið annað út úr því en hv. þingmaður sé sammála því að hluti af þessu eigi að fara í rekstur þessara stofnana. Ég tel að það sé með öðru, en þó kannski skýrasta dæmið um það að ríkisvaldið hefur ekki staðið sig í fyrirheitinu sem það gaf þegar það setti á skatt til að ljúka átaki til að koma upp þeim byggingum sem við þurfum að koma upp með afleiðingum sem okkur eru ljósar núna, þ.e. skorti á hjúkrunarheimilum t.d. í Reykjavík en við Pétur Blöndal erum báðir fulltrúar fyrir það kjördæmi.

[16:14]

Frsm. heilbr.- og trn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta eru ekki stærstu skattamálin sem við afgreiðum á Alþingi. Við erum að tala um hækkun upp á 337 kr. á ári. Ég efast um að nokkur maður kikni undan því eða það breyti fjárhagsstöðu nokkurs manns þannig að þetta eru ekki stærstu málin.

Ég vil nefna það að ríkisstjórnin er búin að lækka tekjuskatt um 2% frá næstu áramótum og það mun gefa venjulegu fólki hjá ASÍ, sem er með 270 þús. kr. að meðaltali í laun, 5.400 kr. í lækkun meiri ráðstöfun á mánuði eða 65 þús. kr. á ári í meira ráðstöfunarfé. Auk þess erum við að fella niður eignarskatta sem kemur öldruðum mjög mikið til góða.

[16:15]

Útbýting:

Aðstæður kvenna í Konukoti, 356. mál, svar félmrh., þskj. 579.

Aflagjöld Akraneshafnar, 410. mál, fsp. MÞH, þskj. 586.

Afli í Akraneshöfn, 409. mál, fsp. MÞH, þskj. 585.

Flutningur aflaheimilda milli skipa, 411. mál, fsp. KHG, þskj. 587.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 327. mál, brtt. PHB, þskj. 595.

Rannsókn sjóslysa, 412. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 589.

Tekjuskattur einstaklinga, 97. mál, svar fjmrh., þskj. 561.

[16:16]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Við höfum verið að ræða frumvarp sem lagt er fram í þinginu á hverju einasta ári en það lýtur að því að hækka gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Það þarf að leggja fram lagafrumvarp m.a. vegna áskilnaðar stjórnarskrár um það.

Þingmenn Samfylkingarinnar eru með fyrirvara um nefndarálit frá heilbrigðis- og trygginganefnd um Framkvæmdasjóð aldraðra og sá fyrirvari lýtur einkum að því hversu mikið af tekjum sjóðsins fer í rekstur. Við höfum talið að þessi sjóður eigi að vera nýttur til uppbyggingar öldrunarstofnana, eins og hann var hugsaður í upphafi.

Mig langar líka að minna á að þegar Framkvæmdasjóður aldraðra var settur á laggirnar í upphafi var það í samstarfi við verkalýðsfélögin. Þetta var mjög mikilvæg leið og um hana náðist samkomulag á sínum tíma. Samkomulagið var á þeim tíma í þá veru að allir fjármunir sjóðsins ættu að fara í uppbyggingu. Núna fer um helmingur af því fé sem kemur í sjóðinn í rekstur en ekki einungis í uppbyggingu og það er að mínu mati óásættanlegt. Við höfum ítrekað bent á þetta og sömuleiðis Félag eldri borgara og Landssamband eldri borgara en þau telja að þetta fjármagn, þessi nefskattur eigi að fara í uppbyggingu öldrunarheimila en ekki í rekstur þeirra. Allir sem sitja hér inni hafa líka fengið upplýsingar um hversu gríðarleg þörf er fyrir fjölgun á hjúkrunarrýmum en um það bil 400 einstaklingar eru í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum og enn stærri hópur er í þörf eftir slíku plássi. Ég tel einfaldlega að þetta snúist um forgangsröð, að þessi kynslóð fái það sem hún á skilið og við þurfum að mæta þessari þörf fyrir fleiri hjúkrunarrými sem blasir við okkur öllum. Að sama skapi þurfum við að sjálfsögðu að efla önnur úrræði, svo sem heimahjúkrun, dagvistun o.s.frv.

Ég ætla ekki að vera langorður um þetta mál í dag en mig langar þó að lesa aðeins upp úr Morgunblaðsgrein Ólafs Arnar Arnarsonar læknis sem birtist í Morgunblaðinu 22. nóvember síðastliðinn en Ólafur Örn var lengi vel einn af aðalhugmyndafræðingum Sjálfstæðisflokksins og hefur haft mótandi áhrif á stefnu þess flokks í heilbrigðismálum. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Á níunda áratug síðustu aldar var lagður flatur skattur á alla landsmenn sem ætlað var það hlutverk að nota til að byggja hjúkrunarheimili, enda öllum þá orðið ljóst að skortur á hjúkrunarplássum væri verulegur. Árið 1991 var lögunum um þennan skatt breytt að kröfu fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins og gefin heimild til að nota stóran hluta þessa skatts til reksturs hjúkrunardeildanna. Um þriðjungur upphæðarinnar fór í þetta og minnkuðu framlög til uppbyggingar eins og skattinum var upphaflega ætlað verulega. Á þeim árum sem síðan eru liðin er því ljóst að framlög til uppbyggingar hafa verið skorin niður um 2,5–3 milljarða króna. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er þess getið að hvert nýtt sjúkrarúm á hjúkrunardeild kosti um 12 milljónir króna. Fyrir þessa upphæð sem fjármálaráðherranum tókst að skera niður hefði því verið hægt að koma upp 200–250 rúmum á hjúkrunarheimilum sem svo sannarlega

hefði breytt stöðu málsins í dag mjög mikið."

Þetta er að sjálfsögðu alveg rétt hjá lækninum sem skrifar þessa grein. Það er alveg ljóst að með því að beina stórum hluta af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra í rekstur fer sá hluti að sjálfsögðu ekki á sama tíma í uppbyggingu. Nú þegar blasir við að um það bil 70–100 manns sem eru á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eiga þar ekki heima, þ.e. þetta eru einstaklingar sem gætu fengið þörfum sínum betur mætt hjá öðrum stofnunum, svo sem öldrunarstofnunum. En það þarf auðvitað ekki að segja þingheimi það að hvert rúm á Landspítalanum er talsvert dýrara en það rými sem má finna á hjúkrunarheimilum þannig að það er afskaplega dýr stefna að hafa svona marga inni á dýru hátæknisjúkrahúsi eins og Landspítalinn er.

Það er alveg ljóst að við þurfum öll að taka okkur á í þessu. Við þurfum helst að snúa þessari þróun við hvað varðar Framkvæmdasjóðinn en við þurfum að gera átak í að fjölga hjúkrunarrýmum um allt land. Það er víða þörf á hjúkrunarrýmum, ekki einungis í Reykjavík þó að hún sé að sjálfsögðu sláandi hér. Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að við höfum einnig mun hærra hlutfall aldraðra sem búa í fjölbýli en hin Norðurlöndin og það er einnig þróun sem við þurfum að snúa við.

Það er alveg ljóst að á meðan 400 manns eru í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum þá þurfum við að gera átak í því að fjölga hjúkrunarrýmum hér á landi.

[16:21]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Fyrirvari minn við þetta nefndarálit um Framkvæmdasjóð aldraðra, þ.e. að framlagið verði hækkað um 5,87%, á ekki við um þessa hækkun heldur um sjóðinn sem slíkan. Hann var hugsaður sem tímabundinn skattur og á þeim tíma, eins og er í dag þá var mikið átak fram undan að fjölga hjúkrunar- og dvalarheimilum og koma þeim málum í viðeigandi horf. Sjóðurinn fór í byrjun alveg óskiptur til bygginga og uppbyggingar hjúkrunar- og dvalarheimila en það liðu ekki mörg ár þar til var farið að taka hluta af fénu í rekstur og er svo enn í dag þó að stefnt sé að því að draga alfarið úr því hlutfalli og beina öllum Framkvæmdasjóðnum í uppbyggingu dvalar- og hjúkrunarheimila. Þetta er í sjálfu sér óréttlátur skattur, þetta er framtíðarverkefni, þetta er ekkert átaksverkefni og að því þarf að vinna rétt eins og að uppbyggingu sjúkrahúsa eða hjúkrunarþjónustu. Þetta er verkefni til langrar framtíðar sem stuðlar að uppbyggingu hjúkrunar- og dvalarheimila og annarrar þjónustu sem snýr að öldruðum og þá í annarri mynd en eingöngu hjúkrunarheimili og dvalarheimili. Það eru ný rekstrarform eða nýjar úrlausnir sem líta dagsins ljós með fjölbreyttari þjónustu sem hægt væri að beina uppbyggingunni inn á en það er í raun og veru annað mál. En það er réttlátara að taka framkvæmdafé af skatttekjum, eins og úr ríkissjóði, þar sem skatturinn fer þá eftir tekjum einstaklinga þannig að þeir sem efnaðri eru greiði meira.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð flutti breytingartillögu við afgreiðslu fjárlaga. Við lögðum til að 200 millj. kr. yrði varið sérstaklega til uppbyggingar hjúkrunarheimila, þar er brýn neyð eins og hér hefur komið fram og því lögðum við þetta til. Eins höfum við alltaf mótmælt því að rekstrarfé sé tekið úr þessum sjóði. Breytingartillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var felld og ég tel það miður, og eins að það skuli þá ekki alfarið við þessar aðstæður hætt við þá áætlan að taka hluta af Framkvæmdasjóðnum í rekstur. En svona er þetta. Við leggjumst ekki gegn þessari hækkun en hvetjum til þess að framkvæmdir til uppbyggingar hjúkrunarþjónustu fyrir dvalarheimili aldraðra verði fjármagnaðar með öðrum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðargjald, 2. umr.

Stjfrv., 332. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 364, nál. 513, brtt. 515.

[16:25]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum, frá landbúnaðarnefnd.

Með frumvarpinu er lagt til að búnaðargjald verði lækkað úr 2% í 1,2% vegna niðurfellingar laga um Lánasjóð landbúnaðarins. Búnaðargjaldið lækkar í samræmi við það hlutfall sem áður rann til lánasjóðsins. Á árinu 2004 námu álagðar tekjur af búnaðargjaldi 312 millj. kr. og þar af runnu 115 millj. kr. til Lánasjóðs landbúnaðarins, eða rétt tæp 37% teknanna.

Búnaðargjald var fyrst innheimt á árinu 1997 og innheimtufyrirkomulag einfaldað með því að sameina innheimtuferli nokkurra gjalda og hafa einn gjaldstofn undir heitinu búnaðargjald en markmiðið var að gera innheimtuna einfalda, örugga og ódýra.

Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins er að störfum þar sem verið er m.a. að skoða fyrirkomulag vegna sjóðagjalda. Þá telur nefndin brýnt að niðurstöður þeirrar nefndar komi sem allra fyrst.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar:

1. Lagt er til að í 1. gr. frumvarpsins verði eingöngu breytt prósentuhlutfallinu varðandi búnaðargjaldið en óþarft er að taka málsliðinn upp í heild sinni í frumvarpstextanum. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til kemur skýrar fram að aðeins sé verið að breyta prósentuhlutfallinu.

2. Lagt er til að í stað hlutfallstölunnar „2.00%" í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna komi: 1,2%.

3. Lagt er til að gildistökuákvæðið breytist þannig að lögin öðlist gildi 1. janúar 2006 og komi til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2006 og við álagningu búnaðargjalds á árinu 2007.

4. Lagt er til að sett verði ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um að mismunur á hluta Lánasjóðs landbúnaðarins, sbr. 6. gr. laganna, í endanlega ákvörðuðu búnaðargjaldi skv. 5. gr. laganna og fyrirframgreiddu gjaldi skv. 4. gr. laganna skuli vera á ábyrgð Lífeyrissjóðs bænda. Skv. 2. gr. laga nr. 68/2005 fellur Lánasjóður landbúnaðarins niður 31. desember 2005 og kemur því í hlut Lífeyrissjóðs bænda að taka ábyrgð á að greiða þann mismun til búvöruframleið-

enda sem skapast getur vegna fyrirframgreiðslunnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með sama fyrirvara og framangreindir nefndarmenn.

Undir þetta nefndarálit rita Drífa Hjartardóttir formaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir með fyrirvara, Magnús Stefánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir með fyrirvara, Kjartan Ólafsson, Dagný Jónsdóttir og Valdimar L. Friðriksson með fyrirvara.

[16:29]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur skrifuðum við þingmenn Samfylkingarinnar undir þetta álit með fyrirvara hvað varðar álagningu og skiptingu búnaðargjalds. Ástæðan fyrir því að þrátt fyrir að fram hafi komið á fundi í nefndinni að samkomulag er um skiptingu búnaðargjaldsins milli búgreina teljum við í fyrsta lagi að það sé ekki hlutverk löggjafans að skipta gjaldtökunni niður á búgreinafélögin heldur eigi samtök bændanna að sjá um það og í öðru lagi er endurskoðun í gangi hjá nefnd sem hæstv. forsætisráðherra hefur skipað, en sú nefnd varð til vegna þess að árið 2002 leituðu samtök smábátasjómanna til umboðsmanns Alþingis og óskuðu eftir því að gjaldtaka í þágu hagsmunasamtaka þeirra yrði endurskoðuð.

Umboðsmaður Alþingis taldi sig ekki hæfan til að skera úr um það heldur beindi þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að þetta yrði skoðað sérstaklega. Nú í sumar var skipaður starfshópur af forsætisráðherra sem á að skoða gjaldtökuna í þágu hagsmunasamtakanna í heild sinni. Við teljum því eðlilegt að það hefði verið beðið eftir því að sá starfshópur lyki sinni vinnu en við viðurkennum hins vegar að það er nauðsynlegt að gera þarna ákveðnar breytingar í kjölfar þess að Lánasjóður landbúnaðarins var seldur og skrifum að fullu undir það, en höfum fyrirvarann fyrst og fremst vegna þess að þarna er ekki að okkar mati alveg skýrt hvert hlutverk löggjafans á að vera annars vegar og samtaka bænda hins vegar.

[16:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Á þskj. 338, 311. mál, er frumvarp til laga um búnaðargjald þar sem ég legg til að allur lagakaflinn verði felldur niður. Mér hefði nú þótt eðlilegt, herra forseti, að það yrði rætt samhliða þar sem sú lagasetning gengur lengra. Það sem núna stendur eftir af búnaðargjaldinu er eingöngu félagsgjöld og eilítið gjald til Bjargráðasjóðs, sem er tryggingafélag eins og hvert annað tryggingafélag. Hann gæti í raun starfað sjálfstætt. Sumir bændur eru undanþegnir því að greiða í Bjargráðasjóð þannig að þeir gætu þess vegna greitt þangað áfram sem vildu og hinir látið það vera.

Á dagskrá þingsins í dag, undir dagskrárlið 23, um verslunaratvinnu, er svipað dæmi þar sem ríkið innheimtir gjöld fyrir einstaklinga af uppboðum á myndlist. Ég benti á að það fengi varla staðist stjórnarskrána, að innheimta með skattlagningarvaldi ríkisins gjöld sem renna til einstaklinga og félagasamtaka.

Það er einmitt það sem situr eftir af búnaðargjaldinu, þ.e. álögur á alla bændur í landinu fyrir að eiga aðild að einhverjum félögum sem eru tilgreind. Þetta eru opinber stéttarfélög nákvæmlega eins og í Sovétríkjunum. Við getum ímyndað okkur hvernig það er ef maður er neyddur til að greiða félagsgjald til félags sem hefur stefnu sem hann er andsnúinn. Segjum að hann sé á móti þeirri stefnu. Hann er þar með látinn fjármagna útbreiðslu á skoðunum sem hann er andsnúinn. Þetta brýtur bæði félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, skattlagningarákvæði og skoðunarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Ég mundi vilja að menn skoðuðu hreinlega í alvöru að leggja þetta niður sem allra fyrst.

[16:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það frumvarp til laga sem hér er komið til 2. umr., um breytingu á lögum um búnaðargjald, er eins og hv. formaður landbúnaðarnefndar, Drífa Hjartardóttir, greindi frá að meginhluta til komið vegna sölu á Lánasjóði landbúnaðarins. Hann hefur verið seldur en til þessa hefur ákveðið gjald af landbúnaðarframleiðslu runnið til sjóðsins til að styrkja lánveitingar í landbúnaði.

Ég minni á að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs töldum ekki rétt að selja lánasjóðinn og lögðumst gegn því. Við höfðum aðrar tillögur og bentum t.d. á að Lánasjóður landbúnaðarins og Lífeyrissjóður bænda gætu sameinast og þar yrði ákveðin grunnlánaþjónusta við landbúnaðinn til jafnaðar. Við vitum að eftir sölu lánasjóðsins verður ekki jafn aðgangur að lánsfé eins og var, óháð búsetu eins og sjóðurinn tryggði á sínum tíma. Ég tel að það hafi aukið á misrétti og misvægi lánamöguleika til atvinnurekstrar og uppbyggingar í landbúnaði um allt land að hafa selt Lánasjóð landbúnaðarins.

Ég vil líka gagnrýna sölu lánasjóðsins varðandi það að þegar hann var boðinn til sölu voru sparisjóðirnir útilokaðir frá því að gera tilboð í hann. Þess var krafist að sú lánastofnun sem byði í hann hefði að baki sér alþjóðlegt lánshæfismat. Maður hefði haldið að sparisjóðirnir væru nógu sterkir gagnvart svo litlum sjóði að ekki þyrfti að krefjast þess en með því voru sparisjóðirnir útilokaðir frá kaupum.

Lánasjóðurinn er seldur og þar með er eðlilegt, ég hef fullan skilning á því, að fella niður það gjald sem áður rann af framleiðslunni til sjóðsins. Hins vegar tel ég að með frumvarpinu sé gengið lengra. Það hefði verið eðlilegt að taka einungis ákvörðun um að fella gjaldið niður.

Frumvarpið kom mjög seint inn í nefndina og ekki gafst tóm til að leita eðlilegra skriflegra umsagna um málið þótt þær breytingar sem þar eru gerðar snerti allmarga aðila með skiptingu á búnaðarmálasjóðsgjaldinu. Ég tel að það hefði átt að vinna það mál betur og get ekki stutt málsmeðferðina á þeim forsendum.

Hins vegar tek ég fram að ég styð félagslega uppbyggingu, að við stöndum vörð um félagslegt kerfi bænda og um samstöðu þeirra. Ég vísa á bug orðum, sem ég er alls ekki sammála, hv. þingmanns, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Pét-

urs Blöndals sem taldi að brjóta ætti niður félagskerfi bænda. Ég tel mikilvægt og mun standa með öllum ráðum vörð um félagskerfi bænda, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 333. mál (verðmiðlunargjöld). — Þskj. 365, nál. 514.

[16:37]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin fékk á sinn fund fjölmarga gesti. Með frumvarpinu er lagt til að í kjölfar frumvarps um lækkun búnaðargjalds úr 2% í 1,2% verði samtímis fellt niður verðskerðingargjald af nautgripakjöti. Það hefur numið 700 kr. á hvern sláturgrip. Enn fremur er lagt til að 5 kr. verðmiðlunargjald vegna flutnings sláturfjár að afurðastöð og kindakjöts á markað falli niður og í stað þess komi 2 kr. verðskerðingargjald.

Nefndin telur rétt að árétta að lögin þarfnist heildarendurskoðunar þar sem mörg atriði eru barn síns tíma og úrelt að einhverju leyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„Efnismálsgrein 2. gr. orðist svo:

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði hrossakjöts til framleiðenda og skal gjaldið vera 2% af framleiðendaverði hrossakjöts. Innheimta skal verðskerðingargjald á heildsölustigi af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði og skal gjaldið vera 2 kr. á kg.“

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álitið með fyrirvara. Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Undir þetta nefndarálit rita auk mín hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir, Kjartan Ólafsson, Dagný Jónsdóttir og Valdimar L. Friðriksson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:39]

Útbýting:

Almannatryggingar, 413. mál, frv. ÞBack og ÖJ, þskj. 590.

Ákvörðun aflamarks, 415. mál, fsp. KHG, þskj. 593.

Heimahjúkrun aldraðra, 315. mál, svar heilbrrh., þskj. 566.

Sóknarmark skipa, 416. mál, fsp. KHG, þskj. 594.

Styrkir til sjávarútvegs, 414. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 592.

Innflutningur dýra, 2. umr.

Stjfrv., 390. mál (afnám opinberrar verðskrár fyrir einangrunarstöðvar). — Þskj. 472, nál. 516.

[16:39]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum, frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneytinu. Enn fremur barst umsögn frá Dýraverndarsambandi Íslands sem lýsti ánægju sinni með frumvarpið.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um gjaldskrá fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðvar falli brott. Einangrunarstöð í eigu einkaaðila hefur nú tekið til starfa og er því óeðlilegt að gefin sé út opinber verðskrá fyrir þjónustu einangrunarstöðva eftir að ríkið hefur dregið sig út úr slíkum rekstri.

Í Einangrunarstöð gæludýra í Hrísey og í Einangrunarstöð Reykjanesbæjar er tekið á móti köttum og hundum en fuglar og fleiri dýr fara í sóttkví hjá verslunaraðilum eða einkaaðilum. Nefndin lýsir ánægju sinni með tilkomu nýrrar einangrunarstöðvar í Reykjanesbæ og þá breytingu sem hér er lögð til, að fella niður gjaldskrárheimild landbúnaðarráðherra. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Margrét Frímannsdóttir og Dagný Jónsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir þetta nefndarálit rita auk mín hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson og Valdimar L. Friðriksson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 2. umr.

Stjfrv., 313. mál (gildistími laganna o.fl.). — Þskj. 340, nál. 528.

[16:41]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, með síðari breytingum.

Þetta er í sjálfu sér einfalt mál. Það er lagt fram í tengslum við samkomulag sem gert var milli ríkis og sveitarfélaga í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar ríkis og sveitarfélaga um framlengingu gildistíma laganna. Styrkveitingar samkvæmt þeim hafa frá árinu 1995, ef ég man rétt, verið 1,6 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir að lögin verði framlengd. Verði þetta frumvarp að lögum má gera ráð fyrir 600 millj. kr. framlagi til þeirra mála næstu þrjú ár eða um 200 millj. kr. á ári.

Þess má geta að verulegur árangur hefur náðst í fráveitumálum sveitarfélaga, einkum í þéttbýlinu suðvestan-

lands. Munu nú um 70–80% Íslendinga búa við viðunandi ástand í fráveitumálum. Við stöndum að því leyti betur að vígi en flestar þjóðir Evrópu.

Að mati nefndarinnar er hins vegar mikilvægt að ljúka verkefninu. Nefndin beinir því til hlutaðeigandi aðila að gera tímasetta áætlun um lok framkvæmda.

Undir nefndarálitið skrifa auk mín hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Ásta Möller, Mörður Árnason, Kjartan Ólafsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir, ásamt Kolbrúnu Halldórsdóttur sem skrifar undir með fyrirvara.

[16:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. formanns umhverfisnefndar rita ég undir nefndarálit umhverfisnefndar með fyrirvara. Ég mun gera grein fyrir þeim fyrirvara.

Í sjálfu sér eru meginmarkmið frumvarpsins þess eðlis að sjálfsagt er að styðja þau. Í fyrsta lagi að samkomulag á milli sveitarfélaga og ríkisins verði framlengt og séð til að ríkið komi að því að styrkja sveitarfélög til framkvæmda við fráveitur næstu þrjú ár.

Hitt meginmarkmið frumvarpsins er að heimilt verði að verja allt að 10 millj. kr. á hverju ári til gildistíma laganna til rannsókna á viðtökum.

Það er ljóst að þau þrjú ár sem heimildin er framlengd um nægja ekki til að sveitarfélög sem eiga eftir að ljúka fráveitumálum geti klárað það verk. Það kemur fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við málið að bæði skorti meira fjármagn til málaflokksins, þannig að sveitarfélögin geti staðið undir þeim framkvæmdum sem í farvatninu eru, og sömuleiðis telur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að lengri tíma en þrjú ár þurfi til að klára framkvæmdirnar.

Ég hefði verið tilbúin að ganga lengra og sjá til þess að málið yrði klárað með þessari breytingu. En eins og segir í nefndaráliti umhverfisnefndar þá er mikilvægt að ljúka verkefninu og nefndin beinir því til hlutaðeigandi að gerð verði tímasett áætlun um lok framkvæmda. Auðvitað styð ég það en ég tel að þetta feli í sér að annað frumvarp eigi eftir að koma fyrir Alþingi eftir þrjú ár til að framlengja verkefnið um a.m.k. tvö ár. Ég tel að við hefðum getað stigið það skref samhliða.

En meginefni fyrirvara míns er að ég mótmælti því á síðasta þingi, þegar í gegn fór breyting á þessum lögum sem laut að því að sveitarfélögum væri heimilt að fara í fráveituframkvæmdir með einkaframkvæmd en samt yrðu þær styrkhæfar. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum varað við þessu einkaframkvæmdaræði og því að ríkisvaldið reki sveitarfélögin út í einkaframkvæmd. Við teljum einkaframkvæmdarformið hafa orðið sveitarfélögum mjög dýrt til þessa og sjáum ekkert í spilunum sem segir okkur að á því verði breyting.

Í þessu frumvarpi er hnykkt á því orðalagi sem varðar einkaframkvæmdina, sem sett var í lögin með breytingum á síðasta þingi. Þar er rætt um að styrkupphæðin vegna einkaframkvæmda geti aldrei verið hærri en sem nemur virðisaukaskatti vegna þeirra. Mér finnst álitamál hvort sveitarfélög eigi að fá þennan stuðning þegar um einkaframkvæmd er að ræða og hvort hann eigi að vera með því móti sem nú er búið að ákveða. Fyrirvari minn lýtur fyrst og fremst að þessu.

Það er ekki þar með sagt að við séum á móti málinu. Í upphafi máls míns nefndi ég að við styðjum meginatriði þess, þ.e. að sveitarfélögin séu styrkt til framkvæmda við fráveitur sínar og heimilt verði að verja allt að 10 millj. kr. af opinberu fé á gildistíma laganna til rannsókna á viðtökum.

Ég tel mig hafa gert grein, frú forseti, fyrir fyrirvara mínum við þetta mál.

[16:47]

Mörður Árnason:

Forseti. Við samfylkingarmenn skrifum undir nefndarálitið án fyrirvara. Í nefndarstarfinu kom í ljós að fulltrúar sveitarfélaganna voru í raun ekki sáttir við það frumvarp sem lagt var fram en í nefndarálitinu er vikið óbeint að því þar sem ljóst er að frumvarpið leysir ekki þann vanda sem við er að fást heldur fæst aðeins við hann í þann tíma sem lögin eiga að gilda og eftir það, eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, sagði er von annars frumvarps. Þetta kemur fram í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að ljúka verkefninu og beinir nefndin því til hlutaðeigandi aðila að gera tímasetta áætlun um framkvæmdalok.“

Ég tel að þetta sé mikilvægt orðalag því það lýsir þeim vilja nefndarinnar að næst þegar frumvarp af þessu tagi kemur inn á þingið verði það til þess að klára þetta verkefni sem okkur skiptir miklu og við erum bundin í rauninni alþjóðasamningum um að klára og við beinum því til framkvæmdarvaldsins og til sveitarfélaganna að standa betur að verki þá en nú.

Við leggjum hins vegar til og höfum ekkert á móti því að þetta frumvarp verði samþykkt. Af því að hér er minnst á einkaframkvæmd verður að taka það fram líka að sérstaklega var spurt um það í nefndinni hvað væri mikið um slíkt og kom fram að það er enn þá aðeins sú eina sem umrædd var í fyrra þannig að ég sé ekki að frumvarpið í sjálfu sér snerti framkvæmdaformið á neinn hátt.

[16:49]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum styðjum frumvarpið en hefðum talið að það hefði átt að vera gerð ákveðin breyting á því sem ég kom á framfæri í umhverfisnefnd sem varðaði það að í 2. gr. er þeim peningum sem ætlað er til rannsókna á viðtökum — ég er á því að þetta séu of þröng skilyrði, þá fjármuni eigi eingöngu að veita til rannsóknar á viðtökum. Ég hefði talið að það hefði átt að hafa þetta opnara vegna þess að við blasir að fara þurfi í rannsóknir á fleiri þáttum hvað varðar fráveitumál en eingöngu að rannsaka viðtakann.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 2. umr.

Stjfrv., 179. mál (reiknireglur, endurgreiðsla og lækkun gjalds). — Þskj. 179, nál. 534, brtt. 535.

[16:50]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til þrjár breytingar á lögum um úrvinnslugjald. Í fyrsta lagi að nýjar reiknireglur verði teknar upp vegna útreikninga á hlutfalli pappa-, pappírs- og plastumbúða utan um vöru, í annan stað breytingar á reglum um niðurfellingu og endurgreiðslu úrvinnslugjalds og í þriðja lagi er lögð til lækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða. Þetta er mál sem við höfum tekið fyrir áður enda snýr stærsta málið að pappa-, pappírs- og plastumbúðum utan um vöru. Úrvinnslugjaldi hefur verið frestað eins og menn þekkja og hafa menn á þeim tíma sem þeir hafa haft tækifæri til útfært þetta nákvæmar en ráð var gert fyrir í upphafi.

Í umsögnum sem nefndinni bárust kom t.d. fram að það þætti kostur að settar væru nákvæmari reiknireglur um magn umbúða og þær skiptu máli varðandi markmið um endurvinnslu og endurnotkun. Þá kom fram að það fyrirkomulag að úrvinnslugjald yrði fellt niður í þeim tilfellum þegar umbúðir fara til útflutnings væri einfaldara en núverandi fyrirkomulag og kæmi í veg fyrir að úrvinnslugjald lægi falið í umbúðum á lager. Jafnframt var því fagnað að innheimta og umsýsla opinberra gjalda væri einfölduð með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu, þ.e. að innheimta og endurgreiðsla sé á sömu hendi, hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Auk þess kom fram að mikilvægt væri að vandað yrði til reglugerðar um framkvæmd endurgreiðslu.

Nefndin telur eðlilegt að gerð sé tillaga um lækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða eins og kemur fram í frumvarpinu og telur nefndin að í sjálfu sér sé ánægjulegt að búið sé að ná niðurstöðu í þetta mál og þó að gildistöku hennar hafi verið frestað um þessa fjóra mánuði þá muni hún taka gildi 1. janúar 2006 að því gefnu að frumvarpið verði samþykkt. Mat nefndarinnar er það eðlilega að Íslendingar eigi að vera til fyrirmyndar á sviði umhverfismála og mikilvægt er að ríki og sveitarfélög ásamt hagsmunaaðilum hugi að næstu skrefum í söfnun, úrvinnslu og endurnýtingu. Ánægjulegt er frá því að segja að frá því að nefndin gekk frá þessu hefur verið stigið gott skref varðandi söfnun. Var sá sem hér stendur viðstaddur þegar kynnt var ný endurvinnslutunna sem í það minnsta íbúum höfuðborgarsvæðisins er boðið upp á. Vonandi verður það jákvætt og gott skref í þá átt að ná betri árangri á því sviði.

En hvað sem því líður leggur nefndin til að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi að a-lið 1. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að þær reiknireglur sem mynda álagningarstofn úrvinnslugjalds verði í viðauka við lögin í stað þess að ráðherra setji þær í reglugerð. Ástæðan fyrir þessu er einfaldlega sú að menn töldu eftir að hafa farið vandlega yfir það í nefndinni að það stæðist tæplega eða vafamál væri að það stæðist stjórnarskrá ef þetta væri gert með þeim hætti sem upphaflega er gert ráð fyrir í frumvarpinu.

Í öðru lagi að tekið verði fram að það sé umhverfisráðherra sem setur reglugerð skv. a-lið 1. gr., b- lið 1. gr. og 6. málsl. 2. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi er gerð tillaga um orðalagsbreytingu í 2. málsl. 3. mgr. 15. gr. laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Undir þetta skrifar sá sem hér stendur og hv. þingmenn Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Ásta Möller, Mörður Árnason, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýravernd, 2. umr.

Stjfrv., 312. mál (EES-reglur, bann við tilraunum á dýrum við prófun snyrtivara). — Þskj. 339, nál. 541, brtt. 542.

[16:56]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994.

Þetta er ekki flókið mál. Með frumvarpinu er lagt til að lagt verði bann við prófun snyrtivara á lifandi dýrum og er þannig innleidd tilskipun Evrópusambandsins 2003/15/EB um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um samræmingu ákvæða í lögum aðildarríkjanna varðandi snyrtivörur.

Nefndin vill leggja áherslu á að flýtt verði vinnu sem snertir skipulagningu dýraverndunarmála með það að markmiði að einfalda stjórnsýslu í tengslum við málaflokkinn og að skoðað verði að málefni dýraverndar heyri undir eitt ráðuneyti.

Nefndin gerir tillögu um að svokallað innleiðingarákvæði bætist við frumvarpið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir þetta skrifar sá er hér stendur og hv. þingmenn Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Ásta Möller, Mörður Árnason, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 2. umr.

Stjfrv., 189. mál (skráning upplýsinga um einstaklinga og hluti, EES-reglur). — Þskj. 189, nál. 531, brtt. 532.

[16:57]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Nefndin hefur farið allítarlega yfir málið og fengið til sín fulltrúa ráðuneytisins. Málið var sent út til umsagnar og bárust margvíslegar ábendingar sem farið var yfir í störfum nefndarinnar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lagaákvæðum um upplýsingar sem má skrá um einstaklinga og hluti í Schengen-upplýsingakerfi íslenskra stjórnvalda, hverjum sé það heimilt og hve lengi megi varðveita slíkar upplýsingar. Þá er lagt til að lögfest verði heimild til skráningar sérstakra viðbótarupplýsinga vegna lögreglusamvinnu milli landa og hvenær eigi að eyða þeim upplýsingum og fleirum bætt í hóp þeirra sem hafa beinlínuaðgang að kerfinu. Loks er lagt til að ákvæði um eyðingu upplýsinga verði einfölduð og sérstök ákvæði sett um eyðingu viðbótarupplýsinga.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu byggjast á fjórum gerðum Evrópusambandsins sem breyta Schengen-samningnum m.a. vegna baráttunnar gegn hryðjuverkum og vegna heimildar yfirvalda í aðildarríkjunum er sjá um skráningu ökutækja, til aðgangs að ákveðnum upplýsingum úr kerfinu.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að kveðið verði skýrt á um það í 4. gr. frumvarpsins í hvaða skyni Umferðarstofu sé heimilt að nota aðganginn að upplýsingakerfinu, þ.e. til að kanna hvort ökutæki sem óskað er skráningar á hafi verið stolið, selt ólöglega eða horfið. Er það í samræmi við 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 2005/1160/EB um aðgang yfirvalda, sem bera ábyrgð á útgáfu skráningarskírteina, að ákveðnum upplýsingum úr kerfinu. Þessa breytingu gerir nefndin að fengnum ábendingum frá Persónuvernd.

Í öðru lagi leggur nefndin til breytingar á 5. gr. frumvarpsins sem breytir 17. gr. laganna þannig að hún verði í fullu samræmi við efni 12. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211/JHA. Sú grein breytir 113. gr. Schengen-samningsins og gerir ráð fyrir einföldun á reglum sem gilda um eyðingu upplýsinga úr kerfinu. Þær breytingar sem nefndin leggur til eru í samræmi við reglurnar og kveða annars vegar á um að upplýsingum um hluti sem skráðar eru á grundvelli 7. gr. laganna skuli eytt innan fimm ára frá skráningu. Sú breyting er enn fremur í samræmi við þá breytingu sem 2. gr. frumvarpsins felur í sér en þar er fleiri hlutum, svo sem bátum, skipum, loftförum og gámum, bætt við upptalningu ákvæðisins á því sem má skrá í upplýsingakerfið og orðalagið fært til samræmis við það.

Hins vegar leggur nefndin til að öllum öðrum upplýsingum en skráðar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laganna skuli eytt innan tíu ára frá skráningu. Þessar breytingar sem hér eru lagðar til breyta ekki þeim ákvæðum sem gilda um endurmat skráningar skv. 2. mgr. 17. gr. laganna né þeirri meginreglu að enginn hámarkstími gildi um geymslu skráðra upplýsinga um einstaklinga á grundvelli 6. og 7. gr. laganna.

Nefndin ræddi nokkuð um þær breytingar sem lagðar eru til í 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins, en þar er bætt við tveimur nýjum skráningaratriðum, annars vegar að skrá megi hvort viðkomandi er vopnaður, ofbeldishneigður eða á flótta og hins vegar að stafi skráning af beiðni um að eftirlýstur maður verði handtekinn eða framseldur þá skuli skrá tegund brots. Í athugasemdum með greininni kemur fram að skrá skuli hvort viðkomandi sé á flótta undan réttvísinni. Nefndinni bárust athugasemdir þar sem því sjónarmiði var hreyft að taka þyrfti af tvímæli um að frumvarpið tæki ekki til flóttamanna. Nefndin skoðaði þetta atriði sérstaklega og telur eftir þá skoðun að ekki sé ástæða til að gera efnislegar breytingar á frumvarpinu vegna þessa en áréttar hins vegar þann skilning að hér sé ekki átt við flóttamenn, enda er það hugtak skýrt og afmarkað samkvæmt lögum um útlendinga og alþjóðlegum sáttmálum.

Þá ræddi nefndin einnig um ákvæði 6. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir að heimilt sé að skrá viðbótarupplýsingar um einstaklinga og hluti sem verða til við upplýsingaskipti á grundvelli 9. gr. a laganna og er heimilt að veita þar til bærum yfirvöldum í öðru Schengen-ríki. Nefndin leggur áherslu á að upplýsingarnar verða að vera í samræmi við þann tilgang sem kerfinu er ætlað að ná yfir og að þær má einungis geyma í samræmi við tilgang skráningarinnar og aldrei lengur en í eitt ár.

Þá telur nefndin rétt að taka fram vegna ábendinga sem borist hafa að í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er a-liður 2. efnismgr. sagður vera í samræmi við áskilnað 4. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211. Það ákvæði felur í sér breytingu á 99. gr. Schengen-samningsins og er réttilega tilgreint sem grundvöllur undir 2. gr. frumvarpsins. Ákvæði a-liðar er hins vegar efnislega sambærilegt við a-lið 7. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211.

Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins er a-liður ákvæðisins sagður vera í samræmi við 8. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 871/2004 og 3. mgr. 1. gr. ákvörðunar nr. 2005/211. Þarna hafa tilvísanir víxlast og bárust nefndinni ábendingar um þetta og er rétt að hnykkja á þessu, en grundvöllur þessa ákvæðis er 8. mgr. 1. gr. ákvörðunar nr. 2005/211 og 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 871/2004 og er rétt að þetta komi fram sem minni háttar leiðrétting.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til í þskj. 532.

[17:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég hef í raun fyrirvara við þetta mál en ég hef verið áheyrnarfulltrúi í allsherjarnefnd og fylgdist með umfjöllun um málið þótt þess sé ekki getið í nefndarálitinu.

Frú forseti. Við fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gerðum alvarlegar athugasemdir við aðild Íslendinga að Schengen-upplýsingakerfinu þegar það var leitt í lög. Við féllumst ekki á rökin fyrir því að við þyrftum að leggja niður landamæraeftirlit okkar á þann hátt sem við undirgengumst á sínum tíma, eftirlit sem var og er einfalt að sinna hér á landi í ljósi aðstæðna. Við búum á eyju í

miðju Atlantshafi og eigum ekki landamæri að öðrum ríkjum.

Við töldum líka að Norðurlöndin hefðu öll átt að standa gegn því að kerfinu yrði komið á, sérstaklega í ljósi þess að löngu áður höfðu þau komið á ferðafrelsi þegna sinna á milli Norðurlandanna án vegabréfsáritana og vegabréfa. Við erum enn þeirrar skoðunar, frú forseti, að það hefði verið heppilegri kostur fyrir Norðurlönd að fara svipaða leið og Bretland og Írland og semja um þátttöku í þeim hlutum þessa upplýsingasamstarfs sem menn töldu æskilegt að taka þátt í en halda sjálfstæði gagnvart öðrum þáttum. Þannig hefðum við getað tekið sjálfstæða afstöðu til allra breytinga á kerfinu, t.d. þeirra sem hér á að innleiða. En nú eigum við ekkert val, jafnvel ekki þegar okkur þykir orka tvímælis hvers konar upplýsingar á að heimila að skrá í kerfið. Við skulum ekki gleyma því að kerfið er í auknum mæli notað til að auðvelda lögreglu að hafa uppi á meintum hryðjuverkamönnum. Við skulum ekki gleyma því að þjóðir hafa átt afar erfitt með að halda viðbrögðum sínum í þeim efnum innan skynsamlegra marka. Þar nægir að nefna fangelsanir Bandaríkjastjórnar á meintum hryðjuverkamönnum, t.d. fanga í Guantanamo sem haldið er án ákæru. Ekki er langt seilst með því að nefna líka flutninga Bandaríkjastjórnar á föngum á milli landa og yfirheyrsluaðferðir sem fela í sér pyndingar. Það er allt gert í nafni stríðsins gegn hryðjuverkum, sem auðvitað er öfugmæli í sjálfu sér.

Hæstv. forseti. Ég tel þó að þær breytingar á málinu sem allsherjarnefnd gerir tillögur um séu til bóta. Svo ég hafi allt í sama orðinu og spari okkur tímann ætla ég að láta atkvæðaskýringu mína fylgja með. Þegar fullgilding samningsins um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna var samþykkt á Alþingi þá greiddum við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs atkvæði gegn tillögunni. Þegar lögin um kerfið voru samþykkt sátum við hjá. Við höfum ekki breytt um afstöðu á þeim fimm árum sem liðin eru síðan það var og ætlum því að sitja hjá við þá afgreiðslu sem fram undan er síðar í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 2. umr.

Stjfrv., 314. mál (úttekt faggilts aðila). — Þskj. 341, nál. 559 og 578.

[17:07]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að umhverfisráðherra verði heimilt að kveða á um að innra eftirlit skuli sæta úttekt faggilts aðila, að hluta eða í heild. Mikilvægt er að kveða á um að innra eftirlit sæti slíkri úttekt þar sem öryggi fólks er í húfi, sérstaklega barna.

Samkvæmt upplýsingum Lýðheilsustöðvar verða flest frítímaslys á börnum í aldurshópnum 0–4 ára, þ.e. þegar börn eru með forráðamönnum, á skipulögðum leiksvæðum. Alvarlegir höfuðáverkar eru oft raktir til þess að undirlag er ekki samkvæmt staðli. Á leikskólum verða jafnmörg slys inni og úti á leiksvæði. Í grunnskólum verða langflest slys á börnum á skólalóðinni eða í íþróttasal.

Ég mun ekki fjalla um álitið í löngu máli en þó er rétt að taka það fram að málið snýst um eftirlit með leiksvæðum. Þetta er gamalt mál og niðurstaða úr vinnu nefndar sem fulltrúar frá umhverfisráðuneyti og Sambands íslenskra sveitarfélaga sátu í á árunum 2000–2002. Niðurstaða þeirrar nefndar kom fram í reglugerð sem tók gildi árið 2002. Hér er þeirri reglugerð í rauninni veitt lagastoð.

Ástæðan fyrir lögunum og reglugerðinni er einfaldlega sú að mjög alvarleg slys verða á börnum á leiksvæðum. Menn þekkja dæmi um slíkt og það hefur verið rakið til þess að staðlar hafi ekki verið uppfylltir á þeim svæðum. Börn detta meira á höfuðið en fullorðnir af þeirri einföldu ástæðu að höfuð þeirra eru hlutfallslega þyngri en hinna fullorðnu. Eins og ég nefndi áðan, og kemur fram í minnispunktum frá Lýðheilsustöð, eru dæmi um alvarleg slys á börnum á slíkum svæðum.

Sveitarfélögin eiga flest þessi svæði og bera skaðabótaábyrgð ef ástand þeirra er ekki í lagi. Það er mat þeirra sem nefndin fékk á sinn fund að gott væri fyrir sveitarfélögin að fá leiðbeiningar um þessa þætti. Það liggur fyrir að til að taka út leiksvæði af þessu tagi þarf sérfræðiþekkingu.

Þrátt fyrir að sá sem hér stendur telji miklu skipta að láta eftirlitsiðnaðinn ekki vaxa upp úr öllu valdi — ég vona sem flestir séu sammála því — og að nauðsynlegt sé að haga lagasetningu þannig að eftirliti verði sinnt með sem einföldustum og skilvirkustum hætti og án þess að auka kostnað atvinnulífsins eða sveitarfélaga þá breytir það ekki því að í þessu máli er engin ástæða til að veita neinn afslátt. Þegar kemur að börnum, börnum þessa þjóðfélags, er ekki nokkur ástæða til þess að vera með neinn afslátt. Þess vegna var það niðurstaða nefndarinnar frá árinu 2002 að þessi leið væri best til að koma í veg fyrir slys á börnum og reyna að fækka þeim. Þau slys koma niður á öllum en eðli máls samkvæmt verst niður á börnunum sjálfum. Það kemur sannarlega niður á heilbrigðiskerfinu og í þeim tilfellum sem ekki hefur verið staðið við staðla á viðkomandi leiksvæðum bera eigendur leiksvæða skaðabótaábyrgð. Þar fyrir utan situr eigandinn náttúrlega uppi með að svæðið hafi ekki uppfyllt skilyrði sem sett hafa verið og að af þeim orsökum hafi barn slasast mikið. Því miður eru mörg dæmi um að viðkomandi börn hafi ekki jafnað sig eftir slíkt. Ég ætla ekki annað en að í þessum sal sé skilningur á því að menn taki ekki áhættu í málum sem þessu. Það kemur kannski í ljós í umræðunum á eftir hvort svo er. Það verður athyglisvert að heyra önnur sjónarmið ef þau eru til staðar.

Meiri hlutinn skrifar undir þetta nefndarálit og leggur til að það verði samþykkt. Undir það skrifa ásamt mér hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Ásta Möller, Kjartan Ólafsson og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

[17:13]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að beina spurningu til hv. formanns umhverfisnefndar. Hún hljóðar svo: Hefur kostnað-

urinn við frumvarpið verið metinn fyrir sveitarfélögin?

[17:13]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á sínum tíma, nánar tiltekið árið 2002 — ég tek það fram hafi það ekki komið nógu skýrt fram áðan — var sett reglugerð varðandi þetta mál. Með þessu frumvarpi verða engar breytingar frá þeirri reglugerð sem nú er til staðar og sveitarfélögin vinna eftir. Samtök íslenskra sveitarfélaga gerðu ekki athugasemd við þá reglugerð, sem hafði ákveðinn kostnað í för með sér fyrir aðila sem eiga leiksvæðin, t.d. sveitarfélögin. Þau ítreka í umsögn sinni til nefndarinnar að þau geri ekki athugasemd við þetta frumvarp fremur en þegar reglugerðin var lögð fram og kostnaðurinn kom til. Því er ekki um það að ræða að leggja á nýjar álögur, nema menn hafi ekki farið eftir reglugerðinni.

Þess ber þó að geta að komin er reynsla á þetta. Ég get upplýst, af því að ég er spurður um það, að ég hef t.d. upplýsingar frá Kópavogi, sem hefur notað sér þá þjónustu sem er til boða. Kostnaðurinn er að meðaltali, það er misjafnt eftir leiksvæðum en að meðaltali hefur kostnaðurinn verið um 17 þús. kr. á hvert leiksvæði hjá Kópavogsbæ. Síðan eru dýrari þættir eins og stóru skólalóðirnar þar sem mestu slysin verða. En þetta er kostnaðurinn að meðaltali. Ef við gerum ráð fyrir 1.800 leiksvæðum á landinu og miðum við þessa upphæð þá yrði kostnaðurinn 30 millj. kr. og fer vonandi lækkandi. Menn vonast til að svo verði eftir því sem fleiri aðilar fá faggildingu og meiri samkeppni verður á þessu sviði.

[17:15]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að beina annarri fyrirspurn til hv. formanns umhverfisnefndar en hún hljóðar svo: Er það ekki rétt skilið hjá mér að þetta frumvarp snýst ekki eingöngu um leikskóla eins og umræðan er látin snúast um heldur að verið sé að opna á heimild fyrir alla þætti þeirra málaflokka sem lög nr. 7 fjalla um og þess vegna sé kannski villandi að tala eingöngu um leikskóla þegar við ræðum um þessa heimild? Ættu menn ekki frekar að tala um hlutina eins og þeir eru að það verður þá komið í vald ráðherra, ef frumvarpið verður samþykkt, að setja enn meiri fjármuni í eftirlit. Hv. þingmaður talaði um 30 milljónir með þessu frumvarpi. Ég hef reiknað út aðra tölu og mun hærri, allt að tvöfalt hærri. Gætu menn þá jafnvel komið í framhaldinu og bætt inn ákvæðum um íþróttahús og þar verið komnar aðrar 20 milljónir í eftirlit?

[17:16]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo ég vísi aftur í það þá vinna menn eftir þessari reglugerð nú þegar þannig að kostnaðurinn er til staðar eins og ég nefndi er ég tiltók sveitarfélag sem nýtir sér þessa þjónustu og er að taka út þessi leiksvæði.

Varðandi það að slíkt eigi við fleiri aðila þá kom það fram í umræðum í nefndinni, að ég tel, að menn viti ekki til þess að hægt sé að koma á innra eftirliti á fleiri svæðum en þessum leiksvæðum þó að menn hafi leitað að því og hafa fyrst og fremst sett þetta inn af lagatæknilegum ástæðum. Nú þegar, eftir því sem ég best veit, er til staðar heimild fyrir umhverfisráðherra um að annað eftirlit skuli sæta úttekt faggilts aðila. Það hefur ekkert komið fram í meðförum málsins sem bendir til þess að hér sé um einhvern annan kostnað að ræða fyrir þá aðila sem þurfa á eftirliti að halda. En ef svo er þá er það eitthvað sem a.m.k. formaður nefndarinnar veit ekki af.

[17:18]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti umhverfisnefndar á þskj. 578 og vil áður en ég fer beinlínis að horfa ofan í það lýsa því yfir að mér þykir málflutningur hv. framsögumanns meiri hlutans vera með hreinum ólíkindum. Og áður en lengra er haldið tel ég nauðsynlegt að undirstrika það hér að minni hluti umhverfisnefndar telur að opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, beri mikla ábyrgð á öryggi varðandi skipulag og búnað leiksvæða barna. Að sjálfsögðu erum við þeirrar skoðunar að sveitarfélögin hafi lagt sig fram um að hafa öryggismál í lagi og við höfum fylgst með því á hvern hátt sveitarfélögin hafa verið að reyna að bæta innra eftirlit sitt til að tryggja að ekki verði slys á börnum sem leika sér á opnum svæðum sem sveitarfélögin eiga að annast. Mér þótti mjög miður að heyra hvernig hv. þingmaður lét að því liggja að þeir sem ekki rituðu undir meirihlutaálit umhverfisnefndar hlytu þar með að láta sér í léttu rúmi liggja slys á börnum. Ég mótmæli slíkum málflutningi og því sem lá í orðum hv. þingmanns.

Í meðferð þessa máls í umhverfisnefnd var ýmsu ábótavant. Í fyrsta lagi var málið tekið flausturslega á dagskrá nefndarinnar í fyrrakvöld eftir að búið var að segja nefndinni að það yrði ekki pressað á að málið yrði afgreitt fyrir jól. Á skyndifundi í fyrrakvöld var lagður fyrir nefndina bunki af umsögnum um málið sem bæði voru mjög umfangsmiklar, þykkar og miklar, og mjög gagnrýnar á málið og sömuleiðis aðrar sem studdu það mjög. Við höfðum því sjónarmið sem voru sitt hvorum megin á þessum ás, ýmist með eða á móti. Við höfðum ekki fengið tækifæri til að lesa umsagnirnar fyrir fundinn og ekki var gefinn tími til að lesa þær yfir á fundinum. Það átti því að taka málið út úr nefndinni og var raunar gert án þess að nefndarmenn hefðu lesið þær umsagnir sem borist höfðu.

Frú forseti. Það er auðvitað ekki annað hægt en að mótmæla harðlega slíkri málsmeðferð. Hún er vanvirðandi fyrir þingið og fyrir þá aðila sem eiga að starfa eftir lögum sem við samþykkjum hér.

Einhverra hluta vegna var kippt í einhverja spotta þannig að hv. formaður umhverfisnefndar, Guðlaugur Þór Þórðarson, kallaði nefndina aftur saman í hádeginu í gær þar sem málið var tekið aftur inn í nefndina. Þá var fenginn á fund okkar gestur, Sigurður Óli Kolbeinsson, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem átti raunar sæti í þeirri nefnd sem um getur í greinargerð með frumvarpinu, nefnd þeirri sem gerði þær tillögur sem reglugerðin felur í sér. Reglugerðina skortir í sjálfu sér lagastoð og það er kannski

meginástæðan fyrir því að við erum hér með þetta frumvarp.

Á þessum hádegisfundi í gær var ekki hægt að leggja fyrir nefndina upplýsingar, sem ég þó hafði óskað eftir kvöldinu áður, um slys á börnum á leiksvæðum og opnum svæðum í umsjón sveitarfélaga. Það sem ég tel nauðsynlegt að umhverfisnefnd fái að vita er hversu mörg af þeim slysum sem verða á slíkum svæðum megi rekja til ónógs eftirlits með leiktækjum á þessum svæðum. Þær upplýsingar lágu ekki fyrir.

Sömuleiðis var ljóst að Samband íslenskra sveitarfélaga hafði ekki sent inn skriflega umsögn og vegna upplýsinga minna um ósætti stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga við málið þá þótti mér skorta skriflega umsókn frá sambandinu og taldi nauðsynlegt að slík umsögn lægi fyrir. En það var ekki tími til að bíða og málið var tekið út öðru sinni í hádeginu í gær og enn án þess að nefndin hefði lesið yfir umsagnirnar, þ.e. sameiginlega eins og þó er tilhlýðilegt að gera og vani er í nefndarstarfi á Alþingi.

Enn fremur hafði ósk okkar um að frumvarpið yrði kostnaðarmetið verið hunsuð og ég verð að fá að koma að leiðréttingu í máli hv. formanns umhverfisnefndar áðan. Hann segir réttilega að reglugerðin hafi tekið gildi árið 2002 en honum láðist að geta þess að þá var samkomulagið um kostnaðarmat á frumvörpum milli ríkissjóðs og sveitarfélaga ekki undirritað. Það samkomulag lá ekki fyrir fyrr en síðar. Reglugerðin var því ekki kostnaðarmetin og þess vegna var eðlilegt að sveitarfélögin samþykktu hana á sínum tíma eða gerðu ekki athugasemdir við hana en að sama skapi óeðlilegt að sveitarfélögin skuli ekki gera athugasemd við það þegar lagastoð fyrir reglugerðinni er sett í lög að þá skuli ekki eiga að kostnaðarmeta þann kostnað sem sveitarfélögin þurfa að bera vegna breytinganna. Sem sagt, árið 2002 lá ekki fyrir það samkomulag sem nú liggur fyrir þannig að núna höfum við enga afsökun fyrir því að kostnaðarmeta ekki þau frumvörp sem leggja aukinn kostnað á herðar sveitarfélaganna.

Síðan gerðist það þegar líða tók á daginn í gær að skrifleg umsögn barst frá umhverfissviði Reykjavíkurborgar og í morgun barst skrifleg umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hvað kemur í ljós? Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur auðvitað í ljós að þau sjá í hendi sér að reglugerðin um öryggi leikvallatækja og eftirlit með þeim sem sett var á árinu 2002 muni fela í sér verulegan kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin þegar ákvæði um úttekt faggiltra aðila verður virkt um næstu áramót. Það virðist því ekki vera neinn gleðitónn í umsögninni sem barst í dag og undirrituð er af framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Síðan segir í umsögninni að komið hafi fram athugasemdir frá sveitarfélögunum um að ákvæði reglugerðarinnar um tíðni og framkvæmd eftirlitsins sé of umfangsmikið og að reglulega aðalskoðun sé nægilegt að framkvæma á þriggja ára fresti í stað árlegrar skoðunar eins og segir í reglugerðinni og að innra eftirlit sveitarfélaganna geti þess á milli tryggt fullnægjandi öryggi.

Þetta er samhljóða þeim umsögnum sem nefndinni bárust frá einstökum heilbrigðisfulltrúum og Félagi heilbrigðisfulltrúa sem taka fram að hér sé verið að stilla sveitarfélögunum upp við vegg og gera þau skyldug til að greiða þess vegna einkaaðilum háar fjárhæðir fyrir það eftirlit sem hér um ræðir því að við skulum ekki gleyma því, frú forseti, að einkaaðilar standa við dyrnar og bíða eftir því að þessi lagastoð fáist til að hægt sé að krefja sveitarfélögin um það eftirlit sem hér um ræðir. Hverjir eru það sem búnir eru að fá fullgildingu til að annast þetta eftirlit nú þegar? Það eru ekki sveitarfélögin. Þau hafa ekki sent sitt fólk á námskeið til að læra Evrópustaðlana í Englandi. Ónei, en það hafa einkafyrirtækin verið að gera þannig að einkafyrirtækin bíða núna í röðum eftir því að fá að annast þetta eftirlit og gera kröfu á sveitarfélögin um að þau sinni því. Þetta styð ég með tilvitnun í umsögn frá Samtökum iðnaðarins þar sem segir að mikilvægt sé að mörkuð verði sú stefna að faggiltir aðilar sem starfa á samkeppnismarkaði taki í meira mæli en nú er að sér að fylgjast með því að farið sé að lögum og reglum og að samtímis sé dregið úr umfangi opinbers eftirlits. Þetta er staðfesting á því að hér gætum við verið að sigla inn í umhverfi sem væri sambærilegt við hið einkavædda rafmagnseftirlit sem þjóðin hefur auðvitað engst undan eftir að það var innleitt. Hér er verið að innleiða í lög opna heimild en ekki heimild sem takmarkast við eftirlit á leiksvæðum eða opnum svæðum. Það er því alveg ljóst að þetta frumvarp gerir ráð fyrir því að reglugerðir eða reglur um aðra þætti en þá sem lúta að leikvallamálum verði settar og þá kemur Alþingi ekkert að þeirri reglusetningu.

Ég fullyrði hér, fyrir hönd minni hlutans í umhverfisnefnd, frú forseti, að þetta mál er fullkomlega vanreifað í umhverfisnefnd og það er til vansa fyrir formann nefndarinnar að fara með málið svona flaustурslega í gegn því í grunninn er þetta ekki slæmt mál. En það er fullkomlega vanreifað og það liggur ekki lífið á að koma þessu máli í gegnum þingið fyrir áramót. Við getum tekið vel á málinu um leið og við komum saman eftir jólahlé og klárað það á örfáum vikum, á mjög skömmum tíma með glæsibrag. En eins og málin standa núna getur minni hlutinn ekki annað en gagnrýnt þetta flaustur og það harðlega og við lýsum því yfir að við getum ekki samþykkt þetta frumvarp. Við verðum að leggjast gegn því á þessu stigi málsins eins og það er búið í hendur okkar og eins og hv. formaður umhverfisnefndar hefur komið því í gegnum nefndina. Það er til mikils vansa. Ég tel afar nauðsynlegt að hv. Alþingi sem hlýðir á orð mín taki þessi orð okkar í minni hluta umhverfisnefndar til skoðunar og samþykki ekki einhverjar álögur á sveitarfélögin eða eitthvert sjálfkrafa eftirlit með sveitarfélögunum sem kemur til með að kosta, guð veit hvað, formúur á hverju ári. Ég hvet hv. þingmenn til að hugsa sig tvisvar um áður en þeir samþykkja þetta.

[17:29]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hv. formaður umhverfisnefndar lét í veðri vaka í framsöguræðu sinni að þeim sem hefðu einhverjar efasemdir um þetta mál, það var gefið í skyn, væri ekki annt um öryggi barna. Mér finnst svona málflutningur mjög ómerkilegur og vera hv. þingmanni í rauninni til mikillar skammar að flytja slíkt úr ræðustóli Alþingis. Sérstaklega þegar maður skoðar vinnubrögð hv. formanns nefndarinnar. Hann gat ekki lesið umsagnir, hann var of stór maður til

þess, frú forseti. Það var ekki hægt að fara í gegnum umsagnir. Þetta er ótrúlegt.

Ég er hérna með bunkann með mér og mér er skapi næst að lesa upp úr honum vegna þess að það er ekki hægt að fara í gegnum þetta á nefndarfundum. Þetta er ekki endilega dónaskapur gagnvart þeim sem hér talar, alls ekki, heldur gagnvart því fólki sem sendir inn umsagnir. Hvað á þetta að þýða? Ég botna ekkert í svona vinnubrögðum, að segja fólki að senda umsagnir. Hér er ein að austan, frá Austurlandi, og hún er ekki lesin. Um umsögn frá Neytendastofu var aðeins fjallað lítillega. Það er ekkert gert með umsögn frá Akureyri. Síðan eru umsagnir úr Kópavogi og Hafnarfirði, það er ekkert gert með þær og ein frá mínum slóðum, Norðurlandi vestra. Mér finnst það dónaskapur, frú forseti, að líta ekki yfir þetta á fundum, að lesa ekki gegnum það og fara yfir þessi mál. En það velur hver sín vinnubrögð og líka málflutning. Mér finnst vera fyrir neðan allar hellur að koma hér og hafa ekki tíma til að renna gegnum pappíra og halda fundi og segja svo að þeim sem hafa einhverjar efasemdir um frumvarpið sé ekki annt um öryggi barna.

Að vísu kom einn gestur á fundinn í flugumynd og það var umræddur Sigurður Óli Kolbeinsson. Hann lét í ljós afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ég hef rætt við marga sveitarstjórnarmenn í mínu kjördæmi og það verður að segjast eins og er að þeir hafa miklar efasemdir um þetta, mjög miklar, vegna þess að verið er að leggja mikinn kostnað á sveitarfélögin og senda reikninga héðan úr Reykjavík frá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni og umhverfisráðherra. Og þessir reikningar koma inn á borð hjá t.d. sveitarfélaginu Skagafirði, en þeir hafa örlitla reynslu af því að framfylgja þeim reglum sem verið að koma á og hafa slegið á að þetta séu um 800 þús. kr. Mér finnst það vera svolítil upphæð. Þetta er kannski lítið mál í Reykjavík, ég veit það ekki, en sýnir kannski afstöðu Sjálfstæðisflokksins til landsbyggðarinnar að það skipti engu máli að senda feita reikninga. En þegar maður hefur rætt við sveitarstjórnarmenn, suma jafnvel í flokki hv. framsögumanns, þá furða þeir sig á þessum vinnubrögðum. Hvers vegna er verið með þessi flaustursleg vinnubrögð, frú forseti? Jú, það er vegna þess að umhverfisráðherra gaf út reglugerð og hún er hér. Þetta er reglugerð nr. 607 frá í júní í sumar en hún hafði enga lagastoð og nú er verið að redda því hér. Á ekkert að kostnaðarmeta það bara til að bjarga umhverfisráðherra frá einhverri skömm að vera með reglugerð sem á að taka gildi um áramótin og hefur enga lagastoð? Mér finnst þetta ekki vera vinnubrögð sem við eigum að viðhafa hér. Ég vona að þó hv. formaður nefndarinnar hafi hlaupið á sig í þessu máli þá megum við ekki búast við þvílíkum vinnubrögðum á næstu missirum, frú forseti.

[17:33]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir ágætar ræður um málið. Ég verð þó aðeins í örstuttu máli að leiðrétta nokkra hluti.

Um málið voru fáir fundir haldnir en ég bendi á að ég hélt sérstakan fund til að reyna að fara yfir þessi helstu gagnrýnisatriði sem komu fram frá minni hlutanum og beiðni þeirra um að fá fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Það var gert. Svo því sé til haga haldið var beðið um umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en þeir sáu ekki ástæðu til að senda hana vegna þess að þeir voru búnir að samþykkja þessa reglugerð, enda tóku þeir þátt í undirbúningi hennar árið 2002. Það skiptir máli að þessu sé til haga haldið.

Einnig skiptir máli að frá því sé sagt að í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir í niðurlagi, sem kom í morgun eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir benti réttilega á, með leyfi forseta:

„Sambandið leggst ekki gegn því að frumvarpið verði samþykkt enda gerði það ekki athugasemd við setningu reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim þegar það fékk hana til umsagnar á árinu 2002."

Hér er ekki um neina breytingu að ræða. Þess vegna sáu þeir ekki ástæðu til að senda umsögn en gerðu það þegar eftir því var sérstaklega leitað og það kemur skýrt fram að þeir leggjast ekki gegn frumvarpinu vegna þess að þeir voru samþykkir reglugerðinni árið 2002.

Aðeins vegna reikninga úr Reykjavík er rétt að taka fram að sveitarfélögunum er líka heimilt að fá faggildingu ef þannig má að orði komast, einstaklingar innan þeirra, starfsmenn þeirra geta fengið faggildingu. Þau geta því haft þetta innan sinna vébanda. Það skiptir máli að það komi fram.

Síðan geta menn auðvitað rætt um hvort þetta sé umfangsmikið eftirlit. Skylt er að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varðar skyldur sveitarfélaga samkvæmt lögum. Menn verða þá að ræða það ef þeir munu gefa einhvern afslátt af slíku eftirliti en ég held að menn komist að þeirri niðurstöðu þegar þeir hugsa þetta í rólegheitunum að ekki sé hægt að hafa mikið minna eftirlit en hér er gert ráð fyrir út af eðli máls. Ég mundi telja að það væri mjög gott að einkaaðilar mundu bíða í röðum eftir að fá faggildingu. Það þýðir fleiri valkosti fyrir þá aðila sem að þessu máli koma og þurfa að veita slíka þjónustu og alla jafna fögnum við því.

Ég held því að allir sem skoða málið komist að þeirri niðurstöðu að hér sé um gott mál að ræða og svo sannarlega las ég allar þær umsagnir sem bárust nefndinni og ég vona að nefndarmenn hafi gert það einnig. Ég vona að betri sátt verði um málið því eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir benti á er þetta mjög gott mál.

[17:37]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. formaður umhverfisnefndar segir núna í ræðu sinni að þetta sé gott mál. Jú, gott og vel en eins og ég sagði áðan er okkur ekki gert kleift að styðja málið vegna þess hversu illa unnið það er. Um það snýst ágreiningurinn fyrst og fremst plús það að umsagnir sem hafa borist gefa til kynna svo óyggjandi sé að hér sé verið að brjóta reglur og samkomulög.

Má ég minna á að í umsögn frá Umhverfisstofu Reykjavíkurborgar segir, með leyfi forseta:

„Þá verður ekki séð af frumvarpi þessu að fylgt hafi ver-

ið ákvæðum 3. gr. laga nr. 28/1999, um opinberar eftirlitsreglur, en þar er kveðið á um að þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til opinbers eftirlits, skuli viðkomandi stjórnvald leggja mat á þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því."

Ekkert af þessu höfum við gert. Ég spyr því: Er búið að ganga úr skugga um að þessar eftirlitsreglur séu ekki brotnar? Í mínum huga er ekki búið að því.

Í öðru lagi vil ég nefna út af ræðu hv. formanns og því sem Samband íslenskra sveitarfélaga segir í umsögn sinni og það er alveg augljóst hvers kyns er í þeirri umsögn. Umhverfisráðherra er náttúrlega með tangarhald á hv. formanni nefndarinnar og mögulega formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga líka. Innan stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga er mikil óeining um þessa framsetningu málsins, ekki það markmið að sjá til þess að gott og kröftugt eftirlit sé með opnum svæðum og leiktækjum. En um þessa framsetningu málsins er mikill ágreiningur í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nú er eðlilegt að maður spyrji hvort hv. þingmaður sé ekki bara að lyppast niður fyrir einhverri kröfu hæstv. umhverfisráðherra sem verður að knýja fram á Alþingi lagastoð fyrir, reglugerð sem hún er þegar búin að setja sem hún hafði ekki lagastoð fyrir af því að hún athugaði ekki málið. Það er hennar klúður en ekki okkar sem hér er um að ræða og við löggjafarsamkundan eigum ekki að vera að reyna að leiðrétta klúður hæstv. umhverfisráðherra á þessum nótum.

[17:39]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki alveg á hvað er á ferðinni hjá hv. þingmanni. Fyrir liggur og búið er að fara yfir það í nefndinni að skipuð er nefnd þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga á aðild að. Nefndarmaðurinn kemur á fund nefndarinnar og rekur þetta allt saman fyrir nefndarmönnum, allt saman. Hann útskýrir það af hverju Samband íslenskra sveitarfélaga sendir ekki inn umsókn. Af hverju er það? Vegna þess að þeir sjá ekki ástæðu til þess af því að Samband íslenskra sveitarfélaga gerði ekki athugasemd við reglugerðina sem var sett árið 2002 í tengslum við þetta, ekki síðasta sumar heldur 2002, vegna þess að þeir komu að því að semja hana.

Ég veit ekki til þess að deilur séu um það og er þá alveg ný frétt fyrir mig ef deila er um það að hafa eftirlit með þessum leiksvæðum. Ef sveitarfélögin vilja gera þetta sjálf þá geta þau gert það. Það liggur alveg fyrir. Ef þau vilja kaupa þetta af öðrum aðilum þá geta þau gert það. Málið er ekki flóknara en það og menn eiga ekki að tala með öðrum hætti um málið.

[17:41]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú verður hv. þingmaður að athuga það að sveitarfélögin hafa nú þegar öflugt öryggiseftirlit með öllum leiktækjum á opnum svæðum sem eru í umsjá þeirra. Hv. þingmaður má því ekki tala eins og það sé ekki neitt eftirlit í gangi í dag. Hins vegar erum við að tala um faggildingu þeirra aðila sem taka út það öryggiseftirlit sem er til staðar í dag. (**Gripið fram í:** Eftirlit með eftirlitinu.) Við erum því að tala um eftirlit með eftirlitinu. Við verðum að vera með það algerlega á hreinu.

Þess vegna verður þetta aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin að öðlast faggildingu fyrir starfsmenn sína sem þýðir, eins og það er í dag, að senda þarf starfsmenn til Englands á átta vikna námskeið til að læra öryggisstaðal Evrópusambandsins. Haldið þið að það sé ekki kostnaður fólginn í því, hv. þingmenn? Auðvitað. Samband íslenskra sveitarfélaga mótmælir því í þessari umsögn sem er send í dag að lagður sé svona mikill kostnaðarauki á sveitarfélögin. Auðvitað getur þeim ekki verið stætt á öðru. En einhverra hluta vegna kom sú umsögn seint, það er alveg rétt. Hún er ekki afdráttarlaus. Það eru mun afdráttarlausari umsagnir í bunkanum frá okkur, frá sveitarfélögunum og Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa. Því segi ég að við erum með mál sem verið er að afgreiða í hasti í miklum ágreiningi sem væri svo mikill óþarfi að hafa nokkurn ágreining um ef hér væru sýnd sæmileg vinnubrögð.

[17:42]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að því sé til haga haldið þá kom fram, og það er niðurstaða nefndarinnar sem vann í þessu, að ákveðna sérfræðiþekkingu þarf til að meta þessi svæði. Það liggur alveg hreint og klárt fyrir, það þarf sérfræðiþekkingu. Sá aðili sem hefur oft verið nefndur hér og fór yfir þetta með okkur í nefndinni mat það þannig að það væri mjög gott að fá þetta kerfi upp til að hafa leiðbeiningar fyrir sveitarfélög. Geta menn deilt um það? Er það hægt? Það kemur mjög á óvart að hægt sé að finna flöt á því svo ég segi alveg eins og er.

[17:43]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst mjög sérkennilegt að horfa upp á borgarfulltrúa leggja fram frumvarp, alveg blákalt, sem ekki er kostnaðarmetið. Ég er alveg gáttaður á því og einnig þegar maður heyrir óminn frá Sjálfstæðisflokknum um að taka eigi á einhverjum eftirlitsiðnaði eins og það er kallað, þá koma menn og bæta ofan á, smyrja ofan á. Mér finnst það vera mjög undarlegt að svo mikið liggi á að bæta kostnaði á sveitarfélögin að ekki megi einu sinni skoða hvað það er mikið.

Það er eitt í þessu sem ég ætla að nefna, af því að borgarfulltrúinn er héðan úr þéttbýlinu, að þetta getur komið við minni sveitarfélögin. Til dæmis eru félagsheimili úti á landi með rólur. Ég veit ekki hvort menn eru tilbúnir að greiða kannski 17 þús. kr. reikning eða 40 þús. kr. reikning til að skoða viðkomandi rólur t.d. í Steingrímsfirði, Sævangi, félagsheimilinu þar. Eru menn kannski að taka rólurnar frá börnunum úti á landi?

Mér finnst skrýtið að mönnum liggi svo á að ekki megi kostnaðarmeta þetta og það af flokki sem segir að hann vilji ábyrgan rekstur. Hvaða ábyrgi rekstur er það að vilja ekki kostnaðarmeta svona frumvarp? Mér finnst þetta í rauninni vera stórundarlegt.

[17:45]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Örstutt vegna þessa, þá vísa ég aftur og les aftur fyrir hv. þingmann umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. (Gripið fram í.) Hér segir, með leyfi forseta:

„Sambandið leggst ekki gegn því að frumvarpið verði samþykkt enda gerði það ekki athugasemd við setningu reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim þegar það fékk hana til umsagnar á árinu 2002."

Þá lagðist kostnaðurinn á þetta. Hv. þingmaður segir hins vegar: Hvað er þessi þingmaður sem hér stendur að hugsa að koma á eftirliti með þessu, því fylgir kostnaður. Já, því fylgir kostnaður og ég er ekki tilbúinn að veita afslátt af þessum hlutum. Mér er nákvæmlega sama hvar leiksvæðin eru og hvort þau eru notuð oft eða ekki. Ég tel enga ástæðu til þess að veita afslátt þegar öryggi barnanna okkar er annars vegar, enga, svo því sé algerlega til haga haldið.

[17:46]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er athyglisvert að heyra að borgarfulltrúanum er alveg sama hvað hlutirnir kosta, nákvæmlega sama. Ég ræddi við samflokksmenn hans um frumvarpið og þeim var ekki sama. Þeir tóku undir þá skoðun mína að þetta getur einfaldlega orðið til þess að rólurnar verði teknar niður t.d. við félagsheimili og þar sem þær eru lítið notaðar. Ég hefði talið að áður en menn kæmu á regluverki sem þessu athuguðu þeir hvernig staðan væri. Hvers vegna erum við að setja þessar reglur? Er þetta lífsspursmál? Er ekki rétt að skoða hvað upp á vantar hvað öryggi varðar? Það liggur ekkert fyrir um það. Nei, það er verið að búa til vinnu og verið að bjarga hæstv. umhverfisráðherra vegna þess að hún setti reglugerð sem á sér ekki lagastoð. Það eru staðreyndir málsins. (Gripið fram í.) Já, ekki nóg með það, þetta er bara vitleysa og fólk skilur þetta ekki.

[17:47]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við höldum áfram með stóra rólumálið. Það fór sérstakur hópur yfir málið árið 2002 eins og margoft hefur komið fram. Niðurstaða vinnuhópsins var reglugerð sem var sett árið 2002, ekki af núverandi hæstv. umhverfisráðherra. Hópurinn samanstóð af fulltrúum frá ráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þetta var allt saman rakið fyrir nefndarmönnum. Allt sem hér hefur verið nefnt hefur því verið skoðað, framkvæmt og nú þegar hefur kostnaðurinn komið til.

[17:48]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil í tilefni af umræðunni taka fram að afstaða okkar samfylkingarmanna í þessu efni byggist mjög einfaldlega á því að málið er vanreifað. Þær forsendur sem þurfa að vera til að taka efnislega afstöðu í málinu voru ekki til staðar. Vissulega er það rétt að eftir að formaður umhverfisnefndar reyndi fyrst að koma málinu í gegn boðaði hann til annars fundar daginn eftir í samráði við minni hlutann, a.m.k. við mig, og það samstarf var með þeim hætti sem tíðkast hefur í umhverfisnefnd að undanförnu. Hins vegar voru þær umsagnir ekki komnar fram sem þurfti. Ein kom í dag eftir að málið var komið af dagskrá þingsins og önnur mjög mikilvæg umsögn frá Reykjavíkurborg kom ekki fyrr en í gær. Af þeim ástæðum getum við ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins og stöndum með hinum stjórnarandstöðuflokkunum að því nefndaráliti sem hér um ræðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsmannaleigur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 366. mál. — Þskj. 420, nál. 521, brtt. 507, 522 og 533.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:53]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður frumvarpið og lítur svo á að hér sé um mikilvægt framfaraspor að ræða. Hins vegar er frumvarpinu í ýmsu ábótavant og höfum við því lagt fram breytingartillögur. Það er t.d. ekki kveðið á um að lögin skuli taka til sjómanna og starfsmanna flugfélaga. Við bætum úr því. Við bætum einnig úr því að í frumvarpinu skortir beina tilvísun í lög sem eiga að tryggja að kjarasamningar í landinu gildi. Því er einnig ábótavant að í lögunum er ekki kveðið á um að trúnaðarmenn verkalýðsfélaga skuli eiga aðgang að ráðningarsamningum og upplýsingum um launakjör leigðra starfsmanna og það er ekki kveðið á um miskabætur.

Út á þetta ganga tillögur okkar og þær eru ekki nýjar af nálinni. Þær hafa legið fyrir Alþingi í hálft annað ár. Í hálft annað ár hafa legið fyrir þinginu tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þar sem tekið er á þessum málum öllum. En við fögnum því að stjórnarandstaðan á Alþingi og verkalýðshreyfingin skuli hafa fengið því ágengt að ríkisstjórnin loksins vaknaði í málinu. Það er til skammar hve illa hún hefur sofið á verðinum. En ég ítreka stuðning okkar við frumvarpið, við teljum það vera spor fram á við.

Brtt. 533,1 felld með 30:8 atkv. og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, MÁ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

5 þm. (GAK, MÞH, PHB, SigurjÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

2.–8. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, MÁ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GAK, MÞH, PHB, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 507 felld með 29:25 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÞÞ, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 533,2 felld með 29:25 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, GÞÞ, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, MÁ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GAK, MÞH, PHB, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 533,3 felld með 29:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

10 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÁ, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, MÁ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GAK, MÞH, PHB, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

11.–12. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, MÁ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GAK, MÞH, PHB, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 533,4 felld með 30:8 atkv. og sögðu

já: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ, VF, ÖS) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MF, MÁ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GAK, MÞH, PHB, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, LB, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

14.–16. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, MÁ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GAK, MÞH, PHB, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 522 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ, SigurjÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Einkaleyfi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 346. mál (nauðungarleyfi). — Þskj. 380, nál. 524.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:03]
Brtt. í nál. 524 samþ. með 53 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 236. mál (EES-reglur, læknar í starfsnámi). — Þskj. 236, nál. 494.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:04]
1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Húsnæðismál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 343. mál (varasjóður viðbótarlána). — Þskj. 377, nál. 493.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:04]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Ábyrgðasjóður launa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 385, nál. 491.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:05]
1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 364. mál (undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts o.fl.). — Þskj. 418, nál. 529, brtt. 530.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:06]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 530,1 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

2. gr., 1.–3. mgr., stafliður a, svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.

2. gr., 3. mgr. stafliður b, svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [18:07]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er kveðið á um að greiða skuli fasteignaskatt af sjúkrastofnunum, skólum, heimavistum, leikskólum, íþróttahúsum og bókasöfnum.

Við teljum ekki rétt að færa slíkar velferðarstofnanir, samfélagslegar stofnanir, undir fasteignaskattinn og getum þar af leiðandi ekki stutt þessa lagabreytingu.

2. gr., 3. mgr. stafliður c og 4.–5. mgr., samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 530,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 530,3 samþ. með 54 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 530,4 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
6.–7. gr. (verða 7.–8. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Fjarskiptasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 191. mál. — Þskj. 191, nál. 523.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:10]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 523 (ný 7. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
8.–9. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 174. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 174, nál. 525.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:11]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Búnaðargjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 332. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 364, nál. 513, brtt. 515.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]
Brtt. 515,1 (ný 1. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, HBl, JóhS, JBjart, MS, PHB, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 515,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, PHB, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, HBl, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, MÞH, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
22 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 515,3 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.
11 þm. (ÁÓÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, LB, PHB, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHj, GHall, GÖg, JÁ, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 515,4 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (JBjarn, KolH, PHB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JÁ, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, HBl, JBjart, LB, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 333. mál (verðmiðlunargjöld). — Þskj. 365, nál. 514.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:15]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JÁ, JóhS, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 514 (ný 2. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, GHall, GÖg, JÁ, JBjart, LB, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JÁ, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Innflutningur dýra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 390. mál (afnám opinberrar verðskrár fyrir einangrunarstöðvar). — Þskj. 472, nál. 516.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:16]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BJJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, LB, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BJJ, BjörgvS, GHall, GÖg, HBl, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 313. mál (gildistími laganna o.fl.). — Þskj. 340, nál. 528.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:16]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Úrvinnslugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 179. mál (reiknireglur, endurgreiðsla og lækkun gjalds). — Þskj. 179, nál. 534, brtt. 535.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:17]

Brtt. 535,1 samþ. með 55 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 535,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 535,3 (ný 3. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 535,4 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Dýravernd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 312. mál (EES-reglur, bann við tilraunum á dýrum við prófun snyrtivara). — Þskj. 339, nál. 541, brtt. 542.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:20]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 542 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 189. mál (skráning upplýsinga um einstaklinga og hluti, EES-reglur). — Þskj. 189, nál. 531, brtt. 532.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:21]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, HBl, JóhS, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JóhS, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 532,1 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JóhS, JBjart, LB, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JóhS, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 532,2 (ný 5. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 314. mál (úttekt faggilts aðila). — Þskj. 341, nál. 559 og 578.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:23]
1. gr. samþ. með 32:23 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj,

DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 31:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:24]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 17. dagskrármáls og brtt. 584, 588 og 595. — Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 405. mál. — Þskj. 560.

[18:25]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem kemur frá hv. allsherjarnefnd. Nefndin leggur til að þeir einstaklingar sem taldir eru upp á þskj. 560 öðlist ríkisborgararétt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:25]

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.

Ársreikningar, 3. umr.

Stjfrv., 362. mál (EES-reglur). — Þskj. 413.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:25]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, GHall, GÖg, JÁ, JóhS, JBjart, MS, MÁ, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 605).

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 381. mál (hækkun eftirlitsgjalds). — Þskj. 438.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:26]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, MÁ, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 606).

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Frv. SKK o.fl., 18. mál (vanskil á vörslufé). — Þskj. 572, brtt. 588.

[18:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu sem ég flyt við það frumvarp sem við hér ræðum en þar er um að ræða leiðréttingu á tilvísunum sem komið hafa í ljós við nánari yfirlestur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:27]

Brtt. 588 samþ. með 51 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JóhS, JBjart, MS, MÁ, RG, SAÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 607).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 326. mál (hækkun sjómannaafsláttar). — Þskj. 573, brtt. 584.

[18:28]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu við frumvarpið sem við hér ræðum en hv. efnahags- og viðskiptanefnd kom með nýja málsgrein og fórst fyrir að geta um gildistöku hennar. Úr því er bætt í breytingartillögunni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:28]

Brtt. 584 samþ. með 53 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, MÁ, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 608).

Vátryggingarsamningar, 3. umr.

Stjfrv., 344. mál (heilsutryggingar og áhættulíftryggingar). — Þskj. 574.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:29]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, JBjart, MS, MÁ, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 609).

Verslunaratvinna, 3. umr.

Stjfrv., 345. mál (EES-reglur, höfundarréttargjald). — Þskj. 575.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:30]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GHall, GÖg, HBl, JBjart, MS, MÁ, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 610).

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 327. mál (sérstakt kílómetragjald). — Þskj. 576, brtt. 556 og 595.

[18:30]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu við frumvarpið sem við hér ræðum, um olíugjald og kílómetragjald. Þar er um að ræða tilvísun í 3. mgr. sem á að vera 4. mgr.

[18:31]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er mikið vandræðamál, þetta olíumál. Ég stóð með félögum mínum hér lengi að því, tókst í ein sex ár að forða því að þessi litun kæmist á. En svo gengur það nú þannig að enginn má við margnum, og þetta er búið að vera hér núna og tekið í lög.

Ég lýsti við 2. umr. um þetta frumvarp afstöðu minni sem er orðin átta eða níu ára gömul. (**Gripið fram í:** Við verðum nú að sýna lit annað slagið ...) Ég tel hið mesta óráð að sýna þennan lit vegna þess að það er eins og skemmt epli þegar við búum til skattkerfi sem býður þegnunum upp á að gerast lögbrjótar. Þannig er þetta núna.

Mér er sagt, og ég hef sannreynt það, að í gær hafi hæstv. fjármálaráðherra kveðið sér hljóðs um þetta mál, gefið þær yfirlýsingar að hann ætlaði að standa fyrir því að málið yrði tekið upp í ráðuneyti hans. Ég hef rætt við hann ítarlega um málið. Ég stend í þeirri meiningu og þeirri trú að hæstv. ráðherra sé að verða ljóst þvílík vandræði þetta eru. Ég treysti því og trúi að hann muni skipa nefnd í þetta mál þar sem aðilar vinnumarkaðarins fái að koma að því og við mjög hratt og vel förum í gegnum það og afnemum þessa litun. Hún er skelfilegur hlutur.

Vegna þessa hef ég ákveðið, virðulegur forseti, að við þá atkvæðagreiðslu sem fer fram á eftir ætla ég að láta af því að vera á móti. Hins vegar mun ég gera minni ríkisstjórn það til heiðurs að sitja hjá.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:34]

Brtt. 556 felld með 30:20 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, GAK, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, HHj, JÁ, JBjart, MS, MÁ, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 595 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, EOK, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, HHj, JBjart, MS, MÁ, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, EOK, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, HHj, JBjart, MS, MÁ, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 611).

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 363. mál (framlenging á lækkun gjalds). — Þskj. 414.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:35]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, HHj, JBjart, MS, MÁ, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 612).

Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., 3. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 577.

[18:36]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hér er um afskaplega ánægjulegt mál að ræða. Það er verið að nýta þá fjármuni sem fengust fyrir vel heppnaða einkavæðingu Landssímans. Það er gert til að styrkja innviði Íslands, velferðarkerfið, og svo eru settir miklir fjármunir í nauðsynlegar samgöngubætur. Ég vek athygli á því að um 70% af fénu fara í verkefni sem nýtast öllu landinu, þó sérstaklega höfuðborgarsvæðinu, mislæg gatnamót við Suðurlandsbraut og Vesturlandsveg, tvöföldun Reykjanesbrautar, og síðast en ekki síst er hér um að ræða fjármögnun á Sundabrautinni. (Gripið fram í.)

Það vekur athygli mína að enn og aftur ýtir ríkisstjórnin á eftir nauðsynlegum samgöngubótum í Reykjavíkurborg á meðan meiri hluti í borginni dregur lappirnar. Þar sem ég hef orðið var við það að þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar eiga erfitt með að styðja fjármögnun Sundabrautar mun ég fylgjast nokkuð vel með því hvað gerist í atkvæðagreiðslunni á eftir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:37]

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, HBl, HHj, JBjart, MS, MÁ, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 613).

Fundi slitið kl. 18:37.

41. FUNDUR

föstudaginn 9. des.,
að loknum 40. fundi.

Dagskrá:

1. Starfsmannaleigur, stjfrv., 366. mál, þskj. 596. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Einkaleyfi, stjfrv., 346. mál, þskj. 597. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 236. mál, þskj. 236. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Húsnæðismál, stjfrv., 343. mál, þskj. 377. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Ábyrgðasjóður launa, stjfrv., 351. mál, þskj. 385. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 364. mál, þskj. 598. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Fjarskiptasjóður, stjfrv., 191. mál, þskj. 599. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Málefni aldraðra, stjfrv., 174. mál, þskj. 174. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Búnaðargjald, stjfrv., 332. mál, þskj. 600. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 333. mál, þskj. 601. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
11. Innflutningur dýra, stjfrv., 390. mál, þskj. 472. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
12. Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 313. mál, þskj. 340. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
13. Úrvinnslugjald, stjfrv., 179. mál, þskj. 602. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
14. Dýravernd, stjfrv., 312. mál, þskj. 603. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
15. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 189. mál, þskj. 604. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
16. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 314. mál, þskj. 341. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
17. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 405. mál, þskj. 560. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
18. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 406. mál, þskj. 569. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

Athugasemdir um störf þingsins.

Hæstaréttardómur í máli jafnréttisstýru.

[18:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Niðurstaða Hæstaréttar í máli Valgerðar H. Bjarnadóttur, fyrrverandi framkvæmdastýru Jafnréttisstofu, gegn félagsmálaráðherra eða ríkinu hlýtur að teljast gríðarlegt áfall fyrir hæstv. ráðherra. Að sama skapi er niðurstaðan sigur fyrir Valgerði, fyrir réttarkerfið og fyrir jafnréttisbaráttuna. Hæstv. ráðherra er dæmdur sekur um alvarleg brot á meginreglum stjórnsýsluréttar, hann er dæmdur sekur um brot á meðalhófsreglu og framganga hans er ólögmæt meingerð í garð viðkomandi persónu sem veldur henni miska sem ríkið er dæmt skaðabótaskylt gagnvart.

Í reifun dómsins kemur fram ófögur lýsing á samskiptum ráðherrans við þennan undirmann sinn sem hann knýr til ástæðulausrar og tilefnislausrar uppsagnar án þess að hirða um að velja mildari leiðir til að reyna að leysa málið.

Segir m.a. um það í dómnum:

„Verður því að líta svo á að með þessu hafi hann [ráðherrann] stytt sér leið að settu marki með því að knýja áfrýjanda í reynd til að fallast á að láta af starfinu. Val ráðherra á leið til að leysa málið var ósamrýmanlegt þeirri meginreglu stjórnsýsluréttar að óheimilt sé að undirbúningur og úrlausn máls miði að því að komast hjá að fylgja lögboðinni málsmeðferð, sem ætlað er að tryggja réttaröryggi aðila. Með þessu og því að virða ekki reglu um meðalhóf í stjórnsýslu hefur ráðherra bakað stefnda skaðabótaskyldu gagnvart áfrýjanda."

Um skaðabótaskylduna segir, með leyfi forseta, að hún, þ.e. þolandinn eða áfrýjandinn, verði „talin hafa orðið fyrir ólögmætri meingerð á æru sinni og persónu, svo að miskabótum varði samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga".

Þegar haft er í huga, herra forseti, að hér á í hlut ráðherra jafnréttismála og ráðherra málefna vinnumarkaðarins hlýtur staða hæstv. ráðherra í þessu samhengi að teljast alvarleg. Ég spyr því hæstv. félagsmálaráðherra: Hefur hann ekki hugleitt, alvarlega hugleitt, að biðjast lausnar? Telur hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) að sér sé sætt í ljósi niðurstöðu þessa máls?

[18:41]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Þess eru auðvitað allmörg dæmi að íslenska ríkið hafi verið dæmt til greiðslu tiltekinna fjárhæða í tengslum við starfslok einstakra starfsmanna ríkisins. Ég gæti nefnt nokkur slík dæmi en ég ætla að láta eitt nægja,dóm Hæstaréttar frá árinu1995 sem hefst á bls. 1347. Sá dómur varðar annars vegar samskipti samgönguráðherra og fjármálaráðherra en hins vegar tiltekinn starfsmann Vita- og hafnamálastofnunar árið 1989 þegar staða þess síðastnefnda var lögð niður. Niðurlagningin var dæmd ólögmæt og starfsmanninum dæmdar bætur. Hæstiréttur staðfesti þá dóm héraðsdóms.

Hvers vegna vel ég að vekja sérstaklega athygli á þessu máli, hæstv. forseti? Jú, vegna þess að sá hæstv. samgönguráðherra sem þarna átti hlut að máli heitir Steingrímur J. Sigfússon, sá hinn sami og gengur nú hvað harðast hér fram gegn mér, hæstv. forseti, og hefur jafnvelýjað að því að ég ætti að segja af mér vegna þess máls sem hér er til umræðu. Einhvern tíma hefði þetta kallast að kasta steini úr glerhúsi, hæstv. forseti. (**ÖS:** Steingrímur J. ...) Hæstv. fjármálaráðherra á þeim tíma hét Ólafur Ragnar Grímsson og er nú horfinn til annarra starfa eins og kunnugt er. Þessir heiðursmenn voru að vísu farnir frá völdum þá loksins dómurinn féll en hann varðaði embættisfærslu þeirra engu að síður.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega dóm Hæstaréttar enda sé ég ekki að það þjóni nokkrum tilgangi

jafnvel þótt ég sé ósáttur við hann. Dómurinn hefur verið kveðinn upp. Ég dreg enga dul á að niðurstaðan kom mér á óvart, ég átti von á því að niðurstaða Hæstaréttar yrði staðfesting á dómi héraðsdóms en þar var íslenska ríkið sýknað af öllum kröfum stefnanda og ekki talið að brotinn hefði verið á henni réttur að nokkru leyti.

Niðurstaðan liggur hins vegar fyrir, hæstv. forseti. Ég fagna því að þessu máli er lokið og óska Valgerði H. Bjarnadóttur velfarnaðar.

[18:43]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Í gær var hæstv. félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, dæmdur í Hæstarétti fyrir að brjóta lög í landinu og fyrir að misbeita valdi sínu gagnvart framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ráðherrann hefði brotið gegn einni af mikilvægustu grundvallarreglum stjórnsýslunnar sem meðalhófsreglan er. Svo mikið lá hæstv. félagsmálaráðherra á að losa sig við framkvæmdastjórann að hann knúði hana til afsagnar meðan mál hennar var enn í gangi hjá dómstólum. Svona vinnubrögð og framkoma eru alveg með ólíkindum.

Það er auðvitað háalvarlegt mál þegar hæstv. ráðherra er dæmdur fyrir valdníðslu og að brjóta lög. Því ber að sjálfsögðu að ræða það hér á Alþingi. En þetta er reyndar einn af mörgum hæstaréttardómum sem hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstjórn hafa fengið á sig. Meira að segja síðast í dag fengu þessi sömu stjórnvöld áfellisdóm frá umboðsmanni Alþingis í Falun Gong málinu. Hins vegar er alveg ljóst að þessi dómur hæstv. jafnréttismálaráðherra gagnvart framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu rýrir talsvert traust hans sem jafnréttisráðherra. Þessi sami ráðherra hefur farið mikinn að undanförnu í jafnréttismálum og þetta er ekki heppileg framkoma hjá ráðherra jafnréttismála sem hann sýnir þegar hann lætur verkin tala.

Viðbrögð ráðherrans við þessum dómi Hæstaréttar hafa einungis verið þau að hann lýsi vonbrigðum sínum með dóminn og undrun og síðan reynir hann að skýla sér á bak við embættismenn ríkisins í yfirlýsingu sinni. (**Gripið fram í:** Hvað er ríkið ...?) Málsvörn hans hér í salnum er með ólíkindum.

Hæstv. jafnréttismálaráðherra ætlar sér ekki að gera neitt og telur augljóslega að þessi dómur eigi ekki að hafa neinar afleiðingar fyrir sig. Það sýnir auðvitað í hnotskurn hvernig þessi þreytta ríkisstjórn tekur á þeim hæstaréttardómum sem þeir fá reglulega í hausinn. Eftir stendur vængbrotinn ráðherra jafnréttismála sem telur það ekki vera mikið tiltökumál að vera dæmdur fyrir að brjóta lög á framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu.

[18:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að þetta er heldur leiðinlegt mál fyrir hæstv. ráðherra. Þó að ég taki ekki dýpra í árinni held ég að hæstv. ráðherra væri sómi að því að kaupa fallega blómakörfu og fara með hana persónulega til viðkomandi konu og biðja hana afsökunar. Að því væri virkilegur sómi, hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** Hvað með ávísun?) Já, ávísunin mun vafalaust greiðast með tilheyrandi vöxtum eins og dómar dæma venjulega.

Það er kannski hægt að setja þetta mál í annað samhengi, hæstv. forseti. Það er ekki mjög langt síðan uppi voru ákveðin starfslok hjá forstjóra Byggðastofnunar. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vék að því nýlega á Útvarpi Sögu, sagði þá m.a. að viðkomandi forstjóri hefði gerst brotlegur í opinberu starfi og það hefði verið algjörlega óþolandi hvernig forstjórinn hefði tekið stjórn stofnunarinnar í sínar hendur og yfirgengið hana. Ég geri fastlega ráð fyrir því að hv. þingmaður, eins fylginn sér og hann er, hafi tilkynnt viðkomandi ráðherra þá um þá stöðu sem upp var komin í stofnuninni.

Hvað gerði hæstv. byggðamálaráðherra í því máli? Hún verðlaunaði sérstaklega þann mann sem var talinn hafa gengið gegn lögum um starfshætti í opinberu starfi (Gripið fram í.) að mati stjórnarformanns Byggðastofnunar og samdi við viðkomandi mann um tæplega 20 millj. kr. starfslokasamning. Ja, það er sennilega ekki sama hvort við pissum standandi eða sitjandi, hæstv. ráðherra.

[18:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Málsvörn hæstv. félagsmálaráðherra í þessu máli er með hreinum eindæmum. Svo skal böl bæta að benda á eitthvað annað, söng Megas með Íkarus fyrir nokkrum árum. Hæstv. ráðherra hefur verið dæmdur fyrir að brjóta meginreglu stjórnsýsluréttar, hann braut meðalhófsreglu og hann stofnaði til skaðabótaréttar með því að hann er talinn hafa valdið Valgerði H. Bjarnadóttur ólögmætri meingerð á æru sinni og persónu svo að miskabótum varði, eins og segir í dómnum.

Frú forseti. Hvað ætli sé að gerast eða öllu heldur gerjast í kollinum á hæstv. ráðherra núna, ráðherra sem ber ábyrgð á jafnréttismálum í þeirri ríkisstjórn sem nú situr? Í fjölmiðlum hefur hann sagst hafa orðið fyrir vonbrigðum með dóminn en mig langar til að vita hvað hann telji að málaflokknum, þ.e. jafnréttismálunum sem hann er ábyrgur fyrir, kunni nú að vera fyrir bestu. Í greinargerð hæstv. ráðherra sem dagsett er 21. júlí 2003 og varðar þetta mál segir hæstv. ráðherra að Valgerður H. Bjarnadóttir hafi þurft að hverfa frá störfum vegna þess að það kynni að vera málaflokknum fyrir bestu. En hvað telur hæstv. ráðherra nú að sé málaflokknum fyrir bestu? Þetta mál er hætt að vera hæstv. ráðherra pólitískt óþægilegt, það er orðið pólitískt axarskaft og maður spyr, frú forseti: Hvað ætlar ráðherrann að gera í því? Hvað telur ráðherrann að sé málaflokknum nú fyrir bestu?

[18:49]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Það er ástæða til að tala varlega í þessu máli enda er það viðkvæmt hvernig sem á er litið. Í umræðu um það má ekki víkja frá grunni þess og tilefni því að það snýst um gildi og trúverðugleika Jafnréttisstofu.

Hæstv. félagsmálaráðherra hefur sýnt í verkum sínum að hann leggur þunga áherslu á jafnréttismál. Ég hygg að flestir geti verið sammála um að jafnréttismál eru ofarlega á forgangslista hæstv. ráðherra. Í því tilviki sem hér er gert að umræðuefni var það að forstöðukona Jafnréttisstofu var tal-

in hafa farið á svig við jafnréttislög, þótt reyndar væri á öðrum vettvangi. (Gripið fram í.) Þar með var komin upp nokkuð óvenjuleg staða og laut auðvitað að trúverðugleika Jafnréttisstofu sem stofnunar og jafnréttismála almennt. Ráðherra varð að bregðast við með einhverjum hætti. Það hefur komið fram, frú forseti, að hæstv. ráðherra hafði fullt samráð og fór að ráðleggingum ríkislögmanns. Málið er vitanlega flókið eins og sést e.t.v. best á því að héraðsdómur staðfesti sök þá sem ríkislögmaður bar fram, eins og ráðherra hafði kynnt, en Hæstiréttur sneri síðan þeim dómi við. Það segir okkur auðvitað að málið er langt frá því að vera einfalt.

Tilefnið er þó vitanlega trúverðugleiki Jafnréttisstofu en alls ekki persónulegur fjandskapur af hálfu hæstv. ráðherra. Ég hygg að hv. þingmenn geti einmitt verið sammála um það að hæstv. félagsmálaráðherra hafi sýnt í verkum sínum að hann setur jafnréttismál ofarlega á verkefnalista sinn. Sá er vitanlega kjarni málsins. Starfsmaðurinn fær bætur og það er ástæða til að óska Valgerði Bjarnadóttur alls hins besta og jafnframt að vona að jafnréttismál haldi áfram að þróast eins og þau hafa gert undir ágætri forustu hæstv. félagsmálaráðherra.

[18:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Niðurstaða Hæstaréttar í máli fyrrverandi framkvæmdastýru Jafnréttisstofu staðfestir að hæstv. félagsmálaráðherra misbeitti valdi sínu með því að flæma framkvæmdastýruna úr starfi með yfirgangi og ólögmætum hætti. Ráðherrann braut m.a. þær meðalhófsreglur sem gilda eiga í stjórnsýslunni. Þessi embættisfærsla ráðherrans er alvarleg afglöp í starfi og mundi víða varða við lög um ráðherraábyrgð.

Það hvarflar örugglega ekki að félagsmálaráðherra að viðurkenna að hann hafi framið embættisafglöp en ég vona að hæstv. ráðherra iðrist þó gjörða sinna og biðji Valgerði Bjarnadóttur afsökunar. Hann yrði maður að meiri með því að gera það og skora ég á hæstv. ráðherra að biðja fyrrverandi framkvæmdastýru Jafnréttisstofu afsökunar.

[18:52]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að óska Valgerði H. Bjarnadóttur innilega til hamingju með að hafa unnið sigur í þessu réttlætismáli. Það er náttúrlega mjög leiðinlegt að við skulum þurfa að enda þingið fyrir jól á því að tala um svona mál. Hér er á ferðinni mjög slæmt mál sem teygir anga sína víða. Þegar maður skoðar þingskjöl og annað kemur ýmislegt á daginn sem er miður fagurt.

Ráðherra kom hér í ræðustól 11. nóvember 2003 og sagði í umræðu um störf þingsins sem efnt var til vegna starfslokasamnings við forstjóra Byggðastofnunar að búið væri að leysa þetta mál í sátt og samlyndi. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom í viðtal á Útvarp Sögu 28. nóvember sl. — við erum með útskrift af þessu viðtali hérna og höfum dreift því til þingflokksformanna stjórnarandstöðuflokkanna — og þar komu í ljós mjög alvarlegar ásakanir á hendur fyrrverandi forstjóra Byggðastofnunar sem var leystur út með 20 millj. kr. starfslokasamningi á sama tíma og Valgerður H. Bjarnadóttir var nánast rekin úr starfi, flæmd burtu af félagsmálaráðherra. Hún fékk engan starfslokasamning, nei, manneskja sem hafði ekkert gert af sér, eins og komið hefur í ljós, blásaklaus manneskjan fékk engan starfslokasamning. Forstjóri Byggðastofnunar, sem ég fæ ekki betur séð en að hafi hreinlega framið auðgunarbrot ef framburður Kristins H. Gunnarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Byggðastofnunar, er réttur. Forstjóri sem hreinlega framdi auðgunarbrot slapp. Og hver var byggðamálaráðherra, hver bar ábyrgð á þessu? Jú, hæstv. ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir. Hver bar síðan ábyrgð á starfslokum Valgerðar H. Bjarnadóttur? Hæstv. jafnréttisráðherra, Árni Magnússon.

[18:55]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það er auðvitað alveg rétt hjá hæstv. félagsmálaráðherra að hér erum við ekki saman komin til að ræða efnislega um dóm Hæstaréttar. Hæstiréttur hefur talað. Nú er leitað eftir viðbrögðum hæstv. félagsmálaráðherra, yfirmanns jafnréttismála hér á landi.

Ég verð að segja eins og er, frú forseti, að þegar Árni Magnússon, hæstv. félagsmálaráðherra, tók við ráðherraembætti fyrir tveimur og hálfu ári þótti mörgum hann valdsmannslega vaxinn, og viðbrögð hans við ástandinu fyrir norðan þóttu ýmsum við hæfi. Svona gera menn sem kunna að stjórna.

Síðan hefur komið í ljós hvað fór fram á bak við luktar dyr í félagsmálaráðuneytinu og hvernig jafnréttisstýran var knúin til að hætta störfum. Hæstiréttur hefur talað, frú forseti. Það hefur hæstv. félagsmálaráðherra hins vegar ekki gert, ekki skýrt og skorinort. Við vitum það öll sem hér sitjum inni að alls staðar í samfélögum þar sem rekin er sæmilega heilbrigð pólitík, þar sem sæmilega heilbrigt ástand er í stjórnmálum, bregðast ráðherrar sem fá á sig slíkan dóm úr Hæstarétti þannig við að þeir segja af sér. Þannig sýna þeir að þeir beri virðingu fyrir valdinu, fyrir dómsvaldinu, og að þeir beri virðingu fyrir því valdi sem þeim hefur verið fengið sem ráðherrar. Það snýst ekki um persónu ráðherrans. Það snýst um þann málaflokk sem hann sér um og það snýst um það vald sem í því felst að vera skipaður ráðherra á Íslandi.

[18:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það var reisn yfir því hvernig Páll Pétursson, fyrrverandi hæstv. félagsmálaráðherra, brást við þegar mál Valgerðar H. Bjarnadóttur kom upp. Hann lýsti yfir fullu trausti á hana og hvatti hana til að halda störfum sínum áfram. Það er lítil reisn yfir því hvernig arftaki hans, Árni Magnússon, hefur brugðist við í þessu máli öllu, og ömurlegri málsvörn en hér var uppi höfð áðan hef ég nú sjaldan heyrt, að reyna að taka til samanburðar fullkomlega ósambærilegt og 15 ára gamalt mál þar sem ríkið var einmitt sýknað af öllum kröfum um miskabætur. Ríkið varð að vísu, það er rétt, að greiða tiltekna launakröfu vegna þess að ekki hafði verið staðið rétt að skipulagsbreytingum í einni af undirstofnunum samgönguráðuneytisins (**Gripið fram í:** Hver sagði af sér?) og ekki hafði verið staðið rétt

að því að leggja þar niður stöðu. Að öllu leyti öðru eru þessi mál ósambærileg og það sýnir hversu hroðalega vondur málstaður hæstv. ráðherra og Framsóknarflokksins er að það er engin málsvörn til nema þessi, að reyna að segja — og hafa þar rangt fyrir sér — að aðrir kunni að hafa brotið af sér einhvern tíma löngu áður. Ja, þvílík málsvörn.

Hæstv. ráðherra hefur aldrei tjáð sig um þetta mál nema af hroka. Ég hef tekið það tvisvar sinnum áður hér upp og viðbrögð ráðherrans hafa ævinlega verið sami hrokinn. Hæstv. ráðherra hefur aldrei sýnt nein merki iðrunar. Hæstv. ráðherra hefur aldrei komið fram við Valgerði H. Bjarnadóttur eins og maður. Hann er of lítill til þess. (**Gripið fram í:** Hún vildi hætta.) Lögmaður Valgerðar bauð ráðherra margsinnis samningaleið út úr þessu máli. Nú sjá menn hversu gáfulegt það var að ganga fram í krafti hrokans.

Ef hæstv. ráðherra ætlar að þruma þetta af sér og vinna jafnréttismálum m.a. það ógagn að sitja rýrður trausti sem ráðherra þess málaflokks, ja, þá verða það kjósendur sem setja hann af og Framsóknarflokkinn allan. (Forseti hringir.) *Hefur farið fé betra.*

(**Forseti** (SP)**:** Að gefnu tilefni biður forseti hv. þingmenn um að gæta orða sinna.)

[18:59]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Eitthvað var þessi sögulega upprifjun mín viðkvæm fyrir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, enda braut hann gegn lögum og Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu. *Sú krafa sem hér er uppi um að ég segi af mér* embætti ráðherra er auðvitað algjörlega makalaus og fráleitt að gera þetta mál að jafnréttismáli, algjörlega fráleitt.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að ég hefði í engu brotið af mér, Hæstiréttur komst að annarri niðurstöðu. Ættu þá ekki dómarar í héraðsdómi að segja af sér með sömu rökum og hér hafa verið færð fram um þann sem hér stendur?

Auðvitað ekki, hæstv. forseti, auðvitað ekki. Auðvitað kemur það ekki til greina. *Dómur Hæstaréttar hefur verið* kveðinn upp, hann er endanlegur og þótt ég sé ósáttur við hann deili ég ekki við dómarann. En afsögn mín kemur ekki til greina vegna þessa máls, hæstv. forseti, enda fráleit krafa. (**Gripið fram í:** Þvílíkur ...)

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:01]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1.–17. dagskrármáls og útbýtingu 18. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

Starfsmannaleigur, 3. umr.

Stjfrv., 366. mál. — Þskj. 596.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:02]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MF, MÁ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GAK, MÞH, PHB, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JBjart, LB, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:01]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Þingmenn Samfylkingarinnar fagna því að hér sé verið að lögfesta frumvarp um starfsmannaleigur sem Samfylkingin hefur barist fyrir á undanförnum árum undir forustu Össurar Skarphéðinssonar. Við hörmum að ekki skuli hafa náðst fram breytingartillaga við 2. umr. um ábyrgð notendafyrirtækja sem veikir mjög þessi lög. Frumvarpið er þó til bóta og ýmis ákvæði þess munu vonandi gagnast vel í baráttunni gegn félagslegum undirboðum og misnotkun á starfsmönnum sem ráðnir eru í gegnum starfsmannaleigur. Því styðjum við í Samfylkingunni þetta frumvarp og fögnum því að ákvæði um starfsmannaleigur sé loks að verða að lögum.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 614).

Einkaleyfi, 3. umr.

Stjfrv., 346. mál (nauðungarleyfi). — Þskj. 597.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:03]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, ISG, JóhS, JBjart, KolH, LB, MS, RG, SAÞ, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 615).

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 3. umr.

Stjfrv., 236. mál (EES-reglur, læknar í starfsnámi). — Þskj. 236.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:03]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, ISG, JóhS, JBjart, LB, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 616).

Húsnæðismál, 3. umr.

Stjfrv., 343. mál (varasjóður viðbótarlána). — Þskj. 377.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:03]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, ISG, JBjart, LB, MS, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 617).

Ábyrgðasjóður launa, 3. umr.

Stjfrv., 351. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 385.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:04]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, ISG, JBjart, LB, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 618).

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 364. mál (undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts o.fl.). — Þskj. 598.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:04]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (GHj, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JBjart, LB, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 619).

Fjarskiptasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 191. mál. — Þskj. 599.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:05]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JBjart, LB, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 620).

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 174. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 174.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:05]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JBjart, LB, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 621).

Búnaðargjald, 3. umr.

Stjfrv., 332. mál (lækkun gjalds). — Þskj. 600.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:06]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KHG, LMR, MÞH, MF, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, PHB, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JÁ, JBjart, KJúl, KLM, LB, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 622).

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 333. mál (verðmiðlunargjöld). — Þskj. 601.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:06]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JÁ, JBjart, KJúl, LB, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 623).

Innflutningur dýra, 3. umr.

Stjfrv., 390. mál (afnám opinberrar verðskrár fyrir einangrunarstöðvar). — Þskj. 472.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:06]

Frv. samþ. með 46:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KHG, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: SJS.

5 þm. (JBjarn, KolH, KLM, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JBjart, KJúl, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 624).

Stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 3. umr.

Stjfrv., 313. mál (gildistími laganna o.fl.). — Þskj. 340.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:07]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 625).

Úrvinnslugjald, 3. umr.

Stjfrv., 179. mál (reiknireglur, endurgreiðsla og lækkun gjalds). — Þskj. 602.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:07]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 626).

Dýravernd, 3. umr.

Stjfrv., 312. mál (EES-reglur, bann við tilraunum á dýrum við prófun snyrtivara). — Þskj. 603.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:08]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 627).

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 3. umr.

Stjfrv., 189. mál (skráning upplýsinga um einstaklinga og hluti, EES-reglur). — Þskj. 604.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:08]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, EMS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 628).

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 3. umr.

Stjfrv., 314. mál (úttekt faggilts aðila). — Þskj. 341.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:09]
Frv. samþ. með 30:23 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, EMS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 629).

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 405. mál. — Þskj. 560.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:09]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 406. mál. — Þskj. 569.

[19:10]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 9. desember 2005 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 17. janúar 2006.“

Tillagan skýrir sig sjálf.

[19:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er kannski ekki mikið annað að gera en fallast á þessa þingsályktun enda hefur ríkisstjórnin lagst niður í öllum þeim málum sem virkilega hefði verið ástæða til að spyrna á móti, það má því segja að stjórnarandstaðan hafi ekki sérstök verkefni í þeim skilningi úr því að ríkisstjórnin hefur gefist upp. En ég verð þó að játa að í einu tilviki sé ég dálítið eftir því að missa þingið heim strax í kvöld því ég hefði gjarnan viljað hafa það hérna í nokkra daga til að ræða við hæstv. félagsmálaráðherra, Árna Magnússon.

Það er nefnilega þannig að hæstv. ráðherra hefur þær lagaskyldur að sinna þingskyldum og vera hér og svara til fyrir verk sín á þingi. Hann getur að sjálfsögðu farið í felur gagnvart fjölmiðlum eins og hann hefur gert en hann getur ekki hunsað þingið og það væri sannarlega ástæða til að hafa eins og tvo daga til að ræða við hæstv. félagsmálaráðherra og reyndar fleiri ráðherra í ríkisstjórninni og hana alla, um ýmsa hluti og m.a. og ekki síst þá sem bar á góma í upphafi þessa fundar undir liðnum Um störf þingsins. Það er því með nokkrum trega sem ég þó fellst á að afgreiða þessa tillögu og ég sé sérstaklega eftir því. (**Gripið fram í:** Við getum haldið honum eftir.) Út af fyrir sig mætti gera það já, að leyfa öðrum en hæstv. félagsmálaráðherra að fara heim og stjórnarandstaðan gæti rætt dálítið við hann eins og í tvo daga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:12]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MF, MÁ*, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JBjart, MS, RG, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 630).

Fundi slitið kl. 19:12.

---

42. FUNDUR

föstudaginn 9. des.,
að loknum 41. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára frá 1. janúar 2006 til 31. desember 2007, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

2. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs, til fjögurra ára, frá 18. desember 2005 til jafnlengdar 2009, skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins nr. 361 frá 30. september 1977, sbr. breytingu á henni nr. 673/2000.

3. Kosning aðalmanns í útvarpsráð í stað Ingvars Sverrissonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 122 30. júní 2000.

4. Veiting *ríkisborgararéttar*, frv., 405. mál, þskj. 560, lög 631. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:13]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 52 shlj. atkv.

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára frá 1. janúar 2006 til 31. desember 2007, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:

Ólafur Oddsson menntaskólakennari (A),
Ragnheiður Sigurjónsdóttir forstöðukona (B),
Ólafía Ingólfsdóttir skrifstofumaður (A).

Varamenn:

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir kennari (A),
Ingibjörg Sigmundsdóttir garðyrkjumaður (B),
Kristjana Sigurðardóttir verslunarstjóri (A).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs, til fjögurra ára, frá 18. desember 2005 til jafnlengdar 2009, skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins nr. 361 frá 30. september 1977, sbr. breytingu á henni nr. 673/2000.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Jónína Michaelsdóttir rithöfundur (A),
Margrét K. Sverrisdóttir framkvæmdastjóri (B),
Björn Teitsson, fyrrverandi skólameistari (A).

Varamenn:
Halldóra Rafnar (A),
Gísli Sverrir Árnason kynningarstjóri (B),
Vigdís Hauksdóttir garðyrkjufræðingur (A).

Kosning aðalmanns í útvarpsráð í stað Ingvars Sverrissonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 122 30. júní 2000.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Lára Stefánsdóttir framkvæmdastjóri.

Þar sem varamaður hafði verið kosinn sem aðalmaður lagði forseti til að kosinn yrði nýr varamaður.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Jakob Frímann Magnússon.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 405. mál. — Þskj. 560.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:16]

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JBjart, RG, SAÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 631).

Þingfrestun.

[19:17]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Þá er komið að lokum síðasta fundar Alþingis fyrir jólahlé. Við ljúkum nú þingstörfum þann 9. desember eins og starfsáætlun gerir ráð fyrir og vil ég láta í ljós þakkir mínar til þingmanna fyrir mjög gott samstarf á haustþinginu. Það er ánægjuefni að okkur hefur tekist á undanförnum árum að haga þinghaldinu með þeim hætti að því hefur verið lokið fyrri hluta desembermánaðar. Sú breyting hefur verið til mikilla bóta fyrir einstaklinga og stofnanir sem þurfa að vinna eftir þeirri löggjöf sem hér er sett fyrir áramót. Skiptir þar ekki síst máli að fjárlög komandi árs liggja nú fyrir þegar í byrjun desember.

Þetta er mikil breyting frá því sem hér tíðkaðist til skamms tíma þegar helstu einkenni þinghaldsins í desember voru langir fundir og langar ræður fram undir jól, oft fram á kvöld og nætur. Á þetta er nú komin betri regla í góðu samstarfi við alla flokka þó að stundum bregði út af eins og var fyrri hluta þessarar viku. Það er eins og máttarvöldin hafi viljað minna okkur á að hliðarsporin geta verið varasöm því eftir næturfund aðfaranótt miðvikudags brann aðalrafmagnstafla þingsins yfir. Ég segi: Tökum þetta sem tákn um að haga hér vinnutíma með skikkanlegum hætti.

Það er orðið löngu tímabært að við skipuleggjum vinnuna þannig að tekið sé meira tillit til þess að þingmenn eru líka fjölskyldufólk og fjölskyldur þingmanna og starfsmanna þurfa líka og eiga að fá sinn tíma.

Mér finnst einnig ástæða til að víkja að þeirri árvissu umræðu sem fer af stað í fjölmiðlum í desember þegar gert er hlé á þingfundum en þá virðast margir líta svo á að þingmenn séu komnir í frí. Þetta endurspeglar þann útbreidda misskilning að þingstarfið snúist fyrst og fremst um ræðuhöld í þingsalnum en vitaskuld er starf þingmanna miklu fjölþættara en svo að það einskorðist við Alþingishúsið. Starfstími þingmanna er í reynd allir mánuðir ársins enda þurfa þingmenn að sinna margvíslegum skyldum í þinghléi þó að ekki séu þingfundir.

Nú þegar jólahátíðin er í nánd vil ég færa alþingismönnum öllum svo og starfsfólki Alþingis bestu óskir um gleðilega, farsæla og friðsæla hátíð og þakka þeim fyrir samstarfið á því ári sem nú er senn á enda. Þeim sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári. Landsmönnum öllum sendi ég mínar bestu jóla- og nýársóskir.

[19:19]

Margrét Frímannsdóttir:

Frú forseti. Fyrir hönd alþingismanna vil ég þakka hæstv. forseta fyrir mjög gott samstarf og hlý orð í okkar garð. Það eru ekki mörg ár síðan starfsáætlun Alþingis sem sett er í upphafi þingstarfa hvert haust var plagg sem fáir tóku mark á. Á því hefur orðið ánægjuleg breyting og það er árangur sem næst einungis með góðu samstarfi hæstv. forseta og þingflokka. Gott samstarf þessara aðila skilar einnig markvissari vinnu og betri árangri fyrir þjóðfélagið í heild.

Ég ítreka þakkir okkar til forseta og óska henni og fjöl-

skyldu hennar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þá vil ég einnig fyrir hönd okkar alþingismanna þakka skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki einstaklega gott samstarf, lipurð og þolinmæði í okkar garð. Það er okkur til heilla að fá að njóta þessara starfskrafta.

Ég óska skrifstofustjóra Alþingis, starfsmönnum þingsins og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Megi gæfan fylgja störfum okkar allra í framtíðinni.

Ég bið hv. þingmenn um að taka undir óskir til hæstv. forseta, skrifstofustjóra, starfsfólks og fjölskyldna með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[19:21]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Ég þakka hv. 1. þm. Suðurk., Margréti Frímannsdóttur, fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum.

Ég endurtek þakkir mínar og innilegustu jóla- og nýársóskir til hv. þingmanna og alls starfsfólks Alþingis.

[19:21]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til að fresta fundum Alþingis, 132. löggjafarþings, frá 9. desember 2005 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 17. janúar 2006.

Gjört á Bessastöðum, 8. desember 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Halldór Ásgrímsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég því hér með yfir að fundum Alþingis, 132. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Fundi slitið kl. 19:23.

43. FUNDUR

þriðjudaginn 17. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.

Fjarvistarleyfi:
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:33]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):
Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:
„Forseti Íslands gjörir kunnugt:
Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 17. janúar 2006 kl. 13.30.
Gjört í Reykjavík, 10. janúar 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Halldór Ásgrímsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Fundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum svo og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs, þakka hið liðna, býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[13:34]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):
Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir góðar óskir í garð okkar alþingismanna og starfsmanna Alþingis. Ég óska alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs. Jafnframt sendi ég landsmönnum öllum mínar bestu nýársóskir.

Kveðjur til Steingríms J. Sigfússonar.

[13:35]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):
Í morgun barst sú fregn að einn úr hópi okkar alþingismanna, hv. 5. þm. Norðaust., Steingrímur J. Sigfússon, hefði slasast alvarlega í bílveltu norður í landi í gærkvöldi. Hann var að koma af fundi og var á leið til þings á ný í Reykjavík en veður var slæmt.

Starf alþingismanna er fjölþætt og fer ekki einvörðungu fram hér í þingsalnum. Þvert á móti eru þingmenn, einkum þingmenn landsbyggðarinnar, sífellt á ferðalögum til margs konar fundarhalda. Þau ferðalög geta verið erfið í vetrarveðrum. Við þekkjum því miður mörg dæmi óhappa í slíkum ferðum þingmanna þar sem hurð hefur skollið nærri hælum.

Samkvæmt upplýsingum sem við höfum fengið nú undir hádegi eru okkur gefnar góðar vonir um að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon komist fljótt til heilsu á ný. Sú er líka ósk og bæn okkar samþingmanna hans. Héðan frá Alþingi eru honum sendar kveðjur með ósk um góðan og skjótan bata.

Varamenn taka þingsæti.

[13:35]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):
Borist hafa þrjú bréf um forföll þingmanna. Hið fyrsta er frá Ögmundi Jónassyni, þingflokksformanni Vinstri grænna, dags. 17. janúar, og hljóðar svo:

„Þar sem Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust., liggur nú á sjúkrahúsi og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðausturkjördæmi, Hlynur Hallsson, myndlistarmaður á Akureyri, taki sæti hans á Alþingi á meðan."

Annað bréf er frá 2. þm. Suðurk., Drífu Hjartardóttur, dags. 16. janúar, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, Böðvar Jónsson fasteignasali, Reykjanesbæ, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Þriðja bréfið er frá þingflokksformanni framsóknarmanna, Hjálmari Árnasyni, dags. 16. janúar, og hljóðar svo:

„Þar sem Árni Magnússon félagsmálaráðherra, 11. þm. Reykv. n., gegnir ekki ráðherrastörfum um sinn af einkaástæðum og getur heldur ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður, Sæunn Stefánsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, taki sæti hans á Alþingi á meðan en 1. varamaður á listanum, Guðjón Ólafur Jónsson lögmaður er erlendis."

Borist hefur tilkynning frá Guðjóni Ólafi Jónssyni um að hann geti ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni.

Hlynur Hallsson, Böðvar Jónsson og Sæunn Stefánsdóttir hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[13:37]

Útbýting:

Íbúðabyggingar, 305. mál, svar félmrh., þskj. 633.

Kjaradómur og kjaranefnd, 417. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 634.

Fundi slitið kl. 13:37.

---

44. FUNDUR

þriðjudaginn 17. jan.,
að loknum 43. fundi.

Dagskrá:

Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 417. mál, þskj. 634. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]

Of skammt var liðið frá útbýtingu eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv.

Athugasemdir um störf þingsins.

Norðlingaölduveita.

[13:41]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að vekja athygli þingheims á þeim breyttu forsendum sem orðið hafa síðan Norðlingaölduveita var sett inn í lög um raforkuver árið 2003. Margt hefur breyst frá þeim tíma og vil ég í því sambandi sérstaklega nefna að mjög víðtæk samstaða er í þjóðfélaginu um Þjórsárver, um að þyrma því svæði og stækka friðlandið.

Ég vil í öðru lagi nefna að forsendan um sátt á milli hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar sem var þá höfð til grundvallar heldur ekki, það er ekki sátt um málið á milli þessara aðila.

Ég vil í þriðja lagi nefna rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem hefur komið fram eftir að þetta fór inn í lögin þar sem fram kemur að Þjórsárverasvæðið fær hæstu einkunn hvað náttúruumhverfi varðar.

Ég vil nefna að forsætisráðherra hefur sagt að ekki sé brýn þörf fyrir þá raforku sem þarna er hægt að framleiða og það er líka meðal breyttra forsendna að í dag mun það væntanlega gerast í borgarstjórn Reykjavíkur að framsóknarmenn þar munu samþykkja ályktun gegn veitunni og fyrir stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Þá hefur aðstoðarmaður ráðherra tjáð sig um þetta mál með þeim hætti að ekki sé þörf fyrir þetta lengur og ætti að falla frá þessari veitu. Mér finnst tímabært að forsætisráðherra móti stefnuna en láti ekki aðstoðarmann sinn um það. Hann taki nú af skarið og taki höndum saman við okkur í stjórnarandstöðunni um að þyrma Þjórsárverum og fella Norðlingaölduveitu úr raforkulögum.

[13:43]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Alþingi hefur markað stefnu í þessu máli. Unnið hefur verið að því að gera vandaða löggjöf á Alþingi um hvernig staðið skuli að framkvæmdum í landinu. Ég tel að sú löggjöf sé mjög til fyrirmyndar og mikil samstaða hefur verið um það á Alþingi.

Að því er varðar þessa tilteknu framkvæmd er hún til meðferðar samkvæmt því ferli og því ferli er alls ekki lokið. Hún er m.a. til meðhöndlunar hjá samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins og hún er líka til meðhöndlunar hjá fyrirtækinu Landsvirkjun þar sem m.a. fulltrúar úr flokki hv. þingmanns sem hér tók til máls eiga sæti. Ég tel nauðsynlegt að við höldum þessu máli í því ferli.

Hitt er svo annað mál að mér er kunnugt um að þarna standa engar framkvæmdir fyrir dyrum af eðlilegum ástæðum vegna þess að ekki er komin niðurstaða. Það er því ekkert um að vera á þessu svæði sem kallar á aðgerðir núna. Ég vil biðja hv. þingmann að virða það að við vinnum samkvæmt þeim lögum sem við höfum sjálf sett.

Ég geri mér vel grein fyrir því að þetta er viðkvæmt mál og ber að umgangast það með þeim hætti. En við verðum líka að hafa það í huga að ýmsar aðrar framkvæmdir eru til meðhöndlunar í landinu sem eru jafnframt viðkvæmar. Ég vænti þess að t.d. þeir sem eru á Alþingi og sitja í stjórn Landsvirkjunar geri sér grein fyrir slíku og við getum sameinast um að þetta mál haldi áfram í þeim farvegi, en ég sé ekki fram á að framkvæmdir séu eitthvað að hefjast þarna á næstunni. Ég sé því ekki ástæðuna fyrir því að Alþingi grípi inn í þetta mál á þessu stigi.

[13:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að hv. Alþingi ætti að grípa inn í þetta mál á þessu stigi er sú að stórt fyrirtæki í eigu þjóðarinnar, Landsvirkjun, er með eitt sveitarfélag í landinu í gíslingu vegna þessa máls og hefur beinlínis lagt þetta sveitarfélag í einelti. Sveitarfélagið, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, hreppsnefnd þess hefur ákveðið að hafna Norðlingaölduveitu. Það verða ekki veitt nein framkvæmdaleyfi til Landsvirkjunar vegna Norðlingaölduveitu ef Landsvirkjun kemur til með að endurnýja óskir um það. Þannig standa málin í dag.

Málið er ekki í meðhöndlun hjá miðhálendisnefndinni

eins og hæstv. forsætisráðherra sagði. Það er allt á núllpunkti vegna þess að það er ekkert skipulag í gildi á þessu svæði og miðhálendisnefndin hefur ekki fengið neinar óskir um að taka það skipulag upp. Núna hefur stór hluti miðhálendisins ákveðið samþykkt skipulag en þetta litla svæði sunnan Hofsjökuls ekki. Nú er lag. Vindarnir eru að snúast. Hæstv. forsætisráðherra og hæstv. ríkisstjórn ætti auðvitað að leyfa sér að snúast með vindinum eins og hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa ákveðið að gera og við fögnum því. Við skulum því sjá núna til þess hvort fólk geti ekki bara farið með þessum vindi, fylkt sér að bak við tvo þriðju hluta þjóðarinnar sem hafa gefið út í skoðanakönnunum vilja sinn, vilja til að þyrma Þjórsárverum um langa framtíð og vernda þau. Og ekki nóg með það, heldur á Alþingi núna líka að samþykkja að við tilnefnum þetta votlendissvæði sem er mikilvægt á heimsvísu inn á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Það væri verulegur sómi að því. Þar með mundi Alþingi Íslendinga viðurkenna verndargildi svæðisins. Verndargildi þessa svæðis er miklu meira en nokkurt nýtingargildi vegna raforkuframleiðslu fyrir stór erlend álfyrirtæki.

[13:46]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég tek undir með hæstv. forsætisráðherra. Þetta mál er til meðferðar hjá skipulagsyfirvöldum, bæði í samvinnunefnd miðhálendisins og eins hafa sveitarfélögin sem í hlut eiga ekki lokið vinnu sinni. Ég tel því rétt að þessi mál fái að þroskast í þeim farvegi. Ég tel líka að nægur tími sé til að skoða málið heildstætt.

Hins vegar tel ég að við eigum að taka ýmislegt í málinu til gaumgæfilegrar athugunar. Ég tel t.d. að það kæmi fyllilega til greina að stækka friðlandið. Ég mótmæli því sem var fullyrt áðan af hv. þingmanni Kolbrúnu Halldórsdóttur, að ekkert skipulag sé í gildi á svæðinu. Gamla skipulagið er auðvitað í gildi á svæðinu. Ég tel mjög nauðsynlegt, og við höfum nægan tíma til þess, að fara vandlega yfir þessi mál. Við þurfum að skoða þau heildstætt og í samhengi við fyrirætlanir um náttúruvernd í landinu og í samhengi við önnur virkjanaáform sem við höfum til skoðunar. Mér sýnist að eins og málin standa í dag hafi Norðlingaalda þegar hafa verið sett á ís. Það er engin sérstök þörf á að fara í þá framkvæmd á þessari stundu.

Þannig snýr málið við mér. Ég legg áherslu á að Þjórsárverin eru gríðarlega verðmætt svæði. Ég legg líka áherslu á að við erum að vinna mjög markvisst í náttúruverndarmálum.

[13:48]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Er unnið mjög markvisst að náttúruverndarmálum? Já, er það? Mér finnast ummæli þeirra tveggja hæstv. ráðherra sem hafa talað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar lýsa loðinni og tvístígandi afstöðu í þessum málum. Afstaða Frjálslynda flokksins er á hreinu í þessu máli. Borgarfulltrúi okkar, Ólafur F. Magnússon, hefur haft frumkvæði að því í borgarstjórn Reykjavíkur að leggja fram tillögu um að Reykjavíkurborg leggist gegn frekari virkjunarframkvæmdum í Þjórsárverum, þar á meðal Norðlingaölduveitu, í krafti eignarhluta síns í Landsvirkjun. Í þessum töluðu orðum er verið að leggja þá tillögu fram í borgarstjórn. Reykjavíkurlistinn hefur þegar lýst yfir að hann muni styðja málið og þessi tillaga hefur hlotið mjög góðar móttökur. Þingflokkur Frjálslynda flokksins lýsti í gær stuðningi við þessar tillögur, bæði tillögurnar í borgarstjórn og líka tillögu á Alþingi um verndun Þjórsárvera. Við hvetjum til þess að þverpólitísk samstaða náist um þetta þýðingarmikla mál. Þetta mál á mjög sterkan hljómgrunn meðal þjóðarinnar og ríkisstjórnin ætti að hlusta á þær raddir.

Við hljótum að fagna því frumkvæði sem F-listinn hefur sýnt í borgarstjórn. Við hljótum einnig að nota tækifærið hér og nú til að hvetja borgarstjórn til að samþykkja tillögu Ólafs F. Magnússonar um að vernda Þjórsárver.

[13:50]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er því miður ekki rétt hjá hæstv. forsætisráðherra og umhverfisráðherra að málið sé í farvegi. Svo er einmitt ekki. Sú sátt sem áskilin var í frægum úrskurði setts umhverfisráðherra er ekki fyrir hendi. Samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins hefur afgreitt málið fyrir sína hönd og hæstv. umhverfisráðherra, sem hér situr, hefur úrskurðað um kærur í því efni. Ekkert hefur gerst í málinu nema að Landsvirkjun hefur lýst yfir að hún vilji allt til vinna til að halda áfram virkjunaráformum, orkuöflunaráformum sínum þarna upp frá.

Hins vegar hefur þjóðinni og margs konar samtökum gefist tími til að líta á málið upp á nýtt, frá því það var flutt sem forsenda fyrir stækkun Grundartangaverksmiðjunnar. Fjórar framkvæmdir voru í þeim pakka og kynntar sem slíkar. Núna hefur myndast meiri hluti í skoðanakönnunum meðal landsmanna um að vernda Þjórsárver, að stækka friðlandið í Þjórsárverum. Stjórnarandstaðan tekur öll undir það. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur líka tekið undir það og hafnar þeirri orkuöflunarframkvæmd. Guðni Ágústsson, hæstv. landbúnaðarráðherra, er því miður farinn úr salnum en þarna er hans góði stóll, sagði í ágúst 2003: Ekki fermetra af Þjórsárverum. Ég hygg að Guðni Ágústsson standi enn við þá skoðun.

Samkvæmt þessu er þingmeirihluti á þinginu gegn áformum um Norðlingaölduveitu. Það er líka merkilegt fyrir forsætisráðherra að nú skuli þeir þrír sem hafa boðið sig fram í fyrsta sæti í prófkjöri framsóknarmanna í Reykjavík, Anna Kristinsdóttir, Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður ráðherrans, og Óskar Bergsson, öll hafa lýst sig andsnúin þessari framkvæmd. Við lýsum einfaldlega eftir því að fá að heyra hver er vilji forsætisráðherra Íslands í málinu, formanns Framsóknarflokksins. Hann á að svara því og vera ekki með málalengingar.

[13:52]

Jón Bjarnason:

Virðulegi frú forseti. Þjóðin vill ekki fórna Þjórsárverum á altari álæðis ríkisstjórnarinnar. Hæstv. forsætisráðherra sagði ekkert liggja á vegna þess að það lægi ekki fyrir kaupandi. Kannski hefur Alcan eitthvað dregið þetta til baka. Er það forsendan fyrir því hvort við viljum verja

Þjórsárver? Þetta finnst mér léleg röksemd hjá hæstv. forsætisráðherra. Við viljum ekki fórna Þjórsárverum fyrir nokkurn mun. Það eru meginrökin.

Skipulagsstofnun og allt matsferlið lagðist gegn Kárahnjúkavirkjun. Ráðherrar og ríkisstjórn tóku þá völdin og sneru við þeim úrskurði og heimiluðu Kárahnjúkavirkjun, sem var reyndar hnoðað í gegnum þingið með stuðningi ríkisstjórnarflokkanna og meginþorra samfylkingarfólks. Nú sjá flestir eftir því eða telja að minnsta kosti að þar hefðu menn átt að hugsa sig betur um.

Nú er farið að hnoðast á Skagfirðingum. Það á að troða álveri upp á Skagfirðinga og Eyfirðinga og Þingeyinga. Það á að láta Þingeyinga fórna Skjálfandafljóti og Aldeyjarfossi, láta Skagfirðinga fórna jökulánum og Héraðsvötnunum, gegn vilja þeirra. Samt er þetta keyrt áfram. Það á að taka alla þessa stefnu upp til skoðunar.

Síðasta mál fyrir jól sem tókst að stöðva var er veita átti iðnaðarráðherra víðtæka heimild til að úthluta að geðþótta rannsókna- og virkjanaleyfum, m.a. í Skagafirði og í Þingeyjarsýslum. Þetta er stefna sem miðar að því að gera Ísland náttúrulaust, eins og var yfirskriftin yfir gríðarlega vel heppnuðum baráttutónleikum ungs fólks á öllum aldri sem vildi breyta um stefnu og ekki gera Ísland náttúrulaust, eins og stefna þessarar ríkisstjórnar leiðir til. Við viljum vernda Þjórsárver.

[13:54]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka upp þetta mikilvæga mál og fagna nýtilkomnum áhuga viðkomandi á umhverfismálum.

Ég held að í þessu máli taki ég undir með þeim sem hér hafa nefnt að ekkert kallar á að hraða þessu máli, eins og öllum er ljóst. Þessi mál eru á ís ef þannig má að orði komast. Málið er í lögformlegu ferli og í ofanálag er dómsmál í gangi. Ég tel afskaplega mikilvægt, virðulegi forseti, að við ræðum þessi mál sem og annað varðandi umhverfismál í sölum Alþingis og hjá þjóðinni.

Við höfum sem betur fer farið þær leiðir að afla okkur orku með umhverfisvænum hætti. En nú, sem betur fer, og ég held að það vísi á gott, heyrast sífellt háværari kröfur, réttmætar kröfur, um að við friðlýsum stærri svæði en við höfum gert áður. Þess ber þó að geta að jafnt og þétt hefur verið unnið að því að friðlýsa hér svæði á Íslandi. 11% landsins eru nú friðlýst. Ég tek þá ekki með að nú fyrir áramót voru friðlýstar Guðlaugstungur sem er 400 ferkílómetra svæði norðan við Hofsjökul. — Já, virðulegi hv. þm. Jón Bjarnason, Guðlaugstungur voru friðlýstar og ekki gleyma því.

Margvísleg áform og áætlanir eru um fleira á því sviði. Virðulegi forseti, ég tel mikilvægt að í þessu máli sem og öðrum ræði menn stöðuna heildstætt og fari vel yfir hana. Það er augljóst varðandi þá sátt sem var til staðar þegar Jón Kristjánsson kvað upp sinn úrskurð — menn nærri því grétu hér af gleði yfir honum, m.a. þingmenn Samfylkingarinnar — að ýmislegt hefur breyst síðan. Þá fara menn bara í rólegheitunum yfir málið og ekkert sem kallar á annað en rólega og yfirvegaða umfjöllun.

[13:56]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra og umhverfisráðherra hafa drepið þessu máli á dreif með því að segja að það sé í einhverju ferli og að setja eigi málið á ís. En hver er staða málsins? Staða málsins er sú að hæstv. forsætisráðherra hefur gefið leyfi fyrir því að fara í umræddda framkvæmd. Hann gaf hana út 9. september 2004. Ætlar hann að breyta því?

Það kemur fram í bréfi umhverfisráðherra til Skipulagsnefndar að leyfi hafi verið gefið út. Er það málið? Er hann einungis að tefja málið vegna þess að það er óvinsælt mál? Er verið að tefja málið fram yfir sveitarstjórnarkosningar með þokukenndu tali? Er þess beðið að kosningar líði hjá og síðan verði hægt að hrinda málinu í framkvæmd? Mér finnst að framsóknarmenn ættu að tala skýrt í þessu máli. Hvað vilja þeir? Sama gildir um sjálfstæðismenn, hvert eru þeir að fara? Hvað meina menn með því að málið sé í einhverju ferli? Staðan er einfaldlega sú að þetta leyfi hefur verið út og það virðist í gildi.

En í framhaldi af þessu er rétt að fara yfir annað. Allar þessar framkvæmdir, hverju hafa þær skilað venjulegu fólki í landinu? Við höfum farið yfir það. Þær hafa hækkað rafmagnsreikningana hjá fólkinu í landinu, breytingar sem Framsóknarflokkurinn hefur staðið fyrir, um tugi prósenta. Það hefur farið svo hátt að þurft hefur að sækja í skattfé almennings til að greiða niður þær hækkanir sem Framsóknarflokkurinn hefur staðið fyrir. Ekki nóg með það heldur virðist málið þannig vaxið að stórnotendur líði einnig fyrir hækkanirnar. Á forsíðu eins dagblaðsins kom fram að raforkuverð til iðnaðar hafi hækkað um allt að 50%. Ég tel að framsóknarmenn ættu nú að líta í eigin barm og staldra við áður en þeir æða áfram út í vitleysuna.

[13:58]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Þjórsárverin á að vernda. Þjórsárverum á að þyrma. Við eigum að nota tækifærið til að stöðva virkjanaframkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Þar á virkjanastefna ríkisstjórnarinnar að stoppa. Að mínu mati á að hætta við áform um framkvæmdir við Norðlingaölduveitu. Þess í stað eigum við að stækka mörk friðlandsins þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarka, auk Þjórsár og nærliggjandi svæða að Sultartangalóni. Hagsmunir virkjana og stóriðju kalla ekki á þær ómetanlegu fórnir sem skerðing og eyðilegging Þjórsárvera hefði svo sannarlega í för með sér. Þarna er um að ræða eina af merkustu gróðurvinjum hálendisins og hana ber að vernda en ekki virkja.

Sjálfur er ég íbúi í Gnúpverja- og Skeiðahreppi og hef verið í áratugi. Ég hef fylgst grannt með baráttu heimamanna fyrir verndun veranna. Ég hef stutt þá baráttu og tekið þátt í henni. Sú barátta hefur verið heimamönnum til sóma og er við hæfi að óska þeim til hamingju með baráttuna og þann árangur sem vonandi hefur náðst. Vonandi sést til lands og vonandi verður Landsvirkjun settur stóllinn fyrir dyrnar og fallið að fullu frá áformum um Norðlingaölduveitu.

Það er komið nóg af fórnum á þessu svæði. Of miklu

hefur verið fórnað nú þegar í þágu stóriðju og stórvirkjana. Það á ekki að fórna einni af dýrmætustu gróðurvin hálendisins heldur freista þess að koma verunum á heimsminjaskrá UNESCO. Skipulag svæðisins sunnan Hofsjökuls er núna á byrjunarreit. Það veitir okkur á Alþingi Íslendinga kærkomið tækifæri til að vernda til framtíðar þá miklu og verðmætu hálendisperlu.

Viðbrögð hæstv. ráðherra eru dapurleg. Málið snýst ekki um að það sé æpandi orkuskortur sem kalli á miðlun við Norðlingaöldu heldur það að vernda þessar náttúruperlur burt séð frá skammtímahagsmunum stóriðju og stórvirkjana.

[14:01]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil bæði lýsa yfir vonbrigðum með svör sem komu fram hjá hæstv. forsætisráðherra í þessari umræðu en jafnframt fagna yfirlýsingu sem ég tel að hafi komið fram frá umhverfisráðherra í umræðunni um að stækka beri friðlandið í Þjórsárverum. Við munum að sjálfsögðu flytja um það tillögu hér, stjórnarandstaðan, að þetta nái fram að ganga og væntum góðs stuðnings frá umhverfisráðherra og formanni umhverfisnefndar í því máli en hann talaði líka í þá veru.

Við teljum hins vegar enga ástæðu til annars en að fella Norðlingaölduveitu út úr lögunum um raforkuver vegna þess að Alþingi á einfaldlega að hafa skoðun á þessu og Alþingi á einfaldlega að lýsa þeirri skoðun sinni að það samrýmist ekki þeim náttúruverndarsjónarmiðum sem við viljum standa fyrir að þessi veita fari í framkvæmd. Það er engin ástæða til að láta Landsvirkjun vinna áfram með þetta mál eða láta nefndina um skipulag miðhálendisins fá þetta mál áfram til meðferðar þegar ljóst er að það er meirihlutavilji fyrir því á Alþingi að þetta verði ekki að veruleika. Við eigum að taka af öll tvímæli um það en láta ekki kerfið malla áfram með málið þegar engin alvara er á bak við það og meiri hluti þingsins, lýðræðislega kjörnir þingmenn vilja ekki að þetta verði að veruleika.

Forsætisráðherra á ekki að standa hér einn eftir í þessu máli og berja höfðinu við steininn. Hann á að fylgja okkur hinum hér sem erum komin á þessa skoðun. Hann á að taka af skarið í málinu og taka af öll tvímæli svo að málið haldi ekki áfram að þæfast einhvers staðar í kerfinu. Það er ástæða til að grípa inn í, það er ástæða til að stöðva þetta ferli og það er enn hægt að gera það. Ég skora á forsætisráðherra og þá þingmenn eða ráðherra aðra sem enn eru við þetta heygarðshorn að láta nú af þessari tregðu og koma með okkur hinum í þetta mál.

[14:03]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Mér finnst hv. þingmaður gera lítið úr okkar lýðræðislegu stjórnarháttum. Hún talar um að mál séu að þæfast í kerfinu. Við höfum hér á Alþingi samþykkt ákveðið ferli fyrir mál eins og þessi og þingmenn Samfylkingarinnar hafa stutt það mál. Eigum við ekki að halda okkur við þær leikreglur sem við höfum sett okkur sjálf?

Ég spyr hv. þingmann: Það eru margar aðrar framkvæmdir fyrirhugaðar í landinu. Hv. þm. Jón Bjarnason taldi upp margar framkvæmdir sem hann taldi að gætu staðið fyrir dyrum. (Gripið fram í.) Á að skilja það þannig að hv. þingmenn Samfylkingarinnar séu algjörlega sammála Vinstri grænum í þeim efnum? Ég hef miklar efasemdir um það.

Ég tel alveg nauðsynlegt að vanda til vinnubragða og hér hefur verið vandað ferli í gangi. Hv. þingmenn, og þar með taldir hv. þingmenn Samfylkingarinnar, verða að hafa úthald til að fylgja þeim stjórnsýsluháttum sem við höfum samþykkt á Alþingi en berast ekki ávallt með vindinum þegar eitthvert mótlæti kemur upp.

Kjaradómur og kjaranefnd, 1. umr.

Stjfrv., 417. mál (ógilding úrskurðar). — Þskj. 634.

[14:05]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 634, það er 417. mál þingsins. Frumvarpið, sem er ríkisstjórnarmál, er frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Ég held að öllum sé ljóst að ríkisstjórnin stóð frammi fyrir mjög erfiðu vandamáli eftir að Kjaradómur kvað upp úrskurð sinn þann 19. desember sl. Í úrskurðinum skyldu laun forseta hækka um 6,15%, en laun annarra sem undir dóminn heyra hækka að jafnaði um 8,16% og skyldu umræddar hækkanir taka gildi 1. janúar 2006. Á sama tíma hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði almennt um 2,5%. Hinn 27. desember 2005 ritaði forsætisráðherra bréf til Kjaradóms þar sem farið var fram á það að úrskurðurinn yrði endurskoðaður. Kjaradómur hafnaði þessu með bréfi, dags. 28. desember 2005.

Í athugasemdum við frumvarpið eru raktar ástæður þess af hverju nauðsynlegt er talið að bregðast verði við ákvörðun Kjaradóms frá 19. desember sl. og til hvaða aðgerða ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa. Í athugasemdunum kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Í ljósi þeirra áhrifa sem úrskurður Kjaradóms gæti haft á stöðu vinnumarkaðsmála, þar á meðal nýgert samkomulag aðila vinnumarkaðarins um kjaramál, og þeirra ófyrirsjáanlegu áhrifa sem slíkt hefði á stöðugleikann í efnahagsmálum, er nauðsynlegt að bregðast við ákvörðun Kjaradóms frá 19. desember 2005. Hefur ríkisstjórnin ákveðið annars vegar að beita sér fyrir því að úrskurði Kjaradóms verði breytt með lagasetningu, þannig að í stað þeirra hækkana sem þar voru ákveðnar komi 2,5% hækkun frá 1. febrúar 2006, eins og gert er með frumvarpi þessu. Hins vegar mun ríkisstjórnin skipa nefnd til að fara yfir núgildandi lög um Kjaradóm og kjaranefnd. [...] Er nefndinni ætlað að skila tillögum svo fljótt sem auðið er. Rétt þykir að launabreytingum hjá þeim sem Kjaradómur og kjaranefnd ákvarða laun fyrir verði haldið í lágmarki meðan farið verður yfir lögin. Af þessum sökum er í frumvarpi þessu jafnframt lagt til að Kjaradómi og kjaranefnd verði tímabundið settar viðbótartakmarkanir varðandi launabreytingar."

Sjálft frumvarpið er tvær greinar. Í 1. gr. er lagt til að við lög nr. 120 1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, bætist

ákvæði til bráðabirgða. Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um gildistöku laganna.

Fyrsta málsgrein bráðabirgðaákvæðisins er efnislega á þá leið að úrskurður Kjaradóms frá 19. desember 2005 er felldur úr gildi frá og með 1. febrúar 2006. Frá sama tíma skulu mánaðarlaun og einingar samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá 9. júní 2005 hækka um 2,5%.

Að því er varðar laun forseta Íslands var það athugað sérstaklega hvort ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að óheimilt skuli að lækka greiðslur til forseta kjörtímabil hans kynni, að takmarka möguleika á að breyta úrskurði Kjaradóms að því leyti. Tilvitnað stjórnarskrárákvæði var nýmæli í stjórnarskránni 1944. Í skýringum við ákvæðið er það rakið að það miði að því að hindra að fjárhagslegum þvingunarúrræðum verði beitt gegn forseta. Sérstaklega er tekið fram í skýringunum að með ákvæðinu sé einungis verndaður réttur forseta til sömu krónutölu og hann hefði í upphafi haft, en engan veginn tryggt að kaupmáttur krónunnar haldist óbreyttur.

Ljóst er að með frumvarpi þessu er ekki farið gegn tilgangi stjórnarskrárákvæðisins. Nefna má að Kjaradómi var, með bráðabirgðalögum 3. júlí 1992 um breytingu á lögum um Kjaradóm, nr. 92/1986, falið að kveða upp nýjan úrskurð í stað úrskurðar síns frá 26. júní 1992. Kjaradómur kvað upp nýjan úrskurð 12. júlí 1992 í samræmi við efni bráðabirgðalaganna sem fól í sér lækkun launa frá því sem ákveðið var með fyrri úrskurði og tók hinn nýi úrskurður jafnt til forseta sem annarra sem undir fyrri úrskurð Kjaradóms féllu.

Önnur málsgrein er efnislega tvískipt en í fyrri málslið 2. mgr. er gert ráð fyrir að ekki verði um frekari breytingar á launum þeirra sem eru undir Kjaradómi og kjaranefnd að ræða á árinu 2006 nema þær séu í samræmi við umsamdar launahækkanir á almennum vinnumarkaði. Í þeim kjarasamningum er á árinu eingöngu gert ráð fyrir 2,5% hækkun launataxta sem kom til framkvæmda um nýliðin áramót nema annað leiði af niðurstöðum endurskoðunarnefndar samningsaðila á hinum almenna vinnumarkaði.

Í seinni málslið 2. mgr. er opnað fyrir Kjaradóm og kjaranefnd að taka tillit til sérstakra hópa og bregðast við breytingum sem kunna að verða á umfangi starfa eða verksviði einstakra embættismanna eða hópa embættismanna. Sem dæmi má nefna ef ákveðið er að sameina stofnanir eða fjölga eða fækka marktækt þeim verkefnum sem stofnun er ætlað að sinna. Þess skal þó gætt að slíkar breytingar valdi ekki röskun á vinnumarkaði.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa nefnd til að fara yfir núgildandi lög um Kjaradóm og kjaranefnd og að sú nefnd eigi að skila tillögum svo fljótt sem auðið er. Í því ljósi er í frumvarpinu ekki lagt til að takmarka lengur en út árið 2006 þær forsendur sem Kjaradómi og kjaranefnd er ætlað að starfa eftir. Á þeim tíma má ætla að annað tveggja hafi gerst: þeim viðmiðunum sem Kjaradómi og kjaranefnd sé ætlað að fylgja í launaákvörðunum sínum hafi verið breytt eða ákveðið hafi verið að láta þær haldast óbreyttar.

Virðulegi forseti. Ég er kominn að lokum máls míns og að þessum orðum töluðum legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[14:12]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það er mikið vandræðamál sem við erum með hér til umfjöllunar, sem er úrskurður Kjaradóms, sem kallar nú á frumvarp til laga um breytingu á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd. Eru þingmenn komnir í þá aðstöðu að véla hér um sín eigin laun og það hafa þeir líklega ekki gert síðan 1992 eða í tæp 14 ár.

Það er dálítið merkilegt að litast hér um bekki í þingsalnum og sjá það að hér er aðeins einn ráðherra mættur, hæstv. fjármálaráðherra Árni Mathiesen, en engir aðrir ráðherrar og afskaplega fáir þingmenn. Ég vek athygli á þessu, virðulegur forseti, vegna þess að ég tel að það mál sem hér er á ferðinni og upphaf þess megi rekja til aðgerða ríkisstjórnarinnar og málið sé á hennar ábyrgð og það sé á ábyrgð þingmanna stjórnarliðsins, m.a. hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem oft hefur haft hátt um laun þegar þau hafa verið hækkuð hjá láglaunafólki í landinu. Það sem hefur verið að gerast í Kjaradómi er á þeirra ábyrgð vegna þess að það endurspeglar þróun sem hefur átt sér stað inni í ráðuneytum og stofnunum ríkisins. Ég mun koma að því síðar, virðulegi forseti. En ég vil segja það svo að ég gæti nú alls réttlætis af því að ég kallaði hér eftir stjórnarliðum og nefndi þingmanninn Einar Odd Kristjánsson í því sambandi að hann situr hér í hliðarsal þannig að því sé nú til skila haldið. (**Gripið fram í:** Og hægra megin við þig.) Og hægra megin við mig.

Kjaradómur kvað upp umdeildan úrskurð 1992, eins og ég kom inn á áðan. Það eru því orðin 13 ár síðan þingmenn voru síðast að véla um kjör sín. Þá voru sett bráðabirgðalög á þann úrskurð Kjaradóms, það er viss samsvörun þarna á milli. Núna stendur til að setja lög á þingi en þá voru sett bráðabirgðalög á úrskurðinn. Í kjölfar þess úrskurðar var skipuð nefnd og síðan samþykkt ný lög um Kjaradóm og kjaranefnd á Alþingi. Nú er sagan sem sagt að endurtaka sig þó að í aðeins breyttri mynd sé.

Mig langar aðeins að fara lítillega yfir lögin um Kjaradóm og kjaranefnd og þær forsendur sem lágu þeirri lagasetningu til grundvallar árið 1992 vegna þess að ég tel að það skipti máli fyrir umræðuna. Fyrirkomulagið sem haft er á þessum hlutum er um margt ágætt. Lögin sem sett voru 1992 voru um margt ágæt. Að vísu var það gagnrýnt við þá lagasetningu að þessu skyldi vera tvískipt. Annars vegar sé Kjaradómur og hins vegar kjaranefnd. Það var gagnrýnt og talið að þetta ætti að vera ein og sama stofnunin en fyrir þessari tvískiptingu voru ákveðin rök. Kjaradómur úrskurðar nefnilega án samráðs eða málflutnings. Hann fellir einfaldlega úrskurð um kjör þeirra sem undir hann heyra. Í kjaranefnd hins vegar getur farið fram málflutningur að vissu leyti. Einstaklingar og stéttir geta lagt fram sjónarmið sín hjá kjaranefnd og sótt til kjaranefndar leiðréttingu á kjörum sínum. Þarna er munurinn, að Kjaradómur úrskurðar einhliða en í hinu tilvikinu er hægt að sækja og flytja sitt mál.

Í því felst væntanlega líka það að undir Kjaradómi á að vera miklu takmarkaðri hópur. Hugmyndin upphaflega 1992 var sú að þarna væru bara þingmenn og þar af leiðandi ráðherrar, sem eru jafnframt þingmenn, hæstaréttardómarar og héraðsdómarar og aðrir ekki. Það væru ein-

vörðungu þessir aðilar sem heyrðu undir Kjaradóm, þeir sem ekki væri viðunandi að sæktu kjör sín til framkvæmdarvaldsins, til ríkisstjórnar eða ráðuneyta. Þessu var hins vegar breytt í meðförum þingsins og hópurinn stækkaður. Kannski voru það mistök af hálfu þingsins á sínum tíma þegar lögin voru sett.

Fróðlegt er að skoða ræðu þáverandi hæstv. fjármálaráðherra um þetta mál. Í ræðu ráðherrans kemur m.a. fram þessi munur sem er á ákvæðunum um Kjaradóm og kjaranefnd. Í ræðu þáverandi hæstv. fjármálaráðherra, Friðriks Sophussonar, kemur einnig fram að þrengja eigi þann hóp sem Kjaradómur taki til og hann skuli aðeins vera einhverjir sem ekki geta heyrt beint undir framkvæmdarvaldið.

Í ræðu hæstv. þáverandi fjármálaráðherra kemur líka fram að viðmiðunin sem Kjaradómi er þá sett er breytt á þann veg að í stað afkomuhorfa þjóðarbúsins skuli Kjaradómur taka tillit til almennrar launaþróunar á vinnumarkaði. Viðmiðuninni var sem sagt breytt og hún ætti að vera um almenna launaþróun á vinnumarkaði en ekki afkomuhorfur í þjóðarbúinu.

Þegar grannt er skoðað kemur einnig fram að munur er á ákvæðum um Kjaradóm og kjaranefnd hvað það varðar að Kjaradómur á að taka tillit til þróunar kjara á vinnumarkaði en kjaranefnd ekki. Ekki eru sömu skilyrði varðandi kjaranefndina. Þetta er auðvitað mikilvægt að hafa í huga þegar verið er að fjalla um þetta mál.

Í 5. gr. laganna segir, með leyfi forseta.

„Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Enn fremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði."

En kjaranefnd er ekki með þetta ákvæði. Þar segir að kjaranefnd skuli gæta þess að laun þeirra sem undir hana heyra séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar og samræmi sé milli þeirra og þeirra launa hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga eða Kjaradóms. Sem sagt, þar er ekki sama viðmiðun við vinnumarkaðinn og er hjá Kjaradómi. Þetta er mikilvægt að haft sé í huga vegna þess að segja má að með þessu sé Kjaradómi ætlað ákveðið pólitískt tillit, honum sé ætlað að sýna vissa aðgát. Það má því að vissu leyti gagnrýna Kjaradóm fyrir að gera það ekki í því máli sem hér er til umfjöllunar því að Kjaradómur hefur stundum gert það. Í a.m.k. einu tilviki sem vitað er hefur hann gert það, tekið ákveðið pólitískt tillit sem orkar tvímælis. Það var í janúar 2004 þegar hann hefði með réttu átt að úrskurða 3% hækkun en gerði það ekki vegna þess að umræða sem fór fram í desember í þinginu um eftirlaunamál þingmanna vakti mikinn óróa og óánægju í samfélaginu. Það var ákveðið pólitískt tillit sem Kjaradómur tók þá þegar hann úrskurðaði ekki um þau 3%. Þau 3% tekur hann hins vegar inn núna í úrskurði sínum sem mér finnst orka tvímælis fyrst það var ekki gert á þeim tíma, þá hafi það bara átt að vera niður fallið. Hins vegar hefur Kjaradómur sagt að honum beri ekki að taka slíkt pólitískt tillit og eigi að úrskurða í samræmi við forsendurnar eins og þær eru í lögunum.

Það sem bæði Kjaradómur og kjaranefnd eiga að gera er að gæta innbyrðis samræmis í launakjörum við þá viðmiðunarhópa sem þar er eðlilegt að séu. Kjaradómur skoðar hvað kjaranefnd hefur verið að gera og kjaranefnd skoðar aftur hvað hefur verið að gerast í ráðuneytum og stofnunum sem undir ráðherrana heyra og síðan úrskurðar kjaranefnd í samræmi við þá þróun eins og henni ber og Kjaradómur úrskurðar líka í samræmi við þá þróun eins og Kjaradómi ber. Einbjörn togar í Tvíbjörn sem togar í Þríbjörn og allt í einu verður lýðum ljóst hvað þarna er á ferðinni, hvað þarna var að gerast í ríkisstofnunum og ráðuneytum og allt springur í loft upp. Það er ekki við Kjaradóm sem slíkan að sakast. Hann er í rauninni boðberi tíðinda og tíðindin eiga rót sína að rekja í ráðuneytunum sem eru auðvitað á forræði ráðherranna og á þeirra ábyrgð.

En þegar það gerist og þetta springur í loft upp og verður lýðum ljóst þá heyrist óp að vestan. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur fram og krefst þess að boðberi hinna válegu tíðinda, svo ég taki mér skáldaleyfi, verði hengdur fyrir það sem hann bar á borð fyrir þjóðina. Og það er stundum að þegar stigið er fast til jarðar í Reykjavík og ekki síst í ráðhúsinu þá heyrist óp að vestan. Stigið er fast til jarðar í Reykjavík og óhljóð heyrist frá Flateyri. Það var náttúrlega þannig þegar Reykjavíkurborg og borgarstjórnin í Reykjavík reið á vaðið og hækkaði laun hinna lægst launuðu í kjarasamningum, kom til móts við þá hópa, þá heyrðust mikil hljóð úr því horni.

Það sem borgarstjórinn í Reykjavík gerði var að gera kjarasamninga við lægst launaða starfsfólk borgarinnar algerlega opinskátt, það var allt uppi á borðinu, lá allt ljóst fyrir. Það sem hefur hins vegar verið að gerast í stofnunum ríkisins og ráðuneytum er að þar hefur verið vílað og dílað um kaup og kjör og það er allt meira og minna undir yfirborðinu sýnist manni á því sem hér er á ferðinni. Að samningar hafi verið gerðir milli forstöðumanna og starfsmanna með vitund og vilja ráðherra og þess vegna eru það ráðherrarnir sem bera ábyrgð á málinu en ekki Kjaradómur og þeir ættu auðvitað að sitja hér og taka þátt í þessari umræðu og segja okkur hvað þeir hafa verið að gera í ráðuneytunum.

Nú má ekki líta þannig á orð mín að ég telji að þeir starfsmenn ráðuneytanna sem hafa verið að fá kjarabætur í gegnum einhverjar slíkar aðgerðir séu ekki vel að sínum launum komnir, því að verður er verkamaðurinn launanna og það á jafnt við um ófaglærða starfsfólkið á leikskólum Reykjavíkurborgar og þar gilda sanngirnissjónarmið fyllilega eins og það á við um fólk í ráðuneytum ríkisins. En launastefna ríkisins verður að vera skýr. Um hvað ætlum við að sameinast í launamálum? Hver er stefnan í kjarasamningum? Með hvaða boðskap fer ríkið inn í kjarasamninga? Hverju vill það ná fram í kjarasamningum við þá sem það stendur í samningum við? Hvernig er framkvæmdin í launamálum? Hvernig lítur launastefna ríkisins út? Það þarf auðvitað að vera uppi á yfirborðinu þannig að hægt sé að gegnumlýsa þau laun sem samið er um. Hvernig sem um þau er samið þá þarf það að vera uppi á borðinu.

Ríkisstjórnin hefur kallað eftir ábyrgð almenns launafólks og hún hefur kallað eftir ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar vegna þess efnahagsástands sem núna er. En síðan fara menn heim í ráðuneyti sín og aðhafast eitthvað allt

annað og vísa frá sér ábyrgð þegar þeir eru í raun staðnir að verki. Það eru þeir sem eru staðnir að verki en ekki Kjaradómur.

Það hefur verið þannig hjá ríkisstjórninni að hún hefur oft talað í þá átt að hún hafi sýnt skilning á kjörum hinna lægst launuðu en það er bara í orði en ekki á borði. Það er viðvarandi gliðnun í samfélaginu og hún heldur áfram. Hægt er að fara yfir það m.a. hvernig það birtist okkur í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um hvernig skattbyrðin hefur verið að þróast á undanförnum árum þar sem skattbyrðin er að þyngjast á hinum lægst launuðu og þeim sem eru með meðallaunin og léttast á þeim sem eru með hæstu launin. Þar kemur líka fram að ekki bara að raungildi heldur í krónum talið hafa framlög til barnabóta og vaxtabóta til þeirra sem eru með mestu framfærslubyrðina verið að minnka. Það er því víða hægt að bera niður í þessu sambandi. Hægt er að bera niður í launastefnunni, skattstefnunni, byggðastefnunni og allt ber að sama brunni, það dregur í sundur með fólki í landinu. Við getum líka talað um aldraða og öryrkja því ég þykist vita að allir þingmenn í salnum hafi fengið ótal bréf frá öldruðum og öryrkjum að undanförnu, ótal símhringingar yfir því hvernig málum er fyrir komið í þjóðfélaginu. Við þurfum ekki annað en lesa öll lesendabréfin í blöðunum núna. Ég hef sjaldan upplifað jafnmikla óánægju og eins mikla reiði hjá þessum hópum og núna kraumar undir yfirborðinu.

Það er auðvitað spurning hvenær þjóðinni verður nóg boðið. Stundum er þjóðinni nóg boðið og þá grípur hún til sinna ráða. Ég minni í því sambandi á þegar þjóðinni fannst að það væri aðför að lýðræðisvitund hennar í gangi 2004, þá greip hún til sinna ráða og stöðvaði það sem þar var að gerast.

Þjóðin upplifði líka aðför gegn sómatilfinningu sinni, gegn siðferðiskennd sinni í fréttaflutningi DV núna á dögunum og þjóðin greip til sinna ráða. Spurningin er hvenær þjóðinni finnst að aðförin að réttlætiskenndinni hafi gengið of langt og grípi þá til sinna ráða. Mætti segja mér að ekki væri mjög langt í það miðað við hvernig þetta birtist okkur og hlýtur að birtast öllum þingmönnum hvort sem þeir eru í stjórnarandstöðu eða stjórnarliði þessa dagana. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á þessari gliðnun, ríkisstjórnin ber ábyrgð á því hvernig hefur dregið sundur með fólki. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á úrskurðinum, ríkisstjórnin ber líka ábyrgð á því klúðri sem þessi úrskurður lenti í því stjórnarandstaðan bauð upp á það að þing kæmi saman fyrir áramót og við þyrftum ekki nema 1–2 klukkutíma til að fresta þessu máli þannig að hækkunin kæmi aldrei til framkvæmda. Það er miklu verra að eiga við málið þegar hækkunin hefur orðið og þurfa að taka hana til baka heldur en ef hún hefði aldrei komið til framkvæmda. Þá hefði mönnum gefist meira tóm til að fara yfir þetta og gaumgæfa hvernig við gætum tekið á þessu, með hvaða hætti við gætum breytt lögunum um Kjaradóm og kjaranefnd og látið Kjaradóm úrskurða að nýju um þessa hluti. En ríkisstjórnin kaus að hafa ekki samráð við stjórnarandstöðuna, kaus að fara sínar eigin leiðir í þessu efni. Að vísu sagði forsætisráðherra að hann hefði skrifað bréf til Kjaradóms, haft samráð um það við stjórnarandstöðuna og formenn stjórnarandstöðuflokkanna og formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar. Það samráð fólst í símhringingu þar sem tilkynnt var að ríkisstjórnin hygðist fara þessa leið og mundi segja ASÍ og Samtökum atvinnulífsins það á fundi þann sama dag. Það kalla ég ekki samráð vegna þess að samráð felst í því að menn setjist yfir málið, átti sig á hvaða leiðir er hægt að fara í því og komist að sameiginlegri niðurstöðu. Það er samráð. Hitt er bara tilkynning um hvernig menn hyggist standa að verki.

Virðulegur forseti. Þetta mál allt saman er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Hún hefur haldið klúðurslega á málinu eftir að það kom fram og það sem manni sýnist vera að endurspeglast í úrskurði Kjaradóms eru einfaldlega launaákvarðanir og launabreytingar sem hafa átt sér stað í ráðuneytum og stofnunum ríkisins sem kjaranefnd og Kjaradómur voru einfaldlega að fylgja eftir í samræmi við þau lög sem um þetta gilda þó að á hitt megi svo aftur fallast að vissulega beri Kjaradómi að sýna vissa aðgát í þessum efnum eins og lagaákvæði um hann ber vott um.

[14:30]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eftir að hafa hlustað á hv. þingmann tala í 15 mínútur þá brennur ein spurning á vörum mínum. Hvað var það sem hv. þingmaður vildi sagt hafa? Hvað í ósköpunum var það? Styður hv. þingmaður þetta frumvarp sem liggur fyrir Alþingi? Ef hún styður það, af hverju styður hún það? Það væri fróðlegt fyrir þingmenn og þjóðina að heyra það. Eða styður hún það ekki? Er hún á móti frumvarpinu? Það væri þá fróðlegt fyrir þingheim og þjóðina að frétta hvers vegna. Það væri nú gaman ef það gæti komið fram hvort hún styddi það eða hvort hún væri á móti því.

[14:31]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ákveð auðvitað sjálf hvernig ég haga málflutningi mínum í ræðustóli þingsins. Og ég ákveð auðvitað sjálf hvort ég kýs að nota þetta tækifæri til að gegnumlýsa þann tvískinnung sem einkennir stjórnarstefnuna og þá gliðnun sem stjórnarstefnan hefur valdið í landinu. Þetta mál mun að sjálfsögðu fara til þingnefndar. Ég geri ráð fyrir að það fari til efnahags- og viðskiptanefndar þar sem ég á sæti og mun fjalla um málið og mun að sjálfsögðu kalla eftir þeim upplýsingum sem við þurfum til að taka afstöðu til málsins. Það kann vel að vera að niðurstaða mín verði sú að betra sé að fara aðrar leiðir að þessu máli en hér er lagt til. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að við þingmenn eigum ekki að taka þá launahækkun sem þarna er um að ræða. Það er afstaða mín. Við eigum að afsala okkur henni með lögformlega réttum leiðum. Spurningin snýst um hvaða leiðir eru bestar í því efni.

[14:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað ákveður hv. þingmaður það sjálf hvað hún segir eða hvaða afstöðu hún hefur. Það var ekki nýtt í þessu máli. Mér datt bara í hug að hitt hefði verið fróðlegt fyrir þingheim að frétta hver afstaðan væri. Kannski er hún engin eins og oft kemur fram þegar við horfum á gulu takkana hér, gulu ljósin. Engin afstaða. Það

kæmi mér ekki á óvart að það yrði niðurstaðan hér.

En menn virðast algerlega hafa gleymt því um hvað málið fjallar. Það er talað um að einhver öskur og óp hafi komið frá Flateyri. Það er mjög rangt. Þetta mál fjallar um það að við sem þingheimur eigum að reyna að sýna einhvern trúverðugleika. Reyna að lafa í því að hafa einhvern trúverðugleika gagnvart þjóðinni ef þess væri einhver kostur. (**Gripið fram í:** Hvar varst þú í ...?) Það var það sem um var rætt. Það var það sem um var að ræða. (Gripið fram í.) Ég hef tekið til máls árum saman um launamál á Íslandi. Allir ættu að vita það sem rekur minni til þess nema sumir sem eru svo minnislausir eins og borgarstjórinn í Reykjavík sem man ekkert um það. Ég hef tekið til máls og alltaf á sama hátt, ég vara við þeirri launaþróun sem er hér á landi. Ég hef varað við því að skerða kjör og möguleika Íslendinga með því að fara svo óvarlega sem raun ber vitni, að hækka hér laun langt umfram framleiðniaukningu iðnaðarins. Þetta hef ég gert árum saman og því miður, virðulegi forseti, hafa mjög fáir tekið undir það. Aldrei hef ég fengið neinn stuðning frá stjórnarandstöðunni og kannski ekki heldur frá eigin liðsmönnum. Þetta er vandamálið sem við stöndum frammi fyrir. Um það fjallar þetta frumvarp. Því vona ég að menn hafi manndóm í sér til að styðja það.

[14:34]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og kom fram í svari mínu áðan er afstaða mín í málinu algerlega skýr, þ.e. þingmenn eiga ekki að fá til sín þá hækkun sem þessi úrskurður gerði ráð fyrir. Spurningin er hins vegar hvaða aðferð er hægt að nýta í því efni og þar er ekki allt leyfilegt. Það er ekki leyfilegt t.d. að sveigja og beygja stjórnarskrá ef um það er að ræða. Það er ekki leyfilegt að taka jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og gera ekkert með hana þó svo að við viljum ná fram einhverju tilteknu máli. Þetta verðum við að skoða í tengslum við þetta mál og þetta munum við skoða í efnahags- og viðskiptanefnd.

Sýna trúverðugleika, sagði þingmaðurinn Einar Oddur Kristjánsson. Gott. Sýna trúverðugleika. Ég veit vel að þingmaðurinn hefur staðið hér oft og talað um launamál. Hann hefur oft talað um að menn fari hér offari í ýmsum efnum. En hvar hefur varaformaður fjárlaganefndar verið þegar þessir hlutir hafa verið gerast í stofnunum ríkisins og í ráðuneytum ríkisins? Hann er ekki bara þingmaður að vestan, hann er varaformaður fjárlaganefndar. Hvað heldur þingmaðurinn að endurspeglist t.d. í fjáraukalögunum á hverju ári, í allri þessari miklu framúrkeyrslu í fjáraukalögunum? Hvað heldur þingmaðurinn að þar sé á ferðinni annað en það að menn halda sig ekki við þær forsendur sem gefnar voru í upphafi, m.a. í launamálum? Það hefði varaformaður fjárlaganefndar náttúrlega átt að skoða sérstaklega en standa ekki og æpa að borgarstjóranum í Reykjavík sem gerir kjarasamning fyrir algerlega opnum tjöldum og þar sem hlutirnir fara ekki fram úr áætlunum með þeim hætti sem gerist hjá ríkinu.

[14:36]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir notaði hér margoft í ræðu sinni sérkennilegt orðalag þegar hún talaði um að þingheimur hafi verið að véla um eitthvað í þessu máli. Þingheimur hefði verið að véla um mál. Hún talar líka um tvískinnung. Það vakti mig til umhugsunar um hvernig atkvæðagreiðslan fór árið 1992 þegar afgreidd voru lög um Kjaradóm og kjaranefnd. Þá kom í ljós að 45 þingmenn greiddu málinu atkvæði, níu greiddu ekki atkvæði, þar af fjórar kvennalistakonur. Þannig var nú atkvæðagreiðslan. Þetta er sú vélun sem hv. þingmaður talar hér um. Það var einróma vilji þingmanna að leysa það deilumál með þessum hætti. Ég get að einu leyti tekið undir með hv. þingmanni um það sem snýr að vinnubrögðum Kjaradóms. Ég er fyllilega sammála Kjaradómi að frá þessu máli varð ekki snúið með neinum hætti. Hann hefði gert lítið úr sínum eigin störfum og lögin voru alveg skýr um hvernig hann átti að vinna. En orðalag hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur þegar hún segir að þingmenn séu að véla um málið er náttúrlega alveg fyrir neðan allar hellur.

[14:38]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er gott að fá málfarsráðgjöf í ræðustól Alþingis frá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Ég hef aldrei litið svo á að það að véla um hluti væri nokkuð neikvætt. Ég lít bara svo á að það merki að starfa að málum. Alþingi starfaði að þessu máli, Alþingi hafði skoðun á því. Það er ekkert neikvætt í því, hv. þingmaður, að þingið véli um mál. Það er bara góð og gild íslenska og í því felst bara að Alþingi starfi að máli og fjalli um það, sem það og gerði. Þá var það skoðun okkar sem vorum í Kvennalistanum, og fyrir því talaði m.a. þingkonan Kristín Ástgeirsdóttir, að ekki bæri að skilja Kjaradóm og kjaranefnd svona að, það bæri að hafa þetta í einni heild, og það er það sem menn tala um í dag að hafi kannski verið mistökin á sínum tíma. Ég veit ekki betur en að það hafi m.a. komið fram hjá Kjaradómi sjálfum núna í þeirri greinargerð sem hann gaf út að kannski hefði verið betra að hafa þetta í einni heild. Eða þá hitt, sem ýmsir töluðu um á þeim tíma, að hafa hópinn mjög þröngan sem Kjaradómur væri — ég þori ekki að segja véla — að fjalla um. Um þetta voru skiptar skoðanir á þeim tíma. Og það er að koma á daginn að kannski voru ýmsar breytingar sem þingið gerði frá því að frumvarpið var lagt fram ekki til bóta.

[14:40]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sá að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hljóp út í horn í þingsalnum og ræddi við mikinn íslenskufræðing um það hvort hún hefði haft rétt eða rangt fyrir sér. Það er nú bara svo að þetta orðatiltæki að véla þýðir að afvegaleiða eða blekkja. Það er einmitt þannig sem hv. þingmaður hefur talað í ljósi þeirra staðreynda sem hér liggja fyrir að það voru 45 þingmenn sem samþykktu lögin á sínum tíma.

[14:40]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara að leggjast í miklar orðskýringar í ræðustól Alþingis. Mér fannst að

málvitund mín í þessu efni væri rétt og fór þess vegna og bar mig saman við okkar ágæta íslenskufræðing, Mörð Árnason, í þessum efnum og fékk staðfestingu hans á því. En ég held að við ættum að vera í efnisumræðu um málið en ekki í orðaskaki af þessum toga.

[14:41]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Eins mótsagnakennt og það kann að hljóma þá er það að vissu leyti gott að þetta leiðinlega klúðursmál skuli hafa komið fram. Vegna þess að það hefur þegar orðið og á enn eftir að verða tilefni til að þjóðin gaumgæfi þá kjaraþróun sem er að verða á Íslandi og hefur orðið á Íslandi á undanförnum árum. Þetta mál hefur orðið til þess að veita okkur innsýn í þjóðfélagið að þessu leyti. Ákvörðun Kjaradóms í lok desembermánaðar olli mikilli reiði í þjóðfélaginu. Hvers vegna? Vegna þess að Kjaradómur hafi ekki farið að lögum? Var það vegna þess að menn töldu að hann hefði ekki hlýtt þeim reglum sem honum voru settar? Ég held að reiðin hafi ekki orðið til að þeim sökum, því að í 5. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd eru þessar reglur skilgreindar á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Enn fremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði."

Ég held að hjá mjög mörgum sé sá skilningur lagður í þessi orð að sambærileg störf vísi til stöðu innan fyrirtækja og innan stjórnsýslunnar. Það er hinn almenni skilningur á því sem hér stendur. Þegar þróun kjara þeirra hópa er skoðuð, hvort sem er hjá ríkinu eða fyrirtækjum á markaði, þá hefur hún orðið umtalsvert meiri, þ.e. hækkanir hafa orðið umtalsvert hærri hjá þessum hópum en öðrum í þjóðfélaginu. Að þessu leyti endurspeglar Kjaradómur eða ákvörðun hans þann veruleika. Menn eru ekki að reiðast út af þessu. En síðan er á hitt að líta að leggja má annan skilning í orðin sambærileg störf og sambærilega ábyrgð. Hvor ber meiri ábyrgð, heilaskurðlæknir á sjúkrahúsi eða matráðskonan? Heilaskurðlæknirinn hefur einn mann undir hnífnum hverju sinni en matráðskonan ber ábyrgð á heilsu alls sjúkrahússins, allra þeirra sem þar eru og getur valdið umtalsvert meiri heilsufarslegum usla á stofnuninni ef út í þá sálma er farið. Hvor ber meiri ábyrgð?

Og hvað með ábyrgð þeirra sem sinna fötluðu fólki eða öldruðum á hjúkrunarheimilum og þurfa að vaka yfir þeim mörgum hverjum veikum og ósjálfbjarga allan sólarhringinn alla daga ársins? Hvor ber meiri ábyrgð, sá aðili eða forstjóri í fyrirtæki, svokallaðir stjórnendur? Það er þetta sem þjóðin er að horfa á. Hún er að horfa á þá gliðnun sem er að verða á milli þeirra sem stýra fólki og peningum og axla þess konar ábyrgð og hins vegar hinna sem sinna öðrum verkefnum og þurfa að sönnu að axla sína ábyrgð sem að mínum dómi er ekki minni. Þegar ákvörðun Kjaradóms varð lýðum ljós í desembermánuði þá varð hún táknræn um þessa gliðnun í samfélaginu og fólk reis réttilega upp.

Það hefur stundum verið sagt að það sé mjög mikilvægt að alþingismenn, ráðherrar og dómarar séu á mjög háum launum. Ég held að það sé mikilvægt að allir búi við góð kjör, þingmenn, dómarar og ráðherrar, en það á að sjálfsögðu við um aðrar stéttir líka. Ég vísaði til þeirra sem sinna fötluðum, sem sinna erfiðum störfum á sjúkrahúsum eða annars staðar í þjóðfélaginu, á sjó og landi. Ég held að það skipti máli að alþingismenn séu í talsambandi við þorra þjóðarinnar að þessu leyti og það verða þeir því aðeins að þeir deili kjörum með fólki eins og þau eru almennust. Ef menn trúa því virkilega að það safnaðist meiri úrvalssveit en hér er til staðar á þingi núna með því að stórhækka laun þingmanna þá held ég að það sé mikill misskilningur. Ef við horfum inn í fyrirtæki landsins, horfum á þetta fólk sem hefur tekist að klóra til sín milljónir og jafnvel tugi milljóna á mánuði, þá gef ég ekki mikið fyrir þann mannskap. Reyndar gef ég ekki mikið fyrir þá sem stýra núna þjóðarskútunni og vilja firra sig allri ábyrgð á því sem er að gerast. Eða vilja menn heyra hvað hæstv. viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir sagði í morgunútvarpi Ríkisútvarpsins 6. janúar?

Hún sagði um hið nýja Ísland launamisréttisins, með leyfi forseta:

„Já, ég er náttúrlega hissa og ég geri mér grein fyrir því að fólki ofbýður dálítið að þetta skuli vera orðið hið nýja Ísland, að laun forstjóra séu orðin svona há. Það er ósköp eðlilegt að fólki ofbjóði en hins vegar er þetta náttúrlega mál sem stjórnmálamenn geta ekki haft áhrif á að öðru leyti en því að setja ákvæði í lög eins og ég mun beita mér fyrir."

„Eins og ég mun beita mér fyrir." En hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir lagasetningum og keyrt þær í gegnum þingið í tíu ár og afleiðingarnar birtast okkur öllum stundum. Hvernig? Þær hafa birst okkur í skattkerfisbreytingum ríkisstjórnarinnar og við höfum farið yfir það reglulega, t.d. fyrir rétt rúmu ári þegar breytingar voru gerðar á tekjuskattskerfinu og eignarskattskerfinu. Þar kom í ljós að einstaklingur með eina milljón kr. í mánaðartekjur eykur ráðstöfunartekjur sínar um 12,4% vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar á meðan láglaunamaðurinn eykur þær um 7,7%, þ.e. einstaklingur með 100 þús. kr. Reyndar er það svo að þeir sem minnstar hafa tekjurnar eru núna farnir að greiða skatta sem þeir gerðu ekki áður. Lækkun tekjuskatta ofan á niðurfellingu hátekjuskatts í áföngum, sem þegar er lögfest og kemur til framkvæmda á þessu kjörtímabili, veldur því að einstaklingur með 12 millj. kr. árstekjur kemur til með að hagnast um eina millj. kr. á ári vegna tekjuskattsbreytinga ríkisstjórnarinnar. Og eins og ég gat um áðan er ávinningur þessa einstaklings 12,4% hærri ráðstöfunartekjur en hann hefur nú.

Í þessu samhengi höfum við ítrekað ábendingar Öryrkjabandalags Íslands að sú breyting hafi orðið á högum öryrkja að lífeyrisþegi sem ekkert hefur nema bætur almannatrygginga sé nú farinn að greiða jafngildi tveggja mánaða útborgunar á ári hverju í beina skatta. Enn augljósari er ávinningur hátekju- og stóreignafólks af niðurfellingu eignarskatts. Fram hefur komið að einstaklingar sem eiga skuldlausa fasteign á bilinu 50–100 millj. kr. greiða að meðaltali 385.749 kr. í eignarskatt. Þeir sem eiga skuldlausa eign að verðmæti meira en 100 millj. kr. greiða sem nemur að meðaltali 895.187 kr. Það er skattapakki ríkis-

stjórnarinnar sem kemur þessum hópum, hátekjufólkinu og stóreignafólkinu vel.

Í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum við verið því fylgjandi að breyta eignarskattinum þannig að skattviðmið verði hækkað verulega en að stóreignamenn verði hins vegar ekki undanþegnir skatti. Út á þetta ganga tillögur okkar. Við viljum létta sköttum af þeim sem ekki eru aflögufærir en láta hina sem mala gullið greiða af eignum sínum og tekjum og við höfum flutt tillögur í þá átt. Þetta er eitt af lagaákvæðunum sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra vísar til.

Annað sem ríkisstjórnin hefur gert er að taka stofnanir og umbreyta þeim í hlutafélög. Það hefur aukið á kjaramismun í þjóðfélaginu. Forstöðumenn, forstjórarnir og sá hluti stjórnsýslunnar sem er í þeim fyrirtækjum hefur stóraukið tekjur sínar en hinir lægstu hafa staðið í stað og í sumum tilvikum hafa tekjur þeirra lækkað að raungildi, ég get komið með dæmi um það ef menn óska eftir þess.

Síðan er á það að líta að þegar litið er á kjarasamninga ríkisins við opinbera starfsmenn þá hefur hlutfallslega verið gert betur við þá sem hafa hærri tekjurnar og hærri launin en hina sem eru á meðaltekjum eða á lægstu launanum. Þetta eru staðreyndir og þetta eru gjörðir ríkisstjórnarinnar.

Það er annað sem ég hef staldrað við í umfjöllun ríkisstjórnarinnar eða fulltrúa hennar og stjórnarmeirihlutans um þessi mál og það kom einnig fram í tali bankamálaráðherrans, viðskiptaráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, í morgunútvarpinu 6. janúar. Þar kom fram að það er ekki misréttið sjálft heldur upphlaupin sem verða þegar fólk áttar sig á misréttinu sem valda ríkisstjórninni og atvinnurekendasamtökunum áhyggjum, ekki misréttið sjálft, heldur að fólk skuli koma auga á það.

Hæstv. ráðherra sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Svo er það sem hefur verið bent á að þarna sé um fyrirtæki að ræða sem séu að starfa á alþjóðamarkaði og það má rétt vera að svo sé og er rétt. Engu að síður þá þarf að koma alla vega þessum málum í þann farveg að það verði ekki þetta upphlaup í þjóðfélaginu þegar eitthvað svona kemur upp og þá held ég að ráðið sé það að hluthafarnir beri ábyrgð, að það séu hluthafarnir í viðkomandi fyrirtæki sem beri ábyrgð."

Hér er verið að vísa í umræðu sem varð í tengslum við starfslokasamninga hjá FL Group, sem ég held að það heiti núna, gamla flugfélagið okkar. Það þarf sem sagt að koma í veg fyrir upphlaup í þjóðfélaginu og það er það sem segir einnig í 1. gr. í því frumvarpi sem við erum að ræða hér. Þar er vísað í það að þess skuli gætt að það valdi ekki röskun á vinnumarkaði. Þá eru menn að horfa á mótmæli sem verða í þjóðfélaginu og þá hættu að kjarasamningum verði sagt upp þegar möguleikar eru á því. Það er í þessa veru sem ríkisstjórnin er nú byrjuð að spinna sig áfram í þessum málum.

Hafa menn tekið eftir því að þau frumvörp sem hafa komið fram að undanförnu um nýjar opinberar stofnanir, einkum þær sem sinna fjármálaumsýslu af einhverju tagi, að æðstu stjórnendur, stjórnendur fyrirtækisins eru teknir út úr, ekki bara kjarasamningsumhverfinu heldur eru þeir líka teknir undan kjaranefnd og Kjaradómi? Hvers vegna? Vegna þess að það á að vera hægt að borga þeim hærri laun, enn hærri en kjaranefnd og Kjaradómur mundi ákvarða og það sem er enn betra, það er hægt að fela ákvörðunina. Þetta á að vera samningsatriði milli stjórnar, stofnunar og æðstu stjórnenda. Þetta var t.d. gert með nýjum lögum um Fjármálaeftirlitið. Þetta var gert með lögum um Íbúðalánasjóð og fleiri stofnanir. Með öðrum orðum, í þeim anda að ekki megi valda röskun og uppþotum þá segir ríkisstjórnin að það eigi að fela þessar ákvarðanir.

Ég hef verið talsmaður þess og flutti um það þingmál árið 1995 að ákvarðanir um launakjör alþingismanna og ráðherra eigi að taka hér í þessum sal og menn hafa sagt: Það er mjög erfitt. En er ekki líka erfitt að ákvarða kjör öryrkja eða kjör atvinnulausra? Er það ekki erfitt líka? Og það reyndist mönnum nú ekki ofviða að taka ákvarðanir um eigin eftirlaunakjör, um lífeyrisfrumvarpið, það gerðu menn. Það sem fylgdi í kjölfarið var umræða vegna þess að fólk gerði sér grein fyrir því að ábyrgðin var hér og það er mikilvægt að það sé alltaf ábyrgð á bak við þær ákvarðanir sem eru teknar um umdeild og umdeilanleg mál. Það er gert í kjarasamningum. Þar eru atvinnurekendur annars vegar og það eru verkalýðsfélögin hins vegar, samningar eru bornir undir atkvæði. Það er hægt að setja forsvarsmenn beggja aðila af ef því er að skipta.

En hér erum við búin að búa til einhvern óskapnað sem heitir kjaranefnd og Kjaradómur og sumir vilja kalla dómstól, sem er náttúrlega enginn dómstóll, þetta er nefnd í stjórnsýslunni sem heitir þessu nafni en er nú ekki virðulegri en svo að þetta er bara ósköp venjuleg nefnd sem starfar samkvæmt lögum og þau lög eru meira að segja mjög matskennd, eins og ég gat um hér áðan. Ég held að það væri miklu hreinna að taka þessar ákvarðanir inn í þingið að nýju.

En hér tala ég sem einstaklingur og ekki fyrir hönd flokks. Ég held reyndar að þessi mál séu í eðli sínu þverpólitísk. Ég held að fólk hafi mismunandi skoðun á þessu í öllum flokkunum. En um hitt erum við sammála í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og ég hygg að það eigi við um stjórnarandstöðuna almennt, að gjörðir ríkisstjórnarinnar á undangengnum tíu árum hafa leitt til aukins kjaramisréttis í þjóðfélaginu og ákvörðun Kjaradóms núna um kjör þingmanna, ráðherra, dómara, forseta og annarra sem hann tekur til eða ákvarðanir hans taka til, endurspegla reiði fólks vegna þess sem hér er að gerast, þar sem einstaklingar eru að kaupa og selja í fyrirtækjum fyrir mörg þúsund milljónir. Er að undra þótt mönnum blöskri og ofbjóði? Það eru hins vegar þingmenn og ráðherrar sem eru gagnrýndir fyrir þessa þróun og það er að vissu leyti alveg rétt og alveg réttmætt þó að við í stjórnarandstöðunni vísum ábyrgðinni alfarið á hendur ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum í því efni.

[15:02]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Launakjör alþingismanna, hver svo sem þau eru eða hvort sem þau taka til launanna sjálfra eða annarra réttinda, hafa jafnan vakið mikla umræðu í þjóðfélaginu og er í raun ekkert við það að athuga og eðlilegt að við sem störfum á hv. Alþingi þurfum að fjalla um þau mál sem

að okkur sjálfum snúa varðandi laun og launakjör.

Hins vegar verð ég að segja, hæstv. forseti, að ég er ekkert viss um að við finnum betra fyrirkomulag til að ákveða laun alþingismanna heldur en að hafa einhvers konar úrskurðarnefnd um hver þau eigi að vera á hverjum tíma og við hvað þau eigi að miðast. Þetta segi ég þó ég hafi sjálfur tekið þátt í því um 25–30 ára skeið að semja um mín eigin kjör, þ.e. fyrir mína starfsstétt og þar með auðvitað talið sjálfan mig, og mun ég ekkert kveinka mér undan því að fjalla um launakjör okkar alþingismanna ef svo skipast mál að tekið yrði upp það fyrirkomulag að það þyrftum við að gera, enda held ég að ekki sé ástæða til að vera í neinum feluleik með umræðu um kjaramál alþingismanna frekar en annarra stétta.

Það skyldi þó ekki vera, hæstv. forseti, að málið sem við ræðum núna sem byggist á úrskurði Kjaradóms frá 19. desember síðastliðnum um hækkun á launum alþingismanna eigi einmitt rótina að rekja til þess að sum þeirra kjara sem dómurinn miðar við voru mönnum ekkert endilega sýnileg. Fólk sem er á hinum almennu töxtum í þjóðfélaginu og starfar á þeim kjörum sem samið er um almennt á vinnumarkaði gerði sér alla vega ekki grein fyrir því að þær viðmiðanir væru finnanlegar sem hægt væri að byggja rök á um að hækka laun alþingismanna yfir 8% nú um áramótin. Ég sem hér stend gerði mér að minnsta kosti ekki grein fyrir því að með rökum byggðum á samanburðarfræðum væri hægt að finna því stað að þeir sem eru að jafnaði best launaðir í þjóðfélaginu — þá er ég ekki að tala um þá sem eru starfandi í stórfyrirtækjunum og eru sjálftökumenn að sínum launum í raun, eiga þar ráðandi hluti og geta ráðið stefnunni sjálfir, heldur er ég að tala um þá sem starfa á vegum ríkisins, sveitarfélaga og um okkur alþingismenn — ég hygg að menn hafi ekki beinlínis talið að efni væru til þeirra hækkana sem Kjaradómur kemst að. Þegar maður hefur skoðað málið, umræður um það, blaðaskrif og greinargerðir, lögin um Kjaradóm og kjaranefnd og þá niðurstöðu sem við erum hér að ræða þá vekur það mann strax til umhugsunar, alla vega þann sem hér stendur sem hefur, eins og ég sagði áður, um margra áratuga skeið tekið þátt í því að semja um kjör við ákveðnar stéttir og löngum gert sér ljóst að það væri auðvitað samanburður á launum í þessu þjóðfélagi. Því dreg ég í efa, hæstv. forseti, að fyrirkomulagið sem er í lögunum núna um Kjaranefnd og kjaradóm sé heppilegt. Það geri ég vegna þess að mér sýnist innbyggt í lögin eins og þau eru að Kjaradómur muni ávallt taka mið af aðgerðum kjaranefndar og ef kjaranefnd kemst að þeirri niðurstöðu að tilefni sé til hækkana vegna þess að orðið hafi launaskrið eða að ákveðnir samningar hafi verið gerðir sem gefi tilefni til þeirrar viðmiðunar sem Kjaradómur kemst að þá verður ævinlega um að ræða víxlhækkanir þar sem Kjaradómur eltir kjaranefnd og kjaranefnd eltir síðan þær launaviðmiðanir sem hún getur fundið í breytingum varðandi laun viðmiðunarstétta.

Hvað leiddi þá til þess að kjaranefnd komst að þeirri niðurstöðu að hækka þyrfti laun ákveðinna hópa sem Kjaradómur hefur svo hengt sig á sem viðmiðun? Jú, hæstv. forseti, það er sennilega það að í kjarasamningum opinberra starfsmanna eru heimildir til þess að gera sérstaka stofnanasamninga, hækka þar laun innan stofnunar. Síðan held ég að það sé einnig tilflutningur á milli launaflokka ákveðinna stétta.

Hverjir samþykkja þá þennan grunn sem kjaranefnd og síðar Kjaradómur hengir sig á? Það er fjármálaráðuneytið, hæstv. forseti, það er fjármálaráðuneytið sem samþykkir að þessir samningar séu svo úr garði gerðir að launaskrið og launahækkanir geta átt sér stað á samningsbundnum tíma sem menn sjá ekkert endilega fyrir. Það er alla vega niðurstaða mín eftir að hafa farið í gegnum þau rök sem lögð voru fram varðandi röksemdir kjaradómsmanna að á þessa fyrstu hreyfingu í launakerfi opinberra starfsmanna hafi menn hengt sig og fylgt. Í bréfi frá formanni Kjaradóms, Garðari Garðarssyni, þ.e. svari til forsætisráðherra um Kjaradóm þar sem hann taldi hafa átt tvo kosti og báða vonda, segir meðal annars, með leyfi forseta:

„Má þar einkum benda á að þann 26. apríl 2005 staðfesti fjármálaráðherra samkomulag við 24 stéttarfélög innan BHM um kjarasamninga félaganna, sem undirritað var þann 28. febrúar og síðan samþykkt í einstökum félögum í mars og apríl. Í samkomulaginu felst kerfisbreyting, þannig að 1. maí 2006 verður tekin upp ný launatafla sem er sameiginleg fyrir þau félög sem eru aðilar að því. Launatöflur þessara félaga hækkuðu mismikið, en meðalhækkun var á bilinu 5–5,5% Í framhaldi af þessum kjarasamningum ákvað kjaranefnd þann 28. júní sl. að hækka laun þeirra embættismanna sem undir hana heyra um 4,5%, afturvirkt frá 1. febrúar 2005."

Þetta hygg ég, hæstv. forseti, að sé ein af ástæðum þess að Kjaradómur komst að þessari niðurstöðu. Þess vegna held ég að rétt sé að draga þá ályktun og velta því upp nú við 1. umr. um þetta mál sem reyndar hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vék að áðan úr þessum ræðustóli, þ.e. að það kynni að vera galli á þeirri löggjöf um Kjaradóm og kjaranefnd sem sett var 1992 að vera með þetta fyrirkomulag, fyrst kjaranefndina og síðan Kjaradóm því það gerði það að verkum að þarna yrði samanburður og hver hækkaði annan.

Í 3. gr. laga um Kjaradóm segir, með leyfi forseta:

„Kjaradómur aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er honum rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum."

Síðan segir í 4. gr., með leyfi forseta:

„Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og til ráðuneytis um úrlausn mála."

Í 5. gr. segir, með leyfi forseta:

„Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Enn fremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði."

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst að Kjaradómur hafi ekki tekið mikið tillit til þess hvernig ástandið var á almennum vinnumarkaði við þessa niðurstöðu sína og reyndar segir í bréfi formanns Kjaradóms, með leyfi forseta, um þessa viðmiðun:

„Nauðsynlegt er að finna aðferð til að ákvarða laun forseta, alþingismanna, ráðherra og æðstu embættismanna sem

sæmileg sátt getur verið um. Það þarf líka að huga að því að ríkið er á samkeppnismarkaði um hæfasta starfsfólkið."

Hæstv. forseti. Vel kann að vera að það sé samkeppni hjá ríkinu um fólk og menn þurfi að gæta þar að kjörum. Við sem störfum á hv. Alþingi þurfum hins vegar ávallt að huga að því að við alþingismenn getum aldrei verið leiðandi í launastefnu í þessu þjóðfélagi og ég held að það sé alveg sama hvort við tökum við niðurstöðum frá Kjaradómi eða hvort við ákveðum launin sjálfir í hv. Alþingi fyrir okkur alþingismenn, við getum aldrei gengið á undan í því og sagt: „Við skulum fá hærri prósentuhækkanir en almennt gerist í okkar þjóðfélagi." Við hljótum eðli málsins samkvæmt ævinlega að taka við niðurstöðu sem kemur á eftir því sem búið er að semja um í þjóðfélaginu og það var auðvitað ætlunin á sínum tíma með því að setja lög um Kjaradóm og kjaranefnd.

Viðbrögð þjóðfélagsins við þessari niðurstöðu voru auðvitað hörð og eðlilegt að þau yrðu þannig eins og staðan er. Ég vil orða það svo, hæstv. forseti, að gjá sé að myndast milli þeirra sem hafa lægri launin og hinna sem hærri launin hafa í þjóðfélaginu. Ég tala ekki um þá sem starfa í fyrirtækjunum og eru þar í toppstöðum, stjórnunarstöðum. Þar er keyrt gjörsamlega á skjön við það sem þekkst hefur á Íslandi fram að þessu. Það er ekki undarlegt, í ljósi stefnu ríkisstjórnarinnar, að launþegasamtök hafi brugðist hart við þeirri ákvörðun Kjaradóms að hækka laun alþingismanna og annarra yfir 8%. Launþegar áttu jú að fá 2,5% hækkun í byrjun janúar.

Stjórnarandstaðan taldi að ákvörðun Kjaradóms ætti ekki að ganga fram. Við buðumst strax til þess þegar málið kom upp á borðið að þingið yrði kallað saman milli jóla og nýárs til að fjalla um það. Við buðumst jafnframt til að taka eingöngu þetta mál fyrir, fjalla um það tiltölulega fáar klukkustundir og afnema þessa hækkun. Ég er enn á þeirri skoðun, hæstv. forseti, að betra hefði verið að afnema þessa hækkun en að fara þá leið sem ríkisstjórnin leggur til, að taka hluta af hækkuninni inn í ákvörðun fyrir framtíðina eins og frumvarpið er úr garði gert. Ég tel að betra hefði verið að fara í forsendur laganna um Kjaradóm og kjaranefnd og skoða þann samanburð allan án þess að laun okkar hækkuðu. Það hefði verið ákvörðun nýs Kjaradóms, á grundvelli lagabreytinga sem við náum væntanlega saman um, að ákveða hvaða breytingar hefðu átt að verða á launum okkar á nýjan leik.

Mér fannst undarlegt að forustumaður ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsætisráðherra, skyldi ekki taka tilboði stjórnarandstöðunnar um að kalla saman stutt þing milli jóla og nýárs og klára þetta mál. Frá þeim tíma hefðum við getað tekið fyrir drög að breytingum á frumvarpi um Kjaradóm og kjaranefnd, sem mér sýnist óhjákvæmilegt að taka til gagngerrar umræðu, að fara yfir hvernig með skuli fara í framtíðinni og hvaða forsendur megi þar leggja til grundvallar.

Ég held að alþingismenn geti aldrei gengið á undan með að hífa upp laun í þjóðfélaginu þannig að aðrar stéttir, jafnvel með lakari laun en við alþingismenn, þurfi að miða sig við að við höfum farið af stað með eitthvert sérstakt launaskrið eða launastefnu. Við hljótum að þurfa að taka mið að því sem samið er um á almennum vinnumarkaði og leggja sérstaklega út af því. Í bréfi formanns Kjaradóms segir um það atriði, með leyfi forseta:

„Leiðsögn Kjaradóms um það atriði er þó heldur veikburða í lögunum en þar segir „Enn fremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði.""

Þetta finnst formanni Kjaradóms veikburða tilsögn. En ég hef alltaf skilið orðið „skal" sem fyrirskipun. Þar segir „Enn fremur skal Kjaradómur ..." og þá beri að taka það yfir. Það var a.m.k. niðurstaða Kjaradóms í janúar 2004 að láta ekki verða af 3% hækkun til alþingismanna vegna umræðu sem áður hafði farið fram um launakjör alþingismanna og sérstaklega lífeyrisréttindi þeirra, þ.e. í desember árið á undan. Ég held að það hafi verið mikil mistök af Kjaradómi að fella þær launabætur inn í þessa hækkun. Ég tel að það sé óábyrgt miðað við stöðuna.

En hvers vegna er ástandið svo viðkvæmt að slíkar breytingar megi ekki taka til baka eða gera leiðréttingar? Það er auðvitað vegna þess, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin hefur keyrt fram stefnu í málum launafólks sem veldur geysimiklum deilum og ósætti. Það er ekkert launungarmál að skattstefna ríkisstjórnarinnar hefur fært þeim hæst launuðu verulegar kjarabætur. Langt umfram það sem láglaunafólki hefur boðist. Skerðingarákvæði sem bitna á öryrkjum og eldri borgurum, þar sem tekjur þeirra úr lífeyrissjóði eða atvinnutekjur skerða bætur þeirra frá Tryggingastofnun með svokallaðri 45% reglu, eru auðvitað gjörsamlega óþolandi. Launakjör hinna lægst launuðu eru óviðunandi. Þar til viðbótar hefur skattstefna ríkisstjórnarinnar fjölgað þeim sem greiða skatt af tekjum undir 100 þús. kr. á mánuði.

Hæstv. forseti. Er nema von að íslensk alþýða mótmæli þessari stefnu? Hún fékk tilefni til að mótmæla þegar alþingismenn og æðstu embættismenn áttu að fá meiri hækkun. Þá sprakk blaðran og það voru eðlileg viðbrögð hjá íslenskri alþýðu.

[15:22]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við ræðum hér um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd. Það er óþarfi að fara yfir forsögu þess að málið er komið í sali Alþingis sem fyrsta mál eftir þingfundahlé í kringum áramót. Ég held að flestir þekki aðdragandann að málinu og þá umræðu sem orðið hefur í kringum úrskurð Kjaradóms sem kveðinn var upp 19. desember síðastliðinn. Það er kannski óþarfi að fara mörgum orðum um aðdragandann og umræðuna sem fylgt hefur.

Frumvarpið sjálft er ekki stórt í sniðum. Við þingmenn stjórnarandstöðu sáum það fyrst í morgun. Ég verð að segja fyrir mig að ég átti von á frumvarpi sem liti aðeins öðruvísi út. Ég mun fara yfir það á eftir. En í meginatriðum snýst frumvarpið um að úrskurður Kjaradóms frá 19. desember 2005 skuli falla úr gildi frá og með 1. febrúar næstkomandi. Frá sama tíma skulu mánaðarlaun og einingar samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá 9. júní 2005 hækka um 2,5%.

Hvað segir 1. gr., eða fyrri hluti 1. gr. frumvarpsins, okkur? Jú, hún segir okkur að úrskurður sem Kjaradómur kvað upp og tók gildi um áramótin skuli falla úr gildi mánuði síðar og laun þeirra sem taka laun samkvæmt Kjaradómi skuli lækka frá sama tíma.

Þegar maður veltir fyrir sér með hvaða hætti Kjaradómur og síðan kjaranefnd ákvarða laun þeirra sem undir þá falla og skoðar ákvarðanir hans aftur í tímann þá getur maður ekki séð að dómurinn eða kjaranefnd hafi farið út fyrir verksvið sitt með uppkvaðningu úrskurða sinna. Lögin eru þrátt fyrir allt það skýr um að Kjaradómur og kjaranefnd skuli taka tillit til þess sem gerist í sambærilegum stéttum. Ef menn skoða það af sanngirni er ekki hægt annað en að komast að þeirri niðurstöðu að kjaranefnd og síðan Kjaradómur hafi 19. desember síðastliðinn í raun staðfest launahækkanir sem orðið hafa hjá sambærilegum stéttum.

Frumvarpið hefur því í för með sér að þeir sem taka laun samkvæmt Kjaradómi eigi að hækka minna en sambærilegir hópar undanfarin tvö ár. Það þýðir líka að þeir sem taka laun samkvæmt Kjaradómi skuli hækka minna en þeir sem hafa laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar. Frumvarpið tekur reyndar einnig á fjölmörgum sem heyra undir kjaranefnd. Ég sé ekki betur en að textinn um að einingar, samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá 9. júní 2005, skuli hækka um 2,5%, þýði að sá fjöldi sem tekur hluta af starfskjörum sínum í svokölluðum einingum og fékk útborgað samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá og með 1. janúar á þessu ári, upp undir 2000 starfsmenn ríkisins, muni einnig taka á sig lækkun launa verði frumvarpið að lögum. Það er því ekki einungis tekið á þeim hóp sem Kjaradómur hefur yfir að segja. Samkvæmt orðanna hljóðan í frumvarpinu get ég ekki skilið það öðruvísi en svo að þeir sem taka hluta launa í einingum og heyra einnig undir kjaranefndina taki á sig lækkun á launum frá og með 1. febrúar, sé miðað við áramótin.

Bara sem dæmi, þá er einingin samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá 19. desember, 4.975 kr. Samkvæmt frumvarpinu verður einingin 4.715 kr. eða 260 kr. lægri. Það mun hafa þau áhrif að u.þ.b. 2000 starfsmenn munu fá lægri laun útborguð í febrúar en þeir fengu í janúar. Gott væri ef hæstv. fjármálaráðherra gæti staðfest skilning minn á því sem þarna stendur. En með því að lesa frumvarpið í gegn sé ég a.m.k. ekki betur en að svona sé í pottinn búið.

Hverjir heyra undir kjaranefndina og munu fá lægra útborgað en þeir fengu um síðustu mánaðamót? Það eru samkvæmt lögum: Sendifulltrúar og sendiherrar; skrifstofustjórar, ráðuneytisstjórar og skrifstofustjóri Alþingis; forsetaritarinn, skrifstofustjóri Hæstaréttar, vígslubiskupar, prófastar og prestar; saksóknarar, vararíkissaksóknari, ríkislögmaður og sýslumenn; lögreglu- og varalögreglustjórar; skattstjórar og yfirskattanefndarmenn; forstöðumenn allra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, þar með taldir skólameistarar. Þetta frumvarp mun hafa áhrif nokkuð stóran hóp og því þætti mér vænt um það ef hæstv. ráðherra gæti staðfest þennan skilning minn.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi þeirra áhrifa sem úrskurður Kjaradóms gæti haft á stöðu vinnumarkaðsmála, þar á meðal nýgert samkomulag aðila vinnumarkaðarins um kjaramál, og þeirra ófyrirsjáanlegu áhrifa sem slíkt hefði á stöðugleikann í efnahagsmálum, er nauðsynlegt að bregðast við ákvörðun Kjaradóms frá 19. desember 2005.“

Þegar maður les þennan passus yfir í greinargerðinni veltir maður fyrir sé hvort hér sé ekki verið að hengja bakara fyrir smið. Þar er bakarinn Kjaradómur og vísað í að með úrskurði Kjaradóms sé stöðugleikinn settur í hættu meðan það er smiðurinn sem er ábyrgur. Hann heitir Geir H. Haarde, hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra. Er ríkisstjórnin ekki að beina athyglinni frá þeirri staðreynd að hún sjálf og enginn annar fer með forræði yfir samningum við starfsmenn sína og býr m.a. sjálf til þá viðmiðun sem kjaranefnd og Kjaradómur eiga að styðjast við í störfum sínum? Ef úrskurður Kjaradóms hefði ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir stöðugleikann hljóta þá ekki gerðir ríkisstjórnarinnar og fyrrum hæstv. fjármálaráðherra Geirs H. Haardes að vera undirrót þess vanda sem lýst er í frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem við ræðum hér? Er ekki ríkisstjórnin með öðrum orðum að segja að sá vandi sé til komin vegna hennar sjálfrar? Hún kýs hins vegar að nefna Kjaradóm í því sambandi fremur en að benda á sjálfa sig axla þá ábyrgð sem hún ber í málinu.

Sá sem hér stendur er meira en tilbúinn til þess að taka þátt í því að hækkun til þingmanna og ráðherra verði minni en gert er ráð fyrir í úrskurði Kjaradóms. En af hverju og til hvers — er ekki þörf á að ræða það frekar í stað þess að beina spjótum að þeim aðilum sem vinna samkvæmt lögum og reglum að verkefni sem við höfum falið þeim? Það getur ekki verið auðvelt hlutverk að sitja í kjaranefnd og Kjaradómi, hafa tiltölulega skýrar verklagsreglur samkvæmt lögum en standa síðan frammi fyrir því að þurfa að taka á sig allmikla gagnrýni fyrir það eitt að fara að þeim lögum. Ræðum þá í alvöru hvort launabilið á Íslandi sé of mikið, hvort launabilið hjá hinu opinbera sé of mikið. Skoðum í alvöru og ræðum af hreinskilni hvort ekki sé ástæða til þess að hækka hærri laun hjá ríkinu minna en þau lægri og þá tímabundið, jafnvel frysta hærri launin tímabundið til að geta híft lægri launin upp og minnkað launabilið. Ef verið væri að tala um einhverja slíka heildstæða aðgerð með það skýra markmið að draga úr launabilinu hjá hinu opinbera og á almennum markaði væri umræðan á annan veg.

Við þekkjum öll þá miklu umræðu sem varð í kringum úrskurð Kjaradóms, hróp og köll að vestan voru nefnd hér fyrr í umræðunni. Er nokkur hissa þó að maður velti því fyrir sér hvernig menn vinna og hvernig menn taka á málum? Við munum öll hróp og köll að vestan, þegar borgarstjórinn í Reykjavík samdi við láglaunastéttir hjá borginni um hækkun launa, um hvers konar vá væri fyrir dyrum, landauðn blasti við af því að gerður var samningur um að hækka lægstu launin. En á sama tíma eru í gangi hjá ríkinu talsvert miklar hækkanir á launum þeirra sem fara með mannaforráð, stjórnenda, millistjórnenda og embættismanna sem enginn virðist hafa gert sér grein fyrir, eða hvað? Af hverju verður þetta mikla upphlaup þegar Kjaradómur kveður upp sinn úrskurð og gerir ekkert annað en að staðfesta þetta? Kjaradómur skýrir það ákaflega vel í bréfum sínum til hæstv. forsætisráðherra og í þeim úrskurði sem lagður var fram að einungis væri verið að breyta kjörum þess hóps sem heyrir undir hann til samræmis við það sem kjaranefndarfólk og viðmiðunarhópar höfðu áður fengið.

Getur verið að þáv. hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, hafi ekki vitað hvað var að gerast í ríkisstofnunum

eða ríkisfyrirtækjum? Getur verið að núv. hæstv. fjármálaráðherra hafi ekki vitað hvað var að gerast í ráðuneytum almennt og hvað var að gerast hjá ríkisstofnunum í stofnanasamningum og viðbótarsamningum við þær launatöflur sem um hafði verið samið? Ég á bágt með að trúa því að menn sitji svo sofandi í störfum sínum að þeir hafi ekki áttað sig á þessu og ekki vitað af þessu. Rekstrarkostnaður stofnana og ráðuneyta er að miklum hluta laun og eins og bent hefur verið á áður hér í umræðunni sjáum við það í fjáraukalögum á hverju ári að stofnanir þurfa á auknu fé að halda umfram áætlanir. Maður skyldi halda að hæstv. fjármálaráðherra á hverjum tíma eða ráðherrar hæstvirtir í ráðuneytum skoði orsakir þess að stofnanir og fyrirtæki ríkisins fara aftur og aftur yfir fjárlög.

Mér finnst satt að segja full ástæða til að velta upp þeirri spurningu hvort æðstu embættismenn þjóðarinnar — og undanskilja þá okkur þingmenn og ráðherra — eigi að gjalda fyrir það að vera settir í hóp með þjóðkjörnum fulltrúum þegar kemur að ákvörðun starfskjara. Ég velti því líka fyrir mér hvort það sé viðeigandi að skerða kjör þeirra frá því lögskipaða ferli sem kemst að niðurstöðu um launabætur. Eins og ég sagði áðan er ég ekki að tala um þingmenn og ráðherra. Við í þessum sal getum tekið þá ákvörðun sjálf að falla frá þeirri hækkun kjara sem ákveðin hefur verið. Ég hef lýst þeirri skoðun minni hér og fleiri samfylkingarþingmenn að við teljum að við eigum að gera svo nú.

Hverjir eru þessir æðstu embættismenn sem falla undir Kjaradóm og munu verða fyrir því að lækka í launum eða hækka minna en sambærilegar stéttir? Fyrir utan okkur þingmenn og ráðherra er það forseti Íslands, forseti Hæstaréttar, aðrir hæstaréttardómarar, ríkissaksóknari, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, biskupinn yfir Íslandi, dómstjórinn í Héraðsdómi Reykjavíkur, aðrir dómstjórar, héraðsdómstjórar og umboðsmaður barna. Þetta er sá hópur sem hefur verið settur undir Kjaradóm og mun því, ef frumvarpið verður að lögum, verða fyrir skerðingu á sínum kjörum í samanburði við viðmiðunarstéttir.

Nú mun þetta frumvarp ganga til efnahags- og viðskiptanefndar og þar þurfum við að sjálfsögðu að skoða helstu ástæður fyrir úrskurði Kjaradóms. Það hlýtur að vera mikilvægt fyrir okkur að greina eins nákvæmlega og hægt er hver launaþróunin hjá hinu opinbera og einnig á almennum markaði hefur verið síðustu tvö ár. Ef úrskurður kjaranefndar frá 28. júní er skoðaður og þær forsendur sem þar koma fram er alveg augljóst að kjaranefnd og Kjaradómur eru að reyna að taka tillit til launaskriðs hvort sem það er vegna samkeppni á vinnumarkaði, stofnanasamninga eða annarra atriða. Í úrskurði sínum frá 28. júní er kjaranefnd að færa kjör þeirra aðila sem heyra undir kjaranefnd til samræmis við launabreytingar og launaskrið sem orðið hefur frá því um áramótin 2005 og fram til júní.

Þessi ákvörðun kjaranefndar er afturvirk frá 1. febrúar og endar í 4,5% en kjaranefndin segir að þessi úrskurður sé til kominn vegna þess að hinn 26. apríl árið 2005 staðfesti þáv. hæstv. fjármálaráðherra samkomulag við 24 stéttarfélög innan BHM um kjarasamninga félaganna sem undirritaður var 28. febrúar sl. og samþykktur af einstökum félögum í mars og apríl. Í samkomulaginu sem hæstv. fjármálaráðherra gerði fyrir hönd ríkisins felst kerfisbreyting. Frá 1. maí 2006 verður tekin upp ný launatafla sem er sameiginleg fyrir félögin. Samhliða verða teknar upp fleiri breytingar á launakerfinu. Með öðrum orðum er verið að segja okkur í þessum úrskurði að talsverðar breytingar séu fram undan á árinu 2006. Samt sem áður liggur nú fyrir frumvarp til laga frá hæstv. ríkisstjórn þar sem vald Kjaradóms og kjaranefndar til þess að fylgjast með breytingum á launum þeirra hópa sem þeir aðilar sem kjaranefnd og Kjaradómur ákvarða laun fyrir bera sig saman við. Það er verið að hefta kjaranefnd og Kjaradóm í því að fylgja launaþróuninni eins og hún verður samkvæmt sérstöku samkomulagi sem fjármálaráðherra gerði við BHM og mun fara að tikka 1. maí 2006, vegna þess að í frumvarpinu segir að kjaranefnd og Kjaradómur megi ekki taka tillit til annarra breytinga en umsaminna lágmarksbreytinga á vinnumarkaði allt þetta ár, allt árið 2006.

Við hljótum að velta því fyrir okkur í alvöru þegar við horfum yfir þetta frumvarp til laga sem ríkisstjórnin kemur hér inn með hraði eftir mikla og óvægna umræðu — umræðu sem á fullan rétt á sér í ljósi þess sem fram hefur komið eftir að menn fóru að skoða forsendur Kjaradóms — hvernig á því stendur að þetta kemur inn með þessum hætti. Hvers vegna var ekki hægt að verða við mjög eindregnum óskum okkar í stjórnarandstöðunni um að fresta hreint og klárt úrskurði Kjaradóms eins og hann lá fyrir í desember þannig að hann tæki ekki gildi um áramótin? Þá kæmi ekki til þess að síðar á árinu og eins og nú liggur fyrir, 1. febrúar, þyrfti að skerða aftur laun eða taka til baka hækkanir sem fólk var búið að fá greitt út í sín launaumslög. Það hlýtur alltaf að vera verra að þurfa að gera það. Ef farið hefði verið að okkar ráðum værum við í betri stöðu núna. Ef gildistöku úrskurðarins hefði verið frestað hefðum við nú tíma til þess að velta því fyrir okkur hvernig best væri að breyta ákvörðun launa þeirra hópa sem heyra undir Kjaradóm og kjaranefnd og hvernig við vildum sjá þau mál í framtíðinni. Við þyrftum ekki að vera á handahlaupum eins og við erum núna.

Frú forseti. Við munum, eins og ég segi, örugglega fara vel yfir þetta mál í efnahags- og viðskiptanefnd, ég held að það sé full ástæða til þess. Það er talsverður tími fram til 1. febrúar þannig að ekki liggur lífið á að klára þetta á einum eða tveimur dögum. Við verðum okkar vegna, vegna þeirra sem eru í Kjaradómi, vegna þeirra sem sitja í kjaranefnd og vegna þeirra tæplega tvö þúsund einstaklinga sem verða fyrir því að fá lægri útborguð laun í febrúar en janúar, að skoða í alvöru af hverju mál eru svona komin.

[15:42]

Útbýting:

Stækkun friðlands í Þjórsárverum, 418. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 635.

[15:43]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég á sæti í efnahags- og viðskiptanefnd sem fær það frumvarp sem við ræðum hér, um Kjaradóm og kjaranefnd, til umfjöllunar. Ég vil láta það koma fram að við fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd munum auðvitað greiða fyrir þessu máli eins

og kostur er til að það fái afgreiðslu úr nefndinni þannig að það geti tekið gildi eins og hér er gert ráð fyrir og þessi umdeildi úrskurður og ákvæði þessa frumvarps geti tekið gildi miðað við 1. febrúar. Ég vil þó segja að það er mjög nauðsynlegt að við fáum eins eðlilegt svigrúm og kostur er til að fjalla um málið í efnahags- og viðskiptanefnd. Vænti ég þess að stjórnarmeirihlutinn verði við óskum okkar um þá sem við þurfum að kalla til til fundar við okkur þannig að við höfum eðlilegt svigrúm, sem ég held að við ættum að geta haft, til að fjalla með sómasamlegum hætti um þetta mál.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að ræða kjaramálin í þjóðfélaginu og þá gliðnun sem hefur orðið í tekjuskiptingunni, m.a. vegna stjórnvaldsákvarðana í tengslum við þetta frumvarp sem felur í sér að fella úr gildi ákvörðun Kjaradóms frá 19. desember 2005. Ég held að það sé líka full ástæða til þess að við skoðum launakerfi ríkisins almennt og gegnsæi þess og launastefnu ríkisvaldsins almennt, til að mynda að við reynum að meta hvort hún stuðli að launajöfnun kynjanna og hvort launastefna ríkisins stuðli að gliðnun milli hátekju- og lágtekuhópanna hjá hinu opinbera eins og við sjáum um allt þjóðfélagið. Ég held að við verðum að gefa okkur tíma í efnahags- og viðskiptanefnd til að skoða þá hlið á málinu en einblína ekki einungis á efnisatriði 1. gr. þessa frumvarps sem hér er til umfjöllunar.

Ég tel að sú óánægja sem braust út í þjóðfélaginu vegna úrskurðar Kjaradóms hafi verið réttmæt, ekki síst þegar hún er skoðuð í því andrúmslofti aukinnar misskiptingar sem verið hefur í þjóðfélaginu á undanförnum mánuðum og missirum þar sem stjórnendur á fjármálamarkaði til að mynda hafa verið í fararbroddi fyrir launakjörum, starfsloka- og kaupréttarsamningum sem eru fullkomlega úr tengslum við allan raunveruleika í þjóðfélaginu og af þeirri stærðargráðu að fólki blöskrar og er fullkomlega misboðið. Í nafni stöðugleika er því sífellt haldið að launafólki að ekki sé svigrúm til launahækkana og það verði að sætta sig við hóflegar launahækkanir. Því er eðlilegt að upp úr sjóði þegar þeir betur settu og hærra launuðu í ríkiskerfinu fá til sín meiri launahækkanir en það og sumir það miklar að segja má að þær slagi í sumum tilvikum hátt upp í lágmarkslaun í landinu.

Virðulegi forseti. Ég tel að ekki sé við Kjaradóm að sakast þó að niðurstaða hans hafi orðið á þann veg sem hún varð. Ég held að það sé rétt sem fram hefur komið hjá formanni dómsins að kjaradómsmenn fóru í einu og öllu að lögum við þennan úrskurð. Ég hef skoðað þetta mál nokkuð, bæði með tilliti til þessa úrskurðar og þess úrskurðar sem kveðinn var upp árið 1992. Það er sannfæring mín að Kjaradómur hafi í einu og öllu farið að þeim lögum og lagafyrirmælum sem honum er gert að fara eftir. Varðandi þessa ákvörðun Kjaradóms er kannski einungis hægt að benda á að í upphafi árs var ekki úrskurðað í Kjaradómi með líkum hætti og í kjaranefnd. Mig minnir að það hafi verið 3% hækkun til þess hóps sem Kjaradómur ákveður laun fyrir og þess vegna kemur fram veruleg hækkun nú þegar Kjaradómur ætlar raunverulega að bæta kjaradómsfólki það upp að hann hafi ekki úrskurðað þá hækkun sem kjaranefndarfólk fékk í upphafi árs 2004.

Mig langar, virðulegi forseti, að nýta aðeins tíma minn til að ræða þá gliðnun sem orðið hefur í þjóðfélaginu og af hverju niðurstaða Kjaradóms og kjaranefndar er með þeim hætti sem við stöndum frammi fyrir og er komin inn á borð okkar þingmanna til að veita lagastoð og kalla þann úrskurð aftur. Við sjáum aftur og aftur hvernig láglaunahóparnir, lægst launaða fólkið á vinnumarkaðnum, t.d. í umönnunarstörfunum, hafa orðið undir sem orðið hefur með aukinni markaðs- og alþjóðavæðingu sem breikkað hefur bilið milli ríkra og fátækra og birtist okkur m.a. í aukinni stéttaskiptingu í þjóðfélaginu. Við höfum áþreifanlega orðið vitni að því í vetur hvernig mannekla í umönnunarstörfum bitnar á mörgum barnafjölskyldum í landinu vegna lélegra launakjara og hvernig flótti brestur á í þessum starfsstéttum þegar þensla er á vinnumarkaðnum. Laun og kjör umönnunarstétta eru í raun til skammar og langt undir öllum velsæmismörkum. Það er líka fyrir neðan allt velsæmi hvernig margir atvinnurekendur og aðrir reka ávallt upp ramakvein ef gerð er tilraun til að bæta kjör þessara hópa, eins og borgarstjórinn gerði með svo myndarlegum hætti fyrir skömmu og mættu margir taka sér borgarstjórann til fyrirmyndar, vegna þess að það er orðið knýjandi í þjóðfélaginu að setjast yfir það hvernig við getum bætt kjör láglaunafólks og fólks með meðaltekjur án þess að það renni upp allan launastigann þar sem þeir fá mest sem mest hafa fyrir. Það er full ástæða til að menn skoði það í efra lagi þessa launakerfis hvort skapast geti einhver sátt um að frysta hæstu launin í stjórnsýslunni, hjá ráðherrum, þingmönnum og embættismönnum, um einhvern tíma sem yrði þá nýttur til að hækka upp þá sem lægst eru settir í launastiganum hjá hinu opinbera. Ég held að við verðum að hugleiða það af fullri alvöru vegna þess að við sjáum afleiðingar þess að bíða í þjóðfélaginu þegar við getum ekki mannað mikilvæg umönnunarstörf eins og raun ber vitni og við höfum séð í vetur.

Stjórnvöld eiga líka verulegan þátt í þeirri gliðnun sem orðið hefur í þjóðfélaginu sem vert væri að ræða, bæði með skattatilfærslum frá lágtekju- og meðaltekjufólki yfir til fjármagnseigenda og fyrirtækja. Það væri alveg tilefni til þess að fara hér yfir það hvernig ríkisvaldið hefur stuðlað að tekjutilfærslu í þjóðfélaginu og þar með átt drjúgan þátt í að skapa þá gliðnun sem orðið hefur, m.a. með þeim skattbreytingum sem hér hafa verið gerðar á umliðnum mánuðum og missirum þar sem verulegum fjármunum hefur verið varið til skattalækkana sem fyrst og fremst hafa skilað sér til þeirra sem betur eru staddir í þjóðfélaginu. Auðvitað er til skammar að þeir sem lægstar hafa tekjurnar séu allt í einu farnir að borga hlutfallslega miklu meiri skatta en þeir gerðu fyrir nokkrum árum og að af 120 þús. kr. séu kannski teknar 10–13 þús. kr. í skatt. Þetta hefur auðvitað gerst að verulegu leyti með því að skattleysismörkin hafa ekki fylgt neysluvísitölu eða launavísitölu og munar þar tugum milljarða króna sem hafa verið nýttir til að létta skattbyrðina á þeim sem betur hafa það. Það er ástæða, virðulegi forseti, að halda því til haga í þessari umræðu vegna þess að þetta er líka umræða um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu og ástæðulaust að einblína eingöngu á þá lagagrein sem hér er til umfjöllunar. Við þurfum að setja hana í víðara samhengi. Það er einnig ljóst að öryggisnet velferðarkerfisins hefur gliðnað, ójöfnuður hefur vaxið mikið þrátt fyrir efna-

hagsuppsveiflu á liðnum árum og er skýrsla Stefáns Ólafssonar um lífskjör öryrkja kannski ekki síst til marks um það.

Á þeim úrskurði Kjaradóms sem við fjöllum hér um eru auðvitað margar hliðar. Eins og ég sagði áðan er það skoðun mín að Kjaradómur hafi ekki farið út fyrir þær leiðbeiningar og lagafyrirmæli sem hann starfar eftir. Í lögum um Kjaradóm og kjaranefnd eru ákvæði um að báðir þessir úrskurðaraðilar eiga við ákvörðun launakerfa að gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum hjá þeim sem hún fjallar um þannig að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Kjaradómur á síðan að taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Kjaranefnd á að gæta að samræmi sé milli launa hjá þeim sem hún ákveður laun fyrir og þeirra launa sem greidd eru hjá ríkinu á grundvelli kjarasamninga. Í ljósi þessa úrskurðar er líka athyglisvert að kjaranefnd á samkvæmt lögum að sjá til þess að samræmi sé í launaákvörðun nefndarinnar og launaákvörðun Kjaradóms en hugsunin er vafalaust sú að Kjaradómur leggi línurnar. En við upplifðum nákvæmlega annað núna við þessa ákvörðun að Kjaradómur hafði m.a. hliðsjón af ákvörðunum kjaranefndar.

Ég held að það eigi líka alveg við, virðulegi forseti, að rifja upp árið 1992 þegar Kjaradómur felldi úrskurð þar sem kjaradómsfólki var ákveðin launahækkun sem fól í sér allt að 97% hækkun á launum þjóðkjörinna fulltrúa og embættismanna sem síðar var breytt með lögum í 1,7% hækkun til samræmis við það sem gerst hafði á almennum vinnumarkaði. Það er líka rétt að nefna, sem er mjög athyglisvert, að eftir að Alþingi hafði breytt þeim úrskurði með lögum og falið Kjaradómi að kveða upp annan úrskurð á grundvelli þeirra laga sem þá voru sett, sem var 1,7% hækkun, og velja átti fólk í Kjaradóm á nýjan leik, þá færðust kjaradómsmenn undan endurkjöri. Þetta var að mig minnir í janúar 1993. Það er athyglisvert að skoða þau rök sem sett voru fram af þeim sem skipuðu Kjaradóm og ástæðuna fyrir því að kjaradómsmenn færðust undan endurkjöri árið 1993. Ástæðan var sú að þeim þóttu lögin jaðra við að vera marklaus og að þau væru mjög óskýr og ekki væri auðséð hvernig alþingismenn ætluðust til að lögin væru túlkuð, en lögin einkenndust af því að þær reglur sem settar voru í einni setningu voru ómerktar í þeirri næstu. Þegar til þess er litið eiga alþingismenn auðvitað nokkra sök á þeirri stöðu sem nú er komin upp þegar slík lög hafa verið látin standa óbreytt í meira en áratug. Það hefur raunverulega allt komið fram sem kjaradómsmenn sögðu árið 1993 þegar þeir færðust undan endurkjöri, að lögin sem Kjaradómur er að dæma eftir núna eru á margan hátt óskýr og erfitt að úrskurða eftir þeim. Þetta ætti að kenna okkur ákveðna lexíu þegar farið verður að skoða hvernig framtíðarfyrirkomulag verður við ákvörðun þeirra launa sem Kjaradómur og kjaranefnd hafa ákveðið. Ég held að menn hafi þó lært það af því, hver svo sem niðurstaðan verður, að ef þetta verður í þessum farvegi áfram verði Kjaradómur og kjaranefnd sameinuð í einn dóm eða eina nefnd því að við sjáum hvað það býður upp á að hafa lögin með þeim hætti sem við upplifum hér núna.

Það er líka athyglisvert að rökstuðningur dómsins árið 1992 var með líkum hætti og nú. Þegar dómurinn hafnaði tilmælum þáverandi forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar, um að endurskoða úrskurðinn kom fram að mikið ósamræmi væri eða hefði orðið í kjörum þeirra sem dómurinn ákvað laun fyrir og launaskriði sem m.a. fjármálaráðuneytið hafði þá staðið fyrir hjá sambærilegum hópum innan ríkiskerfisins. Engin lagaleg eða efnisleg rök væru því fyrir endurskoðun eða breytingu, sagði Kjaradómur árið 1992. Engin lagaleg eða efnisleg rök, sagði Kjaradómur þegar hann var beðinn um af forsætisráðherra að endurskoða úrskurðinn. Með nákvæmlega sama hætti segir Kjaradómur nú að engin efnisleg eða lagaleg rök séu fyrir breytingu. Kjaradómur var þá eins og nú að fara að lagafyrirmælum og þurfti þá eins og nú að glíma við innbyrðis ósamræmi í launakjörum sem ríkisstjórn og ráðherrar höfðu sjálfir staðið fyrir. Þess vegna á forsætisráðherra auðvitað ekki að undra það neitt sérstaklega þegar Kjaradómur kveður upp þennan úrskurð, eins og fram kom hjá hæstv. forsætisráðherra þegar þessi úrskurður lá fyrir. Auðvitað er það svo að alþingismenn eiga nokkra sök á þessari stöðu eins og ég nefndi miðað við það að hafa látið lögin standa óbreytt í meira en áratug þrátt fyrir að þau hefðu verið verulega gagnrýnd á sínum tíma.

Það kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Jóni Gunnarssyni, að þetta frumvarp mun líka skerða að einhverju leyti kjör þeirra sem taka laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar. Ég er ekki viss um að allir átti sig á því að þessi lög taka líka til þeirra þannig að þau munu skerða einingar hjá því fólki sem hefur hluta af launum sínum í formi þessara greiðslna eða eins og segir í frumvarpinu en það kom fram í því að þetta ætti líka að taka til einingagreiðslna, með leyfi forseta:

„Frá sama tíma skulu mánaðarlaun og einingar samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá 9. júní 2005 hækka um 2,5%.“

Það þýðir að einingar kjaranefndarfólks munu einnig skerðast, auk þess sem ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins felur í sér að verið er að frysta hækkanir hjá kjaradómsfólki og einnig fólki sem fær laun sín samkvæmt úrskurði kjaranefndar frá og með gildistöku laga þessara til loka árs 2006. Eiga launin að taka mið af samningsbundnum hækkunum kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði.

Ég held að við ættum kannski að skoða það svolítið hvort ekki sé ástæða til að hafa meira gegnsæi í launastefnu ríkisins og spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki ástæðu til að hafa meira gegnsæi í launastefnu ríkisins, t.d. varðandi þessar einingagreiðslur. Laun sem Kjaradómur ákveður er aðeins hluti launa hjá flestöllum sem hann ákvarðar laun fyrir nema hjá ráðherrum og þingmönnum og getur kjaradómsfólk haft allt að tæplega 270 þús. kr. fyrir þessar einingar auk sinna föstu launa. Ég spyr hvort ekki sé eðlilegt að hafa þetta gegnsætt og opið þannig að þessar einingagreiðslur séu þá ekki úrskurðaðar heldur falli bara inn í föst laun viðkomandi aðila sem ég held að væri mjög æskilegt að skoða sérstaklega.

Ég þarf út af fyrir sig, virðulegi forseti, ekki að hafa mörg fleiri orð um frumvarpið sem við fjöllum um. Það er alveg ljóst, eins og fram kom hjá t.d. síðasta ræðumanni, að þeir sem eru undir Kjaradómi lækka í launum líkt og þing-

mennirnir og hafa sumir sagt að þeir gjaldi fyrir það að vera undir úrskurði Kjaradóms með líkum hætti og þingmenn og ráðherrar. Hefði verið hreyft við þessum launahækkunum ef þeir væru ekki í hópi með þingmönnum og ráðherrum? Ég man ekki eftir því, þó að það hafi verið úrskurðað hjá kjaranefnd, að það hafi verið neinn órói í kringum þá hækkun til þeirra kjaranefndarmanna enda dreifðist sú hækkun meira. En það er auðvitað eðlilegt og sjálfsagt að fara þá leið að leggja til í frumvarpinu, eins og hér er lagt til, að breyta þessum úrskurði Kjaradóms. Það er spurning hvaða leið á að fara í því efni og hvort sú leið sem hér er lögð til — og það viljum við skoða alveg sérstaklega — standist lagafyrirmæli og hvort hún standist það að allir séu jafnir fyrir lögum og hvort hún standist líka stjórnarskrána.

Hér eru fjórar mínútur eftir í ræðustólnum en ljósið blikkar á mig.

(**Forseti** (JBjart)**:** Það mun vera ósamræmi á milli klukku í tölvu hjá forseta og í ræðupúlti en klukkan hjá forseta mun vera sú rétta og samkvæmt því er ræðutíma hv. þingmanns lokið.)

Þetta er náttúrlega mjög óheppilegt, virðulegi forseti, að ég horfi hér á klukku sem gefur mér fjórar mínútur sem ég átti eftir að ...

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti vill gefa þingmanninum kost á að ljúka ræðu sinni en þó innan þeirra marka sem greint var frá.)

Ég þakka fyrir.

Það sem ég vildi segja í lokin er að við skoðum sérstaklega ákvæði stjórnarskrárinnar í þessu sambandi vegna þess að ég held að við verðum að líta til þess að í Kjaradómi og kjaranefnd er unnið eftir sambærilegum lagafyrirmælum. Þeir sem fá úrskurð sinn samkvæmt niðurstöðu kjaranefndar hafa fengið á þessu tímabili hærri laun en kjaradómsfólkið og því er hugsanlegt að einhverjir þeir sem Kjaradómur úrskurðar laun fyrir leiti réttar síns fyrir dómstólum verði þessi lög sett og það verðum við auðvitað að ganga úr skugga um í efnahags- og viðskiptanefnd, að þau lög sem við setjum í þessu efni standist stjórnarskrána og standist lög þannig að allir séu jafnsettir fyrir lögum. Ég minnist þess að þegar sambærilegur úrskurður eða líkur þessum var kveðinn upp árið 1992 risu dómarar upp og sögðu að mjög væri vegið að sjálfstæði dómstólanna og er vel hugsanlegt að það sama muni gerast varðandi þá breytingu sem hér er lögð til og við gætum alveg staðið frammi fyrir því að það muni ekki allir una þessari niðurstöðu. Þess vegna er mikilvægt að við fáum svigrúm til þess í efnahags- og viðskiptanefnd að skoða það að við séum sæmilega örugg fyrir því að þau lög sem við setjum standist stjórnarskrána og ákvæði hennar um að allir skuli jafnir fyrir lögum þegar við erum með fyrir framan okkur lög sem taka bæði til kjaradómsfólks og kjaranefndarfólks, að því hafa verið úrskurðuð misháar launahækkanir á þessu tímabili.

[16:05]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd. Hér hefur verið mælt fyrir frumvarpinu og allítarleg umræða hefur farið fram í dag af hálfu þingmanna. Einnig hefur verið mikil umræða í þjóðfélaginu öllu um kjaramál, dóm Kjaradóms sem féll nú fyrir áramótin og er þá tilefni til þessarar umræðu og frumvarps sem liggur fyrir.

Þegar niðurstaða Kjaradóms varð ljós um kjör þeirra starfsmanna sem undir hann falla, þ.e. þingmanna, ráðherra og svokallaðra æðstu embættismanna þjóðarinnar, þegar sá úrskurður kom fram um hækkun á kjörum þeirra olli það mikilli umræðu og var eins og vaknað væri upp við vondan draum um hvað væri að gerast í þjóðfélaginu. Í frumvarpi þessu er lagt til að sá úrskurður eða ákvörðun Kjaradóms verði felld úr gildi og viðmiðun breytt. Dómurinn tók gildi um síðustu áramót. Í því fjargviðri sem varð þegar dómurinn var birtur fyrir jólin lögðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að þing yrði kvatt saman og ákvörðun tekin um eða lagt til við þingið að það gerði samþykkt sem kæmi í veg fyrir að dómurinn eða þær breytingar sem kveða á um kjör æðstu embættismanna ríkisins kæmu til framkvæmda 1. janúar.

Í stað þess að verða við þeirri eðlilegu kröfu ákvað forsætisráðherra eftir margs konar klúður eins og við þekkjum í umræðunni fyrir jólin og fyrir áramótin, að kalla Kjaradóm inn á teppið, eins og hann gæti skipað honum fyrir sem er nú orðinn háttur stjórnvalda hér, að halda að þau geti deilt og drottnað ef einhver lög eða einhver úrskurður kveður á um eitthvað sem þeim kemur á óvart að þá geti þau bara kallað viðkomandi inn á teppið og beðið hann að breyta úrskurðinum eða niðurstöðunni. Þetta eru svo sem viðbrögð hjá hæstv. forsætisráðherra Framsóknarflokksins sem koma okkur ekki á óvart en sýna kannski meira veruleikafirringuna sem stjórnvöld eru orðin haldin, að halda að þau geti bara kallað fyrir ráð og dómstóla og sagt þeim fyrir verkum. Það er einmitt þessi veruleikafirring sem mér finnst vera kannski einn alvarlegasti þátturinn í þessari umræðu allri, þ.e. veruleikafirring stjórnvalda og ráðherranna, sérstaklega forsætisráðherra.

Yfirlýsingar forsætisráðherra voru um að þetta hefði komið honum ofboðslega mikið á óvart, að þessi hækkun, þessi breyting sem Kjaradómur lagði til hefði komið honum mikið á óvart. En Kjaradómur var einungis, eins og hann ítrekaði síðan í áliti sínu og sérstakri greinargerð, að fara eftir þeim lögum og þeim viðmiðunum sem honum voru sett við ákvörðun á kjörum umræddra starfsmanna og tók þá viðmið af fólki í samfélaginu sem þeim hafði verið uppálagt að taka mið af við breytingar á kjörum.

Þjóðin öll hefur fylgst með þeim gríðarlegu launahækkunum, kjarahækkunum sem einstakir þjóðfélagshópar annað hvort eru að fá eða eru að skammta sér á undanförnum árum, sérstaklega núna á síðustu missirum. Ég er með dæmi hérna, af því að í dagblaði í gær var minnst á hvernig stjórnendur íslenskra bankastofnana hafa skammtað sér með einum eða öðrum hætti eða fengið launa- og kjarahækkanir í svo svimandi upphæðum að fæst okkar geta einu sinni hugsað í þeim tölum, að fólk sé að fá milljónir króna á dag í kjarabætur. Þessi mikla breyting sem hefur orðið í samfélaginu á síðustu missirum, gliðnunin sem er orðin á kjörum þeirra sem eru með hæstu tekjurnar og hinna sem eru með lægri tekjur, við sjáum hana öll, en hæstv. forsætisráðherra sér hana ekki og kom þetta óskaplega mikið á óvart. Mér finnst það kannski vera, frú forseti,

einn alvarlegasti þátturinn í þessu máli, þ.e. veruleikafirring forsætisráðherra að halda síðan að hann geti kallað dóm eins og Kjaradóm fyrir sig og skipað honum að breyta niðurstöðu. Nei, það eru forsendurnar í samfélaginu sem speglast í þessum úrskurði og á því hefði forsætisráðherra átt að átta sig en ekki að taka Kjaradóm og fara að leysa niður um hann og skipa honum að koma með einhvern annan úrskurð en honum var mögulegt að gera samkvæmt þeim lögum sem hann starfar eftir.

Það var því afar óskynsamlegt af forsætisráðherra og ríkisstjórninni að hafna þeim afdráttarlausu tillögum og kröfum stjórnarandstöðuflokkanna, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins um að þing kæmi saman og kæmi í veg fyrir að þessi lög kæmust til framkvæmda 1. janúar og yrði þá sett nefnd í að kanna forsendur fyrir m.a. Kjaradóm en einnig fyrir þeim launabreytingum, kjarabreytingum sem eru að verða núna í þjóðfélaginu og engin sátt er um. Það er engin sátt um þær breytingar sem núna eru að verða í þjóðfélaginu á kjörum.

Ég leyfi mér t.d. að vitna í ágæta grein sem Þorvaldur Gylfason skrifar í síðasta blað Vísbendingarinnar sem ber yfirskriftina „Það einhver um þennan ójöfnuð?“ Það einhver um hann? Hann verður ekki til af sjálfu sér, hann verður til fyrir stefnu stjórnvalda í efnahagsmálum, í kjaramálum, í allri þeirri lagaumgerð sem lýtur að skiptingu fjár, skiptingu hinna veraldlegu gæða, og það er lagaumgerð af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Það einhver um þennan ójöfnuð? Ekki held ég að þjóðin hafi beðið um hann. En það er þessi ójöfnuður sem er að birtast í úrskurði Kjaradóms og forsætisráðherra segir: Mér kom þetta mjög mikið á óvart. Veruleikafirring forsætisráðherra er ógnvekjandi, frú forseti.

Það er einmitt aukinn ójöfnuður, kjaramismunun í samfélaginu sem er ógnun við efnahagslegan stöðugleika og ekki bara ógnun við efnahagslegan stöðugleika, hún er líka ógnun við þá samfélagslegu vitund og samfélagslegu samkennd sem hefur verið styrkur íslensku þjóðarinnar um langt árabil. Það að allir einstaklingar eigi að hafa sama rétt til að fá að njóta sín og njóta verka sinna, m.a. í kjörum, er forsenda fyrir öflugu samfélagi sem byggist upp á samkennd eins og við höfum lengst af verið. Frá árunum 1999–2000 hefur launa- og kjaramunur, tekjumunur í samfélaginu aukist alveg gríðarlega. Sem dæmi er notaður stuðull, svokallaður Gini-stuðull, sem sýnir þetta innra jafnvægi og því lægri sem hann er, því meiri jöfnuður er.

Árið 2000 er þessi stuðull 26, á hliðstæðu róli og í öðrum ríkjum í Skandinavíu, Danmörk er t.d. með 25. En á fjórum árum hefur hann hækkað upp í 31 hér á Íslandi, miklu, miklu meira en í nágrannalöndum okkar. Við erum að sigla inn í svipað samfélag og hið bandaríska þar sem launamununrinn, kjaramununrinn, tekjumununrinn er mikill en meðaltalið sýnir mjög góða stöðu — meðaltal tekna þjóðarinnar er mjög gott en það segir bara hálfa söguna og varla það. Meðaltal á kjörum Íslendinga segir ekki neitt, er einungis blekking. Það er mismununin sem segir það sem við þurfum að fá að vita og hún vex hratt. Hún birtist m.a. í því að Kjaradómur telur að svokallaðir viðmiðunarhópar, sem honum var gert að taka mið af við ákvörðun launa æðstu embættismanna ríkisins, hafi hækkað miklu meira en laun á almennum vinnumarkaði og því verði, samkvæmt þeim lögum sem dómurinn starfar eftir, að hækka laun umræddra hópa.

Þetta þurfum við fyrst og fremst að hugsa um. Þegar við lítum nú á það frumvarp til laga sem flutt er hér eru rökin fyrir því að afnema þurfi eða fella úr gildi hluta af úrskurði Kjaradóms þau að að óbreyttu muni hann stefna stöðugleika efnahagsmála í hættu. Gott og vel, það er alveg sjálfsagt að skoða hvort þessi hækkun sé eðlileg og sanngjörn. En fyrst og fremst þarf að skoða forsendurnar því að það eru þær sem eru ógnun við hinn efnahagslega stöðugleika — dómur Kjaradóms speglar það sem er að gerast í samfélaginu, það sem er í rauninni ógnun við efnahagslegan stöðugleika.

Þess vegna leggjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að í umræðum um þetta mál — úr því að þessi hækkun er hvort eð er komin til framkvæmda og hægt að gera hana með einum eða öðrum hætti afturvirka — verði skoðað hvort þingið er sátt. Vill þingið hafa þann gríðarlega kjaramun sem núna er að verða í samfélaginu og hefur orðið til fyrir stefnu þessarar ríkisstjórnar, hefur orðið til fyrir efnahagsstefnu ríkisstjórnar sem keyrir efnahagssamfélag áfram á viðskiptahalla — gert er ráð fyrir að hann verði á milli 150 og 160 milljarðar á síðasta ári — keyrir áfram á gríðarlegum vaxtamun við útlönd, keyrir áfram á gríðarlegri skuldasöfnun? En það eru aðeins þeir sem hafa veð sem geta náð sér í eyðslufé með því að keyra neyslu sína á skuldum. Sú launastefna sem við stöndum frammi fyrir í úrskurði Kjaradóms er hluti af rangri efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Það á að ráðast á hana og breyta þá kjörum þingmanna og ráðherra í kjölfarið. En það á ekki að taka á þeim þáttum og því má búast við því að hér verði bara um yfirklór að ræða og horft verði fram hjá því sem er að gerast.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, rakti einmitt mjög ítarlega í ræðu sinni þessa mismunun, rakti kjör aldraðra, kjör öryrkja og kjör starfsfólks í heilbrigðiskerfinu. Kjör þessa fólks lækka hlutfallslega á móti kjörum hinna sem hafa hæstu launin. Við þekkjum þær skattabreytingar sem ríkisstjórnin hefur verið að beita sér fyrir á síðustu árum. Þær fela í sér skattaívilnanir til hátekjufólks, skattaívilnanir til þeirra sem hafa tekjur sínar af fjármagni og af hagnaði en hlutfallslega aukna skattbyrði á lægstu tekjur. Ættum við ekki að taka þetta mál fyrir líka þegar við nú ætlum að fara að búa til einhverja kjarasátt?

Það er einmitt þessi mismunun sem speglast í dómi Kjaradóms. Það er hægt að hafa áhyggjur af forsætisráðherra sem ekki gerir sér grein fyrir því að Kjaradómur speglar gjörðir ríkisstjórnarinnar eða afleiðingar þeirra sem koma fram í auknum kjaramun meðal þjóðarinnar. Það er hægt að hafa áhyggjur af forsætisráðherra sem ekki fylgist betur með því sem er að gerast í samfélaginu og velur það að kalla Kjaradóm inn á teppið og biðja hann að breyta niðurstöðu sinni og verður síðan hissa þegar Kjaradómur segir að niðurstaðan sé í samræmi við það sem lög kveða á um og spegli einungis það sem er að gerast í samfélaginu. Það er hægt að hafa áhyggjur af því að forsætisráðherra og rík-

isstjórn skuli vera það veruleikafirrt að átta sig ekki á því hvað er að gerast.

Frú forseti. Það er annað sem hefur verið að gerast í þessu sambandi. Ríkisstjórnin og meiri hlutinn hér á Alþingi hafa ákveðið, í lagasetningum um einstakar nýjar stofnanir á vegum ríkisins, að forstöðumenn þeirra taki ekki laun með hefðbundnum hætti samkvæmt kjarasamningum. Nú síðast má nefna lög um samkeppniseftirlit. Það var mikið mál fyrir ári síðan að setja ný lög um samkeppniseftirlit — forstjóri Samkeppnisstofnunar var ráðinn með hefðbundnum hætti áður — og var einmitt mjög umdeilt hér á þingi. Nú ákvað þingið að forstjóri Samkeppniseftirlitsins skuli ráðinn af stjórn stofnunarinnar og forstjóri annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri eins og segir í 6. grein — stjórn stofnunarinnar ákveður starfskjör forstjóra.

Ég vil því spyrja hæstv. fjármálaráðherra hér: Er ætlunin að ákvarðanir af þessum toga verði teknar upp eða hvernig á að ákveða laun forstjóra Samkeppniseftirlitsins og annarra stofnana sem verið er að breyta lögum um þar sem forstöðumenn eru ráðnir utan hefðbundinna kjarasamninga? Við vorum að ræða um Fjármálaeftirlitið um daginn þar sem líka er veitt heimild til þess að ráða ákveðna starfsmenn utan hefðbundinna kjarasamninga. Það er verið að hlutafélagavæða ríkisstofnanir og er þá kannski einn tilgangurinn með því að komast hjá því að ráða viðkomandi forstöðumenn samkvæmt kjarasamningum til þess að geta borgað þeim mun hærri laun? Mér finnst ríkisvaldið, frú forseti, verða að hafa einhverja heildstæða stefnu varðandi kjör þó ekki sé nema forstöðumanna ríkisstofnana hvort sem þær eru í formi hlutafélaga eða ekki. Svo virðist ekki vera.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, frú forseti, höfum lagt fram þingmál þar sem við leggjum til að skattbyrðin verði færð af lágtekjufólki og yfir á hátekjufólk, þveröfugt við það sem ríkisstjórnin er að gera. Við höfum lagt til að fjármagnstekjuskattur verði hærri á þá sem hafa hæstar tekjur. Með þeim hætti viljum við stuðla að jöfnuði því að allt er þetta hluti af heildarkjaramynd, heildarskiptingu tekna og gjalda, samfélagslegra gjalda í samfélaginu. Það verður að horfa á alla þessa þætti saman. Þegar þetta frumvarp um breytingar á lögum um Kjaradóm verður tekið fyrir nú í nefndum þingsins finnst mér, frú forseti, eðlilegt að það fari líka til félagsmálanefndar sem hefur það hlutverk að fylgjast með jöfnuði í samfélaginu. (Forseti hringir.) Það er fleira en bara laun, frú forseti, sem hafa áhrif á kjör. (Forseti hringir.) Það eru skattar, það eru önnur gjöld, frú forseti, (Forseti hringir.) og ég vil að þetta sé allt saman skoðað heildstætt þegar farið verður ofan í þessi kjaramál.

[16:26]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Hér erum við eins og alþjóð veit að ræða ansi sérstakt mál sem að mínu mati hefði mátt koma í veg fyrir. Vegna tregðu ríkisstjórnarflokkanna við að fara eftir óskum stjórnarandstöðunnar um að kalla þing saman fyrir gildistöku þessa úrskurðar hafa nú komið upp mörg álitamál. Eitt af þeim felst í því hvort þetta inngrip sé með einhverjum hætti óeðlilegt og óheppilegt eða fari hugsanlega í bága við stjórnarskrá.

Við sjáum að þar sem þessi úrskurður hefur nú þegar tekið gildi getur þetta vakið ákveðnar spurningar varðandi lögmæti þess að setja þau lög sem þetta frumvarp lýtur að. Við sjáum að lagaprófessorar hafa velt því fyrir sér hvort þetta standist og þetta er auðvitað eitt af því sem efnahags- og viðskiptanefnd mun að sjálfsögðu skoða vel í sinni vinnu.

Í fréttum sjónvarpsins frá 30. desember sl. er talað við Eirík Tómasson lagaprófessor — inngangurinn að þeirri frétt er, með leyfi forseta:

„Einn embættismaður ríkisins á þó ekki von á launalækkun, það er forseti Íslands."

Síðan er vitnað beint í ummæli Eiríks Tómassonar þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Vegna þess að í stjórnarskránni er beinlínis tekið fram að óheimilt sé að lækka greiðslur til forseta kjörtímabil hans, þ.e. laun og aðrar greiðslur."

Annar lagaprófessor tekur í svipaðan streng, Sigurður Líndal fyrrv. lagaprófessor.

Hann segir 9. janúar sl. í viðtali við NFS, með leyfi forseta:

„Í lögum um laun forseta Íslands segir að Kjaradómur skuli annast það verk. Þetta er í 1. gr. þeirra laga. Síðan segir í 2. gr. laga um Kjaradóm, þ.e. að þetta skuli gert á þennan hátt, og þar er svo þetta ítrekað og Kjaradómur hefur síðan ákveðið þessi laun á grundvelli 5. gr. með þeim viðmiðum sem þar eru. En síðan segir í 9. gr. stjórnarskrárinnar að óheimilt sé að lækka laun forseta kjörtímabil hans. Nú, af þessu dreg ég þá ályktun að þarna hafi laun forseta verið ákveðin lögum samkvæmt eins og segir í stjórnarskránni og þá jafnframt að þeirri ákvörðun verði ekki breytt út kjörtímabil hans."

Þarna eru tveir virtir lagaprófessorar búnir að velta því fyrir sér hvort það inngrip sem þetta frumvarp lýtur að standist stjórnarskrá. Ég geri mér fulla grein fyrir því að í greinargerðinni með stjórnarskránni frá 1944 segir í lögskýringargögnum varðandi 9. gr., með leyfi forseta:

„Með fyrirmælunum er einungis verndaður réttur forseta til sömu krónutölu og hann í upphafi hafði en engan veginn tryggt að kaupmáttur krónunnar haldist óbreyttur."

Þetta segir í athugasemdum með stjórnarskránni sem var samþykkt 1944 og að sjálfsögðu þurfum við að skoða þetta ákvæði 9. gr. í því ljósi. Ef þannig er í pottinn búið að lagaákvæði séu það afgerandi að þau stangist jafnvel á við greinargerðina gildir að sjálfsögðu ákvæðið sem slíkt því að athugasemdir með lagaákvæðum eru einungis lögskýringargögn. Það eru til dæmi þar sem dómstólar hafa komist að því að skilningur í greinargerð sé ekki í samræmi við orðalag sjálfs ákvæðisins. En þetta þarf efnahags- og viðskiptanefnd að skoða og væntanlega fá þessa ágætu lagaprófessora á sinn fund því að þetta skiptir að sjálfsögðu líka miklu máli.

Síðan eru fleiri álitamál varðandi þetta frumvarp sem varða hina hópana sem heyra undir Kjaradóm. Hér er ekki einungis um að ræða þingmenn, ráðherra og forseta, hér eru aðrar stéttir sem hafa fengið þessa launahækkun í samræmi við úrskurð Kjaradóms en munu síðan fá skerðingu með þessu frumvarpi, verði það samþykkt. Það má t.d. velta fyr-

ir sér sanngirninni í því að þegar Kjaradómur ákvað að setja upp ákveðna launatöflu árið 2003 þá ákvað hann að hæstaréttardómurum skyldi vera skipað í launaflokk 137 en í þeim flokki í kjaranefnd var ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins. Þarna var sem sagt vilji Kjaradóms að þessir aðilar, hæstaréttardómarar og síðan ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, væru í sama flokki.

Með þessu frumvarpi breytist þetta, hæstaréttardómarar munu þá fara niður um einn og hálfan launaflokk, vera á bilinu 135 til 136, og það má alveg velta fyrir sér hvort það sé sanngjarnt gagnvart þeim. Ég tek að sjálfsögðu undir það sem aðrir þingmenn Samfylkingarinnar hafa sagt hér í dag, við erum að sjálfsögðu tilbúin að samþykkja þetta frumvarp hvað varðar launahækkanir þingmanna og ráðherra en hitt þarf auðvitað frekari skoðunar við. Við hér á þingi sáum þetta frumvarp fyrst í morgun og þar sem það eru álitamál í því þarf að skoða þetta mjög vel.

Annað álitamál hefur verið vakið hér í umræðunni en það varðar einingarnar svokölluðu sem kjaranefndarfólk fær sem hluta af kjörum sínum. Því hefur verið velt upp hvort frumvarpið muni skerða þær einingar og þar af leiðandi ná til kjaranefndarfólks en ekki einungis til kjaradómsfólks. Þetta þarf auðvitað að fást á hreint, það er álitamál hvort þetta nái til viðkomandi fólks sem heyrir undir kjaranefnd en reglan varðandi þessar einingar hefur verið að þær væru 1% af 130. launaflokki. Þetta þurfum við líka að skoða, hvort verið sé að skerða réttindi þessa stóra hóps sem heyrir undir kjaranefnd en það eru allt að tvö þúsund einstaklingar. Það er því ýmislegt sem nefndin þarf að skoða og við hér í þinginu einnig.

Í öðru lagi vil ég nefna að ég er sammála öðrum hér inni um að við teljum að Kjaradómur hafi einfaldlega sinnt skyldu sinni með þessum úrskurði, þ.e. hann hafi ekki brotið lög eða eitthvað slíkt. Hann ákvað úrskurð sinn út frá þeim forsendum sem eru í lögunum, þar á meðal leit Kjaradómurinn til kjaranefndar og á þeim tíma sem kjaranefnd úrskurðaði hækkanir sínar bárust engin mótmæli varðandi það.

Síðan er annað viðmið sem Kjaradómur þarf að líta til, það eru svokallaðar viðmiðunarstéttir og hækkanir þeirra stétta liggja að sjálfsögðu hjá ríkisstjórninni og fjármálaráðherra þess tíma og núverandi. Það er fyrirmyndin sem kjaranefnd og Kjaradómur líta til þannig að ef við ætlum að líta á upphaf þessa máls þá þarf auðvitað að skoða þá samninga sem hæstv. ráðherrar eru ábyrgir fyrir því að þannig byrjaði þetta. Þannig eiga kjaranefnd og Kjaradómur að starfa, það verður að líta á almenna launaþróun og þessar viðmiðunarstéttir. Pólitísk ábyrgð liggur því þar, hún liggur ekki hjá Kjaradómi, hún liggur hjá hæstv. ríkisstjórn því að það er hún sem semur og setur standardinn og við þurfum auðvitað að ræða hér eins og oft áður almennt um kjarapólitík í landinu.

Skoðum einfalda staðreynd sem sýnir að þessi þróun ætti ekki að koma hæstv. ráðherrum á óvart. Tökum saman fjárlögin árin 2000–2004 þá var samkvæmt þeim áætlað að þessi fjárlög mundu skila 82 milljarða kr. afgangi. En þegar reikningurinn var gerður upp var niðurstaðan sú að þar varð 8 milljarða kr. halli, þ.e. í stað 82 milljarða kr. afgangs varð 8 milljarða kr. halli. Við vitum að langstærstur hluti ríkisútgjalda eru laun svo þessar launahækkanir ættu ekki að koma neinum á óvart. Til gamans má nefna að árið 2003 jukust ríkisútgjöld um að meðaltali 2 milljónir kr. á klukkustund frá samþykktum fjárlaga. Þetta endurspeglar og undirstrikar þau lausatök sem ríkisstjórnin hefur á ríkisfjármálunum og við í stjórnarandstöðunni höfum iðulega bent á. Ábyrgðin liggur því hjá ríkisstjórninni og þessar tölur sýna að þetta ætti ekki að koma þeim á óvart, ábyrgðin hvað þetta varðar liggur ekki hjá Kjaradómi.

Í þriðja lagi vil ég nefna að þetta kerfi, þ.e. kjaranefnd og Kjaradómur, þarfnast endurskoðunar og nefnd sem er búið að boða undir forustu Jóns Sigurðssonar fyrrverandi ráðherra mun væntanlega fara í þá vinnu fljótlega upp úr samþykkt þessa frumvarps, en ég tel að eitt af lykilatriðunum í þeirri vinnu þurfi að vera að tryggja gegnsæi. Við sjáum að þetta kerfi er ekki mjög gegnsætt og þá vil ég sérstaklega taka það fram með þær einingar sem bætast við launin að það geta verið allháar upphæðir sem viðkomandi einstaklingur fær í þeim. Ef við tökum kjaranefndina fyrst, þá eru samkvæmt úrskurði hennar föst laun ráðuneytisstjóra 655 þúsund kr. en síðan bætast við einingar allt að 200 þús. kr. til viðbótar. Við sjáum líka að skattstjórar eru með tæplega 470 þús. kr. í laun en einingar sem bætast við eru allt að 190 þús. kr.

Ef við hlaupum hratt yfir og skoðum þær stéttir sem eiga að heyra undir Kjaradóm sjáum við að samkvæmt Kjaradómi eru hæstaréttardómarar með 630 þús. kr. í laun en þeir eru með einingar upp á 223 þúsund, sem segir það að þeirra laun eru 850 þúsund en ekki 630 þúsund. Þetta sýnir okkur að kerfið þarf að vera gegnsærra. Ég skil ekki alveg þörfina á að hafa þetta einingakerfi, ég skil ekki af hverju það er ekki einfaldlega hægt að hafa bara laun. Að sama skapi tel ég að þingfararkaupið ætti að endurspegla þau raunverulegu kjör sem við höfum. Þingmenn hafa eitthvert fyrirbæri sem heitir starfskostnaðargreiðslur, sem eru u.þ.b. 50 þús. kr. og að mínu mati ætti sú greiðsla einfaldlega að vera hluti af þingfararkaupinu (**Gripið fram í:** Hækka það betur.) til að gera launin sýnilegri. Við þurfum að hafa það á bak við eyrað að laun almennt, sérstaklega þessara stétta, þurfa að vera sýnileg og ég tel að sú nefnd sem nú verður sett á koppinn eigi að skoða þetta með hliðsjón af því.

Við sjáum líka annan vinkil, það eru hinir svokölluðu stofnanasamningar sem að sjálfsögðu hafa bein áhrif á þessa ákvörðun kjaranefndar og ákvörðun Kjaradóms. Þeir eru í sjálfu sér ekki sérstaklega sýnilegir en hins vegar geta þeir velt ýmsu af stað eins og þetta mál sýnir, þar sem kjaranefnd og Kjaradómur hafa m.a. tekið mið af þeim stéttum sem hafa gert stofnanasamninga.

Mig langar að lokum að tala aðeins almennt um kjaramál því að þetta gerist ekki í einhverju tómarúmi, Kjaradómur starfar ekki í einhverju tómarúmi. Þetta kemur okkur við að sama skapi og starfslokasamningar í viðskiptalífinu koma okkur við og við eigum að hafa skoðun á þessu, ég tala nú ekki um þegar þessar ákvarðanir, hvort sem þær eru teknar á hinum almenna vinnumarkaði eða gerðar í formi starfslokasamninga eða hjá Kjaradómi, geta stefnt stöðugleikanum á vinnumarkaðnum í voða. Þess vegna eigum við að hafa skoðanir á þessu og eigum að ræða þetta.

Varðandi kjarapólitíkina í þessu landi sem oft tekur á sig skrýtnar myndir, þá tókum við eftir hvers konar viðbrögð borgarstjórinn í Reykjavík fékk þegar Reykjavíkurlistinn ákvað að gera það sem allir hafa verið að tala um, þ.e. að hækka laun lægstu stétta, svokallaðra umönnunarstétta, sem allir þingmenn hafa talið þörf vera á. Þegar það er loksins gert er viðkomandi stjórnmálamaður gagnrýndur harðlega fyrir að gera það sem við öll boðum og er svo sannarlega tímabært, þ.e. að hækka lægstu launin, en sem betur fer hefur Reykjavíkurlistinn staðið það af sér. Að sama skapi tel ég einnig að kjör leikskólakennara þurfi endurskoðunar við, en þegar þeirra kjör hafa verið leiðrétt tel ég að við þurfum að huga að því afskaplega vandlega hvort aðrar stéttir eigi ekki að sýna þessum stéttum þann skilning að hleypa ekki þessari hækkun upp allan stigann. Ef það gerist náum við aldrei að hækka lægstu launin í samfélaginu og þar af leiðandi náum við ekki að manna þessar stofnanir o.s.frv. Það þarf að ríkja skilningur hjá öðrum stéttum og í samfélaginu, ef við ætlum að hækka laun lægstu stétta má sú hækkun ekki hlaupa upp allan stigann. Þetta er mikilvægt.

Við sjáum það varðandi viðbrögð þjóðarinnar við þessum Kjaradómi að þau eru auðvitað að mörgu leyti skiljanleg. Fólki í landinu svíður staðreynd á borð við þá að þriðji hver eldri borgari er með 110 þús. kr. á mánuði eða minna og af þessum 110 þús. kr. borgar hann um 15 þús. kr. í skatt. Við sjáum einnig að forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í skattamálum þjónar fyrst og fremst þeim sem eru með hærri tekjur, þegar þú ert með flatar tekjuskattslækkanir þá færðu meiri krónutölulækkun eftir því sem tekjur þínar eru hærri, eðlilega, en við í Samfylkingunni buðum þingheimi upp á aðra leið til að lækka skatta sem fólst í að lækka matarskattinn sem hefði komið öllum hópum til góða og ekki síst venjulegu fjölskyldufólki og millistéttinni. Þetta er auðvitað bara pólitískur ágreiningur um hvora leiðina ætti að fara. Það er kannski ágætt að rifja það upp, þar sem ég hef nú tíma, hvernig þessar framkvæmdir ríkisstjórnarinnar í skattamálum munu komast mismunandi til skila til ólíkra hópa.

Við sjáum það t.d. að þegar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru allar komnar til framkvæmda eftir tvö ár þá mun fjölmennasti hópur einstæðra foreldra fá u.þ.b. 8 þús. kr. lækkun á mánuði en að sama skapi fær maður sem er með milljón á mánuði lækkun upp á tæpar 100 þús. kr. í hverjum mánuði eða tæplega tólf sinnum hærri upphæð en einstaklingur sem er í fjölmennasta hópi einstæðra foreldra. Hálaunahjón með tæpa milljón kr. á mánuði samanlagt fá eftir að þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru komnar til framkvæmda um 66 þús. kr. í skattalækkun á mánuði eða tæplega 800 þús. kr. ári. Í fjölmennasta hópi millitekjuhjóna sem eru með 375 þús. kr. á mánuði fær fólk rúmlega helmingi lægri upphæð en þá sem hin efnuðu hjón fá frá ríkisstjórninni. Í þessu endurspeglast auðvitað ákveðinn grundvallarmunur á hugmyndafræði ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar.

Ef við skoðum einungis þær skattalækkanir sem koma til framkvæmda á þessu ári mun tekjuskattslækkun ríkisstjórnarinnar færa grunnskólakennara með meðallaun u.þ.b. ígildi eins bleiupakka á mánuði en milljón króna maður, maður með eina millj. kr. á mánuði fær u.þ.b. 23 þús. kr. í skattalækkun mánaðarlega eða sem kannski samsvarar einni utanlandsferð í hverjum mánuði.

Þetta er auðvitað mikill munur og í þannig andrúmslofti er alveg skiljanlegt að fólk setji spurningarmerki við starfslokasamninga og Kjaradóm o.s.frv. Við sjáum með fyrirbæri eins og hinum velþekkta Gini-stuðli, sem mælir ójöfnuð í viðkomandi samfélagi, að ójöfnuður í okkar samfélagi hefur verið að aukast í tíð núverandi ríkisstjórnar. Að sama skapi hefur skattbyrði einstaklinga einnig verið að aukast og svar fjármálaráðherra við fyrirspurn þingmanna Samfylkingarinnar staðfestir að æ stærri hópur greiðir hærra hlutfall tekna sinn í tekjuskatt en hann gerði árið 1995 þegar núverandi ríkisstjórn tók við. Fólk borgar því hærra hlutfall af tekjum sínum í skatt og að sama skapi er skattbyrði lægstu hópanna að aukast. Þetta er þróun sem við þurfum að snúa við og ef við lítum á tölur OECD hefur skattbyrði einstaklinga aukist mest á Íslandi frá árinu 1990 af öllum ríkjum OECD fyrir utan Grikkland. Þetta er afrakstur þessarar stefnu ríkisstjórnar ójafnaðar og aukinnar skattbyrði.

Þetta tengist auðvitað þessu atriði sem við erum að tala um hér í dag. Fólkið í efnahags- og viðskiptanefnd mun að sjálfsögðu skoða þetta frumvarp vel og það ber að vanda sérstaklega vel til verka varðandi stjórnarskrána og önnur álitamál sem bæði prófessor Eiríkur Tómasson og prófessor Sigurður Líndal hafa vakið máls á. En ég held að það sé alveg augljóst og að fólk sjái það að við hefðum getað komist hjá ýmsum af þessum álitamálum með því að fara þá leið sem stjórnarandstaðan bauð ríkisstjórninni fyrir áramótin sem laut að því að kalla saman þing og fresta gildistöku þessa úrskurðar. Þá stæðum við ekki frammi fyrir þeirri staðreynd að úrskurðurinn hefur tekið gildi, fólk er búið að fá greitt samkvæmt honum ein mánaðamót og nú stefnir í að fara til baka og það vekur einfaldlega spurningar. Leið stjórnarandstöðunnar var því augljóslega skynsamleg og hún hefði fækkað álitamálum í þessu máli sem eru alveg næg fyrir að mínu mati.

[16:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Sú umræða sem hér fer fram sprettur af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja fram frumvarp um breytingu á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd. Segja má að niðurstaða Kjaradóms þann 19. desember hafi valdið nokkrum úlfaþyt í samfélaginu og ríkisstjórnin og kannski fleiri hafi bókstaflega farið á taugum þegar sú niðurstaða lá fyrir.

Það er kannski rétt að menn muni hina svokölluðu þjóðarsátt sem menn tala um í samfélaginu og eru búnir að gera ansi lengi. Í hálfan annan áratug hafa menn talað um þjóðarsátt og það ætti kannski að vera farið að renna upp fyrir fólki að einhverjir slíkir hlutir fyrnist og verði svolítið úreltir þegar þeir eru að verða eins og hálfs áratugar gamlir og að þær heitstrengingar sem menn höfðu uppi á þeim tíma séu kannski ekki lengur fullkomlega gildar, enda búið að bregða út af þessari svokölluðu þjóðarsátt býsna oft og af mörgum aðilum í gegnum tíðina.

Hvernig skildu menn þessa þjóðarsátt í upphafi? Ég hygg að flestir hafi skilið hana þannig að sátt væri um að

engir aðilar þrengdu fram háum eða nýjum kjörum sem röskuðu því jafnvægi sem væri í samfélaginu og að menn færu varlega í launakröfur og hækkanir á launum í samfélaginu. Þannig held ég að flestir hafi skilið þetta í upphafi. Síðan sáu menn að þetta gat ekki haldið til frambúðar, það varð auðvitað að vera hægt að lagfæra laun hjá einstökum starfshópum og stéttum. Þá var farið að loka öðru auganu gagnvart einhvers konar breytingum á launakjörum. Hækkun lægstu launa hefur það stundum verið kallað og stundum leiðrétting hjá einstökum hópum. Þetta hefur smám saman verið að vinda upp á sig þannig að heilar stórar starfsstéttir hafa jafnvel verið að fá verulega miklar launabreytingar til lagfæringar og skemmst er að minnast t.d. samninga kennara á síðasta ári eða næstsíðasta ári öllu heldur sem menn litu á sem slíka leiðréttingu.

Það sem ég er að segja er að sú stefna sem gilt hefur þennan tíma hlýtur í rauninni að vera úrelt í dag að því leyti til að ekki er hægt að horfa á hana með sömu augum og menn gerðu í upphafi. Auðvitað er full ástæða til að ábyrgir aðilar í samfélaginu fari varlega með samningsréttinn og reyni að sjá til þess að ekki fari allt á hvolf í samfélaginu. En það er ekki hægt að koma með andköfum og upphrópunum þó að nýir kjarasamningar sjái dagsins ljós sem færi láglaunafólki, eins og t.d. umönnunarstéttum hjá Reykjavíkurborg, góðar kjarabætur miðað við þau laun sem þar voru. Þess vegna er ástæða til að menn horfi á kjaramálin kannski með meiri rósemd en raun ber vitni, án þess þó að missa sjónar á þeim stöðugleika sem þarf að varðveita.

Þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir var staðan sú gagnvart launum opinberra embættismanna og þingmanna að um þau hafði verið endalaust stríð. Niðurstaðan varð síðan sú að menn samþykktu lögin um kjaranefnd og Kjaradóm á árinu 1992 og sú leið sem þar var valin hefur verið í gildi síðan og kerfislega séð tel ég að hún hafi reynst nokkuð vel, þó að ég hafi frá upphafi haft þá skoðun að þarna væri ástæða til að skoða betur hvort ekki ætti að vera um eina kjaranefnd að ræða frekar en tvær eins og er núna. En viðmiðanirnar sem þessar nefndir, Kjaradómur og kjaranefnd, hafa haft eru auðvitað teknar af sambærilegum launum í samfélaginu og hætta er á að einhvers konar víxlverkanir fari að myndast þegar um er að ræða annars vegar kjaranefnd og hins vegar Kjaradóm, sem eru jafnvel að taka mið af ákvörðunum hvors annars.

Framkvæmd launastefnu ríkisstjórnarinnar er fólgin í þessu. Það er alveg auðséð að ákvarðanir um laun starfsmanna á vegum ríkisins hafa haft afgerandi áhrif á þær niðurstöður sem hafa komið út úr kjaranefnd og Kjaradómi. Þegar ríkisstjórnin ákvað að hægt yrði að gera þessa svokölluðu stofnanasamninga urðu til með gerð þeirra nýjar viðmiðanir. Þessir stofnanasamningar færðu yfirmönnum stofnana og ýmsum starfsmönnum sem heyra undir Kjaradóm og kjaranefnd miklar hækkanir, þ.e. viðmiðanir sem Kjaradómur og kjaranefnd fá með því að skoða laun yfirmanna stofnana og starfsmanna urðu til að laun hækkuðu verulega í framhaldinu. Ríkisstjórnin getur því ekki annað en axlað ábyrgð af því að ákvarðanirnar fóru að hækka verulega, þær sem kjaranefnd og Kjaradómur voru að taka gagnvart launum opinberra starfsmanna sem þar eiga undir.

Einnig er ástæða til að minna á að forusta launþegasamtakanna hefur látið þessa þróun svona nokkurn veginn átölulausa í gegnum tíðina. Það þarf ekki að segja mér eða öðrum að þeir hafi ekki vitað nákvæmlega hvað var á ferðinni og hvers konar þróun hafi verið í gangi gagnvart embættismönnum og öðrum sem taka laun samkvæmt Kjaradómi og kjaranefnd, en þeir hafa af einhverjum ástæðum ekki beitt sér mjög hart vegna þessara breytinga — þangað til núna í desember sl. að þá virtist vera að þeim fyndist að nú væri nóg komið og þeir mótmæltu þeim úrskurði Kjaradóms sem þá leit dagsins ljós mjög hart. Ég er í sjálfu sér ekki hissa á því vegna þess að þeir hafa boðað hina svokölluðu þjóðarsátt sínu fólki með þeim hætti að hún hefur ævinlega verið notuð til þess að sætta menn við að mínu viti býsna lélega samninga á undanförnum árum fyrir almennt launafólk í landinu og afar lélega samninga í samanburði við kjör margra í samfélaginu. Þess vegna er ég ekki hissa á því þó að komið hafi að þeim degi að forusta launþegasamtakanna í landinu risi upp og segði: Hingað og ekki lengra.

Þetta hefði ríkisstjórninni auðvitað átt að vera fullkomlega ljóst þegar hún var að móta launa- og kjarastefnu sína, að ef hún yrði með þeim hætti að svo miklar hækkanir yrðu sem raun bar vitni mundi hinni svokölluðu þjóðarsátt vera stefnt í voða. En ekki virðast menn á þeim bæ hafa verið svo óttaslegnir gagnvart þessu að þeir hefðu af því þær áhyggjur að þeir kæmu í veg fyrir áframhaldandi launahækkanir. En eftir að dómur var kveðinn upp í desember í Kjaradómi er greinilegt að ríkisstjórnin hefur tekið við sér og telur nú ástæðu til að endurskoða launastefnuna sem uppi er. Spurningin er: Hvernig ætla menn að fara að því? Varla geta menn reiknað með að hægt sé að hoppa til baka og breyta kjörum þeirra til lækkunar sem hafa fengið hækkanir á undanförnum árum. Ég held að engum detti í hug að hægt sé að labba inn í stofnanir ríkisins með nýja kjarasamninga og miklu verri til þeirra sem þar eru og hafa fengið hækkanir á undanförnum árum.

Þess vegna tel ég að það hefði átt að vera leiðin eins og stjórnarandstaðan lagði til fyrir hátíðarnar, fyrir áramótin, að fresta því að niðurstaða Kjaradóms kæmi til framkvæmda, setja af stað skoðun á málinu upp á nýtt hvort og hvernig menn ætluðu að breyta þessari launastefnu ríkisins og láta síðan koma í ljós hvaða leiðir menn fyndu í því efni.

Þetta vildi ríkisstjórnin ekki gera og niðurstaðan er sú að ríkisstjórnin ákveður inngrip má segja handvirkt inn í þá samninga sem fyrir hendi eru, þessa niðurstöðu sem fyrir hendi er. Ríkisstjórnin ákveður það að meiri hlutinn á Alþingi eigi að ákveða þá prósentu sem eigi að koma í staðinn fyrir það sem Kjaradómur hafði ákveðið að ætti að vera. Þessu er ég afar ósammála og tel að þarna hefðu menn átt að klára málið. Úr því að ríkisstjórnin lét ekki að vilja minnihlutaflokkanna á Alþingi og lét þessa hækkun ganga í gegn standa menn frammi fyrir því að sú hækkun sem Kjaradómur kvað upp er orðin staðreynd.

Að mínu viti er helsta leiðin núna sú að setja þá nefnd af stað sem hæstv. forsætisráðherra hefur talað um að setja á laggirnar og láta hana fara að vinna en hlaupa ekki til og grípa inn í þá niðurstöðu sem fyrir liggur og hefur komið til framkvæmda. Það finnst mér vera afar slæm niðurstaða, fyrir nú utan það að ljóst er að það er margt sem ástæða er til að skoða því að þessi ákvörðun getur t.d. farið í bága við

stjórnarskrána. Hún getur það gagnvart forseta Íslands þar sem algjörlega skýrt ákvæði er þar sem segir að óheimilt skuli að lækka greiðslur til forseta kjörtímabil hans. Í athugasemdum við frumvarpið er talað um það sérstaklega og vitnað í athugasemdir með stjórnarskránni 1944. Í skýringum er sérstaklega tekið fram að með ákvæðinu sé einungis verndaður réttur forseta til sömu krónutölu og hann hefði í upphafi haft, en engan veginn tryggt að kaupmáttur krónunnar haldist óbreyttur.

Mér finnst þetta ekki nægileg rök í málinu, að þetta orðalag hafi verið þarna til staðar í athugasemdum. Það sem gildir er auðvitað það sem stendur í sjálfri stjórnarskránni, fyrir nú utan það að með dómi Kjaradóms er komin niðurstaða í krónutölu og með því að þetta frumvarp yrði að lögum væri verið að breyta þeirri krónutölu. Ef menn vilja fara í hártoganir út af einhverju orðalagi er full ástæða til að gefa gaum að þessu.

En það er fleira sem varðar stjórnarskrána sem ástæða er til að gefa gaum ef niðurstaðan verður þessi. Það eru fleiri en ég og þeir lagaprófessorar sem hafa látið í sér heyra, Sigurður Líndal t.d., sem hafa nefnt að þetta fari í bága við stjórnarskrána hvað varðar forsetann.

Og nú hefur borist bréf til þingflokksformanna. Það bréf skrifar Dómarafélag Íslands til forseta Alþingis og ég sé ástæðu til að lesa það vegna þess að það hefur ekki verið gert að umræðuefni hér. Það á sannarlega erindi inn í þessa umræðu.

Bréfið er stílað: Til Alþingis Íslendinga. Forseti Alþingis, frú Sólveig Pétursdóttir, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjaradómur hefur allt frá því að hann var stofnaður árið 1962 ákveðið laun dómara, fyrst hæstaréttardómara og síðan einnig héraðsdómara frá árinu 1984. Að baki þessu býr það sjónarmið að ekki er æskilegt að framkvæmdarvaldið fjalli um eða ákveði laun dómara."

Þarna eru dómarar að fjalla um kjör sín og hvort Alþingi geti gripið inn í með þeim hætti sem hér er ætlað. Ég ætla ekki að lesa þetta bréf allt saman upp en vitna aðeins í það.

Þar er m.a. sagt:

„Athygli er vakin á því að fyrirhuguð breyting til lækkunar á kjörum þeirra sem falla undir Kjaradóm beinist aðeins að fámennum hópi ríkisstarfsmanna. Leikur vafi á hvort slík ákvörðun stenst 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnræði."

Hér er sem sagt Dómarafélag Íslands að skrifa hæstv. forseta Alþingis.

Svo segir hér, með leyfi forseta:

„Einnig skal áréttað að ákvörðun Kjaradóms frá 19. desember sl. hefur þegar tekið gildi. Löggjafinn hefur með setningu laga nr. 120/1992 fengið mönnum þann rétt til launa sem Kjaradómur ákveður og eru þau laun með því orðin eign þeirra og verður þeim ekki breytt vegna þeirrar verndar sem eignarréttur nýtur samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar."

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Með bréfi dagsettu 11. þ.m." — ég vek athygli á því, 11. þ.m. — „beindi stjórn Dómarafélags Íslands samhljóða erindi til forsætisráðherra. Í því bréfi var þess einnig farið á leit að ekki yrði lagt til við Alþingi að breyting yrði gerð á þeim kjörum sem dómurum hafa verið ákveðin af Kjaradómi. Kæmi hins vegar til þess að Alþingi samþykkti breytingar í þá veru kynni félagið að telja sig knúið til þess að láta reyna á hvort þær væru samrýmanlegar stjórnarskránni."

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég átel hæstv. forsætisráðherra harðlega fyrir að hafa setið á þessu bréfi. Hann fékk þetta bréf frá Dómarafélaginu þann 11. janúar, fyrir sex dögum, og kom þessum sjónarmiðum ekki einu sinni á framfæri þegar umræðan fór af stað. Helst hefði ég kosið að hæstv. forsætisráðherra hefði gert það fyrr og strax og hann fékk bréfið í hendur. Það á vissulega erindi inn í þá umræðu sem hér fer fram. (**Gripið fram í:** Fjármálaráðherra ...) Hæstv. fjármálaráðherra virðist ekki hafa fengið þetta bréf í hendur. Hann upplýsir það sjálfsagt hér á eftir hvort hann hefur séð þetta bréf og hvort hann hefur talið ástæðulaust að taka mark á því. Af gerðum hæstv. forsætisráðherra má ráða að hann hefur ekki talið ástæðu til þess að veita þessu bréfi neina sérstaka athygli.

Það er dálítið merkilegt með þá ríkisstjórn sem nú situr og hefur setið lengi að þegar upp koma vafamál gagnvart stjórnarskránni hefur stjórnarskráin ekki verið látin njóta vafans jafnvel þó að á þau sé bent af til þess bærum aðilum. Það hefur ævinlega verið látið reyna á það hvort stjórnarskráin stenst þegar að herðir. Alþingismenn eiga ekki að standa þannig að málum. Sé vafi uppi eiga menn að láta stjórnarskrána njóta hans.

[17:05]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það kom fram í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að ýmsir annmarkar eru á þessu máli og er nokkurra þeirra getið í bréfi Dómarafélags Íslands sem hv. þm. vitnaði í. Fleiri annmarkar komu upp í hugann eftir fréttaflutning þann 19. desember. Sigurður Líndal háskólaprófessor kom þá fram í fréttum fjölmiðla og sagði að það væri stjórnarskrárbrot að taka til baka launahækkun þá sem Kjaradómur hafði ætlað forseta Íslands — álitamálin eru hér greinilega nokkur. Hv. efnahags- og viðskiptanefnd á fyrir höndum erfitt verk að fara ofan í þá annmarka sem virðast til staðar og auðvitað er eðlilegt að hlutirnir séu skoðaðir afar gaumgæfilega út frá þeim ábendingum sem hafa borist og þá ekki hvað síst núna frá Dómarafélaginu.

Þetta bréf frá Dómarafélagi Íslands sýnir auðvitað líka að alþingismenn eru ekki eyland. Þeir eru ekki afmarkaður hópur í samfélaginu, aðrir hópar heyra undir Kjaradóm með sama hætti og þeir. Og þó að alþingismönnum, þjóðkjörnum fulltrúum þjóðarinnar, hafi brugðið við þá ákvörðun Kjaradóms að laun til fólks í þessum sal skyldu hækka um rúmlega 8% á sama tíma og almenn taxtalaun hækkuðu um 2,5% þá verður að segja eins og er að alþingismenn, þessir 63, geta harla lítið gert annað en það sem að þeim snýr í þessu tiltekna máli. Þá spyr maður sjálfan sig og um leið forsvarsmenn í Samtökum atvinnulífsins hvort það séu þeir 63 einstaklingar sem hér sitja sem eru að setja þjóðfélagið á annan endann eða slíta í sundur friðinn á launamarkaði. Mér er nú til efs, frú forseti, að svo sé. Vandamálið er auðvitað miklu, miklu stærra og miklu alvarlegra en svo að

þeir 63 einstaklingar sem sitja í þessum sal og þiggja laun úr opinberum sjóðum geti með því að lækka sín laun kippt því í liðinn.

En hvers vegna erum við í þessari stöðu hvað launamál varðar? Hvernig stendur á því að gliðnunin á milli þeirra sem bera mikið úr býtum í launalegu tilliti og hinna sem minnst bera úr býtum er orðin svo mikil sem raun ber vitni? Og í framhaldi af því: Á ríkisstjórnin kannski einhverja sök í því máli? Kann að vera að stefna ríkisstjórnarinnar eigi þar hlut að máli? Mitt svar við því er já. Ríkisstjórnin ber mikla ábyrgð í þessu máli og kippir engu í liðinn með því að leggja fram þetta frumvarp um að ógilda síðustu niðurstöðu Kjaradóms. Vandamálið er miklu, miklu stærra en svo að hægt sé að klóra yfir það með því frumvarpi sem við ræðum hér.

Ef við skoðum mynd af því hvernig laun hafa þróast í landinu sést að frá 1995 hefur orðið gríðarleg breyting í þeim efnum. Þegar hinn svokallaði Gini-stuðull er skoðaður og útreikningar tengdir honum hvað varðar þau 20% sem mest hafa í íslensku samfélagi og hin 20% sem minnst hafa þá var bilið á milli þessara tveggja hópa árið 1995 talan 2,5. Ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal er að skrifa þetta hjá sér, stærðfræðingurinn sem hann er fer strax af stað og skoðar málið út frá vísindum fræðigreinarinnar sem hann þekkir miklu betur en ég. Þessi stuðull — talan 2,5, sem árið 1995 myndaði bilið á milli þeirra þeirra 20% sem höfðu mest og hinna 20% sem höfðu minnst — hefur hækkað og er á árinu 2004 4,5. Á sama tíma og bilið á milli þessara 20% beggja megin á ásnum er orðið þetta mikið hjá okkur er sambærileg tala í Danmörku 3. Hvað segir það okkur? Launabilið á milli þeirra sem mikið bera úr býtum og hinna sem minnst bera úr býtum er orðið miklu, miklu meira hér en á Norðurlöndunum sem eðlilegt er að við berum okkur saman við.

Hvert stefnum við þá? Eigum við að skoða Bandaríki Norður-Ameríku á þessum sama skala? Ef við skoðum þau 20% sem mest hafa í Bandaríkjunum og hin 20% sem hafa minnst er umrædd tala 8. Í því samfélagi er ójöfnuður á milli ríkra og fátækra langmestur. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Er það þangað sem við stefnum? Erum við komin að gömlu deilumáli vinstri og hægri manna? Ætla íslensk stjórnvöld að stefna til Bandaríkjanna og gera Ísland að einni stjörnu í viðbót í því flaggi? Er raunhæft að við spyrjum þeirrar spurningar í dag? Mér sýnist það. Það er greinilega að draga miklu meira í sundur með ríkum og fátækum hér á Íslandi en í nágrannalöndum okkar.

Þá spyr maður sig: Hvaða aðferðum beita ríkisstjórnir í nágrannalöndum okkar í þessu tilliti? Er ekki rétt að ríkisstjórnin okkar skoði það afar gaumgæfilega til þess að við getum sveigt af þeim kúrs sem við erum á núna? Ef við viljum ekki svona mikið launabil skulum við grípa til aðgerða annarra en þeirra að klóra yfir síðustu niðurstöðu Kjaradóms. Það er engin leiðrétting í því fólgin, það lagar ekki grunninn í málinu. Það er grundvallaratriði að stefna ríkisstjórnarinnar í launamálum kallar þetta yfir okkur.

Sem dæmi má nefna fyrirtækjavæðingu stofnana hins opinbera og einkavæðing opinberra stofnana er annað dæmi. Við vitum það öll sem hér sitjum og höfum auðvitað oft tekist á um það að við einkavæðingu ríkisfyrirtækja breytist í fyrsta lagi launastrúktúr fyrirtækisins. Forstjórinn sem trónir á toppnum í hlutafélaginu, sem áður var ríkisstofnun, þarf nú einungis að ræða um laun sín við stjórnarformann í viðkomandi fyrirtæki. Við þekkjum öll hneykslismálin sem fjölmiðlar og almenningur fóru mikinn yfir, starfslokasamninga hjá FL Group þar sem forstjórarnir og stjórnarformaður fyrirtækisins sátu á skrafi um það hversu mörg hundruð milljónir eða margir tugir milljóna ættu að falla í hlut forstjóranna við starfslok.

Ég spyr, frú forseti: Er það eðlilegur framgangsmáti að einkavæða ríkisfyrirtæki, gera þau að hlutafélögum til þess að skapa þann jarðveg að hægt sé að semja á þessum nótum við forstjórana um ofurlaun af því tagi sem við sjáum að nú á sér stað? Ég er mjög hugsi yfir þessu öllu saman. Ég tel að ríkisstjórnin hafi sveigt af þeirri braut sem mörkuð hefur verið í okkar samfélagi, þeirri braut að við höfum reynt að halda okkur við ákveðinn jöfnuð að þessu leyti.

Ég ætla að bæta einu við í sambandi við FL Group. Mér datt í hug af því að ég var að tala um einkavæðingu, hvað varð um hlut ríkisins í Flugleiðum? Af hverju er FL Group sem einu sinni var að öllu leyti og síðan að hluta til ríkisfyrirtæki allt í einu bara orðið þetta einkafyrirtæki sem það er? (Gripið fram í.) Ríkið hefur átt stóran hlut í Flugleiðum. (Gripið fram í.) Já, það seldi þau. Ríkið seldi hlutinn sinn í Flugleiðum til að auðvelda það að hægt væri að fara með fyrirtækið inn á þessa braut sem nú er raunin. Þess vegna spyr ég: Er það ekki svolítið á okkar ábyrgð að halda ríkinu, hinu opinbera, inni í þeim fyrirtækjum sem annast grunnþjónustu í landinu? Ég er t.d. með raforkumarkaðinn í huga? Við stefnum hraðbyri í það að stórfyrirtæki á mælikvarða okkar, eins og orkufyrirtækin, lendi inn á sömu braut og þá er það þessi ríkisstjórn sem nú situr sem er ábyrg. Hún klórar ekki yfir það með breytingu á lögunum um Kjaradóm og kjaranefnd.

Frú forseti. Af þessu tilefni rifjaðist upp fyrir mér nokkuð sem ég hafði heyrt sagt um látinn þingmann, Stefán heitinn Jónsson, sem á sínum tíma var mjög mikilvirkur þingmaður. Hann flutti hér á þingi oftar en einu sinni tillögu til þingsályktunar og fór þar fyrir fríðu liði, tillögu um hámarkslaun. Það fór svo í sambandi við þetta mál að mér datt í hug að rifja upp rök Stefáns Jónssonar í því máli. Ég hef þessa tillögu í höndunum eins og hún var þegar hann flutti hana árið 1979. Hann talaði fyrir henni 1979. Hún var lögð fram 6. nóvember 1978. Í hópi meðflutningsmanna fyrrverandi hv. þm. Stefáns Jónssonar voru Helgi Seljan, Jónas Árnason, Kjartan Ólafsson og enginn annar en Ólafur Ragnar Grímsson, núverandi forseti Íslands. Í tillögutexta þessarar þingsályktunartillögu segir, með leyfi forseta:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri laun hér á landi en sem svarar tvöföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku."

Frú forseti. Ég minni á að það er 1979 sem talað er fyrir þessari tillögu á Alþingi. Það er ekki lengra síðan en svo að hv. þingmenn létu sér detta í hug að raunhæft væri að fara fram með tillögu af þessu tagi. Ég vil ítreka það að við förum aðeins aftur í tímann með Stefáni, ekki lengra heldur en þetta þó, til 1979 og rifjum upp þann anda sem þá ríkti. Áfram segir í tillögutextanum, með leyfi forseta:

„Jafnframt verði loku fyrir það skotið að einstaklingar

gegni nema einu fastlaunuðu starfi, og eins fyrir hitt að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi neins konar fríðinda, umfram hámarkslaun. Með breytingu á skattalögum skal að því stefnt að einkafyrirtæki hagnist ekki á lögbundinni lækkun hæstu launa, og skal því fé, sem rennur til ríkissjóðs af þessum sökum eða sparast með niðurskurði á launum embættismanna í efstu launaþrepum, varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta."

Þannig lýkur, frú forseti, tillögutexta þeirra félaga frá 1979. Andinn í þessum texta sýnir okkur að menn töldu þarna strax vera þörf á ákveðinni vakt, ákveðinni varðstöðu af því að standa þyrfti vörð um það að launabilið yrði ekki svo breitt að óbrúanlegt yrði. Þess vegna m.a. sýna þeir líka sína stéttvitund á þennan hátt, að þeir telja að það fé sem rynni í ríkissjóð við þessa aðgerð eigi að renna til almennrar kjarajöfnunar og til annarra félagslegra umbóta. Það skiptir nefnilega máli, frú forseti, að þeir sem meira bera úr býtum taki á sínar herðar stærri hluta af velferðarkerfinu. Það hvernig þessi ríkisstjórn hefur heimilað að öryrkjar og láglaunafólk sé farið að bera skattbyrðar sem aldrei var — sem ekki var á þeim tíma þegar Stefán Jónsson mælti fyrir þessari tillögu sinni — er ábyrgðarhluti og það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar sem þar á í hlut. Og að hátekjufólk skuli greiða lægra skatthlutfall, eins og vikið hefur verið að í máli ræðumanna sem hér hafa talað á undan, er auðvitað ósvinna og það er ekki hægt að láta það viðgangast að láglaunafólk og öryrkjar séu að greiða jafnstórt hlutfall af sinni innkomu í skatt og raun ber vitni. Þeir sem meira bera úr býtum þurfa að axla þær byrðar sem af okkar sameiginlegu sjóðum leiða.

Hæstv. forseti. Mig langar til að fara aðeins áfram í greinargerð með tillögu hv. þm. Stefáns Jónssonar og félaga af því að mér finnst það kippa okkur svolítið inn í kjarna þessa máls sem við hér nú ræðum og gera okkur svolítið meðvituð um ræturnar og það hvaðan við erum komin og hvert við stefnum. Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Að hyggju flutningsmanna er unnt, með því að lögbinda ákveðið hlutfall milli almennra launa verkamanns og hæstu launa, að búa svo um hnútana að kjarabætur til handa verkamönnum verði sá biti í aski hinna hálaunuðu sem þeir fái alls ekki ýtt til hliðar ef þeir hyggjast bæta mötu sína."

Frú forseti. Það er gaman að lesa þessi gömlu þingskjöl þar sem íslenskan er svo fögur að manni finnst maður vera að lesa ljóð. Það er af sem áður var í þeim efnum, því miður, (Gripið fram í.) þannig að að mörgu leyti gætum við tekið til fyrirmyndar ýmsa þætti sem eldri þingmenn höfðu á valdi sínu á árum áður. En svo segir áfram í greinargerð Stefáns Jónssonar, með leyfi forseta:

„Svo dæmi sé tekið þá yrði það óframkvæmanlegt, eftir setningu slíkra laga sem hér eru ráðgerð, fyrir bankastjóra eða aðra forsjónarmenn íslenskra efnahagsmála, sem nú hafa margföld verkamannslaun, að veita sjálfum sér kjarabót, svo sem við hefur borið, samtímis því sem þeir úrskurða að ekki séu efnahagslegar forsendur fyrir almennri kauphækkun, sem verkafólk hefur náð fram með harðri og kostnaðarsamri baráttu til að vega upp á móti kjararýrnun, sem runnin var undan rifjum hinna fyrrnefndu.

Því kveðum við á um tvöföld verkamannslaun sem hámark, að við tökum mið af fornri hefð hérlendri um hlutaskipti á sjó, þar sem þeim skipverjum, er mesta bera ábyrgðina á úthaldinu öllu og lífi og limum áhafnar að auki, voru ætluð tvöföld laun hásetans, hins almenna verkamanns á skipinu."

Herra forseti. Hér rökstyðja þessir heiðursmenn sem gengu götuna á undan okkur hvers vegna þeir telji það vera heilbrigt og heilbrigðismerki að sett séu mörk við því hversu stórt þetta launabil getur orðið. Ég verð að segja að mér finnst ekki óeðlilegt að við rifjum upp þessi sjónarmið því við erum þar stödd núna að við erum að missa fótanna. Við erum að horfa upp á fólk, láglaunastéttirnar sem geta ekki framfleytt sér af mánaðarlaunum sínum og þegar við horfum til þess lifistandards sem er í þessu samfélagi þá er það skömm að hér skuli vera láglaunastéttir sem ná ekki endum saman mánaðamót eftir mánaðamót á sama tíma og hægt er að gera starfslokasamninga á þeim nótum sem ég nefndi áðan við forstjóra á borð við forstjóra FL Group.

Ábyrgðin er ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin klórar ekki yfir þá ábyrgð með þeirri breytingu sem er til staðar í því frumvarpi sem við nú ræðum. Það þarf miklu meira til. Það þarf breytt hugarfar. Það þarf að horfa á heildarmyndina. Það þarf að ákveða á hvaða kúrs við erum og svara þeirri spurningu hvort við ætlum að stefna að sams konar samfélagi og er í Bandaríkjunum þar sem bilið á milli fátækra og ríkra breikkar stöðugt að því er virðist út úr öllu korti án þess að nokkuð sé verið að gera tilraunir til að stöðva það. Mér þykir það mjög miður ef ríkisstjórnin sem fer fyrir málum á Íslandi er á þeirri braut. En mér fannst allt of margar vísbendingar vera um að svo sé.

[17:24]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það verður að segjast eins og er að þær umræður sem hér hafa farið fram í dag eru að mörgu leyti mjög skemmtilegar. Þær hafa hins vegar farið um víðan völl. Það kemur ekkert á óvart og er að sjálfsögðu, má segja, eðlilegt þegar þing kemur saman eftir jóla- og áramótahlé. Hins vegar hafa margar rangfærslur verið hafðar hér í frammi og ég held að ég verði eiginlega að segja að það væri of langt mál fyrir mig að fara út í að leiðrétta það allt saman enda held ég að flest af því hafi verið leiðrétt áður. Þær leiðréttingar eiga því að liggja fyrir í Alþingistíðindum.

Málflutningurinn (**Gripið fram í:** ... fyrirvari.) í meginatriðum hefur eiginlega verið á þá leið að vandamálið sem við erum að glíma við sé allt saman ríkisstjórninni að kenna (Gripið fram í.) og að hæstv. fjármálaráðherrann, hvort heldur þáverandi eða núverandi, hafi hækkað laun opinberra starfsmanna of mikið. En samt sem áður verðskulda opinberir starfsmenn þessi laun sem fjármálaráðherrann hefur samið um við þá. Vandamálið er samt sem áður það að fjármálaráðherrann samdi um of há laun við opinberu starfsmennina. (**Gripið fram í:** Verður er verkamaður launa sinna.) Verður er verkamaður launa sinna.

Hins vegar er borgarstjóranum í Reykjavík hrósað fyrir að hækka laun sinna opinberu starfsmanna (Gripið fram í.) og er það svo sem ekkert skrýtið miðað við það hverjir hafa

haldið uppi málflutningnum. En þetta er auðvitað ekkert sérstaklega trúverðugt heildaryfirbragð á umræðunni þó að það sé, eins og ég sagði áðan um umræðuna, skiljanlegt að því sé haldið fram.

Umræðan hefur hins vegar líka verið á áhugaverðari nótum, þ.e. um launahlutföllin í þjóðfélaginu og um launaþróunina. Um launahlutföllin er það að segja að jafnvel í svo íhaldssömu þjóðfélagi sem við búum í er fátt jafntregbreytanlegt og launahlutföllin. Ég minnist þess einu sinni að hafa heyrt virtan hagfræðing sem ég tek mikið mark á segja að þau launahlutföll sem við búum við hafi upphaflega verið sett fyrir mörg þúsund árum í Mesópótamíu, að þannig sé þessum málum háttað, enda sýnir meira að segja reynsla okkar síðustu áratugina það að jafnvel þegar við höfum reynt að breyta launahlutföllunum til hagsbóta fyrir þá lægst launuðu þá hefur það sjaldnast tekist og ef það hefur tekist þá hefur það jafnan verið tímabundið því þeir sem síðan eru hærra launaðir hafa notað fyrsta tækifæri til að beita þeim tökum sem þeir hafa til að hækka laun sín aftur umfram það sem þeir lægst launuðu höfðu. Með þessu er ég ekki að segja að við eigum ekki að reyna að bæta kjör hinna lægst launuðu og að við eigum ekki að reyna að hafa áhrif á þetta. Ég er bara að benda mönnum á að það er ekki auðvelt verk og það hefur margsinnis verið reynt með þessari niðurstöðu.

Síðan hefur mörgum fundist launaþróunin stefna í öfuga átt við það sem menn hafa verið að reyna og sjálfsagt eru til upplýsingar og tölur um það. Meira að segja hefur umræðan farið út í það að rifja upp gömul frumvörp, frá því fyrir að nálgast 30 árum, um hámarkslaun. Ég verð að segja að ég þakka guði fyrir að þetta frumvarp var ekki samþykkt. Hvar værum við í dag ef þetta frumvarp hefði verið samþykkt og sett hefðu verið á hámarkslaun 1978 eða 1979? Hvar hefði þá verið drifkrafturinn til að koma sjálfum sér áfram og bæta stöðu sína sem er auðvitað drifkrafturinn í því þjóðfélagi sem við búum í? Hver hefði þá farið að leggja það á sig að fjármagna háskólanám til að geta bætt stöðu sína? Hvaðan hefðu peningarnir átt að koma þá til að borga námsskuldirnar, lánin sem menn þurftu að taka (**Gripið fram í:** Var ekki ...) og skólagjöldin sem menn hafa þurft að borga? Því menn hafa sótt nám sitt víða og það er ekki alls staðar þar sem ekki kostar neitt að vera í háskóla. (Gripið fram í.) Ég þakka guði fyrir það, jafnvel þó mætir menn og skemmtilegir með fagurt málfar hafi flutt þessar tillögur, að þær voru ekki samþykktar.

Hins vegar er það svo, frú forseti, (Gripið fram í.) ef ég fæ að halda áfram að tala fyrir hv. þingmanni, að ríkið hefur takmörkuð áhrif á launaþróun. Þar ræður almenni markaðurinn mestu. Það er jafnframt stefna ríkisins að láta almenna markaðinn leiða í kjarasamningum og þróun launa. Í því sambandi verður að undirstrika að launaþróun hjá hinu opinbera byggist eins og annars staðar í þjóðfélaginu að langmestu leyti á samningum, með þeirri undantekningu sem um er fjallað í frumvarpinu sem er til umræðu. Þeir samningar eru opnir fyrir alla og þar er ekki um neina leynd að ræða. Á undanförnum árum hafa hins vegar verið gerðar breytingar á þeim. Reynt hefur verið að gera þá sveigjanlegri. Það hefur verið gert í samráði, í góðu samstarfi og í samningum við samningsaðila ríkisins. Þar er engin leynd. Það er ekkert verið að fela af því sem gerist í launamálum hjá ríkinu.

Það hefur verið rætt um gagnsæi, að stefna ríkisins í launa- og kjaramálum ætti að vera gagnsæ. Samkvæmt því sem ég hef sagt hljóta menn að draga þá ályktun að svo sé, að launa- og kjarastefnan sé gagnsæ. Í því sambandi hefur verið rætt um einingar hjá Kjaradómi og kjaranefnd, að betur færi á því að þær væru inni í heildarlaununum og þær ákvarðanir sem þar eru teknar yrðu með því gegnsærri. Ég held reyndar að þessar einingar flæki málið ekki meira en svo að a.m.k. þeir blaðamenn sem um þetta fjalla eiga auðvelt með að reikna einingarnar inn í og birta heildarlaun viðkomandi. Öllum þeim sem fylgjast með fréttum af þessu á að vera ljóst hver launin eru í heildina og hvernig þau eru uppbyggð. Einingarnar hafa hins vegar komið til tals í dag af öðrum orsökum. Hv. þingmenn hafa haft áhyggjur af því að tengsl væru milli eininga Kjaradóms, sem þetta frumvarp mundi hafa áhrif á ef samþykkt yrði, og eininga kjaranefndar. Einingarnar hjá þessum aðilum eru algjörlega óháðar hver annarri og þær breytingar sem eru hér lagðar til á einingum Kjaradóms munu þar af leiðandi ekki hafa áhrif á einingar kjaranefndar.

Hér hefur einnig verið fjallað um stöðu dómara og bréf frá dómarafélaginu. Ég get ekki neitað því að ég hef séð það bréf. Þegar samsvarandi mál voru til umræðu árið 1992 voru fengnir lögmenn til að fara í þessi atriði. Það var samhljóða niðurstaða þeirra, og að þeirra mati enginn vafi á því, að það væri algjörlega á valdsviði Alþingis að taka ákvarðanir um laun þessara aðila á þann hátt sem hér um ræðir. Laun þessara aðila hefðu verið ákveðin með launalögum og með þessu væri það raunverulega gert á sama hátt. Löggjafarvaldið hefði falið Kjaradómi, sem væri einhvers konar opinber gerðardómur, að taka ákvarðanir og Alþingi gæti tekið þær ákvarðanir til sín aftur hvenær sem væri.

Varðandi eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar þá eru laun sem eru ákvörðuð á þennan hátt í raun laun framtíðarinnar og ekki undir vernd eignarréttarákvæðisins og hægt að breyta þessum launum með lögum. Það ákvæði ætti við um laun samkvæmt samningum sem væru þá væntanlega tímabundnir samningar. Þá væri hægt væri að bera við eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Því var líka haldið fram í þessu samhengi að gerðar væru breytingar á þessum tiltekna hópi sem í væru fleiri aðilar en dómarar þannig að ákvörðunin beindist ekkert sérstaklega að dómurunum. Þeir falla undir þessi lög á sama hátt og aðrir og hinar almennu forsendur sem eiga við um allan hópinn eiga við um dómarana líka. Þessar skýringar tel ég góðar og gildar í þessu máli enda frá virtum lögmönnum sem vel eru metnir. Þeir hafa jafnvel verið nefndir til sögunnar í umræðunni í dag.

Málefni forsetans voru líka nefnd. Ég fór reyndar yfir það í framsöguræðu minni og vitnaði þá til greinargerðar sem fylgdi þeim nýmælum sem sett voru í stjórnarskrána 1944 hvað það varðar. Ég held að þau lögskýringargögn sem þar er um að ræða séu algjörlega tæmandi hvað þetta varðar og að á því leiki enginn vafi. Ekki ætla ég að neita hv. þingmönnum sem hafa áhyggjur af þessu, sem þurfa að fjalla um málið í nefnd og taka afstöðu til þess bæði í nefnd

og í atkvæðagreiðslum, um að þeir leiti af sér allan grun í þeim efnum.

Auðvitað er það svo um mörg lögfræðileg atriði að menn geta haft á þeim mismunandi skoðanir. Enda er það opin heimspekileg spurning, kannski er hún líka praktísk, hvort í lögfræðilegu álitaefni geti einungis verið um eina rétta skoðun að ræða eða hvort tilfellið sé að í einu og sama lögfræðilega álitaefninu geti verið tvær jafnréttháar niðurstöður. Ég hef ekki komist að niðurstöðu í þessu efni sjálfur. Ég veit að bæði virtir og vel menntaðir lögfræðingar og aðrir lögspekingar deila um þessi atriði og munu sjálfsagt deila lengi enn.

[17:37]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég spurði hæstv. ráðherra í ræðu minni fyrr í dag hvort það væri réttur skilningur hjá mér að verðmæti þeirra eininga sem kjaranefnd ákvarðar sínu fólki mundi minnka í samræmi við þá lækkun sem kemur fram með frumvarpinu varðandi Kjaradóm. Ráðherra hefur svarað því að sá skilningur sé ekki réttur. Ég þakka honum fyrir það. Við höfum þannig umræðuna á hreinu og byggjum hana ekki á misskilningi. Einingar milli Kjaradóms og kjaranefndar hafa hingað til verið jafnsettar en nú verður það ekki svo lengur heldur mun ekki einungis gliðna á milli föstu launa þessa tveggja hópa heldur mun líka gliðna á milli annarra launa í formi eininga.

Ég mundi vilja spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála mér um að eftir sem áður hafi þetta frumvarp talsverð áhrif fyrir þann stóra hóp sem heyrir undir kjaranefnd. Á ég þá við seinni málsgrein 1. gr. þar sem settar eru hömlur á kjaranefnd við að ákvarða laun á þessu ári. Gæti það ekki haft talsverð áhrif á kjaranefndarfólkið ef um launaskrið verður að ræða á árinu?

[17:38]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við fyrri spurningunni er það svar að einingarnar hafa ekki verið jafnháar. Það hefur verið mismunur á úrskurðum kjaranefndar og Kjaradóms undanfarin ár. Þar hefur verið mismunur á og einingar Kjaradóms verið lægri. En leiðréttingin varð, eins og Kjaradómur sagði, til jöfnunar í desember þannig að nú munu einingar Kjaradóms lækka aftur.

Hins vegar er það rétt hjá hv. þingmanni að verði þetta frumvarp að lögum gæti það haft áhrif á kjör þeirra sem heyra undir kjaranefnd á næsta ári verði einhverjar breytingar sem kjaranefnd hefði hugsanlega tekið tillit síðar á árinu. Hins vegar verður líka að taka tillit til þess sem ég sagði í framsöguræðu minni, að við gerum ráð fyrir að nefndin sem Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra, leiðir muni vinna fljótt og vel og þá muni frumvarp og hugsanlega nýsamþykkt lög koma til framkvæmda löngu fyrr en kemur að lokum gildistíma þeirra laga sem verða til verði frumvarpið samþykkt.

[17:39]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott að hæstv. ráðherra skuli staðfesta þann skilning minn að frumvarpið geti haft talsverð áhrif á hinn stóra hóp sem heyrir undir kjaranefnd. Annað langar mig að spyrja hæstv. ráðherra um: Með hvaða rökum svarar hann t.d. hæstaréttardómurum varðandi frumvarpið sem hér liggur fyrir? Telur hann rétt að þeir lækki í launum miðað við viðmiðunarhópa?

Í maí 2003 var hæstaréttardómurum skipað í launaflokk 137 eða hliðstætt því. Í þeim flokki í kjaranefnd var ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins. Verði þetta frumvarp að lögum mun ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins eftir sem áður halda sínum föstu launum. Þar verður ekki breyting. En hæstaréttardómari sem átti að taka laun miðað við launaflokk 137 mun fá laun miðað við launaflokk á milli 135 og 136. Með hvaða rökum rökstyður ráðherra svona ákvörðun?

[17:41]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að kveða upp úrskurð um hvað séu réttlát laun fyrir einstaka aðila. En ég svara hins vegar þeim spurningum sem fram eru bornar á þann hátt að að baki þessu frumvarpi búa þau grundvallarsjónarmið að tryggja þann stöðugleika sem við mögulega getum í launamálum þjóðarinnar og skapa ráðrúm til að fara yfir lög um Kjaradóm og kjaranefnd þannig að sú þróun sem af þeim lögum leiðir verði ekki til að raska efnahagslegum stöðugleika og hafa neikvæð áhrif á launaþróun í þjóðfélaginu.

[17:42]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú einu sinni þannig í samfélagi okkar að það er mikilvægt að við fylgjum þeim lögum og reglum sem gilda hverju sinni. Ég held að Aristóteles hafi einhvern tímann orðað það þannig að rétt væri að fylgja jafnvel ranglátum lögum, einfaldlega til að ekki verði grafið undan þjóðskipulaginu eða regluverkinu sem gildir hverju sinni. (**Gripið fram í:** Sókrates.) Það gæti hafa verið Sókrates sem sagði það. Mig minnti að það hefði verið Aristóteles en við skulum ekki gera það að umræðuefni hér.

Af þessum sökum, m.a. á grundvelli þessara fullyrðinga, langar mig að spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í nokkuð. Hann leggur fram þetta frumvarp sem fjallar m.a. um laun forseta Íslands. Alveg sama hvaða skoðun menn hafa á forseta Íslands, hvort menn eru sáttir við hann í embætti eða ekki, þá verðum við að virða það að í stjórnarskránni er mjög skýrt ákvæði sem segir að óheimilt sé að lækka laun forseta á kjörtímabilinu. Nú hafa laun forseta Íslands verið hækkuð og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann standi að fullu við að tiltekin lögskýringargögn (Forseti hringir.) gangi framar skýru orðalagi stjórnarskrárinnar, ákvæði hennar.

[17:43]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja að mér finnst ánægjulegt að heyra hv. þingmann lýsa því yfir að hann telji rétt að fara eftir lögum enda þótt þau séu ranglát. Það er út af fyrir sig ágætt að hafa það í þingtíðindum.

Mér fannst kveða við þann tón að hv. þingmaður teldi

að ég hefði einhverja þá skoðun á forseta Íslands sem leiddi til að ég hefði sérstakan áhuga á að lækka laun forsetans. Ég vil bara nota tækifærið og vísa því algjörlega á bug. Þar eru engin tengsl á milli. Ég hef engan sérstakan áhuga á að lækka laun forseta Íslands nema þá í því samhengi sem við vinnum að hér. Ég tel rétt að hið sama verði látið yfir alla ganga sem fá laun sín ákvörðuð á þennan hátt. Það væri rangt af okkur að undanskilja forsetann í þessu efni. Ég tel enga ástæðu að finna í stjórnarskránni, miðað við þær skýringar sem fylgdu breytingunum, sem leiði til að við ættum að víkja frá því að hið sama verði látið yfir alla ganga í þessu efni. Enda byggist það á forsendum (Forseti hringir.) þessa frumvarps.

[17:45]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil svo sem ekki gera hæstv. fjármálaráðherra upp þá skoðun að það sé vegna viðhorfa hans til forseta Íslands sem hann er að leggja til að þessi laun séu lækkuð. Það þarf ekkert að koma á óvart þó að við reynum að leita skýringa og átta okkur á því hvers vegna hæstv. ríkisstjórn gengur fram með þessum hætti í ljósi skýrra ákvæða stjórnarskrárinnar sem kveður mjög skýrt á um að óheimilt sé að lækka laun forseta. Og það þarf ekkert að koma á óvart þó að hugrenningar eins og þessar vakni í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið og flokksmenn hæstv. fjármálaráðherra hafa kannski staðið fyrir að miklu leyti frá því að núverandi forseti var kjörinn með lýðræðislegum hætti. Maður spyr hvernig á því standi að hæstv. fjármálaráðherra sé í raun og veru tilbúinn að taka þessa áhættu í ljósi skýrra ákvæða stjórnarskrárinnar og beita því fyrir sig að lögskýringagögn gangi framar skýrum orðum stjórnarskrárinnar. Það er þetta sem situr eftir.

[17:46]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst þetta mjög ótilhlýðilegt. Og jafnvel þó að núverandi forseti Íslands hafi setið á Alþingi og við höfum tekist á um ýmis málefni og það sé auðvitað ljóst að við séum ekki sammála um alla hluti, þá kannast ég ekki við að ég hafi nokkurn tíma gefið tilefni til þess að það hvarflaði að hv. þingmönnum að ég færi að beita einhverju í störfum mínum til að klekkja á forsetanum. Mér þykir mjög miður ef það er orðið að einhverju sérstöku umræðuefni hér og ég er sannfærður um að það hvarflar ekki að forsetanum heldur að svo sé.

En fyrst hv. þingmaður spyr hins vegar svona nákvæmlega um þetta verð ég að minna á að 1992, þegar við tókum á málum á svipaðan hátt, var þetta gert á nákvæmlega þennan hátt eða ekki nákvæmlega en að breyttum aðstæðum þá var launum forsetans breytt á þennan hátt og þá var atkvæðagreiðsla um það í þinginu. Ég greiddi atkvæði með því þá eins og ég mun gera núna og það gerðu fleiri þingmenn, þar á meðal hæstv. forseti og hv. formaður þingflokks Samfylkingarinnar (Forseti hringir.) sem voru sammála mér þá um þetta atriði stjórnarskrárinnar og eru það vonandi enn þá.

[17:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Stóru drættirnir, launabilið í samfélaginu, gliðnunin á milli hinna ríku og fátæku var inntakið í ræðu minni. Hæstv. ráðherra vék að í því ræðu sinni síðast að það hafi verið ámælisvert eða svo mátti skilja af máli hans að honum hafi þótt ámælisvert af stjórnendum Reykjavíkurborgar að hækka laun þeirra ófaglærðu á leikskólum Reykjavíkurborgar sem lægst höfðu launin. Hann nefndi í því sambandi að þetta væri nánast náttúrulögmál, nefndi Mesópótamíu til sögunnar og þetta hafi verið eilíft baráttumál, það gengi bara ekki að minnka þetta bil eða að ná lægstu launanum upp.

Nú langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra, því að með þessu sem hann segir finnst mér hann vera að gera þá sem lægst hafa launin að ákveðnum blórabögglum hvað varðar efnahagsmálin og óstöðugleikann í samfélaginu: Er hæstv. ráðherra þeirrar skoðunar að hækkun lægstu launanna sé líkleg til að ógna stöðugleikanum í samfélaginu umfram það sem háu launin gera?

[17:49]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þetta tækifæri til að leiðrétta það ef einhver hefur skilið það svo að ég hafi sagt að það hafi verið ámælisvert að hækka launin. Ég hef hvergi tjáð mig um þá samninga sem gerðir voru hjá Reykjavíkurborg eða látið í ljós eitthvert sérstakt álit á þeim og var ekki að því áðan. (Gripið fram í.) Ég held reyndar að það sé ekki tilhlýðilegt vegna þeirrar stöðu sem fjármálaráðherra hefur gagnvart samningsaðilum sínum að hann sé að tjá sig sérstaklega og hafa skoðanir á þeim samningum sem aðrir í opinbera geiranum gera. Það sem ég er hins vegar að reyna að segja er að það verður auðvitað að skoða þessa umræðu um launahlutföllin og launaþróunina í samhengi við það sem áður hefur verið að gerast. Menn verða að gera það á raunhæfan hátt og ef menn ætla að gera á því breytingar þarf miklu meira að gerast en einhver innantóm slagorð. Hættan er alltaf sú og reynslan sýnir það að hækkun hjá hinum lægst launuðu verður ekki bara þar heldur fer upp allan skalann og þá er hún hættuleg.

[17:50]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar hækkunin hjá hinum lægst launuðu fer upp allan skalann og til hinna hæst launuðu þá verður hún hættuleg, segir hæstv. ráðherra. Með öðrum orðum það eru ofurlaunin sem rugga þessum báti núna. Það eru háu launin sem eru orsakavaldurinn en það er ekki lágu launanum að kenna. Það er ekki þeim sem eru með lág laun að kenna, það er miklu frekar því að kenna að þeir sem eru á betri launum vilja alltaf meira. Mikið vill meira. Og því meira sem menn hafa því meira virðast þeir vilja fá í viðbót. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að maður spyrji: Hversu mikið er nóg? Er fólk aldrei komið með nóg? Er fólk búið að gleyma því að það að hafa laun fyrir vinnu sína er til þess að við getum framfleytt okkur? Ef það er ekki ábyrgð ríkisstjórnarinnar að reyna að stemma stigu við þessu og tala þetta niður þá er þessi ríkisstjórn ekki að standa sig í stykkinu.

[17:51]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar launin hækka upp allan skalann verður það hættulegt ef ekki er innstæða fyrir því í aukinni verðmætasköpun svo ég haldi áfram frá fyrri ræðu minni. Það er þá auðvitað heildin sem skiptir máli, það eru ekki endilega þeir efstu heldur heildin sem tekin er út úr verðmætasköpuninni sem laun ef þau eru ekki í samræmi við aukna verðmætasköpun. Þess vegna þarf að fara varlega í þessum efnum. Það er ekki það að menn vilji ekki hækka laun hinna lægstu heldur er það bara staðreynd að í launamálum og launasamningum eru það samanburðarfræðin sem gilda og menn miða sig við næsta og þar næsta og þar fram eftir götunum og þá hefur þetta þau áhrif sem við erum að lýsa og menn hafa verið að glíma við árum, áratugum, árhundruðum og jafnvel árþúsundum saman. En við skulum ekki gefast upp, nei, nei, við skulum halda áfram en aðalatriðið er að á endanum bætum við kjörin fyrir alla.

[17:53]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég bað um andsvar en því var hafnað þannig að ég bjóst ekki við að komast upp í andsvar en það kom hér fram.

(**Forseti** (RG): Ég vil benda þingmanninum á að því var ekki hafnað heldur var ég að benda honum á að hann væri númer fjögur til að ljóst væri að það mundi minnka ræðutímann og það væri gott fyrir þingmenn að vita það.)

Það hefur þá orðið smámisskilningur og ég biðst afsökunar á því.

Það kom fram í ræðu hæstv. fjármálaráðherra að stjórnarandstaðan hefði bent á að ríkisstjórnin væri sökudólgurinn í þessum hækkunum. En í ágætu bréfi og greinargerð frá formanni Kjaradóms bendir hann einfaldlega á og rökstyður það rækilega í bréfi sínu að þessar hækkanir megi einmitt rekja til ákvörðunar ríkisstjórnarinnar. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé ósammála því sem fram kemur í bréfi formanns Kjaradóms.

[17:54]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem þetta snýst í rauninni um er að Kjaradómur og kjaranefnd hafa á ákveðnu tímabili tekið á mismunandi hátt á ákveðinni launaþróun sem hefur orðið annars staðar í þjóðfélaginu og það hefur gerst í tvígang. Annars vegar þegar Kjaradómur hefur ekki hækkað laun en kjaranefnd hefur hækkað laun og hins vegar þegar Kjaradómur hefur hækkað laun minna en kjaranefnd og þá raskast hið svokallaða innra samræmi sem um er að ræða. Það er nefnd Jóns Sigurðssonar sem er ætlað að fara ofan í það hvernig við komum í veg fyrir að slíkir hlutir gerist.

Það sem ég var hins vegar að benda á í ræðu minni er að það er verið að gagnrýna fjármálaráðherra fyrir að hækka laun opinberra starfsmanna en síðan er sagt að verðugur sé verkamaður launa sinna. Menn bæði gagnrýna hækkunina og svo segja þeir líka að menn eigi að hafa þessi háu laun.

[17:55]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil þessi svör hæstv. fjármálaráðherra þá svo að hann taki einfaldlega undir þann skilning sem fram kemur í bréfi formanns Kjaradóms að rekja megi hækkunina til ákvarðana ríkisstjórnarinnar og hann sé ekki ósammála því.

En það kemur einnig fram í þessu ágæta bréfi, sem skrifað er á aðfangadag til hæstv. forsætisráðherra, að með þessari hækkun nái laun samkvæmt Kjaradómi sem verið er að fella úr gildi með frumvarpinu ekki þeirri launaþróun sem orðið hefur á þessu árabili sem má, samkvæmt bréfi formannsins, fyrst og fremst rekja til ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Er ráðherra sammála þessu eða ósammála? Það væri gott að fá það fram í umræðunni en kenna ekki stjórnarandstöðunni um að vera að drepa málinu á dreif.

[17:56]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki að segja að einhver sé að drepa málinu á dreif. Ég er heldur ekki að taka neina sérstaka efnislega afstöðu til þess sem Kjaradómur gerði. Ég er einfaldlega að taka afstöðu til þeirra afleiðinga sem úrskurður Kjaradóms gæti haft í för með sér. Það er það sem við erum að gera hér.

Ég er hins vegar að lýsa þeim ákveðna tvískinnungi sem mér finnst vera í umræðunni, sem er að menn segja að þetta sé ríkisstjórninni að kenna, hún hafi hækkað laun opinberra starfsmanna allt of mikið og þá hafi þurft að hækka laun þeirra sem heyra undir Kjaradóm og kjaranefnd, og segja svo á eftir að auðvitað eigi opinberir starfsmenn sem fengu launahækkunina skilið að fá þá launahækkun. Síðan tala menn líka um að það sé kannski ekki hægt að hafa neitt öðruvísi kerfi fyrir Kjaradóm og kjaranefnd en um er að ræða og að miða þurfi við þessar viðmiðunarstéttir og þar fram eftir götunum. Þá erum við bara komin í hring í umræðunni. Og það sem við erum að reyna að gera með þessu frumvarpi og nefndarskipuninni er að skapa ráðrúm til að skoða þessa hluti upp á nýtt og reyna að láta ekki þau mál fara úr böndunum sem varða launamál þjóðarinnar.

[17:58]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd. Í því sambandi komumst við ekki hjá því að ræða dálítið um þrískiptingu valdsins sem er hugmynd heimspekinga frá því úr frönsku stjórnarbyltingunni um það að til að vernda borgarann þurfi að skipta ríkisvaldinu í þrennt, þ.e. dómsvald, framkvæmdarvald og löggjafarvald og að þessir þrír þættir eigi að vera óháðir.

Nú er mjög margt í okkar kerfi á Íslandi sem brýtur þessar reglur. Við erum t.d. með ráðherra sem bæði er framkvæmdarvald og löggjafarvald í sömu persónunni. Við erum með forseta sem bæði er framkvæmdarvald og löggjafarvald að forminu til og við erum með fjárlagafrumvarp sem ákveður ákveðnar framkvæmdir fyrir framkvæmdarvaldið sem enginn ber þá ábyrgð á og flest frumvörp sem Alþingi samþykkir eru ekki samin af Alþingi heldur af

ráðuneytum, þ.e. framkvæmdarvaldinu og meira að segja af þeim stofnunum, frú forseti, sem framkvæma lögin, sem er að mínu mati afskaplega hættulegt þegar þeir sem framkvæma lögin eru í þeirri stöðu að semja fyrsta uppkast að lögunum. Þá er alltaf hættan sú að framkvæmdaraðilinn semji vopn í hendurnar á sér til að berja á borgurunum.

Við erum líka með lágmarksrefsingar í ýmsum lögum sem segja má að sé inngrip löggjafarvaldsins í dómsvaldið því að dómarar geta þá ekki lengur dæmt eins og þeim finnst sanngjarnt og þeir eiga að fylgja sannfæringu sinni í því. Við erum því með ýmislegt sem brýtur þessa þrískiptingu og eitt af því er t.d. Kjaradómur hvar hann tilheyrir í þessari þrískiptingu. Samkvæmt nafninu heyrir hann undir dómsvaldið en sumir segja að hann sé í rauninni bara framlenging á framkvæmdarvaldinu og heyri undir fjármálaráðuneytið þó að það geti ekki sagt til um hvernig Kjaradómi eigi að dæma.

Þegar menn taka ákvarðanir í lífinu þá hafa þær ákvarðanir áhrif á aðra einstaklinga. Ef ég geng eftir Austurstræti þarf ég að gæta mín á að rekast ekki utan í næsta mann. Þetta eru óskrifuð lög mikið til og margar ákvarðanir sem við tökum hafa áhrif á aðra. Ég hef kallað það að þar séu haghafar í samræmi við hugtakið hluthafar í hlutafélögum. Það eru haghafar sem hafa hag af ákvörðun sem ég tek. Sumar ákvarðanir eru þess eðlis að þær mikil áhrif, t.d. starfslokasamningar sem trufla mjög marga, t.d. ofurlaun hjá fótboltamönnum, tónlistarmönnum og forstjórum. Menn virðast aðallega horfa á síðastnefnda hópinn í ofurlaunum en síður á fótboltamenn eða tónlistarmennina sem fá launin erlendis. Þetta truflar allan samanburð í kjaramálum. Starfslokasamninga hef ég aldrei skilið. Ég skil ekki hvers vegna ætti að borga mönnum fyrir að hætta að vinna. Það er allt í lagi að borga þeim fyrir að byrja að vinna og fyrir að vinna en ekki fyrir að hætta að vinna. Það hef ég aldrei skilið.

Inn í þetta kemur líka umræðan um sýnileg laun og ósýnileg. Talað hefur verið um lífeyrisréttindi þingmanna, að þau séu sérstök. Það hefur verið talað um starfskostnaðargreiðslu sem flestir þingmenn taka en ekki þó allir. Það hefur einnig verið talað um það þegar forseti var skattfrjáls, ekki kom það fram. En þegar skattfrelsið var afnumið að tillögu sem lögð var fram á Alþingi, um að hann borgaði skatt eins og aðrir, þá þurfti að hækka launin og nánast tvöfalda þau. Þar voru sem sagt ósýnileg laun sem fólust í því að hann borgaði hvorki virðisaukaskatt, tekjuskatt eða yfirleitt nokkra skatta og makinn ekki heldur á sínum tíma. En það hefur verið aflagt.

Málið sem hér er til umfjöllunar er afskaplega vandræðalegt vegna þess að við erum a fjalla um okkar eigin laun. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði reyndar að hann hefði oft samið um laun sín. Það er eflaust rétt en þá er hann að semja við einhvern annan en sjálfan sig. Hann var að semja við útgerðarmann, eða einhvern slíkan, sem stóð á bremsunni gegn því að hækka launin. En við borgum launin sjálf, við ákveðum fjárveitinguna og við borgum þau sjálf. Þess vegna er þetta afskaplega vandræðalegt mál.

Það er alltaf vandræðalegt í þessari þrískiptingu valdsins að finna út hver eigi að ákveða launin á toppnum. Hver á að ákvarða laun hæstaréttardómara? Hver á að ákvarða laun þingmanna? Hver á að ákvarða laun ráðherra? Eigum við að láta Kjaradóm gera það? Hann heyrir undir dómsvaldið og er þá í raun að ákvarða sín eigin laun. Hann er tilnefndur af Hæstarétti, eins og staðan er í dag, og Alþingi og ráðuneyti. Hann er því í rauninni að ákvarða eigin laun. Þetta eru vandkvæðin en ég kem inn á þau á eftir.

Kjaradómurinn sem féll í desember kom á afskaplega óheppilegum tíma og getur varla hugsast verri tími. Þá var nýbúið að ganga frá kjarasamningum á almennum markaði vegna svokallaðra rauðra strika, vegna þess hve húsnæðisverð hafði hækkað mikið, og eingöngu vegna þess, sýndi verðbólgan mjög háa tölu. Án húsnæðisverðsins var mjög lítil verðbólga en þetta dugði til að kjarasamningar voru í uppnámi. Það þurfti að semja. Menn náðu tiltölulega góðri lendingu í því, mjög farsælli lendingu fyrir alla. Menn sáu fram á að ekki yrðu verkföll og kjarasamningar ekki lausir. Þar náðist lending en ekki voru allir sáttir við það. Launahækkunin var mjög lítil og hæfileg. Í kjölfar þessa, rétt á eftir, kemur úrskurður Kjaradóms um 8% hækkun til toppanna í þjóðfélaginu. Þeirra laun eru kannski einna mest í umræðunni. Ég segi ekki að allt hafi orðið vitlaust, frú forseti, en um þetta urðu miklar umræður. Þetta var mjög óeðlilegt.

Þá komum við að þessu sem ég nefndi áðan, um haghafa. Menn geta ekki hegðað sér, eigi að vera jafnvægi í þjóðfélaginu, eins og þeir séu einir, eyland. Þeir verða að taka mið af öllum aðstæðum. Það hefði þurft að gera í þessu dæmi líka. Þess vegna er þetta frumvarp fram komið. Það mildar áhrifin af ákvörðun Kjaradóms og ég styð það vegna þess.

Ef við ræðum hins vegar um þrískiptingu valdsins og ef Kjaradómur er dómstóll, eins og stendur reyndar í lögum um hann, með leyfi frú forseta: „Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum.“ Það er talað um dómara þannig að þetta er dómstóll. Þar með er bréf hæstv. forsætisráðherra til dómsins í raun inngrip framkvæmdarvaldsins í dómsvaldið og það sem við ræðum í dag, lagabreytingin, inngrip löggjafarvaldsins í dómsvaldið. Hvort tveggja er afskaplega varasamt ef við lítum á það að verja borgarann fyrir ofríki ríkisins. En nú er það ekki þannig að hæstaréttardómarar og þingmenn séu veikasti þátturinn í mannlífinu. Ef við horfum á þetta með þeim augum og gætum þess að þetta verði ekki fordæmi, að Alþingi geti farið að breyta dómum með lögum, þá er þetta kannski í lagi. En ég vil benda á að allir ættu að stefna að því að hafa þessa þrískiptingu valdsins eins hreina og hægt er. Þess vegna ætti svona lagað ekki að koma fyrir aftur.

Laun þingmanna eru afskaplega vinsælt umræðuefni. Þau hafa ekki verið hækkuð svo ég muni án þess að um það hafi spunnist gífurlegar umræður um allt þjóðfélagið. Margir hafa áhuga á þessu. Sérstaklega þeir sem eru jafnvel með hærri laun. Það eru kannski fulltrúar ASÍ og SA sem hafa miklar skoðanir á launum þingmanna án þess að gefa upp sín eigin laun. Ég veit ekki einu sinni hvaða laun þeir hafa. En þeir hafa miklar skoðanir á launum þingmanna og laun þingmanna mega helst ekki hækka mikið. Árið 1992 var þetta leyst þannig að þingmenn, í staðinn fyrir að ákveða laun sín sjálfir, settu þeir upp Kjaradóm og töldu sig þar með hafa leyst málið þannig að óháður aðili sem

ákvæði þetta. Það breytir engu. Þetta er jafnmikið ágreiningsefni í þjóðfélaginu eftir sem áður.

Þetta er dálítið skrýtið. Ég tel að flestir vilji að Alþingi sé sæmilega mannað. Til þess að fá mannskap á skútuna þarf væntanlega að borga sæmileg laun þannig að menn tapi ekki miklu í lífskjörum við það að verða þingmenn. Heilmikið hefur áunnist í því með Kjaradómi. Ég held að laun þingmanna hafi hækkað umtalsvert og væntanlega hafa fleiri áhuga á því að bjóða sig fram til þings, enda er mikil velta í þingsalnum og mikil breyting í hverjum einustu kosningum, sem menn átta sig kannski ekki á.

Áðan var rætt um eignarrétt og bréf sem var vitnað í. Nú er það þannig að laun eru gjald fyrir vinnu, þau eru ekki réttindi. Menn vinna til að fá laun. Ef menn líta á launin sem eignarrétt þá segja þeir að menn vinni ekki fyrir launum sínum. Ég skil það þannig. Ég held að laun geti aldrei orðið eignarréttur vegna þess að það á að koma vinna á móti. Það má ekki gleyma því.

En varðandi vandamálið hver eigi að ákvarða laun ráðherra, þ.e. framkvæmdarvaldsins; dómara, þ.e. dómsvaldsins; og þingmanna, þ.e. löggjafarvaldsins, þá hef ég stungið upp á því, og sting upp á því enn, að við förum eftirfarandi leið, frú forseti: Fráfarandi þing ákvarði laun næsta þings í tíma. Ef við mundum ákveða núna fyrir vorið að laun þingmanna yrðu einhver tala, 500 þús. kr. eða eitthvað slíkt og lífeyrisréttur eins og fyrir venjulegt fólk, eitthvað svoleiðis, eða við segjum að launin yrðu 700 þús. kr., ef einhverjum þykir það betra. Ef einhverjum finnst þau laun vera há þá býður sá hinn sami sig fram til þings. Það er fínt og þá yrði væntanlega meira framboð af hæfara fólki á þing, eða jafnhæfu eða hvernig sem það vill vera. Þá verður meira fjör í prófkjörum. Ef núverandi þingmenn ákveða þessa tölu mjög háa þá ættu þeir á hættu að missa þingsæti sitt og missa af launununum. Þeir mundu sem sagt saga af greinina sem þeir sitja á. Ég held að þetta væri ágætisleið til að losa úr þessari klemmu. Það virkar greinilega ekki að setja þetta yfir á dómsvaldið.

Síðan vil ég að Alþingi, vegna þess að það hefur fjárveitingavald, ákvarði laun bæði dómara, dómsvaldsins, og ráðherra, framkvæmdarvaldsins, þ.e. það sem þeir fá til viðbótar við þingfararkaup. Þetta yrði einnig gert tímanlega og ákvarðað fyrir næsta kjörtímabil. Rökstuðningurinn bak við þessa hugmynd er sá að Alþingi er alltaf kosið á fjögurra ára fresti. Það getur ekki treyst því að halda vinnunni áfram. Þess vegna getur það lagt til bæði laun næsta þings og hinna þáttanna í þrískiptingu valdsins. Þetta er hugmynd sem ég vildi gjarnan að menn ræddu í alvöru til að leysa þennan vanda. Þegar búið er að ákvarða launin fyrir næsta kjörtímabil — síðan má hafa það einhverja verðtryggingu á því innan kjörtímabilsins í fjögur ár. En ef mönnum finnast launin há þá geta þeir boðið sig fram. Það er bara æskilegt og fínt. Þá væri hugsanlegt að þeir sem láta hæst hjá aðilum vinnumarkaðarins byðu sig bara fram til þings, þeim sem þættu launin vera góð. Þá fáum við kannski enn hæfara fólk á þing.

[18:11]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Á ræðumanni er helst að skilja að hann haldi að þingmenn bjóði sig eingöngu fram vegna launanna. Á hinn bóginn getur verið að einhverjir séu ekki þingmenn vegna launanna og vilji bara vera þingmenn. Væri þá ekki alveg eins hætta á því að menn ákvæðu bara engin laun til að tryggja að sem fæstir sæktu í þessi störf? Væri það einn möguleikinn?

[18:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að margir þingmenn eru ekki á þingi vegna launanna. Ég hef því miður oft heyrt af því í prófkjörum þegar ég hef reynt að fá fólk til að bjóða sig fram að það segist ekki hafa efni á því. Það segir að það sé með svo miklar námsskuldir og annað slíkt og að það mundi lækka mikið í launum við að fara á þing. Það er miður.

Auðvitað þarf að vera sátt um þau laun sem Alþingi ákveður. Það er fráleitt ef ákveðið er að launin séu núll því að þá mundu þeir einir sækja um að vera þingmenn sem hefðu efni á því og hefðu nægilegar eignir eða tekjur annars staðar. Það væri líka neikvætt. Þetta þurfum við að hafa í huga.

En ég held að ná þurfi ákveðinni sátt í þjóðfélaginu um hvernig menn vilji launa hásetana á þessari skútu og hvernig menn vilja hafa hana mannaða.

[18:13]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Er þetta ekki, þegar öllu er á botninn hvolft, einfaldlega mjög varasöm hugmynd, þ.e. að menn geti einfaldlega ákveðið launin það lág að einungis efnamenn sem sækist í þessi störf? En burt séð frá því er ég ósammála því viðhorfi að menn stjórnist af og ráði sig í störf eingöngu vegna launa. Þar skipta ýmsir aðrir þættir verulega miklu máli. Fólk vill einfaldlega standa sig og láta gott af sér leiða. Það á við um þingmenn og í öðrum störfum, t.d. framkvæmdastjóra. Þessi umræða um laun og að menn fái einfaldlega betri framkvæmdarstjóra við að hækka launin eða hafa ofurháa starfslokasamninga, finnst mér komin út í óefni. Ég held að það þurfi að fara að vinda ofan af þessu. Þetta er hrein og klár vitleysa.

[18:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Menn vinna örugglega af margvíslegum hvötum. Það eru mismunandi hvatir sem leiða til þess að menn sinni starfi af fullri alúð. Það er rétt að sumir sýna mikinn metnað þrátt fyrir lág laun. Hins vegar er þjóðfélag okkar þannig uppbyggt að menn eru verðlaunaðir með hærri launum. Það er þannig. Þetta hefur viðgengist á skipum, að menn eru fá hlut af aflaverðmætum. Það er til að verðlauna þá sem fiska mikið. Við borgum mönnum hærri laun fyrir ábyrgð, menntun, dugnað og snilld þannig að laun eru ákveðinn mælikvarði á hvernig menn standa sig í starfi.

Þó er kannski rétt hjá hv. þingmanni að kannski hafi verið lögð of mikil áhersla á að þetta sé eini mælikvarðinn og að hugsanlega megi hverfa frá þeirri hugsun að miða svo mikið við laun. Ég tek undir það. En ég held að við hverf-

um ekki frá því að laun verði alltaf einhver mælikvarði á það hvernig menn standa sig í starfi, hvort þeir eru duglegir, stundvísir, snjallir, trúir, vel menntaðir o.s.frv. Ég held að það þurfi alltaf að borga það með launum.

[18:15]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við erum hér að ræða frumvarp um að afnema svokallaða ákvörðun Kjaradóms. Það hefur verið nefnt m.a. af hæstv. fjármálaráðherra að umræðan sé full af tvískinnungi. Ég get tekið undir það. Ég vil að menn velti fyrir sér hvers vegna við erum að afnema þessa 8% hækkun og koma henni í samræmi við það sem gerist á almennum vinnumarkaði. Talað er um að það sé verið að rjúfa einhverja sátt í þjóðfélaginu. Það er mjög sérstakt að heyra það hér frá fulltrúum ríkisstjórnarinnar sem hafa í rauninni verið að auka misskiptingu í þjóðfélaginu. Skattar hafa verið lækkaðir á þeim sem hafa háu launin en hækkaðir hlutfallslega á þeim sem hafa lágu launin. Og síðan þegar einhver svona mál lenda í kastljósinu, þá verða menn vandræðalegir og reyna jafnvel að drepa umræðunni á dreif. Það er margt mjög undarlegt í aðdraganda þessa máls, frú forseti, t.d. þegar hæstv. forsætisráðherra biður umræddan Kjaradóm, ræðir við formanninn, að endurskoða málið út frá sömu forsendum og hann hafði áður. Ég verð að segja að eftir að hafa lesið bréf formanns Kjaradóms, mjög gott bréf sem hann ritaði hæstv. forsætisráðherra á aðfangadag, þá skil ég að mörgu leyti hvers vegna ekki var hægt að endurskoða ákvörðunina. En hvað verður til þess að það var ekki hægt? Jú, það eru verk ríkisstjórnarinnar. Verk ríkisstjórnarinnar sem ég hafði rakið hér fyrr í andsvörum, það var sú ákvörðun að hækka laun í kjarasamningum og einnig sú ákvörðun kjaranefndar að hækka laun jafnvel afturvirkt á miðju síðasta ári, laun embættismanna sem voru í einhverjum viðmiðunarhópum. Þegar kjaranefnd miðar við suma hópa sem hækka þá verður þetta eins og einhver víxlverkun og allir hækka og slík umræða um kjaramál endar með ósköpum. Að vissu leyti má styðja það að menn fari í þessa vinnu og endurskoði öll þessi launakjör. En út frá þeim forsendum að fara að ákvarða aftur og biðja formann Kjaradóms að ákveða aftur eins og hæstv. forsætisráðherra óskaði eftir, það er mjög barnalegt. Maður furðar sig á því að honum skuli detta þetta í hug í stað þess, ef þetta var svona brýnt og aðkallandi, þá átti auðvitað að kalla þing saman og taka á þessu áður en úrskurðurinn náði fram að ganga.

Það er margt sem mjög athyglisvert í þessu bréfi frá formanni Kjaradóms, Garðari Garðarssyni. Þar rekur hann hvers vegna hækkunin varð svona mikil, 8% hækkunin. Það má m.a. rekja til áramótanna 2003 þegar hér voru sett eftirlaunalög. Eftir að þau höfðu verið sett og valdið mikilli ólgu í samfélaginu, þá treysti Kjaradómur sér ekki til að hækka laun alþingismanna og æðstu embættismanna vegna þeirrar ólgu. Þannig að það var verið að taka þá hækkun út núna með þessum dómi sem kemur tveimur árum síðar. Þetta er mjög athyglisvert sérstaklega í ljósi þess að hæstv. forsætisráðherra sagði eftir að þau lög voru sett að nú ætti að taka á því að menn geti ekki verið á eftirlaunum í fullu starfi hjá ríkinu. En hvað hefur gerst? Hefur maðurinn eitthvað gert í því? Hann hefur sagst gera það en síðan runnið á rassinn með það. Ég á eftir að sjá hvort hann renni á rassinn með þessa vinnu eða hvort þetta fari hér í gegnum þingið, þessi lækkun og hækkunin seytli svo út aftur einhvern tímann seinna. Eða hvort það verði raunverulega tekið á málinu.

En ég get vissulega tekið undir að það er ákveðinn tvískinnungur í umræðu um kjaramál. Ég vil þá fyrst og fremst tala um verkalýðshreyfinguna í þeim efnum. Hún hefur látið hvað hæst þegar verið er að hækka laun og jafnvel í fyrirtækjum sem eru á markaði þar sem menn fá starfslokasamninga. Þar fá menn borgað fyrir að hætta í vinnunni, fá fyrirframsamninga, jafnvel upp á heilan milljarð, eins og forstjóri FL Group, en mér skilst að hann fái 198 millj. á ári ef hann nær að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til hans. Svo háar upphæðir snerta almenning. Hagnaður af reglulegri starfsemi svona fyrirtækis er langt frá því að vera í þessum háu hæðum. Þetta er allt meira og minna óinnleiddur gengishagnaður sem menn eru að gera út á og spila með fram og aftur. En það sem er kannski sérkennilegt í þessu er að verkalýðshreyfingin lætur hátt á sama tíma og hún er að fjárfesta í fyrirtækjum sem hún gagnrýnir, í fyrirtækjum sem gera starfslokasamninga upp á 300 millj. fyrir tvo fyrrum forstjóra. Þetta er auðvitað algerlega ólíðandi. Ríkisstjórnin þykist vera að halda friðinn með þessari gjörð. En því miður þarf meira til. Það þarf að taka á kjörum eldri borgara. Það þarf að taka á kjörum öryrkja. Það gengur ekki að vera með það sem mér sýnist að megi kalla sýndargjörð að mörgu leyti. Það er verið að hækka skatta á öryrkja og lækka skatta á hátekjuhópa. Síðan kemur svona frumvarp inn þar sem menn segjast ætla að taka á því að vera ekki að rjúfa friðinn í samfélaginu þegar stöðugt er verið að breikka bilið. En ekki nóg með það, þegar spurt er út í hver þróunin yrði ef eða þegar ríkisstjórnin hefur náð að hrinda í framkvæmd stefnumálum sínum í skattamálum, þá fást engin svör hjá ríkisstjórninni. Það er eins og þau laun sem verið er að lækka hér séu málið. En ég er einfaldlega á því að þetta sé sýndarmennska.

En það verður fróðlegt að vita hvort farið verði gaumgæfilega í gegnum forsendur fyrir þessari hækkun Kjaradóms og við í Frjálslynda flokknum munum fylgja því eftir að svo verði gert. Því eins og áður segir þá kemur fram að rekja megi hækkunina til aðgerða ríkisstjórnarinnar og einnig að launaþróun hefur verið hærri en sú hækkun sem orðið hefur á kjörum æðstu embættismanna þjóðarinnar á þessu tímabili sem var tekið til viðmiðunar í bréfi formanns Kjaradóms.

En eflaust verður farið gaumgæfilega í gegnum þetta mál og einnig þetta undarlega fyrirbæri sem Kjaradómur er. Það er nauðsynlegt að menn séu ekki með Kjaradóm og kjaranefnd og síðan þurfi að endurraða og að gæta einhvers samræmis á milli nefnda og á vegum ríkisins. Það er orðið löngu tímabært að það verði í raun farið í gegnum þessa vinnu. Einnig tel ég að það sé vafasamt að sumir af þessum embættismönnum eigi í rauninni að heyra undir Kjaradóm. T.d. eins og umboðsmaður barna. Ég veit í rauninni ekki hvað við erum að gera við þetta embætti lengur. Hvaða tilgangi það þjónar yfirleitt í stjórnsýslunni. Mér finnst í raun tímabært að fara að skoða það með gagnrýnum huga, það er ekki einu sinni hægt að auglýsa starfið með viðunandi

hætti. Hæstv. forsætisráðherra fékk ádrepur frá umboðsmanni Alþingis um hvernig hann stóð að því. Síðan virðist sem tilgangur og forsenda fyrir embættinu sé mjög vafasamur, tilgangslítið embætti sem kostar þjóðfélagið háar upphæðir. Við sjáum fleiri dæmi um hvernig má spara hjá ríkinu og hvort að menn séu í rauninni að blása ríkið út t.d. með því að ákveða laun með einhverjum kjaradómum og kjaranefnd og svo verður einhver víxlverkun og hægri höndin veit varla hvað sú vinstri gerir. Og eftir að ákvörðunin hefur verið tekin þarf að leiðrétta hana. Ég veit í rauninni ekki út frá hvaða forsendum sú leiðrétting á að vera eftir að hafa lesið bréf formanns Kjaradóms um laun æðstu embættismanna.

[18:26]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd. Ég hélt að ég yrði þess heiðurs aðnjótandi að verða síðasti ræðumaðurinn til að taka þátt í 1. umr. um frumvarp ríkisstjórnarinnar. En mér sýnist reyndar að hv. þingmaður Ögmundur Jónasson taki við keflinu af mér og klári þetta mál.

Það er athyglisvert að það eru ekki margir þingmenn ríkisstjórnarflokkanna sem hafa tekið til máls í þessari umræðu. Enda er þetta vandræðamál fyrir ríkisstjórnina. Við þekkjum öll farsann sem fór af stað rétt fyrir jólin þar sem hæstv. forsætisráðherra fór með aðalhlutverk og formaður Sjálfstæðisflokksins fór með aukahlutverk og svo átti varaformaður fjárlaganefndar innkomu sem var afar dramatísk, reyndar í gegnum síma í beinni útsendingu á einni útvarpsstöðinni. Það hafði verið mikil umræða um laun og launaskrið í landinu og mottóið hjá sumum var að það væri eðlilegt að laun toppanna og forstjóra á ofurlaunum mundu hækka. En stórhættulegt að laun þeirra sem minnst úr býtum bera mundu nokkuð hækka. Borgarstjórinn, Steinunn Valdís, fékk skömm í hattinn frá nokkrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins fyrir að gera samning við borgarstarfsmenn á lágum launum því sá samningur mundi koma af stað miklu launaskriði upp allan skalann og þá væri voðinn vís. Um þetta hafa þingmenn haft nokkra umræðu hér í dag. Þegar Kjaradómur úrskurðar að dómarar, þingmenn, ráðherrar og fleiri eigi að fá rúmlega 8% launahækkun kom það hæstv. forsætisráðherra gífurlega óvart. En lengi vel gerir hann samt ekkert í málinu þrátt fyrir að stjórnarandstaðan krefjist þess að þing komi saman til að ræða þessi mál og afnema hækkunina. Þá humma menn það bara fram af sér alveg nægilega lengi til að það sé orðið of seint og fara jafnvel fram á að Kjaradómur hugsi sig nú betur um. Hvort hann sé ekki til í að lækka þessa prósentutöluhækkun eitthvað svo að almúginn sé nú sáttur. Svo er reynt að sparsla eitthvað yfir vandræðaganginn með að taka málið upp núna og breyta úrskurði Kjaradóms afturvirkt. Svo fréttum við að forstjórar stórfyrirtækjanna séu á himinháum launum, miklu hærri en okkur hefði órað fyrir og á ég þá við stjarnfræðilega starfslokasamninga, jafnvel eftir nokkurra mánaða störf. Þá blöskrar auðvitað sumum. Ég fagna hins vegar umræðunni sem fór af stað í kjölfarið. Það kemur nefnilega í ljós að launabilið er og hefur verið að stóraukast á síðustu missirum. Sú staðreynd sem við í Vinstri hreyfingunni — grænu framboði höfum haldið fram, að við séum að sigla á ofsahraða frá norrænu samfélagi þar sem laun hafa verið nokkuð jöfn og sanngjörn, inn í eitthvert amerískt módel með forstjórum á súperlaunum og ráðherrum sem eru yfir alla hafnir. En viljum við þetta? Vill íslenska þjóðin að launabilið sé að aukast og verði meira í ætt við Ameríku en Ísland? Nú er hægt að velta því fyrir sér hvað séu sanngjörn laun og hvað ekki og hversu mikil ábyrgð fylgir hverju starfi o.s.frv. Hv. þingmaður Ögmundur Jónasson fór einmitt inn á þau mál fyrr í umræðunni og velti þar upp áhugaverðum samanburði.

Mér þótti skemmtilegt þegar einn af fáum þingmönnum ríkisstjórnarinnar tók til máls áðan, hv. þingmaður Pétur H. Blöndal, þá vildi hann bæta inn í þessa ofurlaunagrúppu fótboltaköppum og tónlistarmönnum. Skýtur það nú nokkuð skökku við vegna þess að við vitum að fótboltamenn eiga nú venjulega ekki alveg eins langan starfsferil og forstjórar. Mér að vitandi eru laun tónlistarmanna afar mismunandi og hátt kaup þeirra varir venjulega stutt. Þetta er auðvitað bara liður í því að reyna að sópa þessari umræðu undir teppið. Ríkisstjórnin er nefnilega komin í klemmu.

Með ósanngjörnum eftirlaunalögum sem ríkisstjórnin setti stuttu fyrir jólin 2003 hófst ferli sem við sjáum ekki enn þá fyrir endann á. Þetta frumvarp varpar ljósi á það skrúfstykki sem stjórnin er í og er að reyna að losa sig úr með vandræðalegum hætti.

[18:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstvirtur forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frumvarp. Þetta er í annað sinn sem ég kveð mér hljóðs um málið. Umræðan hefur að mörgu leyti verið fróðleg. Við höfum heyrt vangaveltur manna um hvernig þessu verði best háttað í framtíðinni, um ákvörðun launakjara þingmanna, ráðherra, dómara og annarra sem heyra undir Kjaradóm. Við höfum heyrt að vinir og félagar háttvirtra stjórnarþingmanna, ég nefni þar hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hefur tekið þátt í þessari umræðu, hafa ekki komið á þing vegna þess hve lág launin eru. Þeir treysta sér ekki til að bjóða sig fram til Alþingis vegna launakjaranna. Engu að síður eru sömu hv. þingmenn og halda þessu fram samþykkir því að þessi launahækkun verði kölluð til baka. Hvernig skyldi standa á því? Það er vegna þess að þeir óttast að hún valdi óróa í samfélaginu og setji kjarasamninga úr skorðum þegar þar að kemur að þeir verða uppsegjanlegir. Mér finnst þessi tónn hafa verið einkennandi fyrir þessa umræðu af hálfu ríkisstjórnarinnar, ráðherra og þingmanna stjórnarmeirihlutans. Reyndar má heyra þann tón frá talsmönnum atvinnurekenda sem hafa fordæmt ákvarðanir Kjaradóms. Það er sem sagt ekki misréttið sem menn gagnrýna heldur hitt að menn komi auga á misréttið, að það valdi óróa í samfélaginu og geti hugsanlega valdið því að kjarasamningum verði sagt upp þegar þar að kemur.

Annað sem hefur verið áberandi í þessari umræðu eru þau viðhorf ráðherra og stjórnarmeirihlutans að þetta sé nokkuð sem komi þeim nánast ekki við. Kjaramisréttið í þjóðfélaginu kemur ríkisstjórninni ekkert við. Þá vilja þeir gleyma því að það er á vegum ríkisstjórnarinnar sem samið er við opinbera starfsmenn almennt. Það er staðreynd að

samið hefur verið um meiri hækkanir til handa þeim sem standa efst í launakerfinu en til hinna sem standa neðar í launakerfinu. Þetta er eitt af þeim viðmiðum sem Kjaradómur horfir á þegar hann tekur ákvarðanir. Eins hefur verið ráðist í margvíslegar kerfisbreytingar í opinberum rekstri sem einnig hafa stuðlað að auknum kjaramun. Þar nefni ég t.d. hlutafélagavæðingu sem hefur orðið þess valdandi að æðstu stjórnendur í fyrirtækjum hafa hækkað mjög í launum. Kjör þeirra hafa batnað á alla lund. En þeir sem standa lægst hafa iðulega staðið í stað. Kjör þeirra hafa jafnvel versnað að raungildi.

Enn er á það að líta að í kjarakerfinu hafa verið gerðar breytingar sem ganga út á að forstjórar fyrirtækja eða ríkisstofnana fái hærri laun en tíðkast hjá þeim sem taka laun sín samkvæmt kjarasamningum eða ákvörðunum kjaranefndar eða Kjaradóms. Ég nefndi dæmi um þetta: Fjármálaeftirlitið, Íbúðalánasjóð og fleiri aðila. Þar er reynt að liðka um fyrir launahækkunum til æðstu stjórnenda og jafnframt hvílir mikil leynd yfir slíkum samningum. Þetta eru allt gerðir ríkisstjórnarinnar. Þá eru náttúrlega ónefnd afrekin á sviði skattamála sem hygla hátekjufólkinu í þjóðfélaginu, hátekju- og stóreignafólki, á kostnað þeirra sem hafa verstu kjörin. Við þekkjum að öryrkjar, sem eru á lægstu launum og ekki greiddu tekjuskatta þegar skattkerfinu var breytt undir lok 9. áratugarins, greiða núna umtalsverða skatta eða sem nemur örorkubótum tveggja mánaða. Það greiða þeir núna á ári. Þetta eru allt gjörðir ríkisstjórnarinnar. Reiðin í samfélaginu beinist að þessu.

Menn horfa á það sem er að gerast hjá fyrirtækjum, stóreignamönnum og stórbröskurum sem taka til sín milljónir, tugmilljónir og jafnvel hundruð milljóna í tekjur. Þetta er tekið inn með margvíslegum hætti, bæði í launum og öðrum kjörum. Þar er vert að nefna fjármagnstekjuskattinn. En sem kunnugt er liggur sá mannskapur allur í bómull, með 10% skatt á sama tíma og launafólk greiðir þrefalt hærra eða rúmlega það.

Við höfum komið með tillögur um breytingar hvað þetta snertir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sett fram fjölmörg þingmál sem lúta að kjarajöfnun í þjóðfélaginu. En ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég er því fylgjandi að þessi kjarahækkun verði tekin til baka og þar með vil ég leggja áherslu á þá forgangsröð sem hér á að vera við lýði. Á meðan öryrkjum, atvinnulausum og láglaunafólki er skammtað úr hnefa á ekki að hækka launin hjá því fólki sem bestu kjörin hefur og að sjálfsögðu á ekki að gera það hlutfallslega meira en gerist annars staðar. Helst á að snúa dæminu algerlega við og byrja á að bæta kjör þeirra sem hafa þau lökust.

Ég held að við þekkjum öll, í tengslum við þessa umræðu eða umræðu undanfarna daga og vikur, reiðina sem er í brjóstum þess fólks sem getur ekki séð sér eða sínum farborða, yfir að horfa upp á ákvarðanir af því tagi sem hér er um að ræða. Ég hef fengið fjölda símtala frá fólki, frá öryrkjum og láglaunafólki sem berst í bökkum, getur varla haldið húsnæði sínu. Það eru áhöld um að það haldi húsnæði sínu og það getur ekki séð sér og sínum farborða. Það krefst að sjálfsögðu annarrar forgangsröðunar í þessum sal. Ég mun styðja það.

[Fundarhlé. — 18:40]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:03]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

[19:04]

Útbýting:

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 384. mál, svar sjútvrh., þskj. 632.

Fundi slitið kl. 19:05.

---

45. FUNDUR

miðvikudaginn 18. jan.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Eldsneytisflutningar til Keflavíkurflugvallar, fsp. MÞH, 261. mál, þskj. 274.
2. Viðhald vegarins á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, fsp. AKG, 275. mál, þskj. 289.

Til sjávarútvegsráðherra:

3. Eldi á villtum þorskseiðum, fsp. ÖS, 185. mál, þskj. 185.
4. Jafnstöðuafli, fsp. KHG, 316. mál, þskj. 343.
5. Rækjustofninn í Arnarfirði, fsp. SigurjÞ, 354. mál, þskj. 388.

Til iðnaðarráðherra:

6. Staða íslensks skipaiðnaðar, fsp. SigurjÞ, 323. mál, þskj. 355.
7. Atvinnumál á Ísafirði, fsp. KHG, 339. mál, þskj. 373.

Til umhverfisráðherra:

8. Mál Ölgerðarinnar gegn umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, fsp. SigurjÞ, 296. mál, þskj. 315.
9. Sjófuglar, fsp. MÁ, 338. mál, þskj. 372.

Til dómsmálaráðherra:

10. Undirbúningur nýrrar fangelsisbyggingar, fsp. KolH, 199. mál, þskj. 199.
11. Kynferðisafbrotamál, fsp. JóhS, 271. mál, þskj. 285.
12. Afleysingar presta, fsp. AKG, 308. mál, þskj. 328.

Til menntamálaráðherra:

13. Háskólanám sem stundað er í fjarnámi, fsp. BjörgvS, 183. mál, þskj. 183.

14. Styrkir til erlendra doktorsnema, fsp. ÖS, 186. mál, þskj. 186.
15. Fræðsla í grunn- og framhaldsskólum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, fsp. ÁÓÁ, 216. mál, þskj. 216.
16. Framtíð Hönnunarsafns Íslands, fsp. KolH, 265. mál, þskj. 278.
17. Auglýsingar kringum barnatíma í sjónvarpi, fsp. JóhS, 294. mál, þskj. 312.
18. Fjármálafræðsla í skólum, fsp. VF, 322. mál, þskj. 354.
19. Stúdentspróf, fsp. AKG, 358. mál, þskj. 392.
20. Fréttaþátturinn Auðlind, fsp. MÞH, 383. mál, þskj. 450.

Afturköllun þingmáls.

[12:01]

Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):

Forseti vill tilkynna að 240. mál þingsins, fyrirspurn á þskj. 240, er kölluð aftur.

Athugasemdir um störf þingsins.

Gögn með frumvarpi um Ríkisútvarpið.

[12:02]

Mörður Árnason:

Forseti. Eitt af þeim málum sem hér liggja og bíða 1. umr. er frumvarp ríkisstjórnarinnar og menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið.

Í júlí, hygg ég að það hafi verið frekar en júní, var það frumvarp boðað á ný í þinginu með mikilvægri breytingu sem var sú að rekstrarformið sem í frumvarpinu í fyrra var sameignarfélag skyldi nú vera hlutafélag. Fyrir því var sögð sú ástæða að athugasemdir frá ESA leyfðu ekki annað en að stofnað yrði hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins.

Þegar þingið kom saman bar ég strax upp það erindi í menntamálanefnd að fá þessi samskipti ESA og íslensku ráðuneytanna, fjármálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins. Það mál var þar sett í athugun, fund af fundi satt að segja, og að lokum var, að ég hygg í desembermánuði, komið með þau svör frá ráðuneytinu — það annaðist þá formaður nefndarinnar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson — að ráðuneytin gætu ekki orðið við því en þessi bréfaskipti og samskipti og þeir textar allir mundu fylgja frumvarpinu sem væri verið að leggja fram. Ég sætti mig að sinni við það, enda lítið annað að gera þó að rök væru nú ekki á bak við þá skýringu. En þegar frumvarpið kom fylgdu engir slíkir textar nema endursögn á þessum samskiptum.

Ég tel, forseti, að ekki sé hægt að hefja umræðu um málið án þess að fá þessa texta og beini því þess vegna til forseta að fá textana hjá ráðherrunum tveimur, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. menntamálaráðherra, hvor þeirra sem er með þetta mál nákvæmlega, til þess að 1. umr. geti hafist eða tefjist ekki af því tilefni.

[12:04]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þá ósk eða kröfu hv. þm. Marðar Árnasonar að þessar upplýsingar komi fram enda liggja þær allri málsmeðferð til grundvallar og þeirri meginbreytingu sem varð á frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið frá hæstv. menntamálaráðherra á milli áranna 2005 og 2006. Frumvarpið sem kom fram í fyrra endaði á pólitískum ruslahaugum, svo ófullkomið sem það var, og sérstaklega út af því fyrirkomulagi sem þar var sett fram á rekstrarformi Ríkisútvarpsins sem þá átti að heita einhvers konar sameignarfélag, sameignarfélag sem einn aðili átti að standa á bak við og eiga. Það mál féll um sjálft sig enda náði það aldrei pólitísku flugi. Nú kemur málið fram að nýju þar sem Ríkisútvarpinu er ætlað að vera hlutafélag í eigu ríkisins.

Að þeirri meginbreytingu á málinu liggja þær upplýsingar sem hér er óskað eftir og hefur ítrekað verið óskað eftir í menntamálanefnd í vetur. Þangað bárust þær fréttir að á upplýsingunum væri von, upplýsinganna væri að vænta og þær kæmu, eins og við þingmenn Samfylkingarinnar skildum það, áður en málið kæmi fram á Alþingi.

Nú er málið komið fram á Alþingi og hefur verið boðað sem eitt af fyrstu málum þessa vorþings sem nú er að hefjast. En upplýsingarnar eru ekki komnar fram, upplýsingar sem virðist eiga að halda frá hinu háa Alþingi. Það er algjörlega óboðlegt að ætlast til þess að Alþingi taki afstöðu til þessarar meginbreytingar á rekstrarformi og fyrirkomulagi Ríkisútvarpsins og maður hlýtur að spyrja: Af hverju er þetta óðagot á Ríkisútvarpsfrumvarpinu, af hverju er verið að keyra það í gegn án þess að þessar upplýsingar liggi fyrir? Af hverju er verið að keyra það í gegn áður en margboðuð löggjöf um fjölmiðla, aðra fjölmiðla landsins kemur fram?

[12:06]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Merði Árnasyni að hann óskaði eftir því á fundi menntamálanefndar fyrir nokkru að umrædd gögn yrðu lögð fram. Í framhaldi af því óskaði ég eftir að fá gögnin í hendur frá menntamálaráðuneytinu að hans beiðni. Þegar mér bárust svör frá ráðuneytinu lá fyrir að gögnin voru ekki tilbúin, þau lágu ekki fyrir enda voru samskipti milli ráðuneytanna og Eftirlitsstofnunar EFTA bæði á skriflegu og munnlegu formi. Mál eins og þessi hafa reyndar verið til umræðu og ég veit að fulltrúar ráðuneytisins voru nú í þessari viku á fundi ESA þar sem mér skilst að þessi málefni hafi m.a. verið til umræðu. Ég tel því rétt að ráðuneytið og Eftirlitsstofnunin fái svigrúm til að ganga frá þessum gögnum þannig að hægt verði að leggja þau fram með formlegum hætti.

Ég get líka upplýst hv. þingmann um að ég hef upplýsingar úr ráðuneytinu um að það verði gert. Menntamálanefnd munu berast þessi gögn þegar þar að kemur og ég geri ráð fyrir að það verði fyrr en síðar, ég óskaði sérstaklega eftir upplýsingum um það í dag að loknum fundi menntamálanefndar.

Ég er hins vegar ósammála hv. þm. Björgvini G. Sig-

urðssyni um að ekki sé hægt að ræða frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið. Ég tel að það sé alveg hægt og veit ekki betur en að það sem þar kemur fram um samskipti ráðuneytisins við ESA sé satt og rétt og þar sé hlutunum rétt til haga haldið. Hann spyr af hverju verið sé að keyra málið áfram. Það er ekki verið að keyra málið áfram, það er engin ástæða til að bíða með það og ég bendi á að m.a. Starfsmannasamtök RÚV hafa sérstaklega óskað eftir því að málinu verði hraðað þannig að hægt verði að (Forseti hringir.) eyða óvissu um framtíð starfsmanna þeirrar stofnunar, hvort sem hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni finnst það fyndið eða ekki.

[12:09]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég hef töluvert miklar efasemdir um að réttmætt sé að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Á sínum tíma lagði ríkisstjórnin upp með annað í farteskinu, hún ætlaði að hafa það sjálfseignarfélag í atvinnurekstri. Ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin hvarf frá því var sú niðurstaða sem kom frá ESA. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um stefnubreytingu var tekin á grundvelli gagna sem þaðan komu. Þess vegna er einfaldlega sanngjarnt að við í stjórnarandstöðunni og þingmenn eigum kost á því að meta þá stefnubreytingu og ræða þetta frumvarp á grundvelli nákvæmlega sömu gagna og ríkisstjórnin tók sína ákvörðun. Ég tel þess vegna að ekki sé hægt að hefja umræðu um frumvarpið um RÚV nema þessi gögn liggi fyrir.

Nú hefur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem greinilega hefur staðið sig vel sem formaður menntamálanefndar í því að reyna að afla gagnanna, upplýst að það sé vilji ráðherrans að þau verði lögð fyrir á síðari stigum. Frú forseti, það gengur ekki upp. Við getum ekki rætt frumvarpið við 1. umr. án þess að hafa þau gögn. Það er ekki nóg að þau berist síðar. Því síður er það hægt, frú forseti, þar sem skýrt kemur fram í greinargerðinni að einhver óljós túlkun er þarna á ferð. Ég t.d. get ekki lesið út úr greinargerðinni með frumvarpinu að það sé ótvírætt að niðurstaða ESA sé á þennan veg. Því segi ég að það kemur ekki til mála að ræða frumvarpið nema þessi gögn séu til staðar við 1. umr. Mér finnst það ósvinna af þinginu ef málið er tekið til umræðu án þess að við höfum þær upplýsingar.

[12:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er í hæsta máta tortryggilegt að þessi gögn skuli ekki nú þegar vera komin í hendur okkar þingmanna. Ég staðfesti það að hv. þm. Mörður Árnason bað um, ég held ég geti nokkurn veginn fullyrt það, á hverjum einasta fundi nefndarinnar á haustþinginu að þessi gögn yrðu okkur til reiðu. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson tók því ævinlega afar ljúfmannlega og vissi aldrei annað en að gögnin væru á leiðinni og kunni engar skýringar á þeim seinagangi í afgreiðslu ráðuneytisins sem olli þeim töfum sem raun ber vitni. Og enn eru gögnin ekki komin okkur í hendur.

Nú segir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson að það sé eitthvað verið að vinna með þau, verið sé að útfæra hinn munnlega þátt þeirra. Það er ekki boðlegt að færa okkur þau skilaboð ofan úr ráðuneyti að verið sé að útfæra þau tæknilega og það sé þess vegna sem við höfum ekki fengið þau. Það er eitthvað meira sem hangir á spýtunni. Þess vegna segi ég, frú forseti: Það er í hæsta máta tortryggilegt að við skulum ekki hafa fengið nú þegar þau gögn sem ráðuneytið sjálft hafði til þess að semja frumvarpið.

Varðandi síðan hitt hvort breyta eigi Ríkisútvarpinu í hlutafélag þá er ég sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að mögulega er það einn stærsti ásteytingarsteinninn í breytingum á Ríkisútvarpinu, þ.e. hvort vænlegt sé og hvort það sé affarasælt að fara út í slíkar breytingar. Ég er þeirrar skoðunar að það sé það ekki og ekki eigi að hrófla við rekstrarformi stofnunarinnar. Við getum gert allar þær breytingar sem við hugsanlega þurfum að gera eða verðum sammála um að gera þurfi á Ríkisútvarpinu til að efla það og styrkja án þess að rekstrarformi þess verði breytt. En til þess að taka þá umræðu í þingsölum er auðvitað ljóst að við þurfum að hafa þessi gögn frá ESA þó svo að stóri sannleikurinn um hvort Ríkisútvarpið eigi að vera hlutafélag eða ekki leynist örugglega ekki í þeim gögnum.

[12:13]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fá að hefja mál mitt á því að þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að hafa vakið athygli okkar á Alþingi á þessum málatilbúnaði öllum saman því að þjóðinni hefur jú verið talin trú um það að einmitt þetta álit frá Eftirlitsstofnun EFTA skipti mjög miklu máli þegar tekin var sú ákvörðun að breyta frumvarpi um Ríkisútvarpið.

Ég er hér með grein úr Morgunblaðinu 6. desember sl. þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi ráðherra um Ríkisútvarpið sem lagt var fram á Alþingi sl. vor, var eins og kunnugt er, gert ráð fyrir því að stofnuninni yrði breytt í sameignarfélag. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gerði hins vegar umtalsverðar athugasemdir við það fyrirkomulag. Þær áttu því þátt í því að gerðar eru tillögur um hlutafélagaform í nýju frumvarpi."

Í ljósi þess hljóta hin loðnu svör sem við fengum að vekja mikla furðu, þær upplýsingar sem við fengum hjá formanni menntamálanefndar, hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, að þetta byggi í rauninni allt saman á mjög óljósum forsendum, einhverju ótilgreindu skriflegu efni, vænti ég, og síðan einhverju snakki við embættismenn úti í Evrópu, sennilega í gegnum símalínur. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð sem eru ekki boðleg og ég vil segja að hér leggst nú frekar lágt fyrir kappana í Sjálfstæðisflokknum sem kenna sig við sjálfstæði og tala oft digurbarkalega um fullveldi þjóðarinnar, að þeir skuli núna lúta erlendu valdi, lúta svo lágt fyrir erlendu valdi að það sé í raun og veru ekki annað sem þurfi til til að þeir breyti heilu frumvörpunum, frumvörpin skipta miklu máli, en að hafa átt í einhverju ótilgreindu snakki við ókunnuga embættismenn sem enginn veit hverjir eru, hvaða umboð þeir hafa og annað þar fram eftir götunum. Þetta er náttúrlega einfaldlega ekki boðlegt, hér hljóta menn, sérstaklega hæstv. menntamálaráðherra, að gera snarlega bragarbót á.

[12:15]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þingflokkur Samfylkingarinnar tekur undir þá kröfu sem hv. þm. Mörður Árnason og aðrir fulltrúar Samfylkingarinnar í menntamálanefnd hafa sett fram um að fá gögn um samskipti ESA og íslenskra stjórnvalda. Ég lít svo á að þar sé bæði um bréfleg samskipti að ræða sem og minnisblöð um munnleg samskipti. Ég lít einnig svo á, virðulegi forseti, að við séum að fara fram á að Alþingi hlutist til um það að við fáum skráningu samskiptanna frá íslenskum stjórnvöldum en einnig frá fulltrúum ESA þannig að fulltrúar okkar í menntamálanefnd sem og alþingismenn allir geti metið þau samskipti út frá sínum forsendum en ekki matreidd samskipti frá íslenskum stjórnvöldum. Okkur hefur ekki gefist það vel.

Við tökum því undir þá kröfu fulltrúa okkar Samfylkingarinnar í menntamálanefnd að þetta mál verði ekki rætt fyrr en gögnin hafa verið birt alþingismönnum, dreift til okkar allra, þannig að út frá þeim forsendum og vinnu okkar getum við metið þá niðurstöðu sem íslensk stjórnvöld komust að þegar frumvarpið um RÚV var lagt fram. Það kom fram hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, formanni menntamálanefndar, að það hefði verið fundur í síðustu viku. (**SKK:** Í vikunni.) Núna í vikunni, enn frekar, ég tala nú ekki um ósköpin. Það er langt síðan frumvarpið kom fram. Og það er full ástæða til þess ef íslensk stjórnvöld eru enn að ræða um fyrirkomulag þessara mála við fulltrúa ESA að við fáum að fylgjast náið með því og þangað til bíður umræðan um frumvarp RÚV.

[12:17]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa flutt þingmál á Alþingi sem miðar að því að treysta stöðu Ríkisútvarpsins í þjóðareigu og starfsemi þess öfluga. Það væri því mikilvægt að þetta þingmál okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kæmi á dagskrá jafnvel á undan frumvarpi menntamálaráðherra sem mun koma fram seinna, ef það kemur þá fram.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vörum við hugmyndum ríkisstjórnarinnar um að hlutafélagavæða RÚV og finnst reyndar furðulegt að þingmenn Framsóknarflokksins skuli veita því brautargengi að flytja það mál í þinginu því að eftir því sem best er vitað hafa a.m.k. einhverjir framsóknarmenn á einhverjum flokksþingum lagst gegn því. Lágkúru- og undirlægjuháttur Framsóknarflokksins varðandi það að hlutafélagavæða RÚV virðist ekki eiga sér nein takmörk.

Hlutafélagavæðing er bara aðdragandi að því að selja. Við þekkjum það með Landssímann, hann var hlutafélagavæddur. Þá komu hástemmdar yfirlýsingar um að þetta væru bara breytingar á rekstrarformi til að styrkja rekstrarlega stöðu fyrirtækisins. Meira að segja frá þáverandi samgönguráðherra. Skömmu seinna var settur í gang söluferill, enda er það eðli hlutafélagavæðingar að það skuli selt. Þess vegna er hugmyndin nú að hlutafélagavæða RÚV, Ríkisútvarpið okkar, bara aðdragandi að því að selja það. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum því algerlega andvígir og teljum mikilvægt að þjóðin eigi sitt ríkisútvarp og ekki eigi að véla með það með þeim hætti sem einkavæðingarsinnar ríkisstjórnarinnar gera nú.

En það sem er enn furðulegra er að rökin fyrir því að nú er verið að koma með nýjar tillögur af hálfu ríkisstjórnarinnar um rekstrarformið skuli hafa byggst á einhverjum umsögnum eftirlitsnefndar eða dómstóls Evrópusambandsins eða EFTA en það má ekki láta þingheim fá þau gögn. Nei, einkavæðingin verður að fá að ganga óáreitt og engin gögn mega trufla hana. Það er það sem hér er á ferðinni.

[12:19]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætlaði einmitt að taka til máls um störf þingsins en fara ekki efnislega umræðu um sölu Símans eða hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins eins og hv. þm. Jón Bjarnason gerði í ræðu sinni og misnotaði að mínu mati þingsköp Alþingis þegar hann notaði tækifærið og tók til máls fyrir utan það hversu víðáttuvitlaus málflutningur þingmannsins var. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að fara nánar út í það en maður hefur sjaldan heyrt annað eins og hefur maður heyrt margt í gegnum tíðina en fátt eins og þetta. (Gripið fram í.)

Ef ég get fengið að halda áfram að tala fyrir frammíköllum frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni þá langar mig til að segja út af því sem fram hefur komið í umræðunni fram að þessu af því að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, nefndu það að menntamálaráðherra bæri alla ábyrgð á því að þessi gögn væru ekki komin fram þá vil ég benda hv. þingmönnum á og það eiga þeir að vita að þetta mál varðar samskipti íslenska ríkisins við ESA og mál sem varða ESA og samskipti íslenska ríkisins við þá eftirlitsstofnun heyra náttúrlega undir fjármálaráðuneytið en ekki menntamálaráðuneytið. (Gripið fram í.) Menn eru að því leyti að beina spjótum sínum að röngum aðila.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að samskipti ráðuneytanna við ESA hafa að hluta til verið óformleg og það liggja ekki fyrir skriflega öll samskipti milli þessara aðila þannig að eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að leggja allt fram sem farið hefur á milli þessara aðila. Það liggur fyrir og er ekkert tortryggilegt við það. Ég tel að við getum alveg rætt málið, menn geta tekið efnislega afstöðu til efnisatriða frumvarpsins hvort sem þessi gögn liggja fyrir eða ekki. Ég held að menn ættu að róa sig niður (Forseti hringir.) og sjá hvort þessi gögn muni ekki liggja fyrir áður en frumvarp hæstv. menntamálaráðherra verður rætt vegna þess að svo getur vel farið.

[12:21]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég þakka þann stuðning sem komið hefur fram í umræðunni við beiðni mína til forseta um að hlutast til um það við ráðherrana tvo, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra, sem fara saman með (Gripið fram í.) þetta mál, sinn með hvorn þátt þess. Það vekur furðu mína að heyra hinn vaska og knáa og ágæta formann menntamálanefndar,

hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, halda því fram að það sé vegna anna í ráðuneytinu nánast sem ekki hafi tekist að búa þessi gögn þannig út að hægt sé að afhenda þau. Í sjálfri greinargerðinni kemur þó fram að fundur var haldinn með ESA og embættismönnum fjármála- og menntamálaráðuneytisins 9. júní í sumar. Það kemur líka fram að fyrsta bréfið var sent 3. júní frá ESA og síðan hefur e.t.v. eitthvað gengið með óformlegum eða misformlegum hætti á milli en í greinargerðinni er það nefnt að fjármálaráðuneytið hafi svarað bréfi ESA 15. ágúst. Það er nokkurn veginn tæpum fjórum mánuðum áður en frumvarpið kemur fram og hefði átt að vera hægðarleikur fyrir þessi ráðuneyti að leggja fram þau gögn sem þá lágu fyrir á þessum tíma. Það er því miður ekki hægt að taka mark á hinum annars ágæta formanni menntamálanefndar hvað þetta varðar en ég vil taka fram í því samhengi að hér tel ég ekki við hann að sakast í þessu efni. Eitt svarið var þannig að gögnin væru í þýðingu þannig að ráðuneytin virðast ekki hafa haft mjög skýra línu um það til hvers ætti að afhenda þessi gögn.

Ég tel, forseti, að ekki sé hægt að stofna til 1. umr. fyrr en þessi gögn fást þannig að ef ráðuneytin, fjármála- og menntamálaráðuneyti og yfirmenn þeirra, ætla að tefja 1. umr. þá er (Forseti hringir.) það þeim í sjálfsvaldi en ég bið forseta að stilla svo til að þetta mál, frumvarpið um Ríkisútvarpið hf., geti fengið þinglega meðferð hið fyrsta.

Eldsneytisflutningar til Keflavíkurflugvallar.

Fsp. MÞH, 261. mál. — Þskj. 274.

[12:24]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um eldsneytisflutninga til Keflavíkurflugvallar. Þetta mál hefur oft komið til umræðu áður en það er kannski ástæða til að taka það aðeins upp á hinu háa Alþingi, sérstaklega í ljósi umræðu sem átti sér stað rétt fyrir áramótin í kjölfar þess að mikið slys varð í Englandi þar sem kviknaði í Buncefield-olíubirgðastöðinni við Hemel Hempstead rétt norðan við London. Þar varð stórslys, margir slösuðust og mikið tjón, milljónir lítra af eldsneyti urðu þar eldi að bráð. Ég hygg að það mál hafi vakið marga til umhugsunar enda var það augljóst á umræðum m.a. í borgarstjórn Reykjavíkur að athygli manna beindist þá mjög að olíubirgðastöðinni í Örfirisey. Það hefur áður komið til tals að hugsanlega stafaði hætta af þeirri olíubirgðastöð því að hún er aðeins örfáa kílómetra frá okkur þar sem við erum nú, á hinu háa Alþingi í miðborg Reykjavíkur. Þar er skipað upp miklu af olíu árlega en síðan er stór hluti af þeirri olíu keyrður í gegnum höfuðborgina og síðan um Reykjanesbrautina til Keflavíkur. Þar eru náttúrlega stórir viðskiptavinir, til að mynda á Keflavíkurflugvelli. Mér skilst að um sé að ræða u.þ.b. 80 þúsund tonn af eldsneyti árlega sem fara um Reykjanesbrautina. Ég vil því bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. samgönguráðherra:

1. Hefur ráðherra einhver áform um að beita sér fyrir því að hætt verði að flytja um 80.000 tonn af eldsneyti með tankbílum frá Reykjavík um Reykjanesbraut til Keflavíkurflugvallar?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að þessu eldsneyti verði frekar skipað upp í Helguvíkurhöfn?

3. Hefur farið fram áhættugreining á þessum miklu eldsneytisflutningum um byggð á höfuðborgarsvæðinu, eftir Reykjanesbraut til Keflavíkurflugvallar?

4. Ef fyrirhugaðar eru aðgerðir af hálfu ráðherra, hverjar eru þær og hvenær er þeirra að vænta?

[12:27]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að bera upp þessa fyrirspurn.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hefur ráðherra einhver áform um að beita sér fyrir því að hætt verði að flytja um 80.000 tonn af eldsneyti með tankbílum frá Reykjavík um Reykjanesbraut til Keflavíkurflugvallar?“

Svar mitt er svohljóðandi: Fyrir það fyrsta tel ég að við eigum að leita allra leiða til að dregið sé úr eldsneytisflutningum eftir miklum umferðaræðum. Hins vegar er alveg ljóst að ekki verður hægt að flytja eldsneyti á milli Keflavíkur og Reykjavíkur nema önnur leið finnist til að tryggja eldsneyti fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli. Í athugun er hjá utanríkisráðuneytinu og varnarliðinu að viðskiptavæða hluta af eldsneytisbirgðastöðinni í Keflavík og sinna þaðan eldsneytisþörf almennrar flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Ég vona að niðurstaða liggi fljótlega fyrir og hún leiði til þess að dregið verði úr akstri með eldsneyti milli Reykjavíkur og Keflavíkur eins og mögulegt er.

Í öðru lagi er spurt: „Mun ráðherra beita sér fyrir því að þessu eldsneyti verði frekar skipað upp í Helguvíkurhöfn?“

Eins og ég sagði er unnið að því að fá hluta eldsneytisgeymslunnar í Helguvík undir hluta þess eldsneytis sem í dag er ekið milli Reykjavíkur og Keflavíkur, þ.e. flugvélaeldsneyti sem flutt er til Keflavíkurflugvallar. Það er mikilsvert að vel takist til en málið er í höndum varnarliðsins og utanríkisráðuneytisins eins og hv. þingmenn vita. Ég mun fyrir mitt leyti styðja þessar fyrirhuguðu breytingar eftir því sem ég get en þar verða heildarhagsmunir að ráða og lausn að finnast á þeim aðstæðum sem eru í Helguvík.

Í þriðja lagi er spurt: „Hefur farið fram áhættugreining á þessum miklu eldsneytisflutningum um byggð á höfuðborgarsvæðinu, eftir Reykjanesbraut til Keflavíkurflugvallar?“

Áhættugreiningar hafa verið gerðar m.a. af Olíudreifingu árið 2000 en einnig hefur Skeljungur unnið afleiðingamat. Niðurstaðan var sú að áhætta væri mjög lítil en hún hefur síðan minnkað vegna tvöföldunar hluta Reykjanesbrautar. Í greiningu Olíudreifingar kom m.a. fram að flutningar eldsneytis á milli Reykjavíkur og Keflavíkur eru lítill hluti umferðar á leiðinni. Allir þungaflutningar, þar með talið eldsneytisflutningar, hafa í för með sér vissa hættu. Aðrar flutningaleiðir en um Reykjanesbraut eru lengri og auka þar með heildaráhættu, þ.e. aðra hættu en mengun vatnsbóla og losun gróðurhúsalofttegunda. Með Suðurstrandarvegi skapaðist nýr möguleiki á flutningi eldsneytis til Grindavíkur en um umtalsvert lengri leið væri að ræða og því yrði fyrst og fremst um tilflutning á áhættu að ræða

ef sú leið yrði farin. Ekki er um aðrar leiðir að ræða til Keflavíkur. Komið hefur til tals að flytja olíu sjóleiðina til Grindavíkur. Sú leið krefst umtalsverðs fjárfestingarkostnaðar. Ný mannvirki í Grindavík mundu kosta verulegar fjárhæðir. Ef mögulegt yrði að fá afnot af mannvirkjum NATO í Helguvík drægi það hins vegar úr kostnaði og er augljóslega besti kosturinn. Að lokum er rétt að benda á að aðstaðan í Helguvík yrði eingöngu notuð undir eldsneyti fyrir flugið en bensín, gasolía og steinolía yrði áfram flutt landleiðina til Voga samkvæmt upplýsingum sem samgönguráðuneytið hefur frá þeim aðilum sem sinna þessum flutningum og sinna sölu á eldsneyti.

Í fjórða lagi er spurt: „Ef fyrirhugaðar eru aðgerðir af hálfu ráðherra, hverjar eru þær og hvenær er þeirra að vænta?“

Eins og fram hefur komið er það í höndum utanríkisráðuneytisins og varnarliðsins að leita leiða og finna lausn á því að nýta aðstöðuna í Helguvík sem ég tel að sé augljóslega besti kosturinn.

Það sem snýr að samgönguráðuneytinu er auðvitað fyrst og fremst tvöföldun Reykjanesbrautarinnar til að bæta þessar aðstæður og auka öryggið. Að því verki er nú unnið og sér fyrir endann á því. En ég vil að lokum undirstrika að ég tel að það eigi að leita allra leiða til að draga úr slíkum flutningum á þessum meginumferðaræðum og Helguvíkurhafnarlausnin væri besti kosturinn og vonandi getur það gerst sem fyrst.

[12:32]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Árlega fara hundruð bíla, þungra olíuflutningabíla með tengivagna frá olíubirgðastöðinni í Reykjavík til Keflavíkurflugvallar með flugvélaeldsneyti. Hver þessara bíla slítur veginum á við nokkur þúsund einkabíla. Því má segja með sanni að slíkir flutningar kosti ríkissjóð árlega tugi ef ekki hundruð millj. kr. Þar að auki fara þessir bílar nærri aðalvatnsbólum Suðurnesjabúa og þarf ekki að fara mörgum orðum um hvaða áhrif slys þar hefði. Samtímis þessu liggur við að aðstaða er að skapast í Helguvík eins og ráðherra vék að. Ég fagna þeirri undirtekt sem kom fram í máli ráðherra um að stefna að því að færa þessa flutninga til Helguvíkur, spara þar með ríkisvaldinu milljónir króna, draga úr mengunarhættu og auka skilvirkni í alla staði. Með öðrum orðum, öll rök mæla með því að svokölluð Helguvíkurleið verði farin og (Forseti hringir.) ég fagna stuðningi hæstv. ráðherra við þær hugmyndir.

[12:33]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það var gott að heyra að hæstv. ráðherra tekur undir að leitað verði allra leiða til að minnka eða draga verulega úr flutningum á eldsneyti eftir Reykjanesbraut frá höfuðborgarsvæðinu til Suðurnesja. Eldsneytið sem um ræðir er talsvert miklu meira en þau 80 þús. tonn sem um er talað í fyrirspurninni og full ástæða til að reyna að draga úr þeim flutningum eins og hægt er.

Aftur á móti fannst mér þegar hæstv. ráðherra ræddi Helguvíkurleiðina sem við köllum svo, þ.e. að nota tanka í Helguvík sem eldsneytisbirgðastöð fyrir flugvélabensín aðallega, að þá væri ágætisvilji til að styðja það. En mér fannst hæstv. ráðherra ekki kveða nægilega fast að orði um að hann sem samgönguráðherra mundi beita sér fyrir eða þrýsta á að sú leið verði farin. Hæstv. ráðherra vísaði ábyrgðinni yfir á utanríkisráðuneytið og varnarliðið. Sagðist styðja að reynt yrði að finna leið til að hægt væri að taka þetta upp sem fyrst. En mér finnst vanta að hæstv. ráðherra segi okkur að hann ætli að beita sér fyrir því eða þrýsta verulega á að sú leið verði farin. (Forseti hringir.)

[12:34]

Böðvar Jónsson:

Frú forseti. Sveitarstjórnir á Suðurnesjum hafa lengi lagt áherslu á það mál sem nú er rætt sem snýr að því að draga úr flutningi eldsneytis um Reykjanesbraut með því að nýta þau mannvirki sem til staðar eru í Helguvík. Í Helguvík er ein besta aðstaða á landinu til uppskipunar og geymslu á eldsneyti en þau mannvirki eru í eigu Mannvirkjasjóðs NATO og Bandaríkjamanna. Í dag er staðan sú að þessi aðstaða er vannýtt, aðeins um fjórðungur hennar er nýttur á hverju ári. Leiðslur liggja frá þessum tönkum og upp á Keflavíkurflugvöll þannig að ef aðeins verður byrjað á því að skipa upp flugvélaeldsneyti í Helguvík þá má draga úr eldsneytisflutningum um Reykjanesbraut sennilega um 70–80%. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum samþykkti á dögunum áskorun um nýtingu tankanna í Helguvík og það er því frekar ástæða til að skora á utanríkisráðherra að beita sér fyrir því að viðeigandi aðilar heimili nýtingu á þeim mannvirkjum sem þarna eru frekar en að samgönguráðherra fari að setja einhver boð og bönn við þessum flutningum.

[12:35]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér er fyrirspurn frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni um eldsneytisflutninga til Keflavíkurflugvallar. Eins og hefur komið fram í máli þingmanna heyrist mér allir vera sammála um að það sé auðvitað algjör della að vera að flytja allt þetta eldsneyti frá Örfirisey og til Keflavíkur. Ég varð líka fyrir dálitlum vonbrigðum með svör hæstv. samgönguráðherra vegna þess að þetta er ekkert nýtt mál sem var að koma upp í gær og mér finnst málin ganga heldur hægt hérna. Auðvitað á að skikka herinn til að láta af hendi þessa tanka sem þeir eru hvort sem er ekkert að nota. Ef ekki vill betur þá legg ég til að við þjóðnýtum þá aðstöðu sem þarna er. Herinn er hvort sem er á leiðinni burtu og farið hefur reyndar fé betra.

[12:36]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Hér er hreyft mjög brýnu öryggismáli. Eins og menn vita eru þúsundir tonna af olíu fluttar með tankbílum frá olíubirgðastöðinni í Örfirisey um Reykjavík, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og sem leið liggur suður á Miðnesheiði í viku hverri. Þetta er brýnt öryggismál og hefur m.a. komið fram hjá bæjarstjórninni í Hafnarfirði ósk um það til samgönguyfirvalda að fram fari ný áhættugreining á þessum flutningum. Það dugar ekki að stóla á áhættugreiningu sem gerð var fyrir fimm eða sex árum af hagsmunaað-

ilum. Yfirvöld sjálf verða að gera áhættugreiningu og til þess þarf líklega samstarf samgönguráðuneytis, umhverfisráðuneytis og utanríkisráðuneytis til þess síðan að ná þeim samningum sem við þurfum að ná til að geta skipað upp í Helguvík.

[12:38]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fagna því að mjög breið samstaða virðist vera um það meðal þingmanna úr öllum flokkum að ástandið eins og það er í dag sé í rauninni alveg fáránlegt og algerlega óviðunandi. Það eru ekki aðeins þessir miklu flutningar um Reykjanesbraut heldur líka það að við erum með gríðarlega stóra olíu- og bensínbirgðastöð. Olíu- og bensínbirgðastöð allra landsmanna er nánast í miðborg Reykjavíkur. Maður hlýtur að velta því fyrir sér með miklum ugg hvað mundi gerast ef þarna yrði slys, ef þarna kæmi upp eldur. Jafnvel að árás yrði gerð á þessa stöð. Maður veit náttúrlega aldrei. Og hversu stórt svæði yrði þá að rýma í Reykjavík ef vindáttir væru óhagstæðar og annað þess háttar. Við munum öll greinilega eftir því þegar bruninn mikli varð í Hringrás fyrir rúmu ári og hvaða hættuástand skapaðist þar.

Mér finnst svolítið undarlegt að heyra svör hæstv. samgönguráðherra, því að þó að fram komi mjög skýrt hjá honum að hann sjái alveg í hendi sér að staðan eins og hún er í dag sé alveg fáránleg, þá skuli hann vísa á utanríkisráðuneytið. Ég tel að þetta sé í rauninni verkefni allrar ríkisstjórnarinnar og skiptir engu máli hvaða ráðuneyti þar á í hlut. Hér er um svo augljóst þjóðþrifamál að ræða, að þessari olíu verði skipað upp og þá sérstaklega flugvélaeldsneytinu og reyndar hinu gjarnan líka í Helguvík þar sem aðstaðan er fyrir hendi, að ríkisstjórnin ætti að beita sér fyrir því í viðræðum við ameríska herinn eða NATO að við Íslendingar fáum að nota þessa aðstöðu í þeim mæli sem við svo sannarlega þurfum að gera.

[12:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og þann ríka skilning hv. þingmanna á því að draga þurfi úr flutningum með því að færa til olíubirgðastöðvar. Ég hafði lúmskt gaman af því að heyra það frá hv. 5. þm. Norðaust., þingmanni Vinstri grænna, að lausnin fælist í því að skylda herinn til að leysa þetta fyrir okkur. Þannig að batnandi mönnum er best að lifa.

Það kann vel að vera að ég hafi ekki kveðið nógu sterkt að orði — það er þá kannski meðfædd hæverska mín — en sú afstaða mín liggur algerlega fyrir að ég tel að færa eigi olíubirgðastöðina til að koma í veg fyrir þessa miklu olíuflutninga á meginumferðaræðum.

Það liggur jafnframt fyrir að í gangi eru viðræður við varnarliðið um að nýta Helguvíkurhöfnina. Það fer ekkert á milli mála af hálfu samgönguráðuneytisins að viljinn er skýr hvað það varðar að við teljum að það eigi að færa þetta til Helguvíkur. Að því vinnum við án þess að það sé gert með digrum yfirlýsingum á Alþingi eða annars staðar. Ég tek því undir með hv. þm. Jóni Gunnarssyni, og öðrum þingmönnum Suðurkjördæmis, að þetta er leiðin að nýta Helguvíkina og hann má vera alveg viss um að viljinn er skýr og klár af minni hálfu hvað það varðar.

Umræðu lokið.

Viðhald vegarins á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

Fsp. AKG, 275. mál. — Þskj. 289.

[12:42]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Í morgun var ein fyrsta fréttin í útvarpinu að Óshlíðin milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar væri lokuð vegna snjóflóðahættu og þegar ég opnaði Bæjarins besta í tölvunni blasti við frétt um að bíll hefði lent í flóðinu þar í morgun. Þetta snjóflóð féll á jaðri þess svæðis sem áætlað er að fari í göng samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar og kemur af völdum austnorðaustanáttar sem almennt er ekki talin hættuleg á þessu svæði gagnvart snjóflóðum. Í gær féll flóð á stað þar sem flóðavörn er fyrir hendi en hluti þess fór engu að síður á veginn. Hættulegustu áttirnar eru norðan og norðvestan en í þeim áttum safnast mikill snjór víða á þessari leið og ómögulegt að verjast flóðum eins og dæmin sanna. Auk snjóflóða fellur grjót iðulega á veginn og eins og við munum var það einmitt grjóthrun sem kom að stað þeirri hreyfingu sem þó er á málinu núna. Þetta er á vegi sem ungmenni fara á leið sinni í skóla, margir aka til og frá vinnu og til að sækja þjónustu til Ísafjarðar. Ríkisstjórnin ákvað að setja fjármagn til jarðgangagerðar á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur en því miður er ekki fyrirhugað að fara þá leið sem tryggja mundi til fulls öryggi vegfarenda heldur aðeins öryggi af broti á leiðinni.

Það er andstætt vilja mikils hluta íbúanna sem manna best þekkja til aðstæðna og getur ekki talist fullnægjandi úrlausn og allra síst eftir að upplýsingar Hörpu Grímsdóttur hjá Snjóflóðasetri Veðurstofunnar komu fram. Þær leiddu í ljós mun meiri áhættu við ferðalög á þessu svæði en áður var talið. Það er í raun ósmekklegt að ræða peninga í sömu mund og framkvæmdir sem tryggja eiga líf og heill samborgaranna en þó nauðsynlegt þar sem fjárhagsleg rök eru borin fram fyrir áætlun ríkisstjórnarinnar.

Ef farin verður sú gangaleið sem fyrirhuguð er í dag, sem ég vona að verði ekki niðurstaðan, stendur eftir kostnaður við viðhald á stærsta hluta leiðarinnar milli byggðarkjarnanna. Það verður að koma inn í reikningsdæmið þegar mismunandi jarðgangakostir eru metnir auk þess sem taka verður með í reikninginn að mörg göng eru hlutfallslega dýrari en jafnlengd í einum göngum vegna þess hve gangamunnarnir eru dýrir. Ég spyr því:

1. Hver hefur verið árlegur kostnaður við viðhald vegarins á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur sl. fimm ár?

2. Hver var viðhaldskostnaðurinn a. vegna ofanhruns, b. vegna sjávarrofs og hruns úr vegi?

3. Hvernig skiptist fyrrgreindur kostnaður á a. þann kafla sem fyrirhugað er að leggist af við gerð jarðganga samkvæmt núverandi hugmyndum, b. aðra hluta vegarins sem verða áfram í núverandi vegstæði?

[12:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður spyr, með leyfi forseta:

„1. Hver hefur verið árlegur kostnaður við viðhald vegarins á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur sl. fimm ár?"

Svar mitt er svohljóðandi: Aðeins er fjallað um kostnað við hreinsun rása í þessu svari, viðgerðir á mannvirkjum til varnar grjóthruni og viðgerðir vegna sjávarrofs. Til viðbótar er og hefur verið nokkur kostnaður við úrbætur, uppsetningu varnarbúnaðar.

Kostnaði við grjóthrun og hreinsun rása á Óshlíð og Súðavíkurhlíð hefur lengi verið haldið til haga en ekki skipt á hlíðarnar. Sú skipting er því áætluð en annað er sérstaklega merkt Óshlíðinni. Rétt er að taka einnig fram að ekki er fjallað um almennan viðhaldskostnað við yfirlagnir og ekki heldur um almennan rekstur, svo sem eftirlit, snjómokstur, merkingar og lýsingu. Á árunum 2001–2005 hefur sá kostnaður sem spurt er um verið samtals 33,4 millj. kr. hvað varðar Óshlíðina.

Auk þess er spurt hvernig þessi fyrrgreindi kostnaður skiptist. Svar mitt er að ekki eru til gögn um hvernig þessi kostnaður skiptist á einstaka hluta Óshlíðar. Það sem venja er að kalla Óshlíð nú, þ.e. frá Skarfaskeri út á Óshóla, er um 5,5 km. Grjóthrun er mjög mismikið á milli kafla og langmest úti á Skriðunum þar sem nú er til umræðu að leggja jarðgöng ríflega kílómetralöng. Það er mat þeirra manna sem sjá um þessi verkefni að um tveir þriðju hlutar kostnaðarins geti verið á þeim kafla. Fyrir liggja, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, nýlegar skýrslur, mat á hruni á þessum svæðum. Það er mjög góð skýrsla og gagnleg fyrir okkur til þess að hafa til hliðsjónar um þessar mundir.

Það er spurt um aðra hluta, en eins og fyrr greinir hefur þessi kostnaður ekki verið sundurgreindur á einstaka hluta Óshlíðarinnar. Heildarkostnaðurinn er sem sagt 33,4 milljónir á því tímabili sem um er að ræða.

Vegna þess sem kom fram hjá hv. þingmanni er alveg nauðsynlegt að undirstrika það alveg sérstaklega hvað varðar úrbætur á veginum um Óshlíð að engar ákvarðanir hafa verið teknar aðrar en þær að leggja fjármuni í endurbætur, þ.e. í jarðgöng til þess að standa að varanlegum og öruggum úrlausnum á veginum fyrir Óshlíðina. Rannsóknir eru hafnar og það verður fyrst að loknum þeim rannsóknum sem endanleg ákvörðun verður tekin um jarðgöngin. Það er alveg ljóst að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að fara í úrbætur á Óshlíðinni snúast um að gera þennan veg öruggan óg það verður engin önnur leið valin en sú sem við getum verið örugg um að tryggi sem allra best þessa leið. Fljótlega á þessu ári fæst vonandi niðurstaða hvað það varðar.

[12:50]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er full ástæða til þess að skýrar yfirlýsingar verði gefnar um það hvernig verði farið með þennan veg. Fyrir 15–20 árum síðan voru mikið í umræðunni svokallaðir ó-vegir, þ.e. Ólafsvíkurenni, Ólafsfjarðarmúli og Óshlíðin. Framkvæmdir við tvo fyrrnefndu vegina tókust prýðilega. Gerð voru göng til Ólafsfjarðar og góður vegur lagður um Ólafsvíkurenni. Óshlíðin mistókst. Menn verða að horfast í augu við það. (**Gripið fram í:** Þeir eru hógværir Bolvíkingar.) Bolvíkingar hafa kannski verið hógværir en það er, held ég, ekki aðalástæðan fyrir því að menn hafa ekki klárað þennan veg. Þarna þarf að taka á og það þarf að hugsa málið til framtíðar. Menn verða að hugsa það út frá þeirri staðreynd hvaða veg eigi að hafa þarna inni í langri framtíð og að það sem menn geri núna geti verið hluti af þeirri lausn eða niðurstaðan.

[12:51]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Óshlíðin er í raun samheiti yfir þrjár fjallshlíðar sem liggja utan í Óshyrnu, Arafjalli og Nál eða Búðarhyrnu. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar á liðnu hausti miðaðist við að bregðast við ástandi sem uppi var í fyrstnefndu fjallshlíðinni á svonefndum Skriðum. Auðvitað hlaut það að vera meining ríkisstjórnarinnar að grípa til aðgerða sem gerðu Óshlíðina alla öruggan veg þannig að menn máttu ekki líta svo á að ákvörðunin afmarkaðist við einn þriðja af þessari leið.

Nú hefur hæstv. samgönguráðherra tekið af allan vafa um skilning á þessu, að menn eiga við rannsókn málsins nú að líta til hlíðarinnar í heild, allra þessara þriggja fjallshlíða, og menn munu í framhaldinu ákvarða legu jarðganga sem þjóna því markmiði að hafa öruggan (Forseti hringir.) veg alla leið, virðulegi forseti.

[12:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það kann vel að vera rétt eins og hér var kallað fram í áðan að Bolvíkingar hefðu verið hógværir. Ég hygg að svo hafi verið því að menn voru náttúrlega strax á áratugnum 1980–1990 að takast á um hvort gera ætti göng til Bolungarvíkur eða fara um Óshlíðina.

Nú er hins vegar staðan sú að menn una þessu óöryggi ekki lengur og ég held að það sé einboðið að gera jarðgöng, og fagna þess vegna yfirlýsingu hæstv. samgönguráðherra, að nota þær lausnir einar sem nægja til fullkomins öryggis, þ.e. þess öryggis að hrun og snjóskriður séu ekki sú hætta sem verið hefur og að þær lausnir sem gerðar verði dugi til þess að losna út úr því óvissuástandi og hættuástandi sem er á þessum vegi. Auðvitað hefði verið betra ef menn hefðu tekið þá ákvörðun á sínum tíma en um það deildu menn nú á Vestfjörðum, ef ég man rétt, í kosningunum 1983.

[12:54]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það var fagnaðarefni þegar gefin var út yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar um að ráðist yrði í gangagerð og lagfæringar og endurbætur á veginum um Óshlíð nú í haust en óneitanlega fylgdi visst óöryggi þeim yfirlýsingum þar sem aðeins voru gefin fyrirheit um að ráðast í það með einhverjum ákveðnum tilteknum hætti og láta síðan málin standa að hluta til óleyst að mati heimamanna.

Heimamenn hafa haft alveg skýra afstöðu í þessu máli. Þeir vilja fá varanlega örugga lausn í þessum samgöngum og hafa bent á heildstæð jarðgöng á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Þess vegna er það fagnaðarefni, finnst mér, að

hæstv. samgönguráðherra hefur lýst því hér yfir að þar bindi menn sig ekki við eina fyrir fram gefna leið heldur hafi þeir það að meginmarkmiði að rannsakaðir verði til hlítar allir þeir kostir sem til greina koma til þess að halda þarna uppi öruggum samgöngum og sá kostur valinn sem miði að því að treysta sem best samgönguöryggi þarna á milli. Mér finnst, eftir því sem ég skil yfirlýsingu ráðherra, að ekki sé lengur um það að ræða að ríkisstjórnin ætli bara að binda sig við þá einu fyrir fram gefnu leið (Forseti hringir.) sem tilkynnt var í haust, heldur besta úrkostinn. Síðan þarf að taka líka leiðina til Súðavíkur, frú forseti. (**KHG:** Þá er að fagna.)

[12:56]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvar sá misskilningur hefur fyrst kviknað að það lægi fyrir nákvæmlega hvar menn ætluðu að setja jarðgöngin milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Þessi mál eru núna í rannsóknarferli og rannsóknin er til þess að leiða í ljós hvar eigi að koma fyrir þessum jarðgöngum til að þau tryggi það sem hæstv. samgönguráðherra hefur ævinlega sagt og hefur núna áréttað enn og aftur hér í þessum ræðustóli, að við munum ekki ganga frá þessu máli öðruvísi en að við tryggjum fullkomið öryggi með varanlegum aðgerðum á þessari leið. Það er enginn ágreiningur um það, hvorki innan héraðs á Vestfjörðum né hér í þinginu. Ég geri ráð fyrir því að menn vilji að það verði gert þannig.

Það liggur hins vegar fyrir að hættulegasti kaflinn — og það kemur m.a. fram í rannsóknum Hörpu Grímsdóttur og líka Vegagerðarinnar — er ysti hluti vegarins. Þess vegna er ekki óeðlilegt að menn hafi verið sérstaklega að ræða það mál. En kjarni málsins er sá sem hæstv. ráðherra var að segja hérna — það var mjög skýr yfirlýsing — að við ætlum ekki að ganga frá þessu máli nema með varanlegum og öruggum jarðgöngum og það er náttúrlega mjög mikilvægt í þessu sambandi að ákvörðun ríkisstjórnarinnar á liðnu (Forseti hringir.) hausti braut algjörlega ísinn í þessari umræðu og gerði það að verkum að við getum yfir höfuð talað um þetta sem örugga og varanlega leið (Forseti hringir.) alveg eins og allir ætla sér að stefna að.

[12:57]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og ég er að vissu leyti ánægð með þau. Ég er ánægð með að heyra að markmiðið sé skýrt, þ.e. að tryggja öryggi vegfarenda á leiðinni sem hér er til umræðu. En það vantaði mikilvægt atriði í svar ráðherra, þ.e.: Hvenær er fyrirhugað að tryggja að vegfarendur geti farið á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar án þess að þurfa að óttast um líf sitt?

Ef sú leið verður farin sem hefur verið til umræðu frá því að fjármagnið var tryggt til framkvæmda þá vantar stóra hluta inn á leiðina og ekkert gefur okkur vísbendingu um hvenær eigi að ráðast í það framhald og það m.a. veldur íbúum Bolungarvíkur miklum áhyggjum. Það er ekkert skrýtið þó að fólk hafi talið að umrædd leið sem nú er uppi á borðinu sé sá kostur sem eigi að fara. Fjármagnið bendir eindregið til þess. Umræðan hefur eingöngu verið um þá leið nema sú umræða sem hefur verið haldið uppi af Bolvíkingum sjálfum og það er þeirra verk sem hefur þó valdið því að verið er að skoða aðrar leiðir. Ég fagna því að þrýstingur Bolvíkinga virðist vera að bera árangur og ég hvet Bolvíkinga til að halda fast áfram í viðleitni sinni til að fá ein jarðgöng á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar þannig að vegfarendur verði öruggir á leið sinni þarna á milli.

[12:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það er misskilningur að þrýstingur hafi leitt til þess að verið sé að taka ákvarðanir um úrbætur á Óshlíðinni. Það sem veldur því er það ástand sem blasir við okkur öllum, þ.e. að mjög mikið grjóthrun hefur verið í Óshlíðinni og að mati heimamanna og þeirra sem best þekkja til meira en áður hefur verið, sérstaklega þarna á Skriðunum. Þess vegna var tekin ákvörðun um að fara í þær aðgerðir sem verið er að rannsaka og undirbúa.

Hv. þm. Jón Bjarnason talaði um að óöryggi hefði fylgt yfirlýsingu um þessar framkvæmdir. Ég held að ekki geti hafa fylgt því neitt óöryggi. Fyrst og fremst fylgdi öryggistilfinning þeim ákvörðunum sem voru teknar, hlýtur að vera, þ.e. að við sjáum fyrir okkur framkvæmdir á þessum kafla, Óshlíðinni.

Hv. fyrirspyrjandi Anna Kristín Gunnarsdóttir kvartaði undan því að tímasetningar hafi vantað. Hv. þingmaður spyr einungis um það hér hver hafi verið kostnaður við að viðhalda þessum vegi milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur þannig að hér eru því ekki til umræðu neinar tímasetningar um framkvæmdir. Það er misskilningur. Hins vegar skil ég að hv. þingmenn séu áhugasamir um að vita hvernig framvindan verður og ég er alveg sannfærður um að við þingmenn Norðvesturkjördæmisins munum koma okkur saman um að taka rækilega á þessu máli þegar rétti tíminn er kominn og að (Forseti hringir.) þá muni tímasetningar væntanlega liggja fyrir þegar búið er að undirbúa verkið.

Umræðu lokið.

Eldi á villtum þorskseiðum.

Fsp. ÖS, 185. mál. — Þskj. 185.

[13:02]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Þorskurinn hefur verið ein mikilvægasta fisktegundin við Ísland. Segja má að Ísland hafi síðustu tvær aldir að miklu leyti byggst upp í kringum veiðar og verkun á þorski. Hér við land höfum við horft fram á að þorskafli dvínaði og við norðanvert Atlantshaf hafa þorskstofnar hrunið. Sem betur fer hafa menn fundið vörn gegn því í vaxandi þorskeldi. Ég held að við séum öll sammála, sem höfum tekið þátt í umræðum um það á hinu háa Alþingi, að þorskeldi sé vænlegt til framtíðar. Hins vegar eru margvísleg tæknileg vandamál enn óleyst varðandi þorskeldi. Það er nokkuð erfitt að koma þorskseiðum upp þótt klakið sjálft sé auðvelt. Það er t.d. erfitt að ráða bót á þeirri sterku tilhneigingu þorsksins að éta hver annan í eldinu.

Menn hafa velt því fyrir sér hvort hægt sé að fara aðrar leiðir í upphafi. Sú umræða spratt af þeirri staðreynd að merkir fiskifræðingar í hópi okkar fyrstu vísindamanna á því sviði, t.d. Árni Friðriksson, komust að raun um að sums staðar á landinu, þar sem þorskklak var á skyldum svæðum og sérstakar landfræðilegar aðstæður ríktu, var nánast hægt að ganga að stórum flekkjum þorskseiða. Þetta átti t.d. við í Húnaflóa og innarlega í Ísafjarðardjúpi. Sú hugmynd spratt því að fara þá leið að veiða úr þessum flekkjum og ala þau seiði upp. Þetta hefur verið gert síðustu árin á Nauteyri við Ísafjarðardjúp. Ég hef sjálfur skoðað það og hrifist af því hvernig menn hafa leyst ákveðin vandamál sem því fylgdu. Ég tel ekki að nein hætta sé búin náttúrulegu seiðauppeldi. Við vitum að núllseiðin, þ.e. seiði sem ekki eru orðin eins árs, fargast í stórum stíl af náttúrunnar völdum. Um 95% þeirra deyja drottni sínum áður en þau ná fyrsta hausti. Ég held þess vegna að töluverðar veiðar á slíkum seiðum mundu ekki leiða til stórskaða eins og stundum hefur mátt skynja á sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar.

Ég tel líka að þessi aðferð gæti orðið grunnur að góðum kynbótum sem sannarlega þarf að fara í í framtíðinni. Þarna þarf að fá fram þá einstaklinga úr mjög stóru mengi sem eru mest hraðvaxta. Ég spyr því hæstv. sjávarútvegsráðherra, sem hefur nokkra þekkingu á þessari starfsemi, hvernig ráðuneytið meti reynsluna af veiðum villtra þorskseiða af núllárganginum í Ísafjarðardjúpinu og áframeldinu annars staðar og í öðru lagi hvort ráðherra telji ekki rétt að heimila enn frekari veiðar slíkra seiða til að ala til manneldis. Ég held að það gæti hentað mjög vel samhliða því að byggja upp þorskeldi á grundvelli kynbóta.

[13:05]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þingmanni fyrir að bera fram þessar spurningar sem ég tel að snerti mikilvægt mál sem við hljótum að binda miklar vonir við.

Hv. þingmaður spyr í tveimur töluliðum:

„1. Hvernig metur ráðuneytið reynsluna af veiði villtra þorskseiða af núllárgangi í Ísafjarðardjúpi og áframeldi þeirra annars staðar?“

Svarið er: Tilraunir með föngun á fyrsta ári til áframeldis hófust í Ísafjarðardjúpi í desember árið 2001. Þá náðust aðeins 2.600 þorskseiði en reynslan af þeirri tilraun þótti samt lofa góðu. Því var undirbúin frekari tilraun sem fram fór haustið 2002. Frá þeim tíma hefur hraðfrystihúsið Gunnvör hf., sem ásamt Háafelli hf. hefur staðið að verkefninu, árlega fengið tilraunaleyfi frá sjávarútvegsráðuneytinu. Veiðarnar hafa gengið mjög vel. Þær hafa verið stundaðar nálægt landi í innanverðu Ísafjarðardjúpi á 8–20 föðmum á litlum sérútbúnum eikarbáti. Mjög lítil afföll hafa orðið við veiðarnar og meðafli annarra tegunda yfirleitt verið lítill. Þar er þó einkum um að ræða ýsu- og lýsuseiði. Þau eru flokkuð frá eins og unnt er og sleppt aftur.

Veiðarnar hafa farið fram í ágúst og september. Þá eru þorskseiðin aðeins 1–5 grömm á þyngd og 50–90 millimetrar að lengd. Á undanförnum fimm árum hafa alls verið veidd 2,8 millj. þorskseiði á fyrsta aldursári í Ísafjarðardjúpi. Segja má að eldi seiðanna hafi einnig gengið vel þó að þurft hafi að takast á við ýmis vandamál eins og hv. þingmaður nefndi áðan.

Helstu úrlausnarefnin eru að venja seiðin á tilbúið þurrfóður og koma í veg fyrir sjálfrán og sjúkdóma. Afföll í strandeldi hafa frá september til apríl verið 55–60%, sem segja má að sé viðunandi árangur ef tekið er tillit til þess að enn er um þróunarvinnu að ræða. En afföll í náttúrunni fyrir sama aldurshóp og tímabil eru líklega meiri að jafnaði. Við útsetningu sjókvíar að vori hefur meðalþyngd seiðanna verið um 100 grömm.

Önnur spurning hv. þingmanns er svohljóðandi: „Telur ráðherra ekki rétt að heimila enn frekari veiðar slíkra seiða til að ala til manneldis?“

Sú skoðun er ríkjandi á meðal þorskeldismanna að föngun á villtum seiðum og eldi á þeim sé tímabundin ráðstöfun meðan ekki standa til boða kynbætt seiði en í framtíðinni munu þorskeldi að mestu byggjast á kynbættum eldisseiðum sem framleidd verða í eldisstöðvum.

Stofnað hefur verið fyrirtækið Icecod hf. til að sjá um kynbætur á eldisþorski og seiðaframleiðslu. Hluthafar eru Stofnfiskur, Hafrannsóknastofnun, Fiskey, Þorskur á þurru landi og Prokaria. Seiðaframleiðslan hefur farið fram í tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunar á Stað á Reykjanesi og hefur numið um 200 þús. seiðum á ári nú hin síðari ár. Fyrsti vísir að kynbættum þorskseiðum hérlendis verður settur á markað nú í haust.

Við þróun seiðaeldisins er mikilvægt að geta borið saman vöxt hjá villtum seiðum og seiðum sem klakið hefur verið út í eldisstöð. Unnið hefur verið að slíku rannsóknarverkefni á vegum hraðfrystihússins Gunnvarar hf., Háafells hf., Stofnfisks hf. og útibús Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði. Föngun á villtum þorskseiðum hefur verið mjög gagnleg við að þróa tæknilegar lausnir við áframeldi á þorski sem nýtast munu síðar við eldi á seiðum sem klakið er í eldisstöðum. Seiðin hafa farið í þrjá staði, Álftafjörð við Ísafjarðardjúp hjá hraðfrystihúsinu Gunnvör, til Eyjafjarðar hjá Brimi og Eskifjarðar þar sem Eskja starfar. Þannig hefur fengist reynsla af þorskeldi við mismunandi umhverfisaðstæður. Hafrannsóknastofnun telur ekki að svo stöddu ástæðu til að ýta undir aukna föngun villtra seiða, einkum ef veiðitíminn yrði lengdur fram á haustið. Ekki er talið að takmarkaðar veiðar hafi áhrif á viðgang villta þorskstofnsins svo lengi sem þær eru stundaðar síðsumars áður en sá tími er liðin er mest náttúruleg afföll eiga sér stað.

[13:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er allt gott um þessa tilraun að segja. Hún er mjög merkileg og færir okkur fram á við. Ég hef hins vegar nokkrar áhyggjur af einu varðandi þróunina í Ísafjarðardjúpi. Það tengist vegagerð. Ég vona að hæstv. samgönguráðherra hlýði á mál mitt. Það stendur til að þvera Mjóafjörðinn. Í þessum firði, Mjóafirði, voru eitt árið nánast öll þau seiði sem fóru í eldi á Nauteyri. Þar voru reyndar hvalir, bæði hnúfubakur og hrefna, einnig við ætisöflun. Við þverun fjarðarins er hætt við að straumakerfi hans breytist. Ég vildi beina því til hæstv. samgönguráðherra að það verði vandlega skoðað hvort ekki þurfi að setja rásir undir þar sem gert er ráð fyrir að þverunin verði þannig að sjávarstraumar og straumakerfið í þessum firði, sem ég tel

mjög mikilvægt varðandi þorskeldið, verði ekki sett úr jafnvægi með þeirri framkvæmd sem fyrirhuguð er.

[13:10]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við vitum öll að veiðar á villtum stofnum dragast saman alls staðar í heiminum. Öll aukning á fiski til manneldis kemur í gegnum eldi. Við erum í vandræðum með þorskstofninn hjá okkur, að byggja hann upp, og höfum verið talsvert lengi í þeim vandræðum. Við hljótum að þurfa að velta fyrir okkur öllum leiðum til þess að auka þekkingu okkar á fiskeldi og magn á eldisþorski. Auðvitað er mikilvægt að við fylgjumst með og reynum að vera þar í fararbroddi sem fiskveiðiþjóð en látum ekki aðra, t.d. frændur okkar Norðmenn taka þar frumkvæði.

Tilraunaeldisstöð Hafró á Stað í Grindavík hefur ræktað þorsk eða klakið út þorskseiðum. Hæstv. ráðherra upplýsti að það væru 200 þús. seiði á ári, sem eru afskaplega fá seiði til að byggja á áframeldið. Við hljótum því að reyna, hvað sem Hafró segir, að skoða möguleikana á að ná í meira af villtum seiðum á meðan framleiðslan er ekki meiri í eldisstöðvum en raun ber vitni til að viðhalda og þróa þekkingu á áframeldi.

[13:11]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Tilraunir í þorskeldi eru góðra gjalda verðar þótt ég telji reyndar að íslensku fiskimiðin geti verið svo gjöful, ef rétt er á málum haldið, að best sé að láta náttúruna sjálfa sjá um að framleiða þorskinn. Við vitum að á fyrri hluta 20. aldar skipti afrakstur fiskimiðanna við Ísland fleiri hundruðum þúsunda tonna af þorski árlega.

Þessar tilraunir gefa hins vegar oft ákveðnar vísbendingar um margt varðandi líffræði þorsksins sem er íhugunar virði, t.d. varðandi kynþroskann. Hér er ég með skýrslu um þorskeldi á Íslandi sem sýnir að við kynþroska léttist þorskur um 40%. Hrygnur léttast meira en hængar og stærri hrygnur léttast meira en minni hrygnur. Svo kemur annað í ljós, þ.e. að afföll aukast verulega við hrygningu hjá þorskinum. Í eldi á þorski í kerjum á landi hafa afföll verið allt að 30% yfir hrygningartímann. Hvað skyldi það segja okkur um ástandið hjá villta fiskinum, ástandið sem nú er hjá þorskstofninum? Þar er eitt stærsta vandamálið einmitt ótímabær kynþroski.

[13:13]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að fagna fyrirspurn hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um reynsluna af áframeldi á þorski. Þær upplýsingar sem komu frá ráðherra um að bæði reynslan af föngun seiða og áframeldi þeirra lofi góðu eru mjög jákvæðar. Það hefur orðið mikil þróun í fiskeldi á síðustu áratugum og þrátt fyrir að ekki hafi tekist vel til í að byggja upp laxeldi við okkar aðstæður, í sama mæli og í nágrannalöndunum, þá ber að hafa í huga að kjörhitastig þorsksins er lægra. Hann er því betur fallinn til eldis við íslenskar aðstæður en laxinn. Fiskeldi er jafnframt dæmigerð atvinnugrein fyrir landsbyggðina og því nauðsynlegt að hlúa vel að því.

[13:14]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég tel ekkert því til fyrirstöðu að heimila frekari veiðar á seiðum til áframeldis. Þessar veiðar munu einfaldlega, þar sem af er tekið, auka lífslíkur seiðanna sem eftir verða í náttúrunni. Ég held að það sjái varla högg á vatni þótt veitt sé miklum mun meira. Ég tel að menn eigi ekki að hafa áhyggjur af þessum málum.

En hvað varðar fullyrðingar sem hafa komið fram, um að allir þorskstofnar séu að dragast saman í heiminum þá er það ekki rétt. Það kom m.a. fram í máli hv. fyrirspyrjanda. Við sjáum að það eru einfaldlega sveiflur í fiskstofnum. Í Barentshafi hafa menn ítrekað spáð hruni. Í Færeyjum eru einfaldlega sveiflur og alls ekki hrun. Ég hef fylgst með umræðunni um að allt horfi til verri vegar og að eina leiðin út úr vandanum sé fiskeldi á þorski og jafnvel þurfi að veiða loðnu til að gefa fiskinum að éta. Ég er á því að við séum að algerum villigötum í þeirri umræðu. Við eigum miklu frekar að leitast við að stjórna betur veiðum á (Forseti hringir.) villtum fiski en við höfum gert.

[13:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Vegna athugasemda hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar um fyrirhugaða vegagerð í Mjóafirði þá liggur ljóst fyrir að það þarf að gæta sín mjög á því að trufla ekki vistkerfin þegar verið er að þvera firði. Það er afar mikilvægt fyrir okkur. Ég hlýt að vísa til þess að þarna hefur farið fram umhverfismat og áform um vegagerð á þessu svæði hafa legið fyrir. Við verðum að treysta því að umhverfismatsskoðunin tryggi að ekki sé gengið á náttúruna og vistkerfinu ógnað eins og hv. þingmaður vakti athygli á. Engu að síður þarf að hafa auga með þessu og vil ég þakka hv. þingmanni fyrir ábendinguna. Ég tel að Vegagerðin leggi sig mjög fram um allar rannsóknir vegna slíkra framkvæmda og taki að sjálfsögðu tillit til þeirra krafna sem fylgja umhverfismati í þeim efnum.

[13:16]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson sagði að það væri kannski orðum aukið að stofnar væru allir á niðurleið. Það er alveg rétt hjá honum. Stöku þorskstofnar kunna að vera í þokkalegu standi. Hins vegar virðist þetta vera línan mjög víða og ég óttast að það hvernig við höfum hagað veiðum okkar hafi breytt arfgerð stofnanna sem leiðir til þess að erfitt verður að ná þeim upp í fyrri stöðu aftur. Ég vil hins vegar þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra þau svör sem hann gaf. Ég finn að hann er áhugamaður um þetta. Ég vara hann hins vegar við því að taka of mikið mark á Hafró í þessum efnum. Ég tók eftir því að það speglaðist ákveðin íhaldssemi í orðum sem hann hafði eftir sérfræðingum Hafró. Þeir vara við að farið sé í þessar veiðar, þær eigi einungis að vera tímabundnar, sérstaklega ef farið er að sækja lengra fram á haustið. En það hefur enginn talað um það. Það er einungis verið að tala hér um veiðar á þeim tíma sem afföllin verða mest. Ég rifja það upp að íhaldssemin hjá

Hafró hefur verið svo mikil að það hefur nánast þurft að klípa út með glóandi töngum leyfi til að veiða villt þorskseiði í þessum tilgangi.

Ég segi því við hæstv. sjávarútvegsráðherra að ef hann ætlar sér að verða frumkvöðull á þessu sviði og hjálpa öðrum frumkvöðlum þá á hann að gæta sín mjög á ráðleggingum Hafró og leita frekar ráða í þessum sal. Ég tel að hér séu margir menn sem geti hjálpað honum í þeim efnum.

Ég er þeirrar skoðunar að framtíðin í þorskeldi muni byggjast á kynbættum þorski. En ég tel að það sé langt í land að við náum það vel kynbættum stofni að það skipti verulegu máli og miða ég þá við reynsluna af laxeldi. Fram að þeim tíma held ég að við eigum að þróa þorskeldi með þessum hætti. Ég fór fyrir nokkrum dögum austur á Eskifjörð þar sem menn eru að ala áfram seiði sem koma úr Nauteyrinni. Það gengur vel. Verðið er gott og það kemur líka fram að þorskur sem er alinn í kvíum verður öðruvísi í laginu. Hnakkastykkið, sem er dýrast, (Forseti hringir.) verður miklu dýpra og stærra. Ég held, frú forseti, að hér sé um að ræða atvinnugrein sem gæti orðið vel arðvænleg í framtíðinni.

[13:19]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það stendur upp úr þessari umræðu að það er almenn skoðun manna að þorskeldi sé mjög vænlegt og að við eigum að styðja við bakið á því. Þannig hefur það líka verið og það hefur raunar komið fram hér í ákvörðunum þingmanna, m.a. í því að við tókum á sínum tíma ákvörðun um að setja á sérstakan fiskeldiskvóta, 500 tonn á ári, sem úthlutað er. Ég er alveg sannfærður um að ef það hefði ekki verið gert stæðum við miklu aftar en raun ber vitni í þessum efnum. Heilmikill stuðningur var í því fólginn og það eyddi ákveðinni óvissu sem menn hefðu annars staðið frammi fyrir. Á undanförnum árum höfum við verið að byggja upp mjög mikilvægan rannsóknarsjóð fyrir sjávarútveginn, sem við köllum Aukið virði sjávarfangs, AVS-sjóður, og sá sjóður hefur líka lagt til peninga til að styðja við bakið á þorskeldismönnum. Við höfum í verki sýnt áhuga á því að vel sé staðið að þessum málum.

Í tímans rás eftir því sem reynslan verður meiri verður ljóst að ekki er auðhlaupið að þessu. Þetta er enginn gullgröftur eins og menn héldu í upphafi, margir hverjir. Þetta kostar heilmikið og þróunin hefur verið sú að það eru tiltölulega fá fyrirtæki sem stunda þetta enda er þetta bæði fjármagnsfrekt og krefst mikillar þekkingar. Menn hafa líka verið að tala um hvort ekki væri eðlilegra að við huguðum frekar að fiskveiðiráðgjöfinni o.s.frv. Það er auðvitað sjálfsagður hlutur en það er hins vegar algerlega samrýmanlegt því að við stöndum vel að málum í fiskeldinu.

Hv. 1. þm. Reykv. n. sagði líka að Hafrannsóknastofnun væri íhaldssöm í þessum efnum. Það má vel vera. Ég ætla hins vegar að lýsa því yfir mjög einarðlega að ég vil að við höldum þessum seiðaveiðum áfram. Ég tel það nauðsynlegt. Ég er hins vegar sammála Hafrannsóknastofnun og ég hygg að hv. þingmaður hafi sagst vera það áðan þegar hann sagði að menn teldu það varhugavert að veiða lengra fram á haustið. Við eigum að gera það þegar náttúrulegu afföllin eru sem minnst. En að sjálfsögðu eigum við ekki að láta skort á veiðinni standa í vegi fyrir því að við getum þróað þorskeldið eðlilega. Það er sjálfsagður hlutur.

Umræðu lokið.

Jafnstöðuafli.

Fsp. KHG, 316. mál. — Þskj. 343.

[13:21]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Þegar verið var að koma kvótakerfinu á fyrir rúmum 20 árum var þó nokkuð rætt um það hvort menn ættu ekki að ákveða veiðiheimildir til lengri tíma, t.d. þriggja eða fimm ára í senn, í stað þess að gera það sem varð ofan á að ákveða aflamark árlega á hverja tegund sem sett var í kvóta. Þannig gætu útvegsmenn vitað hvað þeir mættu veiða næstu árin að magni til og heimildir þær sem þeir hefðu undir höndum væru ekki að breytast árlega eins og óhjákvæmilegt varð með því fyrirkomulagi sem tekið var upp.

Menn settu líka fram efasemdir um að þessar árlegu breytingar yrðu nokkuð frekar til þess að byggja upp fiskstofnana en tillaga var borin fram, reyndar af Vestfirðingum mörgum hverjum, um að taka ákvörðun til lengri tíma í senn og halda sig við hana og breyta ekki nema ákveðnar kennitölur vikju það langt frá viðmiðunum að ástæða væri til að gera breytingar.

Ég vil nefna sem dæmi, virðulegi forseti, miklar sveiflur sem orðið hafa í tveimur fiskstofnum á undanförnum árum. Fyrst í þorskinum — fiskveiðiárið 1995–1996 var t.d. ákveðið að veiða mætti 155 þús. tonn af þorski. Á aðeins þremur fiskveiðiárum var þetta magn aukið um 95 þús. tonn og síðan minnkað aftur á næstu þremur árum um 71 þús. tonn úr 250 þús. niður 179 þús. Þarna verður á sex fiskveiðiárum gríðarleg sveifla bæði upp og síðan niður í því magni sem veiða má í þessum stofni. Samt verður ekki séð að þorskstofninn hafi neitt byggst upp við það að taka þessar árlegu hreyfingar á því sem veiða mátti úr stofninum á þessum árum. Varðandi ýsuna eru sveiflurnar jafnvel enn meiri. Þar var á fiskveiðiárinu 1994–1995 leyft að veiða 65 þús. tonn. Það var síðan lækkað niður í 30 þús. tonn á sex fiskveiðiárum en síðan var magnið þrefaldað á fjórum fiskveiðiárum upp í 90 þús. tonn.

Ég vil í ljósi þessa, virðulegi forseti, og stöðu þorskstofnsins sérstaklega, bera fram þá fyrirspurn til sjávarútvegsráðherra sem er að finna á þskj. 343 um afstöðu ráðherrans til jafnstöðuafla.

[13:24]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þingmanni að bera fram þessa spurningu sem er eftirfarandi:

„Hver er afstaða ráðherra til jafnstöðuafla, þ.e. þess að ákvarða til lengri tíma en eins árs, t.d. þriggja eða fimm ára, heildarafla sem veiða má úr nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á?“

Þessi fyrirspurn á rætur að rekja til umræðu sem hefur

átt sér stað um langt skeið og einkanlega hér á árum áður meðal hagsmunaaðila í sjávarútvegi og annarra sem láta sjávarútveg til sín taka. Þetta er að mínu mati mjög eðlileg og áhugaverð spurning og sjálfsagt að taka þessi mál til umræðu fordómalaust. Með jafnstöðuafla er hér átt við fastsetningu aflamarks til lengri tíma. Ástæðurnar fyrir þessari umræðu eru einkum af þrennum toga eftir því sem mér sýnist.

Í fyrsta lagi finnst sumum óeðlilegt að verið sé að breyta aflamarki frá ári til árs þegar þekkingarstigið er ávallt háð tiltekinni óhjákvæmilegri skekkju.

Í öðru lagi hefur verið litið til setningar fasts aflamarks til nokkurra ára þar sem slíkt er afar eftirsóknarvert við skipulag veiða, vinnslu og sölu afurða. Mig minnir að það hafi ekki síst verið það sem lá til grundvallar þegar menn lögðu fram þessar hugmyndir á sínum tíma.

Í þriðja lagi er það viðhorf uppi að þar sem ekki hafi tekist að stýra veiðum með árlegu aflamarki á grundvelli ráðlegginga Hafrannsóknastofnunar beri að reyna eitthvað nýtt, svo sem að fastsetja aflamark yfir nokkurra ára tímabil.

Ég ætla fyrst og fremst að dvelja við fyrstu tvö atriðin sem ég tel að vert sé að gera grein fyrir. Það er að eðlilegra sé að fastsetja aflamark til þriggja til fimm ára frekar en að breyta ráðgjöfinni árlega þegar þekkingarstigið er takmörkunum háð og við erum líka háð skipulagi veiða, vinnslu og sölu afurða. Meðal annars sé ekki eðlilegt að gera smávægilegar breytingar á aflamarki þegar óvissan er töluverð. Eins og nú er háttað helgast slíkar breytingar á aflamarki fyrir þorsk á árlegri stofnúttekt þar sem aflamarkið miðast við miðgildi stofnmarks sem er umlukið óvissu. Þannig getur aflamarkið hækkað eða lækkað smávægilega á milli ára þó svo að breytingarnar séu vel innan skekkjumarka matsins. Þetta skiptir þó ekki sköpum varðandi nýtingu og skipulag en kann að sýnast óeðlilegt.

Ef hins vegar er sóst eftir því að jafna afla á milli ára, fastsetja aflamark til nokkurra ára, án þess að auka áhættu, þarf að stilla veiðunum meira í hóf og hugsanlega sætta sig við minni afla. Röksemdafærslan gekk reyndar út á það fyrir nokkrum árum. Menn töldu að með þessu væri verið að sætta sig við að sveiflurnar færu ekki upp á við. Mönnum var þetta alveg ljóst á sínum tíma. En hins vegar væri þá dýfan ekki jafnskörp niður á við heldur. Það er ljóst að áhættan af fastsetningu aflamarks til nokkurra ára, þriggja til fimm ára, eins og fram kemur í fyrirspurninni, er meiri eftir því sem fiskurinn er skammlífari því þá eru veiðarnar háðar færri aldurshópum og þar með árgöngum. Loðnuveiðar eru gott dæmi um þetta, þær eru að langmestu leyti bornar uppi af einum árgangi. Það væri ekki ráðlegt að stilla upp sama aflamarki til þriggja til fimm ára fyrir loðnuveiðar þar sem hrygningarstofninn auk veiða á vertíð hefur sveiflast frá 250 þús. tonnum til 2 millj. tonna síðustu áratugi. Þegar einn lélegur árgangur kemur inn í veiðistofninn, hvað þá tveir eða fleiri í röð, gætu of miklar veiðar haft alvarlegar afleiðingar eins og átti sér stað á árunum eftir 1980. Ef nýta á stofninn af skynsemi er nauðsynlegt að hafa á hverri vertíð mælingu á því sem óhætt er að veiða og ég held að um það sé í sjálfu sér enginn ágreiningur.

Við langlífari tegundir eins og þorsk er áhættan af fastsetningu aflamarks til nokkurra ára ekki eins mikil. Það blasir auðvitað við. Áhættan markast hins vegar af því hversu góð spáin um nýliðun er á því tímabili sem á að fastsetja aflamarkið og raunverulegri sveiflu í nýliðun frá ári til árs. Eftir því sem sveifla í nýliðun og óvissan er meiri þeim mun varlegar virðist þurfa að fara við setningu aflamarks til nokkurra ára. Við fyrstu sýn gæti virst að minnka þyrfti afla árlega svo áhætta sé viðunandi þó svo að nauðsynlegt sé að gera sérstaka greiningu á þessu áður en slíkt er fullyrt. Það er líka ástæða til að vekja athygli á því í þessu sambandi að hugmyndir um jafnstöðuafla eiga að mínu mati miklu frekar við þegar verið er að tala um tiltölulega stóran veiðistofn. Ef við erum að tala um lítinn veiðistofn er augljóst mál að það að fastsetja aflamarkið skapar ákveðna áhættu gagnvart veiðunum í tiltölulega minni veiðistofni. Þegar þessi umræða fór fram fyrir nokkrum árum voru menn væntanlega miklu frekar að tala um stærri veiðistofn heldur en hann er í dag. Ég árétta að veiðistofninn er að mínu mati ekki í neinni hrunhættu en á árum áður var þorskstofninn stærri.

Þessi umræða er áhugaverð. Það eru á henni margir fletir. En við þær aðstæður sem nú eru treysti ég mér ekki til að leggja til jafnstöðuafla gagnvart þorski.

[13:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég hefði nú talið áhugaverðara að menn væru hér að tala um jafnstöðusókn til að fá þá raunverulega mælingu á fiskmagni á veiðislóðinni á hverjum tíma. Það var þannig, hæstv. forseti, að frá árunum 1920 fram til 1990 var meðalafli þorsks á Íslandi í kringum 290 þús. tonn í 70 ár. Frá 1990 til dagsins í dag er meðalaflinn á Íslandsmiðum um 220 þús. tonn. Það munar 70 þús. tonnum frá því sem var og því sem hefur verið. Ég held að það sé mjög áhugavert að láta sóknina sýna okkur sveiflurnar í þorskstofninum milli ára og þess vegna væri jafnstöðusókn miklu æskilegri heldur en að ákveða jafnstöðuafla sem menn geta einfaldlega ekki spáð fyrir um. Það hafa dæmin sýnt. Dæmin sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson tók hér áðan varðandi þorskinn annars vegar og ýsuna hins vegar sýna að framtíðarspá milli ára um þetta er ekki mjög markviss.

[13:31]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hér hreyfir hv. fyrirspyrjandi, Kristinn H. Gunnarsson, áhugaverðu máli sem hæstv. ráðherra sagði að við yrðum að fara yfir og ræða fordómalaust en mér fannst þó þegar hæstv. ráðherra fór yfir rök með og móti því sem hér er verið að spyrja um þá gætti ákveðinna fordóma í garð þessarar leiðar.

Við vitum náttúrlega að það er mikil skekkja fyrir hendi í vísindunum um fiskinn í sjónum og þar er ekki um nein nákvæmnisvísindi að ræða. Ég held að það væri vel þess virði að velta því fyrir sér í fullri alvöru hvort stærstu nytjastofnar á Íslandsmiðum mundu ekki nýtast okkur betur ef við reyndum að velta fyrir okkur jafnstöðuafla til lengri tíma. Að minnsta kosti held ég að það væri fróðleg æfing að byrja á að prófa slíka áætlun til þriggja ára, þó að hún sé ekki í gildi, til að sjá hvernig hún kemur út miðað við þann

afla og ráðleggingar sem gerðar eru á hverju ári, til að sjá hvort sú leið er fær.

[13:32]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hugmyndir um jafnstöðuafla séu að nokkru leyti varhugaverðar nú á þessum síðustu og verstu tíðum. Fyrir það fyrsta mundi þetta náttúrlega eyðileggja möguleika ríkisstjórnarflokkanna á að finna hinn svokallaða kosningakvóta sem finnst alltaf á fjögurra ára fresti og sást síðan í Sjallanum á Akureyri í apríl árið 2003.

Í annan stað er ástandið á Íslandsmiðum einfaldlega varhugavert eins og er. Það er mikil óvissa um helstu nytjastofna, til að mynda loðnu sem er týnd og bólar ekkert á og er hugsanlega hrunin. Það er líka mikil óvissa varðandi þorskinn, þorskstofninn sem er í miklum vandræðum eins og við bentum á í umræðum á Alþingi fyrir jól. Það stefnir í að hann dúndrist niður ef áfram verður haldið á sömu braut og undanfarin ár, að heildaraflamagnið dúndrist niður í u.þ.b. 150 þúsund tonn jafnvel áður en þessu kjörtímabili lýkur.

Ég held að það sé miklu nær fyrir okkur þingmenn að ræða hvað við höfum gert rangt á undanförnum árum og hvernig við getum bætt ráð okkar í þeim efnum en að hugleiða svona hugmyndir núna þegar niðursveiflan er í fullum gangi.

[13:33]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Þessi fyrirspurn lýsir í rauninni hvers konar ógöngur við erum komin í með kvótakerfið. Það kerfi sem hefur verið við lýði síðustu árin hefur skilað miklu minni afla en var fyrir daga þess og ég hef miklar efasemdir um jafnstöðuafla til margra ára. Hvers vegna? Ástæðan er fyrst og fremst sú að dýrastofnar og ekki hvað síst fiskstofna sveiflast gífurlega og mönnum hefur reynst mjög erfitt að spá fyrir um stærð fiskstofna og jafnvel hvað hafi verið veitt mikið hlutfallslega úr stofninum og menn hafi ofmetið það jafnvel mörg ár aftur í tímann. Ef menn ætla að fá mikinn afla þegar dýrastofnar eru í uppvexti þá þarf auðvitað að hafa jafna sókn. Og síðan þegar sóknin er jafnmikil, að hafa þá jafnstöðusókn og þegar dýrastofnar eru í lægð þá fá menn einfaldlega minni afla. Þannig er þetta. Og það er miklu betra fyrir dýrastofna og árangursríkara fyrir nýtingu.

[13:34]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Eitt af vandamálum sem fylgir kvótakerfinu er að það tryggir hámarkssókn þegar veiðistofninn er í mestu lægðinni, því þá geta menn framselt veiðiréttindi milli svæða og ef þeir ná ekki fiskinum á sínu svæði þá næst hann á öðru svæði. Þannig er gengið hart að fiskstofnum í kvótakerfi, sérstaklega þegar þeir eru í lægð.

Ég tel líka að það sé fyllilega ástæða til að velta fyrir sér upplýsingunum sem við höfum um stærð fiskstofnanna og þar er loðnan alveg sérstaklega til athugunar, af því að hæstv. ráðherra nefndi hana. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar þar sem fjallað er um fiskstofnana í 21 ár og fram koma tillögur stofnunarinnar um nýtingu á þeim, kemur í ljós að loðnustofninn er stabílasti veiðistofninn. Það komast engir aðrir stofnar nærri honum hvað varðar tillögur fiskifræðinga til veiða, nema karfastofnarnir samanlagðir. Aðrir stofnar koma þar langt á eftir og þegar menn halda ræðurnar um að þetta sé skammlífur stofn o.s.frv. þá hljóta þeir að staðnæmast við þessar staðreyndir úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar.

[13:36]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni fyrir framlag þeirra. Mér finnst niðurstaðan, bæði úr svörunum og umræðunni vera sú að málið er áhugavert og það er eðlilegt að menn hugi að því að ræða áfram þær hugmyndir sem voru settar fram á sínum tíma um jafnstöðuafla. Meðal annars vegna þess að árangur okkar af uppbyggingu þorskstofnsins hefur ekki orðið sem skyldi. Fyrsta tillagan um hámarksafla á þorski þegar kvótakerfið var sett á árið 1984 voru 200 þúsund tonn. Á yfirstandandi fiskveiðiári erum við að veiða 198 þúsund tonn þannig að niðurstaðan er sú að okkur hefur ekkert miðað áfram. Það hlýtur að hvetja menn til að velta fyrir sér öllum hugmyndum sem upp hafa komið í þeirri von að úr þeim komi einhver rök eða ábendingar sem menn geta nýtt sér til þess að þróa áfram fiskveiðistjórnun okkar til að ná betri árangri en verið hefur.

Ég er út af fyrir sig sammála því að eðlilegasta og besta leiðin væri auðvitað að fylgja sveiflunum í stofnunum þannig að við gætum gefið út breytilega heildarveiði í stofnunum eftir því hversu sterkir þeir eru á hverjum tíma. En vandinn er sá að þekking okkar á lífríkinu er svo takmörkuð að það er gríðarleg óvissa hjá vísindamönnum okkar í því hver sannleikurinn er á hverjum tíma um hvern og einn stofn. Þess vegna held ég að hugmyndin um jafnstöðuafla eigi fullan rétt á sér og mér fannst ég heyra á röksemdum hæstv. ráðherra þar sem hann dregur fram það sem mælir með þessu að þannig væri líklegra að menn næðu árangri til lengri tíma í að byggja upp viðkomandi fiskstofna, sérstaklega þorskstofninn.

[13:38]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka þessa ágætu umræðu. Mér hefur fundist hún bæði fróðleg og málefnaleg. Menn hafa auðvitað verið að glíma við spurningu sem er gríðarlega stór og skiptir okkur öllu máli, þ.e. hvernig við getum tryggt okkur hámarksafrakstur af fiskstofnunum við landið. Auðvitað hafa menn mismunandi sjónarmið í þeim efnum. Það er ekkert óeðlilegt við það. Þess vegna tel ég að umræðan sé af hinu góða og það sé hluti af því að við komumst að niðurstöðu, að við reynum að ræða þessi mál bæði við leikmenn á hinum pólitíska vettvangi og líka vísindamenn og ég tala nú ekki um við þá sem starfa í greininni.

Þess vegna hygg ég að það hafi verið mjög eðlilegt á sínum tíma að menn settu fram hugmyndir um jafnstöðuaflann af ástæðum sem ég nefndi áðan, bæði vegna þess að menn teldu að upplýsingar sem menn hefðu um lífríkið væru takmarkaðar og líka hitt sem skiptir mjög miklu máli

og menn lögðu á þeim tíma mikla áherslu á og það var að reyna að ná utan um þetta, fá einhverja heildarmynd og menn gætu unnið betur og skipulagt sig betur í greininni og komist þannig að skynsamlegri niðurstöðu og náð meiri árangri m.a. á mörkuðum. Þetta eru auðvitað allt saman mjög eðlileg rök og þegar við erum að ræða um skipulag sjávarútvegs okkar þá verðum við auðvitað að hafa alla þessa þætti undir, bæði hinn líffræðilega þátt sem er til grundvallar en síðan auðvitað líka þessa hagfræðilegu efnahagslegu þætti og það sem snýr að mörkuðunum okkar. Ég tel því að þessi umræða sé mjög eðlileg.

Við höfum hins vegar kosið að styðjast við það sem kallað er aflaregla við þorskveiðar. Sú aflaregla sem núna er notuð til að ákveða kvótann gerir ráð fyrir að aflinn sé takmarkaður við 25% af meðalstærð veiðistofns í upphafi árs og áætlar stærð veiðistofns í upphafi næsta árs. En það er hins vegar athyglisvert að við höfum síðan bætt við þessa almennu reglu nýju ákvæði sem í raun og veru er á vissan hátt tilraun til að koma til móts við hugmyndir um jafnstöðuaflann, þ.e. að gert er ráð fyrir því að aflamarkið, kvótinn, breytist ekki meira en um 30 þúsund tonn á ári, alveg sama hvernig þróunin í lífríkinu er. Þessi 30 þúsund tonna stuðari er þarna til staðar þannig að það er athyglisvert að hugmyndafræðin á bak við jafnstöðu aflans hefur þannig ratað inn í þetta með vissum hætti þó að það sé ekki að fullu eða öllu leyti.

Umræðu lokið.

Rækjustofninn í Arnarfirði.

Fsp. SigurjÞ, 354. mál. — Þskj. 388.

[13:40]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Það má segja að sjávarþorpið Bíldudalur sé mjög þjakað af kvótakerfinu og þarna í þessu litla þorpi í Arnarfirði kristallast vitleysa kvótakerfisins. Það gerir það í nýtingarstefnu og ég hefði haldið að þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra kæmi vestan af fjörðum þá gæti hann breytt hlutunum í þá átt sem hann hefur boðað undanfarin ár og jafnvel áratugi, að það ætti að breyta einhverju í kvótakerfinu til hagsbóta fyrir fólkið sérstaklega á Vestfjörðum. Ég hefði haldið að hann mundi líta á ástandið þar með gagnrýnum huga og breyta því sem augljóslega er vitleysa. Þetta kristallast nú á þessu ári í hvernig ástandið er í nýtingarstefnu hæstv. sjávarútvegsráðherra á Vestfjörðum. Hvernig gerir það það? Jú, það er gefinn út kvóti sem er 300 þúsund tonn í rækju í upphafi síðasta árs (Gripið fram í.) nú, 3.000 tonna kvóti. Síðan er hann aukinn enn og aftur í ljósi einhverra niðurstaðna. En í lok ársins er rækjan einfaldlega búin og allar veiðar stöðvaðar. Þrátt fyrir alla þessa ráðgjöf og ég segi nú, hvað hefði orðið um þetta ef það væri einhver jafnstöðuafli? En þarna er búið að gera athuganir æ ofan í æ og menn komast að því að rækjan er horfin þrátt fyrir að hæstv. ráðherra hafi lagt í einhverja tilraun þarna vestur á fjörðum, upp á 70 millj. kr., í að fóðra fiskinn sem er að éta upp rækjuna. Til að koma í veg fyrir að þorskurinn og ýsan éti upp rækjuna er lögð loðna fyrir þorskinn. Ég segi það að Bakkabræðrum norðan úr Fljótum í Skagafirði hefði ekki dottið í hug önnur eins vitleysa. Þeir hefðu auðvitað farið og reynt að veiða fiskinn, þeim hefði ekki dottið þetta í hug. En þetta dettur Sjálfstæðisflokknum í hug, að fara að fóðra afræningja sem eru að éta upp rækjuna. Þetta er hrein og klár della, það sjá allir.

Hvers vegna er þorskurinn ekki veiddur þarna? Ástæðan er einkum sú að það er ekki til kvóti og enn fremur vegna þess að fiskurinn er lítill og ef einhver ætti kvóta væri miklu nær að verja honum í að veiða stóran fisk sem maður fær meira verð fyrir. Ég er á því og ég vonast til þess að hæstv. sjávarútvegsráðherra skoði þetta dæmi í alvöru og það verði til þess að hann breyti þessari nýtingarstefnu. Þetta getur ekki gengið svona lengur. Við sjáum það að allar bætur á þessari vitleysu gera einfaldlega vont verra.

[13:44]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr: „Hver er að áliti ráðherra ástæða þess að rækjustofninn í Arnarfirði hefur minnkað?“ Í könnun Hafrannsóknastofnunarinnar í október sl. fannst rækja á mjög takmörkuðu svæði innst í Borgarfirði, norðan Langaness í Arnarfirði og var heildarvísitala og vísitala kvendýra lág eða einn sjötti af vísitölunni haustið 2004. Nánar tiltekið fékkst rækjan aðeins í tveimur togum af 22. Til samanburðar fékkst rækja í fjórum togum af 22 í haustkönnun árið 2004. Mjög mikið var af ýsu, lýsu og þorski í öllum firðinum.

Eftir febrúarkönnun á síðasta ári þegar vísitala rækju var enn há og ýsa og þorskur höfðu gengið utar, voru leyfðar veiðar á 300 tonnum af rækju, ekki 300 þúsund tonnum eins og hv. þingmaður var með tilgátu um eða 3.000 tonn heldur 300 tonnum af rækju. Talsverð óvissa var þar enn í mælingum á rækjustofninum í febrúar eins og var reyndar einnig í október 2004 þar sem rækjan var á minna svæði en vanalega miðað við árstíma. Eftir mánaðarveiði í mars sl., meiri dreifingu rækjunnar og góðan afla á sóknareiningu var ákveðið að auka aflamarkið í 450 tonn. Þetta var gert í samráði við heimamenn sem sendu Hafrannsóknastofnunni nákvæmar staðsetningar á rækjutogunum í Arnarfirði. Þannig fékkst mynd sem sýndi aukna útbreiðslu rækjunnar miðað við októberkönnunina 2004 og síst minni útbreiðslu miðað við febrúarkönnunina 2005.

Að ósk heimamanna og samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins stóð veiðitímabilið fram eftir sumri eða lengur en venja er þar sem illa gekk að veiða rækjuna á þeim takmarkaða tíma sem eftir var af vertíðinni. Bergmálsmæling Hafrannsóknastofnunarinnar á fiski, einkum þorski, fór fram í sérkönnunum fyrst í febrúar, því næst í júní og loks í október árið 2005. Febrúarkönnunin sýndi að lítið var af þorski í Arnarfirði en ýsa mælist illa í bergmálsmælingu sökum þess hve nálægt botni hún heldur sig eins og kunnugt er. Rækjukönnun sem fór fram í júní sýndi að mjög mikið var af ýsu í Arnarfirði sem hélt sig mun utar en fyrr um veturinn. Í júní var rækjan enn dreifð. Heldur meira var af þorski á sama stað og í febrúar og í október 2005 var bergmálsmælt á ný og fannst þá mikið af þorski og ýsu innst í Arnarfirði, í Borgarfirði nánar tiltekið, og mjög ná-

lægt rækjutorfunni en heildarendurvarp á bolfiski í bergmálsmælingunni var margfalt meira en í febrúarkönnuninni 2004. Það er þess vegna ekki að undra, virðulegi forseti, að núna er talsverð þorskveiði í Arnarfirði og síðast í gær talaði ég við sjómann sem var að koma úr róðri og sagði mér að það fiskaðist ágætlega og það væru fjölmargir á veiðum þannig að upplýsingar hv. þingmanns um það að ekki væri verið að stunda þorskveiðar í Arnarfirði eru því einfaldlega rangar.

Samkvæmt reynslu fiskifræðinga hefur oft orðið mjög mikil þétting á rækju rétt áður en hún hverfur af svæðinu. Má þar t.d. vitna í hvernig rækjan í Húnaflóa þéttist gríðarlega innst inni í Miðfirði í febrúar árið 2000. Haustið 1999 var enn rækja innarlega í Húnaflóa en vísitala rækjustofns hafði minnkað verulega frá því veturinn 1997–1998 samfara því að mikið af þorski tók að halda sig allan veturinn á rækjuslóðinni. Það voru engar rækjuveiðar leyfðar á innanverðum Húnaflóa veturinn 1999 og 2000 og samt hvarf hún nánast öll.

Í grein eftir Unni Skúladóttur og fleiri um hrun rækjustofna á grunnslóð sem birtist í Ægi, 8. tölublaði 94. árgangi, er lýst hruni rækjustofna á fjórum fjörðum norðanlands samfara aukinni fiskgengd og einnig aukinni viðveru fisks á svæðunum allan veturinn. Upphaflega var talið að þorskur væri aðalafræninginn en á síðari árum hefur ýsu fjölgað gríðarlega á grunnslóð og þótt hún éti mun minna en þorskur að mati Hafrannsóknastofnunar þá er fjöldinn slíkur að ýsan getur haft töluverð áhrif. Það má þannig álykta að helsta ástæða minnkunar rækju í Arnarfirði sé vegna afráns fisks, þorsks, ýsu og að einhverju leyti lýsu á rækjustofninum enda aukin fiskgengd á grunnslóð undanfarin missiri eins og kunnugt er. Rækjuveiðarnar hafa auðvitað haft neikvæð áhrif sem viðbót við afránið sem væntanlega hefur aukist mjög einhvern tíma eftir umrædda bergmálsmælingu í júní sl. en þá safnaðist rækjan saman í eina torfu í ágúst innst inni í Arnarfirði. Sennilega hafa þá þorskur og ýsa smalað rækjunni innst í fjörðinn líkt eins og við höfum reynslu af víða eins og allir vita.

[13:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Verið er að gera tilraun í Arnarfirði sem ég held að sé áhugaverð út af fyrir sig þó að ég sé sammála því að útfærslan á henni geri ekki annað en að draga meiri fisk inn í fjörðinn, þ.e. í fóðurstöðvarnar. Þess vegna hefði auðvitað verið eðlilegt að draga línu þvert yfir fjörðinn innan við fóðurstöðvarnar og leyfa Bílddælingum að veiða þann fisk sem inn fyrir fer. Þá hefðu menn gert tvennt í einu. Í fyrsta lagi áttað sig á hvernig gengi að draga fisk í fjörðinn og halda honum á ákveðnum stöðum við ætistöðvarnar eða fóðurstöðvarnar og í öðru lagi að veiða þann fisk sem gengi inn á rækjuslóðina og koma þannig í veg fyrir rækjuhrun í Arnarfirði.

Ég held að Bílddælingum hefði ekki veitt af því að fá slíkan forgang. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það er mikil veiði í Arnarfirðinum. En það eru ekki endilega skip frá Bíldudal sem stunda þær veiðar af krafti heldur miklu frekar skip frá öðrum stöðum sem hafa yfir meiri kvóta að ráða.

[13:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég heyrði ekki að hæstv. ráðherra segði álit sitt á þessari tilraun. Það væri þess vegna fróðlegt að fá að heyra hvað hann segir um hana. Hún er sjálfsagt áhugaverð en spurningin er hvort hún virkar ekki þveröfugt á rækjustofninn og ég held að það sé ástæða til að halda að svo geti verið. Veiðar á rækju hafa alltaf verið sveiflukenndar og rækjustofnar eru það og alveg sérstaklega í þessum litlu vistkerfum í fjörðunum. Sú veiði og það arðrán sem þar er í gangi á hverjum tíma hefur þess vegna gríðarleg áhrif. Ég tel að það sé full ástæða til að fara varlega í tilraun eins og þessa og spurningin er hvort menn hafi valið réttan stað fyrir hana þarna, en tilraunin er áhugaverð og full ástæða til að reyna hana við aðstæður þar sem ekki er verið að stofna lífríkinu í hættu.

[13:50]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Lögð hefur verið fram fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra um rækjustofninn í Arnarfirði. Það er annar rækjustofn, úthafsrækjan, sem við erum í vandræðum með. Fyrir áramót átti ég ágæta utandagskrárumræðu við hæstv. ráðherra um ástandið á úthafsrækjunni. Þar kom m.a. fram hjá hæstv. ráðherra að hann hefði skipað þriggja manna nefnd til að fara í gegnum hvað gera skyldi og hvernig staðan væri hvað úthafsrækjuna varðar. Því vil ég nota þann stutta tíma sem ég hef til að spyrja hæstv. ráðherra og vona að hann geti svarað því hvort þessi nefnd hafi skilað áliti og hvort niðurstaða sé komin frá henni og í framhaldi af því, hvað eigi að gera. Hverjar verða tillögur ráðuneytisins og hæstv. sjávarútvegsráðherra gagnvart úthafsrækjuútgerðunum, vinnslunum, bæjarfélögunum og starfsfólkinu? Ástandið er auðvitað mjög alvarlegt hvað þetta varðar. Ég hef ekki tíma til að fara yfir það núna en allir eru klárir á því hve vandamálið er mikið. Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, spyrja hæstv. ráðherra: Hefur nefndin skilað áliti og hvað skal gera gagnvart úthafsrækjunni?

[13:52]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þessi tilraun vestur í Arnarfirði er náttúrlega grátbrosleg en hún ætti kannski fyrst og fremst að vera grátleg því að þetta er allt saman ein sorgarsaga og mikill harmleikur.

Hvernig er staðan? Rækjustofnarnir eru hrundir, hörpudisksstofninn er hruninn, flatfiskstofnarnir eru í sögulegu lágmarki, úthafskarfinn og þorskstofninn eru sömuleiðis í sögulegu lágmarki. Það virðist vera þó nokkuð af ýsu en hún er hætt að vaxa, sennilega út af ætisskorti, og það virðist vera þó nokkuð af ufsa. Loðnustofninn er sennilega hruninn. Er þetta ekki svolítið svart? Mér finnst það. Þetta er staðan í dag. Rækjan lifir á lífrænum efnum í hafinu, hún er m.a. hrææta. Gæti ekki verið að rækjan sé einmitt hrunin vegna þess að við erum búin að ganga allt of nærri loðnustofninum? Gæti það ekki verið skýringin? Hvernig væri nú að menn færu að hugsa? Lesið Bjarna Sæmundsson. Þið getið fundið nokkur skrif hans á heimasíðu minni. Hvað

sagði hann fyrir 100 árum? Menn ættu aðeins að fara að hugsa sinn gang og athuga hvort þessi nýtingarstefna hafi ekki verið kolröng.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Það má vera að það sé áhugavert að gera eitthvað sem er órökrétt og þess vegna sé áhugavert að sjá hvað kemur út úr svona tilraun að fóðra fiska í því augnamiði að koma í veg fyrir að þeir éti upp rækjuna. En ég hefði talið miklu réttara að Bílddælingum væri einfaldlega heimilt að veiða þann fisk sem er að éta upp rækjuna þeirra. Hvað er að því? Jú, kerfið er svo heilagt í augum að kvótaflokkanna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, að meira að segja þegar fiskur er að éta upp rækjustofna vestur á fjörðum eru menn ekki tilbúnir að fara í þá tilraun að leyfa fólkinu þar að veiða þann fisk heldur er farið í að gera eitthvað sem er algerlega órökrétt og afræningjunum er gefið að éta. Þetta er fáheyrt og í rauninni algjör vitleysa.

En það er annað sem þetta dæmi sýnir okkur, það er verið að meta rækjustofninn í afmörkuðum firði, þetta er ekki fiskur sem syndir langan veg, en þrátt fyrir að við séum með afmarkaðan fjörð og rannsóknarmenn sem koma og mæla fiskinn og gefa út leyfi og menn nái síðan ekki að fiska upp í þann kvóta sem gefinn er út, hverfur rækjan eins og dögg fyrir sólu og menn hætta að veiða. Þessi nýtingarstefna er della og ég trúi ekki öðru en að menn fari að skoða þetta dæmi vestur á fjörðum sem er afmarkað eins og áður segir í Arnarfirði, menn hljóta að skoða það með gagnrýnum hætti að þetta kerfi getur ekki verið svo heilagt að það megi rústa hverju þorpinu á fætur öðru.

[13:55]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Fyrst aðeins varðandi þá tilraun sem menn hafa verið að gera vestur í Arnarfirði og hér hefur verið gerð að umræðuefni, þá er ég ósammála hv. þingmönnum Magnúsi Þór Hafsteinssyni og Sigurjóni Þórðarsyni um að hún sé ekki áhugaverð. Ég er hins vegar alveg sammála hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni um að þetta er áhugaverð tilraun. Þetta er tilraun sem ég tel sjálfsagt að við höldum áfram.

Menn hafa verið að velta því fyrir sér hvort þetta sé ekki þannig að við séum, eins og hér var sagt, að fóðra afræningjana, fóðra þorskinn og gera það að verkum að hann komi frekar inn í fjörðinn og liggi síðan í rækjunni. Nú liggur það alveg fyrir að ein vitneskjan sem menn hafa fengið af þessari tilraun er einfaldlega sú að þessi tilraun dregur að sér þorsk af tiltölulega afmörkuðu svæði. Reyndar af afmarkaðra svæði en menn trúðu í upphafi. Eitt af því sem gefur okkur upplýsingar er auðvitað að fara í tilraunir af þessu tagi. Það er því ekkert sem bendir til þess að það sé þannig eins og hv. þingmenn veltu fyrir sér að þessi tilraun verði þess valdandi að granda rækjunni í Arnarfirðinum. Það eru allt aðrar aðstæður sem valda því.

Hér var líka spurt um það sem ég nefndi í umræðu um rækju síðastliðið haust um að ég hefði skipað nefnd til að koma með hugmyndir varðandi stöðu rækjuiðnaðarins og rækjuveiðanna. Það er rétt og þessi nefnd hóf störf 26. október sl. og hún er einmitt að skila af sér núna þessa dagana. Vonandi get ég kynnt þessi mál jafnvel í dag eða á morgun þar sem ég kynni niðurstöður skýrslunnar og þá verður strax séð til þess að þær hugmyndir líti í meginatriðum dagsins ljós í þingmáli. Ég er með þessum hætti að reyna að bregðast við þessum bráða vanda. Hins vegar vil ég undirstrika að vandi rækjuiðnaðarins er ákaflega margslunginn eins og kom fram í umræðunni á sínum tíma og auðvitað er það ekki svo að það sé algerlega á valdi stjórnvalda að bregðast við að öllu leyti. Við munum hins vegar bregðast við eins og hægt er til að létta stöðu rækjuvinnslunnar og rækjuveiðanna og sýna þannig hug okkar í verki og undirstrika að við teljum mikilvægt að bregðast við í þessum efnum.

Umræðu lokið.

Staða íslensks skipaiðnaðar.

Fsp. SigurjÞ, 323. mál. — Þskj. 355.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Í fyrra fór hér fram umræða um framtíð íslenska skipasmíðaiðnaðarins. Hún fór m.a. fram í tengslum við það að stjórnvöld sendu varðskip til viðgerða úr landi, alla leið til Póllands, þrátt fyrir að sambærilegt tilboð hefði komið frá Slippstöðinni á Akureyri í viðgerð á skipunum. Það er fullvíst og kom reyndar fram í svari við fyrirspurn sem ég lagði fyrir hæstv. dómsmálaráðherra að kostnaðurinn hefði verið svipaður og hefði örugglega verið þjóðhagslega miklu hagkvæmara að vinna verkið hér heima á Akureyri en að senda það úr landi.

Í þessum umræðum fullyrti hæstv. byggðamála- og iðnaðarráðherra að leggja ætti fram tillögu fyrir ríkisstjórnina frá nefnd sem skipuð var og hafði nýlokið við gerð skýrslu um samkeppnishæfni skipasmíðaiðnaðarins. Það er ekki fyrsta skýrslan sem gerð verið hefur á vegum stjórnvalda á undanförnum árum heldur eru þær orðnar nokkrar, hér er bunki af skýrslum, en lítið virðist vera um efndir á því að framkvæma það sem lofað hefur verið að gera. Í þessari umræðu fullyrti hæstv. byggðamála- og iðnaðarráðherra að það ætti að fylgja þessum tillögum fast eftir í ríkisstjórninni. Tillögurnar voru lagðar fram í fimm liðum. Það voru tvær megintillögur. Annars vegar að hækka endurgreiðslur af aðflutningsgjöldum og hins vegar að fara sömu leið og Evrópusambandið, að skilgreina skipasmíðaiðnaðinn sem hátækniiðnað og þá mætti hækka styrki allt upp í 20% ef þeim væri varið til hönnunar og hátækni í iðnaðinum, en þá þyrfti auðvitað að tryggja að styrkirnir væru notaðir til þeirra verka. Það hefur ekkert gerst og því hef ég beint þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort ekki eigi eitthvað að fara að gerast. En það sem hefur gerst á undanförnum árum í valdatíð Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, það var reyndar áður en að núverandi hæstv. iðnaðarráðherra kom til valda, er að samkeppnisstaðan var skert. Menn lækkuðu endurgreiðsluhlutfallið af aðflutningsgjöldum úr 6,5% í 4,5% og það eru afrek ríkisstjórnarinnar. Ég hefði talið

tímabært að huga að því hvað eigi að verða um þennan iðnað því það blasir við m.a. í mínu kjördæmi, á Akranesi, að menn vilja fá einhver svör í skipasmíðastöðinni þar og ekki síður á Akureyri, í kjördæmi hæstv. iðnaðarráðherra. Það væri fróðlegt að frétta af því hvort einungis eigi að gera þessa skýrslu eða hvort við megum búast við einhverjum aðgerðum.

[14:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hafa stjórnvöld lagt ríka áherslu á að bæta starfsskilyrði atvinnulífs og stuðla þannig að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífsins hér á landi. Þetta hefur skilað verulegum árangri sem m.a. kemur fram í auknum hagvexti, nýsköpun, útrás fyrirtækja og auknum kaupmætti. Frá 1995 til ársins 2005, eða sl. tíu ár, hefur t.d. samkeppnisstaða Íslands í fjölþjóðlegum samanburði farið úr 25. sæti í það fjórða samkvæmt mati virtrar stofnunar í Sviss og í það sjöunda samkvæmt World Economic Forum. (**GAK:** Er engin stofnun ...?) Þetta er hækkun um tvö sæti að meðaltali á ári sl. tíu ár sem verður að teljast góður árangur ekki síst með hliðsjón af því að það er langtímaþróun sem skiptir máli í þessu sambandi en ekki sveiflur á milli einstakra ára.

Einnig hefur verið unnið að margvíslegum aðgerðum til stuðnings atvinnurekstri almennt sem m.a. varðar skipasmíðaiðnað. Almennt starf er innt af hendi er varðar atvinnuþróun og þjónustu við fyrirtæki innan stofnana svo sem Impru nýsköpunarmiðstöðvar, Iðntæknistofnunar, rannsóknastofnana, atvinnuþróunarfélaga og annarra sem að þessum málum koma. Einnig hafa samkeppnissjóðir svo sem Tækniþróunarsjóður verið efldir verulega.

Gripið hefur verið til sérstakra ráðstafana í skipaiðnaði til að treysta starfsskilyrði greinarinnar þannig að hún keppi á jafnréttisgrundvelli við erlenda samkeppnisaðila. Í þessu sambandi má m.a. nefna viðamikla úttekt á samkeppnisstöðu greinarinnar sem gerð var árið 2002. Á vegum iðnaðarins var gerð úttekt á stöðu og framtíð skipaiðnaðarins við Faxaflóa í apríl 2005 og jafnframt var gerð skýrsla á vegum ráðuneytisins um samkeppnisstöðu skipasmíðaiðnaðarins á febrúar 2005.

Í þessum skýrslum kemur skýrt fram að á umliðnum árum hafa orðið miklar breytingar á ytra umhverfi í skipasmíðaiðnaði vegna margvíslegra þátta sem ekki er á valdi stjórnvalda að hafa áhrif á. Í því sambandi má nefna eftirfarandi atriði: Alþjóðleg samkeppni er afar mikil og skipasmíðar hafa verið að færast til láglaunalanda. Hreyfanleiki verkefna er mjög mikill á milli landa. Miklar breytingar hafa orðið á skipaflotanum sem hafa haft áhrif á skipaiðnaðinn. Afkastageta er of mikil í skipaiðnaði og verðsamkeppni mikil. Auknar alþjóðlegar kröfur eru í verkefnum í skipaiðnaðinum.

Svo virðist sem rekja megi helstu erfiðleika í skipaiðnaði til breytinga á mörkuðum í iðnaðinum vegna alþjóðlegra og innlendra áhrifaþátta sem ekki er á færi stjórnvalda að fást við heldur er það atvinnugreinarinnar að glíma við slík atriði á sama hátt og aðrar greinar gera. Í þessu sambandi má þó geta þess að veitt er endurgreiðsla vegna aðflutningsgjalda að upphæð 4,5% vegna nýsmíði og meiri háttar endurbóta til samræmis við það sem erlendis er gert til að greinin geti keppt á grunni jafnræðis við erlenda keppinauta. Nýsmíði smárra fiskibáta úr plasti hefur farið vaxandi vegna aukinnar eftirspurnar á innlendum sem erlendum mörkuðum sem er enn eitt dæmi um breytingar sem eru að gerast í greininni. Þess er einnig að geta að miklar stóriðjuframkvæmdir hafa skapað fjölda verkefna í skipaiðnaði sem nýst hafa greininni afarvel ekki síst vegna samdráttar í skipaverkefnum.

Að síðustu vil ég nefna að starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins er að störfum til að yfirfara atriði er varða tolla og breytingar sem orðið hafa og varða endurgreiðslur á aðflutningsgjöldum í skipasmíðaiðnaðinum. Þetta starf mun taka nokkurn tíma eða nokkrar vikur til viðbótar vegna flókinna atriða sem þar eru til umfjöllunar.

[14:05]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Mér er spurn hvort hæstv. iðnaðarráðherra og ég séum í sama landi. Vegna þess að ég skil ekkert í þessum orðum hérna. Teljandi upp í hvaða sæti við erum á hinum og þessum listum. Erum við ekki hamingjusamasta þjóð í heimi líka? Ég er bara ekki alveg viss um það. Staðreyndirnar tala sínu máli. Það er verið að senda rannsóknaskip og varðskip úr landi. Á meðan fer Slippstöðin á Akureyri á hausinn og eins og fyrirspyrjandi, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, benti á hefði sennilega verið miklu ódýrara að framkvæma þá viðgerð á Akureyri. Ætlar hæstv. iðnaðarráðherra að segja mér að þetta sé bara allt í góðu lagi? Á meðan blasir við gjaldþrot hjá Slippstöðinni upp á meira en 1 milljarð. Og það að stóriðjuframkvæmdir hafi komið skipasmíðaiðnaðinum sérstaklega til góða, það er fullkominn misskilningur. Ég veit ekki betur en einmitt þetta gjaldþrot hjá Slippstöðinni sé út af einhverri Kárahnjúkadellu. (Forseti hringir.)

[14:06]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég verð eiginlega að taka undir orð hv. þm. Hlyns Hallssonar. Í hvaða samfélagi er hæstv. iðnaðarráðherra eiginlega? (**Iðnrrh.:** Í hvaða landi eru Vinstri grænir?) Vinstri grænir eru nefnilega á Íslandi. Það er þannig. En þegar ráðherrann talar um að stóriðjuframkvæmdirnar fyrir austan hafi komið skipasmíðaiðnaðinum á Akureyri sérstaklega vel, þá ætti hæstv. ráðherra að kynna það fyrir fyrrverandi kjósendum sínum á Akureyri sem munu vonandi aldrei kjósa hana aftur á þing.

Frú forseti. Ráðherrann svaraði ekki þeim spurningum sem beint var til hennar af hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni. Hvað hefur iðnaðarráðherra gert til að framkvæma þau atriði sem aðilar bæði af hálfu ráðuneytisins og af hálfu samtaka atvinnulífsins og iðnaðarins voru sammála um að þyrfti að gera til að bæta samkeppnisstöðu skipasmíðaiðnaðarins? Hvað hefur verið gert? Álglýja iðnaðarráðherra og trú á að álverksmiðjur bjargi skipasmíðaiðnaðinum á Íslandi er alveg með endemum. Hvað hefur ráðherra gert til að framfylgja þeim tillögum (Forseti hringir.) sem lagðar voru til til að styrkja skipasmíðaiðnaðinn á Íslandi og gera hann samkeppnishæfan? (Forseti hringir.) Það er það sem

spurt er um, frú forseti.

(**Forseti** (JBjart): Af tilefni ræðu hv. þingmanns Jóns Bjarnasonar vill forseti minna þingmenn á að virða tímamörk. Tímamörk eru einungis ein mínúta í stuttum athugasemdum.)

[14:08]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það, ég hélt að hæstv. iðnaðarráðherra væri stödd í einhverju öðru landi núna við þann lestur á þeim stíl sem hún hafði með sér úr iðnaðarráðuneytinu. Hvílík öfugmæli. Bæta starfsskilyrði íslensks iðnaðar. Enda svo á að skýra okkur enn einu sinni frá því að starfshópurinn um íslenskan skipaiðnað og samkeppnishæfni iðnaðar á Íslandi sé enn að störfum og eigi mikið eftir vegna þess að málið sé flókið. Þvílíkt og annað eins. Hæstv. ráðherra fær falleinkunn fyrir störf sín að iðnaðarmálum hvað varðar skipaiðnaðinn á Íslandi.

Það er annar iðnaður sem er að leggja upp laupana núna um þessar mundir og verður líka rós undir öfugum formerkjum í hnappagat hæstv. ráðherra. Það er íslenskur skinnaiðnaður. Hvað hefur hæstv. ráðherra gert í því? Akkúrat ekki neitt. Á næstu vikum er verið að loka á Akureyri vinnustað sem var einu sinni jafnvel 80–100 manna vinnustaður, er núna tæplega 20 manns. Þar er verið að leggja niður þá starfsemi vegna þess að samkeppnisgrunnur iðnaðarins er ekki fyrir hendi. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Iðnaðarráðherra fær falleinkunn í flestum þessum málaflokkum að mínu mati.

[14:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í þessari fyrirspurn var spurt svona nokkurn veginn um hvað ætti að verða um skipaiðnaðinn á Íslandi. Það var held ég meginefni fyrirspurnarinnar.

Nýlega hefur verið sagt frá því af Samtökum iðnaðarins að raforkuverð til iðnaðarfyrirtækja hafi hækkað verulega. Er það í algjörri andstöðu við það sem hæstv. iðnaðarráðherra tjáði okkur þegar rætt var um raforkulögin á sínum tíma. Ég kallaði þá aðgerð nafni sem ég tek mér ekki oft í munn, en orðaði það svo að ráðherrann hefði verið að gera axarsköft í öllu því máli. Ég held að ég geti alveg endurtekið það því niðurstaðan er sú að það sem ekki átti að verða varð í hækkun raforkuverðs. Við höfum ekki haft neinn hag af því sem gert hefur verið í raforkumálum, því miður, ekki heldur fyrir skipaiðnaðinn.

[14:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Skipasmíðaiðnaðurinn á Íslandi er mikil sorgarsaga og hún er ekki að byrja núna. Hún byrjaði í kringum 1990 og jafnvel fyrir þann tíma. Síðan hafa ríkisstjórnir og iðnaðarráðherrar allar götur fram á þennan dag gjörsamlega brugðist í því að tryggja þeim iðnaði einhverja framtíð. Þannig er það. Hæstv. iðnaðarráðherra sem nú situr hefur ekki staðið sig betur en hinir. En það er lítið orðið eftir af skipasmíðaiðnaðinum. Hann er bara búinn. Það er verið að smíða nokkrar trillur hérna í landinu, annað er það nú ekki. Örfá fyrirtæki eru eftir í þessum iðnaði og þau eru að gera eitthvað allt annað en að vinna í skipasmíðum. Þannig er það. Hæstv. ráðherra ætti að spara sér löngu ræðurnar um hvað sé verið að skoða og segja mönnum hvað hún ætlar að gera. Og með hvaða hætti hún telur að það geti gagnast skipasmíðaiðnaðinum. Fram að þessu hefur allan vilja skort hjá yfirvöldum í landinu til að styðja þennan iðnað. (Forseti hringir.) Þeir hafa hins vegar haft nógan skilning á því (Forseti hringir.) að framleiða þurfi kindakjöt og mjólk í landinu.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra mjög fyrir svörin. Það kemur skýrt fram í svörum hæstv. ráðherra byggðamála- og iðnaðar að hún hefur ekkert gert. Hún varði tíma sínum aðallega í að tala um aðra hluti, t.d. um að Ísland væri ofarlega á einhverjum lista. Ég get upplýst hæstv. ráðherra um að menn eigi ekki að taka svona lista allt of alvarlega og það m.a. að Ísland er mjög ofarlega á spillingarlistanum þrátt fyrir að Framsóknarflokkurinn t.d. og ýmsir aðrir flokkar, svo sem Sjálfstæðisflokkurinn, fela fjárframlög í sjóði sína. Þetta mundi náttúrlega hvergi líðast nema í svörtustu Afríku. Menn eiga því ekki að taka þessa lista allt of hátíðlega heldur verkefni dagsins.

Verkefni dagsins er skipasmíðaiðnaður og ég spyr hæstv. ráðherra út í það. Hún hefur áður sagt að hún ætlaði að fylgja málinu fast eftir og nú er liðið tæpt ár síðan hún sagði þau orð og hefur ekkert gert. Hún hefur náttúrlega verið upptekin af ýmsum öðrum verkum, svo sem að breyta raforkukerfi landsmanna og leita eftir nýjum og nýjum álverum, jafnvel þremur í sömu viku. Ég tel að áður en lengra er haldið á þeirri braut að hækka t.d. rafmagnið á iðnaðarfyrirtæki, skipasmíðaiðnaðinn og á þá sem búa í dreifbýli, verðið er orðið það hátt að auka þarf skattheimtu á aðra íbúa til þess að lækka þann kostnað, þá eigi menn að staldra við og snúa sér að þessu verkefni. Um þúsund manns störfuðu í þessum iðnaði og þeim hefur farið hríðfækkandi. Þeir sem vinna enn þá hjá þessum fyrirtækjum eru jafnvel að vinna í einhverjum öðrum verkum. Hér eru tækifæri. Menn eiga ekki bara að afskrifa þetta eins og hæstv. ráðherra virðist gera. Ég er á því og vonast til að þessi umræða verði til að ráðherra láti nú hendur standa fram úr ermum og taki til og skoði þessi mál í alvöru því að það er kominn tími til að hrinda þessum ágætu skýrslum í framkvæmd.

[14:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætti náttúrlega að vera mjög hnuggin og döpur þegar ég kem hér upp þegar fimm til tíu hv. þingmenn eru búnir að koma hér upp og hundskamma mig. En einhverra hluta vegna er það alls ekki svo. Það er kannski vegna þess að hv. þingmenn hafa verið svo ótrúlega ómálefnalegir í málflutningi sínum og farið með svo mikla vitleysu að mér er eiginlega vandi á höndum hvernig ég á að nota þennan litla tíma sem ég hef til að bregðast við öllum þeim ósköpum. (Gripið fram í.)

Það sem ég ætla fyrst að segja er að ég ber enga ábyrgð á því að varðskipin fóru úr landi. Ég er margbúin að segja hv. þingmönnum það. (**Gripið fram í:** Ríkisstjórnin ...)

Hæstv. forseti. Hver hefur orðið hérna? (**Gripið fram í:** Af hverju fór Björn út?) Það vill svo til að í ríkisstjórn Íslands fer bara einn ráðherra með hvert málefni og hvern málaflokk og ég fer ekki með þann málaflokk sem hér um ræðir. Það er löngu búið að koma fram og ég hef reyndar sagt það opinberlega að ég tel að grundvöllur hafi verið til að gera við þessi skip á Akureyri.

Síðan er það sem kom út úr þeirri vinnu sem fór fram m.a. á mínum vegum um hvaða aðgerðir væru líklegar til að geta borið árangur í sambandi við skipasmíðaiðnaðinn. Það sem þar var efst á blaði var að hækka endurgreiðslur á aðflutningsgjöldum úr 4,5 í 6%. Það er þetta sem ég sagði í lok ræðu minnar áðan að er til umfjöllunar innan fjármálaráðuneytisins sem fer með tollamál. Það er ekki langt þangað til vona ég að svör berist um hvernig farið verður með þetta mál. Þetta er stærsta málið.

Svo fara hv. þingmenn að tala um skinnaiðnað og það náttúrlega kemur augljóslega fram ágreiningur innan Samfylkingarinnar því einn þingmaður vill setja peninga úr ríkissjóði í skinnaiðnaðinn. Hinn talar um að allir peningar fari í kindakjöt og mjólk. Landbúnaðarstefnan er því út og suður þar.

Síðan er það raforkuverðið, að það hafi hækkað. Það hefur lækkað. Ég ætla að biðja hv. þingmenn að átta sig á því (Forseti hringir.) að það hefur almennt lækkað. Að minnsta kosti (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) til fyrirtækja á landsbyggðinni. (Gripið fram í.)

Umræðu lokið.

Atvinnumál á Ísafirði.

Fsp. KHG, 339. mál. — Þskj. 373.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Á síðustu árum hefur verið að festast í sessi sú stefna að einbeita afli hins opinbera til að byggja upp þrjá byggðarkjarna á landinu utan áhrifasvæðis höfuðborgarsvæðisins. En það hefur stækkað og nær nú allt frá Reykjavík og vestur á Snæfellsnes og austur fyrir fjall, austur í Rangárvallasýslu og til Suðurnesja. Svæðin sem menn hafa komist að niðurstöðu um að reyna að styrkja byggð sérstaklega á eru á miðju Austurlandi, í Eyjafirðinum, einkum á Akureyri, og síðan á Vestfjörðum og þá einkum á Ísafirði.

Við höfum séð að hið opinbera hefur varið miklum tíma og kröftum til að ná árangri á þessu sviði og vissulega hefur margt gerst. Mikil uppbygging menntastofnana í Eyjafirði hefur styrkt Akureyri mjög mikið sem stærsta byggðarkjarna utan höfuðborgarsvæðisins og hinar miklu og að sumu leyti umdeildu framkvæmdir á Austurlandi, virkjunarframkvæmdir og álversframkvæmdir, hafa snúið við langvarandi byggðaþróun þannig að nú er fólki að fjölga þar og atvinnulíf að styrkjast.

Nýlega kom út skýrsla á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins sem heitir Landfræðilegt litróf íslenska fasteignamarkaðarins. Hún dregur þetta fram en hún dregur það líka fram að um þriðja svæðið, Ísafjörð, gegnir öðru máli en um hin tvö. Á því svæði hefur fólki fækkað um 2.100 frá árinu 1990 til 2004. Raunhækkun launa á þessu svæði hefur verið helmingur þess sem annars staðar hefur verið á landinu þannig að laun hafa lækkað í hlutfalli við það sem orðið hefur hjá öðrum landsmönnum. Og í þriðja lagi hefur fasteignaverð þar lækkað um 28% en það hefur hækkað alls staðar annars staðar á landinu, 24% á Austurlandi og 30% á Norðurlandi eystra.

Þegar ríkið ákvað að selja Símann gerðist það að nýir eigendur ákváðu að draga úr atvinnustarfsemi sinni á Ísafirði með því að loka starfsstöð dótturfyrirtækis síns sem heitir Já á Ísafirði og færa störfin sem þar eru eða voru til Akureyrar og Egilsstaða. Meiningin hjá hinum nýju eigendum var að styrkja starfsstöður sína á þessum tveimur stöðum en loka á Ísafirði.

Í ljósi þeirrar þróunar sem hefur verið á atvinnumálum á Ísafjarðarsvæðinu spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hyggst ráðherra bregðast við ákvörðun Símans um að loka starfsstöð fyrirtækisins Já á Ísafirði í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur þá stefnu að efla Ísafjörð sem byggðarkjarna?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir fjárveitingu til atvinnuuppbyggingar á Ísafirði til mótvægis við samdrátt sem leitt hefur af sölu Símans?

[14:20]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hvert starf er dýrmætt sérstaklega þar sem atvinnuástand er ótryggt. Ákvörðun Símans um að leggja niður starfsstöð Já á Ísafirði er mér eins og öllum sem láta sér atvinnumál á landsbyggðinni einhverju skipta áhyggjuefni. Boðað hefur verið að með lokun starfsstöðvarinnar leggist af fimm stöðugildi um næstu áramót eða um nýliðin áramót. Það munar um minna. Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur aftur á móti brugðist við þessu af framsýni að mínu mati og dugnaði og þar munu menn greinilega ekki ætla að sitja hjá aðgerðalausir. Bæjarstjórinn hefur ýtt úr vör vinnu til að meta með hvaða hætti hægt sé að skapa grundvöll fyrir stofnun og rekstur nýs fyrirtækis sem tæki að sér símaþjónustu, t.d. fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Það er von mín að sú vinna leiði til farsæls árangurs enda er mun farsælla að heimamenn geti boðið fram þjónustu á viðskiptagrundvelli en að ríkið komi að málum með beinum hætti.

Atvinnuuppbygging á Ísafirði er meðal mikilvægustu áherslna í væntanlegri byggðaáætlun sem vonandi verður rædd hér á næstu dögum. Þar ber hæst framkvæmd vaxtarsamnings Vestfjarða sem var undirritaður sl. vor. Aðilar að þessum samningi eru helstu fyrirtæki á Vestfjörðum, bankar og sparisjóðir, auk sveitarfélaga og opinberra stofnana. Markmið samningsins er að efla Vestfirði sem eftirsóttan valkost til búsetu, m.a. með að styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna þekkingu. Lagt er til grundvallar að þetta muni fjölga sterkum og arðsömum fyrirtækjum sem geti boðið vel launuð störf sem auki framboð á vörum og þjónustu og leiði til þess að samkeppnishæfni svæðisins eflist. Það er Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða sem annast framkvæmdastjórn samningsins en í því telst m.a. vinna við

uppbyggingu klasa á kjarnasviðum Vestfjarða og önnur verk sem eru til þess fallin að efla samkeppnisstöðu svæðisins.

Á gildistíma samningsins sem er frá miðju ári 2005 og til ársloka 2008 mun iðnaðarráðuneytið verja 75 millj. kr. til framkvæmdar vaxtarsamningsins en heildarkostnaður við hann er um 140 millj. Það er því ómögulegt annað en að álykta að umtalsverðu fé sé nú varið til atvinnuuppbyggingar á Vestfjörðum og Ísafjörður vafalítið í brennidepli hvað það varðar.

Þá hefur iðnaðarráðuneytið gert samkomulag við sjávarútvegsráðuneytið um að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði sjávarútvegs. Til grundvallar liggur sameiginlegt markmið ráðuneytanna, að efla nýsköpun í atvinnulífinu. Þar er um ræða tvö verkefni. Annars vegar eru rannsóknir í fiskeldi og fiskalífeðlisfræði í tengslum við þorskeldi. Það samstarfsverkefni er einnig í samstarfi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og fyrirtæki á Vestfjörðum. Fyrirtækin hafa fram til þessa lagt áherslu á áframeldi þorsks sem hefur skapað mikla þekkingu á þorskeldi og lagt grunn að eldi frá klakstærð sem nú verður þungamiðja rannsóknanna.

Hins vegar er um að ræða veiðarfærarannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði sem eru rannsóknir sem verið hafa í nokkurri lægð um tíma. Það er sérstaklega við hæfi að veiðarfærarannsóknir og þróunarvinna verði tekin upp að nýju á Ísafirði enda er þar byggt á sérkennum og styrkleika atvinnulífsins á svæðinu auk þess sem þær eru vel fallnar til að efla atvinnulíf og styrkja búsetu í víðara samhengi. Þá er rétt að minna á að teknar hafa verið upp rannsóknir á snjóflóðum, snjóflóðavörnum, sem er annað verkefni sem hvergi á betur heima en á Vestfjörðum þar sem snjóflóðahættan er einna mest á landinu. Þetta er það sem ég vildi nefna í þessu sambandi og það mætti nefna fleira.

[14:24]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það munar auðvitað um fimm störf á stað eins og Ísafirði. Það er því miður svo að sjávarútvegurinn hefur dregist saman á Vestfjörðum í heild og einnig á Ísafirði á undanförnum árum. Það er allt gott um það ef menn ætla að búa til byggðaáætlun og reyna að fylgja henni eftir og vonandi kemur eitthvað út úr því. En hæstv. forsætisráðherra sagði hér fyrir einhverjum missirum síðan, sennilega einu og hálfu til tveimur árum, núverandi forsætisráðherra, að það hlyti að fara að koma að Vestfjörðum og Norðvesturkjördæminu í að stuðla þar að atvinnuuppbyggingu. Það hefði auðvitað verið fróðlegt ef hæstv. forsætisráðherra hefði verið viðstaddur þessa umræðu.

Það er hins vegar áhugavert að taka á málum eins og voru kynnt á Ísafirði nýlega um rannsóknarstöð á veðurkerfum veraldar (Forseti hringir.) og byggja það upp.

[14:25]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það er dálítið skemmtilegt að þau flokkssystkin hv. þingmaður Kristinn H. Gunnarsson og hæstv. iðnaðarráðherra og reyndar byggðamálaráðherra skuli vera hér saman í ræðustól að spjalla um atvinnumál á Ísafirði. En þetta leiðir huga minn að öðru máli vegna þess að Síminn, eða þetta fyrirtæki Já, er auðvitað orðið einkafyrirtæki og ríkisstjórnin getur þess vegna fríað sig allri ábyrgð á að störfum sé fækkað á Ísafirði. En það er annað mál hér fyrir þinginu, það er að háeffa Ríkisútvarpið. Þess vegna hef ég miklar áhyggjur af því í augnablikinu hvað verði gert þar á bæ. Verður dregið úr starfsemi Ríkisútvarpsins á Ísafirði? Eða Akureyri eða Egilsstöðum? Verður einhver af þessum stöðvum lögð niður? Ég mundi óska þess að hv. þingmaður hefði meiri áhyggjur af því sérstaklega vegna þess að Framsóknarflokkurinn, stór hluti hans, (Forseti hringir.) er einmitt á móti því að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið.

[14:27]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil minna á að þegar rætt var um sölu Símans hér þá mátti heyra á stjórnarliðum að þar væri bara um sérstakt byggðamál að ræða. En nú virðist raunin vera önnur. Við sjáum að, ekki bara á Ísafirði heldur líka á Blönduósi, fækkar störfum. Ég er á því að menn geti ekki gert svona. Menn verða að svara fyrir þetta. Hæstv. ráðherra svarar út og suður. Ætlar hún að bregðast við? Ég gat ekki heyrt að hún segi eitt eða neitt um það. Það var inni í þessum vaxtarsamningi sem er nú lítið annað en fallegt plagg og ég á eftir að sjá að hann hafi einhver áhrif. Þetta er því miður eitt af þessum glansritum sem koma frá iðnaðarráðuneytinu rétt eins og skýrslan sem ég var að ræða hér áðan um skipasmíðaiðnaðinn. Það koma einhverjar skýrslur. Ekki á hverju ári, alla vega á öðru hverju ári. Og kannski margar á ári. En síðan er ekkert gert með þær. Ég er á því að umræðan um byggðamál fari að brenna meira og meira á fólki í landinu og vonandi fara framsóknarmenn að átta (Forseti hringir.) sig á að því að þessi umræða skiptir máli.

[14:28]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Fáir landshlutar hafa orðið verr úti í ruðningsáhrifum stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar en einmitt Vestfirðir. Hæstv. ráðherra sendi þeim þá kveðju á sl. sumri þegar var verið segja þar upp fjölda fólks í fiskvinnslu vegna ruðningsáhrifanna, að ruðningsáhrifin vegna stóriðjuframkvæmda væru af því góða því þá leitaði fólk væntanlega í önnur störf. Þetta voru kaldar kveðjur til Vestfirðinga.

Sala Símans. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð gagnrýndum hana. Við vorum á móti sölu Símans og töldum að það ætti að beita styrk hans til að efla þjónustu í samfélaginu út um land. Framsóknarflokkurinn valdi að ganga fram fyrir skjöldu og selja Símann og þar með þjónustuna og setja hana í uppnám. Þannig að uppsagnirnar á Ísafirði, Blönduósi og Siglufirði daginn eftir að skrifað var undir samninginn komu okkur ekkert á óvart. Þetta er þessi einkavæðingarstefna sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og byggðamálaráðherra hefur gengist fyrir. Og hvað með Orkubú Vestfjarða nú? (Forseti hringir.) Frú forseti. Ég hef áhyggjur af þessari stefnu.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það er fyllsta ástæða til að kalla eftir viðbrögðum stjórnvalda við afleitri byggðaþróun á Vestfjörðum. Það er líka fyllsta ástæða til að kalla eftir viðbrögðum hæstv. ráðherra við áframhaldi á þeirri þróun í framhaldi af einkavæðingu Símans. Ég get alveg tekið undir að menn eru að gera ýmislegt sem væntanlega mun verða til að styrkja atvinnulífið, eins og vaxtarsamninginn sem hæstv. ráðherra nefndi eða samkomulag milli einstakra stofnana um að auka rannsóknir á tilteknu sviði.

En atriðin sem hæstv. ráðherra nefndi voru komin til sögunnar áður en sú ákvörðun var tekin sem ég er að spyrja hæstv. ráðherra um viðbrögð við. Ég fæ því ekkert annað út úr svörum ráðherrans en að ráðherrann sér ekki ástæðu til að bregðast við með neinum hætti í tilefni af þessum tíðindum að öðru leyti en að fagna því að opinber aðili, bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, hugsi sér að reyna að gera eitthvað til að bæta úr. Mér finnst það standa reyndar nær hæstv. ráðherra að beita sér í þeim efnum en bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þótt ég efist ekki um að þeir vilji allt gera sem er á þeirra valdi til að bæta úr þessu. En sveitarfélög hafa ekki mikla peninga til að standa í atvinnuuppbyggingu eða styrkja atvinnulíf á sínu svæði. Ríkið hefur haft það sem sitt verkefni.

Virðulegi forseti. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar óskaði eftir því að fá keypta þessa starfsstöð. Það var ekki í boði. Fyrirtækið Síminn var ekki tilbúið til að leyfa öðrum aðila að reka hana áfram. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að svör hæstv. ráðherra eru mér veruleg vonbrigði. Mér finnst þau sýna töluvert skeytingarleysi í garð íbúa þessa landshluta sem svo mikið hafa mátt þola á undanförnum 15 árum í fækkun íbúa og samdrætti í atvinnulífi.

[14:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það kom mér ekki á óvart að hv. þingmenn væru neikvæðir og kæmu með neikvæð innlegg og það er langt gengið þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er orðinn sá jákvæðasti í hópnum. Auðvitað vita hv. þingmenn það mjög vel að alltaf er verið að leita leiða til að styrkja atvinnulífið af hálfu ríkisvaldsins, en það er ekki eins og það sé einfalt mál. Við vitum dæmi þess víða á landsbyggðinni að nógir peningar eru í sjóðum og nóg af fyrirtækjum sem vilja styrkja atvinnulífið en engu að síður ganga peningarnir ekki út vegna þess að ekki eru fyrir hendi áhugaverð tækifæri til atvinnusköpunar. Þetta er ekki eingöngu spurning um fjármagn, það þurfa líka að vera áhugaverðir kostir í stöðunni. Við erum alltaf að leggja okkur fram um að svo verði, t.d. með því að efla nýsköpun — nú er fram undan sérstakt átak í þeim efnum — og fleira mætti telja. Hv. þingmenn tala um að það hafi verið neikvætt að selja Símann vegna landsbyggðarinnar. En það er síður en svo. Það er búinn til fjarskiptasjóður upp á 2,5 milljarða sem mun styrkja fjarskiptakerfið í landinu. Það er eins og þetta sé ekki þess virði að tala um það einu sinni. Að þingmaður Norðvesturkjördæmis leyfi sér að koma hér upp, Sigurjón Þórðarson, og tala um vaxtarsamning Vestfjarða sem eitthvert ómerkilegt plagg. Ég veit að Vestfirðingar eru eyðilagðir þegar þeir heyra þingmenn sína tala svona. (Gripið fram í.) Og ef hv. þingmenn Norðvesturkjördæmis halda að það sé mikilvægast fyrir þetta kjördæmi og fyrir þessi svæði að tala allt niður á svæðinu þá er það mikill misskilningur.

Í byggðaskýrslu, sem ég hef nýlega dreift í þinginu, kemur fram að á tímabilinu 1996–2000 fækkaði íbúum landsbyggðarinnar um 2.000, fjölgaði hins vegar um 1.500 á síðustu 4 árum sem ég hef verið byggðamálaráðherra.

Umræðu lokið.

Mál Ölgerðarinnar gegn umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur.

Fsp. SigurjÞ, 296. mál. — Þskj. 315.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn fyrir hæstv. umhverfisráðherra um hluti sem skipta okkur miklu máli, hún varðar hollustu og öryggi matvæla. Ég er á því að hæstv. umhverfisráðherra ætti að sinna þessu af mikilli kostgæfni og ég er viss um að hún hefur örugglega velt þessu fyrir sér. Ef svo er ekki þá væri það ærið undarlegt.

Þann 17. mars í fyrra kvað úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir upp úrskurð. Þessi nefnd, fyrir þá sem ekki vita það, er ein af 58 úrskurðarnefndum í stjórnsýslunni. Ég hef svo sem miklar efasemdir um þessar úrskurðarnefndir, sem hefur komið hér fram áður. Þetta er orðinn fjöldinn allur af nefndum sem starfa einhvers staðar úti í bæ. Það kemur fram í þessum úrskurði nefndarinnar að hún líti á að lög nr. 93/1995, um matvæli, séu með öllu ónothæf í því að matvælaframleiðendum verði ekki selt sjálfdæmi um hvaða bætiefnum þeir bæta í matvörur og drykki landsmanna og í hve miklum mæli.

Flestum er ljóst að íblöndun bætiefna, svo sem vítamína í miklum mæli, getur beinlínis verið óholl og á það sérstaklega við um börn. Það hefur komið fram í úrskurði þessarar nefndar að yfirvöldum hefur beinlínis verið bannað að ætlast til þess að matvælaframleiðendur vari börn við að neyta ákveðinna drykkja. Einnig hefur hún kveðið upp þann úrskurð að yfirvöldum matvælaeftirlits er beinlínis bannað að koma í veg fyrir dreifingu matvæla sem geta verið óholl. Þess vegna ætti það að vera forgangsverkefni umhverfisráðherra, eins og ég sagði í byrjun, sem fer með málefni matvæla í ríkisstjórninni, að bregðast við þessum úrskurði. Hefur hæstv. ráðherra brugðist við þessum úrskurði og ef svo er hver hafa viðbrögðin verið? Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit hafa beitt 19. gr. reglugerðar nr. 285/2002 sem segir að það eigi að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar. En nú segir í þessum úrskurði, sem ég óska eftir viðbrögðum hæstv. ráðherra við, að 19. gr. sé marklaus, það sé marklaust að menn eigi að sækja um leyfi. Það hljóta því að vera lágmarksviðbrögð hæstv. ráðherra að fella 19. gr. úr gildi. Það er með öllu óþolandi að vera með í reglum og lögum einhverjar greinar sem hafa ekkert gildi.

[14:38]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þm. og fyrirspyrjanda, Sigurjóni Þórðarsyni, að hollusta og öryggi matvæla er mjög mikilvægt málefni fyrir okkur öll og þess vegna skiptir miklu máli að þar sé vel að verki staðið. Í úrskurði úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sem var kveðinn upp þann 21. mars 2005 í máli Ölgerðar Egils Skallagrímssonar gegn umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, var dreifingarbann sem sett var á vítamínbættan drykk ölgerðarinnar Kristall PLÚS fært úr gildi. Það er óhætt að segja að úrskurður nefndarinnar kom á óvart.

Í reglugerð um aukefni, nr. 285/2002, er bráðabirgðaákvæði þar sem segir að þar til reglugerð um íblöndun bætiefna verði sett geti Umhverfisstofnun veitt leyfi til notkunar bætiefna. Í framangreindum úrskurði segir m.a.:

„Eigi verður séð að refsingar og viðurlög í reglugerð um aukefni í matvælum nr. 285/2000, með stoð í lögum um matvæli í XI. kafla laga nr. 93/1995, eigi við um úrræði stjórnvalda um bætiefni í matvælum."

Með þessu er gefið til kynna að ekki sé rétt að fjalla um íblöndun bætiefna í reglugerð um aukefni.

Í umhverfisráðuneytinu hefur verið unnið að nýrri reglugerð um íblöndun bætiefna og í drögum að reglugerð sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að íblöndun bætiefna sé háð leyfi Umhverfisstofnunar og að heimilt sé að setja skilyrði, m.a. um merkingar viðkomandi vöru, í leyfið. Einnig eru í drögunum ákvæði um þvingunarúrræði og viðurlög. Vegna ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálst vöruflæði þarf að tilkynna drög að reglugerð um íblöndun bætiefna, samanber lög um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, nr. 57/2000, þar sem ekki eru í gildi samevrópskar reglur um íblöndun bætiefna. Þetta ferli stendur nú yfir og búast má við að niðurstaðan liggi fyrir á næstu vikum. Þetta tekur sinn tíma.

Ég vil einnig geta þess í þessu sambandi að á öðrum Norðurlöndum eru nú í gildi reglur um að íblöndun bætiefna sé háð leyfum þannig að ég á ekki von á öðru en að þetta gangi fram með þeim hætti.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra kærlega fyrir svörin en það væri fróðlegt að fá nánari upplýsingar um það hvenær þess er að vænta að þessar reglur nái fram að ganga og hvort ekki sé eðlilegt fram að því að fella umræddа 19. gr. úr gildi. Það er ljóst, samkvæmt úrskurðarnefndinni, að hún hefur enga stoð í lögum. Það er einfaldlega villandi fyrir framleiðendur að hafa þessa grein, fyrirtæki sækja um á grundvelli hennar og greiða jafnvel gjald og svo kemur í ljós að það er ekki hægt að krefjast þess að menn fari að reglunum.

Ég vil taka það skýrt fram að ég er alls ekki fylgjandi því að allar reglur séu mjög strangar og ekki heldur að þær séu mjög flóknar. Það er mjög mikilvægt hvað varðar matvælaeftirlit að við höfum einfaldar og skýrar leikreglur og menn séu ekki með einhvern texta inni í reglugerðum og öðru sem á ekkert að fara eftir. Það er fjöldinn allur af ákvæðum í reglugerðum sem ekki er farið eftir í þessum geira sem hæstv. ráðherra stjórnar. Ég þekki það úr mínu fyrra starfi. Ég tel því mjög mikilvægt að taka til einmitt í þessum geira, vera ekki með óþörf ákvæði inni og ef setja á reglur verði það gert fljótt og örugglega.

Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðherra fyrir svörin og óska eftir því að hún geri grein fyrir því, ef hún hefur tök á, hvenær þess er að vænta að þessar reglur verði settar.

[14:44]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Varðandi það hvenær þess sé að vænta að þessu ferli verði lokið þá get ég ekki sagt nákvæmlega fyrir um það. Miðað við reynsluna gæti það kannski verið í mars sem við gætum búist við því. Ferli af þessu tagi tekur nokkra mánuði, allt upp í hálft ár.

Hvað snertir að fella út 19. gr. þá tel ég að það sé ekki rétt því að annars vegar er þar um að ræða reglugerð um aukefni en hins vegar er um að ræða reglugerð um íblöndun bætiefna þannig að ég tel ekki rétt að fella burtu 19. gr.

Umræðu lokið.

Sjófuglar.

Fsp. MÁ, 338. mál. — Þskj. 372.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Fréttir í sumar og haust bentu til þess að sjófuglastofnar við landið væru enn í þeirri lægð sem þeir voru í í fyrra eða að hruni komnir. Auk stuttnefju og langvíu og fleiri svartfugla sem rætt var um í fyrra eru tíðindi þessa vetrar, hausts og síðasta sumars þau að hinn sérstaki vinur okkar krían hefur farið halloka og orðið fyrir skakkaföllum. Varp kríunnar er talið hafa mistekist víðast um land.

Við ræddum þetta í fyrra þegar hæstv. umhverfisráðherra svaraði fyrirspurn minni um svipað efni og gerði með glæsibrag. Þá ræddum við um að hrun af þessu tagi þyrfti ekki að skaða stofninn þótt einstaklingar hans verði fyrir barðinu á því eða séu í lægð eitt, tvö eða þrjú tímabil. En til langframa komast stofnarnir í hættu og þess vegna þurfum við að vita nákvæmlega hvað er í gangi til að geta brugðist við ef okkur er það unnt.

Þessi tíðindi gilda ekki líkt og var í fyrra bara um Ísland heldur eru sömu fréttir sagðar með tilbrigðum á öllu svæðinu við norðanvert Atlantshaf og raunar inn á Norðursjó. Í sumar og í haust mátti sjá töluverða umræðu í Bretlandi, t.d. á BBC-vefnum, um breytingar á stofnum sjófugla. Þar töluðu menn um að annars vegar væru loftslagsbreytingar mjög skýrar, sögðu blaðamenn og fræðimenn sem til var vitnað, sem yllu þessu en einnig gætu fiskveiðar átt hlut að máli. Við ræddum líka um það í fyrra, um hvor orsökin væri á bak við þetta eða báðar. En auðvitað kemur líka til greina, sem við verðum að muna, að í einstökum tilvikum, svo sem eins og um kríuna, geta ráðið tilviljunarbundnar eða lítt skýranlegar ástæður sem náttúran ósköp einfaldlega

svarar okkur ekki um.

Ég hef þess vegna lagt fram fyrirspurn sem liggur fyrir á þingskjali. Ég spyr sérstaklega um tillögur sem hæstv. ráðherra ætlaði að fá í fyrra um samvinnu Náttúrufræðistofnunar, Hafrannsóknastofnunar og Háskóla Íslands á högum sjófugla.

[14:48]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Í apríl á seinasta ári hélt umhverfisráðuneytið fund með fulltrúa sjávarútvegsráðuneytis og þeirra stofnana sem helst hafa lagt stund á sjófuglarannsóknir, þ.e. Hafrannsóknastofnunar, Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar kom fram almennur áhugi á að efla sjófuglarannsóknir hér við land í samstarfi þessara stofnana. Ákveðið var að fullvinna stöðuskýrslu um sjófuglarannsóknir og forgangsraða tillögum um rannsóknir.

Fulltrúar stofnananna þriggja hafa síðan sameiginlega sótt um fjármögnun frá Rannís til að endurmeta á þremur árum varpstofna íslenskra bjargfugla. Slíkt mat hefur ekki verið gert í rúm 20 ár. Sú umsókn hljóðaði upp á 7 millj. kr. kostnað á þremur árum, umfram laun og aðstöðu umsækjenda. En heildarkostnaður rannsóknaáætlunarinnar er áætlaður um 18 millj. kr. Jafnframt hafa leiðir til að efla vöktun á stofnbreytingum bjargfugla á Íslandi og nýliðun verið ræddar milli stofnananna.

Krían er langlífur fugl og lengi hefur verið þekkt að varpafkoma er mjög breytileg milli ára. Mörg dæmi eru þekkt um að kríur hafi svæðisbundið ekki komið upp neinum ungum einstök ár og er ekkert nýtt við það. Ástæður afkomubrests hjá kríu hafa ekki verið rannsakaðar beint hérlendis en menn hafa tekið eftir ungadauða sem rekja má til fæðuskorts og vosbúðar. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl fæðuframboðs og varpafkomu og ef framboð fæðu er lítið þurfa foreldrar að vera lengur á veiðum og jafnvel bæði í einu. Litlir kríuungar þola illa fjarveru beggja foreldra því að þeir stjórna ekki líkamshita sínum sjálfir. Þess vegna þarf lítið út af að bera. Kuldi og væta þegar klak er í hámarki getur riðið baggamuninn.

Sumarið 2005 varð vart afkomubrests hjá kríu víða um land. Auk þess var afkoma lunda í Vestmannaeyjum léleg. Lundar sáust bera óvenjuleg fæðudýr í unga sína. Það bendir til þess að framboð sandsílis og ungviðis loðnu og síldar auk ljósátu hafi verið með minna móti. Engar mælingar fara fram á framboði helstu fæðudýra sjófugla sem reyndar eru þau sömu og margra nytjafiska.

Arnþór Garðarsson prófessor hefur hafið vöktun á varpafkomu ritu og ráðgert er að efla þá vinnu í samstarfi Líffræðistofnunar Háskólans, Hafrannsóknastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa víða um landið. Varpafkoma ritu er auðmælanleg og lýtur líklega sömu lögmálum og afkoma kríuvarps og lundavarps. Mjög takmörkuð vöktun er í gangi á bjargfuglum í dag. Erfitt er að túlka þær niðurstöður á landsvísu. Þau gögn sem liggja fyrir benda þó til töluverðrar fækkunar stuttnefju síðustu 20 ár. Langvíu og ritu fjölgaði lengst af en langvíum fækkaði þó sumarið 2005. Álka stóð í stað. Ekki er vitað hvort sömu breytingar hafa átt sér stað í stóru vestfirsku fuglabjörgunum. Þar verpa 80% langvía og álkna og 90% stuttnefja. Vegna stærðar þessara bjarga eru veruleg aðferðafræðileg vandamál við mat á stofnstærð fuglanna sem kalla á tímafreka úttekt.

Víðtækar rannsóknir hafa farið fram á fæðuvali sjófugla við Ísland og fæða þeirra á öllum árstímum er ágætlega þekkt. Breytileiki í framboði fæðu er hins vegar ekki vaktaður í dag og eru því tengsl fæðuframboðs, afkomu og stofnstærðar lítt þekkt. Mikilvægt er að efla rannsóknir á þessum tengslum og það gæti leitt til þess að nota megi fjölda og afkomu sjófugla sem vísi um ástand hafsins.

Breytingar á fuglastofnum hér og í nágrannalöndum hafa ekki verið tengdar með skýrum hætti við loftslagsbreytingar. Sýnt hefur verið fram á að sveiflur í loftslagi hafi áhrif á afkomu sjófuglastofna. Menn hafa auk þess haft áhyggjur af neikvæðum áhrifum sandsílaveiða á fuglastofna umhverfis Norðursjó og má telja líklegt að lífríki hafsins taki stakkaskiptum ef spár um breytingar á loftslagi á næstu árum ganga eftir. Afleiðingar hækkaðs hitastigs eru flókin ferli og erfitt að spá fyrir um langtímaafleiðingar. Breytt hitastig getur valdið verulegum breytingum á útbreiðslu lífvera, sumar hverfa en aðrar koma í staðinn. Þetta hafa íslenskir vísindamenn m.a. bent á í umfjöllun um nytjastofna sjávar á Íslandsmiðum.

[14:53]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég tel þessa umræðu áhugaverða að mörgu leyti og sérstaklega þegar menn ræða ekki aðeins um einn og einn dýrastofn í einu, líkt og í umræðum um þorskveiðar. Þá taka menn einhverja prósentu af stofni en ég tel miklu nær að horfa á lífríkið í samhengi. Ég hef séð það í erlendri vísindaskýrslu að menn sjá sveiflur í fjölda sjófugla og í fiska, og að þessar sveiflur fylgjast að.

Þeir fuglar sem við ræðum um hér lifa á sandsíli. Við vitum einnig, af veiðum undanfarins árs, að ýsu hefur fjölgað gífurlega mikið. Hún étur að einhverju leyti sömu fæðu og sjófuglarnir þannig að það má vera að skýringin á fugladauðanum kunni að vera sú að ýsan aféti kríuna. Það er spurning sem vert er að spyrja sig og ég fagna því að Náttúrufræðistofnun og Hafrannsóknastofnun ætla að vinna saman að lausn þeirrar gátu.

[14:55]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Bágt gengi sjófuglastofna við landið er mikið áhyggjuefni. Mér finnst að það geri að verkum að við Íslendingar og íslensk stjórnvöld ættum að íhuga leiðir til að stórauka fuglarannsóknir á Íslandi. Ísland er mikilvæg varpstöð fyrir fjölmargar varpfuglategundir og sjófugla á Norður-Atlantshafi og er hugsanlega um að ræða sóknarfæri fyrir íslenska vísindamenn til að vinna að samstarfsverkefnum t.d. við erlendar rannsóknarstofnanir, á fuglastofnum umhverfis landið.

Ég tel að það sem minnst hefur verið á hér, að fuglarnir hafi átt erfitt uppdráttar, sé einmitt eitt af merkjum um að vistkerfið í hafinu umhverfis Ísland sé í ójafnvægi. Það er eitthvað mikið að og ekki allt með felldu. Hér var minnst á sandsíli, samspil sandsílis og ýsu. Við getum líka minnst á loðnu og hugsanleg tengsl milli loðnuveiða og lélegs gengis

þessara fuglastofna. Þannig mætti halda áfram lengi.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka ágæt svör ráðherrans og góðar umræður að auki. Það kemur kannski ekki á óvart að þingmanni þyki hægt ganga. Í fyrra var svarað með því ágæta svari að tengja ætti saman þessar þrjár rannsóknarstöðvar. Nú hefur það að vísu gerst að þær hafa verið tengdar saman en rannsóknir eru ekki hafnar og fjárhagsgrundvöllur þeirra ekki ljós. Við skulum vona að það gangi vel.

Ég tek undir með síðasta hv. ræðumanni um að rannsóknir á þessu atriði séu mjög merkilegar. Við þurfum að fá úr því skorið hvað af þessu kann að stafa af veiðum okkar í sjó og hvað má rekja til loftslagsbreytinga. Það er augljóst að vistkerfið, eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði, er ekki í jafnvægi. Hvort það er tímabundið vitum við ekki. Við vitum af kreppum í sjófuglastofnum langt aftur í tímum. Mig minnir að umhverfisráðherra hafi í fyrra nefnt árið 1327 í annálum frá fræðimönnum sínum. Það kann að vera um það að ræða. En hitt er sennilegra að þetta séu annars vegar áhrif sjávarútvegs okkar og hins vegar loftslagsbreytinganna.

Ég vil segja að lokum að miklu máli skiptir að rjúfa eða taka niður þá múra sem hér hafa spillt fyrir á milli rannsókna í sjó og rannsókna á landi. Sjófuglarnir teljast landmegin og heyra undir umhverfisráðherra meðan fæða þeirra heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Fæðan er ekki rannsökuð nema svo vilji til að Hafrannsóknastofnun skipti sér af henni vegna þess að hún varði nytjafiska. Hafrannsóknastofnun hefur hingað til aðeins rannsakað það sem kemur nytjafiskum við. Ég fullyrði að það er m.a. ástæðan fyrir því að við vitum jafnlítið um vistkerfi sjávar við Ísland og raun ber vitni. Ég vona að úr þessu verði bætt.

[14:58]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þessa ágætu umræðu. Ég vil líka nefna það sérstaklega að staðsetning fuglabjarga, þar sem er auðugt fuglavarp, er engin tilviljun. Þar eru auðvitað hentugir varpstaðir fyrir fuglana nálægt gjöfulum fiskimiðum. Þess vegna geta tiltölulega litlar breytingar á dreifingu í fæðunni valdið því að sjófuglabyggðir leggist af. Sjófuglar eru líka áberandi og það er fremur auðvelt að telja þá ef við berum þá saman við aðrar lífverur. Ég tel að það væri merkilegt innlegg í rannsóknir. Betri þekking á samspili átu og umhverfisþátta fyrir sjófuglastofna hér á landi er nauðsynleg til að skýra og fylgjast með þeim breytingum sem geta orðið.

Mér fannst líka mjög góð ábending sem hv. þm. Mörður Árnason fram með, þ.e. að nauðsynlegt væri að brjóta niður múra á milli fræðigreina og stofnana. Ég tel að það sé bráðnauðsynlegt þannig að þau tæki, sem við höfum til að skoða þetta eins vel ofan í kjölinn og hægt er, vinni saman, þær stofnanir vinni saman sem stunda þessar rannsóknir. Samspil tegundanna þarf að rannsaka eins vel og kostur er. Það gæti þá leitt til þess að nota megi, eins og ég nefndi hér fyrr í ræðu minni, t.d. tölur um fjölda og rannsóknir á afkomu sjófugla sem vísi um ástand hafsins.

Umræðu lokið.

Undirbúningur nýrrar fangelsisbyggingar.

Fsp. KolH, 199. mál. — Þskj. 199.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. dómsmálaráðherra varðar fangelsismál, undirbúning nýrrar fangelsisbyggingar nánar tiltekið. Við sem störfum í þessum sal erum minnug þess að í fjárlögum þessa árs er áformað að eyða mörgum milljónum króna til vopnakaupa fyrir lögregluna. Það var deilumál við fjárlagaumræðuna í þessum sal. En það eru tvær hliðar á því máli. Því fleiri fanga sem lögreglan nær að góma því erfiðara verður ástandið í fangelsunum okkar.

Á síðasta þingi samþykkti Alþingi endurnýjaða löggjöf um fullnustu refsinga sem góð sátt var um og er það mitt mat að þar hafi tekist vel til. Það er ekki síst því að þakka að Fangelsismálastofnun hafði unnið og kynnt metnaðarfulla stefnu og framtíðarsýn í málefnum fanga í október 2004. Valtýr Sigurðsson, forstöðumaður Fangelsismálastofnunar, gerði allsherjarnefnd Alþingis grein fyrir stefnunni og í máli hans kom berlega í ljós að sú aðstaða sem föngum og starfsfólki fangelsanna er boðið upp á er að mörgu leyti til skammar og í sumum tilfellum ekki mönnum bjóðandi.

Fjölmiðlar hafa fjallað um málið og leitt fram í dagsljósið starfsfólk fangelsanna sem er allt af vilja gert að sinna skjólstæðingum sínum af fagmennsku og mannúð en aðstaðan sem boðið er upp á meinar þeim að standa sig vel í starfi.

Nú er það ekki svo að stjórnvöld hafi ekki í hyggju að bæta úr og endurnýja fangelsin. Fyrir liggur samkvæmt fjárlögum sem samþykkt voru fyrir áramótin að úrbætur verði gerðar á þessu ári á Kvíabryggju og Akureyri og að einhverju leyti undirbúnar framkvæmdir á Litla-Hrauni. En það sem skortir er að mínu mati tímasett framkvæmdaáætlun um heildaruppbygginguna. Í mínum huga er nauðsynlegt að tryggja að endurbætur þeirra fangelsa sem fyrir eru verði ekki svo tímafrekar eða umfangsmiklar að nauðsynlegar úrbætur á höfuðborgarsvæðinu varðandi nýtt fangelsi verði látnar mæta afgangi og komi svo jafnvel ekki til framkvæmda fyrr en eftir dúk og disk því hvað vitum við nema endurbæturnar við hin fangelsin verði tímafrekari eða dýrari en ráð er fyrir gert í dag.

Ástandið í fangelsismálum á höfuðborgarsvæðinu er óviðunandi. Starfsleyfi Hegningarhússins við Skólavörðustíg rennur út í næsta mánuði. Kópavogsbær hefur endurskipulagt svæðið þar sem fangelsið í Kópavogi stendur svo það verður rifið fyrr en varir. Það er ekki svo að nein eftirsjá sé að því því það húsnæði er ekki síður ófullnægjandi en Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Á fjárlögum yfirstandandi árs var sem sagt ákveðið að setja 50 millj. kr. í tímabundið framlag til endurbóta við fangelsið á Akureyri og síðan á Kvíabryggju.

Ég ítreka þetta sem ég hef sagt um úrbæturnar á höfuðborgarsvæðinu og þykir þess vegna tímabært að bera upp hjálagða fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra en hún er svohljóðandi:

Hvað líður undirbúningi nýrrar fangelsisbyggingar? Hefur verið gengið endanlega frá staðarvali? Er unnið samkvæmt tímasettri verkáætlun?

Hvenær er gert ráð fyrir að starfsemi verði hætt í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og fangelsinu í Kópavogi?

[15:04]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hvað varðar spurningu hv. þingmanns um staðarval fangelsisbyggingar á höfuðborgarsvæðinu þá var ríkinu árið 2001 úthlutuð lóð fyrir fangelsi á Hólmsheiði norðan Suðurlandsvegar. Í þeim áætlunum sem unnið er eftir er gert ráð fyrir staðsetningu fangelsis á umræddri lóð.

Hv. þingmaður spyr einnig um verkáætlun í þessu sambandi. Í október 2004 skilaði Fangelsismálastofnun mér skýrslu sem ber yfirskriftina Markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbygging fangelsanna, en þar var samkvæmt minni beiðni farið yfir fyrirliggjandi hugmyndir og tillögur gerðar af heildaruppbyggingu á sviði fangelsismála bæði hvað byggingar varðar sem og í tengslum við nýja löggjöf á þessu sviði. Fangelsismálastofnun var í kjölfarið falið að vinna að nánari framkvæmdaáætlun og í mars á síðasta ári var tillaga mín um uppbyggingu fangelsa samþykkt í ríkisstjórn. Þar var jafnframt ákveðið að fela dómsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti frekari útfærslu. Ráðinn var sérstakur verkefnisstjóri sem fylgt hefur þessu verki síðan og skilaði hann í september á síðasta ári frumathugun fyrir heildaruppbyggingu fangelsanna.

Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir framlögum til að hefja nauðsynlegar endurbætur á Akureyri auk þess sem ráðist verður í breytingar á Kvíabryggju sem miða að því að fjölga þar rýmum og bæta aðstöðu. Unnið er að frumathugun vegna breytinga sem fyrirhugaðar eru á Litla-Hrauni en ekki liggur fyrir endanleg ákvörðun um tímasetningu þeirra framkvæmda né tímasetningu framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu og verður að verkinu unnið í samræmi við lög um opinberar framkvæmdir.

Að síðustu spyr hv. þingmaður hvenær búast megi við að starfsemi verði hætt í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og fangelsinu í Kópavogi. Erfitt er að hætta rekstri fangelsis við Skólavörðustíg fyrr en nýtt fangelsi hefur tekið til starfa. Engar tímasetningar liggja fyrir hvað fangelsið í Kópavogi varðar en skipulag bæjaryfirvalda gerir ekki ráð fyrir starfrækslu þess í framtíðinni.

[15:06]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að taka hér upp málefni fangelsanna. Í þessum málum hefur mjög margt verið að gerast eins og hún nefndi og hæstv. dómsmálaráðherra hefur gefið svör um þessa uppbyggingu. Hins vegar er afar fróðlegt og mikilvægt að við þróum jafnframt ný úrræði í fangelsismálunum. Við sjáum núna uppbygginguna á Kvíabryggju og stækkun þar. Því væri kannski ekki úr vegi að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort við eigum eftir að sjá fleiri slík úrræði því að með þeim tel ég að við fáum út betri einstaklinga að betrun lokinni.

Það gengur náttúrlega mjög illa ef fangelsi á Hólmsheiði er hálfstrand enn þá því að við þekkjum vel umræðuna um þessar miklu keyrslur á Litla-Hraun vegna gæsluvarðhalds. Í því felst líka kostnaður og það er náttúrlega afar brýnt að hraða þessari áætlun.

Varðandi Litla-Hraun þá er líka mikilvægt að bæta úr þar.

[15:08]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu um þennan nauðsynlega málaflokk. Ég tel að það eigi kannski ekki að leggja meginherslu á það hvar þetta fangelsi er staðsett heldur fyrst og fremst á aðbúnað og þá sérstaklega heimsóknaraðstöðu fólks. Ég tel að það sé mjög mikilvægt þannig að ekki rofni tengsl sem fangar hafa við fjölskyldu sína. Mér finnst það skipta miklu máli. Ég hef ekki orðið var við annað t.d. en að menn sækist eftir því að fara á Kvíabryggju þó svo það fangelsi sé ekki akkúrat staðsett í höfuðborginni. Það kemur alveg eins til greina. Mér finnst því að menn eigi ekki að mikla fyrir sér þó þeir keyri austur fyrir fjall með gæsluvarðhaldsfanga. Þetta er ekkert sem skiptir höfuðmáli í þessum málaflokki.

[15:09]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að þessi umræða er tekin upp í fyrirspurnatíma af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Það er allt of lítið um að við ræðum um fangelsismál eða stefnu í fangelsismálum á Alþingi.

Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort búið sé að fá áframhaldandi undanþágu fyrir Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, hvort það sé frágengið vegna þess að undanþágan rennur út í næsta mánuði. Ég tel að það hljóti að vera erfitt að fá framlengingu á undanþágum þegar ekki er ljóst hvenær á að byrja á fangelsinu á Hólmsheiði. Svo vil ég spyrja um hvað ráðherra hyggst fyrir varðandi jafnræði kynja í úrræðum í fangelsismálum. Konur eiga ekki möguleika á opnu fangelsi eins og á Kvíabryggju og það eru engir möguleikar til að meðhöndla konur sem eiga við erfiðar geðraskanir að stríða, þ.e. í Kópavogi þó að það sé gert í dag.

[15:10]

Mörður Árnason:

Forseti. Mér kemur á óvart í þessari fróðlegu umræðu um fangelsismál að ekki liggi fyrir tímasetning um endalok Hegningarhússins við Skólavörðustíg. Það eru vonbrigði vegna þess að Hegningarhúsið við Skólavörðustíg hefur í áratugi stappað nærri því að vera hneyksli og vakið alþjóðlega athygli. Við höfum í raun verið á einni allsherjarundanþágu með þetta hús nokkuð lengi þó þar muni hafa verið gerðar einhverjar bráðabirgðaúrbætur nýlega.

Þar er auðvitað ekki aðeins, þó mikilsverðast sé, um að-

stæður fanganna að ræða og heimsóknarvina þeirra heldur auðvitað líka það að þarna er hús sem borgarfulltrúar í Reykjavík vita að skiptir miklu máli fyrir sögu Reykjavíkur og mundi skipta miklu máli fyrir það nágrenni þar sem það stendur, en þar eru nú að glæðast verslunar- og samskiptagötur miklar og mjög brýnt að þetta hús komist sem fyrst í brúk fyrir Reykvíkinga og úr höndum dómsmálaráðuneytisins.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir svörin. Það er gott að unnið er af krafti í málinu og að verkefnisstjóri skuli vera kominn í málið. Mér sýnist þetta vera á borðum hæstv. ráðherra. En mér finnst ekki ásættanlegt að ekki sé komin tímasett áætlun um þetta verk. Við vitum ekkert hvort áframhaldandi undanþága fáist á Skólavörðustígnum. Hegningarhúsið við Skólavörðustíg er búið að vera árum saman á undanþágu og það er veruleg þörf fyrir úrbætur.

Það að orðvar maður eins og fangelsismálastjóri skuli segja við allsherjarnefnd Alþingis að aðstaða fanga í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg sé að mörgu leyti ekki mönnum bjóðandi er svo alvarleg yfirlýsing að það hlýtur að verða að taka á af miklu meiri krafti og myndugleika en hæstv. dómsmálaráðherra er að gera í þessu máli núna.

Fleiri ástæður eru fyrir því að það ríður á að fá öflugt fangelsi á Reykjavíkursvæðinu. Það er vegna þess að það er mjög óheppilegt talið af sérfræðingum sem í þessum málaflokki starfa að gæsluvarðhaldsfangar skuli vistaðir innan um afplánunarfanga. Allsherjarnefnd hefur talað mjög skýrt í nefndarálitum sínum frá síðasta þingi um þetta mál. Ástæðan fyrir því að ekki voru gerðar frekari breytingar á lagafrumvarpi hæstv. ráðherra um fullnustu refsinga var sú að allsherjarnefnd sá að húsakostur fangelsanna býður ekki upp á þá lagabreytingu sem nefndin gjarnan vildi gera varðandi málefni gæsluvarðhaldsfanga. Þetta eru svo alvarleg mál að menn hljóta að verða að taka á honum stóra sínum í þessum málum. Ég kalla enn eftir því og hvet hæstv. ráðherra til þess að setja niður tímasetta áætlun þannig að allir sem í þessum málaflokki starfa viti hvers er að vænta á næstu tveimur eða þremur árum.

[15:13]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég þakka þessar ágætu umræður. Ég hef ekki tíma til að svara öllu sem fram hefur komið. En varðandi Hegningarhúsið við Skólavörðustíg þá er þetta náttúrlega ekki í fyrsta sinn sem það mál er rætt hér. Ég hef hins vegar kynnst því að það er síður en svo skortur á áhuga fanga að vera í þessu hegningarhúsi. Þeim finnst það ekki þannig húsnæði að þeir vilji ekki vera þar. Þvert á móti held ég að ekki komist allir þar að sem vilja oft dveljast í húsinu þannig að menn hafa mismunandi viðhorf til þessa húss. Svo er talað um að það þurfi að tæma það til þess að menningarstarfsemi geti verið í húsinu. Gott og vel, en eins og ég hef kynnt þá störfum við samkvæmt áætlun. Það er verið að vinna að byggingu nýs fangelsis í samræmi við reglur um opinberar framkvæmdir og ég sé fyrir mér að því máli ljúki að sjálfsögðu þótt ég sé ekki tilbúinn að nefna hér einstakar dagsetningar.

Varðandi áframhaldandi undanþágu á Skólavörðustíg þá ræddi ég þetta fyrir nokkrum missirum við yfirvöld í Reykjavíkurborg og ég held að það sé gagnkvæmur skilningur á því að þessi starfsemi haldi áfram. Komið hafa athugasemdir eins og við vitum frá mannréttindafulltrúum sem hafa skoðað þetta og þetta er álitamál sem við erum alltaf að fjalla um og það er reynt að leitast við að hafa aðbúnað í fangelsinu við Skólavörðustíg eins góðan og frekast er kostur.

Varðandi jafnræði kynjanna þá er litið til þess í þeirri áætlun sem við höfum lagt fram og þingmenn hafa rætt og ég segi að fangelsismál hafa verið meira til umræðu hér á þingi undanfarin missiri en oft áður. (**MF:** Það er rétt.)

Umræðu lokið.

Kynferðisafbrotamál.

Fsp. JóhS, 271. mál. — Þskj. 285.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Fram kom í nóvember sl. að umfang mála úr barnaverndar- og réttarvörslukerfinu sem snerta kynferðisbrot gegn börnum hafi nær tvöfaldast á tíu árum á sama tíma og sakfellingum fjölgaði aðeins um eina. Málunum fjölgaði úr 123 að meðaltali á árunum 1995–1997 í að meðaltali 222 mál á árunum 2002–2004 en sakfellingum fjölgaði hins vegar einungis um eina á þessu sama tíu ára tímabili eða úr 16 í 17.

Á þessu verður að leita skýringa því það er fullkomlega óeðlilegt og hreinlega eitthvað að þegar sakfellingum fjölgar aðeins um eina á sama tíma og málum hefur fjölgað um helming. Ástæða er til að taka fram að þetta eru mál sem barnaverndaryfirvöld hafa til meðferðar en ekki tilkynningar um meint kynferðisbrot en þá er búið að sía út mál sem ekki var talin ástæða til að kanna frekar. Sjö ár eru liðin frá því að Barnahús tók til starfa sem gjörbreytti aðstöðu barna sem verða fyrir kynferðisbrotum. Forstjóri Barnaverndarstofu hefur haldið því fram að breytingin sem gerð var á lögunum 1999 um meðferð opinberra mála hafi verið afar óheppileg fyrir framgang mála í réttarvörslukerfinu. Í Barnahúsi eru það ólíkir fagaðilar, barnaverndarstarfsmenn ásamt lögreglu, sem sameiginlega skoða þessi mál sem gafst mjög vel þar sem sérfræðingar Barnahúss taka rannsóknarviðtöl við börnin án þess að fulltrúar réttarvörslukerfisins séu viðstaddir.

Áhrifin af lagabreytingunni sem gerð var 1999 eru þau að meiri hluti skýrslutaka af börnum fer fram í dómshúsi en ekki lengur í Barnahúsi sem gerir lögreglu og ákværuvaldi erfiðara um vik en meðan skýrslutakan fór fram í Barnahúsi sem er auðvitað miklu manneskjulegri meðferð á barni sem lent hefur í svo hræðilegum glæp sem kynferðisbrot gegn barni er. Í dómshúsi er frumskýrslugerð gerð að dómsathöfn og í því felst að verjandi sakbornings og jafnvel sakborningurinn sjálfur hefur rétt til að vera viðstaddur frum-

skýrslutöku af barni. Forstjóri Barnaverndarstofu hefur lýst því þannig að með þessu sé ekki jafnræði með ákæruvaldi og sakborningi en yfirheyrslan yfir sakborningi fer þá fyrst fram eftir að frumskýrslutöku yfir barni er lokið, sem er afar óeðlilegt. Rannsókn sem gerð hefur verið í Svíþjóð sýnir að þeim mun meira sem sakborningur veit um gögn lögreglu á hann auðveldara með að blekkja og þegar sakborningur er viðstaddur skýrslutöku yfir barni veit hann nákvæmlega hvaða sönnunargögn lögreglan hefur og getur jafnvel hagrætt sönnunargögnum.

Ég hef því lagt nokkrar spurningar fyrir ráðherra sem lúta að því sem ég hef hér lýst, m.a. það hvort ráðherra telji eðlilegt að á sama tíma og aðrar þjóðir, t.d. Svíar og Norðmenn, eru að koma á fót Barnahúsi að íslenskri fyrirmynd hefur sú þróun átt sér stað hér að meiri hluti skýrslna af börnum eru teknar í dómshúsi og minni hluti í Barnahúsi, sem ég tel að gangi fullkomlega gegn hagsmunum barnsins og því eigi að breyta. Fyrirspurnirnar lúta í fyrsta lagi að jafnræði sem ég hér nefni að ekki sé með ákæruvaldi og sakborningi og hver sé skoðun ráðherrans á því. Í öðru lagi er spurt um Barnahúsið. Í þriðja lagi er spurt hvort ráðherra telji ástæðu til að breyta lögum um meðferð opinberra mála. Og í fjórða lagi hvaða skýringu ráðherra telji vera á því að þótt (Forseti hringir.) kynferðisbrotum hafi fjölgað verulega á síðustu árum hefur sakfellingum aðeins fjölgað um eina.

[15:19]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta er mikið mál og erfitt að svara því hér á skömmum tíma. Engar rannsóknir liggja fyrir um að það að sakborningur og verjandi séu viðstaddir skýrslutöku leiði til þess að ekki sé sakfellt í máli. Það hefur hvergi hefur komið fram nein niðurstaða sem byggir á rannsóknum sem rökstyður það.

Varðandi breytinguna sem gerð var á lögunum 1999 þá er það svo, eins og fram kom, að lögunum um meðferð opinberra mála var breytt og það var talið börnum til hagsbóta til að þau þyrftu einungis einu sinni að koma fyrir dóm og gefa skýrslu í stað þess að þurfa að mæta ólíkum aðilum oft og rifja upp sama málið. Það að þessir aðilar séu viðstaddir sem fyrirspyrjandi nefndi er í samræmi við 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og við getum ekki gengið fram á þann veg í þessum málum að við göngum gegn þeim sáttmála.

Ég tel líka að það sé ekki rétt sem kemur fram í fyrirspurninni, sem fyrirspyrjandi gefur sér, að hér sé sú þróun að meiri hluti skýrslna af börnum séu teknar í dómshúsi og minni hluti í Barnahúsi. Ég hef ekki tölur sem sýna þetta og ég veit ekki hvaðan þessar fullyrðingar eru komnar og á hverju þær byggjast. Þeir sem að þessum málum starfa á vegum dómsmálaráðuneytisins telja að þarna sé kannski jafnt á komið ef það eru þá ekki fleiri yfirheyrslur sem fara fram utan dómsalanna. Yfirheyrsla á barni er dómsathöfn og það er því dómari sem hefur forráð á því hvar sú yfirheyrsla fer fram. Hæstiréttur hefur ítrekað staðfest að sá háttur sem t.d. dómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur hafa haft standist fyllilega kröfur laganna um skýrslutöku.

Þegar rætt er um þetta má velta því fyrir sér hvort skynsamlegt sé að rífa barnið úr umhverfi sínu úti á landi og flytja það í Barnahús ef yfirheyra þarf það út af slíku máli. Ég hef heimsótt héraðsdómstóla víða um land þar sem búin hefur verið sérstök aðstaða til þess að taka skýrslur af börnum við þessar aðstæður. Ég tel að í ýmsu tilliti sé það skynsamlegri háttur að nýta þá aðstöðu í heimabyggð heldur en að gera kröfu til þess að þessi börn séu flutt til Reykjavíkur í Barnahús til skýrslutöku. Þetta verða menn að hafa í huga þegar um þessi mál er rætt og menn velta þessum þáttum fyrir sér. Mestu máli hlýtur að skipta að rétt sé staðið að málum og að málsmeðferð sé vönduð eins og lög gera ráð fyrir.

Lögin um meðferð opinberra mála eru til endurskoðunar og þar er að sjálfsögðu farið yfir þau sjónarmið sem fram hafa komið frá því að breytingin var gerð 1999 á lögunum um meðferð opinberra mála og önnur sjónarmið sem fyrir liggja. Það verður tekin afstaða til þeirra við endanlega gerð frumvarpsins og síðan verður málið náttúrlega rætt í þinginu og þá hafa þingmenn tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Varðandi þá fullyrðingu sem kemur fram í lokaspurningunni um að kynferðisbrotamálum hafi fjölgað verulega á síðustu árum þá liggja núna fyrir nýjar tölur, Afbrotatölfræði 2004 frá ríkislögreglustjóra, og þar kemur fram að brotum sem varða blygðunarsemisbrot og kynferðisbrot hafi fækkað 2004. Slíkum brotum fjölgaði nokkuð árið 2000 og síðan aftur árið 2003 en fækkaði verulega árið 2004 þannig að ekki er rétt að segja og halda því fram að það sé einhver stígandi í þessu, þetta er mismunandi á milli ára, það er alveg greinilegt.

Í skýrslu ríkissaksóknara segir, með leyfi forseta:

„Málum er varða kynferðisbrot, einkum nauðgunarmálum, fjölgaði mjög árin 2002 og 2003 en fækkaði á árinu 2004. Árið 2004 bárust ríkissaksóknara 43 mál í þessum brotaflokki, þar af leiddu 10 mál til ákæru eða innan við fjórðungur málanna. Einu máli var vísað aftur til lögreglu til frekari rannsóknar. Af þeim 10 málum sem ákært var í var sakfellt í fjórum málum en sýknað í þremur. Þremur málum er enn ólokið í héraðsdómi.

Hlutfall niðurfelldra mála og sýknudóma er hátt í þessum málaflokki."

Það á ekki heldur að alhæfa á þann veg eins og gert er í 4. spurningu hv. þingmanns um þessi mál, það verður (Forseti hringir.) að skoða þau á grundvelli þeirra rannsókna sem fyrir liggja.

[15:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki stillt mig um að koma með athugasemd um lánleysi ríkisstjórnarinnar varðandi þau þýðingarmiklu mál sem hér er hreyft en það er litið til Íslands erlendis frá hvað varðar Barnahúsið, sem var fjöður í hattinn fyrir ríkisstjórnina á sínum tíma, en það hefur allt verið látið reka á reiðanum með aðstöðuna í Barnahúsi síðan. Ég hlýt að varpa því inn í umræðuna, þó að ég geri ekki ráð fyrir því að hæstv. ráðherra svari því, hver ber ábyrgðina á því að læknisrannsóknir í Barnahúsi á börnum sem sætt höfðu kynferðisofbeldi lágu niðri í nærri eitt og hálft ár vegna kostnaðar? Heilbrigðisráðuneytið eða félagsmálaráðuneytið? Mér er kunnugt um að Barnaverndarstofa gerði

allt sem hún gat til að upplýsa þessi ráðuneyti. Og svo hitt sem virðist ekki hafa náð í gegnum umræðuna: Er það sæmandi að verðleggja slíkar rannsóknir á 5 milljónir kr. sem þýðir u.þ.b. 200 þúsund á barn? Hvað er eiginlega að okkur við meðferð þessara mála?

[15:25]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að taka upp þetta brýna mál. Við eigum að gera það með reglubundnu millibili hér.

Mig langar líka að benda aðeins á varðandi þessa fyrirspurn að vandinn liggur í Reykjavík, hann liggur nefnilega ekki úti á landi. Hann liggur eiginlega í því að dómstólarnir í Reykjavík eða dómshúsið nýta ekki Barnahúsið. Það er fyrst og fremst Héraðsdómur Reykjaness sem nýtir það, hann er með öll sín mál í Barnahúsi.

Það er eitt sem er afar mikilvægt að hafa í huga, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á og ég vil nefna hér, að varðandi læknisrannsóknir þá er Barnahúsið eini sérhæfði staðurinn til að skoða lítil börn. Við getum rétt ímyndað okkur hvað það er vandasamt mál eftir kynferðislega misnotkun á alveg niður í tveggja ára gömlum börnum. Ég veit að við erum fyrirmynd annars staðar, við erum líka fyrirmynd í Bandaríkjunum, við erum að gera alveg ótrúlega góða hluti. Mér finnst því alveg spurning um að einhver rýnihópur vinni áfram með hæstv. dómsmálaráðherra varðandi það (Forseti hringir.) sem verið er að ströggla um hér.

[15:27]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra ber fyrir sig 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu varðandi það að meintur sakborningur og verjandi hans eigi að fá að vera viðstaddir skýrslutöku af barni í meintu ofbeldismáli gegn því. Ég vil segja það hér og gefa hæstv. ráðherra þá leiðsögn að það sé í hæsta máta óeðlilegt að meintur ofbeldismaður, meintur barnaníðingur og verjandi hans séu viðstaddir yfirheyrslu yfir barninu sjálfu, meintu fórnarlambi ofbeldismannsins, áður en ofbeldismaðurinn sjálfur gefur skýrslu. Það er ekki þannig sem 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu var hugsuð. Henni var ekki ætlað að auðvelda barnaníðingum að hagræða málflutningi sínum þannig að þeir geti tekið mið að málflutningi barnsins við sinn málflutning. Hæstv. ráðherra verður að skilja þetta. Þetta er í grundvallaratriðum misskilningur. Auðvitað geta sakborningar og verjendur þeirra verið viðstaddir eða hlustað á skýrslu fórnarlambsins eftir að (Forseti hringir.) ofbeldismaðurinn sjálfur er búinn að gefa sinn vitnisburð.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Það er ekki að heyra á hæstv. dómsmálaráðherra að hann hafi miklar áhyggjur af þessum málum eða að fórnarlömb í kynferðisbrotamálum geti vænst þess að það sé á einhvern hátt verið að hlúa betur að þeim og bæta stöðu þeirra. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér fundust svör hæstv. ráðherra með ólíkindum. Hefur hæstv. ráðherra enga skoðun á því hvernig það er fyrir þá sem lenda í slíku að þurfa að standa frammi fyrir því að ekki sé jafnræði með ákæruvaldi og sakborningum í kynferðisbrotamálum og að gerendur í slíkum málum séu viðstaddir þegar málin eru tekin fyrir? Það er með öllu óeðlilegt eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni.

Það er líka mjög óeðlilegt að ekkert skuli vera gert til að auka það að leitað sé til Barnahúss á sama tíma og aðrar þjóðir, eins og hér hefur komið fram, eru að nýta þá góðu reynslu sem við höfum af Barnahúsi. Allt á þetta upptök sín í þeirri lagabreytingu sem gerð var 1999. Það hefur komið fram opinberlega, af því að mér heyrðist á hæstv. ráðherra að það væri umdeilt hvort meiri hluti skýrslna sé tekinn í dómshúsi og minni hluti í Barnahúsi, það hefur komið fram opinberlega að svo sé þó að ráðherra reyni að mótmæla því.

Þó að ráðherra vitni hér í einhverjar nýjar tölur frá 2004 þar sem hann heldur því fram, sem ég skal ekkert rengja, að kynferðisbrotamálum hafi ekki fjölgað heldur fækkað frá árunum 2002 og 2003 þá er það engu að síður staðreynd að aðeins hefur verið ein sakfelling á því 10 ára tímabili sem ég vitnaði í þegar fjölgun á málum er frá 123 í 222. Og þó að um sé að ræða fækkun, virðulegi forseti, á kynferðisbrotamálum þá hefur sakfellingum ekki fjölgað, (Forseti hringir.) eða er það svo, hæstv. dómsmálaráðherra?

[15:30]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Vissulega tel ég þetta alvarleg mál og vissulega vil ég að lögregluyfirvöld og aðrir hafi þau tæki sem nauðsynleg eru til að taka á þessum málum, upplýsa þau og leiða þau til lykta og að þeir sem sekir eru hljóti dóm. Ég skil ekki hvernig hv. þingmanni dettur í hug að ég hafi aðra skoðun á því. Það sem ég er hins vegar hér að gera er að svara fyrirspurnum þingmannsins sem hún leggur fyrir mig og þar vitna ég í gildandi landslög sem Alþingi samþykkti árið 1999 um þetta, sem eru talin vera í samræmi við mannréttindasáttmála Evrópu hvort sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, eða einhverjir aðrir, skýrir hann á þann veg sem hún gerði. Það er talið að okkur beri að hafa lög okkar svona til þess að það sé í samræmi við 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og verða menn að líta til þess sáttmála hvort sem það kemur þeim vel eða illa í einstökum málum. Það verður að skoða sáttmálann og það sem í honum stendur um réttarstöðu fólks.

Varðandi þá tölfræði sem ég vitnaði til er þetta tölfræði annars vegar frá ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra en hv. þingmaður hefur ekki nefnt neina tölfræði máli sínu til stuðnings. Hún hefur ekki komið með nein gögn sem rökstyðja þær niðurstöður sem lesa má út úr þeim fyrirspurnum sem fyrir mig voru lagðar. (Gripið fram í.) Þetta eru getgátur og einhverjar ályktanir dregnar af einhverju sem ekki er sýnt fram á nægilega vel til að ég geti tekið afstöðu til þess hvort það er rétt eða rangt. Það er ekkert sem bendir mér á það að þróunin sé á þann veg sem hv. þingmaður (Gripið fram í.) segir.

Svíar og Norðmenn líta til Barnahúss og ég fagna því.

En við höfum okkar lög um að dómarar ráði því hvar athafnir þeirra fara fram.

Umræðu lokið.

Afleysingar presta.

Fsp. AKG, 308. mál. — Þskj. 328.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Nýlega kom í ljós að allir starfandi prestar fá aukalega 1,6 mánaðarlaun árlega sem fastar greiðslur fyrir afleysingaþjónsutu og hefur svo verið um eitthvert árabil. Er þeim ætlað að leysa hver annan af á vikulegum frídögum, sumarleyfum og í veikindum eftir því sem ég kemst næst.

Starfsumhverfi presta er mjög mismunandi og skipulagið gamalt og gamaldags. Þörf fyrir prest á tilteknum svæðum hefur ekki verið endurmetið þrátt fyrir miklar búsetubreytingar á Íslandi og ekkert samræmi er í mannfjölda á bak við hvert prestsembætti. Sem dæmi má nefna Skagafjörð þar sem prestar eru fimm og einn biskup í fjögur þúsund manna samfélagi. Einn prestanna þjónar tæplega þrjú þúsund manns af þessari heild en rúmlega þúsund skiptast á fjóra presta. Ég tek fram að samgöngur innan Skagafjarðar eru góðar. Ég geri ráð fyrir að ástandið sé svipað annars staðar.

Í Reykjavík eru aftur á móti tugir þúsunda á bak við hvern prest. Mér er kunnugt um að margir ungir guðfræðingar vígjast og hefja starfsferil sinn með afleysingaþjónustu þegar prestur fer í námsleyfi eða er veikur. Örugglega er víða hentugt að starfandi prestar leysi hver annan af en annars staðar sennilega ekki. Mér er spurn hve almennar afleysingar þeirra séu í raun og hversu vel þetta fyrirkomulag komi til móts við raunverulegar þarfir þeirra sem flestum þjóna.

Þarna stöndum við einnig frammi fyrir spurningu um jafnræði meðal presta ef þessa vinnuframlags presta er þörf sums staðar en annars staðar ekki, ef sumir prestar vinna fyrir þessum launum en aðrir ekki.

Ég spyr því hæstv. dómsmálaráðherra:

1. Hversu margir prestar, sem ekki höfðu fast prestsembætti, sinntu afleysingaþjónustu fyrir starfandi presta sl. fimm ár, skipt eftir árum?

2. Hvernig skiptist afleysingaþjónustan á

a. námsleyfi,

b. veikindaleyfi,

c. annað?

3. Er haldin skrá yfir afleysingar presta hvers fyrir annan? Ef svo er, hver heldur þá skrá?

4. Hvað ræður því hvort sérstakur afleysingaprestur er ráðinn til starfa eða annar starfandi prestur tekur að sér afleysingu, samanber fastar greiðslur til allra presta vegna afleysinga í sumarleyfum og á vikulegum frídögum?

[15:35]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég kýs að svara 1. og 2. spurningu saman. Árið 2001 voru átta prestar við afleysingaþjónustu, þar af einn tvisvar, þrír leystu af vegna ólaunaðs leyfis, tveir vegna námsleyfis, einn vegna fæðingarorlofs, tveir vegna veikinda, einn vegna prestleysis.

Árið 2002 voru átta prestar í afleysingaþjónsutu, þar af einn tvisvar, fjórir leystu af vegna ólaunaðs leyfis, einn vegna veikindaleyfis, tveir vegna námsleyfa og tveir vegna fæðingarorlofs. Einn af þessum prestum leysti einnig af vegna prestleysis.

Árið 2003 voru 12 prestar í afleysingaþjónustu, fimm leystu af vegna ólaunaðs leyfis, tveir vegna námsleyfa, þrír vegna veikindaleyfa, einn vegna fæðingarorlofs og einn vegna orlofs.

Árið 2004 voru 16 prestar í afleysingaþjónsutu. Þrír leystu af vegna ólaunaðs leyfis, tveir vegna námsleyfa, fjórir vegna fæðingarorlofs, fjórir vegna veikindaorlofs, einn vegna orlofs og tveir vegna prestleysis.

Árið 2005 voru 11 prestar í afleysingaþjónustu og þrír voru tvisvar í afleysingu, einn leysti af vegna veikindaorlofs, fjórir vegna námsleyfa, fimm vegna fæðingarorlofs, einn vegna orlofs og þrír vegna prestleysis.

Spurt er í þriðja lagi:

„Er haldin skrá yfir afleysingar presta hvers fyrir annan? Ef svo er, hver heldur þá skrá?"

Biskupsembættið heldur ekki sérstaka skrá fyrir afleysingar presta en í skjalasafni embættisins er unnt að fletta upp öllum afleysingum. Prófastar skipuleggja afleysingar vegna orlofs hver í sínu prófastsdæmi.

Þá er spurt:

„Hvað ræður því hvort sérstakur afleysingaprestur er ráðinn til starfa eða annar starfandi prestur tekur að sér afleysingu, samanber fastar greiðslur til allra presta vegna afleysinga í sumarleyfum og á vikulegum frídögum?"

Launagreiðslur til presta vegna afleysinga í sumarleyfum greidd sem 60% laun og vegna vikulegs frídags greidd sem 100% laun eru ákveðin af kjaranefnd. Á síðasta ári voru þessar sérstöku launagreiðslur afnumdar og teknar inn í launagrunninn. Biskupsstofa setur ekki presta í sumarafleysingum eins og að ofan greinir heldur einungis þegar um er að ræða tilfallandi leyfi, svo sem vegna náms, fæðingar barns, veikinda eða þegar óskað er eftir launalausu leyfi. Fastagreiðslur til presta vegna sumarafleysinga og vikulegs frídags eru ekkert tengdar afleysingum af öðrum sökum.

Það sem fyrst og fremst ræður fyrirkomulagi afleysingar er stærð prestakallsins og síðan lengd afleysingarinnar. Sem dæmi má nefna að þegar prestar fara í níu mánaða námsleyfi eru yfirleitt settir sérstakir prestar í afleysingu hvort sem um er að ræða lítið prestakall eða stórt og oftast er auglýst eftir fólki þegar um níu mánaða námsleyfin er að ræða. Vegna styttri leyfa eru það yfirleitt nágrannaprestar sem sinna þjónustu ásamt eigin kalli ef unnt er að koma því við. Þó þekkist að prestar séu settir sérstaklega í afleysingar vegna styttri leyfa og yfirleitt er settur sérstakur prestur til afleysinga í stóru prestakalli þó að afleysingin sé til skamms tíma.

Þegar prestur er settur til að leysa af annan prest fær hann greidd full laun og embættiskostnað ef hann gegnir ekki jafnframt öðru embætti. Ef prestur leysir af í svokallaðri nágrannaþjónustu fær hann til viðbótar við sín reglulegu laun greidd hálf laun og hálfan embættiskostnað til viðbótar.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fróðlegt og yfirgripsmikið svar. Það leiðir m.a. í ljós að stígandi hefur verið í því að prestar hafi verið ráðnir sérstaklega til afleysinga undanfarin fimm ár, að vísu aðeins lækkað aftur árið 2005 en fram að því hefur verið talsverður stígandi, það eru því nokkrir tugir presta sem hafa verið í afleysingum undanfarin fimm ár.

Þessi fyrirspurn er sett fram vegna þess að mér hefur oft orðið til umhugsunar skipulag prestsembætta á Íslandi. Nú hefur dómsmálaráðherra tekið sér fyrir hendur að endurskipuleggja starfsumhverfi lögregluembætta og skoðun mín er sú að ekki sé síður ástæða til að líta til skipulagsins á prestsembættunum og því hversu margir þegnar eru að baki hverjum presti fyrir sig.

Umræðu lokið.

Háskólanám sem stundað er í fjarnámi.

Fsp. BjörgvS, 183. mál. — Þskj. 183.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra hvort ráðherrann hyggist bregðast við fjárhagslegum vanda fræðslumiðstöðvanna á Suðurlandi, Vesturlandi, Suðurnesjum og reyndar Norðurlandi vestra líka, sem halda úti háskólanámi í fjarnámi sem allt stefnir í að leggist af eða verði í miklum ógöngum ef svo fer fram sem horfir. Mikil aðsókn er í fjarnámið í gegnum fræðslumiðstöðvarnar sem í grunninn hafa það hlutverk. Eins og fram kemur í samningi um símenntunarmiðstöðvar eru framlög ríkisins fyrst og fremst til þess að standa undir grunnstarfsemi stöðvanna, fjárveitingu upp á 9–10 milljónir á ári skilgreint sem grunnframlög og til grunnverkefna og tekur ekki til fjarnámsins á háskólastigi og þeirrar þjónustu sem símenntunarmiðstöðvarnar veita í því samhengi.

Mikil aðsókn er að þessu námi. Ábyrgðin er að sjálfsögðu ríkisins og ríkið á að standa undir henni en þróun mála hefur verið sú að ekki hefur tekist samkomulag á milli símenntunarmiðstöðvanna og hins opinbera um fjármögnun þeirra. Reiknað var út hjá símenntunarmiðstöðvunum að þessi þjónusta í fyrra hafi kostað þær á bilinu 10–12 milljónir hver. Því er um veruleg framlög að ræða.

Núna á sér stað ákveðin mismunun á milli símenntunar- og fræðslumiðstöðvanna eftir því hvar þær eru staðsettar á landinu. Stofnanir á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi vestra fá t.d. ekki hliðstæð framlög til uppbyggingar og miðlunar háskólanáms og Vestfirðir og Austurland. Nú síðast ákváðu t.d. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga að verja 80 milljónum kr. til uppbyggingar háskólanáms á Suðurlandi til að koma í veg fyrir að háskólanámið og fjarnámsþjónusta Fræðslunetsins legðist hreinlega af. Markmiðið er að sjálfsögðu að auka framboð á háskólanámi á Suðurlandi og koma í veg fyrir að illa fari. En ábyrgðin er ríkisins og það þýðir engan undanslátt í málinu. Þetta eru merkilegar menntastofnanir sem ollu ákveðinni byltingu fyrir byggðirnar og sérstaklega í ljósi þess að hlutfall háskólamenntaðra úti á landi er mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu, eins og fram kom í svari við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur fyrir áramót. Það hlutfall er verulega óhagsætt landsbyggðinni.

Þessar símenntunarstöðvar geta ekki sætt sig við það að fá ekki hliðstæð framlög og önnur landsvæði á landsbyggðinni og sveitarfélögin hafa því tekið málið í sínar hendur og sýnt lofsvert frumkvæði til að koma í veg fyrir að fjarnám í háskólamenntun leggist af. Því er ástæða til að skora á hæstv. menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að ríkisvaldið axli þá ábyrgð sem það ber á þessu háskólanámi eins og öllu öðru og komi að fjárhagslegum rekstri og fjárhagsvanda fræðslumiðstöðvanna með myndarlegum og endanlegum hætti.

[15:44]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr á þá leið:

„Hyggst ráðherra bregðast við fjárhagslegum vanda fræðslumiðstöðvanna á Suðurlandi, Vesturlandi og á Suðurnesjum sem halda úti háskólanámi í fjarnámi, en allt stefnir í að það leggist af? Ef svo er, hvernig?“

Starfsemi nýju símenntunarmiðstöðvanna á landsbyggðinni hefur aukist jafnt og þétt eins og menn vita á síðustu árum. Miðstöðvarnar voru stofnaðar á árunum 1998–2003 en á því tímabili var gert sérstakt átak til þess að auka markvisst símenntun í landinu. Miðstöðvarnar eru sjálfseignarstofnanir, rétt er að undirstrika það, og rekstur þeirra er því ekki á ábyrgð ríkisins. Stofnaðilar miðstöðvanna eru sveitarfélög, fræðsluaðilar, stéttarfélög, ýmis félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki.

Nemendum sem sækja sér þjónustu símenntunarmiðstöðvanna má skipta í þrjá hópa. Í fyrsta lagi þeir sem sækja símenntunarnámskeið til miðstöðvanna. Í öðru lagi þeir sem nýta sér þjónustu símenntunarmiðstöðva vegna fjarnáms við framhaldsskóla og í þriðja lagi þeir sem nýta sér þjónustu símenntunarmiðstöðvanna vegna háskólanáms.

Fjöldi þeirra er nýta sér aðstöðu stöðvanna til fjarnáms á háskólastigi hefur vaxið úr því að vera 44 haustið 2000 í um 670 haustið 2005 og er í algjöru samræmi við þá miklu menntasókn sem við stöndum fyrir og höfum staðið fyrir á síðustu árum og allir eru mjög meðvitaðir um. Þar af, af þessum 670, voru samtals 206 nemar í fjarnámi á háskólastigi hjá stöðvunum á Suðurlandi, Vesturlandi og á Suðurnesjum. Algengt er að hver nemandi ljúki um níu einingum á önn. Menntamálaráðuneytið gerir árlega samning til eins árs í senn við hverja símenntunarmiðstöð á grundvelli fjárveitinga frá Alþingi. Samningur ráðuneytisins við stöðvarnar kveður á um að þær beiti sér m.a. fyrir margs konar nám-

skeiðahaldi, samstarfi menntastofnana og geri almenningi kleift að stunda nám með fjarkennslusniði. Í samningunum er auk þess getið að leggja beri sérstaka áherslu á samstarf við menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi.

Á fjárlögum 2005 fær hver stöð 9,9 milljónir. Þeirri fjárhæð er ætlað að standa undir grunnkostnaði við rekstur stöðvanna svo sem húsnæðiskostnaði, rekstri tölvubúnaðar og launum forstöðumanna stöðvanna. Auk þess fær hver stöð um 1,3 millj. kr. til reksturs FS-netsins þannig að hver stöð fær frá Alþingi rúmar 11 milljónir. Allar stöðvarnar fá sömu upphæð og nema greiðslur til þeirra samtals rétt rúmum 100 millj. kr. á fjárlögum þessa árs.

Fyrir háskólanema er stunda nám í fjarkennslu við símenntunarmiðstöðvarnar greiðir menntamálaráðuneytið eftir sömu reglum og greitt er fyrir aðra háskólanema og rennur sú greiðsla beint til viðkomandi háskóla og má því segja að ríkið sé að axla ábyrgð á þeim kostnaði sem fellur til vegna fjarnemanna á háskólastigi því að við erum að greiða fyrir nemana, við gerum það í gegnum háskólastigið. Háskólar hafa hins vegar ekki greitt gjald til símenntunarmiðstöðva vegna þjónustu við fjarnema. Þetta mál hefur verið til skoðunar innan ráðuneytisins og á síðasta ári skilaði nefnd skipuð fulltrúum ráðuneytisins, símenntunarmiðstöðvanna og háskólanna, sem falið var að fjalla sérstaklega um opinberan stuðning við fjarnám utan höfuðborgarsvæðisins, niðurstöðu sinni. Nefndin skoðaði ýmsa möguleika á því hvernig hægt væri að haga stuðningi við símenntunarmiðstöðvar vegna fjarnáms á háskólastigi. Almenn sátt virðist vera um það sjónarmið að bæta eigi aðstöðu fólks á landsbyggðinni til háskólanáms með því að veita tiltekna þjónustu af hálfu símenntunarmiðstöðva. Hafa símenntunarmiðstöðvar fært rök fyrir því að slík framlög verði hækkuð til þess að hægt sé að bjóða þjónustu við háskólanema með byggingu námsvera og annarrar námsaðstöðu.

„Sé litið til framtíðar er það skoðun nefndarinnar", svo vitnað sé til hennar, með leyfi forseta, „að takmörk séu fyrir því hve langt sé hægt að ganga í slíkri jöfnun aðstöðu út frá byggðasjónarmiðum með því að byggja upp þjónustu vegna háskólanáms. Til lengri tíma litið eigi fagleg sjónarmið háskóla að ráða hversu mikla þjónustu símenntunarmiðstöðvar veita fjarnemum á háskólastigi."

Stuðningur við uppbyggingu og aðstöðu til háskólanáms á landsbyggðinni hlýtur því að taka mið af stefnu ríkisins, m.a. í byggðamálum hverju sinni. Ríkisstjórnin hefur verið að efla þennan stuðning verulega og má nefna stofnun háskólasetra á Ísafirði og Egilsstöðum í því sambandi, sem hafa verið sérstök tilraunaverkefni á meðal sveitarfélaganna á þeim svæðum, sem og á milli iðnaðar- og menntamálaráðuneytisins. Við erum því að halda áfram að byggja upp tækifæri fyrir landsmenn alla til að stunda háskólanám. Við ætlum að sjálfsögðu að halda því áfram en ég tel rétt að líta sérstaklega til þess hvernig til tekst á Egilsstöðum og Ísafirði og það er engin tilviljun að þeir staðir hafa verið valdir. Það er m.a. og ekki síst vegna þess að fjarlægð þeirra sem þar búa er mun meiri inn á þau svæði sem mest háskólastarfsemi er og þar af leiðandi er nokkuð mikill aðstöðumunur.

[15:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Forstöðumenn símenntunarmiðstöðva eða samtök þeirra sendu fulltrúa sinn á fund menntamálanefndar fyrir áramótin þegar við vorum að vinna að fjárlögum. Það fólk sem til okkar kom bar sig afar illa hvað varðar fjárhagsstöðu símenntunarmiðstöðva og var beinlínis með ákall til menntamálanefndar um að brýn þörf væri á úrbótum. Hæstv. menntamálaráðherra talar á þann veg að hún sé sammála stjórnarandstöðunni á Alþingi og forstöðumönnum símenntunarmiðstöðva um að það sé veruleg bót á jafnrétti til náms þegar við horfum á landsbyggðina andspænis höfuðborgarsvæðinu að hafa þessar símenntunarmiðstöðvar og að þær geti sinnt hlutverki sínu með sóma. Nú bið ég hæstv. menntamálaráðherra að athuga að ef þær fá ekki fjárhagsgrundvöll til að starfa á þá endar þetta í gríðarlegri gjaldtöku af einstaklingunum sem stunda þetta nám. Það má ekki gerast, það yrði dauðadómur.

[15:50]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Mér fannst þetta vont svar hjá hæstv. menntamálaráðherra. Hún notaði nær allan sinn tíma til að rekja upplýsingar um hluti sem ekkert var spurt um og koma þessu máli ekkert við.

Það er nokkuð ljóst að það vantar skilning hjá hæstv. menntamálaráðherra á mikilvægi þess að efla tækifæri fólks um allt land til að mennta sig eða þá það vantar viljann hjá hæstv. ráðherra til að gera það sem til þarf. Það er ekki aðeins á Ísafirði, Egilsstöðum og Akureyri sem fólk þarf að mennta sig, það er um allt land. Það er skylda okkar og nauðsynlegra en nokkuð annað til framtíðar að gefa Íslendingum um allt land færi á að mennta sig.

[15:51]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þetta var afleitt svar hjá hæstv. ráðherra og mikil vonbrigði. Hæstv. ráðherra ætlar ekki að svara ákalli frá símenntunarmiðstöðvunum um að bjarga því fjarnámi á háskólastigi sem þar er rekið.

Miðstöðvarnar hafa tvíþætt hlutverk. Annars vegar er það fullorðinsfræðslan og símenntunarþjónustan og hins vegar háskólanám í gegnum fjarnám sem þróast hefur samhliða. Þar er ábyrgð ríkisvaldsins alveg skýr og alveg á hreinu og háskólarnir greiða netunum ekkert fyrir þá þjónustu. Um er að ræða nokkra tugi milljóna á ári sem er ákaflega lítið fé í þessu stóra samhengi en skiptir þessar stöðvar miklu máli — eru allar fjárhæðir heimsins fyrir þeim af því að þær geta ekki haldið úti starfsemi sinni nema ríkið axli ábyrgð sína, komi að rekstri stöðvanna og veiti þeim framlög til að standa undir þessu námi. Hvað varðar aðgang fólks að háskólanáminu skiptir ekki máli hvort um er að ræða 200, 400 eða 500 kílómetra á milli umræddra landsvæðis og höfuðborgarsvæðisins.

Sá hvati sem felst í starfsemi stöðvanna og þjónustu við fjarnám á háskólastigi skiptir sköpum. Tugir ef ekki hundruð Íslendinga fara í háskólanám — fólk sem ekki hefði gert það hefði það þurft að taka sig upp og flytja til Reykjavíkur. Gildir þá einu hvort um er að ræða fólk á Suð-

ur- eða Vesturlandi eða fólk lengra í burtu, á Egilsstöðum eða Vestfjörðum. Það skiptir ekki öllu máli.

Nefndin náði ekki samkomulagi um greiðslur fyrir fjarnám á háskólastigi og það er ópolandi staða. Ég skora á hæstv. menntamálaráðherra að bregðast við, taka af skarið og tryggja þessum símenntunarmiðstöðvum, fræðslunetum, þá fjármuni sem þær þurfa á að halda til að halda úti þessari mikilvægu þjónustu hvað varðar fjarnám á háskólastigi. Þessi þjónusta er bylting fyrir byggðirnar og byggðarlögin. Fyrir nokkra tugi milljóna á ári skapast tækifæri fyrir fólk sem þar býr.

[15:53]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vísa því alfarið á bug að ekki sé skilningur af minni hálfu eða annarra í ríkisstjórninni á því að efla tækifæri allra landsmanna til náms. Það höfum við einmitt verið að gera á undanförnum árum og allar nemendatölur á háskólastigi sýna það. Menn verða einfaldlega að fylgjast með og vera með á nótunum hvað það varðar.

En mér finnst þetta nokkuð köld vatnsgusa framan í þau merkilegu verkefni sem við stöndum fyrir á Ísafirði og á Egilsstöðum, að við megum ekki taka þau fram yfir sem tilraunaverkefni — þau svæði eru í áberandi mikilli fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og aðstaða þeirra sem þar búa til þess að stunda háskólanám er áberandi verst. Mér finnst þetta köld vatnsgusa framan í þau merku verkefni á háskólastigi sem við stöndum saman að, iðnaðarráðherra, menntamálaráðherra og svo sveitarfélög og íbúar á þeim svæðum. Að sjálfsögðu er það markmið ríkisstjórnarinnar að halda áfram að fjölga tækifærum allra á öllum skólastigum úti um allt land, fjölga tækifærum til náms, og það höfum við verið að gera og munum halda því áfram. Hins vegar er alveg ljóst að við í menntamálaráðuneytinu erum að greiða fyrir háskólanema hvar sem þeir eru á landinu. Háskólarnir fá borgað fyrir nemendur. Ef þessir nemar eiga að vera hlutfallslega dýrari en aðrir erum við komin inn á svið byggðamála og það þurfum við líka að ræða á þeim vettvangi. Þess vegna hafa iðnaðarráðuneyti og ráðuneyti menntamála verið í góðu samstarfi um að stuðla að enn frekari uppbyggingu menntunar á öllum skólastigum um land allt og að sjálfsögðu munu málefni símenntunarmiðstöðvanna á þeim svæðum sem fyrirspurnin lýtur að verða tekin til gaumgæfilegrar skoðunar eins og önnur svæði.

Umræðu lokið.

Fræðsla í grunn- og framhaldsskólum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Fsp. ÁÓÁ, 216. mál. — Þskj. 216.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Þessi fyrirspurn lýtur að fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla til barnanna sjálfra. Fyrr í vetur beindi ég svipaðri fyrirspurn til ráðherra um námskrá Kennaraháskólans og laut hún að fræðslu til verðandi kennara.

Það er ekki nóg að fræða kennara og verðandi kennara um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Það þarf einnig að kenna börnunum sjálfum hvað kynferðislegt ofbeldi er, hvað má og hvað má ekki. Einnig þarf að kynna börnum þau úrræði sem eru fyrir hendi lendi þau í kynferðislegri misnotkun af einhverju tagi.

Íslensk börn þurfa sárlega kennslu og fræðslu um þessi mál því ekki fá þau hana heima hjá sér á þeim heimilum þar sem þörfin fyrir slíka kennslu er hvað mest. Átaksverkefnið Blátt áfram hefur staðið fyrir frábærri brúðuleiksýningu í nokkrum grunnskólum landsins þar sem börn eru frædd um þessi mál og er mikil eftirspurn eftir þeirri sýningu. Í grunnskólalögum kemur fram að menntamálaráðherra setur grunnskólum landsins aðalnámskrá. Skólastjóri er svo ábyrgur fyrir skólanámskrá sem er nánari útfærsla á aðalnámskrá.

Það er mikilvægt að áhersla okkar allra á að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum birtist í aðalnámskrá og þá í lögunum sjálfum — að það sé ekki einungis á forræði skólanna sjálfra hvort slík fræðsla er til staðar í skólanum eða ekki og þá t.d. innan lífsleikninnar.

Í 29. gr. grunnskólalaga eru talin upp nokkur atriði sem skólar eiga að leggja áherslu á. Má þar nefna eflingu sjálfs- og félagsvitundar nemenda og stuðla eigi að líkamlegri og andlegri velferð, heilbrigðum lífsháttum og ábyrgri umgengni við líf og umhverfi. Þarna kemur einnig fram áhersla á náms- og starfsfræðslu, kynning á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvals og áhersla á þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum og leikræna og listræna tjáningu. Í allri þessari upptalningu, sem er að sjálfsögðu talsvert lengri í lögunum, gæti vel átt heima áhersla á fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Í 30. gr. sömu laga er einnig umfjöllun um hvað eigi að vera í aðalnámskránni.

Í framhaldsskólalögunum er þetta sett upp með svipuðum hætti og þar segir í stuttu máli að menntamálaráðherra eigi að setja aðalnámskrá skólanna og beri ábyrgð á henni. Mig langar því að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort hún muni beita sér fyrir því að fullnægjandi fræðsla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum verði tekin upp með beinum hætti í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla.

[15:58]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir þessa fyrirspurn og tek undir með honum varðandi verkefnið Blátt áfram og það brúðuleikhús sem við sáum bæði í mínum gamla og góða skóla Breiðholtsskóla. Það var greinilegt að sú sýning náði til barnanna því að spurningarnar sem komu fram bentu til þess að leikritið hefði vakið þau til umhugsunar um umhverfið sem slíkt og þá veröld sem við lifum í.

Eins og ég hef áður skýrt frá stendur nú yfir endurskoðun á aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla. Ég hef ákveðið að sérstaklega verði farið yfir kaflann um velferð

nemenda í almennum hluta námskránna og einnig námskrá í lífsleikni með tilliti til þess hvernig best er að koma fyrir aukinni áherslu á fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Sorgleg dæmi um kynferðislega misnotkun í samfélagi okkar ýta undir mikilvægi þess að hyggja að slíkri fræðslu í tengslum við sem flestar námsgreinar og á öðrum sviðum skólastarfsins, m.a. í starfi nemendaráða, félags- og tómstundastarfi og íþrótta- og æskulýðsstarfi.

Lífsleikni hefur verið skyldunámsgrein í leik-, grunn- og framhaldsskólum frá því að námskrárnar frá 1999, sem enn eru í gildi, voru settar. Markmið lífsleikni er að styrkja einstaklinginn í hvívetna og búa hann undir að takast á við lífið. Lífsleikni er mikilvægur grunnur að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þjóðfélagsþegnar. Innan lífsleiknifræðslunnar skapast síðan vettvangur í skólanum til að ræða andfélagslega hegðun og ofbeldi almennt. Þar er að finna markmið sem lúta að sjálfsþekkingu og tilfinningalegum þroska sem eiga að efla persónulegan styrk. Nemendur eiga t.d. að gera sér grein fyrir áhrifum og afleiðingum misbeitingar og neikvæðs áreitis. Einnig er fjallað um merkingu hugtakanna kyn, kynhneigð og kynhlutverk. Lífsleikni styður við aðrar námsgreinar og er kjölfesta í verkefnum af þessu tagi í skólastarfi.

Eins og ég vék að í upphafi er auk fræðslunnar í lífsleikni fjallað sérstaklega um velferð nemenda í almennum hluta aðalnámskrár. Þar er lýst því hlutverki umsjónarkennara og námsráðgjafa að leiðbeina nemendum í námi og starfi og aðstoða þá og ráðleggja um persónuleg mál. Þessum þáttum í aðalnámskrá er ætlað að standa vörð um almenna velferð nemenda, hvort sem það snertir námið sjálft eða andlega og félagslega vellíðan þeirra. Einnig kemur fram að nemendur geta leitað til hvaða starfsmanns skóla sem er með slík mál. Starfsmönnum er skylt að bregðast strax við og á viðeigandi hátt ef upp koma vandamál, t.d. stríðni, einelti eða almenn vanlíðan. Undir þessi ákvæði er unnt að fella viðbrögð við grun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Hér er um afar viðkvæm mál að ræða sem nálgast þarf af sérstakri nærgætni. Í slíkum tilfellum reynir fyrst og fremst á umsjónarkennara, náms- og félagsráðgjafa og starfsfólk heilsugæslu við skóla. Það er því brýnt að efla fræðslu til þessara aðila og ég tek undir það með hv. þingmanni. Reyndar þarf að efla fræðslu til alls starfsfólks skóla til að það geti fjallað um þessi mál á faglegan hátt og brugðist rétt við.

Virðulegur forseti. Ég vil einnig geta þess að af einstökum verkefnum sem ráðuneytið hefur sérstaklega beitt sér fyrir og snertir velferð nemenda í grunnskólum er einnig rétt að nefna Olweusarverkefnið sem er gegn einelti og andfélagslegu atferli. Verkefnið á uppruna í Noregi og byggist á áratugalöngum rannsóknum og miðast við að skólar komi á kerfi til að takast á við og fyrirbyggja ofbeldi og áföll í nemendahópnum og í skólasamfélaginu. Styrkur verkefnisins felst ekki síst í því að allir starfsmenn skólanna taka þátt í því og fá leiðsögn og fræðslu. Nemendur taka virkan þátt í verkefninu og náið samstarf er haft við foreldra. Þegar eineltismál hafa komið upp í þátttökuskólunum eru þau strax sett í markvissan farveg sem allir starfsmenn skólans þekkja og hafa fengið fræðslu og leiðsögn um. Starfsmenn skólanna geta því tekið mun ákveðnar og af meira öryggi á málum sem upp koma í nánu samstarfi við foreldra. Þetta eftirlitskerfi hefur reynst góð umgjörð og veitt nemendum styrk, ekki síst þeim sem eiga undir högg að sækja. Þjálfun starfsfólks í markvissum vinnubrögðum, eins og gert er í Olweusarverkefninu, opnar leiðir og möguleika innan skóla til að fjalla um mál af þeim toga sem hér um ræðir, þ.e. kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Ég vil sérstaklega geta þess að við höfum náð markvissum árangri, mælanlegum árangri, með Olweusarverkefninu.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin. Ég fagna því að hæstv. ráðherra tekur hér undir að við þurfum að auka þessa fræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Ég held að flest okkar séu sammála um að fræðsla um þessi mál verður seint of mikil.

Það er líka mjög mikilvægt að hafa í huga að eins og hæstv. menntamálaráðherra sagði er þessi námskrá í endurskoðun núna. Því er hér á ferðinni alveg einstakt tækifæri til að setja sérstök áherslumál í námskrána. Það eru atriði talin upp í sjálfum lögunum um hvað eigi að vera í námskrá grunn- og framhaldsskóla. Þess vegna á þetta heima hér á þingi. Þetta á ekki, að mínu mati, að vera á forræði viðkomandi skóla eingöngu.

Þess vegna kalla ég eftir aðeins skýrari svörum frá hæstv. menntamálaráðherra um hvort hún muni beita sér fyrir því með beinum hætti að tekið verði sérstaklega fram að fræðsla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum verði bókstaflega talin upp í viðkomandi lögum. Ég veit að það er búið að gera margt gott varðandi einelti og ofbeldi og virðingu. Lífsleiknin er námskeið sem hefur gengið mjög vel. En það væri mjög sorglegt ef hætta væri á því að þessi áhersla, að þessi fræðsla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum mundi mæta einhvers konar afgangi vegna t.d. þekkingarleysis, skorts á fjárráðum eða einfaldlega svigrúmi. Því er mjög mikilvægt að skólar landsins fái þau skilaboð frá þinginu, ég tala nú ekki um ef það færi í sjálf lögin, að það ætti að vera sérstök fræðsla um þetta ofbeldi. Við þurfum svona sambærilegt átak í fræðslu um kynferðislegt ofbeldi eins og var og er stöðugt í gangi varðandi einelti. Ég tek alveg undir það sem ráðherra segir um það, að þar hefur verið gert mjög margt gott. En nú tel ég vera komið að þessu kynferðislega ofbeldi gegn börnunum og þess vegna kalla ég aftur eftir aðeins skýrari svörum um hvort ráðherrann muni beita sér með beinum hætti fyrir því einfaldlega að setja þetta í sjálf lögin í þeirri endurskoðun sem nú stendur yfir.

[16:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Eins og ég gat um áðan stendur yfir þessi endurskoðun á námskránni sem að koma ýmsir aðilar, að meginhluta til fagfólk, sem m.a. hefur fengið það hlutverk af minni hálfu að fara sérstaklega yfir það hvernig hægt sé að efla lífsleiknina með tilliti til þess hvernig hægt er að

koma fyrir þessari auknu fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Ég tek heils hugar undir með hv. þingmanni að það er mikilvægt að skilaboðin séu skýr. Ég er ekki viss um endilega að það þurfi að vera í lögum. Þau geta verið í námskránni eins og við erum að gera með ýmsa aðra þætti.

Ég tel skipta líka miklu máli, og það tengist svari við fyrirspurn frá hv. þingmanni frá því fyrir jól, að Kennaraháskólinn og kennslustofnanirnar eru líka markvisst að taka á þessum málum, þ.e. hvernig hægt sé að auka fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í fræðslustefnu sinni, í námskrám sínum. Það skiptir því máli að hugsa um heildarmyndina, öll skólastigin, en um leið líka þá sem stærstu aðkomuna hafa varðandi börnin og það eru að sjálfsögðu kennararnir, að þeir séu vel menntaðir og vel undirbúnir til þess að geta tekist á við þau dapurlegu tilvik sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

Umræðu lokið.

[16:07]

Útbýting:

Fæðingarorlofssjóður, 424. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 641.

Hjúkrunarþjónusta við aldraða, 423. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 640.

Laun og kjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda, 425. mál, fsp. JóhS, þskj. 642.

Launa- og starfskjör skráðra félaga í kauphöllinni, 420. mál, fsp. JóhS, þskj. 637.

Skattur á líkamsrækt, 421. mál, fsp. MÁ, þskj. 638.

Umferð um Reykjavíkurflugvöll, 419. mál, fsp. KolH, þskj. 636.

Upplýsingaskylda bankastofnana, 422. mál, fsp. JóhS, þskj. 639.

Um fundarstjórn.

Lengd fyrirspurnatíma.

[16:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil koma því á framfæri við forseta og forsætisnefnd þingsins að veita meiri tíma fyrir okkur ráðherra til þess að svara fyrirspurnum. Ég er hér með einar sjö eða átta fyrirspurnir á dagskrá og það komast bara tvær að og nú er klukkan rúmlega fjögur. Eins og við þekkjum og vitum þá eru iðulega þingflokksfundir á milli fjögur og sex þannig að ég mælist til þess, þannig að ég geti svarað fyrirspurnum þingmanna, að ráðherra fái meiri og aukinn tíma til þess að svara þeim fyrirspurnum.

[16:09]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti hefur móttekið ósk hæstv. ráðherra. Fyrirspurnatíminn hefur verið lengri í dag en samkvæmt venju. Við höfum hér fund klukkan tólf og þannig stendur á samkvæmt því sem fyrir liggur að fyrirspurnir eru mjög margar og það hefur verið reynt eftir bestu vitund að raða niður fyrirspurnum á hæstv. ráðherra eftir því sem þeir hafa verið við. En forseti mun taka beiðni hæstv. menntamálaráðherra til skoðunar.

Út af dagskrá voru tekin 14. og 16.–20. mál.

Fundi slitið kl. 16:10.

---

46. FUNDUR

fimmtudaginn 19. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 375. mál, þskj. 431. — 1. umr.
2. Siglingalög, stjfrv., 376. mál, þskj. 432. — 1. umr.
3. Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 378. mál, þskj. 434. — 1. umr.
4. Bílaleigur, stjfrv., 379. mál, þskj. 435. — 1. umr.
5. Hafnalög, stjfrv., 380. mál, þskj. 436. — 1. umr.
6. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 412. mál, þskj. 589. — 1. umr.
7. Stuðningur við einstæða foreldra í námi, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
8. Fiskverndarsvæði við Ísland, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
9. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frv., 86. mál, þskj. 86. — 1. umr.
10. Samkeppnisstaða fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, þáltill., 66. mál, þskj. 66. — Fyrri umr.
11. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 138. mál, þskj. 138. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[13:31]

Útbýting:

Fjarskiptasafn Landssímans, 429. mál, fsp. KolH, þskj. 646.

Réttur sjúklinga við val á meðferð, 430. mál, fsp. KolH, þskj. 647.

Samningur um menningarmál, 428. mál, fsp. KLM, þskj. 645.

Snjómokstur, 427. mál, fsp. KLM, þskj. 644.

Athugasemdir um störf þingsins.
Heimild Fjármálaeftirlitsins til að beita dagsektum.

[13:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Í fréttum sjónvarps í vikunni kom fram að Fjármálaeftirlitið teldi brýnt að brugðist yrði við með lagasetningu svo það gæti beitt þrýstingi til að fá fram svör frá einstaklingum sem eru til rannsóknar hjá eftirlitinu. Eftirlitið sendi 1. nóvember 2005 bréf þar að lútandi til hæstv. viðskiptaráðherra en engin viðbrögð hafa komið fram við því. Fjármálaeftirlitið sendi bréfið í kjölfar þess að í haust úrskurðaði kærunefnd um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi að Fjármálaeftirlitið hefði ekki heimild samkvæmt lögum til að beita einstaklinga dagsektum ef þeir neituðu að veita eftirlitinu umbeðnar upplýsingar. Í bréfi Fjármálaeftirlitsins til ráðherra er sérstaklega getið sem tilefnis að eftirlitið hafi haft til athugunar hvort virkur eignarhluti hafi myndast í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Um það hafa staðið miklar deilur sem rekja má til að fyrri stjórn var velt úr sessi á síðasta ári.

Fjármálaeftirlitið taldi að valdatakan í sparisjóðnum kynni að hafa verið lögbrot og málinu hefur verið vísað til ríkislögreglustjóra. Eftirlitið beindi fyrirspurn vegna þessa til nokkurs fjölda aðila sem það hafði vitneskju um að tengdust viðskiptum eða eignarhaldi í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Í bréfinu kom fram að tilteknir aðilar hefðu þráfaldlega virt að vettugi fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins. Málið liggur því þannig að eftirlitið hefur takmörkuð úrræði til að rækja þá skyldu sem því er falið, að hafa eftirlit með virkum eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum. Orðrétt segir í bréfi þess til ráðherra:

„Þrátt fyrir ótvíræða lagaskyldu til upplýsingagjafar er mönnum frjálst að gefa Fjármálaeftirlitinu langt nef og hunsa að gefa þeim upplýsingar við rannsókn mála því eftirlitið hefur engin úrræði til að fylgja upplýsingunum eftir."

Fjármálaeftirlitið segir að heimildir þess til að hafa nauðsynlegt eftirlit með virkum eignarhlutum á fjármálamarkaði sé í uppnámi. Hið sama gildir um lög um vátryggingastarfsemi, lífeyrissjóði og verðbréfaviðskipti. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvernig hann ætli að bregðast við þessari beiðni Fjármálaeftirlitsins. Megum við eiga von á því á næstu dögum að fá fram frumvarp sem veitir eftirlitinu þær heimildir sem kallað hefur verið eftir? Ég minni á að Fjármálaeftirlitið hefur óskað tafarlausra viðbragða í þessu máli.

[13:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu. Þannig er að stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, Stefán Svavarsson, dósent við Háskólann í Reykjavík, gerði bréfi eftirlitsins til ráðuneytisins ágætlega skil í ræðu sinni á ársfundi stofnunarinnar sem haldinn var í nóvember. Ræða formannsins hefur verið aðgengileg á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins síðan, auk þess sem umfjöllun formannsins um niðurstöður kærunefndar voru gerð skil í fjölmiðlum.

Það að Fjármálaeftirlitið skuli hafa sent ráðuneytinu erindi um áhyggjur sínar af því að geta ekki skotið niðurstöðum kærunefndar til frekari umfjöllunar dómstóla hefur því verið opinbert mál um nokkra hríð. Ég tel ekki ástæðu til að fara yfir bréf Fjármálaeftirlitsins enda hefur verið gerð grein fyrir því. Hins vegar vil ég láta þess getið sem ekki hefur komið fram opinberlega áður að síðastliðið haust var hafin í viðskiptaráðuneytinu vinna við frumvarpssmíð sem hefur það að markmiði að styrkja eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins. Við þá vinnu hefur m.a. verið farið yfir úrskurði kærunefndar, ekki aðeins þann sem varð tilefni bréf Fjármálaeftirlitsins, m.a. til að komast að því hvar kærunefnd teldi að eftirlitsheimildirnar væru ekki nægilega skýrar.

Ákvæði um dagsektir og stjórnvaldssektir koma þar til skoðunar ásamt öðrum úrræðum sem Fjármálaeftirlitið telur sig þurfa að hafa. Vinna við það er langt komin og sérfræðingar ráðuneytisins hafa sagt mér að líkur séu á að hægt sé að leggja fram frumvarp í framhaldi af því á vorþingi. Ég vonast svo sannarlega til þess að svo verði og það verði afgreitt fyrir vorið.

[13:37]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum haft áhyggjur af veikri stöðu Fjármálaeftirlitsins. Það hefur eiginlega heyrt beint undir viðskiptaráðherra. Viðskiptaráðherra er líka ráðherra bankamála og stóð fyrir einkavæðingu og sölu bankanna, sem Fjármálaeftirlitið átti að hafa eftirlit með þótt það heyrði undir sama ráðherra. Við höfum því lagt til á Alþingi að kannað verði hvort ekki sé réttast að færa Fjármálaeftirlitið undir Alþingi þannig að sjálfstæði þess verði tryggt frá framkvæmdarvaldinu. Ég tel það mikilvægan kost.

Fjármálaeftirlitið hefur verið gagnrýnt fyrir linkind. Skemmst er að minnast þess að Bjarni Ármannsson lýsti á fundi í janúar fyrir ári áhyggjum sínum af því að Fjármálaeftirlitið nyti ekki þeirrar virðingar sem því ber og sumir markaðsaðilar, eins og hann sagði orðrétt, með leyfi forseta: „... færu oft inn á grá svæði, og það jafnvel viljandi." Þetta sagði einn aðalbankastjóri landsins um stöðu Fjármálaeftirlitsins.

Við höfum dæmi um að ef einstakir forstöðumenn hafa ætlað að sýna sjálfstæði í störfum þá hafi stofnanir verið lagðar niður, þeim sagt upp eða látnir hætta, dæmi um þetta eru Þjóðhagsstofnun og Samkeppnisstofnun.

Þá er spurningin: Hvaða viðbrögð ætlar hæstv. viðskiptaráðherra að sýna Fjármálaeftirlitinu þegar það reynir að reka af sér slyðruorðið, standa undir nafni og sinna þeirri eftirlitsskyldu sem því er falin samkvæmt lögum? Ætlar viðskiptaráðherra að standa við bakið á Fjármálaeftirlitinu, veita því nægar heimildir og stuðning til að hafa nauðsynlegt eftirlit með fjármálamarkaðnum og veita honum aðhald sem allir telja þarft? Þetta er afar brýnt frú forseti. Ætlar hæstv. ráðherra kannski bara að láta nýráðinn forstöðumann Fjármálaeftirlitsins, sem reynir að reka slyðruorðið af því embætti, hætta fyrir að ætla að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum? Eða ætlar hann að bakka hann upp?

[13:39]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Nú er það þannig að ég studdi ekki lög um sparisjóði sem sett voru fyrir tveimur þingum. Ég tel raunar erfitt að halda þeim sem eigendum fyrir utan hið almenna viðskiptabankakerfi. Það breytir ekki því að hér voru sett lög um sparisjóði. Það er mikilvægt að þau lög séu virt og þeim sé framfylgt. Það er óþolandi staða fyrir Fjármálaeftirlitið að eiga að framfylgja lögum frá Alþingi án þess að hafa til þess viðunandi tæki. Það er óviðunandi að viðskiptaráðherra taki ekki af öll tvímæli um að við fáum a.m.k. í vetur frumvarp þessa efnis og segi aðeins að það séu líkur á því. Hér er ekki eftir neinu að bíða. Það tók ekki mörg missiri eða ár að leggja fram sparisjóðafrumvarpið á sínum tíma. En þegar Fjármálaeftirlitið kallar eftir tækjum til að fylgja lögunum fram þá er mikilvægt að skilaboð Alþingis séu skýr og það fái fljótt og vel þau tæki sem það þarf á að halda til að halda uppi aga á fjármálamarkaði. Óvíða í íslensku samfélagi er eins mikilvægt að skilaboðin séu skýr og á fjármálamarkaði og í þeim reglum sem um hann gilda.

Það er líka óþolandi aðstaða fyrir Fjármálaeftirlitið að það borgi sig í öllum tilfellum að áfrýja ákvörðunum þess. Sá sem áfrýjar til úrskurðarnefndar hefur engu að tapa. Málið fer aldrei fyrir dómstóla en ef hann er svo heppinn að vinna þá kemst Fjármálaeftirlitið ekki lengra með málið. Það hlýtur að draga alla vinnslu mála mjög á langinn og gera þetta mikilvæga eftirlit óskilvirkt. Ég hvet því hæstv. viðskiptaráðherra til að lýsa því yfir afdráttarlaust að frumvarp um Fjármálaeftirlitið og tæki þess komi fram á þessu þingi. Það hlýtur að eiga greiða leið í þingsölum og fá málefnalega og skjóta umfjöllun.

[13:41]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú er það svo að margir stóðu í þeirri trú að Fjármálaeftirlitið hefði traust lög til að styðjast við til að sinna lögbundnum skyldum sínum. Í haust kom á daginn að svo er ekki. Nú hefur stofnunin óskað eftir því að ríkisstjórnin og Alþingi beiti sér fyrir lagabreytingum til að fá nauðsynlegar lagastoðir til að sinna hlutverki sínu. Ég verð að lýsa furðu yfir viðbrögðum hæstv. viðskiptaráðherra, að verða ekki við þeirri beiðni.

Um er að ræða mjög alvarlegt mál, yfirtöku á sparisjóði sem grunur leikur á að sé saknæm. Málinu hefur verið vísað til lögreglu til umfjöllunar þar. Ég vil taka undir þær áskoranir sem hér hafa komið fram, um að ríkisstjórnin og Alþingi beiti sér hið allra fyrsta fyrir því að nauðsynlegar lagabreytingar verði gerðar.

[13:43]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér fer fram mjög þörf umræða. Hún snertir í raun hraða viðskiptalífsins. Það fer á ógnarhraða. Hlutir skipta um eigendur mjög hratt en á meðan fylgir stjórnsýslan ekki eftir. Fjármálaeftirlitið hefur ekki heimildir til þess að *ná fram markmiðum sínum*. Það er ekki hægt að una við það. Við sjáum það ekki einungis af sparisjóðsmálum. Það kom úrskurður um að yfirtökuskylda hefði myndast hjá eigendum FL Group. Þá virðist búið til eitthvert málamyndasamkomulag við einn stærsta banka þjóðarinnar Landsbanka Íslands um að hann taki yfir eigurnar að nafninu til en eftir sem áður haldi fyrri eigendur, hvort sem verður, hagnaði eða tapi af þessum bréfum. Þetta gengur auðvitað ekki svona lengur. Menn verða að taka til í þessum málum. Það er löngu tímabært.

[13:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Hæstv. ráðherra segir að verið sé að endurskoða lögin og vænta megi þess að lög verði sett um þetta í vor. Ég spyr hæstv. ráðherra: Dugir það Fjármálaeftirlitinu? Hefur hæstv. ráðherra sett sig í samband við Fjármálaeftirlitið og spurt hvort það dugi því að bíða fram á vor eftir því að slík lög taki gildi?

Þeir báðu 1. nóvember um tafarlausa lagaheimild í þessu efni. Þeir eru með rannsókn í gangi vegna Sparisjóðs Hafnarfjarðar og ég spyr: Dugir það? Mér þykir ráðuneytið ansi svifaseint í þessu efni og ég spyr: Ef það er fleira undir í breytingum á þessum lögum, er þá ekki hægt að taka þennan eina þátt út úr til að Fjármálaeftirlitið fái þá lagaheimild sem þeir hafa kallað eftir?

Fjármálaráðuneytið kallar ekki svo oft eftir lagaheimildum. Það hlýtur að vera brýnt þegar beðið er um tafarlausa lagaheimild í þessu efni. Fjármálaeftirlitið kallaði í fyrra líka eftir heimild til að beita stjórnvaldssektum þegar um væri að ræða markaðssvik, t.d. ef viðskipti væru með verðbréf á grundvelli innherjaupplýsinga. Ég sé ekki að ráðherrann hafi orðið við því ákalli Fjármálaeftirlitsins. Ég spyr: Er verið að endurskoða þetta í lögunum? Munum við sjá ákvæði í frumvarpi frá ráðherra um að hægt verði að beita stjórnvaldssektum þegar um er að ræða markaðssvik?

Ég nefni líka ákvæði um að lengja eignarhaldstíma hlutabréfa, í þeim tilvikum sem stjórnendur fjármálafyrirtækja maka krókinn og græða hundruð milljóna á kaupum á hlutabréfum í þeim fyrirtækjum sem þeir starfa hjá, sem er auðvitað ekki annað en siðlaus fjármálagerningur. Á þessu verður að taka, m.a. með lengingu á eignarhaldstíma slíkra bréfa. Ég nefni þetta af því að ráðherrann talar um að það sé verið að endurskoða lögin. Munum við sjá þessi ákvæði í þeim lögum sem ég nefndi og hefur Fjármálaeftirlitið sæst á að bíða eftir lagasetningu fram á vor um þessi *mál*?

[13:46]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir það að hér er mikill stuðningur við Fjármálaeftirlitið. Ég held að mikilvægt sé að svo sé vegna þess að það gegnir mikilvægu hlutverki í stjórnsýslu okkar. Það hlutverk verður æ mikilvægara með þeirri öru þróun sem er á fjármálamarkaði og kaupum Íslendinga á bönkum í fjármálafyrirtækjum erlendis sem eykur enn á verkefni og skyldur hinnar mikilvægu stofnunar. En ég geri eiginlega kröfu til að hv. þingmenn hlusti þegar talað er til þeirra en mér fannst það að minnsta kosti ekki vera með hv. þm. Ögmund Jónasson þegar hann talar um að ekki eigi að verða við þessari beiðni. Það er alveg af og frá að halda því fram vegna þess að eins og kom fram í máli mínu erum við að vinna frumvarp í ráðuneytinu og höfum

reyndar verið að því síðan í haust og áður en þetta bréf barst hafði sú vinna hafist. Sú vinna gengur fyrst og fremst út á að styrkja eftirlitsheimildir. Það sem kemur fram í bréfinu umrædda gerir í sjálfu sér það að verkum að fara þarf betur yfir úrskurði kærunefndarinnar því Fjármálaeftirlitið heldur því fram og telur sig hafa þessar heimildir. Hins vegar kemst úrskurðarnefndin að annarri niðurstöðu. Þetta gerir það að verkum að ráðuneytið þarf að vanda sig alveg sérstaklega í þessu máli.

Ég geri mér grein fyrir að frumvarpið mun fá greiðan gang í gegnum hv. Alþingi og það er mikilvægt að finna þennan mikla stuðning. Þess verður ekki langt að bíða að frumvarpið birtist.

Siglingastofnun Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 375. mál (fulltrúi skemmtibátaeigenda í siglingaráði). — Þskj. 431.

[13:49]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum. Markmið frumvarpsins er að styrkja siglingaráð sem ráðgefandi aðila fyrir Siglingastofnun og samgönguráðuneytið með aðkomu fulltrúa samtaka skemmtibátaeigenda að ráðinu. Hlutverk siglingaráðs er m.a. að fjalla um öryggismál skipa og öryggismál sjófarenda og þykir af þeim sökum eðlilegt að samtök skemmtibátaeigenda eigi þar fulltrúa til jafns við aðra hagsmunaaðila. Hingað til hafa skemmtibátaeigendur ekki haft fulltrúa í ráðinu.

Í frumvarpinu er lögð til fjölgun fulltrúa í siglingaráðinu úr ellefu í tólf. Samkvæmt gildandi fyrirkomulagi er gert ráð fyrir að samgönguráðherra skipi átta fulltrúa í ráðið eftir tilnefningu auk þriggja án tilnefningar. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að tilnefndir fulltrúar verði alls níu talsins og þar af einn sem hagsmunasamtök skemmtibátaeigenda komi sér saman um að tilnefna. Áfram er gert ráð fyrir að samgönguráðherra skipi þrjá fulltrúa án tilnefningar. Fyrirkomulag þetta er sett fram í samráði við fulltrúa starfandi samtaka skemmtibátaeigenda sem í dag eru alls fjögur. Ávinningur af frumvarpinu er einkum fólginn í því að standa vörð um hagsmuni fulltrúa skemmtibátaeigenda hvað varðar öryggi í siglingu. Aðild þeirra að siglingaráði kemur til með að auðvelda þeim aðkomu að ýmsum mikilvægum málum í tengslum við öryggi sjófarenda sem og skemmtibáta og auðveldar upplýsingastreymi til þeirra.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgöngunefndar.

[13:50]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Í sjálfu sér þarf ekki að hafa mörg orð um frumvarpið. Það er afskaplega auðvelt að fjölga í siglingaráði og fá þar inn fulltrúa skemmtibátaeigenda og eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er full ástæða til þess. Ég vil því aðeins lýsa yfir stuðningi við það. Við höfum orðið vör við það á síðustu árum í kjölfar aukinnar velferðar hjá þjóðinni að hún leitar sér stöðugt að meiri og fjölbreyttari frístundaáhugamálum. Eitt af því eru skemmtisiglingar. Skemmtibátum hefur fjölgað mjög ört að undanförnu út um allt land. Þetta eru ekki neinar litlar fleytur þó sumar séu sannarlega það, svona rómantískir litlir segl- eða árabátar. En við erum líka að tala um kraftmikla báta sem fara hratt yfir og langt út og þess vegna þarf að gæta fyllsta öryggis. Því er mjög mikilvægt að raddir þeirra heyrist í siglingaráði sem vélar um siglingar í kringum landið og þess vegna lýsi ég yfir stuðningi við þetta ágæta frumvarp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingalög, 1. umr.

Stjfrv., 376. mál (öryggi á sjó). — Þskj. 432.

[13:52]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum. Frumvarp þetta er lagt fram m.a. vegna ábendinga frá siglingaráði síðasta vor. Markmið frumvarpsins er að stuðla að auknu öryggi til sjós með skýrari og víðtækari ákvæðum vegna hættulegrar hegðunar eða ástands skipstjóra eða annarra skipverja sem fara með stjórn skips. Í frumvarpinu er lagt til það nýmæli að sambærileg mörk gildi um skilgreint vínandamagn í blóði skipstjórnarmanna eða skipverja og eru í umferðarlögum. Hliðstætt ákvæði er jafnframt að finna í lögum um loftferðir.

Gengið er út frá því að viðkomandi sé óhæfur til starfsins reynist vínandamagn í blóði hans vera yfir 0,5 prómill eða nemi vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér 0,25 milligrömmum í lítra lofts. Gert er ráð fyrir að grandaleysi aðila um ástand sitt leysi hann ekki undan sök.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæðin gildi um fleiri áhafnarmeðlimi en eingöngu skipstjóra eins og nú er, þ.e. skipverja eða aðra starfsmenn sem hafa með hendi starfa í skipi, stjórni skipaferðum eða veiti öryggisþjónustu vegna skipaferða. Reynist framangreindir aðilar óhæfir til að rækja starfa sinn á fullnægjandi hátt, t.d. vegna neyslu áfengis, ofskynjunarefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna vegna sjúkdóms eða þreytu eða af öðrum orsökum, skal það varða sektum eða fangelsi. Hafi framangreindir aðilar orðið valdir að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi varðar það jafnframt sektum eða fangelsi. Þá er gert ráð fyrir því nýmæli í frumvarpinu að tilraun til stjórnunar skips geti reynst refsiverð. Slíkur áskilnaður er nauðsynlegur vegna sönnunarörðugleika undir ákveðnum kringumstæðum.

Loks er í frumvarpinu byggt undir heimildir lögreglu og annarra sem með löggæsluvald fara til að taka á málum af því tagi sem hér um ræðir. Lögð er sú skylda á skipstjóra og aðra skipstjórnarmenn að gangast undir öndunarpróf að kröfu lögreglu eða annarra sem með löggæsluvald fara. Skyldan nær jafnframt til þess að hlíta kröfu sömu aðila um læknisskoðun, þar á meðal blóð- og þvagrannsókn. Lagt er

til að ákvæðin gildi fyrir öll skip óháð stærð þeirra og lengd. Siglingalög gilda að öðru leyti um skráningarskyld skip, þ.e. skip yfir sex metra að lengd.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni umræðu vísað til hv. samgöngunefndar.

[13:55]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé fyllilega tímabært að flytja svona frumvarp því sagan sýnir að skipstjórnarmenn hafa lent í vandræðum vegna drykkjuskapar, stöku dæmi hafa komið upp og sum hver allalvarleg. En ég skal viðurkenna, frú forseti, að við fyrsta yfirlestur á þessu ágæta frumvarpi brá mér örlítið í brún. Ég skil þau öryggissjónarmið að sá sem ber ábyrgð á skipstjórn, farkosti, þurfi að vera allsgáður vegna þess að um mannslíf er að tefla. En við fyrsta yfirlestur sýndist mér þetta eiga við alla skipverja og leist mér nú ekki beinlínis á. Ég vil því bera fram þá fyrirspurn, til að fá alveg úr því skorið hjá hæstv. ráðherra, hvort t.d. glaðlyndur þjónn eða matreiðslusveinn á skemmtiferðaskipi sem vill kannski aðeins hýrga upp á sig í starfi sínu, hvort það mundi teljast refsivert ef yfir ákveðin mörk er farið. Eða nær þetta einungis til stjórnunarhlutans uppi í brú? (**GHall:** Eða kokkur á kútter frá Sandi?) Eða kokkur á kútter frá Sandi, eins og hv. formaður samgöngunefndar spyr.

[13:57]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa ábendingu hv. þingmanns. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að þetta fjalli um þá áhafnarmeðlimi sem fara með ábyrgðarstörf við stjórnun skipanna. Fyrst og fremst er um slíkt að ræða. Við þekkjum það að þeir sem sinna vélbúnaði og taka þátt í stjórnun skipsins eða gegna að öðru leyti ábyrgðarstörfum sem tengjast siglingum þurfa að sjálfsögðu að vera allsgáðir og mjög mikilvægt að þar bregði ekki út af. Ég tel að það geti ekki verið að þetta nái til þeirra sem sinna öðrum störfum sem tengjast ekki beint öryggisþáttum. En allra annarra aðila.

[13:58]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mál sem lengi vel hefur verið í umræðunni annars staðar en meðal íslenskrar sjómannastéttar. Við þekkjum það að t.d. hjá Alþjóðaflutningaverkamannasambandinu hefur þetta mál verið mjög í brennidepli, áróður gegn hvers konar áfengisneyslu um borð í skipum. Auðvitað er full ástæða til að taka hér á með þessum hætti. Við þekkjum það eins og hv. þm. Hjálmar Árnason kom inn á varðandi skemmtiferðaskip. Ég hef einmitt rætt við Íslendinga sem hafa verið í yfirmannastöðum á skemmtiferðaskipum, að þar eru reglur mjög hreinar og beinar. Menn geta fengið sér alkóhól eða bjór á milli vakta en það er algjörlega skilyrðum háð hvernig menn eigi að bera sig að áður en þeir koma á vaktina og hversu langt má líða frá því viðkomandi neytti áfengis og þar til viðkomandi kemur á vakt, alveg nákvæmlega eins og er með flugáhafnir.

Það var nú um tíma á íslenska kaupskipastólnum á árum áður að nokkuð var um það að áfengi væri haft um hönd. Það var ekki algengt meðal skipstjórnenda heldur frekar kannski annarra í áhöfn. En auðvitað getur stafað af þessu hætta og skip er þannig vinnustaður að það getur allt gerst hvort sem menn eru á vakt eða frívakt. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að þeir sem eru á frívakt séu ávallt tilbúnir til verka ef eitthvað ber að höndum. Ég tel því að frumvarpið sé mjög af hinu góða og styð það heils hugar þegar það verður tekið til umfjöllunar í hv. samgöngunefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1. umr.

Stjfrv., 378. mál. — Þskj. 434.

[14:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, nr. 7 26. febrúar 1975, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að gefa ríkisstjórninni heimild til þess að staðfesta nýjar alþjóðareglur í siglingamálum. Alþjóðasiglingareglurnar hafa í rúmlega 200 ár verið höfuðreglur siglingaþjóða um stjórn og siglingu skipa á höfunum. Meginmarkmið reglnanna er að koma í veg fyrir árekstra á sjó og stuðla að betri og öruggari siglingum og þar með auknu öryggi sjófarenda við hinar margvíslegu aðstæður.

Með lögum nr. 7/1975 var ríkisstjórninni fyrst heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðlegar reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó. Samþykktin var fullgilt í apríl árið 1975 og öðlaðist gildi 15. júlí 1977. Reglurnar hafa tekið nokkrum breytingum síðan, nú síðast með lögum nr. 123 frá árinu 2001.

Frumvarp þetta felur fyrst og fremst í sér endurþýðingu á gildandi alþjóðareglum í heild sinni auk þess sem settar hafa verið nokkrar nýjar reglur í samræmi við ákvæði alþjóðareglna. Siglingastofnun Íslands sá um þýðingu þessara reglna. Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér varða nýjar reglur um svokölluð svifför en það eru farartæki sem nýta eigin loftpúðaáhrif til þess að svífa rétt ofan við yfirborðið. Þessar nýju reglur öðluðust alþjóðlegt gildi þann 29. nóvember 2003. Með gildistöku þeirra laga sem hér eru til umfjöllunar öðlast þær lagagildi hér á landi.

Ávinningur með frumvarpinu er einkum sá að lögfesta nýjar alþjóðareglur frá árinu 2003 þannig að þær öðlist lagagildi hér á landi auk þess sem ný og endurbætt þýðing á alþjóðareglum fylgir lögunum og kemur í stað fylgiskjals með lögum nr. 7/1975.

Virðulegur forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til hv. samgöngunefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bílaleigur, 1. umr.

Stjfrv., 379. mál (flutningur leyfisveitinga o.fl.). — Þskj. 435.

[14:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að leyfisveitingar til að reka bílaleigur færist frá samgönguráðuneytinu til Vegagerðarinnar. Samkvæmt frumvarpinu er því gert ráð fyrir að þeir sem vilja reka bílaleigur hafi starfsleyfi frá Vegagerðinni en ekki samgönguráðuneytinu. Þetta er í samræmi við grundvallarhugsun stjórnsýslulaga þar sem kveðið er á um þann rétt borgaranna að þeir geti skotið stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds. Með því að veita undirstofnun ráðuneyta heimild til þess að ákvarða um rétt og skyldur manna, svo sem um veitingu leyfa, eftirlit með því að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt o.s.frv., verður þessu við komið. Þessi skipan mála er jafnframt í samræmi við þróun sem verið hefur og við þekkjum og snýr að annarri flutningastarfsemi.

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að gjald fyrir útgáfu starfsleyfa hækki úr 10 þús. kr. í 25 þús. kr. Ástæða þessarar hækkunar er að reiknaður hefur verið út kostnaður við útgáfu starfsleyfa og aðra umsjón með bílaleigum og er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að gjaldið hækki þannig að það geti staðið undir þeim kostnaði enda er ekki gert ráð fyrir því í fjárlögum að Vegagerðin fái fjármuni til þess að takast á við þessi verkefni.

Önnur helstu efnisatriði frumvarpsins eru að kveðið er á um að bílaleiga skuli rekin á fastri starfsstöð sem opin skal almenningi á tilgreindum tímum. Þá er einnig lögð sú skylda á bílaleigur að þær auglýsi opnunartíma á skýran og ótvíræðan hátt og skulu standa við hann. Ástæða þess er sú að talið er mikilvægt að viðskiptavinir geti náð persónulegu sambandi við þann sem skipt er við. Þá er áréttað að bílaleigu er bannað að leigja út ökutæki sem ekki er sérstaklega skráð hjá Umferðarstofu sem ökutæki sem leigt er í atvinnuskyni án ökumanns. Ástæðan fyrir þessari breytingu er að ríkara eftirlit er með ökutækjum sem leigð eru út en ökutækjum til einkanota.

Loks er í frumvarpinu kveðið á um heimild fyrir bílaleigur til að leigja til lengri tíma ökutæki sem ekki hefur notið lægri vörugjalda og ökutæki þar sem 15 mánuðir eru liðnir frá nýskráningu ökutækis sem notið hefur lægri vörugjalda. Í gildandi lögum er leigutími takmarkaður við þrjá vikur að jafnaði. Talið er nauðsynlegt að breyta þessu þar sem aukin eftirspurn hefur verið eftir ökutækjum til leigu til lengri tíma en þriggja vikna og ekki er talið óeðlilegt að slíkt sé heimilað með þessu frumvarpi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[14:07]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það eru þrjú atriði sem mig langaði til þess að gera að umræðuefni hér við 1. umr. um þetta frumvarp um breytingu á lögum um bílaleigur.

Það fyrsta er sú meginbreyting sem hér verður, þ.e. að færa verkefnin til Vegagerðarinnar. Nú eru færð rök fyrir því að það sé samkvæmt stjórnsýslulögum, í samræmi við þau. Ég geri ekki athugasemd við það. Ég held hins vegar að hv. samgöngunefnd eigi að staldra við og skoða hversu umfangsmikil og margbreytileg verkefni þessarar ríkisstofnunar eru orðin, miklu fleiri og meiri en að leggja vegi og byggja brýr. Það er ekki bara að Vegagerðin fái hér heimild til þess að gefa út starfsleyfin heldur hefur hún einnig eftirlitsheimild. Þó að hún geti, eins og hér kemur fram, falið faggiltum skoðunaraðilum að taka að sér þau verkefni, úthýst þeim með þeim hætti, þá er hér bæði um það að ræða að gefa út leyfin, halda skrána og hafa eftirlit með bílaleigunum. Þetta þarf að skoðast vel í nefndinni.

Í öðru lagi er það hækkunin á starfsleyfinu, hækkun þess í verði. Hér virðist tækifærið notað til þess að hækka verðið á leyfinu um 150%, úr 10 þúsund í 25 þús. kr. Kann að vera að einhverjum finnist það ekki há upphæð til þess að kaupa fyrir starfsleyfi eða fá það afhent. En við skyldum þó athuga það að ekki er sjálfgefið að standa að svona mikilli verðhækkun á einu starfsleyfi bara sisvona.

Í þriðja og síðasta lagi er það hér smámál. Mér sýnist vera málvilla í notkun orðsins opnunartími sem kemur fyrst fyrir í e-lið 2. gr. þar sem segir: „Opnunartími skal auglýstur ...“ Samkvæmt mínum málskilningi er opnunartími sá tími þegar eitthvað er opnað, hvort sem það er búð eða annar afgreiðslustaður, lokunartími þegar lokað er. Þess á milli er afgreiðslutími. Væntanlega munum við bara breyta þessu í hv. samgöngunefnd og tala um afgreiðslutíma.

[14:10]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Tvö atriði vekja hjá mér spurningar um þetta frumvarp. Í fyrsta lagi d-liður 2. gr. þar sem fjallað er um fasta starfsstöð bílaleigu.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Bílaleiga á grundvelli starfsleyfis skal rekin á fastri starfsstöð sem opin skal almenningi á tilgreindum tíma.“

Nú starfa bílaleigur ekki einungis á einum stað, þ.e. sama bílaleigan. Hún hefur oft og tíðum margar starfsstöðvar sem dreifðar eru um landið. Á landsbyggðinni þar sem ég þekki til er gjarnan um að ræða einstakling sem hefur umboð fyrir tiltekna bílaleigu og afgreiðir gjarnan bílana heiman frá sér. Mér er þá spurn hvort þessi grein eigi líka við um þessa starfsemi, þ.e. þegar um er að ræða nokkurs konar umboð. Ef svo er ekki vil ég spyrja hvort ekki sé talin ástæða til að fjalla í einhverju máli um umboð bílaleigna. Mér er kunnugt um að svona starfsemi veldur oft og tíðum ágreiningi. Umboðsmennirnir eru gjarnan með starfsemina eða umboðið heima hjá sér, eins og ég sagði áðan, og bílunum er oft lagt við heimahús. Það veldur nágrönnunum oft erfiðleikum. Um þrengsli getur verið að ræða og síðan eykst að sjálfsögðu umferð. Stundum er verið að þrífa skítuga bíla og skolast út á götur o.s.frv. Þetta er bara augljóst mál sem ég er að segja hér frá og getur valdið ama og ónæði og jafnvel hættu í umhverfi.

Í þessu frumvarpi er ekkert sem kveður á um að slík

umboð þurfi nein leyfi. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort ekki sé ástæða til þess að fjalla að einhverju leyti í þessu lagafrumvarpi um umboðin eða þá að kveða skýrar á um að þetta sem hér er kallað starfsstöð eigi líka við það sem ég kalla umboð í máli mínu.

Síðan er í 5. gr. talað um hámarksleigusamning fyrir bíl sem hefur notið lækkunar á vörugjöldum og þá er tíminn takmarkaður við þrjár vikur. Ég skil það og sé það í skýringunum að þessi takmörkun er sett inn vegna samkeppni sem komin er upp á milli bílaleigna og kaupleigna eða fjármögnunarfyrirtækja hins vegar. Mér er spurn hvort þrjár vikur séu ekki fullskammur tími og hvort einhver ástæða sé til þess að hafa þetta svo skamman tíma. Það er nú þannig að þegar ferðamenn koma til Íslands þá dvelja þeir sem á annað borð eru að ferðast um landið gjarnan lengi vegna þess að dýrt er að fljúga hingað. Þó það sé að vísu ódýrara í dag en það var hér á árum áður er það tiltölulega dýrt og ég get ekki séð að það breyti miklu fyrir þetta samkeppnissjónarmið sem hér er lýst hvort við setjum þessi takmörk við þrjár vikur, fjórar, fimm eða sex. Mér finnst engin ástæða til annars en að hafa þennan tíma nokkuð rúman því að þeir sem á annað borð leigja af kaupleigufyrirtækjum eða fjármögnunarfyrirtækjum eru að leigja til lengri tíma að því er ég tel. Mér finnst þetta því of skammur tími. Ég mundi leggja til að miðað væri við mánuð eða einn og hálfan mánuð.

Svo finnst mér að það þurfi að skýra þetta sem ég tiltek með umboðið eða starfsstöðvarnar, litlu starfsstöðvarnar úti á landi.

[14:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka ábendingar hv. þingmanna. Fyrst vil ég segja, varðandi það sem kom fram í ræðu hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur, að verkefni Vegagerðarinnar eru margvísleg. Þegar við vorum að semja frumvarpið veltum við því fyrir okkur hvort eitthvert annað fyrirkomulag væri betra en niðurstaðan varð þessi. Við hugleiddum hvort eðlilegt væri að Ferðamálastofa sæi um útgáfu leyfa vegna bílaleigna en það var ekki talið heppilegt. Þarna er ákveðin starfsemi í gangi hjá Vegagerðinni, svo sem eftirlit með leigubílum, eftirlit með flutningabílum, bæði fólksflutningabílum og þungaflutningabílum, þannig að þar er reynsla og þekking á þessu eftirliti. En ég tel það af hinu góða og mjög gagnlegt fyrir nefndina að fara yfir þetta atriði og kynna sér rækilega hversu umfangsmikil þessi stjórnsýslustarfsemi Vegagerðarinnar er. Það er mitt mat að við þurfum að gæta þess að dreifa stjórnsýslunni ekki út um allar koppagrundir með mjög mörgum örstofnunum. Við eigum að reyna að skipuleggja hlutina á þann veg að ákveðin verkefni falli undir stofnanir sem fást við svipuð verkefni.

Hvað varðar hækkun á gjaldinu þá var farið mjög vandlega yfir það í ráðuneytinu. Okkur var alveg ljóst að þessari breytingu fylgir eftirlitsvinna sem fellur á Vegagerðina, ekki verður undan því vikist. Við teljum að ekki sé óyfirstíganlegt að greiða þessa upphæð til fimm ára og teljum það algerlega nauðsynlegt, að öðrum kosti er um að ræða skerðingu á fjárveitingum til annarra verkefna Vegagerðarinnar. Það varð því niðurstaðan að áætlaður raunkostnaður yrði innheimtur af leyfishöfum.

Ég tel fullkomlega eðlilegt að nefndin kalli eftir upplýsingum og fari mjög vandlega yfir málin. Ef eitthvað kæmi upp sem gæti leitt til þess að nefndin sæi leiðir til lækkunar hefði ég ekki á móti því.

Hvað varðar það sem kom fram hjá hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur þá lít ég svo á að starfsstöðvar bílaleigufyrirtækjanna, hvar sem þær eru, þurfi að uppfylla allar þær reglur sem settar eru í lögum. Það er óhjákvæmilegt því annars mundu fyrirtækin dreifa stöðvunum út um allar jarðir, vera með lítil útibú og mjög litlar starfsstöðvar til þess að losa sig við eftirlit. Sem betur fer hefur ferðamönnum fjölgað ört og þeir nota bílaleigubílana mjög mikið. Þetta er því geysilega mikilvæg starfsemi fyrir ferðaþjónustuna. Tekin var ákvörðun um að lækka gjöld á bílaleigubílum og það hefur aukið þessa starfsemi og gert hana hagkvæmari. Rekstur bílaleigufyrirtækja hefur gengið betur og það er meira öryggi fyrir ferðamenn að eiga í viðskiptum við þau.

Hvað varðar þriggja vikna markið þá er það einungis spurning um að hafa hlutina með þeim hætti að ríkissjóður missi málið ekki í þann farveg að fjölskyldur landsins skipti á milli sín bílaleigubílunum og ríkissjóður verði af öllum tekjum af innflutningsgjöldum. Mjög fáir ferðamenn eru hér lengur en þrjár vikur að því er talið er. En þetta er eitt af því sem ég tel að nefndin eigi að fara vandlega yfir og skoða hvort þetta sé hið eðlilega mark. Ég hef ekkert á móti því. En vegna þess að verið er að fella niður gjöldin eru þessi mörk sett. Engu að síður er opnað á að bílaleigurnar geti þjónað einstaklingum og fjölskyldum með útleigu á bílum vegna sérstakra aðstæðna, t.d. ef bílar bila o.s.frv. Það sé útleigustarfsemi með bíla sem ekki hafa notið niðurfellingar gjalda og þá leiga til lengri tíma.

Þetta eru þau atriði sem ég taldi eðlilegt að kæmu fram en að öðru leyti þakka ég fyrir þær ábendingar sem hér hafa komið fram og tel að nefndin taki þær upp.

[14:21]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort farið hafi verið yfir lög um opinberar eftirlitsreglur við samningu þessa frumvarps, hvort þess hafi verið gætt að ekki væri tvíverknaður hvað varðar eftirlitið. Mér heyrðist vera ákveðinn misskilningur í umræðunni t.d. hvað varðar eftirlit með ónæði af starfsstöðvum, hvort því eftirliti væri að einhverju leyti framfylgt með þessum reglum, hvort Vegagerðin eigi að fara að sjá um þessar starfsstöðvar eða hvort það sé eingöngu bundið við höfuðstöðvar. En það eftirlit á samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 að fara fram og eiga viðkomandi sveitarfélög að framfylgja því að bónstöðvar og bílaleigur og annað þess háttar valdi ekki íbúum í nágrenni ónæði.

Ég tel vert að skoða hvort verið sé að búa til enn eitt eftirlitið. Við höfum eftirlit með bílum sem skoðanastofur fara með og svokallað bifreiðaeftirlit. Einnig er eftirlit á vegum sveitarfélaga með starfsstöðvunum. Menn verða því að gæta þess að íþyngja atvinnurekstrinum ekki enn meira, t.d. með því að hækka gjöldin eins og hefur komið fram í umræðum með þessu frumvarpi. Það á einmitt að nota tæki-

færið og skoða þetta frumvarp með hliðsjón af lögum um opinberar eftirlitsreglur sem ég veit ekki betur en séu í gildi.

[14:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir innlegg hans. Hann þekkir vel eftirlitsiðnaðinn, hefur starfað í honum, þannig að ábendingar úr þeirri átt eru vel þegnar. En til að taka af allan vafa var frumvarpið lagt fyrir nefnd um opinberar eftirlitsreglur og engar athugasemdir gerðar við það. Það er ekki verið að auka eftirlitið út af fyrir sig, það verður væntanlega skilvirkara. Það verður bara að segjast eins og er að ráðuneytið hefur ekki haft þann möguleika sem Vegagerðin hefur til að sinna þessu eftirliti. Hvað varðar eftirlit með starfseminni og staðsetningu slíkra starfsstöðva þá er það sveitarstjórna að gefa út leyfi til að reka slíkar starfsstöðvar. Ég lít svo á að það sé verkefni sveitarfélaga að sjá til þess að þær séu ekki staðsettar þannig að óforsvaranlegt ónæði hljótist af.

Ég tek undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að við þurfum að hafa hemil á útþenslu eftirlitsstarfseminnar. Það skiptir okkur máli að hafa hana vel skipulagða og í hófi alla. En það er engu að síður nauðsynlegt að starfsemin sæti reglum og fylgst sé með því að þær reglur séu haldnar. Það ágæta fólk sem kemur til landsins verður að vera öruggt um að það sé að skipta við bílaleigur sem fara að öllum öryggisreglum. Það er mergurinn málsins.

[14:25]

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Margar athyglisverðar ábendingar hafa komið fram og að sjálfsögðu verða þær skoðaðar í samgöngunefnd. Áður hefur verið rætt um þann þátt ferðamála í samgöngunefnd sem snýr að bílaleigubílum og hvað það hefur færst í vöxt að erlendir ferðamenn taki bílaleigubíla og ferðist þannig um landið. Mig minnir að einhvers staðar hafi komið fram að rúmlega 60% ferðamanna sem stoppa hér um einhvern tíma taki bílaleigubíl frekar en að ferðast í hópbifreiðum.

Það skiptir því verulegu máli, eins og hæstv. samgönguráðherra kom hér inn á, að fyllsta öryggis sé gætt. Jafnframt þurfum við að gæta þess, eins og kom fram hjá ræðumanni hér áðan, að ekki verði komið á fót eftirliti með eftirlitinu. En það er engu að síður mjög nauðsynlegt að vel sé að verki staðið varðandi öryggisþáttinn. En ákveðið vandamál getur komið upp hvað snertir íbúana eins og kom fram í máli hæstv. samgönguráðherra og í máli hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um þann vanda sem skapast ef útstöðvar eða starfsstöðvar stærri bílaleigna eru í minni plássum. Að mörgu er að hyggja í því. En fyrst og fremst fagna ég frumvarpinu og einmitt því hve þungt öryggisþátturinn vegur. Eins og við vitum eru einbreiðar brýr allt of margar á þjóðvegi nr. 1 og of margir malarvegir þar sem erlendir ferðamenn þekkja lítt til. Því hefur verið mætt með ágætri útgáfu bókar Slysavarnafélagsins Landsbjargar þar sem ferðamönnum er veitt nokkuð góð tilsögn og varað við fjölmörgum hættum sem fylgja akstri á þjóðvegum og öðrum vegum landsins, sérstaklega þá malarvegum.

En þetta er, eins og ég sagði áðan, hið besta mál þar sem mikil áhersla er lögð á öryggisþáttinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnalög, 1. umr.

Stjfrv., 380. mál (frestun framkvæmda o.fl.). — Þskj. 436.

[14:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hafnir, nr. 61/2003. Markmiðið með breytingunni er að auðvelda aðlögun hafna að nýjum hafnalögum. Hafnalögin gera ráð fyrir breytingum og styrkjum til hafna þegar á árinu 2007, samanber bráðabirgðaákvæði með þeim. Margt mælir hins vegar með því að gildistími bráðabirgðaákvæðisins verði framlengdur hvað þetta varðar. Fjárútlát ríkisins munu þó ekki verða umfram það sem núgildandi áætlanir í ríkisfjármálum gera ráð fyrir því miðað er við ákveðin skilyrði fyrir breytingu á ákvæðinu. Skilyrðin eru tvenns konar.

Annars vegar að hafnarframkvæmdum sem þegar hafa verið ákveðnar verði frestað frá árinu 2005–2006 til áranna 2007–2008. Þegar hefur verið ákveðið að fresta framkvæmdum fyrir 200 millj. kr. sem fyrirhugaðar voru á árunum 2006 til ársins 2007. Breytingin kæmi sér vel fyrir bæði efnahagslífið sem heild, hefði æskileg áhrif á þá þenslu sem nú er, og einnig fyrir hafnir sem eiga erfitt með að fá verktaka til starfa af sömu ástæðu.

Einnig er rétt að geta þess að þetta er að sjálfsögðu gert í góðri samvinnu við hafnarstjórnir. Þær hafa óskað eftir að í vissum tilvikum verði hægt á framkvæmdum vegna mikillar þenslu á markaði.

Hins vegar verði leyfilegt að beita ákvæði með hliðsjón af jafnsetningu hafna, þ.e. þær breytingar sem ákveðnar voru með hafnalögum, nr. 61/2003, komi með sem líkustum hætti við einstakar hafnir. Forsenda þess að hægt sé að beita ákvæðinu er að við gerð samgönguáætlunar fyrir árin 2007–2010 liggi fyrir endurskoðuð áætlun um jafnsetningu hafna og þá með tilliti til staðalkrafna til viðkomandi hafnar og ástands hafnarmannvirkja.

Í gildandi samgönguáætlun lúta flest jafnsetningarverkefnin að endurnýjun gamalla viðlegukanta. En sú endurnýjun sem nú á sér stað í fiskiskipaflotanum gerir ekki síður kröfur um að jafnsetning nái til dýpis í höfnum og innsiglingu. Þróunin í fiskiskipaflotanum hefur verið sú að skipin verða djúpristari og þar af leiðandi verður að taka tillit til þess. Þá má einnig nefna að í kjölfar sameiningar sveitarfélaga og breytinga á útgerðarmynstri á landsbyggðinni hafa óskir og áherslur nokkurra hafnarstjórna um endurbyggingarverkefni breyst frá því sem lagt var upp með við gerð samgönguáætlunar 2005–2008, og m.a. þess vegna þarf að endurskoða þá jafnsetningaráætlun sem fram kemur í samgönguáætlun fyrir árin 2005–2006.

Í fylgiskjali 1 með frumvarpi þessu er tafla yfir framkvæmdir og áætlaða ríkisstyrki á árunum 2006–2008, mið-

að við að frumvarp þetta verði að lögum. Sá fyrirvari er hér gerður að taka gæti þurft tillit til breyttra óska hafnarstjórna fram að samþykkt samgönguáætlunar 2007–2010. Þannig gæti þessi framkvæmdalisti tekið einhverjum breytingum en þó ekki þannig að heildarfjárhæðir breytist. Ég tel afar mikilvægt að hv. þingmönnum sé þetta ljóst og að sjálfsögðu yrði fjallað um það í samgöngunefnd þegar þar að kæmi ef frekari breytingar yrðu gerðar á þessum framkvæmdaáformum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[14:32]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Hér er verið að ræða frumvarp sem felur í sér breytingu á hafnalögum sem fyrst og fremst er fólgin í að fresta og um leið að framlengja hafnahluta samgönguáætlunar. Í því samhengi er rétt að rifja upp að frá því að sú pólitíska ákvörðun var tekin að efna til samkeppni milli hafna og um leið að draga hægt og rólega úr framlögum ríkisins til þeirra þannig að hafnir verði samkeppnisfærar, en jafnframt að séð verði til að þær séu nokkuð jafnsettar áður en ríkisvaldið sleppir hönd sinni af þeim, þá má segja að sú ákvörðun hafi hlotið misjafnar undirtektir hjá hafnarstjórnarmönnum eða sveitarstjórnum sem er í sjálfu sér skiljanlegt og eðlilegt. En meginrökin sem hæstv. ráðherra flytur fyrir þessu er auðvitað hin mikla þensla sem annars vegar er í efnahagslífinu og er liður í að fresta ýmsum framkvæmdum á vegum hins opinbera og þar með að létta á ríkiskassanum. Það er þá viðleitni og eitt af framlögum ríkisvaldsins til að draga úr hinum opinberu útgjöldum meðan þenslan er hvað mest.

En hins vegar held ég að það eigi ekki síður að líta á það sem hæstv. ráðherra nefndi hér. Frá því að þessi ákvörðun var tekin hefur ýmislegt gerst. Meðal annars hefur skipastóllinn verið að þróast og breytast, skip að stækka, verða djúpristari og þar fram eftir götunum. En jafnframt er ýmislegt að gerast varðandi sameiningu og samstarf hafna. Frá því að þessi ákvörðun var upphaflega tekin hafa orðið allverulegar breytingar í innviðum hafnasamlaga og hafnarmannvirkja hér á Íslandi. Þess vegna er mjög eðlilegt að taka málið til gagngerðrar endurskoðunar og rökrétt að því sé fylgt eftir með því að framlengja frestinn og taka málið upp við endurskoðun á samgönguáætlun þannig að það nái til 2010. Með öðrum orðum eru tvær meginforsendur, það er hin efnahagslega og ég hygg að flestir og allir geti verið sammála um mikilvægi þess að slá á þenslu án þess að það komi niður á mannvirkjum en ekki síður að það þurfi endurmeta stöðuna í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í umhverfinu. En að þessu sögðu hygg ég að það hljóti að renna nokkuð hratt í gegnum hv. samgöngunefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn sjóslysa, 1. umr.

Stjfrv., 412. mál (forstöðumaður, aðgangur að gögnum). — Þskj. 589.

[14:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum. Gerðar eru þrjár breytingar á gildandi lögum um rannsókn sjóslysa.

Í fyrsta lagi er ákvæði um lagalega stöðu framkvæmdastjóra rannsóknarnefndar sjóslysa breytt til samræmis við stöðu forstöðumanna rannsóknarnefndar flugslysa og stöðu forstöðumanns rannsóknarnefndar umferðarslysa, sbr. 4. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, og 4. gr. laga nr. 24/2005, um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Jafnframt því sem þessi breyting gerir framkvæmdastjóra rannsóknarnefndar jafnsettan og hliðstæðan hinum forstöðumönnum rannsóknarnefndanna gagnvart lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er varða ábyrgð forstöðumanna á þeirri stofnun sem hann veitir forstöðu og gagnvart þeim sérstöku ákvæðum sem um embættin gilda, er með þessari breytingu gert ráð fyrir að störf nefndarinnar verði markvissari og að hún verði sjálfstæðari og þannig verði tilgangi laganna enn frekar náð. En tilgangur laganna er að koma í veg fyrir slys um borð í skipum og að auka öryggi til sjós með rannsóknum og góðri upplýsingagjöf um þær rannsóknir og tillögur í öryggisátt. Enn fremur er gert ráð fyrir að samgönguráðherra ráði til nefndarinnar aðstoðarforstöðumann sem skuli vera staðgengill forstöðumanns, t.d. vegna forfalla, leyfa eða sambærilegra atvika. Er afar mikilvægt að þarna geti verið samfella í störfum þessara aðila og því er þetta ákvæði mjög mikilvægt.

Í öðru lagi eru sett inn ákvæði um lögin þar sem kveðið er á um að forstöðumaður nefndarinnar skuli jafnframt vera rannsóknarstjóri nefndarinnar og stýri rannsóknarverkefnum á vegum hennar. Hliðstæð ákvæði eru í lögum um hinar rannsóknarnefndirnar tvær.

Í þriðja lagi eru ákvæði laganna um aðgang rannsóknarnefndar sjóslysa að ýmsum gögnum sem er breytt þannig að skýrt sé kveðið á um heimild nefndarinnar til aðgangs að upptökum sem eru til um borð í skipum til að auðvelda megi rannsókn sjóslysa. Sambærileg ákvæði eru í 14. gr. gildandi laga um rannsóknarnefnd flugslysa er varða loftför.

Til grundvallar þessari breytingu liggur að á vegum Alþjóðasiglingastofnunarinnar (IMO) hafa verið samþykktar reglur sem bera það með sér að í öllum skipum sem eru stærri en 3.000 brúttótonn og voru smíðuð eftir 1. júlí 2002, skuli vera svokallaður VDR eða siglingariti sem svipar til „svarta kassans“ í flugvélum. Megintilgangur hans er að uppfylla öryggiskröfur stofnunarinnar, þ.e. Alþjóðasiglingastofnunarinnar, um upptöku og geymslu gagna vegna rannsókna á óhöppum á sjó. Rannsóknaraðilar erlendis hafa þegar nýtt sér þessi tæki, einkum í Bretlandi, og vegna góðrar reynslu af notkun þessa tæknibúnaðar hefur Evrópusambandi tekið ákvæði um hann upp í tilskipun, sem skiptir auðvitað miklu máli, frá 27. júní 2002, um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins um umferð á sjó. Tilskip-

un þessi, sem er hluti af samningi um evrópska efnahagssvæðið, var að mestu tekin upp við íslenskan rétt með setningu laga um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

Af þessu tilefni vil ég nefna alveg sérstaklega að með lögunum um rannsóknarnefnd sjóslysa sem tóku gildi árið 2000, var unnið að umfangsmiklum breytingum á rannsóknum sjóslysa. Bæði var lagaumhverfi gjörbreytt. En auk þess var allt starfsumhverfi og allir starfshættir rannsóknarnefndarinnar teknir til gagngerrar endurskoðunar og uppstokkunar og var nefndin og starfsstöð hennar flutt út á land á árinu 2001. Þar voru og hafa verið allar götur síðan á vegum nefndarinnar og á vettvangi ágætra starfsmanna nefndarinnar innleiddar miklar breytingar. Tölvutæknin hefur að sjálfsögðu verið tekin í notkun til að auðvelda starfsemi nefndarinnar en nefndarmenn eru búsettir vítt og breitt um landið og þess vegna skiptir miklu máli að allur búnaður auðveldi þeim þetta mikilvæga starf við rannsóknir sjóslysa.

Óafgreiddum málum rannsóknarnefndarinnar hefur fækkað verulega sl. fimm ár. Í árslok 2001 voru óafgreidd mál hennar 94 en í lok sl. árs voru þau 27. Á sama tíma hefur skráðum málum fjölgað úr 121 máli árið 2001 í 168 mál árið 2005. Þessa aukningu skráðra mála má rekja til átaks nefndarinnar í að fá mál til sín og einnig til góðs samstarfs við lögregluembættin í landinu. Nefndin hefur lagt á það áherslu að eiga gott samstarf við alla aðila sem að þessu koma, ekki síst lögreglu og útvegsmenn og sjómenn. Ég tel því að starf nefndarinnar hafi borið mjög góðan árangur.

Það er auðvitað verkefni nefndarinnar að gera tillögur í öryggisátt á öllum sviðum sem í ljós koma að þarf að gera ef slys verður.

Það er kannski ástæða til að vekja athygli á því, ekki síst fyrir hv. þingmenn sem eru í samgöngunefndinni, að nefndin heldur úti mjög öflugri heimasíðu þar sem hægt er að afla sér upplýsinga um starfsemi hennar og þær rannsóknir sem eru í gangi. Allar rannsóknarskýrslur fram til ársins 2003 eru auk þess prentaðar þar. Það er gert ráð fyrir að skýrslur fyrir árið 2005 verði tilbúnar á næstunni. Þetta eru upplýsingar sem ég taldi ástæðu til að draga saman og fá frá nefndinni því þarna hefur orðið mikil breyting á og það var rík ástæða til að standa vel að þeirri endurskipulagningu sem fór fram í kjölfar lagabreytinganna árið 2000 því allt snýst það um að auka öryggi sjófarenda. Við Íslendingar eigum áfram að leggja mikla áherslu á öryggisþætti sjómanna og það eru fjölmargir sem hafa sýnt þessu áhuga og sýnt hann í verki. Út um allt land eru slysavarnafélög sem vinna feiknalega gott starf. En rannsóknir á slysum eru hins vegar mikilvægar til að auðvelda sjómönnum og útvegsmönnum að standa þannig að málum að sem mests öryggis sé gætt um borð í skipunum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til hv. samgöngunefndar.

[14:44]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er aðeins eitt atriði sem ég hnýt um í umræddu frumvarpi. Það er í umsögn fjármálaráðuneytisins um hvaða kostnaðarauki geti orðið af þessari breyttu tilhögun. Ég geri í sjálfu sér ekki, alla vega ekki við fyrstu sýn, neinar athugasemdir við þær breytingar sem hér er verið að leggja til. En áskil mér þó rétt til að hugsa það mál betur.

Hér segir í umsögn fjármálaráðuneytis að breytingar gætu orðið, sem sagt verði frumvarpið óbreytt að lögum þá megi gera ráð fyrir að útgjöld vegna breytinga á stöðu framkvæmdastjóra nefndarinnar um rannsókn sjóslysa hækki samtals um 500 þús. til 1 millj. kr.

Mig langar að spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort hann telji þetta raunhæfa áætlun hjá fjármálaráðuneytinu, af því ef við erum að tala hér um eitt stöðugildi þá mun þessi starfsmaður ekki ná því sem við mundum nú líklega telja lágmarkslaun á Íslandi svo ekki sé talað um þann launakostnað sem til fellur. Mig langar því að inna hæstv. samgönguráðherra eftir því hvað hann telji raunhæft að áætla sem kostnaðarauka vegna þessarar ráðstöfunar af því að ég mundi halda í fljótu bragði að það lægi frekar nær fjórum millj. en hálfri til einni.

[14:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja athygli á þessu þannig að ekki sé neinn misskilningur á ferðinni. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að þegar við tókum ákvörðun um það, með breytingum á lögum um rannsóknarnefnd flugslysa á sínum tíma, að setja forstöðumanni þeirrar rannsóknarnefndar tiltekinn ramma, þá leiddi það af sjálfu sér að við yrðum að meðhöndla forstöðumann rannsóknarnefndar sjóslysa með sama hætti. Sá kostnaður sem hér um er að ræða er fyrst og fremst munurinn á kostnaði vegna forstöðumannsins fyrir og eftir en viðbótarstarfsmaður hefur þegar verið ráðinn hjá nefndinni. Við teljum í ráðuneytinu að að öðru leyti geti starfsemin með þessum fyrirhuguðu starfsmönnum rúmast innan rammans sem við höfum fyrir nefndina og þar af leiðandi þurfi ekki frekari fjárveitingar nema viðbótarverkefni komi til.

[14:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir orð hæstv. ráðherra um mikilvægi þess að rannsóknir sjóslysa séu sem öflugastar og nefndinni búin sem best skilyrði til að inna þau verkefni af höndum á sem bestan hátt og einnig það fyrirbyggjandi starf sem ætlunin er að rannsóknarnefnd sjóslysa komi að til að fyrirbyggja slys á sjó. Undir þessi orð hæstv. ráðherra tek ég heils hugar.

Það eru aðeins tvö atriði sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um sem lúta meira að tæknilegum þáttum þessa frumvarps. Eins og fram kom í máli ráðherrans og kemur fram í frumvarpinu var starfandi svokallaður framkvæmdastjóri rannsóknarnefndar sjóslysa. Hér er því verið að breyta um form. Það er verið að búa til stofnun, formgera rannsóknir sjóslysa sem sérstaka stofnun með ráðningu forstöðumanns. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga en er það mat ráðherrans að með þessari breytingu í rannsóknarstjóra og forstöðumann sé um nýtt starf að ræða sem verði að auglýsa og ráða í að nýju eða hver er staða núverandi framkvæmdastjóra?

Í öðru lagi. Er það ekki alveg á hreinu að forstöðumaðurinn mun falla undir lög um opinbera embættismenn og

ráðningarkjör eins og almennir forstöðumenn ríkisstofnana búa við en ekki einhver sérákvæði um kjör. Ég vildi heyra hæstv. ráðherra lýsa afstöðu sinni til þessa.

[14:50]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt ábending hjá hv. þingmanni að við skýrum hér stöðu stofnunarinnar sem slíkrar en áður fyrr og með eldri lögum var þetta óljósara, bæði verksviðið og líka það að formenn rannsóknarnefnda annars vegar og framkvæmdastjóri í því tilviki höfðu aðra stöðu. Ég geri ráð fyrir að með þessum breytingum verði staða forstöðumanns auglýst þannig að það verði í samræmi við lög og þær reglur sem gilda í slíkum tilvikum. Ég hef í rauninni ekki meira um það að segja á þessu stigi.

[14:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi bara vekja athygli á þessum þætti málsins því það þarf náttúrlega að huga að réttarstöðu starfsmanna þegar verið er að breyta eins og hér er verið að gera. Hér er raunar bara verið að formgera starfsemi sem er fyrir hendi, færa hana undir ákveðið form og þá þarf að huga að stöðu bæði núverandi og væntanlegra starfsmanna. Þetta mun væntanlega koma fram í hv. samgöngunefnd, þar mun þetta verða kannað. Ég lýsi líka ánægju minni með að sá skilningur minn sé réttur að forstöðumaðurinn sé ráðinn samkvæmt almennum reglum um forstöðumenn en ekki samkvæmt einhverjum sérákvæðum eins og stundum er tíðkað núorðið af hálfu ríkisstjórnarinnar að taka forstöðumenn út fyrir sviga og ráða þá á einhverjum sérkjörum öðrum en gilda almennt um forstöðumenn. Ég vona að sá skilningur minn sé réttur og þetta mál komi síðan inn til samgöngunefndar eins og gert er ráð fyrir og þar verði m.a. farið yfir þá þætti sem ég nefndi. Annars hef ég ekkert nema gott um þetta mál að segja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stuðningur við einstæða foreldra í námi, fyrri umr.

Þáltill. HlH, 16. mál. — Þskj. 16.

[14:53]

Flm. (Hlynur Hallsson):

Frú forseti. Ég legg fram þingsályktunartillögu um stuðning við einstæða foreldra í námi. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa starfshóp sem móti tillögur um aðgerðir til að bæta aðstöðu einstæðra foreldra í námi með fjárhagslegum og félagslegum stuðningi með það að markmiði að einstæðir foreldrar geti fylgt jafnöldrum sínum í námi á framhaldsskólastigi og stundað nám á efri skólastigum til jafns við aðra.“

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi af Bjarkeyju Gunnarsdóttur sem sat á þingi fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð í Norðausturkjördæmi. Tillagan var ekki útrædd en efni hennar er enn í fullu gildi og er hún því endurflutt, og er reyndar ærin ástæða til og hefur alls ekki minnkað.

Þann 1. desember 2003 voru á Íslandi 11.006 einstæðar mæður og 895 einstæðir feður með börn á framfæri, eða tæplega 12 þúsund alls, og hafði þá fjölgað um tæp 400 frá árinu 2002.

Hér er um gríðarstóran þjóðfélagshóp að ræða sem getur átt harla erfitt um vik þegar kemur að því að sækja sér menntun og stunda sitt nám. Ég legg því ríka áherslu á að í fyrirhuguðum starfshópi verði fulltrúi frá Félagi einstæðra foreldra.

Í könnun sem gerð var af Rauða krossi Íslands árið 1994 kom í ljós að stærsti hópurinn sem stóð höllum fæti í íslensku þjóðfélagi var einstæðir foreldrar og þá helst ungar, ómenntaðar einstæðar mæður. Í kjölfar þessarar könnunar var ákveðið að koma á laggirnar námssjóði fyrir einstæða foreldra í samvinnu við Félag einstæðra foreldra. Fyrsta framlag Rauða krossins var 1 millj. kr. árið 1995 en ákveðið var að auka framlagið og ári seinna lagði Rauði krossinn 4 millj. til viðbótar í sjóðinn. Sjóðurinn var formlega settur á laggirnar árið 1996 og meginmarkmið hans var að veita styrki til einstæðra foreldra í námi eða þeirra sem hyggjast sækja starfsnámskeið. Reynslan hefur sýnt að brýn þörf er á slíkum styrkjum þar sem styttra starfsnám eða námskeið sem bæta stöðu á vinnumarkaði veita oft ekki aðgang að námslánum eða annars konar styrkjum.

Nú er reyndar svo komið að fé í þessum sjóði er uppurið og út af fyrir sig má velta því fyrir sér hvort það sé hlutverk Rauða krossins að styrkja einstæða foreldra í námi. Þetta var þó afar gott framtak en menn hefðu auðvitað fagnað því ef stjórnvöld hefðu komið á einhvern hátt til móts við einstæða foreldra og lagt til fjármagn. Því miður er sjóðurinn uppurinn, úr honum var úthlutað fimm til sjö styrkjum tvisvar á ári. Styrkirnir voru ekki háir, 50–100 þús. kr. hver en margfalt fleiri sóttu hins vegar um þessa styrki.

Einstæðar mæður skila sér illa í framhaldsskólanám. Einungis um þriðjungur þeirra sem eru 19 ára eða yngri stundar nám á framhaldsskólastigi, aðeins þriðjungur. Ég vil undirstrika það hversu lág tala þetta er. Ég las það á netinu í morgun, NFS birtir þar að 42.200 nemar hafi verið skráðir í framhalds- og háskólanám í landinu í haust samkvæmt tölum Hagstofunnar og hafa aldrei verið fleiri. Haustið 2005 stunda tæplega 82% nemenda nám í dagskóla, rúmlega 12% fjarnám og 6% eru í kvöldskólum. Ástæðan fyrir þessari aukningu er auðvitað að hluta til sú að æ fleiri vilja sækja sér menntun og eiga þess betur kost núna. Háskólum hefur fjölgað, nefni ég þar Háskólann á Akureyri þar sem reyndar verður að vísa frá nemendum. Þetta leiðir auðvitað hugann að því að það sé enn þá mikilvægara að fjölga einstæðum foreldrum í námi.

Kostnaður við að afla sér menntunar getur hæglega orðið mörgum ofviða og þarf reyndar ekki einstæða foreldra til. Lánasjóður íslenskra námsmanna hleypur undir bagga með skólafólki upp að vissu marki en það takmarkast við háskólanám og það sérskólanám sem telst lánshæft samkvæmt reglum lánasjóðsins. Út af stendur almennt nám á framhaldsskólastigi og kemur það afar illa við einstæða foreldra sem hafa orðið að gera hlé á skólagöngu sinni vegna fjölskylduaðstæðna. Eðlilegt væri að sá starfshópur sem hér er gerð tillaga um færi vandlega yfir það hvort ekki þyrfti

að breyta lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna á þann veg að námslán yrðu einnig veitt til foreldra sem eru að hefja nám á framhaldsskólastigi á nýjan leik. Mér er kunnugt um að menntamálanefnd tók þetta mál fyrir en málið fékk því miður ekki hljómgrunn þar.

Fátækt er útbreitt og vaxandi vandamál og hlutskipti æ fleiri einstaklinga og fjölskyldna, m.a. þessa stóra hóps einstæðra foreldra sem getur átt mjög erfitt þegar kemur að því að sækja sér menntun og stunda nám. Vitað er að þeir sem ekki eiga þess kost að mennta sig eru líklegri en aðrir til að festast í fátækt. Það er því mikilvægt að menntakerfi framtíðarinnar bjóði upp á símenntun fyrir alla óháð efnahag. Margir einstæðir foreldrar eiga ekki annarra kosta völ en að búa í foreldrahúsum til að láta enda ná saman þótt sú leið sé ekki endilega ávísun á betri aðstæður til að sinna heimanámi. Auk þess þarf að styðja við Félag einstæðra foreldra sem rekur neyðarhúsnæði fyrir félagsmenn sína. Reyndar ber að geta þess að t.d. velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur hlaupið undir bagga með einstæðum foreldrum og er það vel.

Grunnmenntun, þ.e. nám í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, á að vera nemendum að kostnaðarlausu. Leikskólar eru hluti af menntakerfinu og hefur verið mótuð sérstök námskrá fyrir það skólastig. Einstæðum foreldrum er víða léttur róðurinn með lægri leikskólagjöldum en almennt tíðkast og er það vel. Hins vegar get ég nefnt það dæmi að í mínum heimabæ, á Akureyri, var þetta fellt niður þannig að nú borga allir sama gjald fyrir leikskólabörn og það er auðvitað miður. Það getur auðvitað ekki talist eðlilegt að borga skólagjöld fyrir börn á leikskólastigi, enda höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu um að leikskólastigið verði einnig gjaldfrjálst. Það er aldrei að vita nema það komist til framkvæmda jafnvel í tíð þessarar ríkisstjórnar þó að ég sé ekkert sérstaklega vongóður um það, en sem betur fer er ekki svo langt þangað til að við skiptum um stjórn.

Í skýrslu um fátækt, sem vinnuhópur forsætisráðherra skilaði af sér, er lagt til að tekjutengja mætti leikskólagjöld og létta þannig undir með fátæku barnafólki þar sem slíkt mundi örva fólk til sjálfshjálpar og gefa þeim kost á að stunda hvort sem er nám eða vinnu. Í þessu tilliti vega jafnréttissjónarmið þungt þar sem einstæðir foreldrar eru einn fjölmennasti hópurinn sem nýtur fjárhagsaðstoðar. Ljóst er að ef létt væri enn frekar undir með þeim varðandi leikskólagjöld mundi það skapa þeim betri tækifæri til náms eða atvinnuþátttöku.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum auka fjölbreytni í skólastarfi og tryggja fullt jafnrétti til náms óháð efnahag. Mikilvægt er að horfa sérstaklega til kvenna sem ekki hafa náð að ljúka framhaldsskólanámi áður en stofnað var til fjölskyldu sem hættir til að lenda í fátæktargildru. Ef maður veltir fyrir sér aðstæðum einstæðrar móður sem hyggur á nám þá þarf hún undantekningarlaust að að sækja um styrki eða lán til að stunda það. Ekki getur hún unnið með náminu án þess að það bitni á nauðsynlegri samvinnu hennar við börn sín. Hún er samt eina fyrirvinna heimilisins og þarf að sjá sjálfri sér og börnum sínum fyrir daglegum nauðsynjum, vinna heimilisstörfin, koma börnunum í skóla og leikskóla, fara svo sjálf í skólann og á síðan eftir að sinna heimanáminu. Í þessu efni getum við tekið frændur okkar Dani okkur til fyrirmyndar. Danir styrkja nemendur beint með styrkjum. Ég veit að styrkurinn nemur ríflega 100 þús. kr. á mánuði. Danska ríkið hefur það fram yfir íslenska ríkið að bjóða þegnum sínum styrki til náms og það er líklega kominn tími til að það verði einnig skoðað hér af einhverri alvöru að a.m.k. til viðbótar við námslánin verði um styrki að ræða til þeirra sem sérstaklega þurfa á því að halda.

Í skýrslu sem Gunnar Árnason gerði „Frá skóla til atvinnulífs, námsferill í framhaldsskóla“, kemur fram að 85–90% af árgangi á Norðurlöndum innritaðist í framhaldsskóla en minna hlutfall af árgangi á Íslandi hafði útskrifast en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndum. Hlutfall þeirra sem hættu á bóknámsbrautum er hæst á Íslandi. Reikna má með því að fjölskylduaðstæður skipti þar verulegu máli. Það kemur reyndar fram í skýrslunni að búseta hafi áhrif á sókn í framhaldsskóla á Íslandi og því ber að fagna því að framhaldsskólum á landsbyggðinni hafi verið fjölgað. Í Borgarnesi er nú að taka til starfa framhaldsskóli, sem er mjög gott og þarft. Ég vona að framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð rísi sem allra fyrst.

Fleira kemur til en fjölskylduaðstæður. Félagslegur bakgrunnur skiptir miklu máli samkvæmt þessari rannsókn Gunnars Árnasonar og fjöldi systkina og tekjur foreldra skipta einnig máli. Þegar spurt var um ástæður brottfalls kom í ljós að barneignir og peningaleysi voru meginástæðurnar. Tölurnar tala auðvitað sínu máli. Fátækir foreldrar eiga erfiðara með að kosta nám barna sinna og eins og ég sagði þá lendir fólk við þetta oft í fátæktargildru.

Það er athyglisvert að skoða skoðun ýmissa mætra manna á ástæðum fyrir mismunandi námsárangri nemenda. Um það er einnig fjallað í skýrslu Gunnars Árnasonar. Til dæmis segir Basil Bernstein að börn með mismunandi uppeldisskilyrði hafi mismunandi talanda og ástæður fyrir takmörkuðu máli leiði til lélegs námsárangurs. Hér er þó kannski ekki um slíka stéttaskiptingu að ræða en við skulum athuga að stéttaskipting í íslensku þjóðfélagi eykst. Munur á lægstu og hæstu tekjum eykst, tekjuhæstu hóparnir rjúka upp en eftir sitja þeir sem minnstar hafa tekjurnar. Þessu tengist spurning sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum spurt: Viljum við þetta norræna velferðarmódel sem við höfum miðað okkur við hingað til eða ætlum við að fara ameríska leið þar sem bilið breikkar og ekki er litið á annað en markaðslögmálin?

Heimspekingurinn mikli Ivan Illich er ekki sáttur við efnahagsþróun nútímans þar sem fólk treystir á aðra, lækna, kennara, fjölmiðla o.s.frv. en ekki sjálft sig, eigin kunnáttu og hefðir. Hann segir að nám eigi að bjóðast þeim sem vilja hvenær sem er, ekki bara í æsku og á unglingsárum. Til þess að svo megi verða verðum við auðvitað að styðja það fólk til náms sem á undir högg að sækja.

Við viljum öll státa af jafnrétti til náms í þjóðfélagi okkar. Það felur m.a. í sér greiðan aðgang að námi á framhalds- og háskólastigi án tillits til efnahags, búsetu og fjölskylduaðstæðna. Þess vegna tel ég þetta mál afar mikilvægt og vona að það fái skjótan framgang í þinginu, betri en á síðasta þingi þegar það dagaði uppi í nefnd. Ég treysti því að

hæstv. menntamálaráðherra taki vel í málið og stofni starfshópinn hið fyrsta svo að við getum búið við raunverulegt jafnrétti á Íslandi. Menntunarmálin eru eitt af því mikilvægasta á því sviði.

[15:08]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Ég kem hér upp til að lýsa ánægju minni með þessa þingsályktunartillögu um stuðning við einstæða foreldra í námi. Ég hygg að hún sé tímabær. Það ætti að vera einfalt mál að ná um hana samstöðu í menntamálanefnd og fá hana afgreidda á þessu þingi þannig að við getum breytt aðstæðum einstæðra foreldra, sem tölurnar sýna að hér eru flestir konur, og gert þeim kleift að stunda nám frekar en hingað til hefur verið.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki hlutverk hjálparsamtaka að greiða niður nám eða gera efnaminni nemendum það kleift. Það er hlutverk ríkis og sveitarfélaga, hlutverk samfélagsins. Það sem hjálparsamtök reiða fram getur aldrei orðið annað en viðbót við það sem ríki og sveitarfélög leggja til með hverjum borgara, hverjum nemanda. Framtak Rauða kross Íslands hefur sannarlega verið góðra gjalda vert og stutt marga fram á veginn á leið til náms, til stúdentsprófs fyrst og fremst, og fyrir það ber að þakka. Hins vegar er það hlutverk ríkisins, ekki síst þegar um framhaldsskólamenntun er að ræða. Framhaldsskólamenntunin er á hendi ríkisins og því ber að sjá til að jafnrétti til náms sé í raun og sann og gildi fyrir alla landsmenn, líka einstæða foreldra.

Víða í framhaldsskólum greiðir fólk, þótt það séu kannski ekki kölluð skólagjöld, mjög há innritunargjöld. Ofan á þau leggst að margir þurfa að fara langa leið í framhaldsskóla. Á hinn bóginn hefur sú góða þróun orðið að framhaldsskólum hefur fjölgað um landið allt. En síðan þarf auðvitað að hafa peninga sér til framfærslu, sér og sínum í tilviki einstæðra foreldra.

Ég er þeirrar skoðunar að ekki eigi að nýta Lánasjóð íslenskra námsmanna til þessa. Lánasjóður íslenskra námsmanna er félagslegur framfærslusjóður sem tryggir jafnrétti til háskólanáms. Það er hans hlutverk og hann ber að verja sem slíkan. Hann hefur gert það að verkum að dóttir leigubílstjórans getur lokið doktorsnámi í sálfræði frá virtum erlendum háskóla, sonur verkakonunnar hefur getað orðið læknir og þannig hefur sjóðurinn aukið mannauðinn, ef þannig má að orði komast, hér á landi meira en nokkurn tíma verður hægt að telja í krónum og aurum.

Ég er þeirrar skoðunar að besta leiðin til að styrkja einstæða foreldra í námi í framhaldsskóla sé einmitt að þeir fái styrki en ekki framfærslulán. Ég tel einfaldlega að það sé skylda samfélagsins að sjá til að sem allra flestir ljúki a.m.k. prófi úr framhaldsskóla og fái helst meiri menntun. Það á ekki að standa í vegi fyrir þessu unga fólki að það eigi börn á unga aldri. Þess vegna ætti það að vera hlutverk ríkisins. Þetta eru ekki mjög margir einstaklingar eins og tölurnar sýna. Við erum ekki að tala um hér tugmilljónaupphæðir. Við erum hugsanlega að tala um það að þetta fólk fái þá fjármuni í hendurnar sem gera því kleift að vera í námi og ljúka því á tilsettum tíma, verða sér úti um menntun sem sjái til þess að það geti séð sér og sínum farborða með sómasamlegum hætti.

[15:13]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól til að lýsa ánægju minni með þessa þingsályktunartillögu. Um leið furða ég mig á því að ekki hafi fyrir löngu verið skipaður svona starfshópur og þessi mál afgreidd. Það koma fram í ágætri greinargerð með tillögunni margar athyglisverðar upplýsingar, t.d. um fjölda einstæðra foreldra í námi. Þetta eru kannski ekki margir einstaklingar en þó fleiri en ég hugði. Ég verð að segja að það er ofboðslega ósanngjarnt að ef einhver hefur eignast barn og er einstætt foreldri skuli sá hinn sami ekki geta aflað sér þeirrar menntunar sem viðkomandi hefur áhuga á. Það er mjög óréttlátt.

Mér finnst það í raun spurning um grundvallarréttindi að þessu fólki sé gert jafnhátt undir höfði og öðrum og samfélagið eigi að hlaupa undir bagga og aðstoða þetta fólk til að það geti stundað nám, bæði með fjárhagslegum og félagslegum stuðningi. Hér hefur til að mynda verið talað um leikskóla, húsnæðismál og annað þess háttar sem skiptir mjög miklu máli.

Ég lýsi yfir stuðningi við þessa þingsályktunartillögu. Ég er sjálfur í menntamálanefnd og býst við því að hún verði send þangað. Ég er reyndar aðeins áheyrnarfulltrúi en ég skal ekki láta mitt eftir liggja til að reyna að veita þessu góða máli brautargengi.

[15:15]

Flm. (Hlynur Hallsson):

Frú forseti. Ég þakka umræðurnar þótt stuttar hafi verið. Það vekur reyndar athygli mína að það eru aðeins fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem taka til máls. Ég sakna fulltrúa stjórnarflokkanna úr menntamálanefnd í þingsalnum í dag til að ræða þetta. Ég ætla að vona að það sé ekki vegna áhugaleysis þeirra á þessu brýna máli.

Ég get tekið undir að það yrði mikil stefnubreyting ef lánasjóðurinn tæki upp þá stefnu að styrkja fólk í framhaldsnámi en ekki eingöngu háskólanámi en eitthvað verður að gera. Ég held að við ættum að skoða vel t.d. það kerfi sem er í Danmörku. Talsvert fleiri einstæðir foreldrar mundu treysta sér í framhaldsnám ef einhverjir slíkir styrkir væru fyrir hendi. Ég vona sem sagt að þetta mál fái skjóta framgöngu. Það er mín einlæg ósk því að ekki veitir af að styðja við einstæða foreldra á þessu sviði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fiskverndarsvæði við Ísland, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

[15:17]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um fiskverndarsvæði við Ísland. Þessi tillaga er flutt af mér og ýmsum valinkunnum þingmönnum Samfylkingarinnar.

Í tillögunni er lagt til að sjávarútvegsráðherra verði falið

að setja upp net sérstakra fiskverndarsvæða við Ísland beinlínis í þeim tilgangi að ýta undir vöxt og viðgang þeirra nytjategunda sem við höfum hér við land og hafa skilað miklum verðmætum í þjóðarbúið. Það er grundvöllur þessarar tillögu að verði þessi leið valin verði veiðar á slíkum svæðum alfarið bannaðar. Einnig er lagt til að svæðin verði valin sérstaklega með tilliti til fjölbreytileika og mikilvægis fyrir klak og nýliðun tegundanna sem verndin á að beinast að.

Við flutningsmenn tillögunnar leggjum jafnframt til að samhliða því að fiskverndarsvæðin verði sett á stofn verði ráðist í líffræðilega vöktun og rannsóknir á svæðunum þannig að árangurinn af verndinni verði metinn eftir 5 ár og aftur þegar 10 ár eru liðin frá stofnun svæðanna. Í framhaldi af því, frú forseti, teljum við að það væri farsælt að meta hvort fiskverndarsvæði eigi til frambúðar að verða hluti af stjórnkerfi fiskveiða.

Þessi tillaga er lögð fram í því andrúmslofti að hér á Íslandi og víðar blasir það við að nytjastofnar hafa látið undan síga. Sumir hafa fallið mikið, nokkrir hafa einfaldlega hrunið. Við höfum líka séð að stórir stofnar sem miklar veiðar hafa verið úr á síðustu öldum hafa bókstaflega hrunið eins og sums staðar við Bandaríkin og í Norður-Atlantshafi.

Það hafa verið uppi kenningar um það, frú forseti, að hægt væri að efla vöxt og viðgang nytjastofna með því að setja upp fiskverndarsvæði af þessu tagi. Þessar kenningar hafa verið hluti af óhefðbundinni viðleitni, óhefðbundnum kenningum um það hvernig styrkja megi stofna. Ástæðan er auðvitað sú að andspænis vaxandi fiskveiðiþunga og ofnýtingu í öllum heimshöfum hafa menn farið að leita nýrra leiða. Menn hafa m.a. farið að skoða hvort eitthvað í sögunni bendi til þess að e.t.v. sé hægt að styrkja stofna með öðrum aðferðum en þeim hávísindalegu sem svo eru kölluð á vorum dögum. Sjónir hafa þá beinst að því að frá alda öðli hafa þjóðir sums staðar, eins og t.d. við Fiji-eyjar, nýtt fiskverndarsvæði. Þar hafa veiðar á sumum svæðum alfarið verið bannaðar árhundruðum saman til þess beinlínis að skapa uppsprettu stofna og það hefur gefist vel.

Á seinni árum hefur athyglin ekki síst beinst að fiskverndarsvæðum í kjölfar þess að rannsóknir á svæðum þar sem veiðar hafa verið bannaðar, stundum af öðrum ástæðum en fiskvernd, hafa sýnt að lífmassi hefur aukist verulega og fjölbreytni búsvæða sömuleiðis. Í því sambandi má t.d. nefna svæði sem hefur verið lokað vegna herstöðva — umferð hefur verið bönnuð á hafsvæðum í grennd við herstöðvar og það hefur sjálfkrafa orðið til þess að veiðar hafa verið bannaðar. Sömuleiðis er fróðlegt að rifja það upp að í grennd við Canaveralhöfða, þar sem geimskotasvæði Bandaríkjanna hefur verið síðan 1964, hefur öll umferð verið bönnuð. Í kjölfarið hófu menn rannsóknir á þeim áhrifum sem það bann hefði haft á vöxt fiskstofna sem þar voru undan skaganum. Það vakti mikla athygli þegar það kom í ljós að þar höfðu stofnar vaxið verulega, búsvæði voru vel á sig komin og nýliðun og klak miklu betri en menn höfðu átt von á.

Þó að menn hafi ekki fyrr en á allra síðustu árum farið að skoða þetta rækilega þá hafa lengi verið uppi fræðilegar kenningar um að fiskverndarsvæði gætu skipt verulega miklu máli í því að tryggja viðgang og viðhald stofna. Inntak þessara kenninga er í stuttu máli það að á slíkum svæðum fjölgi einstaklingum tegundanna örtt, þeir lifi lengur, verði stærri og hlutfallslega verði miklu meira í stofninum af stórum kynþroska einstaklingum. Þetta á samanlagt að leiða til þess að æxlunargeta stofnsins margfaldast. Kenningin var á þennan veg og einnig átti vernd af þessu tagi að styrkja og auka framboð á fjölbreyttum búsvæðum. Þetta átti allt saman að leiða til þess að nýliðun innan svæðanna yrði meiri en annars staðar og fyrr eða síðar átti það að leiða til þess að fiskgengd yrði meiri í grennd við svæðin, t.d. varðandi þá stofna og tegundir sem eru lítt hreyfanlegar, og síðar eftir því sem fjær dregur svæðunum í tilviki þeirra tegunda sem eru hreyfanlegri.

Reynslan hefur sýnt að þetta gerist. Þéttleikinn vex mjög á svæðum sem njóta verndar eftir því sem lífmassinn byggist þar upp, einstaklingum fjölgar og þeir flytja sig út fyrir svæðin. Þeirra tegunda sem ekki eru mjög hreyfanlegar gætir fyrst og fremst í grennd við svæðin en annarra tegunda, eins og t.d. þorsks, túnfisks og ýsu, gætir stundum hundruðum kílómetra fjær. Rannsóknir sem hófust undir lok síðustu aldar hafa sýnt fram á að kenningar sem ýmsir vísindamenn hafa reifað með fræðilegum hætti án þess að geta vísað í vísindalegar rannsóknir eða gögn sér til stuðnings ganga einfaldlega upp. Það er rétt að geta þess að í nýlegri grein, sem ég sá eftir tvo vísindamenn sem tóku saman fjöldann allan af rannsóknum sem hafa verið gerðar á þessari tegund fiskverndar, var niðurstaðan sú að árangurinn af fiskverndarsvæðunum væri svo góður að ef hægt væri að ráðast í stofnun víðfeðmra fiskverndarsvæða vítt um heiminn væri hugsanlega hægt að snúa við þeirri niðursveiflu nytjastofna sem við nú horfum fram á.

Nú ber að taka vara við svo jákvæðum spám, frú forseti. Ég er ekki fyllilega sannfærður um að það sé beinlínis hægt að ná svo miklum árangri en ég vil fyrir fram ekki neita því. Í öllu falli er ljóst að hér er um óhefðbundnar kenningar að ræða og óhefðbundnar aðferðir við vernd fiskstofna sem okkur ber skylda til að gefa gaum. Þegar ég fer yfir þann litteratúr sem tengist fiskifræðum tek ég eftir því að sennilega hefur engin grein fiskifræðinnar verið í jafnörum vexti á síðustu 10 árum. Ótrúlegur fjöldi greina hefur hrannast upp í virtum og merkum vísindaritum sem bendir til þess að hér sé um að ræða leið sem alla vega skiptir það miklu máli að hana beri að skoða.

Með vissum hætti höfum við Íslendingar að einhverju leyti stundað vernd af þeim toga sem hér er lagt til að við tökum upp í stórum mæli. Hér hafa verið árleg tímabundin veiðibönn á svæðum sem eru álitin sérlega mikilvæg fyrir hrygningu þorsks, t.d. innarlega í Breiðafirði sem er í kjördæmi tveggja hv. þingmanna sem eru hér í salnum og hlýða á mál mitt í dag. Sömuleiðis hafa menn um langan aldur beitt tímabundnu veiðibanni á svæðum þar sem mikinn smáfisk hefur verið að finna eða þá þar sem hrygning fer fram, á svæðum sem eru talin sérstaklega mikilvæg fyrir viðgang tegunda. Ég held að frumkvæði að þessu hafi yfirleitt, a.m.k. í upphafi þessara aðferða, komið frá sjómönnum sem hafa þekkt hafsvæðin best og hafa haft tilfinningu fyrir því hve mikilvæg þau eru fyrir vöxt og viðgang viðkomandi tegunda. Þó að reynslan af þessum svæðum hafi

ekki verið metin vísindalega — hugsanlega er farin af stað vinna við það núna — hefur hún verið talin það góð að fiskvernd af þessu tagi hefur verið viðhaldið.

Annars staðar í heiminum hafa menn notað þessa aðferð. Ég gat í upphafi máls míns sérstaklega um dæmið frá Fiji-eyjum þar sem veiðibann á uppeldisstöðvum hefur verið notað frá alda öðli til að efla veiðar á miðum í grenndinni. Reynslan af því hefur að mati þarlendra sjómanna, og reyndar síðar að mati fiskifræðinga, verið það góð að þar eru fiskverndarsvæðin beinlínis nýtt sem hluti af stjórnkerfi fiskveiða.

Ég nefndi það áðan að menn hefðu öðlast góða reynslu og orðið dálítið hissa þegar þeir fóru að skoða áhrifin á stofnana á svæðinu sem var lokað í grennd við geimskotsstöðina á Canaveralhöfða í Flórída. Það er mikilvægt að vísa til þeirrar rannsóknar því að ég held að ekkert jafnstórt svæði hafi verið lokað jafnlengi. Því hefur nú verið lokað fyrir allri umferð og veiðum í meira en fjóra áratugi. Um er að ræða næstum því 20 þúsund ferkílómetra. Fyrstu rannsóknirnar skiluðu ákaflega jákvæðum upplýsingum sem bentu til þess að þessi leið væri ótrúlega góð hvað varðar vernd stofna.

Á allra síðustu árum, ekki síst eftir hrun stórra stofna á mikilvægum miðum sums staðar við Kanada, t.d. við Nýfundnaland, hafa mikil hafflæmi verið sett undir fiskvernd. Tilgangurinn hefur fyrst og fremst verið sá að byggja upp stofna sem eru samansettir af langlífum tegundum með það fyrir augum að auka fiskveiðar síðar. Vísbendingarnar sem þegar hafa komið fram — það er skammt síðan ráðist var í þetta — benda til þess að þetta sé góð aðferð til að auka þorskveiðar. Mér er sagt, án þess að ég hafi beinlínis lesið um það fræðilegar greinar, að undir það síðasta hafi komið fram með mjög afdráttarlausum hætti enn frekari vísbendingar um þetta.

Árið 2002 tóku tveir vísindamenn, sem hafa einkum verið í fararbroddi þessara rannsókna og þessa straums innan fiskifræðinnar, Róbert Warner og Benjamin Halpern, saman mikið yfirlit um öll þau gögn sem þeir komust yfir um áhrif fiskverndarsvæða. Það er óhætt að segja að niðurstöðurnar voru sláandi. Þeir byggðu á niðurstöðum 112 ótengdra mælinga á áhrifum 80 mismundandi fiskverndarsvæða. Í ljós kom að á þessum svæðum var fiskurinn 91% þéttari, lífþyngdin var 192% meiri og meðalstærð og fjölbreytileiki tegundanna var 20–30% meiri. Þetta eru auðvitað sláandi tölur en það ber að ítreka að hér er einungis um að ræða tölur yfir stöðuna á verndarsvæðunum sjálfum. Kenningin gengur út á það að þegar stofnarnir byggjast upp með þessum hætti þá dreifi þeir sér víðar, bæði með því að lirfur berast vítt fyrir straumum og hrogn sömuleiðis, sviflæg hrogn, en einnig að tegundir sem eru vel hreyfanlegar flytji sig smám saman frá og verði þannig undirstaða veiða. Að þessari reynslu fenginni má halda því fram að svæði af þessu tagi geti skipt töluverðu máli og sérstaklega í því að halda uppi veiði á staðbundnum stofnum.

Það hefur líka komið fram að það skiptir ekki máli þó að svæðin séu lítil. Þau hafa áhrif alls staðar í kringum sig. Þó að æskilegt væri að menn réðust í að stofna töluvert stór fiskverndarsvæði er það samt sem áður þannig að lítil svæði sem eru víða skipta máli fyrir fiskvernd og uppbyggingu fiskstofna.

Frú forseti. Ég vil líka sérstaklega vekja eftirtekt á því að þessi tillaga er fullkomlega í samræmi við ýmiss konar samþykktir sem hafa verið gerðar um umhverfismál á alþjóðavísu. Það er athyglisvert að á leiðtogafundinum um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg árið 2002 var sérstaklega rætt um og teknar ákvarðanir um að stefna að því að stofna sem víðast verndarsvæði í hafinu. Ég held að flestir þeir sem tóku þátt í þessum hluta umræðnanna á fundinum hafi að lokum orðið á einu máli um mikilvægi þess, fyrir búsvæði hafsins, fyrir líffræðilegan fjölbreytileika og eflingu nytjastofna, að setja á laggirnar svæði af þessum toga.

Það má segja að við Íslendingar höfum með vissum hætti ákveðnum skyldum að gegna til að uppfylla þessar alþjóðlegu skuldbindingar. Það var nefnilega hér í Reykjavík, á alþjóðlegum fundi sem haldinn var árið 2001 og bar yfirskriftina Ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar, sem þessi mál voru kannski í fyrsta skipti tekin á dagskrá alþjóðasamfélagsins. Þar var samþykkt ákveðin stefna í þessum efnum sem leiðtogafundurinn í Jóhannesarborg vísaði til. Sú tillaga sem við flytjum er því í rökréttu framhaldi af alþjóðlegum skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa ekki bara tekið á sig heldur líka haft ákveðið frumkvæði að.

[15:33]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Fyrsti flutningsmaður þeirrar þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, fór vel yfir efni tillögunnar og ástæður þess að hún er flutt á Alþingi. En eins og fram kom hjá honum snýst tillagan um að komið verði á fót fiskverndarsvæðum við Ísland. Margur gæti látið sér detta í hug að spyrja: Til hvers að tala um að setja upp fiskverndarsvæði á hafsvæðum þar sem fiskveiðar eru víðast undirstaða efnahagslífs? Margir gætu haldið að þetta tvennt mundi ganga hvort gegn öðru, að fiskveiðar og fiskvernd með fiskverndarsvæðum geti ekki farið saman. En það er öðru nær. Tæknin til veiða er alltaf að verða fullkomnari, afl þeirra skipa sem stunda veiðar hefur aukist, tæki og veiðarfæri eru betri og tækni við gerð veiðarfæra hefur þróast verulega frá því sem áður var. Menn hljóta að velta því fyrir sér hvort ekki sé nauðsynlegt fyrir fisk sem mikið er sótt í að eiga sér griðlönd sem fiskurinn getur forðað sér inn á frá mikilli sókn og átt vísan frið um lengri tíma.

Ásókn í fiskstofnana hefur aukist gífurlega. Getan til að veiða hefur gert það líka. Fiskur á Íslandsmiðum fær í raun hvergi frið. Við höfum reyndar séð að svæðum hafi verið lokað og ákveðið að banna þar veiðar um tiltekinn tíma. En oftast er það í tiltölulega stuttan tíma. Hér er verið að tala um svæði á nokkuð mörgum stöðum hringinn í kringum landið þar sem veiðar yrðu bannaðar alfarið í nokkuð langan tíma meðan í ljós kæmi hvort slík svæði geti haft áhrif á að byggja upp fiskstofna og veita fiski sem mikið er sótt í frið í ákveðinn tíma. Auðvitað þýddi það að við yrðum að stunda miklar rannsóknir á því á sama tíma hvort þetta hefði áhrif eða ekki. Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að árangurinn af þessu yrði metinn og fylgst með á hverju ári. Menn tækju sig sérstaklega til og skoðuðu eftir fimm ár hvort þetta hefði skilað raunverulegum árangri en gæfu til-

rauninni tíu ára líftíma svo sjá megi hvernig til tekst.

Við höfum séð, eins og fram kom í síðustu ræðu, hver reynsla annarra er af því að gera slíkt hið sama. Sú reynsla hefur yfirleitt verið góð. Hið góða við þessa tillögu er að hér er stungið upp á leið til að auka fiskvernd og friðun á fiski sem hvorki kostar mikla peninga, orku né felur í sér áhættu fyrir veiðisvæði eða fiskstofna. Okkur hefur gengið afskaplega illa að byggja upp helstu nytjastofna okkar í kringum landið og nefni ég sem dæmi þorskstofninn. Þetta tæki í vopnabúr þeirra sem vilja með ábyrgum hætti reyna að byggja upp fiskstofna við Ísland mundi hjálpa þeim sem stýra fiskveiðum talsvert í því starfi.

Eins og ég sagði áður höfum við reynslu af friðun ákveðinna svæða í stuttan tíma. Við þekkjum hið árlega hrygningarstopp fyrir Suðvesturlandi þar sem menn vernda fiskinn meðan hann hrygnir. Við þekkjum líka að ákveðnum svæðum er lokað vegna þess að smáfiskur hafi farið umfram þau mörk sem leyfilegt er í afla skipa. Þeim er lokað í stuttan tíma og fylgst með og þau opnuð aftur þegar smáfiskur hefur hopað af svæðinu eða hlutfall hans er ekki lengur yfir viðmiðunarmörkum. Í þriðja lagi þekkjum við dæmi um að tímabundið sé ákveðið að friða tiltekin svæði sérstaklega fyrir togveiðarfærum. Ég held að allir sem verið hafa á sjó hafi bæði tekið þátt í, fylgst með og frétt af því sem gerist þegar slík hólf eru opnuð aftur. Raðir af togurunum eða trollskipunum bíða á línunni þar sem hólfið byrjar eftir því að það verði opnað á ný. Yfirleitt er þar bullandi fiskirí í ákveðinn tíma eftir að hólfið er opnað aftur. Þegar búið er að skarka á því fram og aftur í ákveðinn tíma rýrnar það aftur og fiskiríið minnkar. Bátarnir tínast þá eitthvert annað.

Maður veltir fyrir sér hvað mundi gerast á þessum svæðum ef við lokuðum slíkum hólfum um lengri tíma. Fiskurinn fengi þar frið til að vaxa og dafna. Eins og fram kom í ræðu Össurar Skarphéðinssonar virðist bæði lífmassi, nýliðun og ástand fisks á svona svæðum miklum mun betra en annars staðar í kring. Eftir ákveðinn tíma hlýtur fiskur að fara af verndarsvæðunum og út á þau svæði þar sem heimilt er að veiða hann og mundi þannig styrkja veiðanlegan fiskstofn í þeim tilvikum. Sumir hafa gengið svo langt að þeir vilja mynda þessi verndarsvæði með því að sökkva á þeim skipum sem ekki eru lengur í notkun. Það hefur verið gert víða í heiminum til að koma í veg fyrir að trollbátar eða togskip geti stundað veiðar á þeim svæðum. Menn hafa líka komið fyrir manngerðum steypuklumpum og slíku, hindrunum, til að búa til eða byggja upp rif í staðinn fyrir náttúruleg rif sem togarar hafa brotið niður með þungum veiðarfærum sínum. Það verður að segjast eins og er, að í flestum tilvikum virðast þessar aðferðir skila árangri. Fiski á þeim svæðum sem um er að ræða fjölgar. Þetta virðist því skipta verulegu máli til lengri tíma litið.

Ég held, frú forseti, eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, að kostnaðurinn við slíka tilraun væri hverfandi. Við grípum oft til aðgerða til að reyna að friða fisk. Við grípum oft til aðgerða til að reyna að byggja upp fiskstofna, sem hafa kannski ekki svo djúpstæðan vísindalegan grunn. Það má kannski segja að það sem hér er lagt til byggi ekki á slíkum grunni heldur. Þó má benda á nokkra staði þar sem svona aðgerðir virðast skila árangri. Það er engin áhætta í þessu fólgin. Sé eingöngu um að ræða að loka ákveðnum hólfum og friða í ákveðinn tíma þá er ekki um óafturkræf áhrif að ræða, eins og það er kallað. Við gætum hvenær sem er ákveðið að hætta við þessa tilraun, telji menn hana ekki skila nægilega miklum árangri. En við skemmum ekkert og skiljum ekkert eftir.

Rannsóknir eru að sjálfsögðu undirstöðuatriði í þessu. Við verðum og eigum, miðað við ástand fiskstofnanna, að leita allra leiða, m.a. með fiskverndarsvæðum, til að reyna að byggja þá aftur til þess horfs sem áður var.

[15:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessa máls. Ég tel fulla ástæðu til að huga að því sem hér er lagt til. En til að maður eigi einhverja von um að svo verði gert verður maður að vera dálítið bjartsýnn, miðað við þann hugsunarhátt sem ríkt hefur í gegnum tíðina á þessu landi. Ég tel að virðingarleysi fyrir fiskverndarsvæðum hafi verið ótrúlega mikið. Ég ætla að nefna um það dæmi.

Það var lítið svæði sem menn kölluðu frímerki, fiskverndarsvæði við suðausturströnd landsins. Skipstjóri sem stundaði veiðar á þeim slóðum í áratugi sagði mér sögu þess. Hann sagði að þegar mönnum hefði ekki gengið vel í veiðitúrum sínum þá hafi þeir gjarnan komið við í námunda við þetta svæði. Þar áttu þeir nánast alltaf víst að fá einhvern fisk. Einhverjir skammsýnir menn voru sífellt að sífra um að þetta svæði yrði opnað fyrir veiðiskap. Eins og venjulega þegar búið er að lobbíera nógu lengi í ráðamönnum á Íslandi var fallist á að opna svæðið. Eftir að það var gert þýddi ekki að koma þar nálægt, sagði þessi skipstjóri mér. Þá hættu þeir nú að koma þar við í leiðinni þótt illa hefði gengið í túrnum. Þetta gjörsamlega hvarf, sá aflavottur sem þar var ævinlega til staðar. Inni á þessu svæði var fiskur og greinilegt að hann skynjaði að þar væri hann öruggur og þar myndaðist samfélag sem var mikilvægt fyrir fisk. Ekki bara á svæðinu sjálfu heldur líka í kringum það. Sjómenn hafa haft skilning á þessu. Fyrir frumkvæði sjómanna og útgerðarmanna hefur slíkt verið gert, t.d. var á sínum tíma lokað svæði innst í Breiðafirði, fyrir fjórum áratugum eða svo. Það er örugglega mikilvægt.

Af hverju erum við að tala um þetta? Það er vegna þess að umgangur flota okkar um veiðislóðirnar er að okkar mati ekki nógu góður, að öllum líkindum. Við vitum að veiðarfærin sem eru notuð eru gríðarlega áhrifamikil í umhverfinu. Mér er sem ég sæi að einhvern tímann yrði hleypt upp á land slíkum grænjum sem dregin eru um hafið og hafsbotninn. Ég er hræddur um að menn létu í sér heyra ef safna ætti einhvers konar lífverum á landi með grænjum eins og þeim sem dregnar eru á eftir skipum í kringum landið.

Það er löngu kominn tími til að menn íhugi í fullri alvöru að fram fari virkilegt umhverfismat á veiðarfærum, að menn fái ekki að fara með veiðarfæri um lífríkið nema slíkt mat liggi fyrir og menn hafi fengið leyfi fyrir þeim. Allt virðist ganga og menn telja ekki einu sinni þörf á að gá að því hvort óhætt sé að hafa trollhlerana þrettán tonn. Er óhætt að bæta endalaust við útbúnaði og grænjum, gúmmíhjólum og hvað það nú heitir, á þau veiðarfæri sem notuð eru?

Það mætti segja að Íslendingar séu afskaplega skammsýnir hvað varðar veiðar og umgang um lífríkið í hafinu í kringum landið. Ég held að það sé enginn ágreiningur um að við viljum hafa sem mest út úr því lífríki. En það geta verið skammsýn sjónarmið sem ráða því að útgerðarmaður vilji nota veiðarfæri sem hann veit að afkasta mikið. Hann hefur kannski ekki yfirsýn til að sjá hvað það þýðir til framtíðar. Það er ekki hægt að ætlast til þess. En stjórnvöld eiga að sjá til að rannsakað verði eins og mögulegt er hvaða áhrif veiðarfærin hafa og hvað óhætt er að gera lífríkinu. Þarna virðast stofnanir okkar hafa brugðist. Þeir sem ferðinni ráða og hafa gert í gegnum tíðina hafa hlustað á hin skammsýnu sjónarmið. Það er t.d. búið að ræða mikið meðal sjómanna, og jafnvel sumra útgerðarmanna frá því menn fóru að nota sum af þeim veiðarfærum sem notuð eru núna, t.d. flottrollin, og mótmæla því að þeim veiðarfærum sé hleypt inn í lífríkið eins og gert hefur verið. Stjórnvöld hafa ekkert gert í því máli, ekki nokkurn skapaðan hlut. Núna er loðnustofninn týndur. Það veit enginn nema að hann sé hruninn. Samt eru menn sendir með flottroll og hafa halað upp 500 tonn í einn farm af þeim fáu kvikindum sem gengin eru upp á landgrunnið. Er þetta óhætt? Eigum við að leyfa þetta? Eigum við ekki fyrst að sjá hvort eitthvað er eftir af loðnu áður en við leyfum mönnum að veiða hugsanlega síðustu kvikindin sem eftir eru?

Allt lýsir þetta skammsýni. Það lýsir líka því, sem er því miður ástæðan fyrir þessu öllu, að stjórnvöld eru svo talhlýðin. Þeir sem ráða hér ferð telja sig ævinlega þurfa að sækja ráð sín og visku til þeirra sem eru í bardaganum, að reka útgerðarfyrirtæki í landinu frá degi til dags. Þeir hugsa eðlilega um sinn eigin hag, kannski framar öllu. Við getum ekki kvartað yfir því þótt þeir vilji fá að nota nýjustu græjurnar. En það er stjórnvalda að bera ábyrgð á að óhætt sé að leyfa þær. Það væri hægt að nefna ótal dæmi um hvernig stjórnvöld hafa látið hafa sig út í hinar og þessar ráðstafanir. Ýmsar ákvarðanir hafa ekki verið mjög skynsamlegar. Ég hef ekki tíma til að ræða um það núna en skal gjarnan gera það síðar. En verði þessi tillaga samþykkt þá yrði það mikilvæg vísbending um að menn ætluðu að snúa af þessari braut. Ég vona sannarlega að menn hafi nú visku til að samþykkja tillöguna sem hér er til umræðu.

[15:49]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég tel þessa umræðu mjög þarfa og í raun inni mjög gott mál að menn velti fyrir sér þeim spurningum sem velt er upp í þingsályktunartillögunni. En ég er ekki endilega viss um að afraksturinn af þessum fiskverndarsvæðum verði þannig að nýting fiskstofnanna muni aukast. Ég hef vissar efasemdir um það. En það er margt jákvætt. Það sem er fyrst og fremst jákvætt við þingsályktunartillöguna er að menn spyrja gagnrýnna spurninga og horfa á lífríkið sem eina heild þar sem dýrastofnar sveiflast og eru í samhengi við hverja aðra. Þetta er allt annað sjónarhorn en er t.d. haft á Hafrannsóknastofnun. Þar er nýtingarstefnan mjög einkennileg. Þar er horft á hvern og einn fiskstofn eða fisktegund sér. Til dæmis með þorskstofninn þá taka menn alltaf 25% af ákveðnum aldri stofnsins og segja: Það á að veiða þann hluta stofnsins. Menn halda að hann vaxi bara eins og eitthvert exel-línurit upp á við ef tekið er ákveðið hlutfall af stofninum alveg óháð fæðu. Það sem er einmitt jákvætt við þessa þingsályktunartillögu er að menn horfa á lífríkið sem eina heild og velta fyrir sér innbyrðis samhengi hlutanna.

Ég las skýrslu um daginn þar sem gerður var samanburður á norskum og íslenskum sjávarútvegi. Það sem var talið íslenskum sjávarútvegi mjög í óhag var að mikil sveifla var á einum helsta nytjastofni Íslands og að hann drægist saman. Það var talið honum til lasts að hann hefði dregist svo saman. En það sem var talið jákvætt í skýrslunni var að aðrir stofnar hefðu einhvern veginn vegið þessar breytingar upp. Menn horfðu sem sagt á fiskstofnana eins og eitthvert hagfræðimódel þar sem var jákvætt að fiskarnir streymdu í jafnri röð inn á færibandið en tóku ekkert tillit til líffræðinnar, ekkert tillit til þess að fiskstofnar sveiflist. En þetta er ekki eins og að fá eitthvert hráefni inn á færibandið. Við erum einfaldlega háð sveiflum í náttúrunni og það er eitt sem menn verða að fara að átta sig á.

Við ræddum í gær um nýtingu Arnarfjarðar. Þar kom á daginn að fiskstofn hafði horfið, rækjustofninn, sem getur ekki synt í burtu, þrátt fyrir að farið væri að ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar. Og það sem er svo einkennilegt við það var að þeir höfðu m.a. leyft að auka veiðar innan ársins. En allt kom fyrir ekki. Þegar menn horfa einungis á einn stofn í einu en ekki á samhengi hlutanna, þá fer illa. En í stað þess að auka veiðar á þeim tegundum sem voru að éta upp rækjuna — það var ekki gert — var ákveðið að fóðra afræningja. Þetta er náttúrlega voðalega einkennileg sýn á hlutina.

Það sem kannski er gagnrýnisvert í tillögunni er að menn horfa á lífmassann, að hann sé eitthvert atriði. Það sem við eigum að horfa á sem fiskveiðiþjóð er hver afrakstur inn er, hverjir vextirnir eru á höfuðstólnum. Það er ekkert vit í því að friða fisk sem ekki er að vaxa.

Við höfum dæmi um það. Gerð var athugun í fyrra á því að alltaf var verið að loka svæðum, t.d. inni í Breiðafirði. Þar var fiskurinn ekkert að vaxa en hann var lítill og orðinn gamall. Í stað þess að veiða hann var öllu lokað. Það hefði verið miklu nær að horfa á nýtingu fiskstofna út frá afrakstrinum en ekki endilega hafa lífmassann sem mestan. Ég er alveg á því að það sé ekki skynsamlegt.

Menn verða líka að gæta að ýmsum tilraunum sem vitnað er til, t.d. græningja sem eru einfaldlega á móti veiðum og vilja friða sem mest af hafsvæðum, friða hvali, friða hafsvæði, eru á móti veiðarfærum og finna veiðum allt til foráttu. Þess vegna ber að gjalda ákveðinn varhuga við ýmsu sem borið er á borð sem rök í þessu máli.

Til dæmis má draga það mjög í efa þegar menn fá niðurstöður sem sýna bæði meiri lífmassa og eldri og stærri fiska. Hvers vegna er það? Jú, fyrir hvert prep í lífkeðjunni tapast orka, það tapast allt að 90% af orkunni. Við það að minni fiskur er étinn af stærri tapast 90% af orkunni í litla fiskinum. Þetta eiga fiskeldismenn að vita sem hér eru í salnum, meira að segja við eldi tapast allt að 70% af orkunni.

Ég er á því að þetta dæmi gangi einfaldlega ekki upp að vera bæði með eldri fiska og meiri lífmassa. Mér finnst það vera mjög vafasamt fljótt á litið og hefði þess vegna kosið

að skoða það dæmi frekar. Það er eitt af því sem er gagnrýnisvert í fiskveiðistjórninni á Íslandi að menn eru alltaf að horfa á höfuðstólinn í staðinn fyrir að horfa á hvað fiskurinn er að bæta við sig. Það á landinn að taka. Það er það sem við eigum að taka en það skiptir minna máli hvort þorskstofninn sé reiknaður, vil ég segja, milljón tonn eða 500 þúsund tonn. Spurningin er um hvað hann vex. Ef vöxturinn er í lagi þá eigum við að taka það. En það skiptir minna máli akkúrat hver höfuðstóllinn er þegar verið er að ákvarða nýtingu fiskstofna.

Að lokum vil ég hrósa þessari þingsályktunartillögu af því leytinu til að hér horfa menn gagnrýnum augum á það fiskveiðistjórnarkerfi sem hefur lagt landsbyggðina í rúst og er sniðið út frá einhverjum efnahagslegum og hagfræðilegum kenningum sem eru langt frá því að vera eitthvað sem varðar líffræðina heldur hefur snúist algerlega upp í andhverfu sína. Það er orðið löngu tímabært að menn skoði þetta með gagnrýnum hætti. Og ég er í rauninni hissa á því, frú forseti, að hér séu ekki einhverjir stjórnarliðar að reyna að átta sig á því og taka þátt í þessari umræðu og hlusta á það og læra og jafnvel taka þátt í rökræðum um hvernig menn geta gert hlutina betur. Ég er kannski ekki endilega sammála þessari leið en það er þess virði að ræða slíka hluti hér.

[15:57]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum þingsályktunartillögu um fiskverndarsvæði við Ísland. Hér er lagt til að myndað verði net svæða umhverfis landið og þau svæði verði síðan alfarið vernduð fyrir veiðum, veiðar verði alfarið bannaðar á þeim svæðum. Samhljóða þessu verði hafnar rannsóknir til að fylgjast með lífríkinu og hvernig gangi, hvernig þróunin er og síðan verði árangurinn metinn eftir fimm ár og svo aftur þegar tíu ár eru liðin frá því að svæðin hafa verið stofnuð. Síðan yrði tekin afstaða til þess hvort þetta sé aðgerð sem gæti skilað einhverju þegar verndun hafsins er annars vegar, uppbygging fiskstofna og annað þess háttar.

Í sjálfu sér, virðulegi forseti, er þetta alls ekki svo galin hugmynd þegar maður skoðar hana almennt. En þegar maður fer að hugsa þetta nánar finnst mér að það væri kannski frekar þörf á að breyta þingsályktunartillögunni þannig að mælt væri með því að farið yrði út í að rannsaka hverju svæðalokanir við Ísland hafa skilað í gegnum árin. Það er nefnilega þannig að þegar maður skoðar opinberar skýrslur sér maður að ákveðin svæði hafa verið friðuð, bæði á landgrunninu en líka í landgrunnsköntunum, um margra ára skeið t.d. fyrir botnvörpuveiðum og líka fyrir línuveiðum. Sums staðar hafa svæði verið alfriðuð bæði fyrir línuveiðum og botnvörpuveiðum árið um kring í mörg ár. Ég gæti nefnt svæði norðaustur af Horni. Við getum talað um Spordagrunn út af Norðurlandi. Við getum talað um svæðin norður af Haganesvík, við getum talað um Langanesgrunn, Digranes og svæði við Hrollaugseyjar. Þessi svæði eru öll sömul svæði sem hafa verið lokuð mjög lengi bæði fyrir togveiðum og línuveiðum.

Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið rannsakað neitt sérstaklega á þessum svæðum hvort þessar svæðalokanir hafi í raun og veru skilað einhverju og hvort þær hafi til að mynda skilað árangri eins og hér er nefndur með tilvitnun í svæði sem öll eru í Suðurhöfum, þ.e. í hlýsjó sem hefur orðið til þess að svæði sem hafa verið friðuð með þessum hætti hafa byrjað að framleiða ef svo má segja fisk og nytjastofna sem síðan hafa verið nýttir utan þessara svæða. Þessi hugmynd hefur gengið upp og það er alveg hárrétt sem bent er á í greinargerð með þessari þingsályktunartillögu að þarna hefur þetta gengið upp.

Ég hefði gjarnan viljað sjá, virðulegi forseti, rannsóknarniðurstöður sem sýndu fram á að þær svæðalokanir sem við höfum þó verið með hér á landi mörg undanfarin ár hefðu skilað árangri. Hérna er til að mynda kort og ég hef merkt með gulu hólfin í kringum landið þar sem botnvörpuveiðar eru alfarið bannaðar allt árið og auk þess svæði þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar hluta af árinu. Og hér er síðan kort sem sýnir hólf í kringum landið þar sem línuveiðar eru alfarið bannaðar. Þetta eru umtalsverð svæði. Ég hygg, virðulegi forseti, að þetta ætti að rannsaka og það má vel vera að við mundum sjá mjög athyglisverða þætti í slíkum rannsóknum og að þetta hefði skilað einhverju. Hins vegar er það líka svo og ber að líta á það að aðstæður hér við land eru á margan hátt svolítið öðruvísi en í Suðurhöfum, til að mynda á svæðum sem nefnd eru í greinargerðinni, kóralsvæði og annað, þar sem eru staðbundnir fiskstofnar, svæðisbundnir krabbastofnar o.s.frv. Þetta eru í raun og veru allt öðruvísi aðstæður en hér við land þar sem nánast allir eða allir fiskstofnar í kringum landið eru flökkustofnar, fiskstofnar sem eru á fleygiferð um hafið til og frá og því er kannski erfitt að afmarka eitthvert svæði þar sem við segjumst ætla að friða alla fiska á því svæði vegna þess að allir þeir fiskar sem voru á svæðinu þann dag sem reglugerðin gengur í gildi hafa synt eitthvert allt annað daginn eftir.

Þetta eru spurningar sem hægt er að velta fyrir sér í framhaldi af þessu en þingsályktunartillagan er í sjálfu sér þörf. Hún vekur mann til umhugsunar og vonandi mun hún skapa umræðu. Það verður til að mynda mjög gaman að sjá þær umsagnir sem munu berast um þessa þingsályktunartillögu, t.d. hvaða skoðun ýmsir hagsmunaaðilar hafa á þessari hugmynd og líka hvaða innlegg þeir treysta sér til að koma með inn í umræðuna.

Mér finnst þetta líka gefa tilefni til þess einmitt að ræða aðeins hvernig við stýrum fiskveiðum hér við land, hvernig fiskveiðistjórninni er háttað, hvernig nýtingarstefnunni á fiskstofnum er háttað. Ég hef margoft sagt það áður í þessum ræðustól og annars staðar á opinberum vettvangi, í fjölmiðlum og á minni eigin heimasíðu, að ég tel að hér hafi ansi margt farið miður á undanförnum árum. Ég held að kannski væri mest þörf á því núna að við hér á Alþingi stöldruðum við og ræddum opinskátt og undanbragðalaust hvað við höfum gert rangt því það getur ekki verið að við höfum verið að gera margt rétt þegar við lítum yfir það hvernig staðan er. Hún er alls ekki björt, því miður, þorskstofninn er í sögulegu lágmarki og engar horfur á öðru en að stofninn muni halda áfram að minnka og fari þá langt niður fyrir það sem við köllum sögulegt lágmark í dag. Flatfiskstofnar eru í mjög slæmu ásigkomulagi, rækjustofnarnir eru hrundir, hörpudiskstofninn er hruninn, loðnustofninn er hugsanlega hruninn, loðnan er ekki fundin enn

þá og nú er runninn upp 19. janúar. Loðnuvertíð ætti að vera hafin af fullum krafti ef allt væri með eðlilegum hætti en ekkert hefur sést til loðnunnar enn þá.

Þrátt fyrir þetta ætla menn að halda áfram að höggva í sama knérunn því að í hádeginu bárust fréttir af því að menn væru enn að veiða loðnu. Þó að ýmislegt bendi til að stofninn geti hugsanlega verið hruninn skal enn áfram haldið og menn eru enn þá að veiða. Stærsta fiskiskip flotans hefur tilkynnt um afla, 500 tonna afla sem veiddur var í flottroll, önnur skip hafa tilkynnt um loðnuafla á undanförnum dögum. Menn stunda þessar veiðar undir því yfirskini að þeir séu með eins konar tilraunaveiðar. Þetta er náttúrlega algjört glapræði og halda mætti að þarna væru hreinlega vitskertir menn á ferð, því ef svo er að loðnustofninn sé hruninn, ef svo er að það sé mjög lítið af loðnu að koma til hrygningar núna þá er það algert glapræði að veiða þær fáu loðnur sem hugsanlega eru eftir með þessum stórvirku veiðarfærum, mæta loðnunni þegar hún kemur yfir landgrunnið með gríðarlega stórum veiðarfærum á ofboðslega stórum skipum með miklu vélarafli, sía sjóinn fram og til baka, splundra þessum fiski, tefja för hans upp að ströndinni og stuðla þannig jafnvel að því að loðnan hreinlega skili sér ekki upp á landgrunnið í þeim mæli sem vonast er til.

Ég minni á að þegar síldveiðar hrundu hér á sjöunda áratugnum, bæði norsk-íslenska síldin og íslenska sumargotssíldin, skall hurð mjög nærri hælum, ekki síst með íslensku síldina, að mönnum tækist hreinlega að veiða stofninn upp því að þetta eru torfufiskar og það er mjög auðvelt að halda áfram, eins og tæknin er orðin í dag, að veiða og veiða þangað til síðasta torfan hefur verið veidd. Ef loðnan hrynur hér við land er fram undan algjört hrun í fiskveiðum við Ísland.

[16:06]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég kem upp vegna þess að ég fór ekki alveg rétt með það sem fram kom í skýrslu sem gefin var út um samkeppnishæfni íslensks og norsks sjávarútvegs. Er í sjálfu sér ekki að undra að minnið hafi svikið mig því að þetta var svo mikil vitleysa sem fram kom í skýrslunni, engin rökhugsun sem getur skýrt það sem var á bak við skýrsluna en það var víst hagfræði en ekki líffræði og ég er líffræðingur og get ekki alveg alltaf sett mig í spor hagfræðinga sem vilja stýra og segja hvað sé gott til að stýra lífríkinu. Í skýrslunni kom fram það mat að Ísland skoraði mjög lágt miðað við Noreg í einum samanburðinum. Ástæðan var sú að ýsuaflinn jókst á Íslandsmiðum, hann jókst verulega á milli ára og það er mjög slæmt frá sjónarhóli hagfræðinnar vegna þess að ýsan streymir þá ekki jafnt inn á færibandið heldur kemur í mismiklum mæli á milli ára. Það er mjög slæmt þegar horft er á fiskveiðistjórn út frá hagfræðinni. Það er betra ef alltaf veiðist jafnt. Því skoraði Ísland lágt í þessum samanburði vegna þess að ýsuaflinn jókst og það var mjög slæmt í samanburðinum.

Svona skýrsla sýnir kannski á hvaða leið við erum í ýmsum samanburði. Þetta er bara hrein og klár vitleysa og undarlegt að bjóða upp á slíkt. En það sem jafnaði þetta út, að ýsuaflinn skyldi aukast og Ísland skoraði að því leytinu lágt, var að þorskaflinn jókst á milli ára og það var mjög slæmt. Nei annars, það er svo erfitt að átta sig á þessu, önnur vitleysa svipaðs eðlis var að í samanlögðum fimm helstu veiðistofnunum skoraði Ísland heldur hærra vegna þess að þorskaflinn minnkaði og það var jákvætt á grundvelli hagfræðinnar, þess vegna var það mjög jákvætt. Það er í raun inni mjög erfitt að átta sig á svona skýrslum og hugsanagangi í sambandi við íslenska fiskeiðistjórn og þegar verið er að lesa þetta er þetta svo órökrétt að maður á ekki orð yfir það að slíkt sé borið á borð.

Ég vildi koma upp í þessari umræðu til þess að koma þessu rétt frá mér en svona skýrsla og svona stjórn eins og viðgengist hefur á Íslandi undanfarin ár er auðvitað hrein og klár vitleysa. Þingsályktunartillagan sem við ræðum hér er því tímabær út frá því að það er rétt að skoða hlutina upp á nýtt, sérstaklega þá hluti sem ganga illa.

[16:09]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í henni. Ég er ánægður með þær jákvæðu undirtektir sem málið hefur fengið hjá öllum þeim sem hér hafa tekið til máls.

Hv. þm. Magnús Þór hafsteinsson velti því fyrir sér hvort sömu lögmál ættu við hér í Norðurhöfum þar sem sjór er miklum mun kaldari en sunnar á hnettinum þar sem fiskverndarsvæði hafa nú þegar verið sett upp og þótt gefa góða raun. Það kemur auðvitað í ljós. Ég tel hins vegar að það sé ekkert sem sé öðruvísi í lífkerfinu sem geri það að verkum að einhverjar líkur séu á því að þetta gangi ekki hér með svipuðum hætti og vísbendingar gefa til kynna að það gangi annars staðar.

Hv. þingmaður nefndi sérstaklega að í hafinu við Ísland væru fyrst og fremst flökkustofnar sem færu hratt yfir og flyttu sig ört á milli staða. Nú er það svo að þessi tillaga er ekki síst sett upp með hliðsjón af þeirri staðreynd að æ fleiri vísbendingar hafa birst í rannsóknum um það hér á Íslandi að stofnar hinna ýmsu nytjategunda við landið séu í raun miklu staðbundnari en menn gerðu áður ráð fyrir. Við höfum t.d. fyrr á yfirstandandi þingi rætt um það í tengslum við tillögur sem hv. þingmenn Frjálslynda flokksins fluttu um skoðun á færeysku leiðinni svokölluðu við stjórn fiskveiða að hér væru víða staðbundnir stofnar þorsks. Við höfum séð að það er margt sem bendir til þess að hér séu miklu fleiri, hugsanlega litlir, þorskstofnar, hugsanlega stórir, það vitum við ekki vegna þess að rannsóknir liggja ekki fyrir, sem séu miklu bundnari við svæði en menn töldu áður. Ég held að sú sé raunin og hef reyndar verið þeirrar skoðunar mjög lengi. Ég minnist þess jafnan að þegar minn ágæti kennari við Háskóla Íslands, þegar ég lærði þar líffræði á sínum tíma, Jakob Jakobsson, sem síðar varð forstjóri Hafrannsóknastofnunar, var að kenna okkur þá taldi hann að svo væri en undirstrikaði að ekki væru til rannsóknir sem staðfestu það rækilega. Nú hafa verið gerðar rannsóknir þó að í smáum stíl sé sem benda til að svo sé. Ef það er þannig á þessi tillaga raunar miklu fremur rétt á sér en ella. Ljóst er að hér eru staðbundnir nytjastofnar og ég er alveg sannfærður um að þeir Íslendingar sem eru að veiða úr þessum

stofnum mundu hafa mjög gott af því að svona svæði yrðu sett upp.

Hv. þingmenn nefndu það hér, einkum þingmenn Frjálslynda flokksins, að æskilegt væri að ráðast í rannsóknir á áhrifum þeirra svæða sem veiðibann hefur tíðkast á. Það er hárrétt hjá þeim, það væri mjög æskilegt að fyrir lægju rannsóknir um hvaða áhrif slík svæði og slík bönn, tímabundin eða varanleg, hafa hér við land. Við undirbúning þessarar tillögu hafði ég hins vegar spurnir af því að þetta væri einmitt byrjað hjá Hafrannsóknastofnun í dag, því miður vonum seinna en er þó hafið. Í öllu falli er sú tillaga sem hér liggur fyrir vísir að því, því að gert er ráð fyrir að eftir tiltekinn tíma verði ráðist í að meta afleiðingar og afrakstursaukningu eða breytingar á afrakstri svæða í grennd við fiskverndarsvæði og síðan jafnframt að tíu árum loknum taka ákvörðun um hvort þau séu messunnar virði. Hér er ekki verið að slá í gadda að það eigi endilega að gera þetta að hluta af fiskveiðistjórnarkerfinu, hins vegar tel ég, miðað við þær vísbendingar sem eru uppi, að þetta gæti orðið mjög nytsamur partur af því í framtíðinni.

Ég tek undir með hv. þm. Frjálslynda flokksins, Sigurjóni Þórðarsyni, að það þurfi að skoða þetta mjög rækilega og ekki síst tek ég undir með honum þegar hann segir að æskilegt sé að stokka spilin upp á nýtt og skoða með opnum huga hvernig það kerfi nýtist okkur sem við búum við í dag. Ég held að það hafi margoft komið hér fram hjá þingmönnum allra flokka, m.a. í vetur, að menn séu ekki mjög trúaðir á að þau vísindi sem við búum við í dag séu jafnnákvæm og menn töldu áður, sumir okkar og vissulega fræðimenn. Þetta þarf að nálgast með nýjum hætti. Leyfa þarf nýjum hugmyndum að flæða inn í þessa grein. Hér er um að ræða nýjan hugmyndastraum, óhefðbundinn, en ég held að það sé mjög jákvætt að við samþykkjum þessa tillögu og ég held að það sé almennt mjög jákvætt að við skoðum þetta allt saman með nýjum huga. Þetta er önnur tillagan í vetur sem lýtur að því, hinar tillögurnar fluttu þeir hv. þingmenn sem ég nefndi áðan, Sigurjón Þórðarson og Magnús Þór Hafsteinsson frá Frjálslynda flokknum. Báðar tillögurnar miða að því að skoða stöðuna með gagnrýnum huga og reyna að leiða inn ný viðhorf því það er alveg ljóst að eins og staðan er í dag hafa vísindin sem við höfum byggt á ekki gagnast okkur nægilega vel. Það er þess vegna sem ég leyfi mér að hvetja þingheim til að samþykkja þessa tillögu. Ég held að hún sé að mörgu leyti mjög gagnleg.

[16:15]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þar sem hann er fyrsti flutningsmaður, hvort flutningsmenn þingsályktunartillögunnar hafi íhugað nánar hvaða svæði þeir hafi augastað á umhverfis landið. Hafa þeir skoðað það með einhverjum hætti? Er verið að tala um einhver ákveðin hólf út af landgrunninu? Er verið að tala um ákveðna firði eða flóa? Er verið að tala um ákveðin svæði einhvers staðar úti í köntum? Það væri áhugavert að fá að heyra hvað þeir hafa hugsað sér svo betur sé hægt að gera sér grein fyrir hvað fyrir þeim vakir.

Ég ítreka það sem kom fram í máli síðasta ræðumanns að það er mjög mikilvægt að við tökum öll þessi mál til endurskoðunar og hugsum hlutina upp á nýtt. Eins og bent hefur verið á hafa vísindin ekki gagnast okkur nógu vel — þær vísindaaðferðir og kenningar sem uppi hafa verið fram til þessa hafa því miður ekki skilað tilætluðum árangri. Maður hlýtur að lýsa yfir vonbrigðum með að ekki skuli fleiri þingmenn úr öllum flokkum nota það tækifæri sem gefist hefur í dag til þess að ræða þessa hluti. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn.

[16:16]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson spyr hvort við flutningsmenn höfum velt fyrir okkur hvaða svæði koma til greina. Í aðdraganda þessarar tillögu hef ég, sem fyrsti flutningsmaður, velt því aðeins upp með ýmsum málvinum mínum úr líffræðingahópnum hvar þau gætu verið. En ég tel ekki rétt að ég setji fram neina kandídata. Það er hugsanlegt að ýmsir gjaldi varhuga við tillögu sem þeir gætu túlkað með þeim hætti að það ætti fyrst og fremst að miða að því að loka einhverjum svæðum í grennd við þeirra heimastöðvar. Það verður að segjast eins og er að þegar ég var að tala við menn á landsbyggðinni og var að afla gagna þá fannst mörgum þetta góð hugmynd en vildu helst ekki hafa þetta nálægt sér.

En við leggjum áherslu á að valið verði sem fjölbreytilegast, að þessi svæði verði bæði uppi á grunninu inni á fjörðum en líka úti í köntum. Ég held að það sé sérfræðinga að velja það og kannski hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson gæti komið að því í nefndinni. Ef ég man rétt situr hann í hv. sjávarútvegsnefnd og getur þar af leiðandi komið með sínar tillögur þar.

Ef þessi tillaga yrði samþykkt yrði hugsanlega harðast deilt um það hvar ætti að setja upp slík svæði. Það er því miður þannig, og sérstaklega er það nú reynsla mín af sjávarútvegi, að þar takast á hagsmunir sem oft er erfitt að sameina og samrýma. Ég vona samt að okkur takist það.

[16:18]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að ég geti komið með góðar tillögur í sambandi við þetta. Mér finnst t.d. athyglisvert að velta fyrir mér, og hef reyndar oft gert það, hvort ekki væri rétt að innleiða svona fiskverndarsvæði þar sem veiðar væru þó ekki alfarið bannaðar. Því eins og bent hefur verið á mundi það kannski valda vandkvæðum í litlum sjávarplássum sem eru háð miðum skammt undan. Það yrði óvinsæl aðgerð að loka þeim algerlega fyrir veiðum.

Ég hefði viljað sjá að við hugsuðum hlutina upp á nýtt og prófuðum okkar áfram með nýjar aðferðir og tækjum út svæði og færum út í fiskifræðilegar aðgerðir ef svo má segja. Gerðum til að mynda tilraunir í ákveðnum fjörðum. Prófuðum ýmsar kenningar eins og grisjunarkenningu Jóns Kristjánssonar. Sæjum hvernig hún kæmi út. Tækjum fyrir ákveðinn fjörð, við getum nefnt Hvalfjörðinn t.d., og reyndum að sannreyna með verkefnum sem stæðu yfir í einhver ár hvort auknar veiðar t.d. á ýsu, sem þar er, mundu skila sér í betri vexti hjá ýsunni sem yrði eftir, eins og Jón hefur verið að benda á. Þá væri hægt að sannreyna að réttu viðbrögðin við merkjum um fæðuskort hjá fiskstofni séu ekki

þau að friða stofninn heldur einfaldlega að veiða meira þannig að þeir fiskar sem eftir eru hefðu meira að bíta og brenna og mundu ná auknum vexti og þannig næðum við fram meiri framleiðni úr fiskstofninum. Því miður er það svo að íslensk stjórnvöld hafa aldrei viljað hlusta á svona hugmyndir og Jón hefur mætt mikilli andspyrnu með sínar kenningar. Það er alger fásinna því það er fyllilega þess virði að skoða þessa hluti og gera vísindatilraunir sem mundu þá einfaldlega sannreyna hvort hann hefur rétt fyrir sér eða rangt.

[16:20]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður tekur hér upp mjög athyglisverða hugmynd frá Jóni Kristjánssyni fiskifræðingi. Við höfum stundum rætt um þær hugmyndir sem hann hefur sett fram í þessum sölum og ekki bara í vetur heldur töluvert lengi. Sá ágæti fræðimaður hefur sett fram kenningar sem eru óhefðbundnar og hafa mætt miklum mótbyr innan vébanda Hafrannsóknastofnunar og innan þess samfélags sem segja má að sjávarútvegsráðuneytið hafi haldið verndarhendi yfir. Sú tillaga sem hv. þingmaður reifar hér, að loka ákveðnu svæði og kanna hvort það hefur áhrif á stærð og þunga einstaklinganna með stjórnun á sókn, er allrar athygli verð. Hún gerir að öllum líkindum þá kröfu til þess svæðis sem valið er og stofnsins að hann sé tiltölulega staðbundinn og lokaður. Ekki efa ég, ef hv. þingmaður hefur það eftir Jóni Kristjánssyni, að slíkt sé unnt að gera í Hvalfirði.

Ég tel alla vega að hugmyndir af þessu tagi ýti undir grósku í hugsun innan greinarinnar. Það er það sem mér finnst skorta á. Menn eiga að koma með hugmyndir, gagnrýna og leyfa sér þann munað að kasta fram hugmyndum sem í fljótu bragði kunna að virðast töluvert fjarri rótum hinnar hefðbundnu hugsunar í greininni. Með því að leyfa flæðinu að fara frjálst um og leyfa mönnum að spreyta sig og reyna að skoða vísindalega nýjar hugmyndir af þessu tagi fleytum við best fram þróun greinarinnar. Það hefur skort á þetta. Það hafa verið eins konar virkismúrar í kringum Hafrannsóknastofnun sem fáir hafa fengið að klífa inn fyrir. Það hefur leitt til ákveðinnar kredduhugsunar, að því er mér finnst, innan stofnunarinnar. Við þurfum að brjóta það upp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 1. umr.

Frv. MÞH, 86. mál (kanínur, vernd lundans). — Þskj. 86.

[16:23]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum. Frumvarpið er stutt og 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við síðari málslið 1. mgr. 18. gr. laganna bætist: eða að þeim stafi ógn af öðrum tegundum dýra sem óheimilt er að sleppa í villta náttúru en hafa myndað stofn á búsvæði þeirra.“

Og 2. gr. er:

„Lögin öðlast þegar gildi.“

Virðulegi forseti. Það sem fyrir mér vakir með þessu litla, stutta frumvarpi — sem er í rauninni ekkert annað en umbót á lögunum um veiðar, friðun og vernd á villtum fuglum og villtum spendýrum — er að leggja inn stutt ákvæði sem opnar á heimild fyrir stjórnvöld til að grípa til aðgerða gegn aðfluttum dýrastofnum, tegundum sem á einhvern hátt geta ógnað þeim dýrastofnum sem fyrir eru á svæðinu og teljast íslenskir. Þetta er viðbót við 18. gr. laganna um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum en hún hljóðar svo í heild sinni, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt með reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög eftir því sem við á og að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, að kveða á um aukna vernd ákveðinna friðaðra stofna villtra fugla og spendýra ef brýn ástæða er til. Í reglugerðinni er heimilt að kveða á um að strangari reglur gildi um búsvæði þessara tegunda ef sýnt þykir að tegundunum stafi sérstök ógn af mannaferðum eða umferð eða séu sérstaklega viðkvæmar fyrir raski.“

Hér lýkur tilvitnun en við þetta vil ég sem sagt bæta:

„... eða að þeim stafi ógn af öðrum tegundum dýra sem óheimilt er að sleppa í villta náttúru en hafa myndað stofn á búsvæði þeirra.“

Skv. 2. gr. laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, er óheimilt að flytja dýr inn til landsins nema að fengnu sérstöku leyfi frá ráðherra eða að meðmæli frá yfirdýralækni liggi fyrir. Það er líka óheimilt að sleppa innfluttum dýrum í villta náttúru nema hafa til þess sérstakt leyfi frá umhverfisráðherra samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að við vitum að kanínur hafa verið fluttar inn til Íslands og þær hafa verið ræktaðar hér á landi m.a. vegna ullarinnar og kjötsins. Þær hafa auk þess verið vinsæl gæludýr. Veðurfar hefur hlýnað þó nokkuð hér á landi á undanförnum árum. Kanínur hafa sloppið út í náttúruna og náð að lifa veturna af og myndað stofna, í Öskjuhlíð og víðar í þéttbýli eins og í Vestmannaeyjum. Þar hefur orðið til vandamál sem varð þess valdandi að ég ákvað að útbúa þetta frumvarp. Þar er vandamálið á vissan hátt sérstakt og getur orðið mjög skeinuhætt. Eyjarnar umhverfis Ísland njóta sérstöðu sem búsvæði fyrir sjófugla og við erum hér í miðju Atlantshafi. Hér er mikið af sjófugli. Þessar eyjar eru mjög mikilvægar sem varpstöðvar og uppeldisstöðvar fyrir unga í annars viðkvæmri náttúru.

Auðug fiskimið eru við Vestmannaeyjar og grónar brekkur við bratta hamra og þetta myndar kjörið búsvæði fyrir lundann, en hann er friðaður á varptímanum. Þá eru eyjarnar einangraðar og lundinn hefur því átt auðvelt uppdráttar á þessum svæðum því rándýr, eins og minkar og refir, eru ekki fyrir hendi í Vestmannaeyjum. Þar er líka lítið um vargfugl sem gæti spillt lundavarpinu, til að mynda

skúm eða kjóa því þeir verpa ekki í Vestmannaeyjum.

Lundaveiðar eru heimilaðar á tímabilinu frá 1. september til 10. maí á hverju ári. Lundaveiði hefur verið stunduð í Vestmannaeyjum frá örófi alda af manninum og er á vissan hátt auðlind fyrir eyjabúa sem skapar bæði ánægju og tekjur og á sér djúpar rætur í menningu eyjanna og mannlífi.

Síðustu árin hefur ný ógn steðjað að lundanum í Vestmannaeyjum því kanínurnar sem hafa sloppið þar út hafa náð að mynda stofn og hafa aðlagast umhverfinu á Heimaey. Það er sýnt með vísindarannsóknum að kanínurnar hafa náð að nýta lundaholurnar til híbýlis. Þær hafa sest þar að. Þær breyta holunum, grafa þær út og stækka þær og sameina. Þær fara út í miklar framkvæmdir ef svo má segja. Rannsóknir hafa sýnt að þetta fælir lundann í burtu. Hann hrekst burtu úr holunum ef kanínur setjast þar að. Holurnar eru nauðsynlegar fyrir lundann, bæði til varps en líka til að ala þar upp unga þannig að þetta er mjög alvarlegt vandamál. Þessi gröftur kanínanna, sú mikla elja og vinnusemi sem þær sýna við að koma sér upp búsvæði, hefur aftur neikvæð áhrif á gróðurþekju og jarðveg. Kanínurnar naga rætur grassins sem eru inni í lundaholunum og það dregur úr jarðvegsbindingu og getur ásamt venjulegri beit á yfirborði jarðar haft þær afleiðingar að festan í jarðveginum hverfur eða minnkar og þar með eykst hættan á jarðskriði. Þeir sem hafa komið út í Heimaey vita að mörg búsvæði lundanna eru einmitt í mjög bröttum brekkum, grasigrónum brekkum, og ekki þarf mikið að eiga sér stað þar til að jarðvegurinn hreinlega fari á skrið, til dæmis í leysingum á vorin, og steypist þar með í sjó fram og þá eru þessi búsvæði fuglanna glötuð og tekur jafnvel aldir að vinna það aftur upp.

Talið er að heildarstofnstærð lunda sé um 15 millj. fugla en íslenski stofninn er um 60% eða um 9 millj. fugla. Þar af eru um 2–3 millj. varpfugla og 1,5 millj. fugla í Vestmannaeyjum. Lundinn er mikil auðlind því hann er einn stærsti fuglastofn Íslands, sjófugl sem lifir aðallega á sandsíli og loðnu. Þetta er farfugl sem kemur á vorin eftir vetrarlanga dvöl úti á hafi og á sér mjög merkilegt líf. Hann verpir einu eggi um miðjan maí sem klekst út eftir 40 daga og unginn er fleygur og fer úr holunni um miðjan ágúst.

Rannsóknir hafa sýnt að fjórðungur tilrauna hjá lunda til að verpa mistekst hvert ár í lundabyggðinni og um 65% af þeim pysjum sem komast á legg ná ekki kynþroskaaldri fyrr en eftir fimm ár. Þannig að þessi atriði, mikil náttúruleg afföll á varptíma og það að hvert par eignast aðeins einn unga á hverju ári, þýða að stofninn getur verið mjög viðkvæmur fyrir áföllum þótt hann virðist stór. Hann getur sýnt mjög miklar sveiflur í stofnstærð. Það bætir ekki úr, ofan á þær hremmingar sem eru fyrir í íslenskri náttúru, að við bætum við þessu aðskotadýri, þessu litla, loðna spendýri, kanínunni.

Kanínur eru félagsdýr sem lifa gjarnan í stórum byggðum neðan jarðar og grafa út völundarhús með göngum, hólfum og herbergjum. Holurnar geta verið mjög stórar. Þær hafa verið myndaðar. Lofthæðin getur verið allt að 30–60 sentimetrar. Kanínan getur fjölgað sér gríðarlega hratt. Í Norður-Evrópu getur hún fengið fang fimm sinnum á ári frá febrúar til september og oftar ef aðstæður leyfa og eru allt frá fimm til tólf ungar í hverju goti. Þarna er því samkeppnin ansi mikið kanínum í hag er við lítum á viðkomu stofnsins þar sem hvert lundapar getur aðeins eignast einn unga á ári en kanínurnar tugi unga, hvert par, ef svo ber við að horfa. Þær verða kynþroska mjög snemma og geta orðið gamlar. Þær geta orðið allt að tíu ára í villtri náttúru. Það eru mjög mörg dæmi um það erlendis frá að þessi dýr geti orðið að mjög mikilli plágu á skömmum tíma ef ekkert er að gert. Þær fjölga sér mjög hratt. Um það finnast dæmi annars staðar frá í heiminum að kanínur hafi hreinlega orðið faraldur og valdið miklu tjóni.

Talið er að í Vestmannaeyjum séu núna um það bil 300–500 villtar kanínur, þ.e. sem hafa sloppið út. Þær finnast víða á Heimaey. Menn hafa reynt að veiða þær og stemma stigu við fjölgun þeirra. Sem betur fer hafa menn gert sér grein fyrir því að þær hafa mjög neikvæð áhrif á náttúrufar Vestmannaeyja, sérstaklega á fuglalífið, lundann. Því hafa menn reynt að gera eins og þeir geta til þess að reyna að fækka þeim. Reynst hefur töluvert erfitt að útrýma þeim alveg en vonir standa til að það verði hægt að gera og í framhaldi af því hægt að setja reglugerð sem bannar — og þetta frumvarp opnar heimildir til þess að settar verði reglur um það — að það verði til að mynda hreinlega bannað að halda kanínur á stöðum eins og Heimaey og öðrum fuglaeyjum umhverfis landið. Við erum ekki bara að tala um Heimaey hér. Þessi hætta gæti komið upp annars staðar, til dæmis á Flatey í Breiðafirði, Vigur í Ísafjarðardjúpi, eyjum við Norðurland og undan Austurlandi, til að mynda í Skrúðnum. Þarna getur strax orðið mjög mikið vandamál ef svo færi að þessi dýr slyppu út og næðu að fjölga sér.

Það sem fyrir mér vakir með þessu frumvarpi er að opna á heimildir fyrir stjórnvöld til að grípa til þess að setja reglur um að farið verði út í sérstakar aðgerðir til þess að útrýma og hamla frekari fjölgun þessara dýra á kostnað tegunda sem réttilega tilheyra íslenskri fánu.

Virðulegi forseti. Ég reikna með því að þetta frumvarp fari eftir umræðu til meðhöndlunar í hv. umhverfisnefnd og vona ég að það verði litið þar jákvæðum augum því ég tel einsýnt að ef við grípum ekki strax til aðgerða, eins og komið hefur fram í máli mínu, við að stemma stigu við að þessi aðskotadýr séu laus í náttúru Íslands þá geti það valdið miklu tjóni á villtu dýralífi á Íslandi. En það gæti líka orðið okkur sjálfum til tjóns, mannskepnunni, því villtir sjófuglar við Ísland eru í sjálfu sér auðlind, ekki bara sem matur heldur eru þeir okkur öllum til yndisauka, okkur Íslendingum sem búum hér allt árið um kring og síðast en ekki síst ferðamönnum. Ég minni á að lundinn er mjög vinsæll hjá útlendingum, erlendum ferðamönnum, enda er hér um að ræða mjög fallegan og skemmtilegan fugl. Okkur Íslendingum ber að sjálfsögðu skylda til að gera allt sem við getum til að koma í veg fyrir að sá fuglastofn verði fyrir óþarfa áföllum.

[16:35]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Viðfangsefnið sem hv. þingmaður og flutningsmaður frumvarpsins, Magnús Þór Hafsteinsson, velti hér upp er í sjálfu sér athyglisvert. Hann flutti ágæt rök fyrir því sem er nú líka, að ég tel, augljóst, þ.e. að þegar svona aðstæður koma upp eins og í Vestmannaeyjum þá er

sjálfsagt og eðlilegt að reyna að bregðast við þeim. Í þessu tilfelli er um að ræða kanínuna sem er alla jafna er talin frekar vænt dýr, ef þannig mætti að orði komast. Hún bragðast meira að segja alveg ágætlega. Ég smakkaði slíkt einhvern tímann á Spáni og fór vel í mig. Eðli málsins samkvæmt þegar svona aðstæður koma upp eins og í Heimaey þá verða menn að bregðast við þeim.

Þetta er nú misjafnt. Hérna í Öskjuhlíðinni held ég að menn hafi ekki séð sama vanda og í Vestmannaeyjum. Ég sá einhvers staðar í blöðum að einhverjir höfðu hugmyndir um að kanínur gætu orðið nytjabúskapur hér á landi því þær gætu verið ágætisviðfangsefni fyrir veiðimenn að eltast við. En hvað sem því líður þá skil ég alveg inntakið í máli flutningsmanns og er alveg sammála því að taka verði á vandamálum eins og hann nefndi. En ég vildi spyrja hann hvort hann telji þetta nauðsynlegt til að svo mætti vera. Ef ég skil málið rétt þá hafa Vestmanneyingar nú þegar gripið til aðgerða af þessum ástæðum sem hv. þingmaður og flutningsmaður rakti svo ágætlega og vonandi gengur þeim vel í þeirri baráttu. Ég vil spyrja hv. þingmann: Er þetta nauðsynlegt til að menn geti gengið í málið af fullum krafti?

[16:38]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég tel nauðsynlegt að opna á það að yfirvöld hafi víðtækar heimildir til að grípa til aðgerða þegar svona vandamál kemur upp. Það sem fyrir mér vakir með þessu frumvarpi er í raun að opna fyrir heimildir á það í lagatexta að umhverfisráðherra geti hreinlega sett reglugerð sem bannar kanínuhald á svona stöðum, að bannað sé að vera með kanínur á fuglaeyjum umhverfis landið eins og Vestmannaeyjum, einmitt með tilvísun til þess að þessi dýr, ef þau sleppa út — ég tel að það sé fyrir slysni. Ég er ekki að segja að fólk sé að gera þetta viljandi — geta skapað mjög mikið vandamál, kostnaðarsamt vandamál. Ég veit að Vestmanneyingar hafa orðið fyrir töluverðum kostnaði við að halda þessum dýrum í skefjum. Það kostar mikið að gera út veiðimenn til að sitja fyrir þessum dýrum og reyna að ná þeim. Rannsóknir sem gerðar voru í Vestmannaeyjum og leiddu í ljós að þessi dýr hafa valdið miklu tjóni kosta líka peninga. Þeim peningum hefði verið betur varið í að stunda rannsóknir á lundanum eða öðrum tegundum svartfugls í Vestmannaeyjum eða öðrum rannsóknum á náttúrufari í Eyjum. Við eigum ekki að þurfa að eyða tíma okkar, orku og peningum í að eltast við innflutt gæludýr eða stunda rannsóknir á lífsháttum þeirra. Við eigum miklu frekar að reyna að semja eðlilegar og skilvirkar reglur sem gera það að verkum að komið verði í veg fyrir að svona dýr séu þar sem þau eiga ekki heima og geta valdið miklu tjóni. Hér er ég fyrst og fremst að hugsa um fuglabyggðir.

Hv. þingmaður Guðlaugur Þór Þórðarson nefndi Öskjuhlíðina. Þar eru villtar kanínur. Það er alveg rétt. En þar er ekkert fuglavarp. Vel má vera, og ég get svo sem tekið undir það, að kanínur eigi heldur ekki heima þar. Það er trú mín og sannfæring að innflutt aðskotadýr eigi ekki neitt erindi í íslenska náttúru. Minkurinn er gott dæmi um að komið er kvikindi í okkar fánu sem aldrei hefði átt að koma en hefur valdið miklu tjóni.

[16:40]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Án þess að fara að diskútera það neitt sérstaklega þá er, held ég, alveg rétt hjá hv. þingmanni að það hafi nú ekki verið mönnum kærkomið að fá minkinn í íslenska náttúru. En það er nú voðalega erfitt að loka landamærunum fyrir dýrum. Það vill nú svo til að hinir og þessir fuglar lenda hérna án lendingarleyfis og jafnvel koma sér fyrir eins og við þekkjum. Við munum búa við að einhver ný dýr muni koma sér fyrir í íslenskri náttúru.

Ég er svona bara að reyna að fá upplýsingar hjá hv. þingmanni um þetta mál af því ég tók því þannig að þetta tengdist fyrst og fremst heimildum stjórnvalda til að taka á vandanum. En ef ég skil hv. þingmann rétt þá er hann hér að tala um víðtækari heimild varðandi það að fólk geti þá ekki haft dýr eins og þessi og önnur sem gæludýr. Ég vil fá að vita hjá hv. þingmanni hvort ég skil hann rétt í því. Þar sem menn geta nú sett reglur hjá sveitarfélögum t.d. um hundahald og kattahald og ýmislegt annað þá stóð ég einhvern veginn í þeirri meiningu að allar þær heimildir væru til staðar í lögum. Það eru nú oft og tíðum ansi fjörlegar umræður í sveitarstjórnum um slík mál. Ég taldi líka að menn hefðu heimildir til að ráða niðurlögum stofna eins og kanínustofnsins samanber það sem gert hefur verið í Vestmannaeyjum, ef ég skil málið rétt. En það væri ágætt að fá útlistun hjá hv. þingmanni hvort þetta sé misskilningur hjá mér og þá til hvers við þurfum þá að setja þessi lög sem sannarlega hafa góða meiningu, og ég get alveg tekið undir vilja þingmannsins.

[16:42]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hvet hv. þingmann Guðlaug Þór Þórðarson til að lesa 18. gr. laganna um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum Í 1. mgr. 18. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt með reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög ... að kveða á um aukna vernd ákveðinna friðaðra stofna villtra fugla og spendýra ef brýn ástæða er til.“ — Síðan segir: „Í reglugerðinni er heimilt að kveða á um að strangari reglur gildi um búsvæði þessara tegunda ef sýnt þykir að tegundunum stafi sérstök ógn af mannaferðum eða umferð eða séu sérstaklega viðkvæmar fyrir raski.“

Ég tel einfaldlega að þessi setning í lögunum sé ekki nógu skýr og til að taka af allan vafa vil ég bæta við örfáum orðum, þ.e.: „eða að þeim stafi ógn af öðrum tegundum dýra sem óheimilt er að sleppa í villta náttúru en hafa myndað stofn á búsvæði þeirra.“ Hér er einfaldlega verið að bæta við lagatextann þannig að ekkert fari á milli mála að yfirvöld, í þessu tilfelli umhverfisráðherra, hafi til þess lagaheimild að setja reglugerð sem bannar að þessi dýr séu haldin á stöðum þar sem þau geta valdið tjóni á náttúrunni ef þau skyldu sleppa út þó ekki væri nema fyrir slysni.

Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði áðan með réttu að þetta væru gæludýr. Það kann nefnilega að vera svo að ef stjórnvöld, eins og lagatextinn er í dag, mundu reyna að setja svona bann þá kæmu fram kærur, að fólk mundi kæra slíkar reglugerðir og telja þær ólöglegar því það væri

óheimilt að banna fólki að halda þessi sætu, fallegu gæludýr og að ekki væri fyrir hendi nein lagastoð fyrir slíku reglugerðarbanni. Hér er ég einfaldlega að reyna að vera svolítið framsýnn og rétta stjórnvöldum ákveðna hjálparhönd (Forseti hringir.) eða benda þeim á að hér þarf aðeins að laga til lagatextann svo hægt sé að beita skilvirkum aðgerðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnisstaða fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, fyrri umr.

Þáltill. GÞÞ o.fl., 66. mál. — Þskj. 66.

[16:45]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga. Er ég flutningsmaður ásamt hv. þingmönnum Ástu Möller og Gunnari Örlygssyni.

Tillagan er stutt, hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gera athugun á því hvort og á hvaða sviðum fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga eru í samkeppni gagnvart einkaaðilum, einnig að kanna hvort þessi fyrirtæki hafi eflt samkeppnisstöðu sína gagnvart einkafyrirtækjum á undanförnum árum.

Ráðherra skili Alþingi skýrslu um málið fyrir 1. apríl 2006.“

Málið er í sjálfu sér ekki flókið en afskaplega þarft. Það var flutt á á 131. löggjafarþingi og í greinargerð með tillögunni þá segir svo, með leyfi forseta:

„Stofnunum ríkisins hefur fjölgað og rekstur þeirra orðið æ umfangsmeiri á undanförnum árum. Sökum umfangs síns hefur rekstur ríkisins mikil áhrif á starfsumhverfi og starfsmöguleika fyrirtækja í landinu. Ýmsar vísbendingar hafa komið fram um það á síðustu missirum að ríkisstofnanir séu að teygja anga sína inn á fleiri svið sem einkafyrirtæki hafa eða geta alfarið sinnt. Stundum má rekja verkefni þessara stofnana til aukinna skyldna sem á þær eru lagðar samkvæmt lögum. Dæmi eru þó um að aukin verkefni ríkisstofnana stafi af rúmri túlkun á þeim lögum sem þær starfa eftir. Í sumum tilvikum hafa ríkisstofnanir þannig farið í beina samkeppni við einkaaðila um verkefni. Þá hefur þess gætt að ríkisstofnanir hafi í auknum mæli tekið yfir eða falið annarri ríkisstofnun verkefni sem þær hafa áður falið einkaaðilum. Ríkisstofnanir virðast jafnframt bjóða minna út en áður.

Með þessari útvíkkun á starfsemi opinberra fyrirtækja standa stjórnvöld beint eða óbeint að því að þrengja að starfsemi einkafyrirtækja í landinu í stað þess að hlúa að þeim og skapa þeim eðlilegt svigrúm til að vaxa og dafna í heilbrigðu samkeppnisumhverfi. Það gætu þau m.a. gert með því að leitast við að skipta við einkafyrirtæki sé þess nokkur kostur og efla þannig atvinnulíf á Íslandi.

Skoða þarf hvort lögbundnar skyldur stofnana kalli á sífellt meira umfang þeirra og hvort lagabreytinga sé þörf. Jafnframt þarf að skoða hvað af lögbundnum verkefnum ríkisstofnana er hægt að fela einkaaðilum. Það væri í samræmi við innkaupastefnu ríkisins. Í formála að riti fjármálaráðuneytisins Innkaupastefna ríkisins – Hagkvæmni, samkeppni, ábyrgð og gagnsæi, frá nóvember 2002, segir fjármálaráðherra eftirfarandi:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á framkvæmd innkaupa, þannig að tryggt verði að öll opinber innkaup verði hagkvæm, opin, ábyrg og sanngjörn. Tilhögun innkaupanna miði að því að efla samkeppni á markaði ... Með því að fela einkaaðilum tiltekin verkefni er hægt að ná fram markmiðum um hagræðingu og aukna samkeppnishæfni og auka fjölbreytni þjónustunnar sem byggir upp þekkingu í þjóðfélaginu og nýtist öðrum aðilum á markaði. Innkaupastefnan nær því einnig til þess að bjóða út verkefni eða rekstrarþætti sem nú eru hluti af ríkisrekstri.““

Eins og ég nefndi áðan er þetta afskaplega þarft mál af mörgum ástæðum. Við þekkjum að undanfarin ár hafa menn sem betur fer unnið jafnt og þétt að því, sérstaklega hjá ríkinu en þó má einnig nefna dæmi hjá sveitarfélögum, að einkavæða fyrirtæki. Ég held að enginn geti haldið öðru fram en að það hafi verið afskaplega gæfurík spor. Kannski er skýrasta dæmið með bankana, en eftir að þeir komust í hendur einkaaðila, í eign almennings, þá fengu þær stofnanir aukinn kraft með því frelsi sem því fylgir og hafa bæði getað veitt viðskiptavinum sínum betri þjónustu og á sama hátt farið út í aukna útrás eins og menn þekkja og hafa skapað aukin verðmæti í landinu.

Á sama hátt hafa smærri fyrirtæki verið einkavædd með góðum árangri. En það sem gleymist kannski stundum er að ýmislegt skiptir máli þó að það sé ekki stórt, og það er ein ástæðan fyrir því að við flytjum þessa tillögu, en mörg smærri fyrirtæki finna fyrir því að opinberar stofnanir sem veita þjónustu á ýmsum sviðum hafa verið að seilast inn á þeirra markað ef þannig má að orði komast og slík samkeppni er ávallt ójöfn. Það er mjög erfitt fyrir litla aðila að gæta hagsmuna sinna þegar slíkt kemur upp. Til dæmis að fara í málaferli við opinberar stofnanir og jafnvel bara að standa í bréfaskriftum og öðru slíku sem krefst fyrirhafnar, tíma og fjármuna. Ég tala nú ekki um ef menn ætla að fara alla leið hvort sem menn fara til samkeppnisyfirvalda eða dómstóla þá er slíkt mjög dýrt og erfitt fyrir litla einkaaðila.

Það er mjög mikilvægt að vera vakandi á þessu sviði og þess vegna er þetta mál til komið, þar sem umhverfið er alltaf að breytast í hinum opinbera rekstri líkt og hjá okkur í þjóðfélaginu. Ýmislegt af því sem menn töldu fráleitt að einkaaðilar gætu sinnt fyrir nokkrum árum, ég tala ekki um áratugum síðan, er nú sjálfsagt. Síðan koma auðvitað ný svið sem ekki voru til staðar og það er ekkert sjálfgefið að hið opinbera þurfi alltaf að veita þá þjónustu jafnvel þó að þeir ætli að borga fyrir hana. Þvert á móti er mjög æskilegt að fá samkeppni á sem flestum sviðum og fá sem flesta aðila að því borði, samkeppni er fyrst og fremst til vegna þess að hún er góð fyrir kaupandann og góð fyrir neytendur. Á sama hátt er margt hæft fólk á ýmsum sviðum sem getur allt eins farið í útrás eins og þau fyrirtæki sem nú eru í slíkri iðju og útrás getur falið í sér ýmsa þætti. Viðkomandi aðili eða fyrirtæki þarf ekki alltaf að fara með starfsemi sína út úr landinu, þetta getur líka falist í því, virðulegi forseti, að menn veiti t.d. erlendum aðilum þjónustu sem ella

mundu nýta sér hana annars staðar. Þegar ég tala um slíkt er ég t.d. að vísa til heilbrigðissviðsins en nú þegar er veitt ýmis konar heilbrigðisþjónusta á vegum einkaaðila.

Ég las grein í blaði fyrir nokkrum dögum um útgerðarmann frá einhverju nágrannalandi okkar sem nú býr í Grindavík og er hér til þess að leita sér lækninga í Bláa lóninu. Þarna er dæmi um útrás þar sem reynt hefur verið að fá til landsins aðila sem starfsemi Bláa lónsins getur annast og í mörgum tilfellum bætt líðan og jafnvel læknað, og þetta hefur gengið alveg ágætlega.

Í greinargerðinni eru nefnd ýmis fyrirtæki, þetta er ekki nein vísindaleg könnun, kannski meira af handahófi en eru þó dæmi um að opinberir aðilar hafa farið inn á svið þar sem einkaaðilar hafa verið áður, hafa jafnvel farið í beina samkeppni við einkaaðila eða sinnt þeim á sviðum sem einkaaðilar gætu hæglega sinnt. Hér eru t.d. nefnd fyrirtæki eins og Landmælingar, rannsóknastofur Landspítala – háskólasjúkrahúss sem samdi beint við Heilsugæslu í Reykjavík um ákveðna þjónustu sem einkaaðilar sinntu áður, nei, fyrirgefið öfugt, Heilsugæslan í Reykjavík samdi beint við rannsóknastofur Landspítala – háskólasjúkrahúss í stað þess að bjóða það út eða skipta við þá aðila sem hún skipti við áður. Siglingastofnun er nefnd, Vinnueftirlit ríkisins og hér er talað um, sem ég vek athygli á og ætla að lesa hér upp, með leyfi forseta:

„Skilgreina þarf hlutverk Landspítala – háskólasjúkrahúss í þá veru að sjúkrahúsið sjái fyrst og fremst um sérhæfða sjúkrahúsþjónustu. Bjóða þarf út rekstur sem flestra þjónustuþátta sem falla utan kjarnastarfsemi Landspítalans. Sem dæmi má nefna rekstur þvottahúss, saumastofu, eldhúss, mötuneytis, apóteks, röntgen- og rannsóknaþjónustu, framleiðslu sjúkrafæðis, ræstingu, sótthreinsun og umsjón fasteignar. Góð reynsla, bæði fagleg og fjárhagsleg, er af einkarekstri í starfsemi sem áður var eingöngu veitt á vegum heilbrigðisstofnana ríkisins. Má þar meðal annars nefna Læknisfræðilega myndgreiningu og Orkuhúsið. Frá því að starfsemi hjá Læknisfræðilegri myndgreiningu hófst árið 1993 hafa sparast rúmlega 580 millj. kr., auk þess sem þjónusta við sjúklinga hefur aukist til mikilla muna“

Það sparast rúmlega 580 millj. kr., hvorki meira né minna, og þjónustan hefur sömuleiðis aukist.

Hér er vísað í útboð hjá Sorpu vegna gámaþjónustu en þrjár endurvinnslustöðvar tóku þátt í því útboði, auk Vélamiðstöðvarinnar sem á þeim tíma hafði ekki farið inn á þetta svið fyrr en fyrirtækið var þá í eigu Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur. Stjórn fyrirtækisins var m.a. skipuð af borgarverkfræðingi Reykjavíkur og forstjóra Orkuveitunnar. Það er skemmst frá því að segja að þegar Vélamiðstöðin fékk þetta verkefni urðu þar mjög miklar deilur. Þetta mál flýtti því örugglega að einkavæða Vélamiðstöðina, sem var tillaga frá okkur sjálfstæðismönnum sem var búin að liggja lengi í skúffu, en hún var seld núna sl. nóvember og er það vel.

Þetta er samt sem áður dæmi um það sem þessi skýrsla gæti ef til vill komið í veg fyrir að gerðust aftur.

Það má nefna ýmislegt fleira. Hér liggur t.d. fyrir þinginu þingsályktunartillaga um lagabreytingu eða frumvarp um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun sem sá sem hér stendur er 1. flutningsmaður að. Þar er talað um að breyta þessari ágætu stofnun Ríkisendurskoðun, sem er afskaplega mikilvæg og hefur sinnt hlutverki sínu vel, með þeim hætti að ytri endurskoðun á þeim fyrirtækjum sem stofnunin sér um sem ríkisfyrirtæki, verði boðin út. Ríkisendurskoðun sinnir fyrst og fremst innri endurskoðun sem hún hefur gert af mikilli prýði og er nauðsynlegt að hafa og ekki deilur um það að stofnunin sjái um slíkt. En það er ekkert sem mælir með því að ytri endurskoðun á hinum ýmsu opinberu fyrirtækjum sé á hendi ríkisendurskoðunarfyrirtækis og í rauninni getur það þess vegna verið til trafala þegar Ríkisendurskoðun fer síðan í innri endurskoðun á fyrirtæki sem stofnunin er sjálf með ytri endurskoðun á.

Það er hægt að taka dæmi eins og um sorphirðu hjá stærsta sveitarfélaginu sem er ekki boðin út, þ.e. Reykjavíkurborg. Sorphirðan er í rauninni niðurgreidd að hálfu. Alveg þangað til fyrir skömmu var meira að segja fyrirtækjasorp greitt niður að hálfu af Reykjavíkurborg, þ.e. Reykjavíkurborg sótti sorpið til fyrirtækja og skattgreiðendur greiddu það niður, útsvarsgreiðendur, og þetta var gert í samkeppni við einkaaðila. Sem betur fer hefur þó borgin dregið sig til baka hvað þetta varðar. Eftir stendur að það er ákveðin samkeppni og það eru einkaaðilar, glæsileg fyrirtæki eins og t.d. Gámaþjónustan sem hefur verið í umhverfisverkefnum á sviðum umhverfismála um langa tíð, en þeir eru í rauninni komnir í samkeppni við sveitarfélögin og voru með ákveðna frumkvöðlastarfsemi sem þeir kynntu fyrir skömmu. Það varðar sérstakar sorptunnur sem sett er endurvinnanlegt sorp í sem síðan er flokkað hjá fyrirtækinu, t.d. pappír, plast og annað slíkt, sem er auðvitað afskaplega jákvætt.

Það er því miður af mörgu taka og við höfum fyrst og fremst áhyggjur af þeim sem eru smærri á markaðnum, það eru þeir sem eiga erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér í samkeppni við opinbera aðila og það er mjög mikilvægt að við séum vakandi fyrir því að stór og sterk opinber fyrirtæki og stofnanir traðki ekki þá minni niður.

[17:00]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er nokkuð hissa á að þessi þingsályktunartillaga hafi ekki fengið meiri athygli en raun ber vitni vegna þess að í henni er fólgin veigamikil gagnrýni á ríkisstjórnina sem kemur fram í upphafsorðum greinargerðarinnar. Það er mjög sérstakt að heyra þetta frá þeim sem sitja í ríkisstjórn og telja sig vera hægri flokk, að gagnrýna vöxt ríkisins og fjölgun fyrirtækja í eigu ríkisins og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta er mjög þung gagnrýni og ekki einungis á ráðherra í samstarfsflokknum, heldur er umhverfisráðherra einnig gagnrýndur hér í greinargerðinni. Það má lesa þunga gagnrýni á hæstv. umhverfisráðherra og rekstur fyrirtækja sem hún ber ábyrgð á. Ég tel að þetta sé umhugsunarefni. Enda getur verið að umræddum þingmönnum sem flytja þessa gagnrýni á ríkisstjórnina sé einfaldlega orðið um og ó vegna útþenslu ríkisins. En síðan þessi ríkisstjórn tók við völdum hafa útgjöld ríkisins þanist út um 120 þús. milljónir á föstum fjárlögum. Þetta er kannski þeirra óp í eyðimörkinni til að sporna við þeirri þróun.

[17:02]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður Sigurjón Þórðarson hafi verið að lýsa yfir stuðningi við þetta mál og talið það stórfrétt af því stjórnarþingmenn væru hugsanlega að gagnrýna eitthvað sem ríkisstjórnin gerði. Það er ágætt að það sé frétt fyrir hv. þingmann en það er nú þetta sem stjórnmálamenn verða að gera ef þeir ætla að standa sig í stykkinu. Ef einhver stjórnmálamaður telur að sú ríkisstjórn sem hann styður eða meiri hluti í sveitarstjórn hafi náð einhverjum fullkomleika, þá held ég að viðkomandi stjórnmálamaður ætti strax að fara að finna sér eitthvað annað að gera. Það liggur alveg hreint og klárt fyrir þrátt fyrir að núverandi ríkisstjórn og fyrirrennarar hennar hafi náð stórkostlegum árangri í efnahagsmálum og kaupmáttaraukningin sé hér meiri en annars staðar þekkist. Ég hef í rauninni hvergi séð neitt sambærilegt í þeim gögnum sem ég hef séð. Þá breytir það því ekki að við skulum alltaf vera vakandi og við skulum alltaf geta betur. Sem betur fer erum við með umhverfisráðherra sem er meðvitaður um þetta og mig minnir að við höfum gengið frá því nú á haustþingi, t.d. með lögum um Veðurstofuna þar sem einmitt var verið að skilgreina betur hlutverk Veðurstofunnar þannig að Veðurstofan væri ekki að keppa við einkaaðila.

En betur má ef duga skal og aðalatriðið er þó þetta. Það er sama hvort það er ríkisvaldið eða sveitarfélögin. Það eru tekin mýmörg dæmi hér af sveitarfélögum eins og hv. þingmaður veit, ef hann hefur lesið greinargerðina, og við eigum aldrei að þreytast á að gera betur. Þrátt fyrir að við höfum náð þessum stórkostlega árangri sem við öll þekkjum fer víðsfjarri að verkefninu sé lokið.

[17:04]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þá er það komið á hreint að hér er um gagnrýni að ræða. En mig langar til að fá að vita dálítið efnislega um þessa þingsályktun. Það hefur komið fram gagnrýni, m.a. frá þeim sem hér stendur, á hæstv. utanríkisráðherra þegar hann starfaði sem fjármálaráðherra um upplýsingaskyldu, þ.e. að hann veitti ekki upplýsingar um hvernig hann hagaði rekstri ríkisfyrirtækja, t.d. Símans. Þar voru margir smærri aðilar, vegna þess að umræddir sjálfstæðismenn sem flytja þessa þingsályktunartillögu segjast vera að hugsa um litlu aðilana. Þegar ég vakti athygli á að fjármálaráðherra, sem er núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, væri nú aldeilis að halda þessum smærri aðilum sem veittu ríkisfyrirtækinu samkeppni niðri, þá vildi hann ekki veita upplýsingarnar. Þetta var liður í að Síminn gat haldið áfram að troða skóinn af þessum smærri aðilum.

Ég vil þess vegna spyrja hv. þingmann, Guðlaug Þór Þórðarson, hvort hann sé þá ekki tilbúinn til að stuðla að því að smærri aðilar verði betur í stakk búnir til að sækja rétt sinn. Að ríkari upplýsingaskylda verði sett á á hendur opinberra ríkisfyrirtækja, en við í stjórnarandstöðunni höfum bent á að það er gagnrýnisvert að ýmsar upplýsingar sem ekki ætti að fara leynt með skuli ekki liggja uppi á borðunum. Þá gætu menn ekki verið að gera starfslokasamninga eða verið að hygla einhverjum kaupum því rekstrinn væri uppi á borðinu. Þessi umræða var m.a. um kaup (Forseti hringir.) Landssímans á Skjá einum þannig að hann getur þá tekið undir með okkur í stjórnarandstöðunni að þessar upplýsingar eigi að vera aðgengilegar.

[17:06]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður Sigurjón Þórðarson nefndi hér ágætt dæmi um fáránleikann þegar fyrirtæki eins og Síminn er í eigu ríkisins. Það er eðli málsins samkvæmt að það er algerlega fáránlegt að hafa slíkt fyrirtæki sem er í samkeppnisrekstri eins og Síminn var, í eigu hins opinbera. Það segir sig alveg sjálft, og ég nefndi um það dæmi í upphafi minnar ræðu, hversu góð áhrif það hafði þegar ríkisbankarnir losnuðu undan yfirráðum ríkisins og fóru í eign almennings og urðu svokallað einka- eða almenningshlutafélag, það hafði mjög góð áhrif á rekstur þeirra fyrirtækja. Er þetta eitthvað sem kemur okkur við? Reyndar kemur það okkur öllum vel. Við höfum fengið gríðarlega fjármuni, skatttekjur, af þessum fyrirtækjum, bæði út af tekjuskatti og út af hagnaði þessara fyrirtækja og ýmsum afleiddum veltusköttum og sömuleiðis vegna þess að fyrirtækin hafa stækkað og dafnað og hafa borgað fólki góð laun.

Það er vonlaust að hafa fyrirtæki í eigu opinberra aðila í samkeppnisrekstri. Það er algerlega vonlaust. Það gerir engum gott, hvorki stjórnendum fyrirtækjanna né eigendum eða viðskiptavinum, eða hverjum sem við nefnum þar. Ég þekki vel baráttuna við að fá upplýsingar og ég sit í stjórn opinbers fyrirtækis sem hefur þvælst inn á samkeppnisrekstur og þar vísa ég í Orkuveitu Reykjavíkur sem hefur verið mjög erfitt að fá upplýsingar um. Ég held að það skipti máli í það minnsta að það séu skýrar reglur hvað þetta varðar. Slíkt er (Forseti hringir.) að sjálfsögðu vandmeðfarið. En stóra atriðið er þetta: Að samkeppnisfyrirtæki eiga ekki að vera í eigu opinberra aðila.

[17:09]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga en sú sem hér stendur er einn þriggja flutningsmanna tillögunnar. Þingsályktunin kveður á um að viðskiptaráðherra verði falið að gera athugun á hvort og á hvaða sviðum opinberar stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga eru í beinum samkeppnisrekstri við einkaaðila og að ráðherra skili Alþingi skýrslu fyrir 1. apríl 2006. Þessi þingsályktunartillaga var lögð fram snemma á haustdögum en hefur ekki komið til umræðu fyrr en nú.

Virðulegi forseti. Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að draga úr ríkisrekstri. Í því augnamiði hefur ríkið markvisst dregið sig út úr samkeppnisrekstri síðasta rúma áratug sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið við stjórnvölinn hér í landi. Hafa tugir fyrirtækja á vegum ríkisins verið einkavædd. Nú síðast var Síminn einkavæddur og seldur til aðila á markaði með miklum ávinningi fyrir ríkið sem gat nýtt sér peninga sem fengust fyrir sölu á fyrirtækinu til ýmissa brýnna verkefna, m.a. í velferðarmálum. Á sama tíma og fjölmörg fyrirtæki í ríkisrekstri hafa verið seld hefur hins vegar fjölgað þeim stofnunum ríkisins sem sinna stjórnsýsluverkefnum og öðrum samfélagslegum verkefnum sem

talið er eðlilegt að séu fjármögnuð af ríkinu.

Oft eru stofnanir settar á laggirnar til að sinna afmörkuðum verkefnum sem síðan snúa upp á sig og auka þau að umfangi með tilheyrandi aukningu á kostnaði. Til þessara stofnana er ráðið vel menntað og metnaðarfullt fólk með víðtæka yfirsýn á þeim vettvangi sem það starfar á og það sér ákveðin tækifæri í að útvíkka starfsemi stofnunarinnar. Þetta þýðir fleira starfsfólk, aukið fjármagn til reksturs, aukin umsvif ríkisstofnana, en slík útþensla stofnana er oft kennd við Parkinsonslögmálið. Það er hins vegar ekki af einhverjum annarlegum hvötum sem þetta fólk stendur fyrir því að auka starfsemi sinnar stofnunar heldur er það oft krafa um sértekjur sem verður hvati fyrir stjórnendur að víkka út starfsemina.

Rekstur á vegum ríkis og sveitarfélaga hefur sökum umfangs síns mikil áhrif á starfsumhverfi og starfsmöguleika fyrirtækja í landinu. Þegar ríkisstofnun víkkar út starfsemi, hvort heldur af eigin hvötum, rúmri skilgreiningu á þeim lögum sem það starfar eftir eða vegna aukinna skyldna sem sett eru á stofnunina er veruleg hætta á að hún fari að rekast í horn starfsemi þar sem einkaaðilar hafa markað sér bás. Við slíkar aðstæður er ríkisstjórnin viljandi eða óviljandi komin í beina samkeppni við einkaaðila og farin að þrengja verulega að starfsskilyrðum og vaxtarmöguleikum fyrirtækisins. Allmörg dæmi eru um að ríkisstofnun undirbjóði þjónustu einkaaðila, bjóði þjónustu ókeypis undir merkjum tilraunaverkefnis eða jafnvel steli hugmyndum sem einkaaðilar hafa kynnt fyrir viðkomandi stofnun í trúnaði og stofnunin setur sjálf í gang. Mörg dæmi eru um slíkt. Ríkisstofnanir geta þetta í krafti þess að þær fá fjármagn til reksturs frá ríkinu og geta niðurgreitt þjónustuna eða alfarið staðið straum af viðkomandi verkefnum með ríkisfé.

Aðrar aðstæður sem blasa við í þessu sambandi er þegar ríkisstofnanir taka ákvörðun um að hætta útvistun verkefna en taka í þess stað til sín verkefni sem þær hafa áður gert samning við einkaaðila um að framkvæma eða semja við aðra ríkisstofnun um framkvæmd verkefna þó fjölmargir aðilar á markaði séu tilbúnir að takast á við verkefnin með samningum við viðkomandi stofnun þar um.

Það má segja, og ég tek undir með hv. þingmanni Guðlaugi Þór Þórðarsyni, að þetta er ekki í samræmi við innkaupastefnu ríkisins, eins og lýst var í ræðu hv. flutningsmanns.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni eru fjölmörg dæmi nefnd þar sem opinber fyrirtæki eru í beinni samkeppni við einkafyrirtæki, eins og hv. þingmaður Guðlaugur Þór Þórðarson hefur farið yfir í ræðu sinni. Á síðustu mánuðum hafa fleiri dæmi bæst við sem segja sambærilega sögu. Þar má m.a. telja fréttir sem bárust á haustdögum að sýslumannsembættin ætluðu að taka að sér ljósmyndun vegna útgáfu vegabréfa sem augljóslega var í beinni samkeppni við atvinnuljósmyndara. Þá birtist nýverið viðtal við Hrein Jakobsson, forstjóra Skýrr í Blaðinu sem er lýsandi fyrir þá þróun sem hefur orðið á síðustu árum. Skýrr var ríkisstofnun en var einkavædd fyrir nokkrum árum og er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Í viðtalinu fjallar hann m.a. um að fyrirtækið hafi kært opinberar stofnanir til Samkeppniseftirlitsins vegna útboðsmála og segir m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„... okkur finnst þróunin á síðustu árum hafa verið mjög í þá átt að ríkisvæða. Menn einkavæddu Skýrr á sínum tíma en síðan finnst okkur ríkisvæðingin hafi vaxið á ný. Hún felst í því að tölvudeildir opinberra stofnana eru að vaxa mjög mikið. Hugbúnaðarverkefni fyrir ríkið eru yfirleitt boðin út en rekstur á tölvukerfum þeirra nánast aldrei.“ En fram kemur jafnframt í viðtalinu við forstjórann að einkafyrirtæki útvíkki í auknum mæli rekstur tölvukerfa fyrirtækja sinna og hann fullyrðir að Skýrr geti boðið opinberum stofnunum að reka tölvukerfi töluvert ódýrara og nefnir töluna 20%

Svo ég vitni áfram í forstjóra Skýrr þá segir hann einnig, með leyfi forseta:

„Þar fyrir utan höfum við mátt sjá á bak tekjum sem við höfðum áður eins og miðlun upplýsinga úr ökutækjaskrá og fasteignaskrá varðandi rafræn veðbókarvottorð. Þessi viðskipti eru nánast horfin frá okkur þó Skýrr hafi tekið þátt í að byggja upp markaðinn fyrir þessar upplýsingar. Það efast enginn um að ríkið eigi þessar upplýsingar en við teljum að það eigi ekki að dreifa þeim í samkeppni við fyrirtæki á markaði.“

Í viðtalinu kemur einnig fram að úrskurður samkeppnisyfirvalda gagnvart ökutækjaskrá var á þann veg að stjórnvöldum var bent á að draga sig út úr þeim rekstri þar sem verið væri að keppa við einkaaðila á þessum markaði.

Virðulegi forseti. Ég gerði fljótlega athugun á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins á árinu 2005 sem birtist á heimasíðu stofnunarinnar. Það kemur í ljós að 25% ákvarðana eftirlitsins varða kærur einkaaðila gagnvart stofnunum ríkis eða sveitarfélaga, eða þrjú af tólf erindum sem Samkeppniseftirlitið úrskurðaði á síðasta ári. Þessi staðreynd styður það sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni og því sem ég og flutningsmaður hafa rætt hér. Jafnframt má benda á að í skýrslu Viðskiptaráðs Íslands frá nóvember 2005 kemur fram það mat ráðsins að af 240 ríkisstofnunum sem taldar voru megi telja að minnsta kosti 30 þeirra vera þess eðlis að um samkeppni þeirra geti verið að ræða við einkaaðila.

Tilgangur flutningsmanna með framlagningu þingsályktunartillögunnar sem hér er til umræðu er að fá yfirsýn yfir starfsemi á vegum ríkis og sveitarfélaga sem er í beinni samkeppni við einkaaðila. Með slíkar upplýsingar í höndunum er markvisst hægt að stefna að því að ríkið dragi sig út úr starfsemi sem er á samkeppnismarkaði og um leið vekja ríkisstofnanir til vitundar um skaðsemi þess að hamla þróun framsækinnar starfsemi á vegum einkaaðila. Það er von mín að þessi þingsályktunartillaga verði afgreidd hér úr nefnd við fyrsta tækifæri.

[17:17]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það má taka undir að vert sé að fara yfir það á hvaða sviðum ríkisstofnanir og ríkið séu í samkeppni við einkaaðila og að því leyti til held ég að þessi þingsályktunartillaga sé af hinu góða. Ég lít vissulega á þetta sem gagnrýni á það hvernig mál hafa þróast í höndum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á undanförnum árum. Menn eru greinilega komnir með miklar efasemdir um það í þeim flokkum hvernig þeir hafa haldið á spilunum og eru tilbúnir

að fara í þá vinnu að skoða hvað hafi farið úrskeiðis.

Hér hafa líka verið nefnd dæmi, m.a. um Orkuveituna, þar sem erfitt hefur verið að nálgast upplýsingar. Sama á við um Símann þar sem formaður Sjálfstæðisflokksins hélt á spilum og leyfði stjórnarandstöðunni og öðrum sem voru í samkeppni ekki að sjá hvort Síminn hefði rétt við varðandi það hvort rétt væri að selja Símann. Það sem við í Frjálslynda flokknum gagnrýndum var að með sölu grunnnetsins væri hætta á að ekki yrði samkeppni og þeir einkaaðilar sem flutningsmenn segjast vera að gæta hagsmuna fyrir, þessir litlu aðilar sem voru í samkeppni við stóra Símann, sögðu okkur í Frjálslynda flokknum að þeir óttuðust að samkeppnin yrði enn þá erfiðari þegar grunnnetið, sem færir eigandanum einokunaraðstöðu, væri komið í hendur einkaaðila en hún væri þó í höndum ríkisins. Vel má vera að þetta þróist með jákvæðum hætti en samt sem áður eru ýmsar fréttir af landsbyggðinni um það hve símaþjónustan þar hefur minnkað því miður ekki jákvæðar fyrir fólkið í landinu. Verið er að leggja niður störf á Blönduósi og víðar. Þegar við í stjórnarandstöðunni viljum fá að vita hvernig málin eigi að þróast hvað varðar þjónustu og annað á landsbyggðinni vilja Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn ekki fá þær upplýsingar hver þjónusta Símans eigi að vera í framtíðinni. Það var búið að telja fólki trú um að þetta væri jákvæð byggðaaðgerð. Auðvitað hefði salan átt að vera þannig að eitthvað jákvætt hefði fengist út úr þeirri framkvæmd fyrir alla. En því miður voru fyrstu fréttirnar sem fólkið úti á landi fékk slæmar.

Hvað varðar þessa þingsályktunartillögu tel ég að vert sé að hafa eitt í huga við það að gerð er arðsemiskrafa til þjónustu og hún sett í samkeppni og til einkaaðila og það er ákveðin samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson nefndi hér að að sorphirðan yrði færð í einkarekstur og samkeppnisrekstur. Fólk má ekki gleyma því að sveitarfélögin hafa haft ákveðnu samfélagslegu hlutverki að gegna með því að útvega þeim vinnu sem höllum fæti standa og hafa ekki fulla starfsgetu. Það verður einhvern veginn að mæta þessu og það er hægt með því að sveitarfélög leggi að einhverju leyti til sjóði eða hafi einhvern hvata fyrir fyrirtæki þannig að þau ráði fólk sem er með skerta starfsgetu, menn mega ekki láta arðsemissjónarmið ráða eingöngu við rekstur samfélagsins. Auðvitað eigum við að hafa það þar sem við á en ekki láta það eingöngu ráða. Það er nefnilega svo að ef fólk með skerta starfsgetu kemst á annað borð inn á vinnumarkaðinn getur það leitt til þess að það nái fullri starfsorku og það ætti að vera eitt af því sem flutningsmenn og við stjórnmálamenn ættum að hafa í huga.

Engu að síður er þessi þingsályktunartillaga gífurlega þung gagnrýni á það hvernig stjórnarflokkarnir hafa haldið um stjórnartaumana og hve þeir hafa þanið út ríkisútgjöldin, um heila 120 milljarða á föstu verðlagi á síðustu tíu árum og einnig aukið hlut hins opinbera af þjóðarkökunni. Það er greinilegt að a.m.k. ýmsir í Sjálfstæðisflokknum eru farnir að hafa áhyggjur af þessu og ég hef áhyggjur af því, sérstaklega vegna þess að nú eru þenslutímar og þá er verið að þenja út ríkisútgjöld með Sjálfstæðisflokkinn í fararbroddi, þenja út og fjölga ríkisstofnunum eins og kemur fram í þessari þingsályktunartillögu. Nær væri þegar samdráttur verður að þenja þá aðeins út hið opinbera en nú á tímum þenslu er ríkið þanið út sem aldrei fyrr.

[17:23]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að elta ólar við allt sem kom fram hjá ágætum hv. þingmanni. Ég met það svo að hann sé sammála þessu. Við vitum eins og er og það þarf ekki að ræða það neitt að við höfum staðið fyrir mestu frelsisvæðingu í íslensku samfélagi sem sést hefur frá upphafi, a.m.k. frá þeim tíma sem við berum okkur saman við. Það er alveg sama hvaða mælistiku við setjum á það, niðurstaðan er sú sama.

Hv. þingmaður nefndi það að líka þyrfti að huga að öðrum þáttum í samfélaginu, og það er alveg rétt. En af því að hann nefndi Símann þá vildi ég bara vísa í það hve sú sala var vel heppnuð. Ég veit að hann hefur áhuga á málefnum landsbyggðarinnar og ef menn fara yfir það í hvað þessir fjármunir eru nýttir, þá eru þeir náttúrlega nýttir til að greiða niður skuldir, síðan fara gríðarlegir fjármunir í vegaframkvæmdir, sjúkrahús, Landhelgisgæsluna, nýsköpun í íslensku atvinnulífi, í fjarskiptasjóð til að bæta fjarskipti á landsbyggðinni, í framkvæmdir í þágu geðfatlaðra og nýbyggingu fyrir Stofnun íslenskra fræða. Þetta er svona skólabókardæmi um hve hér er skynsamlega að verki staðið.

Síðan vil ég nefna út af sorphirðuumræðunni að það eru bara Reykjavíkurborg og eitt annað sveitarfélag í hópi hina stærri sem enn eru með þetta á sínum vegum. En ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni þegar hann talaði um að við yrðum að hafa störf fyrir þá sem standa höllum fæti. Ég tel það vera verkefni okkar sem hér erum og líka þeirra sem eru í sveitarstjórnum og annars staðar að finna fleti á því, og það er sérverkefni okkar að sjá til þess að þessir aðilar sem hafa starfað ekki bara hjá opinberum aðilum heldur líka hjá einkaaðilum í gegnum tíðina og eiga kannski erfitt með að fá störf núna, gleymist ekki og geti áfram stundað störf öllum til góðs. (Forseti hringir.) Það eru lokaorð mín í þessari umræðu.

[17:25]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Því miður er það staðreynd sem ég fór með hér að hlutur hins opinbera hefur vaxið og það er náttúrlega sárt fyrir sjálfstæðismenn að kyngja því. Og það er áhyggjuefni að þetta gerist á tímum þenslu.

Hvað varðar þessi góðu verkefni, t.d. hátæknisjúkrahúsið svonefnda á höfuðborgarsvæðinu, þá er ég á því, frú forseti, að það að tengja það sölu Símans geti orðið byggingu nútímalegs sjúkrahúss til trafala. Ég óska eftir því að við ræðum byggingu sjúkrahúss sér en ekki í sambandi við sölu Símans. Ég held að það verði til framdráttar fyrir byggingu sjúkrahússins að rugla þessu ekki öllu saman, vegna þess að við þetta orðagjálfur um hátæknisjúkrahús er komin upp viss andstaða í samfélaginu vegna þess að fólk er farið að halda að þetta sé eitthvert bruðl og setur það í samband við sölu á Símanum sem var mjög óvinsæl, sérstaklega á landsbyggðinni vegna aðgerða stjórnenda Símans sem urðu strax í kjölfar sölunnar. Ég vona að menn taki tillit til þessa og

það verði til framdráttar fyrir byggingu sjúkrahúss á höfuðborgarsvæðinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðbundnir fjölmiðlar, fyrri umr.

Þáltill. DJ o.fl., 138. mál. — Þskj. 138.

[17:27]

Flm. (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla.

Meðflutningsmenn mínir eru hv. þingmenn Birkir J. Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Sigurjón Þórðarson og Hlynur Hallsson.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd er athugi stöðu staðbundinna fjölmiðla og rekstrarumhverfi þeirra og skili skýrslu. Í skýrslunni verði gerð grein fyrir þróun markaðarins undanfarin ár og, ef þurfa þykir, komið með tillögur um beinar eða óbeinar aðgerðir sem ríkisstjórn og Alþingi gætu gripið til í því skyni að efla rekstrargrundvöll staðbundinna fjölmiðla."

Tillaga þessi var áður flutt á síðasta löggjafarþingi og í umræðum þá fékk málið mjög góðar undirtektir allra hv. þingmanna sem tóku þátt í þeirri umræðu. Markmiðið hennar er að gerð verði úttekt á þeirri stöðu sem nú er á markaði svæðisbundinna fjölmiðla og getur slík úttekt lagt grundvöll að umræðum um aðgerðir til að efla þessa gerð fjölmiðlunar. Við vitum að svæðisbundnir fjölmiðlar gegna nú þegar og munu í framtíðinni gegna vaxandi hlutverki fyrir lýðræðislega umræðu.

Vegna tímaskorts ætla ég ekki að fara mjög nákvæmt í greinargerðina. Tillagan var rædd á síðasta löggjafarþingi og við eigum umsagnir um þetta mál í hv. menntamálanefnd. Ég vil leggja áherslu á að mér finnst mjög réttlætanlegt að ríkisvaldið komi að uppbyggingu og rekstri slíkra fjölmiðla vegna þess að þeir eiga mjög undir högg að sækja í því rekstrarumhverfi sem þeir búa við. Ljóst er að í því umhverfi sem við búum við þar sem sameining sveitarfélaga er staðreynd eykst þörf íbúanna fyrir staðbundna fjölmiðlun, hún veitir í senn upplýsingar um verkefni stjórnvalda og er vettvangur opinberrar umræðu um málefni hvers sveitarfélags.Við vitum að stóru fjölmiðlarnir eru kannski ekki mjög reiðubúnir að sinna öllum málefnum smærri sveitarfélaga þannig að þetta er mjög góður vettvangur.

Eins og ég sagði áðan hefur tillagan fengið mjög jákvæðar undirtektir hv. þingmanna úr öllum flokkum á hinu háa Alþingi og ég vona sannarlega að við náum að koma þessu máli í gegnum hv. menntamálanefnd og vísa ég því þangað.

[17:30]

Sæunn Stefánsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tek til máls um tillögu til þingsályktunar sem kynnt var af hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur. Mig langar að koma inn á að ég held að í umræðunni um fjölmiðla í dag sé mikilvægt að halda á lofti staðbundnum fjölmiðlum. Í litrófi fjölmiðlanna, eftir þær miklu breytingar sem við höfum horft upp á undanfarin missiri, er mikilvægt að halda þeim í rekstri. Ég vona þess vegna innilega að tillagan nái fram að ganga og menn velti fyrir sér hvernig hægt sé að efla rekstrargrundvöll þeirra. Eins og fram kom hjá framsögumanni er mikilvægt að fjalla um minni sveitarfélög víða um landið í fjölmiðlum, gera mannlífi þar skil og halda því á lofti. Ég vona því að þessi þingsályktunartillaga nái fram að ganga og fái afgreiðslu í vetur.

[17:31]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla. Ég fagna henni og mér er heiður að fá að vera með í að leggja hana fram. Öllum ætti reyndar að vera ljóst mikilvægi héraðsmiðla. Birgir Guðmundsson við Háskólann á Akureyri hefur fjallað ítarlega um þetta og skilað nokkrum skýrslum um málið.

Varðandi mikilvægi héraðsmiðlanna nefnir hann þrjá punkta. Þeir eru mikilvægir fyrir staðbundin samfélög og samfélagsuppbyggingu almennt, eru sem sagt eins og lím fyrir samfélagið. Í öðru lagi hafa þeir gildi fyrir lýðræðislega umræðu í landinu, að sveitarstjórnirnar fái aðhald, að fólkið sem býr á svæðinu fái upplýsingar um það sem er að gerast. Í þriðja lagi nefnir hann lífsgæði almennt því þar er umfjöllun um mannlíf, íþróttir og listir í því samfélagi. Slíkir miðlar auka og bæta mannlífið og eru mikilvægt uppeldisatriði fyrir börn sem kynnast þessum fjölmiðlum.

Spurningin er: Hvernig er hægt að styðja þessa fjölmiðla? Þar má t.d. líta til Noregs. Birgir bendir á að frændur okkar í Noregi séu duglegir við að gefa út héraðsfréttablöð enda séu meira en 220 fréttablöð gefin út þar. Almennt skilyrði fyrir stuðningi er að ákveðið magn ritstjórnarefnis sé á móti hlutfalli auglýsinga. Byggðastefna á auðvitað að snúast um lífsgæði fyrir fólkið. Í byggðaáætlun er m.a. sagt að fjölmiðlar séu hluti af þeim lífsgæðum. Vilji menn á annað borð hafa fjölbreytni í fjölmiðlum þá er ekki nóg að horfa á hávöxnu trén, stóru landsmiðlana, heldur verður runnagróður, kjarrið, grasið og litlu blómin líka að fá að blómstra.

Með leyfi forseta, langar mig til að vitna í Jóhannes Sigurjónsson, ritstjóra Víkurblaðsins, sem gefið er út á Húsavík. Það hefur reyndar undirtitilinn „blað alls mannkyns", hvorki meira né minna. En Jóhannes segir að Mogginn, DV, Þjóðviljinn, Tíminn og Alþýðublaðið séu auðvitað ekkert annað en héraðsfréttablöð. „Þau eru útgefin í Reykjavíkurhéraði, fjalla einkum um fréttir úr því héraði og brúka svo fréttir úr öðrum héruðum heimsins, svo sem Afganistan eða Eyjafirði, sem uppfyllingarefni."

Þetta sagði Jóhannes í blaðinu sínu árið 1989. Gefin eru út 19 vikuleg héraðsfréttablöð og þrjú mánaðarleg. Sum þeirra hafa barist í bökkum, svo ekki sé meira sagt. Sem

betur fer hefur tekist að bjarga mörgum þeirra. Ég vil t.d. nefna blaðið Norðurslóð sem gefið er út í Svarfaðardal og síðan Bæjarpóstinn á Dalvík. Þar fannst leið til að reka blöðin og þau blómstra núna. Reyndar hefur netið líka komið inn í þetta. Þau birta fréttir á netinu sem ná þá strax til alls landsins og auðvitað alls heimsins.

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri gerði könnun á viðhorfi fólks og þeirra sem gefa út þessi blöð til að finna út eftirspurn eftir þessari nærumfjöllun og athuga hvort henni væri fullnægt. Þar kom ýmislegt merkilegt fram. Í raun eru ekki til neinar íslenskar rannsóknir í þessum málum en það er hægt að skoða margar erlendar rannsóknir sem gerðar hafa verið. Spurningin er: Skiptir þessi nærumfjöllun máli? Hvorki meira né minna en 97% í úrtaki stofnunarinnar sögðu að nærfréttir skiptu miklu máli. Það er alveg í samhljómi við það sem fram hefur verið haldið. Viðhorf ritstjóranna eru samhljóma við erlendar kannanir. Þetta byggir upp sjálfsmynd, ræktar hana, t.d. í umfjöllun um hluti sem skipta fólkið á svæðinu miklu máli, byggir upp ímynd út á við og fóðrar landsmiðlana. Við skulum ekki gleyma að stóru blöðin og sjónvarpsstöðvarnar taka oft upp fréttir sem birst hafa í þessum litlu miðlum. Það byggir upp jákvæða ímynd fyrir landsbyggðina. Þetta eykur lýðræðislega umræðu og þátttöku.

En hvers vegna er ekki meira nærefni? Fyrir því er náttúrlega takmarkaður rekstrargrundvöllur og efnisframleiðslan kostar mikla peninga. Þar komum við að þessari tillögu, sem verður vonandi til þess að hæstv. menntamálaráðherra skipi nefnd og skili þeirri skýrslu sem hér er um beðið. Afkoma héraðsfréttablaðanna er ekki mjög glæsileg. Þegar ritstjórar blaðanna voru spurðir hvort þeir væru ánægðir með afkomuna sagði meiri hluti þeirra að afkoman væri því miður ekki viðunandi. Þeir bentu t.d. á að það væri vegna ónógra auglýsingatekna. Þeir voru í flestum tilfellum ánægðir með fjölda áskrifenda en erfiðleikar voru við að ná inn auglýsingatekjum.

Ljóst er að eftirspurn eftir nærfréttum er meiri en framboðið. Framboðið takmarkast m.a. af litlu rekstrarlegu svigrúmi staðbundinna miðla. Af hverju er þetta ekki hluti af byggðastefnunni? Með auknum fréttaflutningi og útsendingum af landsbyggðinni aukast líkur á að almenningur fái skýra mynd af mannlífi í einstökum byggðarlögum. Þetta einskorðast reyndar ekki aðeins við héraðsfréttablöð. Í heimabæ mínum, á Akureyri, er t.d. rekin sjónvarpsstöð sem heitir Aksjón. Hún skilar ágætlega því hlutverki að birta okkur fréttir daglega. Því miður hefur rekstur þeirrar sjónvarpsstöðvar ekki gengið sem skyldi en ég vona að blómlegri og bjartari tímar séu fram undan fyrir staðbundna miðla því að ekki veitir af.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:39]

Útbýting:

Almenn hegningarlög og skaðabótalög, 432. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 650.

Flutningur aflaheimilda milli skipa, 411. mál, svar sjútvrh., þskj. 648.

Íbúatölur, 426. mál, fsp. KLM, þskj. 643.

Raforkuver, 431. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 649.

Fundi slitið kl. 17:40.

---

47. FUNDUR

föstudaginn 20. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 375. mál, þskj. 431. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Siglingalög, stjfrv., 376. mál, þskj. 432. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 378. mál, þskj. 434. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Bílaleigur, stjfrv., 379. mál, þskj. 435. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Hafnalög, stjfrv., 380. mál, þskj. 436. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 412. mál, þskj. 589. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Stuðningur við einstæða foreldra í námi, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Fiskverndarsvæði við Ísland, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frv., 86. mál, þskj. 86. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Samkeppnisstaða fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, þáltill., 66. mál, þskj. 66. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 138. mál, þskj. 138. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 417. mál, þskj. 634, nál. 651 og 652, brtt. 653. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Hlynur Hallsson, 5. þm. Norðaust.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Afturköllun þingmáls.

[10:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill tilkynna að 201. mál þingsins, fyrirspurn á þskj. 201, er kölluð aftur.

[10:32]

Útbýting:

Kjaradómur og kjaranefnd, 417. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 651; nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 652; brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 653.

Athugasemdir um störf þingsins.

Horfur í loðnuveiðum.

[10:33]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins til að ræða stöðu loðnuveiða hér við land og loðnuleit. Ég vil gjarnan fá að nota tækifærið í lok máls míns til að beina spurningum til hæstv. sjávarútvegsráðherra sem er hér í salnum.

Ástandið er þannig að mjög ískyggilegar horfur eru varðandi veiðar og vinnslu á þeim mikilvæga stofni. Engin loðnuveiði var í sumar, ekki nú í haust og sáralítil rétt fyrir jól. Núna er runninn upp 20. janúar og vertíð ætti að öllu jöfnu að vera komin í fullan gang en enn bólar lítið sem ekkert á loðnunni þó svo stór floti skipa hafi stundað mjög umfangsmikla leit nánast alveg frá áramótum. Ég hef mjög miklar áhyggjur af þessu því ég fór sjálfur út á miðin rétt eftir áramót, fyrstu vikuna í janúar til að skoða ástandið. Það verður að segjast eins og er og þar mæli ég af reynslu því ég hef tekið þátt í svona leitum áður á þessum árstíma að ástandið var mjög ískyggilegt því það var ekkert að sjá, ekkert líf.

Það rennir stoðum undir að eitthvað mjög mikið hljóti að vera að. Ég styð það m.a. með þeim röksemdum sem ég nefndi áðan að loðnuveiðarnar hafa gengið mjög illa og menn hafa séð mjög lítið. Hér skýtur náttúrlega mjög skökku við nú á þessum tímum þegar flotinn hefur aldrei verið fullkomnari, leitartækin aldrei verið fullkomnari og skilyrði hafa á ýmsan hátt verið hagstæð til að stunda loðnuleit.

En þrátt fyrir það, sem hefur valdið mér bæði mikilli undrun og vonbrigðum, hefur sjávarútvegsráðherra leyft skipum að stunda veiðar á því þó örlitla sem hefur fundist með veiðarfærum sem margir telja að séu mjög háskaleg, með flotvörpum. Nú síðast í gær fengum við fréttir af því að stærsti togari landsmanna hefði verið að veiða 500 tonn af loðnu. Miklar líkur eru á að þetta trufli mjög göngu fisksins. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvers vegna í ósköpunum stöðvar hann ekki loðnuveiðar alveg á meðan óvissan er svo mikil?

[10:35]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir að auðvitað er það mikið áhyggjuefni að við skulum ekki vera búin að finna loðnuna. Umfangsmikil leit hefur staðið yfir alveg frá því í haust og hefur hún verið gerð í góðu samstarfi Hafrannsóknastofnunar og útvegsfyrirtækjanna. Ég tel að eðlilega hafi verið staðið að þeim málum. Það hefur verið stóra verkefnið, við reynum allt sem við getum til að finna loðnuna. Aðstæðurnar hafa verið á alla vegu, bæði veðurfarsaðstæður og aðrar aðstæður en engu að síður höfum við lagt á þetta mikið kapp. Hafrannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni hefur verið haldið úti til að standa að þessu ásamt útgerðunum. Ekki eru þær aðstæður uppi sem gefa tilefni til þess að skipið — reyndar er skipið núna á leiðinni á miðin til að reyna að kasta máli á það sem fundist hefur.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að nokkur veiði er. Ég tel að það ástand sem núna er gefi ekki tilefni til að stöðva þær veiðar. Öðru nær þurfum við að herða leitina til að reyna að finna út hversu mikið af loðnu er í hafinu. Ég hef talað við marga skipstjóra út af þessu máli, m.a. skipstjóra sem hafa verið á miðunum. Ég hef talað við þá bæði í landi og þegar þeir hafa verið í loðnuleit — að sjálfsögðu höfum við áhyggjur af þessu ástandi — en hins vegar er mat þeirra það að engin ástæða sé til að örvænta strax eða afskrifa stofninn. Ég tel að það væri ekki skynsamlegt að við kölluðum skipin í land og kæmum þannig í veg fyrir að við gætum haldið áfram þessari leit.

Árni Friðriksson er núna vegna bilunar á Seyðisfirði en er á leiðinni á miðin og þá vonandi fáum við einhverja skýrari mynd. Þær upplýsingar sem við höfum frá loðnuskipunum gefa okkur ekki, því miður, til kynna að ástandið hafi mikið breyst. Hins vegar er verið að skrapa upp nokkurt magn á nokkuð dreifðu svæði. En það er ekkert að mínu mati sem bendir til að við eigum að hætta leit eða stöðva veiðar. Þær eru auðvitað á vissan hátt forsenda fyrir því að við getum haldið úti svona umfangsmikilli leit eins og staðið hefur yfir og hún er óskaplega mikilvæg vegna þess að hér er mikið í húfi.

[10:37]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er mikið alvörumál að loðnan skuli ekki finnast. Við getum ekki fullyrt um hvort þar sé um brest eða hrun á stofninum að ræða eða hún hafi færst til á hafsvæðunum norður undan vegna m.a. breytinga á hitastigi og fleiru. Þess vegna tek ég undir þau orð hæstv. ráðherra að mikilvægt sé að efla rannsóknir og leit að loðnunni og þá jafnvel norðar í höfunum en við höfum hingað til gert.

Engu að síður er mikilvægt að hafa það í huga að loðnan er hluti af lífríki sjávarins. Þar spilar allt saman. Loðnan er aðalfæða þorsksins. Þess vegna þurfa rannsóknir að miðast að því að kanna heildstætt lífríki hafsins og jafnframt þarf nýting á þessum stofnum að skoðast heildstætt. Það er alveg fráleitt að vera að gefa afmarkaða veiðikvóta á hvern einstakan stofn því að allt spilar þetta saman sem heild og það er það sem við höfum lagt áherslu á í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að fiskstofnarnir séu nýttir og gengið sé um þá á sjálfbæran hátt og horft til þessa heildarsamspils.

Hvað eftir annað hefur hér á Alþingi verið bent á að um hættuspil geti verið að ræða þegar veiðarfæri sem hafa verið notuð til loðnuveiða, þessi gríðarlega stóru flottroll, eru dregin um stór hafsvæði Ég spyr ráðherra: Er ekkert verið að taka á þessum málum, kanna raunveruleg áhrif þessara gríðarlegu flottrolla sem dregin eru um hafsvæðin og geta ógnað lífríkinu, frú forseti?

[10:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er kannski ástæða til að menn ræði þessi mál hér á þingi og ástæðurnar eru fleiri en ein. Það er ekki bara að illa hafi gengið að finna loðnuna þetta haustið heldur hefur þetta gengið svona fyrir sig á undanförnum árum. Það er því full ástæða til að velta fyrir sér hvort verið er að ganga of nærri loðnustofninum.

Mælingaraðferðirnar sem hafa verið notaðar til að meta stofninn eru að mínu viti umdeilanlegar og ég tel að þær niðurstöður sem birtast í skýrslum Hafró, t.d. síðustu skýrslu fyrir síðasta 21 ár bendi til þess að ekki sé allt of mikið að marka þær mælingar. Niðurstaðan af þeim er sú að tillögur Hafrannsóknastofnunar sem eru byggðar á þessum mælingum eru þannig að loðnustofninn, sem er skammlífur uppsjávarstofn, er stöðugasti veiðistofninn við landið. Ef menn skoða þessar skýrslur sést það greinilega, og það hleypur á miklu. Engir stofnar komast nálægt þessum veiðistofnum aðrir en karfastofnarnir samanlagt. Þetta er umhugsunarefni, segir mér a.m.k. að ástæða sé til að velta fyrir sér hvort mæliaðferðirnar séu í lagi.

En það er fleira. Ég tel að full ástæða sé til að endurskoða nýtingarstefnuna hvað varðar loðnu vegna þess að mjög margt bendir til þess að hinar miklu loðnuveiðar hafi gríðarleg áhrif á afkomu þorsksins, hrygningu og afkomu á fiskislóðum við landið. Þetta þarf auðvitað að skoða og það er mikil skömm að því eftir að þessar veiðar hafa verið stundaðar undir vísindalegu eftirliti öll þessi ár þá skuli menn ekki hafa lagt í neina vinnu til að fylgjast með áhrifunum af þessari nýtingu.

[10:42]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa því yfir að svar hæstv. sjávarútvegsráðherra áðan olli mér mjög miklum vonbrigðum. Það er ekki rétt að ekki sé hægt að stunda loðnuleit af einhverju viti við Ísland án þess að hún sé veidd í leiðinni. Það er einfaldlega ekki satt. Það er vel hægt að stunda loðnuleit í dag án þess að menn þurfi að draga um leið í gegnum það litla sem finnst með stærstu veiðarfærum sem notuð eru í Norður-Atlantshafi um þessar mundir. Og það sem menn eiga að sjálfsögðu að gera er að stöðva þessar veiðar. Það á hreinlega að setja veiðibann strax á meðan við erum að átta okkur á stöðunni, á meðan við erum að átta okkur á því hvort eitthvað sé af loðnu eða ekki.

Virðulegi forseti. Loðnustofninn er það í mikilli lægð að við hugsanlega getum talað um hrun. Ég hef miklar áhyggjur af því að svo sé því það er svo margt sem er neikvætt í því sem hefur verið að gerast, því miður. Það er svo margt sem bendir í þá átt að full ástæða er til að fara með ýtrustu varkárni og varúð því að loðnan skiptir mjög miklu máli, ekki bara fyrir okkur mannfólkið í efnahagslegum skilningi heldur skiptir hún líka gríðarlega miklu máli í vistkerfinu í hafinu umhverfis Ísland. Ég hef margoft bent á þetta í ræðustól og á opinberum vettvangi. Okkur ber að fara mjög varlega í nýtingu á þeim mikilvæga fiskstofni. Okkur ber að endurskoða nýtingarstefnuna hvað varðar þennan fiskstofn.

Ég bendi til að mynda á að ef mjög lítið er af loðnu núna og það litla sem mun komast til hrygningar fram hjá þeim skipum sem eru að veiða það litla sem finnst, ef það kemst til hrygningar og hrygnir þá bendi ég á þá staðreynd að mjög mikið af ýsu er á grunnslóðinni allt í kringum Ísland. Ýsan mun leggjast á loðnuhrognin og éta þau upp. Það er ekki nóg með að hrygningarstofninn sé hugsanlega í sögulegu lágmarki heldur verður afránið á hrognunum mjög mikið, óvenjumikið og meira en verið hefur um mjög langan aldur vegna þess að það er svo mikið af ýsu á grunnslóðinni. Það mætti halda að menn við Skúlagötu 4 gætu ekki hugsað heila hugsun þegar vistfræði og fiskveiðistjórn er annars vegar.

[10:44]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa umræðu. Þegar rætt er um loðnustofninn þá er hann annars vegar mikilvægur sem veiðistofn og hins vegar sem undirstaða í fæðu þorsksins. Það hefur gerst á 10–12 ára fresti að loðnustofninn hefur farið í lægð en ekki er hægt að tengja skýringarnar við veiðarnar. Auðvitað hafa menn áhyggjur þegar engin loðna finnst nú í byrjun árs. Ég eyddi töluverðum tíma í Eyjum og á Hornafirði í að ræða við aðila sem starfa í greininni. Þeir vildu gefa loðnunni tíma fram að mánaðamótum til að láta sjá sig, sögðust þekkja söguna betur en svo að allt væri búið þó komið væri fram yfir miðjan janúar.

Einnig er verið að blanda mikið saman stofni þorsksins og loðnuveiðum en á síðustu árum hefur þorskurinn haft takmarkaðan aðgang að loðnunni.

Einnig ber að fagna því að Hafró hefur fengið 50 millj. kr. í viðbót á fjárlögum á þessu ári og aðrar 50 árið 2007. Þarf að nýta þetta fjármagn vel til frekari rannsókna. Þessa dagana stendur leit yfir. Við höfum áhyggjur en við megum ekki dæma loðnustofninn úr leik. Sagan segir okkur annað.

[10:45]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Það er ágætt að þetta mál skuli vera tekið upp á Alþingi þó að ég vilji ekki segja að það séu ískyggilegar horfur þótt veiðar hafi dregist eða ekki verið byrjað af krafti á loðnuveiðum þetta árið. Loðnan hefur oft gert okkur lífið leitt. Þetta er kenjóttur fiskur og það er greinilegt að breyting í hafinu, hlýnun sjávar, hefur breytt mjög göngumunstri loðnunnar. Ég minnist þess t.d. að eitt sinn, sennilega var það 1988–1989, var það gefið út að loðnustofninn væri hruninn og væri talinn 50 þúsund tonn. Skipin sigldu öll inn á Akureyri og þar var fundað. Þá var núverandi hæstv. forsætisráðherra sjávarútvegsráðherra. Síðan fóru skipin út og það hefur aldrei verið önnur eins veiði og frá og með þeim tíma að þau fóru út og til vertíðarloka. Það er auðvitað mál sem ber að hafa áhyggjur af þegar ekkert veiðist á sumrin og ekkert á haustin og ekkert er komið núna. Það eru áhyggjur sem við eigum að hafa og við eigum að hafa áhyggjur af peningaskorti Hafrannsóknastofnunar undanfarin mörg ár. Fremsti loðnusérfræðingur okkar, Hjálmar Vilhjálmsson, hefur margoft sagt okkur frá því í sjávarútvegsnefnd hvernig hann hefði viljað standa að þessu máli en það hefur ekki verið hægt vegna fjárskorts. Því á ekkert endilega að fagna aukafjárveitingu til Hafrann-

sóknastofnunar, þetta á að vera sjálfsagður hlutur. (Gripið fram í.) Það er grundvallaratriði, virðulegur forseti, að Hafró geti stundað betur eftirlit með loðnuveiðum vegna þess að við megum að sjálfsögðu ekki taka of mikið úr stofninum en heldur ekki of lítið. Þarna þarf að rata hinn rétta meðalveg.

Virðulegi forseti. Ég segi það hér í lokin að ég held eða ég vona alla vega að það sé enginn heimsendir í þessu og að loðnustofninn sé hruninn eins og oft hefur verið spáð. Ég hygg að kröftug og mikil loðnuveiði muni byrja á bilinu 27.–30. janúar nk. og hún verði kannski á dálítið sérstökum stað þar sem hún kemur, ætli hún komi ekki aftan að okkur núna, þessi kenjótti fiskur, og komi (Forseti hringir.) frá frændum okkar Færeyingum að þessu sinni.

[10:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er full ástæða til að fara varlega meðan við sjáum engin merki um neinar sérstakar loðnutorfur eða loðnumagn í hafinu ganga að landinu. Við megum ekki gleyma því að loðnan er mikilvægasta fæðutegund margra fiskstofna og þar að auki er hægt að orða það svo að hún sé áburður á alla grunnslóðina við Ísland þegar hún leggst til hrygningar og mikið af henni deyr reyndar eftir þá hrygningu en verður samt eftir í lífríkinu sem fæða fyrir aðrar tegundir.

Það er auðvitað nauðsynlegt að fara varlega í þessari stöðu. Ég held að við eigum að meta það mjög gaumgæfilega núna hvort ekki sé ástæða til að stöðva veiðarnar um tíma og sjá þá til hvort meira magn kemur inn á íslensku grunnslóðina. Það er ekki verjandi fyrir okkur að halda áfram veiðum í algjörri óvissu um hvernig þetta lítur út í framtíðinni. Vonandi kemur loðnan okkur á óvart eins og svo oft áður og verulegt magn komi inn á fiskimiðin við Ísland en við sjáum engin merki þess eftir endurteknar rannsóknir, það er ekki langt síðan rannsóknaskipið Árni Friðriksson fór yfir svæðið sem skipin hafa verið að toga á og fann ekki neitt sem teljandi var. Ef leitin verður svo endurtekin núna yfir helgina og ekkert finnst þá held ég að sjávarútvegsráðherra sé kominn í þá stöðu að verða að endurskoða málið og stöðva veiðarnar þar til breyting verður á.

[10:50]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Mér heyrist allir vera sammála um að auðvitað á að fara að þessum málum með mikilli gát, það gefur augaleið, ekki síst í því óvissuástandi sem núna er. Hins vegar hljóta menn líka að vera sammála um að við verðum að herða okkur við leitina, við verðum að reyna að aflétta þessu óvissuástandi og það hafa menn verið að reyna að gera. Staðið hefur yfir skipuleg leit í samvinnu Hafrannsóknastofnunar og útgerðanna og ekki fyrir löngu síðan fór heill floti skipa bæði vestan að og austan að og norður um land til að leita að loðnunni eftir skipulegum ferlum sem ákveðnir voru í upphafi leitarinnar. Að mínu mati hefur verið vel að þessu staðið. Gefinn var út sérstakur leitarkvóti til að standa undir þessu og það er úr þeim kvóta sem menn eru að veiða. (Gripið fram í.)

Það er ekki þannig, virðulegi forseti, að við séum að tala um að ganga nærri stofninum með þeirri leit sem við stöndum fyrir, auðvitað er það ekki svo, menn fara af mikilli gætni. Ég var að útskýra það og greina frá því áðan að okkar stóra hafrannsóknaskip, Árni Friðriksson, er á leiðinni á miðin núna til þess að reyna að mæla þetta enn þá frekar. Skipinu hefur verið vel haldið úti frá því í haust til að stunda þessa leit og þessar rannsóknir ásamt reyndar öðrum rannsóknum. Skipið og fulltrúar Hafrannsóknastofnunar eru að sjálfsögðu í sambandi við skipstjórnarmenn á loðnubátunum til að fylgjast með og koma á miðin þegar menn telja tilefni til þess ef aðstæður hafa breyst. Þannig er það núna að menn eru að fara út til að reyna að mæla þetta.

Einnig var spurt um afstöðu mína gagnvart flottrollinu. Ég hef ítrekað rætt þessi mál bæði á opinberum vettvangi, utan þingsins og innan þingsins, og menn vita alveg að ég hef mínar efasemdir um það hvernig staðið hefur verið að flottrollsveiðunum. Forstjóri Hafrannsóknastofnunar lagði fram tilteknar tillögur um það hvernig standa ætti að þessu á aðalfundi LÍÚ í haust og fékk svo sem ágætisviðtökur við þeim. Það er hins vegar ekkert tilefni til þess að setja fram reglugerð eða breytingar á þessum málum núna meðan ekki liggur fyrir hvort nokkur loðnuveiði verði yfir höfuð á þessari vertíð. Það er auðvitað ekki tilefni til þess að fara að banna einhverjar veiðar þegar við vitum ekki einu sinni hvort þær muni eiga sér stað. Við erum einfaldlega í þessari stöðu núna. Það er kostað kapps um að reyna að leita (Forseti hringir.) að loðnunni vegna þess að það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt að hún er mikilvægur fiskstofn og það er eðlilega að þessum málum staðið að öllu leyti.

Athugasemdir um störf þingsins.

Gögn með frumvarpi um Ríkisútvarpið.

[10:52]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að ræða um loðnuna og stöðu hennar heldur um störf þingsins eins og gert er ráð fyrir undir þessum lið. Eins og þingheimur veit, og kom fram á Alþingi á miðvikudaginn, hefur stjórnarandstaðan eða minni hlutinn í menntamálanefnd óskað eftir því að lögð verði fram í nefndinni gögn sem varða samskipti íslenskra stjórnvalda við Eftirlitsstofnun EFTA. Hv. þm. Mörður Árnason gerði grein fyrir því hér á miðvikudaginn og umræða um það hefur farið fram m.a. í fjölmiðlum.

Á fundi nefndarinnar í gær voru þessi gögn lögð fram að beiðni hv. þingmanns og annarra stjórnarandstæðinga í nefndinni en þá bar svo við að þegar gögnin voru lögð fram vildu hv. þingmenn ekki taka við þeim, sem er dálítið sérstakt í ljósi þess að þeir óskuðu sjálfir eftir því að eftir þeim yrði leitað. (Gripið fram í.) Það kom fram að gögnin væru bundin trúnaði eins og 6. gr. upplýsingalaga gerir ráð fyrir og þær reglur sem gilda hjá Eftirlitsstofnun EFTA meðan mál eru til meðferðar. Þar fyrir utan bendi ég hv. þingmanni á það að skv. 4. gr. reglna um meðferð erinda til þingnefnda getur þingnefnd ákveðið að ósk sendanda erindis og að eigin frumkvæði að farið skuli með erindi að öllu leyti eða að hluta sem trúnaðarmál. (Gripið fram í.)

Síðan urðu þau undur og stórmerki á fundi nefndarinnar í morgun að stjórnarandstaðan féllst á að taka við plöggunum. Hún segir í yfirlýsingu: Við tökum við plöggunum nauðug viljug með skilyrði ráðherranna um almennan trúnað. Gögnin eru því komin fram þó svo að þeir mótmæli þeim skilaboðum að upplýsingar um samskipti ráðuneytanna við ESA séu bundin trúnaði eins og reyndar lög og reglur gera ráð fyrir. En ég vildi vekja athygli á því, frú forseti, að gögnin eru komin fram. (Gripið fram í.) Hv. þingmenn hafa haft tækifæri til að kynna sér þau og í ljósi þess er ekkert því til fyrirstöðu að frumvarp (Forseti hringir.) hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið hf. verði tekið til meðferðar og umfjöllunar í þinginu strax á mánudaginn.

[10:55]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég biðst afsökunar á þessari örstuttu töf sem varð vegna þess að ég var að setja á mig hið lögskipaða hálstau sem þingmenn bera hér á fundum. Mér tókst nefnilega ekki að setja það á mig á hlaupum mínum yfir Austurvöll þegar ég sá í sjónvarpinu að formaður menntamálanefndar hv. hafði hafið hér umræðu um störf þingsins, m.a. um mína persónu án þess að hafa látið mig vita af því að það stæði til. Nú er það að vísu þannig að það er auðvitað mætingarskylda hér á fundi og það er kannski sú regla sem hann er að reyna að beita hér og ég mun þá fylgjast með því og bið forseta að gera það líka að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sinni þeirri mætingarskyldu og ég geri þá athugasemdir sérstakar við það ef hann er ekki kominn hér í upphafi þingfundar til þess að ræða hluti sem kynnu að koma upp á í starfi hans.

Við lögðum fram, fulltrúar minni hlutans í menntamálanefnd, í morgun sérstaka yfirlýsingu sem hefur verið send út til menntamálanefndar og nefndarmanna og til fjölmiðla þar sem við vöktum athygli á því að sú ráðstöfun fjármálaráðherra, sem fulltrúi menntamálaráðherra lýsti reyndar yfir að sinn ráðherra væri ekki með í, að krefjast trúnaðar á þessum gögnum væri að öllum líkindum í andstöðu við upplýsingalög, anda upplýsingalaga — fjármálaráðherra er ekki mættur hér frekar en aðrir þeir sem við sögu koma — þar sem skýrt er kveðið á um að því aðeins sé hægt að útiloka gögn sem lýsa samskiptum við erlend ríki eða fjölþjóðastofnanir að mikilvægir almannahagsmunir krefjist þess að þeir séu útilokaðir. Ég bið, úr því að hv. formaður menntamálanefndar er staddur hér og úr því að ráðherrabekkirnir eru þó þokkalega skipaðir, um skýringu á því: Hvaða mikilvægu almannahagsmunir krefjast þess að almenningur og þingmenn fái ekki að sjá þessi gögn?

Um fundarstjórn.

Umræða um störf þingsins.

[10:58]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að gera athugasemdir við það fyrirkomulag sem er hér á fundinum vegna þess að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kemur með algjörlega nýtt mál undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins þegar tíminn var liðinn, þær 20 mínútur sem ætlaðar voru til þeirrar umræðu. Og eins og hann gat um, virðulegi forseti, ætlaði hann ekki að ræða um það sem var til umræðu, um loðnuna, heldur koma með algjörlega nýtt mál.

Það sem ég vil gera sérstakar athugasemdir við, virðulegi forseti, er að meðal þingflokka á Alþingi er það heiðursmannasamkomulag í gildi að formenn þingflokka láti aðra formenn vita ef menn ætla upp með mál um störf þingsins. Það var ekki gert í þessu tilviki, virðulegi forseti, með það mál sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson bar hér upp. Mér finnst það ótækt, virðulegi forseti, að það sé svo klippt á það um leið og hv. þm. Sigurður Kári var búinn að hv. þm. Mörður Árnason, sem hefur með þetta mál að gera fyrir hönd þingmanna Samfylkingarinnar í menntamálanefnd, geti rætt þetta mál og síðan sé umræðu slitið. Það gengur ekki.

Ég geri athugasemdir við þessi tvö atriði, virðulegi forseti. Tíminn var liðinn þegar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fékk að koma upp með erindi sitt og formenn annarra þingflokka voru ekki látnir vita um það þannig að ekki var hægt að undirbúa menn eins og hv. þm. Mörð Árnason til að vera á staðnum vegna þess sem hér átti að bera upp.

[10:59]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill af þessu tilefni taka það skýrt fram að tíminn var ekki liðinn þannig að forseti fylgdi hér þingsköpum. Þar að auki er rétt að benda á að hv. þingmenn bera sjálfir ábyrgð á orðum sínum.

[11:00]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég hef í sjálfu sér ekkert við fundarstjórn forseta að athuga. Ég tel að hún hafi verið mjög eðlileg í þessu máli. Ég vil líka benda hv. þm. Kristjáni Möller á að ég kvaddi mér hljóðs um störf þingsins og þau störf sem eiga sér stað og hafa átt sér stað í dag innan Alþingis en ekki um loðnuna eða loðnustofninn. Ég lít þannig á að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hér komu upp fyrr í dag í umræðum um loðnuna hafi verið að misnota þennan lið þingskapanna til að koma sínum áhugamálum á framfæri. Ég var að gera grein fyrir því að lögð hefðu verið fram gögn í menntamálanefnd sem fjallað hefur verið um hér og varða störf þingsins.

Ég vil líka taka það fram út af þeim orðum sem hér komu fram að það kom fram á fundi menntamálanefndar í morgun að álitaefni það sem ég færði í tal í ræðu minni undir störfum þingsins væri hægt að ræða undir þeim lið og óþarfi væri að ræða þau innan nefndarinnar. Ég veit að hv. þm. Kristján Möller var ekki staddur á fundi menntamálanefndar þegar þau orð voru látin falla enda á hann ekki sæti í nefndinni. En á þeim tíma voru staddir á fundi nefndarinnar hv. þm. Mörður Árnason og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og ættu þau að geta vitnað um þetta eins og allir meðlimir stjórnarflokkanna sem sæti eiga í menntamálanefnd.

Það vakti hins vegar dálitla athygli að á þeim fundi bar svo við, reyndar af eðlilegum ástæðum að sumu leyti, að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni gengu út af fundi

þegar fulltrúar ráðuneytanna fengu tækifæri til að gera grein fyrir meginatriðum þeim sem koma fram í þessum gögnum þannig að undir því sátu áheyrnarfulltrúi frá Frjálslynda flokknum og síðan stjórnarliðarnir í menntamálanefnd. (**LB:** Er þetta um fundarstjórn forseta?) Þannig er það nú. Umræðan á því rétt á sér. Fundarstjórn forseta er fullkomlega eðlileg en athugasemdir hv. þm. Marðar Árnasonar um mætingu mína hér á þingi og mætingarskyldu eru algerlega óskiljanlegar, algerlega fráleitar og ég veit ekki betur en ég mæti hér og sinni minni mætingarskyldu mjög vel og reyndar miklu betur en margir af þingmönnum hans flokks.

[11:02]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir það fyrsta vísa því á bug að það hafi ekki verið fyllilega réttlætanlegt að tala um loðnuna áðan í umræðunni um störf þingsins. Ég minni á að þetta mál varðar þingið og störf þess. Ég minni á að hæstv. sjávarútvegsráðherra er líka þingmaður og hefur skyldum að gegna sem slíkur. Ég minni á að ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem eru hér allnokkrir eru líka þingmenn. Ég minni á að hér eru líka þingmenn ríkisstjórnarflokkanna og við erum að tala um hluti sem hljóta að falla undir ábyrgð þessara stjórnmálaflokka. Það skal líka verða fært til bókar að þessir flokkar verða dregnir til ábyrgðar í þessu máli ef illa fer og það er alveg sjálfsagt og eðlilegt og réttmætt að þetta sé tekið upp á þingfundi og þingmaðurinn og hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson spurður að því hvort hann ætli að halda áfram á þeim glapstigum sem hann hefur því miður verið á nú um allnokkurt skeið.

Ég vil síðan ítreka við hv. formann menntamálanefndar að ég sit í menntamálanefnd sem einn af fulltrúum stjórnarandstöðunnar þó að ég sé áheyrnarfulltrúi. Ég var á þessum fundi áðan, sat á þessum fundi og hlýddi á mál fulltrúa fjármálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins. Tveir aðrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar fóru af fundinum og höfðu fyrir því fullgildar ástæður. Þeir þurftu að fara annað. Þeir höfðu ráðstafað tíma sínum öðruvísi. Til þessa fundar var boðað til með mjög skömmum fyrirvara og það er fullkomlega eðlilegt að einhverjir heltist úr lestinni, að einhverjir þingmenn þurfi að sinna skyldum, jafnvel persónulegum hlutum, annars staðar á þessum tíma þannig að það er ekkert við það að athuga.

Hins vegar hlustaði ég á fulltrúa frá ráðuneytinu og hafði af því svona sæmilegt gagn þó að það væri frekar óeðlilegt að væri farið yfir þessi skjöl með okkur því að við vorum ekki búin að lesa neitt af því sem þarna stóð og eðlilega bar umræðan þess merki á þessum fundi nú rétt áðan.

Ég vil svo að lokum benda á, af því að hér er verið að tala um tímasetningar, að við getum svo sem farið yfir það hvort tíminn hafi verið liðinn eða ekki. En ég vil, af því að fólk er að fylgjast með, fá að lesa upp úr lögum um þingsköp, með leyfi forseta, þar sem segir:

„Í upphafi fundar, áður en gengið er til dagskrár, geta þingmenn gert athugasemdir er varða störf þingsins. Enginn má tala oftar en tvisvar og ekki lengur en tvær mínútur í senn.“ — Síðan stendur, með leyfi forseta, og ég ítreka það: „Umræður um athugasemdir mega ekki standa lengur en í tuttugu mínútur.“

Þær mega ekki standa lengur. Við getum svo bara farið yfir það á eftir hvort þessi lög hafi verið brotin áðan eða ekki.

[11:05]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég er formalisti og vil undir liðnum um fundarstjórn ræða um fundarstjórn forseta og hef gert það og farið að ýtrustu reglum þingsins, hygg ég, að minnsta kosti oftast. Ég sé að einn varaforsetanna, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, lítur til mín hvasst þegar ég segi þetta. En það er óhjákvæmilegt að minnsta kosti sögunnar vegna að gera athugasemd við þær athugasemdir hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar um fundarstjórn forseta að þingmenn stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd hafi gengið út. Staðreyndin er sú, forseti — þetta á auðvitað meira heima undir störfum þingsins af því að forseti er umsjónarmaður nefndarstarfsins — staðreyndin er sú að hv. þingmaður sem ég minntist á áðan, formaður nefndarinnar, boðaði til nefndarfundar kl. níu í morgun. Hann vissi þá, hann vissi ... (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Hann vissi af samtali við hv. þm. Einar Má Sigurðarson að sá þingmaður gæti ekki komist til þess fundar, en vani er og, ég hygg, ströng hefð að aukafundir séu því aðeins boðaðir að allir geti til þeirra komist. Ég hafði sagt Sigurði Kára Kristjánssyni í tölvupósti í morgun þegar ég náði ekki í hann í tvö símanúmer að ég yrði vant við látinn núna fyrir hádegi og gæti aðeins verið stutt á fundinum. Ég hygg að svipað hafi verið ástatt um hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur þannig að það var eðlilegt að þegar meginefni fundarins var lokið, tilkynningu formannsins um að hann samþykkti kröfu fjármálaráðuneytisins um trúnað, yfirlýsingar okkar um upplýsingalögin, um lögmæti þessarar trúnaðarkröfu og um það hvernig við ætluðum að haga okkur gagnvart þessu þegar því var lokið þá yfirgæfum við fundinn. Það voru mættir þarna tveir menn, annar starfsmaður menntamálaráðherra og hinn starfsmaður fjármálaráðherra. Við höfðum heyrt í þeim í gær og við heyrum í þeim þegar nefndin tekur málið formlega fyrir sem er eftir 1. umr., forseti. Er það ekki rétt hjá mér að mál komi til nefndar eftir 1. umr.? Við höfðum ósköp einfaldlega öðrum verkum að sinna og höfðum tilkynnt formanninum það. Ég skil ekki þessa miklu breytingu á þessum kurteisa og vissulega vörpulega hv. þingmanni, að hann skuli fara fram af mikilli hófsemd og með aðdáunarverðum stjórnunarstíl í menntamálanefndinni en umhverfast í oflátung í stóli Alþingis. Honum kann að þykja að hann þurfi að verja sig með einhverjum hætti eftir það að hafa látið fjármálaráðherra teyma sig, lögfræðingur að mennt, út í vitleysu sem ég held að hv. þingmaður sjái sjálfur vegna þess að hann er vel að sér í stjórnsýslu- og upplýsingalögum. En hann á ekki að láta það bitna á félögum sínum á þinginu og ég legg til að forseti taki þetta mál til sérstakrar athugunar, hvernig því er háttað.

[11:08]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill taka það skýrt fram út af orðum sem hér hafa fallið að til umræðna um störf þingsins eru ætlaðar 20 mín-

útur. Hver þingmaður má tala í tvær mínútur. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson var tíundi ræðumaður. Sumir ræðumenn notuðu hins vegar ekki allan þann tíma sem þeir áttu að fullu svo það er augljóst að tíminn, þ.e. 20 mínútur, voru ekki liðnar. Forseti sá hins vegar ástæðu til þess að hv. þm. Mörður Árnason fengi að koma hér upp eftir að formaður menntamálanefndar hafði lokið máli sínu. Forseti hyggur því að hún hafi tekið tillit til sjónarmiða þingmanna almennt í þessari umræðu.

[11:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Þau orð sem hafa fallið undir þessum lið, fundarstjórn forseta, eru með þeim hætti að ég tel mig knúna til að koma hér upp og gera grein fyrir minni hlið málanna.

Mér þykir hv. formaður menntamálanefndar hafa gert heldur lítið úr samþingmönnum sínum með því hvernig hann segir frá því að við höfum orðið að víkja af fundi í morgun sem boðaður var í gærkvöldi. Til mín bárust boðin, ég held, milli níu og tíu í gærkvöldi um að það yrði fundur milli klukkan níu og tíu í menntamálanefnd. Ég átti sjálf pantaða tíma hjá tveimur læknum á sama tíma og gerði mér ferð inn á fundinn til að geta tekið við þeim gögnum og fylgt úr hlaði þeirri yfirlýsingu sem þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa lagt fram og send hefur verið fjölmiðlum og hv. þingmönnum er aðgengileg.

Það er í hæsta máta óeðlilegt að menntamálanefnd Alþingis skuli þurfa að fá ákúrur frá hv. formanni sínum fyrir að telja sig ekki geta setið undir upplestri lögfræðinga ráðuneytanna á mjög viðamiklum gögnum sem við vorum að fá í hendur og við erum búin að biðja um frá því í haust, þar sem það er alsiða í nefndinni að fyrst fái þingmenn að kynna sér gögn áður en fulltrúar ráðuneytanna koma og svara síðan spurningum þingmanna eftir að þingmenn hafa farið yfir gögnin. Ég tel því okkur hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd ekki eiga skilið að fá þær ákúrur sem hv. þingmaður sendir okkur úr þessum ræðustóli undir þessum dagskrárlið.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson upplýsti það að málið yrði tekið fyrir, þ.e. að ríkisútvarpsfrumvarp menntamálaráðherra yrði rætt í þinginu á mánudag. Úr því að þetta mál er komið í hámæli og er rætt hér á þessum nótum þá vil ég biðja hæstv. forseta að athuga það að stór hluti menntamálanefndar verður staddur á Norðurlandaráðsþingi. Nú kom það óvænt upp að ég þarf að fara á Norðurlandaráðsþingið. Ég hef verið talsmaður Vinstri grænna í útvarpsmálunum, fjölmiðlamálunum. Ég átti sæti í fjölmiðlanefndinni fyrir hönd flokksins. Mér þykir ekki þægilegt að fá tilkynningu frá hv. formanni nefndarinnar að málið eigi að koma á dagskrá á mánudaginn þegar ég þarf að fara af landi brott í erindagerðum þingsins. Ég mælist því til þess við hæstv. forseta, ef því verður við komið með nokkru móti, að málið verði ekki sett á dagskrá þingsins því að stór hluti þingmanna menntamálanefndar verður staddur á Norðurlandaráðsþingi að sinna sínum störfum þar.

[11:12]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir það fyrsta, þrátt fyrir þessi orðaskipti, þakka hæstv. forseta fyrir að hafa beðið meðan hv. þm. Mörður Árnason hljóp yfir Austurvöll til að geta komið hér á eftir hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni.

Ástæða þess að ég kem í ræðustól nú er að ég vil leggja eina spurningu fyrir hæstv. forseta sem er ákaflega mikilvægt að fá svar við nú vegna þessarar umræðu um þau trúnaðargögn sem afhent voru menntamálanefndarfólkinu eða þeim níu þingmönnum sem þar sitja. Gildir sá trúnaður þannig að hv. menntamálanefndarmenn mega ekki skýra okkur öðrum þingmönnum frá þessum gögnum? Má til dæmis hv. þm. Mörður Árnason, og aðrir fulltrúar Samfylkingarinnar í menntamálanefnd, ekki vegna þessa trúnaðar skýra þingflokki Samfylkingarinnar frá því sem í þessum gögnum stendur? Verður kannski múll settur á okkur aðra þingmenn en þá sem sitja í menntamálanefnd út af þessum gögnum? Það er ákaflega mikilvægt, virðulegi forseti, að fá úr því skorið úr forsetastóli hvort þessi trúnaður gildi þar um og heyra bara hvort (**Gripið fram í:** Er svona múll til?) þannig er. (**Gripið fram í:** Eigið þið svona múl?)

[11:13]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill segja almennt út af þessum orðum að þau sjónarmið hljóta að gilda að ef hv. þingmenn hafa tekið við gögnum í menntamálanefnd gegn trúnaði þá ber að virða þann trúnað. (**ÖJ:** Hverju er verið að leyna þjóðina?)

[11:14]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ekki veit ég hvort það er föstudagur sem leggst svona illa í hv. stjórnarandstöðu eða hvort einhver bóndabeygja á bóndadag leggst illa í hv. stjórnarandstöðu því að nú eru liðnar bráðum 45 mínútur frá því að hér átti að hefjast fundur með boðaðri dagskrá og sér ekki enn fyrir endann á þeirri umræðu sem hér hefur farið fram. Hún byrjar mjög einkennilega um störf þingsins og það er rétt að endurtaka það, um störf þingsins. Um hvað fjölluðu svo ræðurnar um störf þingsins? Þær fjölluðu um loðnu, loðnu í nútíð og framtíð (**ÖJ:** Um hvað fjallar þessi ræða?) og fortíð, um æti og það var meðal annars upplýst það afskaplega merkilega að loðnan væri undirstaða í fæðu annarra fiska, rétt eins og við höfum aldrei heyrt það hér áður. (Gripið fram í.) Það var auglýst eftir því hvort hæstv. sjávarútvegsráðherra hefði miklar eða litlar áhyggjur af loðnu og allt er þetta undir liðnum um störf þingsins. Þegar síðan hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kemur hér og fjallar um störf þingsins, það sem snertir þingstörf, meðal annars störf menntamálanefndar, þá ætlar allt vitlaust að verða. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki ...)

Ég vil aðeins staðfesta það, frú forseti, að á fundi í menntamálanefnd í morgun lýsti hv. formaður nefndarinnar, Sigurður Kári Kristjánsson, því yfir að hann mundi taka það mál upp sem hér hefur verið til umræðu, nefnilega um meðferð þessara gagna. (**KolH:** Það er rangt. Því var ekki

lýst yfir.) Hann nefndi það, hv. þingmaður. (**Gripið fram í:** Nei.) Sigurður Kári Kristjánsson nefndi (**Gripið fram í:** Hættu!) það hér í morgun. (**Gripið fram í:** Hættu ...) Enda kom hann hér upp og fjallaði (Gripið fram í.) um þetta undir liðnum um störf þingsins. (**Gripið fram í:** Hættu þessu ...)

Það vekur hins vegar athygli, frú forseti, að þegar þetta mál um þau gögn sem liggja fyrir frá ESA og þau koma inn á borð nefndarinnar, ekki síst í ljósi þeirra miklu upphlaupa sem hafa orðið síðustu daga, þá bara hvarf öll stjórnarandstaðan og af fjórum eða fimm fulltrúum sat einn eftir. Það hefur svo komið í ljós af hverju einn hv. þingmanna þurfti að bregða sér frá. Af því að hann þurfti nefnilega að senda frá sér fréttatilkynningu um þetta mál, því hún birtist skömmu síðar á mbl.is.

Frú forseti. Er ekki orðið tímabært að snúa sér að þeirri dagskrá sem auglýst var þar sem stórt mál er til umfjöllunar, nefnilega kjaramál? Eigum við ekki að snúa okkur að því, virðulegi forseti?

[11:16]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vekur athygli á því að hér er verið að ræða um fundarstjórn forseta en ekki um störf þingsins.

[11:16]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Forseti. Ég vil nú gjarnan víkja að nokkrum atriðum sem hér hafa komið fram í ræðum nokkurra hv. þingmanna eins og hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sem hélt því fram að ég væri að gera lítið úr þingmönnum og væri að veita þeim ákúrur. Hún taldi sérstaka ástæðu til þess að gera grein fyrir því hvers vegna hún þurfti sjálf að fara af fundi.

Ég tók það fram þegar ég ræddi hér um störf þingsins að a.m.k. hluti þeirra þingmanna sem þurfti að víkja af fundi, þar á meðal hún sjálf, hefðu haft til þess eðlilegar ástæður. Það vildi samt sem áður þannig til að einungis einn fulltrúi stjórnarandstöðunnar var við umfjöllun um þessi gögn meðan fulltrúar frá ráðuneytunum voru að fara yfir þau, það var áheyrnarfulltrúinn. Þetta eru bara staðreyndir málsins.

Ég vil líka taka það skýrt fram, af því að hv. þm. Mörður Árnason vék hér að því hvernig staðið var að boðun þessa fundar, þá lagði ég sem formaður menntamálanefndar mikið á mig til þess að hægt væri að fresta þessum fundi til klukkan 10.30, þ.e. fundi menntamálanefndar, og það getur hæstv. forseti vitnað um, til þess að hv. þm. Einar Már Sigurðarson kæmist til fundarins, vegna þess að ég vissi að hann var staddur fyrir austan. (**Gripið fram í:** Veðurtepptur.) Ég óskaði eftir því við hæstv. forseta hvort hægt væri að verða við slíku. Það reyndist ekki vera og málið náði því ekki lengra en þangað. Hins vegar var boðað til fundarins milli klukkan fimm og sex í gær þannig að það lá fyrir með töluvert góðum fyrirvara hvenær hann yrði.

Ég tel náttúrlega í ljósi þess að gögnin hafa verið lögð fram að það sé hægt að taka frumvarp hæstv. menntamálaráðherra til umræðu vegna þess að það var forsenda þess af hálfu stjórnarandstöðuþingmanna í menntamálanefnd að þeir fengju að sjá þessi gögn. Nú hafa þeir fengið að sjá þau. Ég minni þá líka á það af því að þeir hafa ekki verið að vanda mönnum kveðjurnar hér úr ræðustól hins háa Alþingis, þar og meðal mér og fleiri hv. þingmönnum, (Gripið fram í.) að öll þessi vitleysa er komin upp vegna þess að það voru hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar með hv. þm. Mörð Árnason í broddi fylkingar sem óskuðu eftir því að gögnin yrðu lögð fram. Ég lagði mig í framkróka við það að fá þessi gögn til nefndarinnar fyrir hv. þingmann og fyrir stjórnarandstöðuna. En þegar þau voru lögð fram vildi stjórnarandstaðan ekki taka við gögnunum sem er ákaflega sérstakt vegna þess að hún sjálf og hv. þm. Mörður Árnason höfðu framgöngu um það og frumkvæði að óska eftir þeim. (Forseti hringir.)

Staða þessa mál er því þannig að hún er algjörlega stjórnarandstöðunni að kenna og þeir geta bara sjálfum sér um kennt og hætt að beina spjótum sínum að öðrum.

[11:20]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vekur athygli á því enn og aftur að hér er verið að ræða um fundarstjórn forseta og enn eru tveir hv. þingmenn eftir á mælendaskrá. Forseti telur að það sé nú komin nokkuð góð umræða um það sem gerðist í hv. menntamálanefnd.

[11:20]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég þarf ekki mörg fleiri orð um þetta mál. En hv. þm. Hjálmar Árnason hefur ekki rétt fyrir sér þegar hann segir hér úr ræðustóli að hv. formaður menntamálanefndar hafi tilkynnt nefndinni það í morgun að hann mundi fara hér upp undir liðnum athugasemdir um störf þingsins núna til þess að ræða það sem fór fram á fundi nefndarinnar í morgun. Það gerði hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson ekki. Hann talaði utan að því að auðvitað mætti hugsa sér eða eitthvað almennt um það að þetta varðaði störf þingsins en hann tilkynnti nefndinni ekki að hann mundi fara hingað upp og ræða þessi mál hér svo að við vorum allsendis óvitandi af því.

Það sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kallar í þessum ræðustóli vitleysu, frú forseti, það er sjálfsögð krafa stjórnarandstöðuþingmanna í menntamálanefnd um að fá upplýsingar um það hvað það er sem hæstv. ráðherrar vilja leyna þjóðina varðandi það mál sem hér á að fara á dagskrá í næstu viku. Ég ítreka nú þær óskir mínar til hæstv. forseta og bið hana að hugleiða það í alvöru til þess að allir þingmenn menntamálanefndar geti verið viðstaddir þá umræðu sem verður mikilvæg, 1. umr. um frumvarpið um Ríkisútvarpið, að fresta henni og hafa hana ekki á dagskrá hér á mánudaginn heldur þegar hv. menntamálanefndarþingmenn geta verið viðstaddir.

[11:22]

Mörður Árnason:

Forseti. Þá athugasemd verður að gera við fundarstjórn forseta að okkur þingmönnum voru kynntar reglur hér í fyrra um að nú væri búið að breyta undirbúningi að umræðum um störf þingsins þannig að það gæti ekki gerst svona sjálfkrafa og sjálfsprottið eins og áður heldur yrðu þeir sem hefðu hug á að ræða um störf þingsins að láta vita af því og

það yrði svona þingflokksformannabandalag um þau mál þannig að allir vissu og gætu komið skilaboðum til þeirra manna sem þeir teldu æskilegast að tækju þátt í umræðunni nokkru áður en hún fer fram. Þetta gerðist ekki í morgun.

Ég ætla ekkert að þrasa meira um það en bendi forseta á það að brýna þá þessar reglur fyrir mönnum eða afnema þær því að það getur að ýmsu leyti verið mikill kostur að hafa þetta sjálfsprottið. Þá mæta þingmenn væntanlega alltaf við upphaf umræðunnar og ráðherrar líka eins og er samkvæmt þingsköpum.

Ég ætla svo ekki að elta ólar við orðhengilshátt Sigurðar Kára Kristjánssonar og Hjálmars Árnasonar hv. þingmanna. Það er rétt hjá Kolbrúnu að það var ekkert á það minnst á fundinum, nema þá í einhverju spjalli hugsanlega Sigurðar Kára Kristjánssonar við embættismennina, að það ætti að fara hér upp um störf þingsins í dag. Það er rangt hjá Hjálmari Árnasyni að erindi mitt út af fundinum hafi verið að senda þessa fréttatilkynningu, sem ég vissulega gerði, og tók mig svona u.þ.b. þrjár og hálfa mínútu. Erindi mitt út af fundinum var það að ég þurfti fyrir hönd Samfylkingarinnar að skila, og þarf enn að skila fyrir hádegi, pappírum til Lesbókar Morgunblaðsins um íslenska tungu og afstöðu okkar flokks til þýðingarmála. Því miður vannst ekki tími til þess áður að gera það og það er það sem ég er í miðjum klíðum að gera hér.

Ég vil svo segja enn um fundarstjórn forseta að það sem ég tel að eigi að vera á vefsíðu forseta núna fyrir helgina og á mánudaginn og fram eftir vikunni er það að athuga: Hvernig fóru þessi mál fram í nefndinni? Forseti er samkvæmt þingsköpum umsjónarmaður og yfirmaður nefndastarfs. Hvernig fóru þau fram í nefndinni? Var þessi trúnaðarkrafa ráðherrans eðlileg? Var sú tilvísun ráðherrans í upplýsingalög, 1. og 2. mgr. 6. gr. eðlileg? Er hún í samræmi við þá úrskurði sem við tiltókum sérstaklega, annan um GATT, hinn um ESA, frá úrskurðarnefnd upplýsingamála? Ég tel að svo sé ekki, ég tel að forseti verði að taka þetta fyrir.

Við höfum að vísu gengið undir það helsi, þingmenn stjórnarandstöðunnar í þessari nefnd, að taka við þessum pappírum sem trúnaðarskjölum á ákveðnum forsendum sem teknar eru fram í yfirlýsingunni, en það hafa aðrir þingmenn ekki gert. Og það er auðvitað fullkomin spurning sem forseti á að gá að hvort ekki sé freklega verið að ganga á rétt þingmanna í umræðu um afar mikilvægt mál, Ríkisútvarpið á Íslandi, með þessari kvöð og með þeirri þrælslund sem meiri hluti í menntamálanefnd hefur sýnt í þessu máli.

[11:25]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Út af þessum orðum hv. þingmanns vill forseti taka það fram að það eru vissulega fordæmi fyrir því úr öðrum nefndum þingsins að trúnaðarskjöl hafi verið afhent.

[11:25]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér um fundarstjórn forseta og ég kem hér upp öðru sinni undir þeim lið. Það sem gerir það að verkum að ég sé mig tilneyddan til að koma hér upp öðru sinni eru ummæli hv. þm. Hjálmars Árnasonar, þingflokksformanns Framsóknarflokksins, þar sem hann gerði, að mér fannst, mjög lítið úr rétti þingmanna til að notfæra sér liðinn umræða um störf þingsins til að taka upp málefni sem brenna bæði á þingmönnum og á þjóðinni. Í máli mínu áðan fór ég yfir forsendur þess að ég ákvað að taka þetta tiltekna mál upp undir liðnum um störf þingsins og benti hér á skyldur og ábyrgð þingmanna stjórnarflokkanna, ráðherra í ríkisstjórn Íslands og hæstv. sjávarútvegsráðherra í því máli sem ég tók til umræðu vegna þess að hér var um að ræða málefni sem varðar pólitískar ákvarðanir, stjórnvaldsákvarðanir um nýtingu á þessum tiltekna fiskstofni.

Mér finnst fullkomlega réttlætanlegt að gera þetta með þessum hætti. Í lok máls míns, eftir að hafa farið yfir málið í stuttu máli, á þeim mínútum sem ég hafði til umráða beindi ég ákveðnum spurningum til hæstv. ráðherra um hans pólitísku ákvarðanir sem hann síðan svaraði. Mér finnst það fyllilega réttlætanlegt að þetta sé gert undir liðnum um störf þingsins en við erum hér að ræða fundarstjórn forseta.

Ég vil því nota tækifærið til að spyrja hæstv. forseta sem hér stýrir þingfundi hvort það sé svo að þetta tiltekna atriði sem ég tók hér upp undir liðnum umræður um störf þingsins hafi að mati forseta ekki átt rétt á sér, hvort forseti sé sammála þingflokksformanni Framsóknarflokksins hvað það varðar að liðurinn umræður um störf þingsins eigi í raun og veru bara að fjalla um fundarstjórn og það sem gerist hér í þingsalnum ef svo má segja og kannski einhver tæknileg útfærsluatriði á því hvernig vinnutilhögun er hagað í þingnefndum. Það væri mjög áhugavert að fá heyra þennan úrskurð hér og nú strax.

Það væri líka mjög áhugavert að heyra eitthvað um þetta mál frá formanni Framsóknarflokksins, hvort hann sé sammála áliti þingflokksformanns síns hvað þetta varðar.

[11:27]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill segja það út af þeim orðum hv. þingmanns að sá liður, þegar rætt er um störf þingsins, að um efni þeirrar umræðu hefur túlkunin verið með nokkuð frjálslegum hætti. Að öðru leyti vill forseti benda á það að hv. þingmenn bera ábyrgð á orðum sínum.

Siglingastofnun Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 375. mál (fulltrúi skemmtibátaeigenda í siglingaráði). — Þskj. 431.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:28]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Siglingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 376. mál (öryggi á sjó). — Þskj. 432.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frh. 1. umr.

Stjfrv., 378. mál. — Þskj. 434.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Bílaleigur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 379. mál (flutningur leyfisveitinga o.fl.). — Þskj. 435.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Hafnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 380. mál (frestun framkvæmda o.fl.). — Þskj. 436.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Rannsókn sjóslysa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 412. mál (forstöðumaður, aðgangur að gögnum). — Þskj. 589.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Stuðningur við einstæða foreldra í námi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HlH, 16. mál. — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:32]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fiskverndarsvæði við Ísland, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:32]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frh. 1. umr.

Frv. MÞH, 86. mál (kanínur, vernd lundans). — Þskj. 86.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Samkeppnisstaða fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÞÞ o.fl., 66. mál. — Þskj. 66.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:33]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Staðbundnir fjölmiðlar, frh. fyrri umr.

Þáltill. DJ o.fl., 138. mál. — Þskj. 138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:33]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. 651. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Kjaradómur og kjaranefnd, 2. umr.

Stjfrv., 417. mál (ógilding úrskurðar). — Þskj. 634, nál. 651 og 652, brtt. 653.

[11:35]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, sem er að finna á þingskjali 651, 417. mál, frá meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Stefán Aðalsteinsson frá BHM, Ragnar Ingimundarson frá BSRB, Guðrúnu Zoëga frá kjaranefnd, Hjördísi Hákonardóttur, Benedikt Bogason og Arngrím Ísberg frá Dómarafélagi Íslands, Garðar Garðarsson frá Kjaradómi, Eirík Hilmarsson frá Hagstofu Íslands, Birgi Björn Sigurjónsson frá kjaraþróunardeild Reykjavíkurborgar, Sigurð Líndal, Eirík Tómasson, Skúla Eggert Þórðarson frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Ólaf Hauksson frá Sýslumannafélagi Íslands, sr. Ólaf Jóhannsson frá Prestafélagi Íslands, Bolla Þór Bollason frá Félagi ráðuneytisstjóra og Baldur Guðlaugsson, Gunnar Björnsson og Þórhall Vilhjálmsson frá fjármálaráðuneyti. Sumir gestanna komu tvisvar á fund nefndarinnar. Þá bárust nefndinni m.a. afrit af bréfi Dómarafélags Íslands til Alþingis, ályktun stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana og athugasemdir frá Sýslumannafélagi Íslands. Nefndin aflaði auk þess fjölda gagna.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ríkisstjórnin hyggst skipa nefnd til að fara yfir núgildandi lög um Kjaradóm og kjaranefnd. Meðal þess sem nefndinni er ætlað að skoða er hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi launaákvarðana Kjaradóms og kjaranefndar þannig að betra samræmis sé gætt í starfskjörum þeim sem þær ná til, bæði innbyrðis og gagnvart almennum vinnumarkaði. Enn fremur er nefndinni ætlað að huga að þeim viðmiðunum og fyrirmælum sem einstökum aðilum eru sett í lögum um launaákvarðanir sínar. Fram hefur komið að þegar hefur verið skipaður formaður fyrir nefndina og að formlega hafi verið óskað eftir tilnefningum þingflokka í nefndina. Þær tilnefningar hafa enn ekki borist en hafin er vinna við gagnaöflun fyrir nefndina. Meiri hlutinn leggur á það áherslu að þessi nefnd hefji störf sem fyrst og vinni svo ötullega að drög að frumvarpi geti legið fyrir í lok mars næstkomandi þannig að hægt verði að samþykkja nýja skipan þessara mála fyrir lok þings.

Frú forseti. Í máli gesta, þeim gögnum sem aflað var og í umræðum nefndarmanna komu mörg sjónarmið fram. Voru þau rædd ítarlega. Upp úr stendur það sjónarmið að þessi hækkun launa æðstu stjórnenda ríkisins hefði komið á mjög viðkvæmum tíma. Aðilar vinnumarkaðarins voru nýbúnir ásamt ríkisstjórninni að fara í gegnum þríhliða samninga vegna þess að verðbólguviðmið kjarasamninga stóðust ekki og höfðu náð hófsamlegri launahækkun í trausti þess að það kæmi í veg fyrir víxlhækkanir launa og verðlags. Mikil launahækkun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms stuttu seinna til æðstu stjórnenda ríkisins vakti sterk viðbrögð og leiddi til óróa á vinnumarkaði sem gat ógnað þeim efnahagslega stöðugleika sem að var stefnt og náðst hefur. Frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir það og undir það sjónarmið vill meiri hlutinn taka og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal framsögumaður, Dagný Jónsdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Ásta Möller og Sæunn Stefánsdóttir.

[11:40]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Mér þótti og þykir álit meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar vægast sagt athyglisvert í ljósi þess að þar kemur nánast ekkert fram af þeirri umræðu sem fram fór í efnahags- og viðskiptanefnd meðan málið var þar til meðferðar. Hvergi er greint frá því í áliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar að hver einn og einasti lögfræðingur sem fyrir nefndina kom galt varhuga við því að þetta frumvarp færi óbreytt í gegnum þingið. Hv. þingmaður Pétur H. Blöndal gat þess heldur ekki að dregið var fram á afar skýran hátt í umræðum fyrir nefndinni að Kjaradómur og niðurstaða Kjaradóms endurspeglar aðeins þá launaþróun sem verið hefur í landinu undanfarin missiri. Kjaradómur hefur sagt sjálfur að hann hafi horft þar til fyrsta ársfjórðungs 2003.

Þetta er sá veruleiki sem fram kom í nefndinni og dregur einnig fram að það sem hér er kannski fyrst og fremst verið að gera af hálfu meiri hlutans er að reyna að koma í veg fyrir að þessi úrskurður endurspegli þá launaþróun sem verið hefur í landinu og þá gliðnun sem átt hefur sér stað milli þeirra sem meira hafa og milli þeirra sem minna hafa. Þá gliðnun er verið að reyna að fela í því orðagjálfri sem birtist í áliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér þykir óskaplega miður þegar þetta er gert með þeim hætti því að í tilvikum eins og þessum endurspeglar álitið á engan hátt þá vinnu sem fram fór í nefndinni. Ég tel afar mikilvægt að þegar menn koma inn á hið háa Alþingi og flytja mál sitt, þá að minnsta kosti kynni þeir öðrum hv. þingmönnum hvaða sjónarmið komu fram í nefndinni því ella er til lítils að sitja marga fundi í nefndinni og fara vandlega yfir mál. Það vil ég þó segja hv. formanni til hróss, að hann kallaði fyrir nefndina þá sem um var beðið og umræðan var að mörgu leyti góð og áhugaverð og af þeirri ástæðu er miður að umræðunni skuli ekki gerð einhver skil, eða einhver tilraun gerð til að gera umræðunni skil í áliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Virðulegi forseti. Ég geri nú grein fyrir áliti minni hluta

efnahags- og viðskiptanefndar og einnig breytingartillögu sem við flytjum við það frumvarp sem liggur fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar um Kjaradóm og kjaranefnd. Ég mun gera grein fyrir því áliti og þeirri tillögu. En áður en ég kem að álitinu er ekki hægt annað en að vekja sérstaka athygli á hvernig ríkisstjórnin brást við þegar úrskurður Kjaradóms lá fyrir. Það er alveg ljóst að viðbrögð hennar voru geysilega fálmkennd og báru þess glöggt merki að forusta hennar er afskaplega veik. Án þess að ég kannski telji mig vita nákvæmlega hvað gerist í herbúðum ríkisstjórnarinnar virðist manni sem brotthvarf fyrrverandi utanríkisráðherra úr ríkisstjórninni hafi skipt þar verulegu máli. Að minnsta kosti voru viðbrögðin mjög fálmkennd og birtust m.a. í afar athyglisverðum bréfaskriftum sem hæstv. forsætisráðherra átti við Kjaradóm um hvort Kjaradómur gæti komist að annarri niðurstöðu á grundvelli sömu laga sem hann áður hafði komist að sinni niðurstöðu og hefur síðan eftir það gert ítarlega grein fyrir að Kjaradómur var aðeins að bregðast við þeirri launaþróun sem átt hefur sér stað í landinu.

Það kom einnig skýrt fram í efnahags- og viðskiptanefnd — það er slæmt að hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson sé ekki hér í salnum — að hinir svokölluðu stofnanasamningar sem voru ákveðnir með lagabreytingum 1996 og tóku síðan gildi fljótlega upp úr árinu 1997 hafa haft geysilega mikil áhrif á þá launaþróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og endurspeglar aðeins að ríkisstjórnin hefur algerlega misst tökin á þessum málum því hún á hátíðarstundum ber sér jafnan á brjóst fyrir aðhald og góða stjórn í efnahagsmálum. Þessi tilraun ríkisstjórnarinnar er til að kasta ryki framan í almenning í því skyni að hylja að það sem raunverulega hefur átt sér stað er vegna aðhaldsleysis og getuleysis ríkisstjórnarinnar til að halda utan um sín mál.

Það er veruleikinn í málinu og kom afar skýrt fram í umræðum í nefndinni. Það er það sem fyrst og fremst er verið að hylja. Þó að minni hlutinn sé eindregið þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að fresta framkvæmd úrskurðarins til að reyna að sporna gegn þeirri þróun sem átt hefur sér stað í launamálum, þ.e. þeirri gliðnun sem átt hefur sér stað milli þeirra sem meira hafa og þeirra sem minna hafa, þá er hann ekki tilbúin að taka þátt í því leikriti að reyna að halda því fram að afnám þessa úrskurðar muni tryggja áframhaldandi stöðugleika í landinu eða ná fram þeirri sátt sem við sem í minni hlutanum sitjum viljum ná. En við erum hins vegar tilbúin að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að ná því markmiði.

Eins og ég ræddi áðan endurspeglar sú leið sem ríkisstjórnin ætlar að fara aðeins þá staðreynd að hún hefur einhvern veginn ekki hugmynd um hvernig leysa megi úr þeirri stöðu sem upp kom í samfélaginu eftir úrskurð Kjaradóms. Ég minntist áðan á hin undarlegu bréfaskrif og yfirlýsingar sem fylgdu í kjölfarið og í framhaldi af því birtist þetta frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi, sem ríkisstjórnin hafði nú nokkuð góðan tíma til að undirbúa. En hver einasti lögfræðingur sem fyrir nefndina kom taldi að það stæðist ekki. Hver og einn einasti lögfræðingur sem fyrir nefndina kom til að ræða þann þátt málsins hvort frumvarpið stæðist ákvæði stjórnarskrár, taldi að það stæðist ekki. (Gripið fram í.)

Og aðeins af því hv. þm. Pétur H. Blöndal kallar hér fram í að einhverjir kunni að hafa trú á að þetta standist stjórnarskrá, þá var eitt þeirra atriða sem kom til umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd spurningin um hvort lækka mætti laun forseta Íslands. Menn geta haft hvaða skoðun sem er á því hvort núverandi ákvæði stjórnarskrárinnar eigi rétt á sér eða ekki. Það breytir ekki hinu að það stendur þarna. Það stendur mjög skýrum orðum, orðalagið er ekki hægt að misskilja, þ.e. að launakjörum forseta verði ekki breytt á miðju kjörtímabili. Það sem vekur kannski sérstaklega eftirtekt er að á löggjafarþinginu 1999–2000 flutti hv. þm. Pétur H. Blöndal frumvarp til laga um afnám skattfrelsis forseta Íslands sem síðan varð að lögum. Í framsöguræðu með því tiltekna frumvarpi sagði hv. þingmaður, með leyfi forseta:

„Ástæða þess að frumvarpið er lagt fram nú er að þær breytingar sem felast í frumvarpinu verða ekki gerðar á kjörtímabili forseta vegna ákvæðis 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar ?“

Þetta sagði hv. þingmaður á löggjafarþinginu 1999–2000 og taldi að ekki væri hægt að gera breytingar á launakjörum forseta á miðju kjörtímabili. Þetta er sami skilningur og menn höfðu uppi árið 1992 þegar bráðabirgðalög voru sett. En þá miðuðust breytingar á launakjörum forseta einmitt við upphaf kjörtímabils. Þá er heimilt að gera breytingar á launakjörum forseta og ekki athugasemdir við það. Það að leggja núna til breytingar á launakjörum forseta, eins og hér er gert ráð fyrir, á sér ekkert fordæmi þrátt fyrir það sem fram kemur í greinargerð ríkisstjórnar í því frumvarpi sem hún hefur lagt fram. Mér þykir því miður ef hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem kvað svo skýrt að orði fyrir nokkrum árum að ekki mætti hreyfa við launakjörum forseta á miðju kjörtímabili vegna ákvæðis stjórnarskrárinnar, hefur snúist svona gersamlega í málinu þrátt fyrir skýlaus orð stjórnarskrárinnar. Ég veit að hv. þingmaður á það til að smeygja sér undan pilsfaldi flokksins og taka sjálfstæða og eigin ákvörðun í málum. Ég vona að hann í þessu tilviki hafi ekki verið beygður til að fylgja niðurstöðu ríkisstjórnarinnar, jafnóvönduð og hún er.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan ætla ég að gera grein fyrir áliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar sem við stöndum að, sá sem hér stendur og hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson og Ögmundur Jónasson.

Úrskurður Kjaradóms frá 19. desember 2005 um hækkun launa æðstu embættismanna ríkisins endurspeglar þá launaþróun sem orðið hefur í landinu. Sú þróun hefur aukið launamuninn milli þeirra sem sterkast og veikast standa á íslenskum vinnumarkaði. Af þessum sökum kallaði úrskurðurinn fram sterk viðbrögð í samfélaginu. Stjórnarandstaðan krafðist þess þegar í stað að Alþingi yrði kallað saman til að fjalla um úrskurðinn áður en hann kæmi til framkvæmda. Við því var ekki orðið og kom úrskurðurinn því til framkvæmda 1. janúar sl. sem gerir málið allt mun erfiðara viðfangs. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar í upphafi voru mjög fálmkennd sem m.a. birtist í undarlegu bréfi forsætisráðherra til Kjaradóms. Minni hlutinn vísar því allri ábyrgð á stöðu málsins og málsmeðferð á hendur ríkisstjórninni og meiri hluta hennar á Alþingi.

Lögfræðingar sem komu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd vöruðu allir sem einn eindregið við því að fara þá leið sem ríkisstjórnin hyggst fara. Þeir töldu víst að frumvarpið færi gegn ákvæðum stjórnarskrár um eignarrétt og jafnræði, auk þess sem orðalag 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar heimili ekki að laun forseta séu lækkuð á miðju kjörtímabili. Í ljósi þess mikla vafa sem leikur á því hvort frumvarp ríkisstjórnarinnar standist stjórnarskrá getur minni hlutinn ekki staðið að afgreiðslu þess.

Minni hlutinn telur að bregðast verði við úrskurði Kjaradóms en getur ekki fellt sig við þá leið sem ríkisstjórnin leggur til. Minni hlutinn leggur því fram breytingartillögu í þá veru að úrskurður Kjaradóms frá 19. desember sl. komi ekki til framkvæmda frá 1. febrúar til 1. júní.

Lagt er til að fjármálaráðherra skipi nefnd sem í eigi sæti m.a. fulltrúar allra þingflokka. Ekki er kveðið á um fjölda nefndarmanna að öðru leyti. Nefndin skal endurskoða núgildandi fyrirkomulag á launakjörum þeirra sem taka laun samkvæmt úrskurðum Kjaradóms og kjaranefndar. Nefndin skal leggja fram tillögur í formi frumvarps fyrir 15. mars nk. Kveða skal upp nýjan úrskurð um launakjör þeirra sem tillagan tekur til fyrir 1. júní nk. samkvæmt nýjum lögum. Skal úrskurðurinn gilda frá og með 1. febrúar 2006.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Ég ætla að síðan gera örlitla grein fyrir þeirri breytingartillögu sem við leggjum fram, þ.e. sá sem hér stendur, hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson og Ögmundur Jónasson, auk þess sem Guðjón Arnar Kristjánsson er henni samþykkur. En þar segir:

Þrátt fyrir úrskurð Kjaradóms frá 19. desember 2005 skal hann ekki koma til framkvæmda frá og með 1. febrúar 2006 til 1. júní sama ár. Á þeim tíma er Kjaradómi einnig óheimilt að kveða upp úrskurði um launakjör.

Fjármálaráðherra skal skipa nefnd, m.a. með fulltrúum allra þingflokka á Alþingi. Hún skal endurskoða fyrirkomulag á launakjörum þeirra sem taka laun samkvæmt úrskurðum Kjaradóms og kjaranefndar. Nefndin skili tillögum í formi lagafrumvarps sem lagt verði fyrir Alþingi eigi síðar en 15. mars 2006. Í tillögunum skal m.a. kveðið á um almennar forsendur sem leggja skal til grundvallar þegar kveðið er á um launakjör þeirra sem lögin taka til.

Úrskurð samkvæmt nýjum lögum skal kveða upp fyrir 1. júní nk. Skal hann gilda frá og með 1. febrúar 2006.

Þetta er sú breytingartillaga sem við leggjum fram. En eins og ég hef áður rakið í máli mínu og nauðsynlegt er að hafa í huga er að tillagan er lögð fram í þeirri stöðu að úrskurður Kjaradóms er þegar kominn til framkvæmda. Tillagan gerir ekki ráð fyrir að þingmenn taki 2,5% launahækkun um næstu mánaðamót heldur einungis að framkvæmd úrskurðarins frá því í desember verði frestað. Þar af leiðandi er ekki gert ráð fyrir að Alþingi ákveði með lögum launakjör alþingismanna. Sú ákvörðun var tekin fyrir nokkrum árum að hafa þann háttinn á að aðrir en alþingismenn tækju þessa ákvörðun. Ég tel mikilvægt, hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á því hvernig því máli eigi að vera fyrir komið, að fram fari ítarleg umræða um hvernig best sé að haga þessum málum áður en Alþingi tekur slíka ákvörðun. Ég veit að mismunandi sjónarmið eru uppi um hvernig þá ákvörðun eigi taka en ég held að mikilvægt sé áður en svona ákvörðun er tekin að fram fari ítarleg umræða en ekki er gert ráð fyrir því í tillögu ríkisstjórnarinnar. Þar er einfaldlega gert ráð fyrir því að þingmenn muni hækka um 2,5% miðað við þá stöðu sem var áður en úrskurður Kjaradóms í desember var kveðinn upp. Í þessu birtist sú yfirlýsing okkar að við erum ekki þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að ákveða þetta með þessum hætti, að minnsta kosti ekki nú um stundir.

Í tillögu okkar er ekki gert ráð fyrir því að úrskurðurinn verði afnuminn heldur að framkvæmd úrskurðarins verði frestað, að ný nefnd verði sett á laggirnar sem skili úrskurði í formi lagafrumvarps sem hægt verði að leggja fyrir Alþingi fyrir 15. mars næstkomandi. Það hefði í för með sér að Alþingi gæti ákveðið nýtt fyrirkomulag um hvernig þessum málum verði skipað og hvaða forsendur eigi að leggja til grundvallar. Í framhaldi af því að Alþingi hafi tekið þessa ákvörðun verði kveðinn upp nýr úrskurður sem taki gildi frá og með 1. febrúar 2006.

Með því að samþykkja nú tillögu um að úrskurðurinn muni gilda frá 1. febrúar 2006 getur enginn haft væntingar um að viðkomandi eigi rétt á tilteknum launum frá og með 1. febrúar vegna þess að það er búið að ákveða það fyrirfram að úrskurðurinn eigi að taka gildi frá og með þessum tíma.

Í annan stað ef einhver væri ósáttur við þessa niðurstöðu þá mundi ekki reyna á það nema menn væru ósáttir við forsendurnar sem lægju til grundvallar nýjum úrskurði eða nýrri aðferðafræði við það að ákveða hvernig launin ættu að vera. Að minni hyggju og fleiri stenst þessi aðferð að öllu leyti stjórnarskrá. Með því að fara þessa leið er ekki verið að afnema réttindi einhliða án þess að menn gefi sér tóm til að fara mjög vandlega yfir hvernig best sé að haga þessum málum. Það er okkar mat að verði sú leið farin sé ekki verið að hafa réttindi af neinum á þessari stundu en á hinn bóginn gefist mönnum tóm til að fara betur yfir málið og vanda mjög hvernig að breytingunum verði staðið og tryggja þannig að við þurfum ekki síðar að hafa áhyggjur af því að hornsteinn regluverks okkar, stjórnarskráin sjálf, skuli ætíð þurfa að þvælast fyrir lagasetningarvaldinu í þeim skilningi að við við virðumst mjög oft fara út á ystu nöf í þeim efnum og stjórnarskráin fær ekki að njóta vafans. Við getum ekki sætt okkur við það að stjórnarskráin fái ekki að njóta vafans í þessum efnum. Þess vegna leggjum við fram þessa tillögu. Hún nær þeim markmiðum sem ég held að allur þingheimur sé í reynd sammála um en aðferðina tel ég fyllilega standast stjórnarskrá. Þess vegna viljum við fara þessa leið og í reynd viljum við einnig hvetja meiri hlutann á Alþingi til að koma með okkur í þá vegferð að finna skynsamlegan flöt á því hvernig haga eigi þessum málum því það er sameiginlegt markmið okkar og ég held að það væri afar farsælt ef hægt væri að ná sáttum um þá leið sem við leggjum til á hinu háa Alþingi. Ég held að það væri stórmannlegt af meiri hlutanum á hinu háa Alþingi og ríkisstjórninni að fallast á þau sjónarmið sem fram komu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd og ég hef farið ágætlega yfir í ræðu minni.

En áður en ég lýk máli mínu ætla ég að leyfa mér að

lesa upp úr bréfi sem formaður Kjaradóms sendi hæstv. forsætisráðherra þegar hann útskýrði hvers vegna úrskurður Kjaradóms var kveðinn upp og hvaða forsendur dómurinn lagði til grundvallar þeirrar niðurstöðu sem fékkst. En í þeim orðum endurspeglast að nokkru leyti sá veruleiki sem launaþróunin sýnir og við megum ekki hér á hinu háa Alþingi kasta ryki í augu almennings, verkalýðshreyfingarinnar og annarra um að launaþróunin sé einhver allt önnur en hún birtist í öllum vísitölum sem hægt er að skoða. Ég ætla að lesa upp örstuttan kafla úr bréfi formanns Kjaradóms til hæstv. forsætisráðherra sem er ritað á Þorláksmessu ársins 2005 en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Laun sem greidd eru þeim embættismönnum sem sambærilegir geta talist við þá sem Kjaradómur hefur úrskurðað laun hafa af ýmsum ástæðum hækkað meira en þau laun sem Kjaradómur hefur ákvarðað á þessu tímabili. Stafar það einkum af tveimur ástæðum: Annars vegar af því að Kjaradómur hækkaði ekki laun 1. janúar 2004 og hins vegar er það afleiðing af kjarasamningum sem ríkisvaldið hefur gert við starfsmenn sína á tímabilinu. Má þar einkum benda á að þann 26. apríl 2005 staðfesti fjármálaráðherra samkomulag við 24 stéttarfélög innan BHM um kjarasamninga BHM-félaganna sem undirritað var þann 28. febrúar og síðan samþykkt í einstökum félögum í mars og apríl. Í samkomulaginu felst kerfisbreyting þannig að 1. maí 2006 verður tekin upp ný launatafla sem er sameiginleg fyrir þau félög sem eru aðilar að því. Launatöflur þessara félaga hækkuðu mikið en meðalhækkun var á tímabilinu 5–5,5%.

Í framhaldi af þessum kjarasamningum ákvað kjaranefnd þann 28. júní sl. að hækka laun þeirra embættismanna sem undir hana heyra um 4,5% afturvirkt frá 1. febrúar 2005. Afleiðingar þessara samninga sem aftur endurspeglast í ákvörðun kjaranefndar eru þær að verulega munaði orðið á launum þeirra sem tóku laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms annars vegar og viðmiðunarhópanna hins vegar."

Með öðrum orðum er Kjaradómur með þessari ákvörðun aðeins að endurspegla þá þróun sem átt hefur sér stað í samfélaginu. Minni hlutinn er hins vegar tilbúinn til þess og leggur til að framkvæmd úrskurðarins verði frestað og leitað verði nýrra leiða til þess að koma ríkisstjórninni úr þeim vanda sem hún hefur sjálf komið sér í með því að verða ekki við tilmælum stjórnarandstöðunnar og kalla þing saman áður en úrskurðurinn kom til framkvæmda. Sú staðreynd að þing var ekki kallað saman, að ekki var tekið á þessum málum áður en úrskurðurinn kom til framkvæmda, það er það sem hefur sett okkur í þann vanda sem ég hef hér rakið og hefur gert það að verkum að flestir þeir sem tjá sig eða allir þeir sem hafa tjáð sig um það hvort leið ríkisstjórnarinnar standist stjórnarskrá telja að svo sé ekki.

[12:09]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gerði athugasemdir við nefndarálit meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar og taldi að skort hefði á efnisleg rök og vildi að gerð yrði grein fyrir efnislegri umræðu sem fór fram í hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Það má því segja að með þessum athugasemdum mætti ætla að sjálfur gerði hv. þingmaður meiri kröfu til þess nefndarálits sem hann stendur fyrir þrátt fyrir að það standi varla almennilega undir því að hafa rakið efnislega umræðu með þeim hætti sem fór fram í nefndinni. Til dæmis segir í nefndarálitinu að lögfræðingar sem komu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd hafi allir sem einn eindregið varað við því að fara þá leið sem ríkisstjórnin hyggst fara.

Ég kannast ekki við að allir lögfræðingar sem komu fyrir nefndina hafi haft þessi viðhorf og t.d. er ég nokkuð viss um að lögfræðingarnir Garðar Garðarsson, Baldur Guðlaugsson og Gunnar Björnsson kannist ekki við að hafa varað eindregið við að fara þessa leið né heldur get ég tekið undir að t.d. lögfræðingarnir Sigurður Líndal og Eiríkur Tómasson, sem sérstaklega voru kallaðir á fund nefndarinnar, kannist við að hægt sé að túlka orð þeirra með þeim hætti að þeir teldu víst, þ.e. hefðu vissu fyrir, að frumvarpið færi gegn ákvæðum stjórnarskrár um eignarrétt og jafnræði, eins og segir í nefndarálitinu. Þeir töluðu hins vegar um að fara þyrfti varlega, en þeir höfðu enga vissu fyrir því. Það var ekki eins og þeir væru að greina frá því hver þeirra niðurstaðan væri, að þetta væri öruggt. Þeir sögðu varlega, sterkari orð höfðu þeir ekki um það. Jafnframt er ekki hægt að draga þá ályktun af dómafordæmum sem voru dregin til efnahags- og viðskiptanefndar að þau styðji þessa fullyrðingu.

[12:11]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég man ekki betur en hv. þingmaður hafi setið báða eða alla þá fundi sem efnahags- og viðskiptanefnd hélt þegar umræður um þetta mál fóru fram. Hver einn og einasti lögfræðingur sem var spurður um hvort þetta stæðist stjórnarskrá svaraði á þann veg að hann teldi það afar ólíklegt. Það var reyndar þannig að þeir lögfræðingar sem voru spurðir sögðu til að mynda varðandi eignarréttarákvæðið að það væri nánast víst að það mundi ekki standast. Hið sama má segja um ákvæðið um forsetann. Þeir kváðu misfast að orði eftir því hvaða ákvæði stjórnarskrárinnar var um að ræða, eftir því hvort rætt var um eignarréttarákvæðið, um ákvæðið um jafnræði eða um ákvæðið um forsetann. Á sama hátt guldu þeir allir varhuga við afturvirkni en það er meginregla að lög skuli ekki vera afturvirk. Þeir lögfræðingar sem komu fyrir nefndina og tjáðu sig um þetta tiltekna atriði kváðu allir sem einn upp úr um að ekki ætti að fara þessa leið sem ríkisstjórnin er að fara. En samt sem áður stendur það eftir, og því er best að spyrja hv. þingmann hvort hún telji ekki eðlilegt þegar svona mikill vafi leikur á að frumvarp eða hugmyndir sem ríkisstjórnin er með standist stjórnarskrá, að draga það fram í meirihlutaáliti þegar svona eindregið er varað við því að fara slíka leið. Er ekki eðlilegt að koma slíkum sjónarmiðum á framfæri? Ég spyr hv. þingmann að því.

[12:13]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú veit ég ekki alveg hvernig hv. þingmaður skilgreinir hverjir eru lögfræðingar og hverjir eru ekki lögfræðingar. Er hann segja að Gunnar Björnsson

og Baldur Guðlaugsson, sem viðhöfðu aldeilis ekki þessi orð, séu ekki lögfræðingar? Eða hvernig ber að skilja þetta þegar hann segir allir sem einn? Það er ekki hægt að fullyrða neitt með þessum hætti eins og gert er í nefndarálitinu.

Síðan benti ég jafnframt á að lögfræðingar sem voru beðnir um að draga fram dómafordæmi gátu ekki fundið dómafordæmi sem styðja þá fullyrðingu að þetta færi gegn stjórnarskránni.

Varðandi forsetann þá er líka í nefndarálitinu fullyrðing um að stjórnarskráin heimili ekki að laun forseta séu lækkuð á miðju kjörtímabili og látið að því liggja að allir lögfræðingarnir sem einn hafi talið víst að stjórnarskráin heimili ekki að laun forseta séu lækkuð á miðju kjörtímabili. Þetta er bara alrangt. Það var enginn lögfræðingur sem tjáði sig með þessum hætti að hægt sé að fullyrða slíkt, eins og kemur fram í nefndarálitinu. 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands var margoft lesin, en þar segir: „Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans." Jafnframt er vísað í greinargerð með stjórnarskránni, með umræddri grein stjórnarskrárinnar, þar sem segir:

„En ákvæðið miðar að því að hindra, að fjárhagslegum þvingunarráðum verði beitt gegn forseta eða Alþingi eftir á reyni með þessum hætti að ná sér niðri á forseta. Með fyrirmælunum er einungis verndaður réttur forseta til sömu krónutölu og hann í upphafi hafði, en engan veginn tryggt, að kaupmáttur krónunnar haldist óbreyttur."

Ég held að það hafi ekki verið nokkur vafi í huga flestra þingmanna þarna inni að ekki sé hægt að fullyrða með þeim hætti sem minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar gerir tilraun til.

[12:16]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að gera þá játningu hér að kannski birtist í þessari ræðu sá veruleiki sem endurspeglast svo í nefndarálitinu. Það er talið rétt að segja ekkert frá þeirri umræðu sem fram fór og koma síðan hér og halda því fram sem manni dettur í hug, því sem hentar á því tímabili. Þetta er með hreinum ólíkindum. Hver einn og einasti lögfræðingur sem var spurður um stjórnarskrána taldi að þetta færi í bága við hana. (**Gripið fram í:** Baldur Guðlaugsson.) Baldur Guðlaugsson var ekki spurður um þetta. Bara til að halda því til haga. Hver einasti lögfræðingur sem var spurður nefndi þetta með þessum hætti. Eiríkur Tómasson talaði mjög skýrt fyrir þessu. Sigurður Líndal vísaði í minkadóma og fleiri dóma sem nefndir voru í þessari umræðu. Ég spyr: Var hv. þingmaður ekki á fundinum þó líkaminn hafi verið þarna? Fylgdist hv. þingmaður ekkert með þeirri umræðu sem fram fór? Það er með hreinum ólíkindum þegar menn koma hér, hv. þingmenn meiri hlutans, með nefndarálit sem greinir ekkert frá umræðum og halda því fram að eitthvað allt annað hafi farið fram en það sem raunverulega fór fram.

[12:17]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér greinir menn á um hvað lögfræðingar sögðu í hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Sitt sýnist hverjum. En ég vil, vegna þess að við höfum þá ekki hér inni í þingsalnum, vitna í orð Sigurðar Líndals, prófessors í lögum, sem kom fram í fréttum sjónvarps 29. desember á síðasta ári. Þar sagði hann þegar verið var að ræða þessi mál, með leyfi forseta:

„Ég tel að það séu nú veruleg vandkvæði á því en ekki útilokað."

Þá var verið að ræða um hvort Alþingi Íslendinga gæti breytt lögunum afturvirkt. Þetta er nákvæmlega það sem kom fram í nefndinni: Lögfræðingar tala um að það þurfi að fara varlega en þeir töluðu alls ekki um að þetta væri útilokað. Þeir sögðu alls ekkert af eða á um það. Það kom fram að til grundvallar þyrfti að liggja brýn nauðsyn eða réttmæt rök, og við teljum svo vera. Taka þurfti pólitíska ákvörðun og það gerum við hér í þessu máli. Það er það sem við höfum til hliðsjónar. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt það orðrétt að þetta kæmi alls ekki til greina. Ég vil að það komi fram.

En ég fór nú aðallega hér upp í andsvar vegna orða hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar um að ríkisstjórnin hefði ekki haft hugmynd um hvernig átti að snúa sér í málinu þegar þessi dómur féll. Ríkisstjórnin vissi það alveg og vildi bregðast hratt við og skipa vinnuhóp sem átti að vinna hratt að því að endurskoða kjaradóminn og átti sá hópur að skila af sér fyrir þingbyrjun núna í þessari viku. Ég held að það hefði verið langfarsælast ef menn hefðu tekið þátt í því og við hefðum verið að ræða hér endurskoðun á þeim vinnureglum núna, en ekki í lok mars.

[12:19]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get að sumu leyti tekið undir lokaorð hv. þingmanns, vel má vera að skynsamlegra hefði verið að hefja þessa vinnu strax. En það breytir ekki hinu að vandinn verður sá sem við stöndum frammi fyrir í dag þegar úrskurðurinn kemur til framkvæmda. Þar eru eiginlega vatnaskil — þá verður þessi vandi til. Í þeim skilningi hefði kannski ekki skipt öllu hvort þessi vinna hefði farið fram strax í byrjun janúar eða hvort hún á sér stað síðar. Við erum að bregðast við þeirri staðreynd að úrskurðurinn er kominn til framkvæmda með þeirri tillögu sem við hér leggjum til.

Mér þótti á hinn bóginn miður að skynja það viðhorf sem mér fannst koma fram í ræðu hv. þingmanns, og þá ætla ég ekki að gera ágreining um hversu fast lögmennirnir kváðu að orði um þessa hluti. Hv. þingmaður er tilbúinn til þess, þrátt fyrir öll þau varnaðarorð sem höfð eru uppi, að leyfa stjórnarskránni ekki að njóta vafans. (Gripið fram í.) Ég er að vitna hér í orð hv. þingmanns sem sagði að mikill vafi hefði leikið á því að þetta stæðist. Ég er bara að taka þau orð. Ég er ekki að taka þann skilning sem ég hef á málinu. En hv. þingmaður sagði að lögmennirnir hefðu sagt að á þessu léki mikill vafi. Mér þykir miður að þau viðhorf skuli þá vera uppi í tilvikum sem þessum að hv. þingmenn séu ekki tilbúnir að láta stjórnarskrána (Forseti hringir.) njóta vafans.

[12:22]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi eitthvað mistúlkað orð mín því það kom ekki fram hjá mér að það léki mikill vafi á þessu. Ég sagði að það væri brýn nauðsyn og réttmæt rök fyrir því að við erum að taka þessar ákvarðanir sem við erum að framfylgja hér í dag. Þannig að það er nú ekki rétt. En ég fagna því sem fram kom hjá hv. þingmanni að það er ekki mikill munur á túlkunum okkar og menn geta auðvitað túlkað orð fram og til baka og það er auðvitað kjarni málsins. En það er líka þannig þegar við skoðum þessar tillögur, bæði meiri og minni hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar, að það ber kannski ekki mjög mikið á milli. Ég held að það sé mikilvægt að við klárum þessa umræðu í dag og förum að koma þessu máli í þann farveg sem það á að fara, þ.e. að þessi nefnd geti tekið til starfa því öll viljum við að þetta fari í annan farveg og verði klárað. Ég efast ekki um að við eigum eftir að ræða þá niðurstöðu, vonandi í vor áður en þing klárast.

[12:23]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég harma að ekki skuli hafa náðst þverpólitísk samstaða hér á Alþingi um afgreiðslu þessa máls. Þegar óánægjualdan í þjóðfélaginu reis í kjölfar úrskurðar Kjaradóms 19. desember sl. lýsti stjórnarandstaðan á Alþingi því yfir, og gerði reyndar kröfu um, að þing yrði kallað saman þegar í stað til að bregðast við kröfu þjóðfélagsins. Hver var sú krafa? Af hverju stafaði sú reiði sem gerði vart við sig í þjóðfélaginu á þessum tíma? Hún stafaði af því mikla kjaramisrétti sem þjóðin er að verða vitni að. Við erum að verða vitni að því annars vegar að stóreignamenn, sem margir hverjir hafa komist yfir auð sinn vegna pólitískra vildargreiða, eru að höndla hér, einir og sér, eru að höndla persónulega, fyrir marga milljarða, í einu tilvikinu 5,5 milljarða á einu bretti. Þetta eru einstaklingar sem búa yfir þessum auði sem þeir hafa safnað til sín í skjóli þeirrar ríkisstjórnar sem situr að völdum. Annars vegar er fólk að horfa upp á þetta, upp á starfslokasamninga sem nema hundruðum milljóna kr., upp á mánaðarlaun sem eru talin í milljónum, tugum milljóna og jafnvel hundruðum milljóna. Hins vegar horfum við til láglaunafólksins og millitekjufólksins, að ekki sé talað um öryrkja og atvinnulausa sem eru búin slík afarkjör að fólk nær ekki endum saman, á ekki fyrir nauðþurftum.

Þegar úrskurður Kjaradóms fellur þykir hann táknrænn um þessa þróun. Krafa stjórnarandstöðunnar um að þing kæmi saman laut að því að við ræddum ekki einvörðungu um niðurstöðu Kjaradóms, að við létum ekki sitja við það eitt að ýta honum út af borðinu og stíga þannig fyrstu skrefin til að jafna kjörin innan opinbera geirans sem er sjálfsagður hlutur að gera. Nei, við vildum stíga stærri skref. Við vildum ræða úrræði sem löggjafinn gæti gripið til núna til að draga úr kjaramisréttinu í þjóðfélaginu. Við vildum t.d. ræða skattastefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur orðið þess valdandi að álögur á láglaunafólk hafa aukist stórlega á sama tíma og stóreignafólkið er lagt í bómull, létt af því sköttum. Eða gera menn sér grein fyrir að þegar skattaáform ríkisstjórnarinnar eru komin til framkvæmda þá mun sá einstaklingur sem aflar 12 millj. kr. á ári hagnast vegna skattkerfisbreytinga stjórnvalda um 1 millj. kr. á ári. Á sama tíma og öryrkinn kemur til með að greiða sem nemur örorkubótum í tvo mánuði í skatta. Þetta er hin pólitíska stefna sem við vildum ræða. Og ekki bara að ræða heldur reyna að ná samstöðu um úrræði sem dragi úr þessu hróplega misrétti í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin hafnaði kröfu stjórnarandstöðunnar. Hún treysti sér ekki til að horfast í augu við afleiðingar eigin gerða. Hún vildi einskorða umræðuna við það eitt að taka á úrskurði Kjaradóms. Við höfðum lýst því yfir, og gerðum það allar götur frá því að málið kom upp á borðið, að við værum því samþykk. En við vildum ekki láta sitja við þetta eitt heldur stíga skref til kjarajöfnunar í þjóðfélaginu. Það ber að harma að stjórnvöld skuli ekki hafa haft vilja til að verða við þeim réttmætu kröfum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram tillögur hér á Alþingi í haust sem ganga út á kjarajöfnun — að létta byrðunum af láglauna- og lágtekjufólkinu og bæta stöðu þess innan velferðarkerfisins með því að draga úr og afnema helst gjaldtöku, t.d. innan heilbrigðisþjónustunnar. Við erum því fylgjandi að létta sköttum af þeim sem búa við bágborin kjör. Í tillögum okkar um hækkun fjármagnstekjuskatts er að finna ákvæði um persónuafslátt til smásparandans. Þegar eignarskatturinn kom til umfjöllunar, áform ríkisstjórnarinnar um að nema hann úr gildi, bentum við á að við ættum að aðgreina annars vegar þann hóp sem býr við góð kjör, að ekki sé minnst á ofurkjörin, stóreignafólkið, og hins vegar hina sem búa við bágborin kjör. Skyldu menn gera sér grein fyrir því að þeir sem eiga skuldlausa eign að verðmæti meira en 100 millj. kr. greiða sem nemur að meðaltali 900 þús. kr. í skatt á ári. Hann er numinn brott. Hann er numinn brott með öllu. Þetta eru geysilegar kjarabætur fyrir þennan hóp. En hinir sem ekkert eiga og hafa ekki úr að spila nema örorkubótum, atvinnuleysisbótum eða lágum launum hagnast að sjálfsögðu ekki með þessum breytingum.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lögðum fram tillögur um að breyta eignarskattinum þannig að skattviðmiðið yrði hækkað verulega en stóreignamenn yrðu hins vegar ekki undanþegnir skatti. Okkar tillögur hafa þannig gengið út á að jafna kjörin í þjóðfélaginu. Út á það gekk krafa þjóðarinnar í desembermánuði. Niðurstaða Kjaradóms, eins og ég gat um áðan, var hins vegar táknræn fyrir þessa þróun. Að vissu leyti má segja að í öllum athöfnum ríkisstjórnarinnar í tengslum við málið felist afneitun á að horfast í augu við afleiðingar eigin gerða. Eða muna menn eftir umræðunni sem fram fór í þessum sal árið 1996, um breytta réttar- og réttindastöðu starfsmanna hins opinbera? Þar var kveðið á um í lögum að reynt yrði að færa kjaraumhverfi innan hins opinbera til samræmis við það sem tíðkast á einkamarkaði, ekki bara hjá láglaunafólki heldur líka hjá þeim sem stæðu á toppnum. Þetta var yfirlýst stefna, yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar. Nú eru afleiðingarnar að koma í ljós, ávextirnir af ræktunarstarfi ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Hlustið á málflutninginn og rökstuðninginn úr stjórnarherbúðunum þegar þessi mál eru rædd. Menn hafa ekki áhyggjur af því kjaramisrétti sem dómur Kjaradóms er ein

vísbendingin um. Menn hafa ekki áhyggjur af kjaramisréttinu sem slíku, heldur hinu að launafólkið, láglaunafólk, millitekjufólk, öryrkinn og hinn atvinnulausi, komi auga á misréttið og geri kröfur sér til handa. Það er ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin vill grípa til aðgerða og engin önnur.

Það kemur fram í áliti meiri hlutans í efnahags- og viðskiptanefnd að niðurstaða Kjaradóms hafi vakið sterk viðbrögð og leitt til óróa á vinnumarkaði og aðgerðir stjórnarmeirihlutans lúti að því einu að lægja þær öldur. Hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar, Pétur H. Blöndal, kom í ræðustól þegar þetta mál kom fyrst til umfjöllunar og sagði eitthvað á þá leið að það væri áhyggjuefni hvaða kjör þingmönnum væru búin. Það fældi fólk frá, þ.e. einhverja af vinum þingmannsins frá því að sækjast eftir slíku starfi. Hann gagnrýnir með öðrum orðum ekki kjörin sem slík heldur hvernig þessa hluti ber að. Út á það gengur gagnrýnin. Okkar gagnrýni lýtur á hinn bóginn að kjaramisréttinu, bæði í samfélaginu almennt og einnig innan hins opinbera. Við höfum orðið vitni að kjarasamningum þar sem betur er gert við þá sem standa ofar en hina sem standa neðar í launastiganum. Þetta eru staðreyndir. Þær hafa verið staðfestar í umræðum um þetta mál og umfjöllun innan efnahags- og viðskiptanefndar þingsins.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessi mál núna þótt fullt tilefni væri til að ræða stefnu ríkisstjórnarinnar á fjölmörgum sviðum, stefnu sem hefur leitt af sér misrétti á misrétti ofan. Um það er hægt að taka fjölmörg dæmi en ég mun ekki gera það að sinni. Ég hefði hins vegar viljað leggja áherslu á að með þessu máli, með úrskurði Kjaradóms, birtist aðeins ein mynd. Þetta er birtingarmynd hins mikla misréttis sem skapast hefur í samfélaginu. Reyndar er það rangt orðalag að segja að það hafi skapast, það hefur verið skapað vegna þess að að baki því búa ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

Hæstv. forseti. Við höfum gert grein fyrir tillögum okkar. Ég vísa þar í mál hv. framsögumanns Lúðvíks Bergvinssonar. Við teljum að aðferð okkar, við að ýta ákvörðun eða niðurstöðu Kjaradóms út af borðinu, sé heppilegri og skynsamlegri og betur í takt við þær ábendingar sem efnahags- og viðskiptanefnd fékk um málið frá sérfróðum aðilum sem til voru kallaðir. Við viljum ganga lengra en ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn að því leyti að við viljum að niðurstöður Kjaradóms frá 19. desember verði að öllu leyti settar á ís. Að öllu leyti og engin 2,5% launahækkun núna. Engin. Við viljum að fest verði í lög skuldbindandi dagsetning um að nýtt fyrirkomulag liggi fyrir um miðjan marsmánuð og að þeir sem komi til með að taka ákvarðanir fyrir 1. júní næstkomandi komi að hreinu borði. Þar horfi þeir aftur til 1. febrúar. Það er ekki þar með sagt að þeir geti ekki ákveðið að frá 1. febrúar skuli engin launahækkun koma til framkvæmda. Við bindum ákvörðunaraðilann ekki niður að því leyti.

Það sem liggur á að gera er að ná samstöðu í þinginu um með hvaða hætti eigi að ákvarða launakjör þeirra sem nú heyra undir Kjaradóm og kjaranefnd. Ég hef sett fram þingmál um það efni. Fyrir allmörgum árum setti ég fram tillögu um tiltekið fyrirkomulag. Ég ætla ekki að gera það að umræðuefni núna. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma núna, hvað sem síðar verður þegar þessi mál koma að nýju til kasta þingsins. En síðan tek ég undir með hv. þingmanni Lúðvík Bergvinssyni með að þeir lögfróðu aðilar sem til voru kvaddir höfðu miklar efasemdir um og settu fram skýr og afdráttarlaus varnaðarorð við því að nálgun ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans kynni að brjóta í bága við stjórnarskrá.

Það er ekkert launungarmál, ég hef oft látið það koma fram opinberlega, að ég tel að menn hafi iðulega gengið of langt í að telja stjórnarskránni ógnað. Persónulega fannst mér ábendingar lögfræðinganna ekki vera sannfærandi. Ég er ekki sannfærður um niðurstöðu þeirra þótt við skírskotum til málflutnings þeirra í nefndaráliti okkar. Að sjálfsögðu, þótt ég sé ekki sammála niðurstöðum þeirra, finnst mér að Alþingi beri skylda til að taka varnaðarorð þeirra alvarlega og að haga lagasetningu þannig að ekki leiki vafi á að menn umgangist stjórnarskrána af tilhlýðilegri virðingu. Að sjálfsögðu vil ég styðja slíkt, hvað sem líður persónulegri skoðun minni á málinu.

Hæstv. forseti. Ég gæti haft um þetta fleiri orð en hér var gerð grein fyrir afstöðu okkar í ræðu talsmanns minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar og læt ég því máli mínu lokið.

[12:40]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að koma inn á eitt atriði í ræðu hv. þingmanns Ögmundar Jónassonar, sem ég er ekki alveg fyllilega sammála. Ég hefði viljað heyra betri skýringar af hans hálfu, þ.e. varðandi það að í nefndaráliti og breytingartillögum minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar sé gengið lengra en í tillögum meiri hlutans. Hv. þingmaður talar um að sú nefnd sem vonandi verður skipuð fyrir vorið komi að hreinu borði. Ég er ekki alveg sammála því. Mín túlkun er sú — væntanlega er hv. þingmaður með aðra túlkun á því — að við gerum ráð fyrir 2,5% hækkun eins og gerist og gengur á almennum vinnumarkaði. Þetta er mildari aðgerð og eðlilegt að hún fylgi þeirri þróun, a.m.k. að okkar mati. En þá líka er allt frá.

Við erum ekki með restina hangandi yfir þessari nefnd. Nefndin þarf því ekki að byrja á að taka tillit til, ef hún kæmist að þeirri niðurstöðu að hækka eigi launin, hvort það verði afturvirkt eða ekki. En hjá okkur er ekki um neitt slíkt að ræða. Ég mundi því kannski vilja fá betri útskýringar á þessu. Mér finnst að í tillögum okkar liggi skýrt fyrir að nefndin muni koma að hreinu borði. Engin afturvirkni, engir afgangar eftir frá því í desember.

Ég vildi benda á þetta en jafnframt fagna orðum hv. þingmanns. Ég er honum fyllilega sammála um að við eigum að ná samstöðu í þinginu með vorinu um hver starfsskilyrði Kjaradóms eigi að vera í framtíðinni.

[12:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Staðreyndin sú að ég hef verið því fylgjandi, út á það gekk þingmál mitt á sínum tíma, fyrir rúmum tíu árum, að Alþingi tæki ákvörðun um þessi launakjör og stæði og félli með þeirri ákvörðun. Fyrir því var ekki vilji á Alþingi. Með frumvarpi ríkisstjórnarinnar er slík ákvörðun hins vegar tekin. Alþingi hefur tekið ákvörðun um að laun

þingmanna og þeirra sem heyra undir Kjaradóm skuli hækka um 2,5% 1. febrúar.

Ég er andvígur því, nema að menn vilji ganga alla leið og fara að þeim tillögum sem ég lagði fram. Alþingi tekur þessa ákvörðun. Stjórnarandstaðan á Alþingi vill hins vegar ganga lengra að því leyti að launaákvörðunum verði öllum ýtt út af borðinu og engar hækkanir komi til sögunnar. Eða hvaða náttúrulögmál telja menn þessi 2,5% vera? Hver hefur umboð til að ákvarða það fyrir allt kjaraumhverfið í landinu? Það er bara alrangt. Ég vísa því alfarið til föðurhúsanna. Hver hefur ákvörðunarvald í því efni? (Gripið fram í.) Það er ekki niðurstaða víðtækrar þjóðarsáttar, því fer fjarri. Það er bara alrangt.

Ef menn vilja taka þá línu sem ég er talsmaður fyrir, að draga úr kjaramun í þjóðfélaginu almennt og innan hins opinbera, hvers vegna ekki byrja þá á þessum toppi og setja á hann bremsu á meðan unnið verður að því að ýta upp á við þeim sem búa við léleg eða miðlungs kjör? Það er sú stefna sem ég er fylgjandi. En ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi vill greinilega að ákvarðanir verði teknar hér um laun þeirra sem heyra undir Kjaradóm. Menn verða að vera sjálfum sér samkvæmir hvað þetta snertir. Við göngum lengra að þessu leyti og viljum hreint borð fyrir nýtt ákvörðunarferli.

[12:45]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson verðum ekki alveg sammála um þetta atriði vegna þess að í tillögu hv. minni hluta er verið að fresta úrskurðinum en ekki fella hann úr gildi eins og í tillögu okkar í meiri hlutanum. Eins og kom fram í máli mínu áðan töldum við að það væri mildari aðgerð að þessi 2,5% mundu fylgja eins og hefur gerst á almennum vinnumarkaði. Hv. þingmaður talaði um hreint borð og það er mín skoðun að við séum að skapa nefndinni hreint borð og ég vil ítreka það hér.

Það kom fram í máli hv. þingmanns að hann hefði lagt fram mál um að Alþingi tæki sjálft ákvörðun um launakjör. Það er eitt af því sem verður væntanlega rætt í þessari vinnu, við ræðum það þá í framhaldinu. Það er alveg ljóst, eins og fram kom í hv. efnahags- og viðskiptanefnd, að það er alveg sama í hvaða farvegi þessi mál verða. Slíkar ákvarðanir verða alltaf óvinsælar hvað varðar Alþingi en ég held að það sé mjög mikilvægt að launahækkanir komi fram með eðlilegri hætti eins og á almenna markaðnum en ekki í svona miklum stökkum. En við förum í þessa umræðu með opnum huga. En ég vil ítreka þau orð mín hér að ég tel svo sannarlega að við séum að gefa nefndinni fullt svigrúm og hreint borð. Við erum ekki að fresta úrskurðinum. Við sitjum ekki uppi með restina af prósentuhækkun heldur fellum hana úr gildi.

[12:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvers vegna ættu ákvarðanir um launakjör þingmanna alltaf að vera óvinsælar? Er það ekki bara ef þær eru ranglátar eða siðlausar? Hvers vegna er ekki hægt að taka ákvarðanir um þessi launakjör sem menn telja réttlátar? Ég held að það sé hægt.

Ég spyr hv. þingmann sem á eftir að koma inn í umræðuna: Hvers vegna vill þingmaðurinn að hátekjufólkinu, þeim sem tróna á toppnum, beri sama hlutfallshækkun og láglaunafólkinu, lægsta fólkinu, sama hlutfallshækkun miklu fleiri krónur að sjálfsögðu? Hvaða náttúrulögmál eru þetta? Ég bara spyr.

Ef menn vilja taka þessa kjaraákvörðun inn í (**DJ:** Þetta er útúrsnúningur.) Þetta er ekki útúrsnúningur, nei. Það hefur margoft verið samið um krónutöluhækkun í samningum. Ég hef staðið að slíkum samningum. (**PHB:** Ekki þú.) Ég hef gert það jú, við höfum gert það og það hefur margoft verið gert. Jú, jú. Ég get farið í ítarlega umræðu um þetta við hv. þm. Pétur H. Blöndal.

Ef þingið vill taka inn á sitt borð ákvarðanir um launakjör alþingismanna og ráðherra, gott og vel, þá er ég því fylgjandi en þá skulum við vera sjálfum okkur samkvæm og ganga alla leið. Hér er þingið hins vegar, samkvæmt tillögu stjórnar meiri hlutans, að taka þetta ákvörðunarvald í eigin hendur og grípur einhverja tölu úr samningum úti á vinnumarkaði, 2,5% og telur sig eiga rétt á því líka. Hvaða rétt telur Alþingi og stjórnarmeirihlutinn sig eiga á því? Ég hélt að við værum að grípa til þessara ráðstafana til að draga úr kjaramismun í samfélaginu. Er engin meining á bak við það? Við leggjum þess vegna til að dómnum verði ýtt út af borðinu að öllu leyti og menn gangi að hreinu borði.

[12:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til þess, þar sem við erum að tala um kjaramál í þessu þjóðfélagi, að fara nokkrum orðum um kjarastefnu ríkisstjórnarinnar. Það liggur fyrir, hæstv. forseti, að vaxandi mismunur er í þjóðfélaginu milli þeirra sem hafa hæstu launin og bestu kjörin og þeirra sem lakast eru settir í kjörum, þ.e. þeirra sem hafa lægstu launin. Það má líka nefna eldri borgara, það má nefna öryrkja og ríkisstjórnin stuðlar að því að það dragi enn frekar í sundur í rauntekjum fólks með skattstefnu sinni.

Það er auðvitað hægt að hafa skattstefnu í þessu landi sem kæmi fólki með lægri tekjur verulega til góða. Við í Frjálslynda flokknum höfum ítrekað bent á að skattstefna sem hefði haft það að markmiði, úr því að menn vildu skoða hvort ekki mætti laga til í skattkerfinu, að hækka persónuafsláttinn verulega hefði verið raunhæfasta kjarabótin fyrir þá sem lægri hafa launin. Það segir sig sjálft, virðulegi forseti, að þegar ríkisstjórnin er að fjölga skattgreiðendum með því að breikka skattstofninn — fjölga skattgreiðendum í lágtekjuhópunum, fjölga skattgreiðendum í hópum verkamanna og iðnverkamanna, eldri borgara og öryrkja — þá er verið að leggja tekjuskatt á fólk sem hefur varla nægilegar tekjur sér til framfærslu. Það þýðir ekkert að mæla því í mót að fólk með 100 þús. kr. í tekjur greiðir tekjuskatta, 9 þús. kr. um það bil í tekjuskatta. Þetta fólk hefur ekki notið neinna sérstakra kjarabóta í gegnum breytingar á skattkerfinu miðað við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið. Ríkisstjórnin valdi þá forgangsröðun að aflétta hátekjuskatti á fólk með háar tekjur, valdi þá forgangsröðun að fara í flata prósentulækkun á tekjuskatti sem kemur þeim eðlilega best sem hæstar hafa tekjurnar. Það liggur ljóst fyrir að þær að-

gerðir sem ríkisstjórnin hefur valið hvað varðar breytingar á tekjuskatti virka þannig að þeir sem hafa hæstu launin fá miklu fleiri krónur í vasann en þeir sem lægri tekjurnar hafa.

Um þetta er grundvallarágreiningur milli ríkisstjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar að því leyti að við höfum talið að eðlilegra væri að reyna að hækka rauntekjur þeirra sem lægstar hafa tekjurnar meira — það hefði verið auðveldast að gera með því að setja fjármuni í persónuafsláttinn. Ef skattar eru lækkaðir um 1%, eins og ríkisstjórnin hefur valið, lækka tekjur ríkissjóðs um 4 milljarðar kr. Ef þeir peningar hefðu verið settir yfir í persónuafsláttinn þá lægi hækkunin þar fyrir sömu fjármuni á bilinu 2.500–2.600 kr. hjá einstaklingi. Það hefði sem sagt verið hægt að fara þá leið í skattstefnunni að hækka persónuafsláttinn um kannski tæpar 11 þús. kr. á kjörtímabilinu í stað þess að fara í 4% lækkun á tekjuskattinum, þ.e. 1% á síðasta ári, 1% nú og síðan 2% á kosningaárinu 2007. Við teljum að það hefði komið láglaunafólkinu miklu betur og orðið til þess að hér væri í raun og veru verið að hífa upp þá sem lægri hafa launin sem hefðu notið þeirra skattbreytinga betur í rauntekjum sínum en núverandi stefna leiðir af sér.

Hæstv. forseti. Það hefur ýmislegt merkilegt komið í ljós við yfirferð á þessu máli í efnahags- og viðskiptanefnd. Það hafa verið dregnar fram upplýsingar um það að í okkar launaþróun er samanburður við það sem er að gerast í kerfinu og við höfum tvenns konar fyrirkomulag: Við höfum lög um Kjaradóm og kjaranefnd og kjaranefndin úrskurðar yfir ákveðinn hóp og Kjaradómur yfir annan hóp.

Ég held að þetta sé ekki mjög gott fyrirkomulag, hæstv. forseti. Það er hætta á því að í þessum ákvörðunum, annars vegar kjaranefndar og hins vegar Kjaradóms, verði víxlverkun upp á við — Kjaradómur fer inn á forsendur kjaranefndar sem venjulega úrskurðar hækkanir á undan. Kjaranefndin hefur fundið sér viðmiðanir í sambærilegum störfum eða eins og það er metið, m.a. hjá ríki, borg og sveitarfélögum og þetta verður svona skrúfa upp á við. Það kann að vera að ef allar breytingar í launakerfinu lægju ljósar fyrir þegar hver og einn gerir kjarasamninga fyrir sína starfsstétt þá gæti þetta fyrirkomulag gengið. Ég er hins vegar á þeirri skoðun, hæstv. forseti, að þegar þessi lög um Kjaradóm og kjaranefnd verða endurskoðuð eigi að horfa til þess hvort ekki eigi að vera eingöngu einn úrskurðaraðili, þ.e. annaðhvort kjaranefnd eða Kjaradómur eða hvað svo sem við köllum það. Ég lít svo á að Kjaradómur sé í raun og veru gerðardómur. Úrskurður Kjaradóms er ígildi kjarasamnings vegna þess löggjafinn hefur jú valið þetta fyrirkomulag til að komast að niðurstöðu um laun ákveðinna hópa í þjóðfélaginu. Þegar niðurstaðan er fengin verður úrskurðurinn ígildi kjarasamnings að mínu viti. Þetta er svo sem fyrirkomulag sem hefur viðgengist víða og menn hafa oft notað gerðardóma til að ákvarða laun og launabreytingar þegar ekki hefur tekist að leysa mál á annan hátt. Ég er ekkert viss um, og hef sagt það áður úr þessum ræðustóli, að við finnum annað betra fyrirkomulag til framtíðar en að hafa einhvers konar dóm eða nefnd til að ákveða laun alþingismanna og annarra sem efstir eru í opinberu kerfi.

Hitt er annað, hæstv. forseti, og kem ég þá að víxlverkuninni aftur, að í kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði eru innibyggð ýmis atriði sem ekki eru fyrir séð. Ég geri þó ráð fyrir því að með lengri reynslu manna af ýmsum ákvæðum í samningum opinberra starfsmanna safnist smátt og smátt upp gagnleg vitneskja hvað það varðar. Þeir sem sjá um að semja ættu þá að geta þekkt betur afleiðingar sem fylgdu varðandi launahækkanir á gildistíma kjarasamnings.

Kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði hafa innibyggð ýmis atriði sem ekki eru fyrirséð þó að ég geri ráð fyrir að með lengri reynslu manna af ýmsum ákvæðum sem eru í samningum opinberra starfsmanna komi smátt og smátt til þekking sem gerir það að verkum að þeir sem eru að semja vita betur hvaða afleiðingar fylgja varðandi launahækkanir á gildistíma kjarasamnings. En það virðist samt sem áður vera svo, hæstv. forseti, að í þessum launasamningum séu ákveðnar skrúfur sem virðast bara geta skrúfast upp á við. Okkur hafa verið kynntar niðurstöður í samningum BHM við ríkið og í samningum BSRB og síðan hefur auðvitað verið samið við mörg sveitarfélög. Það virðist vera svo, hæstv. forseti, að vegna ýmissa ákvæða sem eru í þessum samningum séu enn þá inni í kerfinu launahækkanir sem koma munu til framkvæmda um mitt þetta ár og sem eftir á að taka tillit til við ákvörðun launa kjaranefndarfólks og kjaradómsfólks sem heyra undir þessar stofnanir.

Hæstv. forseti. Af þeim upplýsingum sem fram komu í efnahags- og viðskiptanefnd og ýmsum orðatiltækjum sem þar voru notuð um það sem ég vil kalla hálfpartinn sjálfvirka hækkun, hækkunarskrúfu í þessum kjarasamningum, verður ekki nákvæmlega séð fyrir hvað þetta muni leiða af sér. En að öllu samanlögðu er alveg ljóst að það mun leiða til hækkana miðað við það kerfi sem við höfum.

Síðan verð ég að segja, hæstv. forseti, að þær upplýsingar sem komið hafa fram í hv. efnahags- og viðskiptanefnd, virðast vera þannig að það séu þó nokkur rök fyrir niðurstöðu Kjaradóms. Þó hef ég þar á einn afar sterkan fyrirvara. Ég tel að það hafi verið misráðið, nánast afglöp hjá Kjaradómi að taka núna inn þau 3% sem skilin voru eftir í janúar 2004. Það var búið að kveða upp úrskurði í Kjaradómi fyrir þann umdeilda úrskurð sem við ræðum hér án þess að þessi prósentuhækkun hafi verið tekin inn. Ég tel að ekki hefði átt að taka þessar prósentur inn við þessi áramót og það hafi í raun og veru verið mjög vanhugsuð aðgerð að gera það úr því menn gerðu það ekki á sínum tíma þegar aðrar stéttir fengu viðmiðunarhækkanir um áramótin 2003/2004.

Ef það hefði ekki verið gert í þessum dómi hefði launahækkun til alþingismanna og annarra í þessum skala verið um 5% í stað 8,18. Ég tel að það hefði verið rökréttari niðurstaða og tel misráðið í ákvörðun Kjaradóms að hafa tekið þessa viðmiðun inn. Eins og ég sagði áðan hef ég miklar efasemdir um að það eigi að vera tvær stofnanir í þessu launaferli, Kjaradómur og kjaranefnd. Það er full ástæða til að endurskoða lögin um Kjaradóm og kjaranefnd og fara yfir hvernig þessum málum á að vera fyrirkomið í framtíðinni, í fyrsta lagi að það verði ekki endalaus víxlskrúfa upp á við þar sem Einbjörn miðar við Tvíbjörn o.s.frv. Og í öðru lagi að setja kannski um það skýrari fyrirmæli við hvaða atriði á að miða í ákvörðunum Kjaradóms. En eins og komið hefur fram í bréfaskriftum milli Kjaradóms og hæstv. forsætisráðherra þá lítur Kjaradómur svo á, ef túlka

má bréf formanns Kjaradóms, að leiðsögn Kjaradóms um þau atriði sem snúa að viðmiðun við hinn almenna vinnumarkað séu heldur veikburða. Í mínum huga eru þau ekki mjög veikburða því þar segir: „Enn fremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði." Þetta er samt túlkun þeirra og hefur sennilega mótast í niðurstöðum Kjaradóms alveg frá 1992.

Ég tel fulla ástæðu til að unnið verði vel að því að endurskoða lögin um Kjaradóm og kjaranefnd og vonandi tekst það vel. Á grundvelli nýrra laga verði síðan til Kjaradómur eða kjaranefnd eða hvaða niðurstöðu menn komast að þar. Ég tel í raun og veru að það eigi bara að vera eitt ákvörðunarferli, þ.e. annaðhvort Kjaradómur eða kjaranefnd og það sé ekkert sjálfgefið þegar slík stofnun kveður upp úrskurð um launaviðmiðanir fyrir starfsmenn í hinu opinbera kerfi að þá fylgi alþingismenn alltaf með í þeirri ákvörðun á sama tímapunkti eða dómarar o.s.frv. Það sé sem sagt ekki skrifað í lagatextann að allir hópar sem undir ákvörðunina heyri fái breytingar á sama tímapunkti þó að það sé einn og sami aðili sem kveði upp niðurstöðuna. Ég held að það sé betra en að hafa þá viðmiðun sem menn hafa í dag að Kjaradómur miðar við niðurstöðu kjaranefndar o.s.frv. o.s.frv.

Það liggur ljóst fyrir, virðulegi forseti, að það hefði verið miklu auðveldara að fást við þessi mál öllsömul ef við hefðum borið gæfu til þess að taka þessi lög úr sambandi fyrir áramót þannig að þau hefðu aldrei komið til framkvæmda. Það var tillaga stjórnarandstöðunnar að gera slíkt, að kalla þingið saman og fella lögin úr gildi, stöðva framkvæmdina með lögum áður en hún kæmi til framkvæmda. Nú sitjum við uppi með það að þessi laun hafa verið greidd og það er greinilegt af viðtölum við þá lögmenn og ýmsa aðila sem komið hafa á fund efnahags- og viðskiptanefndar að þeir draga þá ályktun að það sé miklu erfiðara að taka á þessum málum eftir að launagreiðslur hafa komið til framkvæmda. Þar af leiðandi er það niðurstaða mín, hæstv. forseti, að það hafi verið mjög misráðið hjá hæstv. forsætisráðherra að taka ekki því tilboði stjórnarandstöðunnar sem lá fyrir milli jóla og nýárs, að taka þetta mál inn í þingið og afgreiða það á tiltölulega stuttum tíma. Ég held að við höfum nefnt að hægt væri að afgreiða þetta á tveimur klukkustundum í þinginu og láta þessi lög ekki koma til framkvæmda. Það hefði verið miklu eðlilegri framgangsmáti á málinu og mundi gera okkur málið auðveldara og við værum lengra komin í málinu en við erum í dag varðandi það að skoða lög um kjaranefnd og Kjaradóm. Ég tel því að það hafi verið mistök hjá hæstv. forsætisráðherra að þiggja ekki þetta boð stjórnarandstöðunnar að kalla þingið saman. Og ég tel að það hafi verið mistök hjá Kjaradómi að taka þessi 3% inn í úrskurðinn nú svo ég dragi það saman í stuttu máli sem ég hef verið að segja hér.

Hitt verð ég að segja, hæstv. forseti, að það virðist ljóst að tilefni sé til launahækkana vegna þess að það er launaskrið í opinbera geiranum. Það kemur til af ýmsum ástæðum. Þar hafa verið nefndir stofnanasamningar og launaflokkahækkanir og svokallað vörpunarákvæði, nýyrði sem ég heyrði fyrst í efnahags- og viðskiptanefnd þar sem mönnum er varpað upp á við í launakerfinu ef samanburður á milli launaflokka er meiri en ákveðin prósenta. Allt virðast þetta vera nokkuð sjálfvirkar skrúfur í launaskriði í opinbera geiranum og það er auðvitað allt öðruvísi fyrirkomulag og ákvarðanir en á almenna vinnumarkaðnum. Mér sýnist, hæstv. forseti, og get ekki dregið dul á það að almennir verkamenn í landinu og iðnverkafólk sé að dragast aftur úr fólki sem vinnur hjá því opinbera, ríki og sveitarfélögum. Ákvarðanir kjaranefndar og Kjaradóms byggjast svo á þessu launaskriði ofan á þessi kerfi og þar er verið að hækka hæstu launin um þær prósentur sem við höfum verið að tala hér um. Þetta leiðir auðvitað til þess að það dregur áfram í sundur með stéttum í þjóðfélaginu. Þeir sem njóta launaskriðs og ákveðinna viðmiðana við það og fá hækkanir út á það bæta kjör sín miklu meira en verkafólkið, það situr eftir. Þetta virðist hafa átt sér stað og vera innbyggt í BHM- og BSRB-samningana og það er líka ljóst, hæstv. forseti, að ýmsir samningar við sveitarfélög vítt og breitt um landið, bæði á suðvesturhorninu og annars staðar, taka mið af þessu og þar er einnig um prósentuhækkanir að ræða sem ekki koma til verkafólks og iðnverkafólks. Það er ekki með slíkan samanburð tryggðan í samningum sínum.

Niðurstaðan á síðasta hausti varðandi laun verkamanna var sú að gera örlitla hækkun í prósentum, innan við 1% ef ég man rétt, og síðan eingreiðslu upp á 26 þús. kr. Að vísu var samið um önnur atriði eins og aðkomu ríkisins að örorkuþættinum í lífeyrissjóðakerfinu, sem ég tel mjög mikilsverða fyrir þessar stéttir í framtíðinni, og fleiri atriði. En eftir sem áður sýnist mér að málin séu þannig að það dragi frekar í sundur milli stétta hér á landi, þ.e. á milli verkamanna og iðnverkamanna og þeirra sem taka laun í opinberu kerfi.

Það hefur stundum verið sagt og haft að máltæki að verður sé verkamaðurinn launa sinna. Tek ég undir það. Ég tel afar misráðið að þær stéttir sem oftast vinna á lægstu töxtum þjóðfélagsins séu látnar sitja eftir vegna þess að í launakerfi annarra sé falin sjálfvirk skrúfa upp á við. Ég velti því fyrir mér, hæstv. forseti, hvort forustu ASÍ hafi ekki verið ljóst að slík ákvæði væru inni í kjarasamningum annarra stétta. Menn virðast hafa haft hugboð um það síðastliðið haust hvað þarna gæti verið á ferð án þess að hafa kannski séð það nákvæmlega fyrir. Þá er ég að tala um þá niðurstöðu sem Kjaradómur komst að og færði rök fyrir í efnahags- og viðskiptanefnd, að launaskriðið sem gert var ráð fyrir í ákvörðuninni væri að eiga sér stað.

Þess vegna held ég, hæstv. forseti, að verkafólk þurfi að huga vel að stöðu sinni og halda á lofti rétti sínum ef það á ekki að dragast verulega aftur úr í launamálum. Ég geri mér vel grein fyrir því að sú launaþróun sem gæti farið af stað við þá samanburðarfræði kann að verða þjóðfélaginu mjög erfið í þessari stöðu. Mér finnst samt að við verðum bara að horfast í augu við það. Það getur ekki verið svo að við unum því að launaskrið í opinbera geiranum og í hærri launakerfum þjóðfélagsins sé innbyggt í kerfið en að þeir sem hafa lægri launin og þeirra viðmiðanir dragist aftur úr.

Þetta held ég að menn þurfi að athuga vel og þess vegna er sú staða sem við erum í auðvitað afar viðkvæm. Við í minni hlutanum leggjum því til, og ég held að það sé rökrétt þótt erfitt sé eftir að lögin hafa komið til framkvæmda, að ákvörðun Kjaradóms verði tekin algerlega úr sambandi um skamman tíma og að unnið verði hratt að því að semja

nýjan lagagrunn fyrir Kjaradóm og kjaranefnd fyrir 15. mars. Jafnframt yrði auðvitað að huga að því hvernig þessi sjálfvirkni hefur átt sér stað og reyna að semja lögin í samræmi við að ákvarðanaferlið verði að taka mið af því sem er að gerast í launakerfum á almenna vinnumarkaðnum í meira mæli en verið hefur.

Það getur ekki verið svo til framtíðar, hæstv. forseti, að opinberi geirinn dragi launahækkanirnar áfram í þjóðfélaginu. Það hlýtur að þurfa að taka mið af framleiðslugetu og taka mið af því hvað framleiðsluatvinnuvegirnir, útflutningsatvinnuvegirnir þola varðandi launakjör. Að það sé litið til þeirra starfa þegar verið er að velta fyrir sér hverjar viðmiðanir eigi að vera í framtíðinni.

Ég held sem sagt, hæstv. forseti, að þegar þessu ferli verði lokið þurfi sérstaklega að huga að kjörum verkafólks í landinu. Mér sýnist það vera að dragast aftur úr öðrum. Auðvitað verður verkafólkið sjálft að taka upp sína vakt og fylgja því eftir í hvaða stöðu það er að komast. En þær upplýsingar sem hafa verið lagðar fram í þessu máli benda til að það sé launaskrið. Að það verði ekkert fram hjá því horft. Mér finnst ástæða til að vekja athygli á því að svo virðist sem ákvæði í ýmsum kjarasamningum um launaskrið sé sjálfvirkt og þar af leiðandi verða viðmiðanir upp á við í kjaranefnd og Kjaradómi.

Ég sé ekki sömu ákvæði í hinum almennu kjarasamningum. Þess vegna held ég að ef áfram heldur óbreytt muni draga enn frekar í sundur með þeim sem eru í hærri tekjunum og fólks á almennum vinnumarkaði. Þess vegna held ég að það sé rétt, hæstv. forseti, að staldra nú við og setja þessi lög, taka þetta ferli úr sambandi og skoða málin með það að markmiði að slík gliðnun haldi ekki áfram í þjóðfélaginu en hún hlýtur eingöngu að geta endað með sprengingu á vinnumarkaði og miklum átökum. Því að sjálfsögðu mun verkafólkið ekki una því að það sitji eftir þegar aðrir eru að taka til sín.

[13:21]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við erum í 2. umr. um Kjaradóm og úrskurð hans og þau frumvörp sem eru lögð hér fram. Það er rétt sem hefur komið fram að þegar þessi úrskurður féll 19. desember sl. þá olli hann töluverðum úlfaþyt. Ástæðurnar fyrir því taldi ég alveg augljósar. Ég tek það fram í upphafi að ég gerði skýra grein fyrir því að ég taldi heppilegra að Alþingi tæki þetta fyrir strax og afgreiddi þetta fyrir áramót. Það varð ekki niðurstaðan. Það er kannski ekkert aðalatriði en ég er eindregið þeirrar skoðunar að það hefði verið heppilegra og ítreka það nú.

Formaður kjararáðs og formaður kjaranefndar hafa báðir komið fyrir efnahags- og viðskiptanefnd í umræðunum og reynt að færa rök fyrir þessari gjörð, þessari hækkun. Ég tel þau rök ekki standast. Í gær var lagt fyrir efnahags- og viðskiptanefnd plagg frá Hagstofu Íslands, dagsett 19. janúar, sem sýndi launaþróun eins og Hagstofan reiknar hana út miðað við fjórða ársfjórðung árið 1999. Það má alltaf deila um þann tíma ársins sem menn setja upp í svona samanburði. Það er alveg rétt. En fjórði ársfjórðungur 1999 er ekkert vitlausari viðmiðun en hvað annað. Og þar kom mjög skýrt fram að sú launaþróun sem verið hefur er þannig að hinn almenni launamarkaður hefur hækkað minnst. Næst koma ríkisstarfsmenn og bankastarfsmenn og hæstu launin og mestu hækkanir hafa tekið þeir sem taka laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar og kjararáðs. Þetta eru tölur Hagstofunnar. Þær voru lagðar fram í gær. Að þeir sem um þetta véla geti fundið sér rök fyrir því að hækka enn frekar, eins og kom fram 19. desember, það er út af fyrir sig þeirra mál. Það er nú þannig, virðulegi forseti, að þeir sem vilja finna sér viðmiðun til hækkunar þeim tekst það oftast. Það þekkjum við bara úr hinni almennu kjarabaráttu, mönnum tekst það yfirleitt alltaf. Þannig er hún knúin áfram frá ári til árs með því að finna nýjar viðmiðanir sem réttlæta kröfurnar. Ég tel hins vegar og sagði strax að þetta stenst ekki. Það er ekki staða í þjóðfélaginu til þess á nokkurn hátt að réttlæta það að þessar hækkanir gangi fram. Ástæðan er mjög skýr að mínum dómi, virðulegi forseti. Hún er það atriði sem skiptir öllu máli varðandi gerð kjarasamninga. Það er rauði þráðurinn sem heldur saman kjarasamningum og er aðalatriðið í kjarasamningum. En það er friðarskyldan sem fylgir samningunum sem er jú aðalatriðið á hverjum tíma.

Þess vegna taldi ég skýrt og ljóst að það mætti ekki gerast að þetta næði fram að ganga. Í þeim umræðum sem urðu í gær í efnahags- og viðskiptanefnd þar sem ég sat þá komu fram ýmsir lögskýrendur og hlutverk lögskýrenda er að sumu leyti mjög skiljanlegt þegar þeir koma fyrir slíkar nefndir og eiga að fjalla um mál eins og þessi sem við erum nú að fara í gegnum. Þeir tala stundum eins og véfréttir og ekkert skrýtið við það í sjálfu sér. Hins vegar hjó ég eftir því, virðulegi forseti, og það kom fram í framsöguræðum stjórnarandstöðunnar, bæði hjá hv. þingmanni Lúðvík Bergvinssyni og hv. þingmanni Ögmundi Jónassyni, að þeir sögðu mjög rangt frá. Þeir sögðu mjög rangt frá því sem kom fram hjá þeim lögskýrendum sem hér voru að tala (**Gripið fram í:** Lögskýrendum?) og frá því sem kom fram í nefndinni. (**Gripið fram í:** Viltu skýra það nánar?)

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn getur vænst þess að ég haldi áfram ræðunni og þar kemur skýringin, hann getur verið alveg rólegur. Eins og kom fram áðan taldi ég að það væri heppilegra að gera þetta fyrir áramót og sagði það mjög skýrt opinberlega. Það hafa eflaust komið fram einhver vafaatriði og einhver vandræði við að gera þetta eftir á. Það eru allir sammála um að eftirvirk lög séu til vandræða. Þarna komu fram ýmsir þættir sem menn töldu að þyrfti að athuga mjög gaumgæfilega, t.d. varðandi ákvæði í stjórnarskrá um laun forseta. Varðandi það atriði var sá sem kvað einna fastast að orði um það, sá ágæti lögfræðingur og prófessor, Eiríkur Tómasson. Ég legg heiður minn að veði að ég man það orðrétt hvað hann sagði. Hann sagði við nefndina: Ég hallast frekar að því að þetta fái ekki staðist. En inntakið í því sem þeir sögðu við okkur eins og ég gat skilið það var að fara þyrfti afar varlega í þessu máli og þegar svo væri komið að við værum að fjalla um lög sem virkuðu afturvirkt, þá væri það aðalatriði málsins að það væri sýnt fram á hver sú þjóðarnauðsyn væri að þau lög væru sett. Það var (**Gripið fram í:** Við hvern sagði hann þetta?) megininntak í ræðu Eiríks Tómassonar og Sigurðar Líndal. Það var megininntak í ræðu þeirra. (**Gripið fram í:** Ha?) Því skýrar og því ákveðnara sem það kæmi fram með

rökum hvaða þjóðarnauðsyn krefji að þetta verði gert þeim mun líklegra væri ef málið kæmi til kasta dómstóla að dómstólar staðfestu ákvörðun þingsins. Þetta var meginniðurstaða í ræðu þeirra og tali.

Ég tel að hv. þingmenn hafi farið mjög rangt með þetta þegar þeir kveða á um annað. (**Gripið fram í:** Hef ég verið sofandi?) Ég er alveg sammála þessum hv. lögskýrendum. Ég tel að þetta sé meginmálið. Það er verið að flytja þetta frumvarp vegna þess að það er þjóðarnauðsyn að gera það. Það er tilgangurinn og það helgar að það sé gert. Auðvitað er ekkert gamanmál að fara ofan í niðurstöður Kjaradóms. Menn gera það af því að það er mjög brýn þjóðhagsleg nauðsyn á því að það verði gert. Þess vegna er þetta frumvarp flutt. Ég fæ nú ekki betur heyrt, virðulegi forseti, en að allir séu nokkurn veginn sammála því. Stjórnarandstaðan jafnt sem stjórnarsinnar. Ég ætla minnsta kosti að ég hafi skilið það þannig þó þeir velji þann kostinn að segja að önnur aðferðafræði hafi verið heppilegri. Þeir velja þann kost. (Gripið fram í.) Þá skil ég það þannig að þeir séu efnislega, og það kom mjög skýrt fram í ræðu hv. þingmanns Ögmundar Jónassonar áðan, að hann teldi mjög brýnt þjóðhagslega að þetta fengi ekki fram að ganga. Ég skildi ræðu hans þannig. Þannig að ég held að menn séu ekki efnislega ósammála um þetta þó það sé eflaust rétt að deila megi nokkuð um það hvaða málsmeðferð hafi verið heppilegust.

En hvað er það þá, virðulegi forseti, sem gerir þetta svo brýnt? (**Gripið fram í:** Já, núna kemur það sem við höfum beðið eftir.) Það er rétt að fara yfir það nokkrum orðum. Það er rétt að fara yfir það hvað gerir þetta mál svo brýnt og hvað er í húfi fyrir þetta þjóðfélag. (Gripið fram í.) Við skulum aðeins rifja upp hvernig við höfum staðið að launamálum. Við lentum í þeirri ógæfu, þessi þjóð í nærri tvo áratugi, á síðustu öld, á 8. og 9. áratugnum, að hér ríkti meiri óðaverðbólga og meiri óstjórn efnahagsmála en aðrar Evrópuþjóðir máttu búa við. Það hefti allt, það eyðilagði efnahagslífið, það dró úr öllum möguleikum til hagvaxtar. Við vorum fastir í þessari gildru. Allir vildu losna úr henni en enginn gat komist úr henni. Hvað gerðist á þessum tíma mikillar verðbólgu? Stöðugir kjarasamningar, kjarasamningar aftur og aftur. Alltaf knúnir fram, af hverju? Knúnir fram af réttlætinu, virðulegi forseti, vegna þess að verðbólgan var alltaf að skekkja ráðstöfunartekjur fólksins. Knúnir fram af réttlætinu, nýir og nýir kjarasamningar, og ekkert gekk.

Hvernig skyldi svo hafa verið umhorfs hér eftir kannski 20 ára stöðugar hækkanir, allt í nafni réttlætisins? Menn hækkuðu hér laun um mörg þúsund prósent. Allt í nafni réttlætisins. Hvernig var þá umhorfs? Varla þverfótað fyrir réttlæti eða hvað? Nei, ætli það, virðulegi forseti. Ætli það hafi verið þannig. Það var sko aldeilis ekki þannig. Okkur tókst að komast út úr þessu volæði. Okkur tókst, sem betur fer, að komast út úr þessu, þessari þjóð til mikillar blessunar. Það hafa margir, þó nokkrir, séð ástæðu til að skrifa jafnvel bækur um það sem menn hafa kallað þjóðarsátt 1990. Ég hef aðeins gjóað augunum að þessum skrifum, aðeins litið á þetta. Fæ ekki séð að þeir sem hafa mest um þetta sagt og skrifað hafi stækkað mikið af þeirri frásögn. En það var mjög einfalt, virðulegi forseti, hvers vegna tókst að búa til þessa þjóðarsáttarsamninga. Það var mjög einfalt. Það var verkalýðsforusta Íslands sem stóð að þessum samningum, knúin áfram af einmitt forustumönnum hinna lægst launuðu. Hvernig skyldi standa á því, virðulegi forseti? Það stóð þannig á því að fólkið í landinu, sérstaklega það lægst launaða, sá og hafði uppskorið að það var dæmt til að tapa í þessu verðbólgustríði. Það fór alltaf verst út úr þessu. Undir öllum kringumstæðum tapaði það. Það var þess vegna sem það vildi knýja á um að reyna nýjar leiðir. Vegna þess að það vissi að með verðbólgunni var það dæmt til að tapa. Það voru engin önnur dularfull rök sem lágu til þess að við komumst út úr þessu. Það var nákvæmlega þetta og ekkert annað.

Það hefur verið okkur til ótrúlegrar blessunar að við skyldum komast út úr verðbólgunni og að hér hafi verið þokkalegt efnahagsumhverfi í núna á annan áratug. Hér hefur verið mesta framfaraskeið í sögu Íslands og allir hafa notið gríðarlegra ávaxta af því.

Það er ástæða til að fara í gegnum þessa launasamninga. Alþýðusamband Íslands hefur allan tímann verið í forystu hvað þá ábyrgð varðar. Það er rétt, sem margsinnis hefur verið bent á, að ríkinu gekk illa lengi vel að hemja laun starfsmanna sinna. Þar munar mestu um mistök sem urðu við kjarasamninga 1997 sem voru kannski vel hugsaðir en illa undirbúnir. Það var aftur sem það mistókst 2001. Ég vil taka það fram sérstaklega, virðulegi forseti, að ég álít, og tel mig hafa skoðað það allrækilega, að þeir kjarasamningar sem ríkistarfsmenn gerðu á síðasta ári eða vorið 2005 séu að flestu leyti mjög ábyrgir. Þeir eru innan þess ramma sem við ætluðum okkur að lifa við og þar inni í eru líka þær hækkanir sem nú er verið að ræða, þ.e. rammarnir sem eru ætlaðir til stofnanasamninganna. Það er rangt að þeir séu einhver ný viðbót þar í. Það lá fyrir við gerð kjarasamninganna hverjir þeir væru og hvert vægi þeirra væri. Þannig að ég er mjög ósammála því sem menn segja nú að sá háttur, sem á að koma til framkvæmda 1. maí nk., hafi verið ný rök til að hækka laun hjá þeim sem taka laun samkvæmt kjaranefnd og Kjaradómi. Það er rangt.

Menn skulu hafa þetta í huga jafnframt því að við höfum verið að hækka hér raunlaun meira en aðrar þjóðir og erum á ystu nöf. Ég hef margsinnis farið í gegnum það. Ég hef margsinnis gert það, virðulegi forseti, að vara menn við hversu tæpt við stöndum og hversu hættulegt það sé fyrir eina þjóð að ganga svo óvarlega fram sem raun ber vitni.

Það má vera alveg ljóst að hefði Kjaradómur fengið að vera hér óáreittur með þeim kauphækkunum sem hann ætlaði til alþingismanna og annarra embættismanna sem fylgja þeim dómi hefðum við átt á hættu að sú friðarskylda sem heldur samningunum saman hefði verið rofin. Friðarskyldan sem heldur þeim saman. Það var því lífsnauðsyn að grípa inn í. Það á ekkert skylt við það, virðulegi forseti, hver laun alþingismanna ættu að vera. Ekkert skylt við það. Það er eflaust hægt að færa fyrir því ýmis rök að alþingismenn ættu að hafa helmingi hærri laun eða jafnvel helmingi lægri laun, það skiptir ekki máli. Það geta allir flutt svoleiðis ræður. Það má líka segja að það væri betra að þeir hefðu enn þá meiri laun. Það gæti líka vel verið. Þó held ég nú, virðulegi forseti, að það sé ekkert til bóta ef það væri svo að það væri ferð til fjár að setjast á Alþingi. Ég held að það væri nú ekkert til bóta. En hitt er annað mál að laun alþing-

ismanna, eins og annarra Íslendinga, hafa sannarlega batnað mjög, þ.e. ráðstöfunartekjur þeirra. Þeir hafa ekki undan neinu að kvarta.

Það getur enginn nema Alþingi gengið fram undir þessum kringumstæðum til að reyna að stoppa þá hættu sem er til staðar í þjóðfélaginu, stoppa þessar hækkanir, ekki í nafni réttlætisins heldur í nafni þjóðarnauðsynjar. Það getur enginn gengið fram nema Alþingi sjálft. Alþingi getur ekki verið ábyrgt í tali sínu og gjörðum nema það þori að byrja á sjálfu sér. Það var það sem knúði á um að það frumvarp sem hér liggur fyrir yrði flutt og samþykkt á Alþingi.

Það er mjög varasamt hvernig menn tala oft um laun og launaþróun. Menn fara mjög óvarlega. Á hátíðisdögum lýðskrumaranna er hrópað þetta venjulega: Allt skal jafnt, allt skal jafnt. Það getur verið fallegt og gott. En það er það ekki í framkvæmd. (Gripið fram í.) Við búum í þjóðfélagi þar sem það er eðlilegt og ekkert við það athuga að ýmis reynsla, menntun og kunnátta skapar mönnum mismunandi kjör. Þú getur gengið fram og samið við trésmiðinn einn daginn og hann getur verið ánægður með kaupið sitt þann daginn. En daginn eftir, þegar þú semur um enn þá hærra kaup við handlangarann hans, þá gerir trésmiðurinn hvað? Hann segir upp. Hann er farinn. Það er ekki hægt að ganga svona um þennan garð. Menn verða að fara varlega. (Gripið fram í.)

Kjaramálaráðstefna sveitarfélaganna stendur nú yfir og það er sannarlega ástæða til að senda þær óskir þangað að forustumönnum sveitarfélaga takist að slökkva þá elda sem loga. Það er mikil þörf á því. (**Gripið fram í:** Hverjir kveiktu þá elda?) Það er stundum sagt að það sé hættulegt þegar börn fá byssur. Börn með byssur séu hættuleg. Það er mjög hættulegt þegar óvitar fara með hluti sem þeir þekkja ekki. Það er mjög slæmt.

Í gærkvöldi var sagt frá því í fréttum — öllum til undrunar, eða hvað? — að einir 50 leikskólakennarar væru búnir að segja upp í Reykjavík. Hvernig stóð á því að þeir fóru að segja upp? Voru þeir ekki með kjarasamninga? Höfðu þeir ekki samþykkt kjarasamningana sína? Hvernig í ósköpunum skyldi hafa staðið á því? Hvað var það sem rak þá áfram? Menn eiga að þekkja þessa hluti. Menn eiga að vita hvernig þessir hlutir eru. Það þýðir ekkert að ganga fram í barnaskapnum. Við höfum farið í gegnum kjarasamninga áratugum saman. Sjálfur eyddi ég upp undir 20 árum ævi minnar í að taka þátt í þessu. Menn eiga að vita að það þarf að fara varlega. Það verður að gera það. Þetta eru nú einu sinni mannheimar og menn verða að gæta sín. Það er líka rétt sem kom hér fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að það er ástæða til að hafa áhyggjur af launamarkaðnum. Það er ástæða til þess. Hann benti á það réttilega að hinn almenni launamarkaður væri að dragast aftur úr og hann sagði líka réttilega að það væri rangt ef ríkið ætlaði að draga vagninn varðandi þróun launamála. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni. Það er ákveðin hætta á ferðum, sérstaklega gagnvart þeirri peningastefnu sem hér er í gangi sem dregur niður mátt framleiðslunnar og verðmætasköpunarinnar en eykur þjónustuna og verslunina — þar sem við erum að kaupa vörur á niðursettum gjaldeyri sem er hafður á útsölu eins og viðskiptahallinn sýnir.

Það er því rétt, virðulegi forseti, að hafa það í huga sem lögspekingarnir ágætu, þeir Eiríkur Tómasson og Sigurður Líndal, lögðu alla áherslu á í máli sínu við efnahags- og viðskiptanefnd, að það er þjóðarnauðsyn sem krefst þess (**Gripið fram í:** Þeir sögðu ekkert um það.) að þessi dómur fái ekki fram að ganga. Það er sú þjóðarnauðsyn sem krefst þess að við gerum þetta. Þess vegna erum við að (Gripið fram í.) því og það er niðurstaða þessa máls. Það er aðalatriðið og ég vona að það komi fram að enginn hv. þingmaður hér verði á móti þessu máli þó þeir kannski telji það sér til einhvers framdráttar að segja að önnur málsmeðferð hefði verið heppilegri og því ætli þeir að sitja hjá. Það kann að vera en allt um hitt, þetta er gjört til að sýna að Alþingi hefur miklar áhyggjur af þeirri launaþróun sem er á Íslandi. Alþingi verður á næstu dögum, vikum, mánuðum og missirum að sýna ábyrgð í öllu sínu starfi. Við höfum panið efnahagslífið mjög óvarlega og nú verður hver maður að vera á vaktinni, reyna að gæta sín af fremsta megni þannig að við fáum mjúka lendingu út úr þessari miklu uppsveiflu. Annað væri óbærilegt, sérstaklega fyrir hina lægst launuðu í þessu þjóðfélagi.

[13:44]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hún var vægast sagt athyglisverð sú ræða sem hv. þingmaður flutti þar sem hann reyndi af veikum mætti að bera blak af þeirri ríkisstjórn sem hann styður hér á hinu háa Alþingi. Hv. þingmaður notaði þá samlíkingu að það væri vont ef óvitar fengju völd eða börn hefðu byssur. Það er kannski þetta sem hv. þingmaður á við, þ.e. línurit yfir launaþróun opinberra starfsmanna og þeirra sem vinna hjá ríkinu. Það er kannski það sem hv. þingmaður átti við þegar hann sagði að það væri slæmt að óvitar hefðu völd eða börn hefðu byssur. Hv. þingmaður hefur nefnilega flutt þessa ræðu, þessa tilteknu ræðu, við hverja fjárlagagerð núna í mörg ár. Það kemur fram í þessum úrskurði Kjaradóms að hv. þingmaður hafði rétt fyrir sér. Ríkisstjórnin er algerlega búin að missa tökin á ríkisfjármálum og launaþróun hjá ríkinu. Þess vegna má segja sem svo að þessi niðurstaða Kjaradóms sé staðfesting á því að hv. þingmaður hafi haft rétt fyrir sér þegar hann hefur flutt sínar árlegu fjárlagaræður. En nú kemur hv. þingmaður með allt aðra ræðu. Allir aðrir eru nú tilnefndir sem sökudólgar og bera ábyrgð á því að launaþróun kunni að einhverju leyti hjá einhverjum hópum að hafa farið úr böndum.

En ég vil aðeins, áður en ég lýk þessu andsvari, leiðrétta hv. þingmann þegar hann leyfði sér að halda því fram að Eiríkur Tómasson og Sigurður Líndal hefðu talið nauðsynlegt að komast að þessari niðurstöðu. Sigurður Líndal sagði: Ef það á að fara þessa leið þá þarf að rökstyðja það sem þjóðarnauðsyn. Aðspurður í fjölmiðlum sagði hann meira að segja (Forseti hringir.) að hann sæi ekki að hér væri þjóðarnauðsyn. Það er afar mikilvægt að ekki sé farið með rangt mál um skoðanir þeirra sem vísað er til í (Forseti hringir.) meirihlutaáliti.

[13:46]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fór að öllu leyti rétt með eins og

þingmaðurinn staðfesti. Það var nákvæmlega rétt eftir þessum mönnum haft. Það er að mínum dómi þjóðarnauðsyn að þetta fái fram að ganga og ég hef verið að reyna að rökstyðja það og skal rökstyðja það enn frekar ef þörf er á.

Þegar ég talaði um börn með byssur þá átti ég við gjörð Reykjavíkurborgar nýverið þegar hún hleypti upp kjarasamningum sínum. Það var alveg ljóst af máli mínu um hvern ég var að tala og hvað ég meinti, enda liggur það alveg fyrir. Þess vegna var ég að óska þeim blessunar, þeim forustumönnum sveitarfélaga á Íslandi sem sitja núna allir saman í örvæntingu sinni að reyna að slökkva þá elda sem ógna flestöllum sveitarfélögum sem hafa engin efni á að verða við þeim kröfum sem að þeim er beint í dag.

[13:47]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var dálítið gott að fram skyldi koma að börnin með byssurnar voru þá væntanlega borgaryfirvöld.

Hv. þingmaður, eins og fleiri fulltrúar stjórnarliðsins á þingi, gleymdi eða vildi ekki koma því á framfæri að fram kom í efnahags- og viðskiptanefnd að þróun launa hjá borginni er u.þ.b. 8% lægri en þróun launa hjá ríkinu. Það kom ekki fram hjá hv. þingmanni, enda hefur maður orðið var við það hjá stjórnarliðinu í umræðunni að menn velja sér það sem þeir vilja setja fram og hentar hverju sinni. Það er ekkert annað sem endurspeglaðist í þessari ræðu frekar en hjá fyrri hv. ræðumönnum stjórnarliðsins í dag, að menn velja sér og segja það sem hentar án þess að greina á nokkurn hátt, á skriflegan hátt frá því sem raunverulega átti sér stað í nefndinni. En ég virði hv. þingmanni það til vorkunnar að hann skuli ætíð stíga fram þegar þarf að verja vondar gjörðir ríkisstjórnarinnar. Hann er duglegur þingmaður.

[13:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ár eftir ár við hverja einustu fjárlagaumræðu hef ég allt frá árinu 1999 varað við launaþróun ríkisins. Því miður hafa fáir tekið undir með mér ef þá nokkur maður.

Þær tölur sem liggja fyrir í dag staðfesta það, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði, ég hef haft rétt fyrir mér allan tímann. (**MÁ:** Hver ber ábyrgð á þessari ríkisstjórn?) Í öllum þeim upplýsingum sem ég hef getað aflað mér, það liggur ekki fyrir skýrt sundurliðað hjá Hagstofunni, en samkvæmt öllum þeim tölum og öllum þeim gögnum sem ég hef fengið í hendurnar verður því miður að segja að það bendir allt til þess að þrátt fyrir að óvarlega hafi verið farið hjá ríkinu virðast sveitarfélögin hafa samið um enn hærri hækkanir. (**Gripið fram í:** Nei.) Ef annað kemur í ljós þætti mér vænt um að sjá það. En þau gögn sem ég hef undir höndum benda öll til hins gagnstæða, því miður, sveitarstjórnirnar hafa samið um enn meiri hækkanir.

[13:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefðum farið með rangt mál varðandi það sem fram hefði farið í efnahags- og viðskiptanefnd og þá sérstaklega með tilvísan til ummæla lögfræðinga sem komu á fund nefndarinnar. Staðreyndin er sú, og það hefur komið fram í máli mínu áður, að ég hef haft ákveðnar efasemdir um að staðhæfingar um stjórnarskrárbrot standist. Það er mín persónulega skoðun og hún hefur margoft komið fram í nefndinni, hér á Alþingi og opinberlega í fjölmiðlum.

Það kom mér hins vegar á óvart hversu afdráttarlausir lögfræðingarnir voru í varnaðarorðum sínum. Ég ætla að láta rökstuðninginn liggja á milli hluta en þeir gengu mjög langt í því, sérstaklega Eiríkur Tómasson, að vara við því að frumvarp ríkisstjórnarinnar kynni að stangast á við stjórnarskrá lýðveldisins. Vísað var í lögin, í stjórnarskrárákvæðið og í skýringargagn með stjórnarskrárákvæðinu. Mér fannst það ekki vera sannfærandi málflutningur, ég tek það skýrt fram, en varnaðarorðin voru mjög afdráttarlaus og mjög skýr. Við teljum að okkur beri skylda til þess að færa þær upplýsingar hér inn í þingið.

Ég lýsi furðu minni á því að í meirihlutaáliti efnahags- og viðskiptanefndar skuli þessa ekki finna stað. Það finnst mér mjög gagnrýnisvert og tek heils hugar undir þá gagnrýni sem fram hefur komið hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni hvað þetta varðar. Menn skulu því fara mjög varlega í ásökunum á hendur okkur í þessu efni. Þegar um það er að ræða að varnaðarorð séu sett fram um hugsanlegt stjórnarskrárbrot ber að sjálfsögðu að taka það alvarlega og vísa til þess í áliti viðkomandi nefndar.

[13:52]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gagnrýndi þá fyrir frásagnir þeirra. Í texta nefndarálits minni hlutans stendur, með leyfi forseta:

„Þeir töldu víst að frumvarpið færi gegn ákvæðum stjórnarskrár um eignarrétt og jafnræði, auk þess sem orðalag 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar heimili ekki að laun forseta séu lækkuð á miðju kjörtímabili."

Ég sagði frá því, virðulegi forseti, að ég legði heiður minn að veði að ég myndi það nákvæmlega orðrétt hvað Eiríkur Tómasson sagði. Hann sagði: Ég hallast frekar að því — og ég endurtek þetta hér (**MÁ:** Viltu ná í ...?) og við getum þá kallað manninn til vitnis um það sjálfan, við vorum nú tíu eða tólf á fundinum. Ég ítreka þetta og er reiðubúinn að gera það aftur og aftur. Ég gagnrýni það þegar menn fara svo óvarlega og svo rangt með. Ég hef ástæðu til þess vegna þess að þegar við erum að fá menn, virta lögfræðinga, til að koma og tala við okkur þá tel ég að það minnsta sem við getum gert sé að hafa það rétt eftir sem menn sögðu. Þeir lögðu sig alla fram um að segja hug sinn, ég efast ekkert um það, ég ber fullt traust til þeirra. Þess vegna eigum við að sýna þeim þá virðingu að fara rétt með þeirra mál.

[13:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni, það er ábyrgðarhluti að hafa eftir mönnum og vissulega viljum við hafa það sem satt er í þessum efnum.

Það sem ég ítreka er þetta: Það kom mér á óvart, af því að vísað er í Eirík Tómasson sérstaklega, hversu afdráttarlaus hann var. Ég átti orðastað og orðaskipti við lagaprófessorinn því að ég taldi röksemdafærslu hans ekki vera sannfærandi. Ég veit að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson man eftir þeim orðaskiptum. Ég furðaði mig á því hversu langt lagaprófessorinn gekk í þessu efni því að ég ítreka að ég var ekki sammála því og það hefur komið ítrekað fram af minni hálfu.

Í lokin þetta: Er það rétt skilið hjá mér að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi síður áhyggjur af kjaramisréttinu sem við verðum vitni að núna innan opinbera kerfisins og í þjóðfélaginu almennt en hinu að almenningur og launafólk og sérstaklega láglaunafólk í landinu komi auga á þetta misrétti?

[13:54]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig eyða til þess heilmiklum tíma í ræðu minni áðan að segja frá því og rifja það upp hvernig það var þá áratugi þegar við börðumst í hvað mestri verðbólgu og hver niðurstaða þess var. Niðurstaðan varð sú að hinir lægst launuðu töpuðu alltaf þeim slag. Það var síðan vegna þess að þeir komust að því og skildu það að þeir stóðu fyrir því að reyna að koma okkur út úr þessari vitleysu.

Ég hef sannarlega áhyggjur af því hvernig fer fyrir þjóðfélaginu ef við förum í sama farveg aftur því að ég veit að þá verður það sama upp á teningnum, hinir lægst launuðu munu sannarlega fara verst út úr því dæmi. (Gripið fram í.) Þess vegna er það sem ég hef af því stórkostlegar áhyggjur ef við missum tökin á kjaramálunum, launamálum, verðbólgumálum og efnahagsmálum því að þá veit ég hverjir fara verst út úr því. Það eru þeir sem lakast standa að vígi í þjóðfélaginu. Þess vegna hef ég áhyggjur af því að við megum ekki misstíga okkur núna í einu eða neinu. (Gripið fram í.)

[13:56]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur farið hér mikinn varðandi þetta frumvarp. Það eru nokkur atriði hérna sem ég tel rétt að leiðrétta og það er kannski ekki óeðlilegt að hann fari rangt með varðandi kjarasamninga því að það eru nokkrir áratugir síðan hann sjálfur stóð í þeim, styttra síðan hjá þeim er hér stendur.

Hv. þingmaður talaði um að það hefðu verið slæmir og óábyrgir samningar sem gerðir voru árið 2001. Rétt er að það komi fram að þeir samningar ríkisins beindust fyrst og fremst að því að lagfæra eða leiðrétta laun hinna lægst launuðu með svokölluðum launapottum. Ég spyr því hv. þingmann: Hvað var svona slæmt við þær launaleiðréttingar til hinna lægst launuðu?

Hv. þingmaður talaði jafnframt um að samningarnir 2005 hafi verið mun ábyrgari. Ég spyr: Hvað eru þeir í raun svo miklu frábrugðnari samningunum frá 2001? Að mínu viti eru þeir ósköp svipaðir. Ég er hérna með kjarasamninginn ef hv. þingmaður vill renna yfir hann. Þann 1. maí nk. munu fara fram miklar launaleiðréttingar fyrir þá lægst launuðu samkvæmt þeim samningi. Lægstu taxtar munu þar hjá ríkinu m.a. hækka um 12% þann 1. maí samkvæmt samningnum. Hver ber ábyrgð á kjarasamningum ríkisins? Er það ekki sjálfur hæstv. fjármálaráðherra? Það er hann sem kvittar undir. Ef hann kvittar undir hlýtur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson jafnframt að bera ábyrgð á þeim.

[13:58]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni, ég hætti afskiptum af kjaramálum 1992, lauk þá herskyldu minni á þeim vettvangi og vonast ég til þess að koma aldrei nálægt því aftur.

Samningarnir 1997 og 2001 hjá ríkinu voru eflaust vel meintir og góð meining þar á bak við. Þeir voru óundirbúnir að öllu leyti varðandi stofnanasamningana. Það gleymdist og hafði ekki verið undirbúið þannig að forstöðumenn stofnananna hefðu vald á málinu. Niðurstaða beggja varð sú að launaþróunin varð hærri í heild en gert hafði verið ráð fyrir og menn töldu að samið yrði um þegar samningarnir voru tilkynntir. Þeir urðu hærri. Ég hef margsinnis farið yfir það hér á þinginu að í reyndina voru kauphækkanir ríkisstarfsmanna meiri en menn töldu sig hafa samið um. Það voru mistökin. Ég kalla það mistök.

Í kjarasamningunum núna í vor er einmitt gengið frá stofnanasamningum á miklu tryggari hátt að mínum dómi. Þar er alveg skýrt og undirritaður skilningur allra hvað það sé og það sé innan ákveðinna ramma. Þess vegna tel ég þá ábyrgari. Rammarnir fyrir stofnanasamningana eru inni í heildarupphæðinni sem við tilkynntum og settum fram þegar við tilkynntum hvað samningarnir hefðu í för með sér. Við fórum yfir það, ég fór yfir það ásamt Magnúsi Stefánssyni, við sátum yfir þessu fyrir hönd fjárlaganefndar. Auðvitað ber ég ábyrgð á því.

Aðilar vinnumarkaðarins skoðuðu þetta líka gaumgæfilega. Forustumenn Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands lýstu hinu sama yfir. Það lá fyrir að menn voru sammála um þessa samninga, þó að þeir væru alveg á mörkunum að vera innan þess efnahagsramma sem við ætluðum okkur, þá voru þeir aðeins innan hans. Þess vegna voru þeir ábyrgir.

[14:00]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Enn og aftur fer hrópandinn að vestan með rangfærslur. Annars vegar er það þannig með stofnanasamningana að það er ekki búið að gera þá. Hvernig getur hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson vitað hvernig þeir eru? Það er ekki búið að gera þá. Það er verið að vinna í þeim.

Hins vegar, varðandi launahækkanir í samningunum 2001 þá vissu þeir sem þar skrifuðu undir nákvæmlega hvað það mundi þýða. Þeim samningum fylgdu launapottar og menn vissu nákvæmlega hvernig ætti að fara með þá. Enn og aftur býð ég hv. þingmanni kjarasamninginn til lestrar.

[14:00]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að launahækkanir ríkisins, sem samið var um árin 1997 og 2001, reyndust í framkvæmd hærri en tilkynnt hafði verið og menn gerðu ráð fyrir. (**VF:** Ráðherra skrifaði undir þá samninga.) Það liggur ljóst fyrir og má fletta upp á því hvar sem er. (Gripið fram í.) Það er hægt að fletta upp á því hvar sem er. (**VF:** Ráðherra skrifaði undir.) Ég hef orðið. Vill hæstv. forseti þagga niður í þingmanninum?

(**Forseti** (BÁ): Ég vil áminna þingmenn um að gefa ræðumönnum tækifæri til að ljúka máli sínu.)

Þegar við fórum yfir samninginn í vor, 2005, töldum við sem skoðuðum hann — ég var einn sem skoðaði hann, það var skylda mín — að tryggilega væri gengið frá, það lá fyrir sameiginlegur skilningur allra aðila á því, hvað stofnanasamningarnir þýddu, hvað var innan þeirra ramma. Frá því var miklu betur og öruggar gengið en hafði verið í samningunum 1997 og 2001. Það liggur fyrir.

Framkvæmd þessa er eftir og er verið að undirbúa hana. Hún er í gangi. Ég hef hingað til treyst því að þeir munu ganga eftir (Forseti hringir.) eins við ætluðum. Ég hef ekki séð annað og meðan ég sé ekki annað þá treysti ég því.

[14:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Málið sem við ræðum hér er komið til 2. umr. og engar breytingar hafa verið gerðar á upphaflega frumvarpinu. Það er ástæða til að nefna það vegna þess að mjög margir hlutir hafa verið dregnir fram sem benda til þess að menn verði að stíga varlegar til jarðar en gert hefur verið hvað varðar stjórnarskrána. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega yfir þau atriði en vil segja að þegar ljóst er að vafi leikur á því hvort brotið muni gegn stjórnarskránni þá eiga þingmenn að láta stjórnarskrána njóta vafans.

Væri það erfitt í þessu tilviki? Ég held ekki. Ég held að það væri ekki mjög erfitt. Ég lít líka þannig á að þetta mál sé í raun fremur táknrænt en að gríðarlegar upphæðir séu á ferðinni sem skipti máli hvað varðar viðmiðun í launum á landinu. Vegna þess að möguleikarnir til að breyta launakjörum þeirra sem hér eiga í hlut eru afskaplega litlir. Menn geta mótað nýja launastefnu og haft áhrif á framhaldið, á þróun þeirra launa sem verða greidd í framtíðinni. En það breytist ekki mikið gagnvart þeim launakjörum sem í gildi eru.

Hér er gríðarlega mikið í húfi sagði hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson áðan. Hann kallaði þetta þjóðarnauðsyn, að Alþingi gerði þær breytingar sem hér stendur til að gera. Ég dreg mjög í efa að hægt sé að kalla það þjóðarnauðsyn. Til að þetta mál gagnist eins og menn ætlast til þá þarf fólkið í verkalýðsfélögunum að sjá gripið til ráða sem skipta það miklu máli til að hægt sé að halda áfram svipaðri stefnu hvað varðar hina svokölluðu þjóðarsátt og verið hefur. Ég dreg mjög í efa að það sé hægt að sannfæra verkalýðsfélögin um þetta. Verkalýðsforingjarnir hafa, frá því að þjóðarsáttin komst á, haft það hlutverk að sannfæra sitt fólk um að skynsamlegast sé fyrir það að samþykkja þá samninga sem gerðir hafa verið hverju sinni. Það hefur sannarlega ekki alltaf verið auðvelt. Menn hafa einfaldlega séð að þeir sitja eftir með Svarta Pétur. Það hefur sést í hverjum samningnum eftir annan, að lægstu launabæturnar hafa gengið til almenns launafólks í landinu. Aðrir hafa fengið miklu meira. Ríkið hefur rekið aðra launastefnu gagnvart starfsmönnum sínum en þá sem komið hefur út úr samningum á almennum vinnumarkaði.

Ríkið hefur auk þessa rekið skattastefnu sem hefur komið öðrum til góða en þeim sem búa hér við almenn launakjör. Ég vil þess vegna segja: Ríkið og stjórnvöld í þessu landi hafa í raun svikið þjóðarsáttina. Hvernig geta menn látið sér detta í hug að kippa Kjaradómi úr sambandi og gera ekkert annað en að lýsa yfir með óljósum orðum að þar hafi verið á ferðinni stefnubreyting í launamálum hins opinbera? Telja menn að það dugi til að almennt launafólk í landinu sætti sig við að halda áfram í sama fari og það hefur gert fram að þessu? Mér dettur það ekki í hug.

Ég verð að segja að ef verkalýðsleiðtogarnir sem kölluðu á að úrskurður Kjaradóms yrði felldur úr gildi hafa gert það í þeim tilgangi að varðveita þjóðarsáttina óbreytta til framtíðar þá hafa þeir brugðist sínu fólki. Það er ekki hægt að bjóða almenningi í landinu upp á áframhaldandi þjóðarsátt þar sem almennt launafólk situr eftir með Svarta Pétur. Ef stjórnvöld treysta sér hins vegar til að lýsa yfir að breyta skuli launastefnu ríkisins og skattstefnunni þannig að komið verði til móts við fólkið í landinu og þjóðarsáttin endurlífguð með þeim hætti að menn ætli að koma til móts við þá sem orðið hafa eftir í þessu kapphlaupi þá er hægt að búa til þjóðarsátt. Ég held að skilaboðin til launanefndar sveitarfélaga verði gagnslítil ef þau verða eingöngu fólgin í að kippa til baka þessari niðurstöðu Kjaradóms og gera ekkert meira. Það dugir ekki.

Ég ætla ekki að blanda mér í einhver samanburðarfræði um hverjir hafi hækkað mest og hverjir minnst hjá hinu opinbera, hjá Reykjavíkurborg eða á hinum almenna launamarkaði. Það er hins vegar ekki þrætuefni að gagnvart almennu launafólki snerist þjóðarsáttin ekki bara um launasamninga. Hún hefur allan tímann snúist um almenn kjör fólks í landinu. Það er einmitt ríkisvaldið sem stjórnar gríðarlega stórum þáttum í þeim málum, þ.e. annars vegar sköttum og hins vegar launastefnu hins opinbera. Í báðum tilfellum hefur ríkið svikið samkomulagið. Það hefur svikið þjóðarsáttina í báðum tilfellum. Ég held því ekki fram að það hafi verið að yfirlögðu ráði hvað varðar launastefnu hins opinbera. Það kann vel að vera að þar hafi menn verið óheppnir eða sofið á verðinum og ekki velt nógu vel fyrir sér hvað þeir voru að gera. En ég fullyrði að það er að yfirlögðu ráði sem skattstefnunni sem er í gildi núna var komið á. Milli stjórnarflokkanna fóru fram umræður og var samningaþóf um skattabreytingarnar. Við vitum að hverju er stefnt í því. Það liggur allt fyrir. Niðurstaðan af því er sú að það eru þeir sem hafa bestu kjörin í þessu landi sem fá þar viðbót en hinir hafa minna eða ekkert út úr þeim breytingum. Þær hafa jafnvel skilað sumum, því miður helst þeim sem hefðu þurft á kjarabótum að halda, verri kjörum heldur en þeir bjuggu við áður.

Þannig er gliðnunin sem orðið hefur í samfélaginu á undanförnum árum. Menn geta ekki kallað eftir þjóðarsátt, eins og hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson gerir hér, endurvakinni þjóðarsátt, eins og hálfs áratugs gamalli, inn í

þær aðstæður sem nú ríkja. Þá verða menn að búa til nýjan möguleika, nýja sátt. Hún hlýtur að felast í að ríkisvaldið lýsi yfir nýrri launastefnu og nýrri skattastefnu og séð verði til þess að í komandi kjarasamningum megi vænta betri kjara hjá því fólki sem hefur setið eftir með Svarta Pétur í mörg ár á grundvelli svokallaðrar þjóðarsáttar, leitt áfram af verkalýðsforingjunum sínum, sem hafa séð þróunina hjá hinu opinbera og í skattkerfinu. Þeir hafa samt verið tilbúnir að leggja til að samið yrði um svokallaða hóflega kjarasamninga en sjá líklega fyrir endann á þeirri stefnu. Þróunin verður ekki stöðvuð með því að samþykkja þetta mál. Það þarf meira til.

Ég krefst þess að ríkisvaldið leggi sig fram við að skapa nýja þjóðarsátt um breytta skattstefnu, breytta launastefnu ríkisins, nýja þjóðarsátt um hækkun lægstu launa og bætt kjör þeirra sem hafa það erfiðara en aðrir í þessu samfélagi.

[14:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég átti sæti í efnahags- og viðskiptanefnd og var því viðstödd umræðu nefndarinnar um þetta mál. Það var mjög gagnleg og fróðleg umræða og víða komið við. Þess vegna finnst afar sérstætt að meiri hlutinn skuli ekki telja sig þurfa að setja í nefndarálit sitt neitt um þá umfjöllun sem þar fór fram. Það sýnir manni ljóslega að meiri hluti nefndarinnar er ekki með góða samvisku gagnvart frumvarpinu sem hér á að fara greiða atkvæði um.

Kannski má rekja það til þess að þeir hafi séð ljósið að endingu, að skynsamlegra hefði verið að fara þá leið sem við í stjórnarandstöðunni lögðum til, þ.e. að áður en úrskurður Kjaradóms tók gildi 1. janúar hefði verið skynsamlegra að koma saman til þings og fresta gildistöku þess úrskurðar um tiltekinn tíma, kannski þrjá til fjóra mánuði, á meðan menn áttuðu sig á hvernig best væri að taka á málinu. Þá hefði m.a. gefist svigrúm til þess, fyrir nefndina sem á að setja á laggirnar í kjölfar þessa úrskurðar, að endurskipuleggja það fyrirkomulag sem er á ákvörðun launa fyrir kjaradóms- og kjaranefndarfólk. Hugsanlega hefði verið hægt að taka mið af þeirri niðurstöð við að fella þennan úrskurð úr gildi.

Málið er allt erfiðara viðfangs eftir að úrskurður Kjaradóms tók gildi 1. janúar, þegar rétturinn er orðinn virkur gagnvart því fólki sem átti að fá kjarabætur með úrskurði Kjaradóms. Það að rétturinn sé orðinn virkur er góður stuðningur við þá sem ætla að sækja rétt sinn fyrir dómstólunum til að hnekkja þeirri ákvörðun Alþingis sem meiri hlutinn ætlar sér greinilega að taka.

Það kom skýrt fram í máli þeirra lögmanna sem fjölluðu um þetta að þegar rétturinn væri orðinn virkur væru miklu meiri líkur á að þeir sem leituðu réttar síns fyrir dómi vegna þeirrar leiðar sem hér á að fara mundu ná því fram að þessum lögum yrði hnekkt.

Það er full ástæða til að fara yfir það mál vegna þess að það var töluvert mikið til umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd hver áhrifin yrðu ef þessum úrskurði yrði breytt með lögum. Það er töluverður þungi og alvara af hálfu dómara og Dómarafélags Íslands að láta þetta ekki óátalið yfir sig ganga og sést það best á því bréfi sem Dómarafélagið sendi efnahags- og viðskiptanefnd þar sem þeir telja að ekki sé hægt að breyta úrskurði Kjaradóms vegna eignarréttarákvæðis í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Færa þeir rök fyrir máli sínu og komast að þeirri niðurstöðu í bréfinu til efnahags- og viðskiptanefndar þar sem orðrétt segir:

„Kæmi hins vegar til að Alþingi samþykkti breytingar í þá veru kynni félagið að telja sig knúið til að láta reyna á hvort þær væru samrýmanlegar stjórnarskránni.“

Fulltrúar Dómarafélagsins komu á fund efnahags- og viðskiptanefndar og ég marka það svo af ummælum fulltrúa Dómarafélagsins sem mættu fyrir nefndina að það liggi raunverulega í loftinu að annaðhvort einstaka dómarar eða Dómarafélag Íslands í heild sinni fari með málið fyrir dómstóla.

Alltaf þegar stjórnarskráin er undir og vafi leikur á hvort lög sem verið er að setja hér standist stjórnarskrána ber auðvitað að fara varlega í því efni og hefur niðurstaða stjórnarandstöðunnar tekið mið af því. Ég leitaði m.a. eftir því hjá þeim fulltrúum sem komu á fund nefndarinnar, bæði prófessorum og t.d. formanni kjaranefndar, Guðrúnu Zoëga, hvort það væri betra að fara þá leið sem við í stjórnarandstöðunni höfum lagt hér til og lýstum því efnislega hvaða hugmyndir væru þar uppi. Það kom fram m.a. hjá Guðrúnu Zoëga að hún teldi það til bóta að frumvarpinu yrði breytt í þá veru að þessum úrskurði yrði frestað þar til nefndin sem á að skipa hafi lokið störfum, en þó kannski ekki lengur en tiltekinn tíma. Það er raunverulega sú leið sem við förum hér og það er sú leið sem t.d. formaður kjaranefndar lýsti að væri til bóta að breyta frumvarpinu. Lagaprófessorarnir sögðu að það væri miklu minni hætta á að hægt væri að hnekkja fyrir dómstólum þeirri leið sem við værum að fara heldur en þeirri leið sem stjórnarflokkarnir hafa valið.

Ákvæðið í 2. mgr. 1. gr., svokallað frystingarákvæði, var nokkuð til umræðu þar sem verið er að taka úr sambandi ákvarðanir Kjaradóms og kjaranefndar það sem eftir lifir þessa árs þar sem dómurinn og kjaranefndin eiga einungis að taka mið af samningsbundnum hækkunum kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði. Það kom fram í nefndinni að hækkanir eru í pípunum hjá BHM-félögum um allt að 3,8% og það lá nokkurn veginn fyrir að kjaranefnd hefði að óbreyttu, ef Alþingi hefði ekki verið að hlutast til í málinu, og eftir atvikum Kjaradómur, tekið mið af þeim hækkunum sem þar koma fram í maí. Frumvarpið tekur á því að kjaranefnd og Kjaradómur geta ekkert gert að því er varðar aðrar hækkanir á þessu ári. Formaður Kjaranefndar lýsti því svo að það leiddi til þess að það byggðist upp þrýstingur sem erfitt væri að ráða við þegar safnast hefðu upp á þessu ári einhverjar hækkanir sem kjaranefndarfólk hefði lögum samkvæmt átt að fá og þá mundi gliðna á milli kjaranefndarfólksins annars vegar sem hefur ekki samningsrétt og annarra sem fá laun sín eftir samningsbundnum ákvæðum í lögum og viðbótarlaun og þess háttar í gegnum stofnanasamninga. Þetta safnaðist upp í þrýsting sem erfitt yrði að ráða við og leiðrétta. Við höfum auðvitað áhyggjur af þessu. Kjaranefnd ákveður laun fyrir 2.000 manns og þarna eru allar ákvarðanir hvað varðar kjör þeirra teknar úr sambandi.

Ákvæðið í 2. málsl. 2. mgr. frumvarpsins segir einungis, með leyfi forseta:

„Telji Kjaradómur eða kjaranefnd að á þessu tímabili sé sérstök ástæða til breytinga á kjörum einstakra embættismanna eða hópa, vegna breytinga á umfangi starfa eða á verkefnum og verksviði þeirra, skal þess gætt að það valdi ekki röskun á vinnumarkaði.“

Ég hafði nokkrar áhyggjur af þessu ákvæði, taldi það nokkuð óljóst og óskýrt og hafði ekki alveg á tilfinningunni til hvers það mundi leiða. En formaður kjaranefndar og að mig minnir formaður Kjaradóms líka sögðu að þetta mundi ekki hafa nein áhrif í þá veru að laun kjaradómsfólks eða kjaranefndarfólks mundu hækka út af öðrum hækkunum sem yrðu á vinnumarkaðinum á þessum tíma, heldur litu þau svo á að þetta ákvæði yrði einungis nýtt ef um væri að ræða einhverjar breytingar í störfum hjá einstaklingum sem fá laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar eða ákvarðana hennar. Það er því alveg ljóst að verið er að frysta þessi laun út allan tímann.

Við töldum því betra, í stjórnarandstöðunni, að fara þá leið sem við leggjum hér til sem er á margan hátt skynsamlegri vegna þess að hún færir okkur fjær því að það sé Alþingi sjálft sem ákvarði launin, en að hluta er meiri hlutinn að ákveða núna 2,5% launahækkun fyrir þingmenn, ráðherra og aðra sem Kjaradómur ákvarðar laun fyrir. Með því að fara þá leið sem við viljum, að fresta þessu alfarið í tiltekinn tíma og líka þessari 2,5% hækkun þannig að engin hækkun kæmi 1. febrúar, þá væri það í höndum þeirrar nefndar sem nú á að fara að endurskoða fyrirkomulagið á launakjörunum að ákvarða hver þessi laun yrðu. Ég vil ekki upplifa það aftur, sem ég held að ekki sé ávinningur að, að stofna til einhverrar þingfararkaupsnefndar eða að þingið fari sjálft að ákveða laun sín en að hluta til er verið að gera það með þeim lögum sem hér á að fara að setja.

Við þessa umræðu tel ég ástæðu til að vitna aðeins í bréf Félags forstöðumanna ríkisstofnana sem voru mjög harðorðir þegar þeir komu á fund nefndarinnar og töldu gengið mjög á rétt kjaranefndarfólks með þessu frumvarpi. Kannski áttuðu sig ekki allir á því, a.m.k. ekki í upphafi þegar úrskurður Kjaradóms lá fyrir og fyrir lá að Alþingi mundi taka á því máli, að löggjöfin snerti kjaranefndarfólk með einhverjum hætti. Það gerir það svo sannarlega að því er varðar viðmiðunarstéttir þegar í pípunum eru launahækkanir á þessu ári. En það segir, og það er mjög vitnað til þeirrar sérstöðu kjaranefndarfólks að hafa ekki samningsrétt, í bréfi eða ályktun stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana, með leyfi forseta:

„Um einstök atriði frumvarpsins þykir verða að gera athugasemdir við 2. mgr. 1. gr. þess. Gengur það orðalag gegn meginanda gildandi laga og er í reynd grundvallarbreyting á eðli og fyrirkomulagi því sem Kjaradómi og kjaranefnd er ætlað að starfa eftir. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins kemur fram að Kjaradómi og kjaranefnd sé beinlínis bannað að taka tillit til launahækkana einstakra hópa eða launaskriðs sem verða kunni. Er þetta varhugavert og álitamál að fái staðist, að laun þröngs hóps starfsmanna hins opinbera séu fryst með þessum hætti. Sérstaklega þykir þetta vera vafasamt í ljósi þess að það er tilgangur og eðli laganna um Kjaradóm og kjaranefnd að launaákvarðanir þeirra taki tillit til þróunar launa annarra hópa. Þá verður ekki annað ráðið með gagnályktun frá orðalagi frumvarpsins en að ætlast sé til að Kjaradómur og kjaranefnd líti fram hjá þróun launa opinberra starfsmanna sem hefur verið meginviðmiðunarhópur Kjaradóms og kjaranefndar. Er það veruleg breyting frá gildandi lögum. Vekja má athygli á að fram undan eru svokallaðir stofnanasamningar við opinbera starfsmenn þar sem þegar er búið að ákveða að laun hækki á bilinu 2,4%–3,8% í maí 2006. Að þeim samningum loknum hefði mátt ætla að kjaranefnd og eftir atvikum Kjaradómur hefði tekið tillit til þessa við ákvörðun launa skjólstæðinga sinna síðar á þessu ári. Ef frumvarpið verður að lögum óbreytt mun óhjákvæmilega skapast óeðlilegt misræmi á milli launa forstöðumanna og annarra starfsmanna stofnana.

Þá verður að gera athugasemdir við einstök efnisatriði frumvarpsins og orðalag þess. Hugtakið „afmarkaðra hópa“ er ekki skýrt og óljóst við hvað er átt og hverjar skuli vera forsendur Kjaradóms og kjaranefndar þegar þeir aðilar taka ákvörðun hvort og þá við hvaða kringumstæður launabreytingar skuli verða. Bann við að taka tillit til launaskriðs er einnig alvarlega umhugsunarvert.“

Þeir gagnrýna þetta áfram í þessu bréfi og vísa til þess að þeim einstaklingum í þjónustu hins opinbera sem gegna þeim störfum sem talin eru upp í lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, er með þeim lögum gert skylt að hlíta launaákvörðun Kjaradóms og kjaranefndar og þannig sviptir samningsfrelsi um laun sín.

Það er ljóst að það er mjög þungt í fulltrúum þeirra hópa sem kjaranefnd ákveður laun fyrir út því að þessi leið skuli vera farin. Þeir segja að verði frumvarpið að lögum skapist réttaróvissa svo og mörg lagaleg álitaefni. Ég býst því við að málinu sé ekki lokið af hálfu þessara aðila þó að ég viti í raun og veru ekki um það en eitt er víst að það var mjög þungt í þeim hljóðið.

Það var athyglisverð tillaga sem kom fram hjá fulltrúa eins hóps þeirra sem kjaranefnd ákveður laun fyrir. Hann taldi skynsamlegra að fara þá leið að láta úrskurð Kjaradóms einungis ná til þingmanna og ráðherra en að ákvarðanir Kjaradóms gengju að öðru leyti fram gagnvart öðrum hópum. Það er auðvitað umhugsunar virði hvort það hefði nægt til að lægja þær öldur sem eru í þjóðfélaginu ef farin hefði verið sú leið að láta þann úrskurð Kjaradóms sem hér á að hnekkja einungis ná yfir þingmenn og ráðherra. Það er ljóst að reiðialdan í þjóðfélaginu beinist mest gegn þingmönnum og ráðherrum, a.m.k. virðist það koma fram. En ég er ekki viss um að það hefði dugað að láta þetta ganga fram gagnvart öðrum hópum innan Kjaradóms vegna þess að reiðialdan er mjög mikil í þjóðfélaginu almennt út af því launamisrétti sem gengið hefur í gegn á undanförnum árum og missirum. Þegar úrskurður Kjaradóms lá fyrir hefur það greinilega verið eitthvað sem fyllti mælinn og þessi reiðialda braust út.

Hjá efnahags- og viðskiptanefnd voru fulltrúar frá forsætisráðuneytinu spurðir hvort ekki hefði legið fyrir, þegar menn voru að skoða það í nóvember hvort segja ætti upp samningum á almenna vinnumarkaðnum, sú hækkun sem kjaranefndarfólk ætti að fá, þ.e. 4,5% hækkun. Svarið við því var jú, að það hefði verið tekið inn í þetta mat. Samt var það niðurstaða aðila vinnumarkaðarins að launabreytingar annarra hópa væru ekki þess eðlis að það kallaði á uppsögn

kjarasamninga.

Það er athyglisvert að hækkanir kjaranefndarfólksins, sem voru að hluta færðar yfir til kjaradómshópsins sem komið hefur af stað slíkri reiðiöldu, lágu fyrir í nóvember þar sem tekið var mið af þeim. Það var samt ekki niðurstaða aðila vinnumarkaðarins að launabreytingar annarra hópa, m.a. kjaranefndarfólks, væru þess eðlis að það kallaði á uppsögn kjarasamninga. Nú þegar færa á kjaradómsfólkinu sömu hækkun og kjaranefndarfólkið hefur fengið þá setja aðilar vinnumarkaðarins hnefann í borðið. Maður spyr: Af hverju var það ekki gert fyrr? Það hlýtur að hafa verið tilefni til þess fyrr að grípa inn í málið fyrst það er tilefni til þessi núna.

Ég held að það sem við höfum gengið í gegnum á undanförnum vikum og sú gliðnun sem er að verða í þjóðfélaginu í kjaramálum sýni okkur að stokka þurfi upp launakerfi ríkisins og gera það gegnsærra og sýnilegra. Ef þeim sem hæst tala um stöðugleikann, sem er auðvitað nauðsynlegt að viðhalda, meina eitthvað með orðum sínum þá ættu þeir að beita sér fyrir breytingu á launastefnunni. Hvernig væri t.d. að frysta laun þeirra sem mest hafa fyrir í tvö til þrjú ár, bæði á almenna markaðnum og einkamarkaðnum, nota þann tíma til að minnka launabilið og færa upp fólk með lágar- og meðaltekjur? Það væri fróðlegt að vita hvort samstaða næðist um það, að frysta almennt efsta lagið í þjóðfélaginu, bæði á einkamarkaði og almenna markaðnum í góðan tíma, tvö til þrjú ár. Þann tíma mætti nota til að færa upp þá sem lægstir eru, á botninum og fólk með meðaltekjur.

Mér fannst það athyglisvert, í andsvörum áðan hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að hann talaði um börnin með byssurnar. Hættulega aðila í þjóðfélaginu sem settu allt á hvolf í kjaramálum. Þegar hann var inntur eftir því við hverja hann ætti þá var það borgin. Hv. þingmaður Einar Oddur Kristjánsson taldi sér sæma að koma upp og gera þær litlu hækkanir, sem lægst launaða fólkið í umönnunarstéttunum fékk, blóraböggla fyrir því að allt stefndi á annan endann í þjóðfélaginu. Það er ekki sæmandi að stilla málinu upp með þeim hætti. Það er ástæða til að minna þá á, sem hæst hafa látið vegna þess að borgarstjórinn vogaði sér að lyfta upp lægstu launum fólks í umönnunarstéttunum, að fram kom hjá fulltrúa kjaraþróunardeildar Reykjavíkurborgar að laun þess fólks sem Reykjavíkurborg semur fyrir lægju nálægt því sem gerist á almenna vinnumarkaðnum. Eins kom fram að launamunur þeirra sem taka laun hjá ríkinu væri á milli 6–8% hærri en hjá þeim sem taka laun samkvæmt ákvörðunum Reykjavíkurborgar.

Það fær mig þá til að líta til þess sem hér hefur verið nefnt, þ.e. til hinna svokölluðu stofnanasamninga og viðbótarlauna í ríkiskerfinu. Ýmsir sem komu á fund nefndarinnar töldu að það hefði hækkað verulega laun viðmiðunarhópa, með ákveðnu launaskriði hjá viðmiðunarhópum sem kjaranefnd og Kjaradómur taka ákvarðanir um laun fyrir.

Ríkið er í samkeppni við almenna vinnumarkaðinn um hæft starfsfólk. Því er mikilvægt að ríkið hafi ákveðið svigrúm til að mæta samkeppni um starfsfólk. En launastefnan má þó ekki verða þannig að viðbótarlaun eða ákvarðanir í stofnanasamningum gangi einungis til þeirra sem eru í efstu lögum í ríkiskerfinu. Sjá verður til þess að slíkt gangi líka til fólks sem er á lægri launum í ríkiskerfinu og til fólks með meðaltekjur. Ég hef áhyggjur af þeirri þróun sem hefur átt sér stað, t.d. varðandi viðbótarlaun ríkisstarfsmanna sem hafa gilt örfá síðustu ár. Um slík viðbótarlaun gilda engar samræmdar reglur. Þar er um að ræða geðþóttaákvarðanir forstöðumanna hverju sinni um hvernig þeim er útdeilt. Við höfum það fyrir okkur á þinginu, það liggur t.d. fyrir í úttekt Ríkisendurskoðunar á viðbótarlaunum ríkisstarfsmanna fyrir árið 2002, hvernig þessi viðbótarlaun skiptast á milli þeirra sem vinna hjá ríkinu.

Það er ljóst af skýrslu og upplýsingum frá Ríkisendurskoðun, í kjölfar þess að ég bað um að það yrði skoðað, hvernig viðbótarlaunin koma út, t.d. hvernig þau skiptast milli kynja og milli þeirra sem fá hæstu og lægstu launin. Þar kemur fram að hæstu viðbótarlaunin fara til þeirra starfsmanna sem gegna hæstri stöðu innan hverrar stofnunar. Þannig er það. Það er ljóst, sé skipting kynja í störfum hjá ríkinu skoðuð, að þessar viðbótarlaunagreiðslur hafa frekar gengið til karla en kvenna. Fram kom að konur fá að meðaltali einungis um 56% af þeirri fjárhæð sem karlar fá. Þetta þarf að skoða. Ef einhverjir pottar eru til fyrir viðbótarlaun innan ríkiskerfisins, sem ég er ekki að gagnrýna í sjálfu sér, þá verða stjórnvöld að sjá til að um slíkt gildi samræmdar reglur og að markmið séu sett um hvernig eigi að verja viðbótarlaunum þannig að þau auki ekki á gliðnun, t.d. á milli kynja í ríkiskerfinu. En það hefur augljóslega gerst fram til þessa.

Ég hef margsinnis kallað eftir samræmdum reglum. Þegar ég sá að viðbótarlaunin voru notuð, m.a. til að auka á gliðnun milli karla og kvenna innan ríkiskerfisins, þá óskaði ég eftir því að Jafnréttisstofa athugaði málið sérstaklega. Hún taldi að upplýsingar sem kæmu fram væru of óljósar til að hægt væri að segja nákvæmlega til um hvort jafnréttislög væru brotin. En Jafnréttisstofa beindi því til fjármálaráðherra, fyrir að minnsta kosti tveimur árum síðan, að settar yrðu samræmdar reglur um greiðslur viðbótarlauna. Það var upplýst af Gunnari Björnssyni í fjármálaráðuneytinu, sem fer með launamálin, að samræmdar reglur hefðu enn ekki verið settar og er það miður, virðulegi forseti.

Ég tel að full ástæða sé til að fara nánar í það hvernig þessu er háttað. Ég mun gera það. Það getur ekki gengið að halda uppi slíkri launastefnu og verja töluverðu fjármagni í greiðslu viðbótarlauna sem leiða bæði til aukinnar gliðnunar milli þeirra sem minnst hafa og þeirra sem mest hafa og jafnframt aukist með þeim launabilið milli kynjanna. Á árinu 2002 voru t.d. greiddar sem viðbótarlaun 788 millj. kr., í einingargreiðslum úr launakerfi ríkisins sem Ríkisendurskoðun lítur á sem viðbótarlaun, nema í þeim tilvikum er samið hefur verið um að það sé endurgjald fyrir yfirvinnu sem er tímamæld. En að hluta eru viðbótarlaunin líka notuð sem yfirvinnugreiðslur þar sem ekki er krafist vinnuframlags. Þau eru líka í sumum tilvikum akstursgreiðslur sem, eins og Ríkisendurskoðun segir, eru notaðar sem viðbótarlaun. Árið 2002 fengu 702 karlar akstursgreiðslur á móti 445 konum. Að baki þeim greiðslum liggur fastur 2.000 km samningur sem skilar um 110 þús. kr. Ríkisendurskoðun metur að líklegt sé að einhver hluti þeirra greiðslna séu viðbótarlaun. Það er ástæða til að skoða þessi mál og við sjáum hvílíkur frumskógur launakerfið er, ekki bara á einka-

markaði heldur virðist það ekki eiga síður við í ríkiskerfinu.

Nokkuð hefur verið rætt, virðulegi forseti, um hvort þingið hafi heimild til að breyta launum forseta Íslands á kjörtímabilinu. Ég verð að segja að mér fannst lagaprófessorinn Eiríkur Tómasson nokkuð afdráttarlaus um það á fundi efnahags- og viðskiptanefndar að óheimilt væri að lækka laun forsetans. Ég held að hann hafi orðað það svo að hann hallaðist að því að óheimilt væri að lækka laun forsetans, þ.e. að það væri brot á stjórnarskránni. Prófessor Sigurður Líndal hafði aðeins aðrar áherslur. Hann taldi að ef hægt væri að sýna fram á að ekki hefði orðið raunlækkun á kjörtímabilinu þá gæti þetta hugsanlega gengið. En ég held að þingið sé á vafasömum brautum gagnvart stjórnarskránni sem slíkri og því ákvæði sem þar er þegar kemur að því að hnekkja dóminum gagnvart forsetanum.

Ég sé, virðulegi forseti, ekki ástæðu til að hafa orð mín mikið fleiri þótt af ýmsu sé að taka. Ég vil þó nefna að vert er að hafa áhyggjur af þróuninni í kjaramálum og þeirri gliðnun sem orðið hefur í tekjuskiptingunni í samfélaginu. Ganga þarf til þess af einurð og markvisst af aðilum vinnumarkaðarins að skoða hvað hægt er að gera til að taka á því. Við sjáum ekki bara gliðnun tekjubilsins heldur, eins og fram hefur komið á undanförnum dögum sem er reyndar ekki nýtt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni, hefur líka orðið veruleg gliðnun á milli tekjuhárra hópa og fólks með lágar tekjur og meðaltekjur að því er varðar skattgreiðslur til samfélagsins með aukinni skattbyrði hinna síðarnefndu. Það er athyglisvert að þótt slíkur munur hafi orðið á launum milli tekjuhárra og tekjulágra þá eykst sá munur eftir skatta, þ.e. verður þrisvar sinnum meiri. Skattbreytingar ríkisstjórnarinnar hafa þannig aukið gliðnun milli tekjuhópa meira en launaþróunin. Gliðnun hefur orðið þrisvar sinnum meiri með þyngri skattbyrði hjá tekjulægstu hópunum á móti því sem gliðnað hefur á milli hópa í almennum kjörum á markaði. Það er ótrúlegt að horfa til þess sem hefur verið að gerast með skattbreytingunum. Þetta kemur mjög skýrt fram í þeirri úttekt sem Stefán Ólafsson hefur gert á því máli. Hann hefur skoðað þróunina á skattbyrðinni hér á landi í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Það vekur mann óneitanlega til umhugsunar, hafi maður í huga kjaramál einstakra stétta eða þau mál í heild sinni, að sjá frumvarpið sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og er staðráðin í að láta ganga fram óbreytt. Ég held að ef við hefðum haft meiri tíma til að skoða þetta mál þá hefði kannski verið hægt að ná meiri samstöðu milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það. Stjórnarandstaðan telur að leiðin sem við leggjum til nái sama markmiði en með henni sé farið varlegar gagnvart stjórnarskránni, sem ég tel skyldu okkar þingmanna að hafa í huga.

[14:45]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður ræðir eins og oft áður um nauðsyn betra siðferðis og gagnsæis launa. Mig langar því að spyrja hv. þingmann hvort hann taki starfskostnaðargreiðslur sem þingmönnum er heimilt að taka, og fjórir til fimm þingmenn taka ekki, án þess að hafa reikning á móti. Í öðru lagi hvort hv. þingmaður taki dagpeninga sem eru 80% af kostnaði þrátt fyrir að hótel séu greidd og hvernig hann telji þá peninga inni í heimilisbókhaldinu. Eru þetta tekjur eða er þetta kostnaður? Síðan vildi ég spyrja hv. þingmann hvort hann taki þá vildarpunkta sem flugfélögin veita farþegum sínum um allan heim, sem er afskaplega siðlaust að mínu mati, og líti þannig á að telja beri þá fram til skatts o.s.frv. Að síðustu vildi ég spyrja hvort hv. þingmaður hafi skoðað lífeyrisréttindi þingmanna, hvort hann hafi flutt nokkurt frumvarp um að breyta því.

[14:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var líkt hv. þingmanni að færa umræðuna niður á einstaklingsplan og spyrja út í mitt heimilisbókhald í tengslum við þetta frumvarp. Þær greiðslur sem ég þigg, bæði sem laun og starfskostnað, eru samkvæmt lögum og reglum og ekkert við það að athuga. Ekki nokkur skapaður hlutur. Það er allt opinbert hvernig laun og kjör þingmanna eru. Það er auðvitað gegnsæi í því. Það vita allir hvernig þessum starfskostnaði er háttað og af honum er greiddur skattur. Dagpeningakerfið þekkja allir. Ég er nú ábyggilega í hópi þeirra þingmanna sem minnst ferðast á vegum þingsins. Varðandi það hvort ég þiggi eða telji fram vildarpunkta þá reyndi ég að gefa þá áfram vildarpunkta sem ég hef fengið upp í skattaskýrslunni síðast — svo ég fari nú bara út í mitt heimilisbókhald fyrst hv. þingmaður er svona áhugasamur um það — en það eru greinilega ekki til neinar reglur í ríkiskerfinu um hvernig á að draga þetta frá til skatts. Ég varð ekki vör við, þó að ég teldi þetta fram, að nokkuð væri til að byggja á hvað það varðar að færa þetta inn á skattskýrsluna. Ég gat um þá vildarpunkta sem ég nýtti en það var ekki að sjá að það breytti neinu í niðurstöðunni varðandi mínar skattgreiðslur.

Mér finnst hálfósmekklegt af hv. þingmanni að fara einstaklingsbundið ofan í mitt heimilisbókhald vegna þess að þær greiðslur sem ég fékk frá hinu opinbera eru allar fyrir opnum og tjöldum og þar er ekkert að fela. (Gripið fram í.)

[14:48]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður situr í forsætisnefnd Alþingis og ákvarðar t.d. dagpeningana. Þannig að þetta er nú ekki alveg óviðkomandi hv. þingmanni. Þau atriði sem ég nefndi eru allt atriði sem ég hef gert miklar athugasemdir við. Ég vil að laun þingmanna séu uppi á borðum algjörlega og þau séu á hreinu svo menn geti áttað sig á hver þau eru. Ég hef flutt frumvarp um að þingmenn taki lífeyrisréttindi eins og annað fólk og hækki launin sem því nemur þannig að það sé á hreinu hvernig þessum málum er háttað. Ég tek undir með hv. þingmanni. Öll leynd í launum er óeðlileg og alveg sérstaklega hjá opinberum starfsmönnum og forráðamönnum ríkisins. Það kemur sérstaklega niður á jafnrétti karla og kvenna t.d. eins og hv. þingmaður hefur mörgum sinnum benti á. Ég skora á hv. þingmann að breyta þessum reglum um dagpeninga þannig að þingmenn fái greitt samkvæmt kostnaði. Ég hef alltaf átt í vandræðum með þessa dagpeninga. Hef reyndar sent þá að mestu leyti til Hjálparstofnunar kirkjunnar, það eru held ég 700–800 þús. kall eða

eða eitthvað svoleiðis gegnum tíðina.

Við verðum að vera sjálfum okkur samkvæm, herra forseti. Það er ekki hægt að tala um að eitthvað sé prívat og persónulegt hjá mér sjálfum og það komi engum við. Þetta eru reglur sem við setjum sjálf. Við setjum sjálf reglur um lífeyrisréttindi þingmanna. Við setjum sjálf reglur um starfskostnaðargreiðslurnar sem eru alveg ótrúlegt fyrirbæri. Við setjum sjálf, eða forsætisnefnd, reglur um dagpeninga. Og vildarpunktar flugfélaganna — við ráðum því að sjálfsögðu ekki, það er um allan heim. En það er afskaplega ósiðlegt kerfi og ég held að þingmenn ættu saman að berjast gegn því.

[14:50]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér talar nú sjálfur siðapostulinn á þingi og eins og hreinn engill; (**PHB:** Ha, nei.) taki ekki dagpeninga, taki ekki starfskostnað og geri ekki hitt og þetta. Ég hef ekki orðið vör við að hv. þingmaður hafi mikið verið að hjálpa mér í því þegar ég hef hér á undanförnum árum verið að reyna að fá fram meira gagnsæi í launakerfi ríkisins með ýmsum hætti. Ég hef ekki orðið vör við að ég hafi haft nokkurn stuðning af hv. þingmanni í því efni. Ég hef ekki setið yfir því í forsætisnefnd að ákveða dagpeningagreiðslur þingmanna. Ég veit ekki einu sinni til þess að það sé sérstaklega forsætisnefnd sem ákveður þær greiðslur. Ég hef haldið að það væri eitthvað sem fjármálaráðuneytið gerði. Af hverju snýr hv. þingmaður sér ekki til hæstv. fjármálaráðherra og lætur taka í gegn þetta dagpeningakerfi almennt hjá ríkinu? Ég hef ekki orðið vör við að hv. þingmaður hafi verið að beita sér í að taka upp dagpeningakerfi hjá ríkinu. Ef honum þykir þetta dagpeningakerfi hjá ríkinu svona ósiðlegt, af hverju snýr hann sér ekki að sínum flokksbróður? Hverjir hafa ráðið fjármálaráðuneytinu á undanförnum 10–15 árum eða allt of lengi? Það er fjármálaráðherra. Það er í höndum hans að breyta þessu. Ég hef oft og iðulega gagnrýnt t.d. hvernig háttað er fyrirkomulagi á bílum hjá ráðherrum. Ég hef gagnrýnt ferðakostnað hjá ríkinu og viljað fá hann lækkaðan. Ég hef gagnrýnt dagpeningagreiðslur, hvað þær eru háar. Það er í höndum fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar að breyta því. Ég hef lagt til að lækka þessar greiðslur, ferðakostnað og dagpeningagreiðslur hjá ríkinu, á hverju ári um a.m.k. 15% og hv. þingmaður hefur í hvert skipti við fjárlagagerðina fellt þær tillögur. Hann hefur fellt þær. Af því að hann er greinilega svona sáttur við þetta kerfi. (Gripið fram í.) En ég skora á hv. þingmann að tala við (Forseti hringir.) flokksbróður sinn og láta breyta dagpeningakerfinu. Ég hugsa að hann fái stuðning minn til þess. (Forseti hringir.)

[14:52]

Sæunn Stefánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir og hefur verið til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd. Ég átti sæti við afgreiðslu málsins í efnahags- og viðskiptanefnd og vil eins og aðrir koma inn á þá annars ágætu umfjöllun sem þar átti sér stað. Við fengum fjölda gesta og miklar upplýsingar og áttum þar ágætisumræðu að ég tel.

Menn hafa rifjað með ýmsum hætti upp aðdraganda málsins, eða það andrúmsloft sem myndaðist við úrskurð Kjaradóms fyrir jól. Ég sé í sjálfu sér ekki mikla ástæðu til að rifja það neitt frekar upp. Hér hafa menn einnig rætt um mismunandi sýn á þróun kjara.

Eins og fram hefur komið var á þessum tíma nýlokið endurskoðun á forsendum kjarasamninga og fyrir hendi lá þríhliða samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins. Menn vita, eins og hér hefur komið fram, hvaða viðbrögð urðu við Kjaradómnum og við því þurfti að bregðast.

Ríkisstjórnin tók það frumkvæði í málinu að koma fram með þá tillögu að allir flokkar sem sæti eiga á Alþingi mundu eiga fulltrúa í nefnd sem mundi fara yfir starfsreglur og leikreglur Kjaradóms og kjaranefndar. Stjórnarandstaðan hafnaði því tilboði, vildi ganga fyrst frá lögum þar sem úrskurðurinn yrði felldur úr gildi eða honum frestað. Nú liggur það frumvarp fyrir og mér sýnist af umræðum hv. þingmanna að ekki beri í sjálfu sér mikið á milli þeirra leiða sem liggja fyrir þinginu. Ég held að það sé mikilvægt að okkur takist að klára þetta mál sem allra fyrst, ekki síst vegna þeirrar umræðu sem m.a. á sér stað á launaráðstefnu sveitarfélaganna — þau skilaboð sem koma frá þingi og stjórnvöldum eru mikilvæg inn í þá umræðu. Ég tel að með því sýnum við þann vilja okkar í verki að halda frið á vinnumarkaðnum.

[14:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Það er nú komið að lokum þessarar umræðu um Kjaradóm og kjaranefnd. Ég ætla að fara í gegnum nokkur þau atriði sem rædd voru í hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Menn hafa getið um áhrif Kjaradóms og þessarar lagasetningar á forseta Íslands. Samkvæmt Kjaradómi átti hann að hækka um 6,15% frá 1. janúar og samkvæmt þessu frumvarpi er það lækkað niður í 2,5% frá 1. febrúar eða um 3,65%. Rökin fyrir því að ekki megi skerða laun forsetans hafa menn rakið til ákvæða í stjórnarskrá, en þar stendur í 9. gr. 2. mgr., með leyfi herra forseta:

„Ákveða skal með lögum“ — ég endurtek með lögum — „greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald.“

Og síðan:

„Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.“

Það er þetta ákvæði sem menn hafa fett fingur út í en það hefur eiginlega enginn talað um fyrri hlutann þar sem stendur að ákveða eigi með lögum en ekki með dómi, sem er dálítið athyglisvert. Ég skoðaði greinargerð með því frumvarpi að stjórnarskrá sem samþykkt var 1944. Þar segir svo um 9. gr., með leyfi herra forseta:

„Fyrri hluti síðari mgr. er hliðstæður því sem um konung hefði gilt.“

Forsetinn er í rauninni ígildi konungs sem er dálítið athyglisvert. Síðari hlutinn er aftur á móti nýmæli í íslenskum lögum, þ.e. ákvæðið um að óheimilt sé að lækka greiðslur þessar til forseta á kjörtímabili hans. Og áfram segir, með leyfi herra forseta:

„En ákvæðið miðar að því að hindra að fjárhagslegum þvingunarráðum verði beitt gegn forseta eða Alþingi eftir á reyni með þessum hætti að ná sér niðri á forseta."

Það á að koma í veg fyrir að Alþingi nái sér niður á forseta með að lækka launin hans.

„Með fyrirmælunum er einungis verndaður réttur forseta til sömu krónutölu og hann í upphafi hafði, en engan veginn tryggt að kaupmáttur krónunnar haldist óbreyttur."

Herra forseti. Nú skil ég nokkurn veginn íslensku og að mínu mati segir þetta mér það að þau laun sem forsetinn hafði við upphaf kjörtímabilsins megi ekki skerða að krónutölu. Ég get ómögulega skilið þetta öðruvísi, herra forseti.

Menn hafa nefnt til sögunnar að þegar skattfrelsi forsetans var afnumið árið 2000 hafi einmitt verið vísað í þetta ákvæði og það í mínu eigin frumvarpi. Það er rétt. Enda kom fram í úrskurði Kjaradóms af því tilefni, að hann hækkaði laun forsetans úr 615 þús. kr. í 1.250 þús. Hann tvöfaldaði launin vegna þess að forsetinn missti skattfrelsið. Sem segir mér að forsetinn var með ígildi 1.250 þús. kr. og ef ekkert hefði komið til hefði hann verið skertur niður í 615 þús. við það að borga skatta. Hann hefði verið skertur úr 1.250 þús., sem voru hans raunverulegu laun af því hann borgaði ekki skatt, niður í 615 þús. og borga skatt af því. Það var þvílík kjaraskerðing, herra forseti, það hefði örugglega lækkað laun hans niður fyrir þá krónutölu sem hann hafði í byrjun kjörtímabilsins. Af þessari ástæðu taldi flutningsmaður frumvarpsins á sínum tíma að taka þyrfti mið af þessu í Kjaradómi. En sú hækkun sem við núna erum að taka af forsetanum og hefur staðið í einn heilan mánuð eru 3,65%. Það er nokkuð víst, herra forseti, og nokkuð öruggt að laun forsetans fara ekki niður fyrir þá krónutölu sem hann hafði í upphafi kjörtímabilsins. Þannig að ég er engan veginn sannfærður um að þetta ákvæði í stjórnarskránni sé brotið. Ég er bara alls ekki sannfærður. Ég er eiginlega sannfærður um það gagnstæða án þess að ég vilji þó fara að dæma í því máli, ef forsetinn skyldi nú fara í mál út af þessu og það færi fyrir Hæstarétt.

Þá var eignarrétturinn ræddur í hv. efnahags- og viðskiptanefnd, þ.e. að laun væri eignarréttur. Eins og ég gat um í 1. umr. get ég engan veginn fallist á það því þegar ég ræð mig til vinnu eða þegar fólk ræður sig til vinnu almennt, þá leggur það fram vinnuframlag og fær laun í staðinn og yfirleitt stenst þetta á, mönnum er borgað réttlátlega, þ.e. samningurinn um að taka sér vinnu, leggja fram vinnuframlag og fá laun í staðinn, verðmæti þess samnings er yfirleitt núll. Það er ekkert sérstakt við þann samning í sjálfu sér, ekki frekar en ef ég sel bílinn minn á milljón þá afhendi ég bílinn og fæ milljón í staðinn og það er ekkert verðmæti í þeim samningi sem slíkum. Í vinnusamningnum hafa launin því ekkert verðmæti í sjálfu sér af því að vinnan kemur á móti. Hins vegar gæti launahækkun hugsanlega verið eign ef hún væri ákveðin til allrar framtíðar og ekki hægt að breyta henni. En nú er það svo að þeir launþegar sem þiggja laun samkvæmt Kjaradómi og kjaranefnd ákvarða ekki laun sín sjálfir og þeir verða að sæta ákvörðun annars staðar frá, frá Kjaradómi eða Alþingi sem setur lög um Kjaradóm. Valdið liggur því hjá Alþingi, enda eðlilegt þar sem Alþingi hefur fjárveitingavald. Enginn annar má ráðstafa peningum úr ríkissjóði nema Alþingi. Með þeim rökum getur Alþingi því að sjálfsögðu gripið inn í og hækkað eða skert laun þeirra sem þarna þiggja laun, af því að þeir ákveða það ekki sjálfir. Alþingi er heimilt að gera það núna. Það brýtur þá ekki á nokkurn hátt gegn stjórnarskránni af því að Alþingi hefur fjárveitingavald samkvæmt henni, þ.e. 41. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá var nokkuð rætt um jafnræðisreglu, að ekki mætti skerða laun þeirra sem fá laun samkvæmt Kjaradómi og miðað við þá sem fá laun samkvæmt kjaranefnd. Nú er fólk með alls konar kjör um allt þjóðfélagið. Það er verið að hækka þennan og ekki hinn. Það hefur hingað til ekki verið talið brjóta einhverja jafnræðisreglu þótt einn fái hærri laun en annar eða einn sé lækkaður í launum með verðbólgu eða með beinum hætti. Það hefur hingað til ekki verið talið brjóta neina jafnræðisreglu þannig að ég get ekki fallist á þessa grein, líka vegna þess að það kom fram hjá gestum nefndarinnar að þessi lagasetning væri nægilega almenn til að beinast ekki gegn einstaklingum. Það hefði verið verra ef eingöngu þingmenn hefðu verið látnir sæta henni. Það hefði þá verið þrengri hópur og þá er ekki hægt að tala um að um almenna aðgerð sé að ræða.

Á móti þessum rökum og móti þeim sjónarmiðum sem þarna koma fram um forseta Íslands, eignarréttinn og jafnræðisregluna þá koma að sjálfsögðu þau stóru mál sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ræddi um. Ég tek undir hvert orð sem hann sagði um hættuna á víxlverkun launa og verðlags sem við höfum afskaplega bitra reynslu af. Allir tapa á því og sérstaklega þeir sem verst eru settir, frú forseti. Þess vegna er meginsjónarmiðið að gæta þess að hin viðkvæma staða á launamarkaði fari ekki úr skorðum. Það er meginmarkmiðið á bak við þessa lagasetningu og ryður öðrum minni háttar markmiðum eða sjónarmiðum á brott.

Eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði höfum við undanfarið orðið vitni að ákveðinni tilraun sem sýnir einmitt hversu vinnumarkaðurinn er viðkvæmur. Ákveðinn borgarstjóri hér á landi ákvað að hækka laun lægst launaða fólksins, mjög göfugt markmið og hefur verið reynt oft og tíðum. Því miður fóru launahækkanirnar dálítið upp launastigann þannig að mér er sagt að jafnvel fólk sem hefur yfir 200 þúsund og þar af hærra hafi fengið launahækkun líka. Og hvað gerist? Allt í einu rignir inn uppsagnarbréfum hjá þeim hinum sama borgarstjóra og hann situr allt í einu á bólakafi í uppsagnarbréfum óánægðra starfsmanna vegna þess að hann hækkaði launin, frú forseti. Þetta segir okkur hve viðkvæmt er að grípa inn í það jafnvægi sem er, allt í einu er fólk sem er með menntun verr sett en þeir sem ekki hafa menntun. Þess vegna þurfum við að fara mjög gætilega og mér finnst þessi tilraun borgarstjóra hafa sýnt okkur hvað við þurfum að fara varlega í þessum efnum og þess vegna er þetta frumvarp lagt fram.

Það er alltaf dálítið vandræðalegt eins og ég gat um í 1. umr. að ræða um sín eigin laun og ég benti á ákveðna leið til að vega á móti því. Inn í það koma að sjálfsögðu mörg mál eins og lífeyrisréttur, starfskostnaðargreiðslur o.s.frv. Það er athyglisvert að það var lagt fram eftirlaunafrumvarp í desember 2003 sem var samþykkt. Mjög mikið hefur verið talað um að það hafi verið þingmönnum til hagsbóta. En nú hefur verið reiknað út að hinn almenni þingmaður tapaði

á þessu eftirlaunafrumvarpi, hver og einn einasti þingmaður tapaði 1–3% á því. Það hefur ekki komið fram í umræðunni en væri afskaplega nauðsynlegt að það komi fram að almenni þingmaðurinn tapaði á eftirlaunafrumvarpinu samkvæmt útreikningum tryggingafræðinga og ég vil gjarnan að það komi fram. En þetta er einn anginn af því að hafa launin sýnileg og ég legg mikla áherslu á að launin verði sýnileg enda hef ég flutt um það frumvarp í tvígang að þingmenn séu með lífeyrisréttindi eins og almennir borgarar þessa lands í almennum lífeyrissjóðum og að þingfararkaupið sé ákveðið á beinni hátt og greinilegar en í dag.

Frú forseti. Í tillögum minni hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar kemur fram að þeir leggja fram eilítið öðruvísi tillögur en meiri hlutinn. Þeir leggja til að það komi engin hækkun frá 1. febrúar og sú lækkun eða sú frysting renni út 1. júní næstkomandi og þeir ætla að setja þetta í nefnd eins og margt annað er sett í nefnd. Ef sú nefnd skilar ekki niðurstöðu og ekkert gerist þá hækka launin sjálfvirkt 1. júní. Það er oft talað um það og meira að segja stjórnarandstæðingar sjálfir hafa oft, (**Gripið fram í:** ... talar sem stjórnmálamaður?) í þessum stól stend ég sem stjórnmálamaður. (Gripið fram í.) Nei, oft er það þannig að stjórnarandstæðingar tala um að málið sé saltað í nefnd og það er akkúrat það sem þeir ætla að gera. Og ef nefndin gerir ekki neitt eins og oft vill verða þá hækka launin. Þetta er nefnilega athyglisvert. En munurinn er sá að þær tillögur sem meiri hlutinn leggur til er að hækka launin um hálft prósent (**Gripið fram í:** 2,5.) 2,5 já, og skipa nefnd en ef nefndin gerir ekki neitt þá bara verður það 2,5% í heilt ár. Svo kemur Kjaradómur aftur. (**Gripið fram í:** Já, er það ekki já?) Já, já. En það er munurinn á þessu að ef nefndin ekki skilar niðurstöðu þá er frysting á þessum launum í heilt ár. (Gripið fram í.) Það er von að hv. stjórnarandstæðingar séu órólegir yfir þessu því þetta er merkileg niðurstaða (Gripið fram í.) vegna þess að ef nefndin þeirra skilar ekki niðurstöðu þá hækka launin 1. júní um 8% og þá er þetta allt saman sýndarleikur. Þetta var um tillögur hv. minni hluta.

Síðan ætla ég að fara í gegnum nefndarálit — það er von að hv. þingmenn í minni hlutanum séu órólegir yfir þessu — það verður enn þá meira gaman að lesa nefndarálit minni hlutans og ég hygg að lögfræðingar muni verða tregir að koma á fund nefndarinnar eftir að þeir heyra það sem hér stendur.

„Lögfræðingar sem komu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd vöruðu allir sem einn eindregið við því að fara þá leið sem ríkisstjórnin hyggst fara.“ Á fund nefndarinnar kom fullt af lögfræðingum. Ég man ekki til að Baldur Guðlaugsson hafi varað við þessu.“ (**Gripið fram í:** ... sambönd og var ekki spurður um það.) Það er alveg sama, í nefndarálitinu stendur þetta svona. Menn geta ekkert ... (Gripið fram í.) Get ég fengið frið fyrir frammíköllum órólegra og vandræðalegra þingmanna sem eru komnir alveg út í horn. (Gripið fram í.) Síðan stendur í nefndarálitinu: „Lögfræðingarnir töldu víst að frumvarpið færi gegn ákvæðum stjórnarskrár um eignarrétt og jafnræði, ...“ Lögfræðingarnir töldu víst, sem sagt á fundi hv. efnahags- og viðskiptanefndar dæmdu þessir lögfræðingar. Þeir töldu bara víst, (**Gripið fram í:** Þeir töldu víst já.) það var enginn efi, þetta bara er svona. Ég er nærri viss um að þessir hátt-virtu lögfræðingar, ég hlýddi reyndar á þeirra mál, sögðu þetta ekki. Ég er viss um að þeir eru ekki sáttir við svona meðhöndlun á ummælum sínum.

Síðan kemur og þá er haft eftir lögfræðingum: „... auk þess sem orðalag 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar heimili ekki að laun forseta séu lækkuð á miðju kjörtímabili.“ Það er enginn efi í neinum huga neins staðar að lögfræðingarnir sögðu þetta, en þeir dæmdu ekki á fundi hjá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. (Gripið fram í.) Vegna þess að meiri hlutinn vildi ekki fara að dæma um þessi atriði í nefndarálitinu, ekki eins og minni hlutinn er búinn að gera.

(**Forseti** (SP)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Takk. En svo gerist dálítið merkilegt. Þrátt fyrir að hv. þingmenn minni hlutans hafi svona óskaplegar efasemdir um stjórnarskrána, þrjú atriði sem þeir telja jafnvel að brjóti hana, þá leggja þeir engu að síður til í breytingartillögu sinni: Þrátt fyrir úrskurð Kjaradóms skal hann ekki koma til framkvæmda frá og með 1. febrúar. Þá er það bara allt í lagi. Þarna er ákveðinn tvískinnungur í gangi og dálítil rökleysa.

Frú forseti. Í 1. umr. ræddi ég um framhaldið og ég tel að það sé útilokað að annar en Alþingi ákvarði laun ráðherra og dómenda. Ég held að þingið eigi ekkert að skorast undan því. Ég hef reyndar bent á leið sem leysir þann vanda að menn séu að ákveða eigin laun. Það vill nefnilega svo til að hv. þingmenn eru kosnir á fjögurra ára fresti af þjóðinni og bera þá ábyrgð. Og ef þeir taka rangar ákvarðanir um eigin laun þá er annað fólk kosið á þing. Ég hef lagt til að fráfarandi þing ákvarði laun næsta þings tímanlega, t.d. í vor. (**Gripið fram í:** ... ekki sameinað.) Nei. Þeim úti í þjóðfélaginu sem finnst þetta vera óskaplega há laun og sjá ofsjónum yfir því geta þá bara boðið sig fram til þings og séð hvort þeir njóti trausts hjá þjóðinni til að gegna þessu embætti, það eykst þá samkeppnin um þingmennskuna og við sitjum á veikari grein. Ég held að þetta sé eiginlega besta lausnin án þess að ég vilji leggja nefndinni sem á að skipa, einhverjar reglur um það. Alþingi á að sjálfsögðu að ákvarða með lögum eins og stendur í stjórnarskránni um forseta, það stendur nefnilega í 9. gr. stjórnarskrárinnar: „Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta ...“ Þannig að í stjórnarskránni stendur að að ákveða eigi með lögum en ekki með dómi svo ég held að Alþingi eigi ekkert að komast undan því að ákvarða laun æðstu stjórnenda með lögum og menn geti svo haft einhver verðtryggingarákvæði innan kjörtímabilsins eða eitthvað slíkt en ég held að við komumst ekki hjá því og það verður miklu meiri sátt um það ef þetta verður gert tímanlega, áður en framboðsfrestur í prófkjörum og slíku og uppstilling lista hefur farið fram.

Ég þakka mjög góða og málefnalega umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd. Það var unnið mjög stíft og hratt og mjög vel og ég held að öll þau sjónarmið sem hafi komið fram hafi fengið góða umræðu. Ég vil líka þakka þessa umræðu. Hún hefur verið mjög góð og málefnaleg og svo vona ég að þetta mál fái gott gengi í þinginu.

[15:15]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram í máli hv. þingmanns í

dag að hann teldi afar áhugavert og raunar bráðnauðsynlegt að öll laun væru uppi á borðinu. Hv. þm. Pétur H. Blöndal er einn flutningsmanna frumvarps, 23. máls, og hvað skyldi það kveða á um? Frumvarp það gerir ráð fyrir að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. (Gripið fram í.) Sem sagt að það eigi að taka út af borðinu að menn geti séð hvaða laun eru greidd í landinu og að reikna megi það út eins og hægt er að gera í dag og að þær skattskrár sem núna liggja frammi og eru til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi verði það ekki lengur.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að þessi orð þingmannsins í dag eru í algerri andstöðu við það frumvarp sem hann flytur. (**Gripið fram í:** Það er nú einhver misskilningur.)

[15:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Örstutt um þetta. Ég er hlynntur frelsi einstaklingsins og ég er hlynntur verndun persónuupplýsinga. Þetta eru mjög viðkvæmar persónuupplýsingar. Þær voru settar upp á sínum tíma þegar skatteftirlit var miklu veikara og skatteftirlitið fólst í eftirliti samborgaranna. Ég tel að þetta sé löngu úrelt fyrirbæri.

[15:16]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svo vildi til að hv. þm. Pétur H. Blöndal átti hér orðastað við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fór fram á að allar hennar tekjur og greiðslur, ráðstöfun ferðapunkta, ferðakostnaður og annað slíkt væri opinbert. Hann og taldi afar nauðsynlegt að allar greiðslur og öll laun lægju fyrir. Ég tek alveg undir með hv. þingmanni því ég held að það eigi að vera opinbert hvað við höfum í laun og að það eigi líka að vera opinbert hvað stéttir hafi í laun almennt í landinu þannig að menn sjái laun og launaskrið en stundi ekki þann feluleik sem núna á sér stað með því að reyna að fela hvað raunverulega sé að gerast á markaðnum.

Mér þykir hins vegar leitt að hv. þingmaður skuli vera tvísaga í málflutningi sínum, þ.e. að leggja annars vegar til að birt séu öll laun eins þingmanns og annarra en leggja svo fram frumvarp um að fela launakjör í landinu.

[15:17]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég bað alls ekki um öll laun. Ég bað ekki um fjármagnstekjur eða önnur laun (Gripið fram í.) sem hv. þingmenn fá annars staðar heldur eingöngu þau laun sem hv. þingmaður, ásamt með öðrum þingmönnum, ákvarðar sjálf.

[15:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður talaði um forsetann og stjórnarskrárákvæðið. Hann vitnaði í það að sérstaklega hefði verið tekið fram í athugasemdum 1944 með stjórnarskrárfrumvarpinu að ákvæðin væru einungis til að vernda rétt forseta til sömu krónutölu og hann hefði í upphafi haft en engan veginn hafi þau tryggt að kaupmáttur krónunnar haldist óbreyttur. Þetta held ég að verði ekki skilið öðruvísi í ljósi sögunnar en að menn hafi talið að forsetinn ætti ekki neina kröfu á verðlagshækkunum á sín laun á því kjörtímabili sem hann sæti og það getur ekki dugað sem skýring á því að það eigi að lækka ákvörðuð laun forsetans eins og hér stendur til af hálfu meiri hlutans og ég tel skýlaust brot á stjórnarskránni.

[15:19]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst ræðan sem hv. þingmaður flutti áðan afar kúnstug og er kannski langt til jafnað að í sömu ræðunni gangi hann í tvígang gegn sínum eigin frumvörpum sem hann hefur áður flutt. Það hlýtur að vera einhvers konar met á hinu háa Alþingi. Árið 2000 flutti hv. þingmaður frumvarp um skattfrelsi forseta og tók þar sérstaklega fram — hann er 1. flutningsmaður málsins — tók sérstaklega fram að ekki væri heimilt að lækka laun forseta á miðju kjörtímabili. Þetta var árið 2000. Hann lagði það sérstaklega fram í frumvarpi og tók þetta fram í greinargerð. Það þarf svo sem ekkert ímyndunarafl til að láta sér til hugar koma að þekkt persóna á Spaugstofunni hefði kannski gert þetta á svipaðan hátt, þ.e. orðið svona tvísaga. Nú segir hv. þingmaður að það fari ekki gegn stjórnarskránni að lækka laun forseta en í greinargerð árið 2000 var þetta ekki heimilt. Þetta er eiginlega svo (Forseti hringir.) kúnstugt, virðulegi forseti, að hv. þingmaður verður að eiga skömmina sjálfur.

[15:20]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki hvaða erindi orðin kúnstugt og Spaugstofan eiga í málefnaumræðu á hinu háa Alþingi. Ég fór sérstaklega í gegnum þetta í ræðunni og hv. þingmaður hefur bara ekkert hlustað á það. Ég fór sérstaklega í gegnum það að skattfrelsi þýddi helming af launum forseta. Hann var í rauninni með 1.250 þúsund og hefði lækkað niður í 615 þúsund samkvæmt niðurstöðu Kjaradóms. Hann hefði farið niður fyrir launin sem hann hafði í upphafi kjörtímabilsins í krónutölu. Þetta er því enginn tvískinnungur. Þetta er bara nákvæmlega rökrétt eins og ég lagði það fram.

[15:21]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held ég leyfi mér bara að lesa beint upp úr greinargerð frumvarps hv. þingmanns sem var lagt fram á þinginu árið 2000, svo enginn misskilningur sé nú á ferðinni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ástæða þess að frumvarpið er lagt fram nú er að þær breytingar sem felast í frumvarpinu verða ekki gerðar á kjörtímabili forseta vegna ákvæðis 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar ...“

Með öðrum orðum þá verður launakjörum forseta ekki breytt nema í upphafi kjörtímabils. Þetta segir berum orð-

um í greinargerð hv. þingmanns með sínu eigin frumvarpi. Nú kemur hv. þingmaður og mótmælir því og telur það ekki við hæfi að líkja honum saman við þekkta persónu úr Spaugstofunni sem ekki hikaði við, þegar hann taldi það eiga við, að skipta um hest í miðri á. En það að hv. þingmaður skuli í einni ræðu fara gegn tveimur frumvörpum sem hann sjálfur hefur flutt hlýtur að vera einhvers konar met á hinu háa Alþingi.

[15:22]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður telur að eftir því sem hann endurtekur eitthvað oftar þá verði það meira satt. Þetta var ekkert satt sem hann sagði því að þegar skattfrelsið var afnumið lækkuðu raunveruleg laun forsetans um helming, frú forseti, frá því sem áður hafði verið og fóru niður fyrir það sem þau voru í byrjun kjörtímabils þannig að ... (Gripið fram í.) já, það var akkúrat það sem ég átti við. Það var vísað í þessa grein í stjórnarskránni einmitt út af þessu. Það er alveg sama hvað ég segi þetta oft, svo virðist sem hv. þingmaður taki ekki eftir því. Sú hækkun sem við erum að afnema núna hjá forsetanum stóð í heilan mánuð og var rétt rúmlega 3%.

[15:23]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur oft og tíðum talað hreinlega niður til öryrkja og láglaunafólks og talið það geta lifað nánast á loftinu einu saman. Vegna ummæla hans áðan í ræðu um ástæðu launaskriðs á Íslandi tel ég rétt að fá alveg skýr svör frá þessum talsmanni Sjálfstæðisflokksins.

Í fyrsta lagi: Telur hann að launaskrið á Íslandi sé láglaunafólki að kenna?

Í öðru lagi: Er þingmaðurinn á móti því að lægstu laun á Íslandi hækki?

Ég held að það sé ágætt fyrir okkur öll og þjóðina að fá það alveg skýrt hvort þessi talsmaður Sjálfstæðisflokksins sé með þessa stefnu alveg skýra.

[15:24]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil bara alls ekki hvernig þessar fyrirspurnir koma í þessa umræðu. Ég bara skil það ekki, fyrirgefið. (Gripið fram í.) Nei, nei, í fyrsta lagi: Hef ég talað niður til öryrkja og láglaunafólks? Það fullyrðir hv. þingmaður og ég bið hann um að staðfesta það og sanna það. (**VF:** Það er bókfært.) Það er bókfært! Það er ekki nóg að segja að það sé bókfært. Hann þarf að sanna það og það er engin sönnun að segja að það sé bókfært.

Síðan spyr hann mig hvort launaskrið sé láglaunafólki að kenna. Hef ég einhvern tíma sagt það. (**VF:** Þú gafst það í skyn áðan.) Það vill nefnilega þannig til að þegar ég kom inn á þing 1995 þá talaði ég mörgum sinnum um að lægstu laun væru skammarlega lág. Þá voru þau 42 þúsund. Það hefur sem betur fer breyst. Það tókst að hækka lægstu laun og ég ætla að vona að það takist áfram að hækka lægstu laun án þess að það hafi áhrif upp allan skalann. En svona fullyrðingar eins og hjá hv. þingmanni eru ótrúlegar.

[15:25]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Því miður svaraði hv. þm. Pétur H. Blöndal ekki þessum fyrirspurnum. Þetta kom nokkurn veginn fram í ræðu hans áðan, alla vega mátti skilja það á þeirri ræðu. Þess vegna ítreka ég þær. Í fyrsta lagi: Telur hv. þm. Pétur H. Blöndal að launaskrið á Íslandi sé láglaunafólki hreinlega að kenna, þ.e. að láglaunafólkið sé vandamálið? Í öðru lagi: Er þingmaðurinn á móti því að lægstu laun á Íslandi hækki? Þannig hefur hann ávallt talað.

[15:26]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Að sjálfsögðu er það ekki lægst launaða fólkinu að kenna að það sé launaskrið á Íslandi. Ég veit ekki hvernig í ósköpunum hv. þingmaður kemst að þeirri niðurstöðu að ég haldi því fram. Ég vil að sjálfsögðu að lægstu laun hækki. Ég sagði það sérstaklega áðan að ég vil að lægstu laun hækki. Ég hef alveg sérstakan áhuga á því. En ég vil að hv. þingmaður taki aftur að ég hafi talað niður til öryrkja og láglaunafólks eða sanni það.

[15:26]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu sem hefur kannski um margt verið ágæt, en um annað hefur hún valdið talsverðum vonbrigðum. Það sem hefur valdið mér hvað mestum vonbrigðum er afstaða stjórnarliða til stjórnarskrárinnar.

Nú ætla ég ekki að fullyrða að þeir séu vísvitandi að brjóta stjórnarskrána. En þeir sem hingað hafa komið upp og tjáð sig hafa allir viðurkennt að í tengslum við þá leið sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara þá séu menn tilbúnir að taka áhættu varðandi þann vafa sem uppi er viðkomandi stjórnarskránni og það þykir mér óskaplega miður. Ég held að við eigum að virða stjórnarskrána á þann veg að í vafatilvikum eigi stjórnarskráin að njóta vafans. Þessi afstaða þykir mér miður og mér þykir hún benda til þess að menn hafi einfaldlega verið of lengi við völd, ellegar mundu þeir ekki nálgast verkefnið, að mínu mati, út frá þessu sjónarmiði. Ég vil lýsa vonbrigðum mínum með þá afstöðu stjórnarliða að þeir hafi það meginsjónarmið í málinu að stjórnarskráin eigi ekki að njóta vafans og það þykir mér miður.

Annað vil ég einnig nefna í lokin vegna orða hv. þm. Pétur H. Blöndals. Í ræðu sinni talaði hv. þingmaður um að verið sé að lækka laun um 3,44%, minnir mig, þ.e. ef ég man töluna rétt úr hans ræðu. (**PHB:** ... forsetann.) Það kann að vera að hv. þingmaður hafi verið að tala um forseta. Ég vil aðeins vekja athygli á því að hér er það að gerast í fyrsta lagi að ríkisstjórnin er að leggja til að úrskurður Kjaradóms verði felldur úr gildi. Þegar hann er felldur úr gildi er um leið ákveðið að hækka laun um 2,5%. Með öðrum orðum er Alþingi að taka ákvörðun um að hækka laun

ráðherra og þingmanna. Það er mikilvægt að þessar staðreyndir séu á hreinu í umræðunni og menn snúi ekki út úr þessu eins og mér fannst á ræðu hv. þingmanns.

Að þessum orðum sögðum er í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem umræðan hefur skilað í dag. Ég tel að það hefði átt að geta náðst góð sátt hér á þingi um að ljúka þessu og þá þannig að við skildum ekki stjórnarskrána eftir í uppnámi eins og sú leið sem meiri hlutinn hefur ákveðið að fara gerir í stað þess að reyna að lenda málinu vegna þess að þegar öllu er á botninn hvolft er í reynd enginn ágreiningur milli meiri og minni hluta hér á þingi um að afnema áhrif úrskurðar Kjaradóms frá því í desember. En vegna hinna fjölmörgu athugasemda sem fram hafa komið um þá leið sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara og einnig um þá ákvörðun sem hún tekur með því að hækka laun ráðherra og þingmanna, þ.e. að láta lögin eða Alþingi kveða á um þetta, þá treystum við okkur ekki til að fylgja henni eftir. Við höfum hins vegar lagt fram okkar hugmynd sem við teljum að standist ákvæði stjórnarskrár fullkomlega og teljum að um þá leið hefði átt að geta náðst góð sátt. Ég held að mjög mikilvægt sé að Alþingi sendi skýr skilaboð frá sér um að Alþingi sé ekki tilbúið að standa að og byggja undir þá launaþróun sem verið hefur á undanförnum missirum þar sem bilið milli þeirra sem meira mega sín og þeirra sem minna mega sín breikkar sífellt. Við lítum á þetta sem lið í því að sporna gegn þeirri þróun og viljum heldur ekki taka þátt í því að draga upp þá mynd að launaþróun sé önnur en birtist í Kjaradómi og á þann hátt kasta ryki í augu verkalýðshreyfingarinnar og almennings í landinu.

[15:32]

Útbýting:

Einkaneysla og skatttekjur, 350. mál, svar fjmrh., þskj. 665.

Fyrirframgreiðslur námslána, 438. mál, fsp. KJúl, þskj. 659.

Háskólasetur á Akranesi, 435. mál, þáltill. JBjarn og KolH, þskj. 656.

Hlutafélög, 436. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 657.

Málefni listmeðferðarfræðinga, 440. mál, fsp. KolH, þskj. 661.

Menntun leikskólakennara, 437. mál, fsp. KJúl, þskj. 658.

Rekstrarskilyrði íslenskra kaupskipaútgerða, 439. mál, fsp. KLM, þskj. 660.

Rekstur framhaldsskóla, 443. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 664.

Sameining opinberra háskóla, 442. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 663.

Skotveiði og friðland í Guðlaugstungum, 446. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 668.

Skólafatnaður, 441. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 662.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:36]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við göngum hér til atkvæðagreiðslu um mikilvægt mál sem valdið hefur miklum usla og óánægju í samfélaginu. Ekki fyrir þá sök að menn einblíni á niðurstöður Kjaradóms einar, heldur varpar dómurinn ljósi á það kjaramisrétti sem verið hefur að þróast á Íslandi á undanförnum árum. Í efnahags- og viðskiptanefnd hefur verið fjallað rækilega um tillögur ríkisstjórnarinnar en því miður klofnaði nefndin. Það er slæmt að við skyldum ekki ná þverpólitískri samstöðu um aðkomu að þessu máli. Tillögur stjórnarandstöðunnar eru frábrugðnar tillögum stjórnarmeirihlutans að því leyti að stjórnarminnihlutinn, stjórnarandstaðan á Alþingi, hefur sett fram tillögur sem kveða á um að niðurstaða Kjaradóms komi ekki til framkvæmda að neinu leyti en sem kunnugt er vill stjórnarmeirihlutinn að þingmenn, ráðherrar, dómarar og embættismenn sem undir Kjaradóm heyra fái nú 2,5% kauphækkun. Við leggjum hins vegar til að fyrir miðjan marsmánuð liggi fyrir frumvarp um nýtt fyrirkomulag kjaraákvarðana og fái nýr ákvörðunaraðili hreint borð að starfa á. Fyrir 10 árum lagði ég til að kjaraákvarðanir væru færðar inn í þingið þannig að Alþingi stæði og félli með ákvörðunum sínum, væri ábyrgt gerða sinna. Fyrir þessu reyndist ekki vera hljómgrunnur á þinginu. Nú bregður hins vegar svo við að Alþingi telur sig þess umkomið að taka ákvörðun um launakjörin, ganga gegn niðurstöðu Kjaradóms en jafnframt hækka launin um 2,5%. Ég vek athygli þingheims á hversu mótsagnakennd þessi afstaða er, einkum af hálfu þeirra sem hafa verið því andvígir að ákvarðanir um launakjör alþingismanna og embættismanna verði færðar inn í þingið.

Tillögur stjórnarandstöðunnar eru hreinni og beinni en stjórnarmeirihlutans og betur í samræmi við ábendingar lögfræðinga sem komu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd. Hinu er svo rétt að halda til haga að fram hefur komið við þessa umræðu að stjórnarmeirihlutinn hefur ekki áhyggjur af kjaramisréttinu í landinu heldur aðeins hinu að launafólk í landinu komi auga á misréttið. Þess vegna er talað um að rugga ekki bátnum eða valda óróa á vinnumarkaði. Kjaramisréttið á að uppræta en það á ekki að fela það. Ég vona að við séum að stíga fyrstu skrefin í þá átt.

[15:39]

Lúðvík Bergvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir miður að meiri og minni hluta hafi ekki tekist að ná saman um að ljúka þessu máli sem við ræðum hér í dag. Vegna þess að í reynd er það svo að um sameiginleg markmið er að ræða, þ.e. að láta úrskurð Kjaradóms frá 19. desember sl. ekki koma til framkvæmda. Ástæðan fyrir því að meiri og minni hluti gátu ekki verið samstiga í þessu máli er fyrst og fremst sú að stjórnarliðið var ekki tilbúið að láta stjórnarskrána njóta vafans í þessum efnum. Stjórnarliðið er tilbúið að tefla á tæpasta hvað varðar stjórnarskrána en við erum ekki tilbúin til þess, enda kváðu allir lögfræðingar sem spurðir voru fyrir nefndinni upp úr um það að með þeirri leið væri teflt á tæpasta varðandi stjórnarskrána.

Í annan stað er einnig verið að marka hér nýja stefnu hvað það varðar að Alþingi er að taka ákvörðun um laun ráðherra og þingmanna. Alþingi er með frumvarpi ríkisstjórnarinnar að hækka laun ráðherra og þingmanna um 2,5%. Það er ekki ákvörðun sem tekin er að vel ígrunduðu

máli og það er ekki ákvörðun sem tekin er eftir að hafa verið rædd á hinu háa Alþingi. Hún hefur ekki verið rædd hér heldur er þetta ákvörðun sem tekin er í framhaldi af því að ríkisstjórnin réð ekki við það ástand sem upp var komið. Þetta eru viðbrögð fálmkenndrar forustu ríkisstjórnar sem augljóslega saknar þeirra sem áður leiddu hana í erfiðum málum.

[15:41]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Niðurstaða okkar í stjórnarandstöðunni var sú að leggja til að engin hækkun komi á laun þeirra sem Kjaradómur felldi úrskurð um á því tímabili sem við leggjum til að stöðvunin vari. Á því tímabili verði hins vegar unnið nýtt lagafrumvarp um Kjaradóm og á grundvelli þeirra laga kveði Kjaradómur síðan upp þann dóm sem samrýmist því sem við höfum orðið sammála um við nýja lagasetningu.

Brtt. 653 felld með 26:18 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

nei: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, BöðJ, DJ, EOK, GHj, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, SæS, VS, ÞKG.

19 þm. (ArnbS, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, GHH, GÞÞ, GÖg, HBl, HlH, ISG, JGunn, JBjart, KJúl, KHG, MF, RG, SF, ÞBack) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁMöl, BjarnB, BBj, BöðJ, DJ, EOK, GHj, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, SæS, VS, ÞKG.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GAK, HHj, JÁ, JóhS, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, BÁ, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, GHH, GÞÞ, GÖg, HBl, HlH, ISG, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KHG, MF, RG, SF, ÞBack) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, BöðJ, DJ, EOK, GHj, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, SæS, VS, ÞKG.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GAK, HHj, JÁ, JóhS, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, GHH, GÞÞ, GÖg, HBl, HlH, ISG, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KHG, MF, RG, SF, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 15:44.

48. FUNDUR

föstudaginn 20. jan.,
að loknum 47. fundi.

Dagskrá:

Kjaradómur og kjaranefnd, stjfrv., 417. mál, þskj. 634. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Kjaradómur og kjaranefnd, 3. umr.

Stjfrv., 417. mál (ógilding úrskurðar). — Þskj. 634.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, BöðJ, DJ, EOK, GHj, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, SæS, VS, ÞKG.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GAK, HHj, JÁ, JóhS, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, BJJ, BjörgvS, EKG, EMS, GHH, GÞÞ, GÖg, HBl, HlH, ISG, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KHG, MF, RG, SF, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:46]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Við greiðum atkvæði um afar mikilvægt mál. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur brýna nauðsyn og réttmæt rök fyrir því að fara þá leið sem við höfum ákveðið að fara. Okkur þykir eðlilegt að halda okkur við þau 2,5% sem gilt hafa um almennan markað. Við teljum einnig mikilvægt að fella úrskurðinn að öðru leyti úr gildi þannig að fyrir liggi hreint borð í vor. Með þessu viljum við gera okkar til að skapa jafnvægi á vinnumarkaði og því segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 669).

Fundi slitið kl. 15:47.

49. FUNDUR

mánudaginn 23. jan.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Ríkisútvarpið hf., stjfrv., 401. mál, þskj. 517. — 1. umr.
3. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 402. mál, þskj. 518. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Rannveigu Guðmundsdóttur, 2. þm. Suðvest., dags. 20. janúar 2006:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, Jón Kr. Óskarsson, Hafnarfirði, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Jón Kr. Óskarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[15:03]

Útbýting:

Afli í Akraneshöfn, 409. mál, svar sjútvrh., þskj. 591.
Einkahlutafélög, 445. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 667.
Grunnskólar, 447. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 671.
Háskólar, 433. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 654.
Hlutafélög, 444. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 666.
Stjórn fiskveiða, 448. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 672.
Æskulýðslög, 434. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 655.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Fjárframlög til stjórnmálastarfsemi.

[15:04]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil beina til hæstv. forsætisráðherra fyrirspurn er varðar fjárframlög til stjórnmálaflokka.

Nú stendur yfir prófkjörsbarátta hjá Framsóknarflokknum og sá fjáraustur er einsdæmi, tel ég, í prófkjörsbaráttu í Íslandssögunni. Maður veltir auðvitað fyrir sér hvaðan þessir fjármunir komi. Ég spyr því hæstv. forsætisráðherra: Hvað líður því að settur verði einhver rammi um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi? Þetta ástand er algerlega ólíðandi og menn verða að fara í aðrar heimsálfur til að finna viðlíka reglur og eru hér.

Auðvitað eru menn að koma sér hjá því að svara fyrirspurn sem þessari með því að segja: Málið er í nefnd. Jú, málið er í nefnd og það bólar ekkert á því að við fáum eitthvað út úr því nefndarstarfi. Ég tel að í raun sé mjög einfalt að setja reglur um þessa hluti, herra forseti. Það er bara að fara til annarra landa og sjá hvernig reglurnar eru þar. Það eru ágætisreglur í Noregi og menn geta einfaldlega tekið þær upp. Ég er á því að í þeim fjáraustri sem við sjáum í sambandi við þetta prófkjör í Reykjavík séu miklum mun hærri upphæðir en t.d. Frjálslyndi flokkurinn hefur til umráða til að auglýsa í allri kosningabaráttu sinni. Hvað er að gerast í þessu þjóðfélagi?

Herra forseti. Þetta er ótrúlegt. Eru menn að þakka fyrir sig? Er það S-hópurinn sem er að skila fjármunum til baka inn í prófkjörsbaráttuna? Við verðum að gæta að því að hér er um að ræða aðstoðarmann forsætisráðherra sem er í fullu starfi sem slíkur og virðist hafa ógrynni fjár til að kynna stefnumál sín. Ég verð að segja að þessar reglur og ástandið hér þjónar ekki almannahagsmunum í landinu.

[15:06]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um hvað einstakir frambjóðendur flokka eyða í kosningabaráttu sína í sambandi við prófkjör. Hitt er svo annað mál að það er mjög mikilvægt að fram fari prófkjör hjá flokkunum í landinu og að öflug starfsemi sé í kringum þau.

Ég vísa hins vegar til þess að ég setti nýlega á laggirnar nefnd til að fara yfir þessi mál og þar eiga sæti fulltrúar allra flokka. Ég vænti þess að fulltrúi Frjálslynda flokksins hafi komið sjónarmiðum sínum á framfæri í því nefndarstarfi. Niðurstaða þeirrar nefndar er háð því að gott samkomulag takist milli stjórnmálaflokkanna um þetta mál. Ég veit ekki betur en að það starf gangi prýðilega og að fulltrúi Frjálslynda flokksins hafi unnið að málum í nefndinni af dugnaði og heilindum. Ég vænti þess að hv. þingmaður hafi þolinmæði til að gefa fulltrúum stjórnmálaflokkanna tækifæri til að vinna þetta mál til enda. Ég efast ekki um að hann hafi margar ágætar tillögur í málinu og það er ekkert vandamál, hv. þingmaður, að koma þeim þá á framfæri, hvort sem er við formann nefndarinnar eða þann fulltrúa sem þinn flokkur hefur skipað í hana.

[15:07]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Þessi umrædda nefnd átti að skila af sér um áramótin og ég er á því að það sem tefji sé einkum það að Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkurinn vilja hafa ástandið óbreytt. Þeir vilja ekki klára dæmið. Þetta er mjög einfalt mál. Allar þjóðirnar hér í kring sem við viljum miða okkur

við hafa reglur um þessa hluti. Það liggur á borðinu hver styrkir stjórnmálastarfsemina. Hættan er sú að hagsmunir fárra fjársterkra verði látnir ráða en ekki heildarhagsmunir þjóðarinnar. Við höfum séð þetta, m.a. þegar Búnaðarbankinn var afhentur S-hópi Framsóknarflokksins.

Við höfum líka séð hvernig unnið hefur verið að því að færa fiskimið hringinn í kringum landið í einkaeign. Þetta hefur valdið byggðaröskun og ekki hefur þetta byggt upp fiskstofnana. Það eru mörg svona mál sem koma upp aftur og aftur og ég er á því að ef við ætlum að ná árangri, þokast í lýðræðisátt, verði að taka til í þessum efnum.

Laxeldisfyrirtækið Sæsilfur.

[15:09]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Undanfarið hafa okkur verið að berast slæmar fréttir af atvinnulífi og rekstri fyrirtækja á landsbyggðinni. Við heyrum að fyrirtæki segja unnvörpum upp fólki, loka, hætta starfsemi og fólk missir vinnu sína.

Nýjasta dæmið um þetta eru fréttir af laxeldisfyrirtækinu Sæsilfri í Mjóafirði sem öflug útgerðarfélög eiga en treysta sér ekki lengur til að halda gangandi. Þau eru að hætta henni, loka. Þau kenna tveimur þáttum um, annars vegar sterkri krónu, stöðu íslensku krónunnar, og hins vegar raforkukostnaði. Þess vegna, virðulegi forseti, kveð ég mér hljóðs og spyr iðnaðarráðherra hvað gera skuli í þessum málum. Á þetta virkilega að ganga svona áfram?

Forsvarsmenn Sæsilfurs hafa nefnt sem dæmi að raforkukostnaður þeirra eftir að nýju raforkulögin tóku gildi hafi hækkað um rúm 30% og eigi eftir að hækka á næstu tveimur árum þannig að hækkunin verður 100% þegar sá tími er kominn. Þeir lýsa því hvernig þessi hái raforkukostnaður gerir það að verkum að þeir neyðast til að loka. Með öðrum orðum virðist með þessu, virðulegi forseti, sem menn ætli að kasta rekum á laxeldi hér á Íslandi. Þetta er dapurt, þetta er aumt, þetta er rothögg og þetta er „nánast dauðadómur", sagði sá ágæti maður Sigfús Vilhjálmsson, hreppstjóri og oddviti á Brekku í Mjóafirði, sem ég veit að hæstv. iðnaðarráðherra er mjög vel málkunnug. Hann lýsir því líka og segir, með leyfi forseta: „Því miður eru ekki þeir atvinnumöguleikar hér að við getum veitt öllu þessu fólki vinnu. Því miður eru stjórnvöld ekki að gera eitthvað fyrir þessar strjálu byggðir. Það er ekki gert nógu mikið, alla vega. Mér finnst það allt of lítið, eins og með raforkuverðið. Hvað á þetta að þýða?"

Virðulegi forseti. Spurning mín til hæstv. iðnaðarráðherra er: Hvað á þetta að þýða?

[15:11]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður þarf ekki að uppfræða mig neitt sérstaklega um stöðu mála í Mjóafirði, ég er ágætlega málkunnug oddvitanum, honum Sigfúsi á Brekku. (**KLM:** ... kom fram.) Að sjálfsögðu hef ég verið í sambandi við hann síðustu daga út af þessum fréttum. Hins vegar var málflutningur forsvarsmanna fyrirtækisins Samherja og Sæsilfurs mjög ónákvæmur hvað varðar raforkuverðið, m.a. vegna þess að ég hef upplýsingar um það að verð til fiskeldisfyrirtækis á landsbyggðinni sem kaupir um þriðjung þess rafmagns sem fer til fiskeldis hefur hækkað um 4,7% á milli ára. Það eru ekki nema rétt ríflega verðlagshækkanir þannig að það getur varla verið ástæða þess að uppi eru hugmyndir um að leggja starfsemina af. Ég vil ekki segja að það hafi verið alveg kveðið upp úr með það en a.m.k. eru ekki góðar líkur eins og er. Auðvitað er það mikið áhyggjuefni.

Ég vil líka taka það fram hér að Rarik gerði núna um áramótin úttekt á því hvernig raforkuverð hefur þróast hjá fyrirtækjum á dreifisvæði þess fyrirtækis. Þá kemur í ljós að raforkuverð til fyrirtækja hefur lækkað um 18–20% á kílóvattstund hjá þeim fyrirtækjum sem hafa keypt raforku hjá Rarik. Þetta held ég að sé ákaflega mikilvægt að hv. þingmaður festi sér í minni svo hann þurfi ekki að koma hér upp vikulega til að tala um hækkun á raforkuverði almennt. Fiskeldi naut algjörra sérkjara áður fyrr og gerir raunar enn að ákveðnu marki, enda hefur Landsvirkjun gefið út fréttatilkynningu til að koma á framfæri staðreyndum í þessu máli. Það er spurning hvernig þau mál muni þróast. Þau eru enn í tilraunaferli, þessi fyrirtæki, og auðvitað vonum við öll að þau geti haldið áfram rekstri.

[15:14]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Mér finnst alveg með ólíkindum að hæstv. iðnaðarráðherra fullyrði sífellt eitthvað allt annað í raforkumálum um hækkanir en það sem forsvarsmenn atvinnufyrirtækjanna sem fá reikningana til sín og eiga að borga þá eru að segja. Í hvaða hugarheimi, virðulegi forseti, er hæstv. iðnaðarráðherra? Ég hef lengi vitað að hún væri í mikilli sjálfsafneitun gagnvart landsbyggðinni og atvinnurekstri þar.

Ég geri hér að umtalsefni þetta með raforkukostnaðinn og gengið hvað varðar laxeldið, og hæstv. ráðherra segir bara að forsvarsmenn þessara fyrirtækja sem borga reikningana viti nánast ekki hvað þeir eru að segja. Hvers konar málflutningur er þetta? Það eru hækkanir, þær eru viðurkenndar hvort sem áður voru einhver afsláttarkjör eða hvað. Þetta er að ganga af þessari starfsemi dauðri. Hvers vegna skyldu forsvarsmenn þessara fyrirtækja hugleiða að flytja til Færeyja? Hvað er betra í rekstrinum þar? Ódýrari raforka kannski?

Virðulegi forseti. Það má nefna fleiri atriði í þessu sambandi. Ég geri hér að umtalsefni almennt atvinnuleysi á landsbyggðinni. Hvernig er skipaiðnaðurinn? Skinnaiðnaður á Akureyri lokar á næstu dögum. (Forseti hringir.) Allt eru þetta mál sem heyra undir hæstv. iðnaðarráðherra og þá kemur hún (Forseti hringir.) bara hér og segir að forsvarsmenn atvinnulífsins viti ekki (Forseti hringir.) hvað þeir eru að tala um.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti biður hv. þingmenn að virða þann takmarkaða ræðutíma sem er í þessari umræðu.)

[15:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef fulla samúð með hv. þingmanni, hvernig hann horfir á lífið í landinu, að hann skuli virkilega

ekki vera betur að sér um atvinnumál á Íslandi en svo að hann komi hér upp til að halda þá ræðu sem hann hélt hérna núna. Að halda því svo fram að hjá mér sé um einhverja afneitun að ræða gagnvart atvinnurekstri á landsbyggðinni er bara út í hött og hv. þingmaður ætti að skammast sín fyrir að bera svona á borð á hv. Alþingi.

Svo þykist hann hafa sérstaklega mikil tengsl við landsbyggðarfólk og talar svona. Ég fer hér með staðreyndir. Ég er að tala um það hvernig raforkuverð hefur þróast hjá fyrirtækjum á dreifisvæði Rariks. Ég er að segja frá staðreyndum. Þetta hefur fyrirtækið sjálft reiknað út. Ef hv. þingmaður hefur ekki hitt neinn forsvarsmann fyrirtækis á landsbyggðinni sem hefur upplifað lækkun á raforkukostnaði í fyrirtæki sínu hefur hann ekkert talað við þetta fólk. Ég hef talað við marga sem hafa fengið lækkaða raforkureikninga eftir að (Forseti hringir.) lögunum var breytt.

[15:16]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég bið hæstv. iðnaðarráðherra að vera ekkert að hugsa um mig eða hafa neina samúð með mér. Má ég biðja hæstv. iðnaðarráðherra að hafa samúð með atvinnulífinu á landsbyggðinni eins og ég hef verið að gera hér að umtalsefni, en vera ekki með einhverja útúrsnúninga og benda á nokkur atriði sem hægt er að finna. Mér er ósköp vel kunnugt að hæstv. iðnaðarráðherra neitar því líka að raforkukostnaður hjá nokkrum íbúum á Raufarhöfn hafi hækkað t.d. eftir þessa breytingu um allt að 40%. Þess eru dæmi, virðulegi forseti, að einstaklingar eru hættir að hita með raforku og eru farnir að hita með kolum og timbri eins og var í gamla daga.

Virðulegi forseti. Ég endurtek og bið hæstv. iðnaðarráðherra að færa samúð sína yfir á atvinnulífið á landsbyggðinni, eins og laxeldisfyrirtækin, en vera ekki með þann útúrsnúning og hártoganir og annað slíkt sem hér kemur fram. Það er ráðherra ekki samboðið.

[15:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það vill svo til að við getum hér fljótlega rætt um raforkuverðið út frá skýrslu sem ég hef dreift á hv. Alþingi. Þá getum við kannski farið yfir staðreyndir. Þá þarf ekki að tala saman í þeim stíl sem hv. þingmaður hefur kosið í þessari umræðu. Við getum talað um þetta út frá staðreyndum og þá getum við séð, og hv. þingmaður getur ekki neitað því, að þetta hefur þróast í jákvæða átt í flestum tilfellum. Ég geri mér þó grein fyrir að þetta er erfitt hjá fiskeldinu. Fiskeldið er ekki búið að festa hér rætur eins og við hefðum gjarnan viljað, a.m.k. ekki laxeldið. Engu að síður hefur staða íslensku krónunnar verið dregin fram sem aðalástæða. Þeir sem spá í þau mál spá því að staða íslensku krónunnar muni breytast og gengi hennar muni lækka. Hvenær nákvæmlega það verður ætla ég ekki að segja frekar en þeir spekingar sem mest hafa vit á þeim málum. En það getur ekkert farið á annan (Forseti hringir.) veg en að gengi krónunnar muni lækka.

Staða íslenskunnar.

[15:19]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að mörgum okkar hafi brugðið nokkuð í brún í gærkvöldi að heyra virtan fræðimann á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, Pál Valsson útgáfustjóra, lýsa þeirri skoðun sinni að sér þætti allt benda til að íslenska yrði vart eða ekki töluð hér á landi eftir 100 ár. Páll lét þetta álit sitt í ljósi í erindi á ráðstefnu áhugahóps um stöðu tungumálsins sem var haldin í Norræna húsinu í gær.

Flestir geta tekið undir það að íslensk tunga er viðkvæm fyrir áhrifum erlendis frá, ekki síst á þessum tímum alþjóðavæðingar þar sem tækniframfarir gera það að verkum að heimurinn verður sífellt minni. Eflaust er hún rétt, sú ábending að við Íslendingar höfum sofið á verðinum undanfarin ár þegar tungumálið okkar er annars vegar. Kannski blekkir það okkur að við teljum að þjóðin hafi byggt upp gott skólakerfi sem tryggi að uppvaxandi kynslóðir læri að tjá sig á því sem kalla mætti góða íslensku. Ég komst ekki hjá því að velta þessu fyrir mér í morgun þegar ég las blöðin og fréttir af þessari ráðstefnu í Norræna húsinu. Er víglínan þegar varnir íslenskunnar eru að breytast og færast til þannig að við þurfum nú að fara að hugsa um að verja grundvallaratriði eins og þau að raða orðum rétt saman í setningar? Þurfum við nýja vakningu hér á landi til að bjarga tungumálinu okkar? Líklega er þörf á því. Það er að minnsta kosti þörf á að þetta sé rætt á hinu háa Alþingi.

Ég kem því hér upp til að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort ríkisstjórnin hyggist beita sér fyrir einhverjum aðgerðum, umfram það sem gert er í dag, til að verja og styrkja stöðu íslenskrar tungu. Og þá hvaða? Hvað getum við Íslendingar gert til að forða því að hér á hinu háa Alþingi verði kannski eftir 150–200 ár ekki lengur töluð íslenska, heldur ísl-enska?

[15:20]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli sem snertir stöðu tungunnar, íslenskunnar, sem er okkur svo mikilvæg og, eins og allir vita, hefur gert okkur að þeirri þjóð sem við erum. En ég fagna að mörgu leyti þeirri umræðu, sérstaklega þeirri sem hefur átt sér stað núna á síðustu dögum. Það var einkar athyglisvert að lesa líka Lesbók Morgunblaðsins um helgina þar sem farið var mjög gaumgæfilega yfir m.a. stefnu flokkanna og það hvernig staðið er að eflingu íslenskunnar innan samfélags okkar og síðan hvernig þessu var fylgt eftir með málþingi í gær í Norræna húsinu. Það að fullt skuli hafa verið út úr dyrum sýnir auðvitað mikinn áhuga landsmanna og metnað til að gæta vel að hverju skrefi sem við tökum í þá veru að efla íslenskuna.

Að þessu sögðu er alveg ljóst að við megum ekki sofna. Við verðum að vera á varðbergi gagnvart þeim áhrifum sem koma utan að og ógna íslenskunni. Ég vil af því tilefni sérstaklega vekja athygli þingmanna á því frumvarpi sem er núna til meðferðar hjá hv. menntamálanefnd, frumvarpi um

Stofnun íslenskra fræða. Í því frumvarpi kemur m.a. fram, og í tengslum við Íslenska málnefnd, að hún muni eftir sem áður veita stjórnvöldum ráðgjöf um íslenska tungu. Síðan er nýmæli sem ég vil sérstaklega vekja athygli hv. þingmanna á, þ.e. að semja íslenskar ritreglur en líka að gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu og álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Það er alveg ljóst að í tengslum við þetta frumvarp er hægt að blása til enn frekari sóknar fyrir íslenskuna og að sjálfsögðu mun ríkisstjórnin ekki láta sitt eftir liggja hvað það varðar.

[15:22]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér fundust svörin hjá hæstv. ráðherra vera svolítið loðin. Ég hefði gjarnan viljað fá að heyra eitthvað ákveðnara í þá átt að jafnvel stæði til að íhuga hvort ekki væri kominn tími til að móta opinbera málstefnu til framtíðar, hvort ekki væri ráð að ríkisstjórnin setti nú í gang einhverja vinnu til að fara yfir þessa hluti og athuga hvort það væri nú ekki ráð að veita t.d. meira fjármagn í íslenskuna, íslenskurannsóknir og íslenskukennslu. Við höfum fengið að vita, til að mynda í fjölmiðlum nú um helgina, að íslenskuskor háskólans er fjársvelt og að íslenskukennsla í framhaldsskólum hafi verið skert um 33% á innan við 10 árum. Þetta er á forsíðu Lesbókar Morgunblaðsins sem hæstv. ráðherra talaði hér um. Ef hæstv. ráðherra vildi koma hér upp öðru sinni og svara í raun og veru spurningunni: Er ekkert ákveðið í hendi hvað þetta varðar, hvað á að gera?

[15:24]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil sérstaklega taka fram að ég tel afar brýnt og þýðingarmikið að tekið verði á þessu máli en ég geri það ekki nema í samráði og samvinnu við fagaðila. Þeir sem koma að Íslenskri málnefnd, m.a. samkvæmt frumvarpinu, eru Kennaraháskóli Íslands, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Ríkisútvarpið, Háskólinn í Reykjavík, Rithöfundasambandið, Blaðamannafélagið, Hagþenkir o.fl.

Ég tel afar brýnt að allir þessir aðilar sameinist um að reyna að styrkja stöðu íslensku tungunnar. Það er okkar stefna. Ég tel brýnt þess vegna að við afgreiðum það mál sem nú liggur fyrir hjá hv. allsherjarnefnd um Stofnun íslenskra fræða, að það frumvarp komist í gegnum þingið þannig að við getum blásið, eins og ég gat um áðan, til sóknar fyrir hönd íslensku tungunnar og þjóðarinnar.

[15:24]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Blásið til sóknar. Já, gott og vel. Seinna í dag skulum við ræða í fyrsta skipti um frumvarp hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið. Þá væri kannski ekki úr vegi að allir þingmenn á hinu háa Alþingi sameinuðust um að búa þetta frumvarp þannig úr garði að tryggt yrði að Ríkisútvarpið fengi að sinna sínu menningarlega hlutverki, t.d. varðandi það að framleiða íslenskt sjónvarpsefni sem allt of lítið er af í dag, því miður. Við vitum að unga fólkið í dag horfir mikið á sjónvarp en því miður er framleiðsla á íslensku sjónvarpsefni í algeru lágmarki.

Það mætti líka hugsa sér aðra aðgerð, t.a.m. að standa betur að því að texta sjónvarpsefni, jafnvel það efni sem sent er út á íslensku töluðu máli. Í dag stöndum við okkur allt of illa í því tilliti. En það skiptir miklu máli fyrir fólk, t.a.m. nýbúa og aðra sem eru að læra málið, líka börnin okkar, að þau geti lesið það sem sagt er.

Þetta eru einfaldar aðgerðir sem ég nefni hér en gætu skilað miklu ef út í þær yrði farið.

[15:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni einmitt fyrir að vekja athygli á frumvarpinu um Ríkisútvarpið. Eitt af leiðarljósum þess frumvarps er einmitt að efla innlenda dagskrárgerð og menningararfinn sem við síðan skilum til framtíðar.

Ég vil líka undirstrika að það er mikilvægt að hér náist þjóðarsamstaða um að efla stöðu íslensku tungunnar. Það er mikilvægt að sú samstaða náist. En það er líka brýnt að ná til allra, þar á meðal heimilanna. Það ágæta fólk sem m.a. stóð að ráðstefnunni í gær í Norræna húsinu hefur líka komið á minn fund og lýst yfir miklum áhyggjum af því að foreldrar lesi ekki nægilega mikið fyrir börnin sín. Þess vegna hvet ég líka heimilin til að taka þátt í að lesa meira fyrir börnin.

Álver í Helguvík.

[15:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Samkvæmt fréttum um helgina er undirbúningur að byggingu 250 þús. tonna álvers í Helguvík á fullri ferð. Gert er ráð fyrir að umhverfismatsferlinu ljúki eftir um eitt ár, að framkvæmdir við álverið geti hafist árið 2008 og fyrsti áfangi þess gangsettur árið 2010, segir í fréttatilkynningunni. Til að svo megi verða þarf reyndar að ráðast í svo og svo miklar virkjunarframkvæmdir áður en bygging álvers hefst. Að þessari aðgerðaáætlun stendur m.a. Fjárfestingarstofan sem er að stórum hluta í eigu iðnaðarráðuneytisins.

Nú er skemmst að minnast yfirlýsinga seðlabankastjóra um ógnarjafnvægi í efnahagsmálum vegna hinna miklu stóriðjuframkvæmda. Gríðarlega hátt gengi krónunnar og mikill viðskiptahalli, erfið staða annarra útflutningsgreina í sjávarútvegi, ferðaþjónustu, hátækniiðnaði, sem vegna stóriðjustefnunnar verður jafnvel að hrökklast úr landi er þó líka umræðunnar virði. Þessum atvinnugreinum hefur verið sagt að sýna biðlund meðan stóriðjuframkvæmdirnar sem nú standa yfir fyrir austan og á Grundartanga gangi yfir. Að þeim loknum verði gefið hlé þannig að efnahagslífið geti náð sér á ný og samkeppnisstaða útflutningsgreinanna aftur jafnast.

Þær fréttir sem hér birtast sýna að verið er á fullri ferð með fleiri álver, álver í Helguvík, og ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra hér: Hvar stendur þetta mál með álverið í Helguvík? Hvernig stendur málið með fleiri álver sem

hæstv. álráðherra, iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins, ber mest fyrir brjósti? Hvar stendur það? Er að hellast hér yfir okkur hvert álverið á fætur öðru? Ég velti því fyrir mér og spyr hæstv. ráðherra: Hvar stendur sú viljayfirlýsing og það sem hefur verið sagt við aðrar atvinnugreinar í landinu: Sýnið biðlund meðan þessi hrina gengur yfir og þá fáið þið næði? Hæstv. iðnaðarráðherra sagði hér áðan að þegar liði á þetta ár færi gengið að réttast. Mun það gerast ef þetta álæði heldur áfram sem hún virðist vera að boða? (Forseti hringir.) Ég spyr hæstv. ráðherra.

[15:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka fram að staða gengisins, hátt gengi krónunnar er ekki fyrst og fremst af völdum álversframkvæmda hér á landi, heldur fyrst og fremst af öðrum völdum, t.d. því að nú hafa verið seld skuldabréf í íslenskum krónum fyrir 170 milljarða á tiltölulega skömmum tíma. Það kemur einhvers staðar við. Það er hins vegar rétt að það eru miklar framkvæmdir á Austurlandi og mjög gleðilegt að sjá hvað Austurland er allt að lifna við. Ég er ákaflega stolt af því að eiga þátt í að svo er.

Hvað varðar aðra uppbyggingu áliðnaðarins er ekki ljóst hvernig þeim málum mun lykta en það er hins vegar mikill áhugi. Það fer ekki á milli mála. Auðvitað þarf ýmislegt að koma til svo að af því geti orðið. Það þarf t.d. að afla orku. Ég reikna með að það geti orðið ákveðin hindrun í einhverjum tilfellum í sambandi við óskir manna í sambandi við uppbyggingu áliðnaðarins. Þó svo að þarna hafi verið stigið ákveðið skref í sambandi við umhverfismatsskýrslu er ekki þar með sagt að ákvarðanir hafi verið teknar og að af þessu geti orðið. Þetta er bara hluti af því sem er eðlilegt þegar unnið er að uppbyggingu álvers, að þetta þarf að ganga í gegnum ákveðið ferli allt saman. Þetta er hluti af því. Þetta er ekki eitthvað sem mér er tilkynnt um sérstaklega, þetta er bara eitthvað sem ég les í blöðunum eins og aðrir. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er í ákveðnu ferli. Alcan hefur áhuga á að stækka, eins og hv. þingmaður veit, og síðan er verið að skoða í alvöru hvort orðið geti af uppbyggingu álvers á Norðurlandi.

Ég vil bara ítreka að ekki má allt vera í gangi í einu enda gæti aldrei komið til að svo yrði, sérstaklega vegna orkuþáttarins.

[15:31]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Aldeilis er það dæmalaust að þurfa að hlusta á íslenskan ráðherra segja að staða gengismála sé eingöngu komin til vegna skuldabréfaútgáfu sem kom ekki inn á peningamarkaðinn fyrr en í september síðasta haust. Það er vitað að áhrif stóriðjuframkvæmdanna á gengið og gengismálin eru gríðarmikil. Mér virðist það greinilegt. Hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra ætti einnig að hafa heyrt aðra halda því fram, m.a. seðlabankastjóra.

Ráðherra vék sér undan að svara spurningu minni: Hvar standa álversframkvæmdir í Helguvík? Ráðherra segist hafa lesið um þær í blöðunum. Einn aðili að þeirri aðgerðaáætlun er Fjárfestingarstofa iðnaðarráðuneytisins, sem heyrir beint undir iðnaðarráðherra. Það er því með ólíkindum ef ráðherra getur vikið sér undan því og sagst bara lesa um þetta í blöðum.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að krefjast þess að ráðherra svari: Hvar stendur þetta mál? Hvar standa aðrir samningar við önnur fyrirtæki um stóriðju? Það er klárt (Forseti hringir.) að slíkar stóriðjuframkvæmdir kæmu til með að rústa þeirri (Forseti hringir.) yfirlýsingu sem áður hefur verið gefin um efnahagsmál.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti ítrekar tilmæli um að hv. þingmenn virði tímamörk.)

Umferðaröryggismál.

[15:33]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til samgönguráðherra. Hún snýr að umferðaröryggismálum sem hafa verið áberandi að undanförnu og ég held að verði meira áberandi í nánustu framtíð. Ég hef áður spurt samgönguráðherra út í þessi mál. Svör hans við þeim spurningum mínum hafa verið ánægjuleg og sýna að hæstv. ráðherra er vakandi í málaflokknum, sem er afskaplega mikilvægt. Ég er sannfærður um að samfara þeirri samgöngubyltingu sem staðið hefur yfir á undanförnum árum veitir okkur ekki af sambærilegu átaki í þessum málaflokki.

Fyrirspurn mín, virðulegi forseti, hljóðar svo:

Á síðasta ári undirrituðu Umferðarstofa og ríkislögreglustjóri samning um aukið hraðaeftirlit á skilgreindum svæðum á þjóðvegakerfinu. Það er samdóma álit manna að vel hafi tekist til í alla staði hvað það varðar. Þess vegna langar mig, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort ætlunin sé að halda áfram samstarfi á milli Umferðarstofu og ríkislögreglustjóra með það fyrir augum að byggja ofan á þann góða árangur sem náðist á síðasta ári. Hvernig verður staðið að því samstarfi?

[15:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að gefa mér færi á að svara þessari spurningu. Eins og fram kom hjá hv. þingmanni var á síðasta ári í gildi samningur á milli Umferðarstofu, lögreglunnar og Vegagerðar, um sérstakar aðgerðir á sviði umferðaröryggismála. Sá samningur var gerður á grundvelli umferðaröryggisáætlunarinnar sem er hluti af samgönguáætlun.

Skemmst er frá því að segja að þessi samningur bar mjög góðan árangur. Samstarf Vegagerðar og Umferðarstofu annars vegar og lögreglunnar hins vegar leiddi í ljós að ástæða er til að þessir aðilar hafi áfram með sér samstarf á þeim nótum sem gert var. Núna er unnið að endurskoðun á þessum samningi, sem var tilraunasamningur. Ég geri ráð fyrir því að hann verði endurnýjaður strax og búið er að meta aðstæður, árangurinn af þessu starfi og hvar menn telji mikilvægast að bera niður í aðgerðum á vegunum.

Sjónum var sérstaklega beint að hertu eftirliti með hraðakstri, ölvunarakstri og því að tryggja að ökumenn og farþegar væru með öryggisbelti. Ég geri ráð fyrir því að á næstunni verði þessi samningur endurnýjaður og þá til alls ársins þannig að sem mestur árangur náist. Við munum

nýta fjármuni sem við höfum í umferðaröryggisáætlun samgönguáætlunar til þeirra samstarfsverkefna.

[15:37]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Ég vil nota tækifærið og hvetja ráðherra til þess að sinna þessum málaflokki áfram af alúð og gefa ekkert eftir í þeim efnum. Það liggur fyrir að þetta er stór málaflokkur, ekki bara á Íslandi heldur í flestum öðrum löndum sem við berum okkur saman við.

Austurríkismenn sem núna eru að taka við forustu í Evrópusambandinu leggja áherslu á að á næstu sex mánuðum verði þetta eitt af þeim málum sem efst verði á baugi á þeim vettvangi. Við höfum t.d. séð land eins og Frakkland ná gríðarlegum árangri með samhæfðum aðgerðum niður allt stjórnstigið í þessum málaflokki. Hvert slys er gríðarlega dýrt eins og við þekkjum, ekki bara í peningum heldur fyrst og fremst tilfinningalega, ef viðkomandi aðili slasast illa eða það fer verr, að hann fellur frá.

Ég hvet því ráðherra áfram í þessum málaflokki. Ég vonast til að við sjáum bæði gott samstarf milli þeirra aðila sem hann nefndi og síðan verði gengið í aðra þá þætti sem nauðsynlegt er.

[15:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég vil bæta ögn við það sem áður hefur komið fram. Ég tel að þessi samningur milli lögreglunnar, Vegagerðarinnar og Umferðarstofu sé mikilvægur. En aðrir þættir öryggismálanna en þeir sem snúa að ökumönnum skipta auðvitað mjög miklu. Hv. þingmaður hefur áður varpað fram spurningum um þau mál, þ.e. hvað varðar aðstæður í vegakerfinu.

Við höfum lagt ríka áherslu á að Vegagerðin herði á kröfum um öryggisatriði á vegunum sjálfum. Nýjasta dæmið um þessa breyttu stefnu er Svínahraunsvegurinn þar sem víraleiðarar eru á milli akreina. Ég tel að það skipti afskaplega miklu máli. Það er liður í skipulögðum aðgerðum okkar í þeim tilgangi að auka öryggi í vegakerfinu.

Ríkisútvarpið hf., 1. umr.

Stjfrv., 401. mál (heildarlög). — Þskj. 517.

[15:40]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf. Eins og þingmenn þekkja og ég rakti í framsöguræðu minni vegna frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf. á síðasta þingi á endurskoðun laga um Ríkisútvarpið sér töluvert langan aðdraganda. Um þá sögu vísa ég til upphafs umfjöllunar í almennum athugasemdum við þetta frumvarp, um Ríkisútvarpið hf.

Mikil umræða hefur átt sér stað á undanförnum árum um nauðsyn þess að endurskoða lög um Ríkisútvarpið. Ég hef áður sagt að ég hef sjálf lengi verið þeirrar skoðunar, ekki síst eftir að hafa fengið að kynnast starfsemi Ríkisútvarpsins af eigin raun, að nauðsynlegt væri að endurskoða lögin og skipulag stofnunarinnar. Ég lýsti því þessu strax yfir þegar ég tók við embætti menntamálaráðherra og skömmu síðar hófst vinna við endurskoðun laganna.

Núverandi stjórnskipulag stofnunarinnar hefur ítrekað verið gagnrýnt. Ég leyfi mér að halda því fram að það sé almenn skoðun hér á landi að rétt sé að breyta rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins með það að markmiði að styrkja rekstur þess og efla hið mikilvæga menningarhlutverk sem stofnunin gegnir í þjóðfélaginu. Núverandi fyrirkomulag á fjármögnun stofnunarinnar með afnotagjöldum hefur einnig verið gagnrýnt lengi. Menntamálaráðuneytið hefur um nokkurt skeið unnið að tillögum um breytingar á lagaákvæðum um Ríkisútvarpið. Nú á síðari stigum hefur verið unnið náið að endanlegri útfærslu þessa frumvarps sem hér er til umræðu og ég hef lagt fyrir hið háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Eins og þingmenn þekkja lagði ég á síðasta löggjafarþingi fram frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á rekstrarumhverfi útvarpsins. Ráðgert var að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og að nýtt félag, sameignarfélag, tæki við rekstri þess. Enn fremur var mælt fyrir um afnám afnotagjalda frá og með 1. janúar 2008 og lagt til að rekstur félagsins yrði eftir það grundvallaður á sérstökum skatti, nefskatti sem lagður yrði á einstaklinga og lögaðila, auglýsingatekjum og öðrum tekjum. Auk þessa var lagt til að stjórn félagsins yrði breytt þannig að útvarpsráð yrði lagt niður og við tæki sérstök rekstrarstjórn sem mundi m.a. ráða og reka útvarpsstjóra.

Að mínu mati hlaut frumvarpið mjög góða umfjöllun í menntamálanefnd á sínum tíma. Á því voru gerðar vissar breytingar sem ég tel að almennt hafi verið til bóta. Ég tel rétt að minna á, í tengslum við framsögu mína um þetta frumvarp og með hliðsjón af því sem rakið var í frumvarpinu í fyrra og einnig í þessu frumvarpi, að hinn 23. apríl 2004 gaf Samkeppnis- og ríkisstyrkjadeild Eftirlitsstofnunar EFTA, sem ég mun nefna ESA hér eftir, út leiðbeinandi reglur um ríkisstyrki á sviði almannaútvarpsþjónustu, „public service broadcasting". Í kjölfarið hófst athugun ESA á fjármögnun og rekstri RÚV á grundvelli 1. mgr. 17. gr. í II. hluta 3. bókunar viðaukasamnings við EES-samninginn um eftirlit og dómstólameðferð.

Hinn 3. júní 2005 barst íslenskum stjórnvöldum tilkynning ESA þar sem gerð er grein fyrir bráðabirgðamati ESA varðandi fjármögnun og rekstur RÚV. Á fundi ESA með embættismönnum fjármála- og menntamálaráðuneytisins í Reykjavík 9. júní síðastliðinn kom fram að rekstrarformið sameignarfélag í eigu íslenska ríkisins sé ekki til þess fallið að leysa úr þeim vandamálum sem leiðir af ótakmarkaðri ábyrgð ríkisins á skuldbindingum RÚV sem ríkisstofnunar. Um þetta er nánar fjallað í almennum athugasemdum með frumvarpinu og ætti því ekki að koma neinum þingmanni á óvart.

Frumvarp þetta byggist fyrst og fremst á þeirri pólitísku stefnumörkun að nauðsynlegt sé að skapa Ríkisútvarpinu ný tækifæri til að dafna og styrkjast, m.a. með því að breyta rekstrarformi þess til nútímahorfs svo það geti staðið undir þeim kröfum sem við gerum til þess varðandi almannaþjón-

ustu og menningarhlutverk. Við samningu frumvarpsins var litið til þeirra athugasemda sem fram hafa komið af hálfu ESA á undafönum missirum um rekstur Ríkisútvarpsins.

Virðulegi forseti. Með hliðsjón af því sem ég hef sagt hér að framan eru helstu nýmæli frumvarpsins frá núgildandi lögum um rekstur stofnunarinnar eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er ráðgert að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og stofna samtímis hlutafélag um reksturinn. Með því er rekstrarformi Ríkisútvarpsins breytt og rekstur yfirfærður í félagsform með takmarkaðri ábyrgð ríkisins. Í stað ótakmarkaðrar ábyrgðar ríkisins á rekstri RÚV, sem frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. gerði ráð fyrir, leiðir hlutafélagsformið til þess að ábyrgð ríkisins takmarkast við eignir félagsins og það hlutafé sem lagt verður í Ríkisútvarpið hf.

Í öðru lagi er mælt fyrir um afnám afnotagjalda frá og með 1. janúar 2008 og lagt til að rekstur hlutafélagsins verði eftir það grundvallaður á sérstöku gjaldi, svokölluðum nefskatti, framlagi af fjárlögum, auglýsingatekjum og öðrum tekjum sem Alþingi kann síðan að ákveða sérstaklega.

Í þriðja lagi er stjórnun félagsins breytt. Þessi breyting er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar er ytra eftirlit útvarpsráðs lagt af með niðurlagningu þess og hins vegar er innra eftirlit framkvæmdastjórnar Ríkisútvarpsins lagt niður. Gerir breytingin því ráð fyrir að hlutafélagið verði rekið á rekstrarlegum forsendum og stjórnunarvald fyrirtækisins verði alfarið í höndum stjórnar þess.

Í fjórða lagi er mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á fjárreiðum reksturs sem fellur undir útvarp í almannaþágu eins og það er skilgreint í 3. gr. og alls annars reksturs sem ekki fellur undir þá skilgreiningu, þar á meðal samkeppnisreksturs.

Auk framangreinds er lagt til að fella niður þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. b-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1982. Fyrir þeirri breytingu er mælt fyrir í öðru frumvarpi, frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem við munum taka til umræðu á eftir umræðu um þetta frumvarp um Ríkisútvarpið.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan byggir frumvarp þetta á því að ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og nýtt félag, hlutafélag, taki við réttindum og skyldum þess. Ég legg áherslu á að gert er ráð fyrir því að ríkið eigi allt hlutafé í Ríkisútvarpinu hf. og sala félagsins eða eignarhluta þess svo og slit þess séu óheimil. Orðalagið er frábrugðið því sem tíðkast hefur í lögum þar sem ríkisstofnunum er breytt í hlutafélög en þar hefur verið tekið fram að sala hlutafjár væri óheimil nema með samþykki Alþingis. Í þessu frumvarpi kemur ekki fram fyrirvarinn „nema með samþykki Alþingis“ til þess að leggja áherslu á að breytingin er ekki gerð til þess að selja félagið. Það verður einungis gert með nýrri lagasetningu og ég legg þunga áherslu á að engin áform eru uppi um slíkt af hálfu núverandi ríkisstjórnar.

Rekstrarformi Ríkisútvarpsins verður breytt með því að stofnað verður hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins sem ber heitið Ríkisútvarpið hf., sbr. 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða I. Ætlunin er að í meginatriðum hagi félagið starfsemi sinni í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og Ríkisútvarpið fái þann sveigjanleika í rekstri sem á að fylgja því að breytast úr ríkisstofnun í hlutafélag.

Eins og ég sagði áðan verður íslenska ríkið einn eigandi félagsins eða alls hlutafjár í félaginu og verður sala þess, slit eða innkoma nýrra eigenda óheimil. Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins. Þá fær Ríkisútvarpið hf. með lögunum leyfi til útvarps á þeim rásum og á þeim tíðnisviðum sem Ríkisútvarpið hefur til umráða eða Ríkisútvarpinu hf. kann síðar að verða útvarpað. Ég legg einnig sérstaka áherslu á að í frumvarpinu er aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins hf. skilgreind með skýrum hætti sem útvarp í almannaþágu eða útvarp með opinbert þjónustuhlutverk, eða á ensku „public service broadcasting“ eins notað er í alþjóðasamfélaginu. Jafnframt því er Ríkisútvarpinu hf. heimilað að standa með annarri starfsemi eða rekstri sem tengist aðalstarfsemi félagsins en í því sambandi er tekið fram að sú heimild er mun takmarkaðri í frumvarpi þessu en var í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið sf.

Mælt er fyrir um fjárhagslegan aðskilnað þess reksturs sem fellur undir útvarp í almannaþágu, sbr. 3. gr., og alls annars reksturs, þar á meðal nýrrar starfsemi sem félagið kann að fara út eitt og sér eða með öðrum og rekstur sem telja má samkeppnisrekstur og ekki fellur undir skilgreiningu um útvarp í almannaþágu.

Menntamálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu og í því felst m.a. að ráðherra kýs stjórn á aðalfundum félagsins. Hins vegar er ekki mælt fyrir um vald hans til ráðningar á tilteknum starfsmönnum Ríkisútvarpsins eins og nú er gert í lögum um Ríkisútvarpið heldur ræður stjórn félagsins útvarpsstjóra og síðan fer útvarpsstjóri með ráðningarvald allra annarra starfsmanna félagsins.

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi en áður en sú kosning fer fram skulu kosnir jafnmargir stjórnarmenn, bæði aðalmenn og varamenn, hlutbundinni kosningu á Alþingi, sem síðan skulu kosnir í stjórnina á aðalfundi. Hlutverk stjórnarinnar verður í meginatriðum hin sama og stjórna almennt í hlutafélögum, þ.e. yfirumsjón með rekstri félagsins. Stjórninni er ætlað að skipuleggja starfsemi félagsins ásamt stjórnendum þess. Felld eru brott öll ákvæði um deildaskiptingu fyrirtækisins. Slík ákvæði þykja ekki lengur eiga heima í lögum heldur heyrir það undir eðlilegt starfssvið stjórnenda Ríkisútvarpsins hf. að taka ákvarðanir um skiptingu fyrirtækisins í rekstrareiningar eins og almennt tíðkast í fyrirtækjarekstri. Það er ekki talið meðal verkefna stjórnar fyrirtækisins að hafa afskipti af dagskrá. Útvarpsstjóri er æðsti yfirmaður dagskrárgerðar. Tryggir þetta fyrirmæli ritstjórnarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins hf.

Í samræmi við það sem ég hef hér rakið verður útvarpsstjóri æðsti stjórnandi Ríkisútvarpsins hf. í daglegum rekstri, bæði framkvæmdastjóri og yfirmaður allrar dagskrárgerðar á vegum félagsins. Er þetta í stórum dráttum í samræmi við núverandi fyrirkomulag og þó er sjálfstæði útvarpsstjóra aukið frá því sem nú er.

Útvarpsráð verður lagt niður og þar með hætt afskiptum þess af dagskrá.

Með setningu laganna verður framlag ríkissjóðs í formi innborgaðs hlutafjár í upphafi ákveðið a.m.k. 5 millj. kr.

Ég legg sérstaka áherslu á að tryggilega er búið um réttindi núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins og í því sambandi hefur frumvarp þetta tekið mið af þeim breytingum sem meiri hluti menntamálanefndar lagði til í nefndaráliti sínu á síðasta þingi um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. Verði frumvarp þetta að lögum munu allir þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku þeirra eru ráðnir ótímabundinni ráðningu eða eru skipaðir eiga rétt á störfum hjá Ríkisútvarpinu hf. við yfirtöku þess á starfsemi Ríkisútvarpsins. Samkvæmt frumvarpinu er þeim veittur fortakslaus réttur til starfa hjá félaginu sambærileg þeim sem þeir gegndu áður hjá Ríkisútvarpinu. Þá eru ákvæði rétt starfsmanna hins nýja félags til aðildar að A-deild LSR auk þess sem biðlaunaréttur til starfsmanna helst óbreyttur þiggi þeir starf hjá hinu nýja félagi. Með þessu er reynt að valda sem minnstri röskun á högum starfsfólks. Réttindi þess eiga að vera óbreytt og óskert.

Frumvarp þetta byggir á því eins og frumvarpið frá síðasta þingi að tekjustofnar Ríkisútvarpsins breytast þannig að sérstakt gjald er lagt á þá einstaklinga sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögaðila sem skattskyldir eru skv. 2. gr. sömu laga, sbr. 12. gr. og ákvæði laga til bráðabirgða IV. Fram að þeim tíma, þ.e. til og með 31. desember 2007, verður lagt á og innheimt afnotagjald með sama hætti og verið hefur. Þannig er gert ráð fyrir því að frá og með 1. janúar 2008 falli niður öll ákvæði núgildandi laga um Ríkisútvarpið er varða afnotagjald og innheimtu þess, en það verður þó að gerast í áföngum til að tryggja innheimtu þeirra afnotagjalda sem gjaldfalla í tíð núgildandi laga, samanber gildistöku ákvæði frumvarps þessa.

Svo ég víki stuttlega að fjárhæð hins fyrirhugaða nefskatts, u.þ.b. 13.500 kr., þá er sú fjárhæð ákvörðuð með tilliti til núverandi tekna Ríkisútvarpsins að þær haldist því sem næst óbreyttar en að fjárframlag til Sinfóníuhljómsveitarinnar verði lagt af. Það hefur numið um 25% af tekjum hljómsveitarinnar eða sem svarar til 120 millj. kr. á ári. Við útreikning nefskattsins er við það miðað að Ríkisútvarpið hf. standi straum af 2,6 milljörðum kr., þ.e. 2,6 milljarða kr. skuldabréfi stofnunarinnar vegna áður áfallinna lífeyrisskuldbindinga við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins en afborgun af því á ári nemur um 220 millj. kr.

Miðað er við innheimtu afnotagjalda til og með 31. desember 2007 með sama hætti og verið hefur en frá og með 1. janúar 2008 falli niður öll ákvæði núgildandi laga um Ríkisútvarpið er varða afnotagjaldið og innheimtu þess. Til að tryggja stofnuninni sömu tekjur og hún nýtur í dag er talið að gjald það sem lagt er á hvern einstakling og lögaðila þurfi að nema um 13.500 kr. á ári. Alls leggst gjaldið á um 160 þúsund einstaklinga á aldursbilinu 16–70 ára og um 22 þúsund lögaðila. Gjaldið lýtur sömu lögmálum og sérstakt gjald sem lagt er á samkvæmt lögum um málefni aldraða til tekjuöflunar fyrir Framkvæmdasjóð aldraða. Tekjutenging gjaldsins þýðir að tekjulausir eða tekjulágir einstaklingar greiða ekkert gjald.

Ákvæði útvarpslaga eiga að gilda um Ríkisútvarpið hf. að því leyti sem ekki eru sett sérákvæði um félagið samkvæmt þessu frumvarpi. Almenn ákvæði útvarpslaga, nr. 53/2000, eiga því að gilda um Ríkisútvarpið hf. eins og aðrar útvarpsstöðvar, svo sem ákvæði um auglýsingabirtingu, ákvæði til verndar börnum, önnur fyrirmæli sem sett verða í samræmi við Evópusambandstilskipanir 89/552/EBE og 97/36EB, svo sem um hlutfall evrópsks efnis í útvarpsdagskrá og hlutfall efnis frá sjálfstæðum framleiðendum, ákvæði um eftirlit útvarpsréttarnefndar og ákvæði um ábyrgð á útvarpsefni.

Ekki þykir ástæða til að taka upp í frumvarp þetta ýmis ákvæði sem nú er að finna í lögum um Ríkisútvarpið. Við gerð frumvarps þessa hefur verið leitast við að einfalda innra skipulag Ríkisútvarpsins. Vísast til þess að í texta frumvarpsins er einungis lýst helstu atriðum er varða innra skipulag Ríkisútvarpsins hf. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að rekstrarleg atriði séu upptalin í lögunum sem eðlilegast er að stjórn félagsins og daglegir stjórnendur taka ákvarðanir um eins og gengur og gerist í almennum hlutafélögum.

Í stórum dráttum munu gilda svipaðar reglur um Ríkisútvarpið hf. og giltu áður um Ríkisútvarpið samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, og nú samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, að því leyti sem ekki hefur verið gerð grein fyrir breytingum hér að framan.

Virðulegi forseti. Um kosti þess að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag vil ég fyrst og fremst benda á að lagarammi um starfsemi hlutafélaga er skýr hér á landi auk þess sem löng hefð er fyrir rekstri slíkra félaga. Eins og menn þekkja eiga sér stað stöðugar breytingar og framfarir á öllum sviðum fjölmiðlunar og því skiptir miklu máli að stjórnendur fjölmiðlafyrirtækja geti brugðist skjótar við breyttum aðstæðum. Ég tel mig geta fullyrt að rekstrarform ríkisstofnana henti illa í þessu sambandi og hlutafélagaformið muni tryggja Ríkisútvarpinu svigrúm sem er nauðsynlegt við þessar aðstæður til að vera í stakk búið til að sinna hlutverki sínu og standa sig í þeirri þjónustu sem því er ætlað að veita. Ég er jafnframt sannfærð um að aukið sjálfstæði félagsins og svigrúm þess til athafna eigi eftir að skila sér til allra starfsmanna þess í betri möguleikum til framtaks í starfi og þar með áhugaverðari starfsvettvangi. Því mæla öll rök með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag þó að ríkið verði áfram einn eigandi félagsins.

Þá ber að geta þess að viðskiptaráðherra hefur þegar lagt fram á þingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, mál nr. 404, þar sem fjallað er um hlutafélög sem eru að öllu leyti í eigu hins opinbera, þ.e. opinber hlutafélög. Eignarhald á Ríkisútvarpinu mun einmitt falla að því formi sem þar er lagt til að verði tekið upp. Með því verður sköpuð eðlileg umgjörð utan um rekstur hlutafélaga í eigu ríkisins, en gert er ráð fyrir að sérreglur um opinber hlutafélög felist einkum í auknu aðgengi að upplýsingum um rekstur slíkra félaga. Að öðru leyti munu sömu reglur gilda um rekstur Ríkisútvarpsins hf. og nú gilda um hlutafélög.

Í frumvarpi þessu er vikið frá þeirri meginreglu hlutafélagalaga að stofnendur og eigendur hlutafélags séu tveir eða fleiri aðilar. Þó eru fordæmi fyrir stofnun hlutafélaga þar sem ríkið er eini eigandinn, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1994, um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi, og í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og

símamálastofnunar. Í fyrrgreindum ákvæðum, og það er rétt að veita þessu athygli, var veitt heimild til stofnunar hlutafélaga þrátt fyrir þann áskilnað í þágildandi hlutafélagalögum að fleiri hluthafa þyrfti til stofnunarinnar.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir meginþætti frumvarpsins. Ég hef farið nokkuð ítarlega yfir það að Ríkisútvarpið sé hlutafélag í eigu ríkisins og að frumvarpið styrki nú enn frekar sjálfstæði Ríkisútvarpsins með breyttri stjórnun þess. Ritstjórnarlegt sjálfstæði er treyst með því að útvarpsstjóri er æðsti yfirmaður dagskrárgerðar og sjálfstæði hans aukið, auk þess sem ekki þarf lengur að leita tillagna pólitísks kjörins útvarpsráðs um ráðningu starfsfólks og afskipti þess af dagskránni eru afnumin. Öll ákvæði frumvarpsins sem ætlað er að styrkja sjálfstæði Ríkisútvarpsins hf. sem útvarps í almannaþágu eru í samræmi við tillögu og tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1996 til aðildarríkja þess um tryggingu fyrir sjálfstæði útvarps í almannaþágu einkum að því er varðar ritstjórnarlegt og stofnanalegt sjálfstæði.

Í 3. gr. er fjallað um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins hf. og hlutverk þess sem útvarps í almannaþágu er skilgreint. Er sú skilgreining sett fram með mun nákvæmari hætti en er í gildandi lögum um Ríkisútvarpið. Almennt má segja að fylgt sé nokkuð hefðbundinni skilgreiningu á skyldum útvarps í almannaþágu, að flutt sé vandað og fjölbreytt dagskrárefni sem nái til allra landsmanna, lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi séu virt, lögð sé rækt við þjóðleg gildi, efnisval sé miðað við þarfir sem flestra þjóðfélagshópa, gætt sé óhlutdrægni, stutt við ýmiss konar menningarstarfsemi, haldið uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu — og rétt er að vekja athygli hv. þingmanna á því að það er í fyrsta skipti sem öryggishlutverk Ríkisútvarpsins er lögfest — og starfsemin sé innt af hendi með sem fullkomnustum tækjabúnaði.

Varðandi þetta ákvæði vil ég minna á að ríkisstyrkjareglur sem í gildi eru á Evrópska efnahagssvæðinu leggja þær skyldur á herðar okkar að skilgreint sé í löggjöf hvað telst falla undir útvarpsstarfsemi í almannaþágu sem nýtur ríkisstyrkja. Mikilvægt er að heimildir í þessu sambandi séu víðtækar til að hefta ekki þátttöku Ríkisútvarpsins í þeirri hröðu framþróun sem er í útvarpsrekstri og þeirri tækniþróun sem henni fylgir.

Um starfsemi Ríkisútvarpsins verður að ríkja breið sátt. Ef Ríkisútvarpið fær að beita afli sínu og ríkisstyrkjum til að berja á einkareknum fjölmiðlum á samkeppnismarkaði og færa út kvíarnar stefnulaust væri rofin sú sátt sem hefur ríkt um Ríkisútvarpið. Það getur hins vegar þjónað markmiðum Ríkisútvarpsins sem menningarstofnunar að fara í einstaka tilfellum út fyrir hið hefðbundna svið útvarps og sjónvarps. Innan veggja Ríkisútvarpsins er t.d. að finna gífurleg menningarleg verðmæti, hljóðvarps- og sjónvarpsupptökur er hafa ómetanlegt menningarlegt gildi. Ég tel mikilvægt að þessi verðmæti rykfalli ekki í hirslum RÚV heldur hafi Ríkisútvarpið svigrúm til að gera þau aðgengileg almenningi, hvort sem er í gegnum netið eða með sölu á geisla- eða DVD-diskum. Þetta gæti átt við um útvarpsleikritin, tónleika eða sjónvarpsþætti á borð við margrómaðar Stiklur Ómars Ragnarssonar.

Virðulegi forseti. Ég undirstrika hér að lokum að Ríkisútvarpið gegnir mikilvægu hlutverki sem menningarstofnun í íslensku samfélagi. Það er því mikilvægt að lagarammi Ríkisútvarpsins sé skýr á hverjum tíma og til þess fallinn að tryggja að Ríkisútvarpið geti sinnt þeirri starfsemi sem því er ætlað. Í nýrri skýrslu fjölmiðlanefndar er lögð mikil áhersla á að treysta beri stöðu Ríkisútvarpsins á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði og telur nefndin mikilvægt að hlutverk RÚV sem almannaþjónustuútvarps verði styrkt eftir föngum. Vil ég sérstaklega taka undir þau sjónarmið fjölmiðlanefndarinnar og tel að með því frumvarpi sem við ræðum hér í dag megi einmitt ná þeim markmiðum sem fjölmiðlanefndin umrædda hefur sett fram í sínu ágæta plaggi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. menntamálanefndar að lokinni þessari umræðu.

[16:02]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla að spyrja menntamálaráðherra út í 1. gr. þessa frumvarps. Ég hjó eftir því í máli ráðherrans hér áðan að hún taldi að það markaði tímamót að í þessu ákvæði er kveðið á um að sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil. Í öðrum lögum um hlutafélög í eigu ríkisins er sagt „nema með samþykki Alþingis".

Nú vil ég spyrja ráðherrann hvort hún líti svo á að þar með hafi valdið verið tekið af Alþingi. Ef Alþingi vill nú selja hluta af Ríkisútvarpinu — eða bara almennt hvort það vald sé ekki lengur í höndum Alþingis. Mér þætti fróðlegt að fá svar við því. Ef ráðherrann er þeirrar skoðunar að valdið sé eftir sem áður hjá Alþingi, að breyta þessu hvenær sem því nú hentar, vil ég spyrja hvort það geti þá bara ekki gerst í gegnum 6. gr. fjárlaga eins og heimildargrein í fjárlögum eða þarf það að gerast með sérlögum hverju sinni? (Forseti hringir.) Það væri ágætt að fá svör við þessu.

[16:04]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er valdið eftir sem áður Alþingis. En með 1. gr. er það dregið fram að það er ekki til umræðu hjá þessari ríkisstjórn að selja Ríkisútvarpið. Það kemur ekki til greina og er ekki til umræðu og er ekki uppi á borði þessarar ríkisstjórnar. (Gripið fram í.)

Þess vegna er afar brýnt og ágætt að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kom inn á þetta því að það liggur alveg ljóst fyrir að valdið mun á endanum alltaf verða Alþingis og það er ekki farið gegn 6. gr. fjárlaga í þeim tilgangi að vera með einhverjar hundakúnstir til þess að reyna að selja Ríkisútvarpið. Ef menn hins vegar ætla sér að gera það þá þarf alltaf meiri hluta þingsins, þ.e. lýðræðislegan vilja fólksins sem fulltrúar meiri hluta Alþingis eru fulltrúar fyrir. En það vald að breyta lögum verður alltaf og mun alltaf verða í höndum Alþingis. Ég sé ekki fram á að það hlutverk þingsins muni breytast, ekki nema stjórnskipunarnefndin ætli sér að gera það.

[16:05]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þá liggur það fyrir að þetta ákvæði eins og það hljómar hér er í sjálfu sér merkingarlaust og mundi engu máli skipta þó að hér stæði líka eins og í öðrum lögum „nema með samþykki Alþingis“. Þegar það svar liggur hér fyrir að þetta er í sjálfu sér merkingarlaust ákvæði væri gott að fá að vita það hjá ráðherra hvort félagið gæti ekki og hvort það hefði þá enga heimild til þess að taka t.d. einhvern hluta út úr rekstri Ríkisútvarpsins og leggja hann í hlutafélag með öðrum aðilum, sem getur verið mjög hagkvæmt fyrir hlutafélög. Með öðrum orðum: Er þá ekki heimilt að taka einhvern hluta út úr rekstrinum, leggja inn í félag og stofna um það sérstakt hlutafélag nema það komi til kasta Alþingis með einhverjum hætti?

[16:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Ef farið er yfir frumvarpið er það skýrt út mjög gaumgæfilega hverjar eru skyldurnar hjá Ríkisútvarpinu varðandi útvarpsþjónustu í almannaþágu og það er í 3. gr. frumvarpsins. Síðan kemur í 4. gr. önnur starfsemi. Það er alveg skýrt og það er mjög þröng skýring á því ákvæði en hún tengist m.a. þeim veruleika sem Ríkisútvarpið stendur frammi fyrir í dag, m.a. að reyna að koma þeim menningarverðmætum sem ég kom inn á áðan á framfæri við almenning og m.a. í gegnum netið, gegnum til að mynda vefinn ruv.is. Það þarf því að vera aðskilið þar á milli en það kemur líka fram í greinargerð með frumvarpinu að ef Ríkisútvarpið nýtir sér þessa heimild í 4. gr. og tekur þátt í öðrum félögum þá er óheimilt að selja þess hluta nema með samþykki Alþingis.

[16:07]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einn árangursríkasti þáttur í starfsemi Ríkisútvarpsins á undanförnum árum er að margra mati og mínu einnig starfsemi Rásar 2. Starfsemi Rásar 2 á undanförnum árum er að mörgu leyti undirstaða fyrir þeirri grósku og útrás sem er í íslenskri tónlist og íslenskum popptónlistarmönnum á síðustu árum og missirum og hefur holdgervst í spútnikum eins og Sigur Rós og fleiri hljómsveitum. Um það hefur verið deilt á liðnum árum hvort halda beri starfsemi Rásar 2 úti. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins ályktaði ítrekað hér forðum að selja ætti Rás 2 þó að það hafi kannski ekki verið efst á baugi þar síðast.

Í 2. tölulið 3. gr. frumvarpsins sem við ræðum hér í dag stendur, með leyfi forseta:

„Að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring.“

Því spyr ég hæstv. menntamálaráðherra: Túlkar hún þetta ákvæði sem svo að Ríkisútvarpið muni leggja niður eða selja Rás 2 og beina kröftum sínum að rekstri einnar hljóðvarpsrásar eða verður Rás 2 áfram rekin sem slík?

[16:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir þessa spurningu. Við erum greinilega sömu skoðunar varðandi Rás 2. Það ákvæði sem um ræðir er lágmarksákvæði, við teljum rétt að það verði a.m.k. að vera ein hljóðvarpsrás og a.m.k. ein sjónvarpsrás sem Ríkisútvarpið þarf að halda úti. En síðan látum við það öðrum eftir — og það er einmitt ekki okkar, hvorki menntamálaráðherra né þingsins að hlutast til um það — að ákveða hversu margar rásir eiga að vera, hvort það eiga að vera sjö íþróttarásir og tíu klassískar rásir í útvarpinu. Það á fagleg stjórn Ríkisútvarpsins að sjá um, rekstrarleg stjórnun.

Ég vil aftur á móti undirstrika að Ríkisútvarpið hefur með Rás 2 sýnt það og sannað að mínu mati að það hefur staðið undir menningarlegu hlutverki sínu. Þar höfum við fengið að hlusta sérstaklega á íslenska tónlist, nýja tónlist sem við alla jafna náum ekki að heyra á öðrum rásum þannig að það má segja að Rás 2 sé rásin fyrir hina nýju og ungu tónlist.

[16:09]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skora á hæstv. menntamálaráðherra að tala skýrar í þessu máli. Hún deilir sjónarmiðum með mér um það að Rás 2 standi fyrir jákvæða þætti í starfsemi RÚV og má túlka orð hennar þannig að halda beri starfseminni áfram úti. Á þeim 22 árum sem Rás 2 hefur verið starfrækt hefur hún áunnið sér sess í menningu okkar og miðlun hvers konar og þess vegna sé það Alþingis að hafa á því skoðun hvort hún verði rekin áfram — það er ekki sambærilegt við það hvort klassísku rásirnar verði ein eða sjö heldur hefur Rás 2 áunnið sér svipaðan sess og Rás 1 og sjónvarpið sjálft. Þess vegna eigum við að hafa á því skoðun og þess vegna vildi ég skora á hæstv. ráðherra að tala skýrar og segja að það sé hennar sjónarmið að Rás 2 eigi að lifa áfram, það eigi ekki að selja hana eða leggja niður. Umræddu ákvæði mætti því breyta í meðförum menntamálanefndar þannig að þar væri ekki talað um eina hljóðvarpsrás heldur tvær. Það er mín skoðun og ég skora á hæstv. ráðherra að tala skýrar og taka undir það sjónarmið mitt.

[16:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að við séum sömu skoðunar varðandi Rás 2 erum við náttúrlega ekki á sömu skoðun hvað varðar frumvarpið sem slíkt. Ég vil einmitt ekki hefta svigrúm þeirra sem koma til með að ráða þarna ríkjum, annars vegar útvarpsstjóra og síðan rekstrarstjórnar sem mun verða kosin héðan. Ég tel rétt að veita þeim nokkuð frjálsar hendur, það er þó með þeim takmörkunum að það verði að vera ein hljóðvarpsrás og ein sjónvarpsrás. Að öðru leyti treysti ég því fólki sem ræður yfir og mun stjórna Ríkisútvarpinu til þess að meta hvort Rás 2 eigi að vera áfram. Ég er þeirrar skoðunar að hún eigi að vera áfram en ég ætla ekki að

koma með ákvörðun formlegs eðlis hvorki frá ráðuneyti menntamála né héðan af hinu háa Alþingi.

[16:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið verður útvarpsstjóri nánast einvaldur í stofnuninni. Það gerist á sama tíma og dregið er úr réttindum starfsmanna, m.a. til að verjast duttlungastjórnun, það gerist á sama tíma. Þá eru kjör starfsmanna skert að ýmsu leyti og stofnunin er tekin undan stjórnsýslulögum og upplýsingalögum sem voru sett á Alþingi til þess að tryggja gagnsæi í stjórnsýslunni. Það er illa komið þegar Ríkisútvarpið, sem á að veita lýðræðinu aðhald, er lokað af eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

[16:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. Ögmundi Jónassyni á frumvarp sem liggur fyrir þinginu frá iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hlutafélög í opinberri eigu sem eru að fullu í eigu ríkisins þar sem verið er að reyna að skerpa á einmitt rétti til upplýsinga frá hlutafélögum sem eru 100% í eigu ríkisins.

Að mínu mati er það hluti af nútímalegri stjórnun að það er einn sem ber ábyrgðina á þessum hlutum. Þeim aðila er síðan veitt strangt aðhald frá hinu nýja útvarpsráði sem hefur ekkert með dagskrá að gera en það getur bæði ráðið og rekið — það er rétt að gleyma því ekki — getur bæði ráðið og rekið útvarpsstjóra. Það veitir útvarpstjóra mikið aðhald, ýtir undir að hann standi sig í stykkinu.

[16:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta útvarpsráð sem getur bæði rekið og ráðið útvarpsstjóra er háð meirihlutavaldi hér á Alþingi, er háð ríkisstjórnarmeirihlutanum hverju sinni. Það var það sem ég hélt að menn vildu komast undan. Tillögur sem fram hafa komið frá stjórnarandstöðunni hafa gengið í þá átt.

Nei, það er verið að gera tvennt í senn. Það er verið að herða hin pólitísku meirihlutatök á Ríkisútvarpinu. Það er um leið verið að auka einvaldið, gera útvarpsstjóra einráðan í að ráða og reka starfsmenn og svipta þá réttindum sem þeir hafa haft. Ef ríkisstjórnin ímyndar sér að þetta mál muni renna í gegnum Alþingi þá er það mikill misskilningur. Það er rangt sem fram kom hjá hæstv. menntamálaráðherra, í upphafsorðum hennar, að það væri almannavilji á Íslandi að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið, því fer fjarri.

Er hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) kunnugt um það að nánast alltaf þegar stofnanir hafa verið gerðar að hlutafélögum á Íslandi (Forseti hringir.) hefur því verið lofað að þær yrðu ekki seldar, en alltaf hefur það verið svikið?

(**Forseti** (BÁ): Hv. þingmenn eru áminntir um að virða tímamörk í svörum og andsvörum.)

[16:15]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú einu sinni þannig að ég og hv. þingmaður erum á öndverðum meiði varðandi skipulag og stjórnun Ríkisútvarpsins. Hann er þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpið eigi að vera áfram ríkisstofnun. Ég er ósammála því. Og af hverju er ég ósammála því? Af því ég tel ríkisstofnunarfyrirkomulagið ekki henta Ríkisútvarpinu í því samkeppnisumhverfi sem það býr við í dag. Ég tel að Ríkisútvarpið hf. komi til með að sinna menningarlegu hlutverki sínu mun betur en það gerir í dag, gerir það þó með ágætum í dag, en það á eftir að verða mun öflugra og betra. Það verður mun skýrara stjórnskipulag og stjórnarfyrirkomulag undir Ríkisútvarpinu hf. Því eins og við þekkjum er hlutafélag mun hentugra rekstrarform og mun gegnsærra stjórnkerfi sem ríkir samkvæmt hlutafélagalögum. Það eru mjög skýr lagaákvæði sem gilda um hlutafélög. Ég vil benda hv. þingmanni að lesa lögin um hlutafélög frá árinu 1995. Þar eru ákvæðin mjög skýr og að sjálfsögðu fer Ríkisútvarpið hf. eftir þeim lögum sem þar eru.

[16:16]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það vekur athygli að menntamálaráðherra segir í grein í dagblaði í gær að frumvarp til laga um Ríkisútvarpið lúti að rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Síðan skoðar maður frumvarpið og þá virðist vanta í það þætti sem einmitt lúta að rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Í fyrra þegar sami hæstv. menntamálaráðherra flutti frumvarp um Ríkisútvarpið sf. var þar að finna drög að stofnsamningi í frumvarpinu sem vissulega var ágætt að hafa. En nú er enginn stofnsamningur og engar samþykktir sem drög eru höfð að í greinargerðinni. Og mig langar að spyrja hverju þetta sæti úr því að frumvarpið lýtur að rekstrarformi Ríkisútvarpsins.

[16:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því er til að svara að við erum að ræða hér um rekstrarformið hlutafélag, ekki sameignarfélag. Lög um sameignarfélög eru ekki jafn skýr og skörp og lög um hlutafélög sem eru öllum ljós og það er það rekstrarform sem við höfum lengi búið við. Við þekkjum til og við vitum að það er gott að reka fyrirtæki eftir því félagsformi sem nefnist hlutafélag. Það er því meginskýringin á þessu.

[16:18]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Rétt er að vekja athygli menntamálaráðherra á því að hún skilur eftir lausa enda í sínu eigin frumvarpi. Í 8. gr. segir svo um réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins hf.: „Um réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins hf. skal mælt nánar fyrir í samþykktum félagsins.“ Ég lýsi hér með eftir skýringu á þeim orðum. Hver eru þessi réttindi og skyldur sem á að mæla nánar fyrir í samþykktum félagsins? Veit menntamálaráðherra það eða þarf hún að leita til aðstoðarmanns síns þarna í salnum?

Í 10. gr. er enn fremur sagt: „Að öðru leyti en að framan

greinir ákveðst starfssvið stjórnar í samþykktum félagsins, ...“ Sjálf stjórnin í samþykktum félagsins, segir þar. Hvaða ákvarðanir eru það sem menntamálaráðherra, sem ræður þessum samþykktum einn ef frumvarpið verður að lögum, ætlar að taka um starfssvið stjórnarinnar?

Í 11. gr. segir um útvarpsstjórann: „Í samþykktum félagsins má skilgreina nánar starfssvið útvarpsstjóra.“ Hvaða ferð er á því og hverjar eru þær skilgreiningar sem menntamálaráðherra ætlar að koma með á fyrsta fundinum þar sem hún ákveður sjálf samþykktir (Forseti hringir.) þessa nýja fyrirtækis? Svar!

[16:19]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé að ég er á réttri leið með þetta frumvarp ef menn eru byrjaðir að æsa sig í ræðustól. Það er alveg rétt og ég vil undirstrika að hér gilda mjög skýr lagaákvæði um hlutafélög. Ég hvet hv. þingmenn, þar á meðal. hv. þm. Mörð Árnason, til að lesa það sem stendur í lögum um hlutafélög. Af hverju er verið að velja þessa leið? Ég ítreka það enn og aftur. Af hverju er verið að velja þessa leið með Ríkisútvarpið? Af því lögin um hlutafélög eru mjög skýr. Það er mjög skýrt kveðið á um hvaða kröfur eru gerðar til þess rekstrarforms og hvernig beri að starfrækja fyrirtæki samkvæmt því. Samþykktir eru að sjálfsögðu gerðar á hluthafafundi og þær verða öllum aðgengilegar. Ég vil minna enn og aftur á það frumvarp sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram um hlutafélög í opinberri eigu. Verið er að gera þetta allt saman opnara, skýrara og skilvirkara.

[16:20]

Mörður Árnason:

Forseti. Í tilefni af þeim orðum sem féllu áðan er kannski ráð að benda hæstv. menntamálaráðherra á að lesa lögin um hlutafélög. Lesa 9. gr. um samþykktir félaganna og síðan greinarnar sem þar eru á undan, að ég hygg 4.–6. gr. um stofnsamninginn og átta sig á hvað þar er um að ræða. Þau ákvæði sem hér eru í 8., 10. og 11. gr. frumvarpsins vísa alls ekki til þeirra hluta sem þar eru taldir í lögunum, heldur eiga þeir að vera aukalega. Ég gef því ekki mikið fyrir það að hæstv. menntamálaráðherra dreifi um salinn ábendingum um að lesa hlutafélagalögin. Við höfum gert það. Það er þannig. Þess vegna eiga þessar spurningar fullkomlega rétt á sér. Ég bið hæstv. menntamálaráðherra að láta af æsingi og pirringi í ræðustólnum og svara þessu þótt síðar verði. Hún getur notað til þess andsvararétt sinn eða síðari tvær ræður sínar sem hún þarf að flytja í dag og í kvöld.

Það er rétt að byrja á ræðunni aftur af því að það er auðvitað illt að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki hafa treyst sér þrátt fyrir fjölmargar áskoranir að tala um fjölmiðlana alla og RÚV í samhengi við þá. Því að Ríkisútvarpið er ekki í lausu lofti. Það er hluti af fjölmiðlavettvanginum hérlendis með margvíslegum hætti. Þó hafa stjórnarflokkarnir kosið þá aðferð að semja sérstaklega sín á milli um þetta útvarp allra landsmanna. Frá því þetta allt upphófst hefur leynd og pukur einkennt þessa umfjöllun og vinnubrögð. Það kom í ljós síðast á föstudaginn þegar átti að afhenda menntamálanefnd þingsins skjölin frá ESA margfræg með sérstakri trúnaðarkvöð. Það var ekki fyrr en ráðherrarnir sáu hversu neyðarlegt þetta var í augum þjóðarinnar að vera leggja trúnað á þessi skjöl sem var búið að biðja um fyrir fjórum mánuðum, að henni var loksins aflétt. Enda komin af stað samtök sem báðu um þessi skjöl og hefðu fengið þau í gegnum úrskurðarnefnd um upplýsingalög. Þetta er svona eitt dæmið.

Þetta gekk ekki upp og ráðherra vill ekki ræða þetta allt í samhengi heldur sérstaklega þetta sakleysislega frumvarp um rekstrarform sem hún segir að sé. Á dagskrá þingsins stendur nú reyndar að þetta séu heildarlög en ráðherrann verður auðvitað að meta það sjálf hvers konar lög hún flytur.

Við ræðum þá Ríkisútvarpið samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Um það er fyrst að segja að það er ekki gott. Það er ekki rökrétt, það hangir ekki vel saman enda er það niðurstaða úr hrossakaupum og málamiðlunum milli stjórnarflokkanna og síðan einhvers konar feluleik fram hjá skilyrðum ESA og hugsanlega að einhverju leyti Evrópuráðsins.

Samfylkingin hefur lengi bent á þá nauðsyn að breyta lagarammanum um Ríkisútvarpið og hún hefur lagt áherslu á að menn yrðu samferða um það. Fátt er svo með öllu illt að ei boði gott, sagði eitthvert skáldið. Við erum út af fyrir sig sammála frumvarpsflytjanda eða frumvarpsflytjandi sammála okkur í fyrsta lagi að opna möguleika á skipulagsbreytingum á Ríkisútvarpinu, sem í því umhverfi sem nú er held ég orðið hentar ekki lengur. Í öðru lagi þeirri lagabreytingu að dagskrá sé í höndum starfsmanna, ef hægt er að taka mark á þeirri tillögu hjá menntamálaráðherra, en ekki t.d. útvarpsráðs, sem reyndar hefur ekki verið síðustu svona 5–10 árin að minnsta kosti. Við erum líka tilbúin að taka þátt í þeirri tilraun að láta yfirmann Ríkisútvarpsins fá svigrúm til að stjórna þar meira en verið hefur og bera um leið fulla ábyrgð á því sem þar gerist.

Síðan er það náttúrlega spurning hvernig þetta er orðað og hvernig þetta er gert, en annað í frumvarpinu er um margt miklu síðra og að sumu leyti afturför frá því sem nú er. Á hinn bóginn hefur frumvarpsflytjandinn og stjórnarflokkarnir í raun og veru gefist upp fyrir vandanum. Þannig má segja að fjallið hafi tekið jóðsótt og ekkert hafi komið út nema þá einhverjir músarhalar. Til dæmis er áfram pólitísk stjórnun í gegnum þingið á framsviðinu en raunveruleg völd eru í rauninni hjá ráðherranum á bak við tjöldin. Áfram er Ríkisútvarpinu att í þetta kapphlaup um tekjur af auglýsingum og kostun sem dregur úr hlutverki þess sem almannaútvarps og spillir líka sátt um tilveru Ríkisútvarpsins og hlutverk þess á fjölmiðlavettvangi. Í þriðja lagi er háeffunin alveg sérstakt klúður sem framsóknarmenn, einn þeirra er hér í salnum meira að segja, hafa látið stóra bróður toga sig með í. Í stað þess að tryggja alsmannaeign á Ríkisútvarpinu hafa þeir látið ginna sig í þetta háeff með innstæðulausu glamri í 1. og 2. gr. frumvarpsins sem kom ágætlega í ljós áðan í fyrsta andsvari hæstv. menntamálaráðherra. Og að auki er gengið þannig frá þessum málum að engin upplýsingaskylda hvílir á Ríkisútvarpinu hf. ef þetta verður að lögum eða hinum valdamikla útvarpsstjóra

gagnvart almenningi eða Alþingi.

Þá verður að segjast eins og er að fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins veldur miklum áhyggjum. Engin yfirlýsing, engar áætlanir eru um það frá hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórninni að skila Ríkisútvarpinu inn í Ríkisútvarpið hf. öðruvísi en með neikvæða eiginfjárstöðu sem þýðir, forseti, að ef lánardrottnar tækju sig saman á fyrsta degi hins nýja hlutafélags gætu þeir sett það á hausinn. Ég bið menntamálaráðherra þá að leiðrétta mig um það, en það er ósköp einfaldlega þannig að ef ekki koma inn nema þessar 5 milljónir sem ráðherrarnir ætla af gæsku sinni að setja í hlutafé, þá þýðir hin neikvæða eiginfjárstaða það að á fyrsta degi gætu lánardrottnarnir tekið sig saman um að setja íslenska Ríkisútvarpið á hausinn. Það er afrekið með menntamálaráðherrum Sjálfstæðisflokksins til 15 eða 23 ára. Síðan bætist það við að eftir þrjár atrennur að því að reyna að búa til einhver lög um hvernig réttindi starfsmanna eigi að líta út við þessa breytingu, þá hefur það ekki ennþá tekist. Þau eru enn þannig að maður heyrir miklar mótbárur og athugasemdir frá starfsmönnum og samtökum þeirra.

Við Samfylkingarmenn höfum viljað að menn séu samferða í málinu. Við höfum lagt til í þingsályktunartillögu sem flutt var í fyrra að farið væri í gegnum Ríkisútvarpið í sameiginlegum starfshópi með fulltrúum þingflokkanna, blaðamönnum, frá öðrum fjölmiðlum og fræðimönnum. Okkur hefur þótt skipta miklu að skapa loksins frið í kringum útvarp allra landsmanna. Slíkur friður er forsendan fyrir því að almannaútvörpin í grannlöndunum, BBC, NRK, DR, sænska ríkisútvarpið o.s.frv. þrífast og þeim gengur vel í hinum nýja heimi. Þannig hefði ríkisstjórnin auðvitað átt að haga sér líka við fyrirhugaðar breytingar á Ríkisútvarpinu. Það hefur hún kosið að gera ekki og því miður vekur það tortryggni og kemur í veg fyrir að bæði við þingmenn og almenningur allur geti treyst því að verið sé að reyna að gera Ríkisútvarpið að heiðarlegu almannaútvarpi eins og þó kemur fram í þeim ræðum sem menntamálaráðherra flytur og alltaf meira og meira eftir því sem ræðunum fjölgar.

Grundvöllur okkar er sá að Ríkisútvarpið eigi að gera að sjálfstæðu og öflugu almannaútvarpi. Það er hlutverk þess og allt fyrirkomulag þarf þess vegna að skoða í því ljósi. Í rauninni hafa orðið litlar breytingar á lagaramma og hugsun inni í Ríkisútvarpinu og í kringum það frá 1986 þegar einkaleyfi þess var afnumið. Það er auðvitað fyrir löngu kominn tími á breytingarnar. Það hefur ekki allt verið illt um Ríkisútvarpið á þessum tíma. Auðvitað hefur fyrirtækið þróast og styrkst að sumu leyti en að öðru leyti veikst og hrörnað. Það er rétt sem Páll Magnússon, hinn nýi útvarpsstjóri, sagði þegar hann tók við starfi sínu, að Ríkisútvarpið er stefnulaust. Skipulagið er ómarkvisst. Fjárhagurinn hefur versnað, og ég vil bæta við því sem Páll þorði ekki að segja: Pólitísk afskipti Sjálfstæðisflokksins hafa brotið þar niður móral og sýrt það traust sem almenningur hefur lengstum haft á þessari stöð sinni.

Það sem fyrst verður fyrir að spyrja um í þessu nýja frumvarpi er: Er verið að stíga hér skref fram á við, að því að Ríkisútvarpið eigi að verða meira almannaútvarp en það hefur lengstum verið? Er verið að leggja meiri áherslu á almannaútvarpsþátt þessarar stofnunar eða fyrirtækis? Er til dæmis verið að auka hlut íslensks efnis eða innlendrar framleiðslu þar? Svarið í frumvarpinu er að það er ekki í raun og veru neitt í frumvarpinu sem sýnir það. Þar eru þessar fögru yfirlýsingar ýmsar í 3. gr. sem virðast nú ekki hafa verið bornar saman við helstu tilmæli Evrópuráðsins, Prag 1994. Mér er mjög til efs að þær hafi verið bornar síðan saman við þau tilmæli sem ráðherra nefndi hér, nr. (96) 10. Þau eru að vísu nefnd á einum stað en það er alveg óvíst hvort frumvarpið hefur verið lesið saman við þau tilmæli. Ég bið menntamálaráðherra að svara því ef hún getur, að það sé svo að hún geti fullyrt það.

Það er í raun ekkert í frumvarpinu sem eflir almannaútvarpshlutverk þess, ekkert sem tryggir íslenskt efni eða hvetur sérstaklega til þess að framleiðslan sé innlend. Þar veldur auðvitað líka miklu, sem kemur frumvarpinu ekkert við, að það er ekkert tannfé sem hið nýja Ríkisútvarp hf. á að fá við stofnun þess og engir fjármunir eru sjáanlegir til að vega upp á móti hugsanlegum samdrætti í tekjum sem mætti gera ráð fyrir í byrjun þess ef lögð væri aukin áhersla á almannaútvarpsþáttinn.

Þarna kemur líka við sögu að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið haldi áfram á þeirri braut að hafa stóran hluta af tekjum sínum af auglýsingum og kostun. Um 30% er þetta núna og hefur verið undanfarin ár, 25–33%, hygg ég, í 10–15 ár og sveiflast upp og niður meðal annars hreinlega af markaðnum, af því hvað mikið er að fá af markaðnum. Almannaútvarp sem reiðir sig á slíkar tekjur er alltaf í hættu. Það er í hættu vegna þess að það hneigist til að miða dagskrá sína við möguleikana á að ná tekjum á þennan hátt. Slíkt útvarp gerir það ekki að fyrsta hlutverki sínu að þjóna almenningi heldur freistast það til þess að bjóða upp á almenning sem markhópa fyrir þá sem þurfa að koma auglýsingum og kostun til hans. Þetta held ég að ekkert hafi verið hugsað og stafi í raun af því að hér er ekki verið að útbúa almennilegt frumvarp um Ríkisútvarpið heldur verið að kasta til höndunum. Ég tel að við hefðum átt að kanna hvort ekki væri hægt að draga saman í þessu og afla þá fjár til þess með öðrum hætti, til dæmis þannig að stefna að 10–15% hlutdeild auglýsinga og kostunar í tekjum í fyrsta áfanga að minnsta kosti og sjá til hvernig það kæmi út, og athuga hvað ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefði sagt um það því athugasemdir hennar beinast mjög að öllu sem varða samkeppnisþætti í því fyrirtæki sem hér er um að ræða.

Þá komum við einmitt að hlutafélaginu. Það er klárt að þegar trúnaðinum var aflétt af þessum skjölum þá komust menn í þau og sáu að þar var ekki um það að ræða sem ráðherrar höfðu gefið í skyn hver af öðrum, þ.e. að þar væri fyrirskipun um stofnun hlutafélags. Það er ekki þannig. Það voru athugasemdir við núverandi form Ríkisútvarpsins, athugasemdir við sameignarfélagið sem ráðherrarnir voru svo vitlausir að láta sér detta í hug í fyrra til að friða Framsóknarflokkinn. En ekki er bent á neinar einustu lausnir í því sem handfastar eru og engan veginn sagt að hér þurfum við að stofna hlutafélag. Það má hugsa sér margar leiðir. Þrjár þeirra eru ósköp einfaldlega þessar: Í fyrsta lagi að draga úr samkeppnisþættinum og halda þá því formi sem nú er. Ég hygg að þetta hafi ekki verið rætt við Eftirlitsstofnun EFTA. Í öðru lagi að stofna vissulega hlutafélag og í þriðja lagi t.d. að gera þetta að sjálfseignarstofnun sem ríkisstjórn-

in og ráðherrarnir hafa aldrei íhugað alvarlega. Framsóknarflokkurinn sem nú er horfinn úr salnum — og það sýnir vel hver afstaða hans og áhugi er á þessu máli — Framsóknarflokkurinn lét ekki fara fram neina athugun á því heldur hvort það væri hægt þó hann hefði allt fram á síðasta ár haft það í landsfundarsamþykktum sínum að það ætti að vera sjálfseignarstofnun, alveg eins og við samfylkingarmenn höfum lagt áherslu á. Ég segi um hlutafélagið sem er trúaratriði hjá Sjálfstæðisflokknum — það er nánast að þeir falli fram og tilbiðji þetta orð — að það er ekki svo hjá okkur samfylkingarmönnum. Við lítum ekki á orðið eða hugtakið hlutafélag sem eðlisillt eða gott með neinum hætti. Hlutafélag er ágætt rekstrarform og hefur reynst prýðilega þar sem það hefur nú mest að gera, þ.e. í samkeppnisumhverfi í atvinnulífinu. Það er alveg rétt. Menn þekkja ágætlega formið og reglur í kringum það. En hvað vinnst annað? Hvað er það sem hlutafélag er best í? Er það ekki þannig að það sé kjörið til þess t.d. að sveigja sig fram og aftur á markaðinum með því að auka hlutafé eða minnka það eða fá nýja hluthafa? Stendur það til hér? Nei, það stendur ekki til því hluthafinn á bara að vera einn. Hann leggur upp með 5 millj. Ég veit ekki hvort hann ætlar að bæta eitthvað við það, en það á ekki að nýta þessa möguleika. Það á heldur ekki að nýta þá möguleika að hlutafélagið geti dreift sér eða stofnað önnur hlutafélög. Það er ekki þannig að hlutafélagið eigi yfir höfuð að fúnkera sem hlutafélag á markaði.

Við höfum í stjórnarandstöðunni á þinginu, Samfylkingin og Vinstri grænir að hluta — Álfheiður Ingadóttir varaþingmaður flutti hér ágæta þingsályktunartillögu, beitt okkur fyrir því að sett verði ákvæði um opinber hlutafélög, í hlutafélagalögin eða að sérstök lög sett um þau, og nú er komið fram frumvarp. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er fyrsti flutningsmaður þess frumvarps. Við gætum verið til umræðu um að hafa Ríkisútvarpið í hlutafélagsformi, þó við sjáum ekki beinlínis gagnið af því, ef þá yrðu uppfyllt þau skilyrði sem sett eru fram t.d. í frumvarpi hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, þau að upplýsingalög og stjórnsýslulög séu virt annaðhvort í lögum um opinber hlutafélög eða í sérákvæðum um Ríkisútvarpið, og ef þar yrði ákvæði um að aukinn meiri hluta þyrfti á þingi til að selja hlutafé eða sameina félagið öðru o.s.frv. sem kveðið er á um að ekki megi í þessu frumvarpi sem við erum að ræða. En það kom í ljós í andsvarinu áðan að það er hægt að breyta því með venjulegu „þrátt-fyrir"-ákvæði í 6. gr. fjárlaga á hverju einasta ári. Ekki er mikið gert með það. En við værum út af fyrir sig til í að skoða slíka lausn ef hún stendur til boða og ég vil gjarnan vita hver afstaða hæstv. menntamálaráðherra er til þess. En ég verð að segja að að óbreyttum þessum ákvæðum og reyndar ýmsum öðrum er ekki hægt að fallast á að hægt sé að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Sagan er auðvitað sú að sporin hræða. Öll þau ríkishlutafélög sem hér hafa verið stofnuð hafa verið einkavædd að lokum og það ætlum við ekki að leyfa Sjálfstæðisflokknum að gera við Ríkisútvarpið.

Ég vil svo segja — ég á lítinn tíma eftir og verð greinilega að koma hér aftur — að við í Samfylkingunni leggjum áherslu á tvö önnur meginatriði í þessu frumvarpi. Það er í fyrsta lagi, eins og ég hef rakið áður, að ekki er gert neitt í því að reyna að stilla svo til að hið pólitíska vald eigi ekki eins greiða leið inn í Ríkisútvarpið og reyndin hefur verið undanfarin ár. Það er ríkisstjórnarmeirihluti í hinu nýja útvarpsráði og umboð stjórnarmanna þar er í raun þrengra og það er skilyrtara við Alþingi, þ.e. þingflokkana, stjórnmálaflokkana, en áður var vegna þess að þá menn á að kjósa á árs fresti. Útvarpsstjórinn, sem við erum, eins og ég sagði áðan, reiðubúin að gera þá tilraun með að hafi meiri völd en hingað til hefur tíðkast, verður annars vegar að hafa starfsfrið. Það má ekki setja hann undir þessa stjórn þannig að hægt sé að ráða hann eða reka hann á hvaða tíma sem er. Það er módel sem menn hafa tekið úr atvinnulífinu en á bara ekki hér við. Hins vegar er eðlilegt að hann hafi ákveðið tímabil þannig að menn geti staldrað við á eftir og skoðað hvernig hann hefur staðið sig og hvort ástæða sé til að ráða hann aftur.

Enn verður að nefna það að völd menntamálaráðherra eru með ýmsum hætti falin í þessu frumvarpi. Um þjónustusamning þann sem menntamálaráðherra hefur sagst ætla að gera við Ríkisútvarpið og hvernig hann verður skilyrtur, er ekki neitt. Samþykktirnar eru faldar. Þær mega ekki vera með í greinargerðinni, samþykktirnar og stofnsamningurinn. Það sem maður hræðist að úr þessu verði er því að hér sé verið að búa til félag eða fyrirtæki sem sameinar hið versta úr báðum heimum, sameinar (Forseti hringir.) silaskapinn úr opinbera kerfinu og síðan leyndina úr einkakerfinu.

[16:40]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni Merði Árnasyni fyrir ræðu hans. Þar er ýmislegt sem gera má athugasemdir við og ég geri ráð fyrir að koma að ýmsum þeim efnisþáttum sem hann vék að í ræðu minni síðar í dag um frumvarpið sem hér er til umfjöllunar.

Í ræðu hv. þingmanns kom fram að Samfylkingin væri í sjálfu sér hlynnt ákveðnum skipulagsbreytingum hvað varðar Ríkisútvarpið. Það kom reyndar líka fram að Samfylkingin væri jákvæð gagnvart ýmsum öðrum breytingum, eins og að færa dagskrárgerð frekar í hendur dagskrárgerðarmanna og auka völd yfirmanns Ríkisútvarpsins, ef ég skildi hv. þingmann rétt.

Hins vegar kom ekki fram í ræðu hv. þingmanns sem er nú helsti talsmaður Samfylkingarinnar þegar kemur að málum Ríkisútvarpsins, hver stefna Samfylkingarinnar er varðandi það hvernig eigi að haga rekstri Ríkisútvarpsins. Stjórnarflokkarnir hafa markað sér stefnu og hún kemur fram í því frumvarpi sem við ræðum hér. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur eru þeirrar skoðunar að breyta eigi Ríkisútvarpinu í hlutafélag. En það kom ekkert fram í þessari löngu ræðu hv. þingmanns hver stefna Samfylkingarinnar væri. Þess vegna spyr ég hv. þingmann, af því við höfum rætt málefni Ríkisútvarpsins og rekstrarumhverfi þess alloft á hinu háa Alþingi og í umræðu í þjóðfélaginu: Hver er stefna Samfylkingarinnar varðandi rekstur Ríkisútvarpsins? (Forseti hringir.) Telur Samfylkingin að reka eigi Ríkisútvarpið á hlutafélagaformi, sjálfseignarstofnunarformi (Forseti hringir.) eða einhverju öðru formi?

[16:43]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil fyrst segja að við höfum lagt fyrst og fremst áherslu á innihald Ríkisútvarpsins en ekki ytra byrði þess. Við höfum lagt áherslu á að Ríkisútvarpið sé almannaútvarp og á þeim grunni höfum við svo byggt með því að spyrja okkur alltaf: Á hverju þarf almannaútvarp að halda? Hvernig er eðlilegt að almannaútvarp sé í laginu? Við höfum leitað fordæma fyrir þessu. Rekstrarform er auðvitað ekki aukaatriði. En menn eiga fyrst og fremst að horfa á þetta: Er Ríkisútvarpið almannaútvarp og hvaða hlutverk hefur það sem slíkt á Íslandi og á þeim fjölmiðlavettvangi sem við upplifum núna? Við höfum ósköp einfaldlega — ég skil ekkert í hv. þingmanni Sigurður Kára Kristjánssyni að spyrja að þessu. Hann á að vita þetta af því við höfum rætt, eins og hann sagði, oft saman um Ríkisútvarpið — við höfum lagt til að Ríkisútvarpið verði gert að sjálfseignarstofnun, það verði losað úr viðjum ríkisstofnunarinnar, sem ekki eru að öllu leyti heppilegar þó margt mætti nú laga með einföldum lagabreytingum innan núverandi ramma, og sagt að Ríkisútvarpið mundi sóma sér vel sem sjálfseignarstofnun eins og Viðskiptaháskólinn á Bifröst er og Háskólinn í Reykjavík var til skamms tíma og ég hygg að Verslunarskólinn sé enn þá. Með þeim hætti væri hægt að svara helstu kröfum sem komið hafa um breytt rekstrarform. En við erum líka að tala um breytt skipulag á Ríkisútvarpinu sem varðar ekki kannski hvað Ríkisútvarpið heitir. Það er alveg augljóst að Ríkisútvarpið verður ekki, forseti, venjulegt hlutafélag vegna þess sérstaka eignarforms sem á því er, vegna þeirra sérstöku skilyrða sem það má búa við um stofnun annarra hlutafélaga og ýmislegt það sem hlutafélög venjulega gera. Því má spyrja á móti: Hvers konar rekstrarformi ætla ríkisstjórnin og Sigurður Kári Kristjánsson, hinn mikli stuðningsmaður (Forseti hringir.) Ríkisútvarpsins hf., sér að koma hér á þetta batterí?

[16:45]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er þá komið fram. Samfylkingin er þeirrar skoðunar að breyta eigi Ríkisútvarpinu í sjálfseignarstofnun. Það kom reyndar fram í fréttum Ríkisútvarpsins núna um helgina að rekstrarformið væri í sjálfu sér ekkert sáluhjálparatriði, ef ég man rétt, en þau ummæli voru látin falla af formanni Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. En það er þá komið fram hjá hv. þingmanni og helsta talsmanni Samfylkingarinnar í málefnum Ríkisútvarpsins að það er stefna Samfylkingarinnar að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun.

Það vakti hins vegar athygli mína í því sambandi að hv. þm. Mörður Árnason vék ekkert að því í ræðu sinni í fyrsta lagi að þetta væri stefna Samfylkingarinnar og í öðru lagi vék hv. þingmaður ekkert að því hvað það rekstrarform, þ.e. sjálfseignarstofnunarformið, hefur umfram hlutafélagaformið. Því væri rétt að spyrja hv. þingmann: Hvað er það í sjálfseignarstofnunarforminu sem er betra en hlutafélagaformið þegar kemur að rekstri svona stofnunar? Í framhaldi af því spyr ég: Hvers vegna í ósköpunum skyldi það vera þannig að þegar menn fara út í rekstur, hvort sem það er á fjölmiðli eða öðru, þá hópast menn niður á hlutafélagaskrá og stofna hlutafélag eða einkahlutafélag utan um rekstur sinn? Af hverju í ósköpunum skyldi sjálfseignarstofnunarformið ekki njóta meiri vinsælda en raun ber vitni fyrst Samfylkingin telur að það rekstrarform sé miklu betra og hentugra í rekstri á fyrirtækjum, eins og (Forseti hringir.) Ríkisútvarpið óneitanlega er, en hlutafélagaformið?

[16:47]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Í hinni feikilöngu ræðu minni sem tók heilar 20 mínútur tókst mér að minnast á það að Samfylkingin hefði þessa stefnu að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun. Af hverju? Jú, vegna þess í fyrsta lagi að sporin hræða hér á landi. Ég veit ekki hvar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson var þegar gert var hlutafélag úr Landssímanum, en þá voru oft haldnar hér ræður um að það ætti ekki að gera til að selja hann, það væri bara hentugt rekstrarform. Menn þekktu þetta og þetta væri svo eftirsótt o.s.frv. og þannig má í raun fara frá fyrirtæki til fyrirtækis. Öll, ég segi nánast öll fyrirtæki sem hér hafa verið gerð að hlutafélögum og voru ríkisstofnanir hafa verið seld núna. Þess vegna spyrjum við og það er viðeigandi að spyrja þegar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kemur hér upp í stólinn: Stendur það ekki til þegar hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, er farin úr sínum stól og Sigurður Kári Kristjánsson kominn í hann? Var ekki þessi hv. þingmaður að flytja um það frumvarp í fyrra ásamt hv. þm. Pétri Blöndal og einhverjum fleiri sjálfstæðismönnum að þetta yrði selt, þessi ómögulega stofnun og fyrirtæki? Ég man ekki betur.

Það eru fyrst og fremst tvær ástæður, það er tvennt sem það rekstrarform á að uppfylla sem við viljum hafa. Annars vegar það að almannaeignin á Ríkisútvarpinu sé skýr og það er hún sem ríkisstofnun, það er hún sem sjálfseignarstofnun og það gæti hún verið ef hún væri opinbert hlutafélag með þeim skilyrðum sem tiltekin eru t.d. í ágætu frumvarpi hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og fleiri.

Ég man nú ekki hvað hitt var en ég vona að ég komi að því síðar. Þetta er alveg ljóst, það er annars vegar eignarformið og — já, ég er bara búinn að gleyma því og biðst afsökunar á því, forseti, en skal svara hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni því síðar.

[16:50]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Andsvar mitt var svipaðs eðlis og hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Ég hlustaði vel á aðaltalsmann Samfylkingarinnar í málefnum Ríkisútvarpsins og reyndi að greina stefnu Samfylkingarinnar í garð Ríkisútvarpsins. Það vita allir sem hafa fylgst með umræðunni að þetta frumvarp, breytingar á Ríkisútvarpinu, hefur átt sér langan aðdraganda, það kom fram í ræðu minni, mjög langan aðdraganda. Það eru a.m.k. tíu ár síðan menn fóru að ræða að breyta þyrfti rekstrarfyrirkomulagi hjá Ríkisútvarpinu.

Hvað gerist síðan eftir tíu ár? Hingað kemur helsti talsmaður Samfylkingarinnar, hinn ágæti hv. þm. Mörður Árnason og skilar bókstaflega auðu fyrir Samfylkinguna.

Það er ekki fyrr en í seinna andsvari við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson að hægt er að kreista það út úr hv. þm. Merði Árnasyni hver stefna Samfylkingarinnar er í málefnum Ríkisútvarpsins. Í síðara andsvari hv. þingmanns var hægt að fá það út úr hv. þingmanni að það væri sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið sem væri jú heppilegast. Svona að öllu gamni slepptu virtist það vera meginstefna Samfylkingarinnar og það er svo sem ágætt að hafa fengið það fram.

Frú forseti. Ég var í sjónvarpsþætti ekki alls fyrir löngu með varaformanni Samfylkingarinnar þar sem ég spurði hann sérstaklega hver væru skilyrði Samfylkingarinnar til að styðja þetta frumvarp. Það voru tvö atriði. Í fyrsta lagi að Ríkisútvarpið þyrfti að vera öflugt almannaþjónustuútvarp í ríkiseigu og það er einmitt það sem þetta frumvarp gengur út á, að skapa skilyrði til þess að Ríkisútvarpið geti staðið undir þeirri þjónustu og þeim kröfum. Og síðan hitt að hægt væri að nálgast upplýsingar um stjórn og stjórnskipulag Ríkisútvarpsins, og það er verið að gera með öðru frumvarpi viðskiptaráðherra.

Ég spyr því (Forseti hringir.) hv. þm. Mörð Árnason: Er hann ekki sammála varaformanni sínum varðandi þetta atriði?

[16:52]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er kannski nákvæmlega í þessu tilviki frekar um það að ræða að varaformaðurinn sé sammála mér.

Oft eiga athugasemdir af því tagi sem hæstv. menntamálaráðherra flutti hér í andsvari við. Oft gerist það vissulega að einstakir þingmenn og jafnvel talsmenn flokka koma upp og hafa mikið á móti hlutum og eru að reyna að draga partana hvern í sína átt í málum sem þeir jafnvel þekkja ekki vel eða vilja forðast að taka beina afstöðu til. En sjaldan eða aldrei hefur það átt jafnilla við og núna vegna þess að Samfylkingin hefur allt frá upphafi — hún er að vísu ekki nema fimm ára gömul — lagt mikla áherslu á að vinna einmitt í ríkisútvarpsmálunum. Við höfum verið nánast í samfelldu starfi frá árinu 2000 og eiginlega frá árinu 1999 að vinna í þessu máli. Ég er stoltur af því að geta sagt að ég hef tekið þátt í þeirri vinnu og á köflum haft um hana forustu.

Að menntamálaráðherra, þingmaður eða bara einstaklingur sem er bæði þingmaður og menntamálaráðherra skuli koma hér upp með þetta andsvar og gleyma því að í fyrra var flutt þingsályktunartillaga, sem var nú töluverð að vöxtum og með tveimur mjög merkilegum fylgiskjölum, hér í þinginu — ég man ekki eftir að hæstv. menntamálaráðherra hafi sýnt þeirri umræðu og þeirri vinnu þá virðingu að vera viðstödd hana eða tekið þátt í umræðum um hana, og að hún skuli gera þetta er í raun og veru fáheyrt. Ég skil eiginlega ekkert í menntamálaráðherranum að láta svona.

Það sem ég gleymdi hér áðan, ég er búinn að finna það núna og biðst enn afsökunar á því, forseti, kemur líka fyrir í þessu andsvari vegna þess að spurt er um stefnu okkar. Við höfum sagt: Það rekstrarform sem valið verður að lokum skiptir minna máli en innihaldið, sem er almannaútvarpsinnihaldið. En það þarf að gera a.m.k. tvennt. Tryggja þarf almannaeignina, t.d. með auknum meiri hluta í opinberu hlutafélagi (Forseti hringir.) eða með sjálfseignarstofnun og þá þarf að tryggja að upplýsingalög, (Forseti hringir.) stjórnsýslulög og ákvæðið um aðgang almennings, fjölmiðla og þingmanna séu klár í slíku formi.

[16:54]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að útvarpsstjóri, Páll Magnússon, hinn ágæti útvarpsstjóri er einmitt ósammála Samfylkingunni og talsmanni hennar í þessu máli, hv. þm. Merði Árnasyni.

Með leyfi forseta, segir útvarpsstjóri m.a.:

„Einhverjum kann í fljótu bragði að þykja sem þetta skipti ekki miklu máli, — formið sé aukaatriði en innihaldið aðalatriði. Ekkert er fjær lagi. Þvert á móti má færa fyrir því gild rök að óbreytt rekstrarfyrirkomulag beri í sér dauðann sjálfan fyrir þessa merku stofnun.“

Þetta segir útvarpsstjóri, virðulegi forseti.

Ég vil líka vekja athygli hv. þingmanns og talsmanns Samfylkingarinnar í þessu máli á því að ég hef lesið þingsályktunartillögu þeirra um Ríkisútvarpið. Og í hverju fólst sú tillaga? Fylgiskjölin voru mörg og mikil, innihaldið ágætt, en tillagan fól fyrst og fremst í sér að skipa nefnd. Öðruvísi mér áður brá. Miðað við umræður undanfarinna daga má ekki skipa nefnd í nokkurn skapaðan hlut en það er megintillaga Samfylkingarinnar, að skipa nefnd í málefnum Ríkisútvarpsins, en ekki í sjálfu sér að taka afstöðu til þess hvernig rekstrarfyrirkomulagið á að vera. Ég er nefnilega sammála útvarpsstjóra í því efni að rekstrarfyrirkomulagið skiptir máli. Rekstrarfyrirkomulagið skiptir máli vegna þess að frumvarpið eins og það liggur fyrir mun stuðla að enn betri almannaþjónustu en áður. Það mun auka og efla menningarhlutverkið og það er fyrst og fremst þess vegna sem við erum að berjast fyrir breyttu rekstrarfyrirkomulagi að við eigum enn þá öflugra Ríkisútvarp í almannaþágu.

[16:56]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Páll Magnússon er merkur maður og það var gaman að heyra í honum þegar hann tók við útvarpsstjórahlutverki sínu. Þá sagði hann ýmislegt sem væri full ástæða fyrir hæstv. menntamálaráðherra til að rifja upp. Hann talaði m.a. um almannaútvarpshlutverkið og hann talaði um auglýsingar og kostun. Hann talaði um ýmsa hluti, þar á meðal um rekstrarform, það er alveg rétt, eða um formið því að rekstrarform er eitt og skipulag sjálfrar stofnunarinnar er annað. Ég hygg að skipulag stofnunarinnar með þessum þremur ráðherraskipuðu framkvæmdastjórum sem er algjörlega óljóst hvaða völd hafa gagnvart svo þessum útvarpsstjóra, og útvarpsráði o.s.frv., sé í raun og veru löngu komið fjandans til og full ástæða sé til að breyta því.

Það sem við höfum hins vegar sagt er að innihaldið skiptir meira máli og ég lít svo á að Páll hafi tekið undir það þegar hann segir t.d. að meginhlutinn sé dagskráin. Páll Magnússon sagði það ágætlega líka að alla peninga sem Ríkisútvarpið fær, þá peninga sem ekki fara í dagskrána þurfi að skoða sérstaklega.

Það er merkilegt sem Páll Magnússon segir síðast í þeirri grein sem hæstv. menntamálaráðherra vitnaði til eftir að hafa fengið hana hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni en hefur greinilega ekki lesið sjálf. Ég skora á ráðherra að lesa hana til enda því að síðasti hluti greinarinnar fjallar einmitt um hvernig ekki er hægt að reka ríkisútvarp með því að hafa enga peninga til þess. Þar er rakið að eiginfjárstaðan er neikvæð. Páll Magnússon er að vísu ekki jafnhranalegur og ég að segja frá því að ef lánardrottnar tækju sig saman gætu þeir knúið þetta fyrirtæki á hnén ef þeir vilja en þróunin í eiginfjárstöðunni hefur verið mjög óhagkvæm. Það eru heilar 5 milljónir — ekki 50 eða 500 sem væri nær lagi — sem á að setja í hlutafélagið. Gaman væri að heyra hæstv. menntamálaráðherra tala um þetta.

Vissulega er rétt að við fluttum þingsályktunartillögu. Þær eru nú oft þannig að formi til að maður lætur skipa nefnd en það gerðum við einmitt í ákveðnu skyni. Við gerðum það í því skyni, ég tók það fram í hinni gríðarlega löngu ræðu minni áðan, að við reyndum að ná samstöðu, sátt og samræðu um Ríkisútvarpið. Það hefur hins vegar ekki verið stíll hæstv. menntamálaráðherra.

[16:58]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ríkisútvarpið hefur um áratuga skeið gegnt lykilhlutverki í íslensku samfélagi, eða allar götur frá því að það var sett á laggirnar fyrir 75 árum. Ríkisútvarpið er ekki einvörðungu framleiðslustofnun þar sem skapað er dagskrárefni fyrir útvarp og sjónvarp. Ríkisútvarpið er ákveðin kjölfesta í þjóðfélagsumræðunni. Ríkisútvarpið er menningarstofnun á sviði tónlistar, leiklistar og annarra listgreina. Ríkisútvarpið er safn þar sem varðveitt eru mikilvæg menningarverðmæti. Í tímans rás hefur gengið á ýmsu í rekstri Ríkisútvarpsins. Stundum hefur blásið byr í segl og kraftur og framfarasókn einkennt starfsemina. Á öðrum tímum hefur hún gengið erfiðlega og átt við mótbyr að stríða.

Á heildina litið hafa starfsmenn Ríkisútvarpsins áorkað miklu. Þar hefur fengist til starfa úrvalsfólk, margir fyrirferðarmiklir einstaklingar. Ríkisútvarpið hefur notið sköpunarkrafts þessa fólks og starfsmennirnir hafa fyrir sitt leyti notið velvilja í samfélaginu. Tengslin á milli þjóðarinnar og Ríkisútvarpsins hafa ævinlega verið mjög sterk. Okkur ber að fara varlega með þau tengsl. Það kann sannast sagna ekki góðri lukku að stýra að lagt sé upp í för með frumvarp sem gerir ráð fyrir grundvallarbreytingum á rekstrarformi Ríkisútvarpsins í ófriði við stjórnarandstöðuna á þingi og í andstöðu við marga landsmenn. Þannig hefur það aftur og ítrekað komið fram í skoðanakönnunum að yfirgnæfandi meiri hluti landsmanna vill að Ríkisútvarpið sé í almannaeign og undir forsjá þjóðarinnar.

Nú er okkur sagt að það sé lífsspursmál að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins og gera það sem líkast bisnessfyrirtæki. Það er sagt vera lífsspursmál. Við heyrum það frá hæstv. menntamálaráðherra og við heyrum það frá útvarpsstjóranum. Hér er talað um að gera útvarpið nútímalegt. Finnst Páli Magnússyni útvarpsstjóra það nútímalegra að starfa á Stöð 2 þar sem hann gat rekið fólk í kyrrþey en að starfa á Ríkisútvarpinu þar sem starfsfólk nýtur ákveðinna réttinda, varið gegn hvers kyns duttlungastjórnun? Það eru þau lög og þau réttindi sem stendur til að hafa af fólkinu.

Það er ekki einvörðungu svo að rýra eigi lífeyrisréttindin að hluta hjá þeim sem þegar starfa hjá stofnuninni. Við munum gera rækilegri grein fyrir því þegar líður á þessa umræðu, þegar málið fer til menntamálanefndar. Ég ætla ekki að fara djúpt í það að sinni en það munu eflaust aðrir gera. Hið sama gildir um lífeyrisréttindin hjá nýjum starfsmönnum stofnunarinnar. Ég fæ ekki betur séð og skilið en þeim verði t.d. meinaður aðgangur að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem að forminu til væri þó eðlilegt og lagalega mögulegt að þeir fengju aðgang að.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað í önnur frumvörp sem liggja fyrir þinginu. Til dæmis er vísað í frumvarp til laga um stofnun Matvælarannsókna hf. sem samkvæmt áætlunum þingsins er á dagskrá í þessari viku. Þar er farið nokkuð í réttindamálin og talað sæmilega tæpitungulaust um þau réttindi. Þar er nefnt að samkvæmt lögum um starfsmenn ríkisins gildi aðrar reglur um ráðningu, uppsagnir, launamál og ýmis réttindi ríkisstarfsmanna en í atvinnulífinu almennt. Þessar reglur eru sagðar standa í vegi fyrir sveigjanlegri starfsmannastefnu, eins og það er kallað. Hvað felst í því? Meðal annars það að hjá fyrirtæki er almennt hægt að segja starfsmanni upp störfum skýringalaust. Gagnvart starfsmönnum ríkisins, sem njóta réttinda samkvæmt lögum um réttindi og skyldur þeirra, þurfa málefnalegar ástæður að vera til grundvallar og stjórnanda sem ætlar að segja viðkomandi upp störfum ber að gefa honum tækifæri til að bæta ráð sitt eða svara fyrir sig og leiðrétta misskilning. Þetta á núna að nema úr gildi. Þetta á að nema úr gildi á stofnun sem hefur m.a. það hlutverk að varðveita lýðræði í landinu og veita aðhald. Núna verður hægt, samkvæmt duttlungavaldi útvarpsstjóra, að reka fréttamenn og fréttastjóra eins og gert var á Stöð 2. Sami aðili og nú er útvarpsstjóri á Ríkisútvarpinu rak fréttastjórann á Stöð 2 skýringalaust. Er það þetta sem hæstv. menntamálaráðherra á við þegar hann talar um nútímaleg vinnubrögð? Hvað er það nákvæmlega sem ráðherrann á við?

Ég sótti fund Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins í Norræna húsinu fyrir nokkrum vikum. Þá spurði ég útvarpsstjóra að því hvað hann ætti við og fékk sannast sagna ekki skilið annað en að völdin til að ráða og reka væru ríflegri í hlutafélagaformi en í ríkisstofnun. Er það þetta sem lagt er til? Er það þetta sem hæstv. menntamálaráðherra á við þegar hann talar um nútímalega stjórnunarhætti?

Á síðasta áratug síðustu aldar voru sett ýmis lög sem gengu út á að gera stjórnsýsluna opnari. Árin 1993 og 1996 voru sett skýr og einföld lög, upplýsinga- og stjórnsýslulög. Þau áttu að gera borgurunum kleift að fylgjast betur með starfsemi þeirra stofnana sem reknar voru í almenningsþágu. Í stað þess að stofnanir taki mið af þessum lögum gengur allt út á að rekstrarformi þeirra verði breytt þannig að ekki þurfi lengur að lúta þeim reglum. Er ekki ástæða til að staldra sérstaklega við þegar um er að ræða stofnun sem ætlað er það hlutverk að vera kjölfesta í þjóðfélagsumræðunni, sjálf kjölfestan? Nei, þá er þrengt að henni, hún tekin undan þeim lögum, upplýsingalögunum og stjórnsýslulögunum, og völdin færð á hendur einum aðila. Og hver ræður hann og rekur? Jú, það er stjórn stofnunarinnar, ígildi nú-

verandi útvarpsráðs. Hvernig er kosið í það? Það er meirihlutavaldið á Alþingi sem kýs hina nýju stjórn, sem getur síðan rekið einvaldinn á Ríkisútvarpinu. Finnst mönnum þetta horfa til framfara? Þetta er skref langt aftur í forneskju.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram frumvarp þar sem tekið er á þeim vandkvæðum og hnútum sem fyrir eru í stjórnsýslu Ríkisútvarpsins. Þar má ýmislegt betur fara og miklu betur fara. Þannig teljum við að það sem lýtur að daglegum rekstri og ráðningu starfsmanna eigi að færa inn í stofnunina en ekki færa það í hendur eins manns. Nei, þar tölum við um framkvæmdastjórn þar sem koma að fulltrúar stjórnsýslunnar, ekki bara einn maður, fulltrúar starfsmanna og fulltrúi þess sem við köllum dagskrárráð. Það er að sumu leyti ígildi gamla útvarpsráðsins að því frátöldu að það endurspeglar ekki valdahlutföll á Alþingi og þar með ríkisstjórnarmeirihlutaviljann. Nei, það endurspeglar viðhorf fulltrúa þeirra flokka sem sæti eiga á Alþingi og annarra hreyfinga einnig, stofnana og hreyfinga, Neytendasamtakanna, Bandalags listamanna, sveitarfélaganna í landinu. Það er ekkert sáluhjálparatriði hvernig því yrði endanlega fyrir komið en þetta er hugmyndin og þær tillögur sem við höfum lagt fram. Hugsanlega mættu fleiri koma að, hugsanlega einhverjir aðrir aðilar að einhverju leyti.

Um þetta höfum við verið tilbúin að reyna að ná samstöðu á Alþingi. Auðvitað átti hæstv. ráðherra að leita eftir samstarfi við þingið og skapa samstöðu um þessa gömlu menningarstofnun sem öllum Íslendingum þykir vænt um. Nei, þá er kosið að keyra áfram með eitt auga í miðju enni, líta hvorki til hægri né vinstri og reyna að keyra málið í gegn.

Að ýmsu er að hyggja þegar við hugum að framtíð Ríkisútvarpsins. Ég held að þegar allt kemur til alls sé það fjárhagsvandinn sem hafi staðið Ríkisútvarpinu fyrir þrifum. Í ágætri úttekt sem birtist í Morgunblaðinu í mars, nánar tiltekið 6. mars 2005, kemur fram að tekjur stofnunarinnar á síðustu árum hafi ekki fylgt launaþróun í landinu. Séu afnotagjöldin uppreiknuð miðað við launavísitölu hafa þau dregist saman um 19% á árunum 1994–2004. Auglýsingatekjur hafa með sama útreikningi lækkað mun minna en heildartekjur drógust saman um 15% á liðnum áratug, miðað við launavísitöluna.

Þarna kemur líka fram hvernig Ríkisútvarpið hefur brugðist við. Mér hefur stundum fundist Ríkisútvarpið verða fyrir ómaklegri gagnrýni. Allt of oft hafa menn neitað að viðurkenna það sem gott hefur verið gert í þeirri stofnun á ýmsum sviðum, t.d. í tölvutækninni. Ég kann ekki einu sinni að fara með það en menn hafa nýtt sér ýmsa kosti og möguleika tækninnar á undanförnum árum. Menn hafa hins vegar margir kosið að sjá ekkert gott, engan hvítan blett á þessari stofnun, vegna þess að réttilega hefur sitthvað gengið úr skorðum sem ástæða hefur verið til að gagnrýna harkalega. Og það getum við gert vegna þess að við höfum haft aðgang að upplýsingum í gegnum útvarpsráð, í gegnum upplýsingalög og stjórnsýslulög. Starfsmenn hafa haft ákveðna stoð og vernd í þeim lögum sem eru beinlínis sett til að tryggja sjálfstæða einstaklinga í sjálfstæðri stofnun. Til þess eru lögin sett.

Nú er hins vegar einblínt á stjórnandann, valdboðandann. Menn horfa ekki á hinn einstaka starfsmann, sköpunargleði hans og sköpunarmátt. Nei, nú gengur allt út á stjórnandann sem á nútímalegan hátt á að geta ráðið og rekið. Mönnum finnast þetta vera framfarir. Ekki kem ég auga á þær framfarir.

Ég spurði: Hvernig hefur Ríkisútvarpið brugðist við vanda sínum? Það kemur fram í framangreindri úttekt Morgunblaðsins að Ríkisútvarpið hafi eftir megni reynt að hagræða í rekstrinum og t.d. hafi starfsmönnum fækkað verulega undanfarin ár, eða um 15% frá árinu 1996. Það ár voru fastráðnir starfsmenn að meðaltali 378 en voru um 320 árið 2004. Þannig hefur verið brugðist við.

Skyldi nú eitthvað vera í þessum tillögum og þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem gefur vísbendingu um að fjárhagur Ríkisútvarpsins verði traustari þegar fram líða stundir? Jú, vissulega tvennt. Lífeyriskjör starfsmanna verða rýrari, það þarf að greiða minna í lífeyrissjóðinn, það þarf að borga minna fyrir réttindi starfsfólksins — það er rétt, hægt er að spara svoleiðis — og menn losna við Sinfóníuna. Menn losna við Sinfóníuna sem var keppikefli Ríkisútvarpsins áratugum saman að treysta böndin við. Nú bregður svo við að meira að segja stjórnendur Ríkisútvarpsins vilja losna við hana, hafa ekki einu sinni nýtt sér það sem er í samningum um það sem Ríkisútvarpið getur gert með tónlistarflutning hljómsveitarinnar. Nei, nú á að skera á þessi tengsl og menn hrópa húrra fyrir því. Ég geri það ekki. Menn ætla að skila þessari stofnun með neikvæða eiginfjárstöðu inn í hlutafélagaform með takmarkaðri ríkisábyrgð væntanlega. Það er það sem menn ætla að gera. Ég minnist allrar umræðunnar sem fram hefur farið í þessum þingsal þar sem spurt hefur verið hvort menn væru reiðubúnir að láta meira fé af hendi rakna til Ríkisútvarpsins í hvaða formi sem það svo gerðist, hvort sem það væru afnotagjöld eða annað form. Það hefur ekki verið vilji til þess, ekki hjá stjórnarmeirihlutanum. Stjórnarandstaðan hefur viljað ræða leiðir til að efla og treysta fjárhagslegan grundvöll Ríkisútvarpsins. Ég hef aldrei heyrt það frá stjórnarmeirihlutanum. Aldrei nokkurn tímann.

Síðan má ræða aðra þætti líka, t.d. fjármögnunina, hvort fara eigi yfir í annað innheimtuform. Almennt hafa menn verið á því máli í herbúðum ríkisútvarpsmanna að halda sjálfstæði stofnunarinnar hvað það snertir. En í ágætri skýrslu sem hér hefur verið birt, Fjármögnun Ríkisútvarpsins, er m.a. tekinn og settur í öndvegi sá valkostur sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði veljum og leggjum til í frumvarpi okkar um að tengja gjöldin fasteignum. Hér er það tíundað í þessari skýrslu að þetta væri sennilega heppilegasta fyrirkomulagið. Hvað finnst hæstv. menntamálaráðherra um það? Hvers vegna í ósköpunum á ekki að efna til umræðu í þinginu um þá valkosti sem eru í boði? Ég vil ekki taka undir með hæstv. ráðherra sem vísar á bug eða gerir lítið úr tillögum um að skipa nefnd til að reyna að ná sátt í þessu máli eins og fram hafa komið frá Samfylkingunni. Mér finnst það ekki til að gera lítið úr. Það er nákvæmlega þannig sem á að vinna þetta. Þessi 75 ára stofnun sem þjóðin á er ekkert einkamál Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar sem hefur lagst í duftið og ætlar að ganga á bak orða sinna og samþykkta flokks síns og heitstrenginga

um að Ríkisútvarpið verði ekki gert að hlutafélagi.

[17:19]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson talar mjög um starfsmenn Ríkisútvarpsins og telur sig vera, hygg ég, að tala máli þeirra þegar við ræðum hér málefni Ríkisútvarpsins. Það vekur hins vegar athygli að hann virðist ekki taka undir ákall starfsmanna Ríkisútvarpsins um að það sé nauðsynlegt, beinlínis lífsnauðsynlegt fyrir Ríkisútvarpið að breytt verði um rekstrarform. Þannig segir í grein Páls Magnússonar, sjálfs útvarpsstjórans, með leyfi forseta:

„Einhverjum kann í fljótu bragði að þykja sem þetta skipti ekki miklu máli, formið sé aukaatriði en innihaldið aðalatriði. Ekkert er fjær lagi. Þvert á móti má færa fyrir því gild rök að óbreytt rekstrarfyrirkomulag beri í sér dauðann sjálfan fyrir þessa merku stofnun."

Það sem sagt hefur komið ákall úr Efstaleitinu frá a.m.k. einum starfsmanni Ríkisútvarpsins um að rekstrarforminu verði breytt. Því spyr ég hv. þingmann: Hvernig ætlar hann og Vinstri hreyfingin – grænt framboð að bregðast við þessu ákalli? Hvernig vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð breyta rekstrarfyrirkomulagi RÚV? Er hv. þingmaður þeirrar skoðunar að rétt sé að halda rekstrarfyrirkomulagi Ríkisútvarpsins óbreyttu? Er það þetta sem hv. þingmaður vill þrátt fyrir að sjálfur útvarpsstjórinn sem rekur þessa stofnun nú telji að það eitt muni ganga af henni dauðri? Mér þætti vænt um að fá svör við þessum spurningum.

[17:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg sjálfsagt að verða við þessari beiðni. Það er alveg rétt að einn starfsmaður Ríkisútvarpsins, Páll Magnússon útvarpsstjóri, telur það fela dauðann í sér ef rekstrarforminu verður ekki breytt, væntanlega í þá veru eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi að hann einn fái alræðisvald yfir öllum öðrum starfsmönnum stofnunarinnar. Það er ákallið og það væntanlega felur dauðann í sér ef ekki verður orðið við því ákalli.

Ég geri ráð fyrir að skoðanir kunni að vera skiptar í Ríkisútvarpinu um hvað ágætast er í þessu efni en þó hef ég grun um að þeir aðilar sem fjalla um réttindi og kjör starfsmanna komist að þeirri niðurstöðu að þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar sé afar vafasamt og ég get upplýst hv. þingmann um að það eru að hefjast fundarhöld einmitt um það efni. Núna þegar frumvarpið hefur komið fram verður væntanlega farið í saumana á réttindaköflum frumvarpsins og hvað það er líklegt til að hafa í för með sér fyrir kjör og réttindi starfsfólksins. Það eru félagsmenn í BSRB og BHM sem einkum munu koma að því og væntanlega einnig í Rafiðnaðarsambandinu. Ef að líkum lætur verða viðbrögðin gagnrýni því að við fengum umsagnir þessara aðila við síðustu tilraun ríkisstjórnarinnar til að hafa réttindin af þessu fólki í frumvarpi sem fram kom frá menntamálaráðherra á síðasta þingi.

[17:23]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlýt að skilja þessi orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar svo að Vinstri hreyfingin – grænt framboð líti þannig á að það sé rétt að halda í það ástand sem nú ríkir hjá Ríkisútvarpinu, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð líti þannig á að rekstrarfyrirkomulag og rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins eigi að vera óbreytt. Hv. þm. Ögmundur Jónasson getur leiðrétt mig ef ég hef misskilið hann en ég lít þannig á og hef skilið hann svo að Vinstri hreyfingin – grænt framboð styðji óbreytt ástand, sem er mjög sérstakt í ljósi þess sem fram hefur komið, ekki bara frá einum starfsmanni Ríkisútvarpsins heldur frá lykilmanni í rekstri þess, þ.e. frá útvarpsstjóranum sjálfum sem rekur þetta batterí. Þetta er í sjálfu sér merkileg yfirlýsing frá hv. þingmanni og ég lít þá svo á að hann sé að enduróma stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hvað þetta varðar.

Síðan vék hv. þingmaður að öðru. Hann agnúast mjög út í það að með hinu nýja frumvarpi sé verið að veita útvarpsstjóra auknar heimildir til að ráða menn og reka og hafði miklar áhyggjur af því að einhverjir starfsmenn Ríkisútvarpsins hf. yrðu reknir og það hljóðalaust. Hvað felst í þessum orðum? Hvernig í ósköpunum vill hv. þingmaður að starfsmannamálum hjá Ríkisútvarpinu verði háttað? Er hv. þingmaður að leggja það til að þeir starfsmenn sem þangað eru ráðnir verði æviráðnir? Að yfirmenn í þessu fyrirtæki, sem er fyrirtæki eins og öll önnur, hafi ekki heimild til að segja fólki upp störfum, að Ríkisútvarpið eigi eitt fyrirtækja þurfi að sitja uppi með starfsmenn (Forseti hringir.) sem hugsanlega eru ekki starfi sínu vaxnir og sinna ekki störfum sínum. Hvað er hv. þingmaður að (Forseti hringir.) leggja til? Er hann að leggja til æviráðningar eða hvað meinar hann með þessu?

[17:26]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Ég vil biðja hv. þingmann að virða ræðutímann.

[17:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er alltaf að koma betur og betur í ljós. Þetta er mergurinn málsins að það verði auðveldað að reka fólk. (Gripið fram í.) Það er langt síðan æviráðningar voru numdar úr gildi, það eru ár og dagar síðan það var gert.

Við höfum lagt fram frumvarp um breytta stjórnsýslu Ríkisútvarpsins þar sem við leggjum til ýmsar breytingar sem við teljum að verði til þess að stofnunin verði rekin á markvissari hátt. En við gerum það ekki með því að færa öll völd í hendur eins manns heldur færum við völdin í hendur fleira fólki og auðveldum aðkomu fulltrúa starfsmanna að stjórnsýslunni. Við viljum jafnframt að stjórnsýslan verði gerð opnari og gagnsærri. Þetta eru tillögur okkar. Hv. þingmaður Sigurður Kári Kristjánsson getur kynnt sér þær í formi frumvarps sem liggur fyrir þeirri nefnd sem hann veitir formennsku. Ég skora á hann að taka það frumvarp samhliða til athugunar og umræðu og fá álit þeirra sem koma fyrir nefndina á því frumvarpi jafnhliða frumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Mér fyndist eðlilegt í framhaldinu að farið yrði að þeim tillögum sem einnig hafa komið fram á þinginu um að efna til víðtæks samráðs og samræðu um framtíð Ríkisútvarps-

ins. Ég tek undir þær tillögur sem þar hafa komið fram vegna þess að það hefur enginn rétt á að gera grundvallarbreytingar á Ríkisútvarpinu án þess að áður hafi allt verið gert (Forseti hringir.) sem unnt er til að skapa sátt um framtíð þessarar merku stofnunar.

[17:28]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið hf. Enn skal reynt og nú í annað sinn. Á vordögum ræddum við frumvarp hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið sf. Nú hefur sf. verið skipt út fyrir hf.

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns harma það að hér skuli ekki hafa verið lögð fram samtímis frumvarp um ný fjölmiðlalög og nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið. Ég er einn þeirra fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna sem sátu í hinni svokölluðu fjölmiðlanefnd sem skilaði af sér í byrjun apríl á síðasta ári stórri skýrslu upp á einar 200 síður og ég vil fá að ítreka það að við þá skýrslu gerðum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar ákveðna bókun. Mér finnst rétt að ég fái að lesa aðeins upp úr henni svo það sé fært til bókar í þingtíðindum hvernig sú bókun leit út núna við upphaf þessarar umræðu nýrra laga um Ríkisútvarpið. Bókunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alveg frá því að starf nefndarinnar hófst höfum við gert athugasemdir við þá ákvörðun menntamálaráðherra að takmarka svigrúm hennar til að fjalla um málefni Ríkisútvarpsins, samanber bréf frá formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar, sem sent var menntamálaráðherra þegar tilnefnt var í nefndina. Við erum þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem taki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf. Sjálfstætt almannaútvarp stuðlar að pólitískri og menningarlegri fjölbreytni og er forsenda þess að fjölmiðlar geti gegnt aðhaldshlutverki og verið útverðir lýðræðis í samfélaginu. Það er mat okkar að eigi að nást víðtæk sátt í samfélaginu um almenna rammalöggjöf um fjölmiðla, eignarhald og starfsumhverfi verði að tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar."

Síðan ítrekuðum við það þarna á vordögum á síðasta ári að komið væri fram frumvarp um Ríkisútvarpið um það leyti sem nefndin sem við vorum í var að ljúka störfum, án þess að okkur hafi nokkurn tímann verið gerð nein grein fyrir því hvers mætti vænta í þessu nýja frumvarpi um Ríkisútvarpið.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst þetta mjög slæmt. Ég hygg að okkur öllum í stjórnarandstöðunni hafi þótt þetta mjög slæmt enda gerðum við sameiginlega þessa bókun sem var undirrituð hér í Reykjavík þann 7. apríl 2005 af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur og þeim sem hér stendur. Þetta var síðasta blaðsíðan í þessari viðamiklu skýrslu fjölmiðlanefndarinnar.

Ég hef tekið eftir því að formaður menntamálanefndar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hefur komið hér upp tvisvar til að fara í andsvör við jafnmarga talsmenn hinna stjórnarandstöðuflokkanna, þ.e. Samfylkingar og síðan Vinstri grænna. Hann hefur í bæði skiptin verið að höggva eftir því hver væri stefna þessara flokka varðandi Ríkisútvarpið. Hvað þeir vildu nú gera við Ríkisútvarpið. Þetta er gömul ræðutækni að reyna að drepa málunum á dreif með því að tala ekki um það sem menn eru sjálfir að gera heldur benda á andstæðinginn og koma honum í varnarstöðu og fá hann til að festast í tali um það sem hann er að gera. Ég ætla að fá að nota nokkrar mínútur hér til að gera grein fyrir hvað við í Frjálslynda flokknum höfum viljað gera með Ríkisútvarpið, því við um margra ára skeið haft verulegar áhyggjur af þeirri merku stofnun og höfum fimm sinnum lagt fram tillögu til þingsályktunar um rekstur Ríkisútvarpsins. Þessi tillaga hefur verið flutt örlítið breytt frá ári til árs og hún hefur alltaf hlotið þau meinlegu örlög að enda í menntamálanefnd þaðan sem hún hefur ekki átt afturkvæmt eins og með svo mörg önnur ágæt þingmál stjórnarandstöðuflokkanna, nánast öll ef svo má segja.

Við vildum að Alþingi ályktaði um að kosin yrði nefnd sem væri skipuð fulltrúum allra þingflokka þannig að allir þingflokkar fengju að koma að þessu starfi. Þessi nefnd ætti að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Þessi nefnd allra þingflokka ætti að fá að koma að þeirri vinnu að semja þetta frumvarp hér, hvort frumvarpið er það nú, það er víst þetta hér, þetta er víst nýja frumvarpið, hér er gamla frumvarpið frá í fyrra. Maður ruglast auðveldlega á þeim því þau virðast nákvæmlega ef maður rennir augunum yfir þau en þegar maður skoðar þau nánar eru þau svolítið mismunandi. Ég fer yfir það hér á eftir. En hér er sem sagt nýja frumvarpið.

Við hefðum viljað að allir fulltrúar flokka hér á þingi hefðu fengið að koma að þessari vinnu. Ég er ekkert hræddur um að sú vinna hefði þurft að vera svo óskaplega erfið. Ég er ekkert hræddur um það, hef engar áhyggjur af því. Þegar fólk í fjölmiðlanefndinni settist loks niður og fór að vinna saman og tala hvert við annað eins og manneskjur kom í ljós að það var ekkert voðalega erfitt. Það var ekkert svo voðalega erfitt að búa til tillögur um það hvernig við mundum vilja hafa löggjöf fyrir fjölmiðlaumhverfið hér á Íslandi. Að sjálfsögðu tók þetta tíma, þetta var vinna. En það voru engar krísur í gangi. Það var ekki þannig að þetta væri eitthvert óyfirstíganlegt, ofurmannlegt verkefni sem fólk væri að takast á hendur. Að sjálfsögðu ekki. Það kom í ljós þegar upp var staðið nú í byrjun apríl á síðasta ári að við höfðum náð lendingu í þessu máli. Allar götur síðan, virðulegi forseti, hef ég beðið spenntur eftir að á hinu háa Alþingi kæmi fram frumvarp um fjölmiðlalöggjöf á Íslandi — að það kæmi fram fyrir jól, kæmi fram strax á haustdögum, vegna þess að ég tel að það þurfi ekki að vera svo mikið vandamál fyrir sérfræðinga og lögspekinga á vegum menntamálaráðuneytisins að setjast niður og útbúa frumvarp um fjölmiðlaumhverfi á Íslandi á grundvelli niðurstaðna fjölmiðlanefndar. Á sama tíma hefði líka átt að koma með nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið. Ég hef skoðað bæði þessi frumvörp og borið þau saman og ég fæ engan veginn séð að það hafi þurft að taka rúmlega hálft ár að útbúa þetta nýja frumvarp þar sem Ríkisútvarpið átti allt í

einu að verða hlutafélag í staðinn fyrir svokallað sameignarfélag. Þetta voru ekki svo stórkostlegar breytingar að það hefði þurft að draga þetta svona á langinn. Þetta hefði átt að vera tilbúið hér í haust þegar þing kom saman. Þá værum við sennilega búin að afgreiða bæði þetta mál og líka löggjöf um fjölmiðla. Við hefðum sennilega getað afgreitt það núna um áramótin. Þá væru þessi mál úr sögunni. Þetta er alveg ótrúlegur seinagangur, virðulegi forseti.

En aftur að því sem við í Frjálslynda flokknum höfum viljað gera. Ég nefndi hér áðan að við hefðum viljað koma á fót nefnd fulltrúa allra þingflokka. Við í Frjálslynda flokknum leggjum nefnilega mjög þunga áherslu á að Ríkisútvarpið sé menningarstofnun, viðurkennd stoð fyrir íslenska tungu og íslenska menningu. Ég tel, og við teljum öll í mínum flokki, að rekstur Ríkisútvarpsins sé hreint og beint ómissandi til þess að gefa íslenskum almenningi kost á að fá hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar vanrækja. Hér tel ég að margir séu sammála mér. Því þegar við skoðum íslenska ljósvakamiðla í dag verður ekki annað sagt en að oft og tíðum er efni sem þar er á borð borið afskaplega sorglegt. Ekki er mikill metnaður þar á bak við. Erlendar seríur einhverjar, framhaldsþættir, yfirleitt amerískir, og svo er hent inn á milli kannski einhverju íslensku efni sem er afskaplega ódýrt í framleiðslu og oft og tíðum liggur lítið á bak við það.

Ég tel að fjölmiðill eins og Ríkisútvarpið, sem ætti að standa fyrir metnaðarfullri fræðslu og menningardagskrá á íslensku en líka á erlendum tungumálum, verði að vera í þjóðareign og fjármagnaður af almenningi. Við höfum lagt það til að Ríkisútvarpið yrði fjármagnað úr ríkissjóði, að það yrði hreinlega á fjárlögum. Ég hef sjálfur haft svolitlar efasemdir um það. Ég óttast að ef slík stofnun yrði sett á fjárlög þá muni þingið á hverjum tíma falla í þá freistni að fjársvelta hana. Ég hef enn þá efasemdir um þetta. En ég er ekki einn í mínum þingflokki og félagar mínir hafa frekar hallast að þeirri hugmynd að fjárlög skuli það heita og þá verð ég víst að segja gott og vel. En ég hef samt sem áður maldað svolítið í móinn út af þessu.

Við höfum lagt ríka áherslu á að það beri að taka tillit til þess að Ríkisútvarpið er almannafjölmiðill sem er mjög mikilvægur, til að mynda ef vá ber að höndum. Ríkisútvarpið býr yfir mjög víðtæku dreifingarkerfi og það útvarpar um allt landið og miðin, bæði á FM-tíðnum en líka á langbylgjunni og langbylgjan er mjög mikilvæg fyrir þetta. Ekki síst fyrir það fólk sem er að ferðast um landið. Ég veit það sjálfur af eigin reynslu að þegar ég er á ferðalagi um landið þá nota ég langbylgjuna mjög mikið því hún er mjög stöðug og örugg rás að hlusta á.

Við höfum viljað að Ríkisútvarpið yrði virkur fræðslumiðill. Þetta fjölmiðlafyrirtæki sem miðlar í gegnum sjónvarp en líka gegnum útvarp og á internetinu gæti verið fræðslumiðill fyrir alla þjóðina sem sinnti þá símenntun og almenningsfræðslu og yrði uppspretta og farvegur fyrir vaggandi og frjóa samfélagsumræðu. Þarna tel ég að Ríkisútvarpið búi yfir mjög miklum möguleikum sem alls ekki hafa verið nýttir til fullnustu. Við hefðum viljað að dagskrárstefnan yrði laus undan öllum markaðsáhrifum og að sjálfsögðu yrði fjölbreytni í dagskrárgerð gætt þannig að það mætti mæta þörfum sem flestra landsmanna, til dæmis með mismunandi rásum sem þjónuðu mismunandi hópum, nú eða kannski mismunandi þáttum sem þjónuðu áhugasviði einstakra hópa í þjóðfélaginu. Það hefur sýnt sig í Ríkisútvarpinu að slíkir þættir geta notið mjög mikilla vinsælda og má þar nefna fréttaþáttinn Auðlind, fréttaþátt um sjávarútvegsmál, sem var alla tíð gríðarlega vinsæll þáttur hjá fólki bæði til sjávar og sveita og úti á miðunum en hefur af einhverjum óskiljanlegum ástæðum verið sleginn af.

Fleira mætti telja hér, virðulegi forseti, til að mynda hvernig við mundum vilja hátta skipun og hlutverki útvarpsráðs og ráðningu útvarpsstjóra, ábyrgð hans og öðru þess háttar. Þetta er allt saman tíundað í þingsályktunartillögu sem við í Frjálslynda flokknum lögðum fram hér á Alþingi og mæltum fyrir síðast á 131. löggjafarþingi en hún fékk eins og alltaf þau meinlegu örlög að hverfa í menntamálanefnd og eiga ekki afturkvæmt. Við höfum ekki lagt þessa þingsályktunartillögu fram á þessu þingi núna vegna þess að við vissum að þess væri vænta að nýtt frumvarp kæmi fram frá hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið. Við vildum bíða og sjá til hvernig frumvarp menntamálaráðherra hæstv. mundi líta út því við höfum alla tíð verið viljug til að hlusta á sjónarmið annarra í þessu máli og skoða tillögur annarra um hvernig framtíðartilhögun Ríkisútvarpsins skuli háttað. Það var meginástæðan fyrir því að við ákváðum að bíða með að leggja fram okkar þingsályktunartillögu en hún er að sjálfsögðu til, hún er færð til bókar í Alþingistíðindum. Það er hægt að nálgast hana á netinu. Þar má segja að okkar vilji sé meitlaður og okkar skoðanir á því hvernig Ríkisútvarpið eigi að verða í framtíðinni. Almannaútvarp, almannafjölmiðill í þjóðareigu. Áfram í eigu ríkisins. Við gjöldum mjög varhuga við hlutafélagavæðingunni, meðal annars vegna þess að okkur grunar að þarna sé kannski maðkur í mysunni, að það standi til að einkavæða fyrirtækið í framtíðinni, að selja það einkaaðilum. Eins og talsmenn annarra stjórnarandstöðuflokka sem hafa rætt hér um þetta mál á undan mér hafa einmitt bent á að þá hefur það yfirleitt orðið niðurstaðan þegar ríkisfyrirtæki hafa verið hlutafélagavædd eða gerð að hlutafélögum, að þau hafa á endanum verið seld einkaaðilum. Ég tel að það yrði ekki gæfuspor fyrir okkur Íslendinga. Að sjálfsögðu má fallast á að það megi laga til ýmislegt hjá Ríkisútvarpinu, en ég tel að það eigi að leggja mikla áherslu á að það verði áfram í eigu íslensku þjóðarinnar. Enda er það svo í nágrannalöndum okkar alls staðar, þar sem ég veit að minnsta kosti, að þjóðirnar hafa einmitt haft ráð og rænu á að varðveita sína ríkisfjölmiðla vegna þess að þeir gegna svo mikilvægu hlutverki.

Tíminn líður hratt. Mig langaði aðeins að koma að nokkrum athugasemdum varðandi þetta nýja frumvarp. Ég tók mig til og las bæði frumvörpin saman, þ.e. bæði frumvarpið um sameignarfélag frá því í fyrravor og síðan þetta frumvarp um Ríkisútvarpið hf. sem nú liggur fyrir. Það eru nokkur atriði þarna sem vekja spurningar, t.d. hvað varðar réttindi starfsmanna. Í gamla frumvarpinu var, með leyfi forseta, orðrétt sagt sem svo:

„Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu

starfsmanna við aðilaskipti á fyrirtækjum, eftir því sem við á."

Síðan segir hér:

„Fastráðnir starfsmenn Ríkisútvarpsins skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðin störf hjá því sambærileg þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni."

Þetta var í gamla frumvarpinu. Síðan var talað um biðlaunarétt og annað, lífeyrissjóði og slíka hluti. En í nýja frumvarpinu stendur þetta, með leyfi forseta:

„Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á."

Og svo segir hér:

„Ríkisútvarpið hf. skal bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins."

Hér er ekkert um það að fastráðnir starfsmenn Ríkisútvarpsins í dag skuli eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi sem skuli vera sambærileg við þau störf sem þeir gegna hjá stofnuninni núna. Einungis er sagt að Ríkisútvarpið hf. skuli bjóða starfsmönnunum ný störf hjá Ríkisútvarpinu. Þannig að það er hægt að gera magnaravörðinn að skúringakonu, eða hvað? Er hægt að setja fréttamanninn í símavörslu? Tæknimaðurinn getur séð um þrif á fréttastofu sjónvarps. Svona mætti lengi telja. Er verið að tala um þetta? Er hægt að stilla fólki upp við vegg og segja: Þú getur fengið þetta starf hér, eftir að Ríkisútvarpið er orðið að hlutafélagi, ef þú vilt það ekki þá er það þitt vandamál. Þá getur þú bara hætt. Er það þetta sem liggur á borðinu? Ég held að það sé mikilvægt fyrir starfsfólk Ríkisútvarpsins að það fái að heyra það mjög skýrt hvað hér er á ferðinni. Hjá Ríkisútvarpinu vinnur margt gott og hæft starfsfólk og hefur unnið þar lengi, það fólk á skilið að fá skýr svör hvað þetta varðar áður en þetta frumvarp verður að lögum.

Ég ætla svo sem ekki að hafa mál mitt miklu lengra að sinni. Þetta er aðeins upphafið að miklum ræðuhöldum hér í þinginu um þetta mál. Síðan bíðum við að sjálfsögðu spennt eftir að sjá heildarfrumvarpið um fjölmiðlana sem er byggt á þessari ágætu skýrslu hér. Ég vann við gerð þessarar skýrslu og er stoltur af því að eiga hlutdeild í henni. Ég vil enn og aftur, og geri það að mínum lokaorðum, ítreka óskir mínar um að menntamálaráðherra hæstv. sjái til þess að vinnu við frumvarpið, heildstæða löggjöf um fjölmiðla hér á Íslandi, verði hraðað. Því eins og ég sagði í upphafi máls míns: Þegar öllu írafárinu linnti og storminn lægði í því máli komi í ljós að hér gat fólk virkilega náð sáttum og lendingu í erfiðu máli og ég hygg líka að svo verði líka varðandi þetta frumvarp um Ríkisútvarpið. Það verður hægt að ná lendingu í því máli. Ég vil líka hvetja hæstv. menntamálaráðherra til að sýna stjórnarandstöðunni skilning og hlusta á mál okkar. Við erum ekki í einhverju málþófi eða einhverjum illindum til að reyna að ná okkur niðri á ríkisstjórninni. Við erum fyrst og fremst að hugsa um hag þjóðarinnar. Ég held að við séum öll að hugsa um hag þjóðarinnar og hag Ríkisútvarpsins.

[17:47]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir ágæta ræðu, mjög málefnalega og yfirgripsmikla. Ég tek undir með honum að við erum öll að vinna að sameiginlegum hagsmunum, sem er náttúrlega að gera samfélagið enn betra en það er í dag. Við erum m.a. að ræða frumvarpið um Ríkisútvarpið með það í huga að efla og styrkja innviði þess og hlutverk, sem við erum öll sammála um að sé að efla menningarhlutverkið.

Rétt aðeins varðandi almennu fjölmiðlanefndina þá er rétt að upplýsa að lögfræðinganefndin hefur þegar fundað og mun síðan vera í samráði við fulltrúa stjórnmálaflokkanna eins og um var rætt. Mig langar til þess að vitna í ræðu hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar frá apríl í fyrra þegar sameignarfélagsformið var til umræðu en þá segir hv. þingmaður, með leyfi forseta:

„Maður spyr sig hvort ekki sé alveg eins gott að breyta þessu bara í hlutafélag. Við vitum þó alla vega hvað hlutafélag er. Norska ríkisútvarpið er hlutafélag. Það virðist ganga mjög vel. Þar dettur engum í hug að selja það hlutafélag. Það er mjög virt ríkisstofnun, mjög öflugt hlutafélag. Það er bundið í norsk lög að það skuli vera hlutafélag og er búið að vera þannig frá því 1996 að því ég best veit og bara gengið mjög vel, norska ríkisútvarpið, NRK A/S, „aksjeselskap" á norsku, eins og stendur í lögunum norsku sem ég er með fyrir framan mig. Það virðist ganga mjög vel."

Ég er alveg sammála því, frú forseti. Það virðist ganga mjög vel. Tilgangur og markmið með þessu frumvarpi er líka að Ríkisútvarpið gangi mjög vel, að það verði áfram félag í eigu ríkisins sem komi sérstaklega til með að stuðla að öflugu menningarhlutverki þess. Hvað sér hv. þingmaður annað við þessa leið en norsku leiðina? Hvað er það sem hv. þingmaður, sem flutti hér ágæta ræðu, sér frumvarpinu til foráttu þannig að Ríkisútvarpið geti ekki orðið hlutafélag alveg eins og norska ríkisútvarpið er í dag?

[17:49]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi hvergi nokkurs staðar sagt það berum orðum að ég væri endilega svo mikið á móti því að Ríkisútvarpið væri gert að hlutafélagi, ég hef aldrei sagt það. Það sem ég hef hins vegar kallað eftir eru skýrari röksemdir og útskýringar frá stjórnarflokkunum og frá hæstv. menntamálaráðherra um hvert markmiðið eigi að vera. Hér er talað með loðnum hætti um að þetta verði þá skilvirkara og betri rekstur og auðveldara að halda utan um þetta og stjórna þessu á allan hátt en ég vil fá að sjá skýrari markmið upp á borðið. Mér finnst fólk ekki tala nógu skýrt. Nú á ég sjálfur sæti í menntamálanefnd sem áheyrnarfulltrúi og ég býst við því að þegar menntamálanefndin fjallar um þetta frumvarp muni hún kalla til sín ótal aðila að þessu máli, t.d. útvarpsstjóra sem oft hefur verið vitnað í hér og hann muni þá væntanlega útskýra það fyrir okkur sem sitjum í menntamálanefnd hvað það er sem vakir fyrir mönnum. Það hefur einfaldlega ekki verið sagt nógu skýrt frá því.

En ég hlýt að fagna því að hæstv. menntamálaráðherra lesi ræður mínar af áhuga og fylgist svona vel með því sem ég hef sagt um þetta mál. Það er í sjálfu sér mjög jákvætt og vonandi merki um að menntamálaráðherra ætli í framhaldinu að hlusta á það sem stjórnarandstaðan hefur að segja í þessu máli. Hún benti á að rekstur NRK, norska ríkisútvarpsins, hefur verið með miklum ágætum í mörg ár og það má vel hugsa sér að einmitt það að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið gæti verið lendingin í þessu máli en þá verð ég líka að fá að heyra skýrt og skorinort frá stjórnarliðum og frá þeim sem eru hugmyndafræðingarnir á bak við þetta frumvarp, sem við vitum ekki hverjir eru því miður verð ég að segja, hvað það er í raun og veru sem þeir telja sig ætla að ná fram með því að fara þessa leið.

[17:52]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skammast mín ekkert fyrir það að lesa ræður hv. þingmanns, þær eru margar ágætar, sumar hverjar a.m.k. Í þessu tilviki er það þannig að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur margt til síns máls og ég vil sérstaklega draga það fram að það skiptir miklu máli að þetta frumvarp fái vandaða afgreiðslu í hv. menntamálanefnd og að farið verði yfir þau atriði sem hann kom inn á í ræðu sinni áðan.

Eitt af því að ég hlustaði gaumgæfilega eftir hjá hv. þingmanni, sem hann dró fram í ræðu sinni, er hversu mikill skoðanamunur er hjá stjórnarandstöðunni varðandi Ríkisútvarpið. Það er alveg ljóst að Vinstri grænir hafa mjög skýra stefnu sem birtist áðan í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar en þeir hafa ekki hvikað frá og munu greinilega ekki hvika frá þeirri stefnu sinni að Ríkisútvarpið verði áfram ríkisstofnun. Eftir nokkurt þóf er ljóst að Samfylkingin vill breyta rekstrarforminu í sjálfseignarstofnun. Og nú hefur hv. þm. fyrir hönd Frjálslynda flokksins undirstrikað að hann sé tilbúinn til að skoða breytingu á rekstrarforminu, hlutafélag allt eins og önnur rekstrarform. Það er því greinilega mikill ágreiningur meðal stjórnarandstöðunnar um þetta mál sem náttúrlega undirstrikar að það hefði verið ansi langt í land að ná samstöðu um þetta annars mikilvæga mál. Ég tel rétt að undirstrika það því það er eins og það komi ekki nægilega vel fram, að megintilgangur frumvarpsins er að gera Ríkisútvarpinu kleift á nýjum markaði eða þessum samkeppnismarkaði að standa undir því að þjóna almannahlutverkinu og efla menningarhlutverk enn betur en nú er. Það er stóri tilgangur frumvarpsins.

[17:54]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef það er klofningur hjá stjórnarandstöðunni um hvernig haga eigi lögum um Ríkisútvarpið í framtíðinni þá hlýt ég að spyrja: Hvernig er þá sambúðin á stjórnarheimilinu þegar þetta mál er annars vegar? Hér var í fyrra lagt fram frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. og þá voru flestir á því, fréttaskýrendur, stjórnmálaskýrendur og jafnvel stjórnmálamenn að það væri Framsóknarflokkurinn sem lægi á bremsunum og vildi ekki fara alla leið að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið og þetta væri svona lending stjórnarflokkanna að búa til þetta sameignarfélag sem var frekar kannski loðið hugtak og margir veltu fyrir sér hvað lægi í raun og veru í því. Við fengum að vita það í menntamálanefnd á vordögum að það voru einmitt menn úr Framsóknarflokknum sem höfðu komið að því að semja frumvarpið, menn innarlega úr herbúðum þess stjórnmálaflokks. Það styrkti þá skoðun margra að þetta væri kannski sú leið sem framsóknarmenn vildu fara og þeir væru með þessu, kannski með veikum mætti ég skal ekki segja, að reyna að verja Ríkisútvarpið. Að það væri ótti í herbúðum framsóknarmanna, illur grunur um að kannski vekti fyrir mönnum að einkavæða Ríkisútvarpið og selja það að lokum. En hér erum við hins vegar komin með nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið hf., að það eigi að vera hlutafélag. Þetta segir mér býsna margt um að fæðingarhríðir frumvarpsins hafi verið ansi erfiðar á stjórnarheimilinu.

Frjálslyndi flokkurinn er þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpið eigi áfram að vera í ríkiseigu, að það eigi að vera félag í eigu almennings og við stöndum fast við það. Hins vegar er það svo að ég hlýt að líta á þetta með pólitískum raunsæisaugum. Á mínum stutta ferli hér á þingi hef ég lært það að stjórnarmeirihlutinn er vanur að kýla sitt fram, nánast hvað sem það kostar ef út í það fer. Svo ef þeir segja að þetta eigi að vera hlutafélag þá munu þeir náttúrlega reyna að koma því í gegn í krafti meiri hluta síns og það er bara nokkuð sem verður að taka mið af.

[17:56]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Það má segja að loksins hafi komið á dagskrá mál sem lengi hefur verið í umfjöllun bæði í utandagskrárumræðum, í fjölmiðlum og í umræðunni almennt, þ.e. frumvarp til breytinga á lögum um Ríkisútvarpið. Þetta er stórt og mikið mál og það er viðkvæmt og hvers vegna skyldi það vera viðkvæmt? Vegna þess, eins og fram hefur komið í umræðunni, að þjóðin elskar Ríkisútvarpið og vill hag þess sem mestan og að það starfi áfram blómlega.

Að mínu mati snýst þetta mál einkum um þrjú meginatriði. Það er um eignarhaldið á Ríkisútvarpinu, hvort það er í ríkiseigu eða ekki, um rekstrarform og svo að sjálfsögðu um hlutverk Ríkisútvarpsins, sem líklega er meginatriðið.

Á vegum Framsóknarflokksins hefur farið fram gífurlega mikil vinna á liðnum árum. Vinnuhópar hafa lagst yfir Ríkisútvarpið, stöðu þess og framtíð og kallað til sín ýmsa utanaðkomandi gesti. Á síðasta flokksþingi var svokallaður menntamálahópur sem lagði megináherslu á að rekstrarformi Ríkisútvarpsins yrði breytt frá núverandi stöðu. Niðurstaðan á því flokksþingi varð því sú að breyta fyrri samþykktum og leggja til að rekstrarformi Ríkisútvarpsins yrði breytt án þess að skilgreint yrði nánar með hvaða hætti. Þetta var niðurstaðan á síðasta flokksþingi Framsóknarflokksins og þar með var um leið numin úr gildi ályktun frá því fyrir fjórum árum þar sem mælt var með sjálfseignarstofnun umfram hlutafélag. Þetta er sú breyting sem átti sér stað að lokinni mikilli vinnu sérstaks vinnuhóps sem lagði þetta til í menntamálahópi á síðasta flokksþingi og þannig var það samþykkt.

Hvað skyldi fyrst og fremst hafa ráðið afstöðubreytingu um rekstrarform? Það má alveg tala tæpitungulaust um að

útgangspunkturinn í allri umræðunni er eignarhaldið, að Ríkisútvarpið verði áfram í ríkiseigu eins og verið hefur og ég hygg að enginn ágreiningur sé um það á hv. Alþingi, að það sé vilji löggjafarvaldsins að Ríkisútvarpið verði í ríkiseigu.

Hvað varðar Framsóknarflokkinn töldu menn að samstarfsflokkurinn hefði ef til vill ekki talað nógu skýrt í þessum efnum. Stöku raddir höfðu heyrst um að selja ætti hlut af Ríkisútvarpinu og jafnvel allt og það hugnaðist flokksmönnum mínum alls ekki. En nú liggur hins vegar alveg ljóst fyrir af hálfu Sjálfstæðisflokksins, eins og fram kemur í frumvarpinu og í framsöguræðu hæstv. ráðherra, að engin áform eru um að selja Ríkisútvarpið. Þetta er að sjálfsögðu lykilatriði því það er útgangspunktur að eignarhaldið sé og verði áfram ríkisins.

Ef eitthvað er má segja að með frumvarpinu sé jafnvel hert á eignarákvæði ríkisins á Ríkisútvarpinu því að staðreyndin er einfaldlega sú, eins og reyndar hefur komið lauslega fram í umræðu, að miðað við lögin eins og þau eru núna væri auðvelt að selja hluta af Ríkisútvarpinu með einni lítilli setningu, t.d. við fjárlagagerð, þar sem heimilt væri að selja svo og svo mikinn hluta af þeirri stofnun, eins og oft hefur tíðkast. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að slík ákvörðun dugi ekki heldur þurfi að taka upp öll lög og það sé beinlínis óheimilt að selja Ríkisútvarpið. Með því er að sjálfsögðu verið að senda afar skýr pólitísk skilaboð um að Ríkisútvarpið sé og eigi að vera áfram í ríkiseigu.

Hvað varðar þá afstöðu sem tekin var á síðasta flokksþingi Framsóknarflokksins fæ ég ekki betur séð en hún sé nokkuð samhljóma þeirri ályktun sem kom frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins þar sem hvatt er til þess að breyta rekstrarforminu án þess að taka afstöðu til þess hvaða form skuli tekið upp. Ég fæ heldur ekki betur séð ef maður tekur mark á þeim orðum sem höfð hafa verið eftir m.a. varaformanni Samfylkingarinnar. Fram kom á NFS fréttastöðinni þar sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson var í viðtali við hæstv. menntamálaráðherra að það væru tvö meginatriði sem Samfylkingin liti á. Annars vegar það að Ríkisútvarpið væri í eigu ríkisins og hins vegar að ákvæði um upplýsingaskyldu yrðu uppfyllt. Í sama streng finnst mér hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafa tekið, formaður Samfylkingarinnar, þar sem hún hefur talað um að vel komi til greina að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið að uppfylltum þessum tveimur sömu skilyrðum

Nú hefur verið mælt fyrir og dreift í þingsal frumvarpi sem svona óbeint tengist þessu, þ.e. frumvarpi frá hæstv. viðskiptaráðherra, um hlutafélög í eigu ríkisins. Af máli hv. þingmanna Samfylkingarinnar verður þó ekki heyrt annað en þeim finnist hvað upplýsingaþáttinn varðar að ekki sé nógu langt gengið í því frumvarpi. En ég fæ ekki betur séð að ef slíkt frumvarp taki breytingum í efnahags- og viðskiptanefnd þegar það fer þar í gegn sé ágreiningur á milli stjórnarflokkanna annars vegar og Samfylkingarinnar hins vegar upphafinn ef marka má orð formanns og varaformanns Samfylkingarinnar eins og þau hafa talað í fjölmiðlum a.m.k.

Hins vegar er alveg ljóst með afstöðu Vinstri grænna og kemur ekki á óvart og ef ég miða við ræðu hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar verður ekki annað séð en að Vinstri grænir séu sá flokkur sem einn á þingi leggst alfarið gegn því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag og kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Þetta var um eignarhaldið og ég held að við þurfum ekki að eyða miklum tíma í það, um það er enginn pólitískur ágreiningur, það stendur ekki til að setja Ríkisútvarpið á sölu. En það má þó bæta því við að ef svo ólíklega vildi til að vindar breyttust þannig að hér myndaðist meiri hluti á Alþingi fyrir því að selja Ríkisútvarpið þá hygg ég að formið skipti ekki máli, hvort það er venjuleg ríkisstofnun, hlutafélag, sameignarfélag eða hvað annað. Ef svo ólíklega vildi til að slíkur meiri hluti myndaðist á hv. Alþingi, þá tæki slíkur meiri hluti þá ákvörðun en það stendur sem sagt ekki til í dag.

Ef við víkjum að rekstrarforminu þá finnst mér mjög mikilvægt að líta á það sem er að gerast á fjölmiðlamarkaði. Við höfum séð að samþjöppun á sér stað á fjölmiðlamarkaði. Upp er kominn líklega aðalkeppinautur Ríkisútvarpsins sem er hið kraftmikla fyrirtæki 365 fjölmiðlar sem hefur byggt sig upp og sækir fram mjög grimmt og myndarlega og er að sjálfsögðu í harðri samkeppni við Ríkisútvarpið. Munurinn er auðvitað sá að önnur stofnunin er bundin af þeim lögum sem hv. Alþingi hefur búið henni, er að mörgu leyti ósveigjanleg stjórnsýslulega séð, ábyrgð nokkuð óljós og þar fram eftir götunum, en hin hefur í rauninni alla þá dínamík, þann sveigjanleika og hreyfanleika sem lifandi fjölmiðli og lifandi fyrirtæki er nauðsynlegt og ef einhvern tíma hefur verið þörf á að standa sig í slíkri samkeppni þá er það núna. Og ef við skoðum þau tæki og tól og það umhverfi sem samkeppnisaðilar Ríkisútvarpsins hafa með sínum sveigjanleika, hreyfanleika, krafti og lagaumgjörð þá er ólíku saman að jafna miðað við það umhverfi sem Ríkisútvarpinu er búið og því er samt ætlað að standa sig í samkeppni við samkeppnisaðila sem býr við miklu sveigjanlegra lagaumhverfi en sú stofnun. Þess vegna er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að færa Ríkisútvarpinu og starfsfólki þess það rekstrarform sem skapar þennan sveigjanleika þannig að starfsfólk Ríkisútvarpsins geti sinnt vilja sínum, þ.e. að standa sig í samkeppni við aðra fjölmiðla og um leið að sinna því hlutverki sem Ríkisútvarpinu er ætlað. Því er mjög mikilvægt og aldrei jafnmikilvægt og núna að ábyrgðin sé afar skýr hjá stofnuninni. Hún er það ekki í dag. Það hefur komið fram m.a. hjá útvarpsstjóra að ábyrgðin er mjög óljós, hún dreifist víða með þeim afleiðingum að í rauninni liggur hún alls staðar og hvergi. Það er stjórnsýslulega þunglamaleg stofnun, það er erfitt að ná breytingum í gegn og koma að ákvörðunum og hrinda þeim í framkvæmd. Þetta er það sem fram hefur komið hjá útvarpsstjóra og líklega sú hugsun sem býr að baki þeirri ályktun sem hefur heyrst frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins um að breyta rekstrarforminu með einhverjum hætti og rífa stofnunina þar með út úr því staðalumhverfi sem löggjafarvaldið hefur búið henni.

Niðurstaðan samkvæmt frumvarpinu er sú að nýta sér þann ferskleika sem atvinnulífið telur að fylgi hlutafélögum og mælt er með. Og þá er ágætt einmitt að líta til annarrar ríkisstofnunar sem hefur verið breytt úr hefðbundinni tiltölulega þunglamalegri ríkisstofnun yfir í hlutafélag og á ég þar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Ég minnist vel þeirrar umræðu og þess ótta sem greip um sig þegar sú breyting átti sér stað. Menn spáðu miklum vandræðagangi, menn spáðu því jafnvel að það fyrirtæki, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, mundi lognast út af og hverfa á braut. En hver hefur orðið raunin? Ég fullyrði það, frú forseti, að aldrei hefur verið sótt fram af jafnmiklum krafti og jafnmiklum þrótti hjá Flugstöð Leifs Eiríkssonar og núna eftir þá breytingu. Um það er starfsfólkið sammála, um það eru stjórnendur sammála og um það eru í rauninni allir sammála. Hvað er það sem veldur þeirri miklu breytingu? Fyrst og fremst það að geta notað þennan hreyfanleika, þennan sveigjanleika og hina skilvirku stjórnun sem fylgir hlutafélagaforminu þar sem ábyrgðin er skýr. Með öðrum orðum, einföld stjórnsýsla, hætta hinum beinu pólitísku afskiptum eins og of oft hefur verið kvartað undan með núverandi fyrirkomulagi og ekki síst að ábyrgðin sé skýr. Samkvæmt frumvarpinu er útvarpsráði hinu nýja ætlað að leggja meginlínur sem síðan stofnunin fylgir eftir án þess að útvarpsráðsmenn hinir nýju séu með bein afskipti af eins og oft hefur verið kvartað undan núna. Með öðrum orðum, verið er að klippa á milli þeirra tengsla og skapa skilvirkan og skýran stjórnunarstrúktúr fyrir þessa ágætu stofnun. Þess vegna standa ríkisstjórnarflokkarnir og líklega einhverjir aðrir úr stjórnarandstöðu að því að styðja þá leið sem hér hefur verið lýst og er farin samkvæmt frumvarpinu.

Að lokum, frú forseti, er rétt að vísa til þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vel sé hugað að réttindum starfsfólks og í því felst auðvitað viljayfirlýsing og það er það markmið sem flytjendur frumvarpsins hafa sett sér. Einnig þarf að hafa það í huga að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið fái 5 milljarða í meðgjöf sem hlutafélag og það þarf að huga vel að því hvort sú upphæð dugar vegna þeirra skuldbindinga sem stofnunin kann þegar að sitja uppi með. Það er ekki nóg einungis að skapa það lagaumhverfi og þann stjórnunarstrúktúr sem stofnuninni er nauðsynlegur til að spjara sig í hinum harða heimi fjölmiðlanna heldur þarf að skapa henni réttan grundvöll fjárhagslega þegar hún leggur út í hið nýja umhverfi.

Hvað varðar hlutverkið að lokum, frú forseti, þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um það. Ég hygg að um það sé enginn pólitískur ágreiningur og nægir að vitna til 3. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur skilgreining á hlutverkinu. Það er metnaðarfull skilgreining, þ.e. á almannaútvarpi, að sinna eigi menningu, lýðræðislegri umræðu og þar fram eftir götunum, ekki þarf að endurtaka það. Ég hygg að enginn ágreiningur sé um það en til að ná fram þeim metnaðarfullu markmiðum er aðalatriðið að Ríkisútvarpið verði áfram í eigu ríkisins sem hinn lifandi miðill og hafi sveigjanleika til að geta staðið sig bæði í samkeppni og að starfsmenn geti sinnt þeim skyldum sem á þá eru lagðar með Ríkisútvarpinu. Það verður mjög spennandi að vinna að þessu máli í hv. menntamálanefnd.

[18:12]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við ræðum um málefni Ríkisútvarpsins. Hv. þm. Hjálmar Árnason kemur hér upp og eyðir drjúgum ræðutíma sínum í að réttlæta það fyrir sjálfum sér og öðrum og segir okkur frá því hversu mikil vinna hafi í það farið innan Framsóknarflokksins að lúffa algerlega, liggja hundflatur fyrir Sjálfstæðisflokknum í þessu máli. Er það ekki staðreyndin? Eins og svo oft áður kemur Framsóknarflokkurinn hér, stendur á bremsunni í einhvern tíma en síðan er bara lagst fyrir Sjálfstæðisflokknum og allt á yfir þá að ganga.

Hv. þm. Hjálmar Árnason talar um að ekki standi til að selja Ríkisútvarpið. En við vitum vel að það að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi er auðvitað fyrsta skrefið í að selja stofnunina, því miður.

[18:13]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek það svo að aðeins einni spurningu hafi verið beint til mín og hún hafi komið fram í lokaorðunum, þ.e. hvort til standi að selja. Ég eyddi einmitt megninu af tíma mínum til að fjalla um það. Það liggur alveg ljóst fyrir af hálfu ríkisstjórnarflokkanna og ég hygg allra flokka á þingi að það standi ekki til. Hafi hv. þingmaður lagt við hlustir þegar ég flutti mál mitt snerist það fyrst og fremst um að gera grein fyrir því hvað hafi breyst í umhverfinu og það verða pólitískir flokkar að gera. Þeir verða að taka mið af því sem gerist í umhverfinu.

Meginatriðið er það og útgangspunkturinn er sá að Ríkisútvarpið er ekki til sölu, það verður ekki selt en hins vegar er mikilvægt að skapa því það rekstrarform sem hentar best til að halda lifandi, sveigjanlegum fjölmiðli gangandi. Það er meginmarkmið frumvarpsins.

[18:14]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Má ég benda hv. þm. Hjálmari Árnasyni á að formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson, var einn flutningsmanna að tillögu á síðasta þingi um að selja Ríkisútvarpið. Það er auðvitað barnalegt að halda því fram að það séu ekki raddir innan Sjálfstæðisflokksins sem vilji selja stofnunina. Er það þá ekki bara tímaspursmál hvenær Framsóknarflokkurinn fellst á það líka?

[18:15]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er öflugur þingmaður og hann kann að hafa þessa skoðun. Hitt er annað mál, og ég vék einmitt að því, að það eru stöku raddir í röðum sjálfstæðismanna sem héldu þessu á lofti. Það liggur hins vegar alveg fyrir, og nægir að vísa til greinargerðar með frumvarpinu, til einstakra greina þess og framsöguræðu hæstv. menntamálaráðherra, að það eru engin áform uppi um að selja Ríkisútvarpið. Það er enginn vilji til þess. Það er vilji til að halda því áfram í eigu ríkisins og þannig mun það verða. Síðan getur hv. þingmaður komið og gefið þessu þær einkunnir sem hann vill en þetta er meginkjarninn. Það er útgangspunkturinn, það er uppleggið í þessu máli að Ríkisútvarpið er og verður í eigu ríkisins og engin áform um að breyta því heldur skapa því það rekstrarumhverfi sem hæfir sveigjanlegum fjölmiðli.

[18:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sannast sagna finnst mér það afar dapurlegt hlutskipti Framsóknarflokksins að svíkja gefin fyrirheit varðandi Ríkisútvarpið, bæði á flokksþingum og opinberlega í umræðu. En eitt langar mig að spyrja hv. þm. Hjálmar Árnason um þegar hann segir að markmiðin með rekstrinum þurfi að vera skýr og ábyrgðin þurfi að vera skýr. Hvað á hann nákvæmlega við með þessu? Vegna þess að ef ég ber saman skilgreiningar í þessum efnum í núgildandi lögum og lagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar átta ég mig ekki alveg á hvað hér er átt við. Á hann við að stjórn stofnunarinnar, ígildi núverandi útvarpsráðs, geti rekið útvarpsstjórann sem hefur með lagafrumvarpinu fengið öll völd yfir stofnuninni í sínar hendur? Þessi pólitíska stjórn — því það er rangt hjá hv. þingmanni að klippt hafi verið á hin pólitísku tengsl — stofnunarinnar sem endurspeglar (Forseti hringir.) valdahlutföllin á Alþingi fær núna vald (Forseti hringir.) til að reka æðsta stjórnanda stofnunarinnar.

[18:17]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hirði lítið um að svara þeirri einkunn og þeim orðum sem hv. þingmaður notaði hér í upphafi en vísa enn og aftur til ágætrar vinnu sem fram fór á flokksþingi. Það er einmitt vettvangur til að fara opinn inn á og skoða mál en ekki að festast stundum í fortíð eins og flokkur hv. þingmanns á til að gera. Ég trúi ekki öðru en að hv. þingmaður geri sér grein fyrir því sem svo oft hefur fjallað um að ábyrgð á einstökum þáttum innan Ríkisútvarpsins sé mjög óljós. Ég hygg að allir starfsmenn hafi kvartað undan því hvar ábyrgðin liggi á milli einstakra sviða, hver beri ábyrgð á ýmsum ákvörðunum, það hefur verið flakkað á milli útvarpsráðs, útvarpsstjóra, skrifstofu útvarpsstjóra, fréttastjóra, einstakra yfirmanna, o.s.frv. Það er vegna þess að stjórnunarstrúktúrinn hefur verið mjög óljós. Það er það umhverfi sem við höfum búið þessari mikilvægu stofnun og því þarf að breyta eins og starfsmannafélagið hefur ályktað um (Forseti hringir.) af sömu ástæðu.

[18:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega má bæta stjórnsýsluna í Ríkisútvarpinu. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram tillögur þar að lútandi. Þær tillögur koma ekki fram í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, þær ganga fyrst og fremst út á að efla einræðisvald innan stofnunarinnar og herða ríkisstjórnartökin á henni vegna þess að það er ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi sem fær núna óskoruð yfirráð yfir stofnuninni og getur rekið einvaldinn innan stjórnsýslu Ríkisútvarpsins. Er það þetta sem Framsóknarflokkurinn kallar skýra ábyrgð? Mig furðar ekki að það hafi kostað talsverða vinnu innan Framsóknarflokksins að komast að þeirri niðurstöðu.

[18:20]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður ætti að ræða m.a. við fulltrúa starfsmanna. (**ÖJ:** Ég hef gert það.) Þeir hafa einmitt ályktað og hvatt til þess að rekstrarforminu verði breytt, m.a. til að skýra skort á uppbyggingu í stjórnunarstrúktúr og líka til að skýra ábyrgð. Það er það sem upp úr stendur. Ég hvet hv. þingmann til að ræða við fulltrúa starfsmannafélags og nýráðinn útvarpsstjóra. Hv. þingmaður gengur út frá því að hér ætli ríkisstjórnarflokkarnir, sem ekki er víst að verði alltaf þeir sömu, að ganga milli bols og höfuðs á stjórnendum stofnunarinnar ef þeir verði ekki þægir. Mér finnst það kannski lýsa meira hugsunarhætti hv. þingmanns en því markmiði sem hér er sett. Ég vil enn og aftur vísa til þeirrar reynslu sem hefur m.a. fengist af Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég trúi því tæpast að hv. þingmaður telji þá reynslu vera slæma. Því það er ekkert sem hefur gert (Forseti hringir.) fyrirtækinu jafngott og sú breyting sem þar var gerð.

[18:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil spyrja hv. þingmann að því hvort hann og flokkur hans séu þeirrar skoðunar að valin hafi verið skynsamlegasta leiðin varðandi fjármögnun með því að taka upp nefskatt. Þessi skattur getur komið mjög misjafnlega niður á heimilum og fjölskyldum, t.d. þar sem um er að ræða marga unglinga sextán ára og eldri. Við getum bara nefnt sem dæmi að ef tveir unglingar á þessum aldri eru á heimili getur þessi nefskattur verið um 54–55 þús. kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum sérstökum jöfnunaraðgerðum. Það er einungis gert ráð fyrir því að þeir sem eru með tekjur undir 850 þús. kr. á ári, að mig minnir, eða rétt rúmar 70 þús. á mánuði sem er undir skattleysismörkunum, greiði ekki þennan nefskatt. Ég held að ekki hafi verið valin skynsamlegasta leiðin í þessu. Er hv. þingmaður tilbúinn að beita sér fyrir að skoðaðar verði einhverjar sérstakar jöfnunaraðgerðir varðandi heimili sem munu koma illa út úr þessu ef nefskatturinn verður tekinn upp? Hafa aðrar leiðir (Forseti hringir.) verið skoðaðar í þessu efni?

[18:22]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Umræðan um fjármögnun Ríkisútvarpsins á sér auðvitað langa sögu og hér hafa verið haldnar margar ræður einmitt um það innheimtukerfi sem er núna. Það er bæði talið mjög dýrt og „óvinsælt“. Niðurstaðan varð sú að taka upp nefskattinn og það er m.a. annars sú niðurstaða sem komist var að á flokksþingi Framsóknarflokksins. Ég tek undir þau sjónarmið sem hv. þingmaður reifar hér að þetta kunni að bitna illa á sumum heimilum. Ég tel það hins vegar vera alveg sjálfstæða ákvörðun um félagsleg úrræði, ef við getum sagt svo, sem hefur í rauninni ekki beint með lög um Ríkisútvarpið að gera. Það er pólitísk ákvörðun hverju sinni hvort ríkisvaldið vill koma til móts við þá sem verr eru settir eins og gert er á mörgum öðrum sviðum.

[18:23]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður verður að tala skýrar. Ætlar hv. þingmaður að beita sér fyrir að slíkar jöfnunaraðgerðir verði teknar upp? Til dæmis að miðað verði við 18 ára í stað 16 ára og að gripið verði til sérstakra aðgerða ef um er

að ræða fjölskyldu þar sem margir unglingar eru á heimilinu. Ég vil líka spyrja hv. þingmann hvort hann hafi skoðað það sérstaklega að skattleggja frekar íbúðir, að það verði gjaldtaka á hverja íbúð. Er hv. þingmaður tilbúinn að skoða hvort lögaðilar komi meira inn í þessa fjármögnun? Nú koma aðeins frá lögaðilum 300 millj. kr. af þeim 2,5 milljörðum sem þessi fjármögnun gefur. Ef það væri skoðað að skattleggja t.d. hverja íbúð og helmingurinn kæmi á lögaðila og helmingurinn á einstaklinga væri einungis um að ræða 9 þús kr. gjald á hverja íbúð, sem kemur auðvitað miklu sanngjarnar niður en 54 þús. kr. gjaldtaka þegar um er að ræða heimili með tvo unglinga með tekur yfir tilteknum mörkum. Ég vil því biðja hv. þingmann að (Forseti hringir.) skoða hug sinn í þessu efni.

[18:24]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Að sjálfsögðu skal ég skoða hug minn og taka áskorun hv. þingmanns um það. En ég árétta það sem ég nefndi áðan að það hvernig fjármagna á Ríkisútvarpið er og verður alltaf umdeilt. Sú leið sem við höfum búið við að undanförnu er mjög umdeild. Bæði óvinsæl og dýr og jafnvel ekki talin tryggja nægar upphæðir. Þessi nefskattur er hins vegar ákveðin lending og samstaða er um hana. Það virðast nokkuð margir vera hlynntir henni en hún hefur sína galla. Ég árétta að það er stjórnvaldsaðgerð hverju sinni hvernig menn vilja koma til móts við einstaka hópa, t.d. þá sem lægstar hafa tekjur og þar fram eftir götunum. Þetta mál er eins og önnur, það er mælt fyrir því við 1. umr., síðan fer það til nefndar og nefndarmenn fara að sjálfsögðu með opnum huga inn í þá umræðu. Meginatriðið er að tryggja stofnuninni það fjármagn sem (Forseti hringir.) nauðsynlegt er til að halda starfseminni gangandi.

[18:25]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason kýs að fara nokkuð bláeygur inn í þessa umræðu. Það getur verið ákveðinn kostur ef menn reyna líka að hafa skarpskyggnina í lagi. Þó verð ég að leiðrétta þingmanninn í því að ég lærði það í barnaskóla að 5.000.000 væru 5 millj. en ekki 5 milljarðar. (**HjÁ:** Sagði ég 5 milljarðar?) Þú sagðir það Hjálmar, fyrirgefðu forseti, hv. þm. Hjálmar Árnason sagði að ríkisstjórnin hefði verið svo rausnarleg að koma hér með 5 milljarða. Hins vegar fagna ég því að Hjálmar Árnason gefur hér færi á því í nefndinni, efnahags- og viðskiptanefnd, og jafnvel í menntamálanefnd, að bæta þetta frumvarp um hlutafélagið, að það verði annars vegar kveðið á um aukinn meiri hluta ef selja á Ríkisútvarpið að hluta eða í heild, og hins vegar að bætt verði inn upplýsingalögum og stjórnsýslulögum. Ég vil ég spyrja þingmanninn (Forseti hringir.) hvort hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir þessu.

[18:27]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott fyrir okkur hv. þingmenn að hafa skarpa menn sem hafa athyglina í lagi og geta beint okkur minni spámönnum inn á réttar leiðir og ég er afskaplega þakklátur fyrir það. En í þetta frumvarp eins og önnur fara þingmenn að sjálfsögðu alltaf með opnum huga. Meginlínan hefur verið lögð. Ég vil árétta það sem kemur fram í frumvarpinu að þar er skýrt markmið að Ríkisútvarpið er ekki til sölu og er óheimilt að selja það. Í því felst að sjálfsögðu afskaplega skýr stefnumörkun og ég hélt að jafnglöggur þingmaður og hv. þm. Mörður Árnason ætti að skilja hvað hér er átt við, að það er óheimilt að selja. Er það ekki mjög skýrt pólitískt „statement"?

[18:28]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég gleðst yfir því að Hjálmar Árnason skuli hafa átt við 5 milljónir vegna þess að mér fannst hann nefna þá tölu hér til mikils hróss fyrir ríkisstjórnina og menntamálaráðherra, sem hefði kannski verið ef hún væri 5 milljarðar. En ég skildi hann þannig að hann væri að tala hér um 5 milljarða en ekki 5 milljónir. Ég biðst afsökunar á að hafa sýnt of mikið stærilæti í þeirri leiðréttingu hafi hún verið svona einföld.

Ég verð að minnast á að það kom fram í andsvari sem hv. þingmaður kann að hafa verið of upptekinn annars staðar til að geta sinnt, fyrsta andsvari menntamálaráðherra, ég skildi það þannig, menntamálaráðherra hæstv. leiðréttir það þá, að „þrátt fyrir"-ákvæði í 6. gr. gæti afnumið þessa miklu bindingu Framsóknarflokksins um að ekkert megi selja. Ég spyr þingmanninn: Er hann reiðubúinn til þess, vegna þess að hann talaði hér um Samfylkinguna, formann og varaformann og hefði getað bætt við talsmanni í þessu máli, (Forseti hringir.) að gangast fyrir því að það verði aukinn (Forseti hringir.) meiri hluti til sölu og að upplýsingalög og stjórnsýslulög komi inn í þessi lög um Ríkisútvarpið (Forseti hringir.) eða lög um opinber hlutafélög?

[18:29]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gleðst yfir því að hv. þingmaður skuli hafa umborið mér þau mismæli sem mér urðu hér á áðan. En hann spyr hvort ég sé tilbúinn að beita mér fyrir auknum meiri hluta ef taka eigi ákvörðun um að selja. Ég tel það vel koma til greina. Hvað varðar ákvæðið um upplýsingalögin þá lýsti ég því í ræðu minni áðan að ég teldi það vera afar mikilvægt. Því hanga saman þetta frumvarp og frumvarp hæstv. viðskiptaráðherra um hlutafélög í eigu ríkisins, ekki síst með þetta í huga. Fyrir því máli hefur enn ekki verið mælt, efnahags- og viðskiptanefnd á að fá það. Ég trúi ekki öðru en að menn nái saman þar um ákvæðið hvað varðar upplýsingaskylduna. Ef það tekst sé ég ekki betur, miðað við yfirlýsingar formanns og varaformanns, hvorki meira né minna, Samfylkingarinnar, en að það sé samstaða milli ríkisstjórnarflokkanna (Forseti hringir.) og Samfylkingarinnar um þetta mál.

[18:30]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um einstaka þætti þessa meingallaða frumvarps sem kemur nú fyrir þingið, allt of lítið breytt frá því að það kom fram fyrir nokkrum mánuðum. Í upphafi máls míns og í framhaldi af þeirri umræðu sem var að ljúka fyrir nokkrum mínútum

vildi ég gera afstöðu og viðsnúning Framsóknarflokksins í málinu að umræðuefni.

Fyrir örfáum mánuðum töluðu forustumenn Framsóknarflokksins sig hása úr ræðustól Alþingis og víðar um að ekki kæmi til greina að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag, algjör frágangssök af þeirra hálfu og kæmi aldrei til greina að Ríkisútvarpið yrði hlutafélag og þar stæði Framsóknarflokkurinn í lappirnar. Þar væri ekkert til sölu, enginn afsláttur gefinn og hvergi hvikað frá sannfæringu flokksins og þeirri stefnu sem var undirstrikuð og ítrekuð á landsfundi flokksins það árið eða árið áður um að Ríkisútvarpið yrði ekki hlutafélag. Þetta var kannski eitt af fáum stefnumiðum í félagshyggjuranni Framsóknarflokksins sem var eftir þar sem átti að halda vörð um.

Nú hefur Framsóknarflokkurinn nánast án nokkurs aðdraganda eða útskýringar hvikað frá þessu máli, gefur eftir örfáum mánuðum eftir að sameignarfélag var algert grundvallaratriði í nýrri lagagerð um framtíð Ríkisútvarpsins. Það var algert grundvallaratriði að félagið yrði sameignarfélag en alls ekki hlutafélag. Síðan þá hefur svo sem ekki mikið annað gerst en það að einhvers konar pólitískt öngþveiti virðist ríkja innan Framsóknarflokksins þar sem undanhaldið í öllum málaflokkum virðist vera með þeim hætti og svo handahófskennt að á mann renna tvær grímur um hvað valdi. Þess vegna var verið að spyrja hv. þingmann og forustumann Framsóknarflokksins í mennta- og menningarmálum, Hjálmar Árnason, um af hverju flokkurinn hefði kúvent í afstöðu sinni í þessu prinsippmáli, í algeru grundvallarmáli. Svör hans voru mjög óljós og ég vona að hann komi hér upp á eftir og útskýri það betur. Það mundi henta starfseminni betur, sagði hann, og vitnaði mjög í rekstur á Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem kom mér líka ákaflega spánskt fyrir sjónir, sá samanburður. En forustumenn Framsóknarflokksins hljóta að útskýra það í 1. umr. um málið af hverju þeir breyttu um stefnu, af hverju undirlægjuhátturinn við Sjálfstæðisflokkinn virðist vera svo botnlaus og gegndarlaus að maður spyr sig alltaf: Hvað er næst? Hvað kemur næst hjá Framsóknarflokknum? Hvar ætlar hann að gefa eftir næst? Hvar verður næsti undansláttur frá meginmálum og pinsippum Framsóknarflokksins í þessu lánlausa samstarfi hans við Sjálfstæðisflokkinn?

En það er margt annað sem vekur athygli og ég vil benda sérstaklega á, og ég vona að það komi skýrt fram í umræðunum. Meðal annars er eitt af því sem skapar mikla tortryggni sá tilgangur að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Fyrir því hafa ekki komið fram nein sérstök rök af hverju það form er valið fram yfir t.d. sjálfseignarstofnun sem fram að þessu hefur verið ákaflega hentugt rekstrarform utan um ýmiss konar almannaþjónustu, skólaþjónustu, öldrunarþjónustu, náttúrulækningaþjónustu í þeirri mynd sem hún er rekin í Hveragerði og víðar. Utan um hvers kyns almannaþjónustu sem er ekki rekin í ágóðaskyni hefur sjálfseignarstofnunarformið gefist mjög vel og saga þess í íslenskri almannaþjónustu er býsna glæsileg, hún er nokkuð góð. Og um það var nokkur sátt virtist vera og þróun í þá veru að ýmiss konar stofnanir á sviði mennta- og heilbrigðisþjónustu, almannaþjónustu hvers konar, sem voru sjálfstætt reknar eins og það heitir voru gerðar að sjálfseignarstofnun þangað til núna hin síðari missiri þegar Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki undan að breyta slíkum stofnunum í einkahlutafélög og hlutafélög. Þess vegna hljótum við að kalla eftir skýrum svörum um af hverju þetta form er valið og þá beinast sjónir okkar að sjálfsögðu að málafylgju stjórnarflokkanna, hægri flokkanna tveggja í þessu máli. Málflutningur þess minni liggur fyrir og vekur mikla furðu af hverju hann beygir svo af leið og af hverju hann gefur svo eftir þessum bænheita Sjálfstæðisflokki í garð hlutafélaga. Helstu forustumenn Sjálfstæðisflokksins á sviði menntamála, menningarmála og efnahagsmála hafa ítrekað flutt yfirgripsmikið frumvarp til laga um sölu á Ríkisútvarpinu. Þar segir t.d., með leyfi forseta, í kaflanum um Rök fyrir frumvarpinu, þar er undirkafli sem heitir Ríkisrekstur — og ég vona að einn hv. flutningsmanna, formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson, geri grein fyrir þessari málafylgju á eftir en hann er næstur í ræðustólinn á eftir mér, og hérna gengur inn einn flutningsmanna, hv. þm. Birgir Ármannsson, þessir bænheitu hægri menn geri grein fyrir þessu máli sínu og hvernig það standi gagnvart hinu nýja frumvarpi um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins og þá mjög ósannfærandi og hjáróma röksemd um að það eigi ekki að selja það, það standi ekki til. Hér segir, með leyfi forseta:

„Það er enn fremur umhugsunarefni hvers vegna ríkið á að standa í þessum rekstri fjölmiðlunar. Hvers vegna gefur það ekki út ríkisdagblað, ríkistímarit, ríkisbækur," — sem það gerir reyndar — „gerir ríkiskvikmyndir og ríkispopptónlist og leggur undir sig netið sem sameinar þetta allt? Það er nýverið búið að hlutafélagavæða ríkissímann og flestir virðast sammála um að selja hann úr ríkiseigu."

Annars staðar segir hér, með leyfi forseta:

„Stefnt skal að sölu hlutafjár ríkissjóðs fyrir 1. janúar 2005 og skulu starfsmenn hafa forkaupsrétt ..."

Mjög föst röksemdafærsla var fyrir því að selja yrði Ríkisútvarpið og fyrir rekstri þess væru bókstaflega engin rök frekar en fyrir rekstri ríkisdagblaðs eða ríkistímarits o.s.frv. eins og kom fram í tilvitnaðri athugasemd minni áðan sem er í sjálfu sér mjög undarleg líka úr munni sjálfstæðismanna þar sem ríkisrekstur á öllum þessum sviðum er nú í gangi með einum eða öðrum hætti. En það þykir þeim fráleitt og þess vegna hljóta að vakna spurningar um tilganginn með því að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið og hvort blasi ekki við að næsta skref ríkisstjórnarinnar í málefnum þess verði að selja útvarpið. En áfram með málið.

Það voru nokkur atriði sem sá sem hér stendur vonaðist eftir að sjá í hinu nýja frumvarpi en var ekki að finna í því gamla sem nú er að verða líklega ársgamalt og var flutt á síðasta þingi. Ég var nokkuð sannfærður um að það kæmi fram í þessu endurskoðaða og nýja frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið. Það eru hlutir eins og einhvers konar takmörkun á hlutdeild og umfangi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði sem ég held að sé í kringum 30% í dag, óruggglega milli 50 og 60% auglýsingamarkaður á sviði ljósvakamiðlunar, mjög umfangsmikið þar og má færa ýmis rök fyrir því að Ríkisútvarpið þurfi og eigi að vera með auglýsingamarkaði hvað varðar aðgengi þeirra sem þar vilja auglýsa, til að koma upplýsingum á framfæri til að eðlileg samkeppni ríki á auglýsingamarkaði á milli ríkisstofnunarinnar annars vegar og hins vegar einkarekinna stöðva á okkar ör-

pínulitla sjónvarpsmarkaði. Hvort ekki hefði átt, og það var mín skoðun, að takmarka þá hlutdeild niður í kannski 15% eða eitthvað svoleiðis, 10%, eða 15–20%, minnka þannig umfangið og skilyrða um leið og hlutverk útvarpsins yrði skilgreint upp á nýtt.

Þá kem ég að meginmálinu af því að það snýst fyrst og fremst um, fyrir utan fjármögnun og rekstrarform, hlutverk Ríkisútvarpsins til framtíðar, endurskilgreiningu á almannaútvarpinu og væntanlega pólitíska tilraun til að endurhanna hlutverk og markmið Ríkisútvarpsins þannig að það standi undir nafni sem almannaútvarp en sé ekki meira og minna að dreifa og miðla til okkar aðkeyptu erlendu, ódýru afþreyingarefni, skemmtiþáttum og nákvæmlega sömu sjónvarpsgerð og er að finna á hinum íslensku stöðvunum, Stöð 2, Skjá einum og öðrum stöðvum og svo öllum erlendu stöðvunum sem eru í samkeppni við það. Ríkissjónvarpið hefur að miklu leyti þróast yfir í það að senda út lélegt erlent sjónvarpsefni. Sumt af þessu er sæmilegt, annað lélegt en allt efni sem má finna á öðrum stöðum og vídeóleigum.

Að mínu mati á meginhlutverk sjónvarpsins að vera að standa að í einhverri mynd eða stuðla að framleiðslu og miðlun á íslensku efni sem er t.d. grundvöllur þess að Rás 2 eigi að vera til, sú 22 ára gamla útvarpsstöð, af því að hún að mörgu leyti stendur undir nafni. Hún hefur þróast þannig að hún ein útvarpsstöðva á landinu spilar íslenska tónlist, popptónlist í einhverjum mæli og stendur að mörgu leyti undir gróskunni og framleiðslunni á íslenskri tónlist. Þannig hefur sú stofnun unnið sér sess, unnið sér tilverurétt að sínu mati og þess vegna er það pólitísk ákvörðun hvort hún á að lifa eða deyja. Hérna er í rauninni verið að drepa Rás 2 í skjóli myrkurs með því að skilgreina að Ríkisútvarpið skuli að minnsta kosti senda út eina hljóðvarpsrás og eftirláta síðan stjórnendum Ríkisútvarps, sjónvarps þau pólitísku óþægindi sem kunna að hljótast af því að leggja Rás 2 niður eða selja hana eða hvað sem menn gera. Það er mjög undarlegt. Það á að sjálfsögðu að taka á því skýrt hér að ekki á að eftirláta það stjórnendum af því að það er pólitískt markmið að mínu mati að reka slíka stöð sem er alger grundvöllur að mörgu leyti að spilun á íslenskri tónlist á Íslandi af því að einkastöðvarnar sinna því nánast ekki neitt, nema þá helst þeim flytjendum sem eru gefnir út af sömu samsteypu eins og þetta hefur þróast hjá okkur.

Að mínu mati hefði átt að lögbinda einhvers konar skorður og skilyrði um hlutfall innlends efnis í sjónvarpinu, alveg klárt og kvitt. Það er einn grundvöllur tilveru og tilveruréttar Ríkisútvarpsins að miðla og stuðla að íslensku sjónvarpsefni, stuðla að framleiðslu og miðlun á íslensku efni, að sjálfsögðu á kostnað þess erlenda efnis og þess ódýra rusls sem þar er miðlað af mjög miklum móð og miklu kappi sem aldrei fyrr þessi missirin. Það er sjálfsagt að blanda inn í dagskrána vandaðri erlendri dagskrárgerð á ýmsum sviðum, eitthvað þá sem er ekki á hinum stöðvunum að sjálfsögðu, vönduðum kvikmyndum, vönduðum þáttum, heimildamyndum og ýmis konar öðru efni sem fengur er að og er ekki að finna annars staðar á öðrum stöðvum. En svo er alls ekki. Því vildi ég spyrja, ef hæstv. menntamálaráðherra tekur umræðuna saman í lok umræðunnar seinna í kvöld eða þegar henni verður fram haldið síðar í vikunni, hvort ekki komi til greina að breyta frumvarpinu í þá veru að þar séu sett sérstök skilyrði, sérstakar skorður, skilyrði um framleiðslu á innlendu sjónvarpsefni og hlutfall innlends efnis í dagskrá sjónvarpsins. Mér finnst þetta mjög mikið atriði, og einnig að skoða, ég vona að nefndin fari í það, að skorður verði reistar við hlutdeild ríkissjónvarpsins á auglýsingamarkaði. Það mætti takmarka það töluvert án þess að svipta stofnunina þeim tekjum algerlega eða kippa henni algerlega út af markaðnum eins og lengi og oft hefur í sjálfu sér verið í umræðunni líka. Það var skoðun margra hér einu sinni en ég held að það væri varhugavert. Það væri í sjálfu sér verra fyrir alla, bæði fyrir auglýsendur og þá sem sækja sér upplýsingar í auglýsingar hvort sem það eru samlesnar auglýsingar í útvarpinu, skjáauglýsingar sem eru mikið notaðar og fínt auglýsingaform eða leiknar hefðbundnar sjónvarpsauglýsingar. Ég held að engin ástæða sé til að svipta stofnunina eða þá sem vilja miðla upplýsingum í gegnum hana aðgangi að því. Ríkisútvarpið er svo öflug stofnun og hefur svo margþættu og merkilegu hlutverki að gegna, er ein af lykilstofnunum í samfélagi okkar og um hana á að standa vörð í þeirri mynd sem hún var hugsuð og í þeirri mynd sem almannamiðlar af hennar sort gera best og sérstaklega af sjálfsögðu með því að miðla af öflugu og vönduðu fréttaefni, fréttatengdu efni og innlendu efni fyrst og síðast.

Það eru mikil vonbrigði að í frumvarpinu er ekkert tekið á skilgreiningum á inntaki, ekkert tekið á því að Ríkisútvarpið stigi skref frá því að vera sá undarlegi og oft vondi blendingur í dagskrárgerð og miðlun sem það er núna yfir í það að verða fyrsta flokks almannamiðill. Í þessu frumvarpi er ekkert tekið á því. Skilgreining á hlutverki og útvarpsþjónustu í almannaþágu, eins og kaflinn heitir, er mjög almenn, mjög almenn og mjög loðin. Engar skorður eru t.d. settar við hlut innlends efnis í dagskrá stöðvanna, sem að sjálfsögðu ætti að gera. Það er algjört grundvallaratriði í tilveru, hlutverki og rekstri, Ríkissjónvarps og Ríkisútvarps.

Hér hefur margt verið rætt. Ekki hafa komið fram nein sannfærandi rök hvað varðar fjármögnun á stofnuninni. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ræddi hér áðan um jöfnunaráhrif. Það hefur ekki verið rætt eða útskýrt neitt sérstaklega af hverju nefskattsleiðin er t.d. frekar farin en fjárlagaleiðin — fjárlög sem yrðu þá gerð 5–10 ár fram í tímann svo að Alþingi hefði ekki pólitískt kverkatak á stofnuninni við fjárlagagerð á hverju ári, ekkert frekar en með hækkun eða lækkun á nefskattinum eða því máli. Það vantar sannfærandi rök fyrir því að sú leið sé farin.

Sérstaklega hefur verið rætt um pólitíska stjórnun á útvarpinu, hvort það sé hreinlega markmið hæstv. ráðherra og stjórnvalda að sjónvarpsstjóri verði eftir þessa lagabreytingu einhver pólitískur seppi menntamálaráðherra hverju sinni, sem er að sjálfsögðu fráleitt. Augljóslega er umboð hins nýja útvarpsráðs eða stjórnar hins nýja hlutafélags skert verulega þar sem Alþingi mun kjósa það árlega en ekki til nokkurra ára í senn — menn þurfa að sækja sitt umboð hingað árlega. Það eru líka mjög mikil og djúp vonbrigði af hverju ekki er tekið skarpar á því máli í frumvarpinu. Eins og ég sagði áðan batt ég miklar vonir við að frumvarpið kæmi mikið breytt frá hæstv. menntamálaráðherra eftir það afhroð sem frumvarpið frá því í fyrra galt.

Viðsnúningur Framsóknarflokksins í þessu máli vakti að

sjálfsögðu mestu undrunina, þessi undirlægjuháttur gagnvart Sjálfstæðisflokknum sem viðist vera að ná nýjum hæðum í stjórnarsamstarfi flokkanna tveggja. Fyrir mig sem félagshyggjumann, sem hef alltaf litið til Framsóknarflokksins sem vænlegs samstarfsaðila vinstri stjórnar, er ömurlegt að horfa upp á hve flokkurinn er rúinn pólitískum prinsippum. Sjálfur hélt ég að flokkurinn mundi aldrei ganga svo langt að gefa eftir í málefnum Ríkisútvarpsins. Þar hélt ég að Framsóknarflokkurinn mundi nú láta brjóta á. En aldeilis ekki og fullkomlega án nokkurs aðdraganda eða nokkurra útskýringa gefur Framsóknarflokkurinn eftir þar líka.

Það má nánast segja að það sé hetjulegt af hv. þm. Hjálmari Árnasyni að taka þátt í umræðunni þó að hann hafi horfið hér úr þingsal um leið og ræðu hans og andsvörum var lokið, en aðra framsóknarmenn hefur ekki verið að sjá. Hljóta menn að kalla eftir því við hæstv. forseta að hann beiti áhrifavaldi sínu í þá veru að þeir sem bera ábyrgð á þessu hlutafélagavæðingarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið mæti hér í salinn og taki þátt í þessari umræðu með öðrum hætti en til málamynda eins og um var að ræða hér áðan. Hv. þm. Hjálmar Árnason útskýrði ekki að neinu leyti viðsnúning flokksins. Fyrir nokkrum mánuðum hefði mátt skilja að flokkurinn hefði lagt pólitískt líf ríkisstjórnarinnar að veði fyrir að Ríkisútvarpinu yrði ekki breytt í hlutafélag. Þá var talað um einhvers konar undarlega sameignarstofnun sem einn og sami aðilinn átti að eiga með sjálfum sér — það var mjög undarleg útgáfa af þessu öllu saman — en aldrei yrði það hlutafélag, aldrei nokkurn tíma. Það var á þeim að heyra þá. Þeir töluðu sig hása um þetta mál í fyrra og voru mjög stoltir af því að hafa nú beygt Sjálfstæðisflokkinn, beygt bænheitu hægri menninna sem vildu selja útvarpið — þeir fóru hér hver upp eftir öðrum að réttlæta þá afstöðu sína að Ríkisútvarpið ætti að vera sameignarstofnun en ekki hlutafélag. Þetta var staðan fyrir nokkrum mánuðum en nú er allt breytt og Framsóknarflokkurinn horfinn úr salnum rétt eins og hann er að þurrkast út í skoðanakönnunum. En við hljótum að skora á þá hv. þingmenn að mæta hér í salinn og standa fyrir máli sínu.

[18:51]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 7. þm. Suðurk. kom víða við í ræðu sinni. Það mátti heyra um ýmis atriði sem hann var ósáttur við en það var hins vegar erfiðara að greina hvaða hugmyndir og stefnu hann hafði varðandi Ríkisútvarpið svona fyrir utan það að það ætti að flytja gott efni, sem ég held að allir geti verið nokkurn veginn sammála um. Hins vegar getur verið erfitt að tryggja það beinlínis með löggjöf að Ríkisútvarpið flytji gott efni. Í því sambandi þarf frekar að tryggja gott rekstrarumhverfi og gott rekstrarfyrirkomulag. Með því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram er verið að stíga stórt skref í þá átt, rekstrarform og rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins verður betra og skilvirkara en það er núna.

Hv. þingmaður vék nokkrum orðum að afstöðu minni og tveggja annarra hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins og er rétt að bregðast við því. Það hefur ekki verið neitt launungarmál að ég hef lengi haft uppi efasemdir um að ríkið reki fjölmiðil. Ég hef margoft lýst þeirri skoðun minni á löngu tímabili þannig að sú afstaða liggur alveg fyrir. Staðan er hins vegar sú að ekki er pólitísk samstaða um að stíga slíkt skref og þá finnst mér sjálfsagt að styðja tillögur sem gera ráð fyrir betra og skilvirkara rekstrarformi og fyrirkomulagi en það sem við búum við núna. Á því byggi ég stuðning minn við þetta frumvarp.

[18:53]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki bregst bænhitinn frjálshyggjunni, það verður engu upp á þá logið með það. Hv. þm. Birgir Ármannsson, einn skyttnanna þriggja sem fluttu frumvarp hér í fyrra um að einkavæða og selja Ríkisútvarpið, sagði að hann mundi vissulega styðja þetta mál. Þá hlýt ég að spyrja hann á móti: Lítur hv. þingmaður ekki á þetta frumvarp sem skref í þá átt að selja Ríkisútvarpið? Hljótum við ekki að verða að túlka skilgreindan stuðning sjálfstæðismanna margra, flestra kannski, við þetta mál á þann hátt að þeir líti á það sem áfanga á þeirri leið að selja Ríkisútvarpið? Það er ekki hægt að lesa annað úr orðum hv. þingmanns. Hv. þm. Sigurður Kári, formaður menntamálanefndar, mun tala hér síðar og hefur farið mikinn í einkavæðingarhugmyndum sínum á liðnum árum og lágríkisdraumum hvers konar sem hljóta að brjótast út þegar svona mál eru til meðferðar. Þeir hljóta að gera grein fyrir framtíðarsýn sinni og skilningi á þessu máli, hvort það sé áfangi á þeirri leið að selja stofnunina, selja Ríkisútvarpið. Ég gat ekki heyrt annað á þeirri sjálfsskoðun og réttlætingu sem fólst í orðum hv. þm. Birgis Ármannssonar í andsvarinu hérna áðan. Ég spyr hann því: Er þetta mál ekki að hans mati áfangi á þeirri leið að selja Ríkisútvarpið?

[18:54]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að svara síðari spurningu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar neitandi. Það er ekki sjálfgefið að sú breyting sem felst í þessu frumvarpi feli í sér einhver áform um eða undirbúning að sölu Ríkisútvarpsins. Það er algjörlega sjálfstætt mál og utan við efni þessa frumvarps. (Gripið fram í.) Það er alveg augljóst að til þess þyrfti að koma sérstök lagabreyting sem þyrfti að ganga í gegnum málsmeðferð hér í þinginu. Ég lít ekki svo á að þetta frumvarp sé áfangi á þeirri leið að koma Ríkisútvarpinu í hendur einkaaðila, ekki í sjálfu sér. Það liggur alveg fyrir að ekki er vilji af hálfu stjórnarflokkanna sem slíkra að ganga svo langt þó að við einstakir þingmenn höfum orðað sjónarmið í þá veru.

Ég fagna þessu frumvarpi vegna þess að ég tel að ef ríkið á og rekur fyrirtæki eða stofnanir sé best að fyrirkomulagið sé sem skilvirkast, hagkvæmast og skynsamlegast. Með þessu frumvarpi er verið að stíga skref í þá átt.

[18:56]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gat ekki skilið þingmanninn á annan hátt en þann að hann væri með einhverjum hætti fallinn frá sínum fyrri hugmyndum um að selja stofnunina — hann sagði að þeir nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hefðu orðað

hugmyndir í þá veru. Þeir hafa ítrekað flutt um það frumvarp til laga. Það væri fróðlegt að vita hvort þeir eru fallnir frá þeim tillögum. Ekki var svo að skilja á þeim öllum en það á sjálfsagt eftir að koma betur fram í umræðum á eftir.

Það skiptir að sjálfsögðu meginmáli hvert ráðandi aðilinn í stjórnarsamstarfinu er að fara, ekki síst þar sem ekki hafa komið fram neinar skýringar á því af hverju hlutafélagaformið er valið umfram t.d. sjálfseignarstofnun. Fram að þessu hefur sjálfseignarstofnunarformið af mörgum verið talið mjög hentugt rekstrarform utan um hvers konar almannaþjónustu sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, jafnvel ákjósanlegasta rekstrarformið. Af hverju er sú leið þá ekki farin? Því hefur enginn stjórnarliðanna svarað að svo komnu máli nema með því að vísa í það að hlutafélagaformið sé ágætt líka og komi stundum ágætlega út í rekstri flugstöðva og ýmissa annarra fyrirtækja víða um land. Ég kalla eftir svari við þessu. Þetta er grundvöllurinn fyrir vitrænni umræðu um rekstrarform stofnunarinnar. Rekstrarformið er þó ekki aðalatriðið í þessari umræðu, heldur fyrst og fremst þau djúpstæðu vonbrigði sem það eru að ekki skuli hafa verið farið í vinnu við að skilgreina markmið og inntak stofnunarinnar frá því frumvarpi sem flutt var fyrir nokkrum mánuðum.

[18:58]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum hér að ræða um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið. Ég verð nú að lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst umræðan afskaplega efnislítil. Það er lítið sem kemur fram hjá stjórnarandstöðunni, sama hvaða flokkur það er. Menn tala tvist og bast rétt eins og verið sé að hleypa út hænsnahópi að vori, þá hleypur hver í sína áttina. (Gripið fram í.) Ræðan sem hér var haldin var sýnu efnisminnst kannski og miðaðist líklega fyrst og fremst við það að tala í kvótann, 20 mínútur, til að fá tímamælinguna. Það kom afskaplega lítið fram í sjálfu sér.

Hv. þingmaður vill að RÚV, sjónvarpið, fari til hliðar á auglýsingamarkaði en að sama skapi telur hann að sjónvarpið eigi ekki að vera með ódýrt erlent efni heldur með íslenskt efni — því get ég verið sammála en það kostar fjármuni. Mig langar í framhaldi af þessu að spyrja hv. þingmann hvernig hann vill hugsa sér rekstrarstrúktúr þessa fyrirtækis sem hefði kannski átt að vera búið að háeffa fyrir nokkru síðan. Hvaðan eiga tekjurnar að koma og hvernig á rekstrarstrúktúrinn að vera? Það er ekki nóg að kasta því fram í ræðu að það eigi að minnka tekjurnar af auglýsingum, auka útgjöld o.s.frv. Menn verða að hafa einhverja samsvörun í hlutunum.

Ég vildi gjarnan heyra hjá hv. þingmanni hvernig hann hyggst koma þessu heim og saman þannig að við fáum einhverja heildstæða hugmynd um skoðun hans á þessu máli. Hann talaði að vísu í 20 mínútur en það situr eiginlega ekkert eftir. Þess vegna langar mig til að byrja með að spyrja hann um þetta atriði.

[19:00]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að þingmaðurinn sé við fulla heilsu þótt hann sé svona minnistæpur. Ef þetta er ekki efnisleg umræða þá veit ég ekki hvað. Þegar þessi málefnalegi þingmaður Sjálfstæðismanna vatt sér að efninu þá var það um mjög málefnalega spurningu úr mjög málefnalegri ræðu minni um Ríkisútvarpið. Ef sjónvarpið hættir að sýna ruslið, sagði hann, hvað þá? Svona efnislega og umorðað. En ef það er ekki markmiðið með þessari umræðu, hvort við eigum að halda úti ríkisreknu sjónvarpi á annars flokks erlendu efni eða fyrsta flokks almannamiðli sem sýnir að einhverju skilgreindu lágmarki innlent efni, þá veit ég eiginlega ekki um hvað umræðan á að snúast. Það er algjört grundvallaratriði. Rekstrarformið og hvort við notum nefskatt, hvort förum með stofnunina á fjárlög eða notum afnotagjöldin eru einungis aukaatriði samanborið við hvort stofnunin eigi almennt að vera til eða ekki. Það er það sem skiptir öllu máli. Það er ekki markmið að reka ríkisrekna vídeóleigu. Það er ekki markmið að halda úti ríkisreknum fjölmiðli sem sýnir að stærstum hluta erlent efni sem fæst nær máli hvað varðar gæðin. Þó sumt af því efni sé ágætt er það meira og minna að finna á öðrum sjónvarpsstöðvum. Það er hægt að nálgast slíkt efni auðveldlega eftir ýmsum leiðum sem stóðu ekki til boða eða voru færar fyrir bara fáeinum missirum síðan, ég tala nú ekki um fyrstu 20–25 ár Ríkisútvarpsins þegar ekki voru aðrar stöðvar í boði. Nú er líka hægt að ná aragrúa erlendra miðla í gegnum gervihnetti og með ýmsum öðrum hætti. Þannig að þetta er hin efnislega umræða sem við eigum að sjálfsögðu að taka (Forseti hringir.) við hinn hv. málefnalega þingmann sjálfstæðismanna um þetta mál.

[19:02]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fékk ekkert svar við spurningunni sem ég lagði fram þess efnis hvernig við ættum að horfa á þetta heildstætt. Ég vil taka fram að hv. þingmaður Jóhanna Sigurðardóttir kom málefnalega að þessum þætti tekjuliðar stofnunarinnar. Ég átti eiginlega von á að hv. þingmaður Björgvin G. Sigurðsson kæmi inn á það sama, þ.e. nefskattinn, auglýsingarnar og hvort við ættum að hafa þetta með einhverjum öðrum hætti. Mér finnst bara ekki hægt að kasta því fram hvernig efnið eigi að vera, að það megi ekki vera svona eða hinsegin. Menn þurfa að horfa á tekjuöflunina heildstætt. Mér fannst hv. þingmaður Jóhanna Sigurðardóttir spyrja rökrétt hér áðan í ræðu sinni. Ég vil koma inn á það sama og hún kom inn á og heyra hvort það er samhljómur hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar hvað þetta varðar. Ef ég fengi svar um það.

[19:03]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er samhljómur um þetta, auðvitað skiptir máli hvernig við öflum almannamiðli fjár. Það skiptir máli upp á rekstrarumhverfi hans og allt það. Hvort við förum leið nefskatts eða fjárlaga held ég að skipti svo sem ekki meginmáli ef menn gæta að tekjujafnandi áhrifum í gegnum skattheimtuna. Ég held að það sé ágæt leið sem komi vel til greina en það skiptir í sjálfu sér ekki öllu máli. En hvað varðar tekjusamdrátt RÚV ef umfang þess á auglýsingamarkaði væri skert að einhverju leyti, þá rímar það nákvæmlega við þá afstöðu mína að um leið og við endur-

skilgreinum og uppfærum til nútímans hlutverk og markmið Ríkissjónvarpsins og þess miðils sem það er, þá á að sjálfsögðu ef eitthvað er að trimma það niður, þannig að útgjöld stofnunarinnar aukist ekki, heldur minnki. Og að kröftunum verði þá varið í að sýna og stuðla að framleiðslu á skilgreindu magni af innlendu efni. En útgjöld sem nú er varið til ýmissa þátta eins og erlends sjónvarpsefnis og íþrótta verði minnkuð töluvert. Það er mín afstaða. Þess vegna tel ég að verði umfangið á auglýsingamarkaði takmarkað þá verði umfang stofnunarinnar einfaldlega takmarkað á móti. Það er mín afstaða til þess máls. Þess vegna kalla ég eftir endurskilgreiningu á markmiðum og rekstri RÚV, ekki svona markmiðslausu fimbulfambi eins og er að finna í hlutverkaskilgreiningunni í frumvarpinu, þar er ekki tekið á þessum málum. Þetta eru mér sérstök vonbrigði því ég hafði fregnað að það væri til skoðunar að setja inn í frumvarpið ákvæði um lágmarkshlutdeild af innlendu efni í dagskrá stöðvarinnar, en það var ekki gert.

[19:05]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Hér hefur verið nokkuð lífleg umræða um þetta mikilvæga mál. Ég held að það sé býsna mikilvægt að við áttum okkur á því að hér er auðvitað um mjög mikilvægt mál að ræða, þ.e. Ríkisútvarpið sjálft. Um stofnunina hafa að vísu oft og tíðum leikið töluvert kaldir vindar en þó hefur verið mjög víðtæk samstaða um mikilvægi hennar þótt menn hafi stöku sinnum deilt á einstaka efni eða efnistök og form. Þess vegna eru það mikil vonbrigði að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki hafa viljað taka í útrétta sáttarhönd svo menn gætu verið í sama takti við undirbúning málsins.

Ég vil í upphafi máls míns vitna orðrétt í ummæli hæstv. menntamálaráðherra, með leyfi forseta:

„En ég legg ríka áherslu á það að við vinnum þetta í samvinnu á milli allra stjórnmálaflokka, við reynum að haga öllum undirbúningi þannig að það sé ekkert hægt að deila mjög á undirbúninginn og aðferðafræðina, þannig að við stöndum uppi síðan með gott frumvarp um fjölmiðla og þar á meðal eignarhaldið."

Frú forseti. Hér er hæstv. menntamálaráðherra að ræða um hið svokallaða og margumrædda fjölmiðlafrumvarp. Við höfum margsinnis bent á að eðlilegt væri að Ríkisútvarpið væri hluti af þeim pakka, þ.e. að frumvarpið um Ríkisútvarpið væri flutt að minnsta kosti samhliða slíku frumvarpi. Þessi orð sem hæstv. menntamálaráðherra lét falla varðandi fjölmiðlafrumvarpið eiga að mínu mati alveg jafn vel við um Ríkisútvarpið og ekki síður. Því miður virðist ríkisstjórnin eingöngu hafa lært það af öllu því máli, fjölmiðlamálinu, að það væri eingöngu í því einstaka máli sem væri vænlegt að hafa samstöðu og reyna að ná friði. En ég held að ríkisstjórnin hefði þurft að læra örlítið í yfirfærslu, þ.e. að færa þann lærdóm yfir á fleiri svið. Það er ekki hægt að segja að Ríkisútvarpið sé víðs fjarri fjölmiðlalögum, það hefði því að minnsta kosti mátt láta á reyna að ná samstöðu um jafnmikilvægt mál og hér liggur fyrir.

Það er auðvitað ekki útilokað ef allir leggja sig fram að það sé hægt að ná samstöðu um bætt frumvarp, þ.e. að það frumvarp sem hér liggur fyrir verði bætt í meðförum menntamálanefndar. Það væri æskilegt að hæstv. menntamálaráðherra lýsti því yfir áður en umræðunni lýkur, að það standi ekkert á því af hálfu ráðuneytisins, hæstv. ráðherra eða ríkisstjórnarinnar, að gengið væri í það verk að sníða af frumvarpinu ýmsa agnúa og bæta í það öðru þannig að um frumvarpið geti orðið rík samstaða. Ég held að það sé ekki gott, hvorki fyrir stofnunina né ríkisstjórnina að frumvarp um jafnmikilvæga stofnun verði afgreitt hér í þinginu með bullandi ágreiningi. Þetta er þannig málefni að við eigum að geta náð víðtækri sátt um það. Það er eðlilegt að við tökumst á um ákveðna hluti og að það verði látið á það reyna í menntamálanefnd hvort einhver vilji sé til þess að lagfæra það sem hér má betrumbæta.

Það er eðlilegt að rifja örlítið upp ákveðna hluti sesm hér hafa komið fram, m.a. í viðamikilli ræðu hv. þingmanns Marðar Árnason, og þá vil ég fyrst leggja áherslu á það sem við í Samfylkingunni höfum lýst sérstakri ánægju með í þessu frumvarpi. Það er í fyrsta lagi að opnað er á möguleika á skipulagsbreytingum á Ríkisútvarpinu sem er auðvitað afskaplega mikilvægt vegna þess að stofnunin þarf að þróast og hafa möguleika á breytingum í takt við það sem er að gerast í samfélaginu. Í öðru lagi eru lagabreytingar á dagskrá sem gera það að verkum að dagskráin verður í höndum starfsmanna en ekki útvarpsráðs. Hér er um gífurlega mikilvægar breytingar að ræða sem við styðjum heils hugar og teljum í raun og veru að hefðu fyrir margt löngu átt að vera komnar til framkvæmda. Kannski er ástæðan sú að ríkisstjórnarflokkarnir hafa átt í miklum erfiðleikum með að ná saman. Það er stundum eins og sérkennileg trúarbrögð séu ríkjandi í báðum flokkunum. Á tímabili virtist vera eitthvert framsóknarform á rekstrarforminu sem öllu átti að ráða. Framsóknarflokkurinn var býsna ánægður með að hafa lagt hinn stóra samstarfsflokk að velli í því máli en hefur síðan fengið það allt saman í bakið og liggur nú kylliflatur fyrir trúarbrögðunum hinum megin frá, þ.e. að það þurfi að vera hf. á öllu og að ekki sé hægt að leysa neinn vanda öðruvísi en að háeffvæða allt. Í þriðja lagi, en það hefur líka komið fram að við lýsum yfir sérstakri ánægju með þá tilraun sem gerð er með að yfirmaður fái svigrúm til að stjórna og beri um leið ábyrgð. Í stofnun eins og Ríkisútvarpinu er mikilvægt að til staðar sé svigrúm fyrir stjórnanda til að taka alls konar ákvarðanir og að hann beri síðan ábyrgð á ákvörðunum sínum.

Í stuttu máli er það þetta sem er hvað jákvæðast í frumvarpinu og skiptir miklu máli. Það eru einnig býsna viðamiklar og stórar athugasemdir, þær helstu komu einnig fram í ræðu hv. þingmanns Marðar Árnasonar. Það er í fyrsta lagi að áfram er pólitísk stjórnun á Ríkisútvarpinu ef miðað er við þetta frumvarp. Það er auðvitað gífurlegur galli að stjórn í stofnuninni eða hlutafélaginu eins og það er nefnt í frumvarpinu, sé kosin til eins árs í senn í hlutfallskosningu hér í þinginu. Þetta þýðir að ríkisstjórnarmeirihlutinn hverju sinni hefur meiri hlutann á sínu valdi, ef við getum orðað það sem svo. Stjórnin hefur síðan mjög víðtæk völd, m.a. gagnvart því að reka eða ráða útvarpsstjóra og það má draga þá ályktun m.a. þar sem árið er nú fljótt að líða, að það sé oft auðvelt að taka í hnakkadrambið á einhverjum sem ekki keyri hina réttu línu, sem væntanlega er þá ákveðin af þeim sem með hlutabréfið fer, þ.e. hæstv.

menntamálaráðherra. Þarna er hægt að fara ýmsar aðrar leiðir til að bæta þetta. Margar einfaldar sem þarf hins vegar að ræða og velta fyrir sér og athuga hver væri best. Þarna væri t.d. hægt að bæta inn í stjórnina tveimur fulltrúum frá starfsmönnum, þ.e. það væri þá tryggt að ekki væri endilega sami meiri hluti í stjórninni og á þinginu. Nú eða að kjósa stjórnina til lengri tíma þannig að hún væri t.d. ætíð kosin á miðju kjörtímabili og væri í fjögur ár. Eða að hún væri ekki í takt við kjörtímabilið, þannig að hún væri í fimm ár, sjö ár eða eitthvað þess háttar, þannig að þessi skýru tengsl, þessi ofurtengsl við meiri hlutann á Alþingi hverju sinni væru rofin.

Í öðru lagi er athugasemd sem vegur líka býsna þungt. Nú virðist staðan vera sú að Ríkisútvarpið eigi að fara í enn harðari samkeppni en áður á auglýsinga- og kostunarmarkaði. Við höfum hins vegar talið að það ætti að reyna að draga úr samkeppni. Fara úr þessum u.þ.b. 30% í tekjunum niður í kannski 10–15%. Þá væri stofnunin ekki eins háð þessu. En miðað við það sem fram kemur í úttekt eða réttara sagt umsögn fjármálaráðuneytisins þá blasir það t.d. við að eigið fé hlutafélagsins í upphafi verður nesikvætt, strax á fyrsta degi, sem segir okkur að fjárhagsstaða stofnunarinnar verður ekki mjög styrk. Stofnunin tekur við öllum skuldum, m.a. lífeyrisskuldbindingum upp á 2,6 milljarða sem þýðir að það þarf að borga af því skuldabréfi sem um hefur verið samið um rúmlega 200 millj. á hverju ári. Að vísu, það má ekki gleyma því að það er verið að spara ákveðin útgjöld, þ.e. rúmlega 100 millj. með að taka þann hluta í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem Ríkisútvarpið hefur haft, þ.e. 25% út, en þetta er það eina sem hægt er að sjá að verði dregið úr rekstrarkostnaði. Ef þessi stofnun á að hefja leikinn með neikvætt eigið fé, þá virðist ekki annað blasa við en að stofnunin þurfi að fara með auknum krafti inn í samkeppnina á auglýsinga- og kostunarmarkaði. Það er hreinlega hættulegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins og því mikilvæga hlutverki sem það hefur, þ.e. að vera almannaútvarp, að vera svo háð slíkum tekjum.

Það er hreinlega hættulegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins og því hlutverki sem mikilvægast er, almannaútvarpi, að vera svo háð slíkum tekjum. Í þriðja lagi höfum við gagnrýnt þá leið eða þá einstefnu sem horft er til varðandi rekstrarformið, þ.e. háeffið. Við teljum að skoða þurfi sjálfseignarstofnunarformið og skiljum í raun og veru ekki hvers konar trúarbrögð það eru að það megi hreinlega ekki nýta slíkt rekstrarform heldur þurfi, að mati Sjálfstæðisflokksins og nú nýlega Framsóknarflokksins einnig, að háeffvæða allar þessar stofnanir. Það er auðvitað ljóst að sporin hræða, það eru býsna fá dæmi um að ríkisstofnun sem breytt hefur verið í hlutafélag hafi ekki síðan verið seld í kjölfarið.

Hér kom upp áðan hv. þm. Birgir Ármannsson sem hefur verið einn af ötulustu talsmönnum þess að selja beri þessa stofnun. Hann taldi að frumvarpið sem hér liggur fyrir væri ekki skref í þá átt en taldi sig samt sem áður vera mikinn stuðningsmann frumvarpsins. Skýringin á orðalagi 1. gr. er kannski sérstaklega vegna þessa hóps í flokki hæstv. menntamálaráðherra, þar sem segir „sala félagsins eða hluta þess“, en það eru auðvitað til frægar samþykktir í Sjálfstæðisflokknum um að selja beri t.d. Rás 2. En samkvæmt frumvarpinu er allt slíkt óheimilt og verður að fara í gegnum Alþingi ef vera kynni að menn teldu hugsanlegt að selja eða gera samninga við einhverja um ákveðna þætti í stofnuninni. Hér er augljóslega verið að setja einhvern varnagla gagnvart einhverjum öflum í Sjálfstæðisflokknum til að reyna að gera þetta trúverðugra, væntanlega í augum Framsóknarflokksins og hann hefur greinilega gleypt við þessu öllu saman. En það liggur alveg ljóst fyrir að ekki hefði verið þörf á að setja þetta inn. Þetta er einhver varnagli sem talið hefur verið mjög nauðsynlegt að setja.

Það er eðlilegt, frú forseti, fyrst ég nefndi Framsóknarflokkinn að minnast hér örlítið á ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar sem fór hér mikinn á ýmsum sviðum en býsna lítinn á öðrum. Það vakti athygli mína að hv. þingmaður nefndi hér frumvarp hæstv. viðskiptaráðherra um opinber hlutafélög og taldi reyndar að það væri tengt saman við þetta frumvarp. Það væri æskilegt að hæstv. menntamálaráðherra staðfesti þá skoðun formanns þingflokks Framsóknarflokksins að þessi tvö frumvörp skuli unnin saman, að frumvarp viðskiptaráðherra sem lagt var fram, ef ég man rétt, nokkru fyrir jól en hefur ekki verið mælt fyrir enn eigi að afgreiðast samhliða þessu frumvarpi þannig að það sé tryggt að þau ákvæði sem þar eru inni eigi að gilda um það hlutafélag sem hér er stefnt að að stofna. Að vísu heyrðist mér hv. þingmaður ekki vera með innihald frumvarps hæstv. viðskiptaráðherra algerlega á hreinu og hafi að einhverju leyti ruglað því saman við innihald frumvarps frá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur o.fl. um svipað málefni, þar sem m.a. er fjallað um að upplýsingalög gildi einnig um opinber hlutafélög en slíkt vantar algerlega í frumvarp hæstv. viðskiptaráðherra. En hv. þingmaður talaði einmitt um það að ef frumvarpið yrði samþykkt með þeim ákvæðum að upplýsingaskyldan lægi fyrir væru menn kannski komnir býsna nálægt því að geta náð saman um þetta mál.

Ég lýsi enn og aftur eftir því að hæstv. menntamálaráðherra staðfesti þennan skilning formanns þingflokks Framsóknarflokksins að þessi frumvörp verði rædd samhliða og afgreidd samhliða í þinginu. Það hlýtur að þýða að frumvarp hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur o.fl. verði einnig rætt samhliða og þá eru auðvitað komnir upp ýmsir fletir á að menn geti hugsanlega lagfært þetta frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. á þann veg að möguleiki sé á að ná nokkuð víðtækri sátt um málið. En til þess að það sé einhver möguleiki er algert lykilatriði að trúarbrögð um formið verði sett til hliðar. Hv. þm. Mörður Árnason, ef ég man rétt, lýsti því sérstaklega yfir að t.d. hjá okkur í Samfylkingunni væru engin trúarbrögð um að ekki mættu vera hlutafélög um eitt eða neitt. Víðs fjarri. Við höfum opnað á það á nokkrum sviðum að hlutafélag geti komið til greina en við höfum verið með alveg klár skilyrði um það. Frumvarpið sem ég minntist á áðan, frá formanni okkar, er auðvitað dæmi um að við teljum að þessi hlutafélög eigi að vera til en að um þau eigi að gilda ákveðnar reglur. Við leggjum mikla áherslu á það.

Frú forseti. Það er ýmislegt fleira sem við gætum tekið á varðandi þetta frumvarp. Hér hefur aðeins verið minnst á það og hv. þm. Kjartan Ólafsson kvartaði yfir því að ekki væri rætt meira um fjármögnun Ríkisútvarpsins. Ég sagði áðan að ég hefði ákveðnar áhyggjur af því hvernig þessu félagi væri ætlað að fara af stað með afskaplega lítinn

heimanmund. Við könnumst við að oft hefur verið staðið allt öðruvísi að þegar stofnunum hefur verið breytt á þennan hátt. Þá hefur mjög gjarnan verið klippt á alls konar hala sem stofnunum hafa fylgt, t.d. lífeyrisskuldbindingar o.s.frv. En hér er um mjög miklar skuldir varðandi lífeyrisskuldbindingar að ræða. Það er því eðlilegt að maður hafi ákveðnar áhyggjur af þessu. Varðandi fjármögnunina er auðvitað ljóst að menntamálanefnd hlýtur að fara vel yfir þann þátt.

Það blasir við að flestar mögulegar leiðir hafa einhverja galla en um leið að sjálfsögðu einhverja kosti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór á síðasta þingvetri býsna vel yfir alla þessa möguleika og benti á kosti þeirra og galla. Það er einmitt þess vegna sem margt bendir til að trúlega væri farsælast að hafa einhverja blöndu á fjármögnuninni, þ.e. að hún væri ekki eingöngu bundin við eitthvað eitt eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, þ.e. nefskattsleiðina. Sú leið kemur vissulega til greina en hefur mikla galla, eins og kom fram í andsvari hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan, þar sem hún getur lagst mjög misjafnlega á fjölskyldur sem dæmi. Fjárlagaleiðin, þ.e. að setja stofnunina inn á fjárlög er auðvitað ein leið sem hlýtur að verða skoðuð mjög alvarlega. En það er örugglega mikilvægt ef sú leið verður farin að hafa einhverja aðra leið til hliðar þannig að stofnunin verði ekki algerlega háð fjárlögunum, þó svo að vissulega sé hægt að gera samning til nokkuð margra ára til að tryggja að ekki væri verið að refsa stofnuninni eða ef menn teldu ástæðu til að verðlauna hana fyrir eitthvað ákveðið sem hún hefur ýmist sinnt vel eða illa. Hér þarf auðvitað að fara vandlega yfir málið og ég endurtek að ég tel að það sé vænlegast að fara fleiri en eina leið í því sambandi.

Frú forseti. Ég sé að tími minn styttist óðum. Eitt atriði er líka mjög mikilvægt þó að það snúi ekki endilega beint að innihaldi þessa máls en það snýr að starfsmönnum. Það vekur athygli mína að á bls. 10 í frumvarpinu eða í greinargerðinni segir: „Tryggilega er búið um réttindi núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins, sbr. nánar ákvæði til bráðabirgða II.“ Ég leyfi mér að efast um að þetta standist algjörlega og nefni í því sambandi veruleg lífeyrisréttindi sem margir starfsmenn þarna hafa aflað sér. Sérstaklega á ég þar við ákvæði sem tilheyrir B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem er hin svokallaða eftirmannsregla, þ.e. þegar tekið er viðmið af eftirmanni starfsmanns í því starfi sem hann gegndi í ákveðinn tíma. Mér sýnist sú regla falla brott, þ.e. ef viðkomandi maður á t.d. eftir að fara í betur launað starf en hann er í í dag geti starfsmaður ekki tekið viðmið af því eins og reglur gera ráð fyrir nú.

Það er nauðsynlegt að minnast á eitt í viðbót áður en ég lýk máli mínu. Það er varðandi almannaútvarpið og þær litlu skilgreiningar á því sem koma fram í 3. gr. frumvarpsins. Þar sakna ég þess fyrst og fremst að ekki skuli vera einhver ákvæði um hversu hátt hlutfall af innlendu efni eigi að vera í þessari menningarstofnun. Það er okkur auðvitað afskaplega mikilvægt að það sé tryggt á einhvern hátt. Það er ekki bara mikilvægt vegna stofnunarinnar sem slíkrar heldur líka vegna alls þess sem verið er að gera í þeirri menningu sem snertir dagskrárgerðina. Við höfum heyrt hugmyndir ýmissa um hvernig megi standa að þessu. Ég held að það sé eðlilegt að við skoðum það sérstaklega í menntamálanefnd hvort ekki sé rétt að setja ákvæði um þetta þannig að þetta hlutverk almannaútvarpsins sé gulltryggt í þeim lögum sem hér verða væntanlega, miðað við áform ríkisstjórnarinnar, samþykkt fyrir vorið.

Frú forseti. Vissulega væri hægt að taka á mun fleiri málum en tími minn leyfir það ekki. Ég mun að sjálfsögðu skoða hvort ástæða sé til að halda aðra ræðu þegar líður á kvöldið. Ég ítreka það enn og aftur að menntamálanefnd verður að gefa sér góðan tíma til að fara yfir málið, senda það víða til umsagnar og kalla á ýmsa gesti til að fara yfir ýmsa þætti þannig að reynt verði til þrautar að bæta (Forseti hringir.) það frumvarp sem hér liggur fyrir.

[Fundarhlé. — 19:26]

[20:00]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Við erum að ræða um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið. Menntamálaráðherra nefndi í upphafsræðu sinni að kjör starfsmanna yrðu óbreytt og óskert við breytinguna samkvæmt þessu frumvarpi. Ég dreg það í efa. Ég efast ekki um að starfsmenn Ríkisútvarpsins séu mjög áhyggjufullir og sé því ástæðu til að ræða réttindi starfsmanna sérstaklega hér.

Í athugasemdum með frumvarpinu er minnst á frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi og umsögn menntamálanefndar um það, með leyfi forseta:

„Í fjórða lagi gerði nefndin athugasemdir við ákvæði er vörðuðu yfirtöku hins nýja félags á réttindum starfsmanna.“

Það er eftirtektarvert að það segir ekkert um hvort farið hafi verið eftir þeim athugasemdum. Ég get ekki séð að svo hafi verið.

Í athugasemdum með frumvarpinu þar sem fjallað er um meginefni frumvarpsins segir, og hefur það verið tekið fram hér fyrr í dag, með leyfi forseta:

„Tryggilega er búið um réttindi núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins, sbr. nánar ákvæði til bráðabirgða II.“

Frú forseti. Þetta stóð líka í síðasta frumvarpi um Ríkisútvarpið sf. Þessi fullyrðing var ekki rétt þá eins og margir bentu á og þessi fullyrðing er heldur ekki rétt núna.

Í frumvarpinu, þ.e. ákvæði til bráðabirgða II um réttindi starfsmanna segir, með leyfi forseta:

„Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.“

Þýðir þetta að réttarstaða ríkisstarfsmanna hjá RÚV breytist ekki? Þegar maður les yfir frumvarpið er ekki annað að sjá en að réttarstaða bæði breytist og skerðist þegar RÚV verður breytt yfir í hlutafélag og þrátt fyrir það að ríkið sé enn þá eini eigandinn.

Þriðja ábendingin: Munu lögin sem eru í gildi um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, gilda áfram um starfsmenn RÚV hf.? Það kemur hvergi fram.

Fjórða atriðið í athugasemdum. Í umræðunni hefur verið minnst á upplýsinga- og stjórnsýslulög fyrr í dag, þau sem eru í gildi. Með þessu frumvarpi virðist ráðherra vera að færa Ríkisútvarpið undan ákvæðum þessara laga. Má þar t.d. nefna reglur um auglýsingar á störfum. Í aðilaskiptalögum, nr. 72/2002, segir í II kafla um réttarvernd starfsmanna, í 3. gr. um launakjör og starfsskilyrði, með leyfi forseta:

„Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað á færast yfir til framsalshafa.

Framsalshafi skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda."

Samkvæmt þessu á RÚV hf. að taka yfir gildandi ráðningarsamninga með þeim réttindum og skyldum, bæði atvinnurekanda og starfsmanna, sem þeim fylgir. Ég spyr: Verður það gert? Rétt er að taka hér fram að í ráðningarsamningi er tilgreint í hvaða lífeyrissjóð starfsmaðurinn greiðir og þá í hvora deildina, t.d. hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Verður staðið við þessi réttindi?

Um biðlaunarétt segir í frumvarpinu í ákvæði til bráðabirgða II um réttindi starfsmanna, með leyfi forseta:

„... þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2008."

Í þessu sambandi er rétt að benda flutningsmönnum á að í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna segir í 34 gr., með leyfi forseta:

„Nú er embætti lagt niður og skal þá embættismaður jafnan halda óbreyttum launakjörum er embættinu fylgdu í sex mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í tólf mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila."

Ég fæ ekki betur séð en að frumvarpið stangist á við þessa grein. Það er ekki heimilt að skerða biðlaunaréttinn, rétt sem starfsmenn hafa áunnið sér og eiga og er þar af leiðandi verndaður í stjórnarskránni.

Frú forseti. Ég hef nefnt sjö atriði þar sem réttindi starfsmanna samkvæmt frumvarpinu eru ekki virt. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir skerðingu á réttindum þeirra starfsmanna sem greiða í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í dag. Ekki er minnst einu orði á þá starfsmenn sem greiða til A-deildar lífeyrissjóðsins og ekkert er minnst á nýja starfsmenn né heldur hvort nýir starfsmenn geta verið áfram í LSR. Þetta eru atriði sem þurfa að vera að hreinu.

Frú forseti. Samkvæmt 3. gr. í aðilaskipalögum, er ég las upp úr hér áðan og ætla að lesa aftur ef ske kynni að það hafi farið fram hjá mönnum, segir um launakjör og starfsskilyrði, með leyfi forseta:

„Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað á færast yfir til framsalshafa.

Framsalshafi skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda."

Það er ekki heimilt að skerða áunnin lífeyrisréttindi eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Síðan spyr ég: Hverjir verða viðsemjendur starfsmanna Ríkisútvarpsins hf.? Verða það Samtök atvinnulífsins? Hverjir semja fyrir hönd þeirra? Verða það BHM eða BSRB? Frú forseti. Fjölmörg atriði varðandi þetta frumvarp vekja óöryggi hjá starfsfólki RÚV. Nú eiga starfsmenn tvo fulltrúa í svokölluðu framkvæmdaráði Ríkisútvarpsins. Í frumvarpi er ekki gert ráð fyrir því og verður það að teljast mjög neikvætt.

Frú forseti. Ég hef farið yfir mörg atriði er varða réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins og fæ ekki betur séð en að frumvarpinu sé beinlínis viljandi eða óviljandi ætlað að skerða réttindi starfsmanna RÚV.

[20:09]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum mjög skýra skoðun í þessu máli eins og flestöllum öðrum. (**Gripið fram í:** Öllum málum.) En við erum ekki bara á móti þessu frumvarpi heldur lögðum við einmitt fram á þessu þingi mun skynsamlegra frumvarp til laga um Ríkisútvarpið. Í þeim lögum er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði ríkisútvarp áfram en ekki með hf. í endann. Það er nefnilega vel hægt að laga starfsemi Ríkisútvarpsins og það má vel laga ýmislegt í starfsemi Ríkisútvarpsins þó þar sé mjög margt gott.

Í frumvarpi okkar er t.d. tekið á málefnum útvarpsráðs sem hefur oft verið deilt mikið um. Við viljum einfaldlega leggja niður útvarpsráðið og taka upp dagskrárráð í staðinn og að í þessu dagskrárráði eigi breiður hópur fólks sæti, fulltrúi frá Bandalagi íslenskra listamanna, frá Neytendasamtökunum, sem er mjög mikilvægt, fulltrúi starfsmanna útvarpsins og að sjálfsögðu útvarpsstjóri og framkvæmdastjóri hljóðvarps og sjónvarps. Frumvarp okkar er lagt fram í þeim tilgangi að renna styrkari stoðum undir rekstur Ríkisútvarpsins, efla lýðræðislega stjórn þess með beinni þátttöku starfsmanna og kjörinna fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi.

Það er dálítið vandræðalegt að hlusta á málflutning framsóknarmanna í þessu máli. Þeir eru búnir er að kúvenda í afstöðu sinni og lúffa fyrir Sjálfstæðisflokknum.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti biður hv. þingmenn um að halda í lágmarki samræðum hér í salnum þannig að þeir trufli ekki ræðumann.)

Þetta truflaði mig ekki neitt, allt í fína. En hlustið þið samt. Eins og oft áður eru framsóknarmenn að guggna þarna. Auðvitað er þetta bara tímaspursmál, sérstaklega þegar við horfum upp á hverjir eru fremstir í flokki. Það er reyndar athugunarefni út af fyrir sig af hverju þingmenn eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, skuli styðja þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar því hann er yfirlýstur stuðningsmaður þess að Ríkisútvarpið verði einkavætt. Þess vegna lít ég bara á þetta sem eitt skrefið í átt að einkavæðingu útvarpsins, vegna

þess að þær raddir munu ekkert hljóðna innan Sjálfstæðisflokksins.

Það vekur líka athygli mína í þessu frumvarpi til laga að þó að útvarpið hafi leyfi til að útvarpa tveimur rásum þá er bara ein útvarpsrás skilyrt. Því væri auðvitað skrefið hjá mönnum að leggja niður Rás 2 eða selja hana. Þeir ætluðu einhvern tímann að selja Rás 2 og sennilega starfsmennina með. Ég óttast líka að svæðisútvarpið verði undir í þessum áformum. Er ekki líklegt að einhverjir spekúlantar komi með hugmyndir um hagræðingu? Við þekkjum það nú hjá öðrum ríkisfyrirtækjum sem hafa síðan verið einkavædd. Það þarf að hagræða og þá er byrjað á að leggja niður starfsstöðvar úti á landi. Ég sé alveg fyrir mér að dregið verður úr starfseminni á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Suðurlandi og svo mætti halda áfram.

Þegar fallið er frá því prinsippmáli að Ríkisútvarpið okkar sé ríkisútvarp þá er nefnilega einu sinni farið af stað í einkavæðingarferlinu. Þess vegna væri óskandi að ríkisstjórnin mundi bara sjá að sér og taka frekar upp okkar frumvarp sem er að öllu leyti mun skynsamlegra og skemmtilegra og líka styttra held ég.

Ríkisútvörp eru víða starfrækt í öðrum löndum. Ég nefni sem dæmi Þýskaland, þar eru m.a.s. tvö ríkisútvörp, ARD og ZDF. Í Bretlandi er hin virta stofnun BBC, í Danmörku Danmarks radio og í Austurríki er það ORF. Þetta eru allt ríkisútvörp og lifa ágætlega og skila hlutverki sínu með sóma.

Það er alltaf verið að tala um það í þessum umræðum í kvöld að verið sé að snúa hlutunum til nútímahorfs, að það sé einhvers konar tíðarandi að það eigi að háeffa alla hluti. Þetta er fullkominn misskilningur. Það er alveg hægt að breyta hlutum innan Ríkisútvarpsins án þess að gera það að hlutafélagi.

Meginvandi Ríkisútvarpsins liggur auðvitað í því að það vantar fé til rekstrar svo að það geti sinnt skyldum sínum. Hvernig væri að Alþingi tæki sig saman í andlitinu og veitti fé til innlendrar dagskrárgerðar hjá Ríkisútvarpinu í staðinn fyrir að leggja ofuráherslu á að háeffa það? Það þarf líka að auka lýðræðið innan Ríkisútvarpsins og það getum við gert. Á það bendum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í okkar tillögum.

En það er hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar að svelta til hlýðni stofnanir, háskóla, heilbrigðisþjónustu og Ríkisútvarpið þar til fólk er farið að kalla á skólagjöld eða halda að hlutafélagaformið sé miklu betra til að afla peninga. Svo á að einkavæða einhvern hluta af starfseminni, við þekkjum það úr heilbrigðisþjónustunni. Í langflestum tilfellum verður þetta til hins verra, verður til þess að notandinn þarf að borga meira vegna þess að inn koma milliliðir sem vilja auðvitað græða.

Í tillögum ríkisstjórnarinnar í þessu frumvarpi er lagt til að nefskattur verði tekinn upp. Ég vara mjög við því. Nefskattur er í eðli sínu mjög ósanngjarn. Skattkerfið okkar er byggt upp þannig að það er til þess að jafna kjörin en nefskattur leggst jafnt á þá sem mikið hafa og þá sem lítið hafa. Það hefur einmitt verið bent á það í umræðunum hér í kvöld að á heimili þar sem margir unglingar eru, eldri en 16 ára sem sagt, kemur til með að leggjast hátt gjald. Nú er um að ræða áskrift, sem sagt eitt gjald fyrir hvert heimili. Í einhverjum tilfellum á samt að vera hægt að fella þennan nefskatt alveg niður en mér skilst að það sé hjá einstaklingum sem hafa lægri tekjur en 850 þúsund á ári. Það eru ekki margar fjölskyldur sem falla undir það sem betur fer, en þetta leggst auðvitað þungt á þær fjölskyldur sem eru kannski með heimilistekjur upp á milljón.

Vandinn liggur í því að það þarf að auka fjármagn til Ríkisútvarpsins svo að það geti sinnt skyldum sínum með sóma. Við höfum séð að starfsfólk stofnunarinnar getur lyft grettistaki og nánast gert kraftaverk með það litla fjármagn sem það hefur milli handanna. Á því á auðvitað að byggja.

Hér hefur mikið verið rætt um það hvað þetta sé ómögulegt rekstrarform og erfitt ástand innan Ríkisútvarpsins. Ég held að ástandið innan Ríkisútvarpsins sé ágætt, þar er verið að gera marga góða hluti. Það sýnir okkur að það þarf ekkert að hlutafélagavæða stofnunina til þess að rífa hana upp.

Því hefur margoft verið lofað hér í kvöld að það standi alls ekki til að selja Ríkisútvarpið. Það er undirstrikað með því að í 1. gr. er talað um eignaraðild. En höfum við ekki mörg dæmi um að því hafi einmitt verið lofað að selja ekki ríkisstofnanir þegar þær eru hlutafélagavæddar? Hvað hefur síðan komið á daginn? Það er kannski ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar en við vitum að innan Sjálfstæðisflokksins heyrast margar raddir sem eiga þá ósk heitasta að útvarpið verði selt. Sú ríkisstjórn sem nú situr getur ekki gefið loforð fyrir hönd þeirrar næstu eða þarnæstu. Ég ætla ekkert að efast um góðan ásetning hæstv. menntamálaráðherra hvað þetta varðar en maður veit aldrei. Það getur verið að eitthvað hafi breyst á morgun eða í næsta mánuði eða eftir kosningar.

Ég held að þetta hafi mikið að segja hvað varðar tilfinningar fólks. Þegar Ríkisútvarpið er orðið að hlutafélagi verður miklu minna skref að skipta því upp eða selja einhvern hluta af því. Áður en við vitum vöknum við upp við vondan draum, búið er að selja Ríkisútvarpið alveg eins og frjálshyggjudrengirnir í Sjálfstæðisflokknum vilja.

[20:21]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg við 1. umr. um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. Við höfum hér í dag farið yfir frumvarpið og fram hafa komið mismunandi skoðanir á því hjá stjórn og stjórnarandstöðu hvort það skipti einhverju máli hvaða rekstrarform sé á Ríkisútvarpinu. Ég og Vinstri hreyfingin – grænt framboð teljum að það skipti máli hvaða rekstrarform er á Ríkisútvarpinu. Því höfum við lagt fram annað frumvarp til laga um breytingu á núverandi útvarpslögum um Ríkisútvarpið og viljum styrkja Ríkisútvarpið í því rekstrarformi sem það nú býr við. Við gerum okkur grein fyrir því að innan útvarpsins hefur verið togstreita og ákveðið skipulag þar hefur hugsanlega tafið framþróun í dagskrárgerð og möguleika útvarpsins á að þróast. Við leggjum því til að núverandi útvarpsráð verði lagt af en í stað þess verði lýðræðið innan stofnunarinnar eflt og komi dagskrárstjórn í þess stað.

Það er mjög mikilvægt að við eigum áfram öflugan almannamiðil, almannamiðil eins og Ríkisútvarpið er í dag, einn öflugasti fjölmiðill á Íslandi. Nú er verið að vinna að

því að móta lagaumhverfi um fjölmiðlun á Íslandi. Þar sem Ríkisútvarpið er hluti af þeirri heild teljum við óráðlegt að hreyfa við lögum um Ríkisútvarpið núna algjörlega án samhengis við þá umræðu sem er að fara í gang á þeim vettvangi. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum að Ríkisútvarpið verði hluti af þeirri heild. Í það minnsta viljum við — og það hlýtur að vera lágmarkskrafa — að ekki verði farið að breyta lögum um það fyrr en eftir að sú umræða hefur farið fram og settar hafa verið fram mótaðar skoðanir þannig að við getum séð hvernig Ríkisútvarpið fellur inn í þá mynd. Sem betur fer hefur náðst samkomulag og samstarf um að allir þingflokkar standi að þeirri vinnu. Við eigum eftir að sjá hvernig það kemur út.

Ég vara við þeim flumbrugangi að stíga þungt til jarðar á þessum tímapunkti. Við ættum að vinna að hugsanlegum breytingum á Ríkisútvarpinu samhliða því eða a.m.k. þegar við sjáum hvað kemur út úr fjölmiðlafrumvarpinu sem verið er að móta.

Núverandi ríkisstjórn með þátttöku Framsóknarflokksins — það er ekki hægt að hlífa honum í því máli — er haldin þeirri árátttu að hlutafélagavæða eða selja þær ríkisstofnanir sem hægt er. Það er hin ráðandi pólitíska sýn — horft er fram til þess rekstrarforms sem hlýtur að vera lokatakmarkið, þ.e. að einkavæða þessar stofnanir ríkisins. Þegar verið er að tala um að ekki sé um einkavæðingu að ræða heldur sé verið að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi í eigu ríkisins þá er það aðeins eitt skref á þeirri leið að einkavæða eða selja þessa mikilvægu stofnun okkar. Þannig hefur verið unnið og þetta er stefna ríkisstjórnarinnar, sú krafa er undirliggjandi og sú pólitíska skýra sýn er undirliggjandi. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum henni algjörlega ósammála og þess vegna erum við m.a. hér á þingi.

Það er líka mikilvægt að hafa þessa framtíðarsýn ljósa og reyna að sporna við. Það er líka mikilvægt að styrkja lýðræðislega stjórnunarhætti og sjálfstæði Ríkisútvarpsins, bæði fjárhagslega og pólitískt. Ég tel að pólitísk afskipti af Ríkisútvarpinu hafi oft og tíðum verið fullmikil og að útvarpsráð hafi með ýmsum hætti haft afskipti af innri málefnum Ríkisútvarpsins sem það hefði mátt láta vera. En ef frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. verður að veruleika verður sú stofnun miklu pólitískari en hún er í dag. Í stað þess að styrkja lýðræðislega stjórnunarhætti og koma fleirum að ábyrgð innan stofnunarinnar mun útvarpsstjóri, eins og aðrir forstjórar þeirra stofnana sem hafa verið hlutafélagavæddar, verða allsráðandi hvað varðar mannaráðningar og í raun allsráðandi varðandi rekstur stofnunarinnar. Sá útvarpsstjóri mun heyra beint undir ráðherra sem hefur það hlutverk bæði að ráða og reka. Pólitískir straumar gætu því orðið mun þyngri en nú er og pólitísk afskipti af innri málefnum stofnunarinnar miklu sterkari. Það kemur ekki beint fram í frumvarpinu en þannig er það.

Það sem hefur háð Ríkisútvarpinu er fjárhagsvandi stofnunarinnar. Það er ekki einsdæmi að sú stofnun hafi lið fyrir of naumt skömmtuð fjárframlög héðan frá hinu hv. Alþingi heldur á þetta við mjög margar ríkisstofnanir sem eru alveg að sligast undan þeim sparnaðarkröfum sem gerðar eru og án þess að nokkur breyting sé gerð á þjónustuhlutverki þessara stofnana. Mjög margar opinberar stofnanir eiga því í erfiðleikum með að uppfylla hlutverk sitt. Þetta er líka ein af þeim mörgu leiðum sem farnar eru til að brjóta hinn opinbera rekstur niður í það ástand að gerð er krafa um annaðhvort greiðsluþátttöku þeirra sem nota þjónustuna, þ.e. þjónustugjöld, skólagjöld eða sjúklingaskatta, það fer eftir því hvar þjónustan liggur, eða þá að dregið er úr þjónustunni og upp kemur sú krafa að stofnunin standi sig betur. Það sé þá ekkert annað að gera en að hlutafélagavæða hana, selja hana eða koma henni í annan rekstur. Það er því spurning um hvort ástandið í þjóðfélaginu, það spennuástand sem nú ríkir sem leiðir af sér aðhaldskröfur í opinberum rekstri, hvort það er hin raunverulega ástæða eða hvort hún er ekki tekin fegins hendi til að þjarma að opinberum stofnunum til að geta síðan með auðveldari hætti komið þeim úr beinum opinberum rekstri. Þetta sjáum við með Háskóla Íslands, hvernig samkeppnisstaða hans gagnvart Háskólanum í Reykjavík er orðin, hvað þetta misvægi er orðið mikið og krafan um að eitthvað þurfi að gera við Háskóla Íslands í staðinn fyrir að skoða hvernig gert er upp á milli þessara stofnana í rekstrarlegu tilliti.

Hér kom fram, hæstv. forseti, að ef við vildum ekki breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins væru þeir sem vildu halda núverandi rekstri að festast í fortíðinni. Ég tel að við sem viljum halda núverandi rekstrarformi séum að horfa til reynslu annarra þjóða og reynum að gera okkur grein fyrir því hvaða öfl liggja þarna að baki og reynum að horfa blákalt á þá staðreynd að þetta ferli sem byrjar núna með hlutafélagaforminu er bara spor í lengra ferli einkavæðingar núverandi ríkisstjórnar eða þeirra afla sem vilja að fjármagnið ráði frekar en ríkisreknar stofnanir og almannaheill. En það er ótvírætt að hlutverk Ríkisútvarpsins er margþætt og ég get fyrir mitt leyti tekið undir 3. gr. í II. kafla í frumvarpinu um útvarpsþjónustu í almannaþágu og þá þætti sem þar eru taldir upp. Þetta eru þættir sem eru erfiðir á samkeppnismarkaði og því getur Ríkisútvarpið, ef það á að standa undir nafni, ekki eða illa fallið að samkeppnismarkaði miðað við þá upptalningu sem hér er og við gerum kröfu til sem stofnunar.

Varðandi hlutverk útvarpsstjóra og þess hlutverks sem bíður hans að hafa þau völd að fara með ráðningarsamninga einn allra starfsmanna, þar með að semja um kaup og kjör því þá yrði stofnunin komin undan ákvæðum um opinbera kjarasamninga, þá hefur það gerst á undanförnum árum og kom berlega fram í úrskurði Kjaradóms varðandi laun og launahækkanir m.a. þingmanna sem verið var að afnema rétt fyrir helgi, að mikið launaskrið hefur orðið hjá opinberum stofnunum, ekki hjá lægst launaða fólkinu heldur hjá stjórnendum. Með því að hlutafélagavæða hverja ríkisstofnunina á fætur annarri og koma henni undan ákvæðum um laun og kjör opinberra starfsmanna og undir ákvörðun forstjóra til að semja um laun starfsmanna, þá hefur þessi þróun farið á flot. Ef Ríkisútvarpið bætist nú enn í þann hóp stofnana sem verða hlutafélagavæddar þá er þessi sama ríkisstjórn sem skildi ekkert í niðurstöðum og úrskurði Kjaradóms, hvernig hann gat orðið — það launaskrið sem er verða hjá stjórnendum í landinu stuðlar að því að viðhalda þessu launaskriði hjá stjórnendum stofnana í opinberum rekstri en undir því rekstrarformi sem býður upp á það. Ég held því að hæstv. ríkisstjórn ætti nú að skoða málið í þessu

samhengi líka, að það sem hún hneykslast á og reynir að kveða niður, ýtir hún svo undir með því að breyta rekstrarformi stofnunarinnar.

Við gerum miklar kröfur til Ríkisútvarpsins og það þarf sannarlega að efla innlenda dagskrárgerð. Efla þarf málskilning og verndun íslenskrar tungu í gegnum Ríkisútvarpið. Það hefur Ríkisútvarpið reynt að standa vörð um en hefur því miður orðið að skera niður dagskrárliðinn Íslenskt mál, sem var hér til nokkurra tugi ára ásamt fleiri þáttum sem hafa verið menningartengdir, fyrir utan mikinn hug og áhuga margra starfsmanna Ríkisútvarpsins að standa sig betur í þessum málum en hafa ekki haft tækifæri til vegna þess að ekki er fjármagn til.

Ég hef áhyggjur af Rás 2 ef frumvarpið verður að lögum þar sem Rás 2 gæti flokkast undir það að vera inni á samkeppnismarkaði. Rás 2 heldur úti léttari dagskrá en Rás 1. Ég tel einboðið að það verði með fyrri verkum þessa hugsanlega nýja útvarpsstjóra eða stofnunar að leggja niður Rás 2. Mér finnst það skína í gegn og ef maður horfir blákalt á að stofnunin eigi eingöngu að sinna því sem ekki truflar samkeppni við aðrar stöðvar.

Aðeins nokkur orð um tekjustofna Ríkisútvarpsins hf. eins og lagt er til í frumvarpinu. Lagt er til að þetta verði nefskattur. Ég óska eftir að hæstv. menntamálanefnd fari mjög vel yfir það. Ég tel þetta ósanngjarnan skatt og legg til að hæstv. menntamálanefnd fari vel yfir frumvarp Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs þar sem við leggjum til að þetta fylgi íbúðum og teljum að þar náum við miklu réttlátari skattheimtu en að hafa þennan hugsanlega nefskatt.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri. En mun fylgjast með framvindu málsins gegnum fulltrúa okkar í menntamálanefnd. Ég vona að menntamálanefnd taki sér góðan tíma til að fara yfir frumvarpið og fresti afgreiðslu málsins þar til nýtt frumvarp um fjölmiðla hefur litið dagsins ljós eða öllu frekar, taki þetta frumvarp inn í þá umræðu.

[20:40]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla að víkja nokkrum orðum að því frumvarpi sem hér er til umræðu og þeim atriðum sem fram hafa komið í umræðunni í dag. Ég ætla þó ekki að fara ofan í einstök ákvæði frumvarpsins eða gera grein fyrir því í heild sinni vegna þess að hæstv. menntamálaráðherra hefur gert það og útskýrt frumvarpið á skýran og greinargóðan hátt.

Fyrir það fyrsta vil ég segja að ég hygg að flestir þeir sem skoðun hafa á málinu séu sammála um að nauðsynlegt sé að breyta um rekstrarform á Ríkisútvarpinu. Það eru þó örfáir geirfuglar eftir sem halda vilja í núverandi ástand en mér sýnist þó, (Gripið fram í.) ég kem að því á eftir, að flestir séu nokkurn veginn sammála um að núverandi rekstrarfyrirkomulag gengur ekki. Ég leyfi mér í því sambandi að vísa til greinar sem birtist í Morgunblaðinu 19. janúar sl. sem skrifuð var af útvarpsstjóra, Páli Magnússyni.

Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Nú er rétt í þann mund að hefjast á Alþingi umræða um breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins á grundvelli frumvarps menntamálaráðherra þar að lútandi. Einhverjum kann í fljótu bragði að þykja sem þetta skipti ekki miklu máli, — formið sé aukaatriði en innihaldið aðalatriði. Ekkert er fjær lagi. Þvert á móti má færa fyrir því gild rök að óbreytt rekstrarfyrirkomulag beri í sér dauðann sjálfan fyrir þessa merku stofnun.“

Og síðar í greininni segir útvarpsstjórinn, með leyfi forseta:

„Núverandi rekstrarform kemur beinlínis í veg fyrir að Ríkisútvarpið verði rekið með skilvirkum og árangursríkum hætti.“ (**Gripið fram í:** Hvað kemur svo?)

Það er því ljóst að æðstu stjórnendur á Ríkisútvarpinu eru þeirrar skoðunar að verði haldið í núverandi rekstrarfyrirkomulag á Ríkisútvarpinu feli það í sér dauðann sjálfan fyrir Ríkisútvarpið. Ég hef tekið eftir því í umræðunni, m.a. frá hv. þm. Merði Árnasyni að Samfylkingin er hlynnt skipulagsbreytingum á Ríkisútvarpinu. Ég hef líka hoggið eftir því í umræðunni í dag að kallað hefur verið eftir samráði við hæstv. menntamálaráðherra og stjórnarflokkana í sambandi við þetta mál. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað hafa kvartað mjög yfir því að þeir hafi ekki verið hafðir með í ráðum við samningu þessa frumvarps. Þá er nú einn vandi uppi og ég ætla að útlista hann núna. En það er nefnilega þannig að það er afskaplega erfitt að hafa samráð við stjórnarandstöðuna, stjórnarandstöðu sem samanstendur af þremur flokkum sem talar hver í sína áttina. Ég kom hér upp í umræðunni til að byrja með og fór í andsvör við leiðtoga og talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna í þessu máli og spurði þá út í stefnu flokkanna varðandi Ríkisútvarpið. Hvað kom þar í ljós? Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður óbreytt ástand sem er reyndar sérstakt í ljósi þess að útvarpsstjórinn sjálfur hefur talið að óbreytt rekstrarfyrirkomulag beri í sér dauðann sjálfan fyrir þessa merku stofnun. Það er því dálítið sérstakt í sjálfu sér að mæla samt sem áður fyrir því fyrirkomulagi. Engu að síður kom það fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar að þetta væri stefna Vinstri grænna og undir það sjónarmið tók hv. þm. Þuríður Backman áðan.

Frjálslyndi flokkurinn hefur stefnu sem er í sjálfu sér held ég skynsamlegasta stefnan af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson opnaði alveg fyrir það hér í umræðunni að það væri kannski skynsamlegt að taka upp hlutafélagaformið. Hann vildi bara heyra nánari og sterkari rök fyrir því rekstrarfyrirkomulagi. Að öðru leyti fer stefna Frjálslynda flokksins algjörlega á skjön við stefnu VG í þessu máli.

Síðan er það Samfylkingin. Hv. þingmaður, leiðtogi og talsmaður Samfylkingarinnar í málefnum Ríkisútvarpsins, Mörður Árnason, upplýsti okkur um það í upphafi umræðunnar að Samfylkingin væri þeirrar skoðunar að breyta ætti Ríkisútvarpinu í sjálfseignarstofnun. Reyndar kom fram í umræðunni síðar að varaformaður og formaður Samfylkingarinnar höfðu lýst því yfir í fjölmiðlum um síðustu helgi að rekstrarfyrirkomulagið sé kannski ekkert sáluhjálparatriði, þau séu hugsanlega tilbúin til þess að opna augun fyrir hlutafélagaforminu að tilteknum ákveðnum skilyrðum. Maður veit því ekki alveg hvar Samfylkingin stendur í þessu.

Þegar maður ber saman stefnu stjórnarandstöðuflokk-

anna þá liggur það fyrir að stjórnarandstaðan er klofin í afstöðu sinni til þess með hvaða hætti á að reka Ríkisútvarpið. Það sem meira er, segja má að Samfylkingin ein og sér sé í rauninni líka klofin í afstöðu sinni til málsins, en hún verður að eiga það við sig. Hvað sem því líður er dálítið erfitt að eiga samráð við stjórnarandstöðu sem tekur afstöðu eins og þessa til svona mikilvægs máls, getur ekki komið fram undir einni stefnu og getur ekki komið sér saman um hver stefna flokkanna er til málsins. Ekki er líklegt að slíkt samráð skili miklum árangri þrátt fyrir að við í meiri hlutanum séum og höfum alltaf verið reiðubúin til þess að hafa samráð við stjórnarandstöðuna. Hins vegar hafa þau skilyrði sem stjórnarandstaðan hefur sett í málinu verið þannig að hún hefur krafist þess að á allar hennar kröfur verði fallist þegar kemur að Ríkisútvarpinu. Það hefur ekki verið gefið mikið svigrúm til málamiðlana í þessu sambandi. Þetta er nú svona. En ég ætla, til að flækja ekki umræðuna, að halda mig við það að Samfylkingin hafi þó þá stefnu að breyta beri Ríkisútvarpinu í sjálfseignarstofnun og ætla að koma að því á eftir.

Í umræðunni hefur verið vikið að sjónarmiðum mínum og stefnu minni gagnvart ríkisvaldinu og fjölmiðlum. Það hafa m.a. hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson og Hlynur Hallsson gert. Og af því að ég veit að sumir þingmenn munu væntanlega spyrja mig út í mín fyrri orð varðandi ríkisvaldið og rekstur fjölmiðla ætla ég að stela af þeim glæpnum og fara aðeins yfir það.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar og er það enn að ríkið eigi ekki að reka fjölmiðil, það er skoðun mín á málinu og hún er ekki ný. Ég hef talað fyrir þeirri skoðun minni á Alþingi og reyndar í opinberri umræðu og verið flutningsmaður að frumvörpum sem mæla fyrir um einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Þetta er ekkert leyndarmál og ég hef margoft verið spurður um þetta og stend við þá skoðun mína. Hins vegar hefur ekki verið pólitískur vilji innan Alþingis, hvorki meðal stjórnarflokkanna né annarra flokka á þingi eða í þjóðfélaginu fyrir því að einkavæða Ríkisútvarpið. Við skulum bara horfast í augu við það og gefa okkur þá staðreynd sem ég held að allir séu sammála um að meiri hluti þjóðarinnar vill halda í Ríkisútvarpið og að það verði áfram við lýði.

Að því gefnu að svo sé, að því gefnu að ríkið reki ríkisfjölmiðil hlýt ég að gera þá kröfu að rekstur hans sé í skynsamlegu formi og sé af einhverju viti, að Ríkisútvarpið sé rekið á skilvirkan og árangursríkan hátt. Ég verð að segja að þannig hefur það nú ekki verið upp á síðkastið. Við höfum horft á Ríkisútvarpið rekið með tapi ár eftir ár og ég bendi á grein Páls Magnússonar útvarpsstjóra um það að nauðsynlegt er að gera breytingar. Þá er spurningin: Hvaða breytingar eigum við að gera?

Farið hefur verið yfir meðferð þessa máls nokkuð ítarlega og rifjað upp að hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnin lagði fram frumvarp í fyrra um að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag. Við höfum fengið ábendingar eftir að það frumvarp kom fram frá Eftirlitsstofnun EFTA þar sem gerðar eru athugasemdir um að slíkt rekstrarfyrirkomulag brjóti gegn ákvæðum EES-samningsins um ríkisstyrki. Vegna þess að í sameignarfélagsforminu felst að hin ótakmarkaða ríkisábyrgð brjóti þessi ákvæði EES-samningsins. Það þurfti náttúrlega að taka afstöðu til þeirra athugasemda og ég hygg að það hafi hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnin gert með skynsamlegum hætti og völdu þann möguleika sem í stöðunni var sem skynsamlegastur er, þ.e. að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Með þeirri breytingu er fallið frá hinni ótakmörkuðu ábyrgð á skuldbindingum Ríkisútvarpsins sem hefðu að öðru leyti gert það að verkum t.d. að Ríkisútvarpið gæti aldrei orðið gjaldþrota eins og getið er um í bráðabirgðaniðurstöðu ESA. En í sjálfu sér hefðu líka verið aðrar leiðir í stöðunni, það má alveg halda því fram. Hv. þm. Mörður Árnason hefur bent á að sjálfseignarstofnunarformið hefði getað komið til greina.

Að mínu mati er það sjónarmið, og ég hef sagt það, að breyta Ríkisútvarpinu í sjálfseignarstofnun, en ég er bara ósammála þeirri skoðun, ég er ósammála þeim hugmyndum, ég held að þær séu óskynsamlegar. Af hverju segi ég það? Ég hef varpað hér fram spurningum um hvers vegna menn telja sjálfseignarstofnunarformið skynsamlegra en hlutafélagaformið en ég hef ekki fengið nein svör við því. Samfylkingunni hefur gjörsamlega mistekist að benda á hvers vegna sjálfseignarstofnunarformið er skynsamlegra en hlutafélagaformið. Ég hef líka bent á að það hlýtur að vera einhver ástæða fyrir því þegar menn fara út í atvinnurekstur eða hafa breytt ríkisfyrirtækjum, hvort sem það er á Íslandi eða svo ég taki sem dæmi sænska ríkisútvarpið, finnska ríkisútvarpið eða það norska, að menn hafa valið hlutafélagaleiðina. Af hverju skyldi það vera að menn stofna hlutafélög eða einkahlutafélög utan um allan rekstur en sjálfseignarstofnanir spretta ekki upp á hverju horni? Af hverju skyldi það vera? Það er náttúrlega vegna þess að hlutafélagaformið er miklu heppilegra rekstrarform og það hefur gefist miklu betur í fyrirtækjarekstri en sjálfseignarstofnunarformið, það er alveg ljóst. Meira að segja Háskólinn í Reykjavík — sem hv. þm. Mörður Árnason benti á í útvarpsfréttum RÚV máli sínu til stuðnings um helgina sem dæmi um sjálfseignarstofnun — var sjálfseignarstofnun en hefur nú verið breytt í hlutafélag. Það er vegna þess að stjórnendur Háskólans í Reykjavík mátu það þannig og upplýstu menntamálanefnd um það þegar við vorum að ræða hér um sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands fyrir nokkrum mánuðum, að hlutafélagaformið væri einfaldlega hentugasta rekstrarformið fyrir fyrirtæki sem þessi. Það sama á náttúrlega við um Ríkisútvarpið.

Ég hlýt að kalla eftir því frá þeim sem telja að sjálfseignarstofnunarformið sé skynsamlegra en hlutafélagaformið, ég hlýt að kalla eftir röksemdum fyrir þeim sjónarmiðum sínum. Getur það verið að þeir sem tala fyrir sjálfseignarstofnunarforminu telji að lagaumgjörð eða löggjöf um sjálfseignarstofnanir séu t.d. fullkomnari en löggjöf um hlutafélög? Ég veit það ekki, en ég held að flestir lögfræðingar og þeir sem koma að rekstri fyrirtækja séu sammála um að hlutafélagalöggjöfin er miklu vandaðri, ítarlegri og skynsamlegri en sjálfseignarstofnunarlöggjöfin. Við vitum líka að dómstólar hafa held ég túlkað hvert einasta ákvæði, nánast hvern einasta stafkrók í hlutafélagalögunum, en það sama má ekki segja um sjálfseignarstofnanir, síður en svo. Ákvæði hlutafélagalaga eru líka miklu einfaldari og skýrari en ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir. Þar er kveðið

skýrt á um réttindi og skyldur þeirra sem reka slíkar stofnanir, þar er kveðið mjög afgerandi á um stjórnir slíkra félaga, framkvæmdastjórn, hluthafafundi, réttindi hluthafa, skaðabótarétt og refsiábyrgð þeirra sem starfa innan hlutafélagsins.

Ég bendi enn og aftur á að það hlýtur að vera ástæða fyrir því, hv. þm. Ögmundur Jónasson, að menn hafa í stórum stíl og stórkostlegum stíl valið hlutafélagaformið umfram sjálfseignarstofnunarformið og ekki bara á Íslandi heldur líka í löndunum í kringum okkur. (Gripið fram í.) Þess vegna kalla ég eftir því að þeir sem mæla fyrir því að Ríkisútvarpið verði gert að sjálfseignarstofnun rökstyðji almennilega hvers vegna þeir telja það félagaform heppilegra í rekstri sem þessum en hlutafélagaformið.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu miklu lengri. Ég tel og er ekki í nokkrum vafa um að vilji menn á annað borð breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins, sem ég veit að Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill ekki gera en flestir aðrir hygg ég sem skoðun hafa á málinu vilja gera og þar á meðal yfirstjórn Ríkisútvarpsins, þá sé það langheillavænlegast fyrir alla sem að þessu máli koma að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag. Á því félagaformi hefur reynslan verið best. Það mun gera það að verkum að rekstri þess fyrirtækis verður væntanlega komið á einhverjar skynsamlegar nótur, hægt verði að hagræða í rekstri innan fyrirtækisins. Ég held einnig að með frumvarpinu sé verið, og það hefur verið svona eitur í mínum beinum, að slíta hin pólitísku áhrif stjórnmálaflokkanna í umræddri stofnun eða í þessu fyrirtæki frá því sem nú er.

Frú forseti. Ég held að ég láti þetta duga um málið.

[20:59]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það skorti ekkert á dramatíkina í ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Ég man ekki hvað hann sagði oft að sjálfur dauðinn væri vís ef Ríkisútvarpið mundi ekki skipta um rekstrarform. Mig langar til að spyrja hv. þingmann: Trúir hann því virkilega sjálfur að Ríkisútvarpið mundi deyja á morgun ef það verður ekki háeffað í hvelli?

Þingmaðurinn upplýsti okkur líka um prívatskoðanir sínar á Ríkisútvarpinu, það var mikið leyndarmál. Hann er sem sagt á þeirri skoðun enn og aftur að að selja eigi Ríkisútvarpið. En hann er búinn að átta sig á því að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar og sem betur fer meiri hluti þingmanna vill ekki selja Ríkisútvarpið en þá tekur hann næstskásta kostinn og vill að það verði hlutafélagavætt. Rökin eru þau að það sé svo miklu hagkvæmara rekstrarform og nefnir sem dæmi að Ríkisútvarpið hafi verið rekið margsinnis með halla.

Mig langar því að spyrja hv. þingmann: Gerir hann sér ekki grein fyrir því að Ríkisútvarpið hefur verið í fjársvelti og hefur ekki hlotið fjárframlög í samræmi við verðlagsþróun? Þetta er auðvitað grundvallarmálið. Við þurfum að auka fjármagnið til Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið er ágætlega rekið.

Ég efast um að dauðinn sjálfur sé vís jafnvel þó að við höldum Ríkisútvarpinu ríkisútvarpi. Ég vil einnig benda þingmanninum á að þó að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum halda þessu rekstrarformi erum við einmitt með tillögur, frumvarp til laga um breytingar á starfsemi Ríkisútvarpsins. Gott að lesa það.

[21:01]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að hrósa hv. þingmanni fyrir að stíga hér upp í pontu með bindi í þetta skipti. Miklar framfarir af hans hálfu. (Gripið fram í.) En ég ætla nú að víkja að þeim spurningum sem hann varpaði að mér. Hv. þingmaður (Gripið fram í.) sakaði mig um að vera sérstaklega dramatískur vegna þess að ég talaði um dauðann í minni ræðu. Ég var nú bara að vísa í það sem útvarpsstjóri hefur skrifað um þetta mál, það var hann sem sagði að óbreytt rekstrarfyrirkomulag beri í sér dauðann sjálfan fyrir þessa merku stofnun. Ég var nú bara að vísa það sem útvarpsstjórinn segir um þá leið sem flokkur hv. þingmanns leggur til að farin verði varðandi rekstur Ríkisútvarpsins.

Ég vék að mínum prívatskoðunum, það er alveg rétt. Ég veit ekki betur en að hv. þingmaður hafi nú vikið að þeim hér í andsvari áðan við hv. þm. Hjálmar Árnason þannig að mér fannst rétt að sýna honum þá virðingu, hv. þingmanni, að reifa mínar prívatskoðanir til málsins. Ég hygg að ég hafi skýrt út skoðanir mínar varðandi ríkisvaldið og fjölmiðlarekstur. En ég verð að mótmæla því sem kom hér fram í máli hv. þingmanns um að Ríkisútvarpið hefði verið í fjársvelti. Hann spurði hvort ég vissi ekki af því. Ég verð að segja að fjölmiðill sem starfar á samkeppnismarkaði sem fær 2,3 milljarða í forskot umfram aðra fjölmiðla á þeim markaði í formi afnotagjalda sem að njóta lögveðs í öllum sjónvarpstækjum landsmanna, slíkur fjölmiðill er ekki fjársveltur. Þar fyrir utan aflar hann sér, held ég, 730 millj. kr. í formi auglýsingatekna og 92 millj. kr. í formi kostunar. (Forseti hringir.) Þetta er ekkert fjársvelti og komist fjölmiðillinn ekki af með þetta (Forseti hringir.) verður hann náttúrlega að sníða sér stakk eftir vexti.

[21:04]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit alveg að hv. þingmaður var að vitna í orð Páls Magnússonar. Hann endurtók það að minnsta kosti þrisvar sinnum í ræðu sinni. En hv. þingmaður svaraði hins vegar ekki spurningu minni. Spurningin var einföld. Trúir hv. þingmaður því að Ríkisútvarpið muni gefa upp öndina ef ekki verður breytt um rekstrarform? Ég þakka auðvitað hv. þingmanni fyrir að segja okkur sínar prívatskoðanir. Ég var alls ekkert að gera lítið úr því. Bara fínt að það komi fram að hann sé enn þá við sama heygarðshornið í því að vilja selja Ríkisútvarpið. Mér finnst nú samt að það gæti ákveðinnar vanþekkingar hjá hv. þingmanni að segja að Ríkisútvarpið sé með eitthvert forskot af því það fái pening með (Forseti hringir.) afnotagjöldum. Skyldur Ríkisútvarpsins eru nefnilega mjög miklar (Forseti hringir.) og það þarf að uppfylla þær.

(**Forseti** (JóhS): Ég vil biðja hv. þingmenn að virða ræðutíma.)

[21:05]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við þurfum ekkert að vera að

ríkast um hvort Ríkisútvarpið njóti forskots gagnvart öðrum fjölmiðlum sem starfa á fjölmiðlamarkaði. Ég held að það sé alveg augljóst að þegar eitt fyrirtæki nýtur lögbundinna afnotagjalda sem eru tryggð með lögveði í öllum viðtækjum landsmanna hljóti það fyrirtæki að hafa ákveðið forskot á aðra sem starfa á þessum markaði. Við erum að tala um 2,3 milljarða sem þessu fyrirtæki eru tryggðir með núverandi kerfi. Varðandi það hvort ég telji að Ríkisútvarpið muni gefa upp öndina verði það ekki gert að hlutafélagi þá held ég að það mundi ekki gerast einn, tveir og þrír. Ég held að hlutafélagaformið við rekstur þessa fjölmiðils sé langskynsamlegast og miklu skynsamara en það fyrirkomulag sem hv. þingmaður talar fyrir vegna (Forseti hringir.) þess að það hefur leitt af sér margra ára taprekstur, því miður.

[21:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst ein lítil leiðrétting. Það er misskilningur hjá hv. þm. Sigurði Kára að Vinstri hreyfingin – grænt framboð vilji ekki gera breytingar á stjórnsýslu Ríkisútvarpsins. Við höfum sett fram tillögur í frumvarpsformi þar að lútandi um breytta stjórnsýslu sem gerir hana markvissari og í senn lýðræðislegri. Við erum einnig með tillögur um breytta fjármögnun Ríkisútvarpsins svo annað dæmi sé tekið. Hlutafélög geta verið ágæt í sínu rétta umhverfi. Hvers vegna? Einkum af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi gerir hlutafélagaformið það auðvelt að færa eignarhluti til. Í stað þess að eigendur þurfi að selja fyrirtæki á markaði í einum bita opnar hlutafélagaform inn á meiri möguleika á tilfærslu á eignum. Í annan stað getur hlutafélagaformið verið gott ef opna á fyrir aðhald frá hluthöfum, aðhald á markaði. Hvers vegna? Jú, að þeir sem eigi fyrirtækið geti þar reist kröfur á hluthafafundum og með eftirliti um að jafnvel verði unnið að því að tryggja þeim hámarksarð af þeirra eign. Þetta eru kostirnir við hlutafélagaformið. Hins vegar er það óskiljanlegt að búa til hlutafélag þar sem hluturinn er einn og þeir kostir sem liggja að baki hlutafélagshugsuninni eru ekki fyrir hendi. Ég skil þá mætavel sem vilja gera, hvort sem er þessa stofnun eða aðrar, að hlutafélagi til að selja þær eða færa þær út á markaðinn. Það er skiljanlegt. Þetta er hins vegar fullkomlega óskiljanlegt vegna þess að þetta nýtir ekki þá kosti sem hlutafélagaformið býður upp á.

[21:08]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ósköp vel að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram tillögur um ýmsar breytingar á Ríkisútvarpinu. En ég get ekki séð að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi lagt til breytingar á því rekstrarformi sem Ríkisútvarpið er rekið í. Það kom beinlínis fram í ræðu hv. þm. Þuríðar Backman að svo væri ekki. Að Vinstri hreyfingin – grænt framboð legði til óbreytt rekstrarform. Hlutafélagaforminu fylgja ýmsir aðrir kostir en það sem varðar tilfærslu á eignum. Við vitum það líka að hlutafélagaformið getur hentað mjög vel í rekstri þar sem hluthafinn er einn. Hefur það t.d. verið talið sérstaklega óheppilegt fyrir Íslandspóst að hafa þar einn hluthafa? Eða Flugstöð Leifs Eiríkssonar? Ég hygg að ríkið sé eini hluthafinn þar. Aðalatriðið er að með því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi er verið að einfalda mjög rekstur þess og yfirstjórn. Þá mun yfirstjórn Ríkisútvarpsins fara eftir því sem segir í hlutafélagalögum sem gríðarleg reynsla er komin á og við þekkjum og atvinnulífið þekkir og allir þeir sem þar hafa starfað. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og miklu betur en sjálfseignarstofnunarformið mundi gera. Ég hygg að ef Ríkisútvarpinu yrði breytt í sjálfseignarstofnun þyrfti að setja sérlög um Ríkisútvarpið og (Forseti hringir.) starfsemi þess sem sjálfseignarstofnunar.

[21:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá er sjálfsagt að íhuga hvernig þau sérlög yrðu. Sjálfsagt að íhuga þann kost. Ég held að það hafi ekki verið skynsamlegt að gera Flugstöð Leifs Eiríkssonar að hlutafélagi. Ég hefði haldið að sannir markaðssinnar, sannir samkeppnissinnar, frjálshyggjumenn, hefðu valið aðra hugsun, haft skelina, skurnina í eigu ríkisins og þá einkavætt innvolsið ef menn á annað borð eru á þeim buxunum. Ég held að þetta hafi ekki verið hyggilegt. Ég held nefnilega að menn séu að fara út á þessa braut að vanhugsuðu máli í allt of mörgum tilvikum. Því miður held ég að það sé að gerast. Ég held að það hafi heldur ekki verið hyggilegt varðandi Íslandspóst. Það er alveg rétt að við erum ekki að leggja til að rekstrarforminu verði breytt í þeim skilningi að stofnunin verði ekki opinber stofnun, við erum á því máli. En við gerum hins (Forseti hringir.) vegar tillögur um grundvallarbreytingar á starfseminni til að ná þeim markmiðum sem við eigum öll í sameiningu að vera að ræða í stað (Forseti hringir.) þess að gera formið að trúaratriði eins og ríkisstjórnin gerir.

[21:12]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef einhverjir eru sannkristnir eða sanntrúaðir varðandi formsatriði þá held ég að það sé Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Það virðist vera af trúarástæðum sem sá ágæti stjórnmálaflokkur treystir sér ekki að styðja að ríkisstofnunum sé breytt í hlutafélag (Gripið fram í.) en ekki af einhverjum rökréttum ástæðum. Nei, hv. þingmaður, ég get ekki séð að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi fram til þessa náð að færa fram frambærileg rök gegn hlutafélagaforminu, hvorki hvað varðar þetta atriði og þetta frumvarp eða Flugstöð Leifs Eiríkssonar eða hvað það er. Hlutafélög hafa fram til þessa verið skammaryrði í munni hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þið hafið nánast af trúarástæðum, (Forseti hringir.) hv. þingmenn, verið á móti þessu félagaformi og óttast að það leiði til endalausrar einkavæðingar, sem er rangt.

(**Forseti** (JóhS): Forseti áminnir þingmenn enn einu sinni að virða ræðutímann.)

[21:13]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég ætla ekki að fara í þessa „jú víst, jú víst"-umræðu um hlutafélög og önnur rekstrarform að sinni. Á hér eftir eina ræðu með skertum tíma og kann að

nota hana að einhverju leyti til þess. Verð þó að segja í tilefni af fyrsta andsvarinu hér áðan að það er auðvitað út í hött að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson tali um hallann eins og hann sé tilkominn af vondum rekstri á Ríkisútvarpinu. Það getur vel verið að það sé ekki góður rekstur á Ríkisútvarpinu. En hallann, hann ákveður hv. þm. Sigurður Kári Kristánsson hér sjálfur með því að samþykkja fjárlögin því hann er tiltekinn í fjárlögunum hverju sinni. Hv. þingmaður getur skoðað það aftur í tímann. Það stendur: Hallinn skal vera þessi og hallinn skal vera þessi og rekstrarniðurstaðan skal vera þessi. Því er stjórnað að forminu til hér á Alþingi. Því er stjórnað með atkvæði Sigurðar Kára Kristjánssonar hver hallinn er á Ríkisútvarpinu. Þannig er nú það, eins heimskulegt og það er. Mig langaði að spyrja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson úr því að hann er tekinn hér upp á gömlum sið — sjaldan bregður mær vana sínum, eins og sagt var í ævintýrinu — að lesa upp úr greinum. Hann hefur mikið lesið upp úr grein eftir Pál Magnússon. En aldrei endinn á þeirri grein sem er svona, með leyfi forseta:

„Utan við efni frumvarpsins — en engu að síður óaðskiljanlegur hluti af formbreytingu Ríkisútvarpsins — er lausn á fjárhagsvanda þess. Stofnunin hefur verið rekin með miklu tapi mörg undanfarin ár og er nú svo komið að allt eigið fé hennar er uppurið og eiginfjárstaðan orðin neikvæð. Við eðlilegar aðstæður ætti eiginfjárhlutfallið að vera 20–40%. Til samanburðar má geta þess að eiginfjárhlutfall NRK“ — norska ríkisútvarpsins — „er um 50%. Það verður að treysta því að ríkisstjórn og Alþingi búi þannig um hnútana við formbreytinguna að hinu nýja félagi verði kleift að sinna þeim skyldum og gegna því mikilvæga hlutverki sem því er ætlað.“ Og spurningin er: Hvað hefur menntamálaráðherra hæstv., ríkisstjórnin hæstv. og Sigurður Kári Kristjánsson hv. þm. gert til þess að þetta gangi upp?

[21:16]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem ríkisstjórnin og hæstv. menntamálaráðherra og ég mun þá væntanlega í framhaldinu stuðla að til þess að því markmiði sem hv. þingmaður lýsti og las upp úr ræðu útvarpsstjóra er akkúrat þetta frumvarp, að koma félaginu í eitthvert rekstrarumhverfi sem gengur þannig að hægt sé að reka þetta fyrirtæki skynsamlega. Ég held að við hv. þm. Mörður Árnason séum sammála um að nauðsynlegt sé að gera þarna skipulagsbreytingar. Yfirstjórn Ríkisútvarpsins er allt of víðfeðm og kostnaðarsöm og það er ástæða til þess að gera þær breytingar sem munu leiða til þess að reksturinn verði skynsamlegri og hagkvæmari.

Ég hygg að greinarhöfundurinn muni koma að máli við hv. menntamálanefnd og þar förum við yfir þessi mál. Ég er svo sem ekki með einhver konkret svör við því hvernig eigi að leysa úr þeim vanda sem hv. þingmaður er nú að reyna að klína á mig og stjórnarmeirihlutann. Gott og vel, hann getur gert það. En auðvitað munum við fara yfir þessi atriði. Þetta er ágætisábending og það verður tekið tillit til hennar.

[21:17]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Það er bara þannig, forseti, að menn sem vitna í greinar verða að vitna í allar greinarnar og vera reiðubúnir að svara út úr í þeim biblíutexta sem þeir vitna í. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur ekki nokkra einustu lausn á því sem Páll Magnússon hefur beðið um í hverri einustu grein sem hann hefur skrifað nú í þrjá eða fjóra mánuði. Hann byrjar þær með því að segja að hann vilji formbreytinguna og síðan segir hann: En formbreytingin er lítils virði ef það á að skilja mig eftir með það tapfyrirtæki sem ég hef hér í höndunum.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki svarað þessu einu orði. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, ekki heldur. Hann segir: Já, ég ætla að diskútera það við greinarhöfundinn í menntamálanefnd. Það er bara ekki nægt svar. Það sem gerist hér og hefur verið bent á og hefur ekki verið svarað enn og ekki hrakið, er að Ríkisútvarpið verður að Ríkisútvarpi hf. ef menn ná fram þessum vilja sínum þannig að lánardrottnar þess geta í raun og veru — það er auðvitað teória en hún getur orðið praxís — gengið að Ríkisútvarpinu hf. á fyrsta degi og gert það gjaldþrota. Þannig er það.

Meira að segja hv. þm. Hjálmar Árnason talsmaður Framsóknarflokksins hér í umræðunni hélt að það væru 5 milljarðar sem menntamálaráðherrann væri að koma með. Það reyndust vera fimm aurar.

[21:19]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. á þskj. 517. Það er mál 401. Það hafa verið afar frjóar og góðar umræður um þetta mál í dag og munu þær án ef halda áfram. Gríðarlega mikið af góðum athugasemdum hafa komið frá stjórnarandstöðunni við þetta mál sem hæstv. menntamálaráðherra lagði hér fram.

Við vitum það öll og erum sammála um það að mikilvægt er að breyta lögum um Ríkisútvarpið og um það hefur verið þó nokkur sátt og lengi verið eftir því kallað til þess að Ríkisútvarpið eigi hægar um vik að starfa í því fjölmiðlaumhverfi sem við búum við í dag. Fjölmiðlaumhverfið hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum og því mikilvægt að skoða Ríkisútvarpið, stöðu þess og hlutverk í því samhengi. Því hefði verið skynsamlegast og best að taka umræðuna um RÚV samhliða umræðunni um ný fjölmiðlalög. Það hefur farið fram mjög djúp og mikil umræða, þverpólitísk, í svokallaðri fjölmiðlanefnd um ástandið á fjölmiðlamarkaðnum. Því hefur maður undrast hvers vegna Ríkisútvarpið og málefni þess og hlutverk og framtíð hafi ekki verið rædd í því samhengi.

Virðulegi forseti. Um frumvarpið sem hér liggur fyrir verð ég að segja að það veldur gríðarlegum vonbrigðum. Margt í því veldur því að maður verður fyrir vonbrigðum eftir allan þann tíma sem vinna við þetta mál hefur tekið. Ég vil tæpa hér á nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi veldur mestum vonbrigðum að hinum beinu pólitísku áhrifum á stjórn Ríkisútvarpsins sem hafa tíðkast hingað til er gefið framhaldslíf. Þessum pólitísku áhrifum er gefið framhaldslíf í frumvarpinu. Við vitum að á undanförnum árum hefur

skipan útvarpsráðs og samsetning þess verið gagnrýnd harðlega og hef ég og fleiri tekið undir þá gagnrýni. Þess vegna veldur það gríðarlegum vonbrigðum að sjá það hér að stjórn hins nýja hlutafélags, Ríkisútvarpsins hf., eigi að vera fimm manna stjórn hlutfallskosin frá Alþingi. Þetta þýðir í raun að þarna er bara verið að fækka í gamla útvarpsráðinu, þ.e. það er verið að fækka þar niður í fimm, en samsetningin hlutfallslega verður sú sama, þ.e. þrír frá meiri hluta og tveir frá minni hluta.

Annað í þessu samhengi um framhaldslíf hinna pólitísku áhrifa ríkisstjórnarmeirihluta á Alþingi og sitjandi menntamálaráðherra hverju sinni er staða útvarpsstjórans í þessu frumvarpi, þ.e. að útvarpsstjóri búi við það í sínum störfum að vera ráðinn og rekinn af stjórn Ríkisútvarpsins. Mér finnst, virðulegi forseti, það mjög sérkennileg niðurstaða hæstv. menntamálaráðherra að setja útvarpsstjórann í þessa stöðu og í rauninni hamla starfsfrelsi og möguleikum útvarpsstjóra hverju sinni til þess að innleiða nýja strauma og stefnur og að vera laus við hugsanleg pólitísk afskipti, af því að auðvitað er settur klafi á menn í störfum þeirra með þessu fyrirkomulagi.

Ég tel eðlilegra að fara þá leið sem hv. þm. Mörður Árnason kynnti hér í dag, þ.e. að stjórnin yrði hugsanlega frekar sjö manna og þá yrði bætt inn ís hana við þessa fimm sem nú er gert ráð fyrir tveimur frá starfsmönnum. Þetta tel ég að gæti orðið lýðræðislegra. Þá yrði menntamálaráðherra og þingmeirihluti hans hér ekki með hreinan meiri hluta í stjórn Ríkisútvarpsins. Ég tel að þetta væri lýðræðislegri leið í starfsemi útvarpsins og að þarna gæti orðið raunverulegs samræða og miklu frjórri umræða en ella um útvarpið sjálft í stað þess ef menn koma beinlínis með skipanir úr ráðuneytinu inn í þessa stjórn.

Til þess að útvarpsstjóri sæti á friðarstóli, hefði frið fyrir afskiptum ráðherra og þingmeirihluta hverju sinni teldi ég það mjög álitlegan kost ef útvarpsstjóri væri skipaður til fimm ára eins og þjóðleikhússtjóri. Þá hefði hann þessi fimm ár til þess að sinna sínu starfi, setja mark sitt á það og hefði ákveðið frelsi.

Ég tel að framkvæmdarvaldið hafi allt of mikil áhrif í þessu frumvarpi miðað við það sem ég hef sagt hér og það veldur mér verulegum áhyggjum, virðulegi forseti, því að markmiðið með jafnróttækum breytingum á lögum um Ríkisútvarpið og hér eiga að verða, á auðvitað að vera að skapa sátt um útvarpið og eyða tortryggni sem hefur skapast á undanförnum árum, tortryggni um pólitísk afskipti af Ríkisútvarpinu. Þessari tortryggni er alls ekki eytt hér vegna þeirrar stöðu sem útvarpsstjóra er sköpuð í frumvarpinu. Ég tel þetta ekki sanngjarnt gagnvart útvarpsstjórum framtíðarinnar. Þeir þurfa að geta unnið sína vinnu í friði fyrir afskiptum þingmeirihluta hverju sinni og ráðherra hverju sinni. Ég tel þetta mikilvægt lýðræðinu og tel að um Ríkisútvarpið eigi að ríkja friður, um starfsemi þess, og að það eigi að vera laust við alla tortryggni. Mér þætti afar vænt um að heyra viðhorf ráðherra til þessara tveggja hugmynda, þ.e. að við bættust tveir fulltrúar starfsmanna í þá stjórn sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og síðan og kannski ekki síst að útvarpsstjóri yrði skipaður í ákveðinn árafjölda, t.d. fimm ár eins og þjóðleikhússtjóri.

Virðulegi forseti. Aðeins um rekstrarformið. Hér er verið að leggja til mjög róttækar breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Það er verið að háeffa Ríkisútvarpið. Ég verð að segja, frú forseti, að ég hef ekki fundið rök fyrir því, hvorki í greinargerð né í ræðu menntamálaráðherra eða annarra sem hér hafa talað af hálfu þingmeirihluta, hvers vegna sjálfseignarstofnun hefur verið hér slegin út af borðinu. Ég tel líka að framsóknarmenn sem létu hvað hæst gegn hlutafélagavæðingu RÚV í fyrra, eða fyrir nokkrum mánuðum síðan, þurfi að svara því skýrar hvers vegna hlutafélagaformið var tekið fram yfir sjálfseignarformið. Sjálfseignarformið hefur gefist mjög vel þar sem það hefur verið nýtt til almannaþjónustu, þjónustu sem ekki er rekin í hagnaðarskyni. Við höfum mýmörg glæsileg dæmi um þess konar stofnanir í samfélagi okkar, t.d. á sviði mennta og líka heilbrigðismála eins og hefur verið rakið hér ágætlega fyrr í dag. Vil ég í þessu sambandi t.d. nefna Viðskiptaháskólann á Bifröst sem er mjög gott dæmi um velheppnaða sjálfseignarstofnun þar sem reksturinn er sjálfstæður og frelsi innan stofnunar er mikið til rekstursins þannig að sveigjanleiki er töluverður.

Virðulegi forseti. Einhver sagði hér fyrr í dag að það væru trúarbrögð hjá Sjálfstæðisflokknum að háeffa Ríkisútvarpið og að nú hafi Framsóknarflokkurinn tekið þá trú. Ég get tekið að mörgu leyti undir þetta. Svona lítur þetta út vegna þess að rökin fyrir háeffun umfram sjálfseignarstofnunarformið sem við þekkjum og hefur nýst vel í okkar samfélagi eru ekki beint að þvælast fyrir manni, hvorki hér í umræðunni né heldur í greinargerð með frumvarpinu.

Frú forseti. Það er mín skoðun að við eigum að reka hér öflugt almannaútvarp og öflugt Ríkisútvarp til framtíðar. Ég verð að nefna það hér að þó svo að það standi í frumvarpinu að bannað sé að selja Ríkisútvarpið tel ég að öryggi Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps yrði betur tryggt og að það verði áfram í ríkiseigu, ef t.d. væri sett ákvæði inn í frumvarpið um að það þyrfti aukinn meiri hluta til að samþykkja sölu á því, ef það kæmi einhvers staðar skýrt fram.

Og vegna þess að hér hefur þetta rekstrarform verið valið, hlutafélagaform, þá finnst mér afar slæmt að í frumvarpinu séu ekki nein skilyrði um upplýsingaskyldu. Á slíku er tekið í frumvarpi sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur lagt fram um hlutafélög í opinberri eigu sem ég tel mikilvægt að sé rætt samhliða þessu máli og tel að það frumvarp eigi mikið erindi inn í þessa umræðu um Ríkisútvarpið hf.

Virðulegi forseti. Það eru nokkur önnur atriði sem ég vil koma inn á í ræðu minni. Meðal annars verð ég að segja að það er margt opið í þessu frumvarpi og margt sem má setja spurningarmerki við. Ég hnaut t.d. um textana í 4. og 5. gr. frumvarpsins, um aðra starfsemi og fjárhagslegan aðskilnað. Mér finnst ekki skýrt í frumvarpinu hvað ríkisfyrirtækinu RÚV hf. verði heimilt að gera umfram skilgreininguna á hlutverki þess sem almannaútvarps. Miðað við textana hér virðist nánast allt leyfilegt ef fjárhagur þess verkefnis verður aðskilinn frá rekstrinum sem snýr að almannaútvarpi og skyldum þess samkvæmt 3. gr. frumvarpsins. Þetta finnst mér óskýrt og það er óskýrt hvaða samkeppnisrekstur RÚV má fara í og hvað þingmeirihlutinn og ráðherra telur eðlilegt, hvort eðlilegt sé að setja þessu einhver mörk eða á þetta að vera alveg opið? Er hér átt við áframhaldandi sölu

á T-bolum á netinu eða er verið að tala um hugsanlega sölu á sjónvarpstækjum í framtíðinni? Mér finnst þetta ekki skýrt, það er ekkert í þessu frumvarpi sem segir neitt til um það. Hér mætti skýra betur hvað átt er við og sömuleiðis hvort menn telji eðlilegt að þarna verði sett einhver mörk.

Það hefur farið fram afar góð umræða um innlenda dagskrárgerð hér í dag og í því samhengi hefur verið spurt hvert markmiðið með rekstri almannaútvarps eigi að vera, hvort það eigi að vera áframhaldandi erlent afþreyingarefni þar sem er bein samkeppni um áhorf á því sviði við aðrar einkareknar sjónvarpsstöðvar. Hér hefur verið gerð krafa um að hlutfall innlendrar dagskrárgerðar verði skilgreint í nýjum lögum. Mér finnst það athyglisverð hugmynd og mér finnst við eigum að ræða þá hugmynd frekar og að nefndin eigi að taka hana til ítarlegar umræðu innan nefndarinnar þegar málið kemur þangað.

Það er mín skoðun að þegar Ríkisútvarpið er tekið til svona gagngerðrar endurskoðunar og gagngerðrar breytingar eigi að nota tækifærið og blása til sóknar í innlendri dagskrárgerð, svo sem barnaefni, menningarefni og fréttatengdu efni. Ég tek undir með þeim sem um það hafa rætt hér í dag og vil sjá skýrari sýn í þessum málum. Við erum með tækifæri í höndunum til þess að blása til sóknar í þeim efnum og byggja undir vandaða íslenska dagskrárgerð til framtíðar og ég tel það ekki vera gert með þessu frumvarpi og hefði viljað sjá fram á aukin tækifæri í þeim efnum vegna þess að auðvitað eigum við að nýta Ríkisútvarpið til þess. Við erum með frábært tæki í höndunum, vel menntað og reynslumikið starfsfólk, við erum með tækin og aðstöðuna og annað og því ætti að koma skýrari sýn í þessum efnum samhliða því frumvarpi sem nú er til umræðu.

Virðulegur forseti. Ég get ekki lokið ræðu minni öðruvísi en að nefna nefskattinn sem áætlað er að leggja á okkur Íslendinga. Þetta finnst mér arfavond hugmynd og þetta getur leitt til mikils álags á stórar fjölskyldur þar sem ungmenni yfir 16 ára aldri eru í heimahúsum. Ég verð að segja að þetta er að mörgu leyti dæmigert fyrir ríkisstjórnina vegna þess að álögur á fjölskyldur í landinu eru að aukast og aukast. Það eru leikskólagjöld upp að 6 ára aldri. Síðan eru skertar barnabætur frá 7 ára aldri og nú á nefskattur vegna RÚV að leggjast á fjölskyldur þegar börnin eru orðin 16 ára. Mér líst afar illa á þessa hugmynd, það er ekki hægt endalaust að bæta kostnaði á fjölskyldur. Ég tel að það sé kominn tími til að þessu linni. Þetta er hluti af fjölskyldupólitíkinni sem hér er rekin en þetta er ekki sú fjölskyldupólitík sem menn tala fyrir á hátíðarstundum. Hér er beinlínis verið að leggja auknar álögur á fjölskyldur sem eru með 16 ára og eldri ungmenni í heimahúsum og það líst mér afar illa á.

Virðulegi forseti. Að lokum hefði ég viljað sjá að hér væri verið að búa til ramma utan um sjálfstætt kraftmikið almannaútvarp með skýr markmið og hlutverk og, eins og ég nefndi hér áðan, að gengið væri í þá átt að styrkja innlenda dagksrárgerð með skýrari hætti en gert er. Þetta frumvarp uppfyllir ekkert af þessu og ég tel að pólitísk afskipti verði of mikil ef þetta frumvarp verður að veruleika. Ég tel sömuleiðis, virðulegi forseti, að taka hefði átt á málum heildrænt og í samhengi við þá miklu vinnu sem hefur unnin hefur verið varðandi fjölmiðla í fjölmiðlanefndinni, það hefði verið langskynsamlegast að gera það þannig og við hefðum að mínu mati fengið mun betra frumvarp út úr því. En hér hefur farið fram mjög góð umræða og mjög margar góðar tillögur og hugmyndir til breytinga á frumvarpinu hafa komið fram. Ég vona svo sannarlega að nefndin taki tillit til þeirra athugasemda sem hafa komið fram í dag áður en málið kemur aftur til 2. umr. Virðulegi forseti. Ég hefði viljað heyra frá hæstv. menntamálaráðherra og sömuleiðis fulltrúum meiri hlutans í menntamálanefnd hvort þeir séu opnir fyrir breytingum á frumvarpinu, t.d. þeirri hugmynd að útvarpsstjóri verði skipaður til fimm ára eins og þjóðleikhússtjóri og hvort þeir séu til viðræðu um að stækka stjórnina og hleypa starfsmönnum þar að.

[21:39]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp hæstv. menntamálaráðherra til laga um Ríkisútvarpið hf. Ég ætlaði að beina nokkrum spurningum til hæstv. menntamálaráðherra í andsvörum í dag en því miður var eftirspurnin meiri en framboðið af andsvaratíma þannig að ég komst ekki að en ég vildi gjarnan að hæstv. menntamálaráðherra yrði viðstödd þannig að ég gæti beint til hennar nokkrum spurningum.

(**Forseti** (JóhS): Forseti skal gera ráðstafanir til að ná til hæstv. menntamálaráðherra.)

Ég veit ekki almennilega hvar ég á að byrja en það er kannski rétt að geta þess að ég hef flutt frumvarp ásamt hv. þm. Birgi Ármannssyni um sama efni og ég fór fram á það við forseta Alþingis að þessi mál yrðu rædd saman en það var ekki við það komandi þó að mitt frumvarp hafi verið lagt fram fyrr, hafi númer 54 og fjalli um nákvæmlega sama efni, þ.e. Ríkisútvarpið, nema það gengur eilítið lengra, það gengur út á að selja það og ég vildi gjarnan bera þetta saman.

Þá er hæstv. menntamálaráðherra komin í salinn og ég vil beina til hennar nokkrum spurningum. Ég geri ráð fyrir að hæstv. menntamálaráðherra taki til máls hér á eftir.

Í fyrsta lagi: Af hverju á ríkið að reka fjölmiðla? Þetta er einföld spurning, af hverju á ríkið að reka fjölmiðla, af hverju rekur það ekki dagblöð, bókaútgáfu eða netmiðla o.s.frv.?

Í öðru lagi: Af hverju er þessi oftrú á ríkið? Við erum búin að sjá að það gengur ljómandi vel með bankana. Einu sinni héldu menn að engir nema opinberir starfsmenn gætu afgreitt peninga yfir diskinn. Svo var það afsannað með því að selja báða ríkisbankana og eiginlega þrjá og þetta gengur bara ljómandi vel, hagnaður hefur aldrei verið meiri og laun starfsmanna aldrei hærri. Starfsmennirnir græða ekki hvað síst á því að fyrirtæki séu tekin úr ríkiskrumlunni.

Í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra segir í 1. gr. að Ríkisútvarpið sé sjálfstætt hlutafélag. Hvernig getur það verið sjálfstætt þegar það er í eigu ríkisins sem er eini eigandinn og það má ekki selja það og meira að segja stjórnin er kosin með furðulegum hætti? Til þess að uppfylla skyldu hlutafjárlaga skal kjósa stjórn á aðalfundi en sú stjórn skal vera kosin af Alþingi áður. Hvers lags kosning er það? Þetta er ekki sjálfstætt hlutafélag fyrir tíu aura þegar þessi eini hluthafi verður að kjósa ákveðna stjórn sem er ákveðin

fyrir fram. Þá er það engin kosning. Ég geri athugasemd við að þetta sé sjálfstætt hlutafélag enda er stjórnin náttúrlega kosin af Alþingi og það er pólitísk stjórn og verður ætíð pólitísk stjórn, nákvæmlega eins og útvarpsráð er í dag þar sem einn eigandi á Ríkisútvarpið og stýrir því og setur bara sína skoðun, hina viðteknu pólitísku skoðun á oddinn, sem þingmenn á Alþingi koma sér saman um. Það er erfitt fyrir nýjar skoðanir að hasla sér völl í stjórnmálum á Íslandi.

Síðan stendur hér í 4. gr.:

„Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að standa að annarri starfsemi en kveðið er á um í 3. gr. sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti."

Ef einn starfsmaður kann að kokka þá þarf endilega að nýta þá þekkingu, til að hafa matsölustað eða hvað? Þetta getur farið út um víðan völl, t.d. að gera við útvarpstæki og sjá um rafeindabúnað fyrir ratsjárstöðvar og ég veit ekki hvað. Þetta er því galopið ákvæði.

Ég spyr: Af hverju þarf þetta að vera svona galopið? Á ríkið að fara að þenja sig yfir öll svið eins og hefur sýnt sig í mörgum ríkisfyrirtækjum eða opinberum fyrirtækjum eins og Orkuveitu Reykjavíkur sem fór í Línu.Net öllum til ófarnaðar?

Svo stendur hér í 7. gr.:

„Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar."

Það er að segja tækjabúnað sem er fjármagnaður með ríkisfé, það á að vera hægt að leigja hann hverjum sem er. Hvar er samkeppnin, hvar er samkeppnisandinn?

Svo stendur hér dálítið merkilegt í 8. gr. sem er í mótsögn við það sem er í öðrum ríkisfyrirtækjum sem er búið að hlutafélagavæða:

„Menntamálaráðherra fer með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu hf."

Hvernig stendur á þessu? Af hverju fer fjármálaráðherra ekki með þetta nákvæmlega eins og hann fór með það í Landssímanum og annars staðar með þeim rökum að Landssíminn væri í samkeppni við aðra á sínu sviði og sami ráðherra þyrfti að úrskurða? Hvernig getur menntamálaráðherra úrskurðað í deilumáli milli Ríkisútvarpsins og t.d. 365 ljósvakamiðla þegar hann á og fer með eignarhlutinn? Það held ég að gangi illa. Hann hlýtur að halda með sínu félagi.

Það er dæmalaust, þetta með stjórnina, en ég er búinn að nefna það. Varðandi réttindi starfsmanna er lítið sagt um lífeyrisskuldbindingar, þ.e. hvort þær fari yfir í nýja fyrirtækið. Ég ætla að spyrja að því. Þær geta vaxið óheyrilega eftir á. Ekki er tekið á því hvað gerist ef laun í landinu halda áfram að hækka, ef guð lofar, og lífeyrisskuldbindingarnar snarvaxa. Þær byggjast á launum eftirmanns. Hvað gerist þá með Ríkisútvarpið? Ætlar ríkið að standa við þær skuldbindingar eða á hlutafélagið að gera það? Þetta er óljóst.

Samkvæmt reglunum á stjórnin að taka ákvörðun um lánaskuldbindingar og annað slíkt. Hvað gerist ef hún gerir mistök, eins og gerist í öllum rekstri? Hvað ef hún gerir einhverja vitleysu? Hvað ef hún kaupir eitthvað á borð við Línu.Net og fyrirtækið færi á hausinn? Hvað þá? Hvað gerist með hlutafélag sem ríkið eitt á þar sem Alþingi tilnefnir alla stjórnarmennina óbeint? Hvað gerist ef það fer á hausinn eins og allur rekstur getur gert? Til þess höfum við hlutafélagaformið að þá er það undir eigandanum komið. En hvað skyldi gerast með þetta Ríkisútvarp hf. varðandi almannaheill o.s.frv. sem menn tala um?

Ég ætla rétt aðeins að ræða um tekjustofninn. Ég hef gert tillögu um aðra aðferð í frumvarpi mínu sem ég hefði gjarnan viljað ræða samhliða. Hér er gert ráð fyrir að binda skattinn við 13.500 kr. á ári og það sé tengt gjaldi til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Við skulum hugsa okkur að einhver fari að stúdera skattalögin og kanna svona skatta. Hann skoðar skattalögin, eignarskatt o.s.frv. og sér að það er t.d. enginn eignarskattur. Hvernig skyldi honum detta í hug að leita í lögum um útvarpið til að finna skattstofn? Þar er vísað í lög um Framkvæmdasjóð aldraðra. Hvernig skyldi honum detta í hug að leita þar að uppruna gjaldsins? Þetta er ekki hrein lagasetning.

Lögin um Ríkisútvarpið hf. eru ekki skattalög. Það er alveg á hreinu. Gjaldið sem hér er lagt til er sérstakur skattur með sérinnheimtu. Hann er ekki eins og gjaldið til Framkvæmdasjóðs aldraðra vegna þess að fyrirtæki eiga að greiða þennan skatt. Þau greiða ekki í Framkvæmdasjóð aldraðra. Að öðru leyti er gjaldið eins. En þessi breyting kallar á að búa þarf til sérstakt innheimtukerfi fyrir þau 20 þús. fyrirtæki sem eiga að fara að borga útvarpsgjald. Þá fer að gerast dálítið skrýtið. Þessi 20 þús. fyrirtæki, sem mörg hafa nánast engan rekstur, engan starfsmann og engan til að hlusta á þessa músík eða hlusta á Ríkisútvarpið, hvernig halda menn að þeim lítist á að borga gjald til Ríkisútvarpsins, fyrirtækjum sem hafa ekkert útvarp og enga starfsmenn? Ekki hlustar fyrirtækið sjálft á útvarpið eða horfir á sjónvarpið? Það þarf starfsmenn til þess eða einhverja persónur. Ég er hræddur um að það hvíni í einhverjum og að þetta verði hugsanlega skoðað af einhverjum, af hverju fyrirtæki eiga að borga skatt til Ríkisútvarpsins þar sem enginn starfsmaður er. Þar fyrir utan er þetta náttúrlega skattur á nýsköpun eins og margt annað. Ef menn ætla að stofna nýtt fyrirtæki þá þurfa þeir að byrja á að borga gjald til Ríkisútvarpsins, 13.500 kr.

Skattheimtan er ósanngjörn. Ef menn hafa eina krónu umfram þessar 855.231 kr. í tekjur þá borga þeir 20.000 kr. gjald. Þá borga þeir bæði í Framkvæmdasjóð aldraðra, þ.e. 6.000 kr., og síðan 13.000 kr. til Ríkisútvarpsins fyrir að þéna einni krónu of mikið. Það er nú ekki beint réttlátt.

Það er líka skiljanlegt að fólk yfir sjötugt borgi ekki í Framkvæmdasjóð aldraðra, enda rennur það fé til þeirra sjálfra en að þeir borgi ekki til útvarpsins sem hlusta sennilega manna mest á útvarp. Þeir eru ekki allir fátækir. Það er líka til hátekjulífeyrisþegar. Það er til gamalt fólk með háar tekjur. Hvers lags réttlæti er að þeir sem eru sjötugir eða eldri, moldríkir og með mjög háar tekjur, bæði lífeyristekjur og fjármagnstekjur, sleppi við að borga gjald í Ríkisútvarpið en lágtekjufólk, einstæðar mæður o.s.frv., skuli greiða það? Hvar er réttlætið í þessu?

Bæði þessi gjöld, útvarpsgjaldið og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, eru nefskattar. Þar er sama gjaldið fyrir hátekjufólkið, sem munar ekkert um að borga 20.000 kall á ári, og fyrir lágtekjufólkið sem munar sko aldeilis um það. Þessir skattar eru alltaf óréttlátir, félagslega óréttlátir.

Ég skil ekkert í að hafa ekki heyrt neitt um það frá þeim vinstri sinnum sem tekið hafa þátt í umræðunni í dag. Þeir minnast ekki á óréttlætið af því að þetta er skattur. Þetta er ekki gjald fyrir að horfa á Ríkisútvarpið, ekki frekar en í dag. Ætli ég mér t.d. að horfa á Skjá 1, án þess að mig langi að horfa á Ríkisútvarpið, ekki fyrir 10 aura, segjum að ég væri í þeirri stöðu, þá yrði ég að borga til þess þar sem ég ætti sjónvarpstæki. Ég verð að borga til Ríkisútvarpsins ef ég ætla að horfa á samkeppnisaðila sem kostar ekki neitt.

Þetta er skattur, svona nefskattur sem allir borga. En við erum með nefskatt, frú forseti, í kerfinu. Við erum með persónuafslátt sem líta má á sem neikvæðan nefskatt. Af hverju tengjum við það ekki saman? Af hverju tengjum við ekki þennan jákvæða nefskatt upp á 20.000 kall við neikvæða nefskattinn, sem er persónuafslátturinn? Það er hugmyndin sem ég gekk út frá, að persónuafslátturinn yrði lækkaður sem næmi þessari upphæð. Persónuafsláttur inn yrði einnig lækkaður, sem er tillaga til viðbótar, um gjaldið í Framkvæmdasjóð aldraða. Það yrði afskaplega einföld innheimta og innheimtan mundi ekki kosta krónu. Persónuafslátturinn yrði lækkaður og síðan mundi Ríkisendurskoðandi, eða einhver góður í fjármálaráðuneytinu, reikna út hve stór hluti af persónuafslættinum rynni til Ríkisútvarpsins og hve mikið færi í Framkvæmdasjóð aldraða o.s.frv. Þetta væri mjög einföld framkvæmd og mjög einföld greiðsla. Þá segja menn: Þá vita menn ekki hvað þeir greiða til Ríkisútvarpsins. Það má bara tiltaka það á launaseðli. Það mætti tiltaka persónuafsláttinn, þetta gjald í Ríkisútvarpið og þetta í Framkvæmdasjóð aldraða. Ef menn vilja endilega að skattgreiðandinn viti hvað hann greiðir fyrir.

Ég legg til að í stað þess sem hér er gert ráð fyrir verði persónuafsláttur lækkaður. Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra: Af hverju var þessi leið ekki farin í stað þess að flækja kerfið, auka vinnu lögfræðinga í landinu sem hafa nú alveg nóg að gera, og endurskoðenda? Svo verða allir skattgreiðendur jafnhissa þegar þeir sjá álagningarseðilinn. Þar er gjald í Framkvæmdasjóð aldraða, hvað skyldi það nú vera? Gjald til Ríkisútvarpsins, hvað skyldi það nú vera?

Ég ætla að leyfa mér að bera saman þessi tvö frumvörp. Þau eru mjög ámóta en í grundvallaratriðum mismunandi. Í mínu frumvarpi er lagt til að útvarpsráð starfi áfram, útvarpsráð fái allar tekjurnar, eins og í dag, en það bjóði út allan reksturinn. Það framkvæmir ekki neitt sjálft en býður út reksturinn. Þeir sem geta boðið í eru t.d. Ríkisútvarpið hf., sem þá gæti heitið eitthvað annað, 365-miðlar hf. o.s.frv. Allir fjölmiðlar gætu boðið. Alls konar áhugaleikhús gætu boðið, hestamannafélög gætu boðist til að gera þætti um hestamennsku. Skákfélög gætu gert hið sama o.s.frv. Allir gætu boðið í dagskrárgerðina. Ég ætla ekki að reyna að lýsa gróskunni sem yrði hjá ýmsum félögum landsins, m.a. áhugamannaleikhúsum sem gætu gert tilboð til útvarpsráðs, í að gera þennan eða hinn þáttinn. Um leið yrði komið á gæðaeftirliti vegna þess að þegar útvarpsráð býður út dagskrárgerð þarf að skilgreina hvað það ætlar að kaupa og þarf að fylgja því eftir, að það sem það kaupir sé raunverulega til staðar. Til þess yrði komið á gæðaeftirliti, sem vantar í dag. Hvernig getur útvarpsráð haft eftirlit með gæðum sinnar eigin framleiðslu? Það getur það ekki. Það getur ekki gagnrýnt eigin verk út á við.

Ég geri jafnframt ráð fyrir því að Ríkisútvarpið verði selt og starfsmennirnir fái að kaupa helminginn á 70% af verðmæti hlutanna. Þeir eru jú uppistaðan í fyrirtækinu eins og í öllum öðrum fyrirtækjum. Ríkisútvarpið er ekki annað en hinir góðu starfsmenn sem þar starfa. Það er Ríkisútvarpið. Af hverju skyldu þeir ekki njóta þess að mega kaupa hlutabréfin á lægra verði? Þeir mættu síðan búast við því að launin hækki, sem gerist ekki meðan Ríkisútvarpið hangir alltaf á horriminni. Það var ekki rétt sem hv. þm. Mörður Árnason sagði áðan í andsvari við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, að við mynduðum hallann. Nei, það er reksturinn sem myndar hallann. Það er almennt séð enginn hvati hjá ríkisfyrirtækjum til að spara í rekstri. Það er meinið. Þess vegna hefur komið í ljós að ríkisrekstur er yfirleitt óhagkvæmur þótt þar vinni ágætisfólk og ágætisstjórnendur. Þeir hafa bara ekki sama hvata til að reka fyrirtæki vel og ódýrt. Ef Ríkisútvarpið hf. yrði selt, sérstaklega ef starfsmenn eignuðust það, yrði virkilegur hvati til að reka fyrirtækið og skipuleggja störfin betur. Það má gera kraftaverk í þeim efnum. Það vita starfsmennirnir sjálfir. Fyrirtækið mundi skila hagnaði. Það gæti borgað hærri laun og stæði sig örugglega vel í samkeppni við önnur fyrirtæki um að bjóða í verkefni sem útvarpsráð býður út.

Hugmyndin sem ég hef lagt til, ásamt hv. þm. Birgi Ármannssyni, held ég að sé miklu betri. Slíkt fyrirkomulag yrði lyftistöng fyrir menninguna í landinu, að bjóða út verkefni fyrir 2.500 eða 3.000 millj. kr. á ári yrði aldeilis lyftistöng fyrir þá sem vilja framleiða íslenskt menningarefni. Einnig mætti nefna að þeim peningum yrði ekki varið til að kaupa fótboltaleiki frá útlöndum, líklega ekki. Meginmarkmiðið á jú að vera að hvetja til innlendrar framleiðslu. Hitt eru stöðvarnar sjálfar tilbúnar að borga, fótboltaleiki, amerískar kvikmyndir og annað slíkt. Það selst. Það er sjálfvirkt inni í kerfinu. En ég held að innlend menningarframleiðsla mundi njóta þess best ef sú leið yrði farin sem ég og hv. þm. Birgir Ármannsson höfum lagt til.

Mér þykir miður að frumvarp mitt hafi ekki verið rætt samhliða þessu frumvarpi. Ég hefði talið það eðlilegt. Ég vil gera athugasemdir við þá stjórn fundarins. En ég hef borið saman þessi tvö frumvörp. Ég tel að frumvarp hæstv. menntamálaráðherra yrði þó til að bæta stöðuna frá því sem nú er. Ég mun því eiga í vandræðum með að greiða atkvæði þegar þar að kemur.

Væntanlega mun ég greiða atkvæði gegn fyrstu greininni til að byrja með eða sitja hjá. Ég hef enn ekki alveg átta mig á því en kannski verða gerðar viðunandi breytingar í menntamálanefnd. Ég mun a.m.k. sitja hjá við þá grein en að öðru leyti mun ég styðja frumvarp menntamálaráðherra þótt það gangi ekki eins langt og ég gjarnan vildi. Það býður þó upp á leið til að hægt sé að selja það eftir einhvern tíma.

[21:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var mjög fróðleg ræða að mörgu leyti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal segir að sitt frumvarp um Ríkisútvarpið gangi lengra en frumvarp ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. vill selja það strax en ríkisstjórnin vilji að svo stöddu aðeins hlutafjárvæða, félagsvæða, stofnunina. Einu

vil ég mótmæla sem hv. þingmaður hélt fram, þ.e. að opinber rekstur sé ávallt óhagkvæmari en einkarekstur. Ég held að sú alhæfing dugi ákaflega skammt enda hefur komið í ljós að einkavædd starfsemi, sem iðulega er í einokunarumhverfi, hafi reynst skattborgaranum eða greiðandanum dýrari en einkarekin þjónusta. En talandi um hvata þá er hvatinn einmitt sá hjá eigendum einkarekinna fyrirtækja að taka arð út úr fyrirtækjunum. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að almannaþjónusta sem hefur verið einkavædd er iðulega dýrari. Ég nefni t.d. Sóltún og aðrar öldrunarstofnanir til samanburðar.

Ég vil taka undir það með hv. þingmanni að eðlilegt hefði verið að ræða saman öll þau þingmál sem lúta að Ríkisútvarpinu. Ég vil taka undir það. Ég vil spyrja hv. þingmann, sem er formaður efnahags- og viðskiptanefndar þingsins, hvort hann hyggist temja sér slík vinnubrögð í efnahags- og viðskiptanefnd að taka jafnan skyld mál til umfjöllunar á sama tíma, senda þau út til umsagnar og óska eftir að umræða fari fram um þau í senn. Ætlar hann að hafa slík vinnubrögð þar sem hann verkstýrir málum, t.d. í efnahags- og viðskiptanefnd þingsins?

[22:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Fyrst um þetta síðasta, ég hef tamið mér að ræða þingmál eftir röð. Á morgun eða í fyrramálið munum við ræða nokkur þingmannamál og fara í gegnum umsagnir. Það er ekki þar með sagt að ég lofi því að taka þau út, til þess þarf samþykki þingflokkanna. En ég hef rætt þó nokkuð mikið um þingmannamál.

Hvað það varðar að opinber rekstur sé óhagkvæmari en einkarekstur þá er það náttúrlega bara okkar lífsviðhorf. Hv. þingmaður er á annarri skoðun og hefur aðra lífssýn og ég virði þá lífssýn. Ég fellst hins vegar ekki á hana, ég samþykki hana ekki. Ég þykist hafa séð mjög víða rök fyrir minni skoðun, ekki síst í bankarekstrinum þar sem þóknanir lækkuðu, vaxtamunur lækkaði og allt hefur lækkað en hagnaður hefur stóraukist og laun hafa líka stórhækkað — nú er þessi markaður að verða ein af þremur stærstu útflutningsgreinum landsins. Þær eru fjórar, það er ferðamannaiðnaðurinn, það er iðnaðurinn, sjávarútvegurinn og fjármálastarfsemi.

Það er ekki þannig að menn hugsi bara um að taka arðinn út, heldur er það markmið hluthafanna að framleiða góða vöru og þjónustu svo ódýrt að þeir geti hagnast á öllu saman, að þeir geti fengið gott starfsfólk með því að borga há laun og grætt á öllu saman. Sá er nú galdurinn og þetta tekst yfirleitt ef samkeppniseftirlit er í lagi. Og auðvitað þarf samkeppniseftirlitið að vera í lagi, ég gleymdi kannski að nefna það áðan. Það þarf að tryggja samkeppni á þessum markaði og það þarf að hindra einokun eða fákeppni. Að því gefnu held ég að einkarekstur sé alltaf betri en opinber rekstur, það er mín sannfæring.

[22:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú bara staðreynd að einkavædd eða einkarekin almannaþjónusta er iðulega ekki í samkeppnisumhverfi. Þeirri staðreynd vilja menn oft gleyma.

Aðeins um vinnubrögðin hér á Alþingi. Ég fagna því útspili hv. þingmanns að styðja þá viðleitni sem hefur komið fram hjá okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og öðrum stjórnarandstöðuflokkum á þingi að eðlilegt sé að taka sambærileg mál og ræða þau samtímis — t.d. í þessu tilviki öll þau mál sem lúta að Ríkisútvarpinu — og hið sama eigi sér stað í þingnefndum. Ég minnist þess ekki að sá háttur hafi verið hafður á í efnahags- og viðskiptanefnd þó að það sé alveg rétt hjá hv. þingmanni að iðulega hefur verið reynt að taka þingmannamál til umfjöllunar í nefndinni undir verkstjórn hv. þm. Péturs H. Blöndals. En við erum að tala um annan hlut hér, að taka til afgreiðslu og umfjöllunar, hvort sem er hér í þingsal eða í nefndum, þingmál sem eru tengd og senda þau samtímis út til umsagnar og fá síðan umræðu um það samtímis og spyrja þá sem koma til nefndarinnar samtímis um mismunandi valkosti sem boðið er upp á í þinginu. Þetta er yfirleitt ekki gert. En má vænta þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal muni beita sér fyrir slíkum vinnubrögðum?

[22:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst af vinnubrögðum í nefndinni. Ég hef vandað mig við að senda öll mál til umsagnar um leið og þau berast nefndinni, á næsta fundi eru öll mál send til umsagnar, ég man ekki eftir öðru. Þau eru send út til umsagnar og hver og einn einasti nefndarmaður getur bætt inn aðilum þannig að ég held að það sé nú í nokkuð góðum farvegi.

Hins vegar getur orðið dálítið erfitt að ræða mál saman því að maður veit ekki nákvæmlega hvaða mál eiga eftir að koma upp. Það getur verið erfitt að bíða með að ræða umsagnir og annað slíkt og segja: Heyrðu, við ætlum að bíða af því að það eru hugsanlega einhver mál á leiðinni. (**ÖJ:** Eins og Ríkisútvarpið.) Eins og Ríkisútvarpið, já. Ef það liggur fyrir að það verði lagt fram svipað mál en svo getur það nú brugðist líka.

Hv. þingmaður hefur í gegnum tíðina tamið sér að segja: Staðreyndin er. Hann segir þetta mjög oft og í hvert einasta skipti hugsa ég: Bíddu við, er allt annað ekki staðreynd? Eða verður eitthvað staðreynd bara af því að maður segir: „Staðreyndin er“? Það sem maður segir verður ekkert meiri staðreynd fyrir það. Það er jafnmikil eða jafnlítil staðreynd þó að einhver segi: „Staðreyndin er“ að opinber rekstur sé betri en einkarekstur. Það breytist ekki neitt þó að maður segi þetta. Alltaf þegar menn segja svona, „staðreyndin er“, eða það er alveg skýrt eða klárt, þá spyr ég alltaf: Er þá annað sem maðurinn segir ekki staðreynd? (Gripið fram í.)

[22:06]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Rekstur býr til halla. Já, þannig er það í kennslubókunum að það fer eftir rekstrinum hvort halli er á fyrirtækinu eða ekki. Samt hefur það nú verið þannig í málefnum Ríkisútvarpsins að hallinn hefur verið ákveðinn á þingi. Það var það sem ég var að segja í andsvari áðan vegna þess að það var talið þeim sem hafa farið með reksturinn á Ríkisútvarpinu til lasts að þeir hefðu rekið Ríkisútvarpið með halla. En það hefur verið þannig í fjárlagafrumvarpinu, í athugasemdum við Ríkisútvarpspartinn þar, að

ákveðinn halli hefur verið áskilinn, rekstrarniðurstöðurnar ákveðnar fyrir fram.

Það hefur gerst síðustu 10, 15, 20 árin, einmitt í, undarlegt en satt, í valdatíð Sjálfstæðisflokksins í menntamálaráðuneytinu, að þeim tekjum sem ríkisstjórnin hefur fengið af afnotagjöldum hafa verið settar skorður og Ríkisútvarpinu sagt að útvega sér tekjur með öðrum hætti. Misjafnir stjórnendur á Ríkisútvarpinu hafa brugðist við með því að hagræða og skera niður á víð og dreif um útvarpið. Þeir hafa líka reynt að nota innheimtukerfið betur, þar á meðal marsbúagöngurnar um hverfin, og þeir hafa einbeitt sér á markaði auglýsinga og kostunar. Það hafa verið viðbrögðin við þessu og þess vegna er það á ábyrgð meiri hluta Alþingis og ríkisstjórnarinnar hvernig hlutunum er fyrir komið. Sú staða sem núna er uppi í fjárhagsmálum Ríkisútvarpsins er á ábyrgð Péturs Blöndals en ekki þeirra sem þar hafa farið með rekstur, sem þeir hafa gert tiltölulega vel miðað við þær aðstæður sem þeir hafa búið við. Það er rétt að menn geri sér grein fyrir þessu áður en þeir fara með staðlausa stafi hér í ræðustól. Það var það sem ég var að vekja athygli á áðan.

[22:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Afkoma sérhvers fyrirtækis, jafnt stofnana sem einkafyrirtækja, myndast sem mismunur á tekjum og gjöldum. Það sem stjórnandi fyrirtækis hefur í hendi sér eru í fyrsta lagi gjöldin: Í hvaða gjöld ræðst hann? Hversu snjall er hann að nýta þann mannafla sem hann hefur? Þarf hann allan þennan mannafla? Getur hann komist af með færri og getur hann sparað þetta eða gert það hagkvæmar eða ódýrar eins og hin góða, hagsýna húsmóðir sem oft er vitnað til?

Svo eru það tekjurnar, hvernig nær hann inn tekjum á snjallan hátt og góðan? Það er þetta tvennt sem góður rekstrarmaður gerir og þeir eru mjög mismunandi, rekstrarmennirnir, afskaplega mismunandi. Einn getur rekið fyrirtæki með glimrandi hagnaði á meðan annar gerir það með tapi.

Munurinn á þessu fyrirtæki, RÚV, og öllum öðrum? Það er með fastan tekjupóst, það sigla inn tekjurnar, þeir geta vaðið inn á heimili fólks og heimtað af því tekjur. Sá er munurinn, aðrir aðilar í þjóðfélaginu geta yfirleitt ekki haft þetta svona.

[22:09]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Síðan spyr maður: Hvað nú? Þetta er auðvitað söguleg athugasemd. Ef þetta frumvarp verður að lögum, eða einhver útgáfa af því, þá verður það ekki lengur þannig að halli verði ákvarðaður af fjárlögum. En hvað nú?

Menn fara hér mikinn. Hæstv. menntamálaráðherra ræðir hér fram og aftur um það hvað þetta sé nú frábært hjá sér og yndislegt. Við höfum nú heyrt þær ræður nokkrum sinnum áður og erum hætt að kippa okkur upp við þær.

Það er þannig að Páll Magnússon, í grein sem hér hefur oftlega verið vitnað í, segir, og ekki í fyrsta sinn, að með rekstrarformsbreytingunni verði að leysa þennan fjárhagsvanda. Það sé ekki hægt að búa til hlutafélag, eða hvaða annað rekstrarform sem er, og láta það erfa skuldahalann frá því sem ríkisstjórnin skilur nú eftir sig. Hvað er að gerast hér? Hvar eru tillögur menntamálaráðherra um það? Hvar eru tillögur hv. þm. Péturs Blöndals um að bæta þessa stöðu? Hvaða arður er það sem Ríkisútvarpið hf., eða hvað það nú verður, á að fá? 2,6 milljarðar standa út af lífeyrissjóðsskuldbindingum, 220 millj. kr. á ári. Við höfum ekki heyrt orð um það frá hæstv. menntamálaráðherra og engum hans manna hvað á að verða um þær skuldir.

Þegar ég kom í útvarpsráð 1999 held ég að eigið fé hafi verið milli 15 og 20% og taldist lítið því að það hafði lækkað feikilega frá því fyrir áratug eða svo. Nú er það neikvætt og hv. þm. Pétur Blöndal veit hvað það þýðir. Það þýðir, þannig að ég segi það í fimmta sinn hér í dag, að þann dag sem Ríkisútvarpið verður að hlutafélagi geta lánardrottnar þess í teoríunni sameinast og gert það gjaldþrota.

Það er dæmigert að hér kom upp í kvöld Hjálmar Árnason, talsmaður Framsóknarflokksins, hv. þingmanns í þessum útvarpsmálum. Honum hafði missýnst það í frumvarpinu, eðlilega, að ríkisstjórnin ætlaði að leggja nokkuð duglega og hraustlega 5 milljarða til þessarar nýju stofnunar. Það var því miður misskilningur. (Forseti hringir.) Meira að segja hv. þm. Hjálmar Árnason hafði misskilið þessa upphæð, (Forseti hringir.) hún var 5 milljónir.

[22:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki alveg hvað þessi athugasemd hv. þm. Hjálmars Árnasonar hefur að gera í andsvari við mig, ég get illa svarað fyrir hann.

Það er komið í ljós hver hefur myndað hallann. Það var hv. þm. Mörður Árnason, sem hefur setið í útvarpsráði, að hans eigin sögn, og hefur rekið þetta fyrirtæki. Þar myndast hallinn. Hann myndast í rekstrinum og hvergi annars staðar. Það vita þeir sem einhvern tíma hafa rekið fyrirtæki. Þeir geta ekki farið út í bæ og sagt að einhver annar beri ábyrgð á því að gjöldin hafi farið úr böndunum. Að sjálfsögðu átti Ríkisútvarpið alltaf að reikna með lífeyrisskuldbindingum, það vissi alltaf hverjar þær voru. Það átti að skera niður útgjöldin sem því næmi ef starfsfólkið er svona dýrt. (Gripið fram í.)

Nú er ég því búinn að finna þann sem rak útvarpið með halla allan tímann og ég veit ekki hvort ég á að senda honum reikninginn. (Gripið fram í.)

[22:13]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þegar ég kom til þings í dag hafði ég ekki hugsað mér að taka þátt í umræðum um Ríkisútvarpið heldur hlusta á það sem hér færi fram. Eftir að hafa gert það ákvað ég að ekki væri hægt að sitja hér án þess að leggja orð í belg.

Hv. þm. Mörður Árnason sagði hér í ræðustól í kvöld: Sjaldan bregður mær vana sínum, og vísaði þeim orðum til hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Það má eins vísa þeim orðum á menntamálaráðherra hæstv. að sjaldan bregði mær vana sínum. Þetta er sótt í ágæta þjóðsögu og ég ætla ekkert að botna það hver vani meyjarinnar var, menn geta bara skoðað það sjálfir. Ég segi þetta vegna þess að mér fannst pólitískur barnaskapur, eða ófyrirleitni ætti ég

kannski að segja, einkenna andsvör þeirra beggja í umræðunni í dag.

Ég hef hlustað nokkuð grannt eftir því sem menn hafa sagt hér og stjórnarandstaðan hefur í þessu máli, eins og í fjölmiðlamálunum yfirleitt, mætt í umræðuna með málefnalegum hætti og lagt fram sín sjónarmið, eins og við gerðum í fjölmiðlamálunum 2004 þegar við bentum á að hægt væri að ná góðri og víðtækri sátt um málefni fjölmiðlanna ef til þess væri einhver vilji af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það ráð var ekki þegið á þeim tíma heldur lagt út í langan og hatramman leiðangur í fjölmiðlamálunum sem endaði eins og allir muna með sneypuför ríkisstjórnarinnar.

Það var ekki fyrr en í fulla hnefana sem hún var tilbúin til að skilja það og læra að í málefnum eins og þessum er hægt að ná nokkuð góðri sátt ef menn vilja leggja sig fram um það. Sett var á laggirnar fjölmiðlanefnd og hún komst að niðurstöðu og hæstv. menntamálaráðherra talaði um sögulegar sættir í því máli. Þessir þættir voru allan tímann inni í myndinni en menn vildu einfaldlega ekki fara út í þetta samráð á þeim tíma. Hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnin hefur heldur ekki viljað fara út í neitt samráð um málefni Ríkisútvarpsins. Mér hefur heyrst að þeim hafi fundist þetta svo lítilvægt mál, þetta sé bara spurning um rekstrarform á Ríkisútvarpinu og um það þurfi ekkert víðtækt samráð við stjórnarandstöðuna. Svo er líka kvartað undan því hér af hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að stjórnarandstaðan tali ekki einum rómi í málinu og þar af leiðandi sé ekki hægt að hafa samráð við hana um það. Stjórnarandstaðan þarf ekki að tala einum rómi í sérhverju máli. Stjórnarandstaðan hefur ekki valið sig saman í stjórnarandstöðu. Það eru stjórnarliðanir sem hafa valið sig saman í ríkisstjórn, hafa ákveðið að vera saman í ríkisstjórn og fylgja þar málum fram og hafa nokkurn veginn samstillta skoðun á þeim. Ég hygg að í þessu máli séu a.m.k. þrjár skoðanir uppi í ríkisstjórninni ef ekki fleiri. Það er sú skoðun sem Framsóknarflokkurinn hefur lengst af haft að Ríkisútvarpið eigi að vera sjálfseignarstofnun og fyrir því hafa þeir eflaust frambærileg rök ef þeir töldu að sú leið væri farsælust. Það er sú skoðun sem hefur verið uppi hjá ýmsum í Sjálfstæðisflokknum að Ríkisútvarpið eigi að vera hlutafélag, það sé farsælasta leiðin. Og svo er sú skoðun sem hér hefur verið túlkuð af hv. þm. Pétri H. Blöndal og Birgi Ármannssyni líklega líka að eðlilegast væri að selja Ríkisútvarpið. Það eru fleiri þeirrar skoðunar. Ég hygg að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sé líka þeirrar skoðunar að farsælast væri að selja Ríkisútvarpið. Það eru því a.m.k. þrjár skoðanir uppi í stjórnarflokkunum. Sjálfsagt er það ástæðan fyrir því að menn vildu ekki setjast niður og hafa samráð um þetta mál að vandinn var svo mikill að koma sér saman í stjórnarflokkunum að þeir áttu í fullu fangi í þeim efnum.

Hv. þingmaður kvartaði líka undan því að stjórnarandstaðan ætlaðist til þess að fallist yrði á allar kröfur hennar. Stjórnarandstaðan hefur í sjálfu sér ekki verið að setja fram neinar kröfur í þessum málum eins og er. Hér hafa verið reifuð ýmis sjónarmið. Það er alveg ljóst að menn hafa nokkuð skiptar skoðanir á því hvaða form er heppilegast á Ríkisútvarpinu og ég held að það sé bara fullkomlega eðlilegt. Það er ekkert víst að menn næðu sameiginlega landi í því efni en það er hægt í mörgu öðru sem varðar Ríkisútvarpið ef menn vilja því raunverulega vel. Ég held að flestir þingmenn eigi það sammerkt að þeir bera hagsmuni þessa almannaútvarps fyrir brjósti. Þeir telja að Ríkisútvarpið sé mikilvæg starfsemi. Þeir telja að Ríkisútvarpið sé mikilvægt viðmið á fjölmiðlamarkaðnum, ekki síst faglega. Ríkisútvarpið er ákveðin miðja sem aðrir fjölmiðlar miða sig að mörgu leyti við. Það er eins konar miðja eins og Þjóðleikhúsið, eins og sinfónían og óperan. Í kringum þetta, þessa miðju, þessar miðlægu stofnanir verður til ákveðin gróska. Þær gefa nefnilega frá sér og skapa í kringum sig ákveðna grósku. Það er vegna þess að þær eru til sem orðið hefur til markaður fyrir utan. Sjálfstætt starfandi leikhús, tónlistarstarfsemi af ýmsum toga og alls konar fjölmiðlastarfsemi hefur náð að blómstra. Þetta er gott og á að vera til samhliða. Miðlæg, öflug, fagleg stofnun á þessu sviði og síðan gróska úti á markaðnum.

Það má velja Ríkisútvarpinu mismunandi rekstrarform. Samfylkingin hefur talað fyrir því að þetta væri sjálfseignarstofnun. Af hverju höfum við talað fyrir því? Jú, vegna þess að sjálfseignarstofnunarformið gefur kost á að skapa ákveðið sjálfstæði, það skapar Ríkisútvarpinu ákveðið sjálfstæði. Sjálfseignarstofnun er stofnun sem er einkaréttarlegs eðlis rétt eins og hlutafélag. Það skapar ákveðið svigrúm og ákveðið sjálfstæði fyrir Ríkisútvarpið sem við í Samfylkingunni höfum talið mikilvægt að Ríkisútvarpið hefði. Og hins vegar er sjálfseignarstofnunarformið að því leytinu til ágætt að það er þekkt rekstrarform í almannaþjónustu. Það er þekkt rekstrarform í almannaþjónustu sem situr að ákveðnum tekjustofnum eða opinberu fé. Við getum tekið hjúkrunarheimilin, það er þekkt þar. Við getum tekið Listaháskólann og Bifröst, og til skamms tíma Háskólann í Reykjavík. Þetta eru menningarstofnanir sem ekki er gert ráð fyrir að greiði út arð til eigenda sinna. Þar fer allt fé inn í stofnunina aftur. Þær njóta þess að vera fyrirtæki einkaréttarlegs eðlis en þær hafa aðgang að opinberu fé og þar af leiðandi lúta þær að mörgu leyti öðrum lögmálum en hver annar fyrirtækjarekstur. Þess vegna taldi Samfylkingin að þetta væri hentugt form fyrir Ríkisútvarpið og líka og ekki síður vegna þess að það gætir ákveðinnar tortryggni gagnvart hlutafélagaforminu af því að hlutafélagavæðingin hefur hingað til verið undanfari sölu. Við vitum að í Sjálfstæðisflokknum eru uppi sterkar raddir í þá veru að selja beri Ríkisútvarpið. Þess vegna og til að menn gætu náð nokkuð góðri sátt um Ríkisútvarpið við að koma því inn í fyrirkomulag einkaréttarlegs eðlis, skapa því sjálfstæði án þess að vekja tortryggni um sölu, var það hugmynd Samfylkingarinnar að gott væri að velja þetta form. Þetta er ekkert heilagt form. Það var opnað á það í umræðunni af hálfu Marðar Árnasonar, sem var talsmaður okkar í upphafi þessarar umræðu, að Samfylkingin væri tilbúin til að skoða aðrar hliðar á því máli, hún væri tilbúin til þess að uppfylltum ákveðnum kröfum. Það er auðvitað bara mál sem verður að fara í gegnum og mun væntanlega verða skoðað í nefndinni. Það er verkefni nefndarinnar að reyna að koma því viti, vil ég leyfa mér að segja, inn í þetta frumvarp sem enn þá vantar þar upp á.

Það sem Mörður Árnason uppskar við þetta, að opna aðeins gátt til stjórnarflokkanna um Ríkisútvarpið og skoða

hvort hægt væri að ná einhverri niðurstöðu í hlutafélagaformið, voru eiginlega bara tæklingar af hálfu hv. menntamálaráðherra. Þess vegna kalla ég það barnaskap, pólitískan barnaskap, að tala með þeim hætti sem ráðherrann gerði hér sem hefði að sjálfsögðu átt að taka því fagnandi að hér væri opnað á ákveðna möguleika í þessum efnum, að opnað væri á ákveðna samræðu um rekstrarform Ríkisútvarpsins. En því var ekki tekið og þá skal það bara þannig vera.

Varðandi inntakið í sjálfu frumvarpinu má hafa ýmsar skoðanir á því hvað í þessu frumvarpi stendur. Ég tel að þó að verið sé að opna þarna á hlutafélagaformið sé um leið líka verið að setja Ríkisútvarpinu ýmsar takmarkanir sem geta reynst því erfiðar. Ég hygg að þessar takmarkanir hafi verið settar vegna þess að stjórnarflokkarnir hafa verið að semja sín á milli og reyna að geirnegla alla hluti í frumvarpinu vegna þessi að Framsóknarflokkurinn hafi tortryggt Sjálfstæðisflokkinn í þessu efni. Bara eins og segir 1. gr. þar sem stendur:

„Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil."

Síðan vísar ráðherra til þess að þetta sé mikil tímamótagrein vegna þess að áður hafi alltaf staðið í slíkum lögum „nema með samþykki Alþingis" en viðurkennir þó hér í ræðustól að þetta vald verði ekki af Alþingi tekið. Það breytir því engu hvort þarna stendur „nema með samþykki Alþingis" eða ekki. Það breytir akkúrat engu.

Takmarkanirnar sem ég var að tala um felast kannski í þessari grein vegna þess að það kann vel að vera að upp komi sú staða hjá Ríkisútvarpinu að það vilji t.d. taka einhvern þátt af starfsemi sinni, einhvern þátt úr rekstri sínum og leggja inn í félag með öðrum aðilum vegna þess að það sé hagkvæmt fyrirkomulag að standa þannig að rekstrinum. Það geta þess vegna verið einhver stúdíó. Það geta verið einhverjir þættir í rekstri félagsins sem það telur að geti verið hagkvæmt að reka í félagi við aðra. Ég fæ ekki séð að þessi grein heimili það. Ég tel að það séu meiri takmarkanir á rekstri Ríkisútvarpsins en t.d. eru í dönsku lögunum, bæði í lögunum um Danmarks radio, sem er þó bara rekið sem hver önnur ríkisstofnun, og í lögunum eins og þau voru um TV 2 í Danmörku sem var að vissu leyti stofnun sem var sambærileg við Ríkisútvarpið vegna þess að TV 2 í Danmörku hafði bæði aðgang að sérstökum tekjustofni og var á auglýsingamarkaði eins og Ríkisútvarpið er. Hér er verið að setja þrengri skorður fyrir Ríkisútvarpið en fyrirtæki í sambærilegum rekstri í öðrum löndum búa við. Mér sýnist því að þetta sé niðurstaða úr einhverri málamiðlun sem gerð hafi verið innan ríkisstjórnarinnar.

Varðandi aðra þætti í frumvarpinu vil ég nefna 3. gr. sem er um útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þar er verið að reyna að skilgreina hver sé þessi útvarpsþjónusta í almannaþágu sem Ríkisútvarpið á að halda úti og fær sérstaka tekjustofna til að standa undir. Vegna þess að rökin fyrir því að Ríkisútvarpið hafi sérstakan nefskatt eða afnotagjald, eða hvaða leið sem menn vilja fara í því að tryggja því tekjustofna sem aðrir hafa ekki, eru þau að Ríkisútvarpið standi undir ákveðinni almannaþjónustu, ákveðnum kröfum sem ekki er hægt að gera til annarra útvarps- og sjónvarpsstöðva með sama hætti.

Mér finnst líka dálítið þunnur þrettándinn í þessari grein um útvarpsþjónustu í almannaþágu og í því sambandi vil ég nefna að ég fæ ekki séð að þar séu gerðar einhverjar sérstakar kröfur til útvarpsins um t.d. framleiðslu á leiknu efni. Ég sé ekki að gerðar séu kröfur til þess, eins og t.d. útvarpsstöðvanna í löndunum í kringum okkur, norrænu stöðvanna, um flutning á evrópsku efni. Ég sé t.d. ekki að hér séu gerðar kröfur eins og voru a.m.k. til skamms tíma áður en TV 2 var gert að hlutafélagi þar sem gerðar voru kröfur um norrænt efni og hvert hlutfallið ætti að vera af slíku efni í dagskrá útvarpsins. Það sem sett er inn í þessa grein um útvarpsþjónustu í almannaþágu er mjög almenns eðlis og ég hefði haldið að þetta þyrfti að vera miklu skýrar framsett ef Ríkisútvarpið á eftir þetta að standast þær kröfur sem EES-samningurinn og Eftirlitsstofnun EFTA gerir til reksturs á þessu sviði. Þetta segi ég vegna þess að það er margt í dönsku lögunum um TV 2 sem hafði, eins og Ríkisútvarpið, annars vegar aðgang að tekjustofni til að standa undir almannaþjónustuþættinum og var hins vegar á samkeppnismarkaði og sótti sér auglýsingatekjur. TV 2 var engu að síður talið hafa gengið á svig við samkeppnislög, að ríkisábyrgðin sem á því var hefði verið misnotuð og danska ríkinu var gert að greiða miklar sektir vegna þess hvernig hlutunum var þar fyrir komið. Það sem var sérstaklega tiltekið í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um TV 2 á sínum tíma var einmitt að þær kröfur sem gerðar voru til TV 2 í Danmörku hafi ekki verið nægilega vel skilgreindar og hvernig tekjurnar sem það fékk síðan aðgang ættu að standa undir þeim kröfum. Með öðrum orðum: Ég hygg að skýra þurfi miklu betur þær kröfur sem gerðar eru til Ríkisútvarpsins og almannaþjónustuþáttar þess en gert er í frumvarpinu.

Það kann vel að vera að menn hafi hugsað sér að skýra þetta betur í samþykkt um Ríkisútvarpið og þá kem ég kannski að þeim þætti sem vantar algerlega og þyrfti að fylgja þessu frumvarpi en það eru hugmyndir ráðherra um samþykkt fyrir Ríkisútvarpið. Hvernig eiga samþykktir um Ríkisútvarpið að líta út? Ég geri ráð fyrir að að þær eigi að samþykkjast á hluthafafundi. Og hver fer með atkvæðisrétt á hluthafafundi? Það er jú menntamálaráðherra og enginn annar. Mér finnst það alger forsenda fyrir því að hægt sé að ræða þetta frumvarp og vinna áfram með það að þessar samþykktir séu lagðar fram hér og menn hafi það fyrir framan sig hvernig fyrstu samþykktir Ríkisútvarpsins sem hlutafélags eigi að líta út. Ég tel líka að hér þurfi að liggja fyrir drög að þeim þjónustusamningi sem talað er um í frumvarpinu, vegna þess að í þjónustusamningnum er gert ráð fyrir að útvarpsþjónustan í almannaþágu verði nánar skilgreind og krafan sem er gerð til Ríkisútvarpsins vegna almannaþjónustuþáttarins. Þetta tvennt, þ.e. annars vegar samþykktir um Ríkisútvarpið sem útfæra nánar almenna starfsemi Ríkisútvarpsins og hins vegar hugmyndir um þjónustusamninginn þar sem kröfurnar um almannaþjónustuútvarpið eru nánar skilgreindar, tel ég að liggja þurfi fyrir áður en málið verður afgreitt úr nefnd þannig að hægt sé að taka afstöðu til þeirra heildarmyndar sem þá blasir við.

[22:33]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður að segjast eins og er að sá

sem hér stendur hefur nú hlustað á ýmsar ræður hjá hv. þingmanni og ekki alltaf á þessum vettvangi, og ég verð að viðurkenna að maður hefur nú sjaldan hlustað á eins dapurlegan málflutning. Hér kom hv. þingmaður fram með hefðbundið lítillæti og hélt því fram að stjórnarliðar hefðu bara verið með pólitískan barnaskap, það var einhvers konar rauður þráður í ræðu hv. þingmanns.

Ef maður skoðar aðeins efni ræðunnar þá var ekki margt sem stóð þarna upp úr. Hér er allt í einu talað mikið um mikilvægi þess að hafa víðtækt samráð. Virðulegur forseti og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ég veit ekki betur en hér hafi verið reynt og þess hafi verið krafist og að menn hafi beðið um að fá að vera í nefndum og öðru slíku sem tengist fjölmiðlum og í annan stað hafa menn sérstaklega fundað fyrir framlagninguna, hv. þm. Mörður Árnason, ... (**MÁ:** Hvaða samráð hefur verið um Ríkisútvarpið?) Ég man ekki eftir að það hafi verið gert við önnur tilefni. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti biður þingmenn að gefa ræðumanni tækifæri til þess að flytja ræðu sína.) (**Gripið fram í:** Svaraðu spurningunni, hvaða samráð hefur verið haft um Ríkisútvarpið, Guðlaugur Þór?) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti biður þingmenn að gefa ræðumanni tækifæri til að ljúka máli sínu.) (Gripið fram í.)

Ég held að við þurfum bara að fá dyravörð til að koma þingmanninum eitthvað, róa hann eitthvað niður.

Hvað sem því líður er ánægjulegt að þessi hv. þingmaður og formaður Samfylkingarinnar sé farinn að hafa áhuga á samráði því að ég man ekki eftir því á fyrri vinnustað hv. þingmanns að það hafi nokkurn tíma verið gert.

Aðalatriði málsins og það sem ég vil spyrja hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur um, vegna þess að nú er talað mikið um sjálfseignarstofnun: Á hvaða tímapunkti varð hv. þingmaður svona fráhverfur hlutafélagaforminu? Ég man ekki betur en eitt það fyrsta sem fyrrverandi borgarstjóri gerði, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, væri að breyta félagslegu húsnæði (Forseti hringir.) í hlutafélag. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, það er bara svo mikið kallað hér fram í að ég þarf nú kannski smátíma til að bera fram spurningu mína.

Mig langar til að fá svar við því: Á hvaða tímapunkti varð hlutafélagaformið svona ómögulegt hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur?

[22:35]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég er ekkert fráhverf hlutafélagaforminu og hef aldrei verið. Ég talaði heldur ekkert gegn hlutafélagaforminu hér í ræðustól áðan. Ég hef tekið eftir því áður að þingmanninum Guðlaugi Þór Þórðarsyni gengur svolítið illa að heyra þegar ég tala hér úr ræðustól Alþingis, einhverra hluta vegna. Ég talaði um að ég hefði talið heppilegra fyrir Ríkisútvarpið, og færði fyrir því rök, að vera í formi sjálfseignarstofnunar. Ein rökin voru m.a. þau að vegna forsögu málsins og vegna þess hvernig menn væru stemmdir í Sjálfstæðisflokknum treysti fólk því ekki að hlutafélag fæli ekki í sér aðdraganda að sölu. Til þess eru nú refirnir skornir og menn hafa fylgst með því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur yfirleitt hlutafélagavætt sem lið í söluferli. Þess vegna er ákveðin tortryggni og þess vegna hefðum við talið heppilegra að gera þetta að sjálfseignarstofnun. Þá er þetta einkaréttarlegs eðlis, nær því sjálfstæði sem því fylgir, en það þarf ekki að tortryggja það að sjálfseignarstofnun verður trauðla seld.

[22:37]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Er hv. þingmaður í fullri alvöru að halda því fram að þetta sé stefna Samfylkingarinnar? Ég vek athygli á að talsmaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Mörður Árnason, talaði sömuleiðis fyrir sjálfseignarfyrirkomulaginu fyrr í dag. Nú kemur formaðurinn, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, og upplýsir þingheim og þjóð um þessa stefnu Samfylkingarinnar og að þeirri stefnu hafið verið unnið í mörg ár að Ríkisútvarpið skuli vera sjálfseignarstofnun vegna þess hvernig stemmning sé í Sjálfstæðisflokknum, vegna þess að það er einhver stemmning í Sjálfstæðisflokknum. Það eru einu rökin sem hér komu fram.

Ég verð að segja eins og er að ég er nú bjartsýnn maður að eðlisfari en ég á ekki von á því að við verðum í ríkisstjórn um alla eilífð. En það er gott að fá að heyra það frá Samfylkingunni að það er eitthvað sem menn ætla. En það eru einu rökin því að svo sannarlega hefur hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir búið til hlutafélög úr hinum og þessum fyrirtækjum og sérstaklega er áberandi Félagsbústaðir hf., sem er hlutafélag um félagslegt húsnæði. Ég veit ekki til þess að það hvarfli að neinum að selja það fyrirtæki.

Það liggur þá fyrir og hefur verið ítrekað af formanninum og komið fram hjá talsmanni flokksins í þessum málaflokki að umrædd stefna hefur verið undirbúin í mörg ár og að sjálfseignarfyrirkomulagið væri niðurstaðan. Hér kom hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fram og sagði að það væri ekkert vegna þess að þingmaðurinn hefði neitt á móti hlutafélagaforminu, enda getur hún tæplega haldið því fram eftir að hafa unnið þau verk sem hún hefur unnið, en hún sagði að stemmningin væri þannig í Sjálfstæðisflokknum að það væri tortryggni í kringum þetta vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn gæti hugsanlega einhvern tíma selt það og þar af leiðandi ætti að vera sjálfseignarfyrirkomulag. (Forseti hringir.)

Í fullri alvöru, eru þetta rökin?

[22:39]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er rétt, ég hef tekið þátt í því að gera opinberan rekstur að hlutafélögum. Oftar en ekki hefur það verið undanfari sölu. Þannig var Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar seld, sömuleiðis Pípugerð Reykjavíkurborgar. Þannig var ýmislegt selt sem hafði verið gert að hlutafélögum og það var liður í söluferli rétt eins og hjá ríkinu. En ég hef líka tekið þátt í því að búa til hlutafélag um Félagsbústaði og það er alveg skýrt að Félagsbústaðir verða ekkert seldir nema með samþykki félagsmálaráðherra þannig að það er í rauninni félagsmálaráðherra sem hefur öll forræði á því máli og ekki borgarstjórn Reykjavíkur. Það er því algjörlega kirfilega fyrir það girt að það fyrirtæki verði selt og það er auðvitað hægt að gera svoleiðis í lögum. Það er hægt að búa þannig um hnútana í lögum um Ríkisútvarpið

með ýmsum hætti. Það er líka hægt að búa þannig um hnútana í lögum um Ríkisútvarpið að Ríkisútvarpið uppfylli ýmsar kröfur sem opinberum stofnunum er gert að uppfylla. Ég bið bara þingmanninn að lesa frumvarp mitt um hlutafélög í opinberri eigu og þá yrði hann nokkru fróðari um það.

[22:40]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vék að því í ræðu sinni að stjórnarandstaðan hefði verið býsna málefnaleg í umræðu um þetta frumvarp og það má að mörgu leyti taka undir það og hrósa mörgum hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar fyrir málefnalega umræðu hér. En það sama verður nú ekki sagt um formann Samfylkingarinnar að öllu leyti, hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og sérstaklega ekki fyrsta hluta ræðu hennar en þá notaði hún tækifærið til þess að vera hér með hrokafullar umvandanir í garð þeirra stjórnarliða sem hafa verið að fjalla um þetta mál, að mínu mati á málefnalegan hátt, og kallaði málflutning okkar barnalegan og ófyrirleitinn.

Er það ófyrirleitni að spyrjast fyrir um hver stefna stjórnarandstöðuflokkanna varðandi rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins sé? Hvert rekstrarformið eigi að vera? Það finnst mér ekki. Við höfum óskað eftir stefnu flokkanna um það og fengið þær upplýsingar, og veitti ekki af vegna þess að stefna Samfylkingarinnar í þessu máli hefur verið töluvert á reiki. Ýmist tala menn um sjálfseignarstofnunarformið eða hlutafélagaformið. Auðvitað er það þannig þegar í ljós kemur að stjórnarandstaðan talar ekki einum rómi, menn tala hver í sína áttina, vinstri grænir eru með eina útfærslu, samfylkingarmenn með aðra og frjálslyndir þá þriðju. Það er erfitt að hafa samráð við slíka hjörð.

Nú langar mig til þess að spyrja hv. þingmann um efnisatriði þessa máls. Af hverju telur hún að sjálfseignarstofnunarformið sé hentugra en hlutafélagaformið? Af hverju heldur hv. þingmaður að allir þeir sem eru í rekstri eða langflestir velji hlutafélagaformið umfram sjálfseignarstofnunarformið, (Forseti hringir.) og hvernig ætlar hv. þingmaður að skapa Ríkisútvarpinu það sjálfstæði sem hún talar um sjálfseignarstofnunarforminu umfram hlutafélagaformið? (Forseti hringir.) Ætlar hún að gera það á grundvelli laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur eða með einhverjum öðrum hætti?

(**Forseti** (BÁ): Forseti áminnir þingmenn um að virða tímamörk sem eru takmörkuð í þessum andsvörum og svörum.)

[22:43]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur komið fram hér í umræðunni að sitt sýnist hverjum um það hvaða form sé heppilegast að hafa á rekstri Ríkisútvarpsins og yfir það fór ég í ræðu minni áðan. Þannig hafa vinstri grænir talið eðlilegt að það sé það form sem er á Ríkisútvarpinu núna, þ.e. að þetta sé ríkisstofnun, sé rekin sem slík og fært fyrir því sín rök. Sjálfstæðismenn telja best að hafa hlutafélagaformið og þeir hafa út af fyrir sig fært fyrir því rök sem þekkt eru, þ.e. að lög um hlutafélög séu skýr, þetta sé þaulreynt fyrirkomulag o.s.frv.

Við höfum talað fyrir því eins og Framsóknarflokkurinn gerði til skamms tíma að þetta væri sjálfseignarfyrirkomulag. Eins og ég sagði áðan er ástæðan sú að það gefur þessari stofnun það sjálfstæði sem við teljum að hún þurfi. Það form er einkaréttarlegs eðlis en stofnanir eins og Ríkisútvarpið sem hafa beinan aðgang að opinberu fé eru ekki rekin fyrir tekjur sem þau afla sér á markaði eins og sumar stofnanir og fyrirtæki eru, t.d. orkufyrirtækin, þau lúta svolítið öðrum lögmálum. Þess vegna hefur slíkum stofnunum gjarnan verið valið þetta form, sjálfseignarstofnunarformið. Ég nefndi hér háskólastarfsemi og hjúkrunarheimilin og það væri hægt að nefna fleiri slíkar stofnanir sem eru þess eðlis að þær gegna almannaþjónustuhlutverki, þær hafa aðgang að opinberu fé en þær þurfa ákveðið sjálfstæði og ákveðið svigrúm sem fylgir sjálfseignarstofnunarfyrirkomulaginu.

Þess vegna höfum talað fyrir því í Samfylkingunni. Við höfum hins vegar opnað á það að við værum tilbúin til viðræðna um hlutafélagaformið. En við höfum bara fengið þannig svör hér í þinginu (Forseti hringir.) að við höfum auðvitað lært að það á aldrei að opna nokkra gátt gagnvart stjórnarliðinu.

[22:45]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt að ekki eigi að opna neina gátt gagnvart stjórnarandstöðunni. En þegar eftir samráði hefur verið leitað hefur ekki verið mikill vilji fyrir því. Ég nefni sem dæmi nýja uppákomu varðandi skipun nefndar um samningu frumvarps um fjölmiðlalög á grundvelli fjölmiðlaskýrslu. Óskað var eftir því af hálfu hæstv. menntamálaráðherra að stjórnarandstaðan kæmi að þeirri vinnu að semja frumvarpið en ég gat ekki skilið málflutning stjórnarandstöðunnar á annan veg en þann að fengi hún ekki að ráða efni frumvarpsins slægi hún á útrétta sáttarhönd. Hún neitaði að taka þátt í því samráði og samstarfi.

Hv. þingmaður nefndi sjálfseignarstofnanirnar. Ég er þeirrar skoðunar að það rekstrarfyrirkomulag — þó svo að það þekkist þá er það náttúrlega ekki jafn vel þekkt og hlutafélagaformið — sé á undanhaldi. Ég nefni sem dæmi að Háskólinn í Reykjavík hefur tekið upp hlutafélagaformið eftir sameiningu við Tækniháskóla Íslands. Fyrir því voru færð rök af hálfu rekstraraðila þess háskóla, þau rök að betra væri að starfa innan hlutafélagaformsins.

Þegar hv. þingmaður segir að sjálfseignarstofnunarformið skapi meira sjálfstæði velti ég því fyrir mér hvað þingmaðurinn eigi við. Tökum sem dæmi skipan í stjórn slíkrar sjálfseignarstofnunar: Hvernig sér hv. þingmaður það fyrir sér að slík stjórn yrði skipuð? Yrði hún skipuð af hálfu eigandans, þ.e. ríkisins, (Forseti hringir.) og þess sem ábyrgð ber, þ.e. ráðherrans, eða af einhverjum öðrum? (Forseti hringir.) Hverjir sætu í slíkri stjórn og hversu (Forseti hringir.) sjálfstæðari væru þeir en stjórnarmenn í hlutafélagi?

(**Forseti** (BÁ): Forseti vekur athygli á tímamörkum í þessum umræðum.)

[22:48]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það hafi verið Donald Rumsfeld sem sagði að sumar ríkisstjórnir væru þannig að ýmist aðhefðust þær ekkert eða færu offari. Hið síðarnefnda á við í fjölmiðlamálinu hvað varðar nefndarskipan ráðherra. Ekki dugði ein nefnd, ekki dugðu tvær nefndir heldur átti að skipa þriðju nefndina til þess að setja saman tillögur í fjölmiðlamálum. Auðvitað bentum við hæstv. menntamálaráðherra á að það væri algjör óþarfi og ofílagt að skipa þriðju nefndina, nefnd á nefnd ofan — það væri hægt að fela þetta mál lögfræðingum og hafa samráð við stjórnarandstöðuna um frumvarpið. Og auðvitað valdi hún að fara þá leið eins og við bentum henni á að væri skynsamlegt.

Ég sagði að það fælist meira sjálfstæði í því að vera með sjálfseignarstofnunarformið en það form sem er á Ríkisútvarpinu núna, þ.e. að vera opinber stofnun. Það fylgir því meira sjálfstæði að vera sjálfseignarstofnun og starfa sem slík en að vera opinber stofnun með því hefðbundna fyrirkomulagi sem þar gildir. Það er ekkert meira sjálfstæði sem fylgir því en hlutafélaginu, það er ósköp sambærilegt, ósköp svipað. Það er bara spurningin um að velja hvora leiðina menn vilja fara. En það er tvímælalaust meira sjálfstæði fólgið í sjálfseignarstofnuninni en innan opinberrar stofnunar eins og hefðin er að reka þær í dag. Hafi þingmaðurinn misskilið mig vona ég að sá misskilningur sé nú leiðréttur.

[22:50]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég hef aðeins tíu mínútur til ráðstöfunar í þessari síðari ræðu minni en er minnugur þess að það kemur dagur eftir þennan dag og málið kemur væntanlega aftur til umræðu hér í þinginu.

Ég hefði skilið þá umræðu sem hér hefur farið fram ef hún hefði átt sér stað fyrir aldarfjórðungi, um 1980. Þá bjuggum við við mikla miðstýringu í opinberum rekstri. Opinberar stofnanir þurftu að sækja um leyfi í hið miðstýrða vald til að fjölga stöðugildum, svo dæmi sé tekið, og menn urðu að leita leyfa og heimilda um stórt og smátt. Þetta er liðin tíð, þetta er löngu liðin tíð.

Áður en ég vík að nokkrum efnisþáttum langar mig til að leggjast í örlitla sögulega upprifjun og vitna í grein sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skrifaði í Morgunblaðið um miðjan nóvember, 11. nóvember sl.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra boðar frumvarp á Alþingi um Ríkisútvarpið fyrir næstu jól og gerir ráð fyrir því að rekstrarfyrirkomulagi RÚV verði breytt. Samkvæmt frétt Bylgjunnar segir ráðherrann, að verið sé að skoða hvort verði fyrir valinu, að gera Ríkisútvarpið að einkahlutafélagi eða sameignarfélagi.

Það þykir mér hraustlega mælt í ljósi þess að hlutafélagavæðingunni hefur verið hafnað. Flokksþing Framsóknarflokksins 2001 ályktaði orðrétt „Ríkisútvarpinu verði ekki breytt í hlutafélag“ og sú samþykkt stendur enn óhögguð. Á næsta flokksþingi, sem var 2003, var bætt við að „breyta skal rekstrarformi Ríkisútvarpsins í sjálfseignarstofnun“. Loks var ályktað á þessu ári á flokksþingi Framsóknarflokksins að „mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu“. Samþykktirnar eru í eðlilegu samhengi og mynda skýra stefnu flokksins. Síðari samþykktirnar styrkja þá fyrstu, sem hafnar hlutafélagavæðingu RÚV.“

Síðar segir þingmaður Framsóknarflokksins, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, að það sé eðlilegt núna að huga að úrbótum á núverandi fyrirkomulagi og orðrétt segir hann, með leyfi forseta:

„Því mega menn ekki gleyma að skoðun Sjálfstæðisflokksins á Ríkisútvarpinu er minnihlutaskoðun, bæði á Alþingi og í þjóðfélaginu. Flokkurinn er einangraður í þessu mikilsverða máli og ekkert réttlætir að gera honum kleift að koma því fram.“

Sjálfstæðisflokkurinn er ekki lengur einangraður. Hann hefur Framsóknarflokkinn nú sér við hlið. Þess vegna liggur fyrir þinginu frumvarp um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins.

Um skoðanir Sjálfstæðisflokksins er þetta að segja, og ég ætla að vitna hér í einar þrjár samþykktir. Fyrst í yfirlýsingu framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, Kjartans Gunnarssonar, sem sagði í janúar 1992, með leyfi forseta:

„Ég held einfaldlega að Ríkisútvarpinu sé eins og öðrum opinberum rekstri markaður ákveðinn tími og ég held að sá tími sé einfaldlega liðinn. Ég tel að það sé nauðsynlegt að leggja Ríkisútvarpið niður.“

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins ályktaði árið 1996, með leyfi forseta:

„Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að markmið, rekstur og fjármögnun Ríkisútvarpsins, ekki síst sjónvarpsins, verði endurskoðuð með tilliti til hagkvæmni og aukinnar samkeppni og að samkeppnisstaða fjölmiðla verði jöfnuð með afnámi lögboðinna áskriftargjalda og jafnframt tryggt að stofnunin fari ekki með öðrum hætti í ríkissjóð.“

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 2003 var á nýjan leik ályktað, með leyfi forseta:

„Skylduáskrift að fjölmiðlum verði afnumin nú þegar. Íslenskir neytendur eiga sjálfir að ráða hvort og hvaða fjölmiðla þeir kaupa. Endurskoða skal hlutverk ríkisins á þessum markaði.“

Samband ungra sjálfstæðismanna ályktar 5. ágúst 2005, með leyfi forseta:

„Að lokum ítreka ungir sjálfstæðismenn þá skoðun sína að ríkisvaldið hætti rekstri fjölmiðla og RÚV verði selt.“

Þetta eru nokkrar tilvitnanir í samþykktir Sjálfstæðisflokksins, bæði Sambands ungra sjálfstæðismanna og flokksþings Sjálfstæðisflokksins, og lýsir afstöðu sem er alla vega mjög sterk innan flokksins.

Hæstv. forseti. Við erum að ræða um mismunandi rekstrarform á Ríkisútvarpinu. Það er gert með skírskotun til stjórnsýslu stofnunarinnar, menn ræða með hvaða hætti sé hægt að gera hana markvissari og hagkvæmari. Í öðru lagi er rætt um fjárhagsgrundvöll Ríkisútvarpsins og í þriðja lagi er rætt um sjálfstæði stofnunarinnar.

Fyrst að fyrsta atriðinu. Í frumvarpi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er tekið á markvissan hátt á stjórnsýslu Ríkisútvarpsins. Skorið er á flokkspólitísk yfirráð yfir stofnuninni, við tengjum hana við eigendur sína í gegnum þingið að sönnu, fulltrúar hvers stjórnamálaflokks á Alþingi fá fulltrúa í það sem við köllum dagskrárráð og er sett á

laggirnar til að fylgjast með því að farið sé að lögum um Ríkisútvarpið á sama hátt og stjórn stofnunarinnar á að gera samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Þessi stjórn hefur hins vegar ekki þau sömu tök á stofnuninni og stjórnin sem kosin yrði yfir Ríkisútvarpið samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Sú stjórn, sem endurspeglar meirihlutavald á Alþingi, fær vald til þess að ráða og reka útvarpsstjórann, sem síðan er fengið í hendur nánast einvaldsvald innan stofnunarinnar. Á þessu byggist frumvarp ríkisstjórnarinnar. Við erum hins vegar með hugmyndir um að kalla fleiri að þessu dagskrárráði. Við nefnum Neytendasamtök, Samband listamanna, sveitarfélögin í landinu, við viljum breiðan grunn hvað þetta snertir.

Hvað varðar stjórnsýsluna sjálfa innan veggja stofnunarinnar viljum við setja á stofn framkvæmdastjórn líkt og nú er við lýði en við viljum hafa hana breiðari og tryggja aðkomu starfsmanna að stjórn stofnunarinnar hvað þetta snertir. Starfsmenn eiga núna sæti í framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins. Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar verður þeim úthýst. Við teljum því að við séum að taka á markvissan hátt á stjórnsýslunni í Ríkisútvarpinu. Við erum að færa ákvarðanir um mannaráðningar inn fyrir veggi stofnunarinnar en jafnframt tryggja lýðræðislega aðkomu.

Okkur er umhugað um að styrkja fjárhagsgrundvöllinn. Við höfum hins vegar heyrt tóninn hjá sjálfstæðismönnum í þessari umræðu. Þeir segja að það þurfi að reka stofnunina á fyrirtækjavísu og það þurfi að skera kröftugar niður en gert hefur verið. Það hefur reyndar verið gert vegna þess að rauntekjur Ríkisútvarpsins hafa rýrnað um 15% á áratug. (**PHB:** Ekki skera niður.) Á sama tíma hefur starfsmönnum verið fækkað um 15%, frá 1996. (**PHB:** Ekki skera niður, reka betur.) Ekki skera niður, reka betur, segir hv. þm. Pétur Blöndal. Reka stofnunina betur, já. Þá skulum við fá einhverjar hugmyndir frá honum um hvernig það verði gert. Ég frábið mér þetta fyrirlitningartal í garð þeirra sem hafa stýrt Ríkisútvarpinu. Við erum að tala um miklu stærra og alvarlegra mál en þessu nemur. Við vitum að þrengt hefur verið að ýmissi menningarstarfsemi innan Ríkisútvarpsins og ég óttast að lengra verði gengið í þeim efnum ef frumvarp ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga.

Síðan er það sjálfstæðið. Það er ekki tryggt samkvæmt þessu frumvarpi. Flokkspólitísk völd yfir stofnuninni eru treyst, meirihlutavaldið er geirneglt í stjórn stofnunarinnar þannig að það er ekki verið að tryggja sjálfstæðið.

En hvað þá með sjálfseignarstofnunina sem menn eru að hefja hér upp til skýjanna? Ég hef ákveðnar efasemdir um að nokkur þörf sé á að fara út á slíkar brautir. Ég vek athygli á því að ástæðan fyrir því að menn vilja fara yfir í breytt rekstrarform er fyrst og fremst ein, að skerða réttindi starfsmanna, að hafa af starfsfólkinu þau kjör og réttindi sem það býr við núna. Það er deginum ljósara að starfskjör nýráðinna starfsmanna, samkvæmt þeim hugmyndum sem reifaðar hafa verið í dag, eru rýrari en þau hafa verið, það liggur ljóst fyrir. Þar horfum við í (Forseti hringir.) lífeyrisréttinn sérstaklega en einnig önnur réttindi starfsmanna.

[23:00]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hóf mál sitt á því að vitna í grein eftir hv. þm. Kristin H. Gunnarsson þar sem var seilst aftur til ársins 2001 og rifjaðar upp samþykktir flokksþings Framsóknarflokksins þá. Nú háttar svo til að flokkurinn verður 90 ára á þessu ári og það er spurning hvort hv. þingmaður ætti ekki að ganga enn lengra aftur og rifja upp fyrstu samþykktir flokksins. Ég hygg að þar hafi ekkert verið minnst á hlutafélög og þá má álykta með sama hætti og hv. þingmaður gerir, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerir reyndar í þessari grein.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að á síðasta flokksþingi Framsóknarflokksins, sem er líklega eitt það fjölmennasta sem haldið hefur verið í mörg herrans ár, var mikil vinna lögð í þetta, bæði í aðdraganda þess þings og í sérstökum málefnahópi um menntamál þar sem megináherslan var lögð á þetta. Það varð skýr niðurstaða, eftir að hafa skoðað ýmsa möguleika var þetta skýr niðurstaða flokksþingsins og ég bið hv. þingmann um að virða þá niðurstöðu. Það var fjöldi fólks sem að þeirri vinnu kom og þetta var hin sameiginlega niðurstaða.

Þá er líka rétt að rifja upp af hverju þessar breytingar og ég gerði grein fyrir því í ræðu minni hér. Afstaða til sölu eða ekki sölu hafði nefnilega ekki legið fyrir m.a. af hálfu Sjálfstæðisflokksins. Hún liggur núna alveg skýr fyrir og til að segja það rétt einu sinni þá stendur ekki til að selja Ríkisútvarpið. Það er auðvitað útgangspunktur í þessu sem hv. þingmaður veit og hann á þá að virða það. Ég veit að hann hefur hlustað á þetta hjá hæstv. menntamálaráðherra og hjá þeim stjórnarsinnum sem hér hafa talað. Þess vegna átta ég mig ekki alveg á því nema það sé gert í einhverjum svona hræðsluáróðurstilgangi (Forseti hringir.) að halda því stöðugt fram að grunnurinn að þessu frumvarpi sé sá að selja eigi Ríkisútvarpið. Svo er ekki.

[23:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er enginn hræðsluáróður, þetta er bara raunsæi. Ég vil minna hv. þingmann á að sömu fyrirheit voru gefin varðandi Landssímann á sínum tíma. Ég stóð þá hér í ræðupúlti og tók þátt í umræðu og hlustaði á umræðurnar, bæði sjónarmið sem fram voru sett af hálfu Framsóknarflokksins og af hálfu Sjálfstæðisflokksins. Allt var þetta svikið.

Ég var að rifja upp samþykktir á þingum Sjálfstæðisflokksins og Sambands ungra sjálfstæðismanna. Menn hafa skírskotað til frumvarpa sem hafa legið og liggja fyrir þinginu og menn hafa talað fyrir hér í þingsalnum. Það er gefið mál að ef Ríkisútvarpið er gert að hlutafélagi er verið að stíga eitt skref í þessa átt. Það er alla vega gefið mál að það er auðveldara að koma því á sölu en ella vegna þess að menn hafa þá farið í gegnum ýmis frumstig í málinu, að hafa réttindin af starfsfólkinu og setja stofnunina í markaðsumbúðir og þá er auðveldara að stíga skrefið til fulls. Þetta er bara staðreynd og þetta er bara raunsæi.

Varðandi samþykktir Framsóknarflokksins frá öndverðri síðustu öld, mér kom nú aldrei í hug að fara út í slíkt. Ég var að vitna í þingmann Framsóknarflokksins í blaðagrein sem er nú ekki eldri en að hún birtist 11. nóvember sl. þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Samþykktirnar eru í eðlilegu samhengi og mynda skýra

stefnu flokksins. Síðari samþykktirnar styrkja þá fyrstu, sem hafnar hlutafélagavæðingu RÚV.“

Ég er að vitna í þingmann Framsóknarflokksins.

[23:04]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo sem hv. þingmaður veit á hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson til að synda nokkuð sínar eigin leiðir. Ég vil árétta að sú niðurstaða sem fékkst á síðasta flokksþingi Framsóknarflokksins var mjög skýr. Menn tóku burt fyrri samþykktir og vildu opna fyrir breytt rekstrarform rétt eins og samþykkt Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins er.

En syndin er lævís og lipur, hv. þingmaður gefur í skyn að á bak við þetta frumvarp búi einhver lævís tilhneiging til að stíga skref rétt eins og sé verið að blekkja. Svo er ekki. Það kann vel að vera að hv. þingmaður telji að með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag sé verið að auðvelda sölu. Til þess þarf pólitíska vilja. Eins og komið hefur ítrekað fram í umræðunni er sá vilji ekki til staðar. Það er nákvæmlega enginn meiri hluti fyrir því á hv. Alþingi og ég dreg mjög í efa að hann muni myndast í náinni framtíð. Hvað gerist í einhverri óralangri framtíð vitum við hvorugur um.

Hitt er svo annað mál að mér finnst hv. þingmaður oft agnúast um of gegn því formi sem heitir hlutafélag. Það form hefur rutt sér til rúms, ekki bara hérlendis heldur víða í heimi vegna þess að menn hafa góða reynslu af slíku formi, reynslu af því að standa í rekstri vegna þess að það form felur m.a. í sér ákveðinn sveigjanleika og sá sveigjanleiki er mjög nauðsynlegur Ríkisútvarpinu. Það er það sem starfsmenn Ríkisútvarpsins kalla á vegna þeirrar hörðu samkeppni sem komin er upp á fjölmiðlamarkaði. Að sjálfsögðu vilja starfsmenn, ágætt starfsfólk Ríkisútvarpsins, standa sig í þeirri samkeppni og eru að gera vel en munu gera enn betur þegar þessi formbreyting hefur átt sér stað. Ótti hv. þingmanns um sölu er algjörlega ástæðulaus.

[23:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þó að ég geti ekkert fullyrt um það þá get ég mér til um að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sé að synda í sömu átt og flestir, a.m.k. mjög margir stuðningsmenn Framsóknarflokksins og ég held þjóðin almennt. Ég held að þó að viðhorf okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði kunni að vera minnihlutaviðhorf innan þingsins á sama hátt og við vorum með minnihlutaskoðun á Kárahnjúkum og í minni hluta að verja Þjórsárverin, þá held ég að við séum nokkuð í takt við þjóðina. Það held ég að sé staðreynd málsins.

Ég held ekki að af hálfu Framsóknarflokksins og margra sjálfstæðismanna að þetta sé einhver lævís tilraun til að selja Ríkisútvarpið. Ég held að menn meini það margir að ekki standi til að gera það. Ég er hins vegar að benda á að einkavæðing og sala Ríkisútvarpsins verður auðveldari eftir að þetta skref er stigið og að auki, og ég staðnæmist að sjálfsögðu við það, þegar verið er að skerða réttindastöðu starfsfólksins, miðstýra valdinu, færa það undir pólitíska járnhæl í ríkari mæli en verið hefur. Hafa menn hugleitt þetta? Í ríkari mæli en verið hefur.

Síðan er það hitt þegar menn tala um skylduáskrift að Ríkisútvarpinu, það getur vel farið svo að við sem höfum hvað harðast staðið vaktina fyrir Ríkisútvarpið förum að efast um slíka skylduáskrift. Það skyldu menn hugleiða hvort menn eru að skera á tengslin á milli þessarar stofnunar og þjóðarinnar.

[23:09]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vekur óneitanlega athygli í umræðunni hversu mikinn áhuga hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur á málflutningi Framsóknarflokksins í þessu máli. Ljóst er að hann ber hag Framsóknarflokksins mjög fyrir brjósti og stefnu þess flokks (**ÖJ:** Hvað með kjósendurna?) hvað varðar málefni Ríkisútvarpsins og ég efast ekki um að hv. þm. Jón Bjarnason ber hag Framsóknarflokksins einnig mjög fyrir brjósti. (Gripið fram í.)

En úr því að hv. þingmaður hefur svona miklar skoðanir á stefnu annarra stjórnmálaflokka í málefnum Ríkisútvarpsins langar mig að varpa aðeins ljósinu að stefnu annars stjórnmálaflokks. Þannig bar við í upphafi þessa kjörtímabils að stjórnarandstöðuflokkarnir riðu hingað til þings undir þeim merkjum að þeir ætluðu að hafa með sér mikið samráð og samstarf, það væri ein sameinuð stjórnarandstaða sem kæmi hingað til þings. Ef ég man rétt var ekki bara blásið í herlúðra heldur var einnig boðað til blaðamannafundar þar sem þetta mikla samráð og samstarf var kynnt.

Þess vegna langar mig til að spyrja hv. þingmann um hvað honum finnst um málflutning Samfylkingarinnar í málinu en Samfylkingin hefur opnað á það að Ríkisútvarpið verði hugsanlega gert að hlutafélagi eða þá að Ríkisútvarpið verði gert að sjálfseignarstofnun. Mig langar til að heyra viðhorf hv. þingmanns til málflutnings stærsta stjórnarandstöðuflokksins vegna þess að hann virðist hafa miklar skoðanir á stefnu Framsóknarflokksins í málinu. Ég vil gjarnan heyra skoðun hv. þm. Ögmundar Jónassonar vegna þess að ég veit að hann hefur skoðun á málinu og ég veit að hann hefur skoðun á stefnu Samfylkingarinnar í málinu, (Forseti hringir.) og ég vil fá að heyra viðhorf hans til hennar.

[23:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst varðandi Framsóknarflokkinn. Já, auðvitað beina menn sjónum sínum að Framsóknarflokknum í málinu vegna þess að menn höfðu treyst á Framsókn. Eftir allar yfirlýsingarnar og allar heitstrengingarnar höfðu menn treyst á Framsókn. Þegar hún bregst eina ferðina enn í þessu mikilvæga máli verða menn fyrir vonbrigðum. Auðvitað vitna menn þá í ummæli þeirra sem þó eru að þráast við. Þess vegna var ég að vitna í skrif hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Þetta er ástæðan fyrir því að ég hef horft til Framsóknarflokksins og reynt að höfða til samvisku hans.

Varðandi önnur sjónarmið sem komið hafa fram á þinginu um hlutafélagavæðingu eða opnun á að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi þá teljum við það ekki vera æskilegt, alls ekki, við erum því andvíg. Hins vegar vil ég vekja athygli fyrirspyrjanda á því, af því að reynt er að setja fleyg á milli okkar og Samfylkingarinnar í þessu máli, að ég hef

sagt fyrr við umræðuna að þingmál sem fram hefur komið hjá Samfylkingunni gengur út að reynt verði að skapa þverpólitíska samstöðu í málinu. Menn töluðu af fyrirlitningu um að setja ætti á fót nefnd til að fjalla um málið og móta sameiginlegar tillögur eða reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Ég styð þetta, við styðjum þetta. Við höfum sett fram okkar tillögur, þær eru mjög skýrar, um með hvaða hætti hægt er að efla stjórnsýslu stofnunarinnar og treysta tekjustofna hennar. (Forseti hringir.) Við höfum sett fram slíkar tillögur. (Forseti hringir.) En við erum að sjálfsögðu reiðubúin að hlusta á það sem aðrir hafa fram að færa því að mjög (Forseti hringir.) mikilvægt er að reyna að ná þverpólitískri samstöðu í þessu máli.

[23:13]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst að vonbrigðin leyna sér ekki hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni í garð Framsóknarflokksins. En á sömu rökum hlýtur hv. þingmaður hafa orðið fyrir verulegum vonbrigðum með málflutning Samfylkingarinnar. Því er haldið fram að verið sé að reka einhvern fleyg á milli stjórnarandstöðuflokkanna í málinu. Ef það hefur verið gert eru það ekki við í stjórnarliðinu sem höfum gert það heldur einhverjir aðrir.

Ég sé ekki mikinn samhljóm í málflutningi Samfylkingarinnar annars vegar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hins vegar. Ég trúi því heldur ekki að hv. þingmaður hafi ekki skoðanir á málflutningi Samfylkingarinnar vegna þess að nógu miklar skoðanir hefur hann haft í gegnum tíðina á málflutningi annarra stjórnmálaflokka og þá kannski sérstaklega Framsóknarflokksins.

Ég ítreka því spurningu mína um afstöðu og viðhorf hv. þm. Ögmundar Jónassonar til stefnu Samfylkingarinnar í málinu.

Síðan er annað sem ég vil spyrja hv. þingmann um vegna þess að hann virðist hafa miklar áhyggjur af því að framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins væntanlegur muni hafa of mikil völd, muni hafa of mikið um það að segja hverjir eru ráðnir og hverjir eru reknir. Ég vil benda hv. þingmanni á að auðvitað mun þessi nýi framkvæmdastjóri og útvarpsstjóri starfa undir stjórn félagsins og vera undir boðum hennar eða skipunarvaldi settur. Hann mun bara hafa sömu völd og framkvæmdastjórar (Forseti hringir.) í öðrum hlutafélögum hafa. Ég spyr: Hvers vegna eiga aðrar reglur að gilda um framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins en gilda um framkvæmdastjóra í öðrum félögum?

[23:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ríkisútvarpið er ekki eins og hvert annað fyrirtæki. Því verður ekki líkt við hvaða fyrirtæki sem er. Það er menningarstofnun í eigu þjóðarinnar sem á að starfa samkvæmt lögum sem Alþingi setur. Það sem meira er, hún á að veita lýðræðislegt aðhald. Hún er mikilvægur umræðuvettvangur, á að vera kjölfesta í lýðræðislegri umræðu í landinu. Það er mjög mikilvægt að búa svo um hnúta að Ríkisútvarpið sé í reynd sjálfstætt, í þeim skilningi að valdapólitísk öfl ráðskist ekki með það.

Staðreyndin er sú að sá sem fær nánast einræðisvald innan stofnunarinnar, alræðisvald í hendur, er settur undir rammpólitískan járnhæl. Það er meiri hlutinn á Alþingi sem kemur til með að stýra stofnuninni. Sú stjórn getur ráðið og rekið þann mann. Sú hætta er fyrir hendi að stjórnarmeirihlutinn hafi útvarpsstjóra í vasanum. Mér finnst sannast sagna óhugnanlegt að hlusta samhljóminn í því sem heyrist frá skrifstofu útvarpsstjóra og ræðum Sjálfstæðisflokksins, sem stýrir þessu máli. (**SKK:** Hvað með Samfylkinguna?) Jú, ég hef rætt um sjónarmið Samfylkingarinnar. Ég hef gert það málefnalega. En við stöndum frammi fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn, með litlu Framsókn í vasanum, þröngvar þessu máli í gegn og treystir völd sín yfir Ríkisútvarpinu. (Forseti hringir.) Ég stóð í þeirri meiningu að það ætti að skera á slíkt tengsl í stað þess að treysta þau.

[23:18]

Jón Kr. Óskarsson:

Virðulegi forseti. Ó, þetta er indælt stríð. Ég er með tvær fyrirspurnir til hæstv. menntamálaráðherra. Önnur fyrirspurnin er sérstaklega vegna þess að í dag eru 33 ár síðan gos hófst í Vestmannaeyjum. Þar var ég starfandi sem loftskeytamaður þegar gosið hófst. Ég skildi þá hvers virði Ríkisútvarpið var. Þess vegna spyr ég hæstv. menntamálaráðherra hvort ekki sé öruggt að Ríkisútvarpið sé sá öryggisventill sem ég tel að eigi að vera og vísa þar í 11. tölulið 3. gr. í frumvarpinu.

Á hinn bóginn spyr ég hæstv. menntamálaráðherra um réttindi starfsmanna þegar þetta verður einkavætt, gert að hlutafélagi eða hvað það skal heita. Hvað með veikindarétt starfsmanna eftir þá breytingu? Ég veit að sem opinberir starfsmenn hafa þeir veikindarétt í 6–12 mánuði í dag, eftir starfsaldri. Hver verða réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins þegar þessu verður breytt?

Herra forseti. Ég vil minnast einnig á tekjuöflun Ríkisútvarpsins. Ég tek undir með virðulegum þingmanni Jóhönnu Sigurðardóttur varðandi nefskatt á íbúðir og framlag af fjárlögum að hluta. Mér hrýs hugur við nefskatti á alla meðlimi fjölskyldunnar. Ég skal nefna að ég á barnabörn sem eru þríburar, sem eru að verða 12 ára, stúlkur í fjölskyldunni er einnig drengur sem er einu ári yngri. Þegar þau verða 18 ára, miðað við frumvarpið, ættu þau að greiða 81 þús. kr. á ári fyrir afnot af fjölmiðlinum. Hv. þingmaður Hjálmar Árnason benti á hugsanlega félagslega aðgerð en mér hugnast ekki sú aðferð.

[23:21]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hygg ég einnig, og kannski fleiri, gerum einkum þrenns konar athugasemdir við frumvarpið sem hér liggur frammi. Við höfum reyndar einnig nefnt þrjú atriði þar sem við erum sammála frumvarpsflytjandanum.

Við höfum talað um rekstrarformið sem hér hefur tekið mest rúm í umræðunni. Við höfum líka, og í raun og veru fyrst og fremst, talað um hlutverk útvarpsins, innihald þess sem almannaútvarps og hvernig það rímar við þá fjármögnun, að þriðjungi með auglýsingum og kostun, sem hæstv. menntamálaráðherra gerir ráð fyrir í frumvarpinu. Við höf-

um líka bent á að þetta frumvarp leysi ekki það vandamál sem hefur verið hvað mest áberandi og mætt hvað mestri gagnrýni á síðustu árum og áratugum, sem er pólitísk stjórnun á Ríkisútvarpinu.

Það er ástæða til að fara yfir þennan síðasta lið. Hann hefur ekki fengið mikið rúm. Einkum hafa fulltrúar Sjálfstæðisflokksins kosið að ræða frekar um hlutafélög og önnur rekstrarform. Reyndar hefur hæstv. menntamálaráðherra látið liggja að því að hér sé eingöngu um rekstrarformsbreytingu að ræða. Hvað varðar hin pólitísku áhrif, hina pólitísku stjórnun, er það rétt hjá hæstv. menntamálaráðherra, að ekki er gerð nein tilraun til að breyta því ásigkomulagi sem nú er á Ríkisútvarpinu að því leyti.

Við Samfylkingarmenn höfum skosið, vegna þeirrar vinnu sem við höfum lagt í á undanförnum árum, að fara í gegnum frumvarpið um Ríkisútvarpið út frá hlutverki þess sem almannaútvarps. Við höfðum sjálfstraust til að leggja þetta frumvarp til grundvallar, svo sem eins og til æfingar, til að athuga hvernig mætti gera það þannig úr garði að við gætum samþykkt það. Við gerðum það m.a. vegna þess að miklar líkur eru til þess að í framtíðinni, vonandi á næstu missirum, komist Samfylkingin í stjórn og fái þar það ágæta hlutverk að glíma við breytingar á Ríkisútvarpinu eins og það er nú. Við miðum vinnu okkar því við praktískar lausnir. Ég vil fara yfir hvað við getum ímyndað okkur að muni vinna gegn hinum beinu pólitísku áhrifum, annars vegar stjórnmálaflokkanna í gegnum þingið og hins vegar stjórnmálamannsins sem gegnir hlutverki menntamálaráðherra hverju sinni. Hvernig er hægt að sjá til að þau dofni þannig að stjórnmálamennirnir sjái um það eftirlit sem þeir eiga að sjá um fyrir hönd almennings en hins vegar skerði það ekki sjálfstæði Ríkisútvarpsins og ritstjórnarlegt frelsi þar á bæ?

Ef við tökum þetta frumvarp er auðvitað ekki við hæfi að gera ráð fyrir því árið 2006 að áfram sé ríkisstjórnarmeirihluti í útvarpsráði, sem heitir að vísu stjórn. Það er auðvitað gamla útvarpsráðið. Í raun er stjórnin mjög lík útvarpsráði eins og það vinnur núna og hefur gert í 5–10 ár. Það sýnir vel vandræðaganginn við að reyna að troða Ríkisútvarpinu inn í hlutafélagsformið hvernig til tekst með stjórnina. Í hlutafélagsforminu er gert ráð fyrir aðalfundi á hverju ári og skipað fyrir um það. Þá á eigandinn, handhafi hlutabréfsins, að mæta á hverju ári og kjósa í stjórn eins og hluthafar gera á hverju ári í venjulegum hlutafélögum. Því er þó þannig komið fyrir að hann kýs ekki sjálfur í stjórnina heldur á Alþingi að kjósa í stjórnina á hverju ári. Þá kemur upp hið skrýtna fyrirkomulag að ekki er einungis um ríkisstjórnarmeirihluta að ræða heldur hefur umboð stjórnarmannanna þrengst mjög og takmarkast. Það þrengist þannig að þeir hafa umboð í eitt ár í einu. Þeir hafa ekki umboð einhver kjörtímabil þar sem þeir geta þó hagað sér á ákveðinn hátt sjálfstætt gagnvart þeim sem gaf þeim umboðið, þ.e. Alþingi, eða réttara sagt þingflokkunum því þannig er það í rauninni.

Þetta er töluvert kviksyndi. En úr þessu er hægt að leysa með ákveðnum hætti. Katrín Júlíusdóttir nefndi það t.d. áðan og hafði eftir mér. Ég hafði ekki nefnt þann möguleika við þessa umræðu en við höfum talað um það í Samfylkingunni og því var ákaflega eðlilegt að hún gerði það. Við höfum ímyndað okkur að þessi meiri hluti gæti verið fjölskipaður með því að bæta tveimur starfsmönnum við þá fimm sem þar eru fyrir og þá sé enginn ríkisstjórnarmeirihluti í útvarpsráðinu. Það er eðlilegast að þar sé hvorki meiri hluti né minni hluti heldur ráði menn ráðum sínum með hagsmuni fyrirtækisins í huga og komist þannig að hinu rétta, eins og gerist víða í sveitarstjórnum þar sem meiri hluti og minni hluti eru svona meira upp á punt, sérstaklega í þeim minni. Það er líka sjálfsagt að breyta þessu þannig að það sé ekki þetta eins árs kjörtímabil, jafnvel þótt viðhaldið væri þessum aðalfundi á hverju ári, heldur að kjósa stjórnina alla á þingi til lengri tíma, eins og nefnt var áður.

Hæstv. menntamálaráðherra sagði að þetta frumvarp stæðist öll tilmæli Evrópuráðsins R(96) 10, um sjálfstæði almannaútvarps. Ég er hér með tilvitnun og skal lesa fyrstu setninguna í athugasemdum um viðmiðunarreglur 5: „Til að tryggja sjálfstæði stjórnar almannaútvarpsstofnunar er mikilvægt að stjórnirnar séu ekki háðar neins konar stjórnmálalegum afskiptum eða annars konar afskiptum við starf sitt."

Hvernig er hægt að vera meira háður stjórnmálalegum afskiptum en að vera kosinn á hverju ári til stjórnarsetu? Það er undarlegt.

Við höfum líka gert athugasemdir við ráðningartíma útvarpsstjóra. Við teljum að hann verði að hafa starfsfrið og því sé út í hött að ráða hann eins og nú er gert, að hægt sé að reka hann daginn eftir. Við spyrjum að því: Af hverju má ekki ráða hann til til fimm ára? Af hverju má ekki gera það með auknum meiri hluta í þessari stjórn eins og hún yrði? Þannig væri klárt að menn væru sammála um að ráða hann eða reka. Við höfum líka talað um, og erum ekki fyrst til þess, að eðlilegt væri að við Ríkisútvarpið starfaði einhvers konar eftirlitsráð, eins og það er kallað í evrópskum plöggum, eða akademía sem væri fulltrúi neytenda, með öðrum hætti en stjórnin er eða útvarpsráðið. Þar kæmi saman breiður hópur. Slíkt ráð gæti komið saman einu sinni eða tvisvar á ári, kannski svipað og kirkjuþing án þess að ég ætli að bera þau fyrirbrigði nánar saman. Það væri kannski fyrst og fremst ráðgefandi en fyrir hópinn þyrfti að leggja skýrslur og ályktanir. Það væri ekki óeðlilegt, ef slíkur hópur kæmist á og reyndist vel, að hann þyrfti jafnframt að gefa samþykki sitt við þeim samþykktum sem menntamálaráðherra ætlar að láta gera á hluthafafundum. Með því yrði temprað vald ráðherrans og reyndar útvarpsstjórans einnig. Þar með kæmist á kerfi í Ríkisútvarpinu sem er þess virði að prófa.

Þetta höfum við rætt um að gæti verið snjallt að gera. En því miður kemur ekkert út úr meiri hlutanum nema fúkyrði. Frá menntamálaráðherra kemur ekki annað en belgingur, sama hvað við leggjum fram. Ég vil þó nota tækifærið og koma þessu á framfæri. Ekki síst vegna þess að þá vita menn betur hvers þeir eiga von og hvaða hugmyndir við höfum fram að færa í kosningabaráttunni vorið 2007 og eftir að við tökum við stjórnartaumum á því sumri.

Ég vil segja að gefnu tilefni að vissulega höfum við, Vinstri hreyfingin — grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn ekki nákvæmlega sömu hugmyndir um Ríkisútvarpið. Ég vil þó að segja að ég treysti mér vel til að ná samkomulagi við þá flokka um málið vegna þess að báðir vilja þeir

að Ríkisútvarpið sé almannaútvarp. Það er einlæg hugsjón (Forseti hringir.) hjá öllum þessum flokkum og er þeim sameiginleg.

[23:31]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er rætt við 1. umr. frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. sem felur að meginstofni í sér að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag og breyta þar með rekstrarformi og ýmsu í ytri ramma útvarpsins og þá líka starfsháttum og innra skipulagi.

Kannski kristallast ólík sjónarmið í þessu máli í orðum sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson viðhafði hér áðan þegar hann sagði: „Hvers vegna á ekki útvarpsstjóri eða framkvæmdastjóri útvarpsins að vera bara eins og hver annar forstjóri fyrir hverju öðru hlutafélagi? Hvers vegna á að vera önnur umgjörð um framkvæmdastjóra útvarpsins en framkvæmdastjóra hlutafélaga almennt?“ Þetta er jú spurning út af fyrir sig.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lítum á Ríkisútvarpið sem almannaþjónustustofnun, mikilvæga stofnun til að standa að ákveðinni þjónustu fyrir almenning. Það er menningarstofnun. Það er fréttastofnun. Það er stofnun til þess að miðla upplýsingum. Það er öryggisstofnun. Það er almenningsstofnun og hlutverk þess er fyrst og fremst það.

Hlutafélag aftur á móti er umgjörð um fyrirtæki í samkeppnisatvinnurekstri. Hlutafélag er umgjörð um fyrirtæki sem fyrst og fremst er ætlað að skila eigendum sínum fjárhagslegum arði. Hlutafélag er umgjörð þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að selja hluta úr félaginu, enda heitir það hlutafélag. Það er hægt að selja fáa eða marga eða alla hluti hlutafélagsins. Þetta er þá tilgangurinn þegar verið er að stofna hlutafélag, þ.e. að fella það að samkeppnisumhverfi í atvinnurekstri. Ég er alveg sammála kostum hlutafélagsformsins við þær aðstæður. Atvinnurekstur í samkeppni getur verið til sölu að hluta eða öllu leyti. Hann hefur það hlutverk að skila eigendum sínum hámarksarði. Þetta getur vel hentað í samkeppnisatvinnurekstri. En þegar litið er á Ríkisútvarpið, á þjónustustofnun sem fyrst og fremst þjónar almenningshagsmunum, þá hentar þetta form engan veginn. Þess vegna kristallast ólík sjónarmið í orðum hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar þegar hv. þingmaður gerir ekki greinarmun á því hvort Ríkisútvarpið sé þjónustustofnun eða bara fyrirtæki í rekstri. En fyrirtæki í rekstri sem hlutafélag ber númer eitt að skila eigendum sínum arði af rekstrinum.

Við höfum hér fordæmi fyrir því hvernig fer þegar það ferli hefst að breyta þjónustustofnunum í hlutafélög einmitt í þeim tilgangi, eins og hér hefur komið fram, að nútímavæða þær. Menn hafa talað um að þeir væru að nútímavæða þær og þess vegna þurfi að breyta þeim í hlutafélög.

Frú forseti. Ég hef verið forstöðumaður fyrir ríkisstofnun og ég taldi mig alveg sæmilega hafa nútímavætt hana. Ég fann aldrei að það hamlaði mér eða starfseminni eða stofnuninni á nokkurn hátt þó að hún væri ríkisstofnun. Ég leit á stofnunina sem þjónustustofnun við almenning, við þjóðina og að sjálfsögðu var allt sem laut að rekstri og rekstrarhagkvæmni haft í heiðri eins og kostur var, að sjálfsögðu. Enda þótt stofnun sé ríkisstofnun þá er ekki þar með sagt að kasta eigi fyrir róða öllu því sem heitir hagkvæmni í rekstri, fjarri því. Það er því blekkingartal þegar sagt er að nútímavæða þurfi reksturinn og að það sé aðeins hægt með því að hlutafélagavæða. Það sýnir bara, frú forseti, dómadags vankunnáttu þeirra sem láta sér slíkt um munn fara. Ég verð eiginlega að halda að hv. þingmenn viti betur en að láta sér um munn fara að þetta sé nauðsynlegt til þess að nútímavæða reksturinn og að ekki sé hægt að gera það innan viðja ríkisstofnunar.

Nema þá, frú forseti, að menn séu að horfa til þeirra vandræða sem þeir stóðu frammi fyrir fyrir skömmu varðandi Kjaradóm og kjaranefnd því að ýmsir forstjórar ríkisstofnana heyra undir Kjaradóm og kjaranefnd og fá laun sín ákveðin þannig. Aðrir starfsmenn fá laun sín samkvæmt ákvörðun kjarasamninga opinberra starfsmanna á einn eða annan veg. En með því að breyta þessu í hlutafélag losna menn við að fella þessa starfsmenn undir almenna kjarasamninga, forstjórana, og geta gert við þá sérsamninga og þurfa þá ekki að liggja andvaka um jól og áramót vegna þess að einhver Kjaradómur hefur úrskurðað þeim laun. Með því að kippa framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins út fyrir sviga, taka hann út fyrir almenna launaákvörðun alveg eins og framkvæmdastjóra Íslandspósts — er hann ekki formaður Samtaka atvinnulífsins núna? Hann er líka forstjóri fyrir ríkisstofnun en laun hans eru ekki ákveðin af Kjaradómi, nei, samkvæmt sérstakri ákvörðun þeirrar stjórnar sem ræður hann. Er þetta þó að fullu ríkisstofnun. Eins er með Samkeppniseftirlitið og eins er með Fjármálaeftirlitið. — Eru menn kannski að reyna að forðast andvökunætur út af Kjaradómi með því að taka hann þarna út fyrir sviga? Alla vega býst ég við að laun forstjóra Ríkisútvarpsins samkvæmt nýjum lögum verði ekkert í líkingu við þau laun sem verið var að takast á um hér við Kjaradóm. Ég dreg þetta hérna fram, frú forseti, því að hér hefur verið lögð áhersla á að þetta verði áfram ríkisfyrirtæki að fullu í eigu ríkisins en lúti hins vegar öðrum lögmálum.

Hér hefur verið á það minnst að þetta hafi áður verið gert og svardagar gefnir um að ekki eigi að selja. Í aðdraganda hlutafélagsvæðingar Pósts og síma árið 1996 birtist viðtal við þáverandi samgönguráðherra Halldór Blöndal í 4. tölublaði 8. árgangs BSRB-tíðinda frá 1995. Þar segir, með leyfi forseta:

„Póstur og sími er vel rekin stofnun, þjónustan ódýr og mjög vel er fylgst með á tæknisviðinu. Það er t.d. afar ánægjulegt að Ísland skuli vera fyrsta landið sem eingöngu notar stafrænt símakerfi og ég legg áherslu á að Póstur og sími er hluthafi í sæstrengnum milli Evrópu og Kanada, sem hefur opnað og mun í framtíðinni opna ótalda möguleika á fjarskiptasviðinu, þannig að við getum fylgst með þeirri þróun sem er í heiminum í dag.“

Hefur einhver álasað eða fundið að því að Ríkisútvarpið hafi ekki fylgst með á tæknisviðinu eftir því sem það hefur fengið fjármagn til? Þó að við höfum gagnrýnt það að Ríkisútvarpið skuli ekki veita með betri þjónustu úti um land og að útvarpssendingar séu takmarkaðar víða um land þá hygg ég þó að ekki sé hægt að væna Ríkisútvarpið um að það hafi ekki reynt að gera sitt og fylgjast vel með alveg eins og þáverandi samgönguráðherra sagði um Póst og

síma. Hann hældi honum fyrir það hvað honum var vel stjórnað og hvað allir reyndu að gera eins gott úr öllu sem þeir höfðu á milli handanna og kostur var. Ekki var það það ástæðan og það er hliðstætt því sem er í dag.

Svo segir þáverandi samgönguráðherra Halldór Blöndal, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn geldur Póstur og sími óneitanlega þess í daglegum viðskiptum og markaðssetningu að vera opinber stofnun sem er rekin eftir fjárlögum. Póstur og sími getur t.d. ekki gerst hluthafi í hlutafélögum, þótt í smáu sé, nema slík ákvörðun hafi áður verið lögð fyrir Alþingi. Ákvarðanataka með þessum hætti er of þung í vöfum og samræmist ekki nútímaviðskiptaháttum."

Já, það er nú meira hvað þessir alþingismenn þvælast fyrir. Þeir eru greinilega mesti þrándur í götu fyrir nútímavæðingunni ef eitthvað á að vera að marka þær setningar sem sagðar eru þarna og hafa verið sagðar hér í dag. Þeir eru þrándur í götu þess að hægt sé að bregðast vel og snögglega við samkvæmt nútímaviðskiptaháttum.

Svo segir þáverandi samgönguráðherra, með leyfi forseta:

„Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma til þess að styrkja samkeppnisstöðu hans og starfsöryggi þess fólks sem þar vinnur." — Takið eftir starfsöryggi. — „Ég legg áherslu á að í mínum huga *kemur ekki annað til greina en að Póstur og sími verði* áfram alfarið í eigu ríkisins."

Ef við hefðum sett bara Ríkisútvarpið þarna inn í staðinn hefðu þetta verið eiginlega alveg nákvæmlega sömu orðin og hæstv. virðulegur menntamálaráðherra viðhafði hér. Við hefðum bara getað sett Ríkisútvarpið í staðinn fyrir Póst og síma og þá væru þetta eiginlega nákvæmlega sömu orðin og standa í greinargerðinni með hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins og nákvæmlega það sem hæstv. menntamálaráðherra sagði.

Hver var síðan niðurstaðan með Landssímann þrátt fyrir alla þessa svardaga? Fyrst var gefin heimild til þess að hlutaféð væri selt og síðan var hann seldur. Og hver ætli hafi verið sýnileg afstaða þjóðarinnar gagnvart því máli? Í hverri stórri skoðanakönnuninni á fætur annarri kom fram að mikill meiri hluti, allt upp í 80% þeirra sem tóku þátt í þeim skoðanakönnunum sem gerðar voru síðustu mánuðina áður en Landssíminn var seldur voru andvíg sölunni en samt var hann seldur. Þessi andstaða var vituð. Hvaða tryggingu höfum við fyrir því að þetta fari ekki nákvæmlega á sömu leið með þjónustustofnunina Ríkisútvarpið? Að minnsta kosti er vilji áhrifamikilla þingmanna annars stjórnarflokksins alveg klár, Sjálfstæðisflokksins. Þeir hafa meira að segja flutt þingmál þar sem lögð var áhersla á að selja Ríkisútvarpið, frumvarp til laga á yfirstandandi löggjafarþingi, mál nr. 54 á þskj. 54. Flutningsmenn eru hv. þingmenn Pétur H. Blöndal og Birgir Ármannsson. Þar segir á bls. 6, með leyfi forseta:

„Einkavæðing RÚV. Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, verði felld úr gildi 1. janúar 2007, en nánar tilgreind ákvæði þeirra verði tekin upp í útvarpslög, nr. 53/2000. Stofnað verði hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins og það selt."

Þannig er vilji áhrifamanna Sjálfstæðisflokksins. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar, einnar af mikilvægustu nefndum þingsins af öllum öðrum mikilvægum og þess vegna greinilega háttsettur í trúnaðarstöðum Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Pétur H. Blöndal, setur þetta fram.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson vitnaði hér til flokkssamþykkta, bæði Sjálfstæðisflokksins og ungra sjálfstæðismanna, þar sem sömu sjónarmið eru áréttuð. Það er því alveg ljóst hvert stefnt er. Hv. þm. Ögmundur Jónasson rifjaði líka upp flokkssamþykktir Framsóknarflokksins og vitnaði í skrif hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem hafði rakið það mjög ítarlega að Framsóknarflokkurinn hefði afdráttarlaust hafnað því að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið því að hann vissi að það mundi leiða til sölu þess. En Framsóknarflokkurinn hefur látið undan og vilji Sjálfstæðisflokksins orðið ofan á.

Frú forseti. Það er því ljóst í hvaða feril verið er að fara. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram frumvarp til laga um Ríkisútvarpið þar sem byggt er á þeim grundvallarsjónarmiðum, hugsjónum og afstöðu að Ríkisútvarpið sé almannaþjónustustofnun til að þjóna almenningi. Markmiðið er ekki að skaffa eigendum hámarksarð eins og gert er þegar verið er að stofna hlutafélög. Við leggjum líka áherslu á lýðræðislega uppbyggingu Ríkisútvarpsins. Greinir þar verulega á í þeim áherslum sem lagðar eru upp í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra. *Þar er gert ráð fyrir að aðild starfsmanna* t.d. að stjórn útvarpsins sé engin, hún sé slegin út. Maður veltir því fyrir sér hvað bærist innra með ráðherra hjá flokki sem stundum hefur kennt sig við lýðræði og kallar sig Sjálfstæðisflokk. En grunnlýðræði er einmitt ekki síst það að starfsmenn geti orðið þátttakendur í stjórnun þess fyrirtækis sem þeir starfa hjá. Það er kostur að þekking þeirra, reynsla og metnaður fyrir hönd þeirrar stofnunar sem þeir vinna hjá geti átt sér farveg í gegnum stjórnun á þeirri stofnun. Nei, þetta er talið geta truflað hugsanlegar arðgreiðslur. Alla vega er þetta eitt af grundvallaratriðunum sem lagt er upp með að starfsmenn hafi sem minnsta aðkomu að stjórnun Ríkisútvarpsins. Það gengur þvert á lýðræðishugmyndir og áherslur varðandi lýðræði í atvinnurekstri hjá fyrirtækjum og stofnunum sem hefur þó verið aðall í þróun í stjórnun og rekstri stofnana á undanförnum árum.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem fór hér mjög ítarlega í gegnum þessi mál, sagði að verið væri að fara 25 til 40 ár aftur í tímann hvað varðar stjórnun og hugmyndir um stjórnun hvort heldur væri fyrirtækja eða stofnana. Ég er honum sammála. Hér er verið að fara langt aftur í tímann með því að taka upp forneskjuleg vinnubrögð við að byggja upp stjórnun fyrirtækis hvað þá heldur almannaþjónustustofnunar eins og Ríkisútvarpið er.

Frú forseti. Ég hlýt að harma þá ógæfu sem er að dynja yfir heilu stjórnmálaflokkana með því að koma hér og flytja frumvarp til laga um jafnmikilvæga þjónustustofnun, almannaþjónustustofnun, og Ríkisútvarpið er og breyta því annars vegar í seljanlegt fyrirtæki og hins vegar að færa stjórnun og starfsumgjörð þess áratugi (Forseti hringir.) aftur í tímann.

[23:51]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég ætla mér kannski um of að halda bæði vöku og athygli hv. þingmanna þegar svo langt er liðið á kvöld og eftir þá löngu umræðu sem hér hefur staðið í allan dag. Þetta hefur að mörgu leyti verið fróðleg og á köflum málefnaleg umræða þar sem sjónarmið hafa tekist á en það eru nokkrir punktar sem mig langaði sérstaklega að vekja eftirtekt á og koma sjónarmiðum mínum á framfæri varðandi þá.

Fyrst vil ég nefna, frú forseti, að ég hef lesið með athygli þær greinar sem hæstv. menntamálaráðherra hefur skrifað um þessi efni og hlustað á ýmis viðtöl sem hæstv. ráðherra hefur farið í vegna þessa máls. Það vekur eftirtekt mína að í grein sem hæstv. ráðherra skrifaði í gær dregur hún sérstaklega fram að í niðurstöðum fjölmiðlanefndar sem skilaði skýrslu á síðasta vori væri efsta mál á niðurstöðulista þeirrar nefndar að efla verði Ríkisútvarpið. Þess vegna kemur mér á óvart að hæstv. ráðherra, ef hún ber hag Ríkisútvarpsins svona fyrir brjósti, skuli vera svo sein sem raun ber vitni að koma af stað starfi til að vinna frumvarp á grundvelli þeirrar skýrslu. Muni ég rétt, frú forseti, skilaði sú nefnd afrakstri sínum þegar á síðastliðnu vori. Hvernig ber þá við að hæstv. ráðherra hefur ekki gert reka að því að koma af stað starfi til að vinna úr þessum mikilvægu niðurstöðum, sem hæstv. ráðherra sagði á sínum tíma að fæli í sér sögulega sátt, fyrr en núna? Ég spyr sérstaklega vegna þess að það er alveg ljóst að í þessu frumvarpi er ekki bara verið að ræða formið eins og hæstv. ráðherra og hv. þingmenn stjórnarliðsins hafa þó nefnt. Hér er að finna mikilvæga stefnumarkandi grein um framtíð Ríkisútvarpsins, þ.e. 3. gr., þar sem verið er að reyna að reifa og skilgreina útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þetta er það sem hæstv. ráðherra sagði síðast í grein í Fréttablaðinu í gær að ætti að verða eitt af stóru verkefnunum í vinnu nefndarinnar sem á eftir að semja frumvarp. Hvernig má þá vera, ef hæstv. ráðherra ber svo fyrir brjósti hag almannaútvarpsins, að hún láti þetta tvennt ekki fylgjast að?

Mér finnst það rækalli mikið sleifarlag af hálfu hæstv. ráðherra að láta líða sjö, átta mánuði áður en hún hefst handa við að láta vinna frumvarp úr gögnum fjölmiðlanefndarinnar. Það hefði verið leikur fyrir hana, ef svo er sem hæstv. ráðherra hefur sagt að það sé svo mikil sátt um málið, að gera það strax í sumar og vera reiðubúin með það fyrir jól. Þá hefðu menn getað verið að ræða þetta saman og við mundum kannski sjá hvert það leiðarljós er sem hæstv. ráðherra fylgir varðandi framtíð Ríkisútvarpsins. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra tveggja spurninga. Í fyrsta lagi: Af hverju var hún svona lengi að koma þessari vinnu af stað? Í öðru lagi: Af hverju lætur hún þessi tvö mál ekki fylgjast að? Því það er alveg ljóst að þetta frumvarp er ekki bara um formið, þó að menn hafi kosið að gera það aðallega að umræðuefni í dag, heldur er hér verið að reifa í töluvert ítarlegu máli þá stefnu sem Ríkisútvarpið á að fylgja í framtíðinni og þess vegna hefði þetta tvennt átt að fylgjast að.

Frú forseti. Eftir að hafa setið sem fulltrúi Alþingis Íslendinga í Evrópuráðinu og kynnt mér alveg sérstaklega starfsemi fjölmiðlaskrifstofu ráðsins kemur mér mjög á óvart að hæstv. ráðherra skuli halda því fram alveg blákalt að sá umbúnaður sem hér er á stjórn Ríkisútvarpsins hf., ef frumvarpið verður samþykkt, falli í öllu, eins og hæstv. ráðherra sagði í dag, að tilmælum Evrópuráðsins. Ég tel að því fari víðs fjarri. Grundvallarskilyrði af hálfu Evrópuráðsins þegar það ráðleggur nýfrjálsum ríkjum í Austur- og Mið-Evrópu með hvaða hætti þau eigi að byggja upp sitt almannaútvarp er að aðskilja hina nýju stofnun frá hinu pólitíska valdi. Segja má að það sé að vissu marki stigið svolítið skref frá hinu pólitíska valdi með því að pólitískur handhafi framkvæmdarvalds skipar ekki lengur eða ræður í meiri háttar stöður í stofnuninni. En hver er breytingin þegar skyggnst er undir yfirborð frumvarpsins? Þá sjáum við líka að að sumu leyti er tekið skref í átt að auknu pólitísku valdi. Ég á hér við þá staðreynd að það er alveg ljóst að stjórn fyrirtækisins er áfram pólitískt kjörin, þó að hæstv. ráðherra skipi til málamynda stjórnina er hún kjörin hér. En breytingin er sú að fulltrúarnir sem hér eru kjörnir eru undir meira agavaldi en áður vegna þess að nú eru þeir bara kjörnir til eins árs í senn. Það þýðir að það er ákaflega auðvelt að koma þeim frá sem víkja út af spori og fjarlægja þá. Að þessu leyti má setja að agi tyftunar sem er yfirvofandi feli í sér meiri ógn gagnvart þeim en í núverandi kerfi. Með sama hætti mætti halda því fram að ráðningarháttur útvarpsstjóra feli hið sama í sér. Hann hefur ekki vernd, eins og kemur nú fram í tilmælum Evrópuráðsins, tímalega gagnvart því að verða hugsanlega vikið frá ef hann fer út af sporinu.

Nú kemur mér ekki til hugar að hvorki núverandi hæstv. ráðherra né aðrir mundu grípa til svo drastískra ráða en þarna er eigi að síður ekki nægilega vel um hnúta búið. Þegar ég ræði þetta og samband þess einstaklings sem er ráðherra hverju sinni og hins sem er útvarpsstjóri þá vil ég leyfa mér að taka þær persónur og leikendur sem eru á sviðinu út fyrir sviga. En staðreyndin er samt sem áður sú að einmitt í gegnum tengsl handhafa framkvæmdarvaldsins að þessu leyti og löggjafarvaldsins sem kýs fulltrúana í útvarpsráðið sem aftur ræður útvarpsstjórann, á meðan þessi umbúnaður er, hefur sá sem er ráðherra málaflokksins giska mikil völd í sínum höndum. Ég kemst því að þeirri skoðun, frú forseti, að það sé töluvert fjarri því að þetta standist algjörlega þau tilmæli sem Evrópuráðið veitir. Það hefur margsinnis komið fyrir, eins og hv. þingmenn vita, að 1. þm. Reykv. n. hafi haft rangt fyrir sér og það er vel hugsanlegt að ég hafi rangt fyrir mér í þessu efni og hugsanlegt að hæstv. ráðherra hafi rétt fyrir sér, en það er leið til að skera úr um það. Það er hægt að fá fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins til að skoða það og gefa skriflega umsögn um það. Því langar mig að spyrja hæstv. menntamálaráðherra og hv. formann menntamálanefndar hvort þau séu ekki bæði þeirrar skoðunar að það væri æskilegt til að engin tvímæli væru á þessu að slík umsögn lægi fyrir áður en þetta frumvarp verður í gadda slegið og samþykkt af Alþingi. Ef hæstv. ráðherra er algerlega sannfærð um að hún hafi rétt fyrir sér á hún ekkert á hættu. Ég skal þá beygja mig í duftið og segja að hún hafi haft rétt fyrir sér þegar það liggur fyrir en ekki fyrr en þá.

Munurinn á mér og þeim hv. þingmanni sem hér situr inni í afherbergi, Ögmundi Jónassyni, varðandi ríkisrekstur

almennt er sá að ég er í prinsippinu ekki á móti því að ríkisfyrirtæki eða fyrirtæki í opinberri eigu séu gerð að hlutafélögum, ég hef margsinnis tekið þátt í því. Ég er heldur ekki á móti því, frekar með því, að samkeppnisrekstur í eigu ríkisins sé færður yfir á einkamarkað, það hefur margsinnis komið fram. En ástæðan fyrir því að ég er fullur efasemda um að rétt sé að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi er sá beygur minn að það sé fyrsta skrefið í þá átt að selja það. Nú er það svo að hæstv. menntamálaráðherra hefur hér haft uppi svardaga og hún hefur sagt: Það stendur ekki til að selja Ríkisútvarpið.

Frú forseti. Má ég minna á að það er ekki langt síðan sú sáttargerð sem ég nefndi hér í upphafi ræðu minnar kom fram. Hæstv. ráðherra kallaði hana sögulega, taldi mjög merkilegt að samstaða hefði náðst innan nefndar þar sem allir teygðu sig langt til þess að ná málamiðlun, um það var m.a.s. deilt í sumum flokkum, þar á meðal mínum.

En hin sögulega sátt lifði ekki lengi vegna þess að þegar hæstv. menntamálaráðherra var tugtuð til af fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins, sem þá var á sínum síðustu pólitísku metrum á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, þá bognaði hún eins og strá og hún féll frá hinni sögulegu sátt. Sporin hræða. Hæstv. menntmh., sem hafði faðmað og kysst þessa sátt eins og mær í tilhugalífi opinberlega, skipti um skoðun á einni nóttu og það þurfti ekki annað en einn sterkan stjórnmálamanna til þess að hósta á hana.

Það eru margir öflugir í Sjálfstæðisflokknum í dag og það eru uppvaxandi ungir og efnilegir menn sem að sjálfsögðu munu gera það sem þeir geta til þess að koma fram sinni skoðun. Það vill svo til að eitt af vonarstirnum Sjálfstæðisflokksins, hinn ungi þingmaður sem treyst er fyrir því af hálfu ríkisstjórnarinnar að leiða menntamálin í gegnum þingið, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hefur mjög klára skoðun á þessu. Það er sú skoðun sem Samband ungra sjálfstæðismanna hefur haft mjög lengi. Það er sú skoðun sem af og til hefur heyrst á landsfundum Sjálfstæðisflokksins. Það er t.d. sú fundarsamþykkt Sjálfstæðisflokksins sem í dag er tíu ára gömul en hefur aldrei verið úr gildi felld svo að ég viti, sem laut að því að selja hluta af Ríkisútvarpinu. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, verkstjóri hæstv. menntamálaráðherra hér í þinginu, er alinn upp í þessum anda, hreinskilinn ungur maður og hann hefur ekkert farið dult með skoðun sína hér í dag. Hann var spurður að því hvaða afstöðu hann hefði til fyrri yfirlýsinga sinna um að selja Ríkisútvarpið og hv. þingmaður bara gekkst við þeim. Það hefur ekkert breyst á þeim bæ.

Þrír öflugir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ekki bara lýst vilja sínum til þess að selja Ríkisútvarpið, þeir hafa beinlínis gert Alþingi tillögu um að hefjast handa við að selja það. Ég minnist þess þegar ég var töluvert yngri á vellinum með félaga Jóni Baldvin 1995 þá sagði hann að Sjálfstæðisflokkurinn væri svo skroppinn hugsjónum að hann hefði bara tvennt á sinni stefnuskrá, sem var rétt varðandi þær kosningar, að efla guðskristni í landinu og selja Rás 2. Það hefur ekkert breyst í þeim efnum.

Því legg ég lítinn trúnað og lítið traust á yfirlýsingar hæstv. menntamálaráðherra varðandi þetta frumvarp um að ekkert skuli selt — í ljós kemur þegar ég les það að það er opnað á það að selja Rás 2. Í 2. tölulið 3. gr. kemur beinlínis fram að það er heimilt að þessu frumvarpi samþykktu að selja Rás 2. Þar segir að RÚV hf. skuli einungis bera skylda til þess að reka eina sjónvarpsrás og eina útvarpsrás. Hvað þýðir það? Það þýðir að það er allt í lagi að koma hinum frá, svo einfalt er það nú. Þannig að því miður, sporin hræða.

Hér í dag kom vitni í stólinn. Hv. þm. Hjálmar Árnason, partur af þeim flokki sem Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að lúskra í duftið í þessu máli. Hann kom og sagði að fyrir ári hefði verið mikill kvíði í Framsóknarflokknum um það að ef frumvarp af þessum toga yrði samþykkt þá yrði RÚV selt. Af hverju? Vegna þess, eins og hann sagði hér í stólnum: Við vissum til þess að margir þingmenn sjálfstæðismanna vilja selja RÚV. Hann sagði í dag að það væru margir þingmenn sem vildu það. Hann taldi hins vegar að það hefði verið slegið undir þann möguleika með orðalaginu í 1. gr. um að sala sé óheimil. Frú forseti, ég gef nú lítið fyrir það. Ég hef nú sjálfur verið í liði ríkisstjórnar sem setti svipuð lög. Þau hlutafélög eru ekki lengur í eigu ríkisins og ég á minn þátt í því líka. Þar var um allt annað mál að ræða.

Hér hafa menn deilt um hvort hafa eigi það form að hafa sjálfseignarfélag í atvinnurekstri eða hlutafélag. Fyrstur manna skal ég játa að hlutafélög eru auðvitað giska lipur í rekstri og þau eru þekkt út í hörgul. Það gerist fátt í hlutafélögum sem menn hafa ekki kynnst áður þannig að það er auðvelt að leysa margvíslegan vanda. En hlutafélagsformið hefur fyrst og fremst verið notað í kringum fyrirtæki þar sem menn eru að ávaxta sína peninga, fyrirtæki í rekstri að reyna að hafa af því fjárhagslegan ávinning. Það gildir allt annað um fyrirtæki sem eru í opinberri eigu eða stofnanir. Það er allt annar tilgangur með þeim og það eru aðrar hefðir. Ég verð að segja það að sjálfseignarstofnun gengur a.m.k. vel upp innan ramma laganna. Hún er kirfilega gróðursett innan vébanda einkaréttarins. Hún er líka þekkt úr atvinnulífinu, m.a.s. þekkt að því að helsta útungunarstöð Sjálfstæðisflokksins, virtur skóli, Verslunarskólinn, var áratugum saman rekinn sem sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Ef einhverjir þekkja kosti þess fyrirkomulags þá eru það hinir ungu tyrkir íhaldsins sem hér hafa stundum streymt á síðustu áratugum í gegn.

Framsóknarflokkurinn var vélaður til þess að samþykkja þetta. Af hverju segi ég það? Vegna þess að ég heyrði hæstv. forsætisráðherra segja það, og á það reyndar hér á borði mínu í útskrift af frétt, að ástæðan fyrir því að Framsóknarflokkurinn skipti um skoðun hafi verið sú staðreynd, sagði hann, að ESA teldi að það væri nauðsynlegt að hafa þetta sem hlutafélag til þess að það stæðist ákveðin skilyrði. Sú var ástæðan fyrir því að Framsóknarflokkurinn skipti um skoðun.

Svo hlustaði ég á mál hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, sem ég hef áður sagt í minni ræðu að er hreinskilinn ungur maður. Hann sagði það alveg hreint út hér í dag að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri gengi alveg, hitt væri bara miklu betra.

Þegar maður les síðan greinargerðina með þessu frumvarpi kemur í ljós að þar er sagt svart á hvítu að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri gengur alveg að því leyti til að hún uppfyllir skilyrðin sem ESA setur um að ótakmörkuð

ríkisábyrgð sé ríkisstuðningur og sömuleiðis um aðskilnað samkeppnisrekstrar frá ríkisstyrktum rekstri. Það er m.a.s. sagt hér á tveimur stöðum að hlutafélagsformið þyki henta betur. Það er ekki sagt: Hlutafélagsformið er það eina sem gildir. Það þykir henta betur. En höfundar frumvarpsins, og fyrir það fær hæstv. menntamálaráðherra hrós, segja svart á hvítu á bls. 10 að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri gangi.

Hvaða ályktun dregur maður þá af þessu? Er það svo að hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnin beri það fyrst og fremst fyrir brjósti að ná sátt um þessa breytingu, að ná sátt um breytingu á Ríkisútvarpinu? Ef svo væri mundi hún þá ekki taka minnsta mögulega samnefnarann, þ.e. annan af þeim tveimur möguleikum sem ríkisstjórnin sjálf segir að komi til greina? Hún segir að vísu að annar sé betri. Hefði hún þá ekki tekið þetta? Jú. Af því dreg ég þá ályktun eina, frú forseti, að hér sé um að ræða einhvers konar trúarbrögð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Ég tel sem sagt að það mundi vel ganga, og það séu hefðir fyrir því og það sé lagarammi fyrir því, að sjálfseignarstofnunarformið yrði haft um Ríkisútvarpið. Ástæðan fyrir því, og ég ítreka það, að ég hef miklar efasemdir um hlutafélagsformið er fyrst og fremst sú að ég treysti ekki Sjálfstæðisflokknum í þessu máli. Sporin hræða. Ég treysti ekki yfirlýsingum hæstv. menntamálaráðherra af því að frumvarpið opnar á annað og ég treysti ekki orðum hv. þm. Sigurðar Kára varðandi þetta vegna þess að hann hefur sjálfur lýst öðru yfir í formi tillögu hér í þinginu. Ég treysti því ekki þegar ríkisstjórnin segir að RÚV verði ekki selt vegna þess að ég veit að um allan Sjálfstæðisflokkinn glittir í þennan vilja, hann er skjalfestur í formi samþykkta hjá Sambandi ungra sjálfstæðismanna, í gömlum landsfundarsamþykktum.

Það sem mér finnst sorglegast og enda ræðu mína á því, frú forseti, er sú staðreynd að hér í dag hefur enginn úr liði ríkisstjórnarinnar talað um með hvaða hætti megi efla Ríkisútvarpið. Það var rauði þráðurinn í niðurstöðu tveggja nefnda, sem hæstv. menntamálaráðherra skipaði um fjölmiðla á Íslandi, að það sem skipti langmestu máli væri að efla Ríkisútvarpið vegna þess að það væri langbesta vörnin gegn því að fjölmiðlakeðjur eða fjölmiðlarisar næðu einokunarstöðu varðandi skoðanamyndun hér á landi. Það er þess vegna sem ég á svo bágt með að skilja: Af hverju kemur ekki ríkisstjórnarliðið með einhverjar hugmyndir um það?

Að lokum, frú forseti, ég byrjaði ræðu mína á því að kvarta undan því að hæstv. menntamálaráðherra hefði ekki viljað ræða þetta í samfylgd frumvarps um fjölmiðla á Íslandi almennt og stöðu Ríkisútvarpsins þar, (Forseti hringir.) en ætlar hún ekki að ljúka þessari umræðu með því að leyfa okkur að skyggnast inn í kistil sinn um það hvernig hún sér (Forseti hringir.) RÚV þróast í framtíðinni?

[00:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var ágæt, yfirgripsmikil og málefnaleg ræða hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Ein lítils háttar leiðrétting þar sem vísað var í mínar skoðanir á ríkisrekstri og hlutafélagavæðingu. Í sumum tilvikum hef ég verið því fylgjandi að stofnanir og starfsemi sem áður var á vegum samfélagsins, ríkisins eða sveitarfélags, væri færð út á markaðstorgið. Ég hef talið að þar væri um að ræða samkeppnisrekstur sem ætti heima á markaði. Ég nefni Gutenberg, prentsmiðju sem á sínum tíma var rekin af ríkinu. Ég nefni SR-mjöl, verksmiðjur sem voru seldar. — Við gagnrýndum það að vísu á hvern hátt staðið var að sölunni, sem var ekki til fyrirmyndar. — Ég nefni Áburðarverksmiðjuna þar sem einnig var uppi gagnrýni um söluverð og sölumáta en það er önnur saga. Þetta vildi ég leiðrétta.

Ég vil aðeins nefna eitt varðandi einkavæðinguna eða hlutafélagavæðinguna. Þar tek ég undir með hv. þingmanni, það er ástæða til að ætla eða óttast að þetta sé fyrsta skref í ákveðnu ferli til sölu. En það er annað sem einnig hangir á spýtunni og það er að hlutafélagavæðingin rýrir réttarstöðu starfsfólksins. Það er verið að boða kerfisbreytingar á Ríkisútvarpinu sem ég tel mjög varasamar. Það er verið að færa einræðisvald í hendur framkvæmdastjóranum, útvarpsstjóranum, en hann er síðan settur undir flokkspólitískan hæl. Meiri hlutinn hér á Alþingi hverju sinni skipar stjórn yfir stofnunina sem ræður þennan sama einvald og rekur hann þannig að þar er bein tenging inn í stjórnarmeirihlutavaldið hér á Alþingi. (Forseti hringir.) Ég stóð í þeirri trú að menn ætluðu að veikja þessi tengsl en ekki treysta þau.

[00:14]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má hv. þm. Össur Skarphéðinsson eiga að hann var nú heldur málefnalegri í sinni ræðu hér en eftirmaður hans í formannsstóli Samfylkingarinnar. Það ber að hrósa mönnum þegar þeir eiga það skilið.

Ég hef ekki séð ástæðu til að fara eitthvað frekar yfir mínar skoðanir á ríkisrekstri og fjölmiðlum. Ég held að ég hafi reifað þau sjónarmið ágætlega í ræðu minni áðan. Það er rétt sem hv. þingmaður segir að mín sjónarmið í því efni hafa ekki breyst, þau eru alveg hin sömu. En hv. þingmaður spurði mig og varpaði þeirri spurningu líka til hæstv. menntamálaráðherra hvort það væri æskilegt við vinnslu þessa máls að leita umsagnar fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins. Nú veit ég að hv. þingmaður hefur starfað um langt skeið innan Evrópuráðsins og þekkir þar vel til. Þetta er ágæt ábending og við meðferð málsins í hv. menntamálanefnd munum við gefa gaum að því sem Evrópuráðið hefur sagt um þessi málefni. En ég vil benda hv. þingmanni á að það er Alþingi Íslendinga sem fer með löggjafarvaldið hér, ekki Evrópuráðið. Alþingi, ríkisstjórnin og þingmenn þurfa ekkert á neinu heilbrigðisvottorði frá Evrópuráðinu að halda áður en sett eru lög um Ríkisútvarpið. Þó að ábendingin hafi verið ágæt tel ég ekki nauðsynlegt að leita umsagnar frá þeirri ágætu skrifstofu. En ég tel að það komi vel til greina að kanna þau sjónarmið og þau stefnumið sem frá henni hafa stafað (Forseti hringir.) við meðferð þessa máls í nefndinni.

[00:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætla ég nú að fara að vanda um við mér yngri og örugglega miklu vitrari menn, en heldur fannst mér þessi ræða bera vott um fullmikinn þótta og stærilæti af hálfu hv. formanns menntamálanefndar. Gott og vel, ég get tekið í sjálfu sér undir allt sem hv. þingmaður

sagði. Við þurfum ekkert að fara eftir Evrópuráðinu. Við þurfum ekkert heilbrigðisvottorð. En má ég rifja upp fyrir hv. þingmanni af hverju ég nefndi þetta? Það var vegna þess að hæstv. menntamálaráðherra sagði að þetta stæðist tilmæli Evrópuráðsins í einu og öllu. Ég leyfi mér að efast um það og það er því sem ég segi: Látum skoða það.

Nú tel ég að Evrópuráðið hafi skipt gríðarlega miklu máli varðandi ýmsa þætti í uppbyggingu lýðræðis í Austur-Evrópu eftir að kalda stríðinu lauk og m.a. hefur ágætur Íslendingur, sem nú starfar í forsætisráðuneytinu komið að því að leiðbeina þeim um slíkt. En nú veit ég, af því að ég hef einmitt starfað þar, hvaða möguleikar eru opnir og færir þar. Það er ekki langt síðan það var þjóðaratkvæðagreiðsla í Slóveníu um fjölmiðlalög, mjög svipuð þeim og tekist var á um hér um árið. Þá var beint til ríkisstjórnarinnar að sækjast eftir slíkum álitum. Því var hafnað. En þeir þingmenn slóvenskir sem áttu sæti í Evrópuráðinu óskuðu þá skriflega eftir því við fjölmiðlaskrifstofuna að fá slíkt álit. Ef hæstv. ríkisstjórn skirrist við að verða við þessari sjálfsögðu beiðni má íhuga slíkt.

Að öðru leyti verð ég að segja að ég veit að hv. þingmaður er einarðlegur í málflutningi sínum og skoðunum og það er akkúrat það sem ég óttast. Ég óttast að hv. þingmaður standi við það sem hann segi. Hv. þingmaður hefur sagt að hann vilji selja RÚV og það er einmitt það sem ég hræðist.

Svona breytingar eru eins og breytingar á jarðskorpunni. Þar færast flekar til. Í stjórnmálunum færast kynslóðir til. Það gerist skyndilega. Og sú kynslóð innan flokksins sem hv. þingmaður tilheyrir mun, óttast ég, fyrr en seinna reyna að beita sér fyrir því (Forseti hringir.) að það hlutafélag sem hér er verið að búa til verði selt.

[00:19]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið aftur og hrósa hv. þingmanni fyrir að vera málefnalegur í sinni umræðu um þetta mál, málefnalegri en sumir aðrir sem tekið hafa til máls hér úr hans flokki um þetta frumvarp.

Ég ætla svo sem ekki að fjalla miklu meira um fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins. En mig langar til þess að víkja að öðru atriði og það er nú kannski það sem hv. þingmaður nefndi hér síðast. Hv. þingmaður sagðist ekki treysta Sjálfstæðisflokknum. Hann óttaðist það að með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag yrði stigið fyrsta skrefið í þá átt að selja RÚV.

Gott og vel. Nú stendur reyndar í frumvarpinu að það standi ekki til að gera það og að það sé beinlínis óheimilt. En það er greinilegt að hv. þingmaður treystir ekki stjórnarflokkunum og sérstaklega ekki Sjálfstæðisflokknum. Hann treystir okkur varla — hvað eigum við að segja — út í sjoppu í þessu máli, ef svo má að orði komast. En mig langar til þess spyrja hv. þingmann af því að hann hefur nú talað hér fyrir sjálfseignarstofnunarforminu og svona haft efasemdir um hlutafélagsformið: Ef við gefum okkur að Ríkisútvarpinu yrði breytt í sjálfseignarstofnun og ef við gefum okkur líka að einhver ríkisstjórn, hvort sem það væri þessi ríkisstjórn eða önnur, jafnvel sú sem hv. þingmaður ætti aðild að, fengi nú þá hugmynd að selja Ríkisútvarpið, einkavæða Ríkisútvarpið, hvaða máli mundi þá skipta fyrir meðferð slíks máls, meðferð slíkra breytinga hvort Ríkisútvarpinu væri breytt hér í hlutafélag eða í sjálfseignarstofnun? Í mínum huga mundi það ekki skipta neinu máli. Í báðum tilvikum þyrfti viðkomandi ríkisstjórn að grípa til nákvæmlega sömu aðgerða (Forseti hringir.) vildi hún hrinda slíkum áformum í framkvæmd.

[00:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mundi skipta mjög miklu máli. Til þess að breyta slíkum lögum þyrfti að taka langt tilhlaup til þess að komast yfir þann skurð. En að þessu frumvarpi samþykktu þyrfti bara að taka eitt lítið skerf og það væri enginn skurður. Í fyrra tilvikinu væri það ógerlegt, tel ég, um mjög langan aldur nema að Sjálfstæðisflokkurinn fengi meiri hluta og ég held að hv. þingmaður hafi sjálfur eða einhver í hans flokki talið það ákaflega ólíklegt og reyndar gert einhverjum stjórnarandstæðingi það upp að hann teldi möguleika á slíku. Ég tel nú sem betur fer að svo sé ekki.

Hins vegar sjáum við að Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú um langa hríð stuðst við hækju sem hann getur sveiflað eins og hann vill og gert við hvað sem hann vill. Menn sjá það í máli eftir máli að Sjálfstæðisflokkurinn ber bókstaflega Framsóknarflokkinn til hlýðni. Þetta er bara síðasta málið í langri runu slíkra mála.

Hv. þingmaður undirstrikaði síðan það sem ég sagði hér, að ég treysti ekki Sjálfstæðisflokknum í þessu máli. Nú er það svo að alla jafna treysti ég stjórnmálaflokkum til þess að a.m.k. burðast við að fylgja sinni stefnu. Að því leytinu til veit ég að í þessu máli mundi Sjálfstæðisflokkurinn reyna að fylgja þeirri stefnu sem auðvitað glittir í mjög víða undir yfirborðinu. Ég treysti því engan veginn þegar hæstv. ráðherra og hv. formaður menntamálanefndar segja að það sé ekkert á dagskrá að selja Ríkisútvarpið. Ég veit að það er ekkert á dagskrá núna. En ég sé bara að í frumvarpinu er opnað á að selja hluta af Ríkisútvarpinu. Það er í samræmi við gamla stefnu Sjálfstæðisflokksins. Það er í samræmi við yfirlýsingar hv. formanns menntamálanefndar og ég hef langa og bitra reynslu af því að Sjálfstæðisflokkurinn reynir að standa við stefnu af þessu tagi.

[00:23]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Hér fer nú að ljúka ítarlegri og mikilli umræðu um Ríkisútvarpið og frumvarp ríkisstjórnarinnar um að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Umræðan hefur verið ítarleg og góð og mörg rök benda til þess að þetta frumvarp sé afar vanhugsað og að mjög skynsamlegt væri að vísa því frá.

Æpandi þögn Framsóknarflokksins í þessari umræðu hefur líka vakið mikla athygli. Eini þingmaður Framsóknarflokksins sem tekið hefur til máls í þessari löngu umræðu er hv. þm. Hjálmar Árnason. Hann hefur fengið það óskemmtilega og vanþakkláta hlutverk að verja hér kúvendingu Framsóknarflokksins í málinu. Hann hamraði auðvitað á því að ekki stæði til að selja Ríkisútvarpið, að það hvarflaði ekki að neinum. En hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði hér í pontu að hann liti á þetta frumvarp sem bara

fyrsta skrefið í átt að því að einkavæða útvarpið og fleiri hafa tekið undir mál hans eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar. Þannig liggur einmitt málið. Á þetta höfum við einmitt verið að benda. Þetta er bara fyrsta skrefið í einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Við höfum dæmi um — og það hefur verið fjallað um það ítarlega hér í dag og í kvöld — að menn hafa breytt afstöðu sinni á einni nóttu.

Það sem stendur upp úr og hefur komið fram í þessum umræðum er að ef þetta frumvarp nær fram að ganga verður stjórn Ríkisútvarpsins ólýðræðislegri en nú er. Það er opnað fyrir möguleika á að selja Rás 2 og mikil óvissa ríkir um rétt starfsfólks Ríkisútvarpsins. Þetta ætti auðvitað að duga okkur til að sjá að þetta frumvarp er afar óskynsamlegt. Ég vona að í meðförum menntamálanefndar verði gerðar miklar breytingar á frumvarpinu og helst verði það dregið til baka.

Til er vegur út úr þessari krísu ríkisstjórnarinnar. Sá er að líta til frumvarps Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem gerir skynsamlegar breytingar á Ríkisútvarpinu sem gætu haft mjög jákvæðar afleiðingar fyrir útvarpið og þjóðina alla í för með sér.

[00:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er langt liðið á daginn og komið nokkuð inn í nóttina. Engu að síður finnst mér þingmenn halda vel dampi og umræðan verið skemmtileg og innihaldsrík og ég vil þakka sérstaklega fyrir þá umræðu sem átt hefur sér stað um þetta mikilvæga málefni sem snertir breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins.

Það sem mér finnst þó standa upp úr er að það er samhljómur. Ég er svona að reyna að greina þennan samhljóm í þá veru að það er samhljómur yfirgnæfandi meiri hluta þingheims að við viljum starfrækja öflugt Ríkisútvarp sem hafi tækifæri og möguleika til þess að sinna því hlutverki sem við ætlumst til að það standi undir, þ.e. öflugt menningarhlutverk og þjónustu sem og almannaþjónustuhlutverk. Ég vil því meina að í þessu öllu saman sé jákvæður samhljómur sem maður sér glitta í. Í þetta glittir akkúrat eftir umræðu dagsins.

Menn hafa komið víða við. Menn hafa rætt meðal annars fjölmiðlalöggjöfina, fjölmiðlaskýrsluna. Örstutt út af því langar mig að geta þess að það er alveg rétt að á sínum tíma, í sumar eða vor, urðu ákveðnar sögulegar sættir sem ég tel að hafi náðst í þá veru að fjölmiðlanefndin, þverpólitísk fjölmiðlanefnd, náði sameiginlegri niðurstöðu meðal annars í þá veru að hér ætti að rækja öflugt almannaútvarp, útvarp í almannaþágu. Ég tel einmitt að með því frumvarpi sem við ræðum í dag séum við að koma til móts við þessa tillögu fjölmiðlanefndarinnar. En þess ber líka að geta að minni hluti nefndarinnar kom síðan með sérálit, í tillögu fjölmiðlanefndarinnar, í þá veru að þetta ætti allt saman að ræða saman. Það lá hins vegar allan tímann ljóst fyrir að það var hvorki afstaða mín né annarra sem standa að ríkisstjórninni enda erum við að tala hér fyrst og fremst um breytt rekstrarform sem gerir Ríkisútvarpinu kleift að standa undir almannaþjónustuhlutverkinu. Ég leitaði eftir því að halda í þessa sátt sem er afar mikilvæg og brýn vegna þessa mikilvæga málefnis sem almenn löggjöf um fjölmiðla snertir. Menn hafa sagt: „Ja, enn ein nefndin sem er verið að biðja okkur um að skipa í." Ég verð að segja að ég var algjörlega ósammála og nokkuð hissa þegar formaður Samfylkingarinnar kom inn á þetta og sagði að þetta væri bara enn ein nefndin. Mér finnst talað hér af lítilsvirðingu um þátt sem snertir löggjafarsamkunduna, þ.e. þann að semja frumvörp því það er einn mikilvægasti þátturinn. Það er ekki bara eitthvert lagatæknilegt atriði, eins og menn reyndu að afgreiða tilnefningar í þá nefnd. Það er ekki lagatæknilegt atriði eingöngu að semja frumvarp því löggjafinn þarf að senda frá sér vel útskýrt hvort tiltekin atriði í slíku frumvarpi eigi að skýra þröngt eða rúmt. (Gripið fram í.) Það er ekkert lagatæknilegt atriði.

Engu að síður var það afar jákvætt að í því bréfi sem mér var síðan sent út af tilnefningunum þá var alveg skýrt að stjórnarandstaðan var engu að síður tilbúin að hitta þá lögfræðinga sem semja frumvarpið og lýsti því sérstaklega yfir. Það skiptir mig í rauninni ekki öllu máli hvernig eigi að útfæra það að koma saman, hitta fólk og ræða hlutina, hvort það heiti hópur, fundur eða nefnd. Meginatriðið er að allir flokkar komi að því að semja almennt frumvarp um fjölmiðla. Það er hið mikilvæga í þessu öllu saman. Eins og ég gat um áðan finnst mér rauði þráðurinn í umræðunni í dag vera að við erum sammála um að það skiptir máli að hafa hér öflugt Ríkisútvarp. Við erum ekki sammála um þær leiðir sem við viljum fara til að ná fram því þýðingarmikla hlutverki og markmiði.

Ég hafði nokkuð gaman af að hlusta hinn snaggaralega þingmann og mikla ræðuskörung, hv. þingmann Össur Skarphéðinsson, sem kom hér upp undir lok umræðunnar. Hann kom víða við, m.a. að fjölmiðlanefndinni sem ég minntist á á hér áðan. En hann tók undir að það þyrfti að efla Ríkisútvarpið. Þetta væri ekki bara spurning um form. Ég vil taka undir það sem útvarpsstjóri sagði m.a. í grein sinni og við höfum verið að segja hér í dag. Að formið skiptir máli til að ná markmiðinu. Og markmiðið er að efla menningarhlutverkið. Formið skiptir máli í þá veru. Ég hef mikla trú á því að sú leið sem hér er farin, að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag, leiði til að við munum sjá Ríkisútvarpið eygja möguleika í þá veru efla innlenda dagskrárgerð, efla menningarhlutverkið, efla þá þætti sem koma fram í 3. gr. og snerta hlutverk Ríkisútvarpsins í almannaþágu.

Hér er verið að ræða hvort Ríkisútvarpið eigi að vera ríkisstofnun áfram, sjálfseignarstofnun eða hlutafélag og sýnist sitt hverjum. Mér finnst þessi umræða hafa dregið fram hversu skiptar skoðanir eru á meðal stjórnarandstöðuflokkanna. Stefna Vinstri grænna er alveg skýr. Þeir vilja halda áfram að reka Ríkisútvarpið undir formi ríkisstofnunar meðan Frjálslyndir ljá máls á því að fara hlutafélagaleiðina að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Eftir nokkurt þóf var hægt að sjá stefnu Samfylkingarinnar eða glitta í hvernig hún sér þessu áorkað. Það kom í ljós að Samfylkingin vill fara sjálfseignarstofnunarleiðina en engu að síður var alveg ljóst í máli formanns flokksins, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum er Samfylkingin reiðubúin að fara hlutafélagaleiðina. Það stefnuleysi sem kemur fram í þessari um-

ræðu er vissulega ekki hv. þingmanni Össuri Skarphéðinssyni að kenna því nú er allt annar einstaklingur í brúnni hjá Samfylkingunni sem virðist ekki hafa sömu skýru stefnu varðandi málefni flokksins og hv. þingmaður Össur Skarphéðinsson hafði þegar hann var formaður Samfylkingarinnar.

Ég vil aðeins fara yfir það af hverju við erum að fara hlutafélagaleiðina. Ég tel það rétt því að það er akkúrat sá þáttur sem hefur verið hvað mest til umræðu. Það er alveg rétt að það er ekki alltaf einfalt að velja félagaform þegar stofnað er til nýs atvinnurekstrar eða þegar rekstri ríkisstofnunar er breytt. Við mat á því þarf auðvitað að líta til markmiðs með rekstri félagsins, hversu mikil velta er á félaginu, hvers eðlis reksturinn er, hvaða reynsla er á einstökum félagaformum o.s.frv.

Ef við aðeins lítum yfir sjálfseignarstofnunina verður að segjast eins og er að jafnvel þó að stofnuð yrði sjálfseignarstofnun um rekstur Ríkisútvarpsins þá leiða ákvæði laga frá 1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá og laga frá 1999, nr. 33, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, til að lögin mundu ekki gilda um stofnunina. Hvað þýðir það? Af þeim sökum þyrfti að skilgreina ítarlega í sérlögum um sjálfseignarstofnunina hvert skipulag hennar yrði o.s.frv. Þannig að lögin yrðu í sjálfu sér mjög heftandi fyrir starfsemina því þau þyrftu að vera algerlega niðurnjörvuð. Það er akkúrat það sem við erum að forðast með þessu frumvarpi því það sem háir Ríkisútvarpinu í dag eru núgildandi lög sem eru mjög niðurnjörvuð varðandi alla starfsemi og skipulag Ríkisútvarpsins. Í þau lög er í dag niðurnjörvað hversu margir framkvæmdastjórar eiga að vera o.s.frv. Þannig að sú leið sem við erum að fara með þessari breytingu á Ríkisútvarpinu er að mæla ekki fyrir um innri skipan RÚV í lögum heldur að fela stjórn félagsins að ákveða að teknu tilliti til þess sem hentar síðan best hverju sinni. Ég held að þetta sé afar mikilvægt atriði, sérstaklega í ljósi þeirra hröðu breytinga sem eiga sér stað á fjölmiðlamarkaði og þeirra ítarlegu krafna, sem eru í rauninni auknar með þessu frumvarpi, til almannaþjónustuhlutverks Ríkisútvarpsins. Ég tel að með þessari leið, og er sannfærð um það, séum við að skapa skilyrði fyrir Ríkisútvarpið til að bregðast við nýjum aðstæðum á fjölmiðlamarkaði til að geta uppfyllt þær kröfur sem við gerum til ríkisútvarps í almannaþjónustu.

Það er líka rétt að undirstrika, og það kom m.a. fram í máli hv. þingmanns Sigurðar Kára Kristjánssonar, formanns menntamálanefndar, að rekstur Ríkisútvarpsins undir hlutafélagaforminu fellur undir regluverkið sem við þekkjum mjög vel og er afar þekkt og á sér ríka sögu hér á landi. Í lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, er að finna skýr ákvæði um réttindi og skyldur stjórnar, framkvæmdastjóra, hluthafa, stöðu endurskoðanda o.fl. Þessar reglur eru mjög þekktar. Eins og komið hefur verið inn á eru líka mörg dómafordæmi um hvernig eigi síðan að leysa úr álitamálum tengdum rekstri hlutafélaga. Þannig að lagaumhverfið í kringum hlutafélög er mjög skýrt meðan það er mjög óskýrt varðandi sjálfseignarstofnanir, og ef á að setja það í lög er það allt að því hamlandi. Enda má benda á að þegar Reykjavíkurborg var undir forustu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, hv. þingmanns, sem ákvað að breyta Félagsbústöðum Reykjavíkurborgar í annað rekstrarform, þá var þeim breytt yfir í hlutafélag. Hvernig er síðan stjórn þess hlutafélags valin? Hún er valin af borgarstjórn eða borgarráði. Sem sagt pólitískt skipuð stjórn. Hvað er að því að skipa stjórn með þeim hætti?

Ég skil að mörgu leyti vangaveltur og þá umræðu sem hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson hafa dregið hérna fram og hvet hv. menntamálanefnd og formann menntamálanefndar til að fara vel yfir þær athugasemdir sem þessir ágætu þingmenn hafa vikið að. En ég vil líka benda á það sem hv. þingmaður Ögmundur Jónasson hefur margoft bent á hér úr þessum ræðustól, að hann er ekkert tortrygginn gagnvart þeim fulltrúum sem kjörnir eru af Alþingi. Hann hefur margítrekað það og sagt að hann treysti slíkum fulltrúum alveg jafn vel, ef ekki betur en fulltrúum sem valist hafa utan úr bæ. Af hverju er það? Það er út af því að þingið er lýðræðislega kjörið og fulltrúar þess hafa lýðræðislegt umboð á bak við sig. Það er líka alveg ljóst með þessu nýja fyrirkomulagi er verið að minnka pólitísk afskipti markvisst. Það er verið að koma í veg fyrir pólitísk afskipti því þetta er (Gripið fram í.) stjórn hlutafélags sem hefur ekkert með dagskrá að gera og á ekkert að hafa með dagskrá að gera og er með fulltingi Alþingis á bak við sig.

Hér hafa verið dregnar fram tillögur eins og það að starfsmenn eigi að eiga þátt í stjórn félagsins. Gott og vel. Ég hvet menntamálanefnd hv. til að fara vel yfir þær hugmyndir sem hafa verið settar fram í dag varðandi stjórn hlutafélagsins. En af hverju frekar starfsmenn Ríkisútvarpsins? Af hverju ekki allt eins hlustendur? Af hverju ekki allt eins einhverjir aðrir einstaklingar en starfsmennirnir? Ég hef valið þá leið og komið með þá tillögu að best væri að stjórn hlutafélagsins væri kosin af Alþingi vegna þess að það eru lýðræðislega kjörnir fulltrúar þegnanna í landinu. Það er ósköp eðlilegt að fara þá leið. Það er líka kveðið alveg skýrt á um hvert hlutverk stjórnarinnar er. Það kemur fram í 9. gr. og 10. gr. frumvarpsins þar sem farið er gaumgæfilega yfir stjórn Ríkisútvarpsins og starfssvið hennar. Og í 11. gr. eru dregnar fram skyldur útvarpsstjóra, hann er framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins og hann er einnig æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar.

Virðulegi forseti. Hér er því verið að gera allt miklu skýrar en gert er í núgildandi lagaumhverfi og það sem skiptir mestu máli og er rauði þráðurinn í þessu öllu er að það er verið að skapa skilyrði fyrir Ríkisútvarpið og þá starfsmenn sem þar eru að til starfrækja hlutverk og uppfylla kröfur sem við hér á hinu háa Alþingi gerum til Ríkisútvarpsins. Þannig að það sé alveg skýrt og ljóst. Og ég hvet þá þingmenn sem eru í hv. menntamálanefnd til að fara gaumgæfilega yfir athugasemdir sem berast nefndinni.

[00:42]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þegar hæstv. menntamálaráðherra talaði hér síðast þá spurði ég hana spurningar sem hún svaraði án þess að ráðfæra sig við embættismenn sína. En nú hefur hún fengið langan tíma til að gera það og ég vil þess vegna ítreka spurninguna. Hún var um það af hverju ekki væri gerð grein fyrir samþykktum félagsins og stofnsamningi þess í

greinargerðinni eða í ræðu ráðherrans. Það var minnt á að það hefði þó verið gert í frumvarpinu á síðasta þingi, að minnsta kosti í stofnsamningnum. Svarið var að að þetta lægi allt saman svo ljóst fyrir í hlutafélagalögunum. Ég var með þessi hlutafélagalög með mér, en eins og þingheimur veit kunnum við Ögmundur Jónasson, hv. þingmaður, þau utan að. Mér gafst ekki tími til að vitna í þau þá í stuttu seinna andsvari en nú skal ég taka dæmi fyrir hæstv. ráðherra. Í 8., 10. og 11. gr. laganna er vitnað í samþykktir félagsins sem engin grein er gerð fyrir. Í 10. gr. er m.a. þessi setning, með leyfi forseta:

„Að öðru leyti en að framan greinir ákveðst starfssvið stjórnar í samþykktum félagsins, ...“

Í 9. gr. hlutafjárlaganna, sem ráðherrann vísaði til að væri svona skýr, eru 13 liðir um hvernig samþykktir eigi m.a. að greina. Einn af þeim liðum, 6. liðurinn fjallar um stjórnina og hljóðar svona, með leyfi forseta:

„Fjölda eða hámarks- og lágmarksfjölda stjórnarmanna og varastjórnarmanna, svo og endurskoðenda eða skoðunarmanna. Þá skal þar ákveða kjörtímabil stjórnarmanna og endurskoðenda.“

Er þetta greinin sem vísað er til í 10. gr. frumvarps menntamálaráðherra? Eða var það eitthvað annað? Af hverju í ósköpunum er ekki hægt að koma með þessar samþykktir? Af hverju að skilja það eftir þegar á þremur stöðum er vísað til þessarar samþykktar sem menntamálaráðherra hæstv. ætlar sér (Forseti hringir.) einn að samþykkja á hluthafafundi?

[00:44]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af sínu alkunna lítillæti kemur hv. þingmaður Mörður Árnason upp og spyr þessarar spurningar. Ég get ekki annað en svarað því á sama veg og ég gerði hér fyrr í dag, að vísa til hlutafélagalaga sem eru afar skýr eins og þau eru í lögum í dag. Það er auðvitað meginmunurinn á því frumvarpi sem við ræðum um í dag og því sem við ræddum sl. vor. En það eru og voru ekki til skýr ákvæði um sameignarfélög. En að sjálfsögðu hvet ég hv. þingmenn að fara vel yfir þetta í hv. menntamálanefnd sem mun fara vel yfir frumvarpið og kynna sér málið þá enn betur þar.

[00:45]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það fæst ekkert út úr hæstv. menntamálaráðherra. Annaðhvort hefur hún ekki samið frumvarpið og getur þess vegna ekki staðið skil á því hér eða þá að hún kann ekki hlutafélagalögin sem hún vitnar þó ótæpilega til og hefur bent öðrum á að lesa, sem menn gerðu nú áður en hún benti á það.

Þrettán liðir eru í 9. gr. Einn þeirra fjallar um stjórnina. Til þeirrar greinar er vísað í frumvarpi ráðherrans og hún getur engu svarað nema því að fjalla eigi um þetta í nefndinni. Þá verður hún tekin á orðinu nákvæmlega, hæstv. ráðherra, og þetta verður skilið þannig að hún leggi fram eða sendi mönnum sínum, sem eru tíðir gestir í menntamálanefnd, drög að þessum samþykktum. Það verði þá þannig og við skiljum það svo og komumst þá að þeirri niðurstöðu hér þegar klukkuna vantar korter í eitt að svarið við þessum tveimur andsvörum hjá mér sé það að menntamálaráðherra treysti sér kannski til að láta embættismennina liggja yfir þessu í nokkra daga og koma síðan með þetta í nefndina. Ég treysti því að það verði gert því að svona flaustурslega á ekki að vinna frumvörp og greinargerðir. Það eiga að liggja fyrir svör og það er ekki bara við þingmenn að eiga í því heldur alla þjóðina. Þegar ráðherrar leggja fram frumvörp eiga að liggja fyrir svör þannig að frumvörpin séu algjörlega gagnsæ og almenningur geti tekið þau til umræðu og þingmenn geti vitað hvað átt er við í frumvörpum ráðherrans.

Hér hefur hún hreinlega brugðist. Á þremur stöðum er vitnað í 8., 10. og 11. gr. Ráðherrann veit ekkert til hvers er vitnað og vitnar í hlutafélagalögin sem hún kann ekki sjálf og setur leppa fyrir bæði augu þegar henni er bent á að þetta standist ekki.

[00:47]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki kemur mér til hugar að ég greini hroka eða því um líkt í máli hv. þingmanns, það kemur mér ekki til hugar. En ég get ekki annað en bent hv. þingmanni á þau lög sem eru í landinu og kynna sér þau betur jafnframt því að koma með þennan málflutning í hv. menntamálanefnd.

Ég vil einnig geta þess, og það hef ég líka margoft sagt, að varðandi frekari útfærslu á því hvaða hlutverki við viljum sjá Ríkisútvarpið gegna og hvernig það á að starfa þá höfum við verið að skoða það og ég hvet hv. þingmenn í menntamálanefnd til að athuga það sérstaklega og forvitnast betur um hvernig t.d. samkomulag hefur tekist á milli Danmarks Radio og menningarmálaráðherrans eða ráðuneytisins þar eða hvaða fyrirkomulag er varðandi útfærslu á menningarhlutverki og almannaþjónustuhlutverki BBC í Bretlandi.

[00:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér mjög skiljanlegt að hæstv. menntamálaráðherra vilji gefa umræðunni það yfirbragð að hana hafi einkennt jákvæður samhljómur, þannig held ég að hæstv. ráðherra hafi orðað það. (**Menntmrh.:** Reynt að greina.) Að því leyti sem allir er tekið hafa þátt í umræðunni segjast hafa göfug markmið að leiðarljósi þá er að sönnu samhljómur. Hins vegar erum við að ræða frumvarp um breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins sem mjög mikil óeining ríkir um og breytingartillögur ríkisstjórnarinnar eru mjög harðlega gagnrýndar.

Hæstv. menntamálaráðherra segir að allt skipulagsfyrirkomulag Ríkisútvarpsins sé niðurnjörvað, mikilvægt sé að losa um það. Þá skulum við gera það, menn eru sammála um að gera það. Þetta er hægt að gera hjá ríkisstofnuninni auðveldlega og við höfum sett fram tillögu um hvernig það megi gera.

Það sem lagt er til í frumvarpinu er að allt mannahald, allur rekstur stofnunarinnar verði færður á ábyrgð eins aðila, framkvæmdastjórans, útvarpsstjórans. Sá aðili, útvarps-

stjórinn, er síðan settur undir pólitíska járnhæl. Meiri hlutinn á Alþingi ræður þennan mann eða rekur þennan mann. Ég er ekki á móti því að Alþingi kjósi fulltrúa í stjórn umræddrar stofnunar, það er rétt hjá hæstv. ráðherra. En ég vil koma í veg fyrir að meirihlutasjónarmið á Alþingi, þeir sem fara með framkvæmdarvaldið hverju sinni ráði stofnuninni. Þess vegna höfum við lagt til að aðkoma fleiri aðila verði tryggð. Það leggjum við til í frumvarpi okkar.

[00:50]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar að eftir umræðuna í dag hef ég reynt að greina hvort einhver samhljómur væri á meðal þingmanna hér í salnum. Ég vil meina að í megindráttum sé sá samhljómur að við viljum starfrækja hér öflugt útvarp í almannaþágu en síðan greinir okkur á um leiðir til að ná því markmiði. Ég leyni því ekkert að ég tel og er sannfærð um að sú leið sem farin er í frumvarpinu muni leiða til þess að við sjáum enn öflugra ríkisútvarp sem uppfyllir þetta menningarhlutverk og kröfur um aukna innlenda dagskrárgerð til að efla íslenska tungu o.s.frv. Það hlutverk verði mun betur innt af hendi en er í dag og er það þó ágætt. En tækifærin verða meiri og betri fyrir Ríkisútvarpið til að sinna þessu.

Mig langar til að vekja athygli hv. þingmanns á því af því að ég veit ekki betur en Vinstri grænir eigi líka aðild að borgarstjórn Reykjavíkur sem samþykkti að þeirri samfélagslegu stofnun sem Félagsbústaðirnir í Reykjavík eru yrði breytt yfir í hlutafélag. Ég sé ekki að Félagsbústaðirnir hafi beðið neitt tjón við það, miklu frekar að þeir hafi sinnt hlutverki sínu ágætlega og ekki komið neitt til umræðu á þeim bænum að selja þá. Ég segi að það gildir nákvæmlega sama um Ríkisútvarpið. Markmiðin eru skýr, það eru ekki áform núverandi ríkisstjórnar að selja Ríkisútvarpið, síður en svo.

[00:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt, hér hafa menn talað um mikilvægi þess að starfrækja öflugt ríkisútvarp í almannaþágu. Engu að síður hafa margir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins talað um mikilvægi þess að við búum stofnuninni það rekstrarform að hún verði duglegri að skera niður, reka stofnunina hallalaust. Hef ég misskilið þetta? Ég held ekki.

Varðandi áform um að selja eða selja ekki hafa menn bent á þá stefnu sem margir alþingismenn og flokkar á borð við Sjálfstæðisflokkinn hafa verið að beita sér fyrir. Ég trúi því alveg að hæstv. ráðherra meini það sem hún segir í þessu efni, ég trúi því alveg. En hlutirnir gerast ekki svona.

Fyrst er stofnun svelt. Þá gerist það að starfsmenn hennar gefast upp og segja: Allt er betra en núverandi fyrirkomulag. Þá er hún gerð að hlutafélagi til að þjóna pólitískum markmiðum þeirra sem nú fara með völdin. Næsta skref er það að stofnunin kemur til með að búa við fjársvelti eða þörf er á meira fjármagni inn í reksturinn. Þá verður sagt: Við, Morgunblaðið eða aðrir aðilar, erum reiðubúin að koma með fjármagn, talsvert fjármagn inn í stofnunina. Er einhver sem ætlar að standa í vegi fyrir því að slíkir aðilar styrki stofnunina með því að veita meira fjármagn þarna inn? Er það ekki gott?

Þannig gerist þetta. Ekki vegna þess að áform séu uppi um að svíkja gefin fyrirheit. Þetta gerist einfaldlega þegar búið er að breyta rekstrarforminu, setja stofnunina í (Forseti hringir.) markaðspakkningu og upp á færibandið til einkavæðingar. Það er það sem verið er að gera með þessu frumvarpi.

[00:54]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hv. þingmaður erum einfaldlega ósammála um þetta. Ég er einnig ósammála hv. þingmanni um að Ríkisútvarpið hafi verið svelt í gegnum tíðina. Það er ekki stofnun sem er svelt sem er með 2,3 milljarða í afnotagjöld og 750 milljónir í auglýsingar, það er ekki stofnun sem er svelt, engan veginn.

Hins vegar hafa orðið miklar og örar breytingar á fjölmiðlamarkaði. Við erum sammála um að við viljum hafa Ríkisútvarpið en því verður að vera gert kleift að starfrækja sig og sinna skyldum sínum í þágu menningar og almannaþjónustu undir því umhverfi sem við búum og lifum við í dag. Það umhverfi er að taka mjög örum breytingum. Þess vegna er ég sannfærð um að hlutafélagaformið er best til þess fallið að veita Ríkisútvarpinu það svigrúm og þau tækifæri sem það þarf til að standast þær kröfur sem við gerum til þess. Þess vegna erum við að fara þá leið til að styrkja Ríkisútvarpið, m.a. til að sjá fjölbreyttari innlenda dagskrárgerð o.s.frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Frumvarp um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

[00:56]

Mörður Árnason:

Forseti. Okkur er nokkur vandi á höndum því að á dagskrá þingsins er frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég verð að viðurkenna að ég fór ekki ítarlega yfir frumvarpið fyrr en í umræðunni áðan. Svipað frumvarp var flutt í fyrra og ég taldi mig af nokkru oflæti þekkja það þá af því að ég tók þátt í þeirri umræðu.

Hér tek ég eftir því að gert er ráð fyrir að numin verði brott grein í þessu frumvarpi sem lýtur að kostnaðarþátttöku Ríkisútvarpsins sem aðstandanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þ.e. 3. gr., b-liður.

En 4. mgr. 3. gr. laganna hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Samningur sé gerður milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar á móti framlagi útvarpsins samkvæmt þessari grein og sé í samningnum miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa mótast á undanförnum árum."

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að orðið „Ríkisútvarp" sé numið brott, b-liður 1. mgr. 3. gr. sé numinn brott, en eftir stendur sem sé klausa um framlag útvarpsins samkvæmt

þessari grein sem þá er ekki lengur til. Eiginlega er ekki boðlegt að bjóða þingheimi til umræðu um þetta.

Ég bendi á að í 36. gr. þingskapa er fyrsta setningin þessi, með leyfi forseta:

„Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði ...“

Ég tel að á þessu frumvarpi sé galli á lagasniði. Hugsanlegt er að þetta séu mistök, hrein mistök, og ég ætla ekki að hafa nein orð um það en ég bið forseta að úrskurða um hvort þetta er í raun og veru þinglegt plagg sem hér liggur fyrir eða hvort það hafi ekki orðið í fyrsta lagi mistök hjá frumvarpsflytjandanum við þetta og síðan hafi þau mistök ekki uppgötvast í meðferð þingsins til þessarar umræðu. Ég treysti mér illa til að taka þátt í umræðu um lagafrumvarp sem er hreinlega svona vitlaust.

[00:58]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti telur augljóst að frumvarp þetta sé með lagasniði en komi fram við meðferð málsins að á því séu gallar telur forseti að það sé hlutverk nefndar eða eftir atvikum einstakra þingmanna að gera breytingartillögur við það.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (rekstraraðilar). — Þskj. 518.

[00:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Eins og ég kom inn á í framsöguræðu minni um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. er frumvarp þetta lagt fram samhliða því og byggir á að fella niður þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Frá síðasta þingi hefur jafnframt orðið sú breyting á frumvarpinu að nú er lagt til að greiðsluskylda Seltjarnarnesbæjar falli niður. Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur ítrekað mótmælt greiðsluþátttöku sveitarfélagsins og óskað eftir niðurfellingu hennar. Bæjarstjórnin hefur bent á að þegar hún samþykkti aðild að rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar árið 1982 hafi verið gert ráð fyrir því að fleiri sveitarfélög en Reykjavík og Seltjarnarnes tækju þátt í rekstrinum en svo hefði ekki orðið. Með frumvarpinu er orðið við þessum óskum Seltjarnarnesbæjar.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna er hlutur Ríkisútvarpsins 25% og hlutur Seltjarnarnesbæjar 1% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf., sem felur í sér endurskipulagningu á rekstri Ríkisútvarpsins, er á því byggt að fella úr gildi framangreinda lagaskyldu um þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar. Hann er áætlaður 123 millj. kr. á þessu ári. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er því lagt til að b-liður 1. mgr. 3. gr. gildandi laga falli brott en í stað þess verður hlutur ríkisins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar aukinn sem þessu nemur samkvæmt a-lið 1. mgr. 3. gr., þ.e. úr 56% í 82%. Jafnframt er lagt til að d-liður 1. mgr. 3. gr., varðandi greiðsluskyldu Seltjarnarnesbæjar, falli brott samkvæmt framansögðu. Í samræmi við þessa breytingu er eðlilegt að Ríkisútvarpið eigi ekki lengur fulltrúa í stjórn hljómsveitarinnar. Því er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að menntamálaráðherra tilnefni mann í stjórnina samkvæmt 1. málslið 4. gr. gildandi laga í stað Ríkisútvarpsins eins og nú er.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til menntamálanefndar og 2. umr.

[01:01]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég er ekki sáttur við úrskurð forseta frá því áðan. Ég tel að frumvarp þetta sé ekki þinglegt, ekki tækt til umræðu á þinginu og að í raun hefði átt að vísa því frá. Það hefði átt að vísa því til baka og láta hæstv. menntamálaráðherra leggja fram nýtt frumvarp ef hann vildi það.

Þetta kann að þykja smáatriði en í fyrra var gerð athugasemd af sama toga en var þó ekki svona mikið klandur í því frumvarpi. Slíka athugasemd verður nú aftur að gera við þetta frumvarp, fyrir utan það að frumvarpið gengur hreinlega ekki upp. Lögin eru sundur slitin og ganga ekki efnislega saman með þessu frumvarpi.

Það er eins og frumvarpsflytjandinn hafi ekki nennt að lesa nema niður í 3. gr. hálfa og þó rekist á eitt orð úr 4. gr. En hún skilur eftir leifar af upphaflegu frumvarpi í 7. gr. Þar á Ríkisútvarpið að tilnefna mann í verkefnavalsnefnd Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Svo var einnig í fyrra en þá hafði gleymst að taka ríkisútvarpsmanninn út úr stjórninni. Menn hafa munað eftir því núna og sennilega rifjað upp þær athugasemdir sem gerðar voru við það en ekki gert mikið annað. Satt að segja er þessi meðferð á lagafrumvarpi um breytingu á lögum um hina 56 ára gömlu Sinfóníuhljómsveit Íslands lítilsvirðing við hljómsveitina. Ég endurtek, forseti: Frumvarpið er lítilsvirðing við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Að öðru leyti vísa ég til þess sem sagt var um svipað frumvarp í fyrra, að við samfylkingarmenn erum reiðubúnir að skoða vel hvort ekki sé rétt að kljúfa þetta í sundur, að skilja Sinfóníuhljómsveitina formlega frá Ríkisútvarpinu. Dóttirin flytur þá út og stofnar sjálfstætt heimili. Ég geri mér grein fyrir að ýmsir telja að föst og góð tengsl eigi að vera á milli og jafnvel lögformleg tengsl. En því miður, og er vont frá því að segja, hafa þau tengsl verið frekar fátækleg upp á síðkastið. Ríkisútvarpið hefur ekki notfært sér þann rétt sem það hefur og þau tækifæri sem það hefur átt eins og vera skyldi að þessu leyti. Því er kannski best þetta fari svona.

Við þessa umræðu er óútskýrt hvers vegna bæjarsjóði Seltjarnarness er greidd för út úr þessum skuldbindingum en ekki borgarsjóði Reykjavíkur. Fulltrúar þeirra beggja komu á fund menntamálanefndar í fyrra og lýstu yfir sömu skoðun, að þeir kærðu sig ekki um að vera fastir í þessu frumvarpi, hvorki Reykjavík né Seltjarnarnes. Nú hefur Seltjarnarnes verið tekið út, væntanlega í samráði við Seltjarnarnesbæ, og maður hlýtur að spyrja hæstv. menntamálaráðherra: Hvaða samráð hefur farið fram við Reykjavík um málið?

Það er svo annað mál að menn kunna að vera þeirrar skoðunar að Reykjavík sé, eins og segir í greinargerðinni, sjálfsagðari en önnur sveitarfélög hér á svæðinu til að vera einn af bakhjörlum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hins vegar kemur ekkert fram í greinargerðinni um hvort haft hafi verið samráð við fulltrúa borgarsjóðs Reykjavíkur í þessu efni.

[01:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að útskýra að sögulegar forsendur fyrir aðkomu Reykjavíkurborgar að Sinfóníuhljómsveitinni eru allt aðrar en Seltjarnarnesbæjar. Það geta menn lesið í gegnum þingskjöl frá þeim árum er samþykkt var að Seltjarnarnesbær kæmi inn með 1% greiðsluskyldu. Hins vegar er ljóst, og ég vona að hv. þingmaður styðji bæði Reykjavíkurborg og ríkisvaldið í þá veru, að hér á að koma upp öflugu tónlistarhúsi sem við ætlum að reisa og opna árið 2009. Það er sameiginlegt verkefni ríkis og borgar, með 54% eignarhlut ríkisins á móti 46% eignarhlut borgarinnar, m.a. utan um Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem ríki og borg reka sameiginlega og munu halda áfram að gera. Það er einn af lykilþáttunum í því að hafa farið í þá merku framkvæmd sem tónlistarhúsið mun verða.

[01:07]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil þakka fyrir þetta svar. Það var ekki tekið fram í því hvers konar samráð hefði farið fram við Reykjavík um þetta mál. Síðustu fréttir sem ég fékk voru ósköp einfaldlega þær að fulltrúar, eins og ég sagði frá áðan, þessara tveggja sveitarfélaga komu á fund menntamálanefndar og lýstu sömu skoðun á stöðu þeirra í þessum lögum. Í framhaldi af því var ósköp eðlilegt fyrir okkur í menntamálanefndinni, sem ég hygg að við höfum gert í áliti minni hlutans, að skora á menntamálaráðuneytið að taka upp samræður við þessi sveitarfélög og reyndar fleiri. Ég var að leita eftir því. Það hafa greinilega verið samræður milli menntamálaráðuneytisins og Seltjarnarness en hefur á sama hátt verið rætt við Reykjavíkurborg? Tónlistarhúsið er málinu auðvitað ekki að öllu óskylt en samtök þau sem urðu til um tónlistarhúsið gefa ekki til kynna að fram hafi farið þær samræður um Sinfóníuhljómsveitina sem um ræðir.

Af því að menntamálaráðherra er farin að svara spurningum, sem ég fagna mjög, væri ekki úr vegi að vita hvort hún kann skil á því hvers vegna Ríkisútvarpið er enn með mann í hinni svokölluðu verkefnavalsnefnd. Ræður þar pólitísk stefna menntamálaráðherra, að Ríkisútvarpið skuli vera þar, hið nýja hlutafélag sem sé? Eða eru þar sams konar mistök eins og í næstsíðustu málsgrein 3. gr.?

[01:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstvirtur forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð frá eigin brjósti. Ég kem til með að fylgjast af athygli með umsögnum um þetta frumvarp, m.a. frá Sinfóníuhljómsveitinni sjálfri og samtökum tónlistarmanna. Sú var nú tíðin að þverpólitísk samstaða var í landinu um að standa rækilega vörð um menningarlegt hlutverk Ríkisútvarpsins. Þegar ég segi þverpólitísk samstaða þá er ég ekki síður að horfa til Sjálfstæðisflokksins en annarra flokka.

Í seinni tíð hefur markaðshyggjupólitík hins vegar sett meiri svip á stefnu sjálfstæðismanna en áður og langar mig af því tilefni að Sinfónían er til umfjöllunar, þ.e. tillaga um að skera á tengslin milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands, að vitna í grein sem Jón Þórarinsson skrifaði í Morgunblaðið í mars á síðasta ári sem heitir: Um framlag Ríkisútvarpsins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þessi grein er skrifuð í tilefni af svipuðu frumvarpi sem lá þá fyrir Alþingi.

Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Margt er nú rætt um fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins, m.a. í yfirgripsmikilli samantekt í Morgunblaðinu nýlega ... Þar og víðar í þessari umræðu hefur verið talin hin mesta nauðsyn fyrir útvarpið að létt væri af því „framlagi" til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem á þessu ári er sagt nema 118,5 millj. kr. Látið er líta svo út sem þetta sé hreinn „framfærslustyrkur", sem útvarpið hafi verið blekkt eða kúgað til að taka á sig, og hvergi er á það minnst að neitt komi á móti „framlaginu" eða útvarpið fái neitt fyrir snúð sinn. Af þessum ástæðum þykir mér ástæða til að rifja upp nokkrar staðreyndir um þetta mál, sumpart sögulegar en sumpart bara bláberar staðreyndir.

Það var tónlistardeild Ríkisútvarpsins sem hafði forgöngu um að hrinda Sinfóníuhljómsveitinni af stokkunum 1950 að sjálfsögðu með samþykki yfirstjórnar stofnunarinnar. Tilgangurinn var fyrst og fremst sá að efla og bæta íslenskan tónlistarflutning útvarpsins. Því markmiði var náð, m.a. með tilstyrk ríkis og Reykjavíkurborgar sem veittur var þegar á fyrstu árunum, og í kaupbæti kom svo opinbert tónleikahald sem brátt varð veigamikill þáttur í tónlistarlífinu.

Hér verður ekki rakin uppvaxtarsaga hljómsveitarinnar, en aðeins minnt á það, að þegar sjálfstæð starfsemi hennar komst í þrot 1961 sá Ríkisútvarpið sér hag í að taka við rekstrinum með þeim styrkjum frá ríki og borg sem þá voru. Þessi skipan hélst óbreytt í meira en tvo áratugi. Eflaust var reksturinn oft fjárhagslega erfiður, en þó var honum haldið áfram. Það mun hafa verið útvarpinu nokkur léttir, þegar lög voru sett um hljómsveitina 1982 og lagður sá rekstrargrundvöllur hennar sem enn stendur. Þar er kveðið á um að hlutur útvarpsins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar skuli vera 25%, en á móti veiti hljómsveitin þjónustu „miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa mótast á undanförnum árum", þ.e. meðan stjórn hljómsveitarinnar var alfarið í höndum starfsmanna útvarpsins.

Samkvæmt lögunum var gerður samningur um þessa þjónustu við Ríkisútvarpið. Hann hefur síðar verið endurnýjaður og endurskoðaður, en í honum felst þetta m.a.:

1. Heimild til að útvarpa beint, eða síðar af upptökum, öllum áskriftartónleikum hljómsveitarinnar og öðrum tónleikum á hennar vegum. Innifalin er þátttaka stjórnenda og einleikara/söngvara.

2. Heimild til að sjónvarpa tónleikum eða taka þá upp fyrir sjónvarpið til flutnings án endurgjalds.

3. Vinna við upptökur í þágu Ríkisútvarpsins, 25 vinnulotur á ári, allt að þrjár og hálf klukkustund hver lota, ásamt

ótakmörkuðum flutningsrétti á upptökunum.

Þessi ákvæði hefur útvarpið nýtt með þeim hætti að samkvæmt 1. lið hefur verið útvarpað um 35 sinfóníutónleikum á ári, eða sem svarar 80–90 klukkustundum af útvarpsefni. Tónleikarnir eru glæsilegur þáttur í íslenskum tónlistarflutningi Rásar 1, og raunar ein af helstu skrautfjöðrum dagskrárinnar. Þetta efni hefur einatt verið notað umfram ströngustu heimildir, bæði í endurflutningi og efnisskiptum við erlendar útvarpsstöðvar.

Sjónvarpsheimildin samkvæmt 2. lið má heita ónýtt með öllu. Það skal viðurkennt að ekki eru allir tónleikar ákjósanlegt sjónvarpsefni, en sumir eru það. Vínartónleikar eru eftirsóttir í sjónvarpi í mörgum löndum, einnig óperutónleikar, svo að eitthvað sé nefnt. Og oft eru einstök verk á tónleikum sem mjög gætu lífgað sjónvarpsdagskrá, þótt tónleikarnir séu ekki teknir í heild. Það hefur komið fyrir að öðrum sjónvarpsstöðvum hefur verið seldur upptökuréttur að einstökum tónleikum. Verðið hefur verið lágt, á aðra milljón króna, en gefur þó hugmynd um þau verðmæti sem dagskrárstjórn sjónvarpsins hefur ekki hirt um að nýta þótt þau standi því til boða endurgjaldslaust.

Upptökutími Ríkisútvarpsins var lengi vel nýttur aðallega til upptöku á nýjum verkum íslenskra tónskálda, og ræktu bæði útvarpið og hljómsveitin þannig sjálfsagðar skyldur sínar við íslenskt menningarlíf. Á síðari árum hefur slaknað á þessu, og stundum hefur útvarpið ekki sinnt um að nota umsaminn tíma sinn. Hefur hljómsveitin þá ráðstafað honum til annarra þarfa.

Það lætur nærri að þær 25 vinnulotur sem nú eru í samningnum, upphaflega fimm vinnuvikur, séu um 10% af virkum árlegum starfstíma hljómsveitarinnar. Þær má því meta til fjár á rétt um 52 millj. kr.

Verðmæti heimildanna í 1. og 2. lið hér að ofan, nýttra og ónýttra, er erfiðara að áætla en þær yrðu vart metnar lægra en svo að „framlag" Ríkisútvarpsins mætti telja væga greiðslu fyrir þá þjónustu sem því stendur til boða.

Hitt er svo hörmuleg staðreynd að Ríkisútvarpið hefur ekki hirt um að notfæra sér heimildirnar nema að nokkrum hluta, en það er framkvæmdaratriði sem ætti að vera umhugsunarefni fyrir dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins."

Undir þessa grein skrifar Jón Þórarinsson. Hann var sem kunnugt er dagskrárstjóri hjá sjónvarpinu langan tíma og áhrifamaður mikill um tónlistarflutning innan stofnunarinnar, sjálfur tónskáld, og leggur í grein sinni áherslu á menningarlegt hlutverk Ríkisútvarpsins.

Ég man að á þeim tíma er ég var starfsmaður í Ríkisútvarpinu hlustaði ég á sjónarmið þáverandi stjórnenda Ríkisútvarpsins, Andrésar Björnssonar útvarpsstjóra og fleiri sem báru mjög hag Sinfóníunnar og Ríkisútvarpsins fyrir brjósti. Þeir vildu ekki skera á þessi tengsl. Þeir horfðu á þann ávinning sem samstarfið og sambýlið við Sinfóníuhljómsveit Íslands færði Ríkisútvarpinu. Nú virðist hins vegar allt ganga út á að losa sig við allar þær skyldur, þær kvaðir en þannig er litið á sambýlið við Sinfóníuhljómsveitina. Menn vilja losa sig við alla slíka bagga af Ríkisútvarpinu. Ég held að það sé misráðið. Ríkisútvarpið á að sækjast eftir að axla menningarlegar skyldur. Þar erum við aftur komin að ástæðu þess að við teljum mikilvægt að halda sérstöðu Ríkisútvarpsins, færa það ekki yfir í fyrirtækjaform og yfir á markað. Heldur sé það ríkisstofnun sem sinni menningarlegu hlutverki.

Í grein Jóns Þórarinssonar er vandlega útskýrt samspil og sambýli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég hef allan fyrirvara á um afstöðu mína til þessa frumvarps. Ég mun að sjálfsögðu fylgjast með því, og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, sem fram kemur frá umsagnaraðilum, Sinfóníuhljómsveitinni sjálfri eins og ég nefndi áðan, samtökum listamanna og öðrum sem er annt um hag þessarar menningarstarfsemi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 01:20.

---

50. FUNDUR

þriðjudaginn 24. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning aðalmanns í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar, í stað Ólafs Oddssonar, til 31. des. 2007.
2. Ríkisútvarpið hf., stjfrv., 401. mál, þskj. 517. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 402. mál, þskj. 518. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Matvælarannsóknir hf., stjfrv., 387. mál, þskj. 469. — 1. umr.
5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 353. mál, þskj. 387. — 1. umr.
6. Verkefnasjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 382. mál, þskj. 442. — 1. umr.
7. Tóbaksvarnir, stjfrv., 388. mál, þskj. 470. — 1. umr.
8. Lögreglulög, frv., 46. mál, þskj. 46. — 1. umr.
9. Stjórnarskipunarlög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
10. Nýting stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga, þáltill., 64. mál, þskj. 64. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,

Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

[13:31]

Útbýting:

Aflagjöld Akraneshafnar, 410. mál, svar samgrh., þskj. 670.

Eignarskattur og eldri borgarar, 453. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 677.

Lyfjaverð í heildsölu, 452. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 676.

Orkunýting jarðorkuvera, 449. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 673.

Orkusparandi búnaður í skip Landhelgisgæslunnar, 450. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 674.

Umhverfisvænar kröfur til fiskiskipaflotans, 451. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 675.

Þróun skattprósentu, 454. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 678.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skipun nefndar um stöðu verknáms.

[13:32]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Eitt af stóru verkefnunum í íslenskum menntamálum er að efla verk- og listnám í framhaldsskólunum, efla starfsnámið. Fyrir því höfum við stjórnarandstæðingar barist mjög á síðustu árum og kallað eftir þverpólitískri sátt um það verkefni, sem er í samræmi við þá þverpólitísku sáttargjörð sem hæstv. menntamálaráðherra hefur ítrekað kallað eftir í málefnum fjölmiðla. Hér er um að ræða mikilvægt verkefni á sviði menntamála og liggur starfsemi framhaldsskólans að mörgu leyti til grundvallar. Í ljósi þeirrar sáttfýsi sem hæstv. menntamálaráðherra hefur í orði kveðnu haft í málefnum fjölmiðla kom það okkur ákaflega spánskt fyrir sjónir að frétta að skipaður hefði verið starfshópur um starfsnám á vegum menntamálaráðherra sem í á sæti aðeins einn þingmaður, hv. þm. Hjálmar Árnason, með fullri virðingu fyrir þeim ágæta manni. Ekkert samráð eða samband er haft við fulltrúa stjórnarandstöðunnar í málinu og því áteljum við, allir fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd sameiginlega, vinnubrögð menntamálaráðherra í þessu máli í yfirlýsingu sem við sendum frá okkur.

Um leið og við fögnum því að loksins skuli hæstv. menntamálaráðherra skipa þennan starfshóp mótmælum við því eindregið hvernig staðið er að því. Ráðherra hefur skipað átta manna nefnd til að kanna stöðu verknámsins án þess að hafa samráð við stjórnarandstöðuna eða fulltrúa hennar í menntamálanefnd. Það teljum við ámælisverð vinnubrögð. Um er að ræða þverpólitískt, mikilvægt og viðkvæmt málefni á sviði menntamála, sem við höfum ítrekað beitt okkur í á liðnum árum. Hæstv. ráðherra hefur oft lýst yfir vilja sínum til að vinna að þessu máli. Þar sem um er að ræða eitt af brýnustu verkefnum íslenskra skólamála veldur það miklum vonbrigðum að hún skuli ekki sjá sér fært að sýna samstarfsvilja og leita eftir samráði við stjórnarandstöðuna.

Við teljum framgöngu ráðherra einkar dapurlega og eingis til þess fallna að skaða málstað starfsnáms í landinu í stað þess að vinna því brautargengi og efla það.

[13:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég hefði nú haldið að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kæmi hingað upp og fagnaði skipan faglegs starfshóps um framtíðarskipan starfs- og verkmenntunar í landinu. Ég hefði frekar haldið að hér yrði mikill fögnuður. Þar er hreint og klárt um faglega nefnd að ræða. Ég hvet hv. þingmenn til þess að kynna sér hverjir sitja í nefndinni.

Þrír eru ráðherraskipaðir: Jón B. Stefánsson, skólameistari Fjöltækniskóla Íslands, er formaður, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík er í nefndinni og síðan leitaði ég til Hjálmars Árnasonar, ekki af því að hann er framsóknarmaður heldur vegna margra áratuga reynslu hans af skólastarfi. Hjálmar var skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem er m.a. starfandi verkmenntaskóli í dag. Ég hefði haldið að menn fögnuðu faglega skipuðum hópi. Í hópnum eru líka fulltrúar frá Kennarasambandi Íslands, fulltrúi frá Samtökum iðnaðarins og fulltrúi frá Skólameistarafélaginu. Það er alveg ljóst að nefndin er faglega skipuð.

Ég vil líka geta þess að í erindisbréfi nefndarinnar er sérstaklega tekið fram að nefndarmenn eigi að leita til hagsmunaaðila. Ef stjórnmálaflokkarnir óska þess geta þeir að sjálfsögðu mætt fyrir nefndina og komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Ég vil undirstrika að það var aldrei ætlunin að skipa þverpólitíska nefnd, miklu frekar að fá fagaðila að verki til að móta framtíðarskipan starfsiðnar og verknáms í landinu. Þess vegna eru þessar aðilar kallaðir til, þar á meðal hv. þm. Hjálmar Árnason sem hefur víðtæka, mikla og góða reynslu úr skólakerfinu.

[13:36]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Málin verða nú ekki miklu stærri. Ráðherra skipar faglega nefnd og hefur ekki samráð við stjórnarandstöðuna. Förum yfir það hverjir eru í nefndinni. Ég ætla bara að lesa það hér svo menn átti sig á því um hverja er að ræða, virðulegi forseti. Þar er Jón B. Stefánsson, skólameistari Fjöltækniskóla Íslands, Aðalheiður Steingrímsdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands, Baldur Gíslason, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík, Emil B. Karlsson verkefnastjóri, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Hjálmar Árnason alþingismaður, Ingi Bogi Bogason sviðsstjóri, tilnefndur af samtökum iðnaðarins, Margrét Friðriksdóttir, skólameistari Menntaskólans í Kópavogi, tilnefnd af Félagi íslenskra framhaldsskóla og Stefán Ó. Guðmundsson fræðslustjóri, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands.

Að gefnu tilefni er rétt að taka það fram að hér er enginn fulltrúi Sjálfstæðisflokksins og ekkert samráð var haft við þann flokk þegar þessi nefnd var sett á laggirnar. Ég verð að segja það alveg eins og er. Ég ætla ekkert að gagnrýna minn góða hæstv. ráðherra, Þorgerði K. Gunnarsdóttur, fyrir það því að hér er um að ræða faglega nefnd sem vinnur örugglega vel.

Það sem vekur athygli mína er tvennt: Það er annars

vegar það að hér erum við með Samfylkinguna sem kaus sér formann sem eitt sinn var borgarstjóri. Ég var í borgarstjórn og í minni hluta og ég man ekki eftir því að sá ágæti hv. þingmaður hafi nokkurn tíma viljað hafa samráð um nokkurn skapaðan hlut sem skipti máli. Ekki að það sé til eftirbreytni — enda hef ég engar áhyggjur af því að minn góði varaformaður, hæstv. ráðherra Þorgerður K. Gunnarsdóttir, muni nokkurn tíma falla í þann pytt. En það að menn í stjórnarandstöðunni taki þetta upp með þessum hætti segir okkur bara eitt og við skulum ekki gera grín að því: Það er erfitt að vera í stjórnarandstöðu á Alþingi Íslendinga. Hér eru engin mikilvæg mál sem hægt er að taka upp og þess vegna er í fullri alvöru verið að gagnrýna að skipuð sé faglег nefnd á vegum ráðuneytisins.

[13:39]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér á hinu háa Alþingi hafa verið haldnar ótal ræður um að skipa nefnd til að fara yfir stöðu starfs- og verknáms og finna leiðir til að efla það. Ekki hefur hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson látið sitt eftir liggja í þeim málum.

Nú hefur hæstv. menntamálaráðherra skipað starfshóp til að fara yfir málið og ber að fagna því sérstaklega. Í starfshópnum er úrvalsfólk og, eins og hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra og öðrum, fagfólk í greininni. Ég hef heimildir fyrir því að starfið hafi nú þegar farið af stað af miklum krafti vegna þess að fólk hefur beðið eftir að slíkt starf yrði sett af stað. Við ættum, hæstv. forseti, að fagna þessu og hef ég miklar væntingar til þessa starfs. Ég held að það sé ekki rétt í þessu máli að vera að tína til hvort einstaka flokkar hafi fengið að tilnefna í þennan hóp. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að þetta er fagfólk í sinni grein. Við höfum öll góða trú á þessu starfi og ég vona að því ljúki sem fyrst. Ég held að ekki sé ástæða til að hlaupa upp til handa og fóta og horfi ég þá sérstaklega á hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson sem var sérstaklega sár fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins — ég veit að hann deilir þeirri skoðun með mér að hópurinn muni komast að góðri og faglegri niðurstöðu.

[13:40]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni að það skuli vera búið að skipa nefnd um eflingu starfsnáms. Um fátt hefur verið meira rætt við afgreiðslu fjárlaga í þinginu en fjárskort til skólanna og sérstaklega til starfsmenntabrautanna. Það hefði að mínu viti verið réttara af hæstv. ráðherra að hafa samráð við stjórnarandstöðuna um skipan þessarar nefndar. En ég vil undirstrika að þetta er ekki fyrsta nefndin sem er skipuð um eflingu starfsnáms.

Það sem á hefur skort er pólitískur vilji af hálfu stjórnvalda til að efla starfsnámið og setja í það fjármagn. Um það hefur þetta mál snúist. Þeir skólar sem hafa verið með starfsnám á sínum vegum hafa átt mjög erfitt uppdráttar vegna þess að starfsnámið hefur átt undir högg að sækja, sérstaklega hjá stjórnvöldum. Ég held að það sé meginmálið. Það er gott að þessi nefnd skili áliti en peninga og pólitískan vilja til að efla starfsnámið hefur skort. Ég veit ekki hvort þessi nefnd hæstv. ráðherra breytir nokkru þar um. Geti þessi nefnd dregið það, pólitíska viljann eða peningana, út úr ríkiskerfinu til að efla starfsnámið þá er það gott og vel. Sá ætti kannski að vera megintilgangur þessarar nefndar, herra forseti.

[13:42]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég skal svo sem ekki fara í einhvern dilkadrátt með þá sem sitja í þessari nefnd þannig lagað séð. En það kæmi mér hressilega á óvart ef maður skoðaði nánar hverjir eru í nefndinni að þar væri ekki að finna einhvern innvígðan og innmúraðan sjálfstæðismann. Það kæmi mér mjög á óvart. Og reyndar hygg ég að það sé þannig — kannski að einhverjir í þingflokki Sjálfstæðisflokksins geti staðfest það hér og nú að þarna séu á ferðinni einhverjir fulltrúar annars stjórnarflokksins.

En í nefndinni er einn fulltrúi Framsóknarflokksins — það er vitað og sannað að hann er framsóknarmaður. Það er náttúrlega þingflokksformaður Framsóknarflokksins, Hjálmar Árnason. Ég ætla ekkert að kasta neinni rýrð á það. Það er alveg rétt að hann hefur mikla reynslu af skólastjórn og menntamálum og eflaust ekki nema gott eitt um það að segja. Ég hygg þó að það hefði verið betri bragur á þessu máli ef hæstv. menntamálaráðherra hefði skipað þó ekki væri nema einn fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefndina án tilnefningar eins og segir í fréttatilkynningu frá menntamálaráðuneytinu.

En það er einu sinni svo að það er plagsiður hjá öðru ráðuneyti a.m.k., sem er sjávarútvegsráðuneytið — og þar fylgist ég nokkuð grannt með verkum manna — að þegar menn hafa verið að skipa í nefndir og ráð til að skoða hina og þessa hluti þá hafa ráðherrar, bæði fyrrv. hæstv. sjávarútvegsráðherra og núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, verið mjög duglegir við að skipa eingöngu fólk í nefndir og ráð sem búið er að gangast undir þá pólitík sem hér er í gangi í fiskveiðimálunum, í nýtingarmálum og í fiskveiðistjórnarmálum. Andstæðingar kvótakerfisins fá aldrei setið í neinum nefndum á vegum þess ráðuneytis. Það held ég að sé nokkuð víst.

En hvað um það? Svona er þetta. Við breytum þessu að sjálfsögðu um leið og við verðum búin að skipta stjórnarflokkunum út. Þá munu renna upp nýrri og betri tímar.

[13:44]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, fyrir það frumkvæði sem hún hefur nú tekið í málefnum verkmenntaskóla landsins með því að skipa þá nefnd sem hér hefur verið gerð að umtalsefni. Ég vil raunar líka þakka hv. 7. þm. Suðurk., Björgvini G. Sigurðssyni, fyrir að kveðja sér hljóðs og vekja með því athygli á þessu frumkvæði menntamálaráðherra. Það er mjög mikilsvert fyrir okkur stjórnmálamenn að það sem við gerum vel liggi ekki í þagnargildi.

Á hinn bóginn hygg ég að við þingmenn séum allir sammála um að þegar verið er að ræða um framhaldsmenntun í landinu sé nauðsynlegt að þeir komi þar að og leggi fram tillögur og greinargerðir sem mest hafa um þau mál hugsað,

þeir sem hafa reynslu og best vit á þeim málum. Mér heyrist á málflutningi stjórnarandstöðunnar að þar séu fáir úr hópi stjórnarandstæðinga. Ég mundi leita annað til að fá holl ráð um framhaldsmenntun í landinu.

[13:46]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Halldóri Blöndal og þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að vekja athygli þingsins á þessu merkilega og þarfa máli sem hér er til umræðu. Ég vil taka undir með þingmanninum og hrósa ráðherranum fyrir að skipa þennan starfshóp um starfsnám. Hafi þessi málatilbúnaður stjórnarandstöðunnar verið ætlaður til að setja niður við menntamálaráðherra eða sem einhver aðför að henni þá verð ég að segja að í þetta skipti hafi stjórnarandstaðan slegið ansi hressilegt vindhögg í þá áttina.

Ég get ekki betur séð en að mjög faglega hafi verið staðið að því að skipa í þennan starfshóp. Hann er skipaður fagfólki, þar á meðal formanni þingflokks Framsóknarflokksins sem er reyndur og vel kynntur og þekktur skólamaður og á vel heima í nefndinni. En úr því að stjórnarandstaðan vill tilnefna sinn fulltrúa í nefndinni og hefur að mínu mati í málflutningi sínum gert frekar lítið úr því fólki sem þangað hefur verið skipað, þá vil ég fá að vita það hvort hv. þingmaður er með einhverjar tillögur um hvern eigi að taka út úr þessum hópi þannig að Samfylkingin geti komið sínum manni að. Það væri áhugavert að vita hver ætti að víkja.

Mér finnst dálítið sérstætt í allri þessari umræðu að stjórnarandstaðan er alltaf að kalla eftir samráði við sig, að þeir verði hafðir með í ráðum og fái að vera með og það er sérstaklega vísað til fjölmiðlamálanna í því sambandi. En hvernig hefur stjórnarandstaðan brugðist við þegar óskað hefur verið eftir samráði, t.d. um að semja hér lagafrumvarp? (Forseti hringir.) Hún hefur hlaupist undan ábyrgð og ekki viljað neitt samráð.

[13:48]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst nálgast ósvífni hjá stjórnarþingmönnum hvernig þeir tala um þetta mál. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í menntamálaráðuneytinu í hálfan annan áratug. Þessi málefni hafa drabbast niður allan tímann, það hefur verið rætt um þau hér á Alþingi ár eftir ár og loksins þegar hæstv. menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins druslast til að setja nefnd í málið þá er það merkilegt frumkvæði frá hendi hæstv. menntamálaráðherra. Mér finnst þetta ekki merkilegt frumkvæði. Ég get hins vegar fagnað því að menn séu farnir að horfast í augu við þann aumingjaskap sem þeir hafa sýnt í þessum málum gegnum tíðina og mér finnst það ekki mönnum sæmandi að koma hér upp með ósvífni eins og sjálfstæðismenn hafa gert í umræðunni núna.

[13:49]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntamálaráðherra hafði stór orð um þá sögulegu sáttargjörð sem hún taldi sig hafa náð í málefnum fjölmiðla í gegnum samvinnu stjórnmálaflokkanna allra þó svo sú sögulega sáttargjörð hafi verið dæmd sem verra en ekkert, af hæstv. fyrrv. forsætisráðherra Davíð Oddssyni og þar með hafi kannski fokið út um gluggann og verið fyrir bí allur samstarfsvilji hæstv. ráðherra við aðra stjórnmálaflokka í meginmálum.

Hér er um að ræða ákaflega mikilvægt mál, eitt af grundvallarmálum í skólakerfi okkar, málaflokkur sem hefur verið fjársveltur og afskiptur í á annan áratug af menntamálaráðherrum Sjálfstæðisflokksins og þess vegna höfum við kallað eftir því að skipaður yrði þverpólitískur starfshópur, þverpólitísk nefnd til að reisa starfsnámið við, til að rétta verknámið af og efla verk- og listnám í framhaldsskólunum. En pólitískt viljaleysi stjórnarflokkanna hefur fram að þessu verið algert í málinu og þess vegna fögnuðum við því, um leið og við áteljum harðlega vinnubrögð menntamálaráðherra, að skipaður skuli loksins og vonum síðar starfshópur til að vinna að málefnum starfsnámsins.

Að sjálfsögðu er það gott þó seint sé. En það er dapurlegt að hæstv. menntamálaráðherra skuli ganga þannig fram og gera þannig tilraun til að fella þverpólitískt stórmál í menntakerfinu í skotgrafir flokkastjórnmálanna. Þar með er hæstv. ráðherra að skaða málið og vinna gegn því brautargengi sem það gæti haft væri staðið eðlilega að málum og því skora ég á hæstv. ráðherra menntamála að endurskoða fyrri ákvörðun sína, skipa í starfshópinn upp á nýtt að viðhöfðu samráði við stjórnarandstöðuflokkana á Alþingi þannig að Framsóknarflokkurinn einn og Sjálfstæðisflokkurinn, stjórnarflokkarnir fái ekki einir að skipa fulltrúa í þessa nefnd og þar með að vinna gegn málinu í stað þess að vinna því brautargengi.

[13:51]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er í raun sorglegt að svo mikilvægt mál sem það að endurskipuleggja starfsnám í landinu skuli fara í slíkan farveg sem við höfum þurft að hlusta á hér í dag. Þetta er auðvitað mál sem á að vera yfir það hafið að menn séu dregnir í flokka þegar skipað er í starfshópa og ég fagna því sem hæstv. menntamálaráðherra sagði að hópurinn hefði verið valinn faglega og við verðum að trúa því og treysta að þannig muni þessi hópur starfa því svo mikilvægt er málið að það má ekki detta niður í far flokkastjórnmála. Þess vegna var það auðvitað afar óheppilegt að hæstv. menntamálaráðherra skuli skipa einn þingmann í hópinn og að það skuli hittast svo á að það sé formaður þingflokks Framsóknarflokksins. Það er afskaplega óheppilegt í þessu samhengi vegna þess að það setur málið í þetta samhengi. Rök hæstv. ráðherra fyrir því vali standast ekki vegna þess að ef það var eingöngu það að hv. þm. Hjálmar Árnason hefur starfað sem skólameistari í verkmenntaskóla þá er málið óvart þannig að það eru fleiri þingmenn til í þessum sal sem það hafa gert en eru að vísu ekki í stjórnarliðinu og getur verið að það hafi skipt einhverju máli? Ég vona ekki og trúi því og treysti að það ágæta fólk sem situr í þessum hópi muni sinna málinu vel og við getum náð því upp úr því fari sem skipun hins ágæta hv. þm. Hjálmars Árnasonar hefur því miður sett á þennan hóp.

Við verðum að vona að hv. þingmaður geti hafið sig yfir það að vera formaður þingflokks Framsóknarflokksins því

oft og tíðum sjáum við það í þessum sal að hann gleymir öllu öðru en því. En við verðum að vona að tillögur hópsins verði notaðar og að við getum nýtt þær og ég vona að hæstv. menntamálaráðherra meini eitthvað með því að hleypa öðrum að þessu starfi og það mun svo sannarlega ekki standa á Samfylkingunni í þeim efnum (Forseti hringir.) enda höfum við lagt fram ítarlegar tillögur um málið.

Kosning aðalmanns í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar, í stað Ólafs Oddssonar, til 31. des. 2007.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Jón Friðjónsson.

Ríkisútvarpið hf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 401. mál (heildarlög). — Þskj. 517.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, BBj, BöðJ, DJ, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, KJúl, KHG, KLM, MÞH, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, ISG, JBjart, KÓ, KolH, LB, MS, MF, MÁ, SAÞ, SP, StB, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:55]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er tvennt. Ég hef óskað eftir því að frumvarp sem liggur fyrir á þskj. 54 yrði rætt samhliða þessu máli. Það fjallar um að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið og að selja það. Það var ekki orðið við þeirri beiðni þannig að það frumvarp liggur enn órætt.

Í öðru lagi vil ég gera þá tillögu að hv. menntamálanefnd sem fær þetta mál til umsagnar vísi því til hv. efnahags- og viðskiptanefndar þar sem um er að ræða skattamál. Við erum að leggja skatta á 20 þúsund fyrirtæki sem ekki hafa greitt skatta hingað til í þessu formi og ég held að það sé rétt að hv. efnahags- og viðskiptanefnd fjalli um það.

Að öðru leyti greiði ég því atkvæði að þessu verði vísað til 2. umr.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (rekstraraðilar). — Þskj. 518.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Matvælarannsóknir hf., 1. umr.

Stjfrv., 387. mál. — Þskj. 469.

[13:58]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga um stofnun Matvælarannsókna hf. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélagið Matvælarannsóknir hf. sem geti leyst af hendi verkefni sem núna eru hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og matvælarannsóknum Keldnaholti. Hlutverk þessa félags verði að stunda rannsóknir og þróunarstarf sem miðar að því að auka samkeppnishæfni íslensks matvælaiðnaðar, stuðla að nýsköpun í íslenskum matvælaiðnaði, bæta þekkingu og fagmennsku og stuðla að auknum gæðum, öryggi, heilnæmi og hollustu matvæla. Þetta gerist með rannsóknum, þróunarvinnu, prófunum, miðlun þekkingar og ráðgjöf í samvinnu við fyrirtæki og háskóla hér á landi og jafnframt háskóla erlendis. Félaginu er þannig ætlað að vera þekkingarbrú á milli atvinnulífs og háskóla.

Í stefnu Vísinda- og tækniráðs frá árinu 2003 er m.a. lögð áhersla á að endurgreina skipulag og starfshætti opinberra rannsóknastofnana. Efling matvælarannsókna með samþættingu verkefna á þessu sviði á vegum hins opinbera hefur þó verið til umræðu í mun lengri tíma. Nokkur þróun til sameiningar hefur átt sér stað en full ástæða er til að taka nú stærri skref.

Í júní árið 2005 fól ég starfshópi embættismanna undir forustu forsætisráðuneytisins að undirbúa frumvarp til laga um sameiningu matvælarannsókna í eina stofnun. Hópurinn skilaði mér í síðari hluta nóvember 2005 drögum að lagafrumvarpi um stofnun Matvælarannsókna hf. ásamt greinargerð sem er samhljóða því frumvarpi og greinargerð sem hér er lagt fram.

Eins og hv. alþingismenn vita eru Íslendingar afar háðir matvælaframleiðslu, bæði til eigin neyslu og til útflutnings. Beint eða óbeint er matvælaframleiðsla langumsvifamesta svið íslensks atvinnulífs og vinnumarkaðar. Það er því afar mikilvægt að hafa yfir að ráða sem fullkomnustu þekkingu á því sviði. Það á við um frumframleiðslu, úrvinnslu, framleiðslu tækjabúnaðar og alþjóðleg viðskipti með matvæli, þar með talið gæslu öryggis og gæða í öllu framleiðslu- og viðskiptaferlinu frá uppruna hráefnis til afhendingar hjá neytendum vörunnar.

Áreiðanleiki og skjótvirkur rekjanleiki vöru og haldgóðar upplýsingar um efnainnihald getur ráðið úrslitum fyrir samkeppnisstöðu íslenskrar matvælaframleiðslu. Gildir þar einu hvort um er að ræða fiskmeti, landbúnaðarafurðir eða

aðrar unnar matvælaafurðir.

Með sameiningu á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og Matvælarannsóknum Keldnaholti verður til sterk eining, bæði fjárhagslega og faglega, sem getur þjónað háskólum og atvinnulífi betur en núverandi stofnanir gera.

Í fyrsta lagi stuðlar samnýting starfsmanna og búnaðar að hagkvæmni og bættri aðstöðu til rannsókna. Verk- og fagþekking starfsmanna þessara eininga er náskyld og tækjabúnaður er að töluverðu leyti sambærilegur.

Í annan stað samnýtist uppbygging sérfræðiþekkingar á einum stað fyrirtækjum í mismunandi atvinnugreinum. Rannsóknaraðferðir eru tiltölulega óháðar því hvert hráefnið er. Það er ekki grundvallarmunur á því að rannsaka innihald og geymsluþol eða gæði fisks, kjúklinga, kjöts, mjólkurafurða eða gosdrykkja svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Í þriðja lagi eykst bolmagn til að takast á við stærri og fjölbreyttari verkefni með þátttöku innlendra og erlendra aðila. Stór rannsóknastofa sem býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu getur veitt atvinnulífi og neytendum betri þjónustu en litlar rannsóknastofur.

Í fjórða lagi eykur breiðari sérfræðiþekking möguleika til þátttöku í sérfræðinefndum á vegum Evrópusambandsins eða annarra alþjóðlegra samtaka og hafa þannig áhrif á verkefnaval í þágu íslenskra hagsmuna.

Loks má nefna að rannsóknastofa með yfirgripsmeiri þekkingu getur veitt háskólum um allt land aukna þjónustu, t.d. með því að taka þátt í að þróa rannsóknatengt framhaldsnám með háskólunum.

Rannsóknastofnanir ríkisins og reyndar fleiri ríkisstofnanir hafa um langt skeið óskað eftir því að fá meira svigrúm til athafna en reglur um ríkisrekstur gera ráð fyrir. Með því að reka Matvælarannsóknir í formi hlutafélags eykst þetta svigrúm og sjálfstæði stjórnenda frá því sem nú er. Stjórnendur hjá A-hluta ríkisaðila eru háðir meiri takmörkunum í rekstri en stjórnendur fyrirtækja með annað rekstrarform. Innra stjórnkerfi flestra eða allra ríkisstofnana er bundið í lögum, reglugerðum eða háð samþykki ráðherra, og skipting ábyrgðar milli forstöðumanna stofnana og stjórna ríkisstofnana á rekstri er að mörgu leyti óskýr.

Helstu kostir þess að reka hlutafélag um matvælarannsóknir í stað ríkisstofnunar eru eftirfarandi:

Hlutafélagsformið er þrautreynt og fastmótað. Eigendur bera meiri ábyrgð á stjórnun og eignarhaldi. Stjórn félagsins ber skýrari ábyrgð. Sveigjanleiki hlutafélags til að nýta tækifæri sem gefast og aðlagast breytingum í umhverfinu er meiri en hjá ríkisfyrirtækjum. Möguleiki er á auknum tengslum bæði við háskóla, atvinnulíf og fleiri.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum. Mikilvægt er að búa þannig um hnútana að félagið geti boðið fjölbreytta þjónustu og að ekki verði efast um að hún starfi á almennum markaði á sömu forsendum og önnur fyrirtæki sem stunda matvælarannsóknir. Heilbrigð samkeppni mun efla matvælarannsóknir á Íslandi og stuðla að skilvirkari starfsemi. Sjávarútvegsráðherra sem gert er ráð fyrir að fari með eignarhlut ríkisins í félaginu mun á stofnfundi þess skipa félaginu stjórn sem starfar fram að fyrsta aðalfundi. Gert er ráð fyrir að stjórnin verði skipuð sjö mönnum þannig að tveir stjórnarmenn verði skipaðir af sjávarútvegsráðherra án tilnefningar, einn tilnefndur af landbúnaðarráðherra, einn af umhverfisráðherra, einn af iðnaðarráðherra, einn af Samtökum atvinnulífsins og einn tilnefndur sameiginlega af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík og Landbúnaðarháskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að stjórnin ráði hið fyrsta forstjóra sem í samráði við hana undirbúi starfsemi félagsins, gangi frá ráðningarmálum starfsmanna og hugi að framtíðaruppbyggingu félagsins. Það verða m.a. verkefni nýrrar stjórnar og stjórnenda Matvælarannsókna hf. að skilgreina betur framtíðarsýn félagsins, ákvarða innra skipulag starfseminnar, skilgreina þau verkefni á sviði matvælarannsókna sem brýnt er að félagið sinni, útfæra og efla samstarf við aðra rannsóknaraðila, háskólastofnanir og atvinnulíf, huga að framtíðaruppbyggingu starfseminnar og húsnæðismálum og tryggja fjárhagslegan grundvöll starfseminnar til framtíðar.

Lögð er áhersla á að fyrirtækið verði stofnað í rekstrarhæfu formi, þ.e. nægjanlega stöndugt til að geta gert ráðstafanir til að sameina starfsemina undir einu þaki og staðið undir eðlilegri endurnýjun á tækjabúnaði. Lagt er til að stofnhlutafé fyrirtækisins taki mið af þessu. Miðað við áætlaða húsrýmisþörf, eðlilega lausafjárstöðu og 45–50% eiginfjárhlutfall má lauslega áætlað að stofnhlutafé ríkisins þurfi að vera 350–400 millj. kr.

Með stofnun Matvælarannsókna hf. hættir ríkið að reka matvælarannsóknir innan A-hluta ríkisins. Það þarf þá að kaupa slíka þjónustu á viðskiptalegum forsendum eða veita styrki til starfsemi og verkefna sem nauðsynleg þykja. Um slík viðskipti gilda m.a. lög um opinber innkaup og ákvæði fjárreiðulaga um samninga til langs tíma en styrkveitingar þurfa að vera í samræmi við reglur um ríkisstyrki á Evrópska efnahagssvæðinu. Það þarf því að styrkja hlutverk ráðuneyta og stjórnsýslustofnana sem kaupenda að þjónustunni. Ríkið þarf sem kaupandi þjónustu á sviði matvælarannsókna að skilgreina þau verkefni og þjónustu sem það vill að unnin séu á kostnað skattgreiðenda. Í mörgum tilvikum er um að ræða verkefni og þjónustu sem æskilegt er að raska sem minnst eða þarf að vinna við í nokkur ár og þess vegna sé best að gera um þetta samninga til nokkurra ára í senn.

Stór hluti af rannsóknaverkefnum er fjármagnaður með styrkjum úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Margir þessara sjóða fjármagna einungis viðbótarkostnað við verkefni en ekki allan kostnaðinn við þau. Umsækjendur um styrki þurfa í slíkum tilvikum að leggja fram mótframlag sem getur numið um helmingi af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins. Ríkið leggur þetta grunnframlag til háskóla og rannsóknastofnana sem það rekur. Með breyttu rekstrarformi Matvælarannsókna þarf því að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að kerfisbreytingin sem slík komi ekki í veg fyrir að hægt verði að uppfylla kröfu um mótframlag. Þess vegna er nauðsynlegt að setja t.d. grunnframlög í sérstaka sjóði sem veiti mótframlög vegna rannsóknarverkefna á sviði matvæla sem hljóta styrki úr samkeppnissjóðum enda fái umsækjandi ekki grunnframlag með öðrum hætti frá ríkinu.

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins er Matvælarannsóknum hf. skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu á sviði

matvælarannsókna í þágu landsmanna sem nánar verður skilgreind í samningi við félagið. Umhverfisstofnun sem fer með yfirumsjón með matvælaeftirliti mun ekki lengur reka slíka þjónustu á eigin vegum og er því háð rannsóknastofnunum annarra. Íslenska ríkinu ber lögum samkvæmt að tryggja svo sem kostur er gæði, öryggi og hollustu matvæla, og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Þessar kröfur þarf að uppfylla til að tryggja útflutningstekjur íslenskra matvæla til framtíðar.

Til þess að hið opinbera geti sinnt hlutverki sínu á þessu sviði þarf þjónusta á sviði matvælarannsókna að vera þannig að heilbrigðiseftirlitið og heilbrigðisþjónustan geti gengið að því vísu að njóta ávallt forgangs þegar nauðsyn krefur. Vegna aðgengis að gögnum, gagnaskilaskyldu og öryggisþjónustu er lagt til að umhverfisráðherra leggi fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli, til þess að tryggja að Umhverfisstofnun hafi ávallt undir höndum tiltækar upplýsingar um niðurstöður úr sýnatökum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Helgast það af því að rannsóknastofa Umhverfisstofnunar verður hér eftir hluti af Matvælarannsóknum hf. en ekki hluti af starfsemi Umhverfisstofnunar.

Samstarf rannsóknastofnana og háskóla hefur verið vaxandi. Það er mikilvægt að Matvælarannsóknir hf. og háskólarnir efli samstarf sitt og auki með því ávinning beggja, t.d. með sameiginlegum starfsmönnum þar sem starfsmaður stundar rannsóknir hjá félaginu samhliða kennslu í háskóla. Einnig er mikilvægt að gefa nemendum í rannsóknatengdu framhaldsnámi tækifæri til að stunda rannsóknir innan félagsins og læra þannig af reynslu og þekkingu starfsmanna en jafnframt koma inn með ferskar hugmyndir. Þannig fá skólar og nemendur aðgang að þekkingu og tækjum en félagið aðgang að hugmyndaríkum nemendum sem bera gjarnan með sér nýjar og ferskar hugmyndir.

Uppbygging starfsemi Matvælarannsókna hf. þarf að taka mið af því að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stunda rannsóknir og miðla þekkingu sem hefur hagnýtt gildi. Auk þess að hafa aðgang að rannsóknum og þekkingu þurfa framleiðslufyrirtæki aðgang að ýmsum gagnagrunnum, m.a. til að geta forgangsraðað aðgerðum sem auka öryggi afurða sem þeir framleiða. Flest íslensk framleiðslufyrirtæki eru það smá að þau geta ekki lagt í mikinn kostnað til að byggja upp þá þekkingu og gagnasafn sem til þarf.

Herra forseti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Matvælarannsóknir hf. bjóði öllum starfsmönnum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknum Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar störf. Ástæðan er að sjálfsögðu sú að starfsemin byggist fyrst og fremst á þekkingu og færni þessara starfsmanna.

Um biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum í framangreindum ríkisstofnunum gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þó er lagt til að komið verði í veg fyrir að starfsmenn fyrrgreindra stofnana sem eiga aðild að B-deild LSR og nýta rétt sinn til að þiggja starf hjá Matvælarannsóknum hf. geti nýtt sér rétt til að hefja töku lífeyris meðan þeir eru fastráðnir hjá félaginu. Ef ekki er sett sérstakt lagaákvæði geta starfsmenn sem þetta á við hafið töku lífeyris samhliða starfi sínu hjá félaginu. Slíkt er í ósamræmi við það sem almennt gildir um sjóðfélaga í B-deild er starfa hjá ríkinu.

Með lögum um stofnun Matvælarannsókna hf. falla úr gildi ákvæði laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem varða starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Viðhalda þarf stofnuninni áfram sem lögaðila án starfsemi til að efna samninga stofnunarinnar sem gerðir hafa verið eða gerðir verða fram til 1. ágúst 2006.

Herra forseti. Að lokinni þessari 1. umr. legg ég til að frumvarpinu verði vísað til allsherjarnefndar.

[14:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta einkavæðingarfrumvarp á matvælarannsóknum í landinu er alveg einstakt. Hér er verið að fjalla um grunnrannsóknir í einum af grunnatvinnuvegum þjóðarinnar og líka þeim þætti sem á sér mesta rannsókna- og þróunarmöguleika tengda menntun og ég spyr hæstv. ráðherra: Kom ekki til greina að setja matvælarannsóknirnar við háskólana sem nú eru, við Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Háskólann á Akureyri, og byggja grunnmatvælarannsóknirnar þar upp til að styrkja rannsókna- og kennslustöðu þeirra? Það að ætla að færa rannsóknastarfsemina frá háskólunum eins og hér er lagt til og setja inn í hlutafélag þaðan sem háskólarnir verða að kaupa hana út finnst mér vera mjög óskynsamlegt, en ég spyr: Væri ekki skynsamlegra að leggja þetta bara undir háskólana?

[14:19]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var farið mjög ítarlega yfir þessi mál. Hér er um að ræða tillögur sem koma frá nefnd sem fjallaði um þessi mál. Ég held að aldrei hafi komið til greina að leggja matvælarannsóknirnar undir háskólana beint. Hins vegar er gert ráð fyrir því að mjög náið samstarf myndist á milli þessa félags og háskólanna. Nákvæm grein er gerð fyrir því í frumvarpinu. Það er mjög gott samstarf við háskólana og með þessum hætti er að mínu mati hægt að auka það enn frekar. Líka er rétt að geta þess að einkaaðilar hafa yfirtekið ákveðnar rannsóknir í landinu, t.d. er sérstakt fyrirtæki á Akureyri sem hefur yfirtekið slíka starfsemi og jafnframt á Ísafirði þannig að það er komin nokkur reynsla af því að slíkt samstarf geti verið mjög gott.

[14:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. forsætisráðherra að um eiginlegar rannsóknir sé að ræða, grunnrannsóknir, hjá þessum fyrirtækjum á Ísafirði og Akureyri. Hér er fyrst og fremst um þjónustuefnagreiningar að ræða. Það er allt annar hlutur og mér sýnast einmitt þessi hugtakavíxl koma skýrt fram í máli hæstv. ráðherra, munurinn á grunnrannsóknum og síðan á þjónustuefnagreiningum.

Við erum hér einnig að fjalla um ákveðna öryggisþætti í matvælaeftirliti og þeim efnum eins og ráðherra kom inn á. Þessi ofurtrú á hlutafélagsformið tröllríður samfélaginu, sérstaklega hjá þessari ríkisstjórn, og ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Er ætlunin að þetta hlutafélag eigi að fara að

skila arði? Hlutafélög eru stofnuð til að skila eigendum sínum arði. Hlutafélög eru stofnað til að geta selt þau. Hlutafélög eru stofnuð til að þau greiði skatta af starfsemi sinni. Sá er megintilgangurinn með því að stofna hlutafélög. Eiga öll þessi atriði við þetta fyrirtæki sem hér er verið að stofna? Er ætlunin að búa það undir sölu? Er ætlunin að krefja það um arð? Er ætlunin að láta þau greiða skatt eða er þetta rannsókna- eða þjónustustofnun við mennta- og atvinnulíf í landinu?

[14:21]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hv. þingmann að líta til reynslunnar þegar hann talar fyrir sinni miklu ofurtrú á því að starfsemi sem þessi sé eingöngu í höndum ríkisins. Ég man þá tíð sem fyrrverandi sjávarútvegsráðherra að allt mat á íslenskum sjávarafurðum var í höndum Ríkismats sjávarafurða. Þá datt ýmsum í hug hvort ekki væri rétt að færa það að verulegu leyti til fyrirtækjanna sjálfra. Gæti ekki verið að sú þróun hafi orðið til þess að stórauka gæði íslenskra sjávarafurða? Ég er algerlega fullviss um að það var miklu betra að hafa það í meira mæli í höndum fyrirtækjanna, og það var gert.

Væntanlega mundi hv. þingmaður leggja það til að Ríkismat sjávarafurða yrði endurreist og tekið upp á nýjan leik því að svo virðist sem hann hafi ekki trú á neinu öðru en ríkisrekstrinum.

[14:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Markmiðið með þessu frumvarpi er göfugt, hagræðing og nýsköpun og allt til að efla þjóðarhag, en það sem mig langaði að spyrja hæstv. forsætisráðherra út í er eftirfarandi: Hvað er öðruvísi núna? Nú er verið að slá þessum stofnunum saman í eina stóra en á undanförnum árum höfum við farið í svona framkvæmdir, að slá saman stofnunum, t.d. Ríkisspítulunum. Það var gerð ein stór stofnun, Landspítali – háskólasjúkrahús, og það skilaði fyrst bæði færri aðgerðum og hærri kostnaði. Það var m.a. vegna þess að málið var ekki nægjanlega undirbúið.

Fleiri mál má nefna í þessum geira, svo sem að þegar Umhverfisstofnun var sett á laggirnar skilaði það eingöngu hærri kostnaði og sáralitlu öðru, einni stórri stofnun og miklu meiri kostnaði. Þess vegna væri fróðlegt að fá svar við þessu hjá hæstv. forsætisráðherra: Hvað er öðruvísi í undirbúningnum núna sem verður til þess að við getum vænst þess að árangurinn verði betri en á undangengnum árum þegar ríkisstofnanir hafa verið settar saman?

[14:24]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður gefur sér þá forsendu að aldrei hafi tekist vel að sameina ríkisstofnanir. Ég botna ekkert í þeirri forsendu. Hann fullyrðir m.a. að það hafi gefist illa að sameina sjúkrastofnanir. Það hefur einmitt gefist vel og það er enginn vafi á því að sameining spítalanna á Reykjavíkursvæðinu hefur skilað sér og mun skila sér enn betur til lengri tíma litið. Ég botna ekkert í þeirri forsendu sem hv. þingmaður byrjar á því að gefa sér.

Þetta mál er mjög vel undirbúið og það er ekki ástæða til annars en að ætla að það skili verulegri hagræðingu. Ég gerði grein fyrir því í framsögu minni og enn betri grein er gerð fyrir því í greinargerð með frumvarpinu. Ég vitna til þess og vænti þess að hv. nefnd sem fær þetta mál til athugunar geti komist enn betur að því við athugun sína á málinu.

[14:25]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsætisráðherra botnar ekkert í þeim fullyrðingum mínum eða því sem ég benti honum á að það hefði ekki gefist vel að slá saman ríkisstofnunum. Þetta er þó ekki frá mér komið, herra forseti, þetta er í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem segir að vegna þess að ekki var nægilega góður undirbúningur að því að slá saman sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu hafi það orðið til þess að sameiningin tókst ekki eins og lagt var upp með. Hún átti að skila fleiri aðgerðum og lægri kostnaði. Þetta er ekki eitthvað sem ég finn upp. Þetta er í skýrslu Ríkisendurskoðunar og þess vegna bið ég hæstv. forsætisráðherra að skoða þetta fyrst það hefur farið fram hjá honum.

Ég ætlaði að beina annarri spurningu til forsætisráðherra en hún varðar það hvort ekki sé rétt að fara yfir hlutafélög í eigu ríkisins. Þetta fyrirtæki á að fara í samkeppni. Nú er mjög mikil leynd yfir því sem fram fer í hlutafélögum í eigu ríkisins þannig að þeir sem eiga í samkeppni, herra forseti, við þetta nýja fyrirtæki standa jafnvel verr að vígi en áður.

[14:27]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög, sérstaklega að því er varðar hlutafélög í eigu ríkisins þar sem gert er ráð fyrir því að gerðar verði aðrar kröfur til slíkra félaga. Ég bið hv. þingmann að kynna sér þau þar sem m.a. kemur fram að fulltrúum fjölmiðla sé heimilt að sækja aðalfundi. Það hefur verið tekið sérstaklega á því og það mál mun koma til umræðu mjög fljótlega.

[14:28]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé sjálfsagt að endurskoða þetta starfsumhverfi sem rannsóknastofnanirnar starfa í. Ég hef þó svolítinn fyrirvara um þetta mál og hann lýtur að því, hæstv. forseti, hvort menn þurfi ekki einmitt að óttast það að þegar búið verður að steypa þessu saman muni menn fara í að leita hinnar hörðu hagræðingar og þá komi upp að sú starfsemi sem staðsett hefur verið úti á landi á þessum sviðum verði lögð af. Ég beini spurningu til hæstv. forsætisráðherra um þetta. Ég nefni Símann sem dæmi, fyrirtæki sem var fyrst sett í einkarekstur og síðan einkavætt. Við vitum auðvitað að sumt af þessari rannsóknastarfsemi er í samkeppni á almennum markaði.

[14:29]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel enga ástæðu til að óttast það, frem-

ur þvert á móti. Aðstaða til slíkrar starfsemi er oft og tíðum jafnvel betri víða um land. Það er vaxandi háskólastarf víðs vegar um landið, fyrir hendi er húsnæði og starfskraftar þannig að ég tel að það eigi alls ekki að gefa sér það fyrir fram að ýmsir staðir úti um land standi illa að vígi til að taka þátt í þessari þjónustu. Þvert á móti er matvælaframleiðslan mjög ríkur þáttur í vinnuumhverfi þessara byggðarlaga og þess vegna geng ég út frá því að þau séu á margan hátt betur stödd en e.t.v. höfuðborgarsvæðið til að takast á við vaxandi verkefni á þessu sviði.

[14:30]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að orð hæstv. forsætisráðherra gangi eftir og þetta verði til þess að efla starfsemi úti um landið en ekki draga úr henni. Hins vegar hræða auðvitað sporin í fortíðinni um það að menn fari þá leið að til að tryggja hagnað og afkomu í rekstri þessa fyrirtækis, sem er beinlínis ætlast til miðað við greinargerð frumvarpsins, verði leitast við að færa þetta til samþjöppunar á einn eða tvo staði. Það þýðir þá einfaldlega að sú litla starfsemi, en ágæta, sem víða hefur verið rekin úti um landið verði hreinlega lögð af og sameinuð í stærri einingar þar sem verið er að leita rekstrarhagkvæmninnar og að þjónusta e.t.v. úti um landsbyggðina breytist verulega, ég tala nú ekki um þau störf sem þar hafa verið í boði.

[14:31]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um stofnun Matvælarannsókna hf. Lengi hefur verið í umræðunni að það væri upplagt að höfuðstöðvar Matvælarannsókna yrðu á Akureyri, m.a. lögðu þingmenn Framsóknarflokksins á það mikla áherslu — ég man eftir því fyrir síðustu kosningar.

Í þessu frumvarpi er tilgreint að það verði látið upp í hendurnar á forstjóra þessa hlutafélags hvar starfsemin muni eiga sér stað. Ef það er vilji ríkisstjórnarinnar að flytja störf og stofnanir út á land, af hverju er það þá ekki tilgreint í frumvarpinu? Ég spyr hæstv. forsætisráðherra að því.

[14:32]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hluti af því starfi sem innt er af hendi í þessum stofnunum er einmitt á Akureyri. Það verður verkefni nýrrar stjórnar að takast á við þessi mál og ákveða með hvaða hætti starfsemin fer fram. Ég vænti þess að einmitt verði hugað að því að hve miklu leyti hún geti farið fram á Akureyri. Þar er kominn öflugur háskóli og þar er komið mjög öflugt háskólaumhverfi þannig að ég sé enga ástæðu til að ætla annað en að það umhverfi geti tekið þátt í þessu starfi. Að mæla fyrir um það nákvæmlega á þessu stigi er að sjálfsögðu ekki hægt. Það er verkefni þeirrar stjórnar sem tekur við fyrirtækinu að fara yfir það og hún mun hafa samvinnu við ýmsa aðila um það, m.a. á Akureyri.

[14:33]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, við getum alveg verið sammála um að Akureyri hefur upp á einmitt það umhverfi að bjóða sem þarf til að stjórna þessum rannsóknum. En um það snýst ekki málið því að það fer eftir því hvort viljinn sé fyrir hendi. Við höfum því miður dæmi um annan vilja, ég nefni Lýðheilsustöð sem var einmitt talað um að væri tilvalið að setja upp á Akureyri. Hvað varð síðan? Nei, auðvitað er öll starfsemin í Reykjavík. Það er nefnilega munur á orðum og efndum þessarar ríkisstjórnar. Einatt er talað um einhverja byggðastefnu og að nú sé tilvalið að flytja störf og stofnanir út á land en síðan er ekkert í því gert. Menn fría sig ábyrgð og segja bara að forstjóri eða stjórn þessa hlutafélags geti tekið ákvörðun um það og að ekki sé hægt að binda hendur hennar o.s.frv. Ég hafna þessu algjörlega.

[14:34]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil segja það strax í upphafi máls míns að almennt er ég frekar jákvæður gagnvart þessu máli. Ég tel fróðlegt að bera saman það frumvarp sem hér liggur fyrir annars vegar og hins vegar frumvarp sem við ræddum í gær þar sem hæstv. ríkisstjórn lagði til að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi.

Það eru sérstök rök sem hægt er að færa fyrir því að mun meiri slægur sé í því fyrir borgara landsins, eigendur þessara rannsóknastofnana og -stofa sem hér er lagt til að verði steypt saman, að gera þær að hlutafélagi en Ríkisútvarpið. Það er hins vegar fróðlegt að fylgjast með viðhorfi ríkisstjórnarinnar til þessara tveggja þátta.

Það verður að segjast alveg eins og er að sú stofnun sem hér er lagt til að verði búin til gegnir, a.m.k. í vitund þjóðarinnar, snöggtum minni stöðu og lægri en Ríkisútvarpið hefur til þessa haft. Ég hjó eftir því að hæstv. forsætisráðherra talaði um að nauðsynlegt væri að leggja þessari nýju stofnun, Matvælarannsóknum hf., til 300–400 millj. í stofnhlutafé. Hæstv. menntamálaráðherra talaði um að það væri nægilegt að leggja Ríkisútvarpinu hf. til 5 millj. Það er alveg ótrúlegt að sjá muninn á afstöðunni til Matvælarannsókna hf. og til Ríkisútvarpsins.

Ég hef hins vegar lengi verið þeirrar skoðunar, herra forseti, að í vaxandi mæli eigi að opna aðganginn að þeim rannsóknum sem ríkið kaupir, þ.e. ég er meira og meira þeirrar skoðunar að það eigi að gera öðrum sjálfstætt starfandi vísindamönnum kleift að komast að þeim fjármunum sem ríkið hefur látið renna eftir sínum eigin lokuðu farvegum frá ríkissjóði til ýmissa rannsóknastofa. Ég tel að umhverfið allt sé breytt að þessu leyti til. Við sjáum fram á töluverðan fjölda af vel menntuðum ungum vísindamönnum sem hafa farið til útlanda til að verða sér úti um mikla menntun og líka bergt af innlendum vísindabrunnum. Þetta fólk er fært og þjálfað. Það hefur frumkvæði og mikinn þrótt, og margt af því langar til og hefur burði til þess að sinna hvers kyns rannsóknum, bæði grunnrannsóknum og þjónusturannsóknum sem í dag er mjög erfitt að koma af stað vegna þess að það er lokað innan ríkisvébanda.

Ég tel að með frumvarpi af þessu tagi sé stigið töluvert stórt skref í áttina að því að opna þetta upp án þess að nokkur hætta sé á því að hagsmunir ríkisins beri nokkurn skaða af. Ég tel þess vegna að með þeim hætti sem hér er lagður til sé í reynd stigið skref að því að opna upp sam-

keppni og búa til markað fyrir rannsóknir á ýmsum sviðum sem hingað til hefur verið ákaflega lokaður og þröngur og einokaður af hálfu ríkisins. Þetta hef ég margsinnis túlkað í þessum stól. Ég er þessarar skoðunar og mun reyndar geta þessa síðar í dag í umræðum um einmitt frumvarp sem stígur skref í átt að þessu þar sem fjallað verður um breytingar á Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

Ég rifja það upp að svipuð viðhorf og ég greini hér frá komu fram þegar umræður áttu sér stað opinberlega fyrir síðustu kosningar um tilhögun þjónusturannsókna og eftirlits á vegum ríkisins. Þær umræður spruttu í tilefni af því að þáverandi forsætisráðherra lagði fram frumvarp um Matvælastofnun ríkisins. Það frumvarp var lagt fram einhvern tíma rétt fyrir kosningar og ég minnist þess ekki að það hafi verið rætt í þinginu, a.m.k. tók ég ekki þátt í þeirri umræðu. Í því frumvarpi var gert ráð fyrir því að saman yrði stefnt í eina stofnun mörgum einingum innan ríkisins sem starfa á þessu sviði en ég gagnrýndi harkalega þá hugmynd vegna þess að þar var ætlunin sú að steypa saman bæði rannsóknunum og eftirlitinu. Það átti sem sagt bæði að sinna stjórnsýslu og verkefnum á vegum hins opinbera, m.a. áttu Rannsóknastofa fiskiðnaðarins og Hollustuvernd ríkisins að vera þar inni.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, a.m.k. hin síðari ár eftir að ég skoðaði þetta rækilega, að rannsóknirnar og eftirlitið þyrftu að vera hvort á sinni hendinni. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að flytja eftirlitið út á markað eins og sums staðar hefur verið gert. Ég tel að sú stjórnsýsla hljóti alltaf að vera í höndum ríkisins en ég er hins vegar þeirrar skoðunar að vel sé hægt að koma rannsóknunum fyrir á markaði. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að margt jákvætt sé við það frumvarp sem hér er sett fram.

Ég tek eftir því þegar maður ber t.d. þetta frumvarp saman við það sem ég nefndi og var rætt hér í gær, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., að þar var tekið skýrt fram að ekki ætti að selja RÚV. Ég gaf lítið fyrir það eins og menn muna sem hlustuðu á ræður mínar í gær. Ekkert slíkt er í þessu frumvarpi og ég geng því út frá því að það sé ætlun ríkisstjórnarinnar til langs tíma, a.m.k. með einhverjum hætti, að koma þessu á markað. Ég er ekki að óska neitt sérstaklega eftir því en ég tel að umræðunnsar vegna þurfi það að vera á hreinu. Ég spyr þess vegna hæstv. forsætisráðherra hvort ætlunin sé sú að selja þetta fyrirtæki að hluta eða öllu leyti. Ég tel að ríkið þurfi að hafa undirtök í fyrirtæki af þessu tagi. Hitt vil ég segja alveg skýrt að ég er þeirrar skoðunar að það komi fyllilega til greina af hálfu ríkisins að hleypa utanaðkomandi aðilum inn í rannsóknafyrirtæki af þessu tagi, og þess vegna tel ég að hlutafélagsformið á þessu sé jákvæðara en sjálfseignarformið, en það gegnir öðru máli um Ríkisútvarpið.

Hv. þm. Hlynur Hallsson deildi áðan á hæstv. forsætisráðherra fyrir að sýna ekki lit varðandi það að staðsetja fyrirtækið annars staðar en í Reykjavík. Nú er það svo að við sem höfum komið að því að flytja stofnanir út á land vitum hvað það getur verið erfitt og ég mæli ekki endilega með því að fyrirtæki af þessu tagi verði flutt út á land. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að eitt af því sem komi til greina í framtíðinni sé að háskólastofnanir sem sérhæfa sig á sviði matvælaþróunar og -rannsókna eigi að hafa kost á því að kaupa sig inn í fyrirtæki af þessu tagi. Það væri miklu erfiðara ef um væri að ræða sjálfseignarstofnun. Þess vegna tel ég að hlutafélagsformið henti þessu andstætt því sem átti við um Ríkisútvarpið í umræðunni í gær vegna þess að ég tel ekki að þar eigi að hleypa neinum öðrum inn.

Ég tel t.d. rétt að í því jákvæða og framsækna umhverfi sem ríkir í háskólasamfélaginu þar sem eru að verða til háskólar, stórir og smáir, sem sérhæfa sig gæti það sem best gerst væri það einhver háskólanna eða hluti þessara háskóla sem skilgreindi sig sem matvælarannsóknaháskóla. Mér fyndist t.d. ekkert óeðlilegt að Háskólinn á Akureyri mundi feta þá slóð. Þá fyndist mér heldur ekkert óeðlilegt að hann sæktist eftir því að verða þungur aðili í stofnun af þessu tagi, bæði til að geta skapað tengslin milli framhaldsnáms, rannsóknarnáms sem verður alltaf grunnur að burðugum sérhæfðum háskóla, og slíks fyrirtækis. Ég hef auðvitað, eins og aðrir, fylgst með því að á Akureyri er stórt og öflugt fyrirtæki sem hefur yfir miklu fjármagni að ráða sem það beinlínis vill nota til að afla byggðarlaginu nýrra starfstækifæra. Ég er að tala um KEA. Ég nefni þetta bara vegna þess að hv. þm. Hlynur Hallsson talaði um að hann vildi fá fyrirtæki af þessu tagi að byggðarlagi eins og Akureyri og ég tel að stofnun eins og þessi ætti ákaflega vel heima í skjóli rannsóknaháskóla sem þar er að þróast. Það væri vel hugsanlegt að þetta gæfi þeim háskóla ákveðin sóknarfæri.

Ég vil samt taka mönnum vara við að það sé auðvelt, jafnvel með því að sveifla til stórum hlunkum og fjármagni, að taka ákvarðanir um að flytja svona fyrirtæki með manni og mús fjarri þeim stöðvum þar sem starfsstöðvarnar eru í dag. Það er þó hugsanlegt að það sé hægt að leggja langtímastefnu sem gæti leitt til slíkrar þróunar. Þetta finnst mér jákvætt og þetta er ástæðan fyrir því að ég tel að um svona fyrirtæki eða stofnun sé betra að hafa umbúnað hlutafélags en sjálfseignarstofnunar. Það eru mín rök fyrir því. Ég sé — en heyri ekki — að ákveðinn hv. þingmaður hafnar því með höfuðhristingu. Það kann vel að vera en ég ítreka það sem ég sagði í umræðunni í gær að ég er í prinsippinu ekkert á móti hlutafélagsforminu. Ég vil bara ekki að gert verði hlutafélag úr Ríkisútvarpinu af því að ég treysti ekki Sjálfstæðisflokknum í því máli. Ég ætla ekki að fara frekar út í það hér og nú.

Það er ýmislegt sem þarf hins vegar að huga að ef menn fara út á þessa braut. Það er aðallega tvennt sem mér kemur strax til hugar. Mér sýnist að samkvæmt þessu sé í reynd verið að skapa aðstöðu þar sem ríkið er að létta af, má segja, einokun sinni á vissum tegundum rannsókna. Þegar ég segi einokun á ég við það að ríkið hefur látið peninga sína innan tiltekins rannsóknargeira renna í ákveðnar stofnanir. En þeir sem ég hef leyft mér að kalla frjálsa vísindamenn eða sjálfstætt starfandi vísindamenn, og þeim fjölgar, hafa átt mjög erfitt með að komast að þeim sjóðum og ég hef talið það miður. Það viðhorf mitt hefur komið fram. Þetta hlýtur þá að þýða að samhliða skoðar ríkisstjórnin það að sjálfstætt starfandi vísindamenn eigi auðveldara með að keppa við stofnun eins og þessa um samninga við stofnanir ríkisins. Þá finnst mér að það sé nauðsynlegt að ríkið sé líka reiðubúið til að örva þau litlu sprotafyrirtæki sem eru orðin til á þessu sviði, þjónustufyrirtæki, með því að bjóða smærri samninga sem henta slíkum fyrirtækjum. Eðli mark-

aðarins er bara slíkt í okkar litla landi. Þetta þarf að skoða vel. Þetta má ekki verða til þess, ef við á annað borð tökum þetta skref, að það séu áfram eldmúrar á milli þessara litlu fyrirtækja annars vegar og hins vegar verkefnanna sem ríkið þarf að kaupa.

Í öðru lagi þarf að huga mjög vel að því hvernig eigi áfram að örva ákveðna nýsköpun sem hefur átt sér stað innan sumra þessara stofnana þegar aðskilnaðurinn er orðinn. Það sem ég á við er að það verður vandasamt fyrir ríkið að skilgreina þá þjónustu og þau verkefni sem það vill kaupa frá fyrirtæki af þessu tagi. Ég nefni aftur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og möguleika sem tengjast starfsmöguleikum norðan lands.

Ég kastaði inn í umræðu á síðasta sumri, þegar KEA var að velta fyrir sér möguleikum á að búa til störf fyrir norðan, að innan Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins væru lofandi verkefni sem gætu með fjármagni orðið ansi burðug og leitt til þess að við gætum nýtt til manneldis gríðarlegt magn af matvælum sem við notum í dag í dýrafóður, þ.e. mjöl úr uppsjávarfiski. Þingmenn þekkja kannski þetta tiltekna verkefni sem ég hef oft haft uppi ræður um í þinginu en ég tel að ein af hættunum við þann búnað málsins sem hér liggur fyrir sé að það verður kannski erfitt að slíta upp það frumkvæði sem hefur verið að finna í þessu tiltölulega lausbeislaða og frjálsa rannsóknarumhverfi sem er hið jákvæða við rannsóknastofnanir í umsjá ríkisins. Um leið og fyrirtæki þarf m.a. að sinna arðskröfunni, einbeita sér mjög rækilega að tilteknum þjónustuverkefnum, er hætta á að grunnrannsóknir, eins og sú sem ég er hér að ræða, sitji á hakanum. Ég held þess vegna að samhliða þessu verði ríkið, og það er töluvert vandasamt líka, að örva þær rannsóknastofur sem ekki eru í þessu en eru í hinu frjálsa umhverfi, þ.e. innan háskólanna, til að sinna grunnrannsóknum sem tengjast þessum hefðbundnu matvælaframleiðslugreinum okkar í ríkari mæli en hingað til. Það verður töluvert erfitt vegna þess að rannsóknirnar hafa bundist þessum þremur, eftir atvikum fjórum, rannsóknastofum sem þarna er verið að hnýta saman í eina. Því segi ég það af því að ég er þeirrar skoðunar, eins og hefur komið fram í ræðu minni, að háskóli eins og Háskólinn á Akureyri á að sérhæfa sig. Mér kemur það í sjálfu sér ekkert við en mér finnst að hann eigi að sérhæfa sig í matvælarannsóknum og hann hefur stigið skref til þess í gegnum sín ágætu afskipti af sjávarútvegi.

Ég tel að ríkið þurfi t.d. að ýta undir það að þar verði með fjárframlögum líka ýtt undir grunnrannsóknir samhliða því að rannsóknir verða innan svona fyrirtækis sem eðli máls samkvæmt lúta frekar að eftirliti og þjónustu.

Herra forseti. Eins og hefur komið fram í máli mínu er ég tiltölulega jákvæður á eðli þessa máls. Mér finnst að þar sé verið að stíga skref í rétta átt en það er auðvitað alltaf svo að þegar menn gera breytingar af þessu tagi kemur það með nokkrum hætti við þá starfsmenn sem starfa á þeim stofum sem fyrir eru. Ég legg því ríka áherslu á það, eins og jafnan þegar við ræðum breytingar af þessum toga, að öll skref sem stigin verða verði gerð í eins miklu samráði við starfsmenn og hægt er og að þess verði gætt í hvívetna að með engu móti verði réttindi á þeim brotin eða þau tök höfð á málinu að hægt sé að halda slíku fram.

Herra forseti. Ég segi það líka í lokin að hér hefur málið aðeins verið til 1. umr. og ég hef ekki skoðað það neitt til hlítar. Eins og ég hlustaði hins vegar á mál hæstv. ráðherra og hef svona getað skimað gegnum það held ég frekar að það sé jákvætt að því leyti til að það er líklegt til að ýta undir frekari rannsóknargrósku. Það er það sem við viljum gera, og ég fæ heldur ekki betur séð en að það sé líklegt að þetta muni a.m.k. ekki fara verr með þá peninga ríkisins sem í þessa tegund rannsókna hafa farið hingað til.

[14:52]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þingmanns um hvort til greina komi að aðrir aðilar komi inn í fyrirtækið þá er svarið já. Hlutafélagaformið er einmitt valið til þess m.a. að hægt sé að opna fyrir það, eins og segir í greinargerð á bls. 15, með leyfi forseta: „Þannig mætti sjá t.d. Samtök atvinnulífsins, öflug matvælafyrirtæki eða háskóla gerast eignaraðila að Matvælarannsóknum hf.“ Ég tel mjög mikilvægt að opnað verði fyrir það. Ég er sammála hv. þingmanni um að auðvitað verður ríkið að vera ráðandi aðili í slíkum rannsóknum og ber þar miklar skyldur. En það er mjög mikilvægt að ná samvinnu við aðra aðila og það er ótvírætt að í því sambandi hentar hlutafélagaformið mun betur en önnur form, t.d. sjálfseignarstofnunarformið og í greinargerðinni er einmitt farið yfir það.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir jákvæðar undirtektir og ég sé að hann hefur algerlega séð aðalatriði málsins þó að hann hafi haft lítinn tíma til að fara yfir það eins og hann sagði sjálfur.

[14:54]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Frumvarp þetta fjallar um að komið verði á laggirnar nýrri stofnun, Matvælarannsóknum hf., sem er vissulega ný en byggir á því að stofnunum sem eru við lýði er steypt saman í eina og hún gerð að hlutafélagi. Við ræðum núna hvert hlutafélagið á fætur öðru. Í gær ræddum við um hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi og fyrri ræðumaður, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sagðist ekki treysta ríkisstjórninni varðandi söluna og þess vegna legðist hann gegn hlutafélagavæðingunni. Ég er honum sammála um það en að auki er ég andvígur því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi af ýmsum öðrum ástæðum eins og kom fram við umræðuna í gær. Eitt af því er að réttindi eru höfð af starfsfólki og hið nákvæmlega sama á við um þá starfsmenn sem hér eiga hlut að máli. Réttindi þeirra verða rýrari en þau voru áður eftir þessa breytingu. Þetta er ein ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin leggur ofurkapp á að breyta opinberum rekstri í hlutafélög einfaldlega vegna þess að þau eru dýrari að þessu leyti. Lífeyrisréttindi starfsmanna eru t.d. ódýrari og eins og fram kemur í greinargerð verður starfsfólkið meðfærilegra eða sveigjanlegra eins og það er kallað á fagmáli. Allt þetta er rækilega tíundað í greinargerð með frumvarpinu.

Eins og fram kemur í greinargerðinni og kom fram í máli hæstv. forsætisráðherra þegar hann rakti aðdragandann að því að þetta frumvarp kemur fram byggir þetta á nefnd-

arstarfi allar götur frá árinu 2003. Vísað er í nefnd sem skilaði áliti fyrir hálfu öðru ári, árið 2004, þar sem lagt er til að matvælarannsóknir á Íslandi fari að mestu fram hjá einni öflugri stofnun, Matvælarannsóknastofnun Íslands. Eins og fram kemur síðan í frumvarpstextanum, sem nú hefur snúið þessu upp í háeffun, byggir þetta á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknum Keldnaholti og fleiri stofnunum.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagðist hafa trú á því formi að færa þetta út í markaðsumhverfi vegna þess að hann tryði því að hægt væri að skapa markað fyrir rannsóknir. Það má vel vera að það sé rétt en ég vil að við skoðum þetta mjög rækilega, gefum okkur tíma til að hlusta á rök sem koma frá þeim sem starfa í þessum geira og hlustum á kosti og galla við slíka skipan. En hitt vil ég leggja áherslu á að ég held að þessi hugsun um samkeppni á sviði vísindarannsókna megi ekki ganga of langt. Þannig ræddum við það með tilurð Tækniháskólans á sínum tíma að æskilegt væri eða það var viðhorf ríkisstjórnarinnar og hæstv. menntamálaráðherra að skapa samkeppni á milli verkfræðideilda þess skóla annars vegar og Háskóla Íslands hins vegar. Síðan þegar farið var að gaumgæfa hlutina betur og rýna í staðreyndirnar kom í ljós að verkfræðideild Háskóla Íslands var fjársvelt og gat ekki sinnt þeim vísindarannsóknum sem hún hefði gjarnan viljað sinna. Ég held að við séum stundum of smá í hugsun þegar kemur að því að horfa til alþjóðavæðingarinnar því að samkeppni okkar snýr ekki síst að því sem er að gerast erlendis, því sem er að gerast í útlöndum. Og stundum getur verið betra að sameina kraftana, búa til voldugar og öflugar stofnanir í stað þess að dreifa kröftunum um of. Þetta á t.d. við um háskólana og rannsóknir sem eru að eiga sér stað þar. Menn hafa deilt um það innan vísindaumhverfisins, um kosti þess og galla að vera í mjög nánu samstarfi við atvinnulífið sem kallað er. Það eru vissulega kostir við það en það geta líka verið fólgnir í því ákveðnir gallar vegna þess að atvinnulífinu, fyrirtækjunum hættir til að horfa til þess sem er í skammtímanum en ekki til langtímarannsókna. Framfarir 20. aldarinnar byggðu að verulegu leyti á því að starfandi voru víðs vegar um heiminn mjög svo öflugir háskólar, rannsóknastofnanir sem fengu að búa við öryggi m.a. til að sinna grunnrannsóknum. Nú er verið að hrófla við því öryggi og allt er hugsað á skammtímavísu og eigi að gefa hagnað hið allra fyrsta. Leiðin er því vandrötuð þarna á milli.

Hæstv. forsætisráðherra talaði um ríkisstofnanir og ríkisrekstur með takmarkaðri virðingu þótti mér, sagðist muna þá tíð að hér hefði verið Ríkismat sjávarafurða og hvort menn vilji hverfa aftur til þess tíma. Ég held að það hafi verið margt ágætt um þá stofnun að segja. Ef ekkert getur plumað sig, ef ekki er hægt að starfrækja neina starfsemi nema hún sé hlutafélagavædd þá hljótum við að spyrja: Hvað með Háskóla Íslands? Hvernig stendur á því að hann virðist rækja sitt hlutverk prýðisvel, alla vega á flestum sviðum. Ekki er hann hlutafélag, þannig að við skulum vara okkur á að ganga of langt í þessu efni og þegar kemur að einkavæddri starfsemi þá er það staðreynd að breytingar sem gerðar hafa verið hafa síður en svo alltaf gefið góða raun. Ég nefni t.d. einkavæðingu rafmagnseftirlitsins sem slæm reynsla er af, mjög slæm. Rafmagnseftirlitið er miklu dýrara ef litið er á hverja skoðun auk þess sem það er miklu lélegra og eins og varað var við á sínum tíma þegar ráðist var í þær breytingar þá var hún á kostnað landsbyggðarinnar vegna þess að skoðunarstofurnar sem framkvæma eftirlit hvort sem það er með íbúðarhúsnæði eða opinberu húsnæði eru allar staðsettar á höfuðborgarsvæðinu og svo er kostað miklu til að fljúga með eftirlitsmennina út um landið þar sem þeir framkvæma úrtaksskoðun. Allt hljómaði þetta kerfi óskaplega sannfærandi þegar talað var fyrir því á þinginu en reyndin varð hins vegar önnur.

Ég ætla hins vegar ekki að gefa mér neitt fyrir fram í þessu máli. Ég vil skoða það rækilega, ég vil skoða kosti og galla þessa fyrirkomulags sem hér er verið að leggja til en ég geri strax mjög alvarlegan fyrirvara við réttindaskerðingu hjá starfsfólkinu. Hér er það beinlínis sett í lög að það skuli ekki njóta þeirra almennu réttinda sem kveðið er á um landslögum og þá er ég að vísa í lífeyrissjóðinn. Í lagafrumvarpinu er sagt að sá réttur skuli tekinn frá starfsfólkinu. Starfsfólkið, sem nú eru opinberir starfsmenn, verður gert að starfsfólki hlutafélags og réttur þeirra til lífeyrisgreiðslna þegar það er komið á þann aldur að það ætti að geta tekið peninga út úr lífeyrissjóði er með 6. gr. frumvarpsins numinn brott. Þessu vil ég mótmæla.

Ég vek enn og aftur athygli á því að kerfisbreytingar stjórnvalda ganga yfirleitt út á þetta, að rýra réttindi opinberra starfsmanna og hafa réttindi af þeim, t.d. réttinn til að andmæla við uppsögn, þetta er það sem stendur í veginum fyrir því að hægt sé að reka þessar stofnanir á sveigjanlegan hátt sem þeir kalla. Það þykir alveg sérstaklega slæmt að ekki sé hægt að reka fólk skýringalaust. Síðan er viðkvæðið eins og við heyrðum í framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra að hlutafélagaformið sé svo þekkt, það séu skýrar reglur og skýr lög sem gildi um það. Þess vegna hljóti að vera gott að gera opinbera starfsemi að hlutafélögum.

Hlutafélög eru góð til síns brúks, til að vera félög eða fyrirtæki á hlutabréfamarkaði. Hæstv. forsætisráðherra sagði reyndar að það stæði til að reyna að fá fyrirtæki á markaði til að koma inn í þessa starfsemi. Það eru vissulega rök í málinu gagnstætt því sem við heyrum um Ríkisútvarpið þar sem til stendur að hluturinn í hlutafélaginu verði aðeins einn og eigandinn einn og handhafi hlutabréfsins einn en þetta eru þó rök í þessu máli vegna þess að hlutafélag byggir á tvennu: Að auðvelt sé að kaupa og selja hluti. Þetta var ókostur fyrirtækjanna sem við þekktum fyrir nokkrum áratugum að þau þurftu yfirleitt að selja í heilu lagi, en með hlutafjármarkaði og hlutafélagavæðingu ganga þessi eigendaskipti greiðar fyrir sig og á auðveldari máta. Þetta er einn kostur hlutafélagaformsins.

Annar kostur hlutafélagaformsins er aðhaldið frá markaði, þ.e. aðhaldið sem kemur frá eigendunum, hluthöfunum. Það sem yfirleitt vakir fyrir þeim er að fá eitthvað fyrir sinn snúð, arð af hlutum. Þeir efna til hluthafafunda til að fylgja sínum málum, kröfum og markmiðum eftir. Þess vegna stofna menn til hlutafélaga, til að ná þessu fram. Þetta eru kostir þess að hafa hlutafélög. Þegar það er hins vegar notað sem röksemd fyrir því að gera fyrirtæki eða stofnun að hlutafélagi að hlutafjárlögin séu svo skýr, þá eru það engin rök í sjálfu sér. Það verða hins vegar rök þegar á það er bent að til standi að selja hlutina eða að fá aðra aðila inn í

púkkið. Það eru rök sem ég er reiðubúinn að hlusta á.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að gera annað en vekja máls á nokkrum atriðum sem snerta þetta mál. Ég hef gert mjög ákveðinn fyrirvara varðandi réttindi starfsfólksins. Ég tel það vera mjög ámælisvert að skerða þau í nokkru eins og gert er með þessu frumvarpi. Ég hef ákveðnar efasemdir um grunnhugsunina sem liggur að baki þessu frumvarpi þó að ég ætli ekki að gefa mér neitt endanlega í því efni en er reiðubúinn að hlusta á þau rök sem fram koma við umræðu og afgreiðslu þessa máls.

[15:08]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég kaus að taka þátt í umræðunni til að lýsa sérstakri ánægju minni með þetta frumvarp. Umræðan um matvælarannsóknir og matvælaeftirlit hefur staðið mjög lengi, bæði hér í þingsölum og í samfélaginu og það er löngu orðið tímabært að taka ákveðin skref í að reyna að sameina og samræma þessa starfsemi þannig að umræðan hefur verið löng. Það hafa starfað nefndir undir forustu hæstv. forsætisráðherra eins og hér hefur komið fram og ég vil líka draga fram eins og kemur fram í greinargerðinni að Vísinda- og tækniráð hefur sérstaklega skoðað stefnuna gagnvart þessum opinberu rannsóknastofnunum og ráðið hefur lagt til að þær verði endurskipulagðar þannig að kraftar þeirra verði sameinaðir og að þær tengi starfsemi sína við háskóla og atvinnulífið í landinu og sameinist í sjálfstæða öfluga stofnun eins og í þessu tilviki. Það má segja að eftir mikla og ítarlega skoðun í stjórnsýslunni og á vegum Vísinda- og tækniráðs þá erum við með frumvarp í höndunum sem lýtur að þessari stefnumótun. Það á að sameina Rannsóknastofu fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknirnar í Keldnaholti og Rannsóknarstofnunina hjá Umhverfisstofnun.

Það hefur komið fram að þetta á að vera hlutafélag og það kemur fram í frumvarpinu að við stofnun eigi allt hlutafé að vera í eigu ríkisins, sem sagt við stofnunina. En það hefur líka komið fram að líklega verði það svo, sem er röksemd með því að færa þetta í hlutafélagaform, að þá getum við fengið fleiri að þessari stofnun sem er mjög æskilegt. Samtök atvinnulífsins hafa verið nefnd í því sambandi í greinargerðinni og öflug matvælafyrirtæki og háskólar þannig að líklega munum við sjá breytingar á þessu hlutafélagaformi í framtíðinni þar sem fleiri koma að og ég held að það sé mjög til bóta.

Áðan sagði hv. þm. Ögmundur Jónasson að hlutafélagaformið hefði ákveðna kosti og ákveðna galla líka og dró fram tvo kosti eða tvö atriði sem snúa að stærstum hluta til að forminu, þ.e. sala hlutarins. Það er rétt, menn hafa farið í hlutafélagaform m.a. til að geta selt hluta af félagi en ekki allt í einum pakka eins og áður var.

Hinn kosturinn var aðhald hluthafa sem er alveg rétt. En þingmaðurinn kaus að nefna ekki eitt atriði sem hefur verið notað mjög mikið í umræðunni varðandi hlutafélagavæðingu. Það er aukinn sveigjanleiki í rekstri og það hefur verið notað bæði sem röksemdafærsla með þessu máli og hefur auðvitað líka verið notað gagnvart Ríkisútvarpinu sem þingmenn hafa ítrekað komið inn á í þessari umræðu, sem er ekkert óeðlilegt. Það var mælt fyrir því í gær.

Varðandi frumvarpið um Ríkisútvarpið er það þannig að í því stendur að það eigi ekki að selja hlut ríkisins. Það þarf sem sagt sérstaka ákvörðun þar um, lagabreytingu, en í dag skilst mér að það sé þannig að það væri hægt að selja Ríkisútvarp líklega bara með heimild 6. gr., þannig að ef eitthvað er þá er aldeilis verið að herða tökin á því að það verði ekki selt nema það sé algerlega meðvituð ákvörðun á þingi og mun meiri girðingar en eru í lögum í dag.

Varðandi þetta hlutafélag þá munu möguleikar atvinnulífsins, háskólanna og annarra fyrirtækja til aðkomu að þessari stofnun aukast til muna í gegnum þetta. Fyrirtækið á að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, í þágu lýðheilsu og í þágu matvælaöryggis og ég tel að hér sé um mjög mikilvægan málaflokk að ræða. Við sjáum síauknar kröfur um slíkt. Það eru síauknar kröfur til atvinnulífs til rannsókna, það eru síauknar kröfur á sviði lýðheilsu til rannsókna og það eru síauknar kröfur neytenda og framleiðenda á sviði matvælaöryggis, á sviði rannsókna. Menn vilja vita hver gæði vörunnar séu. Ég vil nefna sérstaklega eitt sem lýtur að hagsmunum okkar Íslendinga en það eru eiturefni í fiski. Það er geysilega mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að vita nákvæmlega hvernig gæðin eru í fiskinum okkar. Þau eru auðvitað mjög mikil en við þurfum að geta sýnt fram á það gagnvart neytendum erlendis. Slíkt er ekki hægt að sýna fram á með frambærilegum hætti nema hér séu stundaðar öflugar rannsóknir, við verðum að vita nákvæmlega hvaða vöru við erum með í höndunum til að geta selt hana.

Það liggur mikil skynsemi að baki því skrefi sem við tökum með hlutafélagavæðingu og sameiningu þessara stofnana í eitt hlutafélag. Rannsóknirnar munu aukast að gæðum, það verður líka hagræðing, því skal ekki á móti mælt og er ágætt að draga það fram, og það verður minna um tvíverknað. Það kemur fram í greinargerðinni. Það verða samræmd vinnubrögð og betri þjónusta við atvinnulíf og neytendur. Síðan er að sjálfsögðu annar vinkill á þessu eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson drógu hér fram, þ.e. þetta „samkeppnismoment" eða að hlutafélagaformið hentar betur gagnvart samkeppnisaðilum sem eru í rannsóknum á markaði.

Það kemur fram að frumvarpið byggist á tillögum ákveðinnar nefndar og sú nefnd taldi eðlilegt að höfuðstöðvar þessarar Matvælarannsóknarstofnunar Íslands yrði í Reykjavík en það yrði öflugt rannsóknarsetur á hennar vegum við Háskólann á Akureyri. Ég tel því miðað við þetta að byggt verði upp við Háskólann á Akureyri öflugt setur. Þetta kemur fram á blaðsíðu fjögur í textanum. Ákveðið landsbyggðasjónarmið liggur þarna að baki og ákveðin geta felst í starfseminni við Háskólann á Akureyri sem mun nýtast. Síðan eiga að vera náin tengsl við Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Tækniskóla Íslands svo eitthvað sé nefnt.

Ég tel líka að það sé ákveðinn landsbyggðarvinkill á þessu máli sem menn hafa ekki gert mikið úr hér. Það er vegna þess að matvælaframleiðsla á Íslandi er ein umsvifamesta grein íslensks atvinnulífs og vinnumarkaðar. 12,7% starfa í landinu eru við matvælaframleiðslu og 62,3% af vöruútflutningi okkar. Með því að efla rannsóknir á sviði

matvæla, efla matvælarannsóknir þá styrkjum við stoðir þessar atvinnugreinar. Því verður ekki á móti mælt þannig að það er líka landsbyggðarvinkill á þessu frumvarpi, virðulegur forseti.

Ég tel líka eðlilegt að draga það fram um sameiningu þessara stofnana að þær geta varla talist stórar í dag. Þetta verða samtals 76 starfsmenn þegar búið er að sameina. Í dag eru 56 hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, átta hjá Matra uppi í Matvælarannsóknunum á Keldnaholti og 12 á rannsóknarsviðinu hjá Umhverfisstofnun. Þetta verða 76 starfsmenn. Ekki getur þetta talist geysilega stór stofnun þó hún verði mun stærri og mun öflugri en þær þrjár sem fyrir eru. Ég tel mjög mikilvægt að efla þessa starfsemi undir sameiginlegum hatti eins og hér er stefnt að m.a. til að vera öflug í samstarfi við erlenda aðila. Það er þannig, virðulegur forseti, að rannsóknir, sérstaklega matvælarannsóknir, eru að verða miklu hnattrænni en þær hafa verið áður. Það eru gerðar meiri kröfur. Þessar rannsóknir eru ekki hólfaskiptar lengur, eiga ekki að vera það. Menn eru farnir að vinna saman. Tæknin er meiri. Það er mjög mikil þróun í þessum rannsóknum. Þess vegna er eðlilegt að þessar stofnanir sameinist, m.a. til að geta verið í virkara samstarfi við erlenda aðila sem eru miklu stærri eins og eðlilegt er í fjölmennari samfélögum.

Ég tel líka mjög mikilvægt að gera matvælaöryggisþættinum almennt góð skil en á sínum tíma — og það er ágætt að rifja það upp við þetta tækifæri hér — að fyrsta málið sem sú er hér stendur tók upp í ríkisstjórn á sínum tíma sem umhverfisráðherra voru viðbrögð við mjög svo aukinni kamfílóbaktereitrun á Íslandi. Kamfílóbaktereitrun stórjókst. Við höfðum miklar áhyggjur af þessu á þeim tíma. Margir sýktust. Sumir þurftu að leggjast inn á sjúkrahús. Þetta geta verið hættulegar eitranir og það þurfti að taka á því. Það er geysilega mikilvægt því að neytendur í dag eru sífellt háðari því að kaupa sér í matinn í verslunum. Menn eru auðvitað löngu hættir að framleiða matinn sjálfir flestir. Við verðum því að treysta á að þau matvæli sem við kaupum í búðinni séu í lagi. Þess vegna verða matvælarannsóknir að vera öflugar. Þegar svona bráðatilfelli koma upp, eins og komu upp á sínum tíma varðandi kamfílóbakter og hafa komið upp út af salmonellu og ýmsu, þá þarf að vera hægt að bregðast mjög hratt við, fá yfirsýn yfir hættuna og það verður að vera hægt að grípa til aðgerða sem byggja þá á einhverri niðurstöðu. Því er mjög mikilvægt að þessi starfsemi sé eins öflug og hægt er að hafa hana og við getum eflt hana með því að stíga þetta skref sem lagt er til í frumvarpinu.

Ég vil nefna fleiri rannsóknir sem eru stundaðar á sviði matvæla. Það er til dæmis verið að rannsaka reglulega varnarefni í grænmeti og ávöxtum og fleira. Þessar rannsóknir eru mjög mikilvægar af því að fólk er háð því að geta keypt örugga vöru.

Virðulegi forseti. Nú hef ég dregið fram allt hið jákvæða við málið. Ég sé ekki galla á þessu frumvarpi. Því vil ég að lokum minna á til upprifjunar að fyrir ekki löngu síðan var flutt frumvarp til laga — það var reyndar ekki flutt heldur lagt fram til kynningar — frumvarp til laga um eftirlit með matvælum og heilbrigði dýra. Það var á 128. löggjafarþingi 2002–2003. Þar var lagt til að allt matvælaeftirlit og rannsóknir yrðu í einni stofnun þ.e. í matvælastofnun. Á sínum tíma var tekist talsvert á um þetta. Þingmenn geta rétt ímyndað sér að þeir ráðherrar sem viðkomandi stofnanir féllu undir, þ.e. hæstv. umhverfisráðherra, sjávarútvegsráðherra og landbúnaðarráðherra, hefðu sjálfsagt allir viljað fara með svið þessarar matvælastofnunar sem til stóð að stofna. Ég var mjög mikill stuðningsmaður þess að við tækjum þetta skref og kæmum upp einni öflugri matvælastofnun. Það sem við erum að gera hér er skref í þá átt. Í frumvarpi um matvælastofnun sem var lagt hér fram til kynningar á sínum tíma — það var ekki mælt fyrir því og það fór ekki til nefndar o.s.frv. Það var ekkert kveðið upp úr um það hvaða ráðherra ætti að bera upp málaflokkinn í sínum herðum — en í því frumvarpi var bæði eftirlitsþátturinn inni og rannsóknarþátturinn. Ég dreg þetta sérstaklega fram hér, virðulegur forseti, af því að í því frumvarpi sem við fjöllum um hér er rannsóknarþátturinn. Þar er ekki eftirlitsþátturinn. Því má segja að búið sé að klippa þetta tvennt í sundur og við séum að stíga hér eitt skref í málinu í heild, þ.e. við erum að sameina rannsóknarþáttinn.

Ég dreg þetta sérstaklega fram af því að hér kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni áðan að hann telur að eftirlitsþátturinn og rannsóknarþátturinn eigi ekki að vera á sömu hendi. En það er einmitt verið að stíga það skref með þessu. Rannsóknarþátturinn er klipptur út úr. Þess vegna verður spennandi að sjá hvað verður um eftirlitsþáttinn, af því að við erum ekki að afgreiða hann hér núna. Eftirlitsþátturinn er núna hjá Fiskistofu að hluta, hjá Umhverfisstofnun að hluta og hjá Landbúnaðarstofnuninni sem verður, þessari nýju á Selfossi, að hluta. Því er spurning hvað verði um eftirlitsþáttinn. Svo er auðvitað fullt af eftirliti hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Ég á því von á að á fjörur okkar muni reka, síðar væntanlega, hvernig verður haldið á því máli, annaðhvort í formi ríkisstjórnarfrumvarps eða með einhverjum öðrum hætti, þingmannafrumvarps eða hvernig sem það nú verður. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að eins og ég skil þetta mál þá erum við að taka á rannsóknarþættinum en eftirlitsþátturinn er ekki afgreiddur enn þá.

Ég vil í heildina óska hæstv. forsætisráðherra til hamingju með þetta skref. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt og tel að þetta verði mjög til bóta fyrir alla rannsóknarstarfsemi á sviði matvælarannsókna á Íslandi.

[15:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg stórfenglegt að upplifa það hversu langt Framsóknarflokkurinn og þingmenn Framsóknarflokksins ganga í að mæra markaðsvæðingu og í þessu tilviki hlutafélagsformið. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir endar ræðu sína á sérstökum hamingjuóskum til hæstv. forsætisráðherra fyrir að koma þessum stofnunum inn í hlutafélagsform. Allir sem hér hafa talað hafa tekið jákvætt í þá hugmynd að efla matvælarannsóknir í landinu. Ég hef ekki orðið var við að menn hafi verið að gagnrýna það í sjálfu sér nema síður sé. Við höfum mörg talað fyrir því að efla rannsóknir. En við þurfum þá líka að huga að því hvernig að starfsfólki er búið og þeim sem sinna þessum rannsóknum. Nú bregður svo við að þeir eru ekkert yfir sig hrifnir af

þessari hlutafélagabakteríu Framsóknarflokksins. Starfsmenn sem sinna þessum störfum á Rannsóknarstofnun háskólans eða atvinnuveganna eru ekkert áfjáðir í að láta hlutafélagavæða sig. Það á ekki heldur við um starfsmenn Ríkisútvarpsins sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði að væri alveg sérstakt gleðiefni að yrðu nú gerðir sveigjanlegri í meðförum. Hún orðaði það ekki þannig. En hún sagði að í hlutafélagaformi væri auðveldara að taka ákvarðanir. Ein af þessum ákvörðunum sem menn hafa sérstaklega bent á er að það er auðveldara að reka fólk skýringalaust og réttindi starfsmanna eru rýrari við þetta fyrirkomulag en í öðru fyrirkomulagi. Það er ein ástæðan fyrir því að margir og ekki síst bisnesshugsandi fólk vill færa opinberan rekstur í hlutafélagaform. En ég vil vekja athygli á því að (Forseti hringir.) okkur ber að hlusta á raddir starfsfólksins. Ég mun gera það þegar þessi mál koma til umfjöllunar.

[15:25]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó ég fagni því að við nýtum okkur hlutafélagaformið til að efla rannsóknir þá er ég ekki þar með að segja að fulltrúi Vinstri grænna sé eitthvað sérstaklega á móti því að efla rannsóknir, alls ekki. Ég heyri að hann vill efla rannsóknirnar.

Ég hef hins vegar dregið það fram hér, og þetta frumvarp byggir á því, að hlutafélagaformið sé nýtt. Ég tel að það sé mjög skynsamlegt. Af hverju? Jú, vegna þess að þannig er hægt að fá fleiri að starfseminni og þessi starfsemi er þess eðlis að ég tel að það sé mjög æskilegt. Það er nefnt í greinargerðinni. Þar eru nefndir aðilar eins og Samtök atvinnulífsins og matvælafyrirtæki. Það hlýtur að vera mjög æskilegt að fá matvælafyrirtæki að svona starfsemi. Það hlýtur að vera frábært. Svo eru það háskólar. Ég tel að þetta form henti mjög vel. Vel má vera að það sé rétt að einhverjir starfsmenn hafi áhyggjur af þessu. Það er ósköp eðlilegt þegar breytingar eru gerðar að menn hafi áhyggjur af sinni stöðu og vilji skoða hana. En ég tel að ef okkur þingmönnum finnst þetta vera skynsamlegt form, hlutafélagaformið, þá eigum við að styðja það og ég geri það. Ég tel að sú hugmyndafræði um að setja þessar rannsóknarstofnanir saman í eitt hlutafélagaform muni geta eflt þessar rannsóknir verulega og það er til hagsbóta fyrir rannsóknirnar og fyrir samfélagið þar með.

Framsóknarflokkurinn og ég höfum stutt blandað hagkerfi. Við höfum styrkt ríkisrekstur þar sem hann á við og samkeppnisrekstur þar sem hann á við. Vinstri grænir vilja ganga miklu skemur en við og hafa svona frekar, þ.e. ef maður talar um hugmyndafræðina almennt, stutt meiri ríkisafskipti. En í þessu tilviki gagnvart þessum rannsóknum tel ég að hlutafélagaformið eigi vel við og að ríkisreksturinn sé mun ósveigjanlegri en þetta nýja kerfi mun bjóða upp á.

[15:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það er til ríkisafskiptaflokkur þá er það Framsóknarflokkurinn með sinni stóriðjustefnu og mestu fjárfestingum sem hugsast geta á kostnað skattborgarans inn í mjög vafasama uppbyggingu atvinnulífs að mati flestra hagfræðinga sem hafa ekki verið svo ógæfusamir að lenda í nefnd á vegum Framsóknarflokksins. (**Gripið fram í:** Hvers konar rugl er þetta?) „Hvers konar rugl er þetta?“ Við skulum taka þessa umræðu nánar hér á eftir. Það er alveg sjálfsagður hlutur. Mér finnst það vera rök í sjálfu sér — hvað er það sem hæstv. forsætisráðherra er að reyna að segja? (**Gripið fram í:** Þetta er ótrúlegt rugl.) „Ótrúlegt rugl“ kemur hérna úr þessu horni og ástæða er til að taka rækilega umræðu um það. Það verður gert hér á næstu dögum, svo sannarlega, um þetta glapræði sem þeir eru að kalla yfir þjóðina og heitir atvinnustefna Framsóknarflokksins og er að eyðileggja náttúruna og leggja efnahaginn í rúst.

Varðandi matvælastofnun þá eru það rök í sjálfu sér ef menn ætla að kalla á eignarhald annarra fyrirtækja að þessari stofnun. Það eru rök sem ber að íhuga. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að það sé eðlilegt að fyrirtæki eigi að koma inn í slíkar rannsóknir í formi eignarhalds. Hægt er að hugsa sér samstarf um verkefni án þess að eignarhald komi til sögunnar. Ég er ekki sannfærður um að það sé heppilegt form. Telja menn heppilegt að fyrirtæki fái eignarhlut í Háskóla Íslands? Ég held ekki. Ég held að við eigum að kappkosta um að hafa þessar grunnrannsóknir — þetta er að vísu í praktískum rannsóknum og því sem talað hefur verið um sem grunnrannsóknir — í öðru formi en með eignarhaldsaðild. Ég er ekki viss um að það sé skynsamlegt. Ég held að við eigum að halda þessum stofnunum sem sjálfstæðum einingum sem síðan efna til samstarfs um tiltekin verkefni við fyrirtæki á markaði. Ég held að það sé heppilegra form og þetta er er nokkuð sem við hljótum að taka til umfjöllunar.

[15:30]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég mótmæli því að atvinnustefna Framsóknarflokksins og núverandi stjórnvalda sé ekki öflug og góð. Við höfum séð hvernig atvinnulífið hefur byggst upp á síðustu árum og það er geysilega öflugt atvinnulíf hér, mjög lítið atvinnuleysi, nánast ekki neitt. Hér hefur kaupmáttur stóraukist upp á síðkastið. Við höfum verið að styrkja velferðarkerfið, efla skólana, efla heilbrigðiskerfið o.s.frv. (**ÖJ:** Skuldum ...) Hér hefur því verið rekin mjög öflug atvinnustarfsemi og margar erlendar þjóðir líta til okkar öfundaraugum. Við höfum verið að skora mjög hátt á öllum mælistikum sem notaðar eru í þróuðum ríkjum, hv. þingmaður.

Varðandi hlutafélagaformið sem við erum að ræða þá segir hv. þm. Ögmundur Jónasson að hann telji að fyrirtækin eigi ekki að eiga í rannsóknarfélagi. Ég virði alveg það sjónarmið, ég er bara ekki sammála því. (Gripið fram í.) Í þessum rannsóknum er m.a. verið að rannsaka afurðir í sjávarútvegi, afurðir í landbúnaði o.s.frv. Það er líka verið að rannsaka innfluttar afurðir en við erum jafnframt að rannsaka útfluttar afurðir.

Auðvitað eru það hagsmunir fyrirtækjanna að þær rannsóknir séu mjög góðar og það eru geysilegir fjárhagslegir hagsmunir fyrir þessi fyrirtæki. Tökum bara sjávarútvegsfyrirtæki, það að geta sýnt fram á mjög öflugar rannsóknir, réttar niðurstöður og að þær séu framkvæmdar á eins faglegan hátt og hægt er miðað við tækni hvers tíma og allt

það, af hverju mega þau fyrirtæki þá eiga ekki í hlutafélagi sem (**ÖJ:** Ég er að tala um samstarfsumhverfi.) sér um svona rannsóknir? Ég sé ekkert að því. Mér finnst frábær hugmynd og frábær hugmyndafræði á bak við það að aðilar geti komið að þessum rannsóknum með eignaraðild. (Gripið fram í.)

[15:32]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hér er búið að leggja fram frumvarp til laga um stofnun á Matvælarannsóknum hf. Ríkisstjórnin, ef þetta verður að lögum, á að fá heimild til að stofna hlutafélag sem kallast Matvælarannsóknir hf. um rekstur á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknum Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar, steypa þessum þremur öflugu rannsóknastofnunum í eina og reka það undir hlutafélagaforminu.

Maður veltir reyndar fyrir sér þeirri staðreynd að mikil ásókn virðist í það af hálfu hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar að stofna hlutafélög um alla skapaða hluti í dag. Ég vil þó taka fram að fyrir fram er ég ekki tilbúinn til að lýsa því yfir að ég sé á móti því að sá rekstur sem þarna um ræðir fari í hlutafélagaformið, en miðað við að um er að ræða stofnun á hlutafélagi þar sem hluthafinn er einn og þar sem hluturinn er einn veltir maður fyrir sér hvað það er sem flutningsmenn frumvarpsins ætla sér að ná til viðbótar við það sem hægt er að ná með því að reka ríkisstofnun. Maður veltir því líka fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegt þegar verið er að steypa saman þó þetta ólíkum rekstri, eins og er á þessum þremur stöðum, að gera það í upphafi undir forminu opinber stofnun og leyfa þeirri starfsemi þá að þróast og festa sig í sessi og skoða síðan í framhaldinu hvort rétt væri að breyta rekstrarforminu á starfseminni.

Búið er að leggja fram tvö frumvörp á þinginu um breytingu á hlutafélagalögum og verið að velta fyrir sér opinberum hlutafélögum. Annars vegar er frumvarp sem hæstv. viðskiptaráðherra flytur, sem ég reyndar er ekki mjög hrifinn af vegna þess að mér finnst það frumvarp ganga allt of skammt varðandi skyldur opinberra hlutafélaga til upplýsingagjafar o.s.frv. Hins vegar er frumvarp sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er 1. flutningsmaður að, sem mér þykir þó taka mun betur á þeim atriðum sem menn velta fyrir sér þegar verið er að ræða um hugtakið og rekstrarformið opinbert hlutafélag.

2. gr. í frumvarpinu sem hér liggur fyrir fer yfir tilgang félagsins sem er „að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi."

Í 2. gr. kemur einnig fram að tilgangi og verkefnum félagsins skuli nánar lýst í samþykktum þess. Með öðrum orðum er leyfilegt í samþykktum hlutafélaga að kveða á um sératriði er varða rekstur þess hlutafélags sem um ræðir. Mér finnst að 2. gr. þýði í raun að hægt sé að setja nánast hvað sem er inn í samþykktir þessa hlutafélags vegna þess að samþykktir eins hlutafélags geta verið afskaplega ólíkar samþykktum annars og ekki gott að gera sér grein fyrir hvernig það muni líta út.

Í 2. gr. er jafnframt talað um að félaginu sé heimilt að stofna nýtt félag eða félög sem verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti starfseminnar. Það má sem sagt skipta þessari rannsóknastarfsemi eða hinu nýja fyrirtæki sem heitir Matvælarannsóknir hf. upp í fleiri smærri fyrirtæki og Matvælarannsóknir hf. geti þá rekið þau fyrirtæki eitt og sér eða með öðrum. Það er því ekki gott að segja þegar farið er yfir texta þessara frumvarpsgreina hvað það er sem menn ætla sér að gera.

Einnig á að vera heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum, þ.e. Matvælarannsóknir hf. sem er eingöngu í eigu ríkisins getur farið í það að yfirtaka önnur fyrirtæki á markaðnum ef því er að skipta og þá í krafti þess afls sem ríkiseignin gefur. Enn fremur segir í 2. gr. að félaginu sé heimilt að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt skv. 1. mgr. Félagið má þá fara í útleigusamninga eða verktakasamninga við aðra og úthýsa í sjálfu sér hluta af starfseminni til annarra aðila.

Þjónustumælingar eins og þær voru stundaðar t.d. á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem ég þekki nokkuð vel til, hafa farið að mestu út úr þeirri stofnun og það hefur verið álit manna að ekki sé rétt að reka í ríkisreknum stofnunum beinar þjónustumælingar þar sem verið er að þjónusta atvinnuveginn og verið er að vinna í samkeppni við einkafyrirtæki.

Eitt af því sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er að nauðsynlegt sé að breyta þessu nýja fyrirtæki í hlutafélag til að það geti þróast og breyst og náð góðum árangri. Ég verð að segja að við sem til þekkjum á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins höfum nú séð hvernig það fyrirtæki hefur náð að þróast og hvernig það hefur breyst mjög mikið á undanförnum árum úr því að vera það sem við kölluðum kannski ríkisapparat í það að vera framsækin rannsóknastofnun sem sinnir hlutverki sínu og sínum hluta atvinnulífsins mjög vel. Ég get ekki séð að það hafi í sjálfu sér staðið Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins neitt fyrir þrifum í rekstri sínum að vera ekki hlutafélag.

Það hefur einnig verið nefnt að auðveldara sé fyrir hlutafélag en fyrir ríkisstofnun að ná í styrki í samvinnu við aðra og það sé öðruvísi en þegar um opinbera stofnun sé að ræða. En ef maður horfir á reynsluna og veltir fyrir sér hvernig þetta hefur verið að koma út og horft er t.d. á styrkúthlutanir úr AVS-sjóðnum, þ.e. sjóðnum um aukið verðmæti sjávarfangs, sé ég ekki betur í ársskýrslu síðasta árs en að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hafi í raun ein og sér eða í samvinnu við aðra náð í um 70% af upphæð þeirra styrkja sem runnu úr AVS-sjóðnum, sem þýðir að þó að þetta sé opinber stofnun í samkeppni við aðra aðila og vísindamenn á þessum sviðum virðist það ekki a.m.k. hvað AVS-sjóðinn varðar hafa verið fótakefli fyrir þá stofnun.

Allar þær stofnanir sem við erum að tala um hér eru reknar að hluta til fyrir framlög frá ríkinu. Ef maður skoðar umfang þeirra stofnana kemur ríkið ansi sterkt inn í rekstur þeirra allra. Ríkisframlagið hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins var á síðasta ári 197 milljónir, það voru 16 milljónir hjá Matra og ekkert ríkisframlag reyndar fyrir Rust en samtals eru þetta 213 millj. kr. Sértekjur voru aftur á móti allnokkrar, 253 milljónir hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, 35 hjá Matra og 68 hjá Rust, samtals 356 millj. kr. Það

er því innan við helmingur sem kemur beint frá ríkinu en þó eru það verulegir fjármunir eða 213 millj. kr.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns get ég alveg tekið undir að það geti verið gott að sameina þessar stofnanir undir einn og sama hattinn, að samræma krafta þeirra vísindamanna sem þarna eru og byggja upp öflugt og faglegt umhverfi, öflugra og faglegra umhverfi en kannski er hægt að gera á smærri stofnunum, en hef þó af því ákveðnar áhyggjur að hér sé farið af stað með ansi stóra stofnun á tiltölulega þröngum markaði og hún komi jafnvel til með að kæfa aðra sprota sem á markaðnum eru eða muni hafa yfirburðastöðu til að bjóða í þau verkefni sem ríkið kemur til með að bjóða út. Það segir nefnilega í athugasemdunum, sem eru yfirgripsmiklar og vandaðar, að ríkið muni þurfa, eftir að búið sé að stofna Matvælarannsóknir hf., að bjóða meira og minna út allt þetta sem áður hefur verið gert í viðkomandi ríkisstofnunum og í raun er engin trygging fyrir því að þessi nýja stofnun nái að bjóða í þau verkefni með þeim hætti að hún fái þau en þó verður maður að álíta að þegar búið er að steypa henni saman og búið að færa inn sem stofnframlag hlutafé í stofnunina, 350–400 milljónir, eins og ráð er fyrir gert í frumvarpinu verði þetta stofnun sem verði ansi fyrirferðarmikil á þessum markaði og ekki auðvelt fyrir aðra sem eru þar að vinna með eigið fé á eigin forsendum að keppa við þessa ríkisstofnun þegar hún kemur inn.

Það er nú ekki svo að umræddar rannsóknastofnanir hafi verið reknar með miklum hagnaði eða að mikið hafi orðið eftir úr rekstri þeirra þrátt fyrir umtalsverða fjármuni frá ríkinu. Ef við skoðum umsögnina frá fjármálaráðuneytinu um það frumvarp sem hér liggur fyrir kemur fram að rannsóknastofa Umhverfisstofnunar er sjálfstæð fjárhagsdeild innan Umhverfisstofnunar, bókfært eigið fé hennar var neikvætt um 0,6 millj. kr. í árslok 2004. Matvælarannsóknir Keldnaholti eru reknar innan Iðntæknistofnunar Íslands samkvæmt samningi við Landbúnaðarháskólann og eru ekki með sjálfstæðan ársreikning þannig að ekki er reynt að leggja mat á og ekki hægt að sjá hver fjárhagsleg staða Matvælarannsókna Keldnaholti er. En þegar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er skoðuð með sama hætti, vegna þess að það er sjálfstæð ríkisstofnun með sjálfstæðan fjárhag, kemur í ljós að bókfært eigið fé Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er 20,2 milljónir. Með öðrum orðum, við getum áætlað að bókfært eigið fé þessara þriggja rannsóknastofnana sé um og innan við 20 millj. kr., eignir að sjálfsögðu eru talsverðar og hljóta að vera talsverðar þó að ráð sé fyrir því gert í frumvarpinu að skipuð verði sérstök matsnefnd til að vega saman eignir og skuldir þessara stofnana, en bókfært eigið fé er væntanlega innan við 20 millj. kr.

Þegar maður reynir að komast að því með því að lesa sig í gegnum þetta af hverju verið er að tala um að leggja til 350–400 millj. kr. sem stofnhlutafé í þetta nýja fyrirtæki, hvaða útreikningar liggi þar að baki, kemur í raun og veru í ljós að það eru ekki neinir raunverulegir útreikningar sem hægt er að setja fingurinn á heldur telja menn að þetta þurfi til að þetta verði skikkanlega öflug stofnun og kannski virðist manni meira að þumalputtinn sé settur upp í loftið en að fram hafi farið raunverulegt mat á því hvað stofnunin þurfi til að komast af stað sem hlutafélag.

Hlutaféð skal í upphafi allt vera í eigu ríkisins og gengið út frá því að í fjárlögum verði gert ráð fyrir þessum 350–400 millj. kr. Það hlýtur þá að birtast í fjáraukalögum eftir að búið er að samþykkja þetta lagafrumvarp. Ef ég man rétt er ekki heimild fyrir þessum 350–400 millj. kr. í fjárlögum þessa árs.

Frumvarpið var náttúrlega lagt fram í fyrra þannig að dagsetningar í því eru úreltar. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar á þessu ári, sem er nú löngu liðinn. Það er gert ráð fyrir að stofnfundur hins nýja hlutafélags verði 1. febrúar á þessu ári, eða í næstu viku, og að fyrirtækið hefji starfsemi 1. ágúst. Þessar dagsetningar hljóta meira og minna allar að vera komnar á flot. Ekki er gert ráð fyrir því, held ég, að menn nái að standa við þær vegna þess að málið hefur tafist talsvert í meðförum.

Ef maður rúllar í gegnum greinargerðina með frumvarpinu — og eins og ég sagði áðan er hún ansi yfirgripsmikil, ítarleg og vönduð — sést að það er búið að skoða þetta mál nokkuð lengi. Þann 22. mars árið 2004 var skipaður starfshópur til að skoða þetta mál og hann skilaði tillögum 24. maí 2004. Þær virðast hafa legið nokkuð lengi án þess að meira hafi verið með þær gert. Þann 6. júní árið 2005 var skipaður sá starfshópur sem skilaði af sér því frumvarpi sem við erum að lesa hér og fara yfir. Þegar maður skoðar nálgunina hjá báðum nefndunum sem farið hafa yfir þetta sýnist mér að þær leggi talsvert upp úr því að atvinnulífið komi að þessari vinnu, að atvinnulífið komi að því að semja þetta frumvarp og síðan að rekstri þessa hlutafélags eftir að það er komið á koppinn. En mér sýnist að milli ársins 2004 og 2005 hafi kannski gleymst að kalla atvinnulífið að málinu. Sú nefnd sem hefur samið þetta frumvarp og þá greinargerð sem fylgir er, sýnist mér, eingöngu skipuð ráðuneytisstjórum og skrifstofustjórum úr ráðuneytunum sem um ræðir.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir:

„Gert er ráð fyrir virkri aðkomu viðkomandi ráðuneyta og aðila atvinnulífs á sviði matvælaframleiðslu í stjórn hennar. Stofnunin taki mið af stefnu stjórnvalda í málefnum matvælarannsókna og verði starfrækt á ábyrgð ríkisins og samtaka atvinnulífsins á þessu sviði.“

Eftir að hafa lesið frumvarpið og síðan greinargerðina sé ég ekki í fljótu bragði að gert sé ráð fyrir mikilli aðkomu atvinnulífsins. Gert er ráð fyrir einum fulltrúa í sjö manna stjórn sem komi frá Samtökum atvinnulífsins, en mér sýnist það vera nánast eina aðkoman sem slík. Þess vegna veltir maður því fyrir sér af hverju atvinnulífið hafi verið skilið eftir við samningu frumvarpsins og ákveðið að fara eingöngu í það á vettvangi ráðuneytanna — eins og ég sagði áðan var mjög rík áhersla lögð á það í greinargerðinni að atvinnulífið kæmi að undirbúningi og yrði síðan aðili að hinu nýja fyrirtæki þegar fram liðu stundir.

Þegar verið er að tala um að breyta opinberum stofnunum í hlutafélög má jafnan finna texta þar sem gert er ráð fyrir að rýra rétt þeirra sem halda áfram að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi miðað við þann rétt sem þeir höfðu hjá opinberu stofnuninni áður en breytingin verður. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór ágætlega yfir það hér áðan. Þegar við horfum til þess að hlutafélagið er í upphafi með einn hlut,

einn aðila sem ræður — í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að hæstv. sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkisins — þá hefði maður nú haldið, eins og ég sagði hér í upphafi, að ekki væri í sjálfu sér erfitt að reka slíka stofnun og þróa hana, hvort sem um hlutafélag eða opinbera stofnun er að ræða.

Við skoðun í allsherjarnefnd hlýtur að þurfa að tryggja að eftir að frumvarpið verður að lögum, hvort sem það verður breytt eða í núverandi mynd, verði þjónusta umræddra rannsóknastofnana við atvinnuvegina ekki lakari en verið hefur. Heildarmyndin á þessu sviði þarf að verða öflugri, bæði í vísinda- og rannsóknastarfsemi og ekki síður í þjónustu við atvinnugreinina og aðra sem á þurfa að halda. Það er til lítils að fara af stað ef sú verður ekki niðurstaðan þegar upp er staðið. Það er gert ráð fyrir því í greinargerð að fleiri stofnanir á vegum ríkisins geti síðan sameinast hinu nýja fyrirtæki þegar fram líða stundir. Ég held að það sé rétt að byrja frekar rólega og reyna að finna þessari nýju sameiginlegu stofnun farveg og finna henni stað á því sviði sem hún á að vinna á, hvort sem hún endar sem hlutafélag eða ekki. Því hún verður að ná að fóta sig — það er nógu erfitt að steypa saman þremur stofnunum þó ekki sé verið að breyta forminu á rekstrinum um leið — og hún verður að fá að fóta sig í friði áður en farið verður í að bæta við hana eða selja úr henni.

[15:52]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er verið að ræða um að sameina stofnanir og búa til hlutafélag. Ég hefði talið að þegar farið væri út í slíka vinnu yrði litið yfir farinn veg og skoðað hvernig tekist hefur til með sameiningu stofnana áður og hvað hefur vantað upp á. Ég rakti það í andsvari við hæstv. forsætisráðherra að ekki hefði alltaf tekist vel upp. Ég vitnaði þar til sameiningar Ríkisspítalanna. Ég var hlynntur þeirri sameiningu og studdi hana en eftir sem áður er það staðreynd, sem kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2003, þar sem árangurinn var metinn, að ákveðna hluti skorti. Í skýrslunni segir, á bls. 20, að við upphaf sameiningarinnar hafi ekki legið fyrir nein heildarstefnumörkun. Á næstu blaðsíðu segir að ekki hafi legið fyrir nein mælanleg markmið. Ég hefði talið að þegar reynslan af því að hafa enga heildarstefnumótun og engin mælanleg markmið liggur fyrir yrði það haft að leiðarljósi þegar verið væri að sameina þessar rannsóknastofnanir og búa til hlutafélag. Ég hefði haldið að menn mundu spyrja hver hin mælanlegu markmið með þessu frumvarpi ættu að vera til að geta metið árangurinn? Ég hefði talið að það ætti að vera meginmálið.

Í öðru lagi eiga menn að líta til þess hvað hefur vantað upp á — nú er verið að búa til hlutafélag í eigu ríkisins — hjá þeim fyrirtækjum sem eiga í samkeppni við hlutafélög í eigu ríkisins? Það hefur komið fram að meðan Síminn var hlutafélag var mjög erfitt að fá upplýsingar um rekstur hans og hvort hann færi að samkeppnislögum. Ég hefði talið að þau atriði hefði átt að skoða og hafa að leiðarljósi í greinargerðinni. Í svari hæstv. forsætisráðherra kom fram að ný lög lægju fyrir sem ættu að hafa það að markmiði að tryggja upplýsingaskyldu. Ég hef rennt í gegnum það frumvarp. Það er mjög veikt og ég tel að það haldi varla. Það er svona málamyndafrumvarp. Samfylkingin hefur kynnt annað frumvarp hér sem er að mínu mati miklu öflugra. Ef forsætisráðherra hefði virkilega hug á að tryggja að upplýsingar um rekstur hlutafélaga í eigu ríkisins lægju fyrir þá væri miklu nær að samþykkja það, frekar en það málamyndafrumvarp sem Framsóknarflokkurinn stendur fyrir.

En hvert er vandamálið í þessu? Vandamálið er að samkeppnis- og hlutafélagarekstur er svolítið snúinn í þessum geira. Það þarf að vera ákveðinn viðbúnaður hjá rannsóknastofnunum sem er ekkert mjög arðbær. Síðan er hið nýja hlutafélag í eigu ríkisins jafnframt í samkeppni við einkahlutafélög. Það er svolítið snúið að vera með hlutafélag í eigu ríkisins, sem hefur beinar sértekjur af því að vera með viðbúnað — þurfa að sinna ákveðnum verkefnum, vera t.d. í stakk búið til að rannsaka sjúkdómsvaldandi bakteríur eins og kampýlobakter og salmonellu — og vera jafnframt í samkeppni við einkaaðila sem eru í því að rannsaka ákveðnar bendibakteríur sem eru svona rútínurannsóknir. Ef þær bakteríur fara of hátt þarf að fá aðstoð stofnunar sem hefur yfir viðbúnaði að ráða.

Að mínu mati hefðu meginmarkmið frumvarpsins átt að vera þessi: Í fyrsta lagi að taka á hinum mælanlegu markmiðum og í öðru lagi að taka á samkeppnisþættinum sem verður gífurlega snúinn fyrir þau einkafyrirtæki sem eru í samkeppni við hlutafélag í eigu ríkisins.

Í frumvarpinu kemur fram að allt á að verða betra. Það á að auka nýsköpun, auka bolmagn, taka aukinn þátt í alþjóðlegu samstarfi og bæta þjónustu við háskólann. Það er eins og allt verði betra við það eitt að frumvarpið fari í gegn. En svo segir mér hugur að sú verði ekki endilega raunin, sérstaklega ekki í ljósi reynslunnar. Þegar menn hafa farið af stað með sameiningar, svo sem á sjúkrahúsunum, án nokkurra mælanlegra markmiða getur þetta verið snúið. Að ekki sé talað um þegar menn eru í bland með samkeppnisrekstur og ákveðinn viðbúnað og hafa bein fjárframlög frá ríkinu.

Það er annað sem hræðir. Mun þetta verða til þess að verkefni færist út á land? Á Ísafirði væri hægt að koma upp, ef vilji væri fyrir hendi, ákveðinni þjónustu á rannsóknarsviði. En við breytingar, sameiningu stofnana, er eins og verkefnin sogist frekar suður. Ég hef því miður dæmi um það á Norðurlandi vestra. Þar var starfsmaður sem heyrði undir eina umhverfisstofnunina, eina þeirra stofnana sem gekk inn í Umhverfisstofnun. Það starf færðist suður. Síðan koma menn á dagpeningum norður. Þetta á landsbyggðin við að etja og þetta hefur verið viðhorf stjórnvalda á síðustu 10 árum — það hefur verið mjög erfitt að fá verkefnin út á landsbyggðina þó að þar sé bæði starfsfólk og geta til að sinna þeim og þó að það sé miklu ódýrara. En það hefur verið nefnt að þetta mál snúist um þjónustu við atvinnuvegina. Það er vissulega rétt. Það snýst upp að ákveðnu marki um þjónustu við atvinnuvegina, þjónustu við sjávarútvegsinn og landbúnaðinn. En það verður að huga að fleiri þáttum. Þetta snýst einnig um neytendur í landinu. Það þarf líka að horfa til þess þáttar. Þetta er ekki eingöngu einhver rekstur heldur líka ákveðin neytendavernd.

Í þriðja lagi, og það skiptir ekki minna máli fyrir bæði neytendur og atvinnuvegina, snýst þetta mál einnig um stjórnsýslu. Það þarf að safna upplýsingum um ástand — aðskotaefni, örverur — matvöru og það þarf að miðla

ákveðnum upplýsingum, jafnvel út í heim. Hér er því um mikilvæga starfsemi að ræða og ég hefði talið að menn hefðu átt, eins og ég sagði hér, að líta til þeirra þátta sem skipta hvað mestu máli hér. Það er annars vegar hvernig það fer með samkeppni — hlutafélag sem er í eigu ríkisins, sem verður þá í samkeppni við hlutafélög sem eru á einkamarkaði og verður þá með fastar greiðslur frá ríkinu og það er verið að efla það þannig að það mun miklu frekar þrengja að þeim sem eru fyrir á markaðnum. Áður en farið er af stað með svona stofnun þurfa menn líka að hafa hugsað út í það, sérstaklega í ljósi fyrri ádrepu frá Ríkisendurskoðun, að hafa einhver mælanleg markmið. Mér finnst skorta á það í þessu máli.

[16:03]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við fjöllum hér um frumvarp til laga um stofnun Matvælarannsókna hf. Þetta er eitt af þeim málum sem hæstv. ríkisstjórn leggur fram þar sem verið er að hlutafélagavæða stofnanir ríkisins og hafa flestar athugasemdir sem komið hafa fram nú við 1. umr. að mestu leyti lotið að þessari formbreytingu.

Ég tel að allir sem hér hafa lagt orð í belg hafi fagnað því, og ég geri það sérstaklega, að efla eigi matvælarannsóknir á Íslandi, það er mjög mikil og brýn þörf á að gera það. Það hefur legið fyrir um nokkurra ára skeið og sérstaklega síðustu árin þegar upp hafa komið alvarlegar sýkingar þegar í raun og veru er verið að bíða eftir að því hingað berist svokölluð fuglaflensa, að við þurfum ekki bara að efla rannsóknir vegna íslenskrar matvælaframleiðslu heldur ekki síður vegna matvælaöryggis, vegna sýkla eða veira eða efnasambanda sem berast erlendis frá með og í matvælum. En ég set spurningarmerki við þá leið sem hér hefur verið valin og ég tel að hvernig sem mál þetta fari verði að gefa því góðan tíma á hinu háa Alþingi og í meðferð nefnda, ekki eingöngu allsherjarnefndar að mínu mati heldur verði að vísa frumvarpinu til umfjöllunar bæði í umhverfisnefnd og landbúnaðarnefnd og sjávarútvegsnefnd og fá þannig viðhorf þessara nefnda til þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Ég tel það mjög mikilvægt. Einnig þarf að gefa sér tíma til að hlusta á þá sem nú þegar vinna á þessu sviði og fá fram viðhorf þeirra.

Það að hlutafélagavæða stofnun fyrir matvælarannsóknir samkvæmt frumvarpinu er talið heppilegt því að þá sé stofnunin sveigjanlegri og geti tekið fleiri aðila til samstarfs inn í þetta félag. Hugmyndafræðin er góð þegar verið er að tengja slíka starfsemi við atvinnulífið og þá sem hafa hagsmuna að gæta að styrkja eina miðstöð matvælarannsókna. Hugmyndafræðin hefur tvær hliðar því ég tel að sú hugsun sé einnig varasöm að því leyti til að aðilar sem eiga einmitt hagsmuna að gæta geta veikt stofnunina faglega, þ.e. dregið úr sjálfstæði hennar og faglegum vinnubrögðum með því að hafa óbein áhrif á val rannsókna, og gert niðurstöður ótrúverðugri ef eignaraðilar eru einnig þeir sem eiga hagsmuna að gæta. Ég tel að skoða þurfi líka mjög vel tenginguna út í atvinnulífið og hvaða áhrif hún hefur á sjálfstæði stofnunarinnar sem óháðrar og sjálfstæðrar rannsóknastofnunar sem á að vera yfir allan vafa hafin hvað niðurstöður rannsókna og val á rannsóknum varðar.

Með því að hlutafélagavæða stofnunina segir það sig sjálft að þá er líka hægt að selja hana eða selja úr henni hluta starfseminnar, hugsanlega þá þann hluta sem er mest markaðsvænn, þann hluta rekstursins sem gefur mestan arð og ekki er ólíklegt að eftirspurn verði eftir þeim hluta rekstursins. Ef stofnunin er komið á markað má búast við að hún verði þá að hluta til að verja sig líka ef hún á að vera til framtíðar eins og er sett fram í frumvarpinu, þannig á sala á stofnuninni eða hluta hennar liggur alveg fyrir.

Síðan er það alveg ljóst að með því að gera matvælarannsóknastofnun að hlutafélagi þá er það eðli slíks félags að krefjast arðs og þá spyr maður sig: Hvar á að ná þeim arði? Hvernig kemur sú krafa fram? Snýr hún t.d. að sveitarfélögunum varðandi rannsóknir á sýnum m.a. frá heilbrigðiseftirlitinu? Hvernig verður sá kostnaður, munu þau útgjöld þyngjast sem sveitarfélögin hafa af þeim rannsóknum sem þau eru skyldug til að láta fara fram? Ég held að við yfirferð í nefndum eigi menn líka að skoða alveg blákalt hver kostnaðaraukinn verður fyrir þessa aðila og ekki síst sveitarfélögin sem verða að nýta þessa þjónustu því að í frumvarpinu kemur fram að þessi stofnun muni verða svo sterk að hún geti boðið í þá þætti sem boðnir verða út, en nú á að bjóða út alla rannsóknarþætti. Þessi stofnun verður svo sterk að hún getur boðið í þjónustu en ekki er þar með sagt að sú samkeppni sem hér er á markaði skili þeim sem nota þjónustuna hagræðingu eða sparnaði.

Meginröksemd í frumvarpinu er að hlutafélagavæðingin geri stofnunina sveigjanlegri en ef hún væri opinbert fyrirtæki. Vissulega gerir hún það en þá er spurningin hvort það sé allt í plús eða hvort einhverjir mínusar séu við það. Ís máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar hefur komið fram að mínusarnir eru til staðar og þeir snúa m.a. að starfsmönnunum sem hafa ekki eftir þessa formbreytingu sömu réttindi og þeir hafa í dag. Hvað varðar þann sveigjanleika sem verið er að tala um, að geta tengst öðrum fyrirtækjum eða styrkt þær stofnanir sem standa eiga að Matvælarannsóknum hf., þá tel ég að þeim markmiðum væri einnig hægt að ná með því að gera samstarfssamninga við fleiri aðila án þess að þeir verði beinir hluthafar í félaginu. Ef vilji væri fyrir hendi væri hægt að ná og nálgast markmið frumvarpsins t.d. með því að koma upp öflugri matvælarannsóknastofnun sem hefði tengingar út í þjóðfélagið til fleiri stofnana m.a. með samstarfssamningum.

Ég tel að horfa verði á það og skoða mjög vel við yfirferð málsins hvort trúverðugleika stofnunarinnar verði á einhvern hátt stefnt í voða með aðild hagsmunaaðila og eins hvort þessi formbreyting muni ekki hafa sama í för með sér og formbreyting hjá Rafmagnseftirliti ríkisins yfir í einkarekstur hafði varðandi þjónustu. Það á við um fleiri svið þar sem þjónustan og eftirlitsþátturinn hefur stóraukist. Við eigum eftir að sjá hvernig fylgja á eftirlitshlutverkinu eftir en ég tel að það hefði þurft að fylgja frumvarpinu að hægt væri að sjá hvaða hugmyndir eru uppi um þessa formbreytingu alveg til enda.

Þær stofnanir sem standa munu að Matvælarannsóknum hf. eru flestar hverjar rótgrónar stofnanir. Litið hefur verið öfundaraugum til okkar hvað varðar samstarf Háskóla Íslands og Landbúnaðarstofnunar sem nú er eða landbúnaðarráðuneytisins varðandi rannsóknir á sjúkdómum bæði í dýr-

um og mönnum sem farið hafa fram á Keldum. Með þessu frumvarpi er væntanlega verið að slíta á það samstarf ef ég les það rétt og ég verð þá leiðrétt ef svo er ekki. Ég tel að efla beri þetta samstarf frekar en hitt, sérstaklega með tilliti til þess ástands sem nú ríkir þar sem yfirvofandi hætta er á heimsfaraldri, og því kalla ég eftir því að þessari öryggisrannsóknastofu verði komið upp, hvar svo sem hún verður, og í raun og veru megi ekki bíða eftir því að þessari stofnun, Matvælarannsóknum hf., verði komið á laggirnar því að við þurfum að hafa viðhlítandi öryggisrannsóknastofu tilbúna þegar í vor. Það er verkefni sem út af fyrir sig er óháð þessu frumvarpi.

Það eru nokkur atriði sem ég vildi koma hér að við fyrstu yfirsýn en ég fagna því að skilningur og áhugi er á því að efla matvælarannsóknir. Þær stofnanir sem við eigum yfir að ráða í dag eru margar hverjar veikburða og það er styrkur í því að sameina þær en það er ekki sama hvernig það er gert. Eins tel ég að fara verði mjög vandlega yfir það hvernig samskiptum háskólanna og verðandi matvælarannsóknastofnunar eigi að vera háttað, hvernig samskipti hlutafélagið eigi að hafa við háskólana. Einnig að farið verði vel yfir það hvar starfsemin fari alfarið fram, hvort ekki sé rétt við þessa formbreytingu að huga að því að efla starfsstöðvar úti um land undir þessari stofnun. Það er tilhneiging og allt að því lögmál að við formbreytingar sem gerðar hafa verið á rekstri stofnana hafa störfin sogast af landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðið. Þetta gerðist með stofnun umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnun, og nefni ég þar m.a. hreindýrarannsóknirnar sem höfðu bækistöðvar og voru alfarið austur á Héraði en eru nú horfnar þaðan sem lítil stjórnsýslustöð. Reyna á að snúa þessari þróun við og efla starfsemi þar sem hún á við en gera það með opnum huga og hafa það sem hluta af þeim breytingum sem verið er að gera, hvort sem það heitir Landbúnaðarstofnun eða Matvælarannsóknir hf. eða hvaða stofnun það er sem verið er að efla og slá saman, að hafa það þá inni í skipulaginu að efla samhliða starfsemi úti um land.

Ég endurtek að ég tel að þetta frumvarp til laga um stofnun Matvælarannsókna hf. verði að fá umfjöllun fleiri nefnda en eingöngu allsherjarnefndar því að málið nær yfir svo breitt svið og þess vegna verði að gefa því góðan tíma í þinginu.

[16:18]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að bæta örfáum orðum við það sem ég hef áður sagt í dag. Ég sagði mikilvægt að við tækjum þessu frumvarpi og þeim hugmyndum sem í því eru með opnum huga. Ég setti fram ýmsar efasemdir í upphafi. En þetta með hinn opna huga á einnig við um frumvarpið, það er að mörgu leyti mjög opið. Þannig er í 2. gr. þess vísað í markmið og tilgang félagsins en jafnframt sagt að það verði í verkahring stjórnar stofnunarinnar að skilgreina hlutverk þess a.m.k. að hluta til. Hér segir, með leyfi forseta:

„Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess."

Stofnunin á síðan að sinna ýmsum lögbundnum verkefnum. Hér segir t.d. í greinargerð með frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er talið að Matvælarannsóknir hf. beri skýra skyldu til að sinna rannsóknum fyrir ríkið á sviði matvælaöryggis."

Í greinargerð með 7. gr. frumvarpsins er einnig kveðið á um lagaskyldur og öryggisskyldur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt lögum nr. 93/1995, um matvæli, ber íslenska ríkinu að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi." — Síðan er haldið áfram rökstuðningi þar að lútandi.

Ég sagði áðan að mikilvægt væri að efla rannsóknastofnun á þessu sviði en jafnframt hafði ég efasemdir um að fyrirtæki ættu að fá eignarhald í slíkri stofnun. Ég tek undir það fram hefur komið, nú síðast hjá hv. þm. Þuríði Backman, að sú lína er vandrötuð. Það getur gerst að fyrirtæki sem sjálf hafa hagsmuna að gæta verði beinlínis hemill á frjálsar rannsóknir í viðkomandi stofnun. Við þekkjum deilur um erfðabreyttar lífverur o.s.frv., hatrammar deilur sem snerta hagsmuni fyrirtækja. Þetta er viðfangsefni sem þarf að skoða rækilega, hvort samstarf rannsóknastofnana sem eiga að sinna lögbundnu öryggishlutverki fyrir ríkið og samkvæmt lögum eiga erindi út á markað hvað eignarhaldið varðar. Öðru gegnir um samstarfsverkefni.

Reyndar er gengið ansi langt í þessu frumvarpi hvað það snertir því að gert er ráð fyrir að öll verkefni á vegum stofnunarinnar verði boðin út, eins og fram kom hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni og Þuríði Backman. Ég ítreka efasemdir mínar um að við stígum hér heillavænlegt spor þó að ég styðji að rannsóknir á þessu sviði verði efldar, þess vegna í einni stofnun.

Að lokum ítreka ég fyrirvara minn gagnvart réttarstöðu starfsmanna. Ég legg áherslu á að þau mál verði rækilega könnuð áður en frá málinu verður gengið. Ég tek undir lokaorð hv. þm. Þuríðar Backman, að þetta mál þarf að fá góða og yfirvegaða skoðun og umsagnir allra hlutaðeigandi aðila.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 353. mál (afnám séréthlutunar á þorski). — Þskj. 387.

[16:23]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu sem hér um ræðir er lagt til að felld verði niður árleg úthlutun aflamarks, samkvæmt 9. gr. a, í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og í staðinn verði aflahlutdeild í þorski úthlutað varanlega til þeirra báta sem þessarar úthlutunar hafa notið.

Í upphafi árs 1999 var ákveðið að í sjö ár eða frá fiskveiðiárinu 1999/2000 til fiskveiðiársins 2005/2006 skyldi úthluta 3.000 lestum af óslægðum þorski til fiskiskipa sem höfðu haft aflahlutdeild 1. desember 1998 og minni voru en 200 brúttótonn, enda hefðu þau landað þorskafla á fisk-

veiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Þetta ákvæði var sett sem bráðabirgðaákvæðin við lög um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990. Þessi 3.000 lesta sérstaka úthlutun hefur verið kölluð „jöfnunarpottur" í daglegu tali.

Úthlutun til einstakra báta er miðuð við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Eins og áður sagði er við úthlutun miðað við aflahlutdeildarstöðu einstakra fiskiskipa 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári. Úthlutun til fiskiskips má þó aldrei leiða til þess að bátur fái meira en 100% aukningu í þorskaflamarki og enginn fær hærri úthlutun en 10 lestir, miðað við óslægðan fisk. Loks má úthlutun aldrei leiða til þess heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals í upphafi fiskveiðiárs.

Aflaheimildum samkvæmt ofangreindri grein hefur verið úthlutað árlega síðan á fiskveiðiárinu 1999/2000. Í upphafi áttu 497 fiskiskip rétt til úthlutunar og þar af voru 234 með hámarksúthlutun en önnur með minna. Hámarksúthlutun til hvers skips er 10 lestir af óslægðum þorski, eins og fyrr er sagt, en það jafngildir 8,4 lestum af slægðum þorski. Fjöldi úthlutunarrétta er óbreyttur frá upphafi en það tekur nokkrum breytingum milli fiskveiðiára hvernig úthlutun skiptist milli fiskiskipa. Hafa 40 úthlutunarréttir aldrei gefið úthlutun og hefur skýringin annaðhvort verið sú að skip hafi átt aflaheimildir yfir 450 þorskígildislestum eða engar aflaheimildir í þorski. Með lögum nr. 85/2002 var ákveðið að fyrrgreint ákvæði félli ekki niður í lok fiskveiðiársins 2005/2006 eins og upphaflega stóð til heldur yrði varanlegt og var það flutt inn í megintexta sem 9. gr. a, laga nr. 38/1990.

Hér er hins vegar lagt til að fallið verði frá sérreglum varðandi úthlutun á þessum 3.000 lestum af þorski og að fiskiskipum sem þessarar úthlutunar hafa notið verði í staðinn úthlutað aflahlutdeild frá og með fiskveiðiárinu 2006/2007. Efnisbreytingarnar felast í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins og 1. og 2. gr. frumvarpsins er afleiðing af niðurfellingu greinarinnar.

Gert er ráð fyrir að við útreikning aflahlutdeildar hvers úthlutunarréttar verði reiknigrunnurinn meðaltal þess aflamarks sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006, að báðum árum meðtöldum. Þó skal skerða meðaltalið hlutfallslega miðað við lækkun leyfilegs heildarafla í þorski milli fiskveiðiáranna 1999/2000 og 2005/2006. Leyfilegt aflamark í þorski var á fiskveiðiárinu 1999/2000 250 þús. lestir en er á yfirstandandi fiskveiðiári 198 þús. lestir. Rétt þykir að miða við það ár er fyrst kom til úthlutunar úr jöfnunarpotti. Fullur réttur mun þá standa í 6,65 lestum miðað við slægðan þorsk. Aflahlutdeild hvers fiskiskips er síðan reiknuð út frá reiknigrunni þess sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2005/2006 í þorski.

Ástæða þess að þessi breyting er lögð til er sú að sérstök úthlutun, sem ekki byggir á aflahlutdeild heldur á öðrum forsendum, skapar óhagræði án þess að séð verði, eftir að fallið var frá að hafa ákvæðið tímabundið, að það hafi lengur nokkurn sérstakan tilgang. Eins og áður segir þarf aflamarksstaða fiskiskips að vera með ákveðnum hætti um hver fiskveiðiáramót til að rétturinn nýtist að fullu. Hjá nokkrum hluta skipanna hefur það leitt til þess að aflaheimildir eru ýmist fluttar af skipum eða á þau til að þau verði í heppilegri aflamarksstöðu um fiskveiðiáramót. Þá hafa þröngar reglur sem gilt hafa um flutning úthlutunarréttar milli skipa valdið óhagræði, m.a. við endurnýjun skipa og sameiningu aflaheimilda. Þetta gildir ekki síst um minni útgerðir. Til eru allmörg dæmi um að menn hafi orðið að halda fiskveiðiréttinum, þessum jöfnunarrétti, á gömlum skipum þrátt fyrir að hafa keypt ný skip, til að verja þann rétt sem ekki hefur verið hægt að færa á milli og sameina líkt og annars er gert með aflahlutdeild.

Það þykir ástæða til þess að einfalda fiskveiðistjórnarkerfið og gera þá breytingu sem hér er lögð til. Rétt er að árétta að hún raskar ekki þorskveiðiaflaheimildum einstakra skipa þar sem þessi sérstaka úthlutun hefur ávallt verið dregin frá leyfilegu heildaraflamarki í þorski fyrir úthlutun á grundvelli aflahlutdeildar en fellur nú inn í hina almennu úthlutun. Hins vegar er ljóst að þegar þessi breyting tekur gildi þarf að endurreikna aflahlutdeild allra fiskiskipa í þorski með hliðsjón af breytingum sem þessi úthlutun aflahlutdeildar veldur.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. sjávarútvegsnefndar.

[16:29]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það lætur nú ekki mikið yfir sér frumvarpið sem við erum að ræða. Það er örfáar setningar um að 9. gr. a í fiskveiðistjórnarlögunum falli brott. Eins og hæstv. ráðherra fór hér yfir snýst þessi 9. gr. um það að hingað til í nokkuð langan tíma hefur verið úthlutað jöfnunarpotti, sem kallaður hefur verið, upp á 3 þús. tonn af þorski til ákveðins hóps báta. Fyrst var þetta tímabundið og átti að vera frá fiskveiðiárinu 1999/2000, þeim fiskveiðiáramótum til 2005/2006. En árið 2002 var þetta ákvæði gert varanlegt. Þá var fest í fiskveiðistjórnarlögunum að úthluta bæri þessum hópi báta þessum 3.000 tonnum, ekki tímabundið eins og áður hafði verið heldur var þar komin varanleg heimild til að úthluta þeim þessum 3.000 tonnum.

Í ákvæði til bráðabirgða segir, með leyfi forseta:

„Í upphafi fiskveiðiárs 2006/2007 skal úthluta aflahlutdeild í þorski þeim fiskiskipum sem réttur skv. 9. gr. a er bundinn við 28. október 2005."

Ég velti því fyrir mér af hverju þarna standi 28. október 2005. Ég sé ekki alveg í fljótu bragði ástæðuna fyrir dagsetningunni og þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti svarað þeirri spurningu hér á eftir af hverju þessi dagsetning er valin. Síðan segir í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Reiknigrunnur hvers úthlutunarréttar nemur meðaltali þess aflamarks sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006, að báðum árum meðtöldum. Þó skal skerða meðaltalið hlutfallslega miðað við lækkun leyfilegs heildarafla í þorski milli fiskveiðiáranna 1999/2000 og 2005/2006. Aflahlutdeild hvers fiskiskips er síðan reiknuð út frá reiknigrunni þess sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2005/2006 í þorski. Heimilt er ráðherra að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um flutning

réttar milli fiskiskipa. Að lokinni þessari úthlutun skal aflahlutdeild allra fiskiskipa í þorski endurreiknuð með hliðsjón af þeim breytingum sem af þessari úthlutun leiðir."

Ég verð nú að viðurkenna, frú forseti, að ég varð að lesa þetta ákvæði til bráðabirgða nokkrum sinnum áður en ég skildi hvað var í raun verið að gera og áttaði mig ekki alveg strax á þeirri breytingu sem þarna á sér stað. Þó kom fram hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra í framsögu fyrir þessu frumvarpi hér áðan að með þessu frumvarpi er verið að fella niður þessa sérstöku úthlutun á þessum 3.000 tonnum til þessara báta. Jafnframt er verið að skerða þessar 3.000 lestir talsvert frá því sem verið hefur en um leið að leyfa mönnum að fara með þetta eins og hverja aðra aflahlutdeild þannig að aflétt væri takmörkunum á flutningi og slíku. Mér sýnist því í fljótu bragði, þegar við förum yfir það sem þetta kemur til með að gera, að réttur ákveðinna báta til að fá úthlutað 3.000 tonnum af þorski, eins og verið hefur frá árinu 1999, er að falla niður og nú eiga þeir eftirleiðis að fá úthlutað hlutdeild af heildarþorskaflamarki.

Eins og þessu er lýst í frumvarpinu þá á ekki að miða við hve stórt hlutfall 3.000 tonn af þorski er á núverandi aflamarki, eða þeim 198.000 tonnum sem eru á yfirstandandi ári, heldur á að miða við hversu stórt hlutfall 3.000 tonn voru af 250.000 tonnum sem var aflamarkið á árinu 1999 þegar þetta var sett á. Þetta þýðir að í staðinn fyrir að 3.000 tonnum sé úthlutað verður úthlutað 2.376 tonnum. Það er í raun verið að skerða aflaheimildir þessara báta um 624 tonn. Ef við veltum því fyrir okkur hvaða stærðarhlutföll eru á þessu svona fjárhagslega þá sýnist mér miðað við leiguverð á markaði í dag að þetta séu um það bil 75 milljónir á ársgrundvelli fyrir leigu. En ef við horfum á verðlag á varanlegum kvóta þá er í raun verið að taka af þessum bátum sem fengið hafa 3.000 tonn, burt séð frá því hvert heildaraflamarkið sé, sem nemur um það bil einum milljarði króna að verðmætum í varanlegum aflaheimildum.

Nú getur vel verið að þessi hópur báta telji það bara eðlilegt og sjálfsagt, eða eigendur þeirra, að þeir þurfi að greiða fyrir að af þessum kvóta, af þessum 3.000 tonnum, sé aflétt þeim kvöðum sem á honum hafa verið frá því að þetta var sett inn. Árið 2002 virtist þingið telja eðlilegt að halda þessu inni áfram og hætta að hafa það tímabundið eins og það hafði verið áður, heldur yrði það gert ótímabundið eins og þá var gert. En nú virðist hæstv. ráðherra telja að ekki sé hægt að hafa það þannig lengur. Ég skil að mörgu leyti þá viðleitni að reyna að einfalda kerfið eins og hægt er og kannski reyna að minnka sérstakar úthlutanir. En ég velti því fyrir mér hvort sú skerðing miðað við undanfarin ár sem þessir bátar verða fyrir, verði þetta að lögum, sé eðlileg og hvort hæstv. ráðherra hafi á einhvern hátt haft samráð við fulltrúa eigenda þessara báta eða velt því upp hvort menn séu tilbúnir til að sætta sig við þessa skerðingu gegn því að fá aukin réttindi til að færa og flytja á milli því það er í raun það eina sem eigendur þessara báta eru að fá í staðinn fyrir þau 624 tonn sem þetta mundi skerðast um ef miðað er við 198.000 lesta aflamark.

Nú ætla ég ekki í þessari ræðu að eyða mjög löngum tíma í að ræða þetta. Þetta er tiltölulega einfalt mál. Það snýst um, eins og ég var að segja, frú forseti, talsvert háar fjárhæðir því um leið og við erum farin að tala um eitthvað sem heitir tugir tonna eða hundruð tonna í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi með þeim takmörkunum sem á því er þá myndast þessi mikli verðmætaréttur. Því er eðlilegt að maður velti fyrir sér tilfærslu á 624 tonnum því í raun er verið að færa 624 tonn frá þessum bátahóp yfir til allra hinna. Það er verið að setja þetta inn í heildaraflamarkið og það kemur til með að breytast hjá hinum til hækkunar en hjá þessum bátum kemur þetta til með að virka til lækkunar. Þegar um er að ræða í varanlegum heimildum, eins og ég sagði áðan, verðmæti upp á rúmlega þúsund milljónir króna eða í kringum milljarð á því gengi sem nú er á varanlegum kvóta þá hlýtur maður að velta fyrir sér hvort svona lagað gangi í gegn án þess að nokkur lyfti augabrún eða reyni með neinum hætti að spyrja út í hvort þarna sé eðlilega að staðið.

Mér þætti vænt um frú forseti, ef hæstv. ráðherra gæti gefið sér tíma til að svara þeim spurningum sem ég hef hér lagt fram því ég tel nauðsynlegt fyrir okkur áður en við getum rætt þetta mikið lengur að fá svör við þeim.

[16:38]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna á þessum tveimur mínútum að svara þeim spurningum sem hv. þingmaður spurði mig.

Það er fyrst varðandi þessa dagsetningu. Hún er eingöngu miðuð við það þegar frumvarpið var lagt fram eða unnið til að skapa ekki óvissu eða kapphlaup. Við vildum einfaldlega setja ákveðið strik undir það. Eins og við þekkjum oft þegar verið er að gera slíkar breytingar þá fara menn að bregðast við í ljósi frumvarpanna. Við vildum einfaldlega reyna að stöðva það.

Í annan stað um skerðingu á pottunum. Það er alveg rétt að við erum hérna að miða við þá aflahlutdeild sem við getum sagt sem svo að hafi verið tekin upphaflega út úr heildaraflahlutdeildinni, heildaraflamarkinu á sínum tíma á kvótaárinu 1999/2000. Við erum núna að skila inn í þetta sams konar hlutdeild og við upphaflega tókum út. Það er út af fyrir sig hægt, eins og hv. þingmaður gerði hér áðan, að reyna að reikna þetta þannig að verið sé að taka verðmæti af þessum hluta flotans og færa eitthvert annað. Ég hygg nú að aðrir gætu reiknað annað út og ég bjóst frekar við því úr þessari áttinni satt að segja að það yrði reiknað á þann veginn því að sannleikurinn er sá að með þessari breytingu núna verður þessi 3.000 tonna pottur mun verðmætari í rauninni en áður vegna þess að markaðsvirði þessara fiskveiðiréttinda sem þessi tonn gáfu var helmingurinn á við markaðsvirðið í tonnum í aflahlutdeildarkerfinu sjálfu. Því má segja sem svo að fyrst þurfi menn að margfalda með tveimur og síðan að draga frá þá skerðingu sem hv. þingmaður var að tala um. Eftir sem áður held ég að það sé augljóst að verðmæti þeirrar hlutdeildar sem núna er verið að setja fram er meira en verðmæti þess kvóta sem var til staðar. Ég gæti alveg skilið frá sjónarhóli hv. þingmanns eða að minnsta kosti flokksbræðra hans í Samfylkingunni ef þeir hefðu gagnrýnt það að verið væri að færa þetta einhverjum að gjöf. En mér finnst að hitt sé miklu (Forseti hringir.) órökréttari gagnrýni.

[16:40]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör. Svörin voru ekkert loðin eins og maður á stundum að venjast úr þessum ræðustóli. Varðandi 28. október þá er eðlilegt og sjálfsagt þegar frumvarpið kemur fram að reyna að koma í veg fyrir kapphlaup því eins og hæstv. ráðherra sagði sjálfur er hér um talsvert mikil verðmæti að ræða og ástæða til að koma í veg fyrir að einhvers konar gullæði eða kapphlaup um tilvonandi réttindi eða flutning réttinda brjótist út.

Svo er það hvort eðlilegt sé að hlutdeildin sem var á árinu 1998 gildi en ekki tonnafjöldinn sem búið er úthluta frá árinu 1999 í allan þennan tíma, í sjö ár. Það er kannski full ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi ekkert hvarflað að honum eins og oft áður að rétt væri að setja á þriggja ára veiðireynslu, skoða hvort hægt væri að deila þessum potti upp með þeirri reglu sem oft hefur gilt, þ.e. að horft sé til þriggja síðustu ára og hvernig menn hafa veitt á þeim árum og úthluta síðan rétti miðað við það.

Hæstv. ráðherra sýndi fram á að allir græddu á þessari breytingu, þ.e. þeir sem missa aflahlutdeildir vegna þess að þeir fá frelsi í staðinn til að véla með þær og selja á frjálsum markaði og svo hinir sem ekki höfðu þessa hlutdeild og fá þessi 624 tonn. Þeir græða vegna þess að þeir fá viðbótartonnafjölda. Ég held að hæstv. ráðherra hafi fundið hér leið sem ég hafði ekki séð áður til að allir gætu grætt. En það er nú einu sinni þannig þegar verðmæti eru flutt frá einum til annars að það verða ekki verðmæti fyrir einn nema að þau séu frá einhverjum tekin.

[16:42]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru bara mjög efnislegar umræður og lúta að því að reyna að finna skynsamlegar leið við að deila út þessum 3.000 tonnum og gera þær að aflahlutdeild. Ég hlusta alveg þegar menn koma með efnislegar ábendingar í þessu sambandi. Það er hins vegar alltaf þannig að það er alltaf dálítill vandi hvernig maður á að fara með það þegar verið er að breyta einhverjum fiskveiðirétti í aflahlutdeild. Það var niðurstaða mín að langskynsamlegast væri að gera það með þeim hætti að skila, ef þannig mætti að orði komast, sams konar aflahlutdeild inn í kerfið og við tókum út upphaflega.

Hv. þingmaður spurði síðan hvort hægt hefði verið að miða að einhverju leyti við veiðireynslu. Ég held að það sé á vissan hátt gert í þessu frumvarpi að því leytinu að þegar við tökum til við að reikna út hver réttur manna sé úr þessum 3.000 tonna potti sem nú er 2.000 og eitthvað tonn þá er það gert þannig að horft er yfir nýtinguna, hvernig menn hafa nýtt þessa reynslu allan tímann sem þessi pottur hefur verið í gildi. Það þýðir að ef menn hafa ekki verið að nýta þetta, ef þetta hafa ekki verið verðmæti hjá mönnum, þá fá þeir ekki verðmætin, þá fá þeir ekki úthlutun. Þeir sem hafa hins vegar nýtt þessi réttindi allan tímann að fullu fá úthlutunina að fullu eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ég held því að verið sé að reyna að koma til móts við sjónarmið sem mér fannst vaka í máli hv. þingmanns. Auk þess er það gert þannig að ef menn kannski fyrir tilviljun eða vegna slyss eða aðstæðna sem þeir ekki gátu séð fyrir ekki geta nýtt þessa sérstöku úthlutun eitt ár þá hefur það ekki mikil áhrif. Það hefur bara hlutfallsleg áhrif. Maður sem t.d. hefur ekki getað nýtt sér það á þessu fiskveiðiári lendir ekki í að fá engan rétt heldur fær hann sinn rétt skertan sem nemur þessu eina ári. Ég tel að reynt hafi verið að gæta eins mikillar sanngirni í þessu máli og unnt er. Auðvitað hlusta ég á efnislegar ábendingar sem fram koma og ég tel rétt að sjávarútvegsnefnd fari yfir málið. En svona eru þær forsendur sem lágu fyrir af hálfu okkar sem sömdum frumvarpið.

[16:44]

Guðjón Hjörleifsson:

Frú forseti. Við erum að ræða um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum Frumvarpið fjallar um hinn svokallaða 3.000 tonna jöfnunarpott af óslægðum þorski. Í upphafi fiskveiðiárs hefur verið úthlutað aflahlutdeild í þorski þeim sem hafa haft rétt skv. 9. gr. a laganna. Hér er verið að einfalda og skerpa enn frekar núverandi fiskveiðistjórnarkerfi og því er þessi breyting mjög mikilvæg. Í áranna rás hefur alltaf verið tekið tillit til þessara heimilda og þær verið dregnar frá leyfilegu heildaraflamarki í þorski á grundvelli aflahlutdeildar og því hefur þetta ekki áhrif á þorskveiðiaflaheimildir til einstaka fiskiskipa þar sem þessi sérstaka úthlutun hefur ávallt verið dregin frá leyfilegum heildarafla. Hér eftir verður þessi jöfnunarpottur sameinaður í heildarúthlutun á varanlegu aflamarki. Ríkt hefur mikil óvissa hjá þeim aðilum sem hafa haft þennan rétt, en hámarksúthlutun til hvers skips hefur verið 10 tonn af óslægðum þorski sem svarar til 8,4 tonna af slægðum þorski. Samkvæmt frumvarpinu verður miðað við heildarhlutfall til leyfilegs aflamarks í þorski sem var á fiskveiðiárinu 1999/2000, 250.000 lestir en er nú á þessu fiskveiðiári 198.000 lestir og er því lækkun upp á rúm 20%. Við erum að ræða um að 8,4 tonnin af slægðum þorski verði varanleg um 6,7 lestir af slægðum þorski.

Frú forseti. Aflaheimildum samkvæmt 9. gr. a hefur verið úthlutað árlega síðan á fiskveiðiárinu 1999/2000. Eins og fram kemur með greinargerð með frumvarpinu áttu 497 fiskiskip í upphafi rétt til úthlutunar og þar af voru 234 fiskiskip með hámarksúthlutun en aðrir með minna. Úthlutunarréttur hefur ekki breyst í fjölda ára en hefur tekið breytingum á milli fiskveiðiára, þ.e. hvernig úthlutun skiptist á milli fiskiskipa. Af þessum 497 úthlutunarréttum hafa 40 aldrei gefið úthlutun. Helstu skýringar eru þær að annaðhvort hefur viðkomandi skip ekki verið með aflaheimildir í þorski eða aflaheimildir viðkomandi skips farið fram yfir 450 þorskígildislestir en það er hámark sem miðað hefur verið við.

Sjávarútvegsráðherra hefur heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um flutning réttar milli fiskiskipa. Það er ljóst að að lokinni þessari úthlutun mun aflahlutdeild allra fiskiskipa í þorski endurreiknuð að teknu tilliti til þeirra breytinga sem þessi úthlutun leiðir til.

Frú forseti. Þessi sérstaka úthlutun hefur ekki breyst

þrátt fyrir breytingar á aflahlutdeild á milli ára. Það er meira jafnræði að leggja þennan 3.000 tonna pott af og gera hann að varanlegum aflaheimildum. Það hefur verið mikil óvissa hjá þeim aðilum sem hafa fengið þessa úthlutun en með þessari breytingu er búið að eyða henni. Ég fagna því mjög að hæstv. sjávarútvegsráðherra skuli leggja þetta frumvarp fram og ég vona að almenn samstaða verði um það.

[16:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum um enn eina breytinguna á fiskveiðistjórnarlögunum, um eitt af eldri bráðabirgðaákvæðunum, bráðabirgðaákvæði nr. 3 af 39 ákvæðum, eða hvað? Ég man það ekki, bráðabirgðaákvæðin eru einhvers staðar á milli 30 og 40.

Þetta ákvæði var á sínum tíma sett inn til að hífa þá upp sem lakar voru settir. Þetta átti að hjálpa útgerðum vertíðarbáta af minni gerðinni, undir 200 brúttólestum og skipum sem höfðu minna aflamark en 450 þorskígildistonn, að mig minnir. Til þessa var ákveðið að nota 3.000 lestir. Ég veit ekki annað en að þeim hafi verið úthlutað allan tímann, þ.e. 3.000 lestum. Því kann að vera að einhverjum sem hefur haft slíkar heimildir í gegnum árin finnist skjóta skökku við að þeim reglum sé breytt.

Ég heyrði hvað hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði áðan. Það má vissulega skoða slík rök en ég held að líta verði til þess að úthlutað hefur verið 3.000 tonnum árlega. Þó gat enginn fengið meira en 100% af því aflamarki sem fyrir var. Þannig gátu þeir sem áttu 10 tonn heimildir ekki fengið nema 10 tonna viðbót. Þeir sem voru með minna en fengu jafna tölu á móti því og sá sem enga aflahlutdeild átti fékk enga úthlutun. Það er vafalaust skýringin á því að sumir hafi ekki fengið þessa úthlutun, eins og hæstv. ráðherra gat um hér áðan.

Mér sýnist að reglan sem hér er lögð til verði til þess að þeir sem þennan rétt hafa haft í gegnum árin, þ.e. bátaflotinn af minni gerðinni, undir 200 brúttólestum, verði fyrir um 625 tonna skerðingu. Þetta þurfa menn að skoða sérstaklega í sjávarútvegsnefnd og fara yfir það.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að með þessu er leitast við að festa í sessi kvótakerfi undanfarinna ára og taka burt það sem gegna átti jöfnunarhlutverki í því, þ.e. viðbót til þeirra sem minnst hafa til að tryggja afkomu sína. Auðvitað skipti það gríðarlegu máli fyrir þau skip sem minnstar aflaheimildir höfðu, kannski 20 tonna aflareynslu, að fá 10 tonn í viðbót eða ekki. Allir geta séð að það hefur skipt sköpum í rekstrarumhverfi útgerðar sem hafði aðeins 20 tonn að fá 50% í viðbót með slíkri úthlutun.

Ég ráðlegg mönnum að skoða þetta vandlega. Úthlutunin hefur, eftir því sem ég best veit, byggst á 3.000 tonna potti á hverju ári, burt séð frá heildarafla ársins hverju sinni. Hins vegar var búið að festa í lögum ákvæði um það að ákvæðið félli niður í lok fiskveiðiársins 2005/2006 og að þetta yrði þá „varanlegt“ — eins og það er kallað innan gæsalappa. Hugsunin var sú að eftir árið 2006 yrði um varanlega úthlutun þorskveiðiheimilda til þeirra sem notið hefðu slíkra jöfnunarbóta.

Ég held að þetta atriði þurfi menn að skoða vandlega, hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið og tel að málið liggi ljóst fyrir. Reyndar eru 3.000 tonnin færð niður, miðað við mismuninn á milli aflaheimilda í þorski þegar þetta var tekið upp og heimildanna núna, þ.e. 198 þús. tonn. Sú skerðing er um 675 tonn eða svo.

Ég veit ekki hvort þessi breyting, í ljósi kvótakerfisins sem notast er við, skapar þeim sem verða fyrir skerðingu málsóknarrétt á hendur ráðuneytinu. Ég tel að menn þurfi að huga að því. Hvar eru fordæmin í núverandi framkvæmd fiskveiðistjórnarlaganna fyrir því að taka út ákvæðið sem hér er um að ræða. Ég man ekki eftir þeim. Þau kunna að vera til. Menn þurfa að vanda sig við þetta. Reyndar var gert ráð fyrir að gera þetta í lögunum frá 15. maí 2002. Með þessu er ekki gert annað en það sem menn voru búnir að lögfesta í kvótakerfinu.

Ég vil almennt segja, hæstv. forseti, um þessa umræðu að hún snýr að því að tryggja minni útgerðum, þeim sem hafa minni aflaheimildir, rekstrargrunn. Undanfarin ár hafa ekki verið auðveld útgerðum með aflaheimildir í lægri kantinum í ljósi þess að við höfum kvótasett allar fisktegundir, m.a. í smábátakerfinu, ýsu, ufsa og steinbít. Fyrir vikið er miklu erfiðara, jafnvel fyrir harðduglega menn, að komast inn í útgerðina og sjávarútveginn eftir sömu leiðum og áður stóðu opnar. Þá gátu dugnaðarmenn með tiltölulega litla fjármuni farið inn í útgerðina í smábátakerfinu með tiltölulega litlar heimildir í þorski en frelsi til veiða í öðrum tegundum eins og ýsu og steinbít og byggt sig upp smátt og smátt.

Ég hygg að hin almenna stefna í kvótakerfinu eins og hún gengur fyrir sig í dag og hefur þróast á undanförnum árum geri að verkum, við sjáum það í smábátakerfinu, að samþjöppun á aflaheimildunum er afar hröð. Menn vöruðu reyndar sérstaklega við því þegar allar tegundir voru festar inn í kvótakerfi smábáta. Ég er ekki viss um að það verði byggðunum til góðs né minni útgerðum. Ég áskil mér allan rétt til að taka afstöðu til málsins út frá því þegar búið er að skoða málið vandlega.

Við sjáum tilfærslur í smábátakerfinu þar sem aflaheimildir í þorski og ýsu safnast hratt saman. Það liggur ljóst fyrir að með óbreyttu fyrirkomulagi stefnir í að innan ekki langs tíma muni tiltölulega fáar útgerðir svokallaðra smábáta eiga mikinn part aflaheimildanna. Það kann að hafa þær afleiðingar að erfitt verði fyrir ýmsa smáútgerðarmenn að komast að í kerfinu. Ég tel að svo verði og það muni veikja byggðirnar enn frekar en orðið er.

Auðvitað geta menn sagt sem svo að gott sé að upp rísi öflugar útgerðir í smábátakerfinu með samþjöppuninni. En ég sakna hins vegar fjölbreytileikans í smábátaútgerðinni vítt og breitt um landið og að þar komist að verðandi skipstjórar og útgerðarmenn sem vilja festa sig í sessi og feta sig eftir þeim leiðum sem hægt hefur verið að fara á undanförnum árum með dugnaði og útsjónarsemi. Að öðrum kosti sjáum við fram á að vilji menn komast inn í þessa grein þurfi þeir að hafa afar mikla fjármuni eða aðgang að miklu fé. Ég sé ekki að þeir sem hafa reynt að gera út á leigumarkaðnum, hvort sem er í aflamarkskerfinu eða krókaaflamarkskerfinu, haldi þar velli, eingöngu á að gera út á leigukerfið.

Ég spái því, eins og kerfið er að þróast og við því vara

ég, að aflaheimildir safnist á tiltölulega fáar hendur í báðum kerfunum og að að öðru óbreyttu verði afleiðingarnar þær að mörg byggðarlög lendi í vaxandi vanda í atvinnumálum. Vítt og breitt um landið, í sjávarútvegsbyggðunum, eru fiskveiðar og fiskvinnsla jú enn þá undirstaða byggðanna. Þó að margt annað hafi komið til í landinu, t.d. stóriðja og sérstaklega ferðamannaiðnaður og annað slíkt, sem getur komið minni byggðum til góða þá tekur tíma að byggja upp nýjar greinar. Það tekur tíma að byggja upp ferðaþjónustuna og verður vandfyllt í það skarð sem undirstaðan, sjávarútvegurinn, skilur eftir. Samhliða sjávarútveginum hafa þrifist ýmis iðnaðar- og þjónustufyrirtæki og orðið stór og öflug í því samstarfi. Ég get nefnt úr heimabyggð minni fyrirtæki eins og Pól hf., sem nú er orðinn hluti af Marelsamstæðunni, og 3X-Stál, svo einhver fyrirtæki séu nefnd sem hafa þróast með sjávarútveginum og orðið öflug. Þau eru þjónustu- og söluaðilar með nýja tækni á heimsmarkaði en þróuðust upp með útgerð og fiskvinnslu í landinu.

Mér finnst dapurt að horfa til þess ef tiltölulega fáar byggðir verða með útgerð minni fiskiskipa og möguleika á að byggja upp iðnað í kringum sjávarútveginn, þegar mörg byggðarlög verða með mjög litlar og jafnvel engar aflaheimildir. Það er alvarlegt að horfa til þess að byggðir sem áður höfðu tekjur úr handfærakerfinu, áður en það var kvótasett á síðasta ári, fá á land lítinn afla miðað við það sem áður var. Í því samhengi mætti nefna staði eins og Norðurfjörð á Ströndum og fleiri staði á Vestfjarðakjálkanum. Þar er landað miklu minni handfæraafla en mörg undanfarin ár í sóknarkerfinu.

Ég ætla ekki að taka upp langa umræðu um kvótakerfið. Menn þekkja afstöðu mína til þess. Ég geri mér grein fyrir því að þetta fyrirkomulag hefur haldist í mörg ár en það var búið að festa í lögum frá 2002 að þetta gengi inn í almenna úthlutun. Ég legg hins vegar áherslu á að menn gæti að sér í þessum efnum. Það er óþarfi, vegna einhverra 600 tonna, að taka þá áhættu að ríkið verði skaðabótaskylt.

[17:02]

Útbýting:

Heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkunar, 456. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 681.

Nýting vatnsafls og jarðvarma, 458. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 683.

Vegamál, 457. mál, fsp. KLM, þskj. 682.

Viðbrögð og varnir gegn fuglaflensu, 357. mál, svar landbrh., þskj. 680.

Þjóðarblóm Íslendinga, 455. mál, stjtill. landbrh., þskj. 679.

[17:03]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta frumvarp. Þetta er svona með styttri frumvörpum sem hér eru flutt. Það er afar einfalt. En það má nú segja um þetta að oft veltir lítil þúfa þungu hlassi því oftast spinnast miklar umræður um öll frumvörp er lúta að sjávarútvegi hversu lítil eða stór þau eru. Það er rétt sem hér hefur komið fram að þetta einfalda frumvarp byggir á því fylgja eftir hinni pólitísku ákvarðanatöku sem hér var tekin 1999. Þá var það pólitísk ákvörðun líka að taka úr stóra pottinum 3.000 tonn og verja þeim sérstaklega til minni báta sem höfðu takmarkaðar aflaheimildir. Með því móti var verið að styrkja og koma til móts við þarfir þessa flota. Eins og hér hefur verið rifjað upp þá var jafnframt ákveðið að láta þetta renna út á árinu 2006. Það má svo líta á, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, að verið sé að fylgja því eftir. Nú er komin á þetta reynsla og kalla má sanngjarna þá aðferð sem valin er.

Kosturinn við þetta er sá að með þessu er verið að einfalda kerfið og það er rétt hjá hv. þingmanni Guðjóni Arnari Kristjánssyni að með þessu er að sjálfsögðu verið að festa í sessi fyrirkomulag sem honum er að vísu ekki mjög hugleikið. En um leið er verið einfalda það. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra er með þessu verið að auka sveigjanleika og auka frelsi. En umfram allt er verið að eyða óvissu því staðreyndin er sú að þeir sem hafa átt möguleika á að sækja í þennan pott hafa aldrei getað gengið að neinu vísu í þeim efnum. Að því leytinu til er verið að eyða óvissu og jafnframt að draga úr deilum sem ávallt spretta upp þegar úthlutað er takmörkuðum verðmætum og auðlindum.

Hvaða aðferð er svo valin til þessa? Það er valin sú aðferð að skila aftur í pottinn en að vísu fá þeir sem hafa nýtt sinn rétt til fullnustu að njóta góðs af því og þar með hafa þeir komist yfir meiri verðmæti en þeir hafa haft, en því sem er svo skilað inn í heildarpottinn má segja að sé í raun-inni það sem ekki hefur verið nýtt. Þetta er ef til vill sanngjarnasta leiðin sem hægt er að finna í þessu og því full ástæða til að styðja hana því þeir sem hafa nýtt réttinn munu njóta góðs af því og það er sanngjarnt. Hins vegar tek ég undir vangaveltur hv. þingmanns Jóns Gunnarssonar um hvort ekki eigi að skoða þessa þriggja ára úthlutunarreglu sem einatt er notuð og heyri að hæstv. ráðherra tekur undir það. Það er auðvitað eitt af þeim verkefnum sem sjávarútvegsnefnd þarf að leggjast yfir þegar hún fer yfir málið.

Aðeins í lokin vil ég árétta að hér er verið að eyða óvissu og að ýmsu leyti bæta öryggi og auka verðmæti. En í framhaldi af því sem hv. þingmaður Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi hér um áhyggjur sínar af að í smábátakerfinu væru aflaheimildir að færast á færri og færri hendur þá er rétt að minna á frumvarp sem hæstv. ráðherra mun mæla fyrir hér á næstu dögum þar sem sett er þak einmitt til að koma í veg fyrir að það verði aðeins örfáir sem stundi hér smábátaútgerð. Það ætti að létta áhyggjum af hv. þingmanni.

Fleiri orð þarf í sjálfu sér ekki að hafa um þetta. Þetta er til að einfalda kerfið og auka sveigjanleika og líklega er farin sú sanngjarnasta leið sem hægt er að fara í þessu. En þá um leið er verið að viðurkenna og styðja við þennan flota sem hefur getað sótt í þetta á síðustu árum.

[17:08]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Verið er að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og sérstaklega ákvæði þess til bráðabirgða. Það kom fram hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að gríðarlega mörg bráðabirgðaákvæði

giltu um stjórn fiskveiða á hinum ýmsu sviðum.

Frú forseti. Fyrst langar mig að gera játningu. Þveröfugt við það sem aðrir þingmenn hafa sagt þegar þeir hafa lýst frumvarpinu sem afar einföldu þá fór ég að velta fyrir mér hvort ég væri svona einfaldur og væri alls ekki sammála þessu eða hvort þingmenn væru að reyna að hylma yfir það að þeir skildu takmarkað textann og þess vegna væri hann mjög einfaldur.

Ég ætla að leyfa frú forseta að heyra texta sem mér finnst bara alveg óskiljanlegur að minnsta kosti svona við fyrstu sýn. Ég ætla að lesa hér ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Í upphafi fiskveiðiárs 2006/2007 skal úthluta aflahlutdeild í þorski þeim fiskiskipum sem réttur skv. 9. gr. a er bundinn við 28. október 2005." — Og svo kemur rúsínan og rúsínurnar: — „Reiknigrunnur hvers úthlutunarréttar nemur meðaltali þess aflamarks sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006, að báðum árum meðtöldum." — Hver skilur þennan texta? — „Þó skal skerða meðaltalið hlutfallslega miðað við lækkun leyfilegs heildarafla í þorski milli fiskveiðiáranna 1999/2000 og 2005/2006. Aflahlutdeild hvers fiskiskips er síðan reiknuð út frá reiknigrunni þess sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2005/2006 í þorski." — Og svo kemur önnur rúsínan: — „Heimilt er ráðherra að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um flutning réttar milli fiskiskipa. Að lokinni þessari úthlutun skal aflahlutdeild allra fiskiskipa í þorski endurreiknuð með hliðsjón af þeim breytingum sem af þessari úthlutun leiðir."

Frú forseti. (**Sjútvrh.:** Þetta er mjög einfalt.) Þetta er ofboðslega einfalt enda völdu flestir þingmenn að koma hér ræðustól og segja að þetta væri mjög einfalt frumvarp en fóru síðan ekki nánar í umræðu um frumvarpið heldur fóru að ræða um allt annað.

Frú forseti. Mér finnst, burt séð frá því að þetta hafi eitthvað efnislegt gildi sem það vafalaust hefur, að þá eigi svona texti ekki að koma fram heldur eigi menn að reyna að finna einhvern íslenskan beinan texta á því sem ætlunin er að koma á framfæri í svona lagatexta.

Nóg um það. Ég er mjög góður í þessu. Varðandi efnið að öðru leyti þá vil ég taka undir varnaðarorð hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar um það sem hér er verið að gera. Það er verið að taka þessar 3.000 lestir af þorski sem hafa verið til ráðstöfunar til að úthluta til báta sem hafa verið með litlar aflaheimildir og átt þar af leiðandi erfiðan rekstrargrunn. Þetta hefur verið hluti af þeim sveigjanleika sem hefur verið gefinn kvótakerfinu sem við höfum búið *við á undanförnum árum. Þetta hefur verið hluti af þeim* sveigjanleika sem hefur verið lagður inn í kerfið, sveigjanleika sem aldrei getur í sjálfu sér verið 100% réttlátur af því að 100% réttlæti í úthlutunum af þessum toga er ekki til. En það getur samt haft þýðingu fyrir einstaka báta, fyrir þau byggðarlög þar sem bátar eru, að þessi sveigjanleiki hafi verið fyrir hendi. Það hefur komið fram hér í umræðunni að nú sé verið að kippa þessum sveigjanleika út og festa hann á báta og þar með hverfur sveigjanleikinn og þetta verður hluti af kvótakerfinu sem er að festa sig endanlega í sessi.

Ég er ekkert viss um að þetta sé rétt. Ég er ekkert viss um að það sé rétt að henda burtu öllum sveigjanleika sérstaklega gagnvart þessum minnstu bátum. Ég vil líka spyrja: Hefur þetta áhrif á nýliðun í flotanum, á það þegar litlir aðilar fikra sig upp með fáum tonnum án þess að fara í stór kaup á bátum og aflaheimildum? Það er mjög erfitt að stökkva fullskapaður inn í kvótakerfið eins og það er núna. Það er mjög erfitt. Nýliðun er mjög erfið, þ.e. að geta stokkið inn í það fullskapaður og haft af því frá fyrsta degi afkomu og fjárhagsgrundvöll. Mér er spurn og ég vil heyra það og vil að það sé kannað í sjávarútvegsnefnd: Torvelda þessar aðgerðir á einhvern hátt þá takmörkuðu möguleika sem nú eru á nýliðun í smábátaflotann? Ef svo er þá finnst mér það umhugsunarefni. Nógu erfitt er nú að byggja þetta upp. Við vitum líka að einstök byggðarlög þó ekki séu þau stór byggja atvinnu sína að hluta til á þessum flota, á þessum bátum sem eru með þessar tiltölulega litlu aflaheimildir og hafa þess vegna líka lítinn fjárhagslegan grunn til að kaupa eða leigja til sín heimildir. Hefur þetta einhver áhrif á sveigjanleika sem getur verið nauðsynlegt að hafa gagnvart þessum bátaflota og byggðum sem byggja á slíkum flota?

Þetta vildi ég leggja inn í þessa umræðu. Svo er eitt í lokin. Það kemur fram í athugasemdunum að verið er að velta fyrir sér hve mörg fiskiskip eigi hér hlut að máli. Hér stendur neðst á blaðsíðu eitt, með leyfi forseta:

„Aflaheimildum samkvæmt ofangreindri grein hefur verið úthlutað árlega síðan á fiskveiðiárinu 1999/2000. Í upphafi áttu 497 fiskiskip rétt til úthlutunar og þar af voru 234 fiskiskip með hámarksúthlutun en aðrir með minna."

En síðan kemur ekkert frekar fram í textanum til hve margra skipa þetta gæti tekið nú. Fróðlegt væri að vita hversu margir bátar eiga hér hlut að máli, áætlað, miðað við núverandi aðstæður.

Frú forseti. Ég vildi bara draga þetta í umræðuna. Málið kemur að sjálfsögðu til sjávarútvegsnefndar þar sem verður farið ofan í þau atriði sem ég hér hef nefnt og aðrir hafa nefnt hér á undan.

[17:16]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja ræðu mína á að taka undir með hv. síðasta ræðumanni, Jóni Bjarnasyni, þetta frumvarp er alls ekki einfalt. Frumvarpið er mjög flókið. Meiri háttar flókið. Maður þarf að þræla sig í gegnum frumvarpið og fá aðstoð hjá þaulvönum mönnum til að fá botn í hvað verið er að fara með því. Í stuttu máli snýst þetta um það að verið er að breyta einhverjum bótum í gatónýtu kerfi úr því að vera ákveðin þyngd og í það að verða einhver prósenta *af heildaraflanum. Snýst þetta um fiskverð? Ég veit ekki til* að svo sé. En þetta ágæta kerfi, ónýta kerfi, sem er að leggja byggðir landsins í rúst átti upphaflega að snúast um fiskverð. Þetta er peningabruðl. Þetta snýst um að úthluta verðmætum til einhverra sem höfðu einhvern tímann fengið úthlutað bótum eftir einhverri viðmiðun einhvern tímann langt aftur í tímann. Þetta er algjörlega óskiljanlegt frumvarp.

Ég hefði talið, frú forseti, að þetta ætti ekki að vera verkefni hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég hefði talið að okkar ágæti hæstv. sjávarútvegsráðherra ætti að vera í öðrum

verkum. Hann ætti að vera að leysa raunverulegan vanda byggðanna sem er að blæða út vegna kerfisins. Þessi ágæti maður hefur lofað fyrir hverjar einustu kosningar einhverjum bótum fyrir byggðirnar. Lofað var að standa vörð um þorskaflahámarkið.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill minna hv. þingmann á að ávarpa hæstv. ráðherra réttilega.)

Frú forseti. Ég biðst afsökunar á því ef ég hef ekki ávarpað hæstv. ráðherra með viðurkvæmilegum hætti. En það var alls ekki ætlunin. En ég ætlaði að koma því að, frú forseti, að þessi ágæti hæstv. ráðherra hefur ekki staðið við kosningaloforð í gegnum árin. Hann hefur alltaf sagst ætla að laga umrætt kerfi sem hefur verið að þrengja að byggðunum, m.a. á Vestfjörðum þaðan sem hann kemur. Síðan þegar hann er kosinn á þing hefur hann ekki staðið við það. Hann hefur sagst ætla að standa vörð um þorskaflahámarkið, hann gerði það ekki. Hann hefur gefið það sterklega í skyn, m.a. á heimasíðu sinni, að hann hafi ætlað að standa vörð um sóknardagakerfið, en það var lagt niður. Síðan kemur hann með frumvarp, sem ætti alls ekki að vera verkefni dagsins, um að breyta þyngd í prósentur. Það snýst um það. Verkefni dagsins ætti að vera að hlúa að byggðunum sem hafa farið illa út úr verkum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Við höfum verið að ræða um nýliðun í útgerð. Ég tók saman, frú forseti, að sá sem kaupir aflaheimildir, 100 tonn, sem er þó lítil útgerð, þarf að greiða fyrir það um 150 millj. kr., 140–150 milljónir með veiðarfærum og bát, litlum bát. Tekjur af slíkri útgerð eru um 13 millj. kr. Vaxtakostnaður og annað sem þessar 150 milljónir kosta að taka að láni veldur því að tapið á þessari útgerð eru heilar 8 milljónir árlega. Síðan þarf náttúrlega að greiða niður aflaheimildirnar. Ég hef lagt þetta fyrir nemendur í Viðskiptaháskólanum á Bifröst, hvernig eigi að komast inn í útgerð og hvernig slík útgerð eigi að reka sig. Það fær enginn botn í það. Það sem verra er, er að við sjáum að það er svo mikill áróður með þessu kerfi frá stjórnvöldum sem ættu að vera hlutlaus og gæta að hagsmunum almennings. Því miður er því ekki að heilsa að maður fái í rauninni hlutlægar upplýsingar og að staðið sé vörð um hagsmuni almennings. Nei, það er sko aldeilis ekki. Því er haldið að fólki að hér sé um einhverja hagræðingu að ræða. En hvar er hagræðingin? Er hún í launaumslagi sjómanna? Nei, hún er það ekki. Tekjur sjómanna hafa lækkað og auðvitað lækka tekjurnar þegar verið er að skuldsetja útgerðina gríðarlega. Menn tala alltaf um öflugar útgerðir, menn hafa fengið stærri útgerðir og skuldsettari. Á móti hafa laun sjómanna lækkað. Þetta er afrakstur af stefnu stjórnvalda á síðustu árum.

Ég er á því að þeir fjármunir sem renna út úr útgerðinni, það sé áhyggjuefni. Vegna þess að þetta kemur niður á útveginum. Við sjáum það ef við förum um hafnir landsins, ég var staddur í höfn norður í landi, á Siglufirði, að þar er ekkert af nýjum bátum. Ef þessi hagræðing væri raunverulega væri einhver uppgangur á þessum stöðum í sjávarplássunum. Það er því miður alls ekki.

Ég verð að segja, frú forseti, að mér finnst frumvarp sem þetta vera virkilega aum frammistaða hjá hæstv. ráðherra, ráðherra sem ætti að skilja vandann og skilja að þetta kerfi brennur virkilega á byggðum landsins.

[17:22]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál er þannig vaxið að stjórnvöld hafa ákveðið að koma á eins einsleitu kerfi og mögulegt er í því aflahlutdeildarkerfi sem hér er í gildi en þau hafa verið að taka til í kerfinu síðustu árin. Þetta er eitt af því sem þarna var gert. Það sem mér finnst kannski ástæða til að nefna er að hv. þm. Hjálmar Árnason sagði að það hefði verið pólitísk ákvörðun á sínum tíma að setja þessar bætur á. Það er alveg rétt. Ég vil þess vegna hugga hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson með því að ég tel að það sé gjörsamlega fráleitt að láta sér detta í hug að menn eignist einhvern sérstakan rétt vegna þess að einhverju sé breytt í kerfinu. Mér finnst það fáránlegt. Ég skal færa fyrir því fáein rök í ræðu minni. Ég hef gert það áður.

Ég man núna eftir að minnsta kosti tíu mismunandi aðferðum við að koma veiðirétti til útgerðarmanna á Íslandi. Í fyrsta lagi er það aðalniðurstaðan sem allir tala um eins og það hafi verið eina niðurstaðan, þ.e. að menn hafi fengið úthlutað vegna þess að þeir hafi verið við veiðar síðustu þrjú árin áður en kvótakerfið var sett á og hafa fengið aflahlutdeild í samræmi við það. Það er rétt hvað varðar hluta af aflaréttindunum. En einungis hluta. Það væri auðvitað ástæða til að það yrði tekið vísindalega saman hversu stór sá hluti var. Vegna þess að það var ekki lítið afkastastór hluti flotans sem var settur á sóknarmark um leið og látinn vinna sér inn réttindi í sóknarmarkinu eftir að búið var að taka upp kvótakerfið. Sumir fengu meira að segja skipstjórakvóta á þeim tíma. Hvar er hann? Það var ein útgáfan þá.

Gefin voru út flóaleyfi sem byggðust ekki á neinum veiðiréttindum heldur var handvalinn hópur útgerðarmanna sem fékk að veiða t.d. hérna í Faxaflóanum með dragnót. Ekki var veiðiréttur á bak við það heldur var verið að velja þá sem fengu að fara í kolann þar. Og yfirlýsingar voru á þeim tíma að þetta yrði aldrei grunnkvóti. Þeir mundu aldrei eignast þennan veiðirétt. Þeir eignuðust hann nú samt.

Síðan voru gefin út tilraunaveiðileyfi, t.d. í rækju, þar sem einungis tveir til þrír jafnvel fengu slík leyfi. Þetta voru bara tilraunaveiðar. Réttindunum var úthlutað til þeirra sem fengu tilraunaveiðileyfin. Það er ekki hægt að halda því fram að til verði einhvers konar veiðireynsla með þeim hætti.

Hvernig var með norsk/íslensku síldina? Var það þannig að menn ynnu sér inn einhver réttindi til að veiða? Nei, það var samið við Norðmenn um að hægt yrði að veiða úr þeim síldarstofni. Þeir sem voru á staðnum fengu síðan réttindin til að veiða. Það er búið að úthluta þessu. Það er búið að úthluta öllum norsk/íslenska síldarstofninum, hversu stór sem hann verður, sem eignarréttindum til þeirra sem voru á staðnum. Þannig er það nú.

Menn fengu úthlutað veiðiréttindum út á kili sem voru uppi á landi, bátskili sem menn höfðu látið smíða og höfðu haft framsýni til að skipuleggja svolítið starfsemi sína fram í tímann, þeir fengu úthlutað veiðirétti út á það. Það var ekki í mjög fáum tilfellum sem þetta gerðist. Nýjum bátum sem búið var að gera samninga um snjóaði niður og menn fengu veiðirétt út á þá.

Gleymdi flotinn, sem við erum að tala um núna, fékk svo leiðréttingu af því mönnum fannst réttlætinu ekki alveg fullnægt. Þá var gripið til þess ráðs 1999 að reyna að rétta þetta svolítið af eftir að menn höfðu sífrað um það í mörg, mörg ár að þeir hefðu farið illa út úr því að svo mikið hefði verið tekið af þeim í kvótanum.

Síðan fengu menn á sínum tíma úthlutað veiðirétti í ýmsum tegundum út á veiði sem þeir höfðu haft í öðrum tegundum. Sérveiðileyfin voru svoleiðis sum hver, ekki öll, en sum hver. Og tíunda atriðið sem ég man eftir núna í svipinn er veiðiréttur inn í ýsunni og það er sjálfsagt í fleiri tegundum. Farið er að úthluta mönnum helmingi meiri veiðirétti í ýsu en nokkur veiðireynsla var til fyrir þegar fyrst var úthlutað í ýsunni.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson þarf ekki að hafa áhyggjur af því að menn hafi ekki haft það fjölbreytilegar aðferðir við úthlutun á veiðirétti á Íslandsmiðum að einhver bótaréttur myndist þótt menn taki upp á því að bæta einni við. Það held ég að sé alveg útilokað. Svo fjölbreytilegar aðferðir hafa menn notað til að koma veiðiréttinum á milli útgerðarmanna og til þeirra að slíkar áhyggjur held ég, sem betur fer, séu ástæðulausar og stjórnvöld geti þess vegna haldið áfram með uppáfinningarsemi sína í þessum efnum.

Ég er svo sem ekki að mæla þessu öllu bót sem ég nefndi hér til sögunnar sem er bara það sem ég mundi áður en ég fór upp í ræðustólinn. Fleiri leiðir hafa örugglega verið notaðar og ég gæti svo sem fundið eitthvað af þeim en er ekki með þær hérna hjá mér. En allt er þetta merki um að það er ekki neitt sem er absalútt í veiðirétti á Íslandsmiðum. Enda full ástæða til að muna eftir því að verið er að endurskoða núna stjórnarskrá lýðveldisins. Fyrir liggur yfirlýsing stjórnvalda, þ.e. ríkisstjórnarinnar, um að sú auðlind sem við erum að tala um verði sett inn í stjórnarskrána sem þjóðarauðlind. Auðvitað verða menn að standa við það. Pólitísk samstaða er eftir því sem ég veit best hjá öllum flokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi um að þá leið eigi að fara. Þess vegna getur bara ekki verið annað en menn klári endurskoðun stjórnarskrárinnar með slíku ákvæði. Hins vegar hlýtur að reka fljótt að því, vegna þess að það gengur á þær stundir sem menn hafa til að endurskoða stjórnarskrána, að menn þurfi að fara að skoða mjög vandlega með hvaða hætti þetta ákvæði verði sett inn í stjórnarskrána og hvað þurfi þá að gera til að fylgja því eftir að öðru leyti. Því að auðvitað verða aðrar auðlindir settar inn í stjórnarskrána með sama hætti. Sameiginlegar orkuauðlindir og aðrar auðlindir. Við höfum sem betur fer niðurstöður auðlindanefndar, mjög vandaða vinnu sem liggur fyrir og formaður sjávarútvegsnefndar var einn af þeim sem skilaði þeirri miklu vinnu af sér með öðrum fulltrúum í þeirri nefnd. Þar var einmitt tekið á þessum málum. Ég sé ástæðu til að nefna þetta vegna þess að sú gjörð sem hér er ætlað að verði er bara partur af því púsli sem stjórnvöld eru búin að koma saman um veiðiréttinn nú um stundir og á örugglega eftir að taka ýmsum breytingum í framhaldinu þangað til menn hafa komist að einhverri nýrri niðurstöðu sem við sjáum ekki í bili svo sem.

Ég vildi aðeins minna á þetta í umræðunni af því mér fannst ástæða til þess. Þrátt fyrir þann pólitíska leiðangur sem stjórnvöld hafa farið í landinu og glannaskap með sameign þjóðarinnar á auðlindum hafsins, þá tel ég að það sé sem betur fer ekkert vafamál að hægt er að komast aftur að landi. Hægt er að koma á skynsamlegu veiðistjórnarkerfi og aðferðum til að koma veiðiréttinum með fullu jafnræði til þeirra sem stunda útgerðir í framtíðinni á Íslandsmiðum og hægt að snúa þannig til baka að umrædd auðlind glatist ekki úr höndum þjóðarinnar. Þó að vissulega sé ýmislegt sem verður erfitt að leysa úr á þeirri vegferð, þá verða það a.m.k. ekki óyfirstíganlegar hindranir. En fyrst þurfa menn að klára endurskoðunina á stjórnarskránni og síðan að setjast yfir það hvernig menn koma fyrir í lögum meðferð þeirra auðlinda sem verða kallaðar þjóðarauðlindir og settar inn í stjórnarskrána.

[17:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði áðan að það væri rétt að létta áhyggjum af hv. þingmanni, þeim sem hér stendur. Ég heyrði líka að hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði að það væri óþarfi fyrir hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson að hafa sérstakar áhyggjur. Ég þakka góðan hug þingmanna til mín hvað það varðar að valda mér ekki of miklum áhyggjum af kvótakerfinu. Ég hef vissulega mínar áhyggjur af því en ég geri mér grein fyrir því að þegar við þingmenn stjórnarandstöðunnar tölum um að fara út úr þessu kerfi tölum við fyrir daufum eyrum stjórnarliða held ég, því miður. Þess vegna er það mín niðurstaða, hæstv. forseti, og ég vona að hið sama eigi við um hv. þm. Jóhann Ársælsson, að þessu kerfi verði aðeins breytt með því að fella núverandi ríkisstjórn og leyfa nýjum mönnum að takast á við að vinna sig út úr því.

Ég tek undir það með hv. þingmanni að það er vel hægt að vinna sig út úr þessu kerfi. Það þarf hins vegar að gera þannig að menn setji á það eitthvert skipulag og feti sig rétta slóð. Það er jú búið að flækja þetta mál fram og til baka og þessi kvótasetningarferð okkar Íslendinga hefur verið farin í mörgum skrefum. Ég held ég geri það mér til ánægju og öðrum til hugarhægðar að rekja það örlítið nánar en hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði hér áðan.

Við byrjuðum þessa vegferð kvótanna með því að kvótasetja innfjarðarrækju, var það ekki? Það var það fyrsta sem við gerðum, ef ég man rétt. Síðan humar. Svo komu síldarkvótar, þ.e. í Íslandssíldinni. Það var nú svo skrýtið með þessar þrjár úthlutanir að þær byggðust nánast allar á því að úthluta nánast jafnt á hvert skip — síldarkvótarnir voru jafnir, rækjukvótarnir voru nokkurn veginn jafnir, alla vega framan af, og ég held, þó að ég muni það ekki alveg 100%, að humarkvótarnir hafi verið nokkuð jafnir. Kvótar á hörpuskel voru jafnir þegar þeir voru settir á eftir svæðum, jafnir á bátana hvar sem þeir voru að veiða. Loðnukvótarnir voru í upphafi ekki allir settir eftir veiðireynslu, þeir voru að hluta til settir jafnir ef ég man rétt.

Þetta voru nú kvótar sem settir voru á áður en við tókum upp hið almenna kvótakerfi, sem við köllum svo, árið 1983. Þetta voru eiginlega forverar kvótakerfisins. Innfjarðarkvótakerfið í rækjuveiðum var fundið upp af heimamönnum á hverjum stað, ef ég man þá sögu rétt. Síðan voru sett sérstök lög um löndun á þeim afla sem tengdist verksmiðjum og öðru slíku, allt til að tryggja atvinnu og jafna afkomu

fólks í byggðunum. Þannig var það nú.

Svo kom stóra stökkið út úr hræðslukastinu 1983 þegar þorskstofninn átti að vera að hrynja og spáð var að við mundum veiða 200 þús. tonn á árinu 1984. Við veiddum 285 þús. tonn minnir mig árið 1983 og við veiddum nánast sama afla á árinu 1984 þegar upp var staðið, heldur meira. Hræðslukastið sem fiskifræðingar ollu þjóðinni, með því að láta í það skína að farið yrði niður í 200 þús. tonn og jafnvel minna, haustið 1983 var í raun og veru óþarft. En í ljósi þeirrar spár var tekið hér upp kvótakerfi á sjö botnfisktegundum; það var þorskur, það var ýsa, það var ufsi, það var karfi, það var grálúða, það voru skarkoli og það var steinbítur. Reyndar fór sú göfuga fisktegund steinbíturinn inn og út úr kvótakerfinu, var tekin út úr því aftur og var utan kvótakerfis í fjöldamörg ár — sá virðulegi fiskur steinbíturinn, afkomumöguleiki okkar Vestfirðinga, varð ekki fyrir neinum skaða af þeirri fjarveru, þ.e. að vera utan kvótakerfisins. Það virtist vera allt í lagi með jafnvægið í veiðunum á þeim tíma.

Kola og steinbít var úthlutað sem sérstakri uppbót fyrir þá sem urðu fyrir mestri þorskskerðingu á árinu 1984 og það var auðvitað þannig að þau svæði sem voru háðust þorski og byggðu afkomu sína að langmestu leyti á honum, eins og vertíðarsvæðin t.d. frá Vestmannaeyjum og Hornafirði — þó að Hornafjörður hefði mikla möguleika í ýmsu öðru eins og síld og humri sem Vestmannaeyingar höfðu reyndar líka. En svæði eins og Vestfirðir t.d., sem áttu 70% af sínum tekjum í veiðireynslu þorsks, urðu fyrir afar miklu höggi þegar þetta var gert þó að uppbætur kæmu í kola og steinbít á tímabili. Menn lentu því í talsverðum erfiðleikum og sérstaklega þegar þessu var svo fram haldið. En til þess að gefa mönnum ákveðna aðlögun — og þá til hvers? til þess að jafna aðkomu manna — var sóknarmark sett við hliðina. Enginn veinaði þá um að það væri óréttlátt að leyfa mönnum að laga sína stöðu og það gerðu menn hiklaust sem voru í lökustu stöðu — þeir vildu sóknarmarkið og löguðu sína stöðu og fengu síðan úthlutað út á sóknarmarksreynsluna sína á árinu 1990 þegar allt var kvótasett.

Það er því algjörlega rétt hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að mörgum sinnum hefur verið úthlutað alls konar viðmiðunum og alls konar reynslu og ekki bótaréttur þess vegna — ég var ekki að víkja að því út af áhyggjum sem slíkum. Ég vék að því vegna þess að við sem hér erum, þessir 63, eigum að vera gæslumenn ríkissjóðs og þess vegna vék ég að því að menn skoðuðu þetta.

Á þessum árum, 1983 og 1984 og alveg fram til 1986, 1987 held ég, voru hér norðursvæði og suðursvæði. Á það spiluðu útgerðarmenn alveg stórkostlega, þeir sem klókastir voru. Ég held að ég halli ekki á neinn þó að ég segi að Samherjamenn hafi verið klárastir í því að spila á það að kaupa sér kvótalítil skip á suðursvæði og færa þau inn á norðursvæði og fá úthlutað meðalkvóta, sem var þá 600 tonnum hærri í þorski en var á suðursvæði, og fara síðan yfir í sóknarmark jafnvel árið eftir og fá þá 20% ofan á meðalkvótann og vinna sér þannig inn reynslu sem þeir fengu svo úthlutað árið 1990 þegar allir voru settir í kvóta. Ég get því alveg rakið sögu margra útgerðarmanna þar — hvað þeir hafa fengið út úr hinum einstöku kerfum þegar þeim datt í hug að spila á kerfið. Sumir kölluðu þetta að spila á kerfið, aðrir kölluðu þetta að vinna með kerfinu — hafa stundum sagt við Vestfirðinga að þeir væru svo mikið á móti kerfinu að þeir hefðu ekki getað unnið með því. En það er nú ekki alveg rétt, sumir unnu með því á Vestfjörðum og tóku síðan út helling af peningum þegar þeir seldu sína aflareynslu eins og frægt er.

Svo komu sandkoli, skrápflúra og langlúra inn í kvótakerfið, sérstaklega hér við suðurströndina fyrir snurvoðarbáta, m.a. frá Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum og fleiri stöðum. Seinna fundu menn sólkolann sem sérstakan meðafla sem ástæða væri til að taka inn í kvótakerfið — þó að aldrei fiskist nú af honum nema svona rétt rúmlega þúsund tonn á ári þá skal hann vera þarna inni heilagleikans vegna. Það er nauðsynlegt.

Svo komu keilan og langan, hún var sett þarna inn. En áður en það gerðist settu menn skötuselinn inn sem sérstaklega var búin til reynsla af hérna af tveimur, þremur útgerðarstöðum. Og núna hagar svo til, hæstv. forseti, að hlýnað hefur í sjónum við Norðurland, Vestfirði og Austfirði og skötuselsfjandinn er farinn að synda hringinn í kringum landið og veiðist á stöðum þar sem hann átti alls ekkert að veiðast og engin veiðireynsla er til af. Þá verða menn auðvitað að leigja veiðiréttinn af þeim sem hann fengu út á veiðiréttinn hér sunnanlands.

Síðan voru tíu tonna bátar settir í kvóta, sex tonna bátar settir í kvóta og handfærakvótinn var síðan búinn til. Úthafskarfinn var settur í kvóta, rækjan á Flæmingjagrunni var sett í kvóta — við erum þar einir þjóða með kvóta, allir aðrir veiða þar á sóknarkerfi. Barentshafsaflinn var settur í kvóta og rétti okkar í Smugunni breytt í kvótakerfi í Barentshafi, norsk- íslenska síldin var sett í kvóta, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson vék að áðan, og síðast settum við kolmunnann í kvóta. Þá held ég að það sé svona nokkurn veginn upp talið sem við erum búin að afreka að setja í kvóta en þó kann vel að vera að eitthvað sé eftir. Ég held samt að gulllaxinn og blálangan séu enn þá utan kvóta. Nú stendur til að ég fái í nefið, hæstv. forseti, og lýk ég nú máli mínu.

[17:44]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þessa ágætu umræðu sem mér hefur fundist í meginatriðum mjög málefnaleg. Það er ekkert óeðlilegt við það að menn ræði sjávarútvegsmálin vítt og breitt. Mér þótti mjög gaman að hlusta á hina sögulegu upprifjun hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar á hlutum sem sumir voru farnir að gleymast í mínum huga þó að við höfum oft verið að þvælast í þessum málum saman og takast á við ýmsar af þeim breytingum sem hann talaði um þegar við sátum fiskiþingin í gamla daga — að hlusta á ýmislegt sem hann var að rifja upp var eins og að hitta gamlan kunningja.

Mér fannst það fullmikil hæverska af hálfu hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar og Jóns Bjarnasonar þegar þeir töluðu um að þeir ættu erfitt með að skilja frumvarpið. Ég heyrði ekki annað, þegar ég hlustaði á þá, en að þeir skildu frumvarpið alveg prýðilega og næðu meginatriðum þess. Þótt ég geti viðurkennt að hógværð sé ágætis dyggð og hæverska þá fannst mér gæta fullmikillar hæversku hjá þeim. Hv. þm.

Jón Bjarnason sagði frumvarpið svo flókið að hann skildi það ekki en tók samt undir varnaðarorð Guðjóns A. Kristjánssonar um frumvarpið svona til vonar og vara, þótt hann skildi hvorki upp né niður í því. Það er gott að vilja fara gætilega í hlutina og að þingmenn séu gætnir í því sem þeir fjalla um.

Áðan spurði hv. 10. þm. Suðurkjördæmis, Jón Gunnarsson, hvort samráð hefði verið haft í þessum efnum. Í því sambandi vil ég nefna tvennt. Í fyrsta lagi liggja fyrir ályktanir frá Landssambandi smábátaeigenda og Landssambandi íslenskra útvegsmanna um að þeir vilji afnema þetta fyrirkomulag. Landssamband smábátaeigenda, ef ég man rétt, ályktar eiginlega harðar um að fara þá leið sem hér er lögð til í meginatriðum. Ég ræddi við fulltrúa beggja þessara hagsmunasamtaka á undirbúningsstigi og greindi þeim frá því sem ég hefði í huga. Auðvitað ber ég pólitíska ábyrgð á þessu en ég met það svo að ágætis samráð hafi verið haft við undirbúning málsins.

Stóra spurningin sem vaknar þegar við fjöllum um efni frumvarpsins snýst um aðferðafræði. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði sem svo að á sínum tíma hafi tiltekin skip sem lítið höfðu fyrir fengið viðbótaraflaheimildir. Það er alveg rétt. Núna festum við þessa úthlutun einfaldlega betur í sessi. Við erum að gera hana að aflahlutdeild og gefa þar með kost á því að nýta þessa aflahlutdeild með eins hagkvæmum hætti og menn telja sjálfir skynsamlegt og best. Ég tel að með þessu frumvarpi styrkjum við grundvöll útgerðanna. Auðvitað hafa þær heimild til að ráðstafa þessu. Aðalatriðið er þó að grundvöllurinn verður betri fyrir þessi skip.

Við skulum taka tilbúið dæmi sem á hins vegar stoð í raunveruleikanum. Tökum dæmi af útgerðarmanni sem á lítinn bát og kaupir síðan viðbótarbát til að reyna að styrkja tekjugrundvöll sinn. Nýja bátnum fylgir þessi jöfnunarpottur og hann átti jöfnunarpott fyrir. Þá lendir hann í þeim vanda að hann getur flutt aflaheimildir af bátnum sem hann kaupir á gamla bátinn sinn en ekki jöfnunarpottinn. Við þekkjum mýmörg dæmi um að útgerðarmaður í þessari stöðu reyni að verja þessa heimild sína. Hann gerir það þá með því að vista þetta annars staðar eða gera aðrar kúnstir. Hann heldur kannski gamla bátnum sínum til að koma í veg fyrir að hann missi þennan rétt. Sú aðferð leiðir til óhagkvæmari útgerðar. Þetta er liggur ekki síst til grundvallar þessari breytingu, að reyna að styrkja og bæta rekstrarstöðu minni útgerða. Ég tel þetta í anda þess sem við gerðum á sínum tíma, fyrir fimm, sex árum þegar við settum viðbótarheimildir á tiltekinn bátaflota, að fylgja því eftir eins og hér er lagt til.

Spurt var hvort úthluta ætti aflaheimildunum að einhverju leyti á grundvelli veiðiréttar. Ég vék að því í stuttu máli í andsvari áðan. Ég ætla að koma aðeins betur inn á það. Það sem hér er lagt til varðandi úthlutunina og kemur fram í hinum flókna lagatexta er að ekki verði um að ræða fortakslausa úthlutun. Hv. þm. Jón Bjarnason spurði t.d. áðan hve margir bátar mundu koma til greina við úthlutun á veiðiréttinum. Í upphafi fengu 497 bátar slíka úthlutun en 40 svona heimildir hafa ekki verið nýttar nokkurn tíma. Það þýðir, verði þetta frumvarp að lögum, að sá veiðiréttur dettur niður. 40 bátar, 40 jöfnunarkvótar sem ekki hafa verið nýttir hafa aldrei verið verðmæti, kvótar sem ekki eru nýttir skapa ekki verðmæti. Þess vegna tel ég breytinguna mjög eðlilega.

Ég tel eðlilegt, þegar menn hafa ekki nýtt sér veiðirétt sem þeim var færður á vissan hátt, sem úthlutað var með tilteknum aðferðum árið 1999/2000, að hann komi ekki til úthlutunar sem aflahlutdeild. Það eru því 457 bátar eða 457 kvótar sem koma að líkindum til úthlutunar. Þótt það sé ekki á grundvelli veiðiréttar þá er það á grundvelli nýtingarsögunnar, hvernig menn hafa nýtt veiðiheimildir sínar sem þeir fá síðan úthlutað sem aflahlutdeild. Ég vona að þetta sé sæmilega skýrt. Ég geri hér tilraun til að segja þetta á mannamáli sem fram kemur í hinum meinta flókna lagatexta. En textinn þarf að vera svona til að menn geti stuðst við hann í framtíðinni. Ég tel því að á vissan hátt sé reynt að koma til móts við þau sjónarmið að óeðlilegt sé að menn fái með þessu veiðirétt á grundvelli einhvers sem þeir hafa ekki nýtt sér.

Hv. þm. Jón Bjarnason spurði hvort frumvarpið hefði áhrif á nýliðun. Ég held að það sé ekki það stórt í sniðum að það hafi áhrif á nýliðun. Þetta hefur hins vegar þau áhrif sem ég lýsti, að grundvöllur þessara báta sem hafa átt tiltölulega litlar aflaheimildir, aflaheimildir innan við 450 þorskígildistonn, verði styrkari en áður.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson sagði að þetta ætti ekki að vera verkefni sjávarútvegsráðherra. Það ætti að vera eitthvað stærra og stórkostlegra. Það er rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað á sjávarútvegsráðherra að fást við ýmislegt annað en þetta mál. En hann á líka að fást við þetta vegna þess að málið snýst einfaldlega um betra fyrirkomulag fyrir þá útgerðarmenn 450–500 báta sem búa við fyrirkomulag sem a.m.k. að mínu mati er óhagkvæmt. Auðvitað á ég þá að reyna að laga það.

Ég held að út af fyrir sig hafi ekki vaknað fleiri spurningar. Ég gæti nefnt ýmislegt um aðrar ræður sem voru fluttar, almennar ræður hv. þingmanna. Ég tek undir það með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að við höfum allar heimildir til að ganga fram í þessum efnum eins og hér er gert. Ég vakti athygli á því að miðað við tonnafjöldann sem menn fá í dag þá fá þeir væntanlega færri tonn eftir breytinguna en þeir fá hins vegar betri rétt, a.m.k. mun sá réttur verðlagður með öðrum hætti. Við undirbúning málsins og á fundum sem ég hef setið eftir að frumvarpið kom fram hefur mér heyrst sem ýmsum fyndist bara vel í lagt. Ég á því von á að þegar sjávarútvegsnefnd fer yfir málið komi fram ýmis sjónarmið, bæði með og á móti.

Kjarni málsins er hins vegar þessi: Með frumvarpinu er veiðiréttur, sem ákveðið var að úthluta með tilteknum hætti frá og með árinu 2002, gerður að aflahlutdeild og hafa menn þá sömu tækifæri og möguleika til þess að nýta þann rétt eins og um annan veiðirétt væri að ræða. Á því byggist frumvarp þetta í meginatriðum. Ástæðan er sú, eins og margoft hefur komið fram af minni hálfu, að ég met það svo að með því verði viðkomandi útgerðir öflugri og hagkvæmari. Ég á ekki von á að þetta skipti algjörum sköpum fyrir útgerðarflokkinn. En þetta er þó viðleitni í þá átt að styrkja flotann og til þess er frumvarpið lagt fram.

[17:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega ljóst að með frumvarpinu er kvótakerfið enn betur fest í sessi og framsalsmöguleikarnir aukast með þessari gjörð.

Í annan stað verð ég að mótmæla því að frumvarpið skipti ekki talsverðu máli varðandi nýliðun í kerfinu. Það gefur augaleið að þegar búið er að festa niður jöfnunarkvótann, sem áður fylgdi kvótalitlum útgerðum og skipum, og gera að algjörlega opinni söluvöru, mun það valda því að þröskuldurinn hækkar. Það verður erfiðara að kaupa sig inn í útgerð báta sem slíkar heimildir hafa fengið.

Væntanlega mun kvótinn hækka í verði og fyrir vikið munu þeir sem hugsanlega hefðu viljað kaupa sig inn í útgerðina þurfa að reiða fram hærri fjárhæðir en ella hefði verið. Ef verðmæti hvers kílós er í dag 1.400–1.500 kr. þá sjá allir hvað þetta þýðir. Málið snýst um mikla fjármuni og breytingin verður til að gera það erfiðara fyrir þá sem inn í greinina vilja komast að taka við. Það eitt og sér getur leitt til að þeir sem eiga kvóta fyrir geti fremur keypt viðkomandi útgerðir og ýtt undir samþjöppun. Af þessu tel ég að við eigum öll að hafa áhyggjur sem störfum á Alþingi.

[17:55]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður segir að kvótinn sé gerður að söluvöru, að þetta hækki þröskuldinn og erfiðara verði að komast inn í þessa grein. En hv. þingmaður gagnrýndi fyrr í umræðunni að ég væri að skerða þann kvóta sem menn þó fengju og stæði til að gera að aflahlutdeild. Mér finnst þetta stangast pínulítið á.

Ég held að kjarni málsins sé að fyrirkomulagið sem við höfum á þessum 3.000 tonnum sé óhagkvæmt og komi m.a. illa niður á einyrkjum. Ég á ekki von á að það sé sérstaklega vont mál að hafa 3.000 tonna fyrirkomulagið eins og það er núna hjá mönnum sem eiga marga báta. Þá geta menn búið sér til þær aðstæður að eiga innan við 450 þorskígildi á fleiri en einum bát. Menn gætu þannig fært til þann kvóta. Það er hins vegar mjög erfitt fyrir menn með einn bát eða þá sem eru í þeirri stöðu sem ég nefndi áðan, sem kaupa annan bát og eru með tvo slíka kvóta. Hvað eiga menn þá að gera? Finnst mönnum þetta fyrirkomulag virkilega skynsamlegt eða líklegt til að auðvelda mönnum aðgang að greininni eða gera eftirsóknarvert að standa í útgerð, að búa til óþarfa þröskulda í þessum efnum sem gera erfiðara og óhagkvæmara að gera út?

Ég held að við megum aldrei, þótt við höfum ýmis sjónarmið í sjávarútvegsumræðunni sem er alveg sjálfsagt, gleyma að horfa til þess að greinin verður að vera arðbær. Einn vandinn sem við búum við í sjávarútvegi í dag er sá að fjármagnið í formi hlutafjár leitar ekki inn í þessa grein af því að menn sjá ekki nógu mikla arðsvon í henni. Við verðum líka að gæta að því að greinin sé samkeppnisfær þó að ég hafi skilning á þessu sjónarmiði hv. þingmanns og telji það eitt viðfangsefnið í dag, þ.e. að tryggja aðganginn að greininni.

[17:57]

Útbýting:

Störf hjá ríkinu, 459. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 684.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 382. mál (ráðstöfun fjár). — Þskj. 442.

[17:58]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

Með lögum nr. 27/2005, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, var ákveðið að stytta gildistíma laganna um rúm fjögur ár. Þannig féllu lögin úr gildi 1. október 2005 í stað 31. desember 2009 eins og fyrr var ráðgert. Nokkrar ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun.

Fyrst má nefna að verkefnum þróunarsjóðsins var lokið. Í öðru lagi var þróunarsjóðsgjaldið fellt niður þegar veiðigjald var tekið upp. Þess vegna hafði sjóðurinn engar tekjur. Á 11 ára starfstíma Þróunarsjóðs sjávarútvegsins greiddi sjávarútvegurinn sérstakt gjald í sjóðinn sem fjármagnaði alla starfsemi hans. Þess má geta að eigendur fiskiskipa og fiskvinnsluhús greiddu tæpa 6 milljarða kr. í sjóðinn á starfstímanum. Við stofnun þróunarsjóðsins fékk hann í veganesti um 800 millj. kr. í skuldir umfram eignir samkvæmt bókfærðu mati en á síðasta ári var höfuðstóll sjóðsins orðinn jákvæður. Jafnframt hafði verið ákveðið að andvirði eigna sjóðsins umfram skuldir skyldi renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og síðan varið til hafrannsókna, eins og kveðið var á um í lögunum.

Ég vil láta þess getið að í Verkefnasjóð sjávarútvegsins renna sektir af ólögmætum sjávarafla og tekjur af svokölluðum 5% afla, sem við höfum oft í daglegu tali kallað Hafró-aflann, sem ekki þarf að útskýra sérstaklega fyrir þeim sem hér eru og hlýða á mál mitt. Á árinu 2004 voru tekjur hans, að frádregnum afskriftum, um 112,1 millj. kr. og nam eigið fé í árslok um 45,6 millj. kr. Á árinu 2004 var úthlutað 129,2 millj. kr. til verkefna á vegum Hafrannsóknastofnunar og 131,8 millj. kr. á árinu 2005. Endanlegt uppgjör á tekjum sjóðsins á árinu 2005 liggur ekki fyrir.

Í samræmi við framangreind lagaákvæði lauk starfsemi Þróunarsjóðs sjávarútvegsins þann 1. október sl. Stjórn sjóðsins hafði þá selt eignir sjóðsins og greitt upp skuldir hans. Er nú unnið að uppgjöri á þróunarsjóðnum og gerð ársreiknings fyrir árið 2005. Hinn 1. október sl. afhenti stjórn sjóðsins Verkefnasjóði sjávarútvegsins um 689 millj. kr. Í ljósi þess hve hér er um háa fjárhæð að ræða þykir rétt að leggja til með frumvarpi þessu að 660 millj. kr. af því fé sem rann í Verkefnasjóðinn renni í ríkissjóð og ákvörðun um ráðstöfun þess verði tekin á Alþingi í stað þess að hún verði ákvörðuð við borð sjávarútvegsráðherra eða nefnd á hans vegum. Fé þessu skal varið til hafrannsókna og er því við það miðað að hafrannsóknir verði efldar og fé sem varið er til hafrannsókna aukið. Þess vegna var lagt til í fjárlögum ársins 2006 og það samþykkt á Alþingi að rammi

fjárveitinga Hafrannsóknastofnunar yrði hækkaður um 50 millj. kr. Þetta gekk eftir eins og kunnugt er og við samþykktum á Alþingi þessa tilhögun í fjárlögum ársins 2006. Jafnframt var lagt til að rammi stofnunarinnar hækki aftur um aðrar 50 millj. kr. frá og með fjárlögum ársins 2007 og var frá því greint og verði þá 100 millj. kr. hærri á árinu 2007 en hann var á árinu 2005. Enn fremur hef ég ákveðið að breyta reglum um úthlutun úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins þannig að á árinu 2006 muni a.m.k. 25 millj. kr. af því fé sem Verkefnasjóðurinn hefur til úthlutunar verða varið til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli. Auglýst verður eftir umsóknum um styrki til hafrannsókna og geta allir sótt um styrk til sjóðsins. Faghópur mun fjalla um umsóknir og meta þær með hliðsjón af vísindalegu gildi rannsóknaverkefnanna. Með þessari tilhögun vinnst tvennt að mínu mati, annars vegar verða hafrannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar auknar í kjölfar hærri fjárveitinga og það er auðvitað mjög mikilvægt eins og hv. þingmenn vita. Hins vegar, sem ég legg líka mikla áherslu á, gefst öðrum aðilum, ekki síst þeim sem starfa utan Hafrannsóknastofnunarinnar, færi á að sækja um styrk til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins til að stunda hafrannsóknir en sá hópur hefur haft mjög takmarkaðan aðgang að styrkjum til þessa.

Ég held, virðulegi forseti, að þetta síðara atriði sem ég nefndi geti skipt miklu máli. Þetta er að sönnu ekki mjög há upphæð, 25 millj. kr. En ég segi: Mjór er mikils vísir. Hér er eingöngu verið að tala um tölu í sambandi við árið 2006 og ef vel tekst til eru allar forsendur fyrir því að við getum aukið þetta fjármagn. Það er hins vegar þannig að þegar þetta frumvarp verður að lögum, ef það verður að lögum, verður liðið nokkuð á þetta ár. Því er ekki við því að búast að það komi til framkvæmda fyrr en eitthvað líður á þetta ár. Það er líka ljóst að það er nokkuð óvisst hversu margir munu sýna því áhuga að sækja í þennan sjóð. Við vitum það einfaldlega ekki á þessari stundu. Mér finnst ekkert ólíklegt að ýmsir kjósi að sækja um fjármuni í þetta. Hér er um að ræða styrk af hálfu hins opinbera. En auðvitað verðum við að gera mjög miklar faglegar og vísindalegar kröfur. Það væri mjög slæmt, að mínu mati, ef niðurstaðan væri sú að við færum af stað með þessa viðleitni, ef illa tækist til. Við verðum að gera miklar faglegar kröfur. Við verðum að fá heilmikið út úr þessu. Ég tel að það eigi að vera allar forsendur til þess. Frá því að þetta frumvarp var lagt fyrst fram á Alþingi og fékk nokkra umfjöllun, meðal annars vegna þess að ég hef haft frumkvæði að því að vekja athygli á því, þá hafa ótrúlega margir komið að máli við mig, fólk með mikla vísindalega þekkingu og margvíslegan bakgrunn, sem hafa sýnt þessu máli áhuga, sjá þarna möguleika. Það er gert ráð fyrir að þeir sem leggja fram umsóknir í þennan sjóð verði að leggja með sér líka fjármuni á móti þannig að 25 milljónirnar til slíkra rannsóknaverkefna verði að lokum 50 milljónir eða 75 milljónir eða 100 milljónir, allt eftir því hvernig til tekst.

Þetta getur haft margvíslega þýðingu. Þarna verður hægt að skoða með öðrum hætti ýmsa hluti hafrannsókna okkar og það verður líka hægt að einbeita sér að verkefnum sem af ýmsum ástæðum hefur ekki verið hægt að sinna. Ég var t.d. á fundi fyrir fáeinum dögum í Þorlákshöfn þar sem var fundið að því að við værum ekki að rannsaka með þeim hætti ýmsa hina minni stofna við landið eins og við ættum að gera. Fyrir því eru eðlilegar ástæður. Hafrannsóknastofnun verður að forgangsraða sínum verkefnum og það er ekkert óeðlilegt að menn horfi þá til þessarar stóru stofnunar þar sem mest er í húfi. Þó ég mundi nú mótmæla því harðlega ef menn héldu því fram að ekkert væri gert í því að skoða hina minni stofna þá held ég að þarna séu þó alla vega möguleikar með þessu, m.a. til þess að sinna slíkum verkefnum, alls konar staðbundnum verkefnum, ýmsu því sem menn telja ástæðu til að sinna með öðrum hætti en gert hefur verið. Við vitum líka að forsendan fyrir því að ná hámarksárangri í allri vísindalegri starfsemi er að nálgast vísindaleg verkefni út frá sem margbreytilegustum og fjölþættustum sjónarhóli. Þess vegna erum við í raun að leggja þetta til.

Menn velta fyrir sér hvers vegna er hér lagt til að taka peninga sem Alþingi hafði áður ákveðið að rynnu í verkefnasjóðinn og setja þá í ríkissjóð. Svar mitt er það sem ég nefndi hér áðan. Það er miklu eðlilegra. Ég held að hv. þingmenn hljóti að vera mér sammála um það að þegar um er að ræða svona mikla fjármuni, á sjöunda hundrað milljónir kr., að þessum peningum sé varið með ákvörðun Alþingis, með samþykkt Alþingis í fjárlagagerðinni. En svo við séum ekkert að blekkja hverjir aðra hér þá vitum við að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir hafa þarna ákveðna forustu eins og gengur í slíkri umræðu. En það gerir okkur að minnsta kosti kleift að umræðan um ráðstöfun fjármagnsins fari fram á vettvangi Alþingis og alþingismenn geta þess vegna sagt sína skoðun á málinu. Þess vegna tel ég miklu eðlilegra út frá lýðræðislegum sjónarhóli að Alþingi ákveði hvernig við ætlum að verja þarna yfir 700 millj. kr. sem við erum núna búin að taka ákvörðun um að ráðstafa úr höfuðstóli þróunarsjóðsins, þ.e. að það sé gert með þessum hætti. Jafnframt var tekin um það pólitísk ákvörðun, og það var pólitísk niðurstaða sem Alþingi samþykkti fyrsta skrefið að við fjárlagagerðina á liðnu hausti, að auka um leið fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar. Ég tel ákaflega mikilvægt að tala um þessa hluti og skoða þá í þessu samhengi. Í Verkefnasjóði sjávarútvegsins eru allmiklar upphæðir, þ.e. þær framtíðartekjur sem verkefnasjóðurinn hefur annars vegar af Hafró-aflanum sem er dálítið óviss stærð og uppítökugjaldi sem er einnig óviss stærð, og sá höfuðstóll sem skilinn verður eftir í sjóðnum. Það gefur okkur tækifæri til að verja peningum til nýrra rannsókna, annars konar rannsókna, samkeppnisrannsókna á sviði hafrannsókna, sem við höfum ekki haft færi á að gera.

Virðulegi forseti. Þó þetta sé ekki stórt frumvarp að sjá — ég vona að það teljist að minnsta kosti sæmilega skýrt í þetta skipti — þá er það nú þannig að ég held að það geti á vissan hátt markað þau þáttaskil að það er þó verið að stíga eitt lítið skref í þá áttina að opna á frekari rannsóknir nýrra aðila á sviði sjávarútvegsmála. Það er mjög mikilvægt að skoða þetta frumvarp í því ljósi. Það er tekin sú pólitíska ákvörðun samhliða þessu og forsendan er þetta frumvarp. Það er tekin sú pólitíska ákvörðun að opna á rannsóknir fleiri aðila. Með því er ekki verið að gera lítið úr því starfi sem Hafrannsóknastofnun hefur unnið heldur er eingöngu verið að segja að það er ekki svo langt síðan við fengum í

fyrsta skipti möguleika á að gera þetta svona vegna þess að hér áður og fyrr áttum við ekki völ á svona mörgum vísindamönnum og vel menntuðu ungu fólki og nú. Það hefur satt að segja vakið ánægjulega undrun mína hversu stór og myndarlegur hópur er að verða til af ungu og vel menntuðu vísindafólki á þessu sviði til viðbótar við þá ágætu menn sem hafa verið hér fyrir, sem maður bindur mjög miklar vonir við. Við gerum okkur öll grein fyrir því að ekkert er mikilvægara fyrir okkur í vísindasamfélaginu en einmitt að standa vel að því að sinna rannsóknar- og þróunarstarfi á þessu sviði því þetta er grundvöllurinn að öllu öðru í okkar þjóðfélagi.

Ég vona, virðulegi forseti, að við náum að eiga efnislegar og góðar umræður um frumvarpið. Auðvitað verður auðna að ráða hvort menn nái saman. En miðað við anda umræðunnar í þinginu, þ.e. annars vegar það að menn hafa talið gagnrýnisvert að ráðherrar söfnuðu í kjöltu sína miklum sjóðum og deildu síðan úr þeim með misjafnlega gagnsæjum hætti og hins vegar það að menn hafa kallað eftir því að auka fjármagn til rannsókna og kallað eftir fleiri viðhorfum, og í ljósi þess að þetta frumvarp er á vissan hátt sannarlega í samræmi við þessa umræðu, þá geri ég mér góðar vonir um að um þetta mál geti tekist þokkaleg samstaða í meginatriðum þó alltaf megi deila um útfærsluna.

[18:10]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég verð að byrja á að lýsa bæði undrun minni og furðu á þessu frumvarpi sem hæstv. sjávarútvegsráðherra leggur fyrir þingið. Ég átti satt að segja ekki von á að hæstv. ráðherra Einar K. Guðfinnsson skipti svona fljótt um skoðun og raunin virðist vera á því ekki er langt síðan að sá hinn sami maður skrifaði undir meirihlutaálit í sjávarútvegsnefnd um það hvernig ætti að ráðstafa eignum þróunarsjóðs og það var með öðrum hætti en kemur fram í þessu frumvarpi.

Ég verð einnig að segja, frú forseti, að ég hefði ekki orðið hissa þó forveri hæstv. ráðherra í starfi hefði lagt fram frumvarp eins og þetta. Þessi orð mín byggi ég á þeirri reynslu sem ég hafði af því að eiga orðastað við hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra og núverandi hæstv. fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesen, varðandi þá fjármuni sem voru til í þróunarsjóði og ráðstöfun á þeim. Við munum það allir sem erum hér í salnum hvernig umræðan var um það þegar við tókumst á á vordögum 2005 hvernig ætti að verja fjármunum þróunarsjóðs. Þá lá alveg skýrt fyrir að hæstv. þáverandi sjávarútvegsráðherra, Árni Mathiesen, ætlaði þessa fjármuni í Verkefnasjóð sjávarútvegsins til að stunda hafrannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar. Það var upprunalegi lagatextinn sem kom frá þeim hæstv. ráðherra.

Í meðförum sjávarútvegsnefndar og eftir mjög miklar umræður í nefndinni sem hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra tók verulegan þátt í og átti þátt í að móta skoðun nefndarinnar á málinu, var niðurstaðan sú bæði hjá meiri hluta og minni hluta að rétt væri að breyta texta frumvarpsins og leggja fyrir Alþingi breytingartillögu sem gerði ráð fyrir að fjármunir þróunarsjóðsins mundu renna til hafrannsókna. Punktur. Ekki á vegum Hafrannsóknastofnunar eins og fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra hafði lagt til. Þetta var ekki ákvörðun sem sjávarútvegsnefnd tók að óathuguðu máli. Uppi hafa verið umræður um það nokkuð lengi hvort ekki væri rétt að opna þetta rannsóknarumhverfi fyrir öðrum aðilum en vísindamönnum Hafró og hvort ekki væri rétt að ríkið hefði til þess einhverja fjármuni. Þarna sáu menn möguleikana á því að nota fjármuni sem greinin sjálf hafði greitt inn í Þróunarsjóð sjávarútvegsins til að fara þessa leið.

Við deildum um það á vordögum, frú forseti, hve miklir fjármunir þetta væru. Það stóð yfir ansi skörp umræða um það lengi vel. Ég er hér með nefndarálit frá minni hluta sjávarútvegsnefndar þar sem vikið er að því að þessir fjármunir líklega yrðu milli 500 og 600 millj. kr. Það lítur nú út fyrir þegar þróunarsjóðurinn er endanlega uppgerður, þó ekki sé komin alveg endanleg tala, að þetta sé nær 700 milljónum. En það eru engar nýjar fréttir að þetta séu miklir peningar. Alþingi tók þá ákvörðun og samþykkti að fjármunir sem kæmu úr þróunarsjóðnum ættu að renna í Verkefnasjóð sjávarútvegsins og að þá ætti að nýta til hafrannsókna. Punktur.

Við gerðum okkur alveg grein fyrir því þegar ræddum þetta að þetta gætu orðið um 600 milljónir eða þaðan af meira. Við í minni hlutanum minntum reyndar lengi vel í þeirri umræðu og alla tíð sem sú umræða stóð yfir á gamla samþykkt sjávarútvegsnefndar og þingsins um að hluti af fjármunum þróunarsjóðsins ætti að renna til verndunar gamalla skipa og lögðum það til að af fjármunum þróunarsjóðsins færi ákveðin upphæð til hafrannsókna en jafnframt að það sem út af stæði gæti farið til varðveislu gamalla skipa og var kútter Sigurfari á Akranesi meðal annars nefndur. Mér sýnist að ef staðið hefði verið við þá samþykkt Alþingis sem þá var gerð um hvernig ætti að verja parti af tekjum og eignum þróunarsjóðs þá væri Kútter Sigurfara vel borgið því að fjármunir þróunarsjóðs reynast það miklir og ívið meiri en við gerðum ráð fyrir, þó þar muni ekki miklu, að það gamla skip hefði komist í gott ástand og fleiri skip einnig fyrir þá fjármuni sem þarna eru.

Af hverju er ég að minnast á að hér sé í raun og veru verið að breyta ákvörðun Alþingis sem tekin var á vordögum með því að leggja fram nýtt frumvarp? Jú, vegna þess að það er ekki bara það að verið sé að leggja hér til að þessir fjármunir renni ekki í verkefnasjóðinn, eins og hæstv. ráðherra fór yfir hér, heldur í ríkissjóð, sem í sjálfu sér hefði kannski verið allt í lagi ef staðið hefði verið við það að þeir ættu að renna til hafrannsókna, en í greinargerð með frumvarpinu segir að langmestur hluti þessara fjármuna skuli renna til hafrannsókna. Á vegum hvers? Er nokkur hissa eins og hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra lét, sem nú er orðinn fjármálaráðherra og vill fá þessa fjármuni í sinn kassa? Á vegum hvers? Á vegum Hafrannsóknastofnunar nákvæmlega eins og textinn sagði í frumvarpi hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, Árna Mathiesens, á sínum tíma. Það er því alveg ljóst að sá ágæti ráðherra hefur ekki sætt sig við ákvörðun Alþingis. Núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra kemur hér með arf eða fyrir þrýsting til að setja ofan í við þingið, til að breyta þeirri ákvörðun sem þingið tók á vordögum um að nú ætluðum við í alvöru að eyrnamerkja fjármuni í það að aðrir aðilar gætu komið með

raunhæf verkefni í hafrannsóknum og fengið til þess styrk og fjármuni úr ríkissjóði.

Það er aumt klór í bakkann að tiltaka 25 milljónir af 700 milljónum til þess verkefnis og slá sér hér á brjóst í ræðupúlti Alþingis og segjast með því vera að tryggja það að ungir og upprennandi vísindamenn, rannsóknar- og vísindamenn sem ekki eru á Hafrannsóknastofnun, gætu nú loksins farið að rannsaka lífríkið í hafinu. 25 milljónir, hvaða rannsóknir er hægt að ráðast í fyrir þá fjármuni? Berum það saman við þá fjármuni sem fara í hafrannsóknir hjá Hafrannsóknastofnun og enginn sér svo sem eftir. Það hljóta allir að sjá að á mælikvarða þess hvað kostar að setja á laggirnar alvörurannsóknarverkefni á lífríki sjávar þá eru þessar 25 milljónir, sem hæstv. ráðherra er að eyrnamerkja hér fyrir aðra en Hafrannsóknastofnun til að sækja í, smápeningar og ekkert annað en smápeningar.

Við þingmenn gerðum okkur alveg grein fyrir því þegar við fórum yfir þetta mál á sínum tíma að þarna væri einstakt tækifæri til að gera kerfisbreytingu. Það væri einstakt tækifæri til þess að leggja þær 400 milljónir eins og við vorum að tala um þá, þó að við gerðum okkur grein fyrir og það kemur fram í nefndaráliti minni hlutans að þetta gætu orðið 600 milljónir, til hliðar og allir væru jafnsettir að sækja um í styrk þessa fjármuni með raunhæf verkefni í rannsóknum á lífríki sjávar og fiskstofnum, og þær umsóknir sem kæmu yrðu bara vegnar og metnar á vísindalegum grunni og Hafrannsóknastofnun hefði í raun og veru engan forgang í þessa peninga. Það var umræðan sem við tókum í sjávarútvegsnefnd. Man hæstv. ráðherra ekki eftir þeirri umræðu? Hún var í apríl á síðasta ári, það er ekki lengra síðan. Hæstv. ráðherra hlýtur að muna eftir því þegar þessi umræða var tekin í sjávarútvegsnefnd á sínum tíma. Það var raunveruleg ástæða fyrir því að þetta var fellt út úr lagatexta fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra á vegum Hafrannsóknastofnunar.

Rétt til að rúlla í gegnum hvað við raunverulega vorum að samþykkja og hvernig nefndarálit meiri hlutans í sjávarútvegsnefnd leit út og hvernig hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála, Einar K. Guðfinnsson, sem þá var óbreyttur þingmaður, skrifar undir það álit sem einn af meirihlutamönnum í sjávarútvegsnefnd. Í því nefndaráliti sem ég er að vitna til segir, með leyfi forseta:

„Gerir frumvarpið ráð fyrir að eignir sjóðsins umfram skuldir renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra verði varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Meiri hluti nefndarinnar er fylgjandi efni frumvarpsins en telur þó ástæðulaust að áskilja í lögunum að andvirði sjóðsins skuli varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar heldur verði jafnframt heimilt að ráðstafa því til hafrannsókna á vegum annarra aðila í samræmi við almennar reglur um ráðstöfun fjármuna úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Þá leggur meiri hlutinn til að lögin falli úr gildi 1. október 2005 í stað 1. júlí til að tryggt sé að nægilegur tími gefist til að ljúka uppgjöri sjóðsins."

Einn af höfundum þessa texta og einn af þeim sem undir þetta skrifa er hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra. Þrátt fyrir þessa samþykkt Alþingis, þrátt fyrir að allir nefndarmenn í sjávarútvegsnefnd kæmust að þeirri niðurstöðu að rétt væri að gera þetta með þessum hætti, þrátt fyrir að fjárveitingavaldið sé hjá Alþingi þá er lagt hér fram frumvarp sem segir við skulum bara gefa þessu vink. Það var ætlun hæstv. fyrrverandi sjávarútvegsráðherra að þetta fé færi til Hafrannsóknastofnunar, það skal til Hafrannsóknastofnunar og núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra er hér í hlutverki vikadrengsins, liggur mér við að segja, gengur erinda fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra sem nú er fjármálaráðherra við að fylgja þessu máli alveg til enda að þeim fjármunum sem þróunarsjóðurinn átti og höfðu myndast þar skuli ráðstafað einmitt eins og sá hæstv. ráðherra lagði til á sínum tíma.

Ég verð að segja eins og er að ég er hissa á þessu, undrandi, og ég geri mér alveg grein fyrir því sem hæstv. ráðherra sagði hér að auðvitað er fjárveitingavaldið samkvæmt lögum hjá Alþingi og með því að fjármunirnir renni í ríkissjóð geta þingmenn í sjálfu sér haft áhrif á það með einhverjum hætti hvernig þeim verður ráðstafað, þ.e. ef það væri í rauninni svo að fjárveitingavaldið lægi hjá Alþingi. Ætla þingmenn sem setið hafa á Alþingi í mörg ár að standa hér undir drengskaparheiti og segja að fjárveitingavaldið sé óskorað hjá Alþingi?

Eftir að hafa setið tvö ár í fjárlaganefnd geri ég mér alveg grein fyrir hverjir ráða því hvert fjármunir ríkisins fara. Það eru ekki almennir þingmenn, það er framkvæmdarvaldið, það eru ráðherrarnir, þeir ráða því. Og meðan til er hópur þingmanna sem styður ríkisstjórnina og er nánast eins og strengjabrúður að rétta upp hönd í þessum sal þá ræður ríkisstjórnin, þá ráða ráðherrarnir. Þessir hæstv. ráðherrar eru ekki vanir því að þingnefndir eða Alþingi setji mikið ofan í við þá um það sem þeir eru að gera. Því var ekki mikil ánægja með það að þessu skyldi breytt á sínum tíma og að þessir fjármunir sem áttu að renna til Hafrannsóknastofnunar skyldu ekki vera eyrnamerktir þangað heldur ættu allir geta sótt um þá á jafnréttisgrundvelli. Og við sjáum það hér að ráðherraræðið sættir sig ekkert við að þingið hafi skoðun á því hvað gera skuli við þá fjármuni sem koma úr þróunarsjóðnum.

Frú forseti. Það er vont mál að við skulum standa hér í janúar á árinu 2006, eftir þá umræðu sem við tókum á vorþinginu 2005, með frumvarp í höndunum sem í raun er skellt beint í andlitið á þingmönnum sem samþykktu allt annað á vorþinginu. Ég veit ekki af hverju þetta er komið hér. Hæstv. ráðherra getur vonandi útskýrt það fyrir mér og öðrum þingmönnum sem sátu með honum í sjávarútvegsnefnd á sínum tíma þegar ákveðið var að leggja til breytingu á þeim lagatexta sem fyrir þinginu lá. Það hefur ekkert breyst í umhverfinu, það hefur ekkert breyst í því að upphæðin sem kemur úr þróunarsjóði er bara svipuð og við áttum von á, eins og fram kemur í þingskjölum frá þessum tíma. Við fórum yfir það hér í ræðupúlti að hún gæti orðið um 600 milljónir og jafnvel meira. Það hefur því ekkert breyst annað en það að hæstv. ráðherra er ekki lengur óbreyttur þingmaður heldur sjávarútvegsráðherra og hlýtur að hafa breytt um skoðun í ljósi þess frumvarps sem hér er lagt fram fyrir okkur til umræðu og afgreiðslu.

Ég neita að trúa því að hv. stjórnarþingmenn sem sátu í sjávarútvegsnefnd á þessum tíma og tóku þátt í umræðunni og þessari afgreiðslu, séu svo miklar lyddur að þeir láti

þetta yfir sig ganga og samþykki frumvarpið með þessum hætti heldur taki sér einu sinni tak og standi í hælana þegar ráðherra fer að ýta á bakið á þeim. Er ekki kominn tími til? Ég held að þetta mál sé gott til þess að ákveðnir þingmenn og a.m.k. sá hópur þingmanna sem er í sjávarútvegsnefnd og vildi ekki samþykkja það sem ráðherrann lagði fyrir þá, sýni að þeir séu ekki á flótta og séu ekki lyddur og ætli sér að standa við þá prinsippákvörðun sem við tókum í sjávarútvegsnefnd að nú skyldum við nota tækifærið, nú skyldum við nota möguleikann, þarna væru fjármunir sem greinin ætti sjálf og nú skyldum við opna fyrir það að aðrir en vísindamenn Hafró kæmust að þessum rannsóknum og gætu fengið til þess alvörufjármuni til að ráðast í alvörurannsóknarverkefni.

Menn gerðu sér alveg grein fyrir að með því að fjármunirnir væru þetta miklir væri von til þess að menn sameinuðust um stór verkefni utan Hafrannsóknastofnunar. Það er ekkert óeðlilegt við það að við viljum sjá einhverja aðra koma að og skoða þetta og opna upp vísindaumhverfið í kringum lífríki sjávar vegna þess að árangurinn hefur ekki verið til að hrópa húrra fyrir hingað til. Við höfum ekki verið ýkja ánægð í þessum sal þegar við höfum rætt það hvernig til hefur tekist í fiskvernd. Við höfum velt fyrir okkur hvers vegna ekki gangi betur að byggja upp fiskstofna eins og þorskstofninn en raun ber vitni. Við því höfum við ekki fengið nein einhlít svör hjá vísindamönnum Hafró. Hefði það ekki verið fagnaðarefni ef vísindamenn utan þeirrar stofnunar hefðu getað sótt í þessa fjármuni, lagt fram raunveruleg verkefni og kannski viljað skoða þetta frá einhverju öðru sjónarhorni en vísindamennirnir sem búnir eru að sitja yfir þessu í mörg ár hjá Hafrannsóknastofnun og eru sífellt að verja sínar eigin tillögur, sífellt að verja sínar eigin athuganir og sínar eigin niðurstöður? Ég held að það hefði verið gott og hollt fyrir okkur öll. Með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er verið að girða fyrir það. Það fer enginn af stað fyrir 25 millj. kr. eins og hér er verið að eyrnamerkja af rausn af 700 milljónum. Það fer enginn af stað eftir þau skilaboð hæstv. ráðherra úr ræðustól áðan að að sjálfsögðu þurfi aðrir rannsóknaraðilar að koma með fjármuni á móti, þannig að ef þeir ætli að láta sér detta í hug að sækja um fjármuni í þennan sjóð, í þær stórkostlegu 25 milljónir sem lagðar eru til hliðar, verði þeir að gera sér grein fyrir að þeir þurfi að koma með a.m.k. aðrar 25 og helst 50 milljónir. Ekki býr Hafrannsóknastofnun við það. Ekki þarf hún að koma með fjármuni einhvers staðar frá á móti þeim 650 eða 660 milljónum sem hér er verið að leggja til hliðar til að færa þeirri stofnun í rannsóknir.

Frú forseti. Ég er, eins og heyrist á máli mínu, meira en bit yfir því frumvarpi sem hér er komið fram. Ég vona satt að segja að það sé byggt á einhverjum misskilningi, að það sé ekki einbeitt ætlun hæstv. ráðherra að taka þessa fjármuni úr þeim farvegi sem Alþingi var búið að setja þá í og færa þá undir fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra sem nú er hæstv. fjármálaráðherra.

[18:30]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp kemur nokkuð á óvart og sérstaklega vegna þess hversu stutt er síðan ákveðið var hvernig ráðstafa ætti þessum fjármunum. Sú ákvörðun var svo sem ekki gallalaus. Fyrst og fremst var hún ekki gallalaus vegna þess að Verkefnasjóður sjávarútvegsins eða stjórnskipulag hans er ekki gallalaust. Fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra hlustaði ekki á gagnrýni stjórnarandstöðunnar á það fyrirkomulag sem þar er. Ég hefði fagnað málefnum frá hæstv. ráðherra þar sem hann hefði gert grein fyrir tillögum um nýtt fyrirkomulag á stjórn Verkefnasjóðsins. Því auðvitað er sú stjórnsýsla ekki rétt að hæstv. ráðherra nánast hafi slíkan sjóð eins og þennan í einhverjum af sínum vösum. Og þeir sem stjórni sjóðnum séu starfsmenn ráðuneytisins og undirmenn hæstv. ráðherra. Það sjá auðvitað allir að er ekki er góð stjórnsýsla. Það hefði hæstv. ráðherra átt að glíma við úr því sem komið var frekar en að fara þessa leið. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hv. þm. Jón Gunnarsson fór yfir áðan, hvernig málið gekk fyrir sig á sínum tíma. En það vekur nokkra undrun að hæstv. sjávarútvegsráðherra sem nú er skuli hafa valið að skipta um skoðun með þessum hætti og í rauninni fara gegn því sem Alþingi ákvað. Þetta er nú ekki einsdæmi og því miður virðast menn gleyma mjög hratt því sem ákveðið er á Alþingi. Hér í einu og sama málinu erum við að tala um tvö tilvik þar sem þingmenn gleyma jafnóðum því sem Alþingi ákvað.

Við erum að tala um þá niðurstöðu sem varð hjá Alþingi og hv. þm. Jón Gunnarsson fór yfir. Alþingi lét það koma mjög skýrt fram í samþykkt sinni að þessir fjármunir ættu að fara til hafrannsókna en ekki eins og hæstv. ráðherra hafi þá lagt til, til Hafrannsóknastofnunar.

Við erum líka að rifja upp málefni þar sem Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu fyrir fáeinum árum, ég man ekki nákvæmlega hvenær, líklega 1992 eða eitthvað á því bili, þar sem samþykkt var að fjármunir úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins ættu að ganga til endurbóta og viðhalds á gömlum skipum. Til að viðhalda gamalli þekkingu á sviði sjávarútvegs og votta virðingu því sem forfeðurnir hafa unnið í þeim efnum og full ástæða er til að gera. Það var ekki nokkur vegur að fá niðurstöðu í það. Og nú tel ég að full ástæða sé til að hæstv. sjávarútvegsráðherra svari því hvort hann ætli að beita sér fyrir því að fjármunir úr ríkissjóði komi, þá er ég ekki að tala um úr þessari púllíu frekar en öðrum í hirslum hæstv. fjármálaráðherra, í stað þeirra fjármuna þannig að orðið verði við þeirri samþykkt Alþingis að styrkja endurbætur og varðveislu gamalla skipa eins og samþykkt var og sérstaklega með þá fjármuni í huga sem hér er um að ræða. Ég geri ekki mikið með hvaða krónur eru notaðar. En ef menn falla frá samþykkt Alþingis um að þessir fjármunir verði notaðir þá hlýtur að verða að spyrja eftir því hvort menn hafi annað í huga. Eða hvort ganga eigi fram hjá samþykkt Alþingis í þessu efni.

Síðan má ég til með að nefna að hæstv. ráðherra hafði þó nokkurn kafla í framsöguræðu sinni um hvað ánægjulegt væri að stór hópur ungra vísindamanna væri orðinn til á sviði sjávarútvegs og tengdra fræðigreina eftir því sem ég skildi best. Það væru ótrúlega margir, sagði hæstv. ráðherra, sem hefðu látið í ljós áhuga sinn. Þá verð ég nú að taka undir með hv. þm. Jóni Gunnarssyni að það er ekki margt sem hægt er að gera fyrir 25 milljónir. Hitt líka að það sem þó væri hægt að gera fyrir þá fjármuni, sem ég

vonast til að verði meiri en þetta, að verði það skilyrt með þeim hætti sem hér er gert er verið að þrengja mjög möguleikana á að rannsóknir verði gerðar sem hugsanlega annars gætu verið gerðar. Þá er verið að þrengja þá rannsóknarmöguleika við það að einungis rannsóknir sem fjársterkir aðilar eru tilbúnir að setja peninga í fari fram en rannsóknir, við skulum segja ungra vísindamanna, tökum bara dæmi, sem byggjast á því t.d. að vinna úr einhverjum af þeim gögnum sem Hafrannsóknastofnun hefur aldrei getað unnið úr og ekki haft mannskap eða möguleika til að gera. Skoða t.d. hvaða áhrif, svo ég nefni einhver dæmi, eitt af mínum áhugamálum, það mætti t.d. vera eitt rannsóknarverkefnið, að skoða áhrif á nýtingu loðnustofnsins á lífríkið í hafinu og nýtingu annarra stofna á grundvelli þeirra gagna sem Hafrannsóknastofnun á. Vegna þess að allt hefur þetta verið unnið undir vísindalegu eftirliti Hafrannsóknastofnunar.

En ef spurt er um hvað hafi komið út úr rannsóknum á þeim gögnum sem þarna hafa orðið til, sem geti sagt okkur eitthvað um áhrifin á aðra stofna, áhrifin á hrygningu þorsksins eða aðra slíka hluti, þá koma menn að tómum kofanum í Hafrannsóknastofnun vegna þess að menn hafa ekki haft mannskap, vilja eða getu til að taka á því máli og skoða það þó ekki væri nema bara út frá þeim gögnum sem eru til. Margt annað alveg örugglega er til í þessu efni sem kannski er jafnvel hugsanlegt að einstakir vísindamenn gætu unnið á grundvelli gagna sem eru til. En þessir einstöku vísindamenn eiga kannski ekki 10–20 milljónir í vasanum til að leggja á móti. Það er engan veginn víst að svo sé. Við erum ekki að tala um að til séu einhverjar stofnanir sambærilegar Hafrannsóknastofnuninni hér úti í bæ. Við erum að vonast til að einstaka vísindamenn, sumir kannski með hjálp fyrirtækja sem hefðu áhuga á að styrkja þá, aðrir ekki, geti komið inn á sviðið og komið með hugmyndir um rannsóknir. Ég tel þess vegna að hæstv. ráðherra þurfi að endurskoða það sem í frumvarpinu er um þetta efni og að sýna þurfi þar meiri reisn.

Ég tel að þarna sé frumvarpið gallað og að full ástæða sé fyrir sjávarútvegsnefnd að fara vel yfir þetta mál og hvernig eigi að standa að þessu. Úr því hæstv. ráðherra hefur valið þessa leið tel ég að full ástæða sé til að skoða það í nefndinni hvort hún sé sama sinnis og hún var. Hæstv. ráðherra er tilbúinn að setja peningana þessa leið. Sjávarútvegsnefnd gæti haft sömu skoðun og hún hafði á meðan hæstv. ráðherra var í henni. Það er alveg hugsanlegt og gæti svo sem breytt einhverju orðalagi eins og gert var þá.

Síðan langar mig í lokin, af því ég ætla ekki að lengja umræðuna, ég fæ tækifæri til að ræða þetta við félaga mína í sjávarútvegsnefnd, að spyrja hæstv. ráðherra út í eitt atriði vegna þess að lokaklásúlan frá fjármálaráðuneytinu fór svolítið í taugarnar á mér þar sem er endað á að segja:

„Að mati fjármálaráðuneytis hefur frumvarpið ekki áhrif á afkomu ríkisins verði það að lögum.“

Verið er að tala um að setja 660 milljónir í ríkissjóð. Mér finnst eiginlega alveg óþarfi að orða umsögn fjármálaráðuneytisins á þann hátt að það skipti engu máli þó menn setji 660 milljónir í ríkissjóð. Það hlýtur auðvitað að skipta máli og hafa áhrif á ríkissjóð að þessu leyti. Mér finnst það svona sæmileg umgengni við málfarið okkar að hafa ekki þetta inni í tölvunni, þessa lokaklásúlu sem virðist vera í fjölmörgum umsögnum fjármálaráðuneytisins um mál frá ríkisstjórninni, þ.e. að þau hafi ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Það liggur ekki fyrir með þessari tillögu heildarráðstöfun á þeim fjármunum sem þarna er verið að setja í ríkissjóð heldur er einungis verið að gera ráð fyrir að Alþingi afgreiði hluta af þessum fjármunum út við næstu fjárlagagerð. Ekkert liggur fyrir um það einu sinni hvort það verður gert. Vegna þess að ekki er hægt að taka valdið af Alþingi til að ákveða það sjálft. Þess vegna vil ég meina að fjármálaráðuneytið hefði átt að orða þetta öðruvísi þannig að fólk skildi ekki málið þannig að menn, t.d. í fjármálaráðuneytinu litu þannig á að 660 milljónir væru svo sem ekki eitt eða neitt.

[18:42]

Guðjón Hjörleifsson:

Frú forseti. Með frumvarpi því sem hér er til umræðu er verið að ráðstafa fé úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Fé þetta kemur í framhaldi af því að Þróunarsjóður sjávarútvegsins varð lagður af 1. október sl. en gildistími laganna um Þróunarsjóð átti að vera til 31. desember 2009. Stjórn Þróunarsjóðsins hefur þá selt eignir sjóðsins og greitt upp skuldir hans. Áætlað er að hrein eign sjóðsins sé um 689 millj. kr. Hér er um mjög háa upphæð að ræða og skynsamlegt sem hæstv. sjávarútvegsráðherra leggur til að það fjármagn sem kom frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins í Verkefnasjóð sjávarútvegsins renni í ríkissjóð. Í staðinn mun Hafrannsóknastofnun fá í viðbótarrannsóknafé 50 millj. kr. á þessu ári og aðrar 50 millj. kr. árið 2007. Við erum að tala varanlega um 100 milljónir á ári í hafrannsóknir. Við sem höfum verið í sjávarútvegsumræðu á Alþingi höfum oft tekist á um að viðbótarfé vanti til hafrannsókna. Ég tel því tillögu hæstv. sjávarútvegsráðherra í þessu frumvarpi mjög skynsamlega.

Eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið og ber að fagna er einnig gert ráð fyrir að reglum um úthlutun úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins verði breytt þannig að á árinu 2006 muni að minnsta kosti 25 millj. kr. af því fé sem verkefnasjóðurinn hefur til úthlutunar verða varið til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli. Auglýst verður eftir umsóknum um styrki til hafrannsókna og geta allir sótt um styrk til sjóðsins. Faghópur mun fjalla um umsóknir og meta þær með hliðsjón af vísindalegu gildi rannsóknarverkefnanna.

Frú forseti. Með þessari tilhögun vinnst tvennt. Annars vegar verða hafrannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar auknar í kjölfar hærri fjárveitinga og hins vegar gefst öðrum aðilum sem starfa utan Hafrannsóknastofnunar færi á að sækja um styrk til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins til að stunda hafrannsóknir en sá hópur hefur haft takmarkaðan aðgang að styrkjum til þessa.

Hafrannsóknir eru grunnurinn að því að byggja upp þekkingu um hafið og lífríki þess sérstaklega til að geta metið hvernig hagkvæmast er og skynsamlegast að nýta auðlindir hafsins. Það er mikilvægt að fá varanlegt viðbótarfjármagn til enn frekari hafrannsókna. Í greinargerð sem sjávarútvegsnefnd sendi til fjárlaganefndar vegna fjárlaga ársins 2006 stendur, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að í meðförum Alþingis verði Haf-

rannsóknastofnuninni veitt 50 millj. kr. framlag svo auka megi úthald rannsóknarskipa stofnunarinnar um samtals 87–97 daga á ári. Nauðsynlegt er að úthald skipanna verði aukið svo efla megi veiðarfærarannsóknir og rannsóknir á uppsjávarfiski. Á síðasta ári var úthald Árna Friðrikssonar 211 dagar og úthald Bjarna Sæmundssonar 176 dagar. Á yfirstandandi ári er úthald áætlað 180 dagar á Árna (þar af 15 dagar vegna leigu til erlendra aðila) og 203 dagar á Bjarna (þar af 33 dagar vegna leigu til erlendra aðila). Meðalkostnaður á dag við rekstur Árna er 1.150 þús. kr. og Bjarna 900 þús. kr. Tillaga nefndarinnar er byggð á því að úthald skipanna verði 235–240 dagar fyrir hvort skip. Samkvæmt útreikningum Hafrannsóknastofnunarinnar kostar hver viðbótardagur vegna fjölgunar úthaldsdaga um 55–60 á Árna 650–700 þús. kr. og fjölgunar úthaldsdaga um 32–37 á Bjarna 500–550 þús. kr.“

Nefndarmenn minni hluta skrifuðu undir með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Frumvarp það sem hér er lagt fram er í samræmi við óskir sjávarútvegsnefndar og nefndarálits sem sent var til fjárlaganefndar. En hæstv. sjávarútvegsráðherra gerir gott betur. Sjávarútvegsnefnd bað um 50 milljónir í viðbótarfjárveitingu til að auka úthald rannsóknarskipa Hafrannsóknastofnunar um rúma 90 daga á ári en varanlega koma til Hafrannsóknastofnunar um 100 milljónir á ári frá árinu 2007 og er það mikið fagnaðarefni, frú forseti.

[18:46]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í þessu máli hættir maður ekki að vera hissa. Bæði varð ég hissa þegar ég sá frumvarpið og heyrði ræðu hæstv. sjávarútvegsráðherra þegar hann fylgdi því úr hlaði og ekki síður er ég hissa að heyra hér ræðu hv. formanns sjávarútvegsnefndar, Guðjóns Hjörleifssonar, og leyfi mér hér með, með leyfi forseta, að lesa aðeins upp úr ræðu þingmanns sem hér flutti ræðu 22. mars árið 2005. Það er ekki langt síðan.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Andvirði þeirra“ — og þá er verið að tala um fjármuni þróunarsjóðs — „átti í upphafi að verja til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar en sjávarútvegsnefnd samþykkti að taka út textann „á vegum Hafrannsóknastofnunar“ og taldi eðlilegt að stjórn verkefnasjóðs hefði ákvörðunarvald með ráðstöfun á andvirði þróunarsjóðs. Á Alþingi og í sjávarútvegnefnd hefur mikið verið rætt um hafrannsóknir og hve mikilvægt sé að hafa fjármagn til enn frekari rannsókna. Því er ráðstöfun eigna sjóðsins mjög mikilvæg fyrir frekari rannsóknir en reikna má með að eigið fé sjóðsins verði í kringum 500 millj. Sú upphæð getur þó breyst eitthvað þar sem ekki er komið lokauppgjör hjá sjóðnum.“

Þess ræðu flutti hv. þm. Guðjón Hjörleifsson 22. mars 2005. Við berum síðan saman þá ræðu sem sami hv. þingmaður var að ljúka við að flytja hér og það stendur ekki steinn yfir steini. Hv. þingmaður virðist hafa orðið fyrir þrýstingi frá hæstv. sjávarútvegsráðherra. Hann beygir bak sitt eins og hann er vanur, beygir sig undir vöndinn.

Ég vil spyrja hv. þingmann: Hvað hefur breyst? Hann man vonandi umræðuna í sjávarútvegsnefnd. Ég man umræðuna í sjávarútvegsnefnd og því spyr ég hv. þingmann: Hvað hefur breyst?

[18:48]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það var rétt hjá hv. þingmanni Jóni Gunnarssyni að það var samkomulag um að ráðstafa þessu í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Það sem ég er að horfa til er að það er verið að auka fjárveitingar til hafrannsókna um tæp 10% á ári og varanlega frá 2007. Mér finnst þetta stórt skref og eftir að ég las upp hér greinargerð frá sjávarútvegsnefnd til fjárlaganefndar sjáum við að þessar 100 milljónir gætu nýst í 180 daga á skipum Hafrannsóknastofnunar til rannsókna. Við þurfum að horfa til framtíðar og ég tel mjög skynsamlegt að haldið sé svona á spilunum.

[18:49]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru ekki nýjar fréttir að við þingmenn, sem höfum látið málefni Hafrannsóknastofnunar okkur fyrir brjósti brenna, höfum verið á því að það færu of litlir fjármunir til hafrannsókna og að of litlir fjármunir gengju til Hafrannsóknastofnunar, það eru ekkert nýjar fréttir. Við ræddum það í sjávarútvegsnefnd og við höfum oft rætt að það vantaði fjármuni til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar. En hvað þetta atriði varðar, þ.e. uppgjörið á þróunarsjóðnum vorum við sammála um að þeir peningar færu ekki inn í þann farveg heldur yrði þeim haldið til hliðar og þeir gætu nýst í rannsóknir bæði á vegum Hafrannsóknastofnunar og sjálfstæðra vísindaaðila eftir að báðir aðilar hefðu á jafnréttisgrunni sótt um fjármuni í ákveðin rannsóknaverkefni sem metin yrðu góð og gild til að hljóta styrk en ekki, og ég endurtek, ekki að fjármunirnir rynnu beint til Hafrannsóknastofnunar eins og nú er verið að gera ráð fyrir. Þetta var sérstaklega einfalt í frumvarpi hæstv. sjávarútvegsráðherra þáverandi en þar stóð að fjármunirnir ættu að fara til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar. Þingmenn tóku út, eins og hv. þm. Guðjón Hjörleifsson lýsti í ræðu sinni 22. mars, orðin „á vegum Hafrannsóknastofnunar“. Nú eru þau orð komin inn aftur í frumvarp núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra og hv. formaður sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, sem hafði þessa skoðun í umræðu í sjávarútvegsnefnd 22. mars hefur kastað henni út í hafsauga vegna þess að ráðherra hefur andað á hann.

[18:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er nú svolítið skrýtin vegferð á þessu máli eins og hv. þingmenn hafa komið inn á. Þegar þetta mál var afgreitt hér sl. vor var opið fyrir að fleiri en Hafrannsóknastofnun hefðu beina möguleika á því að sækja í það fé sem þá var ætlað til hafrannsókna og að það væri ekki eyrnamerkt Hafrannsóknastofnun.

Sá sem hér stendur hafði og hefur mikinn áhuga á því að reyna að efla hafrannsóknir á mörgum sviðum og á því er full þörf. Við eigum mjög góð hafrannsóknaskip, sérstaklega hið nýja skip Árna Friðriksson með afar fullkomnum tækjum, m.a. fjölgeislamæli og það er auðvitað eftirsóknarvert að reyna að halda slíku skipi úti til rannsókna. Við höfðum alla vega hug á því margir að það væri ekki bara Hafrannsóknastofnun sem gæti óskað eftir því að nýta slík

skip eins og Árna Friðriksson svo dæmi sé tekið heldur hefðu aðilar sem settu upp markvissa rannsóknaáætlun einnig möguleika á að sækja í verulegt fé og efna til samstarfs við Hafrannsóknastofnun um víðtækar rannsóknir á ákveðnum sviðum. Þeir gætu þá lagt fram tillögur sínar og gögn um hvernig að því mætti standa að takast á við ákveðin rannsóknaverkefni og m.a. fengið að nota til þess skip Hafrannsóknastofnunar og fá þannig fram meiri nýtingu á þeim skipakosti en gert er ráð fyrir í dag.

Ég held að ég viti það rétt, hæstv. forseti, að á þessu ári sé aðeins gert ráð fyrir því að Árni Friðriksson verði gerður út í 155 daga, í rúma fimm mánuði. Það er ekki mikil nýting á jafngóðu skipi og hinn nýi Árni Friðriksson er og með þeim tækjabúnaði sem hann hefur um borð.

Það er auðvitað svo að það er fjölmargt sem menn vildu stuðla að rannsóknum á í auknum mæli og er hægt að takast á við með samstarfi margra aðila. Í þessari umræðu ætla ég bara að nefna eitt dæmi sérstaklega sem ég held að sé rétt að menn leiði hugann að. Þannig er að á undanförnum árum hefur verið hætt við að stunda rannsóknir á svokölluðum seiðagrúppum, þ.e. seiðum frá vorinu þegar þau eru orðin 4–5 sm löng og eru uppi í sjó eða á grunnsævinu. Slíkar rannsóknir eru gerðar í þeim tilgangi að reyna að meta hvað hefur klakist út úr okkar helstu nytjastofnum og hversu mikil mergð eða magn seiða er á ákveðnum svæðum á hafsvæðinu við Ísland. Svona rannsóknir voru stundaðar í fjölda ára og rannsóknarskipin fóru í svokallaða seiðaleiðangra síðsumars. Því var því miður hætt og ég tel að það hafi verið afar misráðið, sérstaklega í ljósi þess að aðstæður hér við land hafa breyst verulega á undanförnum árum og væri afar áhugavert að fylgja slíkri rannsóknarseríu eftir inn í það ástand sem núna er, þar sem sjávarhiti er meiri við landið og innstreymi af því svo meira en oft hefur verið.

Mér hefur oft fundist gæta þess, hæstv. forseti, sérstaklega á vegum Hafrannsóknastofnunar, að þar væri verið að loka inni rannsóknir eingöngu á vegum stofnunarinnar. Ég hef stundum orðað það þannig að það þyrfti að komast inn fyrir kremlarmúra Hafrannsóknastofnunar um hafrannsóknir og það væri ekki eðlilegt að stofnunin hefði einokun á rannsóknum í lífríki sjávar. Ég nefni þetta dæmi varðandi þorskseiðin síðsumars en rannsóknir á þeim voru stundaðar árum saman og það hefði verið virkileg ástæða til að halda því áfram með tilliti til þess hvaða breytingar eru að verða á sjávarhita hér við land, hvernig seiðin hefðu þá hagað sér o.s.frv. Við hefðum auðvitað þurft skip, t.d. eins og Árna Friðriksson, til þess að rannsaka í úthafinu og skoða en það hefði einnig þurft að skoða þetta innfjarða með tilliti til þess að með hlýnandi sjó er ljóst að mikill hluti seiða hefur leitað inn á flóa og firði og eina vísbendingin um það á undanförnum árum eru í raun og veru þær veiðar á þorskseiðum í Ísafjarðardjúpi sem stundaðar hafa verið, sjaldan þó, til þess að afla seiða í þorskeldi eða áframeldi á þorski, uppeldi á þorski.

Við höfum því miður ekki þennan samanburð áfram og það sem verra er, hæstv. forseti, að á sama tíma og rækjuveiðar hafa algjörlega lagst af innfjarða misstum við líka þann rannsóknarpott sem fylgdi rækjuveiðunum. Það var auðvitað þannig að á hverju hausti tók Hafrannsóknastofnunin eða skip á hennar vegum, þess vegna einhverjir rækjubátar, rannsóknarhol á rækjuslóðum frá Eldey í vestri í Breiðafirði og síðan í öllum fjörðum vestan og norðan lands til að kanna í fyrsta lagi útvinnslu rækju og í öðru lagi útvinnslu seiða. Oft leiddu þessar rannsóknir til þess að menn takmörkuðu veiðar á ákveðnum svæðum vegna þess að það væri mikið af ungseiðum þorsks og ýsu eða annarra nytjafiska. Síðan kom þá iðulega í ljós meðan rækjuveiðar voru og hétu innfjarða að við rækjuveiðarnar urðu menn varir við enn meira magn seiða og það þurfti að loka á stórum svæðum, jafnvel svo að heilum fjörðum og flóum var lokað vikum og stundum mánuðum saman vegna þeirrar mergðar sem var af uppvaxandi þorskungviði og ýsu og öðrum nytjafiskum.

Þessa vitneskju erum við búin að missa vegna þess að rækjuveiðarnar eru ekki lengur stundaðar þannig að við höfum ekki lengur vitneskju um seiðamagnið á grunnslóð. Eina vitneskjan sem við höfum eru tilraunaveiðar í eldi í Ísafjarðardjúpi, eins og ég sagði áðan, og við höfum heldur ekki mælingar Hafrannsóknastofnunar á seiðum í úthafinu vegna þess að seiðaleiðöngrunum hefur verið hætt. Þetta tel ég afar misráðið og ég er alveg viss um það að margir ungir vísindamenn eða reyndir eftir atvikum hefðu áhuga á því að reyna að kanna þessa mynd. Ég held að það væri mjög auðvelt að setja upp rannsóknarmódel sem gæti leitt okkur verulega áfram í því að kanna útvinnslu þorskárgangs á fyrsta ári með því að taka upp samstarf útgerðarmanna minni báta sem hafa verið að stunda rækjuveiðar á undanförnum árum og nota rækjuveiðar til þess að kanna útbreiðslu seiða. En það þyrfti hins vegar gott rannsóknarskip til þess að sigla um slóðina með sín góðu tæki til þess að mæla þar hvar líklegast væri fyrir hina minni báta sem væru í þessu samstarfsverkefni að toga til þess að kanna útbreiðslu o.s.frv., enda fá menn ákveðin gildi út úr þeim tækjum sem eru um borð í hafrannsóknaskipum eins og Árna Friðrikssyni eða Bjarna Sæmundssyni.

Þannig hefði verið hægt að koma á að mínu viti verulega áhugaverðum rannsóknum sem hefðu getað leitt til þess að á nokkrum árum hefði fundist ákveðinn viðmiðunargrunnur um hvernig seiðin höguðu sér á grunnslóðinni við breyttar aðstæður í sjávarhita og hvernig samstarf hafrannsóknaskipanna, ég segi ekki Hafrannsóknastofnunar, heldur hafrannsóknaskipanna og þeirra aðila sem hefðu viljað setja upp slíkt verkefni hefði þróast. Útgerðarmenn margra minni fiskibáta hefðu getað valið sér að taka sig saman í slíkt verkefni og fylgja því eftir til nokkurra ára.

Hins vegar er alveg ljóst, hæstv. forseti, að 25 milljónir duga sáralítið í slíkt verkefni. En vitneskja sem kæmi úr slíku verkefni gæti skipt okkur verulega miklu máli upp á framtíðina, sérstaklega í ljósi þess að við höfum ekki lengur innfjarðarrækjuveiðina til að mæla seiðamagn á rækjuslóðinni innfjarðar og við höfum heldur ekki sjálf á vegum Hafrannsóknastofnunar stundað neinar seiðarannsóknir. Ég tel þetta afar misráðið. Þetta er nánast eins misráðið og þegar við ákváðum á tímabili að hætta að merkja þorsk vegna þess að menn töldu að hér við land færi þorskurinn lítið á milli svæða. Það gerðu menn því miður rétt áður en fór að kólna hér við land á árunum 1960–1966 eða 1968. Menn drógu þá verulega úr merkingum. Það var auðvitað afar misráðið vegna þess að þá vorum við að fá hér inn kaldan

sjó og köld sjávarskilyrði sem hefði verið mjög áhugavert að sjá hvaða áhrif þau hefðu á göngur þorsksins, t.d. til annarra landa, annarra fiskimiða eða annarra stranda.

Sama er að segja núna þegar hlýnar að þá væri auðvitað afar áhugavert að fylgja því eftir hvernig mynstur breyttist varðandi uppvaxandi þorskungviði og ýsuungviði. En við fáum sem sagt litla mynd af því eins og ástandið er í dag. Rækjuveiðar eru aflagðar innfjarðar, þær eru aflagðar nánast algjörlega í djúpköntunum, einnig á úthafsrækjunni. Hafrannsóknastofnun heldur ekki úti skipum til að mæla seiðamagnið í hafinu lengur, hvorki á djúp- né grunnmiðum. Við erum þess vegna ekki með neinn samanburð í verulega breyttu lífríki og það er náttúrlega afar slæmt þegar menn halda ekki áfram að rannsaka þegar aðstæður breytast verulega því að þá fyrst, hæstv. forseti, er ástæða til að fylgja rannsóknunum eftir í breytileikanum til að átta sig á því hvaða áhrif það hefur.

Ég hefði talið að m.a. þetta verkefni sem ég nefni hefði verið mjög áhugavert og hefði getað orðið samstarfsverkefni vísindamanna sem starfa utan Hafrannsóknastofnunar, útgerðarmanna minni fiskiskipa til að sjá um rannsóknir á grunnslóðinni, og leigu eða útgerð hafrannsóknaskipanna. Ekki veitir nú af að efla notkun þessara öflugu skipa miðað við það úthald sem við gerum ráð fyrir á þessu ári. Það er vissulega verulegt pláss fyrir það að aðilar utan Hafrannsóknastofnunar gætu tekið slík skip á leigu og Hafrannsóknastofnun sem slík með útgerð skipanna gæti verið í samstarfsverkefni með öðrum aðilum um að kanna ákveðin verkefni. Um þetta hefðu menn hins vegar þurft að setja upp áætlun til nokkurra ára því að það er tiltölulega lítið gagn í því að hefja slíkar rannsóknir og stunda þær bara í eitt ár.

Við höfðum þessa þekkingu úr Ísafjarðardjúpi, úr Arnarfirði og Húnaflóa, Breiðafirði og fleiri fjörðum norðan og austan lands í fjölda ára samfara rækjuveiðunum vegna þess að rækjuvarpan er svo smáriðin að í hana komu seiði og þar fengu menn þessa mynd og svæðum var iðulega lokað, eins og ég sagði áður, einmitt vegna magns af ungviði þorsks. Síðan leitar þetta ungviði til botns þegar fer að kólna. Og þegar árferðið er eins og það er að það kólnar jafnvel ekki fyrr en eftir áramót leitar ungviðið seinna til botns og seinna út af flóum og fjörðum.

Síðan er annað mál með loðnuna sem gekk inn á grunnslóðina venjulega þegar dag fór að lengja eftir áramót og mætti oft þessum seiðagöngum í álum eða köntum bæði inn í djúpum og flóum landsins eða þá á grunnslóðinni á 40–70 föðmum. Það varð auðvitað til þess þegar loðnan gekk inn að þorskurinn komst í þá kjörfæðu sína og þar af leiðandi minnkaði afrán þorsksins á sjálfum sér því að það vita jú allir sem vita, því það er best sannað í þorskeldinu, að ef borin er feit loðna í þorskinn velur hann hana og étur mjög grimmt. Þannig væri afar nauðsynlegt að fylgja eftir þessum rannsóknum og við erum greinilega að upplifa miklar breytingar að því er varðar loðnustofninn og hegðun hans. Því ber þetta allt að sama brunni. Það væri afar nauðsynlegt að stunda slíkar rannsóknir og hefði verið afar áhugavert að einhver hópur vísindamanna hefði sett upp slíka áætlun, sótt í fé það sem hér er verið að tala um. En það er líka algjörlega ljóst, hæstv. forseti, og það veit sjávarútvegsráðherra jafn vel og ég að 25 milljónir í slíka áætlun er ekki stór biti ef menn ætla að gera virkilega spennandi verkefni úr þessu sem er að afla okkar viðbótarþekkingar.

Nú erum við að lifa þennan mikla breytileika í hafinu umhverfis Ísland og við vitum í raun og veru ekkert hvaða áhrif það kemur til með að hafa á grunnslóðina, á seiðabúskapinn og við sitjum uppi með þekkingargat að þessu leyti. Þess vegna held ég að miklu nær hefði verið að hafa frumvarpið og lögin eins og þau voru, að þetta væri merkt til hafrannsókna og ef menn hefðu sett upp nógu rökstudda og vel útfærða áætlun hefðu einstakir vísindamenn getað fengið styrk til þess og jafnvel þó að menn væru þar að horfa á úthlutun sem þyrfti kannski 50–100 milljónir á ári til að geta annast slíkt verkefni.

Ég vil benda á þetta, hæstv. forseti, og tel að þó að hér sé mjór vísir að því að takast á við hafrannsóknir utan múra Hafrannsóknastofnunar þá tel ég að hitt hefði verið betra og við hefðum haft það opið. Þá værum við að meta áhugaverð verkefni út frá þeirri stöðu sem þau gefa tilefni til á hverjum tíma. Það er ekkert sem segir að þó að féð hefði ekki verið merkt Hafrannsóknastofnun sem slíkri að Hafrannsóknastofnun hefði ekki verið stór aðili í þátttöku í slíkum rannsóknum samhliða því að geta unnið það með öðrum sem áhuga hafa. Ég tel, eins og ég sagði áður, að það hefði verið mjög þarft verk að komast af stað með verkefni þar sem væri lagt upp með hugsun annarra vísindamanna en starfa á Hafrannsóknastofnun og að menn gætu þar átt möguleika til fjár á jafnréttisgrundvelli án þess að neglt væri niður að það væri takmarkað við 25 milljónir eins og hér er lagt til.

Þegar þetta mál var rætt á síðasta vori minntum við margir þingmenn á það að á sínum tíma hafði Alþingi samþykkt þingsályktunartillögu um vilja sinn til þess að merkja nokkra fjármuni úr þeim miklu fjármunum sem inn í þróunarsjóðinn komu til þess m.a. að efla varðveislu gamalla skipa. Þróunarsjóðurinn varð jú til á undirbyggingu gamla úreldingarsjóðsins m.a. og þar á undan sennilega hagræðingarsjóðsins, ef ég man rétt, og menn töldu reyndar að mikið af fjármunum þeirra sjóða, sérstaklega hagræðingarsjóðsins, hefðu tapast þegar verið var að lána í fiskvinnslufyrirtæki en síðan reyndist það vera svo að þegar fram í sótti og menn voru að sameina sjávarútvegsfyrirtæki þurfti að greiða upp skuldbindingar sem þar lágu og fé kom inn í þróunarsjóðinn sem menn töldu að hann mundi ekki fá og var í raun búið að afskrifa.

Þegar við töluðum um það á síðasta vori að þetta væru heilar 600 milljónir eða jafnvel meira, sem reynast nú vera 690 milljónir, var það auðvitað svo að við ætluðum ekkert að skera neitt sérstaklega við nögl fjármunina sem færu í Hafrannsóknastofnun, hafrannsóknir. Við vorum að tala um að það yrðu þá a.m.k. fyrir fram merktar 200 milljónir til hafrannsókna. Ég held að þeir sem eru í þessum sal og hafa verið að ræða þessi sjávarútvegsmál geri sér allir grein fyrir að sérstaklega við núverandi breytileika í hafsvæðunum við Ísland er afar nauðsynlegt að efla hafrannsóknir. Við þurfum að fá viðbótarvitneskju sem því miður tapaðist út frá breyttu útgerðarmynstri og við erum ekki lengur með samanburðarhæfar rannsóknir varðandi seiðamagn og seiðafjölda í hafinu umhverfis Ísland. Síðan er það eins og ég

sagði áður breytilegt hitafar sem veldur því að ungviðið dvelur lengur á grunnslóðum en áður var og menn þurfa auðvitað að fá af því mynd hvaða áhrif núverandi hlýsjór hefur á hegðun þorskungviðis og ýsuungviðis hér við land.

Þetta verkefni hefði verið mjög upplagt að fara í, hæstv. forseti, sérstaklega í ljósi þess að hafrannsóknaskipin okkar eru nú ekki meira nýtt en rétt rúma fimm mánuði á ári, eins og ég sagði áðan, og væri full ástæða til að finna þeim meiri verkefni og beini ég því sérstaklega til hæstv. sjávarútvegsráðherra burt séð frá þessu máli að huga þarf vel að því hvort við getum ekki nýtt þessi dýru tæki okkar betur en við gerum miðað við núverandi ástand. Að minnsta kosti eru tilefnin nóg í breyttu lífríki. Okkur hefur ekki tekist að fylgja eftir loðnunni á undanförnum árum og fjöldamargar aðrar breytingar eru í hafinu hér við land sem ástæða væri til að fylgja eftir með auknum hafrannsóknum og sérstaklega held ég að væri áhugavert að fá nýtt fólk til að koma að þessum málum með svolítið annað sjónarhorn en Hafrannsóknastofnun hefur bundið sig við. Ég held að mjög áhugavert væri að koma með nýja hugsun og nýtt fólk inn í rannsóknir í hafinu við Ísland, komast inn fyrir kremlarmúra Hafrannsóknastofnunar.

[19:11]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. 60–70% af útflutningsverðmæti Íslendinga eru sjávarútvegur. Það hlýtur að segja eitthvað hvers virði sjávarútvegur er fyrir okkar þjóð. Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur hefur sagt hvað eftir annað undanfarin ár að allt of litlu fé hafi verið varið til fiskirannsókna, samanber loðnurannsóknir undanfarið.

Í framhaldi af því vil ég spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra: Er ekki og hefur ekki allt of litlu fé verið varið til fiskirannsókna? Hvað hafa rannsóknarskipin haft mikið úthald undanfarna mánuði til fiskirannsókna? Það hefur komið hér fram að á þessu ári, árið 2006, mun Árni Friðriksson vera með úthald ráðgert upp á fimm mánuði eða 155 daga. Er kjarninn ekki sá að skortur er á fjármagni til Hafró?

[19:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hér er loks komið til umræðu frumvarp sem ég hef verið að bíða eftir í þó nokkuð margar vikur. Ég verð að segja strax í upphafi máls míns að mér líst afskaplega illa á þetta frumvarp. Hér er í raun og veru ekki neitt annað að gerast en það að verið er að fremja rán um hábjartan dag. Verið er að stinga undan peningum sem tilheyra sjávarútveginum og eiga að tilheyra sjávarútveginum, fara með þá peninga inn í ríkissjóð. Þetta eru gríðarlega stórar fjárhæðir, við erum að tala um rúmlega hálfan milljarð kr., fara með þá peninga í ríkissjóð án þess að fyrir hendi sé nokkur trygging fyrir því að þeir peningar muni skila sér aftur inn í sjávarútveginn. Þetta tel ég að séu algjörlega óverjandi vinnubrögð og mjög alvarlegt mál. Ég mun aldrei, aldrei nokkurn tíma samþykkja að þetta verði gert með þessum hætti, svo ég fái því bara lýst yfir strax í upphafi máls míns.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins er sjóður sem varð til með lögum sem voru samþykkt á hinu háa Alþingi rétt fyrir jól árið 2003. Í þann sjóð hafa m.a. runnið peningar fyrir afla sem menn hafa fengið að landa, afla sem kallaður var a.m.k. í upphafi Hafró-afli. Þær landanir hafa skilað miklum tekjum. Þetta var m.a. gert til þess að reyna að vinna bug á brottkastsvandanum. Ég hygg að það hafi tekist a.m.k. að einhverju leyti því að peningar hafa streymt í þennan sjóð allt frá því að hann var stofnaður.

Ég var með fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra, Árna Mathiesens, í fyrra einmitt um þennan sjóð. Ég spurði m.a. um hvenær þessi sjóður hefði tekið til starfa og hverjir hefðu verið í stjórn hans og eins og ég sagði áðan tók sjóðurinn til starfa eftir að lög voru samþykkt hér rétt fyrir jól árið 2003 og tóku gildi um áramótin 2003–2004. Ráðherra skipaði í þennan sjóð þriggja manna stjórn og í ljós kom við þessa fyrirspurn mína að í stjórninni voru allt saman starfsmenn sjávarútvegsráðuneytisins, allt saman embættismenn, þrír starfsmenn, þ.e. ein kona og tveir karlmenn.

Það má alveg segja sem svo að þetta hafi verið gagnrýni vert því í raun og veru þýddi þetta að sjávarútvegsráðherra hafði einn fulla stjórn á sjóðnum og í hvað peningarnir sem runnu í hann fóru síðan. Þetta voru umtalsverðar fjárhæðir. Það kom í ljós við þessa fyrirspurn að það hefði verið lagt hald á ólögmætan sjávarafla vegna fiskveiðiársins 2002/2003, afli alls að upphæð tæplega 27 millj. Síðan höfðu 116 millj. runnið í sjóðinn frá þeim tíma vegna þessa Hafró-afla sem kallaður var. Innstæða í sjóðnum var því 125 millj. rúmar og var búið að úthluta megninu af þeim peningum í ýmis verkefni á vegum Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar. Við getum t.d. talað um mælingar á meðalafla við flotvörpuveiðar uppsjávarfisks. Þörungaræktun í sjó og tilkynningaviðmót vegna fjareftirlits. Þetta var allt saman hjá Fiskistofu. Síðan vorum við að tala um eftirlit með fiskeldiskvótum, rannsóknahvalveiðar, kortlagning búsvæða á hafsbotni í hafinu við Ísland, merkingar á karfa með neðansjávarbúnaði, atferli þorsks með sérstöku tilliti til veiðanleika, stofngerð þorsks við Ísland, göngur og útbreiðsla þorsks metnar með GPS-merkjum, fæðuvistfræðileg tengsl dýrasvifs og fiska á Reykjaneshrygg, áhrif svæðafriðana á samfélög botnlægra fiska, áhrif svæðafriðana á samfélög botndýra og merkingar á þorski til að meta áhrif svæðafriðana. Alls runnu 122 millj. og 300 þús. kr. í þessi verkefni.

Ég fæ ekki betur séð en þarna hafi verið unnið að ágætis rannsóknum, að minnsta kosti ef tekið er mið af heitum verkefnanna. Ég sagði hér áðan að það mátti með réttu gagnrýna hvernig stjórn sjóðsins var samansett. Ég hefði gjarnan viljað sjá að sjóðurinn hefði fengið að lifa áfram og að um hann hefði verið skipuð stjórn þar sem t.d. hagsmunaðilar og aðrir hefðu átt sína fulltrúa, og þá er ég að tala um hagsmunaðila í mjög víðum skilningi þess orðs. Ekki bara útvegsmenn og sjómenn heldur jafnvel aðila sem eiga hagsmuna að gæta varðandi framkvæmd rannsókna hérna á Íslandi, aðila frá Hafrannsóknastofnun og líka frá háskólanum, öðrum vísindastofnunum sem stunda haf- og fiskirannsóknir hér við land. Þannig hefðu þessir peningar verið notaðir til hafrannsókna og einnig peningarnir sem runnu í verkefnasjóðinn samkvæmt lögum sem voru samþykkt hér á Alþingi í fyrravor, ef ég man rétt, þegar þróunarsjóðurinn var lagður niður og eignir hans, eða peningarnir sem í hon-

um voru, voru síðan látnir renna inn í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Ég man ekki betur en að þá hafi einmitt þáverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra Árni Mathiesen talað hér um það fullum fetum hvað eftir annað að þessir peningar sem hefðu verið í þróunarsjóðnum ættu að fara til hafrannsókna. Um þróunarsjóðinn og örlög hans spunnust mjög miklar umræður hér í fyrra.

Nú sé ég hér á athugasemdum við þetta litla lagafrumvarp hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra, þar sem talað er um að 660 millj. kr., hvorki meira né minna, skuli nú renna úr þessum verkefnasjóði yfir í ríkissjóð, að það hafi einmitt verið 689 millj. kr. sem kom úr þróunarsjóði. Þessir peningar hafa verið afhentir þann 1. október sl. Hér er um mjög stórar fjárhæðir að ræða. Ég hefði viljað halda þessum peningum áfram inni í verkefnasjóði. Hvers vegna hefði ég viljað gera það? Jú, vegna þess að ég treysti því hreinlega ekki fyrir næsta húshorn að þessum peningum verði varið til hafrannsókna þó þeim sé núna smellt inn í ríkissjóð. Ég tel að það hefði verið mikið farsælla að halda þessum peningum áfram inni í verkefnasjóði. Frekar hefði átt að breyta reglunum um sjóðinn, búa til breiðari stjórn, jafnvel taka þetta úr höndum sjávarútvegsráðherra þannig að hann hefði ekki beint yfirvald með þessu eins og hann hefur haft fram til þessa. Honum hefur kannski liðið illa yfir því að vera með svona mikið af peningum í Mackintosh-dollu á skrifborðinu hjá sér og kannski viljað losa sig við þá miklu ábyrgð sem fylgir því að hafa svona mikið fé á milli handanna.

Það hefði mátt leysa með öðrum hætti. Ekki láta þessa peninga renna svona beint inn í ríkissjóð og segja síðan í einhverjum athugasemdum með þessu lagafrumvarpi: Að þetta sé allt saman gert með góðum hug og að þessu fé skuli varið til hafrannsókna og að nota eigi peningana til að efla slíkar rannsóknir o.s.frv. Það eigi að hækka fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar um 50 millj. og 100 millj. frá og með fjárlögum ársins 2007. Og síðan skuli að minnsta kosti 25 millj. kr. frá árinu 2006 renna til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli. Ég hefði miklu frekar, eins og ég sagði áðan, viljað halda þessum peningum áfram inni í verkefnasjóðnum en ekki láta þá fara inn í þá miklu hít sem er ríkissjóður og vera síðan kominn upp á það til framtíðar að fjárlaganefnd á hverjum tíma muni standa við að láta þá peninga í hafrannsóknir.

Því miður er það svo, virðulegi forseti, að reynsla okkar af fjárveitingum til hafrannsókna, loforðum stjórnmálamanna um að setja nú aukið fé í hafrannsóknirnar hefur því miður ekki verið mjög á rökum reist og það er engin ástæða til að treysta því að fjárlaganefnd, sem í sitja fulltrúar ýmissa stjórnmálaflokka sem margir hverjir hafa litla innsýn í sjávarútveginn og litla innsýn í hafrannsóknir, muni sýna því mikla samúð eða mikinn skilning ef einhvers staðar þarf að skera niður, að það eigi að auka peninga í hafrannsóknir. Við sjáum bara hvernig staðan er í dag varðandi það fé sem rennur til hafrannsókna á fjárlögum. Það er til háborinnar skammar hve illa gengur t.d. að halda úti rannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni og líka Bjarna Sæmundssyni og hvernig hafrannsóknir hafa í raun og veru verið fjársveltar til langs tíma hér á landi. Mörg mikilvæg verkefni eru látin sitja á hakanum og ég tel að það megi færa mörg gild rök fyrir því að þetta komi okkur kannski illilega í koll núna á síðustu og verstu tímum.

Virðulegi forseti. Enn og aftur, höldum þessum peningum frekar inni í Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Breytum reglum um hann og sjáum til þess að peningarnir verði notaðir beint til Hafrannsóknastofnunar en opnum þetta líka þannig að aðrir aðilar geti fengið aðild að því að stunda hafrannsóknir hér við land á samkeppnisgrundvelli, ég er mjög fylgjandi því. Ég tel að einn af okkar stóru veikleikum á mörgum undanförnum árum hafi einmitt verið að við höfum nánast látið eins konar vísindakirkju komast á fót við Skúlagötu 4 þar sem menn hafa iðkað eitthvað sem má kalla kenningatrúarbrögð í fiskifræði og hafa ekki viljað hlusta nægilega vel á ýmsar kenningar og hugmyndir sem aðrir hafa komið með eða tillögur sem aðrir koma með um hvernig hlutir skuli rannsakaðir. Þeir sem hafa komið eitthvað nálægt vísindum ættu að vita það — og nú vill svo til að ég hef að minnsta kosti verið svo heppinn að fá að iðka nám í vísindaheimspeki við háskóla erlendis — að eitt af grundvallaratriðum í vísindaheimspeki er einmitt að maður á alltaf að vera tilbúinn til að velta við steinum og athuga hvort að maður hafi rétt fyrir sér. Jafnvel þó að maður telji sig hafa sannanir fyrir því að jörðin sé hnöttótt þá er ekki víst að það sé satt. Það getur alveg verið þess virði að fara út í rannsóknir á því hvort jörðin sé hnöttótt eða kannski flöt.

Það er nefnilega þannig að forsenda framfara í öllum vísindum er sú að menn hafi vilja til að skoða hlutina upp á nýtt og menn hafi vilja til að viðurkenna að þeir hafi kannski haft rangt fyrir sér, að menn séu viljugir til að prófa nýjar kenningar. Þarna tel ég að mjög mikið hafi skort á hjá okkur Íslendingum, því miður, einmitt í þessum hafrannsóknum því slíkar rannsóknir hafa verið svo gegnumsýrðar til að mynda af hagsmunagæslu og jafnvel pólitík. Pólitík og hagsmunagæsla fara því miður ansi oft saman og eins og ég sagði áðan að á það eftir að koma okkur í koll.

En ég tel að til að bregðast við þessu þá sé miklu farsælla að halda þessum peningum áfram í þessum sjóði. Þannig að þeir stjórnmálamenn sem eru að vinna með sjávarútveg á hverjum tíma, t.d. stjórnmálamenn í sjávarútvegsnefnd Alþingis eða þeir sem gegna stöðu sjávarútvegsráðherra á hverjum tíma, geti þá frekar haft meiri stjórn á því hvað yrði um þá peninga en ekki að þeir renni inn í ríkissjóð. Ég er mjög hræddur um ef það gerist, muni þessir peningar fara eitthvað allt annað en í það sem þeim er ætlað sem er að efla sjávarútveg hér á Íslandi með rannsóknum. Þetta eru peningar sem sjávarútvegurinn á. Það er sjávarútvegurinn sem bjó til þennan þróunarsjóð. Það er sjávarútvegurinn sem hefur búið til Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Þess vegna finnst mér það með ólíkindum að menn séu reiðubúnir að fallast á að þessir peningar séu hirtir af sjávarútveginum og settir inn í ríkissjóð. Ég á mjög bágt með að trúa því að t.d. hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hér á Íslandi muni hreinlega fallast á þetta. Því þeir eiga þessa peninga með réttu og fyrir því er hægt að færa mjög góð rök. Þeir hafa aflað þessa fjár. Hvernig í ósköpunum dettur mönnum þá í hug að taka þessa peninga og fara með þá inn í ríkissjóð? Ég átta mig ekki á því hvað hér er á ferðinni. Er það svo að ríkissjóður sé svo blankur að hann þurfi að taka

660 millj. kr. að láni hjá sjávarútveginum? Og greiða þær síðan til baka með 50 millj. kr. afborgunum eða hvað það er nú sem menn setja hér fram í athugasemdum við lagafrumvarpi? Hér er talað um að ríkissjóður skili svo miklum hagnaði á hverju ári að menn hafa aldrei séð þvílík reiðinnar býsn í sögu þjóðarinnar. Ég fæ ekki séð að það sé fjárskortur hjá hinu opinbera sem geri það að verkum að koma þurfi þessum peningum í umferð. Ég á að minnsta kosti erfitt með að sjá það. Þannig að ég í raun og veru skil ekki alveg hvað það er sem vakir fyrir mönnum með þessu.

Nú missti ég hér af upphafi umræðunnar, ég vil að það komi fram. Ég var upptekinn, þurfti að skjótast austur á Selfoss í útvarpsviðtal og heyrði því ekki hvað fór hér fram áður en ég kom í salinn. En það má vel vera að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi gefið skýringar á því hvað vakir fyrir honum með þessu. Ég veit það ekki. En ef það er svo að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi verið að missa svefn yfir því að þurfa að standa undir þeirri þungu ábyrgð að halda utan um þennan verkefnasjóð, sem stýrt hefur verið að minnsta kosti að nafninu til af þremur af undirmönnum hans, þá er það ekkert vandamál fyrir aðra, t.d. okkur í stjórnarandstöðunni, að setjast í stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og taka á okkur þá ábyrgð að stýra flæði peninga úr þeim sjóði. Það er til nóg af verkefnum. Guð minn almáttugur, alveg nóg. Ég get strax talið upp þó nokkur verkefni sem væru alveg þess virði að setja þessa peninga í, t.d. loðnurannsóknir. Ekki veitir nú af að setja peninga í þær. Þar hefur nú gengið nógu illa að undanförnu. Það mætti líka rannsaka fæðunám þorsks. Það mætti líka setja meiri fé í að rannsaka hrygningar þorsks og afkomu seiða þorsksins. Þar stöndum við frammi fyrir mikilli gátu. Hvernig í ósköpunum stendur á því að nýliðun þorsksins hefur brugðist í svona mörg ár? Í svo mörg ár að ég vil leyfa mér að fullyrða að ef hér verður ekki kraftaverk, komi Grænlandsganga eða eitthvað annað þess háttar, þá stefnum við í að þorskveiðar hér við land nálgist óðfluga 100 þús. tonn á ári, innan örfárra ára. Þetta er því miður það sem stefnir í vegna þess að okkur hefur mistekist uppbygging fiskstofnanna á Íslandsmiðum. Það blasir við ef maður les þessa bók, Hafrannsóknastofnun, fjölrit nr. 121, nýjasta ástandsskýrsla frá Hafrannsóknastofnun, sem kom út nú í vor. Þá er staðan því miður langt frá því að vera glæsileg. Við hljótum að hafa verið að gera eitthvað rangt. Þetta hef ég sagt í mörg ár. En menn hafa því miður ekki viljað hlusta. Menn hafa ekki verið reiðubúnir til að hugsa dæmin upp á nýtt. Þeir hafa komið saman og haldið ráðstefnur og kallað til einhverja sérfræðinga sem margir hverjir hafa komið frá útlöndum. En menn hafa í raun og veru ekki fundið upp á því að gera nokkurn skapaðan hlut öðruvísi en það sem þeir hafa gert mörg undanfarin ár, því miður með alveg hræðilega slæmum, lélegum og litlum árangri.

Eins og ég sagði hér áðan þá er full þörf á því að auka hafrannsóknir. Ég skal alveg taka undir það. Það er full þörf á því að auka samkeppni í hafrannsóknum, fá inn nýja aðila, nýja hugsun. Ég skal líka taka undir það og ég skal líka gjarnan taka þátt í því starfi. En ég tel að það sé ekki rétta leiðin að hirða þessa peninga af sjávarútveginum og hlaupa með þá inn í ríkissjóð. Eins og ég sagði í upphafi máls míns þá er það ekkert annað en rán.

[19:29]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál sem nú fer til sjávarútvegsnefndar. Ég vil þó halda til haga þeirri skoðun minni á sjóðum sem þessum að ég tel að þeir eigi almennt ekki að vera til. Við höfum ríkissjóð og innheimtur, sektargreiðslur eða aðrar slíkar greiðslur sem koma til eiga almennt að renna í hann. Að búa til svona sérstakt fjárlagadæmi í einstökum ráðuneytum er stjórnsýslulega afar hæpið. Fjárlaganefnd og Alþingi ráðstafa fé, a.m.k. að meginþorra til A-hluta ríkisstofnana eins og Hafrannsóknastofnun og fleiri eru. Það er því mjög varhugavert að hafa einhverja sjálfstæða sjóði í sama ráðuneyti og viðkomandi A-hlutastofnanir heyra undir og er að mínu viti stjórnsýslulega ekki rétt.

Við getum ímyndað okkur að ef sama væri uppi hjá dómsmálaráðuneytinu, ef hraðaksturssektirnar sem einhverjir okkar geta lent í eða aðrar umferðarsektir ættu að renna í einhvern sérstakan sjóð hjá dómsmálaráðuneytinu eins og, sem vel væri hægt að hugsa sér, til öryggismála í umferðinni, þá værum við komin með bein stjórnsýsluverkefni sem við eigum fyrst og fremst að setja okkur pólitísk markmið um og veita fjármagn til þeirra úr ríkissjóði eins og að meginþorra í starfsemi hafrannsókna. Þetta eiga að vera pólitískar ákvarðanir sem við viljum gera og verjum fjármagni til óháð því hve mikið kemur inn vegna sekta af ólögmætum sjávarafla eða tekjum af svonefndum 5% afla. Slíkt á ekki endilega að ráða þeim meginmarkmiðum sem við höfum í hafrannsóknum. Þess vegna geld ég, frú forseti, varhuga við þessu, þetta fer að mínu viti á svig við stjórnsýslulög og gæti líka farið á svig við lög um fjárreiður ríkisins o.s.frv.

Annars tek ég bara undir nauðsyn þess að það komi aukið fjármagn til hafrannsóknaskipanna eða hafrannsókna og rannsókna á öllu er lýtur að veiðum og lífríki hafsins. Það má sjálfsagt alltaf ræða um hvort þær rannsóknir þurfi að vera markvissari og taka meira tillit til annarra þátta en hinna, ekki skal dregið úr þeim sjónarmiðum sem þar koma fram eða að þau eigi ekki rétt á sér. Ég deili alveg þeim áherslum. Hins vegar tel ég að opna ætti á víðtækari aðgang annarra að þessu fjármagni.

Ég hef verið mjög hrifinn af því að á heimaslóð, í hverju héraði, á hverju svæði, t.d. Húnaflóasvæðinu, Skagafjarðarsvæðinu eða Breiðafjarðarsvæðinu, væri staðbundin rannsókna- og eftirlitsstöð á lífríkinu, á umgengninni um auðlindir viðkomandi grunnsævis, veiðar og annað því um líkt, sem væri þar í nánu samstarfi við einstaka hagsmunaaðila sem umgengjust þær. Við höfum reynslu af þessu í landbúnaðinum, þar voru búnaðar- og ræktunarsambandsskrifstofur á hverju landsvæði sem áttu ákveðna félagslega samleið. Ég tel að sama ættum við líka að gera varðandi sjávarútveginn og sjávarrannsóknirnar, að á strandsvæðunum sem liggja að viðkomandi landi og mynda þar eina umgengnis- og nýtingarheild ættum við að vera með staðbundnar rannsókna- og eftirlitsstöðvar sem störfuðu á forsendum heimamanna eins og búnaðar- og ræktunarsamböndin. Þarna gildir nákvæmlega sama lögmál, að fólkið sem býr við auðlindina, býr við lífríkið veit og fylgist oft best með því sem er að gerast, a.m.k. væri alveg sjálfsagt að starfa með því og

nýta þekkingu þess, enda verður hún ekki nýtt nema í samstarfi og af því fólki sem gerir það á hverjum tíma og þess vegna væri þetta góð tilhögun. Ég tel að jafnmiðstýrð starfsemi og er hjá Hafrannsóknastofnun, hversu góð sem hún er, hái óskaplega starfi hennar og hlutverki vítt og breitt um landið.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vildi bara koma þessum almennu atriðum að varðandi stöðu svona sjóða innan einstakra ráðuneyta og starfshætti rannsókna- og ráðgjafarstofnunar eins Hafrannsóknastofnunin er, sem ég tel að mættu á margan hátt vera betri án þess þó endilega að koma með beina gagnrýni á það sem nú er gert.

[19:35]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur farið nokkuð víða eins og eðlilegt er þegar um er að ræða frumvarp af þeim toga sem við ræðum hér í dag. Það sem komið hefur fram í þessari umræðu og kemur út af fyrir sig ekki neinum á óvart er að hér hafa þingmenn almennt verið þeirrar skoðunar að meira fjármagn þyrfti til Hafrannsóknastofnunar. Það er ekkert nýtt. Við höfum heyrt þetta ár eftir ár og menn hafa hvatt til þess að við legðum meiri peninga til Hafrannsóknastofnunar, vegna þess að menn sjá að við nýtum ekki rannsóknartækin okkar eins og þörf væri á og fullt tilefni væri til. Við erum með öflug hafrannsóknaskip sem við höfum því miður ekki getað haldið úti með þeim hætti sem hefðum kosið. Menn hafa sagt þetta ár eftir ár eftir ár, menn hafa talað um þetta við fjárlagagerð og af alls konar tilefni þegar við höfum rætt sjávarútvegsmálin. Ég lít þannig á að í raun og veru vaki það sama fyrir hv. þingmönnum. Menn telja að við þurfum að setja meiri fjármuni til Hafrannsóknastofnunar jafnvel þó að menn kunni að hafa ýmislegt út á þá stofnun að setja og þá aðferðafræði sem þar er viðhöfð. Ég held að mönnum sé það alveg ljóst, og það hefur greinilega komið fram hér hjá langflestum þingmönnum, ekki þó öllum, að menn telja að setja þurfi fastara land undir fætur stofnunarinnar þannig að menn viti betur í upphafi ársins hvað þeir geta gert og að menn geti gert meira en þeir hafa verið að gera.

Það er nákvæmlega þetta sem vakir fyrir mér með þessu frumvarpi. Frumvarpið gengur út á að taka tiltekna fjármuni sem áður var ætlað að færu í Verkefnasjóð sjávarútvegsins og setja þá í ríkissjóð um leið og tekin verður um það pólitísk ákvörðun, sem er auðvitað skuldbindandi fyrir viðkomandi ríkisstjórn og Alþingi hefur síðasta orðið um, að setja aukið fjármagn til starfsemi Hafrannsóknastofnunar.

Nú hafa menn talað þannig að hægt sé að gera þetta með öðrum hætti, að fara megi með alla þessa peninga í gegnum Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Hv. þm. Jón Gunnarsson talaði um að það væri algjör óþarfi að binda einhvern hluta af þessum fjármunum Hafrannsóknastofnun beint, hún ætti að sækja í þessa peninga alveg eins og allir aðrir.

Ég er ekki sammála þessari nálgun hv. þingmanns, einfaldlega vegna þess að grundvallarstofnun okkar á sviði hafrannsókna verður að vita betur en nú er hvernig möguleikum hennar til að stunda hafrannsóknir er varið. Við höfum verið að setja á stofn samkeppnissjóði á sviði rannsókna og þróunarmála víða í þjóðfélaginu og það er eðlilegt og skynsamlegt. En við höfum jafnframt gert það þannig að við höfum tryggt að allar slíkar stofnanir, stofnanir á borð við Hafrannsóknastofnun, aðrar vísinda- og rannsóknastofnanir, hafi líka fast ákveðið fjármagn. Það er augljóst mál að þannig þarf það að vera að einhverju leyti og þannig þarf það að vera að verulegu leyti í tilviki Hafrannsóknastofnunar. Hafrannsóknastofnun þarf að vera þannig í stakk búin að hún geti stundað grundvallarrannsóknir eins og við viljum að hér séu gerðar, hvort heldur það er að auka loðnurannsóknir, eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði og ég er alveg sammála honum um, eða rannsóknir á sviði veiðarfæratækni, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði og ég er sammála honum um og hef lagt áherslu á. Og eitt af því sem verið er að gera núna á vettvangi Hafrannsóknastofnunar er að auka vægi veiðarfærarannsókna með því að efla útibú þeirra á Ísafirði sérstaklega á þessu sviði.

Það sem hins vegar er verið að gera hérna er að eyrnamerkja tiltölulega litla upphæð í upphafi, en það er jafnframt alveg augljóst af því sem má lesa hér er að verið er að opna á nýtt aðgengi að peningum til samkeppnisrannsókna á sviði hafrannsókna. Menn hafa verið að vísa til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins. Hér er ég með yfirlit yfir verkefnin sem fóru úr honum á síðasta ári og þau verkefni eru öll á vettvangi þriggja ríkisstofnana, að langmestu leyti Hafrannsóknastofnunar, síðan Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og loks Fiskistofu. Það sem verið er að leggja til er að opna á leiðir fyrir nýja aðila til að stunda hafrannsóknir. Mér heyrist að það sé almennur stuðningur við þá skoðun mína að hafrannsóknir þurfi að stunda víðar og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson vísaði í vel þekkt sjónarmið vísindaheimspekinnar í þessum efnum, að menn þurfi að nálgast sannleikann úr sem flestum áttum. Ég held að við séum ekki ósammála um það.

Það skiptir hins vegar miklu máli að við skiljum ekki eftir okkar eigin stofnun, Hafrannsóknastofnun, á einhverjum berangri. Við þurfum auðvitað að tryggja henni aukið fjármagn og það er verið að gera. Ég hlustaði á ræður hv. þingmanna áðan og það blasti algjörlega við og það stóð bókstaflega upp úr hverjum manni að auka þyrfti fjármuni til stofnunarinnar, ekki bara til hafrannsókna almennt heldur til Hafrannsóknastofnunar, vegna þess að menn lögðu til að hún færi í aukin verkefni frá því sem núna er. Það er alveg ljóst að forsendan fyrir því að hægt væri að opna á þær samkeppnisrannsóknir sem ég er að tala um var að við byggðum betri fjárhagslegan grundvöll undir Hafrannsóknastofnun.

Að mínu mati var það hreint leikrit hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni þegar hann talaði í þá veru að menn gætu skilið við þetta mál án þess að taka á þeim vanda sem Hafrannsóknastofnun hefur staðið frammi fyrir. Ég vek athygli á því að hann og flokksbræður hans hafa haldið hér ótal margar ræður og gríðarlega langar ræður ár eftir ár um að Hafrannsóknastofnun þyrfti meiri peninga og nú þegar það er að gerast talar hv. þingmaður þannig að hann ætlar að skilja hér eftir svart gap, hann lætur eins og ekkert hafi gerst, hann lætur eins og ekkert sé varðandi Hafrannsóknastofnun. Eða ber manni að skilja það svo að hann telji að

búa eigi til eitthvert pólitískt samkomulag um að Hafrannsóknastofnun fái peninga úr verkefnasjóði, að einhverri hlutdeild til að standa undir þeim auknu verkefnum sem hann sjálfur hefur talað um að þyrfti að framkvæma?

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson spurði hvort ekki væri skynsamlegra og betra að eyrnamerkja þessa peninga, að hafa þessa peninga inni í verkefnasjóði. Ég flutti fyrir því rök í ræðu minni í upphafi dagsins að eðlilegra væri að gera þetta þannig að þessir peningar færu í gegnum ríkissjóð. Auðvitað getur meiri hluti Alþingis hverju sinni breytt þessum ákvörðunum eins og meiri hluti Alþingis gæti líka breytt ákvörðunum varðandi Verkefnasjóð sjávarútvegsins, það er út af fyrir sig enginn eðlismunur. Hins vegar er miklu eðlilegra þegar um það er að ræða að festa varanlega í sessi betri fjárhagsgrundvöll stofnunar á borð við Hafrannsóknastofnun að það sé gert þannig að hinn fjárhagslegi rammi stofnunarinnar sé stækkaður, eins og við gerum við aðrar stofnanir samfélagsins sem verið er að fjármagna með samfélagslegum hætti, og eins og gerum nú með Hafrannsóknastofnun. Það er eðlilegra og miklu þingræðislegra að mínu mati að við gerum það þannig að við setjum peninga af fjárlögum í Hafrannsóknastofnun og eyrnamerkjum síðan peninga til samkeppnisrannsóknanna með öðrum hætti. Það er ekkert sem útilokar að þessir peningar verði meiri en 25 milljónir. Þvert á móti er sett gólf og sagt að upphæðin verði ekki minni en 25 milljónir. Ástæðan er sú, eins og ég nefndi áðan, að við vitum auðvitað ekki nákvæmlega hver eftirspurnin verður með góðum verkefnum. Því vildi ég ekki hafa þessa tölu mjög háa í upphafi en auðvitað sjá það allir á umræðunni og hvernig málið er lagt upp að fyrir mér vakir að reyna að efla einmitt þennan samkeppnisrannsóknaþátt. Við höfum ágæta reynslu af því, m.a. á vettvangi sjávarútvegsráðuneytisins, að vera með samkeppnisrannsóknir á öðrum sviðum sem hefur skilað prýðilegum árangri. Hafrannsóknastofnun hefur sótt þangað, fyrirtækin hafa sótt þangað sem og vísindasamfélagið. Við höfum samkeppnisrannsóknasjóði á öðrum sviðum, rannsóknar- og tæknisjóði sem menn sækja í, og alls staðar er sama forsendan að menn verði að leggja með sér fjármuni á móti til að fá sem mest út úr þessu og það er eðli samkeppnisrannsókna í sjálfu sér að menn geri það.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að hafa mörg orð um þetta, þetta er almenn umræða um þessi mál. Mér finnst einhvern veginn að þrátt fyrir allt séu menn sammála um tvennt. Menn eru sammála um að Hafrannsóknastofnun þurfi meiri fjármuni. Það las ég út úr flestum ræðunum sem fluttar voru áðan. Í annan stað er mikill vilji til þess að efla samkeppnisrannsóknir. Ég tel að með þessari aðferð sé verið að opna á þá möguleika enn frekar. Það var ekki gert á árinu 2005, það er verið að opna á það á árinu 2006. Það er gert með þessari aðferðafræði. Það getur vel verið að menn vilji fara hraðar í þessum efnum eða einhverjir hægar. Þetta er sú tillaga sem fyrir liggur og menn taka afstöðu til.

[19:45]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil ósköp vel að erfitt sé fyrir hæstv. ráðherra að standa hér og verja þetta frumvarp eins og það er lagt fram. Það getur ekki verið auðvelt eftir umræðuna sem fram fór um þróunarsjóðinn í sjávarútvegsnefnd á vordögum síðasta árs og maður hlýtur að velta því fyrir sér þegar maður hlustar á varnir sem hæstv. ráðherra hefur hér uppi gagnvart því að nú skuli eiga að umsnúa þeirri ákvörðun sem tekin var á vordögum 2005, hvort það geti verið að einfaldlega hafi verði búið að semja frumvarpið í ráðuneytinu þegar hæstv. ráðherra kom þar inn. Ég velti fyrir mér hver eða hverjir sömdu það frumvarp sem við erum nú með í höndum. Getur verið að það séu þeir sömu aðilar og sömdu frumvarpið sem við breyttum hérna síðasta vor, þeir séu einfaldlega ekki búnir að sætta sig við þá breytingu eins og ég kom inn á í ræðu minni? Þetta frumvarp var lagt fram 29. nóvember en 1. október tók hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra við í sjávarútvegsráðuneytinu. Það hvarflar því að manni hvort það geti verið að þetta hafi einfaldlega legið þar á borðum og verið sé að fara með það hér inn.

Við erum sammála um að auka þurfi hafrannsóknir, ekki þarf að deila um það, ég held að allir séu sammála um það. Grunnrannsóknir Hafró eru fjármagnaðar af fjárlögum og við eigum að geta, miðað við það góðæri sem ríkir, fjármagnað þær rannsóknir svo sómi sé að. Sjávarútvegsnefnd og Alþingi ætlaði sér síðastliðið vor að opna myndarlega fyrir það að aðrir aðilar gætu sótt um opinbert fé til að stunda hafrannsóknir. Það var gert með breytingunni sem gerð var á frumvarpinu og alveg óþarfi finnst mér fyrir ráðherra að verða eitthvað sár yfir því þó að bent sé á að hér sé um kúvendingu að ræða og auðvitað veltir maður fyrir sér: Hvernig stendur á þeirri kúvendingu?

[19:47]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi hæstv. ráðherra er ekki sár yfir þessu máli nema síður sé vegna þess einfaldlega að þetta er mál sem er mjög í anda þess sem ég hef verið að tala fyrir árum saman. Það sem ég lagði strax áherslu á þegar ég settist í stól sjávarútvegsráðherra var tvennt, þ.e. ég teldi mjög mikilvægt að reyna að efla stoðir Hafrannsóknastofnunar með öllum tiltækum ráðum og í annan stað að opna á rannsóknir fleiri aðila. Allir þeir sem hafa farið yfir ummæli mín, viðtöl og ræður sem ég flutti á þeim tíma vita að þannig talaði ég.

Þess vegna var mjög eðlilegt að ég legði á það áherslu þegar ég kom í ráðuneytið að hraða vinnu við mál af þessum toga sem ég hafði mjög mikinn áhuga á. Ég hef áhuga á að efla hafrannsóknir. Ég sé það eins og aðrir að ekki er vansalaust að við skulum ekki geta haldið úti hafrannsóknaskipunum okkar betur en við höfum gert. Við þurfum á því að halda, ekki síst vegna þeirra umhverfisbreytinga sem hafa átt sér stað og eru að eiga sér stað og eru m.a. að hafa áhrif á göngur fiskstofna, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vakti alveg réttilega athygli á áðan. Þess vegna er mjög mikilvægt að við stöndum vel að þessu, bæði að efla grunnrannsóknir með því að setja fasta fjármuni til Hafrannsóknastofnunar, ekki bara fjármuni til einhverra ára meðan við værum að eyða afrakstrinum af þróunarsjóðnum, heldur ekki síður með því móti að setja varanlega peninga inn í þessa stofnun með því að stækka hinn fjárhagslega ramma.

Eins og hv. þingmaður veit, sem er reyndur fjárlaganefndarmaður, vinnum við samkvæmt rammafjárlögum, við búum til ákveðinn fjárhagslegan ramma fyrir þessar stofnanir. Við fyllum síðan inn í þann ramma á grundvelli þeirra verkefna sem þar er um að ræða. Þess vegna skiptir það mjög miklu máli fyrir framgang Hafrannsóknastofnunarinnar að við getum stækkað þennan ramma og þetta var leið til þess, peningar sem við gátum sett varanlega inn í þennan ramma og stækkað hann.

Síðan var það hitt til viðbótar sem ég benti hér á (Forseti hringir.) að þetta gaf síðan færi til þess að opna á samkeppnisrannsóknir.

[19:49]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er hjartanlega sammála hæstv. sjávarútvegsráðherra að það er ekki vansalaust í því góðæri sem ríkir og ríkt hefur undanfarin ár að okkur skuli ekki hafa tekist að finna fjármuni til þess að stunda grunnrannsóknir með þeim tækjum og tólum og þeim hafrannsóknaskipum sem við höfum yfir að ráða þrátt fyrir að þessi iðnaður eigi mjög í vök að verjast og þrátt fyrir að ýmislegt sé að gerast í lífríkinu sem við skiljum ekki, þegar metinnkoma er hjá ríkissjóði, skatthlutfallið sem hlutfall af vergri landframleiðslu aldrei verið hærra, hækkar stöðugt, að þá skuli ekki vera hægt að nýta fjármuni beint af fjárlögum til að bæta við þessar rannsóknir.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að um leikrit hefði verið að ræða hjá þeim sem hér stendur þegar ég fór yfir þau umskipti sem orðið hafa á afstöðu manna í þessu efni. Ef um leikrit er að ræða verður hver að meta það fyrir sig. Það eina sem ég reyndi að gera í ræðu minni þar sem ég fór yfir þetta var að draga tjöldin frá sviðinu eins og það stóð á vordögum, fara yfir hverjir leikendur voru þar, hvað þeir sögðu í hlutverkum sínum og hvernig leikritið endaði eða hvernig það endaði á sviðinu og klappað var fyrir í sölum Alþingis með atkvæðagreiðslu. En svo virðist eins og menn hafi bara gleymt því og vilji gera eitthvað allt annað núna. Þetta er umsnúningur eins og ég hef verið að nefna og það verður bara að hafa það þótt hæstv. ráðherra sé ekki sammála mér í því. Ég held að hver sem er sem skoðar málflutning manna í vor sem leið á þinginu, í sjávarútvegsnefnd sjái að sá sem hér stendur er einfaldlega að fara með staðreyndir. Viðsnúningurinn er algjör.

[19:51]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er einfaldlega ekki sammála því áliti hæstv. sjávarútvegsráðherra að sú leið sem hann er að boða tryggi í sjálfu sér peninga til hafrannsókna eða opni á að hægt sé að stunda hér einhvers konar samkeppnisrannsóknir, alls ekki. Þetta hefði hæglega verið hægt að gera með þessum peningum, rúmlega hálfum milljarði kr., með því að hafa þessa peninga áfram í verkefnasjóðnum, búa frekar til nýjar reglur um verkefnasjóðinn, ný lög um verkefnasjóðinn, skilgreina hann upp á nýtt og halda síðan áfram. Og þá hefði hver sem er getað sótt um peninga í þann sjóð til að stunda rannsóknir á t.d. lífríkinu í hafinu umhverfis Ísland og er ekki vanþörf á.

Mér finnst hæstv. ráðherra draga upp afskaplega veika og ótrúverðuga víglínu í málinu. Málflutningur hans heldur eiginlega ekki vatni því hægt er að gera þetta með öðrum hætti en að afsala þessum peningum í hendurnar á ríkissjóði. Það er miklu betra fyrir sjávarútveginn, tryggir miklu betri hagsmuni sjávarútvegsins að þessir peningar verði áfram þar sem þeir eru, skýrt skilgreindir í sjóði.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra, vegna þess að ég vil fá að vitna í Hamlet eftir Shakespeare: Það er eitthvað rotið í Danaveldi. Það er eitthvað í þessu máli sem ég kem ekki alveg auga á, mér dettur það helst í hug. Hefur ríkisendurskoðandi gert athugasemdir við Verkefnasjóð sjávarútvegsins eins og hann er í dag, við þær reglur sem eru um hann og skipun stjórnarmanna í þeim sjóði, jafnvel úthlutunarreglur eða eitthvað þess háttar? Er það það sem í raun og veru fær hæstv. sjávarútvegsráðherra til að fara út í það að reyna að afgreiða málin með svona undarlegum hætti? Mér er bara spurn.

[19:53]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta voru nú hálfdylgjulegar tilgátur hjá hv. þingmanni í lokin. Það sem vakir fyrir þeim sem flytur frumvarpið er einfaldlega tvennt. Annars vegar að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar. Það er gert með þeim hætti að það er pólitísk niðurstaða ríkisstjórnarinnar að auka varanlega fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar um 100 milljónir á ári. Það er 10% hækkun á framlögum ríkissjóðs til Hafrannsóknastofnunar. Það er talsverð aukning. Það er það sem í fyrsta lagi vakir fyrir.

Í annan stað er verið að reyna að búa til leið til að opna samkeppni á þessu vísindasviði. Það er gert með því að þegar búið er að auka fjárhagslegt rými Hafrannsóknastofnunar skapast möguleikar til að opna á samkeppni um fjármagn sem núna rennur í Verkefnasjóð sjávarútvegsins eftir tekjustofnum sem hv. þingmenn þekkja. Það er alveg ljóst mál að menn nota auðvitað ekki peninga eins og þá sem fást úr þróunarsjóðnum nema bara einu sinni. Þetta er höfuðstóll og það gengur á hann og það mundi ganga á hann auðvitað í verkefnasjóðnum. Einn góðan veðurdag væru þeir peningar búnir.

Þess vegna var það mitt pólitíska mat, og ég er sannfærður um að það er rétt, að það var miklu betra fyrir þá hagsmuni sem ég var að berjast fyrir, sem voru hagsmunirnir af því að auka hafrannsóknir í landinu, að gera það með þessum hætti. Það voru engar annarlega hvatir að baki. Það voru engar athugasemdir frá Ríkisendurskoðun. Það var bara þessi vilji minn sem hefur komið fram hundrað sinnum um að efla hafrannsóknir og efla Hafrannsóknastofnun vegna þess að ég taldi að það væri svo mikilvægt í þágu þeirra hagsmuna sem ég held við allir hv. þingmenn berum fyrir brjósti.

[19:55]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í rauninni er ekki verið að deila um hvort ekki sé vilji fyrir því að efla hafrannsóknir í landinu eða setja meiri peninga í það. Eins og ég hef sagt áður og

segi enn og aftur er alveg hægt að gera það þó að þessi sjóður lifi áfram. Það er alveg nóg að skoða í hvað peningarnir hafa farið fram til þessa. Þeir hafa farið í hafrannsóknir og ég get ekki séð að nein breyting verði á því þó að peningarnir séu áfram í þessum sjóði, langt í frá. Miklu frekar væri hægt að gera úr þessum sjóði gott og skilvirkt tæki einmitt til að nota þessa peninga. Auðvitað klárast þeir einn góðan veðurdag en það er þá hægt að nota þá skynsamlega, með skýrt skilgreindum hætti í ákveðin verkefni.

Ég leyfi mér t.d. að minna á verkefni sem Hjálmar Vilhjálmsson, helsti loðnusérfræðingur okkar, hefur verið að reyna að fá peninga í núna í mörg ár — og hæstv. sjávarútvegsráðherra kannast mjög vel við það — til að rannsaka loðnuna, hvað er að gerast í hafinu norður af Íslandi á sumrin. Ég hygg að hann reki minni til þess þegar Hjálmar Vilhjálmsson kom á fund til okkar í sjávarútvegsnefnd, gott ef það var ekki í fyrra, og talaði m.a. um þetta. Þarna er á ferðinni mjög brýnt verkefni. Mig minnir að talað hafi verið um kostnaðarramma upp á 200 milljónir. Það hefði verið hægt að nota peninga úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins til að mynda í svona verkefni og ég hefði stutt það heils hugar.

Ég tel einfaldlega að þetta sé miklu vænlegri leið. Ég treysti því ekki fyrir næsta húshorn að staðið verði við það sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að þessir peningar eigi síðan að fara af fjárlögum. Sú ríkisstjórn sem nú er, það er eins og hún haldi að hún lifi endalaust. Kannski trúir hún á líf eftir dauðann, ég veit það ekki. En ég minni á að hún á sennilega ekki nema rétt rúmt ár eftir ólifað. Þá mun alveg örugglega ný ríkisstjórn taka við, hvort hún verður skipuð sömu flokkum eða ekki veit ég ekki, ég vona svo sannarlega að sú hlið komi ekki upp á teningnum, heldur að við fáum öðruvísi stjórnarform. Hvað vitum við um hvernig sú stjórn kýs að haga málum? (Gripið fram í.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–10. mál.

Fundi slitið kl. 19:58.

---

51. FUNDUR

miðvikudaginn 25. jan.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Styrkir til erlendra doktorsnema, fsp. ÖS, 186. mál, þskj. 186.

2. Auglýsingar kringum barnatíma í sjónvarpi, fsp. JóhS, 294. mál, þskj. 312.

3. Fjármálafræðsla í skólum, fsp. VF, 322. mál, þskj. 354.

4. Fréttaþátturinn Auðlind, fsp. MÞH, 383. mál, þskj. 450.

Til landbúnaðarráðherra:

5. Vinnsla skógarafurða, fsp. ÞBack, 278. mál, þskj. 293.

Til samgönguráðherra:

6. Akstur undir áhrifum fíkniefna, fsp. SF, 292. mál, þskj. 310.

7. Lög og reglur um torfæruhjól, fsp. SF, 301. mál, þskj. 321.

8. Brú yfir Jökulsá á Fjöllum, fsp. HBl, 335. mál, þskj. 369.

Til heilbrigðisráðherra:

9. Þjónustusamningur við SÁÁ, fsp. HHj, 293. mál, þskj. 311.

Til viðskiptaráðherra:

10. Laun og kjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda, fsp. JóhS, 425. mál, þskj. 642.

Til fjármálaráðherra:

11. Eignarskattur og eldri borgarar, fsp. GÞÞ, 453. mál, þskj. 677.

12. Þróun skattprósentu, fsp. GÞÞ, 454. mál, þskj. 678.

Afturköllun þingmáls.

[12:03]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill tilkynna að mál nr. 360 á þinginu, fyrirspurn á þskj. 394 er kölluð aftur, sbr. bréf sem forseta hefur borist:

„Hér með kalla ég aftur fyrirspurn mína á þskj. 394 um Fiskistofu.

Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest."

Styrkir til erlendra doktorsnema.

Fsp. ÖS, 186. mál. — Þskj. 186.

[12:04]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Eins og margsinnis hefur komið fram á þessu þingi er ég áhugamaður um rannsóknir og ég er áhugamaður um að það sé samstaða um að styrkja góða námsmenn til að verða sér úti um mikla þekkingu. Ég tel þess vegna að ein besta leiðin til að framleiða nýja þekkingu sé að ýta undir þá sem eru í rannsóknarnámi, bæði þá sem vilja verða meistarar í tilteknum fræðasviðum eða verða sér úti um doktorsgráðu. Ég tel og hef lýst því hér margsinnis yfir að koma eigi upp styrkjakerfi til þess að laða fólk í langt nám.

Ég hef hlustað grannt eftir stefnu og yfirlýsingum hæstv. menntamálaráðherra um þetta mál. Nú á ég stundum

töluvert erfitt með að átta mig nákvæmlega á því hvað hæstv. ráðherra vill gera og ég sé stundum þverstæður á milli þess sem hún segir á einum tíma frá öðrum. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir á síðasta sumri að hún vildi gjarnan til þess að efla tengsl við alþjóðlega vísindasamfélagið laða hingað til lands erlenda doktorsnema og ég tek undir það meginmarkmið hjá hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra sagði í blaðagrein í Morgunblaðinu á liðnu sumri að það vildi hún gera með því að taka upp styrki til erlendra doktorsnema á sviðum þar sem við skörum fram úr. Þetta er í sjálfu sér jákvætt markmið.

Auðvitað má segja að það skjóti skökku við að á sama tíma og hæstv. ráðherra virðist hafa það mjög ofarlega í sinni að láta einmitt doktorsnema íslenska og meistaraprófsnema borga skólagjöld umfram aðra þá skuli hún velta fyrir sér styrkjum til erlendra doktorsnema. En það er í góðu lagi.

Það sem mig langar hins vegar til að velta upp við hæstv. ráðherra er: Hvenær ætlar hún að taka upp þessa styrki til erlendu doktorsnemanna? Í öðru lagi: Hvernig ætlar hún að skilgreina þau svið þar sem við skörum fram úr? Það mætti halda því fram að það ætti ekki síður að verja fé til að laða hingað erlend úrvalsefni til þess að starfa að greinum þar sem við skörum ekki fram úr vegna þess að okkur skortir þá þekkingu þar og atgervi. Því spyr ég hæstv. ráðherra líka hvaða mælikvarða hún hyggst nota til að skilgreina þessi svið og sömuleiðis hvort það standist jafnræðisreglu að veita slíka styrki einungis til ákveðinna fræðasviða en ekki annarra.

Síðan eru mér hugleikin kjör íslenskra doktorsnema erlendis. Í dag geta þeir ekki fengið styrki til að nema við erlenda háskóla nema það sé meðleiðbeinandi með aðsetur á Íslandi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Ef hún ætlar að taka upp styrki með þessum hætti til erlendra doktorsnema verður hún þá ekki að fella niður allar hömlur á styrkjum til (Forseti hringir.) íslenskra doktorsnema við erlenda háskóla?

[12:07]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Í fyrsta lagi spyr hv. þm. doktor Össur Skarphéðinsson, með leyfi forseta:

„Hvenær hyggst ráðherra taka upp styrki til erlendra doktorsnema á sviðum þar sem Íslendingar skara fram úr, eins og hann hefur boðað?"

Í núgildandi reglum um starfsemi Rannsóknarnámssjóðs sem veitir stuðning fyrir hönd stjórnvalda við nemendur í framhaldsnámi er ekki gert sérstaklega ráð fyrir stuðningi við erlenda nemendur sem hingað sækja. Endurskoðun reglna um Rannsóknarnámssjóð fer nú fram í menntamálaráðuneytinu og ég hef ákveðið að endurskoðun á hlutverki sjóðsins verði hluti af stefnumótun Vísinda- og tækniráðs til þriggja ára fyrir árin 2007–2009. Breytt viðhorf sem skapast hafa m.a. með eflingu rannsókna hér á landi og aukinni þátttöku í erlendu vísindasamstarfi eru eitt þeirra atriða sem hafa munu áhrif á starfsemi Rannsóknarnámssjóðs að endurskoðun lokinni. Hvort sú endurskoðun leiðir til þess að teknir verða upp sérstakir styrkir til erlendra doktorsnema á eftir að koma í ljós. Stefna stjórnvalda fram að þessu hefur verið að styrkja íslenska doktorsnema sem stunda nám í háskólum á Íslandi eða í háskólum erlendis. Með sama hætti hafa þeir erlendu doktorsnemar sem stunda nám í íslenskum háskólum haft með sér styrk og stuðning frá sínu heimalandi. Þegar styrkir eru veittir til doktorsnáms byggist valið á almennri gæðaviðmiðun svo sem frammistöðu nemenda í náminu, vísindagildi verkefnisins og hæfni leiðbeinenda þannig að þessi mál er sérstaklega verið að skoða við þessa endurskoðun og einnig athugasemdir hv. þingmanns sem ég að mörgu leyti deili eins og komið hefur fram í blaðagrein .

Í öðru lagi er spurt, með leyfi forseta:

„Hvaða mælikvarða hyggst hann nota til að skilgreina þau svið?"

Í þeim rannsóknasjóðum sem veita stuðning fyrir hönd stjórnvalda til rannsóknarverkefna og/eða framhaldsnáms er gengið út frá almennri viðmiðun um faglegt mat á gæðum verkefna. Til dæmis eru styrkir rannsóknasjóðs veittir til skilgreindra rannsóknarverkefna, einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Sjóðurinn veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu. Í reglum sjóðsins segir að ákvörðun um styrkveitingu sé bundin hinu faglega mati.

Þegar stjórnvöld hafa tekið ákvarðanir um að veita styrki til verkefna á skilgreindum rannsóknarsviðum hefur það verið gert með tímabundnum markáætlunum. Til dæmis var ný markáætlun samþykkt árið 2004 af ríkisstjórn til þriggja ára. Annars vegar er um að ræða svið, erfðafræði í þágu heilbrigðis, eins og það nefnist, þar sem Íslendingar ráða yfir hlutfallslega mikilli þekkingu og ættu að geta náð miklum árangri með því sameiginlega átaki opinberra aðila og einkaaðila sem gert er ráð fyrir í þessum þætti áætlunarinnar. Hins vegar, og ég vek athygli hv. þingmanns á þessu, er um að ræða nýtt þekkingarsvið, örtækni, þar sem þekkingargrunnurinn hér á landi er enn hlutfallslega veikur en miklar vonir eru bundnar við alþjóðlega og mikil þörf er á að styrkja hér á landi.

Í þriðja lagi er spurt, með leyfi forseta:

„Stenst það jafnræðisreglu að veita slíka styrki einungis til ákveðinna fræðasviða en ekki annarra?"

Eins og ég sagði í svari mínu hér á undan og fram kemur í lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir er gert ráð fyrir því að rannsóknasjóður veiti styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs. Leiði þær áherslur til þess að styrkveitingar renni til ákveðinna fræðasviða umfram önnur þá fæ ég ekki séð að það geti brotið gegn jafnræðisreglu enda er þá fylgt ákveðinni stefnumörkun sem lögin sjálf gera ráð fyrir. Á móti kemur að þegar sótt er um í rannsókna- og vísindasjóði á Íslandi, hvort sem um ræðir til markáætlana eða í almenna vísindasjóði, eru allir umsækjendur jafnsettir á þann veg að ákvörðun um styrki byggir á faglegu mati á gæðum verkefna.

Í fjórða lagi er spurt, með leyfi forseta:

„Telur ráðherra ekki að jafnframt verði að taka upp

styrki til íslenskra doktorsefna við erlenda háskóla?“

Rannsóknasjóður hefur veitt styrki til doktorsefna til náms við erlenda háskóla. Með auknu framboði doktorsnáms við íslenska háskóla hefur hlutur þeirra sem stunda nám hér heima vaxið á kostnað þeirra sem stunda nám erlendis. Ef nám er stundað erlendis er gerð krafa um tengsl við Ísland. Auk erlends leiðbeinanda við þá stofnun sem nám er stundað þarf að vera leiðbeinandi hér á landi. Þegar þessi regla var sett var haft í huga að það er mikilvægt að rannsóknir doktorsefna sem starfa undir handleiðslu færustu vísindamanna við erlendar menntastofnanir komi Íslandi að gagni í einum eða öðrum skilningi. Hlutur samkeppnissjóðanna í stuðningi við doktorsnám bæði hér á landi og erlendis er nú þegar umtalsverður og stefnt er að því að efla hann á næstu árum.

[12:12]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn. Eins og kom fram í máli hæstv. menntamálaráðherra hefur það verið stefna stjórnvalda að styrkja íslenska doktorsnema og ég vil lýsa þeirri skoðun minni hér að ég er sammála þeirri stefnu. Það er verið að efla mjög allt umhverfi doktorsnámsins og því er þessi endurskoðun Rannsóknarnámssjóðs í takt við áherslur hæstv. menntamálaráðherra. Ég fagna þessum áherslum. Það hlýtur að vera markmið okkar að styrkja allt umhverfi doktorsnema og ekki síst að tryggja þeim öruggari framfærslu þannig að þeir geti einbeitt sér betur að náminu.

[12:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Bara örstutt. Ég kem upp til að leiða athyglina að því að í gegnum árin hafa margir Íslendingar stundað doktorsnám við erlendar háskólastofnanir og stundað nám við erlendar háskólastofnanir. Við höfum gert þetta í gegnum árin, held ég, að mjög miklu leyti okkur að kostnaðarlausu. Það má kannski með vissum hætti segja að þarna hafi farið fram leynd þróunaraðstoð til Íslendinga og að þetta hafi hjálpað okkur sem þjóð mjög fram á veginn. Ég er sjálfur einn af þeim sem var svo heppinn að fá að njóta háskólanáms erlendis í mörg ár og hygg að ég muni búa að því í dag þó það sé kannski umdeilt. En hvað um það.

Ég vil bara minna á þetta. Ég held að það sé varasöm þróun fyrir okkur Íslendinga að leggja ofuráherslu á að fólk sé í doktorsnámi bara á Íslandi. Við verðum líka að halda því opnu að fólk leiti utan til náms. Við verðum líka að opna fyrir það að útlendingar geti komið hingað til Íslands og stundað hér háskólanám. Þetta eykur víðsýni meðal þjóðarinnar og er öllum (Forseti hringir.) til hagsbóta.

[12:14]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra veitti mér hérna áðan ákaflega merkilegt svar. Í sumar sagði hæstv. menntamálaráðherra að hún hygðist taka upp styrki til erlendra doktorsefna. Í svari hæstv. ráðherra kemur fram að það er ekkert á döfinni. Það er einhver vinna að því máli í ráðuneytinu einhvers staðar en það bólar ekkert á því. Það sem hún sagði í sumar var sem sagt bara til að segja það á þeim tíma.

Hæstv. ráðherra sagði líka að það ætti að taka þetta upp á þeim sviðum þar sem Íslendingar skara fram úr. Ég spurði hæstv. ráðherra hvernig ætti að meta það. Nú kemur það auðvitað fram að innan ráðuneytisins er það stefna, eins og í vísindasamfélagi sem eðlilegt er, að veita styrki á grundvelli faglegra forsendna eftir gæðum verkefna og auðvitað á það að vera þannig. Það er ekki hægt að taka eitt svið fram úr og segja að það skari fram úr öðrum. Ég held að það sé ákaflega erfitt að gera slíkt. Það er alltaf hægt að finna rök fyrir því að innan sérhverrar fræðigreinar sé hægt að finna einhverja sérþekkingu sem réttlæti að menn kalli hana framúrskarandi. Þannig er það einfaldlega. Þess vegna er ég sammála því almenna viðmiði sem kemur fram í þeim reglum vísindasamfélagsins sem hæstv. ráðherra reifaði áðan, þ.e. að það á að gerast á grundvelli almennra viðmiða og faglegra forsendna. Þannig á það að vera.

Ég er sömuleiðis þeirrar skoðunar að það skipti miklu máli að fá fólk til doktorsnáms vegna þess að þar verður þekking til, mikil þekking heima og erlendis. Ég er því þeirrar skoðunar að ekki eigi að setja neinar sérstakar hömlur á það með hvaða hætti Íslendingar sem eru í doktorsnámi erlendis fái styrki eins og er í dag. Þetta er mín skoðun, frú forseti.

[12:16]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er gott að við ræðum þetta mikilvæga mál hér en ég komst ekki hjá því að sakna ákveðinna orða úr ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar en það er Vísinda- og tækniráð og þar fer meginstefnumótun varðandi vísinda-, tækni- og rannsóknarmál hér á landi. Það er þar sem málin eru í ákveðnum farvegi og þess vegna hef ég hlutast til um endurskoðun á hlutverki sjóðsins, þ.e. Rannsóknarnámssjóði, sem taki tillit til þessara atriða sem við erum þó sammála um, ég og hv. þingmaður, að endurskoðun á hlutverki sjóðsins verði hluti af stefnumótun Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2007–2009. Að þessu er verið að huga og verið að vinna, þannig að það komi alveg skýrt í ljós, hv. þm. doktor Össur Skarphéðinsson.

En ég fagna því engu að síður og er fegin að heyra að við deilum að mörgu leyti svipuðum sjónarmiðum. Við eigum að laða fólk að, halda áfram að laða fólk að til doktorsnáms, ekki bara erlendis. Ég er líka alveg sammála hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni þegar hann kom inn á áðan hversu mikilvægt er að við höfum doktorsnema bæði hér heima og erlendis. Það skiptir máli að við öðlumst þá þekkingu og menningu sem fylgir því þegar fólk hefur búið erlendis og kemur hingað heim. Það skiptir miklu máli fyrir

okkar fjölbreytta samfélag. En í það heila tekið hefur verið unnið gríðarlega mikið starf varðandi það að fjölga meistara- og doktorsnemum og við munum sjá fram á mikla fjölgun, bæði erlendis og hér heima varðandi doktorsnema á hinum ýmsu sviðum sem við Íslendingar erum stoltir af.

Umræðu lokið.

Auglýsingar kringum barnatíma í sjónvarpi.

Fsp. JóhS, 294. mál. — Þskj. 312.

[12:18]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í nóvembermánuði sl. kom fram í fréttum frá umboðsmanni barna að hún sagði að sér bærust margar kvartanir og ábendingar um að auglýsingar sem höfða eiga til barna og sýndar eru í sjónvarpi í kringum barnatíma séu ótilhlýðilegar. Sumir foreldrar hafa kallað eftir því að tilteknar auglýsingar væru bannaðar, t.d. þær sem auglýsa sætindi og óhollt fæði.

Á Stöð 2 í nóvember sl. kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Umboðsmaður barna telur rétt að banna auglýsingar í kringum barnatíma í sjónvarpinu. Fram hafa komið auglýsingar sem hann telur brjóta í bága við lög, og aðrar sem eru á mörkum þess siðlega. Auglýsendum ber samkvæmt lögum að sýna varkárni vegna trúgirni barna. Auglýsingar sem beinast beint að börnum hafa orðið sífellt algengari undanfarin ár. Umboðsmaður barna segir að af og til komi fram auglýsingar, sem ganga svo langt að þær hljóti að brjóta hreinlega í bága við útvarpslög og lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum.“

Orðrétt var haft eftir umboðsmanni barna, með leyfi forseta:

„Ég vil miklu frekar skoða það hvort við ættum búa til eins og Svíar og Norðmenn gera, reglur sem segja að fyrir og eftir barnaefni eða efni sem er sérstaklega er ætlað yngstu börnum að þá séu engar auglýsingar.“ Benti umboðsmaður á að Svíar og Norðmenn væru með ákvæði í lögum sínum þar sem segir annars vegar að auglýsingar sem beinast að börnum yngri en 12 ára séu bannaðar og hins vegar að auglýsingar í kringum barnaefni í sjónvarpi séu bannaðar. Umboðsmaður taldi tímabært að væri orðið að taka upp umræður í samfélaginu um hvernig auglýsingum og markaðssetningu gagnvart börnum væri háttað og spurði hvort við vildum hafa þetta svona eins og það virðist vera að þróast eða hvort við vildum breyta einhverju.

Einnig var haft eftir umboðsmanni að ung börn hefðu ekki þroska til að átta sig á því að um er að ræða auglýsingar og verið væri að nýta sér trúgirni þeirra og þroskaleysi eða reynsluleysi.

Umboðsmaður barna setti líka fram í því viðtali sem ég vitnaði til að kannski þyrfti að framfylgja þessum reglum sem við þó höfum, betur en við gerum, en um þetta eru mjög skýr ákvæði bæði í samkeppnislögum og útvarpslögum en þar segir í 20. gr. varðandi vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum, með leyfi forseta:

„Útvarpsauglýsingar skulu þannig gerðar og fluttar að þær valdi ekki börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í útvarpsauglýsingum er óleyfilegt að: hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgirni.“ Sambærileg ákvæði eru í reglugerð um útvarpsefni.

Því hef ég leyft mér að beina fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra:

1. Ætlar ráðherra að bregðast við því áliti umboðsmanns barna að rétt sé að banna auglýsingar kringum barnatíma í sjónvarpi?

2. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að komið sé í veg fyrir slíkar auglýsingar?

3. Er ráðherra sammála umboðsmanni barna um að fram hafi komið auglýsingar sem brjóti í bága við lög og aðrar séu á mörkum þess siðlega?

[12:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Samkvæmt 26. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, ber auglýsandi ábyrgð á auglýsingu og sjónvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni en sjónvarpsstöðin sjálf ber ábyrgð á greiðslu fésekta og skaðabóta.

Í 20. gr. útvarpslaga er kveðið á um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum. Þar segir að útvarpsauglýsingar skuli vera þannig gerðar og fluttar að þær valdi ekki börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í auglýsingum er óleyfilegt að hvetja börn til að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgirni. Einnig er óheimilt til að hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er, notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem börn bera til foreldra, kennara eða annars fólks eða sýna börn að tilefnislausu við hættulegar aðstæður.

Það er líka rétt að draga fram 14. gr. útvarpslaga en þar segir að sjónvarpsstöðvum sé óheimilt að senda út dagskrárefni þar á meðal auglýsingar sem gætu haft alvarleg, skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna.

Lögin, virðulegi forseti, eru að mínu mati skýr og þess vegna hlýt ég að kalla til ábyrgðar auglýsendur, auglýsingastofur og ekki síst fjölmiðlana sjálfa. Þeir starfa samkvæmt útvarpslögum og lögin kveða skýrt á um ábyrgð þeirra gagnvart yngstu kynslóðinni. Samband íslenskra auglýsingastofa hefur sett sér siðareglur um auglýsingar þar sem segir í 13. gr., með leyfi forseta:

„Í auglýsingum skal ekki misnota hina eðlilegu trúgirni barna né reynsluskort yngri kynslóðarinnar og skal þess gætt að auglýsingar raski ekki samlyndi innan fjölskyldunnar. Auglýsingar sem beint er til barna eða unglinga eða eru líklegar til að hafa áhrif á þá aldursflokka skulu ekki innihalda staðhæfingar eða myndir sem gætu skaðað hina yngri geðrænt, siðferðislega eða líkamlega.“ Með þessum siðareglum hefur Samband íslenskra auglýsingastofa sett sér skýrar reglur varðandi auglýsingar og börn og axlað þá ábyrgð sem fylgir áhrifamætti auglýsinga.

Umboðsmaður barna segir að orðum sínum hafi fyrst og

fremst verið ætlunin að kalla eftir umræðu um auglýsingar sem beinast að börnum og athuga hvort hægt væri að hnykkja frekar á því að tilteknar greinar setji sér siðareglur í þessu efni eða hvort nauðsyn beri til að fara þá leið sem Norðmenn og Svíar hafa farið, þ.e. að banna alfarið auglýsingarétt í kringum barnatíma í sjónvarpi.

Útvarpsréttarnefnd stendur nú fyrir rannsókn þar sem gerð er úttekt á auglýsingum í sjónvarpi. Þar er kannað sérstaklega hvað er verið að auglýsa og hvenær. Rannsókninni lýkur innan skamms og ættu niðurstöður hennar að draga upp skýra mynd af því hvað er verið að auglýsa í kringum barnatíma í sjónvarpi og hversu mikið er auglýst.

Umboðsmaður barna hyggst á þessu ári standa fyrir ráðstefnu þar sem fjallað verður um vaxandi markaðssetningu gagnvart börnum og unglingum. Gert er ráð fyrir að ráðstefnuna sæki fulltrúar auglýsenda, auglýsingastofa, foreldra og fjölmiðla. Það fer eftir niðurstöðu ráðstefnunnar hvaða leið verður talin ákjósanleg til að bregðast við þeirri hættu sem börnum kann að stafa af auglýsingum sem til þeirra er beint. Ég tel einnig rétt að í þessu samhengi verði litið til rannsóknar útvarpsréttarnefndar og málið síðan metið út frá því.

Frú forseti. Að óbreyttum lögum er fyrst og fremst mikilvægt að efla umræðu og hvetja til þess að allir aðilar skoði vandlega hvað er verið að bera á borð fyrir börnin okkar. Ég tel að við sem samfélag þurfum að skoða vandlega sífellt ágengari markaðssetningu gegn börnum. Þar berum við öll ábyrgð, foreldrar og uppalendur, auglýsendur, auglýsingastofur, fyrirtæki og fjölmiðlar. Við þurfum fyrst og fremst að vekja alla til umhugsunar um hver ábyrgð þeirra er gagnvart yngstu kynslóðinni, gagnvart börnunum okkar og standa vörð um rétt þeirra til að vera og haga sér eins og börn.

[12:25]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þessa fyrirspurn upp því hún er mjög mikilvæg. Það eru margar vísbendingar um að auglýsingum sé í auknum mæli beint gagnvart börnum.

Ég hef sem þingmaður tekið umræðu um þetta mál á hinu háa Alþingi og beint máli mínu bæði til hæstv. menntamálaráðherra og viðskiptaráðherra. Ég hef spurt hæstv. viðskiptaráðherra hvort hún ætli að setja reglugerð um auglýsingar gagnvart börnum sem byggir á heimild í 30. gr. samkeppnislaga en fengið þau svör að það hafi ekki staðið til og ég var ekki sátt við þau svör.

Hæstv. menntamálaráðherra hef ég spurt hvort hún hafi hug á að setja leiðbeinandi reglur um dreifingu auglýsinga í grunnskólum og ætlar hæstv. ráðherra að taka málið upp við skólastjórnendur. En ég tel að mun skýrari skilaboð þurfi að koma frá stjórnvöldum um að virða helgi barna og setja takmarkanir á þunga auglýsinga gagnvart þeim. Þess vegna tel ég mjög brýnt að taka þetta mál upp á þeim vettvangi sem Alþingi er og jafnframt innan ráðuneytanna. Við erum að verða vitni að svo mikilli ásókn í börn í auglýsingum að það er ástæða til að taka í taumana.

[12:27]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við erum að ræða afar brýnt mál. Við vitum það öll að ásókn auglýsenda í markhóp barna og unglinga hefur aukist mikið. Við höfum séð áhrif þess í skólum og ekki síst í sjónvarpi. Ég held þess vegna að það væri langeðlilegast að taka mark á umboðsmanni barna og afnema algerlega auglýsingar í kringum barnaefni í sjónvarpi.

Það er eðli auglýsinga að höfða til áhrifagirni til að selja vöru og þess vegna eru allar þessar reglugerðir erfiðar í framkvæmd. Við þekkjum það t.d. frá áfengisauglýsingum. Þær eru í raun og veru bannaðar en samt sem áður tekst auglýsendum að fara á svig við þær og það er allt vaðandi uppi í áfengisauglýsingum í sjónvarpinu. Þess vegna held ég að það væri langeðlilegast að athuga það að banna algerlega auglýsingar í kringum barnaefni.

[12:28]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé mjög vel til fundið að auglýsingar í tengslum við barnatíma í sjónvarpi séu hreinlega bannaðar. Við sem erum foreldrar smábarna verðum vör við það mikla áreiti sem börnin verða fyrir. Sem betur fer hefur kannski ekki mjög mikið borið á því á íslenskum sjónvarpsrásum en ef stillt er yfir á erlendar rásir sem mörg heimili hafa aðgang að í dag þá er þar ofboðslegt auglýsingaflóð í gangi sem er miðað að börnunum, sérstaklega á barnarásum. Ég vil ekki sjá að málin þróist í þann farveg á Íslandi.

Ég vil hvetja stjórnvöld til þess einmitt að sýna meira aðhald í þessum málum. Hér var talað um áfengisauglýsingar og við sjáum hvernig auglýsendur og þeir sem vilja auglýsa áfengi í dag hreinlega brjóta lögin ítrekað. Það eru lög í landinu og fólki ber að fara eftir þeim. Síðan er annað mál hvort fólki finnist þau lög óréttlát eða ekki. En það er fyllilega kominn tími til þess að það verði gert eitthvað varðandi þessar áfengisauglýsingar og við eigum að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann hvað varðar auglýsingar sem miðast að börnum.

[12:29]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Ég álít að þetta sé mjög viðkvæmt mál sem beri að fara varlega með hjá fjölmiðlum því áreitið á börn er geypilega mikið. Í sambandi við vínauglýsingar í fjölmiðlum er það náttúrlega mjög vandmeðfarið mál. Við vitum að við erum að horfa á erlendar stöðvar út og suður, margar með íþróttum og hvar eru íþróttirnar og hvar eru auglýsingarnar? Þær eru yfirgnæfandi um vín og tóbak og hvers vegna skyldi það vera?

Ég hvet hæstv. menntamálaráðherra til að fara mjög varlega með þessi mál gagnvart börnum.

[12:30]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir skýr svör við fyrirspurn minni og þann vilja sem kemur fram í máli hennar til að taka á þessu. Ég fagna því að hæstv. menntamálaráðherra kalli úr þessum ræðustól eftir

ábyrgð auglýsenda og fjölmiðla í þessu efni því að ég er sammála hæstv. ráðherra að lögin eru mjög skýr í þessu efni en svo virðist vera að þeim sé ekki framfylgt. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort einhvern tíma hafi verið beitt viðurlögum vegna þess að þessi lög og reglugerðir hafi verið brotin, t.d. af útvarpsréttarnefnd vegna þess að það virðast hafa verið ærin tilefni til að beita viðurlögum gagnvart slíku.

Ég fagna því líka að til sérstakrar rannsóknar sé hjá útvarpsréttarnefnd að kanna hvað verið er að auglýsa og hvaða áhrif það getur haft á börn. Þá er væntanlega verið að skoða hvort þessar auglýsingar hafa verið á jaðri þess siðlega og jaðri þess að brjóta lög vegna þess að ég tel afar brýnt að taka á þessu efni. Svíar og Norðmenn eru með ákvæði í sínum lögum þar sem segir annars vegar að auglýsingar sem beinast að börnum yngri en 12 ára séu bannaðar og hins vegar að auglýsingar í kringum barnaefni í sjónvarpi séu bannaðar og ég býst við að það sé til komið af því að lögum eins og við höfum hafi ekki verið framfylgt og því hafi þeir neyðst til að taka upp ákvæði um þetta bann. Ég skil ráðherrann svo að hún sé reiðubúin að beita sér fyrir því að komið verði í veg fyrir slíkar auglýsingar og að hún útiloki þá ekki, ef annað dugar ekki, að sett verði slík bannákvæði eins og Svíar og Norðmenn hafa tekið upp.

Lögð hefur verið fram á Alþingi tillaga frá þingmönnum Samfylkingarinnar um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru og ég held að það sé full ástæða fyrir þingið að skoða í alvöru þá tillögu líka. En ég ítreka þær spurningar sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra um beitingu á viðurlögum og hvort ráðherrann (Forseti hringir.) sé þá reiðubúin að banna auglýsingar ef annað dugar ekki.

[12:32]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það síðasta sem grípa eigi til sé að setja boð og bönn í löggjöf en stundum stendur maður frammi fyrir þeim veruleika. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að umboðsmaður barna var með þessum athugasemdum á sínum tíma fyrst fremst að kalla eftir þessari mikilvægu umræðu um auglýsingar sem hv. þingmaður tekur hér upp og ég vil sérstaklega þakka fyrir. Umboðsmaður vildi sérstaklega taka á og fá fram umræðu í þjóðfélaginu um það á hvaða leið við værum varðandi auglýsingar gagnvart börnum.

Það er rétt sem komið hefur fram að lögin eru skýr, alveg kristaltær í þessu efni. Siðareglur Sambands íslenskra auglýsingastofa eru líka skýrar að mínu mati. Það er umhugsunarefni fyrir okkur hvort það þjóni einfaldlega tilgangi sínum að setja bannákvæði í lög því eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson kom inn á áðan erum við ekki, samkvæmt lauslegri könnun, með þessar auglýsingar í jafnríkum mæli og þær erlendu stöðvar sem í gegnum greiðari aðgang að erlendum sjónvarpsstöðvum flæða núna inn á heimilin. Þetta eru því ekki íslensku stöðvarnar heldur erlendu stöðvarnar og þar er aðgangur okkar til boða og banna náttúrlega mjög takmarkaður.

Ég vil enn og aftur ítreka það og reyna að höfða til siðferðistilfinninga og -kennda þeirra sem stjórna fjölmiðlunum, fyrirtækjunum, og okkar allra sem að þessu máli koma að fylgjast vel með og vera á varðbergi. En ég útiloka ekki ef til lengri tíma er litið og það sem kemur út úr rannsóknninni verður á þann veg að verið er að beina auglýsingum með ósiðlegum hætti að börnum að til kasta þingsins komi.

Umræðu lokið.

Fjármálafræðsla í skólum.

Fsp. VF, 322. mál. — Þskj. 354.

[12:35]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um fjármálafræðslu í skólum. Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Í hvaða bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla fer fram kennsla í meðferð fjármuna?

2. Hvaða námsefni er kennt og hver eru meginatriði fjármálafræðslunnar?

Ástæða þessarar fyrirspurnar er svar sem mér barst frá hæstv. dómsmálaráðherra í desember sl. um gjaldþrot ungs fólks, 20–30 ára, og um árangurslaus fjárnám hjá ungu fólki á aldrinum 15–30 ára. Svarið við þeirri fyrirspurn var virkilega sláandi og því ástæða fyrir hið háa Alþingi að athuga hvað við getum gert til að efla þekkingu ungs fólks á fjármálum. Ég hafði hugsað mér að koma með þingsályktunartillögu í þessu sambandi en það hefur þegar verið gert eins og ég mun koma að í síðari ræðu minni.

Í svari dómsmálaráðherra eru einungis teknir fyrstu 11 mánuðir ársins 2005 þar sem fyrirspurninni var svarað í desember sl. og því vil ég miða saman árin 2001 og 2004. Á árinu 2001 voru árangurslaus fjárnám ungs fólks frá 15–30 ára 864 en á árinu 2004 voru árangurslaus fjárnám ungs fólks 1.234, þ.e. árangurslaus fjárnám hjá ungu fólki hafa aukist um 42% á fjórum árum. Þetta eru virkilega sláandi tölur, frú forseti, og því ástæða til að bregðast við.

Í lokaverkefni Breka Karlssonar í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík kemst hann m.a. að þeirri niðurstöðu að fjármálalæsi íslenskra ungmenna sé verulega ábótavant. Könnunin leiðir jafnframt í ljós að flestir unglingar fá upplýsingar um fjármál frá foreldrum. Íslensk ungmenni vilja kennslu og þurfa hana en er hún veitt í skólakerfinu og það nægilega?

Afi hefur eflaust lifað nokkurs konar debet-lífi á sínum tíma en nú á tímum gróðahyggju lifa ungmennin kredit-lífi. Þau eyða áður en þau afla og eru hvött til þess. Þau eyða um efni fram og safna skuldum án þess að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Í finnskri rannsókn um norræn ungmenni, þar á meðal Íslendinga, kemur í ljós að þau fá ekki nægа fræðslu í fjármálum nema þá helst hjá lánveitendum sjálfum. Eru þeir rétti aðilinn? Ef við viljum koma í veg fyrir að ungt fólk steypi sér í skuldir, lendi í fjárnámi, gjaldþroti eða jafnvel eins og dæmi eru um svipti sig lífi þurfum við að fræða ungmenni um meðferð fjármuna í skólum landsins.

[12:38]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Í hvaða bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla fer fram kennsla í meðferð fjármuna?“

Margvíslegar breytingar hafa orðið á fjármálaumhverfi á Íslandi á undanförnum árum og hefur hv. þingmaður m.a. komið inn á það. Það er sífellt flóknara að vera þátttakandi og neytandi í okkar nútímasamfélagi. Íslensk börn og unglingar hafa almennt meira fé á milli handanna, sem í sjálfu sér má segja að sé fagnaðarefni ef vel er með farið, og eru í auknum mæli augljós markhópur sem kaupendur vöru og þjónustu. Af þessum sökum er fræðsla um fjármál í grunn- og framhaldsskólum afar mikilvæg og brýn.

Aðalnámskrár grunnskóla og framhaldsskóla setja skólum almenn markmið um nám og kennslu í einstökum námsgreinum. Aðallega er fjallað um fjármál og neytendamál í lífsleikni, heimilisfræði og samfélagsfræði í grunnskóla og í lífsleikni og í samfélagsgreinum í framhaldsskóla. Námsgreinin lífsleikni hefur verið skyldunámsgrein á grunn- og framhaldsskólastigi frá því að núgildandi aðalnámskrár voru gefnar út árið 1999. Markmið hennar, lífsleikninnar, er að styrkja einstaklinginn í hvívetna og búa hann undir að takast á við lífið. Í lífsleikni er sérstaklega fjallað um neytendamál og fjármál og í námskrám eru sett fram markmið þar að lútandi. Á þetta bæði við um grunn- og framhaldsskólana. Samkvæmt aðalnámskrám fer kennsla um fjármál og neytendamál aðallega fram á unglingastiginu í grunnskólanum, þ.e. í 8., 9. og 10. bekk og svo í framhaldsskóla. Markmið í aðalnámskrám eru öll nemendamiðuð. Lokamarkmið í lífsleikni við lok grunnskóla eru m.a. að nemendur — það er kannski rétt að fara aðeins yfir það — þekki og hafi innsýn í það að vera neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi og það felur í sér grundvallarþekkingu um réttindi neytenda, fjármál einstaklinga og samfélags, auglýsingar og áhrif þeirra, neyslu og umhverfi, auðlindir jarðar, híbýli, fatnað o.fl. og m.a. verð og gæði matvæla. Hliðstæð markmið má síðan finna í heimilisfræðum og samfélagsgreinum grunnskóla.

Sérstaklega er fjallað um fjármál í lífsleikni sem kjarnagrein í framhaldsskóla. Þar er stefnt að því að nemandi verði meðvitaður um ábyrgð sína sem neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi eins og þar segir. Hagfræði er kjörsvið á bóknámsbrautum framhaldsskóla. Þar geta nemendur m.a. valið hagfræðikjörsvið. Auk þess geta nemendur á hinum ýmsu brautum framhaldsskólans numið fjármálagreinar í frjálsu vali. Loks má benda á að rekstrargreinar eru hluti af námi fyrir iðnsveina til iðnmeistaraprófs en þær snúa reyndar meira að fjármálum fyrirtækja en einstaklinganna sjálfra.

Rétt er að vekja athygli á því að nú stendur yfir endurskoðun á aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla og í drögum starfshóps um breytingar á námskrá í lífsleikni er að finna tillögur um að styrkja enn frekar markmið um fjármála- og neytendafræðslu. Í þessum tillögum er m.a. stuðst við norræna skýrslu frá árinu 2000 um neytendafræðslu á Norðurlöndunum þar sem m.a. er lögð áhersla á mikilvægi fjármálafræðslu fyrir ungt fólk í dag og settar fram tillögur um markmið um fjármál einstaklinga, réttindi þeirra og skyldur, auglýsingar og áhrifavalda, neytendur, umhverfismál, siðferði o.fl.

Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að í drögum starfshóps um breytingar á námskrám í samfélagsgreinum framhaldsskóla eru viðskiptafræði og hagfræði styrktar sem kjörsviðsgreinar og settar fram tillögur um nýja áfanga, m.a. um fjármál einstaklinga og helstu hugtök á sviði fjármála almennt.

Aðalnámskrár leggja meginlínur um nám og kennslu í grunnskólum og framhaldsskólum. Gert er ráð fyrir að einstakir skólar útfæri síðan markmið aðalnámskrár í skólanámskrám sínum og velji námsefni í samræmi við áherslur í kennslunni.

Í öðru lagi er spurt: „Hvaða námsefni er kennt og hver eru meginatriði fjármálafræðslunnar?“

Rétt er að undirstrika það að ráðuneytið ákvarðar ekki kennsluefni í námskránum. Einstakir grunnskólar og framhaldsskólar velja það efni og þær kennsluaðferðir hverju sinni sem henta best til að stefna að settum markmiðum og er það í samræmi við þá áherslu að efla svigrúm og sjálfstæði skóla.

Námsgagnastofnun sér um útgáfu námsgagna fyrir grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla. Samkvæmt upplýsingum frá henni, þ.e. Námsgagnastofnun, hafa grunnskólar m.a. notað námsefnið Auraráð sem stofnunin gaf út árið 2005. Það er vinnuhefti um fjármál og þar má finna umfjöllun um helstu atriði í sambandi við fjármál einstaklinga og má þar nefna skatta, greiðslukort, lántökur, vanskil, lífeyrissjóði o.fl. Fjallað er stuttlega um hvert atriði og því fylgt eftir með verkefnum. Í mörgum verkefnum skólanna er gert ráð fyrir upplýsingaleit og notkun reiknivéla á netinu og stuttar kennsluleiðbeiningar eru á vef Námsgagnastofnunar eða nams.is sem er ágætisvefur og gott að fara inn á.

Ýmsir aðilar svo sem bankar og fjármálastofnanir hafa einnig gefið út námsefni um fjármál fyrir nemendur í grunnskólum og framhaldsskólum til þess að halda einstaklingunum sem mest upplýstum, láta þá vera meðvitaða um þá miklu ábyrgð sem felst í því að meðhöndla peninga.

[12:43]

Jón Kr. Óskarsson:

Virðulegur forseti. Ég tek heils hugar undir þetta mál að auka fjármálafræðslu í skólum. Ég þekki mjög vel hve einfaldur aðgangur er að fjármagni fyrir ungt fólk og í sumum tilfellum og jafnvel mörgum lendir ábyrgðin á foreldrunum. Þess vegna tel ég að fjármálafræðsla í skólum sé mjög mikið uppeldislegt atriði, frú forseti.

[12:44]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka ráðherra fyrir svörin. Hér voru fagrar lýsingar á markmiðum og hvað eigi að gera. Lífsleikni er nefnd hér sérstaklega. Ég hafði samband við Flensborgarskóla og þar eru kenndir 8–10 tímar um fjármál. Það getur verið jarðfræðikennari eða dönskukennari sem kennir lífsleikni. Jú, það koma stundum einhverjir frá fjármálastofnunum til að aðstoða. Ekkert er kennt í

Flensborg um vanskil, ábyrgðir eða hættu á fjárnámum. Námsefnið er samið af kennurunum sjálfum, ekkert hefur komið frá ráðuneytinu.

Samþykkt var þingsályktun, þskj. 909, fyrir nokkrum árum frá Rannveigu Guðmundsdóttur sem ég ætla að fá að lesa hér upp, frú forseti:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta útbúa námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir efsta bekk grunnskólans, sem og framhaldsskólann, og gera fræðslu um hana að skyldunámsefni á þessum námsstigum. Ráðuneytið ákveði í hvaða námsgreinum fræðslunni verði best fyrir komið.

Markmið fjármálafræðslunnar verði:

1. að taka til meðferðar sem flest er viðkemur almennri fjármálaumsýslu, þar með talin gerð greiðslu- og kostnaðaráætlana, og setja efnið þannig fram að það verði öllum aðgengilegt og skýrt,

2. að gera ungt fólk betur meðvitað um fjármál og um leið fjárskuldbindingar með því m.a.:

a. að kynna nemendum meðferð greiðslukorta og notkun tékkhefta,

b. að kynna nemendum almennar reglur um lántökur, svo sem víxla- og skuldabréfaviðskipti, vaxtamál og hvaða ábyrgð felst í því að gerast ábyrgðarmaður á skuldaviðurkenningum,

c. að tengja þessi námsgögn réttindum og skyldum manna er þeir verða fjárráða."

Því miður, frú forseti, er það yfirleitt svo að frumkvæðið að þessu kemur frá einstökum kennurum, eða eins og frá sýslumanninum á Ólafsfirði að koma þar inn í lífsleiknitíma og kenna. Þetta er ekki skipulega gert og því hefur ráðuneytið algerlega brugðist hvað varðar samþykkt þessarar þingsályktunar.

[12:46]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég er algerlega ósammála hv. þm. Valdimari L. Friðrikssyni því það er einmitt verið að fara sérstaklega yfir þessa þætti. Það er verið að veita skólunum svigrúm og mér finnst miður, og kemur kannski ekki á óvart, sú forsjárhyggja sem skín í gegn hjá hv. þingmanni að ráðuneytið eigi ekki bara að setja fram almennar reglur í gegnum námskrá. Við veitum skólunum svigrúm. Mér finnst líka miður (Gripið fram í.) að hv. þingmaður hafi komið hingað í ræðustól Alþingis og gagnrýnt Flensborgarskólann sem hefur náttúrlega líka sitt svigrúm eins og aðrir skólar til að velja námsefni og gerir það. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu er verið að vinna að þessu. Verið er að auka fræðslu markvisst varðandi fjármál einstaklinga á öllum stigum skólasamfélagsins eins og ég kom inn á áðan og benti m.a. á þau námsgögn sem Námsgagnastofnun hefur sett fram á unglingastigi í grunnskóla.

Hins vegar er líka rétt að draga fram að ég hef átt samræður við m.a. Samtök banka og verðbréfafyrirtækja sem hafa lýst yfir miklum áhuga á þessu máli sem og ákveðnir skólar sem vilja leggja sig mjög fram varðandi þetta tiltekna efni. En aðalatriðið er að verið er að vinna í þessu. Það er verið að efla fræðslu varðandi fjármál einstaklinga því að allir eru meðvitaðir um það, a.m.k. í skólasamfélaginu, að efla þurfi þekkingu nemenda á öllum skólastigum varðandi fjármál fyrirtækja. Ef það er stefna Samfylkingarinnar varðandi námskrár að auka forsjána þá er það stefna sem kemur ekki á óvart en það er ágætt að fá hana undirstrikaða frá hv. þingmanni.

Umræðu lokið.

Fréttaþátturinn Auðlind.

Fsp. MÞH, 383. mál. — Þskj. 450.

[12:48]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra sem hljóðar svo:

Ætlar Ríkisútvarpið að taka aftur upp útsendingar Auðlindar, fréttaþáttar um sjávarútvegsmál?

Ég hef aðeins orðið þess var að þessi litla og sakleysislega fyrirspurn hafi valdið geðshræringu í ákveðnum kreðsum hér á landi og er það náttúrlega í raun undrunarefni. Hvers vegna spyr ég menntamálaráðherra að þessu? Jú, menntamálaráðherra ber ábyrgð á Ríkisútvarpinu. Hér er um að ræða fréttaþátt sem var hjá útvarpinu í mörg ár og naut gríðarlega mikilla vinsælda. Ég veit það sjálfur. Ég sá oft um þennan þátt þegar ég vann á útvarpinu, fékk oft mjög góð viðbrögð við þeim þætti. Gerðar voru hlustendakannanir og annað þess háttar og þar kom þessi þáttur mjög vel út. Þetta var einn af vinsælustu þáttum Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið er útvarp í eigu landsmanna og er á vissan hátt á ábyrgð okkar allra til að mynda hér á Alþingi og ekki síst á ábyrgð hæstv. menntamálaráðherra. Þess vegna ætla ég að spyrja ráðherra þessarar spurningar. Við getum líka vísað í lög um Ríkisútvarpið, lög nr. 122 frá árinu 2000, sem eru í gildi í dag. Þar stendur m.a. í 3. gr., með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið skal m.a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða."

Svo komum við að nýja lagafrumvarpinu sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi og verður væntanlega samþykkt fyrr eða síðar. Þar er sérkafli um hlutverk og skyldur hins nýja Ríkisútvarps hf. Þar er kveðið enn skýrar á um þetta hlutverk útvarpsins. Þar segir í II. kafla, 3. gr., 4. lið, um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins, með leyfi forseta:

„Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega og með þeim hætti tryggja hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag."

Síðan segir í 7. lið, með leyfi forseta, að Ríkisútvarpið eigi að „veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða."

Þetta er sem sagt í hinu nýja lagafrumvarpi og er kveðið enn skýrar á um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins en gert er í rauninni í gömlu lögunum sem eru þó í gildi í dag.

Eins og ég sagði áðan í upphafi máls míns hefur umræddur þáttur verið mjög vinsæll. Hann hefur verið mjög mikilvægur fyrir fólk bæði til sjávar og sveita, ekki síst sjómenn sem búa þó við takmarkaða fréttaþjónustu til að mynda úti á sjó. Í þeim þætti voru oft fluttar fréttir sem voru mjög gagnlegar fyrir þjóðarbúið og fyrir hagkerfið, mikilvægar fréttir t.d. af aflabrögðum, mörkuðum og öðru þess háttar sem snertir sjómenn mjög. Ég veit og fullyrði að þessa þáttar er mjög sárt saknað hjá mjög mörgum.

[12:51]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir að vekja athygli á því að það frumvarp sem hér liggur fyrir hinu háa Alþingi um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins er mun skýrara, það er mun skarpara. Verið er að undirstrika menningarhlutverk Ríkisútvarpsins og ég vil þakka hv. þingmanni fyrir þessa ábendingu og undirstrika það mikilvægi að það frumvarp komist sem fyrst í gegnum þingið.

Ég hef líka skoðun á fréttaþættinum Auðlind. Ég man einmitt þá tíð þegar hv. þingmaður kom með sína ágætu pistla í þann þátt bæði utan frá Noregi sem og héðan að heiman. Þetta var *fínn þáttur* sem og margir aðrir þættir sem eru á dagskrá Ríkisútvarpsins og hafa verið í gegnum tíðina. En það er líka rétt að undirstrika að menntamálaráðherra skiptir sér ekki af dagskrárstefnu eða einstökum dagskrárliðum Ríkisútvarpsins, það hef ég aldrei gert og mun ekki gera.

[12:53]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég get tekið undir að fréttaþátturinn Auðlind, sem var fréttaþáttur um sjávarútvegsmál, var afar merkilegur og ég hlustaði á hann, m.a. þegar hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson kom að dagskrárgerð í þeim þætti. En ég verð að segja hvað varðar þessa fyrirspurn þá finnst mér hún með öllu alveg ótrúleg. Hvað á hv. þingmaður með það að koma hingað inn á hið háa Alþingi og óska svara menntamálaráðherra um einstaka þætti í Ríkisútvarpinu sem hann hefur sjálfur sérstakan áhuga á? Af hverju hringir hv. þingmaður ekki í útvarpsstjóra Pál Magnússon og spyr hann þessarar spurningar en ekki menntamálaráðherra? Mér finnst þetta dálítið sérstakt að fyrirspurn sem þessi komi frá þingmanni Frjálslynda flokksins, flokks sem hefur verið að agnúast út í það að stjórnmálamenn hafi bein afskipti af Ríkisútvarpinu og þeirri dagskrárgerð sem þar fer fram en varpar síðan fram fyrirspurn til menntamálaráðherra sem felur það í sér að (Forseti hringir.) stjórnmálamaðurinn hæstv. menntamálaráðherra hlutist (Forseti hringir.) til um einstaka dagskrárliði innan Ríkisútvarpsins. Þetta er furðuleg fyrirspurn.

[12:54]

Jón Kr. Óskarsson:

Virðulegur forseti. Í sambandi við þessa fyrirspurn tek ég heils hugar undir það að fréttaþátturinn Auðlind verði aftur settur á dagskrá. Ég veit það í gegnum líf mitt og lífsmottó að þessi þáttur var geypilega mikilvægur, sérstaklega fyrir landsbyggðina. Ég hafði alltaf gaman af þeim þætti, að fá fréttir af landsbyggðinni. Og ég tel að ekki síst ungt fólk í landinu þurfi að kynnast þessum grundvallaratvinnuvegi íslenskrar þjóðar, virðulegi forseti.

[12:55]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Já, það er jafnvel eðlilegt að sumum finnist þetta dálítið einkennileg fyrirspurn að ætlast til þess að hæstv. menntamálaráðherra hafi áhrif á einstaka dagskrárliði í útvarpinu. Ég tek undir með öðrum ræðumönnum í dag að Auðlind var góður þáttur og ég ætti sjálfur þá ósk heitasta að hann yrði tekinn upp aftur.

Hins vegar vil ég benda á að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt fram frumvarp um Ríkisútvarpið og í því frumvarpi er gert ráð fyrir dagskrárráði, útvarpsráð verði fellt niður en dagskrárráð með fjölbreyttu fólki taki við, þar á meðal fulltrúum neytenda, kjörinna fulltrúa. Þetta væri auðvitað tilvalið efni fyrir slíkt dagskrárráð að fjalla um. Þess vegna hvet ég þingmenn til að skoða frumvarp okkar mjög vel og greiða því atkvæði.

[12:56]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það er nú svo að hæstv. menntamálaráðherra er yfirmaður Ríkisútvarpsins og hún er spurð hvort Ríkisútvarpið ætli að setja þennan þátt á dagskrá. Hún var ekki spurð að því hvort hún ætlaði að hlutast til um það, hvort við værum að fá hann hérna aftur í útvarpið. En svör þingmanna Sjálfstæðisflokksins eða þetta innlegg, sérstaklega hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, lýsir ákveðinni firringu flokksins og fyrirlitningu á undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Þetta er of lítilvægt mál til að ræða hér. Þetta er alveg í anda þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt niður nám í atvinnugreininni, hann hefur lagt niður Fiskvinnsluskólann. Nú kærir ráðherra sig ekki um að svara hvort eigi að setja á dagskrá aftur umræðu um undirstöðuatvinnuvegina. Það er of lítilvægt finnst hv. þm. Sigurði Kára að taka á dagskrá hér. Ég er bara ekki sammála því.

[12:57]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það svo að hvorki við þingmenn né ráðherra geta hlutast til um dagskrána í Ríkisútvarpinu. En mér finnst hins vegar mjög eðlilegt að þingmenn nýti sér þetta form til að spyrja spurninga. Það er misjafnt hvar áhugasviðið liggur og hér höfum við haft frekar frjálslegt form á því hvað þingmenn geta leyft sér að spyrja um og ræða. Mér finnst það mjög eðlilegt í lýðræðislegu samfélagi. Ég geri því alls enga athugasemd við það þó hér sé spurt um hvort Ríkisútvarpið ætli að taka aftur upp útsendingar á þættinum Auðlind. Það getur vel verið að þingmaðurinn vilji ná einhverju ákveðnu fram með þeirri

fyrirspurn og umræðu um málið, ég held að það hafi tekist. Mér heyrist að allir hér sakni þáttarins og ég get stimplað mig inn í þann hóp. Þátturinn Auðlind var mjög skemmtilegur þáttur og maður saknar þess virkilega að fá ekki að heyra svona góða yfirferð yfir sjávarútvegsmál, sem eru svo mikilvæg í samfélagi okkar, eins og maður fékk þegar þátturinn Auðlind var á dagskrá.

[12:58]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Mér finnst skína í gegn ákveðinn alger grundvallarmisskilningur hjá mörgum þingmönnum á því hvað ég var að spyrja um. Ég var einfaldlega að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort Ríkisútvarpið ætli að taka aftur upp útsendingar á þessum fréttaþætti. Ég var ekki að hlutast til um að ráðherrann færi að fyrirskipa Ríkisútvarpinu að gera það. Ég var bara að spyrja hvort Ríkisútvarpið ætli að taka þennan þátt upp á nýjan leik.

Ég var heldur ekki að gera neinar kröfur um að ráðherrann færi að hafa áhrif á efni eða innihald þessa þáttar. Þetta var bara sakleysisleg spurning um hvort stofnunin ætli að taka upp þennan tiltekna fréttaþátt. Ósköp einfalt, mjög saklaus spurning. Sjálfsagt er að hún komi fram í sölum hins háa Alþingis því að okkur ber að veita bæði ráðherrum aðhald og Alþingi ber að nota þessa fyrirspurnatíma til að leita eftir upplýsingum um ýmsa þætti er varða t.d. ríkisstofnanir eins og Ríkisútvarpið. Það er þetta sem vakti fyrir mér.

Þessi þáttur hefur verið mjög vinsæll, það hefur komið fram hér, og hann hefur verið mjög mikilvægur. Það er því alveg eðlilegt og fyllilega réttlætanlegt að spurt sé hvort ekki standi til að taka hann upp aftur. Það er nefnilega þannig að það er mjög gott að vera með svona fréttaþætti úr atvinnulífinu. Ríkisútvarpið ætti að taka það gaumgæfilega til athugunar í raun og veru að vera með fleiri svona þætti, aðra þætti atvinnulífsins, ekki bara sjávarútvegsmál. Hægt væri að búa til mjög góðan þátt um landbúnaðarmál eða samgöngumál, byggingariðnaðinn eða fjármálageirann sem stækkar mjög óðfluga og veitir nú kannski ekki af því að þar sé haldið uppi öflugum fréttaflutningi og jafnvel gagnrýnum fréttaflutningi. (**Gripið fram í:** En brottkastið?) Brottkastið, talað var um það í Auðlindinni og sem betur fer, enda var líka farið í það að leysa þann vanda, m.a. vegna þeirrar umræðu sem skapaðist í þeim þætti þar sem sjómenn komu fram. Hringt var í sjómenn úti á miðum, talað var við sjómenn ekki bara um þetta heldur svo margt annað. Þetta var einfaldlega gott efni og ég tel að mjög mikilvægt sé einmitt að við þingmenn tökum þátt í að gefa útvarpinu hugmyndir að því hvað þjóðin hugsanlega vill hlusta á. Ég tel að þættir af þessu tagi eigi fullt erindi til þjóðarinnar og að fjölmiðlar, sem margir hverjir kannski vilja ekki umfjöllun um svona mál, séu ekki að sinna skyldu sinni.

[13:01]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Þetta hefur verið skemmtileg umræða og ég tek undir með hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni: Það er í lagi að ræða í gegnum þetta fyrirspurnaform dagskrá Ríkisútvarpsins svo lengi sem menn hafa hugfast að menntamálaráðherra hefur ekki og á ekki að hafa heimild til að skipta sér af dagskrárstefnu eða einstökum dagskrárliðum — en það er gott að menn hafi skoðanir á því hvað á að vera í Ríkisútvarpinu. Mér finnst það skipta máli og held að þetta hafi bara verið skemmtileg umræða.

Ég get líka upplýst það hér að ég fæ í viku hverri tölvupóst frá dyggum hlustendum Ríkisútvarpsins um það hvort t.d. óskalög sjúklinga eigi ekki að koma aftur á dagskrá eða góði gamli skonroksþátturinn. Fólk hefur greinilega skoðanir á því hvað eigi að vera í útvarpinu og á öldum ljósvakans.

En það sem mér finnst kannski skipta mestu máli í þessu og mér finnst þessi umræða draga fram er að við þurfum að hafa skýrar reglur, hafa það skýrt í lögum hvaða hlutverki Ríkisútvarpið á að gegna. Hér er frumvarp til umræðu, afskaplega mikilvægt frumvarp sem, eins og hv. þingmaður kom inn á hér áðan, skerpir enn frekar á þeim kröfum sem við getum gert til Ríkisútvarpsins í þá veru að sinna menningarhlutverki, sinna því sem snertir landsins gagn og nauðsynjar — fréttaþátturinn Auðlind gæti t.d. verið þar á meðal.

Umræðu lokið.

Brú yfir Jökulsá á Fjöllum.

Fsp. HBl, 335. mál. — Þskj. 369.

[13:03]

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Frú forseti. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt og ekki hefur farið fram hjá neinum er brúin yfir Jökulsá á Fjöllum veikasti hlekkurinn á hringveginum. Hún hefur ekki fullan burð og langt er að fara frá Akureyri til Egilsstaða ef aka þarf allan hringinn. Af þeim sökum höfum við fulltrúar Austurlands og Norðurlands áhuga á því að tengja betur saman þessi svæði, sem ég veit að hæstv. ráðherra skilur. Hann skilur vel að það skiptir máli að tengja saman Vesturland, Vestfirði og Norðvesturland og skilur um leið hversu nauðsynlegt er að tengja saman Norðausturland og Austurland. Af þeim sökum spurði ég hæstv. ráðherra 16. nóvember sl. þessarar sömu spurningar.

Ég ítreka það við hæstv. ráðherra að ég vil gjarnan fá um það yfirlýsingu að það verði unnið svo hratt að undirbúningi nýrrar brúar yfir Jökulsá á Fjöllum að af tæknilegum ástæðum verði hægt að bjóða hana út haustið 2006 og í síðasta lagi vorið 2007. Þessu svaraði hæstv. ráðherra með þessum ummælum, með leyfi hæstv. forseta:

„Virðulegur forseti. Það er frá því að segja um brúna á Jökulsá á Fjöllum að hún hefur verið í svipuðu ástandi í marga áratugi þannig að þar er ekkert nýtt á ferðinni. Jafnframt er rétt að ítreka það og undirstrika að hér verða engar yfirlýsingar gefnar af hálfu samgönguráðherra um það hvenær verk sem ekki eru á samgönguáætlun, sem Alþingi hefur ekki afgreitt, verða boðin út. Þó að samgönguráðherrar séu áhrifamiklir þá gengur það ekki þannig fyrir sig að

hægt sé að gefa yfirlýsingar um hvaða verk verða boðin út sem ekki hafa þegar fengið eðlilega meðferð við undirbúning samgönguáætlunar."

Svo mörg voru þau orð, hæstv. forseti, og ég tek alveg undir með hæstv. ráðherra, hann hefur ekki síðasta orðið um það hvernig gengið verður frá samgönguáætlun hér á Alþingi heldur er það þingið og þingmenn sem ákveða það. Þess vegna var ég ekki að spyrja hann um það hvenær verkið yrði sett á samgönguáætlun heldur laut spurning mín að því að tæknilegur undirbúningur, hönnun og annað því um líkt, yrði því ekki til fyrirstöðu að hægt yrði að að ráðast í verkið. Af þeim sökum ítreka ég spurningu mína sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra 16. nóvember sl.:

Hvenær má búast við að undirbúningi og hönnun nýrrar brúar yfir Jökulsá á Fjöllum ljúki?

[13:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður spyr:

„Hvenær má búast við að undirbúningi og hönnun nýrrar brúar yfir Jökulsá á Fjöllum ljúki?"

Svar mitt er byggt á upplýsingum frá Vegagerðinni og er þannig:

Athuganir standa yfir á brúarstæði á hringvegi á Jökulsá á Fjöllum. Gert er ráð fyrir því að val brúarstæðis liggi fyrir innan tíðar. Eftir það er unnt að hefja verkhönnun sem gæti lokið fyrri hluta ársins 2007. Til skoðunar væru tvær veglínur. Í fyrsta lagi er veglína um þúsund metrum neðan við núverandi brú. Gert er ráð fyrir að vegagerðarkostnaður við þessa leið verði um 140 millj. kr. og að hún stytti hringveginn um 420 metra. Áætlað er að þarna yrði gerð 208 metra stálbogabrú með upptengdri akbraut. Fyrstu áætlanir um kostnað, en þær eru gerðar með fyrirvara um að enn eru fjölmörg atriði óljós varðandi aðstæður, hljóða upp á um 670 millj. kr.

Í öðru lagi er um að ræða veglínu um 600 metrum ofan við núverandi brú. Við þessa leið er vegagerðarkostnaður áætlaður um 75 millj. kr. og stytting hringvegarins um 1,1 km. Áætlað er að þarna yrðu annaðhvort gerðar tvær 120 metra langar eftirspenntar brýr hvor sínum megin við eiði í ánni eða að gerð yrði 230 metra löng steypt eftirspennt brú í vestari hluta farvegsins.

Fyrstu áætlanir um kostnað hljóða upp á 525 millj. kr. fyrir tvær 120 metra langar brýr og um 470 millj. kr. fyrir eina 230 metra langa brú en allar þessar tölur eru að sjálfsögðu gefnar með fyrirvara um að enn eru fjölmörg atriði óljós varðandi aðstæður. Kostnaður samkvæmt þessum áætlunum fyrir seinni veglínu — auk þess sem stytting hringvegarins er einnig meiri við þá leið.Vegur á seinni veglínunni er einnig talinn vera auðveldari í byggingu og viðhaldi. Þá hefur verið á það bent að líkur bendi til að brú á þeim stað, 600 metrum fyrir ofan núverandi veglínu, kunni að standa betur í hamfaraflóði þar sem vatn mun eiga greiðari leið úr farvegi sínum við þær aðstæður. Það er alveg ljóst að endurbygging brúar yfir Jökulsá á Fjöllum er mikilvægt verkefni sem við þurfum að takast á við. Brúin ber núna allan venjulegan þunga en þegar einhver yfirþungi er á ferð þarf að fara aðra leið, sem hv. þingmenn þekkja, það þarf því að huga að endurbyggingu þessarar brúar auk endurbóta á veginum sem liggur að henni. Þar að auki er brúin einbreið og er þess vegna eitt af þeim brúarmannvirkjum sem þarf að huga að út frá öryggissjónarhorni. En stærðirnar í kostnaði eru þær sem ég greindi frá áðan og ég tel að við endurskoðun á samgönguáætluninni, sem nú er unnið að, sé eðlilegt að taka til við skoðun á þessu verkefni og í því ljósi er unnið að umræddum athugunum af hálfu Vegagerðarinnar.

[13:10]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Brúin yfir Jökulsá á Fjöllum er afar fallegt mannvirki en gamalt og auðvitað barn síns tíma. Það er kominn tími til að þar verði byggð ný og betri brú, ekki aðeins vegna þess að hún þolir ekki ákveðinn þunga heldur sérstaklega vegna þess að hún er mjög mjó. Nokkur dæmi eru um að þurft hefur að flytja nýbyggða sumarbústaði frá Akureyri og austur en þá þurfti að fara stóran krók því ekki er hægt að fara yfir brúna.

Ferðamannastraumur er að aukast mjög á þessu svæði, þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum og náttúra þessa svæðis býður upp á það. Það er því afar mikilvægt að framkvæmdum verði hraðað. Það gleður mig að heyra að verið sé að vinna í þessum málum og að á næsta ári megi búast við að hönnun nýrrar brúar verði tilbúin.

[13:11]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Ég tek heils hugar undir þessa fyrirspurn og tel að undir öllum kringumstæðum eigi að reyna að flýta þessari framkvæmd Austfirðingum og Íslendingum öllum til hagsbóta.

[13:12]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrirspurn um nýja brú yfir Jökulsá á Fjöllum. Það er mikilvægt að gefa sér tíma til að skoða þær aðstæður sem þar eru og þá sérstaklega með tilliti til hugsanlegra hamfarahlaupa. Landslag og aðstæður eru kannski ekki alveg með venjulegum hætti og þar af leiðandi er ekki nóg að horfa eingöngu til styttingar eða þeirra þátta sem venja er að horfa til þegar verið er að leggja nýjan veg og nýja brú og þá með tilliti til kostnaðar. Brúin er einbreið, hún er hættuleg af þeim sökum. Hún tekur venjulegan flutning en það er ekki hægt að fara þar yfir með t.d. hús og þungavöru, eins og hér hefur verið lýst. Slíkir flutningar verða æ algengari þannig að ég tel mjög mikilvægt að hraða og vinna vel að undirbúningi þessarar brúar.

[13:13]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir að taka málið hér upp. Líkt og kom fram í máli hæstv. samgönguráðherra þá er mikilvægt verkefni hér á ferð. Ég fagna því að við höfum möguleika til að taka tillit til þess í endurskoðun samgönguáætlunar og vonandi verður það jafnvel fyrr að við sjáum fram á einhverjar framkvæmdir

fyrir norðan. Það er ekki síst vegna umferðaröryggis en þó líka vegna aukinna þungaflutninga en með uppbyggingu stóriðjuhafnar og stórútflutningshafnar á Reyðarfirði munu flutningar aukast enn frekar. Við því verðum við að bregðast líkt og verið er að gera núna.

[13:14]

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Frú forseti. Hæstv. ráðherra komst svo að orði að verkhönnun gæti lokið á öndverðu ári 2007. Ég leyfi mér að taka þessi ummæli svo að í þeim felist sá vilji hans að ekki standi á mannafla og fjármunum að ljúka hönnun svo fljótt sem verða má og hægt verði að bjóða þetta verk út á miðju ári 2007 ef fjármunir eru fyrir hendi.

Nú er ef til vill við því að búast að meira fé verði lagt í samgönguáætlun og þá liggur ljóst fyrir að þetta er sú brú á hringveginum sem þýðingarmest er. Ekki verður fram hjá því horft.

Ég rifjaði það upp í báðum ræðum mínum í nóvember að ástandið væri þannig að verktakar á Akureyri hefðu orðið að fara á vaði yfir Jökulsá á Fjöllum með tæki sín. Ég veit ekki hvað menn mundu segja í öðrum fjórðungum ef þeim yrði þannig stillt upp að þeir yrðu að fara yfir slíkt vatnsfall á vaði til að komast leiðar sinnar með tæki og búnað. Ég er hræddur um að einhvers staðar heyrðist eitthvað. En menn eru hraustir fyrir norðan.

Ég vil líka segja af því að rætt var um að taka stóran krók. Krókurinn getur verið allur hringurinn nema þessi stutti spölur milli Akureyrar og Egilsstaða, ef við hugsum um þá tvo staði, vegna þess að vegurinn upp að Dettifossi opnaðist ekki fyrr en í miðjum júnímánuði á þessu sumri og var þó veturinn ekki erfiður. Við getum því ekki haldið því fram að það sé nema sumarvegur á milli Kelduhverfis og hringvegarins en úr því verður nú bætt. Það er verið að tala um að leggja veg niður að Dettifossi og bjóða það út í beinu framhaldi af því. Þar sem það er stefna stjórnvalda að leggja umsvifalaust vegi um þjóðgarða veit ég að ekki stendur á því að leggja fram það fé sem upp á vantar. Við sjáum það á ýmsum öðrum þjóðgörðum að stjórnvöldum er í mun að hafa góða vegi í þjóðgörðum.

[13:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það er deginum ljósara að það er ekki ásættanlegt að við getum ekki flutt það sem þarf að flytja um vegakerfið, um hringveginn. Hvað varðar brúna yfir Jökulsá þá koma fyrst og fremst upp vandamál þegar flytja þarf mjög breiðan farm, sem er breiðari en svo að hann komist um brúna miklu. Breiddin skiptir fremur máli en að þunginn sé svo mikill að brúin þoli ekki fargið. Í slíkum tilvikum leysa menn vandann með því að fara á vaði en að öðru leyti er brúin í ágætu standi. Það er nauðsynlegt að vekja athygli á því og undirstrika það sérstaklega.

Hvað varðar framkvæmdir þarf auðvitað að fjalla um þær í samgönguáætlun og varðandi vegagerð á þessu svæði þá hef ég marglýst því yfir að vegur að Dettifossi er mikilvæg framkvæmd líkt og er á öðrum sambærilegum svæðum svo sem í þjóðgörðum. Ég fagna því að fleiri hafi sama skilning á því og ég.

Umræðu lokið.

Akstur undir áhrifum fíkniefna.

Fsp. SF, 292. mál. — Þskj. 310.

[13:18]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég spyr hæstv. samgönguráðherra:

1. Telur ráðherra þörf á að endurskoða lög og reglur um akstur undir áhrifum fíkniefna og að tekin verði upp svokölluð núllmörk eins og tíðkast sums staðar á Norðurlöndum?

2. Telur ráðherra gildandi lagaákvæði og reglur um brotamörk hvað varðar akstur undir áhrifum fíkniefna vera flókin og kostnaðarsöm í framkvæmd?

Virðulegur forseti. Það hefur tíðkast á sumum Norðurlöndum að hafa svokölluð núllmörk, þ.e. að séu menn undir áhrifum fíkniefna þá er það talið mjög alvarlegt brot strax. Það má ekki mælast aðeins af ólöglegum fíkniefnum í blóði heldur ekkert, ella telst maður brotlegur.

Varðandi áfengi þá hefur verið í lagi að örlítið áfengi mælist í blóði. Maður gerist ekki brotlegur fyrr en það fer upp fyrir ákveðin mörk þannig að það kallast ekki núllmörk. Þetta er sem sagt skilgreiningin á svokölluðum núllmörkum. Það má ekkert mælast í blóði.

Á Íslandi höfum við séð sömu þróun og víða annars staðar, þ.e. að þeim fjölgar, því miður, sem neyta ólöglegra fíkniefna. Það hefur komið fram í tölum frá SÁÁ að kannabisneysla hafi aldrei verið hlutfallslega meiri en um þessar mundir og á undanförnum þremur árum hafi neysla á örvandi vímuefnum aukist verulega. Þar hafa e-pillur, amfetamín og kókaín verið nefnd þannig að ljóst er að ansi stór hópur neytir fíkniefna á Íslandi. Talið er að yfir 700 manns komi inn til SÁÁ á ári hverju vegna ólöglegra fíkniefna.

Nýverið var lagt fram á þinginu, eftir að ég lagði fram þessa fyrirspurn, lagafrumvarp um breytingar á umferðarlögum. Ég tel sérstaka ástæðu til að draga það fram af því að þar kemur fram breyting á 45. gr. laganna. Ef ég skil þá breytingu rétt þá á að taka hér upp núllmörk. Þó átta ég mig ekki alveg á því en það kemur fram — það væri ágætt ef ráðherrann útskýrði það betur — að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki undir svo miklum áhrifum örvandi eða deyfandi efna að hann geti ekki að mati læknis stjórnað ökutækinu. Þetta mundu ekki kallast núllmörk, læknir þarf að meta áhrifin.

En svo segir, virðulegi forseti: „Ef mælast í blóði ökumanns ólögleg“ — ég undirstrika ólögleg — „ofskynjunarefni eða önnur örvandi eða deyfandi efni samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.“ — Það er ólöglegt að það mælist og það les ég sem núllmörk. Ég vil fá skýringar á þessu.

Ég vil einnig benda á að nú er víst hægt að setja plástra á ennið á fólki þannig að hægt sé að komast að því hvort

það er undir áhrifum fjögurra tegunda ólöglegra fíkniefna. Ég spyr: Mun lögreglan nýta sér þá tækni í framtíðinni, að skella plástri á ennið á fólki til að sjá hvort það er undir áhrifum ólöglegra fíkniefna?

[13:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að bera upp þessar spurningar. Ég tel að umræða í þinginu um umferðaröryggismál, um mikilvægustu þætti umferðaröryggismála, sé geysilega mikilvæg. Ég fagna því að fá tækifæri til að svara spurningum hv. þingmanns.

Í fyrsta lagi er spurt: „Telur ráðherra þörf á að endurskoða lög og reglur um akstur undir áhrifum fíkniefna og að tekin verði upp svokölluð núllmörk eins og tíðkast sums staðar á Norðurlöndum?"

Svar mitt er svohljóðandi: Ég tel fulla ástæðu til að endurskoða lög og reglur um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem og annarra efna sem geta haft sljóvgandi áhrif á ökumenn við stjórn ökutækja. Þar eru einnig lyf sem merkt eru með sérstökum viðvörunarþríhyrningi á söluumbúðum ökumönnum til varnaðar vegna sljóvgandi áhrifa. Af þessu tilefni er rétt að upplýsa að í ráðuneytinu hefur farið fram ítarleg endurskoðun á ákvæðum umferðarlaga sem að þessum þáttum snúa með tilliti til þess hvort hægt sé að setja skýrari reglur hvað varðar viðmið en ekki síður varðandi viðurlagaákvæði laganna. Frumvarpið hefur þegar verið lagt fyrir þingið og verður vonandi tekið til umræðu innan tíðar.

Við þessa vinnu hafa ýmis vandkvæði komið í ljós, sérstaklega varðandi viðmiðin. Ákveðið var að leggja til að skýr lína yrði dregin varðandi ólögleg efni. Greinist slík efni í blóði teljist ökumaður óhæfur til að stjórna ökutæki og geti átt yfir höfði sér alvarleg viðurlög. Varðandi ólögleg efni er viðmið því sett við núll, þannig að það sé undirstrikað. Málið er hins vegar ekki eins einfalt þegar kemur að löglegum efnum, svo sem sljóvgandi lyfjum. Áhrif þeirra á einstaklinga geta verið mjög persónubundin. Í slíkum tilvikum er því flóknara að skilgreina mörkin. Í frumvarpinu er lagt til að í slíkum tilvikum verði lækni falið mat á hæfni ökumanns til að stjórna ökutæki í hverju tilviki. Tillögur þessar taka m.a. mið af gildandi löggjöf Svía í umferðarmálum sem hafa verið mjög framsæknir að þessu leyti.

Í annan stað spyr hv. þingmaður: „Telur ráðherra gildandi lagaákvæði og reglur um brotamörk hvað varðar akstur undir áhrifum fíkniefna vera flókin og kostnaðarsöm í framkvæmd?"

Svar mitt er svohljóðandi: Vandinn við gildandi ákvæði umferðarlaga að því er varðar akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna er sá að þau eru ekki nógu skýr. Þau hafa því valdið vandkvæðum í framkvæmd.

Varðandi kostnaðarþáttinn er rétt að upplýsa að þróun hefur verið ný greiningaraðferð við mælingar á því hvort viðkomandi sé undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Þetta er m.a. gert með svokölluðum munnvatnsmæli. Gert er ráð fyrir því að með tilkomu þessarar nýju tækni komi kostnaður við rannsóknir þessara mála til með að minnka verulega frá því sem nú er. Með tilkomu mælisins verður með markvissari hætti hægt að ákvarða með meiri nákvæmni en áður hefur verið gerlegt hverjir þurfi í frekari rannsókn, svo sem blóðrannsókn, en slíkar rannsóknir eru enn sem fyrr talsvert kostnaðarsamar. Þessi nýi búnaður á því bæði eftir að auka öryggi, einfalda framkvæmdina og draga úr kostnaði við eftirlitið.

[13:26]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég fagna sérstaklega svari hæstv. ráðherra. Ég hef þá skilið það rétt, að það verða, ef við samþykkjum þetta frumvarp, komin núllmörk í lögin. Strax og menn eru undir áhrifum fíkniefna teljast þeir ekki í ökuhæfu ástandi. Það þarf ekki lækni til að meta það eða alla þá vitleysu sem hefur verið í gangi hingað til í sambandi við það. Ég vil því fagna þessu sérstaklega.

Það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra, að það verður ódýrara að fara í gegnum rannsóknir af þessu tagi með samþykkt frumvarpsins. Ég vil hins vegar benda á að til er enn ein aðferð sem gæti gert þetta enn þá ódýrara. Það eru þessir strimlar sem hægt er að setja á ennið og kallast, skilst mér, „drug wipe" og mæla fjórar tegundir vímuefna, þ.e. kannabis, amfetamín, kókaín og enn eitt efni í viðbót. En þessi þrjú efni eru langalgengust þeirra sem hér er neytt ólöglega.

Mér skilst að þessir strimlar kosti um 2.000 kr. stykkið. Manni finnst það eiginlega ótrúleg tækni, að hægt sé að komast að því hvaða efni eru í líkama fólks með því að skella strimli á ennið á því. Manni fyndist hálfskrýtið ef lögreglan mundi gera það en þetta er nútíminn. Þannig er tæknin og auðvitað eigum við að nýta okkur hana.

Ég vil nýta tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra, af því að málið er að fara í þinglega meðferð og einungis minnst á munnvatnssýni, að byggja undir lögin svo að hægt verði að taka munnvatnssýni úr ökumönnum sem liggja undir grun: Væri hægt að bæta inn í þetta frumvarp heimild til að nota þessa strimla? Mér sýnist það mjög þægileg leið, 2.000 kr. stykkið af strimli. Lögreglan getur haft þá hjá sér í boxi og nýtt strimlana. Í framhaldinu mætti síðan leita í blóðinu nákvæmlega að efninu sem kemur út á strimlinum. Þá þyrfti ekki að leita að hinum efnunum. Væntanlega yrði það miklu ódýrara.

Virðulegur forseti. Ég fagna þessu mjög. Fyrirspurn mín gekk út á þessi núllmörk og eftir að hún var lögð fram kom frumvarp í þinginu, með núllmörkum. Ég fagna þessu.

[13:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það er athyglisvert sem fram kom hjá hv. þingmanni. Ég tel sjálfsagt að skoða það allt saman í þingnefndinni sem fær umferðarlagafrumvarpið til umfjöllunar þegar ég hef mælt fyrir því.

Hér þarf að hafa í huga réttindi einstaklingsins. Þess vegna stendur til að setja þessi ákvæði í lög að skýrt sé hvaða heimildir eru til staðar fyrir lögreglu, annars vegar til blóðrannsókna og síðan til að taka svokölluð munnvatnssýni. Sú framkvæmd er talin standast allar kröfur um öryggi sem skiptir mjög miklu máli. Ég tel að varðandi þessa

plástraaðferð þurfi að ganga úr skugga um að hún sé örugg. Ég tel mikilvægt að í þessu skeiki engu, að þetta sé öruggt bæði fyrir lögregluna og þá sem þurfa að sæta slíkri rannsókn. En hinn endanlegi dómur, ef þarf að meta slíkt, er blóðrannsóknin sem væntanlega er óyggjandi.

Við erum hins vegar sammála um það, ég og hv. fyrirspyrjandi, að mikilvægt er að hafa framkvæmdina á þessu trausta, örugga og umfram allt í þágu umferðaröryggis. Við eigum að leita allra leiða til að tryggja öryggi í umferðinni. Allt of mörg slys verða m.a. vegna neyslu ávana- og fíkniefna.

Umræðu lokið.

Lög og reglur um torfæruhjól.

Fsp. SF, 301. mál. — Þskj. 321.

[13:30]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég spyr hæstv. samgönguráðherra:

Telur ráðherra þörf á að endurskoða lög og reglur um akstur torfæruhjóla, bæði í keppnum og utan þeirra, með tilliti til vaxandi fjölda þeirra sem aka slíkum hjólum og þess hversu ólíkar reglur gilda annars staðar á Norðurlöndum? Ef svo er, hvenær má vænta þess að endurskoðun hefjist og hvaða aðilar munu koma að henni?

Umferðarstofa, sem er undirstofnun samgönguráðherra, hefur tekið saman afar athyglisvert minnisblað um torfærutæki eða torfærumótorhjól aðallega en það er Brynhildur Georgsdóttir, framkvæmdastjóri ökutækjasviðs, sem það hefur unnið. Ég hef farið í gegnum minnisblaðið og það er geysilega gott þannig að ég ætla að hæla hér embættismönnum Umferðarstofu. Hefur Brynhildur haft mikið samráð við VÍK, Vélhjólaíþróttaklúbb Íslands, en þar eru 600 manns innan borðs og 3.000 torfæruhjól í umferð. Þetta er geysilega stór hópur og mjög öflugur hópur. Hún hefur haft mikið samstarf við þá ásamt fleiri og það kemur fram í þessu minnisblaði en ég ætla að fá að lesa, virðulegi forseti, upp úr niðurstöðunni:

„Af framangreindu virðist ljóst að það er margt sem betur mætti fara í umsýslu torfærutækja. Það er staðreynd að skráningu tækjanna er ábótavant. Mörg tækin eru ótryggð og notkun þeirra er í mörgum tilvikum ólögmæt. Það virðist hins vegar einnig staðreynd að möguleikar eigenda tækjanna á löglegri notkun þeirra séu nær engir. Erfitt reynist að fá hjólin tryggð og fjárhæðir iðgjalda eru oft svo háar að menn telja sig ekki geta staðið undir þeim. Aðeins er heimilt að nota hjólin á afmörkuðum svæðum með leyfi stjórnvalda en aðeins hluti þeirra svæða sem hafa verið byggð upp hafa fengið slík leyfi. Tregða stjórnvalda í leyfisveitingunni virðist að hluta til stafa af tregðu tryggingafélaganna til að tryggja hjólin en einnig kann að skorta á almennar leiðbeiningar um það hvernig skuli standa að leyfisveitingu."

Eins og kom fram í inngangi minnisblaðsins er þetta ástand óviðunandi fyrir alla sem því tengjast, bæði stjórnvöld sem hafa það hlutverk að framfylgja reglunum, almenningi sem í einhverjum tilvikum verður vís að ólögmætum akstri tækjanna og eigendum tækjanna sem eiga í raun ekki kost á að nota þau með lögmætum hætti.

Með minnisblaði þessu vill Umferðarstofa draga fram mynd af vandamálinu og þeim gildandi reglum er það tengist og hvetja þá sem koma að þessum málum að leita lausna í þeim málum sem að þeim snúa.

Virðulegur forseti. Hér er sagt að mikill vandi sé á ferð og það þarf að leysa hann. Ég hef spurt bæði hæstv. umhverfisráðherra og hæstv. viðskiptaráðherra varðandi svæðin. Það þarf að fjölga svæðunum og skapa miklu betri aðstöðu þar svo þessi hjól væru inni á svæðunum en ekki úti um allar trissur því að mótorhjólamennirnir vilja standa vel að þessu. Einnig þarf að breyta tryggingaverndinni. Í báðum tilvikum tóku ráðherrar vel í málið en ég veit ekki hvað gerist í framhaldinu. Ég vil því spyrja hæstv. samgönguráðherra í ljósi þessa minnisblaðs frá Umferðarstofu hvort ráðherra vilji beita sér í því að greiða úr þeim vanda sem þessir ökumenn eru í.

[13:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég segja vegna ræðu hv. þingmanns að ég er mjög ánægður með að starfsmönnum Umferðarstofu sé hælt eins og hér var gert. Það verður að viðurkennast að eftirlitsstofnanirnar og t.d. Umferðarstofa liggja oft og tíðum frekar undir skömmum og athugasemdum vegna þeirra vandasömu verkefna sem þeim er falið að vinna að. Ég er því ánægður með að heyra það sem hér kom fram.

En svar mitt við fyrirspurninni er svohljóðandi: Samgönguráðuneytið hefur farið með málefni umferðarmála í tæp tvö ár. Á þessum tíma hefur ráðuneytið lagt mikla áherslu á öryggissjónarmið og má því til stuðnings nefna metnaðarfulla umferðaröryggisáætlun, sem hér hefur oft verið til umræðu, sem ég lagði fram í fyrsta skipti sem hluta af samgönguáætlun á síðasta þingi.

Umferðaröryggisáætlun gerir ráð fyrir að rúmlega 1,5 milljörðum kr. verði varið á næstu fjórum árum aukalega til að fækka alvarlegum slysum í umferðinni. Samhliða þessum aðgerðum hef ég einnig lagt áherslu á stöðuga endurskoðun á umferðarlöggjöfinni með það að markmiði að auka öryggi í umferðinni. Þess vegna eru umferðarlögin fyrir þinginu að þessu sinni.

Flokkun og skilgreining ökutækja er í umferðarlögum nr. 50/1987 og í reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004. Reglurnar mótast af EB-reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Í EB-reglum eru torfærutæki ekki skilgreind en skilgreining þeirra í íslenskum reglum mótast af notkun þeirra utan vega eftir því sem heimilt er. Torfærutæki er samkvæmt umferðarlögum skylt að skrá og ábyrgðartryggja samkvæmt reglum umferðarlaga um fébætur og vátryggingu. Torfærutækjum má ekki aka á vegum nema til þess að fara yfir þá eða fara skemmstu leið til að fara út af þeim aftur. Umferð ökutækja, þar með talið torfærutækja, er verulega takmörkuð því skv. 17. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, sem ég veit að fyrirspyrjandi þekkir afar vel, er bannað að aka vélknúnum ökutækjum og þar með talið torfærutækjum utan vega. Undantekningar

eru á jöklum svo og á snjó utan vega utan þéttbýlis og svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin.

Í umferðarlöggjöfinni er fyrst og fremst fjallað um ökutæki sem samgöngutæki, tæki sem notað er til þess að fara á milli staða. Almennt tel ég reglur laga og reglugerða um torfærutæki, þar með talin torfærubifhjól, fullnægjandi og nægilega skýrar með tilliti til almennrar umferðar og umferðaröryggis. Í samgönguráðuneytinu er hins vegar verið að skoða reglur um skráningu torfæruhjóla. Markmið þeirrar vinnu er að tryggja að notkunin verði í samræmi við lög og reglugerðir, þ.e. að koma í veg fyrir að verið sé að aka um á óskráðum og ótryggðum hjólum eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda.

Í 17. gr. laga um náttúruvernd segir sem almenna reglu að óheimilt sé að aka utan vega. Þó heimila lögin nokkrar undantekningar og eru þær útfærðar nánar í reglugerð nr. 528/2005, um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands. Þá segir í 34. gr. umferðarlaga: „Ráðherra getur sett reglur um akstursíþróttir á sérstökum afmörkuðum svæðum utan vega."

Í reglugerð nr. 257/2000, um akstursíþróttir og akturskeppni, sem sett er skv. 34. gr. umferðarlaga segir að aka megi torfærutækjum á svæðum sem samþykkt hafa verið fyrir akstursíþróttir. Samkvæmt reglugerðinni skal leyfi til akturskeppni einungis veitt vélhjóla- og vélsleðaíþróttanefnd ÍSÍ og Landssambandi íslenskra akstursfélaga og ekki er hægt að halda keppni án samþykkis lögreglu og að uppfylltum öðrum þeim skilyrðum sem í reglugerðinni greinir. Vera kann að rétt sé að endurskoða reglugerð um akstursíþróttir. Raunar hafa slíkar hugmyndir komið fram frá akstursíþróttamönnum sem verið er að skoða í samgönguráðuneytinu. Ákvörðun þess hvort endurskoða þurfi reglugerðina verður tekin fljótlega og þá jafnframt ákveðið hverjir muni koma að því verki ef til kemur. Við endurskoðun reglugerðarinnar má gera ráð fyrir að hafðar yrðu til hliðsjónar samsvarandi reglur á (Forseti hringir.) hinum Norðurlöndunum. En ég er tilbúinn til þess að láta mitt fólk í ráðuneytinu fara yfir þetta og m.a. með tilliti til ábendinga hv. þingmanns.

[13:39]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu atriði. Það er eins með torfæruhjólaeigendur og alla aðra að þeir þurfa skýr skilaboð um reglur og þá jafnframt boð og bönn. Það er virkilega ánægjulegt að heyra um hina góðu samvinnu milli Umferðarstofu og forsvarsmanna eigenda torfæruhjóla í félaginu VÍK. Málið er að torfæruhjól eru seld og eru lögleg hér á landi og því þurfa að vera skýrar og uppfærðar reglur um notkun þeirra og skapa aðstæður þannig að eigendur geti notað hjólin og geti ekið á þeim á þar til gerðum svæðum. Ítreka verður og benda á að í raun eru eigendurnir ekki vandamálið, það eru fyrst og fremst reglurnar og í þessu sambandi þarf að vera skýr og góð samvinna á milli samgönguráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

[13:40]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, fyrir að vekja athygli á þessu máli. Hér er, eins og komið hefur fram, um mikilsverð umhverfissjónarmið að ræða líka og ég fagna auðvitað þeim áhuga og þeirri ábyrgð sem vélhjólafélögin innan ÍSÍ hafa sýnt og þeirri samvinnu sem þau eiga við Umferðarstofu.

Það er líka rétt að leggja áherslu á að svæðum verði fjölgað þar sem hægt er að keyra á þessum torfæruhjólum. Ég veit að við Akureyri er slíkt svæði sem er vel nýtt. Ég fagna líka svörum hæstv. samgönguráðherra um að þetta sé allt á leiðinn og ég vona að við þurfum ekki að bíða lengi eftir því að það komi skýrar reglur, rýmkaðar reglur að einhverju leyti en þó sérstaklega að ekki verði hvikað frá því að akstur utan vega á þessum hjólum sé óheimill.

[13:41]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa umræðu. Það er alveg ljóst að sá hópur sem stundar torfærumótorhjólaakstur er mjög vaxandi. Verið er að flytja inn hjól á degi hverjum. Þetta er tiltölulega ný íþrótt og ég skil vel að lagaumhverfið sé ekki enn þá orðið fullþroskað og svæðin séu ekki orðin nógu góð og nógu mörg. Þetta eru því nokkurs konar barnasjúkdómar sem við erum að ganga í gegnum.

Þetta er í þriðja skipti sem ég tek upp málefni þessa hóps. Áður hef ég tekið þetta mál upp við hæstv. umhverfisráðherra og viðskiptaráðherra og nú við samgönguráðherra. Það er tilhneiging hjá öllum ráðherrunum að horfa á sitt svið og það er að sjálfsögðu ósköp eðlilegt. Öll vilja þau skoða þetta og ég fagna því, en á sama tíma vil ég draga fram að það verður að fara heildstætt yfir þessi mál sameiginlega því að það gerist ósköp lítið ef menn hugsa bara um að einangra sinn málaflokk. Ég kalla svolítið eftir því hvort samgönguráðherra gæti hugsað sér að taka málið að sér. Það er vegna að ég sé ekki betur en að Umferðarstofa, miðað við þau gögn sem ég hef skoðað sem ég tel að séu heildstætt yfirlit um málefni þessa hóps, hafi gengið langlengst í vinnunni. Þar hafa embættismennirnir farið yfir málið með ótrúlega heildstæðum hætti. Þar er verið að skoða skráningu þessara tækja og notkun þeirra, tryggingar, ökuréttindi, viðurlög, vörugjöld o.s.frv. Þetta er heildræn nálgun sem ég fagna mjög mikið. Því spyr ég: Kemur til greina að samgönguráðherra beiti sér sérstaklega í því að safna saman liði úr öðrum ráðuneytum til að fara yfir þessi mál? Ég gæti auðvitað flutt þingsályktunartillögu um að stofna skuli nefnd með fulltrúum úr samgönguráðuneytinu, umhverfisráðuneytinu, viðskiptaráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu, sveitarfélögum o.s.frv. sem gerði þetta. Það tekur tíma þannig að ég nýti tækifærið og spyr hæstv. samgönguráðherra: Kemur til greina að samgönguráðherra taki forustu í þessu máli?

[13:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það er vonandi að fenginni reynslu sem hv. þingmaður spyr hvort samgönguráðuneytið sé tilbúið til að hafa forustu um þetta mál. Það er í góðum hönd-

um þar, tel ég. En ég svara því játandi að samgönguráðuneytið er tilbúið til þess að láta fara mjög ítarlega yfir þetta mál. Okkur hefur auðvitað verið kunnugt um það sem gert hefur verið hjá Umferðarstofu. Mitt fólk í ráðuneytinu hefur hins vegar fyrst og fremst horft til þeirra reglna sem þurfa að gilda um akstur slíkra tækja og öryggissjónarmiðanna.

Þarna er auðsjáanlega að mörgu að hyggja. Ég tel að það væri af hinu góða og í þágu þessarar íþróttar að málið yrði tekið föstum tökum og leitað samstarfs annarra ráðuneyta til að leysa þau vandamál sem þarna kunna að vera á ferðinni. Mér sýnist satt að segja að þau séu ekki neitt risavaxin og ætti að vera hægt að finna leiðir í góðu samstarfi við þá sem eru í forustu fyrir þessum hópi og ég er reiðubúinn til að gera það.

Umræðu lokið.

Þjónustusamningur við SÁÁ.

Fsp. HHj, 293. mál. — Þskj. 311.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um málefni er tengjast sjúkrahúsinu Vogi og SÁÁ og þjónustusamningum þess við heilbrigðisráðuneytið um þá mikilvægu heilbrigðisþjónustu sem þar er veitt og gagnast hefur þúsundum Íslendinga í gegnum tíðina.

Það er margt sem kemur nýliða hér í þinginu á óvart þegar hann kynnist fjárlagavinnunni í fjárlaganefnd Alþingis, kannski ekki síst sú lausung og skortur á aga og vönduðum vinnubrögðum sem virðist vera að finna víða í ríkisrekstrinum. Þessi fyrirspurn var lögð fram á milli 2. og 3. umr. fjárlaga, hygg ég, þegar mér varð ljóst að enn höfðu ekki hafist viðræður við SÁÁ um þjónustusamning sem þó rann út um síðastliðin áramót. Það undraði mig sitjandi í fjárlaganefndinni að við værum að afgreiða fjárlög fyrir yfirstandandi ár án þess að fram hefðu fram viðræður um þann þjónustusamning sem á þessu ári ætti að gilda og taka afstöðu til þeirra álitamála sem þar eru uppi. Ég undrast enn þau vinnubrögð og spyr sem sagt hæstv. heilbrigðisráðherra hvernig á þessum seinagangi standi og hverju það sæti að mikilvæg heilbrigðisstofnun þurfi að búa við slíka óvissu. Ekki síður undrast ég nú þegar ég hef fregnað að enn sé ekki búið að ljúka gerð þjónustusamningsins og fyrri samningur sem fyrr segir gilti til síðustu áramóta. Ég spyr hæstv. ráðherra þess vegna hverju það sæti og sömuleiðis um afstöðu hans til þeirra álitamála sem þar eru uppi um húsnæðiskostnað samtakanna, um þá þjónustu sem áður hefur verið fjallað um við ópíumfíkla og kostnað við hana og hvort ráðherrann sé tilbúinn til að koma til móts við það um lífeyrisskuldbindingar og önnur álitamál sem uppi hafa verið í þeim viðræðum. Sömuleiðis spyr ég hvernig ráðherrann ætli að standa að rekstri sjúkrahússins á yfirstandandi ári, hvort hann geri ráð fyrir því að ljúka þessum þjónustusamningi nú fyrir mánaðamótin þannig að hann gildi fyrir þetta ár og hvort hann ætli þá að sækja aukafjárveitingar til að geta staðið undir þessari starfsemi. En fyrst og fremst vil ég vita hvort þetta séu almenn og viðtekin vinnubrögð í ráðuneytinu við gerð rekstraráætlana og samninga við þá aðila sem veita mikilvæga samfélagsþjónustu í landinu.

[13:48]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Fyrir liggur fyrirspurn frá hv. þm. Helga Hjörvar um þjónustusamninga við SÁÁ. Það hefur dregist töluvert að svara þessari fyrirspurn og okkur hv. fyrirspyrjanda var báðum kunnugt um það af hverju það var. Hins vegar hefur verið unnið að endurnýjun þjónustusamningsins. Eins og kom fram gilti núverandi þjónustusamningur til síðustu áramóta. Það er verið að vinna að endurnýjun samningsins. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki innan tíðar. Ég er ekki með dagsetningu á því. Það er gert ráð fyrir að þessi nýi samningur byggi á svipuðum forsendum og lágu til grundvallar eldri samnings.

Það hefur verið bætt dálítið í fyrirspurnirnar í ræðu hv. þingmanns. Ég ætla ekki á þessu stigi að semja í ræðustól Alþingis því að þessir samningar eru í gangi. Ég á von á að þeim verði lokið innan tíðar. Varðandi lausung þá var það einmitt þannig að um það bil sem ég kom í heilbrigðisráðuneytið neðan úr fjárlaganefnd lagði ég áherslu á að gerður yrði þjónustusamningur við SÁÁ. Það var enginn þjónustusamningur í gildi og það var bara tilviljunum háð hvað var veitt í þetta þá og þá. Við gerðum þjónustusamning við þá. Ég lagði á það áherslu að það yrði gert til að menn vissu að hverju þeir gengu. Ég held að það hafi aldrei staðið til að menn byggju við þrengri kost en áður. Spurningin er hvernig menn lenda þessu. Ég þori ekki að segja um það eins og er en það verður á svipuðum forsendum og eldri samningur. Ég reikna með að ef okkur vanti heimildir leitum við til fjárlaganefndar á einhverju stigi í því. En samningurinn verður vafalaust undirritaður eins og aðrir slíkir með fyrirvara um samþykki fjárlaganefndar og Alþingis. Ég reikna með að við ljúkum þessu.

Ég vil segja, þó það sé kannski til hliðar við fyrirspurnina, af því að það er undrast á að þetta hafi dregist, að þjónustusamningar taka yfirleitt mjög langan tíma og mannafla í ráðuneytinu. Við vildum gjarnan ljúka þeim á styttri tíma. En eðli málsins samkvæmt eru þjónustusamningar stundum flóknir. Ég á ekki við þennan neitt frekar. En við þyrftum auðvitað á því að halda að hafa meiri mannafla og kraft í að gera þjónustusamninga og gera e.t.v. fleiri þjónustusamninga en við erum með í gangi núna.

[13:52]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda fyrir að bera þetta mál upp. Ég verð að viðurkenna að mér finnst afskaplega dapurlegt ef skortur á mannafla í ráðuneytinu tefur slíkan þjónustusamning. SÁÁ er, eins og fólk veit, að sinna — hvað eigum við að segja — lífsnauðsynlegu máli. Þeir sem þekkja til alkóhólisma vita hvernig hann getur gjörsamlega rifið niður heilu fjölskyldurnar. Þeir sem hins vegar geta nýtt sér þjónustu SÁÁ koma yfirleitt út betri menn. Ég skora á ráðherra að drífa í þessu máli.

Hæstv. forsætisráðherra sagði eitt sinn að hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson væri góður maður. Það er rétt. Enginn efast um það nú frekar en áður. En það ríður mikið á að stofnun eins og þessi, sem sinnir lífsnauðsynlegum málum fyrir bæði einstaklinga og heilu fjölskyldurnar, viti að hverju hún gengur og að þjónustusamningar liggi fyrir áður en árið hefst, eins og 2006.

[13:54]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að leggja fram þessa brýnu fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra og minna okkur á að ekki hefur verið gengið frá þessum þjónustusamningi eins og kom fram í fjárlagaumræðunni. Ég tel mjög brýnt að ráðuneytið leggi kapp á að ljúka þessum samningi þar sem það er fyrir hverja einustu stofnun mjög erfitt að búa við að hafa ekki þjónustusamning, ég tala nú ekki um stofnun eins og SÁÁ þar sem sú stofnun sinnir nærri ein orðið meðferð áfengis- og fíkniefnasjúklinga. Þrýstingurinn og þörfin er stöðugt að aukast. Það eru að bætast inn nýir hópar eins og morfínneytendur. Launaskrið er hjá opinberum stofnunum. Því þarf að mæta líka. Breiðari hópur leitar til þessarar stofnunar þannig að verkefnin (Forseti hringir.) eru einnig að aukast. Stofnunin er því í mjög erfiðri stöðu.

[13:55]

Jón Kr. Óskarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa góðu fyrirspurn og ég beini því til hæstv. heilbrigðisráðherra að hann tryggi þann rekstur er SÁÁ hefur á sínum höndum sem allra fyrst og best.

[13:55]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Starfsemi SÁÁ er geysilega mikilvæg. Allir sem lesa ársskýrslur þeirra sjá hve hún er umfangsmikil. Það er alveg ljóst að það starf sem fer fram hjá SÁÁ undir forustu Þórarins Tyrfingssonar og hans fólks hefur komið geysilega mörgum fjölskyldum til góða í þessu samfélagi. Þessi starfsemi er í fremstu röð þó maður horfi til heimsins alls. Það skal sérstaklega dregið hér fram.

Það kom fram hjá hæstv. heilbrigðisráðherra Jóni Kristjánssyni að hann beitti sér fyrir gerð þjónustusamninga á sínum tíma við SÁÁ. Það var mikið framfaraspor. Það var auðvitað ómögulegt þegar við vorum að lenda í því hér haust eftir haust að SÁÁ eins og fleiri þurftu að fara í mikla baráttu til að ná eyrum þingmanna og ráðherra við fjárlagagerð. Það að hafa þjónustusamning er því mjög gott form og þakka ber hæstv. ráðherra það framsýna skref sem hann tók á sínum tíma þegar þessir samningar hófust. Ég er sannfærð um að hann mun standa sig vel í því að endurnýja þennan samning. Við höfum ekkert að óttast í því sambandi því hann ber mikið skynbragð á þessa starfsemi.

[13:57]

Sæunn Stefánsdóttir:

Frú forseti. Ég vil sömuleiðis þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli. Það skal enginn draga úr mikilvægi starfsemi SÁÁ eins og hefur komið fram í máli þingmanna sem hér hafa talað. En mig langar líka að vekja máls á því að þó að þjónustusamningurinn sé runninn út þá er það auðvitað ekki svo að enginn rammi sé um starfsemina. Unnið er að sjálfsögðu eftir þeim samningi sem rann út um áramótin. En það dregur auðvitað ekki úr mikilvægi þess að samið sé sem fyrst og komið á nýjum samningi.

Af því að hér var komið inn á einstaka meðferðarþætti þá hefur líka verið tekið á ópíummeðferðinni, en það er eitt af þeim atriðum væntanlega sem ég geri ráð fyrir að verði gengið frá í nýjum samningi. Eins og aðrir hvet ég ráðherrann og ráðuneytið til að ganga í þetta mikilvæga verk og ég heyrði það í máli hans hér áðan að það ætlar hann svo sannarlega að gera.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þátttöku í þessari stuttu umræðu. Ég held að hún sýni hæstv. heilbrigðisráðherra að það er ríkur áhugi á því í þinginu að þessu máli verði lokið fljótt og vel og ég hvet hann til að gera það og leita þeirra fjárheimilda sem hann kann að þurfa í því sambandi til þessarar mikilvægu starfsemi. Það var vissulega framfaraskref að gera þjónustusamning við SÁÁ á sínum tíma og ég veit að hæstv. ráðherra þekkir þann vanda sem ég ræði úr fjárlaganefndinni.

En það verður ekki kallað neitt annað en lausung og reiðuleysi í ríkisrekstrinum að ráðuneyti láti þjónustusamninga renna út og hafi ekki í gildi gilda samninga um mikilvæga samfélagsþjónustu. Það er ástæða til að taka það fram að heilbrigðisráðuneytið er ekkert verra ráðuneyti í þessu efni en önnur. Þetta eru einfaldlega vinnubrögð sem við virðumst þola og sætta okkur við og láta óátalin. Ég held að við eigum að taka okkur saman um það sem komum að fjárreiðum ríkisins, hvort heldur það er í fjárlaganefnd eða hjá framkvæmdarvaldinu, ráðherrunum, að taka á slíku reiðuleysi, á þessari lausung og auka festu og aðhald með því að ganga eftir því að samningar séu gerðir í tíma, að tekið sé á rekstrarvanda í tíma og að gerðar séu áætlanir þannig að fjárlög sem við leggjum síðan fram á hverju hausti eigi möguleika á því að standast en séu ekki eins og nú er, (Forseti hringir.) óljósir spádómar um útgjöld næsta árs því að enn á svo fjölmargt eftir að koma inn þegar þau (Forseti hringir.) eru afgreidd.

[14:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar málefnalegu umræður um þetta mál og ég vil undirstrika að ég hef fullan skilning á málefnum SÁÁ og þeirri mikilvægu starfsemi sem þar fer fram. Við hv. þingmann Helga Hjörvar vil ég segja að þegar við erum að segja reynslusögur úr fjárlaganefnd þá held ég að þjónustusamningarnir séu ekki mesta vandamálið í ríkisrekstrinum. Eins og hefur komið fram í þessari umræðu þá er unnið eftir fyrri þjónustusamningi og það kann alltaf að verða svo í samningum að þeir séu ekki allir búnir um leið og fjárlög eru afgreidd bara eins og venjulegir kjarasamningar. En það er auðvitað markmiðið

að hafa sem allra mesta reiðu á þessu og til þess var þessi samningur tekinn upp.

Það er rétt að það er mikil þörf fyrir þessa starfsemi og hún hefur vaxið mikið á undanförnum árum og einnig fjárframlög til hennar. Á tímabilinu 1999–2005 hafa fjárheimildirnar vaxið um 77,7% meðan verðbólgan hefur verið 28,7. Það er ekki þar fyrir að það er heilmikil þörf. En ég hef mikinn áhuga á því hvort t.d. væri hægt að efla göngudeildarstarfsemina í þessum geira og efla þannig aðgengi að meðferðinni. En ég undirstrika að það er mjög gott starf unnið hjá SÁÁ og það þarf að sjá því starfi farborða til framtíðar og ég heyri að þingheimur hefur mjög mikinn áhuga á því.

Umræðu lokið.

Laun og kjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda.

Fsp. JóhS, 425. mál. — Þskj. 642.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Fyrirspurn sem ég beini til ráðherra snýr að reglum varðandi upplýsingagjöf um launakjör stjórnenda og stjórnarmanna hjá lífeyrissjóðum, lánastofnunum og fyrirtækjum. Í leiðbeinandi reglum sem Fjármálaeftirlitið gefur út er ekki gert ráð fyrir að gefa þurfi upp starfslokasamninga og þar sem við á kaupréttarsamninga með líkum hætti og nú er í reglum kauphallarinnar og spyr ég hvort ráðherra hyggist beina tilmælum til Fjármálaeftirlits um að það verði gert. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að ekki ríki sama gegnsæi um launakjör stjórnenda lífeyrissjóða, sparisjóða og annarra lánafyrirtækja og ríkir um skráð fyrirtæki í Kauphöllinni sem eru m.a. bankarnir.

Síðari spurning mín lýtur að tryggingafélögum en að því er ég best veit eru ekki til neinar reglur um upplýsingagjöf í ársreikningum tryggingafélaganna varðandi laun og önnur launakjör stjórnenda og stjórnarmanna, þar með talið lífeyrisréttindi og starfslokasamningar á grundvelli 5. mgr. 44. gr. laga um vátryggingastarfsemi líkt og nú er í reglum Kauphallarinnar. Því spyr ég hvort ráðherra muni beita sér fyrir að slíkar reglur verði settar um upplýsingagjöf í ársreikningum tryggingafélaganna en eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér sé það verk viðskiptaráðherra að setja slíkar reglur en ekki Fjármálaeftirlitsins.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé full ástæða til að stjórnvöld og löggjafarþing setji lög og reglur sem þarf til að öll launakjör, starfslokasamningar, kaupréttarsamningar og hlunnindi sem topparnir í samfélaginu hafa séu sýnileg og a.m.k. hluthöfum sé búin aðstaða til að hafa eftirlit með þeim ofurkjörum og stjarnfræðilegu fjárhæðum sem í sívaxandi mæli eru að koma upp á yfirborðið í samfélaginu. Þessi ofurlaun og kjör hafa skapað mikla ólgu í samfélaginu enda hafa þau leitt til mikillar gliðnunar í tekjum og kjörum og svo virðist sem hér sé að spretta upp samfélag ofurríkra einstaklinga, milljarðamæringa sem eru í lífsstíl og kjörum úr öllu samhengi við það sem er að gerast í þjóðfélaginu. Þess vegna er þessi fyrirspurn sett fram og spurt er:

1. Hvort ráðherra telji rétt að í reglum um upplýsingagjöf varðandi laun stjórnenda og stjórnarmanna hjá lífeyrissjóðum og lánastofnunum og fyrirtækjum verði einnig kveðið á um upplýsingagjöf um starfslokasamninga og þar sem við á um kaupréttarsamninga með líkum hætti og nú er í reglum Kauphallarinnar.

2. Hvort ráðherra byggist beita sér fyrir sambærilegum reglum um upplýsingagjöf í ársreikningum tryggingafélaganna.

[14:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ítarleg upplýsingagjöf er einn af hornsteinum hlutabréfamarkaða og þjónar þeim tilgangi fyrst og fremst að gera fjárfestum kleift að meta verðmæti hlutabréfa. Ekki verður komið auga á þörf fyrir slíka ítarlega upplýsingagjöf vegna félaga sem ekki eru skráð á markaði. Í slíkum félögum er hins vegar mikilvægt að eigendur félagsins séu vel upplýstir um allar aðgerðir stjórnar félagsins. Í þessum tilgangi hef ég lagt fram á Alþingi frumvörp um breytingu á hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum þar sem kveðið er á um að í félögum sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda beri að samþykkja stefnumið varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda, svo og stjórnarmanna. Stefnumiðin skulu samþykkt á aðalfundi. Þar skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjarastefnu, þar með talinn kaupréttur og starfslokasamninga.

Jafnframt leggur frumvarpið til að á aðalfundi skuli gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna og áætluðum kostnaði vegna kaupréttarsamninga. Reglur frumvarpsins, verði það að lögum, munu gilda um lánastofnanir og vátryggingafélög sem almennt eru rekin sem hlutafélög. Þær munu ekki gilda um sparisjóði gagnkvæm vátryggingafélög, lífeyrissjóði, sem reyndar heyra hér undir löggjöf, né um lítil félög sem uppfylla ekki stærðarmörk ákvarðana. Í þessu samhengi er þó rétt að minna á að öll vátryggingafélög og lífeyrissjóðir lúta eftirliti fjármálaeftirlitsins burt séð frá félagaformi sem fylgist m.a. með áhættustýringu þessara aðila.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég segja þetta. Þegar ákvarðanir eru teknar um íþyngjandi reglur verður að liggja fyrir mat á hagsmunum. Eins og ég sagði hér að framan er eðlilegt að almennir fjárfestar fái þær upplýsingar sem geri þeim kleift að meta fjárfestingarkosti og að eigendur, þ.e. hluthafar óskráðra félaga séu upplýstir um hvers konar kvaðir sem viðkomandi félag hefur undirgengist og kunna að hafa áhrif á verðmæti hluta viðkomandi. Ekki verður hins vegar séð að aðrir aðilar hafi slíka hagsmuni af svo ítarlegri upplýsingagjöf að ástæða sé til að leggja þær upplýsingakvaðir á félög eða aðra lögaðila.

[14:09]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að vekja máls á upplýsingum og upplýsingaskyldu varðandi laun og starfsloka-

samninga. Ástæðan er m.a., eins og kom fram í máli þingmannsins, þau ofurlaun og þeir ofurstarfslokasamningar sem eru farnir að tíðkast í þjóðfélaginu. Hvernig í ósköpunum stendur á því að fyrirtæki borgar manneskju 130 millj. eftir 5 mánaða starf? Orðið fíflagangur dugar ekki einu sinni hérna. En á hverjum bitnar þetta? Að sjálfsögðu bitnar þetta á almenningi í hærri kostnaði, í þessu tilfelli í hærri flugfargjöldum. Hvernig í ósköpunum dettur mönnum þetta í hug? Það er bráðnauðsynlegt að menn setji hér skýrar reglur um upplýsingaskyldu til að koma í veg fyrir slík ofurlaun sem m.a. leiða til gífurlegrar misskiptingar í þjóðfélaginu.

[14:10]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli og um leið vil ég lýsa vonbrigðum mínum með svar hæstv. viðskiptaráðherra.

Við þekkjum öll umræðuna um ofurlaun stjórnenda og starfslokasamninga en mér finnst afar brýnt að þetta sé einnig upplýst um launakjör forstjóra lífeyrissjóða hjá lánastofnunum. Þetta er bara um almennt gegnsæi í þjóðfélaginu, þetta eru upplýsingar sem eiga að vera uppi á borðinu og mér finnst mjög eðlilegt að hér séu settar reglur um upplýsingaskyldu fyrirtækja svo að almenningur sé upplýstur um hvað er í gangi í þjóðfélaginu.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef eru leiðbeinandi reglur um kjör stjórnenda mjög ítarlegar hjá Kauphöllinni. Það skal ítarlega gera grein fyrir þeim og starfslokasamningum og kaupréttarsamningum og það skal gera þetta á nafn og þetta skal upplýst í ársreikningum. Upplýsingar sem ég hef um reglur sem fjármálaeftirlitið setur er að þær gangi mun skemmra. Það þarf t.d. ekki að gera grein fyrir starfslokasamningum og það sem ég var að ganga eftir var hvort settar yrðu sambærilegar reglur hjá fjármálaeftirlitinu varðandi þá eftirlitsskyldu aðila sem fjármálaeftirlitið er með þannig að þetta verði upplýst í ársreikningi en ekki þyrfti að fara og fá slíka starfskjarastefnu samþykkta á hluthafafundi. Gengur frumvarp ráðherrans það langt að þetta verði upplýst með sama hætti og er hjá fyrirtækjum í Kauphöllinni, þannig að þetta verði upplýst á nafn þess stjórnanda og stjórnarmanns hjá viðkomandi fyrirtækjum sem í þessu tilviki eru sparisjóðirnir og tryggingafélögin? Það er mikilvægt að fá það fram. Ég sé það ekki í frumvarpi ráðherrans, þó að viðleitni sé í þá átt, að hluthafar þurfi að samþykkja starfskjarastefnu. En ég tel að fullkomið gegnsæi þurfi að vera í þessu alveg eins og er uppi á borðinu hjá Kauphöllinni og ég hef m.a. spurst fyrir um það sérstaklega að ráðherra geri grein fyrir upplýsingum hvers félags um sig, um launakjör einstakra stjórna og æðstu stjórnenda sem skráðir eru í Kauphöllinni.

Ég tel það algerlega óviðunandi ef ekki á að setja sambærilegar reglur um lífeyrissjóði. Það hefur margoft komið fram í þinginu að það þarf að setja miklu strangari reglur um stjórnarhætti starfsmanna í lífeyrissjóðum en gert hefur verið. Meðal annars þurfa að vera þar uppi á borði öll launakjör og allir starfslokasamningar sem varða stjórnarmenn og stjórnendur lífeyrissjóðanna. Mér heyrðist á ráðherra að það sé ekki í því sem hún leggur til eða ætlar að beita sér fyrir og það er fullkomlega óviðunandi, virðulegi forseti.

[14:13]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka það fram hvað varðar lög um lífeyrissjóði að þau heyra ekki undir mig heldur undir fjármálaráðherra, þannig að það sé alveg skýrt. En ég vil ítreka það sem ég hef sagt hér og hv. þingmaður veit ákaflega vel að hér hefur verið dreift frumvarpi á Alþingi, að ég best veit og ég vona að það sé komið inn í þingið, sem tekur á þessu máli hvað varðar öll þau félög sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda og það ber að samþykkja kjarastefnu á hluthafafundum (Gripið fram í.) og annað sem varðar starfslokasamninga. Þetta hlýtur að teljast myndarlegt skref og ég bið hv. þingmenn að átta sig á þessu.

Eins og ég sagði áðan þá finnst mér að öðruvísi beri að líta á minni félög en aðalatriðið er að eigendur séu upplýstir. Það er það sem skiptir mestu máli. Hvað varðar almenning er það þannig að a.m.k. hefur Frjáls verslun reglulega tekið saman launakjör þeirra hæst launuðu á Íslandi þannig að fólk hefur þá getað séð það, þeir sem virkilega hafa áhuga á þessum málum en mér finnst að það þurfi að velta fyrir sér hagsmununum. Hverjir eru þeir? Það er ekki þannig í frjálsu samfélagi að allt eigi að vera uppi á borðinu þó að vissulega sé upplýsingaskylda mikil, og af því að hv. þingmaður talar í þessu sambandi um Fjármálaeftirlitið þá er ég ekki fær um að svara því nákvæmlega á þessari stundu hvernig reglur Fjármálaeftirlitsins eru hvað þetta varðar. Ég er ekki með þær upplýsingar með mér hér. En ég treysti því að Fjármálaeftirlitið fari af skynsemi í þessi mál. En mér finnst að hv. þingmaður vilji oft ganga ákaflega langt á þessu sviði og ég er kannski ekki alveg sammála því að öllu leyti.

Umræðu lokið.

Vinnsla skógarafurða.

Fsp. ÞBack, 278. mál. — Þskj. 293.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra um vinnslu skógarafurða. Hún er í tveimur liðum:

1. Hvað hafa landbúnaðarráðuneytið og undirstofnanir þess gert til að undirbúa þróun og vinnslu afurða úr ört vaxandi nytjaskógum landsins?

2. Hve miklu fé hefur verið varið til að undirbúa nytjar þess efnis sem gert er ráð fyrir að falli til hjá þeim nytjaskógræktarverkefnum sem þegar eru komin af stað?

Hæstv. forseti. Fyrir skömmu barst svar frá hæstv. ráðherra við fyrirspurn minni um grisjun þjóðskóganna. Það er

alveg ljóst að þjóðskógarnir sem slíkir eru komnir á aldur og þurfa mikillar grisjunar við. Í þeim einum ætti því að falla til mikið efni á næstu árum ef farið er myndarlega í grisjun. Hin miklu skógræktarverkefni, nytjaskógarnir, eru á því stigi að enn er verið að planta og verður svo næstu árin. Það er komið að fyrstu grisjun í elstu skógunum og samkvæmt áætlun mun upp úr 2018 verða mjög stórt stökk í þessu ferli, þarf þá að koma til mjög aukin grisjun frá því sem nú er. Þá verður langstærsta stökkið og helst svo upp frá því.

Það skiptir ekki eingöngu máli, hæstv. forseti, að uppfylla það markmið að klæða 5% landsins skógi og endurheimta skóg heldur skiptir líka máli að leggja til vinnu og styrkja byggð. Hvað nytjaskógarverkefnin varðar finnst mér skorta á að hugað sé að því hvernig á að nytja þær afurðir sem falla til við grisjun og í beinu framhaldi af því hvernig á þá að nytja þær afurðir sem verða til við ræktun skóganna, þó að það komi ekki fram í þessari fyrirspurn.

Því lagði ég þessa fyrirspurn fram að mikil verðmætasköpun gæti legið í skógarafurðunum en í byggðaáætlun er með einni setningu beint vísað til þess að það eigi að líta til þróunar og nýsköpunar hvað varðar skógarafurðir en síðan ekkert meir.

[14:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að beina til mín tveimur spurningum er varða vinnslu skógarafurða. Það er ánægjulegt að þessi ört vaxandi búgrein og afurðir hennar skuli koma til umræðu á Alþingi.

Hér er um svo skyldar spurningar að ræða að ég kýs að svara þeim samtímis. Áður en þeim er svarað efnislega er nauðsynlegt að tiltaka helstu staðreyndir er varða stöðu skógræktar hér á landi. Eins og fram kemur hjá fyrirspyrjanda fer nytjaskógrækt ört vaxandi. Svo er ekki síst fyrir að þakka samstiga átaki stjórnvalda og Alþingis undanfarin ár. Nytjaskógrækt er stunduð um allt land undir merkjum landshlutabundnu skógræktarverkefnanna sem eru þó með nokkuð misjafnar áherslur. Að flestum þessara verkefna hefur verið unnið um 5–7 ára skeið að Héraðsskógum undanskildum, sem stofnaðir voru 1990. Fimm til fimmtán ár eru ekki langur tími í ræktun skóga og eðli málsins samkvæmt er því vart hægt að tala um neinar afurðir enn. Gamalt kínverskt máltæki segir: Ein kynslóð sáir til trésins, önnur situr í skugga þess. Þetta tekur það langan tíma.

Þó er það nú svo að lítils háttar grisjun hefur farið fram hjá Héraðsskógum og nýtanlegt efni fallið í skaut skógareigenda eins og samningar kveða á um. Íslenskar skógarafurðir koma einkum úr skógum Skógræktar ríkisins og hefur sá viður að mestu verið nýttur í girðingarstaura, eldivið, smíðavið og kurl. Ár frá ári hafa afurðir aukist frá skógum Skógræktarinnar og tala má um vísi að timburframleiðslu. Hefur Skógræktin selt þessar afurðir til einstakra aðila sem kjósa að nýta innlendan við til bygginga og smíða.

Nýverið hefur sú ánægjulega þróun átt sér stað að við byggingu og endurnýjun fiskihjalla eru notaðir íslenskir grenibjálkar og er þá skógræktin farin að styðja við bakið á fiskiðnaðinum. Framleiðsla og sala þessa efnis eykst hægt og bítandi en skógarnir, sem undir framleiðslunni standa, eru takmarkaðir þar sem stærð þeirra réðist af fjárveitingum til skógræktar fyrir 30–60 árum. Ég sem landbúnaðarráðherra og það starfsfólk í ráðuneytinu og stofnunum þess sem að skógræktinni vinnur eigum okkur svo sannarlega þá sannfæringu að þeir nytjaskógar sem verið er að leggja grunn að í dag eigi eftir að vaxa og gefa af sér afurðir. Miklu hefur verið til kostað og veðjað á framtíðina í þeim efnum. Landbúnaðarráðuneytið er einnig mjög vel meðvitað um að þegar að því kemur þarf að nýta þessar afurðir og koma í verð. Af hálfu ráðuneytisins hefur enn ekki verið óskað eftir sérstakri fjárveitingu frá Alþingi til þróunarstarfs á þessu sviði. Lögð hefur verið áhersla á að nýta það fjármagn sem fengist hefur til ræktunarstarfsins. Þar með er ekki hægt að segja að ekkert hafi verið gert.

Frá árinu 2000 hefur svokölluð viðarnýtingarnefnd verið starfandi, fyrst á vegum Skógræktar ríkisins og síðan þróaðist nefndarstarfið í samstarfi við Iðntæknistofnun, Byko — landshlutabundnu skógræktarverkefnin — og Landssamtök skógareigenda. Á árinu 2000 veitti ég nefndinni 300 þús. kr. af ráðstöfunarfé og síðan fékk hún 500 þús. af lið ríkisstjórnar. Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009, sem iðnaðarráðherra hefur lagt fram, er kafli um að efla beri rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun sem byggja á sérkennum lands og þjóðar og líklegt er til árangurs um verðmætasköpun á landsbyggðinni. Þar koma skógarnir vissulega við sögu. Á vegum Skógræktar ríkisins er unnið að þróun og úrvinnslu skógarafurða. Á árinu 2004 varði stofnunin 17,4 millj. kr. til viðarvinnslu og viðarrannsókna en fékk á móti 2,3 millj. kr. í styrkjum og 10 millj. kr. í sértekjum af sölu viðar. Segja má að af ríkisframlagi til stofnunarinnar hafi um 5 millj. kr. farið til þróunar og viðarnýtingar. Meðal verkefna er athugun á íslensku lerki sem utanhússklæðningar sem fékk 800 þús. kr. styrk úr Norðurlandasamstarfi um skógræktarverkefni. Á þessu ári hófst þriggja ára verkefni með þátttöku fjögurra landa um viðarkyndingu. Það verkefni hljóðar samtals upp á 180 millj. kr. og er styrkt af NPP, áætlun Evrópusambandsins. Þáttur Íslands er í samstarfi Héraðsskóga og Skógræktar ríkisins og er áætlað að hann kosti 11 millj. kr. og er verið að skoða þar möguleika. Það er því margt að gerast og mér finnst margt bjart í framtíðinni hvað úrvinnsluna varðar. Það er mikill áhugi hjá íslenskum fyrirtækjum og einstaklingum að koma að þessum verkefnum. Ég held að þarna liggi mörg tækifæri í atvinnulífi landsbyggðarinnar og landsins.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti hvetur hæstv. landbúnaðarráðherra til að virða ræðutíma.)

[14:25]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að vekja athygli á þessum mikilvægu málum. Nytjaskógar eru mjög brýnt verkefni úti á landi eins og fyrirspyrjandi fór yfir og hæstv. landbúnaðarráðherra reyndar einnig. Það er út af fyrir sig ágætt að vitna í kínverskt máltæki um að það taki heilan mannsaldur að rækta skóg. En við ætlum ekki að sitja í skugga þessara trjáa, við ætlum að nýta þau og ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Við eigum þarna mikilvæga hluti, nýsköpun verður á þessu sviði og þróunarstarf þarf að vera fyrir hendi. Ég fagna því sem er að gerast en ég

held að það þurfi að huga hraðar að þessum málum svo að hægt sé að nýta ávextina. Nú þegar er farið að grisja skóga og fella tré.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. landbúnaðarráðherra svörin og þann vilja sem hann lýsir í orðum sínum, í stuðningi við áframhaldandi þróun og stuðningi við bæði skógrækt og nytjar úr Héraðsskógum og skógum landsins. En fyrsta grisjun nytjaskóganna hefur átt sér stað — það tekur 30 ár að hlúa að trjám frá útplöntun til fyrstu grisjunar — og fyrstu afurðir hafa verið notaðar bæði í girðingarstaura og fiskihjalla. En þetta er upphafið að mikilli grisjun, eins og ég sagði áðan, og upp úr 2018 mun mjög mikið af trjám falla til. Ég tel að á þeim árum sem fram undan eru eigi að stórefla bæði rannsóknir og nýsköpun á þessu sviði. Það er tilvalið að nota héraðið þar sem skógræktin er hvað mest, Skógrækt ríkisins og nýstofnað háskólasetur á Austurlandi til að taka þátt í þessu þróunarverkefni.

Viðarnýtingarnefndin hefur skilað af sér ef ég skil það rétt. Ég tel mjög brýnt að taka þá upp tillögur hennar og sjá til þess að fjármagn fylgi. Hætt er við að hver vísi á annan, að vísað verði á Impru eða atvinnuþróunarfélögin. Ég tel að hæstv. landbúnaðarráðherra yrði maður að meiri ef hann tæki þessi mál meira í sínar hendur og gerði þessi mál að sínum þannig að hann héldi utan um þá þróun sem fram undan þarf að vera.

[14:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er gleðilegt að það eru kannski þúsund skógræktarbændur sem hafa skóginn sem bæði aukabúgrein og yndi í landinu. Landbúnaðarráðherra hefur auðvitað gert málið að sínu því að hann er skógræktarmálaráðherra Íslands og hefur sjálfur margsagt að hann sé ráðherra skógarins — það er ekki spurning.

Enn fremur er verið að skoða það að nota afganga úr grisjuninni til að kynda hús á köldum svæðum. Ég hef sjálfur farið og heimsótt frændur okkar Íra með góðu fylgdarliði til að fara yfir stöðu þeirra. Fyrir 100 árum voru þeir í okkar sporum þegar þeir ákváðu að gera skóginn að auðlind í landi sínu. Það hefur heppnast vel og margt má af þeim læra. Þar sá maður fyrir sér þá þróun sem hér mun ef til vill eiga sér stað.

Við sjáum það líka að í vaxandi mæli vilja Íslendingar hafa íslensk jólatré um jólin. Það er einn þáttur í nytjun og grisjun skóganna þannig að á það ber að leggja áherslu. En það skemmtilegasta af öllu því sem hefur verið að gerast á síðustu árum er að skógurinn skiptir miklu máli í landinu og sveitunum — hann kallar fólk til starfa þar og jarðirnar eru áhugaverðari sem eign fyrir bragðið. Bændurnir kunna það best allra að planta skóginum og hugsa um hann og hafa gert það, eins og ég sagði áðan, að mikilli atvinnugrein. Alþingi Íslendinga hefur í rauninni falið þeim það hlutverk að planta þessum skógi og þessari auðlind á Íslandi sem verður vonandi komandi kynslóðum afl til að búa betur í landi okkar. Ég held að allt sé þetta á framfaraleið, hv. þingmaður, og þakka hér ágætar umræður og vil ekki frekar níðast á hæstv. forseta.

(**Forseti** (JóhS): Forseti þakkar fyrir það.)

Umræðu lokið.

Eignarskattur og eldri borgarar.

Fsp. GÞÞ, 453. mál. — Þskj. 677.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Sú fyrirspurn sem ég ber fram til hæstv. fjármálaráðherra er ekki löng eða flókin. Hún er einfaldlega þessi:

Hversu margir eldri borgarar greiddu eignarskatt árin 2004 og 2005 og hversu háar fjárhæðir?

Þegar ég tala um eldri borgara þá á ég við 67 ára og eldri. Eins og við þekkjum hafa þeir sem greitt hafa þennan óréttláta skatt í gegnum tíðina fyrst og fremst verið fólk sem er komið yfir miðjan aldur. Þegar maður skoðar tölur þess efnis hverjir greiða þetta þá er þetta fólk sem er, við getum kallað það 60 plús. Hví skyldi það vera að menn á þeim aldri séu að greiða þennan skatt? Það er fyrst og fremst, að ég tel, vegna þess að það fólk á sitt eigið húsnæði, á sitt eigið húsnæði skuldlítið og jafnvel skuldlaust og hefur þess vegna lent í því að greiða þessa skatta. Eins og við þekkjum og vitum þrátt fyrir alla þessa skattaumræðu, það hefur reyndar ekki verið mjög áberandi, þá hefur sem betur fer núverandi ríkisstjórn gengið í það þarfa verk að leggja þennan skatt af, leggja þennan elsta skatt landsmanna af. Ég held að mikilvægt sé að menn átti sig á því hvað það þýðir og þá sérstaklega fyrir þann hóp sem ég nefndi áðan.

Ég vek athygli á að þegar hæstv. fjármálaráðherra svarar þessari spurningu er bara spurt um álagningarprósentuna, 0,6%, eins og hún var á þeim árum. En áður en menn fóru í að lækka skattinn, sem menn hafa gert jafnt og örugglega, var skattprósentan 1,2% eða tvöfalt hærri en hún var áður en skatturinn var aflagður. Ég held að það skipti máli að við ræðum skattaálögur og við eigum að vera vakandi í því. Ég vonast til að ég geti tekið fjörlegar umræður hér á þingi og annars staðar í þjóðfélaginu í nánustu framtíð um skattamál, það er mjög mikilvægt, og þá kannski sérstaklega um skattamál þessa hóps. Því er þessi fyrirspurn, virðulegi forseti, fram lögð.

[14:34]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég þakka fyrir fyrirspurnina. Hv. þingmaður biður um upplýsingar um hversu margir eldri borgarar hafi greitt eignarskatt árin 2004 og 2005 og hversu mikið hafi verið greitt. Miðað er við gagnaskrár ráðuneytisins sem byggja á álagningarskrám ríkisskattstjóra. Þar teljast eldri borgarar vera þeir sem eru 67 ára og eldri og sambýlingar þeirra þó svo þeir kunni að vera yngri.

Niðurstaðan er eftirfarandi: Á árinu 2004 vegna tekjuársins 2003 voru 14.212 einstaklingar í þessum hópi sem greiddu samtals 508,4 millj. kr. Á árinu 2005 vegna tekjuársins 2004 voru það 15.370 einstaklingar sem greiddu samtals 652,1 millj. kr. Þetta er auðvitað talsverður fjöldi fólks og talsvert háar upphæðir sem hér um ræðir og ætti þar með að undirstrika mikilvægi umræddra breytinga og hversu mikil áhrif þær hafa haft á fjárhag þessara einstaklinga sem sjálfsagt í flestum tilfellum eru komnir út af hefðbundnum vinnumarkaði eða á leið út af honum og hafa þar af leiðandi ekki atvinnutekjur eins og flestir aðrir í þjóðfélaginu en byggja afkomu sína á sínum eigin sparnaði, lífeyrissparnaði í gegnum lífeyrissjóðakerfið eða í gegnum greiðslur frá Tryggingastofnun. Þetta eru stórar upphæðir fyrir fjölda fólks sem hefur haft mikil áhrif á að fellt var niður.

[14:36]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það er gott að ræða um skatta og gott að ræða um skattalækkanir þegar um raunverulegar skattalækkanir á ákveðna hópa er að ræða. Það hefði kannski verið rétt að spyrja: Hversu háar fjárhæðir hefur ríkisstjórnin haft af þessum aldurshópi með því að láta skattleysismörkin ekki fylgja verðlagi? Nokkuð viss er ég um að upphæðirnar væru talsvert hærri en hér um ræðir og fjöldinn kannski meiri en hér er.

Það er í raun ótrúlegt að horfa á skattbreytingar ríkisstjórnarinnar. Það eru stóreignamenn og hátekjumenn sem njóta lækkunar skatta en þeir sem eru með lægri tekjur og meðaltekjur borga meira í skatt en þeir áður gerðu. Af hverju ríkisstjórnin ákveður að gera þetta svona veit ég ekki, en það hefur komið fram að það er meðvituð ákvörðun að gera þetta svona. Það var haft eftir hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að svo væri. Því veltir maður fyrir sér: Hvað er ríkisstjórnin að gera með því að láta persónuafsláttinn og skattleysismörkin ekki fylgja verðlagi og þyngja skattbyrðina verulega á bæði eldra fólki með lágar tekjur og öðru fólki með lágar tekjur?

[14:37]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Já, það er hugsað vel um hátekjumenn og eignamenn. En ég vil benda hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni á að ég legg ekki síður áherslu á tekjuskatt eldri borgara og eftirlaun sem eru í dag um 37%. Þetta er alveg út úr korti. Þessi eftirlaun eru tví- eða þrísköttuð.

Að mínu mati eiga eldri borgarar það inni hjá íslensku þjóðinni að á málum þeirra sé tekið á sanngjarnan hátt af hálfu íslensku þjóðarinnar.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir greinargóð svör og afskaplega mikilvægar upplýsingar. Hæstv. ráðherra hefur eins og fleiri barist fyrir skattalækkunum í langan tíma og við höfum sem betur fer náð árangri. Einhver hefði glaðst yfir því að sjá þessar tölur. 650 milljónir sparast fyrir þennan hóp, 652 milljónir. Ef menn hefðu haldið sig við skattprósentuna sem var væri þetta 1,2 milljarðar. Fyrir hvern einstakling, ef við miðum við gömlu skattprósentuna áður en menn byrjuðu að lækka þetta, þá eru það 84.854 kr. á hvern einstakling, 84.854 kr. í skattalækkun. (**JGunn:** Á ári?) Á ári, hæstv. ráðherra, nei hv. þingmaður. Ég skil ekki hvernig í ósköpunum, virðulegi forseti, ég gerði hv. þm. Jón Gunnarsson að ráðherra en það vonandi fyrirgefst einhvern tíma.

En hvað sem því líður eru viðbrögð samfylkingarmanna athyglisverð sem koma hér upp og sótbölvast út í þessar skattalækkanir. Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, og ég mun gera það áfram að þessir aðilar börðust gegn skattalækkunum á þennan hóp fólks. Og þessir aðilar sem gengu um allt fyrir síðustu kosningar og lofuðu að lækka svokallaða jaðarskatta hafa greitt atkvæði gegn öllum þeim skattalækkunum. Við sjálfstæðismenn og samstarfsflokkur okkar í ríkisstjórn munum áfram fylgja eftir skattalækkunum og stoltir getum við bent á að hér höfum við náð þessum mikla árangri. Ég hélt satt að segja að úr því að samfylkingarmenn kæmu hér upp kæmu þeir til þess að gleðjast yfir því að við værum búnir að taka þennan óréttláta skatt af fólki sem oft hefur, eins og hæstv. fjármálaráðherra benti á, lægri tekjur en vill búa áfram í sínu húsnæði og þess vegna einstaklega óréttlátt að viðhafa þennan skatt.

[14:40]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég er ánægður með að hv. þm. Jón Kr. Óskarsson skuli ekkert síður hugsa um tekjuskattinn. Það er vel því að við sjálfstæðismenn og samstarfsmenn okkar í ríkisstjórn, framsóknarmenn, viljum gera það líka og höfum verið að sýna það í verki á undanförnum árum.

Ég átta mig ekki alveg á því sem hv. þm. Jón Gunnarsson talaði um, að persónuafslátturinn fylgdi ekki verðlagi, eins og ég held að hann hafi orðað það. Mér sýnist hann einmitt hafa gert það núna síðustu árin að minnsta kosti. Það er hins vegar rétt hjá honum að hann hefur ekki alltaf gert það, það er alveg rétt hjá hv. þingmanni. Það var fyrst tekið úr sambandi — skipt hefur verið um forseta, ég hélt kannski að fyrrverandi forseti gæti minnt mig á það því hún var held ég í þeirri ríkisstjórn, þá voru forverar Samfylkingarinnar í ríkisstjórn og fjármálaráðherrann var úr einum af þeim flokkum sem eru forverar Samfylkingarinnar — ári eftir að skattkerfið eins og það er í dag var tekið upp, en þá var vísitölutenging á persónuafslættinum. Ári eftir að það var tekið upp var það fyrir forgöngu ríkisstjórnar sem forverar Samfylkingarinnar áttu aðild að — og fjármálaráðherrann var úr flokki forvera Samfylkingarinnar — sem það var tekið úr sambandi. Þessu hefur verið breytt eins og vitum og hvernig hækkanir hafa verið lögfestar á persónuafslætti á undanförnum árum og þannig fylgt verðlagi. Ég átta mig ekki alveg á því af hverju er verið að blanda þessu inn í umræðuna og hvaða keilur menn ætla að slá með því en verið gæti að það kæmi í ljós síðar. Ég veit ekki hvað gerist.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá var tekið 12. mál.

Fundi slitið kl. 14:43.

---

52. FUNDUR

miðvikudaginn 25. jan.,
að loknum 51. fundi.

Dagskrá:

1. Matvælarannsóknir hf., stjfrv., 387. mál, þskj. 469. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 353. mál, þskj. 387. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Verkefnasjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 382. mál, þskj. 442. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lögreglulög, frv., 46. mál, þskj. 46. — 1. umr.
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
6. Nýting stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga, þáltill., 64. mál, þskj. 64. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.

Lögreglulög, 1. umr.

Frv. SigurjÞ, 46. mál (löggæslukostnaður á skemmtunum). — Þskj. 46.

[14:44]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi — ekki í fyrsta sinn en vonandi í það síðasta — um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996. Hér er um mikið réttlætismál að ræða fyrir landsbyggðina og ég hef fulla trú á að stjórnarmeirihlutinn sjái að sér í þetta sinn og hleypi frumvarpinu í gegn. Þetta er mikið réttlætismál fyrir landsbyggðina því að landsbyggðinni er mismunað hvað varðar kostnað af löggæslu.

Í 33. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er kveðið á um að allur kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði. Í 1. mgr. 34. gr. laganna er hins vegar að finna heimildarákvæði um að lögreglustjórar geti bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setji. Aðalreglan er því sú að allur kostnaður við löggæslu á skemmtistöðum og öðrum stöðum greiðist úr ríkissjóði. Þannig á það að vera en þegar skemmtanir eru haldnar á landsbyggðinni þá er vaninn að rukka menn um skatt. Það er mjög ósanngjarnt. Sambærilegar skemmtanir á höfuðborgarsvæðinu eru ekki skattlagðar á sama hátt.

Hinn 8. ágúst 2001 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp til að fara yfir gildandi lög og reglur um skemmtanahald á útihátíðum. Starfshópurinn skilaði ráðherra skýrslu um störf sín 11. júlí 2002. Niðurstaða starfshópsins var sú að innheimta á viðkomandi gjöldum byggðist á ótraustum lagagrunni. Þess vegna er frumvarpið lagt fram. Það gerir ráð fyrir að menn hætti slíkri innheimtu. Starfshópurinn sem hæstv. dómsmálaráðherra skipaði komst að því að hún byggðist á ótraustum grunni. Þess vegna eiga menn að hætta slíkri innheimtu sem er ósanngjörn í öllum meginatriðum.

Ég vil útskýra hvers vegna slík gjöld eru ósanngjörn. Þau eru bæði ósanngjörn gagnvart þeim sem ætla að halda skemmtanir og einnig gagnvart sýslumönnum og lögreglumönnum á landsbyggðinni, sem eru settir í þá aðstöðu, frú forseti, að þurfa að innheimta þessi gjöld, þennan löggæsluskatt sem byggist ekki á neinu jafnræði. Hann er ekki innheimtur í Reykjavík en þegar er komið út fyrir borgarmörkin þá fara menn að rukka.

Sumarið 2004 var mikil rekistefna út af innheimtu löggæslukostnaðar vegna landsmóta ungmennafélaganna á Sauðárkróki. Þeirri deilu lauk með því að sýslumaðurinn á Sauðárkróki ákvað að innheimta ekki umrætt gjald. En það kom síðar niður á embættinu. Í bréfi sem ég fékk frá þremur lögreglumönnum á Sauðárkróki rekja þeir að sá aukni kostnaður hafi bitnað á embættinu. Vandræðin sem sýslumaðurinn á Sauðárkróki átti í við að reyna að fá þennan skatt innheimtan gerðu embættið mjög óvinsælt og síðan, þegar hann fékk skattinn ekki innheimtan, skerti það fjárhæð embættisins. Það er ólíðandi

Í umræddu bréfi frá lögreglumönnunum á Sauðárkróki segir, með leyfi forseta:

„Rétt er að það komi fram að á liðnu ári var haldið hér landsmót Ungmennafélags Íslands með miklum glæsibrag af hálfu allra þeirra sem að því komu, lögreglunnar þar með talinnar. Það kallaði á aukna löggæslu, sem mörg orð voru höfð um en aukin fjárveiting fékkst ekki fyrir. Hins vegar var þráttað um hver ætti að bera kostnaðinn. Næsta sumar" — það er sumarið 2006 — „verður hér í umdæminu landsmót hestamanna. Ekki hefur heyrst að fjárveiting til lögreglunnar hafi verið eða verði aukin vegna þeirra umsvifa sem óhjákvæmilega fylgja því."

Það er hætt við því að þegar haldið verður hestamannamót í Skagafirði næsta sumar muni það bitna á löggæslu borgaranna. Lögreglumennirnir segja í bréfi til okkar þing-

manna kjördæmisins að þetta hafi komið niður á fjárhag embættisins. Þetta er ekki hægt að líða enda efast ég um, ef umrætt hestamannamót væri haldið í Reykjavík, að innheimtur yrði sérstakur löggæslukostnaður vegna þess. Það á eftir að reyna á þetta.

Að vísu, frú forseti, hefur orðið sú breyting á að hæstv. dómsmálaráðherra, sem ekki hefur efni á að veita aukið fé til löggæslu við íþróttamót á landsbyggðinni, á nóg af peningum í aðra hluti. Hann nær á hverju ári að efla víkingasveitina. Nú er svo komið að hann sendir jafnvel víkingasveitina á böll í Skagafirði. Dæmi eru um að hann hafi sent víkingasveitina á böll í Skagafirði. Hann telur hagkvæmara að fara með sérsveitarmenn þangað frá Akureyri eða jafnvel úr Reykjavík. Ekki veit ég hvort þeir notuðu þyrlu en þeir sinntu hins vegar löggæslunni algjörlega óaðfinnanlega. Við það var ekkert að athuga. En það er sérkennilegt hvernig menn hugsa þetta fjárhagslega, að hagkvæmara sé að fara með víkingasveitina frá öðrum landshlutum í Skagafjörð á böll í stað þess að nota þá ágætu lögreglumenn sem starfa á Sauðárkróki. Það botnar enginn í þessu.

Enginn botnar heldur neitt í því að rukkaður sé sérstakur löggæslukostnaður þegar íþróttamót eru haldin úti á landi en ekki séu þau haldin í Reykjavík.

Ég sé að einn þingmaður og ráðherra Austfirðinga er mættur í salinn. Ég er viss um að hann vill leggja orð í belg út af þessu máli. Þetta hefur líka komið mjög niður á Austfirðingum. Þar hafa verið haldnar skemmtanir, m.a. á Seyðisfirði, og þar varð einnig mikil rekistefna út af kostnaði, löggæslukostnaði sem þar var lagður á skemmtanahald. Sá kostnaður hefði aldrei komið til ef skemmtunin hefði verið haldin á höfuðborgarsvæðinu. En þegar skemmtunin fer fram úti á landi þá kemur ríkisstjórnin og leggur sérstakan kostnað á skemmtanahaldið. (**Heilbrrh.:** Þetta er óþolandi.) Já, þetta er alveg óþolandi. Ég heyri að hæstv. ráðherra er mér sammála. Þetta er óþolandi og ég hef ekki trú á að menn láti þetta frumvarp daga uppi í nefnd enn og aftur heldur láti það fara í gegn.

Það virðist hins vegar þráhyggja hjá hæstv. dómsmálaráðherra að sækja þennan löggæslukostnað. Í það minnsta heyrði ég á bæjarstjóranum á Seyðisfirði, Tryggva Harðarsyni, að hæstv. dómsmálaráðherra hefði ekki svarað erindi þar sem hann kvartaði undan þessum óréttmæta skatti. Hann sagði að erindið hefði legið inni í dómsmálaráðuneytinu í marga mánuði, mig minnir að þeir hafi verið orðnir fjórir. Mér finnst það mjög sérstakt. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hafi viljað bíða fram yfir þessa umræðu, frú forseti. Gæti það verið, að hann vildi ekki svara því þannig að afstaða hans í málinu lægi fyrir við umræðuna um þennan óréttmæta skatt?

En af því að í salnum er þingmaður og hæstv. ráðherra að austan er rétt að minna á að þessi skatturinn hefur verið lagður á smærri byggðir fyrir austan. Í Borgarfirði eystra hefur verið settur á löggæslukostnaður þegar þeir halda Álfaborgarhátíð ... (**Heilbrrh.:** Álfaborgarséns.) Það er í sjálfu sér ágætishátíð. Ég er ekki viss um að það hafi endilega þurft að fá lögreglumann á svæðið. Ég held að hún hafi farið mjög friðsamlega fram. En það er svo skrýtið að ég hef eftir áreiðanlegum heimildum að það er sjaldgæft að lögreglumaður komi í fjörðinn. Þeir hefðu mögulega þurft á honum að halda þegar þeir héldu héraðshátíð sína en þá senda menn helst reikninginn á undan. Þetta er ótrúlegt.

Mér finnst þetta litla mál lýsa afstöðu ríkisstjórnarinnar til landsbyggðarinnar. Það er ekki einu sinni hægt að halda mannamót, þá mæta menn með reikninginn og senda hann helst á undan. Af Skagaströnd, þar sem ég þekki til, er dæmi um að menn ætluðu að halda kántrý-hátíð, sem var lítið annað en falleg messa, en þar var innheimtur löggæslukostnaður.

Ég hef ekki trú á því að menn vilji halda þessu áfram. Hins vegar væri fróðlegt að fá að heyra afstöðu stjórnarþingmanna í salnum til þessa frumvarps. Við vitum að Vestmannaeyingar hafa kvartað undan háum löggæslukostnaði vegna þjóðhátíðar sinnar og dæmin eru fleiri. Fólki finnst þetta einfaldlega ósanngjarnt. Ég hef ekki trú á öðru en að menn sjái að sér, hætti þessari innheimtu, frú forseti, og þetta frumvarp verði samþykkt.

Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, frú forseti.

[14:55]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að mæla fyrir frumvarpinu sem hér er til umræðu. Hann tók að vísu fram að ekki þyrfti að standa skil á löggæslukostnaði ef mót — í því tilfelli er hann væntanlega að tala um landsmót eða unglingalandsmót — eru haldin á höfuðborgarsvæðinu. Það er eitt af því sem íþróttahreyfingin þarf að fá á hreint. Það vill svo til að næsta stóra landsmót verður haldið í Kópavogi. Ef fullyrðing hv. þingmanns reynist rétt, að þar þurfi ekki að greiða löggæslukostnað, þá er ljóst að mótshaldarar, bæði UMSK og Kópavogsbær, þurfa að hafa það atriði nákvæmlega á hreinu. Þarf að gera ráð fyrir milljónum í löggæslukostnað við íþróttamótið eða ekki?

Ég bar á 131. löggjafarþingi fram fyrirspurn til dómsmálaráðherra um löggæslukostnað á landsmótum Ungmennafélags Íslands. Þar stendur einfaldlega:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Ungmennafélag Íslands þurfi ekki að greiða löggæslukostnað á landsmótum og unglingalandsmótum sínum?“

Þessu hefur aldrei verið svarað. Hæstv. dómsmálaráðherra hvítþvær gjörsamlega hendur sínar af þessu máli, varðandi löggæslukostnað á íþróttamótum.

Áður hafði ég sent dómsmálaráðherra fyrirspurn um löggæslu á íþróttamótum. Þar segir m.a. í svari, með leyfi forseta:

„Íþróttamót kalla almennt ekki á útgáfu skemmtanaleyfis af hálfu lögreglustjóra og því skortir lagaheimild til þess að krefjast þess að þeir sem standa fyrir íþróttamótum greiði kostnað við löggæslu sem af slíku mótshaldi skapast. Kalli viðburður, hvort svo sem um íþróttamót eða annað er að ræða, á útgáfu skemmtanaleyfis hefur löggjafinn hins vegar, samanber framangreint, heimilað lögreglustjóra að binda útgáfu slíks leyfis því skilyrði að löggæslukostnaður verði greiddur.“

Mótin sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson vitnaði til voru landsmót og unglingalandsmót á Sauðárkróki 2004. Það sem er einna merkilegast við þetta mál er kannski að allur

sá hópur lögreglumanna sem þar var við gæslu á mótinu hafði nánast ekkert að gera. Þetta eru afskaplega friðsöm mót. Þar eru menn fyrst og fremst komnir til að reyna með sér í íþróttum. Þarna er jú einstaka skemmtun en þær eru búnar um miðnætti. Reynt var að leiða lögreglustjóra fyrir sjónir að óþarft væri að hafa stífa löggæslu á þessum mótum en það tókst ekki. Málið varð því allt, eins og kom fram áðan, hið leiðinlegasta.

Ég tel að þetta frumvarp sé afskaplega nauðsynlegt. Það er ekki hægt að gera hundruðum sjálfboðaliða sem halda landsmót eða unglingalandsmót, sérstaklega úti á landi, það nauðugum skylt að greiða löggæslukostnað sem er óþarfur. Það má vera að þetta mál á Sauðárkróki hafi meira snúist um pressu lögreglustjórans á staðnum gagnvart dómsmálaráðuneytinu varðandi kaup og kjör. Ekki skal ég um það segja. Hitt er skýrt, að löggæslan þar var með öllu óþörf. Það hefur sannast á öðrum unglingalandsmótum sem haldin eru um verslunarmannahelgi að þau mót snúast ekki um drykkju, slagsmál eða annað slíkt. Þetta eru fyrst og fremst íþrótta- og menningarmót.

Eins og ég segi þá hefur hæstv. ráðherra því miður ekki svarað mér skýrt fyrirspurn um löggæslukostnað á landsmótum og hvort hann hyggst beita sér fyrir að fella hann niður. Af þeim ástæðum skapast mikið óöryggi varðandi fjárhagsáætlanir sem menn gera varðandi næstu mót svo ég tali ekki um í því tilfelli þar sem hv. þingmaður heldur því fram að þetta gildi bara um landsbyggð. Við þessu þarf að fá skýr svör. Það er mjög einkennilegt að lagður er á íþrótta- og ungmennafélagshreyfingu sem er rekin af sjálfboðaliðum nokkurs konar skattur, jaðarskattur. Það er verið að refsa Ungmennafélagi Íslands fyrir að halda íþrótta- og menningarmót um verslunarmannahelgi. Þetta er ein mesta skrautfjöður ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar og það væri virkilega slæmt, ef við tölum einungis um unglingalandsmótin, að skattur vegna löggæslukostnaðar yrði til þess að næstu mót á Laugum í Þingeyjarsýslu og á Höfn í Hornafirði legðust hreinlega af vegna þess að menn treystu sér ekki í löggæslukostnað og kannski ekki bara það að menn treysta sér ekki í hann heldur af því þeir eru ósáttir við hann. Hann er gjörsamlega óþarfur og í þessum tilfellum gætu lögreglumenn hreinlega setið heima hjá sér. Ef ég man rétt þá var einu sinni kallað í lögreglu á mótinu á Sauðárkróki til að opna bíl þar sem lyklar höfðu læst inni. Annað var það ekki. Það er kannski rétt að menn mæti á þessi mót og kynni sér þetta sjálfir.

Eins og ég sagði eru unglingalandsmótin haldin um verslunarmannahelgi. Það hefur verið gert núna í fimm ár og þau hafa mikið forvarnagildi. Á þessi mót mæta heilu fjölskyldurnar alls staðar að af landinu, 5.000–6.000 manns. Mótin stækka ár frá ári og vonandi, eða réttara sagt væntanlega, taka þau hreinlega við af því sem menn kalla fylleríshátíðir um verslunarmannahelgi. En það verður töluvert á valdi væntanlega allsherjarnefndar fljótlega og dómsmálaráðherra hvernig menn taka á þessu máli. Ef það á að halda áfram að krefjast löggæslukostnaðar á þessum mótum munu þau leggjast af. Þá ábyrgð bera þeir sem ekki eru tilbúnir að samþykkja þetta frumvarp og því miður gæti það gerst, eins og yfirleitt gerist á hinu háa þingi, að einungis þar sem þetta frumvarp kemur frá stjórnarandstöðuþingmanni þá verði því ekki hleypt í gegn.

Frú forseti. Hér hefur oft verið rætt um nauðsyn þess að bæði ríkisvald og sveitarstjórnir styðji við bakið á íþróttahreyfingunni. Það hefur gengið afskaplega brösuglega að fá hæstv. ráðherra íþróttamála til að taka virkilega myndarlega á því. Öllu verra er síðan ef menn ætla að bæta á hreyfinguna aukaköttum. Hver borgar þennan skatt? Það er þátttakandinn sjálfur. Hver er þátttakandi á unglingalandsmóti? Það eru börn og unglingar frá 11 ára til 18 ára.

Vel má vera að þetta frumvarp láti lítið yfir sér. En þeir sem best til þekkja vita að þetta skiptir afskaplega miklu máli. Það er í raun óskiljanlegt, eins og flutningsmaður hv. þingmaður Sigurjón Þórðarson minntist á hér áðan, að menn skuli ekki vera búnir að leysa þetta mál í dómsmálaráðuneytinu. Ég held að þetta sé fyrst og fremst innanhússmál þar, deilur nánast á milli ráðuneytis og lögreglustjóra víða um land. Af einhverjum ástæðum nýta menn sér þessi mót til að minna á þessar deilur.

Ef menn mundu mæta á þessi mót hreinlega, unglingalandsmótin, landsmótin, eða spyrja þá sem gerst til þekkja þá kæmust þeir að því hvað þessi mót skipta afskaplega miklu máli fyrir einstaklinginn, unglinginn, fyrir alla fjölskylduna. Að vísu er það ekki einu sinni á hreinu með næstu mót hvort það eigi að skilyrða mótshaldara til að greiða löggæslukostnað eða ekki. Það veltur í raun á duttlungum lögreglustjóra viðkomandi svæðis. Það fer ef til vill eftir því hvenær menn koma að máli við hann og hvernig liggur á honum hreinlega, hvort hann krefjist þess að menn greiði kostnað eða ekki.

Frú forseti. Það er bráðnauðsynlegt að frumvarpið fái góða umræðu hér í þinginu og góða afgreiðslu í allsherjarnefnd. Nú bíða ekki nokkrir einstaklingar, ekki nokkur hundruð heldur nokkur þúsund einstaklingar í íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni um allt land eftir að fá svar við hvort í framtíðinni eigi að greiða löggæslukostnað af íþrótta- og ungmennafélagsmótum eða ekki.

[15:06]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er verið að ræða um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum sem lýtur að löggæslukostnaði við almenningssamgöngur, íþróttamót og þess háttar.

Ég vil spyrja forseta: Er hæstv. dómsmálaráðherra í húsinu? Það væri æskilegt að hann kæmi hér og svaraði spurningum um grundvallaratriði í þessu máli. Ef hann er í húsinu væri mjög æskilegt ef hann gæti komið og svarað þannig að við þingmenn (Forseti hringir.) og aðrir gætum fengið að vita hvernig á þessu máli er tekið hjá embættinu.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill upplýsa að hæstv. dómsmálaráðherra er ekki í húsinu en mun láta hann vita að óskað sé eftir nærveru hans.)

Þakka þér fyrir frú forseti. Þetta mál sem lýtur að lögreglulögum, löggæslukostnaði og löggæslu á almenningssamkomum, íþróttamótum og bæjar- eða félagshátíðum hefur verið mjög umdeilt í samfélaginu eins og hér hefur verið rakið af hv. þingmönnum sem töluðu á undan mér, hv. flutningsmanni Sigurjóni Þórðarsyni og hv. þm. Valdimar L. Friðrikssyni sem hafa gert þessu ítarleg skil.

Málið hefur verið mjög umdeilt, þ.e. að setja löggæslu-

skyldu og innheimta háan löggæslukostnað af almenningssamkomum, íþróttamótum, félagsmótum og bæjarhátíðum sem eru haldnar fyrst og fremst fyrir þá þátttakendur sem þar eru á svæðinu og haldnar á ábyrgð þeirra. Inn á þessar samkomur er yfirleitt ekki selt. Þarna kemur fólk saman. Maður er manns gaman. Fólk kemur þarna saman til að njóta samvista hvert við annað eða taka þátt í leikjum og öðrum slíkum athöfnum sameiginlega. En svo virðist sem löggjafinn og dómsmálaráðherra og ráðuneytið hafi sjálfdæmi við að meta hvernig megi skattleggja þessi mót, sérstaklega ef þau eru úti á landi og því fjarri frá höfuðborgarsvæðinu því meiri skal skattlagningin í raun vera hlutfallslega.

Hérna hefur verið minnst á íþróttamótin, íþróttamót og landsmót barna og unglinga, landsmót íþróttamanna, bæjarhátíðir þar sem þeir sem standa að slíkum samkomum hafa sjálfviljugir stillt upp sínum slysavarnasveitum, björgunarsveitum eða öðrum sjálfboðaliðum til að veita þessum mótum öryggi. Að sjálfsögðu er eðlilegt að ræða við næsta sýslumann um tilhögun þessa, það borið undir hann og honum tilkynnt um hvernig ætlunin er að standa að málum. Hann getur þá komið að ábendingum sínum um það. Að sjálfsögðu á hin almenna löggæsluábyrgð, lögregluþjónusta og þjónusta löggæslunnar í sjálfu sér alltaf að vera til staðar. Því er alveg sjálfsagt að um þetta sé haft fullt samráð. En þegar kemur að ofan, frá miðstýrðu valdi dómsmálaráðuneytisins, krafa um þessa og þessa tilhögun án þess að rætt sé við eða hlustað á heimamenn eða skipuleggjendur, án þess að tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra á nokkurn hátt þá er þetta bara orðið miðstýrt ofurveldi sem reyndar dómsmálaráðuneytið og lögreglumál eru að færast í. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. dómsmálaráðherra: Er þetta það sem koma skal? Þ.e. að til verði miðstýrt lögregluveldi hjá ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra þannig að varðandi samkomur, hvort sem það eru félagasamkomur, giftingarveislur, bæjarhátíðir eða íþróttamót, þá sé ríkislögreglustjóra eða dómsmálaráðuneytinu í sjálfsvald sett hvernig innheimt er það sem þeir kalla löggæslukostnað.

Áður hefur komið til umræðu tilkoma sérsveitanna, sérsveita lögreglunnar sem eru sérstakt gæluverkefni hæstv. dómsmálaráðherra. Mér virðist að ef hann fengi að ráða mundu allir Íslendingar verða settir í sérsveitina og hann gæti síðan fengið að ráða og stjórna, deila og drottna með sérsveitinni því hún er svo mikið gæluverkefni. Við sem höfum setið á þingi í nokkur ár vitum hvernig hún hefur verið byggð upp af hæstv. dómsmálaráðherra sem alveg hreint sérstakt gæluverkefni. Ég minnist þess þegar við vorum í tindátaleikjunum, munið þið. Það var mjög vinsælt á árunum áður að vera í svokölluðum tindátaleikjum. Þá áttum við safn af tindátum. Svo stilltum við þeim upp og bjuggum til liðssveitir hér og þar og vorum með miklar hernaðarlegar spekúleringar. Þannig virðist þessi sérsveit dómsmálaráðherra virka. Það á að finna henni sem allra flest verkefni, troða henni inn á samfélagslegar hátíðir eða félagslegar hátíðir og samkomur, troða þar sérsveitinni inn til að láta menn vita hvar lögregluvaldið er.

Nei, frú forseti, við viljum miklu frekar að ákveðnar samkomur, ákveðnir atburðir, íþróttahátíðir, bæjarhátíðir, ýmiss konar félagslegar samkomur séu undanþegnar því að hægt sé að senda þangað sérsveitirnar eða aðrar slíkar, að við fáum að halda slíkar hátíðir í skjóli þeirra sem skipuleggja þær og í góðu samráði við héraðslögregluyfirvöld, sýslumenn eða lögreglustjóra. Út á það gengur þetta frumvarp. Það gengur út það að þegar slíkar samkomur eru haldnar þá geti heimamenn metið hver þörfin sé og farið yfir sjálfboðaliðsstörfin og þau störf sem mótshaldarar eða hátíðahaldarar geta lagt fram þannig að tilhlýðilegt öryggi verði til staðar en þessum þáttum ekki ofgert með kostnaði.

Hérna hafa verið nefnd dæmi, unglingamót Ungmennafélags Íslands á Ísafirði og á Sauðárkróki og fleiri dæmi hafa verið nefnd þar sem heimamenn, sýslumenn, mótshaldarar og lögreglan á staðnum mátu hver þeir teldu að væri þörfin miðað við framlag og skipulag af hálfu mótshaldara, þ.e. hver væri þörfin fyrir — hvað eigum við að kalla hana? — opinbera löggæslu. Þeir voru búnir að leggja mat á þetta og sögðu: „Þetta er fínt svona." En þá kemur miðstýrð tilskipun frá dómsmálaráðuneytinu um að þessi og þessi tilhögun skuli vera með tilheyrandi skattheimtu og innheimtukostnaði.

Frú forseti. Ég sé að hæstv. dómsmálaráðherra er ekki kominn í salinn. Það kom hér fram hjá hv. þm. Valdimari L. Friðrikssyni að hæstv. dómsmálaráðherra hefur ekki svarað með tilhlýðilegum hætti spurningum (Forseti hringir.) sem til hans hefur verið beint.

(Forseti (ÞBack)**:** Forseti getur upplýst nú að því miður er hæstv. dómsmálaráðherra vant við látinn og kemst ekki núna á þessum tíma.)

Ég þakka frú forseta að hafa komið þessum skilaboðum áleiðis til dómsmálaráðherra. Þau ættu að vekja hann til umhugsunar um að þetta mál skiptir almenning í landinu miklu máli og er ekkert einkamál dómsmálaráðherra hvernig með er farið.

Ég vil eindregið taka undir þetta frumvarp sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson flytur um breytingu á lögreglulögum sem ítarlega er gerð grein fyrir í greinargerð með frumvarpinu. Þetta er sérstaklega réttlætismál fyrir landsbyggðina en einnig fyrir þjóðina alla. Þetta er mikið réttlætismál. Þetta mál undirstrikar líka að við viljum ekki verða eitt allsherjarlögregluríki. Við viljum það ekki. Við viljum að félagsskapur geti tekið með eðlilegum hætti ábyrgð á sjálfum sér og fái til þess svigrúm með sjálfboðaliðsstörfum eða með öðrum hætti að sinna nauðsynlegri öryggisvörslu í samráði við sinn sýslumann. Við viljum ekki verða lögregluríki eins og allt stefnir nú að. Við viljum að í samfélaginu umgangist fólk hvert annað á kristilegan hátt, ef svo má að orði komast, að systra- og bræðrakærleikur ráði ríkjum í mannlegum samskiptum og að slík starfsemi og slíkar samkomur þurfi ekki að standa stöðugt undir einhverjum lögreglukylfum.

Frú forseti. Ég styð eindregið þetta mál.

[15:17]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Sá er hér stendur setti m.a. þjóðhátíð 1968 og þekkir þessi mál ansi vel frá þeim bæjardyrum séð. Ég bendi á lögreglukostnað við þjóðhátíð Vestmannaeyja. Ég tengist líka Seyðisfirði og þekki þetta því dálítið bæði í Vestmannaeyjum og á Seyðisfirði. Mér finnst að sá hagnaður sem verður af slíkum hátíðum ætti að renna óskiptur

til fjölbreyttrar íþrótta- og æskulýðsstarfsemi á landsbyggðinni og landsins alls. Slík starfsemi hefur svo mikið forvarnagildi að mér finnst alveg koma til greina að allur kostnaður við löggæslu sé undanskilinn en nettóhagnaður fari allur í íþrótta- og æskulýðsstarfsemi. Við vitum að ferðakostnaður á landsbyggðinni er geipilegur fyrir íþrótta- og æskulýðsstarfsemi.

[15:19]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum. Flutningsmaður er hv. þingmaður Sigurjón Þórðarson.

Eins og hefur komið fram í umræðunni í dag er þetta afar þarft mál og m.a. hefur komið beiðni frá Ungmennafélagi Íslands um að þetta verði tekið fyrir og nái fram að ganga. Það er auðvitað miður að það hafi ekki tekist því eins og flutningsmaður greindi frá er þetta ekki í fyrsta skipti sem hann flytur þetta mál og vonandi að það tefjist nú ekki enn eina ferðina í nefnd.

Það hefur einnig komið fram að dómsmálaráðherra skipaði starfshóp til að fara yfir gildandi lög og að sá starfshópur hafi skilað ráðherra skýrslu um störfin. Það eru að verða fjögur ár síðan. Í skýrslunni kemur fram að reglur um skemmtanir og skemmtanaleyfi byggist á ótraustum lagagrundvelli og umboðsmaður Alþingis hafi oftar en einu sinni gert athugasemdir við gildandi fyrirkomulag. Það er bent á að nauðsynlegt sé að setja skýrari lagaramma á þessu sviði. Það er þess vegna frekar óskiljanlegt að það hafi ekki verið gert nú þegar.

Það hefur einnig komið fram í dag, hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að hæstv. dómsmálaráðherra hefur ekki verið viðstaddur þessar umræður. Reyndar hefur enginn þingmaður stjórnarliða tekið þátt í þeim og ekki sést hér í þingsal. Er það nokkuð athyglisvert. Ég ætla nú samt ekki að fara að ætla þeim að þeim finnist ekki mikilvægt að málið nái fram að ganga. Í greinargerð með frumvarpinu segir að þær umsagnir sem bárust um frumvarpið þegar það var lagt fram á síðasta þingi hafi verið jákvæðar en að vissar efasemdir hafi komið upp um að rétt væri að fella 2. mgr. brott. Það er þess vegna virðingarvert að tekið hefur verið tillit til þessara athugasemda í frumvarpinu þegar það er endurflutt og ekki er lengur gert ráð fyrir að 2. mgr. 34. gr. sé felld á brott.

Þingmenn hafa gert ágætlega grein fyrir þessu máli hér og á skemmtilegan hátt, t.d. var sagt frá áhuga hæstv. dómsmálaráðherra á sérsveit lögreglunnar. En ég vona að þetta mál nái fram að ganga en dagi ekki uppi í nefnd eins og raunin hefur verið hér áður.

[15:22]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál er nú orðið svolítið gamalt. Ég verð að segja það eins og er. Mig rekur minni til að örfáum vikum eftir síðustu alþingiskosningar sumarið 2003 sendi þingflokkur Frjálslynda flokksins frá sér áskorun sem var dagsett 5. ágúst 2003, um verslunarmannahelgi. Þar fór þingflokkurinn fram á að reglur um innheimtukostnað vegna löggæslu yrðu endurskoðaðar. Yfirlýsingin var send til allra fjölmiðla og birt í fjölmiðlum, að því ég best veit. Þarna skoruðum við á hæstv. dómsmálaráðherra að taka nú þegar til endurskoðunar reglur um þessa innheimtu, löggæslukostnað fyrir íþróttaviðburði og skemmtanir úti á landi. Við bentum á augljósa mismunun sem þá hafði átt sér stað en þá höfðu Skagstrendingar, eins og minnst var á hér áðan, haldið útitónleika og guðsþjónustu og voru rukkaðir um eina millj. kr. í löggæslukostnað af hæstv. dómsmálaráðherra eða embættismönnum hans. Á sama tíma voru miklu stærri samkomur haldnar, til að mynda á Akureyri og í Reykjavík. En þá splæsti hæstv. dómsmálaráðherra með mikilli ánægju á teitið og þar fengu menn enga reikninga fyrir löggæslukostnað.

Við sáum líka á sama tíma hvernig lögregluyfirvöld eða sýslumenn, sennilega var það sýslumaðurinn á Ísafirði sem rukkaði fyrir löggæslukostnað á íþróttamóti sem haldið var fyrir börn og unglinga á Ísafirði. Allt réttsýnt fólk sér það í hendi sér að þetta er tómt bull og vitleysa og óskiljanlegt af hverju hæstv. dómsmálaráðherra þarf að vera leggja þennan kross á embættismenn sína og sýslumenn. Ég hygg að margt af því ágætis fólki sem gegnir stöðu sýslumanna allt í kringum landið þyki frekar leiðinlegt að þurfa að standa í svona pexi. Yfirvöld ættu frekar að sjá til þess að sýslumannsembættin hefðu yfir að ráða fjármunum svo þau gætu greitt þennan kostnað sem ég hygg að sé yfirleitt ekki mjög stór þegar svona skemmtanir eru haldnar. Það sjá allir óréttlætið í þessu þegar við berum saman skemmtanir sem haldnar eru í þéttbýlisstöðum eins og á Akureyri eða í Reykjavík, menningarnótt eða hvað þetta heitir nú allt saman, þar sem ekkert er rukkað fyrir slíka löggæslu. En síðan er rukkað fyrir löggæslu á litlum fjölskyldumótum sem yfirleitt fara fram með mikilli ró og spekt, þar sem fólk fer út á land með börnin sín til að eiga þar góða daga. Tala nú ekki um íþróttamótin. Þetta er mjög ósanngjarnt og fálmkennd vinnubrögð. Ég hygg í raun og veru að þetta hljóti hreinlega að stangast á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að þetta sé gert með þessum hætti.

Ég hef ávallt furðað mig á þessu máli. Ætli það sé ekki verið að mæla fyrir þessu frumvarpi nú í þriðja sinn? Það hefur alltaf verið svæft í nefnd. Ég hef furðað mig því hvers vegna í ósköpunum hæstv. dómsmálaráðherra og ríkisstjórnarflokkarnir vilja ekki endurskoða þessi lögreglulög og breyta þeim. Í 34. gr. lögreglulaga segir svo, með leyfi forseta:

„Lögreglustjóra er heimilt“ — tökum eftir því, heimilt — „að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.“

Þetta er með öðrum orðum, virðulegi forseti, heimildarákvæði í lögunum. Hér er jafnframt talað um að það sé sjálfur hæstv. dómsmálaráðherra sem í raun og veru setji þessar reglur. Ég vil leyfa mér að segja að það er hann sem ber skömmina af því að staðið sé að innheimtu þessarar óréttlátu skattlagningar af fógetum hans allt í kringum landið. Hans er skömmin því það er hann sem ber ábyrgðina. Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að beita sér fyrir að þetta verði lagað. Um leið vil ég líka harma að hæstv. dómsmálaráðherra skuli ekki sjá sér fært að vera hér við þessa um-

ræðu. Hann hefur aldrei látið svo lítið að láta sjá sig hér í þingsal þegar þetta mál hefur verið til umræðu. Það verður að segjast eins og er að það er honum til vansa. Við höfum vitað í nokkra daga að málið yrði tekið fyrir nú í þriðja sinn en samt lætur hæstv. dómsmálaráðherra ekki sjá sig í þingsal. Mér finnst það ámælisvert.

Ég hélt ræðu um þetta mál hér í fyrra og reifaði það þá með svipuðum hætti og núna. Ég veit til þess að á einum stað hafa menn því miður kosið að krjúpa og kyssa vöndinn hjá hæstv. ráðherra og gangast undir samkomulag um innheimtuna á þessu gjaldi. Það er í Vestmannaeyjum. Nú nýverið gerði sýslumannsembættið í Vestmannaeyjum og ÍBV, íþróttafélagið, samkomulag um þennan löggæslukostnað á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Þetta hefur í mörg ár verið mjög umdeilt mál eins og fyrri ræðumaður kom að áðan. Núna segja menn að búið sé að setja niður ágreining vegna þessa. Það er ítrekað hér í yfirlýsingu sem ég er með fyrir framan mig að það hafi ávallt verið mikil og góð samvinna milli sýslumannsembættisins og ÍBV, m.a. vegna þjóðhátíðarinnar í Vestmannaeyjum og þetta hafi tryggt góða og örugga framkvæmd hátíðarinnar. Í sjálfu sér efast ég ekkert um að það hafi verið gott samkomulag þarna á milli. Enda er ekki við sýslumenn eða löggæslumenn að sakast. Þeir eru bara að vinna vinnuna sína eins og ég kom að hér áðan. Þeir fara bara eftir fyrirmælum sem koma úr ráðuneytinu. Það er ekkert við þá að sakast. Ábyrgðin er fyrst og fremst ráðherrans.

Í Vestmannaeyjum gengust menn undir samkomulag um að sýslumannsembættinu, eða réttara sagt dómsmálaráðuneytinu, skyldu greiddar 2,2 millj. kr. vegna löggæslukostnaðar á síðasta ári. En ekki tæpar 3,4 millj. eins og rukkað hafði verið um. Og síðan á ÍBV að borga 1,4 millj. kr. fyrir löggæslukostnað á ári næstu tvö árin. Þetta er samkomulagið. Mér finnst þetta í raun ekki vera neitt samkomulag. Þarna er verið að taka peninga frá íþróttafélagi, peninga sem íþróttafélagið gæti notað til góðra verka í heimabyggð sinni til íþróttastarfs fyrir börn og unglinga sem við vitum öll að er mjög mikilvægt forvarnastarf. Þarna er verið að taka þessa peninga frá börnunum og frá unga fólkinu og færa þá inn á einhverja reikninga sem eflaust verða undir valdi dómsmálaráðuneytisins. Þetta er ósanngjörn skattheimta. Mér er alveg sama þótt fólk hafi gert eitthvert samkomulag til að reyna að lækka þessa reikninga. Það á að sjálfsögðu að fara í þessi lögreglulög og lagfæra þetta og síðan á að hætta þessari skattheimtu til þess að litlu íþróttafélögin úti á landi geti notað peningana í farsælt starf fyrir fólkið sem þar býr. Nóg er samt af félagslegum vandamálum víða úti á landi þótt menn séu ekki að bæta gráu ofan á svart með því að arðræna æskulýðsstarfið með ósanngjarnri skattheimtu af þessum tagi.

Ég vona svo sannarlega að þótt hæstv. dómsmálaráðherra hafi ekki séð sér fært að koma hingað í þingsalinn og vera við umræðuna að hann sitji inni á skrifstofu sinni og fylgist með í gegnum sjónvarpið. Ég vona að hann hlusti á okkur þingmenn sem höfum talað í þessari umræðu og að hann sjái til þess sem valdamikill ráðherra í öðrum ríkisstjórnarflokknum með ítök til að mynda í þeirri nefnd sem mun fjalla um þetta mál, að það nái nú loks fram að ganga. Þá væri hann maður að meiri.

[15:31]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu. Það er greinilegt að þetta mál á mikinn stuðning, a.m.k. hjá stjórnarandstöðunni. En ég hef nú samt trú á að ýmsir í stjórnarliðinu gætu vel hugsað sér að styðja þetta mál ef þeir væru ekki þrælbundnir af framkvæmdarvaldinu, af sérvisku hæstv. dómsmálaráðherra að vilja endilega rukka íþróttafélög sem eru staðsett úti á landsbyggðinni sérstaklega og umfram önnur íþróttafélög. Þetta brýtur allt jafnræði og réttlætiskennd fólks. Ég er viss um að margir í stjórnarliðinu eru ekki orðnir svo forhertir að þeir sjái ekki að þetta er sanngirnismál og gætu vel hugsað sér að styðja það. En þeir eru greinilega svo hræddir eða svo bundnir af fyrirskipunum frá framkvæmdarvaldinu að þeir láta ekki einu sinni skoðun sína í ljós og eru ekki hérna í salnum. Mér finnst þá setja niður við það. En það kom fram hér hjá hv. þm. Hlyni Hallssyni að enginn stjórnarliði væri í salnum og það var mjög þörf ábending.

Eins kom fram mjög þörf ábending og athyglisverð hjá hv. þm. Valdimari Leó Friðrikssyni þar sem hann benti á að það væri verið að rukka unglingalandsmót sem væru haldin um verslunarmannahelgi og hefðu þannig ákveðið forvarnagildi. Börn á viðkvæmum aldri væru þá upptekin við íþróttastarf og leik og minni hætta væri á að þau væru á ýmsum öðrum mótum þar sem menn eru uppteknir við eitt og annað sem kannski ætti að bíða betri tíma. En þá kemur ríkisvaldið með reikninga og skattleggur þessi mót, sem eru ákveðin forvarnamót, sérstaklega. Þetta er mjög skrýtið og ábendingin frá hv. þingmanni var mjög þörf.

Við höfum flutt þetta mál þrjú ár í röð en alltaf er hæstv. dómsmálaráðherra upptekinn við annað. En samt sem áður gefur hann sér alltaf tíma til að senda reikninga til íþróttafélaganna úti á landi. Það er óneitanlega mjög sérstakt. Það er mikill missir að því að hafa hann ekki til svara eins og hv. þm. Jón Bjarnason benti á. Auðvitað á hann að svara fyrir verk sín og útskýra fyrir íþróttafélögunum á landsbyggðinni hvers vegna hann sendir þeim reikning en ekki öðrum.

Eins má velta fyrir sér fjarveru ýmissa stjórnarþingmanna, t.d. framsóknarmannanna sem komu hér og börðu sér á brjóst með frumvarpi sem átti að rétta hlut íþróttafélaganna á landsbyggðinni, svo sem eins og ÍBV vegna ferðakostnaðar. Að vísu var nú ekki mikil meining á bak við það frumvarp. Þetta var svona sýndarfrumvarp. Það kom í ljós þegar Vinstri grænir ákváðu að reyna nú að setja einhvern pening í fjárlögin svo að hægt væri að uppfylla þessa ósk stjórnarþingmannanna um að styðja við íþróttafélögin. En þá vildu þeir það ekki. Þá greiddu sömu þingmenn atkvæði á móti því að peningar færu í að styrkja ferðalög íþróttafélaganna þó svo þeir flyttu mál sama efnis. Síðan er flutt mál þess efnis að eyrnamerkja fjármuni í það sem þeir óskuðu sér þá vildu þeir það ekki. Þetta skilur náttúrlega enginn og sviptir auðvitað hulunni af vitleysunni. Fyrir þessu stóð m.a. landsbyggðarþingmaður eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir. Ég hefði nú talið að hún hefði átt að láta sjá sig hér í salnum og segja sína skoðun, hvort henni fyndist það réttmætt að skattleggja t.d. ÍBV sérstaklega um margar milljónir á hverju ári.

Við verðum líka að velta fyrir okkur jafnræðinu. Lands-

byggðin stendur höllum fæti. Það hefur komið margoft fram. Ég ætla ekki að rekja það. Það er m.a. út af sjávarútvegsstefnu kvótaflokkanna og eitt og annað þess efnis, sem við höfum oft farið yfir. Ef íþróttamót eru haldin á landsbyggðinni er sendur reikningur. En sambærileg mót, eins og landsleikir í knattspyrnu þar sem miklu fleiri áhorfendur eru og viðbúnaður örugglega meiri, ekki heyrir maður af því að þá séu sendir reikningar frá hæstv. dómsmálaráðherra. Það er ekki. Þetta særir réttlætiskennd fólks.

Við getum einnig nefnt ÍBV og þann reikning sem hæstv. dómsmálaráðherra sendir íþróttafélaginu þar á hverju ári vegna þjóðhátíðar og síðan þá hátíð sem fram fer hér á hverju sumri, og ég tók nú þátt í, menningarnótt, ágætis hátíð. Ekki þarf minni viðbúnað á menningarnótt en á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Þetta er ekkert sanngjarnt. Þessu á að breyta. Ég hef trú á því að hæstv. dómsmálaráðherra sjái að sér. Hann hefur séð að sér áður. Við munum eftir því að þegar hann sá að hann var að gera rangt hvað varðaði að setja fjölmiðlalög þá var stokkið til á miðju sumri og þau dregin til baka. Eins með fullnustu refsinga. Hann kom með mál sem var hér flækt inn í þingið. Þannig að það er aldrei að vita nema að hæstv. dómsmálaráðherra sjái nú að sér og maður verður að vona það. (Gripið fram í.) Já, hann gerði það.

En það sem er kannski slæmt pólitískt séð við þetta mál fyrir hæstv. dómsmálaráðherra, og þess vegna skora ég á hann að hleypa þessu máli í gegn, er það að verið er að breyta skipan lögreglumála. Þetta er einmitt eitt mál þar sem hallar verulega á landsbyggðina. Margir úti á landi óttast, einmitt vegna fyrri verka hæstv. dómsmálaráðherra hvað það varðar að skattleggja íþróttafélögin, að sú breyting geti orðið til þess að dregið verði úr þjónustu á landsbyggðinni. Þetta er ekki gott og þetta er ósanngjarnt mál sem ég vonast svo sannarlega til að hæstv. dómsmálaráðherra breyti. Þetta er ekki sanngjarnt. Hann hefur sýnt það áður, svo sem þegar hann sá að sér hvað varðar fjölmiðlalögin og fleiri mál, að hann getur breytt rétt. Ég vona svo sannarlega að þetta mál verði að lögum og menn hætti að leggja íþróttafélög á landsbyggðinni í einelti, frú forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýting stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 64. mál. — Þskj. 64.

[15:40]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Megintilgangur og markmið með flutningi þessarar tillögu er að Alþingi móti stefnu hvort heimila eigi með lögum að nota stofnfrumur úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga alvarlegra sjúkdóma. Sú úttekt sem hér er lögð til á að auðvelda ákvarðanir í því efni. Það er mikilvægt að slík ákvörðun verði tekin á grundvelli ítarlegrar og upplýstrar umræðu í þjóðfélaginu, á Alþingi og innan heilbrigðis- og vísindasamfélagsins. Tillaga þessi náði ekki fram að ganga á síðasta þingi en þá var hún flutt af þingmönnum úr öllum flokkum þannig að mikil samstaða var um hana. Greinargerð þessarar tillögu er nokkuð breytt frá því að málið var lagt fram á síðasta þingi að teknu tilliti til umsagna og ýmissa viðbótarupplýsinga sem flutningsmönnum hafa borist sem skýra málið betur, m.a. frá Þórarni Guðjónssyni, doktor í frumulíffræði á rannsóknarstofu Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði, læknadeild Háskólans og Guðrúnu Valdimarsdóttur, doktor í frumulíffræði á Rannsóknarstofu í lífefna- og sameindafræði við læknadeild Háskóla Íslands.

Fjöldi umsagna barst um málið og var nær undantekningarlaust hvatt til samþykktar á tillögunni. Örfáir aðilar tóku ekki afstöðu, en engin umsögn var neikvæð. Þvert á móti var mikill áhugi á því að ítarleg úttekt færi fram á kostum og göllum þess að heimila nýtingu á stofnfrumum úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði. Mjög margir umsagnaraðilar, sem ekki er gert ráð fyrir að eigi sæti í þeirri nefnd sem skipa átti samkvæmt tillögunni, óskuðu eftir aðild.

Víða í umsögnum um tillöguna kom fram það álit að löngu væri orðið tímabært að umræða um nýtingu stofnfrumna færi fram hér á landi, ekki einungis í vísindasamfélaginu heldur líka á vettvangi stjórnmála og innan heilbrigðisstétta og -stofnana. Ljóst er að sú úttekt sem hér er lögð til og á að fara fram yrði veigamikil undirstaða slíkrar umræðu. Þeir sem málið varðar mundu þá móta afstöðu sína á grundvelli upplýstrar umræðu um kosti og galla nýtingar stofnfrumna til rannsókna og lækninga. Samþykkt tillögunnar felur í sér vilja Alþingis til að skapa umræðunni vettvang til að auðvelda stefnumótun og ákvörðun í málinu.

Ég held að það sé óhætt að segja, virðulegi forseti, að ástæða þess að þetta mál náði ekki fram að ganga á síðasta þingi — þrátt fyrir mikla samstöðu innan þingsins, sem kemur fram í þeim flutningsmönnum sem hana flytja og þeim umræðum sem urðu um hana — sé fyrst og fremst sú að það var fyrirstaða hjá einhverjum örfáum, kannski má segja hjá einum eða tveimur aðilum. Þeir aðilar töldu að fara þyrfti fram ítarleg umræða um kosti og galla tillögunnar, um nýtingu og geymslu stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga, áður en farið væri út í lagasetningu í þessu efni. Menn töldu, sem kannski kom í veg fyrir afgreiðslu þessarar ályktunar á síðasta þingi, að göllunum væri ekki gert nægjanlega hátt undir höfði í þeirri greinargerð sem þá fylgdi frumvarpinu, sem nú hefur verið endurbætt.

Ég lét hæstv. félagsmálaráðherra vita áður en þing kom saman að ég mundi endurflytja þetta frumvarp með viðbótarupplýsingum sem kallað var eftir á síðasta þingi til að draga þá betur fram gallana sem fylgja því að heimila nýtingu og geymslu stofnfrumna úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum og gerði hæstv. ráðherra grein fyrir því að aftur yrði flutt þverpólitískt mál um þetta með þessum viðbótarupplýsingum og hafði þá vonast til að samstaða næðist um málið.

Það kom mér því á óvart þegar hæstv. heilbrigðisráðherra setti fram fréttatilkynningu skömmu eftir að þing kom saman og eftir að þetta mál hafði verið lagt fram á nýjan leik þar sem kom fram að hann hefði ákveðið að skipa

nefnd sem hefur það verkefni að fjalla um nýtingu stofnfrumna til rannsókna og lækninga og, virðulegi forseti, semja frumvarp til laga um stofnfrumurannsóknir. Þarna gekk ráðherrann að mínu mati, fyrst málið gekk þá leið að nefndinni er falið að semja lagafrumvarp um stofnfrumurannsóknir, miklu lengra í þessu efni heldur en tillagan gerði ráð fyrir. En tillagan var þannig úr garði gerð, eins og ég hef hér lýst, til þess að skapa breiðar umræður um hana á þinginu eins og hefur verið gert víða í þjóðþingum erlendis. Það hefur verið undanfari lagasetningar að menn hafa fengið greinargerðir og skýrslur um kosti og galla þess þannig að á grundvelli upplýstrar umræðu um málið væri hægt að móta lög sem bærileg samstaða gæti náðst um.

Ég þakka ráðherra fyrir að vera viðstaddur þessa umræðu. Ég ætla ekki að fara ítarlega í greinargerðina um málið af því stuttur tími lifir af þessum þingdegi en vil spyrja hann hvort hann telji ástæðu til að þessi tillaga sé hér samþykkt eins og hún liggur fyrir þannig að eðlileg og ítarleg umræða geti farið fram innan þings og utan. Sú var hugmyndin með þessari tillögu og með sama hætti eins og gert hefur verið í öðrum þjóðþingum. Sú umræða gæti þá nýst til að ná fram breiðari samstöðu um þetta mál en kannski væri ef nefndin skilaði frumvarpi eins og henni er uppálagt, samkvæmt erindisbréfi ráðherra — að semja bara frumvarp um það efni sem hér er lagt til.

Til þess að hæstv. ráðherra hafi tíma til að svara ætla ég ekki að hafa ítarlegri umræðu um þetta mál af minni hálfu fyrr en það kemur þá væntanlega til síðari umr. Ég kalla eftir því hjá hæstv. ráðherra hvort hann telji það stuðning við málið ef það fer í heilbrigðis- og trygginganefnd eins gerðist síðast. Og að tillagan yrði þá samþykkt að einhverju leyti breytt út frá þeim aðgerðum sem heilbrigðisráðherra hefur gripið til í þessu máli. En alla vega að vilji Alþingis komi þá í ljós í þessu efni sem væri örugglega stuðningur við ráðherrann og þetta mikilvæga mál í framhaldinu. Ég legg til að málinu verði vísað til hv. heilbrigðisnefndar og síðari umr.

[15:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur flutt þetta mikilvæga mál á undanförnum þingum með þverpólitískri samstöðu. Ég vil greina frá því hvernig málið stendur núna á vettvangi heilbrigðisráðuneytisins. Ég skipaði, eins og fram kom í máli þingmannsins, 5. október 2005 nefnd til að fjalla um nýtingu stofnfrumna til rannsókna og lækninga og semja frumvarp til laga um stofnfrumurannsóknir. Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að nefndin eigi að ljúka störfum eigi síðar en 31. mars 2006. Hún er skipuð eftirfarandi mönnum: Sveini Magnússyni skrifstofustjóra, sem er formaður, Sigurði Guðmundssyni landlækni, Magnúsi Karli Magnússyni lækni, Birni Guðbjartssyni, formanni vísindasiðanefndar, Þórarni Guðjónssyni frumulíffræðingi, Ingileifu Jónsdóttur ónæmisfræðingi, Vilhjálmi Árnasyni, formanni stjórnar Siðfræðistofnunar, Sólveigu Önnu Bóasdóttur guðfræðingi og Jóhanni Hjartarsyni lögfræðingi.

Nefndin hefur þegar haldið sex fundi og farið yfir helstu álitaefni sem uppi eru á þessu sviði. Hún hefur skoðað efni löggjafar í nágrannalöndunum sem snúa að þessu og hefur fengið á fundi fulltrúa frá Art Medica til að fara yfir málið. Þau meginatriði sem segja má að liggi fyrir nefndinni að taka afstöðu til við frumvarpssmíðina er eftirfarandi en nefndin hefur ekki tekið afstöðu til einstaka álitaefna en er með eftirfarandi uppi á sínu borði:

Í fyrsta lagi hvort setja eigi sérstök lög um stofnfrumurannsóknir eða hvort heppilegra sé að fella slík lagafyrirmæli inn í núgildandi lög um tæknifrjóvganir.

Í öðru lagi hvort heimila skuli rannsóknir á fósturvísum án tengsla við tæknifrjóvgunarmeðferð í því skyni að búa til stofnfrumulínur. Sé svarið við þessari spurningu jákvætt liggur fyrir að taka afstöðu til hvort leyfa eigi fósturvísa eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir eða hvort binda eigi rannsóknarheimildina við það að notaðir séu umframfósturvísar, þ.e. fósturvísar sem verða til við glasafrjóvgunarmeðferð í æxlunarskyni en nýtast ekki sem slíkir.

Í þriðja lagi hvort heimila eigi einræktun fósturvísa og þá í hvaða tilgangi.

Það er rétt að geta þess að full samstaða er um það í nefndinni að einræktun í æxlunarlegum tilgangi skuli vera bönnuð. Þá þarf að taka afstöðu til þess hvernig eftirliti skuli vera háttað og hvort og þá með hvaða hætti eigi að binda heimildir til að stunda rannsóknir á fósturvísum sérstökum leyfum. Fleiri atriði hafa komið til skoðunar, refsingar og fleira. Eins og fram hefur komið er nefndin að velta þessu máli fyrir sér í breiðu samhengi og hvort setja eigi sérstök lög um stofnfrumurannsóknir. Ég tek undir það hjá hv. flutningsmanni að víðtæk umræða um þetta mál, t.d. á vettvangi þingsins, ætti að vera af hinu góða. Ég hef ekki á móti því að þessi tillaga fari til heilbrigðis- og trygginganefndar og að tekin sé umræða um hana á þeim vettvangi. Ég tel auðvitað að efni greinargerðar hennar og sú afgreiðsla sem heilbrigðis- og trygginganefnd mundi væntanlega verða með á þessari tillögu eigi erindi til nefndarinnar. Þetta eru viðamikil mál sem hún hefur með höndum og ég tel að öll umræða í samfélaginu sé til mikils gagns í þessu efni og þar á meðal umræða þingsins. Ég hef ekki á móti því að þessi tillaga fari til heilbrigðis- og trygginganefndar eins og hún gerir og verði meðhöndluð þar og niðurstaða nefndarinnar fari síðan inn í þingið aftur til umræðu, hvernig sem hún verður.

Ég vil ljúka þessu innleggi mínu á því að þakka hv. þingmanni eins og ég hef reyndar gert áður fyrir þá vinnu og þann áhuga sem hv. þingmaður hefur haft á þessu máli sem er hið merkasta mál en flókið eins og mörg mál af þessu tagi.

[15:53]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma í þessa umræðu. Ég held að það mundi styðja framgang málsins, af því að málið þarf náttúrlega að koma fyrir þingið ef verið er að kalla eftir breytingum á lögum, að þessi tillaga fari til umfjöllunar í heilbrigðis- og trygginganefnd og hún afgreiði málið frá sér og þingið en ég tel að það geti átt erindi við nefndina og þannig komi leiðsögn frá þinginu um hvernig það vilji sjá að farið verði í þessi mál af hálfu fram-

kvæmdarvaldsins. Ég tel að það væri betra fyrir framgang málsins að það gerðist fyrst.

Ég tók eftir því hjá hæstv. ráðherra að gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum í mars en nú er aðeins dregið í land með það hvort sett verði lög eða ekki. Þetta er auðvitað mjög umfangsmikið verkefni sem hér er ferðinni, en ég tel brýnt að sú afstaða ráðherra liggi fyrir að hann telji það styðja framgang málsins að það fari til nefndar og nefndin afgreiði það frá sér, og að nefndin á vegum hæstv. ráðherra fái leiðsögn frá þinginu eftir að það hefur fjallað um þetta mikilvæga mál. Ég held að það hljóti að styðja það að meiri, betri og breiðari samstaða náist um þetta mál en ella gæti stefnt í miðað við hvernig málið var stöðvað í þinginu á lokadögum þess í vor.

[15:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að málið fari til heilbrigðis- og trygginganefndar og hún afgreiði það með þeim hætti sem umræða innan nefndarinnar gefur tilefni til. Ég tel að afgreiðsla hennar eigi fullt erindi til þeirrar nefndar sem starfar til 31. mars hvort sem sú dagsetning stenst eða ekki. Nefndin hefur starfað reglulega þannig að ég vona að hún skili niðurstöðum. En ég sé ekkert því til fyrirstöðu miðað við umfang og eðli þessa máls að það sé einnig unnið í þinginu. Það ætti bara að vera málinu til styrktar.

[15:56]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi viðbrögð og ég lít svo á að í orðum hans felist hvatning til nefndarinnar um að afgreiða málið frá sér þannig að sú nefnd sem starfar á vegum forseta í þessu efni fái leiðsögn frá þinginu um það hvernig þingið vill að haldið sé á þessum málum.

[15:56]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um nýtingu og geymslu stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga. Eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, 1. flutningsmanns málsins, hefur tekist mjög breið sátt um málið hér þó að það, eins og einnig kom fram, hafi ekki náð fram að ganga á síðasta þingi. Hins vegar heyrist mér á umræðunni hér og á hæstv. heilbrigðisráðherra að hlutirnir séu farnir að gerast hratt, kannski óþarflega hratt en það verður vonandi ekki til þess að menn flýti sér um of. Þetta er auðvitað gríðarlega stórt mál og mörg siðferðisálitamál sem þarna koma upp og mikilvægt að sem flest sjónarmið komist að í umræðunni. Ég ætla að leyfa mér að vona að við Íslendingar skipum okkur í hóp með frjálslyndari þjóðum í Evrópu, eins og t.d. Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Belgíu og Grikklandi, í þessu máli. Ég varð vitni að mikilli umræðu um þessi mál í Þýskalandi þegar ég bjó þar. Þar stóðu íhaldsmenn á bremsunni og þvertóku fyrir það að þessar rannsóknir færu fram, aðallega íhaldsmenn innan kirkjunnar en eins og við vitum er kaþólska kirkjan dálítið sterk í Þýskalandi og ekki alltaf skemmtileg að eiga við. Sem betur fer er sá jarðvegur ekki fyrir hendi hér á landi svo við ættum að geta komist að samkomulagi um þessi mál öllsömul.

Vegna þess að tíminn er knappur ætla ég ekki að tala mikið lengur svo hægt verði að ljúka þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:59]

Útbýting:

Nefndarskipan og kynjahlutföll, 460. mál, fsp. KJúl, þskj. 685.

Matvælarannsóknir hf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 387. mál. — Þskj. 469.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 353. mál (afnám sérúthlutunar á þorski). — Þskj. 387.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 382. mál (ráðstöfun fjár). — Þskj. 442.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Lögreglulög, frh. 1. umr.

Frv. SigurjÞ, 46. mál (löggæslukostnaður á skemmtunum). — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Nýting stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 64. mál. — Þskj. 64.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 16:06.

---

53. FUNDUR

fimmtudaginn 26. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 288. mál, þskj. 304, nál. 512 og 536, brtt. 537. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.

[10:31]

Útbýting:
Barnaspítali Hringsins, 300. mál, svar heilbrrh., þskj. 687.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Klukkan 13.30 fer fram umræða utan dagskrár um breytingar á skattbyrði. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hæstv. fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen, verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fangaflug Bandaríkjastjórnar.

[10:31]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Í vetur hafa margsinnis orðið umræður um hið svokallaða fangaflug og þá hafa íslensk stjórnvöld vísað til þess að málið er í rannsókn hjá Evrópuráðinu og hafa sagt að þau mundu taka fullan þátt í þeirri rannsókn. Nú hefur komið skýrsla fram í Evrópuráðinu af hálfu þingmannsins Dick Marty og hún sýnir það svart á hvítu að hann telur að hér hafi verið um töluvert umfangsmikið fangaflug að ræða á síðustu árum. Hann bendir sérstaklega á að CIA hefur haft sérstaka heimild bandarískra stjórnvalda til að stunda slíkt flug síðan árið 2001. Hann telur að 100 einstaklingar hafi verið fluttir með ólöglegum hætti til og frá stöðum í Evrópu. Dick Marty bendir sérstaklega á að í yfirlýsingunni sem Condoleezza Rice gaf 5. desember, og íslensk stjórnvöld hafa oft vísað til, hafi hún í rauninni ekki þvertekið fyrir neitt nema að pyndingar hafi átt sér stað en hún hafi ekki fortakslaust hafnað því að fangaflug hafi átt sér stað. Dick Marty, öldungardeildarþingmaðurinn svissneski, sem hefur rannsakað þetta fyrir Evrópuráðið, slær því föstu að ríkisstjórnir Evrópu hafi vitað af þessu en að vísu slær hann þann varnagla, hann segir a.m.k. leyniþjónustan. Ég vil taka það alveg skýrt fram að ég tek það gott og gilt þegar hæstv. ríkisstjórn segist ekki hafa haft neina vitneskju um þetta. En ég tel að það sé nauðsynlegt að gengið sé betur eftir þessu og hef óskað skriflegra skýrra svara af hálfu forsætisráðherra. Mig langar að spyrja hvort hann hyggist gera það. Mig langar einnig að spyrja hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra hvort þeir hafi haft einhver tengsl við bandaríska ráðamenn, forseta eða utanríkisráðherra þar sem fram hefur komið af þeirra hálfu fortakslaus neitun á því að þetta hafi átt sér stað að því er Ísland varðar.

[10:34]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Þetta mál er alveg skýrt. Íslensk stjórnvöld tóku málið upp við bandarísk stjórnvöld. Það var gert af utanríkisráðuneytinu á sínum tíma. Það var gengið eftir því. Svör komu frá bandarísku utanríkisráðherranum þar sem hún fullyrti að ekkert ólöglegt fangaflug hefði átt sér stað og engin ólög fangelsi. Það liggja engar sannanir fyrir því.

Nú hefur þessi ágæti umræddi þingmaður gefið út bráðabirgðaskýrslu þar sem hann telur að ólíklegt sé að ríkisstjórnir, eða a.m.k. njósnaþjónustur eins og hann orðar það, hafi ekki vitað af þessu. Það liggur alveg ljóst fyrir að við höfum enga vitneskju um það og ég spyr þá hv. þingmann: Um hvað eigum við að spyrja bandarísk stjórnvöld á þessu stigi? Það má vel vera að ástæða verði til að spyrja bandarísk stjórnvöld um málið þegar skýrslan kemur út. Eigum við að spyrja bandarísk stjórnvöld um hvort þau hafi verið að segja ósatt? Mundi hv. þingmaður gera það ef hann gegndi embætti utanríkisráðherra landsins?

Það er ekkert nýtt í þessu máli. Íslensk stjórnvöld hafa tekið málið upp, utanríkisráðherra hefur átt fund með aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, Nicholas Burns, um

málið og gengið eftir því. Það er því ekkert nýtt í málinu sem krefst svara á þessu stigi. Við munum að sjálfsögðu taka þátt í þessari athugun á vegum Evrópuráðsins og þegar sú skýrsla kemur út má vel vera að ástæða verði til að spyrja frekari spurninga. En ég held að rétt sé að bíða þangað til. Það er ekkert nýtt í málinu, hv. þingmaður, og algerlega ástæðulaust að vera að taka það hér upp.

[10:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hvenær skyldi koma að því að hæstv. forsætisráðherra Íslands hætti að tala eins og fulltrúi og talsmaður Pentagon og Bandaríkjastjórnar og fara að tala í nafni íslensku þjóðarinnar?

Það er á allra vitorði að Bandaríkjamenn stunda pyndingar á föngum bæði beint og með því að beita verktökum til að kvelja fólkið. Þeir flytja fórnarlömb sín frá Bandaríkjunum til verktakanna víðs vegar um heiminn. Þannig eru grimmdarverkin ekki framin innan bandarískrar lögsögu.

Nú er vitað að flugvélar sem notaðar eru í fangaflutningum hafa millilent hér á landi með föngum innan borðs eða án fanga. Hið síðara kann vel að vera rétt. Hitt er augljóst að á afdráttarlausan hátt ber ríkisstjórn Íslands að krefjast formlegrar yfirlýsingar Bandaríkjastjórnar um staðreyndir þessa máls, jafnframt því sem lýsa ber yfir mjög hörðum mótmælum gegn mannréttindabrotunum, jafnframt því að allur vafi verði tekinn af um að flugvélar sem flytja fanga Bandaríkjamanna í erlend pyndingarfangelsi megi ekki undir nokkrum kringumstæðum koma í íslenska lofthelgi, hvað þá millilenda hér á landi.

Árið 2004 reis mikil mótmælaalda vegna mannréttindabrota í Guantanamo herfangelsinu á Kúbu þar sem Bandaríkjamenn eru sakaðir um að beita fanga sem sitja án dóms og laga pyndingum. Amnesty International, ASÍ, BSRB, ungliðasamtök og vefsíður tóku þátt í þessu. Mótmælin voru afhent utanríkisráðuneytinu 1. júní þetta ár. Þá komu þau viðbrögð frá utanríkisráðuneytinu að þegar hefði verið mótmælt og í svari til lögfræðingahóps Amnesty International segir í upphafsorðum, með leyfi forseta:

„Eins og fram kom í ræðu utanríkisráðherra fyrir Alþingi 6. apríl sl. eru hryðjuverk ein mesta vá samtímans og ógna frelsi og lýðræði í heiminum. Mikilvægt er að samstaða lýðræðisríkja bresti ekki og baráttan gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi verði hert um allan helming með öllum löglegum aðferðum."

Síðan er vísað í mannréttindasáttmálann og mikilvægi þess að virða mannréttindi.

Hæstv. forseti. Ef þessi viðbrögð eiga að kallast mótmæli þá eru það í besta falli mótmæli í kyrrþey ef ekki þegjandi samþykki.

[10:38]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda gagnvart bandarískum stjórnvöldum í þessu máli hafa verið með sama hætti og hjá öðrum Evrópuríkjum. Fulltrúar Íslands og Bandaríkjanna höfðu átt níu sinnum samtöl um málið frá 13. október til 5. desember þegar ég tók þetta mál upp við aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna á fundi með honum í tengslum við ráðherrafund ÖSE. Síðar þann dag gaf utanríkisráðherra Bandaríkjanna út afdráttarlausa yfirlýsingu um málið til að svara þeim ásökunum sem fram höfðu komið.

Íslensk stjórnvöld hafa enga ástæðu fremur en önnur ríki til að rengja yfirlýsingu utanríkisráðherra Bandaríkjanna sem hún síðan ítrekaði á fundi með mér og öðrum utanríkisráðherrum NATO-ríkjanna. Sú skýrsla sem hér er vitnað til er ekki skýrsla Evrópuráðsins sjálfs heldur er hún unnin á vegum laga- og mannréttindanefndar þingráðsins. Engar sannanir er þar að finna fyrir ólöglegum fangelsum í Evrópuríkjum eða fangaflutningum og hefur skýrsluhöfundurinn tekið það fram að slíkar sannanir liggi ekki fyrir. Í vestrænum lýðræðisríkjum er ekki hægt að hefja rannsókn án ástæðu. Íslensk stjórnvöld hafa enga ástæðu til að hefja rannsókn hérlendis á grundvelli óstaðfestra sögusagna. (**ÖJ:** En fangaflugið?) Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að ólöglegt fangaflug hafi átt sér stað um íslenskt yfirráðasvæði.

Í bréfi framkvæmdastjóra Evrópuráðsins 21. nóvember sl. er ekki farið fram á rannsókn af hálfu stjórnvalda aðildarríkjanna á meintum fangaflutningum eða leynifangelsun. Í bréfinu er spurt hvort löggjöf aðildarríkjanna sé ekki fullnægjandi til að tryggja að ólöglegt athæfi af því tagi sem um er rætt eigi sér ekki stað.

Einnig er spurt í bréfinu hvort einhver opinber embættismaður í aðildarríkjum hafi vitandi eða óafvitandi átt samvinnu við erlend stjórnvöld sem tengist þessu meinta ólöglega athæfi. Frestur til að svara þessu bréfi er til 21. febrúar nk. og verið er að undirbúa svör við því. En ég ítreka að í þeirri skýrslu sem umræddur þingmaður á Evrópuþinginu hefur kynnt er ekkert nýtt sem kallar á viðbrögð af okkar hálfu.

[10:41]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Mér er nær að halda að íslensk stjórnvöld kunni ekki að spyrja réttu spurninganna í þessu máli. Þau hafa sjálf ekki gert neina úttekt á því hvaða erindi flugvélarnar sem hingað hafa komið, lent og tekið aftur á loft, hafa átt. Að sögn fylgjast menn í utanríkisráðuneytinu með fréttum af því hvaðan þessar flugvélar koma og hvert þær eru að fara, flugvélar sem vitað er að eru starfræktar af leppfyrirtækjum bandarísku leyniþjónustunnar. Það liggur alveg fyrir, frú forseti. En á því hafa íslensk stjórnvöld ekki mikinn áhuga.

Hér er mikið talað um að ekki hafi átt sér stað neitt ólöglegt. Það kann að vera rétt. Hins vegar stendur hnífurinn þar í kúnni vegna þess að skilgreining Bandaríkjastjórnar á því hvað er löglegt og ólöglegt í þessum efnum er gjörólík því sem viðgengst samkvæmt alþjóðalögum og alþjóðasamningum. Bandaríkjamenn hafa endurskilgreint pyndingar og reyndar hryðjuverk líka. Þeir hafa endurskilgreint pyndingar og telja það t.d. ekki til pyndinga að halda plastfilmu fyrir vitum manns og hella á hann vatni þangað til hann er um það bil að drukkna eða hann heldur það. Þetta eru ekki pyndingar samkvæmt bandarískum skilgreiningum. Þess vegna þurfum við að vita hvert þessar flugvélar fóru og hvað tók við þegar þeim hafði verið lent. Segjum

að fangarnir hafi verið fluttir með löglegum hætti, hvað tók við þegar flugvélum hafði verið lent og þessir fangar teknir til einhvers konar meðferðar, mundi Bandaríkjastjórn líklega segja, hjá verktökum í erlendum löndum þegar búið er að úthýsa pyndingunum og endurskilgreina hvað það er sem á sér stað, þá telst það varla lengur til pyndinga að reyna að drekkja föngum.

[10:43]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er ósköp eðlilegt að þetta mál sé tekið upp hérna núna því að Evrópuráðið er akkúrat að funda þegar við stöndum hér á þessum stað, ég skil þess vegna að hv. þm. Össur Skarphéðinsson vilji ræða þetta hér.

Á Evrópuráðsþinginu hefur komið fram skýrsla en ferlið er bara hálfnað, þessi skýrsla er því ekki endanleg en þegar lokið verður við hana þá verður tekin ákvörðun um hvort málið verður tekið upp í ráðherraráðinu. Við Íslendingar eigum t.d. eftir að svara ýmsum spurningum til Evrópuráðsins og höfum frest til þess til 21. febrúar.

Ég vil draga það sérstaklega fram hér eins og hefur margoft komið fram í umræðunni að íslenskum stjórnvöldum er ekki kunnugt um neitt ólöglegt fangaflug hér yfir og það vita hv. þingmenn, það hefur komið hérna fram ítrekað. Ég tók þetta mál upp að eigin frumkvæði í utanríkismálanefnd, bað um fund þar til að ræða sérstaklega þessa fangaflutninga og það var gert 30. nóvember. Í kjölfarið hefur komið fram að Íslendingar hafa ekki gert minna en aðrir, meira ef eitthvað er. Búið er að taka málið upp ítrekað á vettvangi stjórnvalda á milli Íslands og Bandaríkjanna þannig að við höfum aldeilis verið að gera okkar í þessu. Þau svör sem við fengum á fyrri stigum þóttu ekki fullnægjandi en síðan hafa komið yfirlýsingar sem hafa verið ákveðnar frá hendi Bandaríkjanna en það eru sem sagt engar sannanir sem við höfum í höndunum.

Ég furða mig á því að hér skuli fulltrúi Vinstri grænna halda því fram að við séum með eitthvert þegjandi samkomulag um að þetta sé í lagi, þetta hugsanlega fangaflug. (Gripið fram í.) Það er algerlega fráleitt og ég sem hluti af stjórnarmeirihlutanum vísa þessu á bug. Íslendingar hafa staðið sig í stykkinu í málinu. Okkur er ekki sama um hugsanlegt fangaflug og við höfum komið þeim skilaboðum á framfæri til bandarískra stjórnvalda. Og meðan engar sannanir liggja fyrir þá er ósköp lítið hægt að gera. En að sjálfsögðu munum við fylgjast áfram með málinu. (Gripið fram í.)

[10:45]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Tuttugu og fimm flugvélar á vegum skúffufyrirtækja CIA hafa margoft lent hér á undanförnum árum. Vélar félaganna hafa einnig komið við í Afganistan og í Guantanamo. Leiðin er Guantanamo – Reykjavík – Afganistan. Síðan koma hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra og halda því enn statt og stöðugt fram að engar sannanir séu fyrir hendi, þetta séu sögusagnir og óstaðfestar heimildir.

Í umræðunum hefur komið fram að svissneski þingmaðurinn Dick Marty fullyrðir að allt bendi til þess að lokaáfangastaðirnir séu leynifangelsi þar sem fangarnir séu m.a. pyndaðir og svo er hér verið að vitna í heiðir í vestrænum lýðræðisríkjum. Gera menn sér ekki grein fyrir því að þetta eru fangar sem sitja inni án dóms og laga og eru pyndaðir, sem sitja þarna inni árum saman? Hvað gera Íslendingar? Sitja hjá og bíða, ætla bara að bíða. Staðreyndin er sú að Bandaríkjamenn eru að nota Ísland í ólöglegum tilgangi og það er ekki í fyrsta skipti. Hæstv. forsætisráðherra sagði að við hefðum engar sannanir fyrir þessum málum og hvort við ættum að spyrja að því hvort Bandaríkjamenn væru að segja ósatt. Það er reyndar þannig, frú forseti, að það væri ekki í fyrsta skipti sem bandarísk stjórnvöld ljúga opinberlega. Þannig er það.

[10:47]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegur forseti. Þetta er mál sem sannarlega er vert að ræða en það verður að segjast eins og er að það er ansi sérstakt hvernig stjórnarandstaðan heldur á málinu og sérstakar þær fullyrðingar sem hér eru uppi. Ég hef fylgst með þessu, m.a. í kvöldfréttum í gær þar sem Dick Marty, sem mjög mikið er vitnað í, þingmaður á vegum Evrópuráðsins, kynnti skýrslu sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir fór ágætlega í gegnum í hvaða ferli væri. Hann tók mjög skýrt fram að engin formleg sönnunargögn væru til staðar. Viðkomandi þingmaður taldi samt sem áður að nægar vísbendingar væru til að halda rannsókn áfram.

Það liggur hreint og klárt fyrir að Íslendingar hafa farið að eins og önnur Evrópuríki. Það liggur alveg fyrir. Einnig liggur fyrir að við erum að taka þátt eins og önnur Evrópuríki í þessari rannsókn Evrópuráðsins. Enn fremur liggur fyrir að komið hafa yfirlýsingar frá Bandaríkjamönnum þar sem þeir vísa því á bug að þeir stundi pyndingar og á sama hátt hafa þeir samþykkt ný lög 15. desember sl. um það efni. Það er ekkert sem kallar á að vera með þessar stóru yfirlýsingar sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa verið með, ekkert. Eðli málsins samkvæmt hljótum við að fara að eins og aðrar þjóðir Evrópu í þessum málum og okkur er ekki sama þegar pyndingar eru annars vegar. En það er ekkert sem bendir til þess að íslensk stjórnvöld hafi ekki gert sitt til að upplýsa málið og hafi ekki farið eins að í þessu máli og aðrar þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við. (**ÖJ:** Guantanamo er í góðu lagi.)

[10:49]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsætisráðherra segir að engin ástæða sé til að taka fangaflutningana upp á Alþingi Íslendinga. Um alla Evrópu ræða menn alvarleg mannréttindabrot af hálfu Bandaríkjamanna, á evrópskri grund og evrópskri lofthelgi. En hæstv. forsætisráðherra segir að engin ástæða sé til að ræða það á þjóðþingi okkar, í lýðræðisríki sem hefur haft mannréttindi í hávegum. Hér kemur hæstv. utanríkisráðherra og segir að við höfum gert alveg jafnmikið og hin Evrópuríkin þó hann viti að ítalski saksóknarinn hefur þegar stefnt bandarískum leyniþjónustumönnum, þó hann viti að réttarfarsrannsókn fer fram í Þýskalandi, þó hann viti að spænskur dómstóll rannsakar

fangaflug á Spáni, þó hann viti að Svíar hafa falið flugmálayfirvöldum þar rannsókn og þó hann viti að bráðabirgðaskýrsla sem kynnt var í Evrópuráðinu segir að svör Bandaríkjamanna séu ekki skýr um þetta atriði. Við hljótum að krefjast þess að það sé gengið eftir skýrum svörum Bandaríkjamanna, ella fari hér fram sjálfstæð rannsókn á vegum íslenskra yfirvalda til að svara þeim spurningum sem íslensk stjórnvöld þurfa að svara hjá Evrópuráðinu.

Það er auðvitað ekki annað en undirlægjuháttur, virðulegur forseti, við Bandaríkjamenn að lýsa því yfir að það séu sögusagnir, ill meðferð á föngum á vegum Bandaríkjastjórnar. Allur heimurinn veit, þó ekki væri nema af því að fylgjast með hinum skelfilegu aðstæðum í Guantanamo á Kúbu og þeirri illu meðferð sem þar fer fram, að ill meðferð á sér svo sannarlega stað á vegum Bandaríkjastjórnar. Því miður eru rökstuddar grunsemdir um að hér hafi lofthelgi Íslands og íslenskt land verið notað til að flytja fólk í og úr þessari meðferð. Við verðum að tala skýrt um að það verður aldrei þolað.

[10:51]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég verð að segja það alveg hreint út að mér verður næstum því óglatt þegar ég hlusta á hv. þingmenn halda því fram að það sé ekkert sérstakt á seyði, ekkert sérstakt sé að gerast, eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði hérna áðan. Hvað kemur fram í þeirri skýrslu sem verið var að ræða í Evrópuráðinu í fyrradag? Þar kemur fram að menn hafa verið teknir á götu um hábjartan dag og þeim rænt í nágrannalöndum okkar og fluttir með ólögmætum hætti á milli landa í einhverjum leppfyrirtækjum CIA, til landa þar sem vitað er að pyndingum er beitt við yfirheyrslur. Svo koma menn og segja að þetta sé allt í fínu lagi, þetta sé bara svona óstaðfestur sögusveimur og ekki sé búið að sanna neitt. Þarf að koma með höfuðið á fati til þess að menn virkilega trúi? Er það svoleiðis?

Hvað hefur breyst frá því að hæstv. forsætisráðherra ræddi þetta við okkur fyrr í vetur? Hæstv. forsætisráðherra sagði að málið væri í umræðu hjá Evrópuráðinu og við skyldum bíða eftir rannsókn þess og sjá þá til hvernig málið væri. Nú kemur fram skýrsla í Evrópuráðinu þar sem því er slegið alveg föstu að ólöglegt fangaflug átti sér stað, þar sem sagt er að ekki sé hægt að færa sönnur á að það séu leynileg fangelsi til en það leiki grunur á því, þar sem rakin eru fjölmörg dæmi um að mönnum er rænt úti á götu í landi eins og Svíþjóð og fluttir um hálfan heiminn til að berja þá og hálfdrekkja. Þetta kemur fram í skýrslu Evrópuráðsins sem hefur verið í fylkingarbrjósti í baráttu fyrir mannréttindum og sem hæstv. forsætisráðherra hefur lyft sem slíkri stofnun. Það er það sem er nýtt. Þess vegna er það sem ég segi að hæstv. ríkisstjórn er tvísaga. Hún vildi bíða eftir Evrópuráðinu. Nú liggur skýrslan fyrir frá því og þá bara híar hún á skýrsluna.

[10:54]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Rétt er að ítreka að endanleg skýrsla Evrópuráðsins liggur ekki fyrir og frestur til að svara fyrirspurnum frá Evrópuráðinu sjálfu er til 21. febrúar. Ég vara menn hins vegar mjög við því að hrapa að niðurstöðum með þeim hætti sem komið hefur fram í umræðunni eða fullyrða á þann hátt sem gert hefur verið í umræðunni að Ísland og íslenskt yfirráðasvæði hafi verið notað í ólögmætum tilgangi til að flytja fanga eða koma þeim á áfangastað til pyndinga. (**ÖS:** Það liggur nú fyrir. Við vissum bara ekki af því.) Hv. þingmaður virðist vita meira en margur annar og skora ég þá hér með á hann að leggja fram þann vitnisburð og þær sannanir sem hann greinilega þykist hafa í því máli. Ég skora á hann að færa sönnur á þessar fullyrðingar og standa fyrir máli sínu. (**ÖS:** Ætlarðu þá að gera eitthvað?) Ég skora á hann að standa við stóru orðin í þessu máli að á Íslandi hafi farið um fangar sem ætlunin hafi verið að pynda með ólögmætum hætti. Ég hef margsagt það í ræðustól á þessu þingi: Íslensk stjórnvöld fordæma ólöglega meðferð á föngum eða pyndingar á föngum. Það gera allar vestrænar siðaðar þjóðir. Það gerir Bandaríkjaþing og Bandaríkjastjórn. (**Gripið fram í:** Hvað með Guantanamo?)

Hins vegar vil ég líka árétta að íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að allar þjóðir fari að alþjóðlegum mannúðar- og mannréttindasáttmálum og þeim lögum sem um þessi mál gilda hjá öllum siðuðum þjóðum. Þarf að taka það fram, hv. þingmenn?

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 288. mál (vatnsaflsrannsóknir, leyfi o.fl.). — Þskj. 304, nál. 512 og 536, brtt. 537.

[10:56]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í kjölfar þeirrar umræðu sem fram fór í lok síðasta árs um frumvarp það sem við ræðum nú vil ég að skýrt komi fram í upphafi þessarar umræðu að ætlunin var ekki að tengja útgáfu rannsóknarleyfa vegna vatnsaflsvirkjana við útgáfu nýtingarleyfa þannig að rannsóknarleyfishafi fengi forgang til nýtingar vatnsaflsins. Ætlunin er að leyfi til nýtingar jarðvarma og vatnsafls verði einvörðungu veitt í formi virkjanaleyfa á grundvelli raforkulaga og engin heimild er til að veita fyrirheit um forgang að slíkum leyfum. Þess í stað er ætlunin einungis að tryggja hagsmuni þeirra sem rannsaka auðlindir með möguleika á raforkuframleiðslu í huga með því að kveða á um að sá sem rannsakar fái endurgreiddan kostnað vegna rannsókna sinna ef öðrum er veitt virkjanaleyfið.

Staðan er því sú að forgangur að nýtingarleyfi á jarðhita nær aðeins til beinnar nýtingar jarðvarmans til hitaveitunota en ekki þegar um er að ræða framleiðslu raforku með jarðvarma, hvað þá heldur raforkuframleiðslu með vatnsafli. Ég tel í þessu ljósi óheppilegt að fella niður forgangsréttarákvæði núgildandi laga í ljósi hagsmuna hitaveitna víða um land. Ég tel hins vegar að ekki sé þörf á því að þegar um raforkuframleiðslu er að ræða, hvort heldur úr jarðvarma eða vatnsafli, að rannsóknarleyfishafi fái fyrirheit um forgang að nýtingu á því svæði sem hann rannsakar.

Rétt er að árétta að frumvarp það sem hér er til umræðu

gerir ráð fyrir að rannsóknarleyfi til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu veiti handhafa rétt til þess að rannsaka einn eða í félagi við annan á tilteknu rannsóknarsvæði. Jafnframt er kveðið á um að ef sá sem hefur rannsóknarleyfi fær síðar ekki heimild til að nýta það vatnsafl sem hann hefur kostað rannsóknir á verði honum endurgreiddur rannsóknarkostnaðurinn af þeim aðila sem nýtir viðkomandi virkjunarkost. Er það aðeins sanngjarnt með tilliti til hagsmuna þeirra sem leggja í mikinn kostnað vegna rannsókna. Hér er ekki með nokkru móti verið að ráðstafa þeim virkjunarkostum sem til staðar eru eða veita mönnum fyrirheit um forgang að nýtingu. Þessi regla er nauðsynleg að mínu mati til þess að orkufyrirtæki leggi fé í rannsóknir.

Hæstv. forseti. Umræða um mál þetta hefur farið í óheppilegan farveg og ég á minn þátt í því. Við þinglega meðferð málsins hafa komið fram athugasemdir sem ég tel vert að skoða nánar og með þetta í huga óska ég þess að málið verði aftur tekið upp í hv. iðnaðarnefnd og vonast til þess að þar geti orðið gott samstarf um málið.

[10:59]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er óvenjulegt að hæstv. ráðherrar gangist við því að hafa misskilið eigið frumvarp í grundvallaratriðum og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að upplýsa okkur um þetta og hún er maður að meiri að fara svona í málið en það hefði firrt okkur mikilli umræðu fyrir jólin ef legið hefði fyrir réttur skilningur á málinu. Ég held hins vegar að það sýni að fara þurfi mjög vandlega í gegnum þetta mál, það sé augljóslega illa til þess vandað.

Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé kannski líka misskilningur sem við sjáum á forsíðu Fréttablaðsins eftir henni í morgun í tengslum við virkjanaframkvæmdir í landinu að það megi nú ráðast í tvö risaverkefni á álsviði samhliða, annars vegar á Norðurlandi og hins vegar í Straumsvík, þ.e. yfir hálfa milljón tonna í álframleiðslu á aðeins örfáum árum eða hvort forsíða Fréttablaðsins í dag sé líka, eins og frumvarp ráðherrans sem hér er til umfjöllunar, einhver misskilningur hjá hæstv. ráðherra.

[11:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef kannski ekki tekið það nægilega skýrt fram áðan að ég er að tala um að málið verði skoðað milli 2. og 3. umr. í hv. nefnd. Þetta frumvarp fjallar um rannsóknir í vatnsafli og ég veit ekki að hve miklu leyti við eigum að taka hér upp almenna umræðu um raforkuframleiðslu í landinu og nýtingu raforku til stóriðjuframkvæmda. Í Fréttablaðinu í dag set ég fram þá skoðun mína að ég tel hvað hagkerfið varðar að hægt sé að fara í þessar framkvæmdir á sama tíma þó ég leggi áherslu á að þær eigi ekki að ná hámarki á sama tíma.

Hvað varðar afhendingu orku af hálfu orkufyrirtækjanna þá er það eitthvað sem ég svara ekki fyrir, alla vega ekki á þessari stundu.

[11:02]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var nauðsynlegt að kalla eftir viðbrögðum hæstv. iðnaðarráðherra við forsíðu Fréttablaðsins í dag með yfirlýsingum um að ekki ætti eingöngu að ráðast í eitt heldur tvö stórverkefni á þessu sviði. Yfirlýsingar iðnaðarráðherra eru náttúrlega teknar alvarlega í samfélaginu og þær hafa áhrif á markaði. Ef það er stefna ríkisstjórnarinnar að á næstu 4–5 árum eigi að fara í tvö risaverkefni í álverum þarf að ræða það í þinginu svo fljótt sem verða má. Það er auðvitað mikil breyting á þeirri efnahags- og atvinnustefnu sem við höfum fylgt hér — það er ekki hægt að taka það bara upp í iðnaðarráðuneytinu. Við hljótum að kalla eftir því hvort samstaða sé á milli stjórnarflokkanna um að ráðast í þessi tvö stórverkefni í einu og hvort það sé ríkisstjórnarákvörðun sem hæstv. iðnaðarráðherra kynnir í Fréttablaðinu í dag og þá þær stórfelldu virkjunarframkvæmdir sem því munu fylgja á örfáum árum.

[11:03]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan fá það skýrar fram hjá hæstv. ráðherra hvort hún telur það ófrávíkjanlegt að halda inni þessari heimild til að veita vilyrði fyrir virkjunarleyfi í 5. gr. laganna, einfaldlega vegna þess að það er ekki hægt að sjá að það vilyrði geti með nokkrum hætti staðist eftir að búið er að koma á samkeppni í þessari atvinnugrein. Ég fer fram á að í nefndarstarfinu milli 2. og 3. umr. fari menn yfir það án þess að loka á þá breytingu sem felst í tillögu stjórnarandstöðunnar um að það vilyrði verði fellt út. Ég fer fram á að hæstv. ráðherra tali skýrar um þetta, ég tel það mjög nauðsynlegt. Þetta er afar mikilvægt mál sem við erum að fjalla um, þ.e. rétturinn til þess að nýta þjóðarauðlindir.

[11:04]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki þeirrar skoðunar að ástæða sé til að fella þetta ákvæði út. Eins og fram kom í máli mínu áðan tel ég það mikilvægt vegna hitaveituframkvæmda og það gildir eingöngu um þær framkvæmdir. Það gildir ekki um raforkuframleiðslu vegna jarðvarma.

Við vitum að það er stefna stjórnvalda, og hefur verið lengi, að auka hitaveituvæðingu í landinu og víða fara fram rannsóknir til að svo geti orðið. Það veit ég að hv. þingmaður veit vegna þess að þetta er m.a. í hans kjördæmi. Ég sé því ekki ástæðu til að taka þetta ákvæði út en auðvitað er hægt að fara nánar yfir það milli 2. og 3. umr. í hv. iðnaðarnefnd.

[11:05]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Flestar þær virkjanir sem hér er um að ræða eru þannig gerðar að það er hægt að nýta heitt vatn líka, það ákvæði sem hæstv. ráðherra heldur hér í er hægt að nýta til þess að veita vilyrði fyrir öllum jarðhitavirkjunum sem menn láta sér detta í hug að koma hér á. Það er

þess vegna sem við treystum því ekki að það verði ekki notað í þeim tilgangi. Hæstv. ráðherra verður að sætta sig við þá tortryggni sem er gagnvart henni hvað þessi mál varðar.

Ég geri ráð fyrir því að í umræðum hér á eftir vilji menn ræða þessa hluti til hlítar, þ.e. hvernig eigi í framtíðinni að fara með auðlindir í eigu þjóðarinnar, þjóðarauðlindir sem eru mikils virði. Á samkeppnismarkaði, sem búið er að koma hér upp, er það óþolandi fyrir þá sem koma til með að þurfa að borga fullt gjald fyrir þær auðlindir sem þeir nýta að vera í samkeppni við þá sem hæstv. ráðherra úthlutar fyrir ekki neitt.

[11:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ástandið er í dag lagalega eru ekki miklar líkur á að orkufyrirtækin fari yfirleitt í rannsóknir. Hv. þingmaður veit að með þessu frumvarpi er verið að bregðast við því. Með samþykkt þessa frumvarps skapast einungis bráðabirgðaástand. Hins vegar veit hv. þingmaður líka að fjallað verður um það í sérstakri nefnd, sem ég mun skipa strax og lögin hafa verið samþykkt, hvernig við viljum haga þessum málum til framtíðar.

Vissulega koma þar upp mjög stór mál og áleitnar spurningar og því tel ég mikilvægt að frumvarpið verði samþykkt sem fyrst. Þá getum við farið að vinna að þeim mikilvægu hagsmunamálum sem þarf að fjalla um í nefndinni. Undirbúningur undir það nefndarstarf er þegar hafinn, sérfræðingar eru að vinna verk sem kemur nefndinni að góðu.

[11:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér ber allt að sama brunni. Hæstv. ráðherra gekk fram fyrir skjöldu í síðasta mánuði, viðurkenndi eigin misskilning og sagði í viðtölum í fjölmiðlum að það hefði orðið misskilningur varðandi flutning þessa máls sem hún gæti kennt sjálfri sér og ráðuneytinu um. Hún sagði að þau, þ.e. hún og ráðuneytið, hefðu ekki gefið nægilega skýrar upplýsingar til nefndarinnar, til iðnaðarnefndar Alþingis og til Alþingis. Mér sýnist því málið þannig vaxið að hefja þurfi 2. umr. um það á nýjan leik. Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að mæta fyrir iðnaðarnefnd, skýra málið upp á nýtt til að nefndin fái tækifæri til þess að búa til nýtt nefndarálit. Það bull sem er í skjölum nefndarinnar núna byggist á röngum upplýsingum sem ráðherrann er búin að viðurkenna að hafa gefið. Ég óska eftir því að það verði samþykkt að málið verði aftur tekið inn í nefndina og við fáum nýja 2. umr.

[11:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins og hver annar brandari að hefja nýja 2. umr. um málið. Sú umræða er þegar hafin, hér fer fram framhald 2. umr. (Gripið fram í.) Hv. þingmenn, sem hafa sett sig inn í málin, eru það fljótir að hugsa, heyrist mér og veit, að þeir geta mjög fljótt sett sig inn í hver misskilningurinn var við upphaf 2. umr. Það hefur núna verið skýrt. Það er ekki það flókið að hv. þingmaður geri sér ekki fullkomlega grein fyrir því hvað þar er á ferðinni.

En ég vil leggja áherslu á að mér finnst eðlilegt að málið fari inn í nefndina á milli 2. og 3. umr. Þetta er í raun miklu einfaldara mál en ég lét vera láta þegar umræðan hófst, þ.e. 2. umr. Málið snýst eingöngu um það að þeir sem setja fjármagn í rannsóknir vegna vatnsafls fái það endurgreitt ef einhver annar en þeir fá síðar virkjunarleyfið. Búið.

[11:10]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Málið er auðvitað ekki einfalt. Þegar hæstv. ráðherra segir, bæði hér í ræðustóli og í fjölmiðlum, að málið gangi út á það að þeir sem rannsaka vatnsafl eigi að fá tryggingu fyrir því að þeir fái kostnaðinn endurgreiddan ef þeir fá ekki nýtingarleyfið, þá felur það í sér að sá sem fær á endanum nýtingarleyfið og hefur lagt út í kostnaðinn við rannsóknirnar hefur ákveðinn forgang og hann veit það. Sá sem fær virkjunarleyfið hlýtur að þurfa að vera búinn að vinna einhverjar rannsóknir eða, sem er líka mikilvægt, að kaupa þær af öðrum. Það er mjög mikilvægur þáttur þessa máls að rannsóknir geta núna, samkvæmt nýju raforkulögunum sem hæstv. iðnaðarráðherra dýrkar og prísar, farið að ganga kaupum og sölum. Það er mjög alvarlegur angi þessa máls sem við höfum ekki rætt til hlítar. Ég hlýt að mótmæla því sem hæstv. ráðherra segir, að ekki sé þörf á að hefja 2. umr. á nýjan leik. Sjálf er ég búin með mína fyrri ræðu og hún hefði hljómað á allt annan veg ef ég hefði þá haft þær upplýsingar sem ég hef núna.

[11:11]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit að hv. þingmenn Vinstri grænna eru ekki voðalega mikið fyrir viðskipti svona almennt. Það er hins vegar þannig (**KolH:** Er þetta ekki málefnalegt komment?) að ríkið hefur t.d. selt mikið af rannsóknum í gegnum tíðina. Rannsóknir eru ákveðin verðmæti og ekkert óeðlilegt við það að þær séu seldar af hálfu þess sem hefur rannsakað til þess sem hugsanlega fær virkjunarleyfi. Mér finnst einmitt mikilvægt að fyrir því sé lagagrundvöllur frekar en að sá sem rannsakar fái einhvern forgang að nýtingunni, sem hv. þingmenn eru á móti. Málið gengur ekki út á forgang eins og leit út fyrir fyrir jólin.

[11:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér sýnist stjórn þingsins verða að taka hæstv. iðnaðarráðherra í gjörgæslu og vita hvort ekki er hægt að fá fram hvort hún skilur sjálf hvað hún er að segja. Í einu orðinu segir hæstv. ráðherra að henni hafi orðið á mistök fyrir jól. Þá hafi úthlutun rannsóknarleyfa og nýtingarleyfa verið tengd saman en það hafi verið misskilningur. Nú byrjaði hæstv. ráðherra á því hér í skýringum sínum að segja að þetta sé auðvitað tengt. Hún spyr: Hver vill fara í rannsóknir nema geta verið fjárhagslega öruggur annaðhvort með því að fara í framkvæmdirnar sjálfur eða fá þær

að fullu greiddar? Rannsóknarleyfin sjálf eru orðin markaðsvara.

Ég tel, frú forseti, að við verðum að hefja 1. umr. um þetta mál. Ræður ráðherra við 1. umr. snerust allar um það að enginn vildi fara í rannsóknir í vatnsföllum nema hafa einhverja tryggingu fyrir því að aðrir fengju ekki virkjunarréttinn þegar þar að kæmi. Ég vil að hæstv. ráðherra skýri betur sitt mál.

[11:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á ég að skilja það þannig að hv. þingmaður sé á móti því að rannsóknir sem unnar eru af einu fyrirtæki geti orðið söluvara gagnvart öðru fyrirtæki sem fær virkjunarleyfi síðar? Er það vandamál, er það eitthvað sem hv. þingmaður er á móti?

Mér finnst mjög eðlilegt að fyrirtækið sem hugsanlega nýtir ekki rannsóknirnar geti selt þær. En það getur verið að þar sé grundvallarágreiningur uppi, að hv. þingmaður telji að ekki mega selja rannsóknir.

[11:14]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvað varðar rannsóknir á stórum landsvæðum með tilliti til nýtingar, hvort sem það er til orkuöflunar eða annarra þátta, þá tel ég reyndar að opinberir aðilar eigi að koma að því og þá samkvæmt rammaáætlun og samkvæmt forgangsröðun í þeim efnum. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að verja einhverju svæði til virkjunar þá sé því úthlutað eða það fellt eftir atvikum. Ég er þeirrar skoðunar að rannsóknarleyfi á lífríki Skagafjarðar eigi ekki að vera markaðsvara einhverra sem hafa peninga eða pólitísk tengsl til þess að komast yfir það.

Ég hef áhyggjur, frú forseti, af ráðherranum sem hér kemur en virðist ekki geta skilið út á hvað yfirlýsingin gengur. Hún er dregin sitt og hvað fram og til baka. Á það sama við um það þegar hæstv. ráðherra telur að hér megi byggja þrjú álver, það komi Kyoto-bókuninni ekkert við? Frú forseti, (Forseti hringir.) ég hef áhyggjur af þessu.

[11:16]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að ég hafi gengið lengra en hv. þingmaður í þeim efnum að ég hef þó a.m.k. viðurkennt að ég hafi haft á röngu að standa. Það er eitthvað sem hv. þingmaður mundi aldrei viðurkenna þó það gerist nú daglega að mínu mati að hann hafi á röngu að standa.

En af því að hv. þingmaður minntist hér á rammaáætlun þá er einmitt mikilvægt vegna rammaáætlunar að þetta frumvarp verði að lögum og þessar auðlindir okkar verði rannsakaðar. Það skiptir máli vegna rammaáætlunar.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 11:18]

[15:02]

Útbýting:

Einkahlutafélög, 462. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 689.

Hlutafélög, 461. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 688.

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 463. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 690.

Umræður utan dagskrár.

Breytingar á skattbyrði.

[15:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Nýverið afhjúpaði prófessor við Háskóla Íslands rækilega hvernig ríkisstjórnin hefur orðið sér til háborinnar skammar með mikilli skerðingu á kjörum öryrkja, m.a. með því að taka aftur með aukinni skattbyrði þá litlu hækkun sem orðið hefur á lífeyrisgreiðslum. Enn er flett ofan af gjörðum ríkisstjórnarinnar þar sem sami prófessor sýnir fram á í ítarlegri og faglegri úttekt það sem við í stjórnarandstöðunni höfum margoft bent á, að skattbyrði hafi aukist á fólk með lágar og meðaltekjur eða hjá um 90% heimila í landinu. Samt leyfir fjármálaráðherra sér að halda því fram að skattar hafi lækkað og þar hreinlega skrökvar hann að þjóðinni.

Fjármálaráðherrar íhaldsins, þeir Friðrik Sophusson, Geir Haarde og Árni M. Mathiesen, hafa allir siglt undir fölsku flaggi og eiga Íslandsmet í skattpíningu á almenning í bullandi góðæri, skattpíningu á lífeyrisþega, skattpíningu á lágtekjufólk, skattpíningu á fólk með meðaltekjur, raunar alla nema ofurforstjórana og efnafólkið. Fjármálaráðherrarnir þrír hafa allir sem einn á síðustu tíu árum vísvitandi aukið skatta á almenning í landinu eins og flokksbróðir þeirra, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, hefur réttilega haldið fram og viðurkennt. Bæði ríkisskattstjóri og Gylfi Magnússon, dósent í viðskipta- og hagfræðideild, taka undir með Stefáni Ólafssyni um að skattbyrði hafi aukist hjá almenningi og mest hjá þeim lægst launuðu. Að segja annað er hrein blekking og fjármálaráðherra á að viðurkenna þá staðreynd að Sjálfstæðisflokkurinn er mesti skattpíningarflokkur Íslandssögunnar gagnvart almenningi í landinu.

Þessi skattpíningarflokkur hefur á síðustu tíu árum skert skattleysismörkin um 16 milljarða miðað við neysluvísitölu og 35 milljarða miðað við launavísitölu. Það er skýringin á því af hverju skattleysismörkin eru aðeins 79 þúsund en ættu að vera 105 þúsund ef þau hefðu haldið í við neysluvísitölu. Þetta fjármagn var tekið úr vösum almennings og fært yfir til ofurforstjóranna og efnafólksins til að létta af þeim sköttum. Þannig fá forstjórarnir með ofurkjörin 2,3 milljónir í skattalækkanir á ári þegar skattbreytingarnar eru að fullu komnar til framkvæmda árið 2007. Þetta hefur gerst á sama tíma og barnabætur og vaxtabætur hafa líka verið skertar og lítils háttar aukning nú á barnabótum nær ekki einu sinni að halda í við þær greiðslur sem barnafjölskyldur fengu þegar þessi ríkisstjórn tók við 1995.

Veruleg aukning hefur líka orðið í gjaldtöku og lyfjakostnaði einstaklinga í heilbrigðiskerfinu. Þannig pínir Framsóknarflokkurinn almenning gegnum aukna gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu og Sjálfstæðisflokkurinn í gegnum gíf-

urlega aukningu á skattbyrði en allur almenningur þarf nú að greiða minnst einum mánaðartekjum meira í skatt en þeir gerðu fyrir tíu árum.

Það er engin málsvörn í því, virðulegur forseti, að halda fram, eins og stjórnarflokkarnir gera, að launahækkanir og aukinn kaupmáttur sé skýringin á aukinni skattbyrði. Lítum aðeins á það. Kaupmáttur efnafólks hefur hækkað um 56% en kaupmáttur láglaunamannsins aðeins um 28%. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Hvernig stendur þá á því að auknar kjarabætur til efnafólksins skila sér í lægri skattbyrði hjá þeim eða um 4,5% en aftur á móti skila auknar kjarabætur til lágtekjufólksins sér í 14–15% aukningu á skattbyrði?

Rökleysa stjórnarflokkanna sést líka á því að launin hafa einnig verið að hækka víða á Vesturlöndum og samt hefur skattbyrði þar lækkað eða staðið í stað meðan hún eykst hér hjá 90% þjóðarinnar. Það er ekkert náttúrulögmál að skattbyrði aukist með vaxandi tekjum heldur skiptir þar máli hvernig ríkisstjórnin hefur hagrætt í skattkerfinu til hagsbóta fyrir hálaunafólk, m.a. með gífurlegri skerðingu á skattleysismörkum.

Það er skattbyrði á rauntekjum sem skiptir öllu máli sem sést best af því að á árinu 1988 var ekki greidd ein króna af tekjum sem samsvara að raungildi 100 þús. kr. í dag en nú er greiddur af þessum 100 þús. kr. 9–10% skattur. Stjórnarflokkarnir hafa verið í forustu fyrir því að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari og brýnasta verkefni þeirra 90% þjóðarinnar sem skattbyrðin hefur verið aukin hjá er að koma ríkisstjórninni frá. Skattkerfi skattpíningarflokkanna lítur þannig út að þeir tekjuhæstu greiða að meðaltali 12% af tekjum sínum í skatt en allur almenningur greiðir að meðaltali um 25% af tekjum sínum í skatt. Fyrir þetta óhæfuverk á að refsa stjórnarflokkunum í næstu kosningum og ég segi: Burt með þennan fjármálaráðherra sem skattpínir þannig almenning.

[15:08]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir að hefja máls á þessu ánægjulega umræðuefni, því að þetta umræðuefni er auðvitað um árangur hagkerfisins og um ávinning þjóðarinnar á undanförnum árum. Sannarlega hafa skattar lækkað (**Gripið fram í:** Hækkað.) og ef við tökum viðmið í árinu 1994 og tökum nokkur raunveruleg dæmi má öllum vera það ljóst.

Hjón með tvö börn undir sjö ára aldri, annað er á vinnumarkaði og með 240 þús. kr. tekjur, greiddu árið 1994 22,5% af tekjum sínum í beina skatta. Þau greiða núna á árinu 2006 0,8% og á árinu 2007, þegar skattalækkanirnar eru allar gengnar í gildi, verða skattarnir 1% í mínus.

Hjón með tvö börn undir sjö ára aldri þar sem bæði eru á vinnumarkaðnum og með 240 þús. kr. tekjur greiddu 1994 31,9% í skatta en núna á árinu 2006 18,4% og á árinu 2007 munu þau greiða 15,2% í skatta.

Einstætt foreldri með tvö börn undir sjö ára aldri og 240 þús. kr. tekjur greiddi árið 1994 23% í skatta, greiðir árið 2006 8% og mun greiða árið 2007 4,1%.

Einstaklingur með 240 þús. kr. tekjur greiddi árið 1994 31,9%, greiðir árið 2006 23,2% og mun greiða 21% á árinu 2007.

Einstætt foreldri með tvö börn undir sjö ára aldri og 120 þús. kr. tekjur greiddi árið 1994 í skatta mínus 15,5%, árið 2006 mínus 26% og mun á árinu 2007 greiða mínus 30,8%. (**KLM:** Hvernig greiðir maður mínus?) Það gerist þannig, af því að hv. þingmaður var sveitarstjórnarmaður, það gerist m.a. þannig að ríkið greiðir útsvarið fyrir þig.

Nú skulum við taka annað dæmi með annarri nálgun um hjón með tvö börn og núna annað undir sjö ára aldri og ein fyrirvinna sem var með í tekjur árið 1994 175 þús. kr. Sú fjölskylda greiddi 10,8% í skatta árið 1994. Árið 2007, miðað við launavísitölu, yrði þessi fjölskylda með 250 þús. kr. tekjur, launin hafa hækkað miðað við launavísitölu, og þá mun þessi fjölskylda greiða mínus 1,8% í beina skatta á sama hátt. (Gripið fram í.)

Það hefur verið talað heilmikið um að persónuafsláttur og skattleysismörk, sem auðvitað skipta mestu máli í þessu samhengi, hafi ekki fylgt verðlagi. Það er að hluta til rétt því að árið 1989, þegar forverar Samfylkingarinnar voru í ríkisstjórn og formaður forvera Samfylkingarinnar var fjármálaráðherra og hv. málshefjandi var í ríkisstjórn, þá var persónuafslátturinn aftengdur frá verðlagi. Síðan hefur þetta verið á ýmsan hátt. En frá árinu 2000 hefur persónuafsláttur fylgt almennum kjarasamningum og í meginatriðum fylgt verðlagi.

Ef við skoðum hver skattleysismörkin árið 1994 væru á föstu verðlagi 2006, þá væru þau 83,858 kr. Árið 2007 verða þessi skattleysismörk 84,302 kr. og er þá meðtalinn skyldulífeyrisfrádráttur sem nú er frádráttarbær frá skatti en var það ekki 1994. Ef við tökum svo árið 2006 þá eru þessi skattleysismörk 84,600 kr. og þá tökum við með bæði skyldu- og valkvæðan lífeyrisfrádrátt. Umræðan um stöðu og þróun skattleysismarka er því í meginatriðum byggð á sandi.

Ef við skoðum síðan skatttekjur ríkisins þá er það rétt að skatttekjur ríkisins hafa aukist á undanförnum árum. En skatttekjur ríkisins sem meðaltal af landsframleiðslu frá 1990 fram til dagsins í dag voru að meðaltali 28,7%, verða á þessu ári 28,8% og fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að þær verði 27,8%.

Frú forseti. Því eru tvær spurningar sem málshefjandi og aðrir verða að svara: Eigum við að leggja af stighækkandi tekjuskatt? Átti ríkisstjórnin ekki að borga skuldir um leið og hún lækkaði skattana eða átti hún að lækka skattana meira?

[15:13]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Í grein sem Stefán Ólafsson prófessor skrifar í Morgunblaðið 18. janúar sl. spyr hann, með leyfi forseta:

„Spyrja má hvaða brýna þörf hafi borið til að refsa eldri borgurum, öðrum lífeyrisþegum og láglaunafólki á vinnumarkaði með þessari auknu skattbyrði?“

Launabil eykst og kjaramunur vex og það er að verða fullkomið gap á milli ríkra, reyndar ofurríkra einstaklinga, og þeirra sem lægstu laun hafa hér í þjóðfélaginu. Aukinn launa- og kjaramunur er knúinn áfram af stefnu þessarar ríkisstjórnar. Fyrirtæki og þjónustustofnanir almennings eru einkavæddar og nýir stjórnendur veita sjálfum sér ofurlaun. Á þetta höfum við bent í Vinstri hreyfingunni – grænu

framboði. En það er ekki aðeins tekjubilið sem eykst, skattstefna ríkisstjórnarinnar færir með markvissum hætti skattbyrðina á lægri og lægstu tekjur. Stóreignamönnum og þeim sem fá fjármagnstekjur er hlíft alveg sérstaklega.

Nú bera allar fjármagnstekjur 10% skatt. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt fram tillögur um að ákveðnar fjármagnstekjur séu alveg skattfrjálsar en síðan verði borgaður hliðstæður skattur af miklum fjármagnstekjum og gert er af launatekjum.

Frú forseti. Landssamtök eldri borgara og Öryrkjabandalagið hafa bent á að í lægstu tekjuhópunum þar sem skattbyrðin jókst mest eru flestir eldri borgarar, öryrkjar og lágtekjufólk. Heildarskattbyrði hjá þessu fólki hefur á síðustu tíu árum aukist um 14–15%. Í efsta tekjuhópnum einum þar sem menn hafa 1,2 milljónir eða meira í mánaðarlaun hefur skattbyrðin á tíu ára tímabili (Forseti hringir.) lækkað um 464 þús. kr. á árinu 2004 samkvæmt tölum Stefáns Ólafssonar.

[15:15]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér breytingar á skattbyrði og hefur hæstv. fjármálaráðherra rakið nokkur góð dæmi á undan. Mér þykir þessi umræða nokkuð sérkennileg svo ekki sé meira sagt. Það er ekki boðlegt að segja að skattalækkanir undanfarin ár hafi í reynd leitt til skattahækkana og aukið skattbyrði fólks. Er það skattahækkun að hafa lækkað tekjuskatt einstaklinga um 9,6% frá árinu 1995? Er það skattahækkun að hafa lagt niður eignarskatt einstaklinga? Er það skattahækkun að hafa lagt niður sérstakan tekjuskatt sem var 5% árið 1995? Er það skattahækkun að hafa gert persónuafslátt hjóna að fullu millifæranlegan í stað þess að vera 80% millifæranlegur árið 1995? Það gefur augaleið að allir þessir þættir hafa að sjálfsögðu leitt til verulegrar lækkunar á skattbyrði og sem betur fer hafa tekjur einstaklinga aukist mikið og því tekjur ríkissjóðs einnig.

Mér finnst mjög sérstakt að hlýða á málflutning hv. stjórnarandstöðu hér og þá helst Samfylkingarinnar. Í síðustu kosningabaráttu lofuðu flestir flokkar skattalækkunum. Stjórnarflokkarnir stóðu við það loforð líkt og alltaf stóð til. Þegar við hins vegar ákváðum að lækka skatta reis Samfylkingin upp, var búin að gleyma kosningaloforðum sínum, og mótmælti skattalækkunum. Gott og vel. Það er ekkert nýtt við það að stefnan breytist úti í miðri á. En nú verð ég að viðurkenna að vera næstum því alveg mát því að síðustu daga er Samfylkingin skyndilega alveg bit á öllum þessum svokölluðu skattahækkunum sem hún virðist greina á mjög undarlegan hátt og vill lækka skatta. Er það nema von, virðulegi forseti, þó að fólk sé orðið undrandi á þessum hringlandahætti?

[15:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Niðurfelling hátekjuskattsins á þessu ári gerði það m.a. að verkum ásamt skattstefnu ríkisstjórnarinnar, að lækka skattprósentuna um 1% á þessu ári og 2% á árinu 2007, að hátekjufólkið hefur notið verulegs hagræðis í skattbreytingastefnu ríkisstjórnarinnar. Allt er þetta gert með fullum vilja núverandi ráðamanna. Þeir hafa kallað þessa stefnu breikkun á skattstofninum, þ.e. að fá fleiri til að greiða skatta og það sést auðvitað mjög glöggt þegar tölur eru skoðaðar að lágtekjufólkið er farið að greiða skatta sem það gerði ekki áður. Skattleysismörkin eru einhvers staðar í kringum 76–77 þúsund og fólk með 100 þús. kr. tekjur greiðir skatt.

Hver ætlar að halda því fram í þessum sal að fólk með 100 þús. kr. tekjur komist af? Það er fáheyrt hvernig ríkisstjórnin hefur farið í þessi mál. Það hefði verið auðveldur leikur hjá ríkisstjórninni, úr því að hún vildi setja 16 milljarða í sérstakar skattalækkanir, að fara þá leið að hækka persónuafsláttinn eins og við lögðum til í Frjálslynda flokknum fyrir síðustu alþingiskosningar og jafna þannig kjörin í landinu, hífa upp kjör þeirra lægst launuðu. Það kostar nánast það sama, virðulegur forseti, að lækka skattprósentuna um 1% og hækka persónuafsláttinn um 2.600 kr. á mánuði, það eru um 4 milljarðar kr. Ef ríkisstjórnin var tilbúin að fara þessa skattalækkunarleið hefði verið eðlilegt að jafna kjörin.

Hæstv. fjármálaráðherra spurði áðan: Eigum við að taka upp þrepaskipt skattkerfi eins og er víða í löndunum í kringum okkur? Við vorum með þrepaskipt skattkerfi meðan við vorum með hátekjuskattinn inni. Núna erum við með (Forseti hringir.) eina prósentu og höfum fjölgað þeim sem greiða skatta af lágum tekjum.

[15:20]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Almenningur greiðir meira í skatt en hann gerði áður. Fjölmargir sérfræðingar hafa staðfest að lækkun á skattprósentunni segir ekki alla söguna og að hún birti jafnvel villandi mynd. Fjármálaráðherra sá sem hér situr staðfesti í skriflegu svari að skattbyrði allra tekjuhópa hafi þyngst frá árinu 2002 að einum hópi undanskildum. Hjá hverjum? Hjá þeim 10% einstaklinga sem hafa hæstu tekjurnar, með meira en 1,2 milljónir á mánuði. Núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins hefur sömuleiðis staðfest skriflega að 95% hjóna greiddi hærra hlutfall tekna sinna í tekjuskatt árið 2002 en árið 1995, árið sem þessi ríkisstjórn tók við.

Ríkisstjórnin kemst ekki fram hjá sínum eigin tölum. Skattbyrðin hefur einfaldlega þyngst og ríkisstjórnin hefur sjálf staðfest það. Tekjuskattsgreiðslur einstaklinga til ríkisins hafa aukist um 65% á valdatíma þessarar ríkisstjórnar. Hvað segir það okkur annað en að skattbyrðin hafi þyngst? Þeir stjórnarliðar sem viðurkenna staðreyndir telja hins vegar að það sé eðlilegt að skattbyrði almennings þyngist því tekjur hafi hækkað. Þetta er rangt. Það er vel hægt að létta skattbyrðina þótt tekjur hækki. Hækkun skattleysismarka er ein leið að því takmarki. Skattleysismörkin hafa hins vegar setið eftir í tíð þessarar ríkisstjórnar og það breyttist 1996. Þau væru núna 30% hærri ef þau hefðu fylgt verðlagi.

Hræsni stjórnarþingmanna í dag er algjör. Ég get fullyrt að ef þeir væru í stjórnarandstöðu væru þeir hoppandi vitlausir yfir þessari auknu skattbyrði. Sá málflutningur hentar hins vegar ekki núna. Staðreyndir í þessari umræðu ríma illa við blekkingar ríkisstjórnarinnar eða við þann málflutning brellumeistara ríkisins sem við sáum hér í dag. Kjarni

málsins er sá að ríkisstjórnin hefur þyngt skattbyrði á landsmenn nema hjá allra tekjuhæstu hópunum. Þetta staðfesta allir nema ríkisstjórnarflokkarnir (Forseti hringir.) og skattabrellur þeirra geta ekki falið staðreyndir málsins.

[15:22]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Alþjóðastofnanir og hv. stjórnarandstæðingar vöruðu við skattalækkunum og hafa gert undanfarin ár. Núna tala þeir um skattahækkanir. Hvort meina þeir skattalækkun eða skattahækkun?

Í umræddri grein prófessors Stefáns Ólafssonar er hann að bera saman tíundir í skattkerfinu og það er ágætisaðferð til að bera saman skattbreytingar ef aðstæður eru óbreyttar en þær eru aldeilis ekki óbreyttar. Atvinnuleysi hefur minnkað úr 5–6% niður í hálft prósent, atvinnulausir eru flestir í lægsta hópnum. Námsmönnum hefur fjölgað úr 5 þúsund í 9 þúsund. Þeir eru líka í lægsta hópnum og fá lánað fyrir framfærslunni. Útlendingum fjölgaði á síðasta ári um 3.500, það eru sennilega um 7.000 útlendingar sem eru að mati verkalýðshreyfingarinnar með lægstu launin og þeir voru ekki með áður. Aldraðir á hjúkrunarheimilum sem fá niðurfelldar allar tekjur eru líka í þessum hópi og þeim hefur fjölgað mjög verulega vegna fjölgunar þjóðarinnar. Það eru því miklar breytingar.

Árið 1997 tókum við upp 10% fjármagnstekjuskatt sem breytti öllu. Vextir voru skattfrjálsir áður og ekki einu sinni taldir fram. Allar forsendur eru því breyttar og það breytir niðurstöðunni í hæsta hópnum sem nú borgar 10% af stórum hluta teknanna. (**Gripið fram í:** ... launatekjur.) Fjármagnstekjur eru líka inni í þessu. Iðgjald í lífeyrissjóði er frádráttarbært sem ekki var áður. En veigamesta atriðið sem hefur breyst er stórkostleg hækkun launa, um 50% umfram verðlag almennt, og miklu meiri hækkun lægstu launa og lægstu launa elli- og örorkulífeyrisþega. Það er aðalbreytingin. Og af því að skattkerfið er þannig að þeir sem eru með hærri laun borga hærri skatta þá hefur skattbyrðin að sjálfsögðu hækkað og það er ánægjulegt.

[15:24]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Stóra spurningin í dag er hvort skattar hafi hækkað eða lækkað og ríkisstjórnin reynir að verjast með því að sveifla í kringum sig krónutölum og prósentum. En það sem brýnast er að gera er að rýna í pólitíkina sem býr að baki þessum krónutölum og prósentum og hvaða áhrif þessi pólitík hefur haft á lífskjörin í landinu. Þá kemur í ljós að sú ríkisstjórn sem nú stýrir landi okkar hefur gripið til sértækra ráðstafana í skattamálum. Þær hafa gengið út á það að létta skattbyrðum af þeim sem hafa hæstu kjörin og eiga mestu eignirnar á meðan hinir sem minnst bera úr býtum fá auknar skattbyrðar á sig. Einstaklingur sem aflar 10 milljóna á ári hagnast á skattapakka ríkisstjórnarinnar sem nemur einni milljón. Öryrki sem fyrir 10, 15 árum greiddi ekki skatta af tekjum sínum borgar núna ígildi örorkubóta í tvo mánuði. Það er þetta sem hefur verið að gerast. Þess vegna er svarið: Skattar hafa bæði hækkað og lækkað.

Fyrir síðustu kosningar var deilt um hvað gera ætti í skattamálum. Að baki þeirri deilu var djúpstæður pólitískur ágreiningur: Á að fjármagna samfélagsþjónustuna með því að láta einstaklingana greiða beint, námsmanninn, hinn sjúka, eða ætlum við sem erum frísk að gera það saman? Eigum við að taka undir með hinum sjúka? Þess vegna var Vinstri hreyfingin – grænt framboð eini flokkurinn sem ekki mælti með skattalækkunum. Við höfum lagt fram tillögur á þinginu um hvernig færa eigi skattbyrðarnar til og gera skattkerfið réttlátara, við höfum komið með tillögur um að létta byrðarnar hjá sveitarfélögum í landinu sem mörg hver berjast í bökkum til að halda úti nauðsynlegri samfélagsþjónustu. Þess vegna eigum við ekki að (Forseti hringir.) einskorða þessa umræðu við skattana eina heldur útgjöld og lífskjör einstaklinganna einnig.

[15:27]

Sæunn Stefánsdóttir:

Frú forseti. Það er óumdeilt að kaupmáttur ráðstöfunartekna á Íslandi hefur aukist um nær 60% á síðustu tíu árum. Sambærilegar tölur þekkjast ekki í nágrannalöndunum, þar hefur kaupmáttaraukningin verið á bilinu 15–20%. Þetta þýðir auðvitað að skattgreiðslur hafa aukist. Kaupmáttaraukningin, traust atvinnuuppbygging, vöxturinn, vinnan, velferðin, eins og var lofað, hefur verið grunntónninn í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og auðvitað gagnast þetta öllum almenningi á Íslandi.

Um skatta almennt á það að gilda að þeir eiga að vera réttlátir, sanngjarnir og skattheimtan á að vera þannig að borgurum landsins þyki sjálfsagt að greiða þá. Í sjálfu sér dregur maður ekki í efa þessar fullyrðingar fræðimannanna. Í fyrsta lagi hefur t.d. verið dregið úr skattbyrði fyrirtækja, í öðru lagi hefur á síðustu 12–13 árum verið dregið úr tekjujafnandi millifærslum í skattkerfinu og þá mest í upphafi tímabilsins, en síðast en ekki síst hefur opinber þjónusta við borgara þessa lands aukist stórkostlega, einkum eftir 1995.

Er það ekki með sköttum sem við greiðum fyrir almenna velferð í landinu? Er það ekki með sköttum sem við greiðum fyrir fullkomið heilbrigðiskerfi? Er það ekki með skatttekjum hins opinbera sem átak hefur verið gert í kennslu í skólakerfinu allt frá grunnskólanum og upp úr? Samkvæmt fjárlögum 2006 verða útgjöld ríkissjóðs til almannatrygginga og velferðarmála rúmlega 73 milljarðar og hafa þá útgjöld til velferðarmála rúmlega tvöfaldast frá árinu 1998.

Virðulegur forseti. Heildarskattbyrði er eitt og tilfærslur í skattkerfinu er annað. Hvenær voru t.d. barnabætur skertar um 70% með fyrsta barni hjóna og 38% með börnum umfram eitt? Hvenær voru skerðingarmörk einstæðra foreldra lækkuð um fjórðung? Hvenær voru barnabætur lækkaðar úr 30 þús. kr. í 9 þús. kr.? Var það ekki gert undir gunnfána ríkisstjórnar sem kenndi sig við eyju hér úti á sundum? Sá sem talar um sjónhverfingar í skattamálum, virðulegur forseti, hefði e.t.v. átt að hnika til samanburðar árum sínum í sagnfræðinni þannig að öll myndin skýrðist.

[15:29]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það eru staðreyndir að síðan þessi ríkisstjórn tók við völdum árið 1995 hafa útgjöld ríkisins aukist um

120 milljarða á föstu verðlagi. Það eru staðreyndir. Þessir peningar verða einungis teknir annaðhvort með því að hækka skatta eða selja eigur ríkisins. Við skulum gæta að því að það sem fékkst fyrir sölu Símans er einungis helmingurinn af því sem útgjöld ríkisins hafa aukist árlega þannig að restin hefur komið af skattahækkunum. Þetta eru staðreyndir og þetta er staðfest af OECD og það á ekki að vera að deila um það hér. Annað sem er alvarlegt er að misskiptingin hefur aukist. Þetta er svona miðstýrð misskipting sem Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkurinn hafa stýrt.

Það var athyglisvert að heyra hér ræðu hæstv. fjármálaráðherra en hann var að reikna fram í tímann tekjur og skattbyrði fjölskyldna þegar skattalækkanir væru komnar til framkvæmda. En gætum að því að þegar ég spurði fjármálaráðherra hér um árið hver misskiptingin yrði þegar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar væru komnar til framkvæmda þá stöðvuðust allar reiknivélar í ráðuneytinu. En nú þegar reikna á eitthvað hentugt fram í tímann fara þær allt í einu í gang aftur. Mér finnst mjög athyglisvert að menn séu að leyna upplýsingum og reikna út það sem hentar. Mér finnst þessi umræða og þær upplýsingar sem hér koma fram vera þess háttar að tímabært sé að fá fram umræðu í þinginu um hvað hægt er að láta hæstv. ráðherra reikna. Er það bara eitthvað sem hentar ríkisstjórninni eða er hægt að fá almennar upplýsingar um þróun misskiptingar fram í tímann þegar hæstv. ríkisstjórn er búin að koma málum sínum til framkvæmda?

[15:31]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Allar tilraunir fjármálaráðherra hér áðan til að slá ryki í augu fólks, m.a. um skattaumhverfi almennings áður en þessi ríkisstjórn tók við árið 1995, og halda áfram blekkingaleiknum duga bara ekki. Það eru tómar blekkingar þegar hér er verið að reyna að drekkja fólki í talnaflóði ráðherrans. Það staðfestir t.d. þetta línurit um persónuafslátt frá ráðuneytinu sjálfu, frá ráðuneyti ráðherrans. Þetta línurit sýnir að persónuafslátturinn hélst í hendur við launa- og neysluvísitölu frá árinu 1988–1995 þar til þessi ríkisstjórn tók við. Síðan þá hefur persónuafslátturinn jafnt og þétt dregist aftur úr, bæði launavísitölu og neysluvísitölu. Svo er nú komið að persónuafslátturinn hefði átt að vera um 100 þús. kr. hærri á ári ef hann hefði fylgt neysluvísitölu frá 1995 og rúmlega 220 þús. kr. hærri á ári hefði persónuafslátturinn fylgt launavísitölu. Þetta eru nú staðreyndir málsins. Það segir allt sem segja þarf. Það skiptir máli hverjir stjórna fyrir að minnsta kosti 90% þjóðarinnar sem hafa þurft að sæta aukinni skattbyrði og skattpíningu í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er auðvitað fjarstæða að halda því fram, eins og hæstv. fjármálaráðherra gerir í veikri málsvörn sinni hér áðan, sem var eins og áður full af blekkingum, að almenningur greiddi meiri skatta ef skattareglurnar frá 1994 hefðu verið í gildi í dag.

Árið 1988 var ekki greidd ein króna af tekjum sem samsvara 100 þús. kr. í dag en nú er greitt 9 til 10% af þeim 100 þús. kr. Það er auðvitað sorglegt fyrir fólkið í landinu að sitja uppi með fjármálaráðherra sem matreiðir slíkar blekkingar fyrir það. Fjármálaráðherra getur ekki hrakið að stjórnarflokkarnir hafa búið skattaparadís fyrir efnafólkið á meðan almenningur sætir skattpíningu. Það er staðreynd málsins.

[15:33]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það er sorglegt að heyra hv. þingmenn, þingreynda mjög, hafa uppi orð eins og blekkingar, skrök og sigla undir fölsku flaggi. Bera síðan á borð tölur um persónuafslátt og skattleysismörk eftir því sem hentar. Þegar vitað er að það sem skiptir máli í þessu sambandi eru skattleysismörkin, það sem snýr að einstaklingunum. Það er auðvitað alveg augljóst, það vita það allir, að á meðan hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sat í ríkisstjórn þá voru skattleysismörkin aftengd frá verðlagsþróuninni. Það (Gripið fram í.) leiddi til þess að skattleysismörkin á meðan hv. þingmaður var í ríkisstjórn lækkuðu úr 105.473 í 83.858 á föstu verðlagi dagsins í dag. Það hefur aldrei nokkurn tímann gerst síðan að skattleysismörkin hafi lækkað á sama hátt og þetta. Eins og ég var að lýsa hér áðan eru skattleysismörkin í þeirri skattalækkunarhrinu sem er í gangi núna komin upp fyrir það sem þau voru þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skildi við þau.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson býsnast yfir því að verið sé að tala um skattalækkanir fram í tímann. Þetta eru skattalækkanir sem búið er að samþykkja og því er alveg sjálfsagt að taka þær með í reikninginn. (Gripið fram í.)

En ég er hins vegar sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að við eigum auðvitað að skoða þetta í heild sinni. Þá er það staðreynd að lægsta tíundin, sem hv. þingmenn virðast bera fyrir brjósti — hagur hennar, kaupmáttur ráðstöfunartekna þegar búið er að leggja á skattana hefur á því tíu ára tímabili sem er til umræðu hækkað um nær 30%. En það er hins vegar staðreynd að frá 1994 hafa skatttekjurnar aukist, skattarnir hafa lækkað og við höfum greitt niður skuldir ríkisins jafnframt því að styrkja velferðarkerfið. Geri aðrir betur, hv. þingmaður.

[Fundarhlé. — 15:35]

[16:12]

Útbýting:

Auglýsingar á heilbrigðisþjónustu, 466. mál, þáltill. ÁÓÁ, þskj. 693.

Endurgreiðslur öryrkja til Tryggingastofnunar ríkisins, 467. mál, fsp. JóhS, þskj. 694.

Lokanir veiðisvæða, 469. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 696.

Lokun veiðisvæða, 468. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 695.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 288. mál, brtt. iðnn., þskj. 697.

Afbrigði um dagskrármál.

[16:14]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við erum að greiða atkvæði um afbrigði. Fyrir þinginu liggja nú nýjar breytingartillögur við stjórnarfrumvarp um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Ég vek athygli þingheims á því að við erum að sjálfsögðu

ekki að greiða atkvæði um þessar breytingartillögur enda hefur þingheimi ekki gefist ráðrúm til að kynna sér þær.

Okkar þingflokki hefur ekki gefist ráðrúm til að kynna sér þær tillögur sem nú liggja fyrir að undanskildum einum fulltrúa sem sat í iðnaðarnefnd þingsins. Við erum með öðrum orðum að greiða atkvæði um vinnubrögð á Alþingi. Við höfum lagt til að þingfundi verði frestað fram á mánudag og þessi umræða hafin að nýju. Við mótmælum þeim vinnubrögðum að þröngva í gegnum þingið með afbrigðum umræðu um mál sem mönnum hefur ekki gefist tóm til að kynna sér. Þetta eru óeðlileg vinnubrögð. Það er á þeirri forsendu, og þeirri forsendu fyrst og fremst, sem við greiðum atkvæði gegn þessum afbrigðum.

[16:15]

Þuríður Backman *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil gera grein fyrir atkvæði mínu í þeirri atkvæðagreiðslu sem nú fer fram um afbrigði um breytingartillögu um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Ég tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni — ég greiði atkvæði á móti þó það sjáist ekki hér á töflunni þar sem hún virkar ekki — ég mun greiða atkvæði gegn því að veita breytingartillögunni brautargengi, að hún verði tekin inn á dagskrá, vegna vinnubragða en ekki efnislega. Eins og hér kom fram vantar okkur tíma til að fara út í áframhaldandi umræður um málið á forsendum þeirra breytingartillagna sem hér hafa komið fram. Við þurfum tíma, þingflokkarnir, til að fara yfir breyttar aðstæður, mismunandi skilaboð sem borist hafa inn á fundinn varðandi efnistök þessa máls og hvað þessar breytingar yfir höfuð hafa að segja. Því greiði ég atkvæði gegn því að þessi breytingartillaga fari hér á dagskrá. Ég tel að við þurfum meiri tíma til að skoða málið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:23]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 697. — Afbrigði samþ. með 28:5 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁMM, ÁMöl, BBj, DJ, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, JÁ, JGunn, JónK, JKÓ, KJúl, KLM, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SæS, VS, ÞKG.

nei: HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

30 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BöðJ, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÖg, HjÁ, ISG, JóhS, JBjart, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, SKK, StB, VF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:17]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta er stórmál sem verið er að fjalla um. Úthlutun á rannsóknar- og virkjunarleyfum á vatnsföllum í landinu. Inn í miðja umræðu kemur breytingartillaga sem ekkert hefur verið kynnt, meira að segja fulltrúar þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í hv. iðnaðarnefnd voru ekki viðstaddir, var vísað á dyr, þegar verið var að kokka tillöguna. Frú forseti. Ég tel að það sé eðlilegt að tillagan fái hér eðlilegan biðtíma og málið komi síðan á dagskrá eftir helgi. Það er enginn heimsendir á ferðinni í kringum þetta mál. Það er ekkert sem rekur svo sérstaklega á eftir því, eða er það frú forseti? Liggur svo á að níðast þurfi á þingsköpum með því að troða tillögunni í gegn? Frú forseti. Ég segi nei og ég skora á hæstv. forseta að koma í veg fyrir valdbeitingu af þessu tagi í þinginu fullkomlega að nauðsynjalausu.

[16:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Þetta mál er hið undarlegasta í alla staði. Á skammri stund skipast veður í lofti hér í þingsölum. Hér er verið að fjalla um breytingartillögu í afar umdeildu máli sem stjórnarandstaðan hefur sameinast um að vera andvíg af ýmsum ástæðum sem búið er að gera grein fyrir hér í ræðum. Hæstv. ráðherra hefur sagt að hún hafi verið haldin misskilningi um málið þegar það var lagt fram. Þessi breytingartillaga sem við nú eigum að fara að veita afbrigði virðist gefa það til kynna að hæstv. ráðherra sé búinn að kúvenda í málinu. Er undarlegt að þingflokkar á hv. Alþingi óski eftir ráðrúmi til að fara yfir þau mál sem hér eru í gangi? Og það hvernig þessi mál eru nú að skipast? Hér er fullkominn fíflagangur, að því er virðist, á ferðinni og ég krefst þess, hæstv. forseti, að þetta verði tekið til alvarlegrar skoðunar í stóru samhengi. Því svona hlutir mega auðvitað ekki gerast hér. Það er Alþingi Íslendinga ekki samboðið að vinna svona.

[16:19]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við upphaf þingfundar í morgun var hæstv. iðnaðarráðherra á dagskránni og þær fréttir bárust að einhver misskilningur hefði verið hjá henni í frumvarpi sem verið var að ræða, í frumvarpi sem hafði verið frestað í 2. umræðu. Hæstv. ráðherra vildi koma á framfæri breyttum skilningi í þeim efnum. Fundi var frestað. Það var boðað til skyndifundar í iðnaðarnefnd þar sem ég sit sem varamaður. Á þeim fundi kemur nýtt nefndarálit, breytingar á því og síðan á að afgreiða það hér með afbrigðum. Ég spurði hvort þetta væru eðlileg vinnubrögð, af því mér þótti eitthvað gruggugt við þetta. Ég fékk þau skilaboð að þetta væri fullkomlega eðlilegt og venjulegt. Ég gerði samt bókun um að mér þætti eitthvað skrýtið við þetta mál og (Forseti hringir.) síðan kemur auðvitað í ljós að málið er allt hið furðulegasta og alls ekkert eðlilegt við það. Þess vegna greiði ég (Forseti hringir.) atkvæði gegn þessu.

[16:21]

Helgi Hjörvar:

Virðulegi forseti. Við fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnaðarnefnd flytjum þessa breytingartillögu með fulltrúum meiri hlutans. Hér er orðið við þeim tillögum sem við höfum áður flutt um breytingar á gildandi lögum til að skýra og takmarka tryggilega gildandi heimildir iðnaðarráðherra til að úthluta nýtingarleyfi þannig að það nái aðeins til hitaveituþáttarins og engin leið sé að misskilja þann þátt í gildandi lögum eins og raunar henti ráðherrann sjálfan að misskilja eigið frumvarp í þessu grundvallaratriði. Ég held að það sýni nú þá nauðsyn sem er á að skýra gildandi lög í þessu. Ég þakka stjórnarmeirihlutanum í iðnaðarnefnd þá

góðu samvinnu sem þar tókst og ekki síst starfandi formanni hennar, hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, og þingflokksformanni Framsóknarflokksins, hv. þingmanni Hjálmari Árnasyni. Það reyndist ekki flókið mál að finna lausn á þessu máli sem þingheimur að stærstum hluta gæti sameinast um þó það hafi ekki tekist í ráðuneytinu. (Forseti hringir.)

[16:22]

Sigurjón Þórðarson:

Forseti. Við í Frjálslynda flokknum flytjum þessa tillögu vegna þess að hún er til bóta og hún bjargar þessu frumvarpi iðnaðarráðherra. Þess vegna styðjum við það. Við erum í stjórnmálum til að bæta verk iðnaðarráðherra. Það væri fáheyrt að vera á móti og ætla að tefja afgreiðslu málsins þegar verið er að lagfæra frumvörp hæstv. iðnaðarráðherra. Við styðjum þetta í Frjálslynda flokknum.

Um fundarstjórn.

Framsaga iðnaðarráðherra fyrir auðlindafrumvarpinu.

[16:23]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er komin upp sérkennileg staða og ég skal játa svolítið dapurleg, finnst mér, ekki síst þegar vísað er í samstöðu þingheims. Sú samstaða er ekki ótvíræð.

Í dag gerist það að hæstv. iðnaðarráðherra kveður sér hljóðs og segir að í framsögu um það þingmál sem er hér til umfjöllunar hafi sér orðið á mistök. Hún hafi afvegaleitt þingheim. Hún hafi farið með rangt mál. Nú vita það allir að framsaga ráðherra eða nefndarformanns í þingmáli skoðast sem lögskýringargagn. Á það nú að verða þannig að þegar menn leita eftir lögskýringum í máli hæstv. ráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, að menn þurfi að fara yfir allan bunkann í ræðum hennar til að finna hvað hún sagði síðast? Hvað er það nú sem er rétt og hvað rangt í málinu? Eru það þannig vinnubrögð sem á að viðhafa?

Hæstv. forseti. Ég hef prentað út alla umræðuna sem fram fór, bæði 1. umr. og fyrri hluta 2. umr., um þetta mál fyrir jólin. Ég skal glaður fara yfir hana og mun gera það hér í þingsal til að reyna að átta mig á því sem hér um ræðir. Ég hefði kosið að fá lengri tíma til þess og gera það annars staðar. En ég er alveg tilbúinn til að gera það, til að skoða þetta mál rækilega. Því við látum ekki bjóða okkur svona vinnubrögð. Þetta mál snýst ekki um efnislega afstöðu til þingmálsins heldur um vinnubrögð hér í þinginu. Við gerðum tillögu um það og fórum fram á það að gert yrði hlé á þingfundi, iðnaðarnefndin yrði kölluð saman. Það var gert. En að sjálfsögðu fylgdi það með af okkar hálfu að við vildum kynna okkur niðurstöðurnar og fara efnislega yfir málið. Það er því sem verið er að neita. Og um það voru menn að greiða atkvæði hér við afbrigðið fyrir stundu. Við mótmælum þessum vinnubrögðum harðlega og ítrekum ósk okkar og kröfu um að hlé verði gert á þessum þingfundi og málið ekki tekið upp að nýju fyrr en eftir helgina.

[16:26]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill vekja athygli á því að hann hefur beitt sér fyrir því að ná samkomulagi í þessu máli og gert hlé á þingfundi í dag, oftar en einu sinni, til að halda því til haga við hv. þingmann.

[16:26]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er sjálfsagt að halda því hér til haga að ég tel að fundarstjórn forseta og aðkoma forseta að þessu máli hafi verið ágæt. Forseti hefur á margan hátt reynt, eða það hefur að minnsta kosti birst hér í þingsal, að leiða þetta mál á farsælli leið. Þegar hæstv. ráðherra kom hér upp í dag og lýsti því yfir að allt sem hún hefði sagt fyrr í þessu máli væri vitlaust, eða eitthvað í þá veruna, hlustaði forseti á það og taldi eðlilegt að boðað yrði til fundar forseta og þingflokksformanna til að ræða framhaldið.

Var nú svo komið að málið fór með velvilja stjórnarandstöðuþingmanna, sem vildu með forseta greiða úr flækjum iðnaðarráðherra, til hv. iðnaðarnefndar. Reynt var að skilja hvað ráðherra hefði misskilið varðandi málið. Þá finnst mér jafneðlilegt að forseti leyfi þingmönnum að reyna að átta sig á því hvað hefur gerst. Það eru fluttar hér tillögur með skömmum fyrirvara um að leita afbrigða í þessu stórmáli og ætlast til að þingmenn geti ráðið í það á örskotsstundu — það tók hæstv. ráðherra fleiri vikur að átta sig á um hvað hún væri að tala. Eigum við svo á örskömmum tíma að átta okkur á því, frú forseti?

Ég get rifjað upp ýmis ummæli hæstv. iðnaðarráðherra í fjölmiðlum fyrir jólin þar sem hún var að reyna að útskýra sinn eigin misskilning. Ég geri það í seinni ræðu minni við fundarstjórn forseta ef forseti fellst ekki á þau sjónarmið að þessum fundi verði frestað og þingmönnum gefist tækifæri til að fara ofan í og skoða þær breytingar sem hafa komið hér fram, yfirlýsingar ráðherra í morgun og breytingartillögur sem færðar hafa verið fram í þessu stóra máli. Ég beini því til hæstv. virðulegs forseta þingsins að umræðum verði frestað og málið tekið fyrir eftir helgi þegar ráðrúm hefur gefist til að átta sig á þeim þáttum sem um ræðir. Þetta er stórmál en það er ekkert sem kallar á svo brýna og hraða afgreiðslu málsins að það geti ekki fengið eðlilega þingumfjöllun.

[16:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ítreka þær óskir sem hér eru fram komnar til hæstv. forseta um þennan fund, að honum verði nú frestað þar til þingflokkum hefur gefist nægilegt ráðrúm til að setja sig inn í þá atburðarás sem hér á sér stað. Hún er, eins og menn hafa lýst, afar óvenjuleg. Hún er líka óvenjuleg fyrir þeirra hluta sakir, frú forseti, að hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, er ekki einu sinni á staðnum. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður nefndarinnar, þarf að fara í þennan snúning með hæstv. ráðherra í þessu máli þótt hv. formaður iðnaðarnefndar hafi verið talsmaður nefndarinnar í því hingað til. Ef ekki er hægt að hafa biðlund og sýna því skilning að þeir sem hafa sinnt þessu máli og haft á því fullt forræði þurfi

að vera hér til staðar og svara fyrirspurnum og ávirðingum þeirra þingmanna sem vilja af heilum hug taka þátt í þessari umræðu og sjá til þess að hún verði djúp og efnismikil þykja mér illa rekin nautin. Það er í sjálfu sér forseta að sjá til þess að sú umræða geti orðið efnisrík og á þeim nótum sem eðlilegt getur talist.

Auðvitað má líka ítreka það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan, ræður þær sem menn hafa flutt í þessu máli eru lögskýringargögn þannig að þrjár ræður sem hæstv. ráðherra er a.m.k. búin að halda í málinu eru allar byggðar á misskilningi. Þær er ekki hægt að nota sem lögskýringargögn héðan í frá, eftir að kúvendingin varð í málinu. Mér fyndist líka huggulegt af hæstv. forseta að sjá til þess að hæstv. iðnaðarráðherra fengi þá tækifæri til þess að flytja mál sitt á nýjan leik. Ég held að þeim sem eiga síðan eftir að starfa eftir þessum lögum, og ekki bara þessum lögum heldur öllum lögum sem varða raforkuframleiðslu á Íslandi — allt tengist þetta nú inn í sama kanalinn — verði gerður greiði með því að fá að heyra endurnýjaðan málflutning hæstv. ráðherra í þessu máli. Við sem löggjafarsamkunda eigum auðvitað að krefjast þess að hér verði málflutningur sem vandaðastur og lögskýringargögnin sem réttust.

Ég vil benda hæstv. forseta á að það er auðvitað í verkahring hans, forsetans sjálfs, að gæta reglu á fundum Alþingis en það er líka í verkahring hæstv. forseta að sjá til þess að þingmenn hafi ákjósanlegar aðstæður til að vinna störf sín. Í dag hafa þingmenn ekki haft ákjósanlegar aðstæður til að vinna störf sín því að það er kannski liðinn klukkutími síðan ég varð þess áskynja að breytingartillagan lá á borði mínu. Ég verð að segja að þó að ég þekki þessi mál nokkuð vel þarf ég samt sem áður að fá að bera tillöguna saman við þau lög sem hér er verið að breyta. Ég þarf að fá að bera efni hennar saman við þær ræður sem búið er að halda og ég verð að fá meiri undirbúning til að geta flutt mál mitt. Hæstv. forseti á að sjá til þess að ég fái (Forseti hringir.) þær aðstæður sem ég þarf.

[16:33]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill taka það fram út af orðum hv. þingmanns að hv. formaður iðnaðarnefndar Birkir J. Jónsson er með fjarvistarleyfi í dag, er erlendis við skyldustörf fyrir hönd þingsins. (**KolH:** Veit ég vel, og verður fram á mánudag.)

[16:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hæstv. forseta sem beint var í minn garð vil ég eyða öllum misskilningi í þessu máli að því leyti að gagnrýni mín beindist ekki að gjörðum forseta þingsins, nema síður væri. Hæstv. forseti Alþingis hefur reynt að beina þessu máli inn í góðan vinnufarveg, gefið svigrúm til þess að iðnaðarnefnd þingsins kæmi saman, og viti menn — það virðist hafa borið árangur. Hluti stjórnarandstöðunnar, Samfylking og Frjálslyndir, hefur fallist í faðma með Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki í þessu máli. Er það ekki einhver árangur? Varð það ekki til góðs fyrir talsmenn frumvarpsins? Höfðu ekki einhverjir þeirra uppi mótmæli gegn því að þessi vinnubrögð yrðu viðhöfð en kemur ekki á daginn að þau skila nokkru ef menn gefa sér tíma til að vinna? Og eru menn ekki tilbúnir í framhaldinu til að virða það við okkur sem höfum miklar efasemdir um þetta frumvarp, á öðrum forsendum einnig, að vilja skoða það nánar í ljósi þeirra ummæla sem fallið hafa við umræðuna í dag og þeirra lagabreytingartillagna sem nú liggja nýjar fyrir? Er þetta ekki eðlileg krafa, er hún ekki sanngjörn?

Það er út á þetta sem málflutningur okkar gengur en ekki að gagnrýna hæstv. forseta fyrir það sem gerst hefur í dag. Ég er sannfærður um að sá vinnufarvegur sem hæstv. forseti hefur reynt að skapa hefur orðið til þess að stytta þessa umræðu stórlega, fækka væntanlega þeim sem munu tala í málinu og fækka þeim stórlega sem munu tala lengi í málinu, þannig að þessi vinnubrögð eru til góðs þegar allt kemur til alls. Mér finnst það sanngjörn krafa af okkar hálfu sem viljum fara nánar í saumana á þessu máli, skoða þessi umdeildu ummæli og skoða þær breytingartillögur sem nú liggja fyrir. Við biðjum um það eitt að málið verði ekki tekið upp og umræðunni haldið áfram fyrr en að lokinni helginni.

[16:36]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég bendi á ítrekað að hér koma fram breytingartillögur við þetta stórmál í miðri umræðu, ókynntar. Ég segi fyrir mig að ég átta mig ekki á því nú þegar hvað þetta hefur í för með sér við þennan heildarlagabálk. Ég hefði gjarnan viljað skoða nánar hvaða áhrif það hefur á hann, enda er hann gríðarlega mikilvægur og flókinn.

Samfylkingin virðist hafa talið að vindarnir blésu betur með sér í umhverfismálum ef hún styddi þetta frumvarp en þá átta ég mig ekki á, frú forseti, breytingartillögum sem liggja fyrir af hálfu minni hluta iðnaðarnefndar í umræðunni. Standa þær áfram eða hafa þær verið afturkallaðar? Eru þær áfram forsenda inn í umræðuna eða er búið að kippa þeim út? Á meðan þeim er að vísu ekki kippt út eru þær væntanlega inni.

Þetta er stórmál, frú forseti, sem lýtur að auðlindum landsins, vatnsaflinu. Frumvarp ráðherra lýtur að því hversu frjálsar hendur ráðherra hafi til að úthluta rannsóknarleyfum að eigin geðþótta því að ekki hafa verið settar um það neinar reglur. Talað hefur verið um að það þyrfti að skipa nefnd sem ætti að setja rammareglur um þessa úthlutun en það má ekki bíða eftir því. Þetta er úthlutun á gæðum landsins, þetta eru framseljanleg leyfi sem á að fara að úthluta, leyfi sem geta haft falin í sér gríðarlegt verðmæti í fjármunum en ekki síður gagnvart meðferð og ráðstöfun á auðlindinni sjálfri. Hér koma í miðri umræðu fram breytingartillögur sem snerta þetta viðamikla mál. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur nefnt að þetta jaðri við svipaða umfjöllun og þegar fiskveiðiheimildunum var úthlutað.

Frú forseti. Ég ítreka að þetta er slíkt stórmál og þær breytingar sem hér eru færðar inn að það er mjög nauðsynlegt að við þingmenn, a.m.k. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og reyndar tel ég þingheim allan, fáum tækifæri til þess að skoða það betur (Forseti hringir.) og að fundinum verði því frestað, frú forseti.

[16:39]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég tek undir orð þeirra þingmanna sem hafa lagt til að þessu máli verði frestað fram yfir helgi. Ég hef hér eina umsögn frá Orkuveitu Reykjavíkur í þessu máli og þær umsagnir sem hafa komið inn til iðnaðarnefndar varðandi þetta mál hafa byggt á frumvarpinu eins og það var upphaflega lagt fram. Nú eru með þessari breytingartillögu sem hér var samþykkt að taka inn á dagskrána gerðar grundvallarbreytingar á frumvarpinu og mér finnst alveg ótækt að áfram sé haldið umræðu um málið án þess að kalla á ný viðhorf og umsagnir þeirra sem málið varðar. Það eru breytingar hér sem gjörbreyta upphaflegu frumvarpi og það er brýnt að öllum sé ljóst hvaða meiningar hæstv. iðnaðarráðherra hefur í þessu máli, a.m.k. þingmönnum og öðrum málinu viðkomandi. Það er búið að fara svo marga snúninga að ég er ekki viss um að allir átti sig á því hvernig málið liggur í raun. Ég tel a.m.k. að hv. iðnaðarnefnd eigi að fá möguleika til þess að fara yfir málið og gefa viðeigandi aðilum möguleika á að koma með athugasemdir og umsagnir um frumvarpið eins og það lítur út núna. Það tel ég mjög mikilvægt.

Við erum ekki að brenna inni með eitt eða neitt og til lengri tíma litið erum við að gera hérna mikilvægar breytingar sem munu hafa áhrif á þennan raforkumarkað og inn í þessa stóru mynd sem er orkunýtingin í dag og stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar. Því finnst mér mikilvægt að við gefum okkur þann tíma að það sé a.m.k. afgreitt hérna með fullri vitund um hvað við sjálf erum að gera.

[16:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Í tilefni orða forseta í sambandi við fjarveru hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar vil ég bara taka af öll tvímæli um það að ég nefndi ekki nafn hans í ræðu minni áðan af því að ég vissi ekki að hann væri erlendis við skyldustörf. Það vill svo til, hæstv. forseti, að ég var einmitt samskipa honum á flugvelli fyrr í vikunni og veit nákvæmlega í hvaða erindagjörðum hann er hjá Evrópuþinginu úti í Strassborg.

Hitt verð ég þó að fá að ítreka að hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, hefur tekið virkan þátt í þessari umræðu. Hann hefur staðið hér í fararbroddi umræðunnar sem hefur verið nokkuð löng og snúin, og ég þykist nokkuð viss um það, hæstv. forseti, að hann þekkir ekki þann snúning á málinu sem hefur orðið núna í dag. Ég tel fulla ástæðu til þess að hæstv. forseti fresti þessum fundi fram á mánudag þegar hv. formaður iðnaðarnefndar verður til staðar og þegar allir þingflokkar Alþingis eru sáttir við þann tíma sem þeim hefur gefist til að undirbúa lokahnykkinn í þessari umræðu. Ég teldi það vera þinginu til sóma ef hæstv. forseti tæki þessar ábendingar okkar til greina, sýndi okkur þann skilning að hér væri hægt að fresta fundi og þessi umræða yrði ekki tekin upp fyrr en á mánudaginn.

Hæstv. forseti verður líka að hafa í huga að hér hangir auðvitað miklu meira á spýtunni en fólk í fljótu bragði gæti ætlað. Í fjölmiðlum hafa upp á síðkastið verið risastórar og alvarlegar fréttir um stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar og áform um stór álver víða um landið. Menn vita líka af biturri reynslu, frú forseti, að í þeim heimi, álheiminum, gerast hlutirnir mjög hratt. Við vitum það öll sem viljum vita að eitt af því sem þetta frumvarp hér gerir er að greiða fyrir raforkufyrirtækjunum, flýta fyrir þeim og hjálpa þeim að fara út í að afla stóriðjufyrirtækjunum rafmagns.

Nú er svo komið, að því er virðist, að það er að fjara undan stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar í hugum þjóðarinnar. Mótstaðan og andstaðan við þessi áform eykst til muna og það gerir það auðvitað að verkum að hæstv. iðnaðarráðherra má ekki til þess hugsa að þetta mál hér dragist á langinn, jafnvel ekki eina helgi.

Hæstv. forseti. Ég tel eðlilegra að forseti Alþingis láti sjónarmið þeirra sem telja hér á sér brotið verða ofan á í þessu deilumáli og ítreka því enn að lokum ósk mína um að þessum fundi verði frestað og umræðunni um þetta mál verði ekki haldið áfram fyrr en eftir helgi.

[16:45]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og skora á hæstv. forseta að fresta henni. Það getur vel verið að þessi breytingartillaga sé að einhverju leyti til góðs og sé skárri en það upphaflega frumvarp sem hæstv. iðnaðarráðherra kom með. Hún hefur reyndar túlkað það á mismunandi hátt, en þetta snýst fyrst og fremst um það að við fáum ráðrúm hér til að fjalla um málið á eðlilegan hátt, að ekki verði farið yfir það á einhverju hundavaði. Það er bara eðlilegt að við tökum þann tíma sem þarf. Ég mundi kannski skilja æsinginn í hæstv. iðnaðarráðherra ef það ætti að slíta þingi eftir helgina en það er bara ekki þannig. Af hverju má ekki bíða með þetta mál þangað til á mánudag og halda þá áfram með 2. umr.? Það væri miklu eðlilegra.

Á fundinum í iðnaðarnefnd í dag sem var boðaður í skyndingu eins og ég sagði áðan sat ég sem áheyrnarfulltrúi. Ég er ekki mjög vanur hér á þingi þannig að maður getur látið segja sér ýmislegt um hvernig hlutirnir eigi að ganga. Þannig var að rætt var um málin fram og aftur, fulltrúar iðnaðarráðuneytisins skýrðu málið, voru að vísu með aðeins mismunandi túlkanir á því en þetta var vissulega rætt fram og aftur. Svo var ákveðið að gera fundarhlé og sitjandi formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Einar Oddur, tilnefndi fjóra nefndarmenn í hóp til að fjalla um málið og komast að einhverri niðurstöðu. Ég var ekki í þeim hópi.

Þeir náðu samstöðu um einhverjar breytingartillögur, bættu inn orðum o.s.frv.

Þegar hér var komið sögu spurði ég eðlilega: Þýðir þetta ekki að það verði að fresta umræðunni af því að við erum í miðri 2. umr. um þetta mál? En þá er mönnum sagt að þess þyrfti alls ekki — það var að vísu ekki alveg vitað hvort þetta ætti að vera munnlegt eða hvort það þyrfti að vera skriflegt en síðan varð niðurstaðan sú að auðvitað þyrfti þetta að vera skriflegt. Síðan kemur upp úr dúrnum að (Forseti hringir.) þetta er auðvitað ekki eðlilegt. Þess vegna ítreka ég það að ég skora á hæstv. forseta að fresta fundi svo að við getum fjallað almennilega um þetta mál.

[16:48]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni minna hv. þingmenn á það ef þeir ræða um félaga sína hér á hinu háa Alþingi að nota fullt nafn.

[16:49]

Útbýting:

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, 465. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 692.

Sýslur, 464. mál, þáltill. ÞBack og JBjarn, þskj. 691.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 288. mál (vatnsaflsrannsóknir, leyfi o.fl.). — Þskj. 304, nál. 512 og 536, brtt. 537 og 697.

[16:49]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu á þskj. 697 sem er flutt af iðnaðarnefnd allri. Ég tek það skýrt fram að öll iðnaðarnefnd stendur að þessari breytingartillögu, allir.

Svo að ég skýri málið aðeins var það upphaf þess að á útmánuðum í fyrra ákvað iðnaðarnefnd að flytja þetta mál vegna þess að þá lá fyrir stjórnarfrumvarp um auðlindir í jörðu. Niðurstaðan varð sú að við töldum ekki fært að halda áfram umræðum um það, heldur varð úr að iðnaðarnefnd í heild sinni flutti málið efnislega nákvæmlega eins og frumvarpið liggur fyrir í dag. Það mál var ekki útrætt á vorþinginu í fyrra. Á haustþinginu kom þetta mál aftur fyrir, þá sem stjórnarfrumvarp, efnislega alveg eins nema að þar var ekki ákvæði um nefndarskipan sem hafði verið í tillögum okkar. Meiri hluti iðnaðarnefndar breytti því máli og setti aftur inn þetta ákvæði um nefndina, það var eina breytingartillagan sem við gerðum.

Í umræðum um málið kom mjög skýrt fram frá nokkuð mörgum hv. þingmönnum, sérstaklega frá Samfylkingunni, að þeir höfðu af því áhyggjur að þegar þessi leyfi væru veitt upphæfist mikil samkeppni um þau og því hefðu þeir áhyggjur af því að í 5. gr. núgildandi laga, virðulegi forseti — svo að ég haldi þessu öllu til haga, sem er í 2. gr. frumvarpsins, í 5. gr. núgildandi laga — er ákvæði um það að ráðherra sé heimilt að veita þeim sem hafa fengið rannsóknarleyfi vilyrði um nýtingu. Þetta vakti tortryggni nokkurra hv. þingmanna og við frekari athugun og skoðun á þessu máli þegar iðnaðarnefnd kom saman í dag milli klukkan 13 og 15 varð það niðurstaða nefndarinnar að rétt væri að taka tillit til þeirrar gagnrýni og þeirrar tortryggni sem menn höfðu látið í ljósi. Því flytjum við breytingartillögu um breytinguna á 5. gr. þar sem öllum vafa er eytt. Það er tekið fram að vilyrðin sem hæstv. iðnaðarráðherra er heimilt að veita eiga aðeins við hitaveitur.

Eins og ég tók fram áðan, virðulegi forseti, stendur öll iðnaðarnefndin að þessum breytingartillögum. Við afgreiðslu málsins í iðnaðarnefnd lá ekki fyrir afstaða áheyrnarfulltrúans í nefndinni, fulltrúa Vinstri grænna, en niðurstaðan varð sú að hann mundi láta okkur vita um hana seinna.

Nú hef ég tekið eftir því, virðulegi forseti, hér á þinginu að hann og félagar hans hafa komið hér fram með mótmæli við því að þetta skuli ganga svona fram. Ég hef hins vegar ekki heyrt þá efnislega ræða um þetta, það hefur ekki komið fram í tali þeirra að þeir væru efnislega mótfallnir því sem við erum að gera. Ég lít því þannig á, virðulegi forseti, að mjög mikil samstaða sé í þinginu um að gera þetta á þann veg sem við leggjum til og held að það sé þannig að það þurfi engra sérstakra skýringa við að öðru leyti. Þetta er alveg skýrt, það eru tekin af öll tvímæli um það að hæstv. iðnaðarráðherra getur komið með vilyrði þegar um hitaveitur er að ræða, alls ekki annars. Ég vona því, virðulegur forseti, að þetta sé öllum mönnum ljóst og skiljist mjög vel.

[16:54]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að leiðrétta misskilning sem kom fram í máli hv. þingmanns. Ég gerði bókun á fundi iðnaðarnefndar þar sem ég mótmælti þessum vinnubrögðum enda þóttu mér þau einkennileg. Ég vona að það hafi verið fært til bókar, það að ég væri með fyrirvara á málinu. Það var tillaga hv. sitjandi formanns iðnaðarnefndar að ég gæti bara komið með þau skilaboð einhvern tímann seinna.

Ég spyr hér hv. sitjandi formann iðnaðarnefndar, Einar Odd Kristjánsson, hvort það séu eðlileg vinnubrögð að í miðri 2. umr. séu gerðar breytingar á texta og frumvarpið afgreitt hér með afbrigðum til þess að henda málinu áfram án frekari umræðu innan þingflokka eða í þinginu.

[16:55]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig hafa sagt alveg skýrt frá því að hv. þingmaður, áheyrnarfulltrúinn í iðnaðarnefnd, hefði ekki verið tilbúinn að tjá sig efnislega um málið. Hins vegar er alveg rétt sem kom fram að athugasemd kom fram um málsmeðferð. Það er allt annað mál.

Ég vil svo svara því, virðulegur forseti, að ég tel alveg eðlilegt að þingnefndir komi saman þegar menn telja það rétt, hvenær sem er, og ekkert að því að menn reyni að samræma sjónarmið sín og koma sameiginlega fram með sátt í máli ef það er möguleiki. Það gerðist í dag og ég sé enga ástæðu til annars en að fagna því. Það er eðlilegt, það er oft sem það gerist í þinginu að afbrigða er leitað og þau samþykkt.

[16:56]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er einmitt málið, þetta snýst um vinnubrögð. Þegar hv. þingmaður kallar eftir viðbrögðum um afstöðu til málsins eru þau nefnilega ekki aðalatriðið hér vegna þess að við eigum eftir að ræða um þetta mál miklu betur. Þetta snýst um vinnubrögð í þinginu, hvernig tekið er á málum, hvaða tíma menn gefa sér í að ræða þau. Þegar síðan koma fram breytingar á síðustu stundu og jafnvel í miðri umræðu, er þá ekki sanngirniskrafa að menn fái ráðrúm til að athuga hvað hafi breyst, fá álit annarra sem hafa komið fyrir nefndina til að fá botn í málið? Það getur vel

verið að það breytist eitthvað fleira.

Eigum við þá að hafa vinnubrögðin þannig að á meðan 2. umr. stendur yfir, kannski jafnvel allt eins 3. umr., sé endalaust verið að breyta textanum og umræðunni ekki einu sinni frestað til þess að þingflokkar fái tækifæri til að koma saman og ræða málin? Um þetta snýst málið fyrst og fremst.

[16:57]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Afbrigðin hafa verið samþykkt. Málið er í heild til umræðu hér á þinginu, í heild sinni, allt málið. Ræðutími manna er ótakmarkaður. Málið verður síðan tekið fyrir í 3. umr. vænti ég. Ræðutíminn er ótakmarkaður. Ég get ekkert séð sem á að skyggja á það að menn geti farið nákvæmlega yfir þetta enda ekki flókin, þessi tvö orð sem koma þarna fram. Það er ekki flókið og ekki erfitt að skilja þau.

[16:58]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég biðst afsökunar á því að ég skuli vera sein í ræðustólinn en það er einfaldlega vegna þess að ég er að reyna að ná áttum í þessu máli sem mér finnst vera nokkuð flókið. Ég bið bara hv. þingmann að hafa þolinmæði og biðlund með mér, ég þarf aðeins að fá svar við spurningu minni. Ég átta mig ekki fyllilega á því hvar þessi málsliður, „Á eftir orðinu „nýtingarleyfi“ í 2. mgr. kemur: fyrir hitaveitur“, sem sagt 1. tölul. í breytingartillögunni, á að koma inn í lögin. Ég bið hv. þingmann að lesa fyrir mig 5. gr. laganna með breytingunni.

[16:59]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. 2. gr. í því frumvarpi sem liggur hérna fyrir vísar til 5. gr. laganna. 5. gr. laganna, svo að menn hafi þetta nú alveg á hreinu, byrjar á orðunum „Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til þess að leita ...“ o.s.frv.

Ég fór yfir það áðan að þetta er í 5. gr. og ég fór yfir það áðan að þessi orð eru sett þarna inn til að taka af allan vafa um það að heimildin er aðeins fyrir hitaveitur. Mér finnst, virðulegi forseti, þetta vera mjög skýrt. Þá er öllum vafa um það eytt. Efasemdir komu fram í umræðum um málið um það og ótti um að hér gæti komið upp gríðarlega mikil samkeppni og eftirspurn eftir þessu og þá væri ráðherrann með þessa heimild sem veitti honum ívilnandi rétt. Til þess að koma í veg fyrir að svo yrði féllumst við á það og samkomulag varð um að setja þetta inn. Mér finnst þetta ekki flókið, virðulegi forseti, og ég vona að allir geti skilið þetta. Ég bara trúi ekki öðru en að þetta sé ákaflega einfalt, en ekki flókið.

[17:01]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður iðnaðarnefndar, starfandi formaður, gat ekki svarað einfaldri spurningu frá mér. Er núna að leita aðstoðar til að fá svarið. Mér finnst það ekki skrýtið. Ég hef fullan skilning á því, frú forseti. En það sem kemur í ljós núna er hversu illa reifað málið er og hversu vanbúið það er að fara inn í þá umræðu sem við nú erum í. Þess vegna tel ég hæstv. forseta hafa verið að gera hræðilegan feil að heimila ekki að þingflokkar á Alþingi fengju ráðrúm til að skoða málið og átta sig á hvað breytingartillagan þýðir. Þó ég sé nú reyndar að misnota aðstöðu mína og setja inn í andsvar athugasemd um fundarstjórn forseta er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson búinn að leiða það í ljós hversu vanbúinn hann, iðnaðarnefndin öll og við öll erum í að klára þessa umræðu. En nú vil ég fá að leggja til, hæstv. forseti, eða ég vil bera það undir hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Er það réttur skilningur minn á málinu að það sé hugsað svo að 2. mgr. 5. gr. í lögunum eigi að hljóða svona eins og ég nú les:

„Ráðherra er heimilt í rannsóknarleyfi að veita fyrirheit um forgang leyfishafa að nýtingarleyfi fyrir hitaveitur í allt að tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið og að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á þeim tíma“?

Er þetta réttur skilningur hjá mér, hæstv. forseti? Við því þarf ég að fá svar áður en lengra er haldið.

[17:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svarið er já. Enda liggur þetta alveg í augum uppi. (**KolH:** Nei.) Þetta liggur alveg í augum uppi. Þetta er 5. gr. í núgildandi lögum sem er að vísu 2. gr. í frumvarpinu og þar stendur: „Ráðherra er heimilt í rannsóknarleyfi að veita fyrirheit um forgang leyfishafa“ — ég var að lesa þetta áðan — „að nýtingarleyfi“ — og svo kemur breytingartillagan — „fyrir hitaveitur í allt að tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið og að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á þeim tíma.“

Ég fór yfir það, virðulegi forseti, að við settum inn orðin „fyrir hitaveitur“ til að taka af allan vafa um að þessi fyrirheit, eins og segir í núgildandi lögum, eigi aðeins við um hitaveitur þannig að ótti manna um að upp hæfist hér einhver mikil hringekja og mikil eftirspurn eftir þessum rannsóknarleyfum er ástæðulaus. Þess vegna setjum við þetta inn í 5. gr. Ég held, virðulegi forseti, að ég sé búinn að segja þetta að minnsta kosti fimm eða sex sinnum og ég er reiðubúinn að segja þetta oftar. Þetta er nýtingarleyfi fyrir hitaveitur. Ég vona sannarlega að svo sé komið að allir skilji þetta.

[17:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var fróðlegt að fylgjast með þessari umræðu um hin lagatæknilegu álitamál sem hér eru uppi. En á einu vildi ég vekja athygli í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Hann sem ýmsir aðrir hafa gerst mjög ábúðarmiklir þegar vísað er í hina miklu samstöðu á Alþingi, að þingheimur sé sameinaður. Nú er það iðnaðarnefnd sem einhuga stóð að nefndarálitinu og þessum breytingartillögum. Það er alveg rétt að fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs, er áheyrnarfulltrúi í iðnaðarnefnd. Sú staðreynd endurspeglar styrkleikahlutföllin hér á þinginu. Við erum ekki ýkja mörg. En ef við lítum á hlutdeild okkar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, í málafylgjunni

þegar umhverfismál og stóriðjumál eru annars vegar þá breytist myndin heldur betur. Sannast sagna höfum við oft verið æði einmana þegar við ein höfum staðið vaktina fyrir Kárahnjúka, fyrir Þjórsárverin og fyrir önnur af hinum stóru hitamálum samtíðar okkar. Menn skulu því ekki tala af fyrirlitningu til okkar hvað þetta snertir því þegar allt kemur til alls erum við að tala fyrir drjúgan hluta íslensku þjóðarinnar og við ætlumst til að ábendingar og sjónarmið okkar séu tekin alvarlega og þeim sé sýnd tilhlýðileg virðing.

[17:07]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég harma þessi ummæli. Ég hef aldrei sýnt hv. þingmanni annað en virðingu og aldrei nokkurn tímann hvarflað að mér að tala með fyrirlitningu í hans garð eða nokkurra flokksbræðra hans. Það er bara rangt. Menn eiga ekki að koma og segja svona sem er algjörlega staðhæfulaus stafur.

[17:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stundum er hægt að segja ýmislegt með þögninni, látbragðinu eða með því að gefa í skyn. Hér var vísað til þess mjög afdráttarlaust að samstaða væri um þær breytingartillögur sem lagðar hafa verið fyrir þingið. Iðnaðarnefnd hafi staðið einhuga að breytingunum. Ég er að vekja athygli á að við sem höfum staðið í fararbroddi í umræðunni um umhverfismál, stóriðjumál og þar á meðal þetta frumvarp erum andvíg þessu máli og höfum sett fram rökstudda gagnrýni á það. Við höfum hins vegar óskað eftir að þær tæknilegu breytingar sem verið er að gera á frumvarpinu nú eða leggja til sé nokkuð sem við fáum ráðrúm til að skoða. Við erum að biðja um svigrúm til þess. Við höfum ítrekað sett fram þá ósk að það svigrúm verði veitt fram yfir helgina og umræðunni frestað. Það var þetta, hv. þingmaður, sem ég átti við.

[17:08]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef farið í alla staði rétt með. Það er samstaða í iðnaðarnefnd um málið. Það er ekki við mig að sakast, virðulegi forseti, þó einhver flokkur eigi þar ekki fulltrúa. Það er ekki við mig að sakast yfir því. Ég get ekkert að því gert. Ég fer bara rétt með þegar ég segi að iðnaðarnefnd standi saman og sé samhuga í þessum breytingartillögum. Það er nákvæmlega rétt. Ég get ekki annað. Mér finnst mjög langt seilst ef í þögn minni er fólgin einhver móðgun eða óvirðing. Það er bara langt í frá. Ég hef sagt rétt og satt frá þessu og vonast til að það hafi komist til skila.

[17:09]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Þetta mál sem er til umræðu tók óvænta sveiflu hér í morgun þegar hæstv. iðnaðarráðherra kom og lýsti því yfir að það sem hún hefur sagt áður um málið hafi að stórum hluta verið misskilningur. Málið fer síðan að tilhlutan forseta þá leið að ráðgast er við formenn þingflokka um þessa sérkennilegu uppákomu í þinginu þegar ráðherra játar á sig að sú umræða sem til þessa hafi farið fram hafi verið á misskilningi byggð.

Úr iðnaðarnefnd kemur síðan tillaga að breytingum sem hér hafa verið kynntar. Þegar síðan hv. varaformaður og starfandi formaður iðnaðarnefndar er beðinn að lesa upp, skýra eða segja frá í hverju breytingartillögurnar séu fólgnar eða settar í samhengi við heildarlagagreinina þá virðist koma í ljós að það hefur aldrei verið lesið saman. Ég er ekkert að lá þingmönnum það, meira að segja hv. varaformanni og starfandi formanni iðnaðarnefndar, Einari Oddi Kristjánssyni, þó honum hafi ekki gefist tóm til að lesa þær breytingartillögur sem verið var að leggja fram saman við frumvarpið sem lagt var fram í haust og líka við gildandi lög. Ég lái honum það ekki þó ekki hafi náðst svigrúm til að lesa það saman eða skilja það í heild.

Frú forseti. Að minnsta kosti virtist það ekki vera á hreinu. Ég er ekkert að lá honum það. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP): Forseti spyr hv. þingmann hvort hann sé ekki að fjalla um fundarstjórn forseta. Eða er hann að fjalla um störf í iðnaðarnefnd?)

Frú forseti. Ég er að benda hæstv. forseta á að það geti verið mjög rík ástæða til að gefa svigrúm til að skoða þær breytingartillögur sem hér eru lagðar fram áður en málið er rætt frekar. Ég bendi á að hv. formaður iðnaðarnefndar var ekki klár á að lesa saman breytingartillögurnar og heildarlögin. Hvað þá við þingmenn sem ekki vorum á fundi iðnaðarnefndar eða höfum verið að plokka þetta saman. Til þess að hér séu stunduð vönduð vinnubrögð á þinginu, sem ég treysti að hæstv. forseti beri fyrir brjósti og við höfum reynt hana að, tel ég einboðið og beini þeim eindregnu tilmælum til hæstv. forseta að þessum fundi verði frestað fram yfir helgi og þingmönnum gefist tóm til að skoða betur þau atriði sem hér er verið að leggja ný inn í umræðuna.

[17:13]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Án þess að ég vilji nokkuð um það fullyrða tel ég að þarna sé á ferðinni lagatæknilegt álitamál þar sem um er að ræða breytingartillögur iðnaðarnefndar. Annars vegar er vísað til frumvarps ríkisstjórnarinnar og hins vegar er vísað til laganna eins og þau standa núna. Þetta eru mál sem þarf greinilega að taka til skoðunar.

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð óska formlega eftir því að hlé verði gert á þessum fundi og umræðan ekki tekin upp að nýju fyrr en eftir helgi þannig að okkur gefist ráðrúm til að skoða það sem við teljum vera lagatæknileg álitamál sem upp eru komin vegna þeirrar breytingartillagna sem hafa verið lagðar fram. Og einnig til hins og það er hinn lýðræðislegi þáttur í þessu máli sem snýr að vinnubrögðum, að okkur í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gefist tóm til að fara í saumana á málinu og átta okkur á því hvað snýr upp og hvað snýr niður eftir þennan kostulega dag sem hófst á því að hæstv. iðnaðarráðherra sem talaði fyrir málinu lýsti því yfir að hún hefði farið með rangt mál fyrr við umræðuna. Er til of mikils mælst að við fáum ráðrúm til að gaumgæfa þessa hluti? Er til of mikils mælst? Eða ætla menn virkilega að keyra þessa um-

ræðu áfram með ofríki þvert á það sem við teljum vera réttmætar óskir? Málefnalegar réttmætar óskir.

[17:15]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi gera það að tillögu minni um framhald þessa fundar í dag að hæstv. forseti tæki það til skoðunar hvort ekki væri eðlilegt að framsögumaður stjórnarandstöðunnar í iðnaðarnefnd flytti mál sitt nú og kæmi með þær skýringar inn í málið sem eðlilegt væri af hálfu stjórnarandstöðunnar sem samþykkti málið í iðnaðarnefnd. Síðan yrði fundi frestað þegar fram væru komin sjónarmið bæði meiri hlutans og stjórnarandstöðunnar og við héldum svo málinu áfram á mánudag. Mér sýnist þessi verk ekki leiða til neinnar skynsamlegrar niðurstöðu, hæstv. forseti, og ég held að það sé málinu ekki til framdráttar að halda því áfram í þeirri stöðu sem það er. Við byrjuðum á því um ellefuleytið í morgun, að ég hygg, og við erum enn nánast á sama stað. Ég held að þetta væru skynsamleg vinnubrögð nú þegar fer að halla verulega á síðdegið á fimmtudegi.

[17:16]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Eftir því sem líður á umræðuna velti ég því fyrir mér hvort breytingartillögurnar sem hér hafa verið lagðar fram og skýringar hv. varaformanns iðnaðarnefndar, séu að einhverju leyti breytingartillögur við það frumvarp sem lagt var fram í haust eða hvort þær séu að einhverju leyti breytingartillögur við núgildandi lög með beinum hætti. Mér sýnist a.m.k. tilvísunin ekki vera á hreinu til hvers verið er að vísa þegar þessar breytingartillögur eru lagðar fram.

Mér þykir mikilvægt í ljósi umræðunnar um þetta mál að við höldum ekki enn á ný áfram í umræðu þar sem hæstv. iðnaðarráðherra og kannski hv. formaður iðnaðarnefndar verði síðan að koma og segja að því miður hafi hér verið misskilningur á ferð. Ég er ekki að segja að svo sé en a.m.k. hefur það vafist fyrir framsögumanni tillagnanna að fylgja eftir og skilja tillögurnar í samhengi við lögin annars vegar og frumvarpið hins vegar. Ég trúi því ekki að forseti vilji taka þá áhættu hér að taka annan dag í að fara yfir misskilning. Við erum búin eyða heilum degi í að fjalla um misskilning iðnaðarráðherra og ég mælist eindregið til þess að við hugum að því núna að þessari umræðu verði frestað þannig að tóm gefist til að taka umræðuna áfram og reyna að eyða þeim misskilningi sem kominn er inn í hana. Hann er orðinn ærinn.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta: Hvað rekur svo á eftir þessu máli að ekki megi hafa hér viðunandi og þokkaleg þingleg vinnubrögð? Ég sé ekkert. Á að fara að virkja Skagafjarðarvötnin? Er það það sem rekur á eftir því? Má það ekki bíða fram yfir helgi? Breytir það eitthvað einhverju þó að ég sé því andvígur eða á að fara að virkja Skjálfandafljót fyrir helgi og Aldeyjarfoss? Um það snýst þetta frumvarp. Á að fara að úthluta þessum gæðum núna fyrir helgina?

Frú forseti. Hvað rekur svona á eftir því að við getum ekki tekið okkur þokkalegt andrými til að fjalla um þetta mál í ljósi þeirrar uppákomu sem við urðum vitni að í dag þegar hæstv. iðnaðarráðherra varð að byrja á því að gera þá játningu að allt sem hún hafði áður sagt í málinu sé misskilningur? Það er alls ekki ljóst fyrir mér heldur hvort þær breytingartillögur sem nú liggja fyrir af hálfu iðnaðarnefndar snúi að frumvarpinu eða að lögunum. Og þær breytingartillögur sem liggja að öðru leyti (Forseti hringir.) fyrir, hvaða stöðu hafa þær, frú forseti?

[17:19]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég fæ ekki betur séð en að ýmis álitamál séu í gangi varðandi framsetningu þeirrar breytingartillögu sem við ræðum. Ég held að hæstv. forseti þurfi að skoða það nánar hvort hún sé þingleg og hvort hún sé hreinlega rétt fram sett. Mér sýnist að í óðagotinu sem verið hefur í gangi við afgreiðslu þessa máls hafi orðið ákveðin lagatæknileg mistök við framreiðslu skjalsins. Það er í hæsta máta óskýrt hvernig þessi breytingartillaga er fram sett og á hvern hátt viðbótinni við 2. gr. frumvarpsins, 5. gr. laganna, er komið fyrir. Mér sýnist að búa hefði þurft til nýjan a-lið og síðan nýjan b-lið í 2. gr. frumvarpsins til að þetta væri skýrt, til að hægt væri að lesa úr þessu það sem mér virðist á svörum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar vera meiningin.

Ég held að hæstv. forseti ætti því að hugsa sig aðeins um og skoða þingskjal 697 sem mér sýnist vera lagatæknilega gallað. Ég tel að það þurfi að fara betur yfir það og prenta það upp. Þetta er til marks um óðagotið í málinu og þetta er enn ein röksemdin fyrir því að fresta ætti þessum fundi og heimila okkur helgina til að fara yfir málið og lesa þetta allt saman. Við skulum líka vera minnug þess að þetta mál er auðvitað angi af miklu, miklu stærra máli því að upphaflega var lagt fram hér stórt frumvarp um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, frumvarp sem leysa átti af hólmi lögin nr. 57/1998 sem við erum nú að breyta. Það frumvarp reyndist svo meingallað þegar til átti að taka að iðnaðarnefnd sá sína sæng upp reidda og gerði bragarbót á málinu og flutti hér frumvarp sem er bara einn angi af stóra frumvarpinu. Núna hefur þeim anga verið breytt í grundvallaratriðum með þessari nýju breytingartillögu þannig að hæstv. forseti verður bara að viðurkenna að þetta er mjög flókið mál sem hér er um að ræða. Ég held að það skipti Alþingi Íslendinga máli að tæknileg atriði í því verði skýrð og það verður ekki gert meðan við höldum þessum fundi áfram á þeim nótum sem hæstv. forseti virðist hafa ákveðið að eigi að gera.

[17:22]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti taka það fram að þessi breytingartillaga er bæði þingleg og lagatæknilega rétt eftir hefðum og venjum þingsins.

[17:23]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég var búinn að vera á mælendaskrá í þessu máli frá því að þingfundur hófst í morgun og var reyndar fyrstur á mælendaskránni klukkan hálfellefu. Nú er klukkan að verða hálfsex og nú hefst mín ræða. Þetta segir svolítið um það sem er verið hefur að gerast hér í dag. Þetta

mál var átakamál og við áttum langar umræður um það fyrir áramótin áður en þinghlé var gert og þær umræður spunnust fyrst og fremst vegna skilnings hæstv. iðnaðarráðherra á því hvað 5. gr. laganna, sem þetta frumvarp á að breyta, þýddi í raun og veru og hvað hægt væri að gera á grundvelli hennar.

Hæstv. ráðherra lét það koma skýrt fram í umræðum á hv. Alþingi að það væri skoðun ráðherrans að hægt væri að úthluta vilyrðum fyrir nýtingarleyfum ásamt þeim rannsóknarleyfum sem hér væri verið að leggja til að yrði mögulegt að veita. Hæstv. ráðherra taldi greinilega að þetta væru ein af mikilvægustu skilaboðunum í þessu frumvarpi. Þess vegna má ég til með að rifja upp sögu málsins, þó að það hafi verið gert áður held ég að það verði að setja það í samhengi. En áður en ég geri það, hæstv. forseti, ætla ég að koma því til skila að breytingartillaga sem minni hluti iðnaðarnefndar flutti á þskj. 537, mál nr. 288, er hér með dregin til baka og kemur því ekki til atkvæðagreiðslu við afgreiðslu málsins.

Við sem fluttum þá breytingartillögu, þ.e. sá sem hér stendur og hv. þingmenn Helgi Hjörvar, Sigurjón Þórðarson og Katrín Júlíusdóttir, eigum öll aðild að þeirri breytingartillögu sem nefndin flytur núna. Það sem skiptir mestu máli í þeirri breytingartillögu er að þar er gerð breyting á 5. gr. laganna og að sú breyting breytir í raun og veru 5. gr. með þeim hætti að ekki er lengur hægt að deila um hvað sú grein þýðir í raun. Fyrst var skilningur manna sá þegar þetta mál kom til umræðu í haust, a.m.k. skilningur hæstv. ráðherra, að ráðherra gæti veitt hin svokölluðu vilyrði á grundvelli 5. gr. til þeirra sem fengju rannsóknarleyfið bæði hvað varðaði vatnsafl og jarðhita til orkuframleiðslu. Það er alveg klárt að hæstv. ráðherra skildi málið svona. Síðan kom fram á milli jóla og nýárs að hæstv. ráðherra væri búin að átta sig á að þessi skilningur væri ekki til staðar hvað varðar virkjanir á vatnsafli en að 5. gr. gilti samt sem áður hvað varðaði jarðhita. Þá þurfa menn að hafa í huga að í 5. gr. er gert ráð fyrir að hægt sé að veita vilyrðið og ef hún er lesin eins og hún er og sú saga skoðuð sem er á bak við leyfin sem hafa verið veitt, var í raun og veru auðvelt að fara fram á það að fá vilyrði fyrir nýtingarleyfi á grundvelli þess að menn ætluðu að hluta til að nota heitt vatn til hitaveituframkvæmda þó að þeir væru fyrst og fremst að virkja til raforkuframleiðslu.

Hvað Samfylkinguna varðar — svo enginn misskilningur sé uppi, vegna þess að mér fannst gæta svolítilla sárinda hjá hv. þm. Ögmundar Jónassonar um að á skammri stund hyrfi samstaðan í málinu — þá hefur ekki verið neinn vafi á afstöðu okkar í þessu máli frá upphafi. Við fluttum þetta mál ásamt nefndinni síðastliðið vor. Ágreiningur okkar um málið í haust snerist alfarið um 5. gr., fyrst og fremst skilning ráðherrans á 5. gr., en við vildum líka að ekki væri á neinn hátt hægt að halda því fram að sú grein gæti gilt um raforkuframleiðslu á háhitasvæðum. Það var ágreiningur okkar. Í dag, þegar hlé var gert á fundum þingsins og við ræddum þetta í iðnaðarnefnd, kom fram að menn væru tilbúnir til að taka á 5. gr., þrengja ákvæðið og skýra það með þeim hætti að við teljum að kröfu okkar sé fullkomlega mætt hvað það varðar að ekki sé mögulegt fyrir hæstv. ráðherra að nota vilyrðið sem þarna var gert ráð fyrir til að veita aðilum rannsóknarleyfi og einhvers konar ígildi loforðs um virkjunarleyfi í framhaldinu og að það loforð væri þá að öllum líkindum orðið rétthærra en þær reglur sem meiningin er að útbúa og samþykkja á hv. Alþingi strax á næsta vetri til þess að hægt sé að skera úr um með viðunandi hætti hverjir fái að nýta auðlindir og að þar verði jafnræðis gætt þegar fleiri en einn aðili sækist eftir nýtingarleyfum og virkjunarleyfum.

Þá kem ég að því að hæstv. ráðherra virðist frá upphafi hafa verið með eindæmum undarleg í háttum hvað þessi mál varðar. Mér þykir ágætt að hæstv. ráðherra, sem ég hef nefnt fyrr í ræðu minni, er mætt í hliðarsal og heyrir hvað ég segi. Það er ástæða til að rifja upp, sem hefur reyndar komið fram í umræðunni, að til umræðu og umfjöllunar í iðnaðarnefndinni voru mál sem meiningin var að tækju á þessu, þ.e. frumvarp til laga um jarðrænar auðlindir. Nefndin hafði fjallað málið og komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að klára umfjöllun um málið vegna þess að það væri vanbúið. Í framhaldi af því varð til sú hugmynd að flytja þetta frumvarp. Menn töldu mikla nauðsyn á að hægt væri að veita þessi rannsóknarleyfi. Nefndin flutti þetta frumvarp síðasta vor. Við tókum þátt í því og bárum ábyrgð á þeim flutningi. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir því að sett yrði á nefnd sem ætti að gera tillögur um reglur um hvernig ætti að velja á milli aðila sem fengju virkjanaleyfi.

Þetta náði ekki fram að ganga á síðasta vori eins og menn muna. Hæstv. ráðherra lagði síðan málið fram að nýju í haust. En nú bregður svo við að tillöguna um nefndina vantar. Það var svolítið spaugilegt að heyra til hæstv. ráðherra þegar hún talaði um það þegar umræðan hófst aftur. Hæstv. ráðherra lagði mikla áherslu á að koma þessu máli í gegn af því að það lægi á að hefja nefndarstarfið. Það var merkilegt í ljósi þess að hæstv. ráðherra sleppti því að hafa í frumvarpi sínu tillögu um nefndina þegar málið kom fram. Allt er þetta fremur undarlegt.

Ég kemst hins vegar ekki hjá því, og við í Samfylkingunni sem stóðum að flutningi málsins á síðasta vori, að standa við þann flutning. Mér er það ekki sárt. Ég tel að við höfum fengið það fram sem við vildum. Í fyrsta lagi var hlustað á það í iðnaðarnefnd í fyrravetur að frumvarpið sem þá lá fyrir væri vanbúið og að það þyrfti að vinna betur og koma á þessum reglum. Á það var hlustað. Tillaga var flutt um að koma á reglum um hvernig ætti að úthluta þessum gæðum.

Það er jafnframt ástæða til að muna eftir því að nú stendur yfir endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þar inn eiga að fara ákvæði um þjóðarauðlindir. Auðvitað þarf að skapa reglur sem hægt er að ná sátt um, um hvernig þjóðarauðlindum okkar skuli komið í hendur þeirra sem eiga að nýta þær í framtíðinni. Það er því satt sem margoft hefur komið fram, að hér er stórt mál á ferðinni. En ágreiningurinn í málinu er ekki voðalega flókinn. Með þessu máli kemst á bráðabirgðaástand. Þetta er ekki niðurstaðan. Það á eftir að setja löggjöfina sem á að gilda um þetta. Hér hyggjast menn bjarga sér fyrir horn þannig að hægt sé að leyfa rannsóknir og til að brúa bilið meðan sú nefnd sem á að setja á laggirnar vinnur sitt verk og menn komast til ráðs með þá lagasetningu sem um þetta á að gilda.

Þannig liggur málið fyrir okkur í Samfylkingunni. Við

getum því í sjálfu sér ekki kvartað yfir því að málið fái framgang þó að ég geti vel skilið það að þeir sem hafa verið á móti málinu öllu, og ég virði þau sjónarmið, vilji fá tækifæri til að skoða málið betur. Ég sé ekki hvers vegna ekki hefði verið hægt að koma til móts við þær óskir. Reyndar nefndi ég það á fundi í iðnaðarnefnd, og við samfylkingarmenn í iðnaðarnefnd lögðum til að málið kæmi þannig frá nefndinni að rétt væri að ræða málið eftir helgi. Það var ekki hljómgrunnur fyrir því í iðnaðarnefnd.

Ég skil vel að fólk vilji fá tíma til að fara yfir málið þótt mér finnist að á grundvelli umræðunnar sé það ekki mjög flókið. Við lögðum til að fella þessi ákvæði alfarið út úr 5. gr. Munurinn á okkar tillögu og þeirri tillögu sem nú er til afgreiðslu er eingöngu sá að í stað þess að fella alveg út úr 5. gr. fyrirheit sem ráðherra gæti gefið um forgang þá yrði það fyrirheit alfarið miðað við hitaveitur. Það er munurinn. Til að ná samstöðu, sem við töldum ástæðu til að gera, komumst við að þeirri niðurstöðu að það gæti alveg gengið frá okkar hendi. Ég vek athygli á því, sem ég nefndi reyndar áðan, að við erum að tala um bráðabirgðaástand. Þessi lög eru náttúrlega alls ekki fullunnin. Hér er vatnsorkan, rannsóknir á vatni, sett inn í lög sem samin voru í allt öðrum tilgangi. Hér er því um bráðabirgðafyrirkomulag að ræða. Við skulum vona að mönnum takist bærilega að ljúka umræðum og undirbúningi fyrir lagasetninguna um þessi málefni og hægt verði að ganga frá þeirri lagasetningu á næsta vetri eins og stefnt er að. Þetta vildi ég að kæmi fram, hæstv. forseti.

Ég vil í lok ræðu minnar segja — ég ætla ekki að hafa hana langa — að þátt fyrir að málið hafi tekið dálítið langan tíma og valdið mönnum svolitlum vandræðum, eins og greinilega hefur komið fram í dag, og hæstv. ráðherra hafi hengt sig í þessu máli býsna lengi, þá verður maður að fagna því að loks hafi fengist niðurstaða sem við getum sætt okkur við. Við höfum haft erindi sem erfiði í iðnaðarnefndinni og í sölum Alþingis hvað þetta mál varðar. Það var ekki upp á það bjóðandi að klára málið eins og stofnað var til með frumvarpinu sem lá fyrir iðnaðarnefnd í fyrravetur. Sá farvegur sem það er í núna er skynsamlegri og ábyrgari. En ég ætla rétt að vona að í gangi sé vinna og að menn ætli sér að ganga þannig frá málinu að hægt verði að setja hugmyndir, sem auðlindanefndin var með um auðlindir í þjóðareign, í tillöguform og þær verði lagðar fyrir Alþingi með þeim öðrum tillögum sem ég treysti að verði lagðar fyrir Alþingi um breytingar á stjórnarskránni.

Þessu vildi ég koma á framfæri og hef ég lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[17:40]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður hefur gert grein fyrir því sjónarmiði sínu að innleiða beri bráðabirgðaástand sem hann virðist greinilega afar ósáttur við. Engu að síður vill hann að það verði innleitt. Hann bindur vonir við að stjórnarskránni verði breytt innan skamms, sem gæti orðið til að bráðabirgðaástandinu yrði aflétt.

Hv. þingmaður sagði, frú forseti, að málið væri alls ekki unnið eins og þarf. Ég vek athygli á því og undirstrika að hv. þingmenn Samfylkingarinnar taka undir með Vinstri grænum hvað það varðar að vinnubrögðin séu ámælisverð, þótt þeir hafi ákveðið að skipta um kúrs og ganga til liðs við stjórnarliða, sem ég harma. Ég hefði auðvitað viljað sjá hv. þingmenn Samfylkingarinnar fylgja áfram félögum sínum í stjórnarandstöðunni og standa gegn því að málið færi í gegn. Við hefðum þá getað teygt tímann þar til endanleg niðurstaða fengist í þessi mál.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að samkvæmt gildandi lögum hafi sá sem stundar rannsóknir á vatnsafli ekki haft forgang til nýtingar og að samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneyti hafi komið í ljós að vegna þessa séu orkufyrirtækin tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli en heppilegt getur talist. Nú spyr ég hv. þingmann: Er það þar með skoðun Samfylkingarinnar að greiða þurfi fyrir því að orkufyrirtæki geti hafið rannsóknir og aukið möguleika sína á að reisa virkjanir til að knýja þá stóriðju sem í farvatninu er og ríkisstjórnin hefur boðað?

[17:42]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum á þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að menn geti hafið rannsóknir á virkjanakostum. Ástandið er þannig núna að ekki er hægt að veita leyfi til þess. Við féllumst á að flytja frumvarp í vor sem leið til að leysa úr þeim vanda. Það er rangt að við höfum skipt um kúrs í þessu máli. Niðurstaðan í málinu eins og það liggur fyrir er nákvæmlega sú sem við vildum ná fram í vor sem leið. Það er því út í hött að segja að við höfum skipt um kúrs með því að halda okkar striki, eða að við höfum gengið í lið með stjórnarliðum vegna þess að þeir hafa í raun fallist á sjónarmið okkar í málinu.

Það er skrýtið, þegar menn vinna sigur í máli, að þá er eins og menn átti sig ekki á því. Hér fjöllum við í raun um mál sem við fluttum og niðurstöðu í vafamáli sem kom upp varðandi einn þátt málsins. Því ættum við ekki að vera ánægð með það? Hvers vegna dettur nokkrum manni í hug að tala um að við höfum skipt um skoðun þegar niðurstaðan er eins og við vildum hafa hana? Ég átta mig ekki alveg á því. Ég verð að segja að ég er mjög ánægður með að málið skuli loksins afgreitt þannig.

Á hinn bóginn vil ég segja, og endurtek það, að þetta er auðvitað ekki nógu góður lagafrágangur. Við erum með þessi mál í vandræðum og það þarf svigrúm til að vinna að því að klára lagafrumvörpin þannig að Alþingi geti gengið frá þeim með fullnægjandi hætti. Meðal annars þurfum við niðurstöðu nefndarinnar sem lagt er til að sett verði á laggirnar í frumvarpinu sem hér um ræðir.

[17:44]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður tekur undir það með hæstv. iðnaðarráðherra að eitthvert ófremdarástand sé á vesalings orkufyrirtækjunum og þau þurfi greiðari aðgang að því vatnsafli sem eftir á að virkja í landinu, þótt fjöldi kosta sé til staðar sem hægt væri að ráðast í en orkufyrirtækin eru þeirrar náttúru að vilja alltaf meira.

Þar með hefur Samfylkingin ákveðið að greiða götu orkufyrirtækjanna að þeim nýtingarkostum sem eftir eru í

vatnsafli á Íslandi. Ég vil að hv. þingmaður staðfesti þann skilning minn og að það hafi aldrei verið ætlunin hjá Samfylkingunni — sem var þá misskilningur hjá mér — að þæfa þetta mál vegna þess að hún hefði breytt um stefnu í umhverfismálunum. Það virðist ekki hafa átt að vera stefna flokksins í umhverfismálum eða fyrir stefnu þeirra að hv. þingmenn Samfylkingarinnar stóðu með þingmönnum Vinstri grænna í að þæfa málið. Vinstri grænir vildu (Forseti hringir.) umfram allt fresta því að (Forseti hringir.) orkufyrirtækin færu í þá vatnsaflskosti sem eftir eru.

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmenn hafa aðeins eina mínútu í seinni ræðu sinni.)

[17:46]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Við í Samfylkingunni erum ekki að taka neitt undir með iðnaðarráðherra og óþarfi að leggja okkur nokkurt orð í munn hér. Það sem við erum einfaldlega að gera er að standa að því að hægt sé að veita rannsóknarleyfi og þau rannsóknarleyfi snúast ekki bara um einhverja stóriðju. Það þarf auðvitað að rannsaka vatnasvæði og rannsaka möguleika á orkuöflun og virkjunum í ýmsum tilgangi, ekki bara til þess að setja upp álver. Við getum ekki stoppað klukkuna alveg í þessu og töldum ástæðu til þess að á meðan verið væri að vinna að þessum málum yrðu opnaðir möguleikar til að rannsaka þessa hluti. (Gripið fram í.) Ég tel ekki að neitt vandamál sé við þetta.

Það tekur mörg ár eins og allir vita að framkvæma rannsóknir af þessu tagi. Aðalatriði málsins er hins vegar það að áður en menn fara að veita leyfi til að virkja á grundvelli þessara rannsókna verði til um það reglur og eðlilegar reglur.

[17:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur gert grein fyrir afstöðu sinni í málinu og hvernig það hefur svo sem snúið við.

Það er einn þáttur sem hv. þingmaður gleymir að taka inn. Við síðustu áramót breyttist lagaumgjörð orkuframleiðslu í landinu þannig að innleidd var svokölluð samkeppni í orkuvinnslunni og þar af leiðandi líka í rannsóknum. Mér sýnist að við séum annars vegar svolítið að hugsa í þeim heimi þegar hér voru bara Landsvirkjun og Rarik, opinber fyrirtæki sem sóttu um rannsóknarleyfin, þá var ekki öðru til að dreifa. Frá og með síðustu áramótum er þetta ekki svo, þá getur í rauninni hver sem er sótt um rannsóknarleyfi sem ráðherra hefur síðan í hendi sér hvernig er ráðstafað.

Samkvæmt 32. gr. laganna er kveðið á um að þessi leyfi, m.a. rannsóknarleyfin, séu síðan framseljanleg. Þrátt fyrir þær breytingar sem hv. þingmaður er hér að tala um og eru vafalaust til nokkurra bóta á frumvarpinu sem nú er verið að ræða um, taka þær ekki á því meginmáli að rannsóknarleyfum getur verið úthlutað nú til aðila sem ríkið á ekkert í og þau eru orðin söluvara á samkeppnismarkaði. Þá gilda bara allt önnur (Forseti hringir.) lögmál, frú forseti.

[17:49]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er nú einmitt það. Þetta umhverfi, þ.e. samkeppnisumhverfið í raforkuframleiðslunni sem komst á um næstsíðustu áramót var einmitt það sem olli því að stöðva þurfti þessi mál eins og þau voru. Við tókum þátt í þeim tillöguflutningi núna í haust ekki síst til þess að reyna að koma í veg fyrir að hægt væri að halda áfram að úthluta réttindum til að virkja fríhendis frá hæstv. ráðherra á sama tíma og aðrir þyrftu að borga fullt gjald til þeirra sem ættu þær orkulindir sem þeir keyptu þær af. Það væri gjörsamlega óþolandi. Nú er niðurstaða komin í það mál. Nú liggur fyrir að hæstv. ráðherra getur ekki veitt nein slík vilyrði. Ég segi fyrir mig að það er þá til einhvers barist.

Þegar við komum að 32. gr. verður hv. þingmaður að gera sér grein fyrir því að úr því að þetta er orðin niðurstaðan muni menn ekki selja rannsóknarleyfin á einhverju verði öðruvísi en með tilliti til þess að virkjanaleyfin verða þá undir samkeppnisaðstæðum þegar kemur að því að úthluta þeim. Þessi vandi sem er í 32. gr., ef við getum kallað það vanda að ráðherra getur veitt — það er bannað að framselja þessi leyfi — leyfi fyrir því, en þegar og ef ráðherra gerir það, þá er það þó þannig núna, ef við samþykkjum málið eins og það liggur fyrir, að samkeppnin um virkjanaréttinn sjálfan er þá eftir og þú getur ekki borgað fyrir virkjanaleyfin meira en endurkröfuréttinn (Forseti hringir.) verður sem verður til vegna tilkostnaðarins.

[17:52]

Jón Bjarnason *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mikil er trú þín, eins og einhvern tíma var sagt, þegar hv. þm. Jóhann Ársælsson telur að hann geti ráðið gjörðum hæstv. iðnaðarráðherra í ráðstöfun nýtingarleyfa eða hvernig með þau verður farið, hvort sem það verður gert í misskilningi eða ekki, þá finnst mér það mikil bjartsýni.

Hv. þingmaður hefur talað um að hægt væri að brúa þetta bráðabirgðatímabil. Hvernig ætlar hann að fara að því að kalla rannsóknarleyfi til baka sem hefur verið úthlutað? Það sem á að gera núna er að úthluta á öllum vatnsaflsmöguleikum í landinu á næstu vikum. Heldur hv. þingmaður að það sé síðan hægt að afturkalla þau rannsóknarleyfi? Nei, þau verða áfram og þeir (Forseti hringir.) aðilar sem hafa fengið þau munu njóta þess forgangs (Forseti hringir.) hvort sem um það stendur lagabókstafur eða ekki, frú forseti.

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður hefur í seinna andsvari aðeins eina mínútu til umráða.)

[17:53]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að menn hafi mismunandi trú á lagasetningu. Ég held þó að í sölum Alþingis verði hv. þingmenn að trúa því að niðurstaða lagasetningar eigi að gilda og farið sé eftir henni. Ég efast ekkert um að þeir sem telja á sér brotið muni þá sækja eftir því að þeir sem það gera verði sóttir til saka fyrir það. Ég er þess vegna

á þeirri skoðun að ekki þurfi að hafa svona miklar áhyggjur af hv. iðnaðarráðherra að það sé bara sama hvað standi í lögum, að hæstv. iðnaðarráðherra geti gert það sem hann vill. Svoleiðis er þetta nú ekki og ég hef ekki áhyggjur af því.

Ég held hins vegar að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eigi að slaka aðeins á í málinu og vera svolítið með okkur í að taka þátt í því að við höfum þó náð áfanga hérna, (Forseti hringir.) við höfum komið í veg fyrir vandamál sem var greinilega uppi.

[17:54]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil biðja hv. þm. Jóhann Ársælsson um að gefa mér og okkur svolítið skýrari mynd af afstöðu Samfylkingarinnar í málinu. Ég tel að sá fyrirvari sem settur var í frumvarp hv. iðnaðarnefndar í vor, þ.e. að setja skyldi á laggirnar nefnd til að setja reglur um það hvernig með skyldi fara úthlutun á rannsóknarleyfum áður en farið yrði að úthluta þeim. Ég tel að mjög brýnt og nauðsynlegt hafi verið að gera það og ég tel að það sé jafnbrýnt núna eins og það var þá. Hvort heldur úthlutun leyfanna verði á frjálsum markaði eða í hendi ráðherra tel ég að leggja verði niður fyrir sér og móta reglur um slíka úthlutun því að úthlutunin í sjálfu sér er verðmæti. Þó svo að lagt sé til í þeim breytingartillögum sem komu fram í dag að ráðherra verði ekki heimilt að gefa viðkomandi vilyrði fyrir áframhaldandi vinnu og virkjun á því svæði sem hann er að rannsaka, nema þá sem snýr að hitaveitum, er þetta eftir sem áður ávísun á fjármagn.

Ég tel að auk þeirra reglna sem verða að liggja fyrir hvernig á að úthluta þessum leyfum eigum við að anda rólega núna og klára rammasamninginn um nýtingu vatnsafls og jarðvarma því að ástæðan fyrir því að verið er að flýta þessu máli er áhugi (Forseti hringir.) aðila til að komast áfram í stóriðjuframkvæmdir.

[17:57]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er á þeirri skoðun að þeir sem fá rannsóknarleyfi eftir að búið er að breyta þessum lögum núna og samkvæmt frumvarpinu geti alls ekki gert ráð fyrir að fá virkjanaleyfi frekar en aðrir á markaðnum. Þeir verði að horfast í augu við það að þeir þurfi að keppa á jafnræðisgrundvelli um nýtingu þeirra orkulinda sem þar eru á ferðinni. Þeir þurfa að hafa trú á því sem þeir eru að gera þar og auðvitað munu þeir þá bjóða í þá orkulind ef niðurstaðan verður sú að nota slíkar aðferðir við að velja á milli aðilanna. Ekki liggur fyrir hvernig verður staðið að því í framtíðinni en það þarf að gera. Ég geri ráð fyrir að margar leiðir komi þar til greina og margar skilgreiningar komi til greina. Það fer eftir því hvaða orkulindir eiga í hlut.

Það getur t.d. alveg verið að í sumum tilfellum þurfi og eigi ríkið að láta rannsaka þær orkulindir sem um er að ræða og bjóða þær út á því stigi þegar menn eru farnir að sjá umfangið sæmilega skýrt. Á öðrum stöðum er kannski hægt að leyfa aðilum að fá rannsóknarleyfi og síðan verði boðin út nýtingin á tilteknu stigi þar á eftir. Þetta eru bara hlutir sem sú nefnd sem á að setja á laggirnar á að fást við að skoða og er hluti af því verkefni sem fylgir því að setja þjóðarauðlindir inn í stjórnarskrána.

Þó svo að það yrði ekki, þó svo að niðurstaðan yrði svo skelfileg að menn mundu ekki klára stjórnarskrána, verða menn samt sem áður að klára þetta verkefni. Ég ætla samt sannarlega að vona að menn gefist ekki upp á endurskoðun stjórnarskrárinnar en ég vonast líka til að við sjáum það ákvæði þar inni sem ég hef verið að nefna.

[17:59]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil áfram spyrja hv. þingmann: Hvernig hugnast honum þetta tímabil sem nú er millistigstímabil að einhverri framtíðarsýn á því tímabili sem verður opinn markaður fyrir fyrirtæki til að komast í háhita og vatnsaflsauðlindir? Telur hann að það tímabil eigi ekki að nýta frekar til að stuðla enn frekar að grunnrannsóknum á vegum hins opinbera og skoða betur hvaða verðmæti liggja í háhitasvæðunum með tilliti til auðlinda, til örvera, til ímyndar landsins, áður en við gefum skotleyfi á (Forseti hringir.) landið og miðin í þeim tilgangi einum að ná þessum rannsóknarrétti og virkjanarétti í framtíðinni?

[18:00]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því er fljótsvarað, auðvitað tel ég það. Það á að flýta grunnrannsóknunum sem tillögurnar liggja reyndar fyrir um. Það liggur fyrir frá hendi Náttúrufræðistofnunar að hægt sé að ljúka þessum grunnrannsóknum, sem Náttúrufræðistofnun á að gera eða gert er ráð fyrir að verði gerðar, á fjórum árum. Þær munu hins vegar ekki klárast nema á 12 árum miðað við þau framlög sem nú eru til staðar. Það þarf auðvitað að bæta úr þessu. Það á heldur ekki að úthluta rannsóknarleyfum í öllum tilfellum. Það verður auðvitað að metast hvort grunnrannsóknir eru komnar það langt að hægt sé að gera það. Ég geri bara ráð fyrir því að þannig vinni menn faglega í ráðuneytinu hvað þá hluti varðar. Ég tel að það sé ekki ástæða til að tortryggja alla hluti hér. Auðvitað reyna menn að gera sitt besta þó svo að við getum verið ósammála því hvernig unnið er að málum af pólitískum ástæðum. Þá held ég að flestir vilji nú vinna vel.

[18:01]

Útbýting:

Aðgerðir gegn fátækt, 470. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 698.

[18:02]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta mál sem hér er að koma til 2. umr. hefur reynst mikið vandræðamál af hálfu ríkisstjórnarinnar. Enda er þetta mál á vissan hátt tákngervingur fyrir þær áherslur sem núverandi ríkisstjórn hefur í atvinnu- og umhverfismálum. Þess vegna þegar verið er að fjalla á býsna hroðvirkan hátt um breytingartillögur á þessu stóra máli þá sýnir það kannski frekar í hnotskurn afstöðu Alþingis. Af-

stöðu þeirra sem eru hér ráðherrar eða stjórna för í málefnum Alþingis, hvernig þeir telja eðlilegt og sjálfsagt að vinna.

Þetta mál snýst um ráðstöfun á stórum hluta af, ekki bara orkuauðlindum landsins, heldur náttúru landsins. Hv. þingmenn hafa nánast alfarið talað um þetta frumvarp til laga um breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, eins og það lúti bara að orkumálum. Orkuvinnsla er bara einn þáttur sem getur komið til greina við nýtingu þessara náttúruauðlinda. En lýsandi dæmi fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar, og sér í lagi hæstv. iðnaðarráðherra er hversu ráðherrann lætur sér í léttu rúmi liggja umhverfismál, náttúruverðmæti og það að náttúran sjálf eigi einhvern rétt. Við upplifum hvað eftir annað hér á Alþingi að innan ríkisstjórnarinnar virðist sama vera uppi á teningnum. Mál og málaflokkar sem ættu með eðlilegum hætti að heyra undir umhverfisráðuneytið, eins og sá málaflokkur sem nú er verið að fjalla um, rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, ættu að stórum hluta að falla undir verksvið umhverfisráðuneytis ef rétt og eðlilega væri á málum haldið og með virðingu fyrir náttúrunni og ef hér væri metnaðarfullt umhverfisráðuneyti.

Annað frumvarp er hér til meðferðar í þinginu um vatnið. Hæstv. iðnaðarráðherra ríkisstjórnarinnar virðist hafa öðlast rétt til að taka vatnið, vatnsauðlindina, inn sem iðnaðarvöru hvort sem það er í lofti, láði eða legi og hvort sem það er fljótandi, eða í föstu eða gufuformi. Það er þessi vinkill, það er þetta sem við erum hér að fjalla um, frú forseti. Þetta er hið alvarlega í stöðu þessa máls hér á þingi.

Það var og hefur lengi verið metnaðarmál okkar Íslendinga að geta virkjað orkuauðlindir okkar. Geta nýtt og notið þess krafts sem í þeim býr til að koma hér á lýsingu, til iðnaðar og til nýtingar fyrir hina ýmsu nauðsynlegu starfsemi í framsæknu menningarsamfélagi. Það höfum við öll verið sammála um. Þjóðin hefur stofnað og átt fyrirtæki sem hafa haft það hlutverk að annast vinnslu, rannsóknir og síðan þjónustu á raforku til landsmanna. Það eru Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja, Orkubú Vestfjarða, Norðurorka svo dæmi séu tekin. En þó fyrst og fremst þau stærstu. Okkur hefur að vísu greint á um margar áherslur þessara fyrirtækja. En engu að síður hafa þau hingað til verið ein á hinum raunverulega markaði. Hafa ein annast þessi viðfangsefni. Þau hafa lotið ákvörðun stjórnvalda á hverjum tíma, hversu sátt sem við höfum svo verið við þær ákvarðanir. En þannig hefur þetta verið. Frá og með síðustu áramótum varð hér breyting á. Þá hefur verið innleitt svokallað samkeppnisumhverfi, markaðsvæðing raforkukerfisins. Þar af leiðandi líka markaðsvæðing á orkuvinnslunni. Þannig að nú eru það ekki lengur bara þessi ríkisfyrirtæki, almannaþjónustufyrirtæki, fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna sem ein geta búið að því að á grundvelli ákvörðunar eigenda sinna, þjóðarinnar eða sveitarfélaganna, að geta tekið ákvörðun um í hvaða virkjanir verði ráðist — hvað verði næst undirbúið — heldur fer þetta nú á hinn almenna markað. Og auk þess hefur því verið svo fyrir komið að úthlutun á þessum gæðum, möguleikarnir til orkuvinnslu, þeim hefur verið komið fyrir inni hjá einum ráðherra. Einum hæstv. ráðherra sem fyrst og fremst fer með iðnaðarmál. En hér er að mestu verið að taka náttúruauðlindir landsins, náttúruna, þannig að þegar gripið er inn í og tekin ákvörðun um að fara að kanna eina afmarkaða nýtingu á náttúruauðlindinni eins og að virkja hana til raforkuframleiðslu, er jafnframt verið að fórna eða útiloka annað.

Það er einmitt þessi samanburður, þetta mat, sem er hið viðkvæma í öllu þessu ferli. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt áherslu á að náttúran eigi sinn eigin rétt. Eigi sinn sjálfstæða rétt og þegar gengið er á, eða virkjað sem menn kalla svo, einstakar náttúruauðlindir þá verða menn að gera það með þeim hætti að náttúran eigi sinn rétt og njóti stöðugt vafans um hver framtíðaráhrif viðkomandi inngrips í náttúruna hefur. Flokkurinn er stofnaður um þetta. Þetta er einn af hornsteinum þessa stjórnmálaflokks. Þetta er flokkur náttúrunnar, náttúruverðmætanna, það að þegar við umgöngumst náttúruverðmætin, náttúruna og auðlindir hennar, þá erum við að hugsa til framtíðar á þeim grundvelli að við erum með þetta að láni. Við erum með náttúruna að láni. Við erum með auðlindir hennar að láni frá komandi kynslóðum. Við upplifum hins vegar hér að ríkisstjórnin og hæstv. iðnaðarráðherra líta á það sem meginhlutverk sitt að beisla sem flestar náttúruperlur landsins. Að koma böndum yfir náttúruna. Að knýja hana undir sig. Og hugsa ekkert um afleiðingarnar, rétt svo að hæstv. iðnaðarráðherra hugsi í kjörtímabilum ef það er svo.

Það eru þessi atriði sem við erum hér að takast á um, frú forseti. Það er um meðferð og umgengni á náttúru Íslands. Hvers vegna haldið þið að hér hafi verið haldnir stórtónleikar? Ungt fólk á öllum aldri kom saman í Laugardalshöll skömmu eftir áramótin til að tjá íslenskri náttúru stuðning sinn og hollustu, gegn ágangi, græðgi og grimmd sem náttúra Íslands má nú þola af hálfu stjórnvalda. Þarna komu þúsundir ungs fólks, listamenn, tónskáld, tónlistarfólk, rithöfundar og allur almenningur saman og tjáði íslenskri náttúru hollustu sína. Og hópurinn hafði uppi þau varnaðarorð að stefna ríkisstjórnarinnar, fái hún að ganga ótrauð áfram eins og hún hefur gert nú, verði til þess að hún gæti gert Ísland náttúrulaust, eins og yfirskrift þessara baráttutónleika var.

Á undanförnum árum höfum við tekið slaginn um eina mestu náttúruperlu þjóðarinnar, Þjórsárver. Við höfum orðið vitni að ágengni stjórnvalda, ágengni svokallaðra virkjunaraðila sem horfa til þess eins hvernig megi umbylta þessum náttúruperlum til raforkuframleiðslu. Ekki raforkuframleiðslu til að leysa úr brýnustu nauðsynjum þjóðarinnar. Nei, til að taka þátt í málmbræðslum og álbræðslum. Svo gríðarlega stórar framkvæmdir eiga ekki það erindi inn í íslenskt samfélag eða inn í íslenska náttúru að náttúrunni sé fórnað til þess.

Slagurinn um Þjórsárver hefur verið langur og strangur. Heimamenn hafa ásamt eindregnum hollustuvinum Þjórsárvera, fólki sem hefur barist fyrir tilveru þeirra, barist fyrir vernd þeirra um ókomin ár. Við höfum engan rétt til að ráðast á Þjórsárver, þá einstæðu náttúruperlu. Sem betur fer, frú forseti, hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð staðið vaktina í því máli. Ég minnist þess að hér á Alþingi, meira að segja á Alþingi, stóð þorri þingheims upp og fagnaði því að einungis ætti að skerða þau að einum þriðja eða helm-

ingi — helmingurinn fengi að vera eftir eða einhver ákveðinn hluti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gátum ekki sætt okkur við það. Okkur fannst það ekkert samningsatriði hve stórum hluta Þjórsárvera ætti að fórna. Við stóðum ein í þeirri vinnu. Meginþorri annarra þingmanna var fylgjandi því að Þjórsárverum yrði fórnað að stórum hluta til að nýta vatnið og náttúruna til að byggja ný raforkuver, raforku sem síðan átti að renna til álbræðslu hér á landi.

Þess vegna er það sérstaklega gleðilegt fyrir okkur þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að Landsvirkjun, sem farið hefur fram af miklu offorsi gagnvart heimamönnum og gagnvart umræddum náttúruperlum, skuli hafa orðið að beygja sig og játa að hún getur ekki sótt málið áfram. Landsvirkjun hefur nú tilkynnt að hún muni setja málið á ís, sem þeir kalla svo, og fresta því um óákveðinn tíma að berja enn frekar á heimamönnum, á Þjórsárverum. Það er að vísu bara brot úr sigri. Auðvitað eigum við að ná saman um að Þjórsárverum og öðrum slíkum náttúruperlum hér á landi skuli þyrma. Við höfum engan rétt til að ráðast á slíkar náttúruperlur.

Frú forseti. Í fréttum fyrir ekki svo löngu, fyrir tveimur árum eða svo, var sögð saga um stórt tré í Bandaríkjunum. Mig minnir að það tré hafi staðið í ákveðnu þorpi í Oregonfylki, en það skiptir ekki höfuðmáli. Þetta gríðarlega stóra tré var eins konar einkennistákn byggðarlagsins. Það stóð á landi sem bóndi nokkur átti. Bóndinn var reyndar dáinn en hann hafði borið svo mikla umhyggju fyrir trénu að áður en hann dó sá hann til þess að enginn gæti hróflað við því, þessu einkennistákni byggðarinnar. Hann fór á sýsluskrifstofu og lét þinglýsa eignarrétti trésins á sjálfu sér, að tréð ætti sig sjálft og enginn hefði rétt til að raska tilveru þess. Þetta kom í ljós þegar ryðja átti trénu burt og leggja hraðbraut þar sem það stóð. Þá var farið að kanna hver ætti landið og kom þá hið sanna í ljós, tréð átti sig sjálft. Það hafði enginn rétt til þess að höggva það.

Mér verður hugsað til svo margra náttúruperlna á Íslandi. Í rauninni ætti að binda í stjórnarskrá, eða tryggja með lögformlegum hætti, að dýrustu náttúruperlur þjóðarinnar, framtíð þeirra eða staða, verði ekki undirorpnar duttlungum einstakra ráðherra eða ríkisstjórna. Verði ekki undirorpnar öflum sem hugsa um það eitt hvernig þau geti af græðgi og virðingarleysi gengið á náttúruna eins og þeim sýnist, eins og við höfum upplifað á síðustu árum af hálfu ríkisstjórnarinnar undir forustu hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins sem hefur sýnt íslenskum náttúruperlum minni virðingu en nokkur annar stjórnmálamaður hér á landi.

Við höfum dæmin: Kárahnjúkavirkjunin. Við höfum dæmin: Þjórsárverin. Og við erum áfram að takast á og áfram er verið að sækja fram. Langisjór liggur undir, Héraðsvötnin; jökulárnar í Skagafirði — kannski er það einmitt þær sem málið snýst um — Skjálfandafljót með Aldeyjarfossi — kannski er það einmitt löngunin til að ná þessum náttúruperlum inn í virkjunaræðið, álæðið, sem rekur þetta mál áfram. Mér kæmi ekki á óvart að svo væri. Maður veltir fyrir sér lagasetningum sem þessi ríkisstjórn hefur beitt fyrir sig að náttúran skulu alfarið verða að lúta kröfunni um að henni sé ráðstafað til einnar notkunar sem er raforkuframleiðsla. Hvers vegna má ekki rannsaka Skagafjarðarvötnin, jökulárnar í Skagafirði, með tilliti til þess að verðmæti þeirra fyrir nútíð og framtíð séu helst fólgin í því að þau séu eins og þau eru nú? Hvers vegna megum við ekki beina rannsóknum okkar að því að kanna það? Hvers vegna verðum við að lúta þeim kröfum að rannsóknir í þágu virkjunar skuli hafa forgang umfram allt annað? Hvers vegna megum við ekki rannsaka mikilvægi Þjórsárvera og vatnasvæðis Skagafjarðarvatna með tilliti til líffræðilegs fjölbreytileika og mikilvægis þess fyrir nútíð og framtíð? Hvers vegna megum við það ekki? Hvers vegna má það ekki vera með? Hvers vegna verður að úthluta leyfum til rannsókna til aðeins eins? Til virkjana.

Þetta er svo gróf aðgerð, þetta er svo gróf lagasetning sem við búum við gagnvart íslenskri náttúru að það er þyngra en tárum taki, frú forseti. Ég mun síðar í ræðu minni vekja athygli á þeim tilfinningum, þeirri stöðu sem m.a. Skagafjarðarvötnin hafa í hugum Skagfirðinga og í hugum landsmanna — Skagafjarðarvötnin sem þetta frumvarp beinist kannski að stórum hluta að eins og komið hefur fram í umræðum um þetta mál.

Lítum hér aðeins fyrst, frú forseti, á Kárahnjúkavirkjunina sem ruðst var áfram með. Við skulum vera minnug þess hér að þegar ákveðið var að fara í Kárahnjúkavirkjun var það ekki gert á þinglegan hátt. Þingið treysti á lög um mat á umhverfisáhrifum. Að þau mundu leiða fram sanngjarnt mat á því hvort fara ætti í þessa virkjun eða ekki, m.a. með tilliti til annarra þátta, annarra verðmæta til framtíðar sem þetta svæði gat haft upp á að bjóða. Skipulagsstofnun var þeirrar skoðunar í umhverfismati sínu að svo væri. Að þetta svæði væri svo mikilvægt frá umhverfis- og náttúrusjónarmiðum að því ætti ekki að fórna. Þingið treysti á að þetta væri vegvísirinn sem mætti treysta á gagnvart stjórnvöldum. En stjórnvöld gerðu sér lítið fyrir og höfðu umhverfismatið að engu, sneru því við og heimiluðu virkjun á svæðinu. Því var snúið við og ekki tekið tillit til margra aðvarana, vísindalegra rannsókna sem bentu til að þetta væri mikið fljótræði tæknilega séð en fyrst og fremst að út frá umhverfissjónarmiðum væri verið að fórna allt of miklu.

Frú forseti. Mér er ekki kunnugt um að verksmiðjan sem verið er að byggja á Reyðarfirði sé enn komin með starfsleyfi. Samt eru byggingarnar og framkvæmdirnar á fullu. Ef lögum væri fylgt væru þær líka stopp. Öll sú framkvæmd er knúin áfram, knúin áfram. Lög, reglur og vilji eru virt að vettugi og verkið keyrt áfram af stjórnvöldum. Hvaða traust getur náttúran borið til stjórnvalda af þessu tagi? Enda höfum við mátt búa við það.

Frú forseti. Það er skoðun okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að nú eigi að staldra við. Það eigi að staldra við í stórvirkjunum. Það eigi að staldra við í stóriðjuframkvæmdum. Ljúka því sem í gangi er og mönnum mun finnast það nógu erfitt. En að öðru leyti setja hitt í bið, bæði af umhverfis- og efnahagsástæðum. Þær ástæður mun ég rekja síðar í ræðu minni, frú forseti.

Ég vil ekki alveg skilja við umræðuna um Kárahnjúkavirkjun því við erum að tala um nákvæmlega sömu aðferðafræði sem á að beita nú gagnvart öllum öðrum vatnasvæðum í landinu. Fólk hélt að átökin um Kárahnjúkavirkjun og vatnasvæði Kárahnjúkavirkjunar hefðu verið svo hörð að

ríkisstjórnin mundi nú hægja á sér og reyna að ná sátt í samfélaginu um níðingsstefnu gagnvart náttúru landsins. En svo er ekki.

Í Útvarpi Sögu var viðtal við ágætan ungan mann — það hefur síðan birst víðar — sem var einmitt fyrir austan á þessum tíma. Hann lýsir tilfinningum sínum til virkjunarframkvæmda sem þar voru samþykktar. Ungur maður, Helgi Seljan, var í viðtali á Útvarpi Sögu og síðan hefur frásögn hans birst á prenti á allmörgum stöðum. Yfirskriftin er: „Ég biðst forláts.“ Þar segir sá ungi maður, með leyfi forseta:

„Mig langar að segja ykkur ögn frá samviskubiti sem hefur nagað mig um nokkurra mánaða skeið. Þessum móral sem á sér ekki hliðstæðu í neinu öðru en þeirri líðan sem þeir einir þekkja sem drukkið hafa ótæpilega að kvöldi, misst minnið einhverra hluta vegna, og vaknað án þess að vita yfirleitt nokkuð um sigra eða ósigra kvöldsins áður.

Þetta nefna margir í daglegu tali „þynnku“.

Samt er þetta eitthvað svo miklu meira en höfuðverkur og ógleði, þessu fylgir skömm. Og eins og með svona óútskýrða skömm sem annaðhvort dalar eða eykst þegar minnið kemur aftur, þá jókst þessi nú á dögunum.

Byrjum á byrjuninni.

Ég er alinn upp úti á landi. Bjó raunar í Kópavoginum fram til þrettán ára aldurs eða þar til foreldrum mínum datt í hug að setjast að austur á Reyðarfirði. Þetta var á þeim tíma þegar enginn, sem vildi halda friðinn á Reyðarfirði, nefndi orð eins og stóriðju, ál eða kísilgúr á nafn án þess að fá bágt fyrir.

Þarna stuttu áður höfðu enn ein áform stjórnvalda um stóriðju við Reyðarfjörð nefnilega siglt í strand með tilheyrandi vonbrigðum. Þó var á Reyðfirðingum að heyra að vonbrigðin hefðu verið mest meðal þingmanna kjördæmisins sem reynt höfðu án árangurs að koma málinu á koppinn.

Þrátt fyrir þetta ákváðum við fjölskyldan að flytja austur á Reyðarfjörð, í þetta stóriðjulausa pláss, mitt á sjálfum Austfjörðunum.

Þetta fannst engum sérstakt á þeim tíma og ég man ekki til þess að við höfum fengið bágt fyrir þessa ákvörðun um flutning frá neinum, nema síður væri.

Fólk skildi okkur mætavel. Fjölskylda, sem fram til þessa hafði búið í litlu þriggja herbergja íbúðinni í Ástúninu í Kópavoginum, gat leyft sér að kaupa einbýlishús á tveimur hæðum eystra; ...

Þetta viðhorf átti þó eftir að breytast.

Ég man að fyrstu árin mín fyrir austan voru að mestu laus við stóriðjuþrasið sem síðar átti eftir að heltaka menn og jafnvel dýr heima á Reyðarfirði. Lífið gekk sinn vanagang, — fólk kom og fór. Síðarnefndi hópurinn var þó talsvert *fjölmennari*.

Fyrirtæki komu líka og fóru. Þannig hafði pabbi minn í félagi við fleiri stórhuga menn keypt bakarí staðarins. Þetta bakarí rak pabbi, milli þess að vinna þar öllum stundum, þar til lánardrottnar sögðu stopp. Fyrirtækið fór á hausinn og pabbi á sjóinn. Fleiri lentu í svipaðri stöðu ...

Á þessum tíma fannst mér fátt fastara í tilverunni en Reyðarfjörður og Reyðfirðingar. Ég man samt eftir því þegar þetta breyttist. Það var á stjórnmálafundi ... sem ég sótti fyrir rælni eina, að ég man eftir þingmanni kjördæmisins númer 1, Halldóri Ásgrímssyni, tala um „aðförina að landsbyggðinni“. Hann sagði nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að stóriðja yrði reist fyrir austan.

Ég man að ég hallaði mér að sessunaut mínum, sem komið hafði á fundinn nokkru áður en ég mætti, og sagði: „Missti ég af einhverju, hvað er að gerast?“ Hann svaraði ekki heldur sussaði á mig og klappaði svo hátt og snjallt með öðrum fundarmönnum.

Ég man að í nokkurn tíma á eftir velti ég þessum orðum Halldórs fyrir mér. Gat þetta staðist? Var Reyðarfjörður á vonarvölinni einni? Eini togari staðarins hafði raunar stuttu áður gengið til liðs við Samherjamennina ...“

Frú forseti. Síðar segir í þessu spjalli, þessu viðtali við þennan unga mann, með leyfi forseta:.

„Nokkrum árum eftir að ég hafði reynt að fá skýringar á bölsýni þingmannsins Halldórs Ásgrímssonar en ekki fengið, þá fóru að berast fréttir af áhuga Norðmanna á því að reisa álver við Reyðarfjörð. Jæja, hugsaði ég og varð að játa að kannski mættum við Reyðfirðingar vel hafa fleiri atvinnutækifæri til að moða úr að loknu námi. Hvers vegna ekki stóriðja?

Fljótlega hófust fundarhöld á Reyðarfirði. Ráðherrar og þingmenn vildu eiga okkur með húð og hári. Ég get svarið að á þessum árum fyrir og um síðustu aldamót, þá sá ég fleiri ráðherra og þingmenn en þegar ég fór á þingpalla síðast og hlustaði á umræður um byggðamál.

Fundirnir voru bjartsýnislegir og jafnan vel mætt. Álverið yrði enda byggt ef marka mátti orð ráðherranna — ég hafði jú engar ástæður til að rengja orð þeirra — en rafmagnið til að knýja verksmiðjuna áfram skyldi fengið á Eyjabökkum. Hvorki ég né aðrir fundarmenn veltum því sérstaklega fyrir okkur þegar þarna var komið sögu enda voru einu Eyjabakkarnir sem ég þekkti blokkarklasi í neðra Breiðholtinu.“

Litlu síðar segir, með leyfi forseta:

„Stuttu seinna fórum við þó að heyra fréttir af því að fyrirhugaðar framkvæmdir ráðherranna okkar væru ekki alveg eins vinsælar alls staðar. Það áttum við erfitt með að skilja. Þetta fólk, ráðherrarnir, voru jú að bjarga okkur ef marka mátti orð þeirra, þó vissulega veltum við því annað slagið fyrir okkur hvort og þá hver hefði komið okkur í slíka stórhættu.

Gleði okkar Reyðfirðinga náði ekki langt miðað við fréttir sem við heyrðum næstu daga á eftir. Hópur fólks reis upp og vildi meina að Eyjabakkarnir, sem ég hafði heyrt í millitíðinni að væru víst á hálendi Íslands en ekki bara í Breiðholtinu, væru ómetanleg náttúruperla sem ekki mætti hrófla við, allra síst með því að ausa þangað vatni.

„Djöfuls heimska pakk,“ hugsaði ég, „veit þetta lið ekki að hér sitjum við Reyðfirðingar í hreinni útrýmingarhættu og eina von okkar er bundin við að rennbleyta þessa blessuðu Eyjabakka?“

Málið hitnaði og hitnaði og skap okkar Reyðfirðinga í fullu samræmi við það. Ekki bara að pakk með bakpoka væri að röfla þessu vitleysu um ómetanleika Eyjabakkanna heldur voru nú tónlistarmennirnir okkar, rithöfundarnir okkar, fréttamennirnir okkar og nær allir sem við höfðum einu sinni talið okkar farnir að taka þátt í þessari aðför gegn björguninni í austri.

Ég man að við félagarnir ákváðum einu sinni vel við skál að halda tónleika á Reyðarfirði. Þangað skyldi stefnt tveimur eðalrokkgrúppum. Einhver vandræðagangur var að gefa tónleikunum nafn þannig að við notfærðum okkur bara heiftina sem nú var orðin krónísk og gáfum tónleikunum nafnið Sökkvum Eyjabökkum.

Fengum í kjölfarið mikla athygli og vandlætingu þeirra sem snúið höfðu við okkur baki. Við, þetta hálfdrukknaða fólk sem nú átti að bjarga; okkur var nú drekkt af fólki sem við töldum vini okkar.

Ég man að Björk Guðmundsdóttir seldi ekki marga geisladiska þennan veturinn á Reyðarfirði. Guðrún Eva Mínervudóttir, sem hafði opinberað illsku sína í garð okkar Reyðfirðinga með því að tjalda á Arnarhóli til að mótmæla álverinu okkar, kom ásamt fleiri skáldum austur til að lesa upp úr nýrri bók sinni. Guðrúnu var gefið sterklega til kynna að enginn kærði sig um hennar bók, hún las því aldrei neitt.

Sama var hægt að segja um Jakob Frímann Magnússon og Stuðmennina hans."

Frú forseti. Þannig hélt þetta áfram og síðan segir í hinni ágætu grein þessa ágæta manns, Helga Seljans:

„Ég man að orðið náttúra hafði á þessum tíma fengið þá þýðingu eina í mínum eyrum að vera samheiti fyrir mannvonsku og rasisma í garð Reyðfirðinga og annarra Austfirðinga, enda óvinaherinn jafnan merktur Náttúruvernd.

Þetta lið var þó heppið því öllum að óvörum fengu þeir ósk sína uppfyllta þegar norska álfyrirtækið, stærsti hluti björgunarsveitarinnar sem átti að redda okkur, og nefndist Norsk Hydro ákvað að hætta við þá tegund af álveri sem rætt hafði verið um og byggja í staðinn stærra, Eyjabakkar voru því ekki nóg.

Ég man að í kjölfarið hætti þessi rógsherferð gegn okkur Austfirðingum að mestu. Einstaka fáviti lét þó í það skína að hugsanlega hefði bara verið betra að sökkva Eyjabökkum en svæðinu sem nú hafði verið nefnt sem hugsanlegt vatnasvæði vegna álversins okkar, Kárahnjúkar.

„Gat það verið," hugsaði ég í réttlátri bræði minni. „Ætlar þetta helvítis lið aldrei að láta okkur í friði? Hvenær skyldu þeir sjá að hér væri um líf og dauða að tefla?"

Ég man að þó flestir kæmust óskaddaðir út úr þessum fyrsta bardaga í álstríðinu þá breyttist eitt: Viðhorfið til okkar Reyðfirðinga varð öðruvísi. Fólk sem áður hafði spurt mig út í búsetu mína og jafnan fylgt svari mínu eftir með því að segja: „Já þú ert þar, er ekki gaman að búa úti á landi?" — það fór að fussa og sveia áður en það svo leit á mig sömu augum og það virti fyrir sér krabbameinssjúkling á líknardeild. Og spurði hvort ástandið væri ekki hryllilegt hjá okkur.

Ég man líka að stuttu síðar bárust fréttir af því að norsku bjargvættirnir hefðu hætt við að bjarga okkur. Í kjölfarið var boðað til íbúafundar á Reyðarfirði. Fundinum var valinn staður í íþróttahúsi staðarins. Til fundarins mættu þingmenn, ráðherrar og forsvarsmenn bæjarins. Ég var þar líka og allir Reyðfirðingar utan nokkurra sem annaðhvort voru heima rúmfastir úr flensu eða á sjó. ...

Ég gleymi aldrei þegar ég kom inn í íþróttahúsið þetta kvöld. Þá fór að læðast að mér efi.

Á gólfum í flestum hornum salarins var búið að koma fyrir handklæðum til að taka við regnvatni sem hafði litla fyrirstöðu í þaki hússins. Við enda salarins var búið að koma fyrir háborði þar sem sátu ráðherrar og þeir sem máttu sín einhvers í álbjörguninni. Við hin sátum þar fyrir framan og í stúku íþróttahússins. Við biðum.

Þegar fundurinn svo byrjaði tók ég eftir því að jafnvel þó ekkert heyrðist í míkrófóni frummælanda þá gerði enginn athugasemd við það. Við bara biðum þangað til einhverjum datt í hug að reka ráðherrann nær míkrófóninum og láta hana byrja upp á nýtt. Það gerði hún og eyddi svo næstu tveimur klukkutímum ásamt öðrum í sama geira að útskýra fyrir okkur það sem við vissum; að einhver töf yrði á því að hægt væri að bjarga okkur Reyðfirðingum úr þessari bráðu hættu sem að okkur steðjaði.

Þarna gerðist ég svo harður að spyrja fyrrnefndan ráðherra og hennar fólk að því hvort og þá hvenær væri kominn tími til að snúa sér að öðru. Bara einhverju öðru. Fyrst á annað borð eitthvað utanaðkomandi varð að koma til svo við gætum áfram búið á Reyðarfirði; hvenær við fengjum til dæmis bar.

Þessi spurning mín varð ekki tilefni frekari vangaveltna um leið tvö í atvinnumálum okkar ..."

Frú forseti. Síðar í frásögn þessa ágæta unga manns segir, með leyfi forseta:

„Stuttu síðar var gengið frá samningum við ítalskt verktakafyrirtæki um byggingu Kárahnjúkastíflu. Þá var ég orðinn blaðamaður á litlu fréttablaði fyrir austan. Fljótlega fóru að berast tíðindi af því að Íslendingar fengjust ekki í vinnu hjá þeim verktaka. Stuttu síðar bárust fregnir af slæmum aðbúnaði útlendinga á svæðinu.

„Byrjunarörðugleikar," var sagt við mig þegar ég hafði staðfest þessar fregnir með því að fara sjálfur upp eftir og líta á aðstæður. Ráðherrar og ráðamenn eystra sögðu mig neikvæðan þegar ég ræddi um hvort ekki væri full mikið lagt í sölurnar til bjargar okkur Reyðfirðingum þegar útlendingar væru farnir að taka sér hlutverk þræla í björgunaraðgerðunum.

„Voðaleg neikvæðni er þetta, Helgi," sagði ónefndur ráðherraaðstoðarmaður einu sinni við mig þegar ég falaðist eftir viðtali við ráðherrann vegna ásakana um að ekki væri hlustað á kröfur verkalýðshreyfingarinnar vegna Portúgalanna á Kárahnjúkum."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Ég hafði líka gert athugasemdir við að tvær risavaxnar raflínur, Fljótsdalslínur, skyldu lagðar þvert yfir botn Reyðarfjarðar, á leið sinni frá Kárahnjúkum að álverinu við Reyðarfjörð, en þá verið of seinn. Leyfið hafði verið gefið áður, þegar Norsk Hydro vildi heim og stóð því enn. Allt tal mitt um hvort ekki mætti milda umhverfisáhrif raflínanna með því að grafa þær í jörð, í stað þess að 30 metra möstur yrðu reist á við og dreif þessa löngu leið, var afgreitt sem kjánaskapur af fulltrúum Landsvirkjunar."

Frú forseti. Síðar í frásögninni segir þessi ágæti maður, með leyfi forseta:

„Ég hafði ekki komið austur í hálft ár þegar ég heimsótti Austfirðina nú um liðna helgi með kærustunni minni. Ég hafði ætlað mér að sýna henni Austurlandið.

Daginn áður en ég kom austur hafði ég tekið viðtal við tvo hagfræðinga vegna þenslu og uppsagna sem hagfræð-

ingarnir vildu meina að kæmu í beinu framhaldi af stóriðjuframkvæmdum okkar Reyðfirðinga. Ég neitaði hreinlega að trúa því að þenslan og björgunin á Reyðarfirði væru nú þess valdandi að frystihúsið á Reyðarfirði væri að loka ásamt tveimur öðrum frystihúsum, öðru á Stöðvarfirði og hinu í Bíldudal."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Hvers vegna var þessu ekki haldið á lofti þegar farið var út í þessar framkvæmdir, þar sem ég og fleiri settum allt okkar traust á ráðherrana og þá sem sögðu þetta einu færu leiðina fyrir okkur Austfirðinga til að lifa af?

Hvers vegna var því haldið fram að milli 500 og 600 ný störf væru að verða til í landinu í tengslum við þessa framkvæmd, þegar ljóst var að önnur störf legðust af annars staðar á landsbyggðinni til þess að redda þessari sömu landsbyggð? Hvers vegna þurfti allan þennan hóp af fólki erlendis frá til að byggja bæði virkjunina og álverið ef alla þessa Reyðfirðinga vantaði vinnu?

Ég skildi þetta ekki.

Ég var því hálfringlaður þegar ég kom heim á Reyðarfjörð í þetta skiptið. Ég vissi sem var að margt hafði breyst; hús höfðu risið, verslanir opnað og fólki fjölgað. „Var þetta ekki nóg?" velti ég fyrir mér milli þess sem ég stikaði nýjar götur heimabyggðarinnar.

Einhvern veginn gat ég samt ekki séð að þetta væri þess virði þegar ég hafði heimsótt Kárahnjúka.

Ég fór ásamt kærustunni í bíltúr upp að Kárahnjúkum á laugardag. Kvöldið áður hafði ég verið á barnum á Reyðarfirði, sem nú er opinn alla daga, allt árið um kring, og ekki heyrt um neitt sem menn vanhagaði um, nema kvenfólk — en það hlyti nú að koma um leið og álverið yrði tilbúið.

Þegar upp á Kárahnjúka var komið var eins og allt þetta gleymdist. Ég áttaði mig á því hvers vegna samviskubitið var tilkomið: ég hafði haft rangt fyrir mér. Ég hafði látið æsa mig upp í að heimta eitthvað sem mig vantaði ekki. Ég hafði gert eins og þegar ég var krakki, heimtað eitthvað bara til að heimta.

Mér og mínum hafði verið att út í forað pólitíkusa sem eiga sér enga ósk heitari en að fá klapp og endurkjör. Ég var fífl, fáviti og drusla. Allt í einu.

Ég sat á barmi gljúfursins sem brátt myndi fyllast. Allt þetta land undir vatn, allt þetta vatn fyrir mig. Mig og álverið sem ég hafði fyrst fengið að heyra að mig vantaði þegar núverandi forsætisráðherra var í vandræðum með að ná endurkjöri.

Góðir hlustendur, ég hafði rangt fyrir mér. Ég lét tilleiðast að taka þátt í einhverri mestu feigðarför sem lagt hefur verið í á Reyðarfirði síðan á annan tug breskra hermanna lagði þar upp í sína seinustu för um Eskifjarðarheiði á stríðsárunum. Líkt og þá vantaði útbúnaðinn og farið var of hratt af stað.

Ég áskil mér hins vegar rétt til að spyrja að leikslokum, hlustendur góðir. Ég vil sjá hvort bjartsýnin, áræðnin og krafturinn sem nú hefur losnað úr læðingi heima á Reyðarfirði endist áfram þegar þenslunni sleppir. Þegar aðrir íbúar landsbyggðarinnar hætta að líða fyrir björgunaraðgerð sem aldrei hefði þurft að fara í, ef þingmenn og ráðherrar hefðu ekki skilgreint fyrir okkur hvað okkur vantaði löngu áður en okkur fór að vanta það.

Þangað til verð ég svartsýnn og ef það er bölmóður spyrjið þá konurnar tuttugu sem nýverið var sagt upp eftir ára og jafnvel áratuga starf í frystihúsinu á Reyðarfirði í nafni góðæris. Þær sjá ekki allar fram á að nýmóðins vinnumarkaðurinn eystra hafi upp á eitthvað betra að bjóða.

Spyrjið Stöðfirðingana sem studdu stóriðjuáformin með ráðum og dáð en missa nú vinnu sína og horfa á eignir sínar lækka í verði ...

Góðir hálsar, ég biðst forláts."

Þetta hefur birst opinberlega, frú forseti, og ég les það til að sýna hversu gríðarleg átök eiga sér stað í hugum hvers og eins og í hverju samfélagi þegar farið er í og gripið er til svo gríðarlegra stórvirkra aðgerða sem þarna var verið að gera. Kárahnjúkavirkjun ásamt álversframkvæmdunum þar sem sumir, eins og hæstv. forsætisráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra, hafa verið að monta sig af að væru stærstu framkvæmdir í Evrópu og tínt það til sem eitthvað jákvætt um þetta. Og í rauninni skipt þjóðinni í tvær fylkingar á sínum tíma. Meira að segja hjá því fólki sem taldi sig vera að fylgja þessum miklu hernaðaraðgerðum gegn landinu til að byggja þarna upp vinnustað með miklum fórnum, hefur þetta kostað mikil átök. Því leyfa menn sér að spyrja: Hvers vegna ljúkum við nú ekki því verki sem þarna hefur verið ráðist í í svona mikilli ósátt áður en við förum að ganga í ný hervirki gegn þjóðinni, gegn landinu? Af hverju ljúkum við þessu nú ekki og gerum svo hlé? Þessi frásögn hins unga mann sýnir hversu hörð togstreita, hversu mikil átök eiga sér stað þegar ráðist er fram með þeim hætti eins og gert er með stórvirkjunina fyrir austan.

Samkvæmt nýjustu fregnum er það ætlun ríkisstjórnarinnar og hæstv. iðnaðarráðherra að ráðast nú í enn frekari álversframkvæmdir og enn frekari virkjanaframkvæmdir. Mundi þó margur telja að nóg væri komið. Samkvæmt fréttum síðustu daga hefur verið ákveðið að ganga til viðræðna um stækkun álversins í Straumsvík. Samkvæmt þeim áætlunum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir þremur nýjum álversframkvæmdum eftir að þeim framkvæmdum sem nú standa yfir fyrir austan og á Grundartanga lýkur árið 2008. Hér er um að ræða stækkun álversins í Straumsvík um 280 þús. tonn og samkvæmt þeim yfirlýsingum sem voru lesnar upp á síðustu dögum er stefnt að því að framkvæmdum við stækkun álversins ljúki eigi síðar en 2010. Reyndar er stækkunin háð samþykki Alcan en þegar hafa verið gerðir skuldbindandi samningar af hálfu Landsvirkjunar um að þeir samningar njóti forgangs í viðræðum fyrirtækisins um orkuöflun.

Í öðru lagi er rætt um byggingu álvers í Helguvík. Nú hafa tillögurnar um umhverfismat verið tilkynntar þar sem gert er ráð fyrir 250 þús. tonna álveri. Einnig er gert ráð fyrir að það álver geti farið að taka til starfa á árinu 2008–2010.

Í þriðja lagi verið að vinna að staðarvali á nýju álveri á Norðurlandi þar sem gert er ráð fyrir 200–250 þús. tonna framleiðslugetu. Allt er þetta nú lagt fram og tilkynnt að þetta sé undir í einu. Gangi þetta eftir verður með þeim framkvæmdum álframleiðsla á Íslandi komin í 1350–1400 þús. tonn og Ísland orðið álrisi á heimsmælikvarða með rúm 6% af heimsframleiðslunni í áli. Við finnum hinn gríðarlega þrýsting sem kemur nú frá stjórnvöldum, álverk-

smiðjum og þeim aðilum sem trúa á ál. Finnum þann gríðarlega þrýsting sem nú er látinn standa á náttúru Íslands. Það er einmitt sá þrýstingur sem birtist í vinnubrögðum hér á Alþingi gagnvart því frumvarpi sem hér er um að ræða, þ.e. að ráðherra fái að úthluta fleiri rannsóknarleyfum til undirbúnings raforkuvinnslu fyrir þau álver sem ég hef talað um. Það er þessi þrýstingur, það er þetta ofbeldi sem á að kynda undir og beita nú gagnvart íslenskri náttúru.

Í umræðunni um málið hefur komið fram að m.a. er verið að takast á um vötnin á Norðurlandi, Skagafjarðarvötnin, Skjálfandafljót. Þess vegna segi ég: Það er með ólíkindum hvernig lagaramminn hefur verið settur upp á þann hátt að forgangur þess sem vill rannsaka slíkar náttúruauðlindir, stór vatnasvæði, hvort sem þau eru á hálendi eða láglendi til raforkuframleiðslu, skuli hafa svona algeran forgang yfir aðrar forgangsraðanir gagnvart þessum náttúruauðlindum.

Frú forseti. Ég ætla að víkja nokkuð að umræðunni um Skagafjarðarvötnin. Í Skagafirði er mikil andstaða við að það sé einu sinni farið í gang með að veita rannsóknarleyfi á fallvötnum Skagafjarðar, jökulánum í Skagafirði. Vegna þess að Skagfirðingar vilja og telja að vötnin eins og þau eru séu þeirra mesta auðlind, bæði til tekjuöflunar en einnig að þeim beri skylda til þess bæði gagnvart náttúrunni í nútíð og framtíð og gagnvart óbornum kynslóðum skuli Skagafjarðarvötnin fá að falla fram eins og þau hafa gert.

Í ályktun félagsfundar Vinstri hreyfingarinnar — grænsframboðs 8. júní árið 2005 segir svo, með leyfi forseta:

„Héraðsvötnin og jökulárnar móta ásýnd og ímynd Skagafjarðar og eru undirstaða hins síkvika lífkerfis héraðsins allt frá jöklum til hafs. Tækifæri framtíðarinnar felast í að nýta þau óspjölluð í tengslum við fjölþætta útivist, veiði, ferðaþjónustu, landbúnað og aðra umhverfisvæna atvinnustarfsemi. Þýðing vatnanna fyrir uppeldi fiskseiða, bæði ferskvatnsfiska og sjávarfiska, er einnig ómetanleg. Atvinnutækifærin felast í fjölbreytni og þekkingariðnaði en ekki einhæfum álbræðslum sem skaða möguleika annarra atvinnugreina eins og skýrt hefur komið í ljós að undanförnu. Félagsfundur Vinstri hreyfingarinnar — grænsframboðs í Skagafirði leggst því alfarið gegn hugmyndum, öllum hugmyndum, um virkjanir í jökulánum í Skagafirði."

Frú forseti. Þess vegna finnst okkur hart að búa við það að hæstv. iðnaðarráðherra, sem sér eitt, geti lagt undir og níðst á íslenskri náttúru í þágu áldrauma sinna. Hvernig hún á að fá leyfi, fái hún stöðu til þess, að úthluta rannsóknarleyfum til virkjana á jökulánum í Skagafirði. Það fer hrollur um okkur að hugsa til þess ef svo færi. Það er sjálfsagt að athuga og rannsaka líffríki jökulánna í Skagafirði til að við vitum um líffræðilegan fjölbreytileika þeirra út frá forsendum um að þau megi vera óröskuð. En þegar rannsóknaraðili fer í rannsóknir á þeim forsendum einum að rannsaka möguleika til virkjana, þá er þeim náttúruauðlindum ógnað.

Frú forseti. Ég mun þess vegna rekja ýmis sjónarmið okkar Skagfirðinga gagnvart þessum virkjanahugmyndum og þeirri ógn sem við teljum að okkur stafi af því ef ráðherra fær þessa heimild. Ýmis skáld hafa ort um Héraðsvötnin, enda eru þau miðlæg í hugum Skagfirðinga. Skín við sólu Skagafjörður, er eitt hátíðarljóð sem Skagfirðingar hafa yfir og syngja á hátíðarstundum og þá er risið úr sætum. Ég segi, frú forseti: Hver mundi vilja standa á Vatnsskarði við Arnarstapa og horfa yfir Skagafjörðinn ef búið væri að stífla hann eða jökulárnar eða taka mjólkurlitinn, framburð Héraðsvatnanna út í Skagafjörðinn, sem litar hann langt út undir Drangey? Þá væri búið að skerða, lama og lemstra þessa náttúruauðlind svo mikið. Hver gæti þá staðið við Vatnsskarðið og sungið: Skín við sólu Skagafjörður? Ég á erfitt með að sjá það fyrir mér, frú forseti.

Þess vegna viljum við einmitt ekki að ráðherra eins og þessum hæstv. iðnaðarráðherra sem hugsar ekkert nema um álbræðslur og virkjanir, verði færðir möguleikar á að úthluta slíkum leyfum. Mörg skagfirsk skáld hafa ort óð og hollustu til Héraðsvatnanna. Í kvæðinu Blönduhlíð endar Stefán Vagnsson frá Hjaltastöðum, sem var uppi á árunum 1889–1963, kvæði sitt þannig, með leyfi forseta:

> Meðan „Vötnin" ólgandi að ósum sínum renna,
> iðgrænn breiðist gróður sléttur, hæð og laut,
> geislar árdagssólar á bröttum tindum brenna,
> blessun Drottins ríkulega falli þér í skaut.

Meðan Héraðsvötnin fá að renna, meðan vötnin, meðan Jökulsárnar í Skagafirði fá að renna ólgandi að ósum sínum þá mun blessun Drottins ríkulega falla þér í skaut, er óður Stefáns Vagnssonar til allra þeirra sem koma og njóta fegurðar náttúrunnar og þeirra auðlinda sem skagfirsku vötnin bjóða upp á. Við viljum ekki að hæstv. iðnaðarráðherra né neinn fái ótakmarkaðar heimildir til að úthluta rannsóknarleyfum á Héraðsvötnunum eða á Jökulslánum til virkjana. Svo einfalt er það.

Í skoðanakönnun sem gerð var meðal Skagfirðinga á nýliðnum vetri kom vilji þeirra afar skýrt fram, þeir vilja ekki fórna Héraðsvötnunum sínum, Jökulsánum. Þeim voru Héraðsvötnin og Jökulsárnar mest virði eins og þau eru nú og geta ekki hugsað sér að á þau verði ráðist eins og hér er verið að fara fram á með frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra sem við höfum verið að fjalla um. Ég ætla nú að nefna nokkrar greinar sem lúta að viðhorfi fólksins til þessara vatna. Því það er nú svo að sem betur fer eru margir Íslendingar, og þeim fjölgar, sem líta á vötnin, á náttúruauðlindir landsins, sem dýrar perlur sem við höfum ekki ótakmarkaðar heimildir til að ráðast á. Ég ætla að lesa hér grein sem Þórarinn Magnússon, bóndi á Frostastöðum í Skagafirði, birti í Feyki 14. september 2005. Með greininni fylgja fallegar myndir sem sýna hóp fólks vera að stikla yfir Jökulsárnar í Skagafirði. Í grein Þórarins segir svo, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Norðlenskrar orku ehf. var haldinn í Miðgarði 29. júní sl. Áður en eiginlegur fundur hófst var farið í skoðunar- og kynnisferð til Ævintýraferða Magnúsar Sigmundssonar til að fræðast um siglingar á Jökulsánum, eystri og vestri. Það var „mjög gaman og áhugavert" eins og fundarritari skráir í fundargerð. Magnús sýndi okkur aðstöðuna og fræddi hópinn um sögu siglinganna, stöðu sína í dag og ekki síst þá miklu möguleika sem hann sér í framtíðinni. Með dálítið meira fjármagni má stórbæta ásýnd og aðstöðu, búa til „heimsklassa afþreyingu" eins og hann orðaði það. Og hann vitnar í ræðarana sína. Fjölþjóðlegan hóp manna sem hefur það að atvinnu að fara um heiminn og sigla niður ár. „Þið vitið ekki hvað þið eigið," hefur hann eftir þeim. Eystri áin er tvímælalaust á meðal 10 bestu siglingaáa í Evrópu en þar er aldursmark 18 ár, vestari áin er

tiltölulega auðveld, aldursmark 12 ár, en í stórkostlegu umhverfi. Að ógleymdri þriggja daga ferðinni frá Laugarfelli og niður úr. „Þetta markar Skagafirði algera sérstöðu á landinu sem er afar mikilvægt í ferðaþjónustunni. Ætlið þið að eyðileggja þetta?“ spyr hann“ — náttúruunnandinn og ferðafrömuðurinn Magnús Sigmundsson, sem er með Ævintýraferðir. — „Í fyrsta sinn fannst mér ég skynja í þessum hóp að fólk átti sig á að hér sé eitthvað sem skipti máli.

Gangnamannafélag Austurdals stóð fyrir gönguferð niður Austurdalinn dagana 15.–17. júlí sl. 17 manna hópur hélt af stað frá Varmahlíð um kl. 17 á föstudegi og ók sem leið liggur fram að Laugarfelli. Þar var áð um stund á bökkum fyrirhugaðs lóns Skatastaðavirkjunar.“

En, frú forseti, þær virkjanir sem hefur verið talað um að gera í Jökulsánum í Skagafirði eru annars vegar svokölluð Skatastaðavirkjun og hins vegar svokölluð Villinganesvirkjun.

„Þar var áð um stund á bökkum fyrirhugaðs lóns Skatastaðavirkjunar. En síðan haldið áfram eftir fyrirhuguðum lónsbotni niður að Grána en þar skyldi gist fyrri nóttina. Skálinn stendur á fallegum stað við Geldingsána nokkru áður en hún fellur í Jökulsá eystri. Þar er gott að hvílast í heilnæmu fjallalofti við hægan nið árinnar. Verði af Skatastaðavirkjun er fyrirhugað að stífla Geldingsá nokkru ofar við Grána og veita henni í miðlunarlónið, svokallað Bugslón. Eftir yrði lækjarspræna.

Ferðalangar voru snemma á fótum á laugardagsmorgni enda fram undan 25 km ganga með bakpoka niður í Hildarsel. Tjöldum og öðru sem ekki var nauðsynlegt að hafa með var pakkað niður og það sent til byggða með bílunum. Hópurinn var myndaður í bak og fyrir og síðan haldið af stað í blíðskaparveðri. Stefnan er tekin á Stórahvamm, gróðursælan stað meðfram Jökulsánni. Þar vex birki í mestri hæð á Íslandi, um það bil 630 metrum yfir sjávarmáli. Áfram er haldið niður að Lönguhlíð en þar skiptist hópurinn. Ég held að alla langi niður að Lönguhlíð en flestir ganga heim brúnirnar því dagleiðin er löng og ekki má eyða öllum kröftum í upphafi ferðar. Við erum sex sem förum niður í bratta hlíðina. Og þvílíkt landslag. Meira en mannhæðarhátt víði- og birkikjarr og svo þétt að maður verður víða að ryðja sér braut. Þetta er í 500–550 metra hæð yfir sjó.

Hópurinn sameinast aftur við Hörknána, þá litlu náttúruperlu. Áin er ekki mjög vatnsmikil en brött og hendist áfram hvítfyssandi á milli stórra steina sem allir eru grænir af mosa. Hér þyrfti að gefa sér tíma til að hinkra við um stund í góðu veðri og njóta. En nú er orðið stutt niður að Fossá og þar er fyrirhugað nestisstopp. Sú vitneskja drífur svangt göngufólk áfram svo Hörknáin verður að eiga sína töfra fyrir sig að þessu sinni.

Það er sama blíðan. Að halla sér aftur þarna í góða veðrinu á bökkum Fossár, borða nestið sitt og láta þreytuna líða úr vöðvunum er yndisleg tilfinning. Ekki skal ég hér hafa um þennan stað mörg orð en ég veit að allir sem þarna hafa komið geta sett sig í okkar spor og samglaðst okkur. En hér er ekki til langrar setu boðið því enn er 13 km leið eftir fyrir höndum og Fagrahlíðin er eftir.

Fararstjórarnir bjóða nú aftur upp á útúrdúr fyrir þá sem vilja inn að svokölluðum Væthamarsskeiðum á Fossárdal. Þangað koma fáir aðrir en gangnamenn í fjárleitum. Við förum fjórir, fyrst upp brekku og svo inn dalinn. Og þvílík perla þessi Fossárdalur. Svona algjörlega óvæntur og vel falinn að fæstir ferðalangar vita af honum þó þeir fari oft um Austurdalinn. Stóreflis björg, fossandi vatn og gróður í stórkostlegu samspili milli brattra hlíða. Hingað þyrftu allir sem fara um Austurdalinn að koma. Taka í það að minnsta kosti einn og hálfan til tvo tíma. Ef til vill er vissara að draga það ekki of lengi því ef ráðist verður í Skatastaðavirkjun er fyrirhugað að stífla bæði Fossána og Hörknána. Leiða þær í göngum undir farveg Jökulsár eystri og í önnur veitugöng vestan Jökulsár. Ræna dalinn þessum perlum sínum.

Við þessir fjórir náum hópnum niðri við Fögruhlíð og þá er byrjað að rigna. Regnið ýtir fólki af stað þessa síðustu fimm km niður í Hildarsel svo dvölin í Fögruhlíð verður styttri en til stóð. Bakpokar og föt þyngjast, skór blotna og það verður skreipt í spori. Göngulúið nær fólk að Hildarseli eftir rúmlega 10 tíma ferð. Þetta er of löng dagleið fyrir þá sem ekki eru gönguvanir, jafnvel í góðu veðri. Það fer of mikill tími í að þramma í halarófu, en of lítill tími gefst til að njóta. Það vantar skála við Fossána. Þá væri þarna komin stórkostleg gönguleið með upphafi við annaðhvort Laugarfell eða Grána og endapunkt við Ábæ, Skatastaði, Merkigil eða jafnvel Gilsbakka. Allt eftir því hvernig fólk vill haga ferð sinni. Í góðum ferðahópi er skálalífið kvölds og morgna líka stór hluti af velheppnaðri ferð.

Á sunnudegi var svo þægileg 10 km ganga frá Hildarseli niður að kláfnum við Skatastaði. Þar beið okkar Sigurður Friðriksson sem ók okkur heim til sín að Bakkaflöt. Þar fór hópurinn í sund og heita potta.

Fyrst höfðum við pottana fyrir okkur en áður en langur tími leið fylltist laugin af fólki sem var að koma úr siglingu niður Jökulsá vestari. Þar var m.a. þekkt norsk skáldkona, Margit Sandemo, með hóp af ljósmyndurum og sjónvarpstökufólki. Hún hafði einnig komið árið áður með sams konar hóp. Önnur kona var þarna frá Akureyri. „Ég sigldi ána í fyrra,“ sagði hún, „og það var svo stórkostlegt að núna tók ég með mér hóp og við gistum hér á Bakkaflöt.“ Þessi ummæli eru í takt við ótal önnur sem fallið hafa frá fólki sem siglt hefur árnar.“

Og grein sinni lýkur Þórarinn Magnússon á Frostastöðum þannig, frú forseti:

„Skagfirðingar! Stöndum vörð um Jökulsárnar. Leyfum þeim að renna óbeislaðum frá jökulrótum til sjávar. Það er sannfæring mín að þannig verði þær Skagfirðingum sem og þjóðinni allri til mestra heilla um ókomin ár. Sameinumst hins vegar um að reisa góðan skála við Fossá svo Austurdalsganga verði auðveld sem flestu fólki. Gönguferðir eru ört vaxandi hluti af ferðaþjónustu um allan heim og það geta þær líka orðið í Skagafirði.“

Frú forseti. Þetta er grein sem lýsir gönguferð eins hóps um svæði Jökulsánna í Skagafirði. Verði áform iðnaðarráðherra, ef þau ganga eftir, um að virkja eða stífla Jökulsárnar þá mun þessu landi, þessu svæði, þessum perlum sem hér er lýst, verða tortímt. Það er þess vegna sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs krefjumst þess að nú verði stöðvað við þær framkvæmdir sem þegar eru komnar í gang varðandi virkjanir á fallvötnum landsins. Og við spyrjum: Viljum við ganga enn lengra í að fórna þess-

um náttúruperlum á þágu stórvirkjana eða stóriðju eða viljum við meta hvort þær megi ekki standa eins og þær eru og séu þannig þjóðinni bæði í nútímanum og í framtíðinni best og mest auðlind?

Frú forseti. Það eru fleiri sem hafa skrifað greinar um Skagafjarðarárnar. Ég dreg þetta fram vegna þess að í því fylgiskjali sem hefur verið dreift með frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra um að fá að úthluta rannsóknarleyfum til virkjana kemur fram að það eru einmitt leyfi til rannsókna á virkjunarmöguleikum Skagafjarðarvatnanna sem knýja frumvarpið áfram. Hæstv. ráðherra gat þess hér í ræðum sínum, bæði við 1. og 2. umr., sem hún hefur dregið til baka og sagt að hafi verið takmarkað að marka, að það var einmitt vegna þrýstings þeirra aðila sem vilja fá að fara inn á Skagafjarðarvötnin til virkjana sem þetta frumvarp er keyrt fram. Þá verður ekki svigrúm fyrir þá aðila sem vilja horfa á aðra nýtingu þessara miklu auðlinda.

Valgeir Kárason skrifar grein í Feyki um þetta mál 17. nóvember 2004, sem ég vil leyfa mér að gera að umtalsefni, frú forseti.

Áður en ég kem að greininni, frú forseti, er gott að brjóta upp og rifja upp frekari samþykktir.

Samtök ferðaþjónustunnar ályktu 6. október árið 2004 einmitt varðandi virkjunarframkvæmdir í Skagafirði, með leyfi forseta:

„Samtök ferðaþjónustunnar vara alvarlega við þeirri tillögu sem fram hefur komið og er til breytingar á þriðju tillögu að aðalskipulagi Skagafjarðar fyrir árið 2004–2016 en tillaga þessi var kynnt á fundi sveitarstjórnar Skagafjarðar 24. september sl.

Samtökin benda á að efling ferðaþjónustu hefur verið eitt meginmarkmið stjórnvalda á undanförnum árum. Áframhaldandi vöxtur er best tryggður með öflugri þjónustu og fjölbreyttri afþreyingu. Góð afþreying er lykilatriði í að laða ferðamenn til landsins. Jökulár Skagafjarðar eru afar vinsæl afþreying, bæði meðal erlendra og innlendra ferðmanna, enda einhverjar þær bestu og fjölbreyttustu til fljótasiglinga í Evrópu.

Einnig hefur umtalsverð atvinnustarfsemi byggst upp í kringum fljótasiglingarnar sem skapað hefur tekjur í byggðarlaginu. Það er því undarlegt að fórna dýrmætu svæði án þess að fram hafi komið hvers kyns atvinnuuppbyggingu virkjanirnar komi til með að hafa í för með sér.

Með samþykkt þessari [þ.e. að samþykkja virkjunarframkvæmdir í Skagafirði] er verið að stofna áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu í voða og auk þess mun sú ímynd sem Skagafjörður hefur aflað sér sem áfangastaður ferðamanna bíða hnekki.“

Þetta er ályktun frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Við erum að takast hér á um sjónarmið, við erum að takast á um virkjunarsjónarmið, um álbræðslusjónarmið hæstv. iðnaðarráðherra og þessarar ríkisstjórnar og okkar hinna sem viljum líka sjá að réttur náttúrunnar til þess að eiga sig sjálf eða til þess að vera notið með öðrum hætti eigi líka að fá að njóta virðingar og hljóta sinn sess.

Sigríður Sigurðardóttir, safnvörður í Glaumbæ í Skagafirði, hefur lagt mikla áherslu á að efla menningarlíf og draga fram menningarlíf og menningarstarf í Skagafirði — Byggðasafnið í Glaumbæ og starf hennar þar er þekkt langt út fyrir landsteinana. Hún skrifar einmitt grein í Feyki 10. nóvember 2004 um Skagafjarðarvötnin og þá sýn sem við erum að takast á um. Greinin ber yfirskriftina „Ólík sjónarmið“.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Getur verið að fólk telji almennt að það sem mér finnst vera náttúruspjöll geti verið fyrir þeim lykill að lífshamingju og velmegun? Eða er öðruvísi hægt að útskýra hugmyndir um virkjanir við Villinganes og Skatastaði sem mér finnst óhuggulegar? Frá mínum bæjardyrum séð væri jafnvel hægt að túlka áhuga virkjanasinna sem skemmdarfýsn ef skoðað er hve miklu óhagkvæmari virkjanirnar eru taldar vera miðað við aðra virkjanakosti þar sem viðskipta- og hagkvæmnissjónarmiðin eru notuð sem mælistika. Það má nefnilega ekki tala um fagurfræði, tilfinningar eða vitund yfirleitt í þessu sambandi, bara hagkvæmni, viðskipti, hagvöxt, byggðapólitík.

En hvers vegna erum við ekki að taka mark á skýrslu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem mikið var lagt í? Þar kemur fram að það eru fjölmargir aðrir virkjanakostir mun vænlegri fyrir land og þjóð en virkjun fallvatnanna í Skagafirði. Skagafjörður er fögur umgerð um gott mannlíf. Það dró mig hingað aftur eftir að hafa hleypt heimdraganum í öðrum byggðum, ekki vonin um að geta virkjað. Hér eru hvorki víravirki né línuvegir, virkjanir né stórverksmiðjur sem trufla sýn til dala, fjalla, eyja og stranda, og þannig vil ég hafa Skagafjörð áfram. Ég get ekki hugsað mér þau eftirmæli að á mínu stutta skeiði í eilífðinni hafi ég þegjandi tekið þátt í óafturkræfum náttúruspjöllum og þannig misnotað umhverfi mitt vísvitandi. Þess vegna sting ég niður penna. Einnig af því að náttúran sjálf getur ekki varið sig og hefur ekki annað tungumál en náttúruhamfarir. Ég vil biðja jökulánum og þar með Héraðsvötnum vægðar. Þau hafa og eru enn að móta Skagafjörð og skagfirskt mannlíf.

Ég beini orðum mínum fyrst og fremst til kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum sveitarfélagsins Skagafjarðar, hreppsnefnd Akrahrepps, og bið þá að hafna hugmyndum um virkjanir við Villinganes og Skatastaði og þyrma náttúru Skagafjarðar. Ég vil einnig skora á alla þá sem efast um gildi virkjana að biðja þá sem fyrir þeim vilja standa að leiða rök að skoðunum sínum og reyna að skilja þeirra sjónarmið, svo gjörólík sem þau eru þeirra sem sjá fjársjóð í fegurð og sköpunarkrafti náttúrunnar og þeirra sem sjá fjársjóðinn í pundinu, í pyngjunni og sköpunarkrafti vélaraflsins. Það læðist að mér sá óþægilegi grunur að hinn pólitíski vefur þar sem enginn veit hvað öðrum mætir og von um völd og viðskipti hafi dregið fjöður yfir alla samvisku að rökin tækju breytingum eftir því hverra hagsmunir eru í húfi.

Þetta er framþróunin, segja menn, fórnin sem verði að færa til að ná í meiri atvinnu fyrir þetta aumingja fólk sem er að flýja dreifbýlið. Getur verið að ástæðan fyrir því að fólk vill breyta til og búa í öðru umhverfi sé einhver önnur en vöntun á atvinnu í stóriðjuverum sem menn tala fjálglega um í beinu framhaldi af virkjunum eða fengjum við ódýrara rafmagn fyrir héraðsbúa?“ — spyr Sigríður Sigurðardóttir.

„Mig vantar rök fyrir tilgangi umhverfiseyðileggingar

og breyttri ásýnd og ímynd Skagafjarðar. Hafa menn hugsað þetta til enda? Hvernig sjá virkjanasinnar Skagafjörð eftir 10 ár, 50 ár, 100 ár? Ritstjóri Feykis benti reyndar á að með virkjunum við Villinganes kæmi brú yfir Héraðsvötn og þar með hringakstur í framhéraðinu. Það væri fínt en því skyldum við þurfa að kosta til þessa 60 metra háa stíflu? Er ekki bara einfaldara að brúa? Mundi þá vöruverð lækka í KS ef allir framhéraðsbúar eða vestan þyrptust í verslunarleiðangur til Akureyrar í stað Varmahlíðar eða Sauðárkróks eða mundi verslunum þá bara fækka? Ef hringaksturinn á að verða að veruleika þarf að breyta hlutverki stíflunnar við Villinganes miðað við kynningu sem ég heyrði fyrir nokkrum árum í Hótel Varmahlíð þar sem spurt var um þetta atriði, og því til svarað að stíflan yrði ekki notuð fyrir almenna umferð nema vegur yrði lagður á annarra kostnað.

Hvað á að gera við þann möguleika sem miðast við að náttúra svæðisins verði óspillt áfram og ef menn eru í alvöru að hugsa um Villinganesvirkjun? Verður þá ekki að gera fleiri rannsóknir og svara þeim fjölmörgu spurningum sem enn er ósvarað um áhrif virkjunarinnar á vallhólminn, eylendið, skógana, Miklavatn, hafstraumana í Skagafirði og fleira sem ekki er alveg á gljúfurbarminum og því ekki inni í mati á umhverfisáhrifum eins og hún var unnin." — Verið er að tala þarna um Villinganesvirkjun. — „Hverra breytinga er að vænta við botnfall framburðar framan við virkjun? Við þekkjum það vel sem búum í Blönduhlíðinni hve framburður Héraðsvatna er gríðarlegur, hverju hann skilar og byltir á ferð sinni um hólminn. Á meðan nokkurri spurningu er ósvarað eða vafi leikur á um hvaða eða hvernig áhrif aðgerðir mannanna geta haft á náttúruna á hún að njóta vafans.

Hvað stjórnar gerðum okkar þegar við viljum leggja heilu landsvæðin undir óafturkræfar aðgerðir og höndla og drottna eins og hverjum sýnist? Hagsmunir hverra eru í húfi, hvað rekur menn áfram, stolt, völd, hégómi, skammsýni? Eða skítt með náttúruna ef ég get grætt á henni, skítt með umhverfið ef það er ekki í alfaraleið, skítt með önnur sjónarmið ef það samræmist ekki mínum, skítt með framtíðina ef við getum skemmt okkur í dag?" — segir Sigríður Sigurðardóttir þegar hún skrifar óð til jökulánna, til Héraðsvatnanna, og skilur ekki í þeim sjónarmiðum sem hafa það eitt að markmiði að vita hvernig megi tortíma þeim náttúruperlum.

Það er einmitt ágætt að rifja hér upp að á síðasta vetri lét iðnaðarráðherra gera skoðanakönnun meðal Norðlendinga á viðhorfum þeirra til virkjana og álverksmiðja, taldi brýnna að verja fjármagni til að gera skoðanakönnun varðandi virkjanir en að veita það fjármagn til atvinnuuppbyggingar eða til að styðja við aðra atvinnustarfsemi í landinu og á Norðurlandi. Það var með ólíkindum að ráðherra skyldi fyrst og fremst verja auknu fjármagni til þess að þóknast iðjukosti sínum. En niðurstöður skoðanakönnunar sem gerð var af Gallup á síðasta vetri fyrir iðnaðarráðuneytið sýndi að mikil andstaða er meðal Skagfirðinga og Norðlendinga gegn þeim virkjunaráformum sem verið er að berjast fyrir í frumvarpi iðnaðarráðherra.

Í ritstjórnargrein föstudaginn 8. apríl árið 2005 segir í Morgunblaðinu, með leyfi forseta:

„Niðurstöður skoðanakönnunar sem IMG Gallup gerði nýlega fyrir iðnaðarráðuneytið varpa fram talsvert ólíkri mynd en þeirri, sem yfirleitt er dregin upp af viðhorfi íbúa á landsbyggðinni til uppbyggingar stóriðju í viðkomandi heimabyggð.

Uppi hafa verið háværar raddir um að álver verði reist á Norðurlandi þegar yfirstandandi stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi verði lokið. Gjarnan er gefið í skyn að það sé einlægur og sameiginlegur vilji heimamanna að ráðist sé í stóriðjuframkvæmdir, að þeir álíti stóriðju helstu vonina í atvinnumálum á svæðinu og jafnvel forsendu áframhaldandi byggðar. En samkvæmt könnun IMG Gallup, sem gerð var meðal íbúa í þremur byggðarlögum á Norðurlandi, virðist því fara fjarri að samstaða ríki meðal Norðlendinga um að stóriðja sé lausnin.

Niðurstöðurnar voru á þá leið að rétt rúmlega helmingur íbúa Akureyrar og Eyjafjarðar kvaðst hlynntur því að álver yrði reist í nágrenni bæjarins, eða 51,6%. Rúmlega þriðjungur þeirra, eða 35,3%, kvaðst hins vegar andvígur slíkum hugmyndum og 13,2% tóku ekki afstöðu. Stuðningur við stóriðjuframkvæmdir reyndist mestur meðal Þingeyinga, en 66% þeirra lýstu sig fylgjandi byggingu álvers við Húsavík og 21,9% voru því mótfallin. Talsvert minni áhugi á stóriðju kom fram hjá Skagfirðingum, en aðeins 37,2% þeirra kváðust jákvæð eða mjög jákvæð gagnvart byggingu álvers á Skagafjarðarsvæðinu og 45,7% voru því andvíg eða mjög andvíg. 65,7% Eyfirðinga, 53,8% Skagfirðinga og 54% Húsvíkinga reyndust hlynnt því að álver risi í öðru byggðarlagi á Norðurlandi en þeirra heimabyggð.

Þessar niðurstöður hljóta að vekja helstu formælendur stóriðjuframkvæmda til umhugsunar. Ljóst virðist að stór hluti Norðlendinga líti frekar til annarra kosta en stóriðju hvað varðar uppbyggingu og þróun atvinnulífs í landsfjórðungnum. Enda liggur fyrir að stóriðja skapar fremur einhæf störf og raunar til þessa nær eingöngu fyrir annað kynið, þótt hjá Reyðaráli séu nú uppi metnaðarfull áform um jafnt kynjahlutfall í störfum hjá nýju álveri.

Margir hafa áhyggjur af að hin nýju störf vegi ekki upp á móti þeim miklu og oft óendurkræfu umhverfisáhrifum sem stóriðjan og tilheyrandi ráðstafanir til raforkuöflunar óneitanlega valda. Þá benda talsmenn annarra atvinnugreina á hættuna á neikvæðum áhrifum stóriðju og virkjana á uppbyggingu annarra atvinnugreina á viðkomandi svæði, ekki síst ferðaþjónustu.

Niðurstöður þeirra kannana, sem gerðar hafa verið fyrir iðnaðarráðuneytið, benda því ekki til neinnar samstöðu á Norðurlandi um stóriðjuframkvæmdir. Niðurstöðurnar hljóta raunar að vera hvatning þeim sem vilja kanna vandlega aðra atvinnukosti, sem væru meira í takt við nýja tíma upplýsingasamfélags og hátækniiðnaðar."

Maður hefði haldið að í kjölfar þessa ætti iðnaðarráðherra að áttað sig á því að fara þyrfti varlega í sakirnar við að fara að koma í Norðlendinga álvershugmyndum, reyna að troða álveri upp á Norðlendinga. Betur hefði farið á að vinna að öðrum atvinnumöguleikum sem eru meira í takt við nýja tíma eins og stungið er upp á í forustugrein Morgunblaðsins. En því miður, frú forseti, hefur sú ekki orðið raunin.

Iðnaðarráðuneytið valdi hinn kostinn, að þrýsta sveitarfélögunum á Norðurlandi inn í samstarfsverkefni með

Alcoa, um að fara í staðarvalskannanir á álveri á Norðurlandi og verja til þess stórfé. Sveitarfélögin á Norðurlandi vildu jú fá fjármagn. Þau vilja gjarnan fá fjármagn til að standa að atvinnuuppbyggingu, nýjum atvinnutækifærum. Þau vildu gera það á eigin forsendum en það stóð ekki til boða af hálfu iðnaðarráðherra. Nei, það skyldi vera á forsendum álbræðslu sem er hið algilda hugðarefni iðnaðarráðherra.

Að undanförnu hefur verið að störfum nefnd fulltrúa sveitarfélaga á Norðurlandi og Alcoa og iðnaðarráðuneytisins um staðarval fyrir álbræðslu. Vissulega er atvinnuástand á ýmsum stöðum fyrir norðan erfitt, ekki síst vegna ruðningsáhrifa núverandi stóriðjuframkvæmda sem skilja víða eftir sig djúp sár. Ég held að ef sveitarfélögin á Norðurlandi hefðu staðið frammi fyrir vali um að fá að verja fjármagninu, sem iðnaðarráðuneytið eða aðilar á þess vegum eyða í áróður fyrir álverksmiðjum á Norðurlandi, til annarrar atvinnuuppbyggingar á þeirra eigin forsendum þá hefðu valið þann kostinn. Hvað halda menn t.d. með Skagfirðinga? Ætli þeir hafi viljað fá þá tugi millj. kr. sem nú er varið í álverskannanir í aðra atvinnuuppbyggingu? Rannsóknir á möguleikum á að nýta vötn Skagafjarðar til virkjana munu kosta tugi ef ekki hundruð milljóna króna. Væri ekki líklegt að Skagfirðingar vildu heldur fá þá peninga til að byggja upp atvinnulífið á eigin forsendum í héraði heldur en að verða að lúta þrýstingi og kröfum iðnaðarráðherra um að peningar séu aðeins til reiðu til að fara í stóriðjuframkvæmdir en annars ekki?

Hvað með Húsvíkinga, Þingeyinga? Þeir bera sig illa undan erfiðu atvinnuástandi. Það er sjálfsagt alveg hárrétt að ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmda og stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum bitnar hart á Húsvíkingum. En ef Húsvíkingar og Þingeyingar stæðu frammi fyrir vali um að fjármagn sem nú á að verja, gangi áform iðnaðarráðherra eftir, til rannsókna á virkjunarmöguleikum Skjálfandafljóts, til rannsókna og uppbyggingar á álverum, mætti ganga til atvinnuuppbyggingar á þeirra eigin forsendum. Hvort mundu þeir þá velja?

Ég minnist þess þegar við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vorum á fundum fyrir austan, í aðdraganda Kárahnjúkavirkjunar og álveranna, að þá sögðu íbúarnir hið sama og fram kom í frásögn Helga Seljans, sem ég las upp áðan. Við það sögðu menn: Annaðhvort verðið þið að taka á ykkur þessi náttúruspjöll með Kárahnjúkavirkjun og álveri eða þið fáið engan stuðning til annarrar atvinnuuppbyggingar. Þeim var stillt upp við vegg. Margir vildu nú að þeir hefðu fengið eitthvert val. Nú á að beita Norðlendinga nákvæmlega brögðum og Austfirðinga, stilla þeim upp við vegg og segja: Þið getið fengið álver ef þið fórnið náttúruperlum ykkar. Þá getið þið fengið fjármagnið en annars verður ykkur gert erfitt með fjárútvegun til atvinnuuppbyggingar.

Ég vil enn og aftur vitna í skrif Skagfirðinga gegn því að fórna vatnasvæði Héraðsvatna í virkjanir. Í grein sem birtist 10. desember 2004 í Morgunblaðinu, eftir Eirík St. Eiríksson, er fjallað um virkjanaáform í Skagafirði. Þá stóð einmitt yfir umræða um Villinganesvirkjun en eins og hv. þingmenn vita þá er það önnur virkjunin sem talað hefur verið um í Skagafirði. Hún fór í umhverfismat á mjög takmarkaðan og skringilegan hátt en framkvæmdin strandaði á því að sveitarfélagið hefur ekki gefið framkvæmdaleyfi. En með henni yrði framburður Héraðsvatnanna tepptur. Reyndar mundi það virkjanalón fyllast á einum 40–50 árum þannig að líftími hennar yrði nú ekki langur. Menn sjá hversu sjálfbær slík virkjun yrði sem entist aðeins í nokkra áratugi. En í þessari grein segir, með leyfi forseta:

„Í Skagafirði ganga hugmyndir virkjunarmanna út á að slá Evrópumet í fiskvegagerð og reisa 60 metra háan himnastiga fyrir bleikjuna og laxinn.“ — Þetta var tillaga um aðgerðir ef farið væri í virkjun við Villinganes. — „Hugmyndir um svokallaða Villinganesvirkjun í Skagafirði virðast vera komnar á kreik að nýju þrátt fyrir að sveitarstjórn hafi lýst yfir andstöðu við virkjunaráformin og Samtök ferðaþjónustunnar hafi varað við þeim. Fram að þessu hefur einkum verið horft til þess að virkjunaráformin mundu örugglega binda enda á vinsælar flúðasiglingar um Austari- og Vestari-Jökulsá og skaða hagsmuni ferðaþjónustunnar í héraðinu en fátt hefur verið rætt um áhrif virkjunar þessara miklu jökulvatna á lax- og silungsstofna á vatnasvæði Héraðsvatna.

Undirritaður er áhugamaður um stangaveiðar og á auk þess ættir að rekja í Skagafjörð. Einar mínar fyrstu bernskuminningar tengdar stangaveiði eru frá veiði í Héraðsvötnum fyrir neðan bæinn Sólheima þar sem frændfólk mitt bjó um skeið. Síðar átti ég þess kost að veiða reglulega í Húseyjarkvísl og eitt sumar var ég einn leigutaka Hjaltadalsár og Kolbeinsdalsár og síðar Sæmundarár. Ég hef einnig veitt í Laxá í Skefilsstaðahreppi, Norðurá og Höfðavatni. Sem höfundur Stangaveiðihandbókanna gafst mér færi á að endurnýja kynnin af skagfirskum veiðivötnum en veiðimöguleikum í Skagafirði, sem og annars staðar á Norðurlandi, eru gerð ítarleg skil í þriðja bindi Stangaveiðihandbókarinnar sem út kom nú í sumar.

Ég var þess fullviss, þegar ég réðist í heimildavinnu vegna þriðja bindisins, að áform um Villinganesvirkjun yrðu lyftistöng fyrir stangaveiðar í héraðinu. Byggði ég þá skoðun mína á því að hið sama hlyti að gerast í Héraðsvötnum, en svo heitir vatnsfallið eftir að Austari- og Vestari-Jökulsá hafa komið saman og sameinast Norðurá, og gerðist í Blöndu með tilkomu Blönduvirkjunar. Þar varð reyndar það umhverfisslys að klippt var á gönguleið stórmerkilegs sjóbleikjustofns, sem gat gengið allt upp í Seyðisá eða langleiðina norður undir Hveravelli, en skilyrði til laxveiða stórbötnuðu í Blöndu og hefur áin lengst af verið ein af perlum íslenskra laxveiðiáa síðan. En þótt margt sé líkt með skyldum þá er málið því miður ekki svo einfalt.

Það var ekki fyrr en ég átti viðtal við Jóhannes Jóhannsson, bónda á Silfrastöðum og formann Veiðifélags Skagafjarðar, sem eru heildarsamtök veiðiréttareigenda í héraðinu, að ég komst að því hve skelfileg áhrif Villinganesvirkjun mundi hafa á fiskstofnana á vatnasvæðinu og þá einkum á sjóbleikjustofninn. Honum yrði nánast útrýmt með þessari framkvæmd.

Þannig háttar til á vatnasvæði Héraðsvatnanna að í Vötnunum sjálfum eru hrygningarskilyrði fyrir lax og bleikju ekki góð. Hrygningarstöðvarnar eru í bergvatnsánum, svo sem í Norðurá og Hofsá, sem rennur í Vestari-Jökulsá, og svo í jökulánum sjálfum þar sem fljótasiglingar eru

nú stundaðar. Virkjanahugmyndir byggjast á því að reisa gríðarstóra og 60 metra háa stíflu við Villinganes og einnig stíflu fyrir miðjum Norðurárdal þaðan sem vatni yrði veitt um göng yfir í Egilsdal/Egilsá og þaðan áfram í stóra miðlunarlónið fyrir ofan Villinganesstíflu. Nú háttar þannig til að bleikja og jafnvel lax geta gengið allt upp í Hofsá langt upp á Hofsafrétt norðan við Hofsjökul. Þarna er stunduð bleikjuveiði og takmörkuð laxveiði en svæðið er verðmætt sem hrygningarsvæði. Hið sama má segja um Norðuránа en hún mundi svo að segja þorna upp neðan við stífluna í dalnum og þar mundu glatast mikilvæg hrygningarsvæði.

Nú er það svo að vart er byggð virkjun hérlendis án þess að gert sé ráð fyrir fiskvegi eða laxastiga þannig að laxfiskar geti gengið upp fyrir hinar manngerðu hindranir. Flestir þessara fiskvega eiga það sammerkt að vera til friðþægingar og fæstir hafa virkað. Í Skagafirði ganga hugmyndir virkjunarmanna út á að slá Evrópumet í fiskvegagerð og reisa 60 metra háan himnastiga fyrir bleikjuna og laxinn. Núverandi Evrópumet mun vera 47 metra hár fiskvegur í Noregi. Himnastigi er réttnefni því að þótt svo ólíklega vildi til að fiskar kæmust upp stigann þá er ljóst að leiðin til baka væri ekki jafngreið. Fiskar og seiði, sem hug hefðu á að ganga til sjávar, yrðu nefnilega að fara í gegnum hverfla virkjunarinnar og vitað er að það væri bein ávísun á bráðan dauða.

Fiskstofnar á vatnasvæði Héraðsvatna eru nú þegar undir miklu álagi. Það er ekki nóg með að verulegar netaveiðar séu stundaðar í Héraðsvötnum, heldur er það á allra vitorði að ólöglegar netaveiðar hafa lengi verið stundaðar í sjónum undan ósum Vatnanna. Fiskur sem gengur í Hofsá til hrygningar ætti e.t.v. að vera friðhelgur á afréttinni eftir að hafa sloppið heilu og höldnu fram hjá netum í sjó og netagirðingum í Héraðsvötnum. Verði Villinganesvirkjun að veruleika þurfa menn hins vegar ekki að taka afstöðu til slíkra mála. Það verður sáralítill fiskur eftir til þess að veiða eða vernda."

Þetta er grein eftir Eirík Eiríksson en höfundur er blaðamaður og stjórnarmaður í SVFR sem eru samtök fyrir áhugamenn um fiskveiði í ám og vötnum, Stangaveiðifélag Reykjavíkur.

Það eru fleiri sem hafa einnig tjáð sig um áhrif af þessum virkjunarframkvæmdum ef af verða. Ég rek þetta, frú forseti, vegna þess að í ákvörðunum um að fara út í rannsóknir til virkjana er blásið á vilja heimamanna og þá sýn sem ég er að rekja hér. Allt skal leggjast á altari virkjunaræðisins, allt skal leggjast á altari þess að fórna náttúrunni og öllu skal fórna fyrir álæðið.

Fimmtudaginn 23. september árið 2004 var viðtal í Morgunblaðinu við Magnús Sigmundsson framkvæmdastjóra Hestasports – Ævintýraferða sem staðið hafa fyrir vinsælum flúðasiglingum í Vestari- og Austari-Jökulsá í Skagafirði sem eru heimþekktar. Frú forseti. Meira að segja eru flúðasiglingarnar og jökulsárnar í Skagafirði notaðar til að auglýsa hreinleika og fegurð íslenskrar náttúru á alþjóðavettvangi. Og þegar verið er að kynna ferðaþjónustu, þegar verið er að kynna mörg önnur gæði íslenskrar vöru, fisks, lambakjöts og ýmissar annarrar útflutningsvöru, þá er íslensk hrein náttúra notuð, óbeisluð náttúra notuð til að undirstrika hreinleikann, undirstrika hve náttúran er mikilvæg. En verði af virkjuninni í Jökulsánum í Skagafirði hverfur þetta í burt. Auglýsingin okkar, sem gengur út um allan heim, af flúðasiglingum í Jökulsánum í Skagafirði yrði þá lygi, hún yrði ósönn. Það er af þeim ástæðum sem ég held því fram að það eigi ekki að veita ráðherra þá heimild sem er í þessu frumvarpi um heimild til úthlutunar á rannsóknarleyfum til virkjana á Jökulsánum í Skagafirði. Jökulsárnar í Skagafirði og ýmsar fleiri ár og fljót eru hafin yfir það, eru meiri náttúruperlur en svo að við getum bara með einföldum hætti leyft ráðherra að úthluta rannsóknarleyfum á þær til virkjana. Ég vil þá vitna til framangreinds viðtals við Magnús Sigmundsson, framkvæmdastjóra Hestasports – Ævintýraferða, sem birtist í Morgunblaðinu fimmtudaginn 23. september árið 2004, með leyfi forseta:

„Magnús Sigmundsson, framkvæmdastjóri Hestasports – Ævintýraferða, sem staðið hafa fyrir vinsælum flúðasiglingum í Vestari- og Austari-Jökulsá í Skagafirði, segir að verði af áformum um Skatastaðavirkjun þýði það „dauðadóm yfir okkar starfsemi". Siglingarnar muni leggjast af þar sem úttak virkjunarinnar yrði það neðarlega í Austari-Jökulsá, eða á móts við mynni Merkigils miðað við frumhönnun virkjunarinnar.

Magnús segir að Skatastaðavirkjun muni að óbreyttu eyðileggja eina „flottustu" ána í Evrópu sem bjóði upp á flúðasiglingar, eða flúðafjör eins og hann vill nefna þessa ferðaþjónustu. Verði af virkjuninni verði aðeins hægt að sigla nokkrar vikur á haustin þegar flæðir yfir á stíflu virkjunarinnar.

Magnús bendir á að þúsundir ferðamanna fari í þessar siglingar í skagfirsku jökulánum og þær séu ekki síður orðnar vinsælar hjá hinum efnameiri ferðamönnum. „Hingað koma milljarðamæringar í þyrlum til okkar, til að komast í siglingu niður ána," segir Magnús.

Hestasport – Ævintýraferðir hafa byrjað sínar dagssiglingar í Austari-Jökulsá við bæinn Skatastaði. Magnús segir úttakið koma enn neðar og þar með sé „draumurinn búinn". Eftirsóttasti kafli leiðarinnar sé frá Skatastöðum og niður fyrir Merkigil, en siglingarnar enda niður undir bænum Stekkjarflötum í Austurdal."

Hérna kemur millifyrirsögnin „Vita ekki hvað þeir eru að gera." Áfram segir í viðtalinu:

„Fram hefur komið í Morgunblaðinu að meiri hluti sveitarstjórnar Skagafjarðar, sem áður var mótfallinn hugmyndum um Villinganesvirkjun, vill setja Skatastaðavirkjun inn á aðalskipulag, með þeim tilgangi að raforka frá virkjuninni nýtist til stóriðju í Skagafirði. „Ætla okkar menn virkilega að setja þetta af stað?" spyr Magnús, „þá vona ég bara að guð hjálpi þeim því þeir vita ekki hvað þeir eru að gera"."

Frú forseti. Fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í Skagafirði hafa lýst því yfir að þeir styðji ekki að Skatastaðavirkjun fari inn á skipulag. En verði það frumvarp sem við erum með hér til umfjöllunar, sem gefur iðnaðarráðherra víðtækari heimildir til að úthluta rannsóknarleyfum í fallvötnum landsmanna, að veruleika er ekkert því til fyrirstöðu að rannsóknarleyfum verði úthlutað og við vitum að þau leiða síðan áfram mjög auðveldlega til virkjunar. Það sem þeir aðilar sem ég hef verið að vitna hér til vilja er að það sé sett strik í eitt skipti fyrir öll, a.m.k. um ótiltekinn

tíma, yfir það að hvorki verði veitt rannsóknar- né virkjunarleyfi í Jökulsánum á Skagafirði, þannig að þeir sem eru að byggja upp atvinnuveg sem byggir á því að nýta þessar náttúruauðlindir í sínu náttúrulega formi fái næði til þess. Það er nógu erfitt í ferðaþjónustunni samt þó að þessir aðilar þurfi ekki stöðugt að búa við að áform séu uppi af hálfu stjórnvalda um að eyðileggja það sem þeir byggja atvinnu sína í kringum. Það yrði ekki auðvelt að sækja lánsfé, fyrirgreiðslu eða stuðning eða byggja upp markaðsstarf ef slíkt er yfirvofandi.

Í Skagafirði eru tveir góðir aðilar, Magnús Sigmundsson sem ég hef áður nefnt og ég hef einnig nefnt Sigurð Friðriksson á Bakkaflöt, sem reka þarna víðtæka starfsemi en sú stöðuga ógn um að veittar verði heimildir til virkjana á þessum svæðum stendur þeim fyrir þrifum. Ég mun koma síðar í ræðu minni að úttekt sem gerð var af hálfu Hagfræðistofnunar Háskólans á mikilvægi þessara áa fyrir ferðaþjónustu í héraðinu.

Víkjum aftur að viðhorfum heimamanna sem gjarnan eru fótumtroðin. Ég efast um að þeir aðilar sem hér eru að véla um hafi farið um náttúruperlur Jökulsánna í Skagafirði.

27. október árið 2004 skrifar Anna Dóra Antonsdóttir, sem er kennari og rithöfundur og býr nú í Reykjavík en bjó um langt árabil á Frostastöðum í Skagafirði, grein í Morgunblaðið sem ég vil leyfa mér að vitna til, með leyfi forseta:

„Anna Dóra Antonsdóttir skrifar um virkjanir: „Hér með er lýst eftir þeim sem séð hefur lækkandi orkureikninga í kjölfar stórvirkjana.““

Ja, það var góð spurning. Hver hefur séð lækkandi orkureikninga í kjölfar stórvirkjana og álbræðslna ná seinni árum? Er ekki einmitt raunin sú að það hefur lent á hinum almenna notanda að greiða fórnarkostnað stórvirkjana og álbræðslna? En áfram segir í grein Önnu Dóru Antonsdóttur, með leyfi forseta:

„Hitti á dögunum ungan Skagfirðing á förnum vegi. Við tókum tal saman um lífið og tilveruna, staðinn, stundina, heimahagana og talið barst óhjákvæmilega að Vötnunum. Hvaða Skagfirðing hittir þú yfirleitt, á heimaslóð eða fjarri heimkynnum, sem ekki talar um Vötnin. Hvernig er veiðin? Er lágt eða hátt í? Eru vötnin komin á, eru þau komin af? Hvernig er liturinn? Syngur hátt í þeim í dag?

Vötnin eru Skagafjörður.

„En ef þeir fíflast til að stífla, hvað verður þá um Eylendið?“ sagði ungi maðurinn og fannst hann komast vel að orði. Mér fannst það líka og varð hugsi, ef þeir fíflast til að stífla. Hvað gerist þá?

Samkvæmt okkar lagabálkum ber að láta fara fram umhverfismat um þýðingu þess að spilla náttúrunni. Við vitum þess nýleg dæmi að einn ráðherra getur umsnúið mati Umhverfisstofnunar sér í hag. Og það er ekki endilega hagur náttúrunnar eða umhverfisins. Ekki endilega.

En friðun Austara-eylendisins í Skagafirði er á borði umhverfisráðherra. Friðun þýðir væntanlega að ekki er hægt að fara í stórvirkjanir á svæðinu. Ekki er hægt að friða með annarri hendi og spilla með hinni.“ — Ég þekki þetta þó úr Kárahnjúkunum að þar er friðað með annarri hendinni og spillt með hinni. — „Friðun merkir ekki takmörkun á eignarrétti, heldur að ekki má lengur eyðileggja, í þessu tilfelli votlendið meðfram Héraðsvötnum og lífríkið sem þar dafnar. Ekki má taka þá áhættu að ósasvæðunum verði stefnt í voða og þar með lífríki sjávar á Skagafirðinum. Friðun er í mínum huga þetta. Það má sem sagt ekki eyðileggja Vötnin.

Hvers verður minnst frá aldamótum 2000 á Íslandi eftir 50 ár eða 100 ár? Munu menn velta fyrir sér fjölmiðlafárinu sem skall á sumarið 2004? Nei, varla nema þá nokkrir rykfallnir sagnfræðingar. En verður munað eftir Kárahnjúkum og Skatastöðum í Skagafirði? Já, því að þar verða bautasteinar um skammsýni og heimsku mannanna. Ef ekki verður af heimskunni látið.

Er svo heimskulegt að vilja græða, spyr einhver. Það eru meginrök ráðamanna að hagnaðurinn sé svo mikill, Ísland verði svo ríkt. Jæja, fyrir þremur árum setti undirrituð fram tölur frá árinu 1999, fengnar úr Morgunblaðsgrein eftir Magnús Thoroddsen. Þær tölur hefur enginn vefengt og verða þær dregnar hér fram að nýju. Stóriðjan notaði 63,5% raforkuframleiðslunnar þá og greiddi 0,90 kr. á kílóvattstund en aðrir notuðu 35,5% heildarorkunnar og greiddu 5,15 kr. fyrir kílóvattstundina (Mbl. 24. júlí 2001). Enda er það svo að fáir sjá þennan mikla gróða sem sífellt er talað um. Hefur Landsvirkjun til dæmis greitt niður erlendar skuldir okkar eins og Norðmenn létu olíuna gera? Nei, þvert á móti, Landsvirkjun safnar erlendum skuldum sem ákafast. Landsvirkjun er sem sagt ekki rekin með hagnaði sem skilar sér í ríkiskassann, okkur skattgreiðendum til góða. Ekki einu sinni eldri virkjanirnar sem ættu að vera afskrifaðar og mala gull, afrakstur þeirra fer í hítina. Í Feyki 28. apríl sl. er vitnað í orð Þórólfs Gíslasonar, kaupfélagsstjóra á Sauðárkróki, þar sem hann ræðir virkjanir við Villinganes og Skatastaði og segir m.a.: „Auk þess sem virkjun mundi lækka orkukostnað til almennings í landinu.“ Hér með er lýst eftir þeim sem séð hefur lækkandi orkureikninga í kjölfar stórvirkjana.

Stórvirkjun á borð við Skatastaðavirkjun kallar að sjálfsögðu á álver. Það er svo sjálfsagt að ráðamönnum finnst varla lengur taka því að segja þetta upphátt. Og iðnaðarráðherra talar við Skagfirðinga eins og lítil börn: „Ykkur var nær, þið hefðuð átt að sýna álveri meiri áhuga.“ Það er þetta með áhugann á álverum, rafskautaverksmiðjum og annarri stóriðju, hann fer þverrandi. Við getum ekki haft áhuga á ferðamennsku og auglýst Ísland sem ferðamannaparadís og á sama tíma eyðilagt hverja náttúruperluna á fætur annarri. Héraðsvötn eru náttúruperla.

Stundum, nú síðast í nýlegum umræðu um lýðræðið á ráðstefnu HÍ og Morgunblaðsins, hefur komið fram sú kenning að stjórnmálamenn séu innilokuð stétt. Þeir sitji í sínum ranni, sínum Babelsturni yfir sínum áhugamálum og heyri alls ekki hvað fólkið segir. Heyri ekki þá umræðu sem fram fer í kringum þá, einangrunin er svo pottþétt. Getur þetta verið tilfellið? Andstaða við stórvirkjanir og meiri stóriðju fer vaxandi, fáir ef nokkur vill álver í hvern fjörð á Íslandi en valdamenn grúfa sig bara betur yfir sitt og keyra málin áfram“ — segir í þessari ágætu grein Önnu Dóru Antonsdóttur.

„Hið alvarlega í umræðunni um virkjunarmál í Skagafirði er þetta: Villinganesvirkjun er þegar búin að fara í gegnum umhverfismat. (Raunar er engin leið að sjá til

hvers slíkar framkvæmdir fara í umhverfismat, þar sem ekki er hlustað eftir andstæðum rökum.) Ef Villinganes fer inn á skipulag Skagafjarðar þá er leiðin greið, Rarik og co. getur komið daginn eftir og byrjað að sprengja. Skatastaðavirkjun á lengra í land en kvörnin malar.

Ég skora á fólk að hugsa þessi mál og hugsa upphátt. Hugsa t.d. um hvort það vill uppistöðulón í Bugum, álver við Kolkuós, Austurdal með tveimur stöðvarhúsum svo eitthvað sé nefnt. Ég sendi boltann til Valgeirs Kárasonar á Sauðárkróki og skora á hann að láta í sér heyra og koma fram með sín sjónarmið í þessu máli."

Frú forseti. Ég hygg að það sé býsna mikið til í þessum ábendinum Önnu Dóru Antonsdóttur að stjórnmálamenn, ráðherrar, séu hér í sínum fílabeinsturni, haldi að þjóðin, íbúarnir út um allt land, bíði eftir því að fá álver í hvern fjörð, bíði eftir því að árnar þeirra og fallvötnin séu virkjuð, stífluð, náttúruperlurnar eyðilagðar, það sé vilji fólksins — alla vega ef marka má þær áherslur sem hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórn þessa lands hefur uppi og við heyrum nú í síðustu tillögum hugmynda ríkisstjórnarinnar með þrjú ný álver, öll á sama áratugnum og fjarri því að álversframkvæmdirnar og virkjunarframkvæmdirnar á Austurlandi séu komnar í höfn, fjarri því. En samt á að skeiða áfram.

Ég ætla að halda áfram með Skagafjörð. Hann er dæmi um það hvaða hug íbúarnir bera til vatnanna sinna alveg eins og Anna Dóra Antonsdóttir sagði, og ég vitnaði til hér áðan með leyfi forseta:

„Hvaða Skagfirðing hittir þú yfirleitt, á heimaslóð eða fjarri heimkynnum, sem ekki talar um Vötnin. Hvernig er veiðin? Er lágt eða hátt í? Eru vötnin komin á, eru þau komin af? Hvernig er liturinn? Syngur hátt í þeim í dag? Vötnin eru Skagafjörður."

Það skal ekki líðast að hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins, sem ber það eitt fyrir brjósti að eyðileggja þessi vötn með stíflum og virkjunum, fái heimild til þess á Alþingi að veita rannsóknarleyfi á þessum vötnum. Skagfirðingar munu berjast gegn því.

Ég vil leyfa mér að vitna áfram. Anna Dóra Antonsdóttir sendi boltann áfram. Við höfum hér vitnað í skrif fleiri Skagfirðinga, sem vitna um hug þeirra til vatnanna sem hér á Alþingi er borin svo lítil virðing fyrir — svo lítil að hæstv. iðnaðarráðherra telur það lítið mál þó að hún fái einfalda heimild til að úthluta rannsóknar- og virkjunarleyfum í skagfirsku vötnunum, finnst það lítið mál og hefur helst sett út á hve seint gangi að afgreiða þá heimild. Skagfirðingar eru bara ekki á þeirri skoðun.

Frú forseti. Í fréttum í gær var greint frá því að sveitarfélagið Skagafjörður hefði látið gera skoðanakönnun meðal íbúa héraðsins og fyrstu niðurstöður voru birtar. Spurt var um hvernig fólki liði í Skagafirði. Ef ég man rétt voru yfir 90% af Skagfirðingum ánægð með að búa í Skagafirði eins og hann er nú og ánægjan var því sterkari þeim mun lengur sem fólk hafði búið þar. Svo heldur iðnaðarráðherra hér, og því miður e.t.v. meiri hluti Alþingis, að það sé ekkert mál að úthluta rannsóknarleyfum til virkjunar á Héraðsvötnunum í Skagafirði.

Áður en ég vík að fleiri þáttum ætla ég að lesa eina grein enn sem sýnir hug Skagfirðinga til Héraðsvatna sem mönnum finnst lítið mál að iðnaðarráðherra fái að úthluta rannsóknarleyfi til virkjunar á — og er, eins og áður hefur komið fram, einn aðalhvatinn að hinni hörðu umræðu sem hér á sér stað.

Valgeir Kárason skrifar, með leyfi forseta:

„Ég vil byrja á að þakka Önnu Dóru Antonsdóttur fyrir að hefja á opinberum vettvangi hér í Feyki umræðu til varnar skagfirskri náttúru fyrir skammsýnum mönnum og Sigríði Sigurðardóttur fyrir að fylgja því eftir.

Nú þegar mikil umræða er í Skagafirði um skipulagsmál tengd stórvirkjunum í skagfirsku jökulánum vakna ýmsar spurningar um umhverfismál og náttúruvernd. Ekki hvað síst tengjast þessar spurningar og hugleiðingar því hvernig við viljum sjá framtíð Skagafjarðar og íbúa hans, hvaða ímynd við viljum sem Skagfirðingar standa fyrir og hvaða framtíðarsýn við höfum. Hvernig framtíð viljum við búa börnum okkar hér í Skagafirði? Hvað viljum við Skagfirðingar hafa að segja um framtíð okkar og ákvarðanatöku? Viljum við sjálfir hafa eitthvað að segja um það hvaða utanaðkomandi aðilar róta til og eyðileggja fyrir framan augun á okkur án þess að geta nokkra rönd við reist? Eigum við bara að gefa út skotleyfi á umhverfi okkar án þess að hafa síðan nokkuð um það að segja hvort það komi okkur til góða í auknum lífsgæðum eður ei?"

Er að furða þó Valgeir Kárason segi þetta þegar hann horfir upp á þann yfirgang sem iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins vill beita í því að útvega rannsóknar- og virkjunarleyfi á þeim vötnum sem við erum hér að fjalla um?

Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Í nýliðnum þætti Spaugstofunnar var okkur sýnd „spaugileg" mynd af þjóð sem var afar aumkunarverð með skóför á bakinu af því að gengið hafði verið yfir hana á skítugum skónum, verið valtað yfir hana. Það er gott að fá svona áminningar af og til og því miður eru alltaf til á hverjum tíma hagsmunaaðilar sem hugsa aðeins um eigið skinn og svífast einskis.

Ætlum við Skagfirðingar að láta valta yfir okkur í virkjunarmálum og láta aðra hrifsa til sín þau auðæfi sem fólgin eru í náttúrulegum aðstæðum hér með því að virkja fallvötnin okkar, án þess að nokkur trygging sé fyrir því að við fáum nokkurn umráðarétt yfir, né ágóða af, að eyðileggja dýrmæta ímynd og framtíðarmöguleika sem eru okkar íbúanna hér í Skagafirði? Ég segi nei og ég veit að margir eru mér sammála.

Líklegt er að þessi auðlegð okkar í ósnortinni náttúru verði okkur margfalt verðmætari án stórvirkjana í framtíðinni. Ef við Skagfirðingar ætlum að markaðssetja okkur sem hérað íslenska hestsins með menningartengda ferðaþjónustu, frábæra matvælaframleiðslu úr sjávarfangi og landbúnaðarafurðum, hreinleika í matvælaiðnaði, sjálfbært samfélag, alþjóðlegt skólasamfélag með einstaka möguleika á heimsvísu í fljótareið (river rafting) og svo mætti lengi telja, þá er öruggt að við erum margfalt betur sett án þeirra skemmdarverka sem gætu falist í stórvirkjunum á borð við Skatastaðavirkjun og Villinganesvirkjun."

Ég vil auglýsa eftir því hvort hæstv. iðnaðarráðherra er hér í húsinu, ég tel æskilegt að hún hlusti á sjónarmið Skagfirðinga en hugsi ekki bara um það með hvaða hætti hún geti krafist þess að pína upp á þá álver og stóriðjuver.

(**Forseti** (JóhS)**:** Hæstv. iðnaðarráðherra er hér í húsi,

samkvæmt þeirri skráningu sem ég hef hér fyrir framan mig, og forseti mun gera ráðstafanir til þess að kalla iðnaðarráðherra hingað í salinn.)

Áfram segir í þessari grein Valgeirs Kárasonar náttúruunnanda og Skagfirðings, með leyfi forseta:

„Það hefur sýnt sig að vegna dugnaðar fjölmargra einstaklinga á Skagafjörður mikla og góða framtíð fyrir sér án stórvirkjana. Bjartsýni ríkir og ekki hefur verið fólksfækkun hér undanfarið. Miklir möguleikar felast í því að virkja þann mannauð sem hér er og við erum á góðri leið með nú þegar."

Frú forseti. Eftir að hafa hlustað á hæstv. iðnaðarráðherra og fleiri hef ég komist að því að sönn eru þau orð Önnu Dóru Antonsdóttur, sem ég vitnaði til áðan, að ráðherrar og margir þingmenn séu í eins konar fílabeinsturni — eða Babelsturni, eins og hún orðaði það — og fylgist ekkert með því sem er að gerast í samfélaginu, skoðunum og afstöðu fólks til áframhaldandi stóriðju og stórvirkjanamála. Alla vega er það með eindæmum hvernig komið hefur verið fram við Norðlendinga nú á seinni mánuðum þar sem iðnaðarráðherra hefur reynt að þvinga upp á þá álversdraumum sínum og krafið þá um að úthluta rannsóknar- og virkjunarleyfum á fallvötnum sínum.

Valgeir Kárason rekur það í grein sinni hversu vötnin, Héraðsvötnin, jökulárnar, eru mikið einkennistákn fyrir allt það góða sem verið er að gera þar á svæðinu. Í greininni segir síðan, með leyfi forseta:

„Það hefur sýnt sig að vegna dugnaðar fjölmargra einstaklinga á Skagafjörður mikla og góða framtíð fyrir sér án stórvirkjana. Bjartsýni ríkir ..." — Þarna er einmitt vísað til skoðanakönnunar sem birt var nýverið. Þar kemur fram að mikil bjartsýni ríkir í Skagafirði og Skagfirðingar eru ánægðir með Skagafjörð og tilveruna. — „Bjartsýni ríkir og ekki hefur verið fólksfækkun ... Miklir möguleikar felast í því að virkja þann mannauð sem hér er og við erum á góðri leið með nú þegar."

Einmitt! Náttúrufegurð, óspjölluð náttúra skagfirsku vatnanna hefur verið einkennistákn þess sem verið er að byggja upp, háskólasamfélagsins á Hólum og þeirri vinnu sem þar er, ferðaþjónustu sem hefur verið byggð upp í Skagafirði, fljótasiglinganna í Skagafirði. Myndir af skagfirsku gljúfrunum eru notaðar sem kynningarefni út um allan heim, ekki aðeins fyrir íslenska ferðaþjónustu heldur einnig fyrir hreinleika svo fjölmargra annarra afurða. Ég sá myndir á þingi um hátækniiðnað. Þar voru nýttar myndir af náttúruperlum í Skagafirði eða austur á Héraði til að undirstrika hvað það er sem gefur landinu ímynd. Enginn fer með mynd af túrbínu sem sett hefur verið niður í íslenska náttúru sem kynningarefni út í heim fyrir hreina náttúru Íslands eða til að efla ferðaþjónustu eða til að kynna hreinleika íslensks fisk, enginn. Mér þætti fróðlegt ef hæstv. iðnaðarráðherra gæti sagt mér hver hafi farið með túrbínur Framsóknarflokksins sem kynningarefni fyrir hreinleika og söluhæfni íslenskra náttúruafurða.

Áfram segir í grein Valgeirs Kárasonar, með leyfi forseta:

„Því miður hefur lítið verið reynt að meta verðmæti fólgin í einstæðri náttúru og heildstæðum og lítt snortnum víðernum okkar séu þau varðveitt og geymd, eða hversu mikið þau verðmæti aukast með hverju árinu, sem þrengist að þessum víðernum og þau verða sjaldgæfari, ekki aðeins á landsvísu heldur heimsvísu.

Ómar Ragnarsson hefur bent á það að viðhorf fólks til náttúruverðmæta hefur breyst mjög mikið á síðustu 50 árum og miklar líkur séu á að sú þróun verði áfram.

Við höfum haft fyrir okkur reynslu Austur-Húnvetninga varðandi Blönduvirkjun og m.a. horft upp á það, að í stað þess að nýta tiltölulega ódýra orku frá þeirri virkjun til atvinnuuppbyggingar hér á Norðurlandi vestra, hefur orkan verið að mestu flutt suður yfir heiðar með gífurlegum flutningstöpum til stóriðjukaupenda, eins og eigenda Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, sem fá orku frá okkur Íslendingum á um þrefalt lægra verði en þeim býðst í heimalandinu Noregi.

Hvers konar barnaskapur er það að halda því fram að við Skagfirðingar getum eitthvað haft með það að gera hvar sú orka, er framleidd yrði hér í Skagafirði, verði endilega nýtt. Til þess að það gæti orðið þyrfti margt að breytast."

Síðan þetta var skrifað hefur hæstv. iðnaðarráðherra markaðsvætt rafmagnið og þess vegna skiptir ekki miklu máli endilega hvar orkan er framleidd.

„Eins og við Íslendingar ættum að vera farnir að átta okkur á það deginum ljósara að fjármagnið og eigendur þess munu ávallt leita hámarksávöxtunar fyrir sig og sína. Þannig ætti það að vera ljóst að ef við gefum „skotleyfi" á Jökulsárnar okkar með því að setja þær á aðalskipulag Skagafjarðar erum við þar með búnir að afsala okkur því frelsi sem felst í því að hafa umráðarétt yfir auðlindum okkar."

Hér vitnar greinarhöfundur til deilna um að setja Skatastaðavirkjun inn á skipulag sem er mjög umdeilt og ég sé ekki að Skagfirðingar samþykki nokkurn tíma. En hann veit ekki af því þegar þessi grein er skrifuð að hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins er að sækjast eftir lagaheimildum á Alþingi til að geta einhliða úthlutað rannsóknarleyfum til virkjana á jökulsánum gegn og án vilja eða vitundar heimamanna.

Áfram heldur þessi ágæti greinarhöfundur í grein sinni sem er skrifuð í Feyki í fertugasta tölublað árið 2004:

„Afskaplega mikil áhætta og fórn til frambúðar væri tekin með virkjun Jökulsánna, eins og meðal annars Umhverfissamtök Skagafjarðar hafa bent á í athugasemdum sínum um mat á umhverfisáhrifum, vegna Villinganesvirkjunar. Þar er bent á að ekki var lagt mat á áhrif virkjunarinnar á land og lífríki neðan virkjunar eða sjávarins, sem ekkert hefur verið rannsakað. Við höfum hið friðlýsta svæði Miklavatn og Skógana og svo Austur-Eylendið, sem lagt hefur verið til að friðlýst verði, vegna mikilla náttúrulegra verðmæta. Uppi á hálendinu eru svæði eins og Orravatnsrústir á náttúruminjaskrá og fleiri verðmæt svæði.

Árið 1997 var sett á stofn nefnd á vegum Sauðárkrókskaupstaðar, Framtíðarnefnd, sem hafði það verkefni að setja fram í skýrslu framtíðarsýn fyrir Sauðárkrók og Skagafjörð.

Í nefndinni sátu níu Skagfirðingar af hinum ýmsu starfsviðum og með mismunandi menntun og reynslu, ásamt starfsmanni. Nefndin skilaði skýrslu sinni í júlí sama ár og þar segir m.a. í kaflanum um umhverfis- og ferðamál:

„Það er mat nefndarinnar, að í Skagafirði eigi ekki að

stefna að efnaiðnaði eða annarri mengandi stóriðju. Setja beri stefnuna á „hreina" atvinnustarfsemi og nota umhverfið sem aðdráttarafl á fólk til búsetu." — Og spurt er: — „Hver er þá tíðarandinn? Hornsteinar hans eru að minnsta kosti þrír; gæði, innihald og umhverfissátt. Stefnan er á sjálfbært þekkingarsamfélag.""

Svo segir í þessari tilvitnun til nefndarálits nefndar níu Skagfirðinga sem voru til þess kvaddir að gera tillögur að framtíðarímynd Skagafjarðar.

„Nefndin hafði þannig ákveðna ímynd í huga og taldi að gæta þyrfti samræmis í framtíðarstefnumótun."

Ég er ekki viss um að þessi nefnd hefði viljað að hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins væri veitt heimild á Alþingi til að úthluta rannsóknarleyfum til virkjana á Skagafjarðarvötnunum. Ég er ekki viss um það. Eins og hæstv. *iðnaðarráðherra hefur sagt í umræðunni fyrr* þá mundu þessi rannsóknarleyfi síðan leiða til virkjunarleyfa. Hún hefur einmitt rakið hér að áhugamenn um virkjanir í Skagafirði keyra hvað mest á þetta virkjanafrumvarp sem hún er hér með.

Afskaplega mikil áhætta og fórn til frambúðar væri tekin með virkjun Jökulsánna, eins og ég hef rakið og segir í þessari grein. Lokaorð Valgeirs Kárasonar eru, með leyfi *forseta:*

„Í guðanna bænum, þið sem hafið með ákvarðanir í skipulagsmálum okkar Skagfirðinga að gera, látið náttúruna njóta vafans og leyfið börnum okkar að hafa eitthvert frelsi til ákvarðanatöku um umhverfi sitt í framtíðinni. Forðið okkur frá því að virkjanir í skagfirsku Jökulsánum fari á aðalskipulag núna og gefið okkur Skagfirðingum þannig einhverja möguleika á ákvarðanatöku í þessum umhverfis- og atvinnumálum *í nútíð og framtíð.*

Við erum stoltir Skagfirðingar og viljum ekki láta vaða yfir okkur á skítugum skónum."

Frú forseti. Ég tel að hæstv. iðnaðarráðherra ætti að hlusta á þessi lokaorð ágætrar greinar Valgeirs Kárasonar sem ég hef verið að vitna í.

Ég hef vitnað í greinar sem Skagfirðingar hafa skrifað á síðari árum í þessum deilum sem hafa staðið um virkjunaráform *í Skagafirði og ég held að túlki mjög vel sjónarmið* mikils meginþorra Skagfirðinga til vatnanna sinna. Við deilum á Alþingi um hvort veita eigi iðnaðarráðherra heimild til að gefa út rannsóknar- og í framhaldi af því virkjunarleyfi, eins og ég hef rækilega rakið. Og þegar ég lýk þessum kafla ræðu minnar leyfi ég mér enn að vitna í skrif heimamanna um vötnin sín, til síðustu ljóðlína kvæðisins Minni Skagafjarðar eftir Stefán Vagnsson frá Hjaltastöðum:

> Meðan „Vötnin" ólgandi að ósum sínum renna,
> iðgrænn breiðist gróður um sléttur, hæð og laut,
> geislar árdagssólar á bröttum tindum brenna,
> blessun Drottins ríkulega falli þér í skaut.

Meðan vötnin fá að renna ólgandi að ósum sínum, vötnin sem eru þungamiðja skagfirska lífkerfisins, menningarlífs, mun blessun drottins ríkulega falla þér í skaut og þess vegna vilja Skagfirðingar ekki að Alþingi veiti iðnaðarráðherra *Framsóknarflokksins sem hefur eitt markmið,* þ.e. álbræðslur í hvern fjörð, heimild til að úthluta rannsóknareða virkjunarleyfum á skagfirsku vötnunum. Svo einfalt er það.

Frú forseti. Ég get síðar í ræðu minni flutt fleiri kvæði Skagfirðinga sem undirstrika að vötnin eru þungamiðja alls lífs og menningarstarfs þar og að þau eiga ekki að vera undirorpin duttlungsákvörðunum ráðherra sem hefur það eitt að markmiði að sökkva sem mestu landi undir vatn vegna virkjana og stóriðju eins og hér hefur verið greint frá.

Frú forseti. Þá ætla ég að að víkja betur að þeim þáttum sem við erum að takast á um, þ.e. rétt náttúrunnar. Lögin sem lúta að veitingu rannsóknar- og virkjunarleyfa eru í raun einu lögin sem kveða á um rannsóknarheimildir á þessum svæðum, á þessum náttúruperlum. En svo er það rétturinn til að rannsaka þau til annarra hluta. Ef ég eða eitthvert félag eða hópur vildi sækja um rannsóknarleyfi á Héraðsvötnum eða öðru vatnasvæði, til að rannsaka mikilvægi þeirra fyrir líffræðilegan fjölbreytileika eða rannsaka þau *með tilliti til ferðaþjónustumöguleika* eða rannsaka þau með tilliti til hvaða sess þau skipa í menningarlífi viðkomandi byggðarlags, ef ég sækti um rannsóknarleyfi þá fengi ég neitun. Samkvæmt þessu frumvarpi er veittur forgangsréttur til rannsókna vegna til virkjunarframkvæmda. Sjónarmið Skagfirðinga sem ég hef rakið — ég er viss um að í hverju byggðarlaginu á fætur öðru sé sjónarmiðið hliðstætt sjónarmiði þeirra — á engan rétt í þeim lögum sem hér er verið að setja. Nei, *rétturinn til virkjana er algjör.*

Frú forseti. Það er af mörgum talið nóg komið af virkjunum og stóriðjuframkvæmdum í bili. Við höfum orðið vitni að því hvaða áhrif stóriðjuframkvæmdirnar á undanförnum missirum hafa haft á íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Einn mælikvarðinn á það er gengi íslensku krónunnar. Gert var ráð fyrir því að mig minnir þegar við gerðum fjárlög fyrir árið 2004 að gengisvísitalan þá, í árslok 2003, yrði *í kringum 130. Reyndin var sú að hún fór niður fyrir 120.* Gert var ráð fyrir að gengisvísitalan fyrir árið 2005 væri 120–122. Hún fór niður undir 110 eða 112 og gengisvísitalan nú síðustu mánuðina hefur nálgast það að vera niður undir 100 en gengisvísitalan er mælikvarði á styrkleika íslensku krónunnar gagnvart erlendri mynt og er það oft mælikvarði á útflutningshæfni og samkeppnishæfni íslensks iðnaðar.

Þegar farið var út í stórvirkjanirnar fyrir austan, Kárahnjúkavirkjun, byggingu Reyðaráls og framkvæmdir á svæðinu við Grundartanga var ljóst að það mundi hafa gríðarleg efnahagsleg áhrif. Efnahagslífið mundi þurfa að taka á öllu sínu til að koma í veg fyrir alvarlegar kollsteypur, óðaverðbólgu o.s.frv. Því var samt stöðugt lofað að þetta væri tímabundið ástand. Þetta tæki 3–4 ár sem framkvæmdalotan gengi yfir fyrir austan og þá gæfist svigrúm *til að efnahagslífið gæti jafnað sig á ný.*

Samkvæmt nýjustu fregnum virðist það aldeilis ekki vera svo. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt til hér á Alþingi, ekki hvað síst af efnahagsástæðum, að gefin væri yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar um að ekki yrði ráðist í frekari stóriðjuframkvæmdir á næsta tíu ára tímabili, yfirlýsing yrði gefin um að ekki yrði hafinn undirbúningur að eða ráðist í nýjar stóriðjuframkvæmdir og reynt yrði að ljúka þeim framkvæmdum sem nú eru í gangi þannig að varanleg áhrif þeirra á íslenskt atvinnulíf eða samsetningu íslensks atvinnulífs yrðu sem minnst. Slík yfirlýsing mundi slá á væntingar eða öðr-

um atvinnugreinum fullvissu um að það væri markmið ríkisstjórnarinnar að svo væri. Lengi vel héldum við að það yrði. En með þeim fréttum sem hafa verið að berast og hafa komið yfir okkur á síðustu dögum er allt annað upp á teningnum. Síðast í dag var Seðlabankinn enn að hækka stýrivexti sína. Stýrivextir Seðlabankans eru nú komnir upp í 10,75% sem er með því alhæsta sem verið hefur hér á landi. Mér finnst með ólíkindum þegar hæstv. iðnaðarráðherra sem líka er ráðherra atvinnu- og byggðamála skellir skollaeyrum við varnaðarorðum atvinnulífsins um hvað er að gerast, kemur með yfirlýsingar um fleiri álver, auknar stóriðjuframkvæmdir sem auðvitað þýðir ekkert annað en framlenging á því ógnarjafnvægi sem nú er í efnahagsmálum, háu gengi og ruðningsáhrifum.

Ég held að það sé gott einmitt að byrja þennan kafla á því sem Seðlabankinn gaf út í dag þegar ákveðið var að hækka stýrivexti bankans um 0,25% eða í 10,75. Í Morgunblaðinu og í frétt BB er greint frá þessu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Verðbólguhorfur eru enn óviðunandi. Seðlabankinn hefur endurmetið verðbólguhorfurnar í ljósi framvindu efnahagsmála undanfarna tvo mánuði og telur þær enn óviðunandi. Í desember og janúar reyndist verðbólga nokkru meiri en fólst í desemberspá bankans. Gengi krónunnar hefur einnig lengst af verið ívið lægra en reiknað var með í spánni. Þetta kom fram í máli Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar, á fundi Seðlabanka Íslands með fréttamönnum. Í máli Davíðs kom fram að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að hækka stýrivexti bankans um 0,25 prósentur, í 10,75%.

Þetta er tólfta vaxtahækkun Seðlabankans frá maí 2004 og kemur í kjölfar 0,75 prósentna hækkunar í lok september og 0,25 prósentna hækkunar í byrjun desember 2005.

„Í inngangi Peningamála 2005/4 sem gefin voru út 2. desember sl. var greint frá því að vaxtahækkunin í september hafi skilaði sér að fullu sem hækkun raunstýrivaxta. Í kjölfarið hafi áhrifa stýrivaxtahækkana bankans loks tekið að gæta í verðtryggðum vöxtum. Eigi að síður væri ótímabært að fagna sigri í baráttunni við verðbólguna.

Samkvæmt verðbólguspánni, sem birt var í Peningamálum í desember sl., yrði verðbólga töluvert yfir markmiði Seðlabankans á næstu tveimur árum. Sú spá byggðist á óbreyttum stýrivöxtum frá því fyrir vaxtahækkunina í byrjun desember og óbreyttu gengi. Frávikspár með breytilegu gengi bentu til þess að stýrivaxtaþróun samkvæmt meðalspá greiningardeilda kynni að reynast ófullnægjandi til þess að ná markmiðinu. Horfur um verðbólguþrýsting til langs tíma voru einnig taldar neikvæðar.

Seðlabankinn hefur endurmetið verðbólguhorfurnar í ljósi framvindu efnahagsmála undanfarna tvo mánuði og telur þær enn óviðunandi. Í desember og janúar reyndist verðbólga nokkru meiri en fólst í desemberspá bankans. Gengi krónunnar hefur einnig lengst af verið ívið lægra en reiknað var með í spánni. Þjóðhagsreikningar fyrir þriðja ársfjórðung 2005 og vísbendingar um vöxt eftirspurnar á síðasta fjórðungi ársins sýna sem fyrr afar hraðan vöxt eftirspurnar og mun meiri en samrýmst getur jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þá hefur dregið hægar úr spennu á íbúðamarkaði en vonir stóðu til. Þótt áhrifa vaxtahækkana Seðlabankans sé tekið að gæta í ávöxtunarkröfu verðtryggðra langtímaskuldabréfa skortir töluvert á að hækkun kröfunnar komi fram í vöxtum fasteignaveðlána eins og tilefni er til. Vöxtur útlána lánastofnana, hvort heldur fasteignaveðlána eða annarra útlána, er enn mjög hraður. Þróun á vinnumarkaði undanfarna mánuði er einnig vaxandi áhyggjuefni. Undanfarna þrjá mánuði hafa komið fram skýrar vísbendingar um aukið launaskrið, eins og oftast gerist þegar atvinnuleysi verður jafn lítið og um þessar mundir. Horfur eru á að launakostnaður hækki töluvert meira á næstu árum en samrýmist verðbólgumarkmiði Seðlabankans, nema framleiðni aukist mun hraðar en gert er ráð fyrir í spám bankans, en það verður að telja ósennilegt," að sögn Davíðs.

Hæsta raungengi frá því á níunda áratugnum og meiri viðskiptahalli en áður hefur mælst benda til þess að umtalsverður verðbólguþrýstingur kunni að vera fram undan, jafnvel handan þess sjóndeildarhrings sem spár Seðlabankans ná jafnan til. Peningastefnan verður að bregðast tímanlega við þessum aðstæðum, því ella verður að beita enn harkalegra aðhaldi síðar. Eins og nú horfir kann Seðlabankinn því að þurfa að hækka vexti enn frekar síðar á þessu ári, að sögn Davíðs Oddssonar.

Næsta ákvörðun bankastjórnar Seðlabanka Íslands um vexti verður að óbreyttu birt fimmtudaginn 30. mars nk. um leið og næsta hefti Peningamála verður gefið út."

Frú forseti. Þessar fregnir eru mikil ógn fyrir annað atvinnulíf í landinu. Sú staða hefur ekki farið neitt dult að einmitt þetta háa gengi íslensku krónunnar og háir stýrivextir Seðlabankans hafa leitt til mjög versnandi samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Seðlabankinn með stýrivöxtum sínum er einungis að bregðast við því ástandi sem ríkisstjórnin hefur skapað. Það væri ágætt, frú forseti, í umræðunni áður en lengra er haldið að vitna til fréttagreinar sem skrifuð er í Viðskiptablaðið 8. desember 2004 af Herði Kristjánssyni. Fyrirsögnin er: Ofurgengi á krónunni — áhyggjur hjá útflutningsgreinum og seðlabankastjóri segir að búast megi við háu gengi næstu tvö árin.

Í greininni segir einmitt, með leyfi forseta, 8. desember 2004, fyrir rúmlega ári:

„Staða íslensku krónunnar hefur sjaldan verið sterkari en um þessar mundir og styrktist enn við þær aðgerðir Seðlabanka Íslands á fimmtudag í síðustu viku að hækka stýrivexti um heilt prósent, eða úr 7,25% í 8,25%. Áhrifin leiddu til enn hærra gengis krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Á miðvikudag var miðgengi dollars t.d. skráð á 64 krónur, en fór í 63,39 krónur við lokun á föstudag. Hélt krónan áfram að hækka á mánudag og um miðjan dag í gær var gengi dollars komið í 61,20 krónur. Gengi krónunnar hafði þá hækkað um 4,64% frá því að Seðlabankinn hækkaði vexti síðastliðinn fimmtudag. Bandaríkjadollar hefur hins vegar fallið um 13,5% frá því í byrjun október.

Um þessar aðgerðir Seðlabanka og stöðu krónunnar eru mjög skiptar skoðanir og kom það glögglega fram í umræðum á Alþingi á föstudag." — Þ.e. í desember fyrir rúmlega ári. — „Beinist gagnrýnin einkum að versnandi hag útflutningsgreina. Engar líkur virðast hins vegar á að krónan veikist á næstu mánuðum og jafnvel missirum ef tekið er mið af þenslu og því lögboðna markmiði Seðlabankans að halda verðbólgu niðri, en gengislækkun hefur jafnan verið talin

ávísun á verðbólgu.

Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis, sagði í umræðum um fjárlagafrumvarpið á Alþingi að honum væri ómögulegt að skilja hvernig Seðlabankanum dytti í hug að hækka stýrivexti um hundrað punkta. Með því að hækka gengi krónunnar væri verið að grafa undan atvinnulífinu. Seðlabankanum bæri að sjá um hagstjórnina og gæti notað allt önnur tæki eins og bindiskylduna."

Áfram er vitnað í Einar Odd Kristjánsson, fjármálasérfræðing Sjálfstæðisflokksins:

„Ég hef verið á undanförnum missirum og mánuðum ákaflega uggandi varðandi íslenskan gjaldmiðil og í hvaða hæðir hann er að fara. Og þegar Seðlabankinn kemur núna í gær og ætlar enn þá að bæta um betur og keyra gengisvísitöluna niður, ég veit ekki hvert, í 112, 110, þá er mér öllum lokið."

Frú forseti. Gengisvísitalan hefur rokkað milli 100 og 104. Ekki ber mikið á hræðslu hjá varaformanni fjárlaganefndar ef hann ætlar að samþykkja stóriðjuáformin sem ríkisstjórnin hefur á prjónunum. Þá er hann ekki hræddur. En hann sagði að hann yrði hræddur. „Þá gerist ég mjög hræddur," sagði hann. Það reynir á þanþolið svo harkalega að atvinnulífið í heild sinni, framleiðslan, útflutningur og samkeppnismarkaðir, er í verulegri hættu. Það hlýtur að vera ámælisvert og ástæða til að tala til þessara manna í fullri alvöru, sagði Einar Oddur Kristjánsson. Ég auglýsi eftir því hvað hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefði talað til stjórnenda Seðlabankans sem eru ekki að hækka stýrivexti upp í 8,25%, eins og var þegar þessi orð vöru töluð, heldur upp í 10,75% og áfram er búist við hækkun stýrivaxta. Ætlar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ekki að veita þeim tiltal? Eða var það blaður og blástur, fyllir hann munninn af hveiti, blæs svo út úr sér og heldur að þar með sé málið leyst?

Í sama tölublaði Viðskiptablaðsins er rætt við Birgi Ísleif Gunnarsson, þáverandi seðlabankastjóra, sem sagði í símaviðtali við Viðskiptablaðið að hátt gengi væri í samræmi við það sem við mætti búast. Menn mega búast við háu gengi næstu tvö árin, þegar svo gríðarlegar framkvæmdir koma inn í hagkerfið á svo stuttum tíma, sem nema einum þriðja af landsframleiðslu. Allt er það fjármagnað ýmist erlendu eigin fé eða lánsfé frá útlöndum. Við slíkar aðstæður geta menn ekki búist við öðru en háu gengi. Virðulegi forseti, þáverandi seðlabankastjóri dró ekki dul á að þessar stóriðjuframkvæmdir hefðu þetta í för með sér, keyrðu upp væntingar og gengi og kölluðu afleita þróun yfir íslenskan fjármálamarkað. Hitt er annað mál, hvort það er nákvæmlega eins í dag. Við sjáum markaðinn sveiflast upp og niður.

Seðlabankastjóri er spurður: Hvað með áhyggjur manna af útflutningsgreinunum? Við deilum þeim áhyggjum, segir þáverandi seðlabankastjóri, með þeim sem í viðskiptum eru. Hann telur að enginn vafi leiki á því að menn verði að búa sig undir að gengið verði hátt. Hann segir að þeir haldi að þetta sé tímabundið. Árið 2004, þegar viðtalið er tekið, eru þær væntingar gefnar að þetta sé aðeins til tveggja ára, meðan stóriðjuframkvæmdirnar standa yfir.

Hæstv. viðskiptaráðherra ætti gera sér grein fyrir ástandinu. Ég hef margar upplýsingar sem sýna hvert stefnir, verði þetta óbreytt. Það þýðir ekkert að kenna Seðlabankanum um þótt hann verði að hækka stýrivexti. Einu viðbrögðin sem hann getur sýnt, eins og honum ber skylda til samkvæmt lögum, eru að standa gegn verðbólgunni og halda verðbólgunni innan ákveðinna marka. En ríkisstjórnin keyrir áfram efnahagsstefnu sem reynir svo á þanþol atvinnugreinanna vítt og breitt um landið, annarra atvinnugreina sem ég mun fjalla ítarlega um á eftir, að allt er að springa undan.

Ég get, frú forseti, t.d. vitnað í ályktanir aðalfundar Samtaka fiskvinnslustöðva, sem haldinn var 7. október árið 2005, með leyfi forseta:

„Á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva sem haldinn var í dag voru lagðar fram upplýsingar og útreikningar um þróun heildarafla, afurðaverðs, gengis, hráefniskostnaðar og annarra liða er ráða miklu um afkomu í sjávarútvegi.

Allir þessir útreikningar staðfesta versnandi afkomu vinnslugreina og sjávarútvegsins í heild og er orsaka að mestu að leita í hækkandi gengi krónunnar. Þetta er að gerast á sama tíma og verðlag á íslenskum sjávarafurðum í erlendri mynt er yfirleitt hagstætt að frátöldum afurðum rækjuvinnslunnar.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva lýsir furðu sinni á þeim aðgerðum í efnahags- og peningamálum sem beinlínis leiða af sér gengishækkun krónunnar, en slíkar aðgerðir grafa um leið undan rekstri útflutningsfyrirtækja í landinu.

Á síðustu 12 mánuðum hefur gengi krónunnar hækkað um 15% gagnvart erlendum gjaldmiðlum og mun það að óbreyttu geta haft í för með sér um 18 milljarða samdrátt í útflutningsverðmæti sjávarafurða á einu ári.

Við þessar aðstæður er afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi óviðunandi og eigið fé fyrirtækjanna mun brenna upp verði haldið áfram á þessari braut. Þetta mun leiða að sér samdrátt og stöðvun fyrirtækja í sjávarútvegi um land allt á næstu mánuðum.

Þetta er að gerast á sama tíma og kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru í uppnámi vegna þess að verðbólgumarkmið samninganna halda ekki og verðbólga stefnir í 4% á þessu ári. ...

Útilokað er að fiskvinnslan taki á sig á aukinn launakostnað um næstu áramót sem orsakast af þensluástandi undanfarinna mánaða, á sama tíma og þrengt er að rekstri fyrirtækjanna.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva hvetur til opinnar umræðu um stöðu og framtíð útflutnings- og samkeppnisgreina á Íslandi á tímum hágengis og skorar á stjórnvöld að takast á við þann vanda sem við blasir."

Frú forseti. Síðan vil ég lesa upp ályktun frá Útvegsmannafélagi Norðurlands frá 5. október árið 2005, með leyfi forseta:

„Þær aðstæður sem nú eru í efnahagsmálum skapa útflutningsatvinnuvegunum mikla erfiðleika. Gengi krónunnar er allt of hátt og mun hærra en þessar greinar geti búið við. Þessi þróun leiðir til þess að afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi er óviðunandi, fyrirtækin í taprekstri og eigið fé þeirra glatast verði haldið áfram á sömu braut. Á sama tíma og hátt gengi er að sliga útflutningsgreinarnar hefur olíu-

verð hækkað gríðarlega milli ára sem hefur gert veiðar á sumum tegundum óhagkvæmar. Nauðsynlegt er að rjúfa þessa óheillaþróun þegar í stað svo komist verði hjá kollsteypum í íslenskum sjávarútvegi.“

Fleiri aðila úr íslenskum sjávarútvegi mætti nefna. Ég tel nauðsynlegt, frú forseti, að við förum í gegnum svo tillitslausar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir, áframhaldandi framkvæmdir sem beinlínis leiða til hás gengis krónunnar með ruðningsáhrifum á annað atvinnulíf í landinu.

Frú forseti. Ég er betur og betur sannfærður um lýsingu Önnu Dóru Antonsdóttur, sem ég las upp áðan á ráðherrum, þingmönnum og öðrum sem fylgja þeim að málum í þessum efnum, að þeir séu í fílabeinsturni og viti ekki hvað er að gerast, loki augunum, setji bómull í eyrun og hlusti ekki á íslenskt atvinnulíf, íslenskan almenning þegar hann talar. Ég ætla því að rekja frekar umsagnir íslensks atvinnulífs um stöðuna eins og hún er í dag. Í Ríkisútvarpinu 6. október 2005 segir, í fréttaskýringarþætti, með leyfi forseta:

„Útflutningsgreinar berjast í bökkum vegna hás gengis krónunnar og gengishækkun gærdagsins upp á 3% hjálpar ekki til, segja fulltrúar þeirra. Gengi krónunnar hefur aldrei verið hærra. Samtök ýmissa útflutningsgreina vilja sértækar aðgerðir hins opinbera til að vega upp á móti hárri gengisskráningu.

Í kvöldfréttum útvarps í gær sagði Björgólfur Jóhannsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, að eina ráð sjávarútvegsins við lækkandi tekjum vegna hás gengis væri að taka til í rekstrinum. Það hafi verið gert en í sumum fyrirtækjum væri það ekki nóg, sagði Björgúlfur og benti á uppsagnir starfsfólks í rækjuvinnslu á Akureyri og Húsavík. Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, vill að hið opinbera leggi hönd á plóginn með því að nota veiðigjaldið til að niðurgreiða kostnaðarliði haldi þessu fram en þar er vitnað beint í Örn Pálsson, framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda: „Við höfum af þessu miklar áhyggjur og ég hef verið að funda með mínum mönnum nú undanfarið og það hafa streymt inn ályktanir þar sem þess er jafnvel krafist að stjórnvöld geri allar mögulegar ráðstafanir til að hamla gegn gífurlegu háu gengi krónunnar.““

Vinna stjórnvöld að því, frú forseti? Nei, þau vinna þvert gegn þeirri beiðni, óskinni sem hér er lögð fram, með því að boða auknar stóriðjuframkvæmdir eftir að þeim framkvæmdum sem nú eru í gangi lýkur.

„Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, tekur undir að hið opinbera eigi að aðstoða útflutningsgreinarnar við þær aðstæður sem nú eru. Hún vill að hið opinbera auki framlag sitt til markaðsstarfs erlendis.“ — Var það gert við afgreiðslu síðustu fjárlaga? Nei, frú forseti. Það var meira að segja skorið niður fjármagn til markaðsstarfs ferðaþjónustunnar við afgreiðslu síðustu fjárlaga.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir í þessum fréttaskýringarþætti:

„Nú er svo sem ýmislegt hægt er að gera. Auðvitað þurfa stjórnvöld að setjast yfir það. Ferðaþjónustan og útflutningsgreinarnar eru núna í gríðarlega mikilli klípu. Það er auðvitað ekkert einkamál atvinnugreinanna. Ferðaþjónustan er í mikilli samkeppni á alþjóðamarkaði og það er alveg ljóst að við erum að missa frá okkur mikil viðskipti vegna gengisskráningar krónunnar eins og hún er í dag.“

Síðan er bent á að á þessu ári hafi dregið stórlega úr því sem hið opinbera hefur sett í markaðssetningu í samstarfi við greinina og ráðið hafi verið frá því að draga úr þeirri markaðssetningu, m.a. vegna hins háa gengisstigs.

Frú forseti. Flest samtök atvinnulífsins vara við og ákalla stjórnvöld um að falla frá áframhaldandi stóriðjustefnu. En stjórnvöld svara því með því að boða enn meiri álframleiðslu og enn fleiri stóriðjuframkvæmdir.

Pétur Sigurðsson, formaður verkalýðsfélags Vestfirðinga, segir 31. ágúst síðastliðinn, um sömu mál í Bæjarins besta, með leyfi forseta:

„Meginvandamál sjávarútvegsfyrirtækja er hin sterka staða krónunnar. Pétur Sigurðsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga, segir það skelfileg tíðindi sem bárust í morgun að rækjuvinnslu hjá Frosta hf. í Súðavík verði hætt, um sinn að minnsta kosti, síðar í haust. Í kjölfarið hefur 18 manns verið sagt upp störfum hjá fyrirtækinu. Er þetta fjórða sjávarútvegsfyrirtækið á Vestfjörðum sem hættir vinnslu á stuttum tíma. Pétur segir ljóst að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leggja allt undir í efnahagslífinu með virkjunum og byggingu álvers á Austurlandi sé farin að hafa skelfilegar afleiðingar víða á landsbyggðinni.

„Það er öllum ljóst að meginvandamál sjávarútvegsfyrirtækja er hin sterka staða krónunnar um þessar mundir og afleiðingar þeirrar stefnu erum við að upplifa hér vestra þessa dagana. Það er ófært með öllu að atvinnuuppbygging á einum stað veiki með þessum hætti aðalatvinnuveg flestra byggðarlaga á landinu,“ segir Pétur.“

Þarna er fjallað um stöðuna eins og hún var á þeim tíma. Þarna er kallað eftir aðgerðum til að hjálpa atvinnugreinunum til að þreyja þær stóriðjuframkvæmdir sem þá voru í gangi. Ætli að Pétur Sigurðsson hafi órað fyrir því, þegar hann segir þetta 31. ágúst síðastliðinn, að í byrjun árs 2006 kæmi yfirlýsing frá ríkisstjórninni um stóraukna álvæðingu landsins, ný stóriðjuver sem muni halda genginu háu áfram og gera samkeppnisstöðu annarra atvinnugreina slæma áfram. Það mun leiða til þess að atvinnurekstur víða um land verður að stoppa.

Ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar eru sýnileg og átakanleg. En vitund hæstv. iðnaðarráðherra gagnvart því sem er að gerast lýsti sér kannski best í því sem iðnaðarráðherra sagði við Vestfirðinga í júní síðastliðnum þegar fiskvinnslunni á Bíldudal var lokað vegna ruðningsáhrifa stóriðjuframkvæmdanna. Mig minnir að kveðja hennar til Vestfirðinga — þannig upplifði hæstv. iðnaðarráðherra tilveru sína sem atvinnu- og byggðamálaráðherra — væri að ruðningsáhrifin væru líka af hinu góða. Þegar fólk var að missa atvinnu sína og fyrirtæki að hverfa úr landi, þá sagði hæstv. iðnaðarráðherra að ruðningsáhrifin væru líka af því góða. Það voru þá kveðjur til Vestfirðinga.

Síðan hefur þetta verið ítrekað í fréttum nú í umræðunni um frekari stóriðjuver. Að ruðningsáhrifin, það að ryðja burt ferðaþjónustunni, að ryðja burt hátækniiðnaðinum, að ryðja burt fiskvinnslunni og að hefta þróun sprotafyrirtækjanna, öllu því sé fórnandi fyrir ný álver vegna þess að álver í hvern fjörð sé það sem koma skal.

Nú vil ég taka það fram að eitt og eitt álver eða álverksmiðja getur svo sem vel komið til greina til að auka fjölbreytni íslensks atvinnulífs. En þegar farið er út á þá braut að álver eigi að standa að meginþorra íslensks atvinnulífs þá erum við ekkert að tala um aukna fjölbreytni. Þá erum við að tala um aukna einhæfni í atvinnulífi eins og nú stefnir í.

Frú forseti. Nú nýverið bárust þær fréttir úr byggðarlagi hæstv. iðnaðarráðherra að loka skyldi laxeldinu í Mjóafirði, Sæsilfri, bæði vegna hás gengis krónunnar og hás raforkuverðs. Það er svo sem skiljanlegt því gengi krónunnar hefur breyst frá því sem áætlað var, frá því að vera áætlað milli 120 og 130 stig en hefur verið að leika fyrir neðan 110. Þá gefur augaleið að þetta háa gengi skerðir alla starfsmöguleika þeirra fyrirtækja sem hafa verið að selja vöru sína á erlendan markað. Þess utan hafa fiskeldisfyrirtæki verið að kvarta undan of háu raforkuverði sem er þá hinn hlutinn af stóriðjustefnunni þessarar ríkisstjórnar, hinn hlutinn af stefnu hæstv. iðnaðarráðherra í rafmagns- og orkumálum, þegar markaðsvæðing raforkukerfisins er sú að almennir notendur eru látnir greiða niður raforku til stóriðju, þá kemur það einhvers staðar niður. Því hefur verið lýst rækilega í umræðum á þinginu hvernig raforkuverð víða um land hefur hækkað vegna þessara breytinga. Ég minnist þess t.d. að bara rafmagnsbreytingin ein leiddi til þess að orkuverð í rækjuverksmiðjunni í Súðavík hækkaði um meira en milljón á ári. Reynslan af þessu er víða sú sama. Í Morgunblaðinu 25. janúar sl. er t.d. frétt um raforkukostnaðinn sem hæstv. ráðherra sagði á þingi á dögunum að hefði aðeins hækkað um 4%. Ráðherrann fullyrti hér á þingi að rafmagn til fiskeldis hefði alls ekki hækkað, nefndi töluna 4%. Ég vil leyfa mér hér, frú forseti, að lesa þessa frétt frá laxeldisstöðvunum um raforkuverðið. Í Morgunblaðinu frá 25. janúar sl. segir, með leyfi forseta:

„Raforkukostnaður við laxeldi Oddeyrar í Íslandslaxi á Stað við Grindavík hefur hækkað verulega á síðasta ári. Þar hefur raforkukostnaður verið um 13 krónur á kíló fram til ársins 2005. Það ár hækkaði raforkukostnaður í 20 krónur og stefnir að óbreyttu í að verða allt að 30 krónur á kíló eftir tæp tvö ár."

Hvað segir hæstv. iðnaðarráðherra við þessu? Iðnaðarráðherra sem kom hér keik í umræður og sagði að rafmagnskostnaður hefði jafnvel lækkað. Ætlar hæstv. iðnaðarráðherra að segja að þessir aðilar fari með ósannindi? Ég treysti betur, frú forseti, að fulltrúar laxeldis Oddeyrar og Sæsilfurs fari með rétt mál en iðnaðarráðherra. En hér segir einmitt að árið 2005 hækki raforkukostnaður um 20 kr. og óbreytt verði verðið allt að 30 kr. á kíló eftir tæp tvö ár. Á sama tíma lækka aðrir liðir. Vegna hás gengis lækkar útflutningsverðmætið. Þetta segir Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri fiskeldis Samherja, í samtali við Morgunblaðið.

Hann segir nauðsynlegt að taka af allan vafa um þær tölur sem birtast í fréttatilkynningu frá Sæsilfri sl. fimmtudag. Orka á kílóvattstund í tveimur stórum landsstöðvum sem Oddeyri, dótturfélag Samherja, á og rekur hafa hækkað, eins og fram hafði komið í umræddri tilkynningu.

Frú forseti. Hækkun á raforku er 45% í annarri af stóru stöðvum okkar og 21% í hinni milli áranna 2004 og 2005. Vill forseti rifja upp hvað hæstv. iðnaðarráðherra sagði hér í umræðunum um það mál sem hér er verið að ræða? Þá fullyrti hæstv. iðnaðarráðherra, að mig minnir, að verið væri að tala um kannski 4% hækkun og vildi þá meina að fiskeldisstöðvarnar nytu áfram lágs orkuverðs þannig að þetta væri ekki satt. Og lét fyllilega að því liggja, að mig minnir, að þessir aðilar væru að fara með ósatt mál. Hér stendur í frétt Morgunblaðsins 25. janúar 2005, með leyfi forseta:

„„Hækkunin á raforku er 45% í annarri af stóru stöðvunum okkar og 21% í hinni, milli áranna 2004 og 2005. Vegið meðaltal miðað við notkun beggja þessara stöðva er 31% hækkun. Samtals er hækkunin milli ára um tíu milljónir eins og fram hefur komið. Í lok samningstíma okkar vegna þessara landstöðva við Landsvirkjun, í árslok 2007, má að óbreyttu búast við verulegri verðhækkun raforku til sömu stöðva. Ég sem framkvæmdastjóri fiskeldis Samherja get einungis áréttað að þær tölur sem frá okkur bárust eru réttar. Áhrif raforku á kostnað við fiskeldi verður hver og einn að meta. Undanfarin ár hefur verið mikil framleiðniaukning í öllu fiskeldi Oddeyrar. Markmið okkar hefur verið að framleiða fisk í landstöðvum, hvort heldur er seiði til sjóeldis eða annan fisk til manneldis, á um 200 kr. kg óslægt. Það er ótvírætt að raforkukostnaðurinn hefur hækkað og það veldur okkur verulegum erfiðleikum. Hækkun gengis íslensku krónunnar hefur gert okkur enn erfiðara fyrir, en saman eru það þessir tveir þættir þeir stærstu, sem knýja okkur til að hætta laxeldinu," segir Jón Kjartan Jónsson."

Hverjar voru meginástæður fyrir hækkuðu gengi íslensku krónunnar? Hverjar voru þær, frú forseti? Hvað sagði þáverandi seðlabankastjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, í Viðskiptablaðinu 8. desember sl.? Jú, meginástæðan fyrir hækkun gengis krónunnar og hækkun stýrivaxtanna eru stóriðjuframkvæmdirnar. Ruðningsáhrif þeirra koma fram í fiskeldinu, í laxeldinu í Mjóafirði, í laxeldinu hjá Íslandslaxi og Stað í Grindavík. Þetta er verðið sem álæði iðnaðarráðherra kallar á, fórnirnar sem álæði iðnaðarráðherra heimtar. Svör iðnaðarráðherra í þinginu á dögunum hvað þetta mál varðaði voru með ólíkindum og ég vil gjarnan ef iðnaðarráðherra á eftir að taka til máls í þessu máli að hæstv. iðnaðarráðherra rifji upp hvað hún sagði þegar orkuverð til laxeldisstöðvanna var til umræðu. Ég man ekki betur en hún léti að því liggja að bæði þeir hv. þingmenn sem áttu orðastað við ráðherrann og einnig aðilar umræddrs fyrirtækis sem vitnað var í, að þeir færu með ósannindi. Að ráðherrann væri með allt aðrar tölur sem væru réttar. Það væri fróðlegt að hæstv. iðnaðarráðherra rifjaði upp hvað hún sagði þegar samkeppnisstaða var rædd, raforkuverð til laxeldisstöðva í Mjóafirði. Frú forseti. Án þess að ég vilji gera lítið úr hæstv. iðnaðarráðherra, meira en nauðsyn er, þá trúi ég betur orðum þeirra manna sem ég vitna hér til en hæstv. iðnaðarráðherra sagði að færu ekki með rétt mál. Ég verð að segja það.

Við getum áfram, og ég held að það sé nauðsynlegt að við rifjum upp fleiri umsagnir atvinnulífsins hvað þetta ástand varðar. Í Morgunblaðinu 15. nóvember árið 2005, um sjávarútveginn, býsnast formaður Samtaka fiskvinnslu án útgerðar, yfir vaxtahækkunum Seðlabankans því að

hækkun stýrivaxta Seðlabankans leiðir til hærra gengis og hærri vaxta á markaði. En í ræðu á aðalfundi samtakanna um helgina sagði Óskar Þór Karlsson, formaður Samtaka fiskvinnslu án útgerðar, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegurinn býr nú við afleit rekstrarskilyrði vegna þess að gengi krónunnar er allt of hátt. Sama gildir auðvitað um önnur íslensk fyrirtæki sem fá tekjur sínar í erlendri mynt eða keppa við innfluttar vörur. Þrátt fyrir miklar framfarir og framlegðaraukningu í sjávarútvegi er alveg ljóst að núverandi gengi er algjörlega óbærilegt til lengdar fyrir bæði útgerð og fiskvinnslu ...“

Óskar ræddi síðan um vaxtahækkanir Seðlabankans og sagði svo:

„Ég kemst ekki hjá því að víkja aðeins að því sem mestu veldur, sem eru hinar miklu vaxtahækkanir Seðlabankans með tilheyrandi miklum vaxtamun gagnvart útlöndum og síðan aðgerðarleysi stjórnvalda gagnvart því að bregðast við.

Þessar vaxtahækkanir bankans eru umdeilanlegar svo ekki sé meira sagt. Að minnsta kosti eru þær gagnrýndar hart af öllum talsmönnum útflutningsfyrirtækja og þær sæta vaxandi gagnrýni málsmetandi manna víða í þjóðfélaginu.

Það verður að segjast eins og er að það er í rauninni erfitt að botna nokkuð í þeim ósköpum sem eiga sér nú stað í íslensku efnahagslífi og enginn virtist hafa séð fyrir.

Breytingar á stýrivöxtum Seðlabanka, m.a. til þess að slá á verðbólgu, eins og er yfirlýstur tilgangur bankans er að vísu viðurkennt hagstjórnartæki um allan heim.

En hér á Íslandi ríkja hins vegar aðstæður sem eru að mörgu leyti mjög frábrugðnar þeim sem gilda annars staðar í margfalt stærri hagkerfum. Aðstæður hér eru svo sérstakar að vaxtahækkanir Seðlabanka Íslands hafa hér öfug áhrif við það sem þeim er ætlað.

Þær hafa ekki minnkað eftirspurn heldur þvert á móti a.m.k. hingað til aukið hana. Gengið hefur hækkað upp úr öllu valdi, gjaldeyrisinnflæði er meira en nokkru sinni fyrr og við erum að slá met í viðskiptahalla og skuldasöfnun.

Og það er eðlilegt að á hugann leiti áleitnar spurningar. Þarf ekki að borga allt þetta fé til baka í erlendum gjaldeyri og það stórar fjárhæðir jafnvel fyrr en síðar?“

Er það nema von, frú forseti, að Óskar Þór Karlsson spyrji, þegar erlendar skuldir þjóðarbúsins á þessu ári verða einhvers staðar í kringum 150 milljarðar króna?

„Og verður þá allur sá gjaldeyrir til reiðu? Hvaðan á að taka hann eða á þá bara að halda áfram að slá erlend lán? Við Íslendingar erum nú þegar orðnir heimsmethafar í skuldasöfnun og svigrúmið til frekari skuldsetningar hlýtur að vera orðið þröngt.

Hvar endar þetta? Allt þetta fjármagn, stórfelldur viðskiptahalli og þensla, ásamt miklum hækkunum á húsnæði sem mælist til hækkunar í neysluvísitölunni veldur því síðan að hér mælist verðbólga þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi styrkst um 16% á einu ári og var gengið þó of hátt áður! Það ætti þvert á móti að ríkja hér verðhjöðnun ef allt væri með felldu og reyndar er hún að nokkru til staðar.“

Óskar hélt áfram að ræða gengismálin og sagði:

„En hvaða vit er í því að gera sjávarútveginn, útflutningsgreinar og raunar meira og minna alla landsbyggðina að fórnarlambi þessara aðstæðna sem ríkja hér, aðallega á suðvesturhorninu og rangra viðbragða Seðlabankans við þeim, sem bregst við þensluverðbólgu og eignahækkunum með því að handstýra genginu upp í hæstu hæðir með vaxtahækkunum.“

Frú forseti. Það er von að menn fárist yfir Seðlabankanum en hann er einungis að bregðast við þeim efnahagsaðgerðum sem ríkisstjórnin sjálf stendur fyrir og verður standa sína plikt við að halda verðbólgunni niðri. Það eina sem hann getur gert er að hækka vexti sem gerir það sýnilega gagnvart þessum atvinnuvegi og birtist í háu gengi og háum vöxtum.

„Þetta er ekkert annað en hreinræktuð falsgengisstefna,“ — segir Óskar — „sem bankinn rekur og hún ógnar fjármálalegum stöðugleika og þrengir svo mjög að fyrirtækjum, að mörg þeirra hafa nú þegar lagt upp laupana og þau fyrirtæki flýja úr landi sem það mögulega geta.

Og við spyrjum hvað um hlutverk stjórnvalda sem láta þetta ganga fram að því er virðist afskiptalaust.

Hafa þau enga stjórn á efnahagsmálum lengur? Bera þau ekki ábyrgð? Auðvitað er slíkri spurningu svarað játandi, auðvitað bera stjórnvöld mesta ábyrgð og þau hafa ýmsa möguleika til þess að bregðast við. Spurningin er sú til hvaða aðgerða þau hyggjast grípa og þeirri spurningu hljótum við að beina til hæstvirts sjávarútvegsráðherra.

Því eftir því sem þetta ástand varir lengur eykst stöðug hættan á því að allur almenningur þurfi að lokum að súpa harkalega seyðið af þessu í verulegu bakslagi og rýrnum kaupmáttar.

Auðvitað leiðréttist gengi krónunnar að lokum, en það hefur nú þegar orðið mikill skaði og hann verður miklu meiri, haldi fram sem horfir. Og það tekur sinn tíma að vinna upp slíkan skaða og hann verður aldrei að fullu bættur.

En það gæti tekið enn þá lengri tíma að byggja upp að nýju það nauðsynlega trúnaðartraust, sem brestur við slíkar aðstæður, en þarf auðvitað að ríkja milli stjórnvalda og atvinnufyrirtækjanna í landinu.

Við hljótum því að gera þá kröfu til stjórnvalda að þau taki á þessum málum af ábyrgð og festu, en fljóti ekki sofandi að feigðarósi,“ sagði Óskar Þór Karlsson sem er formaður Samtaka fiskvinnslu án útgerðar.

Við sem höfum heyrt yfirlýsingar hæstv. sjávarútvegsráðherra og hann var einmitt á þessum fundi og ég heyrði hann flytja ræðu. Þar taldi hann að ekkert annað væri í kortunum en að bíða þangað til yfirstandandi stóriðjuframkvæmdum lyki fyrir austan og við Grundartanga en þá yrði gefið svigrúm, þá yrði gert hlé. Þá fengi gengi krónunnar og samkeppnishæfni útflutningsatvinnugreinanna svigrúm. Hvað ætli hæstv. sjávarútvegsráðherra segi nú þegar verið er að boða stórauknar álversframkvæmdir sem viðhalda því ógnarástandi gagnvart atvinnulífinu sem nú er. Ráðherra keyrir hér inn af ósvífni og hörku frumvarp sem heimilar ráðherra að veita aukin leyfi til rannsókna og virkjunar á fallvötnum landsins til að standa undir þeirri álversstefnu sem hefur þessar gríðarlega slæmu afleiðingar sem ég hef hér rakið.

Frú forseti. Þetta er með ólíkindum. Ég staðfestist í þeirri trú að stjórnvöld séu í einhverjum fílabeinsturni og viti ekki hvað er að gerast í samfélaginu. Ég er hér t.d. með

tölur frá Samtökum ferðaþjónustunnar sem hafa bent á hina erfiðu stöðu sína og áhrif gengisins á afkomumöguleika þeirrar þjónustu og ef við lítum á gengið og hvernig það hefur breyst vegna þessara stóriðjuframkvæmda þá var ferð sem kostaði 100 þús. ísl. kr. haustið 2002 verðlögð á 1.136 dollara. Ef hafa ætti sama krónugildi í íslenskum krónum í dag kostaði hún 1.627 dollara sem er 43,3% hækkun frá 2002–2005. Ferð sem aðili í Bandaríkjunum vildi kaupa til Íslands og kostaði 100 þús. kr. haustið 2002 stæði í sömu upphæð árið 2005. Nú er ekki svo að tilkostnaður í ferðaþjónustu á Íslandi hafi ekki breyst, hann hefur líka hækkað. Þannig að ferðaþjónustuaðilinn þyrfti frekar að fá meira fyrir ferðina nú en þá. En aðeins dollarahækkunin ein hefur látið þessa 100 þús. kr. ferð hækka um 43,3% fyrir þann erlenda aðila sem hingað vildi koma. Það er ekkert svigrúm innan ferðaþjónustunnar til að sækja þessa hækkun. Sama ferð hafði hækkað um 21,5% í pundum þegar þetta var gefið út í haust. Það getur hafa breyst eitthvað síðan en það hefur þá verið í aðra átt. Afleiðingar af stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar leika ferðaþjónustuna afar grátt. Ég hef ekki trú á því að ferðaþjónustan eigi gott með að standa undir slíku, enda sýna tölur þessa árs um ferðamenn til landsins að þær hafa nánast staðið í stað. Aukningin hafði verið mikil á undanförnum árum en virðist nú að mestu standa í stað. Tekjur af erlendum ferðamönnum virðast líka standa í stað eða aukast mjög lítið en höfðu aukist verulega á undanförnum árum. Hvernig ætti líka annað að vera þegar gengið hefur breyst um 20–30% á tveggja til þriggja ára tímabili? Það gefur augaleið að samkeppnisstaða ferðaþjónustunnar er alveg afleit. Á að fórna ferðaþjónustunni, einum stærsta atvinnuvegi þjóðarinnar, á altari stóriðju og álbræðslna hæstv. iðnaðarráðherra? Það er dapurt, frú forseti.

Samtök ferðaþjónustunnar, aðilar í ferðaþjónustu, komu einmitt á fund samgöngunefndar í haust við afgreiðslu fjárlaga þar sem fulltrúar samtakanna gerðu okkur grein fyrir hver staða þess atvinnuvegar væri. Þeir sögðu að nógu bölvað hafi það ár verið því að verð þurfi að gefa út a.m.k. með árs fyrirvara á erlendum mörkuðum og bættu svo við að þeir yrðu að vera búnir að gefa út verð fyrir ferðir á næsta ári, 2006 sem þá var fram undan og reyndar 2007, og yrði gengið óbreytt gætu þeir ekki hækkað innlent verð þrátt fyrir að tilkostnaður hafi í sjálfu sér vaxið. Laun hafa hækkað og ýmis annar kostnaður. Raforkan hefur hækkað, raforkukostnaður leikur ferðaþjónustuna mjög grátt, því að borga verður miklu hærra raforkuverð af húsum sem nýtt eru undir ferðaþjónustu en t.d. af íbúðarhúsum. Það er því ekki eitt, það er allt þegar iðnaðarráðherra níðist á ferðaþjónustunni. Fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar lýstu því yfir að þetta væri stórhættulegt fyrir atvinnugreinina, ekki aðeins skammtímaáhrifin heldur líka langtímaáhrifin því að stórir markaðsaðilar, tengiaðilar sem hafa haft milligöngu um að útvega viðskipti í ferðamálum væru að segja upp samningum og hætta vegna þess að það ástand sem hér ríkti í gengismálum væri algjörlega út í hött. Það væri engin leið að stíla viðskipti sín upp á samstarf við svona aðila. Þeir lýstu verulegum áhyggjum. Ég man þegar ég spurði í nefndinni: Hvað ef ríkisstjórnin verður svo ógæfusöm að halda áfram á þessari stóriðjubraut? Þá voru þeir ekkert að draga dul á það, fulltrúarnir sem hingað komu frá Samtökum ferðaþjónustunnar, þeir báðu bara guð að hjálpa sér. Þessum atvinnuvegi væri hreinlega fórnað ef svo héldi áfram. Fórn sem hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins virðist vera reiðubúin að færa með því að auglýsa enn fleiri álver hér. Viðhalda enn þessum ruðningsáhrifum, þessu háa gengi og skertu og alvarlegu samkeppnisstöðu sem ferðaþjónustunni stendur frammi fyrir.

Af því að ég sá einhvers staðar í tölvupósti að halda á ráðstefnu á morgun, svona gloríuráðstefnu um ágæti áliðnaðarins, þá vil ég þá segja, frú forseti, að álverksmiðja við þær kringumstæður þar sem rafmagn yrði selt á eðlilegu verði en almennir raforkunotendur ekki látnir greiða það niður getur vel komið til greina til að auka fjölbreytni atvinnulífsins en að ætla að steypa allt atvinnulífið í álver á niðurgreiddu rafmagni finnst mér alveg með ólíkindum. En Samtök atvinnulífsins eru einmitt aðilar að þessari álráðstefnu sem halda á á morgun, að ég held, eða einhvern tímann á næstunni og mér er spurn: Hvað munu þau segja? Hvernig munu Samtök atvinnulífsins flytja þann boðskap sem ég hef verið að lesa hér upp frá samtökum útgerðar, fiskvinnslu, verkalýðshreyfingarinnar, t.d. á Vestfjörðum, frá ferðaþjónustunni, inn á þennan fund? Ætla Samtök atvinnulífsins að hrópa áfram: Hallelúja, hósíanna fyrir aukinni álframleiðslu í landinu?

Frú forseti. Mig minnir að Samtök iðnaðarins hafi gengist fyrir einhverri ráðstefnu sem bar heitið „Framtíðin er í okkar höndum“, stefnumót stjórnmálamanna, starfsmanna hátæknifyrirtækja og háskólanema, sem haldin var mánudaginn 16. janúar sl. Ég er hér með eitt ágætt erindi sem þar var haldið af einum frummælandanum, Hilmari V. Péturssyni, forstjóra CCP, um möguleika í þeirri nýsköpun sem hann stóð í. Hann var ekki að veifa áltúrbínum þegar hann kynnti sitt mál. Nei, frú forseti, hann veifaði myndum af mestu náttúruperlum Íslands sem hann notaði til kynningar á starfsemi sinni úti um heim. Það voru myndirnar sem hann notaði til að kynna starfsemi sína þar. Náttúruperlur sem hæstv. iðnaðarráðherra vill sökkva. Það var kynningarefni á ráðstefnu Samtaka iðnaðarins sem hafði yfirskriftina „Framtíðin er í okkar höndum“, áskorun til ríkisstjórnarinnar. Frú forseti. Það eru þessar myndir af ósnortinni náttúru, af þeim stöðum sem hæstv. iðnaðarráðherra beitir nú öllu sínu afli til að sökkva sem notaðar voru sem kynningarefni á ráðstefnunni „Framtíðin er í okkar höndum“ áskorun til ríkisstjórnarinnar. Mér þætti gaman að vita hvernig Samtök iðnaðarins ætla sér á morgun eða hvenær sem ráðstefnan verður um álglýjuna að túlka skilaboð ráðstefnunnar sem haldin var um hátæknigreinar í iðnaði og möguleika þeirra. Ég man ekki betur en að einmitt þessi ágæti fyrirlesari hafi sagt að að hans mati vildi fólk ekki fleiri álver. Það vildi ekki vinnu í fleiri álverum og ekki gæti störfum í fjármálageiranum eða í bönkunum stöðugt fjölgað en í þeirri atvinnugrein sem hann væri að kynna þarna væri möguleiki á háum launum og líka atvinnugrein sem krefðist menntunar.

Hann notaði einmitt þessar myndir um íslenska náttúru sem kynningarefni þegar hann var að leggja áherslu á möguleika síns fyrirtækis. Mér þætti fróðlegt að vita hvernig þessum þætti verður gerð skil eða hvernig hæstv. iðnaðarráðherra ætlar að bregðast við þessu ákalli, áskorun til ríkisstjórnarinnar um að gefa þessum atvinnugreinum svig-

rúm. Samkvæmt síðustu yfirlýsingu hæstv. iðnaðarráðherra um fjölgun álvera er ekki að sjá að það eigi að gefa þessum atvinnugreinum svigrúm enda kom það rækilega fram á þessari ráðstefnu að aukinn áliðnaður og aukin stóriðja gerir ekkert annað en að skerða möguleika og jafnvel útiloka einstaka þætti í hátækniiðnaði hér á landi, enda hefur þetta allt komið fram áður, en hæstv. iðnaðarráðherra lokar eyrunum fyrir þessum þáttum.

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. iðnaðarráðherra viti ekkert hvað er að gerast úti um land.

Mig langar til að lesa hér tölvupóst, bréf sem við fengum einmitt um stöðu þessara atvinnugreina.

Hér er grein sem birtist í Morgunbaðinu 10. nóvember 2005 eftir Ómar Garðarsson en þar er viðtal við Berg Elías Ágústsson, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum. Yfirskriftin er: „Gagnrýnir stjórnvöld fyrir skilningsleysi á stöðu útflutningsgreina“ og „Keyra sjávarbyggðir í kaf“, með leyfi forseta:

„Hátt gengi íslensku krónunnar hefur smám saman verið að draga tennurnar úr íslenskum útflutningsgreinum og ferðaþjónustu án þess að nokkuð sé aðhafst. Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir að nú sé nóg komið og þetta sé enn eitt dæmið um skilningsleysi stjórnvalda á stöðu útflutningsgreina og aðför þeirra gegn landsbyggðinni sem aldrei ætli að linna.“ — Bergur segir þetta þegar nýkomin var hækkun á stýrivöxtum. — „Bergur segir þetta ekki aðeins koma niður á útgerð og fiskvinnslu í Vestmannaeyjum heldur allri þjónustu. Gæti svo farið að bæjarsjóður yrði að horfa upp á 5% til 7% lækkun útsvarstekna sinna.“

Undir millifyrirsögninni „Sjávarplássum blæðir út“ segir, með leyfi forseta:

„„Já, nú er nóg komið og miklu meira en það,“ sagði Bergur. „Á meðan okkur og öðrum sjávarplássum blæðir út eru önnur svæði að hala inn meira fjármagn en áður hefur sést í sögu íslenska lýðveldisins. Það er einfaldlega þannig að ef efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar helst óbreytt og gengismál verða eins á næstu missirum munu sjávarbyggðirnar bíða afhroð. Það er vegna þess að það gengur ekki upp að vinna fiskinn með því skilaverði sem við sjáum í dag. Þetta gerist þrátt fyrir sögulegt hámark í verði á fiskafurðum í erlendri mynt og m.a.s. Norðmenn græða á sinni fiskvinnslu. Við höfum séð það undanfarið að rækjuverksmiðjur eru að loka vegna þessa hver á fætur annarri og fyrirtæki í landvinnslu eru farin að draga saman í vinnslu. Og fyrr en síðar kemur að okkur hérna í Vestmannaeyjum,“ segir hann.“

Undir millifyrirsögninni „Ekkert bólar á aðgerðum“ segir, með leyfi forseta:

„Bergur sagði ljóst að stjórnvöld ætluðu að horfa framhjá vandanum og ekkert bólaði á aðgerðum til að koma til móts við fyrirtæki og sjávarbyggðir sem margar hverjar stæðu nú á tímamótum. „Ég nenni ekki að telja upp þau störf hjá hinu opinbera sem héðan hafa horfið og þann kvóta sem ríkisstjórnin hefur tekið af okkur. Það verður gaman að ræða þetta við þingmenn þegar og ef þeir koma,“ sagði Bergur og vísar til þess að þingmenn Suðurkjördæmis hafi enn ekki“ — þegar þetta er skrifað — „náð að heimsækja Vestmannaeyjar á þessu hausti þrátt fyrir góðan vilja.

„Sérðu eitthvað til ráða?“ — spyr blaðamaðurinn.

„Tvímælalaust. Það á að flytja stofnanir sem tengjast sjávarútvegi frá Reykjavík til staða eins og Vestmannaeyja,“ sagði Bergur og nefndi sem dæmi Hafrannsóknastofnun og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins.“

Þessu næst spyr blaðamaður, með leyfi forseta:

„Er eitthvað hægt að gera til að breyta genginu?“

Og Bergur svarar, með leyfi forseta:

„Það er nú þannig að ekki verður bæði haldið og sleppt í gengismálum. Ríkisstjórnin hefur ekki sýnt nokkurn vilja til að draga úr útgjöldum ríkisins og beinir síðan þeim tilmælum til sveitarfélaga að draga úr framkvæmdum. Innflutningur hefur heldur aldrei verið meiri og það er kannski eitthvað sem allir eiga að lifa á? Annars má benda á álframleiðendur á Íslandi sem njóta sérstakra kjara þar sem raforkuverð miðast við heimsmarkaðsverð á áli. Ekki hafa sjávarbyggðirnar þessa vörn.“

Og greininni lýkur svo, með leyfi forseta:

„Bergur sagði að svo væru menn hissa á því að hér væru erfiðleikar og menn ekki hressir með stöðuna. Þetta vilja þeir ekki tala um og benda á hagsæld sem er fyrir suma en aðra ekki. Það hlýtur að vera hlutverk stjórnvalda að verja sjávarbyggðir eins og aðrar byggðir nema það sé markviss stefna að draga tennurnar hægt og rólega úr fólki sem þar býr. Að vísu er talað og talað og fyrirheitin yfirleitt góð en vandamálið er að ekkert gerist. Satt best að segja á ég erfitt með að trúa því að frá okkur hafi verið teknar varanlegar heimildir fyrir einn milljarð króna á síðasta ári, loftskeytastöðin lögð niður og um leið störf sem þar voru. Í staðinn fáum við reyndar nokkur fiskistofustörf sem við erum í raun að borga sjálf í gegnum auðlindagjaldið. Staðreyndin er sú að staðan hér væri í heildina mun betri ef við hefðum fengið að vera í friði til að bjarga okkur sjálf og verið laus við þessar endurteknu náttúruhamfarir af mannavöldum.

Bergur sagði að þetta hefði ekki aðeins áhrif á sjávarútveginn, þetta snerti alla þætti samfélagsins í Vestmannaeyjum. „Þetta kemur niður á öllu bæjarfélaginu, sjómönnum og öðru launafólki, þjónustu og verslun og líka bæjarsjóði því útsvarstekjur verða 5% til 7% lægri nú en í fyrra. Munar um minna fyrir bæjarfélag sem okkar. Ég veit ekki hvar við værum stödd ef við hefðum ekki þessi öflugu sjávarútvegsfyrirtæki sem er stjórnað af bæði djörfung og dug. Bæjaryfirvöld munu standa við bakið á þeim og þau við bakið á okkur því við erum samfélag sem mun ekki láta kveða sig í kútinn.““

Engu að síður bendir bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum á að sú gengisþróun sem nú er geti orðið þessu bæjarfélagi afar, afar þung í skauti. Hann bendir á að álverksmiðjurnar og álbræðslurnar virðist njóta sérkjara, bæði hvað varðar raforkuverð, grunnverð, og síðan að það skuli vera tengt álverðinu, en sjávarútvegurinn verði að taka þetta á sig allt saman. Frú forseti. Þetta er því mjög alvarlegt mál.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum tekið á þessum málum af mikilli alvöru. Við höfum ítrekað sent frá okkur ályktanir um að nú verði sett stopp á stóriðjuframkvæmdir í bili og atvinnulífinu gefin tök á að jafna sig. Ég leyfi mér að minna á ályktun sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sendi frá sér 18. maí 2005 þegar veruleg ruðningsáhrif þessarar stóriðju-

stefnu voru að koma fram, þegar verið var að loka fyrirtækjum á Vestfjörðum, fyrir austan og á Norðurlandi vegna hás gengis krónunnar. Þá sendi þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá sér yfirlýsingu sem stjórnvöld hefðu betur tekið til greina.

Yfirskriftin er: „Öllum frekari stóriðjuskuldbindingum frestað fram yfir næstu alþingiskosningar." Þar leggjum við til að ákvörðun um að undirbúa frekari stóriðjuframkvæmdir en þá voru í gangi verði frestað, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varar mjög alvarlega við því að áfram verði haldið á braut óheftrar stóriðju í landinu. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra fullyrðir í fjölmiðlum að tekið verði jákvætt í beiðni Alcoa um að reisa álver á Norðurlandi þegar framkvæmdum lýkur fyrir austan. Undirrituð hefur verið yfirlýsing um undirbúning álvers í Helguvík auk þess sem Alcan hefur í hyggju að stækka enn álverið í Straumsvík. Hömlulaus útþensla stóriðju blasir því við og er kynt undir þessari þróun af hálfu ríkisstjórnarinnar. Verði framhald á stóriðjuframkvæmdum eins og nú er stefnt að munu ruðningsáhrifin gagnvart öðru atvinnulífi verða enn alvarlegri en þegar er orðið. Þingflokkur VG telur löngu tímabært að staldra við og spyrja grundvallarspurninga. Eru Íslendingar tilbúnir að færa ótakmarkaðar fórnir fyrir frekari uppbyggingu stóriðju í landinu? Ætla landsmenn að fórna enn fleiri náttúruperlum fyrir orkusölu til mengandi þungaiðnaðar? Hvar ætla landsmenn að fá orku fyrir vaxandi orkuþörf íslenskra heimila og almenns atvinnulífs á komandi árum? Hvað með vetnisvæðingu Íslands þegar búið verður að binda orku í samningum til áratuga við erlend stóriðjufyrirtæki? Er ekki eftirsóknarverðara að byggja íslenskt atvinnulíf upp á fjölbreytni í stað einsleitrar stóriðju með stórfelldum neikvæðum áhrifum á annað atvinnulíf eins og dæmin sanna? Eru Íslendingar tilbúnir að afhenda orkuauðlindir sínar áfram á útsöluverði? Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til öflugan valkost í atvinnumálum þjóðarinnar, sem byggir á hugviti og þekkingu, þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi. Þingflokkur VG leggur til að öllum viðræðum vegna frekari stóriðjuframkvæmda verði frestað fram yfir næstu alþingiskosningar svo að þjóðinni gefist færi á almennri umræðu áður en frekari óafturkræf skref yrðu tekin."

Þessa yfirlýsingu sendum við frá okkur í maí 2005 vegna þeirrar umræðu sem þá var. Sem dæmi um það hve lítil tengsl ríkisstjórnin hefur við íslenskt atvinnulíf, íslenskt samfélag, hefur hún haldið áfram á þeirri braut sem við þarna vörum við. Farið var í að þrýsta sveitarfélögunum á Norðurlandi og Alcoa og iðnaðarráðuneytinu saman til að finna val á stað fyrir álver á Norðurlandi. Ég er viss um að sveitarfélögin hefðu heldur viljað að þeim fjármunum sem ætlaðir eru í þá undirbúningsvinnu, þeim fjármunum sem ráðherra vill fá nú heimild til að ráðstafa eða binda í rannsóknum og virkjunarkostum í Skjálfandafljóti eða jökulvötnunum í Skagafirði yrði varið í annað. Ég er viss um að ef fólkið stæði frammi fyrir því vali mundi það velja að fá þessa peninga til að byggja upp annað atvinnulíf en að byggja upp stórvirkjanir fyrir álver. En þessi valkostur hefur aldrei verið í boði, samanber þvingunarráðstafanirnar gagnvart Austfirðingum sem ég greindi frá og vitnaði til — og komu svo rækilega fram í viðtali sem var tekið við ungan mann sem bjó fyrir austan á þessum tíma.

Það var ekki gefið neitt val. Það mætti halda að álverksmiðjurnar séu komnar með ríkisstjórnina í einhverja heljargreip, að ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar geti ekki hugsað heila hugsun vegna þess að hinir erlendu álrisar séu komnir með slíkt kverkatak á ráðherra þessarar ríkisstjórnar að það eina sem komist að í þeirra hugskoti sé að þeir verði að beygja sig undir kröfur álrisanna.

Hvað um það, frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ítrekað lagt til að þessu verði frestað.

Við fluttum, frú forseti, tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, sem einmitt var talið svo brýnt vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum, efnahagskerfið væri að fara yfir um vegna þess, eins og ég hef verið að lýsa í ályktunum. Við lögðum þá þingsályktunartillögu fram sem ég mun fara yfir, þar efnahagslegu forsendur sem þar eru. Áður en ég kem að því væri kannski rétt að rifja upp leiðara Morgunblaðsins. Það er nefnilega svo að áður hafa birst skynsamlegir leiðarar í Morgunblaðinu einmitt um stóriðjumálin og höfum við gjarnan viljað að yrði meira hlýtt á það blað en sennilega er það þannig að ríkisstjórnin í sínum fílabeinsturni les það ekki. Sunnudaginn 20. mars 2005 birtist ritstjórnargrein með yfirskriftinni Stóriðjustefna á tímamótum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Morgunblaðið sagði frá því í gær að fimm alþjóðleg álfyrirtæki sýndu því áhuga að reisa álver á Norðurlandi. Jafnframt var frá því greint að nú væru uppi hugmyndir um að reisa ekki eitt stórt álver með 350–400 þúsund tonna framleiðslugetu, eins og hingað til hefur verið rætt, heldur tvö smærri með 150–200 þúsund tonna framleiðslugetu. Til skoðunar er að reisa annars vegar álver í Skagafirði eða á Skagaströnd og hins vegar við Húsavík."

Hugsið ykkur hvaða umhverfi fólkið á þessum svæðum má búast við út frá geðþóttaákvörðunum eða geðþóttaumræðutillögum ríkisstjórnarinnar og frá hæstv. iðnaðarráðherra í þessum málum, að halda þessum samfélögum stöðugt í einhverri gíslingu. Og áfram segir í leiðaranum, með leyfi forseta:

„Fram kom í frétt Morgunblaðsins að rætt væri um að afla orku til álvers í Þingeyjarsýslum t.d. með virkjun Skjálfandafljóts og með gufuafli frá Þeistareykjum, Kröflu og Bjarnarflagi. Í Skagafirði væri hins vegar rætt um Skatastaða- og Villinganesvirkjanir, en þar vildu heimamenn nýta orkuna í héraði og væru andvígir því að senda hana austur yfir Tröllaskaga.

Á iðnþingi Samtaka iðnaðarins í fyrradag vék Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að því hversu vel hefði gengið að laða stóriðjufyrirtæki til Íslands. Hún sagði m.a. í ræðu sinni: „Við Íslendingar stöndum á tímamótum í þróun orkufreks iðnaðar. Eftir áralangan aðdraganda og þrotlausa vinnu við að finna leiðir til að nýta orkulindir landsins til atvinnuuppbyggingar er nú svo komið að færri komast að en vilja. Umfangsmikil markaðsvinna á síðasta áratug við að vekja athygli erlendra fjárfesta á ágæti landsins til þess að reisa hér orkufrekan iðnað hefur skilað sér á undraverðan hátt, þannig að nú er talað um Ísland sem best varðveitta leyndarmálið í Evrópu meðal álframleið-

enda og er þá vitnað til þess hve aðstaða hér á landi er góð fyrir þess háttar framleiðslu."" — Segir hæstv. iðnaðarráðherra sem vitnað er til í leiðara Morgunblaðsins.

Já, frú forseti, það er nú svo. Best varðveitta leyndarmálið í Evrópu er hér. En staðreyndin er sú að álfyrirtækin eru að loka hverju álverinu á fætur öðru í Evrópu þannig að innan skamms má búast við því að þau verði sárafá eða ekkert, engin álver í Evrópu vegna þess að verið er að loka þeim. Og af hvaða ástæðum? Jú, m.a. af umhverfisástæðum. Einnig hefur markaðurinn fyrir ál dregist saman og nærvera markaðarins hefur gert hagkvæmni þeirra lélegri en jafnframt verða þau stöðugt óvinsælli í umhverfi þessara ríkja. Þá er Ísland einmitt best varðveitta leyndarmál og þar er iðnaðarráðherra sem á það sem sinn æðsta draum að álvæða Ísland. Áfram segir í leiðaranum:

„Ráðherra benti á að nú væru framleidd hér 268 þúsund tonn af áli í tveimur álverum. Fyrir lok þessa áratugar mundi sú framleiðsla þrefaldast og verða 760 þúsund tonn á ári. „Þetta er stórt stökk á stuttum tíma en verður að skoðast í ljósi þeirrar stefnu sem mörkuð var á sjötta áratugnum ..." — Sjötta áratugnum, já, það er svo langt síðan. Þessi stefna sem mörkuð var á sjötta áratugnum, einhver mundi nú segja að menn væru staddir í fortíðinni, að hér væri enn verið að framfylgja atvinnustefnu sem var mörkuð á sjötta áratugnum. Er það ekki rétt í lok Stalíntímans í Rússlandi? Stalín var einmitt með þá atvinnuuppbyggingu að vera með eina verksmiðju í hverju héraði, var það ekki? Stóra verksmiðju hér, aðra þar til að framleiða karporatora í bíla. Ein stór verksmiðja í hverju héraði, þetta var stalínísk atvinnuuppbygging sem framsóknarmenn virðast hafa aðhyllst. Hér er vitnað til að stefnan sem nú er verið að keyra hafi verið mörkuð á sjötta áratugnum.

Og áfram segir í leiðaranum, með leyfi forseta, um þá stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum sem mörkuð var á sjötta áratugnum, stóriðjustefna sem við erum enn þá að súpa seyðið af: „... og var á stefnuskrá allra ríkisstjórna sem setið hafa síðan." — Ekki er ég viss um það. — „Það hefur tekið heil 50 ár að ná þessum árangri og endurspeglast hann hvað best í því að nú þegar hafa sex heimsþekkt álfyrirtæki sýnt áhuga á að fjárfesta í nýjum álverum á Íslandi á næstu árum," sagði iðnaðarráðherra." Og áfram segir í leiðaranum:

„Í þessum málum er að ýmsu að hyggja. Það er rétt hjá Valgerði Sverrisdóttur að við stöndum á tímamótum í þróun orkufreks iðnaðar.

Fullyrða má að tími stórvirkjana á hálendinu sé liðinn. Kárahnjúkavirkjun er væntanlega síðasta verkefnið af því tagi. Vaxandi andstaða er við að lengra verði gengið á Þjórsársvæðinu, eins og umræður þessa dagana um Norðlingaölduveitu og verndun Þjórsárvera sýna.

Hins vegar má hugsa sér að afla orku til stóriðju með smærri virkjunum og þá e.t.v. ekki síst jarðvarmavirkjunum, sem oft hafa minni umhverfisáhrif en vatnsaflsvirkjanirnar. Smávirkjanir geta hins vegar verið jafnumdeildar út frá umhverfissjónarmiðum og stórvirkjanir. Það er t.d. engin sátt um virkjunarkosti í Skagafirði, m.a. vegna áhrifa á náttúruna og ferðaþjónustu, sem hefur verið að byggjast upp þar í héraðinu.

Stóriðjustefnan, sem mótuð var hér á landi á sínum tíma, hafði það ekki síst að markmiði að nýta orkuna, sem býr í fallvötnunum, og skjóta fleiri stoðum undir atvinnulíf landsins. Nú er svo komið að frekari nýting vatnsorkunnar er orðin verulegum vandkvæðum bundin. Enn fremur má spyrja hvort brátt fari að verða komið nóg af álverum — hvort frekari fjölgun þeirra geti orðið til að gera íslenskt atvinnulíf einhæfara, fremur en fjölbreyttara, og að tekin sé óþörf áhætta með því að hafa þannig mörg egg í sömu körfu."

Já. Þessi varnaðarorð í ritstjórnargrein Morgunblaðsins finnst mér að hæstv. iðnaðarráðherra hefði átt að lesa áður en gefnar voru yfirlýsingar um frekari álversframkvæmdir. Þarna bendir ritstjórn Morgunblaðsins á og tekur undir stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, áherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að staldra við. Er ekki komið nóg af álverum? segir í forustugrein Morgunblaðsins. Er ekki komið nóg af álverum? Og ritstjórinn spyr sig hvort frekari fjölgun þeirra geti orðið til þess að gera íslenskt atvinnulíf einhæfara, fremur en fjölbreyttara og tekin sé óþörf áhætta með því að hafa mörg egg í sömu körfu. Þetta er nákvæmlega það sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sagt.

Sú stefna sem hæstv. ríkisstjórn hefur markað og er nú að kynna og ítreka um enn aukna álframleiðslu jaðrar við að vera aðför að íslensku samfélagi, aðför að íslensku atvinnulífi, að við verðum hér ein álbræðsla með einhæfum störfum. Enda segir áfram í forustugrein Morgunblaðsins, með leyfi forseta:

„Allt þetta þarf að vega og meta áður en lengra er gengið í uppbyggingu stóriðju. Það þarf líka að meta áhrif stóriðju á aðrar atvinnugreinar, til dæmis ferðaþjónustu. Og við þurfum að velta fyrir okkur hvort möguleikarnir liggi fremur í hátækniframleiðslu og upplýsingatækni en í verksmiðjuframleiðslu, en þetta var til umræðu á iðnþingi. Þar kom fram það markmið Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja að upplýsingatækni verði meginstoð í verðmætasköpun og gjaldeyristekjum Íslands eftir aðeins fimm ár. Upplýsingatæknigeirinn þarf auðvitað að sýna að hann geti staðið við stóru orðin — minna varð úr miklum áformum hans í lok síðustu aldar en til stóð. En það má líka velta því fyrir sér hvaða möguleika sú atvinnugrein ætti ef hún nyti sömu fyrirgreiðslu og stuðnings stjórnvalda og stóriðjan."

Frú forseti. Þetta var sagt 20. mars 2005. Þessi ritstjórnargrein Morgunblaðsins er alveg eins og töluð úr stefnuskrá Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Og ég velti fyrir mér að á morgun, eða er það ekki á morgun sem verið er að boða einhverja álglýjuráðstefnu, að því er mér hefur virst, um dásemd álbræðslu? Ég velti fyrir mér hvernig Samtök atvinnulífsins ætla að fara að því ef sú verður raunin að á þeirri ráðstefnu verði sú framleiðsla dásömuð enn meir. Mér finnst það sem kemur fram í þessari forustugrein Morgunblaðsins frá 20. mars 2005 vera alveg hárrétt. Ég vil spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort hún hafi lesið þá forustugrein þar sem ritstjóri spyr hvort brátt verði ekki komið nóg af álverum, „hvort frekari fjölgun þeirra geti orðið til að gera íslenskt atvinnulíf einhæfara, fremur en fjölbreyttara, og að tekin sé óþörf áhætta með því að hafa þannig mörg egg í sömu körfu." Allt þetta þarf að vega og meta áður en lengra er gengið í uppbyggingu á stóriðju.

Þá þarf líka að meta áhrif stóriðju á aðrar atvinnugreinar, t.d. ferðaþjónustu. Ég velti því fyrir mér þegar rætt verður nú um álglýjuna áfram, ef framhald verður á þeirri umræðu í ljósi yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um aukna álframleiðslu, ég velti því fyrir mér, hvað ætlar ferðaþjónustan að segja? Ætlar hún að sitja þegjandi undir því eða er hún orðin svo veik að hún getur ekki risið neitt upp til varnar ef hér á að fjölga álverksmiðjum og álbræðslum, gengisstaðan verður óbreytt og ruðningsáhrifin og stóriðjustefnan eiga að halda áfram? En frumvarpið sem ríkisstjórnin og iðnaðarráðherra er að þrælast á að koma í gegn, um heimildir til aukinna rannsóknarleyfa í virkjunum vatnsfalla, miðar að því. Ég minnist þess þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir frumvarpinu sagði hún einmitt að eins og staðan væri nú tregðuðust orkufyrirtækin við að fara út í frekari rannsóknir til vatnsaflsvirkjana vegna þess að rýmri lagaheimildir vantaði og þetta væri farið að standa frekari þróun eða frekari vinnu til orkuöflunar til stóriðju fyrir þrifum. Þess vegna þyrfti að kýla þetta frumvarp áfram. Þetta kom efnislega fram, mig minnir, frú forseti, hjá ráðherranum við umræðuna í haust þegar frumvarpið var lagt fram. Það fer því ekkert á milli mála hvað vakir fyrir ráðherranum, fulltrúa ríkisstjórnarinnar, í þessum efnum og er ljóst að er að stefna atvinnulífi landsmanna í miklar ógöngur verði framhald á.

Frú forseti. Ég ætla aðeins að fara enn betur yfir marga af þeim efnahagslegu þáttum sem hafa áhrif á það hvað er að gerast. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram tillögu til þingsályktunar einmitt til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika þar sem seðlabankastjóri kallaði ógnarjafnvægi, sú staða sem uppi væri. Ég mun til að byrja með, frú forseti, skoða fylgiskjöl við þessa ágætu tillögu, tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Þar eru rakin ýmis atriði í þessu máli en þar leggjum við áherslu á að gefin verði yfirlýsing um að ekki verði ráðist í fleiri álver.

Og ég ætla að grípa af handahófi niður í ýmsar umsagnir sem er stuðst við. Hér er t.d. úr viðtali við Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem Sigurður Már Jónsson tekur og er í fylgiskjali með þingsályktunartillögunni. Viðtalið birtist í Viðskiptablaðinu 10. júní 2005 og ber yfirskriftina: „Þýðir ekki að reisa fleiri álver án mótvægisaðgerða.“

Í viðtalinu hefur verið farið yfir almenn atriði sem lúta að veiðistjórnun, stöðu kvótamála og stöðu fiskstofnanna og fleiri þætti er lúta að fiskveiðunum en þá víkur Friðrik J. Arngrímsson sér að rekstrarumhverfinu og segir, með leyfi forseta:

„En frá skýrslunni yfir í hið almenna rekstrarumhverfi sjávarútvegsins. Til skamms tíma höfðum við mikið af sjávarútvegsfyrirtækjum í Kauphöllinni en nú hafa öll nema tvö horfið þaðan. Við sjáum að rekstur útgerðarinnar er góður þrátt fyrir miklar breytingar og erfiða ytri þætti, svo sem stöðu gengismála og stóriðjuframkvæmdir. „Verðum við ekki að segja að útgerðin sé vel á vegi stödd?“ spyr blaðamaðurinn og Friðrik J. Arngrímsson svarar:

„Við sáum fyrir okkur að geta farið í gegnum þetta tímabil“ — sem var búið að tala um að stæði bara til 2007 — „stóriðjuframkvæmda með gengisvísitöluna 120 og hefðum líklega lifað það af. Núverandi gengi gerir stöðu sjávarútvegsins hins vegar mjög erfiða. Við sjáum að það er þó nokkuð góður hagnaður í sumum greinum enda verða menn að átta sig á því að sjávarútvegurinn er ekki eitt.“ Friðrik sagði að með ákveðnum einföldunum mætti skipta sjávarútveginum í þrennt. Í fyrsta lagi væri það uppsjávarveiðin þar sem afkoman væri tiltölulega góð, ekki síst á fyrri hluta ársins þegar loðnuveiðar hefðu átt sér stað. Það hefði áhrif á uppgjör fyrirtækjanna á fyrsta ársfjórðungi. Þarna væri hægt að taka miklar tekjur á skömmum tíma. Síðan væri það þorskurinn sem oftast hefði verið sterkur. Í þriðja lagi eru það síðan aðrar tegundir þar sem hefði yfirleitt verið tap.

„Við höfum auðvitað gagnrýnt að farið sé í stóriðjuframkvæmdir án þess að það sé skipulagt. Þá þannig að það væri hægt að koma þeim fyrir án þess að það hefði þessi áhrif á annan atvinnurekstur. Það er stóra málið því auðvitað verðum við að nýta alla möguleika. Eins og þetta hefur æxlast höfum við ekki séð merki um góða hagstjórn. Og hverju er þetta að skila, um það hefur verið lítil umræða. Ef við töpum út öðrum atvinnurekstri, sem þess vegna gæfi meira, hverju erum við þá bættari? Þar sem þetta eru stjórnvaldsaðgerðir — það eru stjórnvöld sem ákveða að fara í þessar framkvæmdir þá finnst mér að það hafi skort mikið á að menn hafi skoðað áhrif þessara framkvæmda á annað atvinnulíf.“

Friðrik sagðist hugsa með hryllingi til þess ef þetta ástand verður framlengt með tilkomu nýrra álvera.“ Frú forseti. Ég vek athygli á þessum orðum Friðriks J. Arngrímssonar 10. júní árið 2005.

„Menn eru að segja að þessi álver séu að koma af sjálfu sér og stjórnvöld hafi þar lítil áhrif. Ég er nú ekki viss um að það sé rétt. Það er hins vegar á hreinu að það þýðir ekki að reisa fleiri álver hér án þess að grípa til mótvægisaðgerða. Ef við erum að setja út meiri verðmæti en við erum að fá inn er það að sjálfsögðu óskynsamlegt. Menn eru að tala um þetta sem ruðningsáhrif. Ég sé þetta sem markvissar aðgerðir sem fela í sér eignaupptöku!“ — Takið eftir, frú forseti. Þetta segir Friðrik J. Arngrímsson. Þessar aðgerðir, þessar stóriðjuframkvæmdir með þessum hætti fela í sér eignaupptöku. — „Ég velti því fyrir mér hvað er heimilt að ganga langt í þessu þegar ljóst er að þetta eru meðvitaðar og markvissar aðgerðir. Þarna er verið að gera upp eignir fólks og fyrirtækja. Það er fjöldi fyrirtækja, sem menn hafa verið að byggja upp áratugum saman, sem stefna í gjaldþrot. Menn verða að finna lausn á því hvernig sé hægt að koma fyrir þessum miklu framkvæmdum án þess að þessi áhrif verði.“

Frú forseti. Friðrik leggur áherslu á að reynt hafi verið að þrauka í gegnum það tímabil meðan stjórnvöld höfðu ákveðið framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun, Reyðarál og álverksmiðjuna á Reyðarfirði og álverksmiðjuna við Grundartanga færu fram, meðan það gengi yfir. En þá gæfist líka svigrúm. En Friðrik undirstrikar að verði stóriðjuframkvæmdum haldið áfram þá væri spurning hvert málið gæti leitt. Og það er þetta sem við erum að takast á um. Þetta er undirrótin að því frumvarpi sem hér er verið að flytja. Það frumvarp sem styður þessi stóriðjuáform ríkisstjórnarinnar. Áform um byggingu tveggja nýrra álvera og

stækkun eins. Að gera okkur að mestu álbræðslu í heiminum og langt umfram í fólksfjölda, 5–6% ef öll álframleiðsla yrði brædd hér. Og ekki síst af því, eins og ég kem hér aftur að seinna í ræðu minni, að þjóðhagslegur ábati álframleiðslunnar er lítill. Auðvitað hafa álverksmiðjurnar staðbundin áhrif þar sem þær eru settar. En á þjóðarbúskapinn í heild eru áhrifin mjög lítil. Menn velta því fyrir sér, eins og ég hef verið að lýsa í tilvitnunum mínum, hvort aðrar greinar sem nú er verið að ryðja út eða er ekki gefið tækifæri til að vaxa hefðu skilað meiri arði og gefið meiri þjóðhagslegan ábata en stóriðjan, t.d. eins og hátækniiðnaðurinn. Ég fer nánar út í það á eftir hverju hinar ýmsu atvinnugreinar skila í þjóðhagslegum ábata nettó til þjóðarinnar. Við heyrum í fréttum og umtölum að talað er um brúttógjaldeyristekjur. Þær vaxi svo og svo mikið með álútflutningnum. Það er til gömul saga um mann sem var að versla með þorskhausa. Hann keypti þorskhausana á krónu og seldi þá aftur á 90 aura. Hann var spurður hvernig hann færi að þessu. Hann sagði: Ég ætla að reyna að græða á umsetningunni. Það er umsetningin sem gefur þetta en gróðinn er að vísu enginn. Og sama er í gangi með áliðnaðinum. Nákvæmlega sama þorskhausaefnahagsstefnan. Að kaupa hausinn á krónu og selja hann á 90 aura og vonast til að græða á umsetningunni.

Ég kem að þessu seinna. Að nettóábati af álútflutningi sem verður eftir í þjóðarbúinu er kannski innan við 30% og þá á að miða við að þeir sem vinna við álbræðslurnar búi á Íslandi og greiði skatta og skyldur og séu fullgildir þátttakendur í íslensku samfélagi. Þá getur það orðið kannski upp undir 30%. 70% af útflutningsverðmætunum sé bara innfluttur hrámálmur og innflutt vara til áliðnaðarins. En ef við færum hins vegar í ferðaþjónustuna, hátæknigeirann, í þær atvinnugreinar þar sem hugvitið er virkjað og hér hefur ákaft verið kallað eftir, þá er við að tala um stærri hlut af útflutningsverðmætunum, 70–80% kannski upp undir 90% í sumum tilfellum, sem verða þá eftir og skila sér inn í þjóðarbúið. Þannig að þjóðhagslegur ábati af hverri einstakri einingu í útflutningi er þar miklu meiri. En þetta fer ég nánar yfir á eftir.

Í tillögu okkar til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta efnahagslegan stöðugleika, og ég fer nánar í í einstökum þáttum, vil ég hér vitna til greinar í Viðskiptablaðinu 8. desember 2004 sem ég hef aðeins minnst á. Ég vil fara yfir hana í heild sinni til að undirstrika að öllum aðilum hefði átt að vera ljóst hver áhrif stóriðjustefnunnar væru. Menn hafa kallað eftir að reynt yrði að milda þau áhrif eins og kostur væri meðan hún gengi fyrir. En þegar framkvæmdum sem nú eru í gangi, þ.e. við álverksmiðjuna fyrir austan, Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðjuna á Grundartanga, þegar þeim væri lokið þá yrði gefið hlé. Þetta hefur alltaf verið sagt við atvinnugreinarnar og þær beðnar um að sýna biðlund. Þess vegna er verið að svíkjast aftan að greinunum með óforskömmuðum hætti af hálfu hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnarinnar með því að boða nú auknar stóriðjuframkvæmdir þvert ofan í yfirlýsingar og beiðni til þessara atvinnugreina að þreyja af þær framkvæmdir sem nú eru í gangi. Það er verið að koma aftan að þeim með ófyrirleitnum hætti, að mínu mati, frú forseti, með því að boða nýjar álversframkvæmdir, nýja framlengingu á því ástandi sem nú er, háu gengi og ruðningsáhrifum. Það er verið að koma aftan að þeim yfirlýsingum sem hafa verið gefnar og vilyrðum. Hvað með t.d. rökin fyrir því að vegaframkvæmdum var frestað? Man hæstv. forseti eftir því? Rökin þegar vegaáætlun var skorin niður um 2 milljarða á ári á þessu tímabili meðan stóriðjuframkvæmdirnar dundu yfir. Það var afar brýnt að skera niður vegaframkvæmdir, vegaframkvæmdir á Vestfjörðum, á Norðausturlandi og á Norðurlandi, til að draga úr þenslu meðan stóriðjuframkvæmdirnar stæðu yfir.

En hvað ætli að landsmenn segi? Hvað ætlar samgönguráðherra að segja þegar hann stendur frammi fyrir því að tveimur árum liðnum, þá er bara framhald á þessu. Þannig að ekki verði neitt um að ræða að spýta í í vegaframkvæmdum. Það verður að fresta þeim um önnur fjögur ár. Hvað ætla menn að kalla það? Ég mundi kalla það svik. En þetta er það sem landsmenn standa frammi fyrir. Þetta er ekkert að gerast akkúrat núna. Ég leyfi mér að vitna til greinar eða umfjöllunar sem birtist í Viðskiptablaðinu 8. desember 2004, þar sem fjallað er um ofurgengi krónunnar og áhyggjur útflutningsgreina. Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri segist búast við háu gengi næstu tvö árin, með leyfi forseta:

„Staða íslensku krónunnar hefur sjaldan verið sterkari en um þessar mundir og styrktist enn við þær aðgerðir Seðlabanka Íslands á fimmtudag í síðustu viku“ — þetta er fyrir um ári síðan — „að hækka stýrivexti um heilt prósent, eða úr 7,25% í 8,25%. ... Á miðvikudag var miðgengi dollars t.d. skráð á 64 krónur, en fór í 63,39 krónur við lokun á föstudag.“

En síðan er þetta rakið aftur og ég hef hér áður vitnað í einstaka þætti þess. En ég vil leyfa mér áfram að vitna í Birgi Ísleif Gunnarsson, seðlabankastjóra, sem sagði í samtali við Viðskiptablaðið:

„... að hátt gengi væri í samræmi við það sem við mátti búast ... þegar svona gríðarlegar framkvæmdir koma inn í hagkerfið á svona stuttum tíma.“ Þá segir Birgir Ísleifur: „„Þið eruð tilbúnir að hækka stýrivexti enn frekar ef ekkert lát verður á, verður spurt. Já okkar verkefni er að halda verðbólgunni sem næst 2,5% og við erum auðvitað staðráðnir í að gera það sem þeim tækjum sem við höfum.“ — Það er okkar hlutverk. — Birgir Ísleifur segir vextina þó eina og sér ekki valda háu gengi, það sé fyrst og fremst mikið innstreymi fjármagns. Gegn þessu dugi ekkert annað en mikið aðhald í opinberum fjármálum.““

Hann lýsir því að Seðlabankinn sé tilneyddur til að gera þetta til að bregðast við þeirri þenslu og innstreymi fjármagns sem tengist stóriðjuframkvæmdunum.

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, segir í sama viðtali:

„... að hátt gengi krónunnar hafi sömu áhrif á hans fyrirtæki eins og öll önnur útflutningsfyrirtæki. „Mér finnst ótrúlegt skilningsleysi vera á þörfum útflutningsgreina, ef menn ætla að sætta sig það“ sagði Hörður Arnarson og vísar til orða seðlabankastjóra um að búast mætti við langvarandi háu gengi krónunnar.

„Tekjur minnka og þetta er mjög slæm staða. Þetta er sérstaklega slæmt varðandi sölu inn á Bandaríkin vegna þess hversu veikur dollarinn er. Þá er líka ljóst að staðan er mjög óþægileg fyrir allar útflutningsgreinar líka gagnvart

öðrum gjaldmiðlum þar sem krónan er mjög sterk."

„Er hætta að á fyrirtæki flykkist úr landi í auknu mæli?" Er Hörður Arnarson forstjóri Marels spurður og svarar:

„Fyrirtæki hafa verið að fara úr landi undanfarin missiri. Þar má nefna sem dæmi, Hampiðjuna, Plastprent og 66°Norður. Þetta hamlar uppbyggingu hér.""

„Hvað með ykkur?" — er þá spurt.

„Við erum eingöngu með þriðjung starfsemi okkar á Íslandi og það er spurning hvað gerist. Ég tel engar efnahagslegar forsendur fyrir því að krónan haldist svona sterk. Ef hún gerir það verða menn bara að skoða hvaða leiðir menn hafa til að minnka íslenska kostnaðinn."

„Varla er framför útflutningsfyrirtækja ótakmörkuð?" — er þá Hörður spurður.

„Nei, Það er það ekki en það er þó mjög mismunandi eftir stöðu fyrirtækja. Þá hefur kostnaður hækkað hér innan lands meira en erlendis."

Frú forseti, ýmsir aðilar hafa varað við þeirri stefnu sem hefur verið keyrð hér áfram, að útflutningsgreinarnar þoli hana ekki. Ég get rakið mörg önnur dæmi um að fyrirtæki hafa orðið að flytja úr landi vegna þeirrar stöðu sem hér er.

Ég ætla aðeins að fara í önnur atriði núna í bili sem hafa hér áhrif. Eins og ég sagði er þetta ofurgengi íslensku krónunnar með þeim hætti að það er alveg með ólíkindum og varúðarorð íslenskra aðila hafa hvað eftir annað komið fram.

Í öðru fylgiskjali með þessu frumvarpi okkar er grein eftir Gústaf Steingrímsson úr Viðskiptablaðinu 9. febrúar 2005. Þar er fjallað um hve sterk króna hefur vegið gífurlega að mörgum fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum og eru mörg fyrirtæki rekin með tapi. Þetta kallar á fleiri gjaldþrot hjá útflutningsfyrirtækjunum eins og segir í fyrirsögn greinarinnar.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Gengi krónunnar er gríðarlega sterkt um þessar mundir og hefur mikil styrking hennar að undanförnu þrengt mjög að flestum útflutnings- og samkeppnisgreinum sem reka sig margar hverjar með tapi nú um stundir. Krónan hefur ekki verið jafnsterk síðan fyrri hluta ársins 2000 og hefur hún svo styrkst síðan og þarf að leita mörg ár aftur í tímann til að finna viðlíka styrk á raungengisgenginu eins og það er um þessar mundir.

Landsbankinn sendi frá sér skýrslu í síðustu viku þar sem fram kemur að bankinn telur margt benda til þess að jafnvægisraungengi hafi hliðrast upp á við vegna breytinga á efnahagslífinu á Íslandi og að sú hliðrun muni kalla á sársaukafulla aðlögun frá mörgum útflutnings- og samkeppnisfyrirtækjum næstu árin. Björn Rúnar Guðmundsson hjá Greiningardeild bankanna sagði í kjölfarið í samtali við Viðskiptablaðið að sársaukinn væri mestur hjá þeim fyrirtækjum sem eru með minnstu framlegðina og þola þannig minnstu tekjuskerðinguna. Það getur hugsanlega verið fiskvinnsla eða greinar sem bera mikinn kostnað í hlutfalli við tekjur. Þetta geta einnig verið ýmis fyrirtæki í ferðaþjónustu svo dæmi séu tekin."

Frú forseti. Þarna er varað við þessu. Áfram segir í greininni að gjaldþrot í fiskvinnslu séu yfirvofandi, með leyfi forseta:

„Fiskvinnslan hefur farið illa út úr þeirri gengisstyrkingu sem orðið hefur. Mikið hefur þrengt að greininni upp á síðkastið og eru nýjustu dæmin uppsagnir starfsmanna í fiskvinnslu í Þorlákshöfn og uppsagnir hjá Samherja fyrir austan. Margt bendir til þess að þetta sé aðeins forsmekkurinn af því sem koma skal. „Haldi þessi sterka króna áfram svona eins og útlit er fyrir, a.m.k. til skemmri tíma, munu menn draga frekar saman í starfseminni, en þau sem hafa ekki kost á því munu hreinlega leggja upp laupana. Þetta er það mikið framlegðarfall og mörg fyrirtæki eru að keyra það langt undir núllinu að þau þola ekki sterka krónu nema í stuttan tíma í viðbót. Það verði því framhald á þeim uppsögnum sem þegar hafa orðið," segir Arnar Sigmundsson formaður Samtaka fiskvinnslustöðva.

Arnar segir fyrirtæki bera sig langflest mjög illa. „Auðvitað er þetta eitthvað misjafnt eftir vinnslugreinum. Höggið kemur út af fyrir sig jafnt á alla en menn eru misjafnlega sterkir fyrir. Afleiðingarnar hafa verið að birtast í því að menn hafa verið að draga saman sína starfsemi. Hækkanir í erlendri mynt á síðasta ári náðu alls ekki til allra á síðasta ári þannig að sumar greinar og einstök fyrirtæki innan þeirra standa afar illa".

Á sama tíma og krónan er svona sterk hafa kostnaðarliðir í fiskvinnslu verið að hækka. „Við sömdum fyrir ári síðan um að launakostnaðurinn mundi hækka núna um 4%. Ég hefði nú ekki boðið í það að ljúka samningum á þeim nótum ef við hefðum séð fyrir að gengið mundi styrkjast svona mikið.""

Ég rek þetta hér, frú forseti, vegna þess að allt er þetta fyrirséð, aðdragandinn að því sem við nú stöndum frammi fyrir, á það er bent að stefna ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum er að ganga af mörgum atvinnugreinum dauðum og gera öðrum erfitt fyrir. Þetta er sagt fyrir ári og síðan þá hefur staðan einungis versnað.

Áfram segir í þessari grein, með leyfi forseta:

„Það sem er kannski einna bagalegast við styrkingu krónunnar að undanförnu er að svo virðist sem enginn hafi séð fyrir að krónan mundi styrkjast svona mikið. Flestar spár gengu út á að gengi krónunnar mundi hugsanlega vera hvað sterkast í kringum 120 á þessu ári."

Það er árið 2005, eins og ég hef áður bent á, að spár fjármálaráðuneytisins gengu út á það að gengisvísitalan fyrir árið 2004 væri um 130 og á árinu 2005 yrði hún yfir 120, en staðreyndin er allt önnur. Það hefur verið 20–30% munur á ári á milli þess sem lagt er upp af hálfu stjórnvalda við gerð efnahagsáætlunar og við gerð fjárlaga og þess sem raunin hefur síðan orðið. Hvernig eiga fyrirtæki að skipuleggja starfsemi sína þegar gengisvísitalan breytist svo? Það er hörð krafa á fyrirtækjunum um hagræðingu í öllu en að öll önnur starfsemi í landinu, allir aðrir atvinnuvegir í landinu, eigi að taka á sig ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar, það er að mínu viti glæpur gagnvart íslensku atvinnulífi og íslensku samfélagi. Allt þetta var þó fyrirséð.

Ég er að rifja þetta upp af því að það eina sem hefur gerst er að ástandið hefur versnað hvað þetta varðar, spárnar hafa eflaust gefið mörgum fyrirtækjum falska öryggiskennd, þessar spár um gengi þar sem opinberir aðilar, íslensk stjórnvöld, hafa lagt upp með og spáð miklu hagstæðara gengi en raunin hefur síðan orðið.

Þetta segir hér, með leyfi forseta:

„Spárnar hafa eflaust gefið mörgum fyrirtækjum falska öryggiskennd og leitt til þess að einhver þeirra hafa látið það vera að verja sig gagnvart styrkingu og súpa þau nú seyðið af þeirri ákvörðun. Arnar sagði þessa styrkingu krónunnar að undanförnu hafa komið óþægilega á óvart. „Vísitalan nú" — þegar þetta var sagt 9. febrúar 2005 — „er í kringum 112 stig," — núna er hún 104 stig — „en flestir sérfræðingar höfðu verið að gera ráð fyrir því að hún yrði yfir 120 stigum á þessu ári. Framlegð í öllum greinum fiskvinnslu hefur snarlækkað og hefur komið einna harðast niður á henni sé tekið mið af öðrum útflutnings- og samkeppnisgreinum," sagði Arnar.

Varðandi hugsanlegar hagræðingaraðgerðir sagði Arnar að fiskvinnslan hefði verið að hagræða síðustu 10 til 15 árin. „Fyrst var farið í sameiningu fyrirtækja en við sjáum að aukin sérhæfing í vinnslu hefur hjálpað fyrirtækjunum. Við sjáum að fyrirtækjum sem einbeita sér að þorskvinnslu hefur farið fjölgandi sem þýðir að menn eru að ná betri árangri þar." Arnar bætti þó við að með aukinni hagræðingu hefði möguleikum til hagræðingar farið fækkandi."

Endalaust er náttúrlega ekki hægt að hagræða til að standa af sér svo óheppileg viðskiptaskilyrði.

Arnar segir síðan, með leyfi forseta:

„Við trúum ekki öðru en að krónan taki að veikjast umtalsvert á næstu missirum. Það verður einfaldlega farið að kreppa það mikið að og ekki bara í sjávarútvegsfyrirtækjum heldur öðrum útflutnings- og samkeppnisgreinum að þetta ástand getur ekki varað nema nokkra mánuði í viðbót."

Þetta segir Arnar Sigmundsson í viðtali við Viðskiptablaðið fyrir ári síðan, þann 9. febrúar 2005.

Í samtali við Ernu Hauksdóttur hjá Samtökum ferðaþjónustunnar í sama blaði kom fram að staða ferðaþjónustunnar væri einnig mjög erfið. Þar undirstrikar hún að við þetta gengisstig verði Ísland mun dýrara ferðamannaland en áður. Þau fyrirtæki sem eru jú með skuldir sínar í erlendum gjaldeyri fara náttúrlega betur út úr slíkri þróun en þau félög sem eru með allar sínar skuldir í krónum. „Stærri og oft og tíðum fjárhagslega sterkari fyrirtæki eiga auðveldara með að mæta svona sveiflum í gengi," sagði Erna. Aðspurð hvort ferðaþjónustan væri rekin með tapi við svona aðstæður sagði Erna mjög mismunandi hvernig fyrirtæki gengju, ferðaþjónustan væri mjög fjölbreytt atvinnugrein.

Engu að síður undirstrikar hún þá erfiðu stöðu sem ferðaþjónustan sé í. Þetta er fyrir ári, frú forseti. Síðan þá hefur ástandið enn versnað. Mér er spurn: Erum við reiðubúin að fórna íslenskri ferðaþjónustu, erum við reiðubúin að fórna íslenskri hátækni á altari stóriðjunnar eins og verið er að fara fram á í frumvarpinu, að iðnaðarráðherra fái auknar heimildir til þess að veita rannsóknarleyfi til að afla orku fyrir stóriðju? Hæstv. ráðherra sagði það hér fyrr í vetur, þegar þetta var til umfjöllunar, að tilgangur þessa frumvarps væri einmitt að opna á frekari orkuvinnslu, virkjanir, m.a. í vatnsföllum, og bar sig illa undan því að orkufyrirtækin héldu að sér höndum við að fara út í rannsóknir á vatnasvæðum til orkuvinnslu og því þyrfti að gefa þeim þann hvata að þau hefðu þar einhvern forgang, og af þeim ástæðum er þetta frumvarp hjá hæstv. ráðherra flutt.

Frú forseti. Kannski ættum við að fara aðeins betur ofan í þá efnahagslegu þætti sem hér er um að tefla. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum flutt tillögu til þingsályktunar um endurheimt á efnahagslegum stöðugleika. Það væri fróðlegt að vita hvort forseti telji að hæstv. iðnaðarráðherra hafi lesið þá þingsályktunartillögu þar sem rætt er um ástandið. Í tillögunni, þar sem við tökum mjög ábyrgt á hlutunum, er lögð áhersla á að verðbólgan nái sem fyrst niður fyrir viðmiðunarmörk Seðlabankans, að stöðugleiki haldist á vinnumarkaði og kaupmáttur launa verði varðveittur, að sjálfbær þróun verði leiðarljós í orku- og atvinnumálum og þróun þjóðlífsins almennt, að tryggja útflutnings- og samkeppnisgreinunum viðunandi starfsskilyrði, að bæta skilyrði til nýsköpunar í atvinnulífinu og til uppbyggingar sprotafyrirtækja og draga úr viðskiptahalla á erlendri skuldasöfnun.

Ekki er nú vanþörf á því, frú forseti, því að stóriðjustefnan, sem hefur verið rekin á undanförnum árum, er að keyra íslenskt efnahagslíf eða íslenskt þjóðlíf, íslenskan þjóðarbúskap, í virkilega alvarlega stöðu. Samkvæmt spá Seðlabankans frá því í desember er gert ráð fyrir því að viðskiptahallinn á árinu 2005 — skuldir þjóðarbúsins mundu aukast um 150–160 milljarða kr. Ef menn halda að álver greiði það upp þá er það mesti misskilningur því að nettóútflutningstekjur af áli eru sáralitlar. Stór hluti af gjaldeyristekjum í áli eru bara innfluttar vörur.

Þessar tillögur miða líka að því að viðhalda stöðugleika í fjármálakerfinu og halda aftur af skuldasöfnun heimilanna. Væri nú ekki betra ef tekið hefði verið tillit til þessa? Ég minnist þess að hafa lesið nýverið að skuldir heimilanna í yfirdráttarheimildum, sem lækkuðu þó nokkuð fyrir einu eða tveimur árum, væru nú að nálgast að mig minnir 70 milljarða kr. sem er þá orðin hærri tala en jafnvel nokkru sinni áður, bara í yfirdráttarskuldum. Og allir vita hversu alvarlegt það er og hvað það segir okkur. Það segir okkur að þegar þenslan í samfélaginu er orðin svona mikil og þegar heimilin eru rekin að svona stórum hluta á yfirdráttarskuldum hlýtur það að vera merki um mjög erfiða og hættulega fjármálastöðu í landinu. Við vöruðum við þessu. Við lögðum ríka áherslu á að jafnvægi þyrfti að nást á nýjan leik í þjóðarbúskapnum. Stefna ríkisstjórnarinnar um aukin álver mun þýða áframhaldandi skuldasöfnun erlendis, hún mun þýða áframhaldandi aukna skuldasöfnun. Ég held að það hljóti að vera okkur öllum áhyggjuefni að þá verður áfram kynt undir neyslu, mikla einkaneyslu langt umfram aukningu þjóðartekna og skuldir þjóðarbúsins vaxa og verða síðan stöðugt hættulegri efnahagslífinu þegar eitthvað bjátar á. Það sem við lögðum til lýtur einmitt að stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Þessi tillaga er til meðferðar í þinginu og væri æskilegt að hún kæmi sem fyrst hér til síðari umr. en þar er ályktun Alþingis að fela ríkisstjórninni að grípa til eftirfarandi aðgerða:

Í fyrsta lagi að gefa út formlega yfirlýsingu um að hvorki verði af hálfu opinberra aðila stuðlað að né veitt leyfi fyrir frekari stórvirkjunum né uppbyggingu meiri orkufrekrar stóriðju en þegar er í byggingu, a.m.k. til ársloka 2010. Áhersla verði þess í stað lögð á fjölbreytta smáa og meðalstóra iðnaðarkosti af viðráðanlegri stærð fyrir hagkerfið og aðstæður viðkomandi byggðarlaga.

Frú forseti. Ef þessi yfirlýsing væri gefin mundi þetta kannski breyta hvað mestu. Bara þessi einfalda yfirlýsing

að staldra hérna við. Þetta er þveröfugt við það sem ríkisstjórnin er að gera. Hún ætlar einmitt að setja sér að vera búin að byggja þrjú álver til viðbótar fyrir árið 2012, eða tvö ný og stækka eitt. Það er alveg með ólíkindum hvernig stefna núverandi ríkisstjórnar og skemmdarstarfsemi gagnvart íslensku efnahags- og atvinnulífi hefur fengið fram að ganga. Það sem við leggjum áherslu á er einmitt í samræmi við þær ályktanir, yfirlýsingar, viðtöl og greinar sem ég hef verið að lesa hér og vitna til frá fulltrúum samtaka úr atvinnulífinu vítt og breitt, hvort heldur þeir eru frá sjávarútveginum, hátækni- og hugbúnaðargeiranum eða ferðaþjónustunni, er það einmitt þetta sem þeir kalla á.

Síðan koma atriði sem lúta að öðrum þáttum í fjármálastjórninni, að Fjármálaeftirlitið hugi vandlega að áhættumati í bankakerfinu og eiginfjárlágmörkum fjármálastofnana. Það hefur svo komið á daginn að þegar Fjármálaeftirlitið ætlar loksins að fara að reka af sér slyðruorðið varðandi eftirlit með fjármálastofnunum telur það sig ekki hafa nægilegar lagalegar heimildir eða bakgrunn eða stuðning viðskiptaráðherra og löggjafans. Fjármálaeftirlitið hefur hingað til verið eins og bara hluti af liðssveit viðskiptaráðherra í fjármálalífinu og þegar það ætlar að fara að gera eitthvað virðist það vera stoppað af.

Þá er rætt um aukna bindiskyldu og að hún gæti komið til. Vissulega getur hún komið til en í alþjóðlegu samhengi eins og fjármálaheimurinn er núna orðinn er sagt að það sé mjög örðugt.

Við drögum líka fram skattalækkanirnar sem ríkisstjórnin hefur verið að keyra áfram núna sem eru náttúrlega það alvitlausasta í þeirri stöðu sem nú er í efnahagslífinu. Hefur áður verið bent á það og ekki aðeins af okkur heldur m.a. af Seðlabankanum, af þáverandi seðlabankastjóra, Birgi Ísleifi Gunnarssyni, sem benti einmitt á að ríkisfjármálastefna sem felur í sér skattalækkanir sé ekki það heppilegasta þegar um slíka þenslu í tengslum við stóriðjuframkvæmdir er um að ræða.

Síðast en ekki síst viljum við efna til víðtæks samstarfs við aðila vinnumarkaðarins, samtök bænda, neytenda, öryrkja og aldraða og aðra þá aðila sem efni standa til um að aðgerðir þessar og þátttaka tryggi á ný efnahagslegan og félagslegan stöðugleika.

Þetta gerist ekki, frú forseti, nema það sem við leggjum til í fyrstu töluliðum tillögunnar verði gert því hitt eru bara afleiddar stærðir af því. En númer eitt er að gefa út yfirlýsingu af hálfu opinberra aðila um að hvorki verði stuðlað að né veitt leyfi til frekari stórvirkjana eða uppbyggingu á meiri orkufrekri stóriðju en nú þegar eru í byggingu. Það er sú yfirlýsing, sú stefnumörkun sem nú verður að koma. Allar aðrar aðgerðir til að koma á jafnvægi í efnahagsmálum eða til að styrkja samkeppnisstöðu annarra atvinnugreina eru vonlausar fyrr en þessi yfirlýsing hefur verið gefin. Þetta stendur og fellur með því.

Við ræddum skattamál í utandagskrárumræðu í dag, um það hvernig aukin misskipting er að verða í tekjum og kjörum í samfélaginu. Þessi óráðsía, þessi þróun í íslensku fjármála- og efnahagslífi kom einmitt inn sem hluti af stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar ásamt einkavæðingaráráttunni, sem er hluti af sama meiði, og til þess að ná utan um þetta á ný verðum við að staldra hér við. Þetta eru hinar efnahagslegu forsendur en þær umhverfislegu forsendur sem ég vék að í upphafi eru enn stærri og ekkert síður stór þáttur. Það verður engin sátt í samfélaginu ef ríkisstjórnin ætlar að ganga enn fram í því að efna til nýrra stórvirkjana, til nýrra álbræðslna. Látið er að því liggja, og gott og vel, að Þjórsárver séu sett á ís. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs höfum einmitt barist fyrir því að Þjórsárver verði friðlýst, að þau verði verndarsvæði og komist á heimsminjaskrá og að svæðið verði mun stærra en nú er verið að tala um. Við hefðum viljað að stjórnvöld gæfu þá yfirlýsingu. Það var alveg hárrétt hjá stjórnarformanni Landsvirkjunar sem sagði: Við hlýðum bara tilmælum eigenda okkar sem eru íslenska ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær. Það ber að skilja svo að ef ríkissjóður, sem er meirihlutaaðili í Landsvirkjun, og Reykjavíkurborg gefa út þá yfirlýsingu að Landsvirkjun hafi gefið frá sér allar hugmyndir um virkjun Þjórsárvera þá mundu þau vafalaust verða að hlýða því og gefa út þá yfirlýsingu. Landsvirkjun hlýðir bara fyrirmælum eigenda sinna.

Það sem við viljum, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs, er að það komi afdráttarlausar yfirlýsingar frá eigendum Landsvirkjunar um að Landsvirkjun gefi frá sér fyrir fullt og fast væntingar um virkjun Þjórsárvera. Ekki að setja það á ís um ótiltekinn tíma heldur gefa það frá sér þannig að hægt sé að fara að vinna og búa sig undir að styrkja framtíðarstöðu Þjórsárvera sem eru mestu og dýrmætustu náttúruperlur sem þjóðin á og ekki bara þjóðin heldur heimsbyggðin. En með þeirri ógn sem nú hefur verið sköpuð gagnvart náttúru landsins, gagnvart Þjórsárverum þess vegna, með stækkun álversins í Straumsvík, með nýju álveri í Helguvík, með álveri fyrir norðan, þá er ekkert fyrirséð þegar þar að kemur, þegar til kastanna kemur, hvort Þjórsárverum verði hlíft þó að menn friðmælist í augnablikinu með því að segja að þau verði látin á ís. Við fögnum því en sennilega verður staðið gegn því að þetta komist á dagskrá. En hvers vegna gefa eigendur Landsvirkjunar ekki út þá yfirlýsingu, bara nú þegar tilskipun um að Landsvirkjun gefi frá sér allar væntingar um frekari virkjanir í Þjórsárverum? Auðvitað gleðjumst við yfir þeim áfangasigri sem við höfum barist fyrir ásamt heimamönnum ekki hvað síst, heimamönnum sem eiga hlutdeild að máli hvað varðar virkjun Þjórsárvera og hafa náttúrlega staðið sig eins og einstakar hetjur. Ef einhver ætti að fá orðu, ef það þætti merkilegt að fá orðu íslenska lýðveldisins fyrir baráttu fyrir íslenskri náttúru, þá er það fólkið, heimamenn sem hafa barist fyrir verndun Þjórsárvera. Það fólk ætti að fá orðu frekar en einhverjir ráðherrar sem hafa það sem aðalmarkmið og hafa haft að sökkva Þjórsárverum.

Frú forseti. Það er svo einkennilegt þegar verið er að heiðra menn og veita orðu lýðveldisins, sem ég ber fulla virðingu fyrir, að þá veltir maður stundum fyrir sér hvar borið er niður. Hvar er verið að sýna fólkið sem með óeigingjarnri baráttu tekur afstöðu með íslensku náttúru, með landi sínu og þjóð, eins og í baráttunni fyrir Þjórsárverum? Það fólk sem stóð þá hörðu og erfiðu vakt ætti að sæma riddarakrossi hins íslenska lýðveldis. Ættu einhverjir skilið að fá æðstu orðu íslenska lýðveldisins þá eru það heimamenn sem stóðu vaktina þar, lögðu við líf sitt til að berjast fyrir varanlegri verndun Þjórsárvera og uppskera nú að

þetta er sett á ís. En baráttan heldur áfram. Það var alveg sérstök lýsingin, frú forseti, á því hvernig forustumenn Landsvirkjunar höfðu níðst á fólkinu þarna fyrir austan, hringjandi í oddvitann í tíma og ótíma og stöðugt með kröfur eða eins og oddvitinn sagði þá var eins og þessir menn skyldu aldrei orðið nei, heldur var áfram níðst á því. Barátta þessa fólks fyrir verndun Þjórsárvera er alveg einstök og þjóðin á eftir að standa í mikilli þakkarskuld fyrir þá einurð, djörfung, seiglu, dugnað, úthald og sýn sem þetta fólk hefur sýnt við að vernda Þjórsárver fyrir þjóðina og framtíðarkynslóðir en fyrst og fremst fyrir náttúruna sjálfa, því það er náttúran sem á réttinn til Þjórsárvera en ekki við. Við erum gestir í náttúruperlum eins og Þjórsárverum.

Sama hug bera Skagfirðingar til Héraðsvatnanna sinna eins og ég hef lýst hér og lesið greinar sem Skagfirðingar hafa skrifað til varnar Jökulsánum sínum, Héraðsvötnunum. Vötnin eru Skagafjörður, sagði Anna Dóra Antonsdóttir. Það er nákvæmlega sami hugur sem Skagfirðingar bera til þessara vatna. Þetta eru náttúruperlur, þetta eru náttúruauðlindir, þetta eru svo dýrmætar perlur sem við höfum engan rétt til að ganga á.

Mín skoðun er sú að Skagfirðingar muni aldrei fela framtíð Héraðsvatna í hendur iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur. Aldrei. Gegn því munum við berjast. Við berjumst gegn frumvarpinu sem hér er lagt fram, sem felur það í sér, eins og hæstv. ráðherra hefur ítrekað lýst, að gefa rannsóknarleyfi og undirbúa virkjanaleyfi á vötnum Skagafjarðar. Hún lýsti því í umræðum fyrr í vetur, að þetta væri fyrsta skrefið til þess og þeir væru í biðröð sem vildu fá að virkja.

Frú forseti. Ég er sömu skoðunar og við umræðuna fyrr í vetur þegar átti að þröngva þessu máli í gegn fyrir jól, gegnum 2. umr. Hæstv. forseti þingsins tók þá af skarið og frestaði umræðunni. Síðan fór rafmagnið af þinghúsinu til að árétta hve lítil við erum og bara gestir hér á Hótel Jörð. Rafmagnið getur farið þótt við teljum okkur hafa alla mögulega tækni, frú forseti. Þess vegna ber okkur að sýna náttúrunni virðingu. Við höfum engan rétt til að ganga á hana á svo hrokafullan hátt sem hæstv. iðnaðarráðherra ætlar með frumvarpi sínu.

Hér er kvæðið Skagafjörður, forseti, sem ég vil leyfa mér að fara með. Kvæðið Skagafjörður er ort af Guðlaugi J. Lárussyni frá Miðhúsum í Óslandshlíð. Hann fæddist árið 1912 og dó árið 1929. Hann var ekki gamall þegar hann dó. Hann var 15 ára þegar hann orti þetta kvæði og er það eini kveðskapurinn sem hefur varðveist eftir hann svo vitað sé en hann lést 17 ára gamall.

Hann segir í kvæði sínu Skagafjörður, með leyfi forseta:

Skagafjörður, sólbjarta sveitin mín kæra!
Sonarins kveðjuljóð vil ég þér færa,
líta í anda á allt er þig prýðir,
allt það er fegurstu sveitina skrýðir.
Orðin með hjáróma hrynjanda falla.
Hugur minn reynir á svip þinn að kalla
en ljóðin, þau eru svo lélegar sögur –
þegar litið er á hversu myndin er fögur.

Fjölbreytt er landslagið, fljót dynja undir,
fjallshringar, afdalir, rennsléttar grundir,
kviksyndi, valllendi, melar og móar,
mýrafen, háklettar, vatnslindir nógar.
Fossamergð syngur í flugstöllum háum
fram renna lækir í straumiðum smáum.
Suðrænir fuglar þar sumarsins njóta,
svanirnir áfram í loftinu þjóta.

Héraðsvötn fram eftir firðinum líða
fögur og ljómandi héraðið prýða.
Hólminn þar inn frá og Hegranes mynda
uns við hyldýpi sævarins faðmlög þau binda.
Bakkarnir sveipaðir blikandi rósum,
baðast í himinsins skærustu ljósum.
Bæirnir standa í brekkunum fríðum,
búsmalinn unir í grösugum hlíðum.

Skín á iðgræna velli um vorlanga daga,
vefur könguló net sitt í skrúðgrænum haga.
Ráfa hestar og sauðfé um hlíðar og dali.
Heim að stekk rekur kvíærnar léttstígur smali.
Fjallatindar und himinsins heiðbláum feldi
halda vörð fyrir sveit — þegar líður að kveldi,
ljúft, í þögulli hátign, þó heimurinn vaki,
hnígur sólin til viðar að fjallanna baki.

Hversu fagurt er ekki úr fjallshlíðum grænum
fram eftir líta og niður að sænum!
Sólblikur eygja á svífandi bárum,
sæför þar renna und péttknúðum árum.
Strandfuglar leika í lognboða róti,
lemja þar öldur á sjófægðu grjóti.
Dreymandi vindarnir dreifðum í skýjum
dvelja, uns birtast í stormkviðum nýjum.

Lifðu vel, sveitin mín! Lánið þér fagni.
Láti þér hamingjan allt verða að gagni.
Hylli þig allt það sem efling má veita
ystu frá ströndum til fjarlægstu sveita.
Lítill ég undi við blómfaðm þinn bjarta
brennandi ást vakti það mér í hjarta.
Bernskunnar endurskin í þér má finna
ástmögur fegurstu draumanna minna.

Þetta var óður Guðlaugs J. Lárussonar til Skagafjarðar og vatna Skagafjarðar.

Það fer vel á að ljúka þessari fyrri ræðu minni með vísu Stefáns Vagnssonar sem undirstrikar vötnin, jökulárnar og vötnin í Skagafirði, þýðingu þeirra fyrir lífríki, fyrir lífæðar Skagafjarðar, hvort sem litið er til lífríkisins, menningar eða daglegs lífs. Héraðsvötnin eru ekki eitthvað sem á að vera leiksoppur iðnaðarráðherra á Alþingi, sem hefur það eitt að markmiði að virkja og sökkva til þjónustu við álæði sitt. Þetta eru Þjórsárver okkar fyrir norðan og ég hygg að sama muni Þingeyingar segja um Skjálfandafljót og vatnasvæði Skjálfandafljóts. Þeir vilja varla fela það í hendur hæstv. iðnaðarráðherra sem hefur það helsta metnaðarmál að virkja vatnsföll landsins til þess að byggja þrjár nýjar álbræðslur og koma Íslandi á það kort að verða langstærsta álframleiðsluland í heiminum. Héraðsvötnin eiga ekki að

vera leiksoppur í því tafli.

Ég lýk fyrri ræðu minni með vísu Stefáns Vagnssonar frá Hjaltastöðum, sem ég hef áður farið með sem hefst á setningunni „Meðan „Vötnin"" — „Vötnin" með stórum staf, frú forseti. „Vötnin" eru það sem við Skagfirðingar köllum Héraðsvötn.

> Meðan „Vötnin" ólgandi að ósum sínum renna,
> iðgrænn breiðist gróður um sléttur, hæð og laut,
> geislar árdagssólar á bröttum tindum brenna,
> blessun Drottins ríkulega falli þér í skaut.

Meðan þetta gerist, meðan „Vötnin" fá að renna að ósum sínum, ólgandi, mun blessun Drottins ríkulega falla þér í skaut. Þetta eru orð Stefáns Vagnssonar frá Hjaltastöðum til Héraðsvatna, til okkar allra sem erum gestir á þessari jörð. Lýk ég þar með fyrri ræðu minni um þetta mál, frú forseti.

[22:54]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Um það var rætt fyrr í vikunni af hálfu hæstv. forseta að búast mætti við kvöldfundi í dag, fimmtudag. Það var nokkuð sem þurfti ekki að koma neinum á óvart þótt reyndar hafi komið upp nokkuð sérkennilegar aðstæður í dag, þegar hæstv. iðnaðarráðherra lýsti því yfir að hún hefði farið með rangt mál við fyrri umræðu þessa máls. Efnt var til fundar í iðnaðarnefnd og í kjölfarið fórum við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þess á leit að hlé yrði gert á fundarhaldi fram yfir helgi. Ég vek athygli á þessum breyttu aðstæðum.

Nú er hins vegar langt liðið á kvöld. Það var aldrei talað um annað en að efnt yrði til kvöldfundar. Ekki var um það rætt að efnt yrði til næturfundar. Nú vil ég spyrja hæstv. forseta: Hve lengi hyggst hún halda þessu fundarhaldi áfram?

[22:55]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill upplýsa það sem um var rætt á fundum með þingflokksformönnum í dag, að til stendur að ljúka 2. umr. um frumvarpið.

[22:55]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka ósk sem ég bar formlega fram fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að hlé yrði gert á þessari umræðu fram yfir helgi. Ég vil halda því til haga ef stjórn þingsins ætlar að virða óskir okkar og þessar kröfur að vettugi.

[22:56]

Útbýting:

Aukning umferðar, 472. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 700.

Reiknilíkan framhaldsskóla, 471. mál, fsp. SÞorg, þskj. 699.

Skinnaverkun, 474. mál, fsp. KLM, þskj. 702.

Suðurlandsvegur, 473. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 701.

[22:57]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir aldeilis prýðilega ræðu, mjög fróðlega og upplýsandi. Hann vitnaði í náttúruunnendur, fólk sem býr í grennd við náttúruperlur Íslands, fólk sem kann að meta þær og skynjar þá hættu sem nú steðja að þeim, m.a. vegna þeirrar lagabreytingar sem við ræðum hér um. Mér finnst það táknrænt að sumu leyti, að einvörðungu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs skuli standa þessa vakt. Sannast sagna hafði ég haft þá trú að hér mundum við standa fleiri í umræðunni, þingmenn stjórnarandstöðunnar en ekki aðeins þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hér er formaður Frjálslynda flokksins reyndar einnig. Ég hygg að hann sé enn á mælendaskrá en Samfylkingin er öll horfin. Það er reyndar ekkert nýtt. Þetta er ekki ný staða.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð stóð ein vaktina um Kárahnjúka. Við stóðum ein í stríðinu um Þjórsárverin, þótt nú hafi skipast veður í lofti og ber að fagna því. Það ber að fagna þeim sigri, a.m.k. þeim áfangasigri sem unnist hefur þegar áform um virkjanir þar hafa verið lögð á hilluna. Ég tek undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að þar ber að þakka staðfestu og baráttuþreki fólksins í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, náttúruverndarsamtaka ýmissa og margra einstaklinga sem þar hafa lagt mikið af mörkum. Af fyllsta lítillæti ætla ég einnig að vísa í baráttu okkar á þingi í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Hvers vegna leggjum við svona mikla áherslu á þetta frumvarp? Það má eiginlega spyrja annarrar spurningar til að leita eftir svarinu. Hvernig stendur á því að hæstv. iðnaðarráðherra leggur slíkt ofurkapp á að fá þetta frumvarp í gegnum þingið sem raun ber vitni? Frumvarpið sem við ræðum nú er ekki stórt í sniðum. Það er fimm greinar. Það er hins vegar hluti af mun stærra frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi í fyrra, þ.e. frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Um það frumvarp urðu miklar deilur, geysileg gagnrýni barst víða að úr samfélaginu frá aðilum sem láta sig varða umhverfisvernd og framtíð íslenskrar náttúru og einnig þeim sem er umhugað um vandaða lagasmíð. Þá gerist það að ríkisstjórnin tekur nokkrar greinar út úr því frumvarpi og sækist eftir að fá það samþykkt með flýtimeðferð í þinginu. Það var reynt í haust, reyndar einnig á síðasta þingi. Þá var þessi frumvarpsstúfur einnig til umræðu en okkur tókst að koma þá í veg fyrir samþykkt hans. Út á hvað skyldi hann ganga? Hann gengur út á að heimila ráðherranum að veita fyrirtækjum leyfi til rannsókna, nýtingar- og rannsóknarleyfi. Út á það gengur frumvarpið. Síðan þegar maður fer að skoða samhengi hlutanna, fer að líta til fyrirliggjandi umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi, þá er engin smásmíð á ferðinni.

Hér er yfirlit yfir umsóknir um rannsóknarleyfi: Landsvirkjun vill fá rannsóknarleyfi á vatnasviði Skjálfandafljóts, vatnasviði Tungnaár ofan Sigöldu, vatnasviði Þjórsár neðan Búrfells, vatnasviði á efri hluta Skaftár, vatnasviði Vestari- og Austari-Jökulsáa í Skagafirði, leitar- og rannsóknarleyfi í Brennisteinsfjöllum, leitar og rannsóknarleyfi í Gjástykki og nágrenni. Hitaveita Suðurnesja vill rannsóknir á jarðhita á Reykjanesskaga. Orkuveita Reykjavíkur háhitasvæðin í Reykjadölum í Rangárþingi ytra, háhitasvæðin í Kerlingarfjöllum. Orkuveita Reykjavíkur og Húsavíkur sameiginlega

háhitasvæðin í Brennisteinsfjöllum og Rarik vill vatnasvið Hólmsár í Skaftárhreppi. Héraðsvötn hf. vilja rannsaka vatnasvið Vestari- og Austari-Jökulsáa í Skagafirði, Þeistareykir ehf. virkjanir í Skjálfandafljóti.

Og umsagnir eru um nýtingar- og virkjunarleyf: Landsvirkjun vill aukna raforkunýtingu á Kröflusvæðinu. Orkuveita Reykjavíkur stækkun Hellisheiðarvirkjunar, virkjunarleyfi í Farinu, Bláskógabyggð. Hitaveita Suðurnesja vill virkjunarleyfi fyrir 100 megavöttum við Reykjanesvirkjun. Orkubú Vestfjarða, Tungudalsvirkjun í Skutulsfirði. Þetta er bara yfirlit yfir umsóknir sem liggja fyrir. Eins og ég mun koma að síðar þegar við förum að setja þetta inn í ummæli hæstv. iðnaðarráðherra og áform hennar og ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu á áliðnaði í landinu, þá fer nú heldur betur að fara um mann.

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á að fara yfir þetta frumvarp til laga nokkuð skipulega og síðan áforma ég að setja það í sögulegt samhengi. Þetta sögulega samhengi skiptir nefnilega máli því að þessi lög, og reyndar aðrir lagabálkar einnig, eru ákveðinn vegvísir inn í framtíðina. Fyrst ætla ég í ekki svo ýkja löngu máli en nokkru þó, að víkja að frumvarpinu í þröngu samhengi. Eins og ég gat um áðan eru þetta lagabreytingar sem eru slitnar út úr mun stærra frumvarpi sem enn er á teikniborðinu. En ég ætla að víkja núna að einstökum greinum. Frumvarpið sem við erum að ræða er í fimm greinum. Í fyrsta lagi er lagt til að lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu taki einnig til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Verið er að bæta þarna vatnsafli inn í lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Í 2. gr. er vísað til 5. gr. laganna um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og þar segir, með leyfi forseta:

„Rannsóknarleyfi skal veitt einum aðila á hverju svæði. Þó er heimilt að veita fleiri en einum aðila slíkt leyfi sameiginlega hafi þeir staðið saman að rannsóknarleyfisumsókn og gert með sér samning um skiptingu rannsóknarkostnaðar.“

Síðan komu fram breytingartillögur við þá grein í umræðunni í dag eftir að iðnaðarnefnd hafði komið saman þar sem þær heimildir sem hér eru veittar eru þrengdar. Þar sem skírskotað er til nýtingarleyfa er það nánar skilgreint og sagt: Fyrir hitaveitur.

Í 3. gr. þessa frumvarps er vísað í 7. gr. laganna um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nú fær annar en rannsóknarleyfishafi leyfi til að nýta viðkomandi auðlind og getur þá sá sem kostaði rannsóknir krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna rannsókna eða markaðsvirði þeirra, sé það fyrir hendi, gegn afhendingu á niðurstöðum rannsóknanna, enda geti þær nýst nýtingarleyfishafa. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati dómkvaddra matsmanna.“

Samkvæmt breytingartillögunum sem kynntar voru í dag er þarna enn um þrengingu að ræða því að í stað þess að vísa í nýtingarleyfishafa skal nú einvörðungu vísað í leyfishafa.

Síðan eru ákvæði um gildistöku laganna og lagatæknilegar breytingar gerðar. Í athugasemdum sem voru með frumvarpinu þegar það var fyrst lagt fram er vísað í hinn sögulega aðdraganda sem ég vék að hér áðan en síðan segir, með leyfi forseta:

„Við gildistöku raforkulaga, nr. 65/2003, var samkeppni í vinnslu raforku innleidd hér á landi. Var ráðherra jafnframt veitt vald til að veita virkjunarleyfi á grundvelli laganna en fyrir gildistöku þeirra var vald ráðherra bundið því skilyrði að Alþingi hefði áður með sérstökum heimildarlögum veitt honum heimild til slíks. Fyrir gildistöku raforkulaga hafði Landsvirkjun jafnframt forgang til virkjunar vatnsafls í samræmi við skyldu sína til að sjá öllum sem þess óskuðu fyrir raforku. Nú þegar þessi forgangur Landsvirkjunar er ekki lengur til staðar hafa fleiri orkufyrirtæki sýnt vatnsaflsvirkjunum áhuga. Samkvæmt gildandi lögum hefur sá sem stundar rannsóknir á vatnsafli hins vegar ekki forgang til nýtingar, öfugt við það sem á við um jarðvarma, eða tryggingu fyrir því að fá rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan komi til þess að annar aðili fái nýtingar- eða virkjunarleyfi á viðkomandi svæði. Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu hefur komið í ljós að orkufyrirtækin eru tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli vegna þessa en heppilegt getur talist.“

Með öðrum orðum. Staðan eins og hún er núna er ekki nægilega hvetjandi fyrir orkufyrirtækin að sækja á um fleiri virkjanir. Þess vegna skal með lagafrumvarpi þessu bætt þar úr. Annars vegar er vísað í þá hugsun sem hefur verið svo umdeild að sá sem fær rannsóknarleyfið, það sé eðlilegur hvati, það er gefið í skyn, hafi líka forgang um virkjunarleyfi. Nokkuð sem mönnum fannst vera vafasamt, að gefa slíkt grænt ljós, þ.e. ef ráðherrann fær ráðin í sínar hendur að veita rannsóknarleyfi þá verði sjálfkrafa komin heimild til virkjunarleyfis. Að þessu er ýjað í athugasemdunum, að í rauninni sé nauðsynlegt að koma slíku á.

Það segir, eins og fram kom þegar ég las upp úr textanum, að orkufyrirtækin séu „tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli vegna þessa en heppilegt getur talist.“ En síðan heldur áfram, með leyfi forseta:

„Er því talið nauðsynlegt að tryggja að aðeins einn aðili fái rannsóknarleyfi á hverju svæði og jafnframt að hann geti fengið rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan sé nýtingar- eða virkjunarleyfi veitt öðrum aðila. Einnig verður að ætla að það sé þjóðhagslega óhagkvæmt að fleiri en einn aðili kosti sams konar rannsóknir á sömu stöðum þegar ljóst er að aðeins einu virkjunarleyfi verður úthlutað.“

Nú kann þetta að allt að vera satt og rétt og ég ætla í raun ekki að gagnrýna þessa hugsun að öðru leyti en því, að það er eiginlega hugsunin á bak við þennan þankagang sem ég vil gera að umræðuefni, þ.e. hvað ráðherrann og ríkisstjórnin eru áköf í að ýta orkufyrirtækjunum út í frekari virkjunarframkvæmdir. Það er algerlega á skjön og þvert á þá stefnu sem við viljum fylgja í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við viljum að gengið verði áður frá faglegri og vandaðri rammaáætlun um nýtingu vatnsorkunnar áður en ráðist er í frekari framkvæmdir. Síðan er það handleggur út af fyrir sig að ræða þjóðhagslega hagkvæmni þess að reisa hér orkuver til að fóðra stóriðju sem sækist nú eftir að koma til landsins.

Áfram segir í athugasemdum við frumvarpið, með leyfi forseta:

„Lagt er til að gildissvið laganna verði víkkað þannig að

lögin taki til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Við þessa breytingu munu ákvæði laganna, sbr. einkum ákvæði III. kafla laganna um rannsóknir og leit, taka til slíkra rannsókna eftir því sem við á. Samhliða þessu er í 2. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum séu veitt einum aðila með þeirri undantekningu að hafi aðilar sammælst um rannsóknir og sæki sameiginlega um rannsóknarleyfi skuli heimilt að veita þeim það sameiginlega. Dæmi eru um slíkt varðandi jarðhita og líklegt talið að slíkt geti komið upp varðandi rannsóknir á vatnsorku. Er því talið rétt að taka af tvímæli um að heimilt sé að veita rannsóknarleyfi sameiginlega til fleiri en eins aðila standi þeir saman að umsókn og hafi áður gert samkomulag sín á milli um kostnaðarskiptingu.

Þá er í 3. gr. frumvarpsins mælt fyrir um endurkröfurétt þeirra sem fengið hafa rannsóknarleyfi og lagt í kostnað við rannsóknir en fá af einhverjum ástæðum ekki leyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður sem endurgreiða beri sé í samræmi við rannsóknaráætlun og í beinum og efnislegum tengslum við fyrirhugaða nýtingu.

Í 7. gr. gildandi laga er einungis kveðið á um að landeigandi geti krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað sem landeigandi eða aðilar á hans vegum hafa haft af rannsóknum á auðlindum á eignarlandi hans. Rétt er að slíkur endurkröfuréttur eigi við um alla þá sem fengið hafa rannsóknarleyfi og lagt í kostnað á grundvelli þess enda geti rannsóknarniðurstöður nýst nýtingarleyfishafa."

Þetta er spurning sem ég leyfi mér að hafa nokkrar efasemdir um. Fyrirtæki taka ákveðna áhættu sem ekki nýtist þeim af einhverjum ástæðum og þá á samfélagið að standa skil á endurgreiðslu til þeirra. Hitt finnst mér eðlilegt að fyrirtæki geti verslað sín á milli með þessi rannsóknarleyfi. Ég ætla ekki að útiloka að slíkt geti verið heppilegt.

En, hæstv. forseti. Það er þetta samhengi hlutanna engu að síður sem ég er fyrst og fremst að vekja athygli á. Að hér er iðnaðarráðuneytið og ríkisstjórnin að negla inn í lögin hvata fyrir frekari virkjanir. Með öðrum orðum. Þetta er virkjunarvænt frumvarp. Síðan fer fram heilmikil umræða í nefnd eftir að 1. umr. lýkur og frá meiri hluta iðnaðarnefndar kemur álit. Það er vísað í þá sem komu til nefndarinnar og síðan segir, með leyfi forseta:

„Á síðasta þingi lagði iðnaðarráðherra fram frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Var því frumvarpi ætlað að leysa af hólmi lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, auk þess sem því var m.a. ætlað að taka til rannsókna á vatnsaflsvirkjunum. Í meðförum Alþingis ákvað iðnaðarnefnd að fresta afgreiðslu frumvarpsins. Hins vegar lagði nefndin síðan fram nýtt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998 þar sem kveðið var á um rannsóknir á vatnsaflsvirkjunum. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju með þeirri breytingu að fellt er niður ákvæði til bráðabirgða.

Í frumvarpinu er lagt til að gildissvið laganna verði víkkað þannig að lögin taki til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Við þessa breytingu munu ákvæði laganna, sbr. einkum ákvæði III. kafla laganna um rannsóknir og leit, taka til slíkra rannsókna eftir því sem við á. Þá er í 2. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum séu veitt einum aðila með þeirri undantekningu að hafi aðilar sammælst um rannsóknir og sæki sameiginlega um rannsóknarleyfi skuli heimilt að veita þeim það sameiginlega. Í 3. gr. frumvarpsins er síðan mælt fyrir um endurkröfurétt þeirra sem fengið hafa rannsóknarleyfi og lagt í kostnað við rannsóknir en fá af einhverjum ástæðum ekki leyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður sem endurgreiða ber sé í samræmi við rannsóknaráætlun og í beinum og efnislegum tengslum við fyrirhugaða nýtingu.

Meiri hlutinn leggur til eina breytingu á frumvarpinu og lýtur hún að einu ákvæði til bráðabirgða þar sem mælt er fyrir um skipun nefndar sem skal hafa það hlutverk að gera tillögu um með hvaða hætti verði valið á milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi skv. lögunum og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Nefndinni ber að skila tillögum sínum til iðnaðarráðherra í síðasta lagi 15. september 2006.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu."

Og hér kemur breytingartillagan, með leyfi forseta:

„Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti þrír fulltrúar frá Samorku. Þá skal iðnaðarráðherra skipa tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. september 2006."

Mikið var rætt við fyrri hluta 2. umr. um frumvarpið hvort ekki væri eðlilegra að sú nefnd, sem á að fjalla um þær reglur sem gilda skulu um úthlutun rannsóknar- og nýtingarleyfa á grundvelli þessara laga, skili áliti sínu áður en lögin eru samþykkt og að menn komi sér saman um reglurnar í kjölfarið. Því hér eru menn í rauninni að samþykkja opinn tékka. Það er vísað í nefnd sem á að skila af sér næsta haust en áður vilja menn fá frumvarpið samþykkt, en í 5. gr. frumvarpsins segir að lög þessi skuli þegar öðlast gildi. En það er ekki fyrr en í september sem nefndin sem setur niður það reglugerðarverk sem úthlutanir eiga að styðjast við, á að skila af sér.

Minni hluti iðnaðarnefndar var ekki alls kostar sáttur við meiri hlutann og skilaði frá sér sérálíti sem fulltrúar Samfylkingar og Frjálslynda flokksins skrifuðu undir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á 131. löggjafarþingi lagði iðnaðarráðherra fram frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Átti það lagafrumvarp að koma í stað laga nr. 57 1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en einnig að taka til rannsókna á vatnsaflsvirkjunum sem þau lög gera ekki nú. Eftir nokkra umfjöllun um málið komst nefndin að þeirri niðurstöðu að frumvarp um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum væri ekki hæft til lagasetningar að svo komnu. Fjölmargar athugasemdir höfðu þá borist nefndinni þar sem margvísleg gagnrýni kom fram á frumvarpið en líka á frumvarp til vatnalaga sem einnig var

til umfjöllunar í nefndinni. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni höfði ítrekað lagt til að hvorugt frumvarpið yrði lögfest vegna fjölmargra galla, en einnig vegna þess að frumvörpunum var ætlað að leysa af hólmi vatnalögin frá 1923 en ekki hafði þá komið fram boðað frumvarp til laga um vatnsvernd sem unnið var að í umhverfisráðuneyti. Það frumvarp hefur ekki enn borist Alþingi."

Hér er ég að vitna í nefndarálit sem dagsett er 3. desember sl. Áfram segir með leyfi forseta:

„Endurskoðun hins mikla og mikilvæga lagabálks vatnalaganna frá 1923 er að mati minni hlutans verkefni sem Alþingi verður að vanda til. Til þess að svo megi verða verður glögg heildaryfirsýn að fást á alla þá lagabálka sem eiga að taka við hlutverki vatnalaganna. Til að freista þess að skapa Alþingi tíma til að vinna að málum í þessum anda stóð minni hluti nefndarinnar að því að flytja með meiri hlutanum frumvarp sem ekki náðist að ljúka umfjöllun um á síðasta þingi en er að mestu samhljóða því frumvarpi sem iðnaðarráðherra hefur nú lagt fram. Þessu frumvarpi er ætlað að skapa svigrúm til þess að vinna áfram að undirbúningi fyrirhugaðrar lagasetningar um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum."

Þetta var með öðrum orðum tilraun af hálfu Samfylkingar og Frjálslynda flokksins til að gefa svigrúm fyrir vandaðri vinnubrögð við stærri lagabálk. En áfram segir, með leyfi forseta:

„Áður en það mál getur komið til umfjöllunar á Alþingi þurfa að liggja fyrir niðurstöður í afar mikilvægu máli, þ.e. með hvaða hætti velja eigi milli þeirra sem sækjast eftir nýtingarrétti á auðlindum. Meiri hlutinn leggur til þá breytingu á frumvarpinu að skipa skuli þverpólitíska nefnd til að vinna að þeirri stefnumótun. Þessi tillaga var í því frumvarpi sem nefndin flutti á liðnu vori. Af einhverjum óútskýrðum ástæðum hefur ráðherra fellt tillöguna úr því frumvarpi sem nú liggur fyrir en það er þó að öðru leyti samhljóða frumvarpi nefndarinnar eins og áður sagði."

Hér geri ég hlé á tilvitnunum. Það er hins vegar þetta sem gert er. Meiri hlutinn féllst á þetta eins og fram kom í fyrri tilvitnunum þar sem ég vísaði til breytingartillögunnar sem felld er inn í nefndarálit meiri hlutans um skipun nefndar, en nefndin hefur ekki enn samið reglugerðarverkið sem á að vera grundvöllur leyfisveitinga. Það hlýtur að vera mergurinn málsins. Auðvitað á þessi nefnd fyrst að skila af sér áliti. Þingið á að koma sér saman um grundvöll leyfisveitinganna og síðan eigum við að taka frumvarpið til umfjöllunar því þá höfum við einhverjar vitrænar skírskotanir. Við vitum ekkert hvað það er í rauninni sem við erum að samþykkja. Það má kalla þetta opinn tékka eins og gat um áðan.

Áfram segir hér, með leyfi forseta:

„Þessi tillaga var mikilvægur hluti málsins að mati minni hlutans og því ber að þakka meiri hlutanum fyrir að taka tillöguna upp aftur."

Akkúrat. Þarna er hún komin aftur.

Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Það er afar lýsandi fyrir vinnubrögð stjórnarmeirihlutans við endurskoðun þeirra lagabálka sem eiga að taka við af vatnalögunum frá 1923 að öll nefndin skuli sammála um að í þessu frumvarpi þurfi að vera ákvæði um endurskoðun á mjög mikilvægum grundvallarþætti málsins, þ.e. hvaða reglur eigi að gilda í framtíðinni um það hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir því að fá nýtingarrétt á auðlindum. Það að minni hlutinn tók þátt í að flytja frumvarp samhljóða þessu frumvarpi verður að skoða í því ljósi að það virtist eina færa leiðin til að koma í veg fyrir að ófullburða frumvarp um jarðrænar auðlindir yrði gert að lögum á síðasta vorþingi."

Ég er ekki alveg viss um að það hafi verið eina færa leiðin. Því ef stjórnarandstaðan hér á Alþingi hefði sameinast í baráttu fyrir betra frumvarpi og því sem haft hefur verið á orði, ekki aðeins af hálfu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, heldur einnig ýmsum öðrum hér í þingsal, að við eigum ekki að taka það í mál að samþykkja eitt frumvarp af þremur sem eru í burðarliðnum án þess að vita af hinu. Þá er ég að skírskota sérstaklega til laganna um vatnsvernd. Það frumvarp hefur enn ekki komið fram. Það frumvarp er grundvallandi frumvarp. Það er það frumvarp sem við ættum að vera að ræða fyrst. Það væri í anda þeirrar samþykktar sem hefur komið fram hjá almannasamtökum um að líta beri á vatn og vatnsréttindi sem mannréttindi. Ég er að vísa í yfirlýsingu sem nú hefur verið undirrituð af stærstu verkalýðssamtökum landsins, Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra bankamanna, þjóðkirkjunni, náttúruverndarsamtökum, nánast öllum helstu náttúruverndarsamtökum landsins. Ég get farið yfir þetta síðar því þetta er fróðlegt. Þessi samtök eru í rauninni að hvetja Alþingi til að leggja verndarsjónarmiðin og mannréttindin til grundvallar. Þess vegna er eðlilegt að byrja á þeim endanum þegar við setjum lög sem miða að því að endurskoða hinn mikla lagabálk frá 1923 en birtist núna á þrígreindan hátt í þremur frumvörpum.

Hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Þessi tillaga var mikilvægur hluti málsins að mati minni hlutans og því ber að þakka meiri hlutanum fyrir að taka tillöguna upp aftur. Það er afar lýsandi fyrir vinnubrögð stjórnarmeirihlutans við endurskoðun þeirra lagabálka sem eiga að taka við af vatnalögunum frá 1923 að öll nefndin skuli sammála um að í þessu frumvarpi þurfi að vera ákvæði um endurskoðun á mjög mikilvægum grundvallarþætti málsins, þ.e. hvaða reglur eigi að gilda í framtíðinni um það hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir því að fá nýtingarrétt á auðlindum." — Ég mun hafa vísað í þetta áður.

Enn segir, með leyfi forseta:

„Það að minni hlutinn tók þátt í að flytja frumvarp samhljóða þessu frumvarpi verður að skoða í því ljósi að það virtist eina færa leiðin til að koma í veg fyrir að ófullburða frumvarp um jarðrænar auðlindir yrði gert að lögum á síðasta vorþingi." — Ég mun hafa lesið þessa klásúlu áður. Fyrir mistök er ég að endurtaka hana.

Enn segir, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn harmar að ekki hefur verið fallist á þau sjónarmið hans að allir lagabálkarnir sem koma eiga í stað vatnalaga verði unnir í samhengi svo nauðsynleg yfirsýn fáist. Þetta sést á því að frumvarp til vatnalaga er nú endurflutt nánast óbreytt og því ætluð lögfesting á þessu þingi. Enn er ekki fram komið boðað frumvarp um vatnsvernd.

Sá galli er á því frumvarpi sem hér liggur fyrir að við

lögfestingu þess tekur ákvæði 2. gr. frumvarpsins (5. gr. laganna) *sem veitir ráðherra heimild til að veita vilyrði fyrir* nýtingarleyfum í tengslum við útgáfu rannsóknarleyfa einnig til nýtingarleyfa hvað vatnsafl varðar. Í því samkeppnisumhverfi sem nú er að skapast í raforkuframleiðslu er nú þegar ljóst að kapphlaup er hafið hjá orkuframleiðslufyrirtækjum um auðlindir landsins. Kapphlaupið er að mati minni hlutans háð vegna þess að stjórnendur fyrirtækjanna telja að reglur sem settar verði um val á milli þeirra sem sækjast eftir nýtingarrétti á auðlindum verði íþyngjandi. Þetta kann að vera rétt en ef svo er munu þeir sem hljóta *náð fyrir augum iðnaðarráðherra í því millibilsástandi sem* mun ríkja þar til fyrirhuguð lög taka gildi hafa forskot í samkeppninni við hina sem á eftir koma."

Það var þetta sem tekið var á í þeim lagabreytingum sem iðnaðarnefnd ungaði út úr sér í dag og lýtur að því að koma í veg fyrir sjálfvirkni á milli rannsóknarleyfis annars vegar og nýtingarleyfis hins vegar.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir stjórnvöld að það eru einmitt nýju aðilarnir, væntanlega aðallega einkafyrirtæki á markaðnum, sem eiga að tryggja þá samkeppni sem stjórnvöld segjast vilja skapa. Minni hlutanum hefur orðið þessi staða enn betur ljós á þeim tíma sem liðinn er frá því að málið var til umfjöllunar á síðasta þingi og nefndin fékk skýra staðfestingu á því sem hér hefur komið fram í viðræðum við forsvarsmenn orkufyrirtækja og embættismenn iðnaðarráðuneytisins við umfjöllun málsins. Af þessum ástæðum lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar fram þá breytingartillögu á fundi nefndarinnar að heimildarákvæðið sem ráðherra hefur skv. 5. gr. laganna verði numið úr gildi. Með þeirri ákvörðun kæmi ekki til kapphlaups á þeim forsendum sem fyrr er lýst vegna þess að allir sættu þá í framtíðinni sömu reglum eftir að ný lög um jarðrænar auðlindir öðlast gildi. Þessi breyting mundi ekki hamla í neinu veitingu leyfa til rannsókna og ekki heldur veitingu nýtingarleyfa á þeim tíma sem líður þar til endurskoðun laganna verður lokið. Það vakti þess vegna mikla undrun minni hlutans að meiri hlutinn hafnaði tillögunni og því telur hann sig knúinn til að flytja breytingartillögur við frumvarpið sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali."

Þetta segir m.a. í áliti minni hlutans og undir það skrifa hv. þingmenn Jóhann Ársælsson, Helgi Hjörvar, Sigurjón Þórðarson og Katrín Júlíusdóttir.

Eins og ég hef vikið að og komið hefur fram við umræðuna, m.a. í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, hefur meiri hlutinn komið til móts við ýmsar veigamiklar kröfur sem minni hlutinn setti fram áður en 2. umr. hófst og við fengum að heyra að það væri á þeirri forsendu sem Samfylkingin og Frjálslyndir greiddu atkvæði með afbrigði í dag og féllust þar með á að flýta afgreiðslu málsins.

Það sem ég hins vegar furða mig á er að tvennt mjög veigamikið að því er ég hefði haldið er enn í lausu lofti. Í fyrsta lagi að reglugerðarverkið sem ráðherra og þeir aðilar sem úthluta leyfunum eða um þau fjalla eiga að byggja sínar ákvarðanir á er ekki fyrir hendi. Það hefur ekki verið gengið frá því og ekki gert ráð fyrir að það gerist fyrr en 15. september árið 2006. Þá á það að liggja fyrir og eigi síðar. Þetta er annað. Síðan er hitt, sem ég hefði haldið að væri grunntónn í þessu minnihlutaáliti, að það ætti að endurskoða þessi lög með hliðsjón af öðrum lögum einnig. Ég var að vona að það væri að skapast samstaða a.m.k. innan stjórnarandstöðunnar um það. Þess vegna furðaði ég mig á að Samfylkingin og Frjálslyndir, því miður, skyldu hlaupa frá þessu máli og taka sig út af mælendaskrá eins og gerðist í kvöld.

Staðreyndin er sú að það er nefnilega mjög mikið í húfi. Við höfum hlustað á yfirlýsingar hæstv. iðnaðarráðherra undanfarna daga um stórfelld virkjunaráform og áframhaldandi uppbyggingu stóriðju og það eru í uppsiglingu meiri *háttar átök í samfélaginu um þetta.* Við *heyrum hvað stórir* hópar eru að segja, þeir eru að mótmæla, andmæla þessari stefnu og sannast sagna held ég að nú séu að verða vatnaskil í þjóðfélaginu. Við kunnum að vera í minni hluta í þinginu sem viljum standa þessa vakt, náttúruvaktina, en í þjóðfélaginu erum við samstiga mjög stórum hópum ef ekki meiri hluta Íslendinga. Það var hressilegt og uppörvandi að sækja fjöldatónleika í Laugardalshöllinni ekki alls fyrir löngu þar sem fjöldi listamanna kom fram, þar sem brugðið var upp á skjáinn upplýsingum um land vort og þær hættur sem *að því steðja af stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar.* Að þessu mun ég koma nánar á eftir.

Ég sagði í upphafsorðum mínum að ég vildi setja þetta mál í stærra sögulegt samhengi. Eins og áður hefur komið fram við þessa umræðu fer nú fram þessi árin endurskoðun á lagabálki sem á rót að rekja til loka 19. aldarinnar. Sett voru lög á tíunda áratug 19. aldar um nýtingu vatnsafls. Þá hófst mikil umræða á Alþingi um það efni. Síðan voru sett hér lög árið 1907, fossalögin, með það að markmiði að vernda fossana og vötnin okkar, árnar, fyrir útlendum fjármálamönnum og stórfyrirtækjum. Áfram var þessi lagasmíð þróuð og vatnalögin 1923 voru sett eftir margra ára umræður. Þá var svokölluð fossanefnd að störfum fram undir lok annars áratugar. Sú nefnd klofnaði en Einari Arnórssyni prófessor var falið það verk að reyna að samræma sjónarmiðin og til urðu vatnalögin frá 1923.

Þegar við höfum verið að ræða nýju vatnalögin svo og þau lög sem hér eru til umfjöllunar, lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og einnig vatnsverndarlög, sem reyndar hafa ekki litið dagsins ljós, er iðulega skírskotað í inntak og anda laganna frá 1923. Ríkisstjórnin hefur haldið því fram, ekki síst með tilliti til vatnalaganna, að þar væri í raun engu verið að breyta, það væri formbreyting sem þar ætti sér stað en í grundvallaratriðum væri engu verið að breyta. Við höfum hins vegar bent á að í vatnalögunum sé verið að styrkja eignarrétt á vatninu. Sama höfum við sagt um þessi lög, lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þau voru sett árið 1998 og þá fór fram mikil og hörð umræða um þennan lagabálk á Alþingi. Þar var einnig rætt um þennan grunn, um eignarréttarhugtakið. Og gagnstætt því sem hæstv. iðnaðarráðherra segir nú um vatnalögin, að þar sé ekki að eiga sér stað nein innihaldsbreyting, þetta sé formbreyting, en um mjög sterk eignarréttarákvæði hafi verið að ræða í vatnalögunum frá 1923, þá sagði forveri hennar á stóli iðnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson, þegar hann talaði fyrir lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum að þau væru sett beinlínis til að styrkja eignarréttarhugtakið. Það er mjög fróðlegt að fara að skoða þær

umræður sem þá áttu sér stað því að hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra fjallaði mjög ítarlega um þetta. Hann sagði m.a. í ræðu sem hann flutti 5. febrúar 1988, með leyfi forseta:

„Rétt er að geta þess að umræða og meðferð þessara mála á fyrri hluta og fram á miðja þessa öld fór fram við allt aðrar kringumstæður en nú, m.a. með tilliti til réttarframkvæmdar, nýtingarmöguleika og tækni til nýtingar.

Með hliðsjón af þessari forsögu verður að telja brýnt að kveða skýrt á um meðferð náttúruauðlinda. Nýting náttúruauðlinda verður sífellt umfangsmeiri. Þjóðhagslegt mikilvægi nýtingar er jafnframt mikið. Sífellt verður brýnna að kveða með samræmdum hætti á um nýtingu og tryggja þannig heildstæða sýn yfir auðlindirnar, nýtingarmöguleika og vinnslu. Aðeins þannig er hægt að tryggja að nýting og vinnsla samræmist heildarhagsmunum og að umhverfissjónarmið séu í heiðri höfð.

Með þeim frumvörpum sem hér eru lögð fram eru stigin stór skref í þessa átt. Aldrei fyrr hefur ríkisstjórn Íslands tekið af skarið með þessum hætti.

Grundvallarforsenda þess að koma megi á samræmdu skipulagi í nýtingu auðlinda er að kveða skýrt á um eignarrétt á þeim."

Hann vísar í 3. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra."

Er við lítum yfir lögin er alls staðar kveðið mjög skýrt á um eignarrétt. Hér er t.d. talað um að netlög merki í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar. Ég vísa í þetta vegna þess að í umræðunni kom mjög skýrt fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fyrrverandi hv. þm. Ragnari Arnalds þær breytingar sem orðið hafa á eignarréttarhugtakinu.

Þó fyrrverandi hæstv. ráðherra segi að eignarréttarhugsunin hafi verið að styrkjast á 20. öldinni segir hann reyndar einnig að þeir sem um þessi mál hafi vélað af hálfu íslenskra stjórnmálamanna frá því um miðja 20. öldina og fram á okkar daga hafi allir verið mjög á þeirri skoðun að eignarréttur yfir landi og auðlindum, þar á meðal jarðhitanum, væri mjög sterkur. En þetta er vefengt í umræðunni og það gera margir þingmenn. Þeir vísa m.a. í greinargerðir frá 1945 eftir Bjarna Benediktsson og skýrslu sem unnin var af Ólafi Jóhannessyni, prófessor og síðar ráðherra, árið 1956. Þegar hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson, er hrakinn af leið með þessum tilvísunum segir hann að tímarnir séu breyttir og vísar í dóma sem hann getur reyndar ekki tilgreint sem hafi staðfest að þarna hafi verið um eignarréttindi að ræða.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vísar í þessa umræðu og þær skýrslur og síðar lagafrumvörp byggð á skýrslum þeirra Ólafs Jóhannessonar og Bjarna Benediktssonar. Það er farið mjög ítarlega yfir þetta. Hv. fyrrverandi þm. Sighvatur Björgvinsson bendir á hve mikilvægt málið sé. Hann segir, með leyfi forseta:

„Nú er verið að svara spurningunni „hver á Ísland?" í hverju málinu á fætur öðru. Það er ekki bara verið að einkavæða sameign þjóðarinnar í fiskimiðum, nú er líka hafin einkavæðing á sameign þjóðarinnar í auðlindum í og á jörðu."

Reyndar er ég þeirrar skoðunar að þetta hafi verið eitt stærsta málið á þessum árum. Íslendingar ganga þarna lengra í því að styrkja eignarréttindi einstaklinga yfir auðlindum í jörðu en sennilega nokkur önnur þjóð hefur gert. Hugsanlega fyrirfinnast þær en við göngum t.d. miklu lengra en Bandaríkjamenn sem undanskilja almennt í löggjöf sinni jarðhita í eignarréttarákvæðum. Jarðhiti fylgir ekki sölu á landi. En hæstv. iðnaðarráðherra heldur fast við sitt og segir síðar við umræðuna, með leyfi forseta:

„Eins og komið hefur fram við umræðuna er hér um að ræða mikilvægt mál sem snýst um eignarhald og eignarréttindi og þarf því ekki að koma á óvart þó pólitískur ágreiningur sé um það mál. Í raun ætti stjórnmálaumræðan að snúast um þessi atriði."

Hann telur þetta sem sagt vera grundvallaratriði í lagabálknum. Sannast sagna finnst mér fróðlegasta ræðan sem var flutt um lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu vera ræða fyrrverandi hv. þm. Ragnars Arnalds. Hann vitnar í rannsóknir ýmissa fræðimanna um þetta efni og fer aftur í rekabálk Jónsbókar þar sem vísað er í réttinn til rekans. Hann fylgir ekki eignarhaldi á landinu, heldur er um að ræða rétt. Hann vísar í tilskipun frá 19. öld frá árinu 1849 þar sem landeiganda er veittur einkaréttur til veiða. Hann vísar einnig í sömu tilskipun þar sem vísað er í réttindi innan netlaga. Þar er vísað í nytjarétt og afnotarétt en ekki í eignarhald á landinu eða á sjónum. Síðan er rakið hvernig það kemur aftur og ítrekað fram í gegnum aldirnar að Íslendingar hafa ekki litið svo á að vatnið eða jarðhitinn, kalt vatn og heitt, fylgdi eignarhaldi á landi. Þetta er stórmerk ræða þar sem vísað er m.a. í heimildir í Sturlungu um heitar laugar, að þær hafi verið almenningsbaðstaðir og vísað í fjölmargar laugar hvað það snertir. Sælingsdalslaug, Reykjalaug í Miðfirði, Laug í Reykjadal, Skíðastaðalaug o.s.frv. sem allar hafa verið samkomustaðir almennings og ótvírætt í almenningseign. Síðan segir fyrrverandi hv. þm. Ragnar Arnalds, með leyfi forseta:

„Ef við færum okkur nær nútímanum og komum yfir á 18. öldina, þegar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ferðuðust um landið, þá lýsa þeir jarðgufuböðum sem heilsulind almennings og það er yfirleitt alltaf tengt því að ferðamenn máttu staldra þar við og laugast. Þannig er t.d. greint frá því í ferðabók þeirra að ferðamenn á leið til Alþingis notuðu Reykjalaug, sem er skammt frá Lundarreykjadal, og ekki þarf að segja mönnum af lauginni í Laugardal, þar sem kristnir menn voru skírðir eftir að kristni var lögtekin á Íslandi. Kristnir menn á Íslandi höfðu það fram yfir trúbræður sína í öllum öðrum löndum að þeim þóknaðist að lauga sig í heitu vatni, en annars staðar var mönnum dýft í kalt vatn."

Síðan vísar fyrrverandi hv. þm. Ragnar Arnalds enn í ferðabók þeirra félaga, Eggerts og Bjarna, með leyfi forseta:

„Almenningsmannvirki frá Sturlungaöld þekkjast ekki önnur nú en Snorralaug, sem fyrr er lýst, og Hvítárbrú, sem reist var til forna yfir Hvítá og síðar við haldið af sveitarbúum."

„Þessi brú ónýttist og vissulega ónýttust margar laug-

arnar en engu að síður bera þessar tilvitnanir mínar þess skýran vott að laugar voru hér almenningseign.

Það er líka eftirtektarvert að í hinu mikla verki Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Jarðabókinni, sem var samin 1702–1712, og fjallar um eignarréttindi, fjallar um eignarrétt á landi. Það er verið að gera grein fyrir dýrleika jarða, það er verið að gera grein fyrir því hvaða rétt bændurnir eiga. Þar er hvergi minnst á lauga- eða heitavatnsréttindi, hvergi í allri bókinni er minnst á slík réttindi vegna þess að það var auðvitað ekki litið á það sem réttindi viðkomandi jarða eða bænda. Einkaeignarréttindi yfir þessum gæðum höfðu alls ekki verið stofnuð á þessum tíma. Það er ekki fyrr en með 10. gr. vatnalaganna, nr. 15/1923, sem lögákveðinn er einkaeignarréttur að jarðhitaréttindum en þá gerist stóra breytingin, hin lögformlega breyting, og að því leyti er þetta mál svolítið öðruvísi vaxið en netalagnirnar.“

Síðan er vitnað í Íslandslýsingu Odds Einarssonar sem var rituð 1593. Þar er á athyglisverðan hátt fjallað um almannaréttinn hvað varðar heita vatnið. Ég ætla að skemmta hv. þingmönnum og hæstv. forseta með því að vitna í Íslandslýsingu Odds Einarssonar. Þetta er nefnilega svolítið fróðlegt og meira en það. Þetta er stórfróðlegt, ekki síst hvernig tilvitnunin endar. Hún hefst á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Fjölmargir á þessum slóðum fullyrða það nefnilega sem sannreynt, að þetta svitabað — hér er verið að vísa í heit böð — hafi allt frá fornu fari ekki aðeins læknað kláða og útbrot, heldur líka eytt mörgum öðrum sjúkdómum eða a.m.k. linað þá tíma og tíma. Menn álíta reyndar einnig, að önnur böð og heitar laugar á Íslandi hafi þessa náttúru að leggja fjölmargt til viðhalds heilsunni. Að vísu segja kerlingabækur, að þetta stafi frá einhverjum guðum og vissum mönnum, sem einhvern tíma hafi blessað hina og þessa staði. En vér látum slíkt bull lönd og leið og vitum, að oss bera að játa með tilhlýðilegri þakklátssemi, að hin óeigingjarna náttúra hefur með þessum hætti lagt oss til einstök hlunnindi og mikið djásn.“

Þetta er vel mælt. Síðar í Íslandslýsingu Odds Einarssonar segir, með leyfi forseta:

„Því fullvel veit ég, að ef afnot slíkra heilsulinda væru á valdi einhverra fjárplógsmanna, væru þeir ekki lengi að auka við inntektir sínar.“

Þarna kemur með öðrum orðum í ljós að árið 1593, í Íslandslýsingu Odds Einarssonar, telur biskupinn það jafnast á við fjárplógsstarfsemi að selja afnot af jarðhita á Íslandi.

Hæstv. forseti. Hvers vegna skildi ég staðnæmast við þessa umræðu? Hvers vegna skiptir hún máli? Getur verið að ég sé bara að reyna að tefja tímann? Nei, því fer fjarri. Þetta skiptir mjög miklu máli því það er alveg hárrétt sem fram kom í máli fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra að við erum að tala um grundvallaratriði þegar vísað er í eignarréttinn. Ég benti reyndar á það við þessa umræðu árið 1998 að við værum að fara inn í nýtt umhverfi. Umhverfi þar sem alþjóðlegt fjármagn væri farið að ásælast auðlindir á borð við heitt vatn, að ekki sé minnst á fallvötnin og að við þyrftum að gæta okkar.

Þess vegna þegar við nú erum að prófa þessa lagasmíð alla áfram, þegar við erum að taka upp lögin frá 1923, þurfum við að setja málin inn í þetta nýja alþjóðlega samhengi, inn í þennan nýja veruleika. Við þurfum að hugsa á nákvæmlega sama hátt og lagasmiðirnir frá 19. öldinni, þeir sem smíðuðu fossalögin 1907, til þess beinlínis að takmarka möguleika erlendra fjármálamanna að eignast auðlindir Íslands. Þess vegna eigum við að fara mjög gætilega þegar við tökum lögin upp og beinum þeim fram á við. Við þurfum að gæta okkur á því að við förum fram á við en ekki aftur á bak.

Nú kann það að vera svo að í sumum tilvikum sé erfitt að snúa aftur. Það er skrúfa á sál margra að ekki megi hrófla við neinu sem heitir eignarréttur. Ég er ekki mjög viðkvæmur fyrir því ef það er til almannaheilla. Að minnsta kosti eigum við að hafa það í huga þegar við þróum lagarammann áfram að reyna að veikja þessi eignarhaldsákvæði, styrkja hins vegar hin ákvæðin sem lúta að almannahag og rétti þjóðarinnar, almennings til að nýta sér landsins gæði. Þetta eigum við að sjálfsögðu að gera í breytingum á þessum lagabálki sem fjallar um sjálfan eignarréttinn, eins og hæstv. fyrrverandi ráðherra, Finnur Ingólfsson, sagði og einnig önnur lög sem liggja núna fyrir þinginu, vatnalögin, og síðan vatnsverndarlögin sem okkur er sagt að séu í burðarliðnum.

Ég vísaði í það hvaða samhengi við erum að ræða þessi lög í og vísaði í öll þau leyfi eða umsóknir um leyfi á rannsóknar- og nýtingarleyfum sem nú liggja fyrir þinginu. Við þekkjum náttúrlega öll ákafann í ráðherranum, hæstv. iðnaðarráðherra, að virkja meira og meira. Þetta er orðið nánast eins og fíkn, að þegar áhrifin af síðasta skoti dvína þá þarf að ráðast í nýja aðgerð, þá þarf að virkja meira. Ég ætla að vísa í nokkrar yfirlýsingar sem við höfum heyrt frá þessum ráðherra á síðustu mánuðum og missirum.

Við munum að sumarið 2004 ferðaðist hæstv. ráðherra víða um landið með fulltrúum Alcoa held ég að það hafi verið, m.a. um Norðurland, en förinni lýsti hæstv. ráðherra á þá lund að hún hafi verið skemmtiferð ásamt öðru, svo ég hafi þetta nú orðrétt eftir. Þau voru sem sagt að skoða virkjunarmöguleika á Norðurlandi. Morgunblaðið vitnar í ráðherrann 25. júlí árið 2004 á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra segir meiri alvöru að baki fyrirspurnum erlendra álbræðslufyrirtækja um hugsanlega stóriðju á Norðurlandi en verið hefur. „Það er meiri áhugi nú en við höfum nokkurn tíma orðið vör við og það sýnir sig bæði í fyrirspurnum til okkar og til Landsvirkjunar,“ segir hún.“

Í frétt Morgunblaðsins segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Valgerður vill þó ekki greina frá því hvaða fyrirtæki um sé að ræða en segir að fyrirspurnirnar berist jafnt frá fyrirtækjum sem Landsvirkjun hafi áður átt viðskipti og samskipti við sem og fyrirtækjum sem áður hafi ekki lýst yfir áhuga á framkvæmdum á Íslandi. Áhuginn beinist fyrst og fremst að Norðurlandi þó að menn hafi einnig Reykjanesið í huga.“

En bíðum nú við, nú líður og bíður. Í marsmánuði á síðasta ári heyrum við yfirlýsingu frá hæstv. ráðherra iðnaðarmála í kvöldfréttatíma útvarpsins. Valgerður Sverrisdóttir segir, með leyfi forseta:

„Við Íslendingar stöndum á tímamótum í þróun orku-

freks iðnaðar. Eftir áralangan aðdraganda og þrotlausa vinnu við að finna leiðir til að nýta orkulindir landsins til atvinnuuppbyggingar er nú svo komið að færri komast að en vilja. Umfangsmikil markaðsvinna á síðasta áratug við að vekja athygli erlendra fjárfesta á ágæti landsins til þess að reisa hér orkufrekan iðnað hefur skilað sér á undraverðan hátt, þannig að nú er talað um Ísland sem best varðveitta leyndarmálið í Evrópu meðal álframleiðenda og er þá vitnað til þess hve aðstaða hér á landi er góð fyrir þess háttar framleiðslu.

Það hefur tekið heil 50 ár að ná þessum árangri og endurspeglast hann hvað best í því að nú þegar hafa sex heimsþekkt álfyrirtæki sýnt áhuga á að fjárfesta í nýjum álverum á Íslandi á næstu árum."

Þetta hefur kostað þrotlaust starf í 50 ár. Alræmdur er bæklingurinn sem gefinn var út af iðnaðarráðuneytinu árið 1995 og ber heitið Lowest energy prices in Europe for new contracts. Lægsta orkuverð í Evrópu. Í þeim bæklingi sem mjög er vandað til hvað myndefni og prentun snertir er vikið að vinnuaflinu. Fram kemur í línuritum að á Íslandi sé lægra kaup en víða annars staðar í Evrópu og efstir á blaði eru Þjóðverjar, síðan koma Norðmenn, Danir, Japanir, Svíar, Finnar, Bandaríkjamenn, Frakkar, Ítalir, Bretar og síðan Íslendingar. Menn hrósa sér líka mjög og monta sig af því að tilkostnaður við velferðarkerfið sé minni hér á landi en annars staðar, það sem þeir kalla „social cost", launin lægri og félagslegir þættir ekki eins dýrir og víða annars staðar. Slíkar upplýsingar er verið að senda um okkur til erlendra stórfyrirtækja, álfyrirtækja. Einnig kemur í ljós að mjög auðvelt og gott er að eiga við umhverfisyfirvöld, hér liggi stóreignamenn almennt í bómull stjórnvalda, afskaplega vel sé farið með þá sem eiga mikla fjármuni, Íslendingar séu góðir við slíkt fólk, íslensk stjórnvöld. Þetta er það sem ríkisstjórnin var að senda út um allan heim og núna loksins segir hæstv. iðnaðarráðherra 20. mars að loksins séum við að hafa árangur af okkar mikla kynningarstarfi. Að nú sé talað um Ísland sem best varðveitta leyndarmálið í Evrópu meðal álframleiðenda. Það er nefnilega það. Þetta er nú samhengi hlutanna sem við erum að ræða þessi mál í.

Það er annað sem snýr að hinum efnahagslega þætti þessa máls. Nú um stundir eru starfandi álver á Íslandi með 270 þúsund tonna framleiðslugetu á ári. Ef hins vegar draumar Framsóknarflokksins verða að veruleika stefnir í að álframleiðslan á Íslandi verði 1.300–1.400 þúsund tonn, fari með öðrum orðum úr 270 þúsund tonnum í 1 milljón og 400 þúsund tonn. Hvað mundi þetta þýða? Þetta mundi þýða að Ísland væri í hópi helstu álframleiðsluríkja heimsins. Við værum með um 5% af heimsframleiðslu á áli á ári. Þá er náttúrlega spurningin sú. Er það gott eða slæmt?

Fram hefur komið við umræðuna og margoft í álitsgerðum óháðra hagfræðinga að ábatinn fyrir þjóðarbúið sé miklum mun minni af þessari framleiðslu en annarri framleiðslu. Það var bara síðast í gær að í Ríkisútvarpinu var ágætt viðtal við meistaranema frá Bifröst, en hann sagði í útvarpsviðtali í gær, með leyfi forseta:

„Á síðasta ári skaffaði hátækniiðnaður sem er fimmtán ára gömul grein, og hefur vaxið um 36% á ári svona sirka, á þessum fimmtán árum, hún skaffaði 4% af verðmætasköpuninni í landsframleiðslunni. Öll stóriðja til samans skapaði 1,2%." Síðan vísaði hann í ruðningsáhrifin og sagði að við værum að henda út atvinnustarfsemi sem hefur vaxið hratt og hefur gefið okkur miklum mun meiri ávinning en álframleiðslan hefur gert.

Í greinargerð sem kom frá KB-banka í ágúst sl. segir, með leyfi forseta, en þar er verið að vísa í greiningu á efnahagslegum forsendum um áliðjustefnuna:

„Þjóðhagslegur ábati stóriðjunnar er því einkum fólginn í því yfirverði sem álver greiða til íslenskra framleiðsluþátta, einkum vinnuafls og orku. Þar skiptir arður af sölu raforku mestu máli ... Sú stefna virðist hins vegar hafa verið ríkjandi hérlendis að selja raforku mjög nærri kostnaðarverði sem endurspeglast bæði í fremur lágri arðsemi Landsvirkjunar og fremur lágri ávöxtunarkröfu sem fyrirtækið gerir til virkjanaframkvæmda."

Það sem hér er verið að segja okkur eftir því sem ég fæ best skilið er að Íslendingar eru með ærnum tilkostnaði, og að því er vikið í álitsgerð bankans sem ég vitnaði til, að búa sig undir framtíðina að hætti fátækra þriðja heims ríkja sem selja fjölþjóðarisum aðgang að dýrmætum auðlindum fyrir lítinn þjóðhagslegan ávinning.

Greiningardeild KB-banka talar sem sagt um lága arðsemi og lága arðsemiskröfu. Vissulega skapist störf en það séu dýrkeyptustu störf sem orðið hafa til í landinu og er ástæða til að vekja sérstaka athygli á því sem fram kemur hjá KB-banka á þessum tíma, að rangt sé að gera mikið úr ávinningi stóriðjustefnunnar með tilliti til svokallaðra afleiddra starfa því þau hefðu orðið til einnig þó atvinnuuppbyggingunni hefði verið beint inn í annan farveg.

Ég skrifaði grein í Morgunblaðið 23. ágúst, eftir að þessi greining kom frá KB-banka. Greinin hét áskorun til fjölmiðla. Þar hvatti ég fjölmiðla til að taka upp faglega og ganrýna umræðu um áform ríkisstjórnarinnar um frekari uppbyggingu stóriðjustefnu. Tveimur dögum síðar, 25. ágúst, er mjög fróðleg grein birt í Viðskiptablaðinu og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Fjárfestingar í stóriðju kosta gríðarlega fjármuni og er líklegt að þeim geti verið betur varið í þjóðfélaginu á öðrum sviðum."

Við höfum verið að verða vitni að því að undanförnu hvernig hvert fyrirtækið á fætur öðru í hátækniiðnaði og skyldri starfsemi er að hrökklast úr landi vegna ruðningsáhrifa stóriðjunnar. Við erum einnig að verða vitni að því hvernig önnur atvinnustarfsemi í útflutningsgreinum berst nú í bökkum, sjávarútvegsfyrirtæki mörg, ferðaþjónustan, sem kvartar sáran, og allt vegna ruðningsáhrifanna frá stóriðjustefnunni.

Það er svolítið merkilegt að áður en ráðist er í þessar framkvæmdir er varað við því að nákvæmlega það muni gerast sem síðan hefur hent, nákvæmlega þetta allt saman var fyrirsjáanlegt, allt saman. En það er svolítið sérstakt hve lágróma ýmsar stofnanir, háðar ríkisvaldinu, verða þegar á hólminn kemur og hve ógagnrýnir ýmsir aðilar sem tengjast ríkisvaldinu eru og eru m.a.s. enn við sama heygarðshornið. Ég heyrði hagfræðing hjá Háskóla Íslands ekki alls fyrir löngu segja í fréttum að hugsanlega verði hægt að koma í veg fyrir þensluáhrif af fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum og uppbyggingu stóriðju sem nú eru á teikniborðinu hjá hæstv. ráðherra, Valgerði Sverrisdóttur.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum barist mjög eindregið gegn þessari þróun og höfum m.a. vísað í efnahagslega þætti. Við höfum varað við þensluáhrifunum, við höfum varað við því hvernig þetta kæmi til með að þrengja að öðrum atvinnurekstri nákvæmlega eins og gerst hefur, bæði með hækkun vaxta — og því erum við að verða vitni að núna í dag, vaxtaþróunin upp á við — og einnig á annan hátt með gengisþróun sem er mjög óhagstæð innlendum framleiðslugreinum. Við höfum vísað í þessar efnahagslegu forsendur og reyndar má ekki gleyma því í þeirri spyrðunni að við teljum að efnahagslegur ávinningur af álframleiðslunni fyrir Íslendinga sé harla lítill. Þetta eru nefnilega erlendir aðilar sem eru að flytja allan virðisaukann úr landi að uppistöðu til. Við höfum tekjur af skatti. Hann er lágur vegna þess að við veitum þessum fyrirtækjum afslátt í skatti, sérstök skattakjör. Síðan höfum við náttúrlega tekjur af raforkunni og þar höfum við sem sagt boðið upp á prísa sem ríkisstjórnin kallar lægsta orkuverð í Evrópu, kallar það réttilega og montar sig af því, þ.e. til þessara fyrirtækja. Það er ekki til almennings á Íslandi, þar er verðið miklu hærra. En gagnvart álfyrirtækjunum er þetta mikil paradís, best varðveitta leyndarmál í álbransanum í heiminum, sagði ráðherrann eins og ég vísaði í áðan. Við höfum sem sagt varað við hinum efnahagslegu áhrifum og teljum að þetta sé ekki ábatasöm stefna fyrir okkur Íslendinga.

Hér fyrr á tíð var dæmið sett upp svolítið öðruvísi en núna. Þá sögðu menn sem svo að það væri mikilvægt þegar við værum að byggja upp orkuframleiðsluna í landinu að fá stórfyrirtæki, þar á meðal álfyrirtæki, inn í púkkið. Það auðveldaði okkur að byggja stærri virkjanir sem væru hagkvæmari og þjóðhagslega væri þetta heppilegt, jafnvel þótt við létum þessi fyrirtæki borga lægra verð en almenning, að það kæmi vel út þegar á heildina væri litið þjóðhagslega. Um það voru reyndar alltaf miklar deilur en látum það liggja á milli hluta.

Nú í seinni tíð er litið allt öðruvísi á þessi mál og umræðan um Kárahnjúkavirkjun er af allt öðrum toga vegna þess að þar höfum við ekki lengur þessa blöndu á raforkuframleiðslu fyrir stórfyrirtæki annars vegar og fyrir heimili og lítinn atvinnurekstur hins vegar. Framleiðslan er öll fyrir eitt fyrirtæki. Þar víkjum við þess vegna þessu stóra þjóðhagslega samhengi til hliðar og horfum þá bara á arðsemina af sölunni til þessa fyrirtækis eins. Það hefur reyndar ekki komið í ljós enn hvort þetta kemur til með að skila arði en ég held að það vilji oft gleymast, þegar menn hafa verið að horfa til efnahagsumsvifanna á Austurlandi, sem fylgt hafa virkjunarframkvæmdunum, að hver einasta króna sem varið er í þessar framkvæmdir er tekin að láni á ábyrgð íslenskra skattborgara. Það er fyrst núna þegar verið er að byggja álverið að nýir peningar eru að koma inn í landið. En virkjunarframkvæmdirnar eru að sjálfsögðu allar byggðar fyrir lánsfé sem er á ábyrgð skattborgara, þeirra sem standa að Landsvirkjun, eignaraðila Landsvirkjunar, ríkis, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Það eru sem sagt hinar efnahagslegu forsendur og hin efnahagslegu rök sem við vísum í.

Síðan er ekki síður hitt og aldeilis ekki síður, það eru náttúruverndarsjónarmiðin. Þar er ég að vona, hæstv. forseti, að nú séu að verða vatnaskil í þjóðfélagsumræðunni, ég hef trú á því. Ég held að það sé að verða vakning. Ég held að unga fólkið sé að vakna til vitundar um þau skemmdarverk sem verið er að vinna á íslenskri náttúru og ætli að snúast henni til varnar. Ég held að hin stórglæsilega tónlistarhátíð í Laugardalshöll fyrir skömmu sé til marks um það.

Í ályktunum frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum við vísað í báða þessa þætti, bæði náttúruverndarsjónarmiðin og hinar efnahagslegu forsendur. Hér segir t.d. í ályktun sem þingflokkur VG sendi frá sér í maí sl. Við erum þá að hvetja landsmenn til að staldra við og spyrja grundvallarspurninga.

Í ályktuninni segir, með leyfi forseta:

„Eru Íslendingar tilbúnir að færa ótakmarkaðar fórnir fyrir frekari uppbyggingu stóriðju í landinu? Ætla landsmenn að fórna enn fleiri náttúruperlum fyrir orkusölu til mengandi þungaiðnaðar? Hvar ætla landsmenn að fá orku fyrir vaxandi orkuþörf íslenskra heimila og almenns atvinnulífs á komandi árum? Hvað með vetnisvæðingu Íslands þegar búið verður að binda orku í samningum til áratuga við erlend stóriðjufyrirtæki? Er ekki eftirsóknarverðara að byggja íslenskt atvinnulíf upp á fjölbreytni í stað einsleitrar stóriðju með stórfelldum neikvæðum áhrifum á annað atvinnulíf eins og dæmin sanna? Eru Íslendingar tilbúnir að afhenda orkuauðlindir sínar áfram á útsöluverði?“

Ég vitna í þessa ályktun þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í grein sem ég birti í Morgunblaðinu 26. maí en þar vík ég einnig að ýmsum efnahagslegum þáttum og m.a. að því að fram hafi komið að árið 1999 hafi Landsvirkjun selt 66% af framleiddri raforku til stóriðju en aðeins 38% af tekjunum komið þaðan. Einnig hafi komið fram að arðsemi eigin fjár Landsvirkjunar árin 1998–2003 hafi verið 2,9%, sem er minna en verðbólga.

Þá er hitt: Hvað er það eiginlega sem stjórnvöld sjá svona gott og hagstætt í þessari þróun? Ég minnist þess að fyrir síðustu kosningar lýsti Framsóknarflokkurinn því yfir að æskilegt væri að stefna að því að álframleiðsla á Íslandi yrði um þriðjungurinn af umfangi efnahagsstarfseminnar, ég held að ég muni þetta rétt.

Það var talað um það að þetta væri í og með gert til þess að við hefðum ekki öll eggin í sömu körfunni eins og kallað var. Það væri ekki heppilegt að við reiddum okkur á sjávarútveginn í þeim mæli sem gert hefði verið og áliðnaður væri heppileg stoð, ein þriggja eða fjögurra stoða í íslensku atvinnulífi.

Nú er það svo að á þessu hafa verið gerðar rannsóknir og menn hafa skoðað áhrifin af sveiflum í sjávarútvegi annars vegar og í álframleiðslunni hins vegar, eða öllu heldur í útflutningsverðmætum fyrir ál, og það kom í ljós að þessar sveiflur fylgdust nokkuð að. Í stað þess að vera jafnandi ýktu þær áhrifin á efnahagslífið þannig að þegar allt kom til alls var þetta ekki til góðs, ekki til þess að dreifa áhættunni eða jafna sveiflurnar. Þvert á móti varð það til þess að ýkja þessar sveiflur.

Ég gat um það við umræðuna fyrr í dag að ég hefði prentað út það sem sagt var við fyrri umræður þessa máls, þar á meðal ræður sem hæstv. iðnaðarráðherra flutti, til að reyna að átta mig á þeim misskilningi sem hún bar á borð

fyrir þingið. Við umræðuna í dag sagði hún að hún hefði ekki farið með rétt mál gagnvart þinginu og embættismenn hefðu ekki haldið fram réttum staðreyndum þegar þeir upplýstu iðnaðarnefnd um innihald þessa lagafrumvarps. En ég verð að segja að skilningur ráðherrans er mjög eindregið sá að lögin eigi að vera til þess að hvetja og örva orkufyrirtæki til að ráðast í framkvæmdir og einnig að æskilegt sé að tengja leyfi til rannsókna, nýtingu og heimildum til að virkja. Ég ætla að vitna í orð hæstv. ráðherra frá 22. nóvember sl. en þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins var samkeppni í vinnslu raforku innleidd hér á landi við gildistöku raforkulaga, nr. 65/2003. Var ráðherra jafnframt veitt vald til að veita virkjunarleyfi á grundvelli laganna en fyrir gildistöku þeirra var vald ráðherra bundið því skilyrði að Alþingi hefði áður með sérstökum heimildarlögum veitt honum heimild til slíks. Fyrir gildistöku raforkulaga hafði Landsvirkjun jafnframt forgang til virkjunar vatnsafls í samræmi við skyldu sína til að sjá öllum sem þess óskuðu fyrir raforku. Nú þegar þessi forgangur Landsvirkjunar er ekki lengur til staðar hafa fleiri orkufyrirtæki sýnt vatnsaflsvirkjunum áhuga. Samkvæmt gildandi lögum hefur sá sem stundar rannsóknir á vatnsafli hins vegar ekki forgang til nýtingar, öfugt við það sem á við um jarðvarma, eða tryggingu fyrir því að fá rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan komi til þess að annar aðili fái nýtingar- eða virkjunarleyfi á viðkomandi svæði."

Það er augljóst að úr þessu þurfi að bæta til að örva orkufyrirtækin til dáða og að þau þurfi að fá tryggingu fyrir því að ef þau ráðast í rannsóknir muni þau fá kostnaðinn endurgreiddan fái þau síðan ekki virkjunarleyfið af einhverjum ástæðum. Það var þetta sem menn gagnrýndu hvað helst þegar frumvarpið kom til 2. umr., að þarna væri sjálfvirkni á milli þegar ráðherrann fengi heimild til að veita fyrirtækjum rannsóknarleyfi þá fengju þau heimild til að virkja í framhaldi af því.

Það má vissulega segja að stigið sé skref fram á við með þeim breytingartillögum sem lagðar eru til á frumvarpinu nú. Þar eru heimildir ráðherrans þrengdar. Það er ekki lengur í valdi ráðherra að veita sjálfkrafa virkjunarleyfi í framhaldi af rannsóknarleyfi en hitt er óásættanlegt að rannsóknarleyfin skuli veitt án þess að fyrir liggi reglur sem eftir á að smíða um það efni. Nú er búið að fallast á að skipuð verði nefnd til að smíða þessar reglur og það er búið að negla inn dagsetningu um hvenær hún eigi að hafa lokið störfum sínum en eðlilegt hefði verið og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum ríka áherslu á, að áður en lögin komi til framkvæmda liggi þetta reglugerðarverk fyrir.

Hæstv. forseti. Áður en ég lík máli mínu sem ég geri fljótlega, þ.e. fyrri ræðu minni við 2. umr. málsins, þá vil ég leggja áherslu á það sjónarmið okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að nú sé að því komið að fara í álbindindi. Í stað þess að reyna að laða álfyrirtækin hingað og auglýsa Ísland sem svæði sem býður upp á lægsta orkuverð í Evrópu og þótt víðar væri leitað, áður en við auglýsum landið frekar sem land sem ríkisstjórnin er tilbúin að fórna fyrir erlenda álhagsmuni, þá stöldrum við við og göngum frá rammaáætlun eins og til stendur að gera og unnið er að. Þetta er rammaáætlun um hvernig við hyggjumst nýta vatnsaflið og jarðhitann í framtíðinni. Við skoðum það með tilliti til náttúrunnar, til umhverfisverndar og með tilliti til efnahagsþátta bæði í nútíð og framtíð. Ef það væri nú svo að Íslendingar væru að veslast upp, við ættum hvorki til hnífs né skeiðar og yrðum bókstaflega að grípa til einhverra ráðstafana til að halda lífi í þjóðinni, þá mætti skilja þetta offors. En við erum ein ríkasta þjóð í heimi og okkur skortir ekki auðlegð. Okkar vandi er hvernig við skiptum verðmætunum milli okkar, það er okkar vandi og það er skipulagsvandi og hann er hægt að leysa. En svo getur farið ef okkur tekst ekki að stöðva ríkisstjórnina og álæði hennar þá muni það að öllum líkindum valda óbætanlegum og óafturkræfum spjöllum á landinu. Það vakti athygli mína á hljómleikunum sem við höfum vísað til að erlendu tónlistarmennirnir höfðu allir á orði að þeim væri óskiljanlegt hvað íslensk stjórnvöld væru að gera okkar fallega landi. Ísland væri náttúruperla sem væri einstök í veröldinni og það væri óskiljanlegt að menn vildu ekki fara betur með hana en raun ber vitni. Maður hefði haldið að nóg væri komið eftir Kárahnjúkavirkjun sem er einhver umdeildasta framkvæmd sem ráðist hefur verið í á Íslandi. Það er framkvæmd sem veldur óafturkræfum spjöllum á náttúrunni og efnahagslegri eyðileggingu sem við erum þegar að verða vitni að, óafturkræfri eyðileggingu. Er ekki kominn tími til, hæstv. forseti, að við segjum stopp?

Þetta frumvarp sem hér er til umræðu veitir hins vegar álóðri ríkisstjórninni með hæstv. iðnaðarráðherra í fararbroddi heimild til að halda áfram að úthluta leyfum til rannsókna. Í kjölfarið munu síðan fylgja heimildir til frekari virkjana. Og fyrir þá sem hafa notið þeirra náttúruperlna sem hugmyndir standa til að virkja eins og jökulvötnin í Skagafirði, Skjálfandafljót og önnur fljót, þá er ástæða til að reyna allt sem við mögulega getum til að stöðva þetta og koma í veg fyrir að frumvörp og lagabreytingar sem auðvelda ráðherranum og ríkisstjórninni að framkvæma þessa stefnu verði afgreidd héðan frá þinginu. Það er skýringin á því að við viljum standa þessa vakt. Við lítum svo á að það sé ófrávíkjanleg krafa af okkar hálfu að samhliða þessu frumvarpi um auðlindir í jörðu verði færð inn á umræðuborðið lög um vatnavernd og síðan vatnalögin. Þau eru komin fram í algerlega óásættanlegu formi. Ef við ætlum að taka á þessu á einhvern vitrænan og skynsamlegan hátt þá reynir ríkisstjórnin að ná þverpólitískri sátt um þessi mál og reynir að komast í talsamband við þjóðina. Hún er nefnilega að biðja um allt annað en frekari stóriðju, frekari virkjanir, frekari eyðileggingu á íslenskri náttúru. Ég held að almennt sé fólk búið að fá nóg og vilji álstopp.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram tillögu um að nú verði tekið frí frá frekari stórvirkjunum. Það eru ýmsar virkjanir sem eru þegar fyrir hendi í landinu sem hægt er að nýta betur og það eru heimildir til breytinga og stækkana á ýmsum verum til að svara þeirri þörf sem þarf að svara en öll viðbót sem liggur í áformum ríkisstjórnarinnar lýtur fyrst og fremst að því að svara þörfum og óskum og kröfum erlendra stóriðjufyrirtækja. Og ekki nóg með það, ríkisstjórnin gerir allt sem í hennar valdi stendur til þess að laða slík fyrirtæki til landsins. Það er gert í óþökk íslensku þjóðarinnar. Ég er alveg sannfærður um það. Og

það getur vel verið að við sem viljum standa þessa náttúruvakt fyrir hönd þeirra sem vilja andæfa stefnu ríkisstjórnarinnar og koma í veg fyrir eyðileggingu á landinu séum í miklum minni hluta hér á Alþingi en við erum ekki í minni hluta þegar út í þjóðfélagið er komið. Ég er alveg sannfærður um það.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið fyrri ræðu minni við 2. umr. málsins. Ég mun biðja um orðið að nýju að lokinni ræðu minni. Ég vil ekki vera lengur í ræðustóli einfaldlega vegna þess að fleiri vilja komast að. Ég mun tala síðar í nótt ef það er ásetningur stjórnar þingsins að halda því til streitu að umræðan fari inn í morguninn sem eru aldeilis furðuleg vinnubrögð og þvert á það sem til stóð að gera. Rætt var um að hér yrði kvöldfundur en aldrei fallist á það af okkar hálfu að efnt yrði til næturfundar. En það skulu menn vita að þessari óbilgirni af hálfu stjórnar þingsins eða öllu heldur af hálfu ríkisstjórnarinnar, því það er ekki stjórn þingsins sem stendur fyrir þessu fyrst og fremst heldur knýr ríkisstjórnin á um þessi vinnubrögð. Stjórn þingsins lítur eflaust svo á að hún eigi ekki annarra kosta völ en að fara að þessum vilja. Þá segi ég og ítreka: Við munum halda því til haga hver óbilgirni birtist í þessu. Ég er sannfærður um að ef ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hefði sýnt meiri tillitssemi og sveigjanleika hefði mátt ná markvissari umræðu um málið. Þó verð ég segja að ég hefði ekki viljað missa af mjög langri en mjög vandaðri og góðri ræðu sem hv. þm. Jón Bjarnason flutti áðan um ýmislegt sem snertir frumvarpið. Um náttúruverndarsjónarmiðin. Hann vitnaði í hugleiðingar, óskir, kröfur og framtíðarsýn fólks sem býr í Skagafirði og víðar á landinu sem gæti orðið fórnarlömb stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Hann fór yfir efnahagslega þætti málsins í mjög greinargóðri ræðu. Ég hefði ekki viljað missa af henni. Hún var löng. Ég varð þess var að hæstv. iðnaðarráðherra var frammi í sal og fylgdist með bíómynd. Ég held að það hafi verið grínmynd í sjónvarpinu. Það getur vel verið að ríkisstjórnin líti á þetta sem hvert annað grín, tilraunir okkar til að koma í veg fyrir skemmdarverk á Íslandi. En við skulum sjá þegar upp verður staðið hvort við verðum ekki heldur liðfleiri þótt við séum nokkuð liðfá í þessum sal nú um stundir. Því má breyta.

[00:50]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Farið hefur verið nokkuð vel yfir frumvarpið og þær breytingartillögur sem fram hafa komið, en nokkuð undarlegar uppákomur hafa verið hér í dag því það er alveg ljóst að málið hefur frá upphafi verið vanbúið, frá því í fyrravetur að hér kom fram nýtt þingmál sem hæstv. iðnaðarráðherra lagði fram og hét Rannsóknir og nýting á jarðlægum auðlindum. Það frumvarp átti að taka við af núgildandi frumvarpi um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu en var svo meingallað að hæstv. iðnaðarráðherra náði því ekki fram á þingi vegna mikilla og margra athugasemda við það. Til að halda málinu vakandi kom hv. iðnaðarnefnd fram með breytingar á núgildandi lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það frumvarp tók hæstv. ráðherra upp svo til óbreytt að undanskildu ákvæðinu um að áður en til úthlutunar kæmi til rannsókna og nýtingar auðlinda í jörðu skyldi stofna til nefndar til að setja niður reglur um hvernig hæstv. ráðherra skyldi úthluta leyfunum.

Við vinnslu í hv. iðnaðarnefnd var ákvæðið um nefndina sem setja ætti reglur fyrir fram tekið upp aftur. Komið höfðu ábendingar um að að ákvæðinu slepptu gæti komið upp nokkurs konar stríðsástand eða mikil samkeppni á milli orkufyrirtækja að komast í rannsóknirnar og rétt væri að setja niður nefnd til að fullbúa rammann. Í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar er sú breyting lögð til að nefndin verði sett á laggirnar. Hún á ekki að skila af sér fyrr en um miðjan september á þessu ári. Ef frumvarpið verður að lögum er rúmlega hálft ár og trúlega lengri tími sem mun líða þar til reglurnar verða settar. Á þeim tíma hefur hæstv. iðnaðarráðherra fullt leyfi til að úthluta leyfum til þeirra sem knýja á um að komast til rannsókna, eins og ég skil málið í dag. Nokkuð margir hafa sýnt mikinn áhuga á að komast hér í rannsóknir, bæði á vatns- og gufuaflssvæðum, en aðilar í vatnsaflsrannsóknum hafa haldið að sér höndum eins og fram kemur í frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra þar sem þeir hafa ekki haft fulla vissu fyrir því að þeir fengju virkjunarleyfi við framhald á rannsóknunum. Í frumvarpi ráðherra er kvörtunartónn um að það hafi verið frekar lítill áhugi orkufyrirtækja að fara í vatnsaflsrannsóknir m.a. vegna þessa.

Í fyrradag lýsti hæstv. iðnaðarráðherra því yfir að þrjú álver væru í farvatninu og mikilvægt væri að halda áfram undibúningi þess að koma þeim til reksturs þegar Kárahnjúkavirkjun og álver á Reyðarfirði yrði komið í gagnið til þess að ekki yrði mikill skellur í efnahagslífinu. Til að ná fram nýjum álverum í fullan rekstur á þeim tíma veitti ekki af að drífa sig í rannsóknir og síðan framkvæmdir og virkjanir. Ég tel því mjög ólíklegt að hæstv. ráðherra muni bara bíða róleg þar til settar verða reglur um hvernig hún eigi að úthluta leyfunum enda er þegar búið að sækja um leyfi til ákveðinna staða og ekkert annað eftir en að gefa grænt ljós á það. Þetta er undirliggjandi ástæða til lagabreytinganna.

Ég held, hæstv. forseti, að landsmönnum öllum ætti að vera ljóst að Vinstri hreyfingin — grænt framboð hefur barist af alefli gegn því að haldið verði áfram óbreyttri stóriðjustefnu. Við teljum að það sé að mjög mörgu leyti varasamt fyrir þjóðina. Í fyrsta lagi út frá umhverfissjónarmiðum þar sem umhverfisáhrif virkjana fyrir stóriðju eru mikil. Það þarf stór uppistöðulón, miðlunarlón, og þar af leiðandi eru áhrif virkjunarframkvæmda fyrir stóriðjuna í eðli sínu meiri en fyrir minni iðnað. Í öðru lagi efnahagslega þar sem allt er hér á suðupunkti. Við teljum ef við komumst í gegnum það tímabil sem stórframkvæmdirnar fyrir austan taka megum við þakka fyrir að framleiðslu- og útflutningsgreinarnar hafi þetta af þannig að þær verði í stakk búnar til að halda áfram. Þá veitir ekki af að gefa þeim andrými til að byggja sig upp aftur og ná eðlilegum rekstrargrunni.

Ef horfa á til þess að mikil skil verða þegar stórframkvæmdunum fyrir austan lýkur má benda á að hæstv. ríkisstjórn ætlar að nota hluta af söluandvirði Símans til að fara í miklar framkvæmdir í vegagerð og jarðgangagerð og ég veit ekki hvað hún ætlar ekki að gera fyrir þá fjármuni. Samkvæmt upptalningum mætti ætla að hún ætli að marg-nýta söluandvirðið. Allavega eru þar fjármunir til að fara í

framkvæmdir til að taka af þann skell sem kemur eftir Kárahnjúkavirkjun. Ef það dugar ekki til bíða mjög margar nauðsynlegar framkvæmdir og þar fyrir utan líður ýmis opinber starfsemi á Íslandi og mun líða fyrir að þrengja þarf svo að í opinberum rekstri meðan á framkvæmdunum fyrir austan stendur og þetta ástand varir að mál er að linni. Ég tel að þá sé lag að gefa aftur heilbrigðisþjónustunni, háskólanum og öðrum stofnunum möguleika á að starfa við eðlilegar aðstæður og láta af kröfunum um mikinn sparnað og aðhald í rekstri. Að þessu tímabili loknu munu margir bíða eftir að starfsemi komist í eðlilegt horf. Ég held því að við þurfum ekki að halda áfram þessari stóriðjustefnu eða hafa það sem ástæðu til að taka af eitthvert högg í efnahagslífinu.

Þetta frumvarp tengist þeim frumvörpum sem ég nefndi áðan, hæstv. forseti, t.d. frumvarpi sem var lagt var fram í fyrra, um rannsóknir og nýtingu á jarðlægum auðlindum, sem er nýtingarfrumvarp. Það er eins og hugtökin umhverfisvernd, náttúruvernd, þ.e. að umhverfið njóti vafans, sé varla til og hafi ekki komist inn í hugsunarhátt þeirra sem semja þetta frumvarp. Hið sama má segja um frumvarp um vatnsvernd sem liggur fyrir þinginu. Það er eins. Og frumvarp til vatnalaga er sama marki brennt. Þar ráða nýtingarsjónarmið frekar en vatnsverndin. Þetta er sá grunnur sem ríkisstjórnin byggir á og því er manni ekki alveg rótt þegar maður veit hvað er undirliggjandi við breytingar á núgildandi lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Nýtingarsjónarmiðin eru allsráðandi.

Út af fyrir sig er eðlilegt að styðja innihald frumvarpsins. Það er mjög eðlilegt að hafa í framtíðinni þá umgjörð og reglur að þeir sem fara út í rannsóknir á þessu sviði fái greiddan útlagðan kostnað eða kostnað samkvæmt rannsóknaráætlun. Ef það verður svo ekkert meira, ef hætt er við frekari framkvæmdir, ef ekkert verður af framkvæmdum eða einhver annar fær virkjunarleyfi þá er það eðlilegt. En áður en það verður eðlilegt er rétt að minna á að ákveðinn grunn vantar. Við þurfum að fara í gegnum og endurskoða vatnalögin, þar sem vatnsvernd og slík réttindi eru tekin fyrir. Við verðum að taka fyrir grunnvatnið út frá sjónarmiðum almannaheilla með það meginmarkmið að drykkjarvatn og almenn notkun sé í fyrirrúmi og eignarréttarákvæði skýr. Það er út frá almannaheill sem vatnalögin þurfa að komast í nýjan búning.

Jafnframt þarf að ljúka rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þar er búið að vinna fyrsta áfanga og setja í grófum dráttum upp þá virkjunarkosti sem fyrir liggja. Farið hefur verið yfir hugsanlega virkjunarkosti, bæði vatnsafls og jarðvarma og þau svæði sett upp í töflu þar sem bæði er tekið tillit til verndunarsjónarmiða, verðgildis verndunar á móti nýtingarsjónarmiðum og til orkugjafa.

Þessi fyrsti áfangi benti til að þeir virkjunarkostir sem nú eru efstir á blaði, sem hugsanlegir fyrstu virkjunarkostir, voru samkvæmt uppsetningunni síst til þess fallnir að fara í vegna m.a. verndunarsjónarmiða og umhverfisgildis þessara svæða. Þar má nefna Kárahnjúkavirkjun, sem var efst á blaði, og Þjórsárver. Kárahnjúkavirkjun er komin vel af stað og Þjórsárverin sett á ís. Það er því skiljanlegt, út frá nýtingarsjónarmiðum, að enginn áhugi sé á því að klára þetta verk, að setja upp slíkan ramma. Ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að ég vonaðist að við bærum gæfu til að klára þessa vinnu, vitandi hvaða átök væru fram undan og ná sáttum um þau svæði. Þá er ég aðallega að tala um háhitasvæði og vatnsverndarsvæði sem við sem þjóð gætum sameinast um að vernda til framtíðar.

Meðan menn sjá ekki að unnið sé með rammaáætlunina, það hefur hvergi komið fram og hún hefur ekki fengið lögformlegt gildi, meðan ekki er unnið áfram með hana hér á þinginu, vantar okkur alveg grunninn til að byggja á. Þá verður öll vinna að þeim málum, eins og hún hefur verið, handahófskennd. Í raun verður eingöngu farið í rannsóknir sem orkufyrirtækin sjálf hafa valið sér.

Það er ljóst að Landsvirkjun, sem hefur verið ráðandi fram að þessu, hefur samkvæmt eldri lögum verið nokkuð einráð um inn á hvaða svæði hún fer. Segja má að hafi einu sinni verið farið í rannsóknir þá hafi það svæði verið eyrnamerkt áfram sem virkjunarkostur. Það hefur kostað blóð, svita og tár samanber Eyjabakkana og nú Þjórsárver, að komast frá rannsóknarferlinu með því að segja að þrátt fyrir að þar sé hagkvæmur virkjunarkostur sé af öðrum ástæðum, t.d. umhverfissjónarmiðum og verndargildi, ekki einu sinni bara fyrir okkur sem þjóð heldur fyrir heiminn allan líkt og gildir um Þjórsárverin, ástæða til að láta viðkomandi svæði í friði. Landsvirkjun hefur ekki enn gefið þá yfirlýsingu að stofnunin sé hætt við Þjórsárverin eða Norðlingaölduveitu, sú virkjun er eingöngu sett á ís. Þar er þó svæði sem hefur verndargildi, ekki bara fyrir okkur Íslendinga heldur fyrir heiminn allan.

Rammaáætlun er sá grunnur sem þarf fyrir núverandi raforkusöluumhverfi, markaðsvæðinguna á orkunni og, það sem stefnir í, markaðsvæðingu á rannsóknunum. Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur er það harðlega gagnrýnt að ráðherra skuli geta höndlað með úthlutun raforkuleyfa þar sem raforkusalan sé komin á markað og því sé eðlilegt að rannsóknirnar séu líka á markaði. Það er stutt í það og ljóst að erlend fyrirtæki munu þar með koma að slíkum rannsóknum einnig.

Ég nefndi áðan að ákveðið lagaumhverfi vantar. Að þeim lagaramma settum tel ég að við eigum að hafa skýrar reglugerðir um hvernig hæstv. iðnaðarráðherra eigi að úthluta rannsóknarleyfum. Mér finnst það umhugsunarvert, varðandi rannsóknarleyfin, þrátt fyrir það sem ég nefndi um rammaáætlunina, hvort ekki eigi að fara fram mat á umhverfisáhrifum áður en farið er inn á ósnortin svæði, t.d. Hágöngusvæðið, og inn á miðhálendið þar sem núna er ósnortin náttúra. Mér finnst eðlilegt að skoða hvort ekki eigi ekki að fara fram mat á umhverfisáhrifum við slíkar rannsóknarboranir. Þetta er sjónræn mengun og við getum ekki hvort tveggja, hæstv. forseti, markaðssett Ísland sem land með ódýra orku fyrir stóriðju og markaðssett Ísland sem hreint land, óðruvísi land og ósnortið land. Því síður getum við markaðssett landið sem fyrirmynd í sjálfbærri þróun, sem hreint land með litla loftmengun. Við gerum ekki bæði sleppt og haldið. Við getum ekki markaðssett landið sem hreint land eða, líkt og við gerum núna, markaðssett landið sem vetnisframleiðsluland ef við ætlum á sama tíma að halda áfram með stóriðjustefnu fyrir álframleiðslu. Það fer ekki saman, vatnsaflið er takmarkað.

Hæstv. forseti. Rannsóknarleyfi þurfa ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Það er ekki fyrr en tilraunaboranir eða rannsóknir leiða í ljós að hagkvæmt sé að fara í virkjunarframkvæmdir að fyrirhuguð virkjun þarf að fara í mat á umhverfisáhrifum. En þar er heldur ekki hægt að treysta löggjöfinni, eins og maður hefði viljað. Kárahnjúkavirkjun fór í gegnum mat á umhverfisáhrifum og það mat kolfelldi þá framkvæmd. Hins vegar varð pólitískur umsnúningur á niðurstöðunni. Framkvæmdin var réttlætt með aðgerðum sem áttu að draga úr áhrifum virkjunarinnar. Af því sést að hægt er að snúa öllu á hvolf ef vilji er fyrir hendi. Það er gert ef mat á umhverfisáhrifum sem slíkt stenst ekki pólitíska þrýsting ef svo má að orði komast.

Þegar búið er að rannsaka og leggja út í mikinn kostnað þá hefur það út af fyrir sig, kostnaður við rannsóknina, verið notað sem rök til að halda áfram með framkvæmdina og fara í viðkomandi virkjun, samanber Norðlingaölduveitu. Það eru sett fram sem rök í málinu að búið sé að kosta svo miklu fé til rannsókna á þessu svæði að Landsvirkjun sé að kasta miklum fjármunum á glæ ef ekki verður haldið áfram og þeir fjármunir nýttir. Þetta heyrir maður sem rök við þessar aðstæður. En það er sem sé pólitísk stefna núverandi ríkisstjórnar að halda áfram á þessari stóriðjubraut sem knýr þetta allt saman áfram. Það er kannski þess vegna sem manni er órótt vegna þessara lagabreytinga á meðan ekki er látið af þeirri stefnu.

Hæstv. forseti. Þegar verið var að leggja upp með þessa miklu virkjun og álframkvæmdir fyrir austan höfðum við, a.m.k. við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, uppi aðvörunarorð um að þetta væri allt of stórt inngrip í íslenskt efnahagskerfi. Við töldum að það yrði mjög erfitt fyrir aðrar útflutningsgreinar og undirstöðugreinar í þjóðfélaginu að komast í gegnum þetta tímabil. Ég læt það nú vera þó hæstv. ríkisstjórn hafi ekki hlustað á okkur og kallað okkur svartsýnisseggi og fortíðarhyggjuflokk og ég veit ekki hvað og hvað, það er allt í lagi. En nú stöndum við nákvæmlega frammi fyrir þessum afleiðingum. Fiskvinnslan berst í bökkum, það er verið að segja upp fólki. Það væri mjög fróðlegt að taka það saman hve margir hafa misst vinnuna í þessari undirstöðugrein, fiskvinnslunni, frá því að ruðningsáhrif þessara miklu framkvæmda fóru að segja til sín og gengi krónunnar varð svona sterkt. Mig grunar að þau störf sem hafa tapast séu fleiri en þau störf sem eiga að skapast í álverinu fyrir austan, og er ég þá að tala um þau störf sem þar skapast til framtíðar. Sú atvinna sem nú er í boði er tímabundin og þau miklu umsvif sem nú eru á miðsvæði Austurlands einnig. Það sem skiptir máli er það sem verður eftir. Nýjasta dæmið um störf sem tapast, þar sem gengi krónunnar er eingöngu kennt um, er frétt sem barst í síðustu viku þess efnis að laxeldi muni leggjast af í Mjóafirði. Ég er hrædd um að þegar þetta er allt lagt saman þá komum við ekki einu sinni út á sléttu heldur í mínus.

Vonandi verður það þannig hringinn í kringum landið, þar sem fólk í sjávarplássum hefur misst atvinnuna við vinnslu sjávarafurða, að það skapist ný störf. En það er ekki sjálfgefið því að þetta ástand verður líka til þess að byggðirnar veikjast og fólk flytur í burtu.

Hvað varðar þessi rannsóknarleyfi og framkvæmdaleyfi þá er það þannig, hæstv. forseti, að hagkvæmustu virkjunarkostirnir eru teknir fyrst og við getum sagt að það sé eðlilegt út frá nýtingarsjónarmiðum. Þegar við fórum út í stóriðju hér á landi — og það eru ekki mörg ár síðan, það er ekki einu sinni mannsaldur síðan fyrsta stóriðjan reis hérna — var farið í Þjórsársvæðið og það er nú næstum fullnýtt. Það er hægt að teygja það og toga enn frekar, það svæði, eins og m.a. með Norðlingaölduveitu, en það er svo til fullnýtt. Nú þegar Norðlingaölduveita hefur verið sett á ís eru það næstu skref að færa sig neðar í ána. Nú er verið að undirbúa það að fullnýta þetta svæði með því að setja upp fleiri virkjanir neðar í ána og þá niðri í byggð.

Hæstv. forseti. Þær framkvæmdir munu ekki ganga alveg hljóðalaust fyrir sig. Eitt var að virkja uppi á hálendinu með þeim uppistöðulónum sem þar eru. — Menn töldu svo sem í byrjun að þangað ætti enginn leið, ekki nokkur maður, og það væri bara gott að sökkva öllum þessum sandi undir vatn. En málið horfir öðruvísi við núna. Viðhorf fólks breytist og við erum smám saman að læra það að svörtu auðnirnar eru hugsanlega með því verðmætasta sem við eigum. Þó okkur finnist svartur sandur e.t.v. ekki merkilegur þá er hann sjaldgæfur og það að sökkva svörtum sandi undir uppistöðulón er ekki jafnsjálfsagt í dag og var áður. — En það verður ekki einfaldur kostur að fá áframhaldandi virkjanir í Þjórsá niður í byggð

Langisjór er ekki langt undan og það er mjög hagkvæmur virkjunarkostur líka út frá nýtingarsjónarmiði. Það er mjög auðvelt að nota Langasjó sem uppistöðulón en hann er ekki lengur úr alfaraleið. Hann er orðinn hluti af þeirri ímynd sem við erum stolt af og birtum af landinu í kynningarbæklingum. Djúpblái liturinn á Langasjó hrífur og snertir alla sem ná að upplifa vatnið. Það að nota Langasjó sem uppistöðulón, miðlunarlón, gerbreytir ásýndinni, blámaninn hverfur og þar verður þá jökullitað vatn.

Við höfum fram að þessu ekki sett verðmiða á náttúruna. Það er okkur til vansa. Við megum ekki fara út í frekari virkjanir öðruvísi en að verðleggja það sem við missum og þá verðleggja þá röskun á náttúru sem viðkomandi virkjun veldur. Náttúran er verðmæti, hún felur í sér peningaleg verðmæti en líka tilfinningaleg verðmæti og tilfinningaleg verðmæti ber líka að virða. Það er ekki gott að segja hvernig á að verðleggja tilfinningaleg verðmæti en það á ekki að gera lítið úr tilfinningum fólks og því sem við erum að selja í dag, eins og litnum og umhverfi Langasjós. Við getum notað þetta umhverfi sem kynningu á Íslandi, sem tákn fyrir hreinleika. Þar er um að ræða ímynd, þar er um að ræða tilfinningar og það eru verðmæti.

Það eru líka verðmæti að horfa á fagurlitað Lagarfljótið, Löginn eins og hann er í dag, silfurlitað. Ég segi fyrir mig, og ég veit að ég tala fyrir munn margra á Héraði, að það er í mér kvíði að mega búast við litabreytingum á Lagarfljóti þegar Jökla dembist í fljótið. Allt snýst þetta um tilfinningar og tilfinningar hafa líka gildi.

Við erum komin með, hæstv. forseti, stóran hluta af útflutningsverðmætum hér á landi yfir í álframleiðslu. Eins og hér hefur komið fram eru nú framleidd á ári um 280 þúsund tonn af áli. Fleiri beiðnir liggja fyrir, m.a. beiðni sem búið er að samþykkja um frekari framkvæmdir í Straumsvík þar sem áætlað er að framleiða um 280 þúsund tonn til viðbótar. Einnig má nefna Helguvík og síðan er búið að

lofa álveri á Norðurlandi. Ekki er búið að finna því álveri stað, þar eru sveitarfélögin látin keppast við að bjóða sem best til að fá álver til sín. Það eru að sönnu mismunandi virkjunarkostir á þessu svæði en loforðið liggur fyrir. Það stefnir í að um 1.300–1.400 þúsund tonn af áli verði framleidd á ári hér á landi. Það er orðið ansi hátt, ansi mikil framleiðsla og hátt hlutfall af útflutningsverðmætum þjóðarinnar.

Einnig má benda á, sem hér hefur oft verið gert, að álframleiðslan gengur í bylgjum og er ekki stöðug þó hún hafi verið það nú allra síðustu árin. Það eru miklar sveiflur í fyrirsjáanlegri framtíð. Kínverjar eru að verða heimsveldi, enn sterkara en þeir hafa verið. Þeir eru farnir að styrkjast á mörgum sviðum og gera sig gildandi, m.a. í álframleiðslu, og fyrirtæki hafa verið að færa sig til Kína. Fyrirtæki í þessari iðngrein hafa ekki alltaf mikinn fyrirvara á þegar þeim dettur í hug að færa sig um set ef þau telja framleiðsluna á einhvern hátt ekki nægilega hagkvæma, sama hvort það er vegna þess að byggingar eru orðnar gamlar, framleiðsla úrelt, rafmagnsverð ekki nægilega hagstætt eða vinnuafl ekki nægilega ódýrt. Hver svo sem ástæðan er þá er um þvílíka risa að ræða að þeir hafa ekki alltaf mikinn fyrirvara á þegar þeir loka framleiðslufyrirtækjum sínum og flytja sig um set ef það passar þeim. Þetta er iðngrein sem er kannski ekki jafntraust og óskandi væri miðað við það hve hún er orðin hátt hlutfall af útflutningsframleiðslu sem við treystum á. Vissulega vonar maður það besta fyrir hönd íslensku þjóðarinnar hvað varðar þá fjárfesta sem þegar eru komnir og munu hugsanlega koma.

Hæstv. forseti. Ég er með upptalningu á fyrirliggjandi umsóknum um rannsóknir, nýtingu og beiðni um virkjanaleyfi. Þetta er plagg sem var lagt fram í hv. iðnaðarnefnd og ég held að það hafi verið vitnað í þessa upptalningu í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar. En Landsvirkjun, Hitaveita Suðurnesja, Orkuveita Reykjavíkur, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja sameiginlega, Rarik, Héraðsvötn og Þeistareykir ehf. hafa lagt inn rannsóknaleyfi. Fyrir liggja virkjanaleyfi hjá Landsvirkjun, Orkuveitunni, Hitaveitu Suðurnesja og Orkubúi Vestfjarða og óskað hefur verið eftir raforkunýtingu á Kröflusvæði, stækkun Hellisheiðarvirkjunar, virkjanaleyfi fyrir Reykjanesvirkjun og Tungudalsvirkjun í Skutulsfirði. Hvað varðar rannsóknarbeiðnirnar, þá er óskað eftir því að fara inn á vatnasvið efri hluta Skaftár, vatnasvið Vestri- og Eystri-Jökulsár í Skagafirði, veitur og rannsóknaleyfi í Brennisteinsfjöllum, Gjástykki og nágrenni, Reykjanesskaginn eins og hann leggur sig, háhitasvæðið í Reykjadölum í Rangárþingi ytra, háhitasvæðið í Kerlingafjöllum, háhitasvæðið í Brennisteinsfjöllum, vatnasvið Hólmsár í Skaftárhreppi, vatnasvið austari og vestari Jökulsár í Skagafirði en virkjunum í Skjálfandafljóti hefur verið hafnað að sinni.

Í dag er talið að það sé minna umhverfisrask og spjöll af háhitavirkjunum en af vatnsaflsvirkjunum. Það er rétt að því leytinu til að það er hægt að taka niður þær virkjanir. En það sem hefur líka verið bent á er að við vitum ekki alveg út í hvað við erum að fara ef við lítum á málið heildstætt því okkur vanti svo mikið af grunnrannsóknum til að geta metið áhrifin af háhitavirkjununum. Það finnst mér mjög umhugsunarvert ef við heimilum núna á stórum svæðum. Við höfum lagt Hellisheiðina og Hengilssvæðið alveg undir sem háhitasvæði og ef til vill Reykjanesskagann. Við vitum kannski ekki alveg hvaða áhrif þetta hefur til lengri tíma litið eða hvort við erum að fórna einhverjum verðmætum úr lífríkinu sem við höfum ekki gefið okkur tíma til að rannsaka.

Það er með þetta eins og svo margt annað sem við Íslendingar tökum okkur fyrir hendur að við einhendum okkur í verkin. Mér finnst mjög mikilvægt að samhliða rannsóknunum á því hvort hægt sé að nýta svæðið til virkjunarframkvæmda séu jafnvel settir verulegir fjármunir í að rannsaka svæðin með tilliti til náttúruauðlinda og hvaða áhrif þetta getur hugsanlega haft á vatnasvæði og það háhitakerfi sem þarna er til staðar. Ef það er hægt. Okkur vantar allavega mikið af grunnrannsóknum inn í þessa mynd.

Ég nefndi áðan að komið hefðu mjög margar umsóknir og það neikvæðar varðandi efni frumvarpsins sem lagt var fram í fyrrahaust um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Ég ætla að vitna í umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem segir um það frumvarp, með leyfi forseta:

„Frumvarpið fjallar um jarðrænar auðlindir eða „hvers konar jarðefni, frumefni, lífræn og ólífræn efnasambönd, vatn og orkulindir sem vinna má á landi og úr jörðu“ (3. gr.) án þess að fléttað sé inn í það ákvæðum um umhverfis- og náttúruvernd eða almannarétt. Verði frumvarpið að lögum óbreytt er hætt við að hagnaðarsjónarmið efna- og orkuvinnslufyrirtækja verði ráðandi við nýtingu náttúruauðlinda landsins á kostnað umhverfisverndar og félagslegs réttlætis sem eru hinar tvær meginstoðir sjálfbærrar þróunar.“

Þetta er undirtónnin í þeim umsögnum sem komu frá þeim stofnunum eða einstaklingum sem horfa á frumvarpið út frá öðrum sjónarmiðum en eingöngu nýtingarsjónarmiðum. Benda má á það enn og aftur að það er mjög nauðsynlegt að leggjast í rannsóknir. Það hefur verið nefnt við okkur hér, kallað fram í til okkar Vinstri grænna: Þið viljið ekkert rannsaka. Við viljum fara í rannsóknir en við viljum fara í grunnrannsóknir sem eru ekki bundnar þeim aðilum sem ætla að nýta orkuna. Við erum að tala um sjálfstæðar, óháðar rannsóknir sem lúta að grunnrannsóknum í náttúrufari, gróðurfari, jarðfræði og öðru slíku en ekki bundið þeim orkufyrirtækjum sem hafa í dag náð í okkar mannshæð að taka til sín í raun flesta þá aðila sem gætu komið að þessum rannsóknum. Þær rannsóknir sem gerðar eru eru því á forsendum framkvæmdaraðilanna en ekki þeirra óháðu. Það stórvantar fjármagn frá ríkisins hálfu til að styrkja óháðar rannsóknir á móti hinum.

Hæstv. forseti. Við höfum gott af því að líta til annarra landa og sjá það sem þar er að gerast og hefur verið að gerast og læra af reynslu þeirra og hlusta á raddir að utan hvernig okkar orðrómur er erlendis. Þegar ég segi að læra af reynslu annarra tel ég að við eigum að líta til Norðmanna sem settu sér fyrir meira en 25 árum rammann sem ég hef verið að kalla eftir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þeir gengu meira að segja svo langt að taka niður virkjanir sem þeir sáu að farið hafði verið í á sínum tíma áður en sú meðvitund hafði vaknað sem við vitum í dag, að náttúran skiptir okkur máli og eins að hlusta á raddir erlendis frá.

Hér er grein í Morgunblaðinu frá því í nóvember sl. þar sem er fréttaskýring frá skýrslu World Wide Fund for Nature sem gagnrýnir uppistöðulón almennt. Talsmaður Landsvirkjunar segir margt í skýrslunni byggt á ókunnugleika.

Við höfum tekið þessar stóru jökulár okkar eins og Þjórsá og við erum að undirbúa að taka Jökulsá í Fljótsdal og Jökla verður tekin úr farvegi sínum. Við erum langt komin með að stífla upp við Kárahnjúka og tölum um sjálfbæra orkustefnu því þetta sé sjálfbær orka sem kemur úr vatnsföllunum. Ég held að það sé ekki hægt að tala um sjálfbæra orku þegar jökulvötn eru annars vegar, þegar miðlunarlónin eru fyrir jökulár og lón sem fyllast á ákveðnum árafjölda eins og Hálslónið mun gera. Það er ekki hægt að tala um að eitthvað sé sjálfbært þegar það stendur ekki nema í ákveðinn tíma og veldur jafnmiklum umhverfisspjöllum og Hálslónið gerir. Það eyðir gróðri og veldur mikilli loftmengun m.a. frá rotnandi gróðurleifum. Sjálfbær orkunýting er því það sem við skreytum okkur með en getum langt frá því staðið undir ef við ætlum að horfa á þær framkvæmdir sem standa að baki með jökulvötnin. Það er ekki sjálfbært að leggjast í vatnaflutninga eins og þá að flytja Jöklu úr árfarvegi sínum og breyta í raun náttúrufari í heilu héraði og eins út með ströndinni sem við vitum ekki enn þá hver verða. Miklar breytingar munu verða á lífríkinu í Héraðsflóa með því að mynda setlón upp við Hálslón þar sem næringarefnin munu ekki fara í sjó fram eins og verið hefur. Sjálfbær orkunýting er það ekki en við getum talað um minni mengun en af brennslu kola, það er alveg rétt.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi farið yfir það sem mér fannst skipta máli í þessu samhengi. Frumvarpið sem hér liggur frammi er bara lítill angi af miklu stærra máli. Með því að samþykkja þessa breytingu miðað við þær aðstæður sem við búum við í dag þegar við höfum ekki þá undirstöðu, ramma eða aðhald fyrir stjórnvöld munum við gefa orkufyrirtækjunum fullt tilefni til að ætla að það sé alveg óhætt að fara í þær rannsóknir sem þau fá leyfi til eða sækjast eftir. Það er búið að kortleggja það. Þau munu ekki fara frá þeim framkvæmdum eða þeim kostnaði sem við rannsóknir verða án þess að fá útlagðan kostnað bættan og hugsanlega gott betur þannig að þeim verði alveg óhætt. Það eina sem heldur aftur af þeim í dag er að þeir vita ekki hvort þeir fá virkjanaleyfi. En um leið og þeir vita að þetta er samt sem áður óhætt, það verður borgað, það verður greitt, er engu að tapa. Þá er hægt að dengja sér í þetta. Mér finnst eins og við séum að fara í villta vestrið á næstu mánuðum og lýk ég þar með orðum mínum.

[01:44]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hið umdeilda mál hæstv. iðnaðarráðherra um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, mál sem á sér langan aðdraganda og búið er að rekja í ágætum ræðum þeirra hv. þingmanna sem talað hafa á undan mér. Fyrst þegar stóri lagabálkurinn um rannsóknir á nýtingu á jarðrænum auðlindum var lagður fram fékk sá bálkur strax afar neikvæðar móttökur. Umsagnabunkinn var verulegur og umtalsverður. Umsagnirnar mjög neikvæðar. Sömu sögu má segja um vatnalagafrumvarpið umdeilda sem hæstv. iðnaðarráðherra lagði einnig fram á síðasta þingi og risu mótmælaöldurnar svo hátt að hæstv. umhverfisráðherra var farin að taka forstöðumenn stofnana umhverfisráðuneytisins á beinið í fjölmiðlum fyrir það að umsagnir þeirra hafi verið óbilgjarnar og of neikvæðar fyrir hennar smekk.

Umsagnir þær sem borist hafa í þessum málum öllum hafa haft eitt meginþema sem gengur út á það að hæstv. iðnaðarráðherra sé að sölsa undir sig mál sem óeðlilegt sé að séu í hennar hendi á þann hátt sem hún er að leggja til. Menn hafa lagt áherslu á að hér sé að stórum hluta til um umhverfismál að ræða og hafa viljað hafa einhvers konar samvinnu á milli umhverfisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um ákvarðanir um þessi stóru mál. Menn hafa mótmælt því á hvern hátt er verið að taka úr höndum Alþingis Íslendinga og hv. alþingismanna þær ákvarðanir sem teknar eru um nýtingu á auðlindum landsins og ýmsir þættir þessara mála hafa verið gagnrýndir afar harðlega. Þá hefur verið velt upp spurningum um auðlindagjald, um það á hvern hátt þessir þættir ættu að koma inn í stjórnarskrá, hvort ekki eigi að skilgreina það í stjórnarskrá á hvern hátt umhverfisréttur eigi að vera til staðar í landi okkar og rætt hefur verið um að í stjórnarskrá þurfi að koma ákvæði sem kveði á um að auðlindirnar séu í sameign þjóðarinnar, orkuauðlindirnar ekki síður en auðlindirnar í hafinu.

Allt er það undir þegar þetta mál er rætt. Hér er um margslungið og flókið mál að ræða sem full þörf hefur verið á að ræða í þeim smáatriðum sem gert hefur verið hér af þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls. Og nú vil ég segja það alveg klárt og kvitt, hæstv. forseti, að það eru ekki bara hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafa séð ástæðu til að hafa hér langt mál því að við 1. og 2. umr. málsins voru hv. þingmenn annars stjórnmálaflokks afar skorinorðir og langorðir og fluttu efnismiklar ræður um málið en því miður við þennan síðari hluta 2. umr. eru hv. þingmenn Samfylkingarinnar fjarri góðu gamni. Ég segi því miður, frú forseti, vegna þess að í samstöðu stjórnarandstöðunnar gegn málinu myndaðist að mínu mati afar eftirsóknarverður styrkur hennar. Stjórnarandstaðan stóð heil saman gegn því að frumvarpið, þetta meingallaða frumvarp næði fram að ganga, fyrst á síðasta vori og svo aftur núna fyrir jólin. Það var þá sem samstaða stjórnarandstöðunnar var eftirtektarverð og aðdáunarverð en ég verð að segja að það hefur valdið mér mjög miklum vonbrigðum hvernig farið hefur verið með Samfylkinguna í málinu í dag, hvernig hv. þingmenn Samfylkingarinnar í iðnaðarnefnd hafa ákveðið að leggja niður og láta af allri andstöðu við málið á þeirri forsendu að eitthvert tæknilegt atriði sem þeir höfðu gagnrýnt hafi verið slegið út af borðinu með því að hæstv. iðnaðarráðherra gekkst inn á það að breyta frumvarpinu á þeim nótum sem þingmenn Samfylkingarinnar höfðu óskað eftir. Þótti mér þar lítið fara fyrir þær miklu mótbárur sem þingmenn eins og hv. þm. Mörður Árnason höfðu hér í frammi í mjög efnismiklum ræðum við fyrri hluta 2. umr. Ég óttast að þessi linkind sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa sýnt í málinu í dag eigi eftir að leiða til þess að í ljós komi að umhverfisverndarákafinn sem virtist grípa hv. þingmenn Samfylkingarinnar eftir áramótin, þegar farið var að setja það á oddinn í þeim flokki

að nú yrði að vernda Þjórsárver umfram allt, að þessi umhverfisverndaráhugi risti kannski ekki eins djúpt og kjósendur voru látnir halda þegar þær umræður fóru fram eftir áramótin sem vörðuðu Norðlingaölduveitu. Mér þykir þetta mjög miður.

Ég er þeirrar skoðunar að málin séu að snúast í þessu tilliti hjá almenningi. Það er alveg ljóst að hreyfingin gegn stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar er að verða þyngri og öflugri. Til marks um það má nefna tónleikana 7. janúar sem hv. ræðumenn á undan mér hafa getið um en þar var mjög mikill kraftur, mjög há krafa um að ríkisstjórnin léti af stóriðjustefnunni, sneri af villu síns vegar og varpað var upp þeirri spurningu hvernig hægt væri að hjálpa þessum háu herrum til að hætta við.

Frú forseti. Ég hef alveg svör við því fyrir kjósendur í landinu hvernig hægt er að hjálpa ríkisstjórninni að hætta við stóriðjustefnuna. Það er einfaldasta mál í heimi. Ég vil gefa hv. kjósendum svar úr þessum ræðustóli. Það er einfaldlega það að forgangsraða í þágu náttúruverndar í næstu kosningum. Hvernig forgangsraða kjósendur í þágu náttúruverndar á Íslandi í dag? Með einu móti: Með því að kjósa stjórnmálaflokkinn sem ég stend hér fyrir, Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, stjórnmálaflokk sem hefur ekki hvikað frá stefnu sinni einn einasta dag frá því að hann var stofnaður 1999 og enn höldum við uppi öflugu andófi gegn stóriðjustefnunni, leggjum til aðrar leiðir varðandi atvinnuuppbyggingu, atvinnustefnu sem byggir á sjálfbærni sem tekur mið af því að auðlindir séu nýttar á sjálfbæran hátt og að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar ráði við allar meiri háttar ákvarðanir sem teknar eru af stjórnvöldum.

Þetta er forgangsröðun okkar. Ég get farið nánar yfir hana á eftir þar sem ég hef í fórum mínum ákveðnar ályktanir sem Landsfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gerði á haustdögum eða fyrir áramótin. Þá héldum við landsfund sem fjallaði ítarlega um þessi stefnumál okkar og einfalt mál er að vitna til þeirra síðar í máli mínu.

En mig langar aðeins að halda mig, frú forseti, við þessi handarbakavinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð. Það er ekki hátt risið á hæstv. iðnaðarráðherra sem þarf að þola það að dag eftir dag um miðjan desember birtust fréttir í fjölmiðlum þar sem hún þarf að leiðrétta frumvarp sem hún hefur lagt fram sjálf og fyrirsagnirnar í þeim fréttum eru satt að segja þess eðlis að ég hefði ekki viljað fá þær um mig og ekki nokkur maður sennilega óskað eftir því að fá fyrirsagnir af þessu tagi um sig í fjölmiðlunum. Fréttablaðið 16. desember skrifar: „Ráðherra leiðréttir umræðu." Ríkisútvarpið fjallar 14. desember um málið og segir: „Frumvarp misskilið." NFS fjallar 14. desember um málið og segir: „Misskildi sitt eigið frumvarp."

Frú forseti. Hvað var hér á seyði? Hvað var það sem gerðist á örfáum dögum eftir mjög harðar og miklar umræður um málið í fyrri hluta 2. umr. þar sem þurfti að fresta umræðunum af því að það margir þingmenn voru á mælendaskrá að talið var að ekki væri hægt að ljúka þinginu á þeim tíma sem hæstv. forseti vildi að þingstörfum lykju fyrir jólin? Síðan kemur upp úr kafinu að öll sú umræða hafi verið á misskilningi byggð.

Nú vill svo til, hæstv. forseti, að hér er um að ræða ráðherra í ríkisstjórninni sem hefur þá tilhneigingu mjög ríka þegar andstæðingar gagnrýna hana og gagnrýna þau mál sem hún leggur fram, þá ber hún því iðulega við að þingmenn séu að misskilja eitthvað í málflutningi hennar og finnst manni, frú forseti, að það kasti tólfunum þegar hæstv. ráðherra sem vænir aðra um misskilning í tíma og ótíma þarf að éta ofan í sig grunnforsendur þess frumvarps sem hún er búin að reyna að koma í gegnum þingið á annað ár. Þetta er ekki fallegt til afspurnar og styður í raun kröfu okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að fresta hefði átt þeirri umræðu sem nú er verið að halda vakandi langt inn í nóttina til að hægt væri að greiða úr ákveðnum flækjuþáttum í málinu, til að skyggnast hefði mátt það djúpt ofan í það að hægt hefði verið að analýsera eða greina það til hlítar á hvern hátt hér hefur verið haldið á málum af hæstv. iðnaðarráðherra og hennar fólki í iðnaðarráðuneytinu. Iðnaðarráðherra sagðist hafa misskilið sitt eigið frumvarp um miðjan desember og hún segir í fjölmiðlum að það sé ekki rétt að handhafar rannsóknarleyfa á auðlindum í jörðu eigi að hafa forgang að virkjunarleyfi. Það var ekki bara í málflutningi hennar, frú forseti, sem því sjónarmiði var haldið fram. Það var ekki bara í ræðum hæstv. iðnaðarráðherra sem þetta sjónarmið var meginstef og gert að meginstefi frumvarpsins því það kemur mjög skýrt fram í greinargerð frumvarpsins. Nú skal vitnað til greinargerðarinnar, frú forseti, en þar segir, með leyfi forseta:

„Við gildistöku raforkulaga, nr. 65/2003, var samkeppni í vinnslu raforku innleidd hér á landi. Var ráðherra jafnframt veitt vald til að veita virkjunarleyfi á grundvelli laganna en fyrir gildistöku þeirra var vald ráðherra bundið því skilyrði að Alþingi hefði áður með sérstökum heimildarlögum veitt honum heimild til slíks. Fyrir gildistöku raforkulaga hafði Landsvirkjun jafnframt forgang til virkjunar vatnsafls í samræmi við skyldu sína til að sjá öllum sem þess óskuðu fyrir raforku. Nú þegar þessi forgangur Landsvirkjunar er ekki lengur til staðar hafa fleiri orkufyrirtæki sýnt vatnsaflsvirkjunum áhuga. Samkvæmt gildandi lögum hefur sá sem stundar rannsóknir á vatnsafli hins vegar ekki forgang til nýtingar, öfugt við það sem á við um jarðvarma, eða tryggingu fyrir því að fá rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan komi til þess að annar aðili fái nýtingar- eða virkjunarleyfi á viðkomandi svæði. Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu hefur komið í ljós að orkufyrirtækin eru tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli vegna þessa en heppilegt getur talist."

Er von að maður spyrji, frú forseti, voru starfsmenn iðnaðarráðuneytisins og hæstv. iðnaðarráðherra með bundið fyrir bæði augun þegar þessi greinargerð var skrifuð? Og ræða hæstv. ráðherra sem hún flutti við 1. umr. málsins og þrástagaðist á í andsvari eftir andsvar í 1. umr., undirstrikaði og undirstrikaði aftur á bak og áfram? Hvað var þar á ferðinni sem — ég vil í rauninni leyfa mér að fullyrða úr þessum ræðustóli að meiningin hafi verið allan tímann að setja málið svona í gegn og þetta hafi verið fullkomlega meðvitað að átt hafi að búa til sama forgang fyrir orkufyrirtækin til nýtingar í vatnsafli eins og þeir sem nýta núna jarðvarmann hafa þegar þeir eru búnir að fá rannsóknarleyfi. Ætlunarverkið hafi því verið þetta. En þegar mótstaðan virtist vera orðin svona mikil, hún virtist vera orðin óyfirstíganleg þegar öll stjórnarandstaðan stóð saman sameiн-

uð og heil gegn málinu þá hafi menn bara sveigt af leið. Og af hverju sveigðu þeir af leið? Ég hef verið að velta þessu fyrir mér, frú forseti, og ég er komin að niðurstöðu um málið.

Mín niðurstaða er sú að menn hafi áttað sig á því að þetta skipti ekki meginmáli, þetta atriði skipti ekki meginmáli vegna þess að það væri nóg fyrir orkufyrirtækin að fá það inn að iðnaðarráðherra gæti veitt rannsóknarleyfin í vatnsaflinu, nákvæmlega eins og hún veitir þau í jarðvarmanum. Fyrir þessi orkufyrirtæki er auðvitað tryggasta í heimi að hafa hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur sem lengst við völd því að þau eru greinilega með það alveg á hreinu hvernig þau geta haft áhrif á afstöðu hennar og gerðir í málunum. Þau hafa sagt við hæstv. ráðherra: Slepptu þessu með forganginn að nýtingarleyfinu vegna þess að það liggur í augum uppi að þegar búið er að láta okkur hafa rannsóknarleyfið þá fáum við eðli málsins samkvæmt auðvitað nýtingarleyfið hjá þeim líka. Og ef við fáum það ekki þá er tryggt í frumvarpinu að við fáum rannsóknargögn í hendur seinna. Allt í einu áttuðu menn sig á því að það var ekki alfa og omega að hafa inni í frumvarpinu eða lögunum þessa skilgreiningu á forgangsrétti. Hann væri til staðar eðli málsins samkvæmt þó að það stæði ekki beinum orðum. Mín kenning er því sú, frú forseti, að hér sé mikill blekkingaleikur í gangi og ég harma að hér skuli ekki vera fullur þingsalur af þingmönnum að taka þátt í þessari umræðu á öflugan og kraftmikinn hátt. Fyrir jól fannst mér að hér yrði áframhaldandi andóf og ég bar í brjósti von um það. Nei, aldeilis ekki. Tveir stjórnarandstöðuflokkar hafa lyppast hér niður í dag, kyngt öllu sem hæstv. iðnaðarráðherra segir, Samfylkingin var kölluð á einkafund hæstv. ráðherra og ráðuneytisstarfsmanna og menn éta allt ofan í sig. Mér finnst þetta afar dapurlegt, frú forseti, dapurlegur dagur í þingsögunni. Orkufyrirtækin eru búin að fá sitt fram, þau komu auga á klókan leik og leika hér á þingheim allan. Ekki fagur leikur það.

En sem sagt, frú forseti. Núna stendur málið þannig að við höfum fengið illa unna breytingartillögu inn á okkar borð. Ekki fengum við nokkurt ráðrúm hjá stjórn þingsins til að fara yfir hana eða skoða hana til hlítar í þingflokkunum. Við skömmuðust yfir því fyrr í dag og er óþarfi a orðlengja frekar um það en það breytir ekki því, ég hélt því jafnvel fram að það væru áhöld um það hvort hún væri þingleg. Ég er búin að fara betur yfir þetta núna og verð að viðurkenna að tillagan er kannski þingleg en hún er hroðvirknislega unnin og afar óskýr vegna þess að fyrstu töluliðirnir í breytingartillögunni hefðu að sjálfsögðu átt að skiptast í tvo stafliði, þ.e. a-lið og b-lið til þess að það væri skýrt á hvern hátt 5. gr. laganna ætti að breytast.

Af því að ég spurði hv. varaformann iðnaðarnefndar í andsvari fyrr í dag hvernig 5. gr. ætti að hljóða eftir breytinguna og hann gat ekki svarað því þá ætla ég, þingtíðindanna vegna og þeirra kjósenda sem mögulega eru að hlusta á útsendingu frá Alþingi, að fara aðeins yfir og lesa hér hvernig 5. gr. kemur til með að hljóða þegar þessar breytingar hafa gengið í gegn, því við vitum það auðvitað öll að þessar breytingar verða knúnar í gegn með góðu eða illu. Þrátt fyrir að við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs séum öflug og megnug um margt þá getum við sennilega ekki haldið úti mótmælaaðgerðum í ræðum okkar mikið lengur en svo að á endanum verður þetta knúið í gegn með meirihlutavaldi. En 5. gr. laganna hefst þannig, með leyfi forseta:

„Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laga þessara."

Þá kem ég að 2. mgr. 5. gr. en við hana á samkvæmt upphaflegu frumvarpi að bæta nýrri málsgrein og samkvæmt frumvarpinu átti hún að orðast svo:

„Rannsóknarleyfi skal veitt einum aðila á hverju svæði. Þó er heimilt að veita fleiri en einum aðila slíkt leyfi sameiginlega hafi þeir staðið saman að rannsóknarleyfisumsókn og gert með sér samning um skiptingu rannsóknarkostnaðar."

Þannig lítur frumvarpið út á þskj. 304, greinin sem ég nú las verður þá 2. mgr. 5. gr. laganna. Á þskj. 697, breytingartillögunni bætist nýr liður við 2. gr. frumvarpsins, svohljóðandi:

„Á eftir orðinu „nýtingarleyfi" í 2. mgr. kemur: fyrir hitaveitur."

Þá verður þessi 2. mgr. sem vitnað er til í breytingartillögunni orðin 3. mgr. í 5. gr. laganna og kemur til með að hljóða svo:

„Ráðherra er heimilt í rannsóknarleyfi að veita fyrirheit um forgang leyfishafa að nýtingarleyfi" — og þá kemur inn viðbót — „fyrir hitaveitur í allt að tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið og að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á þeim tíma."

Frú forseti. Þetta er óskiljanlegt, þetta er algerlega fyrir neðan allar hellur að bjóða manni upp á þetta. Nú hef ég starfað hér í tæp sjö ár við að lesa lög og hef oft farið í gegnum flóknar lagasetningar og þykist vera orðin nokkuð sleip. En þetta er gersamlega óskiljanlegt, það er fullkomlega ógegnsætt hvernig þessi breyting á að fara fram og fara inn í lögin. Það er skammarlegt að stjórn þingsins skyldi ekki heimila það að hér yrði gefinn sá tími og það ráðrúm sem eðlilegt hlýtur að teljast þegar um flókna lagabreytingu er að ræða að hún skyldi ekki heimila þingmönnum að fara þannig í gegnum málið að við gætum rætt af einhverju viti um þessar breytingar. Og að sjálfsögðu er enginn til að svara þeirri málaleitan okkar að hér séu hlutirnir skýrðir. Ekki gat varaformaður iðnaðarnefndar svarað þessari spurningu minni um hvernig 5. gr. laganna ætti að hljóða eftir breytinguna. Ég þóttist vera búin að finna það út fyrr í kvöld en ég er kannski orðin of syfjuð eða þreytt til að muna hver lausnin á gestaþrautinni var. En þetta er það sem okkur er boðið upp á í Alþingi Íslendinga á þessu herrans ári 2006 og okkur er boðið upp á þetta af hæstv. iðnaðarráðherra. Sem sagt, vitleysan er í boði hæstv. iðnaðarráðherra.

Ég ætla ekki að gera aðra tilraun til að klæmast á þessari lagagrein fyrir alþjóð og þingheim, ég legg þetta til hliðar í bili og vind mér að næsta kafla í ræðu minni.

Hæstv. iðnaðarráðherra misskildi frumvarpið sitt, það

var leitt. Þegar hún var spurð um það í fjölmiðlum svaraði hún því til að frumvarpið gengi ekki út á neinn forgang að nýtingarleyfi síðar eða virkjunarleyfi síðar, það gengi ekki út á annað en að rannsóknarkostnaður yrði endurgreiddur annars vegar og hins vegar að skipuð yrði nefnd með fulltrúum þingflokkanna sem ætti að móta tillögur til framtíðar um hvernig við ætlum að úthluta þessum gæðum til framtíðar þannig að jafnvægisreglan sé í hávegum höfð og annað slíkt, sagði ráðherrann. Hún er með mikla framtíðarglýju í augunum en áttar sig ekki á því að þjóðin veit og þingheimur allur að hér er ekki neitt framtíðarástand sem verið er að leiða í lög, hér er einungis verið að leiða í lög bráðabirgðaástand sem aðeins á að gilda þangað til þessi nefnd hefur verið skipuð, nefndin sem við höfum ekki fengið heimild til að fara út í að skipa strax. Hæstv. ráðherra getur ekki haft biðlund og kannski geta orkufyrirtækin ekki heldur beðið eftir nefndinni sem ætlað er að skipa þessum málum til framtíðar heldur er þetta óðagot sem hér er ævinlega viðhaft látið ráða ferðinni. Með þessum lögum er verið að koma á einhvers konar þvinguðu bráðabirgðaástandi, sem er algerlega óásættanlegt.

Svo segir hæstv. ráðherra í viðtali við Ríkisútvarpið þann 14. desember sl. að hún eigi það markmið að ná sem víðtækastri sátt um framtíðarskipan þessara mála. Hún segir að það hafi ekki horft vel um þá sátt þegar jólahlé þingmanna hófst og í ljósi þessara nýju upplýsinga er hún spurð hvort hún hafi misskilið sitt eigið frumvarp og greinargerðina við það, hvort gagnrýni þingmanna hafi þá mögulega verið ys og þys út af engu og hverju svarar hæstv. ráðherra því? Hún svarar, með leyfi forseta:

„Já því miður hefur það orðið og að einhverju leyti get ég kennt mér um það og ráðuneytinu, að við höfum ekki verið með nægilega skýrar upplýsingar gagnvart nefndinni og þinginu. En ég vonast til þess að eftir að þessi misskilningur hefur verið skýrður þá muni þetta ganga betur hjá okkur."

Sem sagt, hæstv. ráðherra viðurkennir að hún hafi ekki verið með nægilega skýrar upplýsingar gagnvart nefndinni og þinginu. En ég er búin að sýna fram á, hæstv. forseti, að það er beinlínis verið að fara í blekkingaleik, það er verið að blekkja Alþingi Íslendinga og þjóðina með þessu máli og hæstv. ráðherra skýlir sér á bak við að hún hafi misskilið eitthvað.

Heyr á endemi, frú forseti, þetta er auðvitað ekki boðlegt. Auðvitað hefðu allir þingmenn átt að sitja hér í dag og fylgjast með þessum umræðum og spyrja ráðherrann út úr málinu. Svo vonast hún til að misskilningurinn verði leiðréttur þegar hann hefur verið skýrður og að þá muni þetta ganga betur hjá okkur. Auðvitað ratаðist hæstv. ráðherra þar satt á munn. Samfylkingin var svínbeygð í dag, það var bara sest að henni og misskilningurinn leiðréttur og nú gengur allt miklu betur hjá hæstv. ráðherra, eins og hún vonaðist til í viðtalinu þann 14. desember að kæmi til með að gera.

Ég spyr sjálfa mig: Ætli hún hafi haft eitthvað fyrir sér í því að það sem gerðist í dag mundi gerast? Ég hef tilhneigingu til að efast um það því ég er ekki viss um að hv. þingmenn Samfylkingarinnar sem sitja með mér í umhverfisnefnd Alþingis verði mjög glaðir þegar þeir koma heim frá Ósló og átta sig á því hvað hefur gerst hér í dag. Ef marka má ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar sem var talsmaður Samfylkingarinnar á eftir hv. þm. Jóhanni Ársælssyni í málinu við upphaf 2. umr. þá geri ég ekki ráð fyrir að sá hv. þingmaður komi til með að fagna þeim gerðum eða þeirri samþykkt sem gerð var í dag við hæstv. iðnaðarráðherra í þessu máli fyrir hönd Samfylkingarinnar.

Síðan rekst hvað á annars horn í yfirlýsingum ráðherrans um misskilninginn. Þann 14. desember þegar hæstv. ráðherra var í viðtali í Ríkisútvarpinu, sem ég vitnaði til áðan, mætti hún líka í viðtal á NFS, nýja fréttastöð. Þar segir í fréttinni að ráðherra hafi sagst hafa misskilið sitt eigið frumvarp um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og endurtekið að það væri ekki rétt að handhafar rannsóknarleyfa á auðlindum ættu að hafa forgang að virkjunarleyfum. Hún sendi frá sér fréttatilkynningu um málið til að það væri allt skýrt fyrir fréttamönnunum. En svo er hún spurð, á NFS fréttastöðinni, um hvernig þetta gat farið svona, hvernig þessi misskilningur hafi komið til. Hún svarar, og í raun og veru er þetta alveg kostulegt svar, frú forseti, sem ég verð fá að vitna til hér, með leyfi forseta:

„Málið gengur út á það að þeir sem rannsaka vatnsafl fái tryggingu fyrir því að þeir fái endurgreiddan þann kostnað ef þeir fá svo ekki endanlega nýtingarleyfið" — ég endurtek, frú forseti — „að þeir fái endurgreiddan þann kostnað ef þeir fá svo ekki endanlegt nýtingarleyfi og eins það að þeir hafi í tvö ár forgang að nýtingarleyfi eftir að hafa lokið rannsókninni."

Frú forseti. Ég varð að fá að endurtaka þessa setningu því þetta stangast á við það sem hæstv. ráðherra hefur sagt í allan dag og sagði reyndar þegar hún játaði misskilninginn á sig í fréttatilkynningu. Sama dag og fréttir af þessu eru sagðar í fjölmiðlum segir ráðherrann þetta í viðtali við NFS, að þau orkufyrirtæki eða þeir sem rannsaka vatnsaflið fái tryggingu fyrir endurgreiðslu þess kostnaðar sem fellur til ef þeir fá ekki endanlegt nýtingarleyfi. Jafnframt segir hún að þeir hafi í tvö ár forgang að nýtingarleyfi eftir að hafa lokið rannsóknum. Hvað þýðir þetta, frú forseti? Veit ráðherrann hvorki daginn né stundina í þessum efnum? Hvers vegna í ósköpunum gátu fjölmiðlar, þann 14. desember, ekki fengið skýrari svör um málið frá hæstv. ráðherra heldur en raun ber vitni? Hvers vegna nær ekki hæstv. ráðherra að skýra þetta betur fyrir okkur en hún hefur gert? Mér finnst þetta með ólíkindum, frú forseti.

Eitt af því sem mikið hefur verið fjallað um í þessu sambandi er auðlindagjald. Þingmenn Samfylkingarinnar hófu máls á því og hafa haldið fólki við það efni. Þann 14. desember, sem er örlagaríkur dagur í fjölmiðlunum hvað varðar þetta mál, birti Morgunblaðið leiðara sem fjallar um nýtingarrétt á vatnsorkuauðlindum. Kveikjan að þeim leiðara er umræðan í þinginu, þ.e. sú tilraun hæstv. iðnaðarráðherra að koma þessu máli í gegnum þingið á síðustu dögunum fyrir jól, tilraun sem misheppnaðist og endaði í misskilningi. Morgunblaðið ver heilum leiðara í að fjalla um þetta mál út frá sínum forsendum en reyndar er þar farið ofan í saumana á ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, fulltrúa Samfylkingarinnar í iðnaðarnefndinni. Ég vil fá að vitna aðeins í leiðarann þar sem höfundur segir, með leyfi for-

seta:

„Iðnaðarráðherra sagði hér í blaðinu síðastliðinn föstudag að hún hefði kosið að málið yrði samþykkt á Alþingi fyrir áramót og vísaði til hagsmuna raforkufyrirtækjanna. „Ýmislegt er í pípunum í sambandi við stóriðjumál víða um land og þess vegna er mikilvægt að orkufyrirtækin fái svigrúm til þess að rannsaka vatnsaflið," sagði ráðherra."

Mér þykir þetta athyglisvert, frú forseti. Hæstv. ráðherra dregur ekki nokkra dul á hvað er í gangi, þ.e. að orkufyrirtækin knýja á hverjum degi á, berja á dyr hæstv. ráðherra og heimta að fá rannsóknarleyfi á vatnsaflinu eins og þau hafa möguleika á í jarðvarmanum. Ástæðan er ein og aðeins ein: Gegndarlaus áform um stóriðju sem eru auðvitað öll komin upp á yfirborðið núna. Stækkun álversins í Straumsvík um 280 þús. tonn upp í 460 þús. tonn. Nýtt álver í Helguvík upp á 260 þús. tonn, stækkun Norðuráls á Grundartanga, mögulega upp í 300 þús. tonn. Nýtt álver norður á Húsavík upp á tvöhundruð og eitthvað þúsund tonn. Álver í Reyðarfirði upp á 322 þús. tonn.

Þetta eru áform hæstv. iðnaðarráðherra að bræða ál á Íslandi upp á 1.660 þús. tonn á ári. Það væru 1.660 þúsund tonn ef allt þetta gengi eftir. Þetta er sexföldun — ég endurtek, frú forseti — sexföldun á núverandi framleiðslu okkar. Þetta er ekki fimmföldun eins og fólk hefur talað um fram að þessu. Nú er þetta komið í ljós, að fleiri álver en fólk grunaði að gætu verið í bígerð eru komin á teikniborðið. Ég hef þó ekki nefnt rafskautaverksmiðju á Katanesi, sem er ein af draumaverksmiðjum hæstv. iðnaðarráðherra. Hvað er eiginlega að hérna, frú forseti? Það er eitthvað mikið að í landi sem þarf að hafa þessa ríkisstjórn yfir sér. En nú er þjóðin að snúast í þessu máli þegar hún sér öll áformin, sér fyrir sér eimyrjuna og allt brennisteinsdíoxíðið sem á að spúa yfir landslýð, börn okkar borin og ófædd. Þau eiga eftir að fá að anda að sér eimyrjunni frá þessum verksmiðjum. Sömu stjórnvöld þykjast hafa einhverja heilbrigðisstefnu og leyfa sér að búa til plögg um stefnu ríkisstjórnarinnar í sjálfbærri þróun. Hvaða endemis bull og vitleysa er þetta?

Auðvitað er þjóðin farin að sjá í gegnum þetta, sem betur fer. Ég spái því að augu þjóðarinnar séu að opnast og það eigi eftir að verða afdrifaríkt fyrir þessa ríkisstjórn. Það ætti ekki að þurfa að koma henni mjög á óvart sem upp úr kjörkössunum kemur í næstu kosningum. Ég trúi ekki öðru en að kjósendur átti sig á því að ef við forgangsröðum ekki í þágu náttúruverndar núna þá gerum við það aldrei. Það er nú eða aldrei. Næst verður það of seint. Kosningarnar 2007 eiga eftir að skera úr um þetta. Ég trúi því ekki á þjóðina mína að hún veiti þeim háu herrum sem hér hafa um vélað brautargengi til áframhaldandi stjórnarsetu.

En aftur að leiðara Morgunblaðsins frá 14. desember, frú forseti. Í honum segir að frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra endurspegli þá gríðarlegu breytingu sem hér sé að verða á raforkumarkaði. Leiðarahöfundur vitnar til greinargerðar frumvarpsins þar sem m.a. er rakið að komin sé samkeppni á raforkumarkaði, samkeppni sem hefur dæmt sig sjálf og er þegar farin að skila okkur töluvert hærra orkuverði en við höfðum fyrir breytinguna. Sums staðar hefur orðið allt að 50% hækkun á orkureikningum hjá fólki og hjá atvinnufyrirtækjum. Fyrirtæki sem eru mjög frek á raforku miðað við eðlileg fyrirtæki, þ.e. fyrirtæki í almennum iðnaði sem þurfa nokkuð mikla orku, kvarta sáran. Nú virðist svo komið að almennur iðnaður í landinu sé við það að leggjast af eða flytjast úr landi. Að hluta til er ástæðan rakin til hins háa raforkuverðs sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur komið á með þeirri endemis vitleysu sinni að koma á samkeppnismarkaði með raforku í landi þar sem er enginn grundvöllur er fyrir samkeppni um slíkt.

Almennur raforkumarkaður í landinu vex um 2% á ári og væri einfalt mál að standa saman um þá grunnþjónustu, reka hana eins og verið hefur fram að þessu í sameign allra landsmanna, með það eitt að markmiði að tryggja þjóðinni, bæði einstaklingum, heimilum og fyrirtækjum, raforku á lágu verði. Auðvitað eiga Íslendingar að búa við raforkuverð sem endurspeglar hve miklar auðlindir við eigum í þessum efnum en því hefur ekki verið að heilsa. Ekki batnar það, frú forseti, með þeirri stefnu sem hér er rekin. Nú er stundað kapphlaup um auðlindir landsins, kapphlaup um orkuauðlindirnar. Hver hefur hleypt af startbyssunni? Það gerði hæstv. iðnaðarráðherra með stuðningi allrar ríkisstjórnarinnar.

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins gerir öðru fremur að umtalsefni í leiðara sínum spurninguna um hvort náttúra Íslands megi við fleiri stórvirkjunum. Hann segir að margir séu þeirrar skoðunar að nú þegar hafi verið gengið of langt í nýtingu auðlinda og fallvatnanna og stjórnvöld eigi að vera íhaldssöm á að heimila fleiri virkjanir. Hins vegar spyr hann eðlilega, og þá kemur leiðarahöfundur að því sem ég nefndi áðan: Hvernig á að velja á milli þeirra sem sækjast eftir nýtingarrétti á auðlindum? Sú spurning leiðir inn í umfjöllun um auðlindanefndina sem skilaði skýrslu sinni árið 2000 og markaði stefnu í þeim málum. Sú stefna hefur verið Morgunblaðinu nokkuð hjartfólgin, þ.e. blaðið hefur verið á þeim buxunum að stefna auðlindanefndar sé skynsamleg og skoða eigi hana til hlítar. Auðlindanefndin taldi að tryggja þyrfti að þjóðin nyti í framtíðinni eðlilegrar hlutdeildar í þeim umframarði sem nýting vatnsafls í eigu þjóðarinnar skapaði og því bæri að selja nýtingarréttinn á því vatnsafli sem er í þjóðareign á uppboði ef nægileg samkeppni væri til staðar en ella með samningum. Leiðarahöfundurinn segir frá eigin brjósti, með leyfi forseta:

„Auðvitað er fráleitt að iðnaðarráðherra geti afhent orkufyrirtækjum gífurleg verðmæti í formi nýtingarleyfis á auðlindum án þess að búið sé að ákveða einhverja stefnu um það hvernig eigi að úthluta slíkum leyfum og hvernig eigi að borga fyrir þau. Verði frumvarp ráðherra að lögum er jafnvel möguleiki á að þeir, sem þannig fá eignir almennings afhentar til nýtingar, geti framselt nýtingarréttinn, reyndar með sérstöku leyfi ráðherra. Að teknu tilliti til þess hvernig raforkumarkaðurinn hefur þróast og er líklegur til að þróast, væri slíkt ástand auðvitað engu betra en gjafakvótakerfið."

Ég bendi leiðarahöfundi Morgunblaðsins á að þetta er auðvitað það sem hæstv. ráðherra hefur staðfest í dag, og ekki bara í dag við umfjöllun um málið heldur er þetta einn af meginþáttum þessa frumvarps, að gera rannsóknarleyfin þannig úr garði að þau geti verið söluvara og gengið kaupum og sölum á ímynduðum markaði.

Landið er að selja orkuauðlindir sínar til stórra erlendra auðhringa, náttúruauðlindir sem hægt væri að nýta margfalt

gáfulegar með því að vernda þær. Hæstv. iðnaðarráðherra er að koma málum svo fyrir að orkuauðlindunum okkar verði beinlínis kastað á glæ með því að setja þær í kjaftinn á erlendum auðhringum. Hún hefur ekki orðað hugmyndir um auðlindagjald, sameign þjóðarinnar á auðlindunum í stjórnarskrá eða nokkuð annað af því taginu. Nei, um aldur og ævi skal eyða þeim orkulindum sem eftir eru hér á landi, sem sannarlega eru ekki ótakmarkaðar. Hæstv. ráðherra talar alltaf eins og orkuauðlindir okkar séu ótakmarkaðar en þær eru það ekki. Menn leggja á ráðin um að selja þær á einu bretti til risastórra álfyrirtækja og það er óafturkræf aðgerð, frú forseti. Það er þyngra en tárum taki að þurfa að horfa upp á slíkt gerast og þurfa að hlusta á hæstv. ráðherra eins og ég gerði í morgun. Í fréttunum var verið að fjalla um þessi gríðarlegu áform, nýtt álver á Norðurlandi á sama tíma og álverið í Straumsvík yrði stækkað og iðnaðarráðherra sagði óþarft að hafa nokkrar áhyggjur af því að það mundi valda þenslu. Hún bendir á að eitthvað þurfi að gera til að koma í veg fyrir að hagvöxtur lækki mjög skyndilega á næsta ári.

Heyr á endemi, frú forseti. Eigum við að ryðja upp fleiri hundruð þúsund tonna álbræðslum, fá þær á færibandi inn í landið til að hagvöxturinn lækki ekki skyndilega á næsta ári, þegar hún þykist ætla að verða búin með Kárahnjúkavirkjun, sem ég efa að verði. Ég spái því að Kárahnjúkavirkjun komist ekki í gagnið fyrr en 2008, ef landvættir lofa yfir höfuð að hún verði gangsett.

Þá býr hæstv. ráðherra þessa stóriðjudrauma sína í þann búning að koma þurfi í veg fyrir að hagvöxtur lækki mjög skyndilega á næsta ári. Kaupir þjóðin þetta? Kaupa fjölmiðlar þetta? Hæstv. iðnaðarráðherra segir, með leyfi forseta, í Ríkisútvarpinu í morgun kl. 8:

„Við höfum reiknað með því að þessar framkvæmdir verði í gangi á sama tíma en hins vegar verða þær von... ja, við reiknum ekki með því að þær verði í hámarki á sama tíma. Þannig að það verður reynt að koma hlutum þannig fyrir enda er Alcan komið þó nokkuð lengra með sitt mál heldur en Norðlendingar þar sem stækkunin þar er komin í gegnum umhverfismat."

Hæstv. ráðherra verður þarna fótaskortur á tungunni þar sem hún ætlaði að fara að segja: en hins vegar verða þær vonandi ekki í hámarki á sama tíma. Ég ætla að vona að hæstv. ráðherra verði að ósk sinni, að þær verði ekki í framkvæmd á sama tíma, en ég sé ekki annað en að allt stefni í það.

Fréttamaðurinn segir þá: „Já, en ef tvær framkvæmdir eru í gangi á sama tíma þrátt fyrir að þær séu kannski ekki í hámarki á sama tíma, heldurðu að það geti ekki valdið mikilli þenslu og aðrar útflutningsgreinar, hátæknifyrirtæki, líði fyrir það?

Og hverju svarar hæstv. ráðherra því? Með leyfi forseta, segir hún:

„Ja, við erum nú að gera okkur grein fyrir því að þetta er þannig í dag að það eru framkvæmdir, þessar gríðarlegu framkvæmdir á Austurlandi auk þess sem það er í gangi stækkun á Grundartanga og það ..., við höfum nú hugsað okkur að þær framkvæmdir yrðu ekki í hámarki á sama tíma en við það var ekki ráðið í það skipti. En hvað varðar þessar framkvæmdir sem eru fram undan að þá er hægt að koma því þannig fyrir að það verði ekki svo mjög þensluvaldandi og við vorum að hafa það líka í huga að fari ekkert af þessu af stað þá lækkar hagvöxtur mjög mikið skyndilega á næsta ári."

Er þetta nú boðlegt svar, frú forseti? Mér finnst það ekki. Það er kannski skammarlegt að vitna í þetta í þingtíðindum og láta prenta þetta í þeim en það er nú gert sem gert er og étið það sem étið er.

Frú forseti. Það væri hægt að taka á ýmsum þáttum þessara mála og hefur auðvitað verið farið mjög vítt yfir í þessari umræðu. Ég ætla að hlaupa yfir stóran þátt sem ég hafði ætlað mér að fjalla um og það voru mengunarmálin því að ég er hér með svar frá hæstv. umhverfisráðherra við fyrirspurn frá síðasta löggjafarþingi þar sem ég spurði um mengun frá stóriðju og fékk þá afskaplega sláandi tölur um losun væntanlegra verksmiðja. Sérstaklega er það brennisteinsdíoxíðið sem maður hefur áhyggjur af og með þeim áformum sem ég rakti áðan, aukningu upp á 1.660 þús. tonn, þá virðist mér brennisteinsdíoxíðslosunin vera komin upp í svipað magn og losað er í Noregi öllum. Já, brennisteinsdíoxíðslosunin sem gert er ráð fyrir frá þessum álverksmiðjum sem eiga að koma hér, ef hæstv. iðnaðarráðherra fær einhverju um það ráðið, losa jafnmikið af brennisteinsdíoxíði eins og öll losun á þessu efni er í Noregi og sést nú af því hversu arfavitlaus þessi áform eru.

Það væri betur ef við værum að ræða um annars konar atvinnuuppbyggingu en þessi hræðilegu stóriðjuáform. Nær væri að við værum að fjalla um fjölbreytt atvinnulíf á sjálfbærum grunni sem væri í takt við hugmyndafræði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, en við erum þeirrar skoðunar að atvinnulíf eigi að hvíla á sjálfbærum grunni eigi uppbygging þess að standast til langframa. Við teljum að fjölbreytni eigi að vera grundvallarviðmið í atvinnustefnu á Íslandi en ekki einhæfni af því tagi sem hér er verið að innleiða. Ein hugmynd, stóriðja eða ekkert, stóriðja eða dauði, mundi Smekkleysa sennilega hafa orðað það.

Við erum þeirrar skoðunar, frú forseti, að reynsla síðustu ára sýni að þróttmikil nýsköpun í atvinnulífi og lítil og meðalstór fyrirtæki eigi mesta vaxtarmöguleika í landinu og þau skapi flest störf og skili þjóðarbúinu mestu. Með því að styðja við slíka atvinnuþróun megi auka útflutningstekjur þjóðarinnar og stuðla að hagvexti án þess að gengið sé á höfuðstól náttúrunnar. Höfuðgreinar hins almenna atvinnulífs, sjávarútvegur, landbúnaður og framleiðsluiðnaður bæði til innanlandsþarfa og útflutnings, svo og vaxtargreinar eins og ferðaþjónusta og hátækni- og þekkingariðnaður þurfa áfram að skipa veglegan sess í atvinnulífi okkar.

Flokkur minn, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, hefur ályktað um þetta og síðast á landsfundi sínum í október sl. þar sem við segjum að fyrst og fremst þurfi að leggja áherslu á að efla menntakerfið á öllum stigum því að bætt menntun sé forsenda hagvaxtar sem hvíli á hugviti fremur en rányrkju, og við erum þeirrar skoðunar í alvöru, frú forseti, að hér sé um rányrkju að ræða. Þetta er ekkert annað en rányrkjustefna sem verið er að koma á og þröngva yfir þjóðina og sannarlega sér maður ekki að neinn lággróður fái að þróast hér í ljósi þeirra ruðningsáhrifa sem þegar eru farin að koma í ljós af stóriðjuframkvæmdunum á Austurlandi.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að íslenskt atvinnulíf eigi að fá að þróast með hagsmuni allra landsmanna að leiðarljósi. Þess vegna þurfi byggða- og umhverfissjónarmið að hafa sitt vægi við allar ákvarðanir og jafnframt beri að stuðla að því að atvinnulífið lagi sig að alþjóðlegri þróun og nýti þau tækifæri sem bjóðast í viðskiptum en taki jafnframt fullt tillit til réttinda launafólks í viðkomandi löndum í anda félagslegrar alþjóðahyggju en starfsmannaleigum sé ekki hleypt inn í landið óheft þannig að þær lækki öll launaviðmið.

Ég gæti haldið lengi áfram að fara yfir ályktanir Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá landsfundinum. Þær eru þess eðlis að þær eiga vel heima í þessari umræðu og sýna svo ekki verður um villst að hægt er að velja aðra leið en þá sem hér er lögð til.

Ég vil ljúka máli mínu, frú forseti, á því að segja að mér *þykir afar dapurlegt að þurfa að standa í þessum ræðustóli* með þetta mál fyrir framan mig og þau gögn sem ég hef verið að vitna í hér. Mér finnst afar lágt risið á stjórnmálamönnum sem fara í þann leiðangur sem hæstv. iðnaðarráðherra er í í þessu máli og ekki bara í þessu máli heldur sömuleiðis í vatnalagafrumvarpinu sem hún hefur lagt fram, sem er sama marki brennt. *Allt vald til iðnaðarráðherra*, má segja að sé yfirskriftin yfir þeim málum sem hún hefur verið að flytja hér þar sem hún virðist ætla að sölsa undir sig stóran hluta af málum sem varða umhverfisvernd, og því miður hefur hæstv. umhverfisráðherra ekki haft styrk til að standa af einhverju afli gegn þeim áformum.

Kapphlaup orkufyrirtækjanna stendur sannarlega yfir, kapphlaupið um orkulindirnar okkar. Til marks um það eru t.d. áform Hitaveitu Suðurnesja um að virkja í Brennisteinsfjöllum. Brennisteinsfjöll og Tröllladyngja eru útivistarperlur höfuðborgarbúa núna. Búið er að taka frá okkur Hengilinn, þar er verið að koma upp risastórri jarðvarmavirkjun, búið er að skera Hengilinn allan sundur og saman með vegum, slóðum og borholum og guð veit hverju. Hann verður því ekki lengur sú paradís sem hann áður var ósnortinn og það stefnir í að Brennisteinsfjöllum verði líka fórnað á altari stóriðjunnar en Hitaveita Suðurnesja sækir nú fast að fá að virkja þar. Hún hefur reyndar fengið að hluta til rannsóknarleyfi, hún fékk rannsóknarleyfi í Tröllladyngju og Sandfell árið 2000 og hefur borað a.m.k. eina rannsóknarholu þar, og eftir því sem ég best veit er búið að veita leyfi fyrir borun annarrar rannsóknarholu á því svæði. Verið er að sækja um rannsóknarleyfi fyrir 295 ferkílómetra svæði þar sem miðað er við að ytri mörk nái svona 2–3 kílómetra út fyrir það svæði, þar sem viðnámsmælingar benda til að hiti hafi einhvern tíma náð 240 gráðum á Celsius á 600 metra dýpi. Reiknað er með borun hvorki meira né minna en 13 rannsóknarhola á svæðinu við Tröllladyngju og Brennisteinsfjöll með margháttuðum yfirborðsrannsóknum og öðrum athugunum og talið er mögulegt að hægt verði að virkja um 100 megavött á fjórum stöðum á Krýsuvíkursvæðinu. Sótt er um þetta rannsóknarleyfi til 10 ára.

Hverjar eru ástæður þessarar orkuöflunar? Jú, Hitaveita Suðurnesja hefur undirritað samkomulag við Norðurál og Reykjanesbæ um athugun á möguleikum á byggingu álvers í Helguvík. Í fyrstu er gert ráð fyrir að í 1. áfanga þurfi um 350 megavött en álverið í endanlegri mynd gæti þurft um 700 megavött og í öflun orku er fyrst og fremst horft til jarðhita en einnig til vatnsafls. Á Reykjanesskaga er talið að jarðhitasvæðin geti gefið af sér a.m.k. 100 megavött hvert. Þar er um að ræða þrjú svæði, Krýsuvík austan við Sveifluháls, Seltún og Sandfell, og Tröllladyngju og Brennisteinsfjöll. Tekið er fram í þeim gögnum sem ég hef hér varðandi þessar umsóknir Hitaveitu Suðurnesja að hitaveitan hafi sótt um rannsóknarleyfi árin 2000 og 2002 með Orkuveitu Reykjavíkur en niðurstöður varðandi það leyfi liggja ekki fyrir. Það er búið að bora við Seltún og þar eru vegir og sá hluti svæðisins er kannski orðinn raskaður en að öðru leyti er svæðið óraskað og það eru ákveðin verndunarákvæði sem gilda um það því að Krýsuvík er innan Reykjanesfólkvangs og í reglugerð um fólkvanginn segir, með leyfi forseta:

„Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi *komi til. Undanskilin er hagnýting jarðhita*, t.d. í Krýsuvík, samanber þó lög um náttúruvernd."

Ég verð að viðurkenna, frú forseti, að það er auðvitað skelfilegt þegar maður les allar friðslýsingarnar á Íslandi hversu margar þeirra eiga það sammerkt að hafa verið ákveðnar með hagsmuni orkunýtingar fyrirtækjanna í huga *en ekki hagsmuni náttúruverndarinnar. Dæmi um það eru* Þjórsárver og friðlandsmörkin þar og sama má segja um þau fólkvangsmörk sem eru í Reykjanesfólkvangi. Inn á fyrirhuguðu rannsóknarsvæði eru tvö svæði á náttúruminjaskrá og þar eru einnig tvö svæði sem Umhverfisstofnun hefur lagt til að friðlýst verði síðar. Og það er rétt að geta *þess hér í framhjáhlaupi að Umhverfisstofnun hefur lagt til* að svæðið verði sett á náttúruminjaskrá. Þess er getið í náttúruminjaskránni, sem gefin var út og dreift á þinginu fyrir ekki margt löngu, á hvern hátt Umhverfisstofnun sæi fyrir sér að svæðið yrði friðað og segir í hugmyndum stofnunarinnar að svæðið Brennisteinsfjöll – Herdísarvík eins og það er kallað í náttúruverndaráætluninni sé merkilegt fyrir þær sakir að þar séu merkar gosminjar sem nánast eru ósnortnar, t.d. gígar, hraun, sprungur og hellar og í Brennisteinsfjöllum er háhitasvæði sem er nánast ósnortið. Á svæðinu má rekja opnar jarðskjálftasprungur og misgengi, eldsvæðið nær frá sjó norður í Rauðuhálsa ofan við Sandskeið, víðáttumikið dyngjuhraun er á svæðinu. Frá gíg sunnan í Draugahlíðum hefur runnið hraun niður að Hlíðarvatni. Í Herdísarvíkurhrauni er kjarrlendi fyrir opnu Atlantshafi og er það eitt heilsteyptasta kjarrið sem eftir er á Reykjanesskaga. Meðal menningarminja á svæðinu er hluti Selvogsgötu sem liggur frá Hafnarfirði í Selvoginn og Bennisteinsnámur í Brennisteinsfjöllum. Þessar eldgosaminjar eru nánast ósnortnar og afar merkar og sömuleiðis þessar jarðskjálftasprungur og misgengi. Þetta svæði hefur að mati Umhverfisstofnunar hátt verndargildi, það hefur alþjóðlegt náttúruverndargildi og þess vegna er það eitt af þeim svæðum sem Umhverfisstofnun leggur til að verði friðað til frambúðar. En ef hæstv. iðnaðarráðherra fær að ráða verður það ekki gert, frú forseti, því er nú verr og miður. Og ekki aðeins Brennisteinsfjöllum er ógnað heldur meira og minna náttúruperlum okkar um þvert og endilangt landið. Náttúruperlur sem tengjast háhita og vatnsföll sem eru stór þáttur í okkar stórbrotnu og merkilegu náttúru eiga þvílíkt undir högg að sækja vegna stefnu núverandi ríkisstjórnar í stór-

iðjumálum og einn þáttur þeirra mála er frumvarpið sem við nú ræðum.

Ég ítreka einungis vonbrigði mín með niðurstöðu dagsins í dag, að hv. þingmenn Samfylkingarinnar skuli hafa gengist inn á þennan vagn ríkisstjórnarinnar, stóriðjuvagninn, og að mótstaðan sem við fögnuðum rétt fyrir jól að væri til staðar gegn þessum áformum virðist nú brotin á bak aftur að öllu leyti nema því að hér stöndum við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs klukkan að verða þrjú um nótt og reynum að malda í móinn, reynum að gera það sem í okkar valdi stendur til að leiða fólki fyrir sjónir hvað hér er í uppsiglingu, hvað hér er á döfinni og auðvitað gerum við það í trausti þess að við höfum árangur sem erfiði og fólk átti sig á að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða. Hér eru fórnir fram undan á náttúruperlum sem við, ef af verður, fáum aldrei aftur til baka.

[02:46]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Frumvarpið sem hér er til umræðu, um breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu er stærra, hefur meiri áhrif og skírskotun til stærri atburða en maður gæti haldið í fyrstu, við að lesa þetta litla frumvarp. Þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar á því í dag, eftir að hæstv. ráðherra upplýsti að hún hefði afvegaleitt þingið við meðferð málsins, bæði við 1. umr. og það sem liðið var af 2. umr. þá dugir það ekki. Ráðherra upplýsti að hún hefði afvegaleitt þingið í nefnd þegar um var fjallað. Því hefði verið réttast og eðlilegast að málið færi aftur til 1. umr., að hæstv. ráðherra legði fram nýtt frumvarp, eftir að hafa afvegaleitt þingið í störfum sínum. Ég lít á það sem grafalvarlegan hlut og tel að stjórn þingsins hafi tekið of léttilega og kæruleysislega á því. Það er alvörumál þegar ráðherra afvegaleiðir þingið í störfum sínum, eins og raun ber vitni. Þá á ekki að láta þingið gjalda þess heldur á hæstv. ráðherra, sem á hlut að máli, að taka málið fyrir að nýju og leggja aftur fyrir þingið á þann hátt að trúverðugt mætti telja.

Ég ítreka, frú forseti, að ég átel vinnubrögð stjórnar þingsins í dag hvað þetta mál varðar, ekki síst í ljósi aðdragandans. Við þingmenn höfum við þessa umræðu óskað eftir rýmri tíma til að átta okkur á þeim breytingartillögum sem inn hafa komið og til að átta okkur á hvað felst í yfirlýsingum ráðherra, um að hún hafi afvegaleitt þingið. En því er hafnað af stjórn þingsins. Það gengur ótölulaust að ráðherra afvegaleiði störf þingsins en þegar þingmenn, sem hafa látið málið sig varða, vilja fá svigrúm til að skoða, kanna og meta ný gögn sem hafa komið fram í umræðunni, m.a. í tillöguformi, þá er því hafnað. Ég átel þessi vinnubrögð og tel þau ekki þinginu til sóma.

Frú forseti. Þær breytingar sem lagt er til að gera á frumvarpinu hafa í sjálfu sér ekki mikið gildi. Þær snúast um áframhaldandi heimildir til rannsóknar- og virkjunarleyfa. Þótt reynt hafi verið, í tillögum sem hafa verið lagðar fram við umræðuna, að slíta þarna á milli er fullkomlega ljóst að þeir aðilar sem fá úthlutað rannsóknarleyfi hafa í raun fengið forgang til virkjunarleyfis. Það held ég sé öllum ljóst, öllum sem skilja vilja.

Í 32. gr. laga um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. segir, með leyfi forseta:

„Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.“

Rannsóknarleyfin sem við tölum núna um að gefa ráðherra heimild til að veita getur leyfishafinn fénýtt sér. Hann hefur þar náð kverkataki, fengið tak á viðkomandi auðlind og viðkomandi landsvæði. Hann getur fénýtt það og ráðherra getur meira að segja heimilað honum að selja það. Ráðherra getur heimilað honum að selja rannsóknarleyfið. Þegar það er svo nátengt virkjunarleyfinu getur verið um háar upphæðir að ræða, milljarða króna jafnvel sem ráðherra hefur þar í hendi sér, að úthluta til vildarvina Framsóknarflokksins, eins og við þekkjum með Búnaðarbankann. Kannski er það eitthvað slíkt sem býr undir hjá hæstv. iðnaðarráðherra hvað þetta varðar.

Stefna okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að nú verði sagt stopp í bili. Ljúkum því sem þarf að ganga frá. Efnum ekki til nýrra virkjana eða nýrrar stóriðju fyrr en því sem í gangi er hefur verið lokið. Ekkert rekur svo á eftir því að ekki megi vanda vinnuna við undirbúninginn undir næstu virkjunarframkvæmdir, hvar sem þær verða. Ekkert ætti að hindra að gefið sé svigrúm til að undirbúa það vel.

Ég vil líka, frú forseti, láta í ljós þá skoðun mína, sem ég deili með fleirum, að með því að gera orkuvinnslu og rannsóknir á kostum hennar að samkeppnisiðnaði, eins og hér er stefnt að, séum við á rangri braut. Við eigum að gera rammaáætlunina klára og ganga frá forgangsröðun á virkjunarkostum. Mín skoðun er sú að opinberir aðilar, t.d. Orkurannsóknir, eigi að inna af hendi grunnrannsóknir fyrir val á nýjum orkuverum og standa að þeim rannsóknum sem rætt er um að úthluta. Það er langeðlilegast að opinberir aðilar beri þar ábyrgð. Það er ríkisvaldið sjálft sem tekur endanlega ákvörðun um hvar virkjunarleyfum verði úthlutað á grundvelli rannsókna sem það sjálft ber ábyrgð á.

Frumvarp þetta er bein ávísun á áframhaldandi virkjanir. Úthlutun rannsóknarleyfa getur síðan nánast sjálfkrafa leitt til virkjunarleyfa auk þess sem þeir sem fá rannsóknarleyfin í hendur geta fénýtt sér þau, látið þau ganga kaupum og sölum. Það er því mikilvægt að þetta frumvarp verði stoppað og staldrað verði við málaflokkinn í heild, bæði af efnahagsástæðum og vegna stöðunnar í umhverfismálum. Ekkert rekur á eftir því að ráðast í framkvæmdirnar og því ætti að staldra við.

Frú forseti. Ég vildi minnast á eitt enn við hæstv. iðnaðarráðherra. Ég vildi, ef iðnaðarráðherra er í húsinu, spyrja hana út í orðaskipti sem hér urðu nú nýverið. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta: Er hæstv. iðnaðarráðherra til staðar?

(**Forseti** (JóhS)**:** Iðnaðarráðherra er í húsinu og forseti mun gera ráðstafanir til að hæstv. iðnaðarráðherra komi til fundar.)

Þá hinkra ég á meðan.

Frú forseti. Í umræðum á þingi fyrir skömmu, síðastliðinn mánudag, var fjallað um raforkuverð til fiskeldis. Umræðan snerist m.a. um raforkuverði til fiskeldisins austur á Mjóafirði, fyrirtækis sem nú er verið að loka vegna ruðningsáhrifa stóriðjustefnu hæstv. iðnaðarráðherra og stefnu

hennar í raforkumálum. Með leyfi forseta, þá hef ég hér bráðabirgðaútgáfu af ræðu hæstv. iðnaðarráðherra og svari hennar við fyrirspurn hv. þingmanns Kristjáns L. Möllers. Ég bið um leyfi forseta til að vitna í það, með þeim fyrirvara að þetta er bráðabirgðaútgáfa og kannski ekki alveg rétt, frú forseti. En hæstv. ráðherra segir þar:

„Hæstv. forseti. Hv. þingmaður þarf ekki að uppfræða mig neitt sérstaklega um stöðu mála í Mjóafirði, ég er ágætlega málkunnug oddvitanum, honum Sigfúsi á Brekku ... Að sjálfsögðu hef ég verið í sambandi við hann síðustu daga út af þessum fréttum. Hins vegar var málflutningur forsvarsmanna fyrirtækisins Samherja og Sæsilfurs mjög ónákvæmur hvað varðar raforkuverðið, m.a. vegna þess að ég hef upplýsingar um það að verð til fiskeldisfyrirtækis á landsbyggðinni sem kaupir um þriðjung þess rafmagns sem fer til fiskeldis hefur hækkað um 4,7% á milli ára. Það eru ekki nema rétt ríflega verðlagshækkanir þannig að það getur varla verið ástæða þess að uppi eru hugmyndir um að leggja starfsemina af. Ég vil ekki segja að það hafi verið alveg kveðið upp úr með það en a.m.k. eru ekki góðar líkur eins og er. Auðvitað er það mikið áhyggjuefni.

Ég vil líka taka það fram hér að Rarik gerði núna um áramótin úttekt á því hvernig raforkuverð hefur þróast hjá fyrirtækjum á dreifisvæði þess fyrirtækis. Þá kemur í ljós að raforkuverð til fyrirtækja hefur lækkað um 18–20% á kílóvattstund hjá þeim fyrirtækjum sem hafa keypt raforku hjá Rarik. Þetta held ég að sé ákaflega mikilvægt að hv. þingmaður festi sér í minni svo hann þurfi ekki að koma hér upp vikulega til að tala um hækkun á raforkuverði almennt. Fiskeldi naut algjörra sérkjara áður fyrr og gerir raunar enn að ákveðnu marki, enda hefur Landsvirkjun gefið út fréttatilkynningu til að koma á framfæri staðreyndum í þessu máli. Það er spurning hvernig þau mál muni þróast. Þau eru enn í tilraunaferli, þessi fyrirtæki, og auðvitað vonum við öll að þau geti haldið áfram rekstri."

Hér segir, frú forseti, að rafmagnið hafi aðeins hækkað um 4,7% en reyndar hafi það lækkað til annarra aðila. Í frétt í Morgunblaðinu frá því í gær er vitnað í orð forstjóra fyrirtækisins. Ég vil leyfa mér að lesa það upp og spyrja hæstv. ráðherra: Hvort er satt, það sem hæstv. ráðherra segir eða það sem forsvarsmenn þessa fyrirtækis sögðu? Í fréttinni segir:

„Að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Samherja hf., en Sæsilfur er í meirihlutaeigu Síldarvinnslunnar hf. og Oddeyrar hf., dótturfélags Samherja, ræður sterkt gengi krónunnar mestu um þá ákvörðun að hætta laxeldinu. Gott verð hefur fengist fyrir laxinn í erlendri mynt og markaðsaðstæður eru ágætar, en það megnar ekki að vega upp sterkt gengi krónunnar.

Í fréttatilkynningunni segir einnig að mikil hækkun hafi orðið á raforku í kjölfar lagabreytinga. Hækkun á þessum eina rekstrarlið hjá fiskeldissviði Samherja nemi nú þegar meira en 10 milljónum króna á ári og fyrirsjáanlegt að hann muni hækka um 20 milljónir á ári til viðbótar innan tveggja ára og hafi þá tvöfaldast á einungis þremur árum. Viðræður um raforkukaup hafa ekki skilað árangri til framtíðar og „er ljóst að jafnstór raforkukaupandi og fiskeldið er nýtur alls ekki sannmælis sem slíkur," segir m.a. í tilkynningunni."

Hér er talað um aðrar tölur í rafmagnsverði en hæstv. iðnaðarráðherra talaði um. Í fréttatilkynningu frá þessum aðilum er talað um tugprósenta hækkun á rafmagni. En hæstv. iðnaðarráðherra heldur því fram að í hæsta lagi sé hækkunin um 4,7%. Mér finnst mjög bagalegt, frú forseti, ef hæstv. iðnaðarráðherra fer rangt með. Hún ætti þá a.m.k. að kveða upp úr með hvor hafi rétt fyrir sér, fulltrúar þessara fiskeldisfyrirtækja eða hæstv. ráðherra, þegar rætt er um raforkukostnað.

Frú forseti. Ég velti fyrir mér hvort hæstv. ráðherra hafi líka verið haldinn einhverjum misskilningi þegar rætt var um raforkuverðið. Við upplifum umræðuna um raforkuverðið einmitt sem töluverðan misskilning af hálfu iðnaðarráðherra. Þetta kann því að vera annað málið sem tengist þessari umræðu þar sem ráðherra eru haldinn misskilningi. Það á kannski við fleira en frumvarp til laga um breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, þar sem allt hefur vaðið í misskilningi.

Frú forseti. Ég legg áherslu á að mál þetta er ótímabært. Það er illa unnið og einn misskilningur frá upphafi til enda. Ég harma að þingið skuli ekki hafa frestað umræðunni en við eigum 3. umr. eftir. Ég lýk þar með seinni ræða minni við 2. umr. en ég hef ekki sagt mitt síðasta hvað þetta frumvarp varðar. Þetta frumvarp á að stöðva.

[03:03]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir kröfur hv. þm. Jóns Bjarnasonar um að þetta frumvarp verði að stöðva, bæði af umhverfistengdum ástæðum og efnahagslegum. Með frumvarpinu er opnað á heimildir til ríkisstjórnarinnar og hæstv. iðnaðarráðherra að veita leyfi til rannsókna, að veita orkufyrirtækjum leyfi til rannsókna og í kjölfarið koma síðan að sjálfsögðu heimildir til virkjunar. Þó að það gerist ekki sjálfkrafa þá er þetta engu að síður ferlið.

Staðreyndin er sú sem ég held að öll þjóðin geri sér grein fyrir að þegar ál er annars vegar, þegar minnst er á ál þá hverfur allt sem heitir dómgreind hjá núverandi ríkisstjórn, ef hún einhvern tíma var þar fyrir. Þau áform sem nú eru uppi á teikniborðinu eru svo hrikaleg og bera vott um svo ótrúlegt dómgreindarleysi að ég held að þegar kemur að samskiptum ríkisstjórna við alþjóðlega auðhringi, stórfyrirtæki, t.d. í áliðnaðinum, þá hljótum við að eiga heimsmet í undirlægjuhætti og þá er ég að horfa til íslensku ríkisstjórnarinnar. Það er dapurlegt að þurfa að segja það. Hún auglýsir okkur víðs vegar um lönd sem það Evrópuland sem býður upp á ódýrustu orkuna, hún er tilbúin að fórna mestu. Það er ekkert Evrópuland, ekkert land a.m.k. í vestanverðri Evrópu eða í Norður-Ameríku sem gengur eins langt í því efni að fórna náttúruperlum á altari álbræðslna og í annan stað eru á frumvarpinu mjög alvarlegir vankantar. Þar horfi ég ekki síst til þess að þótt ákvæði sé um það í frumvarpinu að settar skuli reglur sem úthlutun leyfa grundvallast á eða taki mið af, þá er það ekki fyrr en seint á næsta ári sem þær skuli liggja fyrir þótt lögin komi strax til framkvæmda.

Ég lýsi furðu á því að þingmenn Samfylkingarinnar sem sögðu fyrr í umræðunni þegar fyrri hluti 2. umr. fór fram fyrir hátíðir að það hlyti að vera meginmálið að tryggja að reglurnar lægju fyrir áður en ráðherra yrði veitt heimild til

að úthluta leyfum, að þeir þingmenn skuli núna hlaupa frá málinu, tína sig út af mælendaskránni og hverfa úr þinginu og skilja okkur þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ein eftir til að standa þessa vakt. Það er ekki í fyrsta skipti sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stendur náttúruvaktina á þingi. Við gerðum það í Kárahnjúkadeilunni, við gerum það í deilunni um Þjórsárver, sem nú sem betur fer hefur skilað okkur mikilvægum árangri. Áform um stórfelld náttúruspjöll þar um slóðir hafa verið lögð til hliðar, á hilluna, væru betur komið eitthvað miklu lengra og eitthvað miklu neðar, en þau hafa verið sett til hliðar. Þar er fyrir að þakka þeirri varðstöðu sem hefur verið staðin hér á Alþingi og ekki síður þeirri miklu baráttu og þeirri miklu staðfestu sem fólkið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur sýnt og að sjálfsögðu þúsundir einstaklinga sem hafa reist náttúruverndarfánann í þjóðfélaginu á undanförnum mánuðum og árum. Það er gleðilegt að verða vitni að því að vatnaskil eru að verða í þjóðfélaginu. Maður finnur það hvar sem maður fer. Fólk er búið að fá nóg af álæðinu, fólk er orðið hrætt við dómgreindarleysi og undirlægjuhátt ríkisstjórnarinnar og nú segja menn stopp. Nú er nóg komið. Jafnvel þeim sem studdu Kárahnjúkavirkjun er núna ofboðið. Þeim var ofboðið þegar hæstv. ráðherra fór í könnunar- og skemmtiferðir með fulltrúa álfyrirtækjanna um Norðurland sumarið 2004. Þeim var ofboðið þegar hæstv. ráðherra hrósaði sigri í fréttum Ríkisútvarpsins á síðasta ári og sagði að nú væru að verða þáttaskil. Áratugabarátta að laða hingað álfyrirtæki til landsins væri að skila árangri, þau stæðu núna í röðum og núna þegar síðustu áformin eru uppi á teikniborðinu held ég að flestum sé nóg boðið.

Síðan er hitt og því hafa verið gerð ágæt skil, nú síðast í ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, þ.e. það sem lýtur að mengunarmálunum, Kyoto-samþykkt og það sem því tengist. Ég hef verið að fara í gegnum umræðuna sem fór fram fyrir jólin og ég man ekki betur en þingmenn sem töluðu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans, t.d. hv. þm. Birkir Jón Jónsson, hafi vísað öllum vangaveltum um stórfelldar virkjunarframkvæmdir og smíði stórra álfyrirtækja á næstu árum á bug í ljósi þess að slíkt væri fjarstæða í ljósi Kyoto-samþykktar þrátt fyrir allar undanþágur. Ég man ekki betur. Þetta er náttúrlega nokkuð sem við munum fara rækilega í við 3. umr. málsins því það er eitt sem alveg er víst að við höfum ekki sagt okkar síðasta orð í þessum málum.

Ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hefur sýnt mjög mikla óbilgirni í umræðum um þessi mál. Við óskuðum eftir því að hlé yrði gert á þessari umræðu og buðum að henni yrði lokið á mánudag á tiltölulega skömmum tíma. Því var hafnað. Meirihlutavaldinu var beitt og það er alveg ljóst að það er geymt en ekki gleymt. (**Iðnrrh.:** Er það ekki meiri hlutinn sem ræður?) Hæstv. iðnaðarráðherra kallar fram í og vill greinilega fá ítarlegri umræðu um málið. Það er alveg sjálfsagt. Jú, jú, það er meiri hlutinn sem ræður á Alþingi og á að gera það í þjóðfélaginu að sjálfsögðu einnig. En eigum við þá ekki bara að láta á það reyna fyrst hæstv. ráðherra er að kalla eftir slíku? Eigum við ekki bara að spyrja þjóðina? Gæti verið að hæstv. iðnaðarráðherra, sem núna minnir okkur á að meiri hlutinn á að ráða, hafi þarna lög að mæla og að þetta sé ansi góð hugmynd hjá hæstv. ráðherra? Við höfum reyndar áður sett fram slíkar hugmyndir. Við gerðum það varðandi Kárahnjúkavirkjun. Þá settum við fram hugmynd um að þeirri miklu og umdeildu framkvæmd yrði skotið til þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu og hún fengi að útkljá málið. Við höfum að sjálfsögðu barist. Það hefur ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn gert líka og álvinirnir allir en ég hef trú á að meiri hluti manna, meiri hluti þjóðarinnar hefði komið í veg fyrir það hrikalega náttúruslys sem þar varð. Í svona stórum og afdrifaríkum málum á að virkja þau tæki sem við höfum til að kanna hug þjóðarinnar og að sjálfsögðu er það þá meiri hlutinn sem á að ráða. Ég er alveg sammála því. Hver veit nema þetta geti orðið að veruleika.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 03:14.

54. FUNDUR

mánudaginn 30. jan.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 288. mál, þskj. 304, nál. 512 og 536, brtt. 537 og 697. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 392. mál, þskj. 474. — 1. umr.
3. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
4. Útvarpslög o.fl., frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
6. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill geta þess að að loknum atkvæðagreiðslum um fyrsta dagskrármálið hefst umræða utan dagskrár um stóriðjuáform ríkisstjórnarinnar og loftslagsmál. Málshefjandi er hv. þm. Helgi Hjörvar. Hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50 gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:02]

Útbýting:

Áhrif laga um opinberar eftirlitsreglur og störf ráðgjafarnefndar 2002?2005, 475. mál, skýrsla forsrh., þskj. 703.

Framkvæmdasjóður aldraðra, 367. mál, svar heilbrrh., þskj. 686.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sala Hótel Sögu.

[15:03]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Það var í kringum 1955, fyrir 50 árum, sem bændur landsins tóku ákvörðun um að byggja hótel í Reykjavík. Þeir lögðu fram peninga, umtalsverða peninga, frú forseti, til þeirrar fjárfestingar. Síðan eru liðin 50 ár. Nú er það að gerast, heyrði ég í fréttum, að það á að fara að selja þessa eign bænda. Ég er reyndar ekki viss um að það sé akkúrat sami hópurinn sem er að selja eignina, en ég vil spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann muni ekki standa dyggan vörð um það að eignarrétturinn sé virtur og þeir bændur sem lögðu fram fé í upphafi fái það endurgreitt með vöxtum og þeirri ávöxtun sem náðst hefur. Þeir hafa margir hverjir mjög góða þörf fyrir það af því að Lífeyrissjóður bænda hefur verið mjög lakur og þetta var á sínum tíma mjög umtalsvert fé.

Ef menn ekki telja að þetta sé mögulegt, þ.e. að finna eigendur að því fé sem voru til staðar eða eru til staðar eða erfingjar þeirra, vil ég gauka því að hæstv. landbúnaðarráðherra að hann láti Lífeyrissjóð bænda njóta þess en það yrði miklu lakari kostur að mínu mati vegna þess að þeir bændur bæði fyrr og síðar sem eru í Lífeyrissjóði bænda lögðu ekki fram peningana til Hótel Sögu. Ég vil að margir menn sem lögðu fram eignir sínar á sínum tíma njóti þeirra eigna í samræmi við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

[15:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það mun vera rétt að haldið er aukabúnaðarþing til að fjalla um tilboð sem hefur borist í hóteleignir bænda sem eru glæsilegar í höfuðborginni, bæði Hótel Sögu og Hótel Ísland.

Ég minnist þess að þegar ég var að byrja þingmennsku kom eitt sinn fram fjárlagafrumvarp í upphafi þings þar sem beðið var um heimild þingsins til að selja Hótel Sögu. Það fór fram mikil könnun á því hver ætti Hótel Sögu, það var hins vegar engin spurning. Það var þá lögfræðilegt mat að það væri Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda. Þess vegna er formlegur og löglegur eigandi að þessum hótelum í dag Bændasamtök Íslands og það mun þýða að bændur samtíðarinnar eiga þessi hótel. Kannski minnir þessi deila dálítið á deilu sparisjóðanna, hverjir eigi þá, stofnfjáreigendur o.s.frv. Hv. þm. Pétur Blöndal kann þá deilu.

Ég hygg að þessi sameign íslenskra bænda verði ekki nýtt öðruvísi en í þágu landbúnaðarins og til styrktar íslenskum landbúnaði og það séu bændur samtíðarinnar sem fari og eigi þessa eign. Því er landbúnaðarráðherra rangur maður á röngum stað að svara spurningu sem ekki er hægt að setja hér fram því formlegur og löglegur eigandi þessa fyrirtækis eru Bændasamtök Íslands, íslenskir bændur og þeir auðvitað taka sjálfir ákvörðun um þennan rétt. Ég er þannig gerður, eins og ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal veit, að ég vil ekki skipta mér af eignum sem ég ekki á.

[15:06]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Svar hæstv. landbúnaðarráðherra veldur mér miklum vonbrigðum. Ég hélt að hæstv. landbúnaðarráðherra mundi gæta hagsmuna bænda, þeirra bænda sérstaklega sem lögðu fram þetta mikla fé í upphafi. Það voru ekki félagsgjöld til Bændasamtakanna, þetta voru framlög til Hótel Sögu. Til að byggja hótel. Bændur ætluðu sér að byggja hótel. Þetta er nákvæmlega eins og með hluthafa sem stofna hlutafélag og leggja fram hluti. Það fólk sem leggur fram hluti í hlutafélag á eignina en ég get ekki séð að menn sem leggja fram eign sem ekki er félagsgjald og leggja fram sína eigin eign eigi hana ekki áfram. Ég skora því á hæstv. landbúnaðarráðherra að endurskoða álit sitt og hann láti skoða hvort ekki sé mögulegt að þessir bændur eigi þessa eign sína.

[15:07]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Það var mjög myndarlegt hjá Pétri Ottesen og öðrum rausnarbændum að koma Reykvíkingum til hjálpar þegar þeir voru ekki menn til að byggja hér almennilegt hótel. Þetta hótel er angi af hinni gömlu sveitamenningu að það ber að taka vel á móti góðum gestum og þess vegna sé þessi bygging lýsandi tákn fyrir dugnað bænda, framsýni bænda og gestrisni.

Á hinn bóginn hygg ég að mikið vafamál sé hverjir eigi Mjólkursamsöluna og yfir höfuð mjólkursamlög bænda. Ef við horfum til sögunnar í þeim efnum og þess að þau fyrirtæki voru undanþegin eignarskatti og mig minnir tekjuskatti þar sem bændur voru löglegir eigendur þessara bygginga og þar sem sérstaklega var greitt til þeirra með jöfnunargjaldi til að standa undir fjárfestingunni. Ég held þess vegna að hv. þingmaður ætti heldur að snúa sér að Mjólkursamsölunni og þeim fyrirtækjum en leyfa Bændahöllinni að vera í friði.

[15:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta nú ekki vinarbragð af hv. þm. Halldóri Blöndal að vísa gráðugum frænda sínum í aðrar eignir bænda þegar fyrir liggur að Mjólkursamsalan og mjólkuriðnaðurinn á Íslandi er sameign bænda samtíðarinnar og um það liggja fyrir hin bestu álit lagaprófessora samtímans hvað það varðar þannig að svona úlfúð á ekki að kynda undir hjá hv. þm. Pétri Blöndal.

Bændur lögðu fram mikið fé fyrir 50–60 árum en þeir bændur eru fáir starfandi hérna megin í dag og erfitt að ná til þeirra. Ég er einn erfingi þeirra sem lögðu fram fé. En myndarlega stóðu þeir að þessu og frumkvöðlar voru íslenskir bændur. Það er rétt. Pétur Ottesen kom að þessu en Þorsteinn Sigurðsson á Vatnsleysu, höfðinginn mikli sem söng í Tungnaárréttum, var glæsilegur leiðtogi og baráttumaður, samdi hér í Reykjavík um glæsilega lóð við vin sinn Gunnar Thoroddsen borgarstjóra. Þarna hefur nafli alheimsins verið á Íslandi síðan sem sýnir að bændur voru framsýnir. Síðan eignuðust þeir Hótel Ísland. Nú er það bara bændanna sem eru að funda í öðru húsi í dag að taka ákvörðun um hvað þeir gera í þessu eignarmáli sínu og síðan hvernig þeir verja því fé, ef þeir selja sem ég efast um, til að styrkja íslenskan landbúnað, íslenska neytendur og fyrst og fremst bændur samtímans og framtíðarinnar. Girnumst ekki eigur annarra, segir í Biblíunni. Höfum þetta að leiðarljósi.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 288. mál (vatnsaflsrannsóknir, leyfi o.fl.). — Þskj. 304, nál. 512 og 536, brtt. 537 og 697.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:11]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér er að koma til atkvæðagreiðslu við 2. umr. frumvarp til laga um — frú forseti, hv. þingmaður Framsóknarflokksins hefur einhverjar áhyggjur af þingsæti sínu og getur ekki stoppað, hann truflar ræðumann.

(**Forseti** (SP): Forseti vill leggja áherslu á að hv. þingmaður fái hljóð á meðan hann talar.)

(**HBl:** Hann lætur nú ekki trufla sig, þingmaðurinn.) Frú forseti. Hér er að koma til atkvæðagreiðslu frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Frumvarpið felur í sér að fela hæstv. iðnaðarráðherra auknar lagaheimildir til að úthluta rannsóknarleyfum í vatnsföllum og háhitasvæðum til aukinna virkjanaframkvæmda hér á landi. Í þessu sambandi vil ég benda á eftirfarandi:

Fyrir þinginu liggur heildstætt frumvarp um alla þessa þætti, um rannsókn og nýtingu á auðlindum í jörðu sem þetta hefur verið tekið út úr. Eðlilegt er að það mál verði tekið fyrir í heild sinni.

Í öðru lagi liggja fyrir þinginu svokölluð vatnalög, ný lög um skipan vatnamála sem líka er hluti af þessari heild og hefði verið eðlilegt að það væri tekið fyrir.

Þá vil ég benda á, forseti, að eðlilegt væri að fyrst væru flutt lög um vatnsvernd, vatnsverndarlög sem ættu að vera á sviði hæstv. iðnaðarráðherra. Þau hafa ekki séð dagsins ljós. Þau ættu að koma hér fyrst.

Frú forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra lýsti því yfir við miðja 2. umr. að henni hefðu orðið á mikil mistök. Allt sem hefði verið sagt við 1. umr., bæði við framsögu málsins og í umræðunni frekar hefði verið margt á misskilningi byggt af hennar hálfu. Það sýnir hversu þetta mál er illa reifað. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum fyrir að þetta færi aftur í 1. umr. og hæstv. ráðherra fengi að mæla fyrir málinu og eðlilega á réttan hátt þá án eigin misskilnings.

Frumvarpið felur í sér m.a. að rýmka heimildir til að veita rannsókna- og í framhaldi virkjunarleyfi t.d. í Skagafjarðarvötnum, í Skjálfandafljóti o.s.frv.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum sitja hjá við þær breytingartillögur sem hér eru fluttar en leggjast gegn þessu frumvarpi því að við teljum í fyrsta lagi að þetta sé ótímabært, þetta sé vanreifað og málefnum sem að því lýtur, þ.e. að stuðla að auknum virkjunarframkvæmdum eins og nú stendur, megi vel fresta. Því leggjum við til að þetta mál í heild sinni verði fellt.

[15:14]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp er í raun neyðarúrræði vegna þess að ekki hefur tekist að endurskoða þau lög sem eiga að gilda í framtíðinni um þessa hluti. Í fyrravor náðist samkomulag í iðnaðarnefnd um að flytja þetta litla frumvarp vegna þess að ekki náðist að afgreiða frumvarp um jarðrænar auðlindir sem þá lá fyrir og ekki heldur um vatnalög og reyndar fleiri frumvörp sem eru hluti af því ferli sem þarna er í gangi.

Markmið nefndarinnar var að hægt væri að leyfa rannsóknir á orkunýtingarmöguleikum í vatnsafli. Þetta snýst ekki um að leyfa rannsóknir í jarðhitanum því að samkvæmt þeim lögum sem þetta frumvarp á að bætast við eru möguleikar þar fyrir hendi. En við í nefndinni töldum að full ástæða væri til að hægt yrði að leyfa þessar rannsóknir og þess vegna var þetta frumvarp flutt. Síðan kemur upp þessi óskaplegi misskilningur sem hæstv. iðnaðarráðherra stóð fyrir í haust og niðurstaða liggur svo núna fyrir að breytingartillagan sem við bárum fram, Samfylkingin og aðrir stjórnarandstöðuþingmenn, hefur verið dregin til baka en önnur lögð fram sem gerir sama gagn. Við samfylkingarmenn getum því stutt þetta mál eins og við gerðum í upphafi þegar nefndin flutti það í vor og munum þess vegna samþykkja báðar breytingartillögurnar. Önnur gengur reyndar út á það að huga að framtíðinni, hvernig eigi að úthluta þessum leyfum til að nýta jarðhita og aðra orkunýtingarmöguleika, hvernig að því verður staðið. Hin gengur út á að það þrengja möguleika hæstv. ráðherra til að veita vilyrði fyrir orkunýtingu í framtíðinni. Það er því einungis bundið við hitaveitur, hvorki orkuvirkjanir í jarðhita né vatnsafli. Við höfum þess vegna náð því fram sem við vildum ná fram. Við komum til móts við stjórnarliða með þessum hætti í vor og við stöndum við það og teljum að hér sé niðurstaða sem hægt sé að una við en leggjum hins vegar áherslu á að það verði látið ganga þannig að hægt verði að klára þau lög sem verið er að undirbúa og þær reglur sem þurfa að verða til hvað það varðar hvernig eigi að velja þá aðila sem fá að nýta orkunýtingarmöguleikana í framtíðinni.

Ég legg áherslu á það að lokum, hæstv. forseti, að þar verði staðið í ístaðinu eftir að þetta mál hefur verið afgreitt hér.

1. gr. samþ. með 49:5 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

nei: HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (BöðJ, GHH, GÖg, GÖrl, HÁs, KJúl, LB, MÁ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 537 kölluð aftur.

Brtt. 697,1 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

5 þm. (HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BöðJ, GHH, GÖg, GÖrl, HÁs, KJúl, LB, MÁ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 49:5 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

nei: HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (BöðJ, GHH, GÖg, GÖrl, HÁs, KJúl, LB, MÁ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:19]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég sat hjá við breytingartillöguna vegna þess að hún er þó skömminni til skárri en greinin eins og hún var í frumvarpi hæstv. ráðherra. Hins vegar get ég ekki greitt 5. gr. sjálfri atkvæði, þ.e. 5. gr. laganna svona breyttri, vegna þess að í henni er fólginn þessi tappi sem er tekinn úr að mati okkar sem viljum fara hægt í sakirnar í þessum málum. Grundvöllur frumvarpsins byggir á því að heimila orkufyrirtækjunum kapphlaup í rannsóknir vegna vatnsaflsvirkjana. Þetta kapphlaup sem nú stendur er vegna brjálaðrar stóriðjustefnu þessarar ríkisstjórnar. Þessi breyting er fullkomlega ótímabær og gerir það að verkum að orkufyrirtækin fara nú að etja kappi sem aldrei fyrr um viðkvæma kosti okkar í vatnsafli og það er mál að linni en ekki að kynt sé undir kapphlaupi því sem hæstv. iðnaðarráðherra er með þessari breytingu að setja af stað. Ég segi nei.

[15:21]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég ætla að segja nei í þessu máli. Í iðnaðarnefnd kom skýrt fram að það er mat iðnaðarráðuneytisins og hæstv. iðnaðarráðherra að orkufyrirtækin séu ekki nógu æst í að hefja rannsóknir á öllum vatnsföllum okkar og jarðhitasvæðum. Ástæðan er sú að það er stefna þessarar ríkisstjórnar að álvæða Ísland eins og það leggur sig. Við urðum vör við það í síðustu viku að fyrst sagði hæstv. iðnaðarráðherra að það ætti að byggja eitt álver í viðbót en í lok vikunnar var hún komin á þá skoðun að það ætti að byggja tvö álver, það rúmaðist alveg innan Kyoto-sáttmálans að byggja tvö álver í viðbót. (**Iðnrh.:** Er þetta til umræðu hér?) Þetta er hluti af því, hæstv. iðnaðarráðherra.

Brtt. 697,2 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ,

JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

5 þm. (HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BöðJ, GHH, GÖg, GÖrl, HÁs, JóhS, KJúl, LB, MÁ, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 49:5 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

nei: HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (BöðJ, GHH, GÖg, GÖrl, HÁs, KJúl, LB, MÁ, ÖS) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 49:5 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

nei: HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (BöðJ, GHH, GÖg, GÖrl, HÁs, KJúl, LB, MÁ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 512 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 49:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

nei: KolH.

4 þm. (HlH, JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BöðJ, GHH, GÖg, GÖrl, HÁs, KJúl, LB, MÁ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49:5 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

nei: HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (BöðJ, GHH, GÖg, GÖrl, HÁs, KJúl, LB, MÁ, ÖS) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er ekki algengt að ég greiði atkvæði á móti því að mál verði látið ganga til 3. umr., þ.e. að mál fái þinglega meðferð. Ástæðan fyrir því að ég geri það nú er sú að allur málatilbúnaður hæstv. iðnaðarráðherra í kringum þetta mál hefur verið með ólíkindum. Sömuleiðis hefur framganga forseta Alþingis verið ámælisverð að mínu mati. Við tókumst hér harkalega á við 2. umr. um málið þar sem komið var í ljós að stór hluti af málatilbúnaði hæstv. ráðherra byggði á misskilningi hennar og það var óskað eftir því að 2. umr. hæfist að nýju. Við því var ekki orðið þannig að ég tel ekki að þetta mál hafi farið þinglega í gegnum þingið. Þess vegna segi ég nei, frú forseti, við því að málið gangi til 3. umr.

[15:24]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti frábiður sér svona ávirðingar frá hv. þingmanni þar sem forseti lagði sig fram um að ná sátt í þessu máli. Eftir að hæstv. iðnaðarráðherra hafði tekið til máls var þingfundum frestað hér ítrekað og forseti beitti sér fyrir því að haldinn var fundur í iðnaðarnefnd þar sem málin voru rædd. Þar komst á samkomulag meðal allra flokka nema við Vinstri græna sem tóku ekki þátt í því samkomulagi. Þá fyrst var 2. umr. haldið áfram um málið þegar málin höfðu verið skýrð.

[15:25]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason mun hafa haldið rúmlega 5 klukkutíma ræðu í 2. umr. um þetta mál. Ég fer að átta mig á því núna eftir atkvæðaskýringar hans hvers vegna hann þurfti svo langan tíma. Annaðhvort hefur hv. þingmaður ekki skilið málið eða vísvitandi farið rangt með. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður fullyrti að hér væri verið að veita nýtingar- eða virkjunarleyfi með þessu máli. Hv. þingmaður veit að svo er ekki. Þess vegna er það yfirgnæfandi meiri hluti iðnaðarnefndar og þingheims sem stendur að því að vísa þessu máli áfram. Það lýtur einungis að því að úthluta rannsóknarleyfi. Og þá er nú fokið í flest skjól ef menn leggjast gegn rannsóknum til að geta tekið frekari ákvarðanir. Um það snýst þetta mál og ekkert annað, að veita rannsóknarheimildir. Punktur. Þess vegna er ástæða til að styðja málið.

[15:26]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég sat fund iðnaðarnefndar þar sem gert var hlé á störfum nefndarinnar til að plotta í bakherbergjum um framvindu málsins. Minni hluti Samfylkingar og Frjálslyndra féllst á málamiðlunartillögu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks og er reyndar athyglisvert að sjálfur hv. þingflokksformaður Framsóknarflokks kom þar inn sem varamaður. Þetta er eitt af grundvallaratriðum í störfum þingsins og umhverfismálum og sýnir auðvitað að það er Vinstri hreyfingin – grænt framboð sem stendur einn flokka í lappirnar þegar kemur að umhverfismálum hér á landi.

[15:27]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram, eins og kom fram hjá

hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, að það heyrir til undantekninga að ég greiði atkvæði gegn því að mál fái þinglega meðferð. En eins og við lýstum við 2. umr. málsins teljum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að þetta mál sé ekki tilbúið til afgreiðslu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður grunnrannsóknir heils hugar og vill að þær fari fram en þær rannsóknir sem hér er verið að leyfa, úthlutun á rannsóknarleyfum til vatnsaflsvirkjana — vatnsaflsrannsóknir snúast ekki um grunnrannsóknir sem slíkar, heldur undirbúning þess að halda áfram stóriðjustefnu hæstv. ríkisstjórnar, einskis annars. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur með samþykkt þessa frumvarps heimild til að úthluta til hægri og vinstri þar til reglur verða settar um hvernig hún eigi, hæstv. ráðherra, að úthluta leyfunum.

[15:29]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason fór hér ágætlega yfir efni máls og af hverju við erum að greiða atkvæði, nokkurn veginn allir þingmenn á Alþingi Íslendinga. Ég verð samt eiginlega að vekja athygli á þeirri fullyrðingu að ef máli er þannig fyrir komið að saman séu kallaðar stjórn og stjórnarandstaða í eina nefnd sé verið að plotta í reykmettuðum bakherbergjum. Það er náttúrlega illa komið fyrir mönnum þegar þeir ætla að fara í svokallað samráð. Það er þá ágætt að það sé bara vitað að það sé hið versta mál þegar menn setjast niður með stjórnarandstöðunni til að finna góðan flöt á máli eins og var gert þarna og ég hélt að allir væru sáttir með.

Ég vil minna hv. þm. Hlyn Hallsson á að það er bannað að reykja í opinberum byggingum þannig að ég rétt leyfi mér að vona að menn hafi ekki gert það þegar þeir settust niður og fóru yfir þetta ágæta mál.

[15:30]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við erum að fjalla um mál sem er mjög umdeilt. Það er staðreynd að ábyrgðarmaður þessa frumvarps, hæstv. iðnaðarráðherra, fór með rangt mál þegar 2. umr. um það fór fram í þinginu. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskuðu eftir því að hlé yrði gert á umræðu um málið og því skotið fram yfir helgina. Á það var ekki fallist og ég verð að segja að það var dapurleg stund þegar ég sá ríkisstjórnarflokkana, Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn, fallast í faðma við Samfylkinguna og Frjálslynda hér á þingi og sameinast um að styðja tillögu ríkisstjórnarinnar um að málið fengi flýtiafgreiðslu hér fyrir helgina (Forseti hringir.) þvert á óskir okkar og vilja og, að því er ég tel, samkomulag sem við höfðum gert okkar í milli. Það var ekki undirritað (Forseti hringir.) en það var engu að síður samkomulag sem stundum er kennt við drengskap.

[15:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta er svolítið undarleg umræða. Það er verið að vísa máli áfram milli 2. og 3. umr., máli sem varð algjört samkomulag um í iðnaðarnefnd, máli sem varð samkomulag um í iðnaðarnefndinni líka í vor sem leið — og við stóðum að því. Mér þykir undarlegt að fá slíka snoppunga frá hv. þingmönnum Vinstri grænna að við eigum ekki og megum ekki styðja mál sem við vorum flutningsmenn að út úr nefnd í vor sem leið. Þó að þessi misskilningur sem hæstv. iðnaðarráðherra ber ábyrgð á hafi komið upp tókst samt að finna leið til að gera málið algerlega skýrt, svo skýrt að ekki væri hægt að misskilja um hvað þetta snerist, þ.e. rannsóknarleyfi og að ekki væri hægt að veita nýtingarleyfi með þeim. Ég frábið mér bara að við megum ekki styðja mál, að eitthvað sé bogið eða brogað við það að við styðjum mál sem við höfum flutt sjálf.

[15:33]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það mál sem við greiðum hér atkvæði um hvort vísa eigi til 3. umr. eða ekki byggir á tveimur þáttum. Í fyrsta lagi hvort það hafi fengið eðlilega og þinglega meðferð til þessa, bæði af hálfu meiri hlutans, hæstv. iðnaðarráðherra, og jafnframt í störfum þingflokkanna. Við teljum að það hafi ekki fengið þá eðlilegu þinglegu meðferð sem réttlætir að því sé vísað til 3. umr. samanber það að hæstv. iðnaðarráðherra upplýsti að bæði 1. umr. og fyrri hluti 2. umr. var byggt á misskilningi hennar um efnisatriði málsins.

Í öðru lagi snýr þetta efnislega að úthlutun rannsóknarleyfa sem þar með verða markaðsvara, sem þar með er forgjöf að virkjunarleyfum. Við teljum að ekki eigi að svo stöddu að opna á fleiri slíkar leyfisveitingar, a.m.k. ekki fyrr en við erum þá búin að ljúka (Forseti hringir.) umræðu um lög sem þessu tengjast, frú forseti.

Umræður utan dagskrár.

Stóriðjuáform ríkisstjórnarinnar og loftslagsmál.

[15:35]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Yfirlýsingar hæstv. iðnaðarráðherra um stóriðjuvæðingu landsins síðustu daga eru einkennilegar og misvísandi. Í Morgunblaðinu segir hún á þriðjudegi að aðeins eitt álverkefni komi til greina. Í Fréttablaðinu tveimur dögum síðar eru verkefnin orðin tvö, ef ekki þrjú. Í Morgunblaðinu segir hún að loftmengun setji uppbyggingunni takmörk, í Fréttablaðinu er það ekki lengur, heldur er það aðeins orkan sem takmarkar uppbyggingarmöguleika okkar. Þó veit ráðherrann að áform sem þessi munu leiða til tveggja milljóna tonna útblásturs árið 2012 sem er langt umfram þær viðmiðanir sem við höfum í mengunarmálum.

Við í Samfylkingunni teljum að hér sé allt of geyst farið í stóriðjuáformum, það sé skýlaust og afdráttarlaust og vafalaust að við verðum að uppfylla þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum tekist á hendur og standa að virkjunum í sátt við náttúru landsins og fólkið í landinu. Við hljótum þess vegna að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra: Hvort er það stefna ríkisstjórnarinnar að reisa eitt, tvö eða þrjú ný álver á Íslandi á næstu sex árum umfram það sem þegar hefur verið ákveðið? Eitt, tvö eða þrjú?

Í þessu sambandi er ekki nægilegt að horfa til koltvísýringsmengunarinnar einnar þótt hún sé vissulega alvarleg, það verður líka að skoða þær heimildir sem við höfum í losun flúorkolefnis og ég spyr hæstv. iðnaðarráðherra hvort þær heimildir okkar séu fullnýttar og hvort þær geti hamlað þeim áformum sem hæstv. ráðherrann hefur sinnt.

En við getum ekki aðeins horft til umhverfismála. Við hljótum líka að spyrja um stöðu efnahags- og atvinnumála þegar svo stórar yfirlýsingar eru gefnar út af hálfu hæstv. iðnaðarráðherra. Flestar ákvarðanir okkar um uppbyggingu stóriðju hafa verið teknar til að styrkja atvinnuástand á svæðum sem þurftu eflingar við. Nú eru allt aðrar aðstæður uppi í íslensku samfélagi. Hér er bullandi þensla, mikill innflutningur á vinnuafli, spenna á launamarkaðnum, kröfur um hærri laun og verðbólga hærri en í samkeppnislöndunum. Stýrivextir hækka frá einum mánuði til annars og eru hér orðnir hærri en í samkeppnislöndunum, öllum hygg ég. Þá hljótum við að spyrja hvort það sé innlegg ríkisstjórnarinnar í efnahagsstjórnunina við þær aðstæður að boða hér tvö eða jafnvel þrjú ný stórverkefni í stóriðju á næstu sex árum. Telja ekki a.m.k. samstarfsmenn iðnaðarráðherra í ríkisstjórninni, þingmenn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, að eitt álver sé meira en nóg inn í það þensluástand í efnahagslífinu sem nú er og verður næstu sex árin? Eða hefur ráðherrann stuðning í það að ætla að boða og byggja tvö ný álver á næstu sex árum? Eru það skilaboð ríkisstjórnarinnar til markaðarins, inn í peningastjórnunina og inn í þær kröfur sem nú eru uppi á vinnumarkaði? Eru það skilaboðin um aðhald og stöðugleika sem þurfa á þessum tímum að koma frá stjórnvöldum?

Ruðningsáhrifin af stóriðjuframkvæmdunum undanfarið, eða þenslunni sem af þeim leiddi öllu heldur, hafa ekki farið fram hjá neinum. Við höfum fylgst með fyrirtækjum flytja störf og starfsemi til annarra landa. Hluti af því er eðlileg þróun. Sumt af því er ekki annað en jákvætt þar sem við fáum betri störf fyrir verri. En það hlýtur að vera okkur umhugsunarefni þegar við heyrum frá fyrirtækjum eins og Marel eða tölvuleikjafyrirtækinu CCP, framúrskarandi tæknifyrirtækjum með hálaunastörf sem unga fólkið í landinu hefur áhuga á og erlend ríki ásælast og bjóða í, ef það eru skilaboð hæstv. ríkisstjórnar að hér eigi þungamiðjan í allri atvinnuuppbyggingu að vera í stóriðjunni næsta áratuginn.

Loks hljótum við að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé virkilega satt (Forseti hringir.) sem hún hefur lýst yfir að ekki hafi verið haft samráð við hana um þær einkaviðræður sem nú eru hafnar við Alcan í Straumsvík.

[15:40]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mál hér upp. Það gefur færi á því að leiðrétta ýmis orð sem fallið hafa á undanförnum dögum og vikum um svokallaða stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar eins og það er kallað.

Staðan á Íslandi er sú að hér eru starfrækt tvö álver, þ.e. álver Alcans í Straumsvík og álver Norðuráls á Grundartanga. Þessu til viðbótar er í byggingu álver Fjarðaáls í Reyðarfirði sem mun taka til starfa árið 2007. Stjórnvöld beittu sér markvisst á sínum tíma til að laða öll þessi fyrirtæki hingað til lands til eflingar íslensku atvinnulífi. Hvað varðar frekari uppbyggingu stóriðju hér á landi er hins vegar e.t.v. réttara að tala um stóriðjuáform ríkisins, sveitarfélaga og orkufyrirtækja í eigu þeirra og ekki síst álfyrirtækjanna sjálfra. Sveitarfélögin á stórhöfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi hafa staðið ötullega að stækkun þeirra álvera sem nú eru starfrækt. Svo er einnig um allar hugmyndir um frekari stóriðjuuppbyggingu annars staðar. Á Norðurlandi koma sveitarfélögin að athugunum Alcoa og stjórnvalda á fýsileika þess að byggja þar upp stóriðju.

Ég er ekki hissa á því að þessir aðilar hafi áhuga á að byggja upp öflugt atvinnulíf. Það hefur sýnt sig að álverin þykja góðir vinnustaðir sem standa vel að aðbúnaði starfsfólks. Framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands greindi t.d. frá því í síðustu viku að meðalstarfsaldur hjá álveri Alcans væri með því lengsta sem gerist hér á landi. Þá sagði hann jafnframt að regluleg mánaðarlaun verkafólks og iðnaðarmanna í álverinu væru mun hærri en meðaltal þessara hópa á landsvísu. Þá væru stjórnendur álfyrirtækjanna frumkvöðlar og í fararbroddi hvað varðar öryggis- og aðbúnaðarmál. Álverin eru einnig, sem kunnugt er, stór kaupandi að raforku hér á landi og fyrir tilstuðlan þeirra hefur verið byggt upp öflugt og öruggt raforkukerfi.

Fyrirtækin Alcoa, Century Aluminium og Alcan eiga nú í könnunarviðræðum við orkufyrirtæki, stjórnvöld og í sumum tilfellum sveitarfélög um þrjú möguleg verkefni. Tvö þeirra eru á suðvesturhorninu. Alcan er að skoða stækkun álversfyrirtækisins í Straumsvík um 280 þús. tonna ársframleiðslugetu. Hefur félagið undirritað samkomulag við Orkuveitu Reykjavíkur um afhendingu á tæplega helmingi af þeirri raforku sem þörf er á vegna stækkunarinnar og einnig liggur fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þá er Alcan um þessar mundir í einkaviðræðum við Landsvirkjun um þá orku sem út af stendur til að af stækkun geti orðið. Ekki er hins vegar búið að taka neina ákvörðun um hvort af stækkun muni verða og ítrekaði Rannveig Rist, forstjóri Alcans á Íslandi, það í Morgunblaðinu 28. janúar sl.

Alcoa, eigandi Fjarðaáls, er að skoða byggingu allt að 250 þús. tonna álvers á Norðurlandi. Rannsóknir á orkuöflunarkostum í tengslum við þá framkvæmd eru skemmra á veg komnar, en fyrsti áfangi álversins gæti hugsanlega hafið framleiðslu á árinu 2012. Century Aluminium, eigandi Norðuráls, er svo að skoða byggingu nýs allt að 250 þús. tonna álvers í Helguvík í Reykjanesbæ. Það er því ljóst að jafnvel þótt litið sé til allra ýtrustu áforma um stækkun álvera eða byggingu nýrra hér á landi og ef miðað er við þær tímaforsendur sem að framan greinir munu Íslendingar standa við skuldbindingar sínar í Kyoto-bókuninni gagnvart útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna stóriðju. Þar sem engar ákvarðanir liggja fyrir um nokkurt þessara nýju verkefna er allt of snemmt að segja til um hvort af þeim muni verða. Mitt hlutverk og íslenskra stjórnvalda er hins vegar að gæta þess að Íslendingar standi við skuldbindingar sínar gagnvart Kyoto-bókuninni. Stjórnvöld munu jafnframt vinna að því að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og gæta þess að í áframhaldandi uppbyggingu muni framkvæmdir, ef af þeim verður, dreifast með skynsamlegum

hætti yfir næstu ár þannig að ekki verði hér of mikil þensla og að útflutnings- og samkeppnisgreinar standi ekki höllum fæti.

Hæstv. forseti. Að síðustu hvað varðar spurningu hv. þingmanns um hvort ekki hafi með viðræðunum við Alcan verið ákveðið að Alcan væri næst í röðinni langar mig til að benda á að Orkuveita Reykjavíkur tók fyrsta skrefið með því að semja við Alcan í júní sl. (Forseti hringir.) um að útvega fyrirtækinu 40% þeirrar orku sem þarf til stækkunarinnar.

[15:45]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Mér eru það nokkur vonbrigði að loftslagsmálin skyldu ekki vera meira í fókus í ræðu hv. flutningsmanns og kannski í ræðu hæstv. iðnaðarráðherra líka því að umræðan var þannig kynnt. Það sem mig langaði til að ræða hér voru hlutir varðandi losunina. Það er alveg fáránlegt að hæstv. iðnaðarráðherra skuli leyfa sér að segja að hún ætli að halda sig innan skuldbindingarmarka okkar í Kyoto hvað varðar íslenska ákvæðið þegar alþjóð veit að það hljóðaði upp á 1,6 milljónir tonna í útblástur og nú liggur á borðinu að hæstv. ríkisstjórn ætlar að teygja sig langt yfir tveggja milljóna tonna markið og segja að það rúmist innan heimildanna vegna þess að gerður verði meðaltalsútreikningur. (**Iðnrh.:** Reglurnar eru þannig.) Það er þá ljóst að við áramótin 2012 ætla hæstv. ríkisstjórn og stóriðjuflokkarnir á Alþingi að gangast fyrir því að við losum hér á þriðju milljón tonna gróðurhúsalofttegunda við lok skuldbindingartímabils I í Kyoto. Síðan ætlar þessi ríkisstjórn, að öllum líkindum með stuðningi stóriðjuflokkanna á Alþingi, að fara í herferð, í mikinn leiðangur á vegum Kyoto-sáttmálans, og sækja um undanþáguheimild upp á á þriðju milljón tonna á ári á árunum sem á eftir koma, 2013, 2014, 2015, 2016 — og hvað langt inn í framtíðina?

Ég spyr, frú forseti: Eru menn orðnir algerlega sturlaðir hér? Það er ekki nokkur glóra í þessari ásókn í að heimila þennan útblástur. Eru menn sér meðvitaðir um heilsufar fólks sem þarf að búa við það að 12 kíló af brennisteinsdíoxíði per tonn af bræddu áli fari út í andrúmsloftið við heimili þess? Hvaða áhrif hefur þetta á heilsufar fólksins sem byggir þetta land? Eru menn orðnir (Forseti hringir.) vitlausir, frú forseti?

[15:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp. Það er mjög mikilvægt og við þurfum að ræða það oftsinnis á þessum vettvangi sem og annars staðar í þjóðfélaginu. Það hefur verið sátt um það meðal stjórnmálaafla á Íslandi að nýta þá orku sem landið hefur upp á að bjóða. Er Ísland með algjöra sérstöðu þegar kemur að endurnýjanlegum orkugjöfum, 70% af orku okkar kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum og bara svo að við berum okkur saman við t.d. OECD-löndin eru það 5% þar. (**KolH:** Þetta er fölsun.) Virðulegi forseti. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir.

Það sem er einnig athyglisvert er að þegar menn skoða loftslagsmálin — því að þeir hafa áhyggjur af þeim — lítur þetta ekki vel út varðandi endurnýjanlega orkugjafa. Þeir voru 13,1% 1973 og eru svipaðir núna en verða 12,3% árið 2030, ef áætlanir ná fram að ganga.

Það hefur verið mjög mikil sátt um stóriðjuna meðal allra stjórnmálaafla hér á þingi og annars staðar í þjóðfélaginu. Hefur sá sem hér stendur m.a. unnið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og borgarstjórn að því að Orkuveita Reykjavíkur fer að byggja upp aðstæður fyrir stóriðju sem m.a. kom fram hjá iðnaðarráðherra. Það kom mér svolítið á óvart að heyra hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur tala um stóriðjuflokkana og að þeir væru orðnir sturlaðir þar sem ég sit nú með fulltrúa Vinstri grænna í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og hef aldrei heyrt þetta tal þar. Þvert á móti hefur í fyrsta skipti í sögu Orkuveitu Reykjavíkur undir forustu R-listans, þó að við sjálfstæðismenn höfum tekið virkan þátt í því — þar á meðal með þátttöku vinstri grænna í algjörri sátt — verið farið út í það að skapa hér aðstæður fyrir stóriðju og að fyrirtæki fari að selja orku til hennar. Það hefur aldrei gerst áður. Ef við erum hér að tala um stóriðjuflokka er nú sá ágæti flokkur Vinstri grænir einn af þeim.

Ástæðan örugglega fyrir því að menn hafa viljað gera það er sú að vatnsaflsvirkjanir menga mun minna af CO_2 en t.d. kolavirkjanir, ef þannig má að orði komast, sem eru með 11,4 tonn, gas með 5–8 tonn á meðan (Forseti hringir.) vatnsaflið er með 0,06 tonn.

[15:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Margir hafa að undanförnu varað við því að farið sé fram með loforð um mikil stóriðjuáform á næstu 4–6 árum, eins og hæstv. iðnaðarráðherra hefur gert í máli sínu að undanförnu. Það á ekki að ýta undir sérstakt kapphlaup álfyrirtækjanna sem fullnýta heimildir Íslands til losunar samkvæmt Kyoto-bókun með því að láta út frekari stækkunarleyfi álvera að svo komnu máli.

Miðstjórn Frjálslynda flokksins ályktaði þann 25. janúar svo, með leyfi forseta, „að gaumgæfa beri mjög vel fyrirhugaðar virkjanir eða áformaðan vöxt áliðnaðar á Íslandi.

Frekari uppbygging stóriðju er vandasamt verk og taka ber fullt tillit til náttúru, landnytja og mengunar þegar virkjunarkostir eru skoðaðir og ákveðin frekari stóriðja.

Sérstaklega þarf að huga að afleiðingum stóriðjustefnu fyrir aðrar atvinnugreinar.“

Það er ljóst að við erum að missa ýmis atvinnufyrirtæki í útflutningsgreinum úr landi eins og á málum er haldið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Náttúra Íslands er ein verðmætasta auðlind Íslendinga. Veljum næstu skref af vandvirkni og yfirvegun í virkjunar- og álverum. Við höfum séð álver eins og Norðurál í Hvalfirði rekin með ágætishagnaði þrátt fyrir undir 90 þús. tonna framleiðslu. Það er ekki þörf á því að byggja gríðarlega stór álver, við getum dreift þessum atvinnutækifærum skynsamlega um landið og við eigum einnig að nýta orkuna skynsamlega með tilliti til náttúrunnar. Það er óþarfi að æða á undan með forustu iðnaðarráðherra í fararbroddi og axarsköft hennar.

[15:52]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Forseti. Það er erfitt að átta sig á því á hvaða leið ríkisstjórnin í heild er í þessu stóra máli nema að því leyti að alþjóðlegar skuldbindingar okkar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eru ekki teknar alvarlega að því er virðist ef við þær á að standa en það virðist ekki henta hæstv. ríkisstjórn.

Ef marka má „skuespil" síðustu daga virðist sem starfsbræður iðnaðarráðherra hafi svikið hana um álverið sitt fyrir norðan, og í þeirri trú að sókn sé besta vörnin lofar Valgerður Sverrisdóttur nú álverum hraðar en hún man sjálf. Hið umdeilda íslenska sérákvæði við Kyoto-bókunina er að verða til þess að menn eru að missa stjórn á stóriðjuframkvæmdum næsta áratuginn. Að auki haga stjórnvöld sér eins og þau hafi frítt spil, engar aðgerðir þurfi yfirleitt til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi, hvorki frá skipa- og bifreiðaflota landsins né frá stóriðjunni.

Forseti. Hvernig væri að standa að nákvæmu og yfirveguðu mati á þeim kostum sem til greina koma í stöðunni, á staðarvali, á orkuöflun, á tímasetningu? Hvernig væri að huga að áhrifum á aðrar atvinnugreinar, svo sem hátækniiðnað og ferðaþjónustu? Hvernig væri að huga að atvinnuástandi, að byggðum landsins og að þenslunni, hvernig hún hefur ólík áhrif víða um landið? Hvernig væri að hanna áætlun, frú forseti? Hún gæti heitið „rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma". Hvernig væri að vinna eftir henni, frú forseti?

Það er ekki gert af því að það er engin stefna, enginn ramminn, (**Iðnrh.:** Hvernig ...?) en ríkisstjórnin er á harðahlaupum við að uppfylla óskir orkukaupenda. Það er eitthvað mjög öfugsnúið hér, frú forseti.

[15:54]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er heiðarlegt af þingmönnum Samfylkingarinnar að opna sig hér í þessu máli og segja frá stefnu Samfylkingarinnar hvað varðar uppbyggingu stóriðju, m.a. á Norðurlandi. Ég hef ekki heyrt annað á hv. þingmönnum Samfylkingarinnar hér en að Samfylkingin hafi í þessari umræðu lagst gegn þeim áformum.

Talandi hér um þenslu og þensluástand (Gripið fram í.) vil ég upplýsa þingmenn Samfylkingarinnar um að það er ekkert mikið þensluástand í Þingeyjarsýslum. Það er gríðarlegt atvinnuleysi í Eyjafirði. Forustumenn sveitarfélaganna á Norðurlandi hafa í ágætu samráði við hæstv. iðnaðarráðherra átt gott samstarf hvað varðar framtíðaráform í uppbyggingu atvinnutækifæra á Norðurlandi. En því miður virðist Samfylkingin hafa snúist gjörsamlega í þessu máli og það er alveg ljóst að hv. þingmenn Samfylkingarinnar geta ekki talað öðru máli norðan heiða en hér í þingsölum Alþingis. Og það er alveg ljóst að menn verða að vera ábyrgir orða sinna í þessum efnum.

Allt of geyst farið í stóriðjumálum? Hæstv. iðnaðarráðherra fór yfir það áðan að við munum standa við skuldbindingar okkar hvað Kyoto-bókunina varðar, það er ásetningur íslenskra stjórnvalda. Síðan geta hv. þingmenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna náttúrlega talað á allt annan hátt, sagt að ríkisstjórnin ætli sér að brjóta þetta samkomulag. Það var reyndar hlegið að hæstv. ríkisstjórn þegar við reyndum að fá undanþágu hvað varðar mengunarákvæði í þessari Kyoto-bókun. Það er alveg ljóst að ef ríkisstjórnin hefði ekki náð því fram værum við ekki að horfa á framtíðaruppbyggingu í atvinnumálum, sérstaklega ekki á landsbyggðinni.

Það virðist vera þannig að þegar talað er um atvinnumál á landsbyggðinni gegnir þar allt öðru en um atvinnumál á höfuðborgarsvæðinu. Það er gríðarleg uppbygging stóriðju á höfuðborgarsvæðinu. Þegar við tölum um Austurland (**SigurjÞ:** Eigum við að taka veiðiréttinn?) eða Norðurland fer allt af hjörunum hjá hv. þingmönnum vinstri flokkanna hér á Alþingi. (**Gripið fram í:** Þetta er einnar hugmyndar atvinnustefna.)

[15:56]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég stóð í þeirri trú að fyrirtækin væru að hrökklast úr landi hvert á fætur öðru, hátæknifyrirtæki og önnur sem eiga hér rætur í útflutningsgreinum.

Ég hlustaði á hæstv. umhverfisráðherra í útvarpsviðtali í morgun. Hæstv. ráðherra, Sigríður A. Þórðardóttir, vék þar að álumræðunni sem hún nefndi svo og sagði að þar væru menn komnir langt fram úr veruleikanum. (**Umhvrh.:** Ég sagði að umræðan væri komin langt fram úr veruleikanum.) Að umræðan væri komin langt fram úr veruleikanum. Ég var ekki alveg viss um við hvern hæstv. ráðherra ætti, hver það væri sem væri kominn langt fram úr veruleikanum, hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir. Niðurstaða mín varð sú að það væri einmitt sá ráðherra sem hér situr, hæstv. iðnaðarráðherra, sem að mati umhverfisráðherrans væri komin langt fram úr veruleikanum.

Það er ljóst að ef draumar hæstv. ráðherra Valgerðar Sverrisdóttur verða að veruleika fer álframleiðsla, sem nú stendur í tæpum 300 þús. tonnum, í 1,5 milljónir tonna. Ef það gerist verðum við búin að sprengja allar þær skuldbindingar sem við höfum gefið um losun gróðurhúsaefna.

Í morgun sagði hæstv. umhverfisráðherra að menn skyldu bíða eftir því hver framvindan yrði varðandi Straumsvík. Hæstv. iðnaðarráðherrann er ekki á þeim buxum að bíða, heldur fer um landið með áróður og hvatningu um að virkja og að reisa álver. Hér er síðasta dæmið, hér með fallegu og virðulegu skjaldarmerki Íslands, álver á Norðurlandi. Nú er búið að setja allar kraftmaskínur þar í gang til að fá menn til að berjast fyrir álverum í (Forseti hringir.) þeim hluta landsins. Á þeim slóðum eru menn ekkert á því að bíða (Forseti hringir.) og það er hæstv. iðnaðarráðherra ekki. Hún er aldeilis ekki á þeim buxum að það eigi að bíða.

[15:59]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka upp þessa umræðu sem gefur reyndar líka tilefni til þess að velta fyrir sér stefnu Samfylkingarinnar. Hún er hvorki skýr og ákveðin né gefur tilefni til þess að fólkið í landinu geti tekið mark á henni.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf haft þá skýru stefnu að

nýta beri orkuauðlindir landsins til hagsbóta fyrir landsmenn eins og sjá má af ályktunum flokksins og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Við ætlum okkur að halda áfram að bæta kjör þjóðarinnar, og nýting orkuauðlindanna er ein af þeim leiðum sem við höfum til þess. Kaupendur orkunnar eru stóriðjuver sem skapa útflutningstekjur, atvinnu og aukinn hagvöxt. Í hnattrænu samhengi er hér um góða leið að ræða, auðlindir okkar eru endurnýjanlegar. Í efnahagslegu samhengi er það ekki spurning að hér er um góða leið að ræða en það verður auðvitað að hafa í huga að framkvæmdirnar komi rétt inn í hagkerfið og inn í hagsveifluna. Það er auðvitað meginmál sem við verðum að huga að.

Það liggur ljóst fyrir að það er ónýtt orka á Þjórsársvæðinu sem skynsamlegt og hagkvæmt er að nýta. Sú orka verður auðvitað nýtt sunnan lands. Á Norðurlandi eru miklir kostir hvað varðar orkunýtingu, bæði í fallvötnum og ekki síst í gufuaflsvirkjunum. Tækniþekking er sífellt að aukast á því sviði og gefur því fleiri tækifæri. Það er augljóst að sú orka sem verður aflað á Norðurlandi verður nýtt þar eftir því sem gufuaflssvæðin gefa tilefni til. Viðræður eru reyndar að hefjast við Alcoa um það efni á næstu vikum.

Það er ánægjulegt að núna eru það kaupendurnir sem banka á dyrnar hjá okkur varðandi orkukaup. Sú tíð (Forseti hringir.) er liðin að við þurfum að eltast við þá út um allan heim.

[16:01]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það hefði verið mjög fróðlegt og gagnlegt að fá fram skýr viðhorf hæstv. umhverfisráðherra til þessa máls. Hve mörgum álverum er hægt að bæta við þannig að það rúmist innan Kyoto-samningsins? En sá ágæti ráðherra, hæstv. umhverfisráðherra, flutti mjög metnaðarfulla ræðu hvað það varðar að Ísland ætli að standa við skuldbindingar sínar. En svo heyrir maður mjög undarlega ræðu frá hæstv. iðnaðarráðherra þar sem hún svarar ekki einu eða neinu hvað varðar misvísandi ummæli sín. Hvort er það eitt, tvö, þrjú eða jafnvel fjögur álver sem hún ætlar að bæta við. Rúmast þau innan þessa samnings? Hvers vegna er ekki hægt að svara því? Ég er hér með bækling sem hæstv. ráðherra hefur látið dreifa í hvert hús á Norðurlandi þar sem verið er að boða fjögur möguleg álver á Norðurlandi. Fjögur. Þetta er náttúrlega með ólíkindum. Og eitt þeirra er á Brimnesi. Það á að vera álver í Skagafirðinum. Á þeim stað sagði Framsóknarflokkurinn fyrir átta árum að vera ætti olíuhreinsunarstöð. Ég spyr: Er einhver meining á bak við þetta? Er þetta eitthvert kosningatrix hjá Framsóknarflokknum?

Ef efla á atvinnuvegi á landsbyggðinni á, að mínu mati, að líta til annarra hluta, frú forseti. Það á t.d. að skoða rafmagnsverðið. Fyrirtæki eru að hrekjast úr landi, til Færeyja, vegna þess að orkuverð er svo hátt hér á Íslandi. Það hefur komið fram úr Mjóafirðinum. Þetta er á valdsviði hæstv. ráðherra. Einnig ætti hún að líta til skipasmíðaiðnaðarins sem hún er að hrekja úr landi. Það er mjög alvarlegt að einblína eingöngu á álver og svo virðist það vera sýndarveruleikinn einn. Ég vil benda á að það hefur þegar verið skrifað undir bindandi samkomulag, m.a. fulltrúi ráðherra, um að fara í stækkun álvers hér fyrir sunnan. Er þetta þá bara blekking hæstv. ráðherra? Á ekkert að gera í atvinnumálum í (Forseti hringir.) Þingeyjarsýslu? Ég vil að hæstv. ráðherra svari því hér.

[16:03]

Helgi Hjörvar:

Virðulegi forseti. Það er óvenjulegt að sjá hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, koma hér í ræðustólinn og tala eins og þar fari valdalaus kona. Allt það sem er í gangi í stóriðjunni er á vegum einhverra annarra og ákvarðanirnar eru teknar af einhverjum öðrum, gott ef ekki hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

En, virðulegi forseti, auðvitað er það ekki þannig. Ríkisstjórn Íslands ræður yfir mikilvægum heimildum. Heimildinni til að menga. Við hljótum að spyrja: Hvar er umhverfisráðherra Íslands við þessa utandagskrárumræðu? Ríkisstjórnin ráðstafar leyfinu til að menga og það leyfi er eftirsóknarvert. Ráðherrann er spurður: Ætlar ríkisstjórnin að leyfa einu álveri að menga í viðbót eða tveimur álverum að menga á næstu sex árum? Það er grundvallarspurning fyrir þróun í atvinnu-, efnahags- og umhverfismálum á Íslandi og íslenska þjóðin á heimtingu á að ríkisstjórnin tali skýrt um það hvort eigi að leyfa einu eða tveimur stóriðjufyrirtækjum að menga meira hér á næstu sex árum. Það er grundvallaratriði. Auðvitað eru þetta ekki bara áform. Iðnaðarráðherra hæstv. getur ekki sagt mér að þetta séu bara áform. Hér slást álfyrirtækin um þessar síðustu heimildir til að menga. Auðvitað veit ráðherra að ákvörðunin um að ganga til einkaviðræðna við Alcan í Straumsvík er ákvörðun um að vilji þeir fá síðustu heimildirnar sem við eigum þá geti þeir fengið þær. Þá verði Norðurland bara að bíða og sjá hverju fram vindur í þessari þróun og eitthvað fram á næsta áratug. Því ég held að umræðan hér hafi sýnt að draumar ráðherrans um tvö eða þrjú álver í einu eigi engan hljómgrunn, ekki í neinum flokki, jafnvel ekki í hennar eigin flokki, (Forseti hringir.) því formaður þingflokks Framsóknarflokksins lýsti því síðast yfir í sjónvarpi í gær að hann teldi ekki skynsamlegt að ráðast (Forseti hringir.) í tvö verkefni í einu og þannig er spurningin orðin um stefnu Framsóknarflokksins en ekki Samfylkingarinnar í þessum málum, virðulegi forseti.

[16:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta er nú í raun dálítið vandræðaleg umræða. Það bera allir kápuna á báðum öxlum, eins og hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar viti það ekki. Þeir tóku þá ákvörðun að fara í stækkun Alcan með því að vilja, í gegnum Orkuveitu Reykjavíkur, að orka yrði seld hvað varðar 40% af þörfinni. Þannig að hv. þingmenn geta ekki komið hér og þóst ekki hafa komið neitt nálægt þessu máli. Það er það sem gerir þetta vandræðalegt og þar að auki væri skemmtilegra ef hv. þingmenn væru málefnalegri almennt vegna þess að hér erum við að tala um stóra hluti. Við erum að tala um mikilvægt mál fyrir þessa þjóð. Það vill nú svo til að álverin eru góðir vinnustaðir og samkvæmt könnun eru nú hvorki meira né minna en 99% kvenna í Fjarðabyggð sem vilja vinna í álverinu sem er verið að byggja

þar. Það segir sína sögu um hug fólksins. Já, já, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er hneyksluð vegna þess að hún er örugglega of fín til að vinna í álveri, ég er alveg viss um það.

Svo er það þetta með að við getum ekki staðið við skuldbindingar okkar. Þetta tyggja hv. þingmenn hér upp hver á fætur öðrum, að við getum ekki staðið við skuldbindingar okkar gagnvart Kyoto. Ég er búin að segja það, ég er búin að segja það vegna þess að það er búið að reikna það út, að við stöndum við skuldbindingar okkar á því tímabili sem Kyoto-samkomulagið nær yfir, frá 2008–2012. Það er ekki þannig að við séum að hafna einu fyrirtæki ef Alcan færi í stækkun, sem við vitum ekki í dag. Það er verið að reyna að koma þessu máli þannig á framfæri gagnvart þjóðinni og gagnvart Norðlendingum að ég sé að svíkja Norðlendinga. Það er það sem svífur hér yfir vötnunum. Því langar hv. þingmenn svo óskaplega mikið til að koma á framfæri við kjósendur í mínu kjördæmi. Það er málið.

[16:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(ber af sér sakir)*:

Frú forseti. Mér finnst það í hæsta máta óviðeigandi af hæstv. iðnaðarráðherra að halda því hér fram í sinni ræðu að ég hneykslist svo af því ég sé svo fín að ég geti ekki hugsað mér að vinna í álveri. Hv. alþingismenn, sem kjörnir eru af þjóðinni til að gæta hagsmuna hennar, eiga ekki að tala svona hverjir um aðra í ræðustóli. Það er ósæmandi. Það er ósæmilegt og mér finnst eðlilegt að hæstv. iðnaðarráðherra biðjist velvirðingar á því að nota svona orðbragð um félaga sína hér á Alþingi eða að hæstv. forseti veiti hæstv. ráðherra tiltal. Mér finnst ég ekki hafa þurft að sitja undir svona ákúrum í þau tæp sjö ár sem ég hef setið hér á Alþingi og ég treysti því að hæstv. forseti sjái til þess að ég þurfi ekki að sitja undir frekari ákúrum af þessu tagi í ræðum kollega minna.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 392. mál. — Þskj. 474.

[16:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag í eigu ríkisins er taki við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins og yfirtaki eignir þess og skuldir, réttindi og skuldbindingar. Frumvarp þess efnis var lagt fram á 127. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Rafmagnsveitur ríkisins voru stofnaðar með raforkulögum árið 1946, en fyrirtækið hóf rekstur þegar lögin komu til framkvæmda 1. janúar 1947. Hlutverk fyrirtækisins hefur frá upphafi verið að annast vinnslu á raforku, veita raforkunni um landið og selja hana í heildsölu til notenda á afmörkuðum orkuveitusvæðum á landsbyggðinni. Rafmagnsveiturnar gegndu lykilhlutverki í rafvæðingu landsins og hafa gegnum árin byggt upp umfangsmikið flutnings- og dreifikerfi raforku. Þessu til viðbótar byggði fyrirtækið níu litlar vatnsaflsvirkjanir og rekur um 30 dísilaflstöðvar. Á árunum 1972–1984 byggðu Rafmagnsveiturnar 132 kílóvatta byggðalínur, samtals 1.057 km að lengd, ásamt tólf aðveitustöðvum. Með byggðalínukerfinu voru öll raforkuveitusvæði landsins tengd saman í eitt landskerfi sem varð til þess að auka öryggi raforkunotenda landsbyggðarinnar verulega.

Á undanförnum áratugum hafa orðið miklar breytingar á hlutverki Rafmagnsveitna ríkisins. Segja má að fyrstu breytingarnar hafi átt sér stað með tilkomu Landsvirkjunar árið 1965. Í kjölfar þessa voru síðan raforkulögin frá 1946 endurskoðuð með samþykkt orkulaga árið 1967. Með þeim voru gerðar ýmsar meiri háttar breytingar á stórum þáttum í skipulagi raforkumála, sérstaklega varðandi rannsóknir og virkjanaframkvæmdir. Með samningi ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, um virkjanamál, yfirtöku byggðalínu og fleira, sem gerður var árið 1982, yfirtók Landsvirkjun byggðalínukerfið til eignar og reksturs uns Landsnet hf. tók yfir þennan rekstur í ársbyrjun 2005. Þá yfirtók Landsvirkjun ýmis virkjunaráform sem Rafmagnsveiturnar höfðu undirbúið. Árið 1978 tók Orkubú Vestfjarða við starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum og árið 1985 tók Hitaveita Suðurnesja við rekstri Rafmagnsveitnanna á Reykjanesi. Á undanförnum árum hafa Rafmagnsveiturnar keypt nokkrar orkuveitur sem áður voru í eigu viðkomandi sveitarfélaga. Í dag búa um 49 þús. manns á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins, sem njóta þjónustu fyrirtækisins. Starfsmenn fyrirtækisins eru á þriðja hundrað. Fjárhagsstaða Rafmagnsveitna ríkisins er traust og nam eigið fé fyrirtækisins í árslok 2004 tæpum 10,8 milljörðum kr. Styrking og endurnýjun sveitakerfa hefur hin síðari ár að mestu verið fjármögnuð af sölutekjum fyrirtækisins og hefur það lengst af valdið hallarekstri og hærri gjaldskrá en hjá öðrum rafveitum. Fjármögnun þessa félagslega þáttar í starfsemi Rafmagnsveitnanna hefur nú verið leyfð með lögum nr. 98/2004.

Breytingar á rekstrarformi raforkufyrirtækja hafa verið mjög til umræðu undanfarin ár. Á 122. löggjafarþingi lagði þáverandi iðnaðarráðherra fram tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála sem hlaut eina umræðu og var afgreidd úr hv. iðnaðarnefnd en hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Í tillögunni var m.a. lagt til að rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið ætti eignarhlut í yrði yfirfarið. Á undanförnum árum hefur Hitaveita Suðurnesja, Orkubú Vestfjarða og Norðurorku verið breytt í hlutafélög. Þá var Orkuveitu Húsavíkur breytt í einkahlutafélag og Orkuveitu Reykjavíkur í sameignarfyrirtæki.

Um allnokkurt skeið hafa verið uppi hugmyndir um að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag einkum í tengslum við þær breytingar sem orðið hafa á skipulagi raforkumála en sem kunnugt er stuðla raforkulögin, sem samþykkt voru á Alþingi 2003, mjög að aukinni samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Röksemdirnar fyrir því að stofna hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins eru margvíslegar. Meginröksemdin er sú að hlutafélagaformið er mun hentugra rekstrarform þegar kemur að samkeppnisrekstri en það rekstrarform sem nú er notast við jafnvel þó að ríkissjóður yrði einn eigandi að hlutafélaginu. Verður í þessu sambandi að hafa í huga að hlutafélagaformið er

mjög fast mótað og þrautreynt. Í löggjöf sem um það hefur verið sett er verkaskipting milli hluthafa og aðalfunda stjórnar og framkvæmdastjórnar vel skilgreind. Þá eru reglur um endurskoðun og ársreikningagerð, bæði rekstrarreikning og efnahagsreikning, mjög fastmótaðar og skýrar. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins takmarkast við hlutafjáreign og ábyrgð stjórnenda eykst við breytinguna.

Með því að reka Rafmagnsveiturnar í hlutafélagaformi verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárfestingar um nýtingu í rekstri verða auðveldari í framkvæmd og fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins sem hlutafélags stuðlar að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri. Öll önnur orkufyrirtæki hér á landi hafa valið þann kost að breyta rekstrarformi sínu yfir í hlutafélagaform að undanskilinni Orkuveitu Reykjavíkur sem kaus fremur sameignarfélagsformið sem er sama rekstrarform og Landsvirkjun hefur notað. Um alla Evrópu hefur svipuð þróun átt sér stað. Í þessu sambandi vil ég taka skýrt fram að ekki stendur til af hálfu ríkisstjórnarinnar að selja Rafmagnsveitur ríkisins. Markmið frumvarpsins er eingöngu, sem fyrr segir, að breyta rekstrarformi fyrirtækisins svo það standi betur að vígi gagnvart þeirri auknu samkeppni á raforkumarkaði sem fram undan er. Í 3. gr. frumvarpsins er skýrt kveðið á um að öll hlutabréf í fyrirtækinu skuli vera í eigu ríkissjóðs.

Þegar frumvarpið var samið var gert ráð fyrir að það yrði samþykkt fyrir áramót svo breytingarnar gætu öðlast gildi um leið og opnun raforkumarkaðar. Svo varð ekki og því þarf að breyta tímasetningum í tveimur greinum frumvarpsins. Tel ég rétt að hv. iðnaðarnefnd annist þetta og horft verði til frumvarps forsætisráðherra um stofnun matvælarannsókna hvað þetta varðar.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að rekja einhverjar greinar frumvarpsins frekar en að lokinni þessari umræðu mælist ég til þess að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[16:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er á ferðinni enn eitt einkavæðingarfrumvarp ríkisstjórnarinnar og enn er það hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins sem dregur einkavæðingarvagninn. Nú eru það Rafmagnsveitur ríkisins sem á að hlutafélagavæða. Nú er það svo, frú forseti, að þegar maður hlutafélagavæðir fyrirtæki er það til þess að geta selt það að hluta eða öllu leyti, taka út úr því arð til eigenda sinna. Hæstv. ráðherra hefur ítrekað lýst því, bæði á Alþingi og í viðtölum, að stefnt sé að því að einkavæða og selja raforkufyrirtækin, Rarik og Landsvirkjun. Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær telur ráðherra að það komi á dagskrá hjá þeim að selja Rarik? Ég minni á umræðuna um sölu Símans. Þegar Síminn var hlutafélagavæddur voru gefnir sömu svardagar en um það bil 10 árum síðar var Síminn seldur. Þá voru gefnir sömu svardagar af þáverandi ráðherra, þegar Pósti og síma var breytt í hlutafélag, að ekki stæði til að selja hann. Sama segir hæstv. ráðherra nú. Hvað telur hún að langt verði þangað til að lagt verður til að selja? Og hvernig hefur hæstv. ráðherra hugsað sér að taka fé út úr fyrirtækinu því eitt af meginmarkmiðum með að hlutafélagavæða fyrirtæki er að ná út úr þeim fé, fjármagni til eigenda sinna. Hefur ráðherra hugsað sér að selja síðan Rarik að hluta eða að öllu leyti þegar til sölu kemur? (Forseti hringir.) Mér finnst eins gott að við tölum hreint út.

[16:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar að selja Rarik.

[16:19]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hversu lengi varir sú stefna ríkisstjórnarinnar? Sú kúvending hefur orðið í einkavæðingarmálum af hálfu ríkisstjórnarinnar að við stöndum nú frammi fyrir hlutafélagavæðingu RÚV. Fyrir nokkrum mánuðum var það alls ekki á dagskránni að hlutafélagavæða RÚV. Alls ekki. Meira að segja flokkssamþykktir Framsóknarflokksins gengu út á að það skyldi alls ekki gera. Og hversu langt verður þá þangað til að ríkisstjórnin verður líka búin að breyta í þessu máli? Eftir að hlutafélagavæðingin er komin fram og búið að hlutafélagavæða ræður ráðherra í rauninni ekki miklu um framvindu þegar einkavæðingarvagninn er farinn af stað.

En ég vil spyrja ráðherra hér. Nú hafa komið erindi frá öðrum veitum. Frá Norðurorku, sem ég þekki til. Frá Skagafjarðarveitum. Ósk um að fá að kaupa hlut Rarik á viðkomandi svæðum inn í sínar veitur. Skagfirðingar vildu gjarnan fá að kaupa Rafveitu Sauðárkróks og hafa reyndar líka sett fram ósk um að kanna kaup á verkefnum Rarik í héraðinu. Norðurorka hefur líka óskað eftir því. Þegar nú er verið að fara út í umbyltingu á Rarik, hlutafélagavæða, búa það undir sölu. Er það ekki rétt, frú forseti, að hæstv. ráðherra svari þessum aðilum og það verði kannað hvort t.d. þessir aðilar og ef til vil fleiri geti leyst til sín eignir Rarik á svæðinu og styrkt og eflt sínar veitur? Þetta finnst mér vera lykilspurning.

[16:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mjög mikilvægt fyrir neytendur að við eigum sterk fyrirtæki í dreifingu á raforku. Þess vegna er ég ekki þeirrar skoðunar að það sé rétt að kljúfa fyrirtækið Rarik upp eins og áhugi var á. Það er rétt hjá hv. þingmanni, það var áhugi á því hjá ákveðnum aðilum að það yrði gert. Eftir að við höfðum farið yfir það í ráðuneytinu komumst við að því að það væri ekki gott til frambúðar, að það mundi aldrei duga til frambúðar. Þess vegna var sú stefna farin að breyta Rarik í hlutafélag og ég held að það hljóti að vera einfalt og fljótlegt að fara í gegnum þá umræðu hér á hv. Alþingi.

[16:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort neytendur megi búast við einhverjum breytingum vegna þessarar skipunar. Hvort þetta muni hækka eða lækka rafmagnsreikninginn hjá fólki. Fólk hefur áhyggjur af því. Það

hefur orðið fyrir barðinu á fyrri verkum hæstv. ráðherra. Því hefur verið lofað að breytt skipan, þar sem samkeppni yrði innleidd, mundi jafnvel lækka verðið, mundi ekki hækka það. Það mundi ekki verða nein hækkun í kerfinu. En samt sem áður hefur fólk, alla vega á landsbyggðinni, séð hækkanir, sérstaklega þeir sem hita hús sín með rafmagni. Það verður þá fróðlegt að vita hvort ráðherra hefur séð fyrir sér að þessi aðgerð muni þá mögulega lækka rafmagnsreikninginn. Nú er það staðreynd að iðnfyrirtæki hér á Íslandi borga hærra verð fyrir raforku en iðnfyrirtæki í nágrannalöndunum. Ég hefði talið mjög upplýsandi að hæstv. ráðherra færi yfir það hvort þessi aðgerð verði til þess að hækka eða lækka rafmagnsreikninginn. Því öll fyrri afskipti hennar af raforkumálum hafa frekar orðið til þess að hækka rafmagnsreikninginn hjá fólki.

[16:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það skiptir í raun voða litlu máli hvað ég segi hér því hv. þingmaður fer yfirleitt rangt með. Það hef ég rekið mig á. Hann er búinn að halda margar ræður um það út um allt land að ég hafi lofað ýmsu. Það er ekki neitt á bak við það annað en eitthvað sem gerist í hugarheimi hv. þingmanns. En þetta frumvarp er ekki lagt fram með það beint í huga að lækka eða hækka raforkuverð. Þetta gengur eingöngu út á að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Ég trúi því að reksturinn verði skilvirkari með því að fara yfir í hlutafélagaformið og fyrirtækið muni spjara sig betur í samkeppni sem það er að vissu leyti í þrátt fyrir að aðalstarfsemin felist í að dreifa rafmagni sem er ekki samkeppnismál.

Hvað varðar raforkuverðið þá er það nokkuð sem við getum rætt frekar hér í vetur þegar við ræðum þá skýrslu sem dreift hefur verið í þinginu um þróun raforkuverðs. Það er mjög margt jákvætt og ánægjulegt í því og sérstaklega hvað varðar fyrirtækin á Rariksvæðinu hvað raforkukostnaðurinn hefur lækkað mikið. Hins vegar er það þannig með húshitunarkostnaðinn, og það þekkir hv. þingmaður og hlýtur að vita, að þar lækkuðum við þakið. Það var áður 45 þúsund kílóvattstundir en er núna 40 þannig að það þýðir ákveðna hækkun hjá þeim sem kaupa mikið rafmagn. En síðan ætlum við að fara út í aðgerðir til hliðar við það sem hjálpa þá fólki til að einangra hús sín betur.

[16:25]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er nú ekki svo, því miður, að þessar hækkanir séu eingöngu í hugarheimi mínum. Alls ekki. Ég er í raun steinhissa á því að þær hafi farið fram hjá hæstv. ráðherra. Við vorum stödd saman á fundi norður í Skagafirði þar sem upp stóð bóndi úr Víðidalnum og kvartaði yfir þessum hækkunum. Hann sá einmitt fyrir sér að rafmagnsreikningurinn yrði allt að því tvöfalt hærri. Þetta er ekki bara í mínum hugarheimi. Í kjördæmi hæstv. ráðherra er fólk sem hitar hús sín með rafmagni. Á Raufarhöfn er talað um 50% hækkun. Það er ekki eingöngu í mínum hugarheimi, heldur hefði hæstv. ráðherra, ef hún hefði fylgst með, getað séð á forsíðu Fréttablaðsins að iðnfyrirtæki í landinu kvarta yfir 50% hærri rafmagnsreikningi. Ég hefði talið að það væri verkefni fyrir hæstv. ráðherra að komast til botns í því hvers vegna þessar hækkanir eru svona gríðarlega miklar. Því þær eru allt aðrar en þau loforð sem ráðherra gaf hér á Alþingi. Þá talaði ráðherra kannski um einhverjar hundrað krónu hækkanir. Þær hafa nú aldeilis orðið meira en það. Þúsund krónu hækkanir og jafnvel tugþúsunda króna hækkanir. Það má vera að þetta skipti engu máli fyrir hæstv. ráðherra. En þetta skiptir máli fyrir fólkið sem fær þessa reikninga. Það er komið á daginn að forstjóri Landsvirkjunar reyndi að útskýra þetta fyrir fólki — að þetta væru öfug samlegðaráhrif af breyttri skipan. Ég hefði talið að hæstv. ráðherra hefði átt að komast til botns í þessum hækkunum áður en hún færi að breyta einhverju fleiru.

[16:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan. Hv. þingmaður fer svo rangt með. Nú er hann strax farinn að snúa út úr því sem ég sagði bara fyrir einni eða tveimur mínútum. Ég sagði ekki að hækkanir hefðu átt sér stað í hugarheimi hv. þingmanns. Ýmislegt sem hann hefur farið með og haft eftir mér, eins og það t.d. að ég hafi lofað því að raforkureikningar mundu ekki hækka, er rangt. Hvernig dettur hv. þingmanni í hug að ég lofi því þegar ég ræð því ekki einu sinni. Hv. þingmaður verður að temja sér vandaðri vinnubrögð og vandaðri málflutning því annars er ekki hægt að rökræða við hann. (Gripið fram í.) Hann fer með rangt mál hvað eftir annað í þessu sambandi og það er ekki hægt að rökræða við menn sem gera það.

[16:28]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um frumvarp um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Það hefur reyndar komið til umræðu í þinginu áður að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag. Náði ekki fram að ganga þá en hæstv. ráðherra kom inn með þetta frumvarp og því var dreift á Alþingi, ef ég man rétt, 2. desember sl. Í frumvarpinu stendur einvers staðar að það eigi að stofna hlutafélagið fyrir 15. desember 2005 og að hlutafélagið eigi að hefja starfsemi um áramótin 2005 til 2006. Þannig að hæstv. ráðherra hefur ætlað sér að láta þetta mál ganga býsna hratt í gegnum Alþingi og nefndastarfið hér. Það væri nú ekki úr vegi að hæstv. ráðherra segði okkur frá því hér í síðari ræðum sínum hvers vegna svo mikið lá á og líka hvers vegna ekki varð af þessari flýtimeðferð hér á hv. Alþingi með þetta mál.

Þá ætla ég að snúa mér að málinu sjálfu og afstöðu minni og Samfylkingarinnar til þess. Það að setja stjórn þessa fyrirtækis undir hlutafélagaform er eitthvað sem Samfylkingin telur alveg koma til greina og þetta form getur ágætlega átt við þann rekstur sem þarna er undir. Við munum ekki setja okkur gegn því að málið nái þess vegna fram að ganga. En það er auðvitað ýmsum skilyrðum háð frá okkar hendi og sérstaklega teljum við upp á það vanta að hlutafélög í eigu ríkisins séu með þeim hætti sem þau þyrftu að vera. Það sem kannski mest vantar þar upp á er upplýsingagjöf og að þeir sem bera pólitíska ábyrgð á

hlutafélögum í raun og veru, sem eru þá t.d. alþingismenn og sveitarstjórnarmenn þar sem það á við, hafi fullkomlega aðgang að þeim upplýsingum sem þeir þurfa að hafa aðgang að til að geta borið í rauninni ábyrgð á slíkum rekstri.

Þess vegna vantar sárlega löggjöf um hlutafélög í opinberri eigu. Komið hafa fram tvö frumvörp um það efni eða eru þegar boðuð. Því má búast við að um þetta komi skýr lagafyrirmæli. Ég ætla satt að segja að vona að samkomulag náist um að gera reglur það skýrar og glöggar að ekkert vanti upp á að þeir sem bera í raun ábyrgð á rekstri slíkra fyrirtækja, sem eru þá til þess kosnir einstaklingar til sveitarstjórna eða Alþingis, hafi þennan aðgang að upplýsingum. Þetta vildi ég nú segja fyrst, hæstv. forseti.

Síðan er æðimargt sem hæstv. ráðherra þyrfti kannski að upplýsa hv. Alþingi um í tengslum við þá umræðu sem hér fer fram. Ekki er langt síðan hæstv. ráðherra lýsti því yfir að að sameina ætti þetta fyrirtæki, þ.e. Rafmagnsveitur ríkisins við Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun og gera það með hraði. Það átti líka að gerast fyrir síðustu áramót. En babb kom í bátinn hvað þetta varðar og nú væri ekki úr vegi að hæstv. ráðherra upplýsti hv. alþingismenn í sölum Alþingis um hvernig þau mál standa núna og hvort einhver breyting hefur orðið á stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu.

Þannig var að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin beitti sér fyrir viðræðum við eignaraðila Landsvirkjunar sem óhjákvæmilega er og var hluti af þeirri hugmynd að þessi fyrirtæki yrðu öll sameinuð. Hins vegar verður að setja svolítinn fyrirvara við það, og ég hef gert það áður, hvort það geti verið afskaplega sniðug hugmynd að sameina öll þessi orkufyrirtæki í eigu ríkisins í eitt en ætla jafnframt að tryggja samkeppni á raforkumarkaðnum. Það verður að segjast eins og er að mikið ójafnvægi verður á þeim markaði ef öll þau fyrirtæki verða komin í eina körfu og orðin að einu fyrirtæki. Ég held að full ástæða sé til að menn taki þá umræðu, hvort það sé skynsamlegt. En líka er vert að frétta af því hvort hæstv. ríkisstjórn hefur breytt um stefnu hvað þetta varðar, hvort að þessu sé stefnt.

Ég vil hins vegar segja að ég harma það mjög að menn skyldu ekki ná samkomulagi um að ríkið keypti hlut Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun. Ég held að þeir sem bera ábyrgð á ríkisstjórn landsins eigi eftir að sjá eftir því að hafa ekki lagt sig betur fram um það einfaldlega vegna þess að sá eignarhlutur getur kannski farið að vaxa meira í verði en mönnum finnist þægilegt að standa frammi fyrir þegar verði af þeim kaupum.

Ég hef áður sagt það við umræður um Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun að fleiri eigi hagsmuna að gæta en eigendur 50% hlutar í Landsvirkjun, sem eru sveitarfélögin tvö sem ég nefndi áðan, því að önnur sveitarfélög eða fólkið í þeim hefur byggt upp þær eignir sem standa á bak við það fyrirtæki sem hér er verið að tala um að einkavæða. Viðskiptin við það fólk og þau fyrirtæki sem eru á svæði Rariks hafa byggt upp það afl sem þar er til. Það hefur hins vegar verið með svolítið öðrum hætti hvað varðar Landsvirkjun og eignarhlutinn þar. Þar hafa sveitarfélögin sem þar áttu hlut að máli eignast gríðarlega verðmætan eignarhlut í Landsvirkjun. Ég ætla ekki að fara yfir það með hvaða hætti það hefur gerst en augljóst er af þeim tölum sem þar hafa fram komið að sá eignarhlutur hefur vaxið gríðarlega mikið fram yfir það sem menn gætu látið sér detta í hug að gæti orðið úr þeim eigin framlögum sem þar hafa orðið til.

Ég hef því sagt þá skoðun og ég vil endurtaka hana að ég tel að skoða eigi hvort ríkið eigi ekki að afhenda sveitarfélögunum sem eiga hlut eða fólkinu í þeim, sem hafa í rauninni byggt upp Rarik á undanförnum árum, eignarhlut í því fyrirtæki sem hér er verið að tala um að gera að hlutafélagi, til að rétta af þá vitleysu sem var gerð frá hendi hins opinbera með því að mynda þetta félag um Landsvirkjun þar sem einungis tvö sveitarfélög af öllum sveitarfélögum landsins áttu hlut að og hafa eignast með því gríðarleg auðæfi en önnur sveitarfélög í landinu hafa ekki á sama hátt eignast hlut í raforkufyrirtækjunum í landinu.

Hægt er að velta þessu máli upp á ýmsa vegu en full ástæða er til að vekja athygli á þessu. Mér finnst dálítið undarlegt að forustumenn sveitarfélaga í landinu skuli ekki hafa gefið þessu máli meiri gaum en gert hefur verið. Þarna eru gríðarlega miklir hagsmunir í húfi og það væri mjög eðlilegt að mínu viti að menn tækju á þessu máli núna, ekki með því að ganga með neinum hætti á eignarrétt Akureyringa eða Reykvíkinga í Landsvirkjun, heldur með því að afhenda fólki í öðrum byggðarlögum í landinu, sem hefur byggt upp þær eignir sem við erum núna að fjalla um, hlut í þeim eignum. Það eru a.m.k. jafngóð rök fyrir því eins og stórum hlut af því eignarhaldi sem er í Landsvirkjun núna á vegum Reykjavíkur og Akureyrar.

Þegar menn skoða t.d. hvernig þær eignir hafa orðið til sjá menn að eigin framlög hafa ekki verið það mikil að hægt sé að segja að þau séu fullkomlega ástæðan fyrir þessari eignamyndun. Séraðgangur að orkulindum landsmanna, bestu orkulindunum, einkaaðgangur Landsvirkjunar að bestu orkulindum landsins eru hluti af þessu öllu saman og mjög óeðlilegt að einungis tvö sveitarfélög í landinu hafi fengið að njóta þess með þeim hætti sem hér er um að ræða.

Hæstv. forseti. Í 3. gr. segir, svo ég komi aftur að frumvarpinu sjálfu, að öll hlutabréf í hlutafélaginu skuli vera í eign ríkissjóðs. Ég ætla ekki að fara í umræðu um sölu á fyrirtækinu. Hæstv. ráðherra sagði að ekki stæði til að selja fyrirtækið og ekki heldur neinn hluta úr því. Þess vegna er engin ástæða til að taka upp umræðu um einkavæðingu og sölu. En það er seinni hluti greinarinnar sem ég vildi gera að umræðuefni. Þar stendur:

„Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu."

Það hefur verið þannig fram að þessu að hæstv. iðnaðarráðherra hefur farið með hann, en það verður líka að segjast eins og er að ekki er eðlilegt að hæstv. iðnaðarráðherra geri það. Til að sanna að fleiri en ég séu á þeirri skoðun ætla ég að vitna í umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, frá Orkuveitu Reykjavíkur, til að benda á umsögn sem ég held að fleiri hafi reyndar tekið undir í umfjöllun um það mál í iðnaðarnefnd sem um það fjallaði.

Hér stendur á einum stað í umsögninni frá Orkuveitunni, með leyfi forseta:

„Í greinargerð með frumvarpinu er þess getið að við gildistöku raforkulaga, nr. 65/2003, hafi samkeppni í

vinnslu raforku verið innleidd á Íslandi. Rétt er að vekja athygli á að samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu veitir iðnaðarráðherra rannsóknarleyfi og leyfi til nýtingar. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingum á þessu fyrirkomulagi. Iðnaðarráðherra er einnig yfirmaður Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt lögum nr. 58/1967 og fer með hlut ríkisins í Landsvirkjun og skipar þar formann stjórnar samkvæmt lögum nr. 42/1983.

Orkuveita Reykjavíkur er þeirrar skoðunar að það samræmist engan veginn samkeppnissjónarmiðum raforkulaga eða almennum sjónarmiðum um jafnræði og gagnsæi að yfirmaður tveggja raforkufyrirtækja á samkeppnismarkaði veiti einnig leyfi til rannsóknar og nýtingar." — Þetta með nýtingar er nú óhætt að klippa aftan af nema bara hvað varðar hitaveitur en það á við áfram um rannsóknirnar. — „Gera þarf breytingar á lögum og færa leyfisveitingar til annars aðila sem er óháður iðnaðarráðherra, ráðuneyti hans og undirstofnunum."

Nú vil ég spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort hann sem slíkur sé ekki sammála því að þetta sé óþægileg aðstaða fyrir hæstv. ráðherra að vera að gera upp á milli aðila sem hæstv. ráðherra hefur sjálfur yfir að ráða og hvort ekki sé líka óþægilegt af þeim ástæðum að hæstv. ráðherra er einnig viðskiptaráðherra og þar með yfirmaður samkeppnismála að því leyti til, að gagnrýni af þessu tagi sé uppi.

Síðan langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji í rauninni einhverja sérstaka þörf á og hver rökin séu þá fyrir því að eignarhaldið þurfi að vera hjá hæstv. iðnaðarráðherra yfir þessu fyrirtæki. Það væri ágætt fyrir umræðuna að menn fengju að heyra rökin fyrir því.

Ég ætla ekki að hafa orð mín miklu fleiri að þessu sinni um þetta mál. Ég fæ náttúrlega að fjalla um málið áfram og tel fulla ástæðu til þess að menn vandi sig við það. Mér finnst það mjög við hæfi og væri virkilega ástæða til að hæstv. ráðherra upplýsti hv. þingmenn á Alþingi um stöðu þessara mála því að engin smámál eru á ferðinni, heldur er um að ræða gríðarlega öflug fyrirtæki sem hið opinbera á og rekur og framtíð þeirra sem nú er til umræðu. Það er einhvers konar þoka, a.m.k. sýnist mér hún vera yfir þeim framtíðaráformum sem hæstv. ráðherra hefur talað fyrir eins og er. Þess vegna væri ástæða til að hæstv. ráðherra héldi ræðu sem yrði til þess að eitthvað létti til í málinu.

[16:44]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að frumvarp þetta skuli nú vera komið fram. Eitt atriði vildi ég spyrja hv. þingmann um sem kom fram í ræðu hans, það varðar eignarhlut Rariks sem hér um ræðir og viðskiptaaðila þeirra, þ.e. þeirra sveitarfélaga sem hann kom inn á sem hefðu verslað í gegnum tíðina við Rarik, hver hlutur þeirra væri.

Í framhaldi af því vil ég nefna, og hef áður gert í umræðum á Alþingi, eignarhlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun. Ég held að það stafi af sama meiði og við þekkjum Sogsvirkjanirnar en þær voru byggðar af hálfu Reykjavíkurborgar á sínum tíma, m.a. fyrir Marshall-hjálpina sem Íslendingar fengu eftir stríð. Við byggðum m.a. Áburðarverksmiðju ríkisins sem þjónaði landbúnaði okkar mjög lengi. Þess vegna finnst mér eðlilegt að spyrja í framhaldi og vil spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson hvað honum finnist einmitt um þetta mál, hvort ekki sé ástæða til að hv. iðnaðarnefnd fari ofan í kjölinn á þessu tiltekna atriði.

[16:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek alveg eindregið undir það. Auðvitað er mjög eðlilegt að hv. iðnaðarnefnd skoði þetta í samhengi við þessa umfjöllun að gera Rarik að hlutafélagi. Hægt er að sjá góð rök fyrir því að önnur sveitarfélög í landinu ættu að eignast hlut í Rarik með sambærilegum hætti og Reykjavíkurborg og Akureyri eignuðust hlut í Landsvirkjun. Reykjavíkurborg lagði á sínum tíma fram eignarhlut í Sogsvirkjun og eimhverfilsstöð borgarinnar við Elliðaár og spennistöð ásamt tilheyrandi lóðum. Þetta var upphafið. Hvernig þær eignir urðu til er lengra aftur í tíma og ástæða til að skoða það. Þegar þróunin í þessu eignarhaldi er skoðuð og hvernig um það hefur verið búið í framhaldinu, sem ég sé ástæðu til að nefndin fari yfir, þá bendir það eindregið til þess að full ástæða sé til að skoða þessi tvö mál í samhengi og hvort ekki sé í raun og veru hægt að færa fram rök fyrir eins konar jafnræðiskröfu um að önnur sveitarfélög ættu að eiga rétt á eignarhlut í því fyrirtæki sem hér er verið að fjalla um, af sömu málefnalegu ástæðum og lágu þar að baki. Ég tek undir það og mun örugglega, ásamt hv. þingmanni, beina því til formanns hv. iðnaðarnefndar þegar þar að kemur að við förum vel yfir þetta mál.

[16:48]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi sínu til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Ég kom inn á það í andsvari mínu við hæstv. ráðherra í upphafi umræðunnar að þessi einkavæðingarárátta núverandi ríkisstjórnar væri með eindæmum og sérstaklega hæstv. iðnaðarráðherra, ráðherra Framsóknarflokksins, og að sá ráðherra skuli vera sá sem beitt er fyrir einkavæðingarvagninn í sambandi við rafmagnsmálin.

Skilningur minn og okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs á rafmagnsmálum almennt er sá að það að veita rafmagn sé hluti af hinni almennu grunnþjónustu sem veitt er til einstaklinga til heimilishalds og atvinnureksturs og fyrirtækja í atvinnurekstri. Þetta eru grunnþættir í lífi og starfsemi einstaklinga og fyrirtækja. Á grunni þessarar þjónustu, þessara þátta, byggir síðan atvinnulífið rekstur sinn á. Við leggjum áherslu á að rafmagnið sé einmitt veitt, standi til boða um land allt á hliðstæðum kjörum, bæði hvað varðar gæði, afhendingaröryggi og vernd. Við lítum svo á að orkan sem slík sé ekki tilefni til atvinnureksturs sem eigi í sjálfu sér að skila arði til eigandans. Arðurinn, hagnaðurinn af orkunni á að koma í hagkvæmu heimilishaldi og í hagkvæmum og arðsömum atvinnurekstri sem hefur aðgang að orkunni á jafnréttisgrunni. Við höfum flutt um það tillögur í tengslum við markaðs- og einkavæðingaráráttu og -feril þessarar ríkisstjórnar hvað varðar rafmagnið og lagt áherslu á hið gagnstæða, að rafmagnið sé almannaþjónusta, raforkuauðlindirnar séu almenningseign sem ríkið færi með eftir þar til

gerðum reglum og forgangsröðun um hvernig þær séu nýttar.

Hér skilur á milli í einkavæðingar- og markaðsvæðingaráráttu ríkisstjórnarinnar og nú Framsóknarflokksins sem vill hlutafélagavæða allt, hlutafélagavæða alla almannaþjónustu og einkavæða og geta síðan selt. Og nú eru það Rafmagnsveitur ríkisins. Við höfum áður verið með Ríkisútvarpið. Hlutafélagavæðing Ríkisútvarpsins var á dagskrá hér í síðustu viku, undirbúningur undir sölu þess, enda skortir ekki yfirlýsingarnar hjá samstarfsflokknum, Sjálfstæðisflokknum, um að það sé markmiðið. Þetta sé aðeins upphafið. En þegar búið er að ná hlutafélagaforminu í gegn ráða stjórnvöld lítið við framhaldið því það er komið í þennan hlutafélagavæðingar-, einkavæðingar- og sölugír. Okkur kemur það ekkert á óvart þó að Sjálfstæðisflokkurinn reki þessa stefnu, reyndar samræmist það ekki að öllu leyti þeim fornu gildum sem Sjálfstæðisflokkurinn var upphaflega byggður á, þ.e. stétt með stétt. Nú er það miklu frekar hvernig stétt getur haft af stétt. En okkur kemur þetta á óvart eða við urðum kannski sérstaklega fyrir vonbrigðum með Framsóknarflokkinn. Framsóknarflokkurinn var byggður upp sem félagshyggjuflokkur og lagði áherslu á að grunnþjónusta eins og rafmagn, fjarskipti, menntun og heilbrigðisþjónusta væri hluti hinna almennu grunnþátta samfélagsins sem ekki ætti að reka á arðsemisgrunni þannig að hún ætti að skila fjármagni til eigenda sinna, íslensku þjóðarinnar. Þetta tel ég hafa verið gildi félagshyggjuflokksins Framsóknarflokksins fyrir nokkrum áratugum, gildi sem núna er reyndar búið að kasta fyrir róða og kemur svo greinilega fram í málflutningi hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins þar sem hún gengur fram í þessari einkavæðingu almannaþjónustunnar.

Við skulum bara velta fyrir okkur reynslunni. Hæstv. iðnaðarráðherra kom í ræðustól áðan og sagði það ekki vera stefnu ríkisstjórnarinnar að selja Rarik þó að búið væri að hlutafélagavæða það. Já, já, það var einn ágætur maður sem sagði: „ég meinti þetta þegar ég sagði það“ þegar hann var spurður af hverju eitthvað hafi ekki staðið lengur. Ég hef engan rétt til að rengja hæstv. ráðherra um að hún meini þetta ekki akkúrat þegar hún stendur hér og segir það, þó að ég fyllist ekkert ofboðslegri trú eða trausti á það að hæstv. ráðherra meini það því að ég þekki fyrri yfirlýsingar hæstv. ráðherra í þessum málum. Ég þekki yfirlýsingar hennar þegar hún taldi nauðsynlegt að flýta því að komast yfir Landsvirkjun og sameina fyrirtækin til að hægt væri koma þeim á markað og selja þau, og þegar þau féllust í faðma í yfirlýsingum, hæstv. þáverandi fjármálaráðherra, núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, og hæstv. iðnaðarráðherra, um þessi markmið í fjölmiðlum. Við höfum hinar og þessar útgáfur af stefnuyfirlýsingu hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins í einkavæðingarmálum og einmitt sem lúta að raforkumálunum.

Lítum aðeins á hvað sagt var þegar Síminn, Póstur og sími, var hlutafélagavæddur. Þá var viðtal við þáverandi samgönguráðherra sem fór með þessi mál, Halldór Blöndal, í BSRB-tíðindum, 4. tbl. 8. árg. frá 1995, en Póstur og sími var hlutafélagavæddur 1996. Og af því að þetta er svo táknrænt fyrir einfeldni, ja, ég verð bara að segja það, frú forseti, a.m.k. fyrir mikla trúgirni ráðherra að halda að þeir séu teknir trúanlegir þegar þeir koma hér í ræðustól og segja: Nei, nei, það stendur ekkert til að selja. Sama sagði hæstv. þáverandi samgönguráðherra þegar verið var að hlutafélagavæða Símann. Þá sagði hann, með leyfi forseta:

„Póstur og sími er vel rekin stofnun. Þjónustan ódýr og mjög vel er fylgst með á tæknisviðinu.“ — Er það ekki líka gert í rafmagninu? — „Það er t.d. afar ánægjulegt að Ísland skuli vera fyrsta landið sem notar eingöngu stafrænt símkerfi og ég legg áherslu á að Póstur og sími er hluthafi í sæstrengnum milli Evrópu og Kanada sem hefur opnað og mun í framtíðinni opna ótalda möguleika á fjarskiptasviðinu þannig að við getum fylgst með þeirri þróun sem er í heiminum í dag.“

Og takið eftir hvað stendur 1995:

„Á hinn bóginn geldur Póstur og sími óneitanlega þess í daglegum viðskiptum sínum á markaðssetningu að vera opinber stofnun sem rekin er eftir fjárlögum. Póstur og sími getur t.d. ekki gerst hluthafi í hlutafélögum, þótt í smáu sé, nema slík ákvörðun hafi áður verið lögð fyrir á Alþingi. Ákvarðanataka með þessum hætti er of þung í vöfum og samræmist ekki nútímaviðskiptaháttum. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma til að styrkja samkeppnisstöðu hans og starfsöryggi þess fólks sem þar vinnur.“ — Ég vek athygli á því, frú forseti, að þáverandi hæstv. samgönguráðherra segir svo orðrétt: „Ég legg áherslu á að í mínum huga kemur ekki annað til greina en að Póstur og sími verði alfarið í eigu ríkisins.“

Þetta sagði hæstv. samgönguráðherra þegar var verið að hlutafélagavæða Póst og síma. Síðan þekkjum við söguna, að allar þessar yfirlýsingar hafa verið þverbrotnar. Kannski mundi þessi ráðherra segja að hann hafi meint þetta þegar hann sagði það, en ég leyfi mér reyndar að efast um það því að þá þegar voru stigin þau skref sem fara átti í einkavæðinguna. Hver er síðan reynslan með Símann? Jú, gengið var frá sölu hans í haust. Hver voru fyrstu skrefin sem tekin voru hjá því einkavædda, nýselda fyrirtæki? Jú, það var lokun starfsstöðva úti um land. Þær voru svo óhagkvæmar. Það að þrír menn á Blönduósi og jafnvel tveir á Siglufirði sinntu byggðarlaginu þar hvað varðaði tækniþjónustu í fjarskiptum og uppsetningu símkerfa var ægilegur baggi á Símanum og það að nokkrar konur á Ísafirði hefðu það verkefni að svara í síma. Mig minnir reyndar að samgönguráðherra eða einhver slíkur hafi gortað sig af því á sínum tíma að þessi störf væru komin til Ísafjarðar. Þessum konum var sagt upp fyrirvaralaust. Og áfram. Ég er hér með í höndum bréf frá Símanum þar sem hann áformar að loka þjónustustöð sinni á Sauðárkróki og segja þar upp fólki. Þeir gerðu það fyrirvaralaust. Og Sauðkrækingar og Skagfirðingar þurfa að sækja þjónustu sína annað, a.m.k. að hluta út úr héraði, og störfin tapast. Samkennd fyrirtækisins, þó að almannaþjónustufyrirtæki sé en ég lít svo á að Síminn eigi að vera það þótt hann sé seldur, með samfélaginu hverfur. Arðsemiskrafan ein ræður ferð og samkeppni byggðarlagsins, íbúanna og fyrirtækjanna skerðist, vegna þess að viðkomandi fyrirtæki telur sig ekki hafa neinar skuldbindingar og geti bara farið eftir arðsemiskröfunni einni og ráðstafað sinni þjónustu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð tók þetta einmitt fyrir á fundi sínum í gærkvöldi í Skagafirði og ég vil leyfa mér

að vitna til þeirrar samþykktar og munu æ fleiri slíkar samþykktir koma í kjölfar hlutafélagavæðingar og einkavæðingar Rariks. Þetta er sami farvegurinn og Framsóknarflokkurinn er að hleypa almannaþjónustunni í hér á landi.

Í ályktun Vinstri grænna í Skagafirði segir, með leyfi forseta:

„Á aðalfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Skagafirði síðastliðið sunnudagskvöld [29. jan. 2006] var skorað á Símann að endurskoða ákvörðun sína um lokun starfsstöðvar á Sauðárkróki, fækkun starfa og skerðingu á þjónustustigi í Skagafirði.

Enn fremur hvatti fundurinn sveitarstjórn Skagafjarðar til að taka upp viðræður við Símann um hvernig tryggja megi núverandi störf hjá Símanum í Skagafirði og efla þjónustu við almenning og fyrirtæki í héraðinu."

Vinstri hreyfingin – grænt framboð bregst við í Skagafirði en einkavæðingarvagninn sem settur hefur verið í gang gengur sína götu. Hæstv. iðnaðarráðherra kom norður í Skagafjörð fyrir skömmu og tilkynnti að nú skyldi gera vaxtarsamning um eflingu starfa og verkefna á Norðurlandi vestra, í Skagafirði og Húnavatnssýslum. Góður ásetningur. En það sem gerist er hins vegar að það fyrirtæki sem var almannaþjónustufyrirtæki og er undirstaða fyrir samkeppnishæft atvinnulíf og búsetu á svæðinu var selt og síðan er starfsstöðvunum lokað, starfsfólkinu þar sagt upp og þjónustan flutt úr héraði og skerðir þar af leiðandi stórlega líka samkeppnisstöðu og þjónustustigið.

Frú forseti. Þetta er það sem gerist. Þetta er nákvæmlega sami vegur og nú er verið að fara með Rarik, með Rafmagnsveitur ríkisins. Við getum sagt nákvæmlega sama um Rafmagnsveitur ríkisins og þáverandi samgönguráðherra sagði um Símann, að hann væri tæknilega vel búinn, þeir hefðu fylgst vel með nýjungum, byggt upp öfluga þjónustu og stæðu vel að málum. Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða hafa gert það líka, a.m.k. alveg fram til þessa, því að bæði fyrirtækið og starfsmennirnir, ef má orða það svo, gera sér grein fyrir að þetta var almannaþjónustustofnun sem hafði það hlutverk að skaffa og veita rafmagn á sem bestum kjörum, öruggri afhendingu og á sem jöfnustum grunni þó að þar hafi verulega skort á. Allar þær breytingar sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur gert á síðustu missirum varðandi rafmagnsmál, markaðsvæðingu rafmagnsins, hefur leitt til hækkunar í langflestum tilvikum, a.m.k. úti um land, í sjávarplássunum, á bæjunum, bóndabýlunum, hjá íbúum á þeim svæðum þar sem ekki er heitt vatn, á þeim svæðum sem virkilega er þörf á að rafmagnið sé veitt á þeim kjörum að sú byggð og sú búseta og það atvinnulíf fái samkeppnishæfar aðstæður, einmitt þar hefur það hækkað. Þar þótti sérstök ástæða til að láta aðgerðir ríkisstjórnarinnar í rafmagnsmálum koma hart niður.

Ég er með skýrslu sem heitir Mat á þörf fyrir uppbyggingu þriggja fasa raforkukerfis og kostnaður við hana. Meðan Rarik lýtur almennum lögum og forsjá Alþingis, er almannaþjónustufyrirtæki í beinni eigu ríkisins, þá getur ríkið, við hér á Alþingi beitt óskum okkar og kröfum og tilmælum til þessa fyrirtækis og sett þeim skyldur, m.a. um að koma á þriggja fasa rafmagni. Margir þeir sem núna eru með einfasa rafmagn borga jafnframt hæsta verð á kílóvattstund í landinu sem má segja að sé vara sem alls ekki uppfyllir venjuleg markaðsskilyrði, markaðskröfur, en þetta er staðreynd. Og það að einfasa rafmagn skuli vera á bæjum með margvíslegan atvinnurekstur skerðir stórlega samkeppnisstöðu slíkra búa og fyrirtækja. Þessi bú borga jafnframt hæsta verð á kílóvattstundina þó að þau séu bara með einfasa rafmagn. Hvað haldið þið að verði um þessa áætlun þegar búið verður að gera Rarik að hlutafélagi? Markmið hlutafélaga er fyrst og fremst að selja hlutina sína ef einhver býður vel, geta sett þá á markað. Annars væru menn ekki að stofna hlutafélag, það er bara svo einfalt. Það að þetta sé nauðsynlegt til að skapa fyrirtækinu einhverja betri samkeppnisstöðu er bara bull og blekking, enda hefur það starfað með ágætum hingað til.

Frú forseti. Með því að gera fyrirtækið Rarik að hlutafélagi er einmitt verið að gefa því tækifæri til að ná út úr því arði, setja á það hærri arðsemiskröfur sem kallað er, að borga eiganda sínum fjármuni úr rekstrinum í stað þess að skila þeim fjármunum inn í aukna uppbyggingu og þjónustu. Með því að breyta því í hlutafélag er hægt að krefja það um arð. Í kjölfar leyndar er hægt að leyna upplýsingum. Ekki er hægt að gera sömu þjónustukröfur því þetta er orðið hlutafélag sem á að skila arði.

Frú forseti. Það er dapurlegt eða mér finnst það persónulega dapurlegt að það skuli vera hlutverk Framsóknarflokksins — gamla félagshyggjuflokksins sem ég ólst upp með að væri ákveðinn burðarás í félagshyggjuhugsjón landsins, það er félagshyggjan einmitt, styrkur hennar sem hefur gert okkur að þessu öfluga velmegunarlandi á margan hátt sem við nú erum — að leggja allt kapp á að brjóta niður það sem stóð fyrir félagshyggju og samhjálp. Nú er það Rarik, Rafmagnsveitur ríkisins, sem Framsóknarflokkurinn telur nauðsynlegt að hlutafélagavæða, einkavæða, búa undir sölu, búa undir einhverja samkeppni, búa undir það að falla frá því hlutverki sem hingað til hefur verið aðall Rafmagnsveitna ríkisins sem er almannaþjónusta fyrir alla (Forseti hringir.) íbúa landsins hvar sem þeir væru.

[17:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil mjög vel að leiðir hafi skilið á milli hv. þingmanns og Framsóknarflokksins miðað við þær ræður sem hann flytur á hv. Alþingi.

En af því að hann nefndi þriggja fasa rafmagn og mikilvægi þess fyrir sveitir landsins ætla ég koma inn á svar sem ég gaf til Alþingis. Þar kemur fram að á síðasta ári varð mikil aukning hvað varðar þriggja fasa rafmagn og lagningu þess. Ef við förum aftur til ársins 2001 eru 90 nýir aðilar sem fá þriggja fasa rafmagn, 2002 178, 2003 133, 2004 91 og 2005 169. Á árinu 2005 varði Rarik um 650 millj. kr. til að styrkja og endurnýja lagnir í sveitum.

[17:09]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það er ekkert skrýtið þó að leiðir hafi skilið. Ég á ekki von á að það starfsfólk, sem núna er verið að segja upp hjá starfsstöð Símans á Sauðárkróki, hugsi hlýtt til einkavæðingar og sölu Símans né heldur þeir starfsmenn sem voru látnir hætta fyrirvaralaust á Blönduósi,

Siglufirði eða Ísafirði, að þeir hugsi hlýtt til einkavæðingar og sölu Símans. Nei, leiðir skilja, frú forseti, þegar slíkum aðgerðum er beitt á almannaþjónustuna, það er alveg klárt.

Varðandi þriggja fasa rafmagnið er alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir um að átak hafi verið gert eða stöðugt hafi verið reynt að vinna að þrífösun. En miðað við skýrsluna sem unnin var er fjarri því að staðið hafi verið við þau fyrirheit sem með henni voru gefin um það mikla átak sem gera ætti í þrífösun rafmagns. En þetta hefur verið á grundvelli þess að Rafmagnsveitur ríkisins hafa verið fyrirtæki í eigu ríkisins sem hægt var að beita. Það var hægt að fresta eða taka fjármuni og láta einmitt ríkissjóð koma með peninga inn í fyrirtækið til að vinna að þrífösun rafmagns.

Núna er því breytt í hlutafélag og þá er eitthvað komið á sem heitir samkeppnisgrundvöllur og þá getur ríkið ekki farið að beita styrk eða tækni, afli Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt pólitískri ákvörðun sinni til að efla þrífösun rafmagns í sveitum. Þá er þetta komið undir allt annað umhverfi. Þá er þetta ekki lengur almannaþjónusta sem hægt er að beita með þeim hætti, heldur er (Forseti hringir.) þetta fyrirtækjarekstur þar sem arðsemin er það (Forseti hringir.) sem drífur reksturinn áfram.

[17:12]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Að mörgu leyti koma þar fram svipaðir áhersluþættir og í öðrum einkavæðingarfrumvörpum ríkisstjórnarinnar nú um stundir. Í 2. gr. frumvarpsins segir að ákvæði hlutafélagalaga skuli gilda um hið nýja félag „að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið í lögum þessum."

Það er svo bæði varðandi hlutafélagalögin og einnig lög sem snúa að réttindum og skyldum starfsmanna viðkomandi stofnana eða fyrirtækja að plokkað er út það sem hentar hverju sinni í stað þess að láta lögin gilda og þá er ég náttúrlega fyrst og fremst að horfa til réttinda starfsmanna.

Í 5. gr. segir: „Hlutafélagið tekur við einkarétti Rafmagnsveitna ríkisins til starfrækslu hita- og/eða dreifiveitna á orkuveitusvæði Rafmagnsveitnanna." Þá vaknar sú spurning hvort sá einkaréttur fylgi ekki með þegar fyrirtækið verður selt, því að þrátt fyrir heitstrengingar um að það standi ekki til þá segir sagan okkur að það muni verða gert þegar fram líða stundir og mun ég víkja að því nánar á eftir á hverju ég byggi þær vangaveltur mínar.

Í 7. gr. frumvarpsins segir um réttindi starfsmanna, með leyfi forseta:

„Þegar starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins."

Síðan segir að félagið skuli bjóða störf öllum starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins. Það síðastnefnda er ágætt nema það sem hefur gerst í millitíðinni er að starfsfólkið hefur verið svipt mjög mikilvægum réttindum, þar á meðal lífeyrisréttindum. Þetta gerist á tvennan hátt, í fyrsta lagi það sem lýtur að nýjum starfsmönnum, en ef að líkum lætur verður þeim ekki heimilað að gerast félagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, margir þeirra áttu aðild að þeim sjóði. Þótt slíkt gangi reyndar upp lögum samkvæmt, sem er vegna þess að þeir starfsmenn sem eiga aðild að heildarsamtökum opinberra starfsmanna, og það eiga margir sem starfa í fyrirtækjum sem eru hlutafélagavædd, t.d. starfsmenn í flugstöð Leifs Eiríkssonar og fleiri stofnana, þá eiga þeir samkvæmt lögum og reglugerðum sem gilda um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins heimild, eða hafa heimild til aðildar að sjóðnum. Þannig að það er atvinnurekandinn sem fram til þessa hefur komið í veg fyrir að slíkt gerðist. Það átti sér stað í flugstöð Leifs Eiríkssonar og ég nefni starfsmenn Póstsins, sem ættu allir að geta átt aðild að þessu lífeyriskerfi. En því er hins vegar ekki að heilsa. Það væri fróðlegt að fá að heyra viðhorf hæstv. iðnaðarráðherra til þessa. Stendur til að meina nýráðnum starfsmönnum sem eiga aðild að stéttarfélögum opinberra starfsmanna, BSRB og BHM, aðild að A-deild lífeyrissjóðsins? Það væri fróðlegt að heyra hvaða áform eru uppi um þetta.

Varðandi þá sem eru í B-deild lífeyrissjóðsins og eru þarna starfandi gerist það að þeir munu hafa heimild til áframhaldandi veru í deildinni, í B-deild lífeyrissjóðsins og fá framreikning samkvæmt vísitölu sem er reiknuð og skipulega uppfærð og byggir á föstum launum opinberra starfsmanna. Þetta er reikniregla sem hefur skilað fólki ágætum lífeyrisréttindum. En það er sá hængur á að taki starf viðkomandi einstaklings breytingum frá því að félagið er gert að hlutafélagi og þar til kemur að eftirlaunatöku, þá nýtur starfsmaðurinn ekki þeirra breytinga. Hafi hann t.d. sinnt almennu skrifstofustarfi og verði skrifstofustjóri eða fái stjórnunarstöðu sem gefur meira í aðra hönd, þá nýtur einstaklingurinn ekki ávinningsins af þessu. Þannig að þarna er um að ræða skerðingu á réttindum. Enda er það svo að það er ekkert verið að fela að yrði öllum starfsmönnum, þ.e. öllum þeim sem eru innan réttindakerfis opinberra starfsmanna, sagt upp þá er þeim boðið starf að nýju innan annars réttindakerfis.

Ég velti því fyrir mér hvort það sé þetta sem hæstv. ráðherra á við þegar verið er að tala um að starfsemin verði öll sveigjanlegri og auðveldari viðfangs, verði rekin á markvissari hátt, eins og segir, þegar búið er að hafa réttindi af fólki. Því réttindastaðan er að ýmsu leyti skert hvað aðra þætti varðar líka, t.d. ráðningarfestu. Ef til dæmis stendur til að segja opinberum starfsmanni upp störfum, að hann geti þá borið hönd fyrir höfuð sér, hafi andmælarétt og geti leiðrétt hugsanlegan misskilning ef um slíkt er að ræða eða geti bætt sitt ráð ef um það er að ræða. Þessi réttur er numinn brott. Það voru mikil átök um þetta fyrir nokkru síðan þegar hæstv. þáverandi fjármálaráðherra lagði fram frumvarp hér á þingi þar sem átti að nema brott úr lögum það sem kallað var áminningarskylda. Hún er ekki fyrir hendi hjá félögum, fyrirtækjum, sem starfa á almennum markaði. Að sama skapi yrði fyrirtækið tekið undan upplýsingalögum, ekki aðeins stjórnsýslulögum, heldur líka upplýsingalögum. Þannig að eigandinn, þjóðin, hefði ekki sömu innsýn í starfsemina og áður. Samkvæmt frumvarpinu stendur til að ríkið verði eigandi og að handhafi hlutabréfs ríkisins verði hæstv. iðnaðarráðherra og það er enn eitt sem menn

velta fyrir sér, hvað það er sem hæstv. ráðherra sér svona nútímalegt og markvisst við þetta. Fyrirtækið er tekið undan stjórnsýslulögum og sett undir einn hluthafa, hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur, sem þá væntanlega mun sitja á skrafi við sjálfa sig um framtíð fyrirtækisins og brýnar og aðkallandi ákvarðanir. Þetta segir hæstv. iðnaðarráðherra að sé alveg sérlega markvisst og alveg sérlega nútímaleg stjórnun. Sannast sagna á ég afskaplega erfitt með að koma auga á það. Ég hélt að nútíminn kallaði einmitt á allt önnur vinnubrögð, opin vinnubrögð, gagnsæi, og lýðræðislega ákvarðanatöku, ekki síst þegar um er að ræða fyrirtæki, stofnanir og starfsemi sem snýst að öllu leyti um almannaþarfir og almannahag. Auðvitað á þetta að vera opin stjórnsýsla og það á að reka hana á samfélagslegum grunni að öllu leyti.

Hæstv. forseti. Nú er að teikna sig upp í landinu ný skipan í raforkumálum þar sem byggt er á þeirri grunnhugsun að aðskilja beri framleiðslu, dreifingu og smásölu á rafmagni. Til er orðið Landsnet hf. þar sem koma að þrír eignaraðilar, Rarik, með um fjórðung eignarhluta, ef ég veit rétt, Landsvirkjun með ein 70% og síðan Orkubú Vestfjarða. Þessir sömu aðilar mynda síðan einnig smásölukerfi með öðrum eignarhlutum þar sem hlutur Landsvirkjunar, sem er stærstur í Landsnetinu, er tugi prósentustigum minni en Rariks og Orkubús Vestfjarða. Síðan sjá menn væntanlega fyrir sér að Orkuveita Reykjavíkur, þá hugsanlega í samkrulli við einhverja aðra aðila, Hitaveitu Suðurnesja eða aðra, myndi gagnstæða heild. Og þá kemur að hinu mikla galdraverki, allt á að gerast í senn. Allt kerfið verður stórkostlega hagkvæmt og orkuverð á að lækka. Menn eiga að vakna upp við það á morgnana og sofna við það á kvöldin að fletta upp í verðlagsskrám fyrir orku og síðan að stökkva á það sem ódýrast er. Staðreyndin er nú sú, að þar sem þetta hefur verið gert, hefur reyndin ekki orðið þessi. Veruleikinn er allt annar. Frá því farið var að einkavæða og markaðsvæða raforkukerfin í Evrópu hefur það gerst, að 300 þúsund manns hafa misst atvinnu sína. Almennt hefur verð á orku farið hækkandi og öryggið hefur orðið minna. Ég er ekki að segja að það hafi gerst í öllum tilvikum. En þegar á heildina er litið er þetta veruleikinn.

Ég veit að hæstv. iðnaðarráðherra er ekki þessarar skoðunar. Hún sagði t.d. í Kastljóssþætti 17. febrúar fyrir ári síðan, með leyfi forseta:

„Almennt séð, þá hefur þetta gengið vel, ef við tölum um Evrópu, þessi markaðsvæðing raforkukerfanna. Og það held ég sé nú svona almenn skoðun."

Svo er ekki. Þetta er ekki almenn skoðun. Það var t.d. ekki skoðun Andris Piebalgs, framkvæmdastjóra Evrópusambandsins á sviði orkumála, sem kom hingað í heimsókn í haust, í nóvembermánuði held ég, og átti m.a. fund með fulltrúum þingflokkanna hér á Alþingi. Hann sagði að það hefði komið mönnum á óvart hve lítil viðskipti með rafmagn hefðu orðið yfir landamæri eftir markaðsvæðingu. Verðlag hefði hækkað en ekki lækkað og meiri fákeppni væri við lýði en æskilegt væri. Hann kvaðst hins vegar vona að þetta stæði allt til bóta en hann er sjálfur mjög eindreginn markaðssinni og greinilega trúaður á hinn frjálsa markað og ágæti þeirra breytinga sem hrundið hafði verið af stað. En það breytir því hins vegar ekki að breytingarnar hafa hingað til ekki gefið góða raun eins og hæstv. iðnaðarráðherra hefur staðhæft. Þetta er bara ekki veruleikinn.

Það er reyndar hægt að finna fjöldann allan af yfirlýsingum hæstv. iðnaðarráðherra sem ganga út á hið sama. Í Morgunblaðinu 6. desember síðastliðnum segir hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir, með leyfi forseta:

„Um alla Evrópu hefur svipuð þróun átt sér stað. Hlutafélagsformið hefur þar verið langalgengasta rekstrarform orkufyrirtækja hin síðari ár enda þykir það henta slíkum rekstri afar vel."

Þetta er náttúrlega hrakið og það vill svo til að í sama Morgunblaði og hér var vitnað í er í grein um orkumál sem Grétar Júníus Guðmundsson skrifaði og bar yfirskriftina: Kuldahrollur í orkumálum. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Fyrir tveimur vikum hótaði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins aðgerðum gegn þeim fyrirtækjum sem selja gas og rafmagn í sumum löndum Evrópu. Segir í frétt BBC að verulega skorti á samkeppni milli fyrirtækja á þessum mörkuðum. ESB lét framkvæma rannsókn á þessu máli vegna ábendinga frá bresku stjórninni, sem leist ekki orðið á blikuna hvað hækkanirnar hafa verið miklar."

Hæstv. ráðherra brást við ábendingunni á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Ljóst er að hörð samkeppni er fram undan á raforkumarkaði. Með opnun raforkumarkaðar um næstu áramót er stigið enn eitt skrefið fram á við í þeim efnum en þá geta landsmenn keypt rafmagn af þeim sem þeir kjósa helst, hvar á landinu sem viðkomandi orkusali er. Eykst þá samkeppni orkufyrirtækja til muna og til að standast hana verða fyrirtækin að verða í stakk búin til að bregðast fljótt við aðstæðum sem upp kunna að koma hverju sinni. Ljóst er að miðað við núverandi rekstrarform verður slíkt erfitt fyrir Rafmagnsveitur ríkisins."

Þar er komið að eintali hæstv. ráðherra Valgerðar Sverrisdóttur við sjálfa sig. Því hún sem eigandi og hluthafi þarf að komast að mjög skjótum niðurstöðum við erfiðar og krefjandi aðstæður. Sannast sagna hélt ég að hlutafélagaformið hefði fyrst og fremst tvo kosti í för með sér. Það er auðveldara að kaupa og selja hluti. Það er auðveldara að losa sig við hluta af fyrirtækinu, það er auðveldara að fá aðra eignaraðila til liðs við fyrirtækið og þar liggi kostirnir, í tilfærslu á eign. Það er megintilgangurinn með að stofna hlutafélag, ekki hlutsfélag, heldur hlutafélag margra hluta sem ganga þá kaupum og sölum. Þetta hefur vissa kosti í för með sér, t.d. í fyrirtækjum sem eru í atvinnurekstri hér almennt í stað þess að þurfa að selja allan pakkann eins og áður var. Þá er hægt að selja þau að hluta til og vissulega hefur þetta mikla kosti í för með sér. Ef menn ætla að setja fyrirtækið á markað að sjálfsögðu. Til þess er leikurinn gerður.

Nú nikka sjálfstæðismenn kolli. Auðvitað eru þeir alveg með á nótunum. Það er bara Framsóknarflokkurinn sem er alveg ?, ég ætlaði að segja grænn í þessu máli en það verður nú varla sagt um þann flokk að hann sé mjög grænn á litinn þó að hann skarti því í merkjum sínum og fánum. Þetta er annar kosturinn við hlutafélagaformið. Að það er auðvelt að skipta um eigendur. Hinn kosturinn við hlutafélagaformið er aðhald frá hluthöfum. Í stað þess að stofnanir eða

starfsemi sem er á vegum hins opinbera fái aðhald frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum inni í stjórnum, m.a. hér frá Alþingi, bæjarstjórnum o.s.frv., í stað þess að aðhaldið komi þaðan frá og síðan úr opinni umræðu og gagnsæju kerfi fjölmiðla þá er í hlutafélagaforminu stuðst við hluthafafundi. Þá koma hluthafar að og veita þetta nauðsynlega aðhald. En það á ekki einu sinni að nýta þá kosti í þessu. Því það sem við höfum heyrt er að einungis hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir muni hafa bréfið á hendi og hún verði ein um að veita þetta aðhald. Finnst mönnum þetta vera mjög vitlegt? Mér finnst þetta vera hið fullkomna rugl. Og sannast sagna finnst mér það óskaplega dapurlegt hlutskipti fyrir vesalings Framsóknarflokkinn, eina ferðina enn, flokkinn sem talaði um samvinnuhugsjónina, að taka höndum saman, að vinna í sameiningu. Framsóknarflokkurinn er orðinn helsti baráttuflokkur fyrir markaðsvæðingu í landinu og allur hans málflutningur gengur út á að mæra kosti samkeppninnar í stað samvinnunnar.

En hæstv. forseti. Tími minn er þrotinn. Ég á eftir að ræða þetta mál mikið og ítarlega áður en yfir lýkur.

[17:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um að koma Rafmagnsveitum ríkisins í einkahlutafélagsform og stofna hlutafélag um Rarik. Því er aðallega haldið fram sem rökum í málinu að fyrirkomulagið sé þjálla og hagkvæmara til að fyrirtækið geti þróast áfram, það geti tekið þátt í eignamyndun og keypt hlut í öðrum félögum, sameinast öðrum félögum o.s.frv.

Í upphafi er rétt að benda á, hæstv. forseti, að samkvæmt greinargerð frumvarpsins og athugasemdum verður ekki séð að fyrirkomulagið á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins hafi á nokkurn hátt staðið fyrirtækinu fyrir þrifum með að kaupa fyrirtæki eða kaupa sig inn í fyrirtæki. Í athugasemdunum má lesa hvað Rafmagnsveitur ríkisins eiga, hvað þær eiga í háspennulínum, dreifilínum, jarðstrengjum, stofnlínum, sæstrengjum o.s.frv., allt hlutir sem rafmagnsfyrirtæki þarf að eiga. Auk þess eiga rafmagnsveiturnar dreifikerfi í 50 þéttbýlisstöðum og 55 aðveitustöðvar. Rafmagnsveiturnar eiga níu vatnsaflsvirkjanir í rekstri og stærstar þeirra eru Lagarfossvirkjun og Skeiðsfossvirkjun.

Í greinargerð segir að á undanförnum árum hafi Rafmagnsveiturnar keypt nokkrar orkuveitur sem voru í eigu viðkomandi sveitarfélaga. Þær eru eftirfarandi: Hitaveita Hafnar í Hornafirði, Rafveita og Hitaveita Siglufjarðar ásamt Skeiðsfossvirkjun, Hitaveita Seyðisfjarðar, Rafveita Borgarness, Rafveita Hveragerðis, Rafveita Sauðárkróks, Hitaveita Dalabyggðar og Hitaveita Blönduóss.

Reynslan hefur þegar leitt í ljós að fjárfestingar þessar hafa ekki eingöngu verið arðbærar Rafmagnsveitunum heldur einnig þeim sveitarfélögum sem hlut áttu að máli.

Síðan segir í greinargerðinni:

„Þá stofnuðu Rafmagnsveiturnar einnig á sama ári hlutafélagið Sunnlenska orku ehf. ásamt Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi í þeim tilgangi að standa að virkjun jarðhita í og við Grændal. Eignarhluti Rafmagnsveitnanna er 90%. Að auki eiga Rafmagnsveitur ríkisins hluti í sjö öðrum félögum."

Hæstv. forseti. Þegar þetta er lesið upp og skoðað er ekki hægt að finna fyrir því sérstök rök sem hæstv. ráðherra hélt fram, að hlutafélagsformið þyrfti til að fyrirtækið geti eignast hluti í öðrum félögum, tekið upp samstarf við þau, átt lítið eða mikið í öðrum félögum eða keypt að öllu leyti. Mér finnst það eiginlega ekki standast sem aðalrök málsins að félagið hafi átt í erfiðleikum með að aðlaga starfsemi sína á undanförnum árum og áratugum. Greinargerðin segir allt annað. Félagið hefur verið á fullri ferð við ýmsa hluti sem við verðum hreinlega að vona að hafi tekist vel og verið landsmönnum til hagsbóta. Rökin fyrir hlutafélagavæðingu standast þannig varla sem slík. Þau standast ekki þegar litið er til þess sem félagið hefur verið að gera á undanförnum árum. Ég treysti því að stjórnendur fyrirtækisins hafi gert það sem ég taldi upp með það fyrir augum að efla rekstur félagsins og veita betri þjónustu.

Þegar hæstv. ráðherra heldur fram í ræðu sinni að hlutafélagsformið sé nauðsynlegt til að félagið geti haldið áfram að dafna, taka þátt í framleiðslu, sölu, dreifingu o.s.frv. þá fær það varla staðist. Þetta vildi ég bara benda á í upphafi. Ég get ekki séð að fyrirkomulag Rafmagnsveitna ríkisins hafi staðið félaginu fyrir þrifum.

Í Bæjarins besta var í janúar m.a. sagt frá því að Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun væru að stofna sameiginlegt fyrirtæki. Með því átti að marka skýr skil á milli einkaleyfis og samkeppnisrekstrar hjá Orkubúi Vestfjarða og Rarik, en fyrirtækið rekur einnig dreifiveitur. Þá komum við kannski að því sem ég vildi gera að umræðuefni. Við samþykktum raforkulög við lok árs 2003 til að efla samkeppni, koma á virkri samkeppni fyrirtækja á raforkusölumarkaði í dreifingu o.s.frv. Nú sé ég í þessari frétt að stofna á eitt sameiginlegt fyrirtæki um dreifiveitu Orkubús Vestfjarða, smásölu og framleiðslu raforku. Þar verður stofnað eitt fyrirtæki og Landsvirkjun er aðili að því fyrirtæki. Þrjú fyrirtæki í eigu ríkisins standa að því að stofna sameiginlegt fyrirtæki til að annast ákveðinn þátt starfseminnar. Ég fæ það ómögulega inn í minn haus hvernig það eflir samkeppni á markaði þegar fyrirtækjunum er stillt saman til að stofna fyrirtæki í ákveðnum tilgangi. Í fréttinni segir frá stofnun hlutafélags um orkuframleiðslu og orkusölu í samvinnu við Rarik og að Landsvirkjun hafi komið inn í verkefnið. Þrjú fyrirtæki, Orkubú Vestfjarða, Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun, stofna eitt fyrirtæki um smásölu og orkuframleiðsluna.

Síðan eru talin upp í fréttinni nokkur fyrirtæki sem fara inn í þennan pakka. Þar segir, með leyfi forseta:

„1. Félagið yfirtekur sölustarfsemi OV og Rariks og verður sölugjaldskrá OV aðlöguð gjaldskrá félagsins í áföngum. Að minnsta kosti einn starfsmaður sem vinnur að sölustarfsemi verður staðsettur á Vestfjörðum.

2. Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða munu áfram vera virkjanir fyrir hið nýja félag samkvæmt sérstöku samkomulagi og verður því ekki breyting á högum þeirra starfsmanna sem starfa nú við virkjanir Orkubús Vestfjarða." — Þ.e. þetta snýr að starfsmönnum.

Síðan er talinn upp hluti af eignum Rariks. Taldar eru upp nokkrar virkjanir sem Rarik á, síðan virkjanir sem Orkubú Vestfjarða á og á vegum Landsvirkjunar eru nefndar Laxárstöðvarnar. Þetta er það sem virðist eiga að samein-

ast. Það er fullt af orkuveitum, rafmagnsveitum og hitaveitum Rariks sem ekki fara inn í þessa sameiningu. En varðandi raforkusöluna þá sýnist mér að menn séu að draga úr samkeppni en ekki að auka hana með þessu fyrirkomulagi. Ég hefði gjarnan viljað heyra skýringar hæstv. ráðherra á því hvort þetta samrýmist því meginsjónarmiði sem raforkulögin frá 2003 byggja á, þ.e. að stuðla að samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Ég átta mig ekki alveg á því, hæstv. forseti, hvernig þetta á t.d. að auka samkeppni.

Þótt venjulegir neytendur eigi frá og með áramótum að geta valið sér viðskiptaaðila þá sýnist mér a.m.k. að ekki sé nema einn viðskiptaaðili í sölu raforku frá Rarik, Orkubúi Vestfjarða og Landsvirkjun, á þeim svæðum sem Rarik og Orkubú Vestfjarða starfa. Eða ég skil þetta svo.

Mér sýnist í raun sem það sem ég les hér úr Bæjarins besta fara algerlega í bága við það sem raforkulögunum var ætlað, þ.e. aukna samkeppni, virka samkeppni þar sem neytendur, kaupendur raforkunnar, gætu valið orkusala. Það kemur beinlínis fram að menn ætli að samræma taxtana milli svæða. Ég hef ekki skoðað sérstaklega hvort það sé sérstaklega hagkvæmt fyrir fólk í landinu, sem býr á orkuveitusvæðinu sem Rarik og Orkubú Vestfjarða nær til, að Orkubúið skuli í áföngum laga söluskrá sína að taxta Rariks. Það kann vel að vera að svo sé. En þrátt fyrir það hefur samkeppnisaðilunum fækkað. Það eru fyrirtæki í eigu ríkisins sem standa að þessu. Ég velti því fyrir mér hvort þetta samrýmist orkulögunum, þar sem átti að auka samkeppni. Mig langar að heyra skýringar hæstv. ráðherra á því. Ég vildi gjarnan geta skilið, hæstv. forseti, hvernig þetta fellur að markmiðum raforkulaganna um að stuðla að samkeppni í vinnslu og viðskiptum. Ég þarf skýringar því að ég átta mig ekki á því, hæstv. forseti.

Að öðru leyti tel ég að frumvarpið sé nokkuð skýrt, þ.e. um hvað það fjallar. Það fjallar einfaldlega um að stofna þetta hlutafélag og að það taki til starfa sem fyrst á árinu 2006. Reyndar átti það að taka til starfa 1. janúar. Það verður ekki af augljósum ástæðum og menn lagfæra slíkar greinar í frumvarpinu í nefnd.

Ég hefði hins vegar áhuga á að heyra svör ráðherra við vangaveltum mínum. Ég sé ekki, þótt þessu sé breytt í hlutafélagaform, að neitt verði lagað til á samkeppnissviðinu. Það sem fyrirtækið hefur aðhafst á undanförnum árum, með því kaupa sig inn í fjöldamörg fyrirtæki og kaupa upp hitaveitur, gefur ekki tilefni til þess. Eins og ég kom inn á í tengslum við frétt sem ég las upp úr Bæjarins besta, er mér ekki ljóst hvernig samruni tveggja fyrirtækja um sölu raforkunnar eykur samkeppni á markaðnum.

[17:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Því miður hafði ég öðrum hnöppum að hneppa meðan hæstv. ráðherra hélt framsöguræðu sína um málið þannig að ég heyrði ekki ræðu hennar og satt að segja lítið af þeirri umræðu sem hefur farið fram. En engu að síður leyfi ég mér að ganga út frá því að hæstv. ráðherra hafi fullyrt það hér í ræðustól að Rafmagnsveitur ríkisins hf. yrðu ekki seldar í náinni framtíð. Ég sé að hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður hv. iðnaðarnefndar, nikkar svo að ég geri ráð fyrir að mér sé óhætt að vitna til orða hæstv. ráðherra eins og þau komu fyrir í Morgunblaðsgrein fimmtudaginn 1. desember sl. En þar segir með leyfi forseta:

„Nú kunna margir að velta því fyrir sér hver sé tilgangurinn með frumvarpinu sem hér er um rætt og hvort ekki sé hér aðeins um skref að ræða í átt til einkavæðingar fyrirtækisins. Þessu er fljótsvarað. Ekki stendur til af hálfu núverandi ríkisstjórnar að selja Rafmagnsveitur ríkisins."

Frú forseti. Þetta er áreiðanlega boðskapur hæstv. ráðherra í dag. Hún undirstrikar í grein sinni í Morgunblaðinu að það sé ekki ætlunarverk núverandi ríkisstjórnar að selja Rafmagnsveitur ríkisins. En eðli málsins samkvæmt getur þessi hæstv. ráðherra ekki fullyrt nokkurn skapaðan hlut um ætlunarverk komandi ríkisstjórnar. Nú skyldi maður ætla að það gæti liðið svona rúmt ár þar til að mögulega kæmi hér ný ríkisstjórn. Þá er sú ríkisstjórn algerlega óbundin af þeim yfirlýsingum sem þessi hæstv. ráðherra hefur gefið, bæði hér á Alþingi sem og annars staðar.

Það þarf ekki flókna breytingu á þessum lögum, verði þau að lögum, til að heimila sölu Rafmagnsveitna ríkisins hf. Það þarf bara ákveðna innréttingu í þá ríkisstjórn sem tæki þá ákvörðun. Ég sé fyrir mér að það sé afar stutt í að þjóðin fái yfir sig ríkisstjórn sem verði þannig innréttuð að Rafmagnsveitur ríkisins hf. verði seldar. Og hv. þm. Kjartan Ólafsson nikkar þessum orðum mínum til staðfestingar og segir þar með: Það er gott. Þetta staðfestir auðvitað það sem við vitum hér og það þarf ekki að tala með neinni tæpitungu um það: Það er vilji Sjálfstæðisflokksins að selja sem mest af ríkiseignum. Eftir þeirri stefnu hefur sú ríkisstjórn sem nú situr keyrt. Og eflaust hefur hún ekki fengið að selja allt sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði gjarnan viljað. Það kann að vera að einhver slitin ístöð séu til staðar sem Framsóknarflokkurinn hefur einhvern tímann reynt að spyrna fótum í. En þau eru orðin svo slitin og máð og lúin að í mínum huga eru þau um það bil að gefa sig.

Mér segir svo hugur, frú forseti, að þess sé ekki langt að bíða að Framsóknarflokkurinn éti ofan í sig öll þau orð sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur sagt um þessi mál, (**Gripið fram í:** Þess vegna á morgun.) þess vegna á morgun, og samþykki að selja allt heila klabbið.

Nú vil ég fá að rifja upp, frú forseti, umræður um þessi mál. Hæstv. ráðherra getur ekki talað eins og hér hafi aldrei verið fjallað um þá möguleika sem fælust í samkeppninni sem ætti að ríkja á orkumarkaði eftir að nýju raforkulögin tóku gildi. Eða hvernig hljómuðu bjartsýnislegar ræður hv. stjórnarliða á sínum tíma þegar menn voru að breyta hér raforkulögum og innleiða samkeppnismarkað á orkusviði? Þá voru menn að gera sér í hugarlund að hægt væri að búa til tvo stóra aðila á markaði, samkeppnisaðila, sem mundu sjá um að afla og selja raforku til landsmanna. Annars vegar átti að vera stórt og stöndugt fyrirtæki sem átti að samanstanda af Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. Hins vegar átti að standa stórt og stöndugt fyrirtæki sem átti að setja saman úr Landsvirkjun, Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins. Það var ekkert verið að fara í neina launkofa með þessar fyrirætlanir. Ekki heldur þegar hæstv. fjármálaráðherra gaf yfirlýsingar um að hann sæi fyrir sér að Landsvirkjun yrði innan fárra ára háeffuð og

seld. Og auðvitað býr þetta allt hér undir, frú forseti. Hæstv. ráðherra getur ekki forðað sér undan þeirri umræðu. Það er alveg sama hversu oft hún segir, í blaðaviðtölum, blaðagreinum, eða ræðum hér úr ræðustól, að það standi ekki til að selja Rafmagnsveitur ríkisins hf. þá verður alltaf að hafa í huga að það gildir bara um núverandi ríkisstjórn, hverrar lífdagar eru kannski bráðum taldir.

Ég verð að segja fyrir mig, frú forseti, að sporin hræða. Við þekkjum vel þá vegferð einkavæðingar sem ríkisstjórnin hefur keyrt undanfarin ár. Ég er hér með skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem gerð var að beiðni þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og fjallar hún um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja árin 1998–2003. Þar kemur fram að umfjöllunin nær til hvorki meira né minna en átta fyrirtækja sem voru að hluta til eða að öllu leyti í eigu ríkissjóðs en hafa verið seld, einkavædd og seld, þegar hér er komið sögu. Og hvað kemur fram í fyrsta kafla þessarar skýrslu Ríkisendurskoðunar annað en að yfirleitt hafi fyrsti áfanginn í söluferlinu falist í að breyta fyrirtækjunum, sem sagt ríkisstofnunum, í hlutafélög. Þess vegna er það eðlilegasti hlutur í heimi að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og mögulega aðrir þingmenn, sem svipað er ástatt um, beri kvíðboga fyrir þessum aðgerðum sem koma í kjölfarið á þeirri háeffun sem hér er til staðar.

Í tengslum við þetta hefur líka verið fjallað um hlutafélög í eigu ríkisins. Það var hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem hóf þá umræðu fyrir alvöru en sú umræða hefur nú leitt til þess að komin eru fram ein tvö frumvörp um hlutafélög í eigu hins opinbera. En hv. varaþingmaður Vinstri grænna, Álfheiður Ingadóttir, flutti þingsályktunartillögu um að kanna ætti hvort skynsamlegt gæti talist í ljósi allrar þeirrar hlutafélagavæðingar sem hafin væri hjá ríkisstjórninni að skoða hvað Norðurlandaþjóðirnar hefðu gert í þessum efnum og á hvern hátt hlutafélög í eigu hins opinbera lytu annars konar reglum en almenn hlutafélög. Í greinargerð með þingsályktunartillögu Álfheiðar kemur mjög glögglega fram að frændur okkar á Norðurlöndunum hafa ævinlega óttast að þegar ríkisfyrirtækjum er breytt í hlutafélög næðu stjórnsýslulög og upplýsingalög þar með ekki til þeirra. Það virðist manni, af því sem maður kynnir sér, samdóma álit stjórnmálamanna á Norðurlöndunum að slíkt væri til vansa þegar um væri að ræða opinber fyrirtæki. Þar af leiðandi fóru menn í að breyta sínum hlutafélagalögum, eða setja jafnvel ný lög, sjálfstæð lög, sem fjölluðu um hlutafélög í opinberri eigu.

Nú finnst mér, eins og oft áður með hæstv. ráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, að hún byrji á öfugum enda. Hæstv. ráðherra er komin fram með frumvarp hér á Alþingi um hlutafélög í opinberri eigu. En það er ekki verið að tala fyrir því áður en hlutafélagavæðing Rarik á að eiga sér stað heldur er byrjað á hlutafélagavæðingu Rafmagnsveitna ríkisins og svo veit maður ekki hvað framtíðin ber í skauti sér með hlutafélög í opinberri eigu. Mér hefði fundist eðlilegri röð að setja þá einhvers konar skorður við því að hlutafélag af því tagi sem hér er verið að búa til gæti verið lokað inni, því komið í einhvers konar skjól undan upplýsingalögum og stjórnsýslulögum, að ekki sé talað um lög um starfsmenn hins opinbera. Ég hefði haldið að ef gera ætti hlutina í réttri röð hefði verið skynsamlegra að byrja á einhvers konar lagaumgjörð um hlutafélög í opinberri eigu en ekki að fara þá leið sem hæstv. ráðherra leggur hér til.

Við höfum tekist á um orkumálin frá ýmsum sjónarhornum. Eitt af því sem tekist var á um á sínum tíma, þegar raforkutilskipun Evrópusambandsins var innleidd, var hvort Íslendingar byggju í sjálfu sér við þær aðstæður að það væri yfir höfuð hægt að skapa samkeppnisumhverfi á raforkumarkaði. Um það voru mjög miklar deilur. Um þær deilur má lesa í ýmsum ritum, m.a. í riti sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið gaf út í febrúar árið 2000, sem fjallaði um framtíðarskipulag raforkuflutnings á Íslandi. En í því riti, sem og í ýmsum öðrum skýrslum, hafa verið tíundaðar þær efasemdir sem fjöldi þingmanna hafði um að Íslendingar þyrftu yfir höfuð að innleiða þessa tilskipun eða gætu ekki með einföldum hætti sótt um undanþágu frá henni.

Þeim mun betur sem ég kynni mér þessi mál því sannfærðari verð ég um að hún var arfavitlaus sú ákvörðun að fara út í þennan leiðangur, að búa til þennan ímyndaða samkeppnismarkað á þessari 103 þús. ferkílómetra eyju, Íslandi, þar sem eðli málsins samkvæmt verður aldrei um neina samkeppni að ræða nema mögulega milli tveggja fyrirtækja. Það vita allir sem vilja vita að ef einungis tvö fyrirtæki eru á markaði þá er það fákeppni, ekki samkeppni. Menn eru hér í vonlausu landslagi að búa til ímyndaðan samkeppnismarkað í raforkumálum. Hver eru nú fyrstu skrefin í þeim efnum? Ég er hér með útprentaða frétt úr Ríkisútvarpinu frá 13. janúar sl. þar sem iðnfyrirtæki kvarta sáran undan hækkun raforkuverðs. Því er haldið fram í fréttinni að frá því að breytingar á raforkulögum tóku gildi fyrir örfáum mánuðum síðan, var það ekki um áramótin sem lögin gengu endanlega í gildi, hafi raforkan í sumum tilvikum hækkað um allt að 50%. Um helming. Þvert ofan í allar yfirlýsingar hæstv. ráðherra og hv. þingmanna stjórnarflokkanna þegar við vorum að fjalla hér um hin nýju raforkulög. Þá stóð nú bunan upp úr fólki að þetta ætti nú ekki að þurfa að kosta verulegar raforkuhækkanir. Kannski yrði einhver umsýslukostnaður, einhvers konar byrjunarkostnaður, en síðar mundi það allt jafna sig út. (**BJJ:** Gæti lækkað.) Mögulega hefur raforkuverðið lækkað einhvers staðar, en fréttin sem ég er með hér fyrir framan mig er svo ljót og ber þessum tilburðum ríkisstjórnarinnar svo slæmt vitni að ég get ekki annað en ítrekað það sem ég sagði áðan að menn eru hér að klöngrast áfram í vonlausu landslagi.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir í frétt Ríkisútvarpsins frá 13/1, með leyfi forseta:

„Samkeppnin virkar bara ekki hér. Þau fyrirtæki sem eru að leita sér tilboða frá öðrum rafveitum eru ekki að fá nein tilboð í raun og veru og jafnvel tilboð sem eru yfir almennum töxtum. Ástæðan er sú að það er ekkert umframrafmagn í kerfinu og rafveiturnar vilja í raun og veru ekki nýja viðskiptamenn. Þar sem menn vilja ekki nýja viðskiptamenn, þar er auðvitað engin samkeppni.“ (**KÓ:** Það þarf þá bara að virkja meira.)

Þetta segir framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Sveinn Hannesson. Hv. þm. Kjartan Ólafsson kallar fram í: Það þarf þá bara að virkja meira. Þau orð sendi ég aftur yfir til hv. þingmanns. Við ræðum það betur síðar. (**JBjarn:** Gríptu þau glóðvolg.) Hins vegar hef ég verulegar áhyggjur

af því að stærri iðnfyrirtækin sem fréttin sem ég fjallaði um lýtur að höfðu áður sérstaka samninga um orku á næturnar og um ótrygga orku. Þau fyrirtæki koma afskaplega illa út úr þeim breytingum sem eru að verða við hina ímynduðu innleiðingu samkeppnismarkaðar.

Orkuverð iðnfyrirtækja á Íslandi er með því alhæsta í Norður-Evrópu. Þetta fullyrðir framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Ég spyr, virðulegi forseti: Hverju sætir það, að þjóð sem á jafnmikið af orkulindum og raun ber vitni, þjóð sem hefur ríkisstjórn sem gortar sig af orkulindunum í tíma og ótíma og gerir allt sem í hennar valdi stendur til þess að reka á eftir orkufyrirtækjunum til að rannsaka og virkja alla virkjunarkosti, helst á morgun ef ekki í gær, hvernig stendur á því að stjórnendur iðnfyrirtækjanna í landinu þurfa að kvarta á þeim nótum sem fjölmiðlaumfjöllun ber vott um þegar við ættum að geta boðið lægsta raforkuverð í Norður-Evrópu en ekki hæsta? Skýtur ekki eitthvað skökku við hér? Hvernig væri að þjóðin sæi fyrir sér ríkisstjórn sem hefði það að stefnumiði sínu að lækka raforkuverð vegna þess að við eigum svo kröftugar orkulindir? Því er ekki að heilsa. Ríkisstjórnin sem hér situr hugsar ekki um almenna neytendur í landinu, hvorki fjölskyldur, heimilin né iðnfyrirtækin sem þurfa á þessari orku að halda. Nei. Núverandi ríkisstjórn ber fyrir brjósti risastóra alþjóðlega auðhringa sem þurfa síst á því að halda að hafa lágt raforkuverð.

Frú forseti. Mér finnst þessi brýning eða hreinlega dómur sem kemur frá framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins yfir gjörðum hæstv. iðnaðarráðherra verulega alvarlegur. Mér finnst við þurfa að ræða þetta í þessu samhengi þegar ljóst er að stjórnendur í stærri iðnfyrirtækjum á Íslandi kvarta og segja að raforkukostnaðurinn hafi hækkað svo mikið. Fyrirtækið Plastprent er nefnt í frétt Ríkisútvarpsins sem einn stærsti raforkunotandi á Íslandi fyrir utan stóriðju. Maður skyldi ætla að fyrirtæki af því tagi gæti unað hag sínum vel á Íslandi, orkuparadísinni Íslandi, en ónei, annað er upp á teningnum, því að forsvarsmenn Plastprents segja raforkuverð hafa hækkað um 20–30% en fyrirtækið kaupir í stórum skömmtum fyrir um 20–30 millj. á ári. Forsvarsmennirnir kvarta að sjálfsögðu undan því að fyrirtæki á borð við Plastprent, stórfyrirtæki á okkar mælikvarða, skuli ekki fá svipaðar ívilnanir og stóriðjan. Því er ekki að heilsa og Sigurður Bragi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Plastprents, segir í fréttinni, með leyfi forseta:

„Við getum ekki betur séð, þó að við séum ekki með nákvæmar upplýsingar um hvað stóriðjan er að borga, þá gætum við trúað því að við, sem erum þó þetta stórir, séum að borga milli 40- og 50-falt meira fyrir kílóvattstundina en stóriðjan.“

Fjörutíu- til fimmtíufalt meira en stóriðjan, innlent iðnfyrirtæki. Þetta er stóriðjudekur hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnarinnar í hnotskurn. Fréttamaðurinn spyr Sigurð Braga hvort þeir geti ekki gert eitthvað því nú sé samkeppni á markaðnum, hvort þeir geti ekki bara farið til annarra rafveitna. Hverju svarar forsvarsmaður Plastprents, Sigurður Bragi Guðmundsson, því, frú forseti?

Hann svarar, með leyfi forseta:

„Nei. Við höfum reynt að leita eftir tilboðum annars staðar frá. Þetta kerfi virðist ekki vera að virka sem skyldi og við höfum ekki getað bætt stöðu okkar með þeim hætti.“

Ég spyr: Hversu lengi á ástandið að vera eins og Sigurður Bragi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Plastprents, lýsir því? Hversu lengi ætlar hæstv. iðnaðarráðherra að sýna íslenskum iðnfyrirtækjum þá fyrirlitningu sem hún sýnir með gjörðum sínum?

Mér finnst orðið löngu tímabært að Samtök iðnaðarins og iðnfyrirtæki í landinu rísi upp á afturlappirnar og leggist á sveif með okkur sem erum að reyna að leiða þjóðinni það fyrir sjónir að stóriðjuæði ríkisstjórnarinnar sé glapræði og frekar ætti að huga að því að afla hér orku með einföldum og umhverfisvænum hætti til þeirra fyrirtækja sem við erum með í landinu heldur en að vera á þeirri vegferð sem núverandi ríkisstjórn er í. Þegar við bætist sú árátta ríkisstjórnarinnar að háeffa og selja þær eigur sem þjóðin er búin að vera að koma sér upp í gegnum tíðina með ærnum tilkostnaði, með því að leggja á sig ærið ómak og erfiði við að koma sér upp þessum eigum, þá sé ég ekki betur en hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, sé að fara hér um eins og fíll í postulínsverslun.

[18:06]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var athyglisvert að hlusta á hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Ástæðan fyrir því að ég kem upp í andsvar er kannski fyrst og fremst sú að ég sat á afar merkilegri ráðstefnu sem Samtök atvinnulífsins stóðu fyrir á föstudaginn sl. þar sem farið var yfir sögu áliðnaðar á Íslandi. Umræðan er eiginlega að endurtaka sig nú. Á árunum upp úr 1960–1961 var upphaflega talað um að virkja stórt á Íslandi og byggja álver sem var byggt í Hafnarfirðinum, í Straumsvík. Þá voru öll vinstri öfl þjóðfélagsins, stjórnmálaöflin, á móti endalaust sí og æ að verið væri að selja útlendingum auðlindina og við mundum tapa þessu alfarið í hendur útlendinga og þetta væri stórhættulegt fyrir íslenskt efnahagslíf.

Á fundinum sem Samtök atvinnulífsins héldu var það upplýst að þjóðin, fyrirtækið Landsvirkjun, sem á Búrfellsvirkjun sem við byggðum í undanfara þess að álverið í Straumsvík var reist, á Búrfellsvirkjun skuldlausa 1990 rétt eins og Sogsvirkjanirnar. Þetta eru gullkvarnir þjóðfélagsins sem mala gull með litlum tilkostnaði og framleiða orku á sjálfbæran hátt, mengunin er engin.

Við skulum minnast umræðu sem við áttum með kollegum okkar í síðustu viku á Norðurlandaráðsþingi þar sem þeir voru að tala um orku sem væri ekki annað en gas og olía, brennsla. Hvað um það?

[18:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Vinstri öflin lögðust á sínum tíma gegn álverksmiðjunni í Straumsvík, segir hv. þingmaður og veltir vöngum yfir því hvort hér sé ekki að endurtaka sig svipuð staða. Ég ætla að benda hv. þingmanni á að það er í raun bara einn vinstri flokkur núna sem er heill og sannur í andstöðu sinni við stóriðju á Íslandi þannig að því sé haldið til haga.

Varðandi umhverfisvænar virkjanir og það að við eigum Búrfellsvirkjun skuldlausa og allt þetta þá hefði að mínu mati verið sama út í hvaða atvinnuuppbyggingu hefði verið

farið á þeim árum sem farið var út í uppbyggingu álversins í Straumsvík, það hefði allt skilað sér. Það var ekkert nauðsynlegt fyrir efnahag okkar og það hafa bankarnir verið að sýna fram á, m.a. greiningardeild KB-banka. Það var ekkert meiri arðsemi fólgin í því að fara út í álframleiðslu en hvað annað.

Nú er eðlilegt að ég spyrji hv. þingmann til baka: Finnst honum það ekki alvarleg ásökun frá einu stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi, Plastprent, að þeir borgi 40- til 50-falt hærra raforkuverð en erlend stóriðja sem er lítill ábati að fyrir samfélagið? Finnst hv. þingmanni þetta ekkert alvarlegt? Finnst honum ekki eðlilegra að við mölum gull, eins og hann orðaði það, með umhverfisvænum virkjunum, sem ég er ekki sammála honum um að séu umhverfisvænar þær sem er núna verið að búa til fyrir stóriðju. Ég tel að við eigum að virkja ár í farvegi sínum eins og Mjólkárvirkjun og Sogsvirkjanirnar og gæti nefnt fleiri virkjanir máli mínu til staðfestu.

Finnst hv. þingmanni þetta ekki súrt í broti þessar yfirlýsingar frá stóru iðnfyrirtæki á Íslandi sem kvartar undan háu raforkuverði?

[18:11]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst vil ég koma inn á atriði sem fram kom hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur varðandi það að við hefðum getað farið út í aðra atvinnustarfsemi. Það er hárrétt og það kom einmitt fram á ráðstefnunni á föstudaginn hjá Samtökum atvinnulífsins. Vinstri öflin vildu að við færum út í niðursuðu, að selja Rússum niðursoðna síld. Það voru atvinnutækifærin á þeim tíma og hefði skilað miklu í þetta þjóðfélag eða hitt þó heldur.

Varðandi raforkutaxta til tiltekinna fyrirtækja hér er mér auðvitað ómögulegt að svara þeirri spurningu þar sem ég hef ekki þær forsendur sem til þarf til að huga að raforkutöxtum. Mér er það fullkomlega ljóst og þekki það af eigin reynslu að notkunarmynstur hvers fyrirtækis í landinu er mjög mismunandi. Eftir því sem mynstrið líkist meir álfyrirtækjunum, þ.e. að þau noti raforkuna 24 tíma sólarhrings allt árið, því ódýrari verður raforkan. Því hærri spennu sem viðkomandi kaupir, því minni kostnaður sem er við að spenna niður minni orkutöp því ódýrari verður raforkan. Það eru því margar forsendur sem þarf að skoða fyrst áður en hægt er að svara þessu. Það er í raun ekki boðlegt að bera slíkar tölur upp án þess að rökstyðja þá þætti sem liggja að baki raforkuverðinu og þeirri verðlagningu sem á sér stað.

[18:12]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ósammála hv. þingmanni um að við getum ekki rætt um raforkuverð hjá stórum íslenskum iðnfyrirtækjum án þess að hafa allar forsendur og alla flækjuna sem að baki liggur. Mér finnst þessi yfirlýsing, eins klár og kvitt og hrein og skýr og hún er, mjög alvarleg og finnst eðlilegt að hv. þingmaður komi sér undan því að ræða hana.

Hann talaði um niðursuðuhugmynd vinstri aflanna á sjöunda áratugnum. Það er gaman að skoða pólitík liðinna ára en þá verðum við líka að skoða hana sem sagnfræði. Við þekkjum öll sögurnar um áætlunarbúskap í Sovétríkjunum eða hjá Stalín fyrrverandi einræðisherra í austrinu sem ætlaði að setja niður sokkaverksmiðju hér og baunaverksmiðju þar. Við lifum á öðrum tímum hefði ég haldið, eða hvað? Lifum við kannski ekkert á öðrum tímum? Er áætlunarbúskapur Stalíns kannski bara kominn hingað, er hann að ganga í endurnýjun lífdaga hér fyrir forustu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks? Er það ekki áætlunarbúskapur að setja niður álver úti um allt land og bjóða fólki ekki upp á nokkurn skapaðan hlut annan? Það er bara álver eða dauði. Öðruvísi mér áður brá. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eiga að gæta sín á því hvað þeir segja því að það er einmitt það sem þeir eru að predika, forsjárhyggju og áætlunarbúskap í líki stóriðju þar sem menn selja raforkuna okkar á útsöluprís.

Ég get rökstutt þetta með útsöluprísinn. Við seljum raforkuna úr Kárahnjúkavirkjun kannski á einhver 18 mill á sama tíma og verið er að selja raforku til sambærilegs iðnaðar annars staðar í Evrópu á um 24–26 mill, þ.e. við seljum raforkuna okkar á sama verði og kannski er hægt að fá hana í Suður-Afríku eða Suður-Ameríku. Þar með skerum við okkur úr samkeppnisumhverfinu, förum út af samkeppnismarkaðnum (Forseti hringir.) og leggjumst ansi lágt.

[18:15]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við ræðum um enn eitt rafmagnsfrumvarpið. Nú er það stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Í dag ræddum við utan dagskrár um rafmagn. Þetta virðist vera eilífðarmál og vert að spyrja sig: Hvers vegna erum við aftur og enn farin að ræða um rafmagn og álver? Ástæðan er sú að það fást aldrei svör hjá hæstv. ráðherra.

Ég bar áðan upp spurningu í andsvörum við ráðherra en hún svaraði engu. Hún svaraði út og suður. Sama gerðist í utandagskrárumræðunni í dag þegar hún var spurð hvort það samræmdist Kyoto-bókuninni að hafa þrjú eða jafnvel fleiri álver í deiglunni. Það komu engin svör. Ég held að fólkið í landinu vilji vita, án þess að þurfa að velta fyrir sér hvort Rarik heiti Rarik hf. eða ekki, hve háan rafmagnsreikning það fær frá fyrirtækinu. Eins skiptir verulegu máli fyrir fyrirtækin í landinu að vita hvert verðið verður á rafmagni.

Gerðar voru breytingarnar á kerfinu sem hæstv. iðnaðarráðherra fagnaði alveg ægilega og náði að blekkja ýmsa til fylgis við sig, m.a. ýmsa í Samfylkingunni sem vildu jafnvel faðma hana. Ef ég man rétt. vildi hv. þingmaður Kristján Möller faðma hæstv. ráðherra, svo gríðarlega ánægður var hann með þær breytingar. En breytingin hefur ekki verið til góðs fyrir fólkið í landinu, hvað þá fyrir fyrirtækin. En það koma engin svör þegar maður spyr hæstv. ráðherra út í þetta litla frumvarp, hverju það breyti fyrir fólkið í landinu. Hækkar þetta rafmagnsverð eða lækkar það? Maður fær engin svör. Mér finnst ekki sanngjarnt, ef ráðherra leggur fram frumvarp sem á að vera í þágu almennings og við þingmenn spyrjum, sem erum kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, að hún geti ekki svarað slíkum spurningum. Hækkar rafmagnsreikningurinn eða lækkar hann?

Það verður að segjast að eftir að breytingar urðu á raf-

orkumarkaði, sem líta ágætlega út á skrifborðinu, að skipta raforkumarkaði annars vegar í samkeppnismarkað og hins vegar í einokunarmarkað, þá er vafasamt að leggja fram slíkt frumvarp. Rafmagnsveitur ríkisins sinna aðallega dreifingu á rafmagni og eru þess vegna á einokunarsviði. Það skiptir verulega miklu máli með fyrirtæki sem búa við einokun að leiðin að upplýsingum sé opin, um kostnaðinn, hvernig hann skiptist og hvert fyrirtækið þróast. En um leið og við erum búin að samþykkja þetta frumvarp og komið hf. fyrir aftan Rarik þá höfum við lokað af upplýsingaflæði frá þessari eign ríkisins. Það skiptir verulegu máli.

Ég er sannfærður um að það verður ekki fólkinu í landinu til hagsbóta að loka þessar upplýsingar af. Við fáum ekki að vita hvort fyrirtækið gerir starfslokasamninga við fyrrverandi forstjóra, sem hafa starfað um skamma eða langa hríð. Við höfum dæmi um það. Við höfum ekki fengið slíkar upplýsingar frá Símanum þegar þeir gerðu starfslokasamning við mann sem hafði glatað stórum fjárhæðum sem forstjóri fyrirtækisins. Þá fékk almenningur ekki að vita hve háar upphæðirnar voru. Þetta frumvarp mun leiða til hins sama ef gerður verður starfslokasamningur innan Rariks, að þá fáum við ekki upplýsingar um fyrirtækið.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það til hagsbóta fyrir almenning að stöðva upplýsingaflæðið? Ég get ekki séð það. Við sjáum einnig að ef að þetta frumvarp verður að lögum þá gerist ekkert annað. Fyrirtækið getur fjárfest í öðrum félögum og almenningur þarf ekki að fá að vita um það. Ég er á því að þessi upplýsingaskylda þurfi að koma til og auknar kröfur til hlutafélaga í opinberum rekstri ef samþykkja á þetta frumvarp. Annars verður þetta ekki til góðs fyrir almenning.

En fyrst að hæstv. ráðherra er í salnum vil ég beina spurningu til hennar. Ráðherra sakaði mig fyrr í umræðunni um rangfærslur og meira að segja rangfærslur á fundum um allt land. Mér þykir það leitt ef svo er en ég vil fá að vita hjá hæstv. ráðherra hvað ég sagði rangt. Ég vil ekki fara rangt með og ég ber mikla virðingu fyrir dugnaði hæstv. ráðherra við að álvæða landið þótt ég harmi að hún sýni ekki sama dug þegar kemur að iðnaðinum í heild sinni. Mér finnst að hæstv. ráðherra, sem ég ber virðingu fyrir og sakar mig um að fara með rangt mál, eigi að upplýsa mig um hvar ég fór rangt með.

Ég sagði að ráðherra hefði sagt að þetta væri einungis 100 kr. hækkun. Ég gerði það í góðri trú og fann því stað í þingtíðindum að hæstv. ráðherra sagði að breytingar á raforkumarkaðnum yrðu litlar. Ég vitna hér orðrétt í ræðu sem hæstv. ráðherra flutti, með leyfi forseta:

„Auk þessa er meiri jöfnun í kerfinu en var áður sem getur þýtt örlitla hækkun á þessu svæði. En ég held að það sé ekki erfiðara en svo að það sé teljandi í einhverjum hundraðköllum á ári. Þannig verður ekki nein stórkostleg breyting. Það eru ýmsar svona breytingar sem eiga sér stað en þær munu ekki verða stórkostlegar."

Við þingmenn höfum fengið fréttir utan af landi um 50% hækkanir á húshitunarkostnaði. Síðan fáum við fréttir frá Samtökum iðnaðarins, sem segja að ný raforkulög leiði til hærra vöruverðs. Frú forseti. Ég tel mig ekki hafa farið með rangt mál þar. Fór ég rangt með þegar ég sagði að raforkuverð hafi hækkað um tugi prósenta? Það er a.m.k. víst að það varð ekki hundraðkalla hækkun, frú forseti. Það er ekki hundraðkalla hækkun heldur veruleg hækkun.

Hið sama gildir um þá sem þurfa að hita upp atvinnuhúsnæði úti á landsbyggðinni. Ég hef talað við menn í Strandasýslu. Þeir fá tugprósenta hækkun, 30% hækkun. Þar hefur ekki orðið hundrað króna hækkun. Ég hef ekki farið með rangt mál hvað þá varðar. Mér finnst að hæstv. ráðherra eigi að svara því, hvenær ég fór með rangt mál. Ég vil ekki fara rangt með og vil komast til botns í þessu. Þegar slíkar breytingar ganga yfir og svo miklar hækkanir verða hjá fáum þá verður að komast til botns í því og vinna á því. Það gengur ekki að afneita því. Iðnaðurinn hefur orðið fyrir tugprósenta hækkun. Það má ekki vera svo mikið kapp hjá hæstv. ráðherra í að semja um raforkuverð til álvera að verðið hækki á öðrum sviðum.

Ég vil að hæstv. ráðherra virði fyrir sér samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar. Ég er á því að ef allt væri með felldu hefðu þessar öflugu virkjanir og raforkukerfið sem þjóðin hefur smám saman verið að greiða niður, leitt til lækkunar á raforkuverði en ekki til hækkunar. En því er ekki að heilsa, frú forseti. Skoðum hvílíkt forskot við gætum haft á aðrar þjóðir í þeim efnum. Ég er ekki viss um að við ættum að stefna að lægri launakostnaði í landinu. Ég er á því að við ættum að hafa há laun í landinu. En hvar höfum við forskot? Við eigum ódýra orku og ættum með því að geta stutt við bakið á iðnfyrirtækjum.

Ef maður les skýrslur sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur lagt fram þá sést að rafmagn til iðnaðar er ekki lægra á Íslandi en í nágrannaríkjunum. Það er jafnvel ívið hærra og miklu hærra en í Svíþjóð. Þetta er áhyggjuefni vegna þess að íslenskur iðnaður býr við lítinn markað og háan flutningskostnað ef sótt er á erlendan markað. Ég vonast til að hæstv. ráðherra skoði þetta með gagnrýnum augum og sjái að ég fer ekki með rangt mál, langt í frá.

Í umræðunni hefur áður komið fram að breytingarnar á raforkumarkaðnum áttu að leiða til 140 millj. kr. hækkunar í kerfinu, samkeppniskerfinu. Það væri óskandi að hæstv. ráðherra gerði betur grein fyrir því hver hækkunin varð í raun. Því það kemur ekki fram í skýrslu hæstv. ráðherra. Það kemur ekki fram hver hækkunin varð í raun. Þar er nefnd hækkun hér og hækkun þar og kannski örlítil lækkun á nokkrum stöðum. Þess vegna væri mjög spennandi að fá fram hvar raforkuverð í landinu hefur bólgnað út. Ýmislegt bendir til þess að raforkuverð ætti að fara lækkandi á Íslandi. Raforkufyrirtækin skulda í erlendri mynt, sem hefur farið lækkandi miðað við íslenska krónu. Skuldabyrði þeirra ætti því eitthvað að minnka. Í stað þess að bjóða neytendum upp á hækkanir ættu þau að geta lækkað verðið. Ég vona að ráðherra taki vel í þessa umræðu og skoði málin á gagnrýninn hátt en afneiti ekki ástandinu og fari í einhverja útúrsnúninga. Málið er alvarlegra en svo. Fyrirtækin eru að fara úr landi. Það hefur komið fram að laxeldið fyrir austan fékk verulega hærri rafmagnsreikninga. (**JBjarn:** Það væri fróðlegt að ráðherra rifjaði upp hvað rafmagnið kostar þarna.) Ég er á því að staðan sé alvarleg.

Rétt er að huga að því sem breytingar á raforkumarkaði erlendis hafa leitt af sér? Ég hef kynnt mér eilítið hvernig það gerðist í Skotlandi. Þar virðast breytingarnar hafa leitt til lækkunar hjá stærstu notendunum en hærra raforkuverðs

hjá öðrum. Mér hefði þótt vænt um að hæstv. ráðherra segði okkur hvernig hún sér fyrir sér breytingarnar á raforkumarkaðnum. Bæði fyrirtækin og almennir neytendur hafa einungis séð hækkanir. Ef til vill hefur verið meira svigrúm þess vegna, ég veit það ekki, til að lækka raforkuverðið til álveranna. En þetta þarf að koma fram.

Í ágætri skýrslu sem hæstv. iðnaðarráðherra lagði fyrir þingið, sem vantar þó margt upp á, kemur fram á bls. 36 að árið 2008 verði um 80% af allri raforkuframleiðslunni seld til stóriðju, sem leiðir til þess að einungis 20% á markaðnum eru í samkeppni. 80% eru í föstum samningum. Þá fer maður að velta fyrir sér hvort umbúnaðurinn um þessi 20% verði of mikill. Hin 80% eru hvort sem er í föstum samningum, leynisamningum sem maður fær ekki fregnir af. Maður fær ekki að vita hvert verðið er til stóriðjunnar. Ég tel það ekki þessari umræðu til framdráttar. Það á vitanlega að vera uppi á borðinu þannig að menn sjái að stóriðjustefnan sé öðrum fyrirtækjum jafnframt til hagsbóta. Það á ekki velta þessu yfir á þau en það óttast fólk einmitt.

Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra segi hreint út hvar menn hafa farið rangt með. Ef hún gerir það ekki, frú forseti, þá mætti segja að hún hafi verið með dylgjur, þ.e. með því að gefa í skyn að farið hafi verið með rangt mál en geta ekki sagt hvað í því felst. Það er ekki umræðunni til framdráttar, frú forseti.

[18:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég taldi rétt að koma inn í umræðuna og svara ýmsu sem fram hefur komið þó ég vilji helst ræða raforkuverð undir öðrum dagskrárlið sem vonandi verður bráðum tekinn á dagskrá, þ.e. um skýrsluna sem ég hef lagt fram um þróun raforkuverðs. En af því hv. þingmaður gerði þetta mál mjög að umtalsefni ætla ég í örfáum orðum að koma inn á þetta.

Þá vil ég í fyrsta lagi segja að samkvæmt sennilega síðustu úttekt á verðbólgunni og vísitölunni lækkaði raforkuverð í þeirri úttekt almennt. (**SigurjÞ:** Frá hvaða tíma?) Ég á eftir að athuga betur hvenær þetta var, þetta var alla vega í þessum mánuði. Ég tel mjög virðingarvert af hv. þingmanni að hafa fundið tilvísunina sem hann hefur notað mjög úr máli mínu í tengslum við breytinguna á raforkulögunum. Það skýrir nákvæmlega sem ég sagði áðan, að hann fer með rangt mál. Kannski er um misskilning að ræða þegar hann segir að ég hafi sagt að það væri meiri jöfnun í kerfinu og að þetta gæti kostað einhverja hundraðkalla. Þá er ég að segja frá því að jöfnunin nær lengra út í hinu nýja kerfi en áður. Fólk á suðvesturhorninu tekur þátt í meiri jöfnun á raforkuverði en áður. Þetta er ég að segja að kosti einhverja hundraðkalla, aukin jöfnun í kerfinu. Þá er hv. þingmaður vonandi búinn að átta sig á að hann fór með rangt mál. Ég hef heyrt hann segja að ég hafi sagt að hækkunin gæti ekki orðið nema einhverjir hundraðkallar. Þá er ég bara að tala um jöfnunina.

Einnig kom hann inn á að við veltum kostnaði yfir á almenning og iðnfyrirtæki vegna stóriðju. Það er ekki rétt. Stóriðjan sér um sig sjálf og það er ekkert samband þarna á milli. Gerðir eru sérstakir samningar um raforkuverð af hálfu álfyrirtækjanna sem eru einangraðir í kerfinu. Svo spyr hann hver sé raunveruleg hækkun í kerfinu. Það er lítill viðbótarkostnaður sem verður til með þessum nýjungum. Það er bara verið að raða hlutunum öðruvísi upp. Þess vegna hafa sumir hækkað og aðrir lækkað, sérstaklega vegna þess að í gamla kerfinu var mjög mikið það sem ég hef stundum kallað sullumall. Það var ekki gegnsæi. Menn vissu ekki hvernig rafmagnsverðið varð til. Sú frétt sem vitnað var til um hækkandi verð hjá iðnfyrirtækjum er m.a. skýrt með því að viðkomandi fyrirtæki voru á mjög óeðlilegum kjörum áður en nýja fyrirkomulagið var tekið upp. Orkufyrirtækin fóru að laga til innandyra hjá sér þegar nýju lögin gengu í gildi og þetta voru afleiðingarnar. Þetta liggur alveg fyrir.

Af því að vitnað var í forstjóra Samtaka iðnaðarins þá heyrði ég líka viðtalið við hann og tel að hann hefði átt að kynna sér málið betur áður en hann fór að tjá sig opinberlega. Ég held að ég fari ekki meira í þetta að þessu sinni.

Ég vil koma örstutt inn á það sem fram kom hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um hina margumtöluðu tilskipun frá Evrópusambandinu, að við hefðum ekki þurft að innleiða hana. Við þurftum einfaldlega að innleiða þá tilskipun. Við erum á innri markaði Evrópusambandsins og þurfum að innleiða þær tilskipanir sem varða innri markaðinn og þetta er eitt af því. Við erum margbúin að fara í gegnum þá umræðu og ég held að við komumst ekki að annarri niðurstöðu en þeirri að þetta var óumflýjanlegt. Ég vil líka fullyrða að þó að þetta hefði ekki komið til hefðum við að sjálfsögðu þurft að breyta fyrirkomulagi okkar. Við gátum ekki haldið áfram með það fyrirkomulag að Landsvirkjun hefði þá sérstöðu sem hún hafði innan kerfisins, að hafa sérleyfi á framleiðslu á rafmagni. Þannig var það. Orkuveita Reykjavíkur eða Hitaveita Suðurnesja gátu ekkert framleitt rafmagn inn á kerfið nema fá samþykki fyrir því hjá Landsvirkjun vegna þess að Landsvirkjun átti flutningsnetið. Hvað sem hefði orðið um tilskipunina og þó hún hefði aldrei komið fram hefðum við að sjálfsögðu reynt að þoka okkur inn á þá braut að taka upp samkeppni í framleiðslu á raforku og reynt að skipta upp kerfinu þannig að sérleyfisþættir væru reknir sérstaklega og samkeppnisþættir í öðrum rekstri, þ.e. að það væri skilið þarna á milli. Ég held að það sé ekki nokkur vafi á því. Ég er alveg sannfærð um, og hef náttúrlega oft sagt það, að það var rétt að gera þetta. Þó að það hafi verið einhverjir byrjunarörðugleikar mun það sanna sig á fáum árum að að sjálfsögðu var hárrétt að fara út í þessar breytingar.

Ég ætla aðeins að koma inn á það sem fram kom í ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Hann telur nokkuð þokukennt hvað ríkisstjórnin sé að fara í þessum málum. Það er ekki nokkur þoka yfir því sem ég hef í huga í sambandi við framtíðina varðandi þau fyrirtæki sem ríkið á, Landsvirkjun, Rarik og Orkuveitu Reykjavíkur. Þó verður töf á því að þær breytingar geti átt sér stað vegna þess að það tókst ekki það ætlunarverk okkar, þegar ég segi okkar þá meina ég allra þeirra sem eiga Landsvirkjun, að ríkið keypti meðeigendurna út úr fyrirtækinu. Þetta átti að gerast á síðasta ári miðað við okkar vilja en náðist ekki. Ég held að það sé ekki rétt að fara mikið út í þá umræðu hér. Ég veit að hv. þingmaður þekkir það, að það náðist ekki samkomulag. Sumir segja að það hafi verið um verð og aðrir segja að það hafi

verið um eitthvað allt annað. Ég vonast svo sannarlega til þess að af þessu geti orðið á þessu ári. Ég held að það sé mikilvægt allra hluta vegna. Við höfum hugsað þetta þannig að móðurfyrirtæki yrði yfir rekstrinum öllum og það að stofnað skyldi vera til þessa sölufyrirtækis núna af hálfu þessara fyrirtækja eru viðbrögð við breyttum aðstæðum á markaði þannig að þessi fyrirtæki í eigu ríkisins geti haft tækifæri til að spreyta sig á markaðnum sem hefði ekki verið ella. Frumvarpið sem við fjöllum um núna, að breyta Rarik í hlutafélag, er náttúrlega lagt fram fyrir jólin með það í huga að bæta stöðu þess fyrirtækis miðað við hinar breyttu aðstæður. Ef það hefði verið samþykkt fyrir jól hefði sennilega verið farið öðruvísi í hlutina en það þýðir ekkert að tala um það héðan af. Ég vona bara að frumvarpið sem við fjöllum um núna fái greiða leið í gegnum þingið.

Hv. þingmaður talaði einnig um sérstöðu Reykjavíkur og Akureyrar að hafa fengið hlut í fyrirtækinu. Það er alveg rétt að það hefur skapað þeim gríðarleg verðmæti. Þó ekki hafi náðst samkomulag um hversu mikil þau verðmæti eru þá eru þau mikil. Við verðum líka að hafa í huga að þau verða til vegna þess að sveitarfélögin leggja eignir í fyrirtækið, annars vegar Sogsvirkjanir og hins vegar Laxárvirkjun og síðan náttúrlega aukast verðmæti þessa fyrirtækis vegna þeirrar starfsemi sem það er í. Ríkið er auðvitað búið að drífa áfram þann rekstur miklu frekar en sveitarfélögin, en við getum ekki horft fram hjá því að þau eiga þennan hlut og sá hlutur verður ekki tekinn af þeim öðruvísi en að greitt verði fyrir hann.

Ég held að það sé ekki ástæða til að fara í fleiri þætti sem fram hafa komið. Ég held að heilt yfir hafi þetta verið málefnaleg umræða og ekkert nema gott um það að segja. Ég veit að henni er ekki lokið og mun verða viðstödd og hlusta á þá sem eiga eftir að taka til máls.

[18:40]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er með örfáar spurningar til hæstv. ráðherra. Ég sagði að íslensk iðnfyrirtæki væru að kvarta undan gríðarlegum hækkunum nú nýverið á raforku til sín. Fyrirtæki eins og Plastprent sem kvartar undan því að það greiði 40–50 sinnum meira fyrir raforku sína en stóriðjan greiðir. Hæstv. ráðherra segir að þær hækkanir megi rekja til þess að það hafi verið svo mikið sullumbull eða eitthvað því um líkt sem ríkti í kerfinu og orkufyrirtækin hafi verið knúin til þess að taka til hjá sér. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er hún að segja að slælegur rekstur orkufyrirtækjanna fyrir breytingar á raforkulögunum hafi orðið til þess að iðnfyrirtæki á Íslandi, sígild íslensk iðnfyrirtæki, greiði nú fyrir raforkuna álíka mikið og þeir sem hæst greiða í Vestur Evrópu? Er þetta rétt skilið hjá mér?

Ef svo er finnst mér þetta nokkuð merkileg niðurstaða hjá hæstv. ráðherra og vil í framhaldi af því fá að vita hvernig hæstv. ráðherra sér innlent atvinnulíf í nánustu framtíð, hvernig á það að komast af í því verðumhverfi sem er til staðar í dag?

Varðandi ummæli hæstv. ráðherra um að hún hafni því að verið sé að velta kostnaði af raforkuframleiðslu til stóriðju yfir á almenningsveiturnar vil ég minna hæstv. ráðherra á að það er ekki lengra síðan en á orkuþingi 2001 að fjármálastjóri Landsvirkjunar hélt langt erindi um að það borgaði sig ekki að setja upp sjálfstætt fyrirtæki sem ætlað væri að virkja eða framleiða raforku til stóriðju, það yrði að koma til ríkisábyrgðir á lánum og annað sem ríkið legði til þeim fyrirtækjum sem þá (Forseti hringir.) voru og nú eru að virkja fyrir stóriðjuna.

[18:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekkert launungarmál að það skiptir Landsvirkjun mjög miklu máli að hafa ríkisábyrgð á lánum sínum. Hvað varðar iðnfyrirtækin í landinu almennt, að þau greiði svona hátt verð fyrir rafmagnið, kemur auðvitað gengi krónunnar inn í þann samanburð. Rafmagnsverð á Íslandi er ekkert sérstaklega lágt heilt yfir borið saman við aðrar þjóðir. Það kemur fram í þeirri skýrslu sem ég hef vitnað til. Ég ítreka að gengi krónunnar hefur að sjálfsögðu áhrif í þeim samanburði.

Þegar ég tala um fyrirkomulagið eins og það var áður hvað varðar iðnfyrirtækin, að þau hafi í raun ekki verið að greiða eðlilegt verð fyrir rafmagn, er ég að segja að hinir almennu neytendur hafi verið að niðurgreiða verð til iðnfyrirtækja í gamla fyrirkomulaginu í einhverjum mæli. Í hversu miklum mæli ætla ég ekki að segja um. Þetta eru bara þær staðreyndir sem blasa við. Í því fyrirkomulagi sem við höfum tekið upp núna er ekki um að ræða að það verði gert. Dreifikerfið og flutningskerfið eru eiginlega núlluð út. Þau hafa ekki áhrif á verðið heldur einungis orkuþátturinn, orkuverðið sem fyrirtækin eru til samninga um. Vissulega getur verið hægt að ná þar góðum samningum ef um stóran kaupanda er að ræða og hugsanlega ef um ótrygga orku er að ræða o.s.frv., en það geta ekki allir notað slíkt. Ég ítreka að við erum að fóta okkur í mjög breyttu fyrirkomulagi og ég er trúuð á að þetta hafi allt saman verið rétt sem við gerðum.

[18:44]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra segir að almennir neytendur hafi á árum áður og til skamms tíma greitt niður raforkuna fyrir íslensk iðnfyrirtæki. Nú verði því íslensk iðnfyrirtæki að átta sig á því að af því raforkufyrirtækin eru búin að taka til hjá sér þurfi þeir að greiða 50% hærra verð fyrir raforkuna en þeir gerðu til skamms tíma. Ég treysti því að íslensk iðnfyrirtæki séu að hlusta á hæstv. ráðherra.

Varðandi það hvort við hefðum þurft að innleiða tilskipunina frá Evrópusambandinu eða ekki segir hæstv. ráðherra að það hafi verið óhjákvæmilegt. Ég mótmæli því, því það kom fram í öllum umræðum um málið á Alþingi frá árinu 1996 að Íslendingar gátu að sjálfsögðu sótt um undanþágu frá innleiðingu tilskipunarinnar á þeim grundvelli og þeirri forsendu að við værum allsendis ótengd raforkumarkaði EES. (Forseti hringir.) Það var aldrei látið á það reyna því það var ekki vilji fyrir því hjá stjórnvöldum.

[18:46]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt sem hv. þingmaður segir að við hefðum getað sótt um undanþágu frá tilskipuninni. Þetta veit ég. Ég fór sérstaka ferð til Brussel þegar umræðan var sem heitust hérlendis og átti fundi með embættismönnum þar. Þar kom ljóslega fram að ekki var um það að ræða að komast undan því að innleiða tilskipunina. Af hverju skyldum við líka gera það? Sumir eru náttúrlega hræddir við allar breytingar en ég er það ekki. Ég er sannfærð um að það var rétt að gera þessar breytingar og ekkert um annað að ræða heldur. Þetta er búið að vera viðloðandi í fleiri ár að þurfa að svara þessum spurningum og eiginlega ekki að svara spurningum heldur fær maður bara fullyrðinguna: Þetta þurfti ekki. Það er hins vegar ekki rétt. (Gripið fram í.)

[18:47]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hafna því algerlega að ég hafi farið með rangt mál þegar ég vitnaði til skoðanaskipta hv. varaþingmanns Vinstri grænna, Álfheiðar Ingadóttur, og hæstv. ráðherra. Hún spurði hæstv. ráðherra 26. nóvember 2004 eftirfarandi spurningar: „Telur hún að þessar aðgerðir muni leiða til hækkunar eða lækkunar á raforkuverði til neytenda í landinu, og þá kannski sérstaklega til heimilanna?"

Þá svarar hæstv. ráðherra í beinu framhaldi og talar um „að það sé teljandi í einhverjum hundraðköllum á ári." Við skulum ekki ræða það meira.

Förum yfir í aðra hluti. Ég ætla ekki að velta ráðherra meira upp úr þessu. (**Iðnrh.:** Af hverju les ekki hv. þingmaður beint upp áfram?) Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra um að nú var sagt að eina hækkunin í kerfinu yrði 140 millj. kr. Það væru 100 millj. kr. til landsnetsins og 40 millj. kr. í eftirlit.

Mér leikur forvitni á að vita hvort þetta hafi gengið eftir eða hvort hækkunin hafi orðið meiri. Í raforkuskýrslunni sem liggur á borðinu hjá mér kemur það ekki fram. Ég hefði talið að ef við ætluðum að fara yfir hvernig til hefði tekist hjá hæstv. ráðherra, þá ætti hún einmitt að skoða hver hækkunin hafi orðið í kerfinu sem verið var að breyta.

[18:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er fróðleg umræða um niðurgreiðslu á rafmagni. Sannast sagna stóð ég í þeirri meiningu að almenningur og almennur atvinnurekstur í landinu niðurgreiddi stóriðjuna. En þetta horfir allt til bóta ef eftir ganga fullyrðingar og heitstrengingar forvera hæstv. ráðherra sem sagði að þegar Kárahnjúkavirkjun væri komin í gagnið væri góð tíð fram undan, því það eitt mundi hafa í för með sér verulega lækkun á rafmagnsverði. Það verður fróðlegt að leggjast yfir það og fletta upp prósentustigum í því sambandi.

Varðandi varnaðarorð sem uppi voru við kerfisbreytingarnar, ég man ekki betur en bæði forstjóri Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur hafi sagt á sínum tíma, talsvert fyrir þessar breytingar, að það væri mat þeirra að þær mundu hafa verulegan kostnaðarauka í för með sér.

Hæstv. ráðherra talar um hræðslu við breytingar. Reyndar kom upp í hugann orðið hræðsla þegar okkur var sagt frá því að hæstv. ráðherra hefði haldið til Brussel til að kanna hvort undanþágu mætti fá frá tilskipun Evrópusambandsins um raforkumál. Hvers konar fundur hefur það verið ekki síst í ljósi þess sem við jafnframt heyrum að hæstv. ráðherra hafi talið það hið mesta óráð að sækja um þessa undanþágu? Eftir því sem ég fæ skilið telja margir, þetta er álitamál vissulega, um það er deilt, að vegna þess hve fjarri við erum hinum evrópska markaði, markaðnum með raforku á meginlandi Evrópu, hefði af þeirri ástæðu einni verið auðsótt að fá þá undanþágu. (Forseti hringir.) Ég mun koma nánar að þessu á eftir.

[18:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvað maður á að halda lengi áfram með þetta sama svar að við erum á innri markaðnum og þetta er tilskipun sem kemur frá Brussel. Það vill bara svo til að það er í Brussel sem hlutirnir gerast hjá Evrópusambandinu. Við áttum engan annan kost en að innleiða þessa tilskipun. Enda var allt í góðu lagi með það. Að einhverjir ábyrgir aðilar hafi talað um að rafmagnsverð mundi lækka eitthvað sérstaklega við Kárahnjúkavirkjun er eitthvað sem ég kannast ekki við. (**ÖJ:** Noh!) Rafmagnsverð almennt er óháð Kárahnjúkavirkjun vegna þess að hún selur raforkuverð til álvers í Reyðarfirði. (Gripið fram í.)

Varðandi samkeppnina og að við séum á þessum einangraða markaði er það vissulega rétt að raforkumarkaður okkar er ekki tengdur við Evrópu. Við erum hins vegar í mikilli samkeppni engu að síður vegna þess að við seljum meiri hlutann af rafmagni okkar til stóriðjunnar í samkeppni við sölu til stóriðju annars staðar í heiminum. (**KolH:** Og það er verið að bjóða það á Afríkuverði.) Við þurfum að taka það líka með í reikninginn í þessu sambandi, að við erum í samkeppni með það raforkuverð sem við seljum til stóriðjunnar. Vegna þess að við getum boðið upp á samkeppnishæft verð til stóriðju er m.a. verið að byggja stóriðjuver á Íslandi sem fólkið í landinu er mjög ánægt með. Yfir helmingur þjóðarinnar er mjög ánægður með þá stóriðju sem er til staðar í dag og meira en helmingur þjóðarinnar vill halda áfram á þeirri braut. (Gripið fram í.) Það eru um 10%, u.þ.b. fylgið við Vinstri græna, (Forseti hringir.) sem eru á móti, ákveðið á móti. (**Gripið fram í:** Flott.)

[18:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ég hefði þurft um 2.000–3.000 mínútur til að fara nánar í þessa umræðu en það mun gefast tækifæri til þess við síðari umræðu. Varðandi EES-undanþáguna er það umdeilt atriði, þetta er misjafnt mat manna. Þeir eru að ég hygg fleiri sem telja að það hefði í alvöru átt að láta á þetta reyna. Hæstv. ráðherra telur svo ekki vera. Varðandi yfirlýsinguna um raforkuverðið á Kárahnjúkavirkjun verður heldur betur komið inn á það síðar og rifjuð upp þau ummæli sem gefin voru.

Eitt vil ég spyrja hæstv. ráðherra um og það lýtur að réttindum starfsfólks. Fær nýtt starfsfólk aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins? Það er heimilt samkvæmt lögum og reglugerðum sjóðsins en verður þetta heimilað? Ég óska eftir svörum við því.

Að lokum þetta sem stendur upp úr í umræðunni og yfirlýsingum hæstv. ráðherra, þ.e. sú sýn sem hæstv. ráðherra hefur á (Forseti hringir.) þennan geira. Hún byggist (Forseti hringir.) á samkeppni en ekki á samvinnu sem var aðalsmerki Framsóknarflokksins á sínum tíma. En það er (Forseti hringir.) langt síðan.

[18:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er náttúrlega komið dálítið langt út fyrir efnið þegar hv. þingmaður fer að tala um að nýja stefnan sé samkeppni en ekki samvinna. Markaðskerfið sem við erum búin að taka upp, ekki bara á Íslandi, það er yfirleitt alls staðar í Evrópu búið að taka upp markaðskerfi. Við vorum hvað síðust Íslendingar, sennilega bara allra síðust. Kommúnistaþjóðirnar sem voru áður í Austur-Evrópu voru á undan okkur margar hverjar að taka upp markaðskerfi. Ég er búin að vera víða á fundum, t.d. í Albaníu og þar eru allir að dásama markaðskerfið, nema einn lítill flokkur á Íslandi sem er algjörlega á móti því. (Gripið fram í.) Það hefur eitthvað með uppruna viðkomandi þingmanna að gera eða þetta gamla kerfi sem var fyrir austan okkur. Ég kann ekki alveg að skilgreina það. En markaðskerfi (**ÖJ:** Lífeyrisréttindin.) er það sem skiptir máli í dag. Samvinnan (Forseti hringir.) er líka góð.

[18:55]

Útbýting:

Dauðsföll af völdum tóbaksreykinga, 476. mál, fsp. VF, þskj. 704.

Þjónusta við börn og unglinga með geðraskanir, 477. mál, fsp. VF, þskj. 705;

fsp. VF, þskj. 706.

Öldrunarþjónusta í Hafnarfirði, 479. mál, fsp. VF, þskj. 707.

[18:56]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Ég vil byrja á að fagna því að frumvarpið skuli vera fram komið. Það er rökrétt framhald á því sem gerst hefur með raforkulögin og opnun raforkumarkaðarins hér á landi. Samkeppni er orðin á markaðnum. Fyrirtækið verður að aðlaga sig að þeim rekstrarskilyrðum sem eru á þeim markaði. Með því að gera það að hlutafélagi mun það verða „rekstrarhæfara", stjórnunarlega þegar því hefur verið breytt í hf. Boðleiðir eins og við þekkjum verða styttri og fyrirtækið verður meira straumlínulaga og mun eiga auðveldara með að takast á við verkefnið. Við þekkjum þess dæmi með hf.-bankana eða fyrrum ríkisbankana sem nú eru í hlutafélagsformi að þeim hefur vegnað vel í hinu nýja rekstrarformi.

Hér hefur komið til umræðu sala á Rarik hf., hvort selja eigi fyrirtækið eftir að búið er að háeffa það eða ekki. Þetta er eðlileg og sjálfsögð umræða. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur sagt í umræðunni að það sé ekki stefna núverandi ríkisstjórnar að selja Rarik hf. Hins vegar veit enginn auðvitað hvað gerist þegar til framtíðar er litið. Þá munu einhverjir segja: Jú, það stendur til að selja fyrirtækið. (Gripið fram í.) Stefna okkar allra sem erum ábyrgir aðilar og sitjum á hv. Alþingi hlýtur að vera að hafa þetta í sífelldri endurskoðun. Það kann að vera að Rarik verði áfram hlutafélag. Það kann líka að vera eftir einhvern tiltekinn tíma að það sé rökrétt framhald að selja fyrirtækið. Við skulum ekkert útiloka það. Ef það er skynsamlegt og sjálfsagt að gera það og öll rök hníga í þá átt er auðvitað eðlilegt að farið verði yfir þá skoðun, eðli málsins samkvæmt. Þannig höfum við gert það með bankana, Símann og mörg önnur fyrirtæki. Það er því að sjálfsögðu ekki hægt að festa það til eilífðarnóns að þetta fyrirtæki verði aldrei selt. Það dettur engum í hug að halda því fram. Það er útilokað mál.

Hvað segja t.d. Vinstri grænir ef Rarik yrði selt og fjármununum að hluta til varið til að efla raforkukerfið á landsbyggðinni eins og hv. þm. Jón Bjarnason hefur verið að tala um, að þrífösuninni mætti hraða? Þegar Síminn var seldur var tiltekinn hluti þess fjár tekinn til að styrkja dreifikerfi Símans. Það mætti vel hugsa sér eitthvað slíkt. Þá kæmi það landsbyggðinni og atvinnulífinu þar til góða.

Við berum klárlega ábyrgð á því að hafa þetta í sífelldri endurskoðun, annars erum við ekki starfi okkar vaxin, vegna þess að okkur ber skylda til þess að þeir sem eru handhafar hlutafjárins sjái til þess að farið sé sem best með þetta fyrirtæki þjóðinni til heilla.

Það er í rauninni með ólíkindum hve vinstri grænir eru hlutafélagafælnir. Mér er það óskiljanlegt að einn stjórnmálaflokkur geti haft það á stefnuskrá sinni að vera hlutafélagafælinn og vilji í rauninni bara ríkisvæðingu fyrirtækja. Ég hugsa að það sér einstakt á Vesturlöndum hvernig menn hugsa þetta mál hér.

Mig langar, frú forseti, að fara örfáum orðum um það mál sem kom til tals áðan, sem er raforkuverðið. Menn fóru vítt og breitt, kannski eðli málsins samkvæmt, í sambandi við þá breytingu sem orðið hefur á sölukerfi okkar. Mönnum á að vera ljóst að nú er kerfið þannig að búið er að aðskilja framleiðslu, flutning og sölu og það eru alveg skýr skil þarna á milli. Það er jafnframt skýrt og okkur á að vera það fullkunnugt á hinu háa Alþingi að það eru niðurgreiðslur í kerfinu í dag og þær eru skýrar og klárar. Þær birtast í fjárlögum. Það eru á milli 1,2 og 1,3 milljarðar, ef ég man rétt, sem annars vegar er varið í flutningskostnað og hins vegar í niðurgreiðslur. Að öðru leyti er þessi markaður opinn.

Það háttaði svo til á Íslandi um árabil, rétt fyrir 1990 og líklega til 1995 eða 1997, að þá var til gríðarlega mikil óráðstöfuð raforka, óseld raforka á Íslandi. Þá kom fram tilboð frá orkufyrirtækjunum um sölu á raforku með afslætti, mig minnir að það hafi verið króna á kílóvattstund, ef hluteigandi aðilar mundu auka kaup sín frá því sem áður hafði verið. Iðnfyrirtæki og önnur fyrirtæki voru hvött til aukinnar raforkunotkunar. Þetta skilaði sér að mörgu leyti vel til fyrirtækjanna, þau gátu nýtt sér þetta tilboð og gerðu það mörg hver á jákvæðan hátt. Það kann að vera, eins og

kom fram í umræðunni áðan, að hluti af slíku sölukerfi eða tilboði sitji eftir í kerfinu og það sé skýringin á því sem hér kom fram áðan um verð til einstakra iðnfyrirtækja.

Jafnframt voru til taxtar á sínum tíma sem hétu annars vegar afgangsorka og hins vegar taxti sem var ótryggð orka. Ótryggð orka var afhent aðilum sem urðu þá að skuldbinda sig til þess að geta verið án þeirrar orku í mánuð eða jafnvel þrjá mánuði eða meira, þ.e. ef eitthvað kæmi upp í kerfinu þannig að ekki væri hægt að afhenda þessa orku, hún var mjög ódýr. Því er ýmislegt í forsögunni sem gerir það að verkum að það tekur tíma að koma jafnvægi á þennan markað og það kann að vera hluti af þeirri skýringu sem hér var spurt um áðan.

Þá langar mig að fara inn á aðeins víðara svið hvað varðar hlutafélagavæðingu á Rafmagnsveitum ríkisins. Mig langar, frú forseti, að vitna svolítið til ræðu sem ég var áheyrandi að ásamt fleiri fulltrúum frá Alþingi á fundi Norðurlandaráðsþings sem haldið var í síðustu viku þar sem nýr forsætisráðherra Noregs, Jens Stoltenberg, hélt góða ræðu og fór yfir þann mikla drifkraft sem væri á Norðurlöndunum og hversu Norðurlöndin stæðu sig vel á öllum mælistikum OECD. Hann fór vel yfir það mál og nefndi heilbrigðiskerfið, menntamálin og félagskerfi Norðurlandaþjóðanna, þetta skandinavíska módel sem við höfum stundum heyrt talað um, og fór mörgum orðum um það hversu vel Norðurlöndunum gengi í alþjóðasamfélaginu. Hann sagði að Norðurlöndin hefðu oft og tíðum barist í mikilli samkeppni á hinum ýmsu mörkuðum innbyrðis og út á við og sú samkeppni hefði einungis orðið til þess að skila Norðurlöndunum í heild betur fram á veginn í samkeppni við stóru þjóðirnar. Þetta var ánægjulegt að heyra.

Það kom kannski mest á óvart að hann sagði jafnframt að Íslendingar hefðu notið menntunar á Norðurlöndunum og nú þyrftu Norðurlandaþjóðirnar að huga að því hvað væri að gerast í efnahagsundrinu á Íslandi. — Ég er að vitna til ræðu Jens Stoltenbergs sem við hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hlustuðum á í Ósló. — Hann sagði að nú þyrftu norrænu þjóðirnar að líta til efnahagsundursins sem væri að gerast á Íslandi. Nú væri Ísland að sigla við hliðina á stóru þjóðunum og sumpart væri útrás Íslendinga, bæði á Englandi og Norðurlöndunum, meiri en þeirra eigin þjóða.

Mér fannst þetta mjög ánægjulegt og við megum vera stolt af þessu, stolt af árangri okkar efnahagsstjórnar og okkar lands og hversu framarlega það er á öllum mælistikum OECD á alþjóðavettvangi. Það sem ég er að leiða spurningu mína að er þetta: Hvað gerir það að verkum að stóru bræður okkar í norðri skuli nú vera farnir að líta til okkar, þessarar litlu þjóðar sem hefur notið þess í áratugi að fá menntun sína frá frændum okkar á Norðurlöndum, hefur menntast þar og fengið notið menningarlífs o.fl. — við fengum auðvitað frelsi til verslunar á sínum tíma o.s.frv. — sem þjóðar sem er að gera góða hluti?

Við þurfum að spyrja okkur að þessu og við höfum örugglega mismunandi svör, ég efa það ekki, það fer eftir því frá hvaða vinkli við horfum á málið. En ég er ekki í nokkrum vafa um að sú styrka efnahagsstjórn sem verið hefur hér á landi undangengin ár hefur skilað þar miklu. Við höfum gengið í átt til einkavæðingar og ég er ekki heldur í nokkrum vafa um að það hefur orðið þessari þjóð til heilla og er hluti af því að skila okkur fram á veginn. Við höfum aukið frjálsræði í flutningi fjármagns. Við höfum tekið þátt í uppbyggingu stóriðju eins og komið hefur fram í þessari umræðu. Það hefur skilað okkur efnahagslegum ávinningi, á því er ekki nokkur vafi. Þannig getum við haldið áfram og talið upp þá þætti sem hverju og einu okkar finnst skipta máli varðandi framgöngu okkar litlu þjóðar meðal Norðurlandaþjóðanna.

Við skulum á engan hátt fælast það að selja orku til stóriðju í dag. Við skulum líta til þess að nú eru breyttir tímar, að í dag eru fleiri en eitt fyrirtæki að leita eftir samingum um kaup á orku. Nú er dæminu snúið við, nú eru það kaupendurnir sem leita eftir því að fá keypta orku og það er öðruvísi en áður var á Íslandi þegar sendinefndir gengu á milli stóriðjufyrirtækjanna og buðu orku. Nú er beðið um tilboð í orkuna.

[19:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekkert undarlegt að álfyrirtækin sækist eftir því að komast að á Íslandi vegna þess að hér er boðið upp á lægsta orkuverð sem um getur í Evrópu og þótt víðar væri leitað.

Varðandi efnahagslegan ávinning af stóriðjuuppbyggingu síðustu ára þá hefur hún aðallega gengið út á það að taka peninga að láni. Kárahnjúkavirkjun er fjármögnuð fyrir lánsfjármagn og það eru áhöld um hvort hún skili nokkrum hagnaði eða setji okkur jafnvel í mjög alvarlegan mínus.

Varðandi hlutafélagafælni sem hv. þingmaður nefndi svo þá er það alrangt hjá honum og misskilningur að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði séum hlutafélagafælin. Við erum hlynnt þessu formi þar sem það á við á markaði. Ég hef í dag t.d. talað um kosti hlutafélaga, hvernig þau gagnist við eigendaskipti, við kaup og sölu á hlutum og varðandi aðhald á markaði, en í einokunarfyrirtæki, einokunarstofnun sem sinnir almannaþjónustu gegnir öðru máli og það er það sem við erum að andmæla.

Hitt fannst mér gott að heyra og heiðarlegt af hálfu hv. þingmanns þegar hann sagði: Að sjálfsögðu eigum við ekki að útiloka sölu á Rarik. Slík ákvörðun á alltaf að vera til endurskoðunar og minnir okkur á söluna á Símanum og á bönkunum á sínum tíma.

Nú vil ég spyrja hv. þingmann: Hvaða forsendur telur hann þurfa að vera fyrir hendi til að við seljum Rarik, til að Sjálfstæðisflokkurinn eða hv. þingmaður styddi slíkt? Telur hann koma til greina að selja núna fljótlega ef fram kæmi tilboð um verulegt fjármagn (Forseti hringir.) inn í þennan geira við slíka sölu?

[19:11]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að koma upp í andsvar. Hann fór yfir nokkra þætti í ræðu minni sem ég get um margt verið sammála. Eitt atriði sem hann kom inn á var að við værum að taka fullt lán fyrir Kárahnjúkavirkjun. Ég minni á það sem ég sagði fyrr úr þessum ræðustóli í dag að það voru tekin lán fyrir Búrfellsvirkjun á sínum tíma. Það hefur verið upplýst að þau lán

eru að fullu og öllu greidd vegna sölusamninga við Ísal í Hafnarfirði. Sú uppgreiðsla átti sér stað um 1990. Við eigum því Búrfell skuldlaust frá þeim tíma og það er einkum og fyrst og fremst vegna sölu orku til Ísals.

Við skulum horfa á sama hátt til þess að við munum eignast Kárahnjúkavirkjun skuldlausa innan einhverra tiltekinna ára. Því ber að fagna og við skulum muna að í dag fer álverð hækkandi og við erum að fá hærra verð fyrir raforkuna. Allar neikvæðar raddir um Kárahnjúkavirkjun hafa breyst og einvörðungu eru jákvæð teikn um að þetta muni ganga betur en við þorðum að vona.

Hv. þingmaður spurði hvort ég vildi selja Rarik og hvaða forsendur þyrftu að vera fyrir hendi og hvenær. Það er ekki auðvelt að svara því hér og nú, það er margt sem þarf að skoða í samhengi. Það eru samlegðaráhrif, hugsanlega að sameina fyrst þau orkufyrirtæki sem eru í eigu opinberra aðila og skoða svo hverjir kostirnir eru. Eins og endranær eru allir hlutir til sölu í sjálfu sér ef rétt verð er boðið.

[19:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri gagnlegt og fróðlegt að taka við annað tækifæri umræðu um fjárfestingar við Kárahnjúka en ég hef þar allt aðra sýn en hv. þingmaður.

Talsmaður Sjálfstæðisflokksins talar mjög skýrt í þessari umræðu: Allir hlutir eru til sölu ef rétt verð er boðið. Ég get skilið að hv. þingmaður geti ekki sagt um það núna, svo vitnað sé í orð hans, hvenær eigi að selja, hvenær rétt sé að selja Rarik, en það er alveg ljóst og hefur komið hér mjög skýrt fram við þessa umræðu að talsmenn Sjálfstæðisflokksins telja það vera á borðinu að íhuga sölu á Rarik gagnstætt því sem hæstv. ráðherra hefur haldið fram.

Ég kann alltaf vel að meta það þegar menn koma hreint fram og lýsa skoðunum sínum og afstöðu eins og hv. þingmaður gerði áðan varðandi söluna á Rarik.

[19:15]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður bar upp spurningu áðan um hvenær og hvað þyrfti til að selja. Tímans vegna var ekki hægt að fara nákvæmlega yfir það en þá umræðu þyrfti auðvitað að taka ef menn væru á þeim buxunum að ætla sér að selja. Þar þarf að huga að ýmsum þáttum, t.d. verði og þeim þætti sem snýr að afhendingaröryggi og hvernig ætti að afhenda. Það eru fjölmargir þættir sem þarf að fara í gegnum í þeirri umræðu. Ég er sannfærður um að bæði ég og hv. þingmaður sjáum margt sem þyrfti að fara í gegnum og ná saman um ef menn ætluðu að selja. Þess vegna er ekki tímabært að taka þá umræðu til botns og í rauninni ekki hægt á þessari stundu.

[19:16]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kjartan Ólafsson talar tæpitungulaust fyrir hönd flokks síns og ég get tekið undir að það sé hægt að meta það. Hins vegar finnast mér tíðindin afar váleg og mér finnst þau geta gefið það til kynna að það sé mun styttra í það en margan grunar að Rafmagnsveitur ríkisins hf. verði settar á sölulista. Við þekkjum, eins og ég sagði í ræðu minni, sporin og þau hræða og ég sé ekki betur en hæstv. ráðherra sé í sjálfu sér að gefa því undir fótinn í grein sinni í Morgunblaðinu 1. desember að það sé svo sem hægt að selja þetta hlutafélag Rarik þegar það er talið henta, því að það þarf bara einfalda meirihlutasamþykkt Alþingis fyrir því að gera slíkt, segir hæstv. ráðherra í grein sinni.

Varðandi það sem hv. þingmaður sagði að við gætum verið svo stolt af, þ.e. að Stoltenberg forsætisráðherra Noregs skyldi hafa talað um íslenska efnahagsundrið í ræðu í Ósló fyrr í vikunni þá er það rétt, við vorum þar stödd saman á vettvangi Norðurlandaráðs. Jens Stoltenberg flutti þarna ræðu þar sem hann var að lesa í mælistikurnar sem hv. þm. Kjartan Ólafsson gerir að umtalsefni í ræðu sinni. Skömmu seinna sama dag fór í mínum flokkahópi fram mikil umræða um einmitt þessar mælistikur sem eru taldar vera afar gagnslitlar því að við getum sjálf skoðað mælistiku OECD sem er að mæla Ísland í efstu sætunum í einhverjum efnahagsvexti á sama tíma og fyrirtæki eru að flýja land. Ferðaþjónustan kvartar undan hágengisstefnunni, stóriðjustefnunni er kennt um. Iðnfyrirtækin kvarta undan háu rafmagnsverði, 50% hækkun upp á síðkastið.

Herra forseti. Það er alveg ljóst hvað veldur þessum ruðningsáhrifum, (Forseti hringir.) sökin er hjá stóriðjunni sem hv. þingmaður er svona hrifinn af.

[19:18]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri kannski athyglisvert að heyra frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur: Kemur á engan hátt til greina að selja hlutafélag í eigu ríkisins og þar til að mynda Rarik? Kunna aldrei að koma upp þær aðstæður að ykkar flokki þætti skynsamlegt að selja svona fyrirtæki sama hvert verðið er eða hvernig aðstæður eru? Ég vil fá að heyra hvort það sé alveg blátt bann við því, sama hvað gerist á markaðnum. Mig langar að fá að heyra það.

Varðandi þá umræðu sem hefur orðið í flokkahópi vinstri græningja á Norðurlöndum, að þeir taki ekki mark á samanburðartölum OECD, þá er ég því miður ekki í stakk búinn til að fara í þá umræðu hér, ég var ekki þar og sé ekki að sá flokkahópur sé eitthvað vænni en aðrir til þess að hafa betri yfirsýn yfir þau verk sem OECD vinnur.

[19:19]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vinstri græni flokkahópurinn í Norðurlandaráði er afar fær til að skoða mælistikur OECD. Og út frá hverju gerir hann það? Út frá status velferðarkerfisins og út frá því hvernig fátækt fólk hefur það og út frá því hvernig bilið á milli ríkra og fátækra í þessum löndum er að breikka. Það hefur breikkað langmest hjá okkur hér á Íslandi. Hv. þingmaður á margt ólært ef hann er ekki betur inni í umræðunni um það hversu gallaðar þær eru mælistikurnar sem OECD og aðrar slíkar stofnanir nota í mælingum sínum. Þær eru afar einhliða og einlitar og mæla ekki dínamík þjóðfélagsástandsins, sannarlega ekki, og sérfræðingar viðurkenna að þær geri ekki.

Varðandi hins vegar það hvort minn flokkur mundi aldrei um ókomna framtíð, aldrei nokkru sinni geta samþykkt að hlutafélag á borð við Rarik yrði selt og hvað þurfi að koma til í þeim efnum þá höfum við talað algerlega skýrt. Við skilgreinum ákveðna þætti grunnþjónustunnar út frá þeim sjónarmiðum að þar sé um fyrirtæki í almannaeigu að ræða, þ.e. fyrirtæki sem annast almannaþjónustu, sem sé ekki eðlilegt að hafa á samkeppnismarkaði. Hér er lítil þjóð í stóru landi sem þarf að annast þá grunnþjónustu og það skiptir bara máli að hún sé til staðar og að hún sé nægilega öflug til þess að sinna slíkum grunnþörfum þjóðarinnar. Fyrir þær á greiða fyrir úr opinberum sjóðum okkar þannig að þjóðin greiði eins lág notendagjöld og mögulegt er að komast af með. Þessar grunnþarfir á að annast þannig. Allt annað, allur annar rekstur, allur almennur fyrirtækjarekstur getur að sjálfsögðu átt vel heima í hlutafélögum, að sjálfsögðu. Hlutafélög eiga ágætlega (Forseti hringir.) við á þessum samkeppnismarkaði en það á grunnþjónustan okkar ekki.

[19:21]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ansi athyglisvert svar. Vinstri grænir tala um það að grunnþjónustan eigi að vera í ríkiseign og -rekstri og fyrir hana eigi að greiða úr opinberum sjóðum eins og hv. þingmaður sagði áðan. Er með öðrum orðum verið að segja það að rafmagnið eigi að greiðast úr ríkissjóði? (**KolH:** Ekki mistúlka það sem ég var að segja, setningin var lengri.) Það kom fram með þeim hætti að þetta væri eitt af því sem ríkið ætti að greiða.

Ég tel að það sé langheilbrigðast fyrir orkusölu og orkunotendur í landinu að þetta sé sem frjálsast og þannig eru orkulögin okkar í dag. Við tókum líka heilmikla umræðu um orku á Norðurlöndum, orku í Evrópu. Hvert er vandamálið þar? Vandamálið er það að það er ótrygg orka frá Rússlandi og fyrrverandi Rússlandsríkjum. Það er ekki hægt að treysta á afhendingu. Við erum með traust og öflugt afhendingarkerfi á Íslandi. Allt sem sagt var neikvætt á þessu Norðurlandaþingi um orkumál er í stakasta lagi hér og miklu betra, svo umhverfismálin séu ekki nefnd, sem er náttúrlega með ólíkindum hversu góð þau eru hjá okkur og því eigum við að fagna.

[19:23]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að hæstv. iðnaðarráðherra sé viðstaddur þessa umræðu en hún lét ýmis ummæli falla fyrr í dag sem hljóta að teljast harla undarleg. Hún vildi láta í veðri vaka að afstaða okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði væri eins konar arfur frá fortíðinni, frá kommúnistatímanum hér fyrr á tíð og sagði reyndar að fyrrum kommúnistaríki Austur-Evrópu gengju núna langt í einkavæðingarátt, jafnvel Albanía. Allir væru að einkavæða, allir væru að markaðsvæða nema þá helst Vinstri hreyfingin – grænt framboð á Íslandi.

Hæstv. iðnaðarráðherra hlær við þessu, þetta er allt óskaplega mikið grín þegar við erum að taka almannaþjónustuna og mikilvæga starfsemi sem hér hefur verið byggð upp í tímans rás og setja hana á markað, þá er það bara eins og hvert annað grín og þeir sem andæfa því eru með einhverja arfleifð frá fortíðinni í farteskinu. Skyldi hæstv. iðnaðarráðherra ekki vera ljóst að verkalýðshreyfingin í Evrópu leggst almennt gegn þessari markaðsvæðingu? Hún leggst gegn markaðsvæðingu, hlutafélagavæðingu og að sjálfsögðu einnig sölu á þessum fyrirtækjum. Í ræðu minni fyrr í dag vísaði ég til mótmæla nú í haust, fjölmennra mótmæla sem fram fóru víðs vegar í Evrópu undir kjörorðinu „Látum ljósin loga“. Þar var bent á að frá því að markaðsvæðingin hófst hefðu 300 þúsund starfsmenn í þessum geira misst atvinnu sína. Almennt hefði verðlag farið hækkandi og sérstaklega hjá almennum notendum, það væru helst stórfyrirtækin sem hefðu hagnast, og verðlagið hefði orðið sveiflukenndara. Öryggi vegna afhendingar á rafmagninu varð minna, það dró úr því. Af þessum sökum hafa almannasamtök í Evrópu með verkalýðshreyfinguna í fararbroddi andmælt þessu.

Nú ræðum við það hvort til standi að selja Rarik hf. Við höfum fengið yfirlýsingar frá talsmanni Sjálfstæðisflokksins við þessa umræðu, hv. þm. Kjartani Ólafssyni, þar sem hann segir að það eigi alls ekki að útiloka að Rarik hf. verði selt og svo vitnað sé í ummæli hv. þingmanns, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins við þessa umræðu, þá voru þau á þá lund að allt væri til sölu sem hægt væri að fá gott verð fyrir. Ef verðið væri rétt þá væri það til sölu. Við erum að tala hér um afstöðu talsmanna Sjálfstæðisflokksins til þessa frumvarps en síðan höfum við á móti fullyrðingar hæstv. ráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, og heitstrengingar um að ekki standi til að selja Rarik hf., eða hvað? Hverju á eiginlega að trúa þegar yfirlýsingar hæstv. iðnaðarráðherra um sölu á raforkufyrirtækjum eru annars vegar?

Það er ekki ýkja langt síðan þessi umræða blossaði hér upp í þingsal, það var um miðjan nóvembermánuð, þá ekki í tengslum við Rarik sérstaklega heldur Landsvirkjun, en umræðan snerist almennt um einkavæðingu og sölu á raforkugeiranum. Ég ætla að rifja þessa umræðu aðeins upp.

16. nóvember sagði hv. þm. Jón Bjarnason hér í þinginu orðrétt, með leyfi forseta:

„Nú hefur það komið fram m.a. hjá hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins og líka núverandi formanni Sjálfstæðisflokksins að til stendur að einkavæða og selja orkufyrirtækin og þar með Landsvirkjun. Nauðsynlegur liður í því er að ríkið komist yfir hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun til að hægt sé síðan að hefja einkavæðingar- og söluferlið. Þessu leggjumst við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs alfarið á móti. Við erum á móti því að þessi sameiginlegu orkufyrirtæki landsmanna verði einkavædd og seld.“

Nú bregður svo við að hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir bregst hin versta við og segist vilja koma því á framfæri — og nú vitna ég í ummæli hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„... að það stendur ekki til að einkavæða orkufyrirtækin í landinu. Það eru hreinar línur með það. Og hvort Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert einhverja samþykkt á sínum landsfundi, það getur vel verið en það kemur þessu máli ekki við að því leyti til að það þarf tvo til og af hálfu Framsóknarflokksins eru ekki áform uppi um að selja orkufyrirtækin.

Svo einfalt er það mál." (Gripið fram í.)

Þetta var tilvitnun í hæstv. iðnaðarráðherra Valgerði Sverrisdóttur sem kallar hér fram í: Var þetta ekki gott hjá mér? Ja, skyldi þetta vera alveg svona einfalt mál eins og hæstv. ráðherra segir þarna? Því að sama Valgerður Sverrisdóttir hæstv. iðnaðarráðherra tjáði sig nefnilega í Kastljóssþætti sjónvarpsins hinn 17. febrúar fyrir ári síðan um nákvæmlega sama mál en komst að allt annarri niðurstöðu. Eða finnst þeim sem á hlýða eftirfarandi ekki nokkuð skýrt og nú ætla ég að vitna hér í útskrift af samræðunum eins og þær fóru fram í Kastljóssþætti sjónvarpsins 17. febrúar á síðasta ári, með leyfi forseta:

„Fréttamaður: En þessi viljayfirlýsing sem var undirrituð í dag, er þetta eins og talað er um fyrsta skrefið í átt að einkavæðingu Landsvirkjunar?

Valgerður Sverrisdóttir:

Já, það eru uppi áform um það að síðan breyta þessu fyrirtæki sem verður til í hlutafélag, hugsanlega árið 2008. Þá erum við komin í gegnum Kárahnjúkauppbygginguna og eftir að fyrirtækið er orðið hlutafélag þá er ekki ólíklegt og reyndar áform uppi um það að aðrir aðilar geti komið að fyrirtækinu. Þetta er náttúrlega gríðarlega verðmætt fyrirtæki. Vonandi verður það ekki síður verðmætt á þessum tíma og það er engin sérstök ástæða til þess að ríkið haldi eitt utan um það.

Fréttamaður: Sérðu fyrir þér hverjum verði boðið að kaupa hlut í þessu hlutafélagi sem þá verður stofnað um Landsvirkjun? Getur almenningur keypt eða verður þetta boðið út einhvern veginn öðruvísi?

Valgerður: Við erum náttúrlega bara ekki komin svo langt. Þetta er svo langt frammi í framtíðinni en almennt hefur það verið þannig þegar ríkið hefur verið að selja eignir sínar að þá hefur það verið gert allt mjög faglega, vil ég halda fram. Og það hefur svo sem gengið ágætlega það sem við höfum einkavætt fram að þessu."

Er þetta ekki alveg skýrt? Var þetta ekki gott hjá mér? Er ekki rétt að endurtaka það, hæstv. ráðherra?

Hér eru ummæli og yfirlýsingar sem stangast algerlega á. Annars vegar segir hæstv. ráðherra hér í þinginu 16. nóvember sl. að hún hafi aldrei um það talað að til stæði að selja hluti í Landsvirkjun. 17. febrúar hafði hún hins vegar haldið gagnstæðu sjónarmiði fram. Hvað er rétt í þessum málum og hverju eigum við að trúa?

Nú stöndum við frammi fyrir því að afgreiða frumvarp þar sem segir í greinargerð og þar sem hæstv. ráðherra fullyrðir í framsöguræðu sinni að ekki standi til að selja hlutina í Rarik hf. Við erum með í farteskinu fyrri yfirlýsingar um áform um einkavæðingu og sölu á raforkugeiranum og það sem gerst hefur núna við umræðuna er að fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Kjartan Ólafsson, stendur hér í pontu fyrir stundu og lýsir því blákalt yfir að það eigi við um þetta fyrirtæki eins og aðrar eignir að ef fæst gott verð þá er allt til sölu. (**Gripið fram í:** Það þarf tvo til.) Það þarf tvo til en er það staðfestan í þessum hæstv. ráðherra sem segir eitt í dag og annað á morgun? Hvað er uppi í þessu máli núna, hverju eigum við að trúa?

Það sem ég segi er þetta: Ef stofnunin eða þessi starfsemi er sett í hlutafélagaform þá er greið leið fram undan að einkavæða og selja þetta fyrirtæki. Hvað er rétt, hvað meinar hæstv. ráðherra í dag? Hver eru skilaboðin til okkar núna?

[19:33]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Fyrr í umræðunni beindi ég fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra. En svo virðist sem hún kæri sig ekki um að svara. Ég veit ekki hvers vegna. En það er eins og hæstv. ráðherra hafi forðast umræðuna. Hér hefur t.d. legið lengi fyrir beiðni um utandagskrárumræðu um raforkuverð til húshitunar. En það hefur aldrei fengist á dagskrá á þinginu. Ekki veit ég hvers vegna. Ég tel þetta vera mikið áhyggjuefni.

Ég beindi fyrirspurn til hæstv. ráðherra m.a. um hver hækkunin hefði orðið í kerfinu. Fyrir liggur nokkuð þykk skýrsla þar sem tíundað er eitt og annað í raforkukerfinu og breytingar sem hafa orðið. En það kemur ekki fram hver hækkunin var í kerfinu, hvort hækkað hafi um 100 millj. kr. eða 140 millj. kr. eins og boðað var, þ.e. að þetta yrði óveruleg hækkun. Það væri fróðlegt að fá þetta fram. Ef hæstv. ráðherra hefur ekki svör við þessu nú getur hún upplýst það við umræðuna sem verður væntanlega um þessa raforkuskýrslu. Hver hefur hækkunin orðið í kerfinu, í þeim hluta þess sem er að fara í einhvers konar samkeppnisumhverfi og þá á ég við samkeppnisumhverfi opinberra fyrirtækja enn þá? Þetta er allt saman hið einkennilegasta mál því þetta hefur, eins og ég hef nefnt áður, leitt til hækkana og ég hef verið sakaður um að fara með rangt mál, m.a. héðan úr þessum ræðustóli. En það hefur nú ekki komið fram hvað það hafi verið. Við fórum í gegnum það fyrr í umræðunni að hæstv. ráðherra virðist hafa farið offari í því að halda því fram að ég hafi farið með rangt mál og meira að segja víðs vegar um land. En ég vakti athygli hæstv. ráðherra á því að hún var spurð hér í umræðunni um hvort umrædd breyting á raforkukerfinu mundi leiða til hækkana á heimilin. Og hún svaraði því hér í umræðunni 26. nóvember 2004. Í svarinu kemur fram að breytingin muni leiða til óverulegra hækkana. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Reynsla margra annarra landa er sú að það hafi lækkað [rafmagnsverðið]. Sums staðar hefur það staðið í stað og annað slíkt en það hefur hins vegar lækkað meira til fyrirtækja. Það hefur sýnt sig í þeim löndum þar sem við höfum skoðað þessi mál.

Það getur vel verið að hjá einhverjum orkufyrirtækjum lækki verðið meira en annars staðar, t.d. eru teknar ákveðnar kvaðir af Rarik sem það fyrirtæki hafði áður í sambandi við félagslegan kostnað eða óarðbærar einingar sem ríkið tekur nú inn á fjárlög, Það nemur 230 millj. kr.

Auk þessa er meiri jöfnun í kerfinu en var áður sem getur þýtt örlitla hækkun á þessu svæði. En ég held að það sé ekki erfiðara en svo að það sé teljandi í einhverjum hundraðköllum á ári."

Þetta sagði hæstv. ráðherra orðrétt. Ég hef því ekkert farið með rangt mál. Ég vonast til að hæstv. ráðherra sem sakaði fyrr í umræðunni einn ágætan hv. þingmann um að vera of fína til að vinna ákveðin störf — Kannski er hæstv. ráðherra of góð eða fín til að biðjast afsökunar á því að saka þann sem hér stendur um að fara með rangt mál sem ég hef alls ekki gert. Ég sé það á umræðunni að ég hef farið með

rétt mál. Ef hæstv. ráðherra biður mig afsökunar mun ég auðvitað fyrirgefa henni og erfi það ekki við hana. Ég er á því að hæstv. ráðherra yrði maður að meiri ef hún gerði það. Ég vonast til þess að hún geri það, sérstaklega í ljósi þess að ráðherra var hér fyrr í dag, bara fyrir örfáum klukkustundum, herra forseti, að saka aðra um að vera of fínir. Þar sem ég hef lesið þetta upp hér ætti ráðherra að sjá að ég hef farið með rétt mál og nú ætti hún ekki að vera of fín eða of góð með sig til að biðjast afsökunar.

Þetta mál er stærra en svo að það varði eingöngu okkur hér persónulega heldur skiptir það verulega miklu máli fyrir fólkið í landinu. Á það hefur skort í umræðunni hvað frumvarpið komi venjulegu fólki við. Mun það hækka eða lækka rafmagnsreikninginn? Mér finnst það standa upp úr.

Eins hefur hæstv. ráðherra ekki svarað því hér við umræðuna hvers vegna raforkuverð til stóriðju er lægra hér en í öðrum löndum. Það er verið að flytja verksmiðjur alla leið frá Bandaríkjunum hingað til landsins og svo skilst mér að verksmiðjur séu jafnvel að flytja héðan og til Bandaríkjanna vegna þess að þar eru samkeppnisskilyrði betri en á Íslandi. Hvernig fá menn það heim og saman að þeir sem eru í samkeppnisiðnaði séu ekki að borga niður stóriðjuverðið? Við verðum að gæta að því að hér er verð á raforku til iðnfyrirtækja sambærilegt eða jafnvel aðeins hærra en í löndunum sem við miðum okkur við en raforkuverð til stóriðju er miklu lægra. Fyrirtækin koma hingað og það kom fram í umræðunni, herra forseti, að hæstv. ráðherra á erfitt með að velja úr. Hingað hópast fyrirtæki. Þau eru nú tvö og fjórir staðir á Norðurlandi voru nefndir þar sem mögulegt væri að reisa álver. Þrjár stækkanir eru í umræðunni. Þess vegna þarf að fara yfir þetta, herra forseti. Það er nauðsynlegt. Það er sambærilegt ef ekki hærra verðið sem iðnfyrirtæki í eigu Íslendinga greiða fyrir orkuna en ef útlendingar koma hingað og vilja reisa álver þá er orkuverðið miklu lægra, í sömu löndum. Þetta þurfum við að fá botn í, herra forseti.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en vonast til að hæstv. ráðherra biðji mig einfaldlega afsökunar.

[19:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Menn velta hér vöngum yfir því hvort eða hvenær við stöndum frammi fyrir því að Rafmagnsveitur ríkisins hf. verði seldar. Ég verð að segja að í mínum huga er þetta mál alveg skýrt. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur bent á hefur hæstv. ráðherra orðið tvísaga í málinu. Mér finnst greinin sem birtist í Morgunblaðinu fimmtudaginn 1. desember og ég hef vitnað til lýsa algerlega því hvernig hæstv. ráðherra er innanbrjósts hvað þetta varðar. Þar kemur skýrt fram af hálfu ráðherrans að ekki standi til af hálfu núverandi ríkisstjórnar — ég undirstrika það — það stendur ekki til af hálfu núverandi ríkisstjórnar að selja Rafmagnsveitur ríkisins. Hins vegar segir hún örlítið aftar í greininni, með leyfi forseta:

„Ef ríkisstjórnir framtíðarinnar hafa einkavæðingu Rariks að stefnumiði sínu geta þær með einföldu meirihlutasamþykki Alþingis framfylgt því, hvort sem Rarik verður þá áfram ríkisfyrirtæki eða hlutafélag í eigu ríkisins.“

Hæstv. ráðherra bendir hér á þennan möguleika að það þurfi aðeins einfalt meirihlutasamþykki Alþingis til að ákveða annað en sú ríkisstjórn sem nú situr og á kannski eftir að sitja rúmt ár í viðbót, ef guð lofar, að núverandi ríkisstjórn ætli sér að sitja á strák sínum hvað þetta varðar. Hins vegar veit hæstv. ráðherra, sem líka er viðskiptaráðherra hér á landi, ofurvel að fjármálafyrirtækin hafa gefið um það yfirlýsingar að næsti fjárfestingamarkaður þeirra sé orkumarkaðurinn. Þess vegna er þetta í mínum huga algerlega ljóst. Spurningin er ekki hvort heldur hvenær Rafmagnsveitur ríkisins verða seldar. Eins og ráðherrann bendir á er hægt að selja þær í dag ef vilji er fyrir því. Það verður líka hægt að selja þær þegar þær eru orðnar háeff. Þetta er bara spurning um hvenær, ekki hvort. (Gripið fram í.) „Að sjálfsögðu,“ segir hv. þingmaður Kjartan Ólafsson, talsmaður Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu. Það er búið að undirstrika þetta hér afar rækilega. Ég verð að segja að mér þykja viðbrögð annarra þingmanna við þeim yfirlýsingum sem hér hafa fallið fremur dauf. Ég hefði haldið að allur þingheimur eða að minnsta kosti hálfur, ætti að rísa hér upp á afturfæturna þegar við heyrum hér yfirlýsingar af þessu tagi frá þingmanni Sjálfstæðisflokksins í umræðunni og í blaðagrein hæstv. ráðherra um málið.

Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs í seinni ræðu var hins vegar sú að ég þarf að leiðrétta rangfærslu hæstv. ráðherra. Ráðherrann sagði í seinni ræðu sinni þegar hún fór yfir ágæti stóriðjunnar að eigin mati, að samkvæmt skoðanakönnun Samtaka atvinnulífsins sem kynnt var á mikilli hallelújasamkomu fyrir helgina hefði komið fram að um 50% þjóðarinnar væru hlynnt frekari uppbyggingu áliðnaðar. Til þessa vitnaði hæstv. ráðherra í ræðu sinni og sagði jafnframt að einungis 10% hefðu verið andvíg. Þetta verður að leiðrétta hér því þetta er rangt. Samkvæmt könnuninni kemur í ljós að tæp 40% þjóðarinnar eru andvíg frekari uppbyggingu stóriðju á Íslandi, tæp 40%. Það verður að standa sem sannara reynist. (**JBjarn:** Hún sagði að þetta væru einhverjir kjósendur Vinstri grænna.) Þetta er rétt ábending hjá hv. þingmanni Jóni Bjarnasyni. Hæstv. ráðherra tók það fram í ræðu sinni að þessi 10% sem hún taldi vera á móti frekari uppbyggingu áliðnaðar á Íslandi væru einungis fylgismenn Vinstri grænna. En þeir eru sem sagt þá tæplega 40% fylgismenn Vinstri grænna.

Það kemur líka fram í könnun Samtaka atvinnulífsins að 34% þjóðarinnar séu andvíg frekari uppbyggingu áliðnaðar sem byggist á vatnsafli. 34% eru andvíg. Það kemur líka fram að 36% aðspurðra í þessari könnun telja að losun gróðurhúsalofttegunda sé vandamál hér á landi. Þetta eru tæplega 40%. Það kemur líka fram að 26% þjóðarinnar séu neikvæð í garð frekari uppbyggingar áliðnaðar sem byggist á gufuorku eða jarðvarma. Stór hluti aðspurðra í þessari könnun aðhyllist því ekki stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar og andmælir henni sama hvort verið er að hugsa um virkjanir í vatnsafli eða jarðgufu. En af því lýðræði hæstv. ráðherra byggir á því að meiri hlutinn ráði þá hefur hæstv. ráðherra náttúrlega ekki skoðað þessar tölur í könnuninni. Meiri hlutinn ræður. Það er hugsjón hæstv. ráðherra. Við getum fengið að tala hér í ræðustóli Alþingis og sprikla og ólátast eins og okkur sýnist. En það þarf ekkert að taka neitt tillit til þess sem við segjum. Það þarf ekkert að breyta

kúrsinum þó við sem hér höfum verið að tala, hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar græns — framboðs virðumst vera tala fyrir hátt í 40% þjóðarinnar ef marka má skoðanakönnun Samtaka atvinnulífsins. Ég held að hæstv. ráðherra verði að átta sig á því að stór hluti þjóðarinnar deilir þeim sjónarmiðum sem við hér höfum verið að halda fram.

Ég rifja það líka upp að á sínum tíma, snemma árs árið 2003, var það kannað hvort fólk væri því hlynnt að vísa mikilvægum málum sem varða þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessi spurning var send á vegum Gallups til þjóðarinnar og tengdist annarri spurningu um það hvort fólk hefði viljað þjóðaratkvæðagreiðslu um Kárahnjúkavirkjun. Það er gott að rifja það upp í þessari umræðu hér að í þessari könnun lýstu 80% svarenda sig fylgjandi því að vísa mikilvægustu málum þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu og á þeim tíma töldu 64% svarenda að þeir væru hlynntir þjóðaratkvæðagreiðslu um Kárahnjúkavirkjun. Hæstv. ráðherra verður því að athuga það og átta sig á því að hún er kannski ekki alltaf að tala fyrir stærsta hluta þjóðarinnar eins og ráða má af ræðum hennar. Hún talar hér fyrir afar umdeildum framkvæmdum og afar umdeildum formbreytingum á rekstri almannaþjónustufyrirtækja eins og Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég held að það sé rétt að hæstv. ráðherra hafi þetta vel í huga og sömuleiðis það að ekki sé vænlegt til frekari frama í pólitík að láta alltaf eins og meiri hlutinn ráði sama hvað það kostar, að minni hlutinn megi hafa málfrelsi en alls engan rétt á því að hafa áhrif á afgreiðslu mála.

[19:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mikilvægt að koma aðeins inn á þessi hlutföll sem hv. þingmaður fór yfir hér hvað varðar stuðning eða ekki stuðning við áliðnaðinn. Í fyrsta lagi er hér spurning um viðhorf gagnvart þeim áliðnaði sem nú er starfandi. Þar eru 54,6% jákvæð og 21% neikvæð en aðeins 7,7% mjög neikvæð.

Svo er það önnur spurning um viðhorf gagnvart uppbyggingu í áliðnaði byggðum á gufuaflsorku. Þá er það þannig að 58,6% eru jákvæð, 15,1% frekar neikvæð og 10,5% mjög neikvæð. Eins og ég sagði áðan þá er það almennt að um 10% eru mjög neikvæð þegar verið er að spyrja um þessa hluti.

Svo kemur spurning um viðhorf gagnvart frekari uppbyggingu í áliðnaði. Engin smáspurning. Þá eru 47,6% jákvæð eða mjög jákvæð, 36,9% neikvæð eða mjög neikvæð. Sem sagt mikill meiri hluti er jákvæður gagnvart því að halda áfram frekari uppbyggingu í áliðnaði. Svona er hægt að halda lengi áfram.

Svo koma aðrar spurningar: Telur þú að hægt sé að sætta sjónarmið umhverfisverndar og vatnsaflsvirkjunar? Þar eru það 69,7% sem telja að það sé hægt og 30,3% telja að það sé ekki hægt. Í gufuaflinu telja 88,3% að það sé hægt að ná sáttum og aðeins 11,7% telja að það sé ekki hægt.

Hvað það varðar hvernig raforkufyrirtæki og álfyrirtæki standa að umhverfismálum — ég sé að ég er að verða búin með tímann — þá er það mjög jákvætt og gaman að sjá hvaða skoðun þjóðin hefur í þeim efnum.

[19:50]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að fyrirtækið IMG Gallup, sem gerði þessa könnun, hefði verið dús við þessa útleggingu hæstv. ráðherra, túlkun hennar á könnuninni. Hún leggur alltaf saman þá sem eru hlynntir og frekar hlynntir, jákvæðir og frekar jákvæðir en undirstrikar síðan hversu margir hafi verið mjög neikvæðir. Af hverju leggur hún ekki saman þá sem voru neikvæðir, frekar neikvæðir og mjög neikvæðir? Er verið að gefa hér einhverjar misvísandi upplýsingar? Já, auðvitað, af því það hentar ekki hæstv. ráðherra að taka undir þær upplýsingar sem ég var með hér. Ég er að leggja saman þá sem eru neikvæðir og frekar neikvæðir en hún tekur bara þá sem eru mjög neikvæðir.

En kannski er þetta deila um keisarans skegg. Það sem ég var að reyna að segja með mínum málflutningi áðan var að hæstv. ráðherra verður að átta sig á því að 37% þjóðarinnar eru andvíg, frekar andvíg og mjög andvíg frekari uppbyggingu áliðnaðar á Íslandi. Það er mjög stórt hlutfall þjóðarinnar. Og hæstv. ráðherra á ekki að tala eins og hún sé hér að tala fyrir hönd meiri hluta þjóðarinnar og allir hinir séu bara nokkuð sáttir, eða frekar óákveðnir. En það má skilja af máli hæstv. ráðherra eins og hún formúlerar sig.

Hvað það varðar hvort landsmenn eru jákvæðir eða neikvæðir í garð þess áliðnaðar sem er í landinu vil ég segja: Auðvitað er fólk jákvætt í garð þeirra atvinnufyrirtækja sem eru og starfa í landinu. (**Iðnrh.:** Nú, er það?) Annað væri óeðlilegt. Fólk vill auðvitað líka ná sáttum. Fólk vill ná sáttum um hluti en það þýðir þá líka að menn verða að fara í málamiðlanir. Það þýðir þá líka að stundum verður meiri hlutinn að brjóta odd af oflæti sínu, hlusta á það sem minni hlutinn hefur fram að færa og sjá til að sveigja (Forseti hringir.) að einhverju leyti af braut.

[19:53]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það voru nokkur atriði sem ég átti eftir að koma að og spyrja hæstv. ráðherra frekar um varðandi það mál sem við erum hér að fjalla um, um hlutafélagsvæðingu Rafmagnsveitna ríkisins. Það er í fyrsta lagi hvernig farið verði með þær ábyrgðir sem ríkið hefur tekið á sig gagnvart Rarik. Rarik er með miklar skuldir. Samkvæmt rekstraruppgjöri Rariks árið 2004 eru langtímaskuldir fyrirtækisins rúmlega 3,2 milljarðar kr, lífeyrisskuldbindingarnar eru 1,5 milljarðar. Til stendur að taka 1 milljarðs kr. langtímalán sem einnig mun verða með ríkisábyrgð. Er það ekki nokkuð sérkennilegt að vera að hlutafélagavæða fyrirtæki með þessum hætti, láta ríkisábyrgðina áfram standa á ríkissjóði en segja að fyrirtækið sé orðið hlutafélagavætt og komi síðan á samkeppnismarkað. Ég vil spyrja: Hver er réttarstaða þessarar ríkisábyrgðar? Það stendur að verði frumvarpið óbreytt að lögum verði ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér. En allar nýjar skuldbindingar munu alfarið verða á ábyrgð Rariks. Hann verður nú svolítið snúinn, þessi efnahagsreikningur, þar sem hluti af skuldunum sem fyrirtækið ber á að vera með ríkisábyrgð og aðrar ekki.

Ekki getur fyrirtækið farið að reka sig svona í tvennu lagi? Það hlýtur að vera að allar skuldir fyrirtækisins verði hluti af viðkomandi efnahagsreikningi. Hvernig getur það verið að ríkið verði bara ábyrgt fyrir hluta af þeim en öðrum ekki? Ég get ekki almennilega séð hvernig þetta fer saman. Á ríkisábyrgð á fjármagni að fylgja inn í fyrirtæki sem er komið í hlutafélagaform og verið að búa undir sölu?

Þá vil ég líka vekja athygli á og leiðrétta það sem sagt er hér á bls. 4. Þar er verið að telja upp hvaða veitur Rafmagnsveitur ríkisins hafa keypt. Þar eru taldar Hitaveita Hafnar í Hornafirði, Hitaveita Siglufjarðar, Hitaveita Seyðisfjarðar, Rafveita Borgarness, Rafveita Hveragerðis, Rafveita Sauðárkróks, Hitaveita Dalabyggðar og Hitaveita Blönduóss. Síðan stendur: Reynslan hefur þegar leitt í ljós að fjárfestingar þessar hafa ekki eingöngu verið arðbærar Rafmagnsveitunum, heldur einnig þeim sveitarfélögum sem hlut eiga að máli.

Nú þekki ég til hvernig þetta var með Rafveitu Sauðárkróks. Það var nú ekki aldeilis að það væri happafengur fyrir Sauðárkrók eða Skagafjörð þegar framsóknarmenn með stuðningi samfylkingarfólks í sveitarstjórn á þeim tíma komu því svo til leiðar að Rafveita Sauðárkróks var seld Rafmagnsveitum ríkisins. Það gerðist reyndar á síðustu dögum þáverandi sveitarstjórnarmeirihluta framsóknarmanna og þeirra sem skipuðu svokallaðan Skagafjarðarlista, sem voru félagar í Samfylkingunni. Rafveitan var seld á síðustu dögum þess meiri hluta. Sem betur fer var hann felldur. Var búinn að vinna nægilegt ógagn. (**JÁ:** Það tók ekki betra við, Jón.) En þá breyttist það þannig að raforkukostnaður margra fyrirtækja á Sauðárkróki hækkaði eftir að fyrirtækið hafði verið selt. Og raforkukostnaður sveitarfélagsins Skagafjarðar, bara sem notanda, hækkaði líka stórlega, fyrir utan það að sveitarfélagið gat beitt styrk Rafveitu Sauðárkróks til að létta undir í nýju átaki um atvinnusköpun o.s.frv. Þannig að það var nú ekki aldeilis að það væri neinn happafengur fyrir sveitarfélagið Skagafjörð að Rafmagnsveitur ríkisins skyldu vera látnar hnoðast inn í sveitarstjórn á þeim tíma og komast yfir Rafveitu Sauðárkróks. Enda hafa Skagafjarðarveitur, ég minntist á það hér í andsvari við hæstv. ráðherra, sett fram ósk um viðræður um að fá að leysa Rafveitu Sauðárkróks aftur til sín, og einnig viljað ræða hvort þær geti tekið og leyst til sín aftur hluta af eignum Rariks í Skagafirði. Skagafjarðarveitur, mjög öflugt fyrirtæki sem blessunarlega tókst að forða frá því að vera selt, eru núna á fullu að leggja hitaveitur um Skagafjörð. Það sýnir hve gríðarlega mikilvægt það er fyrir sveitarfélagið að hafa Skagafjarðarveitur, fyrirtækið sem slíkt, innan sinna vébanda.— Þeir misstu að vísu Rafveitu Sauðárkróks. — Nú vilja þeir taka upp viðræður um kaup, að leysa til sín hluta Rafmagnsveitna ríkisins í Skagafirði. Þeir hafa ekki fengið svar. Norðurorka kom með sömu ósk. Þó að hæstv. iðnaðarráðherra hafi þá persónulegu skoðun og eigi sér þann draum að búa til eitt stórt fyrirtæki sem síðan sé hægt að einkavæða og selja þá er ekki víst að íbúarnir á þessum stöðum séu sömu skoðunar. Ég veit að það er enn áhugi hjá sveitarfélaginu Skagafirði, innan Skagafjarðarveitna, að fá þessar eignir aftur til sín.

Þá finnst mér réttmætt, þegar verið er að gera þessi mál upp, að það sé rætt og kannað. Ég tek líka undir orð hv. þm. Jóhanns Ársælssonar hér fyrr í umræðunni þegar hann talaði um hlut sveitarfélaganna í Rarik. Rarik er jú byggt upp sem þjónustustofnun við sveitarfélögin og eigið fé Rafmagnsveitna ríkisins hefur byggst upp gegnum greiðslur notenda vítt og breitt um landið. Ég tel að sveitarfélögin eigi fyrsta rétt til að ganga að eignum sínum í Rafmagnsveitum ríkisins ef á að láta þær fara á þann veg sem hér er verið að leggja til að hlutafélagavæða og senda á markað. Ég vil eindregið hvetja sveitarfélögin til að reisa kröfur sínar. Ég vil líka hvetja hæstv. ráðherra og hv. iðnaðarnefnd að taka upp viðræður og heyra sjónarmið sveitarfélaganna hvað varðar þennan sjálfsagða rétt þeirra.

Ég ítreka að þessi ríkisstyrktu uppkaup Rafmagnsveitna ríkisins á veitum vítt og breitt um landið — þar sem ríkið hefur lagt fjármagn til Rafmagnsveitna ríkisins til að þær kaupi veitur hjá sveitarfélögum sem eru í greiðsluvandræðum vegna stefnu ríkisins gagnvart þeim — eru athyglisverð. Það hefði verið miklu nær að umræddir peningar rynnu beint til sveitarfélaganna frekar en að láta Rarik fá þá til að kaupa eignir þeirra upp.

Herra forseti. Ég vil afdráttarlaust ítreka þennan rétt sveitarfélaganna til að koma að þessu máli, fá sinn hlut. Það er alveg ljóst, og hefur komið hér fram í umræðunni, að stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins er fyrsta skrefið í að búa það til sölu. Það hefur verið vitnað í orð hæstv. iðnaðarráðherra, hann hefur látið nákvæmlega þau orð falla þó hann hafi líka sagt orð í aðra veru. En það hefur komið fram hjá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í hv. iðnaðarnefnd að það sé í rauninni bara tímaspursmál hvenær Rafmagnsveitur ríkisins verði seldar. Fyrsta skrefið sé að hlutafélagavæða þær. Það er því alveg ljóst hver vegferðin er í höndum þessarar ríkisstjórnar. Það er alveg ljóst. Ég legg því áherslu á að hæstv. ráðherra taki upp viðræður við sveitarfélögin og hv. iðnaðarnefnd geri það líka, til að tryggja eðlilegan rétt og aðkomu þeirra að þessu máli.

[20:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar að spyrja hv. þingmann. Mér fannst hann tala með hálfgerðum ótta um að Rarik yrði selt ef það yrði hlutafélagavætt. En síðan ræddi hv. þingmaður um að honum fyndist eðlilegt að hluti Rariks yrði seldur aftur til Skagfirðinga. Er hv. þingmaður sem sagt á því að selja megi Rarik í pörtum eftir að búið er að einkavæða það eða jafnvel þótt það yrði ekki einkavætt? Mér finnst þetta mikilvægt.

Hið sama gildir um fleiri hluta Rariks. Hv. þingmaður nefndi að Rarik hefur verið að kaupa ýmsar hitaveitur og rafveitur á undanförnum árum. Ég er ekki þeirrar skoðunar að ekki megi selja það aftur eða að það megi ekki ganga til baka með einhverjum hætti. En hv. þingmaður talaði eins og það mætti alls ekki selja þetta fyrirtæki. Spurningin er: Má selja það í pörtum?

[20:04]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að ég hafi ekki talað nógu skýrt. Ég skil þetta sem ósk hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um að ég tali skýrar.

Ég tala um þetta í tvennu lagi. Annars vegar minntist ég á, óháð hlutafélagavæðingunni, þær óskir sem hafa komið fram frá aðilum eins og Skagafjarðarveitum, um að fá að leysa til sín aftur Rafveitu Sauðárkróks. Þær óskir hafa komið fram og einnig um viðræður um að fá hlut Rafmagnsveitna ríkisins í eignum í Skagafirði. Ég tel að þetta geti verið sjálfstætt mál.

Hitt var svo mál sem ég ræddi um, í tengslum við hlutafélagavæðinguna sjálfa. Þegar fyrirtækið hefur verið búið undir samkeppnisrekstur, sett á markað og selt, er eðlilegt að sveitarfélögin í heild sinni geri kröfu og komi inn í umræðu um ferlið sem þar er sett í gang.

Þannig að þetta mál er tvíþætt. Það lýtur annars vegar að einstökum þáttum eins og Rafveitu Sauðárkróks á sínum tíma. Ég tel að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að Skagfirðingar geti leyst til sín eignina. Aðgreinda eign sem er nýkeypt.

Hins vegar er það hið almenna, að verði af hlutafélagavæðingunni, gangi hún fram með þeim hætti sem hér er að stefnt, eigi sveitarfélögin í heild sinni að ræða um stöðu eignarinnar, áður en hún verður sett inn í hlutafélag.

[20:06]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála því síðasta sem hv. þingmaður nefndi, enda hef ég talað um það á undanförnum árum oftar en einu sinni, að það eigi að skoða eignarhald á Rarik og það sé ekki sjálfgefið að ríkissjóður eigi fyrirtækið. Það hefur verið byggt upp með þeim hætti að full ástæða er til að skoða það vandlega.

En hitt vil ég benda á að mér fannst hv. þingmaður segja það varfærnum orðum að það mætti selja Rarik í pörtum. Ég er algerlega sammála því. Mér finnst það allt í lagi. Ef það er hentugra að hluti af því sem Rarik á núna í fyrirtækjum eða veitum, ef þeir eignarhlutir eru betur komnir hjá öðrum, þá má breyta því. Það er bara mjög eðlilegt. Menn verða vitanlega að skoða þann kost.

Til viðbótar langar mig til að spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki, ef það á í alvöru að reyna að koma á einhvers konar samkeppnisumhverfi í framleiðslu og sölu á raforku, að menn verði að sjá til þess að fyrirtækin á þessum markaði verði ekki öll í eigu ríkisins og verði nú ekki einsleit, að eitt stórt ríkisfyrirtæki verði á þessum markaði og síðan pínulitlar bændaveitur til viðbótar. Það væri auðvitað ekkert samkeppnisumhverfi. Þótt mönnum finnist það kannski svolítið bragðvont þá held ég að mixtúran verði að lokum sú að skipta þessum markaði upp með einhverjum hætti. Þannig geta burðug fyrirtæki tekist á í samkeppni. Með því yrði hægt að mynda verð í samkeppnisumhverfi. Ef við höfum gott eftirlit með því fyrirkomulagi þá má tryggja að neytendur fái besta verð sem hægt er að ná út úr framleiðslu á raforku í landinu.

[20:08]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get vel tekið undir sjónarmið hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um að miðað við stefnu hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnarinnar, að því markmiði að steypa allri þessari þjónustu í eitt eða tvö stórfyrirtæki, mun ekki verða nein samkeppni. Sú stefna leiðir til fákeppni og reyndar einokunar. Ég styð þá skoðun hv. þingmanns eindregið að liður í að koma á eðlilegu þjónustuumhverfi væri að leyfa sveitarfélögunum, heimaaðilum, að leysa til sín hluta Rariks á viðkomandi stöðum, finnist þeim það hentugast og best.

Hvers vegna ekki? Þessar eignir og þessi þjónusta hefur orðið til vegna íbúanna á viðkomandi svæðum. Ef íbúarnir telja sér hana fyrir bestu, hvers vegna ætti þá ekki að hlusta á það? Ég tek afdráttarlaust undir það. Ég legg einmitt líka áherslu á að þá yrðu þetta almannaþjónustufyrirtæki. Það er styrkur sveitarfélaga sem eiga veitur að geta nýtt þær í uppbyggingu atvinnulífs og uppbyggingu í þjónustu. Við sjáum alveg hver er munurinn á þeim sveitarfélögum sem eiga slíkar veitur og þeim sem ekki eiga þær. (Gripið fram í.) Aðalatriðið er að fyrirtækin séu í eigu og þjónustu fólksins sem býr þar. Ég held að við eigum að horfa til þess en ekki hinnar taumlausu einkavæðingarárátttu sem hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins gengur fram í og er að verða hæstv. ráðherra hreinasta trú (Forseti hringir.) og reyndar ofsatrú, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–6. mál.

Fundi slitið kl. 20:11.

---

55. FUNDUR

þriðjudaginn 31. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 392. mál, þskj. 474. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 288. mál, þskj. 709. — 3. umr.
3. Tóbaksvarnir, stjfrv., 388. mál, þskj. 470. — 1. umr.
4. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 448. mál, þskj. 672. — 1. umr.
5. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
6. Útvarpslög o.fl., frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
7. Stjórnarskipunarlög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
8. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.

Fjarvistarleyfi:
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.

[13:31]

Útbýting:
Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 288. mál, þskj. 709.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 392. mál. — Þskj. 474.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 3. umr.

Stjfrv., 288. mál (vatnsaflsrannsóknir, leyfi o.fl.). — Þskj. 709.

[13:33]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég heyri að það er eðlilega nokkur spenningur í þingsal því að frumvarpið sem við ræðum nú snertir ekki hvað síst tilfinningar fólks, bæði gagnvart nútíðinni og gagnvart framtíðinni. Frumvarp það sem hér er til 3. umr. hefur yfirskriftina frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þessi frumvarpsbútur, kálfur eða kvíga sem hefur verið nefnt svo hér á Alþingi, er bútur úr stærra frumvarpi sem flutt var fyrir góðu ári síðan um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Tekinn var út úr því kafli og fluttur sérstaklega, kafli eða lagaheimildir sem lúta að því að rýmka heimildir iðnaðarráðherra til að veita rannsóknarleyfi til að undirbúa og undirbyggja orkuöflun fyrir frekari stóriðju hér á landi. Þetta frumvarp lýtur að því.

Málið hefur farið í gegnum 1. umr. Þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir þessu frumvarpi talaði ráðherra tæpitungulaust og sagði að markmiðið með því væri að sá sem fengi rannsóknarleyfi fengi líka vilyrði fyrir nýtingarleyfi eða virkjunarleyfi. (**Iðnrh.:** Það er rangt.) Þannig mælti ráðherra fyrir frumvarpinu og ef hæstv. ráðherra vill þá er meira að segja hægt að lesa ræðu hennar. Síðan þegar ráðherra sá að málið kæmist ekki fram með þeim hætti sem hún hafði kynnt það fór hún fyrst í fjölmiðla og gaf yfirlýsingu um að sá skilningur sem lagður hefði verið í frumvarpið af hennar hálfu og fleiri hvað þetta varðaði hefði verið misskilningur. Þannig kepptist hver aðilinn á fætur öðrum við að reyna að skilja eða lýsa misskilningi ráðherrans í málinu. Þegar málið kom til 2. umr. byrjaði hæstv. ráðherra enn á að lýsa því yfir að málið hefði verið flutt á grunni misskilnings þannig að hún hefur afvegaleitt þingið í störfum þess. Þannig hefur þessi málatilbúnaður verið hér.

Það er sama hvernig reynt er að teygja frumvarpið og toga, til hliðar eða á aðra kanta, meining þess er klár. Meiningin í þessu frumvarpi lýtur að því að rýmka heimildir ráðherra til að veita rannsóknarleyfi, sérstaklega til vatnsaflsvirkjana, og jafnframt að tryggja með lögum að viðkomandi sem fengið hefur rannsóknarleyfi geti í rauninni fénýtt sér það til framhalds, t.d. selt það eins og lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu kveða á um en í 32. gr. þeirra laga stendur að með leyfi ráðherra sé hægt að veðsetja þau eða framselja þau. Þar með er opnað á að þessi rannsóknarleyfi sem eru aðfari nýtingarleyfa séu orðin markaðsvara.

Frú forseti. Ég er ekki einn um að telja að nú sé rétt að staldra við í stóriðjuáformunum, staldra við í áformum um byggingu frekari og fleiri álverksmiðja, staldra við í að taka fleiri stór vatnsföll í landinu til að undirbúa þau undir virkjanir.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs teljum nóg að gert í bili a.m.k. og megi nú gera hlé. Eigum við ekki að ljúka einni umdeildustu virkjunarframkvæmd sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir, Kárahnjúkavirkjun með byggingu Reyðaráls, eigum við ekki að ljúka þeirri virkjun áður en ráðist er á næstu jökulvötn eða fallvötn? Eigum við ekki að ljúka við þá álbræðslu sem nú er í byggingu áður en við förum að undirbúa fleiri? Það er skoðun okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að það sé mál að linni. Við skulum staldra við.

Frumvarpið sem hér um ræðir snýst um að skapa nýjan og betri farveg til að taka næstu fljót til virkjunar fyrir stóriðju. Ég rakti í ræðu minni síðastliðinn fimmtudag ítarlega þau sjónarmið fólks að sumar náttúruperlur, sumar af dýrustu sívirku auðlindum landsins eins og fallvötnin eru, séu svo dýrmætar í því formi sem þær eru að ekkert geti réttlætt það að fela ráðherra ótakmarkaða heimild til að úthluta þar rannsóknarleyfum og undirbyggja virkjunarframkvæmdir. Sum fallvötn eru þannig. Er skemmst að minnast átakanna um Þjórsárver. Þar hefur verið gengið fram af slíkri grimmd og græðgi að eindæmi er. Sótt hefur verið að heimamönnum um að veita virkjunaraðilum heimildir til að ráðast inn í Þjórsárver til virkjana, en ekki síst hefur verið ráðist þar á náttúruna sjálfa sem ekki getur varið sig með orðum.

Þjórsárver eru svo dýrmæt auðlind eins og þau eru í náttúrunni sjálfri, í sívirku afli hennar sem knýr hana áfram til næstu kynslóða að við höfum ekki einu sinni rétt til að úthluta rannsóknarleyfi til virkjana á slíkum náttúruperlum. Um þetta hefur verið tekist á Alþingi. En fyrir baráttu heimafólks í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, baráttu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, baráttu náttúruunnenda og velunnara Þjórsárvera, einstaklinga, hefur frekari innrás á Þjórsárver nú verið stöðvuð. Við vildum að það væri gert varanlega, að gefin væri yfirlýsing um að

ekki yrði ráðist frekar á Þjórsárver. Sú yfirlýsing hefur ekki fengist en stjórnarformaður Landsvirkjunar viðurkenndi að þrýstingur í þjóðfélaginu væri orðinn með þeim hætti að Landsvirkjun treysti sér ekki til að halda áfram frekari innrás á Þjórsárver.

Áhyggjur hæstv. iðnaðarráðherra í því máli sneru ekki að náttúru- eða verndargildi eða líffræðilegu gildi Þjórsárvera. Nei, frú forseti, áhyggjur iðnaðarráðherra sneru að hugsanlegum skaðabótakröfum Landsvirkjunar sem hefði virkjunarleyfið á Þjórsárverasvæðinu. Skaðabótakröfur Landsvirkjunar, sem er í 100% eigu opinberra aðila, voru mestu áhyggjuefni hæstv. iðnaðarráðherra, eins og vitnað er til í grein Atla Gíslasonar fimmtudaginn 12. janúar sl. í Morgunblaðinu þar sem hann vitnar í þau orð hæstv. iðnaðarráðherra sem hún lét falla 7. janúar á ráðstefnu, með leyfi forseta:

„... en ég reikna alveg með ef að stjórnvöld tækju ákvörðun að hverfa frá þessu (Norðlingaölduveitu), að þá verði það ekki gert án skaðabóta gagnvart fyrirtækinu sem hefur leyfið í dag (Landsvirkjun).“

Þetta voru mestu áhyggjuefni iðnaðarráðherra, ekki Þjórsársverin, (**Iðnrh.:** Enda er ég iðnaðarráðherra.) enda er hæstv. ráðherra iðnaðarráðherra. Það er alveg hárrétt og þjóðin er búin að kynnast því. Maður veltir því að vísu fyrir sér hvar umhverfisráðherrann er í þessari umræðu allri. En Landsvirkjun heyrir undir þjóðina þó að viðskiptaráðherra fari með málið og þetta var mesta áhyggjuefni hennar, ekki staða Þjórsárvera. Við unnum þar varnarsigur og við skulum vona að það verði varanlegur sigur gagnvart Þjórsárverum þótt önnur stjórnmálaöfl, Landsvirkjun og stjórnvöld hafi verið reiðubúin að fallast á að höggvið yrði inn í Þjórsárverin.

Nú snúa átökin að næstu fallvötnum. Samkvæmt því blaði sem kynnt hefur verið og verið lögð áhersla á eru þær virkjanir sem nú er lögð áhersla á að koma inn í röðina um næstu virkjanir jökulvötnin í Skagafirði og Skjálfandafljót með Aldeyjarfossi svo nokkuð sé nefnt. Það er svo brýnt að koma frumvarpinu í gegn að það hefur notið sérstaks forgangs í öllum málum nótt og dag. Það er svo brýnt að hæstv. iðnaðarráðherra fái þessar heimildir sínar til að geta úthlutað rannsóknarleyfum sem síðan er hægt að breyta í virkjunarleyfi. Sá sem fær rannsóknarleyfi hefur slegið á vissan hátt eignarrétt sínum á þær auðlindir a.m.k. til nokkurs tíma, getur fénýtt sér það, selt og veðsett með leyfi ráðherra. Þetta er víst brýnast núna enda minnumst við orða hæstv. iðnaðarráðherra á þingi sem sagði sem rök fyrir málinu að virkjunaraðilar væru of tregir til að undirbúa næstu virkjanir í jökulvötnunum og þess vegna þyrfti að flytja þetta frumvarp til þess að lyfta undir þá og gefa þeim frekari ádrátt um að engin áhætta fylgdi því að fara út í rannsóknarleyfin.

Ég vitnaði í ræðu minni sl. fimmtudag í það sem Skagfirðingar, fólk sem hefur búið og alist upp í nágrenni þessara náttúruvætta, hafa skrifað og látið heyra í sér varðandi jökulvötnin. Í lokaorðum greinar sem Þórarinn Magnússon á Frostastöðum skrifaði í Feyki 14. september 2005 segir um það sem við tökumst á um, þ.e. hvort hæstv. iðnaðarráðherra eigi að fá frjálsar hendur um úthlutun rannsóknarleyfa sem síðan geta leitt til virkjunarleyfa í Jökulsánum í Skagafirði. Hann segir, með leyfi forseta:

„Skagfirðingar. Stöndum vörð um jökulárnar. Leyfum þeim að renna óbeislaðum frá jökulrótum til sjávar. Það er sannfæring mín að þannig verði þær Skagfirðingum sem og þjóðinni allri til mestra heilla um ókomin ár.“

Þetta er áskorun. Fleiri hafa á undanförnum vikum og missirum tjáð afdráttarlausar skoðanir sínar gegn því að leggja jökulvötnin í Skagafirði undir virkjunarrannsóknir sem frumvarpið gengur út á.

Eins er það hér og í baráttunni fyrir Þjórsárverum að í Skagafirði eru það heimamenn, bornir og barnfæddir, náttúruunnendur og vísindamenn sem berjast gegn því að verið sé að opna á möguleika til að fórna Jökulsánum í Skagafirði til stórvirkjana fyrir álbræðslur eins og áhugi iðnaðarráðherra stendur til. Við erum eina stjórnmálaaflið sem stendur með heimamönnum og leggst gegn því að Skagafjarðarvötnum sé fórnað fyrir stóriðju og stórframkvæmdir af þessu tagi. Ég vona svo sannarlega og treysti því að við munum líka hafa sigur þarna.

Það er fróðlegt að lesa allra síðustu blaðaskrif sem lúta að álæði núverandi ríkisstjórnar og hæstv. iðnaðarráðherra sem speglast einmitt í kappinu við að koma frumvarpinu áfram til að fá ótakmarkaða heimild til að úthluta rannsóknarleyfum í vatnsföllum landsins sem ekki eru þegar lögð undir. Í Fréttablaðinu í dag, 31. janúar, er grein eftir Jónatan Þórmundsson prófessor. Það kom mörgum á óvart kannski að hann mundi snúast á sveif með sjónarmiðum og baráttumálum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Ég vil leyfa mér að lesa þessa stuttu grein sem ber yfirskriftina: „Er ekki nóg komið?“, með leyfi forseta:

„Ég hef hingað til trúað því, að þjóð okkar búi yfir nægilegu frumkvæði, hugviti og sjálfstrausti til margs konar verkefna, svo hún þurfi ekki að festa sig í viðjum áliðnaðarins. Það var vissulega ónotaleg tilfinning að fylgjast með baráttu Austfirðinga fyrir Kárahnjúkavirkjun og álveri í Reyðarfirði án tillits til fyrirsjáanlegrar skaðsemi þessara framkvæmda. Þar blasa nú við stórfelldar umbreytingar á miklu landsvæði, sívaxandi sandfok yfir sveitir Austurlands og aukinn innflutningur ófaglærðra verkamanna frá útlöndum. Þar að auki er margt óljóst um endanlegan kostnað og fullkomin óvissa um efnahagslegan ávinning af framkvæmdunum fyrir Austfirði og landið allt.

En mér varð verulega hverft við nýverið, þegar ég uppgötvaði, að álmeinið er að breiða úr sér um allt land og Austfjarðaslysið því ekki einangrað fyrirbæri. Forustumenn sveitarfélaga keppast við að dásama áliðnað og karpa um hver eigi næstur að fá álver í sinn fjörð. Kappsemi forustumanna okkar í áliðnaðarmálum hryggir mig ósegjanlega. Það kann að hafa verið nauðsynlegt fyrir 30–40 árum að stofna til áliðnaðar á Íslandi, þegar ekki var kostur annarra arðbærra atvinnutækifæra. Sömu gömlu lausnirnar duga ekki lengur. Á sama tíma bíða þjóðarinnar ótal tækifæri í hátækniiðnaði, upplýsingatækni og ferðamannaþjónustu. Allt eru þetta mikilvægar atvinnugreinar til framtíðar, án verulegrar mengunarhættu og mun arðvænlegri fyrir íslenskt samfélag en duttlungafullur áliðnaður. Mun fjármögnun nýsköpunarverkefna sitja á hakanum til 2020, þegar álver verða komin í flesta firði landsins?

Ég hef hingað til trúað því, að þjóð okkar búi yfir nægi-

legu frumkvæði, hugviti og sjálfstrausti til margs konar verkefna, svo að hún þurfi ekki að festa sig í viðjum áliðnaðarins. Við hverja er að sakast? Enga nema okkur sjálf, þjóðina. Sofandaháttur okkar og dofin vitund í þægindakapphlaupi nútímans hafa sljóvgað stjórnmálamenn okkar. Þeir eru aðeins spegilmynd af þjóðinni. Hvenær taka þeir á sig rögg, sýna framsýni og raunverulega forustuhæfileika til að leiða þessa þjóð til annars en skammtímalausna? Meðan þjóðin hefur ekki öðlast meiri trú á sjálfa sig en álrisana, treysti ég ekki heldur stjórnmálamönnum til þess að breyta neinu í þessu efni, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Það dugir ekkert minna en vakning fólksins sjálfs og endurnýjuð trú á landið okkar og framkvæmdagleði þjóðarinnar með nýjum hugsunarhætti í atvinnu- og efnahagsmálum."

Þetta segir Jónatan Þórmundsson. Ég vona að hann sé að hlusta á mig því að flokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur einarðlega staðið að baki þeirra hugsana sem hann ber fram, hér á þingi og hvarvetna annars staðar.

Frú forseti. Í glansbæklingi sem borinn var inn á hvert heimili á Norðurlandi, kostað af iðnaðarráðuneytinu segir: „Verið velkomin á opna kynningarfundi um álver á Norðurlandi." Sennilega mundi hæstv. ráðherra vilja vera kominn norður til að taka þátt í trúboðsferlinu.

„Samráðsnefnd Fjárfestingarstofunnar," — hver á Fjárfestingarstofuna? (**Gripið fram í:** Ráðherrann.) Ráðherrann. (**Gripið fram í:** Nei, ráðherrann á hana ekki.) — „sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og Alcoa, boðar til opinna funda á Akureyri, Húsavík og í Skagafirði til að kynna áfanganiðurstöður aðgerðaáætlunar vegna 250.000 tonna álvers á Norðurlandi."

Þetta er dæmigert fyrir vinnubrögð af hálfu iðnaðarráðherra, að fara um landið, etja byggðarlögum saman, halda fram einum valkosti sem stjórnvöld eru reiðubúin að standa að, þeim einum og engum öðrum og verja til þess fjármagni, áróðri og blekkingum. Hvað ætli hafi kostað að senda þennan bækling inn á hvert heimili á Norðurlandi? Hefðu ekki sveitarfélög á Norðurlandi frekar viljað fá þennan pening til atvinnusköpunar? (Gripið fram í.) Það þarf að greiða hann, frú forseti, og þó að lofsvert sé að prenta hann á Sauðárkróki eru ýmis önnur verkefni sem ráðherra hefði getað lagt til í þeim efnum.

Í bæklingnum er þeim stöðum á Norðurlandi sem til greina koma að leggja undir álver lýst. Það er fróðlegt að sjá. Þeir sem koma til greina eru, með leyfi forseta:

„Unnið hefur verið að margvíslegum könnunum varðandi þrjá staði sem helst þykja koma til álita fyrir nýtt álver á Norðurlandi, á Bakka við Húsavík, við Dysnes í Eyjafirði og við Brimnes í Skagafirði."

Brimnes er skaginn sem gengur um miðjan fjörðinn sem Kolkuós stendur við. Jafnframt stendur í kynningunni að verði valinn staður fyrir álver einmitt við Kolkuós við Brimnes muni það þýða að leggja verði af byggð á stórum hluta þess svæðis, leggja af byggð á tveimur bæjum, Brimnesi og Laufskálum. Auk þess verður þeirri menningarlegu uppbyggingu sem nú á sér stað á Kolkuósi og þeirri miklu náttúruperlu sem þar er fórnað á altari álbræðslunnar ef af þessum fyrirætlunum verður.

Í blöðunum í dag er ein lítil frétt um hvað hafnir munu kosta í tengslum við þessar framkvæmdir. Það er talað um að ný höfn á Húsavík muni kosta á annan milljarð króna, sömuleiðis ný höfn á Akureyri. Það er ekki talað um hvað höfn í Skagafirði muni kosta.

Ég hef hér áður spurt: Hvers vegna mega þessi byggðarlög ekki fá þessa fjármuni og ráðstafa þeim sjálf, þá milljarða sem ríkisstjórnin og hæstv. iðnaðarráðherra er reiðubúin að verja til undirbúnings stóriðjuframkvæmda? Þá eru peningarnir til. Hvers vegna eru þessir peningar ekki bara látnir í hendur heimamanna og þeim leyft að ráðstafa þeim? Kannski að Húsvíkingar mundu þá ekki hugsa sig um áður en þeir fórnuðu Skjálfandafljóti, áður en þeir fórnuðu Aldeyjarfossi? Ef þeir fengju þennan milljarð eða tvo eða þrjá ætli þeir mundu þá ekki frekar nota þá til uppbyggingar annarra atvinnugreina, uppbyggingar þekkingarseturs, uppbyggingar ferðaþjónustu, uppbyggingar annars sem betur hentar til starfsemi þar og á alla möguleika. Sama mætti segja um Eyfirðinga. Ef þeir fengju milljarðana sem ríkið virðist reiðubúið til að verja til undirbúnings álframkvæmda og stóriðjuframkvæmda, ef þeir fengju þessa peninga mundu þeir byggja upp aðrar atvinnugreinar, háskólann sinn sem hafður er í fjársvelti, sjúkrahúsið og aðra fjölþætta atvinnustarfsemi, þ.e. ef þeir fengju að ráða. Sama má segja um Skagfirðinga. Ráðherra er reiðubúin að leggja milljarða króna í byggingu nýrrar hafnar og til rannsókna og annars undirbúnings fyrir álver. Ef Skagfirðingar fengju þessa peninga beint og mættu ráðstafa þeim milliliðalaust mundu þeir ekki verja þeim til byggingar álvers, frú forseti.

Hæstv. iðnaðarráðherra leggur ofurkapp á að troða í gegn þessu frumvarpi sem veitir henni auknar heimildir til að úthluta rannsóknar- og virkjunarleyfum til að undirbúa stórvirkjanir í Jökulsánum og víðar og til að undirbúa ný álver. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að veita ráðherra þessa heimild nú. Það er nóg undir. Fyrir liggja nægir virkjunarkostir sem hægt er að vinna úr. Því á ekki að hleypa af stokkunum undirbúningsferli fyrir fleiri virkjanir í bili, fleiri stórvirkjanir. Gefum okkur andrúm.

Sumar náttúruperlur eru svo mikilvægar að þeim á ekki að fórna. Það á ekki einu sinni á að veita leyfi til að hægt sé að rannsaka þær með það að augnamiði að virkja þær. Það mætti gefa út rannsóknarleyfi til þess að kanna mikilvægi líffræðilegs fjölbreytileika eða hvernig hægt sé að varðveita náttúruauðlindir sem best til framtíðar eða hvernig þær geta nýst við aðra atvinnuuppbyggingu, frú forseti. Vel mætti hugsa sér það, en þá af fullkominni virðingu fyrir því að þessar náttúruperlur, þessi náttúruvætti, eru undirstaða sívirks endurnýjunarferlis lífs. Stíflun Jökulsánna í Skagafirði mundi þýða að framburður þessara miklu jökulfljóta út í Skagafjörð, niður Eylendið og út í Skagafjörð, mundi stöðvast. Hvað vitum við hvaða áhrif það hefur? Það veit enginn. Hvers vegna erum við þá að hleypa af stað rannsóknum sem bjóða upp á ógn við þetta lífríki?

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur staðið með íbúunum í Skagafirði sem vilja stöðva hugmyndir um virkjanir í Jökulsánum í Skagafirði. Þann 29. janúar síðastliðinn samþykkti aðalfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sveitarfélaginu Skagafirði ályktun sem lýtur að þessum málum og ég ætla, með leyfi for-

seta, að lesa hér upp: (**Gripið fram í:** Eru þeir sammála honum?)

„Aðalfundur VG í Sveitarfélaginu Skagafirði, haldinn 29. janúar 2006, fagnar þeirri fjölbreyttu uppbyggingu sem átt hefur sér stað í Skagafirði síðustu árin og áformum um miðstöð hátækniiðnaðar í héraðinu. Hins vegar hafnar fundurinn hugmyndum um álver við Kolkuós og stórvirkjanir í Skagafirði í tengslum við álbræðslu á Norðurlandi, sem eru andstæðar hagsmunum Skagfirðinga. Atvinnutækifærin felast í fjölbreytni og þekkingariðnaði en ekki einhæfum álbræðslum sem skaða möguleika annarra atvinnugreina ásamt því að ganga á náttúru landsins og aðra atvinnukosti til framtíðar. Enn fremur fagnar fundurinn ákvörðun um að þyrma Þjórsárverum og hvetur til þess að einnig verði komið í veg fyrir að Héraðsvötnunum og Jökulsánum í Skagafirði sem svo mjög móta ásýnd og ímynd héraðsins verði fórnað. Aðalfundur VG í Skagafirði leggst alfarið gegn öllum hugmyndum um virkjanir í Jökulsánum í Skagafirði og því að gert sé ráð fyrir slíkum framkvæmdum á aðalskipulagi Skagafjarðar.“

Það er rétt að rifja upp og minna á í þessu sambandi að nýlega var gerð skoðanakönnun meðal Skagfirðinga um hvernig þeir meta líf sitt og tilveru í Skagafirði. Fyrstu upplýsingarnar sem hafa komið fram um niðurstöðurnar benda á að yfirgnæfandi meiri hluti — mig minnir að það hafi verið 80–90% Skagfirðinga — var ánægður og stoltur yfir því að vera Skagfirðingar án (Gripið fram í.) stórvirkjana, án álvers. Það er rétt að gera sér grein fyrir því, frú forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra heldur að ánægjan felist öll í álverum. Það er borin von að ætla að breyta nokkru um, held ég, hjá hæstv. iðnaðarráðherra. En við getum enn staðið vörð um náttúruperlur landsins sem ekki á að fórna á altari álbræðslna iðnaðarráðherrans.

Frú forseti. Ég vil því við lok ræðu minnar um þetta mál leggja á það áherslu að frumvarpið sem hér er verið að þvinga í gegnum þingið, meira að segja svo að hæstv. iðnaðarráðherra verður að játa að 1. umr. hafi verið keyrð fram af misskilningi ... (**Iðnrh.:** Það var 2. umr.) Og, af því að hæstv. ráðherra bætir þessu við, 2. umr. líka af sama misskilningi, hálf 2. umr. Ekkert rekur á eftir því að veita ráðherra auknar heimildir til rannsókna og undirbúnings virkjana á vatnsföllum landsins. Fyrir liggja nægir valkostir nú þegar til að takast á við. Stóriðjuáformin sem nú eru uppi um auknar álbræðslur ganga þvert gegn hagsmunum atvinnulífsins, gegn fjölbreytni atvinnulífsins, gegn hagsmunum þjóðarinnar og gegn náttúrunni. Þess vegna á að stöðva þetta frumvarp.

Frú forseti. Ég vil í lokin að rifja aftur upp tilfinningar og hug Skagfirðinga til Héraðsvatnanna sinna sem þessu frumvarpi er beint gegn. Ég vil þó áður spyrja hæstv. ráðherra: Ef sú ólukka dynur yfir að þetta frumvarp verður samþykkt hér hvernig ætlar þá ráðherrann að vinna frekar úr málinu? Á nú þegar að úthluta rannsóknarleyfum á jökulvötnunum í Skagafirði, á Skjálfandafljóti? Hver verða næstu skref hæstv. ráðherra ef Alcoa krefst þess að fá að taka veð í virkjunum í Jökulsánum, virkjunum í Skjálfandafljóti, til að samþykkja álver sem verið er að pína Alcoa til að reisa á Norðurlandi? Hvernig ætlar ráðherrann þá að stíga næstu skref gagnvart þessum náttúruperlum? Getur hún svarað því?

Ég hef áður sagt hér á þingi, frú forseti, og segi enn að margar náttúruperlur sem nú á að ráðast á eru dýrmæt náttúruvætti fyrir þjóðina eins og þær nú eru og því á ekki einu sinni að leyfa útgáfu rannsóknarleyfa til virkjanaframkvæmda þar. Hvernig mundi ykkur líða að fara Vatnsskarðið, horfa yfir Skagafjörðinn þegar búið væri að stífla þar, búið væri að taka af flóðið, búið væri að taka af jökullitinn á vötnunum, og ætla svo að fara að syngja: „Skín við sólu Skagafjörður“? Ég held að enginn gæti hugsað þá hugsun. Þeir sem ekki hafa tilfinningu Skagfirðinga geta flippað eins og hæstv. ráðherra. En mér finnst það ... (**Iðnrh.:** Þetta er skemmtileg ræða ...)

Ég vil í lokin fara með síðasta erindi kvæðis sem Stefán Vagnsson frá Hjaltastöðum orti og heitir Minni Skagafjarðar. Þar heitir hann á landvættina í gamla Tindastól að standa vörð um Skagafjörð og náttúruvætti Skagafjarðar og hann endar ljóð sitt þannig, með leyfi forseta

> Meðan „Vötnin“ ólgandi að ósum sínum renna,
> iðgrænn breiðist gróður um sléttur, hæð og laut,
> geislar árdagssólar á bröttum tindum brenna,
> blessun Drottins ríkulega falli þér í skaut.

Mun ég gera þessa bón skáldsins og bóndans Stefáns Vagnssonar á Hjaltastöðum að minni: Megi vötnin ólgandi að ósum sínum renna, Héraðsvötnin. Og gerist það mun blessun drottins ríkulega falla þér í skaut. Leyfi til rannsókna og leyfi til undirbúnings virkjunar Jökulsánna í Skagafirði á ekki að fela iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins.

[14:13]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur bæði nú við 3. umr. en þó sérstaklega við 2. umr. þessa máls farið mjög vel yfir sviðið og skýrt frá því hvers vegna Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur sitt af mörkum til að stöðva þetta frumvarp. Við höfum fært fram mörg og gild rök til að fá þingheim og þingmenn til að endurskoða afstöðu sína til frumvarpsins þrátt fyrir þær breytingartillögur sem hér hafa verið gerðar og lagðar fram. Við höfum farið yfir málið og skýrt frá því hvaða grunn við teljum að þarna vanti til að fara í frekari rannsóknir á auðlindum í jörðu á vatna- og háhitasvæðum til frekari uppbyggingar álvera hér á landi, þ.e. lagaumgjörðina, einhverja heildarsýn, vatnalögin og verndunarsjónarmiðin. Frumvarp sem hér var lagt fram um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum fékk falleinkunn eða það mikla gagnrýni að ekki var hægt að afgreiða það á síðasta þingi. En svo mikið hefur legið við að koma rannsóknum á laggirnar til frekari raforkuvinnslu fyrir áframhaldandi stóriðju hér á landi að taka varð ákveðna þætti út úr til að knýja vagninn áfram.

Hæstv. forseti. Ég er alveg sannfærð um að til lengri tíma litið þá erum við að skjóta okkur í fótinn. Við höfum ekki heildarsýnina. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hefur dagað uppi. Sá rammi er ekki til staðar til að veita okkur leiðbeiningu sem við þurfum inn í framtíðina um hvaða svæði við ættum að vernda sem ósnortin, hvaða vatnasvið við ættum að vernda sem ósnortin og hvaða háhitasvæði við ættum að vernda sem ósnortin. Við

höfum ekki náð sátt um þetta og á meðan við látum vaða í bestu virkjunarkostina fyrir stóriðjuna — því að stóriðja sem slík krefst annars konar orkuöflunar en almennur iðnaður — þá tel ég að við séum að skjóta okkur í fótinn, að við séum að fórna meiru fyrir minna til framtíðar litið. Það verður ekki alls staðar aftur snúið.

Vísað var til þess að við stundum sjálfbæra orkunýtingu. Það er ekki rétt. Hún er sjálfbær að vissu marki og ákveðnar orkuveitur eru það sannarlega. Háhitasvæðin gætu verið það, við vitum það ekki, það vantar rannsóknir til að byggja á til að fara í eins mikla uppbyggingu og á að gera. Við teljum að það sé í lagi en við vitum það ekki. Eitt vitum við þó með háhitasvæðin, að það er hægt að taka þau mannvirki niður sem munu skilja svæðin eftir lítið röskuð að við teljum. En hvaða áhrif þetta hefur á vatnsbúskapinn, á það sem er að gerast í jarðskorpunni vitum við ekki nægilega vel. En við vitum að það er hægt að fá mikla orku frá háhitasvæðunum og við vitum líka að það er hægt að nýta hana miklu betur en við gerum með núverandi áformum. Ég tel að við séum í ákveðnu gönuhlaupi, að við séum hugsanlega að fórna meiru fyrir minna.

Hæstv. iðnaðarráðherra sagði rétt áðan að hún talaði hér sem iðnaðarráðherra en ekki umhverfisráðherra þegar var kallað var: Hvar er umhverfisráðherra eða hvar eru umhverfissjónarmiðin? Nýtingarsjónarmiðin til orkuöflunar eru gegnumgangandi í frumvarpinu. Verndunarsjónarmiðin eru ekki til staðar og sú hugsun er ekki inni að hugsanlega mundu bæði þau vatnasvið og háhitasvæði sem ráðast á í vera þjóðinni verðmætari til annarra nota, eins og hluti af ímynd landsins til að laða hér að ferðamenn, til þess að geta verið sú náttúruauðlind sem við teljum okkur byggja á. Það er mjög auðvelt að skaða ímynd landsins og þarf oft ekki mikið til. Danir upplifa það núna með einni myndbirtingu í dönsku blöðunum þar sem var teiknuð mynd af trúarleiðtoga múhameðstrúarmanna. Dönum fannst þetta ekki mikið mál en þetta særði trúarvitund milljóna manna um allan heim sem aðhyllast þessa trú og nú bitnar þessi eina myndbirting á Dönum.

Ég er ekki að segja að eitthvað svipað muni koma fyrir Íslendinga með því að halda áfram í þessa veru, að halda áfram að uppfylla nýtingarsjónarmið til stóriðjunnar, en óvarlega stigið skref eins og með Kárahnjúkavirkjun getur sannarlega komið niður á ferðaþjónustunni, áframhaldi á uppbyggingu hennar og þeirri ímynd sem við erum að skapa.

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur brugðið sér frá en mér finnst mikilvægt miðað við þá breytingu sem samþykkt var í gær á frumvarpinu — hæstv. iðnaðarráðherra er komin í salinn og óska ég eftir því að hún svari nokkrum spurningum áður en lengra verður haldið, hugsanlega ekki í þingsal því það er augljóst að mikill meiri hluti er fyrir því að afgreiða frumvarpið með þeim breytingum sem voru gerðar á því í þessari viku, en eftir er ósvarað þeim áhyggjum sem við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs berum í brjósti um hvaða rannsóknarleyfum hæstv. ráðherra muni úthluta á næstu dögum og mánuðum. Samkvæmt þeirri breytingartillögu sem búið er að samþykkja og er komin í frumvarpið um að setja eigi á laggirnar nefnd til að móta þær reglur sem ráðherra ber að fara eftir til að úthluta rannsóknarleyfum. Sú nefnd á að skila af sér í septembermánuði.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem við hv. þingmenn höfum og lagðar voru fram í iðnaðarnefnd um fyrirliggjandi umsóknir um rannsóknar-, nýtinga- og virkjunarleyfi eru þær frá Landsvirkjun, Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur, Rarik, Héraðsvötnum hf., Þeystareyki ehf. og Orkubúi Vestfjarða. Þetta er á mismunandi svæðum, m.a. vatnasviði Vestari- og Austari-Jökulsár í Skagafirði, leitar- og rannsóknarleyfi á Gjástykki og nágrenni og tveir aðilar hafa óskað eftir því að komast í vatnasvið Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði.

Nú er ekkert sem hindrar það að hæstv. ráðherra fari að úthluta rannsóknarleyfum. Það eru engar reglur um það hvaða fyrirtæki hún velur til að úthluta leyfunum. Hæstv. ráðherra hefur frjálst val með það og nú er þeirri hindrun rutt úr vegi sem fyrir var hvað varðar rannsóknir til vatnsaflsvirkjana sem ekki var til staðar hjá hitaveitum, þ.e. að með frumvarpinu munu þeir aðilar sem fara í rannsóknir á vatnasviði fá kostnaðinn greiddan hvort sem þeir fá nýtingar- og virkjunarleyfi eður ei. Nú geta því þessi fyrirtæki farið í rannsóknir án þess að taka nokkra áhættu. Ég tel að þeirri hindrun sem fyrir var í kerfinu sé rutt úr vegi.

Auglýsing er nú borin í hvert hús á Norðurlandi þar sem allir íbúar Norðurlands eru boðnir velkomnir á opna kynningarfundi um álver þar. Hv. þm. Jón Bjarnason las upp úr þessum kynningarbæklingi en fyrirhugaðir eru þrír fundir. Sá fyrsti er í kvöld og svo 1. og 2. febrúar á Akureyri, Húsavík og Skagafirði. Áætlað er að undirbúa og skoða fjóra staði upp á staðsetningu á nýju álveri á Norðurlandi. Rannsóknir hljóta því að þurfa að fara í gang úr því að verið er að kynna frekari hugmyndir um að setja niður álver á þessu svæði. Það er því ekki til setunnar boðið. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra og vonast til að hún svari því hér: Mun hæstv. ráðherra úthluta rannsóknarleyfum á næstu mánuðum eða á því tímabili þar til hæstv. ráðherra verða settar reglur um hvernig beri að velja aðila til að úthluta leyfum?

Mér finnst mjög mikilvægt að þetta komi fram og öllum vafa rutt úr vegi. Ég tel mikilvægt að hæstv. ráðherra bíði með úthlutun leyfa þar til reglurnar liggja fyrir. Það verður ekki til að bæta gráu ofan á svart ef tímabilið sem ráðherra hefur frjálst verði notað til að úthluta leyfum til hægri og vinstri þannig að það verði lítið annað að gera en láta undan þeim þrýstingi sem orkufyrirtækin beita í dag sem eðlilegt er. Næsta tímabil er þeim mjög mikilvægt, að komast í rannsóknirnar sem nær gulltryggja áframhaldandi vinnslu á meðan við höfum einhvern kvóta eftir samkvæmt Kyotosamkomulaginu. Hann er að verða uppurinn og er kominn fram úr þessum áætlunum ef villtustu draumórar um stóriðju á Íslandi ganga eftir. Fram að þessu hafa fyrirtækin ekki verið látin greiða fyrir þann kvóta sem þau þurfa, þá mengun sem þau valda. Íslenska ríkið hefur tekið alfarið á sig og það er auðvitað mjög mikilvægt fyrir öll ný fyrirtæki á þessum markaði sem vilja koma sér inn að komast undir þá regnhlíf sem er í dag, að þurfa ekki að borga neinn mengunarkvóta. Að sjálfsögðu er einnig mjög mikilvægt fyrir þau að komast að núna meðan núverandi ríkisstjórn situr sem hefur þá atvinnustefnu að halda áfram stóriðju-

framkvæmdum og ekkert lát virðist vera á.

Hæstv. forseti. Ég taldi að allar þær blikur væru á lofti sem vöruðu okkur, sama hvar í flokki við stæðum, við að halda áfram þessum gegndarlausu stóriðjuframkvæmdum sem hafa verið í gangi með tilliti til þeirra aðvarana sem blika í efnahagskerfinu vegna þess að það er svo óljóst hvernig Kárahnjúkavirkjun kemur út að lokum. Ég hefði talið skynsamlegt í alla staði að hinkra núna og leyfa efnahagskerfinu að kólna eins og flest fyrirtæki sem stunda hér útflutning bíða eftir. Ef það þarf að ná efnahagskerfinu niður í áföngum eru þeir áfangar til og þurfa að vera tilbúnir þegar Kárahnjúkavirkjun og framkvæmdunum fyrir austan lýkur. Setja á stóraukið fé í vegaframkvæmdir og það þarf sannarlega að auka og efla rannsóknir hvað varðar jarðgangagerð og þær framkvæmdir gætu tekið við til að ná efnahagskerfinu rólegar niður í það ástand að önnur atvinna geti blómstrað hér á landi.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín lengri. Ég gæti lesið upp og minnt á umsögn Orkuveitu Reykjavíkur sem staðfestir að við upphaf málsins á þingi var farið fram með allt aðrar hugmyndir en nú er gengist við. Þetta er búinn að vera eilífur misskilningur fram og til baka. Hæstv. iðnaðarráðherra ætlaði sér að ganga miklu lengra en hún komst upp með þannig að hæstv. ráðherra getur ekki veitt þeim aðilum sem eru hér og munu stunda vatnsaflsrannsóknir vilyrði fyrir virkjanaframkvæmdum eins og til stóð. Það er eingöngu til leitunar á heitu vatni fyrir sveitarfélögin á þeim svæðum sem eru köld svæði sem hægt er að veita fyrirheit um að halda áfram virkjunarframkvæmdum eftirleiðis.

Hæstv. forseti. Fleiri þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ætla að fara yfir sjónarmið okkar og ég læt þetta duga í bili.

[14:33]

Útbýting:

Öldrunargeðdeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 481. mál, fsp. ÁRJ og GÖg, þskj. 711.

[14:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þó að ég hafi talsverðan skjalabunka með mér í pontu er það ekki vísbending um að ég ætli að hafa mjög langt mál þótt full ástæða væri til. (**JÁ:** Ertu að gefa þig eitthvað?) Spyr hv. þm. Samfylkingarinnar hvort við séum eitthvað að gefa okkur? Nei, erum ekkert að gefa okkur, gagnstætt því sem hefur hent þingmenn Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins í þessu máli. Það er dapurlegur þáttur í þeirra sögu sem ástæða væri til að víkja að. (**JÁ:** Gerðu það.) Ég skal fara yfir það, fyrst þess er sérstaklega óskað. Í nákvæmlega þessu máli er full ástæða til að gera það, enda kærkomið tækifæri fyrst áhugasamur áheyrandi er mættur í þingsalinn, hv. þm. Jóhann Ársælsson.

Þetta mál snýst um grundvallaratriði, um að liðka lagarammann til að greiða fyrir hraðari uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Íslandi. Fyrir því talar hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnin. Gegn því berst hins vegar Vinstri hreyfingin – grænt framboð á Alþingi. Það er táknrænt að einvörðungu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs taka þátt í 3. umr. þessa máls.

Fyrir hálfu öðru ári lá fyrir þinginu viðamikill lagabálkur sem hét frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Það mætti mikilli andspyrnu í þjóðfélaginu. Ljóst var að það kæmist ekki í gengum þingið. Var þá ákveðið af hálfu ríkisstjórnarinnar að taka nokkrar greinar út úr frumvarpinu og reyna að fá þær samþykktar. Það er frumvarpið sem við höfum í höndunum núna, frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það er breyting á lögum sem sett voru 1998 og voru mjög umdeild á sínum tíma.

Fyrir þessum lagabreytingum er gerð skilmerkileg grein í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt gildandi lögum hefur sá sem stundar rannsóknir á vatnsafli hins vegar ekki forgang til nýtingar, öfugt við það sem á við um jarðvarma, eða tryggingu fyrir því að fá rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan komi til þess að annar aðili fái nýtingar- eða virkjunarleyfi á viðkomandi svæði. Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu hefur komið í ljós að orkufyrirtækin eru tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli vegna þessa en heppilegt getur talist. Er því talið nauðsynlegt að tryggja að aðeins einn aðili fái rannsóknarleyfi á hverju svæði og jafnframt að hann geti fengið rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan sé nýtingar- eða virkjunarleyfi veitt öðrum aðila."

Hæstv. iðnaðarráðherra áréttar þetta í framsöguræðu á þinginu hinn 22. nóvember. Hæstv. ráðherra sagði þá, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins var samkeppni í vinnslu raforku innleidd hér á landi við gildistöku raforkulaga, nr. 65/2003. Var ráðherra jafnframt veitt vald til að veita virkjunarleyfi á grundvelli laganna en fyrir gildistöku þeirra var vald ráðherra bundið því skilyrði að Alþingi hefði áður með sérstökum heimildarlögum veitt honum heimild til slíks. Fyrir gildistöku raforkulaga hafði Landsvirkjun jafnframt forgang til virkjunar vatnsafls í samræmi við skyldu sína til að sjá öllum sem þess óskuðu fyrir raforku. Nú þegar þessi forgangur Landsvirkjunar er ekki lengur til staðar hafa fleiri orkufyrirtæki sýnt vatnsaflsvirkjunum áhuga. Samkvæmt gildandi lögum hefur sá sem stundar rannsóknir á vatnsafli hins vegar ekki forgang til nýtingar, öfugt við það sem á við um jarðvarma, eða tryggingu fyrir því að fá rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan komi til þess að annar aðili fái nýtingar- eða virkjunarleyfi á viðkomandi svæði."

Þarna er talað um hve slæmt sé að sá sem fær rannsóknarleyfi skuli ekki jafnframt fá virkjunarleyfi, að þar skuli ekki sjálfkrafa framhald á. Annars vegar er þetta áhyggjuefni hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar og hins vegar að fyrirtækin séu treg til að ráðast í kostnaðarsamar rannsóknir ef þau verði hugsanlega af virkjunarleyfinu og sá tilkostnaður nýtist þeim ekki. Hún telur því ástæðu til að auðvelda og binda í lög að þau geti verslað með þá fjárfestingu sína í rannsóknum. Þetta tvennt telur ráðherra standa í vegi fyrir því að fyrirtækin ráðist í rannsóknir. Það liggur á þessu frumvarpi vegna þess að ráðherra vill örva orkufyrirtækin til dáða. Nú vitum við að þau bíða reyndar í röðum eftir því

að komast í rannsóknir á Skjálfandafljóti, á vatnasviði Tungnaár ofan Sigöldu, vatnasviði Þjórsár neðan Búrfells, vatnasviði á efri hluta Skaftár, jökulárnar í Skagafirði vilja þau fá að rannsaka og virkja og þannig mætti áfram telja. Ég ætla ekki að telja upp allan þennan lista. Ég gerði það við fyrri umræðu málsins. Orkufyrirtækin standa í röðum, áköf í að komast í þessar rannsóknir en ráðherra telur ekki nóg að gert og þess vegna þurfi hann að fá þetta frumvarp.

Við í stjórnarandstöðunni vorum sammála um að óeðlilegt væri að hafa þarna sjálfkrafa framhald á, að fyrirtæki sem fengi rannsóknarleyfi fengi jafnframt virkjunarleyfi. Breytingartillagan sem samþykkt var í iðnaðarnefnd á fimmtudag gekk einmitt út á að skera á þessi tengsl. Það var krafa Samfylkingarinnar. En ég man ekki eftir öðru en Samfylkingin hafi verið með tvær aðrar kröfur við fyrri umræðu málsins. Sú fyrri var líta ætti heildstætt á þessar lagabreytingar, til vatnalaga og boðaðs frumvarps um vatnsvernd og síðan frumvarps um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, sem ég vék að áðan. Í máli talsmanna Samfylkingarinnar var hamrað á því við upphaf þessarar umræðu, við 1. umr. og ég man ekki betur en svo hafi einnig verið við upphaf 2. umr., á þeim skilyrðum þess fyrir að þeir mundu veita þessu máli brautargengi, a.m.k. var lögð á það mjög rík áhersla.

Hitt atriðið var að ég stóð í þeirri trú að öll stjórnarandstaðan væri sammála um að gera þá kröfu að þessi lög kæmu því aðeins til framkvæmda að áður hefðu verið settar reglur fyrir ráðherra að hafa til hliðsjónar við veitingu rannsóknarleyfa. Nú kemur í ljós að skipa á í þessa nefnd, gott og vel, en samkvæmt lögunum er henni ekki ætlað að ganga frá reglunum fyrr en um miðjan september, þ.e. næsta haust. Þá spyr maður: Hvað gerist í millitíðinni? Hvað verður hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir búin að gera af sér áður en reglurnar verða settar? Ég man ekki betur en að Samfylkingin talaði ákaft fyrir þessu við 1. umr. málsins og í upphafi 2. umr. um málið. Það er þetta sem ég á við, hv. þm. Jóhann Ársælsson, þegar ég furða mig á að Samfylkingin skyldi leka niður eins og hún gerði í umræðunni síðastliðinn fimmtudag, hlaupa frá málinu og styðja stjórnarmeirihlutann í að fá flýtimeðferð, greiddi fyrir afbrigðum þvert á réttmætar óskir og kröfur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að málinu yrði skotið fram yfir helgi.

Ég hef furðað mig á þessari afstöðu Samfylkingarinnar. Annars vegar var hlaupið frá samkomulagi sem við höfðum gert okkar í milli um vinnubrögð í málinu. Hins vegar furða ég mig á afstöðu flokksins til þeirra málefna sem ég hef rakið, sem ég man ekki betur en hefðu verið uppistaðan eða a.m.k. að hluta til í gagnrýni Samfylkingarinnar á þetta frumvarp.

Ég endurtek að ég ætla ekki að hafa langt mál um frumvarpið við 3. umr. Ég gerði ítarlega grein fyrir sjónarmiðum mínum við 2. umr. málsins og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gerðu það einnig, hv. þm. Jón Bjarnason í mjög löngu, mjög ítarlegu og mjög vönduðu máli. Hann flutti ræðu sem án efa er ein lengsta ræða sem flutt hefur verið í sögu þingsins. Ég hlustaði af athygli á þessa ræðu og ég vildi óska að sem flestir hefðu heyrt hana. Þar vitnaði hann í náttúruunnendur, fólk sem búsett er í Skagafirði og á öðrum þeim svæðum sem ríkisstjórnin með hæstv. iðnaðarráðherra í broddi fylkingar hótar nú að eyðileggja, fórna á altari stóriðjustefnunnar. Það voru mjög áhrifarík orð. Í þinginu erum við iðulega að tala um lagatæknileg málefni en þarna var komið að sjálfum kjarnanum. Hvað ætlum við að gera við landið okkar? Hvers konar efnahagslíf ætlum við að reisa hér í framtíðinni? Viljum við virkilega fylgja stefnu Framsóknarflokksins sem gengur út á að álframleiðsla verði þriðjungur af atvinnustarfseminni í landinu? Þetta er sagt beinum orðum. Viljum við að Ísland sjái heiminum fyrir 5% af allri álframleiðslu á jarðarkringlunni? Er það framtíðardraumurinn? Eða erum við að berjast fyrir fjölbreytni í atvinnulífinu?

Stefna Framsóknarflokksins, sem ríkisstjórnin hefur öll skrifað upp á, er því miður að verða ofan á og er orðin ofan á. Við spyrjum: Er ekki kominn tími til að stöðva þessa þróun? Er ekki kominn tími til, alla vega að lágmarki, að við gerum sátt um að staldra við og íhuga hvers konar framtíð við viljum byggja okkur í landinu? Lágmarkskrafan er að sjálfsögðu sú að ekki verði ráðist í frekari virkjanir fyrr en rammaáætlun um nýtingu vatnsafls hefur fengið skynsamlega umfjöllun og verið samþykkt á Alþingi sem framtíðarstefna um nýtingu auðlindanna í landinu. Það er lágmarkskrafa. Ég hefði haldið, eftir fagurt tal á hátíðisdögum frá öðrum stjórnarandstöðuflokkum um áhuga þeirra á náttúruvernd, að þegar nú kæmi að því að reyna að stöðva þessa þróun þá ættum við samleið. Það er það sem mér fannst svo dapurlegt að Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn skyldu þá hlaupa upp á ríkisstjórnarvagninn, upp á álvagninn, upp á stóriðjuvagninn, og greiða götu stjórnarstefnunnar með því að samþykkja sérstaka flýtimeðferð. Látum það vera að við séum ósammála um efnisatriði frumvarpsins. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, og það vil ég leggja áherslu á, að Samfylkingin hafði fengið samþykki fyrir breytingu á lögunum — það lágu fyrir breytingartillögur í þá veru, í þeim anda sem hún hafði barist fyrir, það er alveg rétt. Breytingar í þá veru að skera á hin sjálfkrafa tengsl á milli rannsóknar- og virkjunarleyfis, það er rétt. Það er breyting sem skiptir máli, ég viðurkenni það fyllilega. Þessi barátta skilaði vissulega árangri.

En það eru aðrir efnisþættir í frumvarpinu sem Samfylkingin gagnrýndi líka á sínum tíma, annars vegar skipun þeirrar nefndar sem á að sjá um reglugerðarverkið og reyna að koma einhverjum böndum á álóða ríkisstjórnina — það er hlaupið frá því — og hins vegar hitt að halda sig við það að hér verði ekki ráðist í þessa allsherjaruppstokkun á vatnalögunum frá 1923 sem við erum að fást við og höfum verið að gera, reyndar á undanförnum árum einnig, illu heilli, nema að forgangsröðin sé rétt, byrjað á náttúruverndinni, verndarsjónarmiðunum, og menn feti sig síðan út í aðra þætti. Þetta er nefnilega mjög örlagaríkt sem er að gerast.

Í umræðu í haust um þessi málefni og í fyrra reyndar líka er talað um vatnalögin frá 1923 sem nánast heilaga ritningu, heilagt ártal, kemur hér upp aftur og aftur, hvers vegna? Það eru grundvallandi lög og síðan hafa komið mjög mótsagnakenndar yfirlýsingar frá ríkisstjórninni um hvað fyrir henni vaki. Einn daginn segir hún að hún sé ekki að gera neina eðlisbreytingu á þeim gamla lagabálki, hún sé

að færa hann í nýtt form. Daginn eftir kemur síðan hæstv. iðnaðarráðherra og segir að við séum að fara inn í breytta tíma og það þurfi að breyta þessum lögum á ýmsa lund. Ég er sammála því. Ég held að það þurfi að breyta þessum lögum og þá er spurningin, í hvaða átt? Ætlum við að ganga í þá átt að styrkja eignarréttarákvæðin eða ætlum við að horfa til almannahags og mannréttinda? Þetta eru hin stóru átök og þetta er ekkert smámál. Þetta er ekkert smámál þegar við höfum í huga alþjóðavæðinguna sem við siglum hraðbyri inn í núna þar sem alþjóðafjármagn ásælist orkugeirann, vatnsbólin, þá þætti sem við erum að fjalla um hér. Þess vegna tek ég heils hugar undir að það eigi að breyta um áherslur frá lögunum 1923 en í gagnstæða átt við það sem ríkisstjórnin vill halda. Það er mergurinn málsins og það er að sjálfsögðu grundvallaratriði.

Ég hef gert grein fyrir helstu efnisþáttunum sem mér finnst eiga erindi inn í þessa umræðu núna. Ég hlakka mjög til, hæstv. forseti, að heyra hvað hv. þm. Jóhann Ársælsson ætlar að segja í andsvari sem hann hefur pantað hér með léttu banki í borðið. Ég vík úr pontu til að hann geti fengið orðið og tjáð sinn hug.

[14:53]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við í Samfylkingunni höfum ekki breytt skoðun okkar á því að við teljum að það eigi að endurskoða þessi lög öll í samhengi og þá erum við að tala um þau sem eftir eru, þ.e. lögin um jarðrænar auðlindir, eða frumvarpið um þær, og vatnalögin sem liggja fyrir nefndinni. Vatnatilskipunin, sem umhverfisráðuneytið hefur nú lagafrumvarp í drögum vegna — eða okkur var gerð grein fyrir því í vetur leið að svo væri og ég reikna með að þannig sé það enn — allt þetta þarf að fylgjast að til að klára þetta mál. Og þegar við tókum þátt í að flytja það frumvarp sem hér er til umræðu í fyrravor þá var það á grundvelli þess að með því væri í raun og veru verið að opna leið og gefa svigrúm til þess að hægt yrði að klára endurskoðun þessara laga eða lagafrumvarpa sem ég taldi upp áðan — til að svo mætti verða gerðum við þetta samkomulag.

Mér finnst ástæðulaust að hafa svona óskaplega miklar áhyggjur af því þó að mögulegt verði að veita rannsóknarleyfi á grundvelli þeirra laga sem hér er verið að leggja til að verði sett vegna þess að þangað til tillögurnar koma frá nefndinni sem gert er ráð fyrir getur ráðherra ekki úthlutað rannsóknarleyfum nema það sé einungis einn umsækjandi um þau. Ef menn lesa bráðabirgðaákvæðið er augljóst að þannig liggur í málinu. Ráðherra getur ekki veitt rannsóknarleyfið nema einn umsækjandi sé til staðar.

[14:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson segir að með samkomulagi sínu við ríkisstjórnina hafi Samfylkingin viljað opna leið á það að menn gæfu sér tíma til að endurskoða þá lagabálka sem ég vék að hér áður og þá sérstaklega lögin um rannsóknarnýtingu á jarðrænum auðlindum. Vandinn er sá að það er verið að opna aðra leið líka, að auðvelda hæstv. iðnaðarráðherra að framfylgja stefnu Framsóknarflokksins um frekari virkjanir í þágu stóriðju. Ég vil spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson: Hvers vegna telur hann að hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur liggi svo lífið á sem raun ber vitni að fá þetta frumvarp samþykkt? Hvers vegna telur hv. þingmaður að lífið liggi á að fá þetta litla en mikilvæga frumvarp samþykkt? Ég tel að það sé vegna þess að þar með er liðkað fyrir frekari virkjunum í þágu stóriðju og nú bíða þau í röðum fyrirtækin sem vilja komast í jökulárnar í Skagafirði og Skjálfandafljót og fleiri ár, virkja meira og meira í þeim anda sem verið er að boða okkur. Við stöndum nefnilega frammi fyrir veruleika sem er mjög ágengur.

[14:57]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hér sé verið að mála skrattann á vegginn. Þetta snýst eingöngu um að það sé hægt að veita þessi rannsóknarleyfi og ég sé í sjálfu sér ekki nein sterk rök fyrir því að ekki megi rannsaka nýtingarmöguleika í vatnsafli á Íslandi. Hvað er það sem við höfum náð í gegn í sambandi við þetta mál? Við höfum náð því í gegn að það er ekki hægt heldur að veita rannsóknarleyfi með loforði um nýtingarleyfi hvað varðar jarðvarmann, sem var þó hægt áður en til þessa máls kom. Ég vil meina að við getum sæmilega við unað og í raun og veru sagt að við höfum fengið fullan sigur í málinu að því leyti til sem til stóð af okkar hendi.

Við vorum að leita leiða til að hægt yrði að ljúka endurskoðun þessara mála og menn hefðu til þess svigrúm og hefðu ekki afsökun fyrir því að þrengja málum í gegn sem voru óunnin eða illa unnin eins og við töldum. Niðurstaðan sem fékkst er þessi bráðabirgðaaðgerð á lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Nú er vatnalagafrumvarpið til umfjöllunar í iðnaðarnefnd. Það hefur ekki verið hreyft við lagafrumvarpinu um jarðrænar auðlindir, það er ekki komið fram frumvarp úr umhverfisráðuneytinu vegna vatnatilskipunarinnar og við teljum þess vegna að það sé ástæða til þess að binda vonir við að þessi frumvörp öll þrjú verði að lokum unnin í samhengi og þá verði komnar fram tillögur, sem við höfum margkallað eftir, um það hvernig eigi að velja á milli þeirra sem eiga að fá að nýta auðlindirnar í framtíðinni og hvaða reglur eigi að gilda um þá auðlindanýtingu.

[14:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við fengum ekki fullnægjandi svör um það hvers vegna Samfylkingin tekur á málinu áður en inn í lögin voru negldir allir þeir varnaglar sem um var talað við 1. og 2. umr. málsins og þá er ég að vísa m.a. í þá nefnd sem hæstv. iðnaðarráðherra á að styðjast við þegar rannsóknarleyfi eru veitt.

Ég hafði það löngum á tilfinningunni, þegar Kárahnjúkavirkjun var á teikniborðinu, að ríkisstjórnin og þá sérstaklega iðnaðarráðherra væru staðráðin í að keyra málið áfram hvað sem tautaði og raulaði. Þess vegna er þetta spurning um að reyna að spyrna við fótum, þetta er spurning um að stöðva, þetta er spurning um að reyna að stöðva

málið. Og ríkisstjórnin hefur reynst mjög ósvífin í framkvæmd þessarar stóriðjustefnu. Nú er talað um að við séum að mála skrattann á vegginn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Það voru margir sem sögðu það líka þegar við stóðum ein vaktina gegn Kárahnjúkum, þegar við stóðum ein vaktina um Þjórsárverin. Það var sagt að við værum að mála skrattann á vegginn. En við erum þó sá flokkur sem hefur haldið þessum umhverfisfána á lofti gegn stóriðjunni, gegn álstefnu ríkisstjórnarinnar. Og nú hef ég trú á því að árangurinn af þessari baráttu, ekki bara okkar hér á þingi heldur náttúruverndarsamtaka og fólks í Skagafirði í grennd við náttúruperlurnar í Þingeyjarsýslum, í Gnúpverja- og Skeiðahreppi sé farinn að skila sér. Ég held að það séu að verða vatnaskil í viðhorfum þjóðarinnar. Undiraldan er orðin önnur og sterkari. Ég skal ekki segja til um hlutföllin en það er að skapast annað andrúmsloft í þjóðfélaginu gegn stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Þeim fjölgar mjög sem segja að nú sé nóg komið.

[15:01]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og við erum komin í 3. umr. um það mál. Það hefur komið skýrt fram hér í seinni hluta 2. umr. — sem var fram haldið með mjög dramatískum hætti, samþykkt með afbrigðum og hvað eina eftir skyndifund í iðnaðarnefnd og breytingartillögur sem þaðan komu — að allt þetta mál er bara einn lítill hlekkur í stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, þeirri stefnu að álvæða Ísland.

Það kom skýrt fram í iðnaðarnefnd, og það er mat iðnaðarráðuneytis og hæstv. iðnaðarráðherra, að orkufyrirtækin í landinu séu alls ekki nógu æst í að hefja rannsóknir á öllum þeim vatnsföllum og jarðhitasvæðum sem til eru og nú sé tækifærið til að gefa í, setja á fullt gas og hotta á eftir þeim svo að hægt sé að rannsaka þau vatnsföll og háhitasvæði sem eftir eru. Til hvers? Jú, til að hægt sé að halda stóriðjustefnunni áfram.

Hvað liggur svona rosalega á? Það lítur út fyrir að 3. umr. ljúki í dag. Sennilega verða ekki greidd atkvæði um frumvarpið en hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, verður að öllum líkindum kampakát á kynningarfundi um álver á Norðurlandi, sem haldinn verður á Akureyri í kvöld, að geta sagt frá því að nú sé hún komin með heimild til þess að veita virkjunarrannsóknarleyfi og nú geti orkufyrirtækin farið að gefa í — mikið liggur við því það á að reisa fleiri álver í landinu.

Það er reyndar dálítið merkilegt að í þessu frumvarpi til laga er ákvæði til bráðabirgða, ég les það bara upp, með leyfi forseta:

„Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti þrír fulltrúar frá Samorku. Þá skal iðnaðarráðherra skipa tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. september 2006.“

Maður spyr sig, er þetta rétt forgangsröð? Hefði ekki verið eðlilegt að búa fyrst til reglurnar og samþykkja síðar þessi lög? Hv. þm. Þuríður Backman beindi einmitt þeirri spurningu til hæstv. iðnaðarráðherra, sem var þá reyndar enn í salnum, hvort hún ætlaði að úthluta rannsóknarleyfinu á næsta hálfa árinu eða svo en fékk engin svör. Nú veit ég ekki hvert hæstv. iðnaðarráðherra er farin eða hvenær hún ætlar að gefa þessi svör. Sennilega kemur það bara í ljós þegar hún fer að veita leyfin. Hún getur gert það, þess vegna strax í næstu viku, reikna ég með.

Síðustu daga og vikur hefur mikið verið rætt um áláform ríkisstjórnarinnar. Það er dálítið merkilegt að hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, viðurkennir í viðtali við Morgunblaðið þann 24. janúar, nánar tiltekið á bls. 10, að ekki verði hægt að byggja fleiri en eitt álver fyrir árið 2012 vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt Kyotobókuninni. Á hinn bóginn virðist iðnaðarráðherra telja mögulegt að auka útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá nýjum álverum eftir 2012. Hvernig ætli standi á því? Jú, það er vegna þess að hún gerir ráð fyrir því að Ísland fái frekari undanþáguheimildir frá ákvæðum Kyoto 2 um samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Það verði sem sagt enginn samdráttur í útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, nei, þvert á móti aukning. Það er varla á þá vitleysu bætandi en nokkrum dögum síðar segir sami iðnaðarráðherra frá því að það sé kannski alveg möguleiki á því að byggja tvö álver á næstu árum, stækka álverið í Straumsvík og byggja annað álver á Norðurlandi. Ég fagna því að hæstv. iðnaðarráðherra er komin í salinn og ætlar þá kannski að svara spurningum sem hv. þm. Þuríður Backman beindi til hennar fyrr í dag.

Maður getur auðvitað velt því fyrir sér hvort hæstv. iðnaðarráðherra sé tvísaga í málinu. Reyndar er umfjöllun fjölmiðla sama dag á Stöð 2 eða NFS, eins og það heitir núna, afar merkileg. Hæstv. ráðherra segir í einu orði að það sé ekki pólitísk ákvörðun, hún hafi ekkert haft með þá ákvörðun að gera að Landsvirkjun fari í viðræður við Alcan í Straumsvík um að stækka álverið, það sé ekki á hennar valdi þrátt fyrir að allir viti auðvitað að hún á marga fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar. Í sama fréttatíma segir reyndar forstjóri Landsvirkjunar, Friðrik Sophusson, að auðvitað sé þetta pólitísk ákvörðun og auðvitað viti iðnaðarráðherra hvert málið stefni. Það er nú dálítið merkilegt þegar þau skötuhjú ... (**Iðnrh.:** Hann sagði það ekki.) Ég er með útprent, kannski fæ ég leyfi til að ná í það í sætið mitt.

(**Forseti** (JóhS)**:** Það verður náð í skjalið fyrir hv. þingmann.)

Ég vil ekki fara með fleipur í ræðustól Alþingis. Þetta er frétt á NFS 24. janúar, sama dag og viðtalið birtist í Morgunblaðinu. Yfirskrift fréttarinnar er: „Landsvirkjun valdi Alcan fram yfir Norðurál.“ Og nú skal ég vitna beint í þessa frétt, með leyfi forseta:

„Stjórn Landsvirkjunar tók stækkun álversins í Straumsvík fram yfir nýtt álver í Helguvík þar sem Alcan bauðst til að greiða hærra verð fyrir raforkuna. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra segir að þessi ákvörðun hafi verið tekin án samráðs við sig. Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkj-

unar, segir þetta hins vegar hafa verið pólitíska ákvörðun.

Með ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar í gær um að ganga til viðræðna við Alcan er mörkuð sú stefna að næstu stóriðjuframkvæmdir skuli vera á suðvesturhorni landsins við stækkun í Straumsvík og smíði virkjana á Hellisheiði og Suðurlandsundirlendi. Þegar Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra er spurð um þessa stefnumörkun vísar hún á stjórn Landsvirkjunar."

Það er fréttamaðurinn Kristján Már Unnarsson sem spyr: „En stjórnarmeirihlutinn í Landsvirkjun hefur væntanlega ekki tekið þessa ákvörðun án samráðs við iðnaðarráðherra." Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra svarar: „Jú, það er gert án samráðs við iðnaðarráðherra."

„Forstjóri Landsvirkjunar sagði síðan þetta fyrr í dag" — og hér er það Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, sem talar: „Ríkið fylgist auðvitað mjög gaumgæfilega með öllum þessum undirbúningi, bæði viðræðum við Alcan á Íslandi og eins öðrum viðræðum sem við höfum staðið í þannig að ríkinu er auðvitað mjög vel ljóst í hvað stefnir."

Kristján Már spyr: „Þetta er auðvitað pólitísk ákvörðun úr því að stjórn Landsvirkjunar samþykkir þetta?"

Friðrik Sophusson svarar: „Já, já, þetta er pólitísk ákvörðun, það er alveg rétt því að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila og það eru fulltrúar þeirra sem sitja í stjórn Landsvirkjunar."

Síðan spyr Kristján Már: „Hefur þetta heppileg áhrif á byggðaþróun í landinu að fara í stóriðjuuppbyggingu á suðvesturhorni landsins?"

Þá er það Valgerður Sverrisdóttir sem svarar: „Ja, það er nú þannig með byggðamálin að það er ýmislegt jákvætt að gerast í þeim og náttúrlega sérstaklega á Austurlandi vegna stóriðjuframkvæmda. En við getum í raun, stjórnvöld hafa ekki vald til að stoppa þetta fyrirtæki af vegna þess að þau vilji að eitthvert annað fyrirtæki byggi frekar einhvers staðar."

Og Kristján Már enn með áhrifum í stjórn Landsvirkjunar og Valgerður Sverrisdóttir segir: „Ja, það er nú eins og ég segi. Við stjórnum ekki því fyrirtæki, það eru Reykjavíkurborg og Akureyri sem hafa jafnmarga fulltrúa en fulltrúar mínir í þessari stjórn, eins og ég fór yfir áðan, eru einn framsóknarmaður, einn sjálfstæðismaður og einn samfylkingarmaður."

Það er best að ég klári þetta frétt alveg. Kristján Már spyr: „Nú hefur fulltrúi Akureyrarbæjar lýst sig andvígan þessum áformum" og Valgerður Sverrisdóttir svarar: „Já, hann hefur stöðu til þess að gera það í rauninni. Hann er þarna sem fulltrúi Akureyrar en ef spurt er um mína afstöðu þá er ég náttúrlega ráðherra landsins alls og ég sé ekki að ég hefði stöðu til þess að stoppa af það sem stjórn telur rétt að gera með hagsmuni fyrirtækisins í huga." Samkvæmt upplýsingum fréttastofu stóð stjórn Landsvirkjunar frammi fyrir því vali hvort semja ætti um sölu raforkunnar til Straumsvíkur eða til nýs álvers sem eigendur Norðuráls áforma að reisa í Helguvík."

Friðrik Sophusson botnar þessa frétt: „Ástæðan fyrir því að við völdum að eiga þessar einkaviðræður við Alcan á Íslandi er sú að við höfum átt í könnunarviðræðum við þessi fyrirtæki öll og niðurstaðan er sú að þeir hafa sýnt skilning á því að við þurfum hærra verð og við höfum í viðræðum við þá fundið það út að það eru mjög miklar líkur á því að til jákvæðrar niðurstöðu geti komið." — Þannig er það nú.

Hæstv. iðnaðarráðherra og Friðrik Sophusson, forstjóra Landsvirkjunar, greinir greinilega á um pólitísk völd í landinu og hver það er sem hefur eitthvað að segja í þessum málum.

Ég minntist aðeins á þessa álversfundi sem fyrirhugaðir eru, einn í kvöld á Akureyri, annar á Húsavík annað kvöld og á fimmtudaginn er síðan fundur í Skagafirði. Kynningarfundir um álver á Norðurlandi. Ég mætti á einn kynningarfund fyrir rúmu ári minnir mig á Akureyri þar sem verið var að kynna þessa kosti. Tilgangurinn er auðvitað að láta Norðlendinga ekki velta þeirri spurningu fyrir sér hvort þeir vilji yfir höfuð álver heldur hvar það eigi að vera. Það komu einmitt tillögur úr sal vegna þess að ekkert útlit var fyrir að menn mundu sættast á það á fundinum hvar álverið ætti að vera. Einhverjir Eyfirðingar vildu hafa það í Eyjafirði o.s.frv. Einn kom með tillögu um hvort ekki væri bara hægt að hafa þrjú lítil álver á Norðurlandi, eitt í hverjum firði. Þar kom fram óskadraumur ríkisstjórnarinnar og hæstv. iðnaðarráðherra, álver í hvern fjörð.

Frumvarpið er aðeins einn liðurinn í að flýta fyrir þessum framkvæmdum svo hægt sé að fara að útdeila rannsóknarleyfum. Það er dálítið áhugavert að í seinni hluta 2. umr. minnir mig kom fram ein frábær setning frá hæstv. iðnaðarráðherra sem segir gjarnan að Vinstri hreyfingin – grænt framboð eða Vinstri græn — hún segir reyndar alltaf Vinstri grænir — séu á móti virkjunum. Við höfum náttúrlega margoft rökstutt það að við séum alls ekki á móti virkjunum. Hins vegar erum við á móti virkjunum þegar þær hafa í för með sér óafturkræf náttúruspjöll, eins og Kárahnjúkavirkjun. Einnig erum við á móti virkjunum ef tilgangurinn er að selja orkuna á hlægilega lágu verði til álbræðslna. En við erum mjög hlynnt rennslisvirkjunum. Ég get nefnt eitt dæmi um ágætisvirkjun sem var verið að taka í notkun í heimasveit minni, í Eyjafirði, þ.e. Djúpadalsvirkjun sem framleiðir ekki nein ósköp, ekki nóg fyrir heilt álver, en hún er dæmi um ágætisvirkjun sem væri sennilega eftir 50 ár hægt að pakka saman og fjarlægja öll vegsummerki um hana ef staðan verður þannig að við værum farin að vinna orku með einhverjum öðrum hætti. Virkjanir út af fyrir sig eru vissulega ljómandi góðar.

En það þarf mikla orku til að hægt sé að knýja enn eina álbræðsluna, álbræðslu á Norðurlandi. Ég er hér með glærur sem Bjarni Bjarnason, framkvæmdastjóri orkusviðs, sýndi á ársfundi Íslenskra orkurannsókna á Akureyri 9. mars 2004. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór reyndar yfir það mjög vel í ræðu sinni áðan og enn betur í ræðunni við 2. umr. um alla virkjunarkostina sem eru uppi á borðinu, allar þær jökulár og háhitasvæði, bara að nefna það sem eru á teikniborðinu. Í fyrirlestri Bjarna Bjarnasonar kemur fram að staðan í dag á Norðausturlandi er sú að verið er að framleiða afl upp á 92 megavött. Hins vegar þyrfti álver sem fyrirhugað er að reisa í Eyjafirði eða á Húsavík hvorki meira né minna en 610 megavött. Hér er um sjöföldun að ræða. Virkjunarkostirnir eru Krafla, Bjarnarflag, Gjástykki, Þeistareykir, Hrafnabjörg, Villinganes og Skatastaðir. En ekki er búið að rannsaka þetta nóg þannig að nú þurfa menn að drífa sig af stað og rannsaka svo hægt verði að virkja allt

þetta, svo hægt verði að byggja enn eitt álverið á Norðurlandi hvort sem það verður eftir 2012 eða bara sem fyrst.

Af því að við erum komin í þessa álumræðu enn eina ferðina langar mig til að létta aðeins stemmninguna og lesa stutta en skemmtilega grein eftir Guðmund Steingrímsson sem hann birti í Bakþönkum Fréttablaðsins í síðustu viku og heitir einfaldlega: Um ál. Ég er sérstaklega ánægður með að hæstv. iðnaðarráðherra sitji nú í salnum og hlusti á þessa grein, það er ekki víst að hún hafi lesið hana í Fréttablaðinu. (**Iðnrh.:** Jú, ég hef lesið hana, svo sannarlega.) Já, frábært. Þó skal ég rifja hana upp fyrir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta. Guðmundur Steingrímsson skrifar:

„Ég er undrandi — þótt ekki missi ég svefn — á þeirri tilhneigingu vel lesinna Íslendinga á besta aldri að heimta í sífellu álver fyrir byggðarlag sitt. Því var spáð þegar Austfirðingar fengu stóriðju, og fögnuðu með Alcoafánum í kjölfarið, að þá mundu fleiri vilja fá álver líka og það virðist hafa gengið eftir. Fjórar álversframkvæmdir eru á teikniborðinu, hvorki meira né minna. Og færri fá en vilja, enn um sinn.

Fyrir utan það að vera á móti óhóflegum álversframkvæmdum af umhverfisástæðum sé ég ekki alveg hvernig Íslendingum er sérstakur greiði gerður með meira áli. Það hljómar þversagnarkennt að ætla sér að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi með því að byggja bara, með áherslu á bara, álver. Auk þess er álver klunnaleg leið, mörkuð gamaldags ríkisafskiptum til þess að auka hagvöxt. Og líklega skammvinn í þokkabót.

Ég efast um að álverið á Reyðarfirði og tengdur rekstur eigi eftir að vera spennandi atvinnukostur fyrir unga, upprennandi Austfirðinga. Pólverjum og Kínverjum er flogið inn í tugatali til Egilsstaða til þess að byggja virkjunina og sjálfsagt verður haldið áfram að fljúga þeim inn til þess að vinna í álverinu. Mjög gott fyrir Pólverja og Kínverja svo sem en ég held að það sjónarmið hafi ekki verið rökin fyrir framkvæmdunum upphaflega.

Út af þessu álveseni er sjávarútvegur að fara á höfuðið út af háu gengi. Smáfyrirtæki leggja upp laupana. Hátæknifyrirtæki með menntuðu innlendu vinnuafli flytja til útlanda. Og þetta gerist þrátt fyrir að tölur og rök sýni að stóriðja er miklu óheppilegri kostur en til dæmis hátækniiðnaður til þess að auka þjóðarframleiðslu og hagvöxt til lengri tíma. Enda er lítið vit í öðru fyrir hámenntaða þjóð en að leggja áherslu á hátækni.

Álið er ofmetið. Akureyri fékk á sínum tíma háskóla. Ekki álver. Ekki einu sinni álskóla. Ég get ekki betur séð en að háskólinn hafi gert gríðarlega mikilvæga hluti fyrir byggðarlagið, hvað sem hver segir. Fólk fer til Akureyrar út af honum. Fólk dvelur þar. Jafnvel býr þar. Ég man eftir því hvernig sumir hlógu þegar bent var á það að háskólasetur einhvers konar á Egilsstöðum mundi gera miklu meira en álver fyrir svæðið. Kannski voru austanmenn of uppteknir við að hugsa hvernig þeir ætluðu að nota álfárið til þess að selja húsin sín og flytja burt til þess að nenna að íhuga svoleiðis skýjakljúfa að sunnan.

Trúin á álið er dæmi um það hversu mikilvægt það er að þjóðir móti sér stefnu, stjórnmálaflokkar hafi stefnu og að fólkið kjósi um stefnu. Ekki minnist ég þess nefnilega að nokkurn tíma hafi íslenskur flokkur lýst því yfir að breyta ætti Íslandi í reykspúandi stóriðjukumbalda í stað þess að leggja áherslu á eitthvað annað. Þetta hefur aldrei verið rætt. Og þess vegna erum við núna á fleygiferð til álskotans."

Þetta var bein tilvitnun í Fréttablaðið og Guðmund Steingrímsson. (**Iðnrh.:** Þetta er ömurlega vitlaust.) Ömurlega vitlaust, segir hæstv. ráðherra, og erum við ekki alveg sammála um það. Mér finnst þetta mjög skemmtileg grein og lýsa ástandinu vel. Staðreyndin er sú að fólk er að vakna til vitundar. Hér voru haldnir frábærir tónleikar fyrir fullu húsi sem ungt fólk skipulagði, Hætta-hópurinn. Hægt hefði verið að selja tvisvar sinnum inn á þá tónleika. Umræðan í kjölfarið er kannski líkleg til að bjarga Þjórsárverum eða það vona ég að minnsta kosti. En það þarf greinilega meira til til að stoppa þetta álbrjálæði ríkisstjórnarinnar því að hæstv. iðnaðarráðherra lætur ekki stoppa sig. Hún er á fleygiferð norður í land til að láta Eyfirðinga keppa við Húsvíkinga og Skagfirðinga — ekki um hvort það komi álver heldur hvert það eigi að fara. Það er sorglegt hlutskipti fyrir hæstv. ráðherra.

[15:26]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hér er komið til síðustu umræðu frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra, þ.e. frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum iðin við kolann eins og hæstv. forseti sér og veit. Við höfum farið ítarlega yfir ýmsa þá annmarka sem eru á frumvarpinu og ber þar allt að sama brunni. Frumvarpið er í sjálfu sér bastarður því hér er einungis um að ræða lítið brot af öðru frumvarpi, miklu stærra og viðameira sem hæstv. iðnaðarráðherra var gerð burtræk með héðan úr þingsölum á síðasta ári og þá leit dagsins ljós þessi bastarður. Þetta er farið að minna mig svolítið á líkinguna sem fólk segir gjarnan við mann núna tengt Þjórsárverum: Þegar við höldum að við séum búin að bjarga Þjórsárverum þá er þetta bara eins og skrímsli sem hefur verið hoggið en lifnar einhvers staðar annars staðar því að fólk niðri í sveit í Gnúpverjahreppi upplifir nú með skelfingu væntanlegt lón tengt Núpsvirkjun og það er akkúrat það sem kemur í minn hug að þegar ég skoða þessi frumvörp hæstv. iðnaðarráðherra. Þetta eru eins og skrímsli og þótt maður höggvi eitt og hafi á tilfinningunni að búið sé að ýta því út af borðinu þá dúkkar bara upp annað skrímsli, að vísu svolítið minna en alveg jafnhættulegt. Það er akkúrat það sem þetta frumvarp er. Það er stórhættulegt. (**Iðnrh.:** Vinstri grænir styðja útflutning.) Ég ætla ekki að fara í samtal við hæstv. iðnaðarráðherra meðan ég stend í ræðustóli en hæstv. iðnaðarráðherra er velkomin í andsvör við ræðu mína og ég mun svara hæstv. ráðherra í andsvörum þeim athugasemdum sem hún hefur fram að færa.

Mál þetta snýst um grundvallaratriði. Þessu máli er ætlað að auðvelda uppbyggingu stóriðju og orkufreks iðnaðar og það ekki í neinum smáskömmtum heldur á að taka risaskref í þeim efnum. Þau skref stækka eftir því sem vikurnar líða og skammtarnir sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að samþykkja að verði blásið út í loftið af eitruðum lofttegundum stækka að sama skapi.

Fyrir örfáum mánuðum var alveg ljóst að hæstv. iðnaðarráðherra var þeirrar skoðunar að íslensku ákvæðin sem kreist voru undan blóðugum nöglunum á samningamönnunum í Kyoto á sínum tíma og var reyndar lengi til umfjöllunar á þeim vettvangi og á endanum minnir mig að það hafi verið í Marrakesh sem endanlega var settur stimpill á að þetta íslenska ákvæða kæmist í gegn sem bókun við Kyotosamninginn — það eru bara örfáir mánuðir síðan hæstv. iðnaðarráðherra gaf til kynna í svari á þingskjali til mín í Alþingi að undanþáguákvæðið fæli einungis í sér, sem er náttúrlega gríðarlegt magn, 1 milljón og 600 þúsund tonn af losun gróðurhúsalofttegunda. Núna er hæstv. iðnaðarráðherra búin að hafa reiknimeistara sína á hnjánum í ráðuneytinu og þeir hafa reiknað út fram til þessa að það væri allt í lagi að fara yfir 2 milljónir tonna í losun samkvæmt íslenska undanþáguákvæðinu vegna þess að þetta sé allt hugsað í meðaltölum. Skrefin stækka því frá degi til dags, frá viku til viku, frá mánuði til mánaðar. Ég hugsa það stundum að þau séu jafnvel orðin stærri en villtustu áldraumar hæstv. iðnaðarráðherra nokkru sinni gátu fært henni fyrir ári síðan.

Ég held því fram með fullum rökum að hlutirnir séu farnir úr böndunum. Hér ríkir gríðarlegt kapphlaup orkufyrirtækja um auðlindir þjóðarinnar, orkuauðlindirnar okkar sem mér finnst að menn tali alltaf um að séu ótakmarkaðar en það eru þær ekki. Við eigum sárafáa valkosti eftir í vatnsaflinu og þetta frumvarp hér er nú fyrst og fremst til þess ætlað að hæstv. iðnaðarráðherra geti gefið út rannsóknarleyfi á vatnsafli á sama hátt og hún hefur heimildir til að gefa út rannsóknarleyfi í jarðvarmanum. En sannleikurinn er sem sagt þessi og það sýnir rammaáætlunarvinnan okkur og bara heilbrigð skynsemi þegar litið er yfir þá virkjunarkosti sem eru til staðar ónýttir í landinu að þeir eru ekki ótakmarkaðir, sannarlega ekki. Og ég veit ekki, kannski er bara komið að því að hæstv. ríkisstjórn ætli sér að leggja það til að Gullfoss verði virkjaður, Hvítá verði virkjuð við Gullfoss. (**Gripið fram í:** Nei.) Ja, mér sýnist eins og það eigi engu að þyrma, það á engu að hlífa.

Ævinlega hvín í hæstv. iðnaðarráðherra þegar Vinstri grænir herða málflutning sinn í þessu andófi gegn álstefnu ríkisstjórnarinnar og hún hefur upp raust sína og segir að við séum alltaf á móti öllu, við séum á móti virkjunum og við séum á móti rannsóknum. Við höfum oft þurft að bera það til baka í þessum ræðustóli og ég er alveg til í að gera það einu sinni enn að þetta með rannsóknirnar, því nú hefur Samfylkingin líka bæst í þennan hóp stuðningsmanna frumvarps ríkisstjórnarinnar eða iðnaðarráðherra í þessum efnum af því að það þurfi svo mikið að rannsaka þetta allt saman. Ég vil leyfa mér að halda því fram að það sér rangt að það þurfi eða liggi svo mikið á að rannsaka fallvötnin okkar á þeim nótum sem hér um ræðir, þ.e. sem virkjunarkosti fyrir stóriðju. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði tölum fyrir því að öflugar rannsóknir séu stundaðar á Íslandi, náttúrurannsóknir þar með taldar. Grunnrannsóknir eru af skornum skammti í landinu, gera þarf verulegt átak í grunnrannsóknum en þær rannsóknir eiga ekkert endilega að vera í þágu stóriðju eða reyndar alls ekki í þágu stóriðju. Þær grunnrannsóknir sem við viljum að séu stundaðar eiga að vera unnar í þágu náttúruverndar og þeirra atvinnuvega sem byggja á verndun náttúrunnar, t.d. í þágu ferðaþjónustunnar eða í þágu hvers konar vísindastarfsemi. Við getum nefnt atvinnutengda uppbyggingu í sambandi við vísindastarfsemi, rannsóknir á náttúru- og veðurfari, rannsóknir á jarðveginum okkar, þessum ótrúlega eldfjallajarðvegi sem er að koma upp úr kafinu að er auðlind í sjálfu sér þegar skoðaðar eru nýlegar rannsóknir sem sagt var frá í tímaritinu Geology fyrsta tölublaði þessa árs sem ég mun víkja að síðar í ræðu minni.

Við sjáum líka fyrir okkur að hægt væri að nýta slíkar rannsóknir sem færu fram í þágu ýmissa umhverfisvænna atvinnuvega sem eru atvinnuskapandi og virkja hugvitið án þess að skerða svo mikið sem eitt strá í dýrmætri náttúru Íslands. Það er auðvitað þarna sem okkur greinir á við hæstv. ríkisstjórn og hæstv. iðnaðarráðherra. Atvinnuuppbygginguna sem við sjáum fyrir okkur er á allt öðrum nótum og atvinnuvegirnir, fjölþættir atvinnuvegir okkar, þurfa allir á því að halda að við hlúum að þeim og sinnum þeim en ekki að þessi hræðilegi yfirballans stóriðjunnar sé ævinlega í forgangi. Ruðningsáhrifin sem hefur verið fjallað hér um ítarlega úr þessum ræðustóli tala sínu máli í þeim efnum.

Það er mat okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að náttúruverndin og rannsóknir í þágu náttúruverndar hafi allt of lengi orðið að lúta í lægra haldi fyrir álbrjálæðinu, fyrir stóriðjustefnunni og þeim rannsóknum sem stóriðjustefnan kallar á. Forstjóri Landsvirkjunar stærir sig iðulega af því að Landsvirkjun hafi lagt svo mikið til rannsókna á Íslandi. Það er auðvitað alveg rétt, það hefur Landsvirkjun gert og það hefur hún gert á öflugan hátt. En ef við hefðum ákveðið að setja upp annars konar rannsóknarstofnun en Landsvirkjun þá hefðu vatnsföllin og landafræði sem tengist þeim verið rannsökuð í annars konar augnamiði og með annars konar áherslum og um það snýst þetta mál að hluta. Þetta er barátta náttúruverndar sem við stöndum í hér. Það ber alla þætti ríkisstjórnarinnar að sama brunni. Það er ekki eitt heldur allt. Þessi ríkisstjórn hefur allt. Hún hefur lagt niður Náttúruverndarráð og lagði náttúruverndarþing af. Í staðinn kom umhverfisþing sem er allt annað þing og er á forsendum stjórnvalda en ekki á forsendum náttúruverndar. Þessi ríkisstjórn hefur gengið fram fyrir skjöldu og aflýst friðlýsingum í þágu stóriðju. Friðlýsingar samkvæmt náttúruverndarlögum fá ekkert gildi í augum ríkisstjórnarinnar og svona gæti ég haldið áfram að telja, frú forseti. Alls staðar þar sem borið er niður í stefnu þessarar ríkisstjórnar yfirskyggir stóriðjustefnan, álbrjálið allt annað, en náttúruverndin fýkur út í hafsauga og það er mjög miður að ríkisstjórn svona innréttuð skuli vera við völd svona mörg ár á Íslandi þegar tækifærin og möguleikarnir sem eru til staðar í náttúruverndinni, atvinnutækifæri. Atvinnumöguleikar í náttúruvernd eru til staðar en allt er það fótumtroðið og hunsað af þessari ríkisstjórn því álbrjálið yfirskyggir allt.

Hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir hefur gert kröfu um það á Alþingi að fá til sín allt vald í þessum efnum, þ.e. allt vald til að rannsaka og stýra stjórnsýslu á vatnsauðlindum Íslands. Hún hefur lagt fram þrjú frumvörp sem staðfesta þessa fullyrðingu mína. Hún er ansi gróf þessi fullyrðing, ég viðurkenni það og það er eðlilegt að það sé kallað eftir rökstuðningi á henni. En hæstv. iðnaðar-

ráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, hún hefur lagt fram frumvarp til vatnalaga og hún hefur lagt fram þennan bastarð sem ég vil leyfa mér að kalla þetta frumvarp sem við nú fjöllum um og ef við skoðum málið í heild sinni eins og við þingmenn Vinstri grænna höfum verið að krefjast og óska eftir, þá sjáum við að hæstv. iðnaðarráðherra vill sölsa undir sig allt vald í þessum efnum af hreðjilegu ofríki að mínu mati og mikilli græðgi, allt vegna áfergjunnar í álið. Í markmiðsgrein frumvarpsins um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er skynsamleg stjórn og hagkvæm nýting náttúruauðlinda frá samfélagslegu sjónarmiði, að teknu tilliti til eignarréttar fasteignareigenda."

Í 2. gr. sem er beint áframhald er talað um gildissvið og þar segir, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til allra jarðrænna auðlinda á landi og í jörðu og innan netlaga sjávar, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

„Til allra jarðrænna auðlinda á landi og í jörðu" og hvað skyldi það nú fela í sér? Það felur í sér, frú forseti, og hér styðst ég við greinargerð með þessu frumvarpi, grunnvatnið okkar og yfirborðsvatnið, þar á meðal auðlindir í vatnsföllum og stöðuvötnum, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga. Það er hins vegar tekið fram í 2. gr. frumvarpsins að þau eigi ekki að taka til gróðurs og lífvera annarra en hveraörvera en sem sagt, af þessu leiðir að hagnýting allrar vatnsorku kemur til með að falla undir frumvarpið. Það er notað þetta hugtak jarðrænar auðlindir sem er nýlunda um þessar auðlindir og merkir samkvæmt greinargerð frumvarpsins hvers konar frumefni, lífræn og ólífræn efnasambönd og orkulindir sem vinna má úr landi og úr jörðu hvort heldur er í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þær kunna að finnast við. Yfir öllum þessum auðlindum á síðan stofnun hæstv. iðnaðarráðherra, Orkustofnun, að vaka. Það á að vera Orkustofnun sem getur heimilað aðilum leit jarðefnaauðlinda, jafnvel þó ekki hafi tekist að afla samþykkis fasteignareigenda. Það er ráðgert að það eigi að auðvelda mönnum að standa undir nauðsynlegri forathugun áður en eiginlegar rannsóknir koma til með útgáfu á tilheyrandi leyfi, þ.e. rannsóknarleyfi á borð við það sem við fjöllum um í frumvarpinu. Í greinargerð með stóra frumvarpinu er tekið fram að leitin geti farið fram á mjög stóru landsvæði og hún geti tekið áratugi og það hefur auðvitað komið fram nú í umræðunni að rannsóknir á þessum auðlindum okkar leiða sjálfar til náttúruspjalla. Í síðari ræðu minni við 2. umr. tók ég dæmi af Brennisteinsfjöllum og Reykjanesfólkvangi sem nú liggur allur undir þessari orkugræðgi orkufyrirtækjanna þar sem búið er að sækja um heimildir til að bora 13 rannsóknarholur í Reykjanesfólkvangi. En Reykjanesfólkvangur er í raun og veru framtíðarútivistarsvæði Reykvíkinga og höfuðborgarbúa þar sem búið er að sundurskera Hengilinn allan með uppbyggðum vegum og borholum og borplönum og verið er að reisa þar gríðarlega jarðvarmavirkjun. Á næsta leiti verður sem sagt önnur eins reist, í miðjum Reykjanesfólkvangi. Rannsóknarholur í jarðvarmanum útheimta borplön, vegalagnir og annað sem gerir það að verkum að verði rannsóknir heimilaðar á þeim viðkvæmu svæðum þá er landið þar með orðið ónýtt til útivistar, það er búið að raska því svoleiðis að óafturkræft er.

Svo ég haldi áfram að gagnrýna hvernig hæstv. iðnaðarráðherra sér fyrir sér að öll stjórnsýsla vatnsauðlindanna eigi að heyra undir iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun, þá minnist ég þess þegar umrædd frumvörp komu fram, þ.e. frumvarp til laga um rannsókn og nýtingu á jarðrænum auðlindum og frumvarpið til vatnalaga sem er einnig mjög umdeilt, þá ráku forstöðumenn stofnana Umhverfisráðuneytisins, forstjóri Umhverfisstofnunar og forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands upp ramakvein og sendu hingað til Alþingis afar efnismiklar umsagnir um þessi mál þar sem þeir gagnrýndu það að verið væri að taka stjórnsýslu allra þessara mála undan umhverfisráðuneytinu og stofnunum þess og færa undir iðnaðarráðuneytið. Þeir voru snupraðir fyrir vikið af hæstv. umhverfisráðherra sem virðist ætla að láta sér þetta í léttu rúmi liggja og stærir sig nú af því einu að geta flaggað einhverri skýrslu, örugglega merkilegu plaggi, það skal viðurkennt, mjög merkilegu plaggi og ég ætla ekki að kasta neinni rýrð á það, rannsóknarskýrslu um Surtsey af því að hæstv. umhverfisráðherra telur að nú þurfi endilega að koma Surtsey inn á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna.

Frú forseti. Surtsey er ekki í neinni yfirvofandi hættu. Það eru engir álfurstar að ásælast eitt eða neitt í Surtsey. Þangað er fólki ekki einu sinni leyft að stíga fæti, nema vísindamönnum með einhverjum sérstökum leyfum og þurfa nánast að ganga um á sauðskinnsskóm og mega ekkert leggja frá sér á eyjunni þannig að hún verndar sig sjálf. En það þarf að taka til hendinni á hálendi Íslands, í óbyggðum Íslands þar sem orkufrekjan er orðin þvílík að iðnaðarráðherra ætlar eins og ég segi að sölsa þar undir sig allt vald, alla stjórnsýslu.

Frumvarpið til vatnalaga átti ekki að ná yfir minna en frumvarpið um jarðrænu auðlindirnar. Markmið þeirra þar var samkvæmt markmiðsgrein frumvarpsins að skýra eignarhald á vatni. Það átti að tryggja skynsamlega vatnsnýtingu og hagkvæma og sjálfbæra nýtingu vatns eins og í marksmiðsgreininni segir, með leyfi forseta:

„Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er."

Nú vil ég taka það fram, hæstv. forseti, að hér gætir verulegs tvískinnungs af hálfu hæstv. iðnaðarráðherra og af hálfu ríkisstjórnarinnar allrar. Það er þegar þessi ríkisstjórn fer að tala um að ekki megi raska náttúrulegum farvegi vatnanna umfram það sem nauðsynlegt er og það þurfi að sjá til þess að lífríki, vistkerfi og landslag raskist ekki umfram það sem nauðsynlegt er, þá fer svolítið um mann hrollur og þá er maður minnugur bókarinnar Velferð til framtíðar, þ.e. skýrslunni sem hæstv. ríkisstjórn skilaði af sér til á Jóhannesarborgarfundi Sameinuðu þjóðanna á sínum tíma 2002 þegar stefna Íslands í málefnum sjálfbærrar þróunar var endurnýjuð. Og þar var sjálfbærri þróun snúið upp á þann í neðra vil ég nú meina, þar sem efnahagsvöxtur var í raun og veru grunnforsenda fyrir því að íslenska ríkisstjórnin var tilbúin til að setja sér stefnumörkun og sjálfbæra þróun því að hún átti að hámarka efnahagsvöxt á sama

tíma og hún átti, ef ég man rétt, að hámarka líka félagslega velferð og svo í síðasta lagi að ganga ekki um of á umhverfisauðlindirnar. Þannig að tvískinnungs gætir svo sannarlega í málflutningi þessarar ríkisstjórnar þegar kemur að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlindanna.

Í greinargerð með frumvarpi til vatnalaga kemur fram að unnið sé að lögleiðingu vatnatilskipunar Evrópusambandsins frá árinu 2000. Tilskipunin tekur til vatnafars og vatnabúskapar í víðasta skilningi þar sem lögð er áhersla á umhverfið og verndun þess. Í greinargerðinni segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Gangi kröfur EFTA-landanna þriggja eftir mun lögleiðing tilskipunarinnar taka til notkunar og meðhöndlunar á vatni sem kann að leiða til mengunar eða rýrt getur gæði vatns og umhverfi þess. Þarf þar að kveða á um stjórn vatnsnotkunar, rannsóknir og vöktun á vatnsgæðum og vatnafari til þess að stuðla að vernd vatns og sjálfbærri notkun."

Ég ítreka það sem hér stendur, að þessi vatnatilskipun gerir ráð fyrir vöktun vatnsgæða og að kveðið sé á um stjórn vatnsnotkunarinnar og rannsóknir á því. Þessi orð sýna svart á hvítu að lagafrumvarp það sem við fjöllum um hér er fullkomlega ótímabært og slitið úr samhengi við grundvallaratriði þessa máls, þ.e. hina eiginlegu stjórnsýslu og stjórn vatnsnotkunar á landinu, rannsóknir á vatnsnotkun og alla umsýslu vatns, hvort sem það er í þágu virkjana til stóriðju eða annarra nota. Vatn er ein dýrmætasta auðlind jarðarinnar og kannski sú aldýrmætasta. Hvar værum við án vatns?

Hæstv. iðnaðarráðherra hyggst sölsa undir sig alla þessa umsýslu þrátt fyrir að í greinargerð með hennar eigin frumvarpi komi fram að leiða þurfi í lög stjórn vatnsverndar. Í sömu greinargerð segir að fyrir liggi drög frumvarps þess efnis sem unnið hafi verið á vegum umhverfisráðuneytisins eða starfshóps sem umhverfisráðuneytið skipaði. Enn hefur vatnsverndarfrumvarp ekki litið dagsins ljós.

Nú höfum við rætt málið fram og til baka, kallað eftir því að litið verði heildstætt á málin og að vatnsverndarlöggjöf, sem ætti að öllum líkindum að falla undir umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun yrði lögð fram samhliða þeim málum sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur lagt fram. Með því væri hægt að taka ákvarðanir út frá þeim skyldum sem okkur hafa verið lagðar á herðar af alþjóðasamfélaginu. Þar hef ég í huga Ríó-yfirlýsinguna frá árinu 1992.

Allar þær kröfur gerðar hafa verið til okkar og við höfum gert til okkar sjálfra varðandi umhverfisvernd, varfærnislega nýtingu auðlindanna og sjálfbæra þróun, eiga rætur sínar að rekja til heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í júní 1992. Yfirlýsingin sem samþykkt var á þeirri ráðstefnu er ekki flókin. Hún er sáraeinföld en hún fjallar um grundvallaratriði, þau grundvallaratriði sem þetta mál sem við fjöllum um í lokaumræðu byggir á. Við þurfum að taka tillit til þeirra atriða. Fyrsta regla í Ríó-yfirlýsingunni er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sú viðleitni að koma á sjálfbærri þróun varðar sjálft mannkynið. Því ber réttur til að lifa heilbrigðu og auðgandi lífi í sátt við náttúruna."

Þessari reglu fylgir íslenska ríkisstjórnin ekki. Þessa reglu brýtur hún. Með stóriðjustefnunni er þessi regla þverbrotin, í bak og fyrir. Hér er bæði verið að innleiða stóriðnað, sem er afar heilsuspillandi, sérstaklega þegar horft er til þess að álverið sem verið er að reisa í Fjarðabyggð á að losa 12 kg af brennisteinsdíoxíði á hvert brætt áltonn á sama tíma og Alþjóðabankinn veitir ekki lán út á verkefni sem losa umfram 1 kg á hvert brætt áltonn. Við erum að tala um 12 kg losun. Í álverinu sem Norsk Hydro ætlaði að reisa á sínum tíma í Fjarðabyggð var styrkur brennisteinsdíoxíðs í bræddu áltonni talsvert innan við kíló. Hér er því þverbrotin regla nr. 1 í Ríó-yfirlýsingunni. Þetta gerir ríkisstjórn Íslands með galopin augun. Hið sama má segja um reglu nr. 2, sem er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og grundvallarreglum alþjóðalaga hafa ríki fullveldisrétt til að nýta auðlindir sínar í samræmi við eigin þróunar- og umhverfisstefnu og þeim ber skylda til að tryggja að starfsemi innan lögsögu þeirra eða á vegum þeirra valdi ekki tjóni á umhverfi annarra ríkja eða á svæðum utan lögsögu þeirra."

Þau áform hæstv. ráðherra Valgerðar Sverrisdóttur sem við höfum fjallað um og gagnrýnt stangast á við þá þróunar- og umhverfisstefnu sem við höfum undirgengist og sett okkur. Tvískinnungurinn í þessum málum hjá ríkisstjórninni er óþolandi. Það er eins og þessar yfirlýsingar hafi aldrei verið samþykktar. En það er öðru nær. 3. reglan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Réttinn til þróunar ber að nýta með þeim hætti að komið sé af sanngirni til móts við umhverfis- og þróunarþarfir núlifandi og komandi kynslóða."

Erum við að gera það hér? Kemur álbrjálæði ríkisstjórnarinnar af sanngirni til móts við umhverfis- og þróunarþarfir komandi kynslóða? Nei. Við brjótum líka gegn — og það verður síðasta reglan sem ég les — 4. reglunni í Ríó-yfirlýsingunni, með leyfi forseta. Hún er svohljóðandi:

„Til þess að af sjálfbærri þróun geti orðið verður umhverfisvernd að vera óaðskiljanlegur liður í þróunarferlinu og því er ekki hægt að slíta hana úr samhengi við það."

Nú hef ég lesið fjórar fyrstu reglurnar í Ríó-yfirlýsingunni, frú forseti. Allar eru þær þverbrotnar með þeirri stefnu sem hæstv. ríkisstjórn keyrir með tilliti til stóriðjunnar. Atvinnuuppbygging ríkisstjórnarinnar er dæmd úr leik þegar hún er mæld á mælikvarða alþjóðasamfélagsins sem undirritaði þessa yfirlýsingu í Rio de Janeiro árið 1992.

Eins og komið hefur fram í máli mínu, frú forseti, tel ég að menn hafi skrumskælt þann anda sem unnið var eftir bæði í Ríó og í Kyoto. Til marks um það get ég bent á umræðuna sem fram fór í gær um loftslagsmál og álframleiðslu. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin ætlar sér að sprengja íslenska undanþáguákvæðið svo hraustlega að það fer út fyrir öll velsæmismörk, út fyrir öll mörk sem jafnvel ríkisstjórnin sjálf taldi ákvæðið setja okkur.

Eins og ég hef vikið að með lestri mínum úr Ríó-yfirlýsingunni tel ég að ríkisstjórnin gangi með álversáformum á rétt komandi kynslóða til að ráða sömu auðlindum. Ég tel ekki þurfa að orðlengja neitt frekar um það.

Einn angi þessa máls, eins og hér hefur verið vikið að, snertir losunarbókhaldið okkar og Kyoto-sáttmálann. Það er kunnara en frá þurfi að segja að gróðurhúsalofttegundir virðast eiga mjög stóran þátt í þeirri hlýnun sem á sér stað á

jarðarkringlunni. Menn hafa náð áttum í þeim efnum. Kyoto-bókunin hefur verið undirrituð til að þjóðir heims geti sameinast um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í tengslum við alla þá umræðu hefur farið af stað mikið rannsóknarferli þar sem aðrir þættir sem eiga þátt í þessum kolefnabúskap jarðarinnar koma við sögu. Þeir hafa verið rannsakaðir.

Ég gat áðan um, frú forseti, rannsókn sem sagt er frá í tímaritinu Geology, 1. tölublaði þessa árs. Þetta er tímarit bandaríska jarðfræðifélagsins Geological Society of America. Rannsóknirnar sem blaðið segir frá hljóta að vekja verulega athygli því að þær varða kolefnisbúskapinn, þátt jökulánna og framburðar jökulánna í kolefnisbúskap jarðarinnar, þ.e. hvernig framburðurinn vinnur gegn hlýnunaráhrifum. Þetta er kannski fullflókið til að fara í það í smáatriðum. Það er hins vegar hægt er að segja frá því með miklu stolti að höfundar þessar greinar, þ.e. höfundar rannsóknarinnar, eru Sigurður R. Gíslason, frá Háskóla Íslands; Eric H. Oelkers, frá Toulouse-háskóla og Árni Snorrason, forstöðumaður vatnamælinga Orkustofnunar. Forsíða tímaritsins er íslensk. Hún skartar mynd af sjálfum Dettifossi. Í greininni segir í smáatriðum frá rannsóknum sem varða kalsíumflæði í framburði jökulánna, annars vegar upplausn þess í vatninu og hins vegar í aurburði sem árnar bera fram. Árnar sem rannsakaðar hafa verið eru einmitt Jökla sem nú á að fara að stífla við Kárahnjúka og Jökulsá í Fljótsdal.

Það kemur í ljós, þegar maður les þessa grein, að kalsíum virðist hafa verulega þýðingu fyrir kolefnisbúskapinn með því að bindast koltvísýringi og draga úr gróðurhúsaáhrifum. Þar af leiðandi virðist manni, þar sem Jökla verður stöðvuð í farvegi sínum og allur aurinn með þetta háa kalsíuminnihald sem rannsóknir gefa til kynna verður settur í Hálslón, að framburðurinn virki ekki áfram sem kolefnissvelgur í hafinu líkt og verið hefur. Það er athyglisvert í þessum rannsóknum að eldfjallaeyjar, Ísland og aðrar eldfjallaeyjar, bera fram mikið af kalsíumefnum í sjóinn. Magnið er slíkt að í samanburði við Afríku skila íslenskar jökulár út í hafið einum fjórða hluta sams konar framburðar sem fer í hafið í kringum alla Afríku. Ég sé ekki annað, ef þessar rannsóknir eru rétt túlkaðar, en að við blasi að íslensku jökulárnar, með ótrufluðu rennsli um farveginn og ótruflaðan aurframburð, séu í eðli sínu mikilvæg auðlind sem geti haft verulega mikið að segja í baráttunni við gróðurhúsaáhrifin. Verði þessar jökulár virkjaðar þá verður þessi eiginleiki ekki lengur til staðar.

Ég fæ ekki betur séð en að reikna verði áhrifin af virkjun þeirra inn í losunaruppgjörið sem við þurfum að undirgangast. Þar með eru virkjanir í jökulám, svo ekki verður lengur um villst, afskaplega óhagstæðar með tilliti til umhverfis, ekki bara af því að þær valdi verulegum náttúruspjöllum á landi heldur af því að þær koma til með að draga úr hæfileikum sjávarins til að svolgra í sig koltvísýring. Hitajöfnunaráhrifin sem af því leiða glatast þannig að ég held að okkur sé óhætt að stimpla hinar hræðilegu virkjanir í jökulám á Íslandi fyrir stóriðju sem ósjálfbær skrímsli sem auðvitað hefði aldrei átt að heimila, enda sagði úrskurður Skipulagsstofnunar á sínum tíma um Kárahnjúkavirkjun að umhverfisáhrifin af henni yrðu svo mikil að það ætti ekki að heimila hana. Ef þessi vitneskja hefði bæst við umhverfismatið er enn líklegra að vísindamenn og þeir sem að þeim úrskurði komu hefðu staðið fastar á því að ekki mætti fara í framkvæmdina. Ég sé ekki betur en að vísindamenn hafi enn fært okkur heim sanninn um á hvers konar arfavitlausu fyllirí íslensk stjórnvöld eru með náttúruauðlindir okkar.

Verið er að eyðileggja möguleika komandi kynslóða þvert ofan í þær skuldbindingar sem við höfum gert og undirgengist með alþjóðasamfélaginu. (**Iðnrh.:** Er það ekki Reykjavíkurlistinn sem stóð að því?) Og hæstv. ráðherra á sér þann draum að það hafi verið Reykjavíkurlistinn sem hafi staðið í því að reisa Kárahnjúkavirkjun. En það er nú ekki svo, frú forseti. (**Iðnrh.:** ... núna í gangi.) Ég held að hæstv. ráðherra sé með frammíköllum sínum í ræður mínar einungis að staðfesta hvernig henni er innanbrjósts. Auðvitað er henni ekki rótt. Hvaða iðnaðarráðherra getur verið rótt þegar birtast heilu opnurnar af blaðagreinum aftur og aftur árum saman sem fjalla um Ísland og náttúruvernd á Íslandi?

Ein slík birtist þar sem höfundurinn er með tárin í augunum yfir eyðileggingunni sem blasir við á hálendinu núna miðað við framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun. Þessi opna tók alla athygli mína. Höfundur greinarinnar sem ber yfirskriftina Hugleiðingar um Ísland heitir Helena Stefánsdóttir og er leikstjóri. Við hliðina á grein Helenu birtist grein eftir hæstv. iðnaðarráðherra sem heitir Sólargeisli í skammdeginu. Og á sömu opnu er Morgunblaðið í leiðara sínum að fjalla um mengun. Mér finnst þessi opna í Morgunblaðinu vera alveg dæmigerð fyrir ástandið þar sem hæstv. iðnaðarráðherra reynir að klóra í bakkann og réttlæta þær aðgerðir sem farið hefur verið út í með áluppbyggingunni, réttlæta af hverju íslensk stjórnvöld hafi farið krjúpandi á hnjánum til útlanda til að reyna að draga hingað erlend fyrirtæki sem geta sett upp stórar álbræðslur á Íslandi og nú er svo komið að þær flæða um allt landið. Íslendingar eru farnir að skrifa opnugreinar í Morgunblaðið aftur og aftur þar sem beðið er um að hætt verði við. Það gerir Helena Stefánsdóttir í Morgunblaðinu þennan fimmtudag 8. desember sl. Mig langar til að fá að vitna í grein hennar í lok míns máls, frú forseti, því ég held að ekki fari hjá því að Helena og aðrir náttúruverndarar sem hafa verið að tjá sig á síðum blaðanna upp á síðkastið hræri streng í brjósti, jafnvel forhertustu virkjunarsinna. Helena Stefánsdóttir segir, með leyfi forseta:

„Ég ligg í ósnortinni náttúru á hálendi Íslands og dunda mér við að telja plöntutegundirnar fyrir framan nefið á mér. Ég er komin upp í 13 þegar ég heyri í dínamítsprengingu og er óþægilega minnt á þær hryllilegu framkvæmdir og ofbeldi á náttúrunni sem fer fram örlítið neðar við Jöklu. Ég lít upp og við mér blasir tindur sem þriggja ára dóttir mín hefur nefnt „Tröllafjall". Milli mín og Tröllafjalls er „Ævintýralækur", einn af mörgum sem við dóttir mín höfum svalað þorsta okkar í undanfarna daga."

Tröllafjallið, frú forseti, sem barnið kallar svo er Fremri-Kárahnjúkur. Helena skrifar áfram, með leyfi forseta:

„Það er varla að ég geti skrifað þessi orð ógrátandi, meðvituð um það að hér fara fram mestu náttúruspjöll sem unnin hafa verið í einni aðgerð í sögu Íslands."

Frú forseti. Það er meira í vændum. Það er miklu meira í vændum. Þeir sem fara svona með náttúru Íslands standa

sig ekki í skuldbindingum sínum. Þeir bera ekki þá virðingu fyrir umhverfinu eða fyrir komandi kynslóðum sem þeir ættu að vera að gera. Sjálf fór ég með dóttur minni á Kárahnjúkasvæðið í sumar og gekk með henni um Kringilsárrana með tárin í augunum, í fjóra daga. Það skyldi enginn vanmeta þá uppsprettu auðs sem er á þessum svæðum þar sem þessi eyðilegging steðjar að.

Hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. ráðherrar sem hafa gengið hér fram fyrir skjöldu í broddi fylkingar fyrir þessari álstefnu klifa á því að þetta sé nú ekki það verðmætt landsvæði, þetta séu nú mest melar og möl. Hvernig svarar Helena Stefánsdóttir þeim fullyrðingum ráðamanna? Á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Ég veit að það er ekki sandur og möl sem ætlunin er að drekkja. Það eru sjaldgæfar plöntur, lækningajurtir, varpland fugla, griðlendi hreindýra, kraftmiklir fossar, stórkostlegir árfarvegir og klettar, bústaðir álfa og huldufólks. Það á að drekkja landi sem kynngimagnaður kraftur Vatnajökuls hefur hingað til séð um að móta.“

Og Helena horfir á Vatnajökul og heldur áfram:

„Mér líður eins og ég þurfi að biðjast afsökunar á því að geta ekki stöðvað þetta. Mér finnst jökullinn tala til mín. Hann er að segja mér að náttúran sé lifandi vera. Að hún geti ekki tekið við vægðarlausu ofbeldi og mengun mikið lengur — að hún muni sjálf mótmæla.“

Frú forseti. Ég held að það sé alveg við hæfi að enda á þessum tilfinningalegu nótum Helenu Stefánsdóttur í þeirri umræðu sem nú er komin að lokum. Því það er með miklum trega að ég yfirgef þennan ræðustól í þessu máli því mér finnst eins og þetta sé síðasta hálmstráið. Þetta er einn af síðustu nöglunum sem reknir eru í líkkistu íslenskrar náttúru, hef ég á tilfinningunni, þegar hæstv. iðnaðarráðherra fær hér þær heimildir sem hún þarf til að heimila frekari rannsóknir í vatnsafli. Rannsóknir sem eflaust færu fram þó svo hún fengi ekki þessa heimild. Ég tek undir orð sem hafa fallið varðandi Samfylkinguna. Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með Samfylkinguna í málinu, að hún skyldi ekki getað staðið með okkur sem erum að reyna að vekja fólk til umhugsunar um hversu alvarleg stefna er á ferðinni og þetta er bara einn liður í heildarstefnunni, eins og ég segi, einn nagli í líkkistu íslenskrar náttúru. Þannig líður mér og það er ekki gott að burðast með slíka tilfinningu og hafa á tilfinningunni að maður megni það ekki að hér verði hætt við.

[16:07]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við tökum nú 3. umr. um frumvarp sem felur í sér að hæstv. iðnaðarráðherra fái nánast ótakmarkaðar heimildir til að úthluta rannsóknarleyfum til virkjunarframkvæmda í vatnsföllum landsins.

Ég kom inn á þetta mál í fyrri ræðu minni í dag. Síðan þá hafa mér borist viðbótargögn, sem reyndar lúta að því sem er að gerast í dag, að verið er að boða til fundar um álver á Norðurlandi. Verið er að boða til blástursfundar um álversmöguleika á Norðurlandi.

Það var með hryllingi sem mér og fleirum var boðið upp á það að iðnaðarráðuneytið knúði fram þann vilja sinn að sveitarfélög á Norðurlandi gengju til samstarfs við Alcoa um staðarval fyrir álver á Norðurlandi. Þeim var sagt að ríkisvaldið væri reiðubúið til að láta fjármagn til undirbúnings og uppbyggingar álvera og stórvirkjana á Norðurlandi, en ekki reiðubúið til að setja fjármagn í annað. Þannig var þeim stillt upp við vegg. Þegar sá samningur var undirritaður um þá vinnu á síðasta ári kvað hann á um skyldur sveitarfélaganna. Í þeim samningi stendur — sem var undir þessari sameiginlegu aðgerðaráætlun sem lögð var fram af Fjárfestingarstofunni fyrir hönd iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, Akureyrarbæ, Húsavíkurbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og Alcoa Inc. um byggingu álvers á Norðurlandi, með leyfi forseta:

„Lóð undir verksmiðjuna verði látin í té af viðeigandi sveitarfélagi sem einnig mun taka að sér að ráðast í aðrar fjárfestingar í stoðveitum með aðstoð ríkissjóðs Íslands, ef þörf krefur. Gerð nýrrar hafnar, útvegun rafmagns, virkjun og orkuflutningur verður meðal þeirra atriða sem leggja þarf mat á sem lið í því verkefni sem áætlun þessi fjallar um.“

Hér er verið að tala um það sem ríkið ætlar að koma að og leggja til. Þá eru til fjármunir. Þá er til kraftur til að undirbúa álver og stórvirkjanir. Ekkert launungarmál er hvaða stórvirkjanir það eru sem liggja undir og liggja núna undir í frumvarpi því sem við erum að ræða. Það er vatnasvið Skjálfandafljóts. Í fylgiskjali með frumvarpinu stendur að hingað til hafi orðið að hafna rannsóknarleyfum til virkjana í Skjálfandafljóti vegna þess að lagaheimildir hefur skort. Með frumvarpinu fær hæstv. iðnaðarráðherra lagaheimild til að láta rannsóknir á Skjálfandafljóti, Aldeyjarfossi, fara á fullt til undirbúnings virkjanaframkvæmda.

Hér stendur líka um Héraðsvötnin að leitað hafi verið eftir leyfi til virkjanarannsókna á vatnasviði Vestari- og Austari-Jökulsáa í Skagafirði. Hér eru taldar þær virkjanir sem hæstv. iðnaðarráðherra er að leita núna eftir brýnum heimildum á. Þetta er alveg ljóst. Hér er ég með bráðabirgðaskýrslu frá starfshópi sem iðnaðarráðherra þvingaði inn á sveitarfélög á Norðurlandi í krafti þess að til væri fjármagn ef þau vildu fara inn í ál og álbræðslur. En ef þau vildu fara inn í aðra atvinnuuppbyggingu, þarfaþjónustu, uppbyggingu háskóla, Háskólans á Akureyri, nei, þá væri ekki til fjármagn.

Í þeirri skýrslu sem á að fara að kynna í kvöld um staðarvalsrannsóknir fyrir álver á Norðurlandi er þetta ferli rakið. Hverjir eru nú staðirnir? Staðirnir sem koma til greina eru á Dysnesi við Eyjafjörð sem þykir mjög ákjósanlegur staður, stendur hérna í skýrslunni, „vegna mikils aðdýpis og skjóls frá úthafsöldu.“ Þar þarf að gera hafnarkant og aðstöðusköpun en reyndar er ekki þörf á brimgarði. Kostnaðaráætlun við hafnargerð er 1,3 milljarðar kr. Ætli Eyfirðingar vildu ekki heldur fá 1,3 milljarða kr. til annarrar atvinnuuppbyggingar? Af hverju er fjármagn tilbúið ef á að fara að undirbúa álver?

Á Bakka við Húsavík er til umræðu að reisa álver. Þar þarf líka að reisa höfn. Kostnaðaráætlunin er 2,6 milljarðar kr. fyrir álvershöfn við Húsavík. Ætli Húsvíkingar og Þingeyingar vildu ekki heldur fá þessa 2,6 milljarða kr. til annarrar atvinnuuppbyggingar ef þeir mættu velja? Til uppbyggingar ferðaþjónustu. Hvalasafnið á Húsavík er heims-

þekkt. Mývatn, náttúruauðlindirnar allt í kring. Ef Húsvíkingar og Þingeyingar mættu ráða ætli þeir mundu þá verja 2,6 milljörðum kr. til að byggja höfn fyrir álver? Ætli þeir mundu ekki frekar verja fjármununum í annað?

Sama er að segja um hugmyndir um álver í Skagafirði sem gert er ráð fyrir að rísi við Brimnes eða við Kolkuós í Skagafirði. Náttúruperluna og sögustaðinn Kolkuós. Þar þarf að byggja höfn fyrir 2,6 milljarða kr. í þessari áætlun ef á að reisa þar álver. Og athugið, þetta er bara pínulítill hluti af því sem gert er ráð fyrir að ríki og sveitarfélögin leggi til. Ætli Skagfirðingar vildu ekki heldur fá þessa 2,6 milljarða kr. til annarrar atvinnuuppbyggingar í Skagafirði en uppbyggingu álvers?

Frú forseti. Í þessari bráðabirgðaskýrslu er einnig talað um ályktun um útblástur. Við Húsavík er gert ráð fyrir að föst búseta þurfi að leggjast af á Héðinshöfða og líklega fleiri svæðum þar í kring. Um Skagafjörð, ef álver yrði reist við Brimnes eða Kolkuós, segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Dreifing flúors kæmi einnig til með að ákvarða þynningarsvæði vegna álvers á Brimnesi. Svæðið næði um 2,5 km til suðausturs og kæmi föst búseta á Brimnesi og Laufhóli til með að leggjast af.“

Fleiri bæir þar í kring mundu sjálfsagt verða að leggjast af ef áform iðnaðarráðherra um álver við Kolkuós verður að veruleika, sem ég vona að aldrei verði. En þetta er áætlunin. Við Kolkuós er verið að endurvekja og laða fram sögu og forna menningu Kolkuóss, hins forna hafnarstæðis Hólastaðar, og náttúruperlu. Álver við Kolkuós mundi eyðileggja allar þær hugmyndir, frú forseti. Mér er nú nær að halda að þeir sem byggja Brimnes, Laufhól, bæina úti í Óslandshlíð, Bakka, Kýrholt og fleiri bæi þar yrðu þá næstu nágrannar við álverið. Ég held að þeir mundu ekki fagna því ef framsóknariðnaðarráðherrann kæmist upp með að troða álveri inn í Skagafjörð.

Hér, eins og í annarri baráttu í þessu máli, eru það Vinstri hreyfingin – grænt framboð og íbúarnir sem berjast gegn þessu. Það er eitt helsta baráttumál Framsóknarflokksins að virkja og stífla jökulvötnin í Skagafirði og koma upp álveri við Kolkuós. Það er stutt af hópi sjálfstæðismanna og samfylkingarfólks í sveitarstjórn. En Vinstri hreyfingin – grænt framboð stendur þar vaktina og mun hafa sigur. Hér standa einmitt tveir ágætir Skagfirðingar, hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, og hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Hæstv. heilbrigðisráðherra, sá ágæti maður, lætur sér mjög annt um heilbrigði fólks, ekki síst Skagfirðinga. Hann yrði nú hugsi ef ályrjan frá álbræðslu við Kolkuós rynni og steðjaði yfir í Óslandshlíð, til hans fornu heimabyggðar. Svona er þetta nú náið, það sem við erum hér að ræða um.

Frú forseti. Ég vildi nefna þetta hér vegna þess að þetta mál er keyrt áfram af svo miklu ofurkappi gagnvart Norðlendingum að með endemum er. Ég vona svo sannarlega að það komi ekki til að þessar framkvæmdir nái fram að ganga og vona að svo öflug samstaða heimamanna náist. Það má öllum vera ljóst að Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun berjast gegn þessum náttúruspjöllum alveg til síðasta manns.

Ég hef áður vitnað til ályktunar aðalfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Skagafirði sem haldinn var 29. janúar sl. Þar segir, með leyfi forseta, að aðalfundurinn fagni:

„... þeirri fjölbreyttu uppbyggingu sem átt hefur sér stað í Skagafirði síðustu árin og áformum um miðstöð hátækniiðnaðar í héraðinu. Hins vegar hafnar fundurinn hugmyndum um álver við Kolkuós og stórvirkjanir í Skagafirði í tengslum við álbræðslu á Norðurlandi sem eru andstæðar hagsmunum Skagfirðinga. Atvinnutækifærin felast í fjölbreytni og þekkingariðnaði en ekki í einhæfum álbræðslum sem skaða möguleika annarra atvinnugreina ásamt því að ganga á náttúru landsins og aðra atvinnukosti til framtíðar.“

Ég vona svo sannarlega og trúi að okkur takist að halda þessari baráttu til streitu.

Hæstv. iðnaðarráðherra flippaði í umræðum hér áðan þegar ég var að lesa upp vísur og ljóð eftir skagfirsk skáld, sem höfðu ort óð til Héraðsvatnanna og Jökulsánna, og vitna í orð ýmissa Skagfirðinga um hug sinn til Héraðsvatnanna. Ég vil í þessu sambandi minna á að Skagafjarðarvötnin eru miklu meira en það að hægt sé að sýna orðum þeirra sem fjalla um náttúru, menningu og sögulegt gildi þeirra lítilsvirðingu. Samtök ferðaþjónustunnar ályktaði t.d. 6. október 2004, með leyfi forseta:

„Samtök ferðaþjónustunnar vara alvarlega við þeirri tillögu sem fram hefur komið og er til breytingar á þriðju tillögu að aðalskipulagi Skagafjarðar 2004–2016.

Samtökin benda á að efling ferðaþjónustu hefur verið eitt meginmarkmið stjórnvalda á undanförnum árum. Áframhaldandi vöxtur er best tryggður með öflugri þjónustu og fjölbreyttri afþreyingu. Góð afþreying er lykilatriði í að laða ferðamenn til landsins. Jökulár Skagafjarðar eru afar vinsæl afþreying, bæði meðal erlendra og innlendra ferðamanna enda einhverjar þær bestu og fjölbreyttustu til fljótasiglinga í Evrópu.“ (Gripið fram í.)

Víða um heim fara kynningarbæklingar og myndir af gljúfrunum í Skagafirði, af fljótasiglingum, kynning á hreinu Íslandi — og nú er slík sýning einmitt í Lundúnum að mig minnir. Þar eru Skagafjarðarvötnin notuð til kynningar á hreinu Íslandi. Verði af álbræðslu, verði af virkjun Skagafjarðarvatnanna er það ekki lengur fyrir hendi.

Til þess að minna á þann hug sem Skagfirðingar bera til Héraðsvatna, og hér er hafður í flimtingum, vil ég t.d. minna á grein sem Anna Dóra Antonsdóttir skrifaði um áform um Skatastaðavirkjun og virkjanir Jökulsánna. Greinin birtist þann 27. október 2004 í Morgunblaðinu, með leyfi forseta:

„Hitti á dögunum ungan Skagfirðing á förnum vegi. Við tókum tal saman um lífið og tilveruna, staðinn, stundina, heimahagana og talið barst óhjákvæmilega að Vötnunum. Hvaða Skagfirðing hittir þú yfirleitt, á heimaslóð eða fjarri heimkynnum, sem ekki talar um Vötnin. Hvernig er veiðin? Er lágt eða hátt í? Eru vötnin komin á, eru þau komin af? Hvernig er liturinn? Syngur hátt í þeim í dag?

Vötnin eru Skagafjörður.

En ef þeir fíflast til að stífla, hvað verður þá um Eylendið? sagði ungi maðurinn og fannst hann komast vel að orði. Mér fannst það líka og varð hugsi, ef þeir fíflast til að stífla. Hvað gerist þá? Samkvæmt okkar lagabálkum ber að láta fara fram umhverfismat um þýðingu þess að spilla náttúrunni. Við vitum þess nýleg dæmi að einn ráðherra getur

umsnúið mati Umhverfisstofnunar sér í hag. Og það er ekki endilega hagur náttúrunnar eða umhverfisins. Ekki endilega."

Frú forseti. Þetta var stutt tilvitnun í orð Önnu Dóru Antonsdóttur sem lengi bjó í Skagafirði. Sigríður Sigurðardóttir, safnvörður í Glaumbæ, segir í grein í Feyki 10. nóvember 2004, með leyfi forseta:

„Skagafjörður er fögur umgjörð um gott mannlíf. Það dró mig hingað aftur eftir að hafa hleypt heimdraganum í öðrum byggðum. Ekki vonin um að geta virkjað. Hér eru hvorki vírvirki né línuvegir, virkjanir né stórverksmiðjur sem trufla sýn til dala og fjalla, eyja og stranda. Þannig vil ég hafa Skagafjörð áfram. Ég get ekki hugsað mér þau eftirmæli að á mínu stutta skeiði í eilífðinni hafi ég þegjandi tekið þátt í óafturkræfum náttúruspjöllum og þannig misnotað umhverfi mitt vísvitandi. Þess vegna sting ég niður penna. Einnig af því að náttúran sjálf getur ekki varið sig. Hefur ekki annað tungumál en náttúruhamfarir. Ég vil biðja Jökulsánum og þar með Héraðsvötnunum vægðar. Þau hafa og eru enn að móta Skagafjörð og skagfirskt mannlíf."

Og áfram segir í greininni:

„Hvað stjórnar gerðum okkar þegar við viljum leggja heilu landsvæðin undir óafturkræfar aðgerðir og höndla og drottna eins og hverjum sýnist? Hagsmunir hverra eru í húfi, hvað rekur menn áfram, stolt, völd, hégómi, skammsýni? Eða skítt með náttúruna ef ég get grætt á henni, skítt með umhverfið ef það er ekki í alfaraleið, skítt með önnur sjónarmið ef það samræmist ekki mínum, skítt með framtíðina ef við getum skemmt okkur í dag." Þetta segir Sigríður Sigurðardóttir í grein sinni í Feyki, til varnar Héraðsvötnunum.

Frú forseti. Ég leyfi mér að lokum að vitna í yfirlýsingu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í Skagafirði frá 8. júní 2005, sem undir er mynd af Skagafjarðarjökulvötnunum, fljótasiglingunum heimsfrægu. Yfirlýsingin ber yfirskriftina: „Meðan vötnin ólgandi að ósum sínum renna," og hljómar svo, með leyfi forseta:

„Héraðsvötnin og Jökulsárnar móta ásýnd og ímynd Skagafjarðar og eru undirstaða hins síkvika lífkerfis héraðsins, allt frá jöklum til hafs. Tækifæri framtíðarinnar felast í að nýta þau óspjölluð í tengslum við fjölþætta útivist, veiði, ferðaþjónustu, landbúnað, og aðra umhverfisvæna atvinnustarfsemi. Þýðing Vatnanna fyrir uppeldi fiskseiða, bæði ferskvatnsfiska og sjávarfiska, er einnig ómetanleg. Atvinnutækifærin felast í fjölbreytni og þekkingariðnaði en ekki einhæfum álbræðslum sem skaða möguleika annarra atvinnugreina eins og skýrt hefur komið í ljós að undanförnu. Félagsfundur Vinstri – grænna í Skagafirði leggst því alfarið gegn öllum hugmyndum um virkjanir í Jökulsánum í Skagafirði."

Frú forseti. Það frumvarp sem við hér erum að fjalla um felur iðnaðarráðherra auknar og víðtækar heimildir til að úthluta rannsóknarleyfum til virkjana. Við Skagfirðingar lítum svo á að jökulvötnin í Skagafirði eigi ekki að rannsaka með tilliti til virkjana. Þau séu náttúruvættir og eigi að vera hafin yfir geðþóttaákvarðanir einstakra iðnaðarráðherra. Þau eiga að vera hafin yfir geðþóttaákvarðanir iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins sem sér ekkert nema ál. Við fórnum ekki jökulvötnunum í Skagafirði eða öðrum stórfallvötnum sem enn fá að ganga óbeisluð. Við fórnum þeim ekki á álaltari þessarar ríkisstjórnar í álæði iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins. Við segjum stopp, frú forseti.

[16:26]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra tók hér til máls áðan, með svokölluðu frammíkalli, í ræðu, hygg ég, hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Mig langar að hefja ræðu mína á því að leggja út af því frammíkalli.

Hv. þingmaður spurði í ræðu sinni hvernig stæði á því að hæstv. ráðherra gerði eitt eða annað — sem kemur ekki málinu við — og ráðherra svaraði með því að hún væri jú iðnaðarráðherra. Ég er iðnaðarráðherra, sagði ráðherra.

Ég held að það sé hollt fyrir okkur og gott að reyna sem frekast má verða að skilgreina hlutverk okkar hér á þessum vettvangi sem við erum kjörin til hvert með sínum atkvæðum — ég ætlaði að fara að segja hvert með sínum hætti en það er nú ekki, að minnsta kosti ekki með okkur þingmenn — og gera okkur grein fyrir því svona að jafnaði hvaða erindi við eigum inn á þann vettvang. Það er vissulega æskilegt að ráðherra þekki sitt svið vel. Ef hann gerir það ekki er gott að hann taki sér tíma til að kynnast því sem rækilegast. Ég tel það líka affarasælt að sá sem verður ráðherra hafi metnað fyrir hönd þess sviðs eða geira í samfélaginu sem hann hefur tekið að sér að stjórna. Mér finnst eðlilegt, eins og gerist með önnur störf, að ráðherra láti til sín taka á því sviði og freisti þess, jafnvel í nokkurs konar samkeppni við aðra ráðherra og önnur svið, að þar séu framfarir sem mestar og bestar.

Það sem ráðherra má hins vegar aldrei gleyma, hversu vænt sem honum þykir um ráðuneyti sitt og málefni þess, er að hann hefur verið kjörinn af hálfu almennings til að fara með það vald sem hann hefur. Sviðið eða geirinn sem ráðherrann stjórnar hefur ekki kosningarrétt. Málefnin sem þar er fengist við hafa ekki atkvæðisrétt í almennum kosningum og það eru ekki þau sem stjórna því hvort ráðherra fær tiltekið ráðuneyti eða ekki. Þannig að ráðherra verður að líta á sig, jafnvel hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem fulltrúa almannahagsmuna á því sviði sem hann velst til. Þess vegna er frammíkallið, ég er iðnaðarráðherra, kannski ekki nógu vel hugsað af hálfu hæstv. iðnaðarráðherra. Það er ekki þannig, og við getum ekki sætt okkur við að það sé þannig, að iðnaðarráðherra hæstv., sem hér er í salnum, eða aðrir ráðherrar, aðhafist á sínu málasviði vegna þess að þeir séu að sinna einhvers konar hagsmunum iðnaðarins í tilviki iðnaðarráðherra eða viðskiptanna í tilviki viðskiptaráðherra. Þeir eiga að sinna hagsmunum almennings, Íslendinga allra, á því sviði sem um ræðir.

Það kann að felast nokkurt stærilæti í því af minni hálfu að predika um hlutverk og erindi ráðherra en ég tel að í þessu ákveðna tilviki eigi það vel við, vegna þess að iðnaðarráðherra hæstv., sem er auðvitað hinn besti maður, hefur svona sýnt þá hneigð að vera einmitt ekki ráðherra almannahagsmunanna á sínu sviði, í iðnaðarmálum sérstaklega, heldur í raun og veru ráðherra þeirra hagsmuna sem sérstaklega teljast vera iðnaðar- og orkuhagsmunir. Þau frumvörp og þau þingmál sem ráðherra hæstv. hefur flutt á þessum vettvangi og þær tiltektir sem hún hefur sýnt á þeim

vettvangi sem hún ræður sjálf, í ráðuneytinu og á því valdsviði, bera keim af því að ráðherra sé ekki að hugsa um almannahagsmuni heldur láta undan eða gæla við ýmiss konar iðnaðar- og orkuhagsmuni.

Það frumvarp sem við ræðum hér, um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og saga þess sýna þetta, held ég, nokkuð glöggt. Þó verð ég að segja það, mitt í þessari ádrepu, að ráðherra hefur þó látið undan, og er lofsvert að hún skuli hafa gert það að því leyti sem henni var það sjálfrátt, því að þetta frumvarp, eins og það er núna, sýnir auðvitað fyrst og fremst að ráðherrann hefur þurft að bakka frá hinum ýtrustu hagsmunum, sem hún telur vera, iðnaðar og orku og undan almannahagsmunum sem hafa krafist annars en þess sem til stóð hjá hæstv. ráðherra í upphafi.

Ég ætla að fara stuttlega yfir það á eftir en vil segja fyrst að ég harma auðvitað að hafa ekki getað verið við 2. umr. málsins og orðið vitni að þeim viðburðum sem urðu við þá umræðu. Ég hef heldur ekki átt kost á því að neinu ráði að kynna mér nákvæmlega hvað þar var rætt í einstökum ræðum. En ég verð var það nú við 3. umr. að þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað hafa einkum notað tækifærið til að ræða hið almenna ástand og ásigkomulag í umhverfis,- orku- og virkjanamálum. Ég skil það vel og virði það fullkomlega í því óvissuástandi sem við eigum nú við að glíma, og upp kom alveg sérstaklega eftir atburðina hér í fyrri viku, þar sem ríkisstjórnin virtist ekki vera klár á því hvaða afstöðu hún ætti að taka gagnvart samningum sem hún hefur þó undirritað, þ.e. Kyoto-bókuninni, og því framhaldi sem þar af hefur orðið um eitt, tvö, þrjú, fjögur eða fimm álver. Á hinn bóginn ætla ég ekki að gera það, enda á ég hér sjálfur tvö þingmál sem hafa málanúmer einhvers staðar á sjöunda tugnum, hygg ég, bæði. Annað er um virkjunarleyfi, að færa þau til Alþingis, og í raun og veru fjallar tillagan um að útgáfu þeirra verði frestað um hríð. Hitt er um djúpboranir, um aukinn stuðning við þær. Ég vonast til að þau komist á dagskrá fyrir vorið. Ég tek eftir því að dagskránni nú eru þingmál nr. 53–55. Ég ætti kannski að hjálpa til við það með því að takmarka mig í ræðustóli og skal gera það.

Ég tel í raun og veru að mikill árangur hafi náðst af hálfu stjórnarandstöðunnar og af hálfu almannahagsmuna í þessu máli. Þetta byrjaði í fyrra, forseti, með því að lagt var fram frumvarp til laga sem átti að taka við af lögunum sem nú stendur til að breyta, nr. 57/1998. Það frumvarp var þannig úr garði gert að það varð ekki afgreitt í fyrra. Hins vegar var borinn fram það sem kallað hefur verið „kálfur" þar sem látið var undan stjórninni og ráðherranum í nokkrum atriðum. Hann var sem betur fer ekki hægt að afgreiða á því stigi. Þetta var töluverður árangur því það sem gerðist í vetur var að kálfurinn kom fram aftur, að vísu með nokkuð öðrum hætti en áður hafði verið og þannig að hann var nú stjórnarfrumvarp en ekki fluttur af meiri hlutanum í iðnaðarnefnd.

Nú hefur það svo gerst að orðið hafa breytingar á þessu frumvarpi, á kálfinum. Þær breytingar eru þannig að í fyrsta lagi fann iðnaðarráðherra hæstv. það út — sem stjórnar iðnaðarráðuneytinu og hefur haft forráð í iðnaðar- og orkumálum, nú þori ég ekki að segja í hve mörg ár en þau eru orðin allmörg — en hún fann það út að frumvarpið sem hún flutti sjálf væri um annað en hún hefði haldið og haldið fram í þessum ræðustól. Urðu auðvitað úr því einhverjar skrýtnustu umræður, þegar litið er til baka, sem hér hafa farið fram, því að ráðherra tók það aftur í jólahléinu sem menn höfðu rætt hér í þaula, þar á meðal sá sem hér stendur, rétt fyrir jólin.

Nú hefur sú breyting orðið á tillögum frumvarpsins um 5. gr. laganna að þar er í fyrsta lagi búið að falla frá þeirri ætlan að ákvæðið um vilyrði fyrir nýtingarleyfi jafnframt rannsóknarleyfinu gildi gagnvart vatnsorkunni sem í raun og veru er verið að setja í þessi lög með þessum litla kálfi, þessu frumvarpi. Í öðru lagi hefur sá árangur náðst að hið sama hefur gerst með jarðvarmann. Eftir því sem ég skil eru þessar breytingar þannig að ekki er lengur um það að ræða að ráðherra geti gefið einhvers konar vilyrði fyrir nýtingarleyfi með rannsóknarleyfi sínu. Þetta er ákaflega mikill árangur sem ég óska þeim sem voru hér í forustu í 2. umr. til hamingju með og kannski sérstaklega hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, sem var talsmaður okkar samfylkingarmanna í þeirri umræðu og þessum umræðum og ég hygg að stjórnarandstaðan öll hafi lagt hér hönd að verki. Það sem eftir stendur er að ráðherra hæstv. getur gefið þetta vilyrði þegar um hitaveitur er að ræða, og ég hygg að við deilum ekki um það, a.m.k. ekki nú, að sé fullkomlega eðlilegt, enda er það þannig að hitaveitur eru ekki hafðar hér á prjónum nema um sveitarfélög sé að ræða og má þá telja að nokkurn veginn sé óhætt og eðlilegt að gefa vilyrði fyrir nýtingarleyfi þegar rannsóknarleyfi er gefið.

Það má líka telja mikinn árangur, og er ástæða til að vekja sérstaka athygli á því vegna þess að ég er ekki viss um að allir hafi gert sér grein fyrir því en það hlýtur þó að vera í iðnaðarráðuneytinu, því merka og háa ráðuneyti, að þar séu menn klárir á því að með ákvæði til bráðabirgða er þetta auðvitað þannig að ef tvær beiðnir um rannsókn eða nýtingu berast, eða fleiri, þá verður að bíða með að gefa þau leyfi þangað til 15. september 2006, og raunar þangað til það frumvarp hefur verið afgreitt sem ráðherra leggur fram í framhaldi af þeirri vinnu sem tilskilin er í ákvæði til bráðabirgða. Ég endurtek: Það er skilningur minn og mér þykir það augljóst að ráðherra iðnaðarmála hæstv. geti ekki gefið út rannsóknarleyfi eða nýtingarleyfi í því tilviki að tveir eða fleiri sæki um það og lít á þann skilning staðfestan ef ekki koma hér einhverjar mótbárur, sem er mikilvægt fyrir framtíðina.

Að lokum um þetta frumvarp sérstaklega er það auðvitað líka að í ákvæði til bráðabirgða er vinnuhópnum eða nefndinni — sem er að vísu furðulega skipuð en látum vera, þar eru a.m.k. fulltrúar allra þingflokka — ekki einungis ætlað að gera tillögur um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi heldur á hún líka að marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Hún á að leggja þetta hvort tveggja fram í formi lagafrumvarps og því má ætla að iðnaðarráðherra flytji það frumvarp óbreytt eða breytt á næsta þingi því að hún hefur a.m.k. hálfan mánuð á milli skilanna 15. september og upphafs þings 1. október. Þessi ákvörðun, ef þetta frumvarp verður að lögum, bindur iðnaðarráðherra í raun og veru siðferðilega, þó að kannski sé ekki beinlínis hægt að halda því fram að það bindi hana lagalega eins og

þegar tveir eða fleiri sækja um, til þess að gefa ekki út a.m.k. ekki nýtingarleyfi þar sem einn sækir um nema um það ríki svo breið samstaða að það verði ekki að almennu deilumáli, hvorki á þinginu né í samfélaginu. Ég hygg að menn hljóti að geta verið sammála um að þegar nefnd er að störfum með fulltrúum allra þingflokka, með þremur fulltrúum frá Samorku og tveimur fulltrúum iðnaðarráðherra, þegar iðnaðarhagsmunirnir og orkuhagsmunirnir, sem iðnaðarráðherra hæstv. skilgreindi áðan í frammíkalli sínu, eiga samtals fimm fulltrúa í þessari nefnd og almannahagsmunir fimm, ef ég má vera svo djarfur að túlka frammíkall ráðherrans nokkuð hraustlega, að meðan slík nefnd sé að störfum að tillögu ráðherra sjálfs, hljóti ráðherra að vera siðferðilega bundin því að taka ekki ákvarðanir um þessi efni nema með þeirri samstöðu í landinu og þinginu að þar sé greinilega ekki um deilumál að ræða. (Gripið fram í.)

Tillaga nefndarinnar, segir hv. þm. Jóhann Ársælsson. Tillaga nefndarinnar verður auðvitað einhver. Hún kemur fram í formi lagafrumvarps 15. september. Ég er að tala um tímann fram til 15. september. Ég er að tala um að iðnaðarráðherra sé siðferðilega bundin af þessu nefndarstarfi fram til 15. september 2006 og frá því að nefndin er skipuð, með þeim hætti að að iðnaðarráðherra geti ekki og hafi ekki pólitískt umboð til þess að gefa út nýtingarleyfi til þess tíma. Ég skal ekki segja um rannsóknarleyfin. Það er annað mál og öðruvísi þó að auðvitað geti rannsóknarleyfi, sérstaklega þegar um jarðvarma er að ræða, verið umdeild vegna þess að rannsóknir geta valdið miklu raski á jarðvarmasvæðum og meira en þegar um vatnsorku er að ræða.

Ég verð að segja að ég skil auðvitað vel þá hv. ræðumenn sem á undan mér hafa komið og talað um að óeðlilegt sé að þingið gefi heimild til nokkurs leyfis sem ekki er enn vitað með hvaða hætti á að meta í ráðuneytinu. Ég er út af fyrir sig sammála því. En ég tel að hér hafi náðst verulegur árangur og ég óska öðrum stjórnarandstæðingum á Alþingi til hamingju með það og í raun og veru iðnaðarráðherra líka. Einkum held ég þó að það sé að þakka þeirri viðhorfsbreytingu sem gengur núna um samfélagið og er í þá átt, eins og við vitum, að náttúran eigi að njóta vafans og þar sé e.t.v. komið að einhvers konar endimörkum, að við séum komin út á jaðar í áformum okkar um að nýta náttúruauðlindir, þessi kynslóð og örfáar hinar næstu, með þeim óafturkræfa hætti að landið verði minna til framtíðar, að ég minnist ekki á alþjóðlegar skuldbindingar okkar, núverandi og verðandi, í baráttu gegn loftslagsbreytingum sem ég hygg að sé það mál sem okkar kynslóð af stjórnmálamönnum og kannski af Íslendingum verður metin fyrir þegar áratugir eru liðnir og við öll fallin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tóbaksvarnir, 1. umr.

Stjfrv., 388. mál (reykingabann). — Þskj. 470.

[16:46]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir. Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er komið til móts við óskir og áskoranir fjölmargra aðila um reyklausa veitingastaði hér á landi. Hér er jafnframt á ferðinni frumvarp sem markar á sinn hátt tímamót á sviði lýðheilsu og forvarna á Íslandi.

Á árinu 2004 óskaði ég eftir tillögum frá tóbaksvarnaráði og Lýðheilsustöð um endurskoðun tóbaksvarnalaga með það að leiðarljósi að endurskoða þau ákvæði sem heimiluðu reykingar á afmörkuðum svæðum veitinga- og skemmtistaða. Frumvarpið sem nú er mælt fyrir er afrakstur vinnu sérfræðinga og embættismanna sem fjallað hafa um málið undanfarin missiri.

Í frumvarpinu er lagt til að reykingar í þjónusturými á veitinga- og skemmtistöðum verði bannaðar með öllu frá og með 1. júní 2007. Með því að setja gildistímann 1. júní 2007 er þeim sem reka veitinga- og skemmtistaði veittur aðlögunartími sem að margra mati er fulllangur en hann er nauðsynlegur og sanngjarn að mínum dómi.

Meginmarkmið frumvarpsins er vinnuvernd starfsmanna á veitinga- og gistihúsum og vernd almennings með vísan til vaxandi vísindalegra sannana fyrir því að óbeinar reykingar valdi heilsutjóni og dauðsföllum.

Miðað við núverandi undanþágu sem veitinga- og skemmtistaðir hafa frá 9. gr. tóbaksvarnalaga nýtur starfsfólk þessara staða ekki þeirra réttinda sem vinnuverndarlögum er ætlað að tryggja, jafnt og öðru vinnandi fólki.

Frá sjónarhóli þessa starfsfólks eru núverandi aðstæður ekki þolandi. Alþingi hefur samþykkt heilbrigðisáætlun til ársins 2010 sem ætlað er að marka stefnu í heilbrigðismálum. Eitt af markmiðum áætlunarinnar er að draga úr reykingum og er frumvarpið því í fullu samræmi við þau markmið sem Alþingi hefur samþykkt í heilbrigðisáætlunum. Íslendingar undirrituðu á árinu 2003 rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir og voru þeir meðal fyrstu þjóða sem það gerðu. Í samningnum er staðfest að aðilar hans viðurkenni að vísindaleg gögn hafi með óyggjandi hætti sýnt að óbeinar reykingar valdi dauða, sjúkdómum og fötlun og þeir skuldbindi sig til að setja lög og grípa til annarra ráðstafana gegn alvarlegum afleiðingum óbeinna reykinga.

Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar sem haldinn var í apríl 2005 samþykkti að ganga til viðræðna við stjórnvöld um að allir veitinga- og skemmtistaðir yrðu reyklausir frá og með 1. júní 2007. Með þeirri ályktun lýstu Samtök ferðaþjónustunnar yfir áhuga sínum og vilja til að stuðla að bættu vinnuumhverfi fyrir starfsfólk og áhuga fyrir samvinnu við stjórnvöld og ber að fagna því.

Í áranna rás hefur smám saman verið hert á ákvæðum tóbaksvarnalaga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að fólk þurfi að anda að sér tóbaksreyk frá öðrum. Afnám undanþágu til reykinga á veitinga- og skemmtistöðum er eðlileg framvinda þeirrar þróunar og hefur verið tekin upp í fjölmörgum löndum að undanförnu.

Í ljósi vinnuverndarlaga tóbaksvarnalöggjafar heilbrigðisáætlunar til ársins 2010, þess að Ísland hefur fullgilt rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir og stuðnings veitingaiðnaðarins við lagasetningu um reyklausa veitinga- og skemmtistaði er mikilvægt

að stjórnvöld haldi áfram á þeirri braut sem þau hafa markað og tryggi öllum reyklaust vinnuumhverfi, þar með talið starfsfólki á veitinga- og skemmtistöðum.

Virðulegi forseti. Frumvarpi því sem hér er lagt fram er eins og áður hefur komið fram ætlað að auka vinnuvernd starfsmanna á veitinga- og skemmtistöðum og vernda almenning gegn þeim heilsufarsskaða sem óbeinar reykingar valda og þar með að stuðla að bættu almennu heilsufari þjóðarinnar. Ég leyfi mér því, virðulegur forseti, að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr.

[16:51]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er ljóst að það mál sem hér er til umræðu felur í sér töluverða þrengingu á þeim heimildum sem fyrir eru í núgildandi lögum og varða reykingar á veitinga- og skemmtistöðum. Í þessu máli takast á tvenns konar sjónarmið, annars vegar heilbrigðissjónarmið og hins vegar spurning um frelsi fullorðinna einstaklinga til að aðhafast það sem þeir kjósa.

Ég velti fyrir mér hvort hæstv. heilbrigðisráðherra hafi velt fyrir sér hvort hægt hefði verið að fara vægar í sakirnar en gert er í þessu frumvarpi, t.d. með því að ganga frekar eftir því að núgildandi lögum sem vissulega eru mjög ströng sé betur framfylgt en er í dag. Hins vegar spyr ég hvort leitað hafi verið fyrirmynda eða kannað hvort þeirra mætti leita annars staðar en gert er í þessu frumvarpi (Forseti hringir.) þar sem litið er til þeirra landa í heiminum sem strangastar reglur hafa á þessu sviði.

[16:53]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vissulega hef ég sem heilbrigðisráðherra velt þessu frumvarpi mikið fyrir mér. Eins og kom fram í framsöguræðu minni eru aðalrökin fyrir frumvarpinu þau að forðast óbeinar reykingar og stuðla að vinnuvernd á veitingastöðum. Það er það sem var fyrst og fremst ætlunin að ná fram með þessu frumvarpi, að gefa veitingahúsaeigendum hæfilegan aðlögunartíma í þessu sambandi og leggja fram þetta frumvarp í góðri samvinnu við þá að þessu leyti. Það voru aðalrökin fyrir utan hin venjulegu heilsufarsrök sem eru auðvitað undirstaða frumvarpsins.

[16:54]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að endurtaka spurningarnar að því leyti að ég hef á tilfinningunni að í raun hafi ekki verið leitað eftir því hvort hægt væri að fylgja harðar eftir þeim reglum sem þegar eru í gildi áður en farið verður út í að leggja fram frumvarp um nýjar og strangari reglur.

Í annan stað hlýt ég að benda á að í löndunum í kringum okkur eru farnar mismunandi leiðir í þessu skyni. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur farið þá leið að velja ströngustu fyrirmyndirnar og ég hlýt því að spyrja: Hefur heilbrigðisráðuneytið t.d. kannað hvernig reynsla Svía er af reglum þar sem gert er ráð fyrir því að heimilað sé að hafa tiltekin afmörkuð reykherbergi á veitingastöðum þar sem ekki eru framreiddar veitingar?

[16:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jú, vissulega hef ég velt þessari spurningu fyrir mér og ég hef rætt við veitinga- og gistihúsaeigendur, þ.e. forustu þeirra, um þetta mál. Það eru mjög mikil vandkvæði á því að framfylgja núverandi löggjöf, m.a. þeim lið að stúka af reykingasvæði á veitingahúsum. Það var talið mismuna minni veitingahúsum og draga þau stærri fram fyrir, og þótti ekki aðgengilegt.

Ég man að menn hafa þreifað sig áfram í þessum efnum. Einu sinni var bannað að reykja öðrum megin við ganginn í Fokkernum á leiðinni til Egilsstaða. Síðan var það bannað. Ekki nokkur maður minnist á það að kveikja sér í sígarettu á þessari leið núna. (Forseti hringir.) Það er langt síðan því var hætt.

[16:56]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í ræðu sinni sagði hæstv. heilbrigðisráðherra að Íslendingar hefðu skrifað undir rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, um tóbaksvarnir. Í 8. gr. samningsins er staðfest að aðilar viðurkenni að vísindaleg gögn hafi með óyggjandi hætti sýnt að óbeinar reykingar valdi dauða, sjúkdómum, fötlun o.s.frv. Nú er ég hér með rannsókn sem gerð var af hálfu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, en í henni segir að hún hafi ekki leitt í ljós vísbendingar um tengsl óbeinna reykinga og lungnakrabbameins. Fréttin kom fram í Daily Telegraph og síðan í Morgunblaðinu 12. mars 1998.

Rannsóknin er frá 1998 og þess vegna langar mig að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra (Forseti hringir.) hvort þessi rannsókn hafi verið lögð til grundvallar (Forseti hringir.) við samningu frumvarpsins og ef ekki, hvers vegna ekki.

[16:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum óbeinna reykinga á heilsufar fólks. Sú rannsókn sem vitnað er til er aðeins ein af mörgum, og rætt er um að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafi stungið undir stól skýrslu sem gæti sannað að vísindaleg tengsl séu á milli óbeinna reykinga og lungnakrabbameins. Því er haldið fram að ekki hafi tekist að sanna það en sú fullyrðing er röng.

Fjölmargar rannsóknir styðja þetta og af því hafa menn auðvitað tekið mið við samningu frumvarpsins.

[16:59]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að margar rannsóknir hafa verið gerðar á tengslum lungnakrabbameins og óbeinna reykinga. Það er hins vegar ekki rétt sem hæstv. heilbrigðisráðherra segir hér, þ.e. hvernig hann fer með niðurstöðurnar. Ég bendi á það að hæstv. heilbrigðisráðherra vísar hér í rétta rannsókn, og hún er frá 1998. Þetta er týnda rannsóknin sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin einhverra hluta vegna reyndi að stinga undir stól en blaðamenn komust á snoðir um. Það sem er merkilegt við þessa rannsókn umfram aðrar

er að þetta er viðamesta rannsóknin sem hefur verið gerð í þessum málum. Hún stóð í 10 ár og fór fram í sjö Evrópulöndum, náði til 650 sjúklinga og 1.500 manna í öllum aldursflokkum. (Forseti hringir.) Maður hlýtur að furða sig á því þegar svona mál er til athugunar (Forseti hringir.) hvers vegna í ósköpunum svona viðamikil rannsókn, (Forseti hringir.) sú viðamesta á þessu sviði, hafi ekki verið tekin til athugunar við vinnslu frumvarpsins.

[17:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú rannsókn um áhrif óbeinna reykinga og líkur á lungnakrabbameini sem hv. þingmaður gerir að umtalsefni er rannsókn 12 rannsóknamiðstöðva í sjö Evrópulöndum sem unnið hefur verið að undanfarin sjö ár undir yfirstjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Þess ber að geta að í fréttaflutningi hafa niðurstöður þessarar rannsóknar verið rangtúlkaðar. Þær sýna að óbeinar reykingar valda lungnakrabbameini hjá fólki sem ekki reykir og þar kemur fram að líkur aukast um 16% á lungnakrabbameini hjá reyklausum ef makar þeirra reykja. (**SKK:** Af hverju nær hún ... skekkjumörk?) (Forseti hringir.) Aukningin er 17% hjá þeim sem búa við óbeinar reykingar á vinnustað.

[17:01]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enginn efast um skaðsemi reykinga og það þarf að hlífa þeim sem ekki reykja við reyk og óbeinum reykingum. Í þessu fortakslausa reykingabanni felst þó að mínu viti varhugavert stjórnlyndi og áköf forræðishyggja sem getur ekki verið rétta leiðin til að ná fram annars ágætu markmiði. Það hlýtur að vera skynsamlegra að skoða t.d. sænsku leiðina og þær leiðir þar sem tryggt er að þeir sem starfa á veitingastöðunum og þeir sem ekki vilja vera innan um reyk séu á reyklausu svæði.

Í þessu ljósi spyr ég hæstv. heilbrigðisráðherra þeirrar spurningar hvort hann telji ekki að svo fortakslaust bann við reykingum á öllum stöðum brjóti gegn friðhelgi einkalífsins og eignarréttar- og atvinnufrelsinu í landinu. Svo hart er fram gengið og svo langt, og verða menn ekki að skoða og reyna að finna mildari leið að sama markmiði?

[17:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég met mikils friðhelgi einkalífsins en ég túlka hana ekki þannig að það sé friðhelgi einkalífs að hafa tækifæri til að menga andrúmsloftið fyrir öðrum svo að skaði hljótist af. Sú er afstaða mín.

[17:03]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sá er kjarni málsins, virðulegi heilbrigðisráðherra, að hlífa þeim sem ekki reykja eða vilja vera innan um reyk við óbeinum reykingum og hvers konar reykingum. Það er samt hægt að ná því markmiði með öðrum og mildari hætti en þessum. Ég tel að hið fortakslausa bann sem hér er lagt til brjóti gegn eignar- og atvinnuréttarfrelsi og brjóti að mörgu leyti í bága við friðhelgi einkalífsins. Ef hópur manna vill t.d. halda fund eða snæða saman þar sem enginn viðstaddra gerir athugasemd við að sé reykt og allir eru upplýstir um skaðsemi óbeinna reykinga er það að mínu mati löggjafanum óviðkomandi.

Það er einkamál þeirra sem í hlut eiga og á ekki að vera lögreglumál eins og gert er verði þetta frumvarp að lögum þar sem allt of hart er gengið fram að mínu mati.

[17:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að því fari víðs fjarri að þetta frumvarp brjóti í bága við atvinnufrelsi. Margs konar hömlur eru lagðar á atvinnustarfsemi, alls konar hömlur varðandi heilbrigðismál, heilbrigðiseftirlit og þar fram eftir götunum. Þetta er aðeins einn þáttur í því. Ég endurtek það sem ég sagði áðan, það mætti hugsa sér að hafa eitthvert reykingapláss á veitingastöðum en veitingamenn eru yfirleitt ekkert hrifnir af því. Það hefur ekkert verið óskað sérstaklega eftir því. Ég held að jafnframt sé mjög vandasamt að framfylgja slíkri löggjöf, það hefur reynst þannig.

[17:05]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna sérstaklega því frumvarpi sem hér er fram komið. Viðbrögð mín eru á allt öðrum nótum en fyrri ræðumanna sem hér hafa verið í andsvörum. Það er margbúið að sanna að óbeinar reykingar hafa mjög skaðleg áhrif og fráleitt að halda öðru fram, enda hefur ráðherrann verið ötull við að útskýra fyrir öðrum hvað þetta er mikil skaðsemi. Ég tek undir það.

Ég vil hins vegar ræða aðlögunartímann sem ráðherrann kom inn á, aðlögunartímann til 1. júní 2007. Þegar sú er hér stendur og fleiri fluttu fram þetta mál vildum við hafa aðlögunartímann til 1. maí 2006. Nú er hann kominn ári lengra sem er svo sem eðlilegt af því að málið er eiginlega ári seinna fram komið. Þá voru Samtök ferðaþjónustunnar ekki hlynnt málinu en nú eru þau með því og þess vegna spyr ég: Telur ráðherra eðlilegt að stytta enn frekar þennan aðlögunartíma? Kæmi það til greina af því að svo góð samstaða er að skapast um málið?

[17:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu minni tel ég þennan aðlögunartíma vera sanngjarnan og eðlilegan þannig að þeim sem leyfa reykingar á veitingastöðum sínum núna gefist tími til að aðlagast nýjum reglum að þessu leyti. Margir veitingastaðir eru þegar orðnir reyklausir, þeim fjölgar óðum, og þá geta menn auglýst sig upp að þessu leyti ef forustumenn þeirra vilja, þ.e. framkvæmdastjórar og eigendur, og búið sig undir það að löggjöfin taki gildi. Ég tel eðlilegt að aðlögunartíminn sé þetta langur enda líður tíminn óðfluga.

[17:07]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, hæstv. heilbrigðisráðherra er sanngjarn maður. Það er þannig að Samtök ferðaþjónust-

unnar báðu í ályktun sinni einmitt um aðlögunartíma til 2007. Ráðherra hefur orðið við því og það er auðvitað mjög gott. Hinu má samt ekki gleyma, að þrýstingur kemur frá samtökum eins og Eflingu þar sem fjöldi starfsmanna á veitingastöðum er innan Eflingar og Matvíss, og bæði þessi félög hafa ályktað með frumvarpinu og vilja sjálfsagt fá það fram sem fyrst vegna hagsmuna þeirra sem vinna þar innan dyra. Maður þarf líka að vera sanngjarn gagnvart þeim.

Ég geri svo sem engar athugasemdir við þennan aðlögunartíma en mér finnst samt koma til greina að stytta hann af því að ég tel málið svo gott.

Ég vil nýta tækifærið í þessu seinna andsvari til að spyrja hvort það sé ekki rétt skilið, vegna orða sem fallið hafa hér um þessi reykherbergi sem einungis Svíar hafa notast við, ekki hinar þjóðirnar almennt sem hafa tekið upp reykbann, að Samtök ferðaþjónustunnar vilji ekki slík reykherbergi af því að þau telji þau samkeppnishamlandi.

[17:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vonast ég auðvitað til að þetta frumvarp verði samþykkt á vorþinginu og þá er aðlögunartíminn rúmt ár. Tíminn líður svona hratt.

Já, það er rétt að eftir þær viðræður sem ég hef átt við veitingamenn og forustu þeirra hafa ekki komið upp óskir um sérstök reykherbergi eða strompa á veitingastöðum. Ég hef ekki heldur lagt það til, m.a. vegna þess.

[17:09]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla á þessum góða degi, deginum þegar Íslendingar sigruðu Rússa á Evrópumótinu í handknattleik, að taka til máls um þetta frumvarp um breytingu á tóbaksvarnalögum. Þótt maður hafi verið ánægður með sigurinn í dag sljákkar í manni þegar maður les það frumvarp sem hér er til umfjöllunar.

Ég vil taka fram og viðurkenna strax í upphafi að auðvitað sé ég það í frumvarpinu í sjálfu sér að ásetningurinn með framlagningu þess er góður. Ég tel þó að niðurstaðan sé slæm og að á henni séu miklir annmarkar. Ég hef af þeim ástæðum miklar efasemdir um það.

Nú vil ég taka fram að rétt eins og „strákarnir okkar" sem unnu þennan sigur í dag reyki ég ekki, hef aldrei gert og ætla mér ekki að hefja reykingar. Afstöðu mína til frumvarpsins má ekki túlka þannig að ég mæli reykingum bót. Á þeim hef ég hina mestu skömm. Það er bara þannig. En svo að ég komi að því hvers vegna mér finnst frumvarpið háð annmörkum eru einkum þrjár ástæður fyrir því að ég styð það ekki. Um þær ætla ég að fjalla í ræðu minni, og bið hv. þingmann að vera ekki með grettur framan í mig meðan ég held ræðu mína þótt hann sé ósammála mér.

Ég tel í fyrsta lagi að frumvarpið og reglur þess eigi ekki að ná fram að ganga vegna þess að veitingamenn eiga sjálfir að fá að ákveða hvort slíkt reykingabann verði tekið. Í öðru lagi tel ég að vilji menn á annað borð að gripið verði til frekari aðgerða en núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir gangi frumvarpið of langt. Í þriðja lagi tel ég að undirbúningur löggjafarinnar, þar með taldar forsendur hennar sem eru sagðar vísindalegar og ég dreg mjög í efa, sé ekki boðlegur. Ég tel að frumvarpið fullnægi engan veginn þeim kröfum sem eðlilegt er að gera um rökstuðning og faglega umfjöllun, sérstaklega þegar um er að ræða reglur sem ætlað er að skerða atvinnufrelsi og ganga að eignar- og umráðarétti manna.

Eins og ég sagði áðan er fyrsta atriðið sem ég set út á í þessu frumvarpi það að ég tel að eigendur veitinga- og skemmtistaða eigi sjálfir að fá að ákveða hvort þar eigi að heimila reykingar eða ekki. Við sjáum á heimasíðu Lýðheilsustöðvar að í dag eru í kringum 100 veitinga- og skemmtistaðir reyklausir. Mér er fullkunnugt um að aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar samþykkti að ganga til viðræðna við stjórnvöld um að allir veitinga- og skemmtistaðir yrðu reyklausir frá og með 1. júní 2007 en ég tel hins vegar að atbeina löggjafans þurfi ekki til að kveða upp úr um slíkt. Ég tel að aðilar að Samtökum ferðaþjónustunnar geti ákveðið það í sínum ranni og það sé miklu eðlilegra en að þetta bann verði tekið upp. Menn verða að finna hjá sjálfum sér ef þeir virkilega hafa áhuga á að grípa til slíkra aðgerða. Ég tel að öðru leyti að ég þurfi ekki að rökstyðja þessa skoðun mína frekar, ég hygg að rökin fyrir þessu atriði liggi í augum uppi og hafi margoft komið fram.

Eins og ég sagði tel ég í annan stað að frumvarpið gangi of langt og ég vísa til 1. gr. í því sambandi. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Með þjónusturými er í lögum þessum átt við öll húsakynni undir þaki, föstu eða hreyfanlegu, svo og samkomutjöld og sýningartjöld, sem almenningur hefur aðgang að vegna viðskipta og veittrar þjónustu og þátttöku í menningar- og félagsstarfsemi, þar með talin áhorfendasvæði, biðstofur, gestamóttaka, forstofur, gangar, snyrtiherbergi o.fl." — Gott og vel með áhorfendasvæðin og slíkt, ég mælist ekki til að menn stundi reykingar á íþróttakappleikjum eða á slíkum stöðum en ég hlýt að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort það sé nauðsynlegt að ganga eins langt og þarna kemur fram. Ég get ekki betur séð af gögnum frumvarpsins og fylgiskjölum en að með lögleiðingu þessa frumvarps göngum við Íslendingar lengra í þessa átt en allar aðrar þjóðir hafa gert. Ég sé ekki ástæðuna fyrir nauðsyn þess. Þegar menn tala um að frumvarpið gangi út á að banna reykingar á veitinga- og skemmtistöðum er það rangnefni. Það sem hér er lagt til er að reykingar verði bannaðar, ekki bara inni á stöðunum heldur jafnframt í öllu næsta nágrenni við þá. Það er nánast þannig að bannað sé að reykja ef veitingastaðurinn er í sjónlínu.

Ef hugmyndin er sú að reyna að fá fólk til að hætta að reykja, sem að mínu mati er göfugt markmið, hygg ég að þær reglur sem hér eru lagðar til nái ekki fram því markmiði. Ég trúi ekki að hæstv. heilbrigðisráðherra telji að þetta leiði til þess að menn hætti að reykja. Ég er þvert á móti hræddur um að verði frumvarpið að lögum ýti þetta reykingamönnum miklu frekar inn á heimilin þar sem þeir geta stundað iðju sína. Er það heppilegra fyrirkomulag, hæstv. heilbrigðisráðherra, að reykingamenn reyki ofan í börnin sín frekar en að gera það á opinberum stöðum? Það held ég ekki. Ég hef áhyggjur af því að þessi regla feli í sér þróun sem við viljum ekki sjá.

Frú forseti. Í þriðja lagi tel ég að undirbúningur og for-

sendur frumvarpsins, sem sagðar eru vísindalegar en eru það ekki, fullnægi ekki þeim kröfum sem gera verður um rökstuðning og faglega umfjöllun þegar lagt er til að reglur eins og þessar séu teknar upp í lög. Þetta eru tálmanir og takmarkanir á eignar- og umráðarétti eigenda veitinga- og skemmtistaða yfir eignum sínum, takmarkanir sem eru ekki einungis vafasamar með hliðsjón af eignarrétti og atvinnufrelsi, heldur einnig líklegar til að hafa veruleg áhrif á fjárhagslega afkomu, a.m.k. sumra. Ég verð að segja það svona til að byrja með, varðandi þennan þátt sem ég ætla að fjalla hér um, að það er svolítið sérstakt þegar maður les upphaf athugasemda við frumvarpið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jón Kristjánsson, óskaði á árinu 2004 eftir tillögum frá tóbaksvarnaráði og Lýðheilsustöð um endurskoðun þeirra ákvæða tóbaksvarnalaga sem heimila reykingar á afmörkuðum svæðum veitinga- og skemmtistaða.“ — Af hverju var bara leitað til tóbaksvarnaráðs og Lýðheilsustöðvar? Við hverju bjuggust menn þegar þeir leituðu til slíkra aðila um þessi mál, aðila sem hafa verið í fullri vinnu við það að ná þessum markmiðum? Auðvitað gat sú vinna og niðurstaða aldrei orðið hlutlaus. Það er álíka skynsamlegt og að fela vinstri grænum, með fullri virðingu fyrir þeim, að semja hér tillögur um stefnu ríkisstjórnarinnar í stóriðju- og virkjunarmálum. Það mundi leiða til þess að ekkert yrði virkjað, engri stóriðju yrði komið á. Menn í heilbrigðisráðuneytinu fá hér tóbaksvarnaráð og Lýðheilsustöð til að semja þessar tillögur. Það var alveg gefið fyrir fram hverjar niðurstöðurnar yrðu.

Þetta frumvarp er, eins og örugglega á eftir að fjalla um á eftir, hið sama og lagt var fram á síðasta þingi af hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Jónínu Bjartmarz og Þuríði Backman með einni efnisbreytingu og hún varðar gildistökuákvæði laganna. Þær breytingar sem hins vegar hafa verið gerðar á frumvarpinu varða fyrst og fremst þá greinargerð sem liggur henni til grundvallar. Ég fór yfir greinargerð þess frumvarps þegar það var lagt fram. Það er heilmikið mál vegna þess að í henni eru 58 tilvísanir í hin ýmsu rit. Það tekur náttúrlega talsverðan tíma að kanna tilvísanir í greinargerðum eins og þessari, einkum þegar þær eru þetta margar. Sá sem ræðst í það verkefni fær fljótt á tilfinninguna að hann hlaupi apríl vegna þess að aftur og aftur er snúið út úr heimildum, orðalag er ónákvæmt, niðurstöður rannsókna oftúlkaðar og mikilvægum fyrirvörum sleppt.

Þetta var gert í þingmannafrumvarpinu. Greinargerðin stafar frá Lýðheilsustöð. Ég get svo sem tekið dæmi um það hvernig rangt er farið með í þeirri greinargerð. Í henni er t.d. fullyrt að samkvæmt norskum rannsóknum séu efni úr tóbaksreyk jafnan langt yfir hættumörkum á reyklausum svæðum. Þetta er rangt því að í norsku heimildinni sem vísað er til er minnst á tvær rannsóknir; önnur þeirra sem var gerð var í Tromsö 1999 sýndi að reykefni á reyklausum svæðum fóru ekki yfir viðmiðunarmörk nema í 37% tilvika. Í greinargerðinni er fullyrt að í norskum rannsóknum hafi reykefnin á reyklausum svæðum mælst allt að 56-falt yfir viðmiðunarmörkum en hið rétta er — ég bið menn að taka eftir — að mælingin sem sýndi 56-falt var gerð á reyksvæði en ekki á reyklausu svæði. Þetta er dæmi um hvernig farið var með sannleikann í þessari greinargerð.

Í henni segir einnig að sýnt hafi verið fram á að þeim sem verður fyrir tóbaksreyk heima eða í vinnunni sé 40–60% hættara við að fá astma en öðrum. Rannsóknin sem vitnað er til í þessu sambandi í hinu fyrra frumvarpi var um áhrif óbeinna reykinga á astmasjúklinga. Rannsóknin náði eingöngu til þeirra sem voru haldnir sjúkdómnum. Í samantekt er sagt frá helstu niðurstöðum en þar er hvergi minnst á að óbeinar reykingar geti valdið astma, enda var ekkert verið að rannsaka hvort svo væri heldur aðeins hver áhrif óbeinna reykinga væru á þá sem þegar væru haldnir astma.

Kannski var ætlunin að vísa í einhverja allt aðra rannsókn, hver veit, en þá er þess að geta að hvorki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, né bresku læknasamtökin nefna það einu orði að óbeinar reykingar geti valdið astma hjá fullorðnum. Samt er þessu haldið fram í greinargerð.

Þá kem ég að hinu nýja frumvarpi. Sú breyting sem er athyglisverð og var gerð á því þegar það var lagt fram er að greinargerð Lýðheilsustöðvar var tekin út úr meginmáli greinargerðarinnar með frumvarpinu og gerð að fylgiskjali með því. Greinargerð Lýðheilsustöðvar er með öðrum orðum ekki lengur hluti af greinargerðinni.

Þegar ég tók saman athugasemdir við fyrri greinargerðina komst ég að því að þar voru hvorki meira né minna en 16 rangfærslur varðandi niðurstöður úr þessum rannsóknum. Ég get ekki betur séð en að ekki hafi staðið steinn yfir steini í umfjöllun Lýðheilsustöðvar. Ég hlýt að túlka það svo að greinargerð Lýðheilsustöðvar hafi verið kippt út úr greinargerðinni þannig að hæstv. ráðherra hafi gripið til þess úrræðis vegna þess að hann hafi ekki lengur treyst sér til að skrifa upp á umfjöllun Lýðheilsustöðvar um heilsufarsleg áhrif frumvarpsins. Þetta eru náttúrlega merkileg viðbrögð vegna þess að heilsufarsleg nauðsyn er ekki einungis aðalréttlæting aðgerðanna, heldur eina réttlætingin. Þær róttæku aðgerðir sem frumvarpið felur í sér að gripið skuli til hljóta að þurfa að byggjast á því að fyrir liggi vönduð hlutlæg úttekt á heilsufarslegri nauðsyn þeirra, úttekt sem sé hafin yfir allan vafa um óvönduð vinnubrögð. Og þau mega alls ekki vera áróðurskennd.

Ef við skoðum síðan greinargerð Lýðheilsustöðvar eins og hún er nú í frumvarpinu kemur í ljós að henni hefur bara verið töluvert breytt frá því að frumvarpið var lagt fram í upphaflegri mynd. Það er búið að kippa út ýmsum fullyrðingum, bæta við heimildum og aðrar hafa verið fjarlægðar. Þessa er hins vegar alls ekki getið í greinargerðinni sjálfri frá Lýðheilsustöð og ég hlýt að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvernig á þessu standi.

Ég get tekið dæmi um þetta. Ég nefndi áðan norsku rannsóknina. Í fyrri greinargerðinni var fullyrt að mælingar á reyklausum svæðum á veitingastöðum í Noregi hefðu sýnt að reykefnin væru 56-falt yfir viðmiðunarmörkum og þess vegna væri óverjandi að leyfa reykingasvæði. Hið rétta er að mælingin sem um ræðir var gerð á reyksvæði en ekki reyklausu svæði. Núna hefur þessari fullyrðingu einfaldlega verið hent út úr greinargerðinni en þess ekki getið í henni, heldur hún bara lögð skammlaust fram án þess að menn blikni eða bláni.

Það sama má segja um þá staðhæfingu að óbeinn tóbaksreykur auki líkur á að fá astma um 40–60% og ég vís-

aði til áðan. Hún var studd með tilvísun í rannsókn sem varðaði einungis áhrif reyks á astmasjúklinga en fjallaði ekkert um það hvort reykurinn gæti valdið astma. Nú hefur Lýðheilsustöð skipt um heimild án þess að geta þess sérstaklega hvers vegna í ósköpunum það var gert. Í þetta sinn er vísað í ritgerð sem styður fullyrðinguna. Hins vegar er ekki tekið fram að niðurstaðan um 40–60% auknar líkur er aðeins ágiskun sem byggð er á mjög ólíkum niðurstöðum þriggja rannsókna. Sjálfir höfundar þessarar ritgerðar — og takið nú eftir — sjá líka ástæðu til að gera fyrirvara við niðurstöðuna sem Lýðheilsustöð minnist heldur ekkert á. Hvers vegna ekki? Það er vegna þess að Lýðheilsustöð og tóbaksvarnaráð voru búin að ákveða fyrir fram hvaða tillögur þau ætluðu að leggja fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra og þeim var síðan alveg nákvæmlega sama hvernig þau rökstyddu þá niðurstöðu sína. Þau hafa farið rangt með niðurstöður einstakra rannsókna og dregið rangar ályktanir. Þetta eru svo margar rangfærslur sem fram koma í greinargerðinni að ég get ekki farið yfir þær allar í minni stuttu ræðu. Ég mun hins vegar gera það við 2. umr. þótt ég þurfi að standa hér tímunum saman til þess. Það sem er kannski það versta er að fyrir liggur rannsókn, viðamesta rannsóknin á tengslum óbeinna reykinga og lungnakrabbameins sem gerð hefur verið — hún var gerð árið 1998 af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni — og ekkert er vikið að henni í greinargerðinni. Ekki einu orði. Af hverju skyldi það nú vera? Vegna þess að rannsóknin á tengslum óbeinna reykinga og lungnakrabbameins hefur ekki leitt í ljós vísbendingar um að um tengsl sé að ræða. Um þetta birtist frétt í Morgunblaðinu 12. mars 1998 og einnig í The Guardian. Rannsóknin var gerð á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og segir að þetta sé ein umfangsmesta rannsókn sem gerð hefur verið á tengslum óbeinna reykinga og lungnakrabbameins og að sérfræðingar og baráttuhópar hafi beðið eftir henni með óþreyju.

Af hverju er ekkert á þetta minnst? Við vitum náttúrlega að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin fór ekki út í þessa rannsókn til að komast að þessari niðurstöðu. Hún ætlaði sér að komast að allt annarri niðurstöðu. Kannski kom á óvart að rannsóknin leiddi í ljós að börn reykingamanna eru ekki í meiri hættu en börn þeirra sem ekki reykja. Það er önnur merkileg niðurstaða í þessari rannsókn. Niðurstöðunum er haldið leyndum vegna þess að þær eru óþægilegar fyrir málstaðinn. En hvers vegna í ósköpunum er ekkert vikið að þessu í greinargerð með frumvarpinu? Þetta er viðamesta rannsóknin sem gerð hefur verið á þessu efni.

Ég er ekki að setja mig í eitthvert dómarasæti í þessu máli. Ég er ekki sérfræðingur á þessu sviði, ég vísa bara til þeirra vinnubragða sem ástunduð hafa verið við vinnslu þessa frumvarps og ég tel að séu ekki sæmandi hinu háa Alþingi.

Ég tel, frú forseti, að þegar menn leggja í svona leiðangur verði menn að gæta sín á því að misnota ekki vísindin til að þjóna einhverjum pólitískum rétttrúnaði eða áhugamálum sínum. Við þekkjum það, Íslendingar, að ýmis samtök hafa reynt að gera það til að ná fram markmiðum sínum, eins og t.d. þeir sem vilja friða hvalinn. Ég geri þá kröfu þegar menn leggja fram frumvörp eins og þessi sem kveða á um skerðingu á athafnafrelsi og eignarrétti að svona vinnubrögð séu ekki viðhöfð, sérstaklega ekki af opinberum aðila.

[17:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Sú ræða sem hv. þingmaður flutti hér var með ólíkindum. Vísindin eru að hjálpa okkur til að sjá og fá rétta mynd af náttúrunni. Vísindin eiga að gefa okkur rétta mynd af náttúrunni. Það er afskaplega mikilvægt að menn geti treyst þeim rannsóknum og því sem gert er þannig að við vitum hvernig náttúran lítur út og hvernig hlutirnir líta út.

Hv. þingmaður sagði dæmi af einni af fjöldamörgum rannsóknum varðandi tengsl astma og reykinga sem hafa verið gerðar bara á astmasjúklingum. Ég hjó eftir því. Ef þetta er rétt sem hv. þingmaður segir stöndum við hér frammi fyrir óskaplega erfiðu vandamáli. Getum við yfirleitt treyst því sem kemur frá ráðuneytum eða vísindamönnum? Ég skora á hv. nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar að kalla til vísindamenn þessa lands þannig að við getum treyst því að það sem er lagt fram sé rétt. Annars erum við á afskaplega hálum ís. Nú hef ég enga ástæðu til að rengja hv. þingmann í þessu. En annaðhvort er það sem hann segir rétt eða það sem ráðuneytið segir. Ég vil bara fá úr því skorið áður en ég get tekið afstöðu til þessa máls, absalútt. Þetta er tilvísun í vísindi og vísindamenn og ég vil að þær upplýsingar séu réttar.

[17:31]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni. Við verðum að treysta því sem frá ráðuneytinu kemur og frá þeim vísindamönnum svokölluðu sem undirbjuggu þetta lagafrumvarp. Það er rétt sem hv. þingmaður segir. Ég tók það fram að í greinargerð með frumvarpi hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og fleiri stendur að sýnt hafi verið fram á að þeir sem verða „fyrir tóbaksreyk heima eða í vinnunni séu í 40–60% meiri hættu á að fá astma“ en aðrir. En rannsóknin sem vitnað var til í þessu sambandi var um áhrif óbeinna reykinga á astmasjúklinga sem er allt annað en haldið er fram í greinargerðinni. Þessari athugasemd var síðan komið á framfæri við ráðuneytið áður en ráðherrann lagði málið fram á þingi.

Hvað gerðist? Greinargerðin er gerð að fylgiskjali með frumvarpinu. Lýðheilsustöð, sem er höfundur að greinargerðinni, skiptir um heimild án þess að geta þess af hverju það var gert. Og það sem er jafnvel enn alvarlegra er að eftir lagfæringarnar svokölluðu er ekki tekið fram að niðurstaðan um 40–60% auknar líkur sé aðeins ágiskun. Það er heldur ekki tekið fram að höfundar þeirrar ritgerðar sem vísað er til gerðu fyrirvara um niðurstöðuna sem Lýðheilsustöð minnist ekkert á. Hún beitir fullyrðingum þrátt fyrir að höfundarnir sjálfir hafi gert fyrirvara. Það eru þessi vinnubrögð sem ég gagnrýni hér. Ég tel að þetta sé málefnaleg gagnrýni og ég hlýt að krefjast svara frá hæstv. heilbrigðisráðherra: Hvers vegna var staðið svona að samningu þessa frumvarps og þessarar greinargerðar? Ég er hræddur um að (Forseti hringir.) starfsmenn ýmissa annarra opinberra stofnana hefðu þurft að svara fyrir (Forseti hringir.) svona

vinnubrögð eins og Lýðheilsustöð viðhafði.

[17:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er kannski merkileg tilviljun að undanfarnar vikur hef ég lesið í fréttum um óskaplegan skandal hjá kóreskum vísindamanni sem falsaði niðurstöður og hjá norskum vísindamanni sem gerði hið sama. Af hverju eru menn hneykslaðir á þessu? Vegna þess að þessir menn fölsuðu mynd okkar af veröldinni. Þeir fölsuðu mynd okkar af raunveruleikanum og því sem við ætlumst til að vísindamenn geri.

Þess vegna endurtek ég að ef minnsti vafi leikur á um þessar niðurstöður og það sem hv. þingmaður nefnir verður hv. heilbrigðis- og tryggingaefnd sem ég nú sit í að fá þetta mál til umsagnar og hún verður að fá færustu vísindamenn innan lands og utan til að staðfesta það sem hér er rætt um, eða hafna því, þannig að við setjum ekki lög á grundvelli rangra upplýsinga.

[17:35]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að hv. heilbrigðis- og tryggingaefnd taki þessi mál til alvarlegrar skoðunar. Þetta eru ekki einu rangfærslurnar í þessari greinargerð. Þetta er ekki í eina skiptið sem farið er mjög frjálslega með staðreyndir og niðurstöður rannsókna.

Þetta eru náttúrlega atriði sem þeir sem semja þetta frumvarp verða að svara fyrir. Það er ábyrgðarhluti að halda fram röngum upplýsingum í greinargerð til að ná fram markmiðum sínum. Það er ekki síður athyglisvert og ámælisvert að víkja ekki að rannsóknum sem leiða til annarra niðurstaðna, eins og þessari niðurstöðu frá 1998, viðamestu rannsókninni á þessu sviði. Af hverju í ósköpunum er ekki vísað til hennar í þessari umfjöllun? Ég held að hv. þingmaður sem á sæti í heilbrigðis- og tryggingaefnd ætti að spyrja þá sem til svara verða (Forseti hringir.) þegar þar að kemur í hv. nefnd.

[17:36]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson notaði lungann af tíma sínum í þessum ræðustóli til að gagnrýna vinnubrögð ráðuneytisins við frumvarpið, eins og hann kallaði það, og greinargerð Lýðheilsustöðvar, m.a. að ekki hefði verið rétt vísað til heimilda eða að niðurstöður tilteknina rannsókna hefðu ekki verið rétt greindar.

Það sem mér leikur forvitni á að vita er hvort hv. þingmaður efist í sjálfu sér um skaðsemi reykinga, hvort sem er beinna eða óbeinna, minnug þess að meginefni frumvarpsins er jú vinnuverndarsjónarmið, með tilliti til þeirra sem þurfa að vinna við og þola afleiðingar óbeinna reykinga. Byggja athugasemdir hans líka og andstaða við frumvarpið á því að hann rengi, í bága við allar upplýsingar sem við höfum frá heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisvísindum almennt, að óbeinar reykingar geti haft skaðleg heilsufarsleg áhrif?

[17:38]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég efast ekkert um skaðsemi reykinga. Það hvarflar ekki að mér að efast um að reykingar séu heilsuspillandi, og reyki sjálfur ekki. Ástæðan fyrir því að ég kem hingað upp og vek athygli á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið er að þau ganga gjörsamlega fram af mér. Hins vegar er það þannig að þeir vísindamenn sem stóðu að rannsókninni á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar setja ákveðna fyrirvara við tengsl lungnakrabbameins og óbeinna reykinga. Það kemur fram í þessari rannsókn sem ég er með hérna. Ég hlýt að furða mig á því hvers vegna í ósköpunum heilbrigðisráðuneytið og Lýðheilsustöð víkja ekki að þessari rannsókn í greinargerð. Hvorki í greinargerð Lýðheilsustöðvar né þeirri sem fylgir frumvarpinu er vikið að henni. Þó svo að menn hafi reynt að stinga þessari rannsókn undir stól er það engin afsökun og getur aldrei verið vegna þess að af henni hafa verið fluttar fréttir og ég veit ekki betur en að ráðuneytisstjórinn í heilbrigðisráðuneytinu sé einn af framkvæmdastjórum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Okkar helstu svokölluðu sérfræðingum á þessu sviði átti að vera vel kunnugt um að þessi rannsókn lægi fyrir.

Þetta er bara svona. Ég endurspegla það sem kemur fram í rannsókn á þessu máli. Þetta varðar ekkert mína skoðun. Ég held því ekkert fram prívat og persónulega, enda hef ég enga þekkingu á því hvort afleiðingarnar séu þær sem segir í greinargerð Lýðheilsustöðvar. (Forseti hringir.) En miðað við þær rangfærslur sem koma þar fram (Forseti hringir.) efast ég um það.

[17:40]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður hefur kveðið upp úr með að hann dregur í rauninni ekki í efa niðurstöður stærsta hluta þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið á skaðsemi óbeinna reykinga. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður dregur ekki í efa að óbeinar reykingar hafi skaðleg heilsufarsleg áhrif. Sá er kannski mergurinn málsins.

Þrátt fyrir að benda megi á eina tiltekna rannsókn, eina tiltekna heimild sem frumvarpið nefnir, tel ég ekki að ekki sé rétt greint frá niðurstöðum rannsókna. Úr því að bent er á eina rannsókn sem ekki er getið í frumvarpinu minni ég á að í greinargerð með þessu frumvarpi er fjöldinn allur af öðrum heimildum sem ekki hafa verið dregnar í efa og allar ber að sama brunni.

[17:41]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að biðja hv. þingmann að draga ekki of víðtækar ályktanir af því sem ég segi. Ég var bara að undirstrika að niðurstaða viðamestu rannsóknar um tengsl lungnakrabbameins og óbeinna reykinga er í andstöðu við þær rannsóknir sem tilteknar eru í greinargerð með frumvarpinu. Það er ekki samhljómur með henni og ýmsum fullyrðingum sem fram koma í frumvarpinu. Ég hlýt að spyrja hv. þingmann að því — hún getur komið svarinu að í andsvari eða ræðu sinni — hvort hún sé sátt við þær fullyrðingar sem fram koma í bæði greinargerð Lýðheilsustöðvar og

greinargerð með frumvarpinu. Kviknar ekki á einhverjum viðvörunarbjöllum af þeim dæmum sem ég hef hér nefnt og hvernig haldið hefur verið á málum (Forseti hringir.) þegar menn draga ályktanir af (Forseti hringir.) þeim niðurstöðum sem vísað er til?

[17:42]

Sæunn Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur ítrekað rætt hér eina rannsókn frá 1998. Þá finnst mér merkilegt að hann hafi ekki dregið fram í umræðu um þá rannsókn fréttatilkynningu sem WHO, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, sá sig knúna til að senda út. Tóbaksiðnaðarfyrirtæki notaði ásamt andstæðingum tóbaksvarna þessa rannsókn ítrekað í þeirri viðleitni sinni að grafa undan tóbaksvörnum, sérstaklega aðgerðum tengdum reyklausum veitinga- og skemmtistöðum. Ég vil, með leyfi forseta, vitna hér í fréttatilkynninguna sem ég bið þingmanninn að kynna sér. Þar kemur fram að rannsóknirnar hefðu verið rangtúlkaðar og að þarna hefði einmitt komið fram að líkur á lungnakrabbameini ykjust um 16% hjá reyklausum ef makar þeirra reyktu og að ætla mætti að aukningin væri um 17% hjá þeim sem búa við óbeinar reykingar á vinnustað.

Ef ég vitna hér síðar í fréttatilkynninguna er haft eftir forstjóra krabbameinsrannsóknastofnunar WHO að þau séu stolt af þeim vísindalegu rannsóknum sem þessi stofnun hafi staðið að og hafi miklar áhyggjur af röngum og villandi yfirlýsingum sem nýlega hafi komið fram í fjölmiðlum. Það var einmitt engin tilviljun að þessar röngu upplýsingar og ályktanir sem dregnar voru af rannsókninni voru dregnar fram í umræðum fyrir reyklausa daginn í Bretlandi og um það leyti sem áformað var að gefa út skýrslu bresku vísindanefndarinnar um tóbak og áhrif þess á heilbrigði.

Mér finnst rétt, úr því að svo mikið er búið er að vitna í þessa rannsókn, að þetta sé þá dregið hér fram því að þvert á móti bar niðurstöður þessarar rannsóknar að sama brunni og allar aðrar rannsóknir sem vitnað hefur verið til í umræðunni og í greinargerðinni með frumvarpinu.

[17:44]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skora á hv. heilbrigðisnefnd að fá bara tölfræðing til fundar við nefndina til að fara yfir niðurstöður þessarar rannsóknar. Við vitum hvernig svona rannsóknir eru, tilteknir kvarðar eru lagðir til grundvallar um það hvort einhver tiltekin áhætta sé af afleiðingum við tilteknar aðstæður, í þessu tilviki óbeinar reykingar og lungnakrabbamein.

Hver var niðurstaðan af þessari rannsókn? Hún var sú að áhættufaktorinn var 1,2 en öryggisbilið fór niður fyrir 1 sem þýðir að í einhverjum tilvikum var aukin áhætta en í einhverjum tilvikum voru áhrifin engin, eða þveröfug. Þetta stendur allt hérna í rannsókninni. Ég hef leitað til tölfræðinga til að fá þá til að skýra þetta út fyrir mér, og þetta er alveg kristaltært. Þetta er málið við þessa WHO-rannsókn. Þetta kemur reyndar fram í niðurstöðu á bls. 1.

Ég hlýt að vekja athygli á því að hv. þingmaður, sem jafnframt er aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, nefnir að ég hafi dregið fram einhverja eina rannsókn. Við erum ekkert að tala um bara einhverja rannsókn sem gerð var úti í bæ. Við erum að tala um rannsókn sem er sú viðamesta sem gerð hefur verið á þessu sviði og er gerð af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Hins vegar var reynt að stinga henni undir stól vegna þess að niðurstöður hennar voru ekki í samræmi við væntingar þeirra sem að henni stóðu. Ef fjölmiðlamenn og blaðamenn hefðu ekki komist á snoðir um hana vissum við ekki um hana og værum ekki að ræða hana hér. Það er nú kannski í samræmi við þann málflutning sem (Forseti hringir.) uppi hefur verið í málum eins og þessum.

[17:46]

Sæunn Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mundi sannarlega fagna því að heilbrigðis- og tryggingamálanefnd færi yfir þá greinargerð sem liggur fyrir, sem hún að sjálfsögðu mun gera, og vonandi fær þetta mál þinglega meðferð. Ég er viss um að fulltrúar allra heilbrigðisstétta, landlæknir, Lýðheilsustöð, helstu sérfræðingar okkar á þessu sviði og tölfræðingar ef með þarf, eru tilbúnir til að koma á fundinn og meta þær fjölmörgu rannsóknir sem fyrir liggja. Ég held að mönnum geti borið saman um það, þegar litið er á allar rannsóknir samanteknar, að öll rök hníga að því og niðurstöður benda til þess að óbeinar reykingar hafi skaðleg áhrif. Það er auðvitað meginmálið.

[17:47]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott að hv. þingmaður ætlar að mælast til þess að fengnir verði sérfræðingar til nefndarinnar til að fara yfir málið. En ég minni aftur á að þetta er viðamesta rannsóknin sem gerð hefur verið á þessum hlutum. Það er ekki hægt að koma hér upp og segja: Já, en það er fullt af öðrum rannsóknum sem sýna allt annað. Þetta er viðamesta rannsóknin. Hún stóð í tíu ár og var gerð í sjö Evrópulöndum, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu, Portúgal, Spáni og Svíþjóð, og náði til 650 sjúklinga og 1.500 einstaklinga. Ég hlýt að spyrja: Það hlýtur að vekja athygli og tortryggni að í greinargerð Lýðheilsustöðvar eru 74 neðanmálsgreinar, vísað er í 74 skrif um þessi mál en af hverju í ósköpunum (Forseti hringir.) var þessari rannsókn sleppt? Af hverju í ósköpunum? (Forseti hringir.) Liggur það ekki í augum uppi?

[17:48]

Útbýting:

Íbúatölur, 426. mál, svar félmrh., þskj. 710.
Úrskurðarnefndir, 399. mál, svar forsrh., þskj. 712.

[17:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þetta þingmál, um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, er komið fram. Eins og fram hefur komið í umræðunni var ég einn af meðflutningsmönnum hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur þegar málið var lagt fram á síðasta þingi og er ég mikill fylgismaður þess að þessar lagabreytingar nái fram að ganga.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra eru markmiðin

vinnuverndarsjónarmið, einnig að minnka reykingar og að sjálfsögðu að forðast óbeinar reykingar. Þó svo að endurbætt greinargerð komi með þessu frumvarpi finnst mér engin ástæða til að nota það sem einhver rök gegn málinu. Það sýnir bara að verið er að bæta vinnubrögðin og ég fagna því. Ástæðulaust er að gera málið eitthvað tortryggilegt hvað það varðar, sérstaklega af fólki sem er sannfært um og efast ekki um að reykingar séu skaðsamar, eins og hv. þingmaður sem talaði á undan mér sem reyndi að finna málinu allt til foráttu þrátt fyrir að vera sannfærður um að reykingar og óbeinar reykingar séu skaðlegar.

Auðvitað vitum við, og það sýnir sig í öllum þeim 74 tilvísunum sem eru með frumvarpinu, að fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á það og komið fram með mjög alvarlegar upplýsingar um það hve óbeinar reykingar eru skaðlegar heilsu þeirra sem fyrir þeim verða. Þær eru hættulegri heilsunni en reykingar eru reykingamanninum sjálfum. Í ljósi þess er óviðunandi að starfsmenn veitinga- og skemmtistaða líði vegna óbeinna reykinga því að þeir eru ein fárra stétta sem ekki fær vernd í tóbakslögunum og vinnuverndarlögunum eins og þau eru í dag. Þetta starfsfólk býr við það í vinnu sinni að anda að sér reykmenguðu lofti þótt það sé sannað að það valdi óþægindum, sjúkdómum og jafnvel dauðsföllum. Rannsóknir sýna að fólk sem vinnur á vínveitingabar en reykir ekki er með svipaða þéttni nikótíns í blóði og fólk sem reykir daglega.

Ef skoðaðar eru rannsóknir þar sem könnuð hafa verið tengsl lungnakrabbameins og þess að vinna á veitinga- og skemmistað kemur í ljós að fólk sem vinnur á veitingahúsum er í allt að 50% meiri hættu á að fá lungnakrabbamein en aðrir. Ófædd börn verða fyrir óbeinum reykingum ef reykt er umhverfis þungaða móður og eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu og hefur reyndar komið mjög fram í umræðunni um þessi mál eru afleiðingarnar lítil fæðingarþyngd og fyrirburafæðing, sem er mun algengari ef móðir hefur orðið fyrir óbeinum reykingum á meðgöngu og hættan eykst eftir því sem óbeinu reykingarnar eru meiri. Einnig hefur verið bent á að vöggudauði sé algengari ef barn verður fyrir óbeinum reykingum. Þess vegna fagna ég því að við getum snúið hér vörn í sókn og barist gegn þessum afleiðingum, sem vitað er að eru af óbeinum reykingum, með því að samþykkja þetta þingmál.

Í tóbaksreyk eru nokkur þúsund efni og efnasambönd. Uppruni þeirra er margvíslegur. Þetta eru efni úr tóbaksjurtinni sjálfri, efni notuð við ræktun hennar, t.d. skordýraeitursleifar, efni notuð við vinnslu plöntunnar, t.d. klórsambönd, og efni notuð til að auka fíknaráhrif nikótíns, t.d. ammoníak. Fjölmörg þessara efna eru hættuleg heilsu manna, þar á meðal eru tugir krabbameinsvaldandi efna.

Þegar sígaretta eða annað tóbak brennur verða til tvær tegundir reyks, annars vegar reykurinn sem reykingamenn sjúga að sér, kallað meginreykur, og hins vegar reykurinn sem myndast þegar tóbakið brennur sjálft, hliðarreykur. Reykurinn sem reykingamenn sjúga að sér verður til við tiltölulega fullkominn bruna, eða yfir 600°C og inniheldur minna af skaðlegum efnum fyrir vikið. Reykurinn sem myndast þegar tóbakið brennur sjálft myndast hins vegar við ófullkominn bruna svokallaðan, eða u.þ.b. 350°C, og inniheldur því meira af skaðlegum efnum. Meiri hluti hverrar sígarettu brennur upp án sogs og myndar hættulegri reykinn. Reykmengun sem myndast þar sem reykt er innan húss, t.d. á veitinga- og skemmtistöðum, verður því til að meiri hluta úr hinum hættulegri hliðarreyk.

Ég tel að við verðum að hafa þetta í huga og það er alls ekki viðunandi að við bjóðum fólki sem starfar á veitingahúsum upp á það að vinna við þessar aðstæður. Fyrir utan það tel ég persónulega ekki heldur boðlegt að gestir á veitingahúsum þurfi að búa við þessa loftmengun og þessi hættulegu efni inni á veitingastað ef menn ætla að fá sér veitingar þar.

Við höfum verið í fararbroddi í heiminum í lagasetningu á forvörnum á sviði tóbaksvarna og höfum gott orð á okkur víða um lönd vegna þess og litið hefur verið til okkar hvað varðar tóbaksvarnir. Því tel ég tímabært, og það fyrir þó nokkru síðan, að við förum að dæmi þeirra þjóða sem þegar hafa bannað reykingar á veitingastöðum. Eins og kemur reyndar fram í þingskjalinu er talið upp hvaða þjóðir hafa þegar bannað reykingar á þennan hátt. Fyrstir voru Bandaríkjamenn eða Kalifórníuríki árið 1994, síðan kom New York-borg í kjölfarið og lögin þar tóku gildi í mars 2003. Kanadamenn hafa farið sömu leið og víða í Kanada hefur algerlega verið bannað að reykja á veitinga- og skemmtistöðum. Írar og Norðmenn hafa bannað reykingar á veitinga- og skemmtistöðum hjá sér. Sömuleiðis hafa menn einnig tekið á því að ekki sé reykt beint fyrir utan hús, t.d. í Noregi. Tel ég það vera til mikillar fyrirmyndar hvernig menn hafa staðið að þessum málum þar. Svíar hafa einnig bannað reykingar í öllum húsakynnum þar sem matur og drykkur er framreiddur. Þeir hafa reyndar komið á reykherbergjum þar sem menn geta staðið undir reykháfi og reykt upp í hann. Ég verð að segja að mér finnst það ömurleg sjón að sjá reykingafólk standa undir þessum reykháfum til að reykja, aflokað eins og dýr í búrum.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta frumvarp löngu tímabært. Mig langar aðeins að nefna í sambandi við þessa umræðu að í þingskjalinu er umsögn um frumvarpið frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins þar sem segir að megintilgangur þess sé að afnema undanþágur sem nú eru í 2. mgr. 9. gr. laga um tóbaksvarnir. Síðan segir:

„Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum."

Ég er alveg sannfærð um að ef þetta frumvarp verður að lögum muni það til langs tíma frekar hafa jákvæð áhrif á útgjöld ríkissjóðs heldur en hitt, því það mun án efa minnka útgjöld heilbrigðiskerfisins vegna hinna ýmsu sjúkdóma sem reykingar og óbeinar reykingar valda. Við vitum að það er ekki bara lungnakrabbamein eins og mikið var gert úr hér. Miklu fleiri sjúkdómar eru afleiðing óbeinna reykinga, t.d. hjarta- og æðasjúkdómar, ýmis einkenni hjartasjúkdóma verða verri. Hjá astmasjúklingum verða astmaköstin oftar, berkjubólga versnar, heilablóðfall getur verið afleiðing af óbeinum reykingum. Það eru áhrifin á meðgöngu barna, eins og ég benti á áðan, og ýmis áhrif á börn eins og eyrnabólgur, sýkingar í öndunarfærum, astmaköst hjá þeim börnum sem eru með astma o.s.frv. Síðan er náttúrlega eins og við vitum öndunarerfiðleikar, ógleði, óþægindi í öndunarfærum, höfuðverkur, hósti, sviði í augum o.s.frv.

Ég starfaði í allmörg ár á skemmtistað þar sem var mikið reykt og það var mikil vanlíðan eftir þá vinnu þegar maður kom heim á kvöldin. Ég reykti ekki sjálf en þurfti að búa við óbeinar reykingar í vinnunni. Sama átti auðvitað við þegar reykingar voru leyfðar í flugvélum, í því lokaða rými. Það hafði veruleg áhrif á þá sem ferðuðust og þá sem unnu við það. Að maður tali nú ekki um reykingar í langferðabifreiðum sem urðu þess yfirleitt valdandi að fólk varð bílveikt, börn urðu veik o.s.frv. Sem betur fer er búið að banna allt slíkt. Þetta er bara gamaldags og á auðvitað alls ekki að líðast.

Varðandi alla þá gagnrýni sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson var með áðan, þá furða ég mig á málflutningi hans og velti fyrir mér hvað honum gangi til með að gera þau rök sem koma fram í greinargerðinni tortryggileg vegna einhverra tilvísana sem ekki gangi upp. Langflestar rannsóknir sýna fram á skaðsemi reykinga, sem þingmaðurinn efaðist reyndar ekkert um sjálfur. Ég get því ekki séð annað en að þetta sé hið besta mál. Ég mun koma að vinnu þess í heilbrigðis- og trygginganefnd og auðvitað köllum við alla til sem þarf að kalla til. Ég ætla ekki að verja þá sem falsa niðurstöður, enda finnst mér þetta mál ekki snúast um það. Við sem höfum verið að kynna okkur þessi mál, um tóbaksreykingarnar og þessa lagasetningu til að minnka áhrif reykinga og koma í veg fyrir reykingar, vitum að tóbaksfyrirtækin hafa beitt öllum brögðum til að koma áróðri sínum á framfæri og eru með fjölda manns í vinnu við það. Maður hefur séð hvernig þeir hafa beitt sér t.d. í þriðja heiminum, núna þegar hinar upplýstari þjóðir eins og vestrænu löndin hafa gert sér grein fyrir hversu skaðsemi reykinga er mikil þá hafa þeir beint markaðssetningu sinni á önnur mið.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína lengri. Ég er mjög mikill fylgismaður þessarar lagabreytingar og mun auðvitað leggja mitt af mörkum til að hún nái fram að ganga, sem ég vona að verði. Ég vil að við Íslendingar verðum á sama róli og Norðurlandabúar hvað þetta varðar og treysti því að reykingabannið á veitingastöðum verði orðið að veruleika ekki seinna en 1. júní 2007 eins og getið í frumvarpinu en hefði gjarnan viljað sjá þessa lagabreytingu verða fyrr.

[18:03]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um tóbaksvarnir. Í frumvarpinu er lagt til að 2. mgr. 9. gr. laganna verði felld úr gildi eða felld úr lögunum. En 9. g. laganna tilheyrir III. kafla laganna um takmörkun á tóbaksreykingum. Í 1. mgr. 9. gr. er kveðið á um að tóbaksreykingar séu óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka svo sem á veitinga- og skemmtistöðum og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, þar með talið íþrótta- og tómstundastarf. 2. mgr. 9. gr. er undanþága frá hinni almennu reglu um bann við reykingum í almennu rými þar sem fólk er að störfum eða í frístundatilgangi. Undanþágan felur í sér að reykingar eru heimilaðar á veitinga- og skemmtistöðum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um afmörkun svæðis og loftræstingu. Í frumvarpinu er lagt til að þessi undanþága falli út og reykingar á veitinga- og skemmtistöðum verði óheimilaðar.

Það verður að segjast eins og er að það hefur reynst afar erfitt að framfylgja þessu undanþáguákvæði um reykingar á veitinga- og skemmtistöðum. Frumvarp álíka efnis var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en þá var fyrsti flutningsmaður hv. þingmaður Siv Friðleifsdóttir. Það var ekki afgreitt en fékk mikla umræðu í samfélaginu og sýndist sitt hverjum. Helsta gagnrýnin sneri að því að með því að fella þetta ákvæði út væri verið að skerða ákvörðunarrétt eigenda veitinga- og skemmtistaða varðandi nýtingu á húsnæði sínu.

Mér var boðið að vera með á því frumvarpi sem hv. þingmaður Siv Friðleifsdóttir lagði fram á síðasta þingi, en ég þekktist það ekki þrátt fyrir að ég teldi fullgild heilbrigðisfræðileg rök fyrir því að ganga þetta skref. Ég taldi að veitingamenn, en það var mín afstaða, ættu að hafa ákveðið frumkvæði í þessum efnum og það hefur nú gerst. Nú liggur fyrir hver afstaða Samtaka ferðaþjónustunnar til málsins er en innan þeirra raða eru eigendur veitinga- og skemmtistaða. Í ályktun aðalfundar Samtaka ferðaþjónustunnar sem haldinn var 7. apríl 2005, um reykingabann á veitingastöðum, segir m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar haldinn 7. apríl 2005 samþykkir að ganga til viðræðna við stjórnvöld um að reykingar verði bannaðar á veitinga- og skemmtistöðum frá og með 1. júní 2007. Miklar breytingar hafa orðið síðustu árin á reykingavenjum fólks og tillitssemi aukist að mun. Hótel- og veitingamenn innan samtakanna hafa í fjölmörg ár unnið að því að reyklausum svæðum sé fjölgað og er svo komið að tugir veitingastaða eru alveg reyklausir og fjölmargir staðir til viðbótar leyfa ekki reykingar í matsölum. Miklar umræður hafa verið síðustu árin um starfsumhverfi þeirra sem vinna í reykmettuðu lofti og hafa nokkur lönd þess vegna bannað reykingar á veitingastöðum sem og öðrum vinnustöðum og önnur eru að íhuga það. Veitingamenn leggja ríka áherslu á að breytingar sem gerðar verða á lögum um tóbaksvarnir vegna þessa verði gerðar í samstarfi við greinina."

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér frá forsvarsmönnum samtakanna eru þau mjög fylgjandi því að þessi tillaga nái fram að ganga og þeir telja styrk í því að slíkt bann hafi stoð í lögum. Það er því ljóst að þessar breytingar á lögum um tóbaksvarnir eru gerðar í fullri þökk samtaka eigenda veitinga- og gistihúsa. Þessi afdráttarlausa afstaða veitingamanna sjálfra bendir ekki til að þeir hafi miklar áhyggjur af því að með samþykkt frumvarpsins sé vegið að eignarrétti þeirra eða umráðurétti yfir eigum þeirra, né að bann við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum ógni afkomu þeirra. Á það má benda að reynsla annarra þjóða bendir til að ótti manna um að aðsókn að veitinga- og skemmtistöðum minnki í kjölfar slíks banns, virðist vera ástæðulaus.

Virðulegi forseti. Markmið frumvarpsins er vinnuvernd starfsmanna með vísan til gildandi vinnuverndarlaga og tóbaksvarnarlaga og vernd almennings með vísan til hratt vaxandi fjölda vísindalegra sannana fyrir því að óbeinar reykingar valdi heilsuskaða og dauðsföllum. Ég get í raun orðað afstöðu mína til frumvarpsins með tilvísun í alkunna afstöðu frjálshyggjumanna sem er, að fólk hefur frelsi til athafna, að því marki að það skaði ekki aðra. Í bókstaflegri

merkingu í þessu samhengi nær frelsi fólks til reykinga að nefi þeirra sem er í umhverfi þess sem reykir. Þessi afstaða byggist fyrst og fremst á því að ég tel vera óyggjandi sannanir fyrir því að óbeinar reykingar leiði til skaða hjá öðrum. Fyrir því liggja margar rannsóknir sem m.a. er gerð grein fyrir í fylgiskjali með frumvarpinu. Það liggur fyrir að sígarettur innihalda mörg eiturefni sem losuð eru við reykingar. Þessi eiturefni berast ekki einungis í reykingamanninn sjálfan, heldur einnig til þeirra sem eru í nánasta umhverfi hans. Á heimasíðu Krabbameinsfélags Íslands sem ég kíkti á í dag var fyrir helgina sett inn frétt þess efnis að Kalifornífylki hefði nýlega skilgreint sígarettureyk sem eiturefni í umhverfi í flokki með dísilgufu. Og það segir nú nokkuð til um alvarleika þess sem þeir telja sígarettureyk vera.

Allir sem hafa verið í umhverfi þar sem reykingar eru viðhafðar hafa upplifað ertingu í augum, höfuðverk, hósta, særindi í hálsi og í alvarlegri tilvikum, svima og ógleði. Ég hygg að allir geti tekið undir þessa lýsingu. Jafnframt benda rannsóknir til að fullorðnir einstaklingar með astma finni fyrir aukinni andnauð þegar þeir eru í reykumhverfi. Hjartveikir geta fundið fyrir einkennum súrefnisskorts sem lýsir sér í minnkaðri súrefnismettun í blóði. Þá hefur verið sýnt fram á langtímaáhrif af óbeinum reykingum á heilsu fólks sem ef til vill er óþarfi að fara nánar í, svo alkunn er skaðsemi óbeinna reykinga. Þó vil ég benda á að vísindanefnd um reykingar og heilsu sem skipuð var af bresku ríkisstjórninni og falið var að taka saman yfirlit yfir rannsóknarniðurstöður á þessu sviði, komst að þeirri niðurstöðu að fólk sem ekki reykir en lifir í reykumhverfi, er í 25% meiri hættu að fá lungnakrabba og hjartasjúkdóma, auk þess sem auknar líkur eru á vöggudauða, öndunarsjúkdómum, sýkingum í miðeyra og astmatilvikum hjá börnum. Þessar niðurstöður nefndar sem skipuð var af bresku ríkisstjórninni hafa verið staðfestar af öðrum rannsóknaraðilum eftir að skýrsla nefndarinnar var gefin út.

Virðulegi forseti. Í fræðslupistli á vegum Krabbameinsfélags Reykjavíkur og tóbaksvarnarnefndar, segir t.d. eftirfarandi um skaðsemi reykinga, með leyfi forseta:

„Fjölmargar rannsóknir sýna fram á að óbeinar reykingar eru þekkt orsök lungnaskemmda og lungnakrabba hjá þeim sem ekki reykja og eru að öðru leyti með heilbrigð og eðlileg lungu. Þetta gerist til dæmis ef maki reykir eða ef fólk neyðist atvinnu sinnar vegna til að starfa í reykmettuðu umhverfi. Hvað varðar lungnakrabba er áhætta þeirra sem þurfa að þola óbeinar reykingar 30% meiri en þeirra sem anda að sér reyklausu lofti. Í mörgum könnunum er staðfest að því fleiri sígarettur sem makinn reykir daglega þeim mun meiri líkur eru á því að sá sem ekki reykir fái lungnakrabbamein. Bandarísk könnun sýnir fram á að reyklausir starfsmenn veitingahúsa eiga um 50% meiri líkur á að fá lungnakrabbamein en þeir sem ekki reykja og vinna í reyklausu umhverfi. Óbeinar reykingar eru þriðja algengasta þekkta orsök lungnakrabbameins. Í skýrslu landlæknis Bandaríkjanna um óbeinar reykingar er einfaldlega komist að eftirfarandi niðurstöðu: Óbeinar reykingar eru orsök sjúkdóma, þar á meðal lungnakrabbameina, hjá heilbrigðum einstaklingum sem ekki reykja."

Kristján Sigurðsson, yfirlæknir hjá Krabbameinsfélagi Íslands, segir m.a. í grein í Morgunblaðinu í mars á síðasta ári um reykingar á veitingastöðum, með leyfi forseta:

„Umræðan hér á landi snýst nú um skaðsemi óbeinna reykinga á veitingastöðum. Í því sambandi má benda á að nýjar rannsóknir gefa til kynna að fjögurra klukkustunda dvöl á reykmettuðu veitingahúsi hefur svipuð áhrif og óbeinar reykingar í heimahúsi í heilan mánuð. Vekur þetta óhjákvæmilega upp spurningar um heilsu þeirra sem vinna að staðaldri við slíkar aðstæður og eru niðurstöðurnar í hrópandi mótsögn við þá aðila sem telja þessa áhættu óverulega."

Til að setja þessar upplýsingar í samhengi við okkar umhverfi þá rifjaði ég upp í morgun að hinn vinsæli söngvari Haukur Morthens, benti á í viðtali stuttu fyrir andlát sitt að hann, maðurinn sem hafði aldrei reykt, var dauðvona af völdum lungnakrabbameins. Hann tengdi sjúkdóminn við það reykmettaða loft sem hann starfaði í árum saman við söngskemmtanir. Árið 1996 birtist minningargrein eftir Ómar Ragnarsson, fréttamann, um tónlistarmanninn Svavar Gests, þar sem hann benti á að á skömmum tíma hefðu fimm hljómlistarmenn látist af völdum þeirrar tegundar krabbameins sem í miklum meiri hluta tilfella er talið að megi rekja til reykinga, beinna eða óbeinna. Þetta voru hljómlistarmennirnir Stefán Jóhannsson, Haukur Morthens, Ingimar Eydal og hjónin Svavar Gests og Ellý Vilhjálms. Ekkert þeirra reykti en öll eiga það sammerkt að hafa unnið í reykjarsvælu skemmtistaða í áratugi.

Ég hafði í síðustu viku samband við dr. Hólmfríði Gunnarsdóttur, sem stundar m.a. rannsóknir á atvinnutengdum sjúkdómum hjá Vinnueftirliti ríkisins, til að leita upplýsinga hjá henni varðandi tengsl óbeinna reykinga og krabbameins, sérstaklega hjá þeim sem vinna á veitinga- og skemmtistöðum. Í svari hennar kom fram að enginn minnsti vafi væri meðal vísindamanna á að sterk tengsl eru milli reykinga og ýmissa krabbameina, svo sem krabbameina í öndunarfærum og blöðru. Þetta hefði verið bent á í fjölmörgum rannsóknum. Óbeinar reykingar eru einnig gífurlega hættulegar að hennar mati. Með beinni tilvitnun í hana í tölvupósti til mín sagði hún m.a.: „Þarna er enginn minnsti vafi og varla unnt að trúa því að einhverjir haldi öðru fram." Hólmfríður sendi mér tilvísun í stóra rannsókn sem gerð var með þátttöku allra Norðurlandaþjóðanna nema Íslendinga og birtist á árinu 1999, sem staðfesta marktækt aukna hættu þjóna og barþjóna að fá krabbamein sem tengja má reykingum í atvinnuumhverfi þeirra.

Eins og kemur fram í fylgiskjali með frumvarpinu hefur þróun í þá veru að banna reykingar á almannafæri og þar með á veitinga- og skemmtistöðum, verið hröð á síðustu árum. Mikil viðhorfsbreyting hefur verið meðal almennings víða um veröld gagnvart reykingum og umburðarlyndi gagnvart þeim minnkar, fyrst og fremst vegna aukinnar þekkingar fólks á skaðsemi óbeinna reykinga. Nú hafa jafnólíkar þjóðir sem Írar og Ítalir lögfest ákvæði um bann við reykingum á veitingastöðum og fregnir benda til að bannið hafi gengið eftir. Eitt af markmiðum með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er að hafa áhrif á reykingar Íslendinga. Það er ekki nokkur vafi á því að þeim sem reykja mun fækka eftir að þetta frumvarp verður að lögum. Það sýnir reynsla frá öðrum löndum. Það eitt og sér er ákjósan-

leg niðurstaða enda er heilbrigðiskostnaður ríkisins af völdum reykinga verulegur þó vissulega vegi tekjur hins opinbera af sölu á tóbaki að einhverju leyti á móti. Á það má benda að reykingamönnum hér á landi hefur fækkað á síðustu árum og nú er það svo að á árinu 1985 voru 31% kvenna sem reyktu. Árið 1995 er það komið niður í 27% og árið 2005 er það komið niður í 19%. Varðandi karla voru daglegar reykingar karla á árinu 1985 36%, rúmur þriðjungur, var komið niður í 27% árið 1995, og niður í 22% árið 2005. Ég held að það sé alveg ljóst að þessi vani er á undanhaldi og það er mikill minni hluti þjóðarinnar sem reykir að staðaldri.

Það má ljóst vera af orðum mínum nú að ég fagna því að þetta frumvarp er komið fram og ég styð það. Þeim fyrirvörum sem ég hafði á frumvarpinu fyrir ári síðan varðandi afstöðu veitingamanna, hefur núna verið aflétt en ég taldi að það væri mjög mikilvægt að þeir væru samþykkir því að fara þessa leið þannig að ekki kæmi þungi í umræðuna yfir að verið væri að taka af þeim yfirráðarétt yfir eignum þeirra. Ég hafði reyndar einhverjar hugmyndir um að slík afstaða gæti legið fyrir, en fyrst svo er ekki þá hlýt ég að telja nú hafi verið stigið yfir síðasta þröskuldinum og ég tel að þetta frumvarp ætti að geta náð að ganga fram. Auðvitað mun ég, eins og aðrir í heilbrigðis- og tryggingarnefnd, fara yfir frumvarpið og skoða þær athugasemdir sem hv. þingmaður Sigurður Kári Kristjánsson hafði hér fram að færa. En ég tel hins vegar, og það er sannfæring mín, að það séu algerlega óyggjandi vísindalegar sannanir fyrir því hve mikilli hættu fólki stafar af óbeinum reykingum og okkur beri skylda til að vernda þá sem vinna á veitinga- og skemmtistöðum fyrir slíkri hættu.

[18:17]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. ræðumanni Ástu Möller að vernda þarf þá fyrir tóbaksreyk sem vinna á veitingastöðum og þá sem þangað sækja sem reykja ekki og vilja ekki vera innan um tóbaksreyk. En að mínu mati felst í hinu fortakslausa banni sem hér er lagt fram mikið stjórnlyndi og áköf forsjárhyggja. Þar er of langt er gengið í einu skrefi þar sem ekki er lögð til leið sem nær sama marki, svo sem sænska leiðin þar sem áfram eru leyfð lokuð rými þar sem leyft er að reykja á skemmti- og veitingastöðum þar sem engin þjónusta er veitt o.s.frv. Það eru ýmsar leiðir að markmiðinu til að vernda þá sem ekki reykja fyrir tóbaksreyk, sem er sjálfsagt mál.

Fyrir þessu eru vissulega heilsufræðileg rök. En þó eru líklega ekki til jafnsterk heilsufræðileg rök fyrir neinu banni á nokkru vímuefni og áfengi sem rústar hundruðum fjölskyldna á Íslandi á hverju ári og kemur hundruðum manna, ef allt væri saman tekið, í gröfina á ári hverju, bara á Íslandi. Þannig mætti seilast langt út frá heilsufræðilegum rökum, sem vissulega eru til staðar í þessu máli. Það er sjálfsagt að vernda þá sem ekki reykja fyrir tóbaksreyk, að sjálfsögðu. Það þarf ekki að fara á bólakaf í sentímentalisma og upptalningu á látnu fólki til að sannfæra fólk um það.

En ég vildi spyrja hv. þingmann, sem kemur úr flokki hægri manna, hvort þetta sé ekki vandamál sem markaðurinn leysir sjálfur. Reyklausum veitingastöðum hefur fjölgað verulega upp á síðkastið. Þá sækir fjöldi fólks. Er það ekki markaðurinn sem leysir þetta sjálfur, hin ósýnlega hönd markaðarins sem leysir það ef veitingastaðir sem leyfa reykingar eða uppfylla ekki skilyrðin einfaldlega fá ekki kúnna?

[18:20]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú kallar hv. þingmaður þetta forsjárhyggju. Það mætti kannski með einhverjum rökum segja að í frumvarpinu sé keimur af því. Það var þess vegna að ég hikaði síðasta vor við að taka þátt í að samþykkja slíkt frumvarp. Mér fannst því skipta verulegu máli þegar veitingamenn sjálfir komu fram með þessa tillögu. Þeir eru samþykkir því að fara þessa leið. Og ekki nóg með það heldur telja þeir ákveðna festu í að lögleiða þetta. Þegar þeir sem málið varðar einna mest, sem hafa verið dregnir sterkast fram í rökstuðningi á móti slíkri tillögu, vilja fara þessa leið tel ég ekkert því til fyrirstöðu að fara að vilja þeirra. Þar liggur afstaða mín, eins og fram kom í ræðu minni áðan.

Varðandi vínandann þá mundi ég ekki alveg leggja það að jöfnu. Þegar hv. þingmaður reykir í nálægð við mig fer reykurinn í lungu mín en þegar hann drekkur hefur það engin áhrif á mig.

[18:21]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má lengi teygja þennan lopa. Það brýtur enginn rúðu í tóbaksæði, eins og ritstjóri nokkur sagði um árið þegar menn rökræddu um skaðsemi einstakra vímuefna. Það má lengi deila um það.

Að sjálfsögðu eru það engin rök gegn skaðsemi áfengis að það skaði ekki með sama hætti og tóbak. Auðvitað rústar það mörgum fjölskyldum og mörgum mannslífum. Allir vita ef hægt væri að færa heilsufræðileg rök fyrir einhverju fíkniefnabanni þá ætti það við um áfengið. Það vita allir. Þannig láta margir lífið á hverju ári og væri hægt að fara á bólakaf í bullandi sentímentalisma og nafnatalningar ef menn kærðu sig um það eða hefðu smekk fyrir því.

En ég kalla eftir því að ekki verði farin svo stíf stjórnlyndis- og forsjárhyggjuleið þar sem fortakslaust bann er lagt til. Mér þætti betra að fara leið sem ná mundi sama markmiði, þ.e. að þeir sem ekki reykja og ekki vilja vera í tóbaksreyk séu verndaðir fyrir honum. En um leið mundu menn virða eigna- og atvinnufrelsi manna til að koma saman og bjóða upp á slíkt ef allir þar eru upplýstir um skaðsemi reykinga og enginn þjónusta á sér stað í rýminu. Af hverju má ekki veitingamaður sem á húsið bjóða gestum sem það kjósa upp á að koma þar saman og reykja og gera hvað sem er annað, ef það skaðar ekki nokkurn annan mann eða enginn þjónusta er veitt á svæðinu, svo dæmi sé tekið? Það er hægt að fara miklu mildari leiðir til að ná markmiðinu fullkomlega. Það er ég alveg sannfærður um.

Auðvitað er sjálfsagt að banna reykingar í opnu rými þar t.d. tónlistarmenn spila, eins og vísað var mjög sterklega til áðan. Ég er undrandi að heyra hv. þm. Ástu Möller tala fyrir svo ákafri forsjárhyggju sem hér um ræðir. Trú

hennar á markaðinn virðist engin í þessu máli.

[18:23]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við svar mitt áðan að bæta enda var seinni ræða hv. þingmanns nánast endurtekning á fyrri ræðu hans. Ég sagði það reyndar áðan að afstaða veitingahúsaeigenda lægi fyrir. Hins vegar fyndist mér í lagi að skoða það ef þeir kæmu með tillögur, kæmu með slík sjónarmið, um einhverja undantekningu varðandi slík svæði þar sem fólk væri sannarlega sammála því að tilgangurinn með samkundunni væri reykingar fyrst og fremst. Ég á reyndar ekki von á því frá veitingamönnum. En það væri sjálfsagt að skoða það ef það kæmi fram.

Ég skil það svo að þeir hafi viljað fara þessa leið. Samþykkt á aðalfundi þeirra bendir til þess. Ég hef rekist á eina grein þar sem veitingamaður hefur komið fram með önnur sjónarmið. Hún birtist í síðustu viku. Ég get ekki skilið það öðruvísi en svo að veitingamenn séu almennt sammála um að fara þá leið sem lögð er til í þessu frumvarpi. Það skipti máli þegar ég tók afstöðu til frumvarpsins, þótt ég hafi, eins og ég sagði áðan, verið sannfærð um að heilsufarsleg rök væru gild til að fara þessa leið.

Ef þessi hugmynd kemur upp er sjálfsagt að skoða hana. Hvort það er meiri hluti á þinginu fyrir því er hins vegar annað mál.

[18:25]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að málið sem við ræðum um hér er afar mikilvægt. Það ber að fagna því sérstaklega að það skuli komið í umræðu á Alþingi. Að mínu mati er mikilvægt að það verði að lögum sem allra fyrst.

Á síðasta þingi fluttum við, sú er hér stendur og þingmennirnir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Jónína Bjartmarz og Þuríður Backman, frumvarp til laga um bann við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum. Það var sambærilegt við frumvarpið sem við ræðum hér í dag en átti að taka gildi ári fyrr en frumvarp hæstv. heilbrigðisráðherra. Það átti að taka gildi 1. maí 2006, í vor, en ekki 1. júní 2007, eftir rúmt ár. Núna færist allt aftur um eitt ár ef svo má segja.

Frumvarp okkar vakti mikla umræðu þegar það var lagt fram á síðasta þingi. Að mínu mati hefur sú umræða fært okkur nær því takmarki að hafa reyklausa veitinga- og skemmtistaði. Umræðan varð því til góðs. Á þessum tíma hafa t.d. Samtök ferðaþjónustunnar tekið allt annan pól í hæðina en þau gerðu á fyrri stigum, sem ég fagna sérstaklega.

Á sínum tíma töldu menn að reykingar væru hættulausar. Annað hefur aldeilis komið í ljós þótt sumir dragi enn í efa að bæði reykingar og óbeinar reykingar séu hættulegar. Það verður að segjast eins og er, að tóbaksfyrirtækin hafa verið dugleg við að halda uppi áróðri gegn öllum vísindalegum niðurstöðum um að reykingar séu hættulegar. Menn svífast einskis í þeim málatilbúnaði. Ljóst er að tóbaksfyrirtækin leggja mikla fjármuni í að hafa áhrif á þá sem móta almenningsálitið. Þau leggja mikið á sig til að halda því að fólki að reykingar séu flottar og nánast heilsusamlegar, sem er algjörlega fráleitt. Því miður einbeita tóbaksfyrirtækin sér nú að þróunarríkjunum þar sem menn eru fáfróðir og líklegri til að trúa ruglinu sem tóbaksfyrirtækin halda á lofti.

Það er nú búið að sýna með fjölda rannsókna að tóbaksreykingar eru mjög hættulegar og óbeinar reykingar eru líka hættulegar. Það hefur komið fram í fyrri ræðum að það að vera í fjóra tíma á reykfullum skemmtistað jafngildir því að búa við óbeinar reykingar í heimahúsi í mánuð. Þetta er ótrúlegt. Það að vera í fjóra tíma á skemmtistað er nokkuð sem flest okkar höfum reynt. Það er mjög gaman og allt það en það er hættulegt. Þetta er eins og að búa við óbeinar reykingar í heimahúsi í mánuð.

Það hefur mælst jafnhátt nikótínmagn í blóði fólks sem reykir ekki en vinnur á skemmtistöðum og í blóði fólks sem reykir. Það er ótrúlegt en svona er þetta. Hér hafa verið dregnar fram vísindarannsóknir sem segja að óbeinar reykingar séu ekki hættulegar. Ég vísa því á bug. Auðvitað er hægt að draga fram rannsóknir sem sýna hitt og þetta en flestar rannsóknir sýna að óbeinar reykingar eru hættulegar. Ég held að mjög fáir dragi það í efa. Þeir sem það gera eru á miklum villigötum.

Virðulegi forseti. Frumvarp þetta byggist á vinnuvernd, þ.e. að vernda þá sem starfa á veitinga- og skemmtistöðum. Megininntakið er ekki að gæta að þeim sem þangað koma til að njóta matar eða skemmtunar heldur er verið að hugsa um starfsfólkið sjálft.

Sumir spyrja: Af hverju getur þetta fólk ekki unnið annars staðar? Þá mætti alveg spyrja um aðra staði þar sem eru hættur, svo sem álver eða byggingarvinnu. Af hverju í ósköpunum að hafa einhverja vinnuvernd þar? Þetta fólk getur bara unnið annars staðar. Það á að vera skylda þeirra sem reka vinnustaði að búa eins vel að starfsfólki sínu og hægt er, án þess að í því felist einhver útópía. Þannig er einmitt 65. gr. vinnuverndarlaga. Þar kemur fram að atvinnurekanda beri að grípa til nauðsynlegra forvarna til að koma í veg fyrir mengun á vinnustað eða, sé þess ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt o.s.frv.

Í dag búa nánast allir við reykleysi á vinnustað nema þeir sem vinna á veitinga- og skemmtistöðum. Þar er undanþágan sem við ætlum að fella úr gildi. Mér skilst að um 5000 manns vinni á þessum stöðum. Þeir starfsmenn njóta ekki eðlilegrar vinnuverndar í dag.

Ég vil líka draga fram, virðulegur forseti, að Alþingi hefur samþykkt heilbrigðisáætlun. Frumvarp sem hér er flutt er í anda þeirrar áætlunar. Í þeirri áætlun er markmiðið að reyna að draga úr reykingum. Í dag reykja 20% Íslendinga. Það eru allt of margir. En gott og vel. Þetta eru 20%. Við viljum gjarna ná því niður fyrir 15% árið 2010. Tæplega 8% ungmenna 14–17 ára reykja í dag. Stefnan er að ná því niður fyrir 5% árið 2010. Þó þetta frumvarp sé vinnuverndarfrumvarp — við erum að hugsa um starfsfólkið — þá mun samþykkt þess samt hafa áhrif á reykingar almennt. Það hefur sýnt sig í öðrum ríkjum þar sem búið er að taka þetta skref að úr reykingum dregur almennt. Það hefur líka þau jákvæðu áhrif þó það sé ekki megininntak frumvarpsins. Þá hefur það þau jákvæðu óbeinu áhrif líka. Frumvarpið er því í anda heilbrigðisáætlunar.

Tónninn hjá Samtökum ferðaþjónustunnar hefur breyst

mjög verulega. Hv. þm. Ásta Möller dró það fram og notaði viðhorfsbreytingu þeirra sem rök fyrir því að styðja málið. Mér finnst mjög eðlilegt og gott að hv. þingmaður dregur það fram. Ég hefði reyndar stutt málið óháð því hvað Samtök ferðaþjónustunnar ályktaði og þegar frumvarpið kom fram hér frá mér og fleirum voru Samtök ferðaþjónustunnar ekki búin að ályktaði um þetta mál. Tónninn frá mörgum innan þeirra raða á sínum tíma þegar þetta frumvarp kom fyrst fram og fyrir þann tíma var eitthvað á þessa leið: „Þarf að stíga þetta skref? Það eru nú margir staðir reyklausir í dag. Fólk getur nú farið þangað. Það eru margir sem reykja. Eitthvert verða þeir að fara. Ef fólk hefði verið ákveðnara í að vilja ekki fara á reykfyllta staði hefði þetta nú gengið hraðar. Þá væri þetta nú allt reyklaust, er það ekki? Hingað koma margir túristar, ferðamenn, Japanir, Danir, Spánverjar og fleiri og þeir reykja mjög margir. Hvert á þetta fólk að fara? Af hverju má ekki bara auka eftirlit með núgildandi lögum? Er það ekki bara langeðlilegast?“ Þetta var tónninn. Þessi tónn hefur breyst. Ég tek ofan hattinn fyrir Samtökum ferðaþjónustunnar af því nú er tónninn þessi: „Jú, við teljum að þetta sé að koma. Þessi lög munu koma, þessi andi mun koma og hann er nú þegar kominn í mörgum öðrum ríkjum.“ Í Kaliforníu bönnuðu menn 1994. Það er mjög langt síðan, má segja. Þar bönnuðu menn reykingar á veitingastöðum. Svo útvíkkuðu þeir það til skemmtistaða líka 1998. Mörg fylki í Bandaríkjunum hafa stigið þetta skref. New York, skemmtiborgin New York tók þetta skref fyrir þremur árum og þar gengur glimrandi vel. Þar er að aukast stuðningur við bannið. Enginn tapaði, enginn í heildina. Einhverjir kannski töpuðu einhverju af sínum kúnnum. Aðrir fengu miklu fleiri kúnna o.s.frv. Í heildina var því ekkert tap í ferðaþjónustu og veitingaþjónustu.

Samtök ferðaþjónustunnar sjá að þessi lög munu koma. Það er eðlilegt að starfsfólk búi við hreint loft á sínum vinnustað. Samtök ferðaþjónustunnar, ímynda ég mér, vilja vera með í að móta þessa löggjöf og taka þetta skref. Samtök ferðaþjónustunnar eru ekki að biðja um reykherbergin sem hafa verið nefnd hérna. Af hverju biðja þau ekki um þessi reykherbergi? Er ekki frábært að bjóða upp á reykherbergi? Þá geta þeir sem reykja farið þangað og allir eru sáttir, er það ekki? Nei, Samtök ferðaþjónustunnar biðja ekki um þessi reykherbergi. Rökin sem hafa verið færð fyrir því að ekki er beðið um þau eru að líklega verða þau líka bönnuð í framtíðinni, líklega. Við vitum það nú reyndar ekki. En það er mjög líklegt af því að andinn er sá að menn eru farnir að sjá að hvað reykingar eru hættulegar. Það er andinn og þróunin. Nei, sjónarmiðið er aðallega samkeppnissjónarmið, þ.e. sumir veitingastaðirnir og skemmtistaðirnir eiga auðvelt með að setja upp reykherbergi, aðrir ekki. Því finnst þeim væntanlega betra að allir séu settir undir sama hattinn, þ.e. að hvergi megi reykja, ekki heldur í reykherbergjum og þá þurfi ekki að koma þeim einu sinni upp, að þetta sé bara mjög einfalt og ekki reykt á þessum stöðum. Andinn hefur breyst mjög mikið hjá Samtökum ferðaþjónustunnar og mjög til góðs.

Stéttarfélagið Efling ályktaði sérstaklega þegar frumvarpið kom fram í fyrra. Innan Eflingar eru margir sem vinna á veitingahúsum, skyndibitastöðum og hótelum. Stéttarfélagið Efling fagnaði frumvarpinu. Þeir segja, með leyfi forseta, í umsögn sinni:

„Stjórn Eflingar lýsir yfir einróma stuðningi við frumvarpið þar sem mjög mikilvæg vinnuvernd felst í því gagnvart hópum starfsmanna á veitingastöðum sem í dag verða fyrir heilsutjóni vegna óbeinna reykinga.“

Ég ætla ekki að þreyta þingmenn með því að lesa þetta allt, en stéttarfélagið Efling styður þetta frumvarp mitt. Ég vil líka nefna það að MATVÍS, Samtök matreiðslu- og veitingamanna, styður frumvarpið líka. Þeir vilja að það verði samþykkt svo félagsmenn þar njóti eðlilegrar vinnuverndar. Hjartavernd ályktar um þetta frumvarp. Gunnar Sigurðsson prófessor, formaður stjórnar Hjartaverndar, skrifar undir stuðning við frumvarpið. Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, skrifar undir ályktun frá félagi þeirra um stuðning við frumvarpið og það er dregið sérstaklega fram að virða beri rétt starfsmanna til þess að þurfa ekki að anda að sér lofti frá öðrum menguðu af tóbaksreyk. Læknafélag Íslands — Sigurbjörn Sveinsson formaður þess ritar undir — styður frumvarpið eindregið og telur engin málefnaleg rök fyrir því að þetta starfsfólk njóti lakari vinnuverndar en aðrir landsmenn.

Það er búið að vitna í nokkrar greinar sem hafa verið skrifaðar og ég vil gera það hér einnig. Ómar Ragnarsson, fréttamaður og skemmtikraftur, skrifar grein sem hann kallar Heimild til að drepa. Hún birtist í Morgunblaðinu 7. mars 2005. Þetta er tilvísun í James Bond, „Licence to Kill“ og hann kemur inn á það. Þar dregur hann það fram að kollegar hans sem hér voru nefndir, Haukur Morthens, Ingimar Eydal, Svavar Gests og Stefán Jóhannsson unnu á reykfylltum vinnustöðum. Þeir fengu — það er mjög erfitt að sanna það en það er mjög líklegt — þeir féllu fyrir hendi óbeinna reykinga, fengu krabbamein vegna óbeinna reykinga. Hann vitnar í viðtöl við þá, m.a. Hauk Morthens og Ingimar Eydal þar sem þeir voru báðir mjög ósáttir við að hafa veikst, ekki reykjandi sjálfir heldur að öllum líkindum vegna reykinga annarra. Haukur Morthens segir í þessu viðtali, sem var reyndar sjónvarpsviðtal, skilst mér, miðað við upplýsingar Ómars, að í pásunni kunni hann ekki heldur við að biðja þá sem spiluðu með sér að reykja ekki. Þá voru þeir að reykja þegar þeir voru að slappa af í pásunni. Hann var því í reyknum allan tímann.

Guðmundur Þorgeirsson skrifar ritstjórnargrein í 3. tölublað 91. árgangs Læknablaðsins árið 2005. Niðurstaða hans þar er mjög merkileg. Hann segir, með leyfi forseta:

„Árangur af reykingabanni á veitingastöðum hefur verið rannsakaður og í ljós hefur komið að slík aðgerð skilar mikilli heilsubót fyrir starfsfólk bæði í bráð og lengd. Hér er því ekki verið að fjalla um eitthvað óljóst og óskilgreint. Tóbaksreykur í andrúmslofti veitingastaða vegur þyngra sem heilsuspillir viðkomandi starfsfólks en flest það sem vinnueftirlitsstofnanir beina sjónum sínum að og vegur þyngst allra krabbameinsvalda í vinnuumhverfi.“

Svo segir síðar í greininni, með leyfi forseta:

„Ástandið eins og það er núna er hins vegar fullkomlega óverjandi og styðst ekki við nein haldbær rök eða raunverulega hagsmuni. Alþingi Íslendinga legði því þungt lóð á vogarskálarnar fyrir bættri heilsu landsmanna og réttlátri vinnuvernd með því að samþykkja það lagafrumvarp sem nú liggur fyrir þinginu um tóbaksvarnir.“

Þar er reyndar verið að vísa í lagafrumvarpið sem að sú sem hér stendur og fleiri lögðu fram hér á þingi á síðasta ári.

Virðulegi forseti. Að mínu mati er löngu tímabært að stíga þetta skref. Ég fagna því sérstaklega að hv. þingmaður Ásta Möller sem er mjög öflugur talsmaður Sjálfstæðisflokksins í heilbrigðismálum að mínu mati skuli segja hér úr ræðustól að hún voni að frumvarpið nái fram að ganga. Mér finnst það mjög ánægjulegt. Þetta dreg ég sérstaklega fram af því að hér hafa þingmenn talað gegn málinu. Það er allt í lagi með það. Fólk hefur misjafnar skoðanir.

Í útvarpsviðtali 19. febrúar á síðasta ári, í þættinum Í vikulokin var sú er hér stendur í þætti ásamt hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni og hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur. Þá var mikil umræða um þetta mál. Þá sagði hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson þegar við vorum að ræða um þetta vinnuverndarmál, með leyfi virðulegs forseta:

„Nei, veistu það að ég held að enginn — og nú segi ég þetta ábyrgðarlaust — ég held að enginn úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins muni styðja þetta mál. Ég held að menn hafi almennt verið þeirrar skoðunar að þegar tóbaksvarnarlögum var breytt síðast og hömlur settar á reykingar mjög miklar, að þá held ég að menn hafi áttað sig á því að þeir hafi gert mistök.“

Virðulegi forseti. Við sjáum mikla breytingu núna frá því að þessi orð féllu. Ég er alveg sannfærð um að mjög margir þingmenn séu á þeirri skoðun að það eigi að stíga þetta skref. (Gripið fram í.) Allir ráðherrarnir, rétt. Þetta frumvarp er búið að fara í gegnum ríkisstjórn og þingflokka. En einhverjir þingmenn hafa væntanlega áskilið sér rétt til að vera á móti frumvarpinu. En það er alveg ljóst að það er ekki rétt að enginn úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins muni styðja þetta. Ráðherrarnir hafa nú þegar gert það og einn helsti talsmaður Sjálfstæðisflokksins í heilbrigðismálum, hv. þm. Ásta Möller hefur líka lýst því yfir hér úr þessum stól.

Ég tel að þetta frumvarp sé ekki svokallað forræðismál. Það má kannski færa rök fyrir því að í því sé einhver forræðishyggja af því að þetta eru almennar reglur. (Gripið fram í.) Já, ég skal viðurkenna að það er verið að reyna að hafa áhrif með þessum reglum til þess að ekki sé verið að reykja ofan í fólk sem er að vinna á viðkomandi stað. Ef það er forræðishyggja þá er þetta að einhverju leyti forræðishyggja. En hvað er forræðishyggja? Í siðuðum samfélögum sameinast menn um að setja almennar reglur sem eru skynsamlegar. Þessar reglur eru þannig.

Hér fór fram umræða áðan um áfengi. Á að banna áfengi af því fólk undir áhrifum áfengis getur haft ýmisleg neikvæð áhrif o.s.frv.? Ég vil benda á að bannað er að keyra undir áhrifum áfengis. Er það forræðishyggja? Kannski. Af hverju er það bannað? Það er af því að það hefur skaðleg áhrif á aðra. Það er margsannað. Ég vil líka benda á að lög kveða á um að fólk skuli að nota bílbelti við akstur bíla. Af hverju í ósköpunum eigum við að fara eftir því? Er eðlilegt að setja slík lög? Er það ekki forræðishyggja? Kannski. En það bara sýnir sig að það er eðlilegt að borgararnir séu í bílbelti til að minnka þann samfélagsskaða sem verður ef þeir eru ekki í bílbeltum og lenda í slysi og auðvitað þann skaða sem hver einstaklingur verður fyrir. En þetta veldur líka miklum samfélagsskaða. Það sama á við í þessu máli. Það er mikill samfélagsskaði að kalla veikindi, jafnvel dauða, veikindi og dauða yfir fólk sem (Gripið fram í.) vinnur á veitinga- og skemmtistöðum. Því eru mjög sterk rök með því að stíga þetta skref.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég segja að þetta skref hefur verið stigið annars staðar. Það er nú ekki eins og við séum að finna upp hjólið. Við erum ekki fyrst því miður. Það hefði verið gaman að vera meðal þeirra fyrstu. Fyrsta Evrópuríkið sem bannaði reykingar á veitinga- og skemmtistöðum — það er nú alltaf leiðinlegt að nota orðið bannaði. Maður ætti kannski frekar að segja: tryggði, fólkinu heilbrigt loft á viðkomandi vinnustað — fyrsta Evrópuríkið sem gerði það var Írland. Það er stórmerkilegt af því Írar eru kráarþjóð. Maður tengir Írland við krár, reykingar á krám og annað slíkt. Þar hefur þetta gengið mjög vel, reykleysið, ef svo má segja. Það hefur gengið vel í Noregi. Þar eykst stuðningur við bannið. Það gengur vel í Svíþjóð. Það gengur vel alls staðar þar sem þetta hefur verið reynt. Ég tel því að hæstv. heilbrigðisráðherra sé hér að stíga mikið gæfuspor og ríkisstjórnin öll og ég vænti þess að þingmenn muni styðja þetta mál þegar það kemur vonandi til afgreiðslu hér í vor.

[18:45]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur var að mörgu leyti sérkennileg. Hún stillti því upp sem algerum andstæðum að ná fram því markmiði að vernda þá sem vinna á veitinga- og skemmtistöðum fyrir óbeinum tóbaksreykingum og því að allir séu í reyk alla daga og alls staðar. Það er að sjálfsögðu hægt að fara mildari leið að sama markmiði.

Ég hef sagt það fyrr í dag að fortakslaust bann við reykingum á skemmti- og veitingastöðum hugnast mér alls ekki. Mér finnst felast í því dæmalaust stjórnlyndi og óásættanleg forsjárhyggja. Að sumu leyti er hægt að túlka þetta sem árás á eignarrétt og athafnafrelsi fólks, þegar kafað er ofan í málið. Jafnvel mætti túlka það sem árás á friðhelgi einkalífsins, svo ofboðslega langt nær þetta bann. Það er klárlega hægt að ná þessu markmiði með því að fara mildari leiðir. Á það hefur verið bent í umræðunni í dag, sérstaklega þar sem stigið er skref í átt að markmiði sem hægt væri að endurskoða síðar. Það eru til mildari leiðir, eins og ég sagði áðan, þar sem fólki er leyft að reykja í tilteknum rými þar sem ekki er veitt þjónusta eða að tilteknir veitingastaðir auglýsi sig sem reykveitingastaði, með reykrými, og þá sæki þangað sem vilja vera í slíku lofti en tryggt sé að þjónusta eða skemmtikraftar lendi ekki í reyk eða reykmettuðu lofti.

Það er hægt að fara fjöldamargar leiðir að þessu markmiði. Ég vildi spyrja hv. þingmann sérstaklega hvort hún teldi ekki um að ræða árás á eignarrétt og athafnafrelsi. Er hægt að verja það þegar allt kemur til alls fyrst hægt er að ná markmiðum um vinnuvernd með allt öðrum hætti en hér er lagt til? Þetta er ekki bara frumvarp um vinnuvernd heldur um miklu fleira.

[18:48]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Jú, þetta er frumvarp um vinnuvernd. Það kemur skýrt fram í frumvarpinu að hugmyndafræðin á bak við frumvarpið er vinnuvernd. Það er verið að hugsa um starfsfólk á viðkomandi vinnustað, afnema undanþáguna gagnvart veitinga- og skemmtistöðum. Það er ekki verið að hugsa um gestina sem þangað koma. Hv. þingmaður er á villigötum ef hann heldur það. Hins vegar mun frumvarpið, verði það samþykkt sem ég býst við, líka hafa áhrif á gestina. Það sýnir sig annars staðar að gestirnir reykja minna af því að þeir þurfa að fara út o.s.frv. En frumvarpið er vinnuverndarfrumvarp.

Jú, það væri hægt að fara aðrar leiðir, t.d. að hafa reykherbergi eins og Svíar gera. En flestar þjóðir sem hafa tekið þetta gæfuskref hafa valið að fara ekki þá leið, að hafa slík herbergi. Það er hægt en það er að mínu mati óskynsamleg leið.

Ég er sammála Samtökum ferðaþjónustunnar. Þau hafi ekki beðið um þessi herbergi, væntanlega af því að þau telja óæskilegt að bjóða upp á slíkt, að kalla það yfir sig að þurfa að setja upp herbergi, þótt þau hafi kannski ekki ályktað beint um það. En ég hef rætt við forustu þeirra og slík herbergi bjóða upp á að þá gangi ekki hið sama yfir alla staðina, að sumir hafi reykherbergi og aðrir ekki. Það telur forusta þessara samtaka ekki rétt.

Ég vil líka minna á, varðandi frelsi, friðhelgi einkalífsins og allt þetta, að frelsi eins má ekki ganga freklega á frelsi annarra. Fólki sem vinnur á þessum stöðum á að vera frjálst að anda að sér hreinu lofti. Punktur. Út á það gengur þetta mál.

[18:50]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu á að tryggja frelsi fólks til að vera í hreinu lofti. Um það held ég að flestir sem taka þátt í umræðunni í dag séu sammála. En það liggur fyrir að hægt er að ná fram vinnuverndarsjónarmiðum frumvarpsins með öðrum hætti og mildari.

Hvað fulltrúar Samtaka verslunar og þjónustu eða forustumenn hafa sagt í samtölum við hv. þingmann skiptir nákvæmlega engu máli. Hv. þingmaður sagði í upphafi ræðu sinnar að hún hefði stutt þetta mál í fyrra, algjörlega burtséð frá viðhorfum eða ályktunum þeirra samtaka. Alþingi Íslendinga mundi setja þessi lög sem koma inn á margt annað en vinnuvernd þótt hún sé eitt af markmiðum frumvarpsins, markmiðum sem hægt er að ná fram með öðrum hætti.

Málið vegur klárlega gróflega að friðhelgi einkalífsins og frelsi fólks til athafna, samskiptum frjálsra manna sín í millum. Það hlýtur að vera hægt að fara mildari leið án þess að ráðast að friðhelgi einkalífsins eins og hv. þingmaður mælir fyrir að gert verði.

[18:51]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi rök standist enga skoðun, að hér sé ráðist á friðhelgi einkalífsins. Er það, að leyfa fólki ekki að reykja á meðan það er inni á veitinga- og skemmtistað, að ráðast að friðhelgi einkalífsins? Þetta sama fólk má ekki reykja í flugvél. Það er meira hneykslið og bara ráðast á friðhelgi einkalífs þessa fólks. Það má ekki reykja í bíó. Það er meira hneykslið og ráðist á friðhelgi einkalífs þessa fólks, eða hvað? Þessi rök bara halda ekki.

Það er rétt að ég sagði að ég hefði stutt þetta mál án þess að Samtök ferðaþjónustunnar hefðu komið fram með ályktun. Það er af því að ég hef djúpa sannfæringu fyrir því að mikilvægt sé að taka þetta skref. Fólk á veitinga- og skemmtistöðum á að búa við heilnæmt loft. Út á það gengur málið. Mér finnst það sjálfsögð krafa og sjálfsögð réttindi og tel að við eigum að afnema undanþáguna sem fyrst.

[18:52]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Að því var vikið að einhverjir hefðu í fyrndinni talað fyrir því að reykingar væru flottar og jafnvel gefið það í skyn að þær væru heilsusamlegar. Ég held að það hafi ekki komið fram í þessari umræðu. Þeir sem hafa mælt gegn frumvarpinu eða haft athugasemdir við það hafa tekið það fram að þeir mæli reykingum alls ekki bót og ekki ætla ég að gera það. Ég hef skömm á þeim, reyki ekki sjálfur og hef aldrei gert.

Síðan var sagt að tóbaksfyrirtækin hefðu veifað einhverjum rannsóknum framan í menn til að réttlæta tilveru sína og framleiðslu. Talað var um „einhverjar rannsóknir" sem lagðar hefðu verið fram til að draga úr trúverðugleika þessa máls. Mér finnst dálítið ódýrt að tala um „einhverjar rannsóknir" þegar fyrir liggur viðamesta rannsókn sem gerð hefur verið á tengslum óbeinna reykinga og lungnakrabbameins, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lét gera, tíu ára rannsókn sem fram fór í sjö Evrópulöndum.

Hún leiddi tvennt í ljós. Hún leiddi í ljós að ekki væru vísbendingar um að tengsl milli óbeinna reykinga og lungnakrabbameins annars vegar og hins vegar að börn reykingamanna væru ekki í meiri hættu en börn þeirra sem ekki reykja á að fá lungnakrabbamein. Ég er ekki að lýsa skoðun minni heldur skoðun þeirra fjölmörgu sérfræðinga sem unnu þessa rannsókn.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Finnst hv. þingmanni ekki einkennilegt að frumvarpshöfundar og Lýðheilsustöð geti ekki þessarar rannsóknar í sinni miklu umfjöllun? Ég spyr einnig hv. þingmann: Hefði honum ekki þótt ástæða til þess að geta þessarar niðurstöðu? Ef niðurstaða vísindamannanna og rannsóknarinnar hefði verið allt önnur þá efast ég nú ekki um að hv. þingmaður hefði veifað henni í (Forseti hringir.) ræðustól Alþingis.

[18:55]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er einmitt svona málflutningur sem ég kom inn á áðan. Hér er dregin fram rannsókn sem sögð er viðamesta rannsóknin, hún nær yfir tíu ára tímabil o.s.frv., en sýndi engar vísbendingar um tengsl milli óbeinna reykinga og lungnakrabba. Með þessu tortryggja menn að óbeinar reykingar hafi neikvæð áhrif, með þessum málflutningi. Hér er greinilega verið að tortryggja það.

Það má vel vera að þessi rannsókn hafi farið fram. Ég hef engar upplýsingar um það en ég bara veit að óbeinar

reykingar eru mjög skaðlegar. Það er bara samdóma álit langflestra sem þau mál hafa skoðað og um þau fjallað.

Það kemur líka fram í frumvarpinu að í rammasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, um tóbaksvarnir er staðfest að aðilar hans, t.d. Ísland, viðurkenni að vísindaleg gögn hafi með óyggjandi hætti sýnt að óbeinar reykingar valdi dauða, sjúkdómum og fötlun og þau lönd skuldbindi sig til þess, hvert og eitt, að setja lög sem verndi fólk gegn óbeinum reykingum á vinnustöðum, innanhúss, í almenningsfarartækjum o.s.frv.

Ég skil ekki af hverju við þurfum, árið 2006, að standa í svona þrasi. Það er ljóst að óbeinar reykingar eru mjög skaðlegar. Hvað á hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson við með þessum rökum, með þessu tali? Hvert er hv. þingmaður að fara? Er ekki ljóst, að mati hv. þingmanns, að óbeinar reykingar séu skaðlegar?

[18:57]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Forseti. Hvert er hv. þingmaður að fara? Hv. þingmaður heldur uppi málefnalegri umræðu. Hann bendir á að viðamesta rannsókn sem liggur fyrir til þessa hafi leitt í ljós að ekki séu tengsl milli óbeinna reykinga og lungnakrabbameins. Það er ekki mín skoðun. Ég dreg það fram í þessa umræðu að þessi rannsókn liggur fyrir.

Einhverra hluta vegna sá hv. þm. Siv Friðleifsdóttir ekki tilefni til að vísa í þessa rannsókn þegar hún lagði fram frumvarp sitt. Þar var hún samt sem áður með 54 tilvísanir í aðrar rannsóknir. Hæstv. heilbrigðisráðherra gerir það ekki heldur í sínum 78 tilvísunum í frumvarpinu sem við ræðum hér.

Málflutningur minn getur því varla talist furðulegur. Það vekur hins vegar furðu þegar sannkristnir aðilar eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sem vill ganga lengst í að (Forseti hringir.) banna reykingar, skuli ekki vísa í (Forseti hringir.) viðamestu rannsókn sem gerð hefur verið á þeim málum og (Forseti hringir.) kalla það furðulegan málflutning að draga hana fram.

(**Forseti** (JBjart): Forseti sér tilefni til að minna hv. þingmenn á að virða tímamörk í andsvörum.)

[18:58]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það liggur við að ég fari að vorkenna hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni. Hann veifar hér rannsókn og segir engar vísindalegar sannanir um tengsl á milli óbeinna reykinga og lungnakrabba, samkvæmt rannsókninni en ekki samkvæmt hans skoðun. Hann bendir á að svo sé samkvæmt rannsókninni.

Þá ætla ég að veifa frumvarpinu og segja á móti að samkvæmt aðilum, þ.e. samkvæmt skoðun Íslendinga, sé viðurkennt að vísindaleg gögn hafi með óyggjandi hætti sýnt að óbeinar reykingar valdi dauða, sjúkdómum og fötlun o.s.frv., þar með talið lungnakrabba. (Gripið fram í.)

Ég held að hv. þingmaður verði að kynna sér málin betur ef hann heldur virkilega boðlegt að koma, veifa rannsókn og segja: (**SKK:** Umfangsmestu rannsókn sem gerð hefur verið.) Rannsóknin segir að það séu engin tengsl á milli óbeinna reykinga og lungnakrabba. Það er ekki mín skoðun, segir hann, en þessi rannsókn segir það. (**Gripið fram í:** Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir það.) Ég segi á móti: Langflestar rannsóknir sýna að þar eru mikil tengsl (Forseti hringir.) og þau eru hættuleg.

[18:59]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir lagði í máli sínu höfuðáherslu á að frumvarpi þessu væri ætlað að ná fram vinnuverndarsjónarmiðum. Þess vegna leikur mér nokkur forvitni á að vita hvers vegna frumvarpið, og þar með stuðningur hv. þingmanns við frumvarpið, gengur lengra en nauðsynlegt er til þess að ná vinnuverndarsjónarmiðum. Samkvæmt frumvarpinu er t.d. bannað að bjóða upp á sérstök reykingarými þar sem ekki er veitt þjónusta á veitingastöðum. Það er meira að segja bannað, samkvæmt frumvarpinu eins og það lítur út í dag, að veitingamenn reisi sérstök tjöld í bakgarðinum hjá sér til þess að gefa fólki kost á að að fara út að reykja án þess að verða fyrir veðri og vindum, eins og menn þekkja níu mánuði ársins hér í Reykjavík. Aðstæður eru síst betri utan höfuðborgarsvæðisins hvað það varðar. Bannið gengur svona langt.

Þess vegna spyr ég: Er ekki gengið miklu lengra en vinnuverndarsjónarmið krefjast, sem hv. þingmaður mælir svo mjög fyrir? Er ekki gengið miklu lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum?

[19:01]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi reykingar utan húss vil ég draga það sérstaklega fram að í 2. gr. stendur, með leyfi virðulegs forseta:

„Sama er um þjónustusvæði utan húss séu þau undir föstu eða færanlegu þaki og meira en að hálfu leyti umlukin veggjum eða sambærilegum mannvirkjum.“

Það mega því ekki vera meira en tveir veggir utan húss, ef mætti orða það þannig.

Varðandi vinnuverndina, jú, frumvarpið er vinnuverndarmál og það er hugsunin. Leiðin sem Svíarnir fóru með ákveðnum herbergjum var til að reyna að koma til móts við þau sjónarmið, sem ég heyri að hv. þingmaður hefur og reyndar fleiri hv. þingmenn, eins og Björgvin G. Sigurðsson hérna áðan. Af hverju ekki að hafa þessi herbergi til að leyfa fólki að reykja þar? Og við skulum þá tryggja að það sé engin þjónusta þar þannig að fáir starfsmenn þurfi að fara þar inn og lítil hætta sé því fyrir starfsmennina. Það er hugsunin. Þetta eru svo sem ágætisrök, alveg rétt, það eru ekki margir sem fara þar inn til þess að vinna, en einhverjir fara nú inn til að þrífa o.s.frv. Það má samt alveg færa rök fyrir því að það sé líka vinnuvernd að útiloka slík herbergi, það má alveg færa jafngóð rök fyrir því, það færu bara færri þar inn og í styttri tíma.

Ég skil rökin sem mjög margir veitingamenn bera fram að það væri langeðlilegast að hafa ekki þessi reykherbergi af því að þá væri þetta eins á milli veitingastaða og þeir þyrftu ekki að búa við það að þeir sem endilega vildu reykja færu á staðina þar sem þessi reykherbergi eru. Þetta væri meira jafnræði.

[19:03]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur vil ég spyrja hana hvort við sjáum ekki fyrir okkur að við sem löggjafi getum þolað það að einhver fjölbreytni sé í veitingahúsaflórunni. Ég vil spyrja hvort það sé hlutverk okkar að hlutast til um mál sem eftir því sem hv. þingmaður lýsir er eitthvert samkeppnismál hjá viðkomandi fyrirtækjum.

Nú eru veitingastaðir afskaplega mismunandi. Veitingastaðir eru stórir og litlir. Þeir hafa mismunandi vöruúrval, þeir eru misjafnlega staðsettir í bænum. Ekki teljum við það okkar skyldu að steypa alla í sama mót. Ég velti fyrir mér, er það hlutverk okkar sem löggjafa að takmarka það að veitingastaðir sem til þess hafa aðstöðu eða vilja leggja í fjárfestingar sem gera þeim kleift að bjóða upp á slík reykherbergi, er það hlutverk okkar að stoppa þá í því?

[19:04]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég gæti svo sem endurtekið fyrra svar mitt að það er að vissu leyti líka vinnuvernd sem felst í því að hafa ekki þessi reykherbergi þó að ég sé sammála því að hún er ekki eins sterk af því að mun minni starfsemi fer fram inni í slíkum herbergjum en á veitingastaðnum almennt. Það eru samt vinnuverndarsjónarmið sem gilda þar líka en þau eru mun veikari. Þar spila inn í önnur sjónarmið eins og samkeppnissjónarmið, þ.e. að það geta ekki allir staðir boðið upp á þetta. Ég skil alveg að veitingamennirnir vilji þá hafa þetta bara einsleitt fyrst að það er ekki þannig.

[19:05]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir. Ég vil byrja á að fagna fram komnu frumvarpi og þó fyrr hefði verið, eins og ég veit að margir munu taka undir. Ég er ein af þeim þingmönnum sem voru flutningsmenn að mjög svipuðu frumvarpi sem var lagt fram á síðasta þingi. Búið er að rekja þá sögu hér hvers vegna brugðið var á það ráð að hafa það frumvarp þingmannafrumvarp í stað frumvarps frá hæstv. heilbrigðisráðherra. Ástæðan var einföld og augljós, það náðist ekki samstaða meðal stjórnarflokkanna um að leggja það fram. Þar sem ég er ein af fjölmörgum bæði þingmönnum og íbúum þessa lands sem telja að okkur löggjafanum beri að gera það sem í okkar valdi stendur til að takmarka notkun tóbaks, reykingar sérstaklega, þá hafi verið tímabært fyrir ári að stíga það skref sem við erum að gera núna í framhaldi af samþykkt og undirskrift íslenska ríkisins á rammasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um takmörkun á reykingum. Við erum sem sé búin, eins og aðrar þjóðir, að skuldbinda okkur til þess að standa að löggjöf sem takmarkar reykingar. Við vorum meðal fyrstu þjóða til að undirrita þennan samning og því ber okkur að fylgja honum eftir og standa að viðhlítandi löggjöf.

Ég tel að ekki nokkur maður í landinu efist um skaðsemi reykinga og skaðsemi reykinga á heilsu þess sem reykir. Það tók mörg ár og áratugi að ná fram réttum upplýsingum og niðurstöðu rannsókna á því hvaða áhrif reykingar hafa á mannslíkamann. Það er í eðli sínu þannig að lifnaðarhættir, t.d. reykingar vinna á heilsu fólks á löngum tíma og skaðsemin er lengi að koma fram. Það var því ekki fyrr en reykingar urðu almennar upp úr síðari heimsstyrjöldinni eftir mjög markvissa markaðssetningu á sígarettunum að menn fóru, og þá sérstaklega læknar, að taka eftir því að með auknum reykingum fór að bera á sjúkdómum sem ekki höfðu verið algengir áður og mátti tengja reykingavenjum fólks. Það tekur síðan einhverja áratugi að fá þetta staðfest með vísindalegum hætti. Eitt er víst að þeir aðilar sem stóðu að sjálfstæðum og óháðum rannsóknum fengu flestir hverjir að finna fyrir svipu tóbaksframleiðenda og þeirra niðurstaðna sem tóbaksframleiðendur náðu fram í þeim rannsóknum sem þeir styrktu og stóðu að, sem bar þá ekki alltaf saman við þær niðurstöður sem óháðir vísindamenn komust að.

Tóbaksiðnaðurinn er mjög sterkur, hefur verið það og miklir fjármunir eru því þar í húfi. Ef við ætlum að halda hér áfram að fara yfir þær rannsóknir sem vísað er til bæði í þessu frumvarpi og því sem var lagt fram fyrir ári, þá tel ég rétt að það verði skoðað samhliða hverjir hafa staðið að baki þeim niðurstöðum og rannsóknum sem verið er að vísa til þar sem efast er um skaðsemi óbeinna reykinga. Það er bara þannig, hæstv. forseti, að tóbaksiðnaðurinn kann sitt fag og hefur í gegnum árin haft á sínum snærum mjög hæfa vísindamenn sem hafa unnið í þeirra þágu. Ljóst er að tóbaksiðnaðurinn hefur verið að fikta með framleiðsluna og aukið skaðleg áhrif af tóbakinu, aukið áhrif t.d. nikótíns á heilann og ekki viljað viðurkenna það, neitað því að hafa vísvitandi verið að stjórna framleiðslunni þannig að nikótínáhrifin yrðu meiri til að binda hvern og einn einstakling fastari böndum við notkun tóbaks og gera hann háðari nikótíni. En þar sem þeir neituðu þessu um margra ára skeið ber ég, hæstv. forseti, ekki nokkra virðingu fyrir þeim niðurstöðum og trúverðugleika tóbaksiðnaðarins eins og hann hefur stundað markaðssetningu sína.

Þetta var aðeins innskot hvað varðar niðurstöður rannsókna þó að í frumvarpi þessu sé eingöngu, ég segi eingöngu, vísað til 79 greina og rannsókna til stuðnings frumvarpinu. Það er eðlilegt að leita til Lýðheilsustöðvar og tóbaksvarnanefndar hvað varðar gögn til að undirbyggja frumvarp því þar eru sérfræðingarnir. Sérfræðingar slíkra stofnana eiga að vera liðsmenn okkar í þessu máli. Við eigum ekki að leita til tóbaksframleiðenda til að fá liðsstyrk heldur til þessara aðila, landlæknis og landlæknisembættisins. Við höfum góðan vegvísi sem er Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin. Þrátt fyrir þá umræðu sem hér hefur verið og tilvísun í rannsókn sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin stóð að og birt var 1998 erum við eftir sem áður búin að skrifa undir rammasamning sem ég vísaði til og við skrifuðum undir 16. júní 2003. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin væri ekki að setja fram rammasamning um takmörkun og bann á reykingum nema sú alþjóðastofnun telji sig geta gert það og með samningi byggðum á niðurstöðum þeirra rannsókna sem hún sjálf hefur staðið að eða hún gerir að sínum.

Ég tel, hæstv. forseti, að enginn efist um skaðleg áhrif beinna reykinga. En það eru óbeinar reykingar sem menn eru enn að draga í efa að hafi skaðleg áhrif. Við erum hér

að ræða um takmarkanir á reykingum út frá vinnuvernd. Það er mikil mengun sem kemur frá sígarettum eða reykfærum, loftmengun, við getum kallað það tóbaksmengun og hliðarreykurinn sem kemur frá hvort heldur er sígarettum eða vindlum eða öðrum reykfærum er mengaðri, hann er hættulegri, hann er mettaðri en sá reykur sem reykingamaðurinn sjálfur andar að sér og það kemur eingöngu til af því að hitastigið er lægra, hitastig eldsins er lægra þegar reykingamaðurinn er ekki að sjúga að sér reyknum og þar af leiðandi er bruninn minni og mengunin meiri. Þetta frumvarp er því í sjálfu sér ekki tóbaksvarnir í þeim skilningi að verið sé að draga beint úr áhrifum nikótíns og nikótínsnautnar og -fíknar á hvern einstakling heldur vinnuvernd og þá sérstaklega starfsmanna á veitinga- og kaffihúsum.

Sú ánægjulega þróun hefur orðið að stöðugt hefur dregið úr reykingum fullorðinna hér á landi og á síðasta ári voru daglegar reykingar kvenna komnar niður í 19% og karla í 22%. Sem betur fer hefur dregið úr reykingum ár frá ári og ég ætla að vona að svo haldi áfram. En það þýðir ekkert að sofna á verðinum því að allt hefur þetta áhrif, líkt og það að draga úr heimildum fólks til þess að reykja hvar sem er. Núgildandi lög, þ.e. að ekki megi reykja á opinberum stöðum og í þjónusturýmum annarra en veitinga- og kaffihúsa og skemmtistaða, hafa haft þau áhrif að almennt hefur dregið úr reykingum. Þegar fólk getur ekki reykt eða dregið upp sígarettuna hvar sem er og reykt þegar því sýnist hjálpar það hverjum og einum reykingamanni til þess að draga úr reykingum og hjálpar honum til að hætta þannig að það er ákveðið forvarnastarf í þessu líka gagnvart reykingamanninum sjálfum.

Ég tel að við eigum að halda áfram í forvarnastarfi og það er mín ósk að við höldum áfram að vera í forustusveit þeirra þjóða sem standa sig vel í reykinga- og tóbaksvörnum og höfum þar hag lýðheilsu í fyrirrúmi. Við vorum það en höfum því miður dregist aðeins aftur úr með því að einhenda okkur ekki í að takmarka reykingar samkvæmt því frumvarpi sem nú liggur fyrir.

Auðvitað er mjög mikilvægt að hafa eigendur gisti- og veitingahúsa og aðila í ferðaþjónustunni með sér í þessari ferð. Ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að ég varð fyrir töluverðum vonbrigðum með að heyra í þeim tóninn þar til þeir núna á síðasta ári lýstu því yfir að þeir væru til í að ganga þennan veg. Þessi þróun er óhjákvæmileg því ef eitthvað er mun þrengja enn frekar að tóbaksframleiðslu í heiminum, það er alveg ljóst að þessi framleiðsla yrði aldrei leyfð í dag. Það að þetta skuli vera lögleg fíkniefnaneysla, því að nikótín flokkast með fíkniefnum og það mjög sterkum — hefur verið flokkað með heróíni og kókaíni hvað fíkniefnabindingu snertir — þá er alveg ljóst að slík framleiðsla yrði ekki leyfð í dag bæði vegna nikótínsins sem fíkniefnis en ekki síður vegna mengunarinnar sem kemur af reyknum og hefur sýnt sig að vera mikill skaðvaldur. Tóbaksreykur hefur áhrif á myndun krabbameins, aðallega lungnakrabbameins en einnig fjölmargra annarra krabbameina og eins annarra sjúkdóma, reykingatengdra lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og ýmissa kvilla í börnum ef reykt er yfir þeim. Því fagna ég vissulega að ferðaþjónustan og Samtök veitinga- og gistihúsaeigenda skuli nú vera með í því að vernda starfsmenn sína og vera það framsýn að vera frekar fyrr á ferðinni en seinna, því þetta er það sem koma skal.

Í sambandi við þá tregðu sem hefur verið hjá áðurnefndum starfsgreinum gagnvart frumvarpinu vil ég aðeins lýsa því að það eru margir sem hafa talið að það yrði tekjuskerðing í viðkomandi rekstri ef veitingahús, kaffihús og matsölustaðir yrðu gerð algjörlega reyklaus. Ég vil vísa til nýlegs dæmis sem er eitt af mörgum, en í minni heimabyggð á Egilsstöðum er veitingastaður, kaffihús og ölstofa, sem hefur verið rekinn þar um nokkurra ára skeið, mjög vinalegur og skemmtilegur staður, vel sóttur bæði af heimamönnum og ferðamönnum. Fyrir tæpu ári síðan urðu eigendaskipti á Kaffi Wilson. Fyrri eigandi hafði haldið svæðinu þar sem matur var framreiddur á neðri hæð hússins algjörlega reyklausu en leyfði reykingar svona til hliðar. Það fundu allir jafnt þar eins og á öðrum veitingahúsum að núgildandi lög duga ekki. Þau duga ekki vegna þess að þýðir ekkert að leyfa reykingar í einum stað í húsi, sal eða herbergi og ætla að halda öðrum reyklausum. Þetta er nákvæmlega eins og þegar átti að reyna að takmarka reykingar í flugvélunum á ákveðnu tímabili og þá mátti reykja í öðrum hluta flugvélarinnar en ekki hinum og auðvitað hélt þetta ekkert. Þetta eru engar mengunarvarnir því að reykurinn dreifir sér og þynnist bara um allt svæðið.

Fyrir tæpu ári síðan urðu þarna eigendaskipti. Fyrri eigandi hafði ekki treyst sér til þess að gera ölstofuna, sem er uppi á efri hæðinni, reyklausa því að þangað komu þeir sem voru að fylgjast m.a. með íþróttunum og það var talið að þá mundi þeim fækka sem kæmu upp á ölstofuna. Núverandi eigandi gerir húsið allt reyklaust og viti menn, hann getur ekki annað en lýst mikilli ánægju með árangurinn því ef eitthvað er þá hefur gestum frekar fjölgað en hitt. Og það sem hefur komið í ljós er að heimamenn sem vildu fylgjast með íþróttaviðburðum og fótboltakappleikjum á breiðtjaldinu voru ekki einungis reykingamenn, þangað koma núna líka einstaklingar sem ekki treystu sér áður til þess að koma og sitja í reykjarmekkinum. Reykingamennirnir halda því áfram að koma, þeir hafa ekki kvartað, ekki einn einasti, eitthvað möglað svona til að byrja með en þeir halda áfram að koma. Þeir fara út fyrir ef þeir reykja en hinir sem ekki reykja sækja þennan stað, þannig að viðskiptin hafa frekar aukist en hitt.

Ég held að þetta sé lítið dæmi um reynslu fjölmargra sem hafa farið þennan veg. Það er auðvitað gott þegar veitingahúsaeigendur gera þetta að eigin frumkvæði rétt eins og kvikmyndahúsaeigendur gerðu á sínum tíma. Það þurfti ekki lög, þetta var að þeirra frumkvæði með fullum stuðningi tóbaksvarnanefndar á þeim tíma og það bara svínvirkaði, það eru allir ánægðir. Það hefur ekki fækkað í kvikmyndahúsunum heldur fjölgað.

Annað nýlegt dæmi vil ég nefna, það er þorrablót Egilsstaða sem er alltaf haldið á bóndadag. Í ár héldum við það í íþróttahúsinu sem var gert að veislusal. Þangað komu 550 manns og reykingar voru alfarið bannaðar bæði þegar veitingar voru fram reiddar og eins á eftir þegar dansinn var stiginn. Enginn kvartaði og fólk hefur lýst mikilli ánægju yfir því að geta nú loksins verið á þorrablóti án þess að koma heim angandi af tóbaksreyk og þurfa að byrja á því að viðra fötin, fyrir utan að fólk talaði um hvað því liði vel

og að það vonaðist til að svona (Forseti hringir.) yrði þetta áfram, þorrablót í íþróttahúsinu og það reyklaust.

[19:25]

Sæunn Stefánsdóttir:

Virðulegur forseti. Loksins, loksins. Það held ég að margir segi þegar nú er komið fram það frumvarp sem er hér til umræðu í dag sem bannar reykingar á veitinga- og skemmtistöðum. Ég tek heils hugar undir með þessu fólki. Í áranna rás hafa íslensk stjórnvöld verið í fararbroddi í heiminum í lagasetningu og forvörnum á sviði tóbaksvarna *og margar þjóðir hafa litið hingað þegar marka á stefnu í* tóbaksvörnum.

Eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins er meginmarkmið þess vinnuvernd starfsmanna með vísan til gildandi vinnuverndarlaga og vernd almennings, en fjöldi vísindalegra sannana fyrir því að óbeinar reykingar valdi heilsuskaða og dauðsföllum fer hratt vaxandi. Þegar þetta meginmarkmið frumvarpsins er uppfyllt má búast við ýmiss konar öðrum ávinningi af reykbanninu bæði fyrir einstaklinga og fyrir samfélagið.

Frú forseti. Eins og hefur verið rifjað upp í umræðunum í dag er nokkur aðdragandi að málinu sem gerð hefur verið ágætlega grein fyrir. En það hefur ekki síst verið sú umræða sem hefur farið fram, ekki einungis hér heldur víða um heim, sem hreinlega hefur kallað á þessar breytingar. Við höfum fylgst með lagasetningu í öðrum löndum og hér hafa verið rakin dæmi, t.d. frá Írlandi og Noregi. Margt hefur haft áhrif, t.d. vinna í ráðuneytinu, innan Lýðheilsustöðvar og ekki síst innan tóbaksvarnanefndar, auk frumvarps sem lagt var hér fram á síðasta þingi og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir var flutningsmaður að, allt hefur þetta leitt til mikillar umræðu hér á landi sem ég held að sé grunnurinn að því frumvarpi sem liggur hér fyrir í dag.

Í þessum efnum verður auðvitað að geta ályktunar Samtaka ferðaþjónustunnar frá í apríl á síðasta ári, en hennar hefur verið getið margoft í dag. Það má einnig taka það fram að í stjórnarfrumvarpinu sem nú liggur fyrir er einmitt tekið tilliti til óska Samtaka ferðaþjónustunnar, þ.e. í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að veitinga- og skemmtistaðir hafi tíma til að undirbúa starfsemi sína og laga að áformuðum breytingum til 1. júní 2007 en þá eiga staðirnir að vera orðnir reyklausir.

Lögin sem eru gildandi í dag, lög um tóbaksvarnir, hafa auðvitað breyst nokkuð frá *þeim tíma sem þau voru sett*, þ.e. 1. janúar 1965. Í 1. gr. þeirra er lögð áhersla á að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og hlífa fólki við áhrifum tóbaksreyks. Einnig segir þar að virða beri rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað af tóbaksreyk af völdum annarra. Frá 1985 hefur þrisvar verið hert á ákvæðum tóbaksvarnalaga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að fólk þurfi að anda að sér tóbaksreyk frá öðrum. Í ljósi nýrrar þekkingar um skaðsemi óbeinna reykinga væri því afnám undanþágu 9. gr. tóbaksvarnalaganna eðlileg framvinda.

Markmið vinnuverndarlaganna er einnig að tryggja vinnuvernd starfsmanna. Miðað við núverandi undanþágu í 9. gr. tóbaksvarnalaganna nýtur starfsfólk veitinga- og skemmtistaða ekki þeirra réttinda sem vinnuverndarlögum er ætlað að tryggja því jafnt og öðru vinnandi fólki. Því tel ég mikilvægt að haldið verði áfram á þeirri braut sem stjórnvöld hafa markað og að öllum verði tryggt reyklaust vinnuumhverfi, þar með töldu starfsfólki á veitinga- og skemmtistöðum.

Frú forseti. Þekking okkar á skaðsemi óbeinna reykinga hefur stóraukist á síðustu árum. Hálf öld er síðan fyrstu sannanir um heilsuskaðleg áhrif reykinga komu fram og hefur það margoft verið staðfest síðan. Áratugir eru liðnir síðan menn gerðu sér grein fyrir því að reykingar þungaðra *kvenna hafa skaðleg áhrif á fóstur*. Styttra er síðan vísbendingar koma fram um heilsuskaða hjá þeim sem ekki reykja sjálfir en búa við tóbaksreykmengað andrúmsloft á heimili eða í vinnu.

Á undanförnum árum hefur komið fram fjöldi rannsókna sem sýnir að slíkar óbeinar reykingar eru skaðlegar heilsunni og geta auk óþæginda og vanlíðunar hjá mörgum valdið sömu sjúkdómum og hljótast af því að reykja. Þingmönnum hefur í ræðustól orðið tíðrætt um ýmsar rannsóknir og í sjálfu sér tel ég ekki nauðsynlegt að rifja upp öll þau heilsufarslegu áhrif sem óbeinar reykingar hafa, þ.e. skaðleg áhrif. Ég nefni sem dæmi lungnakrabbamein, hjartaáfall og líklegt er talið að þær geti valdið lungnaþembu og heilablóðfalli meðal fullorðinna.

Mér finnst mikilvægt, vegna þess að umræðurnar hafa talsvert snúist um trúverðugleika gagna eða rannsóknanna að koma inn á það. Þegar fjallað er um rannsóknir í heilbrigðisvísindum er mikilvægt að horfa á heildarmyndina, draga saman rannsóknir á hverju sviði fyrir sig og meta áhættuna út frá því. Margar erlendar vísindastofnanir og samtök heilbrigðisstarfsmanna í Bandaríkjunum, Bretlandi og Ástralíu, hafa tekið saman allar þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á áhrifum óbeinna reykinga og ýmissa sjúkdóma og flestar eru sammála um að nægar vísindalegar sannanir séu fyrir því að óbeinar reykingar geti orsakað lungnakrabbamein og hjartasjúkdóma, ásamt því að auka hættu á fleiri sjúkdómum og óþægindum, svo sem öndunarfærasjúkdómum, truflun í augum og öndunarfærum.

Einnig hefur krabbameinsrannsóknastofnun WHO, þ.e. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, skoðað allar þær rannsóknir sem liggja að baki mati á krabbameinsvaldandi efnum í hliðarreyk, gögn úr faraldsfræðilegum rannsóknum og tilraunum, og komist að þeirri niðurstöðu að hliðarreykur *sé krabbameinsvaldandi fyrir fólk*, þ.e. óbeinar reykingar. Auk þess hafa íslenskir aðilar sagt sína skoðun, nefni ég þar til landlækni, Lýðheilsustöð, sérfræðinga á Landspítalanum, sérfræðinga í hjartasjúkdómum og lungnasjúkdómum og ýmis fagfélög. Þingmenn hafa t.d. áður lesið upp ályktanir frá Hjartavernd og Krabbameinsfélaginu og svo má áfram telja. Mér finnst að við getum ekki litið fram hjá málflutningi þeirra.

Ég verð að viðurkenna að ég er hugsi yfir framferði eins þingmannsins í ræðupúlti, hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, þar sem málið er mér einnig nokkuð skylt. Ég verulega hugsi yfir því og mér fannst hann fara með alvarlegar ásakanir í garð bæði heilbrigðisráðuneytisins og Lýðheilsustöðvar. Ég er viss um að þegar heilbrigðis- og tryggingananefnd fær málið til umfjöllunar mun hún fara vandlega yfir

þær ásakanir sem þar koma fram. Mér finnst mikilvægt að dregið sé fram að langflestar niðurstöður ber að sama brunni, þ.e. að óbeinar reykingar valdi heilsufarstjóni og þótt alltaf sé hægt að finna eina og eina rannsókn sem ekki er með afgerandi niðurstöðu. En mig langar líka að draga fram að meginaðferð tóbaksiðnaðarins í baráttu sinni gegn lagasetningu um reykingar á vinnustöðum er einmitt þessi, að vefengja vísindin sem liggja að baki, draga upp mynd af andstæðingum sínum sem öfgasinnum og halda því jafnvel fram að loftræsting sé næg vörn. Þau vara við áhrifum á rekstur og halda því fram að erfitt sé að framfylgja lagasetningum. Ég mun á eftir svara þeim atriðum.

Í andsvari mínu við ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar minntist ég á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin sá sig á sínum tíma, þ.e. 9. mars árið 1998, knúna til að svara þeim ávirðingum sem uppi voru hafðar gegn stofnuninni vegna þessarar tilteknu rannsóknar. Ef ég mætti lesa upp hluta af fréttatilkynningunni, með leyfi forseta, þá segir þar:

„Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur opinberlega verið sökuð um að leyna upplýsingum. Andstæðingar stofnunarinnar halda því fram að hún hafi stungið undir stól skýrslu sem ætlað var að sanna vísindalega að tengsl væru milli óbeinna reykinga eða tóbaks í umhverfi og ýmissa sjúkdóma, einkum þó lungnakrabbameins. Er því haldið fram að ekki hafi tekist að sanna það. Báðar fullyrðingarnar eru rangar."

Svo halda þeir áfram: „Í fréttaflutningi undanfarið hafa niðurstöður rannsóknanna verið algerlega rangtúlkaðar en þeim ber að mestu saman við niðurstöður úr sambærilegum rannsóknum bæði í Evrópu og víðar. Óbeinar reykingar valda núna krabbameini hjá fólki sem ekki reykir."

Ég hvet þingmenn til að kynna sér þessa fréttatilkynningu ef þeir vilja.

Virðulegur forseti. Ég tel öllum í hag að setja lög sem hægt er að framfylgja en nokkuð hefur borið á því að erfitt hafi verið að framfylgja núgildandi lögum auk þess sem þau vernda ekki starfsmenn veitinga- og skemmtistaða fyrir neikvæðum afleiðingum tóbaksreyksins. Eins og ég hef sagt áður er staðan sú að margir starfsmenn veitinga- og skemmtistaða verða fyrir miklum áhrifum af óbeinum reykingum. Þetta er ein fárra stétta sem nýtur ekki verndar samkvæmt 9. gr. tóbaksverndarlaga og 1. gr. vinnuverndarlaga.

Tilgangur lagasetningar um reyklausa veitinga- og skemmtistaði er fyrst og fremst að bæta vinnuumhverfi þeirra sem þar vinna og draga úr áhættu starfsmanna. Mér finnst líka athyglisvert að rannsóknir á heilsu og vellíðan starfsmanna, fyrir og eftir að slík lög hafa tekið gildi, sýna að slíkar aðgerðir skila árangri. Í rannsókn sem gerð var í Kaliforníu kom fram að þjónustufólk kvartaði undan óþægindum í öndunarfærum, svo sem hósta, mæði, blístri í öndunarfærum og óþægindum í augum, nefi og hálsi, fyrir lagasetninguna. Einum mánuði eftir að lögin tóku gildi höfðu einkenni í öndunarfærum minnkað um 60%, óþægindi um 80%. Lungnavirkni hafði einnig aukist nokkuð. Sambærilega norska rannsókn ber að sama brunni.

Frú forseti. Þrátt fyrir að megintilgangur frumvarpsins sé að tryggja rétt starfsmanna sem vinna á veitinga- og skemmtistöðum til að anda að sér reyklausu lofti má segja að lagasetningunni fylgi einnig annar ávinningur. Um leið tryggjum við vernd gesta á veitinga- og skemmtistöðum fyrir óbeinum reykingum. Reynslan hefur sýnt að lagasetning sem þessi dragi úr reykingum. Dæmi þess má finna í Kaliforníu.

Þá má minna á að ýmis ávinningur fylgir því að veitinga- og skemmtistaðir séu reyklausir fyrir eigendur þeirra. Nægir að nefna minni eldhættu og minni viðhaldsþörf vegna skemmda á húsbúnaði og óþrifa. Einnig hafa óbeinar reykingar aðrar afleiðingar fyrir starfsfólk, vinnuveitendur og heilbrigðiskerfi. Óbeinar reykingar hafa verið tengdar við fjarvistir frá vinnu, fjölda heimsókna til lækna og notkun lyfja hjá körlum. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands mat framleiðslutap vegna óbeinna reykinga á Íslandi árið 2000 upp á 448 millj. kr. Þá er einungis tekið mið af hjartasjúkdómum og lungnakrabbameini en ekki fjarvistum frá vinnu. Það má ætla að kostnaðurinn sé hærri.

Virðulegur forseti. Víða hefur svipuð löggjöf tekið gildi. Árið 2004 bönnuðu Írar, Norðmenn og Möltubúar reykingar á öllum veitinga- og skemmtistöðum í sínum löndum. Í janúar fylgdu Ítalir í kjölfarið. Í öllum þessum löndum hefur gengið mjög vel að framfylgja lögunum. Í ýmsum löndum stendur yfir umræða um slíka lagasetningu. Auðvitað hafa löndin að einhverju leyti farið mismunandi leiðir í útfærslu reykingabanns á veitinga- og skemmtistöðum en flest valið þá leið sem lagt er upp með í frumvarpinu.

Í júlí í fyrra gengu í gildi lög í Svíþjóð um að banna reykingar í öllum húsakynnum þar sem matur og drykkur er framleiddur. Svíar völdu að fara aðra leið en Norðmenn og Írar og leyfa reykingar í sérstökum reykherbergjum, þar sem hvorki má framreiða né neyta matar og drykkjar. Þróunin er hröð í þessum efnum sem best má sjá á því að ekki hefðu margir spáð því að þjóð eins og Ítalir, Suður-Evrópuþjóð, mundi banna reykingar á veitinga- og skemmtistöðum. Í Bretlandi á þessi umræða sér stað og er þar rætt um að banna reykingar á árinu 2008. Reyndar heyrist mér umræðan þar snúast frekar um hve langt eigi að ganga. Veitingamenn hafa þar haldið á lofti þeim sjónarmiðum að best sé að banna reykingar alfarið og ekki hafa neinar undanþágur því ella muni ekki ríkja jafnræði milli staðanna.

Mér þykir líka rétt að velta upp viðhorfi viðskiptavinanna. Heyrst hafa raddir um að veitingamenn hafi áhyggjur af áhrifum bannsins. Gallup hefur tvívegis gert viðhorfsrannsóknir, árin 2002 og 2004, þar sem skoðuð voru viðhorf fullorðinna til reykinga. Árið 2004 var spurt hvort fólk mundi fara sjaldnar, jafnoft eða oftar á þessa staði ef þeir væru alveg reyklausir. Í báðum rannsóknum kom fram að rúmlega 60% svarenda voru andvíg reykingum á veitinga- og kaffihúsum og í maí 2004 sögðust 85,8% svarenda mundu fara jafnoft eða oftar á veitingastaði eða kaffihús ef þeir staðir yrðu reyklausir. 14,1% töldu sig mundu fara sjaldnar. Það er athyglisvert að 52,8% fólks sem reykir sögðust mundu fara jafnoft eða oftar á kaffihús og veitingastaði ef þeir yrðu reyklausir.

Virðulegur forseti. Mönnum verður tíðrætt um áhrif reykbanns á rekstur veitingahúsa og hafa áhyggjur vaknað meðal veitingamanna. Þeir hafa jafnan áhyggjur af að tap verði í rekstri, að þeir verði að segja upp fólki og jafnvel að

fyrirtækin beri sig ekki ef staðurinn verði reyklaus. Fjárhagsleg áhrif reykingabanns á veitinga- og skemmtistaði hafa mikið verið könnuð. Ekki finnast nokkur áreiðanleg gögn sem styðja áhyggjur veitingamanna.

Ef við skoðum reynslu einnar mestu ferðamannaborgar heims, New York, en þar tóku slík lög gildi í mars 2003 og höfðu þá reykingar reyndar verið bannaðar á matsölustöðum áður um átta ára skeið, kemur í ljós að þrátt fyrir hrakspár andstæðinga virðist hin víðtæka löggjöf yfirleitt ekki hafa bitnað á veitingarekstri eða ferðaþjónustu í New York. Fyrsta árið eftir að lögin tóku gildi fjölgaði störfum í greininni, velta veitinga- og skemmtistaða jókst og veitingaleyfum fjölgaði. Langflestir New York-búar studdu lagasetninguna og 97% veitinga- og skemmtistaða virða lögin.

Við höfum heyrt ýmis sjónarmið við þessa umræðu. Það er gott að þau komi fram og nauðsynlegt að málið fái málefnalega umræðu og þinglega meðferð. Mig langar rétt að koma inn á vangaveltur um skerðingu á umráðarétti manna yfir eignum sínum. Ég get ekki séð að þau eigi rétt á sér. Atvinnustarfsemi eru almennt settar ýmsar takmarkanir í lögum og reglugerðum með vísan til öryggis- og heilbrigðissjónarmiða, samanber lög um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ég velti því stundum fyrir mér sjálf eftir að ég kem heim eftir að hafa verið á skemmtistað eða veitingastað hver réttur minn sé yfir fötum mínum, sem ég get varla notað næstu daga vegna afleiðinga þess að hafa verið inni á slíkum stöðum. (Gripið fram í.) Það er mitt val að fara þangað. Það er rétt, að það er mitt val að fara þangað. En ég velti þessu stundum fyrir mér.

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða mikilvægt lýðheilsu- og forvarnarmál sem mikilvægt er að nái fram að ganga. Rannsóknir sýna að óbeinar reykingar eru skaðlegar heilsunni. Reynslan af svipaðri lagasetningu og við höfum hér til umfjöllunar hefur sýnt að heilsa og líðan starfsmanna veitinga- og skemmtistaða hefur batnað eftir að reykbann hefur tekið gildi á vinnustöðum þeirra. Íslendingar hafa verið leiðandi í lagasetningu og forvörnum á sviði tóbaksvarna. Nú er komið að því að stíga næstu skref og tryggja starfsmönnum veitinga- og skemmtistaða þau sjálfsögðu mannréttindi að starfa í reyklausu umhverfi.

[19:43]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt atriði olli mér nokkurri umhugsun þegar ég hlýddi á mál hv. þm. Sæunnar Stefánsdóttur. Ég velti fyrir mér að hvaða leyti heilbrigðisyfirvöld hafa athugað reynsluna af þeirri breytingu sem varð á tóbaksvarnalögunum árið 2002. Þá var sú breyting var gerð varðandi veitinga- og skemmtistaði að gert var að skyldu að meiri hluti veitingarýmis væri reyklaus. Ég átta mig ekki á því eftir lestur frumvarpsins hvort slík athugun hafi átt sér stað. En þar sem ég veit að hv. þingmaður þekkir til í heilbrigðisráðuneytinu þá leikur mér forvitni á að vita hvaða upplýsingar liggja fyrir um þá reynslu. Ef reynslan er slæm þá hlýt ég að spyrja: Hefur heilbrigðisráðuneytið og þeir aðilar, þær stofnanir sem ábyrgð bera á framkvæmd laganna, leitast við að bæta framkvæmdina?

Mér finnst mikilvægt að þetta komi fram. Það er ljóst að þegar aukið er við bannákvæði í lögum, reglur hertar og annað slíkt, þá hljóta menn að spyrja: Er hægt eða hugsanlegt að fara vægari leiðir? Í þessu tilviki er lögð fyrir þingið tillaga um fortakslaust bann. Ég velti því fyrir mér hvernig ráðuneytið hefur metið reynsluna af þeim lögum sem sett voru árið 2002 hvað þetta varðar.

[19:45]

Sæunn Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Framkvæmdin hefur einmitt verið mikið rædd og þeir aðilar sem ber að fylgja lögunum eftir hafa rætt mikið við ráðuneytið. Við höfum farið yfir framkvæmdina með þeim og reynt hefur verið að gera bragarbót á henni. Ég ætla að vísa hér t.d. til vettvangskönnunar sem gerð var á 40 veitingastöðum í Reykjavík. Þar kom í ljós að á öllum nema einum vantaði meira eða minna upp á að settum skilyrðum væri fullnægt. Á flestum stöðum var að einhverju leyti farið eftir lögunum en ekki að öllu leyti. Á þrem stöðum voru reykingar meira að segja leyfðar í öllu þjónusturýminu þó að lögin kveði á um annað. Eftirlitsaðilarnir, sem eru sveitarfélögin, hafa rætt mikið við ráðuneytið og velt því upp að þeir geti ekki fylgt þessum lögum eftir vegna þess að hlutaðeigandi aðilar, veitingahúsin, hafa borið því við að það sé of flókið. Sumir staðir bjóði verr upp á en aðrir að skipta rýmunum í reyk- og reyklaus rými, og þar fyrir utan bendi ég á að ég vel vanalega að sitja í reyklausu rými en það kemur ekki í veg fyrir að maður finni tóbaksreykinn. Og ef við eigum að fjalla um vernd starfsmanna, sem er megintilgangur frumvarpsins, þá þarf sú vernd auðvitað að þjóna fólki jafnt á reyksvæðum sem reyklausum svæðum.

[19:46]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í sjálfu sér ekki gera lítið úr viðleitni ráðuneytisins og ábyrgðaraðila til að framfylgja lögunum. En ég verð hins vegar að vísa til þess að eina könnunin sem vísað er til í frumvarpinu og hv. þingmaður nefndi áðan er frá sumrinu 2002, skömmu eftir að sú breyting sem hér um ræðir var samþykkt á Alþingi. Ef ég man rétt voru lögin samþykkt í desember 2001 eða janúar 2002. Því má ætla að nokkuð meiri reynsla sé komin á framkvæmdina nú en var vorið 2002. Síðan eru liðin nærfellt fjögur ár. Tilfinning mín sem gests á veitingastöðum er sú að reyklausu svæðin hafi miklu meira vægi í dag en þau höfðu þá. Ég held því að það hefði verið málinu til framdráttar og þeim undirbúningi sem þarf að búa að baki svona frumvarpsgerð ef einhver nýrri gögn eða athuganir væru fyrir hendi sem segðu eitthvað til um stöðuna að þessu leyti. Nú dreg ég á engan hátt í efa að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna, sem ber að framfylgja slíkum lögum, hafi rekið sig á ýmis vandkvæði við að framfylgja þessum ákvæðum en þá er spurningin: Hefur eitthvað verið gert af hálfu heilbrigðisráðuneytisins til að reyna að tryggja betur framkvæmdina? Þetta hafa verið gildandi lög núna í nærfellt fjögur ár. Ég velti fyrir mér hvort þær leiðir hafi verið reyndar á einhvern hátt innan ramma gildandi laga áður en farið er út í að leggja hér til fortakslaust bann.

[19:48]

Sæunn Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að sú könnun sem ég vísaði til er frá sumrinu 2002. Ég er ekki með nýrri tölur í kollinum en ég get fullvissað þingmanninn um það að eftir viðtölum okkar í ráðuneytinu að dæma hefur ástandið ekki batnað mikið. Það sem aftur á móti hefur breyst, og segja má að það sé í rauninni hluti af viðbrögðum ráðuneytisins við óskum heilbrigðiseftirlitsins, er annars vegar það að við höfum unnið að lagasetningu til að breyta því ástandi sem nú er, vegna þess að heilbrigðiseftirlitið og sveitarfélögin hafa mörg hreinlega kallað eftir mjög skýrum línum í þessu sambandi því þau hafa átt í erfiðleikum með að fylgja banninu eftir. Og hins vegar má geta þess líka að undirstofnun ráðuneytisins, Lýðheilsustöð, hefur farið þá jákvæðu leið á vissan hátt að auglýsa eða vera með lista á heimasíðu sinni yfir þá veitinga- og skemmtistaði sem kjósa að vera alfarið reyklausir og hefur í rauninni jafnframt farið út í kynningarátak til þess að reyna að hygla eða halda á lofti nöfnum þeirra veitinga- og skemmistaða sem kjósa að vera reyklausir. Hefur það átak skilað einhverju, held ég, og líka bara viðhorfsbreytingin sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu því að æ fleiri kjósa að fara á reyklausa skemmti- og veitingastaði. En eins og fram hefur komið í máli fyrri ræðumanna hefur það samt verið viðhorf Samtaka ferðaþjónustunnar að setja verði lög um þetta því þau vilja að það sama gildi um alla og þeim yrði stuðningur að því að lögin væru skýr. Við því erum við að bregðast með þessu frumvarpi.

[19:51]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Það er áhugaverð umræða sem átt hefur sér stað í dag um þetta frumvarp hæstv. heilbrigðisráðherra. Sú umræða endurspeglar að nokkru mismunandi viðhorf, bæði til þessa máls og kannski að einhverju leyti lífsviðhorf almennt, vegna þess að í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, til þess að gera, afar ströngum reglum á tilteknu sviði sem skerða sjálfsákvörðunarrétt og frelsi einstakra manna undir einstökum kringumstæðum. Þarna togast á tvenns konar sjónarmið að meginstefnu til. Annars vegar sjónarmið um heilsuvernd og heilbrigði og hins vegar um einstaklingsfrelsi, bæði frelsi manna til að neyta tóbaks á almannafæri, ef svo má segja, og eins þeirra sem reka veitinga- og skemmtistaði til þess að ákveða sjálfir ráðstöfun þess húsnæðis sem er undir yfirráðum þeirra.

Ég dreg ekki í efa, hæstv. forseti, að að baki þeim tillögum sem hér liggja fyrir búi góð og virðingarverð áform, þ.e. að auka heilbrigði og vernda þá starfsmenn sem þarna er um að ræða og stuðla að bættu heilsufari þjóðarinnar. Ég dreg ekki í efa að þessi góðu markmið búi að baki frumvarpsgerðinni og þeirri vinnu sem lögð hefur verið í það.

Hins vegar er það svo að þótt tilgangurinn sé göfugur er ekki alveg sama hvernig staðið er að framkvæmdinni, góður tilgangur réttlætir ekki öll meðul. Það er viðhorf mitt að það frumvarp sem hér liggur fyrir gangi of langt til að ná þessum góða og virðingarverða tilgangi og að mögulegt sé að ná sömu sjónarmiðum, sömu markmiðum með öðrum og vægari hætti. Það verður auðvitað að horfa á það í því sambandi þótt ekki sé um það deilt að reykingar séu skaðlegar eða geti verið skaðlegar og afleiðingar óbeinna reykinga kunni einnig að vera skaðlegar, þó að hér hafi átt sér stað deila um einstakar vísindarannsóknir í því sambandi, þá getum við alla vega gefið okkur að vísbendingar eru í þá átt og umræðunnar vegna skulum við ganga úr frá því að það sé rétt. Ég verð hins vegar að koma til varnar félaga mínum, hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, sem ég held að hafi fært fullkomlega málefnaleg rök í máli sínu varðandi heilsufarsrannsóknirnar, þ.e. að niðurstaðan sé ekki jafnóyggjandi og látið er í veðri vaka í frumvarpinu sjálfu. Ég tel mikilvægt að það sjónarmið komi fram og verði skoðað vandlega af hálfu hv. heilbrigðisnefndar þegar málið kemur til meðferðar þar. Hins vegar skulum við, umræðunnar vegna, ganga út frá því að frumvarpshöfundar hafi rétt fyrir sér í því að afleiðingar óbeinna reykinga geti verið afar alvarlegar.

Þá veltum við hins vegar fyrir okkur, eða ég geri það í þessu sambandi, hvort hægt sé að ná fram þeim markmiðum sem sett eru um að vernda starfsfólk veitinga- og skemmtistaða fyrir óbeinum reykingum með einhverjum öðrum hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir. Frumvarpið gerir ráð fyrir fortakslausu banni. Það er hins vegar alveg ljóst, og hefur í rauninni verið viðurkennt hér við umræðuna, að hægt er að fara aðrar leiðir. Ég vil líka biðja hv. þingmenn að hafa í huga í þessu sambandi að tóbaksneysla er lögleg í landinu, ekki hefur verið stigið það skref að gera tóbaksneyslu ólöglega. Það er töluverður minni hluti fullorðinna landsmanna sem reykir en þetta er samt umtalsverður hópur. Um það bil 20% fullorðinna reykja daglega, ef marka má kannanir. Reyndar má geta þess að á veitinga- og skemmtistöðum reykja töluvert fleiri. En það er önnur saga.

Þessi minnihlutahópur er að jafnaði ekki hávær í opinberri umræðu um þessi mál en þessi hópur er fyrir hendi og spurningin er sú hvort ekki sé hægt að haga löggjöfinni þannig að á einhvern hátt sé tekið tillit til þessa hóps. Það er ekki gert í því frumvarpi sem hér liggur fyrir en ég tel afar mikilvægt að hv. heilbrigðis- og trygginganefnd hugi að því í vinnu sinni við málið hvort einhver slík leið sé fær.

Það er sjónarmið, eins og ég nefndi í andsvari áðan, þegar verið er að setja reglur sem skerða með einhverjum hætti frelsi og sjálfsákvörðunarrétt fólks að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er hverju sinni. Þetta er mikilvæg meginregla í stjórnskipun okkar og stjórnarfari og á að sjálfsögðu að taka tillit til hennar þegar lagasetning er ákveðin á hinu háa Alþingi. Hvað varðar þau sjónarmið sem togast á hér, annars vegar sjónarmiðið um heilsufar og heilsuvernd og hins vegar sjónarmiðið um frelsi einstaklingsins, þá finnst mér afar mikilvægt að leitað sé leiða til að samþætta þau með einhverjum hætti. Segja má að í núgildandi lögum felist ákveðin málamiðlun milli mismunandi sjónarmiða að þessu leyti. Eins og rakið var áðan gera lögin frá 2002 ráð fyrir því að meiri hluti rýmis á hverjum veitingastað sé reyklaus og jafnframt að veitingastaðir hafi yfir að ráða loftræstibúnaði eða aðstæðum að öðru leyti sem gera það að verkum að tóbaksreykur valdi sem minnstum óþægindum fyrir aðra en þá sem reykja.

Ég verð að játa að eftir það sem fram hefur komið hér í umræðunni get ég ekki sagt annað en að mér finnst töluvert

vanta upp á að færð hafi verið fyrir því sannfærandi rök að núverandi fyrirkomulag standist ekki. Vísað er til ótilgreindra erfiðleika við framkvæmd laganna en ekki er hægt að festa hönd á sérstökum aðgerðum til að bæta framkvæmdina. Mér er nær að halda að í stað þess að reyna að ná fram þeim markmiðum sem búa að baki varðandi heilsuvernd hafi í rauninni ekki verið gerð nein alvörutilraun til að tryggja þessi markmið á grundvelli núgildandi laga, heldur hafi þeim aðilum sem bera ábyrgð á þessum málum þótt einfaldara að fara út í fortakslaust bann frekar en að takast á við málin á grundvelli þeirra reglna sem við búum nú við. Að minnsta kosti liggja ekki fyrir gögn sem benda í aðra átt. Og þó að ég trúi alveg hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur að sjónarmið í þessa veru hafi heyrst frá einstökum ábyrgðaraðilum í heilsuvernd þá höfum við ekki í höndunum nein gögn sem í sjálfu sér renna stoðum undir þær fullyrðingar.

Í frumvarpinu er ekki reynt að samþætta þessi ólíku sjónarmið á grundvelli núgildandi laga, í því er heldur ekki valin leið sem felur í sér minni skerðingu á frelsi en fortakslaust bann felur í sér. Það hefur verið vísað töluvert til reynslunnar frá öðrum löndum í umræðunni og af máli margra stuðningsmanna frumvarpsins má ráða að sú leið sem valin er í því sé með einhverjum hætti sú sama og flestar þjóðir í kringum okkar séu að fara.

Það er rétt að halda því til haga að sú leið sem hér er lögð til er sú strangasta. Hafðar eru að fyrirmynd þær reglur í löndunum í kringum okkur sem ganga lengst, þ.e. í Noregi, Írlandi og síðan í einstökum fylkjum í Norður-Ameríku. Það eru fyrirmyndirnar, það regluverk á þessu sviði sem gengur lengst í heiminum. Ekki er farin leið sem gengur skemur, og nokkuð hefur verið rædd hér, t.d. sú leið sem farin er á Írlandi eða á Ítalíu — af því að hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir nefndi Ítalíu sérstaklega. Samkvæmt upplýsingum í frumvarpinu sjálfu er gert ráð fyrir sérstökum reykherbergjum á veitingastöðum þar. Sú leið er reyndar farin, þó að svoleiðis upptalning skipti kannski ekki höfuðmáli í þessari umræðu, alveg til jafns við þá leið sem farin er í frumvarpinu. Það er því pólitísk ákvörðun af hálfu hæstv. heilbrigðisráðherra að leggja til þá leið sem lengst gengur í þessu máli. Það er rétt að hafa það í huga.

Varðandi umræður annars staðar þá hafa sjónarmið í þessa veru heyrst. Hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir vísaði til Bretlands. Þar liggur fyrir frumvarp frá ríkisstjórninni sem gerir ráð fyrir því að reykingar verði bannaðar á veitingastöðum þar sem matur er framreiddur. Þar er hins vegar undanþága fyrir bari eða veitingastaði sem ekki framreiða mat auk þess sem heimilt er að leyfa reykingar í húsum klúbba sem ekki eru opnir almenningi en menn geta orðið aðilar að og mikil hefð er fyrir í Bretlandi. Það er hins vegar rétt að sú umræða hefur þróast þannig að ákveðinn hluti þingmanna Verkamannaflokksins hefur talið að of skammt væri gengið en það er alveg óljóst hvernig því vindur fram. Stjórnarfrumvarpið liggur hins vegar fyrir sem gerir ráð fyrir að gengið verði mun skemur en gert er í þeim tillögum sem við ræðum hér.

Ef við skoðum frumvarpið virðist eiginlega sama hvaða hlið á málunum er horft á, svarið er alltaf bann. Vissulega er fortakslaust bann oft auðveldara í framkvæmd en aðrar leiðir. Línur eru skýrar, eitthvað er bannað og það er einfalt að framfylgja því banni. Í frumvarpinu er engin tilraun til neinna málamiðlana og engin tilraun til þess að sætta ólík sjónarmið eða koma til móts við ólíka hagsmuni, það er bara bann. Þó að algjört bann kunni að vera einfaldara í framkvæmd er ekki þar með sagt að löggjafinn eigi að láta stjórnast af því.

Ég tel afar mikilvægt við meðferð þessa máls, og mín afstaða byggist á því, að kannað sé hvort með einhverjum hætti er hægt að koma til móts við þann hluta þjóðarinnar sem reykir, hvort með einhverjum hætti verði opnað á möguleika fyrir veitingamenn sem sumir hverjir vilja gjarnan leyfa einhverjar reykingar í húsakynnum sínum. Mér finnst afar mikilvægt að við náum einhverri slíkri niðurstöðu frekar en því fortakslausa banni sem hér er gert ráð fyrir. Fyrir utan það að frumvarpið gengur miklu lengra en nauðsynlegt er til þess að ná markmiðunum þá felur það vissulega líka í sér skerðingu á athafnafrelsi, einkarétti og sjálfsákvörðunarrétti fólks.

Ég velti því upp í þessu sambandi hvort hv. þingmenn hafi góða samvisku gagnvart því að koma í veg fyrir það með löggjöf að segjum hópur vindlareykingamanna taki sig saman um að stofna klúbb þar sem reykingamenn einir koma, reykingamenn einir afgreiða og menn koma saman til þess að bera saman ólíkar tegundir vindla og skiptast á skoðunum um þetta. Það er ákveðinn kúltúr í kringum þetta. Sumum kann að þykja þetta mikill óþarfi og ósiður hjá þessum mönnum en það er nú samt sem áður svo að það er töluverður kúltúr í kringum þetta í heiminum. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þingmenn telji sig hafa rétt til þess að koma í veg fyrir að menn stofni klúbb í þessum tilgangi, koma í veg fyrir að þeir geti fengið sér kaffi eða eitthvað sterkara með vindlunum ef þeir svo kjósa. Þeir trufla ekki aðra. Þeir valda öðrum engum óþægindum. Þeir valda öðrum ekki heilsuskaða. Reglurnar, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, koma hins vegar í veg fyrir að menn geti stofnað félag í þessum löglega tilgangi — tóbak er, eins og ég minnti á hér í upphafi, lögleg vara í landinu og reykingar eru ekki bannaðar. Ég nefni þetta.

Ég nefni annað. Ég átti orðaskipti við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hér áðan varðandi möguleika veitingamanna ef þeir vildu nú tjalda yfir bakgarðinn hjá sér og leyfa reykingamönnum að fara þar út til þess að reykja. Það kom fram hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að það væri heimilt ef það væru ekki fleiri en tveir veggir, væntanlega tveir tjaldveggir, á slíku mannvirki. Af hverju mega þeir ekki vera þrír? Af hverju má ekki bara vera tjald úti í garði ef menn vilja leyfa reykingamönnunum að fara þar út? Á Íslandi er allra veðra von og eiginlega óveður meiri hluta ársins. Af hverju ætlar löggjafinn að koma í veg fyrir að menn geti gert þetta?

Ég ber virðingu fyrir þeim sjónarmiðum sem búa að baki hjá frumvarpshöfundum að vernda starfsfólk á veitingastöðum fyrir tóbaksreyk. Ég ber virðingu fyrir því sjónarmiði að draga úr tóbaksreykingum. En ég segi: Er ekki aðeins of langt gengið? Er ekki verið að velja fortakslaust bann að óþörfu? Er ekki möguleiki að finna leið sem gengur ekki svona langt, sem felur í sér meiri málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða? Er ekki hægt að finna einhverja lausn á

þessu? Er það ekki svo að — þó að við teljum reykingar skaðlegar og viljum beita okkur gegn þeim — einhvers staðar verða vondir að vera? Er ekki með einhverjum hætti hægt að velja vægari leið?

Ég skora á hv. heilbrigðis- og trygginganefnd að skoða þessi sjónarmið þegar málið verður tekið þar til umræðu og ég skora á hæstv. heilbrigðisráðherra að huga að þessu líka. Hér er vissulega stefnt að góðu og göfugu markmiði en allt of langt gengið.

[20:08]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Að baki þeirri umræðu sem fram fer hér í dag um tóbaksvarnir liggur nokkuð merkileg grundvallarumræða sem lýtur að frelsi fólks og sjálfsákvörðunarrétti yfir lífi sínu og framgöngu og hátterni á opinberum stöðum. Ég hefði talið það nokkuð sjálfsagt mál að ná fram sjónarmiðum vinnuverndar hvers konar og tryggja að ekki sé vaðið yfir fólk sem ekki reykir þannig að það verði fyrir skaða, fólk sem starfar á veitinga- og skemmtistöðum hvers konar. Ég hefði talið að þegar tryggt væri að óbeinar reykingar og reykingamenn yllu þessu fólki ekki skaða inni á stöðunum væri meginmarkmiðinu náð. Það hefur jú komið fram að vinnuverndarsjónarmið hafi drifið málið áfram í upphafi, þó svo að margt annað blandist þar inn í.

Markmiðið er að mínu mati gott og ég styð það heils hugar. Það er sjálfsagt mál að fólk sem ekki reykir en starfar á veitinga- og skemmtistöðum þurfi ekki að vera innan um reykingamenn og draga að sér loft mettað reyk. En umræðan á meðal margra stuðningsmanna frumvarpsins hefur snúist upp í röksemdafærslu fyrir skaðsemi tóbaks og röksemdafærslu fyrir því af hverju eigi að vernda fólk fyrir óbeinum reykingum. Sú umræða er að mínu mati langt að baki. Það eru margir áratugir síðan sýnt var fram á gríðarlega skaðsemi af reykingum, það liggur fyrir. Ég efast ekkert um að reykingar eru að mörgu leyti andstyggilegt athæfi og valda þeim skaða sem reykja og anda að sér reyknum. Tóbaksreykingar eru eftir sem áður leyfðar á Íslandi og það er engin umræða í gangi um að banna þær, ekki frekar en að banna neyslu á áfengi þó að allir viti að áfengisneysla veldur ómældu tjóni, svo vægt sé til orða tekið, í samfélaginu á hverju ári. Það er einhvers konar samfélagssátt um það að leyfa neyslu á áfengi og leyfa neyslu á tóbaki. Þess vegna er sjálfsagt mál að finna leiðir til að tryggja að þeir sem ekki reykja og starfa á umræddum stöðum séu ekki neyddir til þess með einum eða öðrum hætti að draga að sér reyk. Að því markmiði eru margar mildari leiðir en sú sem hér er lögð fram.

Hér hefur verið spurt að því hvers vegna ekki er lagt til að leyft verði að hafa ákveðin reykrými inni á stöðum ef veitingamenn kjósa að setja þau upp og vilji kosta fé til þess. Þá eru rökin þau að Samtök ferðaþjónustunnar, einhverjir forustumenn þar, hafi í einkasamtölum sagt að það vildu þeir ekki af því að það mundi mismuna stöðunum. Það er náttúrlega algjör þvættingur. Staðirnir eru og mega vera misjafnir að stærð og gerð. Vilji einhver veitingamaður bjóða upp á slíkan valkost í veitingaflórunni á honum að sjálfsögðu að vera það heimilt.

Svo fortakslaust bann ber að mínu mati með sér árás á einkalíf fólks og verulega athafnafrelsisskerðingu og það gengur einfaldlega allt of langt. Að markmiðinu eru margar mildari leiðir, eins og fram hefur komið með skýrum hætti, t.d. í fínni ræðu hv. þm. Birgis Ármannssonar hér á undan mér. Í ræðu sinni nálgaðist hann viðfangsefnið málefnalega. Það blandast engum hugur um að markmiðinu þurfi að ná og tryggja beri að starfsfólk á veitinga- og skemmtistöðum þurfi ekki að verða fyrir óbeinum reykingum. En við erum að tala um fullorðið, sjálfráða fólk og hvað það tekur sér fyrir hendur. Þarf að hafa svo mikið vit fyrir fólki ef tryggt er að þjónustufólk á stöðunum verði ekki fyrir skaða og þurfi ekki að anda að sér reyk? Þarf að hafa svo mikið vit fyrir fullorðnu, sjálfráða fólki að það þurfi að banna þetta fortakslaust? Mitt svar við því er: Nei, að sjálfsögðu ekki.

Ef það að einhver reykir er vandamálið þá hljóta menn bara að ganga alla leið og taka umræðuna um það hvort það eigi að leyfa eða banna tóbak. Vinnuverndarsjónarmiðunum er hægt að ná fram með öðrum hætti, það er alveg á hreinu og það hefur komið hér fram. Það er blásið út af borðinu, eiginlega án umhugsunar, að til greina komi að hafa einhvers konar tjald eða aðstöðu, t.d. úti í garði fyrir aftan veitingastað, kjósi eigandinn að bjóða upp á það. Þegar það er blásið út af borðinu eins og hverri annarri firru er það nánast meinfýsið, það er hálfgerð meinfýsni sem liggur undir slíku. Fólkið skal þá hírast úti í kuldanum og rokinu, sem er nú nánast viðvarandi veðurástand hér á Íslandi, ætli það að viðhafa þann sið að reykja. Þetta þykir mér meinfýsni sem ekki á heima í þessari umræðu. Það á að ræða þessi mál af yfirvegun og sanngirni, það er örugglega nánast órofa samstaða um að það þurfi að ná fram vinnuverndarsjónarmiðunum og þeim er hægt að ná.

Við erum að tala um nokkuð grófa pólitíska íhlutun og pólitískt forræði stjórnvalda yfir lífi og sjálfsákvörðunarrétti borgaranna og þess vegna eiga menn að stíga varlega til jarðar. Við erum að tala um grundvallarmannréttindi, við erum að tala um frelsi einstaklinganna til orða og athafna. Við erum nokkuð sammála um það, eins og hefur nú legið undir í skrifum og orðræðu stjórn- og siðfræðinga á síðustu áratugum, að okkur sé heimilt að grípa inn í líf og hátterni einstaklinga þegar þeir valda öðrum og jafnvel sjálfum sér skaða. Við samþykkjum samt sem áður að fólk valdi sjálfu sér skaða með því að reykja, með því að drekka áfengi og með því að neyta þeirra vímuefna beggja. Við bönnum önnur fíkniefni en samfélagssátt er um það að leyfa áfengi og tóbak. Það má alveg ræða um það hvort það sé í sjálfu sér réttlætanlegt að banna öll önnur fíkniefni fyrst við leyfum eitt sterkasta fíkniefnið sem er áfengi, en það er önnur umræða.

Þetta frumvarp er gróf pólitísk íhlutun í frelsi og sjálfsákvörðunarrétt borgaranna í landinu og þá umræðu á að taka á þeim forsendum. Þegar hv. stuðningsmenn frumvarpsins fullyrða að hér sé einungis verið að ræða um vinnuverndarsjónarmið er það að sjálfsögðu bara einn angi málsins. Þó það sé eitt helsta markmið málsins þá snýst það um svo margt annað. Það er enginn efi í mínum huga, og ég er baráttumaður fyrir því, að við eigum að tryggja að þeir sem ekki reykja og vilja ekki vera í reyk, t.d. fólk sem vinnur á veitinga- og skemmtistöðum, þurfi aldrei að verða fyrir

því. Mér þótti koma fram nokkuð sérkennilegur sentímentalismi í ræðuhöldum þegar taldir voru upp skemmtikraftar sem höfðu látist vegna óbeinna reykinga og það notað sem réttlæting fyrir banninu. Ég efast ekkert um það, og er stuðningsmaður þess og baráttumaður fyrir því, að tryggja að skemmtikraftar og aðrir sem vinna á veitingastöðum þurfi ekki að draga að sér reykinn. Við erum komin miklu lengra í umræðunni en það.

Nú erum við að tala um fortakslaust bann sem gengur mjög langt og þar vakna allar spurningarnar um hvort virkilega þurfi að ganga svona langt. Hér hafa verið tekin ágæt dæmi um að veitingamaður gæti kosið að reka til dæmis lítinn stað sem býður mönnum upp á einhvers konar vindlaeða reykingaklúbb eða gefur mönnum kost á að halda þar lítið einkasamkvæmi, matarboð þar sem allir viðstaddir eru fullkomlega upplýstir um skaðsemi reykinga en ákveða að reykja með máltíðinni eða eftir hana o.s.frv. Af hverju í ósköpunum á að banna fólki það fortakslaust og senda það út á gaddinn til að stunda þá iðju? Af hverju kemur ekki til greina að fara mildari leið sem nær fram sömu markmiðum eins og menn hafa gert í Svíþjóð og meta síðan árangurinn af því starfi eftir einhvern tiltekinn tíma?

Hvað liggur svo á? Hvar er vandamálið og hver er að kalla eftir svo fortakslausu banni svo hratt? Enginn, að ég held, eða alla vega ekki mjög margir. Um er að ræða verulega forsjárhyggju, mikinn rétttrúnað og mjög gróft stjórnlyndi, að mínu mati, sem fer langt yfir eðlileg og heilbrigð mörk. Spurning vaknar: Er nauðsynlegt að setja fortakslaust bann eins og þetta? Svar mitt við því er nei. Það er ekki nauðsynlegt að ganga svona langt enda má pólitísk íhlutun að sjálfsögðu ekki og á ekki að snúast upp í einhvers konar yfirgang og nánast ofbeldi í garð sjálfsákvörðunarréttar og frelsis borgaranna. Hægt er að ná fram öryggis- og varúðarsjónarmiðum hvers konar með allt öðrum og miklu mildari og skynsamlegri hætti en hér er lagður til.

Þetta hlýtur að verða skoðað mjög rækilega í meðförum heilbrigðis- og trygginganefndar. Við 2. umr. um málið hljóta fleiri sjónarmið að vakna. Ég treysti því að málið komi breytt út úr nefndinni þannig að farin verði mildari leið að þessu marki. Það er mjög auðvelt að reka blindan rétttrúnað fyrir máli eins og því að banna reykingar svo fortakslaust á veitinga- og skemmtistöðum með því að vísa í að 375 hafi, að því er talið er, látist vegna reykinga í fyrra á Íslandi, að þessi eða hinn hafi látist af völdum beinna og óbeinna reykinga. Það er mjög auðvelt að reka pólitík og stjórnmál á þessum forsendum. En að mínu mati er það líka mjög ómerkilegt. Það er verið að reyna að eyða þeirri sjálfsögðu umræðu sem við hljótum að taka. Þegar svo fortakslaust bann liggur fyrir þinginu hljótum við að taka almennari umræðu um hvað sé réttlætanlegt að banna fólki og hve stjórnvöldum leyfist að ganga langt í íhlutun sinni í líf fullorðinna og sjálfráða borgara í þessu landi. Um það á þessi umræða að snúast finnst mér af því að við erum sammála um að ná markmiðunum. Við erum sammála um að ná því markmiði að fullnægja vinnuverndinni skilyrðislaust, algjörlega skilyrðislaust að mínu mati. Um það er engin deila. Umræðan snýst ekki um hvort reykingar valdi skaða. Það er búið að sýna fram á það fyrir mörgum áratugum síðan, að mínu mati. Mér er alveg sama hvað öllum rannsóknum líður. Það gefur bara auga leið. Alveg eins er neysla á feitum mat og óhollum, sykri, áfengi og svo mörgum öðrum hlutum sem eru leyfðir, mjög óholl. Það er hægt að drepa sig á nokkrum árum með neyslu ýmiss slíks varnings eins og ég nefndi áðan. Alveg eins og það er hægt að reykja sig í hel, er hægt að drekka sig í hel og éta sig í hel. (Gripið fram í.) Engum blandast hugur um það. Nei, þess vegna er sjálfsagt að ná fram sjónarmiðunum um að tryggja að aðrir þurfi ekki að hrærast í reyknum. Það er engin spurning, alveg klárt mál. Við eigum að ná fram því markmiði. Um það virðist vera mjög þörf pólitísk sátt. Enginn hefur mælt gegn því hér við 1. umr. um málið í dag, ekki minnst á það.

Við erum hins vegar að tala um hve gróflega og hve langt stjórnvöldum leyfist að ganga í að íhlutast um athæfi fullorðinna sjálfráða einstaklinga og notkun þeirra á löglegum varningi í landinu. Nefnd voru hér dæmi áðan um vindlareykingarnar og vindlareykingaklúbbinn. Auðvitað hljómar það fáránlega að það sé lögbrot og lögreglumál að mennirnir hittist og reyki saman vindla sé það tryggt að enginn sem ekki reykir verði fyrir skaða í formi óbeinna reykinga. Auðvitað er það fáránlegt. Þetta fortakslausa bann er því að mínu mati óréttlætanleg skerðing á frelsi og athafnafrelsi borgaranna. Það gengur einfaldlega allt of langt. Það er ekki nauðsynlegt að ganga svona langt til að ná fram þeim góðu markmiðum um vinnuvernd sem liggja þessu máli sumpart til grundvallar. Vinnuverndarsjónarmiðið er eitt af markmiðunum frumvarpsins.

Svo er önnur umræða um skaðsemi fíkniefna og eiturlyfja hvers konar, áfengis og tóbaks, kannabisefna og kókaínefna hvers konar. Það er önnur umræða þó að hún að sjálfsögðu tengist þessari mjög af því að við erum að tala um hve langt okkur leyfist að ganga við að banna fólki þetta og hitt til að vernda það fyrir skaðseminni sem hlýst af neyslu þessarar og hinnar vörunnar. Eigum við til dæmis almennt að leyfa veitingastöðum að framreiða mat sem allir vita að veldur fólki stórtjóni á jafnvel undraskömmum tíma? Allt snýst það hins vegar um það sem liggur undir þessari umræðu, þ.e. hve langt stjórnvöldum leyfist að ganga til að íhlutast um hegðun fólks, hvað fólki leyfist að gera þó að vitað sé að það valdi því sjálfu skaða, ef tryggt er að það valdi ekki öðrum skaða um leið, eins og með því að tryggja að enginn þurfi að vinna í reykmettuðu umhverfi.

Þetta er 1. umr. og málið er frumstætt að sjá að þessu leyti. Það hlýtur að taka breytingum í meðförum nefndarinnar áður en það kemur aftur fyrir þingið, alla vega hafa komið fram mjög máttug rök að mínu mati í umræðunni í dag til að breyta málinu í þá veru.

[20:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Forseti. Ég heyri að hv. þingmaður er alveg sammála okkur sem höfum talað með þessu máli. Hann vill vinnuverndina. Hann er sammála því að aðrir eigi ekki að þurfa að anda að sér reyk frá öðrum. En honum finnst of langt gengið og spyr hver kalli eftir þessu fortakslausa banni. Mig langar að benda hv. þingmanni á að allur heilbrigðisgeirinn eins og hann leggur sig — hann er nú ekki alltaf sammála — kallar eftir þessu fortakslausa banni og sömu-

leiðis allir hagsmunaaðilar, t.d. veitingamenn og þeir sem reka ferðaþjónustu. Þeir hafa ályktað um að þeir vilji fara þessa leið sem lögð er til í þessu máli. Þar sem hv. þingmaður er alveg sammála í raun grundvallaratriðum þessa máls, vinnuverndinni og því að aðrir þurfi ekki að anda að sér reyknum, sé ég því ekki annað en að hann geti orðið sammála þessu máli þegar upp er staðið og samþykki það þegar það kemur frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

[20:24]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég efast ekkert um góðan hug heilbrigðisstéttanna og þeirra prýðilegu og velmeinandi þingmanna sem hafa mælt fyrir þessu máli hérna í dag. En þar leggja menn til hliðar það sem mér þykir vera grundvallaratriði í málinu, þ.e. þá aðför stjórnvalda að hegðun og frelsi fólks til tiltekinna athafna með löglegan varning sem mér þykir liggja málinu til grundvallar. Það breytir minni afstöðu til þess máls ekki neitt þó að einhver alhæfi um mörg þúsund manns í nafni heilbrigðisgeirans og heilbrigðisstéttanna. Allir veitingamenn í landinu eru allt í einu orðnir sammála af því að forustumaður í Samtökum ferðaþjónustunnar lét eitthvað frá sér fara o.s.frv.

Auðvitað eru ekki allir á eitt sáttir um það. Ég get talið upp með nafni fullt af veitingamönnum sem eru alveg ólmir á móti þessu banni. Svoleiðis málflutningur er bara fráleitur. Auðvitað ríkir sú tilhneiging innan ákveðinna geira eða stétta að fara kannski stystu og auðveldustu leiðina til að ná einhverju markmiði, eins og það sé engin samúð með því að leyfa reykingar í lokuðum rýmum, enda sjáum við að fyrir utan spítalana, því miður, hírist starfsfólk og stundum sjúklingar úti í kuldanum og trekknum reykjandi af því að það reykir enn og notar enn þá þennan löglega varning þó að hann sé skaðlegur, af því að engin rými eru til stunda iðjuna innan dyra.

Mér finnst þessar öfgar einfaldlega óréttlætanlegar og ég styð þær einfaldlega alls ekki. Það breytir engu þó svo að einhver fullyrði að allur geirinn sé með málinu. Það er hægt að ná markmiðunum algjörlega, ekki að hluta heldur algjörlega, með miklu mildari leiðum. Ég styð markmiðið fullkomlega af því að það er hægt að fara að því miklu mildari leiðir. Það er engin nauðsyn á þessu fortakslausa banni.

[20:26]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Í dag hefur farið hérna fram ágæt umræða um þetta stjórnarfrumvarp sem heilbrigðisráðherra hóf umræðuna á að mæla fyrir. Ég tel að umræðan sé mjög góð og málefnaleg og hún er góður undirbúningur undir vinnu heilbrigðisnefndar sem ég geri ráð fyrir að þessu máli verði vísað til að umræðunni hér lokinni. Það má segja að þegar hér er komið umræðunni dragi enginn í efa skaðsemi óbeinna reykinga. Það urðu einhver áhöld hér fyrri hluta umræðunnar í dag um tilteknar heimildir og tilteknar rannsóknir, hvort þær hefðu verið túlkaðar rétt eða rétt frá þeim sagt í greinargerð með frumvarpinu. En þegar upp er staðið dregur enginn í efa skaðsemi óbeinna reykinga.

Í annan stað má segja að ákveðinn ágreiningur eða skoðanamunur hafi verið í þessari umræðu á milli þingmanna um það hvort löggjafinn sé að ganga of langt gagnvart sjálfsákvörðunarrétti þegnanna. Einhverjir hafa hent á lofti hvort bannið fortakslausa brjóti hugsanlega í bága við stjórnarskrárvarið atvinnufrelsi og eignarrétt. Ég ætla ekki að eyða orðum á hvorugt þessara. Þessi umræða um stjórnarskrárvarinn rétt, atvinnufrelsið og eignarréttinn, dregur dám af og minnir á umræðuna sem varð hér 2002 þegar ákveðið var með tóbaksvarnalögunum sem við settum þá að banna að auglýsa tóbak. Þá héldu því einhverjir fram að það færi í bága við stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi. Ég held að enginn haldi því fram nú eða leggi nokkuð upp úr því. En þar toguðust vissulega á hagsmunir forvarnanna og svo hagsmunir tóbaksframleiðenda og seljenda hins vegar. Ég tel að mikil sátt ríki nú um þetta auglýsingabann og menn séu sammála um að það hafi verið rétt að breyta lögunum í þá veru.

Ég ætla heldur ekki að eyða orðum í það að færa rök fyrir því út frá vinnuverndarsjónarmiðum og út frá lýðheilsusjónarmiðum eða heilsuvernd, að það þurfi að takmarka reykingar á veitingastöðum. Ég held að enginn efist, eins og ég sagði, um skaðsemina og ég held að fyrir því hafi verið færð fullnægjandi rök, m.a. með rannsóknum sem menn hafa vísað til um það. Í mínum huga er meginmálið það sem var lögfest 2002 þar sem sagði að sérhver ætti rétt á því að þurfa ekki að anda að sér tóbaksreyk. Þetta var meginreglan sem við settum í lögin 2002 og eina undantekningin frá þeirri meginreglu laut að veitinga- og skemmtistöðum og starfsmönnum þar.

Frumvarpið sem við ræðum núna gengur út á það að fella niður þessa undantekningu og frumvarpið skilgreinir þjónusturými m.a. í þeim tilgangi. Hugsunin er þá sú að starfsmenn sem vinna í þjónusturými njóti sömu verndar og aðrir og sama réttar til reyklauss umhverfis.

Einnig hafa verið ræddar hérna í dag vægari leiðir, eins og sú sem við fórum 2002 því þá var vissulega uppi umræða um fortakslaust bann við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum. Í greinargerð með frumvarpinu núna kemur fram, og er það byggt á vettvangskönnun sem gerð var, að lögin eins og við gengum frá þeim 2002, þar sem gert er ráð fyrir að meiri hluti veitingarýmis sé reyklaus og loftræsting sé fullnægjandi, hafa ekki skilað markmiði sínu. Vegna þess að lögunum hefur ekki verið fylgt. Það var eitt af því sem við veltum fyrir okkur við lagasetninguna 2002 hvernig ætti að fylgja þessu eftir því það lá alveg fyrir að sum veitingahús voru betur í stakk búin, eins og þau voru útbúin og hönnuð, til að fara að lögunum en önnur. Við veltum því fyrir okkur hversu heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna væru megnug.

Þegar ég hlýddi á umræðuna áðan reyndi ég að rifja upp hvort við hefðum aldrei rætt um nein viðurlög á sínum tíma, sem er alveg það sama og ég velti fyrir mér núna, þ.e. hvort þetta frumvarp þyrfti ekki að geyma einhver viðurlög við brotum, sem er svo aðeins annar handleggur.

Vægari leiðin hefur því verið reynd en kannski má segja sem svo að henni hafi ekki verið fylgt nægilega eftir. Ekki þá með viðeigandi ákvæðum um lokanir eða öðrum viðurlögum til þeirra sem höfðu ekki fullnægt lögunum eins og þau voru. Þá er spurningin sú: Hvað ætlum við að gera út

frá þeim sjónarmiðum að starfsmenn á veitinga- og gistihúsum eigi sama rétt á reykleysi og aðrir?

Það sem aðalágreiningurinn er um, því menn tala í þessu samhengi um fortakslaust bann sem menn vilji meina að 1. gr. feli í sér, er kannski hvort megi þá á vissan hátt ganga skemur en þetta án þess að verið sé að brjóta á rétti þeirra sem starfa á veitingastöðum, án þess að vinna gegn lýðheilsusjónarmiðum og viðurkenna að óbeinar reykingar hafa skaðleg áhrif, og þá hugsanlega með þeirri leið að heimilað verði einhvers konar afdrep eða reykherbergi. Hv. þingmenn hafa, og síðast hv. þm. Birgir Ármannsson, fært ágæt rök fyrir að sú leið verði farin án þess að verið sé að vinna gegn vinnuverndarsjónarmiðum.

Vegna þessarar umræðu finnst mér rétt að rifja aðeins upp umræðuna sem fór hérna fram á sínum tíma þegar við settum lögin 2002 og ákváðum a.m.k. að prófa þá leið að leggja svo fyrir að meira en helmingur rýmis á veitingastöðum skyldi vera reyklaus og loftræstingin góð. Þá fór töluverð umræða fram um hvort ætti að vera skilyrðislaust bann, t.d. á opinberum stofnunum, við reykingum starfsmanna. Niðurstaða heilbrigðisnefndar á þeim tíma, og þá er ég að tala um 10. gr. núgildandi laga, varð sú að ekki væru rök til þess því það sem mundi þá fylgja var það sem við höfum víða séð erlendis, að starfsmenn stæðu utan dyra, húktu þar í hvers konar veðrum og það hefði a.m.k. ekki forvarnagildi. Á sama tíma og við vorum að banna að auglýsa reykingar fannst okkur óeðlilegt að bjóða upp á að starfsmenn stæðu utan dyra og væru í sjálfu sér auglýsing fyrir tóbak. Þó svo að frumvarpið, eins og það kom frá ráðuneytinu á sínum tíma, gerði ráð fyrir að heimild til forstöðumanna opinberra stofnana til að vera með einhvers konar afdrep yrði felld niður varð það niðurstaða heilbrigðisnefndar 2002 að halda þeirri heimild inni. En við vorum nú ekki svo flott á því að tala um sérstakt reykherbergi, heldur töluðum við um afdrep. Í 10. gr. laganna eins og þau eru núna er talað um að tóbaksreykingar séu með öllu óheimilaðar og síðan er talið upp sem eðlilegt er: grunnskólar, framhaldsskólar, heilsugæslustöðvar, sjúkrahús o.fl. En síðan segir, með leyfi forseta:

„Forstöðumenn allra annarra opinberra stofnana en um getur í 1. mgr. skulu í samráði við starfsfólk gera áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnunar sem kemur til framkvæmda eigi síðar en fyrir lok ársins 2002."

Og síðan segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Innan sérhverrar stofnunar skal þó heimilt að gera ráð fyrir afdrepi þar sem reykingar eru heimilaðar."

Ég velti því fyrir mér þegar ég las frumvarpið sem við nú ræðum hvers vegna ekki væri lagt til í frumvarpinu frá ráðuneytinu út frá sömu sjónarmiðum, vinnuverndarsjónarmiðum, að fella niður þessa undantekningu og þessa heimild sem forstöðumenn stofnana hafa.

Svona var umræðan á þeim tíma og þetta varð niðurstaðan í heilbrigðisnefnd út frá þeim sjónarmiðum sem ég hef nefnt að reynslan hefur sýnt að þar sem bannið er fortakslaust standa starfsmenn gjarnan utan dyra.

Ekki eru nokkur rök til að stilla þessu máli upp þannig að það séu annars vegar þeir sem ekki reykja og eru á móti reykingum og hins vegar þeir sem séu á andstæðri skoðun með tilliti til þessa frumvarps. Ég held að segja megi að um það bil fimmtungur þjóðarinnar reyki enn þá þó að hlutfallið minnki stöðugt, þeim fækki stöðugt sem reykja. En það er alveg óþarfi að stilla þessu upp sem andstæðum hópum vegna þess að ég leyfi mér að fullyrða að margir þeir sem reykja kjósa eftir sem áður að geta notið matar og drykkjar á veitingastöðum í reyklausu umhverfi. Ég held að við ættum að halda því opnu út frá þeim sjónarmiðum sem hér hafa verið færð fram í dag — ég tek fram að ég styð frumvarpið og bannið við því að reykt sé á veitinga- og skemmtistöðum — að eðlilegt sé út frá þeim sjónarmiðum sem haldið hefur verið á lofti að huga að því innan heilbrigðisnefndar, líkt og menn hafa gert á Ítalíu og í Sviþjóð, að heimila þeim sem reka slíka staði að vera með einhvers konar afdrep þar sem engin þjónusta er veitt. Þar með er ekki verið að brjóta á rétti starfsmanna.

Þetta var fyrirvari minn við þingmannafrumvarpið sem ég var meðflutningsmaður á og var lagt fram á síðasta þingi, ég vildi að þessi leið fengi a.m.k. umræðu í hv. heilbrigðis- og trygginganefnd.

Vegna umræðu sem var fyrr í dag og vegna kostnaðarumsagnar fjármálaráðuneytisins þar sem segir að ekki verði séð að þetta frumvarp hafi nein áhrif á ríkissjóð finnst mér rétt að geta þess að auðvitað er fyrirsjáanlegur samdráttur ef frumvarpið nær öðrum markmiðum sínum, sem má skilja samkvæmt greinargerð að séu þau að draga úr reykingum, þá hljótum við að ganga út frá því að frumvarpið leiði til samdráttar á tekjum ríkissjóðs. En á sama hátt hljótum við líka, út frá því sem segir í greinargerð um skaðleg áhrif reykinga bæði beinna og óbeinna, að gera ráð fyrir að þetta frumvarp til lengri tíma litið geti valdið stórkostlegum samdrætti í útgjöldum til heilbrigðismála. Það hljótum við að styðja. Mér finnst það svolítið klént í umsögn fjármálaráðuneytisins að halda því á lofti að þetta hafi svo til engin áhrif.

Því var haldið fram fyrr í umræðunni í dag að sú leið sem Svíar fóru, að leyfa tiltekin reykherbergi eða einhvers konar afdrep, að veitingamenn þar í landi hefðu verið í andstöðu við það og teldu ekki góða reynslu af þeirri heimild sem þeir höfðu í lögunum vegna þess að þeir töldu það skekkja samkeppnisstöðu sína. Þetta finnst mér gamalkunnug rök. Við heyrðum þetta líka þegar við breyttum lögunum 2002 að sumir veitingamenn ættu betra með en aðrir að breyta húsnæðinu þannig að þeir uppfylltu skilyrði laganna. Síðan gekk það eftir að menn virtu þau lög ekki sem skyldi. En það er kannski vert í þessu tilfelli líka að árétta að samkeppnisstaða veitinga- og skemmtistaða er náttúrlega mismunandi á mörgum öðrum forsendum en beinlínis þessari. Menn þurfa að kosta mörgu til í rekstri sínum að öðru leyti til að styrkja samkeppnisstöðu sína. Mér finnst þetta alls engin rök.

Að lokum, herra forseti, það sem hér er vísað í, stuðning Samtaka ferðaþjónustunnar og stuðning allra heilbrigðisstétta við þetta frumvarp, þá vil ég árétta að ég er fullur stuðningsmaður þessa fortakslausa banns, en ef þetta sjónarmið, þ.e. að leyfa einhvers konar afdrep, að gættum vinnuverndarsjónarmiðum, væri borið undir heilbrigðisstéttirnar og þau títtnefndu samtök í umræðunni, efa ég fyrir fram að þeir aðilar mundu setja sig gegn því. Enda er það vinnuverndin og hættan á óbeinum reykingum sem ræður

afstöðu þeirra meira og minna.

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir og eðlilega að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til hv. heilbrigðis- og tryggingnefndar. Umræðan í dag gefur vissulega tilefni til að nefndin fari vel yfir málið og fái á sinn fund alla þá aðila sem munu skila umsögnum og þau hagsmunasamtök og forsvarsmenn heilbrigðisstétta sem vísað hefur verið til. Ég held að sú umræða sem verið hefur í dag sé góður grundvöllur undir þá vinnu sem fram undan er í heilbrigðisnefnd.

[20:41]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir. Ég styð frumvarpið heils hugar. Hvers vegna? Kjarni málsins er sá að þetta er heilbrigðismál. Það hefur margoft komið fram að óbeinar reykingar eru skaðlegar. Ef ég tek hér upp úr fylgiskjali, greinargerð Lýðheilsustöðvar, þá segir þar, virðulegi forseti:

Þekktar afleiðingar óbeinna reykinga. Fullorðnir: Lungnakrabbamein. Hjarta- og æðasjúkdómar. Brjóstverkir og fleiri einkenni hjartasjúkdóma versna. Astmaköst hjá þeim sem hafa astma. Berkjubólga versnar. Heilablóðfall. Fósturvöxtur minni en ella (lítil fæðingarþyngd). Fæðing fyrir tímann.

Börn: Vöggudauði. Eyrnabólgur. Sýkingar í öndunarfærum. Astmaköst hjá þeim sem hafa astma. Þróun astma hjá einkennalausum.

Aðrar afleiðingar óbeinna reykinga: Öndunarerfiðleikar. Ógleði. Óþægindi í öndunarfærum. Höfuðverkur. Hósti. Óþægindi í augum.

Virðulegi forseti. Fram hefur komið hjá þeim þjóðum sem hafa skert tóbaksheimildir að hjá veitingamönnum hafa tekjur ekki minnkað.

Ég veit ekki hvort það er ákveðið þroskamerki, virðulegi forseti, að sá er hér stendur er eini þingmaðurinn af karlkyni sem hefur mælt með þessu frumvarpi fyrir utan hæstv. heilbrigðisráðherra.

Virðulegri forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[20:43]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að halda langa ræðu. Hér hafa verið fluttar margar ágætar ræður í dag, bæði með og á móti reykingum og svo sem litlu við það að bæta. Ég kem upp í ræðustól til að lýsa því yfir að þingflokkur Frjálslynda flokksins er einróma sammála um að lýsa yfir stuðningi við þetta frumvarp.

[20:43]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Það er eitt atriði sem ég vil gjarnan koma að í síðari ræðu minni við umræðuna sem snertir það bann sem hér er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Það varðar stjórnarskrárþátt málsins. Ég er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að hafa í huga að í frumvarpinu reynir á ákveðin ákvæði stjórnarskrárinnar. Ljóst er að með því banni sem hér um ræðir er verið að skerða réttindi sem gert er ráð fyrir í mikilvægum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Eins og við vitum við túlkun stjórnarskrárákvæða getur slík skerðing verið réttlætanleg undir ákveðnum kringumstæðum, en þegar metið er hvort skerðingin er réttlætanleg þarf að fara yfir það sjónarmið, hvort beint samhengi er milli þeirrar reglu, þeirrar bannreglu í þessu tilviki sem gert er ráð fyrir og þeirra markmiða sem að er stefnt. Í þessu tilviki er hugsanlegt að fortakslaust bann yrði metið réttlætanlegt á grundvelli heilsufarssjónarmiða en það er ekki sjálfgefið, það er ekki nóg að segja að þetta sé á grundvelli heilbrigðissjónarmiða, það þarf að meta hvort bannið er til þess fallið að ná því markmiði sem að er stefnt og hvort gengið er lengra en nauðsynlegt er til að ná viðkomandi markmiði. Þetta er afar mikilvægt að skoða.

Ég bið hv. þingmenn að velta því fyrir sér, af því að ég nefndi hér í fyrri ræðu minni dæmið um reykingaklúbb, að væri ég ekki í þeim sporum sjálfur að vera þingmaður hér á hinu háa Alþingi heldur vildi ég reyna fyrir mér í atvinnurekstri, mundi hugsanlega kaupa eða leigja húsnæði sem ég hefði fullan yfirráðarétt yfir lögum samkvæmt, vildi stofna þar stað eða klúbb þar sem reykingar væru heimilar, þá mundi reyna á það stjórnarskrárákvæði sem kveður á um yfirráðarétt minn yfir þessum stað, yfir hvort reglan, bannreglan væri réttlætanleg í því ljósi að það væri verið að skerða eignarrétt minn yfir viðkomandi eign. Það er alveg klárt að það mundi reyna á það. Ég ætla ekki að segja fyrir um hver niðurstaðan yrði en það mundi reyna á það og er nauðsynlegt að hafa í huga við þessa umræðu.

Í annan stað gætum við í þessu ímyndaða dæmi hugsað okkur að ég ætlaði sjálfur að hafa af því atvinnu að reka þessa starfsemi, ætlaði að hafa af því tekjur og vinna við það frá morgni til kvölds, til að framfleyta mér og fjölskyldu minni. Bannið, eins og lagt er fram í frumvarpinu, mundi skerða þennan rétt minn, beinlínis koma í veg fyrir að ég gæti rekið atvinnustarfsemi í þessu tilviki og haft af því atvinnu. Ég er ekki að segja að stjórnarskráin kæmi í veg fyrir að þetta bann væri talið gilt en það mundi reyna á það.

Í þriðja lagi gætum við ímyndað okkur að ég heimilaði klúbbi áhugamanna um vindlareykingar að hafa aðsetur í þessu húsi, koma þar saman í þeim löglega tilgangi að reykja, af því að eins og við höfum nefnt áður við þessa umræðu er ekki bannað að reykja í landinu. Þeir kæmu þarna saman í löglegum tilgangi, hefðu um þetta félag. Lögin, eins og þau eru sett fram hér, kæmu í veg fyrir þessa starfsemi þeirra þannig að það mundi reyna á félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Af því að ég nefni stjórnarskrána finnst mér rétt í tilefni af annars ágætri ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz hér áðan, að geta þess að ákvæði tóbaksvarnalaga frá árinu 2002, sem takmarkar umfjöllun í fjölmiðlum um tóbak, gengur harla langt að mínu mati á tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, en það er önnur saga. Bara til upprifjunar felur ákvæðið í sér miklu meira en auglýsingabann, miklu meira. Auglýsingabannið hefur verið hér í gildi í 20 ár, en núgildandi ákvæði sem er frá 2002 hefur ekki reynt á fyrir dómstólum. Það kveður á um að bönnuð sé hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir til annars en að vara sérstaklega við skaðsemi þeirra. Ég held að á engu sviði íslenskrar löggjafar sé gengið nær

tjáningarfrelsinu en í þessu, en á þetta hefur ekki reynt fyrir dómstólum.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég tel að hún hafi verið ágæt og málefnaleg og leitt fram ýmis sjónarmið í málinu sem mikilvægt er að hv. heilbrigðis- og trygginganefnd taki mið af við umfjöllun sína um málið. Ég vil ekki síst þakka fyrir ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz í málinu sem mér fannst nálgast málið yfirvegað og gefa vonir um að þegar fjallað verður um það í hv. heilbrigðis- og trygginganefnd verði umfjöllunin í jafnvægi og þau sjónarmið sem hér hafa komið fram verði öll skoðuð í þaula.

[20:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir 1. umr. um málið áður en það gengur til heilbrigðis- og trygginganefndar og taka undir að hún hefur verið málefnaleg og verður málinu vonandi til framdráttar. Það eru nokkur atriði sem hafa komið fram í umræðunni sem ég vil fara yfir.

Í fyrsta lagi komu fram alvarlegar ásakanir á hendur ráðuneytinu og Lýðheilsustöð um að þar hafi ýmsu verið leynt og annað dregið fram. Ég vísa þessum ásökunum á bug. Í greinargerð frumvarpsins er frumvarpið rökstutt og það er eðlilegt að greinargerð Lýðheilsustöðvar sé fylgiskjal frumvarpsins af því að hún er ekki unnin í ráðuneytinu, hún er unnin í Lýðheilsustöð. Það er því eðlileg uppsetning. Þar eru einnig dregin fram rök fyrir málinu og lögð fram hér til vinnu í hv. Alþingi eins og venja er.

Einnig hafa komið alvarlegar ásakanir á hendur vísindamönnum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, að þeir hafi stungið undan niðurstöðum rannsóknar af því að þeim líkuðu þær ekki. Ég vil taka það fram að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin gaf út fréttatilkynningu um viðkomandi rannsókn. Rannsóknin bendir í sömu átt og aðrar rannsóknir í þessu efni en hún þótti ekki nógu marktæk tölfræðilega til þess að nota hana og það sýnir auðvitað að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur mikinn metnað í þessu efni og lætur ekki frá sér niðurstöður nema það sé búið að fara yfir þær, hún var send til yfirferðar á venjulegan hátt hjá vísindatímariti og bendir í sömu átt og fjölmargar og flestar aðrar rannsóknir í þessu efni. Ég vil því einnig vísa þessum fullyrðingum á bug.

Það hefur verið rætt um eftirfylgni laganna sem gilda núna. Það er alveg ljóst að það hafa verið vandkvæði á að fylgja þeim eftir eins og fram hefur komið. Það hafa verið vandkvæði vegna þess m.a. að litlir veitingastaðir eiga í vanda með að fylgja því eftir að hafa reyklaus svæði. Þeir eru í meiri vanda en stórir veitingastaðir og m.a. þess vegna hafa þessi vandkvæði komið upp. Þróunin hefur alls staðar verið sú að þó að það hafi verið byrjað að halda frá reyklausum svæðum þá hafa reykingar verið bannaðar á öllum svæðum síðar.

Varðandi starf heilbrigðis- og trygginganefndar vinnur heilbrigðis- og trygginganefnd að sjálfsögðu að yfirferð á frumvarpinu á samviskusamlegan hátt eins og nefndin er vön að gera. Nefndin hefur sjálfsögðu algjörlega frjálsar hendur í því að fara yfir þær rannsóknir sem frumvarpið byggist m.a. á. Ég hef nú ekki trú á því að heilbrigðis- og trygginganefnd muni sanna með því skaðleysi óbeinna reykinga, en nóg um það.

Hér var spurt: Hver var að kalla eftir fortakslausu banni? Í sambandi við það vil ég segja og undirstrika það sem reyndar kom fram í andsvari hv. 4. þm. Reykv. s., að innan heilbrigðisgeirans er algjör samstaða um þetta mál. Það er ekki samstaða um allt þar, það er alveg rétt, en menn hafa ekki deilt um skaðsemi reykinga þó að hér hafi komið fram mismunandi sjónarmið og mismunandi tilvitnanir í rannsóknir um skaðsemi óbeinna reykinga.

Hér er spurt: Er málamiðlun möguleg? Málamiðlun var reynd síðast og tekin frá reyksvæði á veitingahúsum en það hefur ekki reynst vel, eins og hér hefur fram komið. Frumvarpið er byggt á vinnuvernd, ég hef rakið það áður, til að efla vinnuvernd, og auðvitað eru í frumvarpinu skilaboð um skaðsemi reykinga og skaðsemi óbeinna reykinga, ég ætla ekki að draga fjöður yfir það. Reykingar hafa farið minnkandi hér á landi og vonandi stuðla þau skilaboð sem felast í þessu frumvarpi að því að reykingar minnki enn. Reykingar eru bannaðar hér á fjölmörgum stöðum, m.a. á flestum stöðum eða öllum í þessu húsi og ég held að engar raddir heyrist um að taka þann sið upp aftur hér.

Varðandi skert réttindi finnst mér 11. þm. Reykv., Birgir Ármannsson, sem hélt hér ágæta og málefnalega ræðu, vera kominn nokkuð langt í rökstuðningi ef hann telur að þetta frumvarp banni mönnum að safnast saman í einkahúsnæði til þess að prófa vindla. Ég sé ekki að þetta frumvarp taki nokkuð á því og menn geti gert það — ef það er ekki veitingastaður. Ef klúbburinn kemur saman á veitingastað þá tekur þetta frumvarp á því en (**BÁ:** Mega þeir borga fyrir kaffið?) að sjálfsögðu bannar frumvarpið ekki reykingamönnum að safnast saman í einkahúsnæði til þess að prófa vindla.

Frumvarpið fer nú til vinnslu hér og ég endurtek að ég á von á því að heilbrigðis- og trygginganefnd afli þeirra upplýsinga sem nefndarmönnum þykir þurfa í því sambandi. Frumvarpið liggur fyrir og ég veit að það verður unnið af mikilli samviskusemi hér í hv. Alþingi. Til þess eru frumvörp lögð fyrir þingið að fá þar yfirferð og vinnu og krítík og ég veit að svo verður einnig nú. En ég vona að málið verði afgreitt og komi fyrir þingið aftur áður en við skiljum í vor.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–8. mál.

Fundi slitið kl. 20:59.

56. FUNDUR

miðvikudaginn 1. febr.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til iðnaðarráðherra:

1. Leyfi til olíuleitar, fsp. ÁRJ, 154. mál, þskj. 154.
2. Nýting vatnsafls og jarðvarma, fsp. ÞSveinb, 458. mál, þskj. 683.
3. Skinnaverkun, fsp. KLM, 474. mál, þskj. 702.

Til menntamálaráðherra:

4. Framtíð Hönnunarsafns Íslands, fsp. KolH, 265. mál, þskj. 278.
5. Náttúruminjasafn Íslands, fsp. KolH, 303. mál, þskj. 323.
6. Skólafatnaður, fsp. BjörgvS, 441. mál, þskj. 662.
7. Sameining opinberra háskóla, fsp. BjörgvS, 442. mál, þskj. 663.

Til heilbrigðisráðherra:

8. Vasapeningar öryrkja, fsp. ÁRJ, 324. mál, þskj. 356.
9. Endurbætur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, fsp. AKG, 373. mál, þskj. 429.
10. Hjúkrunarþjónusta við aldraða, fsp. ÁRJ, 423. mál, þskj. 640.

Til dómsmálaráðherra:

11. Viðbúnaður Landhelgisgæslunnar, fsp. ÁRJ, 155. mál, þskj. 155.
12. Orkusparandi búnaður í skip Landhelgisgæslunnar, fsp. ÁRJ, 450. mál, þskj. 674.

Til fjármálaráðherra:

13. Skattur á líkamsrækt, fsp. MÁ, 421. mál, þskj. 638.

Til samgönguráðherra:

14. Snjómokstur, fsp. KLM, 427. mál, þskj. 644.

Til umhverfisráðherra:

15. Skotveiði og friðland í Guðlaugstungum, fsp. SigurjÞ, 446. mál, þskj. 668.

Athugasemdir um störf þingsins.

Útreikningar fjármálaráðuneytis í skattamálum – Fríhöfnin.

[12:03]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Mig langaði að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvað fjármálaráðuneytið treysti sér til að reikna og hvað ekki. Það hefur komið á daginn að ef upplýsingar geta verið erfiðar pólitískt séð fyrir hæstv. ráðherra þá er eins og allar reiknimaskínur stoppi í ráðuneytinu. Þá vísa ég til þess að þegar ég óskaði eftir því að ráðuneytið reiknaði út hver misskiptingin mundi verða þegar skattbreytingar ríkisstjórnarinnar hefðu náð fram að ganga fengust engin svör við því. Þá bar hæstv. ráðherra því við að ekki væri hægt að taka tillit til þess að vinnuframboð mundi breytast við það að breyta tekjuskattsprósentunni.

Mér finnst þetta vera mjög lélegar mótbárur ef borið er saman við svör hæstv. ráðherra hér í utandagskrárumræðu þar sem hann svaraði fyrirspurnum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þá voru reiknaðar fram og aftur í tímann mínustölur og plústölur og ég veit ekki hvað út frá hinum ýmsu forsendum.

Ég ætla að nota tækifærið hér og fá líka einhvern botn í þá útreikninga sem hafa komið frá ráðuneytinu. Í þessum útreikningum ráðherra virðist vera ákveðin blekking og ég vil spyrja hæstv. ráðherra út í það hvort hann reikni með sömu krónutölu árið 1994 í þessum dæmum sínum, 120 þús. kr., þegar hann er að reikna skattbyrðina það ár og noti síðan aftur sömu krónutölu þegar verið er að miða út skattgreiðslur af sömu krónutölu árið 2006. Fyrir þá sem ekki vita það hafa laun tvöfaldast á þessum tíma til ársins 2005 þannig að það er algjörlega ósambærilegt að bera saman skattbyrði á krónutölunni 120 þús. árið 1995 og síðan árið 2006. Ég óska eftir því að fá einhvern botn (Forseti hringir.) í þessa útreikninga ráðuneytisins.

[12:05]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það eru eiginlega tvær spurningar sem hv. þingmaður ber fram. Fyrri spurningin er um það hvað hægt sé að reikna. Það er auðvitað hægt að reikna nánast hvað sem er ef menn gefa sér einhverjar forsendur. Þar sem hv. þingmaður skilur greinilega ekki mínus-skatta þá er það þegar greiðslur úr ríkissjóði eru meiri en skattarnir og viðkomandi fær greitt úr ríkissjóði, svo hv. þm. Kristján Möller skilji þetta nú einu sinni.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson spurði hvað fjármálaráðuneytið hefði ekki treyst sér til þess að gera, en það er að meta launaþróunina og leggja hana síðan til grundvallar útreikningnum. Þó að það hafi gerst í tíð fyrrv. fjármálaráðherra að slík niðurstaða fékkst held ég að það sé rétt af fjármálaráðuneytinu að vera ekki að leggja til grundvallar í útreikningum spár um það hver launaþróunin mundi hugsanlega verða. Ef einhverjar tilteknar forsendur eru hins vegar gefnar er hægt að reikna út frá því.

Hvað síðari spurninguna varðar er bæði um að ræða, í dæmunum sem komu fram í fréttatilkynningu ráðuneytisins, tölur sem eru þá launatölur fyrir árið 1994, og þær reiknaðar á reglum ársins 1994, reglum ársins 2006 og reglum ársins 2007, og síðan eru tölurnar uppfærðar miðað við þróun. Þau dæmi sem þarna eru sýna bæði að skattbyrðin er lægri á síðara árinu en á því fyrra — það staðfestir það sem allir hér vita sem hafa glöggvað sig á þessu án þess að vera með pólitísku gleraugun sín á nefinu (Forseti hringir.) að um raunverulegar skattalækkanir hefur verið að ræða.

[12:07]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna máls sem hefur verið nokkuð í fréttum að undanförnu, nefnilega að til standi af hálfu fjármálaráðuneytisins að breyta reglugerð þannig að söluúrval í Fríhöfninni í Leifsstöð verði takmarkað. Ég varð að láta segja mér þetta þremur sinnum áður en ég tryði, einfaldlega vegna þess að ég taldi að náðst hefði þokkaleg sátt um það með hvaða

hætti Flugstöð Leifs Eiríkssonar yrði rekin — þar sem væri í bland ríkisrekstur og í stækkuninni hafa síðan einkaaðilar verið að koma inn — um það hélt ég að væri sátt.

Það skiptir einnig máli, herra forseti, að stjórn flugstöðvarinnar hefur tekið ákvörðun um mikla stækkun upp á 5 milljarða kr. og fyrir þeirri ákvörðun liggja ákveðnar forsendur, forsendur um tekjur til stofnunarinnar. Þess vegna hlýtur slíkt að vera í uppnámi, ef rétt reynist, ef breyta á þeim forsendum eins og fréttir hafa verið um enda er komuverslunin einn aðaltekjustofn þessarar ágætu stofnunar.

Það hefur komið fram að ef þessar forsendur breytast kunna 50–60 störf í flugstöðinni að vera í uppnámi. Ef maður skoðar það sem er að gerast, m.a. í samdrætti varnarliðsins, þá hafa Suðurnesjabúar einmitt horft til þess að Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur verið að skapa og mun vonandi áfram skapa fleiri störf. Þess vegna hefur þessi frétt komið afskaplega illa við menn og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort einhver flugufótur er fyrir henni.

Það er líka rétt að minna á það að þegar Norðmenn tóku ekki alls fyrir löngu upp sambærilega komuverslun og við höfum urðu menn varir við það að verslun Norðmanna í flughöfnum, t.d. í Bretlandi, datt niður.

[12:10]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Það er líkt framsóknarmönnum, virðulegi forseti, að reyna að rugla umræðuna sem hér er farin af stað um aukna skattbyrði á lágtekju- og meðaltekjufólk með því að taka upp óskylt mál. Þetta er auðvitað það sama og hæstv. fjármálaráðherra gerir. Hann heldur áfram sínum blekkingarleik, reynir að rugla fólk og slá ryki í augu þess til þess að fólk fái ekki sannleikann á borðið — sannleikann sem er sá að skattbyrði hefur verið að aukast verulega hjá lágtekju- og meðaltekjufólki. Hæstv. ráðherra hefur ekki tekist, þrátt fyrir að hann hafi reynt það, að hrekja þá útreikninga sem Stefán Ólafsson hefur sett fram, sem sýna fram á að 90% heimila í landinu hafa mátt sæta aukinni skattbyrði á síðustu tíu árum.

Núna setur hæstv. ráðherra fram skálduð dæmi og útreikningum er hagrætt til þess að fá þá niðurstöðu sem hann er að leita eftir. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að hann hefur ekki látið keyra niðurstöður um rauntekjur og skattgreiðslur allra einstaklinga í viðkomandi fjölskylduformi fyrir tímabilið 1994–2004 upp úr skattframtölum í staðinn fyrir að skálda einhver dæmi sem passa honum? Barnabótunum hagræðir hann líka og biður bara um útreikninga varðandi börn undir sjö ára aldri en ekki þar yfir þar sem foreldrar margra barna fá ekki barnabætur.

Komið hefur fram hjá öldruðum að sérfræðingahópur fjármála-, heilbrigðis- og tryggingamálaráðneytis og Landssambands eldri borgara hefur staðfest útreikninga eldri borgara sem sýna fram á að skattur af 100 þús. kr. tekjum, rauntekjum á árinu 1988 — þá var enginn skattur greiddur af þeim — og af tekjum sem samsvara 100 þús. kr. í dag voru greidd 3,3% árið 1991 (Forseti hringir.) en 9,4% árið 2005. Þetta hefur verið staðfest af fjármálaráðuneytinu (Forseti hringir.) og þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra um það.

[12:12]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Það er full ástæða til að ræða hér málefni Fríhafnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en hér fór af stað umræða um skattamál á undan þeirri umræðu og ég held að það sé rétt að nota tímann sem ég hef, þann takamarkaða, til að fara í gegnum skattamálin og taka þátt í umræðu um Fríhöfnina síðar.

Hæstv. ráðherra sagði að það væri mikilvægt að reikna og það væri hægt að reikna hvað sem væri ef maður gæfi sér bara forsendur. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, það er hægt að reikna hvað sem er. En það er mikilvægt þegar maður er búinn að vera að reikna að segja satt um útkomuna, hver hún er. Það er nú einu sinni þannig að versta lygi sem til er er svokallaður hálfsannleikur.

Í Morgunblaðinu í gær voru tvær greinar um skattamál eftir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, það var hæstv. umhverfisráðherra og síðan var það hv. þm. Ásta Möller sem skrifaði: „Er aukinn kaupmáttur byrði?“ Skrýtin spurning.

Hvað segir hv. þingmaður í lok greinar sinnar:

„Aðalatriðið er þó að launahækkanir síðustu ára og almennt lækkað skatthlutfall hafa leitt til þess að fólk hefur að meðaltali 60% meira á milli handanna eftir skatt en á árinu 1994 og láglaunafólk enn meira. Er það ekki aðalatriðið?“

Þetta segir hv. þingmaður í grein sinni og maður veltir fyrir sér: Bíddu, skilur maður hlutina ekki rétt? Í vefriti fjármálaráðuneytisins frá 19. janúar stendur, með leyfi forseta:

„Hefur sá hópur hjóna sem skipar sér í lægstu tekjutíundina búið við stöðuga aukningu kaupmáttar og ráðstöfunartekna og eru þær nú 28% hærri en þær voru árið 1994.“

Já, 28% hærri. Hv. þm. Ásta Möller segir að meðaltalið sé 60% og það er rétt hjá henni. Láglaunafólkið hafði það betra. Láglaunafólkið hefur notið 28%. Hverjir hafa þá notið hátt yfir 60% þannig að meðaltalið sé 60%, hæstv. ráðherra?

[12:14]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjármálaráðherra, ein spurning: Hvor aðilinn mundi eiga fyrir sólarlandaferð vegna skattstefnu ríkisstjórnarinnar á árinu 2007, sá sem hefur 100 þús. kr. í kaup eða sá sem hefur milljón kr. í kaup? Báðir borga sömu skattprósentu, síðan kemur persónuafslátturinn í mínus. Hvor skyldi nú eiga fyrir sólarlandaferð, hæstv. ráðherra?

Það er maðurinn með milljónirnar sem hefur hagnast um 40 þús. kr. á skattstefnu ríkisstjórnarinnar. Þá erum við ekki að tala um afnám hátekjuskattsins, hæstv. ráðherra, sem færði hátekjufólkinu enn viðbót.

Mér finnst ekki þurfa að rífast mikið um útfærsluna á skattstefnu ríkisstjórnarinnar, hún liggur nokkuð ljós fyrir. Eitt prósent af 100 þúsund er eitt þúsund krónur og eitt prósent af milljón er tíu þúsund krónur, hæstv. ráðherra. Þetta hljóta allir að skilja alveg sama hversu lengi ráðherrann reiknar aftur á bak og áfram og hvort sem hann miðar við kaupgjald á árinu 1994 eða kaupgjald í dag. Hann notar sömu krónutöluna.

[12:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er mikilvægt að ræða ítarlega skattbreytingarnar og hvað þar liggur til grundvallar en það er líka mikilvægt að ræða málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnarverslunarinnar. Vil ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að taka það mál upp. Um er að ræða stóran vinnustað og atvinna margra er í húfi og þar skapast miklir fjármunir fyrir ríkissjóð. Ég vil hvetja hæstv. fjármálaráðherra til að huga að framtíð verslunarinnar með þrjá þætti í huga.

1. Huga þarf að hagsmunum neytenda. Í versluninni, eins og hún er nú, er mjög mikið vöruúrval. Hún er prýðilega rekin að því leyti.

2. Ríkissjóður hefur geysilegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta og að því þarf einnig að huga.

3. Huga þarf að starfsöryggi og hagsmunum starfsfólks. Ég legg áherslu á að allir þessir þættir verði teknir til skoðunar ef um einhverjar breytingar verður að ræða á því fyrirkomulagi sem er við lýði í Fríhafnarversluninni.

[12:17]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Bæði þau mál sem hér hefur borið á góma í umræðum um störf þingsins eru þess virði að þeim verði gefinn nokkur gaumur hér á næstu dögum. Þeim verður ekki gerð skil með fullnægjandi hætti á þeim stutta tíma sem við höfum til ráðstöfunar hér.

Hvað varðar skattamálin vildi ég koma því á framfæri að sú umræða sem átt hefur sér stað, og hefur ekki síst verið haldið uppi af hálfu talsmanna Samfylkingarinnar, eins og t.d. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, er afar villandi. Ef við horfum á skattkerfi okkar felst í því kerfi að með auknum tekjum verður aukin skattbyrði. Kerfið okkar er þannig upp byggt. Það er svokallað prógressíft kerfi sem gerir ráð fyrir því að skatthlutfall sé hið sama en hins vegar sé persónuafsláttur tiltölulega hár, sá hæsti sem um getur í þeim löndum sem við helst berum okkur saman við. Persónuafsláttur er hærri hér en nokkurs staðar annars staðar sem ég þekki til.

En þetta gerir það að verkum að því hærri tekjur sem menn hafa umfram þessi skattleysismörk þeim mun hærra hlutfall borga þeir í skatt. Sá sem er með 150 þús. kr. í tekjur á mánuði borgar u.þ.b. 16% af sínum tekjum í tekjuskatt og útsvar. Sá sem er með 250 þús. kr., 100 þús. kr. meira, borgar 23% í skatt. Hann hefur hærri tekjur en persónufrádrátturinn er sá sami og því borgar hann hærra hlutfall. Því fleiri sem hafa hærri tekjur þeim mun hærra hlutfall er greitt í skatt, en er það vandamálið? Er það vandamál, hæstv. forseti? Er það vandamál að tekjur í þjóðfélaginu hafa aukist svo mikið að meiri skatttekjur skila sér til ríkissjóðs? Er það vandamálið? Er það hið stóra vandamál?

Það skiptir mestu máli að kaupmáttur tekna eftir skatt hefur stóraukist á undanförnum árum og á því verður framhald.

[12:19]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvers vegna er ekki hægt að koma hreint fram í þessum málum? Hann ber því við að það sé ekki hægt að sjá launaþróun fram í tímann, en menn geta séð hagvöxt mörg ár fram í tímann. Ef einhverjar viðkvæmar upplýsingar eru á ferð þá bara stoppar allt.

Ég vil benda hæstv. ráðherra á að ég bað ekkert um að sjá launaþróun. Ég bað um að reiknað yrði út frá þeim launum sem voru greidd í landinu árið 2003. Hvers vegna er það ekki hægt? Það er vegna þess að það er óþægilegt.

Í öðru lagi vil ég benda hæstv. ráðherra á að ef hann ætlar að koma þessari umræðu á eitthvert vitrænt plan þá á hann að setja dæmið þannig upp að hægt sé að skilja hvað verið er að gera. Nema það sé ætlun hans að koma ekki hreint fram, sveipa staðreyndir þoku og fela raunverulegar gerðir ríkisstjórnarinnar. Tökum t.d. dæmi eitt, sem ég spurði hæstv. ráðherra út í, og hann svaraði með orðinu bæði — það væru bæði rauntölur og bæði eitthvað annað. Ég veit í rauninni ekki hvað hann var að fara. En dæmið snýst um það hver skattbyrðin var á launum sem voru 120 þús. kr. árið 1994, hvort það sé sambærilegt að bera það saman við sömu krónutölu árið 2006. Ég segi nei. Það er miklu nær að bera það saman út frá launaþróuninni sem hefur orðið í landinu. Miklu nær væri fyrir hæstv. ráðherra að bera það saman við 240 þúsund kr. Á því dæmi sést að skattbyrðin hefur aukist, þ.e. ef tekið er mið af launaþróun í landinu.

Hv. þm. Birgir Ármannsson kom inn á tekjuskattinn, að það væri eitthvert vandamál að hann hefði aukist. Ég sé að tíma mínum er lokið og ætla ekki út fyrir þau mörk. Ég vil einungis benda, frú forseti, hv. þingmanni á að kynna sér tryggingargjaldið sem hefur verið hækkað nær tvöfalt.

[12:22]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég held að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir teljist nú varla óvilhallur dómari um það hvað mér tekst að skýra út fyrir fólki og hvað ekki. Hins vegar er einfalt að svara henni því sem hún er að spyrja um, þ.e. hvers vegna ég miða ekki við árið 1994 og árið 2004. (Gripið fram í.) Vegna þess að í ár er árið 2006 og á árinu 2005 og 2006 hafa skattar verið lækkaðir. Ef menn ætla að koma hreint fram, eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson talar um, eiga menn að taka það inn í dæmið til að geta skoðað stöðuna.

Ég verð líka að firra mig ábyrgð á skilningi hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar, þ.e. hvað hann skilur af þeim dæmum sem eru í fréttatilkynningunni á netinu. Þar eru bæði dæmi um það að tölurnar séu teknar og reiknað út frá þeim (Gripið fram í.) eins og þær voru fyrir 12 árum og eins og þær eru í ár, eins og skattarnir væru á næsta ári. Síðan eru líka tekin dæmi þar sem tölurnar eru reiknaðar upp miðað við þróun og þá kemur það sama út, að skatturinn hefur lækkað. Þetta sýnir sennilega það eitt að hv. þingmaður hefur ekki lesið fréttatilkynninguna alla í gegn. (**SigurjÞ:** Jú, jú.) Hann hefur einfaldlega ekki gert það.

Ég verð að svara hv. þm. Hjálmari Árnasyni á þann veg að samkvæmt tollalögum, sem samþykkt voru á vorþinginu og tóku gildi nú um áramótin, ber ráðuneytinu að skilgreina umsvif Fríhafnarinnar, sérstaklega komuverslunarinnar, í

reglugerð. Verið er að vinna að því en engar áætlanir eru um að takmarka þau neitt sérstaklega.

Ég verð þó að segja að ég er mest hissa á því að hv. þm. Jón Gunnarsson skuli engan áhuga hafa á að ræða málefni Fríhafnarinnar og Flugstöðvarinnar heldur vilji tönnlast á útúrsnúningum varðandi skattamálin.

Um fundarstjórn.

Málefni Fríhafnarinnar.

[12:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í umræðum um störf þingsins hafa komið upp tvö mál, tvö mjög mikilvæg mál, og útilokað er fyrir þingmenn að koma báðum þessum málum til skila á þeim tveimur mínútum sem ætlaðar eru í umræðu. Hér hefur verið lýst alveg sérstaklega eftir skoðunum hv. þingmanna Samfylkingarinnar á því hvernig farið verði með Fríhöfnina. Í þessu ljósi óska ég eftir því, virðulegi forseti, að málefni Fríhafnarinnar verði tekin til umræðu, að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að hæstv. fjármálaráðherra skili þinginu skýrslu um útfærsluna á umræddum greinum í tollalögum sem þurfa að birtast í reglugerð. Það verði ekki bara á grundvelli þeirra atriða sem fram komu hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni og í spurningu hv. þm. Hjálmars Árnasonar heldur verði okkur líka gerð grein fyrir þeim leikreglum sem farið er eftir við reksturinn, hvaða leikreglum hann lýtur.

Ég held að það sé nauðsynlegt, hæstv. forseti, að forseti beiti sér fyrir þessu og gefi þingflokksformönnum svör um það strax í dag eða fyrir helgi hvaða dag sú umræða fer fram. Þá mun ekki standa á því að hv. þingmenn Samfylkingarinnar láti hæstv. fjármálaráðherra heyra skoðanir sínar á rekstri Fríhafnarinnar og fyrir hvað við stöndum, m.a. það sem lýtur að öryggi starfsfólks.

(**Forseti** (BÁ): Þessari ósk hv. þingmanns verður komið á framfæri.)

[12:26]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Í tilefni af ummælum hæstv. fjármálaráðherra þess efnis að ég hafi ekki áhuga á því að ræða um málefni Fríhafnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar óska ég eftir því að hæstv. forseti staðfesti það hér, þegar ég hef lokið máli mínu, að ég hafi beðið um orðið aftur í þessari umræðu og ekki fengið vegna þingskapa. Ég óska eftir því að hæstv. forseti staðfesti það þannig að það liggi fyrir að það er ekki áhugaleysi mitt á málefnum Fríhafnar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem veldur því að ég tók ekki sérstaklega til máls um það.

En eins og ég sagði í ræðu minni um skattamálin: Í tveggja mínútna ræðu gefst ekki tími til að ræða um tvö mikilvæg mál og ég valdi það að fara í skattamálin einfaldlega vegna þess að ég er með í höndunum gögn sem sýna að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins virðast kerfisbundið vera að segja hálfsannleik um það hvernig skatturinn hefur breyst, hvernig kaupmáttur hefur breyst — það skiptir miklu máli þegar maður hefur stuttan tíma í salnum til að ræða hlutina að koma á framfæri þeim hálfsannleik sem þar er á ferð.

Það vakti líka athygli mína, herra forseti, að hæstv. fjármálaráðherra svaraði í engu ræðu minni um skattamálin. Það var furðulegt að fá engin svör við staðreyndum sem lagðar eru fram og liggja fyrir skjalfestar, annars vegar í grein frá hv. þingmanni Sjálfstæðisflokksins í Morgunblaðinu og hins vegar á opinberu vefriti fjármálaráðuneytisins.

Ég held að það sé nauðsynlegt að við fáum hér sem fyrst, eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir óskaði eftir, umræðu um Fríhöfnina og Flugstöð Leifs Eiríkssonar og sérstaklega þá í tilefni orða hæstv. ráðherra þar sem hann lýsti því yfir að við virtumst ekki hafa áhuga á að ræða það mál. Ég tel mjög mikilvægt, nú þegar verið er að vinna að þessum málum í fjármálaráðuneytinu, að við fáum að vita hvað verið er að gera. Það hafa heyrst fréttir af breytingum á starfsemi Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Það er spurning hvort við þurfum ekki að fá skýrslu um það efni, bæði frá hæstv. fjármálaráðherra og einnig frá hæstv. utanríkisráðherra þannig að við höfum það allt saman undir hér.

[12:28]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Í tilefni af ræðu hv. þingmanns getur forseti staðfest að fjöldamargir þingmenn höfðu óskað eftir því að taka til máls en komust ekki að vegna þess að í þingsköpum er aðeins heimiluð 20 mínútna umræða um störf þingsins í upphafi. Meðal þeirra þingmanna var hv. 10. þm. Suðurk.

[12:29]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir að hafa fengið orðið um fundarstjórn forseta en ég vil líka taka það fram, og tel ástæðu til, að sú hefð hefur skapast að formenn þingflokka eru látnir vita ef til stendur að taka mál upp um störf þingsins. Það var í rauninni ákvörðun mín að gera það mjög seint en ég hafði samband við þá formenn þingflokka sem voru hér í salnum. Þeir gerðu ekki athugasemd við þetta og þar með urðu eiginlega tvö efni til umræðu, skattamálin og síðan málefni Fríhafnarinnar.

Ég taldi hins vegar, vegna þeirra frétta sem hafa heyrst að undanförnu, mikilvægt að fá úr þessu skorið. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. fjármálaráðherra skýr svör sem ég túlka á þann veg að ekki standi til að gera breytingar. Þar með getum við andað rólega yfir þessu máli og það ber að þakka.

Umræður utan dagskrár.

Skattalegt umhverfi íslenskra kaupskipaútgerða.

[12:30]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Í tæpa tvo áratugi hefur á Alþingi af og til verið rætt um íslenska kaupskipaútgerð. Fyrst beindist orðræðan að hinni hörðu samkeppni evrópskra kaupskipaútgerða við eigendur kaupskipa undir svokölluðum þægindafánum og mönnuð voru ódýru vinnuafli fjarlægra Austurlanda. Norðurlandaþjóðirnar, ekki Ísland, brugðust

við þessum vanda, tryggðu sínum kaupskipaútgerðum rekstrarlegt umhverfi, m.a. með skattaívilnunum, sem leiddi til að kaupskipastóll þeirra sem hafði minnkað stórkostlega tók nú stakkaskiptum, óx og dafnaði. En hvers vegna var þessi leið farin? Augljóst er að margfeldisáhrif öflugrar kaupskipaútgerðar á starfsemi og atvinnu í landi, þ.e. aukning fjölda skipa á skipaskrá, býr til viðbótarstörf í landi og skilar þar með auknum heildartekjum, viðheldur einnig bættri verkkunnáttu á sviði sjóflutninga og eflir atvinnumöguleika farmanna.

Hæstv. fjármálaráðherra. Óskabarn þjóðarinnar, Eimskip, hefur nú ákveðið að flytja sjóflutningastarfsemi sína til Færeyja líkt og Samskip og Olíudreifing hafa gert. Færeyingar hafa breytt skattalegu rekstrarumhverfi kaupskipaútgerða sinna, erlendra sem innlendra, til sama vegar og gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndunum en á Íslandi. Það er umhugsunarefni fyrir Íslendinga þegar svo er komið að athafnaleysi íslenskra stjórnvalda hefur leitt til þess að áhafnarkostnaður kaupskipa í reglubundnum siglingum milli Evrópu og Íslands, svo og olíuflutningaskip sem dreifir olíu á stærri hafnir landsins, er niðurgreiddur af Færeyingum sem þrátt fyrir það hafa um 200 millj. í tekjur af íslenskri kaupskipaútgerð. Allt stefnir í að við glötum þekkingu og reynslu íslenskrar farmannastéttar. Áhugi ungra manna á menntun til farmennsku leggst af, við verðum öðrum þjóðum háð með flutninga að og frá landinu og íslenska 200 sjómílna lögsagan varin með skipum undir þægindafánum mönnuð erlendum sjómönnum.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þessi umræða fer hér fram eins og ég gat um í upphafi máls míns. Hinn 13. apríl 2005 var utandagskrárumræða um sama efni. Þá var til svara fyrrverandi fjármálaráðherra, hæstv. núverandi utanríkisráðherra Geir H. Haarde. Með leyfi forseta vildi ég aðeins vitna til þess lokasvars sem hann gaf þá við fyrirspurnum mínum um þetta efni.

Hann sagði þá, með leyfi forseta:

„Það þarf að hafa það í huga vegna ákvæða EES-samningsins að það er ekki unnt að einangra ríkisaðstoð við innlenda farmenn eða innlendar útgerðir eingöngu. Því er ekki borðleggjandi að íslensk, alþjóðleg kaupskipaskrá með samþykktu ríkisaðstoðarkerfi muni bæta hag íslenskra farmanna. Burt séð frá því er óvíst hvaða áhrif stofnun slíkrar kaupskipaskrár kunni að hafa á atvinnugreinarnar þar sem mikil samkeppni er innan Evrópu og víðar um að fá kaupskip á þær skrár sem fyrir hendi eru."

Það er mjög sérstakt að þetta svar skuli hafa verið gefið við fyrirspurn minni í ljósi þess sem Evrópusambandið hefur lagt til. Það leggur til að stuðlað sé að kaupskipastól til að keppa við þessi þægindafánaskip til að tryggja örugga hagkvæma flutninga til að hvetja til skráningar eða endurskráningar á skipaskrá aðildarríkja ESB og EFTA og til að viðhalda og bæta verkkunnáttu og þekkingu á sviði sjóflutninga til að efla atvinnumöguleika evrópskra sjómanna. Síðast en ekki síst er sú ógn að ef til ófriðar kæmi gæti álfan orðið varnarlaus um aðdrætti í einu vetfangi.

Þetta er ekkert smámál. Það er líka til umhugsunar um það sem ég sagði hér áðan um niðurgreiðslur Færeyinga á sjóflutningum að og frá Íslandi að ekki fyrir löngu var frétt um að Norðmenn ætluðu að taka upp strandferðir og gera út skip frá Akureyri. Að sjálfsögðu niðurgreitt af Norðmönnum. Ég beini því eftirfarandi spurningu til hæstv. fjármálaráðherra: Hefur ráðherra átt viðræður við forsvarsmenn skipafélaganna og reynt að leiða þetta mál til lykta? Eða erum við Íslendingar, eyþjóð í Norður-Atlantshafi, orðin þannig á vegi stödd að íslensk kaupskipaútgerð skiptir okkur ekki nokkru máli?

[12:35]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Það er ekki ofsögum sagt að breytingar hafi orðið á undanförnum árum á kaupskipaútgerð í heiminum og ekki síður hér við land sem hafa, a.m.k. að sumra mati, verið mjög óeðlilegar og okkur óhagstæðar. Við höfum farið yfir þessi mál nokkrum sinnum. Reynt hefur verið að fylgjast með þróuninni. Samstarf hefur verið við kaupskipaútgerðir um það, sömuleiðis við hagsmunasamtök sjómanna. Það sem hefur kannski helst verið í veginum fyrir því að gripið yrði til einhverra ráðstafana er tvennt er snýr að kaupskipaútgerðinni, annars vegar hvort það mundi hafa jákvæð áhrif á þróun kaupskipaútgerðarinnar og hvort það hafi haft jákvæð áhrif á þróun kaupskipaútgerðar í þessum nágrannalöndum okkar sem hafa gripið til ráðstafana, þ.e. fjölda sjómanna og þar fram eftir götunum. Og svo er hitt, hvort þetta sé í samræmi við þau almennu sjónarmið sem við höfum haft uppi um það hvernig við högum skattlagningu okkar hér á landi. Í þriðja lagi hafa hagsmunaaðilar ekki heldur verið sammála um til hvaða aðgerða ætti að grípa ef til aðgerða ætti að grípa á annað borð.

Nú sýnist mér, eftir viðtöl við þó nokkra af hagsmunaaðilunum, að það gæti orðið til eins konar samhljómur um það hvaða aðgerðir þeir legðu til. Það auðveldar aðkomu stjórnvalda að málinu. En þá ber auðvitað að hyggja að hinum almenna þætti, hvort við teljum eðlilegt að fara út í þess konar aðgerðir borið saman við það sem almennt gildir. Það er rétt að það er mikilvægt hverri þjóð að eiga góða sjómenn á kaupskipum, ekki síður en á fiskiskipaflotanum. Það skiptir líka máli að eiga skip, eiga flota sem getur þjónað landinu. Menn verða þá auðvitað líka að hafa í huga á hvaða grundvelli slíkt byggist. Auðvitað hefur hentifánakerfið, ef svo má að orði komast, mjög slæmt orð á sér. Hluti af því sem nágrannaþjóðir okkar hafa gert hefur verið í þá átt að aðlagast því kerfi. Við sjáum á miðunum rétt utan við lögsöguna hvernig hentifánaskipin fara þar fram. Það er kannski ekki kerfi sem ætti að vera okkur til eftirbreytni. Hins vegar er þetta starfsemi sem skiptir okkur máli. Við þurfum því að vega það og meta í ljósi aðstæðna á hverjum tíma hvort skynsamlegt og rétt sé að grípa til einhverra ráðstafana.

Það erum við að gera núna. Við erum að fara yfir þau gögn sem við höfum tiltæk vegna okkar fyrri vinnu í þessum efnum. Ég átti í vikunni fundi með forsvarsmönnum hagsmunafélaga þeirra sjómanna sem í hlut eiga og ég hef gert ráðstafanir til að hitta forsvarsmenn kaupskipaútgerðarinnar síðar í vikunni. Vonandi koma út úr því von bráðar niðurstöður um það til hvaða aðgerða þeir vildu grípa og þá geta stjórnvöld vegið og metið á móti öðrum atriðum sem skipta máli hvort rétt sé að grípa inn í.

En þegar sérstaklega er talað um skattaívilnanir og þær

bornar saman við skattaívilnanir í Færeyjum, sem eru á talsvert aðra lund en annars staðar á Norðurlöndunum, verðum við líka að hafa í huga að þegar sköttum er afsalað kemur ekki bara ríkið þar að máli, það eru líka sveitarfélögin. Stór hluti af staðgreiðsluskattinum, sem um er að tefla í *þessari umræðu og um er að ræða í Færeyjum, er tekjur* sveitarfélaganna. Við þurfum að hafa það í huga líka þannig að það er að mörgu að gæta. Þess er gætt og vonandi komumst við að niðurstöðu í þessu máli innan tíðar. Ég þakka að lokum (Forseti hringir.) hv. málshefjanda fyrir að hefja máls á þessu mikilvæga máli.

[12:41]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram hafa Samtök atvinnulífsins, stéttarfélög sjómanna og fjölmargir aðrir lýst þungum áhyggjum af samkeppnishæfni íslenskra skipaútgerða, og hafa gert lengi eins og hér hefur komið fram. Þeir hafa gert þetta lengi. Og það hafa fjármálaráðherrar líka gert, að þvælast fyrir málinu. Auðvitað ber þar hæst síðasta fjármálaráðherra, hæstv. núverandi utanríkisráðherra, formann Sjálfstæðisflokksins Geir H. Haarde. Hvað umfang erum við að tala um? Jú, það er talað um að í lok síðasta árs hafi þrjú íslensk skipafélög og dótturfélög þeirra verið með rúmlega 60 flutningaskip í rekstri. Ef skattalegt umdæmi og rekstrarlegt umhverfi þeirra væri þannig að hægt væri að skrá þau hér á Íslandi er talið að ríkissjóður gæti fengið um 200 millj. kr. í kassann sem hann hefur ekki af þessum útgerðum í dag.

Það er rétt að vekja athygli hæstv. fjármálaráðherra á því, virðulegi forseti, að sveitarfélögin tapa engu á því. Þau eru búin að tapa þessum tekjum vegna þess að þetta er farið úr landi. Vegna aðgerðaleysis og þess að ekkert hefur verið gert. Það er líka dálítið kyndugt að olíudreifing til byggða landsins, hér með ströndinni, sé núna niðurgreidd af Færeyingum. Það sem ríkisstjórnin vill ekki gera fyrir þegna þessa lands eru Færeyingar í raun að gera fyrir okkur. Þökk sé þeim. En verði fjármálaráðherra að góðu að njóta ríkisstyrkja frá Færeyjum.

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum hvað þetta hefur þvælst fyrir mönnum og þess vegna er gott að núna er búið að reka hæstv. fjármálaráðherra til verka í þessu sambandi. En ég minni hæstv. fjármálaráðherra á að ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins hefur lagt áherslu á að kaupskipum í íslenskri skipaskrá verði fjölgað með því að lagfæra íslenskt stofnana-, laga- og regluumhverfi (Forseti hringir.) þannig að Ísland verði samkeppnishæft (Forseti hringir.) við skráningu í alþjóðaskipasiglingum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að (Forseti hringir.) gefa hæstv. fjármálaráðherra þessa ályktun svo að hann geti sagt okkur á eftir hvað verður gert með þetta.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill áminna hv. þingmenn um að virða ræðutímann sem er takmarkaður í þessari umræðu.)

[12:43]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ein af meginlínum hins volduga Evrópusambands er að halda ekki uppi ríkisstyrkjum. Er það rökstutt með því að það eigi að jafna samkeppni. Þó háttar svo til að fyrir ekki svo löngu ákvað Evrópusambandið sjálft að heimila ríkisstyrki til kaupskipaútgerða. Hvaða rök skyldu nú liggja þar að baki, gegn þeirri meginstefnu sem Evrópusambandið heldur uppi? Rökin voru afskaplega einföld, Evrópa var að missa allan kaupskipaflotann sinn út úr Evrópu. Skipin voru skráð í Asíu, Suður-Ameríku eða annars staðar í heiminum. Í Brussel mátu menn það svo að uppi væri spurningin um öryggi Evrópu, vegna siglinga, um sjálfstæði Evrópu og ekki síst þekkingu og kunnáttu sem fylgir því að halda uppi öflugri sjómannastétt og þar af leiðandi útgerð.

Nú háttar svo til að af öllum þjóðum eru vinir okkar í austri, Færeyingar, að slá okkur við. Og hvernig gera þeir það? Með því að endurgreiða hluta af þeim skatti sem sjómenn greiða inn í færeyska ríkiskassann, að endurgreiða hann til útgerðar og skapa þar með umhverfi sem er betra en það umhverfi sem við bjóðum upp á hér. Af sjálfu leiðir að hið opinbera fær engar tekjur af þessum íslensku sjómönnum. Skattstofninn af þeim sjómönnum íslenskum sem eru skráðir á skip í Færeyjum mun nema um 1 milljarði króna. Þess vegna eru þær tölur sem hér hafa verið nefndar, um 200 millj., peningur sem við erum hreinlega að missa af.

Það hlýtur, herra forseti, að vera einnar messu virði og ég fagna því að hæstv. ráðherra ætli sér að leiða saman fulltrúa Samtaka atvinnulífsins og ASÍ sem eru sammála um að við þurfum að grípa til aðgerða til að halda farmskipunum, til að halda uppi öflugri sjómannastétt (Forseti hringir.) og skapa tekjur í ríkissjóð.

[12:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að taka þetta mikilvæga mál til umræðu á þinginu. Þetta er stórmál. Eimskipafélagið, óskabarn þjóðarinnar, er á förum til Færeyja. Reyndar má segja að barnið hafi áður verið borið út í tvennum skilningi. Nýir eigendur hafa afsalað sér því með því að segjast ekki lengur vera skipafélag, heldur einvörðungu fjárfestingarfélag. Einnig í hinu tillitinu að Eimskipafélagið hefur skráð mörg skipa sinna á erlendri grundu.

Um hvað snýst þetta mál? Það snýst um það að ná niður *tilkostnaði við mannahald, ná niður launakostnaði.* Skipaútgerðir í heiminum hafa farið tvær leiðir í þessu efni, annars vegar að lækka launin með því að ráða fólk frá fátækum ríkjum. Sumir hafa gengið mjög langt í þessu efni. Norðmenn gerðu eigin þjóðfána að hentifána og hafa flutt sjómannaskólana sína til Filippseyja og víðar til annarra landa þar sem laun eru lág og kjörin rýr. Þetta er slæm leið. Íslensku sjómannasamtökunum hefur auðnast að halda viðurkenningu á því að íslenskir kjarasamningar skuli virtir. Það er mjög mikilvægt að þetta gangi eftir.

Þá er það hin leiðin, sú leið sem t.d. Svíar hafa farið, að koma til móts við skipaútgerðirnar með því að búa þeim sértækar skattaívilnanir. Það er leið sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum verið tilbúin að ræða og margoft hreyft því máli á Alþingi að slíkt verði skoðað. Við viljum leggja okkar af mörkum til þess að nást megi um það þverpólitísk samstaða að halda skipaútgerðum hér inn-

an lands. (Forseti hringir.) Þetta er stórmál og mjög mikilvægt að (Forseti hringir.) það verði til lykta leitt á farsælan hátt.

[12:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í þessum málum hafa þjóðirnar í kringum okkur farið svolítið mismunandi leiðir eins og komið hefur fram í umræðunni. Allt að einu er niðurstaðan sú að það eru viðkomandi ríki sem gefa eftir skattgreiðslur sem tengjast launakostnaði farmannastéttanna. Samt sem áður virkar þetta ekki þannig að viðkomandi starfsmenn, farmennirnir, fái fleiri krónur í sinn vasa, heldur er þetta niðurgreiðsla til útgerða skipanna í öllum löndunum í kringum okkur.

Á undanförnum árum hafa nágrannaþjóðirnar, síðast Færeyingar og allra síðast Írar, tekið upp svona alþjóðlega skipaskrá eingöngu í þeim tilgangi að halda störfunum innan ríkisins og stefna að því að fjölga útgerð kaupskipa í viðkomandi löndum. Það hefur þeim tekist. Færeyingum hefur tekist að fjölga verulega skipum sem gerð eru út undir alþjóðafánanum færeyska og Írum hefur einnig tekist það. Er tiltölulega stutt síðan Írar fóru í þessa aðgerð.

Það er sem sagt ekkert því til fyrirstöðu, hæstv. forseti, að við getum náð sama árangri hér á landi annað en það að stjórnvöld hafa ekki fengist til þess að fara þær leiðir sem aðrar þjóðir hafa farið. Evrópusambandið hefur heimilað slíkar aðgerðir og beinlínis ýtt undir að slíkt yrði gert til þess að halda skipaflota innan Evrópusambandsins þannig að það er ekki um það að ræða að við förum gegn því. Það er um það að ræða að halda störfum í landinu og viðhalda þekkingu, viðhalda tengdum störfum við þessa útgerð og það er auðvitað mjög bagalegt ef svo heldur fram sem horfir. Íslenskir farmenn voru með 507 stöðugildi 1988, 254 1998 og ætli þeir séu ekki rétt rúmlega 100 í dag, hæstv. forseti. (Forseti hringir.) Það er því eftir miklu að slægjast og stjórnvöldum ber auðvitað að aðhafast í málinu.

[12:50]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Það er gott að fá tækifæri til að ræða hér um skattalegt umhverfi kaupskipaútgerðar á Íslandi. Hv. málshefjandi Guðmundur Hallvarðsson spurði hæstv. ráðherra hvort hann hefði reynt að leiða þetta mál til lykta og koma í veg fyrir að kaupskipaflotinn flýði land eins og réttast er að kalla það. Svör hæstv. ráðherra voru þau að, jú, hann hefði rætt við hagsmunaaðila, menn hefðu talað saman nokkuð lengi en við sjáum það á niðurstöðunni, þ.e. að kaupskipaflotinn er horfinn af íslenskri skipaskrá, að hæstv. ráðherra hefur ekki treyst sér til þess, eins og hann lýsti reyndar sjálfur áðan í ræðu sinni, til að koma til móts við kaupskipaflotann og kaupskipaútgerðir þannig að skattaleg skilyrði hér yrðu sambærileg við það sem aðrir bjóða.

Ég held að þetta sýni okkur kannski að núverandi hæstv. ráðherrar eru svifaseinir. Þeir eru búnir að sitja lengi á valdastólunum og þeir eru orðnir eins og stórt kaupskip, lengi að breyta um stefnu, þeir eru svo vanir því að geta bara setið og haft það rólegt meðan peningarnir tikka í kassann að þeir telja sig ekki þurfa að standa í því að bregðast við einhverjum aðstæðum sem upp koma eins og í þessu tilviki.

Ég er svolítið hræddur um að þessi sofandaháttur verði svipaður hvað varðar sprotafyrirtækin okkar, nýsköpunarfyrirtækin. Við vitum að erlendir aðilar eru að bera víurnar í þessi fyrirtæki, bjóða þeim betri skilyrði en hér bjóðast og þau eru mörg hver að velta fyrir sér að flytja úr landi. Engin svör hafa fengist hjá hæstv. fjármálaráðherra eða hæstv. ríkisstjórn þannig að ég óttast að niðurstaðan varðandi það mál verði sú sama og varðandi kaupskipaflotann, að eftir einhverjar umræður komi það út úr slímusetu hæstv. ráðherranna að það gerist ekki neitt og fyrirtækin fari.

[12:52]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að taka upp málefni íslenskrar kaupskipaútgerðar. Ég þekki það frá árunum 2003 og 2004 þegar ég átti sæti í samgöngunefnd Alþingis að hv. þingmaður tók málefni útgerðarinnar þar upp enda hefur þetta verið einlægt áhugamál hv. þingmanns um langa hríð.

Það er rétt að það er mjög alvarlegt að verkkunnátta í sjóflutningum hverfi úr landinu, að íslenskum farmönnum fari fækkandi. Það er mjög alvarleg staðreynd. Það er nú einu sinni þannig að íslensk þjóð reiðir sig á aðflutninga, sjóflutninga til og frá landinu, og því er mjög mikilvægt að íslensk þjóð sé ekki einvörðungu háð erlendu vinnuafli hvað þetta snertir. Auðvitað hljótum við að horfa til þess hvað þær þjóðir sem við berum okkur saman við hafa gert í þessum efnum. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi Færeyinga í því samhengi og jafnvel aðrar Norðurlandaþjóðir og það er mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld horfi til þeirra úrræða sem stjórnvöld þeirra ríkja sem við berum okkur saman við hafa gripið til á undanförnum árum.

Ég fagna sérstaklega þeim málflutningi sem hæstv. ráðherra viðhafði, að nú væri kominn ákveðinn samhljómur á meðal hagsmunaaðila í þessu máli. Því hlýtur spurning okkar hér að vera sú hvort stjórnvöld eigi ekki leik, hvort ekki sé kominn tími til að stjórnvöld sýni það frumkvæði ásamt hagsmunaaðilum að bæta starfsumhverfi íslenskrar kaupskipaútgerðar enda er það mikið hagsmunamál fyrir Ísland.

[12:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að bera þetta mál hér inn á þing, stöðu kaupskipaflotans. Jafnframt verð ég að furða mig á því hve hægt gengur í þessum málum. Hinn 7. júlí 2004 skrifuðu Samtök atvinnulífsins og stéttarfélag sjómanna ráðherrum, fjármálaráðherra og samgönguráðherra, bréf og óska eftir tafarlausum aðgerðum. Ekkert hefur gerst. Hæstv. ráðherra ætlar núna að fara að skoða málið. Hér kemur hinn ríkisstjórnarflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, og telur þetta afar brýnt mál — en ekkert er gert. Eimskip, óskabarn þjóðarinnar, er að fara úr landi. Samskip eru farin úr landi. Skipasmíðaiðnaðurinn er að fara úr landi, hátækniiðnaðurinn er að fara úr landi.

Nú er það svo að sérstakar reglur innan Evrópusam-

bandsins sem við erum aðilar að, á Evrópska efnahagssvæðinu, kveða á um að hægt sé að veita stuðning, ívilnanir fyrir kaupskipaútgerðir til að halda þeim í landinu. Þessu er ekki beitt hér. Við erum hins vegar reiðubúin að veita álbræðslum alls konar ívilnanir, greiða niður álbræðslur í landinu, en þegar kemur að kaupskipaútgerðinni eða skipasmíðaiðnaðinum — nei, þá skal hann fá að fara úr landi.

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram þingsályktunartillögu um að efla strandsiglingar við landið, ítrekað, nú síðast með þingmönnum Frjálslynda flokksins. Við krefjumst þess að stjórnarflokkarnir komi ekki bara upp og tali í þessu máli, málefnum kaupskipaútgerðarinnar, heldur grípi til tafarlausra (Forseti hringir.) aðgerða til að tryggja heimilisfesti íslenskra kaupskipaútgerða á Íslandi.

[12:56]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég heyrði að hv. málshefjandi talaði um tómlæti formanns Sjálfstæðisflokksins í þessu máli og það var ekki annað að heyra en að hæstv. fjármálaráðherra væri ekkert mjög ákafur í að koma þessu máli í höfn. Hann bar því við hvort þessar breyttu skattareglur hefðu yfirleitt einhver áhrif. Þá vonast ég bara til þess að hæstv. fjármálaráðherra líti til Færeyja og Svíþjóðar og sjái árangurinn.

Síðan var sagt sem svo að þetta gæti raskað einhverju samræmi skattareglna. Auðvitað hef ég skilning á því að hæstv. fjármálaráðherra vilji halda mjög í skattana sína, og helst hækka þá, því að raunin er sú að hæstv. ráðherra hefur hækkað skatta til að eiga fyrir síauknum ríkisútgjöldum. Þau hafa aukist um 120 milljarða síðan þessi ríkisstjórn tók við völdum. Síðast en ekki síst benti hann á hagsmunasamtök. Hann er vanur því úr fyrra starfi að líta mjög til þess hvað hagsmunasamtök segja um hin og þessi mál, en nú vonast ég til þess að hæstv. ráðherra snúi við blaðinu og líti til almannahagsmuna í þessu máli.

Hverjir eru þeir? Það hefur verið nefnt, jú, störf. En það er annað sem skiptir ekki síður máli og það er að líta til þess að hér tapast þekking, og þekking sjómanna skiptir verulega miklu máli upp á mengun hafsins, að við séum ekki með óreynda menn á lágum launum að sigla með hættulegan varning um höfin hér, við strendur landsins. Það á að líta til þess. Þetta er mengunarmál og eitt stærsta mengunarmál sem hægt væri að taka á með litlum tilkostnaði. Menn segja að þetta muni jafnvel raska einhverju skattajafnvægi en ég bendi hæstv. ráðherra enn og aftur á að ekki eru teknir neinir skattar af engu. (Forseti hringir.) Þetta mál höfum við í Frjálslynda flokknum flutt hér áður, (Forseti hringir.) við viljum taka á þessu máli hvað varðar stöðu farskipa (Forseti hringir.) og ég vona svo sannarlega, herra forseti, að ráðherra sýni þessu ekki sama tómlæti og forverar hans.

[12:59]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og undirtektir þingmanna við þessu máli. Það er ljóst að hér er um geysilega mikla almenna hagsmuni að ræða og það er alveg ljóst að í þeirri yfirlýsingu sem hefur komið frá Eimskipafélaginu mun það flytja starfsemi sína til Færeyja verði ekki neitt annað gert í málinu.

Aðeins út af skattalegri meðferð sem við höfum hér verið að ræða um svo að menn átti sig betur á henni. Í fyrsta lagi hvað snýr að Færeyingum, þeir taka 35% skatt af sjómönnum, taka sjálfir 7% í ríkiskassann en 28% fara til útgerðarinnar aftur til að greiða niður launakostnað. Það er rétt að halda því til haga svo að menn átti sig á því um hvað málið snýst. Eins og hér kom fram hjá einum ræðumanni réttilega rennur þetta ekki til sjómannanna sjálfra. Svo það sem ég kom aftur fram með varðandi Samtök atvinnulífsins og samtök sjómanna sem rituðu bréf árið 2004 til stjórnvalda um að eitthvað yrði gert í málinu, þá er það rétt. Ég tel að með undirritun Samtaka atvinnulífsins varðandi skattalega meðferð kaupskipanna lýsi þau því yfir að þau séu ekki að stíga þá leið að byrja fyrst á þessari skattaívilnun og ætla svo að fara yfir í aðrar starfsgreinar. Ég lít svo á, eins og hér kemur fram, að þetta sé auðvitað grafalvarlegt mál.

Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir svör hans og ég vonast til þess að sá fundur sem fram undan er með fulltrúum útgerða muni leiða til þess að óskabarn þjóðarinnar fari ekki úr landi, heldur muni halda áfram starfsemi sinni hér og það muni jafnframt leiða þá til þess að aðrar útgerðir komi aftur.

Það er náttúrlega hlálegt að hugsa til þess að olíufélögin (Forseti hringir.) skuli jafnframt vera að fiska í þessu grugguga vatni (Forseti hringir.) skattaívilnana í Færeyjum.

[13:01]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þetta er merk umræða sem hér hefur farið fram. Ég held hins vegar að hv. þingmaður þurfi að gæta sín á því að einfalda ekki málið um of. Kaupskipaútgerðirnar eru út af fyrir sig ekki á förum. Skipin eru hins vegar farin fyrir þó nokkru síðan og nú er um að ræða skráningu á áhöfnum sem eru að fara.

Mér fannst hv. þm. Kristján Möller skauta allt of létt yfir það að skatttekjur sveitarfélaganna gætu komið þar að máli og er ég hissa á að hann skyldi gera það þannig. (Gripið fram í.) Það skiptir verulega miklu máli að það sé samhljómur meðal hagsmunaaðila um það til hvaða ráðstafana er gripið ef til einhverra ráðstafana verður gripið. En þá eru það líka tvö atriði sem við þurfum að huga að, skráning skipanna sem lögð hefur verið veruleg áhersla á hér í umræðunni og ekki síst hjá hv. málshefjanda og síðan skráning áhafnanna. Um það hvernig á að standa að þessu geta verið deildar meiningar.

Þegar við förum yfir það hvernig þessu er fyrir komið hjá nágrannaþjóðum okkar er það bara gert á mjög mismunandi vegu. Það er auðvitað rétt að við þurfum að fara vel yfir þessa hluti, og ef við gerum eitthvað að gera þá það sem best er. En við verðum að gefa okkur þann tíma sem við þurfum til þess að finna út úr því og, eins og ég sagði áðan, að hafa um þetta samhljóm meðal hagsmunaaðilanna og ekki gera þetta í einhverjum upphlaupum. Svo þurfum við, eins og ég sagði hér áðan, að leggja til grundvallar líka að það samrýmist eftir því sem kostur er þeim almennu markmiðum sem við höfum.

Leyfi til olíuleitar.

Fsp. ÁRJ, 154. mál. — Þskj. 154.

[13:03]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra um leyfi til olíuleitar. Þessa fyrirspurn lagði ég fram í byrjun þings í október og því eru fjórir mánuðir liðnir frá því að hún kom fram. Reyndar er hvorki við ráðherra að sakast né þá sem hér stendur að ekki sé búið að svara henni en frá því að fyrirspurnin var lögð fram hafa borist upplýsingar um undirbúning að leyfisveitingum til olíuleitar. Engu að síður eru ýmis atriði í fyrirspurn minni sem ekki hefur verið svarað.

Í september síðastliðnum sat ég stóra ráðstefnu fyrir hönd umhverfis- og auðlindanefndar Norðurlandaráðs um olíu- og gasvinnslu á norðurslóðum, og ráðstefnuna sátu olíufyrirtæki, umhverfishagsmunaaðilar og frumbyggjar á norðurslóðum. Það var alveg ljóst að olíufyrirtækin í heiminum bíða í startholunum eftir að geta byrjað að vinna olíu á norðurslóðum. Á norðurskautinu er talið að einn fjórða af öllum olíu- og gasbirgðum heimsins sé að finna. Nú við hlýnandi loftslag má búast við að auðveldara verði að komast að þessum birgðum. Hæstv. ráðherra sagði í fréttum í janúar að við Íslendingar ynnum heimavinnuna okkar fyrir undirbúning að því að hægt verði að hefja olíuleit og leyfi til hennar hér fyrir norðan okkur. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Í hverju er heimavinnan fólgin? Hvaða viðbúnaður hefur verið hafður uppi, svo sem eins og viðbúnaður við bráðamengun? Hvaða búnað eigum við, eigum við t.d. olíugirðingar eða olíuupptökubúnað?

Náttúrlega má gera ráð fyrir að við verðum í samstarfi við Norðurlandaþjóðirnar um þetta að einhverju leyti hvað varðar bráðaviðbúnaðinn en við verðum að eiga útbúnað fyrir fyrstu viðbrögðin ef eitthvað gerist. Því má einnig búast við að mikil umferð verði um norðurslóðir við þetta og því þurfi að eiga búnað. Síðan bið ég hæstv. ráðherra að veita okkur vissar umhverfisupplýsingar. Olíuríki vinna grunnupplýsingar um umhverfið og ég spyr: Hvaða upplýsingar eru til og hversu langt erum við komin í að vinna þær hvað varðar lífríkið, botninn, setið, fiskstofna og annað á þeim slóðum þar sem hugað hefur verið að stefnumótun?

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hversu langt er undirbúningur leyfisveitinga til olíuleitar á íslensku hafsvæði kominn, í hverju er undirbúningurinn fólginn og hvenær er gert ráð fyrir að hægt verði að veita leyfin?

[13:07]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hugsanlegt er að olíu- og gaslindir sé að finna á landgrunni Íslands. Koma þrjú svæði helst til greina, Jan Mayen svæðið, Hatton-Rockall svæðið og landgrunnið út af Norðurlandi. Af þessum svæðum er Jan Mayen svæðið álitlegast til olíuleitar við núverandi aðstæður og virðist rétt að gera ráð fyrir því að aðstæður til að bjóða fram leyfi til rannsóknar og vinnslu kolvetnis þar geti skapast innan fárra ára. Almennur rammi um leit að olíu og jarðgasi á landgrunninu og vinnslu olíu- og jarðgaslinda var settur með lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001. Lögin gera ráð fyrir tvenns konar leyfum, annars vegar eru veitt leyfi til leitar með mælingum og sýnatöku af hafsbotni. Heimilt er að gefa út fleiri en eitt leitarleyfi á sama svæði en boranir eru ekki leyfðar.

Leitarleyfi voru útfærð nánar í reglugerð iðnaðarráðherra, nr. 553/2001, og hófst leitin sama ár með útgáfu leitarleyfis á Jan Mayen svæðinu til norska olíuleitarfyrirtækisins InSeis. Hins vegar gera lögin ráð fyrir að veitt verði leyfi til rannsókna og vinnslu sem feli í sér einkarétt til rannsókna og vinnslu á tilteknum afmörkuðum svæðum. Enn hafa engin slík leyfi verið veitt og áður en til þess getur komið þarf að skilgreina leyfin nánar og ljúka ýmsum öðrum undirbúningi.

Árið 2004 lét iðnaðarráðuneytið taka saman yfirlit um þann undirbúning sem fram þarf að fara til þess að unnt sé að veita rannsókna- og vinnsluleyfi á Jan Mayen svæðinu. Þegar niðurstöðurnar lágu fyrir lagði ég sem iðnaðarráðherra áætlun fyrir ríkisstjórnina um að ljúka undirbúningnum á tveimur árum. Í apríl 2005 samþykkti ríkisstjórnin að veita fé til verkefnisins og hófst hann í framhaldi af því. Undirbúningsvinnan fer fram á vegum iðnaðarráðuneytisins en samráð er haft við önnur ráðuneyti og einstakir verkþættir unnir af undirstofnunum þeirra.

Undirbúningurinn og upplýsingaöflunin sem fram þarf að fara áður en ákvarðanir eru teknar um leyfisveitingar fela m.a. í sér eftirfarandi atriði: a) að fullvinna drög að rannsókna- og vinnsluleyfi, b) að endurskoða og breyta lögum og reglum sem snúa að borunum og vinnslu kolvetnis á landgrunninu, sérstaklega ef hugað er að skattlagningu tekna og gjaldtöku af starfseminni, framkvæmd umhverfismats, fyrirkomulagi umhverfis- og vinnuöryggismála og fyrirkomulagi stjórnsýslu, bæði með tilliti til hlutverks Orkustofnunar og gagnvart öðrum stjórnvöldum, c) að ná samkomulagi við Noreg um framkvæmd samkomulagsins frá 1981 um olíuvinnslu á Jan Mayen svæðinu, og d) að afla ýmissa grunnupplýsinga, svo sem um eðli og hugsanlegt umfang rannsóknaborana og olíuvinnslu í kjölfar leyfisveitinga, líkleg áhrif slíkrar starfsemi á íslenskan efnahag og atvinnulíf, leiðir til að tryggja sem mesta hlutdeild íslenskra aðila í henni og meta hvaða lágmarkskröfur skuli gera um efnahagslegan og annan ávinning samfélagsins af starfseminni ef heimila ætti vinnslu innan fárra ára fremur en að láta nýtingu hugsanlegra auðlinda bíða betri tíma.

Einnig þarf að afla grunnupplýsinga um náttúrufar á Jan Mayen svæðinu með áherslu á viðkvæm svæði og lífverur og leiðir til að draga úr mengun og öðrum óæskilegum umhverfisáhrifum og truflunum á annarri starfsemi, t.d. fiskveiðum. Áætlunin sem samþykkt var af ríkisstjórninni gerir ráð fyrir undirbúningsvinnu og að undirbúningnum verði lokið í ársbyrjun 2007. Sjálft leyfisveitingaferlið mun taka 1–2 ár, og verði tekin ákvörðun um að veita leyfi árið 2007 verður væntanlega hægt að gefa út leyfi árið 2008 eða 2009.

Mig langar að lokum, hæstv. forseti, aðeins að koma inn á það samkomulag sem ég nefndi í máli mínu, en það samkomulag sem gert var við Noreg um landgrunnssvæðið milli Íslands og Jan Mayen árið 1981 tryggir Íslandi lögsögu yfir landgrunninu, fullar 200 sjómílur frá landi í átt að

Jan Mayen og fjórðungshlutdeild í leyfum til olíuvinnslu sem Noregur kann að veita á um 33.000 ferkílómetra svæði sínu, þ.e. sín megin lögsögumarkanna. Á móti veitir Ísland Noregi hliðstæðan rétt á um 13.000 ferkílómetra svæði í íslenskri lögsögu.

[13:12]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir þessa fyrirspurn og ráðherra þau svör sem fram komu. Hér er um gríðarlega spennandi verkefni að ræða og ég held að það geti ekki dulist nokkrum manni að ef olía fyndist út af landgrunni Íslands jyki það náttúrlega auðlegð íslenska þjóðarbúsins en frekar. Við þurfum ekki nema að horfa í átt að frændum okkar, Norðmönnum, sem hafa efnast gríðarlega og eflt efnahag sinn mjög mikið.

Eins og hæstv. ráðherra sagði er mikilvægt að ganga frá lausum endum í lagasetningu þessu tengdri. Þetta er mjög umfangsmikið og flókið mál. Við í iðnaðarnefnd Alþingis ræddum þetta lauslega í haust ásamt fulltrúum frá iðnaðarráðuneytinu. Það er ljóst að mikið ferli er eftir en eins og ég sagði í upphafi er hér um mjög spennandi og krefjandi verkefni að ræða til framtíðar sem vonandi mun reynast okkur Íslendingum farsælt.

[13:13]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég tek undir að þetta er mjög spennandi, og mjög margir eru spenntir. Stóru olíu- og gasvinnslufyrirtækin eru í startholunum til að geta farið að vinna á þessum svæðum þar sem talið er að þessar miklu olíu- og gasbirgðir sé að finna. Því er mjög mikilvægt að við undirbúum okkur vel og ég sé að hæstv. ráðherra er með vinnu í gangi og ætlar að ljúka reglugerðarsmíðinni eftir ár. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Telur hún raunhæft að það verði búið? Hversu langt er vinnan komin? Erum við farin að huga að búnaði til að bregðast við bráðamengun sem má auðvitað búast við þótt við t.d. færum ekki í þessa leit? Sjálfsagt gerum við það samt og þá þarf að vera hægt að bregðast við fljótt ef eitthvað kemur fyrir. Hvar stendur þessi vinna hvað varðar líffríkið og ástandið á botni, öll grunnvinnan sem þarf að fara í? Eru einhverjar upplýsingar til og verðum við búin að ljúka henni fyrir árið 2007?

Mig langar að spyrja um eitt sem e.t.v. á frekar heima hjá umhverfisráðherra en þetta er svo sem allt samtengt. Það varðar aukna skipaumferð og hvernig við gætum nýtt hana í gegnum norðurskautið. Hefur ráðherra einhverjar hugmyndir um það í sambandi við hlut iðnaðarráðuneytisins? Ég vildi gjarnan fá viðbótarupplýsingar frá hæstv. ráðherra um hvað sé búið að vinna og hvað sé til af því sem hún nefndi í sambandi við umhverfisupplýsingarnar og öryggismálin, bráðamengun og slíkt.

[13:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég get kannski ekki bætt svo mjög miklu við það svar sem ég gaf hv. þingmanni því það var nokkuð ítarlegt. Aðalatriðið í þessu máli er að vinnan er á fullri ferð og það eru mörg ráðuneyti sem koma að henni, m.a. umhverfisráðuneytið eins og gefur augaleið, en iðnaðarráðuneytið heldur utan um þá vinnu. Við ætlum okkur að komast það langt á næsta þingi eða ég vonast til að geta strax á haustþingi lagt fram frumvörp sem tengjast þessu máli til að lög hafi verið sett í upphafi árs 2007 og þá verði væntanlega hægt að snúa sér að veitingu leyfa og það tekur svo einhvern tíma þar til hægt verður að gefa

þau út. Við vonumst til að það geti orðið á árinu 2008–2009.

Þetta eru að mínu mati merkileg tíðindi því eins og kom fram í máli hv. þingmanns er áhugi fyrir því að skoða þau svæði nánar sem ég nefndi, sérstaklega Jan Mayen svæðið. Þó að ég vilji vara við of mikilli bjartsýni þá vitum við engu að síður að á norðurheimskautssvæðinu, á norðurslóðum, er að finna olíu- og gasauðlindir. Við vitum ekki nákvæmlega hvar þær eru. En þetta er eitt af þeim tækifærum sem við í ríkisstjórninni sjáum fyrir okkur að ekki megi trassa að koma í þann farveg að það geti nýst þjóðinni.

Umræðu lokið.

Nýting vatnsafls og jarðvarma.

Fsp. ÞSveinb, 458. mál. — Þskj. 683.

[13:18]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Maður er nefndur Finnur Ingólfsson, fyrrverandi iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins. Árið 1999 ýtti hann úr vör gerð svokallaðrar rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þá stóð ríkisstjórnin frammi fyrir miklum deilum vegna áforma um að reisa Fljótsdalsvirkjun og úr varð á stjórnarheimilinu að leggja í þá vegferð sem rammaáætlunin hefur verið. 1. áfanga áætlunarinnar var skilað í nóvember 2003, minnir mig, fyrir rúmum tveimur árum. Og eins og alkunna er hefur lítið sem ekkert verið gert við niðurstöður þess áfanga. Góðu samstarfi við Landvernd var slitið fyrir réttu ári. Engar fréttir er lengur að hafa af framgangi gerðar rammaáætlunarinnar á heimasíðu Landverndar. Að því er ég best veit hefur 2. áfangi verið settur í þriggja manna nefnd og síðan hefur ekkert til hans spurst. Þetta boðar ekki gott, forseti. Við sem kannski í einhverjum barnaskap héldum að hægt væri að nýta gerð þessarar rammaáætlunar til að búa til raunverulega áætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma til framtíðar, spyrjum okkur hvað líði vinnu við 2. áfanga og kannski er ekki úr vegi að bæta bara við spurningunni: Hvað varð um niðurstöður 1. áfanga? Hvað hyggst hæstv. iðnaðarráðherra gera við þær?

Eins og við vitum hefur hér margítrekað komið fram að rammaáætlunin sem slík hefur ekkert lagalegt gildi og um það var greinilega tekin pólitísk ákvörðun á sínum tíma að svo yrði. En við þessa rammaáætlun hafa unnið margir fremstu vísindamanna okkar á sviði nýtingar vatnsafls og jarðvarma og náttúrufræðingar og aðrir. Þetta er mikil og góð vinna en hún er nú þegar að verða gömul. Við horfumst nú þegar í augu við að þær rannsóknir sem gerðar voru

vegna fyrsta áfanga þarf að fara að gera aftur, a.m.k. einhvern hluta þeirra. Það þarf að gera mun meiri frumrannsóknir á náttúrufari og öðru en gert hefur verið. Þess vegna verð ég að segja, forseti, að ég hef nokkrar áhyggjur af því að gerð rammaáætlunarinnar sé komin ofan í skúffu í iðnaðarráðuneytinu hjá hæstv. iðnaðarráðherra og ég vænti þess að hún svari því hér (Forseti hringir.) hvar málið standi.

[13:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að segja að mér finnst mjög leitt ef hv. þingmaður hefur miklar áhyggjur. En á árinu 1999 hófst að frumkvæði ríkisstjórnarinnar vinna við gerð svokallaðrar rammaáætlunar um virkjanir. Hún er yfirlitsáætlun um nýtingu hugsanlegra virkjunarkosta, mat á hagkvæmni þeirra og umhverfis- og samfélagsáhrifum er þeir kunna að valda. 1. áfanga áætlunarinnar lauk í árslok 2003 og vinna við 2. áfanga hófst á síðasta ári. Vinna við þetta verkefni er á starfsáætlun ríkisstjórnarinnar og fjármagn hefur verið tryggt til verkefnisins næstu árin.

Að mati margra aðila er vel til þekkja er hér um að ræða einstakt verkefni á alþjóðavísu og hefur vakið nokkra athygli erlendis. Viðtökur við 1. áfanga áætlunarinnar hafa verið mjög jákvæðar og enginn vafi er á að sá samanburður virkjunarkosta er niðurstöður rammaáætlunar veitir okkur gefur okkur gleggri sýn á líklegum virkjunarkostum í næstu framtíð. Þá hefur við gerð rammaáætlunar myndast mikilvægt gagnasafn um rannsóknir og náttúrufarsaðstæður virkjunarkosta sem kemur að miklu gagni þegar ráðist er í frekari rannsóknir eða gerð skipulagsáætlana á viðkomandi svæðum.

Vinna við 2. áfanga rammaáætlunarinnar felst einkum í eftirfarandi meginþáttum: Í fyrsta lagi á rannsóknum á nokkrum nýjum virkjunarkostum sem eru lítt rannsakaðir enn þá auk nokkurra virkjunarkosta sem tilgreindir eru í 1. áfanga en hafa lítið verið rannsakaðir. Í öðru lagi að bæta mat á jarðhitavirkjunum, bæði með því að fjölga kostum miðað við 1. áfanga og bæta aðferðir til matsins. Í þriðja lagi að endurskoða aðferðir við mat á landslagi og í fjórða lagi að kanna flokkun og mat smávirkjana.

Fyrsta verkefnið, rannsóknir á nokkrum nýjum virkjunarkostum og bætt mat á virkjunarkostum, felst einkum í því að skoða virkjunarkosti er lagðir voru til hliðar í 1. áfanga auk þess sem nýtt mat verður lagt á virkjunarkosti úr 1. áfanga ef nýjar upplýsingar eða rannsóknir liggja fyrir um viðkomandi kosti. Við annað verkefnið, bætt mat á jarðhitavirkjunum, hefur verkefnisstjórn sett á laggirnar tvo stýrihópa sér til aðstoðar við að þróa aðferðir. Annar þeirra vinnur að því að móta aðferðir til að meta þætti eins og vinnslugetu annars vegar og almenn náttúrufarsgildi sem koma til með að byggjast bæði á jarðfræðilegum og líffræðilegum þáttum auk landslags. Gagnaöflun hefur farið fram frá árinu 2004 og snýst um venjubundnar rannsóknir til að átta sig á meginjarðfræðilegum einkennum svæðanna og til að afmarka möguleg vinnslusvæði. Safnað hefur verið upplýsingum um örverur í hverum og um almennt náttúrufar, einkum gróðurfar. Við þriðja verkefnið, endurskoðun aðferða við mat á landslagi, hefur verkefnisstjórn sett á laggirnar sérstakan landslagshóp sem hefur hafið störf og mun skila tillögum um hugsanlegar rannsóknir í vetur. Fjórða verkefnið varðar flokkun á mat smávirkjana. Gera má ráð fyrir að aukinn áhugi verði á byggingu smávirkjana á vegum einstaklinga, t.d. bænda, í náinni framtíð eins og gerst hefur víða erlendis. Ekki er talið mögulegt að reyna að kortleggja þá möguleika líkt og fyrir stærri virkjanir í 1. áfanga heldur hefur verið lögð áhersla á almennar forsendur, annars vegar nýtt stafrænt afrennsliskort og hins vegar flokkun vatnsfallagerða þannig að betur megi átta sig á mögulegu notagildi þeirra í víðum skilningi. Stefnt er að því að gefa út áfangaskýrslu um 2. áfanga rammaáætlunarinnar í byrjun árs 2007, þ.e. eftir ár, og samkvæmt áætluninni mun þeim áfanga ljúka á árinu 2009.

[13:26]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda ágæta innleiðingu í þetta mál. Ég vil gagnrýna orð hæstv. ráðherra þegar hún segir að það hafi verið að frumkvæði ríkisstjórnarinnar sem þessi vinna fór af stað því að við vitum það öll sem erum í þessum sal að verulegur þrýstingur utan frá var búinn að vera í mjög langan tíma á ríkisstjórnina að gera slíka áætlun þegar hún lét loksins undan og bar ekki málaflokkinn betur fyrir brjósti en svo að hún vistaði áætlunina undir hæstv. iðnaðarráðherra. Þessi rammaáætlun hefur því aldrei verið annað en rannsóknir á virkjunarkostum undir forræði hæstv. iðnaðarráðherra og þá erum við að tala um virkjanir til álbræðslu eða stóriðju frekar en nokkuð annað. Sá fókus hefur verið alrangur frá fyrsta degi. Og ég minni hér á þingsályktunartillögu frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem gengur út frá því að þessi rammaáætlun verði flutt undir umhverfisráðuneytið og umhverfisráðherra. Þá fyrst verði hægt að fara að taka mark á henni. Ég hef þá kenningu að það hafi aldrei verið ætlun þessarar ríkisstjórnar að gera nokkurn skapaðan hlut með þessa áætlun og það er skýringin eða svarið við spurningu hv. (Forseti hringir.) þingmanns: Hvað varð af 1. áfanga?

[13:27]

Mörður Árnason:

Frú forseti. Ég þakka svör ráðherra. Það kemur í ljós sem menn ekki vissu áður að það er eitthvað í gangi einhvers staðar. Einhver verkefnisstjórn er að útdeila verkefnum og er búin að skipta einhverju niður. Ég vil hins vegar bæta við spurningu hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur og spyrja hver kostnaðaráætlun muni vera í þetta verkefni. Því hún sýnir eiginlega betur en þessi niðurdeiling verkefna hvaða hugur fylgir máli. Það er rétt að vekja athygli á að þessi áfangaskipting í rammaáætluninni er villandi orð. Það er auðvitað ekki svo að það sé einhver 1. áfangi og svo sé rammaáætlunin ekki búin fyrr en komnir eru tveir, eða þrír eða fjórir. 1. áfangi stendur fullkomlega fyrir sínu. Gallinn á þessu máli öllu er sá að ráðherrann sem skipuleggur það vill ekkert mark á því taka og ætlar ekki að gefa því neitt lagagildi. Talar hér um að þetta komi að gagni við frekari rannsóknir og ákvarðanir en ætlar ekkert mark á (Forseti hringir.) því að taka sem gert er annars staðar í heiminum

þar sem svona rammaáætlanir eru (Forseti hringir.) iðkaðar, m.a. í Noregi.

[13:28]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir þessa fyrirspurn og ráðherra svörin. Hér er um stórmerkilegt verkefni að ræða, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þar sem gerður er samanburður á ákveðnum virkjunarkostum og menn hafa komið sér upp gagnasafni um rannsóknir virkjunarkosta í landinu. Því það er nú einu sinni þannig. a.m.k. af hálfu okkar stjórnarliða, að við viljum nýta vatnsafl og jarðvarma með skynsamlegum hætti til að byggja upp atvinnu í landinu. Við byggjum slíkt atvinnulíf ekki upp með skynsamlegum hætti nema til staðar séu vandaðar rannsóknir og sú rammaáætlun sem við ræðum hér gengur í þá átt að við höfum ákveðið tæki til að meta ákveðna kosti til að nýta í þágu uppbyggingar atvinnulífs. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir gott starf í þessum efnum (Forseti hringir.) og styð það heils hugar (Forseti hringir.) að þetta verkefni verði áfram vistað undir iðnaðarráðuneytinu.

[13:29]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra svör hennar hvað líður störfum við 2. áfanga rammaáætlunar. En því miður verð ég að segja að í svari sínu staðfestir hæstv. ráðherra þann grun minn að í raun sé mjög lítið að gerast og það sé þannig, reyndar verður áframhaldandi vinna við gerð áætlunarinnar. Í svari hæstv. ráðherra kemur fram að önnur áfangaskýrsla muni líta dagsins ljós í ársbyrjun 2007 og vinnunni allri ljúka áratug eftir að hún hófst, árið 2009. Samt veit enginn hvað á í raun að gera við niðurstöður þeirrar vinnu, hvaða gildi hún mun hafa og hvort nokkuð verður við hana gert. Hvort nokkuð verður við forgangsröðunina gert. Það hafa fleiri áhyggjur af þessu, hæstv. forseti, en ég, því hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, hefur borist bréf frá formanni Landverndar, sem liggur á heimasíðu þeirra góðu samtaka, þar sem spurt er sérstaklega um afdrif þessa verkefnis og bent á m.a. að með því að haga 2. áfanga með þeim hætti sem nú er gert er búið að taka út alla almennu umræðu. Það er engin almenn umræða, engir opnir fundir, ekkert almennt aðhald eða upplýsingagjöf um það sem er í gangi sem þó var við 1. áfangann. Þannig er verið að rýra, ekki aðeins gildi vinnunnar að mínu áliti, heldur að klippa á öll tengslin við fólkið í landinu, við grasrótina, við fólkið sem vill hafa áhrif á hvernig þessi vinna er unnin og koma með alls konar upplýsingar.

Ég vil að lokum fá að vitna í bréfið þar sem segir, með leyfi forseta:

„Forsenda upplýstra ákvarðana um frekari orkuöflun til stóriðju er að lokið verði við gerð 2. áfanga (Forseti hringir.) rammaáætlunarinnar ...“

Ég er á rauðu ljósi með tvo forseta. Ég held ég hætti bara núna.

[13:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er óskaplega erfitt að gera hv. þingmönnum til hæfis í þessu máli. (Gripið fram í.) Það eru alltaf einhverjar óánægjuraddir um hvernig verið sé að vinna að þessari rammaáætlun. Þetta er stórmerkilegt plagg sem nú þegar liggur fyrir og þá er ég að tala um niðurstöðu 1. áfanga. Þetta eru umhverfisrannsóknir í víðasta skilningi þess orðs. Starfið heldur áfram. En það er hægt að finna að öllu, ég geri mér alveg grein fyrir því og hv. þingmenn eru nú býsna fundvísir á hluti sem þeir telja að séu miður.

En það sem ég vil segja um 1. áfanga, af því að því er haldið fram að hann sé ekki til neins, þá eru þar náttúrlega mikilvæg gögn fyrir t.d. orkufyrirtækin þegar þau taka ákvarðanir um hvar þau bera niður. Til dæmis hefur þetta áhrif á að ekki er verið að eyða peningum í rannsóknir á svæðum sem eru ólíkleg til að vera í raun svæði sem verða nýtt í framtíðinni. Þetta gagnast sveitarfélögum, t.d. í tengslum við skipulag og þessar rannsóknir hafa haft áhrif í sambandi við tillögur um friðlýsingu á náttúruverndarsvæðum. Ég tel því að þarna sé um mikilvæga gagnasöfnun að ræða, eins og ég kom inn á í máli mínu áðan. Þetta hefur vakið athygli, ég segi ekki alveg á heimsvísu, en víða erlendis.

Þetta hefur kostað gríðarlega fjármuni og búið er að tryggja fjármuni til 2. áfanga og það eru endurgreiðslur Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar sem nýttar verða í 2. áfanga en það voru endurgreiðslur vegna Blöndu- og Fljótsdalsvirkjana sem voru nýttar vegna 1. áfanga.

Umræðu lokið.

Skinnaverkun.

Fsp. KLM, 474. mál. — Þskj. 702.

[13:34]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Íslenskur skinnaiðnaður hefur verið blómleg atvinnugrein lengi bæði á Akureyri og Sauðárkróki og má minnast glæsilegra tíma hjá Sambandinu á Akureyri hér á árum áður en því miður fór Sambandið eins og það fór en aðrir tóku við þessari starfsemi. Fyrir nokkrum árum störfuðu allt að 100 manns við þessa starfsemi á Akureyri. Núna á þessum tímapunkti eru rétt um 15 manns í vinnu og starfsemin er að leggjast af. Fyrirtækið sem starfrækt hefur þetta er að loka á næstunni. Því má segja að 100 manna vinnustaður sé að loka. 500 milljónir í útflutningstekjur eru að tapast. Ástæður eru aðallega þrjár.

Í fyrsta lagi. Gengisskráning íslensku krónunnar, sterk króna, en við höfum séð að gengisvísitalan hefur farið niður undir 102 stig. Reikna má út, virðulegi forseti, að hefði gengisvísitalan verið á bilinu 120 til 125 stig á síðasta ári, eins og stundum hefur verið spáð á Alþingi af fjármálaráðherra, t.d. í fjárlögum, þá hefði ekki verið taprekstur á þessari starfsemi.

Í öðru lagi hefur verið nefndur til aukinn kostnaður, m.a. raforkukostnaður.

Í þriðja lagi, breytingar á erlendum mörkuðum sem m.a. eru vegna erfiðs efnahagsástands í Þýskalandi.

Virðulegi forseti. Ég hef lengi haft miklar áhyggjur af þessari starfsemi, bæði sem Íslendingur, mér finnst bagalegt að þetta leggist af, og sem þingmaður í því kjördæmi sem aðalstarfsemin fer fram, þ.e. Norðausturkjördæmi. Þess vegna skrifaði ég hæstv. iðnaðarráðherra, sem jafnframt er forustuþingmaður okkar í Norðausturkjördæmi, svokallaður 1. þingmaður Norðausturkjördæmis, nokkuð mörg bréf um þetta þar sem óskað var eftir að þingmenn Norðausturkjördæmis kæmu saman og færu yfir stöðu mála. Því miður var það aldrei gert og hefur ekki verið gert. Aldrei neinn fundur og þingmannahópurinn ekki kallaður saman til að ræða þetta eða kallað á forsvarsmenn fyrirtækisins til skrafs og ráðagerða.

Virðulegi forseti. Skinnaiðnaður hefur ekki fengið neina opinbera fyrirgreiðslu. Til dæmis leggur þetta fyrirtæki um 100 tonn af ull inn á ári en ullarniðurgreiðslufé er í kringum 260 millj. kr. á fjárlögum og aldrei hefur fengist neitt af því.

Virðulegi forseti. Spurning mín til hæstv. iðnaðarráðherra er svohljóðandi: Hvað hefur verið gert af hálfu ráðuneytisins til að koma í veg fyrir að verkun skinna leggist af á Íslandi?

Ég vona að ég fái svar við þessu, ekki það svar að þetta sé málefni sem heyri undir landbúnaðarráðherra.

[13:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Staða sútunariðnaðarins á Íslandi er mjög erfið. Þannig hefur það verið um nokkurra ára skeið. Þetta endurspeglast glögglega í að vinnslu hefur verið hætt á Sauðárkróki og síðustu starfsmennirnir munu hætta störfum á Akureyri alveg á næstunni. Þetta er mikil breyting sem orðið hefur því fyrir um það bil 20 árum voru líklega 200 manns starfandi hjá þeim tveim sútunarverksmiðjum sem þá störfuðu. Sútunariðnaðurinn á Íslandi hefur því miður átt undir högg að sækja. Fyrirtækin hafa í raun margsinnis komist í þrot á síðustu 20 árum. Gærum sem til vinnslu hafa komið hefur fækkað jafnt og þétt á umliðnum árum og þeim sem vinnu hafa haft af þessari atvinnugrein hefur fækkað að sama skapi.

Þetta er reyndar ekki sérískenskt fyrirbæri. Sútunariðnaðurinn lagðist nánast af í Norður-Evrópu á síðasta áratug liðinnar aldar. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að um vinnuaflsfrekan iðnað er að ræða sem stenst ekki samkeppni við ódýrt vinnuafl, t.d. í Asíu og Tyrklandi. Það hefur líka sín áhrif að skinnavinnslan notar allmikið af mengandi efnum og kostnaður við að koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið er mikill. Þá er og staðreynd, rétt eins og er með ullariðnaðinn, að skinnavörur eiga í sífellt harðnandi samkeppni við gerviefni og má einnig nefna að áróður svokallaðra umhverfissinna gegn skinnavörum hefur haft áhrif á atvinnugreinina.

Það hefur því allt hjálpast að við að kippa grundvellinum undan sútunariðnaðinum, ekki aðeins á Íslandi heldur um alla Vestur-Evrópu. Auk þess vil ég nefna það sem kom fram hjá hv. þingmanni að hátt gengi krónunnar hefur haft á þetta mikil áhrif eins og á annan útflutning. En við trúum því að brátt fari nú að verða breyting á miðað við þær spár sem við höfum séð koma frá fagmönnum á því sviði.

Ég kannast við að hafa fengið bréf frá hv. þingmanni þar sem hann óskaði eftir að þingmenn kjördæmisins kæmu saman til að fjalla um þetta mál. Það er gott að vita að hv. þingmaður hefur gríðarlega trú á þingmannahópnum og ekki síst á 1. þingmanni kjördæmisins og telur að kraftaverk gerist ef þessi hópur komi saman. En ég er algerlega sannfærð um að það hefði engu breytt um þetta mál. Staðan er þannig að við Íslendingar urðum undan að láta og þessi iðnaður er farinn úr landi.

[13:41]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er rétt. Það er mikil eftirsjá að íslenskum skinnaiðnaði, sama hvort hann var starfræktur á Sauðárkróki eða Akureyri og ljóst að fjöldi fólks hefur misst störf á undanförnum árum. Hv. þm. Kristján Möller kom ágætlega inn á það í ræðu sinni að gengi krónunnar hefur gert íslenskum útflutningsatvinnuvegum erfitt fyrir. En ekki síst var það nú þannig í þessum atvinnuvegi að markaðir hrundu. Mjög erfitt var að koma þeim afurðum sem fyrirtækið á Akureyri framleiddi á markað. Það segir sig náttúrlega sjálft að þegar aðstæður eru slíkar að erfitt er að selja þær afurðir sem framleiddar eru, er það ekki gæfulegur rekstur. En því miður er þetta staðreyndin. En ég hef þá trú og tek undir með hæstv. iðnaðarráðherra að þótt við þingmenn hefðum hist ásamt svokölluðum 1. þingmanni Norðausturkjördæmis, eins og hv. þingmaður orðaði svo smekklega, þá hefði það því miður engu breytt.

[13:42]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér er til umræðu býsna alvarlegt mál eins og hv. þm. Kristján Möller fór yfir. Það hljómar því eins og hver annar brandari að heyra hæstv. iðnaðarráðherra telja upp rök og ástæður fyrir því að þessi iðnaður er að leggjast af og þá sérstaklega kannski að það sé fyrir tilstuðlan svokallaðra umhverfisverndarsinna sem hafa stöðvað að gærur seljist á góðu verði. Þetta er auðvitað eins og hver annar sparðatíningur. Staðreyndin er auðvitað sú, eins og kom ágætlega fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að það er gengi krónunnar og þessi brjálaða álstefna ríkisstjórnarinnar sem er að gera út af við allan iðnað í landinu. (**Iðnrh.:** Nú?) Það er bara staðreynd, hæstv. iðnaðarráðherra. (Gripið fram í.)

[13:44]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti minnir hv. þingmenn á að beina orðum sínum til forseta en ekki til annarra þingmanna eða ráðherra hér í salnum.

[13:44]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég tel að hæstv. iðnaðarráðherra hafi rangt fyrir sér þegar hún tíundar þær ástæður sem koma í svari hennar. Ég held að hæstv. iðnaðarráðherra hefði getað gert æðimargt til að sjá til þess að málin hefðu ekki farið eins og raun ber vitni. Ég tel hugmyndaskort hæstv. iðnaðarráð-

herra og þeirra sem hún starfar nánast með og stóriðjustefnu hæstv. iðnaðarráðherra vera verulega þungar ástæður þarna. Ruðningsáhrif stóriðjunnar þekkja allir. Hágengisstefnuna þekkja allir og að hluta til er þetta líka stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar að kenna. Ég held því að bæta þurfi hér við nokkrum ástæðum og vil draga athygli þingheims að því hvernig hæstv. ráðherra kennir einhverjum svokölluðum umhverfisverndarsinnum um að hluta til í þessu máli. Það verður að leiðrétta. Auk þess sem má gagnrýna á hvern hátt hún talar um umhverfisverndarsinna. (**Iðnrh.:** Eruð þið ekki með spray-brúsa út um allt?) Benda má hæstv. ráðherra á að það hafa verið dýraverndarsamtök sem hafa barist gegn ómannúðlegri meðferð á loðdýrum. (Forseti hringir.) Íslenskur skinnaiðnaður hefur ekki orðið fyrir árásum frá dýraverndarsamtökum hvað þetta varðar, (Forseti hringir.) enda verið vandað til meðferðar loðdýra á Íslandi.

[13:45]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ekki er von á góðu þegar hæstv. iðnaðarráðherra stingur höfðinu í sandinn og neitar að horfast í augu við staðreyndir, sín eigin verk. Verið er að tala um samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar. Í Fréttablaðinu er fyrirsögn í dag, með leyfi forseta: „Daggjald raforku hefur hækkað um 106 prósent." Vegna raforkulaganna, vegna markaðsvæðingar raforkukerfisins. Hvað segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins? Hann segir að frá því að nýju raforkulögin tóku gildi sjáist dæmi þess að raforkuverð til fyrirtækja hafi hækkað um 20–30%. Flest fyrirtæki greiði hærra verð fyrir rafmagnið en áður. Fyrir þessa stefnu hæstv. iðnaðarráðherra blæðir m.a. skinnaiðnaðurinn á Akureyri, markaðsvæðingar- og einkavæðingarstefnu fyrir utan stóriðjustefnuna. Laxeldið í Öxarfirði og Mjóafirði eru líka fórnarlömb stefnu sem hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins ber hér fram.

[13:46]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Skinnaiðnaðurinn og loðdýraræktin eru ekki á köldum klaka og svo illa stödd vegna þess að umhverfissinnar svokallaðir, eins og hæstv. ráðherra sagði, hafi barist gegn notkun loðfelda, heldur vegna þess að stjórnvöld brugðust bændum í þessu máli.

Fyrir tveimur áratugum var bændum á Íslandi bókstaflega att út í loðdýrarækt og allt kapp lagt á að þeir hæfu hana af miklum krafti, ýmis gylliboð voru sett fram og stjórnvöld drifu það mál áfram meira og minna. Síðan harðnaði á dalnum og þá brugðust stjórnvöld bændum og skildu þá eftir á köldum klaka. Tugir íslenskra bænda fóru ákaflega illa út úr þessu ævintýri sem var að mjög miklu leyti á ábyrgð íslenskra stjórnvalda aðeins aftar í tíma. Þangað skulu menn rekja rót vandans en ekki í raðir græningja, hvorki íslenskra né erlendra. Þannig er staðan í því máli.

[13:48]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég hef fylgst með þróun skinnaiðnaðar á Íslandi um langa hríð, m.a. sem fyrrverandi bæjarstjórnarmaður á Sauðárkróki og varð vitni að því þar hvernig sveitarsjóður lagði fram fjármagn ár eftir ár um langan tíma til að halda skinnaiðnaði gangandi. Það er því miður rétt sem hæstv. ráðherra sagði að þetta er ein af þeim greinum þar sem vinnuaflið er of dýrt fyrir iðnaðinn. Það dapurlega er að hæstv. ráðherra hefur ekki sýnt neina viðleitni til þess að koma til móts við að byggja upp aðrar atvinnugreinar á þeim svæðum þar sem þessi iðnaður og margs konar annar iðnaður á í vök að verjast. En það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að þetta er ein af þeim greinum þar sem lönd í austurvegi og annars staðar bjóða vinnuafl á lægri verði en hér heima en við (Forseti hringir.) þurfum að fá annað í staðinn út á land.

[13:49]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa lagt orð í belg í þessu máli og hæstv. ráðherra fyrir svörin þó að ég verði að segja að mér fannst þau frekar döpur. Þetta var frekar söguleg skýring, skinnaiðnaður in memoriam á Íslandi, í staðinn fyrir að svara þeirri spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra um hvað ráðuneytið hefði gert til að koma í veg fyrir þetta. Þau svör fengust ekki hér, enda kannski of mikil bjartsýni hjá mér að reikna með að fá svörin vegna þess að mér er ósköp vel kunnugt um að það hefur ekkert verið gert.

Virðulegi forseti. Það er ekki sagt í niðrandi tón með svokallaðan 1. þingmann. Svokallaður 1. þingmaður er 1. þingmaður hvers kjördæmis og fyrirliði hópsins, þeirra þingmanna sem kosnir eru fyrir viðkomandi kjördæmi og leiðir hópinn til funda til þess að ræða um mál og oft erum við kölluð saman. En í þessu tilviki var það aldrei. Skyldi nú ekki hafa verið betra, virðulegi forseti, að þingmennirnir hefðu átt viðtöl við forsvarsmenn þessa fyrirtækis og skoðað hvort eitthvað væri hægt að gera í stöðunni og heyra þær skýringar?

Ég er sannfærður um að ef menn hefðu verið viljað hefði verið hægt að koma til móts í þessari stöðu. Ef við höfum þá trú að gengið muni lækka á næstu missirum, eins og hæstv. ráðherra talar um, þá er það of dýru verði keypt ef við gerum ekkert á meðan krónan er svona sterk og við töpum miklu fleiri störfum en við ætlum t.d. að búa til með álverinu fyrir austan, sem ég m.a. studdi. Það er mjög alvarlegt mál ef svo fer. Það var talað um það hér að menn gætu þurft að grípa til mótvægisaðgerða en það voru bara orð á blaði í skýrslu. Síðan hefur ekkert orðið úr framkvæmd.

Virðulegi forseti. Ég endurtek þakkir fyrir þessa umræðu en ég tel það frekar dapurlega (Forseti hringir.) niðurstöðu frá hendi hæstv. iðnaðarráðherra sem hér hefur komið fram.

[13:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ef ég heyrði rétt sagði hv. þingmaður að hátt gengi væri út af álverinu fyrir austan eða þeirri uppbyggingu. Það er ekki rétt, það er bara rétt eins og dropi í hafið miðað við margt annað. En kannski hefur mér misheyrst.

En ég held að hér hafi gerst dálítið merkilegur atburður því að hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir sagði að ég hefði haft á réttu að standa. Þetta hef ég bara aldrei heyrt áður og ég kem því mjög glöð í ræðustólinn að þessu sinni.

Einn hv. þingmaður fór að tala um loðdýraræktina en það er allt, allt annað mál því að þau skinn hafa aldrei verið sútuð á Íslandi. Þau koma því ekki við sögu hvað varðar það mál sem við ræðum nú, þ.e. skinnaiðnaðinn.

Ég vil líka nefna eitt ánægjulegt atriði í þessu sambandi og jákvætt, sem snertir einmitt Sauðárkrók, og það er fyrirtækið Sjávarleður sem sútar fiskroð og selur. Það gengur vel og er ákaflega skemmtileg nýjung í okkar hönnun og sölu á íslenskri vöru erlendis. Ég vona svo sannarlega að þetta geti gengið en Nýsköpunarsjóður á þarna hlut að máli. Mér finnst það vera dálítið mikil viðkvæmni ef margir hv. þingmenn koma hér upp til að tala um umhverfissinna og skinnaiðnað í því sambandi, en það eru bara staðreyndir sem liggja fyrir að þeir hafa beitt sér gegn því að notuð séu skinn af dýrum og þó að það hafi sérstaklega bitnað á loðdýrum á það líka við um þau skinn sem hér um ræðir.

Skoðun mín er sú að það hefði verið gaman og mjög áhugavert fyrir okkur ef þetta hefði getað haldið áfram en ég er líka þeirrar skoðunar að ekki þýði að henda peningum í einhverja starfsemi sem liggur fyrir að gengur ekki til frambúðar. Það er stundum kallað að pissa í skóinn sinn. Það er betra að hugsa um nýjungar og nýsköpun og byggja þannig upp atvinnulífið.

Umræðu lokið.

Framtíð Hönnunarsafns Íslands.

Fsp. KolH, 265. mál. — Þskj. 278.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég hef beint fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um framtíð Hönnunarsafns Íslands og hvað líði samningaviðræðum við bæjaryfirvöld í Garðabæ um framtíð þess, en sem stendur er Hönnunarsafn Íslands til húsa að Lyngási 7–9 í Garðabæ. Það fékk þar inni í bráðabirgðahúsnæði í gamla fjölbrautaskólanum eins og reyndar til skamms tíma skrifstofur og hluti af starfsemi Þjóðminjasafnsins.

Forstöðumaður hönnunarsafnsins, Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, hefur þar aðstöðu, ég veit ekki hve margir starfsmenn eru þar en þeir eru sárafáir. Þarna er líka geymsla til húsa sem hýsir muni hönnunarsafnsins. Hún er nú svo yfirfull að eftir því sem ég kemst næst verður þar vart drepið niður fæti. Eða eins og segir í grein eftir Gísla Sigurðsson í Morgunblaðinu sunnudaginn 12. júní í sumar, þar sem Gísli var að benda okkur á og brýna okkur um að Hönnunarsafn Íslands þyrfti veglegt hús, þá segir Gísli um þrengslin í geymslum hönnunarsafnsins að Aðalsteinn sé hættur að taka við munum sem bjóðast og hann segir, með leyfi forseta: „Það er einfaldlega ekki hægt að koma þeim fyrir. Ekki vantar almennan áhuga á að koma merkilegum hlutum í safnið, fólk hringir stöðug."

Kveikjan að þessari fyrirspurn var einmitt sú að ég hringdi í Hönnunarsafn Íslands og ætlaði að gefa því hlut sem mér áskotnaðist og ég taldi að ætti betur heima þar en taka pláss í mínum skápum og þá fékk ég nákvæmlega þessi svör. „Því miður Kolbrún mín, hér er allt yfirfullt, það er ekki nokkur möguleiki fyrir okkur að taka við nokkru snifsi hingað meir. Við skráum hins vegar svona hringingar og vitum þá af þeim en við vitum ekkert hvenær við getum tilkynnt ykkur, sem eruð að ánafna okkur munum, að nú sé komið pláss eða að nú gætum við mögulega tekið við hlutunum."

Ég held að þetta ófremdarástand geti ekki varað öllu lengur. Hönnun skiptir okkur sífellt meira máli. Listaháskóli Íslands útskrifar fleiri hönnuði á hverju einasta ári, hópur hönnuða útskrifast þaðan. Hér er að verða til mjög merkileg íslensk hönnun, viðbót við það sem hönnunarsafnið geymir fyrir okkur. Ég tel að það sé mjög raunhæft að Hönnunarsafn Íslands geti orðið verulega gott safn á alþjóðlegan mælikvarða og að við eigum að setja markið hátt í þeim efnum. Ég tek undir þau orð Gísla Sigurðssonar í fyrrnefndri grein þar sem hann segir að safnið eigi ekki heima í ofur venjulegu húsnæði, setja þurfi markið hátt og koma verði til sérhönnuð bygging.

Því spyr ég hæstv. menntamálaráðherra: Hvað líður samningaviðræðum, sem hafnar voru fyrir nokkuð löngu, við bæjaryfirvöld í Garðabæ um framtíð Hönnunarsafns Íslands?

[13:57]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil byrja á að lýsa yfir ánægju minni með þetta hugarfar hv. þingmanns í garð hönnunarsafnsins, að vilja koma frá sér verðmætum og áhugaverðum hlutum í hendur safnsins. Mér finnst hins vegar miður, og það er lýsandi dæmi um það, hvernig þessum málum er því miður fyrir komið í dag en að því hefur verið unnið um töluvert skeið að reyna að koma þessu í gott horf.

Viðræður um framtíð Hönnunarsafns Íslands hafa verið í gangi milli menntamálaráðuneytisins og bæjaryfirvalda í Garðabæ frá því að samningur var gerður 1998 og frá því að hann rann út í árslok 2003. Þær eru í nokkuð góðum farvegi. Það sem m.a. hefur verið litið til í viðræðunum er að Garðabær taki við rekstri og stjórn hönnunarsafnsins sem verði í framtíðinni stofnun á vegum bæjarfélagsins og miðstöð safnastarfsemi á sviði iðn- og listhönnunar.

Það sem fyrst og fremst hefur tafið samningsgerðina til þessa er hvernig standa eigi að því að koma safninu fyrir í framtíðarhúsnæði. Ég tek undir með hv. þingmanni og fleirum sem hafa lýst því yfir að hús yfir safnið þurfi að vera nokkuð sérstakt og bera líka sterk auðkenni íslenskrar hönnunar. Horft hefur verið til þess að Garðabær byggi hús sérstaklega undir þessa starfsemi. Þá er verið að huga að því hvernig núverandi húsnæði og aðstaða sem hönnunarsafnið hefur, þ.e. í Lyngásnum, kemur inn í þessar viðræður en það er húsnæði sem ríkisvaldið á og ég veit að Garðabær vill gjarnan fá. Það er verið að vinna að þessum málum, það er enn á viðkvæmu stigi en markmiðið er alveg skýrt og ég held að metnaðurinn sé sá sami sem við deilum, ég

og hv. þingmaður.

Ég vil sérstaklega geta þess að ég og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra höfum líka rætt hvort rétt sé að fari saman hönnunarsafn og hönnunarvettvangur en hönnunarvettvangurinn er mjög athyglisvert verkefni á verksviði iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Því þróunarverkefni lýkur að mig minnir í lok þessa árs og þá er ekki ólíklegt að við förum yfir málið og hvort rétt væri að tengja saman hönnunarsafn og hönnunarvettvang. Við höfum náttúrlega ekki ótakmarkaða fjármuni en ég held að það gætu orðið mikil samlegðaráhrif, það er mín persónulega skoðun, að sjá þetta fara saman og vinna hvort með öðru, því það er oft þannig að safn styður við vettvanginn og öfugt, og gæti þá orðið sómasamleg kynning af því fyrir hönd lands og þjóðar.

Þrátt fyrir að formlegur samningur hafi ekki verið undirritaður við hönnunarsafnið starfar það engu að síður ötullega að markmiðum sínum, það er rétt að undirstrika það, sem er að safna íslensku og erlendu listhandverki og hönnunarmunum og standa fyrir sýningum og kynningum. Safnið er sem fyrr sérsafn með stöðu deildar í Þjóðminjasafninu og fær fé til rekstrar á fjárlögum. Af fjárlögum þessa árs er það 9,3 millj. kr. Garðabær greiðir fyrir sýningaraðstöðu safnsins.

Rétt er að taka það fram líka, frú forseti, að við erum að endurskoða safnalögin og þá erum við m.a. með í huga hvort við eigum að koma upp því sem kallað er ábyrgðarsafn og þá væri hugsanlega hægt að fella hönnunarsafnið undir slíkt safn þar sem ábyrgð þess væri skýrt skilgreind. Ég held að við þurfum að huga að nýjum leiðum varðandi skilgreiningu á söfnum. Eins og þau eru í dag hafa lögin skilað sínu en svo mikil þróun hefur orðið á sviði safnastarfsemi að við verðum að huga að því að lögin geti svarað því sem umhverfi þeirra krefst af þeim. Við munum að sjálfsögðu vinna þetta í samráði og samvinnu við hvort heldur hönnunarvettvanginn eða bara safnasviðið almennt í heild sinni.

Ég vonast engu að síður til þess, frú forseti, að ákvörðun um framtíð hönnunarsafnsins liggi fyrir sem fyrst þannig að hægt verði að huga að byggingu húsnæðis fyrir safnið með metnaðarfullum hætti. Það stendur ekkert annað til en oft tekur sá tími nokkuð lengri tíma en menn ætla í upphafi að undirbúa og sjá fyrir allar þær aðstæður sem upp geta komið en um leið er verið að huga að því við þessa vinnu hvernig hægt er að nýta fjármunina sem best og hvernig framtíðarfyrirkomulaginu er best háttað. Ég held þess vegna að samvinna allra aðila á þessu sviði sé besta leiðin.

[14:02]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi íslenskrar hönnunar og þá staðreynd að íslensk hönnun hefur heldur betur verið að sækja í sig veðrið á síðustu árum. Segja má að íslensk hönnun sé á heimsmælikvarða. Það er þess vegna dálítið sorglegt að Hönnunarsafnið sé enn þá í bráðabirgðahúsnæði og það kom fram í svörum hæstv. menntamálaráðherra að samningur við safnið rann út árið 2003. Nú er árið 2006 og þess vegna finnst mér full ástæða til þess að á þessu sviði sem svo mörgum öðrum að menn bretti upp ermar og láti verkin tala. Það er auðvitað virðingarvert að menn ætli að vanda sig og byggja veglegt safn fyrir íslenska hönnun, ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra. En það er (Forseti hringir.) mikilvægt og ég legg áherslu á að hér ættu menn að drífa í hlutunum.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra svörin og lýsi yfir ánægju með þann tón sem í þeim er. En ég verð engu að síður að slá á þá strengi hér í seinni ræðu minni og það verður að segjast eins og er að sleifarlagið í þessu máli er ekki eitthvað sem við eigum að láta viðgangast. Miðað við að stjórnarnefnd sem starfaði að málefnum safnsins skilaði af sér áliti, ég held að það hafi verið vorið 2003, og taldi að á næstu fjórum árum þyrfti að byggja um 1.700 fermetra sérhæft hús handa Hönnunarsafninu á áberandi stað í Garðabæ, þá getum við ekki látið slíkt viðgangast. Auðvitað þurfum við að nýta fjármuni vel og rökræða framtíðarfyrirkomulag vel, og að sjálfsögðu má hafa allt undir í þeim efnum, eins og samstarf við vettvanginn sem heyrir undir hæstv. iðnaðar- viðskiptaráðherra og samstarf við Þjóðminjasafn sem er ekki síður mikilvægt. Ég held að það sé afar mikilvægt að þau skref sem stigin verða í þessum efnum gangi út frá því að Hönnunarsafnið og Þjóðminjasafn Íslands styðji hvort annað og eigi með sér formlegt samstarf, því hönnunararfur okkar er jú varðveittur á Þjóðminjasafninu.

Það er gott til þess að vita að hæstv. menntamálaráðherra skuli vera að huga að málunum. Það þarf að gera formlegan samning og ég tek undir að það megi líka skoða skilgreininguna á söfnum í tengslum við endurskoðuð safnalög. En í öllu falli er það höfuðatriðið núna að drífa sig af stað í þessa miklu vinnu sem fram undan er. Sjá fyrir endann á henni innan ekki svo langs tíma, því eins og ég segi, ungir hönnuðir sem eru að skapa hér úti á akrinum í dag þurfa á því að halda að hér sé öflugt hönnunarsafn.

[14:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég tek heils hugar undir lokaorð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að fyrir unga hönnuði eða sérstaklega þá sem hafa komið svo skemmtilega fram á sjónarsviðið á undanförnum tveimur, þremur, fjórum árum, yrði mikill stuðningur að hafa hér öflugt hönnunarsafn. En ég tel það mikilvægt fyrir málið sem heild, fyrir hönnunina og þróun hennar, að við reynum að nýta þá krafta sem felast í hönnunarsafni annars vegar og í hönnunarvettvangnum hins vegar. Ég held að það hafi ekki skaðað málið að við höfum ekki klárað samninginn frá áramótum 2003–2004. Ég held að við höfum frekar unnið eitt og annað með því að skoða þessi mál gaumgæfilega. Síðan eru auðvitað ákveðin tæknísk mál eins og ég fór yfir varðandi húsakostinn, varðandi landið, hvar eigi byggja safnið o.fl. Það er eitt og annað sem á eftir að leysa. Við erum í góðum samræðum við Garðabæ og við munum leysa þetta mál. Metnaðurinn er til staðar en það er að mörgu að huga. Við þurfum líka að huga vel að tengslum Hönnunarsafnsins við Þjóðminjasafnið sem hv. þingmaður kom réttilega inn á. Ég held því að

eins og það er gott að sum mál séu unnin hratt, þá vinni tíminn með í öðrum málum.

Umræðu lokið.

Náttúruminjasafn Íslands.

Fsp. KolH, 303. mál. — Þskj. 323.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég hef beint hér þremur fyrirspurnum til hæstv. menntamálaráðherra varðandi Náttúruminjasafn Íslands, sem er eitt af þremur höfuðsöfnum Íslendinga samkvæmt safnalögum. Í spurningu minni get ég sérstaklega um bráðabirgðaákvæði safnalaga, nr. 106/2001. Samkvæmt því ákvæði á að vera hafin vinna við að koma þessu safni á laggirnar. En í bráðabirgðaákvæðinu segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði 5. mgr. 5. gr. sem kveður á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafns kemur ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi."

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvað líður undirbúningsvinnu við að setja þessi sérlög? Ég spyr líka hvort í gildi séu áætlanir um hvenær endurnýjað Náttúruminjasafn Íslands gæti tekið til starfa og hvort kostnaður hafi verið áætlaður. Og svo hvernig stjórnvöld hyggist leysa húsnæðisvanda safnsins í bráð og lengd. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja að málefni Náttúruminjasafns Íslands eða Náttúrufræðisafns Íslands, eða Náttúrugripasafns Íslands, því safnið hefur gengið undir öllum þessum nöfnum í umræðum á Alþingi, hafa verið tíðir gestir á borðum þingmanna. Ég minnist þingsályktunartillögu um Náttúrufræðisafn frá 107. löggjafarþingi. Við fengum yfirgripsmikla fyrirspurn til umhverfisráðherra um Náttúrugripasafn á 123. löggjafarþingi á árinu 1998–1999. Og ævinlega hefur málinu verið ýtt til hliðar. Oft hefur það gengið mjög langt. Það hefur jafnvel verið komið svo langt oft á tíðum að maður hefur séð hilla undir að nýtt safn ætti að rísa hér á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur verið tekin frá lóð fyrir það í Vatnsmýrinni á svokölluðum G-reit við hliðina á Öskju. Háskólinn, Reykjavíkurborg og ríkið hafa verið í formlegu samstarfi um málefni safnsins þannig að oft hefur maður talið að nú væri verið að reka smiðshöggið á þetta verk, þ.e. að stofna almennilegt náttúruminjasafn og reisa yfir það almennilegt húsnæði.

Við vitum að Náttúrugripasafn Íslands sem stofnað var 1889 var gefið til íslenska ríkisins með ákveðnum skuldbindingum af hinu íslenska Náttúrufræðifélagi, en megintilgangur þess félags var einmitt söfnun náttúrugripa og opnun Náttúrugripasafns. Mér finnst stjórnvöld hafa aftur og aftur, árum saman og ég get sagt áratugum saman, komið í bakið á því fólki sem gaf þessa höfðinglegu gjöf og öllu því fólki sem hefur viljað (Forseti hringir.) málefnum safnsins vel og unnið að framgangi þess.

[14:10]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er alveg hárrétt sem kemur fram í fyrirspurn hv. þingmanns að í bráðabirgðaákvæði safnalaga frá árinu 2001 kveður á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafns, en komi þó ekki til framkvæmda fyrr en sett hafi verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við safnalög. Eðli málsins samkvæmt er því starfsemi Náttúruminjasafns Íslands ekki sem skyldi. Í samræmi við ákvæði skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd í upphafi ársins 2002 sem hafi það verkefni að gera tillögur um lagafrumvarp um Náttúruminjasafn Íslands. Nefndina skipa Gunnar Jóhann Birgisson, hæstaréttarlögmaður, sem var formaður, Karitas H. Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu og Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem var tilnefndur af umhverfisráðuneytinu.

Nefndin skilað tillögum sínum til mín hinn 20. janúar sl. og ég hef nú þegar sent frumvarpsdrögin til skoðunar og umsagnar til umhverfisráðherra. Ég vil þannig gefa umhverfisráðherra kost á að koma ábendingum sínum á framfæri þar sem hæstv. umhverfisráðherra fer með málefni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ég tel mikilvægt að þótt þetta sé á sviði tveggja ráðuneyta, að þá verði sterk tengsl eftir sem áður við Náttúrufræðistofnunina. Samkvæmt núgildandi lögum þá fer hún einnig með Náttúruminjasafn. Þetta vil ég að hæstv. umhverfisráðherra hafi tækifæri til að skoða áður en ég legg frumvarpið fram á Alþingi sem ég vona og reikna með að verði fljótlega.

Við samningu frumvarpsins tók nefndin mið af safnalögum, þeim lögum sem um önnur höfuðsöfn gilda, þ.e. Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands, og lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Það sem fyrst og fremst tafði störf nefndarinnar var að vandasamt var að finna lausn á flóknum málum sem komu upp vegna aðskilnaðar Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafnsins. Ég ætla þó að bíða með umfjöllun um efni frumvarpsins þar til það hefur verið lagt fram en ég get þó sagt að ég tel að frumvarpið hafi að geyma nýja hugsun í rekstri safna þar sem horfið verði frá hinu hefðbundna hlutverki þess sem Náttúrugripasafns í að það verði eins konar upplifunarsafn, eða kannski mætti segja vísindasafn. Í því skyni mun ég leggja áherslu á að unnið verði hratt að samræmdri stefnu um Náttúruminjasöfn líkt og gert hefur verið á sviði þjóðminja og verið er að nú að ljúka við gagnvart fornleifavörslu.

Í öðru lagi er spurt hvort í gildi séu áætlanir um endurnýjað Náttúruminjasafn Íslands, hvort það geti tekið til starfa og kostnaður hafi verið áætlaður. Þegar lög um Náttúruminjasafn taka gildi, sem vonandi verður á þessu vorþingi, verður fyrsta skrefið að ráða forstöðumann til starfa fyrir safnið og sjá honum og öðru starfsliði fyrir nauðsynlegri starfsaðstöðu. Komi til að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi vorþingi þá stefni ég að því að hægt verði að ráða forstöðumann til starfa á haustmánuðum. Kostnaður við starfsemi hins nýja Náttúruminjasafns liggur ekki fyrir á þessari stundu, en við fjárlagagerð fyrir árið 2007 verður gert ráð fyrir starfsemi hins nýja safns, líkt og gildir um

aðrar stofnanir, verði frumvarpið að lögum.

Það er rétt að taka fram vegna spurningar hv. þingmanns um hvernig stjórnvöld hyggist leysa húsnæðisvanda safnsins í bráð og lengd, að allt frá stofnun Náttúrusafns árið 1889 hefur saga safnsins og húsakostur þess verið samofinn og hefur það verið til húsa á mörgum stöðum í Reykjavík og í bráðarbirgðahúsnæði allt frá árinu 1967. Inngangskaflinn í frumvarpsdrögunum er mjög skemmtilegur aflestrar, áhugaverður og fróðlegur og þetta kemur allt fram þar. Ýmsar nefndir voru skipaðar á síðari hluta síðastliðinnar aldar sem höfðu það hlutverk að gera tillögur um húsnæði undir Náttúrufræðisafn, bæði af hálfu menntamálaráðuneytis sem fór með málefni safnsins þar til umhverfisráðuneytið var sett á fót, og síðan á vegum þess ráðuneytis.

Ákvörðun um byggingu húsnæðis fyrir nýtt Náttúruminjasafn hefur hins vegar ekki verið tekin né fjármagn ætlað til slíkrar byggingar. Ég tel því mikilvægt á þessum tímamótum að við gefum okkur svigrúm og tækifæri til að ræða hvers konar hús muni þjóna hagsmunum safnsins best til lengri tíma litið. Þá er ég fyrst og fremst með í huga sýningarhúsnæði og þá gríðarlegu þróun sem við upplifum þegar við heimsækjum söfn á erlendri grundu. Það hafa orðið gríðarlegar framfarir í safnamálum og safnakosti og öllum tækninýjungum, sérstaklega varðandi náttúruminjasöfn.

Að þessari umræðu eiga sem flestir að koma, jafnt úr hinum opinbera geira sem úr einkageiranum. Ég tel hins vegar ekki vandkvæðum bundið að finna hentugt skrifstofuhúsnæði fyrir starfsemina þegar hún hefst. Þá er brýnt að sem fyrst verði hugað að geymsluhúsnæði safnsins, líkt og gagnvart öðrum söfnum, og hef ég því ákveðið, frú forseti, að láta kanna sérstaklega geymsluþörf safna á vegum ríkisins til framtíðar litið.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Auðvitað verður maður spenntur að fá að taka þátt í umræðu um þetta væntanlega safn og því fyrr sem hægt verður að taka þátt í þeirri umræðu á opnum vettvangi, því betra.

Nefndin sem var skipuð 2002 fór seint og hægt af stað eins og komið hefur fram í ræðum í þingsölum en ég fagna því að hún skuli loksins vera búin að skila frumvarpinu af sér til hæstv. ráðherra. Ég fagna því líka að hæstv. ráðherra segir að sterk tengsl þurfi að vera á milli sterkrar Náttúrufræðistofnunar Íslands og sterks Náttúruminjasafns. Það er auðvitað algert lykilatriði og þar af leiðandi finnst mér gott að heyra að hæstv. ráðherra skuli vera í samstarfi við hæstv. umhverfisráðherra um málið á þessu stigi.

Hins vegar vil ég gagnrýna nefnd hæstv. ráðherra fyrir að hafa ekki haft opið samráð um tillögu sína eða um frumvarpsdrögin, því mér er ekki kunnugt um að leitað hafi verið til félags eins og t.d. Hins íslenska náttúrufræðifélags sem er þó gefandi safnkostsins í upphafi. Mér finnst því að við verðum að brýna hæstv. ráðherra til að opið samráð um jafnveigamikil lög og hér um ræðir, það hlýtur að verða að eiga sér stað. Það er gott að þetta sé í skoðun í umhverfisráðuneytinu en svo á hin víðtæka skoðun hjá þeim aðilum sem starfa að málaflokknum eftir að fara fram. Við skulum vona að frumvarpsdrögin verði með þeim hætti að ekki verði um þau miklar deilur né að þau verði gölluð. Ég væri öruggari ef ég vissi að samráð hefði verið haft á undirbúningsferlinu.

Aðskilnaður Náttúrufræðistofnunar Íslands við Náttúruminjasafnið er auðvitað afar vandasamur og það þarf að líta vel á alla þætti mála í þeim efnum því við megum auðvitað ekki skilja Náttúrufræðistofnun Íslands þannig eftir þegar búið er að skilja safnið frá að hún verði eins og vanti á hana handlegg. Það verður að tryggja það að reisn hennar og starfsemi verði jafnöflug og að tengsl hennar við safnið verði tryggð til langrar framtíðar.

[14:18]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Varðandi athugasemd hv. þingmanns um samráð er ég alveg sammála því að það þarf að sjálfsögðu að hafa samráð við vettvanginn sem slíkan. En það er ávallt spurning á hvaða stigi það er gert og þessi frumvörp eru unnin með misjöfnum hætti. Að sjálfsögðu er það til athugunar að ræða við náttúrufræðinga og náttúruvísindafólk á þessu stigi en ég tel líka að vel komi til greina til að tefja ekki um of fyrir málinu, þannig að þingið og sú nefnd sem m.a. hv. þingmaður situr í, hv. menntamálanefnd, hafi það tækifæri til að fara gaumgæfilega yfir þetta mikilvæga mál.

Ég vil einnig undirstrika að höfuðsöfnin hafa ákveðinni rannsóknarskyldu að gegna og þá tengingu við Náttúrufræðistofnun Íslands tel ég einmitt vera mikilvæga. Ég sé það fyrir mér að Náttúrufræðistofnun geti sinnt þessu rannsóknarhlutverki Náttúruminjasafns sem tengir þá þessar mikilvægu opinberu stofnanir vel saman og við það fást þá meiri samlegðaráhrif, ef svo má að orði komast, á þessu sviði.

En í öllu falli er þetta núna á fullri ferð og ég segi eins og hv. þingmaður, ég hlakka til að ræða þessi mál við hv. þingmann sem og aðra á hv. Alþingi.

Umræðu lokið.

Skólafatnaður.

Fsp. BjörgvS, 441. mál. — Þskj. 662.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra hvort til athugunar sé í ráðuneytinu að stjórnvöld beiti sér fyrir samræmdum reglum um skólafatnað nemenda í grunnskólum. Á síðustu missirum hefur af og til farið fram umræða um kosti og galla skólafatnaðar, eins og það er kallað nú til dags í stað skólabúninga, og sýnist sitt hverjum. En ég held að reynsla af notkun slíks fatnaðar sé nokkuð góð.

Í barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ er mikil ánægja með skólabúninga og ég tel að svo sé í fleiri skólum sem slíkt hafa reynt. Ég held að það sé þess virði að kanna sérstaklega kosti og galla skólafatnaðar, skoða reynsluna

frá öðrum löndum og kanna viðhorf foreldra og skólasamfélagsins til þeirra og að menntamálayfirvöld hafi ákveðna forgöngu í málinu án þess að neinu sé þvingað upp á sveitarfélögin af því að endanleg ákvörðun er að sjálfsögðu alltaf og á að vera hjá skólastjórnendum, sveitarfélögunum og samtökum foreldra þar sem endanleg ákvörðun verður tekin í hverjum skóla fyrir sig. Hins vegar fari fram samræmd athugun og umræða um kosti og galla skólabúninga eða skólafatnaðar. Kostirnir eru að mörgu leyti þeir sem lúta að einelti og efnamun foreldra barnanna. Allir vita að gróft einelti viðgengst stundum og kemur alltaf upp í skólum og grunnskólum eins og annars staðar. Ef allir væru þar á jafnréttisgrundvelli hvað klæðaburð varðar þá held ég að mjög stórum áfanga væri náð í baráttunni gegn einelti og stórt skref væri stigið til að jafna stöðu barnanna og vinna gegn einelti í skólum af því að efnamunurinn á Íslandi hefur aukist verulega á síðustu árum. Stéttlaus grunnskóli er að mínu mati ein helsta auðlind íslensks samfélags, einn af stóru kostunum við samfélag og samfélagsgerð okkar og við eigum að varðveita stéttlausa grunnskóla. Þess vegna held ég að það komi mjög vel til álita að beita sér fyrir öflugri umræðu um kosti og galla skólafatnaðar þannig að sveitarfélög og einstakir skólastjórnendur og foreldrasamtök geti tekið ígrundaða afstöðu til þess á grunni slíkrar athugunar hvort það væri ekki þess virði og hvort það væri ekki árangursríkt í baráttunni gegn einelti og vegna ýmissa annarra hluta. Ég held að þetta mælist ágætlega fyrir hjá bæði foreldrum og börnum þegar allt kemur til alls.

[14:22]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að sitt sýnist hverjum varðandi skólabúninga, þetta hefur margoft verið skoðað og er eflaust hægt að finna bæði kosti og galla. Ég fór nýverið í viðtal hjá háskólastúdent sem er að skrifa lokaritgerð um skólabúninga. Hann hafði gert rannsóknir, farið yfir þá kosti sem hafa verið í boði og leiðir sem hafa verið farnar og fengið fræðilega niðurstöðu. Þannig að bara nú nýlega hefur einmitt þetta verið skoðað. Það sem ég legg hins vegar ríka áherslu á er það sem kemur fram í lögum um grunnskóla frá 1995, en það er að allur rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaganna.

Ég mun ekki sem menntamálaráðherra beita mér fyrir samræmdum reglum um notkun skólafatnaðar í grunnskólum. Ákvörðun um hvort setja eigi slíkar samræmdar reglur liggur að mínu mati hjá sveitarfélögum og samtökum þeirra í samræðum við skóla og foreldra. Ef menn hins vegar fara út í það að koma á reglum um skólabúninga þá verður að gera það í góðu samráði við foreldra og það þarf að ræða líka við börnin. Það þýðir ekki að horfa fram hjá þeim. Þau hafa líka sterkar skoðanir á þessu.

Ég hef fengið ýmsar ábendingar, ekki bara frá skólasamfélaginu heldur líka frá æskulýðsfélögunum og ekki síst íþróttafélögunum því þar er líka ákveðin tíska í gangi sem er bæði dýr og ódýr og hvar ætlum við þá að setja mörkin? Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það er ekki æskilegt að fatnaður sem slíkur leiði til eineltis og ég efast um að hann geri það í svo ríkum mæli, en ég legg mikla áherslu á að sveitarfélögin hafi forgöngu um þetta, þau eru náttúrlega mjög misjöfn. Sveitarfélögin eru mörg og það er þeirra og fræðsluskrifstofanna að fara yfir þetta með skólasamfélaginu, kennurum, nemendum og foreldrum, þeim sem eiga hlut að máli.

Ég vil geta þess að það eru mörg verkefni sem geta tengst einelti og ég vil sérstaklega vekja athygli á einu mjög merkilegu verkefni sem menntamálaráðuneytið hefur haft forgöngu um í grunnskólum landsins, hinu svokallaða Olweusarverkefni sem hefur náð mjög góðum og mælanlegum árangri varðandi einelti og minnkandi einelti á öllum stigum. Það er mikið fagnaðarefni að sveitarfélögin hafa hvatt skólana til þess að fara í þetta verkefni með okkur. Það er gert í góðu samráði við kennara og skólasamfélagið og hefur leitt til þess að við sjáum fram á minnkandi einelti í skólum. Eineltið er náttúrlega alltaf vont en við erum að vinna bug á því með markvissum árangursríkum aðferðum. Hvort skólabúningar leiði til þess er ég ekki svo sannfærð um en ég ítreka það enn og aftur að ég mun ekki beita mér fyrir samræmdum reglum um skólabúninga í grunnskólum.

[14:25]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að vekja máls á þessu máli. Ég saknaði þess dálítið í svari hæstv. menntamálaráðherra þegar hún vísaði í niðurstöður og úttektir sem hefðu verið gerðar á kostum og göllum skólabúninga, að hún lýsti þeim örlítið þannig að við fengjum einhverja mynd af þeim upplýsingum sem hún er með og vísar í.

En varðandi skólabúninga þá vil ég koma inn á það hér í þessum stutta tíma sem ég hef, að efnamunur barna í skólum birtist ekki bara í fatnaði heldur líka í skólagögnum, þ.e. skólatöskum og öðrum fylgigögnum sem börnin eru með í skóla. Það er því að mörgu að huga í þeim efnum og getur verið gríðarlegur munur þar á líka. Ég vildi koma því að hér líka. Það eru ekki bara skólabúningarnir sem er um að ræða heldur einnig gögnin.

[14:27]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn frá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni. Ég tek heils hugar undir að hæstv. menntamálaráðherra muni skoða þessi mál.

Ég minnist þess að fyrir 12 árum vorum við hjónin á smáeyju í Indónesíu. Þar var mikil fátækt, strákofar og allt eftir því en þar voru skólabúningar þannig að börnin voru öll í sams konar búningum, mjög snyrtilega klædd. Ég tel það geypilega mikið atriði að grunnskólanemendur séu ekki alltaf að spá í merki og aftur merki.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[14:28]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram hefur komið í máli manna hér, m.a. í máli hv. fyrirspyrjanda Björgvins G. Sigurðssonar, að það er ýmislegt sem mælir með að tekinn sé upp skólabúningur, t.d. einelti og mismunandi efnahagur

Íslendinga. Það má líka hafa ýmis ráð til að minnka þennan sjáanlega mun, t.d. með töskum eins og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir minntist á, eða eins með peysum eða öðrum einkennisfatnaði fyrir börnin, hugsanlega efldi slíkt samkennd þeirra. En ég held að það væri allt of mikið í fang færst að ætla sér að koma upp allsherjarskólabúningi. Sum sveitarfélög hafa hins vegar tekið upp eitthvað sameiginlegt fyrir nemendur sem gæti verið til bóta.

[14:29]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Allt of oft í fyrra starfi mínu í íslenskum skólum fann ég til þess hvernig hinn harði heimur tískunnar lék börn, sérstaklega af efnaminni heimilum og hversu sárt þau voru oft leikin af þessu. Þau gátu ekki staðist hina hörðu samkeppni og leið fyrir vikið illa og það var sárt að horfa upp á það. Að sumu leyti má taka undir að slíkar aðstæður geti verið ákveðin gróðrarstía fyrir einelti en mestu máli skiptir að vegna þessa líður ef til vill mörgum börnum ekki allt of vel í skóla. Þess vegna eigum við að vera opin fyrir þeirri hugmynd sem hér er hreyft. Þar sem þetta hefur verið reynt, eins og t.d. í Áslandsskóla, virðist reynslan vera nokkuð jákvæð en ég tek undir með hæstv. ráðherra, að ráðherra á ekki að gefa út nein fyrirmæli um þetta heldur þarf að vinna þetta með foreldrum, nemendum og skólasamfélaginu en alla vega má reyna að koma af stað vakningu gegn þeim aðstæðum sem hér hafa skapast.

[14:30]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Aldrei þessu vant get ég verið sammála hæstv. menntamálaráðherra og er ástæða til að koma upp þess vegna. Ég held að málið sé ágætt en það sé mjög misskilin jafnaðarmennska að allir þurfi að vera eins í skólanum. Ég held að við þurfum að taka á þessari merkjaáráttu og merkjadýrkun á annan hátt. Auðvitað á það að vera heimilt í einstaka skólum, ef vilji er fyrir því hjá foreldrum og nemendum og skólastjórnendum, að taka upp skólabúninga en ég held að það væri skref aftur á bak að fara í sömu spor og Bretland þar sem allir eru í eins búningum. Ég held að þetta sé merki um dálitla forsjárhyggju og samræmdar reglur finnst mér fullkomlega út í hött í þessu máli. Ég held reyndar líka að íslensk fatahönnun hafi verið einmitt blómleg vegna þess að (Forseti hringir.) fólk gengur í mismunandi fötum.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég er sjálfur fylgjandi því að skólafatnaður sé notaður í skólum þó svo að forræði yfir því eigi að liggja hjá skólastjórnendum og foreldrasamtökum í hverjum skóla og held að það sé jafnaðarmennska af bestu sort að notast við skólafatnað og skólabúninga. Það eru mörg hundruð ef ekki mörg þúsund börn á Íslandi sem með einhverjum hætti líða fyrir efnalega stöðu heimilis síns og foreldra sinna. Í daglegu lífi í skólunum kemur það skýrast fram í fatnaði barnanna, sérstaklega þar sem notkun á merkjavöru og fínni fatnaði hefur aukist verulega meðal barna og unglinga og það hefur breyst mjög á síðustu árum og er í sjálfu sér hið besta mál, en þá kemur þessi munur miklu skarpar fram en nokkurn tíma áður.

Ég er sannfærður um að mikill fjöldi barna yrði leystur úr mikilli ánauð með því að nota skólabúninga, þeirri ánauð að mæta daglega í skólann í tötralegum fötum miðað við þá jafnaldra sína og skólafélaga sem best eru búnir og ríkmannlegastir. Ég held að sú jafnaðarmennska og það stóra skref sem yrði stigið, t.d. gegn einelti, með því að nota skólafatnað og skólabúninga væri mikið heillaskref.

Ég hefði viljað heyra skarpari skoðun hjá hæstv. ráðherra og að hún hefði forgöngu um að opið mat á kostum og göllum skólabúninga lægi fyrir, að hún legði með jákvæðum hætti og línurnar og hefði forustu í málinu, enda menntamálaráðherra allrar þjóðarinnar og ætti að beita sér fyrir þessu góða máli þó svo að forræðið liggi að lokum hjá sveitarfélögunum. Umræðan skiptir mjög miklu máli og að upplýsingar liggi fyrir um kosti og galla þess að nota skólabúning og skólafatnað af því að stærri skref í baráttunni gegn einelti er varla hægt að taka að mínu mati.

[14:33]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég held að sveitarfélögin hafi sýnt það og sannað að þau standa sig vel varðandi rekstur grunnskólans. Þar er mikið hugmyndaflæði og nýjar hugmyndir fá að brjótast fram með mismunandi hætti innan sveitarfélaganna og það erum við að sjá. Við sjáum mismunandi skólastefnu milli sveitarfélaga. Ef við lítum á suðvesturhornið, ég ætla ekkert að fara út í einkaskólana en ef við lítum á opinberu skólana þá sér maður mismunandi áherslur á milli skólasamfélaga bara á þessu litla landshorni og ég held að það sé jákvætt. Þess vegna vil ég alls ekki taka fram fyrir hendurnar á sveitarfélögunum en oft hefur nú verið talað úr þessu ræðupúlti um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga varðandi grunnskólann. Það sem sveitarfélögin hvert fyrir sig eiga að skoða og hugsa um er hvernig umhverfi þeirra er því að umhverfið er svo misjafnt á Íslandi. Við vitum vel að eitt gildir kannski um Reykjavík og annað um norðausturhornið þannig að hvert og eitt sveitarfélag verður að greina þarfir sínar og meta út frá því.

Síðan má líka kannski leika sér að því að það er ekki alltaf svo að samræmdir búningar skili sér. Ég veit ekki betur en að hér í þingsal eigi allir herramenn að vera með bindi en sumir segja eigi að síður að það sé nokkuð mikið einelti í því.

Umræðu lokið.

Sameining opinberra háskóla.

Fsp. BjörgvS, 442. mál. — Þskj. 663.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um sameiningu opinberra háskóla.

1. Hvernig standa áætlanir um sameiningu opinberra háskóla?

2. Liggur fyrir mat á því hvaða skóla er hagkvæmt að sameina með tilliti til náms og rekstrarlegra forsendna?

3. Hafa allir sameiningarkostir verið skoðaðir?

4. Hvaða opinberu háskóla stendur til að sameina?

Af og til hefur umræða um sameiningu opinberra háskóla komið upp og á fullan rétt á sér að mínu mati, ég hef alltaf verið frekar hlynntur því að kostir sameiningar sumra opinberra háskóla séu skoðaðir og þeir vegnir og metnir. Fyrir nokkrum missirum varpaði Ólafur Proppe, rektor Kennaraháskóla Íslands, fram þeirri hugmynd í útskriftarræðu yfir nemendum sínum að sameina ætti alla ríkisháskólana undir eitt merki, einhvers konar regnhlíf þar sem skólar og deildir héldu verulegu sjálfstæði sínu undir merki Háskóla Íslands, eins og hann setti þetta fram.

Undir þessar hugmyndir tók Páll Skúlason, þáverandi rektor Háskóla Íslands, og taldi nauðsynlegt að skoða þessar hugmyndir mjög gaumgæfilega. Að sjálfsögðu er mikilvægt við slíkan samruna að halda fjölbreyttu og aðgengilegu námsframboði samhliða hagrænum áhrifum í stjórnsýslu skólanna. Slíkri sameiningu gætu að sjálfsögðu fylgt margir kostir og gæti orðið til að efla námið verulega en þó er það ekki endilega víst. Sjálfstæði skólanna getur verið mikil auðlind líka, eins og bent hefur verið á í sambandi við skólann á Hólum, Háskólann á Akureyri og fleiri skóla sem bókstaflega hafa blómstrað af því að þeir hafi haft sjálfstæði til að gera það, þeir búa við töluvert sjálfstæði og hafa náð að mörgu leyti frábærum árangri þrátt fyrir mjög þröng efni og lág framlög, sérstaklega á síðustu missirum. En fámenni getur líka verið veikleiki skólastigsins þegar til lengri tíma er litið. Það geta komið fram vel rökstuddar hugmyndir eins og fram komu frá rektorum þessara tveggja ríkisháskóla, Háskóla Íslands og Kennaraháskólans, um að sameina viðkomandi skóla og skoða jafnvel í leiðinni kosti og galla við sameiningu allra ríkisháskólanna og taka svo afstöðu til þess að lokum hvaða skóla eigi að sameina ef þá nokkra.

Ég beindi fyrir nokkrum missirum fyrirspurn í svipaða veru til þáverandi hæstv. menntamálaráðherra, Tómasar Inga Olrichs, og þá var ekki nein slík sameining í undirbúningi eða skoðun á vegum stjórnvalda. Síðan eru liðin nokkur ár og umræðan hefur þróast töluvert og skólastigið þróast enn þá meira. Því spyr ég hæstv. menntamálaráðherra hvort hún hafi uppi fyrirætlanir um sameiningu opinberra háskóla, hvað liggi því til grundvallar og hvort slíkt mat liggi fyrir og hafi farið fram. Ég held taka þurfi þá umræðu mjög reglubundið af því að þróunin er ör og við þurfum alltaf að vera vakandi fyrir kostum og göllum slíkrar sameiningar.

[14:39]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Þegar leitað er svara við spurningum hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um áætlanir um sameiningu opinberra háskóla þykir mér rétt að taka fram í því ljósi að ég hef á þeim stutta tíma sem ég hef verið menntamálaráðherra komið að því að framkvæma sameiningu tveggja háskóla, þ.e. Tækniháskóla Íslands, sem var ríkisháskóli, og Háskólans í Reykjavík. Átti ég á sínum tíma frumkvæði að því að rektorarnir hittust til að fara yfir það hvort ekki væri tækifæri til að sameina þá góðu skóla, sem og varð. Menn sáu mikil tækifæri felast í því en ég man ekki til þess að Samfylkingin hafi akkúrat stutt það mál en hv. þingmaður leiðréttir mig þá í því.

Annað mál varðandi sameiningu stofnana sem ég tel styrkja háskólastigið er að ég hef beitt mér fyrir því að fimm stofnanir á fræðasviði íslenskra fræða sameinist og frumvarp um það er núna til umræðu í hv. menntamálanefnd. Tilgangur þeirrar sameiningar er alveg skýr, eins og sameiningar Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, þ.e. að efla rannsóknarstarf, auka miðlun á sviði íslenskra fræða, auk þess að efla fræðilega ráðgjöf til styrktar og eflingar íslenskri menningu sem skiptir okkur svo miklu máli en áhugaverð umræða hefur einmitt á síðustu dögum spunnist um mikilvægi og þýðingu íslensku tungunnar.

Síðast en ekki síst stendur nú yfir skoðun á fýsileika þess að kanna kosti og galla þess að sameina Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands í góðu samkomulagi og eftir umræður milli rektora skólanna og ráðuneytisins. Þessi skoðun byggir á þeirri forsendu að sameiningin leiði til eflingar kennaramenntunar í landinu. Það er mitt leiðarljós sem ég hef sagt að sé í rauninni þríþætt. Í fyrsta lagi hvort sameiningin komi til með að efla og styrkja kennaramenntun í landinu. Í öðru lagi hvort hún komi til með að efla háskólastarfið og háskólaumhverfið. Og í þriðja lagi hvort hún komi til með að efla rannsóknir og rannsóknaumhverfið á þessu sviði. Það eru þessi þrjú atriði sem ég vil fá svör við, hvort slík sameining mundi leiða til þeirrar niðurstöðu.

Tekin var ákvörðun um að skipa starfshóp annars vegar út frá breyttu og metnaðarfullu námsskipulagi kennaranáms við Kennaraháskóla Íslands og hins vegar hugmynda sem nú eru um framtíðarskipulag kennaramenntunar þar sem áhersla er lögð á aukinn fagundirbúning kennara fyrir kennslu í grunnskólum. Starfshópnum er ætlað að skila niðurstöðu sinni fyrir lok febrúarmánaðar 2006.

Nú liggur fyrir mat á því hvaða skóla er hægt að sameina með tilliti til náms og rekstrarlegra forsendna. Einn af þeim þáttum sem liggja til grundvallar hverri ákvörðun um mögulega sameiningu einstakra skóla eða háskólastofnana er skýr sýn á viðkomandi verkefni og hagkvæmnisathuganir leika þar lykilhlutverk. Ég vil í þessu sambandi benda á könnun frá 2002 sem ráðgjafarfyrirtækið Nýsir gerði fyrir Háskóla Íslands og Kennaraháskólann þar sem skoðaðar voru ýmsar leiðir til samstarfs eða sameiningar skólanna. Þar voru þessir háskólar bornir saman með tilliti til starfsemi þeirra, svo sem stjórnskipulags, starfsmannahalds, reksturs þeirra, laga og reglna sem þeir starfa eftir. Einkum voru kannaðar leiðir sem samhæft gætu betur kennslu, rannsóknir og stoðþjónustu skólanna á hliðstæðum starfsviðum og áþekkum viðfangsefnum, einkum þó á sviði uppeldis- og menntunarfræða. Niðurstöður þeirrar skýrslu voru nokkur skýrar. Í fyrsta lagi yrði sameinaður skóli stærri og öflugri og betur í stakk búinn til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, byggja upp ný rannsóknarsvið, nýjar námsleiðir og bæta stoðþjónustu Í öðru lagi yrðu auknir möguleikar á þverfaglegu námi og rannsóknum sem gera

sameinaða háskóla færari um að þróa starfsemi sína í takt við nýja tíma og tryggja betur gæði kennslu og rannsókna. Og í þriðja lagi að með sameiningu væri hægt að hagræða í rekstri og nýta þannig betur fjármuni til hagsbóta fyrir nemendur og kennara skólanna. Starfshópurinn kemur náttúrlega til með að fara gaumgæfilega yfir þessa skýrslu meðan hann er að störfum og eins og ég gat um mun hann skila niðurstöðum sínum undir lok þessa mánaðar.

Í samræmi við þá stefnumörkun sem verið hefur við lýði hafa í raun engir sameiningarkostir ríkisháskólanna verið útilokaðir. En svo ég víki sérstaklega að skoðun á sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskólans þá vil ég taka fram að í dag eru reknir þrír ríkisháskólar undir menntamálaráðuneytinu. Það eru Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri sem allir bjóða upp á kennaramenntun auk Háskólans í Reykjavík. Ekki hefur verið gert ráð fyrir aðild Háskólans á Akureyri í yfirstandandi samningaviðræðum, enda hefur verið litið svo á að Háskólinn á Akureyri hafi ákveðna sérstöðu vegna staðsetningar sinnar á Norðurlandi. Hins vegar hafa þessir þrír háskólar átt með sér margvíslegt samstarf og mun svo verða áfram ef niðurstaðan verður sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

Herra forseti. Ég næ ekki að fara yfir allt í þessu svari en mun koma að því í seinna svari mínu.

[14:44]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það hlýtur að vera gild spurning að velta því upp hvort 300 þúsund manna þjóð geti starfrækt átta háskóla meðan nágrannaþjóðir okkar og miklu fjölmennari hafa færri háskóla. Það eru rök bæði með og á móti því. Þessi fjöldi sýnir auðvitað þá ánægjulegu sprengingu sem orðið hefur í aðsókn nemenda á háskólastig, menntastig þjóðarinnar er að hækka.

Hins vegar hljótum við líka að velta því upp í þessu samhengi hvort við nýtum fjármunina nægilega vel með því að hafa skólana svona marga. Við eigum þess vegna að fara mjög opin inn í umræðu um hvort það geti aukið skilvirkni og aukið betur nýtingu fjár að sameina þá. Ef við lítum til þeirrar sameiningar sem nýlega átti sér stað, Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík, þá sjá menn þrátt fyrir allar hrakspár hvað tveir góðir skólar hafa blómstrað enn meira eftir þá sameiningu og því skyldi það ekki gerast með Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands?

[14:45]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu. Mér þykir hún afar mikilvæg og merkileg vegna þess að ég tel að við eigum að skoða það raunverulega að sameina á Íslandi enn frekar skóla á háskólastigi. Mér hugnast mjög vel að sameina Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands vegna þess að ég tel að það geti orðið faglega mjög farsæl sameining. Ég tel það vegna þess að það geti styrkt mjög einstaka þætti og einstök svið kennaramenntunar að vera í svo miklu návígi við Háskóla Íslands sem sameining mundi að sjálfsögðu leiða af sér.

Ég fagna því að þetta sé komið á góðan rekspöl en auðvitað verður að skoða alla kosti mjög gaumgæfilega og ég tel t.d. að í tilfelli Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands hafi það ekki verið gert (Forseti hringir.) þó svo að sameiningin hafi heppnast ágætlega að lokum.

[14:46]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessar spurningar til hæstv. menntamálaráðherra. Ég held að þetta sé brýnt mál sem við þurfum að ræða á þingi. Ég held að það sé afar mikilvægt að sameiningarvilji skólanna komi frá þeim sjálfum, að ekki sé verið að þvinga þá í sameiningu. Eins og komið hefur fram í umræðunni, bæði hjá hv. fyrirspyrjanda og hæstv. menntamálaráðherra, skiptir það sjálfstæði skólanna verulegu máli að þeir fái að dafna á eigin forsendum, og sérstaklega er Háskólinn á Akureyri með þær sérstöku aðstæður að vera á Norðurlandi og þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að hann haldi þeirri sérstöðu.

Auðvitað getur samvinna átt sér stað milli skólanna en það verður líka að ríkja ákveðin samkeppni á milli þeirra. Ég held að hún sé af hinu góða í þessu tilfelli. Vandamál háskólanna á Íslandi er hins vegar aðallega það að þeir eru í fjársvelti og þar ættu ríkisstjórnin og hæstv. menntamálaráðherra að taka sig á.

[14:47]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Mér verður alltaf hálfillt þegar ég heyri hv. þingmenn spyrja hvort 300 þús. manna þjóð hafi efni á því að reka átta háskóla. Spurningin sem þingmenn þurfa að hafa í huga, vakandi og sofandi, er hvort íslensk þjóð hafi efni á því að eiga jafnfáa háskólamenntaða borgara og staðreyndin er í dag, og jafnmikið af lítt skólagengnu fólki á besta aldri úti á vinnumarkaðnum.

Í dag er 17% munur á fjölda háskólamenntaðra á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Það sem hæstv. menntamálaráðherra þarf að gera er að bæta aðstöðu fólks á landsbyggðinni til að stunda háskólanám.

[14:48]

Jón Kr. Óskarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir fyrirspurnina og ég beini því til hæstv. menntamálaráðherra að taka þessa hluti til mjög alvarlegrar skoðunar. Átta háskólar í 300 þús. manna samfélagi — er ekki hugsanlegt að það sé hægt að spara verulegar fjárhæðir án þess að sérstaða viðkomandi skóla verði skert?

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að vinna við sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sé vel á veg komin ef marka má svör menntamálaráðherra í þá veru og tel að slíkur sameiningarkostur komi mjög vel til greina. Ég hef kallað eftir því, og gerði við umræðuna hér í fyrra um sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands, að allir kostir til sameiningar verði skoðaðir. Svo tel ég mjög mikilvægt að færa alla skólana undir eitt og sama

ráðuneytið, undir menntamálaráðuneytið, færa skólana sem núna heyra undir landbúnaðarráðuneytið til menntamálaráðuneytisins. Það er fáránlegt að aðskilja þá tvo skóla löngu eftir að aðrir fagskólar eru komnir undir menntamálaráðuneytið, skólar sem áður höfðu heyrt undir iðnaðarráðuneytið eða sjávarútvegsráðuneytið. Það er fáránlegt að vera með einhvern mini-menntamálaráðherra í landbúnaðarráðuneytinu sem stendur sig ekkert í stykkinu í þá veru. Þetta á að sjálfsögðu allt að vera undir sama ráðherranum, sama ráðuneytinu og hefur dagað einhvern veginn mjög undarlega uppi í landbúnaðarráðuneytinu í þessari tvískiptingu.

En eins og ég segi, ég fagna því að vinna við sameiningu þessara skóla sé í gangi. Ég held að það sé góður kostur og komi til með að styrkja starfsemi þeirra beggja, og ekki síst kennaramenntunarinnar. Ég held að það geti styrkt hana stórum og sé ágætur áfangi í þá veru að efla kennaramenntunina og breyta henni og bæta. Til stendur væntanlega að lengja hana og breyta henni ef marka má umræðu síðustu ára um kennaramenntunina. Um leið tel ég sjálfsagt mál að skoða alla kosti til sameiningar þó svo að mér finnist sjálfum að Háskólinn á Akureyri eigi að standa áfram stakur, vera til sem slíkur og starfa sem sjálfstæður háskóli norður á Akureyri. Ég held að það sjálfstæði standi að baki velgengni skólans af því að, eins og ég áður sagði, ekki hafa það verið vegleg fjárframlög frá hinu opinbera þar sem skólinn á núna í miklum fjárhagserfiðleikum.

[14:51]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég hvet hv. þingmenn til að fylgjast með þeim tölum sem koma varðandi háskólastigið. Við erum að útskrifa núna flesta háskólamenntaða á aldrinum 30–34 ára, við stöndum okkur gríðarlega vel í þeim aldurshópi sem við ætluðum okkur að ná til en að sjálfsögðu ef við tökum aldursbilið upp til 68 ára eða 75 ára erum við hlutfallslega með ekki nægilega marga háskólamenntaða. Við náum unga fólkinu okkar inn í háskólana og við náum að útskrifa það úr háskólunum. Það er ekki bara mikilvægt að innrita, heldur líka að útskrifa.

Það er rétt að taka fram að ekki kemur til greina af minni hálfu að þvinga fram sameiningu. Ég hef greint þennan vilja hjá rektorum beggja háskóla og þá taldi ég rétt að grípa gæsina, fara gaumgæfilega yfir þetta mál og sjá þá hagræðingu sem hugsanlega kann að fylgja slíkri sameiningu. Þá er ég ekki eingöngu að hugsa rekstrarlega, því að góður rekstur kemur að sjálfsögðu til með að skila enn betra innra starfi sem ytra, heldur er ég ekki síður að hugsa um þau áhrif sem slíkur samrekstur getur haft á gæði kennslunnar.

Menn styðja samkeppni og ég fagna því sérstaklega að menn skuli ræða hana á þessum forsendum. Samkeppni er af hinu góða því að við sjáum — hvað sjáum við hér í ljósi samkeppninnar? Við sjáum aukna samvinnu á milli skólanna, á milli háskóla sem eru í gríðarlegri samkeppni, eins og t.d. Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands, en við sjáum jafnframt aukna samvinnu á milli þessara skóla. Slík samvinna hefði náttúrlega ekki verið möguleg nema af því að við fórum af stað markvisst með því að ýta undir námsframboð í gegnum samkeppni. Það er rétt að taka það fram sem ég hef oft sagt hér áður að ekki voru allir flokkar tilbúnir til að fara út í að fjölga námsleiðunum, fjölga tækifærunum í gegnum samkeppnisleiðina því að menn töldu það skerða tækifæri til háskólanáms. Það hefur sýnt sig að svo er ekki. Við höfum fjölgað tækifærunum, fjölgað nemendunum (Forseti hringir.) og síðast en (Forseti hringir.) ekki síst stóraukið fjármagn til háskóla.

Umræðu lokið.

Vasapeningar öryrkja.

Fsp. ÁRJ, 324. mál. — Þskj. 356.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti. Ég beini hér fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um það hvort áform séu uppi um að taka upp aldurstengda hækkun eða uppbót á vasapeninga öryrkja sem dveljast á stofnun og þá til að hækka ráðstöfunartekjur þeirra á einhvern hátt.

Öryrkjum á vasapeningum hefur fækkað mjög á undanförnum árum en fyrir svona 10 árum voru þeir mun fleiri. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun frá 2004 eru aðeins eftir 240 öryrkjar með vasapeninga frá Tryggingastofnun. Það er nánast búið að afleggja vasapeningakerfið gagnvart öryrkjum og þeir sem höfðu þá eru núna komnir með heimili á sambýlum eða þjónustuíbúðum ýmiss konar, halda örorkugreiðslum sínum og greiða af þeim kostnað, svo sem fæðiskostnað, leigu o.s.frv., og halda reisn sinni hvað það varðar.

Því miður eru enn þá 240 öryrkjar heimilislausir inni á sjúkrastofnunum. Árið 2003 samþykktum við hér breytingu á almannatryggingalögunum um það að öryrkjar fengju aldurstengda hækkun eftir því hvenær á ævinni þeir yrðu öryrkjar. Þeir sem urðu öryrkjar ungir, eða verða öryrkjar ungir, fá uppbót vegna þess að þeir eiga yfirleitt ekki tök á því að safna sér réttindum í lífeyrissjóði. Hér hafa setið eftir þeir öryrkjar sem eru margir hverjir langveikir, geðsjúkir, og eru með heimili á sjúkrastofnunum, eins og t.d. á Kleppsspítala. Þetta voru 240 manns árið 2004 eins og ég sagði áðan og þetta fólk hefur til ráðstöfunar 21.993 kr., sem eru óskertir vasapeningar, og þeir skerðast um 65% ef aðrar tekjur fara yfir 7 þús. kr. og verða að engu eða falla algjörlega niður ef menn eru með aðrar tekjur upp á 42 þús. kr. En þetta fólk hefur yfirleitt ekki tök á því að afla sér nokkurra viðbótartekna.

Þess vegna finnst mér ástæða til að kalla eftir því hjá hæstv. ráðherra hvort hann hafi hugað að þessum hópi hvað varðar aldurstengdu örorkuna því að það hefur einnig komið fram, og kom fram í vetur í samræðum mínum við félagsráðgjafa á spítala hér í borg sem annast einmitt hóp þessara einstaklinga, að sveitarfélögin styrkja þessa einstaklinga ekki lengur. Áður fengu þeir jólauppbót og ýmsa styrki frá sveitarfélaginu sem þá reyndar skerti vasapeningana en það (Forseti hringir.) er ekki lengur til staðar. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann hafi íhugað ald-

urstengda uppbót til þessa hóps.

[14:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir beinir til mín fyrirspurn um hvort áformað sé að taka upp aldurstengda hækkun eða uppbót á vasapeningum öryrkja sem dveljast á stofnunum.

Til að hægt sé að svara spurningunni verður að finna út hvað átt er við með öryrkjum sem dveljast á stofnunum. Á stofnunum sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið eru sjúklingar sem dvelja á sjúkrahúsum eða hjúkrunarheimilum. Þessir sjúklingar geta verið örorkulífeyrisþegar og ef þeir dvelja lengri tíma á sjúkrahúsi eða hjúkrunarheimili falla niður örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins en í stað þeirra greiðir stofnunin mánaðarlegt ráðstöfunarfé, svokallaða vasapeninga. Á sjúkrahúsum eru sjúklingar eða öryrkjar á öllum aldri og á hjúkrunarheimilum geta verið sjúklingar eða öryrkjar yngri en 67 ára en síðarnefndi hópurinn er lítill. Erfitt er að afmarka þann hóp sem spurt er um en ég mun reyna að svara fyrirspurninni eins og hægt er.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir vasapeninga til sjúklinga sem dvelja í lengri tíma á sjúkrahúsum eða hjúkrunarheimilum. Ég hef ekki áform um að greiða aldurstengda uppbót á vasapeninga. Ég hef áður greint frá því að ég telji koma til álita að endurskoða fyrirkomulag á greiðslum fyrir stofnanir fyrir aldraða og vasapeningagreiðslur Tryggingastofnunar til þeirra. Sama gildir auðvitað um þá öryrkja sem eru yngri en 67 ára og dvelja langdvölum á sjúkrahúsum eða á hjúkrunarheimilum og fá greidda vasapeninga.

Fyrirspurninni er því svarað á þann hátt að ekki eru uppi áform um að taka upp aldurstengda hækkun eða uppbót á vasapeninga frá Tryggingastofnun ríkisins en þessi atriði mundu koma til skoðunar ef fyrirkomulag greiðslu við langtímastofnanavist aldraðra og öryrkja yrði endurskoðað. Það má bæta við að sú endurskoðun er reyndar komin í gang í samstarfsnefnd sem hefur nýlega hafið störf um málefni aldraðra og reikna má með því að niðurstaða hennar gildi um öryrkja einnig.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Hann hyggst ekki koma á aldurstengdri uppbót eða hækkun fyrir þessa öryrkja, þessa 240 sem eiga heimili sitt inni á sjúkrastofnun, sem margir hverjir eru langveikir, geðsjúkir öryrkjar. Það harma ég.

En ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að endurskoða þetta fyrirkomulag. Það er auðvitað löngu úrelt og gamaldags og verður að endurskoðast. En á meðan verið er að endurskoða það er þarna hópur sem býr við lakari kjör en aðrir. Þessi hópur er upp á aðstandendur sína kominn með framfærslu. Ég hef verið í sambandi við aðstandendur geðsjúkra, þessara langveiku einstaklinga sem eru á þessum sjúkrastofnunum enn þá, sem verður vonandi fljótlega liðin tíð, og þetta fólk er algjörlega upp á aðstandendur sína komið. Þetta eru oft geðsjúkir, þeir reykja, sem er kostnaðarsamt, og þeir geta ekki keypt sér föt til skiptanna fyrir þessa peninga, hvað þá leyft sér nokkuð annað.

Ég bið hæstv. ráðherra að skoða hvort ekki sé ástæða til að bæta kjör þessa hóps, þessara fáu einstaklinga þangað til búið er að afnema þetta gamaldags og niðurlægjandi kerfi sem vasapeningakerfið er. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að það þarf að endurskoða. Þangað til búið verður að laga það þarf auðvitað að koma þessum hópi til einhverrar aðstoðar þannig að hann þurfi ekki að búa við það að geta í rauninni á engan hátt bætt kjör sín og sé alltaf upp á sína nánustu kominn ef hann ætlar að leyfa sér nokkurn skapaðan hlut.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða það og síðan þegar vasapeningakerfið verður aflagt, sem verður vonandi fljótt, fellur þetta náttúrlega um sjálft sig. En þetta fólk hefur aldrei fengið þessa aldurstengdu uppbót sem aðrir hafa fengið sem halda sínum lífeyrisgreiðslum.

[15:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég undirstrika að þetta kerfi er til endurskoðunar og samtök aldraðra og forustumenn þeirra hafa lagt á það sérstaka áherslu að það verði gert. Ég vona að sú vinna gangi fljótt fyrir sig og að við komumst að niðurstöðu um þessi efni. Vinna nefndar sem á að fjalla um þetta er farin af stað og ég vona að við getum sagt tíðindi af þessu áður en langt um líður.

Umræðu lokið.

Endurbætur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði.

Fsp. AKG, 373. mál. — Þskj. 429.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Eins og kunnugt er eru samgöngur við norðanverða Vestfirði oft ótryggar, einkum um vetrartímann þegar aðeins er hægt að fljúga meðan birtu nýtur. Nauðsynlegt hefur þótt að staðsetja sjúkraflugvél á Ísafirði til að tryggja að hægt sé að flytja sjúka eða slasaða til Reykjavíkur þegar nauðsyn krefur en sú staða getur komið upp á landsbyggðinni jafnvel þó að sjúkrahús séu vel búin tækjum og mannskap.

Eins og kunnugt er var fyrirhugað að sjúkraflugi yrði sinnt frá Akureyri eftir að flugvöllurinn á Þingeyri yrði tilbúinn og þar með hægt að fljúga frá norðursvæði Vestfjarða við flest skilyrði, m.a. í myrkri. Átti sú tilhögun að ganga í gildi frá næstu áramótum þrátt fyrir að flugvöllurinn á Þingeyri hafi ekki verið tilbúinn eins og til stóð. Þeirri fyrirætlan hefur nú verið breytt og sjúkraflugvél staðsett á Ísafirði enn um sinn enda kom í ljós að öryggi var ekki tryggt án þess. Ýmis skilyrði um endurbætur voru sett af hálfu yfirmanna sjúkrahússins á Ísafirði fyrir því að fyrirhuguð tilhögun um sjúkraflug teldist viðunandi og mikilvægt að komið sé til móts við þær þarfir.

Ég spyr því hæstv. heilbrigðisráðherra:

1. Hvaða áætlanir hafa verið gerðar um þær endurbætur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði sem nauðsynlegar eru

taldar með tilliti til breytinga á fyrirkomulagi sjúkraflugs?

2. Hvernig standa framkvæmdir samkvæmt þeim áætlunum?

[15:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Norðvest., Anna Kristín Gunnarsdóttir, beinir til mín fyrirspurn um áætlanir sem gerðar hafa verið um endurbætur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði sem nauðsynlegar séu vegna breytinga á fyrirkomulagi sjúkraflugs og um stöðu framkvæmda.

Því er til að svara að á vegum heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis hafa ekki verið gerðar áætlanir um endurbætur á húsnæði sjúkrahússins enda er ekki þörf fyrir breytingar á húsnæðinu vegna breytinga á fyrirkomulagi sjúkraflugsins. Hins vegar hefur verið ákveðið að auka við búnað sjúkrahússins, að því hnigu kröfur starfsfólks og okkur fannst eðlilegt og sjálfsagt að gera það. Fjármunir hafa verið veittir til þeirra kaupa og verið er að kaupa þann búnað sem til þarf. Ef ég man rétt veittum við fyrir áramót tíu millj. kr. til kaupa á nauðsynlegum búnaði sem starfsmenn þar töldu sig þurfa.

Hv. þingmaður rakti stöðu mála varðandi sjúkraflugið. Því miður hafa endurbætur á Þingeyrarflugvelli tafist þannig að við tókum þá ákvörðun fyrir áramót að staðsetja vél á Ísafirði um sinn. Þann 1. maí kemur sérútbúin sjúkraflugvél til þessara nota og sá háttur er betri og nútímalegri en nú er, styttir viðbragðstímann til muna. Nú hefur verið ákveðið að hafa sjúkraflugvél á Ísafirði í vetur. Við munum svo meta framhaldið og hafa hliðsjón af því hvað framkvæmdum miðar við Þingeyrarflugvöll þegar við ákveðum það.

Ég vona að þessar upplýsingar svari spurningum hv. þingmanns en vil geta þess að lokum að sjúkrahúsið á Ísafirði er mjög góð stofnun, veitir góða þjónustu og er með mikla héraðshlutdeild, sem kölluð er, og það skiptir miklu máli í þessu sambandi. Ég vil láta það koma fram í þessu svari mínu.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra svarið sem var ánægjulegt þar sem svo virðist sem verið sé að koma að fullu til móts við óskir heimamanna á Ísafirði varðandi sjúkrahúsið þar, nauðsynlegar úrbætur vegna fyrirhugaðra breytinga á sjúkraflugi.

Ég vil láta það koma hér fram að það er mín eindregna skoðun að ekki sé á neitt hættandi varðandi sjúkraflug frá norðurfjörðum Vestfjarða. Reyndar ber að hafa í huga að suðurhluti Vestfjarða tengist þessu máli einnig. Sjúkraflugvélin á Ísafirði hefur einnig þjónað því svæði eftir því sem ég best veit. Meðan Þingeyrarflugvöllur er ekki tilbúinn til lendingar hvenær sem er sólarhringsins, eins og stefnt er að, tel ég að sjúkraflugvél þurfi að vera á Ísafirði. Lendingarskilyrði á Ísafirði eru þannig að ekki er hægt að lenda í myrkri eða þegar skuggsýnt er og það má heldur ekki vera mikið að veðri til þess að ekki sé hægt að lenda þar. En það er hins vegar hægt að taka upp þar við lélegri skilyrði.

[15:09]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins endurtaka það að við munum horfa á þetta mál með fullkomin öryggissjónarmið í huga. Ég geri mér alveg grein fyrir aðstæðum fyrir vestan hvað þetta varðar. Ég vil jafnframt undirstrika að sjúkraflugið, sem við ætlum að skipuleggja á landsvísu, er með sérútbúinni vél sem alltaf er tilbúin, með áhöfn sem líka er tilbúin að fara með vélinni með sérþjálfuðu fólki þannig að þetta er stökk fram á við í þjónustunni. En við munum að sjálfsögðu líta á aðstæður fyrir vestan áður en þetta kemur til framkvæmda og við munum hafa í huga að fulls öryggis sé gætt.

Umræðu lokið.

Hjúkrunarþjónusta við aldraða.

Fsp. ÁRJ, 423. mál. — Þskj. 640.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um hjúkrunarþjónustu við aldraða og þá er ég aðallega að spyrjast fyrir um þjónustu við hjón og sambúðarfólk. Af og til leita til mín aðstandendur aldraðra vegna þess að hjón hafa þurft að vistast hvort á sínu öldrunarheimilinu. Þau hafa liðið fyrir það og finnst það óviðunandi og það hefur haft í för með sér að þessum einstaklingum hefur hrakað hraðar og vanlíðan þeirra hefur aukist.

Það er ekki endilega að öll hjón vilji vistast saman en sum vilja það og jafnvel systkini eða aldraðar mæður með fullorðin börn sín o.s.frv. Þetta fólk hefur, vegna þess hve biðin er löng inn á hjúkrunarheimilin, lent í því að vistast hvort á sínum staðnum.

Núna eftir jólin fékk ég erindi af þessu tagi inn á borð til mín frá ungum manni sem sendi mér tölvupóst og ég var í samskiptum við eftir það.

Mig langar aðeins að vitna í þennan póst, með leyfi forseta:

„Ég sendi þér þennan póst til að leita ráða hjá þér út af aðstæðum sem amma mín og afi eru í nú á síðustu árunum, aðstæðum sem ég get ekki lýst öðruvísi en ömurlegum og óþolandi.

Þannig er mál með vexti að afi minn hefur ekki getað búið heima hjá sér í tvö ár vegna veikinda og býr nú á hjúkrunarheimili. Amma mín býr hins vegar heima þrátt fyrir að vera orðin ansi kölkuð og brothætt, bæði á sál og líkama. Eins og eðlilegt er langar þau mest af öllu að fá að búa saman þó ekki væri nema undir sama þaki en það er ekki hægt. Það er ekki til pláss og amma ekki orðin „nógu veik“ til að komast neins staðar inn.

Ég upplifi það að amma mín og afi eru bæði þunglynd og gráta hvort í sínu lagi af einmanaleik og söknuði vegna þess að þau geta ekki verið saman síðustu ár ævi sinnar.“

Síðan lýsir þessi ungi maður því hve miklar áhyggjur fjölskyldan hefur af þessu og líður fyrir hvernig komið er fyrir hennar nánustu. Hann segir síðan í bréfinu að hann

skammist sín fyrir að búa í samfélagi sem getur ekki tryggt gamla fólkinu ánægjulegri aðstæður en þetta.

Ég hafði samband við nokkur hjúkrunarheimili í kjölfarið á þessu bréfi og allir þekktu einhver dæmi um að fólk hefði þurft að vistast hvort á sínu heimilinu. Það voru ekki til neinar tölur um þetta en það voru ýmis dæmi.

Þess vegna ákvað ég að leggja þessa fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra:

1. Hversu margir makar vistmanna á öldrunarstofnunum eru nú á biðlista eftir að komast einnig á öldrunarstofnun?

2. Hversu margt fólk í hjónabandi eða sambúð er ekki vistað á sömu öldrunarstofnun og makinn? Hve margir hafa verið vistaðir þannig á undanförnum fimm árum?

3. Finnst ráðherra boðlegt að aðskilja öldruð hjón eða sambýlisfólk mánuðum og árum saman síðustu æviárin á þennan hátt?

[15:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Reykv. s. hefur beint til mín fyrirspurn er varðar vistun hjóna og sambúðarfólks á öldrunarstofnunum. Samkvæmt upplýsingum sem unnar voru úr vistunarskrá aldraðra 23. janúar bíða nú 38 einstaklingar sem eiga maka inni á öldrunarstofnunum eftir vistun. Af þeim öldruðu sem nú dvelja á öldrunarstofnunum eru níu pör, þ.e. hjón eða sambúðarfólk, sem ekki eru vistuð á sömu stofnun.

Einnig er spurt hve margir hafi verið vistaðir þannig á undanförnum fimm árum. Það eru 16 pör samkvæmt upplýsingum úr vistunarskrá aldraðra frá 1. janúar 2001.

Hv. þingmaður spyr hvort mér þyki boðlegt að aðskilja öldruð hjón eða sambýlisfólk á þennan hátt. Ef ég svara þeirri spurningu beint finnst mér auðvitað slæmt að þetta skuli eiga sér stað, enda er það svo að þegar einstaklingar í sambúð eða hjónabandi eru báðir í þörf fyrir vistun á öldrunarstofnunum er reynt að sjá til þess að þeir geti vistast saman. Er það einlægur vilji þeirra sem koma að vistunarmálum aldraðra. Oftast tekst þetta og samkvæmt upplýsingum sem fram komu í svari mínu við fyrirspurn á síðasta löggjafarþingi voru í lok desember 2004 samtals 89 hjón eða pör vistuð saman á öldrunarstofnunum í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

Eins og dæmin sanna reynist ekki alltaf unnt að haga vistun hjóna eða sambýlisfólks á þennan veg þótt vilji sé fyrir hendi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég aflaði mér eru þó tilvik þar sem hjón eða sambýlisfólk hafa vistast hvort á sinni stofnuninni eða annað þeirra bíður eftir vistun nær alfarið bundin við höfuðborgarsvæðið. Skýringin á þessu er væntanlega helst sú að skortur á vistrýmum fyrir aldraða er mestur í Reykjavík og öll rými á stofnunum jafnan fullskipuð. Samkvæmt reglugerð um þjónustuhóp aldraðra og vistunarmat þeirra skulu stofnanir sjá til þess við veitingu vistrýma að þeir gangi fyrir sem lengst hafa beðið með mjög brýna eða brýna þörf og er þá miðað við vistunarmat. Ef margir bíða í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými er stofnunum því vandi á höndum þegar sambýlisfólk eða hjón óska eftir stofnanavistun og annað þeirra er í mjög brýnni þörf fyrir slíkt úrræði en hitt ekki. Nú er það svo að langstærsti hluti vistrýma á öldrunarstofnunum er hjúkrunarrými og er í raun um sjúkrahúsþjónustu að ræða. Miðað við skipulag stofnanaþjónustu við aldraða og tilgang hjúkrunarrýma getur því orkað tvímælis þegar vista á einstakling á öldrunarstofnun ef meginástæða fyrir umsókn hans er veikindi makans.

Einnig má nefna aðstæður þar sem þörf þessara einstaklinga fyrir úrræði er mjög ólík, sérstaklega ef annað þarf vistun á sérstakri deild fyrir heilabilaða en hitt ekki eða ef annað þarf mjög mikla hjúkrun og umönnun meðan hinu nægir dvalarrými.

Virðulegi forseti. Ég hef nú reynt að skýra það hvers vegna þær aðstæður koma stundum upp að hjón og sambúðarfólk geta ekki verið samvistum á stofnunum aldraðra. Ég vil hins vegar taka fram að ég geri ekki lítið úr aðstæðum þess fólks sem fyrir því verður og ég tel slæmt að það skuli eiga sér stað.

[15:18]

Jón Kr. Óskarsson:

Virðulegur forseti. Ég tek til máls undir 3. lið í fyrirspurninni: „Finnst ráðherra boðlegt að aðskilja öldruð hjón eða sambýlisfólk mánuðum og árum saman síðustu æviárin á þennan hátt?“ Nei, segi ég, og yfirleitt eru málefni aldraðra alls ekki í þeim farvegi sem eldri borgarar eiga skilið. Ég minnist á skort á hjúkrunarheimilum og skattlagningu á eldri borgara. Við sem teljumst eldri borgarar eigum betra skilið en það umhverfi er núverandi stjórnvöld veita okkur.

Það væri gaman að sjá eftir u.þ.b. 12 ár þegar svonefnd 68-kynslóð kemst á minn aldur hvort hún sættir sig við það umhverfi sem ég og mér eldra fólk lifum við í dag, hæstv. heilbrigðisráðherra.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og minni á það sem kom fram í samtölum mínum við forstöðumenn þeirra hjúkrunarheimila sem ég talaði við, að fólki sem ekki getur búið með sínu nánasta og er orðið veikt, eins og öldruðum hjónum, hrakar hraðar, bæði þeim einstaklingi sem er kominn inn á hjúkrunarstofnunina og þeim sem bíður. Það er líka heilbrigðismál að leyfa fólki að vera saman, undir sama þaki, síðustu æviárin.

Auðvitað vitum við að ýmis hjúkrunarheimili eru rekin í tengslum við íbúðir fyrir aldraða. Það leysir vanda margra og geri ég ráð fyrir því að þessi 89 pör sem hæstv. ráðherra nefndi búi við slíkar aðstæður. Níu pör, níu hjón, sem eru vistuð hvort á sínum staðnum eru níu hjónum of mikið. Ég hvet hæstv. ráðherra til að taka á þessu og reyna að tryggja að ef báðir eru orðnir heilsulausir geti báðir verið saman á hjúkrunarheimili, á sama heimilinu. Þetta er vandi höfuðborgarsvæðisins vegna þess að hér er skortur á hjúkrunarheimilum mikill og biðin löng. Það er alveg ljóst.

Í ljósi þess að 38 einstaklingar bíða eftir því að komast inn á hjúkrunarstofnun þar sem makinn er fyrir óska ég hér með eftir því að hæstv. ráðherra taki sérstaklega á þessum vanda og setji einhverjar reglur í þá veru að þetta fólk fari í forgang inni á þeim heimilum þar sem maki þess dvelur. Það er oft þannig að þegar einstaklingurinn er orðinn veikur heima á biðlista hefur hann ekki einu sinni heilsu til að

heimsækja sinn nánasta á hjúkrunarheimili. Þannig er staðan hjá þessu fólki sem ég vitnaði til áðan.

[15:21]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins endurtaka það sem ég tók fram í svari mínu við fyrirspurn hv. þingmanns. Það geta auðvitað verið mjög mismunandi aðstæður hjá hjónum eða sambýlisfólki sem þarf pláss á öldrunarheimilum. Ég tel t.d. að þjónustuíbúðir í tengslum við öldrunarheimili gætu bætt hér úr í einstöku tilfellum þar sem mikill mismunur er á heilsufari sambýlisfólks, þar sem t.d. annar aðilinn er kominn á hjúkrunarrými og þarf hjúkrun allan sólarhringinn og hinn er tiltölulega hress, ef svo mætti segja. Ég tel að þetta þurfi að skoða sérstaklega, og ég endurtek að það er auðvitað miður ef þarf að aðskilja fólk. Það geta samt verið þannig aðstæður að heilsufar fólks sé afar misjafnt og það þarf að horfa á það líka hvaða úrræði henta þá í þeim tilfellum.

Um málefni aldraðra og skort á hjúkrunarrýmum almennt mætti auðvitað ræða lengi en það er ekki pláss fyrir það í þessum fyrirspurnatíma, hvað þá skattlagningu eldra fólks sem væri hægt að ræða með öðrum skattamálum ef tími gæfist til. Ég tek fram að þessi mál eru, eins og komið hefur fram, í skoðun í samstarfsnefnd aldraðra og ríkisstjórnarinnar sem er að störfum um þessar mundir.

Umræðu lokið.

Viðbúnaður Landhelgisgæslunnar.

Fsp. ÁRJ, 155. mál. — Þskj. 155.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra um viðbúnað Landhelgisgæslunnar. Þetta er orðin allgömul fyrirspurn, fjögurra mánaða. Það er hvorki við þá sem hér stendur né hæstv. ráðherra að sakast að hún komst ekki á dagskrá fyrr. Ýmislegt hefur gerst síðan ég lagði fyrirspurnina fram en engu að síður finnst mér ástæða til að mæla fyrir henni.

Hún varð til eftir að ég hafði setið ráðstefnu um loftslagsmál og fyrirhugaða olíu- og gasvinnslu á norðurskautinu. Þá lagði ég fram þessa fyrirspurn, í byrjun október. Eftir að ég kom heim af þessum fundi hefur farið fram sérstakur undirbúningur hjá Landhelgisgæslunni fyrir aukið eftirlit með skipaflutningum og siglingum þegar siglingaleiðir opnast um norðurheimskautið. Hvernig er Landhelgisgæslan í stakk búin til að bregðast við ef slys eða óhöpp verða, t.d. við olíuflutninga?

Það hefur auðvitað komið fram og er mönnum ljóst að hlýnun hér á norðurhveli er mun hraðari en áður var talið. Það mun auðvitað hafa áhrif á alla þá sem búa hérna og hefur í för með sér bæði ógnir og tækifæri. Það mun leiða af sér aukna skipaflutninga, og olíuflutninga að öllum líkindum og þá hættu á mengunarslysum, s.s. olíuslysum þar sem gert er ráð fyrir flutningi á olíu um viðkvæm hafsvæði sem er matarkista okkar hér sem fiskveiðiþjóðar.

Það þarf ekki mjög stórt olíuslys á okkur helstu veiðisvæðum til að skaða okkar hreinu ímynd, ímynd varnings okkar. Það er talið að olíuflutningar muni aukast mjög frá norðurskautinu og vestur eftir, jafnvel til Bandaríkjanna og suður um Evrópu, og þá erum við í ákveðinni hættu. Landhelgisgæslan hefur sinnt því hlutverki vel hingað til, þ.e. að vera með eftirlit með siglingum og annast björgunaraðgerðir ef slys eða óhöpp hafa orðið á hafsvæðinu hér í kring.

Ég spyr hæstv. ráðherra í framhaldi af þessu — ég veit að það er að koma nýtt skip og ég geri ráð fyrir að það verði búið helsta búnaði sem þarf til björgunar á þessum svæðum: Eigum við útbúnað til fyrstu viðbragða vegna mengunarslysa eða olíuslyss, svo sem olíugirðingar eða olíuuppsugutæki? Hvernig verður Landhelgisgæslan útbúin og hversu langt á veg er sá tæknibúnaður kominn sem snýr að björgun á þessu efni?

[15:26]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Spurt er:

„Hefur farið fram sérstakur undirbúningur hjá Landhelgisgæslunni fyrir aukið eftirlit með skipaflutningum og siglingum þegar siglingaleiðir opnast um norðurheimskautið?“

Svarið er: Já, þetta er hlutur sem litið hefur verið til hjá Landhelgisgæslunni og hún er upptekin af eins og allir sem líta til þróunar hér á siglingaleiðum okkar, þ.e. leiðunum í kringum landið. Þetta er viðfangsefni sem þarf að líta til og tek ég mið af því, m.a. við gerð krafna vegna nýs varðskips sem er í undirbúningi og er núna á því stigi að verið er að skoða fyrstu tilboð sem bárust. Við veltum fyrir okkur hverja eigi að velja í næsta áfanga við undirbúning að smíði skipsins. Það er vissulega haft í huga við gerð þess skips og líka þegar litið er til þeirra flugvéla sem verið er að undirbúa að kaupa fyrir Gæsluna og þess búnaðar sem verður um borð í henni að flugvélin verði þannig úr garði gerð eða með slíkan búnað að unnt sé að fylgjast með því sem nefnt er í lið 2, slysum eða óhöppum við olíuflutninga. Eitt er að slys verði eða óhapp þar sem olíu er sleppt í hafið, hvernig eigi að bregðast við því og hafa tæki til að fylgjast með því, annað er síðan ef stórslys verða á stórum olíuflutningaskipum. Það er ekki viðfangsefni sem nein ein þjóð ræður við, heldur þarf samstarf margra þjóða eins og við vitum. Þar er um að gera að líta til þess að nýta sér alþjóðlegar reglur og samninga um að krefjast þess að þau skip sem verða hér á ferðinni í nágrenni við landið, hvort heldur er austan- eða vestanvert við það, hvort heldur er á milli Íslands og Færeyja eða Íslands og Grænlands, virði samninga þegar fram líða stundir og olíuflutningar hefjast með risaskipum hér frá norðurheimskautssvæðunum. Þá á að gera kröfur um að þessi skip verði þannig úr garði gerð að allra öryggiskrafna sé gætt. Þar hafa menn alþjóðasamninga til að styðjast við og einnig er hægt að gefa fyrirmæli um siglingaleiðir og aðra slíka hluti sem þarf að hafa í huga.

Gæslan og starfsmenn hennar og dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafa haft auga á þessu viðfangsefni sem vikið er að í fyrirspurninni við undirbúning að smíði nýrra skipa og öllum er ljóst sem að þessum málum starfa hér að þarna eru

líklegar breytingar vegna þess að olíuvinnsla er að hefjast á norðurslóðum, norðar en áður og líklegt er að stór olíuskip muni sigla í nágrenni við Ísland.

[15:29]

Jón Kr. Óskarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra. Mig langar að spyrja hvort einhverjir spádómar séu um það hvenær siglingaleið opnist um norðurheimskautið.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og fagna því að menn huga að þessum málum hjá Landhelgisgæslunni og í ráðuneyti hans. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra í framhaldi af þessu hvenær gert sé ráð fyrir að þessi búnaður verði kominn hingað og hvenær við verðum komin með þetta nýja skip og þessi búnaður þannig orðinn til hér á landi. Vissulega er það svo að ef stórslys verður reynir auðvitað á samstarf þjóða, það er ljóst, og við erum með samninga við aðrar þjóðir um það. Við þurfum samt að geta brugðist við með bráðaaðgerðir ef mengunarslys eða olíuslys verður á hafsvæði okkar.

Við þurfum að eiga slíkan búnað og ég spurði hvað við ættum nú. Eigum við olíugirðingar, eigum við olíuuppsugutæki og þann búnað sem þarf? Ef ekki, hvenær verður slíkur búnaður til hjá Landhelgisgæslunni?

Annars þakka ég fyrir og fagna því að menn huga að þessu. Þessi þróun er mun hraðari en menn gerðu ráð fyrir og þegar maður heyrir umræðu um þessi mál á erlendum vettvangi er stöðugt verið að spá því að þetta gangi enn hraðar en vísindamenn hafa sagt undanfarið.

[15:32]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þingmanns áðan um hvenær norðausturheimskautssiglingaleiðin opnist, eins og ég skildi spurninguna, þá get ég ekki svarað því. Það eru þó líkur á því að hún opnist fyrr en síðar miðað við þróun í veðurfari og annað slíkt. Það sem fyrirspyrjandi er að velta fyrir sér er væntanlega olíuvinnsla í Barentshafi og olíuvinnsla sem er hafin á gráu svæði milli Noregs og Rússlands. Það er það sem hér er um að ræða og vinnsla þeirrar olíu sem litið er til í fyrirspurninni.

Fyrirspurnin snerist svo sem ekki um það sem hv. þingmaður víkur síðan að, hvaða búnaður er hér til varðandi olíugirðingar, dælur og annað slíkt til þess að hreinsa ef olía fer í sjóinn. Það er alveg sérstakt viðfangsefni sem að sumu leyti fellur undir Landhelgisgæsluna, að sjálfsögðu, en að öðru leyti undir þá sem hafa með mengunarvarnir við landið að gera. Ég tel að sá búnaður sé til í landinu sem nauðsynlegur er til að bregðast við slysum eða óhöppum á þessu sviði en, eins og ég segi, með hliðsjón af spurningunni taldi ég að um væri að ræða spurningu um þessar breyttu skipaferðir á hafsvæðum og þá er því til að svara að við erum að undirbúa nýtt skip og þá verður líka, að sjálfsögðu, litið til þess hér að eiga þá alþjóðlegu samvinnu sem er nauðsynleg til að unnt sé að bregðast við. Þar eru allar þjóðir við Norður-Atlantshaf að samhæfa krafta sína til að bregðast við ef slík stórslys verða.

Umræðu lokið.

Orkusparandi búnaður í skip Landhelgisgæslunnar.

Fsp. ÁRJ, 450. mál. — Þskj. 674.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Hér er fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra um orkusparandi búnað í skip Landhelgisgæslunnar. Þetta er mun nýrri fyrirspurn en sú sem ég mælti fyrir áðan og spyr ég hér hæstv. ráðherra hvort hann hyggist beita sér fyrir því að orkusparandi búnaður, sambærilegur þeim sem komið var fyrir í hafrannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni, verði komið fyrir í nýju skipi Landhelgisgæslunnar.

Frú forseti. Skipafloti okkar Íslendinga notar mjög mikla olíu, og stöðugt hækkandi olíuverð og aukin áhersla á umhverfismál eru þau viðfangsefni sem skipaútgerð og rekstur skipa mun glíma við hjá okkur. Stöðugt aukast kröfur um að minnka útblástur koldíoxíðs sem verður til við bruna olíu. Við Íslendingar eigum hér á landi sprota- og nýsköpunarfyrirtækið Marorku sem hefur unnið kerfi eða búnað sem getur náð niður árlegri olíunotkun skipa um allt að 10–15%. Þarna erum við í fararbroddi í heiminum hvað varðar þennan orkusparandi og umhverfisbætandi búnað.

Við erum að nálgast viðmiðunarmörk í heildarútblæstri koldíoxíðs hvað varðar þau mörk sem eru í Kyoto-bókuninni vegna skipaflotans og síðan má nefna hér í þessu sambandi að bæði ríkisstjórn og ráðuneyti eins og iðnaðarráðuneytið hafa sett sér stefnu í orkusparnaðarmálum, m.a. í bættri notkun orku. Ég tel einnig mikilvægt að við styðjum frumkvöðlafyrirtæki eins og Marorku sem er búið að hanna þetta orkusparandi kerfi og notum búnað þess eins víða og við getum, eins og ríkisstjórnin hefur gert í rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni. Mig langar líka til að geta þess að mjög mikill áhugi er á þessum búnaði víða í heiminum, og m.a. áforma Kanadamenn að koma þessum orkusparandi umhverfisvæna búnaði fyrir í öllum sínum ferjum, landhelgisgæsluskipum, herskipum o.s.frv. Enn fremur má geta þess að þessi búnaður mun borga sig upp á 1–2 árum verði honum komið fyrir í skipum.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hyggst hann beita sér fyrir því að slíkum orkusparandi búnaði verði komið fyrir í nýju skipi Landhelgisgæslunnar sem við ræddum reyndar líka í fyrri fyrirspurn?

[15:37]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég get haft þetta svar stutt. Það er unnið að undirbúningi smíði nýs skips með þennan búnað innan borðs, já.

[15:37]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég get líka haft viðbrögð mín stutt. Ég fagna þessu svari hæstv. ráðherra, þakka fyrir það og vona að þetta verði fyrsti vísir að því að við komum þessum búnaði fyrir í sem flestum, ef ekki öllum, skipa okkar.

Umræðu lokið.

Skattur á líkamsrækt.

Fsp. MÁ, 421. mál. — Þskj. 638.

[15:38]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra um skatt á líkamsrækt vegna þess að sú skattheimta er staðreynd. Hins vegar felst í henni ákveðin mismunun sem er auðvitað illþolandi í skattkerfinu en bendir líka til þess að við eigum að taka þessi mál upp í heild og skoða hug okkar um skattheimtu af þessu tagi.

Skattheimtan fer í raun og veru fram með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er ljóst af nýlegum úrskurði að skatt skal greiða þegar félagsmenn í verkalýðsfélagi fá styrk frá verkalýðsfélagi sínu til líkamsræktar sem tíðkast í nokkrum félögum, að ég hygg. Einkum er það VR sem fréttir hafa borist af. Í öðru lagi er ljóst að þegar atvinnurekandi styrkir starfsmann sinn til líkamsræktar, sem tíðkast í mörgum fyrirtækjum, þá skal annaðhvort starfsmaðurinn borga skatt af þeirri greiðslu, sé hún gefin upp sem hlunnindi eða flokkuð sem hlunnindi hjá skattinum, eða þá að atvinnurekandinn sjálfur borgar skattinn af greiðslum sínum ef hann kýs það heldur. Þannig er líkamsrækt skattlögð á þrjá vegu, þ.e. þessir styrkir til líkamsræktar.

Það vekur hins vegar athygli að í reglugerð nr. 483/1994 er, eins og tekið er fram í þingskjalinu, sérstaklega undanskilinn skatti frádráttarbær kostnaður sem telst vera, með leyfi forseta „við almenna fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og almenna heilsubótaraðstöðu“ en venja hefur verið að telja þessa almennu heilsubótaraðstöðu m.a. þá aðstöðu sem fyrirtæki koma sér sérstaklega upp til heilsuræktar fyrir starfsfólk sitt.

Nú skal fullkomlega viðurkennt að ekkert er einfalt í þessu frekar en í öðrum skattamálum og auðvitað má benda á fjölmarga styrki og greiðslur sem þegar er skattlagt og mismun þar á milli. Á hinn bóginn stefna stjórnvöld að því í lýðheilsu- og heilbrigðismálum að koma mönnum til líkamsræktar og efla heilsu manna en fjármálaráðuneytið kemur þar á móti og leggur skatt á þann styrk sem menn veita samkvæmt þessari stefnu.

Ég vona að fjármálaráðherra svari fljótt og vel, og ég á satt að segja von á jákvæðum svörum frá honum við þeirri spurningu hver afstaða hans sé til skattlagningar, jákvæð með þeim hætti að hann sé reiðubúinn til að beita sér fyrir afnámi þessa skatts.

[15:42]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Svar við 1. lið fyrirspurnar hv. þm. Marðar Árnasonar er að samkvæmt þeim upplýsingum frá skattyfirvöldum sem hægt hefur verið að nálgast hafa styrkir til líkamsræktar ekki verið sérgreindir sérstaklega í tölvukerfum skattyfirvalda. Þannig hafa skattyfirvöld ekki krafist þess við gagnaskil að styrkir séu sundurliðaðir sérstaklega með tilliti til líkamsræktarstyrkja, þ.e. að launamiðar skýri frá upplýsingaskyldum aðilum, svo sem stéttarfélögum eða almennum launagreiðendum. Þá liggur ekki fyrir sérstök tölfræðileg úttekt á skattlagningu umræddra styrkja sem slíkra við álagningu.

Varðandi liði b og c í 1. tölulið skal það upplýst að ekki verður gerður greinarmunur varðandi skattskyldu umræddra fríðinda hvort heldur launagreiðandi greiðir beint til líkamsræktarstöðvar vegna tilgreinds starfsmanns eða greiðir sama starfsmanni samsvarandi fjárhæð í formi styrks.

Svar við liðum a, b og c í spurningu eitt er því á þá leið að þessar upplýsingar liggja ekki fyrir.

Svar við 2. lið: Hvorki er gerð sú krafa í skattframtali atvinnurekanda að frádráttur umræddra kostnaðar frá tekjum sé tilgreindur sérstaklega né á það við að slíkur kostnaður sé almennt tilgreindur sérstaklega í ársreikningi atvinnurekanda. Ekki er því unnt að meta missi ríkissjóðs í skatttekjum af þeim toga sem um er spurt og er því svarið við spurningu tvö á þá sömu lund og spurningu eitt að þessar upplýsingar liggja ekki fyrir.

Svar við 3. lið: Það er hluti af meginreglu laga um tekjuskatt að til skattskyldra tekna telst allt endurgjald fyrir starf hvort sem það er greitt með peningum eða sem hlunnindi, gæði eða fríðindi sem launamaður fær úr hendi launagreiðanda, sbr. 7. gr. laga um tekjuskatt. Dæmi um skattskyld hlunnindi eru t.d. fatnaður, fæði eða afnot af bifreið sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té endurgjaldslaust. Jafnframt hefur verið litið svo á að styrkir til líkamsræktar séu hluti launa og teljast þeir því til skattskyldra tekna í skilningi 7. gr. laga um tekjuskatt. Breyting á þeirri framkvæmd væri frávik frá meginreglu tekjuskattslaganna.

Svar við 4. lið: Hvers konar almenn aðstaða á vinnustað fyrir starfsmenn hefur almennt ekki verið talin skattskyld í hendi starfsmanna jafnvel þó að aðstaðan kunni að vera frádráttarbær fyrir atvinnurekanda? Sem dæmi um það má nefna kaffiaðstöðu á vinnustað, sbr. 7. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt af tekjum á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Um slíka aðstöðu gilda sömu reglur og um heilsubótaraðstöðu. Erfiðleikum yrði bundið að ætla að gera heilsubótaraðstöðu skattskylda í hendi launþega þar sem um almenna aðstöðu á vinnustað er að ræða, sem óvíst er hversu margir nýta sér, auk skilgreiningarvanda á hugtakinu „heilsubótaraðstaða“. Ekki er kunnugt um að heilsubótaraðstaða á vinnustað sé það útbreidd að hún teljist vera í raunverulegri samkeppni við almenna líkamsrækt utan vinnustaða eða að mismunur á skattlagningu í hendi launþega hafi það í för með sér að starfsmenn noti frekar heilsubótaraðstöðu sína á vinnustað sínum fremur en almenna líkamsrækt utan vinnustaða.

Almennt er rétt að rifja upp í þessu samhengi að áður en

það skattkerfi sem við nú þekkjum og búum við var tekið upp 1988 var fjöldi liða frádráttarbær til skatts en ein af meginástæðum breytinganna var sú að einfalda skattkerfið og færa alla frádráttarliðina sem þá voru inn í einn frádráttarlið sem væri persónuafslátturinn. Það má því segja að í einhverjum skilningi sé persónuafslátturinn í dag jafngildi frádrátta sem áður tíðkuðust og höfðu verið byggðir á einhverjum svipuðum grunni og hv. þingmaður er að ýja að hér varðandi heilsubótaraðstöðuna, (Gripið fram í.) eða leggja það beinlínis til, svo að ég dragi ekki úr áherslunni sem hv. þingmaður leggur á það. Ekki ætla ég mér þá dul að fara að rífast við hann um íslensku. Þess vegna held ég að ef taka ætti upp slík einstök atriði þyrfti það að gerast í heildstæðu samhengi varðandi skattkerfið, hvernig við byggjum það upp, hvort og hvernig persónuafslátt eða skattleysismörk við erum með eða hvort við erum með einhvern fjölda mismunandi frádráttarliða.

[15:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Forseti. Ég þakka þessa ágætu fyrirspurn. Ég minni hæstv. ráðherra á að búið er að samþykkja á Alþingi átak í heilsueflingu með hreyfingu að markmiði og leiðbeiningum um mataræði og mikil vinna er í gangi á vegum ríkisstjórnarinnar í þá veru. En ég verð að segja að eins og fyrirkomulagið er í dag leggur ráðuneyti hæstv. fjármálaráðherra kannski ekki alveg sitt lóð á vogarskálarnar í þeirri hvatningu eða hitt þó heldur. Önnur höndin virðist vinna gegn því sem hin er að gera í núverandi ríkisstjórn. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig mun ráðuneyti hans vinna að því að þrýsta á þessa heilsueflingu og er hann með einhverja vinnu í gangi í þá veru að hvetja fólk til hreyfingar og heilsueflingar í staðinn fyrir að vera með skattlagningu á þá sem fá styrki til þess?

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég hef unnið í fjármálaráðuneytinu og ég hefði satt að segja getað skrifað sjálfur það svar sem ráðherrann flutti vegna þess að ég sá að það mátti ljóst greina hvernig það svar varð til. Það varð til á einhverri af skrifstofum fjármálaráðuneytisins og fjármálaráðherra þreif það síðan með sér þegar hann hljóp niður á þing, eða réttara sagt þegar hann settist upp í bílinn hjá bílstjóra sínum sem er væntanlega með eitt af stæðunum hér fyrir framan. (**Gripið fram í:** Heldurðu að hann hafi ekkert hreyft sig?) Nei, ég held að ráðherrann hafi ekki hreyft sig mikið í þessu, hvorki í eiginlegum skilningi né óeiginlegum, því að það sem ég vonaðist til að kæmi út úr þessari svokölluðu rannsókn minni á skatti á líkamsrækt var það að fjármálaráðherra, sem hefur verið nokkuð hraustur maður og gengur með FH-merkið í barminum þar að auki, tæki sjálfstæða afstöðu til málsins en ekki þá sem vitað er að kemur út úr fjármálaráðuneytinu því það gerir auðvitað ekkert annað en benda á hvernig málin eru og hafi verið. Það kemur ekkert á óvart í því efni. Hins vegar stendur eftir og það er líka furðulegt að fjármálaráðuneytið, þar sem í minni tíð a.m.k. voru duglegir menn og spurðu ekki að því hvort hægt væri að vinna hlutina, svarar þremur af fjórum spurningum á þá leið: Nei, við vitum ekkert um það og kærum okkur ekkert um að vita það. Við kærum okkur ekkert um að vita hverjar skatttekjurnar eru. Við kærum okkur ekkert um að vita hver afsláttarinn er.

Þriðju spurningunni, sem er um afstöðu ráðherrans sjálfs, ekki fjármálaráðuneytisins heldur ráðherrans sjálfs, svarar ráðherrann líka með tilbúnu svari frá einhverjum af fjölmörgum embættismönnum sínum sem sitja á stólum uppi í ráðuneyti og eru hreyfingarlausir nema þeir geti skroppið í líkamsræktaraðstöðu Seðlabankans, sem er væntanlega skattfrjáls, og hæstv. ráðherra Árni Mathiesen getur vonandi nýtt sér.

Ég lýsi miklum vonbrigðum með þetta mál og hyggst halda því áfram og bendi sérstaklega á þá mismunun sem þegar er fyrir hendi í kerfinu og á það misræmi sem, eins og ágætur hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir lýsti, er á milli þess sem gert er í lýðheilsu- og heilbrigðismálum annars vegar og þess sem hæstv. fjármálaráðherra leyfir sér hins vegar.

[15:50]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég get fullvissað hv. þingmann um að það er enn þá duglegt fólk í fjármálaráðuneytinu en ég held að það sé algerlega ástæðulaust fyrir hann að greina eitthvað á milli afstöðu fjármálaráðuneytisins og afstöðu fjármálaráðherrans. (**MÁ:** Hann er pólitíkus, hitt eru embættismenn.) Afstaða fjármálaráðuneytisins er sú afstaða sem fjármálaráðherrann tekur. Það er enginn munur þar á.

Það er hins vegar athyglisverð umræða sem hér er upp komin og sérstaklega þær ábendingar sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kom með um þá stefnumörkun sem Alþingi hefur gert varðandi hreyfingu og mataræði, því að fæði er eitt af þeim hlunnindum sem um er að ræða. Fæði er skattlagt eins og líkamsræktarstyrkirnir. Það leiðir auðvitað hugann að því líka að alls konar tæki og tól eru notuð við líkamsræktina og sumt af því er hugsanlega, án þess að ég kunni tollskrána utan að, með tollskrárnúmerum og er tollað og með vörugjöldum og er selt út úr verslunum með virðisaukaskatti. Þannig blandast þetta allt saman hjá okkur í þjóðfélaginu og þeim viðskiptum sem þar eru. (Gripið fram í.) En ég velti því líka fyrir mér í þessu sambandi: Þarf að styrkja fólk til að hreyfa sig? (**Gripið fram í:** Suma.) Þarf það að koma frá vinnuveitandanum, lífeyrissjóðunum eða launþegasamtökunum að fá fólk til að hreyfa sig? Þarf síðan að borga fyrir hreyfingu í líkamsræktarstöð? Er ekki hollasta hreyfingin að fara út að ganga? Það segja a.m.k. heilsugæslulæknarnir sem ég hef talað við, að það hollasta sem maður geri sé einfaldlega að fara út að ganga og það þarf enga styrki til þess.

Umræðu lokið.

Snjómokstur.

Fsp. KLM, 427. mál. — Þskj. 644.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Þeir sem ferðast um þjóðvegi landsins sérstaklega á veturna gera sér mjög vel grein fyrir hvað þjónusta Vegagerðarinnar er yfirleitt góð og mikilvæg sama hvort við erum að tala um snjómokstur, hálkuvörn eða venjulegt vetrarviðhald sem hefur sem betur fer aukist á flestum stöðum en þó ekki öllum. Þetta er að sjálfsögðu til mikillar fyrirmyndar en má bæta á einstökum leiðum og mikilvægt er að slík þjónusta sé góð. Þess vegna kem ég hér upp, virðulegi forseti, með fyrirspurn vegna þess að af og til berast okkur þingmönnum og ráðherrum fyrirspurnir um hvers vegna þessi og þessi vegarkafli er flokkaður í þennan flokk en ekki einhvern annan.

Erindi mitt hingað er að spyrja hæstv. samgönguráðherra út í það hvort ekki séu uppi áform um að hafa reglu um snjómokstur alla daga vikunnar á leiðinni frá Akureyri til Egilsstaða og frá þjóðvegi 1 til Vopnafjarðar.

Fyrirspurnin, virðulegi forseti, er sett fram vegna þess að hreppsnefnd Vopnafjarðar hefur skrifað og sent þingmönnum og ráðherra bréf þar sem hvatt er til þessa og bent á að aðeins sunnan við þá eða frá Egilsstöðum til Seyðisfjarðar, Fjarðabyggðar og suður um er mokað sjö daga vikunnar og er til mikillar fyrirmyndar og gott. En á þessari leið sem er þó sennilega eingöngu frá Mývatni til Egilsstaða og niður til Vopnafjarðar er aðeins sex daga mokstur.

Það hefur verið baráttumál Norðlendinga, Austfirðinga og Vopnfirðinga gagnvart sínum legg niður Vopnafjarðarheiðina að fá sjö daga mokstur. Þess vegna legg ég þessa spurningu fram fyrir hæstv. samgönguráðherra, virðulegi forseti, til að athuga hvort ekki standi til að bjóða þarna upp á sjö daga mokstur.

Virðulegi forseti. Það eru mjög margir þar á meðal vegagerðarmenn sem segja að sáralítill aukakostnaður sé við að hafa sjö daga mokstur miðað við sex daga mokstur. Í þessu tilfelli er laugardagurinn ekki mokaður sem er auðvitað mikill ferðadagur hjá fólki og fólk vill vera öruggt um að það komist leiðar sinnar á þessum tíma. En það sem við erum einfaldlega að segja er að með sjö daga mokstri sparast það að ryðja út og annað slíkt þannig að það er ekki endilega svo rosalega mikill aukakostnaður við að þetta verði gert.

Virðulegi forseti. Spurningu mína hef ég sett hér fram til hæstv. samgönguráðherra: Er áformað að hafa reglu um snjómokstur alla daga vikunnar á leiðinni frá Akureyri til Egilsstaða og frá þjóðvegi 1 til Vopnafjarðar?

[15:56]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að bera fram þessa fyrirspurn en svar mitt er að dagleg þjónusta er samkvæmt gildandi reglum um snjómokstur frá Akureyri til Reykjahlíðar. Það er daglegur mokstur þar og þjónusta. En þaðan til Egilsstaða og frá þjóðvegi 1 til Vopnafjarðar er þjónustan alla daga nema á laugardögum eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda.

Á báðum þessum leiðum er í gildi samningur við verktaka um þjónustuna og ekki áformað að breyta þeim samningi eða þeirri þjónustu á þessum vetri. Áform eru um að reglur um vetrarþjónustu verði endurskoðaðar fyrir næsta vetur en á þessari stundu er ekki ljóst hvaða breytingar kunna að verða gerðar í núgildandi reglum hvað þetta varðar.

Rétt er að skýra hvernig færð hefur verið á vegum á þessu svæði og má geta þess að ekki var ófært marga daga á árunum 2004 og 2005 sem betur fer og í raun var engan dag ófært árið 2005. Við höfum því verið sérstaklega heppin með veður og færð á þessum tíma. En ég tel eðlilegt að farið verði yfir þær óskir sem mér eru alveg ljósar frá sveitarstjórnarmönnum og öðrum á þessu svæði um endurskoðun og það verður gert þegar snjómokstursreglurnar verða teknar til frekari meðferðar fyrir næsta vetur.

Það er kannski rétt af þessu tilefni að fara aðeins yfir það. Auðvitað vildi ég vera laus við að moka snjó, það er ekki mjög góð fjárfesting út af fyrir sig. Það væri betra að moka í nýja vegi og byggja nýja vegi og sums staðar jarðgöng en ég held engu að síður að þessi þjónusta, vetrarþjónustan, sé mjög mikilvæg. Hún er mikilvæg í fyrsta lagi til þess að vegfarendur komist leiðar sinnar en ekki síður til að auka öryggið á vegunum. Þess vegna tók ég þá ákvörðun að hækka fjárveitingar innan útgjaldaliðar Vegagerðarinnar, hækka útgjöld til vetrarþjónustu verulega á síðasta ári og sú regla gildir enn þá á þessu ári. Ég er sannfærður um að það borgar sig fyrir okkur í öllu tilliti því að við þurfum á Íslandi að taka tillit til vetraraðstæðna og færðar á vegum og sinna þeirri þjónustu sem allra best. Ég er feginn að heyra að ég hef stuðning hv. þingmanna í þeim áformum og vænti þess að svo verði áfram en þetta verður endurskoðað fyrir næsta vetur.

[15:59]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir þessa fyrirspurn sem er þörf sem og hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin. Við hljótum að binda vonir við að þær reglur verði endurskoðaðar með það að markmiði að mokað verði um Norðausturland og niður á Vopnafjörð alla daga vikunnar. Þetta eru hálendisvegir og það er rétt sem hæstv. ráðherra benti á að við höfum á undanförnum árum verið mjög heppin með tíðarfar miðað við það sem hefur viðgengist á undanförnum áratugum og við vitum ekki hvenær harðir vetur koma aftur. Það er ljóst miðað við þá umferð sem er í gangi um Norðausturland að það er óásættanlegt annað en sú leið sé mokuð alla daga vikunnar.

Því fagna ég sérstaklega yfirlýsingu hæstv. samgönguráðherra að þetta verði endurskoðað og hann má vænta liðstyrks okkar þingmanna í þeim efnum að endurskoða þessar reglur því að það er mjög mikilvægt fyrir þetta svæði og þessi byggðarlög að mokað verði þar alla daga vikunnar.

[16:00]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir að taka þátt í þessari umræðu og hæstv. ráðherra fyrir svar hans. Það er mjög gott svar að mínu mati að snjó-

mokstursreglur verði endurskoðaðar við næsta útboð, ef ég hef skilið það rétt, sem er kannski á næsta vetri á þessari leið. Ég fagna því og tel að það sé gott.

Vegurinn yfir Vopnafjarðarheiði er 40 km einbreiður vegur uppi á fjalli, hár og mjög slæmur, þ.e. leggurinn frá Norðausturvegi niður á Vopnafjörð, og viðhald hans hefur í raun og veru verið minnkað undanfarin ár vegna þess að það er verið að bíða eftir að umhverfismati verði lokið svo hægt sé að ákveða hvaða leið verður valin til að byggja upp nýjan veg, sem yrði þá væntanlega tekinn í notkun árið 2008 eða 2009. Það verður þá í fyrsta skipti sem almennilegu vegasambandi verður komið á við þennan fallega stað og Vopnfirðingar eiga það sannarlega inni hjá okkur að mínu mati, virðulegi forseti, að þarna verði settur upp sjö daga mokstur þó svo að sem betur fer hafi verið snjólitlir vetur undanfarið og vegurinn hafi því ekki verið mikið lokaður. En ég vek athygli á og ítreka að fólk sem fer þessa leið þarf auðvitað að treysta því að það sé sjö daga mokstur.

Ég lýsi yfir ánægju minni með þetta svar og vona að þetta verði til þess að þarna verði mokstur alla daga vikunnar frá Mývatni og til Egilsstaða og niður til Vopnafjarðar og ég get sagt að hæstv. ráðherra á stuðning minn allan fyrir að auka fé til vetrarviðhalds og vetrarþjónustu Vegagerðarinnar. Þó svo það hafi verið að aukast undanfarin ár, sem er til mikillar fyrirmyndar eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, þá má bæta það og ég hygg að allir þingmenn séu sammála um það.

Umræðu lokið.

[16:02]

Útbýting:

Brottfall laga um Flugskóla Íslands hf., 480. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 708.

Heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu, 485. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 716.

Samningar við hjúkrunarheimili, 483. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 714.

Sjúkrahústengd heimaþjónusta fyrir aldraða, 484. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 715.

Svæðisútvarp á Vesturlandi, 486. mál, fsp. AKG, þskj. 717.

Þjónusta við börn og unglinga með geðraskanir, 482. mál, fsp. VF, þskj. 713.

Út af dagskrá var tekið 15. mál.

Fundi slitið kl. 16:03.

---

57. FUNDUR

miðvikudaginn 1. febr.,
að loknum 56. fundi.

Dagskrá:

1. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, stjfrv., 288. mál, þskj. 709, lög 720. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Tóbaksvarnir, stjfrv., 388. mál, þskj. 470. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 288. mál (vatnsaflsrannsóknir, leyfi o.fl.). — Þskj. 709.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:04]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það frumvarp sem við greiðum nú atkvæði um er ekki mikið að vöxtum. Hins vegar liggur ríkisstjórninni mjög á að fá það samþykkt og afgreitt sem lög frá Alþingi.

Ákvæði frumvarpsins eru tekin út úr mun stærra lagafrumvarpi um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Það frumvarp hefur sætt mikilli andstöðu í þjóðfélaginu almennt og hér innan veggja Alþingis einnig. Þess vegna brá ríkisstjórnin á það ráð að fara þessa flýtimeðferð til að ná fram ásetningi sínum til að auðvelda iðnaðarráðherra að veita leyfi til rannsókna á virkjunarkostum en sem kunnugt er vill hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórn halda áfram virkjunum í þágu erlendra álfyrirtækja sem sækja nú inn í landið vegna skattfríðinda og lægsta orkuverðs sem um getur í okkar heimshluta. Í veigamiklum atriðum er um að ræða sérkjör sem ekki eru í boði fyrir íslenskan atvinnurekstur.

Í þessari atkvæðagreiðslu skilja leiðir, annars vegar á milli þeirra sem vilja auðvelda ríkisstjórninni að halda lengra inn á stóriðjubrautina á kostnað íslensks atvinnulífs og íslenskrar náttúru og hins vegar hinna sem vilja hlúa að íslenskum atvinnurekstri, fjölbreytni í atvinnulífinu og síðast en ekki síst að íslenskri náttúru.

Afstaða Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð er skýr og hún er afdráttarlaus. Núna viljum við álstopp. Við viljum álstopp í þágu fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Við viljum álstopp í þágu íslenskrar náttúru.

[16:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp sem við greiðum nú atkvæði um er ekki stórt að vöxtum og það er sakleysið uppmálað. Það gengur ekki út á annað en að orkufyrirtæki fái að rannsaka vatnsafl og eigi það tryggt að fá þann kostnað endurgreiddan ef annað fyrirtæki fær virkjunarréttinn síðar. Það er nú allt og sumt. Um þetta hafa hv. þingmenn Vinstri grænna þurft að tjá sig mikið, svo klukkutímum skiptir. En ég er hrædd um að það hafi verið einhver misskilningur í því (**HlH:** Hjá hverjum?) hvernig staðið var að málum.

Ég ítreka það að þetta frumvarp gengur ekki út á annað en það sem ég kom inn á áður.

Frv. samþ. með 39:5 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.

nei: HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

19 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GAK, GÁ, HÁs, HHj, ISG, JónK, JBjart, KHG, LB, MÞH, SigurjÞ, SP, SæS, VF, ÖS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:08]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það frumvarp sem hér er verið að greiða atkvæði um felur í sér auknar og rýmri heimildir til handa iðnaðarráðherra til að undirbúa fleiri stórvirkjanir í vatnsföllum landsins fyrir álbræðslur og álæði sem heltekur ríkisstjórnina. Jafnframt eru þessi rannsóknarleyfi gerð að markaðsvöru, þau geta nú gengið kaupum og sölum með leyfi ráðherra.

Frú forseti. Sum vatnsföll eru hafin yfir það að þau eigi að rannsaka með tilliti til stórvirkjana fyrir álbræðslu. Þar á meðal eru jökulvötnin í Skagafirði, Héraðsvötnin. Þar á meðal er Skjálfandafljót með Aldeyjarfossi, svo nokkuð sé nefnt. Þessi vötn á ekki að fela í hendur iðnaðarráðherra. Þau eiga að fá að renna frjáls til sjávar.

Því, frú forseti, segi ég nei við þessu frumvarpi sem hér er verið að greiða atkvæði um.

[16:09]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra sagði hér í ræðustól að þetta frumvarp væri sakleysið uppmálað og hæstv. iðnaðarráðherra var einmitt sakleysið uppmálað á fjölmennum fundi í Listagilinu á Akureyri í gærkvöldi þar sem fjölmargir andstæðingar álvers á Norðurlandi voru mættir og nokkrir virkjunar- og álverssinnar líka reyndar. (Gripið fram í.) Það heyrðist ekki mikið í þeim á þessum fundi, þeir voru með ótakmarkaðan ræðutíma að sjálfsögðu. Ég segi nei við þessu frumvarpi vegna þess að þetta frumvarp er liður í álvæðingu Íslands og þessa álvæðingu viljum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði stoppa og þessa álvæðingu vill þjóðin líka stoppa. Við spyrjum að leikslokum, frú forseti.

[16:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra leyfði sér að segja í ræðustóli rétt áðan að þetta frumvarp sé sakleysið uppmálað. Það eru hræðileg öfugmæli, frú forseti, því þetta frumvarp hjálpar hæstv. iðnaðarráðherra að koma fleiri náttúruperlum á Íslandi í lóg fyrir erlenda álauðhringa. Hæstv. iðnaðarráðherra setur þetta frumvarp fram til þess eins að orkufyrirtæki sem stundi rannsóknir á vatnsafli verði ekki lengur svona treg, eins og segir í greinargerð hæstv. ráðherra með þessu frumvarpi.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum sátt við að orkufyrirtæki á Íslandi séu treg til að rannsaka virkjunarkosti í vatnsafli fyrir erlend álfyrirtæki. Við erum hins vegar ekki treg til að sjá til þess að staðinn sé vörður um íslenska náttúru. Það gerum við með andstöðu okkar við þetta frumvarp. Hún hefur verið mjög öflug og kröftug og við höfum talað hér lengi, eins og hæstv. ráðherra hefur gagnrýnt okkur fyrir. Við erum stolt af því hversu lengi við höfum talað í þessu frumvarpi og stolt af þeirri andstöðu sem hefur komið fram hjá okkur. Ég segi nei.

[16:12]

Mörður Árnason:

Forseti. Fyrir þá sem standa vörð er mikilvægt að kalla ekki til hjálpar t.d. með kallinu úlfur, úlfur fyrr en hættan er ljós. Þetta frumvarp sem við greiðum atkvæði um er niðurstaðan á nokkuð löngu ferli þar sem stjórnarandstaðan sameinuð hefur náð verulegum árangri. Hún hefur gert það með því að það vilyrði sem sóst var eftir og var í lögunum um vatnsafl er nú einungis í gildi um hitaveitur. Auðvitað eru hættur hér og þar á ferð en ég vek athygli á því að með ákvæði til bráðabirgða er í raun og veru þannig gengið frá málum að ráðherra getur a.m.k. ekki veitt nýtingarleyfi nema þegar tveir eða fleiri sækja um og siðferðilega getur hún í raun og veru ekki veitt neinum einum nýtingarleyfi þar sem nefnd á að fjalla um málið og skila í formi lagafrumvarps 15. september á þessu ári. Ég segi því já.

[16:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Vegna langra umræðna hv. þingmanna Vinstri grænna um þetta mál sem þeir hafa í rauninni haldið uppi til þess að finna fætur undir það að þeir séu þeir einu sem berjist fyrir náttúruvernd á Íslandi en ekki vegna þess máls sem hér er á ferðinni, þá geri ég eftirfarandi grein fyrir mínu atkvæði: (Gripið fram í.)

Það er þannig að þetta frumvarp snýst eingöngu um að hægt sé að veita leyfi til að rannsaka vatnsföll á Íslandi og líka möguleika til orkunýtingar vegna orku sem er framleidd með jarðhita. Þetta snýst ekki um neitt annað. Hvernig menn fara svo með þetta til nýtingar í framtíðinni fer auðvitað eftir þeim reglum sem settar verða í kjölfarið. Þær reglur eru ekki orðnar til. Hæstv. ráðherra getur ekki veitt vilyrði á grundvelli þessara laga lengur. (Forseti hringir.)

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 720).

Tóbaksvarnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 388. mál (reykingabann). — Þskj. 470.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

[16:15]

Útbýting:
Viðhald vega, 488. mál, fsp. AKG, þskj. 719.
Þjónusta sæðisútvarps, 487. mál, fsp. AKG, þskj. 718.

Fundi slitið kl. 16:16.

---

58. FUNDUR

fimmtudaginn 2. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Háskólar, stjfrv., 433. mál, þskj. 654. — 1. umr.
2. Grunnskólar, stjfrv., 447. mál, þskj. 671. — 1. umr.
3. Æskulýðslög, stjfrv., 434. mál, þskj. 655. — 1. umr.
4. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
5. Útvarpslög o.fl., frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
6. Stjórnarskipunarlög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
7. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður verða í dag. Hin fyrri hefst nú strax á eftir áður en gengið verður til dagskrár og er um samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika. Málshefjandi er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Hæstv. umhverfisráðherra verður til andsvara.

Hin síðari hefst klukkan 3 síðdegis og er um styttingu náms til stúdentsprófs. Málshefjandi er hv. þm. Björgvin. G. Sigurðsson. Hæstv. menntamálaráðherra verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

Umræður utan dagskrár.

Samningurinn um líffræðilegan fjölbreytileika.

[10:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Tveir eru þeir þjóðréttarsamningar sem segja má að séu hinir allra mikilvægustu á sviði umhverfismála, samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem oft hefur verið tekist á um á Alþingi Íslendinga og samningurinn um líffræðilega fjölbreytni. Um hann hefur minna verið fjallað hér þó að tilraunir hafi verið gerðar til að fá um hann umfjöllun. Nú er komin út skýrsla frá Ríkisendurskoðun sem má segja að sé áfellisdómur yfir stjórnvöldum hvað varðar eftirfylgni þessa samnings. Sú skýrsla er tilefni þessarar umræðu.

Samningurinn hefur verið í gildi síðan í desember 1994 og enn hefur ekki verið gerð um það áætlun hvernig beri að framfylgja honum. Þó hafa þrír hv. þingmenn allar götur frá 1998 reynt eftir megni að skapa þrýsting á umhverfisráðherra á hverjum tíma. Árið 1998 þurfti hæstv. fyrrverandi umhverfisráðherra Guðmundur Bjarnason að svara spurningum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar; Siv Friðleifsdóttir, þá hæstv. umhverfisráðherra, þurfti að svara spurningum mínum og hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur, og nú er komið að hæstv. umhverfisráðherra Sigríði Önnu Þórðardóttur.

Ævinlega hafa svörin verið á þá leið að nú sé þetta allt að gerast, framkvæmdaáætlun á næsta leiti og markvisst unnið að því að styrkja grundvöll fyrir framkvæmd samningsins.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar hefur nú dæmt þau svör sem innihaldslaust hjal, og vanræksla umhverfisráðherra og ríkisstjórna undangenginn áratug hefur verið afhjúpuð. Skyldur þær sem samningurinn leggur okkur á herðar hafa ekki verið uppfylltar og það sem gert hefur verið virðast vera hálfgerðir málamyndagjörningar.

Frá upphafi hefur verið ljóst að aðild okkar að samningnum mundi kalla á nokkrar breytingar á íslenskri löggjöf og stefnumörkun. Framkvæmdaáætlun er grundvallaratriði og er henni ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun í samfélaginu. Meðal annars er gert ráð fyrir að áætlun sé gerð um að allir atvinnuvegir þjóðarinnar lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar og að um það séu gerðar sérstakar áætlanir.

Í skýrslunni kemur fram að löggjöf okkar sé afar ábótavant hvað þetta snertir, hvergi sé minnst berum orðum á samninginn og þrátt fyrir að lykilhugtök hans eins og sjálfbær landnýting og líffræðileg fjölbreytni komi fyrir hér og þar í lögum eru þau hvergi skilgreind af neinni nákvæmni og skapar það að sögn skýrsluhöfunda umtalsverða óvissu um túlkun og framkvæmd.

Í samningnum er þess krafist að tillit sé tekið til náttúrunnar, eða líffræðilegra auðlinda, en nýlegt dæmi um löggjöf sem sniðgengur þessi grundvallarmarkmið og eru því brot á samningnum eru þau lög sem samþykkt voru héðan frá Alþingi Íslendinga í gær, lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þar segir skýrsla Ríkisendurskoðunar að leitast sé við að marka þá stefnu að náttúrusjónarmið hafi ekki úrslitaáhrif við ákvarðanatöku heldur séu þau aðeins liður í stærra samhengi þegar meta skal hvort nýting náttúruauðlinda sé sjálfbær.

Í skýrslunni er aðferðafræði sú sem lýst er í frumvarpinu sem við höfum tekist á um síðustu daga, frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, gagnrýnd harkalega og það er sagt berum orðum að athuga beri að löggjöf um vötn og jarðrænar auðlindir sé á forræði iðnaðarráðherra en ekki umhverfisráðherra, nákvæmmlega eitt af okkar sterku gagnrýnisatriðum varðandi þá löggjöf. Skýrsluhöfundarnir álykta þar með að virkan samráðsvettvang skorti og einnig skorti að eðlilega hafi verið staðið að innleiðingu og framfylgni samningsins um líffræðilegan fjölbreytileika á Íslandi.

Frú forseti. Það mætti nefna ótal aðra þætti úr þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem stjórnvöld fá falleinkunn. Náttúrufarsrannsóknir eru eitt svið sem vanrækt hefur verið, landsáætlanir um vernd og vöktun líffræðilegrar fjölbreytni hafa ekki verið unnar. Engin stofnun hefur beinlínis það hlutverk í íslenska stjórnkerfinu að gæta sérstaklega hagsmuna umhverfisins eða náttúrunnar, vera talsmaður eða umboðsmaður náttúrunnar eins og segir í skýrslunni, og fjármagn hefur verið af svo skornum skammti að lítið hefur verið hægt að sinna innleiðingu samningsins.

Frú forseti. Ég met það svo að hér sé staðfest áralöng gagnrýni hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs á slælega frammistöðu ríkisstjórnar hæstv. forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar og þar áður hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra Davíðs Oddssonar í umhverfismálum. Málaflokkurinn hefur verið látinn sitja á hakanum og menn hafa lagt sig í líma við að rangtúlka þá samninga sem við höfum undirgengist og fara í kringum þá með öllum tiltækum ráðum. Í mínum huga er þetta alvarlegur áfellisdómur og rétt að hafa áfram vakandi auga með þessari ríkisstjórn. Sá ráðherra sem ábyrgur er fyrir málaflokknum núna, hæstv. umhverfisráðherra Sigríður Anna Þórðardóttir, hefur fengið frá mér einar fimm spurningar til að svara við þessa umræðu þessari alvarlegu gagnrýni sem Ríkisendurskoðun setur fram á ríkisstjórnina vegna slælegrar frammistöðu í umhverfismálum.

[10:38]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni er einn mikilvægasti alþjóðasamningurinn á sviði umhverfismála og veitir leiðsögn um verndun og sjálfbæra nýtingu lífríkisins. Þetta er eitt mikilvægasta verkefni okkar Íslendinga, og sjálfbær nýting hinnar lifandi náttúru á landi og í sjó er grundvöllur efnahags og velferðar þjóðarinnar.

Samningurinn hefur haft mikil áhrif á stefnumótun og aðgerðir íslenskra stjórnvalda á sviði umhverfismála og fleiri málaflokka allt frá því að hann var gerður árið 1992. Í þeirri vinnu er ekki um innihaldslaust hjal að ræða eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir lét liggja að hér áðan. Það dugar ekki að horfa einungis á tilvísanir til samningsins í lagatextum heldur liggja þær hugmyndir, gildi og tilmæli sem í honum er að finna víða til grundvallar í íslenskri löggjöf og stefnumótun stjórnvalda. Samningnum og markmiðum hans er m.a. gert hátt undir höfði í stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun, velferð til framtíðar og stefnumörkun stjórnvalda um málefni hafsins.

Eitt meginmarkmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni. Þessu viðfangsefni er settur rammi, ekki síst með náttúruverndarlögum frá 1999 en ákvæði samningsins voru m.a. höfð til hliðsjónar við samningu þeirra. Markmiðsgreinar laganna hafa beina skírskotun í 1. gr. samningsins og þar er m.a. að finna ákvæði um innflutning, ræktun og dreifingu lífvera í samræmi við ákvæði hans þar um. Friðlýsingarákvæðum náttúruverndarlaganna var breytt frá fyrri lögum til að styrkja verndun og friðun lífvera, búsvæða, vistgerða og vistkerfa í samræmi við 8. gr. samningsins.

Lagasetning er auðvitað nauðsynleg en ekki skiptir síður máli að hrinda ákvæðum laga í framkvæmd og það urðu ákveðin tímamót í framkvæmd náttúruverndar á Íslandi með tilkomu fyrstu heildstæðu náttúruverndaráætlunarinnar fyrir um tveimur árum sem byggir mjög á hugmyndafræði samningsins. Verndun lífríkisins hefur því að mínu mati stórlega eflst á þeim rúma áratug sem liðinn er frá gildistöku samningsins.

Eitt meginákvæði samningsins lýtur að greiningu og vöktun náttúrunnar. Þar stendur Ísland hvað veikast eins og bent er á í nýlegri úttekt Ríkisendurskoðunar á framkvæmd samningsins. Ég tel afar brýnt að efla vinnu við að afla grunngagna um náttúru Íslands og hvatti m.a. til að efla þá gagnaöflun um íslenska náttúru á fjórða umhverfisþingi í nóvember sl. Ég mun einnig leggja til að grunnrannsóknir á íslenskri náttúru verði eitt af meginviðfangsefnum í rannsóknum á næsta starfstímabili Vísinda- og tækniráðs.

Rannsóknarverkefnið Botndýr á Íslandsmiðum eða BIOICE er dæmi um vel heppnað rannsóknarverkefni og er vísast eitt stærsta verkefnið um kortlagningu botndýra sem unnið er að í heiminum. Náttúrufræðistofnun hefur fyrir hönd umhverfisráðuneytisins haft umsjón með þessu verki í samstarfi við fjölmarga aðila en það hefur m.a. leitt til uppgötvunar margra nýrra tegunda lífvera. Á þessu sviði hefur okkur miðað verulega áleiðis á sviði þekkingar þótt annars staðar þurfi að gera betur. Starf að stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni stendur yfir og á að ljúka á árinu. Ég reikna með að í henni verði einhvers konar aðgerðaáætlun. Ekki er unnt að svara því fyrr en þeirri vinnu lýkur hvort þörf er á sérstökum áætlunum sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir spyr um en í stefnumörkuninni verður fjallað um vernd og vöktun lífríkisins og gerðar tillögur um það sem mætti bæta og efla í þeim efnum.

Umhverfisráðuneytið hefur á hendi forræði og meginábyrgð á framkvæmd samningsins í samvinnu við önnur stjórnvöld eftir því sem við á. Sú samvinna skiptir miklu máli. Samningurinn er rammasamningur. Hann hefur skírskotun, ekki aðeins til náttúruverndar heldur líka til sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar og fleiri athafna manns-

ins. Það skiptir því miklu máli að innleiða ákvæði hans sem víðast og efla þekkingu á efni hans og þar tel ég að við séum á réttri leið.

Nú fer fram samráð ráðuneyta fyrir fundi á vegum samningsins eftir því sem tilefni eru til og algengt er að fulltrúar annarra ráðuneyta fari á lykilfundi ásamt fulltrúum umhverfisráðuneytisins. Þegar er fyrir hendi virkur samráðsvettvangur um málefni samningsins til viðbótar við þá stefnumótunarvinnu sem ég nefndi áður en þar starfa saman fulltrúar fimm ráðuneyta. Það er síðan álitaefni hvort lögfesta eigi varúðarregluna og aðrar grunnreglur umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar sem m.a. er (Forseti hringir.) að finna í Ríó-yfirlýsingunni frá 1992. Ég mun koma nánar inn á þessi mál í seinni ræðu minni.

[10:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um samninginn um líffræðilega fjölbreytni er áfellisdómur yfir ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í umhverfismálum. Þessi samningur sem á rót sína í Ríó-ráðstefnunni um umhverfi og þróun frá 1992 er almennt álitinn einn af þýðingarmestu alþjóðasamningum á sviði umhverfisréttar og markaði þáttaskil í umhverfismálum. Þrátt fyrir það hafa íslensk stjórnvöld lítið sinnt þessum samningi og nánast hunsað hann að mestu leyti.

Ríkisendurskoðun bendir á að sérstaka athygli veki hve lítil áhersla virðist hafa verið lögð á náttúrufræðilegar rannsóknir sem ættu að vera forgangsverkefni svo að unnt sé að skrásetja líffræðilega fjölbreytni um allt land. Samfylkingin hefur flutt þingmál um skipulega skráningu á náttúrufari landsins þrjú þing í röð. Um það hafa komið mjög jákvæðar umsagnir en málið ávallt svæft.

Fyrstu árin eftir undirritun samningsins 1992–1994 var áhersla lögð á hann með nýjum lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands, lögum um villidýr og endurskoðun laga um náttúruvernd. Með tilkomu Framsóknarflokksins í ríkisstjórn datt botninn úr þessum áformum sem skýrast kom fram í meðferðinni á Náttúrufræðistofnun og áherslum á skipulega skrásetningu líffræðilegrar fjölbreytni landsins sem er undirstaða fyrir framkvæmd umhverfislöggjafar. Hann lagði niður náttúruverndarráð, aflagði lögbundin náttúruverndarþing og Náttúruvernd ríkisins sem var innlimuð í mengunarstofnun. Þessa hluti þarf að skoða í ljósi samningsins um líffræðilega fjölbreytni og þær skyldur sem hann leggur okkur á herðar.

Þetta mál allt er stærra í sniðum en svo að það sé Alþingi sæmandi að afgreiða það með einni stuttri umræðu utan dagskrár og láta þar við sitja. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd samningsins er það mikill áfellisdómur yfir íslenskum stjórnvöldum.

Ég fer fram á það hér með, virðulegi forseti, fyrir hönd Samfylkingarinnar og fulltrúa hennar í umhverfisnefnd að skýrslan verði tekin þar fyrir með formlegum hætti, gestir kallaðir til og kannaðar þær alvarlegu ávirðingar (Forseti hringir.) sem þar eru settar fram gegn framkvæmdarvaldinu og Alþingi. Að þeirri umfjöllun lokinni gefi nefndin þinginu skýrslu og hún verði tekin til umræðu á Alþingi.

[10:45]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég þakka umræðu um þetta mikilvæga mál. Það er greinilegt á ræðu hæstv. umhverfisráðherra að hún gerir ekki lítið úr þessu máli, þessum samningi um líffræðilega fjölbreytni. Það sem ég tel einna ámælisverðast sem kemur fram í þessari skýrslu, og er ekkert nýtt í umræðunni um umhverfismál, er að grunnrannsóknir og kort vantar og það snertir ekki einungis það að uppfylla einhvern samning, heldur það að við getum gert árangursríkt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þess vegna eiga menn ekki endilega að líta á dóm Ríkisendurskoðunar um að uppfylla þennan samning endilega í því ljósi að verið sé að uppfylla eitthvert erlent markmið, heldur að það gagnast okkur að fara í þessa vinnu.

Ég get ekki tekið undir alla þá gagnrýni sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sérstaklega ekki að búa þurfi til nýtt embætti, talsmann náttúrunnar. Ég tel að það geti einfaldlega orðið til að flækja málið. Ég hefði talið miklu nær að efla þau frjálsu félagasamtök sem eru til staðar, svo sem Náttúruverndarsamtök Íslands og Landvernd, en fara ekki að búa til enn eitt embættið. Þá kemur fram í skýrslunni að efla þurfi samvinnu stofnana og ég tel að það verði ekki gert með því að stofna enn eitt embættið.

Ég þakka þessa umræðu og vona að hún verði málinu til framdráttar.

[10:47]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Þetta er mikilvæg umræða sem hér fer fram, og ber að þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að vekja athygli á málinu. Skýrsla Ríkisendurskoðunar er þungur áfellisdómur yfir umhverfisráðherrum síðustu 12 ára. Allt frá árinu 1994 hefur allt of lítið verið gert til þess að koma þessum málum áfram. Það eru þrír umhverfisráðherrar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem hafa klikkað í þessu máli. Ég lýsi eftir fulltrúum Framsóknarflokksins í þessari umræðu, er virkilega enginn framsóknarmaður í salnum og ætla þeir ekkert að taka þátt í þessari umræðu? Hvar er hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra? Ég mundi gjarnan vilja heyra álit hennar á þessum málum.

Fögur orð og fyrirheit koma hér enn og aftur upp, og hæstv. umhverfisráðherra leggur þau hér fram. Hún segir að hún reikni með aðgerðaáætlun seinna á þessu ári. Það er bara ekki nóg, frú forseti. Nú verðum við að fara að gera eitthvað í málunum. Það kemur hérna fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar mjög skýrt og skorinort að allt of lítið hefur verið gert í þeim.

Hér stendur, með leyfi forseta:

„Þá ber að hafa í huga að a.m.k. á meðan ónógar rannsóknir hafa farið fram kann að vera ástæða til að lögfesta varúðarsjónarmið gagnvart nýtingu náttúruauðlinda, en slík varúðarregla finnst ekki í íslenskri löggjöf.“

Hún finnst ekki í íslenskri löggjöf. Er það eðlilegt, hæstv. umhverfisráðherra?

Einnig kemur fram að engin stofnun eða aðili hafi það sem meginhlutverk að gæta sérstakra hagsmuna umhverfis og náttúru, og það er á tímum sem umhverfisverndarsamtök

eru hunsuð af ríkisstjórn Íslands. Við það má ekki búa öllu lengur, frú forseti.

[10:50]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Eins og umhverfisráðherra rakti áðan er ljóst að á margan hátt stendur Ísland vel þegar horft er til líffræðilegrar fjölbreytni. Margt hefur verið vel gert.

Eitt langar mig að gera að sérstöku umfjöllunarefni hér og það er rannsóknarverkefnið Botndýr við Íslandsmið, eða BIOICE, sem er eitt stærsta dæmið um öflugt starf að rannsókn um líffræðilega fjölbreytni hér við land. Þótt þess sé ekki mikið getið í skýrslu Ríkisendurskoðunar er ástæða til að fara sérstaklega yfir það.

Verkefnið hófst árið 1992 og nú styttist í að því ljúki. Eins og fram kemur í nýlegri skýrslu um verkefnið eru helstu markmið þess að rannsaka hvaða botndýrategundir lifa innan íslenskrar efnahagslögsögu og skrá útbreiðslu þeirra, magn og tengsl þeirra við aðrar lífverur sjávar. Sýnatökum vegna rannsóknarverkefnisins lauk árið 2004 eftir 19 leiðangra á þremur rannsóknaskipum. Tekin voru alls 1.390 sýni á tæplega 600 stöðum innan efnahagslögsögunnar á 20–3.000 metra dýpi. Yfir 90% sýnanna hafa verið flokkuð, alls 4,2 milljónir dýra í um 50 hópa og fylkingar og hafa sýnin farið í alls um 60 þús. flát. Um 2,7 milljónir dýra hafa verið sendar til um 150 sérfróðra innlendra og erlendra dýrafræðinga til rannsóknar, en að verkefninu kemur fjöldi einstaklinga og stofnana, bæði innlendra og erlendra.

Verkefnið er unnið á vegum umhverfisráðuneytisins, en framkvæmdir annast Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Líffræðistofnun Háskólans, Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands og Sandgerðisbær, en þess má geta að framlag Sandgerðisbæjar í þessu sambandi hefur verið mikilvægt. Bærinn útvegaði m.a. húsnæði og hefur sýnt verkefninu mikinn áhuga (Forseti hringir.) og stuðning. Er það vel.

[10:52]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er aðdáunarvert hvað botndýr og Sandgerðingar hafa gert fyrir umhverfismál á Íslandi. Ég tek undir með síðasta hv. ræðumanni um þau efni.

Hins vegar er það þannig að undanfarinn áratug og auðvitað miklu lengur hafa umhverfismálin verið afgangsmál. Þau hafa ekki verið forgangsmál, þau hafa verið afgangsmál. Það sést ágætlega í Stjórnarráðinu, á hinu stjórnsýslulega og pólitíska sviði, að umhverfisráðherrann er yfirleitt síðasta myntin í taflinu, í hrossakaupunum í samningunum. Það er sérkennilegt að af þeim fimm ráðherrum sem hafa verið umhverfisráðherrar einir — því að einu sinni setti Framsóknarflokkurinn umhverfisráðuneytið undir landbúnaðarráðuneytið — hefur enginn þeirra orðið aftur ráðherra. Það stendur að vísu til bóta hvað einn þeirra varðar, umhverfisráðherra númer þrjú, en svoleiðis er það samt enn þá.

Um leið og ég ítreka afstöðu hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur um að við tvö ætlum að fá þetta mál tekið fyrir í umhverfisnefnd og skila rækilegri skýrslu til Alþingis sem hafi um þetta sérstaka umræðu — því að til lítils eru þessi plögg ef þau eru ekki rædd og afgreidd — hlýt ég að benda í kjölfar hv. 5. þm. Norðaust. á tíðindin í þessari umræðu. Þau eru, þótt margt hafi hér verið vel sagt, að sjálfsögðu þau að enginn framsóknarmaður talar. Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, sást í dyrunum áðan, leit hér yfir og hvarf aftur, yggldur á brún og brá, en þeir hafa ekki talað hér. Þó er það þannig að framsóknarmenn hafa stjórnað þessu ráðuneyti í níu ár, frá 1995 til síðla árs 2004. Það er sérstaklega fjallað um svör framsóknarmanna í ráðuneytunum á síðum 40–45 í skýrslunni. (Forseti hringir.) Þau svör sem þeir gefa hérna við fyrirspurnum eru skorin niður við trog. (Forseti hringir.) Hvar er Framsóknarflokkurinn?

[10:54]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að nota seinni ræðutíma minn í að taka undir með hv. þingmönnum Samfylkingarinnar um að taka þetta mál upp í umhverfisnefnd þingsins. Ég held að það væri einkar gott að taka það þar upp því að þar eiga framsóknarmenn fulltrúa. Þeir eru nú ekki hér í salnum en þá virðist sérstaklega vanta þegar umhverfismál og byggðamál eru rædd. Það eru þeir tveir málaflokkar sem þeir forðast að ræða hér í þingsalnum — eða þá að önnur skýring gæti verið á því sem snertir það að þeir hafa verið æ meira í því að yfirtaka málaflokkinn. Þeir hafa komið með frumvörp þar sem þeir ganga stöðugt á verksvið hæstv. umhverfisráðherra. Maður furðar sig í rauninni stundum á því hvað Sjálfstæðisflokkurinn gefur eftir.

Við sjáum t.d. frumvarp um vatnalögin. Þar yfirtaka þeir hlutverk hæstv. umhverfisráðherra. Svo er frumvarp um jarðrænar auðlindir og rammaáætlun um nýtingu vatnsafls. Það er ekki á forræði Sjálfstæðisflokksins sem ræður yfir umhverfisráðuneytinu. Nei, það er farið með það í iðnaðarráðuneytið. Þetta er bara vitleysa.

Mig langaði að beina einni fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra í framhaldi af þessari umræðu. Hún nefndi annan samning, samninginn um loftslagsbreytingar. Nú virðist sem iðnaðarráðherra sé næstum orðin hálfgildings umhverfisráðherra, hún yfirtekur útreikinga á því hvað er hægt að losa mikið af gróðurhúsalofttegundum. Ég vil nota tækifærið hér og spyrja hæstv. ráðherra hvort verið sé að reikna losunina á tveimur stöðum, þ.e. hve mikill kvóti sé eftir af gróðurhúsalofttegundum til að losa. Hæstv. ráðherra minntist á að þetta væru tveir mikilvægir samningar. Eigum við þá von á einhverjum deilum um það á milli ráðherra, iðnaðar- og umhverfisráðherra? (Forseti hringir.) Eða mun (Forseti hringir.) hæstv. umhverfisráðherra gefa eftir enn og aftur?

[10:57]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu þó að ég taki undir með hv. þingmönnum sem hafa saknað Framsóknarflokksins í henni. Ég verð að segja að sú fjarvera kemur mér ekki á óvart. Það kemur mér heldur ekki á óvart, frú forseti, að talsmaður Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu skuli ekki megna að tala um nema eitt einstakt verkefni sem má auðvitað fullyrða og taka undir að sé vel unnið, BIOICE-verk-

efnið. En við erum hér að tala um hlutina í stóru samhengi og hvar er formaður umhverfisnefndar? Mér er spurn.

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, auðvitað á þessi skýrsla að fara formlega fyrir umhverfisnefnd. Við eigum að kalla fyrir gesti, við eigum að spyrja spurninga og við eigum að fá að skila þessari vinnu sem umhverfisnefndin á að fá að inna af hendi inn í þingið aftur. Það er ekki forsvaranlegt annað en að Alþingi Íslendinga taki afstöðu til þeirra hluta sem hér koma fram, svo alvarlegir eru þeir, þó svo að hæstv. umhverfisráðherra telji okkur vera á réttri leið. Það er þá í hæsta lagi á hraða snigilsins.

Það má auðvitað til sanns vegar færa að snigillinn og skjaldbakan komist þangað líka, en það er ekki nógu gott í samfélagi á borð við okkar að þessi málaflokkur skuli vera jafnmikil hornreka í ríkisstjórninni og raun ber vitni. Það er heldur ekki nógu gott að ríkisstjórnin skuli snúa út úr megingildum samnings af þessu tagi með því að skilgreina t.d. hugtakið „sjálfbær þróun" eins og það sé lesið með gleraugum þess í neðra, en skrumskælingu þess hugtaks má finna í stefnu ríkisstjórnarinnar um velferð til framtíðar sem er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi sjálfbæra þróun. Þar halda menn því fram að stoðir sjálfbærrar þróunar séu efnahagsvöxtur og að hámörkun efnahagsvaxtar sé meginmarkmiðið.

Frú forseti. Þetta er bara reginmisskilningur og allur sá misskilningur sem ríkisstjórnin er haldin er staðfestur í þessari skýrslu. Það verður að taka til hendinni og ég treysti því að það verði gert í umhverfisnefnd Alþingis.

[10:59]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Hv. þingmenn hafa gert varúðarsjónarmið að umtalsefni. Við höldum þau að sjálfsögðu í heiðri, Íslendingar, og við gerum það á fjölmörgum sviðum. Varúðarsjónarmið eru t.d. höfð til hliðsjónar við takmörkun á afla nytjastofna og þessi sjónarmið liggja líka til grundvallar þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi við að draga úr mengun hafsins og útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Við Íslendingar stöndum líka mjög vel hvað snertir löggjöf og framkvæmd sjálfbærrar nýtingar lífríkisins. Það er auðvitað hægt að segja að ekki sé víða í lagatexta vísað beint til samningsins um líffræðilega fjölbreytni, enda er fátítt að slíkt sé gert. Augljóst er þó að ákvæði hans eru höfð til hliðsjónar. Þetta gildir m.a. um lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum frá 1994 og lög um umgengni um nytjastofna sjávar frá 1996. Auðvitað skiptir alltaf meginmáli að lögunum sé framfylgt og markmiðum þeirra náð.

Sjálfbær nýting hefur líka verið leiðarljós umhverfisráðuneytisins varðandi þá nýtingu lífríkisins sem undir það heyrir. Í því sambandi má nefna stjórn rjúpnaveiða með það að markmiði að veiðarnar séu sjálfbærar. Þar hafa varúðarsjónarmiðin verið höfð að leiðarljósi. Ég leyfi mér að fullyrða að fáar þjóðir taki sjálfbæra nýtingu lífríkisins jafnalvarlega og við Íslendingar. Ég hvet umhverfisnefnd til að taka skýrsluna til gagngerrar skoðunar í þingnefndinni og ég tek sérstaklega fram að ég lít ekki á skýrslu Ríkisendurskoðunar sem neinn áfellisdóm yfir íslenskum stjórnvöldum. Hún kemur hins vegar að mjög góðu gagni við stefnumótun í starfi umhverfisráðuneytisins og þær tillögur sem þar er að finna. (Forseti hringir.)

Ég vil segja það sem ég hef sagt hér áður, og er mest um vert, að það er unnið á vegum íslenskra (Forseti hringir.) stjórnvalda að markmiðum samningsins með mjög markvissum hætti. Sú vinna mun líta dagsins ljós í (Forseti hringir.) lok þessa árs.

Háskólar, 1. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 654.

[11:02]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um háskóla en frumvarp þetta á rætur sínar að rekja til þess að hinn 12. maí sl. skipaði ég nefnd til að endurskoða gildandi lög um háskóla frá árinu 1997 ásamt gildandi sérlögum um ríkisháskóla eftir því sem ástæða þótti til. Nefndinni var gert að taka mið af þeirri þróun og breytingum sem orðið hafa undanfarin ár á umhverfi háskólastarfs, kennslu og rannsóknum hér á landi og í öðrum OECD-ríkjum. Áttu tillögur nefndarinnar að vera til þess fallnar að efla íslenskt menntakerfi og gæði háskólamenntunar á Íslandi.

Afrakstur nefndarstarfsins er frumvarp þetta sem felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um háskóla. Nefndin mun halda starfi sínu áfram og endurskoða gildandi sérlög um ríkisháskólana sem heyra undir menntamálaráðuneytið. Við gerð frumvarpsins hafði nefndin sérstaklega samráð við samstarfsnefnd háskólastigsins sem og vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs.

Eins og kunnugt er tóku hinn 1. janúar 1998 gildi rammalög um háskóla, nr. 136/1997. Helsta markmið þeirra var að festa í sessi skipan háskólastigsins og draga saman þau meginskilyrði sem háskólastofnun þarf að uppfylla til að geta talist háskóli og veita háskólagráðu við námslok. Gert var ráð fyrir að nánar yrði kveðið á um starfsemi hvers háskóla í sérlögum, reglugerð, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrá hvers skóla.

Óhætt er að segja að háskólalögin hafi skapað góðan jarðveg fyrir aukna fjölbreytni og samkeppni á háskólastiginu sem hefur m.a. falist í því að veita einkaskólum starfsleyfi til háskólakennslu. Að sama skapi hefur námsframboð á háskólastiginu aukist verulega á þessum árum. Frá árinu 1999 fjölgaði prófgráðum í háskólum um 112, eða um 55%, og er fjölgunin mest áberandi í framhaldsnámi. Fjöldi nemenda við hérlenda háskóla hefur tvöfaldast, farið úr 8.100 í rúmlega 16.000 á sama tímabili.

Einnig hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á fjárhagslegum samskiptum menntamálaráðuneytis og háskólanna. Þær felast annars vegar í því að taka upp hlutlæga aðferð við skiptingu kennslufjárveitinga milli háskóla og hins vegar að gera við þá samninga um starfsemi, þjónustu og rekstrarlega ábyrgð.

Allir íslensku háskólarnir hafa styrkt stöðu sína í samfélaginu á undanförnum árum. Þeir hafa aukið námsframboð,

eflt rannsóknastarfsemi og tekið æ ríkari þátt í alþjóðlegri samvinnu. Í ályktunum Vísinda- og tækniráðs hefur verið lögð áhersla á hlutverk háskóla í rannsóknum og menntun og fram hefur komið í stefnuyfirlýsingum ráðsins að háskólar séu leiðandi í öflun og miðlun þekkingar og gegni vaxandi hlutverki í hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna og nýsköpun. Í ályktun Vísinda- og tækniráðs sem samþykkt var í desember sl. er lögð áhersla á að efla doktorsnám á Íslandi og er menntamálaráðherra hvattur til að vinna að stefnumótun doktorsnáms og háskólar til að móta sér skýra stefnu um rannsóknir og framhaldsnám. Leyfi ég mér að segja að frumvarp þetta taki með afgerandi hætti mið af þessum sjónarmiðum ráðsins.

Markmiðið með frumvarpi þessu er að setja almennan og heildstæðan lagaramma um starfsemi háskóla sem tekur mið af hinni öru þróun á háskólastiginu hér á landi og erlendis undanfarin ár. Helstu atriði frumvarpsins eru þessi:

Í fyrsta lagi er lögð meginhersla á að rammalög um háskóla varði jafnt alla háskóla í landinu, óháð rekstrarformi, sem á annað borð leita eftir viðurkenningu menntamálaráðherra á grundvelli laganna. Því hefur það ekki að geyma sérákvæði um ríkisskóla, umfram það að tekið er fram að ríkisrekinn háskóli sé sjálfstæð ríkisstofnun sem heyri undir menntamálaráðherra nema yfirstjórn hennar sé falin öðrum ráðherra að lögum. Gerir frumvarpið ráð fyrir því að önnur ákvæði um ríkisháskóla í gildandi lögum um háskóla verði færð í sérlög um ríkisháskóla eftir því sem þörf er á. Núgildandi lög eru fyrst og fremst miðuð við starfsemi ríkisháskóla.

Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að þeir háskólar sem starfa á grundvelli laganna afli sér viðurkenningar menntamálaráðuneytis en til að svo verði þurfa háskólarnir að uppfylla skilyrði sem tíunduð eru í lögunum. Er gert ráð fyrir að viðurkenning sé bundin við tiltekin fræðasvið og að skilgreiningar OECD á fræðasviðum verði lagðar þar til grundvallar. Háskólar sem lögin taka til geta eingöngu starfað á fræðasviðum sem viðurkenning þeirra nær til. Þetta er mikilvægt atriði.

Í þriðja lagi er frumvarpinu ætlað að tryggja áfram sveigjanleika í skipulagi háskóla þar sem svigrúm og sjálfstæði þeirra er í fyrirrúmi. Þannig er gert ráð fyrir að háskólar geti sjálfir ákveðið hvaða nám og prófgráður þeir hafa í boði innan þeirra fræðasviða sem viðurkenning þeirra nær til, enda uppfylli allt nám sem í boði er sérstök viðmið um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðherra gefur út. Undantekning frá þessu er doktorsnám en sérstaka heimild menntamálaráðherra þarf til að bjóða upp á doktorsnám.

Í fjórða lagi er lögð rík áhersla á gæðaeftirlit með háskólum og samræmingu prófgráða til að tryggja aukinn hreyfanleika nemenda sem og aukna möguleika til samstarfs háskóla hér á landi og erlendis. Með því er einnig skotið frekari stoðum undir gagnkvæma viðurkenningu náms.

Í fimmta lagi er kveðið skýrt á um réttarstöðu nemenda og hún styrkt frá núgildandi lögum á þann veg að háskólaráði, að fenginni umsögn samtaka nemenda í viðkomandi háskóla, ber að setja reglur um réttindi og skyldur nemenda, þar með talið um málskotsrétt þeirra innan háskóla. Jafnframt er lagt til að hlutverk áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema verði lögfest en nefndin úrskurðar í tilteknum málum þar sem námsmenn telja brotið á rétti sínum.

Virðulegi forseti. Íslenskir háskólar hafa styrkt stöðu sína í samfélaginu verulega á undanförnum árum. Þeir hafa aukið námsframboð, eflt rannsóknastarfsemi og raka æ ríkari þátt í alþjóðlegri samvinnu. Íslensk stjórnvöld hafa um margra ára skeið tekið þátt í svokölluðu Bologna-ferli sem felur m.a. í sér sér gagnkvæma viðurkenningu á námi. Þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu eru í samræmi við helstu markmið sem þau ríki sem þátt taka í Bologna-samstarfinu hafa sammælst um. Flest þátttökuríkjanna hafa komið á fót sérstöku viðurkenningar- eða vottunarferli en með þeim breytingum sem felast í frumvarpinu er í raun verið að koma slíku ferli á fót hér á landi. Það að slíkt fyrirkomulag sé fyrir hendi er í vaxandi mæli forsenda þess að menntun sem háskólar veita teljist fullgild í alþjóðlegu samhengi.

Varðandi einstaka kafla og greinar frumvarpsins mun ég fara hratt yfir sögu, virðulegi forseti, enda eru skýringarnar við einstakar greinar nokkuð skýrar í frumvarpinu.

Í I. kafla er fjallað um gildissvið og hlutverk háskóla en eins og ég hef þegar nefnt miðar frumvarpið að því að það taki til allra háskóla á sama hátt hvort sem þeir eru ríkisháskólar eða starfandi á grundvelli annars rekstrarforms.

Í samræmi við það byggir II. kafli frumvarpsins, sem fjallar um viðurkenningu ráðuneytisins á háskólum, á því að allir háskólar skuli leita eftir slíkri viðurkenningu og miðast hún við tiltekin fræðasvið. Miðar bráðabirgðaákvæði frumvarpsins við að þeir háskólar sem nú eru starfandi skuli innan tveggja ára frá gildistöku laganna hafa öðlast viðurkenningu er nái til þeirra fræðasviða sem starfsemi þeirra tekur til. Eins og fram kemur í athugasemdum við bráðabirgðaákvæðið er óhjákvæmilegt að einhvern tíma taki að laga starfsemi háskóla að breyttum lögum og því er frestur til þess gefinn til tveggja ára. Með þessu fyrirkomulagi er jafnframt tryggt að eftir tvö ár starfi allir háskólar á grundvelli laganna.

Um einstakar greinar II. kafla bendi ég á að 3. gr. byggir skýrlega á því að háskólar séu sjálfstæðir og er sérstaklega áréttað um sjálfstæði ríkisháskólanna. Þá er í 3. gr. gerð nákvæmlega grein fyrir því hvernig staðið er að viðurkenningu fræðasviða, þau skilgreind og hvernig málsmeðferð er háttað við mat á viðurkenningu fræðasviða. Tekið er fram að háskóli geti eingöngu starfað á fræðasviðum sem viðurkenning hans nær til. Leiðarljósið í þessu er að efla og undirstrika sjálfstæði og svigrúm háskóla annars vegar en gera um leið skýrar kröfur til þeirra varðandi gæði kennslu og gæði rannsókna.

Í ljósi hinnar formlegu viðurkenningar þótti rétt að veita ráðherra heimild í 4. gr. frumvarpsins til að afturkalla viðurkenningu uppfylli háskóli ekki ákvæði laganna og reglur og skilyrði sem sett eru á grundvelli þeirra eða þær kröfur sem gerðar eru til kennslu og rannsókna. Eðlilegt er að ráðherra hafi slíka heimild til að bregðast við sé skilyrðum ekki fullnægt til háskólakennslu eða rannsókna þannig að unnt sé að halda uppi og tryggja með sem bestum hætti gæði háskólamenntunar hér á landi sem frumvarpinu er ætl-

að að stuðla að. En eins og þeir sem fylgst hafa með umræðunni á síðustu missirum vita verða gæðakröfurnar æ háværari gagnvart háskólakennslu og rannsóknum.

Ákvæði um viðmið um æðri menntun og prófgráðu sem um er fjallað í 5. gr. frumvarpsins er nýmæli og tengist þeirri þróun sem á sér stað í Evrópu og víðar. Samkvæmt ákvæðinu er lagt til að menntamálaráðherra gefi út formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður sem er kerfisbundin lýsing á prófgráðum þar sem lögð er áhersla á almenna lýsingu á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn eiga að ráða yfir við námslok, eins og segir m.a. í greinargerðinni. Í þeim skulu koma fram þau skilyrði sem háskólum ber að uppfylla á hverju námsstigi. Háskólum ber að birta sambærilegar lýsingar fyrir hverja námsleið á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn eiga að ráða yfir við námslok. Birta skal viðmiðin á íslensku og ensku. Mörg lönd eru um þessar mundir að skipuleggja og skýra sín háskólakerfi með svipuðum hætti. Hér er um almenna lýsingu að ræða sem á við um öll fræðasvið en er ekki bundin við ákveðnar námsgreinar. Samkvæmt greininni eiga háskólar að skilgreina með sambærilegum hætti þá þekkingu, hæfni og getu sem nemendur á hverri námsleið fyrir sig eiga að ráða yfir í námslok. Skilgreining háskólanna á að vera sérhæfð lýsing sem á við um þau fræðasvið og þær námsgreinar sem þeir kenna.

Gert er ráð fyrir að viðmiðin verði hluti af gæðakerfi háskóla en eitt af markmiðum eftirlits með gæðum kennslu er m.a. að ganga úr skugga um að viðmiðum sé fylgt. Þá er gert ráð fyrir að viðmiðin verði jafnframt birt á ensku til að auðvelda þátttöku íslenskra háskóla í samstarfi um háskólamenntun á alþjóðlegum vettvangi. Þessi viðmið hafa verið skilgreind með hliðsjón af evrópskum viðmiðum um æðri menntun og prófgráður (e. European Qualification Framework) sem samþykkt voru á ráðherrafundi Bolognaferlisins í Bergen 2005. Jafnframt hefur verið stuðst við starf sem önnur lönd í Evrópu hafa tekið upp, t.d. Danmörk, Skotland, Írland, og einnig í lönd utan Evrópu, t.d. Ástralía.

Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um námsframboð og prófgráður. Þar er gerð nákvæm grein fyrir stöðluðum námseiningum sem mikilvægar eru til að auðvelda t.d. mat á námi milli háskóla hér á landi og ekki síður erlendis. Um þetta vísa ég til ítarlegra ákvæða í 6. og 7. gr. og athugasemdum frumvarpsins við greinarnar. Þá bendi ég á að í 1. mgr. 8. gr. er háskólum gert að gera grein fyrir því opinberlega hvernig tryggt sé að það nám sem þeir bjóða uppfylli viðmið um æðri menntun og prófgráður skv. 5. gr. frumvarpsins, sem ég fjallaði nokkuð ítarlega um áðan. Þetta fyrirkomulag er ein af mikilvægum forsendum þess gæðakerfis sem ætlunin er að taka upp með frumvarpinu. Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins við þessa grein er háskólanám í stöðugri þróun. Því er mikilvægt að inntak námsins sé ljóst og viðmið um þekkingu og hæfni í samræmi við það sem fram fer í háskólum.

Þá vek ég sérstaklega athygli á 9. gr. frumvarpsins en samkvæmt ákvæðinu skulu háskólar, sem starfa á grundvelli laganna, gera með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Þeir skulu hafa með sér samstarf til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttri háskólamenntun. Þá er háskólum heimilt að veita prófgráður skv. 7. gr. frumvarpsins í samstarfi við aðra háskóla, innlendra sem erlendra.

Með þessari grein er lögð áhersla á samstarf íslenskra háskóla um viðurkenningu námsþátta á milli skóla. Markmiðið er að auðvelda nemendum að færa sig milli háskóla eða taka hluta af náminu í einum íslenskum háskóla og fá það að viðurkennt að fullu í öðrum. Samkvæmt greininni er jafnframt lagt til að skotið verði lagastoð undir heimild háskóla til að bjóða fram sameiginlegar prófgráður (e. joint programme, double degree eða joint degree). Heimildin nær til grunnnáms, meistaranáms og doktorsnáms. Eins og fram kemur í athugasemdum við greinina færist æ meira í vöxt að háskólar í Evrópu og víðar geri með sér samkomulag um að útskrifa nemendur með sameiginlega prófgráðu tveggja eða fleiri háskóla. Í greininni er verið að tryggja að íslenskir háskólar geti að fullu tekið þátt í þessari þróun. Um skilgreiningu á sameiginlegri prófgráðu skal taka mið af viðauka við Lissabon-samninginn um viðurkenningu prófgráðna frá 9. júní 2004 sem Ísland er aðili að.

Virðulegi forseti. IV. kafli frumvarpsins hefur að geyma mikilvæg ákvæði um eftirlit með gæðum kennslu og rannsóknum. Í 11. gr. er gerð grein fyrir þeim markmiðum sem slíku eftirliti er ætlað að þjóna. Þau eru:

1. að tryggja að skilyrði fyrir viðurkenningu háskóla séu uppfyllt,
2. að tryggja að viðmið um æðri menntun og prófgráður séu uppfyllt,
3. að bæta kennslu og rannsóknir á markvissan hátt,
4. að stuðla að aukinni ábyrgð háskóla á eigin starfi og
5. að tryggja samkeppnishæfni háskóla á alþjóðavettvangi.

Í greinum 12–14 er gerð grein fyrir því hvernig slíkt mat fer fram. Segja má að þetta fyrirkomulag byggi á venjum og regluverki sem mótast hefur á undanförnum árum um framkvæmd slíks mats og háskólarnir þekkja vel.

Í V. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um stjórnskipan háskóla sem endurspeglar í raun frelsi þeirra til að skipa stjórnskipulagi sínu með þeim hætti sem þeir helst kjósa. Þó þykir rétt í samræmi við viðurkenndar hefðir að lögfesta ákvæði um stöðu háskólaráða og rektors auk þess sem rétt þykir að lögfesta ákvæði um háskólafund sem ætlað er að verða vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Markmiðið er að tryggja aðkomu kennara, nemenda og annars starfsliðs að akademískri stefnumótun háskólanna og því er lögð sú skylda á háskólaráð að tryggja að fulltrúar þeirra eigi rétt til setu á háskólafundi. Háskólafundi er jafnframt ætlað að vera vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og því mikilvægt að tekið sé sérstaklega fram að rektor stýri þeim fundi. Gert er ráð fyrir að háskólaráð hvers skóla ákveði nánar hlutverk og fyrirkomulag háskólafundar og hafa háskólaráðin frjálsar hendur í þeim efnum en með því að tryggja að slíkir fundir séu haldnir er skapaður vettvangur fyrir lýðræðislega umræðu og skoðanaskipti innan háskólanna.

Í VI. kafla frumvarpsins er fjallað um starfslið háskóla sem ég sé ekki sérstaka ástæðu til að fjalla um í ræðu minni hér heldur vísa til umfjöllunar frumvarpsins í 17. og 18. gr.

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um nemendur í háskólum. Eins og fram kom í inngangi mínum áðan er eitt af meginákvæðum frumvarpsins að skýrt er fjallað um réttarstöðu nemenda og hún styrkt sérstaklega frá núgildandi lögum á þann veg að háskólaráði, að fenginni umsögn samtaka nemenda í viðkomandi háskóla, ber að setja reglur um réttindi og skyldur nemenda, þar með talið um málskotsrétt þeirra innan háskóla.

Jafnframt er lagt til að hlutverk áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema verði lögfest en nefndin úrskurðar í tilteknum málum þar sem námsmenn telja brotið á rétti sínum. Auk þeirra ágreiningsmála sem nefndin fjallar um samkvæmt gildandi reglum og a–c-liðum 20. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði við ákvæði í d-lið 20. gr. þar sem nefndinni er ætlað að fjalla um brottrekstur nemenda úr háskóla en gildandi reglur gera ekki ráð fyrir að nefndin fjalli um slík mál. Verður að telja mikilvægt að í lögum sé að finna heimildir fyrir nemendur til að skjóta ágreiningsefnum um svo íþyngjandi ákvarðanir til áfrýjunarnefndarinnar.

Í VIII. kafla frumvarpsins er síðan að finna ákvæði um fjárhagsmálefni háskóla. Í grundvallaratriðum er hér verið að leggja til lögfestingu þeirra framkvæmda sem verið hefur á fjárveitingum til háskóla samkvæmt fjárlögum og fjárhagslegum samskiptum ráðuneytis menntamála, annars vegar, og háskólanna sem undir það heyra, hins vegar, á undanförnum árum.

IX. kafli frumvarpsins hefur að geyma önnur ákvæði, svo sem um skrá um prófgráður, kennsluskrár, varðveislu upplýsinga um námsferil nemenda og samstarfsnefnd háskólastigsins.

Í X. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um gildistöku og lagaskil sem ég sé ekki ástæðu til að fara út í hér að öðru leyti en því að benda á að í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að rammalög um háskóla taki jafnt til þeirra háskóla sem starfa á grundvelli þeirra laga, óháð rekstrarformi þeirra, hefur frumvarp þetta ekki að geyma sérkafla um ríkisháskóla eins og er nú í gildandi lögum um háskóla.

Í 28. gr. frumvarpsins er lagt til að tilgreind ákvæði um ríkisháskóla, sem er að finna í sérstökum kafla í gildandi lögum um háskóla og ekki er að finna í sérlögum ríkisháskólanna, þ.e. lög um Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, verði færð í þau sérlög.

Virðulegi forseti. Ég hef gert ítarlega grein fyrir efni þessa mikilvæga frumvarps sem ég leyfi mér að segja að hafi verið afar faglega unnið og skapi góðan grundvöll fyrir áframhaldandi þróun háskólastigsins hér á landi og tryggi eftir föngum gæðastarf í kennslu og rannsóknum á þessu mikilvæga skólastigi. Ég vil undirstrika það mikla samráð sem haft var við bæði samstarfsnefnd háskólastigsins og vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs og líka það að þegar drögin lágu fyrir lét ég sérstaklega kynna fyrir rektorum háskólanna þau drög og það frumvarp sem við erum að ræða hér á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. menntamálanefndar að lokinni þessari umræðu.

[11:20]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum mánuðum kom hingað stór hópur frá OECD til að gera úttekt á stefnu stjórnvalda í háskólamálum. Það liggur fyrir að sá hópur mun skila af sér innan sex mánaða, þ.e. í mars eða apríl. Hefði ekki verið vitlegra að bíða með frumvarp um háskólalög þangað til sú úttekt lægi fyrir þar sem vænta má margra athugasemda um stefnu stjórnvalda í háskólamálum? Það er margt gott í þessu frumvarpi en þá kemur akkúrat að hinni spurningunni, því frumvarpið vekur kannski meiri athygli fyrir það sem ekki er í því. Það tekur ekki á fjárhagsvanda skólanna.

Opinberu háskólarnir eru í fjárhagslegum kröggum og framtíð þeirra og þar með framtíðarmarkmið í mikilli óvissu og eins og hæstv. ráðherra nefndi um 22. gr. frumvarpsins þá tekur frumvarpið ekki á þessum grundvallarvanda háskólanna sem annaðhvort eru verulega aukin opin framlög frá hinu opinbera eða heimild til skólagjalda. Á þessu tekur frumvarpið ekki með neinum hætti.

[11:22]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að hingað kom fjölmenn nefnd frá OECD, sem eins og margar aðrar nefndir bæði frá OECD og öðrum koma og fylgjast með frábærri þróun hjá okkur Íslendingum í háskólamálum. Við höfum vissulega margt lært af erlendum þjóðum en það er líka greinilegt að það er margt sem við erum að gera sem vekur athygli og þessi mikla fjölbreytni á háskólastigi er vissulega eftirtektarverð.

Það er einu sinni þannig að löggjafarvaldið er á hinu háa Alþingi og við getum ekki verið að bíða eftir skýrslum erlendis frá, ekki nema hv. þingmaður ætli sér það að hv. Alþingi eigi að bíða eftir fyrirmælum erlendis frá. Vissulega hefur verið tekið tillit til sjónarmiða fagaðila, bæði þeirra sem hafa verið starfandi og eru starfandi hér innan lands sem utan. Og eins og ég ítrekaði í ræðu minni áðan var sérstaklega haft samráð við samstarfsnefnd háskólastigsins. Það er verið að koma sérstaklega til móts við sjónarmið og kröfur sem gerðar hafa verið til háskólanna, þ.e. að auka gæði í kennslu og rannsóknum. Þær kröfur setjum við fram með skýrum hætti um leið og við höldum áfram að styðja og efla háskólana og undirstrika sjálfstæði þeirra og svigrúm til athafna.

[11:23]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra nefndi ekki einu orði grundvallarmálið sem er fjárhagsleg staða opinberu háskólanna.

Þegar hæstv. ráðherra tók við lyklavöldum í menntamálaráðuneytinu var hún stórorð í viðtölum við fjölmiðla um að hún ætlaði að beita sér fyrir því að opinberu háskólarnir fengju heimild til skólagjalda.

Nú er það svo að opinberu háskólarnir eru í alvarlegum kröggum. Þeir hafa ekki fengið þau opinberu framlög sem þeir þurfa á að halda, staða þeirra gagnvart sjálfstæðu einkareknu háskólunum hefur ekki verið jöfnuð. Einka-

reknu háskólarnir fá jafnhá nemendaframlög og hinir opinberu háskólar en þar að auki heimild til skólagjalda sem aftur er lánað fyrir hjá lánasjóðnum sem má segja að séu að helmingi niðurgreidd af ríkinu. Framlög ríkisins í gegnum lánasjóðinn og beinu framlögin á nemanda eru þar með mikið hærri en í opinberu háskólunum. Þetta frumvarp tekur ekkert á þessu, þ.e. að bæta alvarlega fjárhagsstöðu opinberu háskólanna og jafna stöðu þeirra að þessu leyti við hina einkareknu og sjálfstætt starfandi háskóla. Þessu verður hæstv. ráðherra að svara mjög skýrt í umræðunni í dag og þess vegna vekur þetta frumvarp miklu meiri athygli fyrir það sem ekki er í því heldur en fyrir það sem er í. Margt ágætt er að finna í frumvarpinu, um það er engin spurning og við munum væntanlega ræða það fram og til baka í dag en frumvarpið tekur ekki á því sem mestu máli skiptir sem er fjárhagslegt uppnám opinberu háskólanna.

[11:25]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því sérstaklega að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sjái margt gott í þessu mikilvæga og merkilega frumvarpi sem við erum að ræða, sem er rammalöggjöfin um háskóla. En það er eitt sem er vert að undirstrika, að þetta frumvarp fjallar ekki um fjárhagsmálefni háskólanna. Við erum að fjalla um allt aðra hluti en fjárhagsmálefnin og við gerum það m.a. í gegnum fjárlög og fjárveitingar héðan frá hinu háa Alþingi.

En það er líka rétt að undirstrika að ekkert land innan OECD, af því að hv. þingmaður minntist á OECD, hefur aukið fjárframlög jafnhratt til háskóla, opinberra sem einkaháskóla, eins og Íslendingar. Ég vil benda á og hvet hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson til að kynna sér nýjustu tölur frá Hagstofunni þar sem við erum komin upp í tæp 1,5%, nokkuð vel yfir meðaltal OECD-ríkjanna miðað við þjóðarframleiðslu til háskólanna. Þannig að við erum á fljúgandi ferð varðandi aukin fjárframlög til háskólanna. Það má að sjálfsögðu, eins og alltaf, gera betur en við erum að gera góða hluti og stefnum enn hærra.

[11:26]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að taka undir að það er margt í þessu frumvarpi sem er athyglisvert og býsna jákvætt og nauðsynlegt. Það vekur athygli þar sem hér er um heildarendurskoðun á lögum um háskóla að ræða að ekki skuli vera lögð fram samhliða sérlög um ríkisháskóla eins og boðað er í greinargerð að gert muni verða síðar, því það er augljóst mál að ríkisháskólarnir hljóta að tengjast þessari löggjöf á margan hátt. Það vekur t.d. furðu að sagt er að sett verði sérlög og ákveðnar reglur varðandi ríkisháskólana um gjaldtöku, þ.e. þá ríkisháskóla sem heyra undir hæstv. menntamálaráðherra.

Það er hvergi minnst á aðra ríkisháskóla sem heyra undir aðra ráðherra. Það er rétt að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hverju það sæti og hvort það hafi ekki verið rætt að allir háskólar landsins heyri undir einn og sama ráðherra, þ.e. hæstv. menntamálaráðherra, eins og hlýtur að teljast eðlilegt. Það hljóta að vera mikil vonbrigði fyrir hæstv. ráðherra að hafa ekki náð því fram við þessa heildarendurskoðun að verða yfirmaður allra háskóla og geta látið sömu reglur gilda um þá alla.

[11:27]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að þetta frumvarp er mjög gott og þó að ég skynji að stjórnarandstaðan engist pínulítið við að þurfa að hæla frumvarpinu, þá fagna ég því engu að síður að við skulum takast málefnalega á um mikilvæg málefni.

Það er rétt að menn hafa skiptar skoðanir á því hvort allir háskólar eigi að falla undir eitt ráðuneyti eða ekki. En svona er þessi skipan núna og ég geri ráð fyrir því að það verði sérstaklega litið til þess varðandi endurskoðun á Stjórnarráðinu. Það var líka haft samráð við ráðuneyti landbúnaðarmála við samningu frumvarpsins og það er ekkert þar sem kemur til með að skerða rétt þeirra háskóla sem þar falla undir.

[11:28]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að elta hæstv. menntamálaráðherra uppi í þessu máli, við hljótum að átta okkur á að hugur hæstv. ráðherra hlýtur að vera fullur af metnaði um að ráða yfir öllum háskólum landsins.

Varðandi gjaldtökuheimildir sem síðar munu koma í reglum frá hæstv. ráðherra er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra segi okkur hug sinn í þeim efnum því ég man ekki betur en hún ásamt fleiri hæstv. ráðherrum hafi gefið yfirlýsingar um að það væri markmiðið með þessu lagafrumvarpi, sem þá var væntanlegt, ef ég man rétt, að allir háskólar landsins sætu við sama borð hvað fjármögnun varðar. Það er augljóst að svo er ekki. Þetta er auðvitað flókið og viðamikið mál sem þarf að ræða sérstaklega í menntamálanefnd en það er eðlilegt að hæstv. ráðherra láti í ljós einhverjar skoðanir í þeim efnum, þ.e. hvaða leiðir eru færar til að jafna þessa aðstöðu þannig að það verði uppfyllt sem lofað var, að allir sætu við sama borð.

Þá er einnig athyglisvert og nauðsynlegt að fá upplýsingar frá hæstv. ráðherra varðandi sí- og endurmenntun, eða um það form sem hér er boðað í frumvarpinu um að ríkisháskólarnir eigi ekki að fá það allt greitt, en að settar verði sérstakar reglur um það.

[11:30]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil undirstrika það sem ég sagði áðan að í þessu frumvarpi er ekki verið að ræða fjárhagsmálefni háskólanna. Það er alveg ljóst að ef framlag ríkisins til háskólanna er tekið þá er það hæst til Háskóla Íslands. Ég hvet hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar til að kynna sér þessar tölur sérstaklega þegar um háskólamálin er að ræða. Menn verða líka að hafa hugfast að við erum með ákveðinn samning í gangi við ríkisháskólana. (**Gripið fram í:** Það sitja ekki allir við sama borð.) Það sitja allir við sama borð. Síðan eru það háskólarnir sjálfir, og það snertir náttúrlega

sjálfstæði þeirra, sem dreifa peningunum innan sinna deilda. Í því felast oft vandræði þeirra sem tala um að ákveðnar deildir fái minna en aðrar. Það eru háskólarnir sjálfir sem eiga að axla þá ábyrgð hvernig þeir dreifa fjármunum sem við semjum við þá um til viðkomandi deilda, (Forseti hringir.) hvort sem um lagadeild eða aðrar deildir er að ræða.

[11:31]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki alltaf sem maður getur fagnað frumvörpum ríkisstjórnarinnar. En ég ætla að lýsa yfir sérstakri ánægju minni með að í II. kafla 3. gr. sé það undirstrikað að ríkisrekinn háskóli sé sjálfstæð ríkisstofnun. Maður hefði alveg eins getað búist við því að einhverjar háeff-tillögur væru í þessu frumvarpi. (**Menntmrh.**: Sem þú hefðir fagnað.) Nei, þeim hefði ég reyndar ekki fagnað, hæstv. menntamálaráðherra.

Mig langar til að fjalla aðeins um VII. kaflann 19. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Heimilt er háskólum að innrita nemendur sem búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla."

Þetta er afar mikilvægt ákvæði. Við vitum öll að þegar niðurskurður er í skólum hefur það bitnað á nemendum sem ekki hafa stúdentspróf, (Forseti hringir.) þar er fyrst skorið niður, nemendur sem ekki hafa stúdentspróf eru síður teknir inn, jafnvel þó þeir hafi ágæta (Forseti hringir.) þekkingu og menntun á öðru sviði.

[11:32]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta atriði snertir náttúrlega eitt af því sem frumvarpið sjálft snýst að meginhluta til um. Það eru þær gæðakröfur sem við gerum til háskóla. Háskólarnir setja sér líka ákveðin gæðaviðmið þegar þeir velja inn nemendur. En þetta ákvæði er til að hafa svigrúm fyrir háskólana, að meta það, og við erum hér að tala um raunfærni líka, að háskólarnir taki tillit til þeirrar raunfærni sem viðkomandi einstaklingur hefur yfir að ráða. Þetta hefur ekkert með niðurskurð eða eitthvað slíkt að ræða. Ég vil benda hv. þingmanni, sem kemur frá Akureyri, á að Háskólinn á Akureyri hefur sérstaklega tekið inn nemendur sem hafa ekki stúdentspróf. Háskólinn hefur metið það svo að þeir einstaklingar væru afskaplega færir til að stunda háskólanám og gera samfélagið þar með ríkara og auðugra.

[11:33]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er afar gott að hæstv. menntamálaráðherra kom einmitt inn á þetta vegna þess að staðreyndin er sú að þetta frumkvæði og sjálfstæði Háskólans á Akureyri hefur verið mikils metið, að taka inn nemendur sem hafa ekki lokið stúdentsprófi en hafa samt þekkingu, færni og þroska til að stunda háskólanám. En það eru einmitt þeir nemendur sem hafa ekki fengið pláss í skólanum vegna niðurskurðar á fjárframlögum til skólans, eða á ég að segja öllu heldur, skólinn hefur ekki fengið að vaxa og dafna eins og eðlilegt væri. Mér þætti því gott ef tekin yrði upp sú regla sem er t.d. í Danmörku þar sem ekki eru endilega gerðar kröfur um stúdentspróf eftir að nemendur hafa náð ákveðum aldri, mig minnir að það sé 25 ára. Ég held að það væri eðlilegt viðmið hér og stjórnvöld verða auðvitað að sjá til þess að háskólarnir hafi nægilegt fjármagn til að geta tekið inn stúdenta (Forseti hringir.) sem hafa til þess þroska og hæfileika.

[11:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Samanburður við önnur lönd er alltaf ágætur. Ég vil nefna Svíþjóð hér til sögunnar sem hefur bara ákveðið prósentuhlutfall af nemendum sem þeir heimila inngöngu án stúdentsprófs. Ég vil líka undirstrika að við verðum að fara mjög varlega með þessa heimild. Þessi heimild verður engu að síður að vera til staðar. Hún er mikilvæg upp á fjölbreytni innan skólakerfisins. En ég held að við verðum að fara varlega með hana. Við verðum að treysta háskólunum til að meta einstaklingana, hvort þeir komi til með að styrkja háskólastarfið og efla samfélagið. Um leið og ég segi þetta er ég að sjálfsögðu að hugsa til framhaldsskólans því við gerum ríkar kröfur til stúdentsprófs og megum því ekki gjaldfella kröfur um inntöku í háskóla.

[11:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gengst við því strax í upphafi að ég er alltaf tortrygginn á lög um háskóla. Ég er þeirrar skoðunar að háskólar eigi að vera sem sjálfstæðastir. Ég er líka þeirrar skoðunar að það séu bara tvenns konar mælikvarðar á gildi þeirrar menntunar sem háskólar veita á sviði rannsóknarnáms. Þessir mælikvarðar eru í fyrsta lagi: Hvernig taka háskólar erlendis við þeim sem koma út úr háskólunum? Og hinn mælikvarðinn er: Hvernig tekur markaðurinn við þessu fólki? Þetta eru mælikvarðarnir. Ég held að það sé mjög erfitt að reyna að laga eða breyta frammistöðunni, einfalda með einhverjum reglugerðum. Ég verð að viðurkenna, frú forseti, að ég skil ekki alveg gildi þessa frumvarps eða markmið. Er hægt með ytra eftirliti að breyta inntaki og gæðum doktorsnáms? Og ég spyr hæstv. ráðherra: Er þetta frumvarp nauðsynlegt til að ryðja einhverjum þröskuldum úr vegi vegna hreyfanleika nemenda, möguleika á að komast til náms annars staðar?

[11:36]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni athyglisverðar ábendingar. Já, þetta frumvarp mun ryðja ákveðnum hindrunum úr vegi. Á alþjóðavísu er verið að herða kröfur til háskóla, til gæðamála og til gæða kennslu. Menn þurfa að hafa gegnsæi til að átta sig á hvað felst í viðkomandi prófgráðu, hvort sem það er í grunnnámi, mastersnámi eða í doktorsnámi. Við sjáum sem betur fer fram á aukið samstarf háskóla hér innan lands sem og við erlenda háskóla.

Ég tel mikilvægt í ljósi þeirrar þróunar að við reynum að ryðja burt öllum hindrunum sem kunna að vera í vegi fyrir því að það samstarf styrkist og eflist. Þess vegna skipta þessi ákvæði í frumvarpinu máli, þeim er ætlað að efla samstarf og auðvelda nemendum að velja það nám sem þeir kjósa hverju sinni.

[11:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki vil ég vera óháttvís við hæstv. ráðherra. En þetta svar hennar má kristalla með orðum sem hæstv. ráðherra notar gjarnan um andstæðinga sína: Þetta var innantómt blaður. Ég spurði hæstv. ráðherra: Hvað þarf að gera með þessu frumvarpi til að ryðja burt þröskuldum fyrir hreyfanleika? Hæstv. ráðherra kom og sagði: Það er ýmislegt sem þarf að gera. Það þarf að auka gagnsæi. En hvaða aðgerðir í frumvarpinu eru ekki þegar við lýði fyrir utan einhverjar heldur óljósar reglur um ytra eftirlit? Hvað er það í frumvarpinu sem er ekki þegar í gangi? Og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra aftur: Hvaða þröskuldar eru það sem þarf að ryðja úr vegi til að auka hreyfanleika íslenskra námsmanna gagnvart erlendum háskólum? Ég held nefnilega að innstæðuna vanti í þetta (Forseti hringir.) frumvarp. Mér finnst það ekki snúast um aðalatriði.

[11:39]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er það bæði ljúft og skylt að svara hv. þingmanni sem spyr þessara ágætu spurninga. Ég skal reyna að gera þetta þannig að hann skilji svarið. Það er verið að taka á því að samræma prófgráður. Hér er verið að fara sérstaklega yfir prófgráðurnar til að gera þær samræmanlegar á milli landa og einnig á milli skóla innan lands. Við ætlum að fara að lögleiða hér ETCS-einingar, sem eru alþjóðlegar, til að gera þetta allt miklu greiðfærara fyrir nemendurna og við ætlum að taka upp vottunarkerfi sem hefur ekki áður verið við lýði. Það er þannig að við fáum margar fyrirspurnir inn í ráðuneyti menntamála einmitt um það hvernig háskólar eru vottaðir, hvaða vottun þeir hafi og við erum með þessu að gera háskólum og ekki síst nemendum auðveldara að fara á milli háskóla. Þannig að þetta er óskaplega skýrt og ég vona að hv. þingmaður skilji ekki þetta svar mitt sem blaður.

[11:40]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er margt sem kemur upp í hugann núna þegar við ræðum frumvarp til laga um háskóla, sérstaklega í ljósi þeirrar umræðu sem farið hefur fram á Íslandi á síðustu missirum um stöðu háskólanna og þess veruleika sem háskólarnir, og sérstaklega opinberu háskólarnir, búa við.

Það má segja að rekstur skólanna sé í járnum. Margar úttektir á síðustu árum hafa slegið striki undir það og dregið mjög sterkt fram. Í fyrra var gerð úttekt á vegum Evrópustofnunar sem leiddi í ljós að Háskóli Íslands bjó við lægst opinber framlög allra sambærilegra háskóla í Evrópu, aðeins einn háskóli var verr staddur en það var háskólinn í Króatíu. Þá kom fyrir tíu mánuðum síðan úttekt frá Ríkisendurskoðun þar sem niðurstaðan var mjög afdráttarlaus. Í niðurstöðum skýrslunnar frá Ríkisendurskoðun sagði bókstaflega að í sjálfu sér væri akademísk staða opinberu háskólanna og Háskóla Íslands akademískt kraftaverk miðað við það fjársvelti sem skólarnir búa við. Það yrði að koma til annað hvort af tvennu, ef skólarnir ættu að halda stöðu sinni, ná að sækja fram og halda áfram að eflast og stækka, það væru verulega, eins og það var orðað, aukin opinber fjárframlög eða heimild til umtalsverðra skólagjalda.

Síðan þá hefur ítrekað verið kallað eftir stefnu stjórnvalda í þessum málum. Fyrir tveimur árum talaði hæstv. menntamálaráðherra fyrir því að opinberu háskólarnir fengju heimild til skólagjalda, væntanlega þá sambærilegra á við einkareknu háskólana. Frá þeirri stefnu hvarf hæstv. ráðherra og ekki virðist stuðningur við það innan stjórnarflokkanna eins og málið hefur oltið síðan. En þá hljóta sjónir manna að beinast að því að hið opinbera auki verulega framlög sín til háskólanna, losi þá úr þeirri spennitreyju fjársveltis og þrenginga sem skólarnir eru í á þessu missiri. Við sáum það síðast rétt fyrir áramótin þegar Háskólinn á Akureyri rifaði seglin svo um munaði vegna fjárskorts af hálfu stjórnvalda og brást við með því að skera harkalega niður og leggja niður tvær deilda sinna. Þessi skóli sem hefur verið í örum vexti og er líklega langbest heppnaða byggðaaðgerð, ef hægt er að líta á hann að hluta til sem byggðaaðgerð, sem ráðist hefur verið í á Íslandi á síðustu missirum. Glæsilegur skóli sem á allt gott skilið. Um er að ræða óverulegar fjárhæðir í stóra samhenginu en fjárhæðir sem skipta máli fyrir skólann þannig að verulega hefur þrengt að honum. Sama má að mörgu leyti segja um Háskóla Íslands. Hann er í töluverðri spennitreyju og einstakar deildir innan skólans eru í mjög vondum málum. Núna síðast íslenskuskor við Háskóla Íslands. Fyrir skömmu bárust fréttir af vanda guðfræðideildarinnar sem í raun og veru getur ekki haldið úti starfsemi lengur þannig að hún standi undir nafni. Hún getur ekki boðið upp á það námsframboð sem verður til þess að nemendur við guðfræðideild geti farið á eðlilegum hraða í gegnum námið. Þannig að þessar gömlu grundvallardeildir skólans eru í miklum vanda.

Í Morgunblaðinu í dag er ágætis fréttaskýring um íslenskuskor Háskóla Íslands eftir Andra Karl þar sem farið er ágætlega yfir stöðuna í íslenskunáminu akkúrat núna. Um leið og menn ræða mikilvægi þess að efla íslenskt mál, byggja upp íslenska tungu, þá er þessi skor háskólans í erfiðum málum. Þetta á við hinar fámennari og minni skorir innan háskólans. Svo mætti lengi áfram telja. En upp úr stendur, eins og kom fram í fyrirspurn frá hæstv. menntamálaráðherra til mín rétt fyrir áramótin, að opinberu háskólarnir vísuðu samtals um 1.000 nemendum frá í fyrra, sem eru mjög miklar frávísanir þó svo að það sé ekki endanleg samræmd tala um hve margir fengu ekki skólavist að lokum. Þar sem það er ekki samkeyrt þannig að hægt sé að fullyrða að 1.000 Íslendingar hafi ekki fengið inni í neinum háskóla eða neinum skóla. Ég er ekki að fullyrða það og svarið bar það ekki með sér. En 1.000 manns var vísað frá því námi sem þeir sóttu um við íslenska háskóla.

Það má lengi tína til. Vissulega hafa framlög til háskólastigsins aukist enda sækja miklu fleiri slíka menntun. Við erum samt sem áður enn þá langt frá því sem við þyrftum að vera, sérstaklega þegar tekið er tillit til aldurssamsetningar íslensku þjóðarinnar. Á meðan Ísland ver t.d. talsvert yfir meðaltali OECD-ríkja til menntunar á grunnskólastigi, þar sem átt hefur sér stað mikil útgjaldasprengja en líka gæðasprengja síðan grunnskólinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaga, erum við rétt undir meðaltali hvað varðar útgjöld á nemanda á framhaldsskólastigi. Á háskólastigi ver Ísland, samkvæmt OECD-tölum á vef Hagstofunnar, 8.251 bandaríkjadal á nemanda á háskólastigi, sem er um 2.400 bandaríkjadölum undir meðaltali OECD-ríkja og þar er Ísland í 17. sæti. Þetta er tala af OECD-vefnum sem ráðherra vitnaði sjálfur til áðan.

Það þarf í sjálfu sér ekki að deila um hvort of litlum fjármunum er varið til háskólastigsins eða ekki. Allt of litlum fjármunum er varið til þess skólastigs, það þarf miklu meiri peninga til að halda stöðu sinni, sækja fram, springa út og blómstra. Þetta er miklu frekar spurning um hvernig við ætlum að fjármagna háskólastigið til framtíðar þannig að skólarnir geti náð þeim markmiðum sem þeir setja sér og íslensku háskólarnir, bæði opinberir og einkareknir, standi í fremstu röð háskóla í öllum heiminum af því að íslenskir háskólar eiga að sjálfsögðu fyrst og fremst í samkeppni við erlenda háskóla. Þess vegna ber að skoða gæði og stöðu íslensku háskólanna sem heild að því leyti.

Mér líst að þessu leyti ágætlega á hugmyndir um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Ég held að það geti orðið til að styrkja skólana báða og ekki síst Kennaraháskólann. Að mínu mati er engin ástæða til að vera með fleiri háskóla en þörf er á. Mörg jákvæð samlegðaráhrif geta komið út úr slíkri sameiningu fyrir nemendur beggja skólanna. Þannig gætu fleiri sótt sér kannski sem aukagrein kennaramenntun o.s.frv. Áfram með það.

Vonbrigðin við þetta frumvarp hæstv. menntamálaráðherra, sem í raun og veru er varla mikið meira en pappírsins virði, eru þau að þarna er verið að festa í lög ramma utan um gæðaeftirlit sem hefur verið notaður til viðmiðunar og breytir í sjálfu sér engu ef ekki kemur inn fé til framkvæmda á rammanum. Komið hefur fram mjög hörð gagnrýni á gæðavanda íslenskra háskóla þar sem lagðar eru til róttækari leiðir. Mikla athygli vakti grein í 1. hefti 14. árgangs tímaritsins Uppeldi og menntun, árið 2005, eftir Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við Háskóla Íslands. Rúnar segir, til að það komi inn í umræðuna af því að við erum ekki síst að ræða um gæði íslenskra háskóla, þegar hann er búinn að færa rök fyrir því í grein sinni að gæðavandi íslenskra háskóla sé talsverður, með leyfi forseta:

„Meðal leiða út úr gæðavanda íslenskra háskóla má nefna auknar fjárveitingar til háskólanna, einkum Háskóla Íslands, fækkun og stækkun háskóla, aukið samstarf, einkum Háskóla Íslands o.s.frv. Þá skiptir miklu máli að komið verði á fót sjálfstæðri matsstofnun til að setja gæðastaðla um háskólastarfsemina og gera reglubundna úttekt á námi og rannsóknarstarfi á háskólastiginu. Starfsemi slíkrar stofnunar gæti orðið mikilvægur hvati fyrir háskólana og háskóladeildirnar til að endurskoða og bæta kennslu- og rannsóknarstarfsemi sína um leið og stjórnvöld fengju betri faglegan grundvöll til að byggja stefnu sína og fjárveitingar á.“

Því er ástæða til að beina þeirri spurningu til hæstv. menntamálaráðherra fyrir yfirferð hennar í lok umræðunnar, ef sá háttur verður hafður á sem oft er að ráðherra tekur umræðuna saman í lokin, hvort þessi leið hefði ekki verið róttækari og vænlegri, að setja á stofn sjálfstæða matsstofnun, sem lögð er til hér og hljómar mjög trúverðugt og gæti orðið til þess að ná fram þeim markmiðum sem frumvarpið og stjórnvöld og skólasamfélagið allt setur sér.

Aðeins aftur að fjárhagsstöðu Háskóla Íslands. Það skiptir mjög miklu máli, og það er grundvallarumræða í íslenskri skólapólitík og háskólapólitík, að taka heildstæða umræðu um fjármögnun háskólastigsins, skólagjöld versus opinber framlög, jafnstöðu einkarekinna og opinberra háskóla hvað varðar framlög á nemanda og svo aftur niðurgreiðslu á framlögum í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna, af því að reiknað hefur verið út að 52–53% af skólagjöldum séu niðurgreidd og í raun og veru opinber námsstyrkur. Því má segja að með því að veita hluta af háskólakerfinu heimild til skólagjalda, sem nemendurnir aftur fá lánað fyrir hjá lánasjóðnum, sé verið að veita til þess hluta kerfisins töluvert meiri fjármuni á hvern nemanda, ef sá reikningur er notaður, en til opinberu háskólanna og þess vegna þarf að taka þá umræðu. Þegar hæstv. menntamálaráðherra tók við menntamálaráðuneytinu á sínum tíma boðaði hún að hún mundi beita sér fyrir umræðu um þessa hluti. Því varð ég fyrir miklum vonbrigðum þegar hæstv. ráðherra hrökklaðist frá þeirri umræðu strax eftir nokkrar vikur í ráðherrastóli og síðan hefur í rauninni engin umræða átt sér stað um þetta efni.

Í þeirri umræðu á að sjálfsögðu ekki að útiloka neitt fyrir fram, hvort og hvernig við fjármögnum háskólana í framtíðinni, að undangenginni markvissri og heildstæðri stefnumörkun um háskólastigið þar sem allt er undir, kostir og gallar skólagjalda vegnir og metnir og aðrar leiðir til að tryggja jafnrétti til náms frá leikskóla og upp í gegnum háskólann. Hlutverk lánasjóðsins þarna þarf sérstaklega að skilgreina ítarlegar. Leiðin sem Tony Blair og verkamannaflokkurinn í Bretlandi fóru á sínum tíma tengist þessu, háskólarnir fengu heimild til skólagjalda og eftirágreiðslur af námslánum voru tekjutengdar. Þeir sem eru með meðaltekjur og lægri tekjur borga því í rauninni ekkert til baka og fá þannig skólagjöldin niðurfelld en þeir sem þéna meira borga skólagjöld sín til baka. Það er hægt að fara margar leiðir í þessu en aðalmálið er að móta heildstæða stefnu um háskólastigið þar sem allt er undir og niðurstaða fæst í það hvernig leysa á opinberu háskólana úr því fjárhagssvelti og þeim alvarlegu kröggum sem þeir eru í, kröggum sem ógna akademískri stöðu háskólanna og skerða verulega samkeppnisstöðu þeirra gangvart erlendum háskólum.

Hægt er að fullyrða að stjórnvöld hafi á liðnum árum, sérstaklega kannski í menntamálaráðherratíð Björns Bjarnasonar, núverandi hæstv. dómsmálaráðherra, bókstaflega verið fjandsamleg opinberu háskólunum, sem er náttúrlega mjög alvarlegt mál, og það hefur að mínu mati bitnað á stöðu þeirra. Það er kominn tími til að leysa þá út úr þeim vanda þar sem hver úttektin á fætur annarri sýnir, hvort heldur frá Ríkisendurskoðun eða óháðar erlendar út-

tektir, að Háskóli Íslands er í mjög alvarlegri og vondri stöðu. Á mælikvarða annarra sambærilegra háskóla í Evrópu er hann einna verst settur fjárhagslega í allri álfunni. Síðan eru háskólarnir sveltir til vondra verka og neyðarúrræða eins og þess að vísa nemendum frá námi með því að nota ekki undanþáguheimildir sem þeir hafa til að taka inn aðra nemendur en þá sem hafa formlegt stúdentspróf. Opinberu háskólarnir eru því neyddir til að beita slíkum leiðum til að takmarka nemendafjölda inn í skólana.

Þetta er afleit staða og á ekki að eiga sér stað þegar við þurfum svo sárlega á því að halda að fjölga háskólamenntuðu fólki á vinnumarkaði. Það hlutfall er mjög lágt á Íslandi samanborið við önnur lönd, tæp 20% fólks á vinnumarkaði eru með háskólapróf á höfuðborgarsvæðinu og rúmlega 10% úti á landi ef það nær því. Það er mjög lágt hlutfall af háskólamenntuðu fólki á vinnumarkaði þar sem vel yfir helmingur allra á vinnumarkaði er með grunnskólapróf eða styttri formlega skólagöngu. Á sama tíma og þjóðin er talsvert yngri, aldurssamsetning þjóðarinnar er þannig, en aðrar norrænar þjóðir og svo lágt hlutfall fólks á vinnumarkaði okkar er með háskólamenntun þá eru opinberu háskólarnir sveltir undir drep og gert mjög erfitt fyrir að standa undir hlutverki sínu og þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra.

Í haust vakti sérstaka athygli í þessu samhengi ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins um að nemendur í opinberu háskólunum skyldu taka aukinn þátt í rekstri skólanna, sem á mannamáli hljómaði að opinberu háskólarnir ættu að taka upp skólagjöld til að mæta fjárþörf sinni og fjárhagsvanda. Þrátt fyrir stóryrðar yfirlýsingar forustumanna Sjálfstæðisflokksins um að að sjálfsögðu væru landsfundarályktanir stefnumarkandi og ráðandi í stjórnarháttum þeirra og gæfu tóninn, rétt eins og fjölmiðlasáttin var slegin af þar — „verri en ekkert", sagði Davíð — þá hafa stjórnvöld ekki sinnt þessu kalli enn þá og hæstv. ráðherra sagðist ekki ætla að verða við þessari ályktun landsfundarins að sinni a.m.k. Þarna kvað við mun harðari tón af hálfu Sjálfstæðisflokksins en fyrr, þar sem að mínu mati var bókstaflega sótt að stöðu þjóðskólanna, opinberu háskólanna, vegna þess að með því að veita þeim heimild til skólagjalda sem einu leiðina út úr vandanum væri afleitt núna.

Fyrst verður að taka umræðuna um kosti og galla og hvaða leiðir þarf að fara, og áður en skólagjöld koma til greina þarf að sjálfsögðu fyrst að auka opinberu framlögin verulega þannig að skólarnir séu þá á pari við það sem gerist og gengur og á að vera. Auðvitað verður hæstv. ráðherra að taka af skarið með það hvort hún ætlar að beita sér fyrir auknum framlögum til opinberu háskólanna, sem hún hefur ekki gert, eða veita þeim heimild til skólagjalda. Að mínu mati koma skólagjöld ekki til greina áður en farið hefur fram ítarleg stefnumótun og úttekt á málefnum háskólastigsins þar sem áhrif skólagjalda eru vegin og metin, t.d. út frá jafnrétti til náms, hlutverki lánasjóðsins, fjármögnunar skólastigsins og áhrif skólagjalda á skólasókn.

Þess vegna segi ég að það sem vekur mestu athygli í þessu frumvarpi til laga um háskóla er það sem ekki er í því. Gæðakaflarnir eru ósköp meinlitlir, ef þeir ná fram markmiði sínu. Hv. menntamálanefnd hlýtur að skoða sérstaklega hvort ekki eigi að ganga miklu lengra þar, eins og ég nefndi áðan með tilvitnun í grein Rúnars Vilhjálmssonar. Það eru mikil vonbrigði að frumvarpið skuli ekki heldur taka á fjármögnun háskólastigsins til framtíðar, hvernig leysa á opinberu háskólana úr þeim mikla fjárhagslega vanda sem þeir eru í og hvernig jafna á stöðu opinberu háskólanna gagnvart þeim einkareknu hvað varðar framlög á nemanda sem eins og áður sagði eru jafnhá, og svo fá einkareknu skólarnir heimild til skólagjalda sem aftur eru að hálfu leyti niðurgreidd af hinu opinbera í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna. Einnig hafa verið færð rök fyrir því að miklu útgjaldameira og dýrara sé fyrir ríkisvaldið og hið opinbera að greiða niður útgjöld til skólamála í gegnum lánasjóðinn í staðinn fyrir að setja peningana beint inn í skólakerfið, að fara þá fjallabaksleið að veita heimild til skólagjalda og lána síðan fyrir þeim í gegnum lánasjóðinn, sem er ekkert sérstaklega eftirsóknarverð leið áður en framlögin til þeirra hafa verið jöfnuð og aukin verulega.

Það er að mörgu að hyggja og vonandi breytist þetta frumvarp verulega í meðförum hv. menntamálanefndar og hún hlýtur að taka þessi mál öll til gagngerrar umræðu og endurskoðunar. Nú er loksins lag að taka heildstæða umræðu um málefni háskólastigsins, ekki aðeins innra starf þeirra og gæðaeftirlit heldur og ekki síður það sem skiptir máli og liggur starfi þeirra til grundvallar sem er fjármögnun háskólanna, hvernig þeir eiga að fjármagna sig, hvernig þeir eiga að standa undir kröfum sínum og nafni, hvernig þeir eiga að standast samkeppnina við erlenda háskóla og síðast en ekki síst hvernig losa á opinberu háskólana úr þeirri spennitreyju sem þeir eru í núna vegna fjárskorts undangenginna ára þar sem nemendafjölgun og nemendafjölda skólanna hefur ekki verið mætt með sanngjörnum hætti af hálfu hins opinbera.

Umræðan er rétt að byrja og það er eiginlega eina raunverulega fagnaðarefnið við þetta frumvarp að umræða um háskólastigið skuli fara fram. Þá skulum við líka taka umræðu um það sem máli skiptir, hv. formaður menntamálanefndar, sem nú kveður sér hljóðs og mun vonandi skýra okkur frá sinni sýn á framtíðarfjármögnun íslenskra háskóla.

[12:00]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ræða hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar var fyrir margra hluta sakir merkileg, sérstaklega vegna þess að við fjöllum hér um frumvarp til laga um háskóla sem lagt er fram af hæstv. menntamálaráðherra. Hv. þingmaður kaus hins vegar að fjalla um allt aðra hluti en frumvarpið kveður á um.

Ræða hans snerist ekki að neinu leyti um frumvarpið og var þar af leiðandi ekki innlegg í þá umræðu sem hér mun fara fram um frumvarpið og framtíðarsýn okkar varðandi lagaumhverfi háskóla. Þó vék hv. þingmaður nokkrum sinnum almennt að frumvarpinu. Það vakti sérstaka athygli mína er hann sagði að hann teldi frumvarpið ekki pappírsins virði.

Mér finnst þetta dálítið sérstakt í ljósi þess að frumvarpinu er ætlað að fjalla um hlutverk háskóla, viðurkenningu þeirra, námsframboð og prófgráður. Hér er ítarlegur kafli um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna, stjórnskipan

háskólanna, starfslið háskólanna. Þar fyrir utan er ítarlegur langur kafli um nemendur í háskólum. Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins er, eins og segir í frumvarpstextanum, að styrkja réttarstöðu nemenda frá gildandi lögum og tryggja réttindi þeirra umfram það sem nú er.

Ég hlýt því að spyrja hv. þingmann hvort hann telji að ekki að frumvarpið feli í sér framför hvað varðar stöðu nemenda innan háskólanna (Forseti hringir.) og ekki síður hvað varðar eftirlit með gæðum og rannsóknum á háskólastigi (Forseti hringir.) sem Samfylkingin hefur kallað eftir í umfjöllun sinni um menntamál.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti biður þingmenn um að virða tímamörk í andsvörum.)

[12:02]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það sem ég sagði var að varðandi rekstrargrundvöll háskólanna væri frumvarpið ekki pappírsins virði af því að það tæki ekki á þeim vanda. Það er grundvallarmál í allri umfjöllun um háskólann og háskólastigið. Þess vegna kallaði ég eftir því að í meðförum menntamálanefndar, sem hv. þingmaður fer fyrir, verði það tekið sérstaklega til greina hvort ekki eigi að breyta frumvarpinu í þá veru að það taki á því sem máli skiptir.

Frumvarpið er að þessu leyti fyrst og fremst hraður flótti Sjálfstæðisflokksins frá áður boðuðum markmiðum sínum, þ.e. upptöku skólagjalda í opinberum háskólum. Af hverju flokkurinn hefur ekki fylgt því stefnumiði sínu eftir er mér hulið. Af hverju boðar hann ekki aðrar leiðir til að mæta þörf opinberu háskólanna fyrir fjármagn? Hvaða orðum sem þeirri fjárþörf er valin þá er hún til staðar. Þess vegna er kallað eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn skýri hvernig skólarnir eigi að mæta þeirri fjárþörf, ef þeir eiga ekki að fá heimild til aukinna skólagjalda. Ég kalla eftir þessu.

Mér finnst því fráleitt að taka upp umræðu um háskólastigið og stöðu þess án þess að grunnurinn sé ræddur, þ.e. rekstrargrundvöllur háskólanna. Hann er varla til staðar núna. Þeir eru í mikilli fjárhagskreppu og þurfa að ganga í gegnum miklar þrengingar á næstu árum, komi ekki til annaðhvort opinber framlög eða heimild til skólagjalda. Þessu vil ég fá skýr svör við. En hvað þetta varðar er frumvarpið ekki pappírsins virði og sýnir einfaldlega fram á flótta Sjálfstæðisflokksins frá landsfundarályktun sinni um skólagjöld.

Varðandi hitt sem hv. þingmaður spurði um þá er ágætt að hafa gæðastaðla o.s.frv., verði þeim fylgt eftir. Ég tel að ganga hefði mátt miklu lengra í þeim málum en við ræðum það síðar í dag.

[12:04]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég efast ekkert um að fjárframlög til háskóla verði rædd á fundum menntamálanefndar þegar þetta mál verður tekið til umræðu. Ég minni hins vegar hv. þingmann á að menntamálanefnd fer ekki með fjárveitingavald á Alþingi. Það gerir fjárlaganefnd og síðan þingið sjálft sem ákveður fjárframlög hvort sem er til háskóla eða annarra. Þau mál munu þó eflaust verða rædd innan nefndarinnar.

Hins vegar er mikilvægt að menn átti sig á að frumvarpið fjallar ekki um fjárframlög til háskóla heldur um allt annað efni. Í því eru reglur sem lúta að háskólunum og innra skipulagi þeirra, gæðum og viðurkenningu á því námi sem þeir bjóða upp á. Hér er ekki verið að fjalla um skólagjöld þrátt fyrir að hv. þingmaður sé mjög upptekinn af þeim og vilji bendla Sjálfstæðisflokk, nánast í hverja einustu ræðu sem hann heldur á hinu háa Alþingi, við upptöku skólagjalda. Ég held að hv. þingmaður ætti að fara varlega í því. Ég man ekki betur en að í október 2004 hafi hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, lýst stefnu sinni og skoðunum varðandi skólagjöld í háskólum. (Gripið fram í.) Hún taldi óeðlilegt að fólk þyrfti að greiða skólagjöld vegna barna sinna í leikskólum en ekkert fyrir nám á háskólastigi.

Ég hygg að formaður Samfylkingarinnar sé einmitt sá stjórnmálaleiðtogi og formaður stjórnmálaflokks í þessu landi sem talað hefur hvað opinskáast og jákvæðast um upptöku skólagjalda á háskólastigi. Það væri gaman að heyra, í seinna andsvari frá hv. þingmanni, hvort hann sé sammála formanni sínum eða hvort kominn sé upp klofningur innan Samfylkingarinnar (Forseti hringir.) varðandi rétt til töku skólagjalda.

[12:07]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er einmitt það sem ég er að kalla eftir, þ.e. að Sjálfstæðisflokkurinn þori að gera það sem formaður Samfylkingarinnar gerir, þ.e. að fjalla um kosti og galla skólagjalda. Ég tek heils hugar undir með hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Hún sagði algjörlega fráleitt að rukka há skólagjöld í leikskólum en lág eða engin í háskólum. Það merkir að leikskólinn á að sjálfsögðu að vera gjaldfrjáls. Hins vegar er sjálfsagt að taka umræðu um kosti og galla skólagjalda sem leiðar til að fjármagna starfsemi háskóla.

Ég er mikill áhugamaður um Sjálfstæðisflokkinn. Hann hefur stjórnað Íslandi svo lengi og mótað samfélagið í sinni mynd, má nánast segja. Samfélagið er einhvern veginn undirselt stefnumiðum Sjálfstæðisflokksins. Þess vegna er íslenskt samfélag ósanngjarnara og ójafnara en önnur norræn samfélög og skyldi engan undra þótt að Sjálfstæðisflokkurinn blandaðist inn í umræður um grundvallarmál eins og skólagjaldtöku á háskólastigi. Ég hélt því að flokkurinn þyrði að hafa forgöngu í málinu, þyrði að standa við stefnuna sem er predikuð á landsfundum, stefnu sem er dregin upp svona öðru hverju.

Menntamálaráðherra hæstv. sagði í viðtölum í ársbyrjun 2004 að eitt af verkefnunum væri að innleiða skólagjöld í opinberu háskólunum. Landsfundurinn í fyrra, 2005, sagði nákvæmlega það sama með öðrum orðum. Ég kalla eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn sé ekki alltaf á flótta undan eigin stefnumiðum, undan eigin pólitík, og komi til dyranna eins og hann er klæddur, að hörðustu frjálshyggjumenn, yst af hægri kanti stjórnmálanna, komi ekki í ræðustól með félagshyggjuhempu á öxlunum og tali um allt nema það sem máli skiptir.

Auðvitað skiptir öllu máli hvernig á að fjármagna háskólana. Hvert stefnir Sjálfstæðisflokkurinn í þeim málum, sem opinberu háskólarnir eru svo aðþrengdir fjárhagslega

að þeir þurfa skýr svör um hvert stefna skuli?

[12:09]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um háskóla. Hæstv. menntamálaráðherra fór yfir helstu atriðin en ég vil þó nota tækifærið og koma að nokkrum atriðum sem mér finnast standa upp úr í frumvarpinu. Mér finnst mikilvægt að fram komi heildstæða löggjöf. Þótt rekstrarform háskóla sé mismunandi þá er ég sannfærð um að frumvarpið mun áfram tryggja sveigjanleika í skipulagi skólanna og áhersluna á sjálfstæði þeirra.

Eftir að í gildi gengu lög um háskóla í byrjun árs 1998 er hægt að segja að mótað hafi verið umhverfi sem ýtti undir fjölbreytni og samkeppni á háskólastiginu. Margir hafa þó bent á ójafna samkeppnisstöðu og get ég tekið undir þá gagnrýni að hluta. Ég tel þó að það hafi gert grónum skólum mjög gott að fá samkeppni. Nýju skólarnir hafa, sem og hinir eldri, sýnt mikinn metnað og árangur hin síðustu ár í þessu umhverfi.

Lengi hefur verið talað um gæðaeftirlit skólanna. Það hefur vafist fyrir mörgum að skilgreina þetta gæðaeftirlit en í frumvarpinu er kveðið skýrt á um framvindu þess. Eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna fer fram á tvo vegu, annars vegar með innra mati háskóla og hins vegar með reglubundnu ytra mati. Skólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra matinu, líkt og verið hefur, en ráðherra ber ábyrgð á ytra matinu. Það er mikilvægt að bæði starfsmenn og nemendur séu virkjaðir í innra gæðamat skólanna því að öðruvísi næst ekki árangur.

Varðandi ytra gæðamat skal ráðherra gera um það áætlun til þriggja ára. Mikilvægt er að hafa sveigjanleika til að bregðast við aðstæðum og því er ráðherra heimilt að láta fara fram sérstakt mat á háskólum eða einstökum einingum hans, svo sem deildum eða fræðasviðum ef ástæða þykir til. Þetta er gríðarlega þýðingarmikið atriði vegna þess að allt í einu getur komið upp breytt staða einhvers staðar og þá verður ráðherra að hafa svigrúm til að geta brugðist skjótt við.

Ég vil líka minnast á eitt atriði sem gleður mig að sjá, varðandi ytra gæðamatið. Í frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmd ytra mats skal falin óháðum aðila. Að því mati skulu að jafnaði koma bæði innlendir og erlendir sérfræðingar og fulltrúi nemenda."

Hér er passað upp á fullt samráð við fulltrúa nemenda og er það vel.

Í kaflanum um stjórnskipan háskóla er fjallað um að hver háskóli skuli halda háskólafund, a.m.k. einu sinni á ári. Ég fagna þessu ákvæði. Háskólafundir eru góður vettvangur fyrir alla hópa innan skólans til að fara yfir fagleg málefni skólans og stefnumótun. Þar munu eiga fulltrúa bæði kennarar, nemendur og annað starfslið skólans. Ég hef reynslu af því að sitja slíka fundi hjá Háskóla Íslands og var þar kominn saman mikill hópur frá öllum deildum og stofnunum. Síðan höfðum við stúdentar nokkra fulltrúa. Þar sköpuðust oft líflegar umræður, kannski einum of líflegar að mati sumra, en margar góðar ályktanir standa eftir slíka fundi og þar hefur stefnan verið mótuð í ýmsum málum. Má þar sem dæmi nefna umhverfisstefnu, vísinda- og menntastefnu, auk þess sem ályktað hefur verið um bætta aðstöðu framhaldsnema.

Virðulegi forseti. Ég vil segja hæstv. menntamálaráðherra til hróss að ég er ánægð með hlut nemenda í frumvarpinu. Gætt er að því að þeir eigi aðkomu að nokkrum þáttum skólastarfsins. Þar má nefna gæðaeftirlit og háskólafundinn. Ég vil einnig minnst á að samkvæmt frumvarpinu á að lögfesta ákvæði um hlutverk og störf áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema. Það er mikil réttarbót að slíkt skuli lögfest.

Ágreiningsefni sem eru í núgildandi reglum haldast óbreytt, þ.e. námsmat, mat á námsframvindu og afgreiðsla umsókna um skólavist. Hins vegar bætast við ákvæði um brottrekstur nemenda úr háskóla. Það er mjög ánægjulegt að sá punktur sé kominn inn enda hafa fáar ákvarðanir jafnþyngjandi afleiðingar.

Áður en nemandi getur skotið máli sínu til áfrýjunarnefndar verður hann að hafa fullreynt kæruleiðir innan skólanna. Hin ótrúlegustu mál geta komið upp. Ég man eftir slíkum málum frá réttindaskrifstofu stúdentaráðs Háskóla Íslands. Oftast náðist sameiginleg niðurstaða innan skólans en auðvitað komu upp mál sem þurftu lengra. Því er gott að áfrýjunarnefndin skuli lögfest.

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frumvarpi. Markmið þess er að gera nám samanburðarhæfara, efla gæðaeftirlit, bæði hið innra og ytra, og styrkja réttarstöðu nemenda. Við förum í vinnu við frumvarpið í hv. menntamálanefnd og þar munu eflaust koma fram mörg sjónarmið. Það er líka gott að nefndin sem mótaði þessar tillögur eigi að starfa áfram og endurskoða gildandi sérlög um ríkisháskólana.

[12:14]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var fín ræða hjá hv. þingmanni og hægt taka undir margt í henni. Hún nefndi umræðuna um ójafna stöðu skólanna. Þar vísar hún til þess uppnáms sem ríkir í opinberu háskólunum, fjárhagslegs uppnáms sem ógnar akademískum tilverugrunni skólanna. Það hlýtur að valda skaða til lengri tíma litið, meðan það mallar ár eftir ár. Skólarnir komast alltaf í meiri og meiri fjárhagserfiðleika og í verri og verri stöðu. Háskólinn á Akureyri leggur niður tvær deilda sinna, sem hlýtur að vera reiðarslag fyrir þá sem hafa staðið að uppbyggingu skólans og þá sem hafa haldið því ákafast fram að byggja þyrfti undir skólann til að efla menntun á landsbyggðinni.

Skólanum hefur verið lýst sem einni best heppnuðu byggðaaðgerð sem nokkurn tíma hafi verið ráðist í. Skólinn hefur bókstaflega blómstrað en núna, út af ónógum fjárframlögum frá hinu opinbera, skorti á peningum upp á nokkur hundruð milljóna króna, neyðist skólinn til að rifa svo seglin með því að leggja niður deildir.

Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands vísuðu þúsund nemendum frá í fyrra. Þetta eru mjög alvarleg tíðindi og vond staða. Opinberu háskólarnir eru í fráleitri stöðu og hv. þingmaður nefndi áðan að jafna þyrfti stöðu þeirra gagnvart einkareknu skólunum. Ég tek heils hugar undir það. Það er grundvallaratriði. Þess vegna spyr ég hv. þingmann: Hvernig vill hún sjá þeim jöfnuði framfylgt? Eigum

við að veita opinberu háskólunum heimild til skólagjalda til jafns við hina einkareknu? Eigum við að veita til opinberu háskólanna hærri fjárframlög en hinir einkareknu fá? Náum við þannig fram jafnháum útgjöldum á hvern nemanda frá hinu opinbera, þar sem opinberu framlögin eru í raun dulin að hluta til í niðurgreiðslu skólagjalda til hálfs?

[12:16]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni þessa spurningu. Það er rétt, það kom fram í máli mínu að ég tek að vissu leyti undir þá gagnrýni sem verið hefur uppi varðandi samkeppnisstöðu skólanna. Við getum samt ekki horft fram hjá því að það hefur orðið gríðarleg sprenging á háskólastiginu. Við sjáum að frá 1999 hefur prófgráðum í háskólum fjölgað um 55% eða um 112. Og fjöldi nemenda hefur tvöfaldast, úr 8.100 í rúm 16.000 á þessum tíma og þetta eru staðreyndir sem ekkert er hægt að undanskilja enda kom hv. þingmaður að því hér í ræðu sinni áðan að fjárframlög til háskólastigsins hafa hækkað. Hann talar um það hvort eigi að ræða um upptöku skólagjalda og ég held að í þeirri vinnu sem fram undan er verðum við að íhuga alla kosti. Mér finnst það vera mjög slæmur kostur sem ég tel ekki koma til greina, alla vega við svo búið. En hitt er svo annað að við getum ekkert horft fram hjá þessari stöðu. Hv. þingmaður minntist hér á Háskólann á Akureyri. Þar hafa deildir verið sameinaðar og það má alveg segja að skólinn hafi gengið vel fram í þeirri hagræðingu, enda var þar komið að þeim þolmörkum að það þurfti að staldra við og stokka aðeins upp. En þar eru miklir erfiðleikar, t.d. vegna húsaleigu. Ég hef bara orð ráðherra fyrir því að það verði bætt en ég trúi því og treysti að það verði bætt á þessu ári. Og það verði komið enn frekar til móts við Háskólann á Akureyri. Bara til að mynda framlög til háskóla árin 2000–2006, eins og til Háskólans á Akureyri hafa aukist um 140%. Þannig að það er ekki hægt að segja að sé verið að draga saman. En við munum auðvitað halda áfram að fjölga nemendum og sem ábyrgir stjórnmálamenn verðum við að koma með einhverjar lausnir í því, en töfralausnina er ég ekki með hér og nú.

[12:18]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er nefnilega kjarni málsins. Við þurfum að koma með lausnir á fjárhagsvanda opinberu háskólanna. Það eru engar töfralausnir til í sjálfu sér. Það er hægt að fara þá leið að auka verulega opinber framlög til þeirra. Það er hægt að fara þá leið að veita þeim heimild til umtalsverðra skólagjalda sem væntanlega yrði þá lánað fyrir hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna eins og hefðin er í sjálfstæðu eða einkareknu skólunum. Þá má spyrja sig hvort ekki sé verið að fara fjallabaksleið að því að auka framlögin til þeirra beint því námslánin eru, eins og fram hefur komið, niðurgreidd rúmlega 50%, þegar allt er saman reiknað, niðurgreiðsla vaxta og annað inn í framtíðina. Hv. þingmaður tók undir að skólarnir væru í stöðu sem kölluðu á viðbrögð af hálfu stjórnvalda. Hvað sem má kalla það að tvær deildir við Háskólann á Akureyri voru lagðar niður, t.d. að skólinn hafi verið kominn að þolmörkum þannig að eitthvað hafi hlotið að bresta og gefa eftir, sem það gerði, þá þóttu mér það mjög vondar fréttir og komu mér á óvart af því að skólinn hefur verið á mikilli siglingu. Ég hélt að það væri stefna stjórnvalda að standa dyggan vörð um skólann, sem bæði þingmenn allra flokka kjördæmisins og ekkert síður innan stjórnarliðsins væru sammála um, og ég efast ekkert um að svo sé. Þess vegna kom mér á óvart að þetta skyldi ganga svo langt að skólinn skyldi lenda í slíkri klemmu.

En sama má segja um Háskóla Íslands. Við lesum það í blöðunum hvernig gömlu fámennari deildirnar eins og íslenskuskor og guðfræðiskor geta í rauninni ekki haldið starfsemi sinni lengur úti. Það er ekki hægt að læra til guðfræðings nema með hléum og hoppum því námið er ekki lengur samfellt af því það stendur ekki undir því. Reiknilíkanið innan skólans býður ekki upp á það. En rót vandans má í raun og veru rekja til þess að skólinn er svo aðframkominn fjárhagslega að hann verður að (Forseti hringir.) grípa til slíkra ráða.

[12:20]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að hv. þingmaður kom inn á málefni Háskólans á Akureyri aftur þá vil ég í upphafi máls míns geta þess að t.d. núna í fjárlögum milli ára 2005–2006 er um að ræða 7,9% aukningu. Það er því töluvert umfram það sem normið er þannig að stjórnvöld eru svo sem að reyna að koma til móts við þetta. Þó tel ég að megi gera enn betur og hef fullvissu um að svo verði gert og þá sérstaklega vardandi húsaleiguna.

Það er eitt atriði sem við megum ekki gleyma í þessu og það er reiknilíkanið, en það stendur yfir endurskoðun á því og þar er auðvitað vandi fámennu deildanna fólginn. Af því t.d. að hv. þingmaður var að ræða um íslenskuna þá þekki ég vel þann vanda sem þar við blasir, verandi nemandi þar. En þar erum við auðvitað að glíma við þann vanda líka hversu hóparnir eru skilgreindir litlir í líkaninu. Og ég vona innilega að þessi endurskoðun muni skila okkur einhverju varðandi það og eins að reikniflokkarnir verði hækkaðir vegna þess að t.d. í hugvísindadeild er allt nám í lægsta reikniflokki sem er töluvert lágt. Ég vil segja það hér og ítreka að það er alltaf verið að auka framlög til háskólastigsins en það dugar ekki til. Hv. þingmaður kom hér inn á Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ég er sammála hv. þingmanni um að væru skólagjöld tekin upp en lánað til þeirra þá gæti ríkið alveg eins látið þetta fjármagn fara beint til skólanna vegna þess að ríkið er alltaf að greiða hærri og hærri hlut af námslánunum beint. Sá hluti jókst núna með því að lækka endurgreiðslubyrði námsmanna. Þannig að það er margt í deiglunni. Það er verið að smíða ný lög um ríkisrekna háskóla. Það stendur yfir endurskoðun á reiknilíkani og stjórnendur eru alltaf að reyna að auka framlög til háskólastigsins. Þannig að ég tel að við séum á réttri leið í þessu öllu saman en þurfum kannski að gera enn betur.

[12:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um háskóla. Það verður nú að viðurkennast hér í upphafi umræðunnar að ég hef ekki lesið þetta frumvarp saman við þau

lög sem gilda núna, nr. 136/1997. En engu að síður átta ég mig á þeim stóru dráttum í breytingunum sem hér eru lagðar til. Ég verð satt að segja að taka undir með hv. þingmanni Össuri Skarphéðinssyni, sem sagði áðan að hann hefði það á tilfinningunni að einhverra hluta vegna snerist þetta frumvarp ekki um nein aðalatriði. Það er akkúrat það sem maður hefur á tilfinningunni þegar maður er búinn að lesa það, meginþættir frumvarpsins eru í sjálfu sér þetta samræmda námsmat og það sem tilheyrir Bologna-yfirlýsingunni og fjallar einhvern veginn á svolítið bólginn hátt um þau atriði. En engu að síður sé ég ekki að þetta fari nægilega mikið ofan í ræturnar á aðstöðu háskóla almennt til þess að ég treysti því að nú komi allir háskólar á Íslandi til með að líta bjarta daga því hér séu að koma ný lög.

Hæstv. ráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur verður tíðrætt um að ríkisstjórnin sé að gera góða hluti og hún stefni enn hærra í málefnum háskólastigsins. Samkeppnishæfni skólanna hafi verið aukin til muna og háskólanemum hafi fjölgað gríðarlega síðan 1999, ásamt því að fjölbreytnin á háskólastiginu hafi aukist með því að einkaskólum hafi verið veitt starfsleyfi til háskólakennslu.

Að ákveðnu marki má ýmislegt af því sem hæstv. ráðherra segir í þessum efnum til sanns vegar færa. En þarna eru líka fólgnir ákveðnir pyttir sem mjög auðvelt er að falla ofan í. Það er líka auðvelt hreinlega að taka þessari klifun um samkeppnisstöðu og fjölbreytni sem einhvers konar innantómu hjali. Ég vil halda því fram þegar grannt er skoðað að sú viðbót sem hefur komið við háskólaflóruna á Íslandi hafi ekki verið nægilega fjölbreytt. Það hefur fyrst og fremst orðið aukning í þeim námsgreinum sem mikil ásókn er í en þær námsgreinar sem hafa átt erfiðar uppdráttar hvað varðar vinsældir, en eru kannski ekki síður þýðingarmiklar námsgreinar í háskólaflórunni, þær hafa átt erfitt uppdráttar og nánast átt undir högg að sækja, eins og sést best á afar tíðum greinum og öflugum málflutningi starfsmanna Háskóla Íslands, sem ganga fyrst og fremst út á að Háskóli Íslands sé í fjársvelti. Það sé ekki verið að fara að lögum hvað varðar fjárveitingar til háskólans og þar af leiðandi eigi hann afar erfitt uppdráttar að ýmsu leyti. Sú umræða hefur verið tekin hér við fjárlagaumræðu á undanförnum árum þar sem ríkisstjórnin hefur verið gagnrýnd harðlega fyrir að hafa ekki tekið betur á í fjármálum og rekstrargrunni Háskóla Íslands og almennt hinna opinberu háskóla.

Þannig að það er nú allt ekki eins og blómstrið eina í þessari umræðu, frú forseti. Það segir ekki allt að fjölga skólum og fjölga námstækifærum. Hitt verðum við að skoða líka, upp á hvað eru skólarnir að bjóða? Og á hvern hátt er rekstrargrundvöllur þeirra tryggður? Rekstrargrundvöllur þessara skóla á Íslandi hefur verið með mjög misjöfnum hætti. Ég hef viljað halda því fram að sjálfseignarstofnanirnar hafi notið ákveðinnar forgjafar og velvildar frá hæstv. menntamálaráðherra umfram opinberu skólana. Það er algerlega augljóst þegar skoðað er á hvern hátt þeir geta fjármagnað sig. Þar er ekki farin hin norræna leið þar sem það tíðkast að sjálfstæðir eða einkareknir háskólar hafi heimildir til að leggja skólagjöld á nemendur sína en þá skerðist ríkisframlagið til þeirra skóla sem því nemur, til þess að samkeppnisstaða skólanna sé jöfn. En ekki eins og það er hér, að einkareknir háskólar hafi heimildir til að leggja skólagjöld á nemendur sína, jafnvel hundruð þúsunda króna á ári. En fá samt sem áður á móti fullt framlag frá hinu opinbera. Þar að auki greiðir ríkissjóður umtalsvert fjármagn inn í Lánasjóð íslenskra námsmanna til að niðurgreiða lán þeirra sem taka lán fyrir skólagjöldum. Samkeppnisstaða opinberu háskóla og hinna einkareknu er því afar skökk. Mér finnst það vera eitt af aðalatriðunum í málinu. Ekki það sem þetta frumvarp fjallar um, sem eins og ég sagði áðan eru kannski fyrst og fremst þessar gæðakröfur og vottun.

Nú fagna ég því í sjálfu sér að hér skuli vera komið fram frumvarp sem lýtur að gæðakröfunum og vottuninni. Ég hef kynnt mér Bologna-ferlið og mér sýnist það vera afar vandað ferli sem er svona fyrirskrifað. En ég verð samt að segja að það er ákveðinn uggur í brjósti mér og ég upplifi kannski ákveðna tvöfeldni í skilaboðunum. Því annars vegar er lögð áhersla á að það þurfi að auka sjálfstæði háskólanna en á hinn bóginn er sagt að nú eigi að steypa allt í sama mót, að allir eigi að fara inn í Bologna-ferlið og gæðamatið og að vottunin þurfi að vera eftir stöðlum sem eru eins frá skóla til skóla.

Þannig að ég spyr: Er hér ekki um einhvers konar tvískinnung að ræða? Á hvern hátt getum við aukið sjálfstæði skóla en um leið sett þá inn í mót sem er sameiginlegt öllum skólum í Evrópu? Ég held að við þurfum að gá að því hvort skólarnir okkar hafi svigrúm sem í sé fólgið akademískt frelsi, akademískt sjálfstæði og að við stöndum vörð um akademískt samfélag háskólanna. Háskólasamfélagið er mjög sérstakt samfélag. Í mínum huga lýtur það öðrum lögmálum en önnur menntasamfélög, þ.e. grunnskólastigið eða framhaldsskólastigið þar sem lagður er ákveðinn grunnur að því er síðar verður á háskólastiginu. Á háskólastiginu blómstrar samfélag fræðanna og menn lifa í sambýli, fræðimenn, nemar, kennarar sem hafa rannsóknarskyldu, það er svona ákveðin gerjun, ákveðin deigla í þessu samfélagi sem er alveg einstök. Það er upp úr þessari deiglu sem nýsköpun í samfélaginu verður til og það er upp úr þessari deiglu sem það er tryggt að menntastig þjóðarinnar hækkar og að við höldum áfram veginn til framfara. Þess vegna tel ég að þetta fræðasamfélag, hið akademíska samfélag sé lykilatriði hvað varðar gæði og eflingu háskólastigsins á Íslandi. Mér finnst ekki mikið talað um þetta akademíska samfélag í frumvarpinu og ég sé ekki að það sé verið að búa hér til umgjörð fyrir slíkt samfélag.

Nú vil ég taka fram, frú forseti, að ég gef frumvarpinu svo sem allan sjens, eins og unglingarnir segja, og kem til með að taka þátt í vinnu við það í menntamálanefnd og kem þar til með að koma fram með þær spurningar sem hvíla á mér en þær varða nokkra þætti frumvarpsins. Einn þeirra þátta var nefndur af hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni og varðar hina sjálfstæðu matsstofnun, sem þingmaðurinn gerði að umtalsefni og hefur hugmyndin kviknað í umræðum um málið í samfélaginu hvort með þessum nýju gæðakröfum og vottunarferli þurfi ekki að setja á stofn sjálfstæða matsstofnun. Eða á hvern hátt sér hæstv. ráðherra það fyrir sér að starfsmenn menntamálaráðuneytisins geti sinnt slíkri gæðavottun? Hvernig þarf t.d. menntun að vera háttað og kröfum sem verður að gera til þeirra sem standa í þeirri vottun og leggja mat á skólana? Ætlar hæstv. ráðherra að

láta það eiga sér stað allt saman bara inni í ráðuneytinu í kringum sitt eigið borð? Ég hef verulegar efasemdir um að það sé af hinu góða.

Ég hefði haldið að hér þyrfti að koma til sjálfstæð stofnun sem hefði þessar mælistikur á hendi sinni, matsstofnun þar sem vel menntað fagfólk í þessum fræðum höndlaði með til að tryggja mætti að allir sitji við sama borð og til að tryggja megi að farið sé að öllu eins og fyrirskrifað er.

Athyglisvert er að skoða í frumvarpinu, frú forseti, umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þar kemur einmitt í ljós að öll sú vinna sem fram undan er í því að búa til þessa viðurkenningu þarf að fullnægja ákveðnum skilyrðum. Viðurkenningin er bundin fræðasviðum og ljóst er að tilgangurinn á að bæta háskólakennsluna eftir því sem frumvarpið gerir ráð fyrir og einnig rannsóknirnar. Það er undarlegt í mínum huga að fjármálaráðuneytið skuli ekki sjá neina ástæðu til að gera ráð fyrir að einhvers konar aukið fjármagn þurfi að koma til. Þetta á allt saman að gerast innan ramma fjárlaganna og fjárlagaskrifstofan sér ekki ástæðu til að frumvarpið muni hafa nein áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram það sem felst í fjárlögum fyrir árið 2006 og langtímastefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjárlögum næstu ára.

Ég hef efasemdir um þetta og teldi að kostnaðurinn við þessar breytingar verði umtalsverður ef á að fara þannig í málin, fara þannig í sakirnar að það sé nægilega öflugt til þess að skila þeim árangri sem í orði kveðnu virðist vera stefnt að. Mér finnst allt þetta sem varðar gæðavottunina og þessa nýju staðla hafa tilhneigingu til að vera fánýtt hjal nema til komi aukið fjármagn. Ég sé því ekki á hvern hátt hæstv. ráðherra ætlar sér að fara út í þessa nýjung sem er til staðar í frumvarpinu án þess að til komi auknar fjárheimildir.

Kunnara er en frá þurfi að segja og hæstv. ráðherra getur ekki flúið það að ríkisstjórnin hefur verið ásökuð fyrir að halda Háskóla Íslands í spennitreyju, reyndar líka Háskólanum á Akureyri sem þurfti að skera niður á haustdögum vegna þess að ekki fékkst hækkað fjárframlag til skólans. Kennaraháskólinn er stöðugt að loka á nemendur með há stúdentspróf vegna þess að fjárveitingar þær sem eðlilegt getur talist að fylgi hverjum nemanda eða nemendafjölgun koma ekki til skólans. Ég er því tortryggin að mörgu leyti á þá stefnu sem hér er talað fyrir meðan ekki koma auknir fjármunir til sögunnar.

Ég er líka yfir höfuð tortryggin á stefnu hægri sinnaðra menntamálaráðherra. Mér finnst ákveðin hætta fólgin í þeim breytingum sem hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur talað fyrir og reyndar aðrir hægri sinnaðir menntamálaráðherrar á undan henni. Sú hætta sem ég sé í þessu öllu saman er að breytingar á rótgrónum lögum sem starfað hefur verið eftir og ekki mikið kvartað undan geti valdið því að barninu verði kastað út með baðvatninu. Það verðum við auðvitað í menntamálanefndinni að skoða vel og alveg ofan í kjölinn í þessu máli, að hér sé ekki verið að breyta breytinganna vegna, ekki sé verið að bjóða því heim að verið sé að þynna út eða gera hluti einfaldari einföldunarinnar vegna heldur þurfum við skoða hverjar meginþarfir háskólasamfélagsins sem slíks eru. Mér sýnist frumvarpið vera fremur meinleysislegt að þessu leytinu en kannski er það vegna þess að fjármálin eru tekin þarna út fyrir sviga og alls ekki ætlast til þess að þau séu rædd hérna með.

Mér finnst leiðin út úr þeim vandræðum sem við höfum átt við að glíma varðandi vottun námsins og gæðakröfur til háskólanna, sem ég viðurkenni að hafa verið til staðar, mér finnst að leiðin út úr þeim vanda hljóti að felast í því að fjármagn til skólanna sé aukið, fjármagn til þessara þátta þurfi að auka.

Í þessu sambandi er einnig eðlilegt að litið sé til þeirra skóla sem eru til staðar á landinu og eðlilegt að spurt sé, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason spurði úr þessum ræðustóli fyrir örfáum dögum, hvort það sé alls kostar eðlilegt og alls kostar jákvætt að átta háskólar séu reknir á Íslandi. Það er eðlilegt að við kíkjum á það hvort allir þessir háskólar standi í raun og veru undir þeim kröfum sem gera má til háskólanna. Við vitum öll að í útlöndum eru mismunandi stig skóla eða ólíkar tegundir skóla á háskólastigi. Þar eru ekkert allir skólar á háskólastigi að kalla sig þessu alþjóðlega heiti „university". Margir eru fagskólar á háskólastigi sem gera ekki tilkall til þessa heitis „university" enda er það heiti svo yfirgripsmikið og umfangsmikið að segja má að þýðingin og túlkunin á því feli í sér að skóli sem kallast með sanni „university" sé í rauninni alheimsskóli, þ.e. hann spanni allar greinar, öll fræði alheimsins, það öll fræði, allar greinar veraldarinnar séu kenndar undir þeim sama hatti. Þess vegna eru t.d. risastórir háskólar eins og í Bandaríkjunum sem starfa vítt og breitt, þeir eru ekki kannski bundnir við eina litla borg eða eitt lítið hverfi í borginni heldur dreifa þeir sér mjög vítt yfir, þenja sig út yfir jarðkúluna sem einhvers konar net, einhvers konar endurspeglun af því sem veröldin hefur upp á að bjóða á sviði fræðanna.

Ég held að það sé ekkert óeðlilegt að horft sé til allra þessara þátta og við mælum háskólana okkar á þeim mælistikum sem fyrirfinnast. Það er eðlilegt t.d. að við í menntamálanefnd skoðum á hvern hátt Skandínavar eða Norðurlandaþjóðirnar hafa verið að breyta þessum málum hjá sér. Í athugasemdum við frumvarpið er gerð grein fyrir því í mjög stuttu máli hvað það er sem gert hefur verið upp á síðkastið í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Það hlýtur að vera eðlilegt að fá upplýsingar til nefndarinnar um það hvernig tekist hefur til. Breytingarnar hafa staðið yfir hjá þeim nágrannaþjóðum okkar síðan 2003. Í frumvarpinu kemur fram að í Danmörku hafi verið sett ný lög sem breyttu háskólum í sjálfseignarstofnanir og að stjórnun skóla væri ítarlegar útfærð og prófgráður skilgreindar samkvæmt Bologna-viðmiðun og svipað á við um skóla annars staðar á Norðurlöndum.

Nú er það stefna flokks míns, Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að umfram allt þurfi að tryggja jafnrétti til náms á Íslandi. Það á við um háskólastigið og ekki síður um háskólastigið en önnur skólastig. Ég get alls ekki tekið undir með hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni sem talaði fyrir hönd Samfylkingarinnar áðan, sem vildi skýr svör við því hvort auka ætti við fjárframlög til háskólanna eða hvort þeim yrðu fengnar heimildir til skólagjalda eða að þær heimildir yrðu rýmkaðar. Ég verð að segja að ég er algerlega andvíg því að farið verði út á þá braut að taka skólagjöld í opinberum skólum. Ég tel að í okkar litla samfélagi

þurfi, ef við ætlum að vera samkvæm sjálfum okkur og auka í alvöru menntunarstig þjóðarinnar, að sjá til þess að fólki verði ekki mismunað til náms út frá efnahagslegri eða félagslegri stöðu. Við verðum að tryggja að allir sem áhuga og getu hafa til að sækja alvarlegt háskólanám eigi þess kost. Öll gjaldtaka af því tagi sem skólagjöld innihalda dregur úr möguleikum okkar á að keyra þá stefnu um jafnrétti til náms.

Að lokum vil ég segja þetta: Háskólum hefur fjölgað mikið á Íslandi. Það er að mörgu leyti vel. Ég hef ævinlega fagnað hverju nýju tækifæri sem íslenskir stúdentar eiga til náms á háskólastigi, en við þurfum samt að spyrja okkur alvarlegra spurninga varðandi þessa fjölgun skóla. Magn er ekki sama og gæði og mér sýnist grunntónninn í frumvarpinu vera sá að nú þurfi að búa til mælistiku sem mæli gæðin. Ég tek undir það meginstef og ég held að mjög mikilvægt sé að vel takist til í þeim efnum og að óvilhallir aðilar starfi eða komi að þeim málum. Ég mæli þess vegna með sjálfstæðri matsstofnun um gæðamatið en treysti því að öðru leyti að þannig verði á málum haldið að þessi heildarrammalöggjöf um háskóla eigi eftir að skila okkur betri skólum og í framhaldinu verði það tryggt að ríkisskólarnir haldi sínum stað, stöðu sinni og að hluta til yfirburðastöðu sinni.

Svo hefði ég, og læt það verða lokaorð mín, gjarnan viljað sjá frumvörpin um opinberu skólana koma til kasta Alþingis um leið og þetta, tel (Forseti hringir.) ekki eðlilegt að hér sé skilið á milli.

[12:43]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Í sjálfu sér þarf ekki að hafa mörg orð um frumvarpið, það er tiltölulega einfalt og skýrt. Þrátt fyrir þá svartsýni og efasemdir sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni lýsi ég yfir fullum stuðningi við frumvarpið því að það lýtur fyrst og fremst að því að ramma inn gæði með háskólastiginu á Íslandi.

Frú forseti. Háskólum á Íslandi hefur fjölgað verulega á allra síðustu árum. Segja má að sprenging hafi orðið á því sviði með fjölgun háskóla og enn er viðleitni til að auka háskóla. Stöðugt heyrum við raddir og óskir um, sérstaklega af landsbyggðinni, að koma upp háskólum til að bregðast við breyttum aðstæðum og þörf á hverju svæði.

Þá er rétt að minna á, eins og fram kemur m.a. í athugasemdum við frumvarpið, að frá árinu 1998 hefur nemendum á háskólastigi fjölgað úr 8 þúsund í 16 þúsund sem er 100% aukning á tiltölulega fáum árum eða frá 1998, og það sem meira er að námsframboði, prófgráðum sem boðið er upp á í íslenskum háskólum hefur fjölgað frá 1998 um 55%.

Þetta segir okkur að það hefur orðið algjör bylting á háskólastiginu á Íslandi og er til marks um að vel hefur verið staðið að verki, má segja, og menntastig þjóðarinnar er að hækka. Einmitt vegna þess hve örar breytingarnar hafa orðið á háskólastiginu er mjög mikilvægt að bregðast við og tryggja með hagsmuni okkar sem þjóðar að leiðarljósi og ekki síst þeirra nemenda sem sækja í háskólana, að sú starfsemi sem fram fer í einstökum háskólum uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur, að þar sé framfylgt þeim gæðakröfum sem bæði við setjum og alþjóðasamfélagið. Um það snýst þetta frumvarp. Þess vegna er full ástæða til að styðja það og fagna framkomu þess.

Gæðin sem fyrst og fremst er verið að ræða um lúta að kennslunni. Það segir sig sjálft að nemendur eiga beinlínis rétt á því þegar þeir setjast í háskóla, sama hvaða háskóli það er, að geta gengið að því sem vísu að kennslan uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur. Í ljósi þess að það hefur færst verulega í vöxt á síðustu árum að nemendur færa sig á milli háskóla, bæði innan lands og ekki síður erlendis, er einnig mjög mikilvægt að gæði kennslunnar á einum stað uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur þannig að þær einingar sem nemendur taka með sér milli háskóla séu beinlínis viðurkenndar og raski ekki námsframvindu einstakra stúdenta. Eitt megineinkenna háskólasamfélagsins er rannsóknarskyldan og það er að sjálfsögðu líka afskaplega mikilvægt að taka á því af þeirri festu sem hægt er að tryggja þau gæði þannig að þessar rannsóknir fari fram.

Frú forseti. Það hefur verið nokkuð á reiki í einstökum háskólum hvernig rannsóknarskyldunni hefur verið framfylgt, ef til vill vegna þess að ramminn utan um það hefur ekki verið nógu skýr. Er með þessu frumvarpi þar verið að bæta úr. Í tengslum við það hljótum við líka að velta upp þeirri spurningu hvort að skólar sem nú kalla sig háskóla hér á landi uppfylli allir og hafi í rauninni það markmið að vera háskóli í merkingunni akademía þar sem saman fer annars vegar kennslan og hins vegar rannsóknarskyldan. Við höfum svo dæmi um annað, sem hefur á erlendum málum verið kallað „community college“ og er þekkt ekki síst vestan hafs en einnig í Evrópulöndum, þar sem áherslan er meira á beint starfsmiðað nám en minna á rannsóknarskylduna. Þetta hefur verið nokkuð á reiki hér og er ástæða til að skerpa á þessu hugtaki ekki síst vegna stöðu skólanna innan íslensks menntakerfis.

Frú forseti. Ég árétta það sem ég nefndi áðan, hversu mikilvægt sé að háskólar sem hafa starfsleyfi á vegum hins opinbera uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur. Það byggir, eins og fram hefur komið hér, m.a. á Bologna-samþykktinni og norrænum samþykktum þar sem beinlínis er gert ráð fyrir að Evrópa öll sé undir þegar verið er að ræða háskólastigið. Í því felst að nemendur geta sótt sér nám til einstakra háskóla, fært sig á milli háskóla og þá á í rauninni ekki að skipta máli við hvaða háskóla einstakar námsgreinar eru stundaðar. Þær eiga að vera jafngildar allar í öllum háskólum. Þetta á að styrkja Evrópu með því að auðvelda nemendum að sækja háskólanám til einstakra skóla innan Evrópu sem hafa fallist á svokallað Bologna-samkomulag. Þar með er Evrópa í raun að styrkja samkeppnisstöðu sína gagnvart öðrum heimsálfum. Lykillinn að því er auðvitað menntunin og að nemendur geti leitað fanga sem víðast í þeim efnum til að afla sér háskólamenntunar. Þess vegna er nauðsynlegt að halda uppi gæðakröfum eins og þetta frumvarp miðar að.

Þá er líka rétt í þessu samhengi, frú forseti, að minna á að nokkuð hefur verið um það að nemendur hafa fært sig hér á milli háskóla, hafa byrjað í einum háskóla, lokið þar tilteknum þáttum en viljað síðan færa sig yfir í aðra háskóla. Á stundum hefur verið nokkur misbrestur á því að það hafi gengið upp. Upp hafa komið vandamál vegna

slíkra flutninga og ég tel að með frumvarpi eins og þessu þar sem lögð er áhersla á gæðakröfur og ákveðin lágmarksviðmið sé verið að létta nemendum þennan flutning. Þá komum við að enn einu ákvæði þessa frumvarps sem ber að fagna, nefnilega rétti stúdenta á háskólastigi og um leið ábyrgð. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvæg réttarbót að lögfesta að nemendur í háskólanámi hafi ákveðin réttindi og gera ráð fyrir að hver háskóli innleiði ákveðið ferli til að tryggja og framfylgja þeim réttindum. En jafnframt er lögð áhersla á þá ábyrgð sem hver nemandi á að axla með því að vera kominn í háskóla. Hangir þetta að sjálfsögðu mjög saman, réttindi og ábyrgð, réttindi og skyldur, en það er ekki síður ábyrgðin sem ber að taka vel undir.

Í sjálfu sér þarf ekki að segja miklu meira um þetta frumvarp. Þetta er rammi utan um lágmarksgæði. En að sjálfsögðu eru þetta aðeins viðmið. Það er verið að tryggja að skólar uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur án þess þó að verið sé að veitast að hinu akademíska frelsi eða að markmiðið sé að steypa öllum háskólum í sama mót. Það er vitaskuld ekki markmið þessa frumvarps eða vilji nokkurs að slíkt gerist heldur einungis að tryggja lágmarkskröfur og á grunni þess getur síðan hver og einn skóli blómstrað með sínum sérkennum og sínum áhugasviðum.

Stjórnarandstöðunni verður nokkuð tíðrætt um það sem kallað er fjárskortur til háskóla. Sannarlega má tala um fjárskort því þörfin er mikil. En á stundum heyrast orð eins og niðurskurður sem að sjálfsögðu er mjög mikið rangnefni því fjárframlög til háskólastigsins hafa margfaldast frá því, eins og á árinu 1998, í kjölfar þeirra nemendasprengingar sem orðið hefur og ég gat um áðan þegar nemendum á háskólastigi fjölgar úr 8.000 upp í 16.000 á innan við tíu árum og er það líklega met. Að sama skapi hafa framlög til háskólastigsins aukist. Þau eru núna um það bil 1,6% af þjóðarframleiðslu og er það yfir meðaltali OECD-landanna sem við miðum okkur gjarnan við. Því ber að fagna. Vitaskuld þarf að halda áfram að fylgja þessari þróun eftir til að hækka menntastigið. Í þeirri umræðu hafa menn velt því upp hvort í rauninni séu aðeins tvær leiðir til að bæta enn frekar fjárhag einstakra háskóla fyrir utan svona almennt hagræði og þar fram eftir götunum. Þessar tvær leiðir eru annars vegar að auka útgjöld ríkissjóðs, eins og gert hefur verið myndarlega á síðustu árum eða hin leiðin að innleiða með einhverjum hætti skólagjöld. Sú umræða hefur ekki farið fram á hinum pólitíska vettvangi og því miður allt of oft einkennst af upphrópunum og köllum og ekki verið umræða heldur orðaskylmingar. En því ber að fagna að í þessari umræðu hafa menn einmitt opnað fyrir þennan þátt og þá umræðu þurfum við að taka. Ég hygg að flestir flokkar hér, ef Vinstri grænir eru undanskildir, séu tilbúnir að opna á þá umræðu og vilja ekki útiloka það að innleiða með einhverjum hætti skólagjöld á háskólastigi. Ég nefni sem dæmi að innan Framsóknarflokksins hefur sú umræða farið fram að útiloka alls ekki skólagjöld varðandi mastersnám eða síðara nám eða varðandi það þegar nemendur vilja sækja sér í annað eða þriðja sinn prófgráðu. Stór hluti þeirrar aukningar sem átt hefur sér stað á háskólastigi í dag er til komin vegna fólks sem er að koma úr atvinnulífinu til að bæta við sig prófgráðu, gjarnan með stuðningi frá stéttarfélögum eða jafnvel vinnuveitenda og er alveg full ástæða til að skoða hvort óeðlilegt sé að opna fyrir skólagjöld gagnvart slíkum hópum

Í tengslum við umræðu um skólagjöld ber jafnframt að hafa í huga hvernig Lánasjóður íslenskra námsmanna kemur að því máli. Lánasjóðurinn er að sjálfsögðu mikilvægt jöfnunartæki varðandi jafnrétti til náms. Í umræðunni um skólagjöld inn í háskólakerfi þurfum við að sjálfsögðu að hafa lánasjóðinn undir. Það er einmitt einkenni umræðunnar að nálgast viðfangsefnið með opnum huga en ekki með fordómum. Þannig munu menn fá hina bestu niðurstöðu.

Frú forseti. Meira þarf ekki um þetta að segja. Hér hefur í allan morgun verið um þetta talað og mörg spakleg orð fallið og þarf litlu við að bæta. Ég ítreka stuðning við þetta frumvarp, og meira en stuðning, ég fagna framkomu þess vegna þess að það á að stuðla að því að gæði á háskólastigi séu tryggð. Þar með er þetta liður í því að hækka menntastig íslensku þjóðarinnar. Lýk ég þar með máli mínu, frú forseti.

[Fundarhlé. — 12:56]

[13:30]

Útbýting:

Samgöngumál, 489. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 721.

[13:31]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp hæstv. menntamálaráðherra um ný háskólalög, sem er að mati hæstv. ráðherra heildarendurskoðun á þeim lögum. Það vekur athygli að þrátt fyrir að um heildarendurskoðun sé að ræða er skilið eftir nokkuð sem miklu máli skiptir og flestir bjuggust við að á yrði tekið í slíku frumvarpi. Svo að það fari ekki á milli mála þá er rétt að það komi fram að í lagatextanum eru margir þarfir hlutir, að flestu leyti jákvæðir og í rétta átt. Kannski mætti segja að þar sé fest í lög það sem hefur verið við lýði að undanförnu og ekkert nema gott um það að segja.

Það sem er hins vegar sérstakt er að ekki skuli tekið fyrir atriði sem margir telja að mestu skipti. Það er ekki nóg að setja rammana ef ekki er til fjármagn til að efla starfsemina og sinna eins og ramminn gerir ráð fyrir. Það er áhyggjuefni að fjárhagsmálefnin skuli ekki til umfjöllunar eins og nauðsynlegt væri. Þau koma að sjálfsögðu við sögu í frumvarpinu en hjá þeim er skautað, þ.e. að tryggja að háskólar í landinu sitji allir við sama borð. Ég held að hæstv. ráðherra og ýmsir fleiri hæstv. ráðherrar hafi sagt að það væri einn tilgangurinn með vinnunni sem fram fór við endurskoðun háskólalaganna. Við sjáum að vísu í greinargerð með frumvarpinu að nefndin sem samdi a.m.k. uppistöðu þess er enn að störfum og mun skila af sér frumvörpum um sérlög um ríkisháskóla.

Auðvitað er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari við þessa umræðu hvenær von er á þeim sérlögum svo að hægt sé að átta sig á því hvaða vinnu menntamálanefnd á að leggjast í og hvort ekki sé hægt að fjalla um þetta mál samhliða. Það væri æskilegt. Ég vil spyrja, frú forseti, hvort ég hafi tekið rétt eftir áðan, að hæstv. ráðherra sé í húsi og

megi hlýða á mál mitt.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti mun gera hæstv. menntamálaráðherra Þorgerði K. Gunnarsdóttur grein fyrir því að óskað sé eftir henni í þingsal. Hins vegar mun ráðherrann í húsi og má vænta þess að hún fylgist með ræðu þingmanns. En boðunum verður komið til skila.)

Ég þakka fyrir, frú forseti. Ég vildi aðeins fá að vita hvort hæstv. ráðherra mætti hlýða á mál mitt svo hún geti svarað spurningum sem mér finnst eðlilegt að leggja fyrir hana. Ég spurði hvað liði undirbúningi að sérlögum um ríkisháskólana, sem ég tel mikilvægt að hafa til hliðsjónar við vinnslu þessa máls. Þetta frumvarp segir jú að í þau sérlög verði m.a. sett ákvæði um greiðslur sem ríkisháskólarnir megi innheimta. Það er afskaplega mikilvægt að sú umræða fari fram samhliða umfjöllun um þetta mál. Það skiptir máli hvort hæstv. ráðherra hefur hug á að tryggja að allir háskólarnir sitji við sama borð.

Hæstv. ráðherra sagði í stuttu andsvari í morgun að að hennar mati sætu allir háskólarnir við sama borð. Það var afskaplega merkileg yfirlýsing frá hæstv. ráðherra. Hún kom mér á óvart þar sem ég hélt að það væri almennt viðurkennt að svo væri ekki. Það má skoða frá ýmsum sjónarhornum. Ég hef heyrt forsvarsmenn ríkisháskólanna halda því fram að munurinn á þeim blasi við, að þeir megi ekki taka skólagjöld sem hinir háskólarnir, sem aðrir aðilar reka, hafa heimild til að krefjast. Þau skólagjöld eru ekki dregin frá ríkisframlaginu. Svo ég einfaldi umræðu eins og hægt er þá blasir við að mati ríkisháskólanna að þeir sitja ekki við sama borð hvað þetta áhrærir.

Ég hef einnig heyrt frá forsvarsmönnum hinna háskólanna, frá þeirra sjónarhorni, að þeir telji sig heldur ekki sitja við sama borð. Sérstaklega hef ég heyrt samanburðinn við Háskóla Íslands, þ.e. varðandi fjármuni til rannsókna. Þetta verður að leysa og er ekki hægt að láta þessa umræðu sigla svona áfram. Það verður að tryggja að háskólarnir, sem eru í samkeppni og út af fyrir sig ekkert nema gott um það að segja, hafi einhvern grunn til að byggja á, að skólarnir geti treyst því að þeir sitji við sama borð í samkeppninni. En því miður er ekkert á þessu máli tekið í frumvarpi hæstv. ráðherra. Hins vegar eru boðuð sérlög um málið sem sama nefndin vinnur að. Ég endurtek því, svo tryggt sé að hæstv. ráðherra heyri það, að það er eiginlega nauðsynlegt að fram komi við þessa umræðu hvernig gengur með þá vinnu og hvort hæstv. ráðherra geti sagt okkur hvort búast megi við frumvarpi um sérlög um ríkisháskóla á þessu þingi. Menntamálanefnd gæti þá hagað störfum miðað við hvernig því máli er háttað.

Ég vakti einnig athygli á öðru máli í andsvari í morgun sem mér finnst lykilatriði að hæstv. ráðherra tjái sig um. En svo virðist sem hæstv. landbúnaðarráðherra hafi sett hnefann í borðið og sett menntamálaráðherra stólinn fyrir dyrnar hvað það varðar. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. menntamálaráðherra hafi hug á að allir háskólar í landinu heyri undir menntamálaráðherra og spyr því hvort það sé ekki rétt metið af minni hálfu að hún hafi metnað í þá átt. En hvaða rökum beitti hæstv. landbúnaðarráðherra til að koma í veg fyrir að slíkt yrði? Ég held að það sé umræða sem einnig þurfi að fara fram.

Sé niðurstaða ríkisstjórnarinnar sú að eðlilegt sé að háskólarnir tilheyri nokkrum ráðuneytum þá hlýtur að vakna spurningin hvort ekki séu fleiri háskólar sem eigi heima undir öðrum ráðuneytum en þeir skólar sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Fróðlegt væri að fá að heyra rökstuðninginn fyrir þessu þannig að við getum rætt málið örlítið nánar. En þetta vekur sérstaka athygli þegar kemur að ákvæðum í lögum um greiðsluheimildir ríkisháskólanna. Við eigum því eingöngu von á að fá inn í þingið frumvörp um þá ríkisháskóla sem heyra undir menntamálaráðherra. En það virðist ekki von á sérlögum um háskóla sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Hér fer eitthvað á skjön og afar sérkennilega að að málum skuli þannig staðið að háskólar lendi í mismunandi stöðu þrátt fyrir að teljast allir ríkisháskólar.

Ekki væri síður athyglisvert og nauðsynlegt að fá fram hjá hæstv. ráðherra, sem kemur einnig fram í lagatextanum og í greinargerðinni með frumvarpinu, þ.e. að tryggja eigi, eins og hér segir, að ekki verði greidd öll sí- og endurmenntun sem fram fer í ríkisháskólunum. Þar er vísað til þess að það sé á grunni samkeppnis- og jafnræðissjónarmiða. Það er mjög eðlilegt enda er ýmislegt sem þar er boðið upp á í samkeppni við ýmsa aðra sem bjóða upp á sambærilegt nám. Það er hins vegar áhyggjuefni sem segir neðar í greinargerðinni, varðandi 21. gr., með leyfi forseta:

„Því er hér miðað við að fjárveitingar til háskóla renni fyrst og fremst til þess að greiða fyrir hefðbundið grunn- og framhaldsnám sem miðar að skilgreindum námslokum," og síðan er vitnað í ákvæði 7. greinar.

Hér er notað orðalagið „fyrst og fremst" sem er vísbending um að námið sé af ýmsu tagi. Það er vert að spyrja hæstv. ráðherra hvort með því sé ekki tryggt að ekki eigi að hreyfa við því háskólanámi sem boðið hefur verið upp á, m.a. í fjarkennslu í gegnum símenntunarmiðstöðvar víða um land, sem oft á tíðum kann að vera erfitt að flokka, hvort það telst t.d. hefðbundið grunn- og framhaldsnám. Það er eiginlega nauðsynlegt að hæstv. ráðherra kveði upp úr um að enginn vafi sé á að sú stefna sem þar hefur verið rekin og margir hafa hvatt til að verði efld sérstaklega, að engan bilbug sé að finna á hæstv. ráðherra í þeim efnum. Ráðherra verður að segja það skýrt að ekki eigi að nýta ákvæðið til að skerða þá möguleika. En þau mál hafa því miður ekki verið í viðunandi farvegi. Það hefur verið afskaplega óljóst hvar kostnaður af því starfi á að lenda. Því miður eru dæmi um að kostnaður af slíku námi hafi ekki aðeins lent meira á nemendum en ef um staðarskóla væri að ræða heldur hafi sum sveitarfélög einnig komið að þeim málum. Það er að sjálfsögðu ekki skilgreint sem hlutverk þeirra en víða hafa sveitarfélög komið upp aðstöðu fyrir nemendur þannig að þeir sitji sama borð og nemendur á öðrum svæðum. En á meðan hefur ríkisvaldið komið að slíkum kostnaði annars staðar. Þannig er ekki til staðar það jafnræði sem ætti að vera. Brýnt er að á því verði tekið á og jafnræði námsmanna tryggt. Fróðlegt væri að heyra hugmyndir hæstv. ráðherra hvað þetta mál varðar.

Ég minntist á það fyrr í ræðu minni að það væri lykilatriði að samkeppnisstaða skólanna yrði sem jöfnust. Það hlýtur að vera hlutverk hæstv. menntamálaráðherra að tryggja að ríkisháskólarnir sitji við sama borð og aðrir háskólar. Umræðan um fjárhagsstöðu þeirra, sérstaklega

tveggja ríkisháskóla, er kunn frá seinni árum, þ.e. Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Báðir þeir skólar hafa lent í að þurfa að vísa frá nemendum. Í umræðunum hefur m.a. verið vitnað til skýrslna þar sem Háskóli Íslands hefur, í tveimur úttektum, fengið sömu einkunn. Ef við tökum það saman á einfaldan hátt þá þykir furðu sæta hve góður skólinn er miðað við þær fjárveitingar sem hann fær til að sinna störfum sínum.

Það er ekkert launungarmál að Háskólinn á Akureyri hefur lent í ýmsum hremmingum vegna hins sama, þ.e. að nemendum þar hefur fjölgað mikið enda skóli í hraðri uppbyggingu. Því hefur ekki verið mætt nægjanlega með fjárveitingum. Til viðbótar hefur af hálfu skólans verið bent á að rannsóknarfjármagn til skólans hafi ekki verið í fullu samræmi við það sem ýmsir aðrir skólar hafa fengið. Færð hafa verið margvísleg rök fyrir því að þar hafi hallað á. Síðast en ekki síst hefur vakið athygli að fjárhagsstaða skólans versnar við að borga háa leigu fyrir nýtt og glæsilegt hús. Aðstaðan hefur að sjálfsögðu styrkt skólann sem slíkan en það er í raun ekki bjóðandi að ákvarðanir sem teknar voru af forvera hæstv. menntamálaráðherra skuli bitna á rekstri skólans, þ.e. að skólinn skuli borga þá leigu sem fyrir fram var vitað að þyrfti að greiða.

Það er auðvitað ekki sanngjarnt að það bitni síðan á rekstri stofnunarinnar. En þetta er mál, frú forseti,sem við munum ræða miklu betur þegar þau frumvörp sem eru kannski stóra málið gagnvart háskólastiginu, þ.e. sérlögin um ríkisháskólana, koma. Vonandi verður tekið á öllum þessum málum þar.

En ég var að vona, frú forseti, að við mundum í þessari umræðu fá að heyra að minnsta kosti hugmyndir hæstv. ráðherra um hvernig tryggja eigi að allir háskólar sitji við sama borð. Ég skildi, ef ég man rétt, ummæli hæstv. ráðherra fyrr í haust — og einnig ummæli hæstv. forsætisráðherra — á þann veg að væntanleg væru frumvörp sem mundu m.a. tryggja að allir háskólar sætu við sama borð. Ég er sem sagt ósammála hæstv. ráðherra í því að staðan sé þannig nú að allir háskólar sitji við sama borð og færði (Gripið fram í.) — já, hárrétt, hæstv. ráðherra, að hluti af fjárframlögum skólanna sitji við sama borð. Eins og hæstv. ráðherra benti á í andsvari sínu í morgun eru það auðvitað háskólarnir sjálfir sem deila fjárframlögunum út til sinna deilda. Ekki ætlum við hér í sölum Alþingis að skipta okkur af því. Það á að sjálfsögðu að vera verkefni sjálfstæðra háskóla að ákveða hvernig þeir skipta fjármunum sínum.

En þessir þættir eru stóra málið og ég geri ráð fyrir því, frú forseti, að í þeim felist vandinn þegar kemur að þeirri spurningu hvers vegna frumvarp um sérlög fyrir ríkisháskóla var ekki látið fylgja þessu frumvarpi. Það hefði verið það eðlilegasta og æskilegasta. Ég veit ekki hvar sá vandi liggur, hvort hann liggur hjá hæstv. menntamálaráðherra eða hvort hann liggur hjá öðrum hæstv. ráðherrum, en menn verða að koma sér saman um hvaða form ríkisstjórnin vill hafa á fjármögnun háskóla. Það er annars vegar mjög mikilvægt að þessi umræða fari fram en hins vegar þarf að ná miklum friði um þetta mál. Það væri æskilegt að hæstv. ráðherra — ég hafði fréttir af því rétt áður en ég fór í ræðustólinn að hún hefði enn einu sinni stigið skref í þá átt að leita samráðs. Það er auðvitað fagnaðarefni að hæstv. ráðherra skuli taka upp þau vinnubrögð að leita sátta í málum og (Gripið fram í.) reyna að vinna málin á þann hátt. Það er afskaplega mikilvægt í þeim málaflokki (Gripið fram í.) sem heyrir undir hæstv. ráðherra, þ.e. í menntamálunum. Í menntamálunum erum við að taka ákvarðanir í dag sem munu skipta miklu máli fyrir framtíðina, um slík mál þarf að ná sem allra, allra mestri sátt. Það er því fagnaðarefni að hæstv. ráðherra sé í auknum mæli að venja sig á þau vinnubrögð og ég vona að það verði á enn fleiri sviðum.

Ég sé að það er farið að styttast mjög í tímanum hjá mér. Ég held að ég noti síðustu mínúturnar til að hvetja hæstv. ráðherra til að taka slík vinnubrögð upp á fleiri sviðum. Af því að ég var hér að ræða um þetta stóra mál, hvernig við viljum haga fjármögnun háskólastigsins, þá held ég að það væri heilladrjúgt fyrir hæstv. ráðherra að setja niður þverpólitíska starfshóp eða nefnd, aukaatriði hvað við köllum það, sem færi yfir þau mál frá öllum hliðum og kæmist að niðurstöðu sem hægt yrði að ná sátt um. Eins og ég sagði áðan er augljóslega um að ræða afskaplega flókið mál sem þó er mjög brýnt að finna lausn á. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra sérstaklega til að íhuga hvort málið sé ekki af þeirri stærðargráðu að betra sé að gefa sér kannski örlítið meiri tíma til að vinna það og ná um það sátt frekar en að missa það út í einhverja stórskotahríð. Slíkt getur í fyrsta lagið tafið fyrir því að það nái fram að ganga eða þá leitt til þess að það verði keyrt í gegn í fullri ósátt og um það náist enginn friður. Skólarnir þyrftu að búa við þá óvissu að þegar næsta ríkisstjórn tekur við, sem verður væntanlega eftir afar stuttan tíma, megi þeir eiga von á því að málið verði allt saman skorið upp.

Ég held sem sagt, frú forseti, að þetta mál, líkt og það mál sem tilkynnt var um nú í hádeginu, sé af þeirri stærðargráðu að um það þurfi að ríkja víðtæk sátt. Við höfum hreinlega ekki efni á því, þegar við horfum til framtíðar, að láta menntakerfið leika á reiðiskjálfi út af því að einn vill ganga örlítið lengra en annar. Menn mega ekki missa málið út í farveg sem menn ráða ekki við og þurfa þá að semja frið um það einhvers staðar. Ég held að það sé vænlegra, þó það sé að sjálfsögðu alltaf gott að semja frið, og fagnaðarefni þegar menn ná slíku fram, að fara af stað með friðarmerkið uppi og ná samstöðu í málum en ekki byrja á því að kveikja ófriðarbál og þurfa síðan að slökkva það. Það er miklu vænlegra fyrir menntakerfið í heild sinni, og algjörlega nauðsynlegt, að við náum sem víðtækastri sátt um hin stærri mál. Fjármögnun háskólastigsins er mál af þeirri gerðinni.

[13:50]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um háskóla á þskj. 654, mál 433. Það er fjölmargt í þessu frumvarpi sem er afar áhugavert og tekið er á töluvert mörgum þáttum í háskólasamfélaginu og þá ekki síst gæðamálum og eftirliti sem er allt verulega til bóta. En það hefur komið fram hér í umræðunni að það eru þó nokkur atriði sem maður saknar í þessu frumvarpi og hefði viljað sjá að tekið væri á þegar á nú enn og aftur að taka heildrænt á stöðu háskólanna hér á landi. En ég vil byrja á því að segja að mér sýnist að öll vinnubrögð í þessu máli séu til mjög mikillar

fyrirmyndar. Sett var á laggirnar fagleg nefnd sem var skipuð fólki víða að og menn hafa nálgast málið með þeim hætti. Ég verð að segja, maður verður að hrósa þegar vel er gert, að þetta frumvarp ber þess merki.

En ég sakna ákveðinna þátta, virðulegi forseti, og þá einkum tveggja. Ég sakna þess að ekki sé tekið á ákveðnum álitaefnum hvað varðar fjármögnun, sem félagar mínir hafa farið ágætlega í, þeir Einar Már Sigurðarson og Björgvin G. Sigurðsson. Ég sakna þess líka að ekki sé tekið fastar á stöðu háskólanna gagnvart rannsóknum. Mikið hefur verið rætt á undanförnum árum um stöðu háskólanna sem nú starfa hér á landi hvað varðar rannsóknir. Það er ekki jafnræði hvað varðar rannsóknarfé. Skólarnir hafa ekki setið við sama borð þar. Þeir hafa allir sótt það fast að fá aukið rannsóknarfé og hafa verið með sterka röksemdafærslu þar á bak við. Í tengslum við þetta hefur verið töluverð umræða um það hvort skilgreina eigi alla háskólana á Íslandi sem rannsóknarháskóla. Það er auðvitað stór menntapólitísk umræða hvernig háskólasamfélag og hvernig háskóla við viljum byggja hér upp til framtíðar og er gríðarlega mikilvæg. Ég sakna þess að á því sé ekki tekið í frumvarpinu með afgerandi hætti, þ.e. að í því endurspeglist einhver framtíðarsýn.

Í fyrsta lagi hefði ég viljað að þar yrði sett inn skýrt og skorinort að skólarnir eigi að sitja við sama borð þegar kemur að úthlutun rannsóknarfjár og í öðru lagi að betur væri skilgreint hvaða rannsóknarskyldur háskólar á Íslandi hafi. Það er alls ekki skýrt í frumvarpinu. Það er talað um rannsóknir en það er ekki skýrt kveðið á um hvaða skyldur skólarnir eigi að hafa í því sambandi. Við vitum að mikið hefur verið rætt um þetta á undanförnum árum og stefnuleysið hefur endurspeglast í ójöfnum framlögum á rannsóknarfé til háskólanna.

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu er í athugasemdum um 1. gr. í greinargerðinni sagt, með leyfi forseta:

„Með hugtakinu æðri menntun er átt við alla menntun á háskólastigi hvort sem háskólarnir, sem hana veita, teljast vera *hefðbundnir háskólar þar sem lögð er stund á kennslu* og rannsóknir og skyld verkefni á breiðum grundvelli, háskólar með afmarkaðra starfssvið eða önnur skilgreind verkefni háskóla, fagháskólar eða kennslustofnanir án rannsóknarskyldu.“

Þetta er eini staðurinn í frumvarpinu þar sem maður sér í rauninni flokkun á mögulegum tegundum háskóla. Mér finnst að hér verði að koma fram hvert framhaldið eigi að vera. Er það hugmynd hæstv. menntamálaráðherra að hér verði kennslustofnanir með það hlutverk skilgreint og skýrt afmarkað, kennslustofnanir án rannsóknarskyldu? Er það sú leið sem við ætlum að fara í háskólamálum? Mér þætti vænt um að það kæmi skýrt fram við þessa umræðu vegna þess að frumvarpið skýrir það ekki. Það er mín skoðun að þeir háskólar sem nú eru á Íslandi séu allir með öflugt akademískt starf og hafi unnið til þess að fá myndarlegri rannsóknarstyrki. Ég tel að enginn þeirra gæti flokkast undir kennslustofnanir án rannsóknarskyldu, eins og nefnt er í athugasemdum við 1. gr.

Ég lýsi sem sagt, virðulegi forseti, eftir skýrari framtíðarsýn í þessum efnum. Er verið að tala um að flokka þær háskólastofnanir sem nú eru hér á landi með þessum hætti, eins og nefnt er hér í athugasemdunum? Eða er það markmiðið að í sérstökum samningum við þessa skóla verði jafnræðis gætt í framlögum vegna rannsókna?

Það er gríðarlega brýnt mál, virðulegi forseti, að þetta fáist skýrt í eitt skipti fyrir öll fyrir þá háskóla sem nú eru hér á landi vegna þess að allir hafa þeir metnað til aukinna rannsókna. Þeir standa auk þess frammi fyrir þeirri staðreynd að ef ekki eru öflugar rannsóknir stundaðar innan þeirra fá þeir hreinlega ekki kennara. Gríðarlegir hagsmunir eru í húfi fyrir þessa skóla og þess vegna veldur það mér pínulitlum áhyggjum að sjá þá sundurliðun á tegundum skóla sem er í athugasemdunum um 1. gr.

Virðulegi forseti. Ég nefndi líka fjármögnun háskólanna. Það málefni nálgast menn ekki nógu vel að mínu mati í frumvarpinu, þar eru álitaefni sem taka verður á. Þar eru fjölmörg álitaefni. Það er kominn tími til að ræða það af alvöru hvernig við ætlum að fjármagna háskólastofnanir hér á landi, opinberu háskólana og líka hina einkareknu, til framtíðar, þannig að jafnræði ríki og að þessir skólar sitji við sama borð og keppi á jafnréttisgrundvelli hvað fjármagn varðar. Það er skekkja í fjármögnun þeirra núna til kennslunnar vegna þess að einkaskólarnir hafa heimild til að taka skólagjöld umfram fjárframlögin sem þeir fá frá hinu opinbera. Þau skólagjöld gefa þeim auðvitað forskot og í því sambandi er vert að hafa í huga að töluvert af þeim skólagjöldum kemur í gegnum *Lánasjóð íslenskra námsmanna* sem er rekinn af hinu opinbera. Það er augljóst að við verðum að fara að fá niðurstöðu í þessi mál.

Ég hefði talið að við svona heildarendurskoðun á háskólastiginu væri ekki hægt að segja, eins og hæstv. menntamálaráðherra hefur gert hér í dag, að fjármögnunin sé tekin út fyrir sviga, vegna þess að hún skiptir máli, hún er algjört grundvallaratriði. Þetta eru stórar menntapólitískar spurningar til framtíðar sem við stöndum frammi fyrir. Þegar svona mál er tekið og krufið eins og gert er núna, þá verður, virðulegi forseti, að taka málið allt upp í heild sinni. Það þýðir ekki að skilja viðkvæmu og óþægilegu málin eftir utan sviga og ræða þau ekki og segja að þau snerti ekki það mál sem hér er til umræðu, eins og hæstv. menntamálaráðherra ýjaði að í umræðu fyrr í dag.

Hægt er að nefna fjölmargt í þessu efni. Í því ljósi finnst mér rétt að taka upp umræðuna frá því í haust sem varð vegna tveggja skýrslna sem gerðar voru um stöðu Háskóla Íslands, fjárhagsstöðu hans og faglega stöðu hans. Annars vegar var það stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar og síðan gerðu samtök háskóla í Evrópu einnig úttekt á Háskóla Íslands. Þar er nefnilega komið inn á þessi stóru menntapólitísku atriði, þ.e. hvernig eigi að fjármagna Háskóla Íslands til framtíðar svo viðunandi sé. Báðar þessar úttektir á Háskóla Íslands sýndu berlega og komust að þeirri niðurstöðu að Háskóli Íslands væri verulega undirfjármagnaður. Þetta eru tvær óháðar úttektir sem gerðar voru og auðvitað ber að hlusta á þær. Í báðum þeim úttektum er því beint til stjórnvalda að þau skerpi á stefnu sinni og skerpi á sýn hvað fjármögnun háskólans til framtíðar varðar.

Það þarf náttúrlega ekki að nefna hvaða afleiðingar þetta gæti haft. Talað er um í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar hvaða áhrif þetta gæti haft fyrir Háskóla Íslands, þ.e.

þetta langvarandi svelti. Ég vil því fá að bera hérna niður í skýrsluna og með leyfi forseta ætla ég að fá að lesa ákveðinn kafla sem mér finnst afar mikilvægur í þessari umræðu.

Þar segir:

„Ljóst er að stjórnendur Háskóla Íslands hafa gætt þess á liðnum árum að haga rekstri skólans í samræmi við fjárveitingar og aðrar tekjur sem hann aflar. Þá sýnist hann koma ágætlega út úr samanburði á hagkvæmni og skilvirkni sem gerður var við nokkra erlenda háskóla. Fjárhagsvandi háskólans er því ekki fólginn í stöðugum hallarekstri og skuldasöfnun heldur liggur fremur í að skólinn á óhægt um vik að mæta auknum kostnaði vegna fleiri nemenda, nýrra námsbrauta og dýrari starfsmanna án þess að það komi niður á gæðum kennslu og rannsókna. Einnig er hætt við að fjárhagsstaða skólans komi í veg fyrir að hann geti þróast sem öflugur rannsóknarháskóli með framhaldsnámi og rannsóknum sem standast alþjóðlegan samanburð."

Þetta segir í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar og á þetta ber náttúrlega að hlusta vegna þess að álíka eða ekki ósvipaðar ábendingar eru gerðar í evrópsku úttektinni. Þetta eru auðvitað hin stóru menntapólitísku atriði, þ.e. hvernig við ætlum að búa að þessum opinberu háskólum. Því vil ég taka undir með félaga mínum, hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, þegar hann sagði áðan að auðvitað hefði verið æskilegt að hafa sérlögin um þessa þrjá skóla hér til umræðu samhliða þessu máli þannig að við hefðum yfirsýn yfir það hvort verið væri að mæta að fullu þeim ábendingum sem koma fram í þessum tveimur mjög svo vönduðu úttektum sem gerðar voru á Háskóla Íslands sérstaklega. Þá yfirsýn höfum við ekki núna, þar sem þessi boðuðu sérlög um Háskóla Íslands eru ekki til umræðu hér.

Virðulegi forseti. Í lokin vil ég nefna að ef þetta heldur svona áfram er hætt við því að við förum að sjá í auknum mæli í Háskóla Íslands mögulega það sem gerðist í Háskólanum á Akureyri, að deildum og námsleiðum verði fækkað vegna þess að ekki er nægt fjármagn til að reka skólann eins og hann er. Það tel ég vera grafalvarlegt mál vegna þess að Háskóli Íslands hefur það hlutverk að bjóða upp á mjög breitt akademískt nám. Þar erum við að tala um fög, greinar og fræðasvið sem ekki eru í samkeppni við aðra háskóla og er einungis kennt í Háskóla Íslands. Þarna erum við að tala um guðfræði, rússnesku, japönsku og önnur tungumál, við erum líka að tala um raungreinarnar. Við erum að tala um akademískt nám í stærðfræði og raungreinum. Öllum þessum litlu fögum og litlu deildum má ekki gleyma í allri þeirri umræðu og allri þeirri áherslu sem hæstv. menntamálaráðherra leggur á samkeppni milli skóla. Þess vegna vil ég draga það fram að samkeppni milli skóla er bara á takmörkuðum fræðasviðum. Hún er ekki á nærri því öllum sviðum og því megum við ekki gleyma þegar verið er setja lög um háskólastigið í heild. Við verðum að taka tillit til slíkra þátta. Þarna skiptir fjármögnunin auðvitað verulegu máli en sömuleiðis skiptir einnig máli að pólitískur vilji sé til þess að standa vörð um þessar minni fræðigreinar sem eru ekki í samkeppni um nemendur milli skóla því að þær eru ekki síður mikilvægar.

Ég trúi því ekki að það sé sýn manna til framtíðar að fækka eigi greinum sem kenndar eru, en ég er ansi hrædd um að það geti gerst. Og miðað við það sem sagt er í báðum þessum úttektum um Háskóla Íslands er ansi hætti við því.

Virðulegi forseti. Ég gat ekki sleppt því að ræða aðeins um fjármögnunina þó að vel hafi verið farið yfir það fyrr í dag. En ég vil ítreka þá ósk mína til hæstv. menntamálaráðherra að hún skýri betur framtíðarsýn sína hvað rannsóknirnar varðar og svari skólunum því, þeim háskólum sem nú starfa hér á landi og eru allir mjög öflugir rannsóknarháskólar má segja þrátt fyrir að þeir fái lítið fjármagn frá hinu opinbera og byggja framtíð sína á því að fá viðurkenningu sem slíkir. Hið opinbera viðurkennir þá sem slíka í dag með því að veita þeim fjármagn til rannsókna en núna þarf meira að koma til. Þess vegna vil ég heyra frá hæstv. menntamálaráðherra svör við því hvort sundurliðanir á gerðum háskóla, eins og ég nefndi áðan, eigi við um einhverja af þeim háskólum sem nú eru starfandi eða hvort þetta sé framtíðarsýn óháð þessum skólum.

[14:09]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um háskóla og er nú komið undir lok 1. umr. Gagnrýnin hefur verið á rólegu nótunum, reyndar hefur umræðan verið meira um það sem vantar í frumvarpið en það sem frumvarpið snýst um. Sérstaklega er þá talað um að fjármálin séu tekin út fyrir sviga í frumvarpinu eins og hæstv. menntamálaráðherra orðaði það sjálf. Það hefur auðvitað verið gagnrýnt og ég tek undir þá gagnrýni.

Í VIII. kafla í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er fjallað um fjárhagsmálefni og þar segir, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra er heimilt að gera samninga til 3–5 ára í senn um fjárframlög til kennslu og rannsókna í háskólum sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis samkvæmt lögum þessum. Slíkir samningar eru skilyrði fyrir veitingu fjárframlaga til viðkomandi háskóla."

Auðvitað væri eðlilegt að í frumvarpinu kæmi þá nánari skýring á eðli þessara samninga og almennt um fjárframlög til skólanna. Eins og við vitum hefur verið mjög deilt á það á Alþingi að háskólarnir séu í fjársvelti þrátt fyrir að hæstv. menntamálaráðherra haldi öðru fram. En staðreyndin er sú að nemendum í háskólum hefur fjölgað stórlega og ásókn í háskólana hefur aukist mjög mikið en fjárframlögin til háskólanna hafa ekki vaxið í samræmi við það.

Í 22. gr. segir, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra setur reglur um fjárframlög til háskóla. Skal þar kveðið á um nám og rannsóknir sem fjárveitingar renna til, vægi námsgreina, umfang rannsókna og aðra þætti sem fjárveitingar skulu taka mið af."

Allt er þetta gott og gilt en um það gildir hin sama gagnrýni að þetta þyrfti að vera allt ítarlegra í frumvarpinu.

Ég kom aðeins inn á það í andsvörum mínum við ræðu hæstv. menntamálaráðherra að í 19. gr. er talað um að nemendur sem hefji nám í háskóla skuli hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Sem betur fer er tekið fram í frumvarpinu að háskólunum sé heimilt að innrita nemendur sem búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla.

Nú erum við með dæmi um að þegar háskólar, t.d. Háskólinn á Akureyri, hafa þurft að vísa nemendum frá er það

yfirleitt fyrsta úrræðið, vegna þess að einhvern veginn þarf maður að flokka nemendur sem eru teknir inn, að segja: Þeir nemendur sem ekki eru með stúdentspróf fá ekki aðgang að háskólanum. Þetta er mjög slæmt vegna þess að nemandi, þó svo að hann sé ekki með stúdentspróf, getur verið fullfær og jafnvel færari en nemandi sem lokið hefur stúdentsprófi til að hefja nám við háskóla. Við ræddum aðeins um að í Danmörku gilda reglur um ákveðinn aldur. Þegar manneskja hefur náð ákveðnum aldri og er búin að vera á vinnumarkaði og hefur aflað sér þekkingar og reynslu þá er það tekið sem gilt stúdentspróf. Við vitum öll að það er oft erfitt þegar maður hefur misst af lestinni, ekki náð að klára stúdentsprófið, að hefja nám aftur. Nú eru vissulega margir möguleikar til þess, til eru kvöldskólar, fjarnám o.s.frv. en því miður er þetta ekki kostur fyrir alla.

Ég mælti í síðustu viku fyrir þingsályktunartillögu um stuðning við einstæða foreldra í námi. Þetta er einmitt hópur sem hefur oft ekki náð að klára stúdentspróf vegna þess að fólk hefur eignast börn og það missir þannig af lestinni. Ég held að mjög mikilvægt sé að við tökum tillit til þessa hóps og þess vegna sé lögð áhersla á að nemendur sem hafa ekki lokið stúdentsprófi geti hafið nám við háskóla. Til þess þurfa háskólarnir að setja sér reglur. Grundvallaratriðið er þegar skera þarf niður að það sé ekki látið fyrst og fremst bitna á þeim nemendum sem hafa ekki stúdentspróf.

Hæstv. menntamálaráðherra nefndi sem dæmi að í Svíþjóð er prósenturegla í þessum málum. Þar fær ákveðið hlutfall nemenda sem ekki hafa lokið stúdentsprófi alltaf inngöngu í háskóla. Ég held að slíkt kæmi mjög vel til greina. Nú er það svo að það starfa um átta háskólar á Íslandi, held ég. Þeir heyra ekki allir undir menntamálaráðherra. Mér þykir það miður. Það væri eðlilegt að allir háskólarnir væru undir menntamálaráðuneytinu. Ég veit ekki hvort ég og hæstv. menntamálaráðherra getum verið sammála um það. Ég veit að hæstv. landbúnaðarráðherra er mér ekki sammála um það. En ég held að þetta sé hlutur sem við þurfum að skoða mjög vel.

Við höfum dæmi um háskólasetur sem er verið að setja á fót á Egilsstöðum og á Ísafirði og ég held að í framtíðinni hljótum við að gera kröfu um að þessi háskólasetur verði fullgildir háskólar. Við höfum dæmi um Háskólann á Akureyri og allar þær úrtöluraddir sem heyrðust þegar sá skóli hóf starfsemi sína fyrir tæpum 20 árum. Þá var talað um að samfélagið á Akureyri væri allt of lítið til að taka við háskóla o.s.frv. Og þessi umræða var í raun og veru eins og endurvarp af annarri umræðu 80 árum fyrr þegar Menntaskólinn á Akureyri var stofnaður. Þá var reyndar bara einn menntaskóli á landinu, Menntaskólinn í Reykjavík, og allir sögðu að það væri alveg útilokað að hafa menntaskóla á Akureyri. En reyndin varð auðvitað önnur og það sama hefur nú þegar sannað sig með Háskólann á Akureyri. Þar hefur verið byggt upp gríðarlega gott starf og áhrif Háskólans á Akureyri á samfélagið er, leyfi ég mér að fullyrða, á við mörg álver. Svo ég tengi þetta við hina frábæru álversumræðu sem tröllríður húsum í þjóðfélaginu um þessar mundir og ber að þakka hæstv. iðnaðarráðherra sérstaklega fyrir það.

Háskólinn á Akureyri er nefnilega stóriðja, hann er stóriðja á sviði menntunar. Ég sé það fyrir mér að háskólasetur á Egilsstöðum geti orðið fullbúinn háskóli og það sama gildir að sjálfsögðu um Ísafjörð. Og ég vona og efast reyndar ekkert um að háskólar á Egilsstöðum og Ísafirði geti orðið jafnmikilvægir fyrir samfélagið á þeim stöðum og Háskólinn á Akureyri er.

Í umræðunni núna hefur verið mikið talað um að ekki fari nægt fjármagn til háskólanna. Við þekkjum það öll að innritunargjöld hafa verið að hækka, nokkurs konar dulbúin skólagjöld. Það er auðvitað staðreynd að háskólarnir eru sveltir alveg þangað til þeir eru farnir að kalla á skólagjöld. Þá er ég að tala um ríkisháskólana, að sjálfsögðu. Það hefur verið farið vel yfir það í ræðum hér í dag. Hv. þingmaður Björgvin G. Sigurðsson kom t.d. inn á þennan aðstöðumun ríkisháskóla og einkareknu háskólanna, að einkareknu háskólarnir fá sambærilegt fjármagn á hvern nemanda eins og ríkisháskólarnir en geta auk þess tekið skólagjöld af nemendum sínum. Nemendurnir fá síðan námslán fyrir skólagjöldunum og við vitum að námslánin eru hagstæð lán og það hefur verið nefnt að líta mætti svo á að jafnvel helmingur þeirra væri í raun og veru styrkur, a.m.k. í sumum tilfellum. Þetta þarf auðvitað að laga. Í svörum hæstv. menntamálaráðherra kom það ekki sérstaklega skýrt fram að hún væri tilbúin til þess. En ég er bjartsýnn maður að eðlisfari og vona að hæstv. menntamálaráðherra leiti þarna betri úrræða og skipti jafnvel um skoðun eins og hún er að gera í sumum öðrum málum einmitt í dag. Ég held að það megi nefnilega alls ekki gerast að háskólarnir séu sveltir til að taka upp skólagjöld. Mér finnst að skólagjöld í íslensku samfélagi, sem kennir sig auðvitað við jöfnuð, eigi alls ekki við. Eigi alls ekki þar heima.

Það hafa komið fram ýmsar skoðanir um þetta frumvarp, flestar nokkuð jákvæðar enda hefur verið talað um að ekki sé nein róttæk stefnubreyting í því. En ég reikna með að það fari til menntamálanefndar þar sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þingmaður Kolbrún Halldórsdóttir situr, og þar verður frumvarpið örugglega tekið til gagnrýnnar endurskoðunar og að gestir verði kallaðir fyrir menntamálanefnd og þetta verði rætt í þaula og þá væntanlega talað um það sem vantar í frumvarpið og það sem má færa til betri vegar.

En skapandi háskólar eru nefnilega jafnmikilvægir og skapandi grunnskólar og allt skólastarf á að vera skapandi og hefur kannski vantað dálítið í umræðuna um háskólana að þeir séu einnig skapandi stofnanir.

[14:22]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram hér í þingsalnum um þetta mikilvæga málefni sem snertir rammalöggjöf um háskóla. Þetta frumvarp er eðlilegt næsta skref í stefnu okkar til að verða fremsta þekkingarsamfélag í heimi árið 2010 og við teljum það rétt eftir þá miklu þenslu sem hefur átt sér stað á sviði háskólamála og innan háskólasamfélagsins. En við erum búin að ná því markmiði okkar að fjölga háskólanemum, ekki bara töluvert heldur tvöfalt. Þeir eru nú orðnir ríflega 18.000 og 2.000 betur ef teknir eru með þeir nemendur sem stunda nám við erlenda háskóla. Námsframboð og fjölbreytni hef-

ur líka aukist. Það er ljóst að sífellt eru gerðar meiri kröfur um gæði í kennslu og rannsóknum og þær raddir verða æ háværari, sérstaklega í ljósi þeirrar miklu samkeppni sem við stöndum í við erlenda aðila um fólkið okkar þannig að við þurfum að gera skýrar kröfur varðandi gæði námsins. Við setjum mjög mikið fjármagn inn í háskólann og viljum þar af leiðandi gera skýrt skilgreindar kröfur til þess sem þar er boðið upp á. Það gerum við að sjálfsögðu í samvinnu við háskólann. Ég fagna því og þakka fyrir það sem hér hefur verið dregið fram. Við höfum unnið þetta mjög faglega að mínu mati. Við höfum kallað til háskólasamfélagið og unnið þetta að mörgu leyti í samvinnu við þá sem þar eiga hlut að máli.

Það eru ýmsar spurningar sem hafa verið lagðar fram í þessari umræðu en ég vil fyrst byrja á að hnykkja á helstu nýmælunum sem ég kom reyndar inn á í framsöguræðu minni. Menn verða að hafa hugfast að hér er ekki verið að fjalla um fjárhagsmálefni háskóla, það gerum við í gegnum fjárlögin. Það gerum við í gegnum aðrar leiðir. Það er búið að draga það fram af bæði minni hálfu og annarra að við erum að vinna að löggjöf um ríkisháskólana, sérlöggjöf um þá, þar sem m.a. verður tekið á þeim málum sem menn hafa verið að impra á hér. En með þessu frumvarpi tekur það til háskóla án tillits til rekstrarforms og þá skiptir ekki máli hvort háskólinn er ríkisstofnun eða hlutafélag, eða sjálfseignarstofnun. Þessi rammalöggjöf nær til allra. Það eru sömu gæðakröfur gerðar til allra háskóla, sem er mjög þýðingarmikið, ekki síst í ljósi þeirrar samkeppni sem við erum í og þess metnaðar sem við höfum sýnt varðandi starfsemi háskóla. Það er líka rétt að draga fram þá nýbreytni að með þessu munum við viðurkenna háskóla og það kemur í stað starfsleyfis. Viðurkenning hvers háskóla er bundin við hin tilteknu fræðasvið sem ég kom inn á og síðan hafa háskólarnir sjálfdæmi, en það skiptir miklu máli fyrir sjálfstæði háskólanna að þeir hafi sjálfdæmi um námsframboð innan þeirra fræðasviða sem viðurkenningin nær til. Síðan er rétt að draga fram að það er gerð og gefin út sérstök viðmiðun um æðri menntun og prófgráður og þau viðmið verða sett fram af hálfu menntamálaráðuneytisins. Þá verður í fjórða lagi aukið eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna og síðan eru ákvæði er snerta rétt nemenda sem eru styrkt og efld og gerð skýrari.

Mér fannst sumir hverjir ekki hafa áhuga á frumvarpinu sem slíku, kannski er það bara misskilningur hjá mér. Því mér fannst lítið rætt um þau stóru og miklu atriði sem felast í frumvarpinu varðandi gæðamálin, varðandi þær auknu kröfur sem við leggjum fram í frumvarpinu um leið og við undirstrikum sjálfstæði háskólanna. En gott og vel. Það var m.a. spurt hvort ekki ætti að fara þá leið sem Rúnar Vilhjálmsson prófessor kom inn á í grein sinni um gæðamál í háskólum, Gæðavandinn á háskólastiginu, að það þyrfti sjálfstæðar matsstofnanir. Ég vil taka fram að ég er ekki sammála því að setja á stofn sérstaka ríkisstofnun sem eingöngu hefur það hlutverk að hafa eftirlit með háskólunum. Miklu frekar tel ég að rétt væri að fara þá leið sem er farin í 14. gr. frumvarpsins varðandi ytra eftirlitið, að menntamálaráðherra getur falið nefnd, stofnun, þess vegna ríkisstofnun, en líka einkaaðilum, fyrirtækjum eða öðrum til þess bærum aðilum innlendum sem erlendum að annast almenna umsýslu með ytra mati á kennslu og rannsóknum. Og að framkvæmd ytra mats skuli falin óháðum aðila og að því skuli að jafnaði koma bæði innlendir og erlendir sérfræðingar og fulltrúar nemenda.

Ég tel þetta afskaplega mikilvægt ákvæði að við vitum að það eru mjög reyndar eftirlitsstofnanir starfræktar erlendis, t.d. í Skotlandi og Bandaríkjunum, bæði einkastofnanir og ríkisstofnanir, og ég tel að við Íslendingar hefðum mikinn hag af að nýta þjónustu slíkra stofnana og reyna að fara í samstarf við bæði innlenda en ekki síður erlenda aðila sem koma þá að því að taka þátt í því sem við köllum ytra gæðaeftirlit. Ég sé að hv. þingmaður Björgvin G. Sigurðsson kinkar kolli og það þýðir iðulega að maður sé sammála því sem verið er að segja. (**BjörgvS:** Eða hugsi.) Eða er mjög hugsi, ég veit ekki hvort er.

En ég held að það sé mikilvægt að við höldum þessum sveigjanleika. Að við niðurnjörvum ekki ferlið, þ.e. hver gerir hvað hverju sinni, heldur náum að meta hvaða fræðasvið við erum að meta, hvaða deild við erum að meta. Í einu tilfellinu getur verið betra að leita til Skotlands eða Írlands og í öðru tilfellinu til innlendra sérfræðinga sem eru starfandi hér heima. Þannig að stóra atriðið er að við erum að negla betur niður, ramma betur inn, mikilvægi þess að það sé haft bæði innra og ytra eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.

Mönnum hefur verið tíðrætt um fjármál háskóla og við höfum náttúrlega haldið margar ræður um þau málefni. Bara þannig að nokkur atriði séu ljós. Við höfum stóraukið framlög til háskólamála. Það er eins og menn hlusti aldrei á það. Það er verið að auka framlög til háskólanna. En auðvitað má alltaf gera betur og koma með meiri og meiri yfirboð. Ég tel það vera réttu leiðina, og við erum að sýna fram á að ríkisvaldið, og það má alveg draga það fram að við höfum þurft að auka við framlög til háskóla síðan 1995 að minnsta kosti, að við höfum verið að gera það með myndarlegum hætti og sérstaklega á síðustu árum. Menn sjá það þegar menn skoða fjárlagafrumvarpið að við höfum verið að bæta hressilega í. Við höfum ekki farið þá leið, eins og svo margar aðrar þjóðir hafa gert varðandi nemendaaukninguna að skerða nemendaframlögin. Við höfum einmitt reynt að halda í við þau. Þannig að leiðin til þess að efla framlögin til háskólamála er að ríkisvaldið og hið opinbera auki framlög sín, sem við munum gera. Rektor London School of Economics sagði í ræðu sem hann hélt á ráðstefnu núna í vikunni, að það væri mikilvægt fyrir háskólasamfélagið að bæði einkaaðilar og hið opinbera fjármögnuðu háskólastarf því að hagsmunir allra væru fólgnir í því að hafa öfluga háskóla og ég get tekið undir það. Bretum hefur tekist mjög vel að fá allt samfélagið, hið opinbera sem einkaaðila, til þess að fjármagna háskólastarfið.

Varðandi skólagjöldin þá er það alveg rétt að það er skoðun mín, og ég hef sagt það, að ef setja á skólagjöld eigum við fyrst að huga að því hvað það þýðir fyrir námið og þá sérstaklega meistara- og doktorsnám. En svo það sé alveg skýrt þá tel ég ekki að setja eigi á skólagjöld til að leysa fjárhagsmál háskólanna, engan veginn. Skólagjöldin sem slík eiga ekki að leysa fjárhagsmál háskólanna, leysa verður þau á annan hátt með framlögum ríkisins og reyna að fá fleiri aðila til að koma að þeim málum. Skólagjöld eru

að mínu mati ákveðin tæki til að styrkja innviði og við sjáum það erlendis frá að þau hafa verið að styrkja innviði skólasamfélagsins en þau eru ekki lausnin til að leysa fjárhagsmál háskólanna. Ég vil ekki nálgast málið út frá þeirri forsendu að skólagjöldin verði sett á bara til þess að leysa allt. Svo er ekki. Við þurfum að nálgast þá umræðu á miklu breiðari grunni en svo og ég mun ekki beita mér fyrir því, a.m.k. á þessu þingi, að sú umræða í formi frumvarps um skólagjöld verði tekin. Við eigum miklu lengra í land en svo að við förum að ræða skólagjöldin sem slík hér.

Varðandi það að sitja við sama borð, þá erum við komin svolítið að þeirri stórpólitísku spurningu sem hefur náttúrlega greint þá sem fara með meiri hluta á Alþingi frá minni hlutanum, og þá sérstaklega Samfylkinguna en þar má líka nefna vinstri græna. Við höfum sagt að til að efla flóruna í háskólasamfélaginu og til að auka fjölda nemenda þurfum við að fara leið samkeppninnar og við ákváðum að fara samkeppnisleiðina. Okkur hefur tekist í gegnum samkeppnina að fjölga háskólastúdentum, auka námsframboðið og auka líka um leið fjárframlögin til háskólanna. Við það hafa ekki allir sætt sig og það kemur skýrt fram í ræðum margra hér, þó ekki allra, sem greinilega skilja og skynja mikilvægi þess að halda uppi samkeppni í háskólasamfélaginu. En til þess að það sé dregið fram þá er ekki hægt að bera saman framlög ríkisins til ríkisháskóla og framlög ríkisins til þeirra sem kallast einkaháskólar því að framlög ríkisins til einkaháskólanna eru á sviði kennslu sem er grundvölluð á samningi við ráðuneyti menntamála, en framlög til Háskóla Íslands, Kennaraháskólans og Háskólans á Akureyri grundvallast annars vegar á kennsluframlagi og hins vegar á rannsóknarframlagi. Þetta er einfaldlega ekki hægt að bera saman. En ef við tökum einfaldlega ríkisframlag til háskólanna þá eru hlutföllin hærri á nemenda í ríkisháskólunum en til einkaháskólanna svo það sé alveg skýrt.

Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir spurði mig hvort við værum að fara þá leið í þessu frumvarpi að skilgreina háskóla í kennsluháskóla og rannsóknarháskóla. Við erum ekki að því. Það sem við gerum hins vegar er að fara mjög víðtæka leið sem felur í sér víðtæka skilgreiningu og það er til þess að halda öllum möguleikum opnum. Það kann að vera að einhverjir telji að ákveðnir háskólar séu starfræktir sem kennsluháskólar en við verðum að veita þeim svigrúm til að þróa áfram rannsóknir.

Ég bendi á ályktanir Vísinda- og tækniráðs varðandi framlög til háskóla þar sem sérstaklega er hnykkt á því að efla verði grunnframlög til háskólanna og styrkja þau til að háskólarnir geti keppt um framlög úr samkeppnissjóðunum. Við ákváðum að fara þá leið að samkeppni á sviði rannsókna og vísinda yrði efld og háskólarnir mundu keppa um fjárhæðir á grundvelli þeirra rannsókna sem best væru metnar. Að sjálfsögðu þurfa háskólarnir að hafa ákveðin grunnframlög og Vísinda- og tækniráð hefur ákveðið að fara þurfi í það en m.a. á þeirri forsendu að hugsanlega þurfi að árangurstengja það framlag og ég held að það sé mjög mikilvægt að við árangurstengjum þau framlög til rannsókna sem við beinum til háskólanna. Rannsóknarframlögin eru mjög misjöfn, þau eru náttúrlega langhæst til Háskóla Íslands og ég tel það alls ekkert óeðlilegt, enda er sá háskóli með mestu reynsluna og víðtækasta námsframboðið og í rauninni mjög eðlilegt að þannig sé staðið að því. Engu að síður er verið að efla rannsóknir hjá öðrum háskólum, Kennaraháskólanum, Háskólanum á Akureyri og einnig Háskólanum í Reykjavík. Við erum með ákveðinn samning sem liggur því til grundvallar sem stefnir að því að rannsóknarframlag eftir um þrjú eða fjögur ár verði 28–29% miðað við að Háskóli Íslands hafi þá um 48% miðað við kennsluframlagið. Verið er að efla rannsóknir innan háskólanna, verið er að beina meira fjármagni í þá veru að efla rannsóknir. Ég vil að menn hafi það hugfast að við höfum stóraukið fjárframlög til rannsókna en það hefur farið í sjóðina. Það er úr meiru að spila í gegnum sjóðina en hefur nokkru sinni áður verið.

Ég tel að ég hafi farið yfir þá punkta sem menn hafa spurt hér um nema það sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson spurði um fjarnámið og 22. gr. Þá vil ég sérstaklega draga fram að þetta kemur ekki til með að skerða neina möguleika varðandi fjarnámið og dreifnámið. Aðalmálið er alltaf skilgreiningin á því hvort viðkomandi nám falli undir grunnnám, meistaranám eða doktorsnám og falli undir ákveðin fræðasvið. Menn verða að hafa hugfast hvernig þeir skilgreina námið, hvort um endurmenntun sé að ræða (Forseti hringir.) eða fræðilegt og akademískt háskólanám.

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu og fagna því að málið skuli brátt vera komið í hendur hv. menntamálanefndar.

[14:38]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra er svo tíðrætt um þær leiðir sem stjórnvöld hafa farið til að efla háskólastigið, þ.e. leið samkeppninnar. Í mínum huga er það sambærilegt við leið markaðarins því að markaðurinn byggir á samkeppni. Það vita allir að hægri sinnaðir stjórnmálamenn nota lögmál markaðarins og heimfæra þau upp á hið opinbera kerfi og það er það sem hæstv. menntamálaráðherra hefur verið að gera.

Svo segir hún stöðugt að það sé verið að setja mikla fjármuni í háskólastigið og að ríkisskólarnir eða opinberu skólarnir fái meira á hvern nemanda en sjálfseignarstofnanirnar. Þetta er ekki alls kostar rétt hjá hæstv. ráðherra því hún svarar aldrei einstökum þáttum þeirrar gagnrýni sem hér er færð fram. Einkaskóli sem hefur tök á því að leggja skólagjöld á nemanda ofan á hið opinbera framlag hefur meira umleikis með hverjum nemanda en ríkisskóli, og þá er ég auðvitað (Forseti hringir.) fyrst og fremst að tala um kennsluþáttinn (Forseti hringir.) því að hæstv. ráðherra má ekki gleyma því að skólarnir fá annars vegar fyrir kennsluþátt og hins vegar fyrir rannsóknarþátt.

[14:39]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, en þetta kemur úr ríkissjóði. Það sem skiptir máli er að kennsluframlagið er það sama og það veitti okkur möguleika á því að fjölga háskólum og auka samkeppni.

Mönnum hefur líka verið tíðrætt hér í þingsal að auka samvinnu á milli háskóla. Ekki er hægt að tala um sam-

vinnu á milli háskóla, ríkisskóla og einkaskóla, ef um enga einkaháskóla eða fjölbreytta háskóla er að ræða. Við stuðluðum að því að nemendum fjölgaði í gegnum samkeppni, háskólanemendum fjölgaði og námsframboðið jókst í gegnum þær leiðir sem við höfum farið í.

Það sem hefur aftur á móti blandast inn í þessa umræðu er að við erum með samning t.d. við Háskóla Íslands um ákveðin fjárframlög, t.d. er borgað tæplega 500 þús. kr. fyrir laganema við lagadeild Háskóla Íslands en lagadeildin fær ekki af því nema um 290 þús. kr. Það grundvallast ekki á ákvörðun ráðuneytisins heldur á því sem Háskóli Íslands (Forseti hringir.) ákvarðar sjálfur og dreifir á milli sinna deilda. (Forseti hringir.) Menn mega ekki rugla þessu saman.

[14:40]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Má ekki skilja hæstv. ráðherra svo að með því að fara leið samkeppninnar hafi hún náð að fjölga skólum, fjölga nemendum, aukið fjárframlög til heildarinnar? En nú erum við kannski komin að því sem þetta frumvarp fjallar um. Kannski var kappið meira en forsjáin, kannski var ekki fylgt eftir gæðakröfum eða þeim stöðlum sem eðlilegt getur talist og þá er það bara næsti kafli sem við erum að fara að innleiða hér. Ég fagna því, eins og kom fram í ræðu minni, að það sé þá næsta mál á dagskrá. En nú finnst mér samt sem áður liggja á borðinu að kappið hafi verið fullmikið, menn hafi farið fram úr sér í þessari fjölgun og nú þurfi að huga að því að gæðin fylgi með, því að magn og gæði eru sannarlega ekki það sama.

[14:41]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hv. þingmaður sé ekki að agnúast út í það að við höfum fjölgað háskólanemum. Við höfum fjölgað þeim umtalsvert og við Íslendingar þurftum á því að halda. Við þurftum að fjölga vel menntuðu fólki til að standast samkeppni á svo mörgum sviðum Okkur hefur tekist það og ég hefði frekar haldið að það væri fagnaðarefni.

Um leið er það líka fagnaðarefni að sjá þessa miklu þenslu. Það getur vel verið að um tíma hafi, ég ætla ekki að segja allt hafi farið úr böndum en þenslan hefur verið mjög mikil af því að ásókn inn í kerfið er svo mikil. En um leið höfum við veitt háskólunum tækifæri til að móta námsleiðir sínar, skólastefnu sína. Ég tel afar brýnt og mikilvægt að skólarnir fái fyrst svigrúm til þess að átta sig á og feta sig inn á nýjar brautir. En nú er komið að þeim tímapunkti sem þetta frumvarp felur í sér, við munum gera auknar gæðakröfur til háskólanna sem hafa náð að blómstra svo vel, núna þurfum við að setja skýrar, afmarkaðar gæðakröfur til þeirra um leið og við segjum að (Forseti hringir.) við viljum varðveita sjálfstæði þeirra. Það verðum við að passa sérstaklega upp á.

[14:42]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntamálaráðherra sagði að skólagjöld gætu styrkt innviði skólanna en ætti ekki að nota til að leysa fjárhagsvanda þeirra. Hún vildi að fram færi heildstæð umræða um kosti og galla skólagjalda þó að hún hafi ekki orðað það nákvæmlega þannig.

Ég hef kallað mjög eftir því að hæstv. menntamálaráðherra leiði umræðu um framtíðarfjármögnun háskólastigsins í heild sinni, bæði hvað varðar gjaldtöku skóla og aðkomu hins opinbera að rekstri skólanna. Því vildi ég nota tækifærið til að skora á hæstv. menntamálaráðherra að setja niður og skipa þverpólitíska starfshóp um framtíðarfjármögnun háskólastigsins sem tekur heildstæða, breiða og vandaða umfjöllun um kosti og galla skólagjalda og leiði þá umræðu og það mál til lykta á næstu missirum í þverpólitískri nefnd þar sem aðkoma allra stjórnmálaflokkanna væri tryggð svo og skólasamfélagsins. Ég held að það gæti verið mjög góð leið til að leggja og leiða til lykta (Forseti hringir.) framtíðarfjármögnun háskólastigsins.

[14:43]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sérstakt fagnaðarefni að hæstv. ráðherra skuli lýsa því hér yfir í umræðunum að skólagjöld muni aldrei verða sett á til þess að leysa fjárhagsvanda háskólanna. (Gripið fram í.) Ja, ég treysti því, hv. þingmaður, að hæstv. ráðherra meini þetta eitthvað inn í framtíðina, að þetta sé stefnumarkandi yfirlýsing, og þess vegna er afar ánægjulegt að heyra slíkt af því að því miður hefur ýmislegt annað heyrst í ummælum einstakra flokksfélaga hæstv. ráðherra.

Það er líka athyglisvert sem hæstv. ráðherra segir að ekki sé hægt að bera saman fjárframlög til ríkisháskólanna og hinna. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra alveg sérstaklega varðandi þær reglur sem gilda um úthlutun rannsóknarframlaga: Hvaða munur er á reglunum til ríkisháskólanna og hinna sem gerir það ókleift að bera það saman?

Og til að rifja upp eina spurningu frá því fyrr í ræðu minni, herra forseti, varðandi þau frumvörp sem eiga eftir að koma fram um (Forseti hringir.) ríkisháskólana: Hvenær má vænta þeirra?

[14:44]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði að ég tel að við eigum ekki að nálgast skólagjaldaumræðuna á þann hátt að skólagjöldin leysi fjárhagsmálefni háskólanna. Við eigum miklu frekar að líta á skólagjöldin sem ákveðið tæki til að efla háskólastarf, innra starfið, skilvirkni, stjórnsýslu o.s.frv. Við eigum ekki að nálgast skólagjaldaumræðuna að mínu mati út frá þeirri forsendu einni að þau komi til með styrkja fjárhag skólanna. Auðvitað koma þau til með að gera það en þau koma ekki til með að leysa þau viðfangsefni sem eru upp á borði hverju sinni varðandi háskólana.

Varðandi sérlögin sem tengjast ríkisháskólunum, þau mál eru í vinnslu, það er sama nefnd sem hefur fengið það hlutverk að vinna að þeim málum. En eins og menn vita ætlaði ég að leggja þetta frumvarp fram í byrjun haustsins. Þetta mál tók lengri tíma í vinnslu og þar af leiðandi seinkar vinnslunni á sérlögunum um ríkisháskóla, enda (Forseti

hringir.) ýmis mál í deiglunni eins og hugsanleg sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

[14:46]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað gott að verið sé að vinna að þeim frumvörpum og greinilegt að ekki er ljóst að hvort þau verða lögð fram á þessu þingi. Þess vegna verður erfitt að taka þau til vinnslu í menntamálanefnd samhliða því frumvarpi sem nú liggur fyrir.

Hæstv. ráðherra ræddi einnig í ræðu sinni um samkeppni á milli skólanna og allt gott um það að segja að vissu marki vegna þess að samkeppni sem slík getur vissulega verið góð og hefur sannarlega leitt margt gott af sér á háskólastiginu. Hins vegar er spurningin hvaða mörkum hún er háð og ýmislegt sem veldur því að samkeppni getur t.d. verið ósanngjörn. Það er eitt af því sem menn hafa rætt um varðandi fjármögnun háskólanna, þ.e. að skólarnir sem hafa heimild til að taka skólagjöld geta haft úr miklu meira fjármagni að moða varðandi sambærilegt nám og rekið er t.d. í ríkisháskólum. Þetta er þekkt gagnrýni frá Háskóla Íslands varðandi t.d. ákveðið nám í viðskiptafræðum þar sem verið er að bjóða (Forseti hringir.) það í hinum skólunum líka en hann hefur ekki möguleika á að afla sér sömu tekna (Forseti hringir.) til að geta setið við sama borð.

[14:47]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðasta atriðið verð ég sérstaklega að geta þess að þær deildir eiga líka að fá rannsóknarframlag sem þær virðast ekki fá miðað við það reiknilíkan sem er í gildi. Þetta er hlutur sem háskólinn í ljósi sjálfstæðs háskóla og þeirra laga sem við búum við verður að skoða alveg sérstaklega. En ég vil geta þess að sú aðferð sem við erum að fara hér, að ræða fyrst ramsmalöggjöfina og fara síðar meir í umræðu um sérlögin um ríkisháskólana, er alveg sama aðferð og hefur verið viðhöfð áður. Fyrst er ramminn mótaður og síðan eru sérlögin sniðin að því sem búið er að samþykkja varðandi rammalöggjöf um háskóla. Þetta var gert á sínum tíma árið 1997, að mig minnir.

[14:48]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er orðin nokkuð merkileg umræða sem hefur staðið í rúma fjóra tíma um frumvarp til laga um háskóla, breytingar á háskólafrumvarpi þar sem verið er að innleiða gæðakerfi í háskólana á Íslandi. Verður ekki annað séð en að nokkuð góður samhljómur sé um efni þess frumvarps. En umræðan sérstaklega í andsvörum snýst síðan um allt annað. Hún fer að snúast um skólagjöld sem eru ekki til umræðu og umfjöllunar í frumvarpinu. En segja má að andsvörin og sá þáttur umræðunnar marki ákveðin söguleg tímamót, þ.e. umræðan um skólagjöld. Því ég lít svo á að með þeim andsvörum sem hér hafa farið fram hafi menn komið upp úr þeim skotgrafahernaði varðandi umræðuna um skólagjöld. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá fulltrúa Samfylkingarinnar og ráðherra um opna umræðu um hvernig við leysum fjármál háskólanna og með hvaða hætti (Forseti hringir.) skólagjöld koma þar inn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:50]

Umræður utan dagskrár.

Stytting náms til stúdentsprófs.

[15:00]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. menntamálaráðherra til hamingju með að hafa loksins hlustað á rödd skynseminnar og tekið ákvörðun um að falla frá tillögum sínum um skerðingu stúdentsprófsins. Aðferðir hæstv. ráðherra hafa mætt mikilli andstöðu meðal skólafólks og verið harðlega gagnrýndar jafnt af þeim sem og okkur í stjórnarandstöðunni. Róttækar breytingar á menntakerfinu verður að vinna með skólasamfélaginu en ekki í slagsmálum og blóðugum átökum við það eins og einkenndi framgöngu hæstv. menntamálaráðherra í málinu.

Ég fagna því eindregið að skerðingaráform menntamálaráðherra virðast úr sögunni og að hún hafi látið undan þrýstingi í málinu. Afleiðingar áformanna hefðu orðið alvarlegar fyrir framhaldsskólann. Tillögurnar hafa fyrst og fremst verið pólitísk ákvörðun um sparnað og niðurskurð í menntamálum til að mæta stórum árgöngum og aukinni sókn í framhaldsskóla en þær hafa alls ekki miðað við það að auka val nemenda og bæta samkeppnishæfni þeirra með auknu svigrúmi varðandi námshraða.

Samfylkingin hefur lýst því yfir að hún styður lækkun útskriftaraldurs úr framhaldsskólum en jafnframt lagt þunga áherslu á að það verði gert með því að endurskoða nám á framhalds- og grunnskólastigi í heild sinni. Þetta tvennt þarf að vinna saman eins og bent er á í ályktun Samfylkingarinnar á landsfundi flokksins haustið 2003. Flokkurinn hefur jafnframt lagt þunga áherslu á valfrelsi nemenda og talað fyrir því að nemendur eigi kost á að velja sinn eigin hraða í gegnum menntakerfið. Við höfum líka fagnað því frumkvæði sem ýmsir grunnskólar hafa í vaxandi mæli sýnt með því að gefa nemendum í efri bekkjum kost á að flýta fyrir sér með því að læra áfanga sem duga þeim sem áfangi inn í framhaldsskólann. Við höfum hins vegar hafnað tillögum Sjálfstæðisflokksins sem beinast ekki að styttingu, heldur skerðingu í þeim tilgangi að ná fram sparnaði í skólakerfinu. Lækkun útskriftaraldurs úr framhaldsskólum er grundvallarbreyting á íslensku menntakerfi og slík breyting þarfnast afar vandaðs undirbúnings. Forsendan er alltaf víðtækt samráð við skólasamfélagið sem byggist á heildstæðri skoðun á skólakerfinu öllu, frá leikskóla og upp í háskóla.

Ég óska skólasamfélaginu til hamingju með þann sigur sem felst í yfirlýsingu ráðherrans. Samkomulag hennar og Kennarasambandsins byggir á því að fallið verði frá fyrri tillögum um styttingu náms til stúdentsprófs. Það er fagnaðarefni og óska ég skólasamfélaginu öllu til hamingju með það.

Þingflokkur Samfylkingarinnar skoraði fyrr í vikunni á hæstv. ráðherra að falla frá tillögunum. Nú hefur það geng-

ið eftir og a.m.k. áfangasigur er unninn. En nú reynir á hæstv. ráðherra menntamála, stuðningur Kennarasambandsins við málið er að skilja skilyrtur við að áður boðuð skerðing á námi til stúdentsprófs komi ekki til framkvæmda þegar aðlögunartíma að breyttri námsskipan lýkur árið 2010, þ.e. eftir fjögur ár. Samfylkingin leggur sem fyrr áherslu á fjölbreytni og sveigjanleika í skólastarfi þannig að skólinn geti mætt þörfum ólíkra nemenda, bæði hvað varðar námsval og námshraða. Það verður að tryggja frelsi nemandans til að velja og svigrúm skólanna til að bjóða upp á hraðferð í gegnum námið fyrir þá sem það kjósa.

Spurningin sem ég ætlaði að beina til hæstv. menntamálaráðherra þegar umræðan var ákveðin fyrir nokkru síðan var sú hvort hæstv. ráðherra ætlaði að falla frá áformum sínum um styttingu náms til stúdentsprófs. Það liggur nú að mestu fyrir að svo sé, búið er að fresta málinu í fjögur ár og skólunum þar með gefinn sveigjanleiki, vonandi til að þróast hver með sínum hætti þannig að skólarnir hafi sjálfstæði og val til að ákveða að þeim tíma loknum hvernig námi verður fyrir komið innan veggja þeirra. Því er kannski nærtækara að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst ráðherrann vinna að málinu í kjölfar samkomulagsins við Kennarasambandið? Mér var nefnilega ókunnugt um það samkomulag þegar ég sendi hæstv. ráðherra spurninguna.

Allt um það vona ég að túlkun ráðherra sé eins og mín, að fallið sé endanlega frá áformum um skerðinguna, það skiptir öllu máli, og skólasamfélaginu gefið svigrúm og frelsi og skólunum sjálfstæði til að þróast hver með sínum hætti. Þannig verður skólakerfið áfram byggt upp af fjölbreyttum og góðum framhaldsskólum sem byggja hver á sinni sérstöðu og bjóða upp á ólíka valkosti fyrir nemendur í framhaldsskólakerfinu. Stúdentsprófið má ekki verða gengisfellt með vanhugsuðum tillögum um skerðingu sem eru fyrst og fremst pólitískt markmið um sparnað í skólakerfinu.

[15:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Það er alveg augljóst að samkomulag mitt við Kennarasamband Íslands hefur snúið veröld hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar á hvolf því að þessi ræða innihélt ekkert annað en einhverja frasa. Ég tel alveg ljóst að ég þurfi áfram að svara þeirri spurningu sem hv. þingmaður lagði fyrir mig, hvort ég hyggist falla frá áformum um styttingu náms til stúdentsprófs. Svarið við því er einfalt, hv. þingmaður: Nei, ég hyggst ekki falla frá þeim áformum. Hins vegar skiptir miklu máli hvernig við útfærum það markmið að íslensk ungmenni geti lokið stúdentsprófi ári fyrr en nú er.

Ég vil byrja á að rifja upp forsendur þess að rætt er um breytta námsskipan til stúdentsprófs. Miklar breytingar hafa orðið á íslensku skólakerfi síðasta áratuginn, ekki síst í grunnskólanum. Þær breytingar voru á sínum tíma m.a. ákveðnar sem skref að því markmiði að stytta heildarnámstíma til stúdentsprófs. Þannig hefur kennslustundum í grunnskóla fjölgað um rúmlega 2.300 og í framhaldsskóla um 400 frá árinu 1994. Það er þetta svigrúm sem liggur til grundvallar áformum um breytta námsskipan, að nýta tímann betur, það svigrúm sem við höfum mótað til að ná þessu markmiði, m.a. hér á hinu háa Alþingi.

Í skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði fyrir nokkru var metið hvaða áhrif það gæti haft í bráð og lengd á ævitekjur nemenda að stytta framhaldsskólann um eitt ár. Útreikningar Hagfræðistofnunar sýna að samanlagðar ævitekjur nemenda munu aukast um tæpa 6 milljarða kr. á ári og ef litið er til allrar framtíðar gæti hinn núvirti tekjuauki samtals numið um 88 milljörðum fyrir samfélagið.

Að loknum fyrirhuguðum breytingum munu íslensk ungmenni sækja skóla í u.þ.b. 10.400 kennslustundir frá því að skólaganga hefst fram að stúdentsprófi. Sambærileg tala er um 10.050 kennslustundir í Danmörku, í Svíþjóð 8.800, í Noregi 9.500 og í Finnlandi 8.500. Þrátt fyrir breytta námsskipan munu íslensk ungmenni fá fleiri kennslustundir fram að stúdentsprófi en annars staðar á Norðurlöndunum. Þeir sem telja að ekki sé hægt að stytta námstíma til stúdentsprófs verða jafnframt að svara þeirri spurningu hvers vegna íslensk ungmenni geti ekki lokið stúdentsprófi á sama tíma og alls staðar annars staðar er gert í Evrópu, ekki síst í ljósi þeirrar stefnu og markmiða sem við erum sameiginlega að fara í með Evrópuþjóðum í gegnum Bologna-ferlið, í gegnum háskólann. Við erum að samræma háskólasamfélagið, af hverju þá ekki líka önnur skólastig?

Þegar ég tók við embætti menntamálaráðherra fyrir rúmum tveimur árum lagði ég áherslu á að áform um breytta námsskipan til stúdentspróf yrðu að byggjast á aukinni samfellu milli skólastiga. Við eigum ekki að líta á skólakerfið sem nokkra kassa, heldur verðum við að líta á leikskólann, grunnskólann og framhaldsskólann sem eina heild, að markmiðið sé að stytta námstímann úr 14 árum í 13. Ég hef einnig lagt mikla áherslu á, þrátt fyrir breytingar á námsskipaninni, að fórna ekki þeim sveigjanleika sem einkennt hefur íslenska skólakerfið og hefur verið einn mesti styrkur þess. Það er algjör fásinna að halda því fram að niðurskurður og skerðing hafi verið markmiðið. Markmiðið með þessu er alveg ljóst og til þess hefur verið haft samráð við allt skólasamfélagið allan tímann frá því að lagt var upp með þetta verkefni fyrir mörgum árum, m.a. í nokkuð miklum samhljómi hér á þingi, þ.e. að efla og styrkja skólakerfið. Sú er náttúrlega meginforsendan fyrir þessu, að nýta tímann betur og efla skólakerfið.

Breytingu sem þessa verður að gera í sátt og samvinnu við skólasamfélagið, ég tek heils hugar undir það. Ég tel samkomulag það sem ég undirritaði fyrr í dag ásamt formanni Kennarasambands Íslands um 10 skrefa sókn í skólamálum í tengslum við áform um breytta námsskipan til stúdentsprófs vera afar mikilvægt skref í þeim efnum. Við höfum lýst því yfir að við hyggjumst sameina krafta okkar til að búa vel að samfellu skólastarfs við breytta námsskipan og stefna að sveigjanlegra skólakerfi. Við munum vinna saman að endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Það höfum við gert og munum gera áfram. Meginmarkmið endurskoðunarinnar verður aukin samfella milli skólastiganna, sveigjanleiki milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmiðið er betri menntun og betri námsárangur nemenda.

Við erum sammála um eflingu kennaramenntunar, að hún sé ein helsta forsenda þess að hægt sé að þróa og

styrkja íslenska menntakerfið. Einnig hyggjumst við standa saman að því að efla endurmenntun kennara á öllum skólastigum. Í samkomulagi okkar felst einnig sveigjanlegri aðlögunartími framhaldsskóla til að takast á við breytta námsskipan, löggilding á starfsheiti og starfsréttindum leikskólakennara og endurskipulagning almennra brauta framhaldsskólanna í samhengi við eflingu náms- og starfsráðgjafar.

Þjóðfélag okkar, herra forseti, er í stöðugri þróun og það verða menn að þora að horfast í augu við, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Það sama verður að eiga við um skólakerfið. Markmið þeirra breytinga sem við stefnum nú að er að nýta þann tíma sem varið er til skólagöngu (Forseti hringir.) betur, en án þess að dregið sé úr gæðum (Forseti hringir.) þess náms sem í boði er.

[15:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Auðvitað má fagna því samkomulagi sem gert hefur verið milli Kennarasambands Íslands og hæstv. menntamálaráðherra í dag. Það gefur okkur a.m.k. vonir um það að þeim hræðilegu mistökum sem hæstv. menntamálaráðherra var nærri því búin að leiða okkur inn í verði afstýrt. Ég treysti því að Kennarasamband Íslands hafi alla kennara sameinaða að baki sér í þeirri vinnu sem nú er fram undan. Það þarf að nýta tímann vel í þeirri vinnu ef ekki á að fara illa.

Hæstv. menntamálaráðherra stagast á því að hún hafi kynnt málið í skólunum frá fyrsta degi, reyndar ekki bara hún heldur forverar hennar líka. Það er auðvitað rétt, hæstv. ráðherra fór sjálf í alla framhaldsskólana á landinu til að kynna málið. En hlustaði hún á þau svör og þau viðbrögð sem hún fékk? Ó, nei. Hún hélt sínu striki ótrauð en hún ætlar að hlusta núna. Við skulum fagna því og treysta því að sú hlustun verði skapandi og leiði til þess að út úr þessari vinnu komi betra skólakerfi, betra nám fyrir ungmenni á Íslandi. Það verðum við að reyna að tryggja.

Nú langar mig að segja við hæstv. ráðherra: Ég vil að hún láti af þessari áherslu á ævitekjurnar. Ég vil að hún gleymi því að það var Verslunarmannafélag Reykjavíkur sem vann fyrstu skýrslur um þetta mál til þess að fá ungmenni fyrr út á vinnumarkað af því að það væri svo hagkvæmt fyrir samfélagið, striki nú hæstv. menntamálaráðherra yfir þennan fókus og fari að einbeita sér að því að skoða hvernig við búum til hæfa og vel menntaða einstaklinga í samfélaginu. Íslensk ungmenni eru vel menntuð. Það hefur verið sannreynt, þegar þau sækja um skóla í útlöndum fá þau forgang á nemendur frá nágrannalöndunum. Þau ljúka námi á sama tíma og jafnaldrar þeirra í útlöndum þó svo að þeirra skólaganga sé í einhverju öðru módeli en skólaganga krakka í Danmörku. Og hlusti nú hæstv. ráðherra á það sem Danir eru að gera. (Forseti hringir.) Þeir eru að lengja grunnskólann sinn um eitt ár.

[15:13]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda fyrir að taka málið hér upp. Í dag er einmitt svo sannarlega ástæða til að vekja athygli á stöðu mála. Það er ástæða til að óska hæstv. menntamálaráðherra til hamingju með það samkomulag sem hún kynnti fyrr í dag. Einnig óska ég sérstaklega Kennarasambandinu til hamingju með þennan árangur en það er ekki síst fyrir tilstuðlan þess að þetta tókst.

Það er afar ánægjulegt fyrir okkur sem höfum fylgst með málinu, og ég verð að viðurkenna að hafa haft af því nokkrar áhyggjur framan af, að sjá í hvaða farveg það er nú komið. Mér þykir afar heillavænlegt að vita til þess að öll fagfélög innan Kennarasambandsins standi að þeirri vinnu af heilum hug sem fram undan er ásamt stjórnvöldum. Við erum að horfa til allra skólastiga sem tengjast málinu, þ.e. leikskólans, grunnskólans og framhaldsskólans.

Nú höfum við lista upp á 10 skref til sóknar sem þessir aðilar ætla að vinna samhentir að. Ég hef haft áhyggjur af a.m.k. þremur atriðum, og það er sérstaklega tekið á þeim í þessum lista, (Forseti hringir.) þ.e. eflingu kennaramenntunar ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti bendir ræðumanni á að klukkan í borðinu er eitthvað biluð. Tíminn líður samt.)

Tíminn líður samt. Þá ætla ég að ljúka máli mínu, þetta var einkennilega ríflegt. Ég fagna þessu og vil ítreka þessi atriði, þ.e. eflingu kennaramenntunar, eflingu verk- og starfsnáms og það að stuðla eigi að því að draga úr brottfalli. Ég fagna þessu og (Forseti hringir.) hlakka til að fylgjast með framhaldinu sem er í góðum höndum, virðulegi forseti.

[15:15]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Fyrir rúmum tveimur árum vorum við í þessum sal að ræða sama málefni. Þá var að heyra á hæstv. ráðherra að það væri ekkert mál að stytta námstímann. Núna, tveimur árum síðar, virðist hæstv. ráðherra vera að átta sig. Ég fagna því að henni finnist betra að gera þessa hluti í sátt og samkomulagi og sjái að það verði einfaldlega að taka tillit til þeirra skólastiga sem eru fyrir ofan og neðan. Það hefði ráðherra í raun átt að sjá á sínum tíma en ég fagna því að hún er núna búin að átta sig á þessu og óska henni til hamingju.

Málið var kynnt þannig að það hlaut að hleypa illu blóði í fólk. Það var kynnt sem skerðing á skólastarfinu. Við í Frjálslynda flokknum höfum getað stutt það að útskriftaraldur yrði almennt 19 ár en við gerðum okkur líka grein fyrir því að þetta yrði ekki einfaldlega gert með því að klippa nám út úr framhaldsskólunum. Það er algjört óráð. Við gerum okkur einnig grein fyrir því að þótt unglingar á þessum aldri tileinki sér nytsamar staðreyndir sem nýtast þeim síðar í lífinu skiptir ekki síður máli að efla félagsanda. Nemendur taka út ákveðinn félagsþroska á þessum árum.

Ég tel að þetta mál, eins og það er í pottinn búið nú, sé jákvætt, að hæstv. ráðherra ætli að taka tillit til óska þeirra sem starfa í skólunum en ekki að keyra málið áfram með einhverjum þvergirðingshætti.

[15:17]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er eðlilegt að byrja á því að óska okkur öllum til hamingju með þau skref sem stigin hafa verið í dag vegna þess að þau eru býsna mikilvæg. Þetta mál er

það stórt að það er nauðsynlegt að það sé unnið í sátt og að það sé unnið saman. Það skorti hins vegar á það, fannst mér, í ræðu hæstv. menntamálaráðherra að gleðin væri þar alls ráðandi. Ég vona að hæstv. ráðherra sýni betur gleðina í málinu í seinni ræðu sinni á eftir. Það er nauðsynlegt að við gleðjumst yfir svo mikilvægum skrefum sem þessu. Það er mikilvægt þegar næst sátt um það við skólasamfélagið hvaða leiðir við viljum fara inn í framtíðina. Það er alveg sérstakt ánægjuefni fyrir okkur í Samfylkingunni að sjá í þessu merka plaggi sem heitir „Skólastarf og skólaumbætur – 10 skref til sóknar" að hver einasti liður þar fellur algerlega að stefnu okkar í þessum málum.

Er býsna ánægjulegt fyrir okkur að upplifa að hæstv. menntamálaráðherra tekur höndum saman við Kennarasamband Íslands um að fara þá leið sem við höfum sagt alla tíð að væri sú rétta í þessum efnum. Það er langt síðan að við töluðum um að æskilegt væri að skoða hvort hægt væri að stytta nám til loka framhaldsskólans. Við höfum ætíð talað um að það ætti að skoða allt skólakerfið í heild sinni sem er einmitt fyrsti punkturinn og grundvallarpunkturinn í því sem hér er verið að leggja fyrir. Við höfum einnig talað um að starfsnámið þurfi að vera inni í þessari mynd. Ég vona svo sannarlega að það takist vegna þess að það er mikilvægt fyrir okkur að framhaldsskólinn sé sú öfluga stofnun sem hún þarf að vera í samfélagi okkar og mikilvægur hlekkur í menntakerfinu.

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að óska enn á ný eftir að hæstv. ráðherra sýni (Forseti hringir.) gleði sína í seinni ræðunni á eftir.

[15:19]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Það má segja að Samfylkingin sé skrýtinn stjórnmálaflokkur. Samfylkingin er nefnilega eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem hefur haft það á stefnuskrá sinni að stytta námstíma til stúdentsprófs. Það var á stefnuskrá flokksins frá 1999–2003. Síðan skipti flokkurinn með einhverjum dularfullum hætti um skoðun í málinu og það er reyndar ekki í fyrsta skipti sem það gerist. Síðast í gær bárust fréttir af því að þingflokkur Samfylkingarinnar hefði samþykkt ályktun þar sem skorað var á hæstv. menntamálaráðherra að falla frá hugmyndum sínum um breytta og bætta námsskipan til stúdentsprófs.

Auðvitað (Gripið fram í.) má ræða rökin með eða á móti þessum breytingum og við höfum gert það margoft en það er alveg ljóst í þessari umræðu, herra forseti, að mörgum spurningum er ósvarað, eins og t.d. þessari: Hvers vegna í ósköpunum þurfa íslensk ungmenni lengri tíma til að klára stúdentspróf en erlendir kollegar þeirra? Þeirri spurningu hefur hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson aldrei svarað. Og þaðan af síður hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. (**Gripið fram í:** ... súr.) Þessu hefur aldrei verið svarað. Ég geri ekki ráð fyrir því að íslensk ungmenni séu verr gefin en erlendir kollegar þeirra. Nú ber hins vegar svo við að hæstv. menntamálaráðherra og forusta Kennarasambandsins, þ.e. leikskólakennarar, grunnskólakennarar, framhaldsskólakennarar og skólastjórnendur, hafa gengið í eina sæng og ætla að vinna saman að breyttri og bættri námsskipan til stúdentsprófs eins og hæstv. menntamálaráðherra hefur kynnt hana.

Það verður hvorki séð af ályktun Samfylkingarinnar frá því í gær né ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar núna að það sé mikill sáttatónn í Samfylkingunni þrátt fyrir þessa sögulegu sátt sem ég leyfi mér að kalla.

Nú er spurningin: (Forseti hringir.) Ætlar Samfylkingin að hoppa upp í sængina (Forseti hringir.) með hæstv. menntamálaráðherra og kennaraforustunni og stuðla (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) að bættu og betra menntakerfi eða ætlar hún að standa fyrir utan ein og yfirgefin? (Gripið fram í.)

[15:21]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Það er erfitt að koma upp í ræðustól eftir svona skemmtilega ræðu en það að ganga í eina sæng er auðvitað dálítið annað en að slá á útrétta sáttarhönd, held ég. Hins vegar er vissulega rétt að það voru gleðitíðindi að hæstv. menntamálaráðherra skyldi boða til fréttamannafundar í dag og boða stefnubreytingu í þessu fáránlega, afar óvinsæla og órökstudda máli, skerðingu náms til stúdentsprófs. En í ræðu hæstv. menntamálaráðherra kemur berlega í ljós að hún er alls ekki hætt við málið, heldur ætlar hún bara að fresta þessari skerðingu um eitt ár. Eitt ár í viðbót. Það er reyndar búið að fresta henni einu sinni áður. Það er gott að taka eigi upp samvinnu við framhaldsskólakennara. Þetta höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sagt allan tímann: Hvernig væri að vinna með framhaldsskólakennurum? Hvernig væri að vinna með stúdentum? Er ekki kominn tími til að gera það? Jú, í dag lýsir hæstv. menntamálaráðherra því yfir að hún ætli að gera það. Það er vel. Ég ætla bara að vona að kennurum takist að koma vitinu fyrir hæstv. menntamálaráðherra svo að hún falli algjörlega frá þessum fáránlegu hugmyndum um skerðingu náms til stúdentsprófs.

Ég hef aðeins tveggja mínútna ræðutíma hérna í dag og get því ekki farið yfir öll þau fjölmörgu rök sem kennarar og nemendur hafa talið upp um það hversu heimskuleg og vanhugsuð þessi skoðun er, þessi ákvörðun. Við höfum fengið greinargerðir frá stærðfræðikennurum, frá tungumálakennurum og nú síðast frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Allir leggjast á eitt um að reyna að telja hæstv. menntamálaráðherra hughvarf í þessu máli.

Nú er sem sagt kominn bjartsýnn tónn í ræðurnar og það er von um að hæstv. menntamálaráðherra falli algjörlega frá málinu. (Forseti hringir.) Ég ætla að leyfa mér að vera bjartsýnn í þessu máli fyrir hönd framhaldsskólanema, framhaldsskólakennara (Forseti hringir.) og þjóðfélagsins alls.

[15:23]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Frá því að farið var fram á þessa utandagskrárumræðu má segja að forsendur hafi breyst. Engu að síður má heyra af mæli manna að þær forsendur hafa að sumu leyti ekki breyst í huganum og það minnir mig svolítið á fræga sögu af manni sem varð fyrir því að það sprakk á bílnum hans upp til fjalla og hvernig hann sefjaði sig upp á

leiðinni að næsta bæ til ná í tjakk. Ég ætla ekki að rekja þá sögu en ýmsar ræður stjórnarandstöðunnar minna mig á hana.

Um hvað snýst þetta mál? (Gripið fram í.) Að boðaðar hafa verið breytingar á menntakerfinu, skoða eigi aukna skilvirkni í menntakerfinu og skoða tengsl einstakra skólastiga. Stytting til stúdentsprófs er eitt af mörgum atriðum sem þar komu til umræðu. Það hlýtur, herra forseti, að vera eðlilegt að yfirfara reglulega skólakerfið í heild sinni, athuga tengsl þess. Hins vegar er óhætt að segja að þrátt fyrir ítarlega kynningu hafi ekki ríkt sátt um þetta mál, heldur að ríkt hafi ákveðið stríðsástand. Það vekur auðvitað upp þær spurningar hvort hægt sé að ná fram slíkum breytingum ef ekki er samhljómur á milli skólasamfélagsins og yfirvalda.

Þess vegna, virðulegur forseti, er virkilega ástæða til að fagna þessum degi í dag, að það er sátt á milli ríkisvaldsins annars vegar og skólasamfélagsins hins vegar á grundvelli þeirra 10 punkta sem skrifað var undir í dag, 10 punkta þar sem á að leita að aukinni skilvirkni í samstarfi, fara yfir hvar hægt sé að bæta menntakerfi okkar og þar fram eftir götunum. Það hlýtur að vera gleðiefni því fram undan hljótum við að sjá að ríkisvaldið og skólasamfélagið ætla í sameiningu að stíga mikilvæg skref til að auka skilvirkni, bæta menntakerfið okkar, bæta menntastig þjóðarinnar.

Þess vegna er ánægjulegt að sjá hversu margir hafa tekið gleði sína á þessum fallega degi.

[15:26]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntamálaráðherra virðist ekkert hafa lært. Hún heldur áfram í málinu að skattyrðast við skólasamfélagið eins og fíll í glervörubúð. Í hádeginu kynnti hún samkomulag sem kennarar töldu fela í sér að hæstv. ráðherra félli frá áformum sínum um að skerða nám til stúdentsprófs. Núna, tveimur tímum síðar, er hún enn við sama heygarðshornið og talar enn um skerðingu. Það er augljóst að hæstv. menntamálaráðherra lítur á 10 spora kerfið sem kynnt var í hádeginu sem einhvers konar ósigur, hún hafi ekki bara tapað orrustu, heldur heilu stríði.

Svo er af Sjálfstæðisflokknum dregið í þessu máli.

En við hljótum að fagna því að opnuð hafi verið undankomuleið fyrir hæstv. menntamálaráðherra í þessu máli, henni gefið tækifæri til að falla endanlega frá því á þeim fjórum árum sem frestunin felur í sér. Fjögurra ára frestun á boðuðum tillögum er góðar fréttir. Þar með hefur menntamálaráðherra fundið útgönguleið, a.m.k. eins og hægt er að túlka — og við hljótum að túlka — samkomulagið við kennara um að breytt námsskipan feli það í sér að nám verði ekki skert og nám verði ekki stytt með þeim hætti sem lagt var þar upp. Standi hæstv. ráðherra við samkomulagið er ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo að boðuð skerðing sé úr sögunni, enda getur varla annað í samkomulaginu staðið verði fallið frá því í grundvallaratriðum.

Hæstv. forseti. Ég vona að píslargöngu Sjálfstæðisflokksins í því máli að skerða nám til stúdentsprófs sé lokið og að Sjálfstæðisflokkurinn hafi fallist á þá leið skynseminnar sem Samfylkingin hefur boðað í þessum málum árum saman að auka flæði og sveigjanleika á milli skólastiga og endurskoða nám á öllum skólastigum í heild sinni.

Þess vegna fögnum við í dag. Menntamálaráðherra hefur verið gefin leið út úr þessu vonda máli og ég skora á Sjálfstæðisflokkinn að taka gleði sína á ný þó að þau hafi verið þung, sporin inn í 10 spora kerfið sem kynnt var í hádeginu.

[15:28]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Það hjálpar ekki mikið umræðunni um menntamálin sem er svo mikilvæg að þingmenn eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson tali með þeim hætti sem hann gerði áðan. Ég verð þó reyndar að sýna ákveðinn skilning því að einungis á tveimur sólarhringum er enn og aftur U-beygjuflokkurinn búinn að taka tvær U-beygjur í einu og sama málinu, og geri aðrir betur. Það er bara þannig sem málin liggja og standa.

Hins vegar er stóra málið það að við munum halda áfram, þannig að það liggi alveg ljóst fyrir, að vinna að því að breyta námsskipan til stúdentsprófs. Hún tekur gildi árið 2010, ekki 2009. Við munum vinna að þessu máli í samvinnu og samstarfi við kennarasamfélagið. Við höfum undirstrikað það. Það sem mér finnst skipta miklu meira máli í þessu öllu saman er að það eru fleiri atriði en eingöngu það sem við nefnum breytta námsskipan til stúdentsprófs sem við munum vinna saman að. Það sem mér finnst skipta máli er m.a. þýðing þess að efla og styrkja kennaramenntun í landinu. Við förum samhent í það. Við ætlum að efla hér námsefnisgerð á öllum skólastigum. Við ætlum að fara í að skilgreina saman fjar- og dreifnám með skipulegum hætti og vinna markvisst að því að gera starf kennara og starfsumhverfi aðlaðandi og eftirsóknarvert sem ég tel skipta mjög miklu máli í öllu saman til að fá gott og hæft fólk inn í skólana.

Hagsmunirnir eru mjög miklir. Ég tek heils hugar undir það sem menn hafa verið að tala um hér í þingsalnum. Það skiptir mjög miklu fyrir þróun og eflingu menntakerfisins að við vinnum saman, kennarasamfélagið og menntamálaráðuneytið, og ég hvet stjórnarandstöðuna til að taka höndum saman við okkur, fara í þessa vinnu og samþykkja í vor frumvarp sem snertir þessar breytingar.

Grunnskólar, 1. umr.

Stjfrv., 447. mál (sjálfstætt reknir grunnskólar o.fl.). — Þskj. 671.

[15:30]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um grunnskóla. En aðdragandi frumvarpsins er að nú eru ríflega 10 ár liðin frá því að gildandi grunnskólalög tóku gildi sem fólu í sér þá grundvallarbreytingu, eins og við þekkjum, að rekstur grunnskólans var fluttur frá ríkinu til sveitarfélaganna. Vegna þess hefur á undanförnum missirum af hálfu menntamálaráðuneytisins verið í skoðun þörf á breytingum á grunnskólalögum með

tilliti til þeirrar reynslu sem fengin er. Við þá skoðun hefur komið í ljós að þörf er á að endurskoða lögin frá grunni með það að leiðarljósi að semja ný lög og er undirbúningur að þeirri vinnu hafinn.

Hv. þingmenn þekkja það ástand sem skapaðist á síðasta ári í verkfalli grunnskólakennara og eftir þann erfiða tíma var nauðsynlegt að mínu mati að bíða og leyfa skólasamfélaginu að jafna sig og fengum við líka frá því skýr merki í þá veru. Nú hefur hins vegar hafist að nýju mikil og að mínu mati jákvæð umræða um málefni grunnskólans og við gerð þessa frumvarps hefur komið í ljós að nú er samhljómur á milli allra hagsmunaaðila um að hefja vinnu við heildarendurskoðun laganna þannig að ný lög verði samin frá grunni.

Við gerð þessa frumvarps hefur verið litið almennt til framkvæmdarinnar og þeirra álitamála sem upp hafa komið, m.a. tengd úrskurðum ráðuneytisins á grunnskólastiginu. Auk þess hafa verið til skoðunar heimildir til stofnunar og reksturs einkarekinna grunnskóla, viðurkenning þeirra og réttur til opinberra fjárframlaga.

Við vinnslu þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af tillögum fræðsluráðs Reykjavíkur sem birtust í skýrslu starfshóps á þess vegum sem út kom í maí 2004, ýmsum ábendingum frá umboðsmanni barna á undanförnum árum og niðurstöðum grunnskólaþings sem haldið var í Reykjavík í mars 2004 á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga undir yfirskriftinni: Er grunnskólinn kominn til sveitarfélaganna? auk skýrslu menntamálaráðuneytisins frá því í ágúst 2004 er ber heitið: Breytt námsskipan til stúdentsprófs, aukin samfella í skólastarfi.

Meginbreytingarnar sem frumvarp þetta felur í sér frá núgildandi grunnskólalögum eru eftirfarandi:

Að ákvæði gildandi laga, sem nú er að finna í 56. gr. um stofnun grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum, eru gerð skýrari, auk þess sem lagt er til að lögbundið verði lágmarksframlag sveitarfélaga til reksturs þeirra, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, til að tryggja frekar en nú er rekstrargrundvöll þeirra.

Hér er að mínu mati um að ræða mikilvægustu breytinguna sem frumvarp þetta hefur að geyma og er að finna í 23. gr. þess. Ég mun hér á eftir fjalla ítarlega um þetta ákvæði frumvarpsins. Í kjölfar breytts umhverfis grunnskóla og ólíkra starfshátta er lagt til að ákvæði gildandi laga um ráðningu aðstoðarskólastjóra sé breytt í 12. gr. frumvarpsins og með því er lagt til að horfið verði frá því að lögbinda skyldu til að ráða aðstoðarskólastjóra í grunnskóla þar sem starfa 12 starfsmenn eða fleiri í fullu starfi auk skólastjóra.

Er þetta í fullu samræmi við kröfur skólasamfélagsins og sveitarfélaganna um að auka sveigjanleika sveitarfélaganna og skólastjórnenda við skipulag skóla út frá þörfum hvers skóla. Á móti verði kveðið á um að ef ekki er starfandi aðstoðarskólastjóri við grunnskóla ákveði skólastjóri í upphafi skólaárs, í samráði við skólanefnd, hver úr hópi ótímabundið ráðinna kennara skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

Þá er gert ráð fyrir að skólanefnd staðfesti gildistöku skólanámskrár og að skólanefnd hafi það hlutverk að stuðla að samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla, auk samstarfs leikskóla og grunnskóla eins og er í gildandi lögum.

Enn fremur er lagt til að aukið verði á sveigjanleika við framkvæmd kennslu með því að fella niður ákvæði um lágmarkskennslustundafjölda á viku og að meðallengd kennslustunda skuli vera 40 mínútur. Gerðar verði þær breytingar á 2. mgr. 27. gr. gildandi laga að einungis sé kveðið á um lágmarks vikulegan kennslutíma í mínútum, en ekki einnig í kennslustundum og er um þetta fjallað m.a. í 13. gr. frumvarpsins.

Í samræmi við það er lagt til að 2. málsl. 4. mgr. 27. gr. falli brott en þar segir að meðallengd kennslustunda í grunnskóla skuli vera 40 mínútur. Breyting þessi eykur sveigjanleika skóla til að skipuleggja skólatímann með öðrum hætti en út frá meðallengd kennslustunda. Þá eru lagðar til í 17. gr. frumvarpsins víðtækari heimildir til mats á námi utan grunnskóla til valgreina og jafnframt veitt aukið svigrúm til undanþágu frá skólasókn nemenda vegna reglubundins náms eða íþróttaiðkunar utan skóla eða af öðrum gildum ástæðum.

Þessar kröfur um sveigjanleika skólastarfs eru í takti við þá faglegu þróun innan skólanna sem hefur átt sér stað undanfarin ár þar sem leitast er við að búa til umhverfi fyrir einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Skerpt er á lögbundnum umsagnarrétti foreldraráða í 8. gr. frumvarpsins þannig að hann nái til fyrirhugaðra meiri háttar breytinga á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um það liggur fyrir auk samráðs sveitarstjórna við foreldraráð vegna undirbúnings við gerð skólamannvirkja. Sérstök áhersla er lögð á aukinn þátt nemenda í skólastarfinu með því að lagt er til í 9. gr. frumvarpsins að lögbundið verði með sama hætti og um foreldraráð að við hvern grunnskóla skuli starfa nemendaráð og er því ætlað aukið hlutverk frá því sem er í gildandi lögum.

Jafnframt er lagt til að lögfest verði í 10. og 19. gr. frumvarpsins ákvæði sem snúa að námsumhverfi nemenda, öryggi og vellíðan þeirra í skólastarfinu auk þess sem menntamálaráðherra er falið í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga að setja reglugerð um skólaakstur í 2. gr. frumvarpsins og um slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Lögð er til breyting á málsmeðferðarreglum gildandi laga í 3. og 20. gr. auk þess sem orðalagi nokkurra greina er breytt eða það gert skýrara.

Virðulegi forseti. Ég hef hér farið yfir meginefni frumvarpsins og fjallað í því sambandi stuttlega um einstakar greinar þess en eins og ég boðaði í upphafi þessarar framsöguræðu minnar tel ég mikilvægt að fjalla sérstaklega um 23. gr. frumvarpsins sem að mínu mati hefur mikla þýðingu fyrir þróun grunnskólastarfs hér á landi og tryggir að ákveðnu marki grundvöll til að viðhalda og auka fjölbreytni í skólasamfélaginu.

Fjölbreytni og sveigjanleiki er það tvennt sem við leitum ávallt að í skólakerfinu. Fjölbreytni er margþætt hugtak og vísar til ólíkra þátta í skólakerfinu, til að mynda hugmyndafræði skóla, námstækni eða kennsluhátta. Fjölbreytni í rekstrarformi skóla er einn hluti af þeirri fjölbreytni sem við sækjumst eftir í skólaumhverfinu á Íslandi. Rekstrarform skóla eykur fjölbreytni skóla í því að tryggja valfrelsi í skólamálum, það tryggir frumkvæði einstaklinga, félagasamtaka eða annarra aðila til að stofnun grunnskóla eigi

fótfestu og er mikilvægur þáttur í að bjóða einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Það þarf að tryggja valfrelsi í grunnskólum eins og í öðrum skólum landsins, sjálfstæðir skólar eru tækifæri til að auka við menntaflóruna í landinu. Hafa ber í huga að ákvæði um einkaskóla í grunnskólalögunum hefur verið óbreytt allt frá gildistöku grunnskólalaganna frá 1974. Þá var tekið fram í lögunum að einkaskólar ættu ekki kröfur til styrks af almannafé. Í gildandi lögum eru ákvæði um einkaskóla í 56. gr. og það eru nánast samhljóða ákvæði frá lögunum frá 1974.

Nokkrir einkaskólar eða sjálfstætt reknir skólar hafa verið reknir hér á landi um langan tíma, t.d. Ísaksskóli, Landakotsskóli, Suðurhlíðaskóli og Tjarnarskóli. Einnig eru starfandi tveir Waldorf-skólar og nýjasti sjálfstætt rekni skólinn er Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ. Eins og kunnugt er hafa þessir skólar sannað rækilega tilverurétt sinn og ásókn í þá hefur verið mikil þrátt fyrir þá staðreynd að flestir þeirra hafi átt í fjárhagserfiðleikum þar sem framlag sveitarfélaganna til þeirra hefur ekki nægt til að rekstur þeirra sé með viðunandi hætti. Þar sem engin ákvæði hafa verið í lögum um rétt þeirra á framlögum hefur það alfarið verið ákvörðunaratriði sveitarfélaga á hvern hátt starfsemi þeirra hefur verið styrkt. Eins og fram kemur í frumvarpinu er í Danmörku, Noregi og Svíþjóð að finna ákvæði um sjálfstætt rekna skóla í skólalöggjöfinni og rétt þeirra til rekstrarframlaga frá opinberum aðilum. Í Danmörku er almennur rekstrarstyrkur á hvern ársnemanda í sjálfstætt reknum skólum samsvarandi meðalútgjöldum vegna hvers ársnemanda í almennum grunnskólum. Í Svíþjóð skal sjálfstætt rekinn grunnskóli sem hlotið hefur viðurkenningu menntamálayfirvalda eiga rétt á sambærilegum fjárstuðningi og almennir grunnskólar. Ef nemandi stundar nám við sjálfstætt rekna grunnskóla skal lögheimili sveitarfélags viðkomandi nemanda greiða til skólans samsvarandi upphæð og nám hans kostar í almennum grunnskóla. Í Noregi skulu sjálfstætt reknir skólar fá ríkisstyrk sem samsvarar 85% af almennum rekstrarkostnaði miðað við kennslu nemanda í almennum grunn- og framhaldsskólum. Ef opinber fjárstuðningur dugar ekki til að reka skólann er skólanum heimilt að innheimta skólagjöld.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til í frumvarpinu á 56. gr. gildandi grunnskólalaga miðast við að gera stöðu sjálfstætt rekinna grunnskóla hér á landi sterkari en nú og lögbinda lágmarksframlag með hverjum nemanda. Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að menntamálaráðherra sé heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í formi sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi, enda liggi fyrir samþykki sveitarfélags um stofnun skólans.

Minni ég á að í gildandi lögum segir að ráðherra sé heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, en hér er lagt til að ráðherra veiti grunnskólum viðurkenningu til að starfa sem slíkir í stað löggildingar áður. Þessi orðalagsbreyting felur ekki í sér neina efnisbreytingu frá gildandi lögum enda er viðkomandi skóla í báðum tilvikum heimilað að starfa sem grunnskóli og starfa sem slíkur á grundvelli grunnskólalaga. Í frumvarpi laga um háskóla, sem ég mælti hér fyrir fyrr í dag, er lagt til að háskólar séu viðurkenndir af menntamálaráðuneytinu. Því má segja að hér sé um ákveðið samræmi að ræða þótt gert sé ráð fyrir að viðurkenning háskólans sé bundin við fræðasvið á meðan frumvarp þetta byggir á því að viðurkenning grunnskóla nái til grunnskólastarfsemi hvers skóla í heild sinni.

Þá gerir 1. mgr. ráð fyrir að grunnskólar geti verið með mismunandi rekstrarform og ekki er gert ráð fyrir því að ráðherra þurfi sérstaklega að staðfesta viðkomandi rekstrarform eins og núverandi ákvæði gerir ráð fyrir.

Er það einnig í samræmi við frumvarpið um háskóla enda verður ekki séð að sérstök rök réttlæti afskipti hins opinbera af því hvaða rekstrarform menn kjósa að viðhafa í kringum skólastarfsemi. Ég tel mikilvægt fyrir sveitarfélögin að 1. mgr. byggi á því að samþykki þeirra um stofnun grunnskóla liggi fyrir til að ráðuneytið geti veitt þeim viðurkenningu. Þá er sveitarfélögum heimilt að binda samþykki sitt við ákveðinn hámarksfjölda nemenda auk þess sem tekið er fram að um slíka grunnskóla gildi sömu lög og reglur og um grunnskóla skv. 1. gr. eftir því sem við á. Rétt þykir og eðlilegt að binda viðurkenningu grunnskóla við að samþykki sveitarfélags um stofnun skólans liggi fyrir áður þar sem viðkomandi skólar samkvæmt frumvarpinu, verði það að lögum, hafi lögvarinn rétt til lágmarksframlags úr sveitarsjóði á hvern nemanda sem hefur lögheimili í því sveitarfélagi þar sem skólinn starfar, skv. 2. mgr. greinarinnar. Jafnframt verði sveitarfélögum af sömu ástæðu heimilt að binda samþykki sitt við ákveðinn hámarksfjölda nemenda. Vegna tilvísunar til þess að um þessa skóla gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum eftir því sem við á ber að taka fram að framangreindur fyrirvari vísar til að ákvæði laga og reglna sem sérstaklega varða sveitarfélögin ein og sér ná ekki til skóla sem reknir eru af öðrum.

Í 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins er lagt til að grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. eigi rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar. Og framlagið ákvarðað á grundvelli nemendafjölda og nemur að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar sveitarfélaga við hvern nemanda á ári samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Þetta gildir um skóla sem eru með allt að 200 nemendur, en að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda sem er umfram þann fjölda. Með heildarrekstrarkostnaði er átt við allan almennan rekstrarkostnað grunnskólans, þar með talinn rekstrarkostnað húsnæðis og afskriftir. Með því að miða við vegið meðaltal er tekið tillit til stærðar skólanna þannig að stórir skólar fá meira vægi en litlir.

Gert er ráð fyrir að viðmiðunartölur þær sem Hagstofan gefur út árlega og lagðar verða til grundvallar á útreikningi á framlagi sveitarfélags til sjálfstætt rekinna grunnskóla liggi fyrir í september ár hvert og séu þá byggðar á ársreikningum rekstrarárs sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Til að átta sig á því hvaða fjárhæðir eru hér á ferðinni þá var á árinu 2004 meðaltal heildarrekstrarkostnaðar grunnskólans á landsvísu á hvern nemanda 666.985 kr. og 75% af þeirri fjárhæð eru 500.239 kr. En 70% eru þá 466.890 kr. Sé til samanburðar litið til rekstrar grunnskóla í Reykjavík á árunum 2004 nam heildarrekstrarkostnaður hagkvæmasta grunnskólans í því sveitarfélagi 443.480 kr.

Við ákvörðun á hlutfallslegu framlagi sveitarfélaga til rekstrar þessara skóla er með þessu ákvæði frumvarpsins leitast við að skapa þeim raunhæfan rekstrargrundvöll um leið og litið er til þess að jafna stöðu ólíkra rekstrarforma. Um leið er þess þó gætt að ekki verði skapaðir beinir fjárhagslegir hvatar til stofnunar og reksturs grunnskóla. Miðað við fyrirliggjandi tölur og gögn frá sveitarfélögum um rekstur við kostnað grunnskóla á árinu 2004 munu þau hlutföll sem hér eru lögð til grundvallar, þ.e. 75% og 70%, þýða að raunframlög á nemanda til sjálfstætt starfandi grunnskóla verða lægri en reiknaður meðalkostnaður við nemanda í flestum grunnskólum landsins. Svo dæmi sé tekið mundi sjálfstætt starfandi grunnskóli með 500 nemendur fá framlag sem næmi að meðaltali 480.230 kr. á hvern nemanda.

Hér er einnig rétt að vísa til þess að ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélögum beri nein skylda til að taka þátt í beinum stofnkostnaði vegna sjálfstætt starfandi grunnskóla. Að samanlögðu er ljóst að sú fjárhæð sem sveitarfélög greiða að lágmarki með hverjum nemanda samkvæmt frumvarpi þessu er verulega mikið lægri en meðaltal á landsvísu á hvern nemanda. Gert er ráð fyrir tviskiptingu hlutfallsins í annars vegar 75% og hins vegar 70%.

Réttur til fjárframlaga skv. 2. mgr. er einnig bundinn við lögheimili í því sveitarfélagi sem viðkomandi skóli starfar í. Vera má að foreldri barns sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi en því sem skólinn starfar í óski eftir námsvist fyrir barn sitt. Skulu greiðslur fyrir námsvist þess þá koma frá því sveitarfélagi þar sem barnið á lögheimili, á grundvelli samkomulags milli skólans og viðkomandi sveitarfélags. Samkvæmt 3. mgr. er menntamálaráðherra heimilað að setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands. Er þá bæði átt við reglugerðarheimild um löggildingu grunnskóla skv. 1. mgr. og reglugerðarsetningu vegna framkvæmdar á 2. mgr.

Virðulegi forseti. Ég tel að 23. gr. frumvarpsins geymi tímamótaákvæði fyrir framþróun starfsemi grunnskóla í landinu og vil ég sérstaklega nefna það hér að á nýliðinni ráðstefnu Samtaka sjálfstæðra skóla kom fram mikil ánægja með þá stefnu sem þetta ákvæði frumvarpsins byggist á. Það er að tryggja ákveðinn rekstrargrundvöll þeirra grunnskóla sem ekki eru reknir af sveitarfélögunum og verð ég ekki vör við annað en úr þeim herbúðum sé talið að þær viðmiðunarfjárhæðir sem ákvæði 23. gr. byggist á séu ásættanlegar fyrir þessa skóla. Það má ekki gleyma því að hér er um lágmarksréttindi að ræða og því er hverju sveitarfélagi að sjálfsögðu í sjálfsvald sett að ákveða hærri fjárhæðir til rekstrar þessara skóla úr sveitarsjóði eins og dæmin sanna og sum sveitarfélög hafa farið þær leiðir að ákveða framlögin 100% til sjálfstætt rekinna grunnskóla gegn því að þeir taki ekki við skólagjöldum.

Virðulegi forseti. Ég hef hér rakið efni frumvarpsins. Ég legg að lokum áherslu á það sem ég boðaði í upphafi ræðu minnar að á næstunni hefst vinna við endurskoðun á grunnskólalögunum frá grunni með það að leiðarljósi að samin verði ný lög. Ég legg sérstaka áherslu á víðtækt samráð við hagsmunaaðila í tengslum við þá endurskoðun og legg upp með að skipa sjö manna nefnd í þetta mikilvæga verkefni. Sú nefnd verður skipuð tveimur fulltrúum frá ráðuneytinu, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir tvo fulltrúa, Kennarasamband Íslands tilnefnir tvo fulltrúa og frá Heimili og skóla kemur einn fulltrúi. Ég vænti mikils af störfum þessarar nefndar sem mun lúta forustu Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur.

Að lokum legg ég til, virðulegi forseti, að frumvarpinu verði vísað til hæstv. menntamálanefndar að lokinni þessari umræðu.

[15:47]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ræðu hennar. Ég vildi spyrja út í 12. gr. frumvarpsins en þar er fjallað um stjórnun skóla. Í máli hæstv. ráðherra kom fram að m.a. væri um að ræða kröfu skólasamfélagsins. Ég hef reyndar á tilfinningunni að ítarlegar athugasemdir muni koma við þá breytingu. Löggjafinn hefur hingað til tryggt lágmarksstjórnun í grunnskólum landsins. Ég hef ákveðnar áhyggjur af stöðu mála verði þetta fellt út. Ég bið þess vegna hæstv. ráðherra um örlítið ítarlegri rökstuðning.

[15:48]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur þótt nokkuð sérstakt miðað við almenna skipan stofnana en það er ekki lengur algengt að stjórnskipulag stofnana sé njörvað niður í lögum. En það gildir enn um grunnskólann og um skólastofnanir. Menn hafa í ljósi krafna um sveigjanleika í skólastarfi, aukna skilvirkni o.s.frv., bent á að það sé rétt, ekki síst með tilliti til fámennari skóla, t.d. með 12–25 nemendum, að mikilvægt sé að losa um þessa skyldu sem er kveðið á um í lögum, varðandi aðstoðarskólastjórann. Ég ítreka að með þessu er ekki verið að afnema aðstoðarskólastjóra heldur að veita þeim sem reka skólana, sveitarfélögunum og skólastjórum, tækifæri til að meta aðstöðuna í hverju tilfelli.

Ég hvet að sjálfsögðu hv. þingmenn til að fara gaumgæfilega þetta atriði í menntamálanefnd og ég mun taka þeim ábendingum sem þaðan koma og lúta þeim breytingum, verði þær nokkrar á þessu ákvæði.

[15:49]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og tek undir orð hennar. Þetta mál þarf að skoða vel í hv. menntamálanefnd með tilliti til umsagna sem fram koma. Að öðru leyti fagna ég frumvarpinu og sérstaklega þeim áherslum sem komu fram í máli hennar áðan.

[15:50]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er býsna erfitt að átta sig á tilgangnum með framlagningu þessa frumvarps. Ég held að hæstv. ráðherra verði að útlista það örlítið fyrir okkur áður en umræðan fer almennilega í gang.

Í fyrsta lagi virðist endurskoðunin á grunnskólalögunum afar takmörkuð, enda boðaði hæstv. ráðherra að á næstunni hæfist endurskoðun á lögunum. Í hádeginu í dag var undir-

ritað plagg og segir þar m.a. að endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla eigi að fara fram vorið 2006.

Hér er boðuð aukin miðstýring, sem mér þykir afar sérkennilegt að hæstv. ráðherra leggi svo mikla áherslu á og einnig er gengið á sjálfsforræði sveitarfélaganna. Ég spyr því, herra forseti: Hvað liggur á? Hvað í frumvarpinu kallar á að reyna að keyra þetta mál í gegn á vordögum, þegar ljóst er að fara á í enn meiri vinnu varðandi endurskoðun á grunnskólalögunum, sem er fyllilega tímabært? Það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra.

[15:51]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég kom inn á í ræðu minni ætlaði ég í heildarendurskoðun á grunnskólalöggjöfinni fyrir rúmu ári. Menn muna hvernig þá var umhorfs í samfélaginu. Þá var grunnskólakennaraverkfall og ekki flötur á að fara í heildarendurskoðun. Engu að síður eru ákveðnar breytingar sem ég tel mikilvægt að fá í gegn. Það er langt í að endurskoðun laganna ljúki og vinnan er ekki enn þá hafin en er á næstu grösum.

Eins og hv. þingmaður, hinn menntaði Einar Már Sigurðarson, veit þá taka slíkar grundvallarendurskoðanir langan tíma. Það eru ákveðnar meiri háttar breytingar fólgnar í frumvarpinu sem snerta rétt foreldra og nemenda en síðan vaknar þessi pólitíska spurning, sem snertir á engan hátt miðstýringu heldur fyrst og fremst að fjölga tækifærum, valfrelsi og auka fjölbreytni í skólasamfélaginu. Það snýst um pólitíska afstöðu sem Samfylkingin og þingmenn hennar verða að þora að gera upp við sig. Við vitum hvar vinstri grænir hafa staðið í þessu máli. Stefna þeirra er ávallt skýr og maður veit nokkurn veginn að hverju maður gengur. (Forseti hringir.) En ég er spennt að fylgjast með því hvort við fáum enn eina U-beygjuna, herra forseti, í þessu máli.

[15:52]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var að vísu örlítil skýring á frumvarpinu í svari hæstv. ráðherra. Að vísu náði hæstv. ráðherra í stuttu andsvari sínu að nefna það tvennt sem virðist jákvætt í þessu frumvarpi og gæti réttlætt þessar litlu breytingar, þ..e. varðandi foreldra og nemendur. Það er hið besta mál.

En tímamótagreinin sem hæstv. ráðherra nefndi í framsöguræðu sinni, þ.e. 23. gr. er greinilega aðalmálið. Það þarf fyrir vorið, væntanlega fyrir sveitarstjórnarkosningar, að keyra það í gegn að auka útgjöld sveitarfélaganna, það hlýtur að vera tilgangurinn. Svo mikið er lagt undir að gengið er á sjálfsforræði sveitarfélaganna. Það liggur greinilega svo mikið við að gengið er gegn stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga í þessu máli. Menn ganga gegn formanni sambandsins, oddvita Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborg. (**Menntmrh.:** Það er rangt.) Ja, það liggur mikið við.

[15:53]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hvet hv. þingmann til þess að kynna sér niðurstöðu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það kemur skýrt fram hjá formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga og fleiri sem eru á sömu skoðun og hann að þetta komi ekki til með að skerða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga.

Ég spyr bara: Eru sveitarfélög á öðrum Norðurlöndum með svakalega takmarkað vald í þessum efnum? Að sjálfsögðu ekki. Af hverju þora menn ekki að viðurkenna og tryggja réttarstöðu sjálfstætt rekinna skóla? Af hverju þora menn ekki að takast á við þá pólitísku spurningu? Menn gætu sagt: Við viljum að sjálfsögðu styrkja réttarstöðu þessara skóla því að það er í þágu nemenda, foreldra, í þágu fjölskyldna og skólasamfélagsins. Við fáum fjölbreytni í skólasamfélagið og ógnum ekki jöfnum tækifærum til náms. Við aukum fjölbreytnina.

Ég hvet hv. þingmann, sem alla jafna er nokkuð framsýnn, að ganga til liðs við mig í þessu mikilvæga máli.

[15:54]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er stuðningsmaður þess að sjálfstætt starfandi grunnskólar séu starfræktir. Þeir eru góð viðbót við hverfisskóla, að mínu mati. Þeir eiga að fá að blómstra sem valkostur fyrir utan þann ramma og ég hef kallað eftir því að við sníðum lagaramma um starfsemi sjálfstætt starfandi eða einkareknu grunnskólanna þannig að þeir komist betur af.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson minntist á 23. gr. frumvarpsins sem ekki er hægt að túlka öðruvísi en ákaflega miðstýrða þvingun og árás á sjálfsforræði sveitarfélaganna. En samkvæmt henni er þeim gert skylt að leggja til að lágmarki 75% af vegnu meðaltali af heildarrekstrarkostnaði allra grunnskóla sem reknir eru í landinu. Af hverju er þetta ákvæði ekki sett fram með mildilegri hætti, hæstv. ráðherra? Þar mætti t.d. segja að náist um það sátt við sveitarfélögin verði það 75% af heildarframlagi á skóla og nemanda innan viðkomandi sveitarfélags.

Þessu hlýtur að vera beint sérstaklega gegn Reykjavík þar sem einn þriðji allra íslenskra grunnskóla er starfræktur í Reykjavík. Þetta er augljóslega gert í algjörri andstöðu við ráðamenn þar og í algjörri andstöðu við flokksbræður og flokkssystur hæstv. menntamálaráðherra í Reykjavíkurborg.

Af hverju er gengið svo langt í frumvarpinu í 23. gr., sem er ekki hægt að túlka öðruvísi en sem miðstýrða þvingun og árás á sjálfsforræði sveitarfélaganna? Af hverju er ekki leitað annarra leiða til að ná fram sama markmiði? Markmiðið er gott og nauðsynlegt, þ.e. að sníða lagaramma um starfsemi einkarekinna grunnskóla, sem eru starfræktir utan um tiltekna hugmyndafræði. Helst af öllu ættu þeir að vera skyldugir til þess, taki þeir á móti opinberum framlögum, að innheimta ekki skólagjöld og mismuna ekki nemendum eftir aðstæðum.

[15:56]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega undirstrika það að þetta er ekki í andstöðu við flokksfélaga mína í Reykjavík. Þvert á móti sjá allir tækifærin og möguleikana sem felast í þessu

frumvarpi. Það skiptir máli.

Hins vegar er alltaf gaman að fylgjast með því að þegar ákveðnir þingmenn eða flokkar þurfa að taka afstöðu til mála, t.d. varðandi skólamál. Þá er alltaf dregin fram þessi regnhlíf sem menn eru að skýla sér með, að sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga verði skertur. Þetta er svo mikil della. Sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga er ekki skertur á nokkurn hátt. Það er sérstaklega hnykkt á því í frumvarpinu að sveitarfélögin ráði því hvort slíkir skólar séu starfræktir innan þeirra svæða. Þau ráða því. Ef þau segja nei þá þurfa þau ekki að greiða. En ef þau segja já eru þau skyldug til að greiða ákveðið lágmarksframlag. Af hverju? Jú, við viljum tryggja valfrelsi og fjölbreytni. Hins vegar hefur bæði leynt og ljóst verið ákveðið einelti í gangi af hálfu meiri hlutans í Reykjavík (Forseti hringir.) gagnvart sjálfstætt reknum skólum.

[15:58]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafna því eindregið að einkareknir grunnskólar í Reykjavík hafi verið lagðir í einelti af meiri hlutanum í Reykjavík eða Reykjavíkurborg. Því fer víðs fjarri. Það hefur verið gert vel við skólana og þeir verið leystir úr þeirri fjárhagskreppu sem þeir höfðu komist í með mun hærri framlögum á hvern nemanda en áður var.

Gangi 23. gr. frumvarpsins eftir er það árás á sjálfsforræði sveitarfélaganna. Það er ekki hægt að réttlæta þá aðför að sjálfsforræði sveitarfélaga með því að lagaramma skorti utan um starfsemi einkarekinna grunnskóla. Þann lagaramma er hægt að sníða án þess að vega svo gróflega að forræði sveitarfélaganna.

Sérstaklega vekur það athygli og spurningar um hve ígrundað þetta frumvarp er þegar hæstv. ráðherra gengur í berhögg við forustu Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem er undir forustu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, leiðtoga sjálfstæðismanna í Reykjavíkurborg, sem hefur (Forseti hringir.) tekið eindregna afstöðu gegn þessu.

[15:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt, að þetta gengur ekki í berhögg við það sem sjálfstæðismenn í borginni vilja. Ég vona að það sé skýrt. Þetta gengur heldur ekki gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga. Sveitarfélög hafa þetta á valdi sínu. Þau geta sagt nei við rekstri slíkra skóla og þau geta sagt já. Samþykki þau rekstur slíkra skóla eru þau skuldbundin til að greiða ákveðið lágmarksframlag sem fundið er út frá útreikningum Hagstofunnar.

Þetta kemur ekki til með að auka útgjöld sveitarfélaganna. Ekki fjölgar börnunum við þessa breytingu. Menn hljóta að gera ráð fyrir ákveðnum fjölda barna á skólaaldri. Það á ekki að skipta neinu máli hvort þau ganga í einkarekinn skóla eða opinberan skóla. Tala barnanna er hin sama þannig að kostnaður sveitarfélaganna ætti á engan hátt að aukast með þessu. Það er ekki gengið gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna heldur er ætlunin fyrst og fremst að tryggja fjölbreytni og (Forseti hringir.) valfrelsi í skólamálum.

[16:00]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði áðan í andsvari að hún gæti alltaf treyst því hvar Vinstri grænir stæðu í þessum málum, þeirra stefna væri skýr. Þetta er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðherra, Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að skólakerfið eigi að vera sameign okkar allra. Við teljum að það eigi ekki að vera í einkaeign og eigi ekki að innheimta gjöld heldur eigi að reka það fyrir fjármuni úr sameiginlegum sjóðum. Þar með erum við ekki að segja að við viljum ekki fjölga tækifærum, auka valfrelsi eða fjölbreytni. Við teljum að það sé hægt að gera innan skólakerfisins.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra í ljósi þess hversu mikla áherslu hún lagði á það hér áðan í umræðu um háskólastigið að hið opinbera eigi að greiða rausnarlega með háskólastúdentum einkarekinna háskóla: Finnst ráðherra það þá ásættanlegt að sú upphæð sem sveitarfélögin greiði með hverjum nemanda í grunnskóla sé verulega mikið lægri en landsmeðtal raunkostnaðar á hvern nemanda í opinberum skólum? Það er verulega mikið lægri (Forseti hringir.) upphæð en raunkostnaðurinn er sem á að koma fyrir hvern nemanda. Er það ásættanlegt?

[16:01]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er alveg rétt sem kemur fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, þetta er bara spurning um lífssýn, pólitíska skoðun. Ég fer ekkert ofan af því að það er alveg ljóst við hvaða pólitísku skoðanir er að etja þegar maður ræðir við hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og félaga hennar í Vinstri grænum.

Ég er sannfærð um að einkareknu skólarnir á grunnskólastigi munu auka valfrelsi og fjölbreytni. Það er einu sinni þannig að við erum að reyna að styrkja þá, þetta er fyrsta skrefið til þess að styrkja þá í sessi og gera þeirra réttarstöðu betri. Ég velti því lengi fyrir mér hvort þetta væri rétta leiðin, hvort það ætti að vera eitthvert annað viðmið. En við erum að reyna að fara svipaðar leiðir og hafa verið farnar á Norðurlöndunum, í Noregi er t.d. kveðið á um að mig minnir 85% lágmarksframlag og það er verið að reyna að taka tillit til þessara sjónarmiða.

Við megum heldur ekki gleyma því að grunnskólinn er skylda en háskólinn ekki og mér finnst (Forseti hringir.) ekki hægt að bera þau skólastig algjörlega saman.

[16:02]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. ráðherra svaraði ekki þeirri spurningu hvort það væri ásættanlegt að það væri þetta lágt hlutfall sem kæmi með hverjum nemanda en á þeirri spurningu minni hangir önnur. Hún er þessi: Hversu háar upphæðir greiða foreldrar í einkareknum grunnskólum alla jafna í skólagjöld á ári? Það er alveg augljóst að það yrðu foreldrar þessara barna sem þyrftu að borga það sem upp á vantar. Það er ekki ætlast til þess að sveitarfélögin fari að greiða raunkennslukostnað með nemendunum.

Ég spyr því: Hversu mikið er það sem foreldrarnir koma

til með að þurfa að bæta við og hvernig réttlætir hæstv. ráðherra það að hér virðist verið að búa til farveg sem er eingöngu hugsaður fyrir þá foreldra sem hafa rúm fjárráð? Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hæstv. ráðherra meðvitað að reyna að innleiða stéttaskiptingu í íslenska grunnskóla með þessu ákvæði?

[16:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnast þetta mjög alvarlegar ásakanir því að ég tel hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur gefa í skyn að nemendur til að mynda í Ísaksskóla og Landakotsskóla séu börn sérstaklega efnaðra foreldra. Sú er ekki raunin og þessir skólar hafa síður en svo stuðlað að stéttaskiptingu hér á landi, síður en svo. Þeir hafa miklu frekar aukið þau tækifæri sem skipta okkur svo miklu máli. (Gripið fram í.)

Ég vil undirstrika það að ef sveitarfélögin segja já geta þau líka samið um þetta, þetta er bara lágmarkið. Sveitarfélögin geta farið þá góðu leið sem t.d. Garðabær gerði á sínum tíma varðandi Barnaskóla Hjallastefnunnar sem er frábær skóli. Þar sögðu menn: Allt í lagi við semjum við Barnaskóla Hjallastefnunnar til þess að auka möguleika íbúanna í bænum en við borgum skólanum 100% miðað við þau framlög sem Flataskóli fær gegn því að ekki verði tekin upp skólagjöld. (Forseti hringir.) Ég tel þetta mjög athyglisverða leið sem er sveitarfélögunum (Forseti hringir.) vel fær þrátt fyrir þetta frumvarp.

[16:04]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við ræðum hér nokkuð stórt og viðamikið mál en þó er það þeim annmörkum háð að ekki er um að ræða heildarendurskoðun á lögum um grunnskóla sem þó hefði verið nauðsynleg. Það er löngu orðið tímabært að þau lög séu endurskoðuð því að þau eru að uppistöðu til óbreytt frá 1974. Þrátt fyrir að sveitarfélögin hafi nú rekið grunnskólann frá 1996 hafa ekki verið gerðar breytingar á þessum lögum, einungis smálagfæringar. Hér er verið að leggja til allt of litlar breytingar. Hér hefði átt að ganga miklu lengra. Eins og fram kom í andsvörum áðan hefur hæstv. ráðherra ákveðið að láta fara fram heildarendurskoðun á grunnskólalögunum og það er með ólíkindum að þær litlu breytingar sem hér um ræðir skuli ekki geta beðið fram að því. Það er auðvitað búið að upplýsa það að ein breyting skiptir hér einhverju máli, þ.e. breytingin sem er á 23. greininni og hæstv. ráðherra talar um sem tímamótagrein og verulega breytingu.

Það er sérkennilegt að með svona miklum látum skuli reynt að keyra þá breytingu í gegn nú rétt fyrir sveitarstjórnarkosningar, að það skuli ekki vera látið duga að leyfa sveitarfélögunum að ákvarða það, eins og hingað til, hvernig þessum málum er háttað. Það er afar sérkennilegt að heyra hæstv. menntamálaráðherra koma hér og segja að þetta tengist á engan hátt sjálfsforræði sveitarfélaga. Sveitarfélögin reka grunnskólana í landinu og með frumvarpi því sem hér liggur fyrir er verið að skikka þau til þess að greiða ákveðið lágmark með skólum sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögunum. Að vísu, eins og hæstv. ráðherra bendir á, geta sveitarfélögin sagt nei.

Ég trúi því ekki, herra forseti, að hæstv. ráðherra sé með þessu að segja við sveitarfélögin: Ja, ef þið treystið ykkur ekki til þess að greiða það sem hér er lögbundið skuluð þið bara segja nei. Það tel ég vera gífurlegt spor aftur á bak vegna þess að þessir skólar eiga auðvitað að vera til, en það á ekki að setja sveitarfélögin í þá stöðu að þau segi bara nei vegna þess að þau óttist að verið sé að auka útgjöld þeirra. Það er ekki rétt, hæstv. ráðherra, að það geti ekki þýtt aukin útgjöld sveitarfélaga ef mál verða með þessum hætti. Það er ekki hægt að setja samasemmerki milli nemendafjölda og kostnaðar. Það getur vel verið að það kosti sama að reka skóla með 200 nemendum og 250 nemendum vegna þess að það getur dreifst þannig á bekkjardeildir að kennarafjöldi sé hinn sami, stöðufjöldi sé hinn sami og kostnaður sé hinn sami. Ef 50 nemendur eru aftur á móti komnir í annan skóla kostar það þar af leiðandi aukalega. Þetta verður hæstv. ráðherra að kynna sér betur. Hæstv. ráðherra hefði þurft að fara í ákveðinn skóla hjá sveitarstjórnarmönnum í sínum eigin flokki. Þeir þekkja þetta mætavel.

Það er því miður rangt hjá hæstv. ráðherra að formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborg hafi samþykkt þessi frumvarpsdrög. Það kemur fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem ég sem betur fer er með hér í höndunum, að frumvarpsdrögunum hefur ekki verið breytt að ósk þeirra sem sátu í meiri hluta stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þegar umsögnin var gerð.

Virðulegi forseti. Það er þess vegna nauðsynlegt að lesa hérna beint upp úr bókun meiri hluta stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þeir sem skrifa undir eru Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson títtnefndur, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Björk Guðjónsdóttir og Björn Hafþór Guðmundsson. Það er að vísu rétt að taka það fram að þessir ágætu sveitarstjórnarmenn eru ekki öll flokkssystkini hæstv. ráðherra en mér sýnist ég geta fullyrt að meiri hluti þeirra sé það.

Hér segir, með leyfi forseta, og það er gott að taka eftir því:

„Það er sjónarmið okkar sem stöndum að samþykkt þessarar umsagnar að eftir breytingu þá sem lögð er til í umsögninni um 23. gr. frumvarpsdraganna sé ekki um að ræða skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti og sjálfsforræði sveitarfélaga.“

Frú forseti, „að eftir breytingu þá sem lögð er til í umsögninni um 23. grein frumvarpsdraganna sé ekki um að ræða skerðingu á“ o.s.frv.

Frú forseti. Sú breyting sem lögð er til í umsögninni er ekki í því frumvarpi sem við ræðum hér og það er meginmálið. Sú breyting hefur ekki náð hér fram. Ég vona, hæstv. ráðherra, að það hafi verið ætlunin að breyta því í þá átt, það er alveg ljóst að þá væri frumvarpið allt öðruvísi vegna þess að sú tillaga sem hér er lögð til — ja, það er nú gott, frú forseti, að ég finni þá nákvæmlega það ágæta orðalag — það er hér.

Tillagan er þannig að 23. gr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Grunnskólar sem hljóta löggildingu samkvæmt 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna

nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Framlag skal ákveðið af sveitarstjórn og getur verið mismunandi eftir nemendafjölda og rekstrarumfangi skóla."

Hvernig hljóðar svo þessi sama málsgrein í frumvarpinu sem við ræðum hér?

Það er svo, með leyfi forseta:

„Grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í."

Sama setningin, byrjar eins.

En síðan segir í frumvarpinu:

„Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. Útreikningur Hagstofu Íslands á kostnaði samkvæmt þessari málsgrein skal taka mið af verðlagsbreytingum."

Frú forseti. Ef hæstv. ráðherra telur að það sé ekki verið að ganga á sjálfsforræði sveitarfélaganna með frumvarpsgreininni eins og hún liggur hér fyrir þá er mér illa brugðið. Hér hljóta, miðað við það sem hæstv. ráðherra sagði áðan, að hafa átt sér stað mistök og er auðvitað algjörlega nauðsynlegt að þau séu leiðrétt hið allra fyrsta, því að munurinn á textanum sem lagður er til í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er auðvitað algjör. Munurinn er nákvæmlega sá að ef texti stjórnarinnar hefði verið hér inni þá er a.m.k. hægt að deila um það hvort gengið sé á sjálfsforræði sveitarfélaganna. Það er að vísu sett inn að skólarnir hafi rétt til þess að fá fjármuni en það er a.m.k. miklu styttra skref en stigið er í frumvarpinu. Ég vona að það megi leiðrétta þetta í störfum menntamálanefndar, að það sé orðið þannig hjá hæstv. menntamálaráðherra og í menntamálaráðuneytinu eftir atburði dagsins og atburði síðustu mánaða að þar hafi verið tekin upp önnur vinnubrögð, þ.e. að nú sé unnið með aðilum en ekki búið til stríðsástand.

Frú forseti. Það er forkastanlegt að farið sé í endurskoðun sem þessa, þó hún sé takmörkuð, án þess að hafa sveitarfélögin, sem reka grunnskólana í landinu, með í för. Það er algjörlega út úr öllu korti. Það er að vísu boðað að í heildarendurskoðuninni eigi sveitarfélög, kennarar og foreldrar að koma að málum og allt gott um það að segja. En það er ótrúlegt að gengið skuli fram með þeim hætti í þessu frumvarpi að hafa ekki fullt samráð við sveitarfélögin um jafnstóra þætti sem þessa. Ég átta mig ekki á því hvernig á því stendur að hæstv. ráðherra setur sig í þær stellingar að vera gegn framvarðarsveit síns eigin flokks í sveitarstjórnarmálum. Það er með ólíkindum að í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga skuli hæstv. ráðherra stilla sér upp gegn oddvita síns eigin flokks í höfuðborginni. Ég trúi ekki öðru, frú forseti, en hér hafi átt sér stað einhver mistök sem vonandi verða leiðrétt. Við urðum vitni að því fyrir ekki alls löngu að ráðherrar geta gert mistök. Ég vona að hæstv. ráðherra hafi þó ekki lent í sama díkinu og hæstv. iðnaðarráðherra að misskilja sitt eigið frumvarp. En það er leið til þess að leiðrétta málið ef um misskilning er að ræða. Að minni hyggju er hér allt of langt gengið gegn sveitarfélögunum í landinu.

Það verður líka að vekja athygli á því að með þessu ákvæði er raunverulega verið að ganga í þveröfuga átt við það sem verið hefur að gerast í lögum undanfarin ár, þ.e. menn hafa verið að ganga í þá átt að auka sjálfsforræði sveitarfélaganna, draga úr lagaákvæðum og gera þau sjálfstæðari til ákvarðana. Hér er m.a.s. slík miðstýringarárátta að sett er inn ákvæði um að hæstv. menntamálaráðherra eigi að ganga svo langt að setja nánari reglur um tilhögun skólaaksturs, að vísu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Hvað er það sem rekur hæstv. menntamálaráðherra til slíkrar miðstýringar? Er sveitarfélögunum í landinu virkilega ekki treystandi til þess að skipuleggja sinn eigin skólaakstur? Hefur eitthvað gerst í þeim efnum sem bendir til þess að þau séu ekki hæf til þess? Ég er afar hissa á ákvæðum um aukna miðstýringu sem því miður eru fleiri.

Hins vegar er athyglisvert að í 14. gr. er m.a. verið að taka út ákveðna hluti, sem er vissulega til bóta, en það hefði mátt gera miklu víðar ef það hefði verið línan. Þau örfáu dæmi sem ég nefni benda því miður til þess að hér hafi kappið verið of mikið, forsjáin hafi gleymst og fólk hafi farið allt of geyst yfir í þeim ákafa sínum að auka hlut að því er virðist með tilgangi og yfirlýsingum hæstv. ráðherra, að auka hlut einkaskólanna á grunnskólastigi.

Hæstv. ráðherra nefndi í ræðu sinni áðan ágætan skóla í Garðabæ sem starfar eftir svokallaðri Hjallastefnu og nefndi samninginn sem það ágæta sveitarfélag gerði varðandi rekstur skólans. Þar var ákvæði sem væri virkilega athyglisvert og fróðlegt að fá að heyra álit hæstv. ráðherra á, þ.e. að sveitarfélög setji það inn — og það gerði sveitarfélagið án nokkurra lagaboða þar um — að greiða skólanum þá upphæð sem að meðaltali var í skólum sveitarfélagsins, takið eftir, sem var í skólum sveitarfélagsins. Það er meira að segja gengið svo langt í frumvarpinu að ekki á að miða við viðkomandi sveitarfélag að meðaltali, nei, það skal miða við landið allt þó að við vitum að eðlilega er grunnskólinn afar misjafnlega dýr og þess vegna m.a. höfum við framlög úr jöfnunarsjóði. En Garðabær gerði samninginn um að greiða meðaltalið í sveitarfélagi sínu en setti það skilyrði, og ekki bara það skilyrði, mér skilst að þau séu fleiri, en m.a. það skilyrði að ekki mætti taka skólagjöld. Og hér erum við farin að ræða um allt aðra hluti en mér heyrist hæstv. ráðherra vera að tala um, en ég vona að hæstv. ráðherra sé sammála mér í því að með slíku erum við auðvitað að tala um allt, allt aðra hluti.

Annað skilyrði sem fylgdi líka, sem því miður er ekki í öllum þeim skólum sem reknir eru með þessu formi, þ.e. að tekið er við öllum nemendum. Einnig er tekið við þeim nemendum sem þurfa ákveðna sérþjónustu sem er ekki hin almenna þjónusta í skólunum. Það er auðvitað alveg ljóst að miklu auðveldara er að reka skóla, hvort sem það eru grunnskólar, framhaldsskólar eða háskólar, ef skólinn getur valið inn nemendur, þá er miklu auðveldara að draga úr kostnaði. Þetta vita allir sem hafa komið nálægt skólarekstri.

Þess vegna er nauðsynlegt að sveitarfélögin fái sjálf, og mér sýnist tillaga stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga vera í þá átt að reyna að ná einhverri málamiðlun í málinu.

Mér sýnist það, vegna þess að í umsögninni kemur fram í byrjun að stjórnin er algjörlega á móti því að fara ekki í heildarendurskoðun, hún vill fara í heildarendurskoðun á grunnskólalögunum. Telur hins vegar fram þau atriði sem hæstv. ráðherra nefndi að verið er að auka hlut foreldra og nemenda að ákvarðanatöku sem jákvæða þætti. Þá er eiginlega allt upp talið, það er ekki fleira sem þeir í stjórninni finna jákvætt í þessu. Þeir vara síðan við þeirri auknu miðstýringu sem fram kemur í frumvarpinu og síðan kemur þetta stóra mál um 23. gr. Mér sýnist meiri hluti stjórnarinnar hafa verið að rétta fram sáttarhönd, hafi séð að þeir gætu ekki hindrað að frumvarpið færi til þingsins og hafi þess vegna verið að reyna að leggja fram málamiðlunartillögu um hvernig hægt væri að ná sátt án þess að ganga á sjálfsforræði sveitarfélaga.

Frú forseti. Ég skil ekki enn hvernig á því stendur að ráðuneytinu liggur svo á að ekki er einu sinni hægt að mæta þeirri sáttarhönd sem þarna er þó rétt fram af meiri hluta stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Minni hluti stjórnarinnar vildi ganga enn skemur og telur meira að segja að í þessari tillögu stjórnarinnar varðandi 23. gr. sé tekið á sjálfsforræði sveitarfélaganna líka. Eins og ég sagði áðan í ræðu minni er vissulega hægt að færa rök fyrir því. En ég vil skoða tillögu meiri hluta stjórnarinnar sem ákveðna viðleitni til að ná sátt í málinu. Þess vegna verð ég að endurtaka spurningu mína til hæstv. ráðherra hvort hér hafi ekki verið um mistök að ræða og hæstv. ráðherra vilji ná sátt í málinu. Hæstv. ráðherra hefur sýnt það að undanförnu að verulegur áhugi er til þess. Ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra vilji fara í stríð við sveitarfélögin í landinu, ég trúi því ekki að það hafi verið ætlunin. Það hlýtur að hafa verið góður vilji hjá hæstv. ráðherra að reyna að ná þessu áhugamáli sínu fram, þ.e. að styrkja stöðu þeirra skóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum, en ég trúi því ekki að svo mikið liggi við að hægt sé að fara í stríð við sveitarfélögin í landinu. Því trúi ég ekki þannig að ég verð enn að vona að hér sé um einhver mistök að ræða sem leiðrétt verði.

Frú forseti. Ræðutími minn styttist óðum, ég verð því að láta ýmsar athugasemdir bíða sem ég er með við einstakar greinar en við munum sinna þessu máli geri ég ráð fyrir að venju af mikilli vandvirkni í menntamálanefnd og þar mun ég koma þessu á framfæri. Þó er eitt sem ég get ekki látið hjá líða að nefna. Það er sú nafngift sem hér er valin. Ég verð að trúa því að hæstv. ráðherra sé líka reiðubúin og meiri hlutinn í menntamálanefnd að ná sátt um það. Mér sýnist orðalagið vera þannig að ákveðið hafi verið að fara algjörlega á hinn kantinn frá því sem var og það sé þar af leiðandi leið til að mætast einhvers staðar, vegna þess að það er náttúrlega ekki hægt að bjóða grunnskólunum í landinu sem reknir eru af sveitarfélögunum upp á að aðrir skólar séu sagðir sjálfstætt reknir grunnskólar.

Nú er það stefna velflestra sveitarfélaga í landinu að reyna að gera grunnskólann sem allra sjálfstæðastan og sums staðar hafa menn náð býsna langt í því. Það er því bara ekki hægt að bjóða þeim grunnskólum og um leið sveitarfélögunum upp á slíka nafngift. Ég er út af fyrir sig ekki með einhverja patentlausn á því en eins og hv. þingmenn hafa vonandi tekið eftir hef ég ætíð talað um grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum. Einstaka sinnum hef ég líklega nefnt gamla orðið um einkaskóla, en ég er sammála því að það orð gengur ekki lengur vegna þess að það þurfa ekkert endilega að vera einkaskólar sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum. Það geta verið skólar sem eru reknir af sjálfseignarfélögum og áhugafélögum, af hugsjónafólki af ýmsum gerðum og tegundum, sem er vissulega mjög jákvætt og sjálfsagt að leyfa.

Það sem er auðvitað athyglisverðast í þessu ef við skoðum flóruna almennt í gegn og þá þróun sem hefur átt sér stað mjög lengi, t.d. á leikskólum, þá hefur það oft verið hugsjónafólk frekar á vinstri kanti stjórnmálanna sem hefur talið ástæðu til að reka sína eigin leikskóla eftir ákveðnum stefnum og þetta finnst mér eðlilegt að sé til staðar. Það hefur aldrei hvarflað að nokkrum svo ég viti til að setja það í lög um leikskóla að sveitarfélögin muni borga ákveðin meðaltöl vegna þeirra. Sveitarfélögunum, ef þeim á annað borð er treyst til þess að sjá um rekstur leikskóla og rekstur grunnskóla, á að sjálfsögðu að treysta líka til þess að gera samninga við skóla sem eru reknir með mismunandi rekstrarformi. Það gengur ekki, frú forseti, að hæstv. ráðherra og forusta Sjálfstæðisflokksins hafi svona litla trú á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, að þeir þurfi að fara í gegnum Alþingi til að tryggja slíkt mál. Það eru auðvitað Reykvíkingar sem kjósa borgarstjórn sína og það er meiri hluti hennar sem ber ábyrgð á því hvernig grunnskólahald er í borginni og hvernig samningar eru við skóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum. Það er ekki við hæfi, frú forseti, að ganga svo á rétt og á sjálfsforræði sveitarfélaganna að það snúist eingöngu um að hæstv. menntamálaráðherra hafi ekki trú á því að flokkur hennar komist í oddaaðstöðu í höfuðborginni.

[16:24]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem einkenndi ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar var fyrst og fremst afstöðuleysi og stefnuleysi gagnvart sjálfstætt reknum skólum eða einkaskólum, hvaða nafn við viljum svo sem gefa þeim, að hvergi kom fram skýr afstaða hans um að tryggja stöðu þeirra innan skólakerfisins. Það kom bara þetta hjal og tal sem er sífellt verið að grípa til að þetta sé miðstýring og sé gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga. Ég hef margoft sagt að það er skoðun mín að þetta gengur ekki gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga og ef hv. þingmaður trúir því ekki að flokksfélagar mínir í Reykjavík séu sömu skoðunar hvet ég hv. þingmann að kalla fyrir hv. menntamálanefnd formann Sambands íslenskra sveitarfélaga og spyrja hann um þessa afstöðu og fleiri frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins sem hv. þingmaður hefur mikinn áhuga á og virðist fylgjast betur með hvað þeir segja en hans eigin flokksfélagar.

Það tal um að þetta sé miðstýring, ég skil ekki að verið sé að fella hluti eins og að auka öryggi barna varðandi skólaakstur undir miðstýringu. Þetta er niðurstaða og ábending frá umboðsmanni barna og þetta leiðir m.a. af umræðum sem áttu sér stað við sveitarfélögin og Árvekni og fleiri aðila varðandi öryggi barna í skólaakstri. Ég hefði einmitt haldið að hv. þingmaður, sem kemur og er fulltrúi

landsbyggðarinnar hér í þingsal, fagnaði þessu ákvæði, því að það er ekki síst úti á landi sem skólaaksturinn er við lýði. Mér finnst það miður að verið sé að flokka þessi ákvæði undir miðstýringu sem stuðla að auknu öryggi barna innan skólans sem utan og verið er að auka aðkomu foreldra og tryggja aðkomu nemenda að ákveðnum þáttum.

Mér finnst þetta frekar vera flótti frá því að þora að taka afstöðu í máli og ég kalla eftir skoðunum hv. þingmanns gagnvart sjálfstætt reknum skólum. Vill hann treysta réttarstöðu þeirra (Forseti hringir.) eða ekki? Mér heyrist á málflutningi hans, herra forseti, að svo sé ekki.

[16:27]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Löngum hefur verið þekkt að reynt sé að snúa vörn í sókn og hæstv. ráðherra gerir tilraun til þess en kemst að sjálfsögðu ekki frá málinu vegna þess að greinilegt er að hæstv. ráðherra hefur ekki fylgst nægilega vel með ræðu minni. Það kom afskaplega skýrt fram af minni hálfu að ég tel að þessir skólar séu mjög æskilegir og þeir eiga að vera til staðar. Ég treysti hins vegar sveitarfélögunum til að gera samninga um slíkt. Það hefur sýnt sig, m.a. dæmið sem hæstv. ráðherra tók um Hjallastefnuskólann í Garðabæ, að hægt var að gera slíka samninga með gömlu lögunum þannig að það þarf ekki að vera ástæðan til að breyta þessu.

Ég vek því enn athygli á því að verið er að ganga á svig við sjálfsforræði sveitarfélaganna eins og ég sagði áðan. Því til viðbótar varðandi miðstýringarárráttuna var ég í raun að vitna til umsagnar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem er með rekstur grunnskólans og þeir benda sérstaklega á þessa þætti.

Þeir segja, svo ég upplýsi hæstv. ráðherra örlítið meira um hvað segir í þessu á margan hátt ágæta plaggi, þegar bent er á ákveðna þætti og enda í raun umsögn sína varðandi 14. gr., ef ég man rétt, með leyfi forseta:

„Markmiðsgrein grunnskólalaganna ásamt aðalnámskrá sem síðan er nánar útfærð í starfsáætlun skóla ætti jafnvel að vera fullnægjandi í þessu efni.“

Þeir telja sem sagt að miðstýringarárráttan úr menntamálaráðuneytinu gangi allt of langt og á miklu fleiri sviðum en ég hef verið að nefna. Vegna tímaskorts komst ég ekki yfir allar þær athugasemdir sem ég hafði. En stefna mín er alveg kristaltær og þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það. Hins vegar frábið ég mér það að ráðherra kalli það sífellt hjal og tal þegar verið er að ræða um sjálfsforræði sveitarfélaganna vegna þess að það er mjög mikilvægt mál og við sem höfum starfað á sveitarstjórnarstiginu og höfum tekið þátt í því að reyna að efla sveitarstjórnarstigið lítum ekki á það sem eitthvert hjal og tal heldur mjög mikilvægt mál.

[16:29]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að fá að vitna sérstaklega í umsögn Árna Þórs Sigurðssonar og Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur sem þau lögðu fram með eftirfarandi bókun.

Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í umsögninni er fjallað um eitt djúpstæðasta ágreiningsefni stjórnmálamanna í skólamálum með þeim hætti að engin pólitísk sátt getur orðið um það á vettvangi stjórnar sambandsins.“

Þau viðurkenna að þetta er hápólitískt mál sem menn verða að þora að taka afstöðu til. Ekki bara í salnum í borgarstjórninni heldur líka hér.

Síðan segja þau jafnframt, með leyfi forseta:

„Þessu sjónarmiði sem tengist frumvarpinu erum við algerlega andvíg enda endurspeglar það fyrst og fremst viðhorf þeirra sem leggja mjög mikla áherslu á einkarekna grunnskóla.“

Við komum alltaf að þessu sama, frú forseti og hv. þingmaður, þ.e. að þora að taka afstöðu með því að tryggja réttarstöðu einkarekinna skóla innan kerfisins. Við megum ekki láta hið pólitíska umhverfi ráða því hvort börnin okkar fái fjárframlög með skólavist sinni í einkareknum skólum eða ekki. Á hið pólitíska umhverfi að ráða því hvort börnin okkar fái fjárframlög eftir því í hvaða skóla þau ganga í sveitarfélaginu? Ég segi nei. Ég tel að það eigi að fylgja fjárframlögum, það skuli vera tryggt í lögum.

Sérstaklega vil ég benda hv. þingmanni á að einkaskólarnir — af því að hann talaði í ræðu sinni líka um sérkennsluna og sérþarfirnar — hafa, sérstaklega í Reykjavík, tekið þá nemendur sem ekki hafa þrifist innan almenna skólakerfisins. Þá hefur þetta verið kærkominn valkostur fyrir foreldra barna sem hafa ekki þrifist innan almenna skólakerfisins og þessa réttarstöðu vilja hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar ekki tryggja.

[16:31]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er greinilega ekki hægt að taka þessa umræðu neitt lengra vegna þess að hæstv. ráðherra þrástagast bara á sínum hlutum og virðist ekki vilja ræða málefnalega um þetta efni. Fer svo yfir í bókun minnihlutastjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem er í raun og veru algert aukaatriði í þeim málflutningi sem ég hef hér viðhaft vegna þess að þar er í raun og veru ákveðin deila milli meiri hluta og minni hluta hvar mörkin eru um það hvenær gengið er á sjálfsforræði sveitarfélaganna. Það er algjörlega skýrt í bókun meiri hlutans að sú breytingartillaga sem þeir lögðu fram er forsenda þess að þeir geti sagt að það sé ekki verið að ganga á sjálfsforræði sveitarfélaganna. Þessi breytingartillaga liggur ekki fyrir. Hún er ekki í frumvarpinu. Þar af leiðandi er að áliti allra í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga verið að ganga á sjálfsforræði sveitarfélaganna. Það hlýtur því að vera eðlilegt að óska eftir því, það er hægt að gera það nú þegar, að fulltrúar úr stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga komi á fund menntamálanefndar og fari yfir umsögn sína og skýri málið.

En, frú forseti, mér heyrist ekki vera vanþörf á því að hæstv. ráðherra kalli einnig formann Sambands íslenskra sveitarfélaga, þ.e. oddvita Sjálfstæðisflokksins í framboðinu til borgarstjórnar, á sinn fund og þau flokkssystkinin ræði um sjálfsforræði sveitarfélaga vegna þess að það er auðvitað afskaplega mikilvægt að hæstv. ráðherra sem fer með þann málaflokk sem er hvað stærstur í útgjöldum sveitarfélaganna átti sig á því hvað sjálfsforræði sveitarfé-

laganna er. Og fara síðan að tala um að það eigi að tryggja það í lögum frá Alþingi að nemendur í skólum, reknum af öðrum en sveitarfélögum, eigi að fá trygg fjárframlög. Ég spyr: Hver er vandinn? Ég nefndi hér dæmi áðan sem hefur sýnt fram á að í lögum er ekkert vandamál að gera slíka samninga.

Þannig að hæstv. ráðherra hefur því miður farið undan í flæmingi en ég vona að hæstv. ráðherra átti sig á því að með að eiga t.d. fund, með oddvita (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborg þá væri hugsanlega hægt að eyða ýmsum misskilningi.

[16:33]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er einungis búið að flytja hér tvær ræður í þessu máli og strax kominn mikill hiti í umræðuna. Auðvitað er það alveg ljóst, sem hæstv. ráðherra segir: Þetta mál er verulega heitt pólitískt bitbein. Þetta er pólitískt úrlausnarefni sem við þurfum að takast á um. Ólíkir flokkar, fólk með ólík sjónarmið og ólíkar skoðanir á málum.

Ég, sem tala hér fyrir Vinstri hreyfinguna — grænt framboð, kom í andsvar við hæstv. menntamálaráðherra áðan og reyndi að spyrja spurninga sem hefðu getað leitt umræðuna og ættu að geta leitt umræðuna inn á þá braut að tala um skólagjöld í einkaskólum og mögulega misskiptingu sem slíkt gæti haft í för með sér meðal barna á grunnskólaaldri. Ég fór yfir það í örfáum orðum á hvern hátt Vinstri hreyfingin — grænt framboð sér fyrir sér skólakerfið. Við sjáum það fyrir okkur sem sameign. Við teljum að það sé affarasælast að hafa það gjaldfrjálst að öllu leyti. Við teljum ekki ásættanlegt að innheimta skólagjöld í grunnskólanum og reyndar hvergi annars staðar í hinu opinbera kerfi. Við teljum að það eigi að vera í opinberri eign eða í sameign okkar allra. Vera rekið fyrir fjármuni úr sameiginlegum sjóðum og höfnum því í raun og veru þessum hugmyndum til einkarekstrar. Það er ekki þar með sagt að við höfnum valkostunum og að við höfnum fjölbreytninni. Því það gerum við ekki.

Hæstv. ráðherra kom í svörum sínum áðan inn á Hjallastefnuskólann í Garðabæ. Ég get upplýst það hér að sjálf hef ég tekið þátt í að reka leikskóla fyrir börnin mín sem upphaflega var vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík sá ekki sóma sinn í að hafa nægilegt framboð af barnaheimilisplássum. Svo að ég fór inn í kerfi, sem í raun og veru ég verð að mæla með, þetta er foreldrarekið kerfi. Leikskólinn á Ósi er foreldrarekinn og hann er ennþá rekinn sem sjálfstæður skóli, skóli sem hefur uppeldisstefnu Hjallastefnunnar að markmiði. Það var verulega skemmtileg lífsreynsla að taka þátt í að reka þann skóla. Ég veit alveg hvernig þau í Garðabæ hafa það núna í Hjallastefnuskólanum þar. Það er verulega ánægjulegt að horfa á hvernig Hjallastefnan blómstrar þar. En sá skóli er rekinn fyrir opinbert fé, hann er eingöngu rekinn fyrir fjármuni sveitarfélagsins. Eins og hæstv. ráðherra upplýsti hér áðan eru ekki tekin skólagjöld í skólanum. Það var skilyrði sveitarstjórnar fyrir því að skólanum yrði komið á laggirnar í sveitarfélaginu að ekki yrðu innheimt skólagjöld. Gott og vel. Skólinn er rekinn samkvæmt námskrá þannig að börnin eiga að geta klárað nám sitt og komist eðlilega inn í grunnskólakerfið þegar Hjallastefnuskólanum sleppir. Þannig að í sjálfu sér er ekkert verið að fara neitt á svig við aðalnámskrá í þessum skóla. Það er eingöngu verið að keyra uppeldisstefnu sem byggir á kynjaskiptingu og ákveðnum lögmálum sem óþarfi er að fara út í í löngu máli hér.

En í mínum huga er þessi skóli ekki einkaskóli í þeim skilningi að hann sé rekinn fyrir fé einhverra einkaaðila, einhverjir einkaaðilar ætli að hagnast á honum eða þurfi að innheimta há skólagjöld svo hægt sé að reka hann. Í mínum huga hafa sveitarfélögin þennan valkost. Sveitarfélög sem starfa á lýðræðislegan hátt eiga auðveldlega að geta rekið fjölbreytta flóru skóla sem þó eru sjálfstæðir og hafa heimildir til að reka þá uppeldisstefnu eða skólastefnu sem þeir kjósa. Ef þetta er hægt í Garðabæ, hvers vegna í ósköpunum er hæstv. ráðherra svona mikið í mun að breyta lögunum á þeim nótum sem hér er verið að gera? Við vorum í andsvörum við hæstv. ráðherra rétt áðan til að reyna að komast til botns í því en það liggja ekki fyrir svör. Hvers vegna telur ráðherrann svona nauðsynlegt að koma þessari breytingu sem er í 23. gr. í gegn með hraði? Hvers vegna getur þetta ekki beðið eftir heildarendurskoðuninni úr því það er opið fyrir þá möguleika sem eru til staðar í kerfinu nú þegar? Hvers vegna efnir hæstv. ráðherra ekki heldur til umræðu um skólamál almennt milli sveitarfélaga og hins opinbera, og kannar á hvern hátt er hægt að auka tækifærin, auka valfrelsið, auka fjölbreytnina innan þess kerfis sem við búum við í dag? Ef það er ekki meginaugnamið hæstv. ráðherra að fara að innheimta skólagjöld og fara að reka hér skóla fyrir „ríku börnin", sérstaklega þar sem foreldrar sem hafa mikil efni geta greitt skólagjöld sem gerir það að verkum að það er hægt að búa til aðstöðu fyrir börn þeirra foreldra sem hafa eitthvað umfram, hefur eitthvað meira heldur en það sem boðið er upp á í opinberum skólum, hvers vegna er þá ekki hægt að hinkra með þetta?

Ég er þeirrar skoðunar að skólasamfélag sé í eðli sínu lifandi samfélag skólafólksins, nemendanna sjálfra, kennaranna, starfsfólks skólanna, foreldra barnanna, fjölskyldna þeirra. Ég tel að þetta lifandi samfélag eigi að vera í stöðugri umræðu við yfirvöld, við sveitarfélögin, við hið opinbera, við ríkið um það á hvern hátt sé hægt að auka og tryggja þetta öfluga kerfi. Það er að tryggja að valfrelsi sé til staðar í kerfinu. Það sé ólík flóra skóla, mikil fjölbreytni og fólk hafi innan hins opinbera kerfis mikið val. Þar gætum við hæstv. ráðherra, tekið á saman. Okkur greinir bara á um hver á að standa straum af kostnaðinum. Ef það er samfélagið, eins og er í Garðabæ með Hjallastefnuskólann, hvers vegna þarf þá þessa breytingu með hraði hér í gegn?

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði áðan í andsvari við hv. þingmann Einar Má Sigurðarson, að þessir skólar væru kærkomnir valkostir. Og hún segir okkur í stjórnarandstöðunni ekki vilja heimila t.d. foreldrum þeirra barna sem þrífast illa innan hefðbundins skólakerfis þennan valkost. Þetta er auðvitað alrangt hjá hæstv. ráðherra og það er ekki ásættanlegt að hún stilli málunum svona upp. Við viljum tryggja öllum öfluga valkosti. En við í Vinstri hreyfingunni — grænu framboði teljum að það sé hægt að greiða þessa valkosti af opinberu fé. Þannig að ég vil fá umræðu um það hvernig hæstv. ráðherra sér þetta fyrir sér. Af hverju í ósköpunum má ekki bara búa við það kerfi sem við höfum

núna? Þetta er bara spurningin um hvaðan peningarnir koma. Ég sé ekki að við þurfum að takast svona harkalega á um þessi mál ef það er hægt að búa til valkostina innan þess kerfis sem er til staðar núna. Það er líka dálítið skondið að heyra á máli hæstv. ráðherra hvernig hún er að reyna að hætta að tala um einkaskóla og farin að tala um sjálfstætt starfandi skóla. Menn taka eftir því að hæstv. ráðherra er að breyta tungutaki sínu í þessum efnum og ég held að það liggi eitthvað þar að baki. Kannski liggur það að baki að einkaskólar og hugtakið einkaskólar hefur í umræðunni, í hinni pólitísku umræðu, og þeim miklu átökum sem hafa verið í kringum þessa umræðu, fengið á sig neikvæðan blæ. Hvers vegna skyldi sá neikvæði blær vera kominn? Það er vegna þess að fólk úti í samfélaginu óttast að einkaskólar séu búnir til til að mismuna börnum. Það er það sem fólk vill ekki að eigi sér stað. Fólk vill að öll börn í samfélaginu geti staðið jafnfætis. Og að þeim sé ekki mismunað á grundvelli efnahags. Þetta er eitt af meginatriðum málsins mínum huga.

Ég ætla að fara síðan í aðra þætti. Mér finnst vera teikn á lofti í þessu frumvarpi sem mér líst alls ekki á. Eitt af þeim varðar ákvæði um ráðningu aðstoðarskólastjóra. Ég hafði punktað hérna hjá mér spurningu áðan til hæstv. ráðherra varðandi það hvort ákvæði um aðstoðarskólastjórann væri sett fram sem sparnaðarráðstöfun og ákvað að hætta við að bera spurninguna upp vegna þess að ég fékk í raun-inni svar með því að lesa umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Sem er samt engin umsögn því í þeim kafla í frumvarpinu er bara vísað í einhverja greinargerð eða einhver ummæli menntamálaráðuneytisins. Þannig að í raun og veru má segja að fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins neiti að kostnaðarmeta frumvarpið og vegna þess að það er ekki á forræði ríkisins heldur á forræði sveitarfélaganna þá vísar fjárlagaskrifstofan eingöngu á ummæli menntamálaráðuneytisins í þessum efnum. Í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög sjá að mestu um framkvæmd grunnskólalaga. Breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu varða ríkið því að óverulegu leyti og hafa að mati fjármálaráðuneytis ekki áhrif á útgjöld ríkisins. Menntamálaráðuneytið er á sömu skoðun."

Síðan er vitnað til orða menntamálaráðuneytisins að því er virðist þar sem sagt er að menntamálaráðuneytið hafi metið áhrif frumvarpsins á útgjöld sveitarfélaganna og telji kostnaðaráhrifin óveruleg.

Í niðurlagi frásagnarinnar um aðstoðarskólastjórana segir hins vegar, með leyfi forseta:

„Þá telur menntamálaráðuneytið að ýmsar tillögur í frumvarpinu, svo sem ákvæði um ráðningu aðstoðarskólastjóra, aukinn sveigjanleika við framkvæmd kennslu, mat á námi og veitingu undanþágu frá námi, veiti skólastjórnendum aukið svigrúm og geti leitt til hagræðingar."

Frú forseti. Við sem í þessum sal sitjum erum eldri en tvævetur. Við vitum auðvitað alveg hvað þetta orðalag um svigrúm og hagræðingu þýðir. Það þýðir að það eigi að draga úr kostnaði við rekstur skólanna. Þess vegna spyr ég: Á hvern hátt sér hæstv. menntamálaráðherra þetta aðstoðarskólastjóramál sem sparnaðaraðgerð? Hvernig er það hugsað? Ég sé ekki að það sé rökstuðningur fyrir því að skólarnir eigi allt í einu að hafa frjálst val um hvort það sé starfandi aðstoðarskólastjóri eða ekki. Þannig að ég vil fá frekari rökstuðning á nákvæmlega þeirri hugsun sem þar liggur að baki.

Í greininni sem fjallar um það mál, sem er 12. gr., þar segir að með þessari breytingu sé ekki við það miðað að núverandi stöður aðstoðarskólastjóra verði lagðar niður, heldur sé einungis verið að auka svigrúm sveitarfélaga til að haga rekstri og innra skipulagi grunnskólans eins og þau telji best henta.

Nú spyr ég: Hver er sú staða sem gæti komið upp innan skóla eða sveitarfélags sem leiddi til þess að ákveðið yrði að leggja niður stöður aðstoðarskólastjóra innan skóla? Það hlýtur að verða að koma einhvers konar fagleg eða málefnaleg útskýring frá hæstv. ráðherra hvað þetta atriði varðar.

Ég vil svo ítreka þær spurningar sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur lagt fram varðandi hvað liggi á, af hverju þetta mál geti ekki beðið eftir heildarendurskoðun sem er á næsta leiti eins og hæstv. ráðherra hefur sagt okkur að verði. Ráðherrann hefur gefið þær skýringar að hún hafi frestað endurskoðuninni vegna ástandsins eftir kennaraverkfall grunnskólakennara á síðasta ári. Það er svo sem góð og gild ástæða en ég sé ekki að þau atriði sem hér er verið að leiða í lög séu svo mikilvæg að það hasti svo að setja þetta í lög áður en heildarendurskoðunin fer af stað.

Ég vil líka spyrja hæstv. menntamálaráðherra: Hvaða samráð hefur verið haft í fyrsta lagi við sveitarfélögin? Hv. þm. Einar Már Sigurðarson og hæstv. ráðherra tókust á um það áðan á hvern hátt sveitarfélögin hefðu komið að þessu máli eða hvort þetta væri sveitarfélögunum að skapi almennt eða ekki. Ég vil bara fá að heyra hvaða samráð hefur átt sér stað milli sveitarfélaganna og menntamálaráðuneytisins við samningu frumvarpsins. Mig langar líka til að fá að heyra hvort og þá hvaða samráð hafi átt sér stað milli menntamálaráðuneytisins og Kennarasambandsins, því að við skulum athuga það að kennarar eru sennilega langfjölmennasta fagstétt á Íslandi. Það hlýtur að verða að ítreka það, sem oft hefur verið sagt hér úr þessum ræðustóli, að breytingar á lögum sem varða skólakerfið og grunnskóla eiga auðvitað að gerast á þeim nótum að haft sé samráð við kennarastéttina og við samtök foreldra. Forráðamenn barnanna þurfa líka að fá að vera þátttakendur í þeirri umræðu og því meira sem fjallað er um lýðræði í samfélaginu og lýðræðislega umræðu því meiri þörf er á því að menntamálaráðuneytið og ráðuneytin öll temji sér þau vinnubrögð að tekið sé mið af sjónarmiðum úti í samfélaginu, sjónarmiðum þeirra sem eiga að vinna eftir viðkomandi lögum, því annað er auðvitað bara gerræði og ráðstjórn.

Um stefnumál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessu máli má hins vegar almennt segja að við erum á því að barnapólitík og skólapólitík sé verulega mikilvæg pólitík og það ríður á að við fjöllum málefnalega um þá þætti sem hér eru til skoðunar. Við vitum það jú að samfélagið sem við byggjum er byggt með þeim hætti að þar ráða fullorðnir mestu, samfélagið er allt hannað fyrir fullorðna og það þarf kjark og þor til þess að breyta því og fara að skoða hlutina aftur út frá sjónarmiðum barna. Ég held að nú sé full þörf á því og það er gott að geta notað tækifærið þegar grunn-

skólamálin eru í deiglunni og opið fyrir heildarendurskoðun þessa lagabálks, að skoða þá hvort við séum tilbúin til þess að fara inn í þá vegferð að breyta samfélaginu að einhverju leyti með því að sníða það frekar að þörfum barna. Mér finnst að það þurfi að hlusta betur á börn og virða þarfir þeirra í samfélaginu og ég held að mikilvægt sé í máli eins og þessu þar sem á að fara að breyta skólapólitíkinni í grundvallaratriðum að farið sé alla leið til barnanna til þess að skoða sjónarmið þeirra og skoðanir. Það þarf að gefa börnum og foreldrum aukin tækifæri til þess að taka þátt í því að skapa sinn veruleika og það á auðvitað ekki að gera slíkt bara til hátíðabrigða, mér finnst við hafa hér mjög gild tækifæri til þess að gera slíkt og það er ekkert sem réttlætir að það sé ekki gert.

Þess vegna held ég að breytingar af þessu tagi eigi að gerast hægt, þær eigi að gerast að höfðu mjög öflugu samráði og ég sé ekki í þeim orðaskiptum sem nú þegar hafa farið fram hér að svo hafi verið. Ég tel verulega skorta á, þegar frumvarpið er lesið í gegn, að nægilegt samráð hafi verið haft við hlutaðeigandi en það mun verða leitt í ljós þegar við förum yfir frumvarpið í menntamálanefnd.

Ég efast um að þetta geti farið á einhverjum miklum hraða í gegnum nefndina. Mér sýnist fyrstu taktarnir sem slegnir eru hér í umræðu um málið vera þess eðlis að hér sé um grundvallaratriði að ræða sem taki talsvert langan tíma fyrir okkur að kafa ofan í. Það þarf að skoða sjónarmið ýmissa og kanna málið út frá ólíkum sjónarhornum. Það erum við tilbúin til að takast á við í menntamálanefndinni. Ég vona að það verði öflug opinber umræða um málið líka. Ég geri ráð fyrir að kennarar skoði þetta frumvarp, foreldrar og börnin sjálf fái kannski aðeins líka að kynna sér þetta þannig að við getum vænst öflugrar umræðu um þetta alls staðar í samfélaginu. En ég get ekki að lofað einhverri flýtimeðferð í gegnum menntamálanefnd. Það sé ég ekki fyrir mér.

[16:51]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi aðstoðarskólastjóraákvæðið þá hefur verið bent á, eins og ég kom inn á í ræðu minni, að það sé æskilegt og sérstaklega í litlum skólum, þ.e. 12 og upp í um 25 manna skólum, að ákveðið svigrúm sé veitt til þess að ráða ekki beint aðstoðarskólastjóra heldur að skólastjóri meti það hver af kennurunum gegni stöðu skólastjóra meðan hann er fjarverandi. Þarna er verið að koma til móts við sveitarfélögin, sérstaklega þau sem minni eru úti á landi varðandi rekstur skólanna og ég held að þetta sé líka í samræmi við það sem menn kalla nútímarekstur og svigrúm varðandi rekstur grunnskólanna. En ég vil líka ítreka að þetta er atriði sem ég hvet hv. þingmenn til þess að fara sérstaklega yfir í menntamálanefnd og skoða þá möguleika sem þetta ákvæði býður upp á.

Síðan vil ég koma að fjármögnuninni og þá erum við einmitt komin að þeirri stórpólitísku spurningu sem tengist frumvarpinu og það er það hvaða fjármagn eigi að fylgja barni í sveitarfélögunum. Ég velti því líka fyrir mér: Af hverju á barn í Reykjavík að líða fyrir það að það fái hugsanlega mun minni fjárhæðir inn í þann skóla sem það er að sækja af því að skólinn er rekinn á einkaréttarlegum grundvelli? Ég spyr: Af hverju? Hvers eiga börn í Reykjavík að gjalda meðan t.d. börn í Garðabæ hafa getað farið í Barnaskóla Hjallastefnunnar?

Ég skildi hv. þingmann þannig að henni hugnist sú leið sem hefur verið farin í Garðabæ, og þá spyr ég auðvitað: Af hverju hefur þessi leið ekki verið farin hér í Reykjavík, í því sveitarfélagi þar (Forseti hringir.) sem Vinstri grænir hafa haft töglin og hagldirnar ásamt Samfylkingunni? (Forseti hringir.) Af hverju ekki fyrst að Vinstri grænir vilja viðhalda fjölbreytni í skólakerfinu?

[16:54]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntamálaráðherra svarar ekki spurningu minni en varpar fram annarri spurningu til mín. Ég spurði hæstv. ráðherra: Úr því að til er sveigjanleiki innan þessa kerfis til að reka skóla eins og Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ, sem er opinber skóli að mínu mati af því að hann er rekinn fyrir opinbert fé en ekki fyrir skólagjöld, hvers vegna nægir þá ekki sú lagagrein eða það lagaumhverfi sem við erum með í dag? Hvers vegna þurfum við að koma þessu hér í gegn með hraði, til hvers, hvaða breytingu er hæstv. ráðherra að innleiða hér? Ég vil fá svar við því fyrst.

Hins vegar varðandi spurninguna sem hún varpar fram til mín varðandi Reykjavík þá er ég ekki starfandi borgarfulltrúi í Reykjavík og ég get því ekki svarað spurningu hennar. Ég geri ráð fyrir að menntasvið Reykjavíkurborgar sé að vinna að því hörðum höndum að auka fjölbreytni í skólastarfi í Reykjavík, eftir því sem mér hefur skilist. Það er gert á faglegum forsendum og ég sé ekki annað en þar sé í vændum mjög spennandi tímar.

En eins og ég segi, hæstv. ráðherra á eftir að svara spurningu minni til hennar.

[16:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég mótmæli þeim rökum að Barnaskóli Hjallastefnunnar sé opinber skóli. Hann er rekinn af einkaaðila þó að hann sé fjármagnaður af opinberu fé. Annars væri hv. þingmaður að segja að allar einkareknu læknastofurnar hér í sveitarfélaginu, hvort sem þær eru í Reykjavík eða annars staðar séu allt saman opinberar stofnanir. Auðvitað er það ekki þannig.

Það kemur einmitt sífellt að þeirri hugsun sem við sjálfstæðismenn höfum staðið fyrir og sjáum fyrir okkur, þ.e. að velferðarkerfið sé fjármagnað af hinu opinbera. Við teljum það vera mjög til bóta til þess að auka valkosti og fjölbreytni, t.d. í skólakerfinu, og möguleika á að fá einkaaðila með okkur til þess að reka skólana, líkt og gert hefur verið í Garðabæ. Það skiptir miklu máli hvernig við nálgumst hlutina og þetta eru ekki opinberar stofnanir.

Ég er hér með ársreikning fræðslumála í Reykjavík fyrir 2003. Ég rek auðvitað augun í þau framlög sem nemendur í einkaskólum fá hér. Árið 2002 voru þau 228 þúsund. Hver voru þau á nemanda í almennum grunnskólum í borginni? Þau voru 430 þúsund. Síðan árið 2003 eru þau 465 þúsund í almennum grunnskólum en 300 þúsund til einkarekinna

skóla. Það er ekki nema von að þessir skólar, Landakotsskóli og Ísaksskóli, hafi verið að berjast í bökkum varðandi reksturinn af því að þeir mættu engum skilningi borgaryfirvalda í þá veru að það þyrfti að tryggja þeim ákveðinn rekstrargrundvöll og tryggja þeim réttarstöðu. Af hverju erum við að þessu? Til þess að auka valmöguleika barnanna okkar í skólakerfinu. Við erum að þessu fyrst og fremst vegna þess.

[16:56]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil ítreka það sem ég hef sagt: Við getum aukið valmöguleikana, fjölbreytnina og sveigjanleikann innan þess kerfis sem við erum með ef vilji er til staðar.

Hæstv. ráðherra talar um einkaaðila, að það þurfi að fá einkaaðila inn í skólana til að reka þá með hinu opinbera, sveitarfélögunum eins og t.d. er gert í Hjallastefnuskólanum í Garðabæ. Þeir sem reka Hjallastefnuskólann í Garðabæ eru fyrst og síðast hæft skólafólk, það er hæft skólafólk sem rekur þann skóla. Hann er rekinn fyrir opinbert fé eins og stór hluti heilbrigðiskerfisins, eins og hæstv. ráðherra benti á. Hér eru læknastofur sem eru sagðar einkareknar en eru reknar fyrir opinbert fé og eru meira að segja inni í hinu opinbera kerfi. Stundum er eins og Sjálfstæðisflokkurinn sé að stíga eitthvert skref sem er svo ekkert skref.

Ef þetta er bara spurning um að fá hæft fólk til starfa inni í skólunum, hæft skólafólk, þá er fullt af hæfu fólki sem er hægt að fá til liðs sem er til í að ryðja braut fyrir nýjar stefnur inni í skólakerfinu. Það þarf ekki að heita einka og það þarf ekki að taka skólagjöld fyrir það og það þarf ekki að búa til stéttaskiptingu með því, það er hægt að auka þennan sveigjanleika og þessa fjölbreytni innan kerfisins eins og það er í dag.

Varðandi aðstoðarskólastjórana þá er ég hrædd um að þetta ákvæði um þá gæti orðið til þess — þó að hæstv. ráðherra segi að það sé hugsað fyrir litlu skólana, að það sé íþyngjandi fyrir þá að hafa þessar kvaðir á sér — að skólar sem eru í erfiðri stöðu fjárhagslega hugsanlega notfæri sér þetta ákvæði til þess að fækka fólki, notfæri sér það í sparnaðarlegu tilliti og þar með eru þeir líka farnir að veikja hinn faglega grundvöll undir skólastarfinu með því að missa út þessa faglegu framlengingu á skólastjóra sem þörf er fyrir í stærri skólum.

Mér finnst því möguleiki á ákveðinni hættu hér til staðar sem ég þarf að skoða betur og verður auðvitað skoðað vel í menntamálanefndinni.

[16:59]

Útbýting:

Lækkun skatta á eftirlaun og ellilífeyri, 494. mál, þáltill. JKÓ o.fl., þskj. 726.

Rekstur vöruhótela, 492. mál, fsp. JÁ, þskj. 724.

Reykdalsvirkjun, 495. mál, fsp. JKÓ, þskj. 727.

Sjóvarnir við Hvaleyri, 497. mál, fsp. JKÓ, þskj. 729.

Staða bankanna, 490. mál, fsp. JóhS, þskj. 722.

Tæknifrjóvgun, 493. mál, fsp. ÁÓÁ o.fl., þskj. 725.

Útræðisréttur strandjarða, 491. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 723.

Virðisaukaskattur af lyfjum, 496. mál, fsp. JKÓ, þskj. 728.

[17:00]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er óhætt að segja að umræðan um grunnskólalögin byrji mjög hressilega og skemmtilega og snúist strax um grundvallaratriðin í skólapólitíkinni. Frjálst skólakerfi, sagði Morgunblaðið í leiðara á þriðjudaginn var, 31. janúar, ágætum leiðara að mörgu leyti. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skólar, sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögunum, eru augljóslega að sækja í sig veðrið hér á landi. Það sást vel á myndarlegri ráðstefnu, sem Samtök sjálfstæðra skóla héldu síðastliðinn laugardag. Þar var m.a. fjallað um reynsluna af rekstri sjálfstæðra skóla, bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum. Skilningur fólks á því að einkarekstur í skólakerfinu þýðir ekki að verið sé að einkavæða menntun í landinu, fer greinilega vaxandi."

„Það er víðtæk samstaða um að hið opinbera eigi áfram að fjármagna grunnskólamenntun," segir stuttu síðar í þessum ágæta leiðara sem rekur svo m.a. málflutning Margrétar Pálu og margra fleiri, en Margrét Pála er skólastjóri og forustumaður hinnar merkilegu Hjallastefnu sem hefur náð, held ég að sé óhætt að segja, framúrskarandi árangri í íslenskri skólapólitík, í skólasamfélagi á leikskólastigi og nú síðast í fyrstu bekkjum grunnskóla. Ég er mjög eindreginn stuðningsmaður þess að sú stefna megi vaxa í okkar skólakerfi.

Ég er sjálfur sannfærður um að fjölbreytni í starfsemi grunnskóla sé mikilvæg og svigrúm, t.d. hverfisskólanna til aukins sjálfstæðis, hefur verið aukið í mörgum sveitarfélögum, í stærri sveitarfélögum, þar sem um er að ræða nokkra hverfisskóla, sem er mjög jákvætt. Hverfisskólarnir búa við töluvert sjálfstæði sem má auka verulega með breytingum á námskrá þar sem t.d. yrði lagt meira upp úr valfrelsi nemenda, auknu list- og verknámi o.fl. Þannig er auðveldara að finna réttu fjölina fyrir hvern nemanda sem þangað kemur, svo ólíkar sem þarfir þeirra eru. Augljóslega á það áfram að vera þannig, og því er ég sammála, að grunneiningin í grunnskólanum er hverfisskóli þar sem sveitarfélagið tryggir jafnrétti til náms og það er athyglisverð hugmynd að fleiri en einn skóli sé í hverju hverfi til að auka valfrelsi foreldra um skóla fyrir börnin sín. En jafnframt er ég sannfærður um það — og þetta frumvarp sem við ræðum hér er að sumu leyti lagafrumvarp til að sníða ramma utan um rekstur einkarekinna grunnskóla, hvað sem menn annars vilja kalla skólana, sjálfstæða eða einkarekna. Hugtakið sjálfstæðir skólar fer í taugarnar á þeim sem starfa í opinberu skólunum. Eru þeir þá ósjálfstæðir, spyrja þeir. Þannig að mér finnst ágætt að kalla þá bara einkarekna grunnskóla enda er ekkert neikvætt við það orð í mínum huga og skiptir í sjálfu sér engu máli.

Ég hef kallað eftir því að það verði sniðinn rammi utan um starfsemi skólanna, ég held að það sé nauðsynlegt. Til viðbótar við hverfisskólana eiga að fá að blómstra, sem valkostur utan ramma þeirra, einkareknir skólar þar sem nemendum er ekki mismunað á efnalegum forsendum. Sjálfstætt starfandi grunnskólar, einkareknir fyrir opinbert fé, eru að mínu mati góð viðbót við hverfisskólana. Grunnskólar sem eru reknir utan um tiltekna hugmyndafræði standa öllum opnir og innheimta ekki skólagjöld, skóli á

borð við barnaskóla Hjallastefnunnar. Ég held að það sé mjög mikilvægt, sérstaklega ef við ræðum nú um skólagjöld á almennum grunni yfir skólastigin öll, að hafa í huga að þau eiga ekki við á grunnskólastiginu. Ég held að stéttlaus grunnskóli sé ein af mestu auðlindum íslenskrar þjóðar. Ég er alveg sannfærður um það. Stéttlaus grunnskóli þar sem börnin mætast á jafnréttisgrundvelli algjörlega óháð efnahag foreldra sinna.

Þess vegna var t.d. samningurinn sem Margrét Pála og Hjallastefnan gerðu við Garðabæ á sínum tíma ágætur að mjög mörgu leyti. Þar er kveðið á um að skólinn fái greitt að fullu með hverjum nemanda en innheimti ekki skólagjöld og skuldbindi sig einnig til að mismuna ekki nemendum eftir fötlun eða öðrum aðstæðum. Það hefur ekkert verið sjálfsagt mál að slíkir samningar náist. Það er hefð fyrir því að sumir einkareknu skólarnir innheimti skólagjöld o.s.frv. Enda hefur þetta verið nokkuð frjáls og óhefðbundin starfsemi fyrir utan rammann og hefur ekki fyrr en nú verið gerð tilraun til að sníða einhvern fjárhagslegan ramma utan um slíkan rekstur. Hvort sem það er nú rétta leiðin eða ekki — er það klárlega ekki að öllu leyti, t.d. er það mjög óheppilegt að í 23. gr. í frumvarpinu séu hlutirnir lagðir fram með þeim hætti að gengur þvert á forræði sveitarfélaga. Það er leiðinlegt að umræðan þurfi að snúast um það í stað þess að snúast um skólapólitík. Töluvert hefur verið rætt um þetta og ég ætla ekki að bæta neinu við þá umræðu. Það hljóta menn að leysa í meðförum nefndarinnar og fyrir 2. umr. þannig að það sem hér er lagt til þurfi ekki að túlka sem árás á sjálfsforræði sveitarfélaga. Það hlýtur að vera hægt að leysa rekstrarlegan ramma utan um starfsemi einkarekinna skóla á annan hátt. Ég treysti því að nefndinni auðnist það verkefni og þegar við förum í 2. umr. um málið verði búið að leysa það. Enda hafa Samtök íslenskra sveitarfélaga lagst af alefli gegn því ákvæði laganna. Það er því eiginlega dæmt til að fara út, held ég.

En aukin fjölbreytni á grunnskólastigi getur að mínu mati af sér betra menntakerfi. Þar sem einkareknir skólar blómstra, sem eru reknir utan um tiltekna hugmyndafræði, eins og hugmyndafræði Hjallastefnunnar sem er mjög merkileg hugmyndafræði, býðst betri menntun fyrir börnin. Ég held að Hjallastefnan skili af sér mjög góðum skólum, vel menntuðum börnum og sá aðskilnaður kynja sem þar er lagður til eigi mjög vel við í mörgum tilfellum. Aðrir einkareknir grunnskólar byggja á öðrum hugmyndafræðilegum grunni og það er með engu móti hallað á opinberu hverfisskólana með því að styðja við bakið á einkareknum grunnskólum. Þeir eru einfaldlega góður valkostur.

Við höfum séð hvernig þróunin hefur verið á Norðurlöndunum. Í Kaupmannahöfn er nú, að ég held, fjórði hver grunnskólanemandi í einkareknum grunnskóla. Það er gífurleg fjölgun og ég held að talan yfir landið allt í Danmörku sé 10%, að 10% danskra grunnskólanema séu í einkareknum grunnskóla. Sambærileg tala á Íslandi er 1%. Það er mjög lágt hlutfall, mjög lágt hlutfall. Og hvort sem við berum okkur saman við Bretland, Holland eða Norðurlöndin, t.d. Svíþjóð, það sósíaldemókratíska stórveldi, þá eru þessar tölur miklu hærri. Enda þarf einkarekstur á grunnskólastigi alls ekki að ganga gegn jöfnuði í samfélaginu eða stéttlausum grunnskóla. Því fer svo víðs fjarri ef rétt er að málum staðið. Þess vegna finnst mér það ákvæði mikilvægt í frumvarpinu að taki skólinn til að mynda við fullum framlögum, eða yfir ákveðinni upphæð eða prósentum af rekstrarkostnaði, þá skuldbindi hann sig, eins og Hjallastefnan gerir, til að innheimta ekki skólagjöld. Ég held að skólagjöld á grunnskólastigi séu ákaflega óheppileg og það eru þau sem búa til mismuninn. Það eru þau sem skapa stéttskiptingu, það eru þau sem raða börnum í skóla eftir efnahag foreldra þeirra. Það er ákaflega óheppilegt og það er þróun sem ég er eindregið á móti. Þess vegna megum við ekki eyðileggja merkilega skólaþróun, að upp rísi einkareknir grunnskólar utan um tiltekna hugmyndafræði sem valkostur við hina opinberu og góðu grunnskóla sem reknir eru í landinu, með því að fara að búa til einhverja elítuskóla þar sem börnum er mismunað eftir efnahag foreldra sinna. Það er algerlega óviðeigandi. Gegn þeirri þróun eigum við að berjast. Ég er á móti því að skólagjöld séu viðhöfð í einhverjum verulegum mæli á grunnskólastigi og helst vil ég að þau séu engin. Markmið grunnskólans er allt annað en það að draga börn í dilka, raða börnum í bekki, raða börnum í skóla eftir efnahag foreldranna og aðstæðum á heimilinu. Það er algerlega fráleitt. Börnin eiga að vera saman, óháð stétt, í grunnskólum landsins. Það er grundvallaratriði.

Þess vegna er ég ánægður með að komið sé fram frumvarp sem opnar á þessi mál þó svo að þessa gölluðu 23. gr. sé þar að finna. Það getur nú ekki verið að menn láti steyta á henni. Það eru til aðrar leiðir. Það eru til leiðir sem ná sama markmiði án þess að ganga gegn sjálfsforræði sveitarfélaga. Það eru sveitarfélögin sem reka grunnskólana og það er ekki hægt að beita þau þvingandi, miðstýrandi aðgerðum að ofan. Það þarf að sníða rammann í sátt við sveitarfélögin, hafa þau með í ráðum og finna leið til að sníða heppilegan ramma utan um einkareknu grunnskólana til þess að efla þá og styrkja þannig að eftir einhver ár eða áratugi sé mun hærra hlutfall íslenskra grunnskólanema í einkareknum grunnskóla heldur en nú er, eða sjálfstætt starfandi grunnskóla eða hvaða orð sem menn vilja nota um það.

Það er leiðinlegt þegar umræðan snýst um togstreitu um orð. Hingað til hafa menn talað um einkarekna grunnskóla og ég hef ekkert við það orð að athuga, akkúrat ekki neitt. Mér finnst undarlegt að sjálfstæðismenn séu feimnir við að nota það orð yfir þessa grunnskóla þótt þeir séu ekki reknir í ágóðaskyni heldur fyrir opinbert fé eins og ég las upp úr áðan í leiðara Morgunblaðsins. Einkarekstur í skólakerfinu er ekki einkavæðing, ég er algerlega á móti einkavæðingu grunnskólanna og ég er á móti því að menn innheimti skólagjöld á grunnskólastigi. Það á að fara aðrar leiðir.

En ég er stuðningsmaður þess að starfsemi einkarekinna grunnskóla sé efld og þeim sé sniðinn slíkur rammi. Valfrelsi á grunnskólastiginu er jafnmikilvægt og valfrelsi á öðrum skólastigum. Það er bullandi valfrelsi á leikskólastiginu, mjög grasrótarmiðað og sjálfsprottið skólastig, eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson kom ágætlega inn á í sinni ræðu. Það er mjög gaman að fylgjast með þróuninni þar. Þar hefur gerjunin kannski verið mest á öllum íslenskum skólastigum á undangengnum árum. Fjölbreytnin er mest þar enda kannski aðeins öðruvísi að því leytinu.

Það má ekki láta umræðuna um einkarekna grunnskóla snúast um það hvort verið sé að ráðast að sjálfsforræði sveitarfélaga, eins og er verið að gera í þessu frumvarpi. Það er mjög óheppilegt og þarf að koma fram. Það kom á óvart að svo óvarlega væri stigið til jarðar án þess að haft væri samráð við sveitarfélögin í landinu, Samband íslenskra sveitarfélaga og stóru sveitarfélögin klárlega þar sem einkaskólarnir eru. Þeir eru ekki í litlu sveitarfélögunum. Reykjavíkurborg rekur einn þriðja af grunnskólunum í landinu. Þrátt fyrir þá djúpstæðu andúð, held ég að sé óhætt að segja, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur á Reykjavíkurlistanum, sem fer með stjórn hér í Reykjavík, hljóta yfirvöld að þurfa að brjóta odd af oflæti sínu og hafa samráð við stjórnvöld í langstærsta sveitarfélaginu, sem rekur þriðja hvern grunnskóla á Íslandi. Það er nú ekki hægt að biðja um mikið minna. Það ætti að vera sjálfsagt mál.

Ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því. Málið fer nú til nefndar og vonandi mun sú nefnd ganga þannig fram. Enda hefur hæstv. nefndarformaður unnið með sanngjörnum og skeleggum hætti í vetur og ekki á öðru von en hann geri það í þessu máli eins og öðru. Málið kemur þá vonandi miklu betur út úr nefndinni þannig að hægt verði að styðja það, þ.e. ef frumvarpinu verður breytt og árásinni á sjálfsforræði sveitarfélaga verður hrundið. Við eigum fyrst og fremst að vera ræða um valfrelsi í grunnskólum og uppgang, tilverurétt og uppbyggingu einkarekinna grunnskóla á Íslandi. Við eigum að vera að ræða skólapólitík. Ég hef gert mjög skýra grein fyrir mínum viðhorfum í þá veru í þessari ræðu og hef fjallað um það áður, bæði í ræðu og riti.

Við munum fjalla ítarlega um þetta mál í nefndinni. Ég vil líka spyrja hvort það hafi verið leitt til lykta hvort endilega þurfi að leggja fram svo stífa reiknireglu fyrir einkareknu skólana þegar engin reikniregla er fyrir aðra grunnskóla í landinu. Það er engin reikniregla í lögum um grunnskóla fyrir sveitarfélögin að öðru leyti. Það er mjög mismiklu fé varið til grunnskólamenntunar, stundum eftir hagkvæmni og stærð hagkvæmninnar í stærri sveitarfélögunum. Sum sveitarfélögin eru komin upp í það að 80–90% af rekstrarkostnaði þeirra fara í grunnskóla, litlu sveitarfélögin sem eru á heljarþröm, allt of litlu. Þannig að ráðherra hlýtur að svara því af hverju þarf reiknireglur fyrir einkareknu skólana en ekki fyrir hina? Þarf ekki að huga að þessu? Þarf ekki að skoða það sérstaklega? Af hverju er ekki tekið tillit til þess kostnaðar, í frumvarpinu, sem kannski skiptir mestu máli þegar einhver samtök ætla að stofna einkarekinn grunnskóla, sem er stofnkostnaðurinn. Ég held að við hljótum að staldra við það líka, hvort ekki þurfi að koma til ákvæði um hann hvort sem ríkisvaldið kæmi að því máli eða ekki, a.m.k. ef hugur fylgir máli í því að efla grunnskólamenntun og valfrelsi á grunnskólastigi.

En það er ekkert fordæmi fyrir því að sjálfsforræði sveitarfélaganna sé skert eins og lagt er til í 23. gr. hér. Þess vegna hlýtur sú grein að fara í mjög rækilega endurskoðun í nefndinni. Það er í rauninni fingurbrjóturinn í frumvarpinu eins og hefur komið fram í umræðunni hér í dag.

En meira um það síðar, virðulegi forseti.

[17:15]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að hv. þingmaður er í grundvallaratriðum fylgjandi því að styðja við sjálfstæða skóla. Hann hefur sagt það í dag og eins áður. Hann telur að þeir eigi rétt á sér og séu góður valkostur, stuðli að valfrelsi og bæti grunnskólastigið. Honum hefur orðið tíðrætt um Hjallastefnuna, sem er mjög gott framtak. Reyndar sker háttvirtur þingmaður sig úr í flokki sínum varðandi þessi sjónarmið.

Það kom skýrt fram í ræðu hans að hann telur að skólagjöld séu af hinu illa, mismuni nemendum og geti valdið því að það skapist forréttindahópar í grunnskólakerfinu. Staðreyndin er hins vegar sú að í sveitarfélögum þar sem Sjálfstæðisflokkurinn er í forsvari er fullt jafnræði á milli einkaskóla og opinberra skóla varðandi fjárveitingar. Í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ eru ekki skólagjöld vegna þess að sveitarfélagið viðurkennir að þetta sé réttur barnanna og því eigi féð að fylgja barninu, burt séð frá rekstrarformi.

Þá kemur spurningin: Hvernig skýrir hv. þingmaður að það er einmitt í sveitarfélaginu Reykjavík, þar sem flokksmenn hans ráða í skólamálum, að sú mismunun á sér stað sem hann talar um? Segir ekki hv. þingmaður þar með að jafnaðarmenn standi sjálfir fyrir mismunun með því að veita minna fjármagn til sjálfstæðra skóla í Reykjavík, með því að gera þeim ekki kleift að starfa öðruvísi en að krefjast skólagjalda frá foreldrum?

[17:17]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Reykjavíkurborg hefur stórhækkað framlög sín til einkareknu grunnskólanna í borginni á síðustu missirum. Ég fagna því. Skólarnir hafa starfað í marga áratugi og því ekki þannig að rekstrarfyrirkomulag þeirra og hefð fyrir innheimtu skólagjalda sé tilkomin út af stjórnarháttum Reykjavíkurlistans. Það er miklu eldra mál. Sjálfstæðisflokkurinn stjórnaði borginni nánast án hlés til 1994, að undanskildu kjörtímabilinu 1978–1982. Sú hefð og sá rammi sem komst á skipan skólamála einkarekinna grunnskóla í Reykjavík varð til í tíð Sjálfstæðisflokksins, án þess að ég velti því mikið fyrir mér.

Reykjavíkurlistinn tók við ákveðnum hefðum, ákveðnu skólakerfi og hélt áfram á þeirri braut. Ákveðin togstreita myndaðist, sérstaklega þar sem enginn rammi er utan um rekstur skólanna. Þeir hafa fengið að þróast án þess að sá rammi sé til staðar, sem getur í sjálfu sér verið ágætt. Það þarf ekki endilega að sníða þann ramma strax og þetta eru góðir skólar.

En ég held að tími sé kominn til þess, þótt Reykjavíkurlistinn hafi unnið þrjá glæsilega sigra í Reykjavík og sópað Sjálfstæðisflokknum frá völdum árið 1994, að sjálfstæðismenn líti upp úr brunarústunum og fari að ræða um skólamálin óháð því að láta það pirra sig að Reykjavíkurlistinn fari með völdin, hafi gert og muni líklega gera áfram í nýrri mynd eftir kosningarnar í vor.

Skólapólitíkin skiptir máli. Ég styð að við stöndum við bakið á einkareknum grunnskólum, búum til ramma þar sem við styrkjum rekstrarlega stöðu þeirra og aðra tilvistarlega stöðu skólanna sem miði að því að eftir einhvern tíma

verði ekki innheimt skólagjöld í grunnskólum, einkareknum eða öðrum, líkt og vísað er til í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ, burt séð frá því hvernig ástandið hefur verið í marga áratugi í skólunum í Reykjavík.

[17:19]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú minna hv. þingmann á að rekstur grunnskóla var á vegum ríkisins þar til fyrir nokkrum árum. Á þeim tíma man ég ekki eftir því að í gangi hefði verið umræða um að rekstur Landakotsskóla og Ísaksskóla væri í einhverjum vandræðum. Ég ætti þó að muna það vegna þess að mín börn voru í Ísaksskóla og ég myndi eftir þeirri umræðu.

Það var ekki fyrr en skólinn fór yfir til sveitarfélaganna, þegar Reykjavíkurborg og R-listinn fóru að hafa eitthvað um samskipti á milli einkaskólanna og sveitarfélagsins að segja, að vandræðin byrjuðu. Það er rétt að setja hlutina fram með réttum hætti.

Það er ekkert launungarmál, það vita allir, að R-listinn hefur gert aðför að einkareknum skólum í Reykjavík þótt hann hafi að einhverju leyti séð að sér síðustu missiri. Það er alls ekki nóg. Ég vildi benda á þessa þversögn, annars vegar í málflutningi á þinginu hjá hv. þingmanni, sem ég ber mikla virðingu fyrir. Á hinn bóginn bendi ég á að eitt er orð og annað verk. Í verki er það svo að í sveitarfélaginu Reykjavík stendur R-listinn, með Samfylkinguna í forsvari í skólamálum, að aðför að einkareknum skólum. Það er ekki hægt að tala í eina átt og framkvæma í hina. Ég held að Samfylkingin ætti að fara að átta sig á í hvora áttina hún vill fara í þessum málum.

[17:21]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ósammála því að Reykjavíkurlistinn hafi staðið að aðför að einkareknum grunnskólum. Skólarnir lentu í ákveðnum fjárhagslegum vanda, sem margir skólar og mörg skólastig lenda í, en ég tel að þau mál hafi verið leyst með nokkrum sóma í fyrra, hvernig sem á því stóð að þau lentu í vandanum.

Reykjavíkurlistinn hefur gert margt mjög gott. Hann hefur gert annað sem er miður, í þessu tilfelli kannski brugðist of seint við. Ég veit það ekki. Ekki ætla ég að skrifa upp á öll verk kosningabandalags þriggja flokka í Reykjavík síðustu 12 ár. En í grundvallaratriðum hafa þeir gert ágætlega við skólana og leyst úr fjárhagsvanda þeirra með því að hækka verulega framlög til þeirra. Hvort það hefði mátt gerast fyrr er annað mál. Ég þekki í sjálfu sér ekki grundvöll samkomulagsins sem flokkarnir þrír náðu um það.

En ég er þessarar skoðunar og með henni stend ég. Ég tala fyrir henni burt séð frá samstarfi Samfylkingar við aðra stjórnmálaflokka í einhverjum af áttatíu og eitthvað sveitarfélögum landsins. Það er bara eins og gengur. Ég er ekki sammála því öllu. Sumu er ég sammála en öðru ekki. Það sem skiptir máli er að búa til ramma um rekstur skólanna þannig að þeir megi áfram vaxa og uppgangur þeirra verða með þeim hætti að eftir tiltekin ár verði mun hærra hlutfall íslenskra skólabarna í slíkum skólum. Ég held einfaldlega að valfrelsið og fjölbreytnin á grunnskólastigi geti af sér betra skólakerfi.

Við erum ekki að tala um samkeppni og einkavæðingu í neikvæðri merkingu heldur í jákvæðri merkingu, um að fólk hafi valfrelsi um ýmsar leiðir, ýmsar stefnur og ýmiss konar ólíka hugmyndafræði. Hjallastefnan fylgir ólíkri hugmyndafræði miðað við almenna opinbera skóla þótt ekki halli í neinu á opinberu skólana, sem langflestir held ég að séu fjarska fínir skólar, vel heppnaðir og vel reknir. Við höfum hina hefðbundnu hverfisskóla og til hliðar við þá vil ég sjá rísa ýmiss konar einkarekna grunnskóla.

[17:23]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Hér stendur yfir umræða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla. Þetta er athyglisvert frumvarp fyrir margra hluta sakir. Ég tel að því megi í raun lýsa með einu orði, þ.e. orðinu sveigjanleiki. Markmið þessa frumvarps er augljóslega að auka sveigjanleika í starfi grunnskóla.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu mikilvægt er að auka sveigjanleika og hafa til staðar sveigjanleika í rekstri skóla og í starfi skóla á öllum sviðum, bæði í ytra og innra starfi, ef svo má að orði komast. Því miður hefur það að mínu mati hamlað nokkuð skólastarfi að ýmislegt í lagaumhverfi og hefðum hefur bundið skólastarf, sem að vísu hefur leitt til ákveðinnar festu en hefur líka verið ákveðinn dragbítur á framfarir og ekki síst þann sveigjanleika sem er svo nauðsynlegur í skólastarfinu.

Eitt af því sem skapað hefur þennan stirðleika, ef svo má að orði kveða, eru svokallaðir kjarasamningar, þ.e. hin smásmugulega upptalning á því sem fram fer í skólastarfi sem hefur verið fært í texta í kjarasamningum. Kennslustundir hafa verið bundnar og í rauninni hvert einasta viðvik mælt. Þetta lýtur einnig að því sem kannski er stóra pólitíska málið í þessari umræðu, eins og fram hefur komið. Það er um rekstrarformið. Ég lít svo á að með þessu frumvarpi sé reynt, án þess að ógna með nokkrum hætti kjarasamningum, að auka sveigjanleikann þannig að liðka megi til og gera skólastarfið meira lifandi en raun ber vitni.

Ef við víkjum fyrst að því stóra pólitíska máli sem lýtur að ákvæðum er snerta rekstrarþættina, þ.e. ef grunnskóli er rekinn af öðrum en sveitarfélagi, einkaaðilum, hvort sem það eru einstaklingar eða samtök þeirra, kemur upp sú stóra pólitíska spurning hvort menn vilji að einkaaðilar annist rekstur grunnskóla. Ekki er annað að heyra af umræðunni, með örfáum undantekningum, en að menn vilji opna fyrir þann möguleika að hafa sveigjanleika í forminu, að aðrir en opinberir aðilar komi beinlínis að rekstri grunnskólanna, en þá er að sjálfsögðu byggt á einhvers konar samningi. Hvað grunnskólana varðar þá er samningurinn við sveitarfélögin sem leggja að sjálfsögðu til meginuppistöðuna í fjármögnun þeirra.

Það er og löng og góð hefð fyrir því að einkaaðilar reki skóla. Þar nægir að nefna Ísaksskóla í Reykjavík sem getið hefur sér afar gott orð þá áratugi sem hann hefur starfað, þar áður Ingimarsskóli. Við þekkjum þetta hjá sveitarfélögum sem stjórnað er af fulltrúum flestra flokka sem sæti eiga á Alþingi. Þessi leið hefur verið reynd á leikskólastiginu og

verður ekki betur séð en að þær tilraunir hafi gefið góða raun.

Ef við gefum okkur að í sjálfu sér sé ekki ágreiningur um að heimila slíkt form, eins og gert hefur verið, er næsta spurning því tengd, þ.e. um hvernig eigi að fjármagna slíka skóla. Ég tek því undir það ákvæði sem kemur fram í frumvarpinu, að tryggja slíkum skólum ákveðna lágmarksupphæð. Af hverju er nauðsynlegt að taka slíkt fram? Eins og fram hefur komið er það vegna þeirra nemenda sem þar stunda nám, að þeir hafi nokkra tryggingu fyrir því að skólinn sé rekinn fyrir það lágmarksfjármagn sem þarf til að halda uppi heilbrigðu skólastarfi.

Nú kunna einhverjir að segja, það hefur svo sem komið fram í umræðunni, að með því sé ráðskast með sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Ég er ekki alveg sammála því vegna þess að það er undir hverju og einu sveitarfélagi komið hvort það vill yfir höfuð gera samning við einstaklinga eða samtök þeirra um rekstur einkaskóla. Hins vegar er það að sjálfsögðu skylda ríkisins, hins opinbera, menntamálaráðuneytisins, að fylgjast með innihaldi og gæðum slíkra skóla. Menntamál eru jú á ábyrgð menntamálaráðuneytisins. Með þessu er fest í sessi form sem hefð er komin fyrir en um leið lagður grunnur að ákveðnum gæðum.

Af öðrum þáttum sem komið hafa til umræðu og menn hafa varpað fram spurningum um er hvort festa beri í lög að við grunnskóla skuli starfa aðstoðarskólastjóri. Með því ákvæði í þessu frumvarpi yrði sú skylda afnumin. Ég verð að segja að sem skólamaður til margra ára er ég hlynntur þessu. Ég tel að með þessu ákvæði opnist fyrir ákveðinn sveigjanleika. Í fyrsta lagi hafa menn bent á að í smærri skólum sé ekki endilega nauðsynlegt að hafa aðstoðarskólastjóra. Í ýmsum skólum hafa menn þó breytt þessum hefðbundna stjórnunarstrúktúr, sem byggist á að við skóla starfi aðstoðarskólastjóri og þannig koll af kolli. Upp hefur komið vilji til að dreifa stjórnunarábyrgð með öðrum hætti, fletja stjórnunarstrúktúrinn meira út, fela fleiri aðilum ábyrgð og dreifa starfi yfirstjórnenda á fleiri aðila. Það er mjög eðlilegt að í lögum sé opið fyrir þetta ákvæði en við festum okkur ekki í hefðinni hvað það varðar. Hins vegar hafa komið fram ábendingar, sérstaklega úr röðum skólastjórnenda, og efasemdir um þetta. Ég tel þetta eitt af þeim málum sem menntamálanefnd þarf að fara vandlega yfir.

Ég vil í þriðja lagi, frú forseti, nefna ákvæði um lengd kennslustunda. Um það þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð. Mér liggur við að nota orðið fáránlegt, að það sé allt að því fáránlegt að festa niður að kennslustund skuli vera af tiltekinni lengd. Allir kennarar vita að aðstæður, efni og umhverfi er afskaplega breytilegt eftir því hvað um er fjallað, hvernig hópa er unnið með og því starfi sem fram fer hverju sinni. Segja má að það vinni gegn öllum markmiðum um sveigjanlegt skólastarf að lögbinda starf við tiltekinn tíma. Það er að sjálfsögðu eðlilegra, heilbrigðara, opnara og sveigjanlegra að hver skóli hafi möguleika á að raða kennslustundum og skipuleggja kennsluna út frá efni, aðstæðum, nemendum og kennurum, sem sveigi það eftir efninu hverju sinni. Ég tel þetta vera eitt af stærri málunum í þessu frumvarpi sem hefur þó kannski ekki verið svo mikið rætt. Það opnar fyrir mikinn og jákvæðan sveigjanleika.

Í fjórða lagi vil ég minnast á aðkomu foreldraráða. Við þekkjum hið ágæta starf samtakanna Heimilis og skóla, sem eins og nafnið bendir til leggja mikla áherslu á að foreldrar, heimili og skóli vinni náið saman. Segja má að vettvangur barnsins skiptist á milli þessara tveggja aðila, heimilis og skóla. Þróunin á síðustu árum og áratugum hefur verið sú að skólinn hefur tekið að sér stöðugt fleiri verkefni er snerta beint og óbeint uppeldi barna. Þótt ábyrgðin hljóti alltaf fyrst og síðast að hvíla á herðum foreldra er staðreyndin sú að skólinn hefur í vaxandi mæli tekið við þessu hlutverki. Við þekkjum hinn einsetna grunnskóla. Í sumum sveitarfélögum, þar sem samstarf skólans, tómstundafélaga og íþróttafélaga hefur verið hnýtt vel saman geta börnin farið heim að vinnudegi loknum, búin að sinna ansi mörgum þáttum. Það getur orðið langur vinnudagur. Skólinn er jafnvel farinn að sinna börnunum lengur í vökutíma að vetrinum en foreldrarnir. Því er að sjálfsögðu afar mikilvægt að formlegt samstarf foreldra og skóla sé fest betur í sessi en verið hefur.

Með þessu frumvarpi er tryggð sú staða sem foreldrar þurfa að hafa í skólastarfinu. Án góðs samstarfs milli heimilis og skóla mun barnið ekki þrífast. Það segir sig sjálft. Með því að skapa foreldraráðum sess og skipa þeim veglegri sess held ég að við bætum samskiptin og uppeldisumhverfi barnanna, sem er kjarni málsins. Því fylgir að sjálfsögðu aukin ábyrgð, með því að foreldrar verða dregnir inn í skólastarfið og því fylgir að sjálfsögðu mikil ábyrgð. Þegar nemendur koma heima tuðandi yfir óréttlæti heimsins í skólanum er hið versta sem getur gerst að foreldrar taki undir tuðið og skapi þar með neikvætt viðhorf til skólans, sem hefur áhrif á nemendurna á móti. Ég tel að einmitt með því að styrkja foreldraráðin, eins og lagt er til í frumvarpinu, aukum við gagnkvæma ábyrgð heimilis og skóla. Því ber að fagna.

Ég vildi leggja áherslu á þessi fjögur meginatriði. Ég tel að með frumvarpinu sé sveigjanleikinn aukinn varðandi form skólanna. Með því yrði það tryggt að formið skipti ekki máli gagnvart nemandanum en sveigjanleikinn er einnig aukinn innbyrðis í skólastarfinu, þannig að efnið ráði fremur en formið. Jafnframt eru tengsl heimilis og skóla hnýtt betur. Þess vegna verður virkilega gaman að fylgja málinu áfram innan hv. menntamálanefndar.

[17:37]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með hluta af ræðu hv. þingmanns. Þannig vill til að hv. þingmaður var formaður í verkefnisstjórn um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Þar fór fram mikil umræða um samskipti ríkis og sveitarfélaga sem ég hélt að hefði kennt mönnum ýmislegt. Svo verður maður vitni að því að sá lærdómur hefur enginn verið.

Vandinn í samskiptum ríkis og sveitarfélaga hefur verið vantraustið á milli aðila. Því miður kemur það fram í ræðu hv. þingmanns að full ástæða er til þess hjá sveitarstjórnarmönnum að vantreysta ríkinu. Hér kemur hv. þingmaður og segir að hann sé ekki sammála því að með frumvarpinu sé sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga skertur.

Frú forseti. Ég verð af þessu tilefni að fá að lesa örstuttan kafla úr áliti stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

varðandi þetta mál. Ég verð trúlega að skipta honum á milli andsvara en hef nú lesturinn, með leyfi forseta:

„Sambandið leggst hins vegar alfarið gegn því að lögbundin séu tiltekin lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til einkarekinna grunnskóla með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 2. málslið 2. mgr. 23. gr. frumvarpsdraganna." — Eins og það hét þegar þeir gáfu umsögn sína. — „Sambandið telur að með sama hætti og það á að vera í ákvörðunarvaldi sveitarfélags að samþykkja eða synja um stofnun einkarekins skóla eigi það jafnframt að vera í ákvarðanavaldi sveitarfélags að ákveða framlag til reksturs þess skóla hverju sinni.

Sambandið telur að lögbinding á lágmarksframlagi til einkaskóla með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpsdrögunum sé frekleg skerðing á sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga. Hliðstætt dæmi um grófa íhlutun í starfsemi og rekstur sveitarfélaga mátti áður finna í ýmissi löggjöf um verkefni sveitarfélaga en þau hafa nú nánast öll verið afnumin. Almennt hefur ríkt sátt um það sjónarmið að sveitarfélögin ættu sjálf að ráða málefnum sínum á eigin ábyrgð eins og fram kemur í 1. gr. (Forseti hringir.) sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998."

[17:39]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú þykir mér hv. þingmaður kominn heldur langt fram úr sjálfum sér. Hér er til umræðu frumvarp við 1. umr. Þá er efni frumvarpsins kynnt og kostum þess og göllum velt upp. Eins og fram hefur komið í umræðunni sjá menn flest jákvætt við það þótt einhver atriði þurfi að skoða. Hátturinn er sá að senda mál út til umsagnar, hlusta síðan á þær og bregðast síðan við.

Hv. þingmaður las upp úr samþykkt stjórnar Sambands sveitarfélaga. Ég efa það ekki eitt augnablik að menntamálanefnd muni taka hana til skoðunar. Hins vegar er mjög mikilvægt, við 1. umr. um málið og áframhaldandi vinnu við það, að viðra skoðanir sínar. Ég árétta þá skoðun mína, sem ekki endilega þarf að vera hin rétta, að mikilvægt sé að tryggja, að því gefnu að ekki sé ágreiningur um að einkaaðilar taki að sér rekstur skóla, sem mér heyrist að hv. þingmaður sé ekki andsnúinn, því prinsippi, að slíkir skólar fái lágmarksfjárveitingu til að koma í veg fyrir að svo illa verði búið að þeim að það bitni á nemendum.

Hins vegar er líka rétt að minna á að það er í ákvörðunarvaldi hvers og eins sveitarfélags hvort því þóknast að fara slíka leið eða ekki.

[17:41]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kom að sama atriði í andsvari við hæstv. menntamálaráðherra áðan, þ.e. það upplegg að sveitarfélögin geti sagt nei. Ég held að raunverulega verði það skref aftur á bak ef sveitarfélögin neyðast til að segja nei við því að slíkir skólar séu starfræktir, af þeirri einföldu ástæðu að þau hafi ekki í sínu eigin valdi að ákveða fjárframlögin af því að löggjafinn hafi skikkað þau til að greiða lágmarksframlag. Ég tel að það haldi ekki.

En ég tek undir með hv. þingmanni, að auðvitað mun menntamálnefnd fara yfir þetta. Ég er sannfærður um það að skoðun hv. þingmanns er röng. Ég mun því halda áfram lestrinum þaðan sem frá var horfið áðan, með leyfi forseta:

„Lögbinding lágmarksfjárframlaga til sveitarfélaga til einkarekinna grunnskóla með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 2. málslið 2. mgr. 23. gr. frumvarpsdraganna er andstætt því almenna viðhorfi og brýtur í bága við sjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og markmið sveitarstjórnarlaga.

Reynslan sýnir að einkareknir grunnskólar verða tæpast reknir nema til komi fjárframlag frá hlutaðeigandi sveitarfélagi. Eðlilegt er því að lögbinda að sveitarfélag sem samþykkir stofnun einkarekins grunnskóla skuli jafnframt greiða til hans rekstrarframlag til að styðja eðlilegan rekstrargrundvöll viðkomandi skóla í samræmi við stöðugildi starfsmanna og fjölda nemenda."

Ég les nú enn á ný tillögu frá meiri hluta stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lagt er til að 2. mgr. 23. gr. hljóði svo, til að fullnægja sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Grunnskólar sem hljóta lögbindingu samkvæmt 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Framlag skal ákveðið af sveitarstjórn og getur verið mismunandi eftir nemendafjölda og rekstrarumfangi skóla."

Frú forseti. Lykilatriðið er að sveitarstjórnin sjálf ákveði framlagið.

[17:43]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sem talaði á undan mér má þakka fyrir að bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga var ekki lengri. Hann á ekki kost á að koma í þriðja sinn í andsvar og halda áfram lestrinum. Þessi bókun er afskaplega skýr og að mörgu leyti koma fram í henni skiljanleg viðhorf sveitarstjórnarmanna. En gegn þeirri skoðun kemur sú ábyrgð menntamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneytið ber jú ábyrgð á því starfi sem fram fer innan skóla landsins, hefur það stjórnsýslulega hlutverk. Fyrr í dag fjölluðum við um frumvarp um breytingar á lögum um háskóla þar sem innleitt var ákveðið gæðakerfi, ef svo má segja, fyrir háskóla til að tryggja ákveðið viðmið.

Mér finnst ekkert óeðlilegt að í lögum sé kveðið á um sanngjarnt lágmark. Það er rétt að árétta að málið snýst einungis um ákveðið lágmark, að mati hæfustu manna og kvenna, sem þarf að vera til staðar til að slíkir skólar geti starfað. Hvaðan það lágmark kemur, frá sveitarfélögum eða öðrum aðilum, þurfa menn að geta sýnt fram á gagnvart menntamálaráðuneytinu og sveitarfélögum áður en heimildin er veitt.

Það má því segja að það sé ákveðinn kostnaður við að vilja fara þessa leið einkaskólanna, að verða að beygja sig undir það að þeir uppfylli ákveðin lágmarksskilyrði, alveg eins og heilsugæslustöð í einkaeign eða opinberri eign þarf að uppfylla lágmarksskilyrði um búnað. Útgangspunkturinn í því er sá að viðskiptavinirnir, hvort sem eru sjúklingar, nemendur eða aðrir slíkir sem til slíkra stofnana leita, (Forseti hringir.) hafi aðgang að lágmarksgæðum.

[17:45]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Einn mikilvægasti þátturinn í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar varðar aukna festu í starfsemi sjálfstæðra skóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögunum. Það er sá þáttur sem ég vil sérstaklega fjalla um í ræðu minni í dag.

Hér er lagt til að lögbundin verði lágmarksupphæð sveitarfélaga til reksturs þeirra að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og skal hún vera að minnsta kosti 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands, upp að 200 nemenda marki en 70% á hvern nemanda eftir það, eins og segir í frumvarpinu. Sveitarfélög geta hins vegar ákveðið að veita hærra hlutfall til sjálfstæðra skóla og þannig aflétt þörf þeirra til að setja á tiltekin skólagjöld eins og flestir þeirra þurfa í dag.

Ég tel að margir geti tekið undir að réttur viðurkenndra sjálfstæðra skóla á grunnskólastigi til tiltekinna framlaga frá stjórnvöldum vegna nemenda sinna sé slíkt sanngirnismál að ekki ætti að þurfa að kveða á um það í lögum. Þannig er t.d. ekki gerður munur á greiðsluþátttöku sjúklings eftir því hvort hann sækist í þjónustu heilsugæslustöðvar sem er einkarekin eða ríkisrekinnar heilsugæslustöðvar. Hvort tveggja varðar almannaþjónustu sem greidd er af opinberu fé. Það er mín skoðun að sjálfstæðir skólar eigi að fá sambærilega upphæð til reksturs fyrir hvern nemanda og skólar sem reknir eru á vegum sveitarfélaga. Það verður því að segja að þetta ákvæði kom af illri nauðsyn og m.a. í ljósi skilningsleysis vinstri manna í sveitarstjórnum, t.d. í Reykjavík og Hafnarfirði, á gildi sjálfstæðra skóla. Til að takast á við slíkar aðstæður virðist vera þörf á að setja slíkt ákvæði í lög og í þeim tilgangi að vernda rétt borgaranna fyrst og fremst. Því er það skref sem nú er tekið í rétta átt. Því til viðbótar vil ég benda á að í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að sjálfstæðir skólar eigi nokkurn rétt á að fá stofnkostnað greiddan að neinu leyti. Þannig að það er ekki nóg með að sjálfstæðir skólar fái lægra fjárframlag til reksturs heldur fá þeir engan stuðning til að setja skólann á stofn og með þeim búnaði sem þarf.

Sjálfstæðir skólar, eins og Ísaksskóli og Landakotsskóli, hafa starfað hér í Reykjavík áratugum saman í góðri samvinnu við stjórnvöld og aðra skóla. Það var hins vegar ekki fyrr en grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaga að þeir mættu algeru skilningsleysi frá hendi R-listans hér í Reykjavík undir forustu Samfylkingar í skólamálum. Raunveruleikinn er sá að vinstri menn hafa með verkum sínum lýst sig mótfallna einkareknum grunnskólum þó þeir í orði, m.a. hér í dag, telji sig vera meðmælta. Með afstöðu sinni hafa þeir sjálfir staðið fyrir mismunun nemenda eftir efnum foreldra með því að veita minna fjármagn til einkarekinna skóla en skóla á vegum sveitarfélaganna þannig að stjórnendur hafa þurft að krefjast sérstakra skólagjalda frá foreldrum og forráðamönnum barna. Ég benti á það í andsvari fyrr í dag við hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson að það er einmitt í sveitarfélaginu Garðabæ, þar sem sjálfstæðismenn eru ráðandi, sem engin skólagjöld hafa verið sett á enda er greitt að fullu fyrir nemanda í skóla Hjallastefnunnar. En það er hins vegar annað sem blasir við hér í Reykjavík varðandi Ísaksskóla og Landakotsskóla.

Samfylkingin gefur reyndar mjög misvísandi skilaboð um hvernig hún vill haga samstarfi opinberra aðila og einkaaðila um rekstur samfélagsþjónustu. Þeir hafa áttað sig á því að slíkar hugmyndir hafa verið hafðar í hávegum hjá félögum þeirra, sósíaldemókrötum í nágrannalöndum okkar. Hins vegar virðist Samfylkingin eiga erfitt með að útfæra þessar hugmyndir í reynd hér á landi og erfitt er að átta sig á hver afstaða flokksins til slíkra hugmynda er, hvort heldur í orði eða á borði. Ýmsir þingmenn, eins og t.d. talsmaður Samfylkingarinnar í menntamálum, hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, vill styðja við og auka framboð sjálfstæðra skóla. Aðrir þingmenn virðast tvístígandi eða því mótfallnir. Sams konar staða er innan flokksins um afstöðu til aukins samstarfs stjórnvalda og einkaaðila um rekstur í heilbrigðisþjónustu. Þar talar varaformaður flokksins, hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, af mikilli sannfæringu um gildi þess og sama má segja um hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Stuðningur annarra flokkssystkina þeirra við þær hugmyndir hefur hins vegar ekki farið hátt, sem hefur vakið grun um að þeir séu einir á báti í þeim efnum. Í þessum málum, eins og svo mörgum, talar Samfylkingin í austur og vestur, út og suður. Engin ein rödd. Hún er ýmist með eða á móti eins og er þeirra háttur þessi missirin. Meðan slík óreiða er í hugmyndafræði Samfylkingar er stefna hennar ótrúverðug. Það sést m.a. á fylgistapi flokksins á síðustu mánuðum. Flokkurinn verður að gefa skýr skilaboð um stefnu sína en það hefur mistekist.

Síðan heyrðum við í dag algerlega nýjan skilning í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, þingmanns Vinstri grænna. Hjá henni kom fram sá skilningur að ef ríkið borgar fyrir rekstur einhvers skóla, eins og sjálfstæðra skóla, þá sé það opinber stofnun. Þetta er í rauninni dálítið merkileg afstaða. Þetta þýðir í rauninni að það er ekki mikill skoðanamunur á milli Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks í þessum efnum og ætti að þýða að þeir tveir flokkar ættu ekki að hafa neitt á móti því að einkaaðilar taki að sér rekstur skóla, rekstur heilbrigðisþjónustu eða rekstur annarrar almannaþjónustu svo framarlega sem það er greitt af opinberu fé. Ef þeir kalla það hvort sem er opinberar stofnanir þá ætti það að duga þannig að niðurstaðan er sú sama.

En um gildi sjálfstæðra skóla hefur mikið verið fjallað. Margrét Pála Ólafsdóttir sagði t.d. í grein sem birtist í Morgunblaðinu 26. janúar sl. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hvarvetna í Evrópu starfa skólar á bæði leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem ekki tilheyra hinum opinbera rekstri í skólakerfinu, heldur eru reknir á sjálfstæðum grunni af einstaklingum, foreldrum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða stofnunum. Þessir „frjálsu“ eða „sjálfstæðu“ skólar hafa verið litrík viðbót í skólaflóru hvers lands þar sem þeir hafa ávallt borið fram skýra hugmyndafræði og nýjar skólastefnur og verið valkostur fyrir börn og foreldra sem hafa kosið aðrar uppeldis- og menntunaráherslur en opinbera kerfið hefur staðið fyrir. Sem dæmi um uppeldishugsjónir þessara skóla má nefna Waldorf-skólana sem starfa í anda Rudolfs Steiners, skóla trúfélaga og safnaða auk skóla sem leggja áherslu á t.d. listir, tungumál og fleira. Á Íslandi er skemmst að minnast Landakotsskóla kaþólska

safnaðarins sem á yfir 100 ára sögu að baki eða Skóla Ísaks Jónssonar sem ruddi brautina fyrir nýjungar í lestrarkennslu yngri barna fyrir 80 árum. Að sjálfsögðu geta margir skólar innan hefðbundins kerfis starfað á grunni afmarkaðrar skólastefnu og gera það — en áratuga reynsla hjá hundruðum evrópskra skóla hefur sýnt að þegar faglegt og rekstrarlegt forræði helst í hendur, tekst skólum að ganga lengra í þróunar- og nýbreytniátt og þannig hafa sjálfstæðu skólarnir ávallt verið veigamikill valkostur fyrir þá foreldra og kennara sem kjósa aukna fjölbreytni í skólastarfi."

Virðulegi forseti. Sjálfstæður rekstur leikskóla hér á landi er mun algengari en í grunnskólum. Þannig eru um 10% barna í sjálfstæðum leikskólum en aðeins tæpt 1% grunnskólanemenda. Þetta hlutfall er í raun hlægilegt í ljósi þess að t.d. eru 13% allra grunnskólanema í Danmörku í sjálfstæðum skólum og í Kaupmannahöfn einni er þetta hlutfall 25%. Í ræðu á ráðstefnu á vegum Samtaka sjálfstæðra skóla, sem haldin var um síðustu helgi, talaði danskur sérfræðingur í skólamálum. Hann sagðist ekki vera í vafa um að tilkoma sjálfstæðu skólanna í Danmörku hefði aukið námsgæði og knúið opinberu skólana til að bæta sig og þar með hafi samkeppnin um nemendur borið tilætlaðan árangur. Og kröfurnar eru líka miklar til sjálfstæðu skólanna sem þurfa að hafa skýra stefnu. Haft var eftir honum, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Þegar foreldrar eru að velja skóla fyrir börnin sín vilja þeir skýr svör um markmið og störf skólans frá skólastjórnendum. Þetta er sáraeinfalt. Foreldrarnir ætlast til að skólinn standi við það sem lofað er. Þeir vilja gæði og þau felast í því að skólinn standi við sitt."

Það er alveg ljóst af lýsingu þessa virta skólamanns að aukið hlutfall sjálfstæðra skóla er ákveðinn drifkraftur í starfsemi grunnskóla og með þessu móti eru foreldrar jafnframt virkjaðir með öflugri hætti en hefur verið í opinberum skólum hér á landi og það ætti að vera afar eftirsóknarvert.

Í fyrrnefndri grein sinni í Morgunblaðinu segir Margrét Pála Ólafsdóttir um hið lága hlutfall sjálfstæðra skóla hér á landi, með leyfi forseta:

„Hið opinbera hefur nánast tryggt sér einokun á uppeldi og menntun barna og ungmenna, einokun sem á öllum öðrum samfélagssviðum þykir óviðunandi hemill á fjölbreytni og frjálsa valkosti. Þessi opinbera einokun er horfin úr atvinnulífinu, viðskiptalífinu og svo mætti lengi telja en á sviði uppeldis og menntunar eru nemendur enn í áskrift hverfisskólanna og víða mikill ótti við að gefa nemendum og foreldrum lausan taum til að velja sér skóla. Þessu þarf að breyta."

Undir þessi orð þessa ágæta frumkvöðuls á sviði menntunarmála og reksturs sjálfstæðra skóla tek ég. Því er það frumvarp sem hér er til umræðu til mikilla bóta og styður enn betur undir þá þróun að auka fjölbreytni og val í menntakerfinu samfélaginu til hagsbóta. Að lokum vil ég gera tvö atriði til viðbótar að umfjöllunarefni mínu í þessari ræðu, annað varðar aukið svigrúm til undanþágu frá skólasókn nemenda vegna reglubundins náms eða íþróttaiðkunar utan skóla. Ég fagna þeirri breytingu, þ.e. hún á við um fleiri nemendur og er í samræmi við hugmyndir sem koma fram í því frumvarpi sem verður rætt hér á eftir, æskulýðslög, og í samræmi við tillögur nefndar sem gerði úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi um að nýta þátttöku utan skólastarfs, t.d. í atvinnulífi og félagsstörfum eða í sjálfboðastarfi, til námseininga. Með því móti er verið að viðurkenna ákveðið gildi tómstundastarfs, þess starfs sem fer fram utan hins hefðbundna skólastarfs, og viðurkenna gildi þess til að auka þroska ungmenna og gera það eftirsóknarverðara fyrir þau að taka þátt í slíku starfi.

Hitt atriðið var einnig tillaga nefndar sem gerði úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi og kemur til umræðu hér á eftir, það var að lögfesta ákvæði um nemendaráð. Í dag er þetta heimildarákvæði en með þessu frumvarpi eru nemendaráð lögfest. Ég er alveg sannfærð um að þetta er þess eðlis að það mun efla virkni nemenda í skólanum og efla lýðræðisvitund þeirra. Þetta tengir jafnframt saman þau lög sem við erum nú að fjalla um, grunnskólalögin, og æskulýðslög sem verða til umfjöllunar hér á eftir. Grunnhugmyndin er hin sama, að virkja nemendur til þátttöku og efla lýðræðisvitund þeirra, auka sveigjanleika í skólakerfinu, samflétta það æskulýðs- og tómstundastarfi betur en hingað til hefur verið gert.

En ég kom hingað upp til að ræða um það ákvæði í þessu frumvarpi sem varðar sjálfstæða skóla og ég fagna því að þetta frumvarp er komið fram. Ég tel að það geti orðið mikil lyftistöng fyrir skólastarf hér á landi og geti orðið til að auka virkni nemenda og foreldra og efla menntun ungmenna samfélaginu til bóta.

[17:58]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Því miður missti ég af upphafi ræðu hv. þingmanns en orðanotkun hennar vakti sérstaka athygli mína. Því er óhjákvæmilegt að spyrja hv. þingmann. Hvernig lítur hún á aðra grunnskóla landsins, þá sem eru reknir af sveitarfélögum? Hv. þingmaður talaði ýmist um sjálfstæðu skólana eða frjálsu skólana, væntanlega með vísun til þess að aðrir skólar séu þá ósjálfstæðir eða ófrjálsir. Þetta er afar sérkennileg orðanotkun. Það er alkunna í stjórnmálum að menn, eigum við að segja, frú forseti, laumi inn orðum af þessu tagi til að vekja upp hugsanir sem eru þá til þess fallnar, eins og í þessu tilfelli, að sverta. Ég gerði að umtalsefni í ræðu minni hér áðan að orðalagið í frumvarpinu væri afar óheppilegt af þeirri einföldu ástæðu að með því að taka sér ákveðin orð í munn um skóla af þessari gerð eru menn að segja ýmislegt um aðra skóla. Ég skil hins vegar vel að skólar sem mynda samtök noti áróðursorð í sínum titli til að vekja meiri athygli á sér og skapa sér ákveðna sérstöðu. Það er í raun og veru allt annar handleggur.

Mér finnst hins vegar ekki sæma okkur hv. þingmönnum að nota slíkt orðalag. Ég trúi því ekki að það sé markmið hv. þingmanns að sverta það mikilvæga og góða starf sem rekið er almennt í grunnskólum okkar, sem hefur tekið gífurlegum stakkaskiptum og þróast afar vel í höndum sveitarfélaganna. Ég vona að það sé rétt hjá mér að hv. þingmaður eigi alls ekki við það sem getur falist í slíkri orðanotkun.

[18:00]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson spyr mig um orðanotkun. Það er sjálfsagt að svara því. Ég geri ráð fyrir að ég hafi notað hugtökin „sjálfstæður skóli“ og „frjáls skóli“. Reyndar voru það ekki mín orð heldur var ég að vísa í orð Margrétar Pálu. Ég hef hins vegar notað jöfnum höndum hugtökin „einkarekinn skóli“ eða „sjálfstæður skóli“. Í því felst enginn dómur um opinbera skóla eða gildismat.

Hins vegar fannst mér merkilegt að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vildi meina að einkarekinn skóli eða sjálfstæður skóli, rekinn af opinberu fé, væri opinber stofnun. Mér fannst það mjög merkileg yfirlýsing, sem segir mér að vinstri grænir væru tilbúnir að ganga þá leið að setja allan rekstur almannaþjónustu í hendur einkaaðila svo framarlega sem það yrði greitt af opinberu fé. Ég get tekið undir það. Það er enginn ágreiningur á milli okkar um það, sé það réttur skilningur hjá mér.

En meginatriðið er ekki hvaða orð við notum, tölum um sjálfstæða skóla eða einkarekna skóla, ég legg það að jöfnu. Mestu skiptir að við skiljum orðin með sama hætti og séum sammála um hvaða form er á samskiptum ríkis og einkaaðila við rekstur samfélagsþjónustu, t.d. í menntakerfinu, að ríkið sem geri samning við einkaaðila um að taka að sér rekstur tiltekinnar þjónustu sem lýtur ákveðnum lögum, ákveðnum ramma og gæðakröfum. Það er aðalatriðið í þessu. En hvað við köllum það og hvaða orð við notum er ekki aðalatriði.

[18:03]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að orðanotkunin var ekki gildishlaðin. Orðin eru eingöngu notuð svona eins og gengur og gerist. En við þurfum að vanda okkur við þetta. Ég held að hugtökin í gömlu lögunum, einkaskóli og einkarekinn skóli, eigi í raun ekki heldur við. Auðvitað getur verið margs konar rekstrarform á þessum skólum og óvíst að þeir séu endilega einkareknir, það getur verið félagsrekstur og ýmsar útgáfur á því. Þetta er mál sem bíður menntamálanefndar að finna út úr, hvaða orð eigi að vera þarna.

Menn reka þessa skóla á ýmsa vegu en ég veit ekki nein dæmi þess hér á landi að þeir séu reknir sem hagnaðarfyrirtæki. Þessar stofnanir eru reknar án þess að menn fái af þeim beinan hagnað. Sums staðar er gengið svo langt að setja þau skilyrði, eins og í Garðabæ, sem ég tel til fyrirmyndar, að þar séu engin skólagjöld. Það er auðvitað umræða sem ætti að fara í hér, hvort okkur þyki eðlilegt að greidd séu skólagjöld í þessum skólum að auki. En því fylgir sú eðlilega krafa að tekið sé við öllum nemendum og allir hafi jafnan aðgang.

Ég er ekki viss um að leiðin sem hér er farin, eins og komið hefur fram í máli mínu, sé endilega hin rétta. Ég lít svo á, fyrst menn notast við orð eins og sjálfstæði, að sveitarfélögin eigi líka að vera sjálfstæð. Það ætti að vera reglan. Það hefur sýnt sig að það hefur ekki hindrað menn í að stofna skóla. Við höfum nýjasta dæmið um það í Garðabæ þannig að sveitarfélögunum er treystandi. Þau hafa staðið sig mjög vel og ég veit eiginlega engin dæmi þess að svo hafi ekki verið. Almannarómur hermir að sveitarfélögin hafi staðið sig mjög vel í rekstri grunnskólanna. Þess vegna skil ég ekki þetta mikla vantraust frá hæstv. menntamálaráðherra í garð sveitarfélaganna, að treysta þeim ekki lengur fyrir rekstri grunnskólans.

[18:05]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála hv. þingmanni um að það að hæstv. menntamálaráðherra sé tilbúin til að auka vægi einkarekinna eða sjálfstæðra skóla í skólakerfinu feli í sér vantraust á rekstur sveitarfélaganna á grunnskólanum Ég held einmitt að hæstv. menntamálaráðherra hafi í huga að slík samkeppni og slíkur samanburður á milli opinberra skóla og sjálfstæðra muni leiða til þess að gæði skólastarfs aukist. Enda hefur það komið fram, m.a. hjá hv. þm. Björgvini Sigurðssyni í dag. Það hefur komið fram hjá Margréti Pálu Ólafsdóttur kennara, sem mikið hefur verið vitnað til í dag. Það hefur komið fram hjá flestum þeim fagaðilum sem hafa tjáð sig um málið.

Svo ég haldi áfram með hugtökin, þótt hv. þingmaður sé reyndar horfinn úr salnum, ég veit nú ekki hvort hann er nokkuð að hlusta á mig, þá benti hann einmitt á að hugtakið „sjálfstæðir skólar“ gæti náð yfir sjálfseignarstofnanir, félagsrekstur, einkarekstur o.s.frv. Eiginlega mætti segja að eftir því sem hv. þingmaður talaði lengur fannst mér sjálfstæðir skólar verða nokkuð gott hugtak yfir sjálfseignarstofnanir, félagslegan rekstur og einkarekstur, sem aðgreining frá opinberum rekstri. Við höfum talað um sjálfstæðan rekstur annars vegar og hins vegar opinberan rekstur. Ég varð því bara skotnari í þessu hugtaki „sjálfstæðir skólar“ eftir því sem hv. þingmaður talaði lengur. (Gripið fram í.) Það greinir starfsmenn sjálfstæðra skóla frá hinum að þeir þiggja laun sín frá (Forseti hringir.) rekstraraðilanum en hinir frá stjórnvöldum.

[18:07]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Háttvirti þingheimur. Þegar rætt er um grunnskólann er um stórt mál að ræða. Ég vil í því sambandi minnast á nokkur atriði sem ég tel mjög mikilvæg, t.d. að í lífsleikni sé veitt fræðsla í fjármálum. Eins fari fram danskennsla og námskeið í fundarsköpum og ræðumennsku. Þetta eru að mínu mati mjög mikilvæg forvarnamál fyrir nemendur í grunnskólum, til að þroska sig og losna jafnvel við ákveðna feimni og öðlast kjark í samskiptum við aðra nemendur.

Ég hvet einnig til að reynt verði eftir öllum mögulegum leiðum að koma í veg fyrir einelti í skólum og hjálpa þeim nemendum sem fyrir því verða. Huga þarf vel að nemendum sem eiga við erfiðleika að stríða í námi, t.d. vegna lesblindu, ekki síður en að skapa þeim nemendum grunnskóla sem eru afburðanemendur gott umhverfi og hagstætt. Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[18:09]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég vil í upphafi segja að mér líst ákaflega

vel á frumvarpið sem við ræðum hér, um breytingar á lögum um grunnskóla. Það eru einkum tvö atriði sem ég ætla að fjalla um í ræðu minni. Þau varða bæði ákvæði 23. gr. frumvarpsins, sem felur í sér breytingu á 26. gr. laganna.

Í 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins er lagt til að grunnskólar sem hljóti viðurkenningu samkvæmt 1. málsgrein eigi rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Segir þar jafnframt að framlagið skuli nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Þetta ákvæði frumvarpsins er, eins og kemur fram í almennum athugasemdum með frumvarpinu, ein af meginbreytingunum sem málið felur í sér frá núgildandi grunnskólalögum. Það felur í sér að ákvæði gildandi laga, um stofnun grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum, eru gerð skýrari auk þess sem lagt er til að lögbundið verði lágmarksfjárframlag sveitarfélaga til reksturs þeirra, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, til að tryggja frekar en nú rekstrargrundvöll þeirra.

Þá kemur fram í athugasemd við greinina, eins og við vitum sem þekkjum þessi lög, að ákvæði um einkaskóla í grunnskólalögum hafa verið óbreytt frá gildistöku grunnskólalaganna 1974. En þessi breyting miðast við að gera stöðu sjálfstætt rekinna grunnskóla hér á landi sterkari með því að lögbinda lágmarksframlag með hverjum nemanda.

Ég verð að segja, fyrir mína parta, frú forseti, að ég fagna þessu ákvæði sérstaklega. Ég tel að með því sé stigið mjög mikilvægt skref í átt að því að efla og treysta rekstrargrundvöll einkaaðila sem fara út í rekstur á grunnskólum. Nokkrir einkaskólar og sjálfstætt reknir grunnskólar hafa verið reknir hér á landi, t.d. Ísaksskóli og Landakotsskóli, Tjarnarskóli og fleiri. Fyrir okkur sem aðhyllumst einkarekstur í skólakerfinu er á ferðinni ákvæði sem ber að fagna og ætti að efla einkarekstur á grunnskólastigi. Ég tel þetta sérstaklega mikilvægt í Reykjavík, í mínu kjördæmi. Má segja að stjórnvöld í borginni hafi kerfisbundið lagt sig fram við að ganga milli bols og höfuðs á einkareknum grunnskólum. Það þekkja þeir best sem standa í þeim rekstri. Það er í raun synd að flokkur, sem lætur í veðri vaka að hann vilji hag menntakerfisins og skólanna sem mestan, hafi gengið þannig fram gagnvart framtakssömum aðilum sem staðið hafa í skólarekstri. Ég á náttúrlega við Samfylkinguna sem hefur farið með menntamálin innan Reykjavíkurlistans. Ég veit að hv. þm. Einar Már Sigurðarson þekkir það vel, enda er hann þingmaður Samfylkingarinnar.

Þessi ágæti flokkur hefur, eins og ég sagði, kerfisbundið lagt sig fram um að ganga milli bols og höfuðs á þessum aðilum. Það er ekki bara ég sem hef haldið því fram heldur miklu fleiri, foreldrar barna sem stunda nám í þessum skólum og ekki síður þeir sem að rekstrinum standa. Á fundum mínum með þessum aðilum hef ég fundið að þeir hreinlega átta sig engan veginn á hvers vegna málum er þannig komið í Reykjavík. Miðað við það sem frá þessum aðilum hefur komið velta menn því fyrir sér hvort þeir hafi gert sveitarstjórnarmönnum í meiri hluta í Reykjavík eitthvað, slík hefur aðförin að einkareknum skólum verið.

Morgunblaðið hefur ítrekað fjallað um þessi mál, bæði í leiðurum og fréttaskrifum, um hvernig Reykjavíkurborg hefur komið fram gagnvart einkaaðilum hér í borginni sem stunda skólarekstur og bent á hvernig R-listinn í Reykjavík hefur traðkað á þeim. Ég tel því að hæstv. menntamálaráðherra sé að stíga hér mjög mikilvægt skref til þess að treysta rekstur þessara aðila, treysta að bæði rekstraraðilar skólanna og sömuleiðis þeir nemendur sem stunda þar nám sitji við sama borð og nemendur þeirra skóla sem sveitarfélögin standa fyrir og reka.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlagið skuli nema 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum á landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi frá Hagstofunni. Þetta hlutfall gildir fyrir skóla með allt að 200 nemendum. Síðan er hlutfallið 70% gagnvart öðrum stærri skólum. Ég velti því fyrir mér og ég geri ráð fyrir að við ræðum það í hv. menntamálanefnd þegar málið kemur þar til umfjöllunar hvort ekki sé ástæða til þess að hækka þetta hlutfall. Mín athugasemd er því þessi: Væri ekki ráð að við mundum lögfesta það að sveitarfélögin leggi fram sama framlag til einkaskólanna og til opinberu skólanna? Af hverju í ósköpunum á að mismuna nemendum eftir því hvort þeir fara í einkaskóla eða opinberan skóla? Þeir eiga alveg sama rétt gagnvart sveitarfélaginu og nemendur í opinberum skólum. Ég velti þessu svona upp og það væri ágætt að fá viðhorf hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar við þessari hugmynd minni, hvort við ættum ekki að hækka hlutfallið upp í 90–100%. Það væri líka áhugavert af því að mér hefur heyrst að Samfylkingin taki frekar illa í þær hugmyndir, flokkur jafnaðar, hinn breiði jafnaðarmannaflokkur taki illa í það að menn sitji við sama borð þegar kemur að skólamálum. Ég leyfi mér að halda því fram að það væri kannski ástæða til að ganga eilítið lengra og ég vonast til þess og geri ráð fyrir að við tökum þá hugmynd til athugunar þegar málið kemur til umfjöllunar í menntamálanefnd.

Ég ítreka hins vegar, þrátt fyrir að ég sé með þessa litlu athugasemd, að ég fagna því frumvarpi sem hæstv. menntamálaráðherra hefur nú lagt fram og ég tel að það sé risastórt skref í þá átt að efla rekstrargrundvöll einkaaðila á grunnskólastigi. Ég tel að það sé í alla staði mjög gott og ég hlakka til að fjalla um það með félögum mínum í hv. menntamálanefnd vegna þess að ég veit að þegar þeir kafa ofan í málið sjá þeir hvers konar gæðamál er hér á ferðinni.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að nefna er 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins.

„Menntamálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands."

Mín athugasemd varðandi þetta ákvæði er í rauninni bara tæknilegs eðlis. Ég vil benda á að hvorki Samband íslenskra sveitarfélaga né Hagstofa Íslands fer með löggjafarvald þannig að ég tel að það eigi að taka seinni hluta þessarar greinar inn í greinargerð með frumvarpinu og láta þar við sitja að það sé menntamálaráðherra sem setji reglugerð-

ina enda er það í samræmi við lagahefðir okkar og reglur um lagasetningu.

Að svo búnu segi ég það að mér líst vel á þetta frumvarp, fagna því og hlakka til að fjalla um það í menntamálanefnd.

[18:20]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það verður að segjast eins og er að hv. þingmaður fer nokkuð óvarlega með orð og vegna okkar sem erum vön að ræða skólamál á öðrum nótum verð ég að biðja hv. þingmann að gæta hófs í orðavali. Við notum yfirleitt aldrei hugtakið að mismuna nemendum í því samhengi sem hv. þingmaður gerði. Það er bara ekki viðeigandi, málið snýst um allt, allt annað.

Ég hef sagt það áður í umræðunni að ég tel að skólar reknir af öðrum en sveitarfélögum eigi fullan rétt á sér og við eigum að huga að því að fjölga þeim eins og kostur er. Ég hef hins vegar ekki séð þennan vanda sem hv. þingmaður er að ræða um og hann vitnar auðvitað í tveggja manna tal o.s.frv. og ég get ekkert rengt hann um það, hef enga ástæðu til þess. En stór eru orðin, það er gengið á milli bols og höfuðs á þeim aðilum sem koma að rekstri slíkra skóla í höfuðborginni. Það er auðvitað vont ef satt er og ég hefði getað dregið þá ályktun að þeim skólum sem reknir eru með því formi hefði snarlega fækkað en ég hef nú ekki orðið var við að þeim hafi fækkað. Ég hef hins vegar heyrt fréttir af því að það hafi farið fram samningaviðræður og fjármagn hafi verið aukið til þeirra, ekki alls fyrir löngu og ég vona að það sé enn verið að vinna í því.

En, frú forseti, vegna þess að það er stöðugt að koma betur í ljós í ræðum hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins að þetta er greinilega einhver herferð gegn meiri hlutanum í Reykjavík og það er augljóst að það er örstutt í sveitarstjórnarkosningar, þá skil ég ekki alveg hvernig á því stendur ef þetta mál er svona brennandi, af hverju þeir leiðbeina ekki frambjóðendum flokksins í Reykjavík með það að gera þetta að sérstöku kosningamáli. Þetta er málefni sveitarfélagsins og á að vera þar uppi á borðum. Það er gengið svo langt að það er meira að segja valtað yfir oddvita Sjálfstæðisflokksins í framboði til borgarstjórnar í Reykjavík. Hann hefur lýst því yfir að með þessu frumvarpi sé gengið yfir sjálfsforræði sveitarfélaganna. Það er alveg með ólíkindum hvað mikið liggur undir. Treysta menn ekki frambjóðendum flokksins í Reykjavík í kosningunum í vor? Eru menn búnir að gefa sér tapið fyrir fram í málinu?

[18:22]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur ekki tekið eftir þeim vanda sem einkareknir grunnskólar í Reykjavíkurborg hafa þurft að búa við og bregðast við þá hefur hann ekki fylgst með umræðunni. Það hafa verið leiðaraskrif eftir leiðaraskrif þar sem kvartað hefur verið yfir því hvernig stjórnvöld í Reykjavík, R-listinn undir forustu Samfylkingarinnar, hefur komið fram gagnvart einkaaðilum í skólarekstri. Þessi mál voru rædd hér fyrir skömmu í tengslum við málefni Landakotsskóla, svo ég taki sem dæmi. Skólastjórnendur bæði Ísaksskóla, Landakotsskóla og Tjarnarskóla hafa viðrað sjónarmið sín varðandi þetta. Það er alveg morgunljóst og ég veit ekki hvar hv. þingmaður hefur verið ef hann hefur ekki tekið eftir því að einkaskólarnir og stjórnendur þeirra hafa talið að það hafi verið mjög hart fram gengið gegn þeim af stjórnvöldum í Reykjavík.

Hv. þingmaður skilur ekki af hverju þetta mál er komið fram. Ég sagði það í ræðu minni að það væri beinlínis nauðsynlegt, m.a. vegna þess hvernig Reykjavíkurlistinn hefur komið fram gagnvart einkaaðilum í skólakerfinu, og ég leyfi mér að segja það, hvernig Reykjavíkurlistinn hefur mismunað nemendum, svo ég endurtaki það, mismunað nemendum þessara skóla, þeir hafa ekki setið við sama borð og nemendur í opinberu skólunum.

Þetta snýst ekkert um það að við trúum ekki eða treystum frambjóðendum okkar í Reykjavík í komandi sveitarstjórnarkosningum. Þeir eru bara ekki í meiri hluta. Það er Samfylkingin og R-listinn sem eru (Forseti hringir.) í meiri hluta en þeir hafa lagt skólamál að þessu leyti í algjöra rúst.

[18:24]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð nú að biðja hv. þingmann að gæta hófs í orðavali því að það er nú afar óheppilegt ef hv. þingmaður er farinn að halda því fram að þeir skólar sem eru reknir af öðrum en Reykjavíkurborg hér í borginni séu verri skólar en þeir skólar sem reknir eru af sveitarfélaginu. Vegna þess að ef nemendum er mismunað og þeir sitja ekki við sama borð í þeim skólum þá eru skólarnir auðvitað verri og það gengur ekki að menn haldi slíku fram hérna. Því trúi ég ekki.

Ég hef vissulega orðið var við að einstaka aðilar hafa kvartað yfir því að þeir fengju ekki nægilegt fjármagn frá sveitarfélaginu og ég hef tekið eftir því að það hafa átt sér stað viðræður. Ég lít svo á að þetta mál snúist ekki bara um það hvað er að gerast í Reykjavík. Það er afar óheppilegt að verið sé að koma með lagafrumvörp frá ríkisstjórn eða hæstv. ráðherrum Sjálfstæðisflokksins vegna þess að þeir eru ekki í meiri hluta í einstökum sveitarfélögum. Við eigum að vera yfir það hafin. Við höfum trúað sveitarfélögunum fyrir rekstri grunnskólans og ég hélt að um það væri almenn sátt að þau hefðu staðið sig mjög vel í rekstri grunnskólans. En hér kemur fram það álit að svo sé alls ekki, Reykjavíkurborg hafi staðið sig býsna illa og þess vegna þurfi að koma með frumvarp. En þeir hafa greinilega ekki staðið sig nægjanlega illa eða þá að frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins við kosningarnar í vor eru ekki nægilega góðir, a.m.k. að áliti sumra hv. þingmanna, að ekki sé hægt að treysta þeim til þess að vinna kosningar út á þetta. Ef allar þessar lýsingar eru réttar get ég ekki trúað öðru en það sé bara vís sigurinn í kosningunum.

Einhver er efinn þegar þarf að ganga svo hart fram í þessu máli að það er valtað yfir oddvita Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórninni. Það er ekki einu sinni tekið tillit til ábendinga frá frambjóðandanum sem er þó augljóslega með ábendingum sínum að reyna að finna sáttaleið. Því það er augljóst mál að sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga er jafnheilagur í mínum augum og Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar. En það er greinilegt að einhver hópur í Sjálfstæðisflokknum

virðir þann rétt ekki og vill valta yfir sveitarfélögin í þeim tilgangi að koma fram einhverju máli sem þeim er hugleikið gagnvart einu einstöku sveitarfélagi.

[18:26]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er algjörlega fráleitur málflutningur að halda því fram eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson gerði að ég hafi sagt að einkaskólar væru verri en hinir skólarnir. Það eru bara fáránlegar yfirlýsingar, hv. þingmaður, (Gripið fram í.) ég er ekkert að halda því fram. Ég tel reyndar að einkaskólarnir séu betri en þeir skólar sem eru reknir af hinu opinbera og ég held að allar mælingar sýni það. Ég held að það hafi sýnt sig í öllum rannsóknum sem gerðar hafa verið á gæðum skóla, bæði hér á Íslandi og erlendis að einkaskólar og nemendur í einkaskólum hafi í flestum tilvikum staðið sig betur en nemendur úr öðrum skólum. Allar yfirlýsingar og fullyrðingar um að ég hafi talið að einkaskólar væru verri en opinberu skólarnir eru rangar.

Ég sagði hins vegar að þeir sætu ekki við sama borð og opinberu skólarnir. Þeir hafa ekki fengið jafnhá fjárframlög frá sveitarfélögunum og opinberu skólarnir og sitja ekki við sama borð, það er alveg ljóst. Þeir hafa þurft að fjármagna sig með öðrum hætti.

Það er alveg ljóst og það skal alveg standa, að meiri hlutinn í Reykjavík, R-listinn í Reykjavík, undir stjórn Samfylkingarinnar hefur kerfisbundið lagt sig fram við að grafa undan einkaskólunum, að grafa undan einkarekstri á grunnskólasviði. Það er alveg ljóst, (Gripið fram í.) þeir hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur til þess að grafa undan sínum skólum. Og það er kominn tími til þess að sá kúrs verði réttur og það erum við að reyna að gera hér. En hv. þingmaður og flokkur hans, Samfylkingin, vilja halda áfram kerfisbundið að grafa undan þessum skólum, ganga milli bols og höfuðs á þeim. En það munu þeir ekki komast upp með vegna þess að við ætlum að breyta lögum til þess að (Forseti hringir.) treysta rekstrargrundvöll þessara aðila.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Æskulýðslög, 1. umr.

Stjfrv., 434. mál. — Þskj. 655.

[18:29]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til æskulýðslaga en aðdragandi frumvarpsins er sá að á haustmánuðum árið 2003 ákvað þáverandi menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, að setja á fót nefnd til að semja drög að nýrri löggjöf um æskulýðsmál. Í nefndina voru skipuð: Ásta Möller hjúkrunarfræðingur og alþingismaður, sem var skipuð formaður nefndarinnar, Erlendur Kristjánsson deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri, Ólafur Jóhannsson sóknarprestur og Stefán E. Bjarkason framkvæmdastjóri. Í erindisbréfi nefndarinnar er tekið fram að nefndin hefði m.a. til hliðsjónar við vinnu sína skýrslu og tillögur nefndar er var unnin á árinu 2003, úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi fyrir menntamálaráðuneytið, mjög athyglisverð skýrsla.

Nefndin skilaði menntamálaráðherra frumvarpsdrögum í febrúar 2005. Frumvarp þetta byggir að meginstefnu til á tillögum nefndarinnar og felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um æskulýðsmál, nr. 24/1970.

Virðulegi forseti. Helstu atriði frumvarpsins eru þessi:

Í fyrsta lagi er skipulag æskulýðsmála sett fram með skýrari hætti í frumvarpi þessu en gert er í gildandi lögum um æskulýðsmál. Eins og áður fer menntamálaráðherra með yfirstjórn æskulýðsmála, hann skipar Æskulýðsráð og úthlutar úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Þá er lagt til það nýmæli að ráðherra stuðli að því að fram fari æskulýðsrannsóknir en sú skylda hvíldi áður á Æskulýðsráði.

Í öðru lagi er lagt til að með frumvarpinu verði lögfestur sá megintilgangur laganna að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Þá er kveðið á um að í öllu starfi með þeim skuli velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Þetta tel ég afar brýnt verkefni.

Þá er einnig lagt til að lögfest verði ákvæði um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi, sbr. 10. gr. frumvarpsins, þar sem m.a. er kveðið nánar á um hæfisskilyrði þeirra sem starfa með börnum og ungmennum. Vísa ég nánar til ítarlegrar umfjöllunar í athugasemdum frumvarpsins við greinina.

Í þriðja lagi er með frumvarpinu lögð til nokkur breyting á hlutverki Æskulýðsráðs frá gildandi lögum. Þannig er meiri áhersla nú lögð á stefnumarkandi og ráðgefandi hlutverk þess gagnvart málaflokknum og starfsemi þess afmörkuð betur en áður. Í stað þess að ráðið skipuleggi og samræmi opinberan stuðning við æskulýðsstarf í landinu verði það nú stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum og geri tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum. Auk þess veiti það áfram umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi og leitist við að efla starfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðli þannig að áframhaldandi samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál. Þá er lagt til að ráðið efni áfram til funda og ráðstefna um æskulýðsmál eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum og taki þátt í erlendu samstarfi í æskulýðsmálum eftir nánari ákvörðun menntamálaráðherra. Að lokum er lagt til að ráðið stuðli áfram að þjálfun og menntun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða og sinni öðrum þeim verkefnum sem menntamálaráðherra kann að fela því.

Síðan er rétt að geta þess að það er lögfest ákvæði um Æskulýðssjóð. Hann starfar nú samkvæmt reglum frá árinu 2004 sem ekki hafa lagastoð.

Frú forseti. Ég hef nú farið yfir meginefni frumvarpsins og ég bendi hv. þingmönnum á ítarlega umfjöllun í frumvarpinu sjálfu um einstakar greinar þess og ítarlegan inngang um þróun æskulýðsmála hér á landi og erlendis. Ég hvet hv. þingmenn einnig til þess að kynna sér fyrrnefnda skýrslu sem var gerð á stöðu félags- og tómstundamála

ungs fólks á Íslandi árið 2003.

Ég legg að lokum til, virðulegi forseti, að frumvarpinu verði vísað til hv. menntamálanefndar að lokinni þessari umræðu.

[18:33]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna þess að nokkuð er liðið á daginn hef ég hugsað mér að þær örfáu athugasemdir sem ég vil gera kæmu fram í stuttu andsvari.

Ég velti fyrir mér ákvæði 5. gr., þ.e. að velja eigi fulltrúa samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtakanna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Fróðlegt væri að heyra hvaða hugmyndir eru þar á ferðinni. Æskulýðssamtök eru býsna mörg og koma víða við sögu og spurning hvernig staðið verður að því vali.

Varðandi 10. gr. væri eðlilegt að skoða sérstaklega í menntamálanefnd hvort eðlilegt sé að setja frekari skilyrði um þá sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi. Í þessum tillögum er gert ráð fyrir að þeir séu lögráða, hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfans. Það er spurning hvort ekki væri eðlilegra að hafa þar forgang fyrir það fólk sem hefur lagt sérstaklega fyrir sig menntun á þessu sviði, þ.e. að sinna tómstundastörfum. Ég held að eðlilegt sé að menn velti því fyrir sér í menntamálanefndinni.

Varðandi æskulýðsrannsóknir þá eru þær brýnar og mér sýnist eðlilegt að setja þær í þetta far fremur en að hafa það eins og verið hefur. Þá kemur hins vegar upp sama spurningin. Í fimm manna ráðgjafarnefnd á að sitja einn fulltrúi samkvæmt tilnefningum æskulýðssamtaka. Það er eðlilegt að velta fyrir sér hvernig sá eini fulltrúi verði valinn af æskulýðssamtökum. Hver á að tilnefna þann fulltrúa? Hvaða ferli á það að vera? Væri kannski eðlilegra að fjalla um það í lögunum hver þetta yrði eða hvernig sá fulltrúi verði valinn, t.d. í reglugerð eins og gert er í 5. gr.?

Frú forseti. Ég taldi eðlilegt að þetta kæmi fram við 1. umr. Ég geri ráð fyrir því að við förum nákvæmlega yfir málið í nefndinni. Þetta er heildarendurskoðun á æskulýðslögum, sem er markverðara skref en stigið var varðandi grunnskólalögin.

[18:35]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég fagna því að hér skuli komið heildstætt frumvarp til æskulýðslaga. Af hverju ber að fagna því? Ég vil skoða það í tengslum við þróunina í samfélaginu á síðustu árum og áratugum þar sem staða barnsins, hefur breyst. Meginreglan er sú að báðir foreldrar vinni úti, uppeldishlutverkinu hefur að nokkru leyti verið varpað yfir á skólana. Samhliða þessu hefur veruleg tækjavæðing orðið á hverju einasta heimili þar sem börn hafa almennt aðgang að netinu og hafa eigin myndbandstæki, hljómflutningstæki o.s.frv. Það er því algengt að börn lifi í sínum heimi þegar þau eru heima við.

Þetta er kannski að mörgu leyti eðlileg þróun en að sumu leyti hefur samfélagið ekki brugðist við breytingunum. Börnin eru minna í samskiptum við fullorðna. Maður hefur mestar áhyggjur af því — ég hef ekki áhyggjur af því að skólafólk sinni ekki uppeldishlutverki sínu vel — að börnin sökkvi sér í annan heim sem á sinn þátt í að móta gildismat barnanna að sumu leyti, þar sem þau hafa frjálsan aðgang að neti og öðrum hugarheimi.

Ég lít svo á að frumvarpið sem hér er flutt sé átak til að koma á og stuðla að heilbrigðri æskulýðsstarfsemi, þ.e. átak gegn því umhverfi sem að sumu leyti er mjög spennandi og æskilegt en hefur skuggahliðar. Með þessu yrði efnt til átaks í því að börn alist upp í því sem kalla mætti heilbrigt umhverfi, þar sem þau njóta samvista, hvert við annað, í leik og starfi undir leiðsögn „sérfræðinga“ á því sviði, þ.e. fólks með menntun á þessu sviði eins og áhersla er lögð á í frumvarpinu. Því ber að fagna að slíkt frumvarp hafi verið lagt fram og ég túlka það sem átak í heilbrigðri æskulýðsstarfsemi. Hvað er betra nokkurri þjóð en heilbrigð æska?

Augljóslega liggur mikil vinna að baki þessu frumvarpi. Þá ágætu vinnu ber að þakka. Með málinu er í raun mörkuð stefna, eru lagðar línur fyrir samfélagið að vinna eftir, ekki sem boðvald heldur sem leiðbeiningar. Gert er ráð fyrir því að margir komi að, samfélagið allt, hið opinbera, heimilin, skólarnir og hin einstöku frjálsu félög sem sinna tómstundum barna og unglinga. Frumvarpið markar stefnu í þeim málum.

Að sumu leyti má segja að þessi mál hafi verið nokkuð laus í reipunum. Margir hafa verið að sinna þessum þætti nokkuð ómarkvisst. Því miður hafa komið upp tilvik þar sem óæskilegir aðilar hafa smeygt sér inn á þennan vettvang, þar sem börn og unglingar eru. Það er afar mikilvægt að vernda saklaus börn gegn slíkum aðilum en jafnframt er mikilvægt að utan um hópa í æskulýðsstarfi haldi fólk með þekkingu, menntun og reynslu til að beina þeim inn á þær brautir. Það er augljóslega markmið frumvarpsins og því ber að fagna.

Þá er ánægjulegt að sjá minnst á Æskulýðssjóðinn og með hvaða hætti hið opinbera ætlar að leggja sitt af mörkum til þess að efla heilbrigða æskulýðsstarfsemi. Ég vil ekki gera minna úr rannsóknarþættinum. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hve mikilvægt er að stunda rannsóknir á öllum sviðum til að hægt sé að bæta, breyta og ná fram betri árangri.

Ég tek líka undir þau sjónarmið sem viðruð eru í frumvarpinu og ég nefndi áðan, um að leggja áherslu á menntun og þjálfun þeirra sem gefa sig í þetta gífurlega mikilvæga starf, að vinna með æsku landsins að heilbrigðri uppbyggingu. Ég tel að með þessari stefnumörkun, þessu átaki sé lagt til atlögu inn á mjög heilbrigðar brautir með það að markmiði að efla sjálfstæða einstaklinga í heilbrigðu umhverfi, með það að markmiði að gildismat barna okkar verði heilbrigt og þar muni hinir eldri miðla af reynslu sinni.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að segja fleira. Ég árétta að ég fagna því að frumvarpið skuli komið fram. Ég vona og býst ekki við öðru, en það fái hraða og góða meðferð í menntamálanefnd.

Að lokum vildi ég varpa fram hugmynd í umræðuna, sem er reyndar ekki mín heldur frá ágætu fólki sem hefur kynnt sér málið. Við þekkjum að foreldrar vilja gjarnan að börn þeirra taki þátt í ýmsu tómstundastarfi, í íþróttahreyfingunni, í tónlistarskólum og ýmsu öðru sem kalla má

æskulýðsstarf. Því fylgir gjarnan mikill kostnaður. Öll þekkjum við dæmi þess að það hafi háð efnahag sumra heimila, kannski of margra, að geta ekki leyft börnum sínum að taka þátt í slíkri starfsemi vegna kostnaðar. Í nokkrum löndum, bæði í nokkrum fylkjum Kanada og Bandaríkjanna, og örugglega í einhverjum löndum Evrópu þótt ég viti ekki dæmi þess, hefur sú leið verið farin að opna fyrir þann möguleika að foreldrar geti lagt fram nótur og fengið skattafslátt gegn því að börn þeirra hafi tekið þátt í slíkri viðurkenndri starfsemi.

Þetta er að sjálfsögðu vandmeðfarið. Það þarf að skilgreina hvað átt er við með heilbrigðri starfsemi, hvernig eigi að leyfa slíkt og hvernig skuli útfæra þetta. Samhliða er gert ráð fyrir því að foreldrar leggi fram með skattframtali sínu viðurkenndar nótur fyrir kostnaði sem þeir hafa lagt í slíkt.

Ég tel vert að skoða þessa leið þótt það heyri að sjálfsögðu ekki undir þetta frumvarp. En í umræðum um það og vinnslu menntamálanefndar væri a.m.k. einnar messu virði að skoða þá aðferð. Með henni mundi samfélagið, hið opinbera, beinlínis fjárfesta í heilbrigðri æskulýðsstarfsemi, gæfi heimilum kost á að vera með í leiknum, ef svo má að orði kveða, en þurfi ekki að láta fjárhaginn stjórna því alfarið. Þetta finnst mér skynsamleg leið vegna þess að hún hefur beina skírskotun til barna. Hún hvetur til þess að foreldrar sendi börn sín í heilbrigða og uppbyggjandi æskulýðsstarfsemi. Það er að sjálfsögðu góð fjárfesting, langtímafjárfesting fyrir samfélagið allt. Af þessu yrðu ekki eru bein fjárútlát ríkisins heldur afsláttur af sköttum sem væri athyglisverð stefnumörkun.

Frú forseti, ekki meira um það. Ég árétta að ég tel frumvarpið vel undirbúið og trúi að það muni fá skjóta afgreiðslu menntamálanefndar.

[18:44]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að frumvarp til æskulýðslaga skuli vera komið til 1. umr. í dag. Eins og kom fram hjá hæstv. menntamálaráðherra í ræðu hans hef ég á undanförnum árum verið ráðuneytinu innan handar við að skoða þennan málaflokk og átti þátt í að undirbúa þetta frumvarp, m.a. sem formaður nefndar sem gerði úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi og síðan formaður nefndar sem fékk það hlutverk að gera drög að því frumvarpi sem nú er hingað komið fram á hinu háa Alþingi.

Núgildandi æskulýðslög eru frá árinu 1970 og eru því um 36 ára gömul. Megintilgangur núgildandi laga er að setja reglur um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi. Jafnframt kveða þau á um skipulag æskulýðsmála. Mikil þróun hefur átt sér stað í þessum málaflokki frá þeim tíma sem lögin voru sett og var tímabært að endurskoða þau. Á undanförnum áratugum hafa nokkrar tilraunir verið gerðar til að endurskoða þessi lög en það er fyrst nú sem slíkt frumvarp er lagt fram á hinu háa Alþingi.

Aðkomu mína að þessu frumvarpi má fyrst rekja til haustsins 2002 er þáverandi hæstv. menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, skipaði mig sem formann nefndar sem fékk það hlutverk að gera úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi. Í nefndinni sátu auk mín frammámenn og forustufólk í æskulýðsstarfi í landinu. Það voru Eiríkur Björgvinsson, áður íþrótta- og tómstundafulltrúi á Akureyri og nú bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, Helga Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari og varaformaður Ungmennasambands Íslands, Karl Frímannsson, skólastjóri Hrafnagilsskóla, Margrét Tómasdóttir, núverandi skátahöfðingi, dr. Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands og Vanda Sigurgeirsdóttir, nú lektor í tómstundafræðum við Kennaraháskóla Íslands. Starfsmaður nefndarinnar var dr. Jón Gunnar Bernburg félagsfræðingur. Einnig starfaði Erlendur Kristjánsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, með nefndinni. Ég vil þakka þessu ágæta fólki ánægjulegt samstarf í þeirri nefnd sem ég var nú að greina frá.

Nefndinni var m.a. falið að skoða hvernig efla mætti þátttöku ungs fólks í félags- og tómstundastarfi. Hvernig efla mætti menntun og þjálfun leiðbeinenda og félagsforustufólks og skoða leiðir til að auka hina óformlegu menntun í félags- og tómstundastarfi og tengja hana skólakerfinu og atvinnulífinu. Að lokum var nefndinni falið að koma með tillögur um hvernig mögulegt væri að efla æskulýðsrannsóknir hér á landi og gera tillögur um þau atriði sem koma ættu til skoðunar við endurskoðun á æskulýðslögum.

Nefndin setti sér að hafa sem best samráð við alla aðila sem koma að félags- og tómstundamálum ungs fólks og fá sem besta yfirsýn yfir málaflokkinn. Í því skyni hitti nefndin yfir 40 aðila, svo sem frá skátum, ungmennafélögum, ungliðahreyfingum stjórnmálaflokka, æskulýðsstarfi kirkjudeilda, Rauða krossinum, ungliðadeild Samtaka fatlaðra, Samtökum ungmennaskipta, Samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi, auk aðila frá sveitarfélögum, Samtökum atvinnulífsins og Æskulýðsráði ríkisins svo fátt eitt sé nefnt.

Ég dreg þetta fram til að leggja áherslu á að niðurstaða nefndarinnar var kynnt víða og hefur hún notið víðtæks stuðnings þessara samtaka. Ég hef jafnframt rökstuddan grun um, og reyndar nokkra vissu, að mörg þeirra hafi byggt á skýrslunni við mótun framtíðarsýnar og eigin starfs enda áttu þau hlutdeild í niðurstöðu hennar. Í skýrslu nefndarinnar segir m.a. eftirfarandi um gildi æskulýðsstarfs, með leyfi forseta:

„Þátttaka ungs fólks í æskulýðsstarfi er einn af hornsteinum uppbyggilegrar þátttöku þeirra í samfélaginu. Fyrst má nefna uppeldislegt gildi félags- og tómstundastarfs en þátttaka í starfi af þessu tagi kennir ungu fólki að vinna saman og taka ákvarðanir í samstarfi við aðra. Í félags- og tómstundastarfsemi fer jafnframt fram þjálfun í framkomu á fjöldavettvangi og í tjáningu skoðana sem er einstaklingnum gott veganesi í lífi og starfi. Að sama skapi má segja að áhersla félags- og tómstundasamtaka á sjálfboðavinnu kenni ungu fólki ósérhlífni í þágu hópsins. Skipulagt félagsstarf eykur mannauð ungs fólks og virðist einu gilda um hvað starfið snýst.

Í öðru lagi hefur félags- og tómstundastarf forvarnagildi. Á undanförnum árum hafa vandamál meðal ungmenna vakið fólk til umhugsunar um þær áhættur sem fylgja unglingsárunum í opnu nútímasamfélagi. Ofbeldi, einelti, sjálfsvíg og ofneysla vímugjafa er meðal þeirra vandamál sem iðulega ber á góma í þessu sambandi. Niðurstöður félagsfræði-

legra rannsókna, bæði innlendra og erlendra, benda til þess að ein vænleg leið til að stemma stigu við fráviksheðun ungs fólks sé að efla þátttöku þess í félags- og tómstundastarfi. Rannsóknir benda til að skipulagt félagsstarf skapi aukna festu í lífi ungmenna og umgjörð utan um jafningjasamskiptin og jafningjamenninguna. Ungt fólk sem tekur þátt í markmiðsbundnu félagsstarfi er líklegra til að líta á sjálft sig sem ábyrga þátttakendur í samfélaginu. Þá gefa rannsóknir sterka vísbendingu um að ungt fólk sem tekur þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi hafi minni tíma og tækifæri til að falla fyrir áhættusömum freistingum."

Við Íslendingar höfum verið afar gæfusamir að fyrir liggja margar og öflugar æskulýðsrannsóknir sem frjáls félagasamtök og sveitarfélög hafa getað litið til við skipulagningu og stefnumótun í æskulýðsstarfi. Margir vísindamenn hafa lagt hönd á plóginn en ég tel þó að rannsóknir sem gerðar hafa verið að tilhlutan menntamálaráðuneytisins frá árinu 1992, undir heitinu „Ungt fólk" séu einna þekktastar og viðamestar. Þessar rannsóknir þykja einstakar, enda hafa þær náð til allra grunnskóla- og framhaldsskólanema í tilteknum árgöngum sem auka gildi þeirra. Vekja þær athygli langt út fyrir landsteinana.

Virðulegi forseti. Umfang æskulýðsstarfs í landinu er verulegt. Í skýrslunni kemur fram að íslenskar rannsóknir bendi til að um 64% nemenda í 9.–10. bekk teljist vera virkir þátttakendur í skipulegu félags- og tómstundastarfi af einhverjum toga og talan fer upp í 75% þegar listnám er tekið með í myndina. Jafnframt eru um 46% framhaldsskólanema í slíku starfi og þegar listnámi er bætt á listann, þ.e. tónlist, leiklist og myndlistarnám, er hlutfallið um 60%. Þessar tölur hafa ekki farið hátt en benda til mikilvægis þess starfs sem fram fer í landinu til stuðnings ungu fólki til aukins þroska.

Æskulýðsstarf fer fram á vegum frjálsra félagasamtaka, kirkjudeilda og sveitarfélaga. Æskulýðsstarf á vegum frjálsra félagasamtaka byggist fyrst og fremst á eigin fjármögnun og sjálfboðastarfi. Þau njóta ákveðins fjárhagslegs stuðnings stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, og hefur slíkur stuðningur farið vaxandi í seinni tíð. Þegar bornir eru saman ársreikningar frjálsra félagasamtaka og stuðningur ríkisins til þeirra má gróflega áætla að stuðningur ríkisins sé um 10% af heildarkostnaði. Þannig hefur hver króna sem ríkið leggur til slíkrar starfsemi tífaldast. Þetta er eðli sjálfboðasamtaka og hefur gildi í sjálfu sér en gerir jafnframt kröfur til stjórnvalda að hlúa að slíkri starfsemi. Það er þjóðhagslega hagkvæmt, hvort heldur litið er til fjárhagslegra eða félagslegra þátta, beinna eða óbeinna áhrifa af slíku starfi á samfélagið allt. Það þarf ekki að hafa mörg orð um mikilvægi skátastarfs, skákstarfs, kristilegs starfs og stjórnmálalegra starfa æskufólks á þroska þeirra og eflingu á möguleikum þeirra á virkri þátttöku í samfélaginu eins og ég kom að hér á undan.

Í skýrslu nefndarinnar um úttekt á stöðu félags- og tómstundamála á Íslandi er bent á að stuðningur stjórnvalda við frjáls félagasamtök er ómarkviss og tilviljanakenndur. Öruggur stuðningur stjórnvalda við frjáls félagasamtök skapar festu í starfsemi þeirra, m.a. varðandi langtímaskipulagningu á starfseminni. Í ljósi þess að launaður starfsmaður er oft grundvöllur árangursríks sjálfboðastarfs og að mikill tími og orka fer í fjáröflun er mikilvægt að treysta ákveðinn fjárhagslegan grundvöll slíkra samtaka. Þar getur öruggur, opinber stuðningur munað öllu. Framlag ríkisins til æskulýðsmála í fjárlögum ársins 2005 var um 130 millj. kr. og var þeim varið til stuðnings Landssamtaka æskulýðsfélaga og verkefna á sviði félags- og æskulýðsmála. Á árinu 2001 voru framlög sveitarfélaga til félags- og tómstundastarfs utan íþróttastarfs um 1 milljarður kr. en stórum hluta þess var varið til æskulýðsstarfs á vegum sveitarfélaga sem er haldið uppi af launuðum starfsmönnum. Með hliðsjón af þeirri þumalputtareglu að hver króna sem opinberir aðilar leggja til sjálfboðasamtaka a.m.k. tífaldist í meðförum þeirra, má leiða líkur að því að fjárhagslegt umfang frjálsra félagasamtaka og sveitarfélaga til æskulýðsstarfs sé álíka mikið á ári hverju, eða um 1 milljarður á ári hjá hvorum um sig. Þá er ekki metið til fjár ólaunað sjálfboðastarf á vegum frjálsra félagasamtaka. Því er ekki ofsögum sagt að opinbert fjármagn til frjálsra félagasamtaka margfaldist í meðförum þeirra.

Mörg sveitarfélög leggja mikið fjármagn í skipulegt félags- og tómstundastarf sem er borið uppi af launuðum starfsmönnum þeirra. Mörgum sveitarstjórnarmönnum er ljóst að virkt æskulýðsstarf skiptir íbúana máli og getur ráðið miklu varðandi val fólks á búsetu. Þau sjónarmið komu fram hjá mörgum forustumönnum æskulýðssamtaka að starfsemi sveitarfélaga þrengi að vissu marki að starfssemi frjálsra félagasamtaka, enda eru þau í samkeppni um að fá ungmenni til liðs við sig. Sömu aðilar lögðu ríka áherslu á aukið samstarf sveitarfélaga og frjálsra félagasamtaka að æskulýðsmálum, t.d. með þeim hætti að sveitarfélög geri þjónustusamninga við þau um að halda uppi tiltekinni starfsemi. Með því móti hefðu sveitarfélög jafnframt möguleika á að nýta fjármagn til málaflokksins mun betur.

Virðulegi forseti. Haustið 2003 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd sem fékk það hlutverk að til að semja drög að nýrri löggjöf um æskulýðsmál. Ég var formaður þeirrar nefndar en auk mín áttu sæti í henni Erlendur Kristjánsson deildarstjóri, Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri, Stefán E. Bjarkason, framkvæmdastjóri menningar-, íþrótta- og tómstundasviðs Reykjanesbæjar, og Ólafur Jóhannsson sóknarprestur, en hann er jafnframt formaður KFUM og KFUK og formaður Prestafélags Íslands.

Það frumvarp til æskulýðslaga sem nú er til umfjöllunar er sett fram með allt öðrum hætti en núgildandi lög, sem sést einna helst með því að bera saman tilgang núgildandi æskulýðslaga við megintilgang þess frumvarps til æskulýðslaga sem við fjöllum um nú. Tilgangur núgildandi laga er eins og áður sagði að kveða á um opinberan stuðning til málaflokksins. Megintilgangur frumvarpsins er hins vegar að skapa umhverfi til að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Æskulýðsstarf er skilgreint og kveðið er á um þann ramma sem slíku starfi skuli sett. Segja má að meginhugsun æskulýðsfrumvarpsins byggi á þremur meginstoðum:

Í fyrsta lagi að æskulýðsstarf hafi það að markmiði að byggja upp mannauð og lýðræðisvitund þátttakenda, enda miðar það að því að slíkt starf hafi félagslegt gildi, forvarnagildi og uppeldis- og menntunarlegt gildi. Þannig er lögð áhersla á að þetta starf sé skipulagt.

Í öðru lagi að velferð barna og ungmenna skuli höfð að leiðarljósi í öllu æskulýðsstarfi.

Í þriðja lagi að börn og ungmenni skuli hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku.

Nefndin sem samdi frumvarpið var mjög meðvituð um að gæta þarf sérstaklega að velferð barna og ungmenna sem eru í starfi utan heimilis án forráðamanna, m.a. þegar þau eru að heiman næturlangt. Þannig ræddi nefndin ítarlega um ábyrgð skipuleggjenda æskulýðsstarfs til að vernda börn og ungmenni gagnvart aðstæðum sem þau ráða ekki við, eins og t.d. kynferðislegri áreitni og einelti og að dreifiaðilar ávana- og fíkniefna komist ekki að börnum og ungmennum til að halda að þeim vímuefnum. Í ljósi þess lagði nefndin til að í 10. gr. frumvarpsins yrðu settar fram kröfur til aðila sem eru með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi. Þannig eru samkvæmt frumvarpinu gerðar kröfur um þjálfun, menntun, þekkingu og reynslu þeirra sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi. Ekki þótti þó við hæfi að setja fram tiltekin menntunarskilyrði en vísað er til ábyrgðaraðila slíks starfs að setja lágmarksskilyrði og sjá til þess að þau séu uppfyllt. Þannig er ekki heimilt að gera aðila ábyrgan fyrir hópi barna eða ungmenna í æskulýðsstarfi nema hann sé metinn hæfur til þess af skipulagsaðila og treyst til að takast á við vanda sem kynni að koma upp í slíku starfi.

Þá er í frumvarpinu ákvæði þess efnis að þeir sem eru með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi eða í ferðum því tengt, skuli óheimilt að neyta áfengis og annarra vímuefna. Er þetta ákvæði sett inn að gefnu tilefni.

Þá er mikilvægt að nefna að í 3. mgr. 10. gr. er ákvæði þess efnis að óheimilt sé að ráða til starfa með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot og vegna brota á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni. Fyrra atriðið hefur hliðstæðu í 36. gr. barnaverndarlaga sem kveður á um að óheimilt sé að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum, heimilum eða stofnunum samkvæmt þeim lögum, aðila sem fengið hafa dóm vegna kynferðisafbrota. Varla er þörf á að rökstyðja mikilvægi þessa ákvæðis í ljósi umræðu síðustu missira um barnaníðinga sem sækjast eftir að starfa með börnum í skipulegu æskulýðsstarfi. Seinni liðurinn, um að óheimilt sé að ráða þá sem hafa fengið dóm vegna ávana- og fíkniefnabrota, kemur til af því að þeir sem standa fyrir æskulýðsstarfi tjáðu nefndinni að borið hefði á að slíkir aðilar sækist eftir að komast í tengsl við börn og ungmenni gegnum skipulagt æskulýðsstarf til að dreifa slíkum efnum. Hér verður að hafa velferð barna að leiðarljósi og þau verða að fá að njóta vafans í þessum efnum.

Sú áhersla að börn og ungmenni skuli hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku á sér m.a. stað í 11. gr. frumvarpsins, um að sveitarstjórnir skuli hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Slík ráð hafa rutt sér rúms meðal framsækinna sveitarfélaga. Hér er ekki vegið að sjálfsforræði sveitarfélaga en í ljósi mikils æskulýðsstarfs á vegum þeirra var talið mikilvægt að lögin settu ákveðinn ramma utan um slíka starfsemi. Náið samráð var haft við forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga um útfærslu á þessari grein frumvarpsins.

Virðulegi forseti. Önnur nýmæli í frumvarpinu varða æskulýðssjóð, en nefndin sem gerði úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks gerði það að tillögu sinni að slíkur sjóður yrði stofnaður. Núverandi hæstv. menntamálaráðherra setti slíkan sjóð á laggirnar með reglugerð en með þessu frumvarpi er lagt til að hann fái lagastoð. Þessi sjóður hefur þegar sannað gildi sitt með að styðja mikilvæg verkefni á vegum æskulýðssamtaka. Þá er kveðið á um í 12. gr. frumvarpsins að menntamálaráðherra stuðli að því að fram fari reglubundnar æskulýðsrannsóknir sem lagðar verði til grundvallar stefnumótun í æskulýðsmálum. Þetta atriði er mjög mikilvægt og er ábyrgðin nú færð í hendur menntamálaráðherra en var áður í höndum æskulýðsráðs. Öðrum atriðum frumvarpsins hefur hæstv. menntamálaráðherra gert ágæt skil. Ég hef orðið vör við mikla eftirvæntingu og ánægju hjá æskulýðssamtökum með að þetta frumvarp skuli vera komið til umræðu í hinu háa Alþingi. Það sást m.a. í pósti frá Samtökum félagsmiðstöðva, Samfés, sem barst til þingmanna nú í vikunni. Sjálf fagna ég því sérstaklega að það skuli vera komið fram og ég vona að það fái skjóta afgreiðslu fyrir vorið.

[19:01]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Eins og allir vita er starfsemi æskulýðsfélaga á Íslandi öflug og því löngu tímabært að endurskoða lög um æskulýðsmál frá árinu 1970. Eins og komið hefur fram byggist endurskoðun laganna á tillögum sem nefnd skilaði af sér í maí 2003 undir heitinu Úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi. Skýrsla þessi rennir stoðum undir þá staðreynd að í landinu er margþætt æskulýðsstarf og að oft tengist það íþróttastarfi. Ungmennafélögin sinntu stórum hluta starfsins og gera að sjálfsögðu enn en frá því að Æskulýðsráð Reykjavíkur var stofnað árið 1956 má segja að félagsmiðstöðvar hafi tekið yfir stóran hluta af félagsstarfinu í þéttbýli. Félagsmiðstöðvar á Íslandi eru orðnar um 90 og í desember urðu samtök þeirra, Samfés, 20 ára. Sökum stærðarinnar og hinnar miklu ábyrgðar sem þessi samtök hafa í lífi ungs fólks er nauðsynlegt að hlusta á rödd þeirra. Ég geri ráð fyrir að þau verði höfð til samráðs í framtíðinni og eigi jafnframt sæti í Æskulýðsráði, sem getið er um í 5. gr. lagafrumvarpsins.

Okkur þingmönnum hefur borist bréf frá Samfés vegna þessa lagafrumvarps. Ég vil fá að lesa aðeins upp úr því. Þar segir m.a. að samtökin gleðjist við yfir því að endurskoðun þessara gömlu laga sé loksins komin á dagskrá. Þar segir einnig, með leyfi forseta:

„Eins þykir okkur mikilvægt að rödd þeirra sem starfa að æskulýðsmálum fái að heyrast í tengslum við endurskoðun laganna og tekið verði mið af þeim athugasemdum sem fram kunna að koma."

Í ályktun sem samþykkt var á 20 ára afmæli samtakanna 9. desember í fyrra segir, með leyfi forseta:

„Þátttakendur á málfundi Samfés um frítíma árið 2025 vilja leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Að lög um æskulýðsmál, nr. 24/1970, verði tekin til gagngerrar endurskoðunar í samstarfi við fagfólk á sviði frítímans og skapaður verði lagarammi sem styður við faglegt frítímastarf á Íslandi.

2. Að sveitarstjórnarmenn setji málefni frítímans i öndvegi í sveitarstjórnarkosningunum 2006.

3. Fjárhagslegur stuðningur hins opinbera við æskulýðs- og frítímastarf verði aukinn.

4. Fagmennska og menntun á sviði frítímans hljóti þá viðurkenningu sem hún á skilið, bæði hvað varðar fagkröfur, í starfi sveitarfélaga sem og í kjaramálum."

Ég held að við hljótum að vera þessari ályktun sammála í öllum tilfellum. Ég á ekki von á öðru en að leitað verði til þessara samtaka varðandi meðhöndlun frumvarpsins í menntamálanefnd.

Varðandi æskulýðsstarfið vil ég minna á nokkra aðila sem mega alls ekki gleymast í umræðunni sem ástæða er til að óska eftir að nefndin hafi fullt samráð við. Það er t.d. ungmennadeild Blindrafélagsins, ungliðastarf fatlaðra, Ný-Ung, ungliðahreyfing Sjálfsbjargar og Puttalingar, ungliðadeild Félags heyrnarlausra. Þetta eru félög sem ekki má gleyma og skal þar hafa í heiðri kjörorð öryrkja: „Ekkert um okkur án okkar".

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hafa rannsóknir ítrekað sýnt fram á að þátttaka ungs fólks í æskulýðsstarfi hefur mikið forvarnar- og uppeldislegt gildi. Þátttaka í íþrótta- og æskulýðsstarfi minnkar t.d. líkur á vanlíðan ungmenna og minnkar auk þess líkur á vímuefnaneyslu og andfélagslegri hegðun, eins og komið hefur fram. Því minna sem ungmenni taka þátt í starfi íþrótta- og æskulýðsfélaga, því meiri líkur eru á einelti, neyslu vímuefna, vanlíðan og jafnvel sjálfsvígum. Meðal annars þess vegna, frú forseti, er rétt að árétta að við höfum þýðingarmikið mál í höndunum, sérstaklega eins og þjóðfélagið er í dag, í þessum mikla hraða. Sótt er að unglingum úr öllum áttum, svo ekki sé talað um þá staðreynd að ungmenni eru, eins og oft hefur komið fram, farin að fitna vegna hreyfingarleysis.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ríkissjóður leggi starfsemi landssamtaka æskulýðsfélaga til fé eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum. Fjármálaráðuneytið telur að tillagan feli ekki í sér skuldbindingar um fjárveitingar og hafi því ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs."

Er það rétt mat hjá ráðuneytinu, að þessi nýju lög muni ekki á neinn hátt hækka útgjöld ríkissjóðs? Ég hélt að 3. gr., 6. gr. og jafnvel 7. gr. mundu leiða af sér aukin útgjöld, krefðust aukins fjárhagsstuðnings til æskulýðsfélaga frá ríkisvaldinu. Sé svo ekki gæti það verið ákveðinn mínus fyrir þetta frumvarp. Jafnframt tel ég að í 3. og 11. gr. sé opnað fyrir möguleika til að sveitarfélög veiti æskulýðsfélögum meiri stuðning og hærri fjárveitingar en hingað til.

Í athugasemdum með frumvarpinu og í umræðunni í dag hefur starfsemi æskulýðsfélaga verið lofuð. Það er vel en við verðum að átta okkur á því að sjálfboðaliðunum fer fækkandi. Á móti kemur að kröfur hafa aukist, m.a. um menntun, kröfur til leiðbeinenda og þjálfara. Sem betur fer er meiri menntun í boði en áður. Því fylgir hins vegar aukinn kostnaður og auknar kröfur á æskulýðsfélögin leiða oft til þess að þau verða að ráða sér sérstaka starfsmenn. Því fylgja að sjálfsögðu útgjöld en sem betur fer verður starf þeirra yfirleitt betra. Ég tel að í þessu sambandi þurfi menntamálanefnd að skoða sérstaklega 3. gr., 6. gr. og 11. gr. og huga að því hvort aukið fjármagn þarf til æskulýðsfélaga.

Oft er vitnað í tölur um styrki, annars vegar frá ríki og hins vegar frá sveitarfélögum. En þær eru því miður oft villandi. Það ber að taka skýrt fram að húsnæði sem æskulýðs- og íþróttafélög fá frá hendi sveitarfélaga að láni er yfirleitt alltaf reiknað sem útgjöld hjá sveitarfélaginu. Þar getur verið um mjög háar tölur að ræða. Í athugasemdum með frumvarpinu varðandi skýrsluna er hv. þm. Ásta Möller las upp úr áðan segir í athugasemdum með frumvarpinu:

„Í skýrslunni kemur fram að framlög sveitarfélaga til æskulýðs- og íþróttamála voru um 6 milljarðar kr. árið 2001."

Jafnframt segir:

„Í þessum tölum er um að ræða heildarkostnað bæði til bygginga mannvirkja, reksturs þeirra og innra starfs hjá sveitarfélögunum."

Þessar tölur eru villandi. Yfirleitt lána sveitarfélögin íþrótta- og æskulýðsfélögum húsnæði en reikna leigukostnað á móti og gefa upp sem styrk til íþrótta- og æskulýðsstarfs. Ég set spurningarmerki við það.

Varðandi æskulýðsmál og stuðning frá ríkisvaldinu er í fjárlagafrumvarpinu 2006 einungis reiknað með 162 millj. til þess. Maður veltir oft fyrir sér þegar maður fer í gegnum fjárlögin hver forgangsröðin er, kannski sérstaklega hjá menntamálaráðuneytinu. Mig langar aðeins varðandi það dæmi að nefna að Íslenska óperan er á árinu 2006 með 175 millj. kr., Íslenska óperan ein. Áætlað er að hún fái meiri fjárveitingu en öll æskulýðsmál á vegum ríkisvaldsins. Þarna finnst mér skjóta skökku við. Það væri hægt að tína fleiri dæmi en ég vildi fá að treysta á að með endurskoðuðum æskulýðslögum komi aukið fé til æskulýðsfélaga.

Í umræddri skýrslu segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Félags- og tómstundasamtök afla fjármagns með ýmsum hætti. Stuðningur frá sveitarfélögum og ríki er mikilvægur þáttur í fjármögnun flestra félags- og tómstundasamtaka, þótt slíkur stuðningur sé yfirleitt aðeins hluti af fjármögnun starfseminnar. Ársreikningar félags- og tómstundasamtaka hérlendis sýna að hlutur ríkis og sveitarfélaga í fjármögnun samtaka er þó afar misjafn, allt frá því að vera enginn upp í nokkra tugi prósenta af árlegu rekstrarfé viðkomandi samtaka."

Þetta hef ég bent á að ræða þurfi um. Ég vænti þess að ný lög, þar sem m.a. er talað um sveitarfélögin verði til þess að þau endurskoði allan sinn stuðning, hvort sem er í gegnum æskulýðsnefndir eða íþrótta- og tómstundanefndir, í formi húsnæðis, afnota af húsnæði eða beinna styrkja. Félögin eru í raun og veru þjónustustofnanir ef svo má að orði komast. Æskulýðsfélögin veita íbúum sveitarfélaga þjónustu um allt land með því að halda utan um frístundatíma ungs fólks, frístundatíma sem það hefur vissulega gott af. Félögin eru með ýmiss konar starfsemi sem veitir unglingunum hreinlega betra líf, betri líðan o.s.frv. Jafnframt segir í skýrslunni:

„Því er oft haldið fram að stuðningur frá hinu opinbera margfaldist að verðgildi í hugsjónastarfi félags- og tómstundasamtaka."

Frú forseti. Frumvarpi um æskulýðslög, til endurnýjunar á æskulýðslögum, ber að fagna. Lögin munu að mínu mati

bæta starfið, m.a. vegna aukinna krafna, utanumhalds o.s.frv. En auknar kröfur leiða til aukins kostnaðar. Ég held að við getum ekki lengur treyst á að leggja það á sjálfboðaliða. Þess vegna ítreka ég nauðsyn þess að bæði ríki og sveitarfélög endurskoði afstöðu sína til fjárhagsstyrkja til æskulýðsfélaga á landinu.

[19:13]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fjarveru hæstv. menntamálaráðherra, sem þurfti að fara af þingi vegna annarra starfa, langar mig að svara í nokkrum orðum því sem fram kom í ræðu hv. þingmanns.

Hv. þingmaður nefndi samráð við félög fatlaðra. Hv. þingmaður nefndi Ný-Ung, ungliðahreyfingu Sjálfsbjargar; Puttalinga og ungmennadeild Blindrafélagsins o.s.frv. Þessir aðilar voru kallaðir á fund nefndarinnar sem gerði úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks og framlag þeirra var afar mikilvægt. Ég á von á að þegar frumvarpið verður sent til umsagnar fái m.a. þeir aðilar sem kallaðir voru til nefndarinnar á sínum tíma frumvarpið til umsagnar. Það er því ljóst að þeir voru með taldir.

Varðandi stuðning við frjáls félagasamtök þá er það rétt, að þau byggjast mikið á sjálfboðastarfi en jafnframt hefur sýnt sig að mikilvægt er að þau fái ákveðna festu fyrir starfsemi sína, t.d. með launuðum starfsmanni. Þar kemur til stuðningur ríkis og sveitarfélaga. Það kom fram í máli mínu áðan að samkvæmt skýrslunni fór á árinu 2001 einn milljarður til félags- og tómstundastarfa á vegum sveitarfélaga fyrir utan íþróttirnar. Hins vegar fóru sex milljarðar inn í þetta starf þegar íþróttastarfið var talið með, þar á meðal til bygginga. Í félags- og tómstundastarf utan íþróttastarfs fer því einn milljarður á vegum sveitarfélaga á árinu 2001 en stór hluti af því fer til eigin starfsemi sveitarfélaga sem má alls ekki misvirða. En ákveðinn hluti fer í að styðja starfsemi frjálsra félagasamtaka í heimabyggð.

Stuðningur ríkisins er hins vegar hugsaður til landssamtaka æskulýðsfélaga.

[19:15]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna þessum upplýsingum frá hv. þm. Ástu Möller og sérstaklega því að haft hafi verið samráð við þau félög sem ég taldi upp og vænti þess einfaldlega að það verði gert áfram.

[19:16]

Útbýting:

Sjóvarnir við Hvaleyri, 497. mál, fsp. JKÓ, þskj. 729.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–7. mál.

Fundi slitið kl. 19:17.

59. FUNDUR

mánudaginn 6. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Háskólar, stjfrv., 433. mál, þskj. 654. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Grunnskólar, stjfrv., 447. mál, þskj. 671. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Æskulýðslög, stjfrv., 434. mál, þskj. 655. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 448. mál, þskj. 672. — 1. umr.
6. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
7. Útvarpslög o.fl., frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
8. Stjórnarskipunarlög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
9. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
10. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frv., 57. mál, þskj. 57. — 1. umr.
11. Vextir og verðtrygging, frv., 58. mál, þskj. 58. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Valdimar L. Friðriksson, 9. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks Samfylkingarinnar, Margréti Frímannsdóttur, dags. 3. febrúar sl.:

„Þar sem Jón Kr. Óskarsson, varamaður Rannveigar Guðmundsdóttur, 2. þingmanns Suðvesturkjördæmis, getur ekki lengur setið á Alþingi óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, Sandra Franks stjórnmálafræðingur, Bessastaðahreppi, taki sæti á Alþingi í hans stað sem varamaður í veikindaforföllum Rannveigar Guðmundsdóttur."

Kjörbréf Söndru Franks hefur þegar verið rannsakað og samþykkt, en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Sandra Franks, 2. þm. Suðvest., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:03]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Sandra Franks hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[15:03]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Um kl. 3.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um loðnuveiðar. Málshefjandi er hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson. Hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Afturköllun þingmáls.

[15:03]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill tilkynna að fyrirspurn um rekstrarskilyrði íslenskra kaupskipaútgerða, mál 439 á þskj. 660, er kölluð aftur.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Uppbygging álvera í framtíðinni.

[15:05]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Að undanförnu hafa skilaboð í fjölmiðlum frá ráðherrum og öðrum ráðamönnum verið nokkuð misvísandi hvað varðar uppbyggingu álvera á komandi árum og má segja að þar reki sig hvað á annars horn. Ég vil rifja upp í því sambandi að fyrir tæpum tveimur árum sagði Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, á alþjóðlegri ál- og orkuráðstefnu að rými væri fyrir eitt nýtt álver hér á landi á næsta áratug og þegar heildarframleiðsla á áli næði 1 millj. tonna á ári værum við komin að ákveðnum mörkum. Þetta sama sagði hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir í útvarpsfréttum í júní, að milljón tonn væri hámarkið.

Skyndilega dúkka hins vegar upp hugmyndir um stækkun í Straumsvík og tvö ný álver. Þá var það sem hæstv. umhverfisráðherra sagði að menn væru komnir fram úr sér í þessari umræðu og ef af stækkun yrði í Straumsvík væri ekki pláss fyrir fleiri álver.

Fyrir norðan var hæstv. iðnaðarráðherra að kynna hugmyndir um álversuppbyggingu á Norðurlandi og sagði þar að álver á Norðurlandi væri óháð því sem gerðist fyrir sunnan. Þó að af stækkun yrði í Straumsvík og byggingu í

Helguvík kæmi það ekki í veg fyrir álver fyrir norðan og Norðlendingar hefðu aldrei verið eins nærri því að fá álver, eins og hún orðaði það. Þegar hún var spurð út í ummæli hæstv. umhverfisráðherra í þessu máli sagði hún, og ég held að ég hafi það orðrétt eftir henni, við viðmælanda, þann sem spurði: Treystu á mig, takið ekki mark á umhverfisráðherra.

Nú spyr ég: Á hverjum á að taka mark í þessu máli? Eftir höfðinu dansa limirnir, og því spyr ég hæstv. forsætisráðherra: Telur hann að það sé pláss fyrir stækkun í Straumsvík og nýtt álver fyrir norðan innan Kyoto-bókunarinnar og telur hann að það sé pláss fyrir allar þessar framkvæmdir fyrir árið 2012, innan ramma þeirra hagstjórnarmarkmiða sem menn hafa sett sér, m.a. um stöðugleika?

[15:06]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það liggur fyrir og hefur gert lengi að það er áhugi hjá fyrirtækinu Alcan að stækka álverið í Straumsvík. Nú hefur verið farið fram á samningaviðræður um orkuverð vegna þeirrar framkvæmdar. Annað liggur ekki fyrir.

Það liggur líka fyrir að Alcoa hefur áhuga fyrir að reisa álver á Norðurlandi og er að leita eftir samningum um það. Það liggur enn fremur fyrir að fyrirtækið Century hefur áhuga fyrir að reisa álver í Helguvík.

Mér finnst af hinu góða að slíkur áhugi sé fyrir hendi og mér finnst það af hinu góða að það sé áhugi í viðkomandi byggðum á að auka atvinnu á því svæði. Síðan verður að koma í ljós hvort samningar takast. Það er að mínu mati ljóst að það ræðst ekki síst af því hvort hægt verði að skaffa rafmagn til þessara fyrirtækja. Það liggur alveg ljóst fyrir að það mun taka alllangan tíma.

Þegar þetta liggur síðan ljósar fyrir þarf að raða því upp og sjá hvernig það rúmast í efnahagslífi okkar. Ég tel alls ekki tímabært að fullyrða neitt um það.

En mér finnst mjög undarlegt að á Alþingi skuli menn vera svona andvígir því að þessi umræða fari fram, nánast andvígir því að þessi sveitarfélög leiti eftir auknum atvinnutækifærum og vilja ekki gefa mönnum ráðrúm til að fara yfir það. (**Gripið fram í:** Er það hægt?) Það er margt hægt, já, ef vilji er fyrir hendi. Ekki kannski allt en það er margt hægt, en það verður að vera einhver vilji.

Að því er varðar Kyoto-bókunina skal ég koma að því í seinna svari mínu vegna þess að ég hef ekki tíma til þess núna.

[15:09]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég spurði ákveðinnar spurningar og fékk ekki mjög ákveðið svar. Satt að segja var svarið nokkuð loðið, þ.e. ríkisstjórnin ætlar að sjá til þess að viðræður verði uppi við þessa þrjá aðila um byggingu álvers í Helguvík, fyrir norðan og stækkun í Straumsvík. Síðan á að koma í ljós hvort samningar takast.

Ég hlýt hins vegar að líta svo á, virðulegur forseti, þar sem því hefur ekki verið svarað með öðrum hætti að þessar þrjár framkvæmdir rúmist ekki innan Kyoto-bókunarinnar og rúmist ekki innan þeirra hagstjórnarmarkmiða sem við höfum sett okkur, þ.e. eitt af þessum þremur getur gert það en ekki þrjú. Er þá ekki verið að draga þrjú fyrirtæki og þrjú sveitarfélög á asnaeyrum með því að segja þetta ekki skýrt í ræðustól Alþingis, virðulegur forseti?

[15:10]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég man þá tíð þegar við sömdum um Kyoto-bókunina. Þá sagði þáverandi formaður Samfylkingarinnar að sú beiðni yrði hlegin út af borðinu.

Það liggur fyrir að við höfum heimild til að byggja stóriðju sem samsvarar 1.600 þús. tonnum af CO_2. Það ákvæði gildir til 2012. Hvað tekur við eftir 2012 vitum við ekki. Ég hef svarað því mjög skýrt að við hljótum að gera þá kröfu áfram að geta nýtt okkar endurnýjanlegu auðlindir og tekið þátt í því að minnka mengun í heiminum með því að framleiða rafmagn með vistvænum hætti á Íslandi. Það vil ég að sé alveg skýrt.

Ég veit að sjálfsagt telja margir hér inni að einhverjar frekari kröfur af okkar hálfu í þeim efnum verði hlegnar út af borðinu, og kannski vill núverandi formaður Samfylkingarinnar segja það. En sú mun verða krafa núverandi ríkisstjórnar.

[15:11]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég vitna í umhverfisráðherra sem sagði í fréttum að það væri ljóst að ef stækkun í Straumsvík yrði eins og að var stefnt yrðu Íslendingar búnir að fylla í mengunarkvóta sinn í Kyoto-bókuninni og ekki yrði pláss fyrir fleiri álver nema með frekari mengunarkvótum eða stórfelldum samdrætti í mengun á öðrum sviðum.

Nú hef ég skilið hæstv. ráðherra þannig að hann hyggist beita sér fyrir því að Íslendingar fái frekari mengunarkvóta eftir 2012, en fyrir 2012 liggur alveg ljóst fyrir hvað við megum gera. Innan þess kvóta rúmast ekki allar þessar framkvæmdir. Það er því verið að draga þrjú fyrirtæki og þrjú sveitarfélög á asnaeyrum ef þeim er gefið undir fótinn með að fyrir þann tíma nái menn að fara í framkvæmdir í þessum sveitarfélögum. Innan kvótans rúmast annaðhvort stækkun eða eitt álver fram til ársins 2012. Er ekki rétt að segja það þá skýrt og vera ekki að láta menn gæla við þá hugsun að hér geti komið einhverjar framkvæmdir sem hvorki standast þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum gert né heldur þau markmið sem við höfum í hagstjórn?

[15:12]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Þetta er ósköp einfalt. Það liggur alveg ljóst fyrir að aðeins eitt af þessum fyrirtækjum telur líklegt að það geti lokið þessum framkvæmdum fyrir árið 2012. Það er varðandi álverið í Straumsvík ef samningar takast þá um það. Við vitum ekkert um það.

Að því er varðar bæði Alcoa og eftir því sem ég best veit Century líka eru uppi hugmyndir um að það verði síðar. Það hefur verið nefnt árið 2012 í því sambandi en það er hið alfyrsta. Þetta útilokar ekkert hvað annað, þ.e. ef menn hafa þá stefnu að vilja virkja frekar í landinu og nýta íslenskar auðlindar til að geta tekið þátt í því að minnka losun í heiminum. Ég vildi gjarnan heyra frá hv. formanni

Samfylkingarinnar hvort hún telur rétt að við gerum það. Það skiptir að sjálfsögðu miklu máli fyrir þessi fyrirtæki að stór stjórnarandstöðuflokkur eins og Samfylkingin tali skýrt í þeim efnum.

Íslensk leyniþjónusta.

[15:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í fjölmiðlum hefur komið fram að hæstv. dómsmálaráðherra sem, eins og þingheimur þekkir, er annálaður áhugamaður um að komið verði á fót íslenskum her hafi hreyft hugmynd sem hefur yfirbragð þess að ráðherrann vilji einnig að á laggirnar verði sett nokkuð sem kalla mætti íslenska leyniþjónustu. Sjálfur kallar hæstv. ráðherra Björn Bjarnason það greiningardeild hjá embætti ríkislögreglustjóra sem hafi m.a. með landráð að gera.

Nú segir í 5. gr. lögreglulaga að starfrækt skuli lögregluransnóknardeild sem rannsaki landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og aðstoði lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota. Þetta er reyndar fyrirkomulag sem hefur verið gagnrýnt, mönnum hefur þótt skorta á tengsl og aðhald, t.d. frá Alþingi, hvað þetta snertir.

Nú vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmálaráðherra Björns Bjarnasonar hvað raunverulega vaki fyrir honum.

[15:15]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta mál mun koma til umræðu í þinginu þar sem þetta er hluti af frumvarpi til laga um breytingu á lögreglulögum sem ég mun flytja hér og snertir skiptingu landsins í lögregluumdæmi og stofnun sérstakrar rannsóknardeildar við sjö lögregluembætti í landinu, breytingu á lögregluumdæmi á höfuðborgarsvæðinu og einnig á Suðurnesjum. Hér er því um tæknilegt atriði að ræða varðandi deildir sem starfa innan ríkislögreglustjóraembættisins og einnig við lögregluembætti annars staðar ef ákvörðun verður tekin um að stofna slíkar deildir.

Varðandi efnisatriði málsins verður fjallað um það í lögum um meðferð sakamála um heimildir þeirra sem við þessar deildir munu starfa. Ég á von á að frumvarp um það efni, um meðferð sakamála og meðferð opinberra mála verði lagt fram til kynningar á þinginu í vor. Þingið mun því ræða þessi mál öll til hlítar áður en þingi lýkur.

[15:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú er skírskotun í landráð í a.m.k. þremur lagabálkum, þar á meðal í lögum um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjamanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir. Þar er landráð m.a. skilgreint, vísað í skemmdarverk, njósnir og brot á hvers konar lögum er varða leyndarmál íslenska ríkisins eða Bandaríkjamanna eða leyndarmál er varða varnir Íslands eða Bandaríkjanna. Síðan segir annars staðar í þessum lagabálki að stjórnvöld Íslands og Bandaríkjanna skuli gefa hvor öðrum skýrslur um árangur, hvers konar rannsóknir og saksóknar í þeim málum sem eru til umfjöllunar.

Nú vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmálaráðherra: Finnst ráðherranum ekki eðlilegt að efla tengsl og aðhald af hálfu Alþingis Íslendinga? Að Alþingi Íslendinga sitji ekki skör neðar en Bandaríkjaher og bandarísk yfirvöld þegar um þessi alvarlegu mál er að tefla?

[15:17]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þau frumvörp sem ég er að ræða og verða rædd á þingi síðar þegar þau koma fram snerta ekki þann þátt málsins sem hv. þingmaður vakti máls á. Þar er um önnur lög að ræða, en að sjálfsögðu hefur Alþingi aðgang að upplýsingum og kemur að þessum málum og öllum ákvörðunum varðandi þá þætti sem verða til umræðu þegar þau frumvörp verða rædd og þá er hægt að fara nánar út í þau atriði sem hv. þingmaður vék máls á en þau atriði sem hann nefndi sérstaklega í síðustu ræðu sinni snerta ekki það sem ég er að fjalla um hér.

[15:18]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Snertir ekki það sem hæstv. dómsmálaráðherra er að fjalla um. — Ég er að vekja máls á atriðum sem ég tel mjög mikilvægt að Alþingi taki til skoðunar í tengslum við hugsanlegar breytingar á þessu fyrirkomulagi af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég spyr einnig um hegningarlög. Þar er kveðið á um skilgreiningar á landráði m.a. á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Geri maður samband við stjórn erlends ríkis til þess að stofna til fjandsamlegra tiltækja eða ófriðar við íslenska ríkið eða bandamenn þess, ...“ Er ástæða til að taka hegningarlögin að þessu leyti til gagngerðrar endurskoðunar? Menn hafa þá horft á óvini ríkisins. Getur verið að óvinir og hugsanlegir brotamenn í þessum efnum sitji við stjórn ríkisins? Ég er t.d. að vísa í það þegar íslensk stjórnvöld skuldbundu íslensku þjóðina til árása á erlendar þjóðir og þá er ég að sjálfsögðu að vísa í Afganistan og Írak.

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður gæti orða sinna.)

[15:19]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður fer um svo víðan völl að það er ómögulegt að elta hann í þeim leiðangri sem hann hefur hafið í þessum ræðustól.

Ég mun ekki flytja frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum og síst af öllu af því tilefni sem hann nefndi í ræðu sinni.

[15:20]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forseta þingsins: Fyrir hvað og af hvaða ástæðum forsetinn gerði athugasemd við orðalag mitt hér áðan?

[15:20]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Ef forseti telur ástæðu til hefur hún það fyrir reglu að biðja hv. þingmenn um að gæta orða sinna og haga orðum

sínum á þann hátt að það sé hér til sóma. Forseti gat ekki betur heyrt en hv. þingmaður væri að tala um landráð í sambandi við stjórnvöld.

[15:20]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég skal taka ábyrgð á mínum orðum.

(**Forseti** (SP): Forseti stjórnar hér þinghaldi og áminnir þingmenn ef hann telur þörf á.)

Hækkun raforkuverðs.

[15:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. iðnaðarráðherra snýr að hækkun raforkuverðs. Við höfum fengið inn í Alþingi skýrslu sem unnin hefur verið um breytingar á raforkuverði og þar höfum við séð þó nokkrar prósentuhækkanir, einkum í dreifbýli, en misjafnt eftir landsvæðum. Þetta hefur stundum komið til umræðu og jafnan verið borið til baka um að ný raforkulög hefðu neitt að segja til hækkunar.

Við höfum stundum verið að nefna það, einkum þingmenn landsbyggðarinnar, að við hefðum dæmi um að raforkuverð hefði hækkað verulega og meira en komið hefur fram og hæstv. iðnaðarráðherra hefur samþykkt að hefði átt sér stað.

Nú vill svo til að sá sem hér stendur á hús norður í Ísafjarðardjúpi sem heyrir undir dreifbýlisbyggðina Súðavík. Eins og ég les úr útreikningum kílóvattstunda af því húsi, sem er gamalt lögbýli í Ísafjarðardjúpi, hefur orðið 50% hækkun þar á taxta, úr 4,60 þann 31.10.2004 í 7,17 31.10.2005. Báðar tölurnar eru án virðisaukaskatts.

Það eru auðvitað mörg fleiri dæmi sem við þingmenn höfum fengið í hendur en við höfum ekki viljað vera að vitna í reikninga annars fólks. Ég get hins vegar vitnað í reikninga sjálfs míns og spyr hæstv. iðnaðarráðherra hvort hún hyggist aðhafast eitthvað til að kanna hvaða forsendur eru fyrir slíkum hækkunum á milli ára.

[15:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Já, það er kannski að jafnaði tvisvar, þrisvar í viku sem þetta mál kemur upp á hv. Alþingi og það vill svo til að hér er búið að dreifa skýrslu sem ég vonast til að geti sem allra fyrst komist til umræðu, um framkvæmd nýju raforkulaganna, þar sem við gætum þá vonandi fengið tækifæri til að fara yfir þetta mál í heild sinni þannig að ekki þurfi að tala um það í stikkorðastíl því hv. þingmenn að sjálfsögðu kveðja sér ekki hljóðs til að tala um þá sem hafa lækkað en það er svo sannarlega mikið um það að bæði heimili og fyrirtæki hafi lækkað eftir að nýju raforkulögin tóku gildi. Hægt er að nefna háar prósentutölur í því sambandi þar sem bæði fólk og fyrirtæki hafa verið að lækka og það er þá einkum á svæði Rariks.

Hvað varðar Súðavík geri ég mér grein fyrir að Súðavík kemur ekki vel út vegna þess að Súðavík telst í dreifbýli. Eins og hv. þingmaður hlýtur að vita var beitt sérstökum aðferðum til að greiða niður dreifingarkostnað í dreifbýli af því sem nemur dýrustu dreifingu í þéttbýli. Það voru 230 milljónir sem komu á fjárlögum til að koma til móts við þær greiðslur.

Í aðalatriðum vil ég segja að það hefur sýnt sig að þessi lög eru réttmæt enda var ekki undan því komist að setja þau miðað við að þetta er tilskipun frá Evrópusambandinu. Mér finnst því broslegt að hv. þingmenn séu alltaf að grípa eitt og eitt dæmi út úr og koma hér, nú kom hv. þingmaður með eigin reikninga upp í ræðustól á Alþingi til að reyna að blása upp einhver óskapleg vandamál í kringum þetta nýja kerfi. Það er ekki svo að þetta sé eitthvert stórkostlegt vandamál. Við þurfum vissulega að líta á ákveðna þætti eins og hvað snertir upphitunina og nú þegar hefur verið brugðist við því á ákveðinn hátt og verður gert frekar.

[15:25]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ég vorkenni dálítið hæstv. iðnaðarráðherra. Nú finnur hún sérstaklega að því að ég skuli koma með reikninga sem ég á sjálfur og nota þá í ræðustól. Ég hef ekki viljað koma með tölur frá öðru fólki. Hæstv. ráðherra, ég er ekki að tala um þessar krónur vegna þess að ég geti ekki greitt þær. Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af því, hæstv. ráðherra. En um breytingu er að ræða sem snýr að fleirum en þeim sem hér stendur, snýr að breytingu hjá því fólki sem býr í dreifbýli. Og það er svolítið kokhraust, hæstv. ráðherra, að koma hér aftur og aftur og nánast halda því fram að það hafi allir fengið lækkun sem á því þurftu að halda. Það á ekki við þann sem hér stendur að hann hafi þurft sérstaka lækkun til að eiga þetta hús. Ég var einfaldlega að vekja athygli á því að ég er með eigið dæmi um hvað hefur gerst, yfir 50% hækkun.

[15:26]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvað við eigum að fara nákvæmar ofan í reikninga hv. þingmanns en mér er kunnugt um að raforkuverð hjá Orkubúi Vestfjarða var almennt frekar lágt og að hækkað hafi um 50% hjá hv. þingmanni þarf kannski ekki að segja að hann greiði svo mjög háar upphæðir miðað við það sem gengur og gerist. En að ég hafi haldið því fram að allir hafi fengið lækkun er náttúrlega útúrsnúningur og ekki rétt því það hef ég aldrei sagt. Ég hef hins vegar sagt að margir hafi fengið lækkanir og við þurfum að ræða þetta frekar þegar umrædd skýrsla kemur til umfjöllunar. Og ýmislegt sem hefur komið fram nýlega af hálfu forstjóra orkufyrirtækjanna er náttúrlega rangt og ég get staðfest það hér að það eru kannski 2,5–3% af þeim hækkunum sem hafa orðið á suðvesturhorninu sem eru vegna nýju raforkulaganna og þá vegna þess að við vorum að útvíkka jöfnunarkerfið, við vorum að útvíkka flutningskerfið sem er einmitt jákvætt fyrir landsbyggðina.

[15:28]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Til að undirbyggja framtíðina fyrir hæstv. ráðherra þegar að því kemur að þessi mál verði rædd hér í heild sinni skal ég upplýsa hana um hvernig þessir nýju reikningar eru útbúnir. Þeir eru annars vegar útbúnir fyrir dreifingu og flutning og fyrir það greiðist 4,27 kr. á

kílóvattstundina þegar búið er að draga frá 0,63 aura í svokallað dreifbýlisframlag. Síðan er greitt sérstaklega fyrir söluna sem er annar hluti reikningsins því að nú er þessu skipt upp, 2,90 kr. Þetta eru tölur fyrir utan virðisaukaskatt. Ég veit reyndar einnig að það eru fleiri en ég sem hafa tekið eftir þessum breytingum og ég efast ekki um að íbúar í dreifbýlishreppnum Súðavík hafi komið athugasemdum sínum á framfæri eins og margir fleiri, því miður. Þetta eru bara staðreyndir og mér finnst að ráðherrann ætti að viðurkenna það og taka á málunum.

[15:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér er mjög vel kunnugt um hvernig þetta nýja fyrirkomulag er hugsað. Það byggist á dreifingu, flutningi og sölu. Það er bara einn þáttur í þessu kerfi sem er í raun hreyfanlegur og til samninga í þessu nýja samkeppnisumhverfi og það er orkuþátturinn sjálfur, það er verðið á orkunni því að dreifingin og flutningurinn eiga ekki að hafa áhrif á endanlegt verð eða a.m.k. ekki flutningurinn þar sem hann er jafnaður út.

Ég vil ítreka það að mér finnst ekki skynsamlegt að við séum að eyða tíma á hv. Alþingi til að taka fyrir einn og einn reikning. Ég held að það sé skynsamlegra að við tölum um þetta í heild sinni þegar skýrslan kemur hérna til umfjöllunar og ég er ekki hrædd við að fara í þá umræðu.

Staða framkvæmda við Kárahnjúka.

[15:30]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra um stöðuna í virkjunarframkvæmdum við Kárahnjúka. Síðast í morgun lásum við í Morgunblaðinu að bor 2 sé aftur í erfiðleikum í sprungum í aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar:

Hér segir, með leyfi forseta:

„Erfiðlega gengur að bora hluta aðrennslisganganna að Kárahnjúkavirkjuninni, og hefur bor 2 lent í talsverðum vandræðum undanfarnar þrjár vikur, sem gætu orðið þess valdandi að tafir verði á því að fyrsta vélin verði sett í gang, en áætlun gerir ráð fyrir gangsetningu hennar í apríl 2007."

Nú er það auðvitað engin tilviljun að apríl 2007 er dagsetningin sem kemur aftur og aftur upp í þessari umræðu, mánuði fyrir komandi alþingiskosningar, frú forseti. Það er þess vegna vert að spyrja hvort menn hafi ekki samið af sér þegar samið var við álrisann ameríska, Alcoa, um að orkan ætti að vera tilbúin á þessum tíma. Og ég spyr því: Er ekki eðlilegt að fresta þessari gangsetningu nú þegar, og hvað kostar það þá Landsvirkjun? Við vitum að kostnaðurinn við þetta allt hefur farið fram úr öllum áætlunum, langt fram úr áætlunum, og talað er um að við séum orðin mörgum mánuðum á eftir áætlun í þessum efnum. Hverju svarar, frú forseti, hæstv. iðnaðarráðherra þessum málum? Getur hún gert þingheimi grein fyrir stöðunni við Kárahnjúka?

[15:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þingmaður hefur áhyggjur af því að ekki verði hægt að gangsetja virkjunina nægilega snemma. Það er raunar mál sem ég hefði líka áhyggjur af ef útlit væri fyrir það. Hins vegar held ég að þetta sem við erum að lesa í dagblöðum í dag sé ekki nein sönnun þess að ekki verði hægt að standa við áætlanir. Það hafa áður verið hrakspár á ferðinni í sambandi við þessa framkvæmd. Ég heyri að hv. þingmaður er farinn að kvíða fyrir næstu kosningum. Það er hins vegar ekki þannig með mig því að ég veit að það mun allt saman ganga vel.

Nú er það ekki þannig að ég sé í samningum um hvert einasta atriði sem varðar þessa framkvæmd. Landsvirkjun semur við Alcoa, eða Alcoa við Landsvirkjun, um orkuþáttinn. Að sjálfsögðu er farið eftir ákveðnu plani hvað það varðar og tímaáætlunum, og ef allt gengur eftir verður hægt að gangsetja þarna í apríl 2007, sem er vissulega vel heppnuð dagsetning.

Að kostnaður hafi farið fram úr öllum áætlunum held ég að sé ekki rétt hjá hv. þingmanni, ég held að þetta sé allt saman í býsna góðu lagi og ég er ákaflega stolt yfir því að þetta gengur vel. Ég vona að hv. þingmaður hafi farið nýlega austur á land og séð þær gríðarlegu framkvæmdir og bjartsýni sem þar ríkir út af þessum framkvæmdum, bæði niðri á fjörðum og uppi á Héraði. Þetta er nýtt líf fyrir Austfirðinga og það er ekki vinstri grænum að þakka.

[15:33]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Býsna vel heppnuð dagsetning, segir hæstv. iðnaðarráðherra og er greinilega í feikigóðu skapi í dag, nýkomin frá Norðurlandi með einhverja trúboðsfundi um næstu álver þar.

Ég er hérna með skýrslu um mat á umhverfisáhrifum, frú forseti, og mig langar til að vitna aðeins í hana.

Þar stendur:

„Jarðfræðirannsóknir skipa jafnan veglegan sess við undirbúning vatnsaflsvirkjana. ... Slíkar rannsóknir á virkjunarsvæðinu norðan Vatnajökuls hófust fyrir um 30 árum og telja verður að svæðið sé vel rannsakað og kortlagt."

Hvað kemur síðan í ljós? Svæðið er hvorki vel rannsakað né kortlagt. Það eru alltaf að koma í ljós ný og ný misgengi og það er verið að dæla þúsundum tonna af steypu ofan í þessar sprungur til að hægt sé að bora í gengum þetta. Hvernig væri að bora sig út úr þessari vitleysu og hætta við þetta eða fresta þessu a.m.k. um góðan tíma? Það er skynsamlegasta ákvörðunin sem hægt er að taka í dag, frú forseti.

Háskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 654.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Grunnskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 447. mál (sjálfstætt reknir grunnskólar o.fl.). — Þskj. 671.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Æskulýðslög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 434. mál. — Þskj. 655.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Loðnuveiðar.

[15:37]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég hef óskað eftir utandagskrárumræðu um loðnuveiðar, ástand loðnustofnsins og nýtingu hans, umræðu við hæstv. sjávarútvegsráðherra. Hvers vegna skyldi ég hafa gert það? Jú, ég gerði það vegna þess að hér tel ég að við séum að ræða ákveðin grundvallaratriði í því hvernig við nýtum okkar mikilvægustu endurnýjanlegu auðlindir sem eru fiskstofnarnir í hafinu í kringum landið, í raun og veru ekki bara loðnu heldur aðra fiskstofna einnig. Nú hefur það gerst að eftir eina mestu loðnuleit sögunnar sem staðið hefur yfir vikum saman á öllu hafsvæðinu frá sundinu milli Íslands og Grænlands og austur um Norðurland og úti fyrir Austfjörðum hafa samtals mælst eitthvað um 600 þús. tonn af loðnu sem er minnsta mæling í nokkra áratugi. Á grundvelli þessa hefur verið gefinn út kvóti upp á rétt rúmlega 200 þús. tonn. Hér er verið að fara eftir ákveðinni þumalfingursreglu sem hefur verið notuð í mörg ár við nýtinguna sem hljóðar upp á að það eigi að skilja eftir á hverju ári eitthvað um 400 þús. tonn af loðnu til að hrygna svo að stofninn geti nú fengið færi á því að endurnýja sig.

Það má náttúrlega spyrja, virðulegi forseti, hversu áreiðanlegar þessar mælingar eru. Ég skal svo sem ekkert um það segja en ég sé það á þeim gögnum sem hafa verið lögð fram á vefsíðu Hafrannsóknastofnunar að loðnan er dreifð á mjög stóru hafsvæði út af Austfjörðum og rannsóknaskipið hefur siglt fram og til baka um þetta svæði á þó nokkuð löngum tíma. Mér finnst full ástæða til að setja spurningarmerki við þessa mælingu, hversu nákvæm hún er. En gott og vel, látum svo vera að það séu 600 þús. tonn af loðnu í sjónum núna, vonandi meira, en ef það er svona hlýtur maður að spyrja hvort ekki hafi verið ástæða til að fara varlega í það að gefa út þennan 210 þús. tonna kvóta í ljósi aðstæðna hér við land og í ljósi ýmissa upplýsinga sem hafa komið fram á undanförnum missirum um það að við séum hugsanlega að nýta þennan mikilvæga fiskstofn vitlaust, grundvallarfiskstofn í vistkerfinu hér við Ísland, hvort við förum ekki offari við veiðarnar.

Ég hef svo sem rætt þetta hér áður og velt upp ýmsum spurningum varðandi þessa hluti en því miður sýnist mér sem stjórnvöld ætli ekki að taka neitt mið af þeim aðvörunum sem komið hafa fram, ekki ætla að taka neitt mið af þeim góðu röksemdum sem hafa verið færðar fram í þessu máli, hvorki af alþingismönnum á hinu háa Alþingi né fólki í atvinnugreininni sjálfri. Fjöldamargir sjómenn og skipstjórar hafa tjáð sig um þessi mál en líka aðrir, þar á meðal líffræðingar, og sagt að við séum að gera hlutina rangt.

Það má til að mynda spyrja sig hvort ekki hefði átt að fara varlega núna í ljósi þess að stofninn virðist vera lítill, í ljósi þess að fæðuþörf botnfiska virðist, og er mjög sennilega, meiri en í meðalári vegna hækkandi hitastigs sjávar, í ljósi þess að ýsustofninn virðist vera mjög stór — kannski hefur hann aldrei verið jafnstór — í ljósi þess að þorskstofninn virðist glíma við viðvarandi ætisskort ár eftir ár þar sem nýliðunin hefur gersamlega brugðist í allt of mörg ár svo að nú blasir við mikil hætta af þessum völdum.

Ég bendi á að um helgina kom mjög athyglisverð frétt frá Færeyjum í Morgunblaðinu þar sem færeyskir fiskifræðingar hafa komist að raun um það að fæðuframboð skiptir einmitt mjög miklu máli fyrir nýliðun og vöxt botnfisksstofna. Er nú ekki ástæða fyrir okkur á Íslandi til að fara aðeins að hugsa okkar gang? Ég get líka bent á að hér var haldin ráðstefna um loðnu og loðnuveiðar fyrir nokkrum árum, alþjóðleg ráðstefna á Íslandi, þar sem lagðar voru fram greinar sem bentu til þess að loðnan væri einmitt mjög mikilvæg fyrir þorskinn, til að mynda við Kanada og líka í Barentshafi. Talandi um Barentshaf, þar hafa menn á síðustu 10 árum veitt alls 1,3 millj. tonna af loðnu. Þar hefur þorskstofninn verið veiddur, harkalega segja margir fiskifræðingar og langt umfram ráðgjöf en þó virðist þorskstofninn þar þola þetta auðveldlega. 1,3 millj. tonna af loðnu á 10 árum. Á sama tímabili höfum við Íslendingar veitt hér á Íslandi 10,5 millj. tonna af loðnu. Þarna erum við að taka gríðarlega mikla næringu út úr vistkerfinu og þetta hlýtur einhvers staðar að verða til þess að eitthvað láti undan. Ég tel að það sé full ástæða til þess nú, virðulegi forseti, að við förum að spyrja okkur þeirrar spurningar hvort ekki sé kominn tími til að fara sér aðeins hægar í þessum efnum þó að ég sé alls ekki með því að mælast til þess að loðnuveiðar verði algjörlega stöðvaðar.

[15:42]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þessa umræðu. Þetta er auðvitað ekki í fyrsta skipti sem við ræðum þessi mál. Hv. þingmaður bað um utandagskrárumræðu 17. janúar sl. og hóf síðan umræðu hér undir öðrum dagskrárlið um þetta tiltekna mál. Ég tel einfaldlega að þetta mál verðskuldi það að við ræðum það heilmikið. Þetta skiptir okkur öll miklu og við eigum auðvitað að fara yfir þessi mál hérna, á þessum pólitíska vettvangi jafnt og vísindalegum vettvangi eða vettvangi sjómanna og útvegsmanna sem málið varðar alveg sérstaklega.

Auðvitað skiptir það mjög miklu máli hvernig við stöndum að þessari nýtingu. Hv. þingmaður spurði mig grundvallarspurningar sem var sú hvort ekki væri ástæða til að fara varlega varðandi nýtinguna á loðnunni.

Vitaskuld er það svo að þegar ég tók ákvörðun um það í síðustu viku að gefa út kvóta til loðnuveiða var það gert á grundvelli varúðarsjónarmiða eftir að hafa farið yfir það með þeim sem gleggst þekkja til. Þá var það niðurstaða mín að það væri óhætt og skynsamlegt að gefa út loðnukvóta núna. Ég tel að stefna okkar varðandi loðnumálin eigi einfaldlega að vera sú að við eigum að nýta loðnustofninn til veiða en við eigum að gera það af mikilli varkárni, í fyrsta lagi auðvitað þannig að við stefnum ekki stofninum í hættu og í annan stað verðum við að tryggja að hann geti áfram verið þessi mikilvægi þáttur í hinu flókna samspili í fæðubúskap hafsins.

Við leggjum til grundvallar ákveðin meginsjónarmið, þau að skilja eftir nægjanlegt magn til þess að stofninn standi undir hrygningu og sé sjálfbær. Þegar við horfum á þetta til lengri tíma er alveg augljóst mál að þessi stefna hefur tekist. Okkur hefur tekist að nýta loðnustofninn þannig að hægt hefur verið að veiða mikið magn úr honum jafnframt því að hann hefur gengið til hrygningar. Við sjáum auðvitað að við veiddum ekki mikið af loðnu ár eftir ár ef hrygningin hefði ekki tekist.

Það er hins vegar alveg rétt að það eru mjög mikil vonbrigði að við skyldum ekki finna meira en rúmlega 600 þús. tonn af loðnu í þessum leiðangri núna. Vitaskuld urðum við að leggja heilmikið í þessi verkefni. Við vorum gagnrýnd fyrir það á sínum tíma að við sinntum ekki loðnuleit nægilega vel en ég tel reyndar að sú gagnrýni hafi ekki verið rétt. Við reyndum að sinna þessu eins og mögulegt var og það sem skiptir miklu máli til lengri tíma litið er sú staðreynd að við fundum nægjanlegt magn til að standa undir hrygningunni og síðan var það á grundvelli þeirra varúðarsjónarmiða sem ég lagði hér áherslu á að út voru gefin 200 þús. tonn.

Það er ekki nóg með það. Ég gerði það einnig þannig að þegar ég gaf út reglugerð varðandi veiðarnar á loðnunni var líka ákveðið að banna flottrollsveiðar nema á tilteknu svæði. Það bann tók gildi núna um hádegið og miðað við stöðu veiðanna eins og þær eru í dag — skipin eru að veiða tæplega 40 mílur suðaustur af Papey, loðnan hefur gengið tiltölulega hratt suður með Austurlandinu — þýðir það einfaldlega að flottrollsveiðar liggja væntanlega niðri við landið. Það er gert vegna þess að mat okkar er að það skipti miklu máli að við stöðvum flottrollsveiðarnar með þeim hætti sem þær höfðu verið stundaðar til þess að tryggja að loðnan kæmist í sitt eðlilega göngumynstur.

Það er auðvitað alveg hægt að segja sem svo að ekki séu nægjanlegar rannsóknir og að ekki sé alveg hægt að sanna að þessar flottrollsveiðar hafi neikvæð áhrif á veiðarnar. Út frá varúðarsjónarmiðinu var það hins vegar mat mitt og niðurstaða að engu að síður væri skynsamlegt að skella á þessu banni þó að ég gerði mér mætavel grein fyrir því að þetta mál er býsna umdeilt.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að vísbendingar um ætisskort eru mjög alvarlegt mál. Það hefur líka komið fram af hálfu Hafrannsóknastofnunar. Þess vegna eru það út af fyrir sig ánægjuleg tíðindi sem við höfum heyrt og séð víða frá landinu að vísbendingar eru uppi um að fæðubúskapurinn hafi gengið betur ofan í þorskinn en verið hefur undanfarin ár. Það voru bæði vísbendingar frá Norðurlandi og ég hef líka upplýsingar frá vestanverðu landinu um nákvæmlega það sama. Auðvitað vonum við að þetta sé þá til marks um að eitthvað horfi skár í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Ég tek undir að þetta er gríðarlega mikið mál sem við erum hér að ræða. Til grundvallar því sem ég ákvað á sínum tíma lagði ég varúðarreglu sem bæði tekur til þess magns sem var heimilt að veiða og ekki síður hins með hvaða hætti þessar veiðar voru stundaðar. Ég vek athygli á því að sú gagnrýni kom líka fram og ekki síður hávær um að eðlilegt hefði verið að gefa út verulegan upphafskvóta miklu fyrr. Ég hafnaði því. Menn töldu líka að það hefði átt að heimila bæði meiri veiði og fyrr. Ég taldi enga ástæðu til að verða við því vegna þess að ég hafði ekki efnislegar forsendur til þess og það var ekki fyrr en mér varð ljóst (Forseti hringir.) hver staðan var sem ég treysti mér til að gefa út þennan varfærnislega kvóta.

[15:48]

Sandra Franks:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að hrósa hæstv. ráðherra fyrir að hafa nýlega sett reglur sem takmarka loðnuveiðar í flotvörpu á afmörkuðum svæðum. Það er afar mikilvægt hagsmunamál að loðnustofninn viðhaldi stöðugleika sínum og verði fyrir sem minnstum skaða vegna ágangs þeirra skipa sem sækja loðnu í flotvörpu. Skaðsemi loðnuveiða í flotvörpu er ótvírætt að áliti þeirra skipstjórnarmanna sem ég umgengst og stundað hafa loðnuveiðar í áratugi. Þeir telja að veiðar í flotvörpu drepi mun meira af loðnu en það sem skilar sér um borð í skipin. Enn fremur telja þeir að veiðar með flotvörpu hafi áhrif á hegðun loðnu sem er að koma upp að landinu til hrygningar. Hún tvístrist og dreifi sér og skili sér ekki eins vel á hrygningarstöðvarnar. Rannsóknir á loðnustofnunum hafa verið umdeildar og töluverð óvissa er um þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru eins og reynsla síðustu ára hefur sýnt með ótvíræðum hætti.

Forseti. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji það koma til greina að banna allar loðnuveiðar í flotvörpu á íslenskum skipum líkt og hann hefur gert með nýrri reglugerð um erlend skip í íslenskri lögsögu. Felst ekki raunveruleg fiskvernd í því að láta náttúruna njóta vafans og banna alfarið loðnuveiðar í flotvörpu á meðan verið er að rannsaka áhrif þessara veiða á loðnustofninn?

[15:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að fagna ákvörðun hæstv. sjávarútvegsráðherra um að banna veiðar á loðnu með flottrolli. Ég tel að það hafi verið skynsamleg ákvörðun og hefði út af fyrir sig mátt taka hana fyrr.

Í öðru lagi tel ég að sú stefna sem stjórnvöld hafa haft, að skilja eftir um 400 þús. tonn af loðnu í sjónum til að tryggja viðgang stofnsins, hafi í meginatriðum reynst rétt. Þó verðum við alltaf að vera á varðbergi. Aðstæður sem ráða vexti og viðgangi stofnsins eru síbreytilegar og geta

breyst skyndilega þannig að menn þurfi að fara enn varlegar stundum. Og hugsanlega eiga þær aðstæður að einhverju leyti við núna.

Í þriðja lagi tel ég að við eigum ekki bara að hafa þá stefnu að nýta loðnustofninn til veiða heldur að nýta loðnustofninn til að veiða úr sjónum sem mest verðmæti. Það þarf ekki að þýða að veiða endilega loðnuna sjálfa heldur jafnvel, ef meiri verðmæti reynast í því, að geyma loðnuna sem æti fyrir aðrar fisktegundir og veiða þær. Ég vek athygli á hversu illa hefur gengið að byggja upp þorskstofninn. Stöðugt sækir á mig sá grunur að hinar miklu loðnuveiðar á undanförnum 20 árum eigi sinn þátt í því. Ég held að við hefðum fengið meiri verðmæti upp úr sjónum ef við hefðum veitt meira af þorski heldur en það sem við veiddum af þorski og loðnu.

Í fjórða lagi vil ég segja, virðulegi forseti, að í mínum huga er niðurstaðan af þessari umræðu sú að við þurfum að setja meira fé til rannsókna. Meira fé til rannsókna og til fleiri aðila. Því hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra verið að beita sér fyrir eins og komið hefur fram hér í þingsölum. Ég styð hæstv. ráðherra eindregið í þeirri viðleitni. Meira fé til rannsókna til fleiri aðila.

[15:52]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að við umgöngumst náttúruauðlindirnar af varfærni, þær séu bæði verndaðar og nýttar á sjálfbæran hátt. Við tölum hér um loðnuna. Loðnan er hluti af lífríki hafsins í kringum landið og því er útilokað að líta á hana sem einhvern einangraðan eða afmarkaðan þátt í því lífríki. Við leggjum því áherslu á heildstæðar rannsóknir á lífríkinu. Það þarf enginn að segja okkur að það hafi ekki áhrif að taka yfir eina milljón tonna af loðnu úr lífríkinu.

Það er visst fagnaðarefni að loðna skuli finnast þó í litlu magni sé enn. Ég vil jafnframt fagna þeim skrefum sem verið er að stíga af hæstv. sjávarútvegsráðherra í varfærni við veiðar á loðnu. Við höfum bent á það í umræðum, bæði hér í þingsölum og úti í samfélaginu, að þessar flottrollsveiðar, eins og þær hafa verið stundaðar, séu afar hæpnar gagnvart lífríkinu. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er það ekki svo að þær voru á sínum tíma gefnar út til bráðabirgða í tilraunaskyni? Og hafa raunar aldrei verið staðfestar sem varanlegur veiðimáti? Ég tel að það eigi að ganga lengra á þessari braut og láta lífríkið njóta vafans meðan við höfum ekki nægilegar rannsóknir til að byggja á. Það eru jú hagsmunir okkar til framtíðar að lífríkið í heild sé varðveitt með þeim hætti að það gefi okkur líka hámarksnýtingu í fiskafla. Að því þurfum við að vinna, frú forseti.

[15:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er full ástæða til að ræða um loðnustofninn og loðnuveiðar. Þetta er einn mikilvægasti fiskstofn Íslands og ber orku inn á okkar hefðbundnu fiskimið og lífríkið. Menn vita vel hvernig fiskiríið hefur verið fyrir Norðurlandi í allt sumar og er enn. Loðnan gekk upp að Norðurlandi seinni part vetrar í fyrra og lítið var veitt af henni. Það virðist sem svo að fiskurinn hafi sótt verulega í þetta. Fyrir Norðurlandi hefur nánast verið stanslaus botnfiskveiði, einkum á línu, allt síðastliðið ár og er reyndar enn. Fiskurinn er nokkuð vel haldinn að því er sjómenn segja. Á sama tíma segja fiskimenn að þorskur sé illa haldinn hér vestan og sunnan lands og þarf ekki nema að kíkja í Fiskifréttir í dag og sjá hvað þar er sagt af einum skipstjóranum. Á annarri síðu í Fiskifréttum er talað um að línuveiðar sæki stöðugt á og hafi sótt á undanfarin ár. Af sjálfu leiðir ef fiskinn vantar eða hefur takmarkað æti þá gefur fiskurinn sig betur á línu.

Ég tel fulla ástæðu til að bæta inn í þessa umræðu öðru atriði. Það er nýting sjávarspendýranna á loðnustofninum. Það er vitað að hvalirnir éta geysilegt magn af loðnu. Er talið að þeir éti um það bil fimmfaldan þann kvóta sem við ætlum nú að veiða. Ég vil spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort hann sé ekki í alvöru farinn að velta því fyrir sér að taka upp hvalveiðar í atvinnuskyni og stunda þær af miklu meiri krafti en við höfum gert undanfarin ár. Norðmenn hafa, ef ég veit rétt, aukið veiðar sínar á hrefnu ár eftir ár og eru farnir að veiða hundruð dýra á hverju ári. Ekki er að sjá að það komi niður á útflutningi þeirra eða annarri framleiðslu. Ég vil beina því til ráðherrans að skoða það í (Forseti hringir.) alvöru að taka hvalveiðar upp.

[15:56]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka umræðuna, hún er alltaf nauðsynleg þegar um er að ræða þennan mikilvæga nytjastofn okkar. En þannig er að veiðistjórnin á loðnunni hefur í meginatriðum tekist býsna vel. Samt sem áður er það alveg augljóst mál að við þurfum að auka rannsóknir. Það er lykilorðið í sambandi við loðnuveiðarnar til að við vitum meira og meira um þennan mikilvæga stofn. Það þarf að rannsaka loðnustofninn sjálfan og hvernig hann hagar sér. Það þarf að auka rannsóknir á vistkerfinu í heild og samhengi þorsks og loðnu en líka loðnustofninn í samhengi við aðrar tegundir eins og kom fram hjá hv. þm. Guðjóni Arnari, t.d. í samhengi við hvalastofnana. Það hefur einnig komið fram hjá ráðherra að það þarf að rannsaka betur áhrif flottrollsveiða.

Hæstv. forseti. Sú regla að skilja eftir 400 þús. tonn til hrygningar virðist hafa verið árangursrík og hefur alls ekki leitt til neikvæðrar þróunar í nýliðun á loðnustofninum. Augljóst er, eins og við sjáum nú, að það er ekkert hrun í stofninum. Göngumynstur er hins vegar breytt og það eru allt of margir þættir sem við þekkjum ekki og þurfum því að skoða betur. Ég vil vitna til Jóhanns Sigurjónssonar, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, á aðalfundi LÍÚ. Hjá honum kom fram að síðustu sjö vertíðir hefur ekki tekist að mæla veiðistofn fyrir áramót og niðurstaðan af aflamarki er því oft síðbúin. Síðustu þrjú til fjögur árin hefur ungloðna haldið sig annars staðar að haustlagi þannig að erfiðlega hefur gengið að ná mælingu og þar með að ná fram einhverjum spám.

Hæstv. forseti. Hér er um mikið efnahagslegt spursmál að ræða. Því verðum við að leggja heilmikið á okkur til að ná sem bestri (Forseti hringir.) vitneskju um þennan mikilvæga stofn.

[15:58]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er rétt að byrja á að fagna því að þessi umræða skuli eiga sér stað. Fyrir okkur sem búum í byggðarlögum þar sem loðna er unnin eru það alltaf gleðitíðindi þegar loðnukvóta er úthlutað á sama hátt og það eru jafnan vonbrigði þegar úthlutun er lítil. Það eru mikil vonbrigði hversu lítið hefur fundist af loðnunni og ekki síður að það skuli engin vissa vera fyrir því að ekki sé meira af loðnu í sjónum. Ég vona að hæstv. ráðherra hafi rétt fyrir sér hvað það varðar að hún sé miklum mun meiri.

Loðnuleitin hefur því miður ekki verið með þeim hætti að allir geti hrópað húrra fyrir henni. Það má því miður líka segja um rannsóknir Hafrannsóknastofnunar, þær hafa ekki verið með þeim hætti að allir geti verið ánægðir. Það hefur blasað við til fjölda ára að fjármagn hefur skort til stofnunarinnar til að auka rannsóknir sínar, m.a. rannsóknir á flottrollinu sem því miður hafa ekki verið nægar. Þess vegna eru ákvarðanir hæstv. ráðherra byggðar á allt of veikum grunni. Hæstv. ráðherra þarf auðvitað að taka þessar ákvarðanir en hann er ekki öfundsverður af að þurfa að gera það á jafnveikum grunni og raun ber vitni. Hæstv. ráðherra virðist fara í einu og öllu eftir Hafrannsóknastofnun jafnvel þó að stofnunin sé ekki með skýrar tillögur og færi líkur að hinu og þessu. Þá nefni ég t.d. ákvörðun hæstv. ráðherra um flottrollsbannið sem augljóslega getur haft þær afleiðingar að við fáum minni verðmæti fyrir loðnuna en við gætum ella. Með því banni er verið að gera hlut vinnsluskipanna, sem nú eru úti og eru að frysta á miðunum, minni. Það er því að ýmsu að hyggja og áhyggjuefni hvernig að málum er staðið.

Eitt að lokum, frú forseti. Það er varðandi fyrstu úthlutun sem átti sér stað. Þá vakti sérstaka athygli að þar fengu útlendingar meiri hlut en Íslendingar. Það er rétt að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sýni ekki að ástæða sé til að kanna hvort ekki þurfi að breyta þessum samningi að einhverju leyti.

[16:01]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Þetta er í þriðja sinn á tiltölulega skömmum tíma sem við tökum loðnu til umræðu á hv. Alþingi. Mér sýnist stefna í það sama og í fyrri skiptin að við séum í rauninni litlu nær og skal engan furða því þekking okkar á hegðun loðnunnar í hinu mikla hafi umhverfis Ísland er afskaplega takmörkuð. Óvissuþættir eru gífurlega margir, nægir að nefna samspil hitastigs, seltu og breytileika á þeim þáttum og öðrum í lífríki sjávar sem auðvitað hefur áhrif á göngumynstur loðnunnar. Þess vegna er mikilvægt fyrir okkur að halda í vonina og taka ef til vill mark bæði á fiskifræðingum og ekki síður reyndum loðnuskipstjórum sem bíða pollrólegir sannfærðir um að loðnan muni koma nú eins oft áður.

Ég tek undir það að ég tel að ráðherra hafi stigið rétt skref, varfærin skref í þessu. Í fyrsta lagi með því að úthluta takmörkuðum kvóta á grundvelli þeirrar þekkingar sem búið var að afla og þeirrar loðnu sem búið var að finna og ber að fagna því að stór hluti af þeirri loðnu virðist fara til manneldis. Ég vil einnig fagna sérstaklega þeirri ákvörðun hæstv. ráðherra að takmarka flottroll svo að segja má að búið sé allt að því banna það í loðnuveiðum og með þeim rökum sem hér hafa verið nefnd áður að þau leiki aflann illa og kunni að breyta hegðunarmynstri.

Stóra spurningin er, hversu langt eigum við að ganga í loðnu þegar hún er fundin? Að sjálfsögðu þurfum við að hafa í huga að vernda stofninn en hins vegar ekki síður að skoða tengsl hans við aðra þætti, að horfa á meiri hagsmuni fyrir minni og athuga hvernig við getum náð sem mestum verðmætum upp úr sjónum og hversu langt við eigum að ganga í að vernda loðnuna vegna annarra tegunda.

Þá tek ég undir þau sjónarmið sem hér hafa verið nefnd um samkeppnina okkar við hvali og hvet hæstv. ráðherra til að ýta enn frekar undir þessa fjölstofna veiðistefnu.

[16:03]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála síðasta hv. ræðumanni um að við séum litlu eða engu nær eftir þessa umræðu. Ég tel þvert á móti að umræðan sýni í rauninni að hér sé að verða ákveðin viðhorfsbreyting, bæði hér á Alþingi en líka í þjóðfélaginu. Við getum líka kallað þetta vitundarvakningu.

Við höfum nefnilega komist á þann punkt núna í umræðunni að við erum farin að spyrja grundvallarspurninga. Við erum ekki að rífast um sjálft kvótakerfið heldur erum við að spyrja grundvallarspurningar um nýtinguna á fiskimiðunum, hvernig aðferðafræði við beitum við nýtinguna á fiskimiðunum. Ég hef margoft bent á að við hljótum að vera þar á villigötum því það er ekki einleikið, virðulegi forseti, hversu erfiðlega okkur hefur gengið að byggja upp bolfiskstofna hér við land. Það er ekki einleikið að skoða ástandið eins og það er í dag og bera það síðan saman við það sem var fyrir um 50 árum þegar hér var frjáls sókn og Íslandsmið, þessi stórkostlega gullkista gat gefið af sér fleiri hundruð þúsund tonn af þorski á hverju ári, nánast jafnstöðuafla í frjálsri sókn.

Það er umhugsunarefni hvernig á því stóð að miðin gátu borið uppi þessa miklu sókn áratugum saman án þess að þar yrði fall í veiðum. Ég tel að stór hluti af skýringunni sé einmitt falinn í þessu. Á hverju ári flæddi þessi mikla orka og þessi mikla næring yfir fiskimiðin og var þar eftir sem æti fyrir fiskana. Það skipti ekki höfuðmáli hvort þorskurinn hefði beint aðgengi að loðnumiðunum meðan hún var að synda yfir grunnslóðina nokkrar vikur eftir áramót á hverju ári. Það sem skipti höfuðmáli var að þessi næring kom inn á grunnslóðina og hún var þar grundvöllur fyrir öllu vistkerfinu, hún varð til þess að næringarskilyrði sköpuðust fyrir það sem gaf okkur síðan þessa miklu gullkistu, Íslandsmið, og vonandi, virðulegi forseti, munum við aftur komast á það stig að geta upplifað þá tíma.

[16:05]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka þessa umræðu sem mér finnst hafa verið í meginatriðum málefnaleg. Hún hefur líka haft það gildi að hafa varpað ljósi á þau álitamál sem uppi eru þegar við fjöllum um þessi mál sem eru auð-

vitað á margan hátt býsna flókin eðli málsins samkvæmt. Það sést m.a. á því að ég hef bæði verið spurður um hvort ekki væri eðlilegt að banna allar flottrollsveiðar en einnig fengið gagnrýni um að ég hafi gengið fullbratt til leiks í þeim efnum, að takmarka flottrollsveiðarnar eins og ég gerði með reglugerð sem gefin var út fyrr helgina og tók gildi núna í hádeginu.

Að mínu mati er ekki ástæða til að banna allar flottrollsveiðar. Þær geta vel átt rétt á sér við tilteknar aðstæður. Hins vegar er ástæða til að taka mjög mikið mark á því sem margir sjómenn, útvegsmenn og reyndar vísindamenn hafa talað um að sú hætta verði fyrir hendi að ótakmarkaðar flottrollsveiðar hafi neikvæð áhrif annars vegar fyrir stofninn sjálfan og í hinn stað fyrir göngumynstur loðnunnar.

Það sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði áðan var mjög athyglisvert. Hann vakti athygli á því að sæmilegur fæðubúskapur hefur verið fyrir Norðurlandi á þessum vetri en hins vegar væri öðruvísi fyrir að fara fyrir sunnan land og vestan eins og hv. þingmaður nefndi. Það sem menn hafa verið að benda á varðandi flottrollið er að það kunni m.a. að hafa haft þau áhrif að trufla göngumynstur loðnunnar, hún hafi ekki haft næði til að ganga vestur með Suðurlandi þó að við getum ekki fullyrt það eða sannað upp á punkt og prik þannig að óyggjandi sé. En það var engu að síður niðurstaðan að takmarka þessar veiðar.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson spurði um úthlutun til útlendinga. Það var einfaldlega samkvæmt samningum og ef við tækjum þá samninga upp þyrftum við líka að taka upp ákvæði sem lýtur að veiðum Norðmanna sem gerir það m.a. að verkum núna að það er mjög takmarkandi fyrir veiðar Norðmanna og gerir þeim mjög illmögulegt og kannski ómögulegt að stunda veiðarnar á loðnunni. (Forseti hringir.) Þeir mundu sækja á um að fá ívilnun sér til handa sem ég efast um að nokkur hér í þinginu mundi vilja ljá máls á.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 448. mál (hámark á krókaaflahlutdeild o.fl.). — Þskj. 672.

[16:08]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða á þskj. 672, 448. mál. Í frumvarpinu er kveðið á um allnokkur efnisatriði sem ég ætla að fara yfir í stuttu máli.

Í 1. gr. laganna er lagt til að fella niður 6. gr. gildandi laga en hún lýtur að dagakerfi krókabáta sem fellur niður í lok þessa fiskveiðiárs. Eins og menn vita var gengið til þess verks að breyta lögum í þá veru að dagakerfi svokallað var fellt úr gildi en í staðinn fengu þessir bátar úthlutað ríflegum kvótum að mati margra og þess vegna átti þetta að taka gildi á nokkrum tíma. Það er nokkur aðlögunartími og nú er honum sem sagt að ljúka og þess vegna er lagt til að 6. gr. verði felld brott.

Í öðru lagi er lagt til að sett verði hámark á samanlagða krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Samkvæmt 1. mgr. í 11. gr. a eru þær takmarkanir á samanlagða aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila í fimm helstu tegundum botnfisks auk síldar, loðnu og úthafsrækju og miðast hámarkið við 12% í þorski, 35% í karfa en 20% í öðrum tegundum.

Þá segir í 3. mgr. sömu greinar að samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa megi aldrei nema meiru en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um heildarafla. Fyrrgreind takmörkun tekur einnig til krókaaflahlutdeildar að því leyti að við útreikning á heildaraflahlutdeild reiknast krókaaflahlutdeild með. Hér er hins vegar lagt til að auk þessa verði sett sérstakt hámark á samanlagða krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Lagt er til að hún verði 6% í þorski, 9% í ýsu og 6% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar þeirra tegunda sem krókaaflahlutdeild er úthlutað í.

Ljóst er að mikil sameining krókaaflahlutdeildar hefur orðið og ástæða þykir þess vegna til að setja þær takmarkanir sem hér er lagt til þannig að krókaaflahlutdeildin dreifist á fleiri fyrirtæki og þar með sjávarbyggðir. Í lokamálsgrein 11. gr. a í lögunum um stjórn fiskveiða er skilgreining á því hvort aðilar teljist tengdir og jafnframt er í 11. gr. b tekið á því hvernig við skuli brugðist þegar aflahlutdeild fiskiskipa aðila fari umfram þau mörk sem hér er lagt til að sett verði.

Í sjálfu sér þarf ekki að hafa mjög mörg orð um þetta. Þessi mál hafa verið talsvert rædd og sú þróun sem hér er í rauninni verið að bregðast við hefur átt sér stað býsna hratt. Yfir þessi mál var farið á síðasta hausti og eftir athugun taldi ég ekki ástæðu til að leggja fram frumvarp í þessa veru þá vegna þess að það gerir maður í síðustu lög að koma í veg fyrir að menn geti þróað útgerð sína með skynsamlegum og hagkvæmum hætti og vil ég ekki bregða fæti fyrir það og ekki er verið að gera það með frumvarpi þessu. En hins vegar hefur þróunin verið býsna hröð og þegar við vorum að búa til lögin í kringum smábátakerfið var alltaf gert ráð fyrir því, og það var pólitískt markmið í sjálfu sér sem ég held að allir hafi verið sammála um, að mjög mikilvægt væri að eignaraðildin í smábátakerfinu væri býsna dreifð, bæði vegna þess að það er skynsamlegt í sjálfu sér að eignaraðild sé dreifð en líka vegna þess að það mun ásamt öðru stuðla að því eða a.m.k. ýta undir að það fiskveiðistjórnarkerfi sem var búið til með hagsmuni hinna dreifðu byggða fyrir augum, að aflahlutdeildirnar og aflaheimildirnar, rétturinn til fiskveiða sé dreifðari heldur en hann væri ef þetta þróast í þá átt sem maður gæti ella séð fyrir sér og kynnu að vera einhverjar vísbendingar um.

Þegar þessi mál eru skoðuð er það ekki svo að margar útgerðir séu út af fyrir sig með mjög stórar aflahlutdeildir. Það er fyrst og fremst ein útgerð sem er eitthvað nálægt því þaki sem hérna er verið að kveða á um en aðrar útgerðir eru miklu lægri, kringum 2% og þaðan af lægra. Það er því ekki þannig að engin dreifing sé í þessu kerfi. Með frumvarpinu er einfaldlega verið að reyna að stuðla að og tryggja tiltekna þróun. Þess vegna er þetta ekki frumvarp sem í sjálfu sér breytir núverandi ástandi í miklum mæli

heldur mun fyrst og fremst hafa áhrif á framtíðarákvarðanir manna.

Menn velta fyrir sér hvort nægilega sé fyrir öllu séð varðandi hugtökin tengdir aðilar o.s.frv. Þá vitna ég til þess að við höfum nokkra reynslu af álíka löggjöf og sú löggjöf hefur virkað býsna vel. Við sjáum það og ég minnist þess raunar að þegar þetta var á sínum tíma leitt í lög voru margir sem sögðu: Þeir verða fljótir að sjá leiðir í þessum efnum. En reynslan hefur verið sú að þetta fyrirkomulag, sú pólitíska nálgun sem þá var gerð á þessum málum hefur í meginatriðum fúnkerað býsna vel og við sjáum það einfaldlega á þeim tölum um aflahlutdeildir sem liggja til grundvallar einstakra útgerða.

Í þriðja lagi er lagt til í þessu frumvarpi að unnt verði að flytja aflamark milli fiskiskipa með einfaldari hætti heldur en tíðkast núna. Í 1.–3. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða eru ákvæði um hvernig staðið skuli að flutningi aflamarks milli skipa. Fiskistofa hefur haft til athugunar hvernig auðvelda megi flutning á aflamarki milli fiskiskipa með rafrænum tilkynningum frá flutningsbeiðanda. Við flutning aflamarks milli skipa þarf ýmsum skilyrðum að vera fullnægt sem er á ábyrgð Fiskistofu að fylgt sé. Til þess að tryggja öryggi þessa kerfis þarf Fiskistofa að gera sérstakan þjónustusamning við þá sem aðgang fá að kerfinu þar sem þeir fá m.a. lykilorð sem veitir þeim heimild til flutnings aflamarks milli báta. Í upphafi er gert ráð fyrir að aðgangur veiti útgerðarmönnum aðeins heimild til að flytja milli eigin báta en þegar kerfið þróast þá geti heimild til flutnings aflamarks orðið víðtækari. Í stað greiðslu fyrir hverja tilkynningu um flutning aflamarks er lagt til að greiddar verði 12.000 kr. árlega fyrir þjónustusamninginn. Gjald fyrir hverja færslu Fiskistofu á aflamarki er 2.000 kr. og hefur Fiskistofa innheimt um 20 millj. kr. árlega vegna þessarar þjónustu við útgerðina.

Ef frumvarpið verður samþykkt svona er ljóst að það mun hafa áhrif á fjárhag Fiskistofu en það hlýtur einnig að leiða af eðli máls að það gefur Fiskistofu fullt svigrúm til að hagræða á móti vegna þess að þarna er verið að færa verkefni sem áður voru einfaldlega unnin á Fiskistofu til útgerðanna og þær sjái um þetta. Þetta er bara hluti af okkar nútímavæðingu og þeirri þróun sem alls staðar er. Þetta er ekkert ósvipað því sem við sjáum einfaldlega gerast í bankakerfinu. Menn láta tilflutninga af reikningum og milli reikninga gerast gegnum heimabanka og þetta er á vissan hátt gert með sama hætti. Þetta er bara sjálfsagt hagræðingarmál sem við þurfum hins vegar að vanda okkur við. Reynt er að gera það og beita þeim rafrænu takmörskunum sem til staðar eru og við þekkjum í daglegu lífi okkar.

Í fjórða lagi er lagt til að gerðar verði tvær tímabundnar lagabreytingar vegna þeirra erfiðleika sem hafa komið upp í veiðum og vinnslu á úthafsrækju. Nýlega hefur verið kynnt skýrsla um ástandið í þessum iðnaði og ég nefndi í umræðu fyrir nokkru, mjög lítillega þó. Ástand úthafsrækjustofnsins hefur verið mjög lélegt og hefur Hafrannsóknastofnun aðeins lagt til að veiddar verði 10 þúsund lestir af úthafsrækju á yfirstandandi fiskveiðiári. Mikil óvissa er um veiðimöguleika á næstu árum, léleg veiði og markaðsaðstæður hafa leitt til þess að leyfilegur afli í úthafsrækju hefur ekki verið nýttur síðustu ár og það er ljóst að á þessu ári dregur enn úr veiðinni. Síðast var rækju af Íslandsmiðum landað hér í lok september og því miður hef ég ekki neinar vísbendingar um að rækjuveiðar séu að hefjast að nýju.

Til að létta undir með veiðum og vinnslu á úthafsrækju er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar sem gildi fyrir yfirstandandi fiskveiðiár og tvö næstu.

1. Vannýting á úthlutuðum aflaheimildum í úthafsrækju leiði ekki til þess að skip missi aflahlutdeild sína í úthafsrækju eða öðrum tegundum. Eins og kunnugt er segir í 12. gr. laga um stjórn fiskveiða að veiði skip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð þá falli aflahlutdeild þess niður. Hér er lagt til að í ár og næstu tvö fiskveiðiár verði þessi veiðiskylda tekin úr sambandi ef svo má segja varðandi úthafsrækjuna. Hins vegar nýtist rækjuveiðar til að fullnægja veiðiskyldu sem er á öðrum tegundum.

Ég vil taka það skýrt fram að í þessari ákvörðun felst ekki nein stefnumótandi ákvörðun um að minnka veiðiskylduna almennt. Þarna er einfaldlega verið að bregðast við mjög sértækum vanda. Ef við gerðum þetta ekki kynnu útgerðir, sem eru með mikla rækjukvóta en litlar heimildir í öðrum tegundum, að lenda í því að geta ekki nýtt kvóta sína og mundu þá missa aflahlutdeild sína.

Auðvitað má segja að menn geti alltaf brugðist við svona hlutum með einhverjum aðgerðum en það er miklu eðlilegra að við einfaldlega horfumst í augu við þennan veruleika, þennan vanda sem við skulum vona að sé tímabundinn og muni lagast. Þess vegna er lagt til að þessar breytingar verði gerðar á lögunum til þess að menn þurfi ekki að fara út í aðgerðir — að lögin geri það að verkum að menn geti unnið með skynsamlegum hætti innan þeirra vébanda.

Í annan stað er lagt til að veiðigjald fyrir úthafsrækju verði greitt eftir á miðað við landaðan úthafsrækjuafla í lok fiskveiðiárs næstu þrjú árin en ekki innheimt í upphafi fiskveiðiárs miðað við úthlutað aflamark. Þar sem 10 þúsund tonnum af úthafsrækju hefur verið úthlutað á yfirstandandi fiskveiðiári hefur álagning veiðigjalds fyrir þær aflaheimildir þegar farið fram. Er gert ráð fyrir að sú álagning, sem nemur um 10 millj. kr., verði felld niður og endurgreidd og síðan greiði útgerðir í lok fiskveiðiárs veiðigjald miðað við úthafsrækjuafla hvers skips í lok þess árs. Hér er með öðrum orðum verið að reyna að létta veiðigjaldinu af rækjuútgerðinni. Þetta er auðvitað ekki há upphæð, þetta eru 10 millj. kr., en það sjá auðvitað allir í hendi sér að það er óréttlæti í því fólgið að aðilar sem greiða fyrir fiskveiðirétt sem ekki er hægt að nýta, bæði af efnahagslegum og líffræðilegum ástæðum, þurfi að borga fyrir þann veiðirétt. Það er þekkt í fiskveiðistjórnarlögunum að við einstaka veiðistofna greiða menn af lönduðum afla en ekki úthlutuðum aflaheimildum. Fyrst og fremst er auðvitað um að ræða tímabundna aðgerð. Horfið er frá þessu prinsippi að því leyti að úthlutunin kalli á greiðslu en ef menn veiða þá greiða menn gjald í samræmi við það. Þetta er auðvitað líka hugsað sem tímabundin aðgerð. Það kom ýmislegt til álita í þessum efnum, hvernig ætti að fara að þessum breytingum, en eftir að við höfðum farið yfir þessi mál þótti skynsamlegast að gera þetta með þessum hætti.

Ég vil líka undirstrika að þær tvær tillögur sem hér eru

lagðar fram eru í samræmi við þær tillögur sem fyrrgreind nefnd, sem fór yfir stöðuna í rækjuveiðum og -vinnslu, lagði til. Þessar tillögur eru í samræmi við það.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. sjávarútvegsnefndar og 2. umr.

[16:20]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra fór yfir þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um stjórn fiskveiða. Mig langar að reyna að fá svör áður en umræðan fer mikið lengra, það er oft betra að gera það strax í upphafi frekar en vera að ræða eitthvað sem maður veit ekki almennilega um og kannski skýrist það svo í lokaumræðu með hvaða hætti hlutirnir eru.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra út í prósenturnar, 6% í þorski og 9% í ýsu. Ég náði því ekki nægilega vel í framsögunni hvað liggur á bak við þessar prósentur, í fyrsta lagi að þær skuli valdar og í öðru lagi að það skuli vera munur á prósentu í þorski og ýsu. Einnig langar mig að spyrja hæstv. ráðherra af hverju ekki sé þá gert ráð fyrir hámarki í öðrum tegundum eins og steinbít, ufsa o.s.frv. Hvaða rök liggja fyrir því? Í stóra kerfinu er gert ráð fyrir hámörkum á öllum þeim tegundum sem úthlutað er í kvótanum.

Maður veltir líka fyrir sér hvort einhverjar útgerðir séu komnar yfir þessi mörk eins og þau liggja núna og þá vil ég fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort hann telji að svona lög geti orðið afturvirk. Gætu þeir sem hafa verið að sækja sér heimildir í núverandi kerfi, og gert það samkvæmt þeim lögum sem gilda, þá horft fram á það að þurfa að breyta ákvörðunum sínum og rekstri þrátt fyrir að þeir hafi á þeim tíma sem um ræðir náð í heimildirnar samkvæmt þeim lögum sem gilda í landinu?

[16:22]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað þannig að þær prósentutölur sem hv. þingmaður spurði um eru engin vísindaleg nálgun, það ber að sjálfsögðu að játa. Eins og ég sagði áðan eru þær ekki hugsaðar á þann hátt að þær séu takmarkandi í sjálfu sér miðað við núverandi ástand heldur fyrst og fremst til að hafa áhrif á framtíðina, væntingar og ákvarðanir um hana. Ákvörðun um þær er m.a. tekin í ljósi þeirra upplýsinga sem við höfðum um hámarkshlutdeild einstakra útgerða og þær eiga ekki að leiða til þess að menn þurfi að selja frá sér eða neitt þannig. Hv. þingmaður spurði: Af hverju ekki hámark í öðrum tegundum? Ástæðan er sú að við fórum yfir þetta á sínum tíma og okkur sýndist og það er þannig að samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum frá Fiskistofu er meiri dreifing í öðrum tegundum. Ég tel hins vegar alveg hugsanlegt að ræða það hvort setja eigi hámark í aðrar tegundir ef menn telja það nauðsynlegt til að tryggja það sem verið er að reyna að gera með þessu, þ.e. frekari dreifingu. Eins og staðan er í dag þá sýnist mér ekki vera sérstakt tilefni til þess.

Hv. þingmaður spurði hvort einhverjar útgerðir væru þegar komnar yfir þetta hámark. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef núna þá er ekki svo en ein útgerð er komin nokkuð nálægt þessu. En a.m.k. síðast þegar ég fékk upplýsingar þá var engin útgerð komin yfir þetta.

Spurt var hvort lög af þessu tagi gætu verið afturvirk og sem svar við því er eðlilegast að vísa til þeirra fyrirmynda sem við höfum í gildandi lögum varðandi hámarkið í heildaraflamarkinu. Gert er ráð fyrir því að Fiskistofa hafi það hlutverk að fylgjast með þessu — ég veit að Fiskistofa undirbýr núna að efla þá starfsemi sína — og jafnframt er gert ráð fyrir því að mönnum verði tilkynnt um þetta, menn fái síðan andmælarétt eins og eðlilegt er og hafi síðan nokkurn umþóttunartíma til að leiðrétta þetta eða laga þetta hjá sér þannig að menn fari ekki yfir þetta heildarmark.

[16:24]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Mig langar rétt í stuttu andsvari að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra út í það sem varðar 4. liðinn sem talað er um, þ.e. þær breytingar sem gerðar eru vegna vannýtingar á úthlutuðum aflaheimildum í úthafsrækju og eins út af veiðigjaldinu á úthafsrækju. Ég fyrir mitt leyti fagna því sem hér er gert en tel kannski að það hefði mátt ganga örlítið lengra. Þetta er þó skref í rétta átt og ég hef spurst þó nokkrum sinnum fyrir um þetta atriði, sérstaklega hvað varðar veiðigjaldið.

Fyrirspurn mín til hæstv. sjávarútvegsráðherra er sú hvers vegna stjórnvöld koma ekki til móts við úthafsrækjuveiðiútgerðir í sambandi við 9. gr. og úthluti úr þessum varasjóði okkar 9. gr., sem geymir 12 þúsund tonn, og við notum m.a. til að láta 1.650 tonn í uppbætur vegna hruns í skelveiðinni í Breiðafirði og eins vegna innfjarðarrækjuveiði. Ég tel þennan varúðarsjóð af hinu góða og úthlutanir hans, annars vegar út af skelveiðinni og hins vegar innfjarðarrækjunni. En hvers vegna í ósköpunum er ekki gripið til þessa sama ráðs gagnvart úthafsrækjuveiðiskipunum og þeim útgerðum sem hafa stundað úthafsrækjuveiðar og hafa orðið fyrir þeim mikla skell sem hér er lýst? Má ég minna á það, virðulegi forseti, að eitt árið vorum við að veiða næstum 70 þúsund tonn af úthafsrækju. Hvað er það sem gerir það að verkum að stjórnvöld vilja ekki nýta 9. gr. fyrir úthafsrækjuveiðibátana?

[16:26]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vitaskuld gæti það komið til greina sem hv. þm. Kristján L. Möller var að spyrja um að við mundum úthluta á grundvelli 9. gr. aflabótum til úthafsveiðiflotans. Það yrði þá að gerast í samhengi við úthlutun á nýju fiskveiðiári. Ég vil lýsa því yfir skýrt og skorinort að ef til þess kemur þarf að sjálfsögðu að taka um það pólitíska ákvörðun að auka úthlutanir til slíkra sértækra bóta. Það væri ekki hægt að gera það með þeim hætti að skerða bætur sem núna eru veittar til innfjarðarflotans eða til byggðarlaga sem eru í nauðvörn. Menn yrðu að ganga að því með opnum huga og opnum augum, átta sig á því að það yrði þá að skerða aflamarkið að öðru leyti og færa til þess flota þar sem þarna er um að ræða sérstakar aflaheimildir. Þeir sem hafa uppi óskir um slíkt verða þá að gera sér

grein fyrir því.

Auðvitað kæmu alls konar annmarkar upp við slíkar aðstæður, meðal annars þeir að þessi floti, þ.e. rækjuflotinn, hefur aldrei lagt til aflaheimildir í þessar uppbætur. Það er eingöngu botnfiskflotinn, þ.e. þau skip sem eru með þessar fjórar eða fimm tegundir, sem við notum í þessar bætur. Það má velta því fyrir sér hvort það sé sanngjarnt að þeir sem aldrei nokkurn tíma hafa lagt til þessara bóta úr sínum kvóta að þessu leytinu, þ.e. rækjukvótanum, fái aflabætur sem mundu síðan valda skerðingu annars staðar.

Þegar við skoðum hverjir það eru sem eru með aflaheimildirnar í rækjunni þá er það þannig að fimm útgerðir, Þormóður rammi, Íshaf, Brim, Hraðfrystihúsið Gunnvör og Samherji, eru með 58% af bótunum. Þeir eru auðvitað mjög stórir almennt talað í bolfiskinum líka þannig að mér sýnist af þessu augljóst að slíkt yrði sennilega í meira mæli en í flestum öðrum tilvikum alger tilfærsla úr hægri vasa í vinstri vasa eða öfugt. Ég held að við yrðum að skoða þetta mál algerlega í grunninn. Við yrðum að skoða það alveg til enda hvaða áhrif það hefði fyrir þessar útgerðir m.a., ef farið yrði að úthluta meiri aflaheimildum í þessar bætur og þeim síðan úthlutað til rækjuveiðiskipanna.

[16:28]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir það svar sem hér hefur komi fram og tel að það eigi að skoða þetta. Ég sagði það reyndar fyrir upphaf þessa fiskveiðiárs að við hefðum átt að skoða það þá. En ég fagna því auðvitað að hæstv. sjávarútvegsráðherra segir að það komi til greina að skoða það á nýju fiskveiðiári sem hefst 1. september í haust.

Ég verð að segja það enn einu sinni að ég hef verið skotinn í þessari 9. gr., þessum viðlagasjóði sem svo hefur verið, til að koma til móts við hrun í einstökum veiðistofnum eins og hér hefur átt sér stað hvað varðar úthafsrækjuveiðarnar. Hvað ætlum við t.d. að gera, virðulegi forseti, ef allt í einu kæmi til að engin loðnuveiði yrði? Við vorum að ræða það og það getur gerst, það hefur gerst. Þá þarf að vera innbyggt í þetta kerfi fyrir alla þannig varasjóður sem 9. gr. er. En það er svo aftur annar handleggur, virðulegi forseti, að þegar búið er að úthluta þeim uppbótum sem ég hef hér gert að umtalsefni þá er restinni úthlutað hlutfallslega til allra sem hafa kvóta og þar með er varasjóðurinn farinn. Það er auðvitað ekki gott vegna þess að þá gætum við þurft að lifa heilt ár án þess að geta gripið í þennan varasjóð.

[16:30]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil a.m.k. að það liggi alveg fyrir að með því sem ég sagði áðan var ég engan veginn að slá því föstu að það verði niðurstaðan fyrir næsta fiskveiðiár að þessum aflabótum verði úthlutað. Ég sagði eingöngu að það kæmi alveg til greina og væri eitthvað sem við þyrftum að skoða.

Ég var hins vegar líka að vekja athygli á þeim annmörkum sem eru sannarlega á þessu. Í fyrsta lagi að þeir sem eru með aflaheimildir í rækju hafa ekki verið að borga í þann pott sem notaður hefur verið til að standa undir úthlutun til þessara byggðakvóta. Í annan stað tel ég að ef menn ætla að fara að gera þetta er væntanlega um að ræða úthlutun upp á einhver þúsund tonn og þá yrðu menn auðvitað að skerða aðra. Ég vakti síðan athygli á að þannig stendur á varðandi þetta að þeir sem eru stærstir í rækjunni eru líka margir hverjir mjög stórir í bolfiskinum. Við þurfum að skoða alveg til hlítar hvort hér væri þá ekki eingöngu um að ræða aflatilfærslu milli hægri og vinstri vasans og hver yrði hin raunverulega niðurstaða. Við eigum að skoða þetta í heild því að vandinn er ekki bara rækjuveiðamegin heldur líka vinnslumegin og þar eru því miður miklu færri úrræði af hálfu hins opinbera til að bregðast við.

[16:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að fá svör frá hæstv. sjávarútvegsráðherra varðandi tvö atriði. Fyrra atriðið er vegna ákvæðis til bráðabirgða. Hefur hæstv. ráðherra látið skoða það vandlega hvort það að menn geti haldið veiðiréttindum án þess að nýta þau ár eftir ár, eins og hér er gert ráð fyrir, standist stjórnarskrárákvæði um atvinnufrelsi? Ég get ekki séð málefnalegar ástæður fyrir þessu, því að ef þetta er ekki gert í þeim tilgangi að vernda fiskstofninn þá er þetta eingöngu gert til að vernda eignarrétt viðkomandi á veiðiréttinum. Það er atriði sem getur ekki gengið upp gagnvart atvinnufrelsi, þ.e. möguleikum annarra til að nýta sér þetta. Mér finnst lágmark að þeir sem fá slík réttindi nýti þau, a.m.k. sé ekki komið í veg fyrir að aðrir nýti þau ef möguleikar á því eru fyrir hendi og þeir sem fyrir eru nýta þau ekki. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hann látið athuga þetta vandlega? Í öðru lagi spyr ég, og það er vegna 3. gr. um rafrænar tilkynningar, en sagt er frá því í athugasemdum við sömu grein að gert sé ráð fyrir að þetta sé svona í upphafi en síðar verði þetta útvíkkað og gildi um meiri veiðiheimildir en bara þær sem eru í eigu sömu aðila: Gengur þetta upp gagnvart þeirri niðurstöðu sem ríkisskattstjóri hefur komist að, þ.e. að tilkynna beri verð á veiðiheimildum með fullnægjandi hætti til Fiskistofu þegar þær eru fluttar til á milli skipa?

[16:33]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurningin um það hvort þetta ákvæði varðandi rækjuna hafi verið skoðað ítarlega með tilliti til þess hvort það standist stjórnarskrá þá get ég játað að það var ekki skoðað ítarlega. Það var skoðað þannig að við sem stóðum að frumvarpinu, og ég sem sjávarútvegsráðherra, vorum auðvitað sannfærðir um að ákvæðið stæðist stjórnarskrána. Hér er um að ræða bráðabirgðaákvæði sem á að standa í mjög skamman tíma og frumvarpið kveður á um hvenær þessu ástandi á að ljúka. Ég lagði áherslu á það, m.a. í framsöguræðu minni, að hér væri ekki um að ræða neina prinsippbreytingu, heldur væri eingöngu verið að bregðast við með tilteknum hætti við tilteknar aðstæður og ástæðan er auðvitað sú sem ég greindi hér frá og það vandamál sem við þekkjum að menn geta lent í því að missa frá sér veiðiréttinn og þar með atvinnuréttinn. Auðvitað er kveðið á um það í stjórnarskránni að standa skuli

vörð um atvinnuréttindi fólks og það hefur sína þýðingu líka. Ég tel að það sé engin spurning, fyrir utan það að fyrir því eru auðvitað öll sanngirnisrök að svipta menn ekki atvinnuréttindum með þessum hætti við þessar aðstæður. Við eigum þá að reyna að breyta lögunum á þann veg að menn geti varið sig gagnvart því.

Varðandi rafrænu tilkynningarnar þá sé ég ekki að sú breyting geti haft nokkur áhrif á það sem hv. þingmaður var að tala um. Fiskistofa hefur alla möguleika á að fylgjast með þessu máli. Gert er ráð fyrir að menn sæki um sérstakt lykilorð og Fiskistofa getur síðan kallað eftir öllum þessum upplýsingum, m.a. allar upplýsingar um það þegar menn eru með tilfærslur á milli sín, og þegar fram í sækir annarra útgerða. Við erum einfaldlega að nýta okkur þær breytingar sem eru orðnar, þær framfarir sem eru orðnar. Það er engin ástæða til að þetta fari í gegnum Fiskistofu í Hafnarfirði þegar hægt er að gera þetta með rafrænum hætti eins og við þekkjum og eins og tíðkast í öllum slíkum samskiptum og viðskiptum manna á meðal.

[16:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagðist vera sannfærður um að þetta bráðabirgðaákvæði stæðist stjórnarskrána. Mér finnst hér öllu snúið á haus. Ef menn þurfa ekki að nýta veiðiréttinn þegar honum hefur verið úthlutað til þeirra og ef ekki þarf á því að halda að takmarka veiðar vegna þess að verið sé að vernda fiskstofn á þá að setja sérstakt ákvæði bara til að sjá til þess að vernda veiðirétt þeirra manna sem hafa fengið úthlutað veiðirétti en nýta hann ekki af einhverjum ástæðum? Mér finnst menn vera hér með allt á hvolfi. Búið er að snúa öllum röksemdum við sem hafðar voru á sínum tíma þegar því var haldið fram að þetta væru atvinnuréttindi sem ætti að verja, af því að alltaf var gert ráð fyrir að menn nýttu þau. Það hlýtur að þurfa að hafa þetta þannig að ef einhverjir aðrir treysta sér til að nýta réttindin verði það opið, það verði ekki bara gengið eftir því sem beðið er um hér eða pantað frá eigendum veiðiréttar í landi.

[16:37]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefði valdið nokkrum vonbrigðum ef hv. þingmaður hefði ekki setið við sinn keip í þessu efni. Það er einfaldlega svo að við höfum það fyrirkomulag að úthluta aflaheimildum og þar með veiðirétti og þegar þannig stendur á, eins og gerist núna, að af líffræðilegum og efnahagslegum ástæðum geta menn ekki nýtt sér aflaheimildirnar þá sé bara ósköp eðlilegt, virðulegi forseti, að það leiði ekki til þess að menn tapi veiðirétti varanlega. Er það þetta sem hv. þingmaður er að tala um? Þær aðstæður eru uppi á öðrum sviðum og við höfum reynt að verja það að menn geti haldið veiðirétti sínum, t.d. varðandi innfjarðarrækjuna. Við höfum gert það á þann hátt að úthluta þeim aflabótum (Gripið fram í.) til að tryggja að þeir geti síðan haldið atvinnurekstri sínum áfram. Það er það sem verið er að gera hérna. Mér finnst mjög undarlegt að hv. þingmaður skuli, til að reyna að koma fram sínum annarlegu sjónarmiðum í fiskveiðimálum, leggjast sérstaklega á þá menn sem standa verst í útgerð við þessar aðstæður, menn sem geta ekki sótt rækjuna og eiga í bullandi erfiðleikum og hv. þingmaður ætti að vita að það bitnar m.a. á byggðunum okkar. (Forseti hringir.) Hv. þingmaður ætti að láta sér sæma að vega ekki sérstaklega að þeim mönnum sem liggja nú flatir vegna erfiðleikanna.

[16:38]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Í þessu frumvarpi má segja að fram komi þrjú atriði, eins og hæstv. ráðherra rakti hér, auk þeirra bráðabirgðaákvæða sem komu aðeins til umræðu í andsvarinu. Ég vil aðeins segja um bráðabirgðaákvæðið að hvað varðar rækjuflotann þá tek ég undir með hæstv. ráðherra. Mér finnst það sanngirnissjónarmið hvernig sem á það er litið og þar sem ástandið á rækjustofninum er eins og raun ber vitni er eðlilegt að taka tillit til þess eins og hér er gert, þ.e. að ef menn geta ekki sótt sjóinn þótt þeir fegnir vildu á ekki að refsa þeim fyrir það og á hinn bóginn á heldur ekki að rukka þá samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði, taka af þeim gjald, nema þeir fái afla. Það er bara sanngirnissjónarmið og undir það tek ég.

Í frumvarpinu eru þrjú meginatriði, fyrir utan bráðabirgðaákvæðið. Í fyrsta lagi það sem kalla má lagalega tiltekt þar sem sóknardagakerfi krókabáta fellur niður í lok þessa árs á grundvelli breytinga sem hér voru gerðar um árið. Dagabátarnir eru með öðrum orðum að hverfa og þá er eðlilegt að taka tillit til þess í lagaumhverfinu.

Það er líka gaman að rifja það upp, miðað við allar þær hrakspár sem uppi voru hafðar hjá ýmsum hv. þingmönnum, þegar verið var að stíga það skref að leggja niður dagakerfið og líta yfir slóðina núna og sjá hvaða reynsla er komin af því. Verður ekki annað séð en almenn gleði ríki meðal langsamlega flestra þeirra sem áður voru á dagakerfi og upplifa núna muninn. Þetta er rólegra líf, það er fjölskylduvænna líf og þeir geta stundað útgerð sína með markvissari og rólegri hætti en áður tíðkaðist. Með öðrum orðum: Flest markmiðin sem menn settu sér með þessari breytingu hafa náðst og það er vel. Því má segja að þetta ákvæði 1. gr. frumvarpsins að leggja niður dagakerfið sé í rauninni hinstu skrefin í því og menn hljóta að fagna því og telja það eðlilegt.

Í annan stað vil ég nefna 3. gr. frumvarpsins sem lýtur að því sem kom aðeins til umræðu í andsvörum áðan, um að flutningur aflaheimilda geti gerst með rafrænum hætti. Það væri í rauninni í alla staði óeðlilegt að leggjast gegn því. Það væri í rauninni að leggjast gegn framförum að nýta sér ekki tæknina, eins og hæstv. ráðherra nefndi, menn stunda þetta í bankaviðskiptum, þar sem þessi rafræna tækni opnar fyrir sveigjanleika. Rétt er að draga fram líka að það dregur úr skattheimtu á útgerðina því að Fiskistofa hefur þurft að rukka fyrir þennan flutning og með því að notfæra sér tæknina er annars vegar verið að spara útgerðum en um leið verið að skapa þennan sveigjanleika. Það segir sig sjálft að það að ganga frá slíkum aflaheimildum með rafrænum hætti er miklu fljótlegra og þar af leiðandi sveigjanlegra heldur en með eldri aðferðum. Menn ættu að

fagna því að leiða nútímatækni inn í stjórnkerfi fiskveiðanna.

Þá kem ég að 2. gr. sem, eins og hér hefur komið fram og birtist í greinargerð með frumvarpinu, lýtur að því að setja þak á smábátana líkt og gert hefur verið í stóra kerfinu. Munurinn er þó sá að það nær ekki yfir allar tegundir, eins og fram hefur komið fram m.a. í andsvörum, og þar að auki eru prósentur á hámarkinu. Þær eru lægri í smábátakerfinu en í stóra kerfinu, t.d. 12% í þorski í stóra kerfinu en 6% í því kerfi sem innleiða á með þessu frumvarpi. Ég tek undir það meginsjónarmið sem gert var í stóra kerfinu að setja ákveðið þak til að sjá til þess að útgerðin fari ekki á allt of fáar hendur og reyna þar með að dreifa atvinnustarfseminni, og sömu rök eiga að sjálfsögðu að gilda um hina smærri báta. Það vekur hins vegar upp ákveðnar spurningar, hvort talan 6% á móti 12% í stóra kerfinu standist og jafnframt hvort sú prósenta, 6%, sé óeðlilega lág. Það eru fullgild rök sem hæstv. ráðherra nefndi að í rauninni sé enginn kominn upp undir þetta þak enn þá en þó vísaði hæstv. ráðherra til eins fyrirtækis sem kynni að vera að nálgast það.

Það er svo, frú forseti, að fyrirtæki laga sig ávallt að því kerfi sem fyrir er hverju sinni og við hverja breytingu sem á sér stað, hvort heldur er á stjórn fiskveiða eða öðru rekstrarumhverfi sem fyrirtækjum er búið, fer af stað ákveðin þróun. Nú hefur það einmitt gerst á Suðurnesjum að slík þróun hefur átt sér stað. Menn hafa lagað sig að því kerfi sem Alþingi setti þeim og þar hefur skapast ágætt samstarf með líklega stærsta aðilanum á þessu sviði og fjölmörgum einyrkjum sem búa á svæðinu og þeir telja hag sínum vel borgið með slíku samstarfi. Því má velta upp þeirri spurningu hvort e.t.v. sér verið að hafa of mikil afskipti af þeirri þróun með því að velja prósentutöluna eða hámarkið í þorski 6%. Þá kann t.d. að koma upp sú staða ef einyrki á Suðurnesjum vill ganga til samstarfs við slíkt fyrirtæki og fyrirtækið er farið að nálgast toppinn að þá kunni menn að vera að hrekja viðkomandi aflaheimildir út af því svæði. Ég hygg að í þeim mikla slag sem er um aflaheimildir á milli svæða séu menn ekki tilbúnir til þess.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra svaraði þeirri spurningu í andsvari að á bak við töluna 6% væru engin nákvæm vísindi. Ég túlka það svo, og tel eðlilegt að sjávarútvegsnefnd fari rækilega yfir það, að við ættum ekki endilega að líta á þessa tölu, 6%, sem heilaga tölu og hljótum að taka það til skoðunar hvort ekki sé þörf á að lyfta þeirri tölu um kannski 1 eða 2% til að raska ekki einstökum svæðum og þeirri þróun sem á sér stað.

Frú forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki fleiri orð um þetta. Ég tel að frumvarpið sé mjög til bóta og að enn einu sinni séum við að lagfæra lög um stjórn fiskveiða. En það er alveg sama hversu litlar lagfæringarnar eru, þær kalla alltaf á langar og miklar umræður enda er sjávarútvegur enn þá ein af mikilvægari atvinnugreinum okkar.

[16:46]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Enn einu sinni stöndum við hér og ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Ég hef áður bent á að fá lög í þessu landi taka eins oft breytingum og kannski eins miklum breytingum á tiltölulega skömmum tíma og þessi lög sem sett voru á árinu 1990.

Því hefur oft verið haldið fram, og ég er alveg sammála þeim rökum, að þegar menn ræða um málefni sjávarútvegsins og stjórn fiskveiða þurfi þeir að geta horft tiltölulega langt fram í tímann og velt fyrir sér hvernig rekstrarumhverfi og slíkt verði í framtíðinni. Því verður maður að segja að oft og tíðum er ástæða til að verða hissa þegar þeir sömu tala um nauðsyn þess að stöðugleiki ríki í greininni og umhverfi hennar og að það sé nauðsynlegt að þeir sem stundi útveg og útgerð horfi fram á ákveðna festu í greininni til að þora að hætta fé sínu og skipuleggja sig til framtíðar.

Ég taldi saman að gamni mínu breytingarnar sem gerðar hafa verið á þessum lögum núna — ég prentaði þau út til að hafa þau hér til hliðar meðan við erum að ræða frumvarpið — og ég sé að á lögunum er búið að gera 35 breytingar á þeim 15 árum sem liðin eru frá því að þau voru samþykkt. Enn liggja fyrir sjávarútvegsnefnd tvær breytingar á lögunum sem verið er að fara yfir þannig að þetta eru mögulega 37 eða 38 breytingar á fiskveiðistjórnarlögunum á 15 árum, þ.e. yfir tvær breytingar á ári. Ég held að menn ættu að hætta að hreykja sér af miklum stöðugleika og litlum breytingum í umhverfi greinarinnar þegar lögunum um greinina er breytt eins oft og raun ber vitni.

Þegar stjórnað er með aflamarkskerfi eins og við gerum hér hafa menn orðið sammála um það, frú forseti, að nauðsynlegt sé að takmarka stærð einstakra aðila eða skyldra aðila í þessum potti sem við höfum. Sá sem hér stendur tekur undir það. Það er alveg nauðsynlegt fyrir okkur í þessu kerfi að hafa einhverja varnagla sem koma í veg fyrir að aflaheimildirnar eða heimildirnar til að sækja fiskinn í sjónum í kringum landið safnist á mjög fáar hendur.

Við vitum takmarkanirnar sem eru í stóra kerfinu eða aflamarkskerfinu fyrir stærri skipin og það hefur verið nokkur sátt ríkjandi um þær prósentur sem þar eru. Það er hámark á öllum þeim tegundum sem eru í kvótanum, 12% í þorskinum en síðan 20% í ýsu og ufsa, og 35% í karfanum. Aðrar tegundir, eins og grálúða, síld, loðna og úthafsrækja, eru með 20% hámarksaflahlutdeild einnar útgerðar eða skyldra aðila.

Slíkar takmarkanir hafa í raun ekki verið eingöngu fyrir krókaaflamarkskerfið og smábátana og algerlega hefur vantað í sjálfu sér að setja slíkar reglur. Við erum með tvö kerfi og mér hefur virst almenn sátt á Alþingi um það að meðan fiskveiðum er stjórnað með þeim hætti sem um ræðir vilji menn ekki að hægt sé að sameina þessi tvö kerfi, þ.e. að smábátarnir geti runnið inn í aflamarkskerfið og að enginn munur sé á kvóta, hvort sem er í smábátakerfinu eða hinu stærra.

Hæstv. ráðherra velur þá leið að leggja fram frumvarp þar sem fleiri atriði eru hengd á þetta eina atriði sem ég gerði að umræðuefni. Ég ætla að reyna, frú forseti, að halda mig kannski að mestu í minni fyrri ræðu við 2. gr. og það sem þar er en þó getur vel verið að úr því að við fengum greinargóð svör við stuttu andsvari mínu við ráðherra áðan að ekki þurfi að ræða hlutina í eins miklum smáatriðum í 1.

umr. hvað varðar 2. gr. eins og annars hefði kannski þurft að gera.

Af hverju erum við með sérkerfi fyrir smábátana? Það hefur þróast á þessum tíma í kvótakerfinu okkar að þessi leið hefur verið sú sem menn hafa séð skásta til að reyna að efla sjávarbyggðirnar og gefa mönnum kost á því að sækja sjóinn vítt og breitt kringum landið. Það var til langs tíma nánast eini möguleiki þeirra sem hugðu á útgerð og vildu hasla sér völl að fara inn í smábátakerfið, inn í dagakerfið meðan það var við lýði, og þar þurfti minnst fjármagn og minnstu að hætta til til að fara inn í það kerfi ef við berum það saman við stóra kerfið. Alltaf hefur verið talað um að nauðsynlegt væri fyrir okkur að reka þetta kerfi með þeim hætti að þetta safnaðist ekki á tiltölulega fáar hendur og að þetta væri útvegur sem byggðirnar, og sérstaklega smærri byggðirnar, hringinn í kringum landið stóluðu mikið á og þyrftu að hafa aðgang að.

Með þeirri breytingu sem gerð var þegar sóknardagakerfið var lagt af vissu allir sem fóru í gegnum þá umræðu að mjög margir útgerðarmenn smábáta mundu selja þennan kvóta í hendur annarra þegar búið væri að takmarka þetta í kílóum og ekki dögum lengur. Sá sem hér stendur var ekki fylgjandi því að breyta úr dagakerfinu í smábátunum yfir í kvótakerfi, einfaldlega vegna þess að það lá alveg fyrir hvað mundi gerast. Þeir horfðu kannski fram á það að krókaaflamarkið þeirra væri ekki meira en svo að það borgaði sig ekki að gera út á það, enda hefur orðið ansi mikil fækkun. Það hefur fækkað um meira en 100 báta í kerfinu frá því að þessi breyting var gerð og það munar um minna þegar við horfum á heildartöluna á þessum bátum. Á fyrsta ári frá því að breytingin var gerð fækkaði um 108 báta sem hættu að gera út og létu kvótann sinn í hendurnar á öðrum. Það lá alveg fyrir að þetta gerðist mjög hratt, smábátunum fækkaði og útgerðunum sömuleiðis, bátarnir stækkuðu jafnvel líka og urðu fullkomnari þannig að auðvitað horfðum við sem höfum viljað sjá smábátakerfið um allt land upp á það að miðað við óbreytt lög gæti ástandið á mjög skömmum tíma orðið þannig að það yrðu, eins og lögin gerðu ráð fyrir, einungis jafnvel tveir útgerðaraðilar sem ættu nánast allan krókaaflamarkskvótann. Ég held að ekkert okkar sem erum á þingi hafi viljað sjá slíkt. Hvort sem menn eru sammála núverandi fiskveiðistjórnarkerfi eða hvernig það er rekið held ég að enginn hafi viljað hafa þá framtíðarsýn að tveir útgerðarmenn eða tvö stór fyrirtæki hefðu yfir að ráða öllum smábátakvótanum á Íslandi.

Á fyrsta árinu sem leið frá því að dagakerfið var lagt af og kvótakerfið tekið upp skiptu yfir 2 þús. tonn af þorski um eigendur að þorskkrókaaflamarki. Í þorskígildistonnum voru þetta yfir 5 þús. tonn þannig að þetta gerðist ekkert hægt og hljótt. Í þorskinum erum við að tala um 36 þús. tonn ef ég man rétt en þarna skiptu 2 þús. tonn nánast á augnabliki um eigendur.

Ég velti því upp í umræðu á þingi 3. nóvember á síðasta ári hvort menn hefðu ekki af þessu áhyggjur og hvort ekki væri nauðsynlegt fyrir okkur að bregðast við og setja inn í lögin frekari takmarkanir á hámarkseign aðila sem gerðu út smábáta. Mjög fljótlega heyrði ég að fleiri tóku undir þessa skoðun mína og auðvitað höfðu fleiri af þessu áhyggjur en ég. Menn veltu fyrir sér hvar ætti í raun og veru að setja þetta þak. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan að þau 6% í þorski sem ráð er fyrir gert hér og síðan 9% í ýsu væru ekki neinar hávísindalegar tölur, þetta væru ekki tölur sem hefðu komið út úr einhverju reiknilíkani hjá Hafrannsóknastofnun eða Fiskistofu. Þetta eru talin skynsamleg mörk, væntanlega af þeim sem setja fram frumvarpið, bæði með það í huga að ekki yrðu of fáir útgerðarmenn í þessum útgerðarflokki og kannski ekki síður, sem við þurfum líka að hugsa um, að hámörkin í þessum flokki frekar en öðrum mega ekki verða það lág að enginn geti gert út, hverjum einasta útgerðarmanni eða fyrirtæki sé gert gersamlega ókleift að gera út í smábátakerfinu. Allir þurfa að hafa ákveðinn fót til að standa á til að geta gert út með árangri.

Ég er sammála hv. þm. Hjálmari Árnasyni að sjávarútvegsnefndin hlýtur að þurfa að skoða þessar prósentur. Þetta er helmingur í þorski miðað við stóra kerfið, þetta er innan við helmingur í ýsunni, kannski spurning um að velta fyrir sér af hverju það, af hverju gildi þá ekki sú regla sem sett er í þorskinum að þetta sé bara helmingur af því sem gildir í stóra kerfinu. Þegar við förum yfir listana yfir tegundirnar í stóra kerfinu velta menn líka fyrir sér hvort ekki væri full ástæða til að taka allar tegundir í krókaaflamarki inn í þetta og setja hámörk með sama hætti og gengur í hinu stærra.

Síðan er það spurningin um afturvirknina. Menn gera plön og skipuleggja rekstur sinn til framtíðar eins og þeir best kunna hverju sinni. Ég var ánægður með að heyra það hjá hæstv. ráðherra að enginn virðist vera kominn í þau hámörk sem hér eru lögð til þannig að væntanlega er ekki verið að hafa rétt af nokkrum manni með því að bæta þessu við. Við megum náttúrlega ekki gleyma því að í sjálfu sér má flytja fisk niður á milli kerfa þó að ekki megi flytja hann upp þannig að þeir sem vilja og geta geta náttúrlega keypt sér hlutdeild í stærra kerfinu og flutt hana niður í smærra kerfið og þannig á einhvern hátt reynt að ná þeirri viðbót sem þarf til að gera útgerðina nægilega hagkvæma.

Maður veltir þó fyrir sér varðandi þennan tíma að ansi langur tími er liðinn frá því að við byrjuðum að velta þessu upp, frá því að byrjað var að ræða þetta á Alþingi og byrjað að ræða við hagsmunaaðila. Það er búið að taka nóvember-, desember- og janúarmánuð að koma fram með frumvarp og það væri gaman að skoða það í sjávarútvegsnefndinni þegar þar að kemur hver þessi mörk voru um það leyti sem umræðan byrjaði og hæstv. sjávarútvegsráðherra og sjávarútvegsráðuneytið byrjuðu að ræða við hagsmunaaðila, hvort eitthvert stórt hlaup hafi orðið á þeim tíma, hvort einhverjir aðilar hafi hlaupið til og reynt að tryggja sér meiri heimildir og hærra mark í þessu kerfi en þeir höfðu á þeim tíma þegar við byrjuðum að ræða þetta.

Í reglugerð sem hæstv. sjávarútvegsráðherra setti 4. ágúst 2005, reglugerð nr. 724, er fjallað um veiðar í atvinnuskyni fyrir fiskveiðiárið 2005/2006. Þar segir að bátum sem leyfi hafa til veiða með krókaaflamarki skuli úthlutað krókaaflamarki í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og karfa á grundvelli krókaaflahlutdeildar þeirra. Þarna er búið að tína upp allar þær tegundir sem um ræðir og enn vaknar sú spurning hvort ekki væri rétt að velta upp hámarkssetningu á allar tegundirnar. Það sem gerist og getur gerst og við þekkjum frá kerfinu í gamla daga er að ef

einhverjar tegundir voru þannig að hægt var að sækja í þær umfram aðrar bjó það til aukna sókn í þær tegundir. Menn bjuggu kannski til rétt sem annars hefði ekki verið og því hljótum við að þurfa að velta fyrir okkur hvort ekki sé rétt að allar tegundir sem úthlutað er krókaaflamarki í á grundvelli þeirrar hlutdeildar sem útgerðarmennirnir hafa falli undir sama kerfi og að á það komi hámarksprósenta.

Ég sagði áðan að hæstv. ráðherra hengdi fleira á þessa ferð. Þegar farið er að telja saman allar breytingar sem gerðar eru á lögum um stjórn fiskveiða er kannski skiljanlegt að menn reyni að nota ferðina og breyta nokkrum atriðum frekar en að taka eitt atriði í einu því að þá yrðu þessar breytingar enn fleiri en nú er. Þau þrjú atriði sem á frumvarpið eru hengd núna eru í fyrsta lagi 1. gr. þar sem lýst er yfir útför sóknardagakerfisins. Fyrir þá tvo báta sem hafa verið í því kerfi og eru í því á þessu ári dettur þann 31. ágúst á þessu ári sú heimild niður og þá er ekkert lengur til sem heitir sóknardagakerfi. Ég get alveg játað það fyrir mig að ég sé eftir því kerfi, ég sé eftir því kerfi í smábátunum vegna þess að ég taldi að það gæti hentað mjög vel í þeirri útgerð sem smábátarnir eru í. (**GAK:** ... í byggðunum.)

Þetta var eitt af því sem hengt var á. Annað er ákvæðið um heimild til að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa og meira að segja kveður á um það í lögunum að greiða skuli 12 þús. kr. á ári fyrir slíkan samning. Þegar maður les í gegnum greinina segir að ráðherra sé heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir gerð þjónustusamninga og víkja frá ákvæðum 1.–3. mgr. að því leyti sem þau lúta að framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslu gjalds vegna hans. Mér sýnist að með þessu orðalagi í greininni sé hæstv. ráðherra í raun heimilt að víkja frá nánast hverju sem er í 1.–3. mgr. Að því leyti sem þau lúta að framkvæmd flutnings aflamarks, hlýtur að fela í sér að allt það sem lýtur að flutningi aflamarks, hvort sem um það er að ræða að upplýsingar um verð skuli vera fyrir hendi þegar þetta fer á milli óskyldra aðila o.s.frv. Gott væri að fá að vita hjá hæstv. ráðherra hvort sá skilningur minn sé réttur að í raun heimili þessi lagatexti í 3. gr. ráðherra að ákveða upp á nýtt hvaða upplýsingar þurfa að fylgja í þessum rafrænu skráningum á flutningi aflamarks milli skipa í eigu sömu útgerðar eða milli skipa útgerða sem ekki eru í sömu eigu — hvort hann geti í raun ákveðið upp á nýtt að víkja talsvert frá lagatextanum og hvort það sé þá ekki nær að fara beint í lagatextann og breyta þá þeim atriðum sem menn eru að velta fyrir sér að breyta.

Það er annað í þessu sem maður hlýtur að velta fyrir sér. Samkvæmt lögunum í dag greiða útgerðarmenn 2 þús. kr. fyrir hverja tilkynningu eða færslu á aflamarki. Það kemur fram í mati fjármálaráðuneytisins á áhrifum þess á ríkissjóð að nú verði eingöngu gerður þjónustusamningur sem greiddar eru fyrir 12 þús. kr. einu sinni á ári, að ætla megi, í ljósi þeirra viðskipta sem fram hafa farið á undanförnum árum, að tekjur Fiskistofu komi til með að dragast saman út af þeim breytingum. Það segir reyndar að ætla megi að kostnaður Fiskistofu verði eitthvað minni út af því að þeir þurfi ekki að sinna þessu. Ég verð að segja alveg eins og er að ég á erfitt með að trúa því að umfang eða kostnaður hjá fiskilöggunni minnki þó að þetta sé gert með þessum hætti. Ég segi það einfaldlega vegna þess að ég hef ekki séð þá þróun eða tilhneigingu hjá opinberum stofnunum, jafnvel þótt breytingar séu gerðar á formi tilkynninga eða eitthvað slíkt, að það dragi eitthvað úr stjórnunar- eða rekstrarkostnaði þeirra stofnana. Ég held að með þessu sé verið að horfa á að greiðslur til Fiskistofu vegna tilkynninga um flutning á aflamarki muni einfaldlega lækka. Ég yrði ekkert hissa þótt kostnaður héldist sá sami og verið hefur.

Ég tek undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að við hljótum að þurfa að skilgreina mjög nákvæmlega hvaða upplýsingar þurfa að koma fram í þessum rafrænu færslum. Við hljótum að þurfa að tryggja að lagaákvæði, sem eru í lögunum um stjórn fiskveiða, segi að þegar um sé að ræða flutning á milli óskyldra útgerða verði að fylgja verð. Í raun og veru ætti líka að fylgja verð á þessum flutningi þegar verið er að flytja á milli skipa í eigu sömu útgerðar því að þetta eru upplýsingar sem Verðlagsstofa skiptaverðs notar líka þegar hún veltir fyrir sér fiskverði og hvort verið sé að láta sjómenn taka þátt í kvótaleigu eða kvótakaupum. Þegar svona kerfi er tekið upp hljótum við að reyna að tryggja það með sem öruggustum hætti að allar þær upplýsingar sem þurfa að fylgja svona færslum komi með í rafrænu færslunum en verði ekki eftir.

Það er svo einfalt og auðvelt þegar verið er að setja kerfið upp að setja það upp með þeim hætti að það safni þessum gögnum þannig að hægt sé að komast að þeim á mjög einfaldan hátt. Það á ekki að setja inn einhverjar takmarkaðar upplýsingar fylgjandi þessu þannig að menn þurfi einhvern tíma síðar meir að fara að gramsa til að reyna að tengja saman magn færslu og verð.

Frú forseti. Tími minn er nánast á enda þannig að ég kemst ekki í bráðabirgðaákvæðið um rækjukvótann, a.m.k. ekki í þessari ræðu minni. Ég held að full ástæða sé til að velta aðeins fyrir sér hvað þar er á ferðinni og ræða aðeins betur við hæstv. ráðherra.

[17:06]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Af ýmsu er að taka í þessu frumvarpi. Fyrst er auðvitað það sem stendur upp úr, að þarna er sóknardagakerfið kistulagt endanlega. Það er svo sem ekki í fyrsta skipti sem maður stendur frammi fyrir frumvarpi um það. Ég minnist þess að í janúarmánuði 1999, fyrir réttum sjö árum, var lagt fram stjórnarfrumvarp í framhaldi af hæstaréttardómi sem gerði ráð fyrir því að allar veiðar yrðu kvótabundnar og að ákvæði eldri laga sem þá voru í gildi yrðu afnumin þannig að menn styddust eingöngu við aflamarkskerfið. Það fór þá á þann veg að í meðförum þingnefndar, sjávarútvegsnefndar sem ég veitti þá forstöðu, var frumvarpinu að verulegu leyti breytt og tekið upp nýtt sóknardagakerfi sem hefur verið við lýði þar til nú, og var reyndar breytt á vordögum 2004.

Það má því segja ef maður lítur yfir farinn veg að breytingin sem við gerðum í janúarmánuði 1999, um það að taka upp handfærakerfi á sínum tíma, hafi að mörgu leyti reynst heilladrjúg í því sem henni var ætlað, þ.e. að opna leið fyrir nýja útvegsmenn, sérstaklega í því skyni að tryggja viðgang atvinnugreinarinnar á þeim svæðum landsins sem áttu mest undir högg að sækja vegna framsalsáhrifa kvótakerfisins.

Þó að kerfið hafi að sumu leyti verið ósanngjarnt gagnvart útvegsmönnum í aflamarkskerfinu vegna þess að sóknardagabátarnir, handfærabátarnir á þessum tíma, áunnu sér aflaheimildir sem síðar var breytt í kvóta á þeirra kostnað met ég það engu að síður svo að heildaráhrif aðgerðanna hafi verið jákvæð að því leyti sem til var ætlast af hálfu Alþingis á þeim tíma.

Því miður varð þróunin í því kerfi á þann veg að ekki varð samstaða um að viðhalda því og sóknardagakerfið var farið að líkjast æ meira venjulegu aflamarkskerfi þar sem verðlagning á sóknareiningunum tók mið af sömu lögmálum og gilda um aflahlutdeildir. Þannig voru komnar upp sömu aðgangshindranir inn í kerfið og voru í aflamarkskerfinu og engu þægilegri leið fyrir nýliða inn í fiskveiðarnar í gegnum sóknardagakerfið en er í gegnum aflamarkskerfið. Út af fyrir sig leiddi það til þess að menn komust að þeirri niðurstöðu að þá væri rétt skref að hafa sams konar stýringu í báðum kerfunum. Auðvitað má deila um hvort það hafi verið rétt skref en þegar menn bera saman þróunina frá þeim tíma til dagsins í dag og það sem var þá verða menn að gera sér grein fyrir því að jafnvel þótt menn hefðu ekki breytt sóknardagakerfinu vorið 2004 hefði orðið þróun í því. Hvernig hefði sú þróun orðið til dagsins í dag á annan veg en hefur orðið í aflamarkskerfinu?

Ég sé ekki fyrir mér að hún hefði orðið mjög frábrugðin. Ég held að hún hefði orðið mjög svipuð með sömu vankköntum og annmörkum og fækkun báta vegna þess að auðvitað stækkuðu bátarnir, afkastageta þeirra jókst og þá leituðust eigendurnir við að kaupa fleiri sóknardaga á þá báta, rétt eins og menn gerðu eftir breytinguna, þ.e. að kaupa meira af veiðiheimildum í aflamagninu. Ég er ekki svo viss um að breytingin hefði orðið frábrugðin því sem hún varð. Við hefðum staðið í svipuðum sporum og við stöndum nú.

Það eru að vissu leyti tímamót í sögunni að menn séu komnir á það stig að taka út úr lögunum ákvæði um þetta handfærakerfi.

Þá er ástæða til að spyrja: Í hvaða sporum erum við núna og hvers konar kerfi erum við með? Erum við búin að finna upp hið fullkomna kerfi sem við þurfum ekkert að huga að breytingum á? Höfum við náð hinum fullkomna sannleik í fiskveiðistjórn, getum við lagst til hvílu og sagt að þessu verkefni sé lokið og búið svo um aldur og ævi við það sem er í lögunum í dag? Er svo komið, virðulegi forseti, að Alþingi geti lagt það verkefni á hilluna að glíma við löggjöf um stjórn fiskveiða? (**GAK:** Örugglega.) Örugglega, er kallað hér fram úr salnum og ég heyri á tóninum að ekki fylgir mikil alvara þeim orðum, eða kannski ætti ég að segja að ekki fylgdi mikil trú þeim orðum að svo væri. Ég minni á könnun, þá síðustu sem ég hef séð, um afstöðu landsmanna til kvótakerfisins. Gallup gerði hana og birti í september 2004. Spurt var hvort menn væru ánægðir með kvótakerfið og svo var spurt hvort menn vildu breyta því. Svörin eru mjög athyglisverð vegna þess að könnunin er gerð af viðurkenndu fyrirtæki og gefur góðar vísbendingar um vilja þjóðarinnar og afstöðu. Í ljós kemur að aðeins 18% eru ánægð með kerfið, aðeins 18% eru ánægð með kvótakerfið fyrir einu og hálfu ári. Ég geri svo sem ráð fyrir að það hafi ekki mikið breyst frá þeim tíma. 64% voru óánægð með kerfið og þar er dálítið mikill munur á þegar meira en þrír eru óánægðir á móti hverjum einum sem er ánægður.

Ef við skoðum svo seinni spurninguna, um það hvort menn vilji breyta kerfinu, kemur í ljós að aðeins 16% vilja halda kerfinu óbreyttu en heil 84% vilja breyta því eða leggja það niður. Ef við skoðum þann hóp sérstaklega og kljúfum hann í tvennt vilja 19% leggja kvótakerfið niður. Fleiri vilja sem sagt leggja kerfið niður en hinir sem vilja halda því óbreyttu. 65%, þ.e. tveir þriðju þjóðarinnar, vilja breyta kerfinu. Ef við segjum að það sé verkefni stjórnmálamanna að hlusta á það sem þjóðin hefur fram að færa og leitast við að haga löggjöf þannig að hún falli að hagsmunum og þörfum hennar mundi ég segja að niðurstaðan úr þessari könnun væri sú að við ættum að breyta kerfinu. Þjóðin er að segja okkur það.

Viðfangsefni okkar er þá að velta fyrir okkur hvernig við eigum að breyta kerfinu. Hvað er það sem þjóðin er óánægð með og hvernig getum við breytt lögunum þannig að við tökum á þeim atriðum og mætum þeim vankköntum sem almenningur sér greinilega á kerfinu? Svarið við spurningunni sem ég varpaði fram áðan er það að okkur hefur ekki enn tekist að ljúka löggjöf um stjórn fiskveiða á þann hátt að um það sé sæmileg sátt í þjóðfélaginu. Við eigum mikið verk óunnið til að breyta, skulum við segja, — ég segi ekki að við eigum að leggja það niður — kvótakerfinu þannig að ásættanlegt verði til einhverrar framtíðar. Ég vil draga þetta fram þannig að menn standi ekki í þeirri trú að ég telji að verkefninu sé lokið með því frumvarpi sem við glímum við núna.

Ég vildi kannski í framhaldinu aðeins fara yfir það hverju við eigum að breyta. Ég held að það séu ákveðin atriði sem valda verulegri óánægju. Ég held að það séu fyrst og fremst áhrifin af framsalinu, áhrif sem verða á atvinnulíf einstakra byggðarlaga vegna hreyfinga á veiðiheimildum. Ég held að löggjöfin eins og hún er taki ekki nægilega á þessum áhrifum þannig að þau eru í allt of ríkum mæli slæm og það er að mati almennings, skulum við segja, ósanngjarnt. Því þarf að breyta.

Við höfum fullt af dæmum sem við getum rakið sem sýna hve mikið hefur breyst í atvinnumálum heilla byggðarlaga við framsal á veiðiheimildum. Bara frá síðustu alþingiskosningum hafa bæst við byggðarlög sem hafa orðið fyrir miklum áhrifum vegna eignabreytinga á veiðiheimildum og stóðu áður nokkuð styrkum fótum, t.d. Akranes, Skagaströnd og Akureyri. Sjálft höfuðvígi kvótakerfisins, Akureyri, er nú í þeirri stöðu að atvinnuhagsmunir margra þeirra, skulum við segja, sem starfa í sjávarútvegi þar eru í óvissu. Menn óttast að þróunin hjá eiganda fyrrum Útgerðarfélags Akureyringa sé á þann veg að veiðiheimildirnar séu að fara í burtu frá staðnum og störfin þar með. (**MÞH:** Hvað með Akranes?) Akranes, já, ég nefndi það. (**MÞH:** ... tilviljun.) Þetta er bara frá síðustu alþingiskosningum. Menn sjá því að þetta er alltaf að gerast og við þurfum að hafa betri svör fyrir umbjóðendur okkar en þau sem núverandi löggjöf býður upp á. Það er alveg ljóst mál.

Hvernig geta þau verið? Menn hafa bent á byggðakvóta, að veiðiheimildir séu teknar frá sem hægt er að ráðstafa inn í sömu byggðarlög aftur þannig að nýir aðilar geti fengið

þær til að hefja atvinnurekstur með útgerð og skapað ný störf. Það er alveg möguleiki. Vandinn við núverandi kerfi er að byggðakvótinn er svo lítill að aflið með því er ekkert í líkingu við skaðann sem verður vegna framsalsins. Það þarf miklu stærri hluta af heimildunum til að geta bætt fyrir með þessum hætti.

Ég held hins vegar að besta ráðið við svona sé að taka á því með almennum hætti, finna leiðir þannig að við getum stuðst við almennar reglur. Þá hljótum við að koma að veiðiheimildunum sjálfum, úthlutun þeirra, hvernig menn geta nálgast þær, og verðlagningu þeirra. Þó að kvótakerfið sé í orði kveðnu sett á til að vernda fiskstofna er það fyrst og fremst markaðskerfi, kerfi til að leiða sjávarútveginn inn í markaðsumhverfi sem síðan á að leiða til þess að atvinnureksturinn verði hagkvæmur o.s.frv. Það er í sjálfu sér ekki slæmt, við erum ekki andvíg því að hafa markaðskerfi í okkar helstu atvinnugrein.

Ef við skoðum veiðiheimildirnar er ekkert markaðskerfi í þeim. Þeim er úthlutað frá ríkinu, ótímabundið. Ef einhverjir vilja komast yfir veiðiheimildir verða þeir að kaupa af þeim sem hafa þær fyrir og á því verði sem þeir setja upp. Þeir sem eru fyrir í greininni geta dálítið mikið ráðið verðlagningunni vegna þess að engar reglur gilda um markaði fyrir veiðiheimildir eða eitthvað slíkt. Við sjáum að 3–4 fyrirtæki á landinu stjórna algjörlega verðlagningunni á veiðiheimildunum, fyrst og fremst aflamarkinu. Þau hafa svo mikið af veiðiheimildunum undir höndum, ráða eiginlega algjörlega þróuninni í útleigunni og geta nokkurn veginn spennt upp verðið með tiltölulega einföldum hætti.

Ég held að þetta kerfi sé mjög ófullkomið markaðskerfi, hafi marga galla og menn þurfi að finna leiðir til að gera það þannig að þegar veiðiheimildir eru seldar taki verðlagningin á þeim mið af tekjumöguleikum veiðiheimildarinnar. Það er alveg galið að menn kaupi veiðiheimildir á verði sem er það hátt að þeir fá ekkert fyrir sinn snúð í 10–15 ár. Hvers konar markaðskerfi er það?

Það eru verulegir gallar á þessu kerfi, virðulegi forseti, sem ég hugsa að Alþingi eigi eftir að glíma við og reyna að bæta úr. Ég held að við ættum að gera það, setjast niður og betrumbæta þetta kerfi þannig að betur verði hægt að styðjast við það til lengri framtíðar, rétt eins og viðhorfskönnun um afstöðu almennings segir okkur.

Á dögunum kom út skýrsla frá iðnaðarráðuneytinu um þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni. Hún leiddi í ljós mjög athyglisverða niðurstöðu sem var sú að á ákveðnum landsvæðum hefði fasteignaverð lækkað, á öðrum hækkað, og það réðist af atvinnuástandi, þ.e. hvernig þróunin varð á vinnumarkaðnum. Skýrsluhöfundar drógu það fram að það þyrfti að vera hagvöxtur á hverju atvinnusvæði. Þar sem ekki var hagvöxtur heldur dró úr fjármagni í umferð, m.a. vegna þess að veiðiheimildir fóru í burtu, lækkaði verð á fasteignunum. Þetta bendir okkur á að við þurfum að tryggja það að byggðarlög sem hafa orðið til vegna sjávarútvegs eigi þann möguleika að geta þróast áfram, að þeir peningar sem atvinnugreinin skilar séu til atvinnusköpunar og styrkingar atvinnulífs á viðkomandi svæðum. Eins og kerfið hefur þróast tekur það ansi mikla peninga út úr greininni í formi afgjalds fyrir auðlindina, svo sem með háu verði á aflahlutdeildum eða háu leiguverði. Jafnvel þótt menn veiði mikið magn á einhverjum stöðum og heildarverðmæti sé nokkuð margir milljarðar fer svo og svo há fjárhæð út úr hagkerfi viðkomandi svæða sem leigugjald. Krafturinn sem leiðir af atvinnustarfseminni er miklu minni en áður var.

Ein leiðin sem ég velti fyrir mér hvort menn ættu að fara til að dreifa hagvextinum um landið er að nota gamla bolvíska aðferð. Virðulegi forseti, ég sé að hæstv. sjávarútvegsráðherra glennir upp augun því að ég er ekki viss um að hann átti sig á því hvaða frumkvöðul við Bolvíkingar eigum í stjórn fiskveiða á Íslandsmiðum. Ég held að það sé algert einsdæmi. Þar er ég auðvitað að tala um norska konu, virðulegi forseti. Konur eru, eins og menn vita, oft frumkvöðlar að ýmsum nýjungum. Þuríður sundafyllir frá Hálogalandi sem settist að í Bolungarvík setti Kvíarmið, hafði ákveðna gáfu og gat að einhverju leyti stjórnað fiskgengd ef marka má Landnámu. Þegar hún hafði þetta gert ákvað hún að hver sá sem nýtti þessi mið yrði að borga toll eða afgjald, eina á kollótta. Það var nokkurt gjald á þeim tíma og ég held að menn ættu að velta því fyrir sér að fara þessa gömlu bolvísku leið sem er líklega fyrsta útgáfa af veiðileyfagjaldi og athuga hvort ekki sé sanngjarnt og eðlilegt að sjávarplássin um landið, sem hafa í gegnum aldirnar nýtt auðlindina þar fyrir utan, fái ákveðnar tekjur á ári hverju sem afgjald fyrir nýtingu miðanna, rétt eins og Þingeyingarnir eru núna að fara fram á fyrir sína hönd fyrir nýtingu jarðorku sinnar. Þeir setja upp þá kröfu að orkan verði því aðeins nýtt að hún leiði til atvinnusköpunar í þeirra eigin héraði. Þeir hafa lýst því yfir með digrum yfirlýsingum að þeir muni ekki fallast á að orkan verði flutt frá Þingeyjarsýslu til þess að skapa atvinnu í öðrum héruðum vestan Þingeyjarsýslu. Þetta er út af fyrir sig alveg sama sjónarmiðið. Ef menn fallast á að það sé eðlilegt og sanngjarnt að Þingeyingar hafi jarðorkuna undir sínu landi sem auðlind eða til atvinnusköpunar í sínu héraði gildir auðvitað hið sama um fiskimiðin.

Ég held að kannski ættu menn að íhuga að ráðstafa aflahlutdeildum eða veiðiheimildum til byggðarlaga sem þau hafa til að nýta eða selja eða fái beint ákveðið afgjald í gegnum ríkissjóð sem er þá hugsað sem gjald fyrir nýtingu auðlindarinnar undan byggðarlagi þeirra. Þetta vildi ég láta duga, virðulegur forseti, til umfjöllunar um málið almennt. Ég hef ekki sagt mikið um einstök efnisatriði frumvarpsins. Það spara ég mér til 2. umr. málsins en hef fjallað, eins og oft er ætlast til, almennt um málið við 1. umr.

[17:27]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er á því að í þessari umræðu og í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar hafi þingmaðurinn leikið tveim skjöldum. Hann talar bæði með og á móti kvótakerfinu. Þess vegna væri mjög gott að fá upp úr þingmanninum hvort hann er með eða á móti kvótakerfinu og hverju hann vilji breyta. Hann hefur alltaf stutt breytingar til hins verra og gert byggðunum á Vestfjörðum erfiðara fyrir. Þess vegna finnst mér löngu orðið tímabært að hv. þingmaður komi hreint fram í þessari umræðu. Hann segist stundum fylgja sannfæringu sinni og þess vegna langar mig að spyrja hv. þingmann, frú forseti, hvort hann sjái eftir því að

hafa stutt breytingarnar á þessu fiskveiðistjórnarkerfi okkar sem leiddu til þess að sóknardagakerfið var lagt niður. Sér hann eftir því í ljósi þess hve slæmar afleiðingarnar hafa verið fyrir Vestfirðinga? Landaður afli á t.d. Tálknafirði, norðurfjörðum og Ströndum hefur dregist saman.

Allt sem við sögðum í Frjálslynda flokknum þegar verið var að setja þessi lög — eða ólög, vil ég segja — og afleggja sóknardagakerfið hefur nánast orðið að veruleika. Því miður. Þess vegna er tímabært að hv. þingmaður segi okkur hvort hann sjái eftir þessu. Mér finnst ömurlegt þegar menn tala um afturför fyrir byggðirnar úr þessum ræðustól og tala jafnframt um það sem einhverja þróun á kerfi. Þetta kerfi sem við sjáum hér er að leggja sjávarbyggðirnar í rúst og því miður hefur hv. þingmaður tekið þátt í að styðja breytingar sem allir vissu að mundu koma byggðunum illa, sérstaklega á Vestfjörðum.

[17:29]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni átti ég kannski ekki hvað síðan þátt í því fyrir sjö árum að sóknardagakerfið var ekki lagt niður. Komið var fram stjórnarfrumvarp sem gerði ráð fyrir því, frumvarp sem tók miklum breytingum í meðförum sjávarútvegsnefndar Alþingis sem ég var formaður fyrir á þeim tíma þar sem sett var í lög ný útgáfa af sóknardagakerfi, hið svonefnda handfærakerfi sem hefur verið við lýði fram til þessa.

Árangurinn af því kerfi var mjög góður, að ég tel. Ég tel að menn hafi náð vopnum sínum á mörgum stöðum á landinu vegna þeirrar leiðar sem var opnuð fyrir nýja aðila inn í atvinnugreinina, og ekki hvað síst í mörgum byggðarlögum á Vestfjörðum sem hafa notið góðs af þessari breytingu.

Ég get horft stoltur yfir farinn veg í þeim efnum. Það verður hins vegar á það að líta að þróunin í sóknardagakerfinu var slík að stefndi í öngstræti og var orðið mjög keimlík þróuninni í kvótakerfinu. Það var greinilegt að meðal þeirra sem stunduðu þessar veiðar eftir sóknardagakerfi var mikill ágreiningur um það hvert stefna skyldi. Straumarnir lágu í þá veru sem löggjöfin síðan tók mið af, þ.e. að styðjast við sams konar löggjöf í báðum kerfunum í stað þess að hafa tvenns konar ólíka löggjöf.

Eins og ég sagði áðan má auðvitað deila um hvort það var rétt skref eða ekki en ég tel þó að þróunin í sóknardagakerfinu hefði orðið með þeim hætti að við stæðum ekki í betri sporum í dag en við stöndum nú eftir þá breytingu sem gerð var.

[17:31]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ákvörðunin um að leggja niður sóknardagakerfið var tekin af hv. þingmanni og það var gert árið 2004. Mér finnst eins og hv. þingmaður sé að þvæla málið og horfist ekki í augu við eigin verk og mér finnst það miður. Hann tók ákvörðun um að afleggja sóknardagakerfið, sem hefur komið byggðum á Vestfjörðum mjög illa. Hann gerði það ekki einn, hann gerði það í félagsskap með hæstv. sjávarútvegsráðherra og með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Ef þeir hefðu staðið í lappirnar hefðu þessar breytingar ekki orðið. Það eru staðreyndir málsins og það er sárt fyrir hv. þingmenn að horfast í augu við að þeirra verk hafi komið byggðunum illa. En þeir áttu að vita það vegna þess að þeir voru upplýstir um það hér í þessum sal. Að halda því fram núna að þróunin hefði hvort eð er verið í þessa átt er alrangt. Það vita þeir sem fylgjast með sjávarútvegi í dag að þeir sem ætla að hefja útgerð á lítilli trillu þurfa að reiða fram 150 millj. kr. Að halda því fram að kerfið hafi verið komið í þá átt er alrangt hjá hv. þingmanni.

Í öðru lagi hefur þetta skert samkeppnisstöðu byggðanna fyrir vestan vegna þess að sóknardagabátarnir sóttu oft í minni fisk en nú hefur aflinn og sóknin verið að færast til þeirra staða þar sem von er á stærri fiski. Þetta vissi hv. þingmaður og það er ömurlegt að verða vitni að því að menn reyni að þvæla málin. Það er bara einfaldlega miklu betra og heiðarlegra fyrir þingmanninn að koma upp í ræðustól, frú forseti, og viðurkenna það og segja að hann sé stoltur af verkum sínum eða þá að hann sjái eftir þeim. Mér finnst að hv. þingmaður eigi að sjá eftir þessu vegna þess að þetta hefur reynst byggðunum afar illa.

[17:33]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson getur kynnt sér á hvaða verði dagarnir voru þegar löggjöfin var sett árið 2004 og á hvaða verði menn seldu veiðileyfi í sóknardagakerfinu. Það voru engar smáfjárhæðir þar á ferðinni og þær fóru verulega hækkandi þannig að kostnaðurinn við aðgang inn í kerfið var orðinn gríðarlega hár, líka inni í sóknardagakerfinu, og fór hækkandi. Það varð ekki nein afturför í þeim skilningi. (**SigurjÞ:** En sérðu eftir þessu?)

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður er dálítið ókyrr. (**SigurjÞ:** Nei, nei, ég er það ekki.) Ég held að þingmaður Frjálslynda flokksins sé svona órólegur vegna þess að hann missti glæpinn. Við það að breyta þessu kerfi yfir í eitt samræmt veiðistjórnarkerfi missti flokkurinn fótanna af því að hann hefur gert út á sóknardagahugmyndina, sem út af fyrir sig er ágæt og margir aðhylltust a.m.k. framan af. Ég held að Frjálslyndi flokkurinn sé í þeim sporum að hann viti eiginlega ekki alveg við hvað sérstaða hans á að miðast í íslenskum stjórnmálum.

Ég fór yfir það, virðulegi forseti, að ég teldi að við hefðum ekki lokið því verkefni að semja fullnægjandi löggjöf um stjórn fiskveiða. Ég rakti það að hvaða leyti ég teldi rétt að vinna að breytingum á löggjöfinni. Hins vegar hefur hv. þingmaður ekki getað sýnt fram á með skýrum hætti hvað Frjálslyndi flokkurinn vill í stjórn fiskveiða. Það er dálítið þokukennt, virðulegi forseti.

[17:35]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja eins og er að mér finnst frekar dapurlegt að heyra málflutning hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Ég man vel þá daga þegar verið var að setja þessa sóknardagabáta í kvóta á vordögum árið 2004. Ég man vel þá orrahríð sem þá átti sér stað í þingsalnum. Ég man vel þær ræður sem voru fluttar. Því miður hafa þau varnaðarorð sem við höfðum þá í þingflokki Frjálslynda flokksins komið fram af fullum þunga. Það er beinlínis sorglegt að sjá menn koma upp í ræðustól

einu og hálfu ári síðar, stjórnarþingmenn eins og hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, og hreykja sér af þeim verkum.

Ég er hér með nokkrar fréttir úr Bæjarins besta, ég tók útskrift af þeim rétt áðan. Hvernig eru fyrirsagnirnar? Jú, 17. ágúst 2005: Ríflega þriðjungssamdráttur í afla milli ára í júlí. 28. ágúst: Afli og aflaverðmæti minnkar á milli ára. 15. september 2005: Tæplega 40% samdráttur í lönduðum afla í ágúst á milli ára og svona má lengi telja. Hér er síðan viðtal við Aðalstein Óskarsson, framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, þar sem hann segir að afdrif sóknardagakerfisins séu meðal skýringa á minni vexti launagreiðslna á Vestfjörðum.

Virðulegi forseti. Ég held að engum íbúa á Vestfjörðum dyljist hvílíkt reiðarslag afnám sóknardagakerfisins var fyrir hagkerfi Vestfjarða. Nokkrir sægreifar fengu milljónatugi í vasann. Margir þeirra hafa selt sig út úr greininni, eins og fram kom í ágætri ræðu hv. þm. Jóns Gunnarssonar, en eftir situr almenningur með sárt ennið. Það væri gott að fá svar við þeirri spurningu hvort hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sjái ekki eftir því að hafa tekið þátt í þessu voðaverki.

[17:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þannig með handfæraveiðarnar og sóknardagakerfið að bátarnir elta fiskinn og fara eftir fiskgegnd. Þegar hún breytist þá breytist veiðislóðin. Hluti af skýringunni á því hvers vegna minna veiddist fyrir vestan er sú að veiðislóðin breyttist, t.d. veiddist meira fyrir Norðurlandi. Það hefði ekki breytt neinu þó sóknardagakerfi hefði verið áfram, það hefði bara endurspeglast af því — bátarnir veiða þar sem fiskurinn er.

Mig langar að spyrja hv. þingmann, af því að þeir lögðu til, ef ég þekki þeirra tillögur um stjórn fiskveiða rétt, að einhvers konar sóknardagakerfi yrði hjá litlu bátunum en aflamarkskerfi hjá stóru bátunum — þeir voru eiginlega með tillögur um bæði kerfin. Geta þeir ímyndað sér hver staðan væri nú ef stuðst hefði verið við tillögur þeirra um aflamarkskerfi annars vegar og sóknardagakerfi hins vegar? Er það breytilegt eftir veiðarfærum eða stærð báta eða hvernig ætlar Frjálslyndi flokkurinn t.d. að bregðast við breytingum á lífríki sjávarins, eins og urðu og skýra breyttar fiskigöngur fyrir landinu?

[17:39]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú varð ég svolítið hissa. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, jafnreyndur þingmaður og hann er, fór allt í einu í andsvar í andsvari. Það eru vinnubrögð sem þykja ekki góð á hinu háa Alþingi, að alþingismenn leggist í andsvör þegar þeir eiga að vera í svörum við andsvör sem hafa komið fram við þeirra eigin ræður.

Hann fer að spyrja mig út í útfærslur á fiskveiðistjórnartillögum Frjálslynda flokksins. Ég ætla ekkert að eyða mínum dýrmæta tíma í það að fara að útlista það hér. Ég get komið inn á það í ræðu minni á eftir. Hins vegar er það svo að hv. þingmaður forðast eins og heitan eldinn að svara þeirri grundvallarspurningu sem bæði ég og hv. þm. Sigurjón Þórðarson höfum lagt fyrir hann. Það er hvort hann sjái eftir því að hafa tekið þátt í því voðaverki sem unnið var á vordögum árið 2004 í þessum þingsal. Voðaverki sem þrír hv. þingmenn sem sitja hér núna komu að, tveir þeirra þvert á fyrri orð og loforð, þ.e. núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og síðan hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, formaður sjávarútvegsnefndar. Þessir þrír menn eru allir sekir um það sem hér gerðist sem var mikið feilspor í fiskveiðistjórninni og var hreint tilræði gegn sjávarbyggðunum.

Það sem var kannski alvarlegra við þennan gjörning var það að þessir menn fóru þvert á fyrri orð eða a.m.k. tveir þeirra, þ.e. hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra og síðan hv. 7. þm. Norðvest. Báðir þingmenn Vestfjarða sem höfðu lýst því yfir margoft í ræðum og riti að þeir mundu verja sóknardagakerfið, mundu taka þátt í að útfæra það en verja það með kjafti og klóm. Þessar greinar eru allar til. Ég las þær upp árið 2004 og ég skal gjarnan lesa þær aftur. Það er mín skoðun að þingmenn eigi að standa við orð sín en það gerðu þessir herramenn ekki og fyrir það skulu þeir hafa ævarandi skömm.

[17:41]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri engin svör frá hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins sem útskýra hvernig staðan væri nú ef farið hefði verið að þeirra vilja í þessum efnum. Hvert væri verðið á sóknardeginum, hvert væri verðið á veiðileyfinu í sóknardagakerfinu í dag? Menn vita alveg (Gripið fram í.) hver þróunin var á þessari verðlagningu fram á vordaga 2004. Hver hefði þróunin orðið að óbreyttu, virðulegi forseti? Hv. þingmenn hafa ekki sagt eitt orð um það vegna þess að þeir vita hver þróunin hefði orðið. Þeir eru þá að berjast fyrir því að verðlagningin á því hefði þróast áfram eins og hún var að gera. Hver er munurinn á því og þeirri breytingu sem gerð var á vordögum 2004? Hver hefði verið betur settur, hver hefði verið verr settur? Hv. þingmenn verða að útskýra það svo að kjósendur hafi þá samanburðinn, (**MÞH:** Svaraðu því sem ég spurði þig.) hafi þá valkostina. Mér finnst að hv. þingmenn, sem taka mikið til máls, verði eiginlega að fara að nota ræðustólinn til að útskýra sína eigin stefnu.

Hvaða breytingar vilja þeir gera á kvótakerfi Frjálslynda flokksins sem þeir boðuðu? Ég fór yfir það í ræðu minni hvaða annmarka ég sæi á núverandi löggjöf. Ég fór yfir það að ég teldi að hún væri ekki orðin fullkomin og þyrfti að gera á henni verulegar breytingar. En hvaða breytingar vilja þingmenn Frjálslynda flokksins gera á kvótakerfinu sínu sem þeir boðuðu fyrir kosningar? Þeir segja ekki orð um það, virðulegi forseti. Þeir segja ekki orð um það. (Gripið fram í.) Þeirra kvótakerfi er greinilega fullkomið, virðulegi forseti, og þarfnast engra frekari breytinga.

[17:43]

Útbýting:

Fjarskipti, 499. mál, frv. MÁ o.fl., þskj. 731.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 498. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 730.

[17:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er að færast smáfjör í þessa umræðu og er það vel, gott ef menn fara svolítið „grundigt" í málin. Ég heyrði að hv. síðasti ræðumaður, Kristinn H. Gunnarsson, auglýsti sérstaklega eftir stefnu Frjálslynda flokksins. Fyrir frændsemissakir ætla ég væntanlega í endaða næstu viku að senda honum nýja útgáfu af stefnuskrá Frjálslynda flokksins sem kemur þá úr prentun. Ég ætla ekki að teygja tímann mikið hér. Ég vona að hann lesi sér til gagns. Það gerði hann ekki, hv. þingmaður, við skýrslu Byggðastofnunar sem hann bað sjálfur um útgáfu á. Sú skýrsla sagði fyrir um hvað störfum mundi fækka á Vestfjörðum ef kvótasett yrði í smábátaveiðunum, störfum í sjómennsku um 200 og störfum í fiskvinnslu um 100.

Þegar haldið var áfram með kvótasetninguna á krókabátana vöruðu menn við því að það gæti haft veruleg áhrif á þá tekjumöguleika og þá afkomumöguleika sem byggðirnar hefðu. Þetta kæmi frekar en orðið væri í veg fyrir að endurnýjun yrði í kerfinu. Þó að verðmæti sóknardaganna hafi eitthvað hækkað á því tímabili sem sóknarkerfið var við lýði var það í og með vegna þess að sumir voru farnir að reikna með því að þessum sóknardögum yrði breytt í aflaheimild, yrði breytt í kvóta og menn mundu hagnast alveg sérstaklega á því.

Við erum í raun og veru, hæstv. forseti, að ræða um þessar afleiðingar í frumvarpinu þegar við tölum um hvort takmarka þurfi að menn geti keypt upp aflaheimildir eins og hér er verið að leggja til, annars vegar 6% í þorski og síðan 9% í ýsu og 6% í heildarverðmætunum, í krókaaflamarkinu. Þá erum við í raun og veru að velta því sama upp að menn geti ekki haldið áfram sem hafa til þess möguleika og fjármuni að safna til sín aflaheimildum, sem e.t.v. verða síðar verðmætari út á það að þær þjappast saman á fáar hendur og menn geta því ráðið verðmynduninni, ráðið atvinnuháttum í byggðarlögunum og stjórnað því hvar er gert út hér á landi og hvernig aflinn dreifist um landið. Þetta er það frumvarp sem við erum að ræða hér, þetta er meginefni þess þegar við erum að tala um hvort það þurfi e.t.v. í núverandi kvótakerfi, vegna þess hvernig það er uppbyggt með frjálsu framsali aflaheimilda, að setja takmörkun á það hversu stórir menn geta orðið í þessu kerfi, hversu hratt þeir geta safnað til sín aflaheimildum, því að aflaheimildir geta ekki safnast saman á einn stað nema þær fari frá öðrum stað. Þannig virkar þetta kerfi og þess vegna sitjum við uppi með vandamál í ýmsum byggðarlögum sem tengjast því að aflaheimildirnar fara frá ýmsum stöðum og safnast á færri hendur.

Það er nákvæmlega sama tilhneiging í kvótaaflamarkskerfinu núna eins og hefur verið í aflamarkskerfinu. Þetta höfum við, alla vega geri ég ráð fyrir því að við sem höfum verið að fylgjast með sjávarútvegi höfum vitað að þetta mundi gerast með því að setja allar fisktegundir inn í kvóta og að kvótasetja trillurnar í öllum þeim fisktegundum og taka síðan sóknardagana og breyta þeim í fiskveiðikvóta og þar af leiðandi fara með alla smábátaútgerðina yfir í kvótasett fiskveiðistjórnarkerfi. Þá yrði samþjöppun og það erum við að fást við í þessu frumvarpi. Við erum að tala um að það þurfi að setja, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, 6% þak í þorskinn og 9% þak í ýsunni og 6% að meðaltali.

Hæstv. forseti. Ég hallast nú heldur að því að þar sem menn eru að ræða svona takmörkun þá eigi hún að vera neðar en hér er lagt upp með. Hins vegar hefur slík tillaga þann annmarka í för með sér að það verður að gefa mönnum aðlögunartíma. Ég tel hins vegar að það sé meiri hugsun í því að hafa prósenturnar neðar en hér er lagt til ef menn meina að þeir vilji hafa atvinnuréttinn dreifðan bæði milli einstakra útgerðarstaða og einstakra landsvæða. Þess vegna held ég og bendi á að ég tel að þessar heimildir ættu að vera minni í prósentum talið til þess að ná þeim markmiðum sem menn eru hér að fást við. Við erum nokkuð seint á ferðinni að grípa inn í þessa þróun vegna þess að það máttu jú flestallir vita að hún færi í þennan veg og það er hætt við því að hún muni halda áfram að fara í þennan veg í fleiri fisktegundum en hér er talað um.

Það er samt svo að það eru kannski ekki nákvæmlega eins útgerðarmöguleikarnir á öllum fisktegundum allt í kringum landið. Ég hygg að t.d. útgerðarmöguleikar á steinbít séu mun meiri fyrir vestan en víða annars staðar á landinu þó að það kunni auðvitað að breytast eins og svo margt í okkar lífríki hér á Íslandsmiðum. En nóg um það.

Ég held að það sé algjört öfugmæli sem hv. þm. Hjálmar Árnason sagði fyrr í dag að það efni sem hér er í 1. gr., þ.e. að fella sóknardagakerfið algjörlega niður, að allir hafi orðið afar kátir og menn væru afar kátir í dag með að hafa stigið það skref. Ég er alveg viss um það, hæstv. forseti, að fólk í sjávarbyggðunum vítt og breitt við landið er ekkert mjög kátt með það sem er að gerast eftir að sóknardagakerfið var lagt niður. Við höfum auðvitað séð að það var hengd upp ákveðin gulrót fyrir ýmsa með niðurfellingu sóknardagakerfisins og það voru auðvitað margir sem ákváðu að selja, því miður. Þær aflaheimildir eru farnar og orðnar þjappaðar saman í önnur útgerðarform, ekki endilega í neinum handfæraveiðum eins og þær voru stundaðar heldur eru þær komnar yfir á línubáta eða litla beitningarvélabáta eins og er talsvert farið að tíðkast í smábátakerfinu og fer vaxandi.

Miðað við þá þróun sem þar á sér stað tel ég, hæstv. forseti, að það frumvarp sem hér er til umræðu sé tímabært í sjálfu sér, hefði kannski átt að vera fyrr á ferðinni, eins og ég gat um í upphafi máls míns. En ég held að það sé mikill misskilningur hjá þingflokksformanni Framsóknarflokksins að allir séu kátir í sjávarbyggðunum með þá þróun sem hefur orðið á undanförnum árum, það held ég að sé mikið öfugmæli. Menn hafa orðað það svo að hér væri verið að kasta rekunum og jarðsetja sóknardagakerfið en það er nú svo að þeir sem voru inni í sóknardagakerfinu eru væntanlega enn þá margir á lífi og hafa fengið þó nokkra fjármuni út úr því kerfi og eru sennilega sumir enn þá við þokkalega afkomu þó að ég viti náttúrlega ekki hvernig mönnum helst á fé, það er einstaklingsbundið.

Hitt er algjörlega ljóst að fólkið sem tók á móti aflanum í ýmsum sjávarbyggðum er ekkert mjög kátt með þessa þróun. Það má m.a. nefna byggð eins og Norðurfjörð á Ströndum sem við fyrrverandi Vestfjarðaþingmenn höfðum miklar taugar til og reyndum að viðhalda byggð þar og tryggja að byggðarlagið gæti haldið velli með því að byggja undir betri atvinnumöguleika og nokkuð öryggi fyrir fólkið. Ég hygg að niðurlagning sóknarkerfisins hafi því miður

virkað algjörlega öfugt á það byggðarlag.

Auðvitað er það svo að hvort sem það er sóknarkerfi eða aflamarkskerfi munu bátar í þessum kerfum róa þar sem fiskinn er að hafa. Það höfum við auðvitað séð, eins og ég gat um í ræðu fyrr í dag, við hina miklu fiskgengd sem kom upp á Norðurlandi eftir að loðnan fékk að ganga þar upp í friði að mestu leyti á vordögum, að mikil sjósókn hefur verið frá Norðurlandi og menn hafa verið með báta í öllum kerfum, bæði sóknardagakerfum, þá báta sem þar hafa verið, og eins og í krókaaflamarkskerfinu að gera út bæði á línu að mestu leyti en að litlu leyti á handfæri. Það hefur verið róið frá höfnum á Siglufirði, Skagaströnd, svo dæmi séu tekin, það er þar sem hefur verið gert út af krafti við að veiða fisk fyrir Norðurlandi sem þar hefur verið í meira mæli á síðasta ári en oft áður. Það mun auðvitað alltaf verða að menn fylgja eftir fiskgöngum í kringum landið en fiskgöngurnar eru líka misjafnar. Sóknardagur sem slíkur í einhverju sölukerfi er engin ávísun á fisk. Hann er ávísun á sókn en það þarf hörkuduglega menn til að stunda þá sókn og menn þurfa þá að vera tilbúnir til að fara og vera þar og gera út þar sem fiskurinn er. Og ekkert er nú öruggt í fiskveiðum að þessu leyti til og ekki á vísan að róa og það hefur vissulega komið fyrir og kom verulega oft fyrir í sóknardagakerfinu að mönnum tókst ekki að nýta sína daga þrátt fyrir yfirlegu, vegna þess að menn voru alltaf að bíða eftir bestu veiðidögunum og besta veðrinu kannski.

En það eru fleiri atriði sem ég vil koma að í ræðu minni, hæstv. forseti. Ég er búinn að fara yfir 1. og 2. gr. en ég velti fyrir mér 3. gr. sem er um heimild Fiskistofu til þess að að taka upp svokallaðar rafrænar skráningar og semja við fyrirtæki um tilfærslur. Ég vil spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra að því hvort menn hafi hugleitt við þessa breytingu hvort eitthvað yrði tregara um upplýsingagjöf frá Fiskistofu, þ.e. verður eftir sem áður auðvelt fyrir hvern sem er sem hefur áhuga á sjávarútvegi og vill fylgjast þar með að fara inn á vef Fiskistofu og skoða tilfærslur einstakra báta. Eða fylgir þessum samningi hugsanlega einhver takmörkun á því að menn geti séð frá degi til dags hvað verið er að gera, verður einhver aðgangshindrun að einstökum samningum fyrirtækja sem fá að gera þetta rafrænt eða hvaða reglur hyggst ráðherrann setja í því sambandi? Ég held að það sé mikilvægt að þetta kerfi sé sem opnast og að þeir sem þar starfa og hafa áhuga á geti fylgst með, séð upplýsingar og tilfærslur sem eiga sér stað í kerfinu. Þess vegna spyr ég að því hvort þetta geti hugsanlega leitt til þess.

Síðan kem ég að blessuðu bráðabirgðaákvæðinu. Það eru svo mörg bráðabirgðaákvæði í lögunum um stjórn fiskveiða, tæplega 30 og eru fleiri en lagagreinarnar held ég. Hér er verið að setja enn eitt bráðabirgðaákvæðið. Það snýr hins vegar að máli sem ég benti á í ræðu þegar verið var að setja gjald á aflaheimildirnar, að það væri afar vafasamt að útfæra gjaldið þannig að menn ættu að greiða auðlindagjald sem byggt væri á afkomu ársins á undan fyrir fram af úthlutuðum aflaheimildum, þ.e. reiknað út miðað við afkomu ársins á undan en síðan ætti að greiða það eftir á miðað við þær aflaheimildir sem þeir fengju úthlutað. Því eins og ég benti á þegar verið var að setja þessi lög, þá gæti komið upp sú staða í fyrsta lagi að aflabrögðin væru þannig að aflaheimildirnar næðust ekki. Í öðru lagi að markaðssvæðið væri allt öðruvísi árið á eftir, að þó að kvótakerfið væri til staðar þá næðust ekki aflaheimildirnar. Í þriðja lagi gæti það verið þannig að verð fyrir ákveðnar aflaheimildir og ákveðinn afla upp úr sjó væri það slakt að menn sæju sér ekki hag í því að gera út á hann.

Við stöndum frammi fyrir því í rækjunni annars vegar að þó að það sé úthlutað aflaheimildum telja menn ekki eftirsóknarvert að gera út á aflaheimildirnar, m.a. vegna mikils olíukostnaðar við það að veiða rækju, með tilliti til þess verðs sem fæst fyrir rækjuna og hins vegar að það fæst lágt verð fyrir rækju í dag vegna þess að afurðaverð er lágt og þar til viðbótar hafa gengissmálin sett rækjuiðnaðinn í mikinn vanda, eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra veit mætavel. Þess vegna held ég að það ákvæði sem hér er lagt upp með, að menn skuli greiða gjaldið miðað við landaðan afla, sé algjörlega rökrétt í sjálfu sér og hefði í raun og veru verið eðlilegra þegar gjaldið var sett á að menn miðuðu við landaðan afla á hverjum tíma. Menn hefðu þess vegna getað verið með gjaldið á þriggja mánaða fresti miðað við landaðan afla, eins og mig minnir reyndar að hafi verið gert í sóknardagakerfinu því að þar úthlutuðu menn ekki aflaheimildum heldur dögum og þar af leiðandi var greitt til ríkisins vegna aflaheimildanna í hlutfalli við landaðan afla. Það er auðvitað miklu eðlilegra, hæstv. forseti, að slíkt sé gert heldur en að vera að taka mið af afkomu ársins á undan í ákveðnum veiðigreinum og greiða það svo árið á eftir þegar umhverfið er kannski allt öðruvísi og menn eru komnir í mikla erfiðleika.

Þess vegna held ég að þó nú sé verið að bæta við einu bráðabirgðaákvæðinu í viðbót þá verði að samþykkja að það eru full rök fyrir því að svo sé gert. Og það hefði í raun og veru verið eðlilegra að þannig útfærsla hefði verið almennt í veiðikerfinu að auðlindagjaldið, sem svo hefur verið kallað, væri greitt í samtímanum og miðað við þær forsendur sem menn eru að gera út á, þ.e. af löndðuðum afla. Þá hefðu menn setið að því borði að geta tekið mið af bæði því hvort afli kæmi á land og eins hins vegar af verðmyndun inni á hverjum tíma.

Hæstv. forseti. Það er auðvitað svo að þegar við erum að ræða stjórn fiskveiða blandast iðulega inn í það nýtingarstefna af fiskimiðunum og atvinnuhættir í byggðum landsins, í sjávarbyggðunum. Það eru mjög margar byggðir enn þá á Íslandi sem eiga undirstöðu sína að langmestu leyti undir afkomu veiða og fiskvinnslu á stöðunum. Sums staðar hefur tekist sæmilega til en á mörgum stöðum hefur það því miður ekki gerst og ég tel að í því kvótakerfi sem við notum í dag sé engan veginn hægt að bregðast við því að rétta þessar byggðir við. Það er hægt að tína til mörg dæmi um að sjávarbyggðir sem nú fara halloka og íbúarnir þar eru kannski búnir að nýta alla sína möguleika til þess að starta atvinnurekstri á nýjan leik. Þeir hafa ef til vill siglt í erfiðleikunum við að reyna að nálgast aflaheimildir eða leigja þær til sín og gera út á það, að þá hafa þeir siglt í strand og það er ekkert kapítal eftir til þess að fara af stað, enda ákaflega dýrt að fara inn í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi og koma sér þar fyrir og menn þurfa mikla fjármuni til þess.

Áður gat orðið nýliðun í kerfinu sem ekki á sér stað í

dag. Það var vegna þess að þá gátu duglegir menn komið sér fyrir í fiskveiðistjórnarkerfinu út á dugnað sinn og það frelsi sem því fylgdi, sem fólst m.a. í því að menn þurftu ekki að hafa kvóta fyrir öllum fisktegundum eins og var í smábátakerfinu. En því miður sjáum við nú, hæstv. forseti, að hér eru byggðarlög þar sem menn gera ekki lengur út af neinum krafti vegna þess að þeir geta ekki lengur komist inn í kerfið, þeir eru búnir að eyða upp fjármunum sínum og lenda í skakkaföllum við að gera út á mjög dýrt leigukerfi og ráða ekki við stöðuna eins og hún er. Þess vegna er það svo að sá litli vísir að byggðakvótum sem nú er til staðar nægir ekki til, söknarkerfið er aflagt og menn komast ekki þar inn með auðveldum hætti. Þess vegna er brautin lokuð, hv. þm. Hjálmar Árnason, og lítil ánægja í byggðunum þrátt fyrir þín orð hér áðan.

[18:04]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur mælt fyrir, felur tvennt í sér, í meginatriðum.

Í fyrsta lagi að fella burt þau lagaákvæði sem stóðu eftir varðandi sóknardagakerfið sem var greinilega aflagt hér í þinginu fyrir um ári eftir að hafa fengið mjög sérstæða meðferð í sjávarútvegsnefnd eins og þingheimi er kunnugt. Hins vegar er verið að setja ákveðin hámörk á heildarverðmæti krókaaflabáta, hámörk á hlutdeild þeirra í heildarkrókaaflaheimildum.

Það má svo sem margt segja um þá aðgerð að fella niður sóknardagakerfið og ég vil bara halda því hér til haga að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vorum andvígir því og töldum það mjög óskynsamlegt. Við töldum rétt að fiskveiðiflotinn væri sem fjölbreyttastur og að sem flestar stoðir rynnu undir sjávarútveginn. Þar á meðal væri sóknardagakerfið sem gæfi ákveðið svigrúm til fjölbreytni í atvinnuveginum og einnig töldum við að sá veiðimáti hentaði nokkuð vel við strandbyggðirnar þar sem um tímabundnar fiskveiðar gæti verið að ræða innan ársins. Þessar breytingar hafa þegar á einu ári komið fram og menn geta deilt um hvort það sé til bóta eða ekki. Í grein þar sem vitnað er í Morgunblaðið 19. október sl. er farið yfir þær breytingar sem hafa orðið á smábátaflotanum við afnám sóknardagakerfisins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Bátarnir hafa stækkað og þeim hefur fækkað. Við upphaf þessa fiskveiðiárs voru krókaaflamarksbátar 628 og hafði fækkað um 108 á einu fiskveiðiári. Meðalstærð bátanna er nú 6,19 brúttótonn of hafa þeir að meðaltali stækkað um 17,5% frá árinu 2003. Nú eru 571 krókaaflamarksbátur með hlutdeild í þorski og hefur þeim fækkað um 113 báta á einu ári.

Nú eru 78 bátar, 13,7% heildarinnar, með helming allra aflaheimilda í þorski en fyrir ári voru 128 bátar með helming veiðiheimildanna."

Þannig að veiðiheimildir í þessum flokki, sem áður fóru á 128 báta, deilast nú á 78 báta, fækkunin er því um 40 bátar á einu ári, þ.e. 50% þessara veiðiheimilda.

„Það hefur því orðið veruleg samþjöppun í þessum flota, bátum lagt og heimildir færðar yfir á aðra báta."

Síðan er rakið hvert þessar veiðiheimildir sóknardagabáta hafi farið. Þar segir áfram, með leyfi forseta:

„Mikil tilfærsla hefur orðið á aflaheimildum milli staða. Langmest hefur flust til Reykjaness, sem hefur bætt við sig 2.903 þorskígildum og 1.621 tonni af þorski. Mest af þessu hefur flust til Grindavíkur ... Mest hefur verið flutt frá Vestfjörðum ..."

Ég vek athygli á því að fyrir þessum breytingum tala hv. þingmenn sem telja sig oft þingmenn Vestfjarða og eiga þar heimili, hæstv. sjávarútvegsráðherra og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Þeir hafa staðið að breytingum varðandi það að leggja niður sóknardagakerfið og með þessum breytingum hafa á einu ári hafi verið flutt 1.840 þorskígildi og 1.704 tonn af þorski frá Vestfjörðum. Þetta eru þær breytingar sem urðu þarna. Ég skal ekki segja hvort það hefði breyst eitthvað þótt sóknardagakerfið hefði verið áfram en engu að síður innan þessa flota hefur þetta gerst. Ég hélt að einmitt á þessum stöðum, í byggðarlögum á Vestfjörðum, hefði verið pólitískur áhugi á að treysta útgerðina, fiskvinnsluna og sjávarútveginn í sessi. En allar lagasetningar ganga í þveröfuga átt. Herra forseti. Því miður stöndum við frammi fyrir því hér að talsmenn stjórnarflokkanna segja eitt en gera annað.

Ég get í sjálfu sér tekið undir þau sjónarmið sem hér er verið að leggja til varðandi það að setja hámark á hlutfall af þorski og ýsu og öðrum kvótasettum fisktegundum á krókaaflamarksbáta. Ég get alveg stutt það sjónarmið út af fyrir sig. Ég tel reyndar, og tek undir þar með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, að þetta mark sé of hátt. Við megum ekki heldur nota það sem afsökun að einhverjir séu kannski komnir upp undir þetta þak. Því þetta er ekki varanleg eign. Þetta er eins og hver önnur rekstrarréttindi sem fyrnast með sama hætti og aðrir útgerðarþættir þannig og það má ekki horfa á þetta sem eign. Sé hins vegar einhver kominn upp fyrir þetta mark sem sett er, þá er hægt að gefa aðlögunartíma til að hann fari þá niður í þau mörk sem sett eru samkvæmt lögum. Sá aðlögunartími getur verið það rúmur að eðlilegt geti talist.

En ég leyfi mér að halda því fram að þau hámörk sem þarna eru, 6% af þorski og 9% af ýsu, séu í hærri kantinum og fróðlegt væri að fá upplýsingar um það í hv. sjávarútvegsnefnd þegar málið kemur þangað hvernig raunstaðan er. Ég vitnaði til þess í upphafi máls míns hvað hefur gerst á einu ári og vil endurtaka það. Það eru 78 bátar, eða 13,7% heildarfjölda bátanna, sem nú eru með helming allra aflaheimilda í þorski en fyrir ári voru 128 bátar með helming veiðiheimildanna. Þannig er þróunin. Að sjálfsögðu þarf að vera rými innan þessa flota í sjálfu sér svo hægt sé að stunda þar hagræðingu að einhverju marki en við þurfum líka að huga að hinum atvinnupólitíska þætti sem þessar veiðar hafa gagnvart byggðunum.

Hér vil ég einmitt koma að því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram mjög ítarlega stefnu í sjávarútvegsmálum. Þar leggjum við áherslu á að allir þeir þrír þættir sem skipta meginmáli í sjávarútveginum, þ.e. að réttur byggðanna, réttur fólksins sjálfs sem býr á viðkomandi svæðum sem hafa byggst upp í kringum fiskveiðar, í kringum landvinnslu, sé virtur en ekki fullkomlega fyrir borð borinn eins og nú er gert í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, þar sem réttur íbúanna, réttur fólksins, réttur byggðanna er

að engu hafður. Því viljum við breyta.

Í öðru lagi viljum við að sjálfsögðu líka tryggja ákveðinn grunnrétt þeirra sem stunda útgerðina, hafa gert og það eðlilega.

Í þriðja lagi viljum við að þess vegna geti ákveðinn hluti fiskveiðiheimildanna verið á uppboði. Við höfum lagt til að þetta geti skipst til þriðjunga, þriðjungur sé í rauninni forgangsréttur byggðanna, fólksins sem býr, þriðjungur sé til ráðstöfunar fyrir útgerðina og þriðjungur geti farið á uppboð eða gengið á markaði.

Þá leggjum við líka þunga áherslu á það í okkar tillögum að veiðar á strandgrunninu næst landi séu sóttar af sérflota, dagróðraflota, og ekki hvað síst að þær veiðiheimildir og sá floti tengist viðkomandi heimabyggð ásamt því að rétturinn og skyldan til að landa þar og vinna sé mjög rík.

Við sjáum í fiskveiðistjórnarkerfi okkar að þorskstofninn við landið er ekki í rauninni einn einsleitur stofn, heldur er hann samsettur af fleiri undirstofnum sem geta verið meira eða minna staðbundnir og inni á ákveðnum fjörðum fyrir ákveðnum landshluta. Úthlutun samkvæmt núverandi kvótakerfi út frá því að þetta sé einn stofn er ekki mjög skynsamleg ráðstöfun, reyndar bara vitlaus. Þess vegna er mjög brýnt að fiskveiðistjórnarkerfið, ekki hvað síst með tilliti til þeirra þátta sem núna eru að uppgötvast og menn byrjaðir að viðurkenna, þættir sem sjómenn þekktu — ég minnist þess t.d. að þegar ég var krakki við Húnaflóann þekkti faðir minn í sundur Húnaflóafisk og fisk af Grænlandsmiðum sem var allt annars konar fiskur. Fyrir þeim var alveg ljóst að það voru staðbundnir stofnar, það voru stofnar sem voru líka á ferðinni kringum landið þannig að veiðar úr einum þessara stofna gátu haft áhrif á endurnýjun þess stofns. Þetta tel ég mjög brýnt að verði skoðað.

Herra forseti. Ég hef áhyggjur af fiskvinnslunni. Ég óttast að þar megi ekki ganga miklu lengra áður en við förum að eiga á hættu að tapa meginþorra fiskvinnslunnar úr landi. Úr því að við erum að ræða um sjávarútvegsmálin hefði ég gjarnan viljað spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvernig hann líti nú á stöðu fiskvinnslunnar með óbreytta gengisvísitölu. Gengið er svo hátt, dollarinn er nú í kringum 105, og fyrir nokkrum árum sögðu fulltrúar fiskvinnslunnar að færi gengið niður fyrir 115 yrði ástandið mjög erfitt. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði í ræðu á Alþingi að hann yrði mjög hræddur fyrir hönd íslenskra útflutningsgreina, þar á meðal fiskvinnslunnar, ef gengið héldi áfram að vera með þeim hætti sem það var þá. Þá stóð það í kringum 115. Núna er það búið að vera niður undir 100 í heilt ár, enda sjáum við hvað er að gerast, hver fiskvinnslan á fætur annarri leggst af. Mér finnst hæstv. sjávarútvegsráðherra taka þessi mál allt of kæruleysislega, allt of létt. Hann heldur ræður, skrifar greinar og segir að gengið fari að lagast.

Nú segja allir ... (**SigurjÞ:** Hvar er hæstv. sjávarútvegsráðherra?) Hann er sjálfsagt að leita að genginu, herra forseti, gengi íslensku krónunnar. Nú segja greiningardeildir bankanna og Seðlabankinn að miðað við núverandi stefnu í efnahagsmálum, eins og hún er keyrð upp af þessari ríkisstjórn, muni gengið áfram verða mjög hátt og jafnvel fara hækkandi, þ.e. krónan verður síst lægri á næstu árum, fram til 2008, jafnvel 2012 ef virkjunarframkvæmdirnar ganga eftir sem ríkisstjórnin boðar. Þá dugar ekkert að segja, herra forseti: Þraukið núna einn mánuð til.

Ég er hér t.d. með frétt frá Akranesi. Við gætum haldið að Akurnesingar stæðu lengi vel með þetta gríðarlega stóra fyrirtæki sitt, HB Granda, sameinað á Akranesi. Þar dregst samt fiskvinnslan alveg stórkostlega saman og menn segja, með leyfi forseta, í grein sem birtist í Morgunblaðinu 18. janúar sl.:

„Árið 2004 þegar HB var hluti af Brimi lengst af ársins var landað 8.220 tonnum af bolfiski, 6.210 tonnum af frosnum fiski, 48.500 tonnum af loðnu og 38 þúsund tonnum af kolmunna ... Á síðasta ári var landað í Akraneshöfn tæpum 6 þúsund tonnum af bolfiski, rúmlega 5 þúsund tonnum af frosnum afurðum ...“

Þetta er gríðarlegur samdráttur og það verður ekki séð annað en að sá samdráttur muni halda áfram. Akranes, sú höfn, sú verstöð, sá sjávarútvegsbær sem við héldum að mundi standa hvað best og standa af sér veðrið með sameiningu fyrirtækja, stendur nú frammi fyrir stórkostlegum samdrætti í fiskvinnslu. Hvað þá um önnur pláss eins og við höfum rakið hér, Vestfirði, Norðurland vestra, Austfirði, Vestmannaeyjar svo að dæmi séu tekin? Alls staðar er fiskvinnslan í miklum vanda.

Í lokin, herra forseti, langar mig til að minnast á rækjuna. Hérna er ákvæði til bráðabirgða um að úthlutaðar veiðiheimildir í rækju sem eru vannýttar megi færa á milli ára og að skip missi ekki aflahlutdeild sína í úthafsrækju eða öðrum tegundum vegna þess að ekki er hægt að nýta hana. Menn monta sig af því að viðkomandi fyrirtæki þurfi ekki að greiða veiðigjald fyrir úthafsrækju. Drottinn minn dýri, auðvitað munar um það en ég held að flestir hafi verið á móti því að þetta veiðigjald yrði lagt á rækjuna á sínum tíma.

Staða rækjufyrirtækjanna er mjög alvarleg og það er ekki það eitt að ekki berist rækja, heldur líka sú fjárhagsstaða þeirra fyrirtækja sem eru í þessari grein. Það þarf að greiða afborgun af skuldum sem og rekstur verksmiðjunnar þó að henni sé lokað. Ég spyr hæstv. sjávarútvegsráðherra: Eru engar aðgerðir á döfinni, t.d. til að koma til móts við rækjuverksmiðjur og rækjuútgerðir á Hvammstanga, í Súðavík, þessar litlu rækjuverksmiðjur? Litlu, jæja, þær eru býsna stórar en hafa skipt atvinnu á viðkomandi stöðum gríðarlega miklu máli. Það var farið út í þessa sérhæfingu. Einn sjávarbær skyldi hafa rækju, annar saltfisk og sá þriðji frystan fisk. Með þessu átti að ná fram hagræðingu og þessi hagræðing var lögð svona á þessi byggðarlög. En svo þegar eitthvað bjátar á, hvar er þá samkenndin? Það var hluti af þeirri samkennd sem keyrð var yfir byggðarlögin að þau skyldu sérhæfa sig með þessum hætti. Hvar er þá samkenndin í hina áttina (Forseti hringir.) þegar einn þáttanna gengur alls ekki upp? Á þá bara að láta byggðarlögin standa ein (Forseti hringir.) og bera þessa stefnu?

[18:24]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp er samansett úr þremur og eiginlega fjórum atriðum og þau eru dálítið mismunandi. Í fyrsta lagi gengur frumvarpið út á það að slá botninn í þetta kvótakerfi eins og stjórnvöld vilja hafa það í bili með

einhvers konar hámörkum á aflahlutdeild í krókaaflamarkinu. Auðvitað munu gallarnir á þessu fyrirkomulagi halda áfram að koma í ljós. Menn eru ekki enn þá búnir að átta sig á því að möguleikarnir til endurnýjunar og nýliðunar í greininni eru horfnir. Þeir eru eingöngu fólgnir í því að kaupa til sín veiðirétt á hæsta verði í dag en í gegnum tíðina voru göt í kerfinu sem tryggðu ákveðna nýliðun sem hefur farið fram á undanförnum árum. Sú nýliðun er úr sögunni. Það verður engin blómatíð í Bolungarvík aftur út á eitthvert fyrirkomulag eins og það sem tryggði veiðiheimildir þangað fyrir nokkrum árum. Það er liðin tíð.

Það er helsti gallinn fyrir utan eignarhaldsákvæðin í þessu fyrirkomulagi sem ég ætla ekki að ræða núna, að nýliðar eiga engan kost á því að komast með eðlilegum hætti inn í útgerð á Íslandi. Þetta á eftir að brenna mjög hart á byggðarlögunum sem byggja fyrst og fremst á veiðirétti og útgerð, smærri byggðarlögum alveg sérstaklega, og á næstunni mun alveg örugglega koma í ljós að þar getur orðið mikill vandi uppi.

Ég ætla ekki að tala meira um þetta. Ég ætla hins vegar að tala aðeins meira um 3. gr. Ég nefndi hana í andsvari við hæstv. ráðherra. Í henni er talað um að breyta fyrirkomulaginu á því að færa kvóta milli útgerða. Það þykir ekki ganga nógu skarpt og hratt fyrir sig. Nú skal þetta verða rafrænt þannig að menn séu fljótir að skutla veiðiheimildunum á milli. Allt gott um það, en það er óvart þannig að Fiskistofa hefur þarna hlutverk sem er mikilvægt. Í lögunum um stjórn fiskveiða er talað um hlutverk Fiskistofu og þar segir, með leyfi forseta:

„Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald að fjárhæð 2.000 kr. með hverri tilkynningu. Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum."

Þetta þarf allt að vera til staðar. Ég átta mig ekki alveg á því, það gerist rafrænt og ágætt væri að hæstv. ráðherra útskýrði svolítið fyrir okkur hv. þingmönnum hvernig þetta sé hugsað og gangi fyrir sig, sérstaklega þegar lengra er haldið. Það kemur fram í skýringum með 3. gr. að þar sé gert ráð fyrir því eða a.m.k. stefnt að því að hægt verði með rafrænum hætti að flytja veiðiréttinn á milli skyldra og óskyldra útgerða til framtíðar. Þarna þarf að ganga frá málum með fullnægjandi hætti auk þess sem það hefur líka komið mjög skýrt fram af hálfu ríkisskattstjóra að hann telji að þessara upplýsinga þurfi að afla, Fiskistofa hafi það hlutverk. Það hljóta þá að vera alvöruupplýsingar sem skattyfirvöld geta notfært sér í sambandi við eftirlit sitt. Það er vonandi alveg á hreinu hvað ég átti við þegar ég spurði hæstv. ráðherra um þetta atriði.

Það sem ég ætlaði mér að tala um fyrst og fremst í þessari ræðu minni er bráðabirgðaákvæði sem gert er ráð fyrir að verði samþykkt með þessu lagafrumvarpi. Þar eru tvö atriði inni, annars vegar ákvæði til bráðabirgða, eins og segir í frumvarpinu, með leyfi hæstv. forseta: „Þrátt fyrir ákvæði 1.–2. málsl. 5. mgr. 12. gr. skal úthlutað aflamark í úthafsrækju á fiskveiðiárunum 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008 ekki leiða til þess að fiskiskip missi aflahlutdeild í úthafsrækju eða öðrum tegundum." — Þetta er merkileg tillaga. Hún gengur nefnilega út á að ekki þurfi að fara eftir þeim reglum sem hafa gilt alveg frá því að menn settu þessi lög, eftir að framsalið kom, þ.e. að menn þurfi að nýta sjálfir hluta veiðiheimildanna. Þetta er þannig núna að menn verða að veiða 50% annað hvert ár til að þeir missi ekki veiðiréttinn.

Þetta er líka nýtt að því leyti til að þarna er að mínu viti komið úr allt annarri átt að stjórnarskrárákvæðinu sem á sínum tíma var mikið umtalað í sambandi við úthlutun veiðiréttar. Þá höfðu menn vissa röksemd uppi um það ákvæði sem stendur í stjórnarskránni, með leyfi hæstv. forseta:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess. Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu." — Þessi klausa sem ég las á undan, „enda krefjist almannahagsmunir", var höfð uppi þegar verið var að rökstyðja það að hægt væri að setja á veiðihamlanir, kvóta eða aðrar aðferðir til að stýra veiðum í fiskstofna, að almannahagsmunir krefðust þess að fiskstofnarnir yrðu varðir. Nú kemur hæstv. sjávarútvegsráðherra með þá röksemd að það eigi að verja veiðiréttarhagsmuni útgerðarinnar. Menn eru komnir allt í einu hinum megin að málinu. Áður var vitnað í þessa grein með það í huga að það mætti skerða almenn réttindi manna til atvinnu af því að það þyrfti að vernda fiskstofna. Nú kemur hæstv. sjávarútvegsráðherra og segir að ekki megi skerða veiðiréttarhagsmuni þeirra sem eigi veiðiréttinn.

Ég verð að segja að það er eins gott að menn átti sig þá á því hvor þýðingin er uppi, sú sem í upphafi var notuð eða sú sem hæstv. sjávarútvegsráðherra er með uppi núna. Ég tel gjörsamlega fráleitt að hægt sé að bera því við að eitthvert tímabundið ástand eigi að valda því að menn breyti reglum eins og þessum í þeim tilgangi að vernda veiðirétt manna sem ekki nýta hann. Hvar er þá það ákvæði sem er í 3. gr. laganna um stjórn fiskveiða? Ég bið hæstv. sjávarútvegsráðherra að svara því.

Þar stendur, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem" — og takið eftir — „nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á."

Þetta stendur í lögunum um stjórn fiskveiða. Hæstv. sjávarútvegsráðherra getur ákveðið heildarafla úr þessum tegundum sem nauðsynlegt er að takmarka veiðar á.

Þegar niðurstaðan verður sú að hæstv. ráðherra úthlutar veiðirétti til útgerða sem útgerðin nýtir ekki, jafnvel ár eftir ár, hlýtur hæstv. ráðherra að þurfa að fara að horfa í eigin barm og vita hvort hann sé á réttri leið í því að úthluta veiðirétti sem er ekki notaður. Hvaða rök eru fyrir því að banna útgerðarmönnum sem hugsanlega mundu vilja nýta sér það að veiða rækju þær veiðar ef enginn annar vill veiða þó að kvótum hafi verið úthlutað? Hvaða þjóðhagsleg rök

væru þá fyrir því? Nákvæmlega engin. Auðvitað væri þjóðhagslega hagkvæmt að menn nýttu þennan veiðirétt. Hvers vegna í ósköpunum ættu menn að verja eignarhald á veiðirétti með þessum hætti?

Ég veit ekki betur en að sumar tegundir af fiski hafi verið settar inn í kvóta og teknar út úr kvóta aftur, nákvæmlega af þeirri ástæðu að ekki var talin þörf fyrir kvóta á þeim af því að ekki þyrfti takmarkanirnar. Hæstv. ráðherra þarf að fara yfir þessa hluti, en að mínu viti er mjög athyglisvert að fá a.m.k. að heyra skýringarnar sem ættu að vera fyrir því að einhver almannaheill væru á bak við það að verja eignarhald útgerðarinnar á veiðiréttinum, útgerðar sem vill ekki nota þennan veiðirétt af því að það borgar sig ekki.

Ég tel að þetta bráðabirgðaákvæði þurfi býsna góðrar skoðunar við og ég mun beita mér fyrir því í starfi nefndarinnar að um það verði fjallað gaumgæfilega hvort sá tími sé kominn núna að menn geti notað einhver allt önnur rök en voru notuð á sínum tíma þegar ákvarðanir voru teknar um að fela sjávarútvegsráðherra í þessum lögum þetta hlutverk.

Hæstv. forseti. Það er svo sem hægt að ræða um sjávarútvegsmál endalaust, eins og oft hefur verið reyndin í sölum Alþingis, og ástandið í sjávarútveginum gefur auðvitað tilefni til þess núna. Hæstv. ráðherra lét að því liggja í andsvörum við mig hér fyrr í dag að útgerðin stæði illa og að menn ættu að standa við bakið á henni. Ég get algjörlega fallist á það. Ég tel samt rétt að menn hugi að þeim aðferðum sem við það eru notaðar. Ég get ekki séð að nein afsökun sé fólgin í því að fara einhverjar vafasamar leiðir og henda út í hafsauga röksemdum sem menn hafa notað sem aðalgrundvöll fyrir ákvörðunum sínum á fyrri tímum í sambandi við stjórn fiskveiða bara af því að það sé ástæða til að gera þessar breytingar.

Ég ætla að nefna hina breytinguna sem er fólgin í því að endurgreiða útgerðinni gjaldið. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ástæða til að rifja upp að í umræðum um veiðigjaldið, sem hér er verið að tala um, kom mjög skýrt fram frá stjórnarandastöðunni að hún teldi þetta fyrirkomulag á veiðigjaldinu ekki mjög sniðugt. Það voru fleiri en stjórnarandstæðingar sem sögðu það. Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í ræðu mína við 2. umr. þegar verið var að setja veiðigjald á hér í sölum Alþingis.

Þar segir:

„Því veiðigjaldi sem lagt er til að upp verði tekið virðist vera ætlað að taka mið af afkomu greinarinnar. Ekkert tillit er þó tekið til aflaheimildanna eða verðmætis þeirra sem viðkomandi útgerðarmenn fá. Sú viðmiðun er þó aðgengileg því að verðmæti aflaheimilda liggur alltaf fyrir á sívirkum markaði. Fyrir fram má sjá að ýmsir gallar munu verða á framkvæmd þessa máls. Í fyrsta lagi verður gjaldið miðað við meðalafkomu í greininni árið á undan. Það kom fram í umfjöllun í nefndinni, m.a. frá aðilum frá Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnun, að þarna væri í raun og veru valin mjög vafasöm aðferð. Það mun auðvitað gerast með þessari aðferð að þeir sem starfa í greininni geta lent í því að vera árum saman að borga verulega hærra gjald en afkoma þeirra gefur tilefni til. Og úr því að menn hafa valið þá leið að láta afkomu í greininni skipta þarna máli er það auðvitað ekki í samræmi við jafnræði almennt að hafa viðmiðun af þessu tagi. Gjaldið sem lagt er til er afar lágt miðað við raunverð þeirra aflaheimilda sem ríkið er að úthluta viðkomandi útgerðum í dag. Ef tillit er tekið til þess að um leið og það verður lagt á verða önnur gjöld á útgerðina lögð niður er um óverulega hækkun álaga á útgerðina að ræða miðað við afkomu fyrri ára. Þótt haft sé á orði að miða skuli við afkomu í sjávarútvegi er samt vitað að vegna aðferðarinnar við að ákveða gjaldið munu einstakar greinar útgerðar, ef illa árar í þeim, þurfa að borga sama gjald og hinar sem vel gengur í."

Ég dreg sérstaklega fram það sem kom fram af hálfu bæði Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar, að þetta væri mjög óeðlilegt fyrirkomulag. Það hefur reyndar komið á daginn því að hæstv. sjávarútvegsráðherra er mættur hér í sali Alþingis með tillögur um bráðabirgðabreytingar hvað þetta varðar. Kannski hefði verið ástæða til að hlusta á þessi varúðarorð á sínum tíma og reyna þá með einhverjum hætti að hafa þetta fyrirkomulag þannig að ekki kæmi upp vandi af þessu tagi. En hann er nú kominn upp.

Hæstv. forseti. Aðalerindi mitt í ræðustólinn var þetta sem ég fjallaði aðallega um í ræðu minni, þ.e. að þetta eignarhaldsfyrirkomulag sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin hafa verið svo hrifin af og hafa í sjávarútveginum virðast vera að ganga út yfir allt. Gömlu rökin sem menn höfðu fyrir því að taka upp kvótakerfið á sínum tíma eru grafin og gleymd og þau eru notuð um eignarhaldið sjálft í dag, en þau eru ekki rökin fyrir því að stjórna fiskveiðum eins og þau voru í upphafi.

[18:42]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum nú enn eitt frumvarpið til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

Ekki hef ég lengur töluna á því hversu oft við höfum rætt breytingar á þessum blessuðum fiskveiðistjórnarlögum, þetta er líklega ein stagbættasta löggjöf sem finna má á byggðu bóli a.m.k. í hinum vestræna heimi. En hér eru sem sagt enn einar breytingarnar á þeim lögum, enn og aftur erum við farin að ræða um stjórn fiskveiða í þessum sal.

Í þetta skipti ætla menn að setja þak á kvótaeign í trilluflotanum, á þorsk og ýsu, eingöngu á þorsk og ýsu. Mig langar í upphafi máls míns meðan ég man að koma þeirri spurningu á framfæri við hæstv. sjávarútvegsráðherra hvers vegna menn hafi ekki tekið aðrar tegundir með, t.d. ufsa og steinbít, hvað valdi að þær tegundir séu ekki líka teknar með í þennan pakka, því að þetta eru að sjálfsögðu tegundir sem eru mikilvægar hjá þessum flota, a.m.k. svo mikilvægar að menn sáu ástæðu til að grípa til þess óyndisúrræðis fyrir nokkrum árum að kvótasetja einmitt trillurnar í þeim tegundum, þ.e. ufsa og steinbít. Þetta eru að sjálfsögðu tegundir sem skipta miklu máli fyrir þennan flota, það vitum við öll.

Ég kom áðan upp í andsvör við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem því miður er nú horfinn úr salnum, vegna þess að frumvarpið vekur upp afskaplega dapurlegar minningar. Það vekur upp minningarnar um það þegar sóknardagatrillurnar voru settar í kvóta hér á vordögum árið 2004 þvert á fyrri loforð sem margir stjórnarþingmenn höfðu gefið, til að mynda í kosningabaráttunni á vordögum árið

2003. Ég átti mjög erfitt með að skilja það þá hvað vakti fyrir mönnum með því að grípa til þess voðaverks gegn sjávarbyggðunum og ég verð að segja að þó að nú sé liðið eitt og hálft ár síðan þetta var gert þá á ég í raun enn þá verr með að skilja hvað vakti fyrir mönnum.

Staðreyndirnar eru því miður þær, virðulegi forseti, að það hefur komið í ljós með mjög svo sársaukafullum hætti hvaða afleiðingar þessi aðgerð hafði fyrir byggðirnar. Hér hafa aðrir þingmenn talað á undan mér, bæði Jón Bjarnason, hv. þingmaður Vinstri grænna, og Jón Gunnarsson, hv. þingmaður Samfylkingar, og farið yfir tölur, blákaldar staðreyndir sem sýna hvernig bátunum hefur fækkað og um leið atvinnutækifærunum í þessum byggðum. Það hefur reyndar fjölgað aðeins á öðrum stöðum, en samt sem áður hefur byggðum sem máttu ekki við því að verða fyrir slíkri blóðtöku þurft að blæða og þeim hefur blætt mjög alvarlega. Við getum talað um Snæfellsnes. Við getum talað aðeins um Suðurland. Við getum nefnt Strandir. Við getum nefnt Norðausturland, Vesturland, Austurland, höfuðborgarsvæðið jafnvel og kannski síðast en ekki síst Ísafjarðarsýslur og Barðastrandarsýslur þar sem mínusarnir eru mjög stórir þegar breytingar á kvóta í smábátakerfinu eru skoðaðar frá 1. september 2004 til 1. september 2005. Nú vill svo undarlega til að einmitt þessar byggðir — sem eru heimabyggðir til að mynda hæstv. sjávarútvegsráðherra og hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, sem báðir voru í sjávarútvegsnefnd á þessum tíma og hafa báðir verið talsmenn sinna ríkisstjórnarflokka í sjávarútvegsmálum — hafa farið verst út úr þessum gjörningi.

Ég velti því fyrir mér hvort þessir hv. þingmenn séu stoltir af þeim ljóta leik sem þeir léku hér á vordögum árið 2004 þegar þeir brugðust hreinlega því trausti sem þeim hafði verið sýnt í alþingiskosningunum árið 2003, á grundvelli loforða. Á grundvelli loforða, virðulegi forseti, sem þessir þingmenn höfðu ítrekað gefið í ræðu og riti. Ég fór yfir það hér vorið 2004 hvað þessir menn höfðu sagt og hvað þeir höfðu skrifað. Ég las það hér upp í ræðustól. Ég get svo sem gert það aftur. Það hefur allt saman verið fært til bókar í þingtíðindum. Fólk getur lesið, séð og skoðað, hvað þessir menn höfðu sagt og síðan getur fólk rannsakað hverjar afleiðingarnar hafa orðið.

Ég fór hér áðan yfir fréttir af fréttavef Bæjarins besta, sem er mjög auðvelt að finna á netinu. Fréttir frá því í lok síðasta sumars og síðan í haust af löndunum afla, tölur yfir landaðan afla, til að mynda á Vestfjörðum. En þá voru einmitt að koma fram af miklum þunga afleiðingar þess að sóknardagatrillurnar voru settar í kvóta á sínum tíma. Þetta var annað sumarið eftir að þessi gjörningur fór fram. Fyrsta heila sumarið, ef svo má segja, þar sem kerfið hafði fulla virkni. Ég las yfir titla þessara frétta hér áðan en ég ætla að gera það aftur þannig að ekkert fari á milli mála. Hér er frétt frá 16. ágúst 2005 á vef Bæjarins besta, með leyfi forseta, þar sem fyrirsögnin er: Ríflega þriðjungssamdráttur í afla á milli ára í júlí.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Í júlí var landað 3.182 tonnum af sjávarfangi á Vestfjörðum. Í sama mánuði í fyrra var landað 4.886 tonnum og er samdrátturinn á milli ára því tæp 35%. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. Mestur hefur samdrátturinn orðið í þorskafla. Í ár var hann 1.913 tonn en í fyrra var hann 3.019 tonn. Samdrátturinn er því rúm 1.100 tonn eða rúm 36%."

Virðulegi forseti. Það eru fleiri svona fréttir. Hér er önnur frétt frá 25. ágúst árið 2005. Með leyfi forseta, er fyrirsögnin: Afli og aflaverðmæti minnkar á milli ára. Og hér eru menn að tala um aflann í maí, en þar hefur orðið verulegur samdráttur á milli ára, einmitt á Vestfjörðum. Við getum líka skoðað tölurnar yfir ágúst. Tæplega 40% samdráttur í lönduðum afla í ágúst á milli ára. Mestu munar þar um mikinn samdrátt í þorskaflanum sem minnkaði þá úr 2.936 tonnum í 1.783 tonn. Eða um 40%. Á sama tíma dróst þorskaflinn á landinu öllu saman um 12,5%. Ýsuaflinn dregst líka mikið saman og ufsaaflinn dregst saman um hvorki meira né minna en 90% tæp á milli ára í þessum mánuði.

Virðulegi forseti. Ég held það þurfi ekki frekari vitnanna við. Ég held að það verði afskaplega aumt yfirklór ef menn ætla að reyna að fara að útskýra þetta einhvern veginn öðruvísi en með þeim hætti að þarna hafa byggðirnar orðið fyrir mjög stóru áfalli. Skýringarnar er síðan að finna í tölum yfir þróun og tilfærslu á bátum, hvernig bátunum hefur fækkað og hvernig þeir hafa færst til og hvernig þeir eru að færast á færri hendur. Hvernig kvótarnir eru teknir og sameinaðir af þessum bátum og þeim síðan hent á bálið, þeir brotnir mélinu smærra eða seldir fyrir slikk til kvótalausra útgerðarmanna eða annarra sem hyggjast nota þá til annarra verka en fiskveiða í atvinnuskyni.

Þetta er mikill harmleikur, virðulegi forseti. Þetta er ekkert sniðugt. Það er afskaplega dapurlegt að sitja hér undir málflutningi hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem hélt því fram að við í Frjálslynda flokknum værum eitthvað sárir yfir þessu. Vegna þess, eins og hann orðaði það, að það hefði verið hafður af okkur glæpurinn — það sagði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hér í ræðustól og glotti út að eyrum. Ég gat ekki skilið það öðruvísi en svo að hann meinti það þannig að þarna hefðu menn virkilega náð að bregða fæti fyrir Frjálslynda flokkinn, náð sér niður á honum og hreinlega, hvað á maður að segja, eyðilagt tilverurétt hans. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur líka fullyrt svipaða hluti á heimasíðu sinni og hlakkaði mjög í honum, að þarna hefðu menn nú loks náð að kveða Frjálslynda flokkinn í kútinn, ef svo má segja.

Málflutningur af þessu tagi er ekkert fyndinn þegar um jafnalvarlegt mál er að ræða. Mér finnst þetta varla svaravert. Þetta snýst um miklu meiri og alvarlegri hluti en þá að hér séu menn að reyna að ná sér niðri á einhverjum stjórnmálaflokkum. Það er mjög alvarlegur hlutur ef stjórnarþingmenn eru hér að setja lög í þeim tilgangi einum að ná sér niðri á stjórnarandstöðuflokki með mjög alvarlegum afleiðingum fyrir efnahag hundruða ef ekki þúsunda fólks á landsbyggðinni. Hvað skyldi fólkið í litlu byggðunum segja, fólkið sem hefur orðið að líða fyrir aðförina sem gerð var að sóknardagaflotanum? Hvað skyldi það fólk segja um tekjumissi sinn og þann samdrátt sem hefur orðið í atvinnulífinu á þessum stöðum í kjölfar þessara aðgerða? Skyldi það vera sammála hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og Birni Bjarnasyni, hæstv. dómsmálaráðherra, um að þetta hafi nú heldur betur verið flott aðgerð því þarna hafi mönnum

virkilega tekist að bregða fæti fyrir Frjálslynda flokkinn? Ég held ekki. Ég held að þessu fólki sé alls ekki hlátur í huga, langt í frá, kannski þeim sem gátu selt sig út úr þessu kerfi og fengið gullpeninga fyrir kvótann sem þeir fengu í staðinn fyrir sóknardagana. Það má vel vera að það hlakki í þeim í dag og þeir séu ánægðir. En maður hlýtur að minna það ágæta fólk á það að einn góðan veðurdag verður síðasta eyrinum eytt og þá munu menn átta sig á því að þeir hafa selt mjólkurkúna. Þeir hafa selt mjólkurkúna frá börnunum sínum og það mun hafa alvarlegar afleiðingar, ekki bara fyrir þá sjálfa heldur byggðirnar þeirra, fyrir börnin þeirra, fyrir framtíðina alla.

Ég er þeirrar trúar og þeirrar sannfæringar að fiskimiðin kringum landið séu auðlind. Þetta er endurnýjanleg auðlind sem getur gefið af sér einn þann besta afrakstur sem við sjáum í heiminum þegar verðmæti eru annars vegar. Við vitum það ef við skoðum sögulegar staðreyndir. Ég er þeirrar skoðunar að sjávarbyggðirnar allt í kringum landið séu mjög mikilvægar fyrir framtíð okkar Íslendinga sem þjóðar. Þær eru mjög mikilvægar fyrir sjálfsvitund okkar sem þjóðar. Þær eru mjög mikilvægar fyrir menningu okkar sem þjóðar. Þær eru mjög mikilvægar fyrir framtíð allrar þjóðarinnar. Það er ábyrgðarhluti, það er ábyrgð sem á að hvíla á herðum okkar stjórnmálamanna og ég skal glaður takast á við þá ábyrgð. Það er á ábyrgð okkar að sjá til þess að sú barátta sem forfeður okkar stóðu fyrir við að byggja þessi landsvæði verði ekki að engu. Við það að koma þessum þorpum upp. Við það að byggja upp atvinnulíf á þessum stöðum. Við það að byggja upp skóla, heilbrigðisþjónustu, hafnir, samgöngur, fjarskipti. Þar er okkar skylda að takast á við þá ábyrgð að halda þessu við. Þeirri ábyrgð megum við ekki gleyma og það er alvarleg aðför að framtíð þessara staða þegar við tökum lífsviðurværið frá þeim, gerum það að söluvöru á frjálsum markaði með hrikalegum afleiðingum. Menn geta ekki þrætt fyrir það að kvótakerfið, eins og það er útfært í dag, hefur haft mjög alvarleg áhrif á byggðaþróun í landinu. Menn geta ekki þrætt fyrir það. Það eru staðreyndir sem menn komast ekkert fram hjá. Ég held reyndar að hæstv. sjávarútvegsráðherra sé innst inni sammála mér í þessu. Að minnsta kosti kýs ég, þegar ég les gamlar greinar eftir hann, að trúa því að þær hafi verið skrifaðar í góðri trú. Þar kemur fram sami grundvallartónn og kom fram í máli mínu hér áðan.

En einhvers staðar á ferli hans sem stjórnmálamanns kom eitthvað fyrir hæstv. sjávarútvegsráðherra, þegar hann var enn þá þingmaður og ákvað að kúvenda í vörninni fyrir flotann sem skiptir svo miklu máli fyrir þessa litlu staði. Hann ákvað að kúvenda, ekki bara þegar trillurnar voru teknar úr sóknardagakerfi og settar í kvóta heldur líka þegar trillurnar voru kvótasettar í hinum svokölluðu aukategundum eins og ýsu, ufsa og steinbít — sem var algerlega óþörf aðgerð. Það hefur sýnt sig að þar voru gerð mikil mistök. Þá fóru menn að stíga fyrstu skrefin í þá átt að gera þessa smábáta að algerri markaðsvöru með því að kvótasetja þá þannig að það var hægt að selja þá hvert á land sem er. Það fór að skipta miklu minna máli hvaðan þessir bátar voru gerðir út. Þeir þurftu ekki lengur að njóta nálægðar sinnar við fiskimiðin. Þessir bátar hurfu. Þetta var algjör óþarfi, það hefur komið í ljós að hvorki ýsa, ufsi né steinbítur voru í þeirri hættu að það réttlæti þessa aðgerð. Hvorki ýsa, ufsi né steinbítur.

Þetta eru kannski þeir þrír bolfiskstofnar hér á Íslandi sem hafa spjarað sig nokkuð vel undanfarin ár. Það er allt fullt af ýsu allt í kringum landið núna. Það er ekki kvótakerfinu að þakka. Það er alger fásinna að halda því fram. Við getum farið yfir það hvers vegna það er ekki kvótakerfinu að þakka. Það gerðist nefnilega eitthvað í líffræðinni hér í Norður-Atlantshafi í kringum árið 2000. Þá varð allt í einu ýsusprenging, við getum kallað það það, í öllu hafinu, allt frá Kanada austur um Færeyjar í Norðursjó við Ísland og í Barentshafi. Þá komu fram mjög sterkir árgangar af ýsu af ástæðum sem enginn skilur, enginn veit út af hverju það gerðist. En þetta gerðist og síðan hefur ýsustofninn verið að sækja mjög í sig veðrið á kostnað annarra fiskstofna, eins og til að mynda rækju og mjög sennilega þorsks líka því ég hef ýsuna grunaða um að éta sandsíli frá þorskinum og hugsanlega þorskseiðin líka. Þetta gerðist í náttúrunni en ekki vegna kvótakerfisins. Ef þetta hefði verið kvótakerfinu að þakka hefði þetta ekki líka gerst við Færeyjar því þar er ekkert kvótakerfi eins og við vitum, þar er sóknardagakerfi. Ufsinn hefur líka blómstrað við Færeyjar. Hann hefur líka sótt í sig veðrið hér. Það er ekki kvótakerfinu að þakka að ufsinn hefur sótt í sig veðrið. Þar hefur líka verið mjög góð nýliðun, bæði við Færeyjar og hér við Ísland.

Menn skulu því fara varlega í því að fullyrða að kvótakerfinu megi þakka fyrir þetta. En hitt er svo annað mál, eins og ég sagði áðan, að smábátarnir hefðu átt að hafa áfram það frelsi sem þeir höfðu allt í kringum landið til að stunda þessar veiðar. Ég tel að þessir bátar séu engin ógn við vistkerfið. Veður og annað hamlar þeim í það miklum mæli að ekki þarf að hafa svona afskaplega miklar áhyggjur af þeim. Hafi menn áhyggjur af þessum bátum er mjög auðvelt að setja reglur um hversu mikið af veiðarfærum þeir megi hafa í sjó á hverjum tíma og hafa síðan eftirlit með því. Flóknara þarf þetta nú ekki að vera. Það þarf ekkert að búa til eitthvert miðstýrt kerfi ríkisvaldsins til að stjórna fiskveiðum með þessum hætti. Það er alveg með ólíkindum að frelsishugsjónamennirnir í Sjálfstæðisflokknum skuli fallast á þetta. Þeir eru þar komnir mjög langt frá til að mynda skoðanabræðrum sínum í Færeyjum sem fussa og sveia allt hvað af tekur í hvert skipti sem talað er um kvótakerfi við þá og fara mjög svo háðulegum orðum um hið íslenska kerfi sem ég ætla ekki að hafa eftir hér. Hið sama má segja um íhaldsmenn á Bretlandi sem nú hafa lagt fram tillögur um það að fiskveiðistjórnun í Norðursjó verði endurskoðuð og þar verði tekið upp sóknarmarkskerfi í staðinn fyrir kvótakerfi því að kvótakerfið þar hefur ekki skilað neinum árangri.

Virðulegi forseti. Ég gæti svo sem haldið hér langa ræðu áfram um fiskveiðistjórnarmál og það má vel vera að ég biðji um orðið aftur til að halda hér seinni ræðu mína. Ég sé að tíminn líður hratt og ræðutími minn er senn á þrotum. Ég vil að lokum lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að þau hlutföll sem nefnd eru í þessu frumvarpi, bæði á þorski og ýsu, séu of há. Þau eiga að vera lægri, og það er sannfæring mín, vegna þess að þessir smábátar eiga að vera atvinnutæki úti á landsbyggðinni. Þeir eiga að vera sem dreifðastir allt í kringum landið til að halda uppi atvinnu á þessum stöðum.

Þessar byggðir eiga að njóta nálægðar sinnar við fiskimiðin. Þær eiga að njóta þess að fá að eiga þessa báta í friði fyrir mönnum sem vilja safna þeim saman og búa til sem stærstan kvóta til að geta síðan smíðað sem stærsta báta til að auðgast á þessum kvótum með þeim hætti. Við verðum að fara að líta á þessa báta í miklu stærra samhengi en við höfum gert hingað til. Þeir skipta mjög miklu máli fyrir okkur Íslendinga sem þjóð. Þeir skipta mjög miklu máli fyrir mannlífið í landinu og ég mun hvenær sem er rísa til varnar og verja þennan flota. Ég mun hvenær sem er taka þátt í þeirri vinnu að koma þessum flota út úr kvótakerfinu aftur þannig að byggðirnar nái aftur vopnum sínum en þurfi ekki að upplifa lengur þá niðurlægingu og þær hörmungar sem þær hafa þurft að gera undanfarin ár meðan að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa ráðið ríkjum í landinu.

[19:02]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson vitnaði hér í Bæjarins besta og samdrátt á Vestfjörðum yfir sumartímann. Ég tel ekki eðlilegt að bera saman árin 2004 og 2005. Árið 2004 voru sóknardagabátar, þá var heimilt að veiða frá 1. apríl til 31. október. Núna fá menn að veiða allt árið. Við vitum af fréttum síðustu daga að menn eru að mokveiða. Það er hærra verð á þorski í febrúar og mars. Við erum búin að fá fréttir af Grímseyingum sem eru að mokveiða þorsk þannig að þetta er ekki sambærilegt ár. Það er sambærilegt að bera saman 2005 og 2006. Það er ekki sambærilegt að bera saman þessi tvö kerfi þar sem í öðru má bara vera að veiðum frá 1. apríl til 31. október. Þarna held ég að hv. þingmaður sé að bera saman epli og appelsínur.

Ég þurfti að hafa samband við tvo trillukarla í dag og ætlaði að hitta annan í Þorlákshöfn. Hann var farinn að veiða af því að hann er í krókaaflamarkskerfinu. Bátur hans væri bundinn í sóknardagakerfinu. Hann mætti ekki byrja að veiða fyrr en 1. apríl. Það er því ekki eðlilegt að bera saman þessi tvö ár.

[19:03]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega geta aflabrögð á milli ára verið mjög mismunandi frá einu svæði til annars. Það er ekkert nýtt. Það er alveg rétt að það eru mjög góð aflabrögð við Grímsey núna. Það má vel vera að líka séu mjög góð aflabrögð við Vestfirði einmitt núna. Ég hef svo sem ekki kynnt mér það nákvæmlega. Hins vegar er ég hér með tölur fyrir framan mig sem sýna að miklar breytingar hafa orðið, tilflutningur á kvóta í smábátakerfinu, til að mynda frá 1. september 2004 til 1. september 2005. Þetta er tafla sem var birt í Morgunblaðinu og ég sé ekki betur en að Strandir hafi tapað hér 128 þorsktonnum, Norðausturland 128 þorsktonnum. Ísafjarðarsýslur hafa tapað 1.000 tonnum af þorski. Barðastrandarsýslur hafa tapað 750 tonnum af þorski í kvóta.

Segir þetta ekki einhverja sögu?

Síðan sjáum við að miklar breytingar hafa orðið á bátum og hvar þeir heyra til. Mest hefur verið flutt frá Vestfjörðum, 1.840 þorskígildi og 1.704 tonn af þorski. Endurspeglar þetta ekki þær fréttir sem síðan voru í Bæjarins besta um að aflasamdráttur á Vestfjörðum hefði verið mjög mikill? Ég hefði nú haldið það. Ég þyrfti raunar ekki að fara neitt í grafgötur með að sú er skýringin. Bátarnir hafa verið seldir í burtu og kvótarnir með. Flestir af bátunum hafa síðan verið brotnir mélinu smærra, verið sendir á bálið eða seldir fyrir lítið fé til kvótalausra útgerðarmanna.

Þetta eru staðreyndirnar sem liggja á borðinu og afleiðingar af þeim ákvörðunum sem voru illu heilli teknar hér í þessum sal vorið 2004.

[19:05]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson svaraði mér ekki hvort það væri raunhæft að bera saman þessi kerfi, annars vegar sóknardagakerfið og hins vegar krókaaflamarkskerfið þar sem menn eru að veiða á öðrum tíma. Eins vil ég spyrja hv. þingmann — hann hefur nú hreykt sér af því að vera í miklu og góðu sambandi við smábátasjómenn — hvort hann hafi rætt við þá um hvort breyting hafi orðið á rekstrarumhverfi smábáta við að fara úr sóknardagakerfinu yfir í krókaaflamark. Ég hef rætt mikið við þessa aðila, fengið símhringingar og tölvupóst, og það er almenn ánægja með breytinguna. Við vissum það líka í sjávarútvegsnefnd þegar gerð var skoðanakönnun að menn vildu fara í þessa breytingar. Þeir töldu þetta vera miklu betra rekstrarumhverfi.

[19:06]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður minntist hér síðast á skoðanakönnun sem hefði verið lögð fram í sjávarútvegsnefnd á sínum tíma. Það er skoðanakönnun sem hefði ekki haldið vatni hjá fræðimönnum sem jafnvel kunna mjög lítið fyrir sér í því hvernig framkvæma á skoðanakannanir. Hún var vægast sagt vafasöm, sú skoðanakönnun. Hafi hv. þingmaður ekki séð blekkinguna sem fór fram þá er honum vart viðbjargandi og alvarlegt mál að hann skuli enn þá halda embætti sínu sem formaður sjávarútvegsnefndar fyrst hann lét blekkjast af jafnauðvirðilegum látalátum eins og borin voru á borð nefndarinnar þá vordaga.

Það er náttúrlega alveg rétt að það er erfitt að bera saman sóknardagakerfi og kvótakerfi þegar kemur að aflabrögðum. Hitt veit ég þó, og það er að sóknardagakerfið er á margan hátt miklu betra, til að mynda fyrir byggðirnar. Það er líka betra vegna þess að í því er hvorki brottkast né kvótasvindl. Það er nokkuð stór breyta, hef ég grun um, í þessum efnum. Kvótakerfið er þannig að hægt er að leigja frá sér aflaheimildirnar, veiða út á þær annars staðar, þær ganga kaupum og sölum. En sóknardagakerfið er þó þannig að það hefur í sér innbyggðan hvata til að gera út frá litlu þorpunum sem einmitt byggðust upp vegna nálægðar sinnar við fiskimiðin. Það tel ég mjög stóran kost.

Sóknardagakerfið hefur líka mjög marga aðra kosti sem ég hef ekki tíma til að fara nánar í hér en ég vil þó nefna að það hefur gefist mjög vel hjá frændum okkar, Færeyingum, og ég hygg að það mundi gefast mjög vel hjá okkur Íslendingum líka. Ég er alveg sannfærður um að sóknardagakerf-

ið mun verða tekið upp í veiðum strandveiðiflotans við Ísland í framtíðinni. Héðan í frá er það bara spurning um tíma hvenær kvótakerfið brotnar saman og við tökum upp sóknarmarkskerfið hér við land.

[19:08]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég mun hér fjalla um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

Í fyrsta lagi erum við að fella niður 6. gr. sem byggir á því að dagakerfi sóknardagabáta verður lagt niður. Aðeins tveir bátar eru enn starfandi í því kerfi en munu færast yfir í krókaaflamarkskerfið í lok þessa fiskveiðiárs. Það var mikil og skynsamleg ákvörðun að leggja af sóknardagakerfið og færa það yfir í krókaaflamark. Það var gert í sátt við þorra þeirra aðila er starfa í greininni. Það var tekist á um þetta mál á Alþingi en þegar kom að atkvæðagreiðslu um það voru ekki nema fjórir þingmenn sem greiddu atkvæði á móti þessum breytingum. (Gripið fram í.)

Þetta mál hefur töluvert verið rætt í dag. Ef við rifjum það aðeins upp komu mjög margir aðilar á fund sjávarútvegsnefndar og þeir voru sammála því að það þyrfti að loka þessu kerfi. Það má nefna fulltrúa Sjómannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og félags áhugahóps dagabátaeigenda. Þeir voru einnig sammála þessu. Þeir höfðu gert skoðanakönnun sem hefur verið rædd fyrr á þessum fundi og mér fannst hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson lýsa ákveðnu vantrausti á þá aðila sem tóku þátt í þeirri skoðanakönnun. Mjög stór hluti þeirra aðila er í þessu kerfi. Það var athyglisvert hve margir vildu aflamark, það voru fáir sem vildu vera í sóknardagakerfinu og röksemdirnar sem fylgdu voru þær að þetta væri rekstrarhæf eining út frá úthlutun aflamarks. Hvaða rök liggja að baki og hverjir voru kostir þess að fara í aflamark? Það er meira atvinnuöryggi. Við vitum líka að lausafjárstaða margra sóknardagabáta var erfið. Það var erfitt að selja sóknardagabáta. Bankakerfið var töluvert erfiðara að eiga við varðandi kaup á sóknardagabátum en bátum með aflamark. Þetta er margsannað og aðilar sem komu á fund sjávarútvegsnefndar sögðu okkur frá aðila sem fékk fjögur tilboð í bátinn sinn með fyrirvara um fjármögnun hjá bankanum. Þeim var öllum hafnað.

Í sóknardagakerfinu, eins og fram hefur komið, máttu dagabátar einungis róa frá 1. apríl til 31. október. Með því að fara í krókaaflamark geta þessir aðilar sjálfir ákveðið hvenær þeir róa og hvert þeir sækja fisk í sjó. Með því að stjórna sjósókn sinni sjálfir geta þeir valið stærri og betri fisk með því að veiða á öðrum árstíma og fengið þannig betra verð. Þetta var það sem ég var að ræða áðan, að menn veiða á öðrum tíma og það er minni veiði yfir sumartímann. Þetta er hluti af þeim skýringum sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson ræddi um áðan við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson í andsvari.

Aðilar sem heimsóttu sjávarútvegsnefnd á sínum tíma töldu meira öryggi í því að vera með varanlegan afla, 45 tonn, en að veiða 70 tonn eitt árið og vera í óvissu annað árið. Það eru miklar breytingar sem fylgja þessu. Við vitum það. Minni afla er landað á sumrin. Afli dreifist jafnar yfir árið og menn sækja á öðrum tíma og reyna að ná í stærri og verðmeiri fisk. Það er mjög eðlileg þróun að bátum fækki í þessu kerfi. Aflaheimildar verða sameinaðar, fleiri heilsársstörf verða til og þá losnar líka um önnur störf. Einhverjir fara yfir á línu en það skapar fleiri störf en handfæraveiðar, en handfæraveiðar leggjast aldrei af. Þær eru mjög hagstæð og ódýr veiðieining. Möguleiki á nýliðun í aflamarkskerfi er meiri en í sóknardagakerfi að mati þeirra er starfa í greininni. Ástæðan er fyrst og fremst sú að hægt er að gera langtímaáætlun á rekstri aflamarksskips en sóknardagabátur nýtur ekki sama vægis í bankakerfinu eins og áður hefur komið fram.

Virðulegi forseti. Í þessu frumvarpi er jafnframt bætt við 1. mgr. 11. gr. laganna að hlutfall verði ekki hærra en 6% af þorski og 9% af ýsu miðað við heildarkrókaaflahlutdeild í hvorri tegund þar sem samanlögð krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila er takmörkuð. Jafnframt bætist við 2. mgr. 11. gr. klásúla um heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar.

Það var og verður alltaf ágreiningur um þessar prósentur. Sumir vilja hafa þær lægri en aðrir hærri. Sumir vilja samræma þetta prósentum sem eru í dag í kerfinu. Við verðum samt sem áður að skerpa á því ef við ætlum að skilja enn betur á milli stóra kerfisins og krókaaflamarkskerfisins. Ég hef talið mikilvægt að stjórnvöld skilgreini það enn frekar og það gerir hæstv. sjávarútvegsráðherra með þessu frumvarpi.

Ég vil sérstaklega geta þess sem fram kemur í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins en þar stendur, með leyfi forseta:

„Samkvæmt gildandi ákvæði 1. mgr. 11. gr. a eru settar takmarkanir á samanlagða aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila í fimm helstu tegundum botnfisks, auk síldar, loðnu og úthafsrækju, og miðast hámarkið við 12% í þorski og 35% í karfa en 20% í öðrum tegundum. Þá segir í 2. mgr. 11. gr. a að samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa megi aldrei nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um heildarafla. Fyrrgreind takmörkun tekur einnig til krókaaflahlutdeildar, sbr. 5. mgr. 7. gr., en hér er lagt til að auk þessa verði sett sérstakt hámark á samanlagða krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Er lagt til að hún verði 6% í þorski, 9% í ýsu og 6% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar þeirra tegunda sem krókaaflahlutdeild er úthlutað í. Ljóst er að mikil sameining krókaaflahlutdeildar hefur orðið og ástæða þykir til þess að setja þær takmarkanir sem hér er lagt til þannig að krókaaflahlutdeildir dreifist á fleiri fyrirtæki og þar með sjávarbyggðir."

Herra forseti. Ég fagna því sérstaklega að heimilt er að tilkynna um flutning aflamarks milli fiskiskipa í rafrænu formi. Gerður hefur verið þjónustusamningur við Fiskistofu og árgjald fyrir slíkan samning verður 12 þús. kr. fyrir hvert fiskveiðiár. Hér er um mikinn sparnað að ræða hjá fyrirtækjum. Í fyrstu er gert ráð fyrir að aðgangur veiti útgerðarmönnum aðeins heimild til að flytja aflamark á milli eigin báta, er það kerfi hefur þróast geti heimildirnar til flutnings

náð til allra sem eru með þjónustusamning. Þetta er eðlilegt meðan þessi mál eru að þróast með því að gæta þarf örygg-is við svo veigamiklar breytingar. Einnig er ákvæði til bráðabirgða þar sem tekið er á því að úthluta aflamarki í úthafsrækju á fiskveiðiárunum 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008, að það leiði ekki til að fiskiskip missi aflahlut-deild í úthafsrækju eða öðrum tegundum.

Við höfum rætt um vanda rækjuiðnaðarins hér á Alþingi og er þessi breyting eðlileg í framhaldi af því. Að undan-förnu hafa veiðar og vinnsla úthafsrækju gengið illa. Ástand úthafsrækjustofnsins hefur verið lélegt og aðeins heimilt samkvæmt tillögu Hafrannsóknastofnunar að veiða 10 þús. lestir á yfirstandandi fiskveiðiári. Það hefur ekki tekist að veiða leyfilegan úthafsrækjuafla síðustu ár. Bæði hefur veiðin ekki verið sem skyldi og markaðsaðstæður ekki nógu góðar.

Herra forseti. Ég hef sagt það áður að þrátt fyrir lög um stjórn fiskveiða er ekkert það heilagt í þeim að ekki megi breyta eða taka tillit til aðstæðna hverju sinni og það er verið að gera varðandi rækjuveiðarnar. Ég fagna því sem hæstv. sjávarútvegsráðherra er að gera. Það er jafnframt verið að endurgreiða útgerðargjald vegna úthlutaðs afla-marks í úthafsrækju á fiskveiðiárunum 2005/2006. Veiði-gjaldið samkvæmt V. kafla laganna vegna úthafsrækju fisk-veiðiárin 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008 skal inn-heimt í lok hvers fiskveiðiárs miðað við landaðan úthafs-rækjuafla fiskiskipa á því fiskveiðiári.

Hér er um tímabundnar lagabreytingar að ræða vegna þeirra erfiðleika sem upp hafa komið í veiðum og vinnslu úthafsrækju og ber að fagna því. Vonandi næst að rétta úr kútnum í veiðum og vinnslu á úthafsrækju en það er mjög mikilvægt fyrir sjávarbyggðir hér á landi þar sem rækju-veiðar og -vinnsla hefur verið nokkuð stór þáttur í atvinnu-lífinu. Hæstv. sjávarútvegsráðherra á hrós skilið fyrir þessar breytingar, bæði hvað varðar styrkingu og skerpingu á milli stóra og litla kerfisins, svo og að bregðast tímabundið við erfiðleikum sem hafa verið í rækjuveiðum og -vinnslu.

[19:17]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er viss um að hv. formaður sjávarút-vegsnefndar er sammála mér um að fiskveiðistjórn snýst fyrst og fremst um fiskvernd. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þingmann út í þann þátt málsins hvað varðar það að nú eru menn að setja þessi höft á, að kvótinn safnist ekki saman á einstök fyrirtæki í of miklum mæli. Hv. þingmaður hefur mikinn skilning á því, það kemur fram í ræðunni hans.

En mig langar að spyrja hv. þingmann, herra forseti, hvort hann hafi ekki áhyggjur af þeirri þróun sem hefur orðið hvað varðar að kvótinn safnast saman einmitt á þá staði þar sem fiskurinn er hvað stærstur. Til dæmis á Suður-land, í Grindavík. Það kom fram í ágætri ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar þar sem hann rakti hvert aflatilfærslurnar hafa farið og það hefur einmitt verið á Suðurland. Það væri fróð-legt að fá það hjá hv. þingmanni hvort hann telji þetta æski-lega þróun. Hvort menn hætti ekki einfaldlega að gera út frá þeim stöðum sem von er á minni fiski.

[19:18]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við þekkjum það í gegnum tíðina frá því þetta kerfi var tekið upp 1984 að í þeim sjávarbyggðum sem standa best eru aðilar þar heima í héraði sem hafa unn-ið í þessu kerfi frá upphafi. Þeir hafa fjárfest í þessu kerfi. Það hefur orðið mikil breyting á eignarhaldi og segja má að 85% kvótans hafi skipt um hendur á þessum tíma. Ég er mjög stoltur af Sunnlendingum hvað þeir hafa verið dug-legir að starfa í þessu kerfi og byggja upp atvinnu heima í héraði.

[19:19]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki skilið þetta svar öðruvísi en að hann sé ánægður með þá þróun að menn sæki frekar í stóra fiskinn en minni fiskinn. Ég er þessu ekki sammála. Ég er á því að við eigum að nýta öll fiskimið landsins. Ég tel þetta óráðssíu.

En mig langar að spyrja hv. formann sjávarútvegsnefnd-ar um annan þátt sem varðar það sem kemur fram í bráða-birgðaákvæðinu og kom einnig fram í ræðu hv. þingmanns. Það er þegar menn ná ekki að veiða rækjukvótann, hvort menn eigi þá að vera að takmarka veiðar. Hvort ekki sé einmitt ástæða þá til að opna fyrir að nýir aðilar geti komið inn í greinina og sótt t.d. í úthafsrækjuna. Af því að við er-um náttúrlega ekki að setja þessi lög bara fyrir einstaka út-gerðarmenn. Ég vona að hv. formaður sjávarútvegsnefndar átti sig á því að verið er að hugsa um almannahagsmuni. Ég er á því að almannahagsmunir (Forseti hringir.) verði til þess, herra forseti, að ráðlagður afli verði sóttur.

[19:20]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er um bráðabirgðaákvæði að ræða og ég tel að þetta sé sérstök aðgerð vegna rækjuvinnslunn-ar. Við höfum rætt hér á Alþingi um vanda rækjuiðnaðarins og þau áhrif sem sá vandi hefur haft á sjávarbyggðir þar sem rækjuveiðar og -vinnsla er mikil. Menn hafa fjárfest í þeirri atvinnugrein og við vonum að hún komi til aftur. En ekki er eðlilegt annað en að bregðast við með þeim hætti og hæstv. sjávarútvegsráðherra er að gera.

[19:21]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar að komast betur að því hjá hv. formanni sjávarútvegsnefndar hvort honum finnist eðli-legt að aðilar sem ekki nýta þann veiðirétt sem þeim er út-hlutað geti haldið honum, bara af því þeir séu blankir. Þá eigi menn að koma til Alþingis og fá einhverjar nýjar reglur og þá gildi ekki þær grundvallarreglur sem voru í upphafi um að fyrst og fremst þyrfti kvóta vegna fiskverndar. En nú skiptir kvótinn algerlega um hlutverk samkvæmt tillögu hæstv. sjávarútvegsráðherra og því sem hann hefur um þetta sagt, þ.e. að lögin eigi að tryggja mönnum veiðiréttinn fyrst og fremst en eigi ekki að tryggja fiskvernd. Ég velti því svolítið fyrir mér og mig langar að hlusta á hv. þing-mann segja álit sitt á því á hvaða leið við erum með stjórn á fiskveiðum ef á að fara í þessa slóð með nýtingarréttinn,

þ.e. að menn eigi bara að fá undanþágur frá þeim reglum sem eru í gildi ef standi illa á hjá þeim. Ég spyr: Finnst ekki hv. þingmanni frekar ástæða til að huga að annars konar stuðningi við þessa útgerð en þá að breyta reglunum gagnvart þessum aðilum og hafa þær allt öðruvísi en gagnvart öðrum aðilum í sjávarútvegi sem stunda aðrar veiðar en þær sem hér eru til umræðu?

[19:23]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson spyr hvort ekki sé eðlilegt að nýta veiðirétt frekar en að þeir haldi honum sem eru blankir. Við erum að tala um mjög sérstakar aðstæður í rækjuiðnaði. Við erum búin að fara í gegnum þetta mál á Alþingi og þar hafa flokksbræður hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, menn sem eru úr byggðum eins og Siglufirði, farið yfir þá stöðu og erfiðleika. Það væri óeðlilegt að bregðast við með öðrum hætti en við gerum í dag. Þetta er ekki almenn aðgerð. Það er alveg ljóst. Menn ætla ekki að gera þetta með flestar tegundir ef menn halda það. Verið er að bregðast við með bráðabirgðaákvæði og það er mjög eðlilegt að brugðist sé við á þennan hátt. Við erum búin að horfa á sársaukafull gjaldþrot í þessum iðnaði í dag. Þetta hefur verið mjög erfitt. Það hefur gengið misjafnlega í rækjuiðnaði. Við vitum það líka.

Við skulum einnig taka dæmi varðandi loðnuna. Það yrði erfitt, sérstaklega hjá einyrkjunum, ef engin loðna hefði fundist í ár. Það er ljóst. Við getum endalaust rætt um það þegar menn ná ekki að veiða það sem þarf og aðra erfiðleika, hvenær menn eigi að beita 9. gr. og hvenær ekki. Það er líka mjög vandmeðfarið ákvæði. En þetta er ekki sanngjörn umræða miðað við hvernig hún hefur verið á Alþingi um vanda rækjuiðnaðarins.

[19:25]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þessi rök nú eiginlega ekki boðleg. Mér finnst að á Alþingi eigi menn að horfa almennt á vandamálin og stuðning við einstakar atvinnugreinar eigi þá að ræða sérstaklega og hann kemur alveg fullkomlega til greina. Hins vegar er mjög varasamt að breyta reglum alveg sérstaklega um stjórn fiskveiða ef koma upp alveg sérstök vandamál í einhverjum einstökum greinum. Það eru almenn ákvæði t.d. sem hafa komið mönnum til hjálpar hvað varðar skelina. Og auðvitað er hægt að setja almenn ákvæði hvað varðar einhverjar svona uppákomur. En hér er alveg sértæk aðgerð til að koma í veg fyrir að menn missi kvóta í þeirri tegund sem um er að ræða. Það er nýtt í sölum Alþingis og full ástæða til að skoða það vandlega. Fyrir nú utan það að mjög vafasamt er hvort þetta mál eins og það er lagt fyrir stenst ákvæði stjórnarskrárinnar.

[19:26]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson fór um víðan völl í vörn sinni, varnarræðu sinni, til að verja þá ömurlegu aðgerð sem hann átti aðild að á vordögum 2004 þegar sóknardagatrillurnar voru settar í kvóta. Þar fannst mér hann halla frekar réttu máli. Hann talaði m.a. um að það að setja trillurnar í kvóta hefði, hvað á ég að segja, tryggt atvinnu, ef ég man rétt. Hvað getum við þá sagt um þá sem höfðu lífsviðurværi sitt af veiðum af sóknardagabátunum sem eru nú komnir á bálið og hafa verið sendir í glatkistuna? Hvað skyldum við segja um þá? Hvað skyldum við segja um fólkið í sjávarbyggðunum sem hefur orðið fyrir áfalli af þeim völdum og hefur núna misst lífsviðurværi sitt, til að mynda fólki sem lifði og hafði atvinnu af því yfir sumartímann að taka við afla af þessum bátum. Fólki sem vann í fiskvinnslunni. Getur það hreykt sér af því að þessi aðgerð hafi aukið atvinnuöryggi þess? Ég held ekki.

Hér var talað um að það væri orðið svo miklu betra hjá mönnum sem hefðu verið með sóknardagabáta núna að vinna í bankakerfinu. Já, skyldi það ekki vera betra þegar sumir þeirra hafa fengið kannski 40–50 milljónir greiddar fyrir kvótann sem þeir fengu úthlutað á sóknardagatrillurnar sínar. Ég held að það sé svolítið auðveldara fyrir þá menn að halda haus yfir vatni í bankakerfinu í dag.

Síðan er það annað. Þeir sem fengu kvóta og eiga kvóta enn þann dag í dag eiga auðvitað betra með að koma ár fyrir borð, ef svo má segja, í bankakerfinu. Vegna þess að bankarnir hafa gert þá reginskyssu í þessu kvótakerfi að þeir hafa verið að lána mönnum peninga út á óveiddan fiskinn í sjónum, sem er mjög varhugaverð aðgerð og háskaleg hagkerfinu. Bankarnir hafa verið allt of gírugir við að lána mönnum út á óveiddan fiskinn í sjónum. Hvað gerum við svo þegar fiskurinn finnst ekki? Hvað hefur orðið um veðin sem voru til að mynda í rækjukvótanum (Forseti hringir.) sem núna er ekki lengur til?

[19:28]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ræddi um betra rekstrarumhverfi. Við vitum að það sem er að gerast alls staðar í kringum okkur er fækkun, t.d. í þessu kerfi. Það er fækkun í verslun og þjónustu. Það er fækkun alls staðar. Það er fækkun í raforkufyrirtækjum. Það eru sameiningar og annað. Þetta er bara það sem er að gerast. (Gripið fram í.) En við erum samt sem áður að tala um jafnmikinn fisk upp úr sjó á færri skipum. Það er alveg ljóst. Það er ekki rökrétt að ræða um að verið sé að færa mönnum 40–50 milljónir. Umræðan gleymst alltaf, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði áðan. Það var verið að selja sóknardaga og báta líka. Það á að ræða þá um mismuninn ef menn vilja rökræða þetta. En það sem gerðist var að þeir sem voru í sóknardagakerfinu veðsettu allt sem þeir áttu, húsin sín og skyldmenni gengu jafnvel í ábyrgðir. Þarna er þá komið ákveðið öryggi í að geta veitt ákveðinn afla á hverju ári. Ekki er hægt labba til bankastjórans í sóknardagakerfinu og segja: Getur þú lánað mér? Ég ætla að veiða 50 tonn á næsta ári og greiða lánið upp. Það er langtum betri hagræðing í því að hafa fastar aflaheimildir á skipinu. Það er bara staðreynd.

Þeir aðilar sem komu til okkar í sjávarútvegsnefnd þegar þetta mál var til umræðu gerðu okkur alveg grein fyrir því hvernig þeir sæju þetta gerast. Þá heyrðist ekki eins hátt í mönnum sem voru á móti þessu.

[19:29]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við mótmæltum því kröftuglega vorið 2004 þegar þessi lög voru sett. Við í Frjálslynda flokknum greiddum því frumvarpi ekki atkvæði þegar það var til afgreiðslu. Talandi um að afkoman sé svo góð. Já, er það? Skyldu menn vera alveg sammála því þegar þeir upplifa það núna ár eftir ár að þorskkvótinn er skorinn niður á milli ára? Skyldu þeir vera sammála því sem hafa verið að kaupa sér kvóta og upplifa einmitt þetta, að við erum ekki að ná neinum árangri í þessu kerfi. Og þarna liggur kannski hundurinn grafinn. Við erum ekki að ná neinum árangri. Það er ekki nóg með að við séum að hjakka í sömu hjólförunum heldur grafast hjólin dýpra og dýpra niður í drulluna. Það er það sem er að gerast. Ef við værum að auka þorskkvótann kannski um 20–30% á ári eins og við hefðum kannski átt að vera að gera, þá væri málið allt öðruvísi. En málið er að menn eru alltaf að tapa kvóta vegna þess að við erum ekki að ná árangri. Er þá ekki kominn tími til að athuga hvort ekki sé ráð að reyna að finna upp á að gera eitthvað nýtt?

[19:31]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum rætt um það á Alþingi að þorskstofninn er í lægð. Ég sé ekki að það verði fleiri fiskar í sjónum með nýja fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég spurði hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hvort hann hafi rætt við aðila sem starfa í þessu kerfi um rekstrarumhverfið þar. Hann hefur ekki svarað því. Hann ætlar að koma í ræðustól á eftir og því mjög eðlilegt að hann geri mönnum grein fyrir því. Hann var a.m.k. í miklu sambandi við þessa aðila fyrir kosningar og hlýtur að ræða við þá áfram.

Auðvitað skil ég hv. þingmenn Frjálslynda flokksins. Með þessari breytingu er ekkert eftir af kosningabaráttu þeirra í sjávarútvegsmálum. Þetta snerist um að selja daga fyrir kosningar, rétta mönnum sem voru vart nema með pungapróf heimildir, eins og hv. þingmaður gerði í Vestmannaeyjum. Í kaffistofuspjalli var rætt um að menn gætu fengið heimildir (Forseti hringir.) ef Frjálslyndi flokkurinn kæmist að. (Forseti hringir.)

[19:32]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Eftir að hafa hlýtt á umræðuna, sérstaklega ræðu og andsvör hv. formanns sjávarútvegsnefndar, held ég að ekki veiti af því að menn tali um hvers vegna við stýrum fiskveiðum. Ég stóð í þeirri meiningu að með því ætti að vernda fiskinn í sjónum. Stundum hefur verið sagt að menn ætli að byggja upp fiskstofnana. En þegar maður heyrir málflutning hv. formanns sjávarútvegsnefndar er allt annað uppi á teningnum. Þá snýst þetta um eitthvað allt annað, að fyrirtæki séu í tímabundnum erfiðleikum. Málið snýst þá alls ekki um hagsmuni heildarinnar, langt í frá. Mér finnst átakanlegt að hlýða á þetta.

Þegar hv. þingmaður er spurður um þetta, herra forseti, þá segist hann hafa rætt við menn úti í bæ. Þeir séu ánægðari núna, sem hann talar við, en þeir voru áður. Hvers konar rök eru þetta í málinu? Mér finnast þau veigalítil. Ég held að allir sanngjarnir menn hljóti að vera mér sammála, nema þá kannski innvígðir og innmúraðir kvótasinnar. Menn hljóta að sjá að þetta er bara vitleysisrugl. Hann talar við einhvern í síma og það eru rökstuðningur fyrir frumvarpi sem heldur ekki vatni.

Hvers vegna stýrum við fiskveiðum? Það er til þess að byggja upp fiskstofna og ná fram hagkvæmri nýtingu. Ekki er að sjá að okkur hafi gengið mjög vel með það. Nei, alls ekki. Við getum skoðað þorskinn. Við veiðum helmingi minna af honum en áður en við fórum í þessa vitleysu. Það hefur sett sjávarbyggðirnar í mjög erfiða stöðu og verður talsvert mál, þótt við breytum kerfinu, fyrir þær að ná vopnum sínum á ný. En ég er sannfærður um að það er hægt og lít bjartsýnn til framtíðar. Ég tel ekki, eins og hv. formaður sjávarútvegsnefndar, að það sé jákvætt að flytja allan kvóta af Norðurlandi, þar sem fiskurinn er smærri, á landið sunnanvert. Ég gat ekki heyrt betur en að hann fullyrti það. Mér finnst það alvarlegt ef það er boðskapur Sjálfstæðisflokksins til okkar Norðlendinga að þetta sé jákvætt. Það er bara alls ekki svo.

Kerfið er ekki árangursríkt. Ég er á því að stýra eigi fiskveiðum svæðisbundið og með sókn. Þar sem slík stýring hefur verið á veiðum hefur náðst árangur, þ.e. í Færeyjum. Við sjáum að það er ekki bara að upp komi efasemdaraddir á Íslandi um stýringu botnfisksveiða með kvóta. Upp hafa komið efasemdir víðar. Um helgina bárust fréttir af þingmanni skoska íhaldsflokksins á Evrópusambandsþinginu, Struan Stevenson. Hann efaðist þar um fiskveiðistjórn Evrópusambandsins. Hvað gerðist? Sérfræðingar frá Hafró hlupu til í útvarpsfréttir í dag til að kasta rýrð á þá skoðun sem skoskur stjórnmálamaður hélt fram á heimasíðu. Til hvers? Til hvers eru þeir að því? Vegna þess að þeir óttast að menn horfi á málið með gagnrýnum augum og skoði íslensku fiskveiðistjórnina. Hún er götótt.

Eigum við að ræða um fiskveiðistjórnina út frá hagrænum þáttum? Á hv. formanni sjávarútvegsnefndar, Guðjóni Hjörleifssyni, var að heyra að svo væri, bráðabirgðaákvæðið kæmi til vegna þess að rækjuiðnaðurinn gengi illa. Ég hef samúð með rækjuiðnaðinum en er samt ekki viss um að þetta sé leiðin. Alls ekki. Það er langt í frá. Nær væri að líta t.d. á rafmagnsverðið og margt fleira.

Hið sorglega við þessa breytingu snýr að útför sóknardagakerfisins. Að henni stóðu þingmenn Vestfjarða. Við í Frjálslynda flokknum höfum bent á að Vestfirðingar mundu fara illa út úr þeirri breytingu, sem raunin varð. Að vísu reynir hv. þm. Guðjón Hjörleifsson að þvæla því máli. Ég held þó að allir Vestfirðingar, ekki síst þeir sem búa á Tálknafirði, hljóti að vera mér sammála. Enda segir einn þingmaður Vestfjarða, sem talar út og suður þegar talað er um fiskveiðimál, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, að það megi efast um alla þætti fiskveiðistjórnarinnar. Það segir hann í viðtali á vef Bæjarins besta. Ég er honum sammála. En hann gerir ekkert nema að herða hnútinn, herða á vitleysunni í því kerfi. Það væri fróðlegt að fá svör frá hæstv. ráðherra Einari K. Guðfinnssyni um hvort hann er sammála því að það sé jákvætt að aflaheimildir fari suður af norðanverðu landinu. Er hann sammála? Eru þeir alveg einhuga um þetta? Það er ótrúlegt að hlýða á mál þeirra.

Við höfðum varað áðurnefnda þingmenn við. Þeir höfðu auk þess lofað fólkinu á Vestfjörðum og víðar að halda í

sóknardagakerfið. Þeir gerðu það m.a. á fundi á Ísafirði undir yfirskriftinni „Orð skulu standa". Stóra fundinum þar. En þeir sviku það og hafa auðvitað ævarandi skömm fyrir. Það er átakanlegt að hlýða á hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson tala um að þetta sé einhver þróun sem hafi ekki verið umflúin. Hann segir að þetta hafi gerst mörgum árum fyrr. Það er bara ekki rétt. Það er sérstaklega skrýtið vegna þess að stundum talar sá maður eins og samviskan sjálf, líkt og hann einn hafi samvisku í Framsóknarflokknum, t.d. um Íraksstríðið. Hann er á móti því. Hann var á móti fjölmiðlalögunum. En hann gat ekki staðið með Vestfirðingum, herra forseti. Hann gat ekki haldið orð sín þegar það skipti Vestfirðinga máli.

Sama má segja um hæstv. sjávarútvegsráðherra. Hann hefur alltaf lofað hinu og þessu fyrir kosningar eins og kollegi hans hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Ég man ekki betur en að hæstv. ráðherra hafi skrifað á heimasíðu sína að hann hefði þá trú að Samfylkingin ætlaði að koma sóknardagakerfinu fyrir kattarnef. Svo gerði hann það sjálfur. Mér finnst það ekki stórmannlegt. Fyrir einhverjar kosningar lofaði hann að halda í þorskaflahámarkið. Hann gerði það ekki. Síðan kemur hann og gerir ekki neitt fyrir byggðirnar á Vestfjörðum, ekki nokkurn skapaðan hlut.

Hann lofaði atvinnuátaki á Bíldudal. Ég veit ekki betur en að þar sitji allt fast enn. Jú, hann hefur staðið að mjög einkennilegu verkefni. Ég er á því að það sýni í raun vitleysuna í nýtingarstefnunni þegar menn, í stað þess að veiða afræningja, fara að fóðra afræningja. Ég vísa þar til tilraunar sem gerð var í Arnarfirði. Í stað þess að leyfa fólkinu á Bíldudal að veiða fiskinn — hann er að éta upp rækjuna í Arnarfirðinum en fólkið má ekki veiða hann vegna þess hve heilagt kvótakerfið er, þótt það sé að rústa heimaplássum þessara ágætu þingmanna — var frekar gripið til þess ráðs að fóðra afræningjana. Hver var árangurinn? Hann var sorglegur vegna þess að rækjan hvarf, þrátt fyrir þessa einkennilegu tilraun.

Í umræðunum í dag hefur einnig komið fram að það að afleggja sóknardagakerfið hafi verið liður í að ráðast á Frjálslynda flokkinn. Ég verð að segja að mér finnst það vera stórtíðindi. Sérstaklega að viðurkenna þá gjörð á sama tíma og fjallað er á hinu háa Alþingi um að stofna greiningardeild til að komast fyrir landráð. Ég spyr: Hvað gengur mönnum til með því að taka af kerfi sem hefur skilað árangri og skilað þorpum landsins ávinningi, jafnvel þar sem hv. þingmenn búa, bara til að ráðast á einn flokk? Þarna ráðast menn á heildarhagsmuni þjóðarinnar. Ég tel að þetta ætti jafnvel að vera fyrsta málið sem hæstv. dómsmálaráðherra ætti að skoða, hans eigin verk. Hann hefur nánast viðurkennt það á heimasíðu sinni. Það gæti verið verðugt verkefni fyrir greiningardeildina að skoða hans eigin verk hvað þetta varðar. Fyrir tækifærið til að ráðast á minnsta flokkinn á Alþingi er jafnvel fórnað heildarhagsmunum þjóðarinnar. Það er með ólíkindum.

Ég er nú ekki viss um að þeim verði kápan úr því klæðinu. Allt sem við í Frjálslynda flokknum höfum sagt um sjávarútvegsmál hefur því miður átt við rök að styðjast. Ég segi því miður, vegna þess að við höfum sagt: Trúið ekki þessum flokkum þótt þeir lofi ykkur því að einhver bót verði gerð kerfinu eftir kosningar. Þeir munu miklu frekar herða á vitleysunni. Það hefur gerst. Við skulum líta á heildarhagsmunina. Það er minni þorskafli og nánast engin úthafsrækja. Kvótakerfið er svo heilagt að þótt ekki náist að veiða úthafsrækjuna má ekki hnika neinu. Þeir sem hafa aflaheimildir núna mega ekki losa tökin á aflaheimildunum. Hvers vegna ekki að hleypa nýjum aðilum að til að þeir geti þá náð í þennan afla? Það yrði þjóðinni í hag. Ég fæ því miður engin svör við því.

Ég vil enn og aftur minna á að miklar efasemdaraddir hafa heyrst, m.a. í Skotlandi og Norður Írlandi, um að stýra botnfiskveiðum með kvóta. Ég verð að segja að mér finnst miður að hæstv. sjávarútvegsráðherra vilji ekki skoða aðrar leiðir þegar hann sér að við erum komin út í horn með stefnu okkar.

Við bentum á að þetta mundi leiða til fækkunar og að þetta yrði til samþjöppunar, fækkunar skipa og stærri báta. Allt hefur þetta orðið raunin. Ég er á því að ábyrgð þeirra manna sem hafa stýrt þessu ferli sé mikil. Þegar menn tala um að þetta sé einhver þróun þá eru það hrein öfugmæli. Þróun er orð sem felur það í sér að menn stefni fram á við en þegar menn fara aftur á bak á að nota orðið afturför. Það er mjög sorglegt að heyra hv. formann sjávarútvegsnefndar segja að nýliðun sé jafnvel orðin auðveldari í kerfinu núna þegar þessi kvóti á aflabáta er kominn. Hefur sá ágæti maður enga jarðtengingu? Að stofna útgerð sem hefur 13 millj. kr. tekjur, þ.e. 100 tonna aflaheimild, kostar 140–150 millj. samkvæmt prísnum í dag. Það má reikna það út og hafa alla stærðir hvað hagstæðastar að tapið á slíkri útgerð er 8 millj. kr. á hverju ári. Þá á eftir að borga aflaheimildirnar. Þetta er með ólíkindum. Svo eru menn að tala um þessi stóru og sterku fyrirtæki. Því miður er raunin sú að þau eru flúin út af hlutabréfamarkaðnum. Ef ég man rétt eru einungis tvö eftir á hlutabréfamarkaðnum. Afkoman er nú ekkert mjög glæsileg. Skuldirnar hrannast upp. Mig minnir að það stærra skuldi u.þ.b. 20 þús. milljarða. Helsti hagnaður fyrirtækisins, ef marka má fréttir Morgunblaðsins, sem var gífurlegur á síðasta ári — mig minnir að hann hafi verið um milljarður — var gengishagnaður. Það var vegna þess að gengið hækkaði svo mikið sem leiddi af sér að þeir fengu náttúrlega minna fyrir afurðirnar. En það hafði líka jákvæðar afleiðingar fyrir þetta ágæta fyrirtæki að skuldirnar lækkuðu í íslenskum krónum, sem er náttúrlega jákvætt líka fyrir skuldugt fyrirtæki. Þarna myndaðist nánast milljarður í hagnað. Þessu var slegið upp í Morgunblaðinu sem spilar oft með þessu kerfi, að þetta sé allt í lagi. Það sé bara allt í lagi að þetta sé jákvætt, að þá lækkaði þetta um milljarð. Þannig að ef þetta fyrirtæki hefði skuldað ekki 20 milljarða heldur 40.000 millj. hefði Morgunblaðið getað slegið upp 2 milljarða kr. hagnaði af þessu fyrirtæki.

Þetta lýsir náttúrlega stöðu sjávarútvegsins. Skuldirnar eru alveg óskaplegar og það kemst enginn inn í greinina. Það er annað — hæstv. sjávarútvegsráðherra reynir nú að gleyma sér og grúfir sig niður í blað frammi á gangi, sem ég skil vel því að ég er því miður að segja sannleikann hér — það er ekki verið að mennta fólk í greininni. Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að leggja niður fiskvinnsluskóla og ég þráspyr hæstv. menntamálaráðherra sem svarar út og suður að þetta sé í einhverri skoðun og bla, bla, bla. Ef við spyrjum sjálfstæðismenn út í það hvers vegna verið sé að leggja

niður t.d. útvarpsþátt sem fjallar um sjávarútvegsmál þá finnst þeim fáránlegt að spyrja um það. En hvers vegna leggja þeir niður útvarpsþáttinn? Það er vegna þess að þeir þola ekki umræðuna um sjávarútvegsmál. Þetta er bara orðið þeim erfitt og lýsir líka ákveðinni firringu hjá flokknum. Það má ekki ræða þessa hluti og helst bara að loka fyrir umræðuna. Það eru bara settar upp bara einhverjar ráðstefnur, t.d. í kringum 40 ára afmæli Hafró, og einhverjir græningjar fengnir sem aðalmenn, sem eru á móti fiskveiðum.

Við höfum gagnrýnt þetta í Frjálslynda flokknum. En við segjum líka við fólk að það geti verið bjart fram undan ef við losum okkur við kvótaflokkana. Við höfum heyrt og bara viðurkennt það hér, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, að þetta snýst ekkert lengur um fiskvernd. Þetta snýst um afkomu einhverra fyrirtækja. Ég segi við fólkið í landinu: Þau eru skilaboðin. Þetta snýst ekkert um heildarhagsmuni. Hann hefur viðurkennt það hér, hv. formaður sjávarútvegsnefndar. Þetta snýst um einhver veð og afkomu í fyrirtækjum, einstökum fyrirtækjum, og alls ekki heildarhagsmuni. Við skulum skoða þessa hluti með gagnrýnum hætti og vinna okkur út úr þessu kerfi. Ég er alveg sannfærður um, eins og ég stend hér, að það er hægt, en það verður jafnframt ekki gert með þeim flokkum sem nú eru við stjórnvölinn og hafa bara hert á vitleysunni. Ég er á því að ungt fólk þurfi ekki eingöngu að líta á álver sem framtíðarvinnustað sinn heldur einnig sjávarútveginn. Ég er á því að sjávarútvegur geti tengst inn í aðrar tæknigreinar. Hann sé ekki bara lokuð grein eins og Sjálfstæðisflokkurinn vill hafa hann.

Ég segi það enn og aftur: Ef þjóðin ber gæfu, og sérstaklega landsbyggðin, til að hafna þessu kerfi og þessum kerfisflokkum verður umræðan um stöðu sjávarútvegsins miklu bjartari.

[19:51]

Sandra Franks:

Virðulegi forseti. Núverandi kvótakerfi hefur verið umdeilt um langt skeið og líklega hafa ekki jafnmiklar deilur staðið um nokkurt mál síðustu ár. Ég minnist þess reyndar að núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, hvar sem hann nú er, var einn af helstu gagnrýnendum þessa kerfis og mótmælti mörgum ágöllum þess. Það er eðlilegt í ljósi þess að hæstv. ráðherra er þingmaður Vestfirðinga og líklega hafa engir farið jafnilla út úr núverandi kvótakerfi og einmitt Vestfirðir.

Ég þarf örugglega ekki að lýsa því fyrir hæstv. ráðherra hversu grátt byggð á Vestfjörðum hefur verið leikin vegna þeirra möguleika sem kvótakerfið veitir til að flytja kvótann burt úr byggðum svæðisins. Hann og ekki síst Ísfirðingar og Bolvíkingar vita það flestum betur. Það má vel fallast á að kvótakerfið hefur ýmsa kosti í för með sér. Ég á sjálf rætur í sjávarútvegi og þekki af eigin raun ýmsa kosti þess. En ég þekki líka alvarlega galla þessa kerfis.

Ég vil í upphafi ræðu minnar leggja á það áherslu að kvótakerfið var í upphafi sett á stofn til að vernda fiskstofna við Ísland. Yfirlýstur tilgangur þess í upphafi var fyrst og fremst að tryggja að nytjastofnar við Ísland yrðu ekki ofveiddir. Það var aldrei ætlunin að kvótakerfið leiddi til stórkostlegrar samþjöppunar á aflahlutdeild sem auðvitað gat ekki þýtt annað en að hinir stóru og fjársterku stækkuðu á kostnað hinna smærri sem höfðu ekki sama aðgang að sjóðum í árdaga kerfisins. Framsalið, sem er undirstaða samþjöppunarinnar, og mest hefur verið deilt á, var aldrei meginmarkmið kvótakerfisins. Það kom ekki fram fyrr en eftir að kvótakerfið í núverandi grunnmynd kom fram. Þegar horft er til baka og kerfið er metið út frá mælikvarða fiskverndar, sem var upphaflegur tilgangur þess, er óhætt að segja að það sé í besta falli mikið vafamál hvort núverandi kvótakerfi hafi verndað fiskstofnana jafn vel og í upphafi var áformað.

Það þarf ekki annað en að líta til þorsksins. Kvótakerfið átti að byggja þorskstofninn upp en stofninn hefur minnkað frá því að kerfið var tekið upp og það leikur töluverð óvissa um vísindin sem liggja að baki stofnstærðarmælingum eins og reynsla síðustu ára hefur sýnt með ótvíræðum hætti. Ég veit vel að þetta snertir ekki meginatriði þess frumvarps sem við ræðum hér í dag en mig langar samt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki að það sé í besta falli vafamál hvort kvótakerfið hafi náð tilgangi sínum sem fiskverndarkerfi. Framsalið, sem að vísu kom ekki fyrr en töluvert eftir að kvótakerfið kom á, hefur verið gagnrýnt harðlega vegna þess að það gerði mönnum kleift að selja frá sér kvóta eða veiðirétt, skv. 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, sem var almannaeign. Þetta varðar auðvitað grundvallaratriði og snýst í reynd um spurninguna um hvort almenningur sem lögbær eignaraðili fær það sem honum ber fyrir not afmarkaðs hóps af auðlindinni. Ég ætla nú ekkert að fara frekar út í þá deilu hér. En framsalið skiptir hins vegar máli fyrir það frumvarp sem hér er rætt í dag. Það frumvarp hefur bersýnilega þann tilgang að sporna gegn því að heildarkrókaaflahlutdeild safnist á of fáar hendur. Ákvæðin sem heimiluðu framsalið voru strax í upphafi gagnrýnd fyrir að skapa möguleika á of mikilli samþjöppun í greininni. Reynslan sýnir að sú gagnrýni var á rökum reist. Allar götur síðan hefur kvótinn verið að þjappast saman. Hann hefur í krafti framsalsins verið að færast frá minni útgerðum yfir á stærri útgerðir. Frá þeim sem höfðu minni aðgang að fjármagni yfir í hendur hinna stóru og fjársterku. Aðgangur að auðlindinni er fyrir vikið takmarkaður og nýir og öflugir aðilar eiga erfitt með að koma inn í greinina.

Frá hagfræðilegu sjónarmiði er efalítið auðvelt að verja þetta. Aukin samþjöppun getur leitt til aukinnar hagræðingar og aukinnar arðsemi af greininni sem birtist í ýmiss konar formi. Kosturinn við þetta kerfi er t.d. sá að til hafa orðið stór og fjársterk fyrirtæki sem hafa getað farið í útrás og haslað sér völl erlendis með því kaupa upp útgerðir, eins og nokkrar útgerðir hafa nú þegar gert. Það á vafalítið eftir að leiða til sterkrar stöðu Íslendinga í alþjóðlegum sjávarútvegi. En ókostirnir eru hins vegar augljósir. Samþjöppunin hefur leitt til byggðaröskunar. Sjávarbyggðir vítt og breitt við strendur landsins hafa tapað kvóta, ekki síst í kjördæmi hæstv. sjávarútvegsráðherra þar sem vestfirskum sjávarbyggðum hefur blætt í mæli sem enginn sá fyrir í upphafi. Þetta öðru fremur hefur hert á þeirri byggðaröskun sem hefur einkennt Ísland síðustu áratugi og hefur t.d. leitt til verulegrar fólksfækkunar eins og í kjördæmi ráðherrans.

Þetta sáu menn hins vegar fyrir. Af þeirri ástæðu var sett ákveðið hámark á aflahlutdeild í helstu nytjategundum

beinlínis til að stemma stigu við þróun sem strax fór af stað í kjölfar framsalsheimildar laganna. Það hámark felur í sér takmarkanir á samanlagða aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila í fimm helstu tegundum botnfisks, auk síldar, loðnu og úthafsrækju. Miðast hámarkið við 12% í þorski, 35% í karfa en 20% í öðrum tegundum. Þá segir líka í 2. mgr. 11. gr. laganna í a-lið að samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa megi aldrei nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um heildarafla.

Þessi hámörk um aflahlutdeild eru auðvitað ekkert annað en viðurkenning kvótaflokkanna á því að samþjöppun er mikil innan kvótakerfisins í krafti framsalsins. Hún er líka viðurkenning á því að of mikil samþjöppun er óæskileg og röskun á byggðarlögum vegna flutnings kvóta er að sama skapi jafnmikil. Ég hélt sem kona með rætur í sjávarútvegi hafandi fylgst með umræðu stjórnmálamanna að þetta væri einmitt eitt af því sem andstæðingar kvótakerfisins hefðu gagnrýnt hvað harðast á árum áður. En ég hélt að hæstv. sjávarútvegsráðherra væri í þeim hópi. Margir voru þeirrar skoðunar að til langs tíma væru þessi hámörk ekki nóg til að koma í veg fyrir byggðaröskun. Ég eins og margir aðrir beið auðvitað eftir því að kvótaandstæðingar í hópi stjórnarliða létu orð fylgja efndum. Ég hélt að þeir mundu beita sér fyrir því að þessi hámörk yrðu lækkuð til að draga úr samþjöppun kvóta til stóru fyrirtækjanna og þar með til að styrkja undirstöðu smærri fyrirtækja og landsbyggðarinnar. Ég átti satt að segja von á því að þetta yrði eitt af fyrstu verkum hæstv. sjávarútvegsráðherra. Frumvarpið sem hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir vil ég hins vegar leyfa mér að túlka sem gagnrýni á ákvarðanir fyrri ráðherra um kvótahámark í einstökum tegundum þó hann þori ekki að stíga skrefið til fulls og leggja til lækkun á þeim. Hæstv. ráðherra leggur hér til að hámark verði sett á krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila. Hæstv. ráðherra leggur til að hún verði 6% í þorski, 9% í ýsu og 6% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar þeirrar tegundar sem krókaaflahlutdeild er úthlutað í.

Það vekur strax athygli mína að mörkin sem hæstv. ráðherra leggur til eru töluvert lægri en hámörkin fyrir samanlagða aflahlutdeild í helstu nytjategundum sem ég rakti áðan. Ég spyr: Getur það stafað af öðru en því að hæstv. ráðherra telji þau hámörk of há? Það er af þessari ástæðu sem ég lít á tillögu hæstv. ráðherra í þessu frumvarpi sem óbeina gagnrýni á ákvarðanir sem fyrirrennari hans beitti sér fyrir. Í ljósi þeirrar staðreyndar að framsal innan greinarinnar hefur stöðugt leitt til aukinnar samþjöppunar tel ég tillögur frumvarpsins vera að mörgu leyti skynsamlegar þó að sjálf hafi ég viljað sjá enn lægri prósentutölur en þær sem ráðherrann setur fram.

Menn gera sé fémæti úr því verðmæti sem felst í krókaaflahámarkinu með því að framselja hlutdeild sína til stærri og sterkari aðila. Við það tapast sannarlega störf þó að vissulega megi segja að hagkvæmni og arðsemi þeirra útgerða sem fá meiri kvóta aukist. Þarna vegast á hagsmunir. Ég tel ríkari hagsmuni felast í því að verja hagsmuni hinna smáu því að þeir leggja meira til styrkingar á landsbyggðinni að jafnaði en hinir sem hafa tilhneigingu til að hafa rótfestu í stórum byggðarlögum eins og í Reykjavík.

Það er einfaldlega ljóst, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, að mikil sameining kvótaaflahlutdeildar hefur orðið og það er ástæðan fyrir því að rétt þykir að setja þær takmarkanir sem hér er lagt til þannig að krókaaflahlutdeildir dreifist á fleiri fyrirtæki og þar með fleiri sjávarbyggðir. Það sem vekur hins vegar mesta athygli í frumvarpinu eru þær tölur sem hæstv. ráðherra leggur til sem hámörk hjá krókaaflabátum, þ.e. 6% í þorski og 9% í ýsu og 6% í eigu tengdra aðila. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki hefði verið eðlilegra að fyrir lægju vísindaleg rök að baki þessum tölum. Mér leikur þó mest hugur á því að vita eða að hann skýri muninn á tölunum fyrir hámarkið annars vegar á krókaaflabátunum og hins vegar á flotanum í heild þar sem fyrirtæki mega veiða allt að 12% heildaraflamarks þorsks og 35% í karfa og 20% í öðrum kvótasettum tegundum. Þetta er sláandi munur.

Ef það er svo að löggjafinn telur að ekki eigi að fara hærra en 6% í þorski, 9% í ýsu og 6% í eigu tengdra aðila í krókaaflaflotanum, er þá ekki jafnnauðsynlegt að hafa hámörkin jafnlág í öðrum greinum flotans? Mig langar til að spyrja hvaða rök liggja fyrir því að það er ekki gert. Ég spyr af því að ég vil reyna að skilja samræmið í rökum ráðherrans. Má ekki alveg eins segja að hér sé verið að mismuna útgerðargreinum eftir því hvort þær eru á krókaaflahámarki eða á venjulegri aflahlutdeild? Mér finnst hæstv. ráðherra þurfa að skýra þetta betur.

Ég ítreka að ég er ekki að gagnrýna að tölurnar í tilviki krókabátanna séu of lágar, þvert á móti. En telji ráðherrann þessar tölur nauðsynlegar hjá bátum á krókaaflahámarki eru þá ekki tölurnar fyrir hámarkssamþjöppun á hinum skipum flotans of háar og hvað réttlætir þann mun? Ég bið ráðherra um að útskýra þetta fyrir mér. Er alveg ljóst hvort það samræmist jafnræðisreglunni að þetta fari svona? Í því ljósi spyr ég ráðherra hreint út hvort hann telji þá ekki nauðsynlegt að leggja fram frumvarp sem lækkar hámarkið á aðrar útgerðir og hvað þær megi þá hafa.

[20:04]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól öðru sinni til að halda ræðu. Tilefnið er að sjálfsögðu þessi nýjasta skóbót ofan á blessað fiskveiðistjórnarkerfið okkar. Hér hafa menn farið um víðan völl og talað um sjávarútvegsmál í víðu samhengi eins og oft vill verða þegar við ræðum þau mál í sölum hins háa Alþingis.

Í ræðu minni áðan kom ég aðeins inn á mikilvægi smábátanna fyrir okkur Íslendinga sem þjóð og þá sérstaklega fyrir landsbyggðina. Ég hygg að þar hafi ég a.m.k. einu sinni, þó að kannski séu nokkur ár síðan, átt mér skoðanabræður í öðrum stjórnarflokknum, þ.e. Sjálfstæðisflokknum. Til að mynda sagði hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson í Morgunblaðinu í nóvember árið 2002, með leyfi forseta:

„Uppbygging smábátaflotans er eina vörn sjávarbyggðanna og það smáræði sem smábátarnir hafa verið að fiska hefur þó bjargað því sem bjargað hefur verið í sjávarbyggðum."

Hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, þá hv. þm. Vestfjarða, sagði við Bæjarins besta í nóvember ár-

ið 2000, með leyfi forseta:

„Á það var bent fyrir skömmu, að smábátar sköpuðu liðlega fimm prósent af heildarverðmætinu í landinu. Getur það virkilega verið að það séu þessi fimm prósent sem séu að valda vandræðum í stjórnkerfi fiskveiða? Getur það virkilega verið að það séu þessi fimm prósent af heildaraflaverðmætinu sem skekki heildarsamkeppnisstöðu annarra sem starfa í sjávarútvegi í dag? Ég trúi því ekki."

Við höfum líka séð til verka hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, þar sem hann hefur einmitt verið að kljást við sægreifaöflin, þessi öfl manna sem vilja sölsa undir sig nýtingarréttinn á auðlindinni í hafinu umhverfis Ísland.

Ég man það mjög glöggt þegar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði í kosningabaráttunni vorið 2003 og var þar að ráðast á forstjóra Samherja, þá sagði hv. þingmaður þetta, með leyfi forseta:

„Við munum líka fagurgalann um að útgerðin vestra yrði efld og aukin viðskipti við fyrirtækin á norðanverðum Vestfjörðum. Þetta sagði Þorsteinn Már ekki einasta mér, heldur hafði hann þetta allt saman yfir mannskapnum á skipinu, á fundum og í fjölmiðlum. Það þarf ekkert að rekja þetta frekar. Það stóð ekki eitt einasta orð hjá forstjóranum. Ekki eitt einasta orð. Flóknara er það nú ekki."

Síðan sagði hann, með leyfi forseta:

„Nú er öldin önnur. Nú reynir Samherjaforstjórinn ekki lengur að sýna á sér mjúku hliðina. Hann stritast stöðugt við að níða skóinn niður af Vestfirðingum með naggi sínu og heitingum. Það virðist sem fleinn í holdi hans að smábátasjómenn eigi veiðirétt sem hann getur ekki læst klóm sínum í. Nú síðast grípur hann til þess lúalega óyndisúrræðis að reyna að etja sjávarbyggðunum í landinu gegn Vestfirðingum. – Þvílík lágkúra og þvílíkt dæmi um lítilmótlegt viðmót slíks höfðingja.

Allt virðist þetta stafa af því að á Vestfjörðum eins og víðar á landinu er nú blómleg útgerð smábáta. Þökk sé löggjöf sem hefur fært þeim veiðirétt. Og enn yfir það skap Þorsteins Más að vita til þess að við sjálfstæðismenn höfum ákveðið að beita okkur fyrir því að treysta betur stöðu strandveiðiflota sem tryggir sjávarbyggðunum um land allt hráefni. Þannig að fólkið sem þar býr, vinnufúsar hendur, geti fengið störf í atvinnugrein sem er og hefur verið forsenda byggðanna við strandlengjuna."

Þessi grein var rituð vorið 2003, virðulegi forseti. Það er svo sem hægt að tína fleira til en hér er aftur hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sem segir haustið 2002, með leyfi forseta

„Öryggisleysinu sem verður þegar ótti skapast við að aflaheimildir hverfi og að veiðirétturinn verði afnuminn. Það hefur orðið hlutskipti margra. Ekki þarf að nefna dæmin, þau eru í fersku minni fólksins. Nauðvörnin var eins og menn vita oft á tíðum, veiðikerfi smábátanna." — Nauðvörnin, veiðikerfi smábátanna.

En nú stöndum við, virðulegi forseti, í þessum sal. Upp er runninn febrúar árið 2006 og við erum að ræða þessa skóbót, veiðikerfi smábáta. Nauðvörnin mikla hefur verið brotin á bak aftur, varnirnar hafa brostið. Það hefur komið fram hér í dag að það var m.a. gert til að koma höggi á Frjálslynda flokkinn. Heyr á endemi. Var það kannski ætlunin allan tímann, eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson sagði áðan, að koma höggi á minnsta flokkinn á Alþingi með því að setja þessi ólög, að koma trillunum í kvótakerfi? Já, lágt geta menn lagst til að koma höggi á pólitíska andstæðinga fyrst þetta er sannleikurinn. Þarna eru að sjálfsögðu komnir verðugir kandídatar fyrir greiningardeild ríkislögreglustjóra, það verð ég að segja.

Hér er þessi skóbót sem minnir mig einna helst á það að hér séu á ferðinni menn sem eru í raun og veru eins og litlir drengir sem hafa verið að leika sér að eldspýtum í flugeldageymslu. Þeir hafa því miður náð að kveikja í tundrinu og flugeldasýningin er komin á fulla ferð með skelfilegum afleiðingum. Vegna þess að það sem er að gerast núna er nákvæmlega það sem við sáum einmitt fyrir, við þingmennirnir í litla flokknum, nákvæmlega það sem við vöruðum við á sínum tíma, þar sem við vorum ekki að hugsa um hagsmuni flokksins okkar, við vorum að hugsa um hagsmuni fólksins í landinu, við vorum að hugsa um heildarhagsmuni þjóðarinnar. Þess vegna vildum halda þessu opnu. Við vildum gefa ungum mönnum kost á því að komast inn í kerfið neðan frá og þessar trillur, sem þá voru í sóknardagakerfinu, gerðu einmitt mörgum ungum manninum kleift að koma undir sig fótunum í þessu kerfi.

Sumir þessara manna eru stöndugir útgerðarmenn í dag, sem betur fer, segi ég. Það er nefnilega þannig að atvinnugrein án nýliðunar ber í sér dauðann. Þannig hlýtur að fara fyrir þessari atvinnugrein ef menn fara nú ekki að hugsa og hlusta, ef menn halda áfram að múra aftur þetta kerfi, eins og þeir eru búnir að gera núna, og ætlast síðan til að áfram komi fram ungir og dugandi útgerðarmenn. Við verðum að opna þetta kerfi aftur og það gerum við best með því að opna það neðan frá. Þessi lög munu ekki stuðla að því að hægt verði að sjá til þess að ungum mönnum verði kleift að komast inn í þessa atvinnugrein, langt í frá, því að þessi lög gera það að verkum að þessi stjórnlausa flugeldasýning, ef svo má segja, mun í raun og veru halda áfram upp að þessu þaki með einum eða öðrum hætti. Við höfum séð það gerast í stóra kerfinu sem kallað er. Við höfum séð þar hvernig sjávarútvegsfyrirtækjum fækkar einu af öðru, hvernig aflaheimildirnar færast á stöðugt færri kennitölur með sameiningum, fyrst og fremst með sameiningum. Ég er ekki á því að allir séu sammála um að það hafi verið jákvætt. Ég bý sjálfur á Akranesi og ég veit alveg hvaða afleiðingar þetta kerfi hafði fyrir minn heimabæ, ég horfi á það hvern einasta dag þegar ég rúnta niður á bryggju. Höfnin þar er draugahöfn, höfn sem iðaði af lífi fyrir tveimur árum er draugahöfn í dag. Það er fyrir tilstilli þessa kerfis sem menn standa hér og mæra og vegsama. Það er fyrir tilstilli þessa kerfis sem að mínu mati stjórnast fyrst og fremst af óstjórnlegri græðgi.

Ég er ekki sannfærður um að það borgi sig að búa til sem stærst sjávarútvegsfyrirtæki og að það skili þjóðarbúinu endilega sem mestum hagnaði, alls ekki. Við verðum að horfa á þetta dæmi í miklu stærra samhengi. Við verðum að taka inn aðra þætti. Ég lít til að mynda svo á að það sé hluti af hagnaðinum af auðlindinni, sjávarútvegsauðlindinni, að hún geti veitt sem flestu fólki atvinnu og ég skammast mín ekkert fyrir að segja það. Þannig fær þjóðin hlutdeild í hagnaðinum af auðlindinni að sem flestir geti haft lifibrauð sitt af henni. Það þarf ekkert að skammast sín fyrir að segja

þetta. Mér finnst engin skömm að því þó að úti á landi að séu fleiri hundruð trillur sem veita mikla vinnu, skilja eftir mikið af peningum í byggðarlögunum. Þannig var það. Það sem er svo hagstætt við útgerðina er að hún skapar svo mikilvæg verðmæti og svo mikið af verðmætunum verður eftir í byggðunum. Þannig nýtur þjóðin arðs af auðlindinni. Ég lít a.m.k. svona á þetta.

Þess vegna verð ég að segja það enn og aftur, virðulegi forseti, að það sem gerðist í þessum sal á hinum örlagaríku maídögum árið 2004 var í raun og veru mjög vondur atburður sem hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar. Ég held að það hljóti að vera verkefni allra stjórnmálamanna, sem á annað borð finna til einhverrar ábyrgðar, að fara nú í alvöru að hugleiða hvernig við getum farið að því að vinda ofan af þessu kerfi. Ég mun nota ræðutíma minn síðar til að fara einmitt yfir það hvernig ég hefði farið að því að komast út úr þessu kerfi.

[20:15]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Umræðan um þetta mál hefur farið vítt og breitt. Einn hv. þingmaður Framsóknarflokksins hefur m.a. spurt mikið um stefnu Frjálslynda flokksins. Það hefur verið upplýst í umræðunni að hann muni fá stefnu okkar í pósti. Við erum einmitt að gefa út stefnuskrána í veigamiklu broti. Ég vonast til að það verði honum til góðs og að hann nái að sveigja Framsóknarflokkinn í einhverju máli. Það gengur reyndar ansi illa í flestum öðrum málum sem hann er ósammála flokknum um en þó er aldrei að vita. Að vísu verður við ramman reip að draga þar sem guðfaðir kvótakerfisins er formaður flokksins. Ef til vill, herra forseti, þarf að skipta um formann í þeim flokki til að hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, hv. þingmanni takist að sveigja stefnu flokksins í sjávarútvegsmálum.

Við höfum verið að ræða um smábátana og, sem skiptir verulega miklu máli, að menn hafi áhyggjur af því að aflaheimildirnar safnist á fárra hendur. Ég er sammála því að það beri að forðast. Ég hefði aftur á móti talið að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefði átt að gera ráð fyrir að aflaheimildirnar soguðust ekki á aðeins einn landshluta. Mér finnst vanta umræðu um líffræðina á bak við fiskveiðistjórnina.

En þetta með smábátana er annað mál. Á þeim starfa menn sem eru samningslausir. Að vísu kom fram hjá hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni að hann hefði hringt í menn. Helstu röksemdir hans fyrir því að þetta frumvarp væri gott voru að þeir sem hann ræddi við hefðu verið jákvæðir. Það er þó greinilegt að hann hefur ekki talað mikið við sjómenn. Þeir eru ósáttir við margt í fiskveiðistjórninni, sérstaklega smábátasjómenn. Þeir eru samningslausir líkt og mér skilst að blaðburðarbörn hafi verið lengi vel. Það er ólíðandi og til skammar fyrir stjórnvöld að hafa ekki tekið á því. Ég ræddi hér við hæstv. félagsmálaráðherra um þetta mál. Hann vísaði málinu að einhverju leyti, ef ég skildi hann rétt, á hæstv. sjávarútvegsráðherra. Það væri fróðlegt að heyra í umræðunni hvort honum finnist þetta ekki átakanleg staðreynd, að þeir sem sækja sjóinn á minnstu bátunum séu samnings- og nánast réttlausir. Við höfum séð slæm dæmi um þetta, m.a. í blöðum, um að mönnum hafi verið kastað úr skipsplássi að ástæðulausu og háð erfiða baráttu við að fá lífeyrissjóðsgreiðslur og sækja rétt sinn. Þetta er eitt af því sem þarf að taka á.

Eins finnst mér stundum dregin upp glansmynd af tekjum sjómanna. Sú mynd er óraunsæ og allir sem hafa komið nálægt sjávarútvegi vita að tekjur sjómanna hafa dregist saman á síðustu árum. Þetta er áhyggjuefni. Margir sjómenn hafa tjáð mér að þeir væru óánægðir með þessa nýju samninga og að þeir hafi orðið fyrir tekjusamdrætti. Ég tel að fiskveiðistjórnarkerfi eigi þátt í því. Við verðum að gæta að því að þótt dregnar hafi verið háar fjárhæðir út úr stórum og stöndugum útgerðum, t.d. 3.000 millj. kr. út úr einni útgerð norðan heiða eina helgina, eða hvað það var, þá kemur það á endanum niður á sjómönnum. Útgerðin verður skuldsett og alltaf fer meira og meira í að borga vexti. Þannig verður minna eftir hjá þeim sem vinna í greininni. Enda sjáum við að því miður er mjög lítil endurnýjun á fiskiskipastólnum, nema þá helst í allra minnstu bátunum. Þetta er eitt af því sem menn ættu að hafa áhyggjur af og ræða.

Menn ræða þannig um fiskveiðistjórnina að þeir fara að tala um potta og aflabrest, t.d. í Breiðafirði, sem ég geri ekki lítið úr. Síðan fara fram ráðstefnur um nýliðun og 40 ára afmæli Hafró. Þá koma upp æ meiri efasemdir um að stýra eigi fiskveiðum með þessum hætti. Það er að sjá að fiskifræðingar í Færeyjum hafi gagnrýnt kenningar Jóns Kristjánssonar um að ekki þurfi stóran hrygningarstofn til að nýliðun verði með ágætum. Það kemur m.a. fram, í síðustu viku í Morgunblaðinu, sem oft er mjög, vægast sagt, vilhallt kvótakerfinu. Mér finnst það stundum því marki brennt að segja ekki alla söguna. En þó birtist þar frétt sem segir að í Færeyjum sýni nýjar rannsóknir að nýliðun ráðist af fæðuframboði í sjónum og sjálfráni. Mest er um sjálfrán- ið þegar mikið af horuðum þorski kemur upp að landinu, sem aftur ræðst af því að hve mikill fiskur, þorskur og ufsi er um fæðuna. Sem sagt, með öðrum orðum: Færeyskir fiskifræðingar taka núna undir með kenningum Jóns Kristjánssonar.

Jafnvel mjög nýlegar rannsóknir sýna að stór hrygningarstofn geti haft öfug áhrif á nýliðun. Mér finnst vert að ræða þetta, að þetta sé einnar messu virði. Í stað þess hef ég orðið var við að menn reyni jafnvel að útiloka slíka umræðu. En það er einmitt þörf á að fara yfir þetta. Eins og ég minntist á í fyrri ræðu minni hafa komið upp efasemdir í Skotlandi, sem ná alla leið til Evrópusambandsins, um nýtingarstefnu Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Þetta er eitt af því sem við þurfum að ræða og eins um hve mikið hefur þrengt að sjómönnum. Ræða þarf starfskjör þeirra. Þeir eru samningslausir og standa jafnvel verr en blaðburðarbörn gerðu fyrir nokkru. Mér skilst þó að a.m.k. annað blaðið hafi gengið frá sínum málum, stærsta dagblaðið. Þetta er ólíðandi.

Við ræðum hér annað veifið um starfsmannaleigur en mér finnst tími kominn til að ræða starfskjör sjómanna á minnstu bátunum af alvöru. Þetta er ekki léttvægt mál þar sem þeir geta vísað hvor á annan, hæstv. sjávarútvegsráðherra og félagsmálaráðherra. Við þurfum að taka á þessu máli. Ég vonast til að orð mín verði til að hreyfa a.m.k. við hæstv. sjávarútvegsráðherra. Það var að heyra á hæstv. félagsmálaráðherra að þetta væri ekki mjög mikið mál. Ég held að hann hafi þá talað af vankunnáttu, hafi ekki verið

viss um raunverulega stöðu slíkra báta. Ég vonast til að þessi umræða verði til að skila okkur a.m.k. árangri að því leyti.

[20:23]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér hefur verið sagt, að ólíklegt er að þetta sé síðasta frumvarpið sem við sjáum til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Hv. þm. Jón Gunnarsson greindi frá því að á þeim hefði orðið um 35 breytingar á 15 árum og væri ekki allt upptalið í þeim efnum. Það er rétt hjá honum.

Frumvarpið sem hér er um að ræða tekur á fimm eða sex efnisatriðum þannig að ef það er nú allt tekið með í kippu verðum við komin eitthvað á fimmta tuginn í breytingum. En það tel ég út af fyrir sig ekki óeðlilegt eða gagnrýnisefni. Þvert á móti sést af því að við höfum þróað þessi mál. Breytingarnar eru að mínu mati til marks um að tekið hafi verið tillit til umræðunnar eins og hún hefur verið hverju sinni. Menn hafa reynt að bregðast við og hafa forgöngu um mótun stefnu sem menn telja horfa í skynsemdarátt. Mér finnst það ekki slæmt í sjálfu sér.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. Jóni Gunnarssyni, 10. þingmanni Suðurkjördæmis, um að sjávarútvegurinn verði að geta búið við ákveðna festu. Það er eitthvað sem við þurfum að vinna að. Frumvarpið sem hér er fjallað um miðar m.a. að því að draga út tilkostnað í greininni og bregðast við vanda á tilteknum sviðum.

Hv. þingmenn hafa töluvert spurt um 3. gr. frumvarpsins. Það er eðlilegt. Hér er um að ræða breytingu sem er ekki stór efnisbreyting en er hins vegar til þess fallin að draga úr tilkostnaði í greininni. Það er eitt af þeim verkefnum sem við verðum að sinna á öllum tímum, að reyna að lækka kostnað. Eins og hér hefur komið fram þarf sjávarútvegurinn að geta staðið undir góðum lífskjörum. Hluti af því er að reyna að sjá til að við leggjum ekki á hann óþarfa álögur og kostnað. Hv. þingmenn hafa út af fyrir sig ekki mótmælt fyrirkomulaginu. Það sem menn hafa hins vegar velt fyrir sér, sem er eðlilegt, er hvort þessi breyting muni leiða til að þær upplýsingar sem hafa legið fyrir innan Fiskistofu og hjá skyldum aðilum, Verðlagsstofu skiptaverðs o.s.frv., verði minna gagnsæjar en áður. Verður erfiðara að fá þessar upplýsingar? Mun t.d. skatturinn eiga erfiðara með að fá þær upplýsingar sem hann þarf á að halda o.s.frv.? Ég verð einfaldlega segja að ekkert slíkt vakir fyrir mönnum.

Hér eru eingöngu lagðar til breytingar sem leiða af sér lægri kostnað. Allar þær upplýsingar sem Fiskistofa þarf á að halda og sem Verðlagsstofa skiptaverð þarf á að halda, m.a. til að tryggja að staðið sé með eðlilegum hætti að skiptum milli útgerðar og sjómanna, verða til staðar og jafnaðgengilegar fyrir þá sem á þeim þurfa að halda. Hið sama gildir um skattinn. Hér er gert ráð fyrir þjónustusamningi milli Fiskistofu og þeirra sem fá heimild til að færa kvóta með þeim hætti sem kveðið er á um í 3. gr. Sjálfsagt er að í þjónustusamningnum verði kveðið á um það, og þau skilyrði sett sem duga til að upplýsingarnar liggi fyrir. Ég vil því leggja mikla áherslu á að ekkert í þessum efnum gerir það að verkum að eitthvað tregara verði um upplýsingagjöf. Við erum jú líka með lög, t.d. varðandi Verðlagsstofu skiptaverðs, sem kveða á um hlutverk við að fylgjast með verðmyndun í sjávarútvegi, til að tryggja m.a. að menn standi við kjarasamninga.

Hv. þingmenn hafa einnig gert að umræðuefni ákvæði til bráðabirgða, þ.e. þar sem kveðið er á um að fiskiskip missi ekki aflahlutdeild sína þegar svo stendur á sem nú varðandi rækjuna. Þetta er auðvitað mjög eðlilegt ákvæði. Það stendur sérstaklega á varðandi rækjuna. Ef við bregðumst ekki við með þessum hætti getur auðvitað skapast sú hætta að menn missi veiðiréttinn. Menn geta alltaf varist með þessum hætti. Ég hef ekki miklar áhyggjur af því, ef menn stæðu frammi fyrir því að þetta ákvæði yrði ekki samþykkt, að menn hefðu ekki tök á því að koma sér fram hjá þessu, ekki allir en a.m.k. margir hverjir.

Það er á hinn bóginn engin ástæða til að gera lögin þannig að menn þurfi að beita einhverjum hundakúnstum í þessu sambandi. Það er miklu eðlilegra að við viðurkennum einfaldlega það sem um er að ræða, sérstakt vandamál sem er eðlilegt að takast á við. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur velt því fyrir sér hvort í þessu felist brot á stjórnarskrá. Það tel ég ákaflega langsótt. Hér er einfaldlega tekin um það ákvörðun, tímabundin ákvörðun, að létta af veiðiskyldukvöð. Ég tók það sérstaklega fram í ræðu minni áðan þegar ég ræddi þessi mál, að ekki væri horfið frá grundvallarhugmyndinni um veiðiskyldu. Þar fyrir utan vitum við að lög um veiðiskyldu hafa breyst á undanförnum árum.

Við vorum með miklu veikari veiðiskyldu áður fyrr. Við tókum síðan um það pólitíska ákvörðun, m.a. að áeggjan sjómannasamtakanna, að auka veiðiskylduna. Margir töldu reyndar að í því fælist brot á stjórnarskrá vegna þess að aðgangur að greininni væri takmarkaður með þeim hætti, dregið úr leiguframsali o.s.frv. Ég var ósammála því eins og ég er ósammála því sem hv. þingmaður segir nú, að við brjótum með ákvæðum frumvarpsins gegn stjórnarskrá. Hv. þingmaður spyr af hverju ætti að vernda veiðirétt manna. Ég vil vekja athygli á því að hv. þingmaður, sem hefur verið talsmaður þess að fyrna veiðirétt manna, hefur aldrei treyst sér til að gera slíkt nema á 10–20 árum eða eitthvað svoleiðis. Er það ekki rétt? Fimm árum fyrst, 10 árum, 20 árum — býður einhver betur?

Engum hefur mér vitanlega dottið í hug að taka ætti veiðirétt af mönnum, allra síst þeim mönnum sem standa hvað veikast og liggja nánast á hliðinni þegar svona stendur á varðandi rækjuna, að taka burtu veiðirétt manna á einu ári vegna þess að þeir geti ekki veitt eitt ár eða tvö. Á þá bara einfaldlega taka af þeim veiðiréttinn? Ég gat ekki skilið orð hv. þingmanns öðruvísi en svo að hann væri að tala um það. Mér finnst kjarni málsins vera þessi: Við stöndum frammi fyrir miklum vanda. Hv. þingmaður Kristján L. Möller hefur brýnt mig í að við þurfum að ganga enn þá lengra til móts við veiðiréttarhafana. Færa þeim sérstakar aflabætur til að tryggja þeim veiðiréttinn til frambúðar. Ég hef verið tregur til að gangast inn á það.

Þess vegna finnst mér svolítið skrýtið að síðan komi gagnrýni á frumvarpið sem felur það í sér að reyna að búa til ívilnandi aðgerðir sem koma í veg fyrir að menn missi veiðirétt sinn. Það er auðvitað í samræmi við það sem hv. þm. Jón Bjarnason spurði mig að mig hér áðan, þ.e. hvað

eigi að gera fyrir rækjubyggðirnar. Hér er verið að taka á því að vissu leyti með því að ívilna varðandi veiðigjaldið og eins með því að koma til móts við útgerðir með þessum hætti sem ég hef hér farið aðeins yfir.

Þriðja atriðið sem menn hafa gert hér að umræðuefni og skiptir mjög miklu máli er ákvæðið sem getur að líta í 2. gr. frumvarpsins og snýr að hámarki í krókaaflahlutdeild. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson spurði mig: „Af hverju ekki aðrar tegundir?" Ég svaraði því reyndar í andsvari áðan. Ég fór yfir það að eftir að við höfðum skoðað þessi mál sýndist okkur að við vanda væri fyrst og fremst að eiga í þessum tveimur tegundum, það væri mun meiri dreifing á öðrum tegundum. Hins vegar hef ég líka lýst því yfir að ég sé alveg opinn fyrir því að þessi mál séu skoðuð sérstaklega með hliðsjón af þessum tegundum, öðrum tegundum sem menn hafa verið að tala um. Ég hef verið og er talsmaður þess að hafa kvótaþak sem menn hafa kallað svo. Góður og málvís maður gagnrýndi mig, hringdi í mig og sagði að það væri ekki gott orð þannig að við skulum í nafni málverndarstefnu finna annað, eitthvert þak á þessar aflaheimildir, eitthvað sem gerir það að verkum að aflaheimildirnar geta ekki safnast saman á mjög fárra hendur.

Þetta eru út af fyrir sig sömu spurningarnar og hv. þm. Sandra Franks spurði mig áðan, þ.e. hvort vísindaleg rök væru fyrir þessum tölum, af hverju ekki væru sömu tölur og í stærra kerfinu og hún spurði hvort ég væri tilbúinn til þess að leggja til lægri tölur í stærra kerfinu. Það er alveg rétt að það eru engin vísindaleg rök fyrir þessum tölum. Það er auðvitað þannig og það eru ekki til nein vísindaleg rök. Þetta er pólitísk ákvörðun sem lýtur að því að reyna að dreifa veiðiréttinum. Ég tel reyndar að sérstök rök séu fyrir því að dreifa veiðiréttinum í þessu smábátakerfi vegna tilurðar kerfisins sem hafði það markmið að reyna að tryggja tiltekna dreifingu veiðiréttar bæði landfræðilega og á milli útgerða. Síðan er það hitt sem skiptir líka miklu máli og það er að í þessu stóra kerfi þurfum við á stórum og öflugum fyrirtækjum að halda, eins og mér finnst hv. þingmenn hafa sagt öðrum þræði líka í þessari umræðu. Þeim er sett ákveðið þak, 12% heildarþak, og undir því verða menn síðan að starfa. Við þurfum hins vegar á mjög stórum og öflugum fyrirtækjum að halda í þessu kerfi til þess að takast á við mjög miklar og dýrar fjárfestingar eins og við sjáum t.d. núna í uppsjávarflotanum. Þess vegna held ég að tiltekin rök séu fyrir því að hafa þessar prósentur hærri í stóra kerfinu.

Þegar ég var formaður sjávarútvegsnefndar fór það nú svo í nefndinni að við lögðum til lækkun á þeim tölum sem upphaflega voru settar fram í frumvarpinu þannig að menn vita nú í hvaða átt minn hugur hefur staðið í þessum efnum. Ég hef viljað halda þessu þaki eða hámarki — svo að ég fari nú ekki aftur að brjóta gegn íslenskri tungu — sem við höfum þarna og því hef ég sett þetta upp í þessu sambandi í smábátakerfinu. Það eru mín rök fyrir því að hafa tölurnar lægri í þessu kerfi en í stóra kerfinu.

Menn hafa velt því fyrir sér hvort mörkin mættu lækka. Ég benti á að þetta frumvarp hefði meðal annars verið sniðið að þeim veruleika sem blasir við okkur í útgerðinni núna. Við vorum að reyna að gera það þannig að frumvarpið leiddi ekki til skerðingar fyrir þá sem núna starfa þarna. Þetta var hugsað fyrst og fremst til þess að tryggja tiltekna þróun frekar en til þess að berja niður eitthvað sem þegar hefði átt sér stað.

Ein ástæðan fyrir því að við stöndum í þessum sporum er vitaskuld sú að það hefur verið vaxandi sókn inn í smábátakerfið Það er út af fyrir sig jákvætt og áhugavert efni vegna þess að það er til marks um að menn sjá þarna tækifæri í íslenskri útgerð á grundvelli smábátakerfisins. Þetta finnst mér út af fyrir sig jákvætt vegna þess að þegar við settum þetta kerfi á fót á sínum tíma voru þeir ófáir sem sögðu: „Nú er verið að dæma sjávarbyggðirnar til fátæktar. Þetta smábátakerfi er óskilvirkt. Það mun ekki standast stóra kerfinu snúning. Smábátakerfið verður til þess að til verður tvenns konar sjávarútvegur, lakari sjávarútvegur í smábátakerfinu, öflugri í stóra aflamarkskerfinu."

Nú er hið gagnstæða að koma á daginn. Nú er það að koma á daginn að menn sækja inn í smábátakerfið vegna þess einfaldlega að við höfum reynt að breyta því. Við höfum í fyrsta lagi reynt að auka sóknarréttinn, veiðiréttinn í þessu kerfi. Við höfum fært aflaheimildir inn í kerfið og það er ómótmælanlegt. Það er að veiðast æ meira í þessu kerfi í heildina og í annan stað höfum við líka smíðað önnur úrræði, almenn úrræði sem hafa gagnast þessu kerfi vel. Þar á ég t.d. við línuívilnunina. Enginn vafi leikur á því að ein ástæðan fyrir því að menn sjá möguleika í þessu kerfi er sú að menn fá þar 16% ívilnun í línu. Það gerir það að verkum, ekki síst við þær aðstæður sem núna eru í hafinu í kringum okkur og menn hafa hér verið að tala um, að þessar línuveiðar hafa verið hagkvæmar og öflugar og gefið heilmikla möguleika og þess vegna eru menn meðal annars að sækja inn í þetta.

Virðulegi forseti. Það fer nú eitthvað að ganga á minn tíma. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson spurði mig mjög um það hver væri afstaða mín til þess að ekki væru kjarasamningar milli sjómanna á smábátunum og Landssambands smábátaeigenda eða einstakra félaga þeirra. Ég vil einfaldlega vísa í svar forustumanna Landssambands smábátaeigenda á aðalfundi þess núna í haust þegar þeir voru spurðir um þetta mál alveg sérstaklega. Ég held að ég muni það alveg rétt að þeir hafi lýst því þá yfir að þeir hygðust ganga til samningaviðræðna um þessi mál við sitt fólk. Samningsrétturinn er þeirra megin og ég mun ekki fara að skipta mér af því eða blanda mér í það þó að ég sé alveg sammála því að sjómenn á þessum bátum verða að hafa sín réttindi. Það gefur augaleið. Það er líka í þágu útgerðanna sjálfra að menn séu með þessa hluti sína alla í lagi. En vissulega er einn hluti af styrkleika smábátakerfisins sveigjanleikinn og sá sveigjanleiki hefur meðal annars gefið mönnum færi á að sækja á dögum sem þeir hefðu ella ekki haft möguleika til. En það breytir ekki því að vitaskuld þurfa að vera lágmarksréttindi í þessu kerfi, í þessum flota.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að taka upp almenna sjávarútvegsumræðu. Tími minn leyfir það ekki núna. Það er ekkert óeðlilegt við að menn efni til pólitískrar almennrar umræðu um sjávarútvegsmál þegar frumvarp af þessu taginu liggur fyrir. Þetta frumvarp snertir marga þætti þess. Það snertir veiðileyfagjaldsumræðuna og ekki er óeðlilegt að menn taki þá umræðu. Þessi umræða snertir líka kjarna smábátaútgerðarinnar og þess sem við höfum reynt, nefni-

lega að styrkja smábátaútgerðina í heild sinni. Við sjáum, hvað sem hver segir, að smábátaútgerðin á Íslandi í dag er almennt talað og í heild sinni öflugur útgerðarmáti. Það sést best á því að menn sækja inn í þessa útgerð og hafa áhuga á því að hasla sér þar völl. Það er því ekkert óeðlilegt við það þegar slík mál eru flutt hér í frumvarpsformi að menn taki almenna umræðu um sjávarútvegsmálin, en ég hef reynt á þessum mínútum sem ég hafði að fara yfir þau efni sem sérstaklega voru álitaefni og sneru að frumvarpinu beint og reynt að svara þeim spurningum sem fyrir mig voru lagðar. Ef til vill hef ég hlaupið yfir eitthvað. En ég vildi að minnsta kosti reyna að fara yfir þau mál sem ég taldi sérstaklega snúa að frumvarpinu og var beint til mín efnislega eða í spurningarformi.

[20:38]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla aftur að vísa til 3. gr. laganna um stjórn fiskveiða þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.“

Ég skil þetta þannig að hæstv. sjávarútvegsráðherra geti ekki bara ákveðið það eftir sínu höfði hvort settur sé kvóti heldur þurfi að vera þörf á því. Þegar fyrir liggur að menn veiða ekki þá kvóta sem hafa verið settir út, kannski ár eftir ár, hlýtur hæstv. ráðherra að þurfa að velta því fyrir sér hvort ekki eigi að gefa veiðar frjálsar á viðkomandi tegund. Það hefur verið gert — þar má nefna steinbítinn til sögunnar — að taka tegund út úr kvóta ef ástæða hefur þótt til einmitt af þessum sökum sem ég er að nefna.

Síðan finnst mér hæstv. ráðherra þurfa að fara betur yfir það hvort þetta geti í raun og veru gengið upp miðað við röksemdir manna á sínum tíma fyrir því að leggja hömlur á atvinnufrelsi manna sem voru rökstuddar með því að fiskveiðum þyrfti að stjórna, að vernda þyrfti viðkomandi stofna. Ekki er veitt úr þeim stofni sem um er að ræða eins og lagt er til. Ekki eru veiddir kvótarnir sem hæstv. ráðherra ákveður. En hæstv. ráðherra vill opna leið til þess að viðkomandi aðilar geti haldið í kvótana áfram án þess að veiða allan þann tíma sem hér er lagt til að þetta ástand standi.

[20:40]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það rétt hjá hv. þingmanni að hægt væri að taka rækjuna út úr kvóta alveg eins og við gerðum með steinbítinn á sínum tíma. Reyndar var gerð tilraun til þess fyrir ekki löngu síðan að taka steinbítinn út úr kvóta þó að það hafi nú ekki tekist á þeim tíma.

En ég spyr þá hv. þingmann: Hvernig vill hv. þingmaður standa að þessu máli? Vill hv. þingmaður í ljósi stöðunnar eins og hún nú er taka veiðiréttinn af þessum útgerðum sem hafa verið að veðsetja sig, hafa verið að kaupa veiðiréttinn kannski í ýmsum tilvikum? Þau sitja uppi með miklar fjárskuldbindingar og þurfa að standa undir þeim með einhverjum hætti. Er það þá skoðun hv. þingmanns að það sé sérstakt heillaráð núna þegar svona stendur á í rækjuútveginum að taka burt veiðiréttinn og bregða þannig fæti fyrir útgerðirnar?

Mér finnst þetta mjög undarleg afstaða hv. þingmanns en hann hlýtur að þurfa að svara fyrir hana. Hv. þingmaður segir að núverandi fyrirkomulag hamli því á einhvern hátt að menn geti hafið rækjuveiðar. Allir vita að þetta er ekki þannig. Rækjukvótinn fæst fyrir ekki neitt. Ef einhver vill veiða kvóta og landa hjá rækjuvinnslum hér á landi þá er ekki nokkurt vandamál að fá aflaheimildir til þess vegna þess að aflaheimildirnar eru sem leiguheimildir einskis virði um þessar mundir. Þess vegna finnst mér sá hluti röksemda hv. þingmanns engan veginn standast þegar grannt er skoðað, og ekki þarf einu sinni að skoða þetta grannt því þetta blasir við hverjum einasta manni bara þegar litið er á málið.

Hv. þingmaður verður að tala skýrt í þessum efnum. Hann segir núna að það eigi að taka þessar aflaheimildir af mönnum, að það eigi að taka burt þennan veiðirétt vegna þess að menn séu ekki að nýta hann og það standist þess vegna ekki stjórnarskrá að þeir fái að halda veiðiréttinum. Er það skoðun hv. þingmanns að það beri einfaldlega að gera þetta núna gagnvart rækjuútgerðunum sem standa veikast, sem eiga í mestum erfiðleikum, vegna þess að veiðirétturinn nýtist þeim ekki? Er þá sérstakt (Forseti hringir.) heillaráð að taka veiðiréttinn af þeim?

[20:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki veit ég betur en að hæstv. ráðherra hafi tekið þátt í semja þessi lög og setja þau hér á Alþingi. Það er bara verið að tala um það hvort fara eigi eftir þeim eða ekki. Það er verið að tala um að gera hér breytingar til þess að þurfa ekki að fara eftir þeim lögum sem eru núna í gildi. Ég held að menn þurfi að hugsa sig svolítið um áður en þeir hlaupa til og breyta lögum, berandi enga virðingu fyrir lögum sem í gildi eru, t.d. stjórnarskránni. Þar finnst mönnum bara allt í lagi að nota einhverjar nýjar röksemdir núna sem snúa í allt aðra átt en giltu í upphafi þegar rökin voru sótt í að það þyrfti að stjórna veiðum úr fiskstofnum til að vernda þá. Nú snúa rökin í hina áttina af því að það stendur illa á.

„Hvað á að gera?“ spyr hæstv. ráðherra. Það er hægt að styðja við þessa útgerð ef ríkisstjórnin (Gripið fram í.) kýs svo. Það er hægt að styðja við útgerð (Gripið fram í.) með ýmsum hætti. Það hefur verið gert áður á Íslandi. Vel kann að vera að ástæða sé til að gera það og full ástæða er til að fara yfir það. En það er ekki bara (Forseti hringir.) hægt að nota þá aðferð að breyta hér lögum og hafa einhverjar allt aðrar reglur fyrir þessar útgerðir en einhverjar aðrar.

[20:44]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sérkennilegt ef hv. þingmanni finnst undarlegt að maður vilji breyta lögum þegar tilefni er til þess að lögum sé breytt. Ættum við þá þegar við samþykkjum einhvern tíma lög að lýsa því yfir að þeim lögum

verði aldrei að eilífu breytt? Það var hv. þingmaður að segja hérna áðan. (Gripið fram í.) Ætti kannski að setja inn ákvæði til varanlegra bráðabirgða um að aldrei megi breyta lögunum um stjórn fiskveiða? Það var hv. þingmaður að segja.

Hv. þingmaður sagði að hægt væri að styðja við bakið á rækjuútgerðinni með ýmsum öðrum hætti. Ég þekki þá umræðu vel. Hv. þm. Kristján L. Möller segir hér fund eftir fund að það eigi að nota 9. gr. og útdeila sérstökum byggðakvótum. En hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur hins vegar allt aðra skoðun. Hann er þeirrar skoðunar að svona byggðakvótum eigi ekki að beita heldur nota frekar fjárhagslegar aðgerðir af hálfu hins opinbera.

Það sem hv. þingmaður er í raun að segja, en vill ekki segja úr ræðustóli af því að hann treystir því að ég geti sagt það fyrir hann, er að það eigi að koma með ríkisstyrki til rækjuútgerðarinnar í landinu og þá vitum við það alla vega. (Gripið fram í.)

[20:45]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra út í þetta frumvarp, m.a. vegna þess að við erum að ræða útför sóknardagakerfisins. Það er gengið frá því í 1. gr. Það væri fróðlegt að fá að heyra afstöðu hæstv. ráðherra til þess vegna þess að aflegging sóknardagakerfisins hefur leikið Vestfirði grátt og leitt til mikils aflasamdráttar. Það eru ekki einungis mín orð, heldur vitna ég til orða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, þegar hann er spurður út í þennan samdrátt segir hann í Bæjarins besta á vefnum að efast megi um alla þætti fiskveiðistjórnarinnar. Það eru hans orð.

Vegna þess að hann studdi þetta óhæfuverk gagnvart Vestfirðingum langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Sér hann eftir því?

[20:46]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á sínum tíma þegar við vorum að ræða um sóknardagamál lá afstaða mín algjörlega fyrir í þeim efnum. Ég vildi gjarnan viðhalda sóknardagakerfinu en ekki í óbreyttri mynd. Mér var alveg ljóst að þannig gat það ekki staðist til neinnar lengdar. Ég hef margoft talað um það, og m.a. á þessum frægu fundum sem hv. þingmaður hefur stundum vitnað til. Hann getur flett því upp að ég sagði alltaf skýrt og skorinort: Jú, ég vil gjarnan hafa sóknardagakerfi. Ég er þeirrar skoðunar enn þann dag í dag að það sé alveg hægt að stjórna veiðum með sóknarstýringu. En þá verður líka að koma fleira til, það verður að koma til flotastýring. Þá verða menn að vera menn til þess og hafa kjark til þess að beita jafnframt flotastýringu.

Það er alveg ljóst mál, (Gripið fram í.) virðulegi forseti, að ef menn hefðu ætlað að hafa þetta dagakerfi áfram hefði þurft að setja inn í það sóknartakmarkandi þætti. Það var það sem ég sagði á fundi eftir fund því ég var einfaldlega þeirrar skoðunar að það að hafa 21, 23 eða 25 daga í óbreyttu kerfi hefði að lokum sprengt það upp eins og varð reyndar raunin. Það sem hefði þá þurft að koma til var það að við hefðum þurft að vera með sóknartakmarkandi þætti, bæði með því að stýra þessu með dögum, eins og menn gera þar sem sóknarstýring á sér stað, og líka með því að draga úr áhrifum sóknarinnar með einhverjum öðrum hætti. Við skulum ekki gleyma því að þegar við ræddum þessi mál var m.a. talað um að setja inn í löggjöfina ákvæði sem fólu það í sér að menn mættu ekki róa nema með svo og svo marga bala. Við vorum meira að segja farnir að tala um hversu margir krókar mættu vera á hverjum einasta bala. Og bann við róðrum á sunnudögum, bann við róðrum á þessum dögum o.s.frv. Við reyndum að upphugsa alls konar aðferðir í þessum efnum. Við skulum því ekki bera saman eitthvert kerfi sem allir vita að hefði ekki staðist raunveruleikann í dag.

Niðurstaðan varð hins vegar önnur eins og menn vita. Þá var þrautaráðið það að við reyndum að setja á þessa báta, sem áður höfðu starfað í sóknardagakerfi, eins miklar aflaheimildir og frekast var hægt að tosa út. Það er enginn vafi á (Forseti hringir.) því að aflaheimildir þessara báta voru mjög ríkulegar og mörgum fannst of ríkulegar, m.a. í smábátakerfinu.

[20:48]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mjög erfitt að greina á þessum orðaflaumi hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort hann sæi eftir þessu eða ekki. Það mætti halda að hann hefði bara verið bundinn til þess og neyddur til að ýta á hnappinn til að taka þátt í þessu óhæfuverki gagnvart Vestfirðingum. En mig langar að spyrja annarrar spurningar fyrst ég fékk ekki svar við þessari. Þó skynja ég að hann muni vera mjög sáttur við þetta.

Hin spurningin hljóðar svo: Er hann sammála hv. formanni sjávarútvegsnefndar að það sé jafnvel bara jákvætt að allar aflaheimildir streymi að norðan og suður á land? Finnst honum þetta bara jákvætt? Það var ekki að heyra annað en að hv. formaður sjávarútvegsnefndar væri sáttur. Ég spyr vegna þess að markmið þessa frumvarps er að dreifa veiðiréttinum. Og ég spyr: Hvers vegna er hann ekki bundinn að einhverju leyti við landsvæði? Það er alveg auðséð og öll rök hníga til þess að hann (Forseti hringir.) muni streyma í meiri mæli þangað sem meiri von er um stóran fisk. Og það er fyrir sunnan land.

[20:50]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spurði hvort ég væri sammála því að það væri jákvætt að allar aflaheimildir streymdu suður. Ég gat ekki merkt það af orðum hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar að hann hefði verið að tala um það. Þetta er útúrsnúningur að mínu mati á orðum hans. (Gripið fram í.) Það er hins vegar þannig, virðulegi forseti, að auðvitað skiptir miklu máli að aflaheimildirnar séu dreifðar um landið. Það er það sem við erum m.a. að reyna að gera með þessu frumvarpi. Við erum að reyna að tryggja dreifingu aflaheimildanna með þessum aðgerðum hérna.

Ég var borinn þungum sökum á sínum tíma þegar ég stóð að línuívilnuninni, sagt að það væri tilraun til að láta

aflaheimildirnar streyma vestur á firði og norður um land. Það er það sem menn sögðu. Ég hef hins vegar sagt sem svo að ég haldi að það skipti mjög miklu máli fyrir sjávarútveg okkar og ekki síst fyrir smábátaútgerðina að aflaheimildirnar séu sem dreifðastar. Það er líka það sem við erum einfaldlega að reyna að gera með þessu frumvarpi. Við erum að reyna að festa í sessi þetta smábátakerfi af því að það virkar vel. Við erum að reyna að tryggja að aflaheimildirnar séu dreifðar. Við sjáum af ásókninni í þetta kerfi að það er áhugi á því að gera út innan þess vegna þess að það er öflugt og kröftugt og skapar fjölmörgu fólki vinnu um allt land.

[20:51]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skapar fjölmörgu fólki vinnu um allt land, já, kannski alls staðar nema á Vestfjörðum. Ég skal ekki segja. Þeim hefur a.m.k. fækkað mjög verulega þar eftir að þetta óhæfuverk var unnið hér í maí árið 2004.

En víkjum aftur að þessu atriði varðandi hlutdeildina, 6% þorskur, 9% ýsa. Hvers vegna ekkert í ufsa og steinbít? Mér fannst ráðherrann ekki svara því nægilega vel. Hann sagði að heimildirnar í þeim tegundum væru svo dreifðar hingað og þangað að það væri engin þörf á að setja neinar reglur um það. En er þá ekki einmitt þess vegna þörf á að setja einhverjar reglur, byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann? Það er talað um að þetta sé svo lífvænlegt kerfi og það hafi heldur betur komið á daginn að menn vilji vera í því.

Ástæðan er sú að braskararnir eru á fullu í kerfinu núna að mata krókinn. Er það ekki rétt að kvótinn hafi hækkað úr 700-kalli í 1.400-kall í þessu kerfi? Braskararnir eru á fullu að mata krókinn í kerfinu. Það er það sem er að gerast núna. Það mun halda áfram að gerast þangað til menn komast vart lengra. Þetta ferli er búið að vera að gerast í stóra kerfinu og sami leikurinn endurtekur sig aftur í þessu kerfi. (Gripið fram í.) Það er ekkert flóknara en svo.

Það er þetta sem við í Frjálslynda flokknum höfum verið að benda á og það er þetta sem stjórnarliðar eru núna, í einhverri örvæntingu, að reyna að koma í veg fyrir — en þeir passa sig á því að gleyma steinbítnum og ufsanum. Skyldi það ekki vera vegna þess að einmitt þessa stundina eru útvaldir gæðingar í Sjálfstæðisflokknum að safna til sín steinbítskvóta, nú eða ufsakvóta en þó sérstaklega steinbítskvóta fyrir vestan? Skyldi það ekki eiga eftir að koma á daginn? Mig grunar að svo sé. Einn helsti kvótapésinn var snöggur til á heimasíðu Landssamtaka smábátaeigenda þegar hann frétti af þessu frumvarpi og skrifaði þar inn í kommentakerfið: En hvað með steinbítinn?

Já, hvað með steinbítinn? Þar sjá braskararnir (Forseti hringir.) tækifærið núna.

[20:53]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gerði grein fyrir því efnislega áðan af hverju þetta ákvæði var ekki látið taka til fleiri tegunda. Fyrir mér vakir ekkert annað en það sem ég var að segja. Ég verð að biðja hv. þingmann einu sinni að trúa því sem maður er að reyna að segja. Fyrir mér vakir ekkert annað en að reyna að tryggja tiltekna dreifingu og þegar við horfum síðan á að dreifingin er miklu meiri í ufsa, karfa, löngu, keilu og steinbít, sem eru hinar tegundirnar í krókaaflamarkinu, töldum við ekki á þeim tímapunkti nauðsynlegt að setja þetta ákvæði inn. Ég hef hins vegar margsagt úr þessum ræðustóli að ég er alveg opinn fyrir því að þessi mál séu skoðuð. Mér finnst ekkert óeðlilegt við það, nema síður sé, mér fyndist skynsamlegt að sjávarútvegsnefndin færi yfir þetta mál. Hún hefur tækifæri til þess í viðræðum við m.a. hagsmunasamtökin og þá aðra aðila sem málið varðar.

Ég verð að mótmæla því, virðulegi forseti, að hv. þingmaður tali alltaf um braskara í þessu kerfi. Þegar við horfum á þetta og sjáum hvað hefur verið að gerast eru það ekki braskarar sem eru á bak við útgerðirnar. Ólarnir í Grímsey eru ekki braskarar. Fiskvinnslan Kambur á Flateyri er ekki braskari. Það eru ekki braskarar sem standa fyrir Útgerðarfélaginu Ósi í Bolungarvík, svo að ég taki þá stærstu sem eru í þessu kerfi. Er það það sem hv. þingmaður á við þegar hann talar um þetta kerfi, að þessir menn séu braskararnir, mennirnir sem hafa keypt aflaheimildir í stórum stíl til að styrkja sínar eigin útgerðir? Það er ekki þannig.

Auðvitað er hægt að finna einhverja menn sem eru að reyna að spila á þetta kerfi og gengur misjafnlega vel eða illa í því vegna þess að það er verið að breyta þessum hlutum eins og menn hafa verið að tala um. En við eigum að reyna að horfa á þetta sem alvöruútgerð. Þetta er alvöruatvinnugrein og langflestir í henni eru einfaldlega menn sem eru að reyna að koma sér fyrir í atvinnurekstri, standa vel að honum og stuðla að því að útgerð þeirra og fiskvinnsla sé öflug. Við eigum ekkert að gera neitt lítið úr því.

[20:55]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra biður um að honum sé trúað. Það er bara svo erfitt að trúa hæstv. sjávarútvegsráðherra þegar maður les hans gömlu ræður og greinar. Þegar maður les hans gömlu yfirlýsingar eins og ég gerði áðan, skoðar þann málflutning og sér síðan hvernig verkin hafa verið er svo erfitt að treysta, svo erfitt að trúa, jafnvel þótt maður gjarnan vildi gera það. Það er bara svo erfitt þegar menn hafa hvað eftir annað verið staðnir að því lofa einu fyrir kosningar og gera síðan allt annað þegar búið er að kjósa.

Það verður mjög fróðlegt að sjá hvernig hæstv. sjávarútvegsráðherra mætir kjósendum sínum í Norðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar árið 2007 með þennan verknað á bakinu. Mig grunar að núna fari þannig að þetta ferli sem hófst eftir að lögin voru samþykkt í maí 2004 muni halda áfram, og það muni halda áfram að fjara undan sjávarbyggðunum. Og hæstv. sjávarútvegsráðherra ætti að muna að þar eru atkvæði hans falin, (Forseti hringir.) en það verður ekki áfram ef fram fer sem horfir.

[20:56]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður segir að það sé svo erfitt að trúa mér. Þá vil ég spyrja: Af hverju er hv. þing-

maður að spyrja mig? Er það til þess að fá einhver svör sem hann veit fyrir fram að eru þá haugalygi?

Ég verð að segja að þetta gengur ekki alveg upp í mínum kolli og skal játa að ég er örugglega samt sem áður ekki jafnskarpur og hv. þingmaður. Það sem ég gerði einfaldlega var það að ég flutti efnisleg rök við þeirri spurningu sem hv. þingmaður beindi til mín. Ég flutti efnisleg rök og reyndi að útskýra hvers vegna staðið var að þessu frumvarpi með þeim hætti sem þarna var. Hvernig brást hv. þingmaður við? Jú, hann gerði það með því að reyna að klína á mig einhverjum annarlegum hvötum, að ég reyndi að taka þátt í einhverju braski, að því mér skildist, með einhverjum ótilgreindum mönnum sem væru að reyna að koma sér fyrir hingað og þangað. Hann kallaði þá braskara sem hefðu keypt sig inn í þetta kerfi. Mér er eiginlega alveg orða vant og veit ekki hvernig ég get svarað þeim spurningum sem fyrir mig eru lagðar þegar fyrir liggur að hv. þingmaður vill ekki einu sinni trúa svörum mínum.

Það er einfaldlega þannig að ég fór efnislega yfir málið, flutti ákveðin rök fyrir því og sagði af hverju það er þannig að við settum þetta ákvæði á svona en ekki einhvern veginn öðruvísi. (Forseti hringir.) Svo verður auðvitað hv. þingmaður að eiga við sig hvort hann vill eitthvað hlusta á svörin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–11. mál.

Fundi slitið kl. 20:58.

---

60. FUNDUR

þriðjudaginn 7. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 448. mál, þskj. 672. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Hlutafélög, stjfrv., 404. mál, þskj. 520. — 1. umr.
3. Hlutafélög, stjfrv., 444. mál, þskj. 666. — 1. umr.
4. Einkahlutafélög, stjfrv., 445. mál, þskj. 667. — 1. umr.
5. Hlutafélög, stjfrv., 461. mál, þskj. 688. — 1. umr.
6. Einkahlutafélög, stjfrv., 462. mál, þskj. 689. — 1. umr.
7. Hlutafélög, frv., 436. mál, þskj. 657. — 1. umr.
8. Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 463. mál, þskj. 690. — 1. umr.
9. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
10. Útvarpslög o.fl., frv., 54. mál, þskj. 54. — 1. umr.
11. Stjórnarskipunarlög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
12. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
13. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frv., 57. mál, þskj. 57. — 1. umr.
14. Vextir og verðtrygging, frv., 58. mál, þskj. 58. — 1. umr.
15. Áfengislög, frv., 71. mál, þskj. 71. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.,
Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.

Afturköllun þingmáls.

[13:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseta hefur borist bréf frá samgönguráðherra þar sem hann afturkallar frumvarp um breytingar á umferðarlögum, mál 377 á þskj. 433, vegna formbreytinga sem gera þurfti á frumvarpinu. Ráðherra hefur jafnframt lagt fram nýtt frumvarp sem útbýtt er á fundinum.

[13:32]

Útbýting:

Umferðarlög, 503. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 735.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 448. mál (hámark á krókaaflahlutdeild o.fl.). — Þskj. 672.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 404. mál (opinber hlutafélög). — Þskj. 520.

[13:33]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem viðskiptaráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum. Sem sagt opinber hlutafélög.

Eins og heiti frumvarpsins gefur til kynna er stefnt að því að gera nokkrar breytingar á lögum um hlutafélög en þau lög geyma almennar leikreglur um hlutafélög. Breytingarnar fela í sér að skotið er inn í lögin nokkrum ákvæð-

um um opinber hlutafélög. Ég vil taka fram strax í upphafi að í tímans rás hafa ýmist verið sett sérlög eða sérlagaákvæði um sum hlutafélög í eigu hins opinbera, t.d. um viðskiptabanka á sínum tíma, en þau lög hafa þá falið í sér undanþágu frá almennum reglum hlutafélagalaganna. Þá má sérstaklega nefna að ýmis dæmi eru um sérlög um hlutafélög í eigu opinberra aðila á sviði iðnaðar. Þar eð stefnt er að því í ríkari mæli en áður var að gera vissar ríkisstofnanir eða ríkisfyrirtæki að hlutafélögum,

(**Forseti** (SP)**:** Forseta finnst vera of mikill kliður í salnum og í hliðarherbergjum og biður hv. þingmenn um að veita ræðumanni hljóð.)

nú síðast Ríkisútvarpið og Rafmagnsveitur ríkisins, þykir rétt að nota tækifærið og setja nokkur almenn ákvæði um opinber hlutafélög í lögin um hlutafélög.

Við samningu frumvarpsins var m.a. litið til ákvæða í Danmörku og Noregi en ekki hafa verið sett almenn lög um opinber hlutafélög í þeim löndum. Haft er sérstaklega í huga að ákvæði stjórnsýslulaga, laga um upplýsingaskyldu og laga um opinbera starfsmenn sem gilda um ríkisstofnanir, gilda ekki formlega um opinber hlutafélög. En ástæða þykir til að gefa kost á betra aðhaldi með opinberum hlutafélögum með því að setja sérstök ákvæði um þau hvað snertir upplýsingaskyldu.

Í frumvarpinu er að finna skilgreiningu á opinberu hlutafélagi. Það eru ákvæði um að gæta skuli að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla við kjör í stjórn opinbers hlutafélags, ákvæði um skýrslugjöf stjórnarmanna um eign þeirra í félögum, og ákvæði um birtingu samþykkta og starfsreglna á vefnum svo og birtingu ársreikninga og samstæðureikninga á vefnum, auk hálfs árs uppgjörs eins og kröfur eru gerðar til í verðbréfalöggjöf varðandi hlutafélög sem skráð eru á opinberan verðbréfamarkað.

Þá eru í frumvarpinu heimildir til að handa fulltrúum fjölmiðla að sækja aðalfund og hafa aðgang að fundargerðum aðalfundar. Að því er varðar einstakar greinar vil ég taka eftirfarandi fram:

Í 1. gr. eru opinber hlutafélög skilgreind sem hlutafélag sem hið opinbera á að öllu leyti. Hlutafé getur t.d. verið í eigu ríkisins, ríkisstofnunar, sveitarfélags og stofnanir sveitarfélaga. Eigi hið opinbera ekki félagið að öllu leyti, t.d. aðeins 51% í því, gilda ákvæði ekki um slík félög enda geta þau flest líkst venjulegum félögum. Frumvarpið tekur ekki til einkahlutafélaga í eigu hins opinbera.

Hvað snertir 2. gr. er um að ræða sérstaka skírskotun til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þegar valið er í stjórn opinbers hlutafélags. Er sérstök þörf á því að hugað verði að jafnrétti í stjórnun opinberra hlutafélaga. Ekki er gengið eins langt og í Noregi þar sem nákvæmlega er tilgreint í lögum hversu hátt hlutfall kvenna eigi að vera að lágmarki í þriggja manna stjórn, fimm manna stjórn o.s.frv. Í Noregi er oft talað um 40% regluna varðandi opinber hlutafélög og þar í landi er reyndar stefnt að sams konar reglu varðandi hlutafélög almennt.

Samkvæmt lögum um hlutafélög er stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum skylt að gefa skýrslu um hlutaeign sína í viðkomandi félagi eða félögum innan sömu samstæðu. Sjónarmið um hagsmunaárekstra geta átt hér við. Eðlilegt þykir að svipað gildi um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra í opinberum félögum.

Í 4. gr. er fjallað um birtingu starfsreglna stjórna í opinberum hlutafélögum á vefsíðu félagsins eða annars staðar á vefnum. Slíkar reglur geta skipt máli um skilning stjórnarmanna og fleiri aðila á starfsemi félaganna. Svipuð ákvæði eru í 9. gr. um birtingu samþykkta félagsins á vefnum. Ákvæði þessi um upplýsingar á vefnum auka m.a. aðgengi almennings að upplýsingum um félagið og er slíkt ódýrara en að kaupa slíkar upplýsingar fyrir milligöngu hlutafélagaskrár. Bætt aðgengi að upplýsingum getur síðan aukið aðhald með opinberum hlutafélögum.

Að danskri fyrirmynd er í 5. gr. heimilað að fjölmiðlar megi sækja aðalfundi í opinberum hlutafélögum en með þeim hætti geta aðilar, m.a. almenningur fengið meiri upplýsingar um málefni þessara félaga.

Í 6. gr. er einnig tekið fram að boða skuli fulltrúa fjölmiðla á aðalfund svo og stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins sem hafa mesta þekkingu á skipulegri starfsemi félagsins og geta svarað spurningum hluthafa. Ekki er þó gert ráð fyrir því að fulltrúar fjölmiðla hafi málfrelsi á aðalfundum eða geti krafist gagna. Félaginu er að sjálfsögðu heimilt að bjóða fleiri aðilum á hluthafafundi, en skylt er að bjóða á fundina, t.d. fulltrúum starfsmanna.

Skv. 7. gr. eiga fulltrúar fjölmiðla aðgang að fundargerðum aðalfundar opinbers hlutafélags en félagið getur, ef því sýnist svo, veitt rýmri aðgang að fundargerðum sínum, jafnvel á vefnum.

Í 8. gr. frumvarpsins er vikið að því að upplýsingar sem lagðar eru fram á hluthafafundi geti falið í sér svör við spurningum hlutaðeigandi stjórnar og framkvæmdastjóra. Þannig getur hinn opinberi aðili, eigandi hlutafélagsins, haft áhrif m.a. á stjórnun félagsins. Eigandinn getur og haft áhrif með ýmsum öðrum hætti. Þannig getur hann t.d. beðið um hluthafafund í opinbera hlutafélaginu samkvæmt almennum reglum hlutafélagalaga og skipt um stjórn í því. Þótt sett verði viss ákvæði um opinber hlutafélög inn í lögin um hlutafélög má ekki gleyma því að ýmis ákvæði um opinber hlutafélög geta leynst í öðrum lögum. Ég nefndi nokkur lög í upphafi máls míns, en bæta má við tilvísun í lög um bókhald og ársreikninga sem heyra í framkvæmdinni undir fjármálaráðherra. Bókhalds- og ársreikningslöggjöfin er í stöðugri endurskoðun og reyndar hlutafélagalöggjöfin almennt, m.a. vegna nýrra EES-reglna, svo sem um starfskjarastefnu.

Þá er athyglisverð ákvæði að finna í lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, í 2. mgr. 6. gr. þeirra laga, er þannig áskilið að á aðalfundi í hlutafélagi sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í skuli gerð tillaga um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess félags.

Í 9. gr. sömu laga segir að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun í slíku ríkishlutafélagi.

Í slíkri endurskoðun felst að könnuð yrði meðferð og nýting ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmæli sé framfylgt í þessu sambandi.

Skv. 10. gr. laganna um Ríkisendurskoðun segir að hún hafi aðgang að öllum gögnum sem máli skipta varðandi

stjórnsýsluendurskoðun hennar.

Segja má um ákvæði frumvarpsins að auknu frelsi vegna breytingar á opinberum stofnunum í opinber hlutafélög fylgi auknar skyldur sem eðlilegt sé að setja ákvæði um í lögum. Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið ekki áhrif á útgjöld ríkisins verði það óbreytt að lögum.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að þessu frumvarpi verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[13:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru örfá atriði sem ég hefði viljað fá aðeins skýrð út hjá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög, sem felur í sér að sérákvæði gildi um opinber hlutafélög.

Ég vil í fyrstu segja það, frú forseti, að hlutafélagaformið er ágætt fyrir samkeppnisrekstur í atvinnulífinu en varðandi almannaþjónustustofnanir þá tel ég það frekar óheppilegt og reyndar rangt.

Ég vil hins vegar spyrja ráðherrann um 1. gr., þ.e. skilgreininguna á opinberu hlutafélagi en í frumvarpinu er talað um að öllu leyti í eigu opinberra aðila. Ef staðan væri sú að bara 51% væri í eigu opinberra aðila þá velti ég fyrir mér hver skilgreiningin væri. Eða hvort þetta gildi um félög sem eru opinber en ríki eða sveitarfélög eigi aðild að. Mér finnst mjög ósanngjarnt, frú forseti, að þetta sé einskorðað við að það þurfi að vera 100% og spyr um hvort svo sé.

Í öðru lagi spyr ég um upplýsingalög. Hvers vegna eru almenn ákvæði upplýsingalaga um upplýsingaskyldu hins opinbera ekki látin gilda um þessi hlutafélög í eigu opinberra aðila? Hérna er fyrst og fremst verið að huga að rekstrarformi en almannaskyldan ætti að vera óbreytt að mínu mati og réttur almennings til upplýsinga ætti að vera ótvíræður. Þess vegna finnst mér að almenn ákvæði upplýsingalaga ættu að gilda. Hvers vegna er það ekki? Við erum í rauninni öll hluthafar í slíku hlutafélagi.

[13:44]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er þakklát fyrir þann jákvæða tón sem birtist í upphafi þessarar umræðu hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, þar sem hann telur að hlutafélagaformið sé ágætt í sambandi við samkeppnisrekstur og þar er ég mjög sammála honum. En það sem hann rekur augun í og veltir fyrir sér er ákvæðið í 1. gr. um að félögin þurfi að vera að öllu leyti í eigu ríkisins. Þetta er einfaldlega sú leið sem ákveðið var að fara í sambandi við þetta frumvarp. Við erum að tala um fyrirtæki sem breytt er í hlutafélög í eigu ríkisins t.d. vegna þess að viðkomandi fyrirtæki er í samkeppnisrekstri. Sem dæmi hvað þetta varðar má nefna þau fyrirtæki sem kannski hafa verið einna mest til umfjöllunar upp á síðkastið, þ.e. Ríkisútvarpið og Rarik.

Með þessu frumvarpi er einmitt verið að leitast við að bæta réttarstöðu almennings gagnvart þessum félögum hvað varðar upplýsingagjöf vegna þess að séu viðkomandi stofnanir orðnar að hlutafélagi þá gilda um þau lög um hlutafélög. En með því að bæta þessum ákvæðum inn í lögin sem hér um ræðir, þá erum við að bæta stöðu almennings gagnvart slíkum fyrirtækjum með því að þau hafi greiðari aðgang að upplýsingum, eins og ég fór yfir í ræðu minni áðan.

[13:46]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú er það þannig með hlutafélög að þau eru fyrst og fremst form til að hlutirnir séu í sjálfu sér markaðsvara. Það er megintilgangurinn með hlutafélögum. Í öðru lagi að geta innheimt arð, geta látið hlutafélagið greiða sér arð. Hlutafélag í opinberri eigu eins og hæstv. ráðherra nefndi um Rarik eða Ríkisútvarpið, ég sé ekki að það ætti að vera nauðsynlegt að breyta þeim í hlutafélag ef þessi meginatriði eiga að fá að njóta sín, þ.e. að hlutirnir geti gengið kaupum og sölum og tekið út arð úr fyrirtækinu.

En hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningu minni um upplýsingalögin. Hvers vegna er ekki almenn upplýsingaskylda látin gilda um þetta form á rekstri ríkisfyrirtækja? Einnig vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hver á að fara með hlutabréfið í opinberu ríkishlutafélagi? Ég hygg að fjárreiðulögin vísi til þess að hin almenna regla sé sú að það sé fjármálaráðuneytið. Að minnsta kosti uppgjörið, reikningsskil og annað því um líkt heyrir að ég best veit undir það ráðuneyti. Nú hefur þetta verið svolítið hipsum haps varðandi hlutafélög sem hingað til hafa verið stofnuð á vegum ríkisins. Við þekkjum það t.d. með hlutafélagið um Símann sem heyrði undir samgönguráðherra lengi vel þangað til ákveðið var að taka það undan samgönguráðherra og setja það undir fjármálaráðherra. Mér finnst stjórnsýslulega hvað varðar stöðu ríkishlutafélaga innan framkvæmdarvaldsins eigi það ekkert að vera á reiki eða vera geðþóttaákvörðun hverju sinni, (Forseti hringir.) heldur þykir mér eðlilegt að þetta sé á vegum og ábyrgð eins ráðuneytis, frú forseti, og spyr þess vegna hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra um það.

[13:48]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort ég hef kannski ekki hlýtt alveg nógu vel á hv. þingmann. Ég átta mig ekki alveg á hvert hann var að fara, hvort hann var að tala um eignarhaldið. (Gripið fram í.) Já, hver fer með eignarhald í viðkomandi fyrirtæki. Eins og er með orkufyrirtækin þá fer iðnaðarráðherra með eignarhald í þeim. Þetta er svo sem mál sem hefur áður verið rætt hér og ég þekki þær skoðanir ýmissa hv. þingmanna að þetta eigi að vera með öðrum hætti en tek ekki undir það, a.m.k. að svo stöddu.

Síðan velti hv. þingmaður fyrir sér þessu með upplýsingalögin, af hverju þau gildi ekki um hlutafélög almennt í eigu ríkisins. Það hefur aldrei verið með þeim hætti. Og við erum með þessu litla frumvarpi að stíga þó a.m.k. skref í þá átt með því að auka upplýsingaskyldurnar gagnvart almenningi og það held ég að hljóti nú að vera aðalatriðið. Við erum að tala um fyrirtæki í samkeppnisrekstri eins og hv. þingmaður nefndi og þess vegna held ég að ekki færi vel á því að upplýsingalögin almennt giltu um þessi félög.

[13:49]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil byrja á að óska hæstv. ráðherra til hamingju með að hafa flutt þetta frumvarp um opinber hlutafélög. Það mun vera um ár síðan við áttum síðast samræðu um það hér og þá var skilningur á því að eitthvað slíkt þyrfti að vera til ekki mikill af hálfu ráðherrans. En hann hefur sem sé aukist.

Hugsunin í þessu frumvarpi virðist vera sú að það sé í gegnum fjölmiðla og að einhverju leyti í gegnum netið sem á að tryggja aðgang almennings að upplýsingum um slík hlutafélög og hvað gerist þar. Það er að minnsta kosti ekki þannig, eins og iðnaðarráðherra sagði, að upplýsingalög eigi að gilda og svörin eru þau: Af því að það hefur aldrei verið. Það er mjög ráðherralegt svar og aðdáunarvert. Það hefur aldrei verið svo og þess vegna á það aldrei að verða svo í framtíðinni. Ég vil því spyrja um rétt fjölmiðla sem hér kemur einkum við sögu. Hvers vegna er það svo í 6. gr. að ekki skuli boða fjölmiðla og ekki hleypa þeim á hluthafafund en aðeins á aðalfund? Hluthafafundur í svona félögum er þannig að ráðherra situr þar einn, eða fulltrúi hans, með sínum mönnum. Það væri fullkomlega eðlilegt að fulltrúar fjölmiðla gætu farið þangað eins og á aðalfund. Enda kannski merkari atburðir sem verða á einstökum hluthafafundum sem boðað er til sérstaklega en á aðalfundi.

Í öðru lagi, hver er réttur fjölmiðlamanna á þessum fundum? Það þarf að koma mjög skýrt fram vegna þess að það gerir það ekki í lögunum eða í greinargerðinni. Mig minnir að viðskiptaráðherra hæstv. hafi sagt áðan að þeir hefðu engan rétt. Þeir hefðu rétt til að mæta en þeir hefðu engan rétt umfram það. Og ég spyr: Af hverju er það í ræðu ráðherrans en ekki í greinargerðinni sjálfri útskýrt hvaða rétt fjölmiðlar hafa? Það skiptir öllu máli hvaða rétt fjölmiðlar hafa. Í raun og veru er réttur þeirra að því að mér sýnist sá að senda megi ljósmyndara inn á fundinn og taka mynd af fundarmönnum. Það er svona nokkuð svipað. Ég vil gjarnan fá svör við þessu hjá hæstv. ráðherra.

[13:52]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta vera eins og hver annar útúrsnúningur hjá hv. þingmanni. En ég þakka hamingjuóskir í minn garð. Ég minnist þess að við áttum orðaskipti um þetta efni hér fyrir nokkrum mánuðum og ég útilokaði þá ekki að rétt væri að setja lög sem þessi. En benti hins vegar á að við höfum leyst þetta á annan hátt fram til þessa. En mér finnst líka að ekki sé ástæða til að þegar maður réttir fram litla fingurinn þurfi endilega að grípa alla höndina, eins og mér finnst að hv. þingmaður sé eiginlega að fara fram á. Ég held að hér séum við að stíga mikilvægt skref. Við höfum ekki áður sett löggjöf sem þessa á Íslandi. Ég ætla ekkert að fullyrða um að þetta sé nákvæmlega það allra besta sem við getum hugsað okkur á þessu sviði. Hins vegar tel ég að verið sé að stíga skref í þá átt að færa þessi málefni sem varða hlutafélög í eigu ríkisins nær því sem tíðkast um fyrirtæki í eigu ríkisins, eða félög sem rekin eru eins og ríkisstofnanir þannig lagað séð, að upplýsingaskyldan er aukin. Hins vegar erum við engu að síður að halda kostunum sem fylgja því að breyta viðkomandi fyrirtæki í hlutafélag. Það eru ýmsir kostir sem því fylgja. Og þetta er þá nær því sem almennt gerist á markaði í sambandi við fyrirtækjarekstur en engu að síður eru upplýsingaskyldurnar til staðar og það er sérstaklega kveðið á um rétt fjölmiðla í frumvarpinu sem hv. þingmaður getur lesið og heyrði mig fara með áðan. Ég tel að hann sé heilmikill. Þetta varðar líka fundargerðir sem eru gerðar opinberar eftir ákveðinn tíma eins og hv. þingmaður þekkir.

[13:54]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er ákaflega leitt að koma í ræðustól og spyrja tveggja spurninga, mjög einarðrar og eðlilegrar spurningar um það af hverju hluthafafundurinn er ekki með, og fá ekkert svar við því. Og síðan um hvaða rétt blaðamenn hafa á þessum fundum, og fá ekkert svar við því heldur. Ráðherra á að veita slík svör. Þess vegna kemur hún í þingið með frumvörp sín. Það er til þess að þau verði rædd í þinginu. Hún á að geta gert það án þess að reyna að eyða því í almennu skvaldri eins og var hjá ráðherra hér áðan.

Ég endurtek spurningar mínar fyrir seinni framkomu ráðherrans í ræðustólnum. Hvaða ástæður eru fyrir því að ráðherrann og menn hennar í ráðuneytinu hafa ákveðið að fulltrúum fjölmiðla sé einungis boðið á aðalfund en ekki á hluthafafund?

Í öðru lagi. Hvaða rétt hafa blaðamenn, fulltrúar fjölmiðla, á þessum eina fundi sem þeir koma á, aðalfundinum?

Í þriðja lagi. Hvaða réttur er það í raun og veru umfram þann rétt sem fulltrúar fjölmiðla hafa nú? Því ég hygg að þær upplýsingar sem koma fram á aðalfundi þar sem einn hluthafi situr fundinn, er þingheimur á fundinum, séu upplýsingar sem blaðamenn hafa þegar aðgang að núna og allur almenningur. Það er spurning um ársskýrslu. Það er spurning um einfaldar staðreyndir sem koma yfirleitt fram á netinu hjá jafnvel þeim fyrirtækjum sem hér er um að ræða, þó að hinn mikli kostur sem ráðherra nefndi yfir hlutafélagsformið virðist vera sjálf leyndin sem ekki á að aflétta nema með einhverjum örlitlum táknrænum hætti. Ég spyr því þessara þriggja spurninga:

1. Af hverju ekki hluthafafund?

2. Hvaða réttur er það sem blaðamenn nákvæmlega hafa á þessum aðalfundi?

3. Að hvaða leyti bætir sá lögfesti réttur, ef af verður, hag fjölmiðlastéttarinnar og þar með almennings gagnvart þessum upplýsingum?

Og nú vil ég fá skýr svör og bið forseta að fylgjast með því að ráðherra veiti þau. Til þess er hún hér á þinginu.

[13:56]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það væri þannig að öllum spurningum væri svarað í 1. umr. um mál þyrftum við væntanlega ekkert á nefndarstarfi að halda almennt. Nefndarstarfið er til þess að fara ofan í mál og horfa á þau frá öllum hliðum.

Eins og ég nefndi í ræðu minni byggir þetta lagafrum-

varp á dönskum lögum og þar er kveðið á um aðgang fjölmiðla að aðalfundi. Það er hins vegar heimilt að bjóða fjölmiðlum á hluthafafundi og það verður að koma í ljós hvernig það mun þróast. En (Gripið fram í.) eins og ég segi, við erum að stíga hérna skref í þá átt að auka aðgengi fjölmiðla og almennings að rekstri þessara fyrirtækja sem yrðu þá komin í hlutafélagaformið. Ég held að það sé (**MÁ:** Viltu svara spurningunum?) bara það sem máli skiptir. Hinu er hægt að svara í nefnd. (**MÁ:** Ætlar þú að svara í nefndinni?)

[13:57]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar, sem er frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög og felur í sér að í hlutafélagalögin komi ákvæði um opinber hlutafélög, er löngu tímabært og hefur raunar verið eftir því kallað í þingsölum af hálfu stjórnarandstöðu, að minnsta kosti á síðasta þingi og líklega þinginu þar áður líka.

Þannig átti þingmaður Samfylkingarinnar, Mörður Árnason, nokkra orðræðu við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra um þetta mál á síðasta þingi og spurðist sérstaklega fyrir um hvort ráðherra hygðist beita sér fyrir því að slík lög yrðu sett, eða þ.e. í hlutafélagalög kæmu ákvæði um opinber hlutafélög. Þá svaraði hæstv. ráðherra á þá leið að hún hefði ekki hugleitt það sérstaklega að slík ákvæði þyrftu að koma inn í lög. Ef hins vegar tilefnið kæmi upp og sterk rök væru fyrir því, þá mundi hún skoða það með opnum huga.

Nú er frumvarpið fram komið þannig að eitthvað hlýtur að hafa gerst sem hafi ýtt við ráðherranum og gert það að verkum að ráðherrann taldi ástæðu til að koma með frumvarp í þingið. Hvað það er, veit ég ekki, hvort það er frumvarp um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi sem ýtti svona við ráðherranum, hvort það var hin almenna umræða í samfélaginu eða hvort það var sú ákvörðun þingflokks Samfylkingarinnar sem kynnt var í haust að koma með slíkt frumvarp í þingið. Ég veit ekki hvað það var en alla vega taldi ráðherrann ástæðu til að mæla fyrir þessu frumvarpi og það er gott. Það er ágætt ef það verður tryggt að í hlutafélagalögin komi ákvæði um hlutafélög í opinberri eigu, um opinber hlutafélög.

Hins vegar hlýt ég að lýsa vonbrigðum með frumvarpið sem hér liggur fyrir og hve rýrt það er að innihaldi. Ég ætla að ræða um það efnislega og fara yfir nokkur atriði. Við þá umræðu hlýt ég, virðulegi forseti, að gera nokkurn samanburð á þessu frumvarpi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og frumvarpi sem við, nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar, flytjum og ég er fyrsti flutningsmaður að. Það er á dagskrá síðar í dag þ.e. 7. dagskrárliður á á útsendri dagskrá.

Ég hlýt að bera þessi tvö frumvörp saman og gera nokkra grein fyrir því að hvaða leyti þau eru frábrugðin hvort öðru. Það eru þau í nokkrum veigamiklum atriðum.

Ég vil í fyrsta lagi nefna 1. gr. þessa frumvarps iðnaðar- og viðskiptaráðherra þar sem segir:

„Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem hið opinbera á að öllu leyti.“

Í frumvarpi sem við í Samfylkingunni flytjum og er á dagskrá síðar í dag segir:

„Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem íslenska ríkið eða sveitarfélag hefur sömu tengsl við og móðurfélag hefur við dótturfélag, sbr. 1. mgr. 2. gr.“

Þetta þýðir á mannamáli að átt sé við hlutafélög sem ríki eða sveitarfélög fara með meiri hluta atkvæða í en það er ekki þannig að ríkið eða sveitarfélögin þurfi að eiga þau að öllu leyti heldur fari þau með meiri hluta atkvæða í félögunum. Á þessu er auðvitað mikill munur. Strax í skilgreiningunni á opinberu hlutafélagi liggur mikill munur.

Í öðru lagi vil ég nefna, virðulegi forseti, að í frumvarpi okkar í Samfylkingunni er ákvæði þess efnis að hlutur íslenska ríkisins í opinberu hlutafélagi verði ekki seldur nema fyrir liggi samþykki um það á Alþingi. Jafnframt er kveðið á um að hið sama eigi við um hlut sveitarfélags í slíku fyrirtæki, að samþykki sveitarstjórna þurfi til og í samþykktum um slík félög megi jafnframt áskilja að aukinn meiri hluta þurfi í sveitarstjórn eða á Alþingi til að viðkomandi félag verði selt. Þetta finnst mér mikilvægt.

Ég hef sjálf verið þeirrar skoðunar, svo það komi fram, að eðlilegt væri að breyta Orkuveitu Reykjavíkur í hlutafélag. En þá hefði ég líka talið rétt að inn í samþykktir um Orkuveitu Reykjavíkur kæmi ákvæði þessi efnis að aukinn meiri hluta þyrfti í borgarstjórn Reykjavíkur til að selja megi hlut borgarinnar í því félagi. Ég vil ekki, um ófyrirsjáanlega framtíð, eiga það undir meiri hluta sem vonandi verður aldrei í borgarstjórn Reykjavíkur, þ.e. sjálfstæðismanna, að þeir geti selt fyrirtækið án þess að menn fengju rönd við reist, þegar þeir komast í sölumannshugleiðingar. Þetta ákvæði er inni í frumvarpi okkar en ekki inni í frumvarpi ráðherrans.

Ég vil líka nefna þau atriði þar sem okkur greinir á, þar sem er stóri munurinn á þessum frumvörpum. Í okkar frumvarpi er gert ráð fyrir að alþingismenn eigi rétt á að sækja hluthafafundi og hafi þar málfrelsi. Sama ætti við um sveitarstjórnarmenn í fyrirtækjum sem eru að meiri hluta í eigu sveitarfélaga. Þessir aðilar eiga rétt á að sækja hluthafafundina og hafa málfrelsi þótt þeir hafi hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt.

Þá er mikill munur á þessum frumvörpum hvað varðar upplýsingaþáttinn. Í frumvarpi ráðherra er gert ráð fyrir að fjölmiðlar geti setið aðalfundi þessara félaga og að opinber hlutafélög skuli birta samþykktir sínar á vefsíðu sinni. En í frumvarpi ráðherrans er ekki mikið meira en þetta um upplýsingaskyldu þessara félaga. Í frumvarpi okkar í Samfylkingunni eru hins vegar nokkuð ítarleg ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra. Í okkar frumvarpi segir í 7. gr.:

„Í félagi þar sem íslenska ríkið á meiri hluta hlutafjár skal félagsstjórn og framkvæmdastjóri veita alþingismönnum upplýsingar um starfsemi félagsins og ákvarðanir þess verði eftir því leitað.“

Þar segir jafnframt:

„Beiðni um upplýsingar ... skal beina til félagsstjórnar og skal hún vera skrifleg.

Réttur til upplýsinga ... skal vera sambærilegur og kveðið er á um í upplýsingalögum, nr. 50/1996, en undanskilja má upplýsingar sem varða samkeppnisrekstur félagsins. Telji félagsstjórn að upplýsingar varði samkeppnisrekstur

félagsins skal hún beina fyrirspurn þess efnis til Samkeppniseftirlits. Samkeppniseftirlit skal gefa umsögn um fyrirspurn innan sjö daga frá því að henni var beint til stofnunarinnar.

Þegar um opinbert hlutafélag er að ræða skal almenningur eiga greiðan aðgang að samþykktum félagsins og öðrum stefnumarkandi gögnum, ársreikningum, árshlutareikningum og samstæðureikningum.“

Þarna liggur stóri munurinn á þessum frumvörpum, þ.e. *í upplýsingaskyldu þessara félaga*. Í frumvarpi okkar er gert ráð fyrir því að hann sé sem næstur því sem kveðið er á um í upplýsingalögum þótt samkeppnisreksturinn sé hugsanlega undanskilinn. En til að félögin fari ekki að víkja sér undan svörum með tilvísun í að um samkeppnismál sé að ræða og upplýsingarnar skuli fara leynt, þá úrskurðar þriðji í þeim efnum. Á þessu er mjög mikill munur, þ.e. frumvarpi ráðherra og frumvarpi okkar í Samfylkingunni.

Þá vil ég nefna enn eitt sem skilur að frumvörpin tvö, þ.e. þegar fjallað er um hlutdeild kvenna í stjórnum félaga. Í frumvarpi ráðherra segir:

„Við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skal gæta sérstaklega að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.“

En í frumvarpi okkar segir:

„.... skal hlutfall kynja í stjórn vera sem jafnast og hvort kyn um sig skal ekki vera undir 40% fulltrúa stjórnarmanna.“

Á þessum tveimur frumvörpum er því mikill munur, ekki bara bitamunur heldur eðlismunur hvað varðar alla upplýsingagjöf og aðkomu kjörinna fulltrúa að slíkum félögum og rétt til upplýsinga um þau.

Ég tel ástæðu til að kveða á um réttinn til upplýsinga með mjög skýrum hætti vegna þess að sú hætta er fyrir hendi, með opinberan rekstur sem settur er í hlutafélagaform, að hann sameini það versta úr báðum heimum, þ.e. bæði úr opinbera kerfinu og einkarekstrinum. Segja má að stundum sjáist ákveðin merki um ábyrgðarleysi í meðferð valds og fjármuna í slíkum fyrirtækjum þar sem virkt aðhald öflugra hluthafa skortir. Hins vegar er skortur á gagnsæi og takmarkaðar upplýsingar. Þær eru ekki aðgengilegar vegna þess að ákvæði upplýsingalaga eiga ekki við eins og almennt á við í opinberum rekstri. Þannig má segja að fyrirtækin séu tekin út fyrir sviga, lúti hvorki því aðhaldi sem markaðurinn almennt veitir né heldur aðhaldi sem opinberir aðilar eiga að veita slíkum fyrirtækjum. Þetta hefur alið á tortryggni í garð fyrirtækja á vegum hins opinbera sem tekin eru úr opinberum rétti og flutt yfir í einkaréttinn. Fyrir því er auðvitað ákveðin ástæða. Ég vil í því sambandi nefna fyrirtæki eins og Landsvirkjun.

Landsvirkjun er reyndar sameignarfélag. Það er ekki hlutafélag. Það er sameignarfélag en það er komið inn í einkaréttinn úr opinbera réttinum. Mönnum hefur stundum gengið nokkuð erfiðlega að fá upplýsingar úr því fyrirtæki. Nú er eðlilegt að sumar upplýsingar sem það fyrirtæki býr yfir fari tiltölulega leynt þar sem fyrirtækið er komið inn í samkeppnisrekstur á ýmsum sviðum. En hættan er engu að síður sú að þeir sem stjórna slíkum fyrirtækjum, hvort sem það eru framkvæmdastjórar eða stjórnir slíkra fyrirtækja, ákveði að skilgreina nokkuð vítt hvað skuli fara leynt.

Ég hef eitt dæmi, svona tekið af handahófi, sem skýrir muninn á opinberum rekstri annars vegar og rekstri einkaréttarlegs eðlis hins vegar. Upp kom mál þar sem reyndi á upplýsingaskyldu Landsvirkjunar og það fór inn í úrskurðarnefnd upplýsingamála og síðan til umboðsmanns Alþingis. Niðurstaða bæði úrskurðarnefndar upplýsingamála og umboðsmanns Alþingis í því máli var að reglur stjórnsýslunnar næðu ekki til Landsvirkjunar. Þar af leiðandi átti sá aðili sem beindi tiltekinni spurningu til Landsvirkjunar, það var reyndar spurning um virkjun eða stíflugerð í Laxá, um uppgræðslu við Kráká og samninga við aðila á Laxársvæðinu, ekki rétt á upplýsingum. Hann var ekki talinn eiga rétt á svari vegna þess að fyrirtækið væri einkaréttarlegs eðlis og færi ekki með stjórnsýsluvald, reglur stjórnsýslunnar og upplýsingalaga ættu ekki við um fyrirtækið.

Ég tel að meðan að fyrirtæki eru í eigu opinberra aðila og hafa aðgang, getum við sagt, eins og stundum er, að ákveðnum mörkuðum eða tekjustofnum, þá eigi sérstaklega þingmenn og sveitarstjórnarmenn, eftir því sem við á, rétt á tilteknum upplýsingum til að gegna aðhaldshlutverki sínu og til þeir fái gætt hagsmuna hinna raunverulegu hluthafa, almennings í landinu. Þótt einstakir ráðherrar fari með hlutabréfið eru hluthafarnir almenningur í landinu.

Ég hef farið yfir muninn á þessum tveimur frumvörpum. Hann er allmikill eins og menn hafa heyrt. Ég verð að játa að þegar ég fer yfir frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra finnst mér eiginlega ekkert í því frumvarpi. Samkvæmt því gerist ekki annað en að nú verður til eitthvað sem heitir *opinber hlutafélög. Slík opinber hlutafélög skulu heimila fjölmiðlum* að koma á aðalfund félaganna og gæta að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það er eiginlega ekki meira í þessu frumvarpi. Það vantar allt sem við á að éta í því og þar af leiðandi finnst mér þetta formsatriði fremur en spurning um innihald. Þótt ég fagni því að ráðherra skuli þrátt fyrir allt hafa stigið það skref að koma með slíkt frumvarp inn í þingið þá finnst mér að í meðförum þingnefnda þurfi að skoða frumvarpið vel og gera þannig úr garði að það gagnist og geti stuðlað að gagnsæi í rekstri og stjórn hlutafélaga í opinberri eigu. Gagnsæi þarf að vera meira en núna er og meira en frumvarpið gerir ráð fyrir.

[14:13]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Reyndar er frumvarp hv. þingmanns ekki komið á dagskrá. En hún hefur farið yfir það í máli sínu og gerir lítið úr mínu frumvarpi. Ég held að munurinn liggi kannski í því að hv. þingmaður er ekki mikið að velta fyrir sér hagsmunum fyrirtækjanna og því að þau eru mörg hver í samkeppnisrekstri og sennilega öll þau sem breytt er í hlutafélög. Hún sagði áðan að samkeppnisreksturinn ætti hugsanlega að vera undanskilinn upplýsingaskyldunni. Ég held að það sýni betur en mörg orð hvar hún fer vill vegar í *málflutningi sínum*. Mér finnst þetta gamaldags hugsunarháttur og er á móti þessu.

Það er t.d. eitt að hlutur ríkisins verði ekki seldur nema með auknum meiri hluta. Hv. þingmaður vill að það sé sett inn í hlutafélagalög, sem ég tel algerlega fráleitt. Það er þannig hér á hv. Alþingi, ef við tökum það sem dæmi þótt

hv. þingmaður sé líka að tala um sveitarstjórnir, að hér ræður meiri hlutinn. Í frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. er t.d. ákvæði þess efnis að stofnunin verði ekki seld, Ríkisútvarpið hf. verði ekki selt. Það þarf ekki nema meirihlutaákvörðun á hv. Alþingi til að breyta því þótt ég voni svo sannarlega að svo verði ekki.

Ég vildi spyrja hv. þingmann hvernig hún ætlar að leysa þetta með 40% ef um þriggja manna stjórn er að ræða. Varðandi það að alþingismenn og sveitarstjórnarmenn eigi að hafa málfrelsi bæði á hluthafafundum og aðalfundum. Þegar hv. þm. Jón Bjarnason kemur á fundinn og talar í fimm klukkutíma, finnst hv. þingmanni sem að það yrði því fyrirtæki til framdráttar?

[14:15]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort ráðherrann hefur farið öfugum megin fram úr í morgun eða hvað hrjáir hæstv. ráðherra, vegna þess að það var fátt rétt af því sem hún sagði í ræðustóli áðan. Þannig sagði hún að ég hefði talað um að samkeppnisrekstur ætti hugsanlega ekki að vera undanskilinn upplýsingaskyldunni, en í frumvarpinu segir alveg skýrt að undanskilja megi upplýsingar sem varða samkeppnisrekstur félagsins. Það er alveg skýrt í frumvarpinu að þennan þátt í rekstrinum má undanskilja. Það er hins vegar ekki bara stjórnar fyrirtækisins að ákvarða hvaða rekstur telst heyra undir samkeppnisrekstur og hver ekki, heldur er þarna hægt að leita til þriðja aðila ef menn eru ekki á eitt sáttir í þeim efnum.

Hins vegar varðandi það að setja eitthvað í hlutafélagalögin um aukinn meiri hluta. Það segir ekki í þessu frumvarpi. Það segir að heimilt sé að setja ákvæði í sérlög eða samþykktir fyrir opinbert hlutafélag þess efnis að aukinn meiri hluta þurfi á Alþingi. Það er ekki gert ráð fyrir að það sé sett inn í almenn hlutafélagalög, heldur í sérlög eða í samþykktir hlutafélaga. Þannig væri hægt að setja inn í þau sérlög sem hér liggja fyrir um Ríkisútvarpið að ekki megi selja Ríkisútvarpið nema til komi aukinn meiri hluti á Alþingi. Ég tel að sum fyrirtæki séu þess eðlis að það sé rétt, sanngjarnt og eðlilegt að aukinn meiri hluta þurfi í þinginu eða í sveitarstjórn til að samþykkja söluna. Það er ekkert ólýðræðislegt við það að taka sumar ákvarðanir með auknum meiri hluta. Það er alþekkt í öllum lýðræðissamfélögum og félögum ef menn vilja búa til sem breiðasta samstöðu að setja slík ákvæði, hvort sem er í lög eða samþykktir. (Forseti hringir.) Og lýðræðið, já, það tekur tíma, virðulegur ráðherra.

[14:18]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér fyrsta frumvarpið af sex sem öll lúta að hlutafélagaforminu. Fimm þeirra eru stjórnarfrumvörp, eitt frumvarpanna er frá Samfylkingunni.

Mig langar til að byrja á því að segja hve ágætt ég tel vera að frumvörpin skuli rædd saman. Mér finnst mjög mikilsvert, og legg á það áherslu, að þegar kemur til kasta þingnefndar sem fjalla á um þessi mál og gestir verða kallaðir fyrir viðkomandi nefnd verði sami háttur hafður á og öll frumvörpin verði tekin til afgreiðslu og umfjöllunar um leið. Þetta á við um önnur tengd mál og ég vil nefna í því sambandi t.d. frumvörp um Ríkisútvarpið. Þar liggja tvö frumvörp fyrir þinginu, eitt frá ríkisstjórninni og annað frá Vinstri hreyfingunni — grænu framboði. Auk þess eru þingsályktunartillögur frá Samfylkingunni og Frjálslynda flokknum og hv. þm. Pétri H. Blöndal, sem er með mál sem ég hygg að sé á dagskrá síðar í dag eða hefur verið á dagskrá þessa dagana en ekki komist í umræðu. Það er um þá stefnu sem mótuð hefur verið af Sambandi ungra Sjálfstæðismanna, og áréttuð á þingum Sjálfstæðisflokksins svo og af hálfu hv. þingmanna flokksins hér, um að selja Ríkisútvarpið. Ég tel mjög mikilvægt að þessi umræða og öll þessi þingmál séu undir um leið. Ég tel mjög mikilvægt að svo verði gert. Það er reyndar nokkuð sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur einnig talað fyrir í þingsal. Það væri fróðlegt að vita hvernig hann fylgir því eftir sem formaður í efnahags- og viðskiptanefnd þingsins þegar þessi mál koma þar fyrir. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vildi leggja áherslu á.

Annað er að um opinbera starfsemi og fyrirtæki á markaði er gildandi margbreytileg lagaumgjörð. Við erum þar með fyrirtæki, einkahlutafélög, sameignarfélög, byggðasamlög og sérhannað rekstrarform um margvíslega starfsemi, sem reyndar byggir á þessum lögum meira og minna, svo sem um Landsvirkjun, um Orkuveitu Reykjavíkur og Norðurorku og þannig mætti áfram telja. Við erum með mjög margbreytilega flóru.

Það er nokkuð síðan að menn brydduðu upp á því í þingsölum að heppilegt væri að smíða sérstök lög um hlutafélög í opinberri eign. Ég minni á frumkvæði Álfheiðar Ingadóttur, hv. varaþingmanns. Hún flutti um þetta þingmál á sínum tíma og eins og hefur komið fram liggja núna fyrir tvær leiðir hvað þetta snertir, annars vegar frá ríkisstjórninni og hins vegar frá Samfylkingunni, og ætla ég að víkja að þeim hér síðar.

Hæstv. viðskiptaráðherra sagði að með þessu litla frumvarpi, eins og hún nefndi það, væri verið að stíga mjög stórt skref fram á við. Þetta er eins og hvert annað grín í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi er verið að stíga stórt skref aftur á bak þegar við höfum í huga við hvaða aðstæður og við hvaða rekstur á að nota þessi lög. Menn eru væntanlega að tala um að beita þeim á Ríkisútvarpið, sem til stendur að gera að hlutafélagi, menn eru væntanlega að tala um þau varðandi Matvælastofnun, sem einnig er á færibandi einkavæðingar hjá ríkisstjórninni, og væntanlega um Flugmálastjórn, sem einnig er komin inn á þetta sama vinnsluborð. Þegar við skoðum málin í þessu samhengi er verið að stíga aftur á bak í margvíslegu tilliti. Þannig er að um þá starfsemi sem ég vék hér að, Ríkisútvarpið, Matvælastofnun, sem byggir á fjölda stofnana sem eru við lýði, og Flugmálastjórn, gilda lög sem heita stjórnsýslulög, upplýsingalög, lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og fleiri lög mætti reyndar einnig tína til sögunnar.

Ef við víkjum aðeins að þessum lögum almennt þá er í upplýsingalögum kveðið á um mjög ríkan rétt samfélagsins, þjóðfélagsþegnanna til að fá upplýsingar um starfsemina. Í upplýsingalögum er kveðið á um þann rétt í 25 greinum með hvaða hætti þegnarnir eigi aðgang að upplýsingum. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega í saumana á því en hér er einnig vikið að kæruheimildum ef fólk telur opinberar

stofnanir brjóta á sér í einhverjum skilningi. Í stjórnsýslulögum eru síðan ákvæði um hæfi þeirra sem fara með vald í þessari starfsemi. Þar eru mjög skýrar reglur varðandi jafnræði, þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum."

Það er kveðið á um andmælarétt þar sem einstaklingar innan og utan stofnana eiga rétt á því að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun o.s.frv. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega í saumana á þessu eða útlista þetta nákvæmlega en í þessum tvennum lögum, upplýsingalögum og stjórnsýslulögum, er kveðið á um rétt starfsmanna og þegna samfélagsins. Að sjálfsögðu gildir það einnig um fjölmiðla landsins sem iðulega leita eftir upplýsingum innan úr hinu opinbera kerfi fyrir hönd þjóðfélagsþegnanna.

Síðast en ekki síst vil ég nefna lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna en þar er kveðið á um margvísleg réttindi sem ég tel mjög mikilvægt að standa vörð um. Eitt af því, sem reyndar hefur oftar en einu sinni borið á góma í sölum Alþingis, er réttur sem nefndur hefur verið andmælaréttur eða áminningarskylda stjórnenda, sem gildir ef til stendur að segja einstaklingi upp störfum. Hann á þá rétt á því að bæta ráð sitt, að leiðrétta hugsanlegan misskilning ef hann er fyrir hendi og er valdur að uppsögn einstaklingsins. Hann á rétt á öllu þessu áður en honum er endanlega vísað brott úr starfi. Ef það nú gerist sem er því miður tilhneiging, bæði í fyrirtækjum á markaði og innan opinbers reksturs einnig, að forstjóravald er að styrkjast þá tel ég mjög mikilvægt að kasta þessum rétti launamannsins ekki útbyrðis. Því að ella er hætt við því að forstjórar, sem eru ekki starfi sínu vaxnir, hafi ekki þor eða dug til að ræða beint við starfsmenn sem ekki axla starfslegar skyldur sínar og finna að því við þá og vara þá við. Þeir aðilar sem ekki eru þeim vanda vaxnir beita forstjóravaldinu og segja einstaklingum upp án skýringa. Það sanna dæmin. Ég skil ekki í hverju sú framför liggur að nema þennan sjálfsagða rétt launamannsins á brott úr lögum. Þetta er eitt af þeim atriðum sem kemur til með að víkja þegar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru felld brott. Það gerist sjálfkrafa þegar stofnun hættir að vera opinber starfsemi og verður hlutafélag. Hvernig sem á málið er litið í þessum skilningi, með tilliti til upplýsingalaga, með tilliti til stjórnsýslulaga, með tilliti til réttarstöðu starfsmanna og laga um réttindi og skyldur, þá er alls staðar verið að stíga skref aftur á bak en ekki fram á við.

Í hinu tillitinu er vandséð hvernig um stórt skref fram á við er að ræða þegar farið er að rýna í þetta frumvarp og menn reyna að koma auga á einhvern ávinning. Gefum okkur það að fyrirtæki eða starfsemi sé orðin að hlutafélagi og svo líða tímar og þessi lög koma til sögunnar, í hverju felst þessi mikla opnun, í hverju er hún fólgin? Jú, í því felst fyrst og fremst það að fjölmiðlar fá heimild til að sækja aðalfund, fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund, og taka myndir væntanlega. Þá verð ég að segja að þær tillögur sem liggja fyrir í hugmyndum Samfylkingarinnar hugnast mér miklu betur. Þær ganga mun lengra og kalla á meiri opnun og meira gagnsæi hvað þessa þætti snertir.

Hitt vil ég þó leggja áherslu á að ég tel að í þeirri starfsemi sem nú stendur til að færa út á markaðstorgið væri miklu betra heima setið. Hægt er að gera miklar og róttækar breytingar á stjórnsýslu stofnana á borð við Flugmálastjórn og Ríkisútvarpið og á borð við rannsóknarstofnanir í matvælaiðnaði án þess að fara út á þessa braut. Ég tel þetta því ekki vera vænlega valkosti, þetta eru ekki góðir valkostir, hvorki hlutafélag í gömlum stíl eða í nýjum, og þar nefni ég bæði frumvarp ríkisstjórnarinnar og Samfylkingarinnar. Ég tel þetta ekki vera heppilegra rekstrarform þegar um er að ræða opinbera starfsemi af því tagi sem ég taldi upp núna.

Ég nefni þá einnig til sögunnar annað fórnarlamb ríkisstjórnarinnar sem er rafmagnsgeirinn, taka á hann og einkavæða. Við fréttum af því í morgun að nú væri búið að selja Essó, en fyrrverandi eigandi, Ólafur Ólafsson, lét þess getið í fréttaviðtali ekki alls fyrir löngu að það væri góður kostur fyrir nýja eigendur þess fyrirtækis að fara að leita fyrir sér í fjárfestingum í rafmagni og vatni. Þetta væru þau svið sem ríkisstjórnin er núna að setja í pakkningarnar fyrir markaðsvæðingu.

Þetta verðum við að hafa í huga þegar við ræðum um þessi breyttu form og þessi frumvörp. Viljum við fara úr samfélagslega rekinni starfsemi yfir í einkaréttarfyrirkomulagið? Með þeim afleiðingum að réttarstaða starfsmannanna verður öll lakari og hún verður rýrari og aðgengi almennings að upplýsingum verður að sama skapi minna en áður. Þetta tel ég vera hluti sem við þurfum að hafa rækilega í huga.

Síðan er það hitt sem hv. þm. Jón Bjarnason kom svo ágætlega að í andsvari við hæstv. iðnaðarráðherra þegar hún kynnti frumvarpið, það var um hvar til standi að vista hlutina eða hlutinn. Verið er að skapa ólýsanlegan glundroða í rekstri hins opinbera þar sem fyrirtækjum er komið fyrir nánast út og suður. Hv. þm. Jón Bjarnason vék að því að þegar Síminn, Póstur og sími var fyrst gerður að hlutafélagi með fyrirheitum um að það stæði aldrei til að selja hann náttúrlega eins og alltaf er gert samkvæmt formúlunni, þá var hlutabréfið vistað hjá hæstv. samgönguráðherra í samgönguráðuneytinu. Síðan líða stundir og stjórnendur Símans á bak við og undir huliðshjálmum fara að fjárfesta út og suður og menn átta sig á því að þetta er að verða enn ein braskbúllan nánast, þá er hlutabréfið fært úr samgönguráðuneyti yfir í fjármálaráðuneytið. Þetta eru spurningar sem við höfum ekki fengið svör við, hvaða háttur á að verða hafður á í þessu efni yfirleitt.

Að lokum þetta, hæstv. forseti. Hvers vegna breyta menn opinberri starfsemi yfir í hlutafélög? Hvers vegna gera menn það, hvers vegna að nýta hlutafélagaformið? Það er líka rétt sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði, að hlutafélagaformið er mjög gott til síns brúks og ég get alveg tekið undir að hlutafélag er skýrt rekstrarform og það hentar vel við tilteknar aðstæður. Hverjar eru þær aðstæður? Eitt hið jákvæðasta við hlutafélagaformið er að það auðveldar kaup og sölu. Hér fyrr á tíð áður en það eignarhald varð útbreitt reyndist eigendum fyrirtækja iðulega erfitt að selja það í heilu lagi, það reyndist mjög erfitt að koma því í viðskipti,

að selja það ef hugur manna stóð til þess. Stundum var það svo að menn vildu fá meira fé inn í starfsemina og voru tilbúnir að selja hluta hennar en ekki alla. Hlutafélagaformið er því gott að þessu leyti til, það gerir söluna auðveldari, að selja hluti. Við erum hins vegar að tala um „hlutsfélag", nánast í eintölu, þannig að þessi kostur hlutafélagaformsins nýtist ekki. (Gripið fram í.)

Annað sem er gott og jákvætt við hlutafélagaformið þar sem það á við er aðhaldið frá hluthöfunum, aðhaldið frá eigendunum. Þá eru þeir virkjaðir, þrýstingur þeirra og aðhald á hluthafafundum þar sem þeir gera kröfu um arð, um að fá fjármuni út úr fyrirtækinu, um markvissan rekstur o.s.frv., aðhaldið frá hluthöfunum. Hvernig á að virkja það í hlutafélagi þar sem hluturinn er einn og þar sem hann er settur undir einn tiltekinn ráðherra og enginn fær að vita hvernig á að fara með hann eða hver sjónarmið, markmið og kröfur þessa gæsluaðila eru? Hvers konar rugl er þetta eiginlega? Hvers konar endemis vitleysa er þetta?

Þess vegna skil ég menn á borð við hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Birgi Ármannsson, núverandi forseta, og hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, sjálfstæðismenn sem vilja breyta þessum félögum og þar með Ríkisútvarpinu í hlutafélög og selja. Það er rökrétt. Þá ætla menn að nýta sér kosti hlutafélagaformsins til hins ýtrasta, nota það til þess að selja og skapa nýtt aðhald á markaði.

Ég vil hins vegar ekki fara þá leið. Ég vil Ríkisútvarp í almannaeign. (**Gripið fram í:** Ekkert aðhald?) Jú, ég vil aðhaldið héðan og ég vil breikka það og víkka í stað þess að það endurspegli stjórnarmeirihluta á Alþingi, en verið er að festa pólitísk heljartök á þessum stofnunum, þar með Ríkisútvarpinu með því frumvarpi sem nú liggur fyrir. Í stað þess að gera það á að opna fleiri leiðir út í þjóðfélagið. Um þetta liggur fyrir frumvarp með þessum tillögum.

Þess vegna segi ég, gott og vel, ræðum breytingar á þessum lögum en þetta eru ekki þeir valkostir sem eru heppilegastir, að taka opinbera starfsemi, almenna þjónustu, (Forseti hringir.) og færa undir hlutafélagaformið.

[14:38]

Mörður Árnason:

Forseti. Vegna andsvarsumræðu áðan sem ég átti við hæstv. viðskiptaráðherra verð ég að lýsa vonbrigðum mínum með svör hennar eða skort á þeim í þeirri umræðu. Viðskiptaráðherra bar það fyrir sig í skorti sínum á svörum að þetta væri 1. umr. um málið og síðan væri hægt að laga það betur í nefnd.

Þá má spyrja, og ég gerði það reyndar utan stóls, hvort ráðherra ætli sér að sækja nefndarfundina og gefa sjálf þær upplýsingar sem þar ættu að koma fram. Viðskiptaráðherra hæstv. sagði mér utan stóls að það væri ekki, því að hún sækti ekki nefndarfundi. Það er rétt að ráðherrar gera það ekki en ættu kannski að gera það og væri nú rétt að koma því í lög að þeir gerðu það, en það ætlar hæstv. viðskiptaráðherra sér alls ekki að gera.

Því má spyrja, ef hún ætlar ekki að gera það en vísar spurningum um frumvarpið þó inn í nefndina, af hverju ætli sé gert ráð fyrir því í þingsköpum að flutningsmenn mála mæli fyrir þeim við 1. umr.? Þetta er spurning sem er rétt að ég og hæstv. viðskiptaráðherra veltum fyrir okkur vegna þess að það er auðvitað ekkert sjálfgert að það sé svo. Það gæti verið þannig að t.d. frumvörp kæmu hér inn frá ráðherranum eða öðrum flutningsmönnum og rynnu bara beint til nefndar og síðan færu þau í almenna umræðu eða með einhverjum öðrum hætti slíkum. En það er ekki þannig og hefur verið frá upphafi þingsins á hinn veginn, að ætlast er til að flutningsmenn geri grein fyrir málum sínum í 1. umr. Það er meira að segja þannig í þingsköpum, sem hæstv. ráðherra þekkir auðvitað miklu betur en ég, enda hefur hún miklu meiri þingreynslu en ég, að í 38. gr. stendur að þetta skuli gert, að mál skuli vera í 1. umr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Við fyrstu umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni."

Síðan fer málið, eins og iðnaðar- og viðskiptaráðherra væntanlega veit, að lokinni 1. umr., ef það er leyft, til nefndar og kemur svo þaðan til 2. umr.

Þá stendur í þingsköpum, 39. gr, með leyfi forseta:

„... skal þá ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær."

Um þetta frumvarp er það að segja að til að hægt sé að ræða það í heild sinni verður að spyrja ákveðinna spurninga um meginefni þess. Og hvert skyldi nú meginefni frumvarpsins vera? Meginefni frumvarpsins, það kom meira að segja fram í ræðu sjálfs flutningsmannsins, er að með þeirri breytingu að sum hlutafélög verði opinber á að auka á aðgang að upplýsingum beint til almennings eða í gegnum fjölmiðlana.

Svo má segja að það sé efnislega annað mál í einni grein og það varðar aukið jafnrétti kynja í stjórnum félaganna, þó að það sé nú dauflega orðað miðað við hvernig það er t.d. í Noregi.

Meginefni frumvarpsins er því upplýsingagjöf til almennings. Þegar spurt er um hvernig hún eigi að fara fram samkvæmt frumvarpinu, af því að það er óljóst í frumvarpinu, þá svarar ráðherra ekki þeim spurningum. Ég lýsti vonbrigðum mínum með það við forseta áðan og ég get ekki annað en endurtekið það. Mér finnst að ráðherra eigi að vera klár á því hvað hún er flytja hér á þinginu og eigi að geta svarað almennum spurningum um það mál, hvað þetta og þetta merki þegar um aðalatriði máls er að ræða. Ég get hins vegar alveg skilið það að ráðherra eða aðrir flutningsmenn séu ekki alltaf alveg klárir á því hvað getur falist í einstaka greinum og óþarfi að fara í miklar krókaflækjur um það í 1. umr. Eins og ráðherra sagði, hægt er að gera það í nefnd.

Ég spurði þriggja spurninga og ég vil endurtaka þær vegna þess að ég hef ekki fengið svar við nokkurri þeirra. Fyrsta spurningin var þessi: Af hverju tiltekur ráðherra það í lagafrumvarpi sínu að blaðamönnum eigi að hleypa inn á aðalfundi en ekki inn á hluthafafundi?

Í öðru lagi spurði ég: Hvaða rétt hafa blaðamenn á þessum fundum? Ég þóttist taka eftir því að í ræðu ráðherrans hafi eitthvað verið fram um það tekið og ég bið um endurtekningu á því vegna þess að það stendur ekki í lögunum og ekki í athugasemdum við lagafrumvarpið, hvaða rétt þeir hafa, það stendur bara að boða megi þá á fundina. Þetta er spurning sem er ákaflega mikilvæg vegna þess að ef það er einungis heimilt að boða þá á fundina og ef við skiljum lögin í þrengsta lagi er það í raun og veru þannig að fulltrúi

fjölmiðla, hver sem það nú er, getur sest inn á fund. Og hverjir sitja fundi í opinberu hlutafélagi af þeirri gerð sem Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, gerir ráð fyrir? Jú, stjórnarmenn fyrirtækisins og einhvers konar starfsmenn þess sitja fyrir framan hluthafann sjálfan, og hver er það? Það er ráðherrann eða fulltrúi hans.

Þær umræður sem oft verða á aðalfundum í hlutafélögum, og eru kannski aðal þeirra funda, skapast af því að hluthafarnir spyrja, að hluthafarnir eru heimur sem er margsamsettur. Oft er ákveðinn ráðandi hluti, einstakir hluthafar sem hafa bundist einhvers konar samtökum eða eru nógu sterkir sjálfir til að ráða í raun og veru gangi fyrirtækisins og síðan eru aðrir hluthafar sem eru kannski með þeim í ráðum að einhverju leyti. Enn er til í dæminu að það séu menn með lítinn hlut í fyrirtækjum. Það er slík samkunda sem gerir aðalfundi hlutafélaga merkilega og að viðburðum oftast nær eða a.m.k. stundum, sem einmitt fjölmiðlar kynnu að hafa áhuga á og gætu fræðst af, jafnvel þó að þeir hefðu ekki málfrelsi, hvað þá tillögurétt, sem er nú ekki ætlast til á slíkum fundum.

Í ljósi þessa vaknar mikilvæg spurning: Hefur fulltrúi fjölmiðils leyfi til að spyrja spurninga á aðalfundi? Hefur hann rétt til að fá svör við þeim spurningum, t.d. ámóta og hluthafi í venjulegu hlutafélagi? Ef það er svo ber að líta öðruvísi á þetta frumvarp en ég gerði eftir því sem mér heyrðist hæstv. ráðherra tala áðan.

Ef réttur fjölmiðilsins felst einungis í að mæta á aðalfundinn og hlusta á samskipti eina hluthafans, þ.e. þess sem fer með hlutabréfið og lítur á sig sem hluthafa í félaginu, þ.e. ráðherra eða erindreka hans við stjórnendurna, þá geri ég ráð fyrir að fjölmiðlar muni ekki eyða tíma í það. Væri ég ritstjóri á blaði eða fréttastjóri á útvarps- eða sjónvarpsstöð mundi ég ekki senda blaðamenn mína á slíkan fund. Það eina sem ég mundi hugsanlega gera á merkilegum fundum af því tagi væri að senda ljósmyndara og láta hann taka myndir, notfæra mér þann rétt sem ég geri ráð fyrir að ég fengi hvort eð er.

Þriðja spurningin sem ég spurði hæstv. ráðherra en hef ekki fengið svör við er þessi: Ef skilningur minn á því sem ráðherrann sagði er réttur — þótt hún hafi ekki af einhverjum ástæðum hirt um að taka það fram í greinargerðinni um lögin, að blaðamenn hafi engan rétt annan en þann að koma, hlusta eða taka myndir — hverju erum við bættari miðað við það ástand sem nú ríkir? Ég hygg að aðalfundir flestra þeirra félaga sem við tölum hér um séu að þessu leyti opnir, að hægt sé að senda á þá ljósmyndara eða að a.m.k. standi ekki mikið í vegi fyrir því, ef blíðlega er farið að forustumönnum félagsins, og jafnvel hægt að fá að sitja og hlusta á þau formlegu samskipti sem þar fara fram. Þetta þurfti ég að ræða sérstaklega við ráðherrann og bið hana enn að svara þessum þremur spurningum sem ég tel mig eiga rétt á að fá svar við við 1. umr. um þetta mál.

Ég vil svo segja það sérstaklega um eitt fyrirtæki eða stofnun, sem ég vil frekar kalla fyrirtæki hvernig sem menn vilja flokka það, þ.e. Ríkisútvarpið. Ég vildi ræða aðeins um það í tengslum við þetta frumvarp, vegna þess að ég hygg að frumvarpið sé einkum fram komið vegna Ríkisútvarpsins. Að minnsta kosti er sérstaklega til þess vísað, frumvarps viðskiptaráðherra, í greinargerð með frumvarpi um Ríkisútvarpið hf. sem hæstv. menntamálaráðherra flytur. Þar er þáttur í rökstuðningi menntamálaráðherra fyrir því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag að á leiðinni sé þetta fína frumvarp um opinber hlutafélög og þar með þurfi ekki að hræðast neitt það sem menn hafa hræðst og óttast við breytingu Ríkisútvarpsins í hlutafélag.

Það er einkum tvennt sem maður skoðar í því samhengi. Áður en lengra er haldið er þó kannski rétt að taka fram að við í Samfylkingunni höfum í sjálfu sér ekkert á móti orðinu. Við höfum enga stefnuyfirlýsingu gegn orðinu eða hugtakinu hlutafélag. Það er ekki þannig. Það hefur margoft komið fram og óþarft að snúa út úr því. Við teljum að hlutafélög geti átt rétt á sér. Hlutafélag hefur, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson lýsti ágætlega áðan, marga kosti í samkeppnisrekstri. Það getur líka haft kosti í rekstri þar sem samkeppnisþátturinn er einn af nokkrum þáttum og jafnvel einnig haft kosti í rekstri, þótt það þurfi að rökstyðja sérstaklega, þar sem ekki er um samkeppni að ræða. Þetta er algengt form eins og menn hafa margtuggið hér. Menn þekkja það.

Við höfum hins vegar bent á að eðlilegra sé að Ríkisútvarpið sé sjálfseignarstofnun, eins og ýmis ágæt fyrirtæki og stofnanir eru sem starfa á almannasviði, á sviði almannaþjónustu, heilbrigðissviði eða menntasviði. Við höfum ekkert á móti orðinu hlutafélag og sérstaklega ekki, það höfum við sagt, ef til væru reglur um opinber hlutafélög sem fullnægðu þeim skilyrðum sem menn hljóta að setja fram um fyrirtæki eins og Ríkisútvarpið, þ.e. um aðgang almennings, fulltrúa almennings á þingi og fulltrúa almennings í fjölmiðlunum, að sem mestum upplýsingum um félagið, um rekstur þess, gang, skipulag þess og stjórnarhætti. Sá aðgangur yrði takmarkaður að því leyti sem samkeppnisrekstur þess gefur tilefni til, að sjálfsögðu. Það kemur ágætlega fram í frumvarpinu sem við samfylkingarmenn flytjum undir forustu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Sá ágæti þingmaður skýrði það frumvarp sérstaklega út fyrir ráðherra eftir andsvar sem ráðherra gaf áðan, án þess að hafa lesið frumvarpið til hlítar. Hún hefur þá ekki fengið nægar ráðleggingar frá aðstoðarmanni sínum sem situr í hliðarsal og hefur stjórnað ráðherranum í þessu máli og kannski fleirum. (**Viðskrh.:** Hvers lags er þetta?)

Er þetta rangt, forseti, að þetta sé svona? Ég held að þetta sé einfaldlega svona. (**Viðskrh.:** Karlrembuháttur.) Hæstv. ráðherra fór með staðlausa stafi um frumvarp sem við samfylkingarmenn flytjum og á að skammast sín fyrir það og biðjast afsökunar á því frekar en að kalla fram í ræður.

Annað varðandi Ríkisútvarpið, af því að sporin hræða varðandi stofnun hlutafélaga hér á landi úr ríkisstofnunum, er að slík stofnun hlutafélags hefur í yfirgnæfandi meiri hluta tilvika — ég hygg að Flugstöð Leifs Eiríkssonar sé eina undantekningin sem nú er uppi — verið undanfari sölu. Kannski er, a.m.k. í öðrum ríkisstjórnarflokknum, litið þannig á Flugstöð Leifs Eiríkssonar að sala gæti verið rökréttur endir á því ferli.

Í okkar frumvarpi, sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er 1. flutningsmaður að, gerum við ráð fyrir sérstakri heimild í hlutafélagalögum til að gera ráð fyrir auknum meiri hluta á þingi við að selja fyrirtæki. Sú heimild mundi

ná til að setja það í sérlögin um hvert fyrirtæki eða að gera það í samþykktum eftir atvikum.

Ef maður lítur á þessa tvo þætti í frumvarpi ráðherrans um opinber hlutafélög þá er síðari þáttinn hvergi að finna. Hvergi er gert ráð fyrir því lýðræðisleg nauðsyn kunni að kalla á aukinn meiri hluta. Það er að vísu ekkert sem bannar það í þessum lögum, enda væri ekki hægt að banna slíkt ákvæði í sérlögum, en það er ekki gert ráð fyrir því. Ég tel það mikinn galla á lögunum.

Varðandi upplýsingarnar þá er ákaflega fátæklega um þær fjallað í lagafrumvarpi hæstv. ráðherra. Það eru mikil vonbrigði að líta á þetta frumvarp frá því sjónarmiði. Í raun gerist það eitt, fyrir utan að fyrirtækjum sé gert að setja ákveðna pappíra á netið, að fulltrúum fjölmiðla er hleypt á aðalfund, ekkert annað. Það er ekki gert ráð fyrir því að upplýsingalög gildi um þessi fyrirbæri. Þannig er komið í veg fyrir að almenningur geti sótt upplýsingar samkvæmt upplýsingalögunum. Almenningur getur því ekki gengið að stjórninni og starfsmönnum fyrirtækisins og sótt þær upplýsingar sem upplýsingalögin gera ráð fyrir og hann getur ekki þegar stjórn eða starfsmenn heimila ekki slíkar upplýsingar til almennings, sótt sinn rétt til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og fengið um það úrskurð. Það er ekki gert ráð fyrir því og ekki gert ráð fyrir því heldur að þingmenn, í þessu tilviki — við gerum líka ráð fyrir sveitarstjórnum í okkar frumvarpi, geti sótt sér upplýsingar, annaðhvort sjálfir eða með fyrirspurnum á þingi um rekstur, starfsemi og stjórnarhætti í þessum opinberu hlutafélögum.

Ég veit því ekki til hvers ráðherra flytur þetta frumvarp. Ég held að það séu í raun ekki efnislegar ástæður fyrir því, enda kom það ágætlega fram í fyrra í umræðunum að ráðherra hafði ekki mikinn skilning á því að slíkar reglur þyrfti. Mín ályktun er sú að hér sé um það að ræða að ráðherrarnir og ríkisstjórnin séu í dulbúningi að setja upp pótemkintjöld til að hlutafélagavæðing ríkisstofnana gangi betur, að fegurra yfirbragð verði á henni þar sem menn geti talað um opinber hlutafélög með þeim hætti að ljósmyndurum dagblaðanna sé hleypt inn á aðalfundi. Það er í raun hið eina sem gerist. Eina gagnið sem menn hafa af þessum lögum er að fjölmiðlum skapast réttur til að senda ljósmyndara á aðalfundinn. Ef menn tíma að eyða vinnustund blaðamanns í að sitja og hlusta á formleg samskipti ráðherra og þeirra sem hann hefur komið fyrir inni á þeim aðalfundi þá er það heimilt líka.

Gagnvart Ríkisútvarpinu eru þessi lög handónýt. Það er afstaða okkar í Samfylkingunni. Það kom fram við 1. umr. að við erum ekki til umræðu um hlutafélagaform á Ríkisútvarpinu með vísun til þessa frumvarps. Í það vantar allt um upplýsingaþáttinn og að trygging fáist fyrir því að ekki sé um það að ræða að Framsóknarflokkurinn skipti enn einu sinni um skoðun í þeim efnum og fallist á sölu á Ríkisútvarpinu, annaðhvort á næstu árum, í tíð þessarar ríkisstjórnar, eða síðar. Þetta er allmikill galli. Ríkisútvarpið mun hin beina ástæða þess að þetta frumvarp er flutt.

Forseti. Ég vona að ráðherrann skoði þetta betur. Ráðherrann er að ég hygg ágætur maður og vonandi til viðræðu um breytingar. Þær þyrftu að vera þannig að þær dragi dám af frumvarpi okkar í Samfylkingunni, sem meira að segja hv. þm. Ögmundur Jónasson er hrifinn af. Hann er þó ekki hrifinn af hlutafélögum yfirhöfuð. Ég bendi, í tengslum við Ríkisútvarpið, á heimildina í frumvarpi okkar til að búa til skilyrði um aukinn meiri hluta við sölu. Það sem sem núna er í ríkisútvarpsfrumvarpinu er bara táknrænt og heldur ekki sjó, jafnvel þó að hann sé tiltölulega sléttur, gagnvart sölunni.

Varðandi það hins vegar að opna aðganginn að upplýsingunum er það í tilviki Ríkisútvarpsins sérstaklega mikilvægt. Hjá því ættu menn að eiga greiða leið að öllum upplýsingum nema hugsanlega þeirra sem varða samkeppnisrekstur. En við hæstv. ráðherra erum væntanlega sammála um að samkeppnisrekstur sé ekki fyrsta og fremsta hlutverk Ríkisútvarpsins heldur að standa fyrir góðu almannaútvarpi á Íslandi.

[14:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafa nefnt frumvarp sem þau flytja sem verður hér síðar á dagskrá.

Þar stendur, með leyfi herra forseta:

„Heimilt er að setja ákvæði í sérlög eða samþykktir fyrir opinbert hlutafélag þess efnis að aukinn meiri hluta þurfi á Alþingi eða í sveitarstjórn fyrir samþykki um sölu.“

Nú er það svo að einfaldur meiri hluti á Alþingi ræður lagasetningum almennt í öllum lögum. Meiri hluti þingmanna þarf að vera viðstaddur atkvæðagreiðslu. Verði sett sérlög eins og ákvæði um aukinn meiri hluta þá getur Alþingi ákveðið, með einföldum meiri hluta, að afnema þetta ákvæði og síðan selt fyrirtækið með einföldum meiri hluta.

[14:59]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni, að einfaldur meiri hluti er aðalreglan á Alþingi. En hún er ekki algild hins vegar og við getum skoðað þingsköp til marks um það. Ég gerði ráð fyrir því að ákvæði í sérlögum eða samþykktum, einkum í sérlögum, t.d. hvað varðar Ríkisútvarpið, yrðu um aukinn meiri hluta. Í því samhengi eru nefnd hefðbundin hlutföll þótt ekki sé eðlilegt að nefna þau hér, þau geta verið eftir atvikum.

Í félagsstarfi er það yfirleitt þannig að þegar kveðið er á um aukinn meiri hluta þarf líka aukinn meiri hluta til að breyta þeirri grein, yfirleitt sama aukna meiri hluta. Ég hygg því að það sé tiltölulega auðvelt fundarskapatæknilegt og lögfræðilegt verkefni að ganga svo frá.

[15:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta hefur ekkert með fundartæknilegt atriði að gera. Þetta er spurningin um hvort meiri hluti á Alþingi hafi ekki löggjafarvald og hann hreinlega afnemur þetta ákvæði í sérlögunum, ákvæði sem krefst aukins meiri hluta á Alþingi, segjum tvo þriðju, þrjá fjórðu eða eitthvað slíkt. Meiri hlutinn afnemur það ákvæði fyrst með einföldum meiri hluta og svo gerir hann það sem honum dettur í hug.

[15:00]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég biðst afsökunar á því að vera ekki nógu vel að mér í þingsköpum og geta ekki flett upp á þeirri grein. Mig minnir að þetta varði forseta, aukinn meiri hluti á þingi.

Nú er það klárt að aukinn meiri hluti er nokkrum sinnum nefndur í stjórnarskránni þannig að það er ekkert nýtt í okkar lögum hvað þá fundarsköpum og félagslögum á Íslandi og þótt farið sé víðar. En það sem ég bendi hv. þingmanni á og var að reyna að gera honum ljóst er að væru sett lög um að aukinn meiri hluta þyrfti til að breyta lögum þá væri eðlilegt að ákvæði væri um að það þyrfti líka aukinn meiri hluta til að breyta ákvæðinu um aukinn meiri hluta. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður bendir á að ef verður hægt að afnema ákvæðið um aukinn meiri hluta með einföldum meiri hluta, þá er ákvæðið til lítils. Ég geri ráð fyrir að þetta sé svona. Ég hef ekki lagst ofan í það en mér finnst eðlilegt að það sé þannig afgreitt.

En á hinn bóginn má auðvitað spyrja: Af hverju eru menn með ákvæði um aukinn meiri hluta í félagslögum, í stjórnarskrá og í þingsköpum? Er það ekki bara einhver vitleysa? Er ekki lýðræðið það að meiri hlutinn ráði eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengi haldið fram og svo þurfi í rauninni ekkert meira en það? Það séu kosningar og svo fái menn sitt vald út úr þeim og geti síðan beitt því eins og þeim sýnist í fjögur ár? Lýðræðið sé það að kjósa sér einræðisherra með jöfnu millibili? Ég held að það sé ekki. Ég held m.a. að ákvæðin um aukinn meiri hluta séu ákaflega lýðræðisleg vegna þess að slík ákvæði eru sett um það sem er sérlega mikilvægt og þar sem þarf að skapast breiðari samstaða um en við daglegan rekstur ríkisins eða félaga þar sem við teljum að einfaldur meiri hluti nægi. Ég held að þetta sé staðfest í öllum fræðum um stjórnarskrá og sé hluti af þeirri vitund sem við Íslendingar höfum fyrir lýðræði okkar og samskiptum almennt.

[15:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Frumvarpið sem við ræðum nú um opinber hlutafélög er svo sem góðra gjalda vert en eins og aðrir hafa komið inn á er ýmislegt sem mætti betur fara við afgreiðslu málsins. Þar sem við erum í 1. umr. hljótum við að gera ráð fyrir að frumvarpið muni taka verulegum breytingum í þá átt að lagfæra það.

Við búum einnig svo vel, hæstv. forseti, að hér er annað mál á dagskránni um sama efni frá Samfylkingunni, 7. mál á dagskrá í dag og í því eru ýmis atriði sem ég teldi að þyrfti að fara inn í frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra til að málið gæti hugsanlega farið í þann búning að vel mætti við una í lagasetningu frá Alþingi um það sem hér er nefnt opinber hlutafélög.

Ég ætla hins vegar að fara yfir frumvarp hæstv. ráðherra og víkja að ýmsu sem ég tel að þar megi breytast. Reyndar er það svo að hugmyndir mínar um opinber hlutafélög falla að mörgu leyti saman við þær hugmyndir sem Samfylkingin hefur sett fram í frumvarpi sínu um breytingu á lögum um hlutafélög. Vil ég víkja að 1. gr., hæstv. forseti, en þar segir í frumvarpi hæstv. ráðherra:

„Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem hið opinbera á að öllu leyti."

Hæstv. forseti. Þetta tel ég vera allt of þrönga skilgreiningu á því sem við erum að ræða um, að binda þetta niður við það að hlutafélag sem teljist opinbert hlutafélag að því leyti sem menn eru hér að fjalla um, sé að öllu leyti í eigu opinberra aðila. Ég hefði talið að nægjanlegt væri að horfa til þess að opinber hlutafélög teldust þau hlutafélög með tilliti til þeirrar lagasetningar sem hér er fyrirhugað að setja sem væru að meiri hluta í eigu opinberra aðila og þar værum við í rauninni að tala bæði um meirihlutaeign ríkisstjórnar og ríkis, íslenska ríkisins sem ríkisstjórnin færi þá með meiri hluta í og hins vegar hlutafélög sem sveitarstjórnir ættu meiri hluta í. Þá held ég að við getum ekki dregið í sundur neitt um hvort það séu ein eða fleiri sveitarstjórnir, þ.e. ef fleiri en eitt sveitarfélag mynda meirihlutaeign í sveitarfélagi teljist slík hlutafélög opinber hlutafélög og með sama hætti þau hlutafélög sem ríkið á meiri hluta í og ríkisstjórnin á hverjum tíma fer með umboð hluthafans. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að hafa í huga.

Síðan held ég að einnig sé rétt að benda á það, hæstv. forseti, að menn þurfa að líta til þess og þeirrar skilgreiningar sem hlýtur að vakna í framhaldi af því sem ég hef sagt um það þegar opinber félög eiga í öðrum félögum og eiga þar meiri hluta, jafnvel félögin að mestu leyti. Hvaða dæmi höfum við næst okkur í því sem við höfum nýlega rætt? Ætli það séu ekki félögin á raforkusviðinu, hæstv. forseti, þar sem verið var að tala um stofnun hlutafélags í eigu Rariks, Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar. Þetta eru allt saman félög sem ríkið á annaðhvort eitt eða verulegan hluta í og annars vegar eins og í Landsvirkjun þar sem er um sameignarform að ræða í því hlutafélagi, en Reykjavíkurborg og Akureyrarbær ásamt ríkinu mynda eignaraðilana að því hlutafélagi. Þess vegna held ég að nauðsynlegt sé að huga einnig að því við vinnslu á slíkri löggjöf sem við erum að ræða í frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra að skoða það hvernig skilgreiningin nær þá til félaga sem önnur félög í eigu ríkisins eða sveitarfélaga eiga að mestu leyti eða meiri hluta í og geta þar af leiðandi orðið algerlega ráðandi í slíku hlutafélagi þriðja aðila. Þetta finnst mér vanta í 1. gr. því hún er algerlega takmarkandi að þessu leyti og segir að þetta skuli ná til opinberra hlutafélaga sem merkir þá í lögum þessum hlutafélög sem hið opinbera á að öllu leyti. Þetta er atriði sem ég held að menn verði að skoða mjög gaumgæfilega og ég held reyndar að eins og þetta er dregið fram í frumvarpi Samfylkingarinnar nái það nokkuð vel þeim markmiðum, hæstv. forseti. Vitnað hefur verið fyrr í dag í frumvarp Samfylkingarinnar um þetta atriði. Ég held að menn þurfi að skoða mjög gaumgæfilega sem þar er upp sett að því er þetta varðar. Ég held að frumvarp ráðherrans mundi batna verulega við það.

Síðan held ég að samhliða þessu væri rétt að hugleiða eftirfarandi þegar búið er að velta fyrir sér eignarhaldinu. Eiga menn þá ekki einnig að velta upp því sjónarmiði hvaða ákvörðun þarf að taka og hvernig á að taka hana þegar kemur að því að selja slík hlutafélög? Þá held ég að sé einmitt mjög áhugavert að skoða það að viðkomandi sveitarstjórnir samþykki það eða Alþingi og vafalaust sum félög. Ég nefni tilvonandi hlutafélagsform Ríkisútvarpsins að

aukinn meiri hluta þurfi til að selja slíka stofnun, enda hafa stjórnarliðar lýst því yfir að það stæði alls ekki til að selja Ríkisútvarpið. Ég tel að um slíka stofnun eins og Ríkisútvarpið sem öll þjóðin telur eign sína og er mjög mikilsvert fyrir þjóðfélagið eigi að taka ákvörðun jafnvel með auknum meiri hluta í hv. Alþingi ef af sölunni verður og er það nokkurn veginn í samræmi við þau orð sem hér hafa fallið m.a. úr þessum ræðustól að alls ekki standi til að selja Ríkisútvarpið þó að vissulega séu þingmenn á hv. Alþingi sem vilja það. En ég hygg að mikill meiri hluti alþingismanna sé ekki á þeirri skoðun, hæstv. forseti.

2. gr. fjallar um jafnrétti karla og kvenna og jafna stöðu og er allt gott um það að segja að auka það. Hins vegar eru ekki sett nákvæmlega um það nein lágmarksmörk og mætti athuga það við afgreiðslu málsins hvert lágmarkshlutfall getur verið í kynjahlutfalli í stjórnum slíkra félaga.

3. gr. er um upplýsingaskyldu stjórnarmanna og hef ég svo sem ekkert við hana að athuga, hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér eðlilegt að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í opinberum félögum, með þeirri skilgreiningu sem ég gerði áðan, gefi upp stöðu sína um eign í öðrum félögum o.s.frv.

Síðan víkur aðallega að upplýsingaþættinum, þ.e. hvernig á að gefa upplýsingar m.a. inn á vefsíðu félagsins o.s.frv. og að fulltrúum fjölmiðla sé heimilt að sækja aðalfund og að þeir skuli boðaðir á aðalfund. Fram hefur farið nokkur umræða um að þeir væru ekki boðaðir á hluthafafundi í slíkum félögum og ég held að gjarnan þurfi að sameina þessar greinar, 5. og 6. gr., og fylla út í það hvernig fjölmiðlar eiga rétt á að sækja bæði hluthafafund og aðalfund til að fá þar upplýsingar og einnig um stöðu sína á slíkum fundum. Hafa þeir málfrelsi eða eru þeir aðeins hlustendur á slíkum fundi? Mega þeir spyrja spurninga o.s.frv.?

Síðan er 7. gr. um að fulltrúar fjölmiðla skuli í síðasta lagi 14 dögum eftir aðalfund eiga aðgang að fundargerðabókum og öðru slíku. Mér finnst hins vegar vanta í frumvarpið í heild sinni ákvæði um að borgarar eigi aðgang að upplýsingum. Ég hefði talið að sveitarstjórnarmenn í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarfélög eru eignaraðilar að félögum ættu að eiga rétt á því að krefja stjórn í opinberu hlutafélagi um upplýsingar og óska eftir því að fá svör þar við ákveðnum upplýsingum og alþingismenn eigi einnig þann rétt gagnvart hlutafélögum sem teljast opinber hlutafélög að fá upplýsingar um starf og stefnu félagsins. Það eina sem kann að vera viðkvæmt finnst mér almennt í þessum hlutafélögum, þó opinber séu, er það hversu nákvæmlega þarf að skilgreina stefnu eða framtíðaráform slíks félags. Það kann að vera, hæstv. forseti, að menn séu að hugleiða að kaupa sig inn í önnur félög eða selja hluta af starfsemi o.s.frv. Mér finnst þurfa að setja það upp í einhverjar reglur um hversu víðtækar og nákvæmar slíkar upplýsingar eigi að vera því ef menn leggja framtíðaráform félagsins á borð kunna að vera í þeim upplýsingar sem geta orðið til þess að félagið, hvort sem það er í eign sveitarstjórna eða ríkis, sé í raun að setja í gang ferli sem gæti orðið til þess að viðskiptamöguleikar félagsins yrðu miklu minni eftir upplýsingagjöfina en fyrir.

Það er alþekkt þegar á að fara að birta upplýsingar sem áreiðanlegastar teljast um áform einhvers félags sem það hugsanlega vill stefna að í framtíðinni að þá bregst markaðurinn við því með ýmsum hætti og það getur þýtt að þær áætlanir sem þannig eru birtar opinberlega leiði til þess í fyrsta lagi að af slíkum viðskiptum verði alls ekki vegna þess að áætlanir og áform standist ekki og í annan stað að það komi niður á stefnu og starfsemi félagsins. Þess vegna held ég að þegar slík kynning fer fram þurfi að setja því einhvern ramma þótt æskilegt sé að það liggi fyrir hversu nákvæmlega menn þurfi að skilgreina áform sín í þá veru. Hitt er svo annað að menn geta auðvitað veitt slíkar upplýsingar í trúnaði, t.d. fyrir nefnd í Alþingi ef eftir er spurt, en það kann að vera mjög viðkvæmt að slíkar upplýsingar séu algerlega opnar í ákveðinni stöðu.

Þetta vildi ég segja, hæstv. forseti, því þetta á auðvitað almennt við um starfsemi hlutafélaga hvort sem þau eru opinber, hálfopinber eða í einkarekstri. Ég held hins vegar að það hljóti að vera mjög rík krafa til opinberra félaga að trúnaðarmenn geti fengið skýrar upplýsingar. Ég lít einnig svo á að við alþingismenn séum bundnir ákveðnum trúnaði ef við förum fram á upplýsingar og erum beðnir um trúnað vegna viðskiptahagsmuna, þá sitjum við undir því alveg eins og sveitarstjórnarmenn o.s.frv.

Eftir sem áður tel ég að það sé sjálfgefið að gefa sem gleggstar upplýsingar um framtíðarstefnu félagsins þó að það geti verið snúið að knýja fram upplýsingar um hvað menn hyggjast gera í fjárfestingum í næsta mánuði eða t.d. innan tveggja, þriggja mánaða. Þetta eru bara almennar vangaveltur sem ég held að allir hljóti að þurfa að velta fyrir sér þegar við erum að reyna að bæta löggjöfina að þessu leyti, því við þurfum einnig að huga að því að það geti ekki orðið félögunum, sveitarfélögunum eða ríkissjóði til skaða. Því það er annað að gefa upplýsingar í trúnaði en hafa þær algerlega opnar ef t.d. er opnað fyrir kynningu á framtíðaráformum sem eru á næsta leiti án þess að þau séu í hendi og um viðskiptaáform er að ræða sem t.d. okkur alþingismönnum hugnaðist að mörgu leyti til að styrkja þá innviði sem viðkomandi félag væri að starfa í.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að setja slík lög sem eru hér til umræðu en vek athygli á því nú í lok máls míns að annað frumvarp liggur frammi, frá Samfylkingunni. Mér sýnist það að mörgu leyti mun skýrara og betur unnið en frumvarpið sem hæstv. ráðherra hefur lagt fram. En þau verða væntanlega lögð saman í umfjöllun nefndar og þá hygg ég að út úr því megi koma allþokkalegt lagafrumvarp, þegar búið er að lagfæra það frumvarp sem hæstv. ráðherra hefur lagt fram. Ég tel að hér sé verið að vinna ágætisverk og vonast til að það standi ekki neitt í mönnum að lagfæra þennan lagatexta sem þarf greinilega mikillar lagfæringar við.

[15:21]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ástæða til að fagna því að hæstv. viðskiptaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög sem snerta opinber hlutafélög, eða að hægt sé að koma á fót opinberum hlutafélögum eins og við í Samfylkingunni höfum verið að hvetja til. En að sama skapi veldur þetta stjórnarfrumvarp vonbrigðum vegna þess að í því er að finna fá bitastæð ákvæði og þegar grannt er skoðað er þetta hvorki

fugl né fiskur þannig að efnahags- og viðskiptanefnd sem fær málið til meðferðar á ærið verk fyrir höndum að fara yfir þetta mál og gera þetta að einhverri bitastæðri löggjöf. Þar vísa ég til frumvarps sem flutt er af Samfylkingunni undir forustu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Þar eru mörg ákvæði sem ég held að afar brýnt sé að efnahags- og viðskiptanefnd reyni að ná samstöðu um að færa inn í frumvarp ráðherrans til að það verði eitthvert hald í þessari löggjöf. Ég legg því áherslu á að þessi frumvörp fari samhliða út til umsagnaraðila og fái umfjöllun samhliða í efnahags- og viðskiptanefnd.

Þessi tvö frumvörp hafa verið borin saman af 1. flutningsmanni hins frumvarpsins um opinber hlutafélög og mjög skýrt hefur verið dregið fram hvaða mismunur er á þeim og hvað frumvarp hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur er miklu markvissara, skýrara og betra en frumvarp ráðherrans.

Ég vil þá fara yfir nokkur atriði í stjórnarfrumvarpinu sem ég tel ástæðu til að gera hér að umræðuefni. Fyrst vil ég nefna 2. gr. frumvarpsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skal gæta sérstaklega að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla."

Þetta segir út af fyrir sig ekki neitt. Það segir ekkert meira en raunveruleg framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um að leitast skuli við og gætt sérstaklega að jafna stöðu karla og kvenna, þannig að mér finnst þetta ekki segja neitt mikið meira.

Þá er ástæða til að skoða hvað hæstv. ráðherra hefur sagt um þetta og hver staðan er raunverulega hér á landi samanborið við Norðurlandaþjóðirnar hvað varðar hlut kynjanna í stjórnum fyrirtækja. Um þetta spurði ég hæstv. fjármálaráðherra á síðasta löggjafarþingi. Ég spurði um hlut kynjanna í 50 stærstu hlutafélögunum á atvinnu- og fjármálamarkaði og þar kom í ljós að í stjórnum 50 stærstu hlutafélaganna á árinu 2003 þá sátu 246 einstaklingar þar af 231 karl og 15 konur og karlar voru því samtals 93,9% af stjórnarmönnum 50 stærstu hlutafélaganna á atvinnu- og fjármálamarkaði en konur samtals 6,1%. Þannig var staðan þar og þegar spurt var um lífeyrissjóðina þá kom þetta svipað út, heldur betur að vísu. Það var spurt um hver kynjaskiptingin væri í stjórnum 10 stærstu lífeyrissjóðanna og í stjórnunarstöðum hjá þeim, þá kom fram að karlar í stjórnum þessara 10 stærstu lífeyrissjóða voru tæplega 91% en konur innan við 10%.

Ég átti þá orðastað við hæstv. ráðherra í framhaldi af þessum hans og beindi til hæstv. viðskiptaráðherra fyrirspurn um hvort hún teldi ekki ástæðu til að gera eitthvað í málinu og hvort hún væri reiðubúin að beita sér fyrir lagabreytingu um tiltekið lágmarkshlutfall af hvoru kyni í stjórnum hlutafélaga. Vilji hæstv. ráðherra kom greinilega fram í svari ráðherrans þá, því þetta var fyrir ári síðan, um að auka hlut kvenna í stjórnum hlutafélaga og vísaði ráðherrann þá til þess að hún hefði 12. október, þ.e. fyrir rúmu ári síðan, í samræmi við jafnréttismál til fjögurra ára skipað nefnd til að kanna hvort unnt væri að fjölga konum stjórnum fyrirtækja m.a. með breytingu á löggjöf á sviði viðskiptaráðuneytisins. Það kom einnig fram í svari ráðherrans sem ég ætla að fá að vitna í, með leyfi forseta:

„Til fróðleiks," segir ráðherrann, „vil ég nefna til hvaða aðgerða hefur verið gripið annars staðar á Norðurlöndum til að fjölga konum í stjórnunarstöðum í fyrirtækjum. Almennt má segja að Svíar og Norðmenn hafi gripið til lagasetningar. Í Danmörku og Finnlandi eru í gildi lög um kynjahlutföll í opinbera geiranum en í báðum löndum hafa verið valdar aðrar leiðir en lagasetning til að ná sama markmiði í einkageiranum. Ég vil fjalla aðeins nánar um Noreg. Í desember 2003 voru samþykktar í Noregi lagabreytingar sem miða að því að fjölga konum í stjórnum fyrirtækja. Með lögunum voru gerðar breytingar á reglum félagaréttar um samsetningu stjórna í öllum opinberum fyrirtækjum. Gerðar eru kröfur um að kynjahlutfall í stjórnum fyrirtækjanna sé í megindráttum þannig að að minnst 40% stjórnarmanna séu af hvoru kyni. Lögunum verður framfylgt á grundvelli almennra reglna um hlutafélög þannig að ef sú stjórn sem tilkynnt er til hlutafélagaskrár uppfyllir ekki lagaskilyrði um kynjahlutfall og félagið nýtir ekki rétt sinn til að leiðrétta það getur það leitt til þess að félagið verði leyst upp. Lögin tóku gildi 1. janúar 2004."

Nú höfum við fyrir okkur að þessi nefnd sem hæstv. ráðherra var að vitna í hefur starfað í a.m.k. ár, ef ég skil þetta rétt, og ekki langt síðan nefndin skilaði af sér eða í októbermánuði sl. Það eru ansi þunnar tillögur sem lagðar eru fram um með hvaða hætti eigi að fjölga konum í stjórnum fyrirtækja. Þegar hæstv. viðskiptaráðherra kynnti niðurstöðu nefndarinnar í fréttum komu fram eftirfarandi aðgerðir til úrbóta: Lagt er til að farvegur fyrir umræðu og þekkingaröflun verði tryggður, að reglulega verði birtur listi með upplýsingum um fjölda og hlutfall kvenna í stjórnum, tengsl kvenna innbyrðis og við karla verði efld, leitarskilyrði og sjóndeildarhringur við skipan í stjórnir verði víkkaður, fyrirtækin verði hvött til að setja konur á dagskrá og karlar í áhrifastöðum verði fengnir til að gera málið að sínu. Þetta voru tillögurnar eftir ársvinnu nefndarinnar. Þær voru ekki beysnari en það að tryggja farveg fyrir umræðu og þekkingaröflun og efla tengsl kvenna og víkka leitarskilyrði og sjóndeildarhring við skipan í stjórnir og hvetja fyrirtæki til að setja konur á dagskrá.

Hæstv. ráðherra svaraði af þessu tilefni þegar hún kynnti tillögurnar og vísa ég til fréttar um þetta efni, með leyfi forseta:

„Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra kvaðst mótfallin lagasetningu en ekki útiloka að hún skipti um skoðun á síðari stigum ef hægt miðaði í jafnréttisátt."

Mér finnst hæstv. ráðherra ganga afar hægt í þessu efni og mér finnst hæstv. ráðherra skorta kjark, að gera nú ekki tilraun með þetta í löggjöf eða frumvarpi sem við erum hér að fjalla um varðandi opinber hlutafélög. (Gripið fram í.) Opinber hlutafélög merkir í lögum þessum félag sem hið opinbera á að öllu leyti. Það er ekki verið að tala um að setja þetta ákvæði inn í löggjöf um hlutafélög varðandi einkahlutafélög heldur aðeins um fyrirtæki sem eru í eigu hins opinbera. Þetta eru þær leiðir sem hafa verið farnar annars staðar á Norðurlöndunum en hæstv. ráðherra heykist á hér. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra frá því að þessi hvatning kom frá ráðherranum og þessar tillögur frá nefndinni um að bíða og sjá til hvort fyrirtækin taki ekki við sér,

hvetja fyrirtækin til að setja konur á dagskrá, hvað hafa verið haldnir margir aðalfundir hjá þessum stærstu félögum síðan þessi hvatning kom fram hjá fjármálafyrirtækjum og þessum stærri félögum? Getur ráðherrann nefnt eitt fyrirtæki sem hefur sett konu í stjórn þessara fyrirtækja og orðið við áeggjun ráðherrans um að fjölga konum í stjórnum? Ég skora á ráðherrann að nefna eitt fyrirtæki sem hefur fjölgað konum í stjórnunarstöðum eftir að þessar tillögur komu fram. Ég held að þessar tillögur nefndarinnar, sem hún skilaði af sér eftir ársvinnu, séu nefnilega algerlega gagnslausar og ég held að það sé ekkert öðruvísi hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum, að það þarf að fara þá leið að setja í lagatexta ákvæði um að það eigi að jafna stöðu kynjanna í stjórnum hlutafélaga með líkum hætti og lagt er til í frumvarpi hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Þar er lagt til, með leyfi forseta:

„Í opinberum hlutafélögum þar sem fulltrúar íslenska ríkisins eða sveitarfélaga, eins eða fleiri, skipa meiri hluta stjórnarmanna skal hlutfall kynja í stjórn vera sem jafnast og hvort kyn um sig skal ekki vera undir 40% fulltrúa stjórnarmanna."

Það er þetta ákvæði sem hæstv. ráðherra hefði auðvitað átt að hafa inni í frumvarpi sínu ef hún meinar eitthvað með því að það sé vilji og kjarkur hjá ráðherranum til þess að grípa til aðgerða sem duga, virðulegi forseti, til að fjölga konum í stjórnum hlutafélaga. Það er greinilegt að sú leið sem ráðherrann ætlar að gera að sínum, sem eru tillögur þessarar nefndar, munu ekki duga til að við sjáum einhverja fjölgun sem máli skiptir að því er varðar konur í stjórnunarstöðum. Þetta er ákvæði sem við í Samfylkingunni munum leggja mikla áherslu á í störfum nefndarinnar að fá inn og ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur ráðherra eitthvað á móti því að setja inn slíkt ákvæði ef um það næst bærileg samstaða í efnahags- og viðskiptanefnd sem fær þetta mál til meðferðar? Ég held að það sé brýnt að við fáum það fram við þessa umræðu hvort ráðherrann muni styðja það ef slíkt ákvæði kemur fram, muni styðja þannig breytingartillögu við frumvarp sitt, hvort sem hún kæmi frá minni hlutanum eða að um hana næðist samstaða við meiri hlutann. Ef ekki vil ég spyrja ráðherrann um rök fyrir því vegna þess að enn og aftur ítreka ég að við erum bara að fjalla um opinber hlutafélög en ekki önnur.

Hér hefur verið rætt um upplýsingalögin og þar kemur enn fram munurinn á þessum tveimur frumvörpum, en í frumvarpi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur er einmitt afar mikilvægt ákvæði sem við þurfum endilega að fá samstöðu um að taka upp í nefndinni. Þar segir í 7. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Réttur til upplýsinga skv. 1. og 2. mgr. skal vera sambærilegur og kveðið er á um í upplýsingalögum, nr. 50/1996, en undanskilja má upplýsingar sem varða samkeppnisrekstur félagsins." Fyrr í þessari grein segir: „Í félagi þar sem íslenska ríkið á meiri hluta hlutafjár skal félagsstjórn og framkvæmdastjóri veita alþingismönnum upplýsingar um starfsemi félagsins og ákvarðanir þess verði eftir því leitað."

Þetta er afar mikilvægt ákvæði, virðulegi forseti, til að þingmenn geti sinnt því hlutverki sem þeir hafa, þ.e. að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Eftir því ákvæði hefur lengi verið kallað í þingsölum, m.a. af hv. fyrrverandi þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar. Þar lögðum við til breytingar á lögum um þingsköp þar sem m.a. bættist við að veita ætti upplýsingar til þingmanna væri um þær beðið, ef um væri að ræða málefni sameignar- eða hlutafélags sem gerði grein fyrir B-hluta ríkisreiknings og ríkið ætti að hálfu eða meira. Og það er staðreynd sem ekki er hægt að neita að eftir að hlutafélagavæðing ríkisfyrirtækja hófst fyrir nokkrum árum hefur hreinlega margsinnis verið lokað á mikilvægar upplýsingar sem þingmenn kölluðu eftir. Ég man bæði eftir því varðandi bankana, Póst og síma og fleiri fyrirtæki. Þetta kemur fram í þessu frumvarpi Guðmundar Árna Stefánssonar og þar vísar hann til skýrslu nefndar sem fjallaði um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Sú skýrsla var unnin í samræmi við þingsályktunartillögu sem ég flutti og hæstv. forsætisráðherra skipaði nefnd til að vinna hana, ég held að það hafi verið undir forustu Páls Sveinssonar, mjög gagnleg skýrsla. Það þyrfti eiginlega að dusta rykið af þeirri skýrslu því þar voru lagðar fram ýmsar góðar tillögur um bætta skipan í stjórnsýslunni. Þar var m.a. sagt, með leyfi forseta:

„Til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt og veita ríkisstjórn aðhald hefur Alþingi stjórnarskrárvarinn rétt til að afla upplýsinga frá ráðherra." Síðar í sama kafla segir. „Leggja verður til grundvallar að fyrrnefndur réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni ráðist ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar." Og síðan segir: „Annað mál er að hægt er að hafa hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga við túlkun 54. gr. stjórnarskrárinnar. Æskilegt er að tekið verði til athugunar hvort ástæða þykir til að setja nánari ákvæði í þingskapalög um slíkar fyrirspurnir."

Þetta er frá nefnd forsætisráðherra sem tekur þá greinilega undir með mörgum þingmönnum að það þarf að styrkja rétt þingmanna til að fá aðgang að upplýsingum hjá fyrirtækjum sem breytt hefur verið í hlutafélög og eru í ríkiseigu að hálfu eða meira. Ég álít því að afar brýnt sé að taka inn þessi tvö ákvæði sem ég nefndi varðandi upplýsingalögin og rétt alþingismanna til að fá upplýsingar um starfsemi félagsins og ákvarðanir þess verði eftir því leitað, þ.e. þessi opinberu hlutafélög. Þetta tvennt legg ég afar mikla áherslu á, að sett verði inn ákvæði sem máli skipta til að auka hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja og að ákvæðið verði sett inn að því er varðar upplýsingalögin og síðan þennan rétt sem alþingismenn mundu fá til að afla sér upplýsinga um starfsemi félags sem breytt hefur verið í opinbert hlutafélag.

Ég hef fylgst aðeins með umræðunni og hlustað á hæstv. ráðherra. Þingmenn hafa verið að kalla eftir því að fá þessi ákvæði inn og mér finnst rök ráðherrans afar máttlaus, virðulegi forseti, að því er þetta varðar og þetta er nokkuð sem við munum leggja gífurlega mikla áherslu á að fá inn í þetta frumvarp og mér þætti mjög vænt um það, virðulegi forseti, ef hæstv. ráðherra gæti rökstutt af hverju ekki er ástæða til að setja þetta inn með þessum hætti þannig að rök ráðherrans haldi vegna þess að ég gat ekki heyrt að svo væri.

Ég sé að tími minn er að verða búinn. Ég geri ráð fyrir því, ef ráðherrann gerir ekki athugasemd við það að ákvæðin sem fjalla á um í þeim frumvörpum sem koma á eftir um hlutafélög og fjalla um starfshætti og stjórnir fyrirtækja og starfskjör stjórnenda, að þau ákvæði eigi við þessi opinberu hlutafélög líka af því að þau eru felld inn í hlutafélagalöggjöfina. Ég geng því út frá því að þau falli þar inn en það eru ákvæði sem ég þarf að ræða við ráðherrann á eftir vegna þess að mér finnst þau miklu veikari en efni standa til hjá hæstv. ráðherra.

Ég get líka tekið undir það sem fram hefur komið hjá öðrum að ákvæðið varðandi fjölmiðlana er afar veikt og það er erfitt að skilja hvert innihaldið er þar sem verið er að heimila fjölmiðlum að sækja aðalfundi í þessum félögum. Það er ekki hægt að sjá að það hafi neinn sérstakan tilgang. Ákvæði í frumvarpi Ingibjargar Sólrúnar, t.d. um rétt sveitarstjórnarmanna og alþingismanna til að sækja slíka fundi tel ég mjög mikilvægt og líka ákvæðið um að mælt er fyrir að það þurfi samþykki alþingismanna og/eða sveitarstjórnarmanna þegar um slík fyrirtæki er að ræða, til að selja hlut ríkis eða sveitarfélaga í hlutafélagi.

Virðulegi forseti. Það er ýmislegt sem við þurfum að skoða í efnahags- og viðskiptanefnd þegar við fáum þetta mál til umræðu og ég hvet til þess að mál sem er síðar á dagskránni og fjallar um frumvarp hv. þingmanna Samfylkingarinnar komist á dagskrá áður en þessum fundi lýkur í dag þannig að hægt sé að ræða þessi mál samhliða í efnahags- og viðskiptanefnd.

[15:40]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög. Markmiðið með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er að taka þar inn ákvæði sem lúti sérstaklega að hlutafélögum í opinberri eigu. Í upphafi umræðunnar í andsvari mínu við framsöguræðu hæstv. ráðherra vék ég að nokkrum grundvallaratriðum sem mér finnast vera óljós í málflutningi ráðherrans og þeim markmiðum sem verið er að setja fram.

Í fyrsta lagi er mjög mikilvægt að halda til haga að hlutafélög og ég vek athygli forseta á því, að hlutafélög eru fyrst og fremst ætluð sem umgjörð um rekstur í samkeppni, samkeppnisrekstur. Nú geta fyrirtæki verið í samkeppnisrekstri þótt þau séu ekki hlutafélög, að sjálfsögðu. Hlutafélög hafa þann eina tilgang, fyrsta tilgang, að hlutir geta gengið kaupum og sölum, það er hægt að auka eigið fé hlutafélagsins, fyrirtækisins með því að fjölga hlutum, bjóða inn nýtt hlutafé. Þetta er megintilgangurinn með hlutafélagi. (**PHB:** Takmarka áhættu.) Takmarka áhættu, já að sjálfsögðu, en að gefa þetta svigrúm á móti þannig að hlutirnir eru fyrst og fremst ábyrgir fyrir skuldbindingum félagsins. Ef maður vill auka eigið fé þá gerir maður það m.a. með því að fjölga hlutum. Þetta eru markmiðin með hlutafélagi. Eigandinn, sá sem á 100% getur selt 10% til að geta losað þar um fé. Þetta eru kostir hlutafélagsins.

Varðandi hlutafélag í eigu ríkisins þar sem er bara einn hlutur þá eru þessir kostir ekki uppi á borðinu, eða hvað? Ekki ef ekki á að nýta þetta hlutafélagaform. (Gripið fram í.) Þá er ekki hægt að nýta þessa hluti ef maður ætlar ekki að selja hlutina, þá er ekki hægt að nýta í samkeppnisrekstri, meginkosti hlutafélagaformsins. Þess vegna er þetta frumvarp sem hér er verið að flytja fullkomlega á villigötum hvað varðar opinber þjónustufyrirtæki.

Hvers vegna ætli sé verið að flytja þetta frumvarp um opinber hlutafélög? Það er vegna þess að nú er ríkisstjórnin undir forustu iðnaðarráðherra og viðskiptaráðherra Framsóknarflokksins að hlutafélagavæða hvert almannaþjónustufyrirtækið á fætur öðru.

Við þekkjum sögu hlutafélagavæðingar Símans. Ég kem aðeins að því á eftir. En núna er það raforkan, Rarik. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur lýst miklum áhuga á því að ná í Landsvirkjun svo hægt sé að hlutafélagavæða hana. Það eru Matvælaeftirlitið og þjónustustofnanir sem lúta að rannsóknum í matvælum — það á að stofna hér Matvælastofnun hf. Það eru Flugmálastjórn og Ríkisútvarpið. Þetta er nú það sem rekur á eftir þessari lagasetningu.

Ég held að það sé ekkert á Sjálfstæðisflokkinn hallað, frú forseti, og ég biðst afsökunar ef ég hef hallað á hann með því að segja að Framsóknarflokkurinn og hæstv. iðnaðarráðherra hafi verið látin draga vagninn í einkavæðingarmálum á vegum ríkisstjórnarinnar. (**Iðnrh.:** Ég vildi draga vagninn.) (**PHB:** Það er skynsamlegt.) Það er skynsamlegt, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal, að láta Framsókn draga vagninn, láta Framsókn vera undir reiðingnum. Þessi einkavæðingarvagn Framsóknarflokksins er mjög kostulegur ef maður hugar að því úr hverju sá flokkur er sprottinn. Sá flokkur er sprottinn upp úr félagshyggju, upp úr samvinnuhugsjóninni. Það væri fróðlegt að heyra hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra velta því fyrir sér hvernig þessi einkavæðingar- og hlutafélagaárátta í almannaþjónustu samræmist félagshyggju Framsóknarflokksins. Enda minntist hæstv. ráðherra á það í andsvari sínu að þetta væri svo mikið framúrstefnumál hjá henni og í takt við nýjan tíma o.s.frv. Er það það?

Þessi mál hafa einkennt vinnubrögð Framsóknarflokksins, einkavæðing á almannaþjónustunni. Hvernig ætli Framsóknarflokkurinn njóti þess nú í skoðanakönnunum? Hvernig ætli hæstv. viðskiptaráðherra njóti þess í skoðanakönnunum að hafa verið dráttarklár íhaldsins í einkavæðingunni? Borið reiðinginn í einkavæðingarlestinni. Ég held, frú forseti, að forusta Framsóknarflokksins ætti að fara að hugsa sig um, rækilega. Fara að hlusta á fólkið í landinu og spyrja sig: Er flokkurinn á réttri braut eða ekki? Í rauninni heyrist mér sumir þingmenn flokksins ekkert efast um að hann sé á rangri braut í því einkavæðingargaleiðuferli sem hæstv. iðnaðarráðherra er í. Mér heyrist sumir þingmenn, forustumenn í Framsóknarflokknum, reyndar ekki þeir sem eru þar í æðstu metorðum en margir aðrir, efast stórlega um og reyndar vera vissir um að flokkurinn er á rangri leið.

Ég vil hvetja hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem hér var að guma af einkavæðingarverkum sínum, til að staldra við og fara að hlusta á grasrótina. Rifja upp gömul félagsgildi Framsóknarflokksins og reyna að ná áttum. (**HBl:** Eru þau bara ekki talin úrelt?) Það má vel vera að það sé satt, frú forseti, það sem hv. þm. Halldór Blöndal leggur hér inn í umræðuna, að Framsóknarflokkurinn og sjónarmið hans séu orðin úrelt. Það má vel vera. En þetta er eitthvað sem íhaldið notast við og reynir að kreista síðustu

blóðdropana út úr í því einkavæðingarferli sem keyrt er áfram. (**HBl:** Það voru góðir framsóknarmenn á Ströndum.) Það voru góðir framsóknarmenn á Ströndum. Það er alveg hárrétt. Úr því að hv. þingmaður vill rifja upp góða daga Framsóknarflokksins þá minnist ég þess þegar Hermann Jónasson var þingmaður Strandamanna. Ég hefði ekki séð hann sem meðflutningsmann hæstv. ráðherra hér, að einkavæða almannaþjónustuna. Það hefði ég ekki séð. Ég hefði seint trúað því að Hermann Jónasson, þingmaður Strandamanna, hefði staðið að því.

Ég minnist þess þegar Hermann Jónasson barðist fyrir lagningu símans. Ég minnist þess. (**HBl:** Var það ekki Hannes Hafstein aðallega sem ...?) Það lögðu fleiri lið. En ég minnist þess að Hermann Jónasson barðist mjög fyrir lagningu símans út um allt land, heim á hvern einasta bæ. (**PHB:** Hvað varstu gamall þá?) Ég er ekki viss um að Hermann Jónasson hefði gefið mikið fyrir það hvernig hæstv. þáverandi samgönguráðherra brást yfirlýsingum sem hann gaf — ég skal rifja það hér upp varðandi það þegar þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, hlutafélagavæddi Póst og síma. Hv. þingmaður var í viðtali við BSRB-tíðindi sem birtist í 4. tbl. 8. árg. frá 1995. Ég segi þetta vegna þess að hv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra segir: Ég ætla mér að hlutafélagavæða Rarik en við ætlum ekki að selja það. Við ætlum að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið en við ætlum ekki að selja það. Við ætlum að hlutafélagavæða Matvælastofnun en við ætlum ekki að selja hana. Bíddu við. Hvað sagði hæstv. þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, sem hér blandar sér í umræðuna úr salnum þegar verið var að fjalla um Póst og síma? Hvernig ætli hann hafi staðið við það? Með leyfi forseta:

„Póstur og sími er vel rekin stofnun. Þjónustan ódýr og mjög vel er fylgst með tæknisviðum." — Er þetta ekki nákvæmlega það sama og við segjum um Rarik? Ríkisútvarpið gerir það besta úr því sem það fær.

Síðan segir hér áfram, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn geldur Póstur og sími óneitanlega þess í daglegum viðskiptum og markaðssetningu að vera opinber stofnun sem rekin er eftir fjárlögum. Póstur og sími gæti t.d. ekki gerst hluthafi í hlutafélögum þótt í smáu sé. Ákvarðanataka með þessum hætti er of þung í vöfum og samræmist ekki nútímaviðskiptaháttum. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma til að styrkja samkeppnisstöðu hans og starfsöryggi þess fólks sem þar vinnur." — Takið eftir því, frú forseti, að þáverandi samgönguráðherra segir „starfsöryggi þess fólks sem þar vinnur". — „Ég legg áherslu á að í mínum huga kemur ekki annað til greina en að Póstur og sími verði áfram alfarið í eigu ríkisins."

Þetta var yfirlýsing þáverandi samgönguráðherra, sem hann gaf þegar verið var að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Er þetta ekki nákvæmlega sama yfirlýsingin, er þetta ekki nákvæmlega sami textinn og hér hefur verið farið með af menntamálaráðherra varðandi Ríkisútvarpið? Af iðnaðarráðherra hæstv. varðandi Rarik? Jú. Ætli svardagarnir séu ekki nákvæmlega jafnmikils virði og svardagarnir sem gefnir voru fyrir því að Póstur og sími yrði aldrei seldur?

Ég rifja þetta hér upp, frú forseti, til að vekja athygli á þeirri vegferð sem menn eru á. Þegar menn breyta í hlutafélög er það til þess að geta selt. Þegar hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra flytur hér frumvarp um hlutafélög í opinberri eigu, þar sem litlu er breytt frá núgildandi hlutafélagalögum, þá er það fyrst og fremst yfirklór. Þegar maður breytir almannaþjónustufyrirtæki í hlutafélag þá er maður að búa það undir sölu. Þegar maður breytir fyrirtæki í hlutafélag þá er maður að búa það undir sölu. Það er bara svo augljóst mál. Annars væru menn að misnota hlutafélagaformið.

Það er líka eitt, frú forseti, sem væri fróðlegt fyrir íslenskufræðinga að velta fyrir sér. Lögin heita „Lög um hlutafélög". Eiga þau líka að geta gilt um félög þar sem aðeins er einn hlutur? (**HBl:** Hafa bara eitt hlutabréf í því.) Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni sem grípur hér fram í. Hafa bara eitt hlutabréf. Enda var það tilgangurinn. Þá er svo auðvelt að selja það. Það skal bara selt í einu lagi, var það ekki sagt þegar farið var af stað? Hluthafafundur með einum manni mættum, það er verið að skrumskæla hlutafélagaformið með þessum hætti.

Hinn kosturinn við hlutafélög er sá að það er hægt að kalla eftir arði. Það er hægt að kalla eftir arði úr félögunum. Er það ætlunin, t.d. með því að hlutafélagavæða RÚV, að gera það að fyrirtæki sem kallar eftir arði? Nei, það dettur mér ekki í hug. Það er líka eitt atriði varðandi hlutafélagaformið, frú forseti, og hlutafélög í eigu ríkisins. Samkvæmt fjárreiðulögum er almennt gert ráð fyrir að hlutafélög í rekstri, eða fyrirtæki á vegum ríkisins, lúti stjórn eða að fjármálaráðherra fari með slík hlutabréf. Mér er spurn: Er það eðlilegt að hin einstöku fagráðuneyti, sem eru fyrst og fremst þjónusturáðuneyti, séu svo almennt orðin handhafar hlutabréfs í fyrirtækjum — sem samkvæmt skilgreiningu þess ráðherra sem flytur mál hér eru fyrirtæki sem eru komin á samkeppnismarkað? Ég dreg stórlega í efa að það sé stjórnsýslulega rétt. Enda var það svo með Símann að hlutabréf hans var hjá samgönguráðherra en síðan var tekin sú ákvörðun að flytja það hlutabréf til fjármálaráðherra. Það var fjármálaráðherra sem í raun fór með hlutabréfið á síðustu missirum Símans. En þetta, að hvert og eitt ráðuneyti, hvort sem það er viðskiptaráðuneyti, samgönguráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, jafnvel umhverfisráðuneyti eða hvað það nú er — ef þau eiga öll að fara að standa í umsjón með ríkishlutafélögum. Ég dreg í efa að við séum þar á réttri leið, burt séð frá þeirri umræðu hvort stofna eigi slík hlutafélög eða ekki. Ég vil alla vega kasta fram því sjónarmiði mínu að hlutafélög í opinberri eigu, hvort sem þau eru að hluta eða að öllu leyti í eigu ríkisins, ættu að vistast hjá einu ráðuneyti. Ég tel að minnsta kosti mjög eðlilegt að það væri skoðað. Frekar en að láta þau vera út um allt í stjórnkerfinu. Því það þarf þá nefnilega líka að njóta sérþekkingar þeirra sem með hlutafélagamál fara. Er það ekki tilgangurinn með hlutafélagavæðingunni?

Ég vil leyfa mér að gera athugasemdir og spyrja hvers vegna ekki sé eðlilegast og hvers vegna það sé ekki kannað að hlutafélögin öll séu á einum stað. Það er ekkert óeðlilegt að ríkið geti átt hlut í hlutafélagi í atvinnurekstri. En hér er verið að leggja upp með lög um opinber hlutafélög sem eru bara sýndarlög. Það á að strika yfir upplýsingaskylduna. Það á að strika yfir aðkomu stjórnsýslulaga sem gilda um opinbera þjónustu og um opinbera starfsemi. Það á að strika

það út. Þá sé ég ekki hver er ávinningurinn af því að búa til hlutafélag um þetta ef ekki á að selja.

Hérna er verið að leggja upp í einkavæðingarvegferð til að liðka fyrir hlutafélagavæðingu og í framhaldi af því sölu Ríkisútvarpsins, Matvælastofnunar, Flugmálastjórnar, Rariks og annarra þeirra almannaþjónustufyrirtækja sem ríkisstjórnin er að beita sér fyrir að verði sett á markað. Skoðun Sjálfstæðisflokksins liggur fyrir í þessu máli og Framsóknarflokkurinn hefur hingað til gengið undir klyfberann sem á hann hefur verið lagður af Sjálfstæðisflokknum og gengið þar fram þvert á gamlar hugsjónir Framsóknarflokksins. Framsóknarflokkurinn dregur nú einkavæðingarvagninn, einkavæðingu almannaþjónustu í landinu. Mér finnst það dapurt hlutskipti Framsóknarflokksins.

[16:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla nú ekkert að ræða um umhyggju hv. þingmanns fyrir Framsóknarflokknum eða hv. þingmönnum hans. Ég ætla að ræða við hann um það sem hann telur vera hlutverk hlutafélaga.

Það er í sjálfu sér ekki hlutverk hlutafélaga að selja hlutafé. Það er heldur ekki hlutverk hlutafélaga að kalla eftir arði umfram önnur félög, eins og t.d. stofnbréf í sparisjóði eða sameignarfélög eða slíkt. Hlutverk hlutafélaga er að takmarka áhættu eigendanna við hlutaféð. Það er sú snilld sem fundin var upp með því að búa til þetta form, þ.e. að takmarka áhættu hluthafanna af atvinnurekstri við innborgað hlutafé og ekkert annað. Það að menn skuli fá arð, hann fá menn út úr sameignarfélögum, út úr samvinnufélögum, út úr sjálfseignarstofnunum o.s.frv. Það að menn geti selt hlutabréfin, menn geta selt sameignarfélög, menn geta selt ýmiss konar önnur form og menn geta selt stofnbréf sem kunnugt er. En aðalhlutverk hlutafélaganna, og það er einmitt það sem hefur gert þau svona vinsæl um allan heim, er að takmarka áhættu eigandans og það er mjög mikilvægt varðandi ríkið, að ríkið beri ekki fulla og ótakmarkaða ábyrgð á öllum gjörðum Ríkisútvarpsins eins og í dag. Sú ábyrgð verður takmörkuð. Þar með er samkeppnisstaðan réttari gagnvart þeim aðilum sem keppa við viðkomandi fyrirtæki.

[16:02]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er að því leyti til sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal að einmitt hlutafélögin takmarka ábyrgðina og þá erum við að tala um fjárhagslegu ábyrgðina, (**PHB:** Áhættuna.) fjárhagslegu áhættuna og fjárhagslegu ábyrgðina, eigendurnir eru aðeins ábyrgir fjárhagslega fyrir því sem hlutir þeirra nema.

Hvernig passar þetta þá við að hlutafélagavæða Rarik ef þannig færi að Rarik færi á hausinn? Hvaða hlutverk hefur Rarik? Rarik hefur það hlutverk að veita rafmagni inn á stóran hluta heimila í landinu. Mundum við bara láta það gerast sisona, að við værum bara ábyrg hvað hlutafénu nemur en okkur væri alveg sama hvað gerðist umfram það?

Hvað varðar Ríkisútvarpið þá er það alveg hárrétt að ef búið væri að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið þá væri ríkið, þjóðin bara ábyrg fyrir því fyrirtæki fjárhagslega að því marki sem hlutaféð nemur. Ef Ríkisútvarpið færi síðan á hausinn, berum við þá enga ábyrgð? Það er nefnilega svo, frú forseti, að þetta passar við ýmis fyrirtæki í atvinnurekstri en ekki fyrirtæki sem hafa grunnalmannaskyldur. Þess vegna eru menn á svo rangri leið með því að hlutafélagavæða Rarik og hlutafélagavæða Ríkisútvarpið, því að við getum ekki látið þau ganga veg hlutafélagakostanna, látið þau verða gjaldþrota. Það getum við ekki gert, frú forseti, (Forseti hringir.) og því er þetta röng vegferð að ætla að (Forseti hringir.) einkavæða Rarik og Ríkisútvarpið.

[16:04]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Eftir tæp ellefu ár á þingi þá verð ég nú að segja eins og er að þetta var ein sú dapurlegasta og jafnframt ómerkilegasta ræða sem ég hef heyrt í þingsölum.

Hv. þingmaður var að ræða um breytingu á lögum um hlutafélög. Hann eyddi drjúgum tíma sínum í að ræða um Framsóknarflokkinn, aðallega þó í fortíð. Það sem var kannski kátbroslegt við það er að hv. þingmaður harmar að Framsóknarflokkurinn, sem stofnaður var fyrir um 90 árum, skuli hafa breyst. Ég segi: Til allrar hamingju hefur sá flokkur breyst en hangir ekki í þeirri íhaldssemi og forpokun sem gjarnan einkenna fortíðarræður hv. þm. Jóns Bjarnasonar.

Það sem hins vegar er ómerkilegt í ræðu hv. þingmanns er að hann kemur með sem útganspunkt í seinni hluta ræðu sinnar fullyrðingar um að hér sé verið að einkavæða Ríkisútvarpið, þrátt fyrir þá staðreynd að í frumvarpinu er beinlínis kveðið á um að Ríkisútvarpið verði ekki selt. Hvað felst í því? Það felst í því að þeir flokkar sem standa að frumvarpinu hafa komið sér saman um að Ríkisútvarpið sé ekki til sölu. Þrátt fyrir það kemur hv. þm. Jón Bjarnason ítrekað og talar um einkavæðingu RÚV. Hann veit betur.

Hins vegar virðist hafa farið fram hjá hv. þingmanni að það er ákall frá útvarpsstjóra, það er ákall frá starfsfólki Ríkisútvarpsins um að það verði að breyta forminu. Hvers vegna? Vegna þess að Ríkisútvarpið þarf að standast samkeppni við aðra fjölmiðla. En hv. þm. Jón Bjarnason vill halda óbreyttu formi og leggja nánast eins og hönd dauðans yfir stofnunina sem á í harðri samkeppni við ört vaxandi og kraftmikla fjölmiðla.

[16:07]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég rifjaði upp í ræðu minn ferilinn við hlutafélagavæðingu og sölu Símans. Þar voru gefnir svardagar um að Síminn yrði ekki seldur heldur væri verið að aðlaga hann einhverju rekstrarumhverfi sem menn töldu að væri betra fólgið í hlutafélagaforminu.

Nú hefur Síminn verið seldur. Ég bendi meira að segja á í því sambandi að skoðanakannanir, bæði á vegum Gallups og Félagsvísindastofnunar, opinberar skoðanakannanir sýndu að stór hluti þeirra sem þar voru spurðir, yfirgnæfandi hluti var andvígur því að selja þessa grunnþjónustu Símans. Samt var hann seldur og við upplifum nú, víða úti um land, að verið er að loka starfsstöðvum Símans, segja upp fólki sem hefur unnið þar árum saman, verið að skerða þjónustustig Símans víða úti um land. Þetta finnst hv. þm.

Hjálmari Árnasyni kannski ekkert mál. Mér finnst það mál.

Nú á að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Við þekkjum skoðun og yfirlýsingar Sjálfstæðisflokksins, meira að segja landsfundar og félagsfunda hjá þeim, og einstakra þingmanna sem flutt hafa frumvarp um að það skuli selt. Enda er hlutafélagaformið fyrst og fremst til þess að hægt sé að selja hluti eða versla með hluti í fyrirtækinu. Ég tel það ekki rétt, ég tel að Ríkisútvarpið eigi að vera alveg óskoruð (Forseti hringir.) félagsleg eign þjóðarinnar.

[16:09]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Um það erum við líklega sammála, ég og hv. þingmaður, að Ríkisútvarpið á að vera áfram í eigu þjóðarinnar. Á því hefur nákvæmlega engin breyting orðið.

Hv. þingmaður vitnar til Sjálfstæðisflokksins og ég efa ekki að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins kunna að svara fyrir það, en ég vek athygli á því að flutningsmaður frumvarpsins um að breyta RÚV í hlutafélag er hvorki meira né minna en varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Í ræðu hæstv. ráðherra með því frumvarpi er tekið skýrt fram, eins og stendur í frumvarpinu, að Ríkisútvarpið sé ekki til sölu, það verði ekki selt. Ekkert slíkt ákvæði var þegar Símanum var breytt í hlutafélag. Þetta er skýr yfirlýsing. Það kann vel að vera að stöku þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilji selja en stefna flokksins, sem birtist m.a. í frumvarpi varaformanns flokksins, er skýr.

Það er enginn ágreiningur um það í þinginu að Ríkisútvarpið eigi að vera áfram í eigu ríkisins. Yfirgnæfandi meiri hluti þingsins vill halda því þannig. Hins vegar er verið að bregðast við ástandi, reyna að skapa Ríkisútvarpinu það svigrúm að það geti starfað og sinnt þeim markmiðum sem við setjum Ríkisútvarpinu í blóðugri samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Hlutafélagaformið er það form sem hefur ágæta reynslu, það er sveigjanlegt, menn eru fljótir að bregðast við og það er þess vegna sem menn velja sér það form í eigu ríkisins. Þess vegna er verið að flytja þetta frumvarp.

En ég skil það að hv. þm. Jón Bjarnason skilur ekki eðli hlutafélaga, hann sér það bara sem markmið að sölu. Þar eins og oft áður hefur hv. þm. Jón Bjarnason rangt fyrir sér, einkum þegar kemur að einhverju sem heitir rekstur.

[16:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér datt nú hv. þingmaður ofan í sjálfan sig með það að nauðsynlegt sé að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag til að gera það samkeppnishæfara. Það sem Ríkisútvarpið skortir er aukið fjármagn inn í starfsemi sína til að mæta þeim skyldum og þeim eðlilegu kröfum sem við gerum til þjóðarútvarps. Þessi lög um að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið fela ekki í sér neitt viðbótarfjármagn. Þar stendur málið.

Ég rifja líka aftur og aftur upp svardagana sem gefnir voru þegar Síminn var hlutafélagavæddur. Ég hygg að þáverandi samgönguráðherra hefði tekið það mjög óstinnt upp ef hann hefði verið vændur um að meina ekki það sem hann var að segja, að Síminn yrði aldrei seldur. Ég vil bara vara við þeirri stefnu sem hér er verið að fara inn á, að hlutafélagavæða, einkavæða almannaþjónustu eins og Ríkisútvarpið, Rarik og matvælaeftirlitið. Við erum hér á kolrangri leið.

Af því að hv. þm. Hjálmar Árnason minntist á hver væri í sambandi við grasrótina þá hefur einmitt einkavæðingin, hlutafélagavæðingin á almannaþjónustunni, verið baráttumál Framsóknarflokksins í núverandi ríkisstjórn. Þeir hafa dregið þar vagninn. Ég sé ekki að sú stefna Framsóknarflokksins sé í miklu samræmi við það sem grasrótin vill, þveröfugt. Hv. þm. Hjálmar Árnason ætti kannski að snúa sér að því að (Forseti hringir.) líta í eigin barm (Forseti hringir.) og athuga hvort ekki þurfi að rétta kúrs Framsóknarflokksins.

(**Forseti** (DrH): Ég vil biðja hv. þingmann að virða ræðutímann.)

[16:13]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég vil eins og fleiri þingmenn fagna þessu frumvarpi sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi til laga um opinber hlutafélög. Þetta er ákaflega brýnt mál og kemur til móts við ýmsar spurningar sem vaknað hafa á Alþingi um t.d. upplýsingaskyldu slíkra félaga.

Eins og komið hefur fram í umræðunni er markmið hlutafélagaformsins að takmarka áhættu eigandans. Í þessu tilfelli væri það að takmarka áhættu opinberra aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, þannig að viðkomandi fyrirtæki væru betur samkeppnisfær. Í samkeppni er það talið ómögulegt fyrir einkafyrirtæki að berjast við fyrirtæki í opinberum rekstri þar sem er ótakmörkuð ábyrgð, þar sem stjórnendur fyrirtækisins geta gripið sífellt dýpra ofan í vasa skattgreiðenda. Það er talið skekkja alla samkeppni og gerir það. Hlutafélagavæðingin gerir það að aðalatriði, að meginatriði, að takmarka áhættu eigandans, þ.e. ríkis og sveitarfélaga. Fyrirtækið verður því að standa sig í samkeppninni.

Alls konar fyrirtæki eru hugsanleg. Mér skilst að Landsvirkjun eigi nokkuð mörg hlutafélög, bæði ein og með öðrum. Þau fyrirtæki sem Landsvirkjun á ein falla þá væntanlega undir lögin því opinberir aðilar eiga Landsvirkjun og einnig þau fyrirtæki sem Landsvirkjun á með öðrum, t.d. með sveitarfélögum eða með öðrum opinberum aðilum. Ef Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur tækju sig saman og stofnuðu hlutafélag og tækju t.d. eitt sveitarfélag með, Hveragerði eða eitthvað slíkt, þá væri það líka hlutafélag sem væri alfarið í eigu opinberra aðila þó sá aðili sé ekki einn. Þar sem Landbúnaðarháskólinn á Hólum er í mikilli samkeppni við aðra háskóla í landinu, þetta er orðinn samkeppnismarkaður, háskólastigið, gæti maður hugsað sér að um hann yrði stofnað hlutafélag til að skekkja ekki samkeppnina. Þá mundi hann heita Landbúnaðarháskólinn á Hólum hf. og mundi þá falla undir þessi lög sem sýnir hvað þau eru mikilvæg.

Um 2. gr. stendur að gæta eigi að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Þetta getur orðið dálítið erfitt viðureignar. Segjum að þrír opinberir aðilar eigi hlutafélag, Landsvirkjun, Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur, þeir eigi jafna hluti og tefldu fram listum þar sem konur væru efstar á þeim öllum en karlmenn númer tvö

og þrír menn í stjórn. Síðan væri kosið og eintómar konur fengju kosningu. Samkvæmt ákvæðinu ætti einhvern veginn að reyna að jafna kynjahlutfallið. Þá yrði að taka eina konu út og skipta henni út fyrir einhvern karlmann sem ekki fékk kosningu. Þetta leiðir til ákveðinna vandkvæða en ég skil alveg hugsunina á bak við þetta vegna þess að hlutfall kvenna í stjórnum hlutafélaga er afskaplega rýr hér á landi. Maður getur ekki annað en vonað að krafan um arðsemi geri það að verkum að eigendur hlutafélaga fari að nýta konur betur en gert hefur verið því það er ónýtt auðlind á því sviði.

Í 3. gr. er sagt að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í opinberum hlutafélögum skuli gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum almennt. Það er spurning hvort þetta sé ekki of opið. Hvort það þurfi að telja það allt upp ef menn eiga pínulítinn hlut einhvers staðar sem skiptir engu máli. En þetta getum við rætt frekar í nefndinni.

Í 5. gr. er ákvæði um að fulltrúum fjölmiðla sé heimilt að sækja aðalfundi og jafnframt í 6. gr. að boða eigi fulltrúa fjölmiðla á aðalfund. Það getur orðið vandkvæðum bundið þar sem það er ekki skilgreint hvað fjölmiðill er. Á t.d. að boða Víkurfréttir á aðalfund o.s.frv.? Hvar á að setja mörkin? Ég tel betra að sameina þetta í eina grein sem segði að fulltrúum fjölmiðla sé heimilt að sækja aðalfund enda sé þess getið í fundarboði og það auglýst, þ.e. að það komi þannig fram.

Allt í frumvarpinu um upplýsingaskyldu á vefsíðu og annað slíkt held ég að sé mjög jákvætt. Frumvarpið kemur til móts við kröfur margra hv. þingmanna og annarra um upplýsingagjöf opinberra fyrirtækja. Það er spurning hvort menn eigi að fara út í það að það sé í eigu opinberra aðila að öllu leyti, þ.e. 100%, eða hvort menn setji einhver lægri mörk, 99% eða 97% eins og Síminn var lengi vel. Við getum rætt það í nefndinni og athugað kosti og galla. Hins vegar er ljóst að frumvarpið er ákveðinn línudans á milli þess að gæta samkeppnissjónarmiða, þ.e. upplýsa ekki um upplýsingastöðu fyrirtækja sem eru í samkeppni og hins vegar þess sjónarmiðs að upplýsa sem allra mest. Þau sjónarmið bæði rekast á og mér sýnist að frumvarpið sem hér er lagt fram taki mjög yfirvegað á þeim vanda.

[16:20]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort frumvarpið geti ekki jafnvel snúist upp í andhverfu sína. Verið er að nema úr gildi t.d. upplýsingalög og stjórnsýslulög um opinber hlutafélög. Getur það ekki hamlað því einfaldlega að menn fái upplýsingar um hvort menn hafi rétt við t.d. í samkeppnismálum? Ef við tökum dæmi eins og með Matvælarannsóknir hf. þá verður þar ákveðið samkeppnissvið og örugglega svið á beinum fjárframlögum. Ég er á því að Matvælastofnun, sem við erum kannski ekki að ræða hér en blandast þó inn í, muni hafa ákveðin föst verkefni og fá fjárframlög frá ríkinu. Með því að hafa upplýsingaskylduna svona takmarkaða er hætta á því að færsla verði á milli frá samkeppnissviði innan sömu stofnunar sem hefur svo föst fjárframlög til að sinna ákveðnum verkefnum, t.d. grunnrannsóknum.

[16:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum með samkeppniseftirlit sem hefur mjög víðtækar heimildir til að grípa inn í öll fyrirtæki, ekki bara opinber hlutafélög heldur inn í hlutafélög og öll fyrirtæki á samkeppnissviði. Ég sé því ekki að þau ákvæði séu tekin úr gildi og óttast því ekki það sem hér um ræðir enda er ekki meiningin að einstaklingar eða aðrir stundi eftirlit með samkeppni. Hins vegar getur það oft gerst þegar menn setja slík lög að viðkomandi fyrirtæki bregðist þannig við að þau veiti minni upplýsingar á aðalfundi. Því miður er ekki hægt að koma í veg fyrir það. Aðalfundirnir eru opnir sem gerir það að verkum að minna af upplýsingum eru veittar einmitt vegna samkeppnissjónarmiða. Ég gat einmitt um það áðan að það er vandi að fá upplýsingar án þess að skekkja samkeppnina.

[16:23]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður vísar til samkeppniseftirlits. Við höfum reynslu af Samkeppnisstofnun þar sem mál hrönnuðust upp. Ég vil sérstaklega minnast á eitt fyrirtæki sem var í eigu ríkisins, Landssímann hf. Margir minni aðilar voru í samkeppni við Landssímann og þegar þeir leituðu eftir svörum um hvort fyrirtækið hefði farið eftir samkeppnislögum fengust engin svör. Ekki einu sinni á hinu háa Alþingi þegar ég spurði m.a. formann Sjálfstæðisflokksins að þessu. Þá var hlaupið í skjól hlutafélagalaganna. Ég hefði einmitt talið að fyrir flokk sem vill hafa samkeppni og stuðla að henni hefðu menn einmitt átt að upplýsa um það. Það var náttúrlega mjög óeðlilega staðið að þessu hjá formanni Sjálfstæðisflokksins að leyna því hvort hlutafélag í eigu ríkisins færi að samkeppnislögum eða ekki.

Mér finnst það minnka trúverðugleika þessara flokka þegar þeir koma nú og þykjast vera að setja einhver lög um upplýsingamál sem eru í raun að aftengja þá upplýsingaskyldu sem viðkomandi stofnanir hafa, eins og Ríkisútvarpið og fleiri.

[16:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er dálítið merkilegt að þegar við setjum á laggirnar eftirlitsstofnanir sem eiga að vera óháðar stjórnvöldum og menn eiga að treysta að starfi að því sem þær eiga að gera, skatteftirlit, samkeppniseftirlit o.s.frv., skuli þingmenn kalla eftir því að hæstv. ráðherrar hlutist til um þau verkefni sem viðkomandi stofnun sinnir. Auðvitað á samkeppniseftirlit að sinna samkeppnismálum en ekki einstakir ráðherrar svo maður tali ekki um einstaka hv. þingmenn. Ég get því ekki fallist á að hæstv. ráðherra hefði átt að blanda sér inn í deilurnar á milli Landssímans og annarra samkeppnisaðila.

Hins vegar er búið að breyta lögum um samkeppniseftirlit, það heitir nú Samkeppniseftirlit en hét áður Samkeppnisstofnun og búið er að samþykkja stórauknar fjárveitingar. Það er því von til þess að þeir geti sinnt frekar því verkefni sem þeir búa við sem er mjög vaxandi í stórauknu viðskiptalífi.

[16:26]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp um opinber hlutafélög sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur fylgt úr hlaði. Samhliða ræðum við annað frumvarp sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er 1. flutningsmaður að ásamt fleirum. Það er líka á dagskrá síðar að sjálfsögðu en blandast saman vegna þess að menn eru að bera saman þessi tvö frumvörp þó svo að frumvarp hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og fleiri sé síðar á dagskrá og verður kannski rætt þar betur.

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hæstv. ráðherra hafi verið rekinn til verka til að koma með frumvarp um opinber hlutafélög eins og fram hefur komið. Sem dæmi var lögð fram fyrirspurn frá hv. þm. Merði Árnasyni sem var rædd á síðasta þingi. Svarið sem hæstv. ráðherra gaf þá var efnislega á þá leið að á vegum ráðuneytisins væri ekki unnið að slíkri löggjöf enda hefði ekki verið sýnt fram á að nein sérstök þörf væri á henni. Það er náttúrlega alveg með ólíkindum að þetta skuli koma frá hæstv. viðskiptaráðherra. Jafnframt vil ég minna á frumvörp og tillögur sem þáverandi hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson flutti og hreyfði við þessu máli, svo og boðað þingmál þingmanna Samfylkingarinnar í upphafi þings sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, kynnti sem eitt af þeim frumvörpum sem Samfylkingin mundi leggja fram, þ.e. frumvarp um opinber hlutafélög.

Allt þetta, fyrirspurn hv. þm. Marðar Árnasonar, tillögur hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, boðað frumvarp og það frumvarp sem er á dagskrá í dag hefur gert það að verkum að hæstv. viðskiptaráðherra, sem hér gengur fram hjá, hefur sett í gang vinnu í ráðuneyti sínu um að koma með frumvarp til laga um opinber hlutafélög. Þeim sinnaskiptum ráðherrans, ráðuneytisins og ríkisstjórnar ber auðvitað að fagna sem var rekin til þessara verka.

Þá er það spurningin um það stjórnarfrumvarp sem hér liggur frammi: Er það nógu gott? Svar mitt við því er einfaldlega nei. Það er ekki nógu gott. Frumvarpið er óskaplega rýrt. Það er hvorki fugl né fiskur. Það er ljótt að segja það, virðulegi forseti, þetta er hálfgerð hrákasmíði. Svo virðist hæstv. ráðherra ekki hafa getað svarað mörgum spurningum sem hér hafa verið lagðar fram, eins og frá hv. þm. Merði Árnasyni. Þess vegna verð ég að segja að ólíkt þykir mér það frumvarp sem ég hef gert að umtalsefni, frumvarp okkar þingmanna Samfylkingarinnar, mér finnst það betur unnið og vænti þess og vona að það verði líka sent til hv. efnahags- og viðskiptanefndar, verði rætt þar samhliða og sent út samhliða til umsagnar. Það megi því í meðförum hv. efnahags- og viðskiptanefndar taka þessi tvö frumvörp, blanda þeim saman og koma með eitt gott frumvarp, koma með tillögur til 2. umr. þar sem við förum betur í þetta en gert er í frumvarpi hæstv. viðskiptaráðherra. Ég geri ekki ráð fyrir að okkar frumvarp verði tekið og samþykkt og hinu hent en ég hygg að það megi taka úr því tölurvert og setja þar inn.

Ég vil t.d. spyrja hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra út í það: Hvers vegna er ekki í frumvarpi hennar ákvæði um að Alþingi og alþingismenn skuli hafa rétt til að spyrja út í opinber hlutafélög sem eru 100% í eigu ríkisins? Ég tek Íslandspóst sem dæmi. Eftir að honum var breytt í hlutafélag er öllum fyrirspurnum okkar þingmanna um Íslandspóst vísað frá og okkur er óheimilt að spyrja út í hann. Hins vegar, virðulegi forseti, var a.m.k. þeim þingmönnum sem eiga sæti í samgöngunefnd boðið á síðasta aðalfund Íslandspósts, ég veit ekki hvort öllum þingmönnum var boðið, og það var nokkuð merkilegt að sitja þann fund. En ég hefði viljað sjá það í frumvarpinu að alþingismenn og sveitarstjórnarmenn ættu rétt á að fá upplýsingar um það sem gerist á slíkum fundum, þegar um er að ræða opinber hlutafélög í eigu sveitarfélaga. En svo er ekki.

Þetta segi ég, virðulegi forseti, vegna þess að ég er frekar hallur undir að hlutafélagaformið sé notað á ríkisfyrirtæki, þó að það verði að sjálfsögðu að skoða hvert og eitt dæmi. Opinber hlutafélög, eins og hér hefur komið fram, er mál sem mér er mjög hugleikið og tel að eigi að vera þannig að við eigum að geta breytt ýmsum ríkisfyrirtækjum í opinber hlutafélög með aðeins þrengri skilgreiningu en er í venjulegum hlutafélögum. Til dæmis eins og það ákvæði sem hér er í frumvarpi hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um að heimilt sé að setja ákvæði í sérlög eða samþykktir fyrir opinbert hlutafélag þess efnis að aukinn meiri hluta þurfi á Alþingi eða í sveitarstjórn fyrir samþykki um sölu.

Ég tók eftir því í dag þegar hæstv. viðskiptaráðherra spurði hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur út í þetta ákvæði að ráðherrann misskildi það. Tökum dæmi um Ríkisútvarpið, ef því væri breytt í opinbert hlutafélag, og Alþingi tæki þá ákvörðun að það þyrfti kannski tvo þriðju meiri hluta á Alþingi til þess að selja Ríkisútvarpið. Þá væri Alþingi heimilt að gera svo, það væri bara einföld ákvörðun. Þarna er ákvæði um að það dugi ekki einfaldur meiri hluti hér á Alþingi til að gera slíkt. Það gæti verið bæði stjórnarmeirihluti eða það gæti myndast meiri hluti milli stjórnar og stjórnarandstöðu í málum, og þá væri það ákvæði sett þarna inn.

Sum ríkisfyrirtæki, breytt yfir í opinber hlutafélög, eru kannski þannig að maður vill bara alls ekkert sjá neinn möguleika á því að hvaða ríkisstjórn sem situr í landinu geti tekið sig til og selt það. Það er einfaldlega svo að stundum eru hlutirnir þannig að við viljum hafa þá í opinberri eigu og ekki að breyta því neitt. Hér hefur það t.d. komið fram í umræðunni í dag um Orkuveitu Reykjavíkur að það væri æskilegt ef henni væri breytt í opinbert hlutafélag og það þyrfti meiri hluta innan borgarstjórnar til að selja það. Menn eru þá kannski með það í huga að það gæti komið slæmur meiri hluti — þó að maður voni að það verði nú aldrei, að meiri hluti sjálfstæðismanna tæki við borginni — sem gæti hugsað sér að selja Orkuveitu Reykjavíkur og þá vilja menn segja það með þessu ákvæði að þá þurfi fleiri en átta borgarfulltrúa til þess að selja það fyrirtæki. Þannig er þetta ákvæði um tvo þriðju eða aukinn meiri hluta sett inn sem ég held að sé góður varnagli en ég tek skýrt fram að að sjálfsögðu þarf ekki að nota það í öllum tilfellum.

Mér dettur t.d. í hug þegar við vorum að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög sem síðan voru seld að þar hefði ekki þurft ákvæði inn um tvo þriðju eða aukinn meiri hluta hér á Alþingi. Þar gilti meiri hluti vegna þess að það eru fyrirtæki sem eru í samkeppnisrekstri og eru ekki með félagsþjónustu eða félagslega þáttinn svo tekið sé dæmið með

Ríkisútvarpið.

Þannig má t.d. líka hugsa sér að sveitarfélögunum sé gert kleift að setja fleiri bæjareiningar eða bæjarstofnanir inn í hlutafélagaformið, ef það virðist vera til bóta. Við höfum verið að breyta hitaveitum og rafveitum í hlutafélög og stundum hafa þau svo verið seld, þau eru bara stundum notuð svoleiðis og ekkert meira um það. Ég spyr t.d. út í vatnsveitur, hvort það væri til að auðvelda rekstur þeirra að sveitarfélögum væri heimilt að breyta þeim í opinber hlutafélög með ákvæði um að innan sveitarstjórna þurfi kannski tvo þriðju hluta, ef einhverjum dytti í hug að selja það frá sér sem að sjálfsögðu á alls ekki að að gera vegna þess að vatnsveitur eru samfélagsleg þjónusta sem allir eiga að eiga aðgang að. En getur það verið til að auðvelda reksturinn að hafa vatnsveitur í hlutafélagaformi? Ég spyr og segi það sem sveitarstjórnarmaður að oft hefur manni fundist að sveitarfélögin fái ekki að njóta alls þess sem hlutafélög bjóða upp á, t.d. hvað varðar innskatt og útskatt í virðisaukaskatti. Það gæti verið auðveldara þannig en á alls ekki að vera þannig að einfaldur meiri hluti geti tekið sig til og selt, eins og nefnt er í þessu dæmi.

Inn í þetta blandast svo að menn eru svona frekar hræddir við Sjálfstæðisflokkinn og treysta honum ekki alveg til að fara með ríkisfyrirtæki í hlutafélagaformi og það eru náttúrlega til alls konar ályktanir, t.d. frá ungum sjálfstæðismönnum og öðrum sem helst vilja selja allt sem ríkið kemur nálægt og setja það út á markað.

Virðulegi forseti. Ég vonast til að þessi tvö frumvörp verði rædd samhliða í efnahags- og viðskiptanefnd. Og af því að ég sé að hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, situr að sjálfsögðu hér yfir þeim málum sem fara til hans nefndar, þá er sú ósk sett fram að kallað verði eftir umsögnum um bæði þessi frumvörp og að þau verði rædd þannig í efnahags- og viðskiptanefnd og að bæði frumvörpin komi aftur hingað til þings eftir vandlega meðferð. Þá ósk vildi ég leggja fram hér, virðulegi forseti, bæði til ráðherra og hv. formanns efnahags- og viðskiptanefndar.

[16:37]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur mér nú ekki á óvart að hv. þingmaður sé óánægður með frumvarpið mitt. En það sem ég vil fá að segja við hann er að það er mjög áberandi í Samfylkingunni að hv. þingmenn hennar hafa ekki skilning á þörfum atvinnulífsins. Þetta er dæmigerður flokkur sem kallar sig nútímaflokk en eins og hann talar hér á hv. Alþingi þá talar hann fyrst og fremst gegn hagsmunum atvinnulífsins. Þau ákvæði sem hv. þingmaður hrífst svo mjög af og eru í frumvarpi hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur ganga einmitt út á slíkt. Eins og t.d. það að alþingismenn og sveitarstjórnarmenn eigi að sækja hluthafafundi og þar fram eftir götunum.

Mér finnst líka áhugavert að vita hvort hv. þingmaður getur svarað þeirri spurningu sem aðrir hv. þingmenn innan Samfylkingarinnar hafa ekki getað svarað og það er það hvernig á að leysa málið í sambandi við stjórn þegar það er þriggja manna stjórn og það er þetta ákvæði um 40% af hvoru kyni. Það hefur ekki borist svar við þessu.

Mér finnst um ákvæðið um þennan aukna meiri hluta fyrst og fremst vera svona sýndarmennska og ekki til þess að auðvelda starfsemi í atvinnulífinu.

Ég ætla ekki að segja meira núna. Ég vonast til þess að hv. þingmaður hafi svör við þessu.

[16:39]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður er það oft svo að — já, ég er óánægður með frumvörp sem frá hæstv. iðnaðarráðherra og viðskiptaráðherra koma. Kannski mest þau sem snúast um byggðamál, samanber það sem átti að ræða hér á fimmtudaginn um byggðaáætlun, sem átti náttúrlega að ræða á síðasta ári og átti að taka gildi um síðustu áramót en hefur ekki enn þá verið rædd hér og er þess vegna ekki í gildi. Og ég var líka óánægður t.d. með raforkufrumvarpið sem kom frá hæstv. iðnaðarráðherra, vegna þess að gögn sem fylgdu með því frumvarpi og komu til iðnaðarnefndar þar sem ég sat og vann með því máli, voru beinlínis röng. Því miður hefur það komið í ljós að það frumvarp hefur orðið til þess að kostnaður atvinnulífsins eykst mjög eins og við höfum verið að ræða hér.

Þegar hæstv. ráðherra talar um að við samfylkingarmenn höfum ekki skilning á þörfum atvinnulífsins, þá vísa ég því til föðurhúsanna. Getur það verið, virðulegi forseti, að hæstv. viðskiptaráðherra, sem jafnframt er iðnaðarráðherra, hafi ekki skilning á þörfum atvinnulífsins núna þegar laxeldisfyrirtækin eru að loka hvert á fætur öðru og eru að flytja starfsemi sína til Færeyja, m.a. vegna ofboðslegrar hækkunar á raforku? Getur það verið að hæstv. ráðherra hafi ekki skilning á þörfum atvinnulífsins þegar hún lýsir því yfir að hún sé hætt að berjast fyrir því að jafna flutningskostnað í landinu vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn setti fótinn fyrir það, eins og hæstv. iðnaðarráðherra lýsti á fundi með stjórn Eyþings á Akureyri með okkur þingmönnum Norðausturkjördæmis? Getur verið að ráðherrann hitti fyrir sjálfa sig sem hefur ekki skilning á þörfum atvinnulífsins á landsbyggðinni miðað við það sem ég hér hef sagt?

[16:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri það að hv. þingmaður hefur ekki svör við þeim spurningum sem ég lagði hér fram. Hann, eins og aðrir þingmenn hv. Samfylkingarinnar, er greinilega ekki búinn að úthugsa þessa 40% reglu.

Er hv. þingmaður þeirrar skoðunar að það sé til þess að þjóna hagsmunum fyrirtækja sem eru í eigu ríkisins og verða og eru opinber hlutafélög, að alþingismenn og sveitarstjórnarmenn geti sótt hluthafafundi og aðalfundi og haft þar málfrelsi eins og þeim sýnist? Það er það sem kemur fram í frumvarpi hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

Þá vil ég einnig ítreka að þetta ákvæði sem kemur fram í frumvarpinu og varðar aukinn meiri hluta, og þetta hafa aðrir hv. þingmenn komið inn á hér líka eins og hv. Pétur Blöndal um þennan aukna meiri hluta, að það er ákvæði í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf., þar sem segir að það skuli ekki selt nema með samþykki Alþingis. Það þarf

ekki nema einfaldan meiri hluta hér á hv. Alþingi til þess að taka ákvörðun um að gera það, að selja það fyrirtæki. Ég er síður en svo að mæla með því að það verði gert en þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir og þetta eru hefðirnar hérna á Alþingi, það er meiri hlutinn sem ræður og við erum vön því að vera með meirihlutastjórnir og ríkisstjórnir sem styðjast við meiri hluta Alþingis og þannig tel ég að það eigi að vera áfram.

[16:43]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst um það sem hæstv. ráðherra sagði hér um málfrelsi, ég held að ég verði bara að svara því játandi að auðvitað er ég hlynntur því að alþingismenn og sveitarstjórnarmenn hafi málfrelsi á fundum í opinberum hlutafélögum.

Í öðru lagi spyr hæstv. ráðherra um það hvernig eigi að koma fyrir 40% reglunni í þriggja manna stjórn. Liggur það ekki í augum uppi, virðulegur forseti, að það verða þá aldrei kosnir þrír af sama kyni í viðkomandi stjórn, liggur það ekki í augum uppi? Við erum ekki að tala um að það verði þrír karlar eða þrír kvenmenn í viðkomandi stjórn, heldur að það blandist, tveir á móti einum, eitthvað svoleiðis. (**Gripið fram í:** Það eru 33%.) Já, það er allt í lagi með 33%. En það liggur í augum uppi að það verður aldrei svoleiðis nema við verðum með einhverja framsóknarmenn sem hægt er að skipta í 33% eða 40%.

Hæstv. ráðherra fjallar hér um Ríkisútvarpið og frumvarpið um það. Þar telur ríkisstjórnin þörf á því að setja inn að það hlutafélag verði ekki selt nema með samþykki Alþingis. Gott og vel, sem betur fer er það svoleiðis. Ég segi fyrir mitt leyti, sem hlynntur því t.d. að breyta ríkisbönkunum yfir í hlutafélög og selja þá, hvort svo sem það var gert á réttum tíma eða það hefði átt að gera síðar, það er annar handleggur, þá er ég hlynntur því alveg eins og ég get verið hlynntur því að taka einhverja ríkisstofnun og breyta henni í hlutafélag en ég vil ekki undir neinum kringumstæðum að hún verði seld þannig. Þá vil ég ekki eingöngu eiga það undir að meiri hluti Alþingis eða sveitarstjórnar taki sig til og geti selt það, heldur þurfi aukinn meiri hluta, meiri samstöðu um það. Það svarar öllu.

Ég tók hér dæmi ef einhverjum dytti í hug að ætla að fara að selja vatnsveitur, þá fyndist mér það eðlilegt að það þyrfti aukinn meiri hluta innan viðkomandi sveitarstjórnar til þess að selja en ekki eingöngu þann meiri hluta sem situr. Ég held að þetta svari öllu því sem þarf að svara um þetta.

[16:45]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp um breytingu á lögum um hlutafélög. Í sjálfu sér er það mjög jákvætt að vera að ræða um upplýsingaskyldu, aðgang fjölmiðla að opinberum hlutafélögum og annað. Mér finnst samt sem áður að hæstv. iðnaðarráðherra hafi ekki tekið þeirri málefnalegu gagnrýni nægjanlega vel sem hefur komið fram á frumvarpið og ekki svarað þeim spurningum sem fram hafa komið. Það hafa komið mjög góðar spurningar út í frumvarpið, t.d. hvað varðar greinina um fjölmiðla, 5. gr. Hún orðast svo:

„Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund."

Spurt hefur verið um hvað þetta þýðir og fátt hefur verið um svör. Síðan virðist vera sem farið hafi svolítið fyrir brjóstið á hæstv. iðnaðarráðherra að ýmsir hv. þingmenn hafa verið meira skotnir í öðru frumvarpi sem Samfylkingin hefur flutt. Það er eins og komið hafi upp einhver afbrýðisemi, því hæstv. fjármálaráðherra áttar sig á að það frumvarp sinnir upplýsingaskyldu eilítið betur, eða miklu betur. — Hæstv. viðskiptaráðherra, ef ég mismælti mig þá vonast ég til að hæstv. ráðherra taki því ekki illa því það var ekki illa meint. Ég ætlaði ekki að vanvirða hæstv. ráðherra með nokkru móti. — Ég verð var við að hæstv. ráðherra tekur því ekkert afskaplega vel þegar menn lýsa því að það frumvarp nái miklu betur utan um upplýsingaskylduna. Ég átta mig ekki á því hvers vegna hæstv. ráðherra er svona foj því það frumvarp nær miklu betur utan um það markmið sem fram kemur en það frumvarp sem við nú ræðum. En hættan er, ef við gerum þetta illa — við höfum því miður nýleg dæmi af því að hæstv. viðskiptaráðherra hafi farið af stað með mál sem hún hefur jafnvel misskilið. Það verður að vanda þessu vinnu í þingnefnd og taka upp ýmis ákvæði m.a. úr því frumvarpi sem verður rætt síðar í dag til að þetta frumvarp hér nái fram markmiði sínu hvað varðar upplýsingaskyldu og margt fleira.

Hvers vegna segi ég það? Jú, dæmin sanna að við þurfum að herða á þessari upplýsingagjöf. Við höfum dæmi um að upplýsingar hafi ekki borist úr opinberum hlutafélögum og vil ég nefna m.a. Landssímann. Ég ræddi í andsvari við hv. þm. Pétur H. Blöndal um það að formaður Sjálfstæðisflokksins vildi ekki greiða fyrir því að þeir sem urðu fyrir óréttmætri eða vafasamri samkeppnishindrun Landssímans, sem er í opinberri eigu, næðu fram rétti sínum. Mér fannst það miður. Það var að heyra á hv. þm. Pétri H. Blöndal að hann vildi að kerfið hefði sinn gang og það væri ekki rétt fyrir þann sem bæri pólitíska ábyrgð á fyrirtækinu að grípa þar inn í. Þó svo uppi væri staðfestur grunur um að viðkomandi fyrirtæki í eigu ríkisins væri að mylja undir sig minni fyrirtæki, þar sem þáverandi hæstv. fjármálaráðherra bar ábyrgð á, en hann mætti ekki grípa fram fyrir hendurnar á kerfinu. Kerfið yrði að hafa sinn gang. Þess vegna væri alveg sama þó svo að fyrirtæki í eigu ríkisins myldi undir sig minni fyrirtæki, jafnvel með vafasömum hætti, þá mátti eigandinn, fulltrúi okkar eigendanna, vegna þess að þetta fyrirtæki, Landssíminn, var í eigu þjóðarinnar, ekki að mati hv. þm. Péturs H. Blöndals grípa fram fyrir kerfið, þ.e. Samkeppnisstofnun. (**PHB:** Samkeppnisstofnun.) Einmitt. Ég misskildi það ekki. Það er þá alveg rétt, þingmaðurinn staðfestir þetta hérna í salnum að ég hafi skilið hann rétt.

En ég er ekki sammála því að svona eigi hlutirnir að ganga fyrir sig. Ég er einmitt á því að við eigum að gera ríkari kröfur til hlutafélaga sem eru í eigu ríkisins. (**PHB:** Láta ráðherrann stjórna þessu.) Ráðherrann stjórna þessu? Ef við tökum annað dæmi, frú forseti. Fyrirtæki eitt ætlaði að leggja niður þjónustu sem var í eigu ríkisins. Það er Íslandspóstur hf. Hann ætlaði að hætta að þjónusta íbúa við Ísafjarðardjúp að miklu leyti, eins og hann hafði gert um árabil. Ég er á því að við getum ekkert firrt þann ráðherra, hæstv. samgönguráðherra, Sturlu Böðvarsson, ábyrgð í því

máli. Við getum ekki sagt að þetta sé orðið hlutafélag og síðan geti bara forstjórinn leikið þar lausum hala og jafnvel hætt að bera út póst eða geymt hann í gámi eða hvað honum dettur í hug að gera. Það er óþolandi. Og sama er, eins og ég lít á það, með Landssímann. Þegar hann var í eigu okkar allra gat hæstv. fjármálaráðherra ekkert hummað það fram af sér og sagt að þetta væri hlutafélag og það væri síðan að mylja undir sig fyrirtæki og nota jafnvel vafasama samkeppnishætti til að mylja undir sig lítil fyrirtæki, jafnvel á Vestfjörðum. Þegar maður spurði formann Sjálfstæðisflokksins um þetta, þá kom þetta honum ekkert við, þetta væri hlutafélag. Það er vafasamt. Þetta eru fyrirtæki í eigu okkar allra og við eigum að gera ríkari kröfur til þeirra. Ég vona að hæstv. viðskiptaráðherra, ég man þetta rétt, og byggðamálaráðherra hæstv. ætti að íhuga þetta, því þetta skiptir verulegu máli.

Við höfum einnig dæmi úr orkugeiranum sem, frú forseti, hæstv. iðnaðarráðherra er mjög annt um. Þar er mikil leynd. Hún er óþolandi. Hún er óþolandi vegna þess að það orsakar að ekki ríkir traust. Þegar fólk fær rafmagnsreikninginn sinn veit það ekki fyrir hvað það er að borga. Er það að borga fyrir einhverja kerfisbreytingu eða er það að niðurgreiða til stóriðjunnar? Þegar hæstv. ráðherra er spurð út í þetta segir hún að fyrir liggi skýrsla sem eigi að ræða seinna. En það sem stendur kannski umræðu um stóriðju fyrir þrifum er leyndin. Ef maður spyr hér á Alþingi um hvernig hlutirnir ganga fyrir sig fyrir austan er snúið út úr.

Ég tel að menn ættu í rauninni að snúa þessari umræðu við og spyrja okkur: Eigum við ekki að hafa allt opið? Allar upplýsingar í þessum fyrirtækjum og líta síðan til þess hvað þurfi að loka af. Í staðinn fyrir að menn loki af allar upplýsingar og veiti síðan einhverjar sem hentar í það og það skiptið. Það hefur maður orðið var við, m.a. frá Landsvirkjun. Fólk treystir því ekki þegar spurt er t.d. út í arðsemi virkjana þegar menn eru með leynd í þessum málum. Fyrir einlægan stóriðjusinna, sem hæstv. viðskiptaráðherra er, væri miklu betra fyrir hana að hafa þetta uppi á borðinu. Vegna þess að þá ríkti meira traust. Fólk tryði því að viðskiptasjónarmið réðu að hafa álver í öllum fjörðum landsins. En það sem er að gerast núna er að fólk sér að það kostar hlutfallslega minna ef raforkan fer í álver (Gripið fram í.) en ef hún færi t.d. í skipasmíðastöð norður á Akureyri. Þá borga þeir hlutfallslega hærri orku.

Ég sé að það fer í taugarnar á hæstv. ráðherra að ég skuli minnast á þetta, vegna þess að hún hafði einhver orð um að ákveðinn stjórnmálaflokkur, Samfylkingin, hefði ekki skilning á atvinnulífinu. Ég segi fyrir mína parta að svo virðist sem hæstv. iðnaðarráðherra hafi bara skilning á einum atvinnuvegi. Þá skipta aðrir engu máli. Ég er að tala um álver. Ég sé að ráðherra vissi hvað ég var að gefa í skyn, frú forseti, og gladdist þegar ég minntist á álver. Það er náttúrlega gott að geta glatt hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.)

En það er fleira sem er vert að fara yfir. Við erum búin að fara yfir Íslandspóst, Landsvirkjun, lítillega yfir rafmagnsverðið en það er Ríkisútvarpið. Ég er á því að með þessu frumvarpi erum við að afnema, ef ég fer með rétt mál, upplýsingalög og stjórnsýslulög. Þá gilda þau ekki lengur um Ríkisútvarpið. Því það verður gert að hlutafélagi í nánustu framtíð ef Framsóknarflokknum verður að ósk sinni. Hann hefur lagt fram þetta frumvarp, að með því og síðan með frumvarpi um Ríkisútvarpið verður um hlutafélag að ræða og þá eru menn að afnema upplýsingaskyldu. Ég er á því að þetta geti verið mjög vont fyrir Ríkisútvarpið. Ég sé og heyri að núverandi útvarpsstjóri finnur því öllu til foráttu að fyrirtækið sé ekki hlutafélag. En ég er ekki viss um að hann hafi þá kynnt sér til hlítar þá möguleika sem fyrir hendi eru að fara í skipulagsbreytingar og fara í þær breytingar sem hann talar um innan þess lagaramma. Ég get ekki séð annað, og hef rætt það við lögfræðinga, en að hægt sé að fara í þær skipulagsbreytingar sem hann hefur haft orð á. Að það þurfi að vera hlutafélag til að ná fram þessum skipulagsbreytingum, ég get ekki séð annað en að það sé fyrirsláttur. Það þarf þá að koma miklu frekar fram í umræðunni.

Við urðum vitni að því nýlega að hæstv. iðnaðarráðherra tók tilsögn og áttaði sig á því og hefur fengið betri skilning á málum þegar þau hafa farið til nefndar og þegar stjórnarandstaðan hefur leiðbeint hæstv. ráðherra hvað varðar t.d. lög um rannsóknir um nýtingu á auðlindum í jörðu. Ég vonast því til að þegar við förum í nefnd með þetta ágæta frumvarp sjái hæstv. ráðherra að t.d. 5. gr. bætir nú ekkert mjög upplýsingar til almennings, að fulltrúum fjölmiðla sé heimilt að sækja aðalfundi. Hvað segir þetta? Hvaða upplýsingar eiga að koma fram? Hæstv. ráðherra hefur ekkert svarað því, frú forseti. Þetta er því innantómt og ég verð að segja eftir að hafa skoðað frumvarpið — jú, hún hefur eitthvað hugleitt þetta, hæstv. ráðherra, að setja þurfi einhverjar reglur um hlutafélög. En þetta er ekkert innihald.

Hér verður frumvarp rætt síðar í dag þar sem eitthvert innihald er og raunverulegar reglur, þó svo að hægt sé að setja út á eitt og annað, eitthvað lagatæknilegt eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal minntist á, sem sumt var kannski nánast orðhengilsháttur. En þó má segja að það hafi eitthvert innihald, þannig að almenningur fái upplýsingar um eignir sínar. Er eitthvað að því? Hvers vegna þarf að loka þær af og ráðherra sitji einn að upplýsingunum? Ekki hefur fengist nein skýring á því.

Ég vonast til að þessi umræða og ýmis mál úr fortíðinni, t.d. með Landssímann, að það var aðeins fyrir að einhver maður hafði komist í gögn í bókhaldi fyrirtækisins og sagt frá því, litli landssímamaðurinn, að upplýsingar fengust, frú forseti, úr fyrirtæki sem allir hefðu í rauninni átt að fá aðgang að. Litli landssímamaðurinn sagði okkur frá því að fyrirtækið ætti í viðskiptum við stjórnarformanninn og hann var rekinn vegna þess.

Eigum við ekki að nálgast umræðuna með því að hafa sem mest opið í okkar litla samfélagi í stað þess að loka allt af. Ég er á því, frú forseti. Ég vonast svo sannarlega til að þetta ágæta frumvarp hæstv. viðskiptaráðherra taki umtalsverðum breytingum í nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (stjórnhættir, starfskjör stjórnenda). — Þskj. 666.

og

Einkahlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 445. mál (stjórnhættir, starfskjör stjórnenda). — Þskj. 667.

[17:01]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem viðskiptaráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum og frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 138 /1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Bæði frumvörpin voru samin með hliðsjón af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem ég sem viðskiptaráðherra skipaði í janúar 2004 og skilaði áliti í september sama ár. Nefndinni var meðal annars ætlað að taka fyrir hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun í íslensku viðskiptalífi og með hvaða hætti þróa ætti reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á hluta þeirra ákvæða sem nefndin lagði til að yrði breytt í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Er tillögunum ætlað að skýra og styrkja lagaákvæði varðandi hlutverk, ábyrgð og störf stjórna, ákvörðun launakjara stjórnenda og stjórnarmanna og samskipti við hluthafa, þótt frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög gangi nokkuð skemur en frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög.

Verður nú farið yfir helstu atriði frumvarpsins til laga um breytingu á lögum um hlutafélög en vikið verður sérstaklega að ákvæðum frumvarps til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög þar sem þau eru frábrugðin.

1. Boðun hluthafafundar: Lagt er til að lágmarksfrestur stjórnar hlutafélags til að boða til hluthafafundar og leggja fram tilskilin gögn fyrir fundinn verði lengdur úr einni viku í tvær vikur. Framangreint á ekki við um einkahlutafélög.

2. Framboð til stjórnar: Lagt er til að frambjóðendur til stjórnar hlutafélaga verði skyldugir til að skila inn tilkynningu um framboð, ásamt upplýsingum um sjálfa sig, eigi síðar en fimm dögum fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags minnst tveimur dögum fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Framangreint á ekki við um einkahlutafélög.

3. Nýting atkvæðisréttar: Lagt er til að markaðsskráðum hlutafélögum verði skylt að gefa hluthöfum sínum kost á að greiða atkvæði bréflega eða rafrænt um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar. Öðrum hlutafélögum væri slíkt heimilt, þar á meðal einkahlutafélögum.

4. Rafrænir hluthafa- og stjórnarfundir og rafræn samskipti: Lagt er til að öllum hlutafélögum og einkahlutafélögum verði heimilt að halda rafræna hluthafafundi og stjórnarfundi, sem og að eiga rafræn samskipti við hluthafa sína. Í því felst meðal annars að hluthafar eiga að geta tekið þátt í hluthafafundi og greitt atkvæði rafrænt þótt þeir séu ekki á staðnum.

5. Starfskjör stjórnenda: Lagt er til að stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga sem skylt er að hafa endurskoðanda verði skylt að fá samþykki aðalfundar á starfskjarastefnu fyrir stjórnendur, þar á meðal varðandi kaupréttarsamninga, árangurstengdar greiðslur, hlunnindi, uppsagnarfrest og starfslokasamninga. Gert er ráð fyrir að starfskjarastefnan verði leiðbeinandi fyrir stjórnir en þeim verði skylt að greina frá því ef vikið er frá stefnunni og rökstyðja ástæður þess. Stefna varðandi kaupréttarsamninga á þó að vera bindandi fyrir stjórnir félaga. Starfskjarastefnuna skal ræða á aðalfundi ár hvert og upplýsa hluthafa um stefnuna eða helstu atriði hennar, sem og áætlaðan kostnað vegna kaupréttaráætlana sem samþykkja skal á fundinum. Á aðalfundi skyldi stjórn einnig gera hluthöfum grein fyrir starfskjörum þeirra stjórnenda sem hún ræður. Með tilvísun í lög um Ríkisendurskoðun gildir sama um hlutafélög sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í en ná ekki viðmiðunum laga um ársreikninga, t.d. um 50 ársverk, þ.e. þau þurfa að fylgja ákvæðum um starfskjarastefnu. Þannig eru gerðar nokkuð strangari kröfur til þeirra hlutafélaga en annarra hlutafélaga.

6. Fundir stjórnarmanna án framkvæmdastjóra: Lagt er til að skýrt verði tekið fram í hlutafélagalögum að stjórnir hlutafélaga megi funda án framkvæmdastjóra. Ekki er sambærilegt ákvæði varðandi einkahlutafélög

7. Rannsóknir á starfsemi félags: Lagt er til að hluthöfum í hlutafélögum og einkahlutafélögum verði auðveldað að fara fram á sérstaka rannsókn á starfsemi félags, og að nægilegt sé að tillaga um rannsókn hljóti fylgi hluthafa sem ráða yfir einum tíunda hlutafjárins.

8. Skaðabætur: Lagt er til að hluthafar í hlutafélögum og einkahlutafélögum, sem ráða yfir einum tíunda hlutafjár, geti höfðað skaðabótamál í nafni félags, en á eigin kostnað, gegn stofnendum, stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum, endurskoðendum og skoðunarmönnum hlutafélags, svo og matsmönnum og rannsóknarmönnum, sem taldir eru hafa valdið félaginu tjóni í störfum sínum.

Eftirfarandi umfjöllun á eingöngu við um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög:

Frá því að fyrstu frumvarpsdrög voru birt á vef viðskiptaráðuneytisins í september 2004 hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu. Gerðar voru nokkrar breytingar á ákvæðum um starfskjarastefnu í hlutafélögum svo og einkahlutafélögum samkvæmt öðru frumvarpi. Snerta þau ákvæði nú ekki aðeins stjórnendur heldur og stjórnarmenn þannig að samræmi sé með ákvæðunum að þessu leyti og tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2004/913/EB frá 14. desember 2004 um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda í markaðsskráðum félögum.

Upphaflega var miðað við það í tillögum viðskiptalífsnefndarinnar að reglurnar um starfskjarastefnu næðu til allra hlutafélaga og þeirra einkahlutafélag sem hefðu fleiri en fjóra hluthafa. Nú er gert ráð fyrir því varðandi gildissviðið að miðað verði við þau hlutafélög og einkahlutafélög

sem skylt er að hafa löggiltan endurskoðanda samkvæmt ákvæðum ársreikningalaga, þ.e. stærri félög t.d. þar sem ársverk eru minnst 50 samanber fyrrnefnt sérákvæði um hlutafélag sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í. Felld hafa verið niður ákvæði um störf stjórnarformanns í hlutafélögum og ákvæði um viðskipti við tengda aðila í hlutafélögum. Viss ákvæði í hlutafélagalögum og ársreikningalögum snerta eftir sem áður þessi atriði. Þannig eru takmarkandi ákvæði nú þegar í hlutafélagalögum, þ.e. þess efnis að framkvæmdastjórar megi ekki jafnframt vera stjórnarformenn.

Hvað snertir viðskipti við tengda aðila í hlutafélögum voru sett svipuð ákvæði um það efni í ársreikningalög síðasta vor. Hvað snertir einstakar greinar í frumvarpi til laga um hlutafélög vil ég ekki vera langorð en vil taka eftirfarandi fram:

Rökin að baki 1. gr. varðandi tilkynningu um framboð til stjórnar í hlutafélagi ásamt upplýsingum um frambjóðendur innan tiltekins frests eru þau að talið er nauðsynlegt að hluthafi geti lagt mat á hæfi frambjóðenda og tekið upplýsta ákvörðun við atkvæðagreiðslu til stjórnar, m.a. með tilliti til hagsmunatengsla frambjóðenda við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Í 2. gr. er talið rétt að kveða skýrt á um að stjórn hlutafélags geti haldið fund án framkvæmdastjóra en ekki er öruggt að svo sé nú. Jafnframt er gert ráð fyrir að unnt sé að halda stjórnarfundi með aðstoð rafrænna miðla að svo miklu leyti sem það samrýmist framkvæmd verkefna stjórnarinnar. Sérhver stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur þó krafist þess með tilliti til persónulegrar skaðabótaábyrgðar að fundurinn verði haldinn með hefðbundnum hætti. Vegna stjórnarstarfa þykir eðlilegt að hver og einn geti krafist þess að stjórnin hittist þegar mikilvæg málefni eru til umræðu.

Í 3. gr. er lagt til að í hlutafélögum sem skylt er að kjósa sér endurskoðanda samkvæmt 1.–3. mgr. 59. gr. ársreikningalaga sé skylt að setja fram starfskjarastefnu fyrir framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur félagsins svo og stjórnarmenn þess, sem samþykkt skuli á aðalfundi félagsins. Á grundvelli ársreikningalaganna mundi falla undir ákvæði um félög sem hafa hlutabréf eða skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, einnig félög þar sem ekki eru lagðar hömlur á viðskipti með eignarhluta og loks félög þar sem ákveðin stærðarmörk gildi. Nánar tiltekið skuli þau félög sem fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð, kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda: Í fyrsta lagi félög þar sem eignir nema 120 millj. kr., rekstrartekjur nema 240 millj. kr. eða fjöldi ársverka á reikningsári er 50. Tekið er tillit til tilmæla Evrópusambandsins varðandi starfskjarastefnu en gengið er nokkru lengra þar eð tilmælin taka einungis til markaðsskráðra félaga. Tilmælin eru sett fram í kjölfar hneykslismála sem komið hafa upp erlendis. Vegna óhóflegra starfskjarasamninga stjórnenda hefur þótt nauðsynlegt að bregðast við. Ýmis ríki Evrópu ráðgera að setja lagaákvæði um þessi atriði en önnur ganga skemmra. Ekki er gert ráð fyrir að í stefnumiðum komi fram efri eða neðri fjárhagsmörk fyrir grunnlaun eða kjör að öðru leyti. Gert er ráð fyrir að stefnumið séu bindandi hvað snertir umbun í formi hlutabréfa eða umbun sem byggir á verði hlutabréfa. Að öðru leyti er lagt til að stefnumiðin verði leiðbeinandi.

Félög geta í samþykktum sínum ákveðið að stefnumiðin séu bindandi um fleiri atriði en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Upplýsa þarf um starfskjarastefnu félags á aðalfundi eða helstu atriði hennar sem og áætlaðan kostnað vegna kaupréttaráætlana. Jafnframt þarf að upplýsa um raunverulega kjör, m.a. um heildarfjárhæð greiddra launa á árinu. Ef vikið er frá stefnumiðum félags þarf stjórn félagsins að rökstyðja það með formlegum hætti. Ég hef áður minnst á að gert sé ráð fyrir að starfskjarastefnuákvæðin eigi við um hlutafélög sem ríkið á helmingshlut eða meira í.

Í 4. gr. eru gerðar ítarlegar tillögur sem snerta rafræna hluthafafundi, rafræna stjórnarfundi og rafræn samskipti við hluthafa. Rétt er að setja slíkar reglur vegna tækniframfara og er byggt á danskri fyrirmynd. Um heimildarákvæði er að ræða nema hvað markaðsskráðum hlutafélögum verður gert skylt að gefa hluthöfum sínum kost á að greiða atkvæði bréflega eða rafrænt. Unnt er að halda rafræna hluthafafundi að hluta til eða öllu leyti og eru gerðar mismunandi kröfur til ákvarðana ferilsins eftir því hvort um er að ræða. Nánari reglur um framkvæmd hluthafafundar eru settar í samþykktir félags.

Ef gert er ráð fyrir að hluthafafundir verði að öllu leyti rafrænir þarf að breyta félagssamþykktum með venjulegum hætti en þar að auki er gert ráð fyrir aukinni minnihlutavernd sem felst í því að þeir sem ráða yfir minnst 25% hlutafjárins geti komið í veg fyrir að slík tillaga verði samþykkt með því að greiða atkvæði gegn henni. Gert er ráð fyrir að félagsstjórn ákveði hvaða kröfur skuli gerðar til tæknibúnaðar en fundur þarf að geta farið fram á öruggan hátt. Gert er ráð fyrir öryggisákvæðum varðandi aðgangsorð o.fl. Hlutverk fundarstjóra breytist nokkuð. Einnig getur hluthafafundur ákveðið að leggja þurfi fram spurningar innan frests sem ákveðinn skal í samþykktum.

Í 4. gr. er jafnframt gert ráð fyrir að lögfest verði heimild til að nota rafræn skjöl auk rafpósts til samskipta milli félagsins og hluthafa þess. Hér er einnig gert ráð fyrir aukinni minnihlutavernd í ákveðnum tilvikum eins og varðandi hluthafafundi. Mér þykir ekki ástæða til að gera nánari grein fyrir ákvæðunum um notkun rafrænna miðla en vísa til frumvarpsins og athugasemda við það.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir að hluthafafundur í hlutafélagi skuli boðaður með minnst tveggja vikna fyrirvara. Samkvæmt gildandi ákvæðum þarf að boða fund með minnst viku fyrirvara en í samþykktum má ákveða lengri lágmarksfrest. Eru gildandi ákvæði byggð á dönskum lögum en annars staðar í Evrópu munu frestir vera lengri. Þykir frestur gildandi laga of stuttur til að hluthafar geti kynnt sér þau mál sem taka á fyrir á fundinum. Einkum kann að reyna á þetta þegar útlendingar eiga í hlut. Þó má halda hluthafafund sem boðaður er með skemmri en einnar viku fyrirvara samkvæmt frumvarpinu ef hluthafar sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé samþykkja það fyrir fram skriflega.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir að auðveldara verði að fara fram á rannsóknir á vissum þáttum í starfsemi félags en nú er. Þannig þarf þá einungis stuðning hluthafa sem ráða yfir 10% hlutafjár til að ráðherra geti tilnefnt rannsóknarmenn í

stað 25% kröfu nú. Tilgangurinn með breytingunni er að veita stjórnendum félaga aukið aðhald og auka minnihlutavernd og möguleika minni hluthafa til að bregðast við aðstæðum sem upp kunna að koma, t.d. ef grunur leikur á að stjórn, stjórnendur eða stærri hluthafar hafi nýtt sér stöðu sína til að hagnast á kostnað félagsins eða talið er að stjórn eða stjórnendur sinni ekki skyldum sínum.

Samkvæmt 11. gr. er jafnframt gert ráð fyrir því að auðveldara verði að gera skaðabótakröfu vegna félagsins og í nafni þess. Nú þarf hluthafahóp sem ræður yfir minnst 20% af heildarhlutafé félagsins til að gera kröfu en samkvæmt frumvarpinu þyrfti helmingi minna eða 10%. Tilgangurinn er að auka minnihlutavernd og möguleika minni hluthafa til að bregðast við aðstæðum sem upp kunna að koma, t.d. til málshöfðunar gagnvart einstökum stjórnarmönnum, sem meiri hluti hluthafa heldur hlífiskildi yfir, sem taldir eru hafa nýtt sér stöðu sína til tjóns fyrir félagið.

Í 12. gr. er gert ráð fyrir nauðsynlegum breytingum á refsiákvæðum.

Í 13. gr. er fjallað um rafrænar undirskriftir.

Í 15. gr. er lagt til að ný lagaákvæði öðlist gildi 1. október 2006 en sérákvæði eru þó um markaðsskráð fyrirtæki sem skyldug verða að gefa kost á rafrænni atkvæðagreiðslu. Fá þau frest til 1. júlí 2007 til að auðvelda undirbúningsstarf sitt vegna breytinga á lögunum.

Þótt ekki sé kveðið á um það í lögunum er talið æskilegt að hlutafélög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði fari að ákvæðum um starfskjarastefnu í síðasta lagi 1. júlí 2006 í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnar EB þar að lútandi.

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem lagðar eru til í þessum frumvörpum eiga að leiða til bættra stjórnhátta fyrirtækja og miða að því að auka minnihlutavernd, bæta upplýsingagjöf til hluthafa, gera hluthöfum auðveldara um vik að hafa áhrif á stjórn hlutafélaga á hluthafafundum og að starfskjarastefna félaga sem skylt er að hafa endurskoðendur skuli samþykkt á aðalfundum. Þar er m.a. tekið á kaupréttarsamningum og starfslokagreiðslum.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessum frumvörpum verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[17:18]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem við erum með hér til umfjöllunar er jákvætt að ég held að flestu leyti til og flest þar til bóta á stjórnarháttum fyrirtækja og gagnsæi og minnihlutavernd í hlutafélögum. En mig langar samt til að spyrja iðnaðar- og viðskiptaráðherra vegna þessa frumvarps. Ég veit náttúrlega ekki hvort hæstv. ráðherra getur svarað þeirri spurningu, en ég leit svo á þegar skýrslan um viðskiptaumhverfið var gefin út að út úr henni kæmi einhvers konar trílógía, þ.e. þrenns konar lagafrumvörp: um samkeppnismál, það hefur verið flutt hér og samþykkt; um hlutafélög, það liggur hér fyrir, og svo um ársreikninga og endurskoðendur. Ég vildi spyrja viðskiptaráðherra hvort hún vissi hvað því máli liði.

Þá vildi ég líka spyrja ráðherra hvar ákvæðinu um að líf eyrissjóðir og verðbréfasjóðir verði skyldugir að gera eigendum sínum grein fyrir nýtingu atkvæðisréttar í þeim félögum sem þeir fjárfesta í, verði fyrirkomið og hvernig. Það var eitt af því sem fjallað var um í skýrslunni.

Og loks, virðulegur forseti, spyr ég um 3. gr. þar sem segir að félagsstjórn í félagi skuli samþykkja stefnumið félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Mér finnst eins og þarna sé ákveðinn hagsmunaárekstur á ferðinni, þ.e. að félagsstjórnin samþykki stefnumið varðandi sín eigin stjórnarlaun. Ég spyr af hverju þessu er fyrirkomið með þessum hætti.

[17:20]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir góð viðbrögð við þessu frumvarpi, enda held ég að það sé býsna metnaðarfullt. Hvað varðar það sem hv. þingmaður spyr um og að hún líti á tillögurnar sem komu frá viðskiptalífsnefndinni sem þríþætt mál, þá tókum við, eins og hún veit og allir vita, samkeppnislagaþáttinn fyrst og lukum honum í fyrravor. Núna koma ákvæðin sem varða hlutafélagalög og einkahlutafélagalög. Varðandi ársreikninga og endurskoðendur þá verð ég að viðurkenna að það eru lög sem heyra undir annan ráðherra og ég get ekki svarað því nákvæmlega svona fyrirvaralaust hvernig stendur með þá vinnu. En það sem hún spyr um að öðru leyti og varðar starfskjarastefnu stjórna, að stjórnarmenn væru sjálfir að ákveða eigin greiðslur, eins og ég skildi hana, þá er það mál sem borið er undir aðalfund þannig að hluthafar bera ábyrgð á því allir. Það getur verið að ég hafi misskilið hv. þingmann, það er svo margt í þessu máli. En eins og ég skildi hana var hún að fjalla um ákvarðanir sem teknar eru á aðalfundi.

[17:22]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var að spyrjast fyrir um af hverju það væri félagsstjórnar að samþykkja þetta stefnumið, af því að gert var ráð fyrir því í tillögum nefndarinnar að félagsstjórnir samþykktu ekki stefnumiðið heldur hluthafafundir. Hér er aðeins breyting frá því, það er félagsstjórnin samþykkir það, hún þarf að vísu að leggja það síðan fyrir aðalfund, ekki fyrir hluthafafund heldur aðalfund, og það er svona til viðmiðunar fremur en að það sé á nokkurn hátt bindandi. Mér finnst dálítið sérkennilegt að það sé allt í einu komið inn í lagafrumvarpið að það sé félagsstjórnin sjálf sem samþykkir stefnumiðið í stað þess að það sé hluthafafundar að samþykkja það og leggja það síðan fyrir stjórnina að framfylgja þeirri stefnu. Mér finnst það líka lykta af ákveðnum hagsmunaárekstri vegna þess að í þessari samþykkt félagsstjórnarinnar á m.a. að kveða á um laun og aðrar greiðslur til stjórnarmanna sjálfra. Mér finnst það skjóta nokkuð skökku við. Það var þetta sem ég vildi spyrja út í.

Annað sem ég vildi líka fá svar við er af hverju búið er að fella út úr frumvarpinu ákvæði um viðskipti við tengda aðila í hlutafélögum, þ.e. að skylt sé að upplýsa stjórn um öll viðskipti félagsins við tengda aðila ef viðskiptin teljist veruleg. Þetta var eitt af því sem gerð var tillaga um í

skýrslunni og hljómar, a.m.k. fyrir okkur leikmönnum, skynsamlegt og til þess fallið að auka aðhald með störfum hlutafélaga. Þetta hefur verið fellt út og ekki er gerð tillaga um það í þessu frumvarpi. Ég spyr hvernig á því standi.

[17:24]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar síðara atriðið sem hv. þingmaður nefndi þá kom ég inn á það í ræðu minni. Þannig er, eins og komið hefur fram, að þessi frumvörp hafa verið til umfjöllunar lengi og m.a. verið í opinni umræðu á netinu. Vissulega höfum við fengið ýmsar athugasemdir sem að einhverju leyti hefur verið tekið tillit til. Þetta er eitt af því sem tekið var tillit til, það komu fram miklar athugasemdir við þetta ákvæði, og er eitt af þeim atriðum sem að sjálfsögðu verður farið yfir í hv. nefnd. En niðurstaðan var sú að flytja frumvarpið eins og raun ber vitni.

Um hitt atriðið — ég held að við séum að tala um sömu hlutina, ég og hv. þingmaður — þá er það þannig að þessi ákvæði þurfa samþykkt á aðalfundi. Einhver þarf að koma fram með tillögu um hvernig þessu skuli háttað, og það gerir stjórnin, en síðan verður hún ekki að raunveruleika fyrr en aðalfundur hefur samþykkt hana. Ég held að það hljóti að vera aðalatriðið.

[17:25]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna því frumvarpi sem hæstv. viðskiptaráðherra leggur hér fram, sem byggt er á tillögum nefndar ráðherrans um stefnumótun í íslensku viðskiptaumhverfi, þó að ég hafi ýmislegt við frumvarpið að athuga, eins og fram mun koma í máli mínu á eftir.

Ég fagna sérstaklega upplýsingaskyldunni sem fram kemur í frumvarpinu og snertir starfshætti og kjör stjórnenda og ákvæði sem miða að því að bæta stöðu minni hluthafa. Það er auðvitað mjög mikilvægt, ekki síst í ljósi þeirrar fákeppni, eignatengsla og samþjöppunar sem víða er að finna í íslensku viðskiptalífi, að leikreglur séu í sífelldri endurskoðun og taki mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað, og ekki síst í ljósi gífurlegrar valda- og eignatilfærslu sem orðið hefur í samfélaginu, í íslensku viðskiptaumhverfi og fjármálalífi.

Hér á landi hefur þessi þróun m.a. komið fram í miklum kaupaukum og kaupréttarsamningum og stjarnfræðilega háum starfslokasamningum hjá forstjórum og öðrum stjórnendum í efra lagi viðskiptalífsins og skiptir það fé nú tugum og hundruðum milljóna sem komið getur í hlut hvers og eins. Gegnsæi og sýnileiki er grundvallaratriði í íslensku viðskiptalífi og sem betur fer er vaxandi skilningur á því að opinberlega sé hægt að fá vitneskju um ofurkjör stjórnenda, starfslokasamninga, kaupréttarsamninga stjórnenda fjármálafyrirtækja og hefur Kauphöllin t.d. verið til fyrirmyndar í því máli.

Ég vona, virðulegi forseti, að hæstv. viðskiptaráðherra sé hér nálæg vegna þess að ég hef fram að færa nokkrar fyrirspurnir til hæstv. ráðherra og vona að ekki verði tekið mikið af ræðutíma mínum, sem er naumt skammtaður, á meðan ég bíð eftir ráðherranum.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vil geta þess að hæstv. ráðherra tilkynnti forseta að hún þyrfti aðeins að bregða sér frá en væri væntanleg innan stundar.)

Ég hefði haldið að tala hefði átt við þá ræðumenn sem voru búnir að setja sig á mælendaskrá þegar ráðherrann þurfti að hverfa af vettvangi og ég óska eftir því að þessu máli verði frestað þar til hæstv. ráðherra kemur. Vegna þess að ræða mín lýtur að miklu leyti að því að fá fram svör frá hæstv. ráðherra og ég get ekki haldið áfram með mál mitt fyrr en hæstv. ráðherra er komin í hús aftur ef hún hefur farið úr húsi.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti mun láta kanna hvenær von er á hæstv. ráðherra.)

Ég minni forseta á að klukkan tifar hér enn þá. Hvað vill hæstv. forseti að ég geri? Ég er ósátt við að klukkan tifi á mig meðan verið er að kanna aðstæður ráðherrans.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti óskar eftir því að hv. þingmaður haldi áfram ræðu sinni á meðan verið er að kanna hvort hæstv. viðskiptaráðherra er í húsinu eða ekki.)

Ræðumaður á þar óhægt um vik þar sem ræða mín lýtur að því að fá svör frá hæstv. ráðherra og ég get þess vegna ekki haldið áfram máli mínu, virðulegi forseti.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti mun bæta hv. þingmanni upp þann tíma sem hún bíður eftir hæstv. ráðherra þar sem hún fór rétt afsíðis og von er á henni innan fárra mínútna og hv. þingmanni verður bættur upp sá tími sem fer í bið.)

Óskar þá virðulegur forseti eftir því að ræðumaður standi hér orðlaus í stólnum á meðan eða ...

(**Forseti** (ÞBack): Eða ræði áfram frumvarpið sem hér er fjallað um án þess að beina spurningu til hæstv. ráðherra.)

Virðulegi forseti. Ég hef sagt það og það hefur komið skýrt fram í máli mínu að allt sem ég er að segja beinist að ráðherranum þannig að ég get ekki haldið áfram máli mínu meðan ráðherrann er ekki hér á staðnum. Fjórar mínútur er búið að taka af tíma mínum. (**Viðskrh:** Ég fór á snyrtinguna.) Já, það er alveg afsakað að ráðherrann þurfi að bregða sér þangað þó að mér sé ekki vel við að það sé tekið af mínum ræðutíma.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að þótt ástæða sé til að fagna þessu frumvarpi, að verið sé að setja reglur um stjórnarhætti og starfskjör stjórnenda þá vekur það auðvitað sérstaka athygli að ráðherrann gengur að mörgu leyti mun skemur en tillögur nefndar um íslenskt viðskiptaumhverfi, sem skilaði áliti sínu í september 2004 og lagði þar til margvíslegar reglur til að bæta stjórnarhætti og upplýsingaskyldu stjórnenda, m.a. um starfskjör. Ráðherrann skilur eftir u.þ.b. helminginn af þeim tillögum sem nefndin lagði til um bætta stjórnarhætti í fyrirtækjum og er auðvitað nauðsynlegt að ráðherra fari skilmerkilega yfir hvaða ástæður liggi þar að baki.

Ég heyrði að hæstv. ráðherra nefndi í andsvörum sínum við hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að þetta mál hefði verið í opinni umræðu á netinu og ýmsir aðilar hefðu tjáð sig um það og þá væntanlega hagsmunaaðilar sem eiga að búa við þessi lög. Ráðherrann hefur þá tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem þar hafa komið fram og ráðherrann verður auðvitað að stíga varlega til jarðar í því að fara að

koma verulega til móts við óskir hagsmunaaðila í þessu efni. Það er jú verið að setja þessi lög, þessar leikreglur til þess að styrkja þann lagaramma sem við búum við bæði að því er varðar minnihlutaverndina og upplýsingaskyldu. Og auðvitað er það svo að þeir sem við eiga að búa vilja kannski draga úr þeirri upplýsingaskyldu eða vernd minni hluthafa. Ráðherrann verður því að skýra miklu betur en hún hefur gert hvers vegna fallið var frá ýmsum af þeim tillögum sem komu fram hjá nefndinni og ég mun fara inn á í mínu máli.

Hefur ráðherrann verið beittur óeðlilegum þrýstingi í þessu efni? Er ágreiningur á milli stjórnarflokkanna í þessu máli, vegna þess að það eru mjög mikilvægar tillögur sem nefnd viðskiptaráðherra um stefnumótun í íslensku viðskiptaumhverfi lagði til sem hæstv. ráðherra annaðhvort hefur dregið verulega úr í þessu frumvarpi frá því að nefndin lagði það fram eða hreinlega ekki fellt þær inn í frumvarpið. Þetta vil ég fá frekari umræður um.

Ég ætla því að fara yfir það sem ég tel að ráðherrann þurfi að skýra betur hvers vegna hún hefur breytt þessu frá tillögunum sem nefndin lagði til, það er ástæða til að skoða hvers vegna það hefur verið gert og efnahags- og viðskiptanefnd hlýtur að fara rækilega yfir allar tillögur frá nefndinni, sem ég held að hafi verið sérstaklega vel unnar yfir höfuð.

Fyrst er það gildissviðið. Nefnd viðskiptaráðherra lagði til að stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga með fleiri en fjóra hluthafa verði skylt að fá samþykki hluthafa á starfskjarastefnur fyrir stjórnendur, þar á meðal varðandi kaupréttarsamninga og árangurstengdar greiðslur, hlunnindi, uppsagnarfrest og starfslokasamninga. Í frumvarpi ráðherrans er miklu skemur gengið, miðað við þau hlutafélög og einkahlutafélög þar sem skylt er að hafa löggiltan endurskoðanda samkvæmt ákvæðum ársreikningalaga, þ.e. stærri félög, t.d. þar sem ársverk eru minnst 50. Gildissviðið hefur því verið þrengt verulega frá því sem nefnd viðskiptaráðherra lagði til. Það væri fróðlegt að sjá miðað við þessa breytingu sem hér er lögð til, hversu mörg félög verða undanþegin ákvæðum þessara laga eftir að ráðherrann hefur gert þær breytingar á frumvarpinu sem hún hefur gert frá því sem nefndin lagði til og ég vil gjarnan fá það fram annaðhvort í nefndinni eða hjá hæstv. ráðherra varðandi gildissviðið.

Lífeyrissjóðirnir eru undanþegnir og sparisjóðirnir ef þeim hefur ekki verið breytt í hlutafélög. Og af því að við erum að ræða hér um starfskjör og upplýsingaskyldu gagnvart þeim vil ég spyrja varðandi sparisjóðina hvort eitthvað sé á leiðinni frá ráðherra sem tryggir að þeir séu háðir sömu upplýsingaskyldum um starfskjör, starfslokasamninga og fleiri þætti sem nú er almennt viðurkennt að eigi að vera uppi á borðinu og vera gegnsæi í, og nefni ég Kauphöllina enn einu sinni til fyrirmyndar í því efni. Þarna er verið að taka ... — Ég hef fengið upplýsingar um að hæstv. ráðherra þurfi að bregða sér aðeins frá í viðtal við sjónvarpsstöð og það er alveg ósárt af minni hendi að ég fari úr ræðustól og fresti aðeins ræðu minni ef hæstv. forseti óskar þess. Það nægir mér ekki að aðstoðarmaður ráðherrans taki bara niður punkta fyrir hönd ráðherrans þannig að mér er vandi á höndum, virðulegi forseti. Ég get alveg fallist á að gefa ráðherranum þrjár, fjórar mínútur í viðtal við NFS. (**Viðskrh:** Þá verð ég bara að hætta við.)

(**Forseti** (ÞBack): Forseti gerir tíu mínútna hlé á fundinum. Það verður hlé á fundi þar til klukkuna vantar korter í sex.)

[Fundarhlé. — 17:37]

[17:47]

Jóhanna Sigurðardóttir (frh.):

Virðulegi forseti. Þegar ég gerði hlé á máli mínu var ég að spyrja hæstv. ráðherra um sparisjóðina, hvaða reglur giltu þar um gagnsæi í starfskjörum stjórnenda sparisjóðanna og hvort ráðherra ætlaði beita sér fyrir reglum um upplýsingaskyldu þeirra með sama hætti og gildir um t.d. bankana. Varðandi lífeyrissjóðina þá setti Fjármálaeftirlitið nokkuð skýrar reglur um upplýsingagjöf lífeyrissjóða í ársreikningum varðandi launakjör stjórnenda þeirra. Þar kemur fram að í ársreikningum eigi að tilgreina heildarfjárhæð launa og þóknunar til stjórnar og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðanna vegna starfa í þágu sjóðsins. Upplýsingarnar á að sérgreina á einstaka stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Það er t.d. ekki í þessu frumvarpi eftir því sem ég best fæ skilið varðandi þau ákvæði sem lúta að starfskjörum stjórnenda. Í ákvæðið varðandi lífeyrissjóðina vantar að vísu að ársfundir samþykki starfskjarastefnu fyrir stjórnendur og þar með talið starfslokasamninga. Flutti ég um það frumvarp sem lagt var fram á þinginu fyrir einum eða tveimur dögum að því er varðar lífeyrissjóðina, en út af stendur varðandi sparisjóðina og spyr ég hæstv. ráðherra um það.

Mig langar að fara í 3. gr. frumvarpsins sem ég tel að nú sé komin í allt annan búning en nefnd viðskiptaráðherra lagði til. Sú nefnd lagði til, og ætla ég að vitna orðrétt í skýrslu nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Til að tryggja hluthöfum meiri áhrif varðandi starfskjör stjórnenda leggur nefndin til að sett verði lagaákvæði um að stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga með fleiri en fjóra hluthafa verði skylt að fá samþykki hluthafafundar á starfskjarastefnu fyrir stjórnendur, þar á meðal varðandi kaupréttarsamninga, árangurstengdar greiðslur, hlunnindi, uppsagnarfrest og starfslokasamninga.“

Í frumvarpi ráðherrans segir, með leyfi forseta:

„Félagsstjórn í félagi, sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 59. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, eða hlutafélagi sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í og lýtur endurskoðun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, skal samþykkja stefnumið félagsins ....,,

Þarna stendur „skal samþykkja stefnumið félagsins“. Ég spyr ráðherra: Á hluthafafundur samkvæmt þessu ákvæði að samþykkja starfslokasamninga? Taka þeir ekki gildi fyrr en hluthafafundur er búinn að samþykkja þá? Á hluthafafundur að samþykkja kaupréttarsamninga eða einungis stefnumiðin eins og hér stendur?

Ég held áfram lestri úr 3. gr. frumvarpsins:

„... skal samþykkja stefnumið félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Í stefnumiðunum

skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjarastefnu stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Jafnframt skal koma þar fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum ...“ — Síðan er talið upp t.d. árangurstengdar greiðslur, starfslokasamningar og þess háttar.

Ég get ekki séð annað en að félagsstjórn eigi að samþykkja stefnumiðin sem leggja á fyrir aðalfund. Ég tel að hér sé miklu skemur gengið en hvað varðar þau ákvæði sem gilda um félög sem skráð eru í Kauphöllinni. Þar er meira að segja gengið svo langt að talað er um að upplýsa eigi um starfskjör einstakra stjórnenda og stjórnarmanna.

Mér finnst þetta mjög loðið ákvæði og óljóst hvað það þýðir. Getur ráðherra t.d. svarað þeirri spurningu: Felur þetta ákvæði í sér að hluthafafundur þurfi að samþykkja t.d. starfslokasamninga? Það var t.d. eitt af þeim ákvæðum sem nefnd ráðherrans lagði til að þeir tækju ekki í gildi fyrr en hluthafafundur væri búinn að samþykkja þá. Eins spyr ég hvort upplýsa eigi um starfskjör einstakra stjórnenda og stjórnarmanna og hvort leggja þurfi það fyrir hluthafafund. Þetta er allt saman mjög óljóst og þarf að fara mjög vel yfir í efnahags- og viðskiptanefnd.

Síðan spyr ég: Hvaða áhrif hefur það ef frumvarpið sem við erum að ræða gengur skemur en reglur Kauphallarinnar? Kauphöllin er með ákveðnar reglur. Verður Kauphöllin að breyta reglum sínum, draga úr þeim ef lögin ganga skemur en reglur Kauphallarinnar? Mér er ekki alveg ljóst hvort svo sé, en það er full ástæða til að skoða það. Ég spyr hvort þessi ákvæði nái líka til endurskoðenda hlutafélaganna. Það er í lögunum um Kauphöllina að ákvæðin ná til endurskoðenda líka. Ég spyr hæstv. ráðherra um það.

Í reglum Kauphallarinnar segir, með leyfi forseta:

„Upplýsingar um laun, greiðslur og hvers konar hlunnindi frá félagi á undangengnu fjárhagsári til einstakra stjórnarmanna og æðsta stjórnanda sérstaklega.“

Þetta eru upplýsingar sem tilgreina á í ársreikningi. Ég spyr: Verður þetta með sama hætti að því er varðar þær breytingar sem verið er að gera á hlutafélögunum varðandi starfskjör stjórnenda. Þetta tel ég mikilvægt að fá fram.

Síðan er rétt að ég fari yfir það, virðulegi forseti, sem ráðherrann tekur út úr sínu frumvarpi en var í tillögum nefndar viðskiptaráðherra. Af hverju, og ég bið ráðherrann að rökstyðja það, var ástæða til að taka út: „... skylt verði að upplýsa stjórn um öll viðskipti félagsins við tengda aðila ef viðskiptin teljast veruleg. Þá er einnig lagt til að stjórn verði gert skylt að gera grein fyrir öllum slíkum viðskiptum sem farið hafa fram á árinu á aðalfundi félagsins.“

Virðulegi forseti. Mér dugar ekki að ráðherra segi bara að komið hafi fram athugasemdir frá einstaka aðilum, kannski hagsmunaaðilum, um að taka þetta út. Það þurfa að vera gild rök fyrir því hjá ráðherra að taka út svo mikilvæga tillögu frá nefnd ráðherrans.

Ég spyr líka: Af hverju var ástæða til að taka út það sem nefndin lagði til: „að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem féllu undir eðlileg störf stjórnarformanns.“ Af hverju var ástæða til að taka þetta út?

Ég spyr um nokkrar mikilvægar tillögur í viðbót. Þær eru einar 10 eða 11 sem ráðherra hefur ekki treyst sér til að taka upp frá nefndinni.

Í fyrsta lagi: „Nefndin mælir með því að í starfsreglum stjórna hlutafélaga og einkahlutafélaga skuli tekin afstaða til þess hvort þörf sé á því að skipa sérstakar undirnefndir, t.d. til að fylgjast með, fjalla um og gera tillögur varðandi innra eftirlit, bókhald og endurskoðun, kjaramál æðstu stjórnenda, tilnefningar í stjórn og stjórnhætti félagsins.“ Af hverju er þessi mikilvæga tillaga felld út hér?

Ég nefni líka: „Nefndin mælir með því að löggjöf um yfirtökur og yfirtökutilboð verði endurskoðuð sem fyrst til að tryggja jafna meðferð hluthafa í yfirtökum og aukna vernd fyrir eigendur minni hluta hlutafjár.“ Er þetta í athugun hjá hæstv. ráðherra sem mælt er með varðandi löggjöf um yfirtöku og yfirtökutilboð?

Ég spyr líka um það sem nefndin leggur hér til: „Nefndin telur tímabært að lagt verði í vinnu við að skoða laga- og rekstrarumhverfi annarra fyrirtækja- og félagaforma. Sérstaklega virðist í mörgum tilfellum ástæða til að huga sérstaklega að því hverjir eiga eigið fé þessara fyrirtækja og hvort og þá hvernig þeir geta framselt þá kröfu.“

Ég fer fram á að ráðherrann rökstyðji af hverju hún hefur fellt út mörg mikilvæg ákvæði sem nefnd viðskiptaráðherra lagði til. Ég fagna því sem fram kemur í frumvarpinu að heimilt sé að höfða skaðabótamál, sem er ákveðin vernd fyrir minni hlutann, og einnig ef ástæða er til og ákveðinn hluti hluthafa minni hluta telur rétt að fram fari sérstaklega rannsókn á ákveðnum málum að það sé þá heimilt samkvæmt þessu.

Það eru nokkur atriði sem ég hefði viljað spyrja ráðherrann að líka sem snerta leikreglur á viðskiptamarkaðnum og fjármálamarkaðnum. Ég spyr ráðherra hvort verið sé að skoða það sem ráðherrann lofaði að huga að, þ.e. að takmarka þann tíma sem viðskiptabankar geta átt eignarhluti í óskiptum fyrirtækjarekstri. Það er nefnilega ástæða til að taka upp verðbréfalöggjöfina líka. Ég er einmitt með það í skoðun og mun væntanlega verða lagt fram frumvarp það að lútandi á næstu dögum, t.d. um þann þátt sem ég nefni hér. Í því sambandi vil ég nefna það sem ráðherra sagði fyrr á þessu þingi í fyrirspurn sem ég var með til ráðherrans. Ég hef gert athugasemdir við, og kalla það spillta fjármálagjörninga, kaup stjórnenda fjármálafyrirtækja á hlutabréfum í fjármálafyrirtækjum sem þeir vinna hjá og þau eru orðin algeng. Þar hafa viðgengist viðskiptahættir sem benda til siðlausra fjármálagjörninga, eins og þegar lykilstjórnendur í fjármálastofnunum kaupa hlutabréf í eigin banka, eiga þau í stuttan tíma og græða svo hundruð milljóna á sölu þeirra. Ofan á það bætist síðan að stjórnendur telja sig ekki hafa neinar skyldur að upplýsa hvernig þessi hlutabréfakaup eru fjármögnuð og hvort stofnanir sem þeir vinna hjá láni fyrir hlutabréfakaupunum og á hvaða kjörum. Ég spurði ráðherra um þetta og þó að ráðherrann vildi ekki banna lánveitingar til stjórnenda og stjórnarmanna úr því fjármálafyrirtæki sem þeir starfa hjá, vildi hún endurskoða hvort núgildandi ákvæði gætu talist fullnægjandi, sem kveða á um að lán til framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja séu háð samþykki stjórnar.

Um slík viðskipti eru ákvæði t.d. hjá Kauphöllinni sem

ástæða væri til að skoða. Eru þau undir kaflanum um óvenjuleg viðskipti:. „Þá ber að upplýsa um fjárhæðir lána, svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar, sem veitt hafa verið þeim sem getið er í lið 2.5.2 eða nátengdum aðilum sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála.“ Það er mjög skynsamlegt að hafa þetta ákvæði inni og á auðvitað að gilda um aðrar lánastofnanir einnig og ætti vel heima í þessum lögum eða a.m.k. lögum um verðbréfaviðskipti.

Ég vil líka spyrja ráðherrann hvort hún telji ástæðu til að takmarka þann tíma sem viðskiptabankar geta átt eignarhlut í óskyldu fyrirtæki eða rekstri. Ég spurði ráðherrann um þetta fyrir einu eða tveimur árum síðan og þá taldi hún ekki ástæðu til að skoða það á þeirri stundu en vildi sjá hvernig málin þróuðust. Og ég spyr hæstv. ráðherra hér í lokin hvort einhver breyting sé á afstöðu ráðherra til þess að takmarka þann tíma sem viðskiptabankar geta átt eignarhlut í óskyldum fyrirtækjarekstri. Allt snertir þetta bættar leikreglur á fjármálamarkaðnum og að bæta viðskiptaumhverfið og þess vegna vildi ég fá svör ráðherrans við því við þessa umræðu.

[18:00]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér tvö frumvörp, um hlutafélög og einkahlutafélög, sem byggjast á tillögum nefndar sem ráðherra skipaði um þau atriði sem frumvörpin fjalla um. Ég tel að þessi frumvörp séu mjög til bóta. Það er nefnilega þannig, öndvert við það sem sumir halda, að atvinnulífið gengur út á heiðarleika og skilvirkar reglur svo menn viti hvað er rétt og hvað er rangt og að eftirlit og annað slíkt sé hratt og að góðs siðferðis sé gætt í hvívetna. Það er mjög mikilvægt fyrir atvinnulífið að fá einmitt reglur af því tagi sem hér er verið að ræða um, að upplýst sé um t.d. stöðu þeirra sem bjóða sig fram til stjórnar eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég get tekið undir nánast allt hér nema það að ég set ákveðinn fyrirvara við að stjórnarmenn séu að taka ákvörðun um eigin kjör í þessum tillögum. Það má að sjálfsögðu ræða í hv. efnahags- og viðskiptanefnd, sem fær þetta mál til umsagnar, hvort stefnumiðin skuli innifela stjórnarmennina sjálfa sem semja þau, en þau þurfa að sjálfsögðu að fást samþykkt á aðalfundi. Síðan er kannski spurningin um það hvernig það ferli er þegar stefnumiðin eru lögð fyrir aðalfund, hvort einstakir hluthafar hafa þá breytingarrétt eða tillögurétt um breytingar á stefnumiðunum á aðalfundinum þannig að þetta sé nú virkt.

Svo er það spurningin um hvort upplýst sé um þau kjör sem greidd hafa verið á liðnu ári fyrir aðalfundinn þannig að þetta sé bæði stefnumið fram í tímann og síðan skýrsla um hvernig til tókst.

Þær tillögur sem hér eru lagðar til eru allar til mikilla bóta, það er t.d. verið að tryggja hag minni hluthafa með því að draga úr nauðsynlegum fjölda þeirra sem geta óskað eftir ýmsum breytingum og athugasemdum úr 1/4 í 1/10. Ég fagna því þessu frumvarpi að öllu leyti.

Ég rak augun í eitt atriði, frú forseti, og það er ákvæðið um starfslokasamninga. Ég hef aldrei skilið það fyrirbæri. Ég skil alveg að menn borgi mönnum fyrir að taka til starfa og vinna en ég hef aldrei skilið að mönnum sé borgað fyrir að hætta störfum hjá fyrirtæki. Þeir starfslokasamningar sem maður heyrir af eru yfirleitt fullnæging á kröfum sem menn hafa áunnið sér í starfi og eru kallaðir starfslokasamningar, t.d. þegar lífeyrisréttur er greiddur út, uppsagnarfrestur er greiddur út eða eitthvað slíkt. Það mundi ég ekki kalla starfslokasamninga heldur er einungis verið að fullnægja ráðningarsamningi. Ég mundi því vilja skoða þetta ákvæði um starfslokasamningana í hv. nefnd.

Að öðru leyti held ég að þetta sé mjög til bóta og ég reikna með því að nefndin muni fara í gegnum það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi hér um frávik frá tillögum nefndarinnar sem skipuð var, sem mér sýnast nú ekki stórvægileg en það er sjálfsagt að skoða þau. Það varðar t.d. það hvaða félög eigi að gera samninga eða áætlanir af þessu tagi. Það er eitthvað veikara í frumvarpinu en í tillögum nefndarinnar en það á sér örugglega eðlilegar skýringar. Það er spurning hvað þetta á að vera víðtækt.

Hvað samspilið við Kauphöllina snertir þá reikna ég með að þau skilyrði sem hér eru sett séu eins og alltaf lágmarksskilyrði. Menn geta sett strangari skilyrði, t.d. um þá sem vilja skráningu í Kauphöll — að þar séu sett viðbótarskilyrði sem menn þurfi að uppfylla til að fá þar skráningu.

Ég vil endurtaka það að ég fagna þessu frumvarpi, það er mjög til bóta. Það mun væntanlega verða til þess að skýra marga hluti, senda skilaboð út í atvinnulífið um hvað er rétt og rangt í viðskiptalífinu. Ég endurtek það að viðskiptalífið byggist að miklu leyti á heiðarleika.

[18:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir ágætisathugasemdir frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og ég tala nú ekki um formanni efnahags- og viðskiptanefndar fyrir að hafa tekið til máls hér.

Að sjálfsögðu þarf að fara vel yfir þetta mál í hv. efnahags- og viðskiptanefnd og þar verður farið yfir rökstuðning sem snýr að því hvers vegna frumvarpið er ekki nákvæmlega það sem kom út úr viðskiptalífsnefndinni. Það er rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að ekki er tekið á öllum þeim atriðum sem þar voru sett fram. Það á allt sínar skýringar að mínu mati. Ég tel að við höfum farið bil beggja og því hafi vissulega komið fram athugasemdir við ákveðna þætti. Það er ekki þar með sagt að tekið hafi verið tillit til þess alls.

Það er þó eitt atriði sem ég vil byrja á að ræða og varðar líka fyrirspurn frá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Ég vil, með leyfi forseta, endurtaka hluta úr ræðunni sem ég flutti áðan:

„Felld hafa verið niður ákvæði um störf stjórnarformanns í hlutafélögum og ákvæði um viðskipti við tengda aðila í hlutafélögum. Viss ákvæði í hlutafélagalögum og ásetningarlögum snerta eftir sem áður þessi atriði. Þannig eru takmarkandi ákvæði nú þegar í hlutafélagalögum, þ.e. þess efnis að framkvæmdastjórar megi ekki jafnframt vera stjórnarformenn.

Hvað snertir viðskipti við tengda aðila í hlutafélögum voru sett svipuð ákvæði um það efni í ársreikningalög síðasta vor.“

Svipuð ákvæði voru sem sagt sett í ársreikningalög. Þetta er eitt af því sem hv. nefnd getur skoðað frekar.

Síðan var það ákvæði í 3. gr. sem hv. þingmaður talar um og varðar leiðbeinandi ákvæði eða ekki, sum eru sem sagt bindandi fyrir félagastjórn eins og kemur fram í textanum. En ég held að þetta sé eitt af því sem þarf bara að skoða frekar í nefndinni. En hluthafafundur þarf að samþykkja svokallaða starfslokasamninga eins og þar kemur fram.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal, að auðvitað setur Kauphöllin sér strangar reglur og þau félög sem þar eru skráð þurfa að lúta þeim. Þau ganga í ýmsum tilfellum lengra en hér er kveðið á um og þá að sjálfsögðu gilda þær reglur.

Síðan spurði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir um sparisjóðina og kannski var ég svolítið á hlaupum og áttaði mig ekki alveg nógu vel á því. Ég get einungis sagt að ekkert frumvarp er í undirbúningi um sparisjóðina núna, en það er sem sagt aðeins óljóst í mínum huga hvað það var sérstaklega sem hv. þingmaður var að leita eftir í því sambandi. (**JóhS:** Upplýsa um kjörin hjá sparisjóðunum.) Já, það er náttúrlega eitt af því sem kemur ekki inn á þetta.

Ég er sem sagt stolt af því að hafa lagt þetta frumvarp hér fram og þó fyrr hefði verið og vonast til þess að það eigi greiða leið í gegnum þingið. Að sjálfsögðu er þetta víðtækt og tekur á ákaflega mörgum þáttum sem varða viðskiptalífið. En þó að undirbúningurinn hafi, að mínu mati, allur verið mjög faglegur og nákvæmur og allt sem þarna er sett fram vel úthugsað veit ég að nefndin þarf að gefa sér allgóðan tíma til þess að fara yfir málið.

[18:09]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. ráðherra skautar hér á mikilli hraðferð í svörum sínum við þeim fyrirspurnum sem hér hafa verið bornar fram. Ég geri mér ekki miklar vonir um að fá frekari svör frá henni þannig að við verðum að taka þetta upp í nefndinni og fara yfir það lið fyrir lið af hverju ekki voru teknar upp þær tillögur sem nefnd ráðherrans lagði til.

Þriðja greinin er að mörgu leyti lykilgrein í þessu og ég held að þar sé verið að draga verulega úr því sem nefndin lagði til í sínum tillögum, sem eru mjög skýrar, að hluthafa verði skylt að fá samþykkt hluthafafundar og starfskjarastefnu fyrir stjórnendur, þar á meðal varðandi kaupréttarsamninga, árangurstengdar greiðslur, hlunnindi, uppsagnarfrest og starfslokasamninga. Þetta stendur ekki í 3. gr. frumvarpsins. Talað er um að það eigi að samþykkja stefnumið og þau stefnumið á að samþykkja á aðalfundi félagsins. Ráðherra sagði að vísu hér úr ræðustól að hluthafafundur ætti að samþykkja starfslokasamninga. Þá liggur það fyrir og þá skulum við bara skrifa það berum orðum inn í frumvarpið þannig að það fari ekki á milli mála.

Varðandi sparisjóðina þá standa þeir kannski einir eftir, þeir einu sem ekki þurfa að upplýsa um kjör, starfslokasamninga og hlunnindagreiðslur, eins og verið er að reyna að koma á með frumvarpinu — sem við hljótum þá að þurfa að betrumbæta — og eins og gert er varðandi skráð félög í Kauphöllinni. Ég spurði ráðherrann að því hvort hún mundi leggja fram frumvarp varðandi sparisjóðina þess efnis að þeir þurfi að upplýsa með sama hætti um kjör stjórnenda og stjórna hjá sér. Ég held að það sé mikilvægt að fá það fram.

Ég spurði ráðherrann einnig um ýmislegt annað sem snertir verðbréfamarkaðinn sem við hefðum nú átt að gefa okkur tíma í að ræða hér, en hæstv. ráðherra vill greinilega ekki ræða. Ætti ekki að setja ákvæði um lánafyrirgreiðslur til stjórnenda, þegar þeir eru að kaupa hlutabréf í eigin fjármálastofnun, alveg eins og er t.d. varðandi félög í Kauphöllinni. Ég spurði líka hvort ekki væri rétt að takmarka þann tíma sem viðskiptabankar geta átt eignarhlut í óskyldum fyrirtækjarekstri og hæstv. ráðherra sá enga ástæðu til að (Forseti hringir.) svara því frekar. Það er því erfitt að eiga orðastað við hæstv. ráðherra.

[18:11]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður tekur nú oft og tíðum dálítið mörg mál upp og fer kannski aðeins út fyrir það málefni sem er til umfjöllunar hverju sinni. (Gripið fram í.) En ég dáist mjög að þekkingu hennar á þessu sviði og efast ekki um einlægni hvað það varðar að þarna séu lög og reglur í lagi.

Það er svo sem ýmislegt verið að vinna í viðskiptaráðuneytinu og ýmis frumvörp í undirbúningi sem ég tel ekki ástæðu til þess að fara frekar út í hér. Það gefst þá tími til þess síðar að fjalla frekar um ýmislegt annað sem varðar markaðinn. Ég vil hins vegar segja það hreint út og sagði það reyndar hér áðan að við erum ekki með í undirbúningi neitt frumvarp sem varðar sparisjóðina að þessu sinni — sem er eiginlega frétt út af fyrir sig því að við höfum verið með mörg frumvörp um sparisjóðina. Ég horfi hér á hv. þm. Pétur Blöndal, ég sé að hann er mjög leiður að heyra að ekki skuli neitt vera á ferðinni um sparisjóðina en þannig er það nú.

Ég ítreka að tækifæri gefst til þess í hv. nefnd að fara miklu nánar yfir það hvers vegna frumvarpið er ekki nákvæmlega það sem kom út úr viðskiptalífsnefndinni. En ég segi það eitt að ég er mjög stolt og sátt við frumvarpið eins og það lítur út núna.

[18:13]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er engu nær um það hvort hæstv. ráðherra telur að það eigi að setja lög um sparisjóðina að því er varðar starfskjör stjórnenda. Ekkert slíkt er á döfinni, segir ráðherra, en hefur hún skoðun á því hvort það eigi að setja slík ákvæði inn í löggjöfina um sparisjóðina? Það er mikilvægt að fá það fram að þetta séu þá einu lánastofnanirnar sem standa eftir þar sem ekki þarf að upplýsa um kjör stjórnenda. (**Viðskrh.:** Ég þori ekki að opna á sparisjóðabreytingar.) Hæstv. ráðherra er alveg óhætt að gera það, það getur vel verið að við þingmenn þurfum þá að taka okkur til og skoða það fyrst ráðherrann ætlar að heykjast á því að þeir hafi sömu upplýsingaskyldu og aðrar lánastofnanir sem ég tel auðvitað ófært.

Mér finnst líka vont að geta ekki átt orðastað við ráðherrann um nokkur atriði sem snerta fjármálamarkaðinn og

viðskiptalífið, það er jú það sem við erum að ræða hér. Ég spurði t.d. um það sem Kauphöllin kallar eftir hjá skráðum félögum, eins og lánafyrirgreiðslu stjórnenda lánastofnana og bankastofnana, sem eru að selja sjálfum sér hlutabréf og fá til þess lán og enginn veit á hvaða kjörum — eða hvort lánastofnun á yfirleitt að vera heimilt að lána til stjórnenda til þess að þeir geti keypt hlutabréf sem þeir græða á kannski á mjög stuttum tíma svo hundruðum milljóna skiptir. Við þekkjum a.m.k. tvö nýleg dæmi um það og hæstv. ráðherra sagði hér í umræðu við mig ekki fyrir löngu að hún vildi skoða hvort það ætti að herða ákvæði í löggjöf þar að lútandi. Hæstv. ráðherra skautar alltaf fram hjá því hér þó að ég spyrji aftur og aftur hvort hún sé eitthvað að láta skoða það. Enda er það svo að ég er sest sjálf niður við að smíða frumvarp um þessa og aðra þætti sem er nauðsynlegt að ná fram til þess að hér séu eðlilegar leikreglur á fjármálamarkaðnum, til þess að tryggja betri minnihlutavernd, t.d. í stjórnun bankastofnana. (Forseti hringir.) Mér þykir það miður, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra komi sér hjá því aftur og aftur að svara spurningum mínum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 461. mál (EES-reglur, upplýsingaákvæði). — Þskj. 688.

og

Einkahlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 462. mál (EES-reglur, upplýsingaákvæði). — Þskj. 689.

[18:16]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem viðskiptaráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, og frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum. Hér er um upplýsingaákvæði að ræða.

Framangreind frumvörp sem bæði eru samin í viðskiptaráðuneytinu eru byggð á ákvæðum um skyldu til upplýsingagjafar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er snertir birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð. Nánar tiltekið er um það að ræða í tilskipuninni að ríkið skuli kveða á um að tilteknar lágmarksupplýsingar skuli birta á vefsíðu hlutafélaga, þar á meðal samlagshlutafélaga, og einkahlutafélaga. Að mestu leyti byggist framangreind tilskipun, sem varðar breytingar á 1. félagaréttartilskipuninni frá 1968, á rafrænni skráningu upplýsinga í hlutafélagaskrá. Fjármálaráðherra ber ábyrgð á skráningarákvæðum laga um hlutafélög og einkahlutafélög og er gert ráð fyrir að hann leggi fram sérstök frumvörp um það efni.

Í báðum frumvörpunum er gert ráð fyrir að nýr málsliður bætist við á grundvelli tilskipunarinnar þannig að tilteknar upplýsingar um hlutafélög, einkahlutafélög og útibú þeirra, þ.e. heiti, kennitölu, heimilisfang, skráningarnúmer og jafnvel hlutafé, skuli ekki aðeins greina á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum heldur einnig á heimasíðu félags, sbr. 8. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög og 7. mgr. 1. gr. laga um einkahlutafélög. Jafnframt er gert ráð fyrir að sama gildi um upplýsingar um gjaldþrotaskipti eða félagsslitameðferð ef um slíkt er að ræða. Þá eru gerðar nauðsynlegar breytingar á refsiákvæðum.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessum frumvörpum verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 436. mál (opinber hlutafélög). — Þskj. 657.

[18:18]

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta frumvarp þar sem það hefur komið allnokkuð til umræðu hér í þingsalnum í dag í tengslum við frumvarp viðskiptaráðherra um sama efni, þ.e. bæði þessi frumvörp fela í sér breytingu á lögum um hlutafélög og gera ráð fyrir því að til verði ákvæði í hlutafélagalögunum um opinber hlutafélög. Það er eiginlega kannski það eina sem þessi frumvörp eiga þó sameiginlegt og í mörgum veigamiklum atriðum greinir frumvörpin á.

Ég fór nokkuð yfir það fyrr í þingsalnum í dag hver helsti munurinn er á þessum tveimur frumvörpum og þarf í sjálfu sér ekki að endurtaka það, virðulegur forseti, og vil því til þess að liðka hér fyrir þingstörfum leggja til að þessu frumvarpi verði ásamt með frumvarpi viðskiptaráðherra vísað inn í nefnd, sem væntanlega er efnahags- og viðskiptanefnd, og þaðan verði það sent til umsagnar samhliða því frumvarpi og til umfjöllunar á sama tíma í nefndinni þannig að hægt sé að skoða þessi tvö frumvörp samhliða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 1. umr.

Stjfrv., 463. mál (grafískir hönnuðir). — Þskj. 690.

[18:20]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem iðnaðarráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Lagafrumvarp þetta, sem samið er í iðnaðarráðuneytinu, miðar að því að löggilda starfsheiti grafískra hönnuða með

því að bæta þeim við í upptalningu í fyrrnefndum lögum, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum. Frumkvæði að samningu frumvarpsins kom frá Félagi íslenskra teiknara (FÍT) sem er fagfélag grafískra hönnuða og myndskreyta en einnig einstaklingum sem vilja efla íslenska hönnun og auka þar með verðmæti íslenskrar framleiðslu, svo og bæta auglýsingamenningu í landinu.

Verkefni grafískra hönnuða eru mjög fjölbreytt, þ.e. umbúðir, vöru- og firmamerki, peningaseðlar, frímerki, auglýsingar og margt fleira. Talið er æskilegt að greina með löggildingu starfsheitisins grafískur hönnuður á milli þeirra sem hafa enga eða litla menntun í grafískri hönnun en kalla sig þó grafíska hönnuði og hinna sem hafa langa háskólamenntun eða menntun á háskólastigi að baki. Koma neytendasjónarmið m.a. hér við sögu, bæði gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum.

Hvað nám snertir hafa iðnskólar og tölvuskólar á Íslandi að undanförnu boðið upp á námskeið í grafískri hönnun eins og auglýst er í námskrá þessara skóla. Grafísk hönnun er þar aðeins sem sérhæfð námskeið eða undirbúningsnám fyrir framhaldsnám á háskólastigi í greininni. Það framhaldsnám er aðeins boðið upp á í Listaháskóla Íslands og Myndlistaskólanum á Akureyri og síðan í erlendum listaháskólum. Margmiðlunarnám er orðinn vinsæll kostur en þar er þó um að ræða tölvunám sem lagt er stund á í tvö til tvö og hálft ár. Fellur það nám undir tölvumiðlun en ekki listrænar hugmyndagreinar eins og þegar um grafíska hönnun er að ræða. Stutt námskeið í grafískri hönnun sem tekur frá þremur mánuðum til eins árs jafngildir alls ekki því viðamikla námi sem grafískur hönnuður nemur á þremur námsárum í háskóla og hann er síðan krafinn um sem sérfræðingur í atvinnulífinu þar sem vinna þarf samkvæmt ýmsum lögum og reglum.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að þeir einstaklingar sem útskrifast hafa sem grafískir hönnuðir úr Listaháskóla Íslands, þar áður frá Myndlista- og handíðaskólanum og frá 1995 úr Myndlistaskólanum á Akureyri teljist hafa réttindi til starfsheitisins grafískur hönnuður á grundvelli sambærilegs náms. Eru þetta um 400 einstaklingar. Ekki er gert ráð fyrir því að þeir þurfi að sækja um löggildinu starfsheitis til ráðuneytis og heldur ekki að þeir eigi heimtingu á löggildingarskjali þar eð um sjálfkrafa löggildingu yrði að ræða fyrir þá á grundvelli laganna.

Gert er ráð fyrir að Félag íslenskra teiknara (FÍT) í samstarfi við Félag grafískra teiknara (FGT) verði umsagnaraðili um erindi þegar menn hafa ekki sjálfkrafa rétt á grundvelli laganna til að bera starfsheitið grafískur hönnuður. Mun félagið setja sér reglur um lágmarksnám vegna starfsheitisins í samvinnu við iðnaðarráðuneytið.

Verði frumvarpið að lögum leiðir það til þess að þeir sem hafa enga menntun í grafískri hönnun eða minni menntun en gert er ráð fyrir til löggildingar á starfsheitinu grafískur hönnuður verði að nota önnur nöfn en grafískur hönnuður. Um ýmsa kosti er því að ræða fyrir þessa aðila varðandi val á starfsheiti.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Ég mælist til þess, hæstv. forseti, að þessu frumvarpi verði vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útvarpslög o.fl., 1. umr.

Frv. PHB og BÁ, 54. mál (stofnun hlutafélags, útvarpsgjald o.fl.). — Þskj. 54.

[18:25]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á útvarpslögum, lögum um tekjuskatt og eignarskatt og brottfall laga um Ríkisútvarpið. Meðflytjandi með mér er hv. þm. Birgir Ármannsson.

Ég verð að gera athugasemd við stjórn þingsins í fyrsta lagi við það að þetta frumvarp skuli ekki hafa verið rætt ásamt með frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra svipaðs efnis (**Gripið fram í:** Fórstu fram á það?) — Já, ég fór fram á það og fékk ekki — sem fjallar um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag, nákvæmlega eins og þetta frumvarp, reyndar með aðra tekjustofna en þetta frumvarp gerir ráð fyrir og að mínu mati lakari og með því ákvæði að selja ekki Ríkisútvarpið á meðan þetta frumvarp gengur út á það að selja Ríkisútvarpið hf.

Síðan vil ég líka gera athugasemd við það að mér skilst þetta sé í sjötta skipti sem þetta frumvarp er á dagskrá þingsins án þess að koma til umræðu og það er dálítið leiðigjarnt að bíða eftir því að það fáist rætt.

Frumvarpið gengur út á það í megindráttum að stofnað verði hlutafélag um Ríkisútvarpið. Útvarpsgjaldið hið óvinsæla verði aflagt og í staðinn verði persónuafsláttur lækkaður, sem er afskaplega einföld og gjörsamlega kostnaðarlaus innheimta og (Gripið fram í.) — það er hvort sem er persónukostnaður á einstaklinga með nýja frumvarpinu — að útvarpsráð fái fjárveitingar en stundi ekki rekstur. Síðan er líka meginatriði að starfsmenn RÚV, sem eru að sjálfsögðu meginuppistaða í verðmæti fyrirtækisins, fái ákveðinn forkaupsrétt að hlutafénu.

Rökin fyrir frumvarpinu eru þau að eins og menn hafa uppgötvað á ríkisrekstur ekki við í samkeppnisrekstri og oft á tíðum losnar um miklar hömlur þegar ríkisrekstri er hætt. Ég hygg að eftir svona 10, 15 ár og kannski ekki svo langan tíma, muni menn furða sig á þeirri hugsun að það þurfi opinbera starfsmenn til að flytja fréttir og annað dægurefni. Nákvæmlega eins og menn furða sig á því að einhver skuli hafa verið haldinn þeirri hugsun fyrir tíu árum að það þyrfti opinbera starfsmenn til að afhenda peninga yfir kassa í banka. Nú þykir það svo sjálfsagt að bankastarfsemi sé í höndum einkaaðila að ég held að það detti ekki nokkrum einasta manni í hug að hverfa aftur til ríkisrekstrar á því sviði eins og svo mörgum öðrum sviðum. Einu sinni sá ríkið um strandferðasiglingar og alls konar hluti, prentun o.s.frv., allt hlutir sem mönnum finnst í dag vera fráleitir sem hlutverk ríkisins. Ég hygg að eftir einhvern tíma muni menn nákvæmlega eins telja það fráleita hugsun að ríkisvaldið sé að standa í fjölmiðlarekstri og fréttamennsku og

slíku, sérstaklega þar sem ríkisvaldið er í eðli sínu alltaf pólitískt og er stjórnað héðan úr Alþingi. Ríkisstjórnir eru pólitískar og Alþingi er að sjálfsögðu pólitískt og þar af leiðandi verður ríkisútvarp alltaf pólitískt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjurnar skerðist ekki, þ.e. að þær tekjur sem renna í dag til Ríkisútvarpsins verði óskertar og að útvarpsráð starfi áfram en hafi enga stofnun til að framkvæma fyrir sig heldur bjóði alla dagskrána út, hvort sem það er gerð kvikmynda eða skemmtiefnis fyrir börn, fræðsluefni eða fréttir, að þetta verði allt boðið út og allar útvarps- og sjónvarpsstöðvar og leikhús í landinu geti boðið í slík verkefni, þar á meðal Ríkisútvarpið hf. Það njóti reyndar ákveðins forgangs fyrstu þrjú árin til slíkrar dagskrárgerðar og dreifingar hennar og útsendingar en eftir það yrði það að sætta sig við samkeppni og ég efast ekki um, frú forseti, að starfsmenn Ríkisútvarpsins og Ríkisútvarpið hf. muni standa sig í þeirri samkeppni. Það hefur sýnt ákaflega góða takta undanfarna sjö áratugi þó að það hafi verið í eigu ríkisins. Ég reikna með að ef félagið yrði einkavætt losni þar um krafta nákvæmlega eins og á fjármálamarkaðnum, launin hækki og umsvifin vaxi hjá öllum á þessum markaði.

Engar kröfur eru gerðar um það á vegum útvarpsráðs hvort dagskráin sé læst eða ekki. Ljóst er að ef dagskrá er send út læst eru menn tilbúnir til að borga meira eða sætta sig við minni kostnað af hendi útvarpsráðs. Það yrði því matsatriði hverju sinni og mundi fylgja í útboðsskilmálunum.

Í frumvarpinu er gætt sérstaklega að hagsmunum starfsmanna. Þeir halda öllum réttindum sínum á sama hátt og gert var þegar ríkisbankarnir voru hlutafjárvæddir og einkavæddir. Þá njóta starfsmenn forgangskaupréttar að hlutafé í nýju fyrirtæki á lægra verði en aðrir, enda taki þeir við starfi hjá því. Þannig er tekið mið af því að starfsmenn eru veigamesta eign Ríkisútvarpsins eins og annarra fyrirtækja og án þeirra hefur það enga reynslu eða þekkingu og hefur ekkert virði umfram nýstofnað fyrirtæki. Fyrir starfsmenn hlýtur enn fremur að vega þungt að þeir starfi ekki lengur í skjóli skylduaðildar heldur á grundvelli færni sinnar og mikilla hæfileika.

Margir starfsmenn Ríkisútvarpsins starfa sem verktakar í dag. Þetta er nokkuð sem margir vita ekki. Enn fremur hafa aðilar utan Ríkisútvarpsins framleitt dagskrárefni fyrir það. Má í því sambandi benda á tengslin við Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska dansflokkinn. Þannig er fordæmi fyrir þeirri breytingu sem hér er lögð til nema miðað er við að útboð sé ætíð viðhaft og gefur það fleirum kost á að spreyta sig og eykur fjölbreytni menningarlífsins. Til dæmis gæti útvarpsráð boðið út tónleika sem dagskrárlið og þá gæti Sinfóníuhljómsveitin boðið í eins og aðrar hljómsveitir, ég reikna með að hún stæði ansi sterkt í þeirri samkeppni, hafandi þá miklu reynslu sem hún býr yfir sem og dansflokkurinn. Útvarpsráð gæti því boðið út balletsýningar og annað slíkt og Íslenski dansflokkurinn boðið í.

Menn hafa dálítið rætt um öryggisþátt útvarpsins. Því er til að svara að í útvarpslögum er ákvæði um að öllum útvarpsstöðvum sé skylt „að láta lesa endurgjaldslaust tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.“ Þetta er í útvarpslögum í dag, þessir aðilar geta gripið inn í dagskrána hvenær sem er og nauðsyn ber til. Því þarf enga sérstaka útvarpsrás eða sjónvarpsrás til að sinna þessu hlutverki. Sú röksemdafærsla að Ríkisútvarpið sé öryggistæki þjóðarinnar er fallin um sjálfa sig þar sem berlega hefur komið í ljós á síðustu árum að hún á ekki við rök að styðjast. Nægir hér að nefna Suðurlandsskjálftana í júní 2000 þegar Ríkisútvarpið sýndi fótboltaleik í miðjum skjálftanum og atvik þegar utanaðkomandi aðili náði að slökkva á Ríkisútvarpinu án þess að nokkur gerði athugasemdir við ferðir hans. Öryggissjónarmiðs hefur því ekki verið gætt.

Mest um vert er að meiningin er að breyta útvarpsgjaldinu, sem er mjög óvinsæll skattur og er alveg úr takti við allan tíma í dag. Skylduáskrift að Ríkisútvarpinu skekkir allan markaðinn og kemur í veg fyrir eðlilega samkeppni. Það er fráleitt að skylda fólk til að greiða áskrift til aðila A þegar það ætlar að kaupa eða jafnvel ná ókeypis í þjónustu hjá aðila B. Vilji unglingur, sem nýfluttur er að heiman og býr einn í herbergi, nýta sér ókeypis dagskrá Skjás 1 verður hann að greiða útvarpsgjald til Ríkisútvarpsins sem hann hefur kannski engan áhuga á að horfa á. Þegar öryggisrökin eru auk þess ekki lengur til staðar er fráleitt að skylda landsmenn til að borga af dagskrá sem þeir hafa e.t.v. engan áhuga á að færa sér í nyt. Útvarpsgjaldið er þess vegna trauðla þjónustugjald heldur nokkurs konar nefskattur. Sem skattur stingur þetta gjald mjög í stúf við aðra skatta sem með réttu eða röngu eru sniðnir að greiðslugetu fólks. Þessi skattur er mjög ófélagslegur því að allir verða að greiða hann óháð tekjum eða greiðslugetu. Gjaldið er umtalsverður hluti af launum lágtekjufólks en hátekjufólk munar lítið um að greiða þennan skatt. .

Það má svo velta upp þeirri spurningu hvort heimilt sé að framselja skattlagningar- og álagningarvaldið með þessum hætti eftir breytingu á 77. gr. stjórnarskrárinnar 1995, þ.e. hvort heimilt sé að fela öðrum aðila en ríki og sveitarfélagi heimild til að leggja á skatta og innheimta þá.

Útvarpsgjaldið er núna 2.705 kr. á mánuði fyrir hverja fjölskyldu eða 32.460 kr. á ári. Það kemur sérstaklega illa við einstaklinga sem hafa lágar tekjur og búa einir eða með börn á framfæri. Það kemur betur við heimili þar sem fyrirvinnur eru tvær en best kemur það við heimili með mörgum fyrirvinnum, t.d. hjón með tvö fullorðin fullvinnandi börn og góðar tekjur fjögurra einstaklinga.

Með frumvarpi þessu er aðstöðumunurinn minnkaður með því að persónuafsláttur einstaklings er lækkaður um 1.123 kr. á mánuði — þ.e. þá mundi sérhver skattþegn borga 1.123 kr. á mánuði nema þeir sem eru skattfrjálsir, þeir mundu ekki greiða neitt — eða 13.476 kr. á ári, á móti niðurfellingu útvarpsgjalds. Þetta á að gefa ríkissjóði sömu tekjur og veittar yrðu til útvarpsráðs en bætir stöðu einstaklingsins um tæp 19 þús. kr. á ári, hjónin græða 5.500 kr. en fjölskyldur með margar fyrirvinnur þurfa að greiða meira enda eðlilegt, þær hafa meiri greiðslugetu. Það væri náttúrlega æskilegt að það færi eftir hlustun, frú forseti, en það getur nú verið erfitt að mæla það nákvæmlega hvað menn hlusta mikið og það getur líka komið illa niður á gömlu fólki og öldruðu fólki sem horfir mikið á sjónvarp.

Innheimta útvarpsgjaldsins er svo kapítuli út af fyrir sig.

Smásmugulegt eftirlit með viðskiptum einstaklinga sín á milli og spurningar um hvar hver sefur eru ekki í takt við tímann og minna á lögregluríki eða sovétskipulag. Á heimasíðu RÚV kemur eftirfarandi fram undir liðnum tækjaleit, með leyfi forseta:

„Tækjaleitin fer þannig fram að öllum þeim sem ekki eru á skrá með viðtæki, og eru ekki tengdir með fjölskyldunúmeri við annan greiðanda, eru send fyrirspurnarbréf. Berist ekki svar við fyrirspurn afnotadeildarinnar fer tækjaleitarfólk á staðinn og spyr um viðtæki á heimilinu. Í flestum tilvikum er tekið vel á móti tækjaleitarfólkinu en komi sú staða upp að rökstuddur grunur er um að tæki sé á heimilinu en heimilisfólk neitar því og vill þess utan ekki sýna fram á að heimilið sé tækjalaust" — þ.e. bjóða fólkinu inn til sín að rannsaka heimilið — „verður tæki skráð á heimilið og gíróseðlar sendir fyrir afnotagjöldunum."

Það er sem sagt gengið út frá því að það sé tæki á heimilinu þó að fólkið hafi sagt að svo væri ekki. Síðan þarf fólkið að sýna fram á að ekki sé tæki á heimilinu. Þetta er náttúrlega mjög undarleg innheimta og afskaplega óeðlileg.

Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1757/1996 segir, með leyfi forseta:

„Þá tel ég, að í þeim tilvikum, er maður neitar að vera eigandi eða vörslumaður viðtækis, sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, og neitar jafnframt að sýna starfsmönnum innheimtudeildar Ríkisútvarpsins fram á það, en starfsmennirnir hafa engu að síður rökstuddan grun um, að á heimilinu sé slíkt tæki að finna, geti innheimtudeildin allt að einu beint kröfu um greiðslu útvarpsgjalds að þeim einstaklingi, sem í hlut á, og látið reyna á réttmæti kröfunnar, eftir atvikum fyrir dómi."

Þetta er sem sagt mjög skrýtin innheimta. Þrátt fyrir þessa sterku innheimtu er talið að um 9% notenda sleppi við að greiða afnotagjald sem ættu að greiða það. Því eru um 9% sem njóta útvarps og sjónvarps án þess að greiða gjald. Með því kerfi sem hér er lagt til, að persónuafslátturinn yrði lækkaður, kemst enginn hjá að greiða gjaldið sem hefur tekjur yfir skattleysismörkum.

Frumvarpið, ef að lögum yrði, mundi stórauka samkeppni á markaði þar sem útvarpsráð mundi bjóða út öll verkefni og mikið líf og fjör mundi verða í því að bjóða í verkefni jafnt meðal Ríkisútvarpsins hf., annarra útvarpsstöðva og sjónvarpsstöðva sem og leikhúsa, áhugamannaleikhúsa um allt land, kóra o.s.frv. Þetta gæti því orðið mikil upplyfting fyrir íslenskt menningarlíf.

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta meira. Í greinargerð með frumvarpinu er gerður samanburður á frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra sem rætt var hérna fyrir tveim vikum og er búið að vísa til hv. menntamálanefndar. Hún gerir ráð fyrir sérstöku gjaldi sem tengist gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra en þó ekki alveg því að öll fyrirtækin í landinu eiga að borga útvarpsgjald. Það verður gaman að heyra hvað gerist þegar um 20 þúsund fyrirtæki eiga að fara að borga útvarpsgjald, jafnvel fyrirtæki sem hafa enga starfsmenn og hvað þá útvarpstæki. Ég hélt að það þyrfti nú að hafa starfsmenn til að geta hlustað á og notið útvarpsins. Ég hugsa að það verði dálítið skrýtin innheimta þar. Það er ekki einu sinni að farið sé eftir þeim lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra heldur er hér verið að búa til alveg sérstök skattalög þó að þau fari að mestu leyti eftir gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Það sem gerist í því tilfelli er að ef menn fara umfram frítekjumarkið eða skattleysismörkin, sem núna eru 855.231 kr., ef þeir hafa 1 kr. til viðbótar skulu þeir borga 5.000 kr. í Framkvæmdasjóð aldraðra og 13.500 kr. til Ríkisútvarpsins hf. Menn borga sem sagt nærri 20.000 kr. fyrir að fara 1 kr. umfram mörkin. Þetta er náttúrlega ekki sérstaklega skemmtileg skattlagning, frú forseti, og eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bendir á er þetta afskaplega hár jaðarskattur, hann er mörg þúsund prósent og ætti í sjálfu sér ekki að vera.

Þessi jaðarskattur er ekki í því frumvarpi sem ég mæli fyrir.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar, frú forseti, en vísa í greinargerð með frumvarpinu og að lokinni þeirri umræðu sem hér fer fram legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. menntamálanefndar og ég skora á þá nefnd að ræða það samhliða frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra þannig að málin verði rædd samhliða og rökstuðningur beggja mála komi til umræðu.

[18:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að spyrja hv. flutningsmann nokkurra spurninga. Í fyrsta lagi langar mig að spyrja hvers vegna hv. þingmenn gera ráð fyrir að þetta útvarp sem þeir vilja selja eigi að heita áfram Ríkisútvarpið, hvort mönnum finnist það við hæfi að einkavætt fyrirtæki á markaðnum beri þetta nafn og hvort þeir hafi ekki hugsað um að hafa þyrfti annað nafn á því.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hvort yfirlýsingar menntamálaráðherra um að ekki standi til að selja Ríkisútvarpið og að það sé niðurstaðan, ekki bara stjórnarflokkanna, mér skilst að það sé niðurstaða Sjálfstæðisflokksins, hvort það beri að túlka þannig að það séu einungis þeir tveir sem flytja þetta frumvarp nú sem eru á annarri skoðun og hvort þeir muni að lokum styðja frumvarp menntamálaráðherrans um Ríkisútvarpið sem verður afgreitt ef hæstv. ráðherra fær vilja sinn fram.

Þá langar mig að spyrja hv. þingmann hvort hann ætli þá að styðja þennan nefskatt sem hann var að lýsa áðan.

Í fjórða lagi langar mig til að spyrja, af því að hv. þingmaður ber nú ábyrgð á því að persónuafsláttur hefur lækkað gríðarlega mikið á þeim tíma sem hann hefur stutt ríkisstjórnina, hvort ekki sé búið fyrir löngu að taka til hliðar þennan skatt sem hann er hér að lýsa að eigi að bera uppi þetta svokallaða útvarpsráð sem hér er gert ráð fyrir að verði til. Er ekki löngu búið að taka til hliðar fjármuni fyrir því?

[18:46]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu nýrra eigenda að velja nafn á fyrirtækið og Ríkisútvarpið er svo sem skemmtilegt nafn á einkafyrirtæki. Ég sé ekkert athugavert við að það heiti það áfram og vísi þá í söguna.

Hæstv. menntamálaráðherra leggur fram frumvarp þar sem þess er sérstaklega getið að ekki standi til að selja. Nú

er það svo, frú forseti, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki fengið hreinan meiri hluta á þingi og það er miður. Það kemur þá fram í því að sá flokkur þarf að gera margar málamiðlanir í stjórnarsamstarfi þar sem samstarfsflokkur okkar er ekki sammála um ýmis atriði. Stefna ríkisstjórnarinnar verður því aldrei sú sama og stefna Sjálfstæðisflokksins, það liggur í augum uppi. Hún verður heldur ekki sú sama og stefna Framsóknarflokksins, menn verða að gera málamiðlun. Þó að ég styðji ríkisstjórnina til flestallra verka — þau eru mörg mjög góð, hún hefur gert afskaplega góða hluti og ég er mjög ánægður með ríkisstjórnina og styð að sjálfsögðu alltaf fjárlagafrumvarpið, sem er nú meginfrumvarpið — þá eru ýmis mál sem menn eru ekki alveg sáttir við og þar á meðal eru málefni Ríkisútvarpsins. Ég vil frekar sjá þá lausn sem ég legg hér fram, að það verði selt.

Hins vegar lendi ég í vanda þegar ég á að fara að velja á milli þess hvort ég styðji frumvarp hæstv. menntamálaráðherra eða ekki vegna þess að það er þó alla vega pínulítið skref í áttina að því sem ég hef lagt til. Ég mun því væntanlega samþykkja það. Ég mun væntanlega líka samþykkja þennan óskaplega slæma nefskatt þar sem hann er betri en útvarpsgjaldið sem er ótrúlegt nú á tímum.

Ég ætla að bíða með að ræða persónuafsláttinn til næsta andsvars því að tími minn er útrunninn.

[18:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Er það þá þannig að Sjálfstæðisflokkurinn hafi þá stefnu að það eigi að selja Ríkisútvarpið? Eða eru það einungis þeir tveir sem flytja þetta frumvarp?

Eins og hv. þingmaður sagði áðan er hann greinilega búinn að gera það upp við sig að hann ætlar að styðja það vonda frumvarp sem hann var að lýsa hér, líka nefskattinn, þennan hræðilega sem hann var að lýsa með þessum jaðaráhrifum. Hv. þingmaður virðist nú ekki hafa mjög sterka sannfæringu úr því að hann er tilbúinn að styðja svona vonda niðurstöðu.

Ég vonast svo til þess að ég fái betri útlistun á afstöðu hv. þingmanns, að það eigi að nota persónuafsláttinn sem tekjur fyrir útvarpsráðið sem hér er gert ráð fyrir að verði til. Það er einfaldlega búið að lækka persónuafsláttinn svo gríðarlega mikið á þeim tíma sem hv. þingmaður hefur stutt hér ríkisstjórn að það er marg-, marg-, margfalt búið að fjármagna það útvarpsráð sem hér er gert ráð fyrir. Getur hv. þingmaður ekki bara lýst því yfir að það sé nú þegar búið að taka frá fyrir rekstri þessa fyrirbrigðis sem hér er verið að leggja til að verði sett á stofn, sem mér finnst að mörgu leyti — það eru margar ágætar hugmyndir í því sem hér er á ferðinni? Það sem hér er lagt til að verði sett á fót ætti eiginlega miklu frekar að heita menningarráð en útvarpsráð.

[18:49]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi stefnu Sjálfstæðisflokksins um RÚV þá er hægt að lesa ályktanir landsfundar í því sambandi. En eins og ég gat um er Sjálfstæðisflokkurinn ekki einn í ríkisstjórn og verður að taka tillit til samstarfsflokksins.

Hvað aðra þingmenn Sjálfstæðisflokksins varðar en þá sem standa að þessu frumvarpi vil ég ekkert segja, þeir geta tjáð sig sjálfir um það. En ég hef þá skoðun að það eigi að selja Ríkisútvarpið og það sé langbest fyrir alla aðila.

Útvarpsgjaldið er einhvers konar nefskattur í dag. Allir sem ætla sér að horfa á sjónvarp yfirleitt, og það gera nú flestir, verða að greiða útvarpsgjald þannig að þetta er einhvers konar nefskattur. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra er greinilega nefskattur þó að sumir sleppi við hann eins og aldraðir. Við erum því að tala um tvenns konar nefskatta sem eru í gangi og svo er persónuafslátturinn neikvæður nefskattur og hví ekki að slengja þessu saman?

Hv. þingmaður sagði að persónuafslátturinn hefði lækkað. Ef við lítum á skattleysismörkin, sem er samspil persónuafsláttar og skattprósentunnar, þá hafa þau lítið sem ekkert lækkað síðustu átta eða níu árin. Það er rangt sem haldið hefur verið fram að skattleysismörkin hafi verið að lækka eitthvað umtalsvert. Það er mjög lítil lækkun á þeim. Aðallækkun skattleysismarkanna var eftir 1988 þegar Sjálfstæðisflokkurinn var ekki í stjórn. Skattleysismörkin lækkuðu mest 1988, 1989 og 1990. Það var vegna þess að prósentan var stórhækkuð og þær tekjur undir skattleysismörkum sem menn höfðu — sem voru skattfrjálsar — lækkuðu stórlega á þeim þrem árum. Það sem sagt hefur verið um skattleysismörkin (Forseti hringir.) fær að mestu leyti ekki staðist.

[18:52]

Útbýting:

Sjúkraflutningar innan lands með þyrlu, 501. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 733.

Sjúkraflutningar innanlands með flugvélum, 500. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 732.

Sjúkraflutningar til og frá Íslandi, 502. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 734.

[18:52]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum og reyndar einnig lögum um tekjuskatt og eignarskatt og brottfall laga um Ríkisútvarpið sem tveir hv. þingmenn flytja, Pétur H. Blöndal og Birgir Ármannsson.

Ég vil byrja á því að lýsa mig algjörlega ósammála þessu frumvarpi sem gengur út á að einkavæða Ríkisútvarpið. Hins vegar vil ég segja að frumvarpið, þótt ég sé því andvígur, er að mörgu leyti sett fram í rökréttu samhengi. Þegar talað er um rök og innra samhengi hlutanna þá stendur þetta frumvarp sýnu framar frumvarpi ríkisstjórnarinnar að mínu mati og ég ætla að gera grein fyrir því hvers vegna ég tel svo vera.

Mig langar til að byrja á því að nefna það sem fram kom í máli hv. framsögumanns, Péturs H. Blöndals, að þetta frumvarp verði rætt í þeirri nefnd sem því er vísað til, sem mun vera menntamálanefnd, um leið og frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið. Ég legg þá áherslu á að frumvarp Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um

Ríkisútvarpið verði einnig skoðað.

Ef ég skil málin rétt gengur þetta frumvarp út á eftirfarandi atriði: Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi og það verði selt. Starfsmenn fái þar forkaupsrétt. Starfsmenn flytji réttindi yfir til hins nýja fyrirtækis á sambærilegum grunni og bankamenn gerðu á sínum tíma. Ég vil vekja athygli á því að þar með yrðu ýmis réttindi starfsmanna skert og þá væntanlega á svipuðum nótum og er að gerast við hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins samkvæmt stjórnarfrumvarpinu. Sem sagt, gengið er út frá því að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi og það selt.

Síðan er hugmyndin sú að útvarpsráð verði starfandi því að það er ekki svo að útvarpsstarfsemi verði öll færð út á markaðinn. Það má eiginlega segja að framkvæmdin verði markaðsvædd því að eftir sem áður kemur fjármagn inn til þess að sinna tilteknum félagslegum skyldum sem eru skilgreindar í frumvarpinu. Þær eru að mínum dómi góðra gjalda verðar. Þar er kveðið á um almenna fréttaþjónustu þar sem vettvangur verður fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni og varða almenning. Þar er vísað í skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri og talað um fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Þar er vísað í listir og bókmenntir, vísindi, sögu tónlistar, að almenna fræðslu skuli veita og að send verði út fræðsludagskrá í samráði við fræðsluyfirvöld og gerðir sjálfstæðir dagskrárþættir er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega. Þar er talað um að miðað verði við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, lögð sérstök rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð, veitt skuli öll sú þjónusta sem unnt sé með tækni útvarpsins og þjóðinni megi að gagni koma. Þar er líka vísað í frumflutt dagskrárefni sem nauðsynlegt sé að hafa á boðstólum.

Hver á að ákveða þetta? Það er ekki markaðurinn sem á að kalla eftir því heldur er það pólitískt skipað útvarpsráð sem á að fá skattpeninga til ráðstöfunar og ákveða á grundvelli þessara ágætu en almennu reglna — það eru stjórnmálamenn eða fulltrúar þeirra, það er meiri hlutinn á Alþingi sem á að ráða því hvernig dagskrárgerð í íslensku útvarpi og sjónvarpi er. (**PHB:** Eins og í dag.) Eins og í dag, segir hv. þingmaður. Já, að vissu leyti. Í dag búum við við almenn útvarpslög þar sem þessar almennu skilgreiningar eru fyrir hendi. Síðan er það útvarpsráð sem hefur eftirlit með því að þeim lögum og reglum sé fylgt og hefur að vísu einhverja frumkvæðismöguleika í tillögugerð en að uppistöðu til er þetta gert innan stofnunarinnar, innan Ríkisútvarpsins. Þannig er það í dag.

Ég tel að við eigum ekki að fara þá leið sem hv. þingmenn leggja hér til, að fela pólitískt skipuðu útvarpsráði, sem endurspeglar stjórnarmeirihlutann í landinu á hverjum tíma, að ráðstafa peningum, m.a. í fréttatengda þætti, í fréttatengt efni. Mér finnst þetta vera mikill veikleiki á þessu frumvarpi. Í stað þess að fara inn á þessa braut tel ég að við eigum að efla stjórnsýsluna innan Ríkisútvarpsins og opna það fyrir straumum, öðrum en þeim sem koma úr þessum sal. Ég vil vissulega hafa tengslin við Alþingi inn í Ríkisútvarpið en ég vil opna það enn betur og losa um hin pólitísku heljartök á þessari stofnun.

Þingmennirnir sem flytja þetta frumvarp vilja hins vegar miðstýra á pólitískum forsendum allri dagskrárgerð í landinu eða öllu heldur ráðstöfun fjármuna sem fara frá skattborgurunum til dagskrárgerðar, ekki bara í skemmtiefni eða menningarlegu efni heldur líka í fréttatengdu efni.

Síðan má spyrja hvort frumvarp ríkisstjórnarinnar byggi ekki að vissu leyti á ákveðinni miðstýringu einnig. Jú, það gerir það.

Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar er útvarpsstjóra falið einræðisvald yfir allri dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu og öllu mannahaldi. Hann fær einræðisvald yfir þessu. Hann þarf að sönnu að starfa með tilliti til almenns lagaramma, svipað og hér er gert, en hann fær einræðisvald. Þetta tel ég vera mikinn veikleika í stjórnarfrumvarpinu.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal segir að stæði hann frammi fyrir tveimur kostum, óbreyttu ástandi Ríkisútvarpsins annars vegar og frumvarpi ríkisstjórnarinnar hins vegar, mundi hann styðja stjórnarfrumvarpið því það sé þó í átt að einkavæðingu, það sé skref í þá átt sem hann vill ganga. Það er alveg rétt. Vissulega er frumvarp ríkisstjórnarinnar skref í átt að því að einkavæða Ríkisútvarpið. En ég hef verið að viðra þá hugsun að undanförnu og spyrja þeirrar spurningar hvort menn geti haft það besta af öllum heimum. Ef við förum út á þá braut að setja Ríkisútvarpið inn á vettvang markaðar þá spyr ég: Eigum við annarra kosta völ en að halda alla leið? Eru menn alveg vissir um að þá muni ríkja sú almenna sátt sem verið hefur um Ríkisútvarpið og fjármögnun þess? Getur verið að menn séu að rjúfa þá sátt sem verið hefur? Vissulega hefur hún ekki verið alveg algild. Það eru hópar í þjóðfélaginu sem hafa verið mjög andvígir því að greiða afnotagjöld til Ríkisútvarpsins og sagt að það sé eðlilegt að þeir eigi kost á að neita því að greiða gjöldin. Almennt séð, þegar á heildina er litið, hefur verið tiltölulega mikil sátt í samfélaginu. Ég held að það sé óhætt að segja það þó ég ætli ekki að gera lítið úr andófi þeirra sem hafa verið þessu andvígir. En þegar á heildina er litið þá hefur verið sátt um þetta.

Ég er ekki viss um að sú sátt verði fyrir hendi af hálfu þeirra sem hafa varið Ríkisútvarpið hvað harðast eftir að farið hefur verið með það út á markaðstorg í formi hlutavædds fyrirtækis, ég er ekki viss um það. Þegar byrjað er að fjarlægja stofnunina eigendum sínum, eins og gert hefur verið, þá spyr ég þeirrar spurningar. Ég hef ekki gefið mitt endanlega svar við því en þetta er spurning sem ég tel þess virði að velta fyrir sér og aðstandendur stjórnarfrumvarpsins verða að skoða hvort þeir séu með þessu að rjúfa þá sátt sem hefur verið um Ríkisútvarpið.

Ég er ekki viss um að við greiðum hvort sem það er nefskatt eða afnotagjöld með glöðu geði eftir að stofnunin hefur verið gerð að hlutafélagi. Ég vil alla vega spyrja þeirrar spurningar. Ég er mjög ósáttur við að fjarlægja stofnunina eigendum sínum, þjóðinni, eins og ráð er fyrir gert í stjórnarfrumvarpinu.

Að lokum þetta, hæstv. forseti: Af því að ég tók eftir því að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur óskað eftir andsvari þá vil ég spyrja hann, hinn mikla markaðssinna, hvernig hann rökstyðji það að skattpeningum, fjármunum frá skattgreiðendum, verði ráðstafað á þann hátt sem hann leggur hér til — að pólitískt kjörið útvarpsráð, sem endurspeglar stjórnarmeirihlutann hverju sinni, ákveði hverjir fá peninga t.d. til að gera fréttatengt efni.

[19:04]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður segir að það frumvarp sem við hér ræðum beinist að því að miðstýra peningum á pólitískum grunni. Þannig er það í dag og þannig hygg ég að það verði ætíð. Það getur vel verið að menn geti kallað saman einhverja akademíu háskólamanna eða listamanna eða bara nefna það, ASÍ, Samtök atvinnulífsins eða einhverja aðila — það skulu alltaf einhverjir aðilar þurfa að stýra þessu fé, einhverjir aðilar þurfa að stýra útvarpsrekstrinum. Svo er spurning hvort ríkið eigi nokkuð að koma nálægt þessu. Það er líka hugsun sem er kannski hægt að hugsa til enda.

Ég held að þegar útvarpsráð sér ekki bæði um framkvæmdina og ráðstöfunina heldur bara um ráðstöfunina — það þarf að bjóða út verkefnin — verði minni hætta á pólitík heldur en er í dag. Það þarf þá að rökstyðja það af hverju þetta leikhús fær verkefni en hitt leikhúsið ekki og ef það er einhver pólitísk lykt af því þá er það náttúrlega slæmt. Í dag getur það hreinlega falið vildarleikhúsinu sínu framkvæmdina eða hreinlega gert það sjálft og haft á því hvaða pólitíska lit sem það kærir sig um, á framkvæmdinni sjálfri. Leikritið getur þess vegna verið pólitískt. Ég held að það sé minni hætta á því að útvarpsráð hafi pólitísk áhrif með þessum hætti heldur en nú er.

Hv. þingmaður talaði um sátt um Ríkisútvarpið. Það eru 9% þjóðarinnar sem borga ekki útvarpsgjald þó þau eigi að gera það. Það er öll sáttin. Og hinir sem borga eru margir hverjir mjög óánægðir með innheimtuaðgerðirnar þannig að ég held að RÚV sé þegar orðið ansi fjarlægt eigendum sínum. Eigandinn er ríkið. Ríkið er einn lögaðili sem á Ríkisútvarpið. Þjóðin er allt annar hlutur.

[19:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það er rétt að Ríkisútvarpið hafi fjarlægst eigendur sína, hafi fjarlægst þjóðina, þá hefði ég haldið að viðfangsefnið væri að færa það nær þeim, að færa Ríkisútvarpið nær þjóðinni. Út á það gengur okkar frumvarp, frumvarp þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að efla þessi tengsl enn á þeim forsendum að fagleg vinnubrögð verði styrkt innan stofnunarinnar. Það held ég að sé það atriði sem mestu máli skiptir þegar upp er staðið, að styrkja slík vinnubrögð.

Frumvarp þeirra hv. þm. Péturs H. Blöndals og Birgis Ármannssonar fer hins vegar í aðra átt og styrkir þessi pólitísku yfirráð yfir dagskrárgerð í landinu. Ég hefði haldið að þeir myndu láta markaðinn stýra. Ég er í sjálfu sér tilbúinn að skoða hugmyndir um með hvaða hætti fjármunum hins opinbera er varið til að efla og styrkja menningarefni í landi og gerð þess. Ég tel hins vegar að mun heppilegra form sé að styrkja og efla Ríkisútvarpið, efla stjórnsýsluna og breyta tengslum við þing og þjóð í stað þess að fara út á þá braut, sem ég tel reyndar mjög háskalega, að fela pólitísku meirihlutavaldi ráðstöfun á fjármunum, þar á meðal í gerð fréttatengds efnis.

[19:09]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þarf enn einu sinni að mótmæla því að þjóð sé sama og ríki. Í síðasta lagi þegar skattgreiðandi þarf að fara að borga innheimtumönnum ríkisins hluta af launum sínum þá tekur hann eftir því að hann er ekki sama og ríkið. (Gripið fram í.) Skattgreiðandinn, já. Það er mikill munur á ríki, sem er einn lögaðili, og allri þjóðinni, sem er samansafn einstaklinga. Ég ætla því að biðja hv. þingmann að tala aldrei um það að ég eigi Ríkisútvarpið eða aðrir sem tilheyra þjóðinni. Við getum ekki labbað þangað inn og náð í einhvern stól eða eitthvað slíkt. Þessara eigna er vandlega gætt af ríkinu, stóra bróður.

Varðandi þær hugmyndir sem hér eru lagðar til þá er einmitt lögð áhersla á markaðinn. Útvarpsráð fær ákveðna peninga, það á að ráðstafa þeim til menningar samkvæmt ákveðnum skilyrðum. Þau skilyrði eru talin upp í frumvarpinu og það á að bjóða þetta út, líka fréttirnar. Það á að bjóða allt út á markaði, menningarmarkaði. Það kemur til með að myndast mjög skemmtilegur menningarmarkaður og ég er nærri viss um að útvarpsráð mundi ekki setja jafnmikla peninga í erlenda fótboltaleiki eða erlendar kvikmyndir, sumar hverjar dálítið billegar, eins og nú er gert. Féð færi nánast allt til innlendrar menningarstarfsemi og hitt efnið yrðu útvarpsstöðvarnar að útvega sér með öðrum hætti, jafnt Ríkisútvarpið hf. sem aðrar sjónvarpsstöðvar. En þetta yrði mikil lyftistöng fyrir innlent efni því útvarpsráð væri þá óbundið af því að það mundi bara bjóða upp á innlent efni á innlendum markaði og því er lýst í frumvarpinu hvernig það skuli gerast. Þannig að við erum ekki að tala um pólitík, við erum að tala um markað.

[19:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega til margs konar markaður og hægt að nálgast hann með mismunandi áherslum, markaður framleiðandans og markaður neytandans. Hér er áherslan á markað framleiðandans án tillits til þess hvað neytandinn vill, sem ég hélt að væri nálgun sem væri hv. þm. Pétri H. Blöndal tamari. En hér verður það samkvæmt þessu frumvarpi meirihlutavaldið á Alþingi, sama vald og býr að baki ríkisstjórn hverju sinni, sem ákveður, með útboði vissulega en á grundvelli mjög almennra reglna, hvaða aðilar fá peninga til að búa til fréttatengda þætti svo dæmi sé tekið. Mér finnst menn vera að fara út á mjög háskalegar brautir með þessum hætti.

Síðan er þetta gamla með þjóðina, skattgreiðandann og alla einstaklingana nema hvað hv. þm. Pétur H. Blöndal ætlar að taka alla einstaklingana, hann ætlar að taka alla skattgreiðendurna og taka af þeim fjármuni og setja þá í hendur á pólitískt kjörinni nefnd sem á að miðstýra gerð dagskrárefnis í landinu, þar á meðal fréttaefnis. Mér finnst að menn séu farnir að færa sig aðeins austur yfir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 1. umr.

Frv. HBl, 57. mál (andaveiðar o.fl.). — Þskj. 57.

[19:13]

Flm. (Halldór Blöndal):

Frú forseti. Frumvarp svipaðs efnis var lagt fram á síðasta þingi skömmu eftir áramót. Ég hafði þá leitað eftir því hvort samkomulag gæti um það tekist að málinu yrði vísað til nefndar án umræðu þar sem frumvarp hæstv. umhverfisráðherra um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum hafði þá komið til umræðu og hafði verið vísað til umhverfisnefndar. Tveir nefndarmenn í umhverfisnefnd biðu lengi dags til að kveðja sér hljóðs um málið til að koma í veg fyrir að það fengi þinglega afgreiðslu. Það vekur athygli mína nú að hvorugur þessara hv. þingmanna skuli vera í salnum úr því að þeim hefði þá gefist kostur á að ræða málið. Hefði mér satt að segja fundist það viðkunnanlegt jafnmikinn áhuga og þeir sýndu á því fyrir einu ári að málið kæmi ekki til umræðu og höfðu kvatt sér hljóðs af þeim sökum. Þetta minnir okkur auðvitað á að það er vissum annmörkum háð fyrir okkur óbreytta þingmenn að koma málum til nefndar. Þetta frumvarp var lagt fram á fyrsta degi þingsins og hafði ég satt að segja búist við að það gæti komið til umræðu a.m.k. í janúarmánuði en það kemur ekki að sök. Það verður hægt að vísa málinu til nefndar og það verður hægt að senda það til umsagnar í febrúarmánuði og taka það þá til efnislegrar meðferðar í umhverfisnefnd í fundarhléi sem verður um mánaðamótin febrúar/mars. Þá gefst þessum hv. þingmönnum tækifæri til að skeggræða frumvarpið.

Þetta frumvarp er einfalt í sniðum. Hvatinn á bak við það er að gengið hefur fram af mér hversu óheft ásókn er orðin í fuglaveiðar á ýmsum svæðum á landinu sem er eðlilegt með hliðsjón af því að hóteleigendur eða þeir sem standa fyrir bændagistingu eða hvað við nú köllum það — ég er ekki að tala niður til bændagistingar, ég er að tala um þá sem annast þjónustu við ferðamenn — hjá sumum hverjum þeirra manna og kvenna er það orðin veruleg tekjulind að veita veiðimönnum þjónustu, ekki aðeins laxveiðimönnum og silungsveiðimönnum heldur einnig rjúpnaskyttum, gæsaskyttum eða andaskyttum. Þess eru dæmi að heilu landsvæðin hafi verið boðin út hæstbjóðanda til fuglaveiða til að þeir sem hagsmuna hafa að gæta geti með skipulegum hætti beitt veiðimönnum á landsvæðin. Geta menn þá ímyndað sér hver ásóknin verður þegar þeir sem hafa keypt þessar landspildur af landeigendum þurfa að standa undir kostnaði við útboð, kostnaði við rekstur og annað því líkt. Raunar er mjög líklegt ef menn bjóða verulegar fjárhæðir, miðað við efnahag sjálfs sín, í slíkar veiðilendur að þá hljóti þeir að fylgja vel eftir til þess að hafa þann hagnað af fuglaveiðunum sem þeir hugsuðu sér, og er engin launung á því að undir vissum kringumstæðum eru fuglaveiðar orðnar verulegur þáttur í lífsframfærslu slíkra manna og kvenna. Fyrirgangurinn hefur verið svo mikill að menn hafa ekki gætt sín í auglýsingum og kynningum á starfsemi sinni. Þannig má sjá það á netinu að kunnur leiðsögumaður erlendra ferðamanna heldur á tveimur eða þremur stokkandarsteggjum í fanginu, sennilega vegna þess að hann hefur ekki þekkt þær andir. Sömuleiðis er dæmi um það að kunnur veiðimaður, sem oft lætur mjög til sín taka, kom með önd, ég hygg að það hafi verið til Náttúrufræðistofnunar, sem breyttist í æðarkollu þegar hún hafði verið tekin úr pokanum. Þetta sýnir okkur og sannar að veiðimenn eru ekki alltaf vissir um hvað þeir eru að skjóta og kem ég að því síðar. Ég vil þó í þessu sambandi taka fram að með þessu frumvarpi er ekki lagt til að banna fuglaveiðar, enda má segja að fuglaveiðar eigi sér mikla hefð hér á landi og að minni hyggju yrði þá of langt gengið.

Ástæðan fyrir því að ég hef sérstaklega beitt mér fyrir því að stytta veiðitíma anda er auðvitað sú að mér þykir fulllangt gengið að þær skuli ófriðaðar hér á landi fram undir vor. Samkvæmt 17. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er heimilt að veiða endur frá 1. september til 31. mars eða í sjö mánuði, meiri hluta ársins, og geta má nærri hvaða aðfarir eru við veiðarnar þegar skammdegið er mest og eftir áramótin. Þá hefur í venjulegu árferði flest vötn lagt og í þeim fáu lænum sem opnar eru safnast endurnar saman, þar liggja veiðimenn fyrir þeim og sérstaklega þó eftir að fer að rökkva til að geta falið sig sem best og líka vegna þess að þá er von á öndunum ofan af heiðum. Þetta þekkjum við og hitt vitum við líka, venjulegir alþingismenn, vísindamenn, þeir sem eiga að fylgjast með veiðum hér á landi, veiðimenn sjálfir og hæstv. ráðherra, að ógerningur er að þekkja endur í sundur svo öruggt sé eftir að fer að rökkva þegar þær fljúga hratt yfir og menn beina byssum sínum að þeim.

Af þessum sökum hef ég lagt til, frú forseti, að við 17. gr. bætist ný grein, svohljóðandi: Óheimilt er að veiða fugla frá sólarlagi til sólaruppkomu. Þetta orðalag er kunnugt í fánalögum og er enginn vafi á hvað um er að ræða, enda vandalaust fyrir hv. nefnd að kveða frekar á um þetta orðalag ef hún getur fallist á hugmyndina.

Ég hafði sagt það í blaði, þegar þetta frumvarp kom fram, að nú væru komnir næturs jónaukar á byssur svo auðveldara væri að hæfa og hitta fugla en áður var, sem gaf tilefni til þess að spaugsamir veiðimenn hæddu mig fyrir að vera ekki betur að mér um vopnabúnað til heiða en svo að ég héldi að slík tæki væru notuð við fuglaveiðar. Má vera og er vonandi að ég hafi þar rangt fyrir mér en það rökstyður þá enn frekar en ella að enginn getur verið því mótfallinn að þetta ákvæði bætist inn í lögin ef ekki er um það að ræða að fuglar séu skotnir í hálfrökkri hvort sem er. Ég gat ekki fundið annað af þeim viðræðum sem fóru fram í fjölmiðlum en að í orði kveðnu væru veiðimenn mér sammála um að ekki næði nokkurri átt að skjóta fugla í hálfrökkri svo ég vona að nefndin fallist þá á það sjónarmið, sem er þá bæði mitt sjónarmið og veiðimanna, að óheimilt skuli, enda ástæðulaust, að veiða fugla frá sólarlagi til sólaruppkomu, auk þess sem það þekkist ekki hér á landi eftir þeim tölvupósti sem mér hefur borist og eftir því sem ég hef heyrt og lesið í fjölmiðlum.

Í 1. gr. þessa frumvarps er lagt til að ný málsgrein bætist við 8. gr. laganna, svohljóðandi: Landeigendum er óheimilt að selja skotveiðimönnum heimild til að skjóta fugla á landareign sinni. Þá er skotveiðimönnum óheimilt að bjóða fé fyrir slíka heimild.

Þetta er nokkuð róttæk tillaga en það er ekki nýtt í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum að bannað skuli að bjóða fram fé fyrir bráð eftir að hún hefur verið veidd. Ég hygg að menn geti svo velt vöngum yfir því hvaða afleiðingar það muni hafa ef svo heldur fram að í vaxandi mæli og með þyngri áherslu og skipulegri hætti skuli veiðiferðir skipulagðar hér á landi, bæði fyrir erlenda menn og innlenda, hvort ekki sé þá verulega hætta á að of nærri fuglastofnum verði gengið. Það hefur engin athugun farið fram á því hvar gæsir eða endur eru mest skotnar. Við erum í litlum færum um að gera okkur grein fyrir ágangi veiðimanna á einstökum svæðum. Við vitum að þegar landnámsmenn komu hingað settur þeir í lög ítölu á afréttarlönd vegna þess að þeir gerðu sér grein fyrir að ella eyddist gróður ef ofbeitt væri ár eftir ár. Við vitum líka að lengi hafa verið í gildi ströng ákvæði um veiðar í vötnum og ám. Menn gera sér grein fyrir því að ekki gengur endalaust að fjölga veiðimönnum og hið sama á að sjálfsögðu við um skotveiðimenn. Ekki gengur að heimilt sé að hleypa fleiri og fleiri skotveiðimönnum inn á sama landsvæðið til fuglaveiða. Auðvitað hlýtur fuglinn að flýja undan, verða styggur, en eitthvert verður hann að leita og slíkar skipulegar veiðar hvarvetna hljóta að enda með því að fuglastofninn skerðist verulega. Auðvitað má líka segja að hér sé kannski of langt gengið af minni hálfu en þessi breytingartillaga er hér sett fram til að undirstrika nauðsyn þess að eitthvert hóf verði haft á veiðunum og menn geri sér grein fyrir að ekki sé endalaust hægt að fjölga byssum á viðkvæmum svæðum.

Í 2. gr. er breytingartillaga við 2. málsl. 17. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við veiðar er m.a. óheimilt að nota: Vélknúin farartæki, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi, önnur en vélsleða, fjórhjól og önnur torfærutæki, má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 m."

Þessi orð „merktum vegaslóðum" vakti athygli mína og ég hef spurst fyrir um það, bæði hjá vegamálastjóra og eins hjá veiðistjóra, hvað átt sé við með þessum orðum. Það kemur í ljós, frú forseti, að hugtakið merktir vegaslóðar er ekki til, hvorki í reglugerðum né lögum. Ég man á hinn bóginn eftir því að við umræður um þessi mál var mjög mikið upp úr þessum orðaleppum lagt. Ég álít óhjákvæmilegt að nánar verði kveðið á um þetta og þess vegna legg ég til að á eftir orðunum „eða merktum vegaslóðum" komi þessi tilvísunarsetning: sem taldir eru upp í reglugerð sem ráðherra setur. Þá geta löghlýðnir veiðimenn flett upp í reglugerðinni og gert sér grein fyrir því hvar þeir mega aka tækjum sínum. Hinir sem láta sig það engu skipta hvað leyft er og hvað ekki er leyft, munu að sjálfsögðu eftir sem áður halda sína leið.

Í 3. gr. frumvarpsins legg ég til að á eftir 2. tölul. 1. mgr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, aflétt friðun eftirtalinna fuglategunda innan þeirra tímamarka er hér segir:"

Eins og lögin eru nú er gert ráð fyrir því að heimilt sé að skjóta stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávellu og toppönd frá 1. september til 31. mars.

Nú hygg ég að flestum hv. alþingismönnum sé kunnugt að sumar þessar tegundir eru mjög gæfar þar sem þær fá að vera í friði. Þetta eru fallegar endur og nær auðvitað engri átt að þær skuli eltar árið um kring að kalla. Ég legg til að stytta veiðitímabilið um þrjá mánuði þannig að það nái einungis til áramóta og get ekki undir neinum kringumstæðum skilið að slík tillaga eigi ekki meirihlutafylgi á Alþingi. Ég hef rætt málið einstaklega við fjölmarga þingmenn og verð ekki var við annað en þeir hafi vissa andúð yfirleitt flestir hverjir á andaveiðum og má raunar segja að hið sama gildi um flesta landsmenn.

Ég hef undanfarin ár reynt að gefa mér tíma til þess á vorin að fara niður með Skjálfandafljóti, að Mývatni eða á aðra þá staði þar sem við því er að búast að maður geti séð endur með unga sína fram í Eyjafirði og víðar og er satt að segja hryggur yfir því hversu styggar þær eru, sem er kannski eðlilegt þegar horft er til þess að andaveiðimönnum fjölgar nú frá ári til árs. Þetta er enn hörmulegra þegar við höfum jafnframt í huga að dregið hefur úr minkaveiðum og refaveiðum þannig að endur eiga hér á landi litlum skilningi og lítilli vináttu að fagna eftir áramótin þegar, eins og ég sagði áður, vötn eru flest lögð. Endur eru mjög auðveiddar í raun og veru.

Ég vona að hv. umhverfisnefnd hafi dugnað í sér til að gera annaðhvort, að leggja til að þessi tillaga verði samþykkt eða sýna manndóm til að láta frumvarpið aftur koma hingað fyrir Alþingi og geta þá alþingismenn greitt atkvæði um hvort þeir telji skynsamlega tillögu á ferðinni eða ekki. Ég fullyrði að Íslendingar eru í vaxandi mæli á ferðalögum sínum um landið farnir að njóta fuglalífs og fuglaskoðunar. Við vitum einnig að sumir hóteleigendur og sumir sem standa að rekstri ferðaþjónustu leggja mikið upp úr fuglaskoðun svo að hér er ekki um hégómamál að ræða hvernig sem á það er litið.

Í b-lið þessarar greinar legg ég til að ætíð sé heimilt að skjóta kjóa og skúm nærri æðarvarpi. Ekki þarf heldur að rökstyðja nauðsyn þess. Skúmi hefur fjölgað mjög mikið hér á landi á síðustu áratugum. Hann er svo sannarlega vargur í véum og raunar óskiljanlegt hvernig á því getur staðið að tillaga af þessu tagi skuli ekki fá náð fyrir augum þeirra sem bera ábyrgð á eftirliti með vernd, friðun og veiðum á villtum fuglum. Það er síður en svo hætta á því að skúmurinn sé í útrýmingarhættu eins og ég hef heyrt einhvern halda fram, útbreiðsla hans verður meiri og meiri og geta menn gengið úr skugga um það hvort sem menn fara í Grímsey á vorin eða snemma sumars, upp á Hólsfjöll eða hvert menn vilja fara. Bóndinn á Sandi sagði mér frá því í fyrra sem mér þótti skemmtilegt, að fálki hefði komið og rekið skúminn á brott úr andavarpinu við Skjálfandafljót og verið snöggur að því sem sýnir að að þessu leyti gengur hann vasklegar fram en við mennirnir.

Ég vil í þessu sambandi einnig minna á að þegar þessi mál voru til umræðu sl. vetur, frumvarp ríkisstjórnarinnar,

þá vakti ég máls á því hvort ekki gæti verið skynsamlegt að friða ákveðin svæði, sérstök verndarsvæði þar sem fuglalíf væri viðkvæmt og þar sem margar tegundir anda héldu sig yfir vetrarmánuði og gerði grein fyrir tillögum mínum varðandi griðlönd og svæðisbundna friðun anda. Hæstv. umhverfisráðherra tók undir þetta og ég átti von á því að tillögur þar að lútandi yrðu lagðar fram sl. vor en þær hafa látið á sér standa og hlýt ég þess vegna að kalla eftir þeim nú.

Hér legg ég til að veiðitími rjúpunnar verði styttur, óheimilt sé að veiða rjúpu fyrr en 15. nóvember í stað 15. október eins og er nú. Samkvæmt núgildandi lögum má veiða rjúpur frá 15. október til 22. desember. Ég legg til að heimilt verði að veiða rjúpuna frá 15. nóvember einungis.

Ég vil í þessu sambandi, frú forseti, vekja athygli á því að samkvæmt reglugerð umhverfisráðherra er bannað að veiða rjúpu í landnámi Ingólfs Arnarsonar. Með öðrum orðum: Reykvíkingar vilja hafa rjúpuna í kringum sig óáreitta. Alls staðar annars staðar skilst mér að rjúpnaveiðar hafi verið heimilar. Þó hélt ég að viss skilningur hefði verið á því að nauðsynlegt væri að friða rjúpuna enn um sinn á Norðausturlandi. Ég vil líka benda á að í þeim tillögum sem lagðar voru fram af vísindamönnum var lagt til að rjúpnabannið stæði í fimm ár. Fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, stytti friðunartímann niður í þrjú ár og núverandi hæstv. umhverfisráðherra, hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, niður í tvö ár. Fyrir þessu voru á hinn bóginn engin rök.

Ég hef hitt veiðimenn. Ég ætla ekki að halda því fram að ég sé kunnugur að þessu leyti um allt land, einungis norðan og austan. Þar hef ég hitt fjölmarga veiðimenn og við höfum rætt þessi mál. Það er upp og ofan hvað þeim sýnist. Sumir telja að rétt hafi verið að heimila veiðar á rjúpunni á ný síðasta haust. Aðrir töldu að það hefði átt að bíða enn um sinn, doka við. Allir voru þeir sammála um að nauðsynlegt sé að herða á minkaveiðunum. Tek ég undir það heils hugar en það er síður en svo að um það ríki einhver almenn gleði eða almenn sátt eða samkomulag að friðunartími rjúpunnar skuli hafa verið styttur um eitt ár, síður en svo.

Mér skilst að samkvæmt skoðanakönnun sem rjúpnaveiðimenn stóðu fyrir hafi veiðst milli 80 og 100 þús. rjúpur af stofni sem ekki var of stór. Ekki skal ég segja hvort þetta séu réttar tölur en mig minnir að frá ráðherra hafi verið talað um kvóta sem eru yfir 70 þús. rjúpur. Um það skal ég heldur ekkert segja hvort rétt sé. Þær upplýsingar hef ég eftir munnlegum heimildum. Aðalatriðið í mínu máli er auðvitað það að rjúpnatíminn er að mínum dómi of langur. Rétt er að stytta hann. Einnig þykir mér undarlegt að hin svæðisbundna friðun fugla sem ég mælti fyrir á síðasta þingi skuli einungis ná til kjördæmis Ingólfs Arnarsonar. Reykvíkingar eiga með öðrum orðum að hafa heimild til að fara um aðra fjórðunga hömlulaust til fuglaveiða en Norðlendingum hins vegar bannað að fara á sams konar veiðar á Reykjanesskaganum. Þetta er athyglisvert, umhugsunarefni, en auðvitað er eðlilegt að Reykvíkingar leggi upp úr því og fólk á þessu svæði hér að reyna að hafa fugla gæfa og stugga ekki við þeim. Ég skil það mjög vel en hið sama er að segja um menn í öðrum landsvæðum marga hverja, þeir leggja upp úr því að veiðitími fugla sé styttur.

Hér legg ég til að felld verði úr lögum heimild til að tína kríuegg sem er eðlilegt og loks vil ég í 20. gr. þar sem segir: „Andaregg og heiðagæsaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.“ Ég vil að brott falli orðin „gefa né þiggja að gjöf.“ Það sé nóg að segja: „Má hvorki bjóða til sölu eða selja,“ þannig að menn geri sér þetta ekki að féþúfu þar sem mjög erfitt er að gera sér grein fyrir hvert sé innihald orðanna „gefa né þiggja að gjöf“ og hvað fyrir löggjafanum vakir með því að setja slík ákvæði í lög.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. umhverfisnefndar.

[19:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir ákveðin sjónarmið í því frumvarpi sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur mælt fyrir í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem hv. þingmaður lagði áherslu á, að fuglar í náttúru Íslands eru óaðskiljanlegur hluti hennar og við getum ekki umgengist þá eins og eign okkar, við getum ekki gengið í þá stofna eins og ræktað búfé og veitt þá okkur til matar eða á annan hátt fénýtt þá. Við höfum mjög takmarkaða heimild til þess. Auk þess eru fuglarnir hluti af náttúrunni sem við þess vegna markaðssetjum og fénýtum okkur eins og hún birtist okkur. Eitt mesta aðdráttarafl erlendra ferðamanna er einmitt fuglalíf á Íslandi, ef hægt er að sýna það, nálgast það á þann hátt að fuglarnir upplifi ekki neina ógn af því. Þá verða þeir einmitt hluti af þessari fallegu náttúru sem við njótum og bjóðum öðrum að sjá.

Þessi sjónarmið hafa ekki verið virt nema að litlu leyti. Umgengni við náttúruna og réttur ferðaþjónustunnar hvað þetta varðar hefur fengið takmarkað rúm í íslenskri löggjöf, ekki síst umgengni við fugla sem hluta af náttúrunni. Þau atriði sem hv. þingmaður kemur inn á í 2. gr., varðandi merkta vegaslóða, breytingar á 17. gr. sem staðfestir að fara megi á vélknúnum farartækjum um vegi og merkta vegaslóða. Ég tek heils hugar undir þau orð hv. þingmanna með að merktir vegaslóðar eru orðnir býsna margir hér á landi og segja í raun ekkert. Það má nánast keyra hvar sem er þar sem á annað borð hafa einhvern tíma farið vélknúin ökutæki. Ég er sammála því að taka burt það sem segir um merkta vegaslóða. Enda veit ég ekki til að vegaslóðar hafi neina stjórnsýslulega stöðu í vegalögum, að þar sé skilgreining á vegaslóða. Í þessum lögum ættum við því að halda okkur við skilgreinda vegi samkvæmt vegalögum. Ég minnist þess ekki að vegaslóðar eigi þar sérstaka skilgreiningu. Það er alveg fráleitt að taka inn í lög eitthvað sem vart er til og er meira skilgreiningaratriði í hugum fólks.

Varðandi endurnar og aðra fugla sem taldir eru upp í 3. gr., þar sem vísað er til stokkandar, urtandar, rauðhöfðaandar, duggandar, skúfandar, hávellu og toppandar, þá eiga þessir fuglar að mínu viti að vera friðaðir. Sama gildir um fleiri fugla sem taldir eru upp og hv. þingmaður talar um að takmarka veiðar á eða stytta veiðitímabil. Ég vil t.d. nefna að hvítmáfur er að hverfa af landinu. Hann lætur undan

síga, er að hverfa og ætti að njóta alfriðunar að mínu mati. Ég viðurkenni að ég hef minni samúð með hettumáfinum.

Ég tek einnig undir þau sjónarmið sem komu fram í frumvarpinu um veiðar á fuglum t.d. að næturlagi með sérbúnum grænjum. Það finnst mér fráleitt, með næturssjónaukum eða öðru slíku. Ég tel það fráleitt. Ég hef samúð með því sjónarmiði og veiðiaðferð er menn gengu til rjúpna, sér til matar eða í þá veruna. En ég get ekki samþykkt að menn beiti allri nútímatækni til að stunda þessar veiðar. Það er fráleitt þótt þær séu að öðru leyti heimilaðar innan einhverra marka.

Mig minnir að hv. þingmaður hafi á síðasta þingi flutt frumvarp, og vikið að því áðan, um að ákveðin svæði yrðu alfriðuð fyrir veiðum og ágangi sem truflaði fugla sem þar eru. Við þekkjum staði sem eru fuglum mjög dýrmætir um vetur, sumar, vor og haust og ættu að njóta fullkominnar friðunar.

Varðandi eggjatínslu er áréttað í frumvarpi hv. þingmanns að friða varp kríu, silfurmáfs og hvítmáfs. Ég styð það afdráttarlaust. Ég hef minni samúð með hettumáfinum, ég verð að segja það. Mér finnst hettumáfurinn of mikill aðskotafugl. Hann beitir aðra fugla nokkrum yfirgangi og ég hef minni samúð með honum.

Ég tek undir þau sjónarmið sem hv. þingmaður reifaði varðandi rjúpuna. Það er ástæðulaust, finnst mér, að rýmka heimildir til veiða á rjúpu. Þau fyrirheit höfðu verið gefin að stöðva ætti veiðar á rjúpu í ákveðið árabil, mig minnir að það væru tvö eða þrjú ár. Svo var það aftur stytt um eitt ár, án þess að forsendur væru fyrir því, a.m.k. var rjúpan ekki spurð. Það er víst. Það voru ekki hagsmunir rjúpunnar, sem fugls í náttúru Íslands, sem þar voru hafðir að leiðarljósi. Ég legg samt áherslu á að verði veiðar á rjúpu leyfðar áfram þá verði þær takmarkaðar enn meira, bæði hvað varðar veiðitímann og einnig innan vikunnar, að menn fái ekki veiðileyfi alla daga vikunnar. Þær veiðar ættu að vera mjög takmarkaðar. Þau skotvopn sem notuð eru ættu líka að hafa takmörk, menn mættu ekki nota marghleypur á þeim veiðilöndum. Ekki ætti að nota vélknúin tæki til að þeytast á eftir rjúpunni o.s.frv. Menn mundu því ganga til rjúpna innan þeirra skilyrða sem um það eru sett.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í langa ræðu um þetta en tek undir mörg af þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Halldór Blöndal talaði um varðandi rétt fuglanna. Þeir eiga sinn sjálfstæða rétt. Þótt þeir geti ekki talað þá ber okkur að hugleiða hvernig réttur þeirra sé best varðveittur sem hluta af náttúru landsins. Ég læt máli mínu lokið en ítreka að þau nærfærnissjónarmið *í þessu frumvarpi og hjá hv. þingmanni*, gagnvart fuglum í okkar lífríki, finnast mér góð og ég virði þau.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vextir og verðtrygging, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 58. mál (yfirdráttarlán, dráttarvextir). — Þskj. 58.

[19:55]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu sem ég flyt ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, Kristjáni L. Möller, Jóni Gunnarssyni og Einari Má Sigurðarsyni.

Markmið þessa frumvarps er að draga úr kostnaði skuldugra fyrirtækja og heimila vegna óhóflega hárra dráttarvaxta, sem leitt getur til mikilla greiðsluerfiðleika og raunar komið í veg fyrir að einstaklingar og lögaðilar geti komið sér út úr tímabundnum eða langvarandi fjárhagsvanda.

Þegar ákvæðum laga var breytt árið 2001 og heimilað ákveðið frjálsræði í töku dráttarvaxta upp að vissu marki, treysti enginn sér til að hafa skoðun á því hvaða áhrif breytingin hefði á dráttarvaxtatöku. Nokkuð víst má þó telja að aukið frjálsræði í ákvörðun dráttarvaxta gagnaðist mest stórum fyrirtækjum og fjárfestum, sem og betur stæðum einstaklingum, sem eru í góðri aðstöðu til að semja niður dráttarvexti. Dráttarvextir sem Seðlabankinn ákveður eru trúlega í flestum tilvikum notaðir gagnvart þeim sem eru í lakari samningsstöðu eins og smærri fyrirtækjum og einstaklingum með lágar tekjur eða meðaltekjur. Frá júlí 2001, þegar breytingarnar tóku gildi, hafa dráttarvextir lækkað úr 23,50% í 20,50% eða um þrjú prósentustig. Vanefndaálag er í lögum ákveðið ellefu hundraðshlutar en Seðlabankinn hefur þó heimild til að ákveða annað vanefndaálag, að lágmarki sjö hundraðshluta en að hámarki fimmtán hundraðshluta. Vanefndaálag hefur frá júlí 2001 til júlí 2005 verið á bilinu 11–12,60% og er nú 11%. Að undanförnu hafa dráttarvextir hækkað verulega frá því sem þeir voru í ágúst 2003 eða úr 17% í 20,5% í ágúst í fyrra, þegar greinargerð þessa frumvarps var rituð. En nú hafa þeir enn hækkað og eru 21,5%.

Samkvæmt núgildandi lögum eru dráttarvextir myndaðir af grunni dráttarvaxta sem eru nú stýrivextir Seðlabankans. Við það bætist vanefndaálag sem ákveðið er af Seðlabanka. Núgildandi lagaákvæði um dráttarvexti byggjast m.a. á tilskipun Evrópusambandsins 2000/35/EB, um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum. Athyglisvert er að í þessari tilskipun er einungis kveðið á um lágmark en ekki hámark, en frá 2001 hefur vanefndaálagið hér á landi ekki farið niður fyrir 11%. Þegar bornir eru saman dráttarvextir hérlendis og annars staðar á Norðurlöndum kemur í ljós að vanefndaálagið í Danmörku og Noregi er 7% og í Svíþjóð 8%. Á Íslandi er því vanefndaálag nú 3–5 prósentustigum hærra en í þessum löndum.

Dráttarvextir hér á landi eru 21,5%. Í Danmörku eru þeir 9,15%, í Noregi 9% og í Svíþjóð 9,50%. Dráttarvextir hér á landi, sem ekki er samið um sérstaklega, eru því meira en helmingi hærri hér en í samanburðarlöndunum. Einnig vekur athygli að í dönsku lögunum er kveðið á um að vanefndaálagið sé 7% og í sænsku lögunum 8%. Í þessum löndum er ekki heimild til hærra vanefndaálags og því ekki sett efri mörk líkt og hér á landi.

Ótrúlegur munur er líka á hæstu og lægstu óverðtryggðum vöxtum, en þeir lægstu voru 1. júlí 2005 9,3% og þeir hæstu 17,55%. Þetta er ótrúlegur munur á skuldabréfavöxtum eða 8,25 prósentustig, þar sem viðskiptavinum er raðað í einhvers konar kjörvaxtaflokka eftir mati bankans á greiðsluþoli og ábyrgðum sem lántakendur leggja fram. Samkvæmt upplýsingum Samtaka banka og verðbréfasjóða er ákvörðun um álag á kjörvexti m.a. tekin af viðskiptasögu, öðrum viðskiptum við bankana, tryggingum, greiðslugetu og eignastöðu. Erfitt er að skilja að þetta séu réttlætanleg rök fyrir svo gífurlegum vaxtamun á óverðtryggðum skuldabréfum og raunar óþolandi að þeir sem verr eru settir í þjóðfélaginu skuli þurfa að sæta allt að 8,25 prósentustiga hærri vöxtum en þeir sem betur eru settir.

Ljóst er að á umliðnum árum hafa dráttarvextir vegið þungt í fjárhag skuldugra heimila og iðulega komið í veg fyrir að þau gætu unnið sig út úr fjárhagskröggum, því að dráttarvextirnir skapa ákveðinn vítahring. Þannig hefur fjöldi skuldugra heimila í miklum fjárhagserfiðleikum lent í því að geta ekkert greitt niður af höfuðstól skulda og einungis getað með striti og erfiði greitt niður dráttarvexti, en hlutfall dráttarvaxta af höfuðstól lána er oft gríðarlega hátt.

Með þeirri leið sem lögð er til í frumvarpi þessu er reynt að stilla dráttarvöxtum í hóf en um leið er skapað ákveðið svigrúm til vanefndaálags sem t.d. er ekki að finna í dönskum og sænskum lagaákvæðum um dráttarvexti. Þrátt fyrir þessa breytingu er skoðun flutningsmanna að áfram sé skapaður nægjanlegur hvati til skilvísi, sem stuðlar að lægri fjármagnskostnaði fyrir alla. Með þessari leið er reynt að koma í veg fyrir að dráttarvextir séu svo óhóflegir að tímabundnir greiðsluerfiðleikar hjá einstaklingum eða lögaðilum setji þá sem lenda í vanskilum í óleysanlegan vítahring.

Frá lokum júlí 2004 til loka júní 2005, eða á einu ári, hafa yfirdráttarlán heimilanna hækkað um tæp 25% eða um tæplega 13,5 milljarða kr. Í lok júlí 2004 voru þau um 54,5 milljarðar kr. en ári síðar, í lok júní 2005, voru þau tæpir 68 milljarðar kr. Á þessum tíma hafa vextir af yfirdráttarlánum hækkað um 3,5 en hæstu yfirdráttarvextir eru eins og áður er getið 19,2%. Áætla má, miðað við 17% meðalvexti, að vaxtataka bankanna á 12 mánaða tímabili hafi verið um 10 milljarðar kr. vegna yfirdráttarlána heimilanna.

Í júlí síðastliðnum voru yfirdráttarlán fyrirtækja um 85 milljarðar kr. og má áætla að yfirdráttarvextir af þeim lánum á 12 mánaða tímabili hafi verið um 12 milljarðar kr., en fyrirtæki eru almennt með lægri yfirdráttarvexti en einstaklingar. Líkt og hjá einstaklingum fer það þó eftir áhættu lánveitandans og viðskiptum viðkomandi fyrirtækis við innlánsstofnunina. Bankarnir ákveða sjálfir yfirdráttarvextina og hafa haldið þeim mjög háum. Eðlilegt er að bönkunum verði settar ákveðnar skorður í töku yfirdráttarvaxta, enda svo komið að mikill fjöldi fólks hefur lent í vítahring með fjárhag sinn og er illmögulegt að losna við yfirdráttarlánin vegna mikillar vaxtabyrði. Að meðaltali voru yfirdráttarlán í júní síðastliðnum um 330 þús. kr. á mann, miðað við hvern Íslending á aldrinum 18–80 ára. Ef reiknað er með 19% yfirdráttarvöxtum þarf að greiða um 62 þús. kr. á ári af 330 þús. kr. yfirdráttarláni.

Flutningsmenn þessa frumvarps eru sammála því að samningsfrelsi skuli áfram vera meginregla í gildandi vaxtalögum, en í frumvarpinu er lögð til sama leið og í Danmörku og Svíþjóð, þ.e. að kveðið verði á um í lögum að vanefndaálag dráttarvaxta skuli vera 7% sem er til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins 2000/35/EB. Engu að síður er gengið skemur og lagt til að lögfest verði efri mörk sem stillt yrðu við 9% í stað 15% hámarks í núgildandi lögum. Með þessari leið yrði áfram heimild í lögum til að semja um dráttarvexti, sem eins og áður er getið hefur fyrst og fremst gagnast stórfyrirtækjum og betur stæðum einstaklingum. Þessi breyting mundi því fyrst og fremst gagnast smærri skuldsettum fyrirtækjum og skuldugum einstaklingum og fjölskyldum sem minna hafa milli handanna og eru í erfiðri samningsstöðu til að semja um lægri dráttarvexti en Seðlabankinn ákvarðar.

Seðlabanki Íslands birtir ákvörðun um dráttarvexti tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Grunnur dráttarvaxta er gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana en við bætist vanefndaálag, sem nú er ákveðið 11 hundraðshlutar nema um annað sé samið og er bankanum heimilt að ákveða það annað eða á bilinu 7–15 hundraðshlutar.

Ákvæði frumvarpsins fela því í sér að heimild bankans til að ákveða vanefndaálag verði þrengd og það miðist almennt við níu hundraðshluta en bankanum verði heimilt að ákveða það lægra eða niður að sjö hundraðshlutum. Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en 2. gr. þeirra komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2006. Eðli málsins samkvæmt þarf efnahags- og viðskiptanefnd að skoða, þegar hún fær málið til meðferðar, að breyta viðmiði gildistökunnar í 2. gr.

Áætlað er að ákvæðin sem lögð eru til með frumvarpinu geti leitt til þess að dráttarvextir og vextir yfirdráttarlána lækki um tvö prósentustig. Það hefði þau áhrif að vextir af yfirdráttarlánum heimilanna eins og þau voru í júlí síðastliðnum mundu á 12 mánaða tímabili lækka um 1–1,2 milljarða kr. og af lánum fyrirtækja um 1,3–1,5 milljarða kr. Tveggja prósentustiga lækkun dráttarvaxta gæti því skipt sköpum fyrir smærri fyrirtæki og heimili í fjárhagserfiðleikum. Það er meginmarkmiðið með flutningi frumvarpsins.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til 2. umr. og efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 71. mál (áfengisauglýsingar). — Þskj. 71.

[20:05]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum. Flutningsmenn þessa frumvarps eru ásamt mér hv. þm.

Bjarni Benediktsson, Birkir Ármannsson, Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Örlygsson og Guðjón Hjörleifsson.

Í frumvarpinu eru í raun tvær efnisbreytingar á lögunum, sem ég mun gera grein fyrir. Annars vegar er gert ráð fyrir að við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein og hins vegar lagðar til viðamiklar breytingar á 20. gr. núgildandi áfengislaga.

Í stuttu máli má segja að frumvarpið gangi út á að heimila auglýsingar á áfengi undir styrkleikanum 22%, þ.e. heimila auglýsingar á léttvíni og bjór, þó með mjög verulegum takmörkunum sem ég mun víkja að á eftir. Þær takmarkanir miða að því að vernda börn og ungmenni gegn auglýsingum á áfengi. Frumvarpinu er því annars vegar ætlað að heimila áfengisauglýsingar en hins vegar að standa vörð um verndun barna og ungmenna gegn slíkum auglýsingum. Ég kem að því nánar á eftir.

Herra forseti. Samkvæmt 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, sem er samhljóða 16. gr. a í eldri gerð áfengislaga, nr. 82/1969, sbr. 8. gr. laga nr. 94/1995, eru hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum bannaðar. Í 2. mgr. greinarinnar er auglýsing meðal annars skilgreind svo að átt sé við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar séu í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni. Í 2. gr. áfengislaga er áfengi skilgreint sem hver sá neysluhæfur vökvi sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda.

Bann við áfengisauglýsingum í innlendum fjölmiðlum hefur verið í lögum hér á landi allt frá 1928, en þá gilti hér áfengisbann. Eftir að innflutningur áfengis var leyfður á ný árið 1935 hélt auglýsingabannið áfram gildi sínu. Lengst af var einungis skilgreint í reglugerð hvað teljast skyldi áfengisauglýsing. Þegar núgildandi ákvæði var fyrst lögfest með lögum nr. 94/1995 var ekki gert ráð fyrir slíkri skilgreiningu í upphaflegu frumvarpi heldur var hugtakið skilgreint að tillögu meiri hluta allsherjarnefndar í meðförum Alþingis. Til að eyða réttaróvissu þótti nauðsynlegt að taka slíka skilgreiningu í lög en hún var nær samhljóða þeirri sem áður hafði verið að finna í reglugerð. Var ákvæðið tekið óbreytt upp við setningu núgildandi laga og hafa engar breytingar verið gerðar á því eftir gildistöku þeirra laga.

Á ákvæði 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, sem og tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu, reyndi fyrir Hæstarétti í máli nr. 415/1998. Í dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 25. febrúar 1999, var ekki fallist á að bann gegn auglýsingum sem þessum fæli í sér brot gegn 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi né sambærilegu ákvæði 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Sagði rétturinn að ljóst væri að tilgangur bannsins væri að vinna gegn misnotkun áfengis og þeim vandamálum sem af henni hlytust. Þau rök sem byggju að baki banninu ættu sér því efnislega stoð í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans, en þar er fjallað um skilyrði þess að tjáningarfrelsið sé skert.

Eins og við vitum hafa fylgismenn þess að áfengisauglýsingar séu heimilaðar á Íslandi flestir, ef ekki allir, haldið því fram að ákvæði núgildandi 20. gr. áfengislaga bryti gegn tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Á það var látið reyna í þessu máli en án árangurs fyrir þann sem málið höfðaði.

Í marsmánuði árið 2000 setti ríkislögreglustjóri á fót vinnuhóp til að gera úttekt á brotum gegn 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998. Niðurstöður úttektarinnar er að finna í skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjóra um viðbrögð við áfengisauglýsingum sem kom út í nóvember 2001. Skýrslan er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Segir í skýrslunni að auglýsendur séu mjög ósáttir við þau ákvæði áfengislaganna sem banna auglýsingar á áfengi. Einnig kemur fram í skýrslunni að handhöfum rannsóknar- og ákæruvalds þyki ákvæði 20. gr. áfengislaga ekki nægilega ítarlegt og ótvírætt og reynslan hafi sýnt að mál vegna áfengisauglýsinga hafi reynst lögreglu og ákæruvaldi nokkuð erfið. Helsta niðurstaða vinnuhópsins var sú að taka þyrfti 20. gr. áfengislaga til skoðunar og gera ákvæðið ítarlegra, nákvæmara og ótvíræðara. Virðist sú niðurstaða í fullu samræmi við sjónarmið bæði lögregluyfirvalda og auglýsenda, enda óþolandi fyrir þessa aðila að búa við þá réttaróvissu sem skortur á skýrleika núgildandi refsiákvæðis 20. gr. áfengislaga virðist valda.

Við höfum orðið vitni að því í umræðum á þingi, í ítrekuðum fyrirspurnum til dómsmálaráðherra frá hv. þingmönnum um hvernig taka eigi á þeim áfengisauglýsingum sem birtar eru reglulega. Ég leyfi mér að segja að þær séu birtar á hverjum einasta degi í fjölmiðlum. Við höfum líka orðið vör við að lögregluyfirvöldum, handhöfum rannsóknar- og ákæruvalds, þyki núgildandi löggjöf óskýr og við hana verði ekki búið. Ég minnist þess að á síðustu vikum hafi átt sér stað mikil umræða um auglýsingamál, sem m.a. talsmaður neytenda hefur tekið þátt í og fleiri aðilar sem láta sig málið varða.

Ég held að hvort sem menn eru sammála þeirri leið sem lögð er til í þessu frumvarpi eða andsnúnir henni og vilja fara aðrar leiðir þá getum við öll verið sammála um að núgildandi löggjöf er meingölluð og að gera verði á henni einhverjar breytingar, hvaða leiðir sem eru færar. Sumir eru þeirrar skoðunar að banna eigi alfarið allar áfengisauglýsingar. En ég vil fara aðra leið.

Með frumvarpi þessu er lögð til grundvallarbreyting á ákvæðum áfengislaga um auglýsingar á áfengi. Í stað auglýsingabanns núgildandi laga og ónákvæmra og tvíræðra undantekninga á því banni er lagt til að auglýsingar á áfengi verði frjálsar með ítarlegum, nákvæmum og ótvíræðum undantekningum. Þrátt fyrir þessa grundvallarbreytingu er áfram byggt á þeirri meginreglu að auglýsing og önnur markaðssetning áfengis sæti verulegum takmörkunum í þeim tilgangi að vinna gegn skaðlegum áhrifum áfengis. Ég nefndi þetta í upphafi ræðu minnar. Markmiðin eru tvenns konar. Annars vegar eru þessi forvarnasjónarmið og verndarsjónarmið sérstaklega gagnvart börnum og unglingum og hins vegar að heimila auglýsingarnar með takmörkunum.

Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um sérstakar ráðstafanir til að hindra að auglýsingum og annars konar markaðssetningu sé beint gegn börnum og unglingum. Rétt er að taka fram að auglýsingar á léttöli, þ.e. öli sem í er að rúmmáli minna en 2,25% af hreinum vínanda, eru nú leyfðar á öllum tímum dags og í öllum fjölmiðlum. Við vitum að börn og ungmenni gera lítinn greinarmun á slíku léttöli og því sem

óheimilt er að auglýsa.

Samkvæmt frumvarpi þessu verður þessi greinarmunur afnuminn og verulegar hömlur lagðar við auglýsingum á áfengi sem einkum er ætlað að koma í veg fyrir að þær komi fyrir sjónir barna og ungmenna án þess að þau séu undir eftirliti foreldra og annarra forráðamanna. Til að koma til móts við þau sjónarmið leggja flutningsmenn frumvarpsins til að óheimilt verði að auglýsa léttöl með þeim hætti sem nú er gert á ákveðnum tímum dags og í ákveðnum fjölmiðlum. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að þær áfengisauglýsingar sem heimilar eru samkvæmt lögunum verði ekki birtar milli kl. 5 að morgni og 20 að kvöldi. Markmið núgildandi auglýsingabanns er að sporna við óæskilegum áhrifum sem neysla áfengis kann að hafa í för með sér. Þetta markmið var lagt til grundvallar þegar Hæstiréttur sagði í áðurnefndum dómi, nr. 415/1998, að auglýsingabannið bryti ekki í bága við stjórnarskrá. En í frumvarpi þessu er áfram byggt á þessu markmiði og í raun gengið lengra í því að koma í veg fyrir að hvers kyns auglýsingar á áfengi komi fyrir sjónir barna og ungmenna.

Önnur meginbreytingin með frumvarpinu er sú að gerður verður skýr greinarmunur í lögum á því sem kallað er sterkt áfengi og því sem kallað er létt áfengi, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þessi breyting endurspeglar fyrst og fremst þá þróun sem átt hefur sér stað á neysluvenjum Íslendinga síðustu árin. Frá því að sala á áfengu öli hér á landi var leyfð með lögum nr. 38/1988, sem tóku gildi 1. mars 1989, hefur neyslumynstur Íslendinga gerbreyst. Léttvín og bjór skipa mun ríkari sess í matarmenningunni en áður tíðkaðist og verulega hefur dregið úr hlutfallslegri neyslu sterkara áfengis.

Samkvæmt frumvarpi þessu verður áfram óheimilt með öllu að auglýsa sterkt áfengi. Farin hefur verið sú leið í frumvarpinu að miða við að sterkt áfengi teljist sá neysluhæfi vökvi sem í er að rúmmáli meira en 22% af hreinum vínanda, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Í lögum um gjald af áfengi, nr. 96/1995, er gerður greinarmunur á öli og víni með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli og öðru áfengi. Í finnskum lögum er hins vegar gerður sá greinarmunur á sterku og léttu áfengi þegar kemur að auglýsingum að markið er sett við 22%.

Eins og fyrr segir hafa neysluvenjur Íslendinga tekið miklum breytingum frá því að sala á áfengu öli var leyfð hér á landi árið 1989. Verulega hefur dregið úr hlutfallslegri neyslu á sterku áfengi en neysla léttvína og bjórs hefur farið vaxandi. Hafa stjórnvöld stutt þessa þróun, m.a. með því að gera greinarmun á sterku áfengi og léttu áfengi þegar kemur að álagningu gjalda. Með breytingu á lögum nr. 96/1995, sem tóku gildi 29. nóvember 2004, var gjald á sterkt áfengi skv. 3. gr. laganna hækkað um 7% en engin hækkun varð á gjöldum af léttu áfengi, þ.e. öli og víni með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli. Kom fram í athugasemdum með frumvarpinu að gjald á léttvín hefði ekki hækkað síðan 1998. Er það ótvíræð vísbending um þann vilja löggjafans að ofangreind þróun haldi áfram og nýtt neyslumynstur festi sig í sessi. Sambærileg rök eru fyrir því að leyfa auglýsingar á léttu áfengi en banna alfarið og undantekningarlaust auglýsingar á sterku áfengi eins og gert er ráð fyrir með frumvarpi þessu.

Í frumvarpi 23 þingmanna úr fjórum af fimm þingflokkum, sem lagt var fram á 131. löggjafarþingi, var gerður sá greinarmunur á léttu og sterku áfengi að létt áfengi telst vera sá neysluhæfi vökvi sem í er að rúmmáli allt að 22% af hreinum vínanda. Þykir eðlilegt að sambærilegt viðmið gildi um auglýsingar á áfengi.

Herra forseti. Ísland er eitt örfárra Evrópulanda þar sem almennt bann gildir við auglýsingum á áfengi en í flestum Evrópuríkjum eru þó í gildi einhvers konar takmarkanir á áfengisauglýsingum. Þar sem áfengisauglýsingar eru ekki bannaðar er meginefni áfengislaga og reglna þar að lútandi að mæla fyrir um hvað má koma fram í áfengisauglýsingum og að hverjum þær mega beinast að því er fram kemur í áðurnefndri skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjóra. Norðurlöndin, að Finnlandi frátöldu, skera sig nokkuð úr hópi Evrópuríkja og eru takmarkanir þar mun strangari en annars staðar í Evrópu.

Nýlega hefur reynt á bannákvæði norsku og sænsku áfengislaganna gagnvart skuldbindingum þessara ríkja samkvæmt EES-samningnum í tilviki Noregs og gagnvart ESB-sáttmálanum í tilviki Svíþjóðar. Þann 8. mars 2001 kvað Evrópudómstóllinn upp forúrskurð sinn í máli sem undirréttur í Svíþjóð, þ.e. Stockholms Tingsrätt, skaut til hans og varðaði gildi auglýsingabanns gagnvart reglum Evrópusambandsins um frjálst flæði vöru og þjónustu innan sambandsins. Bannákvæði sænsku laganna er svipaðs eðlis og 20. gr. áfengislaganna íslensku.

Niðurstaða Evrópudómstólsins varð sú að reglur um frjálst flæði á vörum og þjónustu komi ekki í veg fyrir auglýsingabann nema hægt sé að ná markmiðum bannsins, sem er heilsuverndarmarkmið eins og hér á Íslandi, með aðferðum sem hafa minni áhrif á markaðsfrelsið. Dómstóllinn eftirlét síðan sænskum dómstólum að meta hvort meðalhófs væri gætt með þágildandi bannákvæðum. Í nóvember árið 2003 féll síðan dómur í þessu sama máli í Svíþjóð að gengnum þessum forúrskurði sem ég vék að áðan. Komst yfirréttur að þeirri niðurstöðu að áfengisbannið bryti gegn reglum um frjálst flæði vöru og þjónustu. Taldi rétturinn að hægt væri að halda áfengisneyslu niðri með aðferðum sem hefðu minni áhrif á markaðsfrelsið. Með öðrum orðum má því segja að auglýsingabannið hafi að mati hins sænska dómstóls talist brot á meginreglunni um meðalhóf.

Þann 25. febrúar 2004 komst svo EFTA-dómstóllinn að sömu niðurstöðu og Evrópudómstóllinn í máli nr. E-4/04, Pedicel AS gegn Sosial- og helsedirektoratet, er dómstóllinn veitti norskum undirrétti ráðgefandi álit um sömu álitaefni og uppi voru í sænska málinu sem ég vék að hér áðan. Niðurstaðan varð sú að reglur um frjálst flæði á vörum og þjónustu komi ekki í veg fyrir auglýsingabann nema hægt sé að ná markmiðum bannsins, sem eru heilsuverndarmarkmið, með aðgerðum sem hafa minni áhrif á markaðsfrelsið og það kæmi síðan í hlut dómstóla í einstökum aðildarríkjum að úrskurða hvort meðalhófi væri fylgt að landslögum. Segja má að EFTA-dómstóllin hafi gengið lengra en Evrópudómstóllinn að því leyti að hann setti fram nokkur viðmið sem dómstólar aðildarríkjanna ættu að hafa að leiðarljósi við slíkt mat.

Í fyrsta lagi benti dómstóllinn á að samkvæmt dómaframkvæmd Evrópudómstólsins væri það ekki brot á með-

alhófi að banna auglýsingar á áfengi sem væri sterkara en 23%. Í öðru lagi benti dómstóllinn á að talið yrði heimilt að banna auglýsingar sem beindust að ungmennum eða ökumönnum. Í þriðja lagi var bent á að Evrópudómstóllinn hefði nýlega fallist á að bann við áfengisauglýsingum í sjónvarpi væri ekki brot á meðalhófsreglunni.

Í frumvarpi þessu er reynt að taka mið af þessum viðmiðunum Evrópudómstólsins.

Herra forseti. Í áðurnefndri skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjóra er vísað til þess álits Evrópudómstólsins að skoðað verði hvort hægt sé að ná markmiðum auglýsingabannsins um að vernda heilsu almennings fyrir skaðvænlegum afleiðingum áfengisneyslu með öðrum aðferðum sem minni áhrif hafa á innri markað aðildarríkjanna. Segir svo í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Þessi spurning er allrar athygli verð og fyllsta ástæða fyrir löggjafann að skoða málið frá þessari hlið ef til endurskoðunar ákvæðis laga um bann við áfengisauglýsingum kemur."

Flutningsmenn þessa frumvarps telja mikilvægt, í ljósi tilvitnaðra orða úr áðurnefndri skýrslu ríkislögreglustjóra, þeirra dóma sem gengið hafa í nágrannalöndunum um málið og þeirra álita Evrópudómstólsins sem fyrir liggja, að núgildandi reglur um áfengisauglýsingar í íslenskum fjölmiðlum verði teknar til endurskoðunar á Alþingi Íslendinga. Meginbreytingin sem lögð er til í þessu frumvarpi kemur fram í 2. gr. þess.

Í 1. mgr. er lagt til að bann við auglýsingum á áfengi verði afnumið að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem koma fram í 4. mgr. Samkvæmt ákvæðinu er lögð sú skylda á herðar þeirra sem auglýsa áfengi að í þeim auglýsingum sé ávallt og undantekningarlaust varað við skaðlegum áhrifum sem neysla áfengis getur haft.

Þar er í öðru lagi skýrt kveðið á um að auglýsingar og aðrar markaðssetningaraðferðir skuli ekki beinast gegn börnum og ungmennum. Er það í samræmi við löggjöf annarra Evrópuþjóða sem leyfa takmarkaðar auglýsingar á áfengi.

2. mgr. frumvarpsins er samhljóða 2. mgr. 20. gr. núgildandi laga og ekki er talin þörf á að endurskoða þessa skilgreiningu þar sem sú grundvallarbreyting sem lögð er til í 1. mgr. kemur í veg fyrir að vafi leiki á því hvort verið sé að auglýsa óáfengt eða áfengt öl en mest hefur reynt á þessi mörk í tíð núgildandi laga. Um þetta hefur ríkt hvað mest óvissa eins og við þekkjum og ég vék að hér áðan.

Í 3. mgr. kemur síðan fram sú fortakslausa regla að bannað sé að auglýsa sterkt áfengi sem skilgreint verður í 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þá eru enn fremur teknar upp í þetta ákvæði tillögur vinnuhóps ríkislögreglustjóra sem vitnað er til í frumvarpinu og ég gat um hér áðan og lagt er til bann við auglýsingum á vörum sem bera sömu merki eða einkenni og sterkt áfengi til að ekki sé hætta á ruglingi á milli áfengis sem óheimilt er samkvæmt lögum þessum að auglýsa og þeirrar vöru sem auglýst er vegna nafns á vörunni, umbúða eða annarra einkenna.

Í 4. mgr., herra forseti, koma fram veigamiklar takmarkanir við auglýsingum á áfengi umfram meginreglur 1. mgr. Hefur við samningu þessara takmarka verið tekið mið af reglum sem gilda í þeim Evrópulöndum þar sem áfengisauglýsingar eru leyfðar að einhverju marki. Miðast takmarkanirnar almennt við að halda áfengisauglýsingum frá börnum og ungmennum. Í 1. tölulið er lagt til að óheimilt verði að auglýsa áfengi í ljósvakamiðlum, þ.e. útvarpi og sjónvarpi, frá kl. 5 að morgni til kl. 20 að kvöldi.

Í 2. tölulið er lagt til að óheimilt verði að auglýsa áfengi á stöðum þar sem ungt fólk kemur saman, svo sem á íþróttasvæðum, félagsheimilum, mennta- og menningarstofnunum, útivistarstöðum og opinberum byggingum en rétt er að geta þess að þessi upptalning, sem fram kemur í ákvæðinu, er ekki tæmandi. Markmið þessa ákvæðis er, eins og hér hefur komið fram, og áður segir, að koma enn frekar í veg fyrir að auglýsingar á áfengi nái til barna og ungmenna en samkvæmt núgildandi löggjöf hefur verið töluvert mikil brotalöm á því og flestar áfengisauglýsingar kannski verið birtar í tengslum við t.d. beinar útsendingar frá íþróttakappleikjum í fjölmiðlum þar sem gera má ráð fyrir að stór hluti áhorfenda sé börn sem ég og félagar mínir sem flytja þetta frumvarp teljum að geri ekki svo skýran greinarmun á áfengum bjór og léttvíni eða léttöli sem er þá undir 2,25%.

Í þriðja lagi er lagt til að óheimilt verði að auglýsa áfengi á íslenskum vefsíðum innan þeirra tímamarka sem gilda um áfengisauglýsingar í sjónvarpi. Ástæðan fyrir þessu er sú að aðgengi barna og ungmenna að netinu er mjög mikið og afar erfitt að stjórna því hvaða síður þau geta notað og skoðað. Með íslenskum vefsíðum er í frumvarpinu átt við vefsíður sem hýstar eru hér á landi eða síður sem með öðrum hætti heyra undir íslensk lög. Með fjöldatölvupósti er síðan átt við, eins og vikið er að í greininni, póst sem sendur er á fjölda netfanga í þeim tilgangi að koma á framfæri kynningu eða annars konar auglýsingu á tiltekinni vöru eða þjónustu. Eins og öllum ætti að vera kunnugt eru slíkir markpóstar að verða ævinsælli markaðssetningaraðferð þeirra sem fyrir slíku standa.

Í 5. mgr. þessarar greinar, 5. mgr. 20. gr., eins og hún kemur fram í 2. gr. frumvarpsins, er síðan lagt til, og ég hef ekki vikið að því ákvæði hér fyrr í minni ræðu, að fjölmiðlar, samtök auglýsenda, áfengisframleiðendur og innflytjendur áfengis setji sér siðareglur um auglýsingar á áfengi sem byggist á ákvæðum þessa frumvarps.

Víðast í Evrópu, þar sem auglýsingar eru að einhverju marki leyfðar, er kveðið á um slíkar siðareglur viðkomandi aðila í lögum. Markmiðið með slíkum reglum er að sjálfsögðu það að þeir aðilar sem í hlut eiga komi sér saman um viðmið sem gilda um áfengisauglýsingar þannig að leikreglurnar á markaðnum séu skýrar. Það verður að teljast til hagsbóta fyrir alla þá sem að þessum málum koma og í slíkum siðareglum mætti vitaskuld ekki víkja frá lágmarksákvæðum laga þessara en þeir aðilar sem að siðareglunum standa mundu setja sér með þeim ítarlegri viðmið en fram koma í þessu annars ítarlega ákvæði sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins.

Herra forseti. Flutningsmenn þessa frumvarps eru, eins og áður segir, þeirrar skoðunar að núgildandi löggjöf um áfengisauglýsingar sé gengin sér til húðar og meingölluð. Undir það taka, held ég, allir þeir sem fjallað hafa um þessi mál eða þurft að vinna með þau lög sem hér eru til umfjöllunar. Það er náttúrlega í sjálfu sér vandmeðfarið hvernig

haga beri lagasetningu um mál eins og þessi, auglýsingar á áfengi, vegna þess að þar vegast á ýmis sjónarmið. Ég hef vonandi vikið að þeim flestum hér í þessari ræðu minni. Ein leið er sú, sem hefur oft verið nefnd og ég vék hér að, þ.e. að banna alfarið auglýsingar á áfengi eins og virðist í sjálfu sér vera meginregla núgildandi áfengislaga. En ákvæði 20. gr., eins og það er nú orðað, er því miður svo meingallað að mönnum hefur refsilaust tekist að fara á svig við lögin, skulum við segja.

Ein leið er sem sagt að banna algerlega og styrkja þá reglu um bann við áfengisauglýsingum, en þá leið vilja flutningsmenn frumvarpsins ekki fara. Þeir vilja frekar losa um þær reglur sem nú gilda. En með þeim takmörkunum sem frumvarpið kveður á um, þ.e. af heilsuverndarástæðum og til að vernda börn og ungmenni gegn skaðsemi áfengis.

Flutningsmenn frumvarpsins telja jafnframt að sá böggull fylgi skammrifi varðandi algjört bann við birtingu áfengisauglýsinga að slíku banni mundi væntanlega fylgja ýmislegt annað óheppilegt. Slík regla hlyti að leiða það af sér að stöðva yrði innflutning á erlendum tímaritum hingað til lands, sem uppfull eru af áfengisauglýsingum, hvort sem verið er að auglýsa bjór, léttvín eða sterkt áfengi. Að sama skapi þyrfti að setja einhverjar hömlur um aðgang almennings að erlendum sjónvarpsrásum sem birta sambærilegar auglýsingar.

Í þriðja lagi má nefna að með algeru banni hlytu menn að horfa til netsins, alnetsins eða internetsins, og velta því alvarlega fyrir sér hvort setja ætti hömlur við umferð á netinu. En eins og við vitum eru þar náttúrlega langflestar auglýsingar á áfengi sem hægt er að komast í. Þetta er ekki sú leið sem flutningsmenn vilja fara.

Flutningsmenn þessa frumvarps vilja miklu fremur losa um þær hömlur sem nú eru í gildi í áfengislögum þó með þeim takmörkunum sem nauðsynlegt er að gera til að ná markmiðum um vernd barna og ungmenna. Ég tel að þetta frumvarp endurspegli ákveðna málamiðlunarleið, millileið, sem er skynsamleg og ætti að koma sér vel fyrir alla þá sem að þessu máli koma og málið varðar.

Að svo búnu, virðulegi forseti, hef ég ekki meira um þetta mál að segja. En að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til allsherjarnefndar og 2. umr.

[20:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp er millileið, segir 1. flutningsmaður þess, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Og bætir við að sú millileið sé sérstaklega skynsamleg. Það ætla ég að láta liggja á milli hluta. En um hitt getum við verið sammála, ég og hv. flutningsmaður, að ástandið í þessum málum, eins og það er nú, er óviðunandi.

Við búum við löggjöf þar sem bann er lagt við auglýsingum á áfengi en því banni er ekki fylgt eftir. Þá er spurningin? Hvað er til ráða? Hægt er að fara tvær leiðir. Að herða á banninu, stoppa upp í lögin þar sem þess er þörf eða gefa eftir og heimila auglýsingar. Það er hægt að gera það að öllu leyti eða fara millileið, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson nefnir, og heimila auglýsingar með ákveðnum takmörkunum. Ég vil vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur annað frumvarp þar sem fyrri leiðin er farin, þar sem stoppað er upp í göt á núgildandi áfengislöggjöf, og ætla ég að víkja að því hér á eftir. Ég vil þó segja að þær takmarkanir sem frumvarpshöfundar setja í lögin, eða gera tillögu um, eru að mörgu leyti ágætar. Þær ganga í fyrsta lagi út á að heimila einvörðungu auglýsingar á því sem kallað er létt áfengi, vín og bjór, en ekki á sterkum drykkjum og síðan eftir föngum að takmarka auglýsingarnar, bæði við staði og tíma þar sem þeim er ekki beint að börnum og unglingum. Allt er þetta góðra gjalda vert.

Ég tel hins vegar að við eigum að fara aðra leið. Þó vil ég geta þess að það er alveg rétt sem hv. þingmaður nefnir að við erum í alþjóðlegu umhverfi. Hingað koma blöð og tímarit með áfengisauglýsingum. Við erum í sambandi við netið og þar er áfengi auglýst. En ég held hins vegar að við eigum að vara okkur á því að ganga of langt í því að gefa eftir í prinsippum sem við teljum vera rétt, jafnvel þótt að þau fyrirfinnist annars staðar og þótt áreitið komi að utan. Staðreyndin er sú að mjög víða í heiminum eru átök um hvort leyfa eigi auglýsingar á tóbaki og áfengi. Við erum ekkert ein á báti í þeirri umræðu. Með því að herða á banni á áfenginu og koma í veg fyrir auglýsingar með tóbak þá erum við að leggjast á árar með þeim sem vilja takmarka áróður fyrir tóbaki og áfengi. Þannig að við eigum líka að sjá baráttu okkar í þessu efni í alþjóðlegu samhengi.

Hv. þingmaður sagði að lögin sem nú eru við lýði, áfengislög nr. 75 frá 1998, séu meingölluð. Hafi gengið sér til húðar að þessu leyti. Ég er ekki alveg viss um að það sé rétt. Það sem er meingallað er afstaða áfengissalanna sem eru ótrúlega óábyrgir í sinni framkomu. Því það er eitt að berjast fyrir breyttum lögum og breyttu fyrirkomulagi, eins og hv. þingmaður gerir með því að leggja fram þessar tillögur, og það er í sjálfu sér virðingarvert. Hitt, að reyna allt hvað menn geta til að komast fram hjá lögunum eða mér liggur við að segja brjóta lögin, eins og gert er, það er nokkuð sem ég get ekki annað en áfellst menn fyrir. Þetta gera menn t.d. með því að auglýsa bjór undir því yfirskini að um léttöl sé að ræða. Þá horfa menn á 20. gr. áfengislaganna þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu."

Og síðan segir í 3. mgr. þessarar greinar laganna, með leyfi forseta:

„Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu."

Hér leika menn þann leik að birta mynd af bjórdósinni og síðan með örsmáu letri undir: Léttöl. Þannig skjóta menn sér á bak við þessa lagagrein. Í því frumvarpi sem ég vísaði til áðan, og er flutt af mér ásamt hv. þingmönnum Þuríði Backman, Björgvini G. Sigurðssyni, Dagnýju Jónsdóttur, Merði Árnasyni og Þórarni E. Sveinssyni, gerum við tillögu um að bæta við þessa 3. mgr. 20. gr. áfengislaganna eftirfarandi, með leyfi forseta:

„... eða hætta á ruglingi á milli áfengu framleiðslunnar og þeirrar sem verið er að auglýsa vegna nafns á vörunni, umbúða eða annarra einkenna."

Með öðrum orðum þá viljum við útiloka þennan skollaleik sem þarna er leikinn. Þetta er leið sem Norðmenn hafa farið og er vakin athygli á í skýrslu sem unnin var á vegum embættis lögreglustjóra á árunum 2000–2001 — var birt í nóvember 2001, ef ég man rétt — og er tilefni til tilvitnana, bæði af hálfu okkar sem flytjum það frumvarp til laga sem ég er að vitna í og einnig höfundar þess frumvarps sem er núna til umræðu. Við viljum með öðrum orðum fara norsku leiðina en frumvarpshöfundar horfa til Evrópudómstólsins og niðurstöðu sem þar hefur komið fram og spyrja hvort ekki sé ástæða til að reyna að ná þeim markmiðum sem menn vilja ná til að vernda heilsu almennings fyrir skaðvænlegum afleiðingum áfengisneyslu á annan hátt en með auglýsingabanni. Þar erum við komin að þessu frumvarpi.

Einu furða ég mig svolítið á. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði að nánast allir þeir sem töluðu fyrir afnámi auglýsingabanns teldu að það stríddi gegn tjáningarfrelsi sem varið væri í stjórnarskrá landsins. Þá er komið að því sem ég ekki skil. Ef það stríðir gegn tjáningarfrelsinu að banna fólki að hvetja þjóðina til að neyta brennivíns, hvers vegna nær bannið þá aðeins til áfengis yfir 22%? Er það ekki jafnmikið mannréttindabrot að leyfa þeim sem selur áfengi sem er 20% að styrkleika en banna hinum sem er með 24%? Hvar liggur sú mannréttindalína í stjórnarskránni? Fróðlegt væri að fá upplýsingar um það þó ég hafi séð í greinargerð með frumvarpinu að vísað er í dómsniðurstöðu frá EFTA-dómstólnum. (Gripið fram í.) Ég skil ekki alveg röksemdafærsluna þegar menn eru á annað borð farnir að tala sig upp í mannréttindi og brot á tjáningarfrelsi í þessu efni.

Hæstv. forseti. Ég tel að sú leið sem við viljum fara, að banna auglýsingar á áfengi og tóbaki, þó það sé ekki til umræðu hér, sé í átt til framtíðar. Ég hef trú á að þetta eigi eftir að verða ofan á víða í heiminum. Það er augljóst og ég held að enginn deili um það að mikil áfengisneysla er mjög skaðleg. Það segir sig sjálft að auglýsingar á þeirri vöru eru til þess fallnar og gerðar með það eitt í huga að auka áfengisneyslu. Hitt talið, um að það sé neytendum í hag að fá upplýsingar um vöruna, er ekki mjög sannfærandi í mín eyru ekki síst þegar maður horfir á auglýsingarnar og þær upplýsingar sem þar eru framreiddar. Þær eru akkúrat engar. Þær eru ekki annað en mynd af brennivínsflösku eða bjórdós og síðan hvatning um að tæma þær sem flestar, flöskurnar og dósirnar. Finnst mönnum þetta virkilega vera þess virði að kveikja upp einhverja hugsjónaelda til að ná fram breytingum á þessum málum?

Ég get því ekki stutt frumvarpið þó að ég greini vel ágætan ásetning sem leynist í stöku grein.

[20:49]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að enginn hafi snúið sér við í gröfinni í tilefni af yfirlýsingu hv. þm. Ögmundar Jónassonar um að hann muni ekki styðja frumvarpið en ég þakka honum fyrir ágæta ræðu um þessi mál.

Ég greindi það úr ræðu hv. þingmanns að við séum sammála um að ástandið eins og það er sé óviðunandi. Ég er þeirrar skoðunar að löggjöfin sé gölluð og við erum sammála um að mikil áfengisneysla sé skaðleg eða geti verið það. Við erum líka sammála um að hægt sé að fara tvær leiðir. Annars vegar þá leið sem hv. þingmaður vill fara, þ.e. að herða á banninu og banna auglýsingar með öllu, og hins vegar að gefa eftir og leyfa þær frjálsar. Ég legg það til með þeim miklu og skýru takmörkunum sem frumvarpið kveður á um. Frumvarpið felur í sér afar skýrar línur um hvað má og hvað má ekki og er ætlað að ná fram heilsuverndarsjónarmiðunum, verndarsjónarmiðum gagnvart ungu fólki, börnum og ungmennum.

Ég kem að tjáningarfrelsinu í síðara andsvari mínu, en mig langar til að spyrja hv. þingmann um frumvarpið sem hann flytur með fleiri hv. þingmönnum. Þar er mælt fyrir um að herða á löggjöfinni. Telur hann að sú regla sem þar er kveðið á um samræmist þeim dómum sem gengið hafa um nákvæmlega slíkt bann, (Forseti hringir.) annars vegar hjá Evrópudómstólnum og hins vegar hjá EFTA-dómstólnum?

[20:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi síðustu spurninguna treysti ég mér ekki til að svara henni á þessu stigi. Ég hef ekki lagst rækilega yfir það, ég verð að játa það, en skal með glöðu geði leggjast yfir þá hlið málsins. Það er spurning hvort það sé rétt að tala um að herða á banninu sem ég gerði reyndar einnig í máli mínu og hef stundum gert vegna þess að þegar allt kemur til alls er bannið við auglýsingum á áfengi alveg fortakslaust í lögunum. Hins vegar hafa menn fundið smugu, gat í lögunum til að brjóta gegn markmiðum laganna og hafa auglýst áfengi þess vegna. Reyndar tel ég að ef stjórnvöld hefðu viljað fylgja lögunum eftir hefði verið hægur vandi að gera það. Þá hefðu þau getað gert það á grundvelli laganna eins og þau liggja fyrir. Lögin eru brotin á ýmsum sviðum, t.d. í auglýsingatímum Ríkisútvarpsins. Þau eru iðulega brotin þar.

Ég hef lagt fram fyrirspurn sem kemur fyrir þingið innan skamms þar sem ég beini þeirri spurningu til hæstv. menntamálaráðherra á hvern hátt stjórnvöld hyggist framfylgja lögunum að þessu leyti. Lögin, ásetningur og markmið laganna eru alveg kýrskýr. Hins vegar er það eindregin ásetningur bjórframleiðenda og sölumanna áfengis að komast fram hjá lögunum. Það hafa þeir komist upp með. Markmið frumvarps okkar er að stoppa upp í það gat sem gerir þetta mögulegt.

[20:53]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bendi hv. þingmanni á umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu um túlkun EFTA-dómstólsins og Evrópudómstólsins. Ég vík að því þar að í nóvember árið 2003 féll dómur í Sviþjóð þar sem dómstóllinn komst að því, að undangengnum forúrskurði Evrópudómstólsins, að áfengisbann bryti gegn reglum um frjálst flæði vöru og þjónustu og taldi rétturinn að hægt væri að halda áfengisneyslu niðri með aðferðum sem hefðu minni áhrif á markaðsfrelsið. Auglýsingabannið væri með öðrum orðum

brot á reglunni um meðalhóf. Þetta er sama niðurstaða og norski undirrétturinn komst að, að undangengnu ráðgefandi áliti frá Evrópudómstólnum. Dómstólarnir telja því að það sé ekki verjandi að kveða á um algert auglýsingabann ef hægt er að beita vægari reglum til að ná fram sama markmiði, að ekki sé gengið lengra en nauðsyn krefur. Mig grunar að sú regla sem hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði grein fyrir í ræðu sinni og fram kemur í hans eflaust ágæta frumvarpi samræmist ekki þeim reglum og þar með reglum EES-samningsins um frjálsa vöruflutninga.

Varðandi tjáningarfrelsið og mannréttindabrotin þá er í stjórnarskránni heimilt að skerða tjáningarfrelsið með hliðsjón til almannaheilla. Ég tel að það séu skýrari rök fyrir því að skerða það á sterku áfengi, yfir 22%, (Forseti hringir.) til almannaheilla, en á léttu áfengi.

[20:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef alltaf svolítið gaman að því þegar talað er um að skerða tjáningarfrelsi brennivínssalans, að það að meina honum að hvetja fólk til að drekka sem allra mest af brennivíni stríði gegn tjáningarfrelsinu og jafnvel stjórnarskrárvörðum rétti að því leyti. Ég á erfitt með að kaupa þetta.

Eins þegar talað er um hófsemina, brot á reglu um meðalhóf ef löggjafinn í einu ríki ákveður að reyna að draga úr áfengisneyslu með þjóðinni með því að heimila ekki áfengissölum að reka áróður fyrir aukinni áfengisneyslu. Mér finnst þetta óskaplega langsótt. Ég efast þó ekki um þær tilvísanir sem hv. þingmaður vísar til í greinargerð með frumvarpinu og er sjálfsagt að skoða þær. En ég held að þetta sé enginn endanlegur stóridómur. Við eigum að hugsa um það á Íslandi hvernig við viljum hafa þessa hluti. Það er mergurinn málsins. Við skulum ekki láta reglugerðarverkið í Brussel stýra okkur að þessu leyti. Við skulum taka ákvörðun um hvað við teljum okkur og íslensku þjóðinni fyrir bestu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9. og 11.–12. mál.

Fundi slitið kl. 20:58.

---

61. FUNDUR

miðvikudaginn 8. febr.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Embætti útvarpsstjóra, fsp. KHG, 283. mál, þskj. 298.
2. Samningur um menningarmál, fsp. KLM, 428. mál, þskj. 645.
3. Fjarskiptasafn Landssímans, fsp. KolH, 429. mál, þskj. 646.
4. Menntun leikskólakennara, fsp. KJúl, 437. mál, þskj. 658.
5. Fyrirframgreiðslur námslána, fsp. KJúl, 438. mál, þskj. 659.
6. Rekstur framhaldsskóla, fsp. BjörgvS, 443. mál, þskj. 664.

Til félagsmálaráðherra:

7. Fæðingarorlofssjóður, fsp. ÁRJ, 424. mál, þskj. 641.

Til heilbrigðisráðherra:

8. Réttur sjúklinga við val á meðferð, fsp. KolH, 430. mál, þskj. 647.
9. Málefni listmeðferðarfræðinga, fsp. KolH, 440. mál, þskj. 661.
10. Öldrunargeðdeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, fsp. ÁRJ og GÖg, 481. mál, þskj. 711.

Til sjávarútvegsráðherra:

11. Umhverfisvænar kröfur til fiskiskipaflotans, fsp. ÁRJ, 451. mál, þskj. 675.

Til samgönguráðherra:

12. Aukning umferðar, fsp. BjörgvS, 472. mál, þskj. 700.
13. Suðurlandsvegur, fsp. BjörgvS, 473. mál, þskj. 701.
14. Rekstur vöruhótela, fsp. JÁ, 492. mál, þskj. 724.

Til fjármálaráðherra:

15. Þróun skattprósentu, fsp. GÞÞ, 454. mál, þskj. 678.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá samvinnuhópi kristinna trúfélaga.

Tilkynning um dagskrá.

[12:01]

Forseti (Þuríður Backman):

Um klukkan 3.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um Íbúðalánasjóð. Málshefjandi er hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson. Hæstv. félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, verður til andsvara. Umræðan er fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[12:01]

Útbýting:

Álftanesvegur, 505. mál, fsp. SandF, þskj. 738.
Barnaklám á netinu, 506. mál, fsp. SandF, þskj. 739.
Slys á börnum, 504. mál, fsp. KJúl, þskj. 737.

Athugasemdir um störf þingsins.

Lög um fæðingarorlof – undirbúningur að fjölmiðlafrumvarpi.

[12:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna fréttaflutnings undanfarið um að makar íslenskra námsmanna erlendis eiga ekki lengur rétt á fæðingarstyrk en íslenskir námsmenn og makar þeirra í Danmörku eru í vandræðum vegna þessa máls. Þetta kemur í kjölfar þess að lögum um fæðingarorlof var breytt á þinginu árið 2004 og gekk breytingin í gildi um áramótin 2005, eða fyrir rúmu ári. Það gerði það að verkum að sett var inn skýlaus skylda að sá sem fengi þessa greiðslu yrði að vera með lögheimili á Íslandi. Áður var sagt í lögunum að það væri að jafnaði sem menn þyrftu að eiga lögheimili á Íslandi til að geta fengið fæðingarorlofsstyrk.

Í Norðurlandaráði er mikil vinna í gangi við að tryggja að þeir sem flytjast á milli landanna missi ekki réttindi og að ekki séu hindranir á milli landa, fólk geti flust án þess að missa réttindi og hefur Paul Schlüter stýrt þeirri vinnu. Í framhaldi af henni hafa komið skilaboð til ríkjanna um að passa upp á að tryggja réttindi fólks sem flyst á milli.

Ég vil spyrja hæstv. félagsmálaráðherra út í lagabreytingarnar árið 2004, hvort tilgangurinn með lagabreytingunum hafi verið að taka þennan rétt af námsmönnum eða mökum þeirra erlendis. Gerði ráðherra sér grein fyrir að það var inni í þeim lagabreytingum að þetta fólk mundi líða fyrir það? Eða mun hann á einhvern hátt taka þetta mál upp þannig að fólk eigi þennan rétt í þeim löndum sem það dvelur í og hefur lögheimili í? Því að auðvitað er reglan sú að fólk á að fá slíkar bætur í því landi sem það hefur lögheimili í, þ.e. á Norðurlöndunum.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hann bregðast við? Það gengur auðvitað ekki að ungir íslenskir námsmenn sem eru að stofna sína fyrstu fjölskyldu og eiga börn fái ekki neinn styrk í fæðingarorlofi.

[12:05]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Þetta mál varðar nokkur grundvallaratriði m.a. jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar en réttur foreldra hvort sem er til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða greiðslu fæðingarstyrks er sjálfstæður réttur hvors foreldris fyrir sig. Lögin kveða á um réttindi foreldra eftir því hvort þeir eru virkir á innlendum vinnumarkaði, eru í námi eða standa utan vinnumarkaðar.

Við mat á því til hvaða greiðslna foreldri á rétt samkvæmt umræddum lögum er eingöngu litið til aðstæðna þess foreldris sem í hlut á. Þannig hafa aðstæður annars foreldrisins ekki áhrif á rétt hins.

Skilyrði fyrir greiðslu fæðingarstyrks til námsmanna er í fyrsta lagi að foreldri hafi verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Í öðru lagi hafi átt lögheimili hér á landi við fæðingu, ættleiðingu eða varanlegt fóstur og í þriðja lagi hafi átt lögheimili hér á landi síðustu tólf mánuðina fyrir framangreindan tíma.

Það að vera maki námsmanns, hæstv. forseti, veitir einstaklingi ekki sérstakan aukinn rétt samkvæmt lögunum heldur ákvarðast réttur hans af því hvort hann fullnægir skilyrðum laganna til greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði, til greiðslu fæðingarstyrks til þeirra sem standa utan vinnumarkaðar eða fæðingarstyrks til námsmanna. Það gildir hið sama um maka annarra hópa foreldra. Ekki þóttu hníga rök til þess að sá hópur foreldra sem á maka sem eru námsmenn gæti leitt rétt sinn af réttindum maka sinna enda gera lögin ekki ráð fyrir slíku. Framkvæmdin var fyrir gildistöku umræddra laga önnur, en hún þótti ekki eiga sér skýra lagastoð. Það þótti, eins og kom fram í upphafi máls míns, hæstv. forseti, stangast á við jafnræðisreglu stjórnsýsluréttarins, enda staða maka ekki frábrugðin stöðu annarra sem fylgja mökum sínum til annarra landa og það er raunverulega kjarni málsins, hæstv. forseti.

Námsmenn hafa hins vegar bent mér á ýmis atriði sem mér finnst ástæða til að fara yfir varðandi lögin um fæðingar- og foreldraorlof og fæðingarstyrkinn. Það erum við að gera og hugsanlega verða lagðar til einhverjar breytingar á þeim lögum.

[12:07]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Hér hefur verið hreyft stóru máli en ég ætla að leyfa mér að víkja að öðru máli sem ég tel ekki síður vera mikilvægt, eitt af stærri pólitískum hitamálum sem hafa verið í umræðunni að undanförnu, þ.e. undirbúningur að fjölmiðlafrumvarpi.

Ég vissi, frú forseti, ekki betur en um það væri mjög góð þverpólitísk sátt að vinna í sameiningu allra pólitísku flokkanna að undirbúningi frumvarps til þess. Það gerist ekki mjög oft að þverpólitísk sátt náist hér.

Nú hefur það hins vegar gerst, sem kom mér mjög á óvart eftir að fyrsti fundur svokallaðs fjölmiðlahóps með lögfræðingum kom saman í gær í mikilli þverpólitískri sátt, þá hefur komið í ljós að fulltrúar Samfylkingarinnar hafa farið fram úr hinni þverpólitísku sátt og flutt í eigin nafni hluta af þeim tillögum sem fjölmiðlahópur hafði unnið. Þetta tel ég, frú forseti, vera afskaplega einkennilegt af því að ég taldi að hér væri um pólitíska sátt að ræða í afar viðkvæmu máli. Í framhaldi af þessu hlýtur maður að spyrja hvort megi eiga von á fleiri sérmálum Samfylkingarinnar út úr hinni pólitísku sátt.

Maður hlýtur líka að spyrja hvort Samfylkingin hafi sagt sig úr þessari pólitísku sátt. Ég vek athygli á að innan hins þverpólitíska hóps sem vinnur með lögfræðingum ráðuneytisins ríkir mjög góð sátt og einmitt þess vegna kemur á óvart að það skuli koma sérstaklega í nafni nokkurra þingmanna Samfylkingarinnar frumvarp og efni í greinargerð með því er fyrst og fremst byggt á vinnu fjölmiðlahópsins. Ef Samfylkingin hefur ekki sagt sig úr þessari þverpólitísku samvinnu tel ég þessi vinnubrögð vera afar óeðlileg og segi

eins og hér hefur áður verið sagt: Svona gera menn ekki.

[12:09]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að ræða stöðu maka námsmanna erlendis og rétt þeirra til fæðingarstyrks héðan frá Íslandi. Svar hæstv. félagsmálaráðherra olli mér alveg gríðarlegum vonbrigðum vegna þess að svarið var mjög kerfislegt og er augljóst að ekki á að bregðast við þeirri stöðu sem fjölmargir makar námsmanna á erlendri grundu eru í og þá ekki síst í Danmörku, eins og fram hefur komið í umfjöllun frétta á undanförnum dögum sýnir. Það veldur mér gríðarlegum vonbrigðum. Einnig veldur það mér vonbrigðum að þingflokksformaður Framsóknarflokksins, hv. þm. Hjálmar Árnason, skuli síðan vera sendur hingað upp af Framsóknarflokknum til að drepa þessu máli á dreif vegna þess að það var vel vitað að við kæmum upp og ræddum þetta.

Virðulegi forseti. Þá stöðu sem upp er komin hjá fjölskyldum námsmanna á erlendri grundu tel ég vera mjög alvarlega vegna þess að við vitum að þetta getur valdið því að fjölskyldur sundrist og þurfi að flytja í sundur tímabundið ef barn fæðist sem er auðvitað ekki kerfi eða staða sem við viljum búa ungu barnafólki eða bjóða íslenskum ríkisborgurum upp á.

Ég vil, virðulegi forseti, skora á hæstv. félagsmálaráðherra að ganga í þetta mál og leysa það. Þetta eru ekki slíkar stærðir sem við erum að tala um og fæðing barns á að vera yndislegur tími í lífi hverrar fjölskyldu og þá eiga ungar barnafjölskyldur ekki að standa í stappi við kerfið ef þær hafa ákveðið að búa erlendis tímabundið vegna náms annars foreldrisins. Við eigum að setja lög til að létta undir með barnafólki en ekki lög sem vinna gegn því.

Virðulegi forseti. Ég vil enn og aftur skora á hæstv. félagsmálaráðherra að ganga í að leysa málin með því að breyta lögunum aftur og veita öllu því fólki sem núna stendur í þessu fram að lagabreytingu undanþágu frá þessum lögum.

[12:11]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil sérstaklega mótmæla því sem hér er haldið fram af einum hv. þingmanni að stjórnarandstaðan og þá Samfylkingin eigi einhvern einkarétt á því að koma hér upp um störf þingsins og lætur út úr sér í pontu að þingflokksformaður Framsóknarflokksins hafi verið sendur hér upp. Hvers konar málflutningur er þetta? Að sjálfsögðu eiga stjórnarliðar jafnan rétt og aðrir þingmenn á að taka upp mál undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins og hvað þá í jafnstóru máli og þetta er. Það er búið að ræða um fjölmiðlamálin margoft úr þessum stól, margoft og núna kemur í ljós að þessi svokallaða sátt sem menn bjuggust við, það er ekki betur séð en hún sé rofin af Samfylkingunni. Það er því ekki hægt að túlka þetta öðruvísi en svo að allt sé upp í loft hjá stjórnarandstöðunni. Ég bíð bara spennt eftir því að heyra hvað Vinstri grænir segja um málið, hvort þeim finnist þetta sniðug vinnubrögð.

Ég ætlaði að koma hér upp vegna þeirra orða sem hafa fallið um fæðingarstyrkinn. Ég heyri ekki betur en hv. þm. Katrín Júlíusdóttir þurfi ekki að vera svona geysilega óánægð með þau svör sem fram hafa komið frá hæstv. félagsmálaráðherra. Hér hafa verið dregin fram þau rök sem gilda um jafnræðisregluna, að skoða eigi aðstæður námsmanna eins og aðstæður annarra, þ.e. maka þeirra, og færð hafa verið rök fyrir því.

Það hefur líka komið fram að verið er að skoða það í félagsmálaráðuneytinu hvort gera eigi breytingar á lögunum. Ég veit að það er samstarf við námsmenn um það. Ég held því að hv. þingmaður geti bara verið nokkuð ánægð með þau svör sem komið hafa úr þessum stól.

[12:13]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Hér hefur verið minnst á vandræði íslenskra námsmanna erlendis varðandi fæðingarorlofið. Mig langar hins vegar að minnast á tvo aðra annmarka til viðbótar.

Nú miðast greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði við tekjur síðustu tveggja almanaksára. Það getur því munað heilmiklu í tekjum eignist viðkomandi aðili barn t.d. í desember eða í byrjun janúar. Eignist maður barn 31. desember 2005 er miðað við árin 2004 og 2003 en eignist viðkomandi barn 1. janúar 2006 er miðað við tekjur ársins 2005 og 2004. Fyrir þann sem eignast gamlársdagsbarnið er því ekki tekið tillit til þeirra tekna sem unnið var til á því ári. Í því tilviki er því litið til 36 mánaða aftur í tímann í stað 24 mánaða.

Þetta getur munað talsverðu enda getur margt gerst á einu ári svo sem stöðuhækkun, launahækkun, lok námsferils, atvinnuleysi á fyrri hluta tímabilsins o.s.frv. Mér er síðan sagt að þetta sé svona m.a. vegna tölvukerfis Tryggingastofnunar. En hvort er fæðingarorlofskerfið miðað við hagsmuni fjölskyldna eða hagsmuni tölvukerfis Tryggingastofnunar? Væri ekki réttlátara að miða við tekjur síðustu tveggja ára frá fæðingardegi barnsins í stað þess að taka tvö síðustu almanaksár fyrir fæðingarárið? Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra, komist hann hér að, hvort honum finnist þetta eðlilegt og hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir breytingu á þessu fyrirkomulagi.

Mig langar einnig að vekja athygli á þeirri stöðu þegar fólk eignast barn með stuttu millibili. Fólk getur nefnilega verið að eignast fleiri en eitt barn á þremur árum. En þar sem núverandi kerfi miðar við tekjur tveggja ára geta fæðingarorlofsgreiðslur vegna seinna barns verið miðaðar við fæðingarorlofsgreiðslur vegna fyrra barns, þá getur fólk verið að fá fæðingarorlofstekjur sem eru 80% af 80% tekjum. Þetta fer augljóslega gegn því markmiði að aðstoða barnafjölskyldur. Finnst hæstv. ráðherra þetta eðlilegt eða er hann tilbúinn að beita sér fyrir breytingu á þessu fyrirkomulagi?

[12:15]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Það er auðvitað dálítið sérkennilegt að hér sé komið upp undir liðnum um störf þingsins af hv. þm. Hjálmari Árnasyni til að setja ofan í og gera athugasemdir við frumkvæði eins félaga okkar, hv. þm. Marðar Árnasonar og fleiri, sem hafa haft frumkvæði að því að búa til þingmál og flytja það hér eins og réttur okkar segir til um. Ég

minnist þess ekki í frekar stuttri þingsögu minni að komið hafi verið hér upp undir liðnum um störf þingsins til að gera athugasemdir við frumkvæði, dug, þor og kjark þingmanna. En hér eru þingmenn skammaðir fyrir það.

Þetta er ekki í fyrsta skipti, virðulegi forseti, sem Samfylkingin tekur forustu í fjölmiðlamálum. Það hefur margoft gerst. Samfylkingin hefur flutt mörg mál um þetta. Samfylkingin er með sérstakan fjölmiðlahóp sem m.a. er undir forustu hv. þm. Marðar Árnasonar. Ég skil því ekki þessa gagnrýni og viðkvæmni. Málið er að þegar talað er um sátt í fjölmiðlamálinu, jú, það var komin sátt, var það ekki, frá fjölmiðlanefndinni?

Síðan var landsfundur Sjálfstæðisflokksins haldinn og þá var þar formaður sem var að hætta og kveðja. Og hann hafði ýmislegt á hornum sér í þeirri ræðu og m.a. sló þessa ímynduðu sátt út af borðinu. Í framhaldi af því komu þeir sem komu á eftir, eins og hæstv. menntamálaráðherra og breyttu um kúrs í fjölmiðlamálinu. Mér finnst þetta því dálítið hjákátlegt.

Í fyrsta lagi var Sjálfstæðisflokkurinn svínbeygður úr þessari ræðu fyrrverandi formanns og mér finnst það mjög skrýtið að verið sé að gagnrýna forustu hv. þm. Marðar Árnasonar að því máli sem hér hefur verið lagt fram. Ég held að það sé ekki stórkostlega alvarlegt mál. En þetta sýnir bara frumkvæðið og það sem kemur oft hingað til Alþingis frá Samfylkingunni.

[12:18]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs, ekki til að taka þriðja málið upp á dagskrá heldur til að tala um svör hæstv. félagsmálaráðherra. Við sáum fréttir í vikunni á Stöð 2 eða NFS um aðstæður foreldra barna, námsmanna sem stunda nám í Danmörku í þessu tilfelli. Þetta voru auðvitað mjög sláandi dæmi. Eins og hefur komið fram í umræðunum er mjög einkennilegt að námsmenn erlendis þurfi að fara í eitthvert lögheimilisflakk til að eiga rétt á fæðingarorlofi.

Í máli hæstv. félagsmálaráðherra kom hins vegar fram að þetta var með ráðum gert fyrir einu ári síðan að afnema þennan styrk til maka námsmanna erlendis. Það er auðvitað mjög einkennilegt og á svörunum áðan fannst mér ekki koma nógu skýrt í ljós, andstætt því sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði, að fullur vilji væri til að breyta þessu. Það er vitnað í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar o.s.frv.

Hins vegar er augljóst að þetta er afar ósanngjarnt og í raun og veru andstætt þeim ágætu fæðingarorlofslögum sem samþykkt voru á Alþingi. Þess vegna held ég að menn ættu að taka sig á uppi í félagsmálaráðuneyti og breyta þessu hið snarasta og yrðu þeir þá menn að meiri mundi ég halda.

[12:19]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er fyllilega réttmætt að þingflokksformaður Framsóknarflokksins komi hér upp og geri athugasemd við það að sex þingmenn Samfylkingarinnar hafi lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti. Ég sat í fjölmiðlanefnd og inntakið í þessu frumvarpi er eitt af aðalmálunum sem fjölmiðlanefndin fjallaði um á fundum sínum. Þetta var kannski mikilvægasti hlutinn af þeirri sátt sem náðist að við urðum sammála um að setja ætti reglur um dreifiveitur, setja ætti reglur um flutningsskyldu og flutningsrétt. Ég sagði í ræðu þegar við ræddum þessa skýrslu að þetta teldi ég vera ein stærstu tíðindin í skýrslu fjölmiðlanefndar, það var einmitt þetta.

Núna kemur Samfylkingin fram með þetta frumvarp, þingmenn hennar hafa greinilega verið að lesa fjölmiðlaskýrsluna og eru núna að tína úr henni bestu bitana til að geta komið (Gripið fram í.) með frumvarp eins og þetta hér, leggja það síðan fram til að reyna að eigna sér heiðurinn. Svona vinnubrögð eru alveg með ólíkindum. Þetta er hreinlega ekki líðandi. Hér er verið að slíta í sundur friðinn og traðka á honum.

Ég var á fundi í gær með þessum fjölmiðlahóp í menntamálaráðuneytinu. Þessi mál eru öll í mjög góðum farvegi en þá gerist þetta og ég hlýt að spyrja: Hefur formaður Samfylkingarinnar enga stjórn á sínu þingmannaliði? Hún var líka í þessari fjölmiðlanefnd. Hvernig stendur á því — hún ætti að koma hér upp á eftir og skýra mál sitt — að hún leyfir þingmönnunum að gera þetta? Þetta er lýðskrum af verstu sort, þetta er ekkert annað. Verið er að taka bestu bitana úr fjölmiðlaskýrslunni og reyna að eigna þá Samfylkingunni. Við unsnum öll í þessari fjölmiðlanefnd sem komum að henni, unnum þar öll af heilindum og ég hélt að Samfylkingin hefði gert það líka. En ég verð að segja það núna að ég er farinn að fyllast mjög alvarlegum efasemdum um að svo hafi verið.

[12:22]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hlusta á þessa umræðu. Hér gengu þingmenn Samfylkingarinnar það langt að þeir hreinlega eignuðu sér þennan dagskrárlið og voguðu sér að koma hér upp og segja að ef þeir ætluðu hér upp undir þessum lið þá skyldu bara aðrir sitja. Í ofanálag hefur það verið staðfest, ekki bara af hálfu stjórnarliða heldur líka af hálfu stjórnarandstöðu, að hér kemur þessi flokkur sem jafnan talar um samráð, talar um umræðustjórnmál, talar um lýðræðisleg vinnubrögð og mikilvægi þess að ná sátt í öllum málum þegar svo ber undir, fer síðan í vinnu og sýnir — ég skrifaði þetta niður, þetta var svo stórkostlega sagt af varaformanni þingflokks Samfylkingarinnar — frumkvæði, dug og þor, flytur þingmál þar sem þeir pikka út eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson kallaði bestu bitana. Frumkvæði, dug og þor, að flytja þingmál. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Sjálfsmat þessa fólks er ekki mikið ef það telur að það að taka úr einni skýrslu einhverja punkta og flytja þingmál um það, það sé að sýna frumkvæði, dug og þor. (Gripið fram í.) Hér er ekki um mikið sjálfsmat að ræða.

Fréttin er hins vegar sú að það er ekki til neins að vinna með þessu fólki, því að allt það sem það talar um og kemur að samráði, vinnu og öðru slíku skiptir bara engu máli þegar á hólminn er komið, nákvæmlega engu máli. Og það hefur verið staðfest hér, ekki bara af stjórnarliðum heldur af stjórnarandstöðu líka og það er fréttin. Ég bið því hv. þingmenn Samfylkingarinnar að hlífa okkur við tali um samráð,

umræðustjórnmál og önnur slík hugtök sem engu máli skipta hjá þessu fólki.

[12:24]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég fagna hinum ákafa stuðningi sem þingheimur hefur þegar sýnt við þetta litla frumvarp sem við sex þingmenn Samfylkingarinnar höfum flutt. (**Gripið fram í:** Frumlegt.) Það er auðvitað svo og við erum orðin vön því að þingflokksformaður Framsóknarflokksins, hv. þm. Hjálmar Árnason, taki að sér það hlutverk að vera eins konar siðakennari þingsins, siðameistari og það fer honum ágætlega og ekkert við því að segja. Ég tek eftir því að hann er nú að skóla eftirmann sinn í þeim efnum, þingflokksformann Frjálslynda flokksins, og ég vona að hann skólist og þjálfist líka í því þannig að hann verði jafnáheyrilegur og skemmtilegur á að hlýða og Hjálmar Árnason.

Um þetta frumvarp er það að segja að það er að sjálfsögðu flutt með beinni tilvísun til fjölmiðlanefndarinnar, þeirrar sem síðast starfaði, (**Gripið fram í:** Nú?) enda gerð mjög rækileg grein fyrir því í athugasemdum við frumvarpið eins og minnst hefur verið á. Það er því ekkert verið að fela. Það er frekar öfugt, að verið er að segja það beinlínis. Hins vegar er frumvarpið sjálft auðvitað frá flutningsmanni og þeim sem bjuggu það út með honum. Og vert er að skoða það vegna þess að það hefur verið haft á orði af ýmsum málsmetandi mönnum að þetta sé svo flókið mál, það sé svo flókið að setja þessar mikilvægu reglur. Það er ekki flóknara en þetta sem sést í frumvarpinu.

Það er flutt vegna þess að að okkar áliti er þetta brýnasti þátturinn í fjölmiðlalöggjöf sem væntanleg er, svo brýn að nú standa yfir sérstök deilumál út af enska boltanum, 365, breiðbandinu og Skjá einum sem frumvarpið mundi ef að lögum yrði skera á.

Athugasemdir við það að menn hafi sig í frammi á þinginu, ætli þingmenn verði ekki bara fyrr og síðar að þola þær og ég þakka að lokum fyrir þá umræðu sem farið hefur fram (Gripið fram í.) um þetta merka mál.

[12:26]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við sjáum kannski á þeim tíma sem við höfum eytt í ræðustóli Alþingis talandi um störf þingsins hversu óhagkvæmur sá vettvangur er fyrir einhvers konar ígildi utandagskrárumræðu þar sem tvö mál hafa flækst hvort um annað þvert og mjög erfitt að halda fókus í þeirri umræðu.

Ég ætla að sleppa því að tala nokkuð um það mál sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hóf máls á þó það sé verulega þýðingarmikið mál en mig langar almennt til að segja nokkur orð um það mál sem varaformaður þingflokks Samfylkingarinnar orðaði hér, um frumkvæði, dug, þor og kjark hv. þm. Marðar Árnasonar.

Almennt vil ég segja að mér brá í brún þegar ég sá að þetta frumvarp var komið út í gær. Mér þótti líkt og hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að mér vegið að hluta til, ég tók þetta pínu persónulega. Ég geri þá játningu að ég hringdi beina leið í formann Samfylkingarinnar sem starfar með okkur í samráðshópi um þessi fjölmiðlamál og lét í ljósi þá óánægju, að ég hefði ekki frumkvæði, dug, þor eða kjark til að fara hér upp um störf þingsins um málið, sá ekki ástæðu til þess.

Ég verð að segja út af orðum hv. þm. Marðar Árnasonar að hann hafi tekið af okkur sem störfum í fjölmiðlahópnum þetta ómak að orða þessa flóknu reglu um „must carry“ og „may carry“ þá held ég að þessir hæstaréttarlögmenn sem vinna með fjölmiðlahópnum og prófessorar við Háskóla Íslands í lögum hljóti að eiga eftir að þakka honum í framtíðinni fyrir að hafa tekið af þeim ómakið með að orða þessa einföldu hluti og setja þetta svona niður fyrir okkur. Ég sé því ekki annað en að við í þessum fjölmiðlahópi sem sitjum þar við borð með hv. formanni Samfylkingarinnar getum litið til þessa plaggs og þá stytt okkur leiðina og þarf svo sem ekki að hafa neitt fleiri orð um það. Það á síðan eftir að koma í ljós hvort prófessor í lögum við Háskóla Íslands, Páll Hreinsson og Páll Vilhjálmsson lögmaður verði allsendis sammála hugmyndum hv. þm. Marðar Árnasonar um þetta mál en það kemur þá í ljós síðar.

Embætti útvarpsstjóra.

Fsp. KHG, 283. mál. — Þskj. 298.

[12:29]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að ónáða þessa líflegu umræðu sem fer fram í þingsalnum en það er víst gert ráð fyrir því í dagskrá þingsins að hér fari fram fyrirspurnir. Að vísu fóru fram fyrirspurnir áðan á undan fyrirspurnatímanum þannig að menn hafa fengið nokkra upphitun í því.

Ég vil snúa mér að þeirri fyrirspurn sem ég hef borið fram til hæstv. menntamálaráðherra um embætti útvarpsstjóra. Þegar starf útvarpsstjóra var auglýst í júnímánuði síðasta sumar vakti það athygli mína að engar kröfur voru gerðar til væntanlegs útvarpsstjóra um menntun eða starfsreynslu. Í útvarpslögum eru engin ákvæði um það að finna en þrátt fyrir að svo sé gilda um ráðningu opinberra starfsmanna sérstök lög, lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 70/1996. Á grundvelli þeirra laga hafa verið settar reglur af fjármálaráðherra, nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum.

Þar er kveðið á um í 4. gr. þeirra reglna, 7. staflið, að í auglýsingu skuli vera upplýsingar um hvaða menntunar og/eða hæfniskröfur eru gerðar til starfsmanns þannig að fjármálaráðuneytið sem setur reglur á grundvelli laganna fyrir hönd hins opinbera gerir ráð fyrir að upplýsingar séu veittar um þessi atriði.

Umboðsmaður Alþingis hefur bent á að það sé óskráð meginregla stjórnsýsluréttar að ákvörðun verður að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, svo sem menntun, starfsreynslu, hæfni og eftir atvikum þeim eiginleikum sem geta skipt máli varðandi starfið. Enn fremur er í starfsmannastefnu Stjórnarráðsins gert ráð fyrir að vandað skuli til mats á umsóknum, leitað til sérfræðinga við mat á þeim sé þess talin þörf. Áður en starf er auglýst skuli liggja fyrir skilgreining á starfinu og hæfniskröfur mótaðar á grundvelli slíkrar skilgreiningar.

Það vakti athygli mína, virðulegi forseti, að enginn þeirra 23 sem sóttu um starfið var boðaður í viðtal en á meðan á umsagnarfresti stóð var einn umsækjandi sem bað um og fékk viðtal við hæstv. menntamálaráðherra. Þetta finnst mér mjög sérkennilegt og ekki til eftirbreytni. Af þeim ástæðum hef ég leyft mér að bera fram þær tvær fyrirspurnir sem er að finna á þskj. 298 og útbýtt var í þingsalnum 8. nóvember 2005.

[12:33]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil í upphafi svars míns nefna sérstaklega til sögunnar 6. gr. laga um Ríkisútvarpið, núgildandi lög nr. 122/2000, en samkvæmt henni skipar menntamálaráðherra útvarpsstjóra til fimm ára í senn. Í lögunum er ekki að finna lögbundið starfsgengisskilyrði í embætti útvarpsstjóra og síðast þegar embættið var auglýst laust til umsóknar voru í auglýsingunni ekki sett sérstök starfsgengisskilyrði og engar athugasemdir komnar fram eða settar fram vegna þess.

Þá er í lögunum ekki gert ráð fyrir umsögn útvarpsráðs eða annarra vegna skipunar útvarpsstjóra. Ég taldi rétt að hafa sama hátt á við skipun í embætti útvarpsstjóra síðasta sumar en skýrt var tekið fram í auglýsingunni að umsóknir skyldu vera með ítarlegum upplýsingum um menntun og starfsferil. Vegna sérstaks eðlis embættis útvarpsstjóra taldi ég ekki rétt að gera sérstakar kröfur til umsækjenda um tiltekna menntun eða starfsreynslu, m.a. til að ég hefði úr fjölbreyttum hópi umsækjenda að velja. Miðað við að ráðuneytinu bárust alls 23 umsóknir um embættið frá hópi einstaklinga með fjölbreytta menntun og starfsreynslu er ég sannfærð um að það hafi verið rétt ákvörðun.

Eins og venja er voru umsækjendur metnir á grundvelli þeirra umsókna og þeirra gagna sem þeir skiluðu með þeim. Viðbúið var, reyndist þess þörf, að kalla umsækjendur í viðtal þannig að hægt væri að leggja ítarlegra mat á umsóknir þeirra en í þessu tilviki taldi ég ekki þörf á því og mun koma síðar að þeim þætti ákvörðunar minnar.

Þegar rætt er um skipun útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins er mikilvægt að hafa í huga að ekki er skýrt mælt fyrir um það í lögum hvað beri að leggja til grundvallar þegar tekin er afstaða til þess hver skuli hljóta skipun í embætti. Því var það í meginatriðum í mínu valdi að ákveða á hvaða sjónarmiðum ég byggði ákvörðun mína um skipun í embætti, en mér bar og ber ávallt við slíkar aðstæður, eins og reyndar við töku stjórnsýsluákvarðana almennt, að tryggja að ákvörðunin byggði á málefnalegum sjónarmiðum. Þá leiðir einnig af rannsóknarreglu stjórnsýslulaganna að ég varð að sjá til þess að nægar upplýsingar lægju fyrir um þau atriði sem þýðingu áttu að hafa í ljósi þeirra sjónarmiða sem mat mitt tók mið af og ákvörðun mín byggði á.

Hver voru síðan hin málefnalegu sjónarmið, virðulegi forseti? Við val á milli umsækjenda til að valda embætti útvarpsstjóra lagði ég til grundvallar eftirfarandi: Annars vegar skilgreiningu á starfsemi stofnunarinnar, hlutverki hennar og skyldum og hlutverki útvarpsstjóra, og hins vegar mat á því hvaða getu og hæfileika þyrfti til að valda embættinu og hvernig viðkomandi einstaklingur uppfyllti þær kröfur.

Það er óþarfi að fjölyrða um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins. Þær eru taldar upp í lögum um stofnunina en einnig hafði ég í huga frumvarp það sem ég lagði fram á síðasta þingi þar sem hlutverk stofnunarinnar sem fjölmiðils sem starfar í almannaþjónustu er skilgreint allítarlega og gert með sambærilegum hætti í því frumvarpi sem nú er til umræðu á hinu háa Alþingi og fjallar um Ríkisútvarpið hf.

Varðandi getu og hæfileika og mat á umsækjendum því tengdu lá beint við að líta til einstaklingsbundinna þátta og leggja mat á þá, hvort umsækjandi hefði sýnt fram á getu til að marka stefnu fyrir stofnun sem gegnir svo veigamiklu og fjölþættu hlutverki sem Ríkisútvarpinu er ætlað, hvort umsækjandi hefði sýnt fram á að geta leitt starf fjölmenns hóps sem í sameiningu þarf að mæta fjölbreytilegum kröfum, hvort umsækjanda mundi farnast vel að stjórna og ná markmiði sem eru menningarlegs, rekstrarlegs og svo margvíslegs eðlis og hvort hann hefði þá þekkingu og yfirsýn sem ætlast mætti til af honum. Þetta og aðra eðliskosti, getu og hæfileika umsækjenda lagði ég mat á.

Verðandi útvarpsstjóri varð að hafa skýra sýn á hlutverk Ríkisútvarpsins og sú sýn þurfti vitanlega að taka mið af hlutverki stofnunarinnar eins og það er skilgreint í lögum, þá ekki síst af hlutverki hennar í menningarlegu tilliti. Jafnframt þurfti verðandi útvarpsstjóri að mínu mati að hafa skýra sýn á það með hvaða hætti hann hygðist leiða starf stofnunarinnar, koma á þeim umbótum í starfseminni sem æskilegar teldust og hvernig þeim markmiðum sem starfsemin lyti og ætti að lúta yrði náð. Verðandi útvarpsstjóri stýrir stofnun sem hefur víðfeðmt hlutverk og umfangsmikinn rekstur.

Það er afar mikilvægt að skilningur verðandi útvarpsstjóra á hlutverki stofnunarinnar og hlutverki hans sjálfs sem leiðir daglegt starf sé til þess fallinn að starfsemi hennar geti orðið framsækin, metnaðarfull og farsæl.

Miðað við þau viðbrögð sem ég fékk síðan í kjölfar þeirrar ákvörðunar minnar að skipa Pál Magnússon útvarpsstjóra í embættið og ekki síst í ljósi þess að enginn hinna umsækjendanna taldi ástæðu til að óska eftir sérstökum rökstuðningi vegna þessarar embættisveitingar leyfi ég mér að segja, virðulegi forseti, að ákvörðunin hafi verið fagleg og byggst fyrst og fremst á málefnalegum sjónarmiðum.

[12:38]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það er full ástæða fyrir hv. þm. Kristin H. Gunnarsson að bera upp þessa fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra. Í ræðu sinni kom hæstv. menntamálaráðherra einmitt inn á ástæðurnar fyrir því að Páll Magnússon var ráðinn. Þetta hljómaði dálítið eins og verið væri að búa til starfslýsinguna eftir á reyndar, svo ítarlega var farið ofan í málið og mannkosti hans.

Það er auðvitað mjög einkennilegt að þegar 23 vel hæfir einstaklingar sækja um starf útvarpsstjóra sé ekki talað við einn einasta þeirra — með einni undantekningu reyndar, Pál Magnússon sem bað um að fá viðtal við hæstv. menntamálaráðherra. Hins vegar virðist útvarpsstjóri vinna vel fyrir kaupinu sínu, les fréttirnar ókeypis og hvaðeina. Það er dálítið merkilegt líka að hann er einn dyggasti stuðnings-

maður þess að (Forseti hringir.) hlutafélagavæða Ríkisútvarpið.

[12:39]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Út af þeirri fyrirspurn sem hér hefur verið lögð fram og því svari sem hæstv. menntamálaráðherra gaf vil ég segja og taka undir það sem mér finnst hafa verið almannarómur í landinu að í þessu tilviki hafi hæstv. menntamálaráðherra tekist ákaflega vel til við að velja starfsmann til að stýra Ríkisútvarpinu. Það er ljóst miðað við hvernig að þessu var staðið að alltaf má hafa skoðanir á því hvernig á að gera það en af því sem kom fram í umsögnum manna skil ég vel að menn hafi komist að þeirri niðurstöðu í menntamálaráðuneytinu að Páll Magnússon hefði yfirburðaþekkingu og hæfni í þetta starf. Ég tel að við höfum séð það líka eftir á að það var vel valið og margt hefur breyst til ágætis í stofnuninni þó að maður tali ekki um það allra besta, að hafa svona góðan fréttalesara með öðrum góðum sem þar eru.

Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég var ákaflega ánægður með þann mann sem var valinn í (Forseti hringir.) starf útvarpsstjóra að þessu sinni.

[12:40]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það, ég held að ráðning Páls Magnússonar í embætti útvarpsstjóra hafi líklega verið einhver best heppnaða opinber ráðning í langan tíma. Eftir röð ákaflega óheppilegra og vondra pólitískra ráðninga meðal stjórnvalda og framkvæmdarvaldsins virðist þarna hafa tekist vel til og ég held að Ríkisútvarpið hafi fengið ákaflega góðan liðsstyrk. Ég vona að það hafi komið fram hér og muni koma fram að vel hafi verið staðið og eðlilega að ráðningunni sjálfri hvað varðar auglýsingu, hæfniskröfur og fleira. Það þarf að vera sátt um störf útvarpsstjóra og með ráðningu Páls Magnússonar í stól útvarpsstjóra var að mörgu leyti brotið í blað, ákaflega heppilegur maður fenginn í verkið og líklega réttur maður á réttum tíma til að rífa upp starfsemi útvarpsins, færa hana til nútímans og ná breiðri sátt um hana og þá starfsemi sem fram undan er.

Þess vegna kannski sérstaklega jukust vonir um að lögin um Ríkisútvarpið yrðu betur úr garði gerð til að styðja undir þá jákvæðu þróun sem (Forseti hringir.) þarf að eiga sér stað í málefnum Ríkisútvarpsins.

[12:42]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en tek fram vegna þess sem hér hefur komið fram að fyrirspurn mín er um ráðningarferlið og auglýsinguna en ekki um persónuna sem valin er. Ég hef ekki sett neina skoðun fram um það. Fyrirspurnin snýst ekki um persónuna.

Það sem ég dreg fram, virðulegi forseti, er að samkvæmt þeim reglum sem ríkið hefur sett sér eiga fyrir fram að liggja fyrir kröfur um hæfni og menntun. Það á að koma fram í auglýsingu hvaða skilyrði sett eru og hvers konar hæfni er verið að sækjast eftir. Það kom fram í svari hæstv. ráðherra hvað ráðherrann lagði til grundvallar mati sínu. Ég geri svo sem engar athugasemdir við það að öðru leyti en því að það er rökstuðningur sem kemur fram eftir að ráðning hefur farið fram. Það getur aldrei orðið neitt annað en rökstuðningur utan um niðurstöðu en ekki aðferð til að komast að niðurstöðu sem ætlast er auðvitað til af þeim sem settu þessar reglur, bæði lögin um réttindi og skyldur og þær reglur sem settar eru á grundvelli þeirra svo að ég vísi ekki líka til starfsmannareglnastefnu ríkisins.

Það er dálítill galli, virðulegi forseti, hvað forstöðumenn og ráðherrar hafa oft og tíðum frjálsar hendur um hvað þeir leggja til grundvallar við ráðningu í starf. Ég er t.d. með auglýsingu um stöðu yfirhjúkrunarfræðings landlæknisembættisins sem birtist á svipuðum tíma og auglýst var eftir útvarpsstjóra. Þar var farin hin leiðin, gerðar svo ítarlegar kröfur um menntun og reynslu að hringurinn er þrengdur svo mikið í skilyrðunum að ekki nema örfáir, kannski bara einn, komu til greina í starfið. Þar virtist í raun sem verið væri að semja skilyrði (Forseti hringir.) til að tryggja fyrir fram einhverja tiltekna niðurstöðu.

[12:44]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka sérstaklega fyrir þá miklu velvild sem hv. þingmenn hafa sýnt varðandi ráðningu mína í starf útvarpsstjóra. Ég er algerlega sammála þeim, ég tel Pál Magnússon hafa verið hæfastan í það starf og þess vegna réði ég hann. Það sama gildir kannski um aðra menningarstofnun, ég held að ákaflega vel hafi tekist til með ráðningu nýs þjóðleikhússtjóra, í þá mikilvægu menningarstofnun. Að mínu mati eru allir sammála þeirri ráðningu líka. Þó að menn tali um að ekki sé nægilega niðurnjörvað fyrir fram hvað liggi til grundvallar skiptir mestu máli að fá hæfasta og besta fólkið.

Að sjálfsögðu er það þannig — og ég vísa þar með í lög — að engar kröfur eru um það í lögum um Ríkisútvarpið að uppfylla þurfi einhverja ákveðna kröfu til að hljóta starf útvarpsstjóra. En hvað þýðir það þá almennt séð varðandi ráðningu í slík störf? Að sjálfsögðu kemur þá til kasta hinna almennu reglna stjórnsýsluréttarins og að sjálfsögðu þurfti ég að byggja ákvörðun mína varðandi ráðningu Páls Magnússonar á málefnalegum sjónarmiðum. Ég tel það tvímælalaust ekki leiða af rannsóknarreglu stjórnsýsluréttarins að stjórnvöldum sé ávallt skylt að gefa umsækjendum kost á að gera nánari grein fyrir sjálfum sér í starfsviðtölum eða afla á annan hátt frekari upplýsinga um starfshæfni þeirra. Hvort þörf er á slíkum viðtölum eða frekari upplýsingum ræðst af því hvaða upplýsinga er talið nauðsynlegt að afla til að málið teljist nægilega upplýst með tilliti til þeirra sjónarmiða sem sá er skipar, þ.e. ráðherra, í viðkomandi embætti hefur ákveðið að byggja á við val sitt á milli umsækjenda. Ég rakti það í mínu fyrra svari hvaða málefnalegu ástæður lágu því til grundvallar að ég réði þann farsæla og góða útvarpsstjóra sem nú er, Pál Magnússon.

Umræðu lokið.

Samningur um menningarmál.

Fsp. KLM, 428. mál. — Þskj. 645.

[12:46]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Eins og forseti hefur kynnt er á þskj. 645 fyrirspurn frá mér til menntamálaráðherra um samning um menningarmál milli menntamálaráðuneytis og Eyþings. Það eru tvær spurningar:

1. Hvað líður gerð samnings um menningarmál milli menntamálaráðuneytis og Eyþings?

2. Hvenær er áætlað að skrifa undir slíkan samning?

Virðulegi forseti. Því miður neyðist ég til að leggja þessa spurningu fram núna aftur. Ég lagði hana fram fyrir einu ári síðan og við ræddum þetta þá, ég og hæstv. menntamálaráðherra. Þess vegna er kannski rétt að fara örlítið yfir hvers vegna spurt er. Það er auðvitað vegna þess að á fundi Eyþings í ágúst 2002 ræddi þáverandi menntamálaráðherra Tómas Ingi Olrich um landshlutasamning um menningarmál og talaði um þetta gagnvart Eyþingi. Eyþing greip strax boltann á lofti og skrifaði menntamálaráðuneytinu bréf. Brugðist var tiltölulega fljótt við því vegna þess að 14. apríl 2003, eða nokkru fyrir kosningar, var ágætur skrifstofustjóri ráðuneytisins sendur norður og lýsti því þar yfir að ráðuneytið væri reiðubúið til samstarfs um gerð menningarsamnings.

Eyþing skipaði þá þegar fjögurra manna nefnd sem vann vel, skilaði drögum og stefnuyfirlýsingu til ráðuneytisins þá um haustið en formlega að mér skilst 10. febrúar 2005. Á aðalfundi Eyþings í september 2004 var þetta samþykkt og m.a. kosið í menningarráð. Síðan hefur mikið verið reynt að ýta á þetta mál en ekki gengið.

Á fundi þingmanna Norðausturkjördæmis 16. janúar sl. með stjórn Eyþings kom enn einu sinni fram óánægja þeirra með að ekki tækist að þoka þessu máli áfram og það sem verra var að það gengi illa að fá fund með ráðuneytinu til að ræða þessi mál. Svo ég grípi aðeins niður í ræðu hæstv. ráðherra frá því í fyrra í svari til mín þá sagði ráðherra m.a., með leyfi forseta:

„Ég hef ekki haft tækifæri til þess að hitta fulltrúa Eyþings frá því að ég fékk þessi gögn í hendur“ — það er að segja frá 10. febrúar 2005 — „en tel að af fundi okkar geti orðið fljótlega.“

Þess vegna kemur mér það spánskt fyrir sjónir, virðulegi forseti, að fulltrúar Eyþings skuli enn í janúar 2006 kvarta yfir því að ekki gangi með málið og þess vegna er þessi fyrirspurn aftur borin fram, orðrétt frá því í fyrra.

Virðulegi forseti. Ég vænti svars frá ráðherra um þetta en geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að er búið að endurnýja menningarsamninginn við Austurland sem betur fer og búið að skrifa undir nýjan samning við Vestlendinga, í desember að mig minnir og 15 millj. á fjárlögum, þannig að ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari með menningarsamninginn um Eyþing en eyði ekki tíma sínum í að segja okkur frá Austfirðingum og Vestlendingum vegna þess að við vitum allt um það.

[12:50]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla að svara þeirri fyrirspurn sem lögð hefur verið fyrir mig og geri það með mínu nefi og mínum hætti. En í tilefni af fyrirspurn hv. þm. Kristjáns Möllers vil ég í upphafi svars míns sérstaklega taka það fram, sem hann kom sjálfur inn á í fyrirspurn sinni, að ég svaraði samhljóða fyrirspurn frá þessum sama þingmanni í febrúar á síðasta ári og því leyfi ég mér að vísa til efnisþátta þess svars þar sem forsendur hafa í meginatriðum ekki breyst. Ég get einnig afhent þingmanninum eftir umræðuna endurrit af því svari mínu sem er að finna á þskj. 820 á síðasta þingi og vona að hv. þingmaður virði það við mig að ég noti þann stutta tíma sem ég hef til að bæta við það svar frekari upplýsingum um framkvæmd menningarsamninga utan höfuðborgarsvæðisins.

Í dag eru í gildi þrír menningarsamningar eins og menn vita. Það er við Akureyri um þátttöku ríkisins í menningarlegri atvinnustarfsemi, við Austfirðinga um menningarmál og nú við Vesturland sem tók gildi nú um áramót.

Framlög til þessara samninga samkvæmt fjárlögum 2006 nema samtals 152 millj. kr. og eru þessir samningar þá utan Akureyrarsamningsins sem er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis. Það sem nú liggur fyrir er að ganga til samningsviðræðna um áframhaldandi samstarf við Akureyrarbæ og bið ég hv. þingmann að taka eftir þessu, um menningarsamning, en núgildandi samningur rennur út um næstu áramót. Vænst er úttektar á samningnum og þegar hún liggur fyrir nú með vorinu munu fulltrúar Akureyrarbæjar og ráðuneytisins vinna að tillögum að nýjum samningi sem stefnt er að að taki gildi um næstu áramót. Sá samningur tryggir eins og menn vita stuðning ríkisins við rekstur Leikfélags Akureyrar, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Listasafns Akureyrar.

Líkt og ég greindi frá í svari mínu í fyrra hafa eftirtalin samtök óskað eftir samningi við ráðuneytið um menningarmál, samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, það er Eyþing, það er Fjórðungssamband Vestfjarða og Norðurland vestra með bréfi, dagsett þann góða dag 18. júlí 2005. Öll hafa þessi sveitarfélög og þessi svæði lagt fram menningarstefnu sína til grundvallarviðræðna við ráðuneytið. Í þessu sambandi vil ég þó geta þess að í stefnu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt starf að menningarmálum, samantekt frá því í maí 2005, kemur fram að í hinu nýja menningarráði munu sitja fulltrúar frá Húnaþingi vestra, úr Austur-Húnavatnssýslu frá Skagafirði og einn fulltrúi frá Siglufirði þannig að í menningarlegu tilliti virðist svo vera að Siglfirðingar hafi talið sig frekar heyra undir Norðurland vestra í fyrra, þótt breyting kunni að verða á þeirra afstöðu nú.

Ég hef sagt það áður í þingsal að ég tel að menningarsamningar af þessu tagi séu byggðarlögum í landinu mjög mikilvægir í öllu tilliti enda höfum við haft frumkvæði að því að gera svona samninga og nú að endurnýja þá eins og var gert við Austurland. Það kemur best í ljós við lestur hinna metnaðarfullu stefnumótunar sveitarfélaganna í menningarmálum. Þessir samningar eru líka mikilvægir fyrir stjórnvöld og sveitarstjórnir þar sem þeir nýta tækifærið til listsköpunar og veita landsmönnum tækifæri til að

njóta fjölbreytilegrar menningar um land allt. Ráðuneytið er einnig sannfært um að menningarmál munu í auknum mæli skipta máli í atvinnusköpun á landinu, það hefur sýnt sig og til þess þurfi ákveðinn stuðning frá stjórnvöldum.

Ég vil líka sérstaklega geta þess að menningarsamningurinn við Austurland hefur þróast í mjög jákvæða átt. Sveitarfélögin hafa komið enn frekar til móts við þann stuðning ríkisins sem ég tel vera af hinu góða og það sýnir sig að það er nauðsynlegt að þessir menningarsamningar haldi áfram að þróast. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki tekið afstöðu til þess enn sem komið er við hvaða samtök sveitarfélaga verði ráðist í viðræður við. Við slíka ákvörðun þarf að hafa í huga margvíslegar forsendur, m.a. byggðaleg sjónarmið, möguleika íbúa til að sækja menningarviðburði innan héraðs og utan eða að vera þátttakendur í menningarstarfi. Því get ég ekki svarað til um það á þessari stundu hvenær samningar við Eyþing né við aðra þá sem óskað hafa eftir slíku samstarfi verða undirritaðir. Það er þó einlæg von mín að við náum innan fárra ára að tengja landið allt með menningarsamningum því að staðreyndin er sú að með þessu móti hefur stjórnvöldum og sveitarstjórnum tekist að efla faglegt starf í menningarmálum og menningartengdri ferðaþjónustu. Við höfum fjölgað atvinnutækifærum úti á landsbyggðinni en ekki síst stuðlað að valddreifingu.

Þetta er sú stefna sem við viljum fylgja eftir. Að sjálfsögðu skiptir fjármagnið ávallt máli, í því hvað hægt er að framkvæma, en ég tel þessar áherslur vera mikilvægar og að þær eigi að taka fram fyrir, m.a. í byggðamálum, því öflug menningarstarfsemi á landsbyggðinni, öflugt mennta- og skólastarf á landsbyggðinni er öflugasta byggðastefnan og það verða allir að sjá og viðurkenna.

[12:54]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Vegna menningarsamninga á svæðum utan höfuðborgarsvæðisins. Svæðin á Suðurlandi og Vesturlandi hafa goldið fyrir úrelta skilgreiningu á stuðningi við slíka starfsemi. Fyrir tveimur árum kom upp mikil umræða um að fá hið opinbera til að koma að því að standsetja stóran, mikinn og glæsilegan menningarsal í Hótel Selfoss sem áratugum saman hefur staðið þar óinnréttaður, fyrst og fremst vegna þess að stjórnvöld draga lappirnar og neita að koma að því að gera salinn kláran. Þetta stendur öllu menningarstarfi á öllu Suðurlandsundirlendinu stórkostlega fyrir þrifum og þrátt fyrir ítrekaðar óskir Sambands sunnlenskra sveitarfélaga og margra annarra þá hefur ekkert gerst í málinu og er alltaf vísað í úrelta og handónýta skilgreiningu á því hvaða svæði skulu vera innan þeirra marka að þau njóti stuðnings opinberra stjórnvalda vegna menningarstarfsemi.

Því vildi ég skora á hæstv. menntamálaráðherra að hverfa frá þessari úreltu skilgreiningu og gera slíka samninga við þessi svæði sem önnur þannig að menningarstarfsemin megi blómstra og (Forseti hringir.) þessir salir rísa og verða innréttaðir eins og efni standa til.

[12:56]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er eðlilegt að hér sé minnt á menningarsamning sem gerður var við Austurland fyrir þó nokkrum árum því að hann átti að vera tilraunaverkefni varðandi það hvernig best væri að koma þessum málum fyrir. Það liggur ljóst fyrir og í samræmi við það sem hæstv. ráðherra sagði að sá samningur og framkvæmd hans hefur tekist afskaplega vel og fjármagn sem hefur runnið til þessa málaflokks hefur stóraukist. Þess vegna er það auðvitað grátlegt að þetta skuli ekki hafa verið tekið upp við fleiri landshluta og Eyþing er auðvitað gott dæmi um þá sem eru búnir að bíða lengi.

En það var eitt sem hæstv. ráðherra sagði sem ég ætla að taka alveg sérstaklega undir: Það þarf að tryggja fjármagn til þessara hluta og það þarf auðvitað að líta á þá sem hluta af byggðamálum. Það er auðvitað alveg ljóst að byggðamál eiga heima miklum mun víðar en í einu ráðuneyti. Það eru því miður mistök sem hér voru gerð þegar byggðamál voru færð á einu bretti til iðnaðarráðuneytisins. Það er t.d. algerlega ljóst að menntamálaráðuneytið er líklega eitt stærsta byggðamálaráðuneytið hér og þess vegna er lykilatriði að byggðamál séu hjá forsætisráðuneytinu þannig að öll önnur ráðuneyti sitji við sama borð.

[12:57]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér er verið að ræða um samning um menningarmál milli menntamálaráðuneytisins og Eyþings sérstaklega, og ber að þakka fyrir þessa fyrirspurn.

Ég verð auðvitað að lýsa yfir vonbrigðum mínum með að hlutirnir gerist ekki hraðar en raun ber vitni. Það kom fram í máli hv. þm. Kristjáns Möllers að í síðasta svari hæstv. menntamálaráðherra hefði komið fram að hún væri ekki enn þá búin að hitta talsmenn Eyþings. Nú held ég að það væri tilvalið að fara og hitta þau og nota þetta góða fordæmi sem við höfum af samningum á Austurlandi og nú síðast á Vestfjörðum og auðvitað við Akureyri, þannig að það sé hægt að koma á fleiri slíkum samningum.

Síðan ætla ég að leiðrétta hæstv. menntamálaráðherra smávegis. Hún talaði um Listasafn Akureyrar. Þar er lögð mikil áhersla á að það heiti Listasafnið á Akureyri (Forseti hringir.) vegna þess að það er ekki aðeins fyrir Akureyringa heldur fyrir alla landsmenn.

[12:58]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið og þeim þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu. Það er einmitt vegna þess hvað samningurinn við Austfirðinga er góður og hefur skilað góðu sem við þingmenn erum að þrýsta á að áfram verði haldið í þessum efnum af hæstv. ríkisstjórn og til þess þarf auðvitað hæstv. menntamálaráðherra að fá pening af fjárlögum. Það er m.a. það sem við erum að gera með því að ýta á þetta.

Ég vil líka minna á það rétt einu sinni að auðvitað er mestum fjármunum til menningarmála frá hinu opinbera varið hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er auðvitað skýlaus réttur okkar sem úti á landi búum að fá stærri hluta af þessari köku.

Ég held að málið sé í ágætum farvegi, sagði hæstv. ráðherra fyrir ári síðan. Ég tel að þetta hafi tekið of langan tíma og hvet þess vegna hæstv. ráðherra til að ræða við full-

trúa Eyþings um þetta sem allra fyrst.

Jafnframt vil ég segja það, virðulegi forseti, ég hef vitnað í hvernig þetta gerðist í aðdraganda kosninga 2003, í tíð fyrrv. menntamálaráðherra, fulltrúar ráðuneytis fóru norður, sem var 14. apríl 2003. Og heldurðu svo ekki, virðulegi forseti, að við megum þá kannski vænta þess að skrifað verði undir samning við Eyþing eigi síðar en 14. apríl 2007? Og má ég aðeins minna á að dagsetningin 5. maí 2007 er merkilegur dagur vegna þess að þá fara fram alþingiskosningar þannig að ég vil spyrja hæstv. menntamálaráðherra í lokin hvort það væri ekki ástæða til að við færum að ákveða í hvaða húsi verður skrifað undir og hvort ætti ekki að fara að tryggja sig og panta húsnæði undir undirskrift samnings 14. apríl árið 2007.

[13:00]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Mér finnst hv. þingmaður óþarflega svartsýnn en það getur vel verið að hann sé bara að sýna raunsæi í þessum málum.

Ég vil sérstaklega fagna þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um menningarsamninga og mikilvægi þeirra og einnig þeirri umræðu sem við höfum tekið hér varðandi þróun menningarsamninga og mikilvægi þeirra heima í héraði, sem hefur einmitt komið í ljós. Það skiptir máli að við reynum að móta og skapa ákveðna undirstöðu, skapa tækifæri fyrir fólkið til að njóta og skapa ákveðna menningu. Það hefur sýnt sig að þetta er að verða einn af allra öflugustu þáttum byggðastefnunnar í landinu. Ég fagna því sérstaklega og þakka þær undirtektir sem þingmenn hafa sýnt mér í því og hvatningu varðandi það að halda áfram að gera menningarsamninga.

Ég vil hins vegar ekki, eins og ég gat um í svari mínu áðan, taka Eyþing fram yfir önnur svæði. Við erum með ákveðin verkefni þar í gangi. Við þurfum að fara í að endurnýja stóra samninginn við Akureyrarbæ sem skapar honum svigrúm varðandi Leikfélag Akureyrar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Listasafn Akureyrarbæjar sem er rekið með miklum myndarbrag. Það mál er allt í ágætum farvegi en ég tel mikilvægt að við reynum að líta á þessi mál heildstætt, að við reynum að fara áfram með menningarsamningana líka á þeim svæðum og reynum að klára þá líka á þeim svæðum sem ég gat um áðan, t.d. á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og Suðurlandi.

Umræðu lokið.

Fjarskiptasafn Landssímans.

Fsp. KolH, 429. mál. — Þskj. 646.

[13:02]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég beini eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra:

Hvaða áform eru uppi um framtíð og starfsemi Fjarskiptasafns Landssímans í gömlu Loftskeytastöðinni við Suðurgötu nú þegar Síminn hefur verið seldur og Þjóðminjasafninu falið að varðveita munina úr safninu?

Á heimasíðu Símans stendur eftirfarandi klausa og var hún skrifuð 25. febrúar 2005 þegar sala Símans var um það bil að ganga yfir. Í klausunni segir, með leyfi forseta:

„Fjarskiptasafn Símans við Suðurgötu hefur verið fært ríkissjóði til eignar samkvæmt ákvörðun stjórnar Símans. Um er að ræða húsið sem áður hýsti gömlu Loftskeytastöðina og alla munina sem þar eru sýndir. Þjóðminjasafnið mun fara með umráð og umsýslu safnsins og er stofnuninni frjálst að nýta húsið og ráðstafa því á þann hátt sem best þjónar markmiðum þess. Þjóðminjasafnið mun sjá til þess að þáttur fjarskipta verði áfram sýnilegur í húsinu.“

Frú forseti. Mér hefur alltaf fundist það alvarlegt hvernig menningarverðmæti í eigu þjóðarinnar hafa getað fylgt með í kaupunum þegar ríkisstjórnin hefur einkavætt fyrirtæki eða stofnanir í eigu þjóðarinnar. Með Landsbankanum fylgdu ómetanleg menningarverðmæti í formi listaverka sem trúlega voru að stórum hluta gefin nýjum eigendum bankans og með Símanum fylgdu verðmæti Fjarskiptasafns Íslands eða Landssímans, fullt af munum sem starfsmenn Landssímans og þar áður Pósts og síma höfðu í gegnum áratugina safnað og varðveitt af áhuga og tilfinningu fyrir því að um menningarverðmæti væri að ræða. Mununum komu þessir hugsunarsömu starfsmenn fyrir í gömlu Loftskeytastöðinni við Suðurgötu þar sem á endanum var opnað Fjarskiptasafn Landssímans.

Svo kom að því að misvitrir stjórnarherrar hlutafélagavæddu og síðar einkavæddu Landssímann og til varð fyrirtækjasamsteypa kölluð Síminn. Nokkru fyrir undirritun endanlegs kaupsamnings afhenti stjórnarformaður Landssíma Íslands hf. Fjarskiptasafnið þjóðinni aftur til eignar. Þjóðminjasafnið, sem enn er í þjóðareigu, og verður vonandi um langa framtíð, frú forseti, tók við Fjarskiptasafninu til varðveislu en við vitum það öll að Þjóðminjasafnið hefur gengið í endurnýjun lífdaga við að komast aftur í húsnæði sitt við Suðurgötu og hefur bryddað upp á afar mörgum fróðlegum og skemmtilegum nýjungum eftir að það komst aftur heim.

Nú hafa borist fregnir af því að nýting hússins, gömlu Loftskeytastöðvarinnar, sé með einhverjum hætti að breytast. Vitandi það að allir gömlu munirnir sem starfsmenn gamla Landssímans söfnuðu saman eru þar til húsa og vitandi það að Þjóðminjasafnið hefur yfir þessum munum að ráða þá held ég að það sé fýsilegt fyrir þingheim og þjóðina að fá að heyra hvaða áform séu þarna á döfinni, hvaða áform séu uppi um starfsemi Fjarskiptasafns Landssímans.

[13:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Í tilefni af þessari fyrirspurn hefur þjóðminjavörður upplýst mig um að þegar Þjóðminjasafn Íslands tók við gömlu Loftskeytastöðinni og sýningunni í húsinu árið 2004 með samningi við Símann hafi verið kveðið á um að safninu bæri að gera sögu fjarskipta sýnilega í húsinu án þess að það væri skuldbundið til að halda núverandi sýningu óbreyttri. Sýningin sem verið hefur í húsinu er úrelt og verið er að endurskoða hana.

Með vorinu verður opnuð sýning í breyttu formi á efri hæð hússins og fjallar hún m.a. um loftskeytaþáttinn, sem er í samræmi við sögu hússins sjálfs. Þessi sýning, sem gerð er í tilefni af því að í ár eru 100 ár liðin frá innleiðingu símans hér á landi, er í rauninni tvíþætt. Annars vegar er það sá hluti sýningarinnar sem er í Loftskeytastöðinni, þar sem lögð verður meginhersla á loftskeytasöguna, og hins vegar sá hluti sýningarinnar sem unninn er í samvinnu við Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði og fjallar um sögu Landssímans.

Tækniminjasafn Austurlands hefur fengið mikið af munum og minjum frá Landssímanum gamla, sérstaklega þeim sem eiga uppruna sinn á Seyðisfirði. Vegna þessarar tvískiptu sýningar Þjóðminjasafnsins, í Reykjavík annars vegar og á Seyðisfirði hins vegar, verður staðið sameiginlega að kynningu, m.a. með gerð sameiginlegs kynningarefnis. Sýningin á Seyðisfirði verður að sjálfsögðu opin almenningi.

Ég tel það mjög jákvætt að Þjóðminjasafnið taki þannig upp öflugt samstarf við safn úti á landi og undirstriki þannig hlutverk og þýðingu sína fyrir landsbyggðina og er það mjög til eftirbreytni.

Þjóðminjasafninu er heimilt að breyta fyrirkomulaginu innan húss í Loftskeytastöðinni til að nýta húsnæðið betur og hefur m.a. verið ákveðið að samnýta það með Háskóla Íslands. Í framtíðinni verður efri hæð hússins fyrst og fremst nýtt til safnfræðslu og verður fyrirhuguð sýning notuð í því sambandi. Sýningin verður ekki opin á föstum sýningartíma heldur eftir samkomulagi en er fyrst og fremst hugsuð með þarfir skólabarna og safnfræðslu í huga. Neðri hæðina mun síðan Háskóli Íslands fá til afnota gegn leigu og mun Háskóli Íslands nota húsnæðið undir stofnun sína um sjálfbæra þróun.

[13:08]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það var ánægjulegt að heyra hæstv. menntamálaráðherra lýsa því hvernig muni verða staðið að starfsemi Fjarskiptasafns Landssímans og ánægjulegt að heyra þessa samvinnu við safnið á Seyðisfirði og allt gott um það að segja, heyrist mér. En það leiðir hugann að því hvernig var hins vegar farið með, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á, listaverkasafn Landsbankans. Þess vegna er kannski ástæða til að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort það komi til greina að fara fram á að Landsbankinn skili þjóðinni aftur þeim listaverkum sem fylgdu með í kaupunum en allir gleymdu að minnast á — sem er auðvitað furðulegt mat á verðmætum og virðingarleysi við bæði listaverkasafnið og þá listamenn sem þar eiga verðmæt verk.

[13:09]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Fjarskiptasaga Íslendinga er á meðal stærstu og merkustu þátta Íslandssögunnar alla síðustu öld, alveg frá því að Einar Benediktsson og þeir höfðingjar voru að bera þetta mál fram um aldamótin 1900. Þá sögu þarf að halda vel utan um burt séð frá, jafnframt og þrátt fyrir sölu fjarskipta- og póstfyrirtækja í eigu ríkisins til almennings, eða sem sagt einkavæðingu þessara fyrirtækja, sem ég held að hafi verið heillaskref — það er engin ástæða til að ríkið sé að standa í slíkum rekstri. En þrátt fyrir það þarf að halda vel utan um fjarskiptasöguna og Fjarskiptasafnið og svör menntamálaráðherra þóttu mér ekki gefa til kynna háleitar hugmyndir stjórnvalda um utanumhald um fjarskiptasöguna og Fjarskiptasafnið. Ég skora á hæstv. menntamálaráðherra að halda fast utan um það og tryggja að fjarskiptasögu Íslendinga verði gerð góð og viðunandi skil innan Þjóðminjasafnsins og annars staðar. Það er mjög mikilvægt að bæði munir og safnsaga glatist ekki með neinum hætti.

[13:10]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra svörin og lýsa ánægju minni með að Þjóðminjasafnið skuli efna til öflugs samstarfs við Tækniminjasafn Austurlands varðandi sýningu um fjarskiptasögu Íslendinga. Þetta er dæmi um það á hvern hátt Þjóðminjasafnið getur unnið sem þjóðarstofnun með stórt, öflugt hjarta í Reykjavíkurborg, í höfuðborg landsmanna, og átt síðan mjög opin tengsl og opið samstarf um einstakar sýningar við þau söfn sem tengjast því úti um allt land.

Ég verð að lýsa því yfir að ég hlakka til að sjá hvernig tekst til með að búa til þessa tvískiptu sýningu sem að hluta til verður fyrir austan og að hluta til í gömlu Loftskeytastöðinni við Hringbraut.

Í mínum huga er Fjarskiptasafn Landssímans afar merkilegt safn. Mér finnst það áhugavert og ég vona að tryggt verði að það verði áfram aðgengilegt, fyrst og fremst kannski fyrir íslensk skólabörn. Ég met það svo af máli hæstv. ráðherra að hugmyndin sé að hafa safnið áfram opið við Hringbrautina þannig að hægt sé að nýta það í safnfræðslu og sýninguna sem þar verður til staðar.

Mál hæstv. ráðherra minnir okkur líka á þá umræðu sem hér hefur farið fram um annars vegar sýningu og hins vegar safn. Ég held að það sé þess virði að fara ofan í saumana á því hvernig safn getur verið safn margra muna en það að setja munina á sýningu er annað — það er ekkert einfalt mál að vinna sýningar úr safngripum og þarf að vera á hendi fagmanna. Ég treysti fagmönnum Þjóðminjasafnsins og Tækniminjasafnsins til að vinna afar vel hvað það snertir.

Svo var það kannski rúsínan í pylsuendanum í ræðu hæstv. ráðherra, að stofnun um sjálfbæra þróun ætti að fara í kjallarann á gömlu Loftskeytastöðinni. Ég verð að segja að það vekur sérstakan áhuga hjá mér og ég vona að ég eftir að fá að fara í heimsókn í kjallarann í þeim tilgangi að skoða þá nýju stofnun.

Umræðu lokið.

Réttur sjúklinga við val á meðferð.

Fsp. KolH, 430. mál. — Þskj. 647.

[13:13]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef beint eftirfarandi fyrirspurn til

hæstv. heilbrigðisráðherra. Um tvær spurningar er að ræða, þær varða rétt sjúklinga við val á meðferð.

1. Hver er réttur sjúklings, sem haldinn er alvarlegum sjúkdómi, við val á meðferð til bættrar heilsu?

2. Hvað ræður því hvers konar meðferð nýtur greiðsluþátttöku almannatrygginga?

Frú forseti. Kveikjan að þessari fyrirspurn er viðtal við Eddu Heiðrúnu Backman, leikkonu og leikstjóra, sem flutt var í Ríkisútvarpinu, sjónvarpi fyrir skemmstu. Þar sagði hún frá reynslu sinni af því að takast á við MND-sjúkdóm, sjúkdóm sem læknavísindin telja ólæknandi en óhefðbundnar lækningar, og þar með talið græðarar, hafa þróað ákveðnar aðferðir sem virðast hjálpa verulega mikið við meðhöndlun og gera sjúklingum sem þjást af MND-sjúkdómnum lífið mun bærilegra.

Edda Heiðrún lýsti því á hvern hátt hún hefði þegið þjónustu græðara í þessum efnum. Hún hefði fundið að þau lyf sem læknavísindin hafa við sjúkdómnum gerðu henni ekki gott, hún fyndi miklu meiri batamerki og henni liði miklu betur við hinar óhefðbundnu meðferðir. Það sem íþyngdi henni í þeim efnum væri að sjálfsögðu það að Tryggingastofnun tæki ekki þátt í að greiða þá meðferð sem hún kysi. Þar erum við að tala um nudd, svæðanudd, nálarstungur, hómópatameðferð og fleira þvílíkt.

Tryggingastofnun væri hins vegar samkvæmt öllum reglum heimilt að greiða fyrir hana lyfin sem væru dýr, skipti kannski hundruðum þúsunda kr. á hverju ári og Edda lýsti því að henni fyndist skjóta skökku við.

Frú forseti. Ég hlýt að taka heils hugar undir með Eddu Heiðrúnu Backman hvað þetta varðar. Það veldur áhyggjum og er umhugsunarvert að fólki skuli ekki vera í sjálfsvald sett á hvern hátt það bætir heilsu sína þegar um alvarlega sjúkdóma er að ræða. Af hverju fær þetta fólk ekki sjálft að meta hvað því er fyrir bestu og hvernig stendur á því að við á löggjafarsamkundunni treystum okkur ekki til að tryggja að val sjúklingsins sjálfs njóti þeirra sjálfsögðu réttinda að fá niðurgreiðslu frá Tryggingastofnun? Mér finnst í ljósi þess sem við höfum rætt um græðara og óhefðbundnar aðferðir á hinu háa Alþingi, og með nýjum lögum um græðara og málefni þeirra, hljóti að vera um einhvern lapsus að ræða. Kannski er þetta tímabundið ástand sem hæstv. heilbrigðisráðherra fer að kippa í liðinn. Ég vona satt að segja að svo sé og það komi þá í ljós í svari hans.

[13:16]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykv. n. spyr um rétt sjúklings, sem haldinn er alvarlegum sjúkdómi, við val á meðferð til bættrar heilsu.

Í lögum um réttindi sjúklinga er kveðið ítarlega á um réttindi sjúklinga að þessu leyti. Í fyrsta lagi er kveðið á um að sjúklingur eigi rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita, þjónustu sem miðast við ástand hans og horfur á hverjum tíma og bestu þekkingu sem völ er á.

Í 5. gr. laganna er fjallað um rétt sjúklinga til upplýsinga um heilsufar og fyrirhugaða meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi. Varðandi fyrirspurn hv. þingmanns þá er mikilvægt ákvæði 5. gr. sem segir að sjúklingur eigi rétt á upplýsingum um önnur hugsanleg úrræði en fyrirhugaða meðferð og afleiðingar þess ef ekkert verður aðhafst.

Einnig er kveðið á um að sjúklingur eigi rétt á upplýsingum um möguleika á að leita álits læknis og annarra heilbrigðisstofnana, eftir því sem við á, um meðferð, ástand, og batahorfur. Til að tryggja þennan rétt skal samkvæmt lögunum geta þess í sjúkraskrá sjúklings að honum hafi verið veittar upplýsingar skv. 5. gr. laganna og jafnframt er tekið fram að upplýsa skuli sjúkling um leið og tilefni er til og á þann hátt og við þau skilyrði að sjúklingurinn geti skilið þau.

Í lögum um réttindi sjúklinga er einnig kveðið skýrt á um rétt sjúklings til að hafna meðferð og í 7. gr. kemur fram að enga meðferð megi framkvæma án samþykkis sjúklings, nema í tilvikum þar sem sjúklingur er ófær um að gefa til kynna vilja sinn varðandi meðferð sem telst bráðnauðsynleg.

Í 18. gr. laga um réttindi sjúklinga kemur fram að þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skuli læknir sem hann leitar til gefa þær skýringar ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma. Þá er skylt að gera sjúklingi grein fyrir því ef unnt er að fá þá meðferð sem hann þarfnast fyrr annars staðar.

Hv. þingmaður spyr einnig um hvað ráði því hvaða meðferð er niðurgreidd af almannatryggingum. Hér er spurt um eitt grundvallaratriði íslenska heilbrigðiskerfisins og reyndar allra vestrænna heilbrigðiskerfa sem snýst um hvernig það fé er nýtt sem varið er til heilbrigðisþjónustu. Eitt vandasamasta viðfangsefni heilbrigðisyfirvalda er að glíma við þá forgangsröðun sem felst í að ráðstafa fjármunum sem varið er til málaflokksins á hagkvæman, skynsamlegan og sanngjarnan hátt.

Reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði fjallar um þátttöku Tryggingastofnunar í lyfjakostnaði sjúklinga. Niðurgreiðslur byggjast á því að viðkomandi sé sjúkratryggður og um sé að ræða nauðsynleg lyf sem læknir hefur ávísað og eru afgreidd í lyfjabúð eða hjá öðrum þeim sem hafa leyfi til lyfjasölu. Almenn skilyrði eru að markaðsleyfi sé fyrir lyfinu á Íslandi. Lyfjagreiðslunefnd ákveður hvort sjúkratryggingar taki þátt í niðurgreiðslu lyfja sem eru á markaði hér á landi. Ákvörðun um markaðsleyfi fyrir lyf byggjast einkum á ströngum kröfum um gæði, öryggi og verkun viðkomandi lyfs, að það hafi verið gagnreynt og gagnsemi þess sönnuð.

Samninganefnd sem skipuð er af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, semur við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðslur fyrir unnin læknisverk, um niðurgreiðslu almannatrygginga vegna þeirra og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt, eins og kemur fram í 4. tölul. 42. gr. þeirra laga. Þar segir einnig að samningar nefndarinnar skuli gerðir í samræmi við skilgreind markmið og með tilliti til hagkvæmni og gæða þjónustunnar. Í 3. tölul. sömu greinar er kveðið á um að ráðherra marki stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu. Honum sé heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun og stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu.

Það er afar vandasamt verk að útdeila takmörkuðum

fjármunum til heilbrigðisþjónustu. Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra stendur frammi fyrir margvíslegum álitaefnum daglega í þeim samningum sem gerðir eru fyrir hönd ráðherra. Heilbrigðisstéttir sækja mjög í að bjóða fram þjónustu sína með þessum hætti. Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins þarf fyrir hönd heilbrigðismálaráðherra að gæta að því að þjónustukaup séu með þeim hætti að þau falli inn í heildarskipulag heilbrigðismála á hverjum tíma. Sýnist sitt hverjum um hvernig því er best fyrir komið. Mikið framboð er á þjónustu og stundum er framboð að auki langt umfram það sem möguleiki er á að kaupa. Eru það verkefni sem sett hafa verið í forgangsröð. Ákvarðanir um greiðsluþátttöku almannatrygginga í meðferð snúast m.a. um að stýra eftirspurn eftir þjónustu og hafa áhrif á í hve miklum mæli hún er veitt. Grundvallarsjónarmið að baki þessum ákvörðunum þurfa að byggjast á almennum rétti sjúklinga, gæðum þjónustunnar og hagkvæmni og því er meginskilyrði að ekki sé veitt fé til meðferðar nema sannað sé að hún geti skilað árangri. Ég kem nánar að því í seinni ræðu minni.

[13:21]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Þetta er afar brýn fyrirspurn sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir leggur hér fram. Í staðinn fyrir að lesa upp einhverjar skýrslur og hugleiðingar embættismanna í ráðuneytinu mundi ég óska eftir því að hæstv. heilbrigðisráðherra tæki verulega til skoðunar óhefðbundnar lækningaaðferðir. Ég þekki það frá Þýskalandi að þar eru t.d. hómópatar viðurkenndir eins og venjulegir læknar og sem betur fer hefur tekist með læknastéttinni að virkja þann kraft sem þar býr. Það eru mýmörg dæmi um að fólk hafi annaðhvort læknast algerlega eða að hægt hafi verið að lina þjáningar þess verulega með óhefðbundnum lækningaaðferðum, nálastungum, (Forseti hringir.) hómópatískum aðferðum eða náttúrulækningum almennt. (Forseti hringir.) Við megum ekki vera í einhverju gömlu fari í þessum málum.

(**Forseti** (DrH)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að virða ræðutímann, hann er bara ein mínúta og menn verða að taka tillit hver til annars.)

[13:23]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þessa fyrirspurn upp við hæstv. heilbrigðisráðherra. En það er varðandi þær upplýsingar sem liggja fyrir í lögum og þær breytingar sem ég tel nauðsynlegt að gera. Fyrirspyrjandi spyr um val á meðferð við alvarlegum sjúkdómum og þá geri ég ráð fyrir að það séu sjúkdómar sem eru ólæknandi eða á lokastigi. Það er mikill munur á hvort notaðar eru vestrænar lækningaheðir eins og lögin byggja á í dag, um að lyf eða meðferð verði að skila bata, og annars konar meðferð sem kallar fram betri líðan hjá einstaklingum. Meðferð getur skilað árangri, þó að það sé ekki til bata, ef hún skilar betri lífsgæðum og það gera mjög margar meðferðir hjá græðurum, hómópötum eða sjúkraþjálfurum.

[13:24]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er ekki alls kostar ánægð með svör hæstv. ráðherra. Sjálf get ég lesið lögin um réttindi sjúklinga og hef reyndar gert það. Þetta er hins vegar pólitískt álitamál og hæstv. heilbrigðisráðherra verður að taka pólitíska ábyrgð í þessu máli.

Hann hefur sjálfur gengist fyrir því að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um græðara, að undangenginni mikilli vinnu við að semja skýrslu um græðara og starfsemi þeirra á Íslandi. Við þurfum að halda áfram þeirri vinnu og klára hana. Það verður að tryggja að sjúklingar, sem samkvæmt lögum eiga rétt á fullkomnustu þjónustu, öllum upplýsingum um meðferðir, eiga rétt á að hafna meðferð, fái líka réttinn til að velja sér meðferð, sérstaklega þegar um er að ræða erfiða sjúkdóma sem læknavísindin viðurkenna að þau geti ekki tekist á við með lyfjum.

Ég spyr hæstv. ráðherra og hann verður að svara því: Finnst honum réttlætanlegt að sjúklingur geti fengið hundruð þúsunda króna til að niðurgreiða lyf á hverju einasta ári, kannski árum saman, á sama tíma og sami sjúklingur, sem í samráði við lækna hafnar lyfjunum af því að þau virka ekki, fær ekki eina einustu krónu til að greiða niður alla hina meðferðina sem fær viðkomandi sjúkling til að geta horft björtum augum á þá daga sem viðkomandi berst við sjúkdóminn? Hæstv. heilbrigðisráðherra verður að svara þessari spurningu og ég treysti því að hann geri það á persónulegan og pólitískan hátt í síðara svari sínu.

[13:25]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. fyrirspyrjanda á og þeim sem hafa talað hér að spyrja efnislega um það sem þeir vilja fá svör við. Ekki var spurt um afstöðu til óhefðbundinna lækninga og niðurgreiðslu á þeim. En ég get svarað því að aldrei fyrr hefur það verið svo að óhefðbundnum lækningum hafi verið skipaður sess í lögum. Við erum nýbúin að því á Alþingi og það hljóta að vera vísbendingar í því að við lítum á óhefðbundnar lækningar sem hluta af heilbrigðiskerfinu. Hins vegar er ekki þar með sagt að við getum sjálfkrafa tekið það allt inn í greiðsluþátttöku almannatrygginga. Það sem ræður því er einfaldlega hvort við m.a. forgangsröðun og hvort við höfum fjármuni til að taka upp niðurgreiðslur. Til dæmis er barist mjög fyrir greiðsluþátttöku almannatrygginga í viðtölum klínískra sálfræðinga. Ég hygg að það mál sé efst á baugi núna. Auðvitað erum við alltaf með þetta til skoðunar en hins vegar hefur aldrei fyrr verið tekið á málefnum óhefðbundinna lækninga með sama hætti og gert hefur verið undanfarið. Við höfum skapað þeim sess í samfélaginu. Það er fyrsta skrefið. Síðan verður greiðsluþátttaka almannatrygginga að byggjast á því hver forgangsröðunin er í þessum efnum. Það er eilíft viðfangsefni og markast af efninu sjálfu og eins af þeim fjármunum sem eru til ráðstöfunar.

Umræðu lokið.

Málefni listmeðferðarfræðinga.

Fsp. KolH, 440. mál. — Þskj. 661.

[13:28]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Hinn 9. febrúar á síðasta ári bar ég upp fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra varðandi listmeðferðarfræðinga og stöðu þeirra í heilbrigðiskerfinu og í framhaldi af því hvað liði vinnu við endurskoðun laga um heilbrigðisstéttir með tilliti til stöðu listmeðferðarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins. Hæstv. ráðherra svaraði mér á greinargóðan hátt. Hann sagði að listmeðferðarfræðingar væru ekki skilgreindir sem heilbrigðisstétt og hvað varðaði endurskoðun laga um heilbrigðisstéttir þá væri unnið að endurskoðun þeirra. Það mál átti fyrir ári síðan að vera komið allvel á veg og niðurstöðu að vænta fljótlega.

Nú er mér kunnugt um það, hæstv. forseti, að þessi endurskoðun hefur staðið yfir árum saman. Ég hygg að liðin séu 5–7 ár eða jafnvel meira síðan tilkynnt var um að þessi lög væru til endurskoðunar í ráðuneytinu. Það er auðvitað nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari fyrir um það hvernig standi á drætti þessarar vinnu. Það er líka alkunna að listmeðferðarfræðingar hafa leitað til umboðsmanns Alþingis til að reyna að fá úrlausn sinna mála í þessum efnum og hafa í gegnum tíðina ítrekað sent heilbrigðisráðherra og heilbrigðisráðuneytinu bréf um þessi mál. Mér er kunnugt um að eftir að þessar fyrirspurnir voru lagðar fyrir hæstv. ráðherra hafi listmeðferðarfræðingar skrifað ráðherra bréf og spurt um ýmsa hluti, eins og t.d. hvaða skilyrði starfsstétt þyrfti að uppfylla til að ráðuneytið skilgreindi hana sem heilbrigðisstétt, hvaða menntunarkröfur ráðuneytið gerði til heilbrigðisstétta sem hlotið hefðu lögverndun eða viðurkenningu á starfsheitinu, hvaða ramma eða skilyrði ráðuneytið setji um heilbrigðisstarfsmenn svo öryggi skjólstæðinga þeirra sé tryggt, hvað átt sé við þegar talað er um sjálfstæði starfa í tengslum við löggildingu, hvert grundvallarmarkmið og tilgangur lögverndunar starfsstétta sé að mati ráðherrans eða ráðuneytisins og hvort starfi nefndarinnar um endurskoðun laga um heilbrigðisstéttir hafi verið sett einhver tímamörk.

Allar þessar spurningar eru settar fram í framhaldi af svari hæstv. ráðherra til mín fyrir ári síðan þar sem hann lýsti því yfir að stefna ráðuneytisins í framtíðinni sé sú að aðeins verði löggiltar þær stéttir sem að mestu leyti starfi á sviði heilbrigðisþjónustu en engu að síður sé hann með það til skoðunar á hvern hátt sé mögulegt að viðurkenna nám og heiti starfsstéttar sem starfar innan heilbrigðisþjónustunnar án þess að um löggildingu verði að ræða.

Í ljósi alls þessa hef ég beint fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um hvenær megi vænta þess að endurskoðun laganna um heilbrigðisstéttirnar ljúki og hvers sé að vænta varðandi löggildingu listmeðferðarfræðinga, viðurkenningu náms þeirra eða leyfi til að nota heiti starfsstéttarinnar.

[13:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykjavíkur norður, Kolbrún Halldórsdóttir, beindi til mín fyrirspurn um það annars vegar hvenær vænta megi þess að endurskoðun laga um heilbrigðisstéttir ljúki og hins vegar hvers sé að vænta varðandi löggildingu listmeðferðarfræðinga, viðurkenningu náms þeirra eða leyfi til að nota heiti starfsstéttarinnar.

Undanfarin ár hefur verið unnið að endurskoðun ýmissa laga um heilbrigðisstéttir, bæði að nýrri heildarlöggjöf um þær svo og að endurskoðun og lagfæringum á þeim lögum og reglugerðum um einstakar stéttir sem brýnt hefur þótt að lagfæra. Má sem dæmi nefna breytingar á lögum um sjóntækjafræðinga og lífeindafræðinga sem áður hétu meinatæknar. Einnig er væntanlegt frumvarp til laga um sálfræðinga en lögin um þá eru komin til ára sinna og mikilvægt þykir að endurskoða þau.

Vinna við frumvarp til heildarlaga um heilbrigðisstéttir hefur ekki þótt eins brýn og því orðið að víkja fyrir annarri lagasmíð sem stendur yfir núna um einstakar stéttir auk þess sem sú vinna hefur tafist vegna umfangsmikillar vinnu við frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu og frumvarp til laga um landlækni.

Hvað varðar löggildingu listmeðferðafræðinga vil ég taka fram að verulega hefur dregið úr löggildingu nýrra stétta með laga- og reglugerðarsetningu. Ástæðan er sú að löggilding nýrrar stéttar er í raun einkaréttur þess hóps á starfssviði og starfsheiti. Það getur því takmarkað rétt annarra til að starfa innan þess sviðs sem hefur verið löggilt. Vegna þess hafa orðið árekstrar og geta orðið milli stétta sem hafa líkt starfssvið eða starfsvið skarast.

Innan heilbrigðisþjónustunnar er list og listsköpun notuð sem hluti af meðferð bæði af listmeðferðarfræðingum og öðrum sem ekki hafa hlotið menntun sem listmeðferðarfræðingar. Nám listmeðferðarfræðinga er því viðurkennt þó það sé ekki sérstök formleg viðurkenning og listmeðferðarfræðingar geta notað heiti starfsstéttarinnar þó þeir hafi ekki einkarétt á því.

Ég vil að lokum taka það fram að ekki verður efast um að störf listmeðferðarfræðinga á heilbrigðisstofnunum eru mikilvæg enda starfa þeir innan heilbrigðisþjónustunnar á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum fyrir langveik börn, hjúkrunarheimilum fyrir aldraða og geðdeildum og öðrum meðferðarstofnunum ásamt öðrum, t.d. iðjuþjálfum og myndlistarmönnum sem nota listsköpun sem meðferð þó ekki flokkist það sem listmeðferð með sama hætti og listmeðferðarfræðingar sinna.

Það er stefna ráðuneytisins að í framtíðinni verði ákvörðun um löggildingu nýrra heilbrigðisstétta einkum byggð á því að löggilding sé nauðsynleg með tilliti til öryggis sjúklinga fremur en hagsmuna starfsstétta.

[13:34]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að hér séu nokkur tíðindi á ferðinni þar sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur gefið yfirlýsingu á Alþingi Íslendinga um að lögin um heilbrigðisstéttir séu ekki í endurskoðun, að þeirri endurskoðun hafi verið vikið til hliðar vegna anna í ráðuneytinu við að endurskoða önnur lög. Ég tel að þetta sé nokkuð alvarleg yfirlýsing og tel að hún sé ekki til þess fallin að leysa vandamál sem eru til staðar og ekki bara innan heilbrigðiskerfisins því að

þetta vandamál er víða til staðar. Við höfum heyrt af nýlegu samkomulagi Kennarasambands Íslands við menntamálaráðherra. Hluti af því samkomulagi er að leikskólakennarar fá nú loksins löggildingu á starfsheiti sínu en það hefur verið krafa þeirra í mörg ár. Táknmálstúlkar hafa unnið árum saman að því að fá löggildingu síns starfsheitis, sömuleiðis starfs- og námsráðgjafar. Hér er því um víðtækt vandamál að ræða sem ég held að stjórnvöld skelli skollaeyrum við eða loki augum sínum og eyrum fyrir. Ég tel það mjög alvarlegt.

Hæstv. ráðherra gefur hér yfirlýsingu um að nám listmeðferðarfræðinga sé að sínu leyti viðurkennt þó svo hann viðurkenni að aðrir séu einnig að vinna innan heilbrigðiskerfisins við listmeðferð þó svo að þeir hafi enga menntun á því sviði. Þetta er líka alvarlegt, frú forseti, og ég er ekki viss um að listmeðferðarfræðingum sem lagt hafa í dýrt og langt háskólanám með stuðningi hins opinbera, í gegnum stuðning Lánasjóðs íslenskra námsmanna, líki alls kostar þessi yfirlýsing hæstv. ráðherra sem hér með er í sjálfu sér að gera nám þeirra afar lítils virði. Það er akkúrat við þetta sem þessar stéttir eru að berjast. Þetta fólk hefur menntað sig í ákveðnu fagi og er þar af leiðandi fagstétt. En stjórnvöld neita að viðurkenna að viðkomandi starf lúti faglögmálum. Ég held því að hér sé um mjög alvarlegar yfirlýsingar hæstv. ráðherra að ræða og tel að hér þurfi að skoða hlutina betur (Forseti hringir.) og fara betur ofan í saumana á þessu viðkvæma máli.

[13:36]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hér er tvenns konar misskilningur á ferðinni, í fyrsta lagi að endurskoðun laga um heilbrigðisstéttir hafi verið hætt. Það er eingöngu verið að fara yfir annan viðamikinn lagabálk í augnablikinu og ég á ekki von á að frumvarpið um heilbrigðisstéttir komi fram á þessu þingi. Ekki er þar með sagt að hætt hafi verið við það, síður en svo.

Í öðru lagi vil ég segja að ef hv. þingmaður hefur lesið það út úr mínu máli að ég telji starf listmeðferðarfræðinga eða menntun einskis virði þá er það misskilningur líka. Ég tel, og sagði það reyndar í mínu svari, að þeir vinna mikilvægt starf inni á heilbrigðisstofnunum. En ég segi jafnframt að dregið hefur úr viðurkenningum á starfsheiti einstakra starfsstétta. En málið er auðvitað til skoðunar í ráðuneytinu áfram og það hefur engu verið hætt í þessu efni. En ég á ekki von á að það komi fram frumvarp til laga um heilbrigðisstéttir á þessu þingi.

Umræðu lokið.

Öldrunargeðdeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Fsp. ÁRJ og GÖg, 481. mál. — Þskj. 711.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um öldrunargeðdeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og spyr ásamt hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur hvort ráðherra telji þörf á að koma upp öldrunargeðdeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og ef svo er, hvort uppi séu áform um að koma á slíkri deild, og þá hvenær.

Nú er hér á landi engin sérstök deild til fyrir aldraða geðsjúka, en sá hópur þarf sérhæfða þjónustu. Þeir hafa verið vistaðir á geðsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss og á öldrunarsviði sama spítala en sumir voru áður á Arnarholti. Þessir sjúklingar hafa verið að velkjast á milli þessara deilda. Þetta eru oft sjúklingar sem eiga ekki samleið með öðrum öldruðum og það gerir það einnig að verkum að hjúkrunarheimilin veigra sér við að taka við þessum sjúklingum þegar læknismeðferð er lokið. Þeir hafa verið að taka þá inn til bráðabirgða til að sjá hvernig gengur. En oftast hefur það ekki gengið.

Einhverjir þessara sjúklinga eru langveikir og dvelja heima með göngudeildarþjónustu frá geðsviði sem er gott á meðan það er hægt. En þegar þeir verða veikari eru þeir lagðir inn, annaðhvort á geðdeildina og taka þá upp endurhæfingarpláss, eða þeir lenda inni á öldrunardeildum vegna þess að oft hrjá þá ýmsir aðrir sjúkdómar, oft margir líkamlegir kvillar.

Ég er sammála því fagfólki sem telur að þörf sé á sérstakri öldrunargeðdeild, þ.e. meðferðardeild fyrir þessa sjúklinga og þá deild fyrir 18–20 manns sem bæði öldrunarsviðið og geðsviðið koma að. Svo þarf auðvitað að huga að hjúkrunarúrræðum fyrir þessa öldruðu geðsjúka því að þau eru engin. Þetta fólk þarf að vera sér því það truflar aðra vistmenn og sjúklinga. Það er því orðið mjög brýnt að leysa vanda þessa fólks. Það þarf ekki nema einn svona sjúkling til að koma öllu í uppnám.

Hæstv. ráðherra var spurður út í þessi mál fyrir þremur árum og sagði þá að núverandi fyrirkomulag væri skipulag sem fagfólk væri ekki ósátt við. Nú er annað uppi á teningnum. Fagfólk telur að það þurfi að sinna þessum málum betur. Það er ekki hægt að bjóða öldruðum sjúklingum og öldruðum geðsjúkum að dvelja saman á deild. Þeim finnst sér oft ógnað, bæði sjúklingum og aðstandendum þeirra.

Í nágrannalöndum okkar eru alls staðar reknar sérstakar öldrunargeðdeildir og sums staðar margar á sama spítalanum og þær eru taldar mjög nauðsynlegar. Hér er engin slík deild. Það er ekki eðlilegt, að mínu mati, í 300 þúsund manna samfélagi eins og okkar. Því spyrjum við hv. þingmenn:

Telur ráðherra þörf á að koma upp öldrunargeðdeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og ef svo er, eru uppi áform um að koma á slíkri deild, og þá hvenær?

[13:41]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður og 3. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður hafa beint til mín fyrirspurn um hvort ég telji þörf á að koma upp öldrunargeðdeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og ef svo er, hvort áform séu um að það verði gert.

Virðulegi forseti. Málefni aldraðra er ört vaxandi málaflokkur. Þjónustan er viðkvæm og verkefnin varða nær öll svið heilbrigðisþjónustunnar. Einn mikilvægra þátta hennar

er geðheilbrigðisþjónusta sem segja má að sé að mörgu leyti frábrugðin og að sumu leyti flóknari þegar um er að ræða aldraða en yngra fólk. Þetta er ekki síst vegna þess að oft fara saman hjá öldruðum fjölþætt heilsufarsvandamál og því mikil lyfjanotkun samhliða heilabilunareinkennum og minnissjúkdómum þar sem erfitt getur verið að greina á milli orsakar og afleiðingar. Í ljósi þess er það mat mitt að aldraðir þurfi á sérhæfðri geðheilbrigðisþjónustu að halda. Aftur á móti er ekki einhlítt hvernig standa skuli að slíkri þjónustu og hvernig henni skuli fyrir komið.

Í desember síðastliðinn skipaði ég 15 manna faghóp undir formennsku skrifstofustjóra öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem ég fól að koma með ábendingar um hvernig bæta má geðheilbrigðisþjónustu við aldraða hér á landi. Hópurinn er skipaður þannig að innan hans er tryggð góð yfirsýn yfir málaflokkinn, fagþekking og reynsla. Ég ætla hópnum tiltölulega skamman tíma til að fara yfir þessi mál og vænti þess að hann skili mér greinargerð með ábendingum sínum í lok mars þar sem fram kemur hvar helst þarf að bæta þjónustuna og hvaða leiðir séu vænlegastar. Faghópurinn hefur þegar haldið tvo vinnufundi og mér er kunnugt um að sérhæfð geðheilbrigðisþjónusta fyrir aldraða á stofnunum og fyrirkomulag slíkrar þjónustu er meðal þess sem hefur verið rætt sérstaklega innan hópsins.

Í framhaldi af þessari vinnu, sem ég vona að verði lokið á þeim tíma sem ég hef sett til þessara verka, mun ég taka ákvörðun um helstu áherslur og forgangsröðun verkefna sem lúta að geðheilbrigðisþjónustu við aldraða.

Ég vona að þetta svari fyrirspurn hv. þingmanns.

[13:43]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þessa umræðu hér og þakka svör hæstv. heilbrigðisráðherra. Það er mjög mikil gæfa að hafa unnið á deild eða stofnun fyrir gamalt fólk með geðrænan vanda. Það þekki ég af eigin raun. Danir hafa verið mjög framarlega þar. Þegar þeir lokuðu sínum kleppsspítala eða St. Hans þá var stofnunin flutt í litlar einingar á mjög góðum stað og með sérstaklega góðum aðbúnaði. Það má búast við fjölgun í þessum hópi miðað við umræðuna nú. Núna er þessi hópur ósýnilegur og á sér fáa talsmenn. Það er afar brýnt að vera með einhverja framtíðarmúsík í því og kannski er brýnt að gera úttekt til að byggja til framtíðar. Mér finnst það albrýnast núna því eins og er þá er þessi hópur að hluta til enn þá inni á gamla Kleppi og hefur kannski bara elst þar með stofnuninni, því miður, í stað þess að njóta sérúrræða sem henta þessum hópi.

[13:45]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina en ég held að málefni eldri borgara fái sjaldan þann hljómgrunn sem þau eiga skilið. Sum svið sem skipta aldraða mjög miklu máli liggja einfaldlega í þagnargildi og einn þeirra málaflokka er geðheilbrigðisþjónusta og þar á meðal þunglyndi meðal eldri borgara.

Ég hef tvisvar sinnum lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu um rannsókn á þunglyndi eldri borgara þar sem m.a. átti að skoða umfang vandans, orsakir og forvarnir en í bæði skiptin hefur þingmálið verið svæft í meðförum stjórnarmeirihlutans.

Varðandi geðheilbrigðisþjónustuna má benda á að erlendis má finna sérstakar geðdeildir fyrir aldraða og heilsugæsluþjónustu fyrir aldraða með geðræn vandamál. Miðað við stöðuna í Noregi ættu tvær slíkar stofnanir að vera hér á landi. Hér á landi er hins vegar engin sérstök öldrunargeðdeild og ég gæti vel ímyndað mér að á Landakoti væri hægt að hugsa sér sérstaka öldrunargeðdeild án mikils kostnaðar þar sem þar er margt fagfólk þegar að störfum.

Ég vil að lokum fagna því að ráðherra viðurkenni að aldraðir þurfi sérstök úrræði hvað þetta varðar en (Forseti hringir.) ég vil þó kalla eftir aðeins skýrari sýn hans (Forseti hringir.) og skoðun á sjálfu málinu en ekki vísun í einhvern vinnuhóp sem á eftir að skila sínu áliti.

[13:46]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Úrræði geðsjúkra á Íslandi hafa verið í nokkrum brennidepli á liðnum missirum eins og málefni eldri borgara því að margt í málefnum þessara hópa er í ólestri. Það er óviðunandi og kannski sameinast þetta sérstaklega á krossgötum á milli þessara tveggja hópa ef um er að ræða gamalt fólk sem er geðsjúkt og á við slík vandamál að stríða.

Ástandið meðal margra í þeim hópi kallar bókstaflega á það að sérstök geðdeild fyrir gamalt fólk verði stofnuð eins og komið er inn á í þessari prýðilegu fyrirspurn hv. þingmanna. Ég vil nota tækifærið til að skora á hæstv. heilbrigðisráðherra að hann beiti sér fyrir úrræðum. Hann hefur viðrað þau sjónarmið á liðnum missirum að það verði að taka sérstaklega á í málefnum geðsjúkra og það verði að taka sérstaklega á í málefnum aldraðra. Þarna er um að ræða mál sem kallar á brýnar úrbætur. Vandamál af þessu tagi sliga þær fjölskyldur sem eiga við þau að stríða (Forseti hringir.) og það verður að ráða bót á.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka mikilvæga umræðu vegna þessarar fyrirspurnar. Ég heyri að það er annar tónn í hæstv. ráðherra en var fyrir þremur árum. Skilningur á þessum málaflokki hefur aukist, bæði á þeim sjúkdómi sem hér um ræðir, geðsjúkdómum, og síðan þörfum aldraðra með geðsjúkdóma. Öldruðum fjölgar, þessi þjónusta er viðkvæm og mikilvægt að henni verði komið á. Ég er sannfærð um að það þarf að koma á sérstakri öldrunargeðdeild og ég get ekki heyrt annað en hæstv. ráðherra sé nánast á þeirri skoðun líka.

Ég vil nefna það hér að það er ekki alltaf svo að aldraðir sem eru með geðsjúkdóma séu líka heilabilaðir eins og mér fannst hægt að skilja á ræðu hæstv. ráðherra. En engu að síður, faghópur er að störfum, honum er gefinn stuttur tími til að skila niðurstöðum og ég fagna því. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Ef niðurstaða faghópsins verður sú að öldrunargeðdeild verði komið á mun ráðherra gera það. Hversu langan tíma telur hann að þurfi til að koma slíkri þjónustu á? Það er orðin mjög brýn þörf fyrir slíka þjónustu

og eins og bent var á hér áðan þá ættu að vera tvær slíkar deildir starfandi hér á landi miðað við mannfjölda í samanburði við þörfina í Noregi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Ef það verður niðurstaða nefndarinnar í lok mars að koma á slíkri öldrunarþjónustu, hvenær verður slík deild komin í gagnið hér á landi?

[13:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Sýn mín á þau mál er varða geðheilbrigðisþjónustu við aldraða er almennt á þann veg að þjóna fólki sem mest úti í samfélaginu. Hins vegar geta ekki allir notið þeirrar þjónustu, ég geri mér grein fyrir því. Það þarf að leysa á annan veg. En ég sé ekki fyrir mér stórar geðdeildir fyrir aldraða. Ég tel að það sé liðin tíð. Við þurfum að hafa slík úrræði í smærri sambýlum. Það er mikið að gerast í búsetumálum geðfatlaðra núna, menn eru að fara yfir það hvernig eigi að verja 1,5 milljörðum kr. í að bæta búsetuúrræði þeirra. Það mun væntanlega leiða til þess að útskrifaður verður af geðdeild Landspítalans töluvert stór hópur fólks. Það mundi þá þýða einhverjar breytingar þar og þetta vil ég sjá þegar niðurstöður starfshópsins koma.

Ég tel að það séu möguleikar núna á því að aðhafast í þessu máli. Við erum í miðjum klíðum í miklum skipulagsbreytingum varðandi búsetuúrræði en almennt talað vil ég byggja þjónustuna þannig upp að geðfötluðum sé þjónað úti í samfélaginu sem mest en það kunna alltaf að vera einhverjir og þar á meðal aldraðir sem þurfa úrræði á stofnunum. En stórar geðdeildir, hvort sem það er fyrir geðfatlaða almennt eða aldraða, ég vona að þær heyri sögunni til.

Umræðu lokið.

[13:52]

Útbýting:

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 329. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 740.

Umhverfisvænar kröfur til fiskiskipaflotans.

Fsp. ÁRJ, 451. mál. — Þskj. 675.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra um orkusparandi og umhverfisvænar kröfur til fiskiskipaflotans.

Fimm eða sex togarar menga eins mikið og heilt álver. Þessu hefur verið haldið fram. Mesta koltvísýringsmengun okkar er vegna fiskiskipaflotans. Olíuverð fer stöðugt hækkandi og kröfur um umhverfisvernd aukast sífellt. Þrýstingur er á að nota minni olíu. Við Íslendingar þurfum að leita nýrra leiða til að gera flotann samkeppnishæfari og vega upp á móti miklum rekstrarkostnaði.

Hér á landi starfar nýsköpunarfyrirtækið Marorka sem hefur hannað búnað sem getur náð niður árlegri olíunotkun fiskiskipa um 10–15%. Það hefur sem sagt hannað vistvænan orkusparandi búnað sem hægt er að koma fyrir í skipum. Kostnaður við að koma á þessum búnaði greiðist niður á einu til tveimur árum. Búið er að koma þessum búnaði fyrir í hafrannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni og samkvæmt svari dómsmálaráðherra til mín síðastliðinn miðvikudag um hvort til stæði að setja slíkan búnað í nýtt landhelgisgæsluskip þá svaraði hann því játandi þannig að þessum búnaði verður komið fyrir í því skipi.

Það er mjög mikilvægt að við sýnum frumkvæði og styðjum við fyrirtæki eins og þetta sem hefur hannað þennan búnað. Ég hef bent á það einnig að erlendar þjóðir hafa sýnt þessu fyrirtæki mikinn áhuga og hyggjast koma þessum búnaði fyrir í ferjum, landhelgisgæsluskipum og fiskiskipum sínum, t.d. Kanada og Frakkland og fleiri þjóðir eru að huga að þessum málum.

Þess vegna spyr ég hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort hann hyggist beita sér fyrir því að umhverfisvænum og orkusparandi búnaði verði komið fyrir í íslenskum fiskiskipum, sambærilegum þeim sem er í hafrannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni.

[13:55]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn sem hv. 4. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður varpaði til mín um það hvort ég hyggist beita mér fyrir því að umhverfisvænum og orkusparandi búnaði verði komið fyrir í íslenskum fiskiskipum, sambærilegum þeim sem er í hafrannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni

Orkustjórnarbúnaðurinn frá fyrirtækinu Marorku ehf. sem verið er að koma fyrir í hafrannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni leitar leiða til að spara orku við þær aðgerðir sem verið er að framkvæma. Búnaðurinn gefur nákvæmar upplýsingar um olíunotkun á tonn fyrir hvert tonn af veiddum fiski miðað við mismunandi tegund af fiski, veiðisvæði eða hvaða veiðarfæri eru notuð. Þá verður hægt að sjá á þessum búnaði kostnað við veiðar á mismunandi svæðum með mismunandi veiðarfærum. Með þessum tölfræðilegu upplýsingum getur búnaðurinn bent á mögulegar leiðir við að spara olíunotkun við veiðar.

Marorka ehf. sem þróaði búnaðinn hefur fengið styrki til þróunar á honum frá AVS, sem er sjóður sem lýtur stjórn sjávarútvegsráðherra, og Tækniþróunarsjóði. Einnig hefur sjávarútvegsráðherra hvatt til þess að þessi búnaður verði þróaður áfram og notaður í fiskiskipum. Aftur á móti er það ekki á valdi ráðherra eða ráðuneytis að taka ákvarðanir fyrir hönd sjávarútvegsfyrirtækja um hvort þau setji slíkan búnað í fiskiskip. Það eru eigendur fiskiskipanna, sjávarútvegsfyrirtækjanna sem taka endanlega ákvörðun að sjálfsögðu í þessum efnum og hafa þá væntanlega hagkvæmnissjónarmið að leiðarljósi.

Það er augljóst að ef þetta er hagkvæmt frá sjónarhóli útgerðarinnar, eins og mjög margt bendir til, þá munu útgerðarmenn að sjálfsögðu grípa til þess að fjárfesta í þessum búnaði. Útgerðarmenn eru ákaflega meðvitaðir um þetta. Olíuverð hefur hækkað og er einn af þeim þungu kostnaðarliðum sem menn eru sífellt að leita leiða til að ná niður. Þess vegna er það augljóst að ef hér er um hagkvæman búnað að ræða munu þeir vitaskuld nota hann. Útgerðarmenn eru ekki þekktir fyrir að vera seinir til að fjárfesta í

búnaði ef hann getur komið að gagni.

Sá sem hér stendur hefur líka notað mörg tækifæri til að hvetja í þessum efnum, vekja athygli á þessum búnaði og eins og fram kom hefur ráðuneytið stutt við bakið á þróun þessa búnaðar og veit ég að það hefur verið gert í mjög góðu samstarfi við eigendur fyrirtækisins Marorku sem að mínu mati hafa unnið þarna ákaflega gott verk.

Útgerðarmenn eru alltaf að leita leiða til sparnaðar, m.a. orkusparnaðar. Ég þekki af gamalli reynslu að í þeim efnum hafa menn horft til margra hluta. Það hafa verið búin til tæki, þó þau hafi ekki verið jafnþróuð og þetta tæki, sem hafa átt að stuðla að því að draga úr orkukostnaði. Menn fóru fyrir 15–20 árum í miklar aðgerðir á mjög mörgum togurum okkar, breyttu gírbúnaði, breyttu skrúfubúnaði og breyttu vélbúnaði skipanna til að reyna að draga úr orkukostnaði og þar með mengun og útblæstri. Allt er þetta gert til að reyna að draga úr sóknartengdum kostnaði og sú þróun sem við sjáum með minnkandi sóknartengdum kostnaði, svo sem eins og með sameiningu aflaheimilda eða veiðiréttinda, hefur auðvitað stuðlað að hinu sama.

Ég vil líka láta það koma hér fram að útgerðarmenn, skipstjórar og sjómenn eru að mínu mati mjög vakandi almennt talað gagnvart umhverfi sínu. Við þurfum ekki annað en líta yfir farinn veg til að sjá hvernig umgengni um borð í skipunum hefur gjörbreyst. Það var ekki þannig hér áður fyrr að menn kæmu með úrgang í land af þessum skipum. Það var miklu algengara að menn hentu ónýtum veiðarfærum fyrir borð. Við sjáum það einfaldlega á fjörum landsins hvernig þetta hefur verið að breytast. Við vitum að það er regla núna fremur en undantekning að menn komi með þennan úrgang að landi. Allt þetta segir okkur að útgerðarmenn og starfandi sjómenn, þar með taldir skipstjórnarmenn, eru mjög vakandi fyrir þessu.

Almennt talað tel ég eðlilegt að nota þróunarsjóði eins og sjóðinn um aukið virði sjávarfangs, AVS, til að reyna að hjálpa til við þróun á búnaði sem þessum sem þar að auki getur, eins og hv. þingmaður vakti athygli á, hugsanlega orðið að verðmætri útflutningsvöru. Þetta er dæmigerður hátækniiðnaður. Þetta er enn eitt dæmi um það sem ég hef talað um á undanförnum mánuðum, þ.e. að sjávarútvegur okkar er hinn dæmigerði þekkingariðnaður. Hann er mjög mikilvægur þekkingariðnaður. Það er einmitt á grundvelli hans og vegna nábýlisins við sjávarútveginn að til verða fyrirtæki á borð við Marorku. Auðvitað getum við nefnt mörg önnur fyrirtæki, Póls, 3X, Skagann og Marel svo ég taki dæmi af handahófi sem segir okkur hversu mikilvægt er að okkar sjávarútvegur geti starfað í góðu samstarfi við þau fyrirtæki sem eru að vinna í þessum efnum.

Aðalatriðið er að verkefnið er mjög mikilvægt og að ráðuneytið hefur stutt við bakið á því og hvatt menn til að gefa því gaum og athuga hvort ekki gæti verið til góðs að verði tekið upp í vaxandi mæli.

[14:00]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir þessa athyglisverðu og mikilvægu fyrirspurn.

Það er ljóst að hæstv. sjávarútvegsráðherra getur ekki komið þessum umræddu tæknibúnaði í skip með boðvaldi. En hann getur beitt áróðri og komið upplýsingum til útgerðarmanna á Íslandi. Með því að koma þessum búnaði í íslensk fiskiskip vinnst að minnsta kosti tvennt. Það leggst lóð á vogarskálar vistvænna veiða við Ísland og það er líka stuðningur við að halda þessu hátæknifyrirtæki á Íslandi. Ekki veitir af að íslensk stjórnvöld leggi lóð á þá vogarskál því ekki hafa þau búið svo gott rekstrarumhverfi fyrir íslensk fyrirtæki í dag.

[14:01]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér er til umræðu mikilvægt mál og ber að þakka hv. fyrirspyrjanda Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir það. Ég fagna líka svörum hæstv. sjávarútvegsráðherra. Að mínu mati er það misskilningur að ráðherra geti ekki beitt sér enn frekar á þessu sviði. Ég nefni t.d. skattaívilnanir eða beina styrki. Þetta er mjög mikilvægt mál. Eins og komið hefur fram í umræðunni þá getum við Íslendingar tekið forustu á þessu sviði og auðvitað er hér um hátækniiðnað að ræða, einmitt hátækniiðnað sem ríkisstjórnin hefur hrakið úr landi í stórum stíl með stóriðjustefnu sinni.

Þetta er einmitt dæmi um það sem við eigum að leggja áherslu á og það er ánægjulegt að fá stuðning frá t.d. formanni stjórnar Bakkavarar í (Forseti hringir.) þeim efnum.

[14:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég efast ekkert um vilja hæstv. sjávarútvegsráðherra og ekki heldur um vilja útgerðarmanna á Íslandi til að spara orku og nýta sér nýja tækni í því sambandi. Það er hins vegar mjög athyglisvert að stefna stjórnvalda hefur ekki miðað að því að draga úr orkunotkun við veiðar á Íslandsmiðum. Þar vantar býsna mikið á og væri hægt að gera mjög margt í því, bæði í þeim tilgangi að ganga betur um fiskimiðin og til að spara orku við veiðar á fiski. Þetta er hægt að gera með því að koma til móts við útgerðir sem nota vistvæn veiðarfæri og útgerðir sem nota litla orku til að veiða fisk. En það hefur aldrei mátt minnast á það í sölum Alþingis að fara slíkar leiðir. Ég spyr þess vegna hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort hann sé kannski farinn að velta því fyrir sér upp á nýtt að ástæða sé til að endurskoða þessa afstöðu.

[14:03]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér bara til að lýsa ánægju minni með að íslensk tæknifyrirtæki skuli geta fengið tækifæri til þess að prófa búnað sinn um borð í íslenskum rannsóknaskipum. En ég bendi jafnframt á að hér er verið að tala um búnað sem er notaður til að mæla orkueyðslu og þetta er kannski ekki rétta skipið fyrir slíkan búnað. Af hverju segi ég það? Jú, þetta skip er svo sjaldan á sjó og menn mæla nú enga orkueyðslu meðan skipið er bundið við bryggju, því miður.

Ég vil koma þessu að og benda hæstv. sjávarútvegsráðherra á það og öðrum þingmönnum einnig sem hlýða á mál mitt og öðrum ráðamönnum að sjá til þess að þetta skip verði gert meira út og það verði úti á sjó fleiri daga á ári.

Svona tæki, rannsóknaskip eins og Árni Friðriksson, á í raun að vera á sjó 330 daga á ári, eins og til að mynda norsku skipin. Svona skip á bara að koma í land til að skipta um mannskap og taka vistir og olíu. Það á að nota svona skip t.d. til að mæla orkunotkun eins og gert er með þessum tækjum hér.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu og hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir svör hans. Ég heyri að hann hefur vissulega mikinn áhuga á þessum málum og þekkir vel til hins vistvæna búnaðar sem hér er til umræðu frá Marorku. Þetta er mjög mikilvægur þekkingariðnaður, það er alveg rétt, og þessi tæki sem þeir hafa hannað eru mikilvæg útflutningsafurð. Það er alveg rétt sem hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir benti á að mikilvægt er að halda þessu fyrirtæki í landinu því sóst er eftir því að kaupa það til annarra landa af því að við erum það mikið í fararbroddi.

Auðvitað getur hæstv. ráðherra beitt sér á fleiri vegu en það að skipa öllum að taka upp þennan búnað. Hann getur beitt sannfæringarkrafti sínum. Hann getur veitt ívilnanir, styrki o.s.frv. eins og hv. þm. Hlynur Hallsson benti á áðan. Það er hægt að fara ýmsar leiðir. Ég hvet hæstv. ráðherra til að nota þær leiðir sem hann hefur til að ýta undir þetta. Við erum að verða búin að fylla upp í kvóta okkar hvað varðar koldíoxíðmengun ef miðað er við kvótann sem við höfum í Kyoto-bókuninni. Við verðum að grípa til ráðstafana. Þarna er leið sem skilar árangri og styður um leið við mjög mikilvægt sprotafyrirtæki sem hefur hannað þennan búnað. Ég hvet því hæstv. ráðherra til að beita sér ekki bara með því að tala um þetta heldur á allan mögulegan hátt þannig að fyrirtækið verði hér áfram og við verðum með vistvænan fiskiskipaflota þegar upp er staðið.

[14:06]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa áhugaverðu umræðu um mál sem skiptir heilmiklu. Ég held að enginn ágreiningur sé um þetta efni. Hvernig ætti það líka að vera?

Menn hafa brýnt mig til þess að standa sem best við bakið á þessu fyrirtæki. Það vil ég auðvitað gera eins og við önnur fyrirtæki á þessu sviði, þ.e. hátæknisviðinu, sem snerta hagsmuni sjávarútvegsins sérstaklega. Það hefur verið gert. Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins starfar sérstakur sjóður, AVS-sjóður, sem fær yfir 200 millj. kr. á ári til að styðja við bakið á margs konar uppbyggingu á sviði sjávarútvegs, ekki bara á hátæknisviði heldur líka á markaðssviði og eldissviði. Enginn vafi leikur á því að þessi sjóður hefur haft heilmikið gott í för með sér.

Við fórum yfir það fyrir ekki löngu síðan, eftir að sjóðurinn hafði starfað í þrjú ár, hvernig hann hefur breytt í raun mjög miklu í rannsókna- og þróunarumhverfi sjávarútvegsins. Þarna hefur sennilega runnið í gegn á þessum tíma meira en 1 milljarður kr.

Auðvitað er mjög margt í svona nýsköpunarstarfsemi sem ekki tekst. Það þekkjum við. Hins vegar tekst mjög margt. Það sem hér er til umfjöllunar er einmitt gott dæmi um það.

Hér var sagt að þetta væri kannski ekki rétta skipið til að vera með þennan búnað vegna þess að skipinu væri ekki haldið nægilega mikið úti. Það er út af fyrir sig rétt. Ég vildi gjarnan að við hefðum enn meiri peninga til umráða til að halda úti hafrannsóknaskipunum. Við höfum verið að auka við þessa peninga. Ég lít þannig á að þetta sé viss hvatning til þess að nýja frumvarpið um Verkefnasjóð sjávarútvegsins verði samþykkt sem m.a. miðar að því að efla hafrannsóknir í landinu.

Í annan stað vil ég vekja athygli á því að sem betur fer hefur það gerst að þáttur þessara kyrrstæðu veiðarfæra sem hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi hefur aukist. Við höfum beitt sérstakri ívilnun í þeim efnum, ekki skattaívilnun heldur línuívilnun sem frægt er, til að örva menn til að nota þetta veiðarfæri og það er væntanlega þá í þessum anda.

Ég skal síðan taka undir það með hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að ég skal beita öllum mínum sannfæringarkrafti (Forseti hringir.) til að hvetja menn til að auka sparnað í útveginum, sem jafnframt stuðlar að góðri umgengni um miðin og umhverfisvernd í landinu.

Umræðu lokið.

Aukning umferðar.

Fsp. BjörgvS, 472. mál. — Þskj. 700.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég legg fram í dag tvær fyrirspurnir til hæstv. samgönguráðherra sem tengjast Suðurlandsvegi. Sú fyrri sem er til umræðu núna hljóðar svo:

1. Hver er aukning umferðar um veginn á milli Selfoss og Reykjavíkur síðustu tíu árin, sundurgreint eftir árum?

2. Hver er aukning umferðar frá Reykjavík til Þorlákshafnar um Þrengsli, síðustu tíu árin, sundurgreint eftir árum?

Í beinu framhaldi á eftir legg ég fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra um fyrirætlanir um breikkun Suðurlandsvegar á þessari sömu leið, samanber umræður og yfirlýsingar um málið.

Það blandast engum hugur um að aukning umferðar um Suðurlandsveg hefur verið gífurleg á síðustu tíu árum, talað er um nánast tvöföldun á umferð um veginn á þessum eina áratug. Helst þetta í hendur við ævintýralega fólksfjölgun á Suðurlandsundirlendinu, á Stór-Árborgarsvæðinu, í Ölfusinu og Árborg. Fólksfjölgun var t.d. í fyrra yfir 6% í Árborg og tæp 8% á Selfossi. Það er gífurleg fólksfjölgun og langt umfram spár sem gera ráð fyrir 2–3% fólksfjölgun. Hefur þessi þróun verið ævintýraleg eins og ég sagði og jákvæð og við því þarf að sjálfsögðu að bregðast.

Vegurinn frá Rauðavatni að Selfossi er fyrir löngu sprunginn. Hann ber ekki þá umferð sem um hann fer í dag og þess vegna vil ég fá það hér í þingtíðindi hver umferðaraukningin er, en talað hefur verið um hátt í 10% aukningu að meðaltali á ári, hátt í 90% aukningu umferðar á síðustu tíu árum. Það er gífurleg umferðaraukning. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa forgangsraðað þannig um nokk-

urra ára bil að tvöföldun þessa vegar sé í algerum forgangi allra vegaframkvæmda sem tengjast Suðurlandsundirlendinu. Við þessu þarf að bregðast. Samkeppnishæfi svæðisins liggur undir, samkeppnishæfi Árborgar og Suðurlandsundirlendisins við önnur svæði á jöðrum Reykjavíkur eins og Suðurnesin og Vesturlandið. Að sjálfsögðu þarf að huga að því. Almennilegar og viðunandi samgöngur liggja algerlega til grundvallar því að byggðin haldi áfram að aukast, stækka og blómstra. Af því að um er að ræða fjallveg yfir Hellisheiði, sem er langfjölfarnasti fjallvegur á landinu, þarf hann að vera eins vel búinn og hægt er. Umferðaröryggi er ekki nægjanlegt eins og staðan er og því hlýtur það að vera forgangsatriði að krafan um tvöfaldan veg á næstu fjórum árum liggi til grundvallar, við ræðum það betur á eftir og sérstaklega í ljósi þeirra talna um umferðaraukningu sem hæstv. samgönguráðherra mun kynna okkur þá. Allt tengist þetta. Þetta er algert grundvallarmál. Þarna er líka um það að ræða að íbúatalan á Suðurlandi tvöfaldast flestar helgar, þegar sumarhúsaeigendur og heilsárshúsaeigendur mæta á svæðið, og fer hátt í 20 þúsund.

[14:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Björgvin Sigurðsson spyr:

„1. Hver er aukning umferðar um veginn á milli Selfoss og Reykjavíkur síðustu tíu árin, sundurgreint eftir árum?

2. Hver er aukning umferðar frá Reykjavík til Þorlákshafnar um Þrengsli, síðustu tíu árin, sundurgreint eftir árum?“

Samkvæmt upplýsingum úr mælingu Vegagerðarinnar eru þessar tölur þannig, og þá er miðað við ársdagsumferð sem er meðalumferð á hverjum degi á tímabilinu: Árið 1996 3.590 bílar, árið 1997 3.640, árið 1998 4.040, árið 1999 4.270, árið 2000 4.560, árið 2001 4.890, árið 2002 5.050, árið 2003 5.270, árið 2004 5.640 og árið 2005 5.990.

Umferðin um Þrengslaveginn sömu ár var 760 bílar árið 1996, árið 1997 820, árið 1998 870, árið 1999 930, árið 2000 980, árið 2001 1.040, árið 2002 1.080, árið 2003 1.100, árið 2004 1.100 og árið 2005 1.230.

Samkvæmt þessu hefur aukning umferðar á hringvegi um Hellisheiði verið 67% frá árunum 1996–2005 og aukning umferðar um Þrengslaveg 62% á sama tímabili.

Til samanburðar hefur aukning umferðar á hringvegi, Vesturlandsvegi sunnan Þingvallavegar, á sama tímabili verið 53% eða úr 6.700 bílum í 10.200 bíla sem er 71% meiri umferð en á veginum um Hellisheiði miðað við umferðina árið 2005. Á veginum um Reykjanesbraut sunnan Straumsvíkur hefur umferðaraukningin á umræddu tímabili verið 65% eða úr 5.600 bílum í Straumsvík á Reykjanesbraut í 9.300 bíla sem er 51% meiri umferð en á veginum um Hellisheiði miðað við umferð ársins 2005. Þetta eru mjög fróðlegar tölur og það er alveg augljóst að umferðin hefur vaxið mikið á veginum austur fyrir fjall. Það ber að undirstrika það, en umferðin er töluvert miklu meiri bæði á Vesturlandsveginum í gegnum Mosfellsbæinn og þar upp eftir og hins vegar á Reykjanesbrautinni.

Það hefur stundum verið í gangi misskilningur um umferðina um Hellisheiði, ég las það m.a. í blöðunum í dag að það er litið svo til að þar sé jafnvel meiri umferð en á þessum tilgreindu vegum. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að geta borið þetta saman til að átta okkur á því hver þessi hlutföll eru. Umferðin eykst alls staðar á þjóðvegakerfinu Bílaeign landsmanna hefur vaxið mjög mikið. Sömuleiðis eru flutningarnir miklir vegna þess að dregið hefur úr strandsiglingum og síðast en ekki síst, sem er auðvitað aðalskýringin, hafa umsvifin í samfélaginu aukist svo mikið síðustu árin. Þau kalla á flutninga, breytt skipulag í veiðum og vinnslu sem leiðir til þess að vegna uppboðsmarkaðakerfisins í sjávarútvegi er verið að kaupa og selja fisk um allt land og hann er fluttur þvers og kruss um landið og menn meta það svo í sjávarútveginum að það sé í þágu viðskiptahagsmuna sinna að stunda slíka flutninga.

Þetta eru tölurnar, virðulegi forseti, og þær tala sínu máli. Það er verulega mikil aukning á umferð og þess vegna er það sem ég tala sífellt um það í þinginu að við þurfum að leggja verulega mikla fjármuni í uppbyggingu vegakerfisins.

[14:17]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við erum að ræða mikilvægt málefni fyrir Suðurland. Þær tölur sem hæstv. samgönguráðherra hefur flutt eru tölur sem hver og einn getur séð á textavarpi sjónvarpsins á síðu 486 daglega og er mjög fróðlegt fyrir fólk að fylgjast með þeim tölulegu upplýsingum.

Það sem er kannski mikilvægast í umræðunni er að umferð á þessum vegi, Hellisheiðarvegi, er með allt öðrum hætti en á öðrum vegum, þ.e. að topparnir innan dagsins eru miklu stærri yfir sumarmánuðina og helgarnar en nokkurs staðar annars staðar. Þá fer umferðin upp í 13 þúsund bíla á sólarhring.

Það sem mér finnst vera mikilvægt er að við lítum fram á veginn. Það er gott að líta í baksýnisspeglana og fylgjast með því hvað gert hefur verið síðastliðin tíu ár í þessu og hver þróun hefur orðið en nú þurfum við að horfa fram á veginn og átta okkur á því um leið og við undirbúum samgönguáætlun til næstu tólf ára að sjá hvernig þróunin verður næstu árin.

[14:18]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Fram kom í tölum hæstv. samgönguráðherra að gríðarleg aukning hefur orðið á umferð á milli Selfoss og Reykjavíkur úr rúmlega 3.500 bílum á dag að meðaltali upp í næstum því 6 þúsund á tíu ára tímabili. Sömu sögu má segja um Þrengslin.

Þetta leiðir hugann að því að auðvitað er ekki alltaf lausnin að byggja breiðari vegi og fjölga akreinum. Það hlýtur að vera verkefni stjórnvalda að draga úr slíkri bílaumferð en það hefur alls ekki verið gert. Við vitum að strandsiglingar hafa verið lagðar niður og umferðin og þá sérstaklega þungaumferðin flyst upp á vegina í síauknum mæli. Það er alvarlegt mál sem samgönguyfirvöld ættu að taka á.

[14:20]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þetta voru athyglisverðar tölur sem

hæstv. samgönguráðherra las upp og sýnir einmitt í hnotskurn hvernig umferðarmunstrið hefur verið að breytast mjög ört. Ég held að þetta sé ekkert einsdæmi með Hellisheiðina og Þrengslin heldur sjáum við líka svipaða aukningu á Vesturlandsvegi og líka á Reykjanesbrautinni.

Það sem gerir hins vegar Hellisheiðina og Þrengslin svolítið sérstök er að ég hygg að þetta sé í dag einn hættulegasti vegur landsins. Þarna verða mjög mörg slys og við sjáum að reynslan af Reykjanesbrautinni eftir að hún var tvöfölduð hefur verið mjög góð og jákvæð. Þar hefur dregið stórlega úr slysum. Mér finnst því að kominn sé tími til að við förum að íhuga það núna við gerð næstu samgönguáætlunar að farið verði í að halda áfram vegabótum á veginum um Hellisheiði og Þrengsli og við íhugum þar þá svipaðar lausnir og við höfum valið á Reykjanesbrautinni bæði til að auka umferðaröryggi en líka til að greiða fyrir umferð.

[14:21]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrri þessa fyrirspurn. Ljóst er að brýn þörf er á úrbótum á umræddri leið en svo er einnig víða á landinu.

Hv. þingmaður minntist á það í framsögu sinni að vegamál og samgöngur væru eitt af því sem hefðu stór áhrif varðandi samkeppnishæfni svæða. Ég ætla þá að minna á hver örlög Vestfjarðakjálkanum eru sköpuð í þessu efni þar sem ekki er aðeins verið að klifra upp og niður fjallvegi og fyrir firði alveg endalaust heldur er verið að keyra á malarvegum enn þá og ekki er reiknað með því að íbúar við norðanverða Vestfirði geti keyrt á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur á bundnu slitlagi fyrr en 2008 og ekki farið að tímasetja enn þá þann stað varðandi suðurhluta Vestfjarða. Mín skoðun er því sú að stórauka þurfi framlög til vegamála.

[14:22]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Sífellt er verið að sanna það í sölum Alþingis að meira þurfi að gera í vegamálum og víst sést það vel á áðurnefndum tölum að menn þurfa að gera betur en gert hefur verið. Mér finnst hins vegar hæstv. ráðherra ekki standa sig sérstaklega vel í þeim málum. Hann kemur í sali Alþingis og mælir fyrir niðurskurði í vegamálum upp á 3–4 milljarða á ári á sama tíma og hér flæða um peningar kannski erlendis frá upp á 170 milljarða inn í hagkerfið á einu ári. Til að draga úr þenslu kemur hæstv. samgönguráðherra með tillögur um að minnka framlög til vegamála. Þetta er ekki trúverðugt að standa svona að málum þegar okkur stórvantar eða sárvantar endurbætur í vegamálum, ekki bara í kringum höfuðborgarsvæðið heldur um allt land og sárlega á stöðum þar sem menn eru að fara halloka með sína byggð og þyrfti að taka á virkilega snarlega.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þingmönnum fyrir fína umræðu um þessi mikilvægu mál.

Ljóst er eins og fram kom að umferðin um Suðurlandsveg, bæði Hellisheiði og Þrengsli, hvellspringur á toppum. Það er engin spurning. Gífurlegt álag er á veginum á þeim tíma, þegar þeir toppar nást er engum ofsögum sagt að vegurinn er þá örugglega á meðal þeirra hættulegustu sem er að finna, það gefur augaleið.

Það hefur einnig komið fram að umferðartjón á veginum er að meðaltali fjórfalt hærra en umferðartjón annars staðar og reynslan frá Reykjanesbraut sýnir að eina leiðin til að ná fram viðunandi umferðaröryggi á svo fjölförnum vegum er að tvöfalda veginn og skilja á milli akreina. Að skilja á milli akreina er algert grundvallaratriði. Það liggur þessu öllu til grundvallar og við eigum að berjast fyrir því að á næstu fjórum árum verði vegurinn um Hellisheiði, Suðurlandsvegur, tvöfaldaður frá Rauðavatni á Selfoss. Það er algert grundvallaratriði þó svo einhverjir kaflar hans væru 2+1 en tvöfaldur vegur skiptir öllu máli á þeirri leið.

Tæplega 70% umferðaraukning á áratug er gífurleg umferðaraukning. Tölur segja mér að meðaldagsumferð núna, ársdagsumferð á Sandskeiði sé um 7.300 bílar, 10% aukning á Sandskeiði á milli ára og eins er umferðaraukningin á milli Selfoss og Hveragerðis gífurleg. Að meðaltali er þessi aukning á tíu árum um 60–70%. Vegurinn er löngu sprunginn og umferðaröryggi kallar á bráðar framkvæmdir. Hellisheiði í hers höndum skrifar Árni Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður, í Morgunblaðið í dag og mælir þar orð sem margir hugsa sem aka þá leið af því að fólk upplifir veginn óöruggan þegar umferð er mikil á honum. Það verður að ráðast í brýnar úrbætur á honum og við munum ræða það sjálfsagt áfram á eftir í næstu fyrirspurn sem lýtur einmitt að því máli.

[14:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég hlýt að vekja athygli hv. þingmanna á því að þó að umferðarslys séu alvarleg og allt of mörg þá held ég að ekki sé skynsamlegt að gera stöðuna verri en hún er með því að tala um að Hellisheiðarvegur austur fyrir fjall sé í hers höndum. Við erum nýbúin að taka í notkun stórkostleg umferðarmannvirki sem stórbæta og auka öryggið á þeirri leið. Það er eins og hv. þingmenn hafi ekki fylgst með. Hvar hafa þeir verið? Hafa þeir ekki farið þessa leið? Fara þeir aldrei í kjördæmi sitt? Ég átta mig ekki á þessu. Ég held að það sé ekki skynsamlegur kostur fyrir landshluta að telja almenningi trú um að það sé nánast ófært til Suðurlandsundirlendis vegna þess að vegurinn sé í hers höndum. Við erum í miklum uppbyggingaraðgerðum, líka á Hellisheiðarveginum.

Ef hv. þingmenn hafa kynnt sér samgönguáætlunina og þá ákvörðun sem tekin var í tengslum við sölu Símans, þá kynnast þeir því að við erum að stórauka, sem er algerlega andstætt við það sem hv. 2. þm. Norðvest., Jóhann Ársælsson, nefndi. Ég hef sem betur fer ekki þurft að standa í því að skera niður vegaframkvæmdaáform á næstu missirum heldur hið gagnstæða. Við erum að setja 15 milljarða til viðbótar við það að við gerum ráð fyrir að láta yfir 17,5 milljarða á ári til uppbyggingar vegakerfinu á árunum 2002–2008.

Síðan er það aðalatriði málsins að vegagerðarmenn á Ís-

landi, hönnuðir og þeir sem vinna við umhverfismat hafa ekki undan að framkvæma fyrir þá fjármuni sem samgönguráðherrann hefur útvegað í uppbyggingu vegakerfisins.

Umræðu lokið.

Suðurlandsvegur.

Fsp. BjörgvS, 473. mál. — Þskj. 701.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Nú stendur yfir athyglisverð umræða um málefni Suðurlandsvegar og hæstv. samgönguráðherra hefur svarað því hver umferðaraukningin var á þessari leið á síðustu árum og kemur í ljós að hún er hátt í 70% og um er að ræða gífurlega umferð um veginn.

Umferðaröryggi um Suðurlandsveg kallar á að vegurinn verði breikkaður og meginatriðið er að á næstu fjórum árum ljúki framkvæmdum um Suðurlandsveg. Þá verði búið að tvöfalda veginn og þar með verði umferðaröryggi náð og samkeppnishæfni svæðisins við önnur jaðarsvæði höfuðborgarinnar tryggt til framtíðar. Þetta er algert grundvallaratriði sem allir stjórnmálamenn á svæðinu hljóta að berjast fyrir.

Mikill þungi er í umræðunni á svæðinu og við sáum það í tilvitnaðri grein, sem kveikti mjög í hæstv. ráðherra, eftir Árna Gunnarsson í Morgunblaðinu þar sem Árni spyr hvort Hellisheiði sé í hers höndum og skorar á Alþingi og samgönguyfirvöld að ráðast í bráðar bætur. Með leyfi forseta, segir Árni Gunnarsson:

„Þeir gætu tekið Rómverja hina fornu sér til eftirbreytni. Þeir vissu að ríki þeirra gat aldrei orðið skilvirkt, sterkt og voldugt án góðra samgangna. Þessi staðreynd gildir líka hér.“

Undir þessi orð er hægt að taka.

Fólksfjölgun um svæðið hefur verið gífurleg. Eigendur sumar- og heilsárshúsa þar skipta tugum þúsunda. Aukið öryggi við breikkun skiptir þar algerum sköpum. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa forgangsraðað mjög í þessa veru og hafa í rauninni fært sig nær því vegna þess að umferðaraukningin á veginum er mun meiri rétt eins og fólksfjölgunin á svæðinu er mun meiri en áður var ráð fyrir gert. Því hafa samtökin í rauninni aukið kröfur sínar í þessum efnum og tala nú um tvöfaldan Suðurlandsveg alla leið á milli en ekki 2+1 eins og áður var rætt um þegar talið var að umferðaraukningin um svæðið yrði ekki svona gífurleg.

Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar í Suðurkjördæmi fluttu á dögunum þingsályktunartillögu um samgöngumál þar sem skorað er á ríkisstjórnina að sjá til þess að á næstu fjórum árum verði lokið við að byggja upp fjögurra akreina veg milli Reykjavíkur og Selfoss. Í nokkra mánuði var reynt að ná samstöðu allra þingmanna kjördæmisins um að flytja þessa tillögu saman í þeirri röð sem menn voru kosnir inn á Alþingi en það náðist því miður ekki. Þess vegna fluttum við tillöguna í síðustu viku sjálf.

Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvað líði framkvæmdum um veginn og hvort komi til greina að hans mati að hraða þeim framkvæmdum, en fram að þessu hefur hæstv. ráðherra ekki viljað tímasetja lok framkvæmda við Suðurlandsveg sem lúta að tvöföldum vegi og hefur ekki léð máls á því. Ég skora á hæstv. ráðherra, ég hef gert það mörgum sinnum, að endurskoða þá afstöðu sína og ef marka má yfirlýsingar hæstv. ráðherra og umræðu um málið í blöðum, fjölmiðlum á Suðurlandi upp á síðkastið má binda vonir við að hæstv. ráðherra gæti hafa skipt um skoðun í þessu efni og ætli nú að vinna með okkur að því að hraða tvöföldun Suðurlandsvegar á næstu árum.

[14:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Vegna ræðu hv. þingmanns er rétt að taka fram að samgönguráðherra hefur ekki skipt um skoðun. Ég vinn í samræmi við þau áform sem við höfum lagt upp með í samgönguáætlun sem hv. þingmaður getur kynnt sér.

Fyrirspurnin er í fyrsta lagi, með leyfi forseta:

„Hvaða fyrirætlanir eru uppi um breikkun Suðurlandsvegar, samanber nýlegar yfirlýsingar ráðherra í málinu?“

Svar mitt er svohljóðandi: Í vegáætlun, þ.e. samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, eru á árinu 2007 311 millj. kr. til hringvegar merktar Hellisheiði – Sandskeið. Sú fjárveiting verður notuð til breikkunar á veginum. Ljóst er að frekari fjárveitingar til þessa verkefnis þurfa að koma til skoðunar við endurskoðun á áætluninni á þessu ári. Ég legg áherslu á að þessu verki megi ljúka með næstu fjögurra ára áætlun.

Í annan stað er spurt:

„Hvenær er áætlað að breikkun vegarins frá Rauðavatni til Selfoss verði lokið?“

Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvenær breikkun vegarins milli Rauðavatns og Selfoss verður lokið og vísa ég til fyrra svars míns.

Í þriðja lagi spyr hv. þingmaður:

„Hvaða kaflar vegarins verða þríbreiðir og hvaða vegkaflar fjórar akreinar?“

Í sambandi við hönnun næsta áfanga vegarins á næsta ári er verið að skoða veginn í heild milli Rauðavatns og Hveragerðis og verður þá að gera tillögur um tilhögun breikkunar. Skoða þarf áframhaldið milli Hveragerðis og Selfoss í framhaldi af því.

Í þessu samhengi hef ég talið skynsamlegt að nálgast málið á þeim forsendum að vegurinn milli Rauðavatns og Hveragerðis verði svokallaður 2+1 vegur og væntanlega í fyrstu einnig vegurinn frá Hveragerði til Selfoss. Síðan verði gert ráð fyrir því, og ég spái því að umferðarþróunin verði á þann veg, að í framhaldinu þurfi að gera ráð fyrir tvöföldum vegi milli Hveragerðis og Selfoss. En áhersla mín er sú að leiðin alla leið austur að Selfossi verði í 1. áfanga byggð upp sem 2+1.

Í fjórða lagi er spurt:

„Er uppi áætlun um breikkun vegarins um Þrengsli til Þorlákshafnar?“

Svar mitt er þetta: Engar áætlanir eru um breikkun vegarins um Þrengsli til Þorlákshafnar. Það er búið að endurbæta verulega gatnamótin á milli hringvegar og Þrengsla-

vegarins. Umferðin um þann veg gefur ekki tilefni til þess að gera ráð fyrir breikkun að svo komnu máli.

Samkvæmt umferðartalningu, eins og fram kom fyrr, er ársdagsumferð um Þrengslaveg árið 2005 1.230 bílar en á Hellisheiðinni 5.990. Þess má geta til samanburðar að ársdagsumferð um Vesturlandsveg sunnan gatnamóta Þingvallavegar, eins og fyrr kom fram, var á síðasta ári 10.260 bílar og umferð á Reykjanesbrautinni við Straumsvík var 9.320 bílar. Við sjáum á þessum samanburði að Hellisheiðarvegurinn er ekki umferðarþyngsti kaflinn af þessum þremur mikilvægu umferðaræðum.

Það er hlutverk okkar stjórnmálamanna, okkar alþingismanna, að meta aðstæður og forgangsraða og gera það fordómalaust. Það er alveg ljóst að af hálfu samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar er lögð rík áhersla á að undirbúa og leggja á ráðin um framkvæmdir í vegamálum og hafa þar ekki síst að leiðarljósi umferðaröryggi. Ég tel að reynslan af endurbótunum í Svínahrauni, þar sem við erum búin að setja upp á löngum kafla svokallaðan 2+1 veg, sé býsna góð. Reynsla Svía og Norðmanna hvað varðar slíka uppbyggingu er ágæt og líka þar sem snjóþungt er. Ég held að við þurfum að velja þarna kosti sem eru nægjanlega afkastamiklir fyrir þessa vegi og um leið gæta þess að fyllsta öryggis sé gætt. Að því er stefnt.

[14:36]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka samgönguráðherra fyrir ágæt svör, bæði við þessari fyrirspurn og þeirri fyrri sem var hér áðan. Ég er ein af þeim sem fagna þeim vegabótum sem gerðar hafa verið á Hellisheiðinni. Það var þannig að þessar vegabætur voru ekki á samgönguáætlun. Þó gerðist það að ríkisstjórnin lagði 400 millj. kr. til að lagfæra þennan veg, bæði til að leggja þar 2+1 og ný mislæg gatnamót. Vegurinn er allur miklu öruggari en áður var.

Ég tel ekki ástæðu til þess að við séum að flytja þingsályktunartillögu um breikkun á veginum. Við munum, alla vega stjórnarþingmennirnir, koma því á áætlun sem verður tekin upp í næstu 12 ára vegáætlun og sem samgönguráðherra hefur svo sannarlega tekið jákvætt undir að gera. Aldrei nokkurn tíma hefur annað eins verið lagt til samgöngumála á þessu landi og verið hefur núna síðustu ár, aldrei nokkurn tíma. Það hafa orðið stórkostlegar framfarir öllum til hagsbóta.

[14:37]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Mín athugasemd byggist á því að minna hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson á það að í fyrsta skipti næsta haust munum við sem hér erum í þingsal úr Suðurkjördæmi hafa tækifæri til að tjá okkur um langtímaáætlun í samgöngumálum á Suðurlandi, þ.e. 12 ára samgönguáætlun. Það er verkefni okkar að ná fram þeim úrbótum sem við teljum bestar.

Menn ræða um 2+1 veg eða 2+2. Mér finnst aðalatriðið vera það að menn hugsi langt fram í tímann þannig að niðurstaðan geti orðið 2+2 þegar fram í sækir. Það sem ríður mest á, fyrir utan að við ræðum um 2+1 eða 2+2, eru gatnamótin á leiðinni milli Reykjavíkur og Selfoss. Það eru gatnamótin hvarvetna sem eru slysavaldurinn. Það þarf að búa þannig um hnúta að gatnamótin sem gerð verða hæfi 2+2 akvegum. Það er aðalatriðið. Síðan vil ég minna á vetrarþjónustuna sem er (Forseti hringir.) gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir vegfarendur á þessu svæði.

[14:39]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem komið hefur fram að það hefur margt jákvætt verið gert fyrir þessa vegi og að sjálfsögðu ber að þakka það sem vel er gert, að sjálfsögðu. Það er enginn að draga úr því, a.m.k. ekki stjórnarandstæðingar.

Það hefur verið gagnrýnt að við skulum hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að tvöfalda þennan veg. Ég sé í sjálfu sér ekkert athugavert við að stjórnarandstaðan geri það, það hlýtur á vissan hátt að leiða til þess að skapa ákveðna umræðu um þetta brýna mál, skapa ákveðinn þrýsting á stjórnvöld, á ríkisstjórnarflokkana að það verði eitthvað gert í þessum málum. Ég verð að segja að það eykur mér svolítið bjartsýni að hlusta á þá tvo stjórnarþingmenn sem hér hafa talað og síðan á hæstv. ráðherra þegar þeir tala um samgönguáætlun. Það eykur mér svolítið bjartsýni að heyra til þeirra því að mér sýnist að það sé alla vega einhver vilji fyrir því hjá stjórnarþingmönnum og ráðherrum að þetta verði sett inn í þessa áætlun og þá vonandi framarlega í hana.

[14:40]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu og svör hæstv. ráðherra. Það voru gífurleg vonbrigði að ekki náðist samstaða allra þingmanna Suðurkjördæmis um að flytja saman tillögu til þingsályktunar um að ljúka breikkun vegarins milli Selfoss og Reykjavíkur á næstu fjórum árum. Það voru gífurleg vonbrigði. Tillagan er að sjálfsögðu flutt til að skapa þrýsting og ná því fram að þessum vegabótum verði lokið á næstu fjórum árum.

Umræða um 12 ára samgönguáætlun í haust er fullkomlega óviðunandi hvað þetta varðar. Aðalatriðið er að skapa þrýsting á stjórnvöld til að þessum vegabótum verði hrint í framkvæmd og lokið á næstu fjórum árum. Það voru mér mikil vonbrigði að hlusta á þá varnarstöðu sem hv. stjórnarþingmenn voru í hvað það varðar að þetta sé ekki komið inn á áætlun. Miðað við fyrri yfirlýsingar hæstv. samgönguráðherra, ég las í blöðunum um daginn að það yrði að tvöfalda veginn t.d. milli Hveragerðis og Selfoss, þá þóttu mér svör hans ákaflega loðin áðan. Vissulega liggur fyrir hjá hæstv. ráðherra að 2+1 verði ofan á — það verði að mati núverandi samgönguyfirvalda, sem vonandi verða kosin frá völdum eftir rúmt ár, 2+1 vegur frá Rauðavatni og Selfossi og einhvern tíma í framtíðinni verði vegurinn á milli Hveragerðis og Selfoss tvöfaldaður vegna umferðaraukningar. Þetta er óviðunandi og döpur framtíðarsýn og ég skora á hv. samgönguyfirvöld að tímasetja lok breikkunar á Suðurlandsvegi. Umferðaraukningin um veginn er gífurleg. Hann er löngu sprunginn á álagstoppum, umferðaröryggi á veginum er fjarri því að vera viðunandi og það verður að taka á. Það þolir enga bið eftir einhverri 12 ára samgöngu-

áætlun. Það er engum ofsögum sagt að vegurinn um Hellisheiði er í hers höndum þegar umferðin er mikil. Þarna verða samgönguyfirvöld að taka á málinu, standa við stóru orðin. Yfirlýsingar ráðherra á dögunum, sem mátti skilja sem svo að ljós væri að færast yfir málið, kveiktu væntingar í brjósti margra Sunnlendinga.

[14:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson veit það mætavel að svör mín hér eru algerlega í samræmi við það sem hefur komið fram opinberlega áður hjá mér um þau áform að gera ráð fyrir uppbyggingu vegarins austur fyrir fjall. Það er óþarfi fyrir hann að reyna að snúa út úr því.

En ég verð að segja eins og er að þessi þingsályktunartillaga er mjög sérstök. Það er tiltekið vinnulag í þinginu um gerð samgönguáætlunar og það er hvorki meira né minna en bundið í lög hvenær á að endurskoða samgönguáætlun. Ég verð að segja alveg eins og er að það er auðvitað fullkomin sýndarmennska hjá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar að leggja fram sérstaka þingsályktunartillögu þegar það liggur ljóst fyrir að hún er algerlega á skjön við þau vönduðu vinnubrögð sem við höfum verið að tileinka okkur í þinginu hvað varðar undirbúning við gerð samgönguáætlana. Það blasir auðvitað við og þjóðin áttar sig á þessu að þar er verið að slá keilur og láta líta svo út að stjórnarliðið sé í einhverri vörn í þessu máli. Það er öðru nær.

Við höfum gert ráð fyrir, eins og ég sagði áður, meiri fjármunum í uppbyggingu vegakerfisins en nokkru sinni áður og við höldum okkar striki þrátt fyrir þessi sjónarmið sem koma fram hjá hv. fyrirspyrjanda og fleirum.

Aðalatriði málsins er þetta: Það ríkir fullkomin samstaða innan stjórnarflokkanna um að ná verulega stórum áföngum við uppbyggingu vegarins austur fyrir fjall á næstu missirum.

Umræðu lokið.

Rekstur vöruhótela.

Fsp. JÁ, 492. mál. — Þskj. 724.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég flyt fyrirspurn í tveim liðum til hæstv. samgönguráðherra um rekstur vöruhótela:

1. Hafa möguleikar til reksturs fleiri vöruhótela en nú eru í rekstri verið kannaðir? Hér er átt við vörugeymslur með fjölbreytta möguleika til að veita viðskiptaaðilum í inn- og útflutningi þjónustu. Kemur til greina að hið opinbera taki þátt í stofnun eða hvetji til rekstrar slíkrar starfsemi í þeim tilgangi að hafa áhrif á vörudreifingu með þungaflutningum um landið?

2. Ef svo er ekki, er ráðherra þá tilbúinn að láta kanna hagkvæmni slíks reksturs og áhrif hans á þungaflutninga á vegum landsins?

Ástæður þessarar fyrirspurnar eru í raun flestum kunnar. Gríðarleg aukning hefur orðið á þungaflutningum um þjóðvegi landsins á síðustu árum. Ástæðurnar fyrir aukningunni eru fyrst og fremst kröfur um hraða og þjónustu bæði við almenning og fyrirtæki í landinu. Þess vegna hafa skipaflutningar lotið í lægra haldi fyrir flutningum á landi þrátt fyrir að ódýrara sé að flytja margs konar vörur með skipum en með flutningabílum. Það er að mínu mati ekki hægt að gera ráð fyrir að flutningar á sjó nái aftur til sín vöruflutningum út á hafnir landsins nema þjónustan verði jafngóð og sú sem fæst með flutningum á landi. Þetta er mögulega hægt, a.m.k. á sumum landsvæðum, með rekstri vöruhótela á heppilegum höfnum.

Ég tel skynsamlegt að gera vandaða könnun á möguleikum til slíks reksturs. Markmið slíkrar könnunar ætti að leiða í ljós hvort rekstur vöruhótela á tilteknum þjónustusvæðum gæti orðið hagkvæmur, hve miklum sparnaði yrði hægt að ná vegna minni þungaflutninga á landi og hvort skynsamlegt gæti verið að hið opinbera tæki með einhverjum hætti þátt í því að koma þjónustu af þessu tagi á fót. Mér sýnist að þjónusta vöruhótels við fólk og fyrirtæki t.d. frá Akureyri sé ekki ólíklegur kostur en til að slíkur rekstur geti gengið þarf að vera mögulegt að flytja meiri hluta þeirra vara sem dreift yrði þaðan beint frá útlöndum. Þetta kann að vera flókið úrlausnarefni vegna þess að innflytjendur eru margir og það er mikil samkeppni milli þeirra. Hefjist hins vegar skipaflutningar beint til vöruhótels á staðnum ætti að vera hagkvæmt fyrir innflytjendur að senda þær vörur sínar sem dreifa ætti á nálægum svæðum á þetta vöruhótel. Það gæti verið mjög hagkvæmt fyrir hið opinbera að flýta fyrir þróun sem hér er lýst og því er hreint ekki útilokað að einhvers konar stuðningur við uppbyggingu slíkrar þjónustu komi til greina. Þess vegna ber ég fram þessar spurningar til hæstv. samgönguráðherra.

[14:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina sem er í tvennu lagi:

Í fyrsta lagi er spurt: „Hafa möguleikar til reksturs fleiri vöruhótela en nú eru í rekstri verið kannaðir og kemur til greina að hið opinbera taki þátt í stofnun eða hvetji til rekstrar slíkrar starfsemi í þeim tilgangi að hafa áhrif á vörudreifingu með þungaflutningum um landið?“

Svar mitt er svohljóðandi: Með vöruhótelum á fyrirspyrjandi væntanlega við samsvarandi og þau tvö vöruhótel á vegum Samskipa og Eimskips sem starfrækt eru í Reykjavík. Ekki hefur verið kannað af hálfu ríkisins hvort hagkvæmt væri að stofna fleiri hótel af þessu tagi en þegar eru rekin og hefur ekki verið um það rætt að ríkið tæki þátt í stofnun slíkra vöruhótela. Lögmál markaðarins, samkeppnin, framboð og eftirspurn, mun leiða til þess að hagkvæmasta lausnin í flutningnum verður ofan á á hverjum tíma. Það er mat mitt sem samgönguráðherra.

Í annan stað er spurt: „Ef svo er ekki, er ráðherra þá tilbúinn að láta kanna hagkvæmni slíks reksturs og áhrif hans á þungaflutninga á vegum landsins?“

Það hefur verið skoðun mín sem ráðherra að slíkur rekstur eigi best heima hjá einkaaðilum og í samkeppni. Er

það í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað, þ.e. að ríkið hefur sem mest losað sig út úr rekstri þar sem eðlilegt er að samkeppni ríki. Auðvitað geta komið fram umhverfissjónarmið sem krefjast betri nýtingar flutningatækjanna. Ég held að skilaboðum um slíkt sé hægt að koma til markaðarins með ýmsum hætti öðrum en beinni aðkomu ríkisins að fyrirtækjum.

Þær aðferðir sem ríkið getur haft í frammi til að auka hagkvæmni í flutningastarfsemi á sjó og landi er í fyrsta lagi góð hafnaraðstaða, sem er auðvitað lykilatriði hvað varðar sjóflutningana, í öðru lagi afkastamikið vegakerfi, sem verið var að ræða áðan að væri mikilvægt, og í þriðja lagi hófleg skattlagning flutningamáta. Þetta eru mikilvægustu þættirnir sem hið opinbera getur lagt áherslu á í þessu samhengi.

Vegna þessarar fyrirspurnar tel ég rétt að taka fram að ég tel sjálfsagt að fara yfir þessi mál og í tengslum við samgönguáætlun þarf auðvitað að skoða alla kosti til að gera flutninga í landinu sem allra hagkvæmasta. Ég ýti engu út af borðinu við þá skoðun, ég tel að það sé eðlilegt en ég sé ekki fyrir mér að ríkið kæmi með beinum hætti að rekstri slíkra vöruhúsa sem fyrirspurnin gengur út á.

Í samgönguráðuneytinu er í tengslum við samgönguáætlun verið að líta yfir og fara yfir flutningatækni hvers konar. Það skiptir mjög miklu að við Íslendingar veltum fyrir okkur hvernig við getum beitt okkar tækjum, skipum og bílum og þessum flutningaleiðum sem best þannig að til hagkvæmni horfi. Í samgönguáætluninni er meðal markmiða sem við viljum ná, hagkvæmni í flutningum, minni mengun og losun gróðurhúsalofttegunda. Því skiptir mjög miklu máli að við veltum fyrir okkur flutningafræðinni, það er orðin heil fræðigrein. En auðvitað þarf að skoða alla kosti. Ef það telst hagkvæmt hjá flutningafyrirtækjunum að hafa fleiri en eina bækistöð af því tagi sem fyrirspyrjandi nefnir hér þá get ég ekki ímyndað mér annað en að fyrirtækin, sem eru auðvitað rekin á forsendum þess að afrakstur sé af rekstrinum, leiti leiða til að fjárfesta í þeim tækjum og mannvirkjum sem þau telja nauðsynlegt að fjárfesta í til að hámarka afraksturinn af eign sinni og þeim rekstri sem um er að ræða.

Ég endurtek að við hljótum að skoða alla þætti flutningamálanna hverju sinni þegar við afgreiðum langtímaáætlun um samgöngur.

[14:53]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir þessa fyrirspurn sem svo sannarlega er fram komin af ástæðu. Ég get fullvissað hæstv. samgönguráðherra um það að vegakerfið á Íslandi er ekki nægilega afkastamikið. Það er ekki að ófyrirsynju að við þingmenn landsbyggðarinnar ræðum hvað eftir annað vegamál í þessum sal því að við erum stöðugt á ferðinni á vegum landsins, og mætum m.a. þessum hryllilegu flutningabílum á jafnvel 100 kílómetra hraða á vegum sem eru missignir og ómögulegir og hálfónýtir einmitt vegna þess hvernig þessir sömu flutningabílar fara með vegina. Ég álít að það sé brýnt verkefni fyrir hæstv. samgönguráðherra að kanna allar hugsanlegar leiðir til að létta þessum þungaflutningi af þjóðvegum landsins, bæði til að hlífa vegunum og ekki síst til að draga úr hættu sem öðrum vegfarendum er búin af völdum flutninganna.

[14:54]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki mjög langt síðan að til var fyrirtæki sem hér Skipaútgerð ríkisins og nú er hv. þm. Jóhann Ársælsson að biðja um að komið verði á ríkisvöruhóteli. Mér líst engan veginn á þá tillögu hans en aðeins til að ræða þungaflutningana á vegum landsins þá er ég ekki viss um að þetta minnkaði þá til muna. Ekki veit ég hvernig hv. þingmaður ætlar að fara með fiskflutningana, hvort koma eigi þeim fyrir á vöruhóteli og svo mætti áfram telja. Mér finnst t.d. ekkert leiðinlegt að sjá þungaflutningabílana á vegunum. Það sýnir að eitthvað er að gerast í landinu. Fólk hefur atvinnu af því að keyra þessa bíla og af því að selja vörur og kaupa.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu. Það er svolítill misskilningur uppi. Ég lagði hvergi til í þeim hugmyndum sem ég fór yfir að ríkið ræki slík fyrirtæki heldur að kannað yrði hvort það væri hagkvæmt að reka þau, að það yrði kannað hvort ríkið gæti með einhverjum hætti tekið þátt í því að liðka fyrir stofnun slíks fyrirtækis. Fyrst og fremst kem ég þessu í umræðuna til að menn skoði þetta út frá fleiri hliðum en hæstv. ráðherra gerði, þegar hann talaði um að það hlyti að vera framboð og eftirspurn og hagkvæmni flutningafyrirtækjanna sem þarna réði, því að það er óvart annar kostnaður inni í þessu líka. Það er kostnaðurinn sem felst í flutningunum um landið, það er mengunin og kostnaður vegakerfisins. Hann skiptir okkur máli og hann þarf að taka inn í þetta reikningsdæmi.

Þessi rekstur ætti auðvitað að vera á hendi einkaaðila alveg eins og rekstur vöruhótela er. Það er hins vegar alls ekki útilokað að það borgi sig að liðka fyrir því að slíkt fyrirtæki verði til. Mér finnst það satt að segja liggja nokkurn veginn í augum uppi að það hljóti að koma að því að það borgi sig að dreifa vörum t.d. frá Akureyri um Norðurland og draga með því verulega úr þungaflutningum þvert yfir landið, stytta flutningaleiðir og koma þjónustunni til skila með hagkvæmum hætti og minni mengun. Þetta er verkefni sem stjórnvöld hljóta að bera ábyrgð á að skoða og það getur ekki verið að það sé ekki á verkefnaskrá hæstv. samgönguráðherra að skoða slík mál. Ég tel reyndar að það hefði átt að vera búið að setja af stað athugun á þessu fyrir löngu á þann hátt að hægt væri að leggja spilin á borðið um það hvar hagkvæmnin liggur og hvort hið opinbera er í raun og veru að blæða miklu (Forseti hringir.) í kostnaði vegna þessara flutninga sem hægt væri að nota frekar til að styðja við bakið á stofnun svona fyrirtækis.

[14:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það er misskilningur að ræða mín hafi gengið út á það að hugsa fyrst og fremst um hagkvæmni flutningafyrirtækjanna. Ég lít svo á að þeim mun hagkvæmari sem flutningarnir eru þeim mun meira batnar

hagur neytenda, ég tel að það eigi að vera hið stóra sjónarhorn. Flutningafyrirtækin eru þarna millilið sem er afar mikilvægur og auðvitað þarf að reyna að sjá til þess að þróun flutningafyrirtækja og flutningastarfsemi í landinu sé á forsendum hagkvæmni.

Ég held engu að síður að við þurfum að velta þessu öllu fyrir okkur. Innkoma ríkisvaldsins við uppbyggingu vegakerfisins er liður í því. Þess vegna sagði ég að aðkoma stjórnvalda væri af þrennum toga má segja. Í fyrsta lagi að tryggja uppbyggingu vegakerfisins og það er náttúrlega mikil fjárfesting sem fæst ekki til baka nema að óverulegu leyti í gegnum skattlagningu á bílunum. Í annan stað kemur ríkið að rekstri hafnanna og hefur greitt verulegar fjárhæðir í styrki vegna hafnarmannvirkja, sem er í rauninni beinn og óbeinn ríkisstyrkur við flutningastarfsemina í landinu, þó að það hafi fyrst og fremst beinst að sjávarútvegi í gegnum tíðina en flutningar sjóleiðis eiga allt undir því að hafnirnar séu til staðar og ríkisstyrkirnir til hafnanna eru það. Það er alveg klár stefnumörkun hjá Alþingi með hafnalögunum að leggja til fjármuni úr ríkissjóði til að lækka flutningskostnaðinn hjá sjávarútveginum og hjá flutningafyrirtækjum. Ríkisvaldið kemur því að þessu með margvíslegum hætti og um það hefur ríkt býsna góð samstaða í þinginu.

Umræðu lokið.

Menntun leikskólakennara.

Fsp. KJúl, 437. mál. — Þskj. 658.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Síðustu mánuði hefur ítrekað komið fram að víða á leikskólum landsins hafa verið talsverð vandræði vegna manneklu, m.a. vegna viðvarandi starfsmannaveltu sem er gríðarleg í leikskólum. Víða hefur þurft að grípa til þess ráðs að senda börn heim hluta úr mánuði. Vart þarf að nefna að það skapar álag á fjölskyldurnar og líka þá starfsmenn sem fyrir eru. En töluvert hefur vantað af starfsmönnum á leikskóla hér á landi síðan í haust.

Vandinn er m.a. fólginn í gríðarlegri starfsmannaveltu. Hún er allt of mikil í leikskólunum. Það á ekki bara við nú í haust. Sá vandi er ekki nýr af nálinni þótt ástandið hafi verið óvenjuslæmt í haust. En samkvæmt vef Hagstofu Íslands var starfsmannaveltan á leikskólunum um 23% í desember 2004, þar af voru nálægt 30% meðal ófaglærðra og 7% meðal faglærðra leikskólakennara. Við sjáum að leikskólakennarar eru stöðugra vinnuafl en þeir eru einungis rúm 30% þeirra sem kenna á leikskólunum. Það hlýtur því að vera verkefni okkar, til að reyna að minnka starfsmannaveltu á leikskólunum sem eru hluti af grunnþjónustu sveitarfélaganna, að mennta fleiri leikskólakennara.

Tvennt þarf að koma til til að minnka starfsmannaveltu. Það eru í fyrsta lagi hækkuð laun. Það mál er í vinnslu á vegum sveitarfélaganna og er sá bolti farinn allvel af stað. Ég lít svo á að næsta verkefni sé að fjölga leikskólakennurum. Þar spilar hæstv. menntamálaráðherra stærst inn í vegna þess að eins og staðan er nú þá tökum við ekki nógu marga inn í þetta nám og svörum ekki eftirspurn eftir slíku námi. Því vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra eftirfarandi spurninga:

1. Hversu margir sóttu um nám í leikskólakennarafræðum og hversu mörgum þeirra var synjað um skólavist árin 2000–2005, sundurliðað eftir árum og skólum?

2. Eru uppi áform um að heimila Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands að fjölga innritunum í leikskólakennaranám?

3. Hefur ráðuneytið sett sér markmið um fjölda útskrifaðra leikskólakennara á næstu árum? Það er lykilspurningin í málinu vegna þess að við þurfum að sjá skýr markmið sett til framtíðar um fjölgun í þessari stétt.

[15:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Nám fyrir leikskólakennara er annars vegar í boði í Kennaraháskóla Íslands og hins vegar við Háskólann á Akureyri. Árið 2005 voru 206 nemendur innritaðir í leikskólakennaranám við Kennaraháskólann, bæði í fjarnám og staðnám við skólann. Alls var 139 einstaklingum synjað um skólavist árið 2005 við Kennaraháskóla Íslands á leikskólakennarabraut. Haustið 2005 voru 19 nemendur innritaðir á leikskólakennarabraut á Akureyri í staðnámi og fjarnámi en 36 umsóknum var hafnað. Haustið 2004 innrituðust 192 í leikskólakennaranám við Kennaraháskólann en 95 var hafnað. Sama ár innrituðust 64 á leikskólakennarabrautina á Akureyri en 10 var hafnað. Árið 2000 innrituðust 91 í Kennaraháskólann og 60 í Háskólann á Akureyri og þá var 35 hafnað í KHÍ en engum í HA.

Líkt og sjá má af þessum tölum hefur orðið gríðarleg fjölgun, frá árinu 2000–2005, innritaðra í leikskólakennarafræði. Á árunum 2000–2004 fjölgaði innrituðum, rétt að draga það fram, í leikskólakennarafræðum um nær 70%. Á því tímabili tók Háskólinn á Akureyri að jafnaði inn ríflega 60 nemendur á ári. Hlutfall þeirra sem höfðu fullgilt stúdentspróf var mjög lágt á þessu tímabili, þ.e. bilinu 15–25%, enda nær engum vísað frá.

Eins og ég hef nefnt eru aðeins 19 einstaklingar innritaðir í leikskólakennarafræði við Háskólann á Akureyri árið 2005. Þar af voru allir nema einn með fullgilt stúdentspróf. Fækkunina má rekja til strangari kröfu skólans en vorið 2005 voru um 80% innritaðra á leikskólabraut við Kennaraháskólann ekki með stúdentspróf en tekið tillit til annarrar reynslu og menntunar. Reynt er að taka tillit til reynslu og menntunar en við viljum náttúrlega ekki gefa mikið eftir af kröfum til leikskólakennaranema. Annars vegar eru gerðar kröfur um gæði, um að uppfylla ákveða reynslu, þekkingu og hæfni, um leið og tekið er tillit til reynslu viðkomandi og bakgrunns hans. Reynt hefur verið að samtvinna þetta bæði í Kennaraháskólanum og Háskólanum á Akureyri. Í þessu sambandi skiptir líka máli að hafa hugfast að á árunum 2000–2005 fjölgaði innrituðum í leikskólakennarafræðum við Kennaraháskólann um 125%.

Síðan er spurt hvort áform séu um að heimila Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskólanum að fjölga innrituðum í leikskólakennaranám. Ráðuneytið hefur unnið að því og mun vinna að því áfram að fjölga nemendum í leikskóla-

fræði. Á undanförnum árum hefur nemendum í leikskólakennaranámi fjölgað umtalsvert í Kennaraháskólanum, þá einkum í fjarnámi. Sama fjölgun hefur ekki orðið við Háskólann á Akureyri en samanlagt er fjölgunin mun meiri í dag heldur en árið 2000.

Líkt og fram hefur komið ræðst þróun nemendafjöldans í Háskólanum á Akureyri af því að ekki hafa verið nægilega margir umsækjendur er uppfylltu inntökuskilyrði. Vandinn liggur ekki í því að háskólanum sé óheimilt að fjölga innritunum. Vandinn liggur ekki þar heldur í því að meðal umsækjenda eru ekki nægilega margir sem uppfylla inntökuskilyrði háskólanna.

Ég ítreka hins vegar það sem ég sagði áðan, að í Kennaraháskólanum hefur fjöldi innritaðra aukist um 125%, sem sagt meira en tvöfaldast á árabilinu 2000– 2005. Sem stendur eru um 460 í námi í leikskólakennarafræðum við KHÍ og HA.

Á árinu 1999 fól menntamálaráðuneytið Talnakönnun að gera skýrslu um þörf á leikskólakennurum til ársins 2010. Í skýrslunni er gert ráð fyrir 100 útskrifuðum leikskólakennurum á ári og reiknað með því að þeir skili sér til vinnu í leikskólum í sama hlutfalli og áður. Í skýrslunni kemur fram að ekki þurfi að mennta marga kennara til að bæta úr þörfinni þar sem margir útskrifaðir leikskólakennarar starfi ekki á leikskólum.

Á undanförnum árum hefur útskrifuðum leikskólakennurum fjölgað hratt ár frá ári þar sem ráðuneytið hefur heimilað fjölgun nemenda í leikskólakennaranámi, bæði sunnan heiða sem norðan. Þrátt fyrir það hefur miðað hægt við að hækka hlutfall leikskólakennara, m.a. vegna fjölgunar stöðugilda í leikskólum auk þess að fjölmargir útskrifaðra leikskólakennara kjósa að starfa annars staðar en á leikskólum. Því er augljóslega ekki nóg að fjölga menntuðum leikskólakennurum.

Eitt mikilvægasta verkefni sveitarfélaganna á næstu árum er að tryggja að kjör og starfsumhverfi á leikskólum sé þess eðlis að við tryggjum fagfólk inni á leikskóla, að við tryggjum að leikskólakennaramenntaðir einstaklingar komi til starfa í leikskólunum. Það skiptir að mestu að mínu mati að umhverfið sé aðlaðandi. Innrituðum í leikskólakennaranámið hefur verið fjölgað. Fram á það hefur verið sýnt með tölum. Við munum að sjálfsögðu halda áfram að mennta fólk í þær stöður en umhverfið þarf fyrst og fremst að vera aðlaðandi fyrir þessa ágætu stétt.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Sveitarfélögin vinna í að bæta starfsumhverfið og eins og allir vita sem fylgst hafa með þróun mála undanfarið eru þau að hækka launin. En að mínu mati er það einungis annað tveggja sem þarf að gera. Fjölgun leikskólakennara, eins og ég nefndi áðan, er annar stór liður í að bæta ástandið. Ég kom inn á það áðan að starfsmannaveltan er allt of mikil, viðvarandi starfsmannavelta á leikskólunum. Hún er langmest í hópi ófaglærðra og því hljótum við að breyta með því að fjölga þeim sem gera störf á leikskólum að ævistarfi. Til þess þarf að fjölga leikskólakennurum. Ég sakna þess að fá ekkert að vita um framtíðarsýn hæstv. menntamálaráðherra, hvað hún teldi eðlilegt hlutfall faglærðra á leikskólunum og hvað eigi að gera til að ná því markmiði. Hafa einhver markmið verið sett í því sambandi?

Hæstv. menntamálaráðherra hefur ítrekað, bæði núna og líka í umræðum um málið utan dagskrár í haust, frætt okkur um að útskrifaðir leikskólakennarar fari til starfa annars staðar. Ég sakna þess að heyra frá hæstv. menntamálaráðherra hvert leikskólakennararnir fara. Mig grunar að fjölmargir þeirra séu innan grunnskólanna vegna þess að það þarf ekki að bæta miklu við leikskólakennaranám til að fá réttindi til að starfa innan grunnskólanna. Þegar við ræðum þetta mál þá verðum við að gera það á slíkum forsendum og að mínu mati er það verkefni menntamálaráðherra ekki síður en sveitarfélaganna. Þetta á að vera samstarf vegna þess að stór hluti verkefnisins snýr beint að ráðherranum, þar sem hún sér um að mennta leikskólakennarana.

[15:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Mér fannst hv. þingmaður eiginlega svara þessu sjálf. Það er ljóst að ríkisvaldið hefur fjölgað menntuðum leikskólakennurum. Við höfum fjölgað þeim. Leikskólakennurum hefur fjölgað en hvað leiðir til þess að þeir fara ekki inn í leikskólana? Það er af því að umhverfið er ekki nægilega aðlaðandi. Að fara í háskólanám og fá ekki ... (Gripið fram í.) Við verðum bara að horfast í augu við blákaldar staðreyndirnar. Það þýðir ekki að segja að við þurfum að fjölga fagfólki vegna þess að við höfum gert það og munum halda áfram að gera það. Menn verða að hlusta á staðreyndirnar. Tölurnar tala sínu máli. Við erum að fjölga leikskólakennaramenntuðu fólki en áhyggjuefnið er af hverju fólkið fer ekki inn í leikskólana. Af hverju fer ekki fólkið í ríkari mæli inn í leikskólana? Það er að sjálfsögðu fyrst og fremst út af því að starfsumhverfið er ekki nægilega aðlaðandi. Þetta er staðreyndin. Tölurnar segja allt um þetta.

Ég hef rakið það áður, eins og hv. þingmaður gat um, í utandagskrárumræðum um þetta efni. Hátt hlutfall af leikskólakennaramenntuðu fólki, m.a. innan Félags leikskólakennara, starfar ekki á þeim vettvangi. Þá hljótum við að spyrja: Af hverju? Auðvitað hlýtur svarið fyrst og fremst að vera starfsumhverfið og launakjörin.

Umræðu lokið.

[15:13]

Útbýting:

Áfengisauglýsingar í útvarpi, 507. mál, fsp. ÖJ, þskj. 742.

Landsvirkjun, 341. mál, svar iðnrh., þskj. 736.

Upplýsingaskylda bankastofnana, 422. mál, svar viðskrh., þskj. 743.

Fyrirframgreiðslur námslána.

Fsp. KJúl, 438. mál. — Þskj. 659.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég legg fram fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um fyrirframgreiðslur námslána. Þetta er gamalt mál sem við höfum löngum rætt í þinginu. Ég vil heyra viðhorf hæstv. menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur til málsins. Þegar ungt fólk hefur nám þarf það að taka bankalán fyrir námslánunum vegna þess að þau eru greidd eftir á. Það þarf að taka bankalán í nokkra mánuði, yfirdrátt eða hvernig sem því er háttað. Það getur auðvitað valdið ýmsum óþægindum ef eitthvað kemur upp á hjá þeim sem lánin taka.

Við höfum, nokkrir þingmenn með Björgvin G. Sigurðsson í broddi fylkingar, ítrekað lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna þar sem lagt er til að teknar verði upp fyrirframgreiðslur á námslánum. Það yrði gert til að koma í veg fyrir fjárhagserfiðleika sem nemendur geta lent í við upphaf skólaárs. Ef námsframvinda er ekki með eðlilegum hætti samkvæmt reglum um viðkomandi skóla þá stöðvast greiðsla námslána eins og staðan er nú. Þá geta viðkomandi einstaklingar lent í vandræðum með bankalán sem þeir hafa þurft að taka fyrir framfærslu sinni. Það er ábyrgðarmannakerfi á lánum lánasjóðsins og sjálfskuldarábyrgð. Lánasjóðurinn er bæði með belti og axlabönd þegar kemur að endurgreiðslum lánanna. Það er algert lykilatriði. Ég sé því ekkert til fyrirstöðu þessu verði breytt þannig að ungt fólk sem er að hefja háskólagöngu þurfi ekki að leita á náðir bankanna til að komast af.

Ég vil nefna fleira í þessu samhengi, þ.e. að á Íslandi er því miður töluvert mikið af ungu fólki sem hefur einhverra hluta vegna annaðhvort lent í því að hreinlega verða gjaldþrota eða fengið á sig árangurslaust fjárnám. Því fólki er gert illmögulegt að hefja háskólanám til að byggja sig upp að nýju. Það fær ekki þessar tilslakanir frá bönkunum, þ.e. lánið sem þarf til að geta lifað samhliða námi. Þetta eru, hæstv. forseti, eins og fram kemur í svari hæstv. dómsmálaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Valdimars L. Friðrikssonar um gjaldþrot ungs fólks, hvorki meira né minna en 240 einstaklingar á aldrinum 20–29 ára frá árinu 2000–2005 sem höfðu orðið gjaldþrota. Meira en 5.500 lentu auk þess í árangurslausu fjárnámi. Þar er um stóran hóp að ræða sem skoða þyrfti sérstaklega í þessu ljósi.

[15:16]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Til að það megi verða, þ.e. hvort til greina komi að breyta útlánareglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna þannig að lán verði greidd út fyrir fram þá þarf að breyta lögum um sjóðinn, en núverandi fyrirkomulag var innleitt árið 1992. Árið 1997 var reynslan af framkvæmdinni yfirfarin og niðurstaða þeirrar rannsóknar var að halda fyrirkomulaginu óbreyttu, þ.e. að borga lánin áfram út í lok þess missiris og til að bæta námsmönnum upp útborgunartöfina var jafnframt samþykkt að innleiða vaxtastyrki til viðbótar námslánum. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð.

Ég vil því svara spurningunni um fyrirframgreiðsluna neitandi og ef ástæða væri talin til að auðvelda námsmönnum frekar en nú er lánsfjármögnun innan skólaársins þá teldi ég eðlilegast að skoða fjárhæð vaxtastyrksins og þær reglur sem gilda um útborgun hans. Í mínum huga er þetta spurning um forgangsröðun og nánari útfærslu á núgildandi reglum fremur en hverfa aftur til gamla tímans, þ.e. til áranna fyrir 1992, en á þeim árum var lánasjóðurinn líka illa staddur.

Ljóst er að fyrirframgreiðsla námslána yrði mjög kostnaðarsöm jafnvel þótt menn væru reiðubúnir að fara í innheimtuaðgerðir vegna ofgreiddra lána. Samkvæmt upplýsingum frá lánasjóðnum mundi fyrirframgreiðslan kalla á 2 milljarða kr. viðbótarfjárveitingu úr ríkissjóði og jafnvel þó að hún yrði innleidd í áföngum þyddi hún að lokum a.m.k. 4 milljarða kr. varanlega fjárskuldbindingu og árlegan kostnað að fjárhæð 180–200 millj. kr. Þá hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðar vegna ofgreiddra lána. Hann mundi ráðast af þeim reglum sem settar yrðu um innheimtuna en sjóðurinn telur óvarlegt að áætla kostnaðinn undir 300 millj. kr. á ári. Á móti mundi kostnaður vegna vaxtastigsins að fjárhæð 120 millj. kr. sparast þannig að árlegur viðbótarkostnaður væri því samtals 350–400 millj. kr. Kostur við vaxtastyrkinn sem er ákveðið hlutfall af framfærslu og bókláni er að hann er borgaður út án tillits til þess hvernig námsmenn fjármagna útgjöld sín innan skólaársins. Vaxtastyrkurinn er með öðrum orðum ekki háður því hvort námsmenn nota yfirdráttarheimild eða sparnað í þá fjóra tilteknu mánuði sem líða þar til námsframvindan fæst staðfest og framfærslulán LÍN kemur til sögunnar, þ.e. til útborgunar. Í mínum huga væri það skref aftur á bak ef LÍN færi inn á svið viðskiptabankanna með því að fjármagna fyrirframgreiðslu námslánanna. LÍN hefur á undanförnum árum átt gott og vaxandi samstarf við banka og sparisjóði, t.d. um bankaábyrgð í stað ábyrgðarmanna á námslánum. Í vaxandi mæli eru þjónustufulltrúar bankanna einnig að leiðbeina og aðstoða námsmenn vegna lánasjóðsmála enda eðlileg verkaskipting að þeir annist skammtímalánin og LÍN langtímafjármögnun.

Það verður að hafa hugfast að meðalnámslánið er að helmingi ígildi styrkveitingar ekki einungis vegna félagslegu aðstoðarinnar á námstíma heldur ekki síður vegna félagslegs tillits að námi loknu sem felst í tekjutengdum afborgunum og reglum um undanþágur frá afborgunum.

Síðan, virðulegur forseti, er spurt: „Hversu hátt hlutfall lántakenda sem úrskurðaðir voru lánshæfir stóðst ekki kröfur um einingaskil áður en lán voru afgreidd á árunum 2000–2005?“ Þá er rétt að draga fram að hlutfall þeirra sem ekki hafa reynst lánshæfir, þ.e. hafa ekki skilað lánshæfum árangri eða umbeðnum gögnum til sjóðsins, hefur farið lækkandi á árabilinu 2000–2005. Þetta hlutfall var 21,9% námsárið 2000–2001, 20% námsárið 2001–2002, 18,9% námsárið 2002–2003 og 16,8% námsárið 2004–2005. Það er þannig einkar ánægjulegt að lánshlutfall þeirra sem ekki eru lánshæfir fer lækkandi um leið og við verðum að hafa hugfast að fjöldinn hefur aukist gríðarlega og við sjáum að útlán sjóðsins hafa aukist mjög á undanförnum árum enda í

samræmi við þá miklu menntasókn sem við höfum staðið fyrir á undanförnum missirum og árum.

[15:21]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég verð að lýsa yfir nokkrum vonbrigðum með svör hæstv. menntamálaráðherra. Ég leyfi mér að fullyrða að námsárið hjá íslenskum námsmönnum var mun betra fyrir árið 1992 en það ár var hætt að greiða lán fyrir fram hjá lánasjóðnum.

Nú er ástandið þannig að nemendur þurfa að byrja á því að fara og slá lán hjá bankanum. Stundum eru þetta yfirdráttarlán en í öllum tilfellum eru þetta lán með nokkuð háum vöxtum. Svo segir hæstv. ráðherra að það séu greiddir út vaxtastyrkir en þeir eru ekki borgaðir til allra. Hluti af þeim rennur auðvitað beint til bankanna aftur og þá má spyrja: Af hverju er verið að borga vaxtastyrki til einhverra sem ekki borga neina vexti af lánum? Mér þykir það dálítið furðulegt.

Kostnaðurinn 2–4 milljarðar þykir mér gífurlega hár og ég mundi gjarnan vilja sjá útreikningana á því. Er þetta ekki kostnaður sem lendir á nemendum í dag? Ég skora á hæstv. menntamálaráðherra að skipta um skoðun í þessu máli og taka þetta fyrir til hagsbóta fyrir íslenska námsmenn.

[15:22]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það var afleit ráðstöfun fyrir 14 árum þegar hætt var að greiða lánin út fyrir fram og eftirágreiðslur námslána teknar upp, afleit ráðstöfun og gífurleg mistök. Stjórnvöld hafa setið uppi með það og ekki lagt í að breyta því aftur. Og eins og hv. þingmaður sagði í ræðu áðan þá þykja mér tölurnar ákaflega háar og óska eftir því að hæstv. ráðherra geri aðeins ítarlegri grein fyrir því hvernig í ósköpunum þær eru samsettar. Þetta eru ákaflega háar tölur í þessu samhengi.

Þar fyrir utan er ég á þeirri skoðun og er sannfærður um að við eigum að stefna að því að leggja niður ábyrgðarmannakerfin á námslán og breyta hluta af námslánunum í hreina styrki hafi námsframvindu verið náð á tilteknum tíma. Eins og staðan er núna þá má hvort eð er reikna um helming lánanna sem styrk út af niðurgreiðslum og niðurgreiðslu á vöxtum o.fl. Það á því að þróa námslánakerfið nær því að verða styrkjakerfi, a.m.k. að hluta til, og það er algert grundvallaratriði að taka upp fyrirframgreiðslu námslána og leggja niður ábyrgðarmannakerfið, sem er mjög ósanngjörn ráðstöfun.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra svörin. Ég vil taka undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa talað á undan mér og þakka þeim fyrir að taka þátt í umræðunni um þær háu upphæðir sem hæstv. menntamálaráðherra nefnir hér. Mér finnst þær breytingar sem hér eru til umræðu ekki vera þannig að um svo ótrúlega háar upphæðir geti verið að ræða. Það er eingöngu verið að færa til greiðslutíma og ég mundi því vilja heyra frá hæstv. menntamálaráðherra hvað býr að baki þessum tölum, það er í raun inni ekki hægt að ræða þetta öðruvísi en að við fáum að vita nákvæmlega hvað liggur að baki þeim. Því eins og ég segi þá erum við ekki að leggja til einhverjar slíkar breytingar heldur einungis að færa til greiðslurnar.

Það sem ég vil ítreka hér við hæstv. menntamálaráðherra er að fá að heyra viðbrögð hennar við því sem ég nefndi í ræðu minni á undan og snýr að þeim aðilum, sem eru ekki margir sem betur fer en eru þó til, því kornunga fólki sem hefur af einhverjum ástæðum lent í vandræðum fjárhagslega, hefur lent í gjaldþrotum eða öðru þannig að það fær ekki inni hjá bönkunum með framfærsluna áður en það fær lán hjá lánasjóðnum. Spurning er hvort hægt sé að grípa til einhverra ráðstafana hvað þann hóp varðar. Því það er sorglegt að ungt fólk sem er að stíga fyrstu skref lífs síns og langar til að fara í nám til þess að byggja sig upp að nýju eftir svo skelfilega lífsreynslu sem fjárhagslegt áfall er, lendi í slíkri fyrirstöðu. Ég hefði gjarnan viljað fá að heyra frá hæstv. menntamálaráðherra hvort hún sé til viðræðu um að gera eitthvað sérstakt fyrir þennan hóp sem ekki fær þar inni vegna þess að hann er, eins og fram kemur í svari við fyrirspurn Valdimars Leós Friðrikssonar, nokkuð fjölmennur.

[15:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Örstutt. Það er alveg ljóst að ef við hverfum aftur til áranna í upphafi 10. áratugsins 1990–1991–1992 þá var fjárhagsástand sjóðsins afar bágborið. Menn muna það eða kannski vilja sumir ekki muna það, að þá þurfti að grípa til ákveðinna aðgerða til að styrkja fjárhagslegan grundvöll sjóðsins. Til hvers? Jú, til að hann gæti staðið fyrir örum vexti á háskólastiginu, staðið undir því að lána eins og hann gerir með jafnmyndarlegum hætti að hluta til lán og eins og ég kom inn á áðan, til þess að hann geti styrkt námsmenn með jafnágætum hætti og hann gerir nú.

Auðvitað eru reglur sjóðsins sífellt til endurskoðunar. En ég held að það sé ekki rétt í dag að fara þá leið sem þingmenn eru að hvetja mig til sem mundi þýða árlegan kostnað um 180–200 millj. kr. til þess eins að fyrirframgreiða lánin þegar samkomulag hefur náðst m.a. við hinn frjálsa markað um ákveðnar fyrirgreiðslur á því sviði. Þetta fyrirkomulag er gott í dag. Ég held að við ættum frekar að einbeita okkur að því að stuðla að öðrum hagsbótum en akkúrat þessum fyrir lánþega LÍN. Þetta er ekki forgangsverkefni að mínu mati.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 15:27]

Út af dagskrá voru tekin 6.–7. og 15. mál.

Fundi slitið kl. 15:30.

62. FUNDUR

miðvikudaginn 8. febr.,
að loknum 61. fundi.

Dagskrá:

1. Hlutafélög, stjfrv., 404. mál, þskj. 520. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Hlutafélög, stjfrv., 444. mál, þskj. 666. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Einkahlutafélög, stjfrv., 445. mál, þskj. 667. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Hlutafélög, stjfrv., 461. mál, þskj. 688. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Einkahlutafélög, stjfrv., 462. mál, þskj. 689. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Hlutafélög, frv., 436. mál, þskj. 657. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 463. mál, þskj. 690. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Útvarpslög o.fl., frv., 54. mál, þskj. 54. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frv., 57. mál, þskj. 57. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Vextir og verðtrygging, frv., 58. mál, þskj. 58. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Áfengislög, frv., 71. mál, þskj. 71. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.

Umræður utan dagskrár.

Íbúðalánasjóður.

[15:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég mun ræða hér, eins og kynnt hefur verið, málefni Íbúðalánasjóðs og ég vil gera það í víðu samhengi. Ég gat fyrr í dag litið við á glæsilegu viðskiptaþingi þar sem forsætisráðherra lagði út af því að það væri mikið lán að ríkið væri búið að selja ríkisbankana og hve það hefði gengið vel fyrir sig, sem er alveg hárrétt hjá hæstv. forsætisráðherra. Skoðun mín er sú að við getum verið stolt af þeim bönkum sem hafa verið einkavæddir. Þeir hafa staðið sig frábærlega í atvinnulífinu og gefið okkur Íslendingum margvísleg tækifæri, bæði því starfsfólki sem þar vinnur og ýmsum öðrum. Þeir hafa einnig skilað miklum tekjum í þjóðarbúið með beinum og óbeinum hætti. Ég held, virðulegi forseti, að öllum sé núna ljós fáránleiki þess að ríkið eigi banka. Ég held að öllum sé það ljóst. Ég held að enginn velkist í vafa um það, eða það væri gaman að sjá þann mann sem velkist í vafa um að það hafi verið óskynsamlegt að einkavæða þessar stofnanir í samkeppnisrekstri. Að minnsta kosti ætti öllum að vera ljóst hve mikill kraftur leystist úr læðingi þegar bankarnir voru einkavæddir.

Gallinn er bara sá að þrátt fyrir að við höfum stigið þessi skref eigum við enn þá ríkisbanka. Sá ríkisbanki er Íbúðalánasjóður sem verslar með ákveðna gerð lána, þ.e. húsnæðislán. Ef menn eru inni á þeirri línu að það sé rétt og eðlilegt að ríkisbanki versli með slíkt mælir í sjálfu sér ekkert gegn því að lengra sé gengið, að t.d. bílalánum væri skellt *í þann banka eða sérstakan banka*. Það liggur alveg fyrir að samkeppnisstaðan er mjög ójöfn miðað við einkavædda banka og sparisjóði. Þessi ójafna samkeppnisstaða kemur fram í því að Íbúðalánasjóður nýtur ríkisábyrgðar en þarf ekki að greiða eðlilegt gjald eins og lög kveða á um. Mér sýnist að það séu um 220 millj. á ári sem Íbúðalánasjóður þarf ekki að greiða. Á sama hátt er hann undanþeginn greiðslu frá tekjuskatti sem var á síðasta ári yfir 180 millj. þannig að þarna eru um 400 millj. sem sjóðurinn þarf ekki að greiða.

Kröfur til Íbúðalánasjóðs um eiginfjárhlutfall eru mun vægari en til banka og sparisjóða, þ.e. 5% á meðan það eru 8% hjá öðrum lánastofnunum.

Síðan eru sérreglur sem virðast vera sérstaklega hannaðar fyrir Íbúðalánasjóð, þ.e. vaxtabætur vegna endurbóta á húsnæði eru bara greiddar til lántakenda hjá Íbúðalánasjóði en ekki hjá öðrum lánastofnunum. Á sama hátt er verið að skuldajafna opinberum gjöldum vegna vaxtagreiðslna af lánum hjá Íbúðalánasjóði en ekki hjá neinni annarri lánastofnun. Er erfitt að sjá hvers vegna hann skuli vera með *þessa fyrirgreiðslu þegar þessi banki er í samkeppni*

Ég hef sömuleiðis áhyggjur af því ef við gerðum upp Íbúðalánasjóð, eignir hans á markaðsvirði í staðinn fyrir bókfærðu verði og ýmsu öðru sem gerist á samkeppnismarkaði, vegna þess að ríkisvaldið er hér í hreinum og klárum samkeppnisrekstri, í áhætturekstri, og ríkinu ferst það ekki vel úr hendi.

Ég vek athygli á að það að vera með þetta fyrirkomulag er algjörlega séríslenskt. Þetta er í ekki í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Kannski má finna einhverja samsvörun í Noregi en þar kemur ríkisbankinn fyrst og fremst að nýbyggingum. Markaðshlutdeild hans er 12%. Ef við skoðum Finnland er finnski ríkisbankinn einungis með félagslegt húsnæði og markaðshlutdeildin er u.þ.b. 10%. Í Svíþjóð og Danmörku er þetta mjög óverulegt. Sú staða sem uppi er hjá okkur, virðulegi forseti, verður alltaf sérkennilegri og t.d. í dag voru fréttir af því að einn stærsti banki landsins, KB-banki, var að fá sama lánshæfismat og ríkið. Ég efast ekki um að fleiri bankar muni ná því takmarki þegar fram líða stundir.

Bankarnir eru loksins komnir á þennan markað, og þótt fyrr hefði verið, og það er ekkert sem bendir til að þeir séu að fara út af honum. Þeir veita þá þjónustu sem fólkið þarf á að halda. Ég tel að við getum náð þeim félagslegu markmiðum sem við viljum ná með öðrum og skilvirkari og einfaldari hætti en að halda úti ríkisbanka með húsnæðislán. Þess vegna spyr ég hæstv. félagsmálaráðherra einfaldrar spurningar: Stendur ekki til, í ljósi þessara breyttu aðstæðna

sem sannarlega eru til staðar, að breyta þessu fyrirkomulagi?

[15:37]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Þróunin á íbúðalánamarkaði undanfarin missiri hefur sannarlega verið hröð. Eins og við munum voru sett lög á vorþingi 2004 um breytingar á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs. Það leiddi til afnáms húsbréfakerfisins og síðar sama ár voru samþykkt lög sem heimiluðu hækkun lánshlutfalls íbúðalána í allt að 90%. Við skulum ekki gleyma því að á Alþingi var fullkomin samstaða um framangreindar lagabreytingar þrátt fyrir að bankarnir hefðu í ágúst sama ár hafið að bjóða íbúðalán á betri kjörum en þeir höfðu áður treyst sér til.

Á fyrri hluta ársins 2004 var Íbúðalánasjóður nánast einráður á íbúðalánamarkaði með um 80% af markaðshlutdeild en nú, aðeins tveimur árum síðar, er hlutdeild sjóðsins mun minni eða um 50%. Bankarnir hafa þannig náð miklum árangri í markaðssetningu á íbúðalánum sínum. Það er hins vegar langt í frá hægt að fullyrða núna að þessi þróun sé varanleg þótt ýmislegt bendi til að svo kunni að vera. Ekki má gleyma því að forsvarsmenn KB-banka, stærsta banka landsins, hafa lýst því opinberlega yfir að bankinn greiði niður þau íbúðalán sem hann veitir. Það er í sjálfu sér þeirra mál og út af fyrir sig fagnaðarefni fyrir íbúðakaupendur ef aðilar á markaði eru tilbúnir til að vera svo rausnarlegir. Miðað við afkomutölur bankanna má e.t.v. segja að þeir hafi vel efni á því að gera vel við viðskiptavini sína. Það er fagnaðarefni.

Ekki er þó allt gull sem glóir. Í umræðunni um samkeppni á íbúðalánamarkaði má ekki gleyma því að neytendavernd er í sumum tilvikum afar takmörkuð. Til þess að njóta bestu kjara setja flestir bankanna skilyrði um að viðskiptavinir skuldbindi sig til að eiga öll sín viðskipti hjá viðkomandi banka. Þannig gangast viðskiptavinirnir t.d. undir það að stofna lífeyrissparnaðarreikning og/eða greiðslukortareikning. Ef þeir kjósa síðan síðar að breyta þeirri ákvörðun sinni þurfa þeir að sætta sig við að greiða u.þ.b. 1% hærri vexti en umsamið var. Íbúðalán bankanna munu þannig til lengri tíma litið mögulega draga úr samkeppni á fjármálamarkaði.

Samkvæmt lögum um húsnæðismál og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra laga eru réttindi lántakenda tryggð ef þeir lenda t.d. í vanskilum eða verða fyrir óvæntum breytingum á sínum högum. Sambærileg vernd er fjarri því að vera tryggð hjá öðrum lánveitendum. Sú hætta er líka fyrir hendi að einn stór aðili muni ráða þróun mála á íbúðalánamarkaði. Ákveðnar vísbendingar eru um að sú þróun eigi sér nú þegar stað. Möguleikar banka á hagstæðri fjármögnun ráðast að miklu leyti af stærð þeirra og markaðshlutdeild. Fjármögnunarkjörin skipta að sjálfsögðu öllu máli og þau vaxtakjör sem viðkomandi banki getur síðan boðið viðskiptavinum sínum. Í umræðum um hugsanlegar breytingar á íbúðalánamarkaði megum við ekki heldur gleyma því að horfa á heildarmyndina. Hverjar skyldu vera ástæður þess að Íbúðalánasjóður er yfirleitt til, hæstv. forseti?

Ég hef líkt og fleiri ráðherrar fagnað því að nýir fjármögnunarmöguleikar standa nú almenningi til boða. Það er þó ekki þar með sagt að ekki sé lengur þörf fyrir aðkomu ríkisins á húsnæðislánamarkaði. Í mínum huga er meginhlutverk ríkisins að sjá til þess að markmið laga um húsnæðismál verði uppfyllt og að öllum landsmönnum sé tryggður aðgangur að ódýru fjármagni til húsnæðisöflunar, óháð efnahag eða búsetu. Þær leiðir sem valdar eru til að uppfylla þessi markmið hljóta að taka mið af aðstæðum á hverjum tíma, en hins vegar er ljóst að Íbúðalánasjóður er einungis tæki stjórnvalda til að tryggja jafnrétti og jafnvægi í húsnæðismálum. Hlutverk sjóðsins verður því augljóslega að endurmeta í ljósi breyttra aðstæðna á íbúðalánamarkaði og sú vinna stendur einmitt yfir þessa dagana.

Það kemur hins vegar ekki til greina af minni hálfu að leggja til að sjóðurinn verði lagður niður eða seldur. Ég veit ekki hvort hv. þingmaður, upphafsmaður þessarar umræðu, gerir sér grein fyrir hversu mikils virði þessi sjóður er. Það þjónar ekki hagsmunum skattgreiðenda að leggja hann niður. Með því væri verið að kasta opinberum fjármunum á glæ.

Ég hef sagt að haft verði samráð við hagsmunaaðila um hugsanlegar breytingar á hlutverki Íbúðalánasjóðs. Með hagsmunaaðilum á ég ekki einungis við þá aðila sem starfa á fjármálamarkaði, heldur einnig samtök neytenda, námsmanna, aldraðra, fatlaðra, launþega og fleiri. Þessi vinna mun taka tíma og lagabreytinga er því ekki að vænta á yfirstandandi þingi.

Ég legg áherslu á að ef ákvörðun verður tekin um að ráðast í frekari breytingar á húsnæðiskerfinu og endurskoðunarhlutverki hins opinbera á íbúðalánamarkaði, svo sem að breyta Íbúðalánasjóði í heildsölubanka sem ég útiloka alls ekki, verður það ekki gert nema með því að víðtæk samstaða náist um það mál.

Ábendingum hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um þætti sem hafa áhrif á samkeppnisstöðu Íbúðalánasjóðs gagnvart bönkunum er því til að svara að þetta er nokkuð sem löggjafinn hefur ákveðið. Skattfrelsi Íbúðalánasjóðs og ríkisábyrgð á skuldbindingum hans hafa augljóslega þau áhrif að sjóðurinn getur boðið lægri vexti en ella væri mögulegt. Við skulum ekki gleyma því að þátttaka bankanna á þessu sviði er alveg ný af nálinni. Íbúðalánasjóður er á hinn bóginn sá aðili sem falið er samkvæmt lögum að framfylgja stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum. Það er því Alþingis að ákveða hvort afnema beri þau sérréttindi sjóðsins sem hv. þingmaður nefnir. Ef það verður gert mun hins vegar draga úr hæfni sjóðsins til að sinna sínu lögbundna hlutverki. Það er alveg skýrt, hæstv. forseti.

Vaxtakjör Íbúðalánasjóðs ráðast algjörlega af þeim fjármögnunarkjörum sem honum bjóðast á hverjum tíma. Nú undanfarið hefur ávöxtunarkrafa íbúðabréfa farið hækkandi og þar með hafa vextir á útlánum sjóðsins einnig hækkað. Þetta hefur ekki einungis neikvæð áhrif því að það er ljóst að það er samhengi á milli vaxtastigs íbúðalána og húsnæðisverðs sem sést m.a. á því að íbúðaverð hækkaði í desember í kjölfar vaxtahækkana hjá Íbúðalánasjóði. Sú hækkun dró úr spennu í hagkerfinu og minnkaði verðbólgu.

[15:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu opinberast bullandi ágreiningur stjórnarflokkanna. Félagsmálaráðherra vill ekki leggja niður Íbúðalánasjóð en þingmaður íhaldsins vill hann greinilega burt. Ráðherrann hefur verið píndur til að leika biðleik, fresta ákvörðunartöku um framtíð sjóðsins til haustsins. Ráðherrarnir vilja ekki láta reyna á þennan djúpstæða ágreining því að það gæti sprengt stjórnarsamstarfið og ráðherrastólunum vilja þeir halda á hverju sem gengur.

Staðan á íbúðamarkaði er nú sú að KB-banki rær að því öllum árum að koma Íbúðalánasjóði út af markaðnum og ná þar einokunaraðstöðu og kostar til þess því sem þarf, jafnvel þótt það þýði tímabundið undirboð á vöxtum. Greinilega hefur hann til þess stuðning íhaldsins og að líkindum formanns Framsóknarflokksins einnig. Það birtist m.a. í því að líklegt er að Íbúðalánasjóður hafi verið beittur pólitískum þrýstingi til að hækka vexti á íbúðalánum sínum og svo fær Íbúðalánasjóður ekki að hækka hámarkslánin. 90% lánin sem Framsóknarflokkurinn lofaði er nú kominn niður í 70% af verði meðalíbúða og hækka þarf hámarkslán Íbúðalánasjóðs um 5 millj. samkvæmt mati nokkurra ráðgjafa ráðherrans sjálfs til að fjármögnunin sé 90% af meðalíbúðaverði. Ráðherra lofaði að þessi lán mundu halda verðgildi sínu og ég spyr ráðherrann hvers vegna hann svíki það loforð. Ég óska eftir því að hann svari því við þessa umræðu.

Ef breyta á fyrirkomulagi íbúðalána verður að tryggja að ekki verði dregið úr samkeppni, að jafnræði ríki á milli landsbyggðar og þéttbýlis í lánveitingum og að félagslegi hluti íbúðalánakerfisins verði tryggður án þess að minnka þjónustu og hækka vexti og þjónustugjöld. Það er grundvallaratriði ef breyta á framtíðarfyrirkomulagi Íbúðalánasjóðs.

Öll þessi markmið eru nú í hættu, og þingmanni íhaldsins, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, virðist vera gjörsamlega sama. Þess vegna er enn þörf á Íbúðalánasjóði um sinn.

[15:45]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það hefur komið fram í þessari umræðu, og reyndar einnig í fjölmiðlum, að bankarnir eru að niðurgreiða íbúðalánin. KB-banki hefur viðurkennt það. Við þekkjum þetta úr öðrum geirum verslunar og viðskipta, nefnilega að Bónus og Krónan áttu fyrir um ári síðan í miklu verðstríði og þá var farið að selja mjólkurlítrann á innan við eina krónu. Einhverra hluta vegna dróst samkeppnin saman og síðan hefur verð á vörum hækkað gífurlega. Það má einmitt leiða líkur að því að það sama muni gerast ef Íbúðalánasjóður hverfur af markaði. Það er auðvitað eðlilegt að fulltrúum íhaldsins á þingi sé annt um að bankarnir fari að græða, maka krókinn og þurfi ekki að niðurgreiða þessi lán. Við skulum líka athuga að bankarnir eru alls ekki tilbúnir til að lána alls staðar á landinu. Víða úti á landi eru þeir ekkert tilbúnir til að veita lán, hvað þá 90% lán. Þarna hefur Íbúðalánasjóður auðvitað mikilvægu hlutverki að gegna.

Þess vegna er mjög óvarlegt að rasa um ráð fram. Það hefur líka komið fram í þessari umræðu að bankarnir binda viðskiptavini sína í báða skó, skylda þá til að vera í viðskiptum við sig og engan annan í allt að 40 ár. Er það eðlilegt? Er ekki verið að hindra þar með samkeppni? Einhverjir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gætu sagt að þetta væru eðlilegir viðskiptahættir en ég er ekki sammála því.

Þess vegna verður maður eiginlega að hrósa Framsóknarflokknum og það ekki oft sem maður getur gert það hér úr ræðustóli á þingi. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Það væri óskandi að Framsóknarflokkurinn stæði í lappirnar í fleiri málum, t.d. í (Forseti hringir.) hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti biður þingmenn um að virða tímamörk í þessari umræðu.)

[15:47]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér er nokkur vandi á höndum, að koma upp í ræðustól og flytja þá ræðu sem ég ætlaði að halda því að tveir síðustu ræðumenn, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Hlynur Hallsson, sögðu efnislega nákvæmlega það sama og ég ætlaði að segja. Ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til að endurtaka það sem þau sögðu hér í ræðustólnum. Ég tek hins vegar undir málflutning þeirra. Ég hygg að það sé mjög varhugavert að tala hátt um hugmyndir um að leggja niður Íbúðalánasjóð. Hins vegar má að sjálfsögðu alltaf hafa það til hliðsjónar að endurskoða hlutverk hans og velta því fyrir sér. Hér er á ferðinni stofnun sem nýtur mikils trausts landsmanna, skoðanakannanir hafa sýnt það. Þetta er stofnun sem veitir ákveðið öryggi, til að mynda félagslegt. Þetta er stofnun sem lánar til húsnæðiskaupa úti á landsbyggðinni, á stöðum sem standa mjög höllum fæti, þökk sé núverandi ríkisstjórn. Ég sé í raun og veru ekki fyrir mér að þessir staðir og þeir sem eiga undir högg að sækja í þessu þjóðfélagi ættu svo auðveldlega að geta haldið vopnum sínum ef þeir yrðu gerðir — hvað eigum við að segja? — fórnarlömb, en þó kannski ekki. Samt, jú, við getum sagt það, fórnarlömb einkareknu bankanna. Síðan ber að benda á að það er kannski ekki alveg eins öruggt að bönkunum muni alltaf ganga jafn vel og þeim virðist ganga í dag. Þeir geta farið á hausinn eins og önnur fyrirtæki. Hvað gerum við þá? Það hefur gerst í nágrannalöndunum að bankarnir hafa farið þar að minnsta kosti eina kollsteypu. Ég man eftir því í Noregi fyrir ekkert mörgum árum. Þar hrundi bankakerfið, gerðist nánast á einni viku. Hið sama gæti gerst hér.

Er ekki betra að setja frekar Íbúðalánasjóðinn á og hugsa þessi mál aðeins áður en við höldum lengra, virðulegi forseti?

[15:49]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Markmiðið með húsnæðislögunum er alveg skýrt. Ríkisstjórnirnar, bæði þessi og sú sem sat á undan henni langan tíma, hafa haft ákveðin markmið varðandi húsnæðismál, að jafna stöðu landsbyggðarinnar og þéttbýlisins. Það hefur hvergi komið fram að til standi að hverfa frá þeirri stefnu, og enginn sagt það.

Hins vegar kann rétt að vera, og það ber að athuga það á hverjum tíma, að þetta sé ekki endilega það fyrirkomulag sem við þurfum. Það getur vel verið að hinu pólitíska

stefnumáli megi ná fram á annan hátt. Það getur vel verið að við getum falið öðrum að sjá um þetta. Það er nauðsynlegt að skoða það. Það er verið að gaumgæfa alla þessa hluti og menn mega alveg trúa því að það verður ekkert hlaupið til þess að breyta þessu. Það verður ekkert rasað um ráð fram. Það er mjög nauðsynlegt að halda við þau markmið sem sett hafa verið. Menn mega vita að það verður gert. Það er engin nauð sem kallar á að öðruvísi sé á haldið. Það verður gert og menn geta alveg treyst því, eins og liggur fyrir. Það er hins vegar eðlilegt hjá hv. upphafsmanni þessarar umræðu (**Gripið fram í:** Nei.) að kalla eftir því hvernig við ætlum að gera þetta. Það getur alltaf orkað tvímælis. Eflaust má gera þetta miklu betur og öðruvísi. Ég er ekkert að segja annað. En að hverfa frá þeim markmiðum sem eru sett hefur aldrei staðið til, er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar, hjá hvorugum stjórnarflokknum. Það mega menn vita og því mega þeir trúa.

[15:51]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil hér koma á framfæri sérstaklega því sem stendur í stefnu Framsóknarflokksins varðandi íbúðamál. Þar stendur, með leyfi forseta: „Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að áfram verði tryggt að allir landsmenn, hvar sem þeir búa, hafi jafnan aðgang að fjármagni til húsnæðiskaupa, á hagkvæmustu kjörum hverju sinni."

Það er alveg skýrt hvaða stefnu við höfum. Við höfum þau pólitísku markmið að allir, óháð því hvar þeir búa, hafi jafnan aðgang að sem hagkvæmustu kjörunum. Nú er það þannig að bankarnir hafa ekki sérstök pólitísk markmið eins og stjórnmálaflokkar. Þeir hafa auðvitað arðsemismarkmið. Við verðum að líta til þess. Það eru ekki alveg sömu markmiðin sem bankarnir hafa á bak við sína starfsemi og stjórnmálaflokkar. Hins vegar hafa orðið mjög miklar breytingar á íbúðalánamarkaði og auðvitað ber okkur að taka tillit til þess. En við viljum samt ekki missa af þessum pólitísku markmiðum. Það hefur komið hér skýrt fram að í gangi er starf við endurskoðun á lögunum um húsnæðismál enda er búið að kalla eftir því, m.a. af hálfu Ríkisendurskoðunar. Við tókum það sérstaklega fyrir í félagsmálanefnd fyrir jól að þar þarf að skýra ákveðin atriði. En það er búið að koma því skýrt hér á framfæri að ekki er neitt verið að rasa um ráð fram. Það er verið að efna til víðtæks samráðs um hvernig framtíðinni á að vera háttað í þessum málum. Þessi mál eru í deiglunni.

Hins vegar er alveg ljóst að það er þrýstingur á stjórnvöld. Hér var komið inn á að núna stendur yfir viðskiptaþing, og viðskiptaráð er þar með framtíðarsýn sína til ársins 2015. Það kemur alveg fram í framtíðarsýn viðskiptaráðsins að Íbúðalánasjóður eigi að fara af samkeppnismarkaði í þessu, eigi að hverfa af markaði og að koma eigi upp einhverri lánastofnun landsbyggðarinnar þar sem Byggðastofnun og (Forseti hringir.) Íbúðalánasjóður gætu runnið saman í eitt. Það eru einhverjar hugmyndir sem ég sé ekki að séu til góðs í þessu máli.

[15:53]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er gjarnan í utandagskrárumræðum sem eitthvað skemmtilegt gerist. Í þessari umræðu má segja að það skemmtilegasta hafi verið að hlusta á hvílíkur munur er á orðfæri fulltrúa unglingadeildarinnar í Sjálfstæðisflokknum og síðan öldungadeildarinnar. Það er eins og svart og hvítt. Það er ólíku saman að jafna. Ef ég ætti að halla mér að annarri hvorri deildinni verð ég að segja eins og er að ég ætti nú betur heima í öldungadeildinni. Málflutningur hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar var miklu nær mínum hugmyndum í þessum efnum en málflutningur hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar sem sagði m.a. hér að hinum félagslegu markmiðum mætti ná á miklu einfaldari hátt. Hv. þingmaður sleppti hins vegar algerlega að benda á hvernig hægt væri að tryggja að þessi félagslegu markmið næðust á þennan einfalda hátt. Það hefur komið fram í umræðunum að enginn hér nema hv. þingmaður ræðir um að það sé mögulegt að gera það með því að leggja niður Íbúðalánasjóð. Það væri forvitnilegt að fá að heyra þau viðhorf frá hv. þingmanni hvernig eigi að vera hægt að tryggja hin félagslegu markmið á miklu einfaldari hátt en með því að viðhalda Íbúðalánasjóði.

Það er annað, frú forseti, sem vakti líka athygli mína í þessum umræðum. Það er tvennt í raun og veru sem nú um stundir veikir stöðu Íbúðalánasjóðs. Ef hæstv. ráðherra er svona ákveðinn í að halda honum gangandi liggur á að hæstv. ráðherra taki ákvarðanir um að hækka þakið sem sett er á lánin og eins viðmiðanirnar við brunabótamatið. Ef slíkar ákvarðanir eiga að bíða og bíða vegna þess að það er einhver ágreiningur á milli stjórnarflokkanna veikist sjóðurinn jafnt og þétt og þá gæti orðið andskoti lítið eftir af sjóðnum þegar fram líða stundir.

Þannig að það liggur á, frú forseti, að hæstv. ráðherra standi þannig að málum að ákvarðanir um þessa þætti Íbúðalánasjóðs verði teknar fyrr en síðar ef markmiðið er að hann lifi áfram og verði jafntraustur og verið hefur.

[15:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í þessu máli hefur einnig verið ágætur samhljómur með stjórnarandstöðunni og, aldrei þessu vant, talsmönnum Framsóknarflokksins. Í sameiningu erum við staðráðin í að hrinda aðför Verslunarráðsins, bankanna og Sjálfstæðisflokksins að Íbúðalánasjóði. Þessir aðilar hafa sótt að sjóðnum núna um nokkurra missira skeið með bænaskjölum til Stjórnarráðsins, í vinnunefndum Alþingis og fyrir dómstólum Evrópusambandsins, fyrst EFTA-úrskurðar dómstóls EES-svæðisins og nú einnig fyrir Evrópudómstólnum. Það þarf enginn að velkjast í vafa um að þessir aðilar leggja mikið upp úr því að koma Íbúðalánasjóði fyrir kattarnef.

Íbúðalánasjóður gegnir mjög mikilvægu félagslegu hlutverki. Það hefur verið um það rætt að takmarka umsvif hans og það hefur verið vísað í Noreg í því efni þar sem sambærilegur sjóður hefur um 12% af markaðnum. Hugsunin er þá sú að hann sinni félagslegum úrlausnarefnum, lánum til hinna dreifðu byggða o.s.frv. Hér má ekki gleyma því að Íbúðalánasjóður er sjálfbær eins og kallað er. Hann

aflar lánsfjármagns á markaði og kostnaðurinn við fjármagnið ræðst af veðunum sem búa að baki. Ef við rýrum veðin eða látum hann einvörðungu hafa hin erfiðu veð að baki sér verður fjármagnið dýrara fyrir vikið. Þjóðhagslega er mjög mikilvægt að umsvif Íbúðalánasjóðs verði ekki skert á nokkurn hátt. Og við erum staðráðin í að reyna að standa vörð um sjóðinn.

Við beinum þeirri áskorun til Framsóknarflokksins (Forseti hringir.) að hann standi í fæturna í þessu máli og láti það ekki henda sig sem gerðist í málefnum Ríkisútvarpsins þar sem hann (Forseti hringir.) lak niður og hljóp frá öllum loforðum sínum og fyrirheitum.

[15:58]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka undir með hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni. Það er ýmislegt skemmtilegt að gerast hér í þingsalnum. Ég þakka fyrir fjörlegar umræður. Til þess er leikurinn gerður. Ég ætla nú að taka saman hér nokkra hluti sem menn voru að ræða.

Ef ég skil þetta rétt hafa menn áhyggjur af því, eðlilega, að ef menn vildu breyta um kúrs varðandi Íbúðalánasjóð mundi það koma illa niður á íbúum landsbyggðar og hugsanlega fólki sem hefur minni fjárráð. Ég vil benda á að við Íslendingar erum ekki þau einu sem hugsum svona. En við erum hins vegar þau einu sem förum þá leið að vera með sérstakan ríkisbanka sem er í bullandi samkeppni sem þarf ekkert að vera. Hér spurði hv. þm. Einar Már Sigurðarson, sem er eðlilegt og sanngjarnt, hvaða hugmyndir sá hafi sem hér stendur. Ég bendi t.d. á hugmyndir þar sem menn eru með skuldabréfasafn sem er gefið út þar sem m.a. ákveðið hlutfall þess er það sem kallað er þessi félagslegu úrræði. Það hefur gengið vel annars staðar. Ég bendi sömuleiðis á þær leiðir okkar sem við erum að bera okkur saman við annars staðar á Norðurlöndunum þar sem menn m.a. eru með opinbera stofnun sem er með ákveðinn hluta. Það er skilvirkara og betra og nær sömu markmiðum. Við erum öll sammála um markmiðin, alveg sama á hvaða aldri við erum. Ég veit að hv. þm. Einar Már Sigurðarson er miklu yngri en hann lítur út fyrir að vera, a.m.k. í anda.

Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að nú er kærumál í gangi fyrir EFTA- og EES-dómstólum út af aðkomu ríkisins í þessu máli. Það nýjasta í því máli er að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, sem margir trúa á hér inni, hefur efnislega tekið undir málstað Sambands banka og verðbréfafyrirtækja vegna þess að þau telja að um ójafna samkeppnisstöðu sé að ræða. Ég fagna því að þeir aðilar, bæði hæstv. ráðherra sem ég vil nota tækifærið og þakka kærlega fyrir skýr svör (Forseti hringir.) og aðrir, hafa talað um að það sé mikilvægt að skilgreina hlutverkið í ljósi breyttra aðstæðna.

[16:00]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka þessa umræðu. Það er full ástæða til fyrir okkur á Alþingi að ræða þessi mikilvægu mál reglulega og ég þakka málshefjanda fyrir það frumkvæði.

Ég hef verið spurður hér, m.a. af hv. þingmönnum Jóhönnu Sigurðardóttur og Einari Má Sigurðarsyni, hvers vegna hámarkslán Íbúðalánasjóðs hafi ekki hækkað á undanförnum vikum og mánuðum. Svarið við því er að í ljósi mikillar spennu á húsnæðislánamarkaði á síðasta ári, ekki síst á seinni hluta þess árs, þótti mér ekki skynsamlegt að hækka lánin mikið á þeim tíma. Hins vegar er það alveg rétt ábending að tími er kominn til þess. Sú ábending hefur einnig komið fram af hálfu stjórnar Íbúðalánasjóðs að það sé orðið nauðsynlegt og ég er með það til umfjöllunar í ráðuneyti mínu einmitt þessa dagana.

Sömuleiðis hefur verið bent hér á að brunabótamatsviðmiðunin kunni að vera úrelt viðmið og við erum sömuleiðis með það til skoðunar án þess að ég vilji kveða upp úr með það hér hver niðurstaðan í þeirri vinnu verður.

Ég vil sömuleiðis ítreka það við þessa umræðu að ég tel óhætt að fullyrða að Íbúðalánasjóður sé sá aðili á fjármálamarkaði sem mest eftirlit er með um þessar mundir. Þá á ég bæði við innra eftirlit þar sem virtur erlendur aðili kemur að málum og einnig ytra eftirlit þar sem Fjármálaeftirlitið er sá aðili sem hefur skilgreint eftirlitshlutverk samkvæmt lögum um húsnæðismál. Jafnframt hefur Ríkisábyrgðasjóður fylgst með þróun mála hjá sjóðnum og nú síðast hefur Ríkisendurskoðun hafið úttekt á fjárhag sjóðsins að minni beiðni og fjármálaráðherra. Þetta vildi ég ítreka við þessa umræðu.

Stjórnarandstaðan hefur haft gaman af því að gera hér mikið úr ágreiningi stjórnarflokkanna í þessu máli en ég tel að ekki sé um djúpstæðan ágreining að ræða. Stjórnarflokkarnir eru algerlega samstiga í því að fara í úttekt og víðtækt samráð um mótun á framtíðarhlutverki Íbúðalánasjóðs. Ég vil hins vegar undirstrika að ég er eindregið þeirrar skoðunar að Íbúðalánasjóður hafi áfram mikilvægu hlutverki að gegna á íbúðalánamarkaðnum og muni svo verða um alla framtíð, a.m.k. einhverja. Aðferðirnar við að ná pólitískum markmiðum kunna að breytast í framtíðinni, rétt eins og fortíðinni, en að leggja sjóðinn niður við þessar aðstæður kemur ekki til greina í mínum huga, hæstv. forseti, það er alveg skýrt.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 404. mál (opinber hlutafélög). — Þskj. 520.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (stjórnhættir, starfskjör stjórnenda). — Þskj. 666.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Einkahlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 445. mál (stjórnhættir, starfskjör stjórnenda). — Þskj. 667.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 461. mál (EES-reglur, upplýsingaákvæði). — Þskj. 688.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Einkahlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 462. mál (EES-reglur, upplýsingaákvæði). — Þskj. 689.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 436. mál (opinber hlutafélög). — Þskj. 657.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 463. mál (grafískir hönnuðir). — Þskj. 690.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Útvarpslög o.fl., frh. 1. umr.

Frv. PHB og BÁ, 54. mál (stofnun hlutafélags, útvarpsgjald o.fl.). — Þskj. 54.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 40:1 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, BBj, DJ, EKG, EOK, EMS, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, PHB, SandF, SKK, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
nei: JGunn.
22 þm. (ÁÓÁ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, DrH, GHH, GHj, GAK, GÁ, HÁs, HBl, ISG, JBjarn, KÓ, KLM, LB, MÁ, SAÞ, SigurjÞ, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frh. 1. umr.

Frv. HBl, 57. mál (andaveiðar o.fl.). — Þskj. 57.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vextir og verðtrygging, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 58. mál (yfirdráttarlán, dráttarvextir). — Þskj. 58.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 71. mál (áfengisauglýsingar). — Þskj. 71.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:09.

63. FUNDUR

fimmtudaginn 9. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009, stjtill., 391. mál, þskj. 473. — Fyrri umr.
2. Framvinda byggðaáætlunar 2002–2005, skýrsla, 398. mál, þskj. 504 og 504. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Um klukkan 1.30 í dag, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um aðgerðir gegn fíkniefnaneyslu. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:32]

Útbýting:

Fjárframlög til grunnskólastigsins, 193. mál, svar menntmrh., þskj. 741.

Athugasemdir um störf þingsins.

Erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi.

[10:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til að ræða draumfarir hæstv. forsætisráðherra en sem kunnugt er hefur hann eina ferðina enn dreymt aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þennan draum hefur hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, oft dreymt. Að þessu sinni gekk draumurinn út á að Ísland væri orðinn aðili að Evrópusambandinu árið 2015. Þetta þótti forsvarsmönnum Samfylkingarinnar ekki merkilegur draumur því hægt væri að komast inn í Evrópusambandið miklu fyrr. Jón Baldvin Hannibalsson sagði í fréttum í gær að hægt væri að klára málið á einu ári ef vilji stæði til þess. Hér ber þó að hafa í huga að hjá hæstv. forsætisráðherra var þetta náttúrlega engin viljayfirlýsing heldur aðeins hugboð eða draumur.

Á hinn bóginn kom fram viljayfirlýsing hæstv. forsætisráðherra í mjög mikilvægu máli. Hann kvað vera brýnt að endurskoða lagalegar takmarkanir á því að heimila útlendingum fjárfestingar í sjávarútvegi. Mikilvægt væri að laða erlent fjármagn inn í íslenskt atvinnulíf og nefndi forsætisráðherra sjávarútveginn sérstaklega hvað það varðar. Sannast sagna hélt ég að vandinn væri annar í íslenskum sjávarútvegi og tengdist meingölluðu kvótakerfi þar sem hagsmunir fjármagnsins réðu of miklu á kostnað byggðasjónarmiða og almannahags. En látum það liggja á milli hluta í þessari umræðu. Þar sem hæstv. sjávarútvegsráðherra er hér staddur væri æskilegt að fá viðbrögð hans við þessum yfirlýsingum forsætisráðherra.

Telur hæstv. sjávarútvegsráðherra að afnema eigi lagalegar skorður við fjárfestingum erlendra fyrirtækja og fjármálamanna við fjárfestingum í fiskvinnslu og sjávarútvegi? Annaðhvort vegna þess að slíkt sé beinlínis æskilegt eins og skilja mátti á tali hæstv. forsætisráðherra á fundi viðskiptaráðsins í gær eða eins og stundum er sagt að tæknilega sé illmögulegt að komast hjá slíku vegna beinnar eða óbeinnar eignaraðildar eins og stundum er haldið fram.

[10:35]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða er í sjálfu sér ekki ný af nálinni og svipuð sjónarmið og hæstv. forsætisráðherra reifaði á viðskiptaþingi í gær eru sjónarmið sem hæstv. ráðherra hefur áður látið í ljósi þannig að í sjálfu sér þurfa sjónarmið hans ekki að koma á óvart í sambandi við þetta. Ég vil hins vegar segja að þetta er stórt mál sem hefur margar hliðar sem þarf mjög vel að hyggja að vegna þess að þetta er ekki alveg eins einfalt og það kannski blasir við við fyrstu sýn.

Ég vil segja varðandi beina fjárfestingu útlendinga í sjávarútvegi sem gefur útlendingum veiðirétt í íslenskri landhelgi þá eru þau mál ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar. Hvað kann að gerast í fjarlægri framtíð get ég að sjálfsögðu ekki fullyrt neitt um. Þetta er stórt mál, það mundi vekja upp alls konar spurningar sem menn yrðu að horfast í augu við og svara algerlega undanbragðalaust. Þetta eru sömu spurningarnar og við spurðum þegar útfærsla landhelginnar átti sér stað. Þetta er því ákaflega vandasöm umræða sem þarf mikinn undirbúning og langan aðdraganda. Þetta eru grundvallarspurningar sem snúa einfaldlega að því hvort við viljum að Íslendingar eigi einir veiðiréttinn í okkar eigin landhelgi. Ég er eindregið í hópi þeirra sem telja að forræði auðlindarinnar eigi að vera í okkar höndum.

Hins vegar eru miklar heimildir útlendinga til óbeinna fjárfestinga í íslenskum sjávarútvegi og margir hafa kannski ekki alveg áttað sig á því. Ýmis dæmi eru um að meðal hluthafa í íslenskum sjávarútvegi, sjávarútvegsfyrirtækjum, séu fyrirtæki sem séu að einhverju leyti í eigu útlendinga og ég tel það mjög eðlilegt. Það er ekkert sem bannar þetta og er hlutur sem við tókum ákvörðun um á sínum tíma. Síðan sjáum við nokkur dæmi, að vísu ekki mörg eða stór, um að útlendingar eigi í íslenskum fyrirtækjum sem eru markaðsfyrirtæki á sviði íslensks sjávarútvegs. Þar eru heimildir fyrir innkomu útlendinga sem ég tel eðlilega og sjálfsagða og geri ráð fyrir að við munum sjá frekari þróun í þá átt. Markaðsfyrirtækin okkar eru að stækka og sú stækkun mun örugglega gerast m.a. með sameiningu við erlend fyrirtæki.

Að mínu mati knýr ekkert sérstaklega á um fjárfestingar útlendinga í íslenskri útgerð núna. Útlendingar sækjast eftir

Íslendingum til þátttöku í sinni útgerð. Það er eðlilegt. Þeir vilja auðvitað sækja besta fólkið en mér er ekki kunnugt um að krafist hafi verið einhverrar gagnkvæmni í þessu sambandi. Ég hef ekki orðið var við það og mér er ekki kunnugt um að það hafi komið fram hjá þeim sem starfa í sjávarútvegi og hafa verið að taka þátt í þessari útrás.

[10:37]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að full ástæða sé til að vekja athygli á ræðunni sem hæstv. forsætisráðherra hélt á viðskiptaþinginu í gær sem var um margt markverð og ýmislegt sem þar bar til tíðinda. Meðal annars hreyfði hæstv. forsætisráðherra því máli sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur gert að umtalsefni, þ.e. að opna þyrfti fyrir erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi. Þetta er náttúrlega ekki í fyrsta skipti sem það mál kemur upp og ég held að það sé mjög hollt fyrir þingheim að skoða þetta mál og velta því fyrir sér alveg óháð Evrópusambandsaðild. Við verðum að svara þeirri spurningu að ef til þess kemur í framtíðinni að opnað verði fyrir erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi hvernig við þurfum þá að hafa búið um hnútana þannig að þessi sameiginlega auðlind okkar, fiskurinn í sjónum, sameiginlega auðlind þjóðarinnar haldist í eign þjóðarinnar. Og þá hljótum við auðvitað að verða að taka á þeim málum í tengslum við þá stjórnarskrárvinnu sem nú fer fram og tryggja eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni. Við hljótum líka að þurfa að taka á því í tengslum við fiskveiðistjórnarkerfi okkar þannig að þjóðin geti í raun praktíserað þetta eignarhald sitt án tillits til þess hver hefur nýtingarréttinn á auðlindinni. Þetta eru því spurningar sem við verðum að svara og fara í gegnum. Við verðum að tryggja annars vegar í stjórnarskrá og hins vegar í lögum að þjóðin sé ekki bara í orði heldur á borði eigandi þessarar auðlindar burt séð frá því hvernig staðið er síðan að úthlutun á nýtingarréttinum.

[10:39]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það þarf ekki að koma á óvart að vinstri grænir fari af hjörunum þó að forsætisráðherra komi með meiningar sem hann hefur áður viðrað, því menn nýta tækifærið, koma hér upp og gera eitthvað miklu meira úr því en efni standa til. En hér hefur einmitt komið fram bæði hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra og talsmanni Samfylkingarinnar í umræðunni að þessi viðhorf hafa áður komið fram.

Ég tel mjög mikilvægt að við áttum okkur á því að þessi umræða er algerlega óháð aðild að Evrópusambandinu. Ljóst er að við viljum gjarnan fá betri tollaðgang að mörkuðum ESB. Það er mjög mikilvægt fyrir sjávarútveginn. Fram hefur komið að þegar við höfum knúið á um slíkt hefur verið bent á þær takmarkanir sem gilda í fjárfestingum í sjávarútvegi og það hefur margoft komið fram á opinberum vettvangi. Það er því mjög eðlilegt að hæstv. forsætisráðherra skuli segja að tímabært sé að endurskoða þessar ákvarðanir okkar um takmarkanir, t.d. í sjávarútvegi.

Ekki má heldur gleyma því að Íslendingar hafa verið að fjárfesta í sjávarútvegi hjá öðrum Evrópulöndum. Ég tel því mjög eðlilegt að farið sé yfir þessi mál í heild sinni og þau skoðuð. Við vitum ekkert hver niðurstaðan yrði af slíkri endurskoðun en það er alls ekki óeðlilegt að við förum yfir það.

Ég vil hins vegar taka fram vegna þeirra hnútukasta sem hér komu fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar út í hæstv. forsætisráðherra vegna ræðunnar, þá kallaði hv. þingmaður að þetta væri draumur og vísaði þá í annað mál sem er aðild að ESB. Ég mundi miklu frekar kalla það raunsæi. Þarna var um spá að ræða og hæstv. forsætisráðherra taldi að við Íslendingar værum orðnir aðilar 2015. Ég held að það sé miklu nær því að vera raunsæi en draumur.

[10:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra flutti ræðu og hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. utanríkisráðherra, a.m.k. utanríkisráðherra, komu inn á að þetta væri ekki stefna ríkisstjórnarinnar sem Halldór Ásgrímsson væri að tala um varðandi Evrópusambandið. Núna kemur hæstv. sjávarútvegsráðherra í pontu og segir að það sem Halldór Ásgrímsson talaði um í gær varðandi fjárfestingar í sjávarútvegi sé ekki stefna ríkisstjórnarinnar.

Ég velti fyrir mér, hæstv. forseti, hvort það sé svo að innan Framsóknarflokksins, í ljósi þeirra orða sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hafði hér áðan, að verið sé að ræða það að skipta á aðgangi á lækkun tolla inn í Evrópusambandið annars vegar og fjárfestingum í óveiddum fiski í sjónum í aflaheimildum á Íslandsmiðum hins vegar. Mér fannst mega ráða það af orðum hennar áðan að þetta þyrftu menn að skoða í samhengi. Ég ætla aðeins að lýsa skoðun minni á því, ég tel að ekki komi til greina að hleypa fjárfestingum inn í kvótakerfið, inn í okkar rétt til veiða á fiskstofnunum eins og kerfið er úr garði gert nú um stundir. Það kann vel að vera síðar að við berum gæfu til að festa þannig reglur í lög um fiskveiðar okkar að hægt sé að leyfa útlendingum að fjárfesta hér eitthvað í fiskiskipum og útgerð. En með núverandi fyrirkomulagi væri það afar neikvætt fyrir Ísland og mundi vera fjandsamlegt gagnvart byggð í landinu.

[10:43]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er ekki nýtt að formaður Framsóknarflokksins tjái hug stjórnenda Framsóknarflokksins til að ganga í Evrópusambandið, til að hleypa erlendum fjárfestingum inn í íslenskan sjávarútveg. Það sem er hins vegar nýtt er að forsætisráðherra, talsmaður ríkisstjórnarinnar sem við höfum talið vera svo, segi það opinberlega að stefnan sé að ganga í Evrópusambandið og telur afar brýnt að hleypa erlendum aðilum inn í íslenskan sjávarútveg. Það er nýtt. Þess vegna fagna ég yfirlýsingum hæstv. sjávarútvegsráðherra sem segir að engin innstæða sé fyrir þeim yfirlýsingum hæstv. forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og ég lít svo á að þetta sé bara óvarkárt fleipur hjá hæstv. ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Ég fagna einnig þeim yfirlýsingum hæstv. sjávarútvegsráðherra að ekki standi til af hans flokks hálfu að hleypa erlendum aðilum inn í íslenska fiskveiðilögsögu til að eiga rétt til fiskveiða. Til einhvers var barist þegar útfærsla landhelginnar var gerð á sínum tíma til að við færum einhvern tíma að hleypa formanni Framsóknarflokksins til að opna

hana nú aftur fyrir útlendingum. Það er nóg óöryggi sem íslenskur sjávarútvegur býr við nú vegna hás gengis og stóriðjustefnunnar þó þetta bætist ekki við. Ég tel því mikilvægt að ríkisstjórnin tali skýrt í þessu máli gagnvart einum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, og treysti hæstv. sjávarútvegsráðherra til annaðhvort að knýja forsætisráðherra til að taka orð sín til baka eða ómerkja þau með öðrum hætti.

[10:46]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að lýsa yfir vonbrigðum með að hjarðsveinninn mikli, sem dreymdi upphátt hina stóru drauma í gær um aðild að Evrópusambandinu og innkomu útlendinga í íslenskan sjávarútveg, skuli ekki hafa séð sér fært að vera hér við upphaf þingfundar í dag. Ég er að sjálfsögðu að tala um hæstv. forsætisráðherra.

Verið er að tala um að heimila útlendingum að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. Það má spyrja nokkurra grundvallarspurninga.

1. Hefur íslenskur sjávarútvegur staðið frammi fyrir einhverjum skorti hvað varðar aðgang að fjármagni? Ég fæ ekki séð það. Ef við skoðum skuldaþróun íslensks sjávarútvegs má frekar færa rök fyrir því að sjávarútvegurinn hafi hreinlega búið við allt of gott aðgengi að fjármagni og hafi þannig skuldsett sig upp fyrir hæstu rjáfur þannig að stórhætta stafar nú af.

2. Skyldu útlendingar hafa áhuga á að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi? Ég held ekki. Ég hef ekki orðið var við að erlendir aðilar hafi haft mikinn áhuga á að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. Þeir hefðu getað gert það eftir krókaleiðum ef þeir hefðu kært sig um. Það eru margar útgerðir við Norður-Atlantshaf sem hafa mikið fé á milli handanna, til að mynda í Noregi. Þær hafa ekki sýnt minnsta snefil af áhuga á því að koma hér inn og fjárfesta í íslenskum útgerðum.

3. Íslenskar útgerðir, sjávarútvegsfyrirtæki hafa staðið fyrir útrás á erlendri grundu og ég get ekki séð að það hafi nokkuð hindrað þær í þeirri för nema kannski óarðbærar fjárfestingar á stundum.

4. Hvað ættu útlendingarnir síðan að kaupa? Ég get ekki séð að ástand fiskimiðanna í kringum landið sé með þeim hætti að þar sé feitan gölt að flá, því miður. Loðnan er niðri, þorskurinn er niðri, flatfiskstofnarnir eru niðri, hörpudiskurinn er niðri, rækjan er niðri. Þeir gætu kannski keypt ýsu en hún er verðlítil. (Forseti hringir.) Og síðan kannski svolitla síld. Það er allt og sumt.

[10:48]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við Íslendingar höfum eignast nýjan spámann, það kom í ljós í gær. Svo vill til reyndar að hann er einnig hæstv. forsætisráðherra landsins. Reyndar hefur á þeim bænum oftar verið hugsað fjögur ár fram í tímann en ekki heil níu eins og kom fram í ræðu Halldórs Ásgrímssonar í gær á þingi Verslunarráðs.

Það sem vekur athygli mína sérstaklega í þessu er þögn formanns Sjálfstæðisflokksins í málinu. Reyndar er það svo að hæstv. utanríkisráðherra er alltaf að sjást minna og minna í þingsal og hann gefur engin komment á málið í fjölmiðlum, lætur gefa það út. Hér er hins vegar um grafalvarlegt mál að ræða, aðganginn að auðlindinni. Ætli það verði hlutverk Framsóknarflokksins að leiða okkur inn á þá braut á sjálfkrafa færibandi? Eins og mér virtist að mætti skilja á málflutningi hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, að við værum bara á einhverju sjálfkrafa færibandi inn í Evrópusambandið og það væri ekkert við það ráðið.

Mér þykir þetta mjög einkennilegur málflutningur og ég ætla að segja það hér að auðvitað er það ekki þannig. Það verður náttúrlega barist gegn því vegna þess að þetta mál snýst að mjög miklu leyti um sjálfstæði þjóðarinnar, grundvöllinn fyrir því að búa í landinu og það sem gerir okkur að þjóð.

[10:50]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er alltaf hollt að líta til framtíðar og velta því fyrir sér hvernig hún gæti orðið eftir bestu manna yfirsýn. Við höfum fyrir okkur þær staðreyndir að á undanförnum árum hefur okkur tekist að bæta lífskjör íslensku þjóðarinnar meira en nokkur önnur þjóð í Evrópu hefur gert. Við búum við það umhverfi í dag, sem er ánægjulegt, að óteljandi tækifæri eru til að halda áfram að bæta lífskjör íslensku þjóðarinnar við þær aðstæður sem eru, utan Evrópusambandsins. Það er enginn skortur á aðilum sem vilja nýta íslenskar auðlindir, vatnsorku og jarðhita. Og ekki virðist vera neinn skortur á erlendum aðilum sem eru tilbúnir til að líta til Íslands sem viðskiptatækifæris og taka þar þátt í því með okkur að bæta kjör íslensku þjóðarinnar og halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið undanfarinn áratug eða svo.

Virðulegi forseti. Þetta hefur okkur tekist án þess að vera aðilar að Evrópusambandinu. Ég sé ekki nein teikn á lofti um að okkur sé nein nauðsyn að ganga þar inn fyrir þá múra sem þar eru til að takmarka möguleika okkar á að sækja fram til betri framtíðar.

Virðulegi forseti. Umræða hefur áður farið fram um hvort skynsamlegt sé íslenskum hagsmunum að leyfa útlendum aðilum að kaupa veiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu. Við höfum ávallt komist að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki, það þjónaði ekki hagsmunum Íslendinga að gera slíkt. Það er ekkert sem fram hefur komið í þessari umræðu nú sem að mínu mati breytir þeirri niðurstöðu sem ég hef komist að. Við eigum að nýta auðlindir landsins okkur til framdráttar og það er enginn hagur í því sjáanlegur að við bætum stöðu okkar með því að leyfa útlendingum að nýta íslensku auðlindina í sjónum og færa arðinn af henni úr landi.

[10:52]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég held að afar mikilvægt sé að við höfum í huga við hvaða aðstæður ummæli hæstv. forsætisráðherra féllu á viðskiptaþingi í gær. Þar var um það að ræða að viðskiptaþing lagði upp ákveðna framtíðarsýn. Hvernig lítur íslenskt samfélag út árið 2015? Að sjálfsögðu var hæstv. forsætisráðherra að greina frá sinni sýn hvað það

varðar. Menn geta talað óvirðulega um það sem drauma eða draumóra en forsætisráðherra hefur auðvitað rétt á að hafa þá skoðun að Ísland verði orðið aðili að Evrópusambandinu á þeim tíma.

Hins vegar er ljóst að það eru afar margir sem ekki deila þeirri skoðun og ég er í þeim hópi, tel ekki að Ísland verði orðið aðili að Evrópusambandinu árið 2015. Stjórnarstefna ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðar er afar skýr. Menn hafa sett ákveðna vinnu í gang við að skoða kosti og galla Evrópusambandsaðildar eins og gert hefur verið oftar á undanförnum árum. Hins vegar hefur ekki verið mörkuð framtíðarstefna af hálfu núverandi ríkisstjórnar um að ganga inn í Evrópusambandið og ég held að ótímabært sé að tala um þessi mál á þeim nótum.

Ástæðan fyrir því að við höfum ekki tekið það skref að hefja undirbúning aðildarviðræðna er auðvitað sú að okkur vegnar vel við núverandi aðstæður. Okkur hefur vegnað afar vel í efnahagsmálum og því eru engar efnahagslegar forsendur sem knýja okkur til aðildar og slíkar aðstæður eru heldur ekki að mínu mati fyrirsjáanlegar á næstu árum. Við verðum auðvitað stöðugt að ræða þetta, fylgjast með þróun og taka þátt í umræðu. En þessar forsendur eru hvorki komnar fram né fyrirsjáanlegar. (Forseti hringir.) Okkur hefur vegnað afar vel og við eigum þess vegna að halda áfram á sömu braut.

[10:55]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tel merkustu tíðindin af viðskiptaþingi í gær vera hina hvössu gagnrýni Ágústs Guðmundssonar í Bakkavör á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar þar sem hann leiddi rök að því að sú gríðarlega uppbygging og áhersla á stóriðju og álver sem komið hefur fram í áformum hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur og hæstv. forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar sem því miður er fjarri, og Sjálfstæðisflokksins einnig, að hún stangist á við þau skilyrði sem við þurfum að búa þeim fyrirtækjum sem eru fyrirtæki framtíðarinnar á Íslandi, hátæknifyrirtækjunum og útrásarfyrirtækjunum.

Einhver urgur er hér í þinginu þessa dagana og mikið fundið að því sem menn segja og gera og það verður hver að hafa það fyrir sig. En ég verð að segja að ég er alltaf heldur glaður þegar Halldór Ásgrímsson dettur inn í það hlutverk að vera Evrópusinni, sem hann gerir svona tvisvar á ári þegar Framsóknarflokknum hefur vegnað eitthvað illa í skoðanakönnunum.

Ég hef fulla samúð með þeim sjónarmiðum Halldórs Ásgrímssonar og fleiri sem telja að fáránlegt sé að útiloka eina, aðeins eina atvinnugrein á Íslandi frá því að njóta aðgangs, venjulegs, heilbrigðs aðgangs að erlendu fjármagni. Málið er náttúrlega þannig og það verður hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, og liðsmenn hans í tveimur flokkum hér að skoða og líta í eigin barm því að umbúnaðurinn um þessa auðlind er þannig að ríkisstjórnarflokkarnir hafa leynt og ljóst stefnt að því að hún verði að einkaeign, einkaeign útgerðarmanna og fjármálamanna í landinu. Það er í raun og veru eina hindrunin sem ég sé í vegi fyrir því að veita greininni aðgang að fjármagni. Ef við getum búið svo tryggilega um að þetta yrði þjóðareign, eins og við samfylkingarmenn höfum stefnt að, sé ég ekkert á móti því að þessi grein njóti sama aðgangs að erlendu fjármagni og aðrar greinar á Íslandi.

[10:57]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Varðandi Evrópusambandsaðild ætla ég að láta liggja á milli hluta hvort hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, er draumóramaður eða spámaður, eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir telur hann greinilega vera. En hvað varðar yfirlýsingu hæstv. ráðherra um sjávarútveginn og vandann í sjávarútvegi tel ég að kjarni málsins sé sá að ekki sé skortur á erlendu eignarhaldi í íslenskum útvegsfyrirtækjum eða fiskvinnslu sem sé vandamál heldur tengist hann meingölluðu kvótakerfi þar sem hagsmunir fjármagns ráða of miklu á kostnað byggðasjónarmiða og almannahags.

Ég þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir mjög skýr svör í þessu máli. Efnislega segir hann að ekkert knýi á um að viljayfirlýsing hæstv. forætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, um að opna fyrir erlent eignarhald í útvegsfyrirtækjum og fiskvinnslu nái fram að ganga.

Ósk mín er sú að ríkisstjórnin leiði þessi mál til lykta á næstu fundum sínum og helst áður en hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, flytur ræðu til þjóðarinnar um óskir sínar og drauma.

[10:59]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Þetta hefur að mörgu leyti verið áhugaverð umræða en gallinn við hana er auðvitað sá að menn hafa verið nokkuð að oftúlka þau orð hæstv. forsætisráðherra sem hann lét falla á viðskiptaþinginu í gær: Ég tel líka tímabært að endurskoða fyrri ákvarðanir sem takmarka fjárfestingu erlendra aðila í tilteknum atvinnugreinum, t.d. í sjávarútvegi. Með þeim orðum var hæstv. forsætisráðherra út af fyrir sig ekki að opna á það sem við höfum verið að ræða almennt um vegna þess að auðvitað geta verið ýmsir hlutir varðandi eignarhald útlendinga í sjávarútvegi sem hægt er að skoða. Við tókum á sínum tíma t.d. um það sérstaka ákvörðun, eftir að við höfðum áður breytt lögum varðandi óbeina eignaraðild útlendinga að sjávarútvegi, að breyta þeim lögum aftur til að opna á möguleika á óbeinni eignaraðild. Ég tel að það hafi tekist mjög vel og það sé mjög skynsamlegt eins og það er.

Það eru líka, eins og ég nefndi áðan, möguleikar á fjárfestingum útlendinga í markaðshluta sjávarútvegsins og það hefur verið að gerast. Það hefur líka tekist vel og við sjáum hvernig þau fyrirtæki hafa verið að sækja fram á útlendum markaði, m.a. með því að eignast útlend fyrirtæki og það mun auðvitað gerast með þeim hætti einhvern tíma að einnig verði um að ræða sameiningar og þá komast útlendingar inn í þann hluta sjávarútvegsins.

Það er sjálfsagt mál að við förum yfir þessa hluti alla saman. En kjarni málsins er sá sem ég var hér að segja; það er þessi spurning um að tryggja veiðiréttinn. Það sem ég lagði aðaláherslu er að bein fjárfesting útlendinga í sjávarútvegi sem gæfi útlendingum veiðirétt í íslenskri landhelgi sé ekki á dagskrá núverandi ríkisstjórnar og það held ég að

sé enginn ágreiningur um. Það sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar voru að reyna að segja áðan, að hægt væri á einhvern hátt að tryggja það að þó að útlendingar eignuðust fyrirtækin þá væri ákvæði í stjórnarskrá sem mundi gera það að verkum að það hefði ekki áhrif á nýtingarréttinn í íslenskri landhelgi. Það gengur auðvitað ekkert upp. Það er einfaldlega þannig að þó að við hefðum ákvæði í stjórnarskránni eða hvernig sem við reyndum að tryggja það, sem gæfi hins vegar möguleika á því að útlendingar eignuðust hér veiðiréttinn, þá væri forræði okkar yfir landhelginni, veiðiréttinum og fiskimiðunum horfið. Ég tel að það eigi að snúast um þetta og við eigum að setja línuna þar og (Forseti hringir.) þaðan eigum við einfaldlega ekki að hvika.

Um fundarstjórn.

Skýrsla um framvindu byggðaáætlunar.

[11:01]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt áður en við förum í að ræða þá tvo dagskrárliði sem eru á dagskrá í dag að fá skýringar frá hæstv. iðnaðarráðherra um annan dagskrárliðinn sem er skýrsla um framvindu byggðaáætlunar 2002–2005, 398. mál á þskj. 504.

Mig langar að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra: Hvað er nýtt í þeirri skýrslu sem nú er lögð fram á þessu þingi? Á 131. þingi var lögð fram skýrsla og hún er nær alveg eins og skýrslan sem við ætlum að fara að ræða á eftir. Sú skýrsla var reyndar rædd í október 2004. Síðan var lögð fram skýrsla iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 á 130. þingi sem var útbýtt í þinginu 5. febrúar 2004, en var aldrei rædd.

Virðulegi forseti. Það sem mig langar bara að fá að vita hjá hæstv. ráðherra, sem er vafalaust með þetta allt saman á hrein: Hver er munurinn á milli þessara þriggja skýrslna? Þegar þessu er flett er þetta eiginlega allt saman eins. Það er fjallað um byggðaáætlun, meginþættina, og það er fjallað um aðgerðirnar 22 í skýrslunni sem var lögð fram á 130. þingi. Í skýrslunni sem var lögð fram á 131. þingi er þetta allt saman eins, meginþættir byggðaáætlunar og punktarnir 22. Sú skýrsla var rædd. Síðan er það skýrslan sem er núna á 132. þingi. Meginþættir byggðaáætlunar eru, 22 punktarnir og allt það. Mér virðist ekkert vera nýtt í þessu þannig að spurningin er sem sagt þessi: Hvað erum við að fara að ræða núna? Er eitthvað nýtt eða er þetta bara svona, eins og sagt er á tölvumáli, „copy and paste"?

[11:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta eru svo sem útúrsnúningar hjá hv. þingmanni. Ef hann telur enga ástæðu til að ræða þessa skýrslu er ég alveg tilbúin að sleppa því. (**JBjarn:** Já.) (**Gripið fram í:** Gott.) Alveg tilbúin í það. Hins vegar er það þannig að lögum samkvæmt ber iðnaðarráðherra að leggja fram skýrslu um framvindu byggðamála. (**Gripið fram í:** Á hún alltaf að vera eins?) Það getur vel verið að einhverjir þættir sem koma fram í skýrslunni séu lítið breyttir milli ára. (**Gripið fram í:** ... þróun.) Engu að síður er ástæða til að halda hlutum til haga og koma í skýrslum fram með það sem gert er, og það sem gert er vel því það er nú ýmislegt. Svo get ég t.d., með leyfi forseta, vitnað í ákveðinn þátt í þessari skýrslu sem mér þykir ákaflega ánægjulegur og er á bls. 5 ... (**Gripið fram í:** Hvaða skýrslu?) Ég er með skýrsluna sem við erum að fara að ræða á eftir. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Þegar tölur um íbúaþróun á landinu á tímabilinu 1996–2000 og svo aftur 2000–2004 eru skoðaðar kemur í ljós að á fyrra tímabilinu fækkaði íbúum landsbyggðar um rúmlega 2000 en fjölgaði um tæplega 1500 á síðara tímabilinu."

Þetta held ég að sé til vitnis um að sú sem hér stendur og tók við þessum málaflokki 1. janúar árið 2000 hafi staðið sig allvel. Þess vegna er ég ákaflega bjartsýn núna við upphaf þessarar umræðu og þakka hv. þingmanni fyrir að hafa vakið athygli á því að þessi skýrsla er til umfjöllunar og hefur ýmsan góðan boðskap að flytja.

[11:05]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er lagaskylda að leggja fram þessa skýrslu. (**KLM:** ... leggja ekki alltaf fram það sama, meina ég.) Það er aftur á móti matsatriði hversu lík hún er þeirri fyrri en ég held að við verðum að passa okkur á að fylgja þessari lagaskyldu sem iðnaðarráðherra hefur til að leggja fram skýrslu um framvindu byggðaáætlunar. Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort ástæða er til þess að tala um það efnislega undir þessum lið hvað þessi skýrsla inniheldur. Við höfum fullt og mikið tækifæri til þess á eftir að ræða þetta allt saman í samhengi. Það er augljóst mál að umræða á að fara fram í þinginu um skýrsluna, og við getum svo haft ýmsar athugasemdir við hana efnislega. Mér finnst fulllangt gengið að vera að ræða þetta á þeim nótum að það eigi alls ekki að ræða skýrsluna hérna. (Gripið fram í.)

[11:07]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við erum að fara að ræða hér skýrslu um stefnumótandi byggðaáætlun. Ég vona að við förum að komast í þá umræðu en í tilefni af þeirri umræðu sem hefur farið hérna fram lýsi ég yfir þeirri von minni að hæstv. iðnaðarráðherra sé ekki bara að leggja skýrsluna fram af því að lögin segja til um það. Ég var eiginlega að vonast til að við gætum rætt hér skýrslu vegna þess að það væri eitthvert mark á henni takandi og hér væri eitthvert efni á mörgum síðum sem hægt væri að fara eftir, og jafnvel gera betur í byggðamálum. Það er virkilega það sem við þurfum á að halda. Við þurfum ekki á því að halda að leggja fram ótal skýrslur, sama hvort þær eru nákvæmlega eins og þær voru fyrir þremur árum, eða hvað veit ég.

Byggðamál er eitt af mikilvægustu málunum, brenna auðvitað á stórum hluta þjóðarinnar og þess vegna finnst mér dálítið leiðinlegt að í þessum umræðum skuli vera talað eins og þetta sé eitthvert mál sem sé bara lagalegs eðlis sem þurfi að leggja fram og þess vegna sé hæstv. iðnaðarráðherra neyddur til að gera það, enn aftur og aftur.

[11:08]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er auðvitað ekki rétt að ræða þetta efnislega núna því að við munum gera það hér á eftir. En það er einn vinkill á þessu sem ég bjóst við að hv. þm. Hlynur Hallsson kæmi inn á, hlutur sem við þurfum að fara að skoða í þinginu, þ.e. þessi mikli pappírsaustur sem hér á sér stað. Ég hefði talið eðlilegt að hæstv. iðnaðarráðherra hefði birt þessar sjö nýju línur sínar á blaði og sett síðan eina setningu þar fyrir neðan: Að öðru leyti vísast til skýrslu sem gerð var síðasta vetur. Þar með hefðum við getað sparað hér gífurlegt pappírsmagn og auðveldað okkur líka samlesturinn — ef það er rétt hjá hæstv. ráðherra að aðeins sjö línur séu nýjar í skýrslunni. Ég á nú eftir að þaulskoða þetta og get auðvitað ekki fullyrt en mér heyrðist það á hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** ... sjö?) Já, þetta eru einu góðu línurnar sem hæstv. ráðherra fann nýjar. Eru hinar kolómögulegar, eða hvað? Það væri nú fróðlegt, hæstv. ráðherra, ef hún flýtti fyrir okkur í þessari í grandskoðun, þ.e. ef hæstv. ráðherra hefur fleiri nýjar línur þótt þær séu ekki jafngóðar og þessar, og benti okkur á þær í seinni ræðu sinni á eftir sem ég vænti að hæstv. ráðherra haldi. Ég mun á eftir ræða efnislega þessar ágætu sjö línur sem hæstv. ráðherra er svona hreykin af. Ég er nú ekki jafnánægður með þessar sjö línur og hún vegna þess að auðvitað má gera ýmsar athugasemdir við þær.

Ég vona þó, hæstv. ráðherra, að fleiri línur séu í þessu vegna þess að ég verð að segja, eins og ég sagði í upphafi, að mér þykir ekki til fyrirmyndar árið 2006 að fara svo með skóga heimsins að gefa út skýrslur ár eftir ár ef það eru ekki nema sjö línur nýjar. Mun einfaldara er að setja eina línu sem vísar í hina gömlu skýrslu, hæstv. ráðherra. Ég vona að gleði þín verði meiri þegar líður á umræðuna en hún er nú. (**Iðnrh.:** Það byrjar bara á jákvæðu nótunum, heyrist mér.)

[11:10]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Mér finnst þessi umræða í þinginu vera farin að minna helst á hálfgerða grínstofu. Þingmenn stjórnarandstöðunnar hneykslast á því að hér eigi að taka til umræðu byggðamál og gera lítið úr þeirri skýrslu sem liggur til grundvallar.

Ég held að það sé mjög brýnt, virðulegur forseti, að við bara vindum okkur í þessa umræðu. Það er alveg ljóst að byggðamál eru mjög mikilvæg. Um 70% þjóðarinnar búa á höfuðborgarsvæðinu og 30% á landsbyggðinni, og byggðamál eru mikilvæg fyrir báða þessa hópa, geysilega mikilvæg. (Gripið fram í.) Við skulum bara drífa okkur í þessa umræðu og hætta að karpa og, ég vil segja, stríða hæstv. ráðherra. Förum bara í umræðuna. (Gripið fram í.) Þeir sem hafa sig mest í frammi í þessari umræðu, þeir sem telja sig einhverja sjálfskipaða verði byggðanna, skulu bara vinda sér í umræðuna og taka almennilega á henni. Ekki gera einhver formsatriði að umræðu hér, virðulegi forseti.

[11:11]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra fer yfirleitt í þá vörn þegar hún lendir í erfiðleikum í umræðu um byggðamál, sem er oft, að kalla athugasemdir útúrsnúninga. Þetta eru engir útúrsnúningar. Ég spurði einfaldlega eftir því hvað væri nýtt í þessari nýjustu skýrslu. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson sem er búinn að lesa hana telur sig vera búinn að finna sjö nýjar línur. Mig minnir að byggðaáætlunin sem við höfum unnið eftir, og á nú að skila skýrslu um, hafi verið kölluð 19-línu-aðgerðin þegar hún var sett fram.

Það sem ég er einfaldlega að tala hér um, virðulegi forseti, eru þessar þrjár skýrslur. Ein hefur ekki verið rædd. Ein var rædd og svo erum við að fara í þessa núna. Þessi er svona endurtekning á þessu öllu. Það er ekkert nýtt í þessari skýrslu.

Virðulegi forseti. Þetta er svipað og þegar hæstv. iðnaðarráðherra varð fimmtug fyrir nokkrum árum og bauð í mikla veislu á Lómatjörn. (**Gripið fram í:** Þér var ...) Ég komst því miður ekki í þá veislu. En þetta er álíka og ef hæstv. iðnaðarráðherra mundi bjóða okkur í fimmtugsafmælið sitt á hverju ári þaðan í frá. (Gripið fram í.) Það gerir enginn kröfu um svoleiðis, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir. Aðalatriðið er að það getur stytt mjög umræðuna ef hæstv. byggðamálaráðherra getur sagt okkur það, eins og hér hefur komið fram, að það er nánast ekkert nýtt í skýrslunni sem við erum að fara að ræða núna, skýrslu sem lögð er fram á 132. þingi. (**Iðnrh.:** ... áætlun.) Við erum líka að fara að ræða þessa skýrslu, virðulegi forseti. Hún er hér dagskrárliður nr. 2. Þetta á að ræða saman. Þess vegna er mikið atriði að fá þetta fram.

Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir talar um að iðnaðarráðherra, hæstv. byggðamálaráðherra, fylgi lagaskyldu með því að flytja Alþingi þessa skýrslu. Það er alveg hárrétt. En það er kannski fulllangt gengið í því ef þessi lagaskylda er framkvæmd með því að leggja alltaf sama þinggagnið fram og þá komi ekkert nýtt fram. Þá er spurning hvort tíma Alþingis sé ekki betur varið í eitthvað annað en að vera sífellt að tala um það sama. Ég hefði haldið að lagaskyldan fælist í því að segja okkur hvað hefði þá gerst nýtt frá síðustu skýrslu. En það er ekkert.

Virðulegi forseti. Ég tek eftir að hæstv. iðnaðarráðherra getur ekki svarað því hvað er nýtt í þessari nýju skýrslu en það hefur komið fram um þessar sjö línur sem nýjar eru.

[11:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Annars vegar heldur hv. þingmaður því fram að skýrslur skipti engu máli. Hins vegar eru skýrslur mjög merkilegar, heyri ég. Aðalatriðið er þó að þróunin er að breytast. Fólk sem býr á landsbyggðinni er jákvæðara gagnvart því að búa á landsbyggðinni, og jákvæðir hlutir eru að gerast sem gera það að verkum að fólk vill búa á landsbyggðinni. Það hlýtur að vera aðalatriðið, alveg burt séð frá skýrslum. Hvers vegna hv. þingmaður kýs að hefja þessa umræðu svona veit ég ekki en mér dettur í hug að það sé vegna þess að hann er í dálitlum erfiðleikum með að gagnrýna ráðherrann að þessu sinni. (Gripið fram í.)

Stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009, fyrri umr.

Stjtill., 391. mál. — Þskj. 473.

og

Framvinda byggðaáætlunar 2002–2005, ein umr.

Skýrsla iðnrh., 398. mál. — Þskj. 504.

[11:15]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Ráðherra sem flytur dagskrármálin hefur óskað eftir því, sbr. 3. mgr. 63. gr. þingskapa, að ræða þau saman og hefur forseti fallist á það, að höfðu samráði við þingflokksformenn. Verður svo, ef enginn hreyfir andmælum. Tekin eru fyrir 1. og 2. dagskrármálið, stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009 og framvinda byggðaáætlunar 2002–2005. Umræðan um málin fer þá fram skv. 48. gr. þingskapa um skýrslur. Hefur ráðherra 30 mínútur í fyrri ræðu og 15 mínútur í seinni ræðu en aðrir þingmenn og ráðherrar 15 mínútur tvisvar.

[11:16]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og kveðið er á um í 7. gr. laga um Byggðastofnun legg ég nú fyrir Alþingi tillögu að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009. Lögum samkvæmt lýsir áætlunin markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í fylgiskjali með þingsályktunartillögunni er gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu. Samhliða legg ég fram skýrslu um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005.

Aðdragandi að framlagningu þingsályktunartillögunnar er í stuttu máli sá að haustið 2004 fól iðnaðarráðuneytið Byggðastofnun að vinna frumdrög að nýrri byggðaáætlun sem skyldi byggjast á grunni þágildandi áætlunar en segja má að einkunnarorð hennar hafi verið: „Þróun byggðar á *grundvelli þekkingar og nýsköpunar*". Ráðuneytið og Byggðastofnun kölluðu atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga til sérstaks fundar um gerð byggðaáætlunarinnar 18. febrúar 2005. Á fundinum var kallað eftir hugmyndum fundarmanna um aðgerðir til þess að ná markmiðum áætlunarinnar. Fjölmargar tillögur komu fram á fundinum og í kjölfar hans. Iðnaðarráðuneyti fór yfir tillögurnar og tók mið af þeim við gerð áætlunarinnar. Byggðastofnun skilaði drögum að byggðaáætlun til ráðuneytisins í apríl 2005. Þá kallaði ráðuneytið önnur ráðuneyti til liðs við sig og óskaði eftir að þau skilgreindu hvert á sínu sviði aðgerðir til að ná markmiðum byggðaáætlunar. Uppkast að þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 lá fyrir í byrjun október sl. og var þá sent til umsagnar hins breiða hóps sem komið hafði að gerð þess auk annarra sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta. Uppkastið var jafnframt lagt fram á heimasíðu Byggðastofnunar. Viðbrögð voru góð en hátt á fjórða tug umsagna bárust og hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem þar komu fram eins og völ var á.

Með þessu móti var leitast við að ná sem víðtækastri sátt og samhljómi um byggðaáætlunina. Efling byggðar er meðal meginmarkmiða ríkisstjórnarinnar. Húns stefnir að því að treysta undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á samvinnu dreifbýlis og þéttbýlis um efnahagslegan stöðugleika svo að markmið um frekari framfarir, uppbyggingu atvinnulífs, bættar samgöngur og öryggi borgaranna náist. Í yfirlýsingunni segir að hagsmunir landsins felist í markvissu samstarfi höfuðborgar og landsbyggðar og gagnkvæmum skilningi.

Eitt fjögurra meginstefnumiða iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrir árin 2004–2007 er að treysta búsetu á landsbyggðinni. Í stefnumörkun ráðuneytisins hef ég tekið mið af þeim aðgerðum sem skilgreindar voru í byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005 og byggt á því að menntun, hátt almennt þekkingarstig og nýsköpun í atvinnulífinu séu meginstoðir varanlegrar búsetu á landsbyggðinni og forsenda efnahagslegra framfara og félagslegrar velferðar íbúanna.

Sú þingsályktunartillaga sem ég mæli nú fyrir og athugasemdir með henni hafa að geyma nánar útfærða stefnu stjórnvalda í byggðamálum fyrir árin 2006–2009. Sett eru fram markmið, lagðar áherslur og mótaðar áætlanir um aðgerðir.

Í tillögunni er lagt til að eftirfarandi þrjú meginmarkmið verði lögð til grundvallar:

1. Að landshlutakjarnar verði efldir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.

2. Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.

3. Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.

Lagt er til að sérstök áhersla verði lögð á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, bættar samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands.

Hér er haldið áfram á þeirri braut sem var mörkuð í byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005.

Út frá þessum áherslum hafa verið mótaðar 23 aðgerðir til að ná markmiðum byggðaáætlunarinnar. Með aðgerðunum er sérstaklega leitast við að ná samhljómi með annarri áætlanagerð og aðgerðum stjórnvalda. Aðgerðir byggðaáætlunar hafa almennt í för með sér eflingu opinberrar starfsemi á landsbyggðinni. Aðgerðirnar eru listaðar upp í þingsályktunartillögunni sjálfri en nánar útfærðar í athugasemdum með henni. Það er rétt að taka fram að þessar aðgerðir eru fjarri því tæmandi fyrir aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum á gildistíma byggðaáætlunarinnar. Aðgerðirnar 26 marka í flestum tilvikum ákveðinn ramma en gert er ráð fyrir því að iðnaðarráðuneyti skilgreini nánar í samstarfi við önnur ráðuneyti og fleiri aðila tiltekin samstarfsverkefni innan rammans. Verkefnin geta jafnframt falið í sér samstarf ráðuneyta og annarra aðila án beinnar aðkomu iðnaðarráðuneytis.

Þetta er sambærilegt fyrirkomulag og hefur verið við-

haft við framkvæmd byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005.

Náið samstarf iðnaðarráðuneytisins við önnur ráðuneyti um framkvæmd verkefna á málefnasviðum þeirra er mikilvægt fyrir framgang byggðastefnu enda er málaflokkurinn þess eðlis að að hann tekur til flestra þátta samfélagsins.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi verkefnisstjórn til að hafa umsjón með framvindu byggðaáætlunarinnar.

Með leyfi forseta langar mig að fara stuttlega yfir þær aðgerðir sem tillagan gerir ráð fyrir að gripið verði til í því skyni að ná markmiðum byggðaáætlunarinnar.

Lagt er til að unnið verði að mikilvægum samgöngubótum á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun og hugað að þróun almenningssamgangna. Góðar og öruggar samgöngur hafa afgerandi áhrif á búsetuskilyrði á landsbyggðinni. Bættar samgöngur innan landshluta hafa þegar stuðlað að stækkun markaðssvæða, aukinni fjölbreytni í þjónustu og fjölgun atvinnutækifæra. Rannsóknir hafa sýnt að með því að bæta samgöngur innan Austurlands, Norðurlands og Vestfjarða sé unnt að skapa þéttbýliskjarna sem bjóði upp á svipaða kosti og höfuðborgarsvæðið. Þá má ekki gleyma mikilvægi greiðra samgangna milli landshlutakjarnanna og höfuðborgarsvæðisins.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að áfram verði unnið að sameiningu sveitarfélaga í heildstæð atvinnu- og þjónustusvæði. Samhliða verði unnið að hugsanlegum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga. Lagt er til að unnið verði áfram að því að tryggja fjarskipti og bæta gagnaflutningsmöguleika á landsbyggðinni í samræmi við fjarskiptaáætlun og stuðlað að því að jafnaður verði mismunur á kostnaði við flutningana. Nútíminn gerir kröfur um aðgengi að góðum og öruggum fjarskiptum hvar og hvenær sem er. Góð fjarskipti eru þannig mikilvægur þáttur í rekstrarumhverfi fyrirtækja á landsbyggðinni. Þau eru forsenda þess að fólk geti notið þeirra lífsgæða sem almennt er gerð krafa um, og mikilvægi þeirra fyrir öryggi borgaranna er ótvírætt.

Gert er ráð fyrir því að gerð og framkvæmd vaxtarsamninga verði mikilvægur liður í framkvæmd byggðaáætlunar. Þannig sameinast opinberir aðilar og einkaaðilar um aðgerðir til að efla samkeppnishæfni svæða og auka hagvöxt. Lagt er til að árangur af samningunum verði metinn reglulega. Segja má að með vaxtarsamningum sé ábyrgð á framkvæmdum á sviði byggðamála að nokkru leyti færð til hagsmunaaðila í héraði. Þegar hafa verið gerðir vaxtarsamningar um Eyjafjarðarsvæðið og Vestfirði og unnið er að gerð vaxtarsamninga fyrir Suðurland og Austurland. Þá hefur verið ákveðið að ráðast í gerð vaxtarsamninga fyrir Norðvesturland og Vesturland.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að árið 2006 verði skipulögð markviss söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun svo að reglubundin söfnun og úrvinnsla geti hafist hjá Byggðastofnun í upphafi árs 2007. Það er mikilvægt að tölfræðileg gögn um byggðaþróun séu ávallt tiltæk enda eru slík gögn grundvallaratriði við stefnumótun og ákvarðanatöku. Nokkuð hefur vantað upp á að gögnum sem snúa að byggðaþróun sé markvisst safnað og unnið úr þeim og þau birt með reglubundnum hætti. Hér er lagt til að úr því verði bætt.

Gert er ráð fyrir því að hafinn verði undirbúningur að gerð svokallaðra landshlutaáætlana. Innan Evrópusambandsins er unnið skipulag fyrir stór landsvæði þar sem mynduð er sameiginleg framtíðarsýn og stefnumótun svæða um sjálfbæra þróun efnahagssamfélags og náttúrufars. Íslendingar taka nú þátt í verkefni Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins um gerð svæðisáætlana á norðlægum slóðum. Lagt er til að niðurstöður þessa verkefnis verði athugaðar og kannaðir kostir þess að gera landshlutaáætlanir á þeim grunni sem saman mundu ná yfir Ísland allt.

Lagt er til að gerð verði athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Styrkleikar þeirra og veikleikar verði metnir, og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna. Þótt víða hafi tekist að snúa vörn í sókn í byggðamálum hefur ýmsum byggðarlögum á landsbyggðinni reynst erfitt að glíma við fólksfækkun sem sums staðar hefur verið viðvarandi um nokkurt skeið. Staðan hefur verið einna erfiðust hjá byggðarlögum sem liggja það fjarri þéttbýliskjörnum að ekki er hagkvæmt að sækja vinnu þangað og erfitt er um vik að njóta þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Það er mikilvægt að hugað verði sérstaklega að þessum byggðarlögum.

Þá er lagt til að stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni verði samhæft og starfið gert markvissara, Nýsköpunarmiðstöðinni á Akureyri og atvinnuþróunarfélögum verði áfram tryggður öruggur starfsgrundvöllur. Gert er ráð fyrir því að árið 2006 verði gerð áætlun um víðtæka eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni. Í áætluninni verði skilgreint áherslusvið og fyrirkomulag samstarfs mótað. Samstarfið verði svo rekið sem þróunarverkefni út gildistíma byggðaáætlunarinnar.

Það er mikilvægt að rannsóknir og tækniþróun á fræðasviðum sem eru sérstaklega til þess fallin að styrkja nýsköpun í atvinnulífi nái varanlegri fótfestu.

Þrjár aðgerðir snúa beint að eflingu menntunar. Lagt er til að áfram verði unnið að uppbyggingu þekkingar- og háskólasetra á landsbyggðinni. Þá er lagt til að kostir dreifmenntunar, þar sem aðferðum fjarkennslu og staðbundinnar kennslu er beitt saman, verði nýttir til að veita fjölbreytt námsframboð á öllum skólastigum með samstarfi skóla. Meðal annars verði stuðlað að samstarfi háskóla um fjarkennslu. Skilgreind verði ákveðin marksvið í starfsmenntun á landsbyggðinni og unnið að eflingu þeirra í samstarfi framhaldsskóla, fyrirtækja og móðurskóla í starfsmenntun.

Loks er gert ráð fyrir því að framboð símenntunar á landsbyggðinni verði aukið í samstarfi símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Jafnframt verði stuðlað að samstarfi símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla um starfsmenntun fyrir fullorðna.

Það leikur enginn vafi á því að efling atvinnulífs á landsbyggðinni og varanleg styrking búsetu byggist að verulegu leyti á því að fólki gefist sem lengst kostur á að stunda fjölbreytt nám í heimabyggð, hvort tveggja bók- og verknám. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að unnið verði að eflingu menningar á landsbyggðinni, m.a. með því að halda áfram gerð menningarsamninga við sveitarfélög. Styrking íþrótta- og æskulýðsstarfs er liður í eflingu menningar. Lagt er til að unnið verði að því að gera afrakstur tilraunaverkefnisins um rafrænt samfélag aðgengilegan fyrir önnur

byggðarlög. Á grunni byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 voru því valin tvö byggðarlög til að reka tilraunaverkefni um svokallað rafrænt samfélag í því skyni að styrkja upplýsingasamfélagið á landsbyggðinni. Hér er um að ræða eðlilegt framhald þess verkefnis.

Gert er ráð fyrir að unnið verði að bættri heilbrigðisþjónustu, m.a. með flutningi verkefna á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga. Heilbrigðisnet sem m.a. tengir saman heilbrigðisstofnanir og gerir fjarlækningar mögulegar verði þróað áfram og tekið í fulla notkun. Þá er lagt til að unnið verði markvisst að gagnkvæmri samfélagsaðlögun innflytjenda og kannað að frumkvæði heimamanna í hverjum landshluta hvort kostur sé á að stofna þjónustumiðstöðvar fyrir innflytjendur.

Tillagan gerir ráð fyrir því að gerð verði úttekt á stöðu landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar á landsbyggðinni og greind helstu sóknarfæri og nýsköpunarmöguleikar þessara hefðbundnu atvinnugreina. Hugað verði að því hvort efla megi opinbera þjónustu við þessar atvinnugreinar á landsbyggðinni, t.d. með flutningi tiltekinna verkefna.

Þá er lagt til að unnið verði að öflugri uppbyggingu ferðaþjónustu. Áhersla verði lögð á sérkenni hvers landshluta og skipulagningu vaxtarsvæða. Þá verði unnið að því að bæta aðstöðu ferðamanna í þjóðgörðum og tryggja öruggt aðgengi þeirra.

Lagt er til að unnið verði að því að efla þátt kvenna í atvinnurekstri með ráðgjöf og námskeiðum og huga að leiðum til þess að gera stoðkerfi atvinnulífsins aðgengilegra fyrir konur.

Þá verði unnið að eflingu skapandi greina í samræmi við ályktun Vísinda- og tækniráðs frá 2. júní 2005 með virkri þátttöku landsbyggðarinnar, og umhverfisstarfsemi sveitarfélaga verður efld með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, einkum í fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni.

Tvær lokatillögur áætlunarinnar fjalla svo um alþjóðlegt samstarf á vettvangi byggðamála en lagt er til að Ísland verði áfram virkur þátttakandi í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins og vinni áfram að því að útvíkka starfsemi NORA, Norrænu Atlantsnefndarinnar, og beiti sér fyrir því að samstarfslöndin fjármagni starf hennar.

Að þessari yfirferð lokinni get ég ekki látið hjá líða að minnast á að í kjölfar þess að starfshópur sem falið var að fjalla um fjárhagsvanda Byggðastofnunar skilaði mér tillögum sínum í nóvember. Er nú unnið að því í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu að móta aðgerðir til að vinna bug á vanda stofnunarinnar. Unnið að því að sameina atvinnuþróunarstarfsemi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og þróa nýjar fjármögnunarleiðir, m.a. í samstarfi við banka og önnur fjármálafyrirtæki. Það er rétt að taka fram að það er algjört lykilatriði við þessa endurskipulagningu að störfum á Sauðárkróki verði ekki fækkað og að atvinnuþróunarstarfsemi á Ísafirði, Egilsstöðum og Akureyri verði efld. Ég legg áherslu á að unnið verði hratt og örugglega að þessu máli og er sannfærð um að þessar breytingar munu verða heillaskref fyrir landsbyggðina.

Frú forseti. Sú tillaga sem hér er lögð fram er rökrétt framhald byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 sem ég tel að hafi skilað miklum árangri. Áætlunin byggir á framsýnni stefnu í byggðamálum sem mun stuðla að eflingu byggðar í landinu okkur öllum til frambúðar.

Ég legg til að þingsályktunartillögunni verði vísað að lokinni þessari umræðu til hv. iðnaðarnefndar og til síðari umr.

[11:34]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra út í mál sem kemur fram í skýrslu ráðherrans um framvindu byggðaáætlunar þar sem gerð er grein fyrir starfsskilyrðum atvinnuveganna. Þar kemur fram að á vegum iðnaðarráðuneytisins hafi verið kannaðir möguleikar á að taka upp endurgreiðslu til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni á hluta flutningskostnaðar. Síðan kemur fram að ekki hafi náðst samstaða um framgang þessa máls milli ráðuneytanna þriggja sem að því áttu að koma, iðnaðar-, samgöngu- og fjármálaráðuneytis. Það mun hafa komið fram á fundi með þingmönnum Norðausturlands hjá hæstv. iðnaðarráðherra að það væri samstarfsflokkur Framsóknarflokksins í ríkisstjórn sem stöðvaði allar aðgerðir í þessu hvað varðaði lækkun flutningskostnaðar og það að styrkja með einhverjum hætti framleiðslufyrirtæki í þeim efnum.

Er þetta rétt, hæstv. ráðherra, (Forseti hringir.) og hvað líður þessu máli?

(**Forseti** (SP): Forseti vill minna á það að orðaskipti í andsvörum mega eigi standa lengur en 15 mínútur í einu þannig að aðeins fjórir hv. þingmenn geta veitt andsvar.)

[11:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður hefur greinilega fengið það hlutverk hjá hv. þm. Kristjáni Möller að spyrja um þetta. Þetta er mál sem hann hefur alveg eignað sér. Hins vegar fer hv. þingmaður (Gripið fram í.) ekki rétt með. Þá hefur hv. þm. Kristján Möller ekki farið rétt með það sem gerðist á fundi sem vitnað er til. Það er ekki þannig að ég hafi sagt að samstarfsflokkurinn hafi stöðvað þetta. Ég sagði eingöngu að ekki hefði náðst um það pólitísk samstaða að fara út í það að endurgreiða hluta flutningskostnaðar vegna iðnaðarframleiðslu eða vegna iðnfyrirtækja á landsbyggðinni. Þannig stendur málið og þetta segir skýrslan og það er engu við það að bæta.

[11:36]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki pólitísk samstaða um það, segir ráðherrann, að taka upp endurgreiðslu til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni á hluta flutningskostnaðar. Ég hef skilið það þannig, og nú leiðréttir ráðherra mig ef ég fer rangt með, að Framsóknarflokkurinn hafi heldur verið þessu hlynntur og þá hlýtur maður að spyrja: Hvar er hin pólitíska andstaða? Ef hún er ekki í Framsóknarflokknum, flokki ráðherrans, hlýtur hún að vera hjá samstarfsflokknum. Það væri ágætt að fá það bara upp á borðið í hverju hin pólitíska andstaða liggur, og hjá hverjum.

[11:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki eitt af því sem lögð er áhersla á í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Í rauninni ber okkur því engin skylda til að taka þetta fyrirkomulag upp á þessu kjörtímabili. Niðurstaðan er sú að það verður ekki gert. Hvað framtíðin ber í skauti sér verðum við svo að sjá til með. (Gripið fram í.)

Mér er kunnugt að gerð hefur verið úttekt á samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Það er ekki allt landsbyggðarfyrirtækjum í óhag. Það eru mjög margir þættir sem eru þeim í hag, þeim iðnfyrirtækjum sem eru rekin á landsbyggðinni, t.d. má nefna húsnæðiskostnað í því sambandi. Það er ekki eins og að það sé algjörlega borðleggjandi að fara út í þessa aðgerð. Hins vegar hafa sumar þjóðir gert það og talið sig hafa haft ágætisárangur af því. Við skulum sjá til hvað framtíðin ber í skauti sér.

(**Forseti** (SP): Forseti vekur athygli á því að hv. þingmenn og hæstv. ráðherra hafa aðeins eina mínútu.)

[11:38]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skal reyna að tala hratt. Þetta byrjar því miður ekki sérstaklega vel. Hæstv. iðnaðarráðherra upplýsir okkur um að það sem standi í þessari skýrslu um lækkun á flutningskostnaði og samkeppnisstöðu fyrirtækja úti á landi sé ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar og þess vegna sé ekkert mark á þessu takandi. Það þykir mér mjög miður.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um svokallaðan vaxtarsamning Eyjafjarðar. Margir fögnuðu því þegar þessi samningur var gerður í júlí 2004. Þar var á allt annarri línu talað um hlutina, talað um klasa og að byggja ætti upp á því sem er fyrir á svæðinu, ekki að eitthvað stórt komi frá stjórnvöldum og verði sett niður í Eyjafirði. Hins vegar finnst mér að ekki hafi sérstaklega mikið komið út úr þessari vinnu. Nú er eitt ár til stefnu og hér er vísað í heimasíðu sem er ágæt (Forseti hringir.) fyrir sína hluti en mig vantar svör við þessu.

[11:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi veit ég ekki hvað hv. þingmaður er að meina þegar hann segir að ekkert mark sé á skýrslunni takandi. Það kemur einmitt fram í henni að ekki hafi náðst pólitísk samstaða um að fara í endurgreiðslu vegna flutningskostnaðar þannig að það mál er búið.

Hvað varðar vaxtarsamninginn er það mjög nútímaleg aðferð í byggðamálum sem þar á sér stað. Við erum að setja í þetta milljónatugi á hverju ári og alls hefur samningurinn, ef ég man rétt, 70 millj. á ári til að spila úr. Það eru heilmiklir peningar. Nú þegar er þessi samningur farinn að skila sér ákveðið til fólksins. Við erum að færa stefnumótun heim í hérað með þessu. Miðað við það hve mikil eftirsókn er eftir því að fá svona samninga við ríkið á hinum ólíkustu stöðum, nánast á öllu landinu, held ég að það hljóti að þýða að fólk hefur trú á þessu.

Ég er alveg sannfærð um að þetta er góð aðferð. Hún fellur mjög vel að því sem við síðan erum almennt að gera í atvinnuþróunarmálum á landsbyggðinni. Við getum kannski komið betur að því síðar.

[11:40]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók einmitt fram að ég er sammála því að þetta er góð aðferð og jákvæð. Það er annað hljóð í strokknum en þegar allt kemur að utan færandi hendi, þungaiðnaður t.d., og er látið hlunkast niður í samfélag þar sem það á ekki heima. Hins vegar vildi ég sjá að mun meiri áhersla væri lögð á þessa hluti. Það eru ekki nógu miklir peningar settir í þetta. Mér finnst að nú sé ástandið í Eyjafirðinum þannig að menn séu farnir, enn eina ferðina, að bíða eftir álveri.

Þetta drepur niður frumkvæði og kraft heimamanna sem ætla að skapa eitthvað nýtt. Það er það sem við eigum að byggja á.

Þess vegna verð ég fyrir vonbrigðum með svör hæstv. iðnaðarráðherra. Ég vil fá að sjá hvað kemur út úr þessari vinnu. Er það ekki borðleggjandi, hæstv. ráðherra?

[11:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem er að koma út úr þessari vinnu er m.a. klasasamstarf á ýmsum sviðum. Hundruð manna hafa komið að samstarfinu sem varðar vaxtarsamninginn á Akureyri. Ég er alveg sammála hv. þingmanni með það að fólk bíður eftir álverinu. Það var ánægjulegt að vera nýlega á fundi á Akureyri þar sem fjallað var um mögulegt álver á Norðurlandi. Það var mikill léttir í raun að koma norður og finna þann mikla þrýsting sem þar var á það að fá álver eftir að hafa verið þrjá daga í þinginu og hlustað á vinstri græna. Ég upplifði Ísland eiginlega á alveg nýjan hátt og hef verið í góðu skapi síðan.

[11:42]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra varð í ræðu sinni tíðrætt um mikilvægi samgangna innan svæða og var þar í engu ofmælt. Ísafjörður hefur verið tilnefndur sem þjónustukjarni fyrir Vestfirði en eins og kunnugt er er ekki um að ræða samgöngur milli suður- og norðurhluta Vestfjarða meginhluta ársins.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hún hafi hugsað sér að beita sér fyrir því að Ísafjörður geti þjónað suðursvæðinu og hvenær. Ég legg áherslu á að úrbætur í samgöngumálum milli þessara svæða eru ekki síður mikilvægar fyrir norðursvæðið en suðursvæðið sem samkvæmt byggðaáætlun er ætlað að sækja þjónustu til Ísafjarðar.

[11:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekkert annað en sagt að ég er sammála hv. þingmanni um það að samgöngur eru gríðarlega mikilvægar. Við eigum vissulega mikið verk ónunnið á

því sviði, ekki síst á Vestfjörðum. Ég vil þó við upphaf þessarar umræðu biðja hv. þingmenn að hafa skilning á því að ég get ekki farið nákvæmlega inn í málaflokka sem heyra beint undir aðra ráðherra, eins og samgöngumálin gera. Ég tel að ég geti bara ekki annað en tekið undir það sem hv. þingmaður segir um mikilvægi. Uppi eru áform um jarðgangagerð á þessu svæði, eins og hv. þingmaður þekkir. Það hlýtur að koma að því þótt ég ætli ekki að fara nákvæmlega yfir hvenær það verður o.s.frv. Ég þekki alveg bærilega til á Vestfjörðum og veit að þar er gríðarlega mikið verk óunnið milli suður- og norðurfjarða. Það mundi styrkja svæðið allt ef þarna væri hægt að gera mikið átak, og áform eru uppi um það þótt það sé ekki alveg á næstu árum.

[11:44]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að hryggja hæstv. ráðherra með því að ég sýni henni ekki skilning í þessu efni. Það er mín skoðun að allt tal um byggðaaðgerðir á svæðum eins og Vestfjörðum sé meira og minna marklaust hjal meðan samgöngur eru í því horfi sem þær eru í dag. Ef eitthvað á að vera að marka tal um uppbyggingu á Vestfjörðum erum við að tala um tugmilljarða framkvæmdir í vegamálum. Á Vestfjörðum þurfum við að koma vegum niður á láglendi eins og á öðrum stöðum landsins. Við þurfum líka að sjá til þess að hægt sé að ferðast milli Vestfjarða og Reykjavíkur á tilteknum lágmarkstíma en því miður sjást þess engin merki að hæstv. ríkisstjórn sýni metnað í því efni.

[11:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þó ekki væri nema til þess að valda ekki hæstv. iðnaðarráðherra vonbrigðum með því að eyða ekki nokkrum orðum á hana langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra út í Byggðastofnun.

Það var mikið átak og pólitísk ákvörðun á sínum tíma að flytja Byggðastofnun til Sauðárkróks og byggja hana upp þar. Ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun og góð þó að hún hafi verið umdeild. En nú síðustu árin hafa allar aðgerðir miðast að því að draga úr styrk og hlutverki Byggðastofnunar á Sauðárkróki, færa hluta af verkefnum hennar til Akureyrar eða Ísafjarðar, eins og hæstv. ráðherra hefur hér minnst á. Nú segir ráðherra að það þurfi einungis að verja störf Byggðastofnunar á Sauðárkróki, ekki að verja hlutverk hennar eða miðlægt hlutverk.

Ég spyr hæstv. ráðherra: (Forseti hringir.) Er þetta rétt stefna sem þarna kemur fram gagnvart uppbyggingu Byggðastofnunar?

[11:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega alltaf spurning hvað er rétt stefna og kannski getur verið að við séum ekki alltaf sammála um það, ég og hv. þingmaður. En það sem verið er að vinna að í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, og ég kom að í ræðu minni, og varðar atvinnuþróunarkerfið allt, stoðkerfi atvinnulífsins, snýr að því að sameina kraftana. Að mögulega verði til ein stofnun sem fjalli um alla þessa þætti og hún verði með starfsemi hér í Reykjavík og á Sauðárkróki og síðan í þeim þremur byggðakjörnum á landsbyggðinni sem við höfum lagt áherslu á. Ég tel að í þessu felist heilmörg tækifæri og bið hv. þingmann að útiloka ekki fyrir fram að þetta geti verið skynsamlegt.

[11:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel ekki skynsamlegt að veikja Byggðastofnun á Sauðárkróki. Mín skoðun er sú að skipulagið ætti að vera með þeim hætti að við værum með eina miðlæga Byggðastofnun og síðan sterk atvinnuþróunarfélög úti í héruðunum. Þannig teldi ég að þetta væri skilvirkast.

Sú stefna sem nú er keyrð áfram varðandi uppbyggingu þessara þjónustustofnana er mjög ómarkviss. Ég tel það mjög óheppilegt og draga mjög úr markvissu starfi sem hægt væri að vinna þarna. Ég skora því á hæstv. ráðherra að endurskoða stefnu sína og byggja upp öfluga Byggðastofnun á Sauðárkróki og síðan öflug atvinnuþróunarfélög um landið.

[11:49]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil á móti skora á hv. þingmann að gefa því fyrirkomulagi sem ég er hér að kynna í örstuttu máli tækifæri. Í þessum tillögum eru mikil tækifæri fólgin, með því að sameina kraftana. Ég er ekki að gera lítið úr atvinnuþróunarfélögum á svæðunum, svo sannarlega ekki, enda mundu þau tengjast umræddum þekkingarsetrum. Ég held að það sé óhætt að tala um það sem þekkingarsetur sem yrðu til á þessum stöðum á landsbyggðinni og mundu þau eflast mjög frá því sem nú er. Það er náttúrlega kominn vísir að þekkingarsetrum og meira en það á sumum þessara staða og með því að tengja atvinnuþróunina háskólunum og rannsóknum erum við að fara inn á nýjar brautir, sem er mjög í samræmi við það sem þær þjóðir eru að gera sem við berum okkur saman við.

Við megum ekki festa okkur í því sem er. Við verðum að horfa fram á veginn og hugsa: Hvernig getum við nýtt kraftana best? Það er það sem við höfum að leiðarljósi í þeirri vinnu sem nú fer fram í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

[11:50]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sú þingsályktunartillaga og sú skýrsla sem hér eru til umræðu, annars vegar skýrslan um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 og hins vegar tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009, eru nokkuð miklar að vöxtum, talsvert mikill pappír á ferðinni. En eins og fram kom í umræðu hér í þessum sal fyrr í dag er innihaldið kannski ekki eins mikið að vöxtum og pappírinn gefur tilefni til að ætla því að skýrslan um framvindu byggðaáætlunar er nánast sú sama og flutt hefur verið ár eftir ár í þinginu.

Á það var bent af hæstv. ráðherra að það væru að vísu sjö nýjar línur í skýrslunni sem væru mjög jákvæðar vegna

þess að í þeim línum kæmi fram að nokkur viðsnúningur hefði orðið á árunum 2000–2005. Á þeim tíma hefði íbúum landsbyggðarinnar ekki fækkað eins og hafði gerst árin á undan — á árunum á undan, 1996–2000, hefði íbúum fækkað í öllum gömlu kjördæmunum utan höfuðborgarsvæðisins en á tímabilinu 2000–2004 hefði þróunin breyst þannig að nú hefði einungis orðið fækkun í tveimur gömlu kjördæmanna, þ.e. á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Þetta er rétt eins langt og það nær, virðulegur forseti, en hins vegar segir þetta ekki alla söguna vegna þess að landsbyggð og landsbyggð eru sitt hvað. Þegar rýnt er í svar sem félagsmálaráðherra gaf nýverið við fyrirspurn frá Kristjáni L. Möller, þingmanni Samfylkingarinnar, um íbúatölur kemur fram að mjög mörg byggðarlög í landinu eiga verulega undir högg að sækja og þar hefur orðið umtalsverð íbúafækkun á árunum 2000–2004, jafnvel þó að fjölgun hafi orðið í viðkomandi kjördæmi.

Við þurfum ekki annað en að horfa á Suðurkjördæmið, heilmikill vöxtur hefur verið hér í kringum höfuðborgarsvæðið, í Hveragerði og Árborg og víðar. En önnur sveitarfélög á þessu svæði hafa þurft að láta undan síga, eins og Vestmannaeyjabær þar sem íbúum hefur fækkað um 6,3% á þessu tímabili og á Hornafirði hefur íbúum líka fækkað um 6,3%. Jafnvel í Reykjanesbæ hefur fjölgunin verið minni en í kjördæminu í heild sinni, aðeins 3,7% fjölgun hefur orðið í Reykjanesbæ sem er þá bæjarfélag sem á líka undir högg að sækja og það tengist auðvitað atvinnumálunum þar.

Síðan getum við horft á önnur kjördæmi og þá blasir við okkur t.d. varðandi Norðvesturkjördæmi mikil og viðvarandi fækkun á sunnanverðum Vestfjörðum. Jafnvel í sveitarfélaginu Skagafirði er fækkun upp á 1,2%. Í Húnavatnssýslum, nánast eins og þær leggja sig, er fækkun í nánast öllum byggðarlögum. Við förum yfir á Norðausturland og þar er sömu sögu að segja, fækkun í Siglufjarðarkaupstað, í Húsavíkurbæ, í Ólafsfjarðarbæ, í Dalvíkurbæ, í Grýtubakkahreppi, í Skútustaðahreppi o.s.frv., í Raufarhafnarhreppi og í Svalbarðshreppi. Í Fjarðabyggð er fjölgunin 22% og það lyftir kjördæminu upp. Svo þarf víst ekki að fara langt frá Fjarðabyggð í Fáskrúðsfjarðarhrepp, Breiðdalshrepp og Djúpavogshrepp til þess að sjá tölur um fækkun um 14 og upp í 23% á þessu tímabili. Það segir því ekki alla söguna þegar meðaltalið er tekið og það segir eiginlega ósköp lítið um það sem er að gerast í íbúaþróun.

Í sjálfu sér getur sú þróun sem þarna á sér stað talist eðlileg. Það er alþjóðlegt fyrirbæri, og er lögmál efnahagslífsins ef svo má segja, að fyrirtæki þjappa sér saman og fólkið fer svo þangað sem tækifærin eru flest. Þetta er að gerast um allan heim en þetta er líka staðbundin þróun. Hún á sér staðbundnar rætur og hún á sér rætur í stjórnvaldsaðgerðum. Það er auðvitað ýmislegt sem hefur verið gert hér á umliðnum árum af hálfu stjórnvalda sem hefur haft þessi áhrif.

Það má t.d. nefna breytingar á skattaumhverfi fyrirtækja sem hafa verið gerðar á umliðnum árum. Ég hygg að þær breytingar hafi að mörgu leyti komið illa niður á landsbyggðinni þó að það hafi kannski ekki verið meining stjórnvalda. Að mörgu leyti voru þessar aðgerðir eðlilegar út frá gangverki efnahagslífsins og jafnræði atvinnugreina og atvinnufyrirtækja o.s.frv. Það var þannig hér á árum áður að ýmsar atvinnugreinar greiddu lægra tryggingagjald en aðrar og ég hygg að það hafi að stórum hluta til verið atvinnugreinar sem stóðu nokkuð föstum fótum úti um land. Síðan var þessu breytt og tryggingagjaldið var jafnað hjá öllum atvinnugreinum. Annað sem gerðist líka í skattaumhverfi fyrirtækja var að tekjuskattur á fyrirtækjum var lækkaður, sem hefur orðið til þess að fyrirtækin eru farin að skila meira arði þannig að sú aðgerð hefur í sjálfu sér skilað tekjum í ríkissjóð. En samhliða þessu var tryggingagjald á fyrirtækjum hækkað og það kom miklu meira við fyrirtæki úti á landi en hér á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórnvaldsaðgerðir sem geta, eins og ég segi, átt fyllilega rétt á sér og verið til komnar af eðlilegum ástæðum hafa heilmikil áhrif á það hvernig byggð þróast og hvernig atvinnulíf þrífst um landið. Ýmsar stjórnvaldsaðgerðir í skattamálum hafa komið mjög illa við fyrirtæki úti á landi, ýmsar aðgerðir í stjórn ríkisfjármála og peningamála hafa líka komið mjög illa við fyrirtæki og íbúa úti um landið.

Þetta hefur gerst án þess að ríkisstjórnin hafi gripið til þeirra mótvægisaðgerða sem eðlilegt er að gera þegar um slíkt er að ræða. Það hefur ekki verið gripið til mótvægisaðgerða til þess að stemma stigu við þeirri þróun sem hér hefur orðið og hefur leitt til þessarar fækkunar í mörgum sveitarfélögum úti um landið og hefur leitt til þess að atvinnulíf á erfiðara uppdráttar.

Auðvitað er þetta ekki eina ástæðan, það mætti nefna aukna samþjöppun í sjávarútvegi, það mætti nefna tæknibreytingar, það mætti nefna breytingar í landbúnaði o.s.frv. en allar þessar breytingar kalla á einhverjar mótvægisaðgerðir af hálfu stjórnvalda. Til slíkra aðgerða hefur ekki verið gripið. Þess vegna hafa hlutir þróast með þeim hætti sem þeir hafa þróast. Það er ekkert náttúrulögmál að leiðir skilji milli þéttbýlissvæðisins hér á suðvesturhorninu og stórs hluta byggðarinnar úti á landi og það er heldur ekkert náttúrulögmál að leiðir skilji milli þeirra sem hafa hæstar tekjur í samfélaginu og hinna sem hafa þær lægstar. Þetta er ekkert náttúrulögmál. Þetta tengist stjórnvaldsaðgerðum, þær geta bæði ýtt undir slíkt, og það hafa aðgerðir þessarar ríkisstjórnar gert, og þær geta líka dregið úr áhrifunum og það hefur vantað nokkuð mikið upp á það af hálfu stjórnvalda.

Ég fór síðastliðið sumar og haust út um allt land og fundaði með samfylkingarfólki og hélt reyndar líka opna fundi í ýmsum sveitarfélögum. Það sem maður finnur mjög fyrir eru áhyggjur fólks og óöryggi vegna stöðu ýmissa byggðarlaga úti á landi. Fólk er óöruggt gagnvart atvinnumöguleikum sínum þegar til framtíðar er litið. Það hefur áhyggjur af þeim mikla tilkostnaði sem því fylgir að mennta börnin sín. Fólk talar um að það kosti 400–450 þús. kr. að senda ungling í framhaldsskóla burt að heiman. Það er umtalsverður kostnaður þegar þess er gætt hversu lítið kemur á móti úr jöfnunarsjóði námskostnaðar sem greiðir að hámarki 150–180 þús. kr. vegna hvers nemanda. Þetta er auðvitað gríðarlegur aðstöðumunur sem þarna er á milli fólks hvað varðar aðgang að menntun fyrir börnin og mjög mikilvægt að þessi aðgangur sé jafnaður.

Eitt sem fólk nefnir líka mjög gjarnan er hinn mikli flutningskostnaður sem fylgir ýmsum svæðum og ýmsum fyrirtækjum sem staðsett eru úti á landi. Fyrir fyrirtæki sem

ekki byggja á staðbundnum framleiðsluþáttum, ef svo má segja, t.d. iðnfyrirtæki sem vilja setjast að úti á landi og nýta sér ekki beinlínis einhverja staðbundna þætti, nýta sér bara almennt vinnuafl og hráefni sem þeir gætu í sjálfu sér fengið hvar sem er á landinu, fyrir slík fyrirtæki er auðvitað sá mikli flutningskostnaður sem fylgir því að staðsetja sig víða úti á landi mikil hindrun. Það hefur verið gripið til aðgerða, t.d. í Noregi þar sem flutningskostnaður hefur verið niðurgreiddur. Þar hefur verið endurgreiddur flutningskostnaður hjá fyrirtækjum sem ekki byggja á staðbundnum framleiðsluþáttum til að jafna, ef svo má segja, þann aðstöðumun sem er vegna fjarlægðarinnar. Þetta hafa Norðmenn gert með góðum árangri og þetta var eitt af því sem talið var að ráðherra ætlaði að grípa til, en eins og kom fram í umræðunni áðan hefur það ekki verið gert.

Eitt enn var nefnt og er auðvitað gríðarlega mikilvægt og það eru samgöngumálin. Þar þarf víða að taka til hendinni. Eins og kom fram í máli hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur er auðvitað tómt mál að tala um svæðismiðstöðvar eins og Ísafjörð á meðan fólkið sem býr á suðurfjörðum Vestfjarða á í rauninni mjög ógreiða leið að þeim byggðarkjarna sem Ísafjörður á að vera og er mikilvægt að þar sé tekið til hendinni.

Varðandi byggðamálin að öðru leyti sýnist mér að upp sé komið nýtt tískuorð í byggðaumræðunni, lausnarorð, og það er orðið vaxtarsamningur. Það á að gera vaxtarsamninga alls staðar. Ég tel að vaxtarsamningar eigi víða rétt á sér. Þeir eiga rétt á sér þar sem fyrirsjáanlegt er að vöxtur getur orðið, ef stöndug, öflug fyrirtæki eru á viðkomandi svæðum, fyrirtæki sem eru tilbúin að leggja eitthvað af mörkum til slíkra vaxtarsamninga. En annars staðar held ég að slíkir samningar hafi ekkert upp á sig og séu bara dálítið mikil pótemkintjöld. Við verðum að horfast í augu við að það eru ákveðin svæði sem við verðum að skilgreina, ekki sem vaxtarsvæði, heldur sem varnarsvæði. Kannski ættum við að gera einhvers konar varnarsamninga varðandi þau svæði, þ.e. að horfast í augu við veruleikann að fólki mun fækka þar og reyna með stjórnvaldsaðgerðum að búa þeim sem eftir verða ákveðin lífsgæði engu að síður, og þar þurfi opinberir aðilar að koma miklu öflugar inn í það en þeir gera í hinum svokölluðu vaxtarsamningum. Vaxtarsamningar eru ágætir til síns brúks og þar sem þeir eiga við, þar sem eru öflug fyrirtæki sem geta lagt eitthvað af mörkum, þar sem er eitthvert rannsóknarumhverfi. Annars staðar þarf að grípa til annars konar aðgerða sem byggja á svæðisbundnum úttektum og áætlunum.

Virðulegi forseti. Það sem ég sakna — tíminn hleypur nú alveg óskaplega frá manni í þessari umræðu sem hægt væri að hafa uppi lengi — en það sem ég sakna í þessari áætlanagerð ráðherrans er að hún sé aðgerðabundin, þ.e. að skilgreint sé nákvæmlega til hvaða aðgerða á að grípa og hvernig menn ætli að mæla það hvort þeir eru að ná þeim markmiðum sem þeir setja sér eða ekki. Það eru engin mælanleg markmið í áætluninni, það er engin aðgerðabinding. Þetta eru orð á blaði, ágæt til síns brúks. En ég býst við, virðulegi forseti, að á næsta ári komi enn ein skýrslan um byggðaáætlun, úttekt á því sem gert hefur verið, og að hún verði nánast eins og sú skýrsla sem hér liggur fyrir sem er eins og skýrslurnar tvær á undan, vegna þess að það vantar inn í þetta miklu skýrari aðgerðir og að sett séu mælanleg markmið.

[12:06]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur þetta innlegg í umræðu um byggðamál. Það er rétt hjá hv. þingmanni að mörg fyrirtæki á landsbyggðinni berjast í bökkum og það er einnig rétt hjá henni að tryggingagjaldið er mjög íþyngjandi fyrir þessi fyrirtæki. En ég vil spyrja hv. þingmann hvort það sé ekki rétt munað hjá mér að Samfylkingin lagði til síðasta haust hækkun á tryggingagjaldi upp á 400 milljónir og hvort fyrirtækin á landsbyggðinni hefðu ekki þurft að borga sinn skerf af því. Hér verða menn að tala í takt og vera samkvæmir sjálfum sér. Samfylkingin lagði til síðastliðið haust að hækka tryggingagjald á fyrirtæki í landinu.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson fór hér mikinn og ræddi um sjávarútvegsmál og talaði fyrir fyrningarleið í sjávarútvegsmálum. Það var reyndar stefna Samfylkingarinnar fyrir síðustu alþingiskosningar. Hv. formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, boðaði sátt við íslenskan sjávarútveg. Þessir tveir hv. þingmenn hafa talað út og suður um málefni sjávarútvegsins. Sjávarútvegurinn er ein af undirstöðum atvinnulífs á landsbyggðinni og því er eðlilegt að spyrja hv. formann Samfylkingarinnar hver raunveruleg stefna Samfylkingarinnar sé í sjávarútvegsmálum. Eða er það kannski eins og með tryggingagjaldið að þar er kápan borin á báðum öxlum?

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég nefna að mér fannst það ekki maklegt af hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að tala um vaxtarsamninga, t.d. í Eyjafirði, sem eitthvert tískuorð. Getur það verið neikvætt að leiða aðila á viðkomandi svæðum til samvinnu, fyrirtæki, félagasamtök, sveitarfélög og ríki? Er það neikvætt að leiða þessa aðila saman að borðinu til að byggja upp atvinnulíf í viðkomandi byggðarlögum? Það er undarlegur málflutningur, hæstv. forseti.

[12:08]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst varðandi tryggingagjaldið. Þegar sú umræða var hér uppi, líklega um 2002, um lækkun á tekjuskatti til fyrirtækja og hækkun á tryggingagjaldi var margsinnis á það bent af hálfu Samfylkingarinnar hvernig þetta kæmi niður á ýmsum sveitarfélögum úti á landi. Ég man ekki betur en að tekið hafi t.d. verið sérstakt dæmi af Vestmannaeyjabæ í því sambandi. Fengin var sérstök úttekt eða mat frá ríkisendurskoðanda varðandi þetta mál, sem sýndi miðað við þáverandi aðstæður að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu mundu hagnast um 2,4 milljarða vegna þessarar breytingar en fyrirtæki, og þá var landið allt undir að öðru leyti, um 74 milljónir. Síðan væru einstök byggðarlög þar sem menn borguðu umtalsvert meira í skatt eða opinber gjöld, getum við sagt, í tengslum við fyrirtækjarekstur eftir þessa breytingu en áður.

Aðeins varðandi vaxtarsamningana. Ég er alls ekki að draga úr mikilvægi vaxtarsamninganna þar sem þeir eiga við en þeir eiga bara ekki alls staðar við. Ég geri ráð fyrir að þeir eigi ágætlega við á Eyjafjarðarsvæðinu. Þar eru öfl-

ug, stöndug fyrirtæki, þar eru háskólastofnanir, þar er rannsóknarumhverfi og þar er hægt að gera mjög mikið í þessum efnum. Ég get líka ímyndað mér að þeir eigi ágætlega við á Miðausturlandi við þær aðstæður sem þar eru núna og við það öfluga umhverfi sem þar er. En ég held að á öðrum svæðum eigi þeir síður við og þar verði menn að grípa til annars konar aðgerða. Ég geri ráð fyrir að þingmaðurinn, sem hér kom í andsvar, sé ekki mjög sáttur við þá þróun hvernig fólki hefur verið að fækka á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði, á þessu svæði sem stendur honum nú nokkuð nærri. Ég held að hann ætti að velta því fyrir sér hvort ekki væri ráðlegt að grípa þar til einhverra varnaraðgerða í stað þess að tala einvörðungu um vaxtarsamning í Eyjafirði.

[12:10]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fræða hv. þingmann um það að vaxtarsamningur á Eyjafjarðarsvæðinu nær til Siglufjarðar, Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Þar eiga sér stað mörg framfaraspor, t.d. í samgöngumálum, og síðan hafa þingmenn kjördæmisins m.a. lagt fram þingsályktunartillögu um að stofnsetja beri framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð, sem er stórkostlegt tækifæri. Annað varðandi vaxtarsamningana, hv. þingmaður nefndi öflug fyrirtæki, en það er ekki síður mikilvægt fyrir veikari fyrirtæki að eiga samstarf og samvinnu við þessa sterku aðila til þess að byggja upp smá og meðalstór fyrirtæki sem eru gríðarlega mikilvæg á viðkomandi stöðum.

Hæstv. forseti. Ég kom fyrst og fremst upp áðan til að ganga á eftir því við hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur hver sé stefna Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum. Ég nefndi það að hv. þm. Jóhann Ársælsson og hv. formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, tala út og suður í málefnum sjávarútvegsins. Það vill nú þannig til þegar við tölum um byggðamál að sjávarútvegsmál eru órjúfanlegur hluti af byggðamálum (Forseti hringir.) og eru undirstöðuatvinnugrein landsbyggðarinnar (Gripið fram í.) og því er það ekki líðandi, og það er eðlilegt að hv. þingmenn Samfylkingarinnar hér í salnum ókyrrist, að stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn á Alþingi skuli ekki hafa neina raunverulega stefnu í sjávarútvegsmálum. Það er miður.

[12:12]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér er alveg kunnugt um að vaxtarsamningurinn fyrir Eyjafjarðarsvæðið nær til þeirra byggðarlaga sem ég nefndi. Engu að síður er það staðreynd að fólki fækkar í þessum byggðarlögum og ég ætla að leyfa mér að fullyrða það hér að vaxtarsamningur af því tagi sem er á þessu svæði mun ekki virka til að styrkja þau byggðarlög sem þarna er um að ræða nema þá á mjög löngum tíma. Það getur kannski gerst á mjög löngum tíma, 20 árum eða svo. En það bara dugir ekki. Vegna þess að það sem mörg þessi byggðarlög standa frammi fyrir núna er einfaldlega fækkun frá ári til árs. Og það er sá vandi sem maður hlýtur að spyrja hvernig menn ætli að takast á við. Ætla þeir að horfast í augu við það og grípa til aðgerða sem gera fólki kleift að búa þarna og lifa ágætu lífi og njóta allra lífsgæða þó svo að ekki verði um fjölgun að ræða? Eða geta menn séð það fyrir sér að þessi byggðarlög verði styrkt með einhverjum hætti þannig að fólk flytjist til þessara svæða?

Varðandi sjávarútvegsmálin þá er auðvitað sjálfsagt að ræða þau almennt við hv. þingmann ef hann svo kýs og við getum tekið um það alveg sérstaka umræðu hér í þingsal. Ég held að Samfylkingunni hafi fremur verið legið á hálsi fyrir að hafa of afgerandi stefnu í sjávarútvegsmálum heldur en hitt. Og grundvallaratriði þeirrar stefnu (**BJJ:** Hver var hún?) er auðvitað það að þjóðin á þessa auðlind. Tryggja þar eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni í stjórnarskrá. Það þarf að tryggja það í gegnum lagasetningu að þjóðin geti síðan notið ávaxtanna af þessari auðlind (Gripið fram í.) sinni og haft á henni virkt eignarhald eins og henni auðvitað ber. Því ef hægt er að tryggja það, virðulegur forseti, þá þurfum við ekkert að óttast (Gripið fram í.) svo mjög um það þó að einhverjir erlendir aðilar (Forseti hringir.) komi og vilji fjárfesta í greininni eins og ýmsir hér óttast greinilega svo mjög.

[12:14]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur lítið verið gert, sagði hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, og ríkisstjórnin ekki verið með neinar mótvægisaðgerðir. Ég vil leyfa mér að mótmæla því. Hvernig haldið menn að staðan væri í dag ef ekkert hefði verið gert? Ég var að koma frá Höfn í Hornafirði í morgun og ég hitti menn í gær og í morgun, sem einmitt eru að vinna í þessum vaxtarsamningi. Þeir hafa miklar mætur á þessum samningi og trúa að hann muni hjálpa þeim í því sem þeir eru að gera. Höfn í Hornafirði er ekki sterkt byggðarlag en þeir eru að vinna með Austfirðingum. Það er styrkurinn að byggðirnar eru að vinna saman til að efla sig en ekki hver í sínu horni.

Ég vil líka minnast á fjarnámið. Árið 1999 voru 377 nemendur í fjarnámi á framhaldsskólastigi, árið 2004 voru þeir 2.300. Árið 1999 voru 496 nemendur í háskólanámi í fjarnámi, árið 2004 voru þeir 2.450. Háskólinn á Akureyri er eitt besta byggðamálið sem gert hefur verið fyrir Norðurland. (Gripið fram í.) Það er alveg óhætt að segja að það væri undarlegt um að litast á Akureyri ef ríkisstjórnin hefði ekki tekið ákvörðun um það að stofna Háskólann á Akureyri.

Varðandi styrk vegna námskostnaðar. Þessi ríkisstjórn hefur hækkað þennan styrk ár frá ári. Auðvitað kostar alls staðar að lifa, hvort sem fólk er í heimavistarskóla eða annars staðar. Ég hef átt börn í námi fjarri heimili og þessi styrkur, þó að hann sé ekki nema 150–180 þús. kr., skiptir verulegu máli. (**KLM:** Finnst þér hann nægjanlegur?) Það má allt hækka og ég er alveg sannfærð um að (Forseti hringir.) ríkisstjórnin mun gera það áfram eins og hún hefur gert.

[12:16]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil mætavel að íbúarnir á Höfn séu ánægðir með að gerður sé við þá vaxtarsamningur. Að sjálfsögðu hljóta þeir að fagna hverju því frumkvæði sem hugsanlega getur skilað þeim einhverju á þetta svæði og því að stjórnvöld sýni svæðinu áhuga. Ég vona sannarlega að

þetta reynist þeim vel. Ég vona það sannarlega. Ég vil samt sem áður gjalda varhuga við því að menn treysti og trúi um of á slíka samninga. Ég vara við því vegna þess að ég held að þeir geti virkað á löngum tíma en þeir taka ekki á aðkallandi vanda sem mörg byggðarlög standa andspænis. Ég held að menn verði að huga að því að grípa til annars konar aðgerða.

Ég vil aðeins segja, varðandi námskostnað og fjarnám, að auðvitað hefur fólki í fjarnámi fjölgað mikið. Þetta er góður kostur og mikilvæg viðbót í menntaflórunni allri saman. En fólki hefur líka fjölgað í námi í framhaldsskólum, á háskólastigi og við þurfum að fjölga því fólki enn frekar. Því miður er þessi þjóð að dragast aftur úr öðrum þjóðum hvað varðar menntun og menntað fólk á vinnumarkaði. Það þarf að styrkja þennan þátt verulega og gefa fólki kost á greiðum aðgangi að menntun, hvar sem það býr á landinu. Þetta er einn þáttur sem ég held að við þurfum að horfa sérstaklega til í byggðamálum, þ.e. menntamálin.

Ég er sammála því að Háskólinn á Akureyri er einhver besta byggðaaðgerð sem hér hefur verið farið í og skapar mikið í kringum sig. Það er mikið fagnaðarefni og auðvitað hljóta allir þingmenn að styðja Háskólann (Forseti hringir.) á Akureyri og vilja veg hans sem mestan.

[12:18]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg óhætt að staðfesta að, og ágætt að hv. þingmaður gerði það, að afskaplega vel hefur verið staðið að dreifmenntun í landinu. Það eru einmitt þessar menntastofnanir sem skipta hvað mestu máli. Ég vil að auki minnast á þessar fínu menntastofnanir sem eru á Vesturlandi, Háskólann í Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri ... (Gripið fram í.) skólann á Reykjum líka og Hólaskóla, sem er alltaf að eflast. Það hefur verið staðið afskaplega vel að þessum málum.

Ég ætla líka að minnast á framhaldsskólann í Grundarfirði, sem var stofnaður fyrir tveimur árum. Þar eru nú 200 nemar. Halda menn að það skipti ekki miklu máli fyrir þetta byggðarlag? Þangað sækir fólk til að afla sér viðbótarmenntunar, aukinnar menntunar, fólk á öllum aldri, sem er afskaplega gott.

Nú vilja Borgnesingar líka byggja framhaldsskóla, sem ég tel mjög jákvætt fyrir það byggðarlag og skipti miklu máli. Þetta er eins og með Sunnlendinga. Þeir vilja efla framhaldsmenntun á Suðurlandi. Þetta er krafan um land allt, að efla menntunina, einmitt eins og ríkisstjórnin er að gera.

Margt hefur verið vel gert af hendi Byggðastofnunar. Ég hef ekki tíma til að fara í það í þessu stutta andsvari en mun gera það síðar í dag og nefna öll þau góðu verkefni sem Byggðastofnun hefur lagt fjármagn til.

[12:20]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Við höfum hér til umræðu annars vegar skýrslu iðnaðarráðherra, um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005, og hins vegar hvernig framhaldið á að vera, tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009.

Ef við lítum fyrst á skýrsluna kemur fram að þar hefur tekist ákaflega vel til. Við framkvæmd byggðaáætlunar er sérstök verkefnisstjórn skipuð fulltrúum frá flestum ráðuneytum. Sú verkefnisstjórn gerir hæstv. iðnaðarráðherra árlega grein fyrir framkvæmd og framvindu byggðaáætlunarinnar. Hins vegar hefur iðnaðarráðherra óskað eftir því við Byggðastofnun að hún fylgist með og taki út hvernig til hefur tekist. Ég held að ástæða væri til, án þess að ég ætli að vitna mjög mikið í þessa skýrslu, að vitna í lokaorð Byggðastofnunar varðandi heildarmatið.

Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er mat Byggðastofnunar að árangur þeirra aðgerða sem ríkisvaldið hefur ráðist í á gildistíma byggðaáætlunar 2002–2005 sé verulegur og sums staðar mjög mikill. Aðgerðir hafa þó ekki skilað nægum árangri á nokkrum landsvæðum, svo sem Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, norðausturhorninu, sunnanverðum Austfjörðum, Skaftafellssýslum og Vestmannaeyjum. Við því þarf að bregðast og hefur þegar verið gert að nokkru leyti, svo sem með gerð vaxtarsamnings fyrir Vestfirði, vinnu sem nú er í gangi við gerð vaxtarsamnings fyrir hluta Suðurlands og Vestmannaeyjar og skipun nefndar um stefnumörkun í byggðamálum á Austurlandi. Á það verður að leggja áherslu að frumkvæði og kraftur heimamanna skiptir ætíð mestu máli þegar kemur að því að takast á við breytingar í atvinnuháttum og samfélagsþróun. Skorti þar á verða aðgerðir af hálfu opinberra aðila gagnslitlar."

Hæstv. forseti. Þarna kemur fram þetta heildarmat, að tekist hafi verulega vel til á mörgum sviðum en þó eru tíunduð í skýrslunni atriði sem ekki hafa á þessu tímabili tekist nægilega vel til með. Í nýrri byggðaáætlun er einmitt reynt að bregðast við þar sem ekki hefur tekist nægilega vel til.

Það er aðeins eitt atriði í skýrslunni sem ég ætla að tala sérstaklega um. Hér kemur fram margt gott en mig langar, með leyfi forseta, að benda á að á bls. 34 er getið um sérstakt verkefni, þ.e. fjarlækningar fyrir sjómenn.

Þar er einmitt sagt:

„Stefnt er að því að framhaldsverkefni verði skilgreind sem muni nýta reynslu þessa verkefnis."

Ég veit að það eru margir sem líta á þetta sem gott verkefni í nýjum heimi tækni og fjarskipta. Þetta gæti orðið útrásarverkefni þegar fram líða stundir ef nægilega vel tekst til og nægilega vel er stutt við það. Það er því ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort það verði ekki eitt af þeim verkefnum sem hún muni leggja áherslu á að fylgt verði eftir. Þess ber þó að geta að það er ekki beint inni í byggðaáætlun heldur fellur undir aðrar aðgerðir stjórnvalda, væntanlega heilbrigðisráðuneytisins. Ég tel mjög mikilvægt að þetta verkefni verði þróað og byggt upp. Það gæti orðið vísir að stóru verkefni sem gæti nýst í útrás.

Hæstv. forseti. Varðandi stefnumótandi byggðaáætlun sem hér liggur fyrir þá er ljóst að meginlínurnar þar eru bættar samgöngur, menntun og menning. Við vitum að það eru stóru þættirnir í byggðamálum nú til dags. Ég tel mjög mikilvægt að við förum vandlega yfir þessa ályktun og auðvitað þarf þingnefndin að fara yfir hana. Það eru margháttaðar og margþættar aðgerðir sem gert er ráð fyrir í 23 liðum. Það er síðan skilgreint í athugasemdum við tillöguna.

Að mínu mati eru þær veigamestar sem snúa að samgöngum, menntun og menningu. Tveir liðir snúa sérstaklega að samgöngunum, þ.e. fyrsti liðurinn er um bættar samgöngur og síðan er fjallað um bætt fjarskipti.

Það er ástæða til að minnast á að samgönguráðherra hefur gert heilmikla áætlun sem hann hefur kynnt vítt og breitt um landið, varðandi háhraðatengingar, síma og sjónvarp til allra landsmanna, og til sjómanna á hafi úti. Þetta kynnir hann undir heitinu „Ísland altengt". Í þeirri áætlun er m.a. gert ráð fyrir GSM-sambandi á öllum stofnvegum landsins og að allir íbúar landsins hafi aðgang að háhraðatengingu. Þetta verkefni á að vinna mjög fljótt og á þessu ári og næsta ári á að sjá fyrir endann á verkefninu. Ég held að það sé ástæða til þess að nefna þetta í samhengi við byggðamál. Fjarskiptamál eru eitt af því sem landsbyggðarmenn eru almennt helst sammála um að skipti mestu máli. Þegar við höldum fundi okkar úti á landi eru það þessi atriði sem talað er um á nánast hverjum fundi, þ.e. samgöngur og fjarskipti.

Einnig er getið í nokkuð mörgum liðum um menntun og menningu. Gert er ráð fyrir uppbyggingu þekkingarsetra og háskólasetra og að áfram verði unnið að uppbyggingu þeirra á landsbyggðinni. Það hefur tekist ágætlega til varðandi þessa uppbyggingu og er ástæða til að halda mjög þétt áfram. Ánægja hefur verið með þá uppbyggingu og eflingu dreifmenntunar á öllum skólastigum.

Hv. þm. Drífa Hjartardóttir fór yfir tölur um þann fjölda sem nú er bæði í framhaldsskólanámi og háskólanámi í fjarkennslu og það er ótrúlegt hversu mikið þeim hefur fjölgað sem velja þá leið til náms. Það er auðvitað vegna þess að þarna er möguleiki fyrir þá sem búa í dreifðari byggðunum til að sækja sér menntun, möguleiki sem annars hefði ekki verið til staðar. Það sést einnig á aldurssamsetningu þeirra sem eru í þessu námi að þarna eru mjög margir sem ekki höfðu áður kost á því að sækja sér menntun en hafa nú tækifæri til þess með nýrri tækni og auknu framboði á þessu sviði. Þetta á auðvitað við um símenntunina líka, þá menntun sem fólk nær sér í hver á sínu sviði og í sínu fagi.

Menningarstarfsemin er eitt af því sem er mikið byggðafestumál. Framlög til menningarsamninga og menningarhúsa á landsbyggðinni hafa verið aukin mjög og við vitum að allir landshlutar sækjast eftir menningarsamningum sem nú þegar eru til staðar á Austurlandi og nú síðast Vesturlandi. Ég held að það sé eitt af stóru málunum að mjög fljótt verði lokið við að gera samninga við sveitarfélögin um menningarmálin. Það hefur sýnt sig að t.d. á Austurlandi þar sem búið er að semja við sveitarfélögin um einn heildarsamning, sem var reynsluverkefni á þessu sviði, hafa menningarmálin eflst gífurlega og þátttaka íbúanna í menningarmálum hefur aukist mikið. Það eru alls konar skemmtileg verkefni sem hafa sprottið upp úr því að heimamenn hafa fengið tækifæri til að skipuleggja menningarmál sín eftir eigin höfði og full ástæða til þess að svo verði áfram og að sem flestir og allir landshlutar geti gert þetta.

Hæstv. forseti. Það er eitt til viðbótar sem ég vil nefna hér en í ræðu ráðherra kom fram yfirlýsing frá hæstv. iðnaðarráðherra um að það ætti að sameina þær stofnanir sem vinna að atvinnuþróunarmálum og byggðamálum í eina stofnun. Það voru fréttir fyrir mig að heyra þetta hér frá hæstv. ráðherra og þess vegna hlýt ég að spyrja ráðherra af hverju þessa er ekki getið í þingsályktunartillögunni sem við erum með fyrir framan okkur, Stefnumótandi byggðaáætlun.

Þar stendur í 8. lið, með leyfi forseta:

„Styrking atvinnuþróunar: Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni verði samhæft og starfið gert markvissara. Nýsköpunarmiðstöðinni á Akureyri og atvinnuþróunarfélögum verði áfram tryggður öruggur starfsgrundvöllur."

Yfirlýsing ráðherra gekk út á það að gerð yrði ein stofnun úr öllum þeim stofnunum sem núna vinna að atvinnuþróunarmálum. Þess vegna vildi ég fá nánari skýringar á því hjá hæstv. ráðherra hvernig þetta er hugsað.

Tími minn er á þrotum en ég vil aðeins í lokin nefna það varðandi starfsemi Byggðastofnunar að ég álít að ekki verði hjá því komist að ræða hvernig lánastarfsemi Byggðastofnunar eigi að verða háttað. Ég tel algjörlega nauðsynlegt að hafa slíka leið eins og lánastarfsemin er. Hún er mjög mikilvæg fyrir þau fyrirtæki sem eru að byggja sig upp og hafa ekki náð tiltrú bankakerfisins. Það er algjörlega ljóst, eða það ætti öllum að vera það ljóst, að þarna er um áhættulán að ræða og til þessarar lánastarfsemi er stofnað með þeim hætti að þarna sé um áhættulán að ræða. En árangurinn af þessari lánastarfsemi er mjög mikill sem er hægt að sjá á hversu öflug fyrirtæki hafa sprottið upp vegna þess að þau hafa haft aðgang að lánum hjá Byggðastofnun. Síðan auðvitað þegar þessi fyrirtæki hafa orðið stór og öflug og skilað arði eins og öll fyrirtæki eiga að gera þá hafa bankarnir verið tilbúnir til þess að lána á betri kjörum, (Forseti hringir.) sem er auðvitað afar jákvætt. En ég held að það sé mjög mikilvægur þáttur í byggðaþróuninni, (Forseti hringir.) byggðastuðningnum, að þessi lánastarfsemi sé til staðar með einhverjum hætti.

[12:36]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við ræðum hér um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 og ég vil þakka hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur fyrir hennar innlegg og tek undir með henni þar sem hún bendir á að fyrsta atriði þessarar þingsályktunar séu bættar samgöngur.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Unnið verður að mikilvægum samgöngubótum á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun og hugað að þróun almenningssamgangna."

Síðar í plagginu er farið nánar út í útfærslu og talað um samgöngur innan Austurlands, Norðurlands og Vestfjarða.

Spurning mín og athugasemd við ræðu hv. þingmanns er hvort henni finnist ekki eðlilegt að bætt sé inn í þennan þátt áætlunarinnar þeim möguleika að frjáls félög eins og eru komin á stofn núna, t.d. Norðurvegur ehf., eða aðilar sem vilja fara í einkaframkvæmdir í samgöngumálum eins og Kjalveg, að slíkur þáttur sé tekinn inn í áætlunina, þ.e. að opna byggðirnar Suður- og Norðurland með Kjalvegi sem unninn yrði í einkaframkvæmd.

[12:38]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að vekja athygli á þessum þætti. Það er augljóst að það eru mjög margir sem líta orðið á bættar samgöngur sem verulegan þátt í viðskiptastarfsemi sinni, þ.e. mörg fyrirtæki sem hafa áhuga á slíku. Ég held að það að fara í einkaframkvæmd á mikilvægum vegum sem augljóslega munu skila arði sé bara hið besta mál.

Það má vel vera og ég held að þegar hv. iðnaðarnefnd er búin að fara yfir þennan texta þá ætti hún að íhuga hvort ástæða sé til þess að benda sérstaklega á þetta og geta þess í nefndarálitinu. Þarna er auðvitað um að ræða mál sem mun hafa mjög mikil áhrif á byggðaþróun, að bæta samgöngur á milli landshluta. Ég lít til þess sem mjög góðs verkefnis að tengja Suður- og Norðurland og það er mikil ástæða til þess að ætla að samskipti milli landshluta geti batnað með betri og öruggari samgöngum. Þetta mun skipta mjög miklu máli fyrir ferðaþjónustuna og atvinnulífið enda eru þau fyrirtæki sem ætla að koma að þessu verkefni framleiðslufyrirtæki og verslunarfyrirtæki sem auðvitað sjá mikinn hag af uppbyggingu vegar yfir Kjöl.

[12:40]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Andsvar mitt og spurning til hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur er varðandi þá skýrslu um framkvæmd byggðaáætlunar sem var svolítið gerð að umtalsefni í upphafi fundar en ekkert síðan. Það var athyglisvert að hæstv. ráðherra minntist ekki á skýrsluna.

Spurning mín til hv. þingmanns lýtur að 6. kafla í síðustu áætlun sem var um athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna og þá sérstaklega það sem sett er fram í skýrslunni um að unnið hafi verið að úttekt á flutningskostnaði á vegum iðnaðarráðuneytis og svo í sambandi við samgönguráðuneytið, fjármálaráðuneytið o.fl. Eins og hv. þingmaður greindi frá þá ræða sveitarstjórnarmenn og aðrir við okkur þingmenn um fjarskipti og flutningskostnað og ýmislegt svoleiðis. Flutningskostnaðurinn er mjög íþyngjandi fyrir atvinnurekstur á landsbyggðinni og skekkir mjög samkeppnishæfni þeirra.

Það kemur fram í þessari skýrslu og í lokin er sagt, með leyfi forseta:

„Ekki náðist samstaða um framgang þess milli ráðuneytanna þriggja."

Hæstv. ráðherra byggðamála sagði á fundi Eyþings 16. janúar sl. þar sem ég og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sátum og vorum að ræða þetta mál eftir að Eyþing opnaði á það, að málið væri einfaldlega dautt vegna þess að ekki hefði náðst samstaða um það milli stjórnarflokkanna.

Spurning mín til hv. þingmanns er þessi: Hvers vegna viljið þið sjálfstæðismenn ekki fara í að lagfæra þennan þátt sem íþyngir svo mjög atvinnurekstri á landsbyggðinni og er mjög mikill landsbyggðarskattur?

[12:42]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að flutningskostnaður íþyngir mjög iðnaðarfyrirtækjum á landsbyggðinni og þess vegna var gerð úttekt á því hvernig hægt væri að koma þessu fyrir.

Það er mín skoðun að þarna sé um mjög nauðsynlegt verkefni að ræða og nauðsynlegt að fundnar verði leiðir í því að gera samkeppnishæfni iðnaðarfyrirtækja á landsbyggðinni betri, m.a. með því að huga að flutningskostnaðinum.

Því er til að svara varðandi afstöðu okkar sjálfstæðismanna að ég hef ekki séð neina tillögu á mínum borðum (Gripið fram í.) þar sem ég þyrfti að taka afstöðu til varðandi flutningskostnaðinn. Ég get þá bara sagt það hér að ég mundi styðja slíka tillögu ef hún kæmi fram.

[12:43]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hreinskilið svar hvað þetta varðar.

Það er ljóst að þetta mál hefur aldrei komið inn á borð stjórnar þingflokkanna, til þingmannanna sjálfra. Það er greinilegt, miðað við það sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir segir, að þetta hefur verið á ríkisstjórnarbasis þar sem hæstv. ráðherra byggðamála hefur verið með það mál þar inni. En samkvæmt því sem hæstv. ráðherra hefur sagt þá er það þannig að ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa stoppað þetta mál. (**Iðnrh.:** Ég hef aldrei sagt það.) Það getur ekki hafa stoppað neins staðar annars staðar vegna þess að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir lýsir því hér yfir að hún hafi ekki séð neinar tillögur um það í þingflokki Sjálfstæðisflokksins og hvar getur þetta þá annars staðar hafa stoppað en í ríkisstjórn?

Hæstv. ráðherra byggðamála sagði á fundinum fyrir norðan og hér í skýrslunni segir: Ekki náðist samstaða um framkvæmdina. Þá er ekki hægt að draga neina aðra ályktun en þá að þetta hefur stoppað í ríkisstjórn af ráðherrum Sjálfstæðisflokksins.

[12:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hæstv. iðnaðarráðherra kallaði hér fram í hefur hún aldrei sagt að það hafi verið stoppað af ráðherrum Sjálfstæðisflokksins að samþykkja slíka tillögu, þannig að hér er hv. þm. Kristján Möller að gera henni upp orð. Ég er hins vegar ekki til frásagnar um hvernig þessi vinna hefur farið fram eða hvar hún er stödd en væntanlega kemur í ljós hvort einhverjar slíkar tillögur eiga eftir að koma fram. Eins og ég sagði áðan mundi ég styðja slíka tillögu.

[12:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins koma hérna inn á örstutt í framhaldi af ræðu hv. þingmanns þar sem mér fannst hún ekki hafa alveg rétt eftir mér að ég hafi sagt að það ætti að sameina atvinnuþróunarstarfsemina í eina stofnun. Hins vegar er verið að vinna að því í ráðuneytinu að móta tillögur um framtíð atvinnuþróunarstarfs í landinu, stoðkerfis atvinnulífsins. Hvað nákvæmlega kemur út úr því er ekki ljóst á þessari stundu en hv. þingmaður fær áreiðanlega

tækifæri til að fylgjast með þeirri vinnu (**Gripið fram í:** Það er búið að standa til frá 2002.) eins og henni reiðir fram.

[12:46]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef alveg fullan skilning á því og hef alveg þolinmæði til að bíða eftir fullmótuðum tillögum. En ég gat ekki betur skilið hæstv. ráðherra en að hún hefði nefnt eina stofnun og það stæði til að sameina þær stofnanir sem ynnu að atvinnuþróunarmálum og byggðamálum, að sameina ætti þær í eina stofnun. Ég ætlaði ekki að gera ráðherranum rangt til en ég skil hana svo að verið sé að vinna að þessum málum núna á vegum ráðuneytisins.

[12:47]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 og eins skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005.

Ýmislegt má um bæði skýrsluna og tillöguna segja því að skýrslan lýsir framvindu byggðaáætlunar eins og hún kemur fram á undanförnum fjórum árum og byggir á þeirri byggðaáætlun sem þá var lögð fram, sem er í megindráttum svipuð þeirri stefnumótandi byggðaáætlun sem við erum að fjalla um núna, með þeirri undantekningu þó helst að nú er verið að leggja meiri áherslu á byggðarkjarna en var í fyrri byggðaáætlun.

Segja má um hvernig til hefur tekist í síðustu byggðaáætlun og um það sem sett er fram í stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009 að í báðum tilfellum vantar mælanleika þannig að hægt sé að meta hvernig til hefur tekist. Hæstv. forseti, ég vil beina því til hæstv. iðnaðar- og byggðamálaráðherra að skoða þingsályktunartillöguna og stefnumótandi byggðaáætlun sérstaklega með tilliti til þess að í hana verði sett mælanleg markmið. Mælanlegt markmið gæti verið t.d. íbúaþróun, markmið gætu verið sett fram varðandi mismunandi svæði og kjördæmi, landshluta, allt eftir því hvernig það yrði sett fram. Einnig er hægt að setja sem mælanleg markmið nýframkvæmdir í vegagerð, brúargerð eða í samgöngumálum. Önnur slík markmið er mjög auðvelt að setja, t.d. varðandi nema sem stunda nám í framhaldsskóla, á háskólastigi o.s.frv. Því lítið mark er takandi á svona áætlunum nema við náum að setja inn mælanleg markmið og fara yfir það hvers vegna þau markmið náðust ekki.

Varðandi skýrsluna og hvernig til hefur tekist á umliðnum fjórum árum telja ríkisstjórnarþingmennirnir sem hér hafa talað og ríkisstjórnin að vel hafi verið staðið að málum. Hér sé verið að styrkja byggð í landinu, verið sé að efla hagsæld og ríkisstjórnin standi fyrir stöðugleika og uppbyggingu sem er allri þjóðinni mjög hugnanleg og til styrkingar byggð.

En það er bara ekki þannig og það kemur fram í skýrslunni þegar leitað er til svæðanna, sem sé landshlutanna, þá hefur t.d. alls staðar, fyrir utan Reykjavík og höfuðborgarsvæðið, orðið íbúafækkun, mismunandi eftir stöðum en á mörgum stöðum er hún mjög alvarleg. Ekki er hægt að segja að vel hafi tekist til ef íbúum heldur áfram að fækka. Ekki er heldur hægt að segja að vel hafi tekist til ef atvinnuöryggi er ekki til staðar og tekjur fólks lækkað og ef aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem hún stendur fyrir, veikja möguleika fólks á að búa áfram á þeim stöðum sem það hefur búið eða kýs að búa á, fyrir utan suðvesturhornið. Það er því ekki hægt að segja að skýrslan gefi glansmynd af þeim fjórum árum sem liðin eru.

Þó má benda á nokkur atriði sem eru jákvæð eins og vaxtarsamningana sem eru jákvæðir og ýmislegt sem snýr að þeim. En þegar við lítum svo til þeirra aðgerða sem lagt var til að farið yrði út í á undanförnum fjórum árum höfum við á hinu háa Alþingi og stjórnarandstaðan bent á við hverja einustu fjárlagagerð að til þess að hægt sé að standa við þá byggðaáætlun sem legið hefur fyrir og ef á að vera eitthvert mark takandi á henni þá vantar fjármagn inn í þessa málaflokka. Undanfarin ár, þau ár sem byggðaáætlunin hefur náð til, hafa margir mikilvægir málaflokkar verið sveltir og ekki verið hægt að standa að uppbyggingu með þeim hætti að byggðaáætlun eða heilbrigð skynsemi hafi verið höfð til hliðsjónar.

Hvað varðar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir 2006–2009 finnst mér ljóst að byggðamálin eigi að heyra undir forsætisráðuneytið. Byggðamálin eru ekkert einn málaflokkur. Byggðamál eru sú þróun sem við viljum sjá og hafa áhrif á, sú þróun hvernig byggð eigi að þróast, hvernig lífið í landinu eigi að vera. Það heyrir ekki undir einn ráðherra, iðnaðar eða viðskipta, byggðamálaráðherra, það heyrir undir þann ráðherra sem veitir forustu í ríkisstjórn hverju sinni og það er forsætisráðherra. Ég tel að ástæða sé til að endurskoða það í stjórnsýslunni undir hvaða ráðherra byggðamálin falla.

Sú mikilvæga stofnun sem hefur verið undir byggðamálaráðherra fram til þessa, Byggðastofnun, hefur verið að veikjast og er í nokkurri upplausn eins og er og það er miður. Atvinnuþróunarfélögin hafa ekki fengið þann styrk sem þau hafa þurft til þess að stuðla að eðlilegri byggðaþróun og nýsköpun á svæðum sínum og þau þarf að styrkja. En til þess þarf fjármagn og mannafla og það skilar sér inn í viðkomandi samfélag ef atvinnuþróunarfélögin eru styrkt. Það þýðir ekkert að tala um það að hafa Byggðastofnun eða einhverja stofnun sem á að sinna rannsóknum, lánveitingum eða byggðaþróun sem einhverja eina miðlæga stofnun. Hún verður að vera öflug eða stofnanir undir henni verða að vera öflugar úti um allt land. Nálægðin skiptir líka máli fyrir utan fagleg vinnubrögð og fjármagn sem verður að fylgja með.

Hæstv. forseti. Ég sakna sárlega eins atriðis í þingsályktunartillögunni um stefnumótandi byggðaáætlun. Þegar ég hlustaði á hæstv. iðnaðar- og byggðamálaráðherra lesa upp þær helstu aðgerðir sem grípa verður til í því skyni að ná markmiðum áætlunarinnar fannst mér lengi vel eins og hún væri að lesa upp úr atvinnustefnu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, þau markmið sem hæstv. ríkisstjórn setur hérna fram: Bættar samgöngur, efling sveitarstjórnarstigsins, bætt fjarskipti, gerð og framkvæmd vaxtarsamninga, söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna, undirbúningur og gerð landshlutaáætlana, athugun á stöðu byggðarlaga, þetta er nú löng upptalning. Efling menning-

arstarfsemi, efling símenntunar, bætt heilbrigðisþjónusta, efling þjónustu við innflytjendur og aukin fjölmenning, greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina, efling opinberrar þjónustu, uppbygging ferðaþjónustu, stuðningur við atvinnurekstur kvenna, styrking skapandi greina, efling umhverfisstarfs í sveitarfélögunum og svo þessi samvinna við Norðurlönd og norrænu Atlantshafsnefndina.

Þetta eru allt saman mál sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum verið að leggja áherslu á hér í þinginu. En eitt er að setja fram áætlun og hitt er að fara eftir henni. Það sem ég sakna sárlega í þessari upptalningu, því að þetta er þingsályktunartillaga ríkisstjórnarinnar, er stóriðjan. Hvar er stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar ef þetta á að vera trúverðugt plagg? Ég sakna þess að ríkisstjórnin skuli þá ekki setja fram tillögur í stóriðjustefnunni, að halda eigi hér áfram að byggja upp stóriðju og álver um land allt eins og boðað er til. (Gripið fram í.) Þetta er ekki stóriðjustefna, þetta er stefnumótandi byggðaáætlun. En hvaða áhrif hefur langstærsta byggðaaðgerð allra tíma haft á aðrar atvinnugreinar?

Það á að koma hreint til dyranna. Ef halda á áfram þeirri stóriðjustefnu sem nú er ríkjandi hjá núverandi ríkisstjórn á hún að koma hér fram svo menn geti áttað sig á því að þetta er bara skrautplagg vegna þess að (**Iðnrh.:** Það er engin stóriðjustefna.) ef stóriðjustefnan kemur ekki fram, að það eigi að halda áfram að reisa álver og halda áfram í stóriðju og halda áfram þeim miklu framkvæmdum næsta tímabil byggðaáætlunarinnar 2006–2009, og undirbúa og fara í frekari aðgerðir í álversframkvæmdum og halda áfram þeirri stóriðjustefnu sem ríkisstjórnin stendur fyrir, þá er þetta bara marklaust plagg. Vegna þess að sú áætlun í þeim búningi sem hæstv. iðnaðarráðherra — ekki sem byggðamálaráðherra heldur sem iðnaðarráðherra — talar hér fyrir, bæði á þingi og í samfélaginu um að halda eigi stóriðjustefnunni áfram, mun riðla þessari þingsályktunartillögu um byggðaáætlun. Þá stendur ekki steinn yfir steini. Það verður þá áfram aðhald í ríkisfjármálum vegna þenslu í efnahagskerfinu, ekki verður hægt að efla háskólana, ekki verður hægt að efla heilbrigðiskerfið, ekki verður hægt að fara í uppbyggingu í samgöngumálum því að áfram þarf að vera aðhald í ríkisfjármálum. Það verður ekki hægt að efla ferðaþjónustuna innan frá og hún mun líða áfram fyrir sterkt gengi krónunnar. Hvað þýðir þá að vera að tala um að efla ferðaþjónustuna, hvað þýðir að tala um að efla nýsköpun og atvinnugreinar ef ekki er síðan fjármagn til að setja í það?

Í gær var haldið í Reykjavík nokkuð merkilegt þing sem búið er að vitna til og þar voru framsöguerindi og ræður. Þar hélt tölu Ágúst Guðmundsson, framkvæmdastjóri Bakkavarar. Hann gagnrýndi stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar og hann tók undir áhyggjur þeirra fjölmörgu atvinnurekenda sem eru núna að berjast í bökkum vegna sterkrar stöðu íslensku krónunnar. Ef stóriðjustefnan á að vera áfram ríkjandi og staða íslensku krónunnar áfram svona sterk og áframhaldandi þensla á markaðnum sem hefur verið, þá er byggðaáætlun bara smá skrautfjöður, vegna þess ekki er hægt að gera hvort tveggja, að byggja upp sjálfbæra atvinnustefnu, eins og hér á að gera, fjölbreytileika og að styrkja landsbyggðina ef halda á áfram þeirri stóriðjustefnu sem nú hefur ríkt. Ruðningsáhrif stóriðjunnar munu hafa áhrif á aðrar atvinnugreinar. Þau gera það í dag og munu gera það áfram.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég óska eftir því að hæstv. byggðamálaráðherra upplýsi (Forseti hringir.) hvernig íbúafjölgun á Austurlandi er til komin, hvort þetta eru (Forseti hringir.) Íslendingar eða aðrir sem hafa þar bæst í hópinn.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:03]

Umræður utan dagskrár.

Aðgerðir gegn fíkniefnaneyslu.

[13:31]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í nóvember 2005 birtist grein í tímaritinu Mannlífi þar sem fram kemur að á þeim tíma sem greinin er skrifuð hafi lögreglan fundið fimmfalt meira af örvandi fíkniefninu amfetamíni á árinu 2005 en allt árið 2003. Þá er vitnað í ársskýrslu SÁÁ þar sem fram kemur að áfengisneysla hafi á síðustu árum stóraukist. Þannig hafi hver Íslendingur yfir 14 ára aldri drukkið 4,6 lítra af hreinu áfengi árið 1993 en árið 2004 hafi neyslan aukist um 50%. Á sama tíma margfaldaðist sá fjöldi sem leitaði sér meðferðar vegna fíknar í örvandi lyf, eins og e-pillur, kókaín og amfetamín. Yfir 60% þeirra sem fá meðferð á Vogi, sjúkrastöð SÁÁ, eru háðir öðrum vímuefnum en áfengi. Kannabisfíklar sem sótt hafa meðferð á Vogi voru um 200 árið 1995 en um 600 árið 2004. E-pillufíklar eru sjö sinnum fleiri nú en árið 1999. Kókaínfíklar á Vogi voru 13 sinnum fleiri árið 2004 en fyrir 10 árum. Nýir amfetamínfíklar á Vogi voru 10 árið 1995 en 220 árið 2004. Á hverjum degi birtast fréttir um eiturlyfjaneyslu og nú á síðustu dögum fréttir af tilraunum til þess að smygla inn í landið óhemjumagni af eiturlyfjum.

Í nóvember var viðtal í sjónvarpsfréttum við Inga Bæringsson sem hefur unnið á meðferðarheimilinu Hvítárbakka þar sem unglingar á aldrinum 13–17 ára dveljast. Hann sagði að börn allt niður í 13 ára væru að sprauta sig, eiturlyfjasalan væri mun skipulagðari en áður og til að greiða fyrir eiturlyfin hefðu börn jafnvel leiðst út í vændi. Börn sem komin eru langt í neyslu geta ekki verið heima hjá sér, heldur liggja í bælum einhvers staðar í bænum og samkvæmt hans skilningi er það að vera á götunni. Hann sagði að þeim börnum sem væru í þessum aðstæðum fjölgaði með hverju ári. Einnig hafa birst fréttir þess efnis að þess séu einhver dæmi að eiturlyf séu seld á lóðum grunnskóla. Til að fjármagna neysluna leiðast börn út í vændi, afbrot, ofbeldi og þjófnað. Afleiðingar neyslunnar geta orðið alvarlegar geðraskanir sem kalla á meðferðarstarf og endurhæfingu sem ekki hefur verið sinnt nægjanlega af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þá kemur fram í ársskýrslu SÁÁ að fíkn í lyf sem ávísað er af læknum hafi vaxið verulega og sé aðalvandi 7–10% þeirra sjúklinga sem koma á Vog. Algengt er þó að lyfjafíkn tengist annarri fíkn. Um er að ræða róandi og örvandi ávanalyf og sterk verkjalyf. Þá sýndi bókin Skuggabörn og mynd um sama efni hrikalegan heim fíknar

og fíkniefnasölu og afleiðingarnar vaxandi afbrot, gróft ofbeldi og vændi.

Virðulegi forseti. Þetta sýnir svo að ekki verður um villst að vímuefnaneysla hér á landi er mjög mikil og fer vaxandi. Þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnvalda um aukið forvarnastarf og markvissari vinnu sjáum við ekki árangur. Stjórnvöld eru á rangri braut, horfast ekki í augu við þennan vanda, taka ekki rétt á málum í mikilvægum þáttum eins og í forvarnastarfi, meðferðarstarfi eða endurhæfingu. Og nú síðast er umræðan um innflutning eiturlyfja innvortis þar sem burðardýr leita til lækna en ekki liggur ljóst fyrir hvort læknum beri að tilkynna slík tilvik til lögreglu. Hvað varðar meðferðarstarfið hafa t.d. framlög til SÁÁ ekki fylgt verðþróun, hvað þá að tekið sé tillit til aukinnar starfsemi sem þar fer fram. Ekki virðist heldur um að ræða skipulagt fast samráð milli þeirra sem vinna að forvarna-, meðferðar- eða löggæslumálum, hvað þá skipulagt starf með skólayfirvöldum og foreldrum.

Ég spyr því ráðherra: Hver er árangur ríkisstjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í baráttunni gegn vaxandi fíkniefnaneyslu í landinu? Hvað varðar forvarnastarf í grunn- og framhaldsskólum, er formlegur samráðsvettvangur skóla, foreldra og þeirra sem vinna að forvarnamálum í félags-, heilbrigðis-, dóms- og menntamálaráðuneytum? Er skipulagt samstarf milli þeirra sem vinna að forvarna-, meðferðar- og löggæslumálum á sviði fíkniefnamála? Ef svo er, í hverju er það fólgið? Hefur verið kannað nýlega hversu víðtæk fíkniefnaneysla er í grunnskólum og framhaldsskólum? Hvað kom út úr starfi nefndar sem stofnuð var á grundvelli þingsályktunar frá 3. maí 2002 um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana? Er búið að ganga frá samningi vegna rekstrar sjúkradeildar SÁÁ að Vogi? Ef ekki, hver er þá ástæðan? Hvert er viðhorf ráðherra hvað varðar þagnarskyldu heilbrigðisstétta þegar um er að ræða smygl á eiturlyfjum sem borin eru til landsins innvortis?

[13:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Suðurkjördæmis gerir fíkniefnamál að umtalsefni og beinir til mín einni spurningu í sex fjölbreyttum liðum sem ég mun leitast við að svara hér.

Spurt er um forvarnastarf í grunn- og framhaldsskólum með tilliti til samráðsvettvangs skóla, foreldra og þeirra sem vinna að forvarnamálum í félags-, heilbrigðis-, dóms- og menntamálaráðuneytum.

Samstarfsvettvangur forvarnafólks er fyrst og fremst í Saman-hópnum og Náum áttum-hópnum. Þar sitja fulltrúar lögreglunnar í Reykjavík og embættis ríkislögreglustjóra, fulltrúar Lýðheilsustöðvar, fulltrúi frá Barnaverndarstofu og fulltrúar frá sjálfstætt starfandi meðferðaraðilum. Samstarfið á þessum vettvangi er víðtækt, en 22 félagasamtök eða stofnanir eru aðilar að hópnum. Rauði þráðurinn í starfi Saman-hópsins er að hvetja og styðja foreldra, m.a. með útgáfu fræðsluefnis, auglýsinga og greinaskrifa. Hverfislögregla á náið samstarf við fulltrúa Félagsþjónustunnar og ÍTR fyrir utan samstarf við viðkomandi hverfaskóla í Reykjavík. Svipað fyrirkomulag er í öðrum sveitarfélögum, m.a. á vettvangi verkefnisins Vertu til sem er samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Við úthlutun styrkja úr Forvarnasjóði er horft til þess að um samstarfsverkefni sé að ræða. Þess utan halda BUGL, Landspítalinn, Barnaverndarstofa og SÁÁ reglulega samráðsfundi og hefur fulltrúum lögreglu verið boðið á nokkra fundi til samráðs.

Öflugt starf forvarnafulltrúa Forvarna í skólum er staðreynd, er það styrkt af menntamálaráðuneytinu og umsjón er í höndum Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum. Þessir aðilar hittast á samráðsfundi tvisvar á ári en hafa auk þess heimasíðu til upplýsingamiðlunar og samráðs.

Lýðheilsustöð vinnur að stefnumótun í skólafræðslu þeirra málaflokka sem heyra undir hana. Auk þess er það áform Lýðheilsustöðvar að auka enn frekar samstarf við lögreglu, forvarna- og meðferðaraðila. Lýðheilsustöð lætur reglulega kanna fyrir sig neyslu vímuefna í grunn- og framhaldsskólum. Niðurstöður þessara kannana eiga að vera öllum aðgengilegar og of langt er að rekja niðurstöður þeirra hér ítarlega í þeim tímaramma sem þessari umræðu er gefinn.

Þó vil ég draga það fram hér að Rannsókn og greining hefur gert árlega kannanir í 9. og 10. bekk í grunnskólum landsins. Fjórða hvert ár, síðast 2003, kemur út ESPAD-skýrsla um vímuefnaneyslu grunnskólanema. ESPAD er evrópskt verkefni með þátttöku 35 landa og hafa áður komið út skýrslur árið 1995 og 1999. Í þessum skýrslum er skoðuð vímuefnaneysla nemenda á 16. ári, þ.e. í 10. bekk. Þar kemur fram að íslenskir unglingar standa sig vel hvað varðar neyslu vímuefna og eru undir meðaltali í samanburði við önnur þátttökulönd.

Af því að sérstaklega er spurt um hve víðtæk fíkniefnaneysla er í grunn- og framhaldsskólum og spurt um árangur ríkisstjórnarinnar í þeim efnum finnst mér rétt að draga fram niðurstöður þróunar vímuefnaneyslu unglinga í 10. bekk sem Rannsókn og greining tók saman árið 2004. Þar kemur í ljós að 10% 10.-bekkinga höfðu prófað hass 1995, 17% 1998 en árið 2004 höfðu 9% 10.-bekkinga prófað hass. Var sú tala óbreytt árið 2005. Þetta þykja mér ánægjulegar niðurstöður og vil sérstaklega hrósa ungmennum þessa lands. Ég vil meina að þetta sé fyrst og fremst árangur þeirra og vonandi hafa þær aðferðir sem stjórnvöld hafa beitt skilað einhverju.

Spurt er um uppbyggingu áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana á grundvelli skýrslu sem skilað var undir lok síðasta þings, í mars 2005.

Niðurstaða þeirrar yfirgripsmiklu skýrslu er höfð til hliðsjónar í starfi ráðuneytisins. Leitast er við að koma áherslum ráðuneytisins fram í þjónustusamningi við aðila, göngudeildarúrræðum, og kostir þess að fjölga þeim hafa verið kannaðir. Vonandi getum við rætt þessa merkilegu skýrslu á Alþingi fyrir vorið, enda margt merkilegra upplýsinga sem þar kemur fram um ástand mála.

Að endingu spyr hv. 1. þm. Suðurkjördæmis um viðhorf ráðherra til þagnarskyldu heilbrigðisstétta þegar um er að

ræða smygl á eiturlyfjum sem borin eru innvortis til landsins.

Svarið við þeirri spurningu er einfalt: Við þær aðstæður á að víkja þagnarskylduákvæðum til hliðar. Við getum ekki búið við kerfi þar sem glæpamenn renna úr greipum réttvísinnar í skjóli þagnarskyldu sem hugsuð er í allt öðrum tilgangi en að hylma yfir með þeim sem brjóta lög. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég hef nokkrar áhyggjur af ýmsu því sem sagt hefur verið í þessu sambandi. Þess vegna segi ég að mér hefur fundist menn eiga erfitt með að fóta sig á siðferðissvellinu og gera sér grein fyrir að þagnarskylda heilbrigðisstétta er langt frá því að vera altæk. Frá henni eru undantekningar og í læknalögum og lögum um samráð, svo að dæmi séu tekin, er beinlínis gert ráð fyrir að læknir rjúfi þagnarskylduna. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Afstaða mín er sú að lagaákvæðin sem þagnarskylda lækna byggist á séu skýr og að læknum (Forseti hringir.) beri í þessu tilviki að tilkynna lögreglu um lögbrot þeirra sem til þeirra leita. (Forseti hringir.) Þurfi að áliti lögspekinga að gera lagaákvæði skýrari til að tryggja þetta verður það gert.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil biðja hæstv. ráðherra að virða ræðutíma.)

[13:41]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Þær tölulegu staðreyndir sem hv. málshefjandi í þessari umræðu tíundaði í ræðu sinni eru mjög alvarlegar og bera vott um alvarlegt ástand í þessum málum í samfélagi okkar. Mér þykja varnir hæstv. heilbrigðisráðherra fremur veikar þó svo að ég viti og heyri á máli hans að hann sé allur af vilja gerður. Það erum við öll. En við þurfum að vera menn til að skoða þær áætlanir sem við höfum sett okkur, skoða þau markmið sem við höfum t.d. sett okkur í heilbrigðisáætlun sem samþykkt var á Alþingi á sínum tíma, 2001, og athuga hvernig við stöndum gagnvart henni.

Nú er það svo að á síðustu 10 árum hefur áfengisneysla Íslendinga aukist um 40% og stendur núna í 6,5 lítrum af vínanda á hvern íbúa 15 ára og eldri á ári. Heilbrigðisáætlunin, sem við samþykktum, gerði ekki ráð fyrir að þetta mundi gerast. Þvert á móti. Árið 2010 ætluðum við að vera komin niður í 5 lítra á hvern íbúa yfir 15 ára aldri. Það er eitthvað sem gengur ekki upp í þeim aðferðum sem við notum. Ég spyr: Skila átaksverkefnin, sem hafa kannski einkennt þessa baráttu, ekki því sem höfðum vænst? Þurfum við að skoða framvindu þessara mála? Þurfum við að standa faglegar að málum? Já, ég held að við þurfum að gera það.

Ég held að við þurfum að vera í mikla sterkara samstarfi, og ráðuneytin innbyrðis sem þessi málaflokkur heyrir undir. Ég held að opna þurfi samstarf við háskólann þar sem rannsóknir verði margefldar. Ég held að efla þurfi samræmingu á meðferðarúrræðum um allt land og ég held að veita þurfi ungum fíklum sérstaka athygli. Varðandi forvarnirnar held ég að við verðum bara að bíta í það súra epli að við verðum að fara með þær miklu neðar í skólana. Loks eigum við að safna að okkur niðurstöðum frá nágrannalöndum okkar um bestu leiðirnar sem nágrannaþjóðir okkar hafa farið, hvaða árangri þær hafi skilað og innleiða þær, eins og ég segi, í nánu og opnu samstarfi ráðuneyta, Háskóla Íslands og þeirra aðila sem að þessum málum koma.

[13:43]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að vekja athygli á þessari þörfu umræðu. Eins og kom fram í ræðu hv. þingmanns hefur neyslan tekið ógnvænlega stefnu síðustu ár. Margföldun er á milli nokkurra ára á ýmsum sviðum neyslunnar og virðist sem núverandi aðgerðir yfirvalda, hvort sem um er að ræða forvarna- eða meðferðarstarf, dugi ekki til að stemma stigu við fíkniefnavandanum.

Ég tel sjálfur brýnt að heildarendurskoðun fari fram innan íslenskrar stjórnsýslu um hvernig bregðast skuli við hinum stórvaxandi vanda sem eitrar samfélag okkar Íslendinga, innan sem utan. Í því ljósi vil ég varpa fram þeirri skoðun minni að ég tel mikilvægt að lögð verði fram fyrir Alþingi lögbundin áætlun til nokkurra ára um aðgerðir samfélagsins gegn fíkniefnaneyslu á Íslandi. Við þekkjum áætlanir af þessu tagi á Alþingi í samgöngu-, byggða- og jafnréttismálum. Með starfi af sama tagi og heyra mundi undir aðgerðir samfélagsins gegn fíkniefnaneyslu tryggjum við aðkomu stofnana og lögaðila að störfum Alþingis við vinnslu slíkrar áætlunar og virkjum um leið þá krafta sem geta haft hönd í bagga með stjórnsýslunni við að ná fram raunverulegum árangri.

Hér til svara í dag er hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson. Vandinn er stærri en svo að eingöngu hann geti komið með töfralausnir. Árangur eða viðsnúningur á þeirri þróun sem því miður er uppi í dag snýr að allri ríkisstjórninni, öllum ráðuneytum, öllum alþingismönnum sem og flestum grunnstoðum samfélagsins, eins og til að mynda íþrótta- og æskulýðsstarfi, dóms- og lögreglustarfi, félagslegum stoðum innan stjórnsýslunnar, sveitarfélögum, fjölskyldum og svo má lengi telja. Til að tryggja sameiginleg markmið og einbeittan vilja allra við að ná fram árangri er brýnt að sem flestir starfi saman. Árétta ég því aftur mikilvægi þess að Alþingi verði sá starfsvettvangur þar sem vinna við lögbundna áætlun og stefnu samfélagsins gegn fíkniefnaneyslu fari fram. Vil ég því nota tækifærið og fá viðbrögð hæstv. heilbrigðisráðherra í seinni ræðu sinni á eftir við þeirri hugmynd sem hér hefur verið minnst á.

[13:46]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Fíkniefnavandinn er staðreynd og hann snertir æ fleiri fjölskyldur í landinu og kemur upp víða. Ég sá t.d. út um gluggann hér á skrifstofu minni einn daginn í vor sem leið fíkla sem voru að sprauta sig. Það var mjög óhugguleg sjón.

Ég vara við patentlausnum í þessum málum, vara við því að herða refsingar. Ef við tökum t.d. unga fólkið sem tekið var í tollinum í þessari viku þá er ég ekkert viss um að þau hefðu hætt við þessa för til útlanda að sækja fíkniefnin þó svo að dómurinn væri sex mánuðum eða árinu þyngri. Menn verða einnig að líta gagnrýnum augum á þær forvarnir sem eru fyrir hendi í þjóðfélaginu og hvers vegna

þær skila ekki árangri.

Ég vil vekja athygli á góðri grein sem ég las um daginn í Morgunblaðinu en þar skrifaði Hallgrímur Óskarsson um forvarnir, að þær gætu jafnvel snúist upp í andhverfu sína og benti á að ef þær væru of dramatískar og ef jafnvel fyrrum fíklar væru búnir að ná sér og væru orðnir vel hressir gæti slíkt jafnvel sent röng skilaboð út í samfélagið. Ég er því á því að við þurfum að skoða þessi mál vel og fara yfir hvað skilar sér. Einnig eru varasöm þau skilaboð sem fjölmiðlar senda oft út í samfélagið um að hér séu gríðarlega miklir peningar í veði, vegna þess að margir halda að þarna sé jafnvel hægt að auðgast og það gerir þetta spennandi. Staðreyndin er sú að þetta er ekki spennandi heimur og við verðum að senda þau skilaboð að fólk sem ánetjast fíkniefnum á við heilsuvanda að stríða og oft og tíðum er það í fjárhagskröggum. Það eru staðreyndir málsins og ég tel mjög brýnt að við reynum að koma þeim skilaboðum út í samfélagið.

[13:48]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér um fíkniefnaneyslu sem væntanlega er mun meira vandamál en margur gerir sér grein fyrir. Í þættinum Reykjavík síðdegis á þriðjudaginn talaði Mummi í Mótorsmiðjunni um að við séum komin aftur á byrjunarreit varðandi aðgerðir gegn fíkniefnaneyslu.

Mig langar að snúa mér að rót vandans, hverjar séu í raun orsakir fíkniefnaneyslu. Getum við unnið að því að koma í veg fyrir að fólk leiðist út í neysluna? Við skulum líta á tvær orsakir og tökum eftir því að í báðum tilfellunum eða dæmunum sem ég nefni kemur fram að kerfið eða réttara sagt ríkisvaldið hefur gjörsamlega brugðist.

Bókin Sigur í hörðum heimi er um Guðmund Cesar Magnússon sem barðist við fíkniefnasala í þeim tilgangi að frelsa dóttur sína. Fjórtán ára dóttir hans var farin að neyta fíkniefna, hún hafði verið lögð í einelti í skólanum sínum. Það er m.a. talin ástæða þess að hún leiddist út í þessa ógæfu. Faðirinn bauð eiturlyfjabaróninum birginn og hvernig svöruðu þeir fyrir sig? Jú, það er kannski ekki ný saga, baráttan skilaði dótturinni en eftir sat faðirinn gjörsamlega farinn á taugum, gjaldþrota og með haglarann við rúmið. Til að frelsa dóttur sína frá fíkniefnaneyslu þurfti hann aðstoð kerfisins en það brást gjörsamlega, var gjörsamlega úrræðalaust og steinrunnið.

Önnur bók leiðir okkur líka að rót vandans, það er sagan um Thelmu Ásdísardóttur. Hún svarar mörgum spurningum fyrir þá sem efast um að kynferðisofbeldi sé til og þar erum við líka upplýst um það að sá sem verður fyrir kynferðisofbeldi er mun líklegri en aðrir til að leiðast út í fíkniefnaneyslu. En af hverju gengur svona illa að fá barnaníðinga dæmda, af hverju var kerfið svona úrræðalaust og af hverju er það svona úrræðalaust?

Það vakti athygli mína við lestur þessarar bókar að sömu barnaníðingarnir koma fyrir aftur og aftur og leggjast síðan á næstu kynslóð. En kerfið er gjörsamlega úrræðalaust, fyrningarfresturinn er eitt af því sem þarf að bæta til að koma í veg fyrir fíkniefnaneyslu unglinga.

[13:50]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Árangursríkar aðgerðir gegn fíkniefnaneyslu þurfa auðvitað að beinast bæði að framboðs- og eftirspurnarhliðinni og þar með talið þurfa þær að beinast að meðferðarúrræðum fyrir þá sem hafa ánetjast fíkniefnum. Það er einmitt það svið sem hæstv. heilbrigðisráðherra ber ábyrgð á en hann ber aðeins ábyrgð á því sviði að því marki sem meðferðaraðilar teljast til heilbrigðisstofnana, sem eru ekki allir.

Mér finnst rétt að árétta þetta, frú forseti, í þessari umræðu vegna þess að málshefjandi umræðunnar, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, hefur sannarlega fært hæstv. ráðherra fangið fullt með viðamiklum spurningum, sem ráðherra hefur heilar fimm mínútur til að svara, og ná í raun yfir verk og ábyrgðarsvið minnst fjögurra ráðuneyta. Við höfum verið að ná árangri með víðtækum aðgerðum gegn fíkniefnaneyslu, ekki bara þær sem tollgæsla og lögregla hafa sýnt fram á, og hv. málshefjandi vakti athygli á því magni sem þeim hefur tekist að koma höndum yfir, heldur höfum við náð árangri í forvörnum líka og við höfum náð árangri þar sem við höfum lagt mesta áherslu, þ.e. meðal barna á grunnskólaaldri. Niðurstöður rannsókna sem hæstv. ráðherra nefndi áðan og Lýðheilsustöð hefur staðið fyrir sýna þetta svart á hvítu.

Í þessu samhengi tel ég tvennt vega þyngst í forvörnunum og þeim árangri sem við höfum náð. Annars vegar er það svokölluð jafningjafræðsla þar sem þeir sem í henni starfa beina sjónum sínum að félagahópnum, og hins vegar starf sem miðar að því að styrkja foreldra í hlutverki sínu, af því að foreldrar eru bestir í forvörnum. Verkefni stjórnvalda er fyrst og fremst að styrkja umhverfi fjölskyldunnar og styðja við störf lögreglu, frjálsra félagasamtaka og annarra sem hvetja og styðja foreldra og sýna foreldrum fram á mikilvægi þeirra í þessu og sýna þeim fram á hvað það er sem skiptir mestu máli. Það er samstarfið við skólann, það er tíminn með börnunum, ást, virðing og aðhald. Það er þetta sem hefur sýnt sig að vega þyngst í því að byggja upp einstaklinga með gott sjálfstraust og (Forseti hringir.) sterka sjálfsvirðingu og það eru þeir eiginleikar sem börn þurfa til að sleppa klakklaust í gegnum grunnskólann.

[13:52]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það eru óskemmtilegar fréttir sem berast okkur síðustu vikur í fjölmiðlum. Barnungir fíklar eru að flytja fíkniefni í miklum mæli til landsins. Þetta leiðir hugann að því að það var mikil bylgja á síðasta ári, ofbeldishrina á Akureyri t.d. þar sem fólk á unga aldri hafði ánetjast fíkniefnum sem leiddi síðan af sér ofbeldi eins og við þekkjum. Þetta varð til þess að ungt fólk reis upp, sýndi rauða spjaldið og hvatti til þess að umræða í þjóðfélaginu yrði aukin og að forvarnastarf yrði sett í forgang.

Lýðheilsustöð var að gefa út tímarit þar sem lögð er áhersla á hlut bjórsins í því að börn og unglingar ánetjast fíkniefnum. Við skulum ekki gleyma því að áfengi, sem er í raun og veru löglegt efni, er einmitt stór hluti af því að börn á unga aldri, allt niður í tíu ára, byrja að fikta með það og eitt leiðir síðan af öðru. Það er dálítið sorglegt að sjá það

þegar auglýsendur eru farnir að beina athygli sinni að þessum hópi að þá liggi fyrir Alþingi frumvarp um að rýmka reglur um auglýsingar á áfengi. Mér finnst það mjög alvarlegt mál.

Það er lítill hópur barna og unglinga sem hefur ánetjast fíkniefnum og við þurfum að einbeita okkur að þeim hópi. Það þarf líka að taka tillit til þess í forvarnastarfi og í endurhæfingu þessa hóps að þau lendi ekki á sömu stofnun eða fái sömu meðhöndlun og fullorðnir. Það er mjög alvarlegt líka.

[13:55]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að vekja máls á þessum vanda.

Eiturlyfjaneyslan er þjóðarvá. Það er krabbamein sem étur innan mannlífið. Neyslunni fylgir ofbeldi af áður óþekktri grimmd; siðleysi, rótleysi, upplausn fjölskyldna og skelfileg staða barna. Börn fíkla geta ekki treyst foreldrum sínum og eru gjörsamlega varnarlaus.

Miklar forvarnir virðast ekki hafa nægileg áhrif. Það er í reynd undarlegt, miðað við núverandi þekkingu, að einhver skuli byrja að neyta eiturlyfja. En auðvitað beita sölumenn dauðans, sem reknir eru áfram af hagnaðarvon en líka fíkninni því þeir eru oftast fíklar sjálfir, rangfærslum og ósannindum í markaðssetningunni. Þannig getur sjúkdómurinn af sér sífellt nýja sjúklinga eins og krabbamein í líkama manns nema krabbameinið er takmarkað við líkamann en þetta krabbamein fer um allt þjóðfélagið og fer ekki í manngreinarálit.

Læknar lenda í miklum vanda varðandi þagnarskyldu sína. Auðvitað þurfa þeir að finna lausn á því þannig að þeir með þögn sinni og aðgerðaleysi stuðli ekki að markaðssetningu eiturlyfja sem leitt geti til nýrra fórnarlamba og jafnvel dauða þeirra. Þar hlýtur þagnarskyldan að víkja.

Eins og hér hefur verið minnst á birtist grein í Morgunblaðinu á föstudaginn eftir Hallgrím Óskarsson þar sem hann segir að hefðbundnar forvarnir gegn fíkniefnum geti haft þveröfug áhrif. Við verðum að leita að og skoða allar leiðir til að berjast gegn þessum vágesti, hefðbundar leiðir sem og óhefðbundnar, líka leiðir sem ekki má tala um.

[13:57]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þau svör sem hann gaf hér við þó ekki öllum spurningunum því að enn á eftir að svara því hvort búið sé að ganga frá samningi vegna rekstrar sjúkradeildar SÁÁ á Vogi sem hefur lengi beðið eftir að fá þjónustusamning. Einnig þarf að svara því sem haldið er fram í ársskýrslu að ráðuneytið hafi ekki viljað viðurkenna þær breytingar sem hafa orðið á starfseminni þar, hvorki varðandi bráðamóttökuna, dýr lyf sem þangað koma né unglingadeildina og að ævinlega sé miðað við árið 1999 en síðan þá hafi orðið verulegar breytingar á þeirri þörf sem við blasir vegna aukinnar eiturlyfjaneyslu.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz sagði að ég hefði skilið hæstv. ráðherra eftir með fangið fullt af spurningum sem ætti við þrjú, fjögur eða fimm ráðuneyti. Það er vissulega rétt að sumt af þessu skarast en ekki ein einasta spurning sem hér var lögð fram snýr ekki beint að hæstv. ráðherra. Lýðheilsustöð heyrir undir ráðherrann, forvarnirnar heyra undir hann, meðferðarstarfið heyrir undir hann, hæstv. ráðherra á hlut að samstarfi ráðuneyta.

Í markmiðinu sem ríkisstjórnin setti sér 23. maí 2003 segir að markvisst verði unnið í baráttunni gegn fíkniefnavandanum, mótuð verði heildstæð forvarnastefna í samvinnu við lögreglu, skólayfirvöld, íþróttafélög og foreldra, hafnað sé hvers kyns eftirgjöf gagnvart fíkniefnum, innflutningi þeirra, dreifingu og notkun, meðferðarúrræðum verði fjölgað og rík áhersla lögð á forvarnir. Allar þær tölur sem ég var með í fyrri ræðu minni sýna að þróunin er á annan veg og þá erum við ekki á réttri leið, þá þarf að staldra við, þá þarf að kalla til samráðs og finna þær leiðir sem duga til. Það sér hver maður. Það þjónar engum tilgangi, virðulegi forseti, að standa hér og segja að þetta sé allt saman mjög gott, og verja stöðuna eins og hún er (Forseti hringir.) því að hún er slæm.

[13:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Mér er vissulega vandi á höndum að bregðast við allri þeirri umræðu sem hér er því að það hefur komið fram að þetta mál snýr að miklu fleiri ráðuneytum en ég fer með. Ég er ekkert að kveinka mér undan því. Ég dreg fram stöðuna eins og hún er og þær aðgerðir sem hafa verið í framkvæmd. Svar mitt sýnir að það eru aðgerðir í gangi á mjög mörgum vígstöðvum. Hins vegar er ég fylgjandi því að menn endurskoði samstarfsaðferðir, það þarf ætíð að gera. Ég hef ekki vikist undan því.

Hér hefur verið rætt um að þetta sé þjóðarvá. Ég er sammála því en við megum samt ekki mála ástandið of dökkum litum. Það er afmarkaður hópur sem þarna er um að ræða og kannanir sýna að fíkniefnaneysla hjá ungmennum er langt frá því að vera reglan en hins vegar er hún mikill vandi þar sem hún er fyrir hendi. Fíkniefni og áfengisneyslan er vandi. En hvaða skilaboð sendir þingið til þjóðarinnar? Það sendir þau skilaboð að það eigi að lækka áfengiskaupaaldurinn, það eigi að færa áfengið í búðir, svo ég bæti við það sem hv. þm. Hlynur Hallsson sagði áðan. Þetta eru skilaboð þingsins til samfélagsins til viðbótar við auglýsingarnar. Væri nú ekki rétt að þingið sendi önnur skilaboð varðandi þetta?

Varðandi SÁÁ þá eru fullyrðingar þeirra í umræddu tímariti algjörlega ótímabærar því að samningaviðræður standa yfir við þá og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að þeim lykti með farsælum hætti eins og þær hafa alltaf gert. Þær standa yfir og ég er bjartsýnn á að það (Forseti hringir.) náist niðurstaða í þeim að lokum.

Stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009, frh. fyrri umr.

Stjtill., 391. mál. — Þskj. 473.

og

Framvinda byggðaáætlunar 2002–2005, frh. einnar umr.

Skýrsla iðnrh., 398. mál. — Þskj. 504.

[14:02]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í morgun kom hv. formaður iðnaðarnefndar í pontu og gerði það að umræðuefni að sjávarútvegurinn væri byggðamál. Ég er honum algerlega sammála þannig að ég vonast til þess að jafnungur, efnilegur og vel gefinn drengur og hv. þingmaður skoði samhengi verkanna við atvinnu- og byggðaþróun í landinu. Rétt til að leiða hann af stað í það göfuga verk þá ætla ég að lesa fyrir hann eina blaðsíðu úr skýrslu sem unnin var fyrir Byggðastofnun í mars 2001 og heitir Sjávarútvegur og byggðaþróun á Íslandi. Ég lesa bara lokaorðin. Ég veit að það dugar hv. þingmanni ágætlega til að fara af stað í þetta verk. Ég hygg reyndar að enda þótt þingmaðurinn sé ungur að árum hafi hann fylgst með pólitískri umræðu lengi. Ef ég man rétt var hann aðstoðarmaður ráðherra áður en hann var kosinn þingmaður þannig að ég treysti því og þykist reyndar vita að hv. þingmaður veit nokk um þessa skýrslu sem ég er að vitna í. En, með leyfi forseta, hljóða lokaorðin þannig:

„Af framansögðu er ljóst að ýmsar breytingar hafa átt sér stað í sjávarútvegi eftir 1990 með breytingu laganna um stjórn fiskveiða nr. 38/1990. Þetta kemur fram með afgerandi hætti eftir 1995.“ Hv. þingmaður. Hverjir voru þá í ríkisstjórn? (**Gripið fram í:** Framsóknarflokkurinn.) Já. Þú ert alveg með á nótunum, ég heyri það. — „Samhliða þessum breytingum eiga sér stað miklar breytingar á íbúafjölda á landsbyggðinni á síðari hluta síðasta áratugar.“ — Þær breytingar í samanburði við árin á undan eru afgerandi, hv. þingmaður.

„Í þessu sambandi er sérstaklega bent á eftirfarandi:

1. Skipting veiðiheimilda á milli landshluta tekur miklum breytingum eftir 1995 miðað við árin á undan. Mismunurinn á milli landshluta fer vaxandi eftir því sem frá líður.

2. Samhliða breyttri skiptingu veiðiheimilda á milli landshluta aukast skuldir í sjávarútvegi verulega eftir árið 1995. Verður því að telja að þessar tilfærslur á veiðiheimildum hafi leitt til aukins fjármagnskostnaðar.

3. Frá 1984 til 1989 fara laun sem hlutfall af tekjum í fiskiðnaði hækkandi, þegar hlutfall hráefnis breytist lítið. Eftir það á sér stað mikil breyting, hlutfall hráefnis hækkar úr 48% árið 1989 í 60% árið 1996“ — þegar framsalið fór að virka verulega. — „Á sama tíma lækkar hlutfall launa úr 21% í 16,5% árið 1996.

4. Frá árinu 1998 til ársins 1992 hækka laun við fiskveiðar og fiskvinnslu sem hlutfall af meðallaunum. Eftir árið 1992 lækkar hlutfallið í fiskiðnaði. Ef eingöngu eru athuguð laun við frystingu, söltun og herslu, þá lækkar hlutfallið úr 96% árið 1992 í 84% árið 1997.“ — Þegar Framsóknarflokkurinn hefur verið við völd í tvö ár.

5. Eftir 1995 hefur nokkuð verið um það að stór og smá sjávarútvegsfyrirtæki hafa sameinast með alvarlegum afleiðingum fyrir ýmis byggðarlög.“ — Síðan er vitnað í mynd í skýrslunni.

„6. Frá árinu 1994 hefur íbúum landsbyggðarinnar fækkað um 4.000 manns samanborið við að íbúum þar fjölgaði um 613 manns næstu þrjú ár á undan. Fullyrða má að þeir orsakaþættir sem að framan er lýst eiga hér ómældan hlut að máli þrátt fyrir að fleira komi til.“

Síðan segir í niðurlagsorðunum:

„Hér að framan hefur verið leitast við að svara þeirri fyrirspurn stjórnar Byggðastofnunar hvort lögin um stjórn fiskveiða hafi áhrif á byggðaþróun í landinu. Ljóst er að ákvæði laganna um frjálst framsal veiðiheimilda hefur haft víðtækar afleiðingar á þróun byggðar í landinu með tilflutningi aflaheimilda á milli landshluta og einstakra byggðarlaga. Sem dæmi má nefna að byggðarlög á Snæfellsnesi eru að styrkjast en byggð á Vestfjörðum að veikjast. Þetta hefur leitt til verulegrar skuldaaukningar í sjávarútvegi, lækkunar launa í fiskvinnslu í samanburði við aðrar atvinnugreinar og fólksflótta af landsbyggðinni.

Ekki er að merkja miklar breytingar í þessa veru fyrr en eftir 1995, þegar sjávarútvegurinn hafði bætt rekstrarstöðu sína eftir skuldaskilin frá 1989/1990 og aflaheimildir voru orðinn góður fjárfestingarkostur.“

Sem sagt. Það liggur fyrir í skýrslu sem unnin var fyrir stjórn Byggðastofnunar á árinu 2001 hvaða orsakir eru þá taldar sérstaklega hafa leitt til verulegrar byggðaröskunar og byggðavanda hér á landi, fækkunar fólks á landsbyggðinni o.s.frv.

Ég vildi stinga þessu inn í umræðuna, hæstv. forseti, eingöngu til að upplýsa hv. þingmann sem á að fjalla um þetta mál í hv. nefnd og ég held líka að hæstv. iðnaðarráðherra hafi haft ágætt af því að ég las lokaorðin í þessari skýrslu. Þetta er bara upprifjun fyrir okkur og ég hygg að ráðherrann hafi einnig gott af þeirri upprifjun. (Gripið fram í.)

Sagði hæstv. ráðherra eitthvað? (**Iðnrh.:** Það var lítið.) Ég heyri að ráðherrann hefur ekki fræðst nóg af því sem ég var að segja og þess vegna ætla ég að vitna í aðra skýrslu sem unnin var fyrir Byggðastofnun. Hún er um áhrif kvótasetningar aukategunda hjá krókabátum á byggð á Vestfjörðum, en í samantekt þeirrar skýrslu segir m.a.:

„Miðað við samdrátt í afla til vinnslu upp á 6.200 tonn af slægðum afla, vegna kvótasetningar ýsu, steinbíts og ufsa, má gera ráð fyrir því að ársverkum í landvinnslu á Vestfjörðum fækki um 93, sé miðað við upplýsingar frá Samtökum fiskvinnslustöðva.

Landssamband smábátaeigenda gerir ráð fyrir því að störfum við smábátaútgerð á Vestfjörðum fækki um 160–200 vegna kvótasetningar ýsu, steinbíts og ufsa.“

Ég ætla rétt að vona að hæstv. ráðherra skoði slík plögg sem lögð er vinna í fyrir Byggðastofnun, sem er ein af þeim stofnunum sem sérstaklega á að fylgjast með vanda landsbyggðarinnar og leggja þar lið. Ég að það sé mjög nauðsynlegt að við höfum þetta í huga. Það er auðvitað svo að þegar aflaheimildir færast til þá er líklegt að einhver byggðarlög hagnist, þau sem aflaheimildirnar fá, en það er alveg

ljóst að þær fara oft frá byggðunum sem veikast standa. Þess vegna höfum við m.a. þessi vandamál í sjávarbyggðum sem hafa af einhverjum orsökum lent í erfiðleikum og sitja uppi með þann vanda.

Þó að margt sé farið að gera í byggðamálum, m.a. koma á vaxtarsamningum og öðru slíku, og reynt sé að fá fram jákvætt viðhorf og sameiginlegar fjárfestingar ríkis og fyrirtækja á viðkomandi svæðum þá er það svo á mörgum svæðum sem lent hafa í skakkaföllum að menn eru búnir að eyða eða fjárfesta fyrir þá fjármuni sem þeir hafa yfir að ráða. Oft og tíðum sitja þessi byggðarlög eftir með það vandamál, sem er auðvitað afar mikið vandamál fyrir hverja byggð, að hafa ekki lengur á að skipa eða eiga ekki lengur aðgang að öflugum fyrirtækjum. Það höfum við séð í ýmsum byggðum landsins, því miður, að þeir sem voru þar fyrir, m.a. í sjávarútvegi og reyndar í öðrum fyrirtækjum einnig, hafa lent í erfiðleikum með reksturinn og tapað fjármunum og eiga þar af leiðandi ekki fjármuni til að takast á við ný átök í atvinnumálum.

Það er oft svo í smærri byggðunum að þar er ákveðinn kjarni manna sem fæst við það að reyna að halda atvinnulífinu gangandi og þegar búið er að taka kraftinn úr þeim og þeir hafa tapað fjármunum sínum og eignastöðu þá er oft ekki að mörgu að hverfa í þeim byggðarlögum. Þess vegna er nauðsynlegt að horfa kannski víðar en það að hægt sé að fá styrk í vaxtarsamningunum í héraðinu, ég hygg að koma þurfi á sérstökum lánveitingum og styrkjum, m.a. frá Byggðastofnun, á móti því sem menn hugsanlega vilja stofna til og nýta sér vaxtarsamningana til. Og þá kem ég að Byggðastofnun í fyrri ræðu minni.

Það hlýtur að vekja hjá okkur verulegan ugg hver staða Byggðastofnunar er í dag og það að Byggðastofnun skuli ekki geta og hafi ekki bolmagn til að stunda eðlilega lánastarfsemi fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni. Samt er á bls. 7 í þeirri skýrslu sem við ræðum hér samhliða þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun talað um aukna samvinnu opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífsins, m.a. er Byggðastofnun nefnd og taldir upp nokkrir aðrir sjóðir sem geti sameinast um átak til atvinnusköpunar. Vissulega er það góðra gjalda vert en ég hygg að Byggðastofnun sé þannig í stakk búin nú um stundir að hún hafi ekki mikið fjármagn til lánveitinga eða styrkveitinga. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki eigi hið snarasta að reyna að bæta úr þeim vanda sem snýr að Byggðastofnun í lánveitingum og styrkveitingum til að hún standi undir þeim verkefnum sem henni hafa verið falin.

Undir lið 2 segir í skýrslunni að ábyrgðin á framkvæmd sé á vegum Byggðastofnunar sem er eins og við vitum með litla fjármuni og hefur ekki að mínu viti eins og staðan er í dag mikla möguleika til að takast á við sín verkefni. Þess vegna held ég að það verði að beina því til hæstv. ráðherra í þessari umræðu að fyrr en seinna verði að taka á vanda Byggðastofnunar, ef stofnunin á að geta þjónað þeim verkefnum sem henni eru falin og því að að styrkja og efla landsbyggðina.

Í byggðaáætluninni er vikið að ýmsum áhugaverðum hlutum og ég ætla sérstaklega að staldra við samgöngurnar. Ég held að það sé ákaflega nauðsynlegt að við gerum mikið átak í því að bæta samgöngur hér á landi. Nánast allir flutningar eru komnir á þjóðvegi landsins, en ríkisstjórnin hefur samt dregið úr framkvæmdum þrjú ár í röð í vegamálum um tæpa 2 milljarða. Það stendur hins vegar til að setja verulegt fé í þau á árinu 2007. Á kosningaárinu, hæstv. ráðherra. Ha, ha, ha. (**Gripið fram í:** Er það ekki gleðilegt?) Gaman, gaman. Ja, það skyldi nú vera að það væri gleðilegt. (**Gripið fram í:** Já.) Ég held að það sé mjög gleðilegt ef svo fer að þau útboð sem gerð verða og boðið verður í af verktökum verða á því verði að við fáum sem mest fyrir fjármunina. Við höfum verið að fá tilboð eins og í Reykjanesbraut á rétt rúmlega 70% kostnaðarverðs. Það bendir ekki til þess að verktakarnir hafi ofboðslega mikið að gera þegar þeir gera svo góð tilboð. Ég spyr: Þegar búið verður að spýta inn þessum 7–8 milljörðum til viðbótar á árinu 2007, munum við þá nýta það fé eins vel og við hefðum getað gert víða á landsbyggðinni á þeim árum sem við höfum frestað framkvæmdum? Munum við fá sams konar tilboð? Það á eftir að koma í ljós. Mun það mikla fé sem menn hyggjast setja inn á kosningaárinu 2007 nýtast okkur á þann hátt sem eðlilegt getur talist? Það er ekki hægt að sýna fram á að það sé mikil þensla í vegaframkvæmdum vítt og breitt á landsbyggðinni. Tilboðin benda ekki til þess.

[14:17]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var afskaplega gaman að heyra í hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Hann er alltaf hressilegur í tali, ekki síst þegar hann talar um sjávarútvegsmál. Hann kom að vanda Byggðastofnunar og ég ætla bara að gleðja hann með því að Byggðastofnun hefur síðustu vikurnar lánað til ýmissa verkefna í atvinnumálum á landsbyggðinni. Núna eru auknar umsóknir til Byggðastofnunar en ég tek undir með honum, það þarf að taka á vanda Byggðastofnunar og ég trúi því og treysti að hæstv. iðnaðarráðherra sé að gera það um þessar mundir. Byggðastofnun hefur ekki haft fjármuni til styrkveitinga en í þeirri skýrslu sem liggur hér fyrir er getið um mörg mjög góð verkefni sem Byggðastofnun var falið að leggja hlutafé í. Eru það allháar upphæðir og ég hvet hv. þingmann til að kynna sér það.

Það er oft talað eins og Byggðastofnun sé handónýt stofnun. Það er af og frá, þar er verið að vinna afskaplega gott starf og þar er fólk virkilega allt af vilja gert að vinna að góðum málum.

Hvað varðar framkvæmdir í samgöngumálum hefur aldrei verið gert annað eins í samgöngumálum þessarar þjóðar og síðustu mánuði og ár, aldrei nokkurn tíma. Við sjáum hér jarðgöng, tvöfaldaða vegi, bættar samgöngur á Reykjanesbrautinni, Hellisheiðinni, í Borgarfirðinum, á Snæfellsnesi, um Norðurland, ég tala nú ekki um Almannaskarðsgöngin sem eru ein fallegustu jarðgöng sem ég hef komið í. Svo mætti lengi enn telja.

[14:19]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi alls ekki látið þau orð falla að ég teldi að Byggðastofnun væri handónýt stofnun. Ég hvatti einmitt til þess að starfsemi hennar yrði efld, m.a. með því að láta hana hafa aukið fé svo að hún gæti farið í

styrkveitingar, einmitt á svæðum þar sem atvinnulífið er aumt og þar sem kannski eru ekki til miklir fjármunir í heimabyggð til að stofna til nýs og öflugs atvinnureksturs. Þangað þarf auðvitað að veita styrki.

Það gæti verið gott verk að taka það upp að Byggðastofnun gæti veitt styrki á móti því sem kemur frá ríkinu varðandi vaxtarsamninga og annað slíkt. Á mörgum stöðum geta fyrirtæki það ekki og á það benti ég.

Ég fagna því ef Byggðastofnun hefur á undanförnum missirum veitt ný lán og að starfsemin þar sé komin á skrið á nýjan leik. Við vitum jú í hvaða erfiðleikum Byggðastofnun lenti og lýsti því þá yfir að hún mundi stöðva lánveitingar.

Ég tel að eitt það besta sem við getum gert á landi hér sé að efla og styrkja vegakerfið, stytta vegalengdir og koma vegunum sem mest á láglendi. Um þetta höfum við flutt sérstakt þingmál í Frjálslynda flokknum þar sem við höfum lagt til að einkum verði horft til þess að fara ofan af fjöllunum og undir þau. Ég hygg að eftir því sem fleiri Íslendingar fái að kynnast þeim gæðum sem felast í að fá að aka í gegnum jarðgöng, hvort sem þau eru fyrir austan, vestan, undir Hvalfjörð eða annars staðar á landinu, muni þeir átta sig á því að jarðgangagerð sem við munum stofna til er varanleg framkvæmd sem við búum að til áratuga og árhundruða. Við fáum ekki betri lausnir á fjöllóttu landi þar sem oft geta verið harðir vetur en að komast í gegnum fjöllin og undir fjallvegina.

Ég held að okkur, hv. þm. Drífu Hjartardóttur, greini ekki mikið á í þeim efnum.

[14:22]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það má alveg taka undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, enda vorum við einu sinni samflokksmenn. Okkur greinir ekki alltaf mikið á.

Þegar ég sagði að oft væri talað illa um Byggðastofnun var ég ekki að vitna til orða hv. þingmanns, en margir aðrir gera það. Að sjálfsögðu tek ég undir að efla þurfi Byggðastofnun. Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun að Byggðastofnun ætti að vera með styrkveitingar því að styrkir, þótt litlir séu, skipta máli. Ég þekki það t.d. í gegnum atvinnusjóð kvenna að þeir litlu styrkir sem veittir hafa verið til atvinnumála kvenna hafa oft og tíðum skipt sköpum.

Eins er það þannig að þrátt fyrir mikið frelsi hjá bönkunum og að þeir láni víða vilja þeir ekki lána á alla staði á landinu. Þannig er það, þeir hafa ekki haft vilja til að lána til hinna veikari svæða og þess vegna þarf að vera einhver stofnun eins og Byggðastofnun sem getur sinnt því hlutverki.

Það eru mikil áform í samgöngumálum hjá þessari ríkisstjórn, og það er vel. Af því að áðan var kallað fram í og ég spurð hvort ég vildi ganga í Frjálslynda flokkinn þakka ég gott boð en segi nei, takk.

[14:23]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svo sem ekki margt í þessu sem ég þarf að svara. Ég get tekið undir orð hv. þingmanna varðandi bankana. Það er því miður þannig að bankarnir lána mjög treglega inn á sum svæði landsins og það er eins og að það sé metið svo að ef fasteign eða eign sem á að lána í er úti á landsbyggðinni sé ekki hátt lánshlutfall í boði og kjörin jafnvel ekki. Reyndar veit ég um einstaklinga sem hafa fengið alveg hrein og klár svör um að viðkomandi banki lánaði ekki til ákveðinna staða. Það er mjög fúlt fyrir fólk að upplifa slíkt. Það á þá bæði við um þá sem eru í atvinnurekstri og reyndar líka þá sem eru að byggja sér hús.

[14:25]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom víða við í ræðu sinni. Reyndar einkenndist hún meira af söguskýringum (Gripið fram í.) og upprifjun á (Gripið fram í.) ákveðinni þróun á umliðnum árum en hv. þingmaður mátti þó eiga það að ég held að hann hafi ekki nefnt einn einasta jákvæðan punkt í ræðu sinni hér á 15 mínútum. Ég held að hv. þingmaður hefði átt að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. iðnaðarráðherra að vörður verður staðinn um starfsemi byggðamála á Sauðárkróki, vörður verður staðinn um þá starfsemi, starfsemi verður efld á Ísafirði og Egilsstöðum í framhaldinu og að við skulum horfa til framþróunar í þessum málum, að verið sé að samþætta hið mikilvæga hlutverk sem þessi stofnun gegnir í byggðamálum. Það er mjög mikilvægt og ég held að hv. þingmaður hefði átt að fagna því.

Eins eiga hæstv. ráðherrar Björn Bjarnason og Árni Magnússon þakkir skildar fyrir að flytja á milli 20 og 30 störf í Húnavatnssýslu. Það er gríðarlega mikilvægt verkefni, sektarinnheimta á Blönduósi og Foreldraorlofssjóður norður í Húnavatnssýslu. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli og hefur verið keppikefli þessara byggða að fá opinber störf heim í hérað. Það er mjög mikilvægt að mínu mati að þingmenn viðkomandi kjördæmis geti þess sem vel er gert og horfir til framfara.

Ég vil svo minna hv. þingmann á að ég hóf afskipti af pólitík á árinu 2000 og þekki þá sögu þegar starfsemi Íbúðalánasjóðs var flutt á Sauðárkrók og starfsemi Byggðastofnunar líka. Það voru umdeild verkefni á sínum tíma en ég held að sá flutningur hafi sýnt sig og sannað. Ég vil benda hv. þingmanni á að Framsóknarflokkurinn kom þar m.a. allverulega að máli.

[14:27]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svo að það valdi ekki misskilningi skal hér með byrjað á að þakka fyrir það sem vel hefur verið gert. Það hefur aldrei staðið á mér að styðja góð málefni og ég hef iðulega sagt það héðan úr þessum ræðustól að ef góð málefni eru á ferðinni verða þau studd af Frjálslynda flokknum, hvort sem þau koma frá ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu.

Við gleðjumst yfir því, ég og hv. þm. Birkir J. Jónsson, þegar ný störf koma heim í hérað og fögnum því. Hins vegar finnst mér ekki að við þurfum endilega að vera á neinum biðilsbuxum eftir því vegna þess að í skýrslu Vífils Karlssonar var sýnt fram á það að af 27% af fjármunum sem yrðu til á landsbyggðinni af skatttekjum rynnu aðeins 15% aftur út á land. Við eigum ekkert alltaf að þurfa að vera í

bónbjargastöðu við að fá störf. Við eigum heimtingu á því að fá hluta af opinberum störfum út á land.

Ég fagna því virkilega þegar það tekst.

[14:28]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrra andsvari mínu benti ég hv. þingmanni einfaldlega á að það þýðir ekki alltaf að líta til fortíðar. Menn verða að horfa fram á veginn. (**Gripið fram í:** Hann er hafinn.) Þess vegna eigum við að fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur gefið hér, að verið er að vinna að vaxtarsamningi við Vesturland og við Vestfirði. Það er nýlega búið að opna Háskólasetur Vestfjarða (**Gripið fram í:** Og Norðurlands vestra.) og líka er verið að vinna að vaxtarsamningi við Norðurland vestra. Við þekkjum það, við hv. þingmaður, að þar sem merkilegar háskóla- og menntastofnanir rísa, líkt og verið er að gera núna á Vestfjörðum, blómgast byggð. (**JBjarn:** Eins og á Hólum.) Eins og hv. þm. Jón Bjarnason bendir hér réttilega á, eins og á Hólum, enda hafa framlög til þeirrar merku stofnunar stóraukist á umliðnum árum og umsvif Hólaskóla hafa haft gríðarlega jákvæð áhrif á Sveitarfélagið Skagafjörð. (**JBjarn:** Já, landið allt.) Það er eitt af því fáa sem við hv. *þingmaður getum verið sammála um í atvinnumálum*, það að byggja Hólaskóla áfram upp enda veit ég að Skagfirðingar eru stoltir af þeirri merkilegu stofnun.

Aðalatriðið er að menn eiga ekki eingöngu að horfa til fortíðar og benda á það neikvæða. Við eigum líka að horfa fram á veginn og huga að þeim sóknarfærum sem m.a. hæstv. iðnaðarráðherra er að framkvæma í störfum sínum fyrir hönd þjóðarinnar.

[14:30]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af fyrir sig get ég alveg verið sammála því að við eigum ekki endalaust að líta til fortíðar, en það er oft gott að líta til fortíðar þegar að framtíð skal hyggja, hv. þingmaður. Hv. þingmaður vildi gera því skóna að ég veifaði alltaf fortíðinni og (**Gripið fram í:** Og værir neikvæður.) væri neikvæður. Ég hef nú ekki oft heyrt það að ég væri mjög neikvæður maður, en svo lengi lærir sem lifir. Það er nú svo.

Vikið var að því í upphafi fundar að við værum að ræða hérna m.a. skýrslu sem væri búið að gefa út í þrígang með sama formi. Finnst nú ekki hv. þingmanni að það sé óþarfi að vera að gefa fortíðina út í þrígang? (**Gripið fram í:** ... sama form.) (**Gripið fram í:** Sama skýrslan.)

[14:31]

Útbýting:

Endurnýjun sæstrengs, 509. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 746.

Fjárveitingar til vegagerðar, 508. mál, fsp. AKG, þskj. 745.

[14:31]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 og jafnframt skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005. Auðvitað hlýtur sú umræða sem hér hefur farið fram að fara vítt yfir sviðið, enda er um mjög víðfeðman málaflokk að ræða sem snertir líf þeirra sem búa m.a. á landsbyggðinni.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu mun þingsályktunartillagan um stefnumótandi byggðaáætlun koma fyrir hv. iðnaðarnefnd. Ljóst er að mikið verkefni bíður okkar nefndarmanna í iðnaðarnefnd að fara yfir þá þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir og vænti ég þess að nefndin verði samstiga í því mikla verkefni og hef ekki ástæðu til að ætla annað.

Hæstv. forseti. Ég mun í máli mínu gera að umfjöllunarefni bæði fortíð og framtíð þar sem við erum annars vegar að meta þann árangur sem hæstv. ríkisstjórn hefur náð á árabilinu 2002–2005 en jafnframt erum við að horfa fram á veginn til áranna 2006–2009. Hér er um stefnumótandi plagg að ræða og mjög mikilvægt að það sé vel úr garði gert.

Hæstv. forseti. Ég ætla að ræða til að byrja með þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun. Helstu aðgerðir sem gripið verður til í því skyni að ná fram markmiðum áætlunarinnar eru eftirfarandi, og eru þær í 23 liðum. Fyrsti liðurinn er bættar samgöngur. Það er svo sem engin tilviljun því að samgöngur eru gríðarlega mikilvægur hluti af byggðastefnu, að tengja saman byggðarkjarna og þjónustusvæði. Að gera eitt heildstætt atvinnusvæði víðs vegar um landið skiptir mjög miklu máli. Ég hef verið talsmaður þess að grafa göng eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og sem betur fer horfum við fram á mikilvægar framkvæmdir í því samhengi, göng um Óshlíð, sem er mjög *hættulegur vegur, og jafnframt tengingu byggðarlaga* við utanverðan Eyjafjörð. Þetta skiptir íbúa á viðkomandi ... Hæstv. forseti, get ég fengið hljóð?

Þetta eru gríðarlega mikilvægar framkvæmdir fyrir fólk á viðkomandi stöðum. Menn vitna mjög mikið til arðsemismats fyrir viðkomandi framkvæmdir en við skulum hafa það í huga að hér er um mannvirki að ræða sem munu endast í áratugi og byggja upp viðkomandi byggðarlög. Ég legg því mikla áherslu á að *stjórnvöld í framtíðinni leggi* mun meiri peninga í jarðgöng. Austfirðingar hafa uppi háleitar hugmyndir um miklar jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi, Vaðlaheiðargöngin eru í augsýn og allar þessar framkvæmdir munu skipta gríðarlega miklu máli fyrir viðkomandi byggðarlög.

Hæstv. forseti. Uppbygging þekkingarsetra eða háskólasetra á landsbyggðinni er eitt af þeim málum sem skiptir miklu máli fyrir þau byggðarlög sem hafa því miður ekki haft aðgengi að framhaldsmenntun á sínu svæði. Við þekkjum það að ef slíkar menntastofnanir eru ekki fyrir hendi hverfur unga fólkið úr viðkomandi byggðarlögum, oftar en ekki flytjast fjölskyldurnar á eftir og bæjarfélögin verða fátækari. Því er mjög mikilvægt að við bjóðum upp á framhalds- og háskólamenntun víðs vegar um landið.

Ég vil nefna í því samhengi Háskólann á Akureyri. Ef við horfum á það hvað sú glæsilega stofnun hefur gert fyrir ekki bara Akureyringa eða Eyfirðinga heldur landsmenn alla, þá hefur sú stofnun skipt gríðarlega miklu máli í byggðalegu samhengi. Tölur sýna að þeir nemendur sem

fara í Háskólann á Akureyri eru mun líklegri til að setjast að á landsbyggðinni en þeir nemendur sem sækja nám sitt til höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt fögnum við því, eins og ég nefndi áðan í andsvari við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, að nú sé búið að stofna Háskólasetur Vestfjarða. Það er gríðarlega mikilvægt mál fyrir Vestfirðinga og ég hef trú á því að sú stofnun eigi eftir að valda straumhvörfum í byggðaþróun á Vestfjörðum, a.m.k. á Ísafirði og í bæjunum þar í kring. Einnig er búið að stofna háskólasetur á Austurlandi sem mun jafnframt gegna mjög miklu hlutverki í að auka þekkingarstigið í þeim byggðarlögum sem þar eru og nauðsynleg viðbót við þær miklu framkvæmdir sem þar eru í gangi.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna, af því að ég þekki dálítið til Þekkingarseturs Þingeyinga, að þá stofnun eigum við eftir að þróa betur og efla. Þar eru tveir ungir menn sem stýra þekkingarsetri um náttúrufræði, Náttúrustofu Norðausturlands, með miklum sóma sem hefur hleypt miklu lífi í bæjarfélagið. Þetta eru því allt verkefni sem skipta miklu máli og það er mjög mikilvægt — þó að hv. þm. Sigurjón Þórðarson hlæi að því — að efla þessa þætti því að við þurfum að auka þekkingu á landsbyggðinni. (Gripið fram í.) Við horfum á það að landsbyggðin hefur því miður verið að dragast aftur úr kjaralega séð gagnvart höfuðborgarsvæðinu. (**SigurjÞ:** Sammála því. Það er áhyggjuefni.) Það er áhyggjuefni og við getum öll sammælst um það. Þess vegna er mikilvægt að við höldum áfram á þeirri leið að byggja upp þekkingu í þessum byggðarlögum.

Síðan koma hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar og láta eins og það hafi hreinlega ekkert verið að gerast á viðkomandi svæðum í þessum málefnum. Það er bara rangt. Ríkisstjórnin hefur verið að vinna mjög gott uppbyggingarverkefni á þessu sviði og það ber að þakka. Ljóst er að nútímabyggðastefna verður ekki rekin án þess að við eflum og hækkum menntunarstig í viðkomandi byggðarlögum. (**Gripið fram í:** Hárrétt.) (**Gripið fram í:** Viltu ekki verða menntamálaráðherra?) Þess vegna, hæstv. forseti, höfum við þingmenn Norðausturkjördæmisins ásamt fleirum lagt fram tillögu til þingsályktunar um byggingu framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. (Gripið fram í.) Þar búa á fimmta þúsund manns sem hafa ekki aðgengi að framhaldsmenntun. Það er búið að hækka sjálfræðisaldurinn upp í 18 ár og fólk er í dag að senda ólögráða börn að heiman, 16 og 17 ára unglinga, sem eiga að njóta þeirra sjálfsögðu mannréttinda að geta nýtt námsframboð í heimabyggð sinni. Ég fagna því að hæstv. menntamálaráðherra hefur nú skipað starfshóp, sem hefur m.a. það hlutverk að kanna hvort grundvöllur sé fyrir námi við utanverðan Eyjafjörð. Ég gef mér það fyrir fram að fyrir því sé grundvöllur, því að hvergi annars staðar á landinu finnum við 4–5 þúsund manna byggðakjarna sem hefur ekki aðgengi að framhaldsmenntun, hvergi. Hér er því um mjög mikilvægt mál að ræða.

Hæstv. forseti. Af því að sagt er að hæstv. ríkisstjórn sé ekki mikið fyrir nýsköpun eða að koma á fót tæknigreinum og öðru slíku á landsbyggðinni, að við séum eingöngu í álverum, þá er það náttúrlega ekki rétt. Mig langar að fara örstutt yfir þau nýsköpunarverkefni sem hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. ríkisstjórn hefur hrundið af stað. Vil ég þar nefna fyrst að verja á 2,5 milljörðum í Nýsköpunarsjóð. Hv. þingmönnum hefur nú verið tamt að tala hér um ræðu hæstv. forsætisráðherra sem hann flutti á viðskiptaþingi í gær. Þar kom hæstv. forsætisráðherra með mjög spennandi hugmynd um að atvinnufyrirtækin í landinu, stórgróðafyrirtækin, eins og hv. þm. Jón Bjarnason er vanur að nefna þau, komi að því að byggja upp nýsköpun og tæknigreinar í landinu. Hæstv. forsætisráðherra sá fyrir sér sjóð upp á 6–10 milljarða, 6–10 þúsund milljónir, sem ætti að koma að því að byggja upp slíkar atvinnugreinar í landinu. Ríkisstjórnin mundi leggja fram 1,5–2,5 milljarða í þennan sjóð og fyrirtækin, þessi stöndugu fyrirtæki kæmu að því að mæta restinni og jafnvel lífeyrissjóðir. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli, að verja fjármagni til þeirra greina sem munu mynda undirstöðu í framtíðinni í tekjugrundvelli þjóðarbús okkar.

Mig langar að lokum, hæstv. forseti, að nefna aðeins stöðu þeirra byggðarlaga sem glíma við viðvarandi fólksfækkun. Við þekkjum það margir hv. þingmenn landsbyggðarinnar að þau eru vissulega til. Margar sjávarbyggðir hafa orðið fyrir hruni í rækjuveiðum og rækjuvinnslu, og jafnvel í byggðarlögum sem hafa haft lífsviðurværi sitt af því að bræða loðnu og aðrar uppsjávartegundir er mjög hart í ári. Spurningin er hvað við hv. þingmenn eigum að gera til að bregðast við því ástandi sem þar blasir við.

Ég sá í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun, eða í einhverju fylgiskjali, að menn hafa jafnvel velt upp þeirri hugmynd að endurgreiða námslán fyrir ungt fólk sem kýs að flytjast til þessara byggðarlaga, ungt fólk sem er með fullt af hugmyndum. Mér finnst slík hugmynd góðra gjalda verð (Gripið fram í.) að ungt fólk sem vill flytjast í hinar dreifðu byggðir og í þessi sveitarfélög fái jafnvel einhvern afslátt af námslánum sínum. Reyndar er það nú svo að allt frá árinu 1995 hefur núverandi ríkisstjórn lækkað endurgreiðsluhlutfall námslána úr 7% í 3,75%. Kratarnir sem voru í ríkisstjórn 1991–1995 skattpíndu þetta unga fólk. Það er búið að lækka endurgreiðslubyrði þessa unga fólks um helming. En ég væri tilbúinn að skoða leiðir að því að ívilna því fólki sem vill flytjast í þessi byggðarlög og er uppfullt af góðum hugmyndum (Gripið fram í.) og ég vil skoða það að við þessu verði hreyft.

Annað sem ég vildi nefna. Þó að ekki séu blómlegir tímar í íslenskum sjávarútvegi sökum rekstrarumhverfisins er það veiðigjald sem ákveðið hefur verið að innheimta af íslenskum sjávarútvegi skattur á landsbyggðina. Hér er um atvinnugrein að ræða sem nær eingöngu er starfandi á landsbyggðinni. Ákveðið var að taka visst auðlindagjald af þessari grein, svokallað veiðigjald, og taka sérstakan skatt af þeirri starfsemi. Þá hlýtur það að vera réttlætismál fyrir okkur, sama hvort við erum þingmenn höfuðborgarsvæðisins eða landsbyggðarinnar, við erum þingmenn landsins alls, að þeir peningar sem renna af veiðigjaldinu fari til þeirra byggða sem skila því inn í ríkissjóð. Það hlýtur að vera, því að við höfum séð því m.a. hreyft í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að það beri að skoða hvort þetta veiðigjald eigi að skila sér aftur til byggðanna í formi atvinnuuppbyggingar eða annars slíks.

Því miður hefur ekkert enn verið gert í því. Ég hef hreyft við þessu máli á hverju einasta ári frá því að ég sett-

ist á þing, sem eru að verða tæp þrjú ár, en því miður hefur ekkert orðið af þeim efndum. Reyndar er þetta ekki loforð í stjórnarsáttmálanum, þessu er teflt fram sem hugmynd, „til dæmis með því að", stendur í stjórnarsáttmálanum. En ég held að við ættum að vinna að því, þingmenn allir, að hreyfa við þessu sjálfsagða jafnréttismáli að þeir fjármunir sem koma frá þessum byggðarlögum skili sér aftur heim til byggðanna og að því þurfum við að vinna.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum þakka ágæta umræðu sem hefur verið upplýsandi. Ég fór í andsvar fyrr í dag við hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formann Samfylkingarinnar, og innti hana eftir stefnu Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum. Eins og allir vita er Samfylkingin næststærsti flokkurinn á Alþingi (Gripið fram í.) og telur sig vera fulltrúa landsbyggðarinnar og náttúrlega höfuðborgarsvæðisins, þá er náttúrlega ólíðandi að annars vegar komi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fram og segi: Við viljum sátt í íslenskum sjávarútvegi, og rétti fram útrétta hönd og biðji um að tekið verði í hana. Daginn eftir kemur svo hv. þm. Jóhann Ársælsson og segir: Samfylkingin lofaði fyrningarleiðinni og við það verður staðið. Hv. þingmaður heldur sig við fyrningarleiðina. Útvegsmenn hafa sagt: Það er ekki leið til sátta. Legið hefur fyrir að íslenskur sjávarútvegur mun ekki sætta sig við það að fyrningarleið Samfylkingarinnar verði farin. (Gripið fram í.) Í raun og veru talar því hv. þm. Jóhann Ársælsson í sínum hópi um það að að sjálfsögðu standi Samfylkingin við þau kosningaloforð og þá stefnu sem hún hélt fram fyrir síðustu kosningar. En annars vegar kemur svo formaður Samfylkingarinnar og talar loðið í hópi útvegsmanna á aðalfundi LÍÚ. Það er náttúrlega ekki boðlegt, hæstv. forseti, (Gripið fram í.) að gríðarlega stór stjórnmálaflokkur skuli ekki hafa stefnu í sjávarútvegsmálum. (Gripið fram í.)

Eins, hæstv. forseti, gætum við talað um hin umdeildu stóriðjumál. Hv. þingmenn, glæsilegir þingmenn Samfylkingarinnar, Kristján L. Möller og Einar Már Sigurðarson, ríða um héruð á Norðurlandi og innprenta það í Norðlendinga að Samfylkingin standi með þeim í þessum málum. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og hv. þm. Helgi Hjörvar koma svo upp hér á Alþingi og tala í allt öðrum dúr, að nú verði að fara varlega. Ég hef nefnt tvö mál, þ.e. sjávarútvegsstefnu þjóðarinnar (Gripið fram í.) og stóriðjustefnu þjóðarinnar. Því miður hefur Samfylkingin ekki stefnu í hvorugu þessara mála. (**Gripið fram í:** Ha?)

[14:47]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Á ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar var að heyra að hann væri búinn að vera að efla byggð um allt land. (**BJJ:** Vinna að því.) Vinna að því. Ég vil spyrja hv. þingmann: Hvernig finna Siglfirðingar fyrir þeirri eflingu byggðar?

[14:47]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski einkennileg tilviljun að Siglufjörður skuli vera nefndur hér á nafn en það er ekki vegna þess að sá sem hér stendur sé endilega sérstakur þingmaður Siglfirðinga heldur náttúrlega landsins alls. Reyndar er ég búsettur á Siglufirði og mér er ánægja að upplýsa hv. þingmann um að ríkisstjórnin hefur komið í gegn miklum samgöngubótum sem fram undan eru sem munu tengja byggðir á Ólafsfirði og Siglufirði.

Við hv. þingmaður þekkjum áform um að reisa framhaldsskóla á svæðinu ef við fáum til þess stuðning á Alþingi. Það væri gríðarlega mikilvægt mál að reisa framhaldsskóla á því svæði, enda hníga öll rök til þess að rétt sé að gera slíkt.

Við höfum verið að byggja upp ferðaþjónustuna á Siglufirði og eins og hv. þm. Kristján Möller þekkir hefur meiri hlutinn á Alþingi og Alþingi allt styrkt skíðavæði Siglfirðinga sérstaklega. Síldarminjasafnið hefur fengið ágætisframlög og síðan er verið að ráðast í framkvæmd upp á nokkur hundruð milljónir við Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar sem er nauðsynleg framkvæmd þar sem stofnunin er komin til ára sinna. Nú er unnið að endurbótum á þeirri stofnun. Ég hefði kosið að það hefði gengið hraðar fyrir sig en raun ber vitni en stefnt er að því að bjóða út mikla viðbyggingu við þá stofnun á næstu mánuðum. Það horfir því margt til framfara á þessu svæði við utanverðan Eyjafjörð, í byggðunum Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði. Hins vegar ber að líta á það að þessi byggðarlög hafa orðið fyrir verulegum áföllum. Ef við tökum Siglufjörð sem dæmi, byggðarlag sem byggði mikið á rækjuiðnaðinum og líka mikið á því að bræða uppsjávarfisk þá hafa þessir atvinnuvegir því miður ekki blómstrað á síðustu árum. Það er erfitt en við reynum náttúrlega að halda áfram að byggja fjörðinn upp og firðina á öðrum sviðum.

[14:50]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Af svari hv. þingmanns mætti ráða að allt væri á uppleið á Siglufirði. Það mætti halda það ef þetta væru einu upplýsingarnar sem menn fengju og vissu ekki betur, en því miður er það ekki svo. Þar er fólksfækkun. Hvers vegna er það? Það er vegna þess að Framsóknarflokkurinn hefur tekið réttinn af fólkinu til að sækja sjóinn. Og þegar það hefur verið gagnrýnt hefur hæstv. byggðamálaráðherra sjálf talað um að þetta verði að vera svona því annars væru menn að föndra við byggðirnar. Ég segi: Það er föndur sem hv. þingmaður nefndi hér, skíðasvæðið og eitt og annað, svona smáverkefni. Þetta er til að bæta fyrir misgerðir flokksins í byggðamálum. Ef Siglfirðingar hefðu haft réttinn til sjósóknar þyrftu þeir ekki að biðja um styrki, ástandið þar gæti verið þannig að þeir væru að veita peninga suður á land eins og þeir gerðu í miklum mæli fyrir nokkrum áratugum. Það væri fróðlegt að fá að heyra afstöðu hv. þingmanns (Forseti hringir.) til þessara ummæla iðnaðarráðherra, um föndur við byggðina. Það væri mjög áhugavert.

[14:51]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja það hreint út að mér líkaði ekki þessi tónn í ræðu hv. þingmanns. (**SigurjÞ:** Þetta er bara sannleikurinn.) Hv. þingmaður talaði hér um íbúa við utanverðan Eyjafjörð eins og þeir væru fólk sem væri að sníkja peninga, betla peninga. Hann talar um smá-

verkefni á borð við ferðaþjónustu og skíðavæði á viðkomandi stöðum. Ég held að hv. þingmaður ætti aðeins að hugsa sinn gang. Þetta eru öflug byggðarlög sem skapa íslenska þjóðarbúinu hundruð milljóna í þjóðartekjur með útflutningi sínum á sjávarafurðum m.a. Hv. þingmaður talar eins og allt sé í rjúkandi rúst í viðkomandi byggðarlögum. Fólk reynir að horfa fram, halda áfram í viðkomandi byggðarlögum, m.a. með því að byggja upp (Gripið fram í.) menntun á svæðinu og fleira mætti nefna í þeim dúr en sá tónn sem kom fram í máli hv. þingmanns héðan úr ræðustól í garð íbúa á viðkomandi (Gripið fram í.) stað er ekki til eftirbreytni.

[14:53]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður talaði um að rétt væri að meta árangur af þeirri byggðaáætlun sem er liðin, 2002–2005 og ég er alveg sammála því. Ég get líka sagt, og hef oft sagt það, að mörg markmið í þeirri byggðaáætlun voru ágæt og því langar mig til að leggja eina fyrirspurn fyrir hv. þingmann: Hvað finnst honum um framkvæmdina á síðustu byggðaáætlun, hvernig hefur tekist til um framkvæmd hennar?

[14:53]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Auðvitað er það svo að mannanna verk eru ekki fullkomin. Ef við horfum hins vegar til staðreynda málanna og ég vitna til skýrslunnar, með leyfi forseta:

„Þegar tölur um íbúaþróun á landinu á tímabilinu 1996–2000 og svo aftur 2000–2004 eru skoðaðar kemur í ljós að á fyrra tímabilinu fækkaði íbúum landsbyggðar um rúmlega 2.000 en fjölgaði um tæplega 1.500 á síðara tímabilinu.“

Hér er einhver viðsnúningur. Hv. þingmaður veit að það gengur ágætlega til að mynda í byggðakjörnum eins og Akureyri og á Miðausturlandi. En ég vil spyrja hv. þingmann af því að honum er umhugað um atvinnulífið á landsbyggðinni: Af hverju lagði Samfylkingin það til síðastliðið haust að hækka tryggingagjald á fyrirtækin á landsbyggðinni, lagði til í tillögum sínum við fjárlagagerðina hækkun upp á 400 milljónir? Síðan talar hv. þingmaður um veikt atvinnulíf á landsbyggðinni.

[14:54]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði hv. þingmann einfaldrar spurningar, hvernig til hefði tekist um framkvæmd síðustu byggðaáætlunar. Hann svaraði þannig að mannanna verk væru ekki fullkomin, og það er rétt. Ég held að hæstv. byggðamálaráðherra ætti að hafa það vel í huga.

En hins vegar stendur eftirfarandi í skýrslunni um það hvernig til hafi tekist, með leyfi forseta :

„Hins vegar kemur einnig fram það sjónarmið að þrátt fyrir að markmið byggðaáætlunar séu góð, hafi nokkuð skort á að þeim hafi verið fylgt eftir með framkvæmdum.“

Síðan kemur upptalning eins og í Idol-inu. Á Vesturlandi kemur fram það sjónarmið að hlutur Vesturlands í byggðaáætlun hafi verið lítill. Sama sögðu Vestfirðingar. Á Norðurlandi vestra er kvartað yfir því. Í Þingeyjarsýslum er sömuleiðis kvartað yfir því. Af svörum á Suðurlandi kemur fram að Vestmannaeyingar kvarta yfir því og sveitarfélög á Reykjanesi kvarta einnig yfir þessu. Samband íslenskra sveitarfélaga kvartar líka yfir þessu.

Virðulegi forseti. Dómurinn sem Byggðastofnun ritar í þessa skýrslu er á þann veg að byggðaáætlun fær falleinkunn vegna þess að talað er um að þrátt fyrir góð markmið hafi framkvæmdin verið frekar rýr.

[14:56]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér hefur sýnst að hv. þingmaður hafi setið mestalla þessa umræðu hér. Ég veit ekki hvort hann sleppti því að hlusta á ræðu mína áðan þegar ég nefndi það að sérstök áhersla hefði verið lögð á Vestfirði og Norðurland vestra. (Gripið fram í.) Ég taldi upp fjölgun starfa á Norðurlandi vestra, stofnun háskólaseturs á Vestfjörðum og verið er að gera vaxtarsamning fyrir viðkomandi svæði. Ég get alveg fallist á að á undanförnum árum hefur byggðaþróun ekki verið góð á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Það eru staðreyndir en unnið er að því að bæta þar úr. Hæstv. forsætisráðherra hefur sagt að nú sé röðin komin að Norðvesturlandi og ég held að ríkisstjórnin hafi á umliðnum mánuðum sýnt það og sannað að staðið verður við þau orð. En ég tek eftir því að hv. þingmaður talar ekki mikið um þá stefnu Samfylkingarinnar að auka álögur á fyrirtækin á landsbyggðinni eins og þeir lögðu til síðastliðið haust upp á 400 millj. kr.

[14:57]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Vert er að reyna að hafa málefnalegt andsvar við hv. þingmann. Ég vil koma að því sem hv. þingmaður nefndi að við hv. þm. Kristján L. Möller hefðum riðið um héruð og tilkynnt þar að Samfylkingin stæði með mönnum í stóriðjumálum í Norðausturkjördæmi. Það vekur furðu mína að svo ungur og efnilegur þingmaður eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson skuli ekki lesa samþykktir þingflokka sem hér eru gerðar og sendar út. Þetta er afskaplega einfalt. Fyrir líklega 10 dögum eða svo, hálfum mánuði, var gerð samþykkt í þingflokki Samfylkingarinnar þar sem þetta er afskaplega skýrt, þar kemur fram að Samfylkingin telji að það sé ráðrúm til þess að reisa eitt álver fram til ársins 2012. Ég held að það sé ekkert vandamál að fá ákveðna hluti út úr þeirri ályktun ef menn raða þeim rökstuðningi sem þar er settur fram. Ég á a.m.k. ekki í nokkrum vandræðum með það en það getur vel verið að það sé eitthvað flókið fyrir hv. þingmann, af því að hann sé vanur einhvern veginn öðruvísi ályktunum frá sínum flokki. En þetta er afskaplega skýrt hjá okkur og ekkert vandamál. (Forseti hringir.) Hins vegar tek ég undir það með flestum að auðvitað þarf að fara varlega í þessu efni eins og öllu öðru.

[14:58]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður talar um að ályktun þingflokksins hafi verið mjög skýr. Þó er enginn sérstakur stað-

ur nefndur á nafn í viðkomandi ályktun, fólk á bara að lesa út úr þessu eftir því hvort það býr á suðvesturhorninu eða fyrir norðan. „Þetta er mjög skýrt", sagði hv. þingmaður. Þó er enginn staður nefndur sérstaklega í þessari ályktun en þetta er merki um skýra stefnu Samfylkingarinnar í stóriðjumálum. Ég tók eftir því á dögunum þegar við ræddum þessi mál í þingsölum að hv. þingmenn Kristján Möller og Einar Már Sigurðarson voru ekki talsmenn Samfylkingarinnar í þeirri umræðu, því miður. Því ég þykist vita um góðan hug þeirra til Norðlendinga rétt eins og ég og hæstv. iðnaðarráðherra berum.

Hæstv. forseti. Þar sem stefna Samfylkingarinnar í stóriðjumálunum er svo skýr sem raun ber vitni, er hún þá jafnskýr í sjávarútvegsmálunum? Því það virðist alveg sama hve oft ég spyr hv. þingmenn Samfylkingarinnar um stefnu þeirra í sjávarútvegsmálum, ég fæ aldrei nein svör.

[14:59]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi tilraun mín til að reyna að eiga máefnalegar viðræður við hv. þingmann eru greinilega býsna erfiðar. Ég var að ræða um stóriðjumál og hv. þingmaður fer eins og venjulega út í það að spyrja endalausra spurninga en svara ekki nokkrum sköpuðum hlut. (Gripið fram í.)

Málið er ósköp einfaldlega þetta. Ég spurði hvort hv. þingmaður hefði lesið ályktunina og komist að niðurstöðu eða hvort hann hefði skilið hana eða ekki skilið hana. Það er augljóst að hann hefur ekki skilið hana þannig að ég verð að biðja hv. þingmann um að lesa hana aftur. Það er hins vegar afskaplega ljóst í mínum huga hvað þessi ályktun segir. Hún segir að það sé pláss fyrir eitt álver fram að 2012 og síðan er tiltekið hvað það er sem taka eigi tillit til. Það eru atvinnumál, byggðamál og efnahagsmál. (**BJJ:** Af hverju segirðu ...?) Ef við skoðum þetta er augljóst mál hver niðurstaðan verður. Hins vegar hef ég aldrei orðið var við að hæstv. iðnaðarráðherra eða hv. þingmaður hafi einhvern tíma nefnt ákveðinn stað. En það vill svo til að sá þingmaður sem hér stendur í ræðustól hefur nefnt ákveðinn stað, hefur margoft gert það og aldrei nokkurn tíma falið það að sá staður sem honum er efst í huga þegar kemur að álveri, með þeim fyrirvara að fjárfestarnir verða að ákveða það, er auðvitað við Húsavík. Það blasir við þegar við notum (Forseti hringir.) öll þessi rök að það er staðurinn sem næsta álver á að vera og það er nægjanlegt að það sé eitt.

[15:01]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í flokksþingsályktunum okkar framsóknarmanna kemur fram að næsta álver skuli reist á Norðurlandi. Það er nokkuð afdráttarlaus yfirlýsing af hálfu þess stjórnmálaflokks. (**EMS:** Ertu að segja mér að ráðherrann samþykki þetta?) Nú er í gangi fagleg vinna undir forustu hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra ásamt fulltrúum sveitarstjórna Skagafjarðar, Eyjafjarðar og úr Þingeyjarsýslu. Geta hlutirnir verið eitthvað faglegri en það? (**Gripið fram í:** Af hverju er þá verið að selja ...) Það koma margir aðilar að þessu, það er verið að meta hagkvæmustu kosti í þessu samhengi (Gripið fram í.) en það er alveg ljóst að þingmenn Samfylkingarinnar leika það í svo mörgum málum að vera með eitthvert sóló, því stefna (Gripið fram í.) flokksins í viðkomandi málaflokkum liggur ekkert fyrir og því hafa menn bara frítt spil og geta síðan talað til hægri og vinstri í þessum efnum. Því miður hefur Samfylkingin enga trúverðuga stefnu í þessum málaflokki, frekar en í sjávarútvegsmálum.

[15:02]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Úr því að allt er svona skýrt hjá hv. þingmanni þá ætla ég að spyrja: Hvers vegna er verið að semja um álver í Hafnarfirði úr því að þetta á að fara norður? Hvernig stendur á því? (**Iðnrh.:** Það er Reykjavíkurlistinn.) Er það ekki Reykjavíkurlistinn? (**Gripið fram í:** Er það ekki Alfreð bara?) Mér skildist það áðan að það væru stjórnvöld sem réðu einhverju hér um. Síðan langar mig að spyrja hv. þingmann. Hann talar hér um að ríkisstjórnin, sem hann styður, ræki nútímabyggðastefnu. Hvernig stendur á því að þessi byggðastefna hefur komið út sem eyðibyggðastefna allan tímann sem þessi ríkisstjórn hefur setið? Byggðirnar hafa verið að hopa um allt land. Þegar hæstv. ráðherra er að vitna hér í fjölgun á landsbyggðinni þá er hún að taka með fjölgun á höfuðborgarsvæðinu. Það er verið að taka með fjölgun sem orðið hefur í Árborg og uppi í Borgarfirði, sem hefur ekkert með landsbyggð að gera í raun og veru. Þetta er áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins. Nánast eina fjölgunin úti á landi er á Akureyrarsvæðinu og búið.

[15:03]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eyðibyggðastefna. Hvílíkur bölmóður hjá hv. þingmanni. Talar um að eini staðurinn á landinu þar sem fyrirfinnist einhver fólksfjölgun á landinu sé Akureyri. Akranes og Borgarnes eru í kjördæmi hv. þingmanns (Gripið fram í.) — hv. þingmaður á reyndar eftir að halda ræðu hér á eftir — en það er nú þannig að ríkisstjórnin hefur verið að einbeita sér að kjördæmi hv. þingmanns. Það er búið að gefa út yfirlýsingu um að opinberum störfum verði fjölgað um 20–30 í Húnavatnssýslum á næstu missirum. Hæstv. iðnaðarráðherra sagði að staðinn yrði vörður um starfsemi Byggðastofnunar á Sauðárkróki. Það er búið að reisa háskólasetur á Vestfjörðum og það er búið að gera vaxtarsamninga við öll þessi svæði, eða er a.m.k. í undirbúningi. Svo talar hv. þingmaður hér um eyðibyggðastefnu. Ég hef ekki heyrt að Samfylkingin hafi komið með neinar raunhæfar tillögur. Ég gat ekki heyrt neinar raunhæfar tillögur, t.d. ekki í ræðu hv. formanns Samfylkingarinnar hér fyrr í dag.

[15:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hann er oft sár sannleikurinn. Það er bara þannig sem þessi byggðastefna hefur virkað. Við erum að tala hér um byggðamál. Við erum að tala um landsbyggðina. Við erum ekki að tala um þau svæði á landinu þar sem allt er í blóma og allt gengur vel. Við erum að tala um hin svæðin og það er þar sem hlutirnir hafa ekki gengið

og þótt menn hafi frómar óskir og setji fram vilja sinn til að gera þetta og gera hitt og kannski einhvern tímann þetta og hitt. Þá er það bara ekki farið að virka. Við sjáum hvernig byggðirnar hopa. Það er t.d. sjávarútvegsstefnan sem þarna hefur skipt öllu máli. (**BJJ:** Hver er stefnan?) og stefna Samfylkingarinnar liggur alveg klár fyrir í sjávarútvegsmálum. (**Iðnrh.:** Hver er hún?) Ég mun fara yfir hana í ræðu minni á eftir og þá getur hv. þingmaður tekist á við mig um það mál. En það er algjör samhljómur í flokki okkar um að ná þurfi sátt við fleiri en LÍÚ. (Gripið fram í.) Það er nefnilega þjóð í landinu líka. Það þarf sátt um sjávarútvegsmálin við hana.

[15:05]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mig ekkert vera minni landsbyggðarmann en hv. þm. Jóhann Ársælsson. Mér stendur ekki á sama um hvernig þróun byggðar hefur verið hinum dreifðu byggðum á umliðnum árum. Ég hef aftur á móti verið að benda á að margt horfir til betri vegar. Hv. þingmaður vill einfaldlega ekki sjá þau góðu verk sem ríkisstjórnin hefur verið að beita sér fyrir. Hv. formaður Samfylkingarinnar talaði t.d. um vaxtarsamningana sem eitthvert tískuorð, þegar stjórnvöld eru að reyna að beita sér fyrir því að kalla saman hagsmunaaðila í viðkomandi byggðalögum, stærri og smærri fyrirtæki, félagasamtök, sveitarstjórnir og mynda þannig öfluga heild til að sækja fram. Þá er talað um að það sé eitthvert tískuorð. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Eftir þessa umræðu og þann málflutning sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa komið hér fram með tel ég stefnu Samfylkingarinnar harla léttvæga (Forseti hringir.) í byggðamálum.

[15:07]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Þær 15 mínútur sem við höfum til að ræða þær tillögur og skýrslu sem nú eru til fyrri umr. er knappur tími. En við erum sem sagt að ræða tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir 2006–2009. Auðvitað hefði þessi áætlun átt að fara fram fyrir ári síðan. Tillagan kom seint fram og þess vegna erum við að ræða hana núna þegar hún hefði átt að vera komin til framkvæmda. Þetta er enn eitt dæmið um hversu mikið olnbogabarn byggðamál eru í iðnaðarráðuneytinu og hjá hæstv. byggðamálaráðherra Valgerði Sverrisdóttur.

Það er einmitt þess vegna, virðulegi forseti, sem ég ásamt ýmsum öðrum þingmönnum mun leggja fram á næstu dögum, ef það hefur ekki þegar komið fram, frumvarp til laga um að færa málefni landsbyggðarinnar, eða byggðamálin, úr iðnaðarráðuneytinu yfir í forsætisráðuneytið. Það er auðvitað gert vegna þess hvað margt hefur miður farið og gengið illa í höndum iðnaðarráðherra hvað varðar byggðamál þótt svo sannarlega megi tala um ýmsa þætti sem vel hafa tekist, svo því sé líka haldið til haga. En það eru margir þættir, og allt of margir þættir, þyngstu þættirnir sem hafa farið illa og ekki hefur verið tekið á. Ég held því að það sé nauðsynlegt að færa þetta aftur frá iðnaðarráðuneytinu til forsætisráðuneytis, til að leggja áherslu á hvað málaflokkurinn er mikilvægur þá sé það forsætisráðherra sem haldi utan um málaflokkinn og stýri því að ráðherrar í ráðherraliði hans vinni markvisst að þeirri stefnu sem þarf að vinna og er mörkuð hér á Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég sagði að hér yrði líka litið yfir farinn veg, litið yfir það sem hefur verið gert. Í þessari skýrslu sem ég gerði athugasemd við í upphafi, sem er nákvæmlega eins og skýrslurnar síðustu tvö ár, ekkert hefur breyst í því, kemur dálítið athyglisvert fram. Það er að í umsögn og skrifum frá Byggðastofnun eru margir aðilar sem láti í ljós það sjónarmið að markmið byggðaáætlunar hafi verið góð en að nokkuð skorti á að þeim hafi verið fylgt eftir og að þau hafi verið framkvæmd. Ljóst er að þannig er um nokkur sveitarfélög, þau telja sig afskipt í byggðaaðgerðum.

Síðan hefst upptalning. Frá Vesturlandi kemur fram það sjónarmið að hlutur Vesturlands í byggðamálum hafi verið rýr nema sem þátttakandi í almennum byggðaaðgerðum. Vestfirðingar segja að ekki hafi náðst að stöðva fækkun íbúa og starfa, og árangur að því leyti ekki viðunandi. Á Norðurlandi vestra koma fram almenn sjónarmið um að landshlutinn hafi verið afskiptur í aðgerðum stjórnvalda í byggðamálum. Sama er úr Þingeyjarsýslum en þar kemur fram sambærileg gagnrýni um að lítið fari fyrir hagsmunum Þingeyinga í framkvæmd samningsins. Í svörum af Suðurlandi kemur m.a. fram að Vestmannaeyingar telji að möguleikar á að flytja störf á vegum hins opinbera út á landsbyggðina hafi ekki verið nýttir sem skyldi. Samband sunnlenskra sveitarfélaga fjallar um svipað. Og í sveitarfélögum á Reykjanesi er líka talað um að það hafi illa tekist.

Virðulegi forseti. Þarf nokkuð að segja meira um það sem hér er sagt? Þrátt fyrir góð markmið, sem ég tek undir, sem voru í áætlunum 2002–2005, þá hefur kannski mesta gagnrýnin verið á það sem stendur ekki inni, eins og aðgerðir til að efla atvinnu á landsbyggðinni og koma til móts við nýsköpun og atvinnuuppbyggingu og þess háttar sem ég ætla að koma betur að á eftir.

En hér kemur dómurinn um þetta. Þegar maður flettir í gegnum þessa 22 punkta áætlun þá kemur margt dálítið skondið þar fram, t.d. þar sem farið er yfir eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni, en þar fjallar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið um það sem hefur tekist að gera. Þeir bjuggu til fjögur störf í nýsköpunarmiðstöð fyrir norðan og þrjú störf á síðustu þremur árum í Byggðastofnun og tvö störf hjá Orkustofnun á Akureyri. Samtals níu störf á þessari áætlun frá 2002–2005. Virðulegi forseti. Ég tel þetta ekki nægjanlegan árangur. Það er m.a. þess vegna sem ég hef oft gagnrýnt hæstv. byggðamálaráðherra hér. En ég skal segja annað. Í þessu plaggi kemur fram að á vegum samgönguráðuneytisins voru 92 störf flutt á á land. Ég hef að vísu ekki haft tækifæri til að skilgreina þau en hika ekki við að halda því fram að þetta sé rétt. Og þá ætla ég að hæla samgönguráðuneytinu fyrir það, ásamt því að skamma hér iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Og tala svo um forsætisráðuneytið sem fékk hv. þm. Halldór Blöndal og Magnús Stefánsson til að fara yfir þetta í fyrirspurnatíma. Síðan hefur ekkert gerst. Svona getum við haldið áfram. Við getum talað um flutningskostnaðinn. Þar hefur ekkert gerst. Við getum talað um athugun á búsetuskilyrðum fólks og athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna. Hvað kemur hér fram

um framvinduna? „Copy and paste“, því miður, það er það sama. Hagfræðistofnun var fengin til að skila skýrslu og út kom bókin Fólk og fyrirtæki. Búið. Ekkert gert í þessu mesta hagsmunamáli landsbyggðarfyrirtækja og landsbyggðaratvinnurekstrar í sambandi við flutningskostnað. Svona get ég haldið endalaust áfram, virðulegi forseti.

En ég ætla nú ekki að dvelja lengur við það sem liðið er hér í áætlun 2002–2005. Í raun og veru má vísa í aðra þætti hvað það varðar. Ég hef líka sagt það, virðulegi forseti, að með tillögu um að flytja málefni landsbyggðar eða byggðamál úr iðnaðarráðuneytinu þá verði það ekki það olnbogabarn sem það er þar. Þegar ég skoðaði einu sinni vef iðnaðarráðuneytisins þar sem hægt var að sjá hvað viðkomandi starfsmaður ynni, þá var enginn sem vann við byggðamál. Það er að vísu búið að breyta síðunni núna, þetta kemur ekki lengur fram. Þannig var það þá.

Virðulegi forseti. Ég gagnrýni hér oft hæstv. ráðherra fyrir úrræðaleysi og dugleysi í byggðamálum, og ríkisstjórnina í heild sinni, þ.e. auðvitað ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ég sagði áðan að í áætluninni 2002–2005, og í áætlun 2006–2009, væru mörg mjög góð verkefni. Gallinn er bara sá að þau komast ekki almennilega í gang. Það er t.d. stór galli að í byggðaáætlun 2006–2009 hefur ekki verið tekið sem höfuðmarkmið það sem er í umfjöllun um áherslusvið byggðaáætlunar og kemur fram í 3. kafla hennar. Þarna kemur bara fram almennt tal, en þetta ætti að vera markmiðslýsing inni í sjálfri áætluninni og koma fram í fyrstu köflum þessara 23 punkta áætlun sem sett er fram sem byggðaáætlun núna. Síðast var hún 22 punktar en nú er kominn einn í viðbót. Þarna er fjallað um áherslusvið byggðaáætlunar og um aðgerðir í byggðaáætlunum á Norðurlöndum, farið í gegnum áætlanir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Ég mundi vilja taka þessa kafla og það sem þessar nágrannaþjóðir hafa verið að gera í byggðamálum undanfarin allt að 20 ár og setja það sem fyrstu punkta í byggðaáætlun fyrir árið 2006–2009. Hér er fjallað um hvernig nágrannar okkar hafa rekið byggðastefnu sína á undanförnum árum.

Hér er fjallað, virðulegi forseti, um bæði þrönga byggðastefnu og svo aftur annars konar byggðastefnu — hvað heitir hún nú — þar sem er rætt er um hvernig þessu er skipt niður. Þarna er t.d. talað um skattalegar aðgerðir, sem m.a. fela í sér mismun á sköttum eftir landsvæðum, t.d. mishátt tryggingagjald. Þetta eru aðgerðir sem nágrannar okkar hafa ekkert verið hræddir við að fara í. Það er rétt að láta það líka koma fram hér, virðulegi forseti, að sumt af þessu er auðvitað stutt af Eftirlitsstofnun Evrópu, ESA. Þannig að hér er ýmislegt sett fram í því fylgigagni sem kemur með. Hvers vegna er ekki farið í þá þætti sem hér koma fram um reynslu nágrannaþjóða okkar? Þar sem þeir skilgreina t.d. sérstök jaðarsvæði og koma jafnvel með aðgerðaáætlun þar inn sem er skattalegs eðlis til að hvetja til fyrirtækjastofnunar meðal annars. Ég bendi t.d. á að undir norsku áætluninni er bent á að þar eru menn ekkert hræddir við að endurgreiða háan flutningskostnað til og frá ýmsum byggðarlögum í Norður- og Vestur-Noregi.

Það hefur komið fram, virðulegi forseti, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi stoppað hæstv. byggðamálaráðherra í aðgerðum hvað þetta varðar og væri kannski ágætt að heyra hvað hv. þm. Halldór Blöndal, sem hér gengur í salinn, hv. 2. þm. Norðaust., segði um þetta vegna þess að hann hefur stundum talað um háan flutningskostnað þó hann hafi ekki viljað fara þessa leið, heldur með því að byggja svokallaða Stórasandsleið. Telur það einu aðferðina til að lækka flutningskostnað. Þetta eru Norðmennirnir ekkert hræddir við að gera. Þannig getum við haldið áfram í mörgum fleiri þáttum. Við getum t.d. lesið um það hér að menn nota tryggingagjaldið til að mismuna á jákvæðan hátt í raun og veru fyrirtækjum. (**Iðnrh.:** Bara að hækka það.) Af því að hæstv. ráðherra byggðamála kallar hér fram í að hækka það, þá ætla ég að snúa mér að því, virðulegi forseti, í þær fjórar mínútur sem ég á eftir.

Málið er nefnilega það að hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir aðgerðum í skattamálum lögaðila fyrirtækja á 127. löggjafarþingi. Hvað gerði hæstv. ríkisstjórn þá, sem hæstv. byggðamálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, situr í? Hvað var gert þá? Jú, tekjuskattur fyrirtækja var lækkaður úr 30% í 18%. Jafnframt var tryggingagjaldið hækkað, hæstv. byggðamálaráðherra. (Gripið fram í.) Þarna var tryggingagjaldið hækkað á allan atvinnurekstur í landinu, þar með talið á landsbyggðinni, um 3 milljarða. Hvernig kom þessi breyting fram, vegna þess að hæstv. ráðherra kallaði hér fram í og biður mig um að rifja upp þessa aðgerð? Förum í skattumdæmið Vestmannaeyjar. Öll fyrirtæki í Vestmannaeyjum nutu lækkunar tekjuskattsins um 23 milljarða. En hvað gerðist með tryggingagjaldið, virðulegi forseti? Hvað gerðist með tryggingagjaldið í Vestmannaeyjum? Virðulegi forseti. Það hækkaði um 43 millj. Vegna þessara skattkerfisbreytinga borguðu fyrirtæki í Vestmannaeyjum 20 millj. kr. meira í skatt eftir þessa breytingu.

Virðulegi forseti. Ég má til með að koma þökkum til hæstv. byggðamálaráðherra að minna mig á það hér að ræða um tryggingagjaldið. Vegna þess að við getum svo farið á önnur svæði. Við getum farið á Austurland. Atvinnureksturinn á Austurlandi hagnaðist við þessa skattkerfisbreytingu um 57 millj. kr. við að lækka tekjuskattinn úr 30% niður í 18%. En þeir þurftu líka að borga hærra tryggingagjald sem hæstv. byggðamálaráðherra var að minna mig á hér áðan. Hvernig kom það út? Fyrirtæki á Austurlandi þurftu að borga 89 millj. kr. meira í tryggingagjald eftir þessa skattkerfisbreytingu. Þannig að fyrirtækjarekstur á Austurlandi borgaði 32 millj. kr. meira eftir þessa breytingu.

Virðulegi forseti. Var þetta til að styrkja atvinnulíf og atvinnurekstur í Vestmannaeyjum og á Austurlandi? Það sama á reyndar við um Norðurland eystra þó hækkunin sé örlítið minni. Voru þetta aðgerðir sem áttu að efla atvinnurekstur á landsbyggðinni? Ég segi nei, þær gerðu það ekki. Það kom hins vegar best út fyrir stóru fyrirtækin hér á höfuðborgarsvæðinu sem högnuðust um rúma 2 milljarða kr. á þessum mismun, þ.e. lækkun tekjuskattanna á móti hækkuðu tryggingagjaldi. Það voru 2 milljarðar kr. sem atvinnulífið í Reykjavík og á Reykjanesi hagnaðist af þessari skattkerfisbreytingu.

Virðulegi forseti. Þetta er enn eitt dæmið um byggðamál. Vegna þess að þrátt fyrir þau gögn sem hæstv. byggðamálaráðherra leggur fram og skilar skýrslu um, þar sem ýmislegt er sett fram og vafalaust eru þar góðar áætlan-

ir um hitt og þetta, eins og bætt fjarskipti, bættar samgöngur og allt þetta. Um það erum við öll sammála að þar eru nauðsynlegir hlutir á ferð. En það er það sem vantar í þetta sem fyrst og fremst er verið að gagnrýna. Það vantar líka, þegar verið er að fjalla um byggðamál, að fjallað sé um ýmsar aðgerðir sem gerðar eru á Alþingi og mismuna atvinnurekstri og líka íbúum landsins eftir því hvar þeir búa, eftir því hvort þeir búa á landsbyggðinni eða á höfuðborgarsvæðinu.

Ég hef tekið hér dæmi um atvinnulífið. Fjölmörg dæmi má auðvitað taka um líf fólks á landsbyggðinni sem þarf sannarlega oft að bera miklu þyngri byrði en íbúar hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég sem jafnaðarmaður gagnrýni þetta fyrst og fremst vegna þess að ég tel, virðulegi forseti, um leið og ég lýk hér máli mínu vegna þess að tíminn er búinn, að byggðamál snúist um jafnræði og jafnrétti. Að við eigum að jafna lífskjör í landinu milli fólks, sama hvar það býr, og við eigum að jafna samkeppnisstöðu atvinnurekstrar, sama hvort hann er úti á landi eða hér á höfuðborgarsvæðinu.

[15:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristján Möller fer mikinn og það er kannski ekki skrýtið þó honum sé dálítið niðri fyrir vegna þess að nú hefur hann verið lítillækkaður það í sínum þingflokki að hann er ekki lengur talsmaður byggðamála. Formaður flokksins hefur tekið það hlutverk af honum. Það er greinilegt að hann er í nokkru uppnámi út af því. Síðan talar hann um að taka málaflokkinn frá iðnaðarráðuneytinu og færa yfir í forsætisráðuneytið. Hvers vegna skyldi það nú vera? Þegar byggðaþróun hefur einmitt stórbreyst til batnaðar síðan málaflokkurinn fór í iðnaðarráðuneytið. Það hef ég farið hér yfir með tölum. Þar hefur orðið mikil breyting á og ég tel að skýringin sé fyrst og fremst sú að vandamál landsbyggðarinnar snúast mjög mikið um atvinnumál. Það eru atvinnumál sem við förum með í iðnaðarráðuneytinu og mjög margt sem við höfum verið að fjalla um þar snýr einmitt að byggðamálum. Ég er sannfærð um að ekki einn einasti maður á landsbyggðinni sem þekkir til minna starfa sem ráðherra byggðamála væri tilbúinn að kvitta undir þá ræðu sem hv. þingmaður hélt hér áðan. Ekki einn einasti.

Það er nefnilega vandamálið með hv. þm. Kristján Möller að hann talar með þeim hætti að hann virðist vera að leggja sig fram um að segja fólki á landsbyggðinni að það hafi það mjög skítt. Það er hans markmið með sínum ræðuflutningi hér á hv. Alþingi. Ég hef skömm á svona málflutningi og ég minni á að hv. þingmaður — sem sagði að í síðustu byggðaáætlun, sem nú hefur runnið sitt skeið, hefðu verið góð markmið — hafði ekki kjark til að styðja þá byggðaáætlun. Þannig að hann styður ekki þá byggðaáætlun sem nú hefur verið í framkvæmd á síðustu fjórum árum og hefur leitt til þess að fólki hefur verið að fjölga á landsbyggðinni í stað þess að því fækkaði á tímabilinu þar á undan. Ég vil bara endurtaka að við höfum náð gríðarlegum árangri en auðvitað eru alltaf verkefni fram undan. (Forseti hringir.)

[15:24]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ákaflega stoltur af mínum flokksformanni sem kom hér og tók okkar fyrstu ræðu fyrir hönd Samfylkingarinnar í umræðu um byggðamál. Ég var mjög stoltur af því sem þar kom fram. Það sýnir áherslur Samfylkingarinnar í byggðamálum. Ég tek eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. iðnaðarráðherra er frekar fúll yfir því frumvarpi sem ég sagði að yrði dreift hér á næstu dögum, þar sem við tökum málaflokkinn frá iðnaðarráðuneytinu og færum hann yfir í forsætisráðuneytið. Leggjum það til. Hvers vegna skyldi það vera gert? Jú, vegna þess að við sjáum að í síðustu byggðaáætlun eru stundum átök milli ráðuneyta og þau vinna ekki alltaf í takt. Dæmi um það er t.d. endurgreiðsla námslána. Fyrrv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, sagði einfaldlega í svari við fyrirspurn minni að honum kæmi þetta nánast ekki við og hann væri ekkert að gera í málinu, þrátt fyrir að það væri sett inn í byggðaáætlun.

Virðulegi forseti. Ýmislegt annað sagði hæstv. ráðherra — henni var greinilega mikið niðri fyrir — um þann vitnisburð sem ég hef gefið um það sem ekki hefur verið gert. Má ég minna á að ég er ekki boðberi þeirra tíðinda, þau berast frá fólkinu í landinu sem fær um þessar mundir stórhækkun á raforkureikningum vegna kerfisbreytingar í raforkumálum. Eigum við að spyrja íbúa í Súðavík eða á Raufarhöfn hvernig staðan hjá þeim er núna og áður? Það var heldur ekki ég sem bar þau tíðindi til landsmanna að laxeldisfyrirtæki í Mjóafirði væri að loka vegna hás raforkukostnaðar. Það er heldur ekki ég sem segi, virðulegi forseti, að byggðamálaráðherra hafi gefist upp við að gera eitthvað í flutningskostnaði vegna þess að samstarfsflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, stoppi það.

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað styðja síðustu byggðaáætlun ef ýmislegt meira hefði verið í henni sem tekur á því sem ég hef gert hér að umtalsefni. Við hefðum getað sótt eitthvað til nágranna okkar hér á Norðurlöndum um aðgerðir í byggðamálum, það ætti (Forseti hringir.) að vera númer 1, 2 og 3.

[15:26]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyrði að hv. þingmaður átti í nokkrum erfiðleikum með að svara þessu. En af því að hann kemur inn á raforkuverðið þá langar mig að koma hér fram með staðreyndir sem varða raforkuverðið og vísitölu neysluverðs, sem hækkaði frá janúar 2204 til janúar 2006 úr 128,9 stigum í 139,9 stig. Það gerir 8,5% hækkun. Ef rafmagnshluti neysluverðs vísitölunnar er borinn saman við þetta kemur í ljós að sá hluti hækkaði úr 115, 5 stigum í 123,7 stig á sama tíma, eða um um það bil 7,1%. Rafmagnsverðið hefur sem sagt hækkað minna en neysluvísitalan. Þetta eru staðreyndir sem eru gefnar út af Hagstofunni þannig að það er ekki hægt að vefengja það að mínu mati.

Við skulum taka frekari umræðu um raforkuverð hér síðar. Ég vona að það geti orðið fljótlega þegar raforkuskýrslan mín verður tekin til umfjöllunar. En hv. þingmaður

hleypur gjarnan í þetta skjól þegar hann er kominn í vandræði í röksemdafærslu sinni í sambandi við byggðamál. Ég vil bara endurtaka að við erum að gera ágæta hluti í byggðamálum. Við höfum náð árangri á landinu öllu, mismiklum þó. Það eru svæði sem þarf að horfa sérstaklega á og það er verið að því. En það er ekki alltaf augljóst hvaða meðul duga. Það skiptir mestu máli að fólkinu líður betur og það hefur betri afkomu á landsbyggðinni en verið hefur í mjög langan tíma. Ég tel því — með fullri virðingu fyrir hæstv. forsætisráðherra, þeim sem við eigum núna, ég treysti honum betur fyrir byggðamálunum en mörgum öðrum — að þessi málaflokkur eigi að vera í iðnaðarráðuneytinu. Iðnaðarráðuneytið fer með stóran hluta atvinnumála, stærstan hluta vil ég meina, allar þær nýjungar sem eru að koma inn og af verkum okkar má vera ljóst að við höfum staðið okkur vel.

[15:28]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra talar um að íbúum landsbyggðarinnar líði betur og ég vona það svo sannarlega. En ég spyr: Getur verið að fólki líði ekki betur þegar það fær raforkureikninginn inn til sín, eins og í Súðavík og á Raufarhöfn eða bændur landsins? Má ég minna á, virðulegi forseti, að hámark til niðurgreiðslu til rafmagnshitunar var lækkað af hæstv. ráðherra úr 50.000 kílóvattsstundum niður í 35.000? (**Iðnrh.:** Ég hækkaði það aftur.) Og hækkaði aftur í 40.000. Ég vildi bara heyra hæstv. ráðherra segja þetta. Mér finnst svo ánægjulegt að heyra hana bæta við 5.000 kílóvattsstundum, úr 35 upp í 40. Má ég þá spyrja, virðulegi forseti: Hvað standa þá margar kílóvattsstundir eftir frá 50.000 kílóvattsstundum niður í 40.000? Eru það 10.000? (**Iðnrh.:** Þú hlýtur að geta reiknað þetta sjálfur.) Já, það er hárrétt, það eru nefnilega 10.000 kílóvattsstundir sem niðurgreiðsluhlutfallið var lækkað um af hæstv. ráðherra. Það er stærsti hlutinn í stórhækkuðum upphitunarkostnaði íbúa í dreifbýli, bænda og þeirra sem búa í litlum byggðarlögum. Eigum við að fara aðeins yfir upphitunarkostnaðinn og rafmagnsreikninginn í Súðavík á móti því sem er á Ísafirði? En ég er viss um að hæstv. ráðherra getur fundið út þokkalegt meðaltal. Alveg eins og maður sem setur aðra löppina ofan í 4 stiga heitt vatn og hina í 38 stiga heitt. Þá er þokkalegt meðaltal af því. (**Gripið fram í:** Hvað er meðaltalið?) En það er bara ekki svoleiðis. Menn lifa nefnilega ekki af meðaltölum, þeir sem þurfa að borga háu reikningana, virðulegi forseti. Það er nefnilega þannig. (**Iðnrh.:** Ég held að hv. þingmaður sé að fara á taugum.)

Það er auðvitað líka rétt, virðulegi forseti, sem kemur fram hjá atvinnurekendum sem reka laxeldisfyrirtæki, fyrirtæki sem borga reikninga eins og þeir voru að segja okkur frá í Mjóafirði — og ef til vill eiga önnur dæmi eftir að koma upp — sem hafa stórhækkað. Sú hækkun gerir það að verkum að þessi atvinnurekstur er að leggjast af. Sú markmiðslýsing var þó í gömlu byggðaáætluninni að það ætti að efla fiskeldið. (Forseti hringir.) Er þetta að efla fiskeldið, virðulegi forseti? Ég held ekki.

[15:31]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er farinn að kannast við tóninn hjá hv. þingmanni þegar hann ræðir byggðamál. Ég man eftir sama tóni hjá forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar þegar hún fór um Austurland og Norðurland fyrir síðustu kosningar og hv. þingmaður teymdi forsætisráðherraefnið á eftir sér og hvíslaði að því hvað það ætti að segja. Þá var söngurinn alls staðar hinn sami: Við skulum mismuna fyrirtækjum og mönnum, við skulum láta fólk í Norðausturkjördæmi borga lægri skatta en fólk í öðrum kjördæmum. Þá var talað um að hinir ágætu frambjóðendur vildu láta endurgreiða fyrirtækjum í Norðausturkjördæmi flutningskostnað fram yfir það sem gert yrði í öðrum kjördæmum. Hv. þingmaður birti flennistóra mynd af sér og flutningskostnaðinum á Ráðhústorginu á Akureyri til að minna á að hann vildi lækka flutningskostnaðinn.

Nú vill svo heppilega til að hv. þingmaður hefur lýst því yfir að hann og flokkur hans ætla að flytja frumvarp um byggðamál á næstunni. Ég vona að þar komi fram nákvæmlega með hvaða hætti hv. þingmaður ætlar að mismuna landsfjórðungum í skattamálum. Hv. þingmaður hefur sagt við mig á fundum að hann sé maður framkvæmda og hann sé maður orðsins en ég sé maður hillinga og sé óljós í málflutningi. Nú tekst hv. þingmanni að skýra mál sitt með því að leggja fram með leiðtoga sínum, sem er orðinn — skilst mér á hæstv. byggðamálaráðherra — talsmaður flokksins í byggðamálum, nákvæma útlistun á því hvernig hann ætlar að endurgreiða fyrirtækjum í Norðausturkjördæmi flutningskostnaðinn og hvernig hann ætlar að lækka skattana á íbúa í Norðausturkjördæmi.

Hann bauð sig fram fyrir síðustu kosningar með þau loforð. Það þýðir ekki fyrir hann að vera hér og flagga þeim loforðum nema hann fylgi þeim eftir með þingmáli og sjái svo til hvort hann geti unnið máli sínu fylgi. En það getur enginn greitt atkvæði með frumvarpi sem ekki hefur verið lagt fram á Alþingi. (Forseti hringir.)

[15:33]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér kom staðfesting á því sem ég kallaði reyndar eftir áðan. Ég þakka hv. 2. þm. Norðaust., Halldóri Blöndal, kærlega fyrir að nefna flutningskostnaðinn. Það er alltaf gaman að ræða við sjálfstæðismenn um flutningskostnað.

Fram hefur komið og kemur fram í skýrslunni um framkvæmd byggðastefnunnar 2002–2005 í kaflanum sem vitnað hefur verið til, að það hafi ekki náðst samstaða innan ríkisstjórnar um að fara í aðgerðir til að lækka flutningskostnað. Þess vegna að endurgreiða, eins og hæstv. ráðherra hefur talað um, hluta af því og er þá talað um ýmsar atvinnugreinar en þó ekki allar.

Hæstv. ráðherra hefur sagt og skrifað í skýrslunni að þetta hafi verið stoppað. Á fundi 16. janúar sl., sem hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, var því miður ekki á, með fulltrúum Eyþings, kom líka fram að hæstv. ráðherra byggðamála væri hætt að berjast fyrir lagfæringum gagnvart flutningskostnaðinum vegna andstöðu. Hvaðan kemur sú andstaða fram? Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sagði áð-

an að hún hefði aldrei séð þær tillögur og þær hafa ekki komið í þingflokka stjórnarliðsins. Það hefur verið í ríkisstjórn. Þá er ekki hægt að draga aðra ályktun, vegna þess að þar sitja bara fulltrúar tveggja flokka, en að það sé Sjálfstæðisflokkurinn sem hafi stoppað þá aðgerð. Það væri gaman að heyra í hv. þm. Halldóri Blöndal hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn leggst gegn því að koma til móts við þessi svimandi háu flutningsgjöld og koma með einhvers konar kerfi til að létta atvinnurekstrinum það.

Þar að auki, virðulegi forseti, lagði hv. þingmaður af strandsiglingar á þeim tíma sem hann var samgönguráðherra og sparaði ríkissjóði þar töluverða peninga. Ég er ekki talsmaður ríkisrekinna strandsiglinga (Forseti hringir.) en þetta íþyngdi atvinnurekstri á landsbyggðinni.

[15:35]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sagði það á Alþingi fyrir síðustu kosningar að þau ummæli sem hv. þingmaður og þáv. formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, létu sér um munn fara, að þeir mundu beita sér fyrir því eftir kosningar að lækka skatta á einstaklinga í Norðausturkjördæmi og þeir mundu beita sér fyrir því að lækka flutningskostnað fyrir íbúa í Norðausturkjördæmi, að þetta væru ummæli sem þeir ætluðu sér aldrei að standa við.

Ég var ekki í andsvari við hv. þingmann um ummæli hæstv. iðnaðarráðherra. Ég þarf ekki á milligöngu hans að halda til að tala við hana. Ég var að spyrja hv. þingmann: Ætlar hv. þingmaður að efna loforð sín? Samfylkingin er ekki í stjórnarsamstarfi við einn eða neinn, Samfylkingin á þetta bara við sjálfa sig. Samfylkingin ræðir það á þingflokksfundum sínum við sjálfa sig hvort hún vill leggja fram frumvarp um þau mál sem Samfylkingin leggur áherslu á. Samfylkingin sýnir þeim málum engan áhuga með frumvarpsflutningi á Alþingi.

Eina leiðin til að breyta skattalögum er að leggja fram frumvarp á Alþingi um breytta skattalöggjöf. Það hefur Samfylkingin ekki gert. Kristján kemur upp og blæs eins og hnúfubakur, ég bið hæstv. forseta afsökunar á þeirri líkingu. Þegar við tölum um endurgreiðslu á flutningskostnaði kemur hv. þingmaður upp alveg eins og fyrir síðustu kosningar — ég verð að segja að þarna er hv. þm. ekki eins og hnúfubakur. Blásturinn hefur heldur minnkað, dregið af honum, og í vandræðum sínum hleypur hann til Valgerðar og er að velta því fyrir sér hvort hann sé betri eða verri en Valgerður. Ég hef engan áhuga á því hvort honum finnst hann vera betri eða verri en hæstv. iðnaðarráðherra. Ég er bara að spyrja hvað hv. þingmaður og leiðtogi Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, vilja gera í sambandi við flutningskostnað, í sambandi við skattamál landsbyggðarinnar.

[15:37]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti minnir hv. 2. þm. Norðaust. á, þegar hann vísar til ráðherra, að nota ávarpsorðið hæstv. ráðherra en ekki skírnarnöfn ráðherranna. (**Gripið fram í:** Og nefna þá fullu nafni.) Nefna þá fullu nafni í ofanálag.

[15:38]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf gaman þegar hv. þm. Halldór Blöndal, með ö-i en ekki u-i, ekki Blundal, kemur og ræðir í stuttu andsvari um byggðamál. Þingmaðurinn er kosinn af Norðausturkjördæmi til þings og er 2. þingmaður þess kjördæmis og kemur ekki í umræðu um byggðamál nema í skötulíki eða eins og fluga á vegg sem kemur inn annað slagið, blæs þá svolítið í umræðu um byggðamál og skammar yfirleitt þann sem hér stendur fyrir að færa byggðamál til umræðu.

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að hv. þingmaður svaraði engu um það hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn stendur í vegi fyrir því að ríkisstjórnin komi inn í aðgerðir til að lækka flutningskostnað til og frá landsbyggðinni og á Íslandi. Sjálfstæðisflokkurinn er mesti skattpíningarflokkur sem setið hefur á Alþingi hin síðari ár og formaður Sjálfstæðisflokksins, Geir H. Haarde, er skattakóngur Íslands. Sjálfstæðisflokkurinn er skattaflokkur Íslands þegar kemur að því að skattleggja atvinnulífið. Tökum dæmi um þungaskattinn sem var orðinn himinhár meðan hann var. Svo koma ráðherrar Sjálfstæðisflokksins með olíugjaldið, sem er líka hækkandi, og hækka skatta.

Virðulegi forseti. Skattarnir flæða út úr ríkissjóði um þessar mundir vegna þess að það berst svo mikið inn. Hvers vegna er t.d. skattheimta ekki lækkuð af flutningastarfsemi? Ég vildi gjarnan heyra hv. þm. Halldór Blöndal nefna það vegna þess að hann var samgönguráðherra í átta ár. Hann lagði m.a. niður strandsiglingar á vegum ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, og hækkaði þar með mjög flutningskostnað. Þeir peningar sem runnu til skipaútgerðarinnar þá væru kannski betur komnir núna í útboð á strandsiglingum, eins og ég hef bent á, sem er svipað og útboð á innanlandsflugi eða (Forseti hringir.) útboð í almenningssamgöngum. (Forseti hringir.)

Ég tek eftir því, virðulegi forseti, að hv. þingmaður er farinn úr húsinu og hlaupinn af hólmi.

[15:40]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við ræðum um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009. Ég er hér með þykka og mikla skýrslu upp á 71 blaðsíðu og einar sjö síður auðar þar á eftir.

Mér þykir miður að hæstv. iðnaðarráðherra, sem svo vill reyndar til að er einnig hæstv. ráðherra byggðamála, er ekki í þingsalnum vegna þess að ég ætlaði að hrósa henni aldrei þessu vant. Hæstv. iðnaðarráðherra sagði nefnilega á NFS í gær í miklu hátíðaskapi að einhvern tíma yrði jafnvel hætt að reisa álver á landinu. Þetta þykir mér mikil stefnubreyting og til góðs að heyra það frá sjálfum iðnaðarráðherranum að það er einhvers staðar ljós við endann á þeim göngum sem núverandi ríkisstjórn er föst í, því miður.

Það er dálítið merkilegt við þessa byggðaáætlun vegna þess að ríkisstjórnin hreykir sér oft af því að stærsta aðgerð í byggðamálum sé einmitt álverið mikla sem verið er að reisa við Reyðarfjörð og stíflan ógurlega við Kárahnjúka. Sem betur fer er ekkert minnst á hana í byggðaáætlun né önnur álver eða annan handstýrðan þungaiðnað eða tæki til

að hella yfir landsbyggðina. Nei, byggðaáætlunin er alveg hreint ágæt og eins og hv. þm. Þuríður Backman kom inn á í ræðu sinni fyrr í dag gæti margt úr byggðaáætluninni verið beint upp úr stefnuskrá Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. — Ég fagna því að hæstv. ráðherra byggðamála er komin í salinn því að það er ekki á hverjum degi sem það er tækifæri til að hrósa ráðherranum.

Ég tók einmitt með mér hingað upp tvær þingsályktunartillögur frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Annars vegar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, sem er afar gott mál og þar koma fram býsna merkilegar staðreyndir. Til dæmis að 70% nýrra starfa í almennu atvinnulífi verða til í nýjum smáfyrirtækjum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum í rekstri. Ekki verða nefnilega öll störfin til í stóru álverunum sem verið er að plana úti um allt, nú síðast í Straumsvík, rétt handan við mörk Reykjavíkursvæðisins, en auðvitað á höfuðborgarsvæðinu enn þá. Það telst því ekki mikið byggðamál.

Í þingsályktunartillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er bent á að laga þurfi aðgang smáatvinnuvega að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu. Eitt af því sem háir litlum fyrirtækjum sem eru að fara af stað, hugvitsmönnum og brautryðjendum, er allur reglugerðafrumskógurinn, kostnaður og hindranir sem torvelda alla uppbyggingu. Þar eru tillögur um að hugað verði að skattalögum og öðrum þáttum sem marka starfsskilyrði atvinnurekstrar með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja. Margt smátt gerir eitt stórt. Huga ætti að stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga og einyrkja í atvinnurekstri.

Það hefur verið áberandi í seinni tíð að frumkvæði í atvinnumálum kemur oft frá konum og ekki síst í stofnun nýrra fyrirtækja og smáfyrirtækja, þar sem konur með útsjónarsemi sinni eygja tækifæri í viðskiptum sem aðrir hafa ekki komið auga á eða áður nýtt sér. (**Gripið fram í:** Karlar.) Já, einmitt, karlar. Þetta á sérstaklega við í ferðaþjónustu, t.d. menningu og listum, handverks- og smáiðnaðarframleiðslu, ráðgjafarþjónustu og framleiðslu á snyrtivörum, lyfjum og heilsuvörum. Við þekkjum mörg dæmi um þetta án þess að ég ætli að fara að telja upp þau fjölmörgu litlu en blómlegu fyrirtæki sem hafa verið sem betur fer að dafna, þrátt fyrir afleitar aðstæður, t.d. í gengismálum, sem er auðvitað bein afleiðing af stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. En þessi litlu fyrirtæki eiga oft erfiðara með að klífa yfir þá þröskulda sem stórfyrirtæki og stærri aðilar eiga kannski auðvelt með að yfirstíga. Í reglugerðum hafa yfirleitt stórir aðilar og smáir verið settir undir sama hatt þó að ljóst sé að aðstæður allar og úrlausnarefni séu gerólík eftir því hvort í hlut á nýstofnað smáfyrirtæki eða rótgróið og þekkt stórfyrirtæki með milljarða veltu.

Ég er hérna með aðra tillögu til þingsályktunar frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænu framboði. Þar er fjallað um sjálfbæra atvinnustefnu. Það er eitthvað sem ríkisstjórnin hefði átt að fara enn þá betur yfir þó að nokkrir punktar séu teknir upp í þessari byggðaáætlun, og er það vel, ber að fagna því sérstaklega. En í þessari tillögu til þingsályktunar er fjallað um sjálfbæra atvinnuþróun á Íslandi með hliðsjón af Dagskrá 21 og Staðardagskrá 21 og gerðar tillögur um að vinna að framgangi hennar stig af stigi. Þarna er t.d. bent á að skapa þarf nýjum atvinnugreinum á sviði þekkingar og tækni í umhverfismálum hagstæð vaxtarskilyrði og efla þannig atvinnulíf og fjölbreytni þess. Þetta hefur verið gert með góðum árangri, t.d. í Kanada og Norður-Noregi. Við þurfum ekki að horfa lengra til að sjá hvernig hægt er að gera hlutina með góðum árangri. Því miður er ríkisstjórnin hins vegar föst í því að fæla burt fyrirtæki í hátækniiðnaði. Við þekkjum það að Flaga og Marel hafa verið að flytja störf úr landi. Einfaldlega vegna þess að gengið er svo hátt skráð að fyrirtækin telja hag sínum betur borgið annars staðar. Á sama tíma er Kanada að leggja alla áherslu á að lokka til sín fyrirtæki. Sýnt hefur verið fram á að vöxturinn í hátæknigreinum er margfaldur á við stóriðjuna eða þungaiðnaðinn. Sem betur fer eru menn að átta sig betur og betur á þessu og nú síðast málsmetandi menn eins og Ágúst Guðmundsson, formaður stjórnar Bakkavarar. Hann hefur verið að segja að þessi ofuráhersla stjórnvalda á þungaiðnað í landinu gangi ekki lengur. Það er mjög ánægjulegt að maður eins og Ágúst taki undir með málflutningi okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Ég veit vel að hæstv. iðnaðarráðherra lokar stundum eyrunum þegar við vinstri græn tökum til máls og reynum að benda henni á hluti sem má bæta. En ég er vongóður um að hún hlusti þó a.m.k. á forsvarsmenn í atvinnulífinu. Ég veit ekki hvar við erum stödd ef hún lokar eyrunum einnig fyrir málflutningi þeirra.

Í þessari tillögu til þingsályktunar um sjálfbæra atvinnustefnu er bent á að taka þurfi upp græna skatta stig af stigi í staðinn fyrir núverandi skattheimtu. Það á að draga úr núverandi skattheimtu en leggja á umhverfisgjöld til að ýta undir sjálfbær framleiðsluferli og örva endurnýtingu. Draga úr sorpmyndun með því að flokka og endurnýta sorp og líffrænan úrgang. Það er nú byrjað að gera þetta sem betur fer í smáum mæli, það er þó vísir að því sem koma skal, en ýta þarf undir þetta. Það þarf að hjálpa þarna til vegna þess að það skiptir mjög miklu máli, ekki bara fyrir umhverfið, heldur fyrir þjóðfélagið allt og jafnvel hagvöxtinn líka.

Jafnframt er bent á að styrkja þurfi byggðir landsins með fjölgun starfa og fjölbreyttari atvinnutækifærum á sviði umhverfis- og náttúruverndar. Síðan er í greinargerðinni nefnt að hægt er að setja sér takmark, eins og t.d. að draga úr sorpmyndun um að minnsta kosti 5% á ári næstu fimm árin. Þetta eru háleit markmið vegna þess að í raun inni er þróunin akkúrat í hina áttina. Við erum alltaf að búa til meira og meira sorp í þessu umbúðaþjóðfélagi sem við búum í.

Í greinargerðinni er t.d. sagt frá því, og af því ég er að tala um sorp er það líka allur úrgangur frá fiskvinnslu, að frárennsli frá allri fiskvinnslu á Akureyri mundi duga til að framleiða lífrænan áburð fyrir 10–15% af ræktuðu landi í Eyjafirði. Og dæmið með Eyjafjörð er nefnt vegna þess að þar með gætum við líka sparað flutningskostnað. Stutt að fara. Þessi áburður hefur þann stóra kost, umfram húsdýraáburð, að í honum eru engin óæskileg fræ, hvorki illgresisfræ né önnur. Ef Íslendingar mundu nú tileinka sér þessa vistvænu hreinsitækni væri stærsta hindrunin fyrir þróun lífræns landbúnaðar hér á landi úr sögunni. Lífrænn landbúnaður er auðvitað það sem koma skal, frú forseti. Þar eigum við nefnilega mjög mikla möguleika, gríðarlega mögu-

leika. Það er ekki aðeins að landbúnaðurinn verði stundaður í meiri sátt við náttúruna en gengur og gerist, heldur mundi markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur stækka mjög mikið. Bent er á að t.d. í Þýskalandi telja 70% neytenda lífrænt ræktaðar matjurtir hollari en aðrar matjurtir og þarlendir framleiðendur anna ekki eftirspurn. Markaðurinn fyrir lífrænt ræktaðar matjurtir í Evrópu hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum og á eftir að halda áfram að vaxa jafnvel þó að fólk sé að borga allt upp í 100% hærra verð fyrir slíka vöru. Þarna erum við að auka verðmæti vörunnar sem við framleiðum og möguleikar fyrir útflutning opnast. Vissulega þarf marga þætti til að hrinda þessu í framkvæmd. Við höfum heitt vatn, við höfum ódýra orku sem því miður er seld allt of dýru verði, t.d. til grænmetisbænda. Til dæmis borga grænmetisbændur fimmfalt verð á við það sem álverin borga. Það er ekki bara 50% hærra verð, eða 100% hærra verð, það er 500% hærra verð. Samt eru þeir miklir raforkukaupendur.

Einnig er sagt frá því að Danir flytji inn sem svarar 30% af seldri lífrænni matvöru í landinu. Hlutfallið er enn þá hærra í Bretlandi. Þar er það um 70% og þetta eru okkar næstu markaðir. Við eigum því mikla möguleika. Í ferðaþjónustunni eigum við einnig mjög mikla möguleika. Við vitum öll að það er vonlaust að ætla að fara saman með einhverjar stóriðjur, þungaiðnað, og á sama tíma að vera selja Ísland sem hreinasta land í heimi. Ferðamennirnir eru nefnilega ekki að koma hingað til að skoða álver og virkjanir. Nei, ferðamenn koma hingað og borga fyrir það hátt verð til að sjá náttúru, ósnortna náttúru og menningu. Það er ekki sól og veðurblíða sem dregur þetta fólk hingað. Og ekki er það þungaiðnaðurinn. (**Iðnrh.:** Hann er léttur. Álið er létt.) Álver flokkast undir þungaiðnað og skiptir ekki máli hvort málmurinn sjálfur sé sérstaklega léttur. (**MÞH:** Það er efnafræði.) Það er efnafræði. Auðvitað væri hægt að létta þessa umræðu aðeins með allt annarri efnafræði. En ég sé að tími minn er að verða búinn, ég var reyndar rétt að byrja. En sem betur fer get ég skráð mig aftur á mælendaskrá og þá ætla ég að fara ítarlega ofan í þessa byggðaáætlun og skýrsluna líka um framvindu byggðaáætlunar frá 2002–2005. Það er öllu þynnri skýrsla en alveg þess virði að kíkja á líka þó hún sé ekki alveg eins bjartsýn og lofi eins góðu og hin.

[15:55]

Útbýting:

Alnæmissmit, 400. mál, svar heilbrrh., þskj. 744.

[15:56]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum að mér skilst, og vonandi fer ég rétt með, samtímis og í einu lagi tillögur til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 og síðan skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005. Ég hef aðeins blaðað í þessum pappírum og skoðað þetta. Margt af þessu er nú kunnuglegt. Við höfum svo sem rætt þetta áður og ég hef lent í því. En tillagan til þingsályktunar á þingskjali 473, um stefnumótandi byggðaáætlun, er mikill og merkur pappír ef svo má segja, í 23 liðum. Talað er um að skilgreindar hafi verið 23 aðgerðir. Ræðutími minn í þessari fyrri ræðu minni er aðeins 15 mínútur, mér gefst því ekki kostur á að fara yfir alla þessa liði, a.m.k. í fyrri ræðu minni.

Mig langar aðeins í upphafi máls míns að koma inn á tvo liði sem talað er um sem mikilvæga í því að efla byggð í landinu. Það er 5. liður, söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun. Á þessu ári á víst að skipuleggja markvissa söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra gagna um byggðaþróun svo að reglubundin söfnun og úrvinnsla geti hafist hjá Byggðastofnun í upphafi árs 2007. Síðan er í 7. lið talað um að framkvæma eigi einhverja athugun á stöðu byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun. Og þá er hér sagt, með leyfi forseta:

„Gerð verði athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Styrkleikar þeirra og veikleikar verði metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna."

Þetta er óskaplega kerfiskarlalegt málfar og einhvern veginn er þannig bragur á þessu að manni finnst þetta allt saman vera óskaplega þungt í vöfum og þarna sé verið að eyða dýrmætum tíma í eintómt kjaftæði. Því að mér finnst ekki eiga að þurfa að ráða hámenntaða sérfræðinga til að sjá hvert leiðin liggur hjá mörgum byggðarlögum hér á landi þessar stundir og mörg undanfarin ár. Ekki þarf að efna til ítarlegra rannsókna eða greininga sem kosta fullt af peningum til að komast að því að hér er ástandið alls ekki nógu gott og það verður að grípa til aðgerða, ekki seinna en strax.

Ef við skoðum þingsályktunartillöguna áfram, þ.e. athugasemdirnar við hana, er talað m.a. um mannfjölda og störf á bls. 33 í 2. kafla. Þar er greint frá því að fólksflutningar til höfuðborgarsvæðisins frá öðrum landshlutum hafi haldið áfram á síðustu árum eins og þeir hafa reyndar gert mjög lengi. Þó að landsmönnum hafi fjölgað úr tæplega 270 þúsund frá árinu 1995 í 300 þúsund núna eða um 10%, þá hefur íbúum fjölgað um það bil 16% á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi um tæp 10%, Vesturlandi 2%, Suðurlandi 5% og á Norðurlandi eystra hefur mannfjöldinn nánast staðið í stað. Hins vegar sjáum við að fólksfækkun hefur orðið á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og síðan á Austurlandi. Þetta eru allt saman meðaltalstölur. Á sumum stöðum hefur ástandið kannski verið miklu verra en þetta heldur alltaf áfram. Þetta er ekkert að lagast. Sumir staðir eru hreinlega illa staddir og nú síðast eru undarlegir hlutir að gerast, þrátt fyrir að stjórnvöld hafi reynt að spyrna kannski við fótum einhvers staðar, reynt að standa í ístaðinu og stöðva og hafa áhrif á þá þróun, til að mynda með uppbyggingu á Austurlandi sem ég ætla svo sem ekki að fara að gera lítið úr.

Í skýrslunni segir að með raforkuveri við Kárahnjúka og samningum um byggingu álvers á Reyðarfirði hafi verið stigið eitt stærsta spor sem stigið hefur verið á síðari árum til að bæta lífskjör og afkomumöguleika fólks og fyrirtækja á Austfjörðum, en þaðan hafi fólksflutningar verið einna mestir á undanförnum árum. Það er reyndar ekki alveg rétt. Íbúum hefur fækkað hlutfallslega miklu meira á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra ef marka má bls. 33 í sömu skýrslu. Fólksfækkunin frá 1995 til 1. desember 2004 var 14,6% á Vestfjörðum, á Norðurlandi vestra var hún 12% en

fækkunin var ekki nema 2,7% á Austurlandi þannig að þetta er ekki alveg sannleikanum samkvæmt.

Í skýrslunni segir að þessi framkvæmd hafi þegar haft mjög mikil áhrif á atvinnuástand og tekju- og íbúaþróun á Austurlandi þótt hún sé nýlega hafin. Í gær bárust nýjar tölur um búferlaflutninga árið 2005 frá Hagstofunni. Það mjög vönduð samantekt sem hægt er að nálgast á vef Hagstofunnar. Ef maður skoðar breytingar á mannfjölda og búferlaflutninga fólks á milli landa og jafnvel landshluta kemur ýmislegt áhugavert í ljós. Ef við skoðum flutningana innan lands þá kemur í ljós að brottfluttir Austfirðingar eru fleiri en aðfluttir.

Nú ber svo vel í veiði að hæstv. iðnaðarráðherra, byggðamálaráðherra og viðskiptaráðherra, er í salnum og heyrir mál mitt. Mér þætti fróðlegt að fá að heyra skýringu ráðherrans á þessu. Hvað er að gerast? Hvernig stendur á því, þrátt fyrir hinar miklu og glæsilegu framkvæmdir, að fólk flytur frá Austfjörðum? Hér hefur okkur verið sagt í ótal ræðum, m.a. hæstv. ráðherra, að stórkostlegir hlutir hafi gerst á Austurlandi. En nú berast nýjar tölur frá Hagstofunni sem sýna að eitthvað mjög undarlegt hefur gerst, að þar er eitthvað skrýtið í gangi. Virðulegi forseti, við verðum að fá þá skýringar á þessu. Ég held að hæstv. ráðherra hljóti að hafa skýringar á reiðum höndum. Þetta er í hennar kjördæmi og hefur verið henni mjög mikið hjartans mál. Hún hlýtur að vita hvað er að gerast.

Hæstv. ráðherra hlýtur líka að geta frætt okkur um hvernig mannfjöldi hefur breyst á Austurlandi. Austfirðingar virðast flytja á brott en í staðinn flæða útlendingar inn á svæðið. Þá hlýtur maður að spyrja sig: Til hvers voru refirnir skornir? Var farið út í þessar stórkostlegu framkvæmdir á Austurlandi til að bæta búsetuskilyrði fyrir útlendinga sem flytjast til landsins? (**Gripið fram í:** Er þér verra við þá?) Útlendingar eru ekkert verri en aðrir. Ég hef ekkert á móti útlendingum. Þetta hefur ekkert með kynþáttafordóma að gera. Það sem vakti fyrir okkur með þessum framkvæmdum var að búa í haginn fyrir okkur Íslendinga. Ég hélt að við værum að fórna landinu okkar fyrir okkur sjálf. Ég hélt að það hefði verið megininntakið í réttlætingunni fyrir þessum framkvæmdum.

Virðulegi forseti. Með orðum mínum vil ég ekki gera lítið úr framkvæmdunum, alls ekki. Ég spyr hins vegar hérna ákveðinna sem ég tel rétt að við fáum svör við. Ég held að hlutirnir fari ekki alveg eins og lagt var af stað með.

Við getum skoðað nýjar tölur frá Hagstofunni til að sjá stöðuna á Vestfjörðum. Þar eru brottfluttir umfram aðflutta á síðasta ári, bara á síðasta ári 185 manns, tæp 200 manns samkvæmt opinberum skýrslum. Sennilega eru þeir fleiri. Oft er fólk flutt brott frá landsfjórðungum sem á við vandræði að etja en er kannski enn þá skráð þar með lögheimili. Tölurnar eru því sennilega hærri en koma fram í skýrslum Hagstofunnar. En þarna eru farnir tæplega 200 bara á einu ári, blóðtakan hefur verið mjög mikil í sumum byggðarlögum. Brottfluttir umfram aðflutta í Vesturbyggð voru t.d. 60 manns. Í Ísafjarðarbæ eru brottfluttir umfram aðflutta 41. Ef við skoðum Tálknafjörð þá er þar mjög mikil blóðtaka, þ.e. brottfluttir umfram aðflutta í þessu litla þorpi eru 27 manns á einu ári. Hólmavíkurhreppur, þar munar um 20 manns í mínus. Til Bolungarvíkur fluttust 73 en 90 manns fluttust á brott. (Gripið fram í.) Það eru 17 manns í mínus.

Fólksflutningar til og frá eru miklir. Alvarlegast í því er að fólkið er að fara. Hvers vegna skyldi það vera? Mér finnst ekki erfitt að svara því. Ég held að það sé að mörgu leyti byggðastefnu ríkisstjórnarinnar að kenna, t.d. með Vestfirði. Ríkisstjórnin hefur nánast markvisst grafið undan þeim landshluta með óþarfa og arfavitlausum lagasetningum sem kýldar hafa verið í gegn á þessu kjörtímabili. Við í stjórnarandstöðunni höfum varað við þeim, ekki síst minn flokkur, Frjálslyndi flokkurinn. Á það hefur ekkert verið hlustað og nú fáum við reikningana, m.a. í formi þessara talna frá Hagstofunni. Mér finnst þetta ekki mikið til að hrósa sér yfir. Í raun er þetta afskaplega slæmt og alvarlegt mál.

Það skiptir engu máli þótt að á hinu háa Alþingi séu lagðar fram þingsályktunartillögur, upp á 70 blaðsíður og síðan skýrsla upp á 30–40 síður um byggðaáætlun og stefnumótun í byggðaáætlun fyrir næstu árin, meðan byggðunum er að blæða út. Sumum byggðum hér á landi fossblæðir hreinlega, þeim blæðir út í þessum töluðu orðum.

Ég ætlaði að taka fyrir tiltekna byggð í ræðu minni. Hins vegar er svo langt liðið á hana að ég tími ekki að byrja á því. Ég ætla frekar að taka hana fyrir í seinni ræðu minni. Það er byggðarlag sem tilheyrir kjördæmi mínu, Suðurkjördæmi, þ.e. Vestmannaeyjar. Ég hef fyrir framan mig mjög alvarlegar tölur sem sýna þróunina þar. En ég ætla að koma inn á það í seinni ræðu minni. Seinni ræða mín mun lúta að Vestmannaeyjum eingöngu. Þar eru á ferðinni mjög alvarlegir hlutir sem ég hef því miður ekki heyrt hæstv. byggðamálaráðherra tala hátt um.

Ég hygg að við ættum að ræða þessi mál af mikilli alvöru á hinu háa Alþingi. Hvernig stendur á því að svona undarlegar tölur birtast okkur frá Austurlandi? Getur verið að það sé vegna þess að byggðastefna stjórnvalda hafi beðið skipbrot? Náum við ekki þeim árangri sem við stefndum að? Hvernig stendur á því að fólki fækkar svo mikið á Vestfjörðum? Jafnvel í byggðarlögum eins og Bolungarvík, sem maður hefði haldið að ætti að ná vopnum sínum á nýjan leik, virðist líka fjara undan. Það gerist meira að segja í Ísafjarðarbæ. Ég hef ekki skoðað staði eins og Siglufjörð, ég get kannski, meðan ég bíð eftir að komast aftur í ræðustól, skoðað hvernig þróunin hefur verið þar síðasta árið. Ég á ekki von á að fólki hafi fjölgað á Siglufirði á síðasta ári og ekki heldur á Ólafsfirði. Ég held að þar hafi því frekar fækkað.

Annað í þessum tölum, virðulegi forseti, er alvarlegt. Ég sé að þetta eru mjög góðar og vandaðar samantektir á vef Hagstofunnar. Það er hægt að rýna í tölurnar og greina með tiltölulega auðveldum hætti. Ég hvet alla þingmenn til þess, a.m.k. að skoða eigin byggðarlög og kjördæmi. Það er auðveldlega hægt að skoða þetta. En á mörgum stöðum sér maður að það er ekki nóg með að fólki sé að fækka heldur er aldurssamsetningin á stöðunum líka að breytast. Hún breytist mjög hratt. Meðalaldurinn hækkar hratt. Það dregur hratt úr barnsfæðingum á þessum stöðum og unga fólkinu fækkar hlutfallslega langmest, þ.e. fólki sem er yngra en fertugt, sem á að vera burðarásarnir í þessum byggðarlögum, sem eignast börnin og byggir upp staðina, fólkið sem

er að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Hvernig stendur á því að okkur tekst illa að halda ungu fólki á þessum stöðum? Mér finnst að mörgu leyti miklar þversagnir fólgnar í þessu. Ég segi það fyrir mitt leyti, sem faðir ungra barna, að þessir staðir úti á landi búa yfir miklum kostum, t.d. fyrir barnafólk. Þar hafa verið byggðir flottir skólar og byggð upp fín dagvistun. Það eru ágæt sjúkrahús víða um allt land og búið að byggja allan þennan strúktúr og ágætis húsnæði. Það er stórkostlegt fyrir börn að alast upp á svona stöðum. En samt er eitthvað sem gerir það að verkum að fólk vill ekki búa þar. Hver skyldi ástæðan vera fyrir því?

Virðulegi forseti. Tíminn í fyrri ræðu minni er á þrotum. Ég ætla að ganga úr ræðustól með þessa spurningu hangandi í loftinu: Hver skyldi vera ástæðan fyrir því að okkur virðist mistakast svo hrapallega í því að byggja landið okkar? Vandinn er ekki alls staðar á landsbyggðinni, alls ekki, en allt of víða.

[16:11]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé ekki rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni, að fólk vilji ekki búa úti á landi. Fólk vill einmitt búa úti á landi. Hins vegar þurfa að vera til þess aðstæður. Fólk þarf að hafa atvinnu og það höfum við lagt okkur fram um að bæta með því að gera atvinnulífið fjölbreytilegra. Hv. þingmaður getur ekki verið mjög stoltur af flokki sínum hvað það varðar. Frjálslyndi flokkurinn studdi hvorki Kárahnjúkavirkjun né álver á Austurlandi þannig að ekki lagði hann gott til málanna í þeim efnum.

Hvað varðar íbúaþróun á Austurlandi þá veit ég ekki hvernig hún stendur nákvæmlega núna. En ég veit að það verða til milli 800 og 900 störf þegar álverið verður tekið í notkun, þ.e. með afleiddum störfum. Nánast allir Austfirðingar hafa áhuga á að vinna í því fyrirtæki þannig að það er mjög jákvætt.

Það er í sjálfu sér auðvelt að koma upp, eins og hv. þingmenn hafa gert í stórum stíl — líka sá sem síðast talaði þótt hann hafi komið inn á jákvæðar nótur örlítið í lok ræðu sinnar — með eintómt niðurrif. Það kemur ekki ein tillaga frá stjórnarandstöðunni um hvað sé hægt að gera, ekki ein einasta. (**MÁ:** Láttu ekki svona.) Ég held að það sé mikilvægt fyrir þessa þjóð að a.m.k. þessir flokkar skuli ekki hafa völd í landinu. Það er algjörlega öruggt.

Hv. þingmaður nefndi Vestmannaeyjar og að þar væru erfiðleikar. Það veit ég vel enda hef ég beitt mér fyrir því að vinna að vaxtarsamningi fyrir Suðurland, með sérstakri áherslu á Vestmannaeyjar. Þess var sérstaklega getið þegar sá samningur var undirritaður að ég hefði brugðist fljótt við og fólkið þar var þakklátt fyrir það.

Ég ítreka að það er auðvelt að koma með eintómt niðurrif í ræðustól á Alþingi og hafa ekki eina einustu tillögu um ráð til úrbóta.

[16:13]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir miður að ég skuli ekki hafa getað komið með neinar tillögur til úrbóta. Því miður eru vandamálin svo stór og víðfeðm að allur ræðutíminn í fyrri ræðu minni fór í að tala um þessi vandamál. En ég skal gjarnan koma glaður upp í seinni ræðu minni og koma með tillögur um úrbætur, ekki skal standa á því. (**Iðnrh.:** Um fiskveiðistjórnina.) Um byggðamál í heild sinni. Fiskveiðistjórnarmál snúast um byggðamál öðru fremur og því ætti hæstv. byggðamálaráðherra að gera sér grein fyrir. Ég er oft efins um að hún geri sér fulla grein fyrir því að umræðan um fiskveiðistjórnarmál, fiskveiðistjórnarkerfið og það hvernig við nýtum fiskimiðin í kringum landið, snýst um byggðamál. Það er í raun kjarninn í byggðamálum mjög víða um landið, ekki síst í sjávarbyggðunum. Þar hafa stjórnvöld farið alvarlega út af sporinu, þ.e. í útfærslunni á fiskveiðistjórnarkerfinu. Þetta er m.a. stór partur af skýringunni á því hvers vegna hefur fjarað svo hratt undan Vestfjörðum. Það er líka stór partur af skýringunni á því hve hratt hefur fjarað undan byggðinni í Vestmannaeyjum. Frumkvæðið hefur verið tekið af fólkinu, (Gripið fram í.) frumkvæði til atvinnusköpunar hefur verið tekið frá fólkinu, því miður. Ég kem inn á það allt saman í seinni ræðu minni á eftir.

Ég er ekki alveg sammála því að Frjálslyndi flokkurinn hafi verið á móti uppbyggingu á Austurlandi eða framkvæmdum þar. Raunar þekki ég það ekki í smáatriðum. Það var áður en ég hóf afskipti mín af flokknum. Ég man ekki lengur hvernig þingmenn greiddu atkvæði í því máli (Gripið fram í.) en ég minnist þess ekki að hafa heyrt formann minn tala gegn þeim framkvæmdum fram til þessa og þekki ég hann mjög vel og á oft við hann langar viðræður, m.a. um þessi mál.

[16:15]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég gerði ráð fyrir að hæstv. byggðamálaráðherra mundi lýsa ánægju sinni með þróun byggðamála á landinu. Það er vandi ráðherrans. Hún notar meðaltöl sér til fulltingis en það er nú þannig með þessi blessuðu meðaltöl eins og með dæmið um fæturna þar sem annar stendur í 50° heitu vatni og hinn í 0° heitu vatni, það er alltaf jafngott. Það segir ekkert um það hvort manninum sem á þessa tvo fætur eða þeir eru hluti af líði vel. Þannig er það líka með landsbyggðina, að þó að hægt sé að benda á að það hafi orðið fólksfjölgun t.d. í Norðausturkjördæmi þýðir það ekki að íbúum utan Eyjafjarðar, í Þingeyjarsýslunum báðum, á Melrakkasléttu allt að Miðausturlandi, frá Miðausturlandi suður fyrir um allt Suðurland nánast að Selfossi, líði vel. Það þýðir heldur ekki að orðið hafi fólksfjölgun á Vestfjörðum eða Norðurlandi vestra. Reyndar hefur fækkað í Norðvesturkjördæmi um 1,6% að meðaltali þrátt fyrir að það hafi fjölgað mjög nálægt Reykjavíkurborg, en Akranes, Borgarnes og það svæði nýtur áhrifa af höfuðborgarsvæðinu.

Við erum að tala um mjög djúpstæð vandamál þar sem fólksfækkun hefur orðið mjög mikil á stórum svæðum landsins þar sem meðaltekjur hafa lækkað stöðugt frá árinu 1999. Þetta kemur fram í skýrslu um tillögu til þingsályktunar um byggðaáætlun. Menntun á landsbyggðinni er miklu lakari en á höfuðborgarsvæðinu og aldurssamsetningin er mjög óhagstæð. En hæstv. byggðamálaráðherra er ánægður

með stöðuna, fullkomlega sátt og talar um að við sem viljum breyta þessu séum niðurrifsfólk. En við bendum ekki á þessa þætti nema í þeim tilgangi einum að við teljum ástæðu til þess að breyta.

Meginuppistaðan í byggðaáætlun hæstv. ráðherra, bæði þeirri sem nú er liðin undir lok og þeirri sem tekur við, er styrking þriggja byggðarkjarna. Í tveimur tilfellum er um að ræða bæjarfélög en í einu tilfelli er um að ræða svæði. Styrking Akureyrar er mjög góð fyrir Akureyri og að nokkru leyti fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Það skiptir ekki miklu máli fyrir Ólafsvík, Dalvík eða Siglufjörð eins og dæmin sanna enda Siglufjörður ekki enn þá í vegasambandi við Eyjafjörð. En styrking Akureyrar skiptir engu máli vestur fyrir sig og hún skiptir engu máli austur fyrir sig. Á þeim svæðum báðum er við mikla erfiðleika að etja. Það er alveg auðséð af hverju þeir erfiðleikar stafa, þeir stafa af því að svæðin einkennast af hefðbundnum atvinnugreinum, þ.e. landbúnaði og sjávarútvegi. Þær greinar hafa látið undan síga í sumum tilfellum og þar hafa orðið tækniframfarir þannig að minni mannafla er þörf.

Þegar breytingar verða í atvinnulífinu og auðséð er að svæðin geti ekki fengist við ástandið ein þarf að koma til aðstoðar. Það sem við þurfum að gera í tilfellum landsbyggðarinnar, tilfellum þeirra svæða sem hafa farið og eru að fara halloka — og ég ætla að biðja hæstv. ráðherra að leggja við hlustir af því að verið var að auglýsa eftir tillögum áðan — er að flytja störf út á land fyrir menntað fólk. Staðreyndin er sú að landsbyggðarfólk gengur í skóla og menntar sig en því miður er ekki störf að finna fyrir menntað fólk úti á landi í nógu ríkum mæli. Það dugir ekki landsbyggðinni að setja niður störf fyrir menntað fólk aðeins á Akureyri, aðeins á Miðausturlandi, ég hiksta við að segja aðeins á Ísafirði því staðreyndin er sú að opinberum störfum hefur líka fækkað þar. Eins og fram kom í máli hv. ræðumanns á undan mér hefur fækkað um 41 á Ísafirði á undanförnu ári. Það segir sína sögu.

Ísafjörður hefur verið útnefndur sem byggðarkjarni fyrir alla Vestfirði en hann er ekki í vegasambandi við stóran hluta Vestfjarða stærstan hluta ársins. Það kemur víða fram í þeirri byggðaáætlun sem við fjöllum um að samgöngur séu undirstöðuatriði samkeppnishæfni byggða. Það er ekki gert ráð fyrir því að íbúar við norðanverða Vestfirði geti keyrt á malbiki til Reykjavíkur fyrr en árið 2008. Það er ekki búið að tímasetja, það er ekki enn þá farið að ímynda sér hvenær íbúar suðurfjarða eiga að geta ferðast á milli Reykjavíkur og Akureyrar á malbiki. Þaðan af síður er búið að setja niður einhverja hugmynd um það á hvað löngum tíma fólk eigi að geta ferðast á milli heimila sinna og Reykjavíkur. Það er ekki búið að setja neina áætlun niður um hvernig eigi að bæta samgöngur á milli norður- og suðurfjarðanna þrátt fyrir að Ísafjörður eigi að vera þjónustuaðili og byggðarkjarni fyrir suðurfirði Vestfjarða.

Þarna stendur ekki steinn yfir steini, virðulegi forseti. Þetta er það sem ég vil kalla samhengislausa áætlun og meira og minna út í bláinn. Verið er að fara illa með fólk þegar verið er að vekja með því vonir um að styðja eigi við uppbyggingu á svæðinu en grundvallaratriðum eins og samgöngum t.d. er ekki sinnt. Ég kalla að það sé ekki verið að sinna samgöngum á meðan ekki er gert ráð fyrir að fólk geti haft samskipti innan þeirra svæða sem eiga þó að haldast í hendur. Það er heldur ekki gert ráð fyrir að fólk geti ferðast af öryggi innan svæðanna, eins og dæmin um Bolungarvík og Súðavík sanna fyrir okkur því það er ekki búið að gera neina áætlun um hvenær eigi að koma t.d. Bolvíkingum í hættulaust samband við Ísafjörð. Búið er að setja smáaura í veggöng milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur miðað við hvað það kostar að bæta samgöngurnar á fullnægjandi hátt, því það er ekki verið að gera með einum gangastubbi og það eru ekki komnar neinar áætlanir um hvenær eigi að fara í hina tvo stubbana ef sú leiðin verður farin, sem ég vona svo sannarlega ekki. En ef það verður farin önnur leið kostar hún miklu meira.

Það er stundum eins og við Íslendingar þurfum að finna upp hjólið í öllum málum. Þó hafa allar þjóðir í kringum okkur byggðaáætlanir, sama hvort við tölum um Noreg, Svíþjóð, Finnland, Danmörku eða Spán t.d. Spánn er langt í burtu frá okkur í Suður-Evrópu en þar er unnið mjög markvisst eftir byggðaáætlun. Ég var einu sinni að ferðast á Spáni og keyrði þá fram á miklar vegaframkvæmdir uppi í fjöllum. Ástæðan var sú að fara átti að byggja upp svæðið þar, treysta þar búsetu, og fyrsta verkið sem þeir ráðast í er að byggja upp vegi. Að sjálfsögðu, því fólk þarf að komast til og frá.

Það er ekki gert á Íslandi, nei, nei. Það er skaffað með annarri hendinni, eins og til Ísafjarðar, en síðan er tekið með hinni. Þegar störf eru felld niður eins og þarf að gera í sumum tilfellum, það þarf að breyta, það þarf að hagræða, en það er hægt að bæta upp með því að flytja störf út á land. Því miður sjáum við mjög fá dæmi um það hjá núverandi hæstv. ríkisstjórn að hún flytji störf út á land, að hún skynji þessa nauðsyn. Við sjáum þó eitt dæmi núna, þ.e. að hæstv. félagsmálaráðherra hyggst flytja Fæðingarorlofssjóð á Norðurland vestra. Þó að ég fagni þeirri aðgerð er eiginlega frekar dapurlegt að horfa upp á að slík aðgerð er ekki hluti af markvissri áætlun, það er ekki unnið samkvæmt skipulagi heldur er þetta handahófskennt og lítur út eins og verið sé að styrkja flokkinn á tilteknu svæði og hugsanlega undirbúa jarðveginn fyrir framboð ráðherrans á svæðinu. Við skulum bara segja: Njóttu meðan á nefinu stendur, og störfin verða góð ef þau koma. Ég er ekki búin að sjá það.

Margoft hefur verið minnst á það í dag hvort fólk vilji búa úti á landsbyggðinni. Mín skoðun og mín fullvissa er sú að fólk vilji búa úti á landsbyggðinni, en það þarf að uppfylla ákveðin lágmarksskilyrði. Það þarf að vera tiltekin þjónusta, hún þarf ekki að vera eins og á höfuðborgarsvæðinu með hátæknisjúkrahús. Það þarf að vera heilbrigðisþjónusta, það þurfa að vera góðar samgöngur, það þarf að vera atvinna fyrir bæði menntafólk og fólk sem er minna skólagengið. Hingað til höfum við haft sæmilega trausta vinnu fyrir fólk sem er ekki með langa skólagöngu en þeim atvinnutækifærum fer þó fækkandi alls staðar á Íslandi, líka úti á landsbyggðinni og ekki kannski síst úti á landsbyggðinni vegna þess að það eru miklar tækniframfarir einmitt í þeim greinum sem hafa byggt á þessu vinnuafli.

Það er ekki nóg fyrir okkur að efla menntunartækifærin úti á landi, þó að það sé vissulega mjög nauðsynlegt og þakkarvert, heldur þarf líka að skapa tækifæri fyrir þetta sama fólk til þess að stunda atvinnu úti á landi eftir að það

hefur menntað sig. Þar stendur ríkisstjórnin sig ekki í stykkinu.

Af því að ég er að tala um menntamál ætla ég að rifja upp fyrir hæstv. ráðherra svar við fyrirspurn sem ég lagði fram í vetur um mismunandi menntunarstig á höfuðborgarsvæðinu og utan höfuðborgarsvæðisins. Á höfuðborgarsvæðinu eru 28% íbúa með grunnskólapróf eingöngu en úti á landi eru það 45%. Á höfuðborgarsvæðinu eru 26% með háskólamenntun en 14% úti á landi. Ég er að tala um fólk á aldrinum 20–40 ára. Sá aldursflokkur, eins og fram kom í máli fyrri ræðumanns áðan, fólkið sem er burðarstoðin í hverju byggðarlagi. Tölurnar eru grafalvarlegar. Það er alvarlegt mál að 28% af íbúum höfuðborgarsvæðisins hafa aðeins lokið grunnskólaprófi. Við þurfum vissulega að bjóða því fólki tækifæri til þess að bæta við þekkingu sína, við menntun sína. Margir vilja gera það samanber svar sem kom í vetur um að 119 fullorðnum hefði verið vísað frá framhaldsskólum í vetur. En þörfin er enn þá brýnni úti á landi eins og tölurnar sýna.

Með þessu fábreytta atvinnulífi og lága menntunarstigi fylgir enn eitt, að meðaltekjur eru miklu lægri. Fyrir vikið eru sveitarfélögin verr í stakk búin til þess að efla atvinnulíf, einstaklingar og fyrirtæki eru illa í stakk búin til þess að standa undir nýbreytni og það er hlægileg aðstoð sem stendur til boða frá hinu opinbera við þá sem vilja brydda upp á nýjungum í atvinnulífi. 70 millj. til vaxtarsamninga á Vestfjörðum á þrem árum frá ríkinu er líka hálfbroslegt, sérstaklega þegar (Forseti hringir.) um er að ræða svæði eins og Vestfirði sem er eitt af tekjulægri svæðum landsins.

[16:30]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir að mörgu leyti ágæta ræðu. Hún skilgreinir ástandið eins og hún sér það og það er margt til í því að það er ekki glæsilegur akur um allt land hvað byggðamál varðar. Við vitum það, mörg byggðarlög glíma við ákveðna erfiðleika í því samhengi. Annars staðar gengur betur, sem betur fer.

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður talaði mikið um atvinnulífið á landsbyggðinni. Að sjálfsögðu er það undirstaða blómlegrar byggðar að fyrirtækin geti dafnað og vaxið og verið öflug á viðkomandi svæðum. Við hv. þingmaður erum væntanlega sammála um það. Hv. þingmaður stóð samt að því að leggja fram tillögu á síðasta hausti um það að hækka tryggingagjald um 400 millj. kr. sem bitnar á atvinnulífinu og jafnframt á fyrirtækjum á landsbyggðinni sem ekki eru öll jafn vel sett. Við, þingmenn stjórnarmeirihlutans, lögðumst gegn þessum auknu álögum sem Samfylkingin vildi setja, m.a. á atvinnulífið á landsbyggðinni. Því spyr ég hv. þingmann hvort hún standi við þá stefnu Samfylkingarinnar að auka beri álögur á fyrirtæki á landsbyggðinni með þessum hætti.

Í öðru lagi spyr ég hv. þingmann um sjávarútvegsstefnu Samfylkingarinnar, hvort hún sé á hreinu. Stendur Samfylkingin við fyrningarleiðina eða er hún komin með nýja stefnu í anda hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem boðaði sáttarhönd til íslensks sjávarútvegs fyrir nokkru? Það væri gott að fá svar frá einhverjum þingmanni Samfylkingarinnar um stefnuna í sjávarútvegsmálum.

Síðan vil ég spyrja hv. þingmann að lokum um vaxtarsamninga en ég sé að ég næ því ekki í þessu fyrra andsvari mínu. Ég mun koma að vaxtarsamningum í seinna andsvari mínu.

[16:32]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vont ef hv. þm. Birkir Jón Jónsson missir svefn af áhyggjum yfir því hvort formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, og hv. þm. Jóhann Ársælsson eigi í illdeilum um sjávarútvegsstefnu Samfylkingarinnar. (Gripið fram í.) Það er ekki svo, heldur fer hið besta á með þeim. Eftir því sem ég best veit lagði hv. þm. Jóhann Ársælsson blessun sína yfir þá ræðu sem sífellt er vitnað til og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flutti á fundi LÍÚ.

Annars legg ég til við hv. þingmann að hann spyrji þá hina sömu þingmenn og hér hafa verið nefndir á nafn um þennan meinta ágreining þeirra á milli.

Ég vænti þess að hv. þingmanni þyki það ekki vont að stjórnmálaflokkur vilji eiga samstarf og vinna með samtökum útgerðarmanna á Íslandi. Ég vænti þess að það sé hið besta mál í huga hans.

Varðandi tryggingagjaldið lögðum við til við fjárhagsáætlunargerð að það yrði hækkað. Það var um litlar 400 millj. sem er að vísu talsvert, og hugsanlega er það rétt metið hjá þingmanninum að þetta hefði lagst þyngra á fyrirtæki á landsbyggðinni en t.d. á Reykjavíkursvæðinu. Ég veit auðvitað að það sem gerðist með tryggingagjaldið þegar stjórnarflokkarnir hækkuðu það um 2,4 milljarða var að það færðist yfir á herðar fyrirtækjanna úti á landsbyggðinni. Það er auðvitað ekki gott mál.

Það þarf að styðja fyrirtæki á landsbyggðinni og það er t.d. alveg hægt að gera (Forseti hringir.) með millifærslum og styrkjakerfi.

[16:34]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er óumdeilt að hv. þingmenn Samfylkingarinnar lögðu það til að tryggingagjald, þá m.a. á fyrirtæki á landsbyggðinni, mundi hækka um 400 millj. kr. Það er skattahækkun upp á 1,3%. Það mundi nú heyrast hljóð í íslenskum almenningi ef stjórnmálaflokkur legði það til að skattar yrðu hækkaðir, að álögur yrðu auknar á viðkomandi einstaklinga. Síðan koma hv. þingmenn Samfylkingarinnar hér, lofa atvinnulífið á landsbyggðinni og segja að það þurfi að styrkja það. Í hinu orðinu leggja þeir til, rúmum tveimur mánuðum síðar, að það eigi að hækka álögur á fyrirtæki á landsbyggðinni. Hér tala menn ekki í takt. Rétt fyrir áramót leggja hv. þingmenn landsbyggðarinnar til að auka eigi álögur á fyrirtækin, m.a. á landsbyggðinni, en eftir áramót tala hv. þingmenn Samfylkingarinnar um erfiðleika (**KLM:** Hverjir ...?) fyrirtækja á landsbyggðinni.

Hér er ekki um beinan samhljóm að ræða. Reyndar erum við að tala um hvort sitt árið, annars vegar árið 2005 og hins vegar árið 2006. Það getur vel verið að stjórnmálaflokkar breyti um stefnu yfir ein áramót.

Hæstv. forseti. Það vakti athygli mína að hv. formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, kallaði vaxtarsamninga svokallað tískuorð þar sem stjórnvöld eru að leiða saman sterk og veik fyrirtæki, félagasamtök, sveitarstjórnir og með stuðningi stjórnvalda líka, ríkisstjórnarinnar. Hv. þingmaður tók að vísu að einhverju leyti undir orð hv. formanns Samfylkingarinnar þar sem hún talaði um að framlög ríkisins væru harla lítilfjörleg, m.a. gagnvart vaxtarsamningi fyrir vestan. Nú er unnið að undirbúningi þessara vaxtarsamninga á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og Vesturlandi — heldur hv. þingmaður að það ágæta starf muni ekki skila einhverjum árangri í framtíðinni og sé hið besta mál en ekki eitthvert tískuorð?

[16:38]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hyllist til að kalla þessa vaxtarsamninga tískuorð eins og formaður Samfylkingarinnar gerði. Ég held því miður að þeir veki meiri væntingar en þeir standa undir. Eins og ég sagði áðan eru hlálega litlir peningar frá ríkinu í þessum samningum og framlög ríkisins eru alltaf skilyrt mótframlagi frá heimamönnum. Bæði í tilfellum fyrirtækja á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra erum við að tala um mjög óburðugt atvinnulíf. Það er aðeins eitt fyrirtæki sem eiginlega stendur undir nafni, fyrirtæki sem á einhvern pening á Norðurlandi vestra svo að dæmi sé tekið. Það er Kaupfélag Skagfirðinga. Því miður. Þegar svo er getum við ekki vænst þess að lagðir séu fram miklir peningar.

Ég er hins vegar ekkert frá því að þessir samningar geti skilað einhverju í samvinnu. Það er verið að leiða fólk saman til viðræðna en ég endurtek það sem ég sagði áðan, ég held að þeir rísi ekki undir nafni, þessir samningar, vegna þess að þeim fylgja allt of litlir peningar.

Svo ætla ég að endurtaka það sem ég sagði áðan, það sem þarf til að reisa við atvinnulíf úti á landi er flutningur á störfum fyrir menntað fólk út á land. Það þora ráðherrar þessarar ríkisstjórnar ekki að fara í af því að þeir eru hræddir við óvinsældirnar sem þeir baka sér í Reykjavík. Þannig skapast tímabundnar óvinsældir, og þeim sem missa vinnuna við flutning starfanna og vilja ekki flytja með er auðvitað vorkunn. Þeim er þó ekki eins mikil vorkunn og því fjölmarga fólki sem hefur misst vinnuna úti um land í gegnum tíðina vegna þess að störf á vegum ríkisins hafa verið lögð þar niður. Hér er a.m.k. um mörg störf að velja (Forseti hringir.) en ekki úti á landi. Fólk neyðist til að flytja burt ef það missir starf úti á landi.

[16:39]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Við eigum að ræða hér byggðaáætlun Framsóknarflokksins, þ.e. þá sem lögð er fram af Framsóknarflokknum. Það er greinilegt að þessi ágæti flokkur sem hefur stundum kennt sig við landsbyggðina leggur nánast enga áherslu á þennan málaflokk lengur. Nánast. Jú, hann prentar upp sömu gömlu skýrsluna og hún er ekki góð. Hún er mjög slæm. Ekki sést hæstv. forsætisráðherra þegar verið er að ræða byggðir landsins. Það kemur á óvart. Ef formaður Framsóknarflokks hefði fyrir nokkrum árum ekki látið sjá sig þegar verið væri að ræða málefni hinna dreifðu byggða hefði mörgum verið brugðið. Nú er sá ágæti maður hins vegar í öðrum verkum, hann er í því að spá og hann er líka í því að ræða um inngöngu í Evrópusambandið. Það er fínna en að tala hér um vanda landsbyggðarinnar eða byggðanna hringinn í kringum landið.

Nei, forsætisráðherrann er í öðru og er jafnvel kominn í þá stöðu að vilja selja aðgang að fiskimiðunum og finnst það vera verkefni dagsins en ekki að ræða hér um málefni byggðanna.

Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að verja löngum tíma í þessa skýrslu sem er endurprentað, herra forseti, vegna þess að við erum búin að ræða hana áður. (Gripið fram í.) Já, í þriðja sinn. Því miður hefur hæstv. iðnaðarráðherra ekki tekið í einu eða neinu tillit til athugasemda, mjög málefnalegra athugasemda sem við í Frjálslynda flokknum höfum borið fram um það hverju væri ábótavant við þessa skýrslu.

Ég held að það þurfi að fara yfir það með hæstv. iðnaðarráðherra hvað „áætlun“ er. Það er eins og að hæstv. ráðherra átti sig bara ekki á því. Áætlun er venjulega það að stefna að ákveðnu marki. Ef maður hins vegar les bæði stefnumótandi byggðaáætlun og skýrsluna kemur ekkert fram um slíkt, það eru engin mælanleg markmið. Ég hef oftsinnis bent hæstv. iðnaðar- og byggðamálaráðherra á að það verða að vera einhver mælanleg markmið ef menn ætla að vera með einhverja áætlun af viti. Við þekkjum það sem höfum komið að rekstri fyrirtækja og jafnvel stofnana að sett er fram fjárhagsáætlun og svo reyna menn að halda þær og hafa einhver mælanleg markmið. En það kemur ekki fram hér, enda er það kannski lýsandi fyrir áhuga Framsóknarflokksins á þessum málaflokki. Því miður.

Ég verð að segja að ég hef þess vegna ákveðið að leggja fram fyrirspurn í þinginu, og hef gert það, til að hjálpa flokknum að gera næstu byggðaáætlun. Hún er á þá leið að tekið verði saman yfirlit yfir fjölda opinberra starfa. Ég get farið fram á það. Ég mælist til þess að hæstv. fjármálaráðherra taki hendur úr vösum í byggðamálum og taki saman þróun opinberra starfa í byggðum landsins. Þá getur hæstv. iðnaðarráðherra mögulega notað þær tölur til að meta áhrif opinberra starfa á byggðirnar í stað þess að telja hér upp einhver verkefni, flutning á nokkrum tugum starfa í Húnavatnssýslu — sem ég geri þó ekki lítið úr. (Gripið fram í.) Alls ekki. Ég segi að til þess að meta það hve mörg störf hafa verið flutt burtu, m.a. úr Húnavatnssýslum — við höfum orðið vitni að því, m.a. við einkavæðingu á Símanum, og svo kemur eitthvað til baka og annað tekið jafnóðum í burtu — er gott að hafa yfirlit. Það er einmitt það sem á vantar hér. Þetta er bara orðagjálfur sem er varla pappírsins virði frekar en þessir fallegu bæklingar sem kallast vaxtarsamningar. (Gripið fram í.)

Svo er annað. Þegar maður gerir áætlun reiknar maður og leggur niður fyrir sér hvað hún muni kosta. Hér kemur ekki fram hversu mikla peninga eigi að leggja í þetta. Það er fáheyrt. Ég er á því að sveitarstjórnir landsins eigi að mótmæla þessu, sérstaklega þær sem hafa orðið fyrir barðinu á stjórnarstefnu Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Það er ekki hægt að búa við þetta. Hvers vegna ætli þær geri það ekki? Það er kannski vegna þess að stjórnarflokkarnir

koma stundum með brauðmola og gefa til baka, kannski örfá störf.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson minntist á Siglufjörð og tíndi upp nokkra brauðmola sem hann hafði rétt byggðarlaginu. (Gripið fram í.) Já, eða Framsóknarflokkurinn, það afl sem hv. þingmaður styður. (Gripið fram í.) Það var skíðalyftan — hvað ætli hún bjóði upp á mörg störf? Tvö störf þrjá mánuði á ári? (Gripið fram í.) Menn hengja á sig orður fyrir það að hafa veitt einhvern styrk í skíðalyftu. Það kom fram í andsvari. Ekki nóg með, heldur er það talið til tekna að menn fari í viðhald á húseignum í eigu ríkisins. Það er farið í eðlilegt viðhald og byggt lítilræði við húsnæði sem hefur verið starfrækt ... Ég heyri á framsóknarmönnum hv. þingmanns að þetta kemur við kaunin á honum. (Gripið fram í.) Ég ætla að vona, herra forseti, að hann gefi mér hljóð til að flytja ræðuna þar sem ég get farið yfir þessar miklu aðgerðir Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í byggðamálum Siglfirðinga. Svo er það minning um gamla tíma, Síldarminjasafnið. Þetta eru afrekin.

Mér finnst þetta ekki mikið. Ég miða við það að búið er að taka af fólkinu á landsbyggðinni réttinn til sjósóknar. Það er alvarlegt mál. Síðan eru í umræðunni talin upp verkefni sem eru búin að vera á dagskrá í meira en áratug, að minnka endurgreiðslur námslána fyrir þá sem búa á landsbyggðinni, að styrkja ferðalög íþróttafólks á landsbyggðinni. Þetta fer aldrei í framkvæmd, því miður, meðan þessir flokkar starfa í ríkisstjórn. Þegar lagðar eru fram tillögur á þingi neita viðkomandi flokkar að veita fjármuni í þessi verkefni sem þeir skreyta sig síðan með þess á milli. Þetta er mjög ómerkilegt.

Það er annað sem er vert að fara yfir. Þegar menn fara út á land og rétta brauðmola eiga allir að krjúpa á kné og þakka. Við sem búum á landsbyggðinni eigum að vera full þakklætis þegar einhver störf koma. Ég spyr Reykvíkinga sem hlýða á mig tala úr þessum ræðustól: Hvað finnst þeim, finnst þeim að þeir eigi að vera fullir þakklætis yfir því að Háskólinn í Reykjavík var settur á stofn? Eiga þeir að vera hér á hnjánum? Nei, þetta er bara eðlileg og sjálfsögð aðgerð, rétt eins og það að Háskólinn á Akureyri og Háskólasetrið á Ísafirði eru eðlileg starfsemi. Menn eiga ekkert að tala um þetta eins og verið sé að færa þessu fólki einhverjar gjafir.

Ég verð að minna á rannsókn frá Bifröst sem sýndi fram á það að skattfé streymdi af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Tæplega 30% af öllu skattfé landsmanna er aflað í dreifbýlinu en einungis 15% er varið þar. Það er ekki eins og að við sem búum á landsbyggðinni séum einhverjir ómagar, alls ekki. Við eigum ekki að líta þannig á.

Svo er annað. Með annarri hendinni er gefið — farið með innheimtu á Blönduós sem er jákvætt — en í sömu mund eru önnur störf tekin. Þá er verið að færa til lögregluumdæmin og alltaf liggur undir að fækka eigi störfum, fækka yfirmönnum, sameina. Fólk á landsbyggðinni er náttúrlega skeptískt á þetta. Er verið að fækka eða spara í Reykjavík? Alls ekki. Við sjáum að frá því að þessi ríkisstjórn komst til valda hafa útgjöld ríkisins aukist um 120 milljarða, 120 þús. millj., á föstum fjárlögum. Þeir fjármunir hafa ekki runnið út á land í miklum mæli. En við munum sjá það þegar við fáum svarið við spurningunni um hvar opinber störf eru staðsett. Það mun þá líka gagnast Framsóknarflokknum við gerð næstu byggðaáætlunar.

Við horfum líka á það hvar verið er að fækka störfum, t.d. reikna ég með að haldið sé aftur af störfum hjá lögregluumdæmunum og þeim slegið saman. Á sama tíma er verið að fjölga víkingasveitarmönnum gríðarlega, búa til einhverja greiningardeild til að rannsaka landráð hjá ríkislögreglustjóra. Svona má lengi telja. Þetta er það sem við horfum upp á.

Ég vil líka nota hluta af ræðutíma mínum í annað. Það hefur verið kvartað undan því að við í stjórnarandstöðunni leggjum ekki fram neinar tillögur. En það eru ákveðnar skýringar á því. Manni blöskrar að svona sé lagt fram, svona hræðilegar skýrslur, og þá ætla ég að benda á eina tillögu sem er að finna í stefnuskrá Framsóknarflokksins — ef þau framkvæmdu eitthvað af henni, t.d. að strandjarðir fengju útræðisrétt sinn á ný. Ég spurði hæstv. landbúnaðarráðherra hvort einhver von væri á því, og hann brást nánast illur við þegar ég vildi fá afstöðu hans á hreint. Bara það atriði, að strandjarðir fengju útræðisrétt á ný, mundi bæta hag dreifbýlisins miklum mun meira, fullyrði ég, en t.d. þessi vaxtarsamningur Vestfjarða sem er voðalega lítið annað en orðagjálfur um vaxtarklasa og slíkt. Mig minnir að honum hafi fylgt 40 millj. á nokkrum árum sem átti síðan að hækka eitthvað í framhaldinu. (Gripið fram í.) Já, eftir umræðu um að þetta væri ekki neitt neitt.

Einnig er kominn tími til þess að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn fari yfir og skoði tillögur okkar hvað varðar fiskveiðistjórn. Ég vonast til þess að hv. þm. Birkir Jón Jónsson lesi stefnuskrá Frjálslynda flokksins í fiskveiðimálum því að þar getur hann fundið tillögur sem virka, þar sem ungir menn á Siglufirði geta komist í útgerð á ný í stað þess að ef menn ætla nú í útgerð þurfa þeir annaðhvort að gerast leiguliðar eða reiða fram t.d. 150 millj. ef þeir vilja veiða 100 tonn. Þetta er það sem Framsóknarflokkurinn býður upp á og við í Frjálslynda flokknum erum alveg tilbúnir til að vinda ofan af þessari vitleysu, enda er það þjóðarhagur. Það er ekki bara hagur fólksins í dreifbýlinu að snúa við dæminu, heldur er það hagur þjóðarinnar allrar. Samdráttur á þessum svæðum skapar einnig vandamál í Reykjavík og margir á höfuðborgarsvæðinu eru farnir að leggja eyrun við þegar rætt er um byggðamál. Margir koma frá þessum svæðum og þeim þykir sárt hvernig komið er fyrir gamla byggðarlaginu sínu. Þetta er mál sem varðar þjóðina, menningu hennar, og það er sárt að vita til þess að Framsóknarflokkurinn sinni því ekki betur en svo að senda sömu skýrsluna enn og aftur í umræðuna.

Við höfum ýmis tæki ef við viljum. Við þurfum að skoða samkeppnisstöðu fyrirtækja. Við höfum t.d. rætt um samkeppnisstöðu skipasmíðaiðnaðarins, tillögur liggja fyrir og það er ekkert annað að gera en að hrinda þeim í framkvæmd. Það er það sem vantar, raunverulegar tillögur. Það er ekki rétt að vera að hækka rafmagnið á fólkinu úti á landi sem stendur hvað verst. Því eru sendir háir reikningar. Hér reynir hæstv. iðnaðarráðherra alltaf að drepa umræðunni á dreif um hækkað rafmagnsverð á landsbyggðinni með því að tala um hækkun hér og lækkun þar. Það er einfaldlega ómerkilegt, herra forseti. Ósk um utandagskrárumræðu um rafmagnsverð til húshitunar á landsbyggðinni hefur legið

fyrir, og svo er sagt að beðið sé eftir umræðu um einhverja skýrslu, skýrslu sem er ófullkomin, nánast eins og þessi, og segir takmarkað. Það er sárt að horfa upp á þetta.

Það er hægt að snúa þessu við og það verður gert með því að skipta um flokka í stjórn. Við höfum 10 ára reynslu af þessum flokkum og ég spyr fólk úti á landi: Er hún góð? Nei, segir það, hún er alls (Forseti hringir.) ekki góð.

[16:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í dag hafa staðið yfir umræður um þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun og hér á Alþingi hefur verið mikil samstaða um að hafa þyrfti einhvers konar stefnumótandi byggðaáætlun í gildi. Alþingismenn hafa í raun og veru staðið saman um þessa hugmynd og tekið hana til umræðu, nokkrum sinnum reyndar. Árangurinn af þeirri stefnumörkun sem hefur verið sett í þessar áætlanir hefur því miður ekki verið eins góður og menn hafa vonast til. Enda eru þessar áætlanir, og það er kannski helsti gallinn á þeim, ekki útfærðar og það er ekki fjármögnun á bak við þær hugmyndir sem eru settar fram í þessu plaggi.

Ríkisstjórnin sem situr hefur talað mikið um byggðamál og hælt sér, og þingmenn sem styðja hana hafa hælt sér mikið af því að þeir væru að gera mikið í byggðamálum. Samt hefur landsbyggðin verið á undanhaldi nánast alls staðar á landinu þar sem hægt er að tala um að við séum komin út á dreifbýlissvæðin og þau einu svæði sem hafa haldið sínu eða aðeins náð vopnum sínum eru þá Eyjafjarðarsvæðið og þau svæði sem næst liggja stóriðjuframkvæmdunum á Austurlandi. Að öðru leyti hefur landsbyggðin verið á undanhaldi.

Ég segi þetta vegna þess að ég tel ekki þau svæði sem liggja næst höfuðborgarsvæðinu með þegar verið er að tala um byggðaáætlanir, enda hafa ákvarðanir um byggðastuðning ekki beinst að þessum svæðum að neinu marki, þeim sem liggja næst höfuðborgarsvæðinu, í Borgarfirði og á Suðurlandinu. Það er þess vegna ekki rétt sem hæstv. ráðherra sagði hér, það er ekki rétt að koma með það skýringalaust inn í umræðuna að fólki sé farið að fjölga á landsbyggðinni. Það er mjög villandi að tala með þeim hætti. Það hefur enda komið fram í svörum við fyrirspurn frá t.d. hv. þm. Kristjáni Möller, bara fyrir nokkrum dögum, hvernig íbúaþróunin hefur verið á landsbyggðinni á undanförnum árum. Þar kemur þetta mjög skýrt fram. Ég ætla ekki að fara yfir þær tölur hér, það er ekki til þess tími, en þær bera það með sér að landsbyggðin er öll nánast á undanhaldi að fráteknum þeim svæðum sem ég nefndi hér.

Hvers vegna er þetta svo? Það eru miklar atvinnuháttabreytingar í landinu. Þéttbýlissvæðin í kringum landið, þ.e. sjávarbyggðirnar urðu til og blómguðust fyrst og fremst vegna þess að menn sóttu sjó. Breytingar á sjávarútvegsstefnunni hafa valdið því að veiðirétturinn hefur þjappast saman á fáa staði, miklu meira en hann hefur nokkurn tíma gert áður. Verðlagið á veiðirétti hefur orðið svo hátt að menn hafa ekki getað stofnað ný fyrirtæki á stöðum þar sem veiðirétturinn hefur farið burtu. Þess vegna eru til litlu sjávarbyggðirnar sem svo sem hafa lifað af í gegnum tíðina. Þegar menn vantaði vinnu á þessum stöðum stofnuðu þeir sér útgerðarfyrirtæki, keyptu bát og fóru að gera út. Þetta gerist ekki lengur. Þess vegna eru þessar litlu sjávarbyggðir, margar hverjar, á undanhaldi, það eru mjög takmarkaðir möguleikar í þessum aðalatvinnuvegi. Síðustu missirin hefur hann reyndar staðið afar illa vegna gengis, þessa gríðarlega háa gengis sem menn geta svo sem deilt um af hverju er svona hátt en það er kannski ekki aðalatriði málsins. Gengið er gríðarlega hátt og það eru ekki líkur á því að það breytist á næstunni. Sjávarútvegurinn, sérstaklega fiskvinnslan, úti um landið er þess vegna í miklum vanda og það er ekki líklegt annað en að við sjáum gjaldþrot og lokanir á næstu missirum og það mun auka þessa byggðaumræðu sem hefur þó verið ærin fram að þessu.

Hæstv. forsætisráðherra lýsti því yfir að hann teldi að kominn væri tími til að leyfa erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi. Ég ætla að nota hluta af tíma mínum til að tala um þessi mál einfaldlega vegna þess að formaður iðnaðarnefndar hefur kallað mjög eftir því hvaða stefnu Samfylkingin hafi í sjávarútvegsmálum. Sú stefna liggur fyrir og er alveg skýr. Hún felst í því að við eigum að gæta eignarhalds þjóðarinnar á þeirri auðlind og að það verði sett í stjórnarskrá. Við deilum ekki um það við stjórnarflokkana að sett verði í stjórnarskrá ákvæði um eignarhald þjóðarinnar á sjávarauðlindinni.

Það sem stjórnarliðar virðast ekki hafa áttað sig á er að auðvitað mun það fylgja, setji menn í stjórnarskrána að þjóðin eigi einhverjar auðlindir, þjóðarauðlindir, sjávarauðlindir, orkuauðlindir sem eru almannaeign og fleiri auðlindir. Ég vísa til umfjöllunar auðlindanefndar um þetta þar sem fyrir liggja tillögur um hvernig með þær auðlindir skuli farið. Þá þurfa auðvitað að vera einsleitar aðferðir við að koma nýtingu auðlindanna í hendur þeirra sem fá þau verkefni í hendurnar að nýta auðlindir. Þá geta menn ekki bæði einkavætt auðlindina og haft hana í stjórnarskránni sem þjóðarauðlind. Það eru röng skilaboð að gefa til kynna að það sé hægt.

Stefna okkar hefur verið alveg skýr í þessu. Við teljum að gæta eigi eignarhalds þjóðarinnar og að hið opinbera og alþingismenn fyrst og fremst eigi að sjá til þess að eignarhaldsins verði gætt fyrir hönd þjóðarinnar. Það er hægt að gera. Menn þurfa þess vegna sátt við þjóðina um þá leið sem farin verður, fyrst og fremst við þjóðina, en sáttin verður líka að vera við útgerðarmenn í landinu. Þeir verða líka að geta sætt sig við þær aðferðir sem verða notaðar og þann tíma sem gefa þarf sér til þess að aðlögun verði að þeim nýju aðferðum sem menn beita, því nýja umhverfi sem menn þurfa að vinna í. En niðurstaðan getur aldrei orðið önnur en sú að hið opinbera verði að gæta eignarhaldsins fyrir hönd þjóðarinnar ef þetta á að verða þjóðarauðlind.

Það á við um allar auðlindir. Ég geri ekki upp á milli þeirra. Ég er sammála LÍÚ-forustunni sem hefur kallað eftir því að menn hafi sömu aðferðir uppi við nýtingu þjóðarauðlinda hvort sem þær heita orkuauðlindir eða auðlindir sjávar. Þess vegna þurfa menn auðvitað að vanda sig og spara sér pólitísk upphlaup í þessum málum og endalaus köll á hvað aðrir vilja. Við höfum sett það skýrt fram hvað við viljum í þessu. En stjórnarflokkarnir, hvað hafa þeir sagt? Þeir hafa sagt að bæði væri hægt að einkavæða auðlindina og hafa hana fyrir þjóðarauðlind. Er það skýr stefna? Nei, það er ekki skýr stefna. Það eru röng skilaboð

til þjóðarinnar og fyrir neðan allar hellur að bjóða upp á málflutning af því tagi.

Ég ætla ekki að fara að skammast yfir því vegna þess að ég vonast til að menn komist til ráðs og setjist niður, vegna þess að endurskoðun stjórnarskrárinnar er afar mikilvægt verkefni og við þurfum að ná víðtækri pólitískri sátt um þá endurskoðun. Þar þurfum við að leita viðunandi leiða fyrir þjóðina, fyrir atvinnuveginn og alla þá framtíð sem við getum séð fyrir okkur í meðferð auðlinda. Við getum ekki boðið börnum okkar og barnabörnum upp á það að við köstum auðlindum landsins bara eins og silfri Egils yfir atvinnulífið og láta það fara hvernig sem vill.

Er það trúverðugt þegar menn koma í ræðustól á Alþingi hver eftir annan og aðeins eitt sem þeir eru sammála um: Það er ekki hægt að hleypa erlendum aðilum með fjárfestingar í sjávarútveginn. Niðurstaðan er að það sé ekki hægt. Hvers vegna? Vegna þess að fyrirkomulagið sem menn hafa komið á er með þeim hætti að þeir sem styðja það og vilja hafa það þannig þora ekki að leyfa erlendum aðilum að koma nálægt sjávarútveginum á Íslandi. (**Iðnrh.:** Þeir eru hérna alveg á fullu.) Hæstv. iðnaðarráðherra kallar fram í: Þeir eru hér á fullu. En hæstv. iðnaðarráðherra var í salnum þegar menn héldu ræðurnar sem við höfum oft heyrt um að það megi ekki vegna — vegna hvers? Vegna þess að arðurinn af auðlindinni rennur í hendur þeirra sem eiga kvótann. Ef þeir eignaraðilar verða erlendis mun arðurinn renna þangað. Það er ekki að gæta þjóðarauðlindarinnar að hafa fyrirkomulagið með þeim hætti.

Ég ætlaði að tala um byggðaáætlunina og ég tel reyndar að það að viðhalda byggð í landinu sé verkefni sem hið opinbera eigi að koma að með þeim hætti öflugustum, að sjá til þess að almennilegar samgöngur séu, gott heilbrigðiskerfi og menntakerfi, að grunngerðin sé í lagi og þá muni koma í ljós hvar fólk telur best að búa og reka fyrirtæki í landinu. Þarna hefur gríðarlega mikið vantað upp á og metnað vantað. Það er ótrúlegt að hlusta t.d. á hæstv. samgönguráðherra koma og halda sömu ræðuna endalaust um afrekin í þessum málum. Hver eru afrekin? Að enn eru nánast sambandslaus svæði á landinu þar sem fólk býr. Það er ekki nothæfur vegur á milli byggðarlaganna og ekki nothæfur vegur til að koma afurðum frá sér eða rækta það samband sem nauðsynlegt er við höfuðborg landsins. Það eru ekki afreksverk á 21. öld að svo skuli hátta til í þessu forríka samfélagi. Auðvitað er byggðin á undanhaldi þar sem fólk getur ekki notið þeirrar þjónustu sem hægt er að njóta almennt á landinu, á höfuðborgarsvæðinu, og þar sem betur er búið að fólki en á þeim stöðum sem ég vísa til.

Eitt sem er nefnt í skýrslunni hefði ég gjarnan viljað hafa meiri tíma til að tala um og það er efling sveitarfélaganna vegna þess að efling þeirra er að mínu viti eitthvert öflugasta tækið sem hægt er að nota til að styrkja byggðina í landinu. Þar fór félagsmálaráðherra og ríkisstjórnin í ferð sem hefði betur verið ófarin, ferð sem eyðilagði möguleikana á því að sameina sveitarfélögin og gera þau sterkari að mörgu leyti, komu í veg fyrir möguleika sem voru fyrir hendi og hefði verið hægt að nýta, því sameining og styrking sveitarfélaganna hefði getað orðið miklu meiri en stefnir í að hún verði. Það að flytja verkefni til sveitarfélaganna, styrkja þau og sjá til þess að verkefni frá hinu opinbera fari til þeirra er kannski það sem — að frádregnum samgöngubótum — gæti virkað allra best. Þetta er því miður svona og skilningur manna í sölum Alþingis á sveitarfélögunum og því verkefni sem hefði átt að leysa í sölum Alþingis er svo takmarkaður að það er með ólíkindum enda þurfa menn ekki annað en að litast um og sjá skipulagsslysin allt í kring á höfuðborgarsvæðinu og þau sem eru í aðsigi annars staðar til þess að sjá að hér í sölum Alþingis hafa menn ekki passað sína plikt.

[17:10]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Á margan hátt hefur verið athyglisvert að fylgjast með þeirri umræðu sem hefur farið fram í dag um annars vegar skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 og hins vegar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009.

Ég verð þó að segja í byrjun að að hluta til leiðist mér hversu áberandi hinn neikvæði þáttur málanna verður í umræðunni vegna þess að við eigum, að minni hyggju, ekki að ræða þannig um málefni landsbyggðarinnar. Útgangspunkturinn á að sjálfsögðu alltaf að vera sá að ýmis lífsgæði eru á landsbyggðinni fram yfir það að hafa búsetu t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Það eru auðvitað hlutir sem við eigum að leggja áherslu á. Við eigum að leggja áherslu á að það er alveg sérstakur lífsstíll að búa á landsbyggðinni, lífsstíll sem við eigum að gefa gaum og gera svolítið mikið úr vegna þess að a.m.k. við sem höfum ákveðið að búa á landsbyggðinni metum þann lífsstíl ofar þeim lífsstíl að búa t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Það á að gera lítið úr hvorugum lífsstílnum því það er val fólks og það er kannski grundvallaratriðið að þetta val fólks á að vera þannig að opinberir aðilar reyni að jafna sem best möguleika fólks til að velja hvorn lífsstílinn sem það kýs en sé ekki með þvingandi aðgerðir til að neyða fólk til að gera það sem það síður vill.

Við verðum samt sem áður að passa okkur á því, þó að við leggjum áherslu á hina jákvæðu þætti, að halda okkur við raunveruleikann, því ekkert gagn er að því ýmist að gylla hlutina eða fara fram hjá staðreyndum og stöðu málsins eða skapa væntingar sem ekki er innstæða fyrir. Það er heldur ekki gott. Við þurfum því að reyna að stilla umræðuna á þeim nótum að við séum jákvæð en um leið raunsæ. Ég get því miður gagnrýnt flesta ræðumenn í dag fyrir að hafa ekki náð þessu. Ég vildi því byrja á þessu vegna þess að ég ætla að gera tilraun til að ná þeirri línu en hún er mjög vandmeðfarin og óvíst að mér takist það. Ég mun hins vegar gera tilraun til þess. Þess vegna byrjaði ég á að leggja áherslu á, vegna þess að mér finnst það mikilvægt, að lífsgæði mörg hver á landsbyggðinni eru þess eðlis að þau eru að minni hyggju það mikils virði að fólk hefur valið þann lífsstíl að búa á landsbyggðinni þrátt fyrir að ýmislegt geri það erfiðara en að búa hér. Ég ætla ekki að tíunda það allt saman vegna þess að við höfum undir ákveðin plögg sem við erum að ræða. En ég vildi sem sagt leggja höfuðáherslu á þetta í byrjun.

Það vakti hins vegar athygli mína að hæstv. ráðherra fjallaði ekkert um annað dagskrármálið, þ.e. skýrsluna fyrir árin 2002–2005. Hæstv. ráðherra hefur væntanlega metið

það svo að fyrri umræða um ansi svipuð plögg hafi verið nægjanleg og ekki þurft að endurtaka það og er auðvitað sjónarmið út af fyrir sig. Ég hefði vænst þess samt sem áður að eitthvað yrði um það fjallað vegna þess að auðvitað getum við lært eitthvað af því hvernig til hefur tekist með framvindu byggðaáætlunar fyrir síðasta tímabil þegar við veltum fyrir okkur því næsta. Augljóslega kalla ákveðnir þættir á það og ég vil nefna dæmi.

Í skýrslunni efst á bls. 4 er vitnað í texta frá Byggðastofnun. Þar segir, með leyfi forseta:

„Bent var á að ekki eru settir fram í byggðaáætluninni mælikvarðar sem hægt sé að bera árangur við. Sömuleiðis kemur fram sú skoðun að byggðaáætlun sé til of skamms tíma og þyrfti að vera t.d. til 12 ára líkt og t.d. samgönguáætlun. Stofnunin tekur undir bæði þessi sjónarmið."

Frú forseti. Stofnunin, eins og ég nefndi áðan, sem hér á í hlut er Byggðastofnun. Þess vegna hefði ég vænst þess að í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 hefði að einhverju leyti verið tekið tillit til sjónarmiða stofnunarinnar. En því miður virðist það ekki hafa verið gert. Ég vil nota tækifærið og taka undir báða þessa þætti, líkt og Byggðastofnun gerir. Ég held að það sé mjög mikilvægt, þegar við erum að gera áætlun eins og þessa, að hægt sé að bera árangurinn við einhverja mælikvarða þannig að það sé ljóst hvernig menn ná settum markmiðum. Ég tel einnig að það sé afskaplega mikilvægt að við gerum byggðaáætlun á svipaðan hátt og samgönguáætlunina, þ.e. að við miðum t.d. við 12 ár en endurskoðum hana alltaf inn á milli og höfum þrjú til fjögur ár undir hverju sinni — en það sé langtímaáætlun líka þannig að menn viti hvert verið er að stefna.

En því miður virðast menn ekki hafa verið reiðubúnir til að fara þessa leið þrátt fyrir að Byggðastofnun hafi lagt á það ákveðna áherslu. Byggðastofnun tínir einnig til aðrar athugasemdir og menn hafa nefnt hér, eins og það að markmið byggðaáætlunar séu yfirleitt góð og það má segja það bæði um þá gömlu og þá nýju. En, eins og segir hér, þá hefur nokkuð skort á að þeim hafi verið fylgt eftir með framkvæmdum. Það er vandinn að því er ekki hrundið í framkvæmd sem markmiðin segja til um. Það er að hluta til vegna þess að menn hafa ekki mælikvarða til að miða við en að hluta til vegna þess fyrirkomulags sem við höfum í byggðamálunum, og ég vil nálgast það örlítið og gefa mér smátíma til að fjalla um það. Ég vil gera það á málefnalegan hátt og vona að hæstv. ráðherra misskilji ekki þau orð mín að ég tel að það hafi verið mistök þegar byggðamálin sem slík voru færð úr forsætisráðuneyti yfir í iðnaðarráðuneyti. Það er algjörlega óháð því fólki sem gegnir viðkomandi embættum. Það er eingöngu vegna þess sem mér sýnist koma fram í báðum þeim plöggum sem hér eru undir, þ.e. annars vegar í skýrslunni og hins vegar í áætluninni fyrir árin 2006–2009. Ég vil færa fyrir þessu nokkur rök. (Gripið fram í.)

Ástæðan, virðulegi forseti, er fyrst og fremst sú að byggðamál eru ekki eins ráðuneytis mál. Byggðamál koma við sögu í nær öllum ráðuneytum. Miðað við skipulag okkar í Stjórnarráðinu eiga mál af því tagi heima undir forsætisráðuneytinu og síðan er hægt að dreifa þeim, en verkstjórnin á að vera þar. Ég vil nefna fleiri rök og horfa til þeirra áherslupunkta sem eru í áætluninni fyrir árin 2006–2009, eins og það er orðað hér:

„Helstu aðgerðir sem gripið verði til í því skyni að ná markmiðum áætlunarinnar verði eftirfarandi."

Það eru 23 punktar ef ég man rétt. Af þeim eru 12 punktar settir á ábyrgð annarra ráðuneyta en iðnaðarráðuneytisins, þ.e. meiri hluti punktanna er á ábyrgð annarra ráðuneyta. Það er einnig athyglisvert að fleiri punktar eru settir á ábyrgð menntamálaráðuneytisins en á ábyrgð iðnaðarráðuneytisins. Flestir punktar eru settir á Byggðastofnun, sem eðlilega heyrir undir það ráðuneyti sem fer með byggðamálin. En væru byggðamálin hjá forsætisráðuneytinu væru verkefni Byggðastofnunar hjá því ráðuneyti. Þá sjáum við að iðnaðarráðuneytið er ekki einu sinni efst hinna ráðuneytanna varðandi þau verkefni sem að er stefnt á næstu árum, menntamálaráðuneytið hefur flesta punktana.

Það væri fróðlegt að fá að heyra málefnalega umræðu af hálfu hæstv. iðnaðarráðherra um það hvort það valdi henni ekki einhverjum vanda að vera ráðherra byggðamála með ástandið svona. Að hæstv. ráðherra, sem hefur ekkert boðvald gagnvart öðrum ráðherrum, þurfi meira og minna að vera háð ákvörðunum annarra ráðherra. Ég verð að segja að mér hefur á stundum heyrst á öðrum fundum að hæstv. ráðherra hafi yfir einhverju að kvarta í þeim efnum. Það væri þá fróðlegt að vita — ef hæstv. ráðherra er ekki sammála því að vandinn væri best leystur með því að hafa þessi mál undir forsætisráðuneytinu — hvaða aðrar leiðir væru þá vænlegar til að tryggja enn betur en verið hefur að umrædd markmið náist þrátt fyrir að þau séu á ábyrgð annarra ráðuneyta.

Það er ekki einu sinni þannig, þegar maður fer yfir þetta og reynir að raða markmiðum eftir mikilvægi, að þau markmið sem heyra undir iðnaðarráðuneytið séu þar ofar á blaði en þau sem heyra undir önnur ráðuneyti. Öll markmiðin lúta að mikilvægum málum. Atvinnumálin, sem að hluta til heyra undir iðnaðarráðuneytið, eru auðvitað stærstu málin en síðan eru það samgöngu- og menntamál. Þetta eru kannski þeir stærstu málaflokkar sem koma við sögu og þarf virkilega að taka á.

En þetta var sem sagt umræða um það skipulag sem við höfum á þessum málum. Ég endurtek að það er líka mikilvægt að við setjum byggðamálin ekki í einhvern einfaldan kassa, þau snerta allt þjóðlífið. Við þurfum alltaf að hafa þau í huga þegar verið er að ákveða eða móta hluti til framtíðar.

Frú forseti. Ég nefndi það hér áðan að hæstv. ráðherra hefði ekki nefnt skýrsluna einu orði í framsöguræðu sinni, en í inngangi þessarar umræðu nefndi hún ákveðna málsgrein í skýrslunni sem er býsna athyglisverð. En eins og fram hefur komið í ræðum ýmissa hér þá er í þessum málum oft um að ræða meðaltalsreikning sem segir ekki allan sannleikann. Við vitum að beggja megin við meðaltalið eru aðrar tölur. Ef meðaltalið varðandi íbúaþróunina er greint niður þá er það þannig að á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. stórhöfuðborgarsvæðinu, hefur fjölgað. Í því sambandi vil ég geta þess að ég tel að við þurfum að endurskoða skilgreininguna á höfuðborgarsvæðinu. Það er alveg augljóst mál að áhrifa höfuðborgarsvæðisins gætir æ lengra og radíusinn verður stöðugt stærri. Þegar við erum að skoða íbúaþróun á

landsbyggðinni verðum við að skoða það í því samhengi. Ef sú nýja skilgreining á höfuðborgarsvæðinu er höfð í huga þá er það raunverulega bara á Akureyrarsvæðinu, eða sem sagt á hluta af Eyjafjarðarsvæðinu, sem íbúum hefur fjölgað — fyrir utan það sem hefur verið að gerast nú á seinustu árum á Miðausturlandi. Það er því um mjög afmarkaða hluta landsins er að ræða. Mér finnst ekki rétt af hæstv. ráðherra að leggja svona gífurlega áherslu á meðaltölin og telja að allt sé gott og fagurt þess vegna. Þó að við reynum auðvitað að nálgast hlutina á jákvæðan hátt megum við ekki gleyma raunveruleikanum og við megum ekki blekkja okkur sjálf.

Frú forseti. Það er augljóst mál að sá tími sem við höfum hér til umráða er allt of stuttur til að fara yfir jafnviðamikil mál og þetta þannig að ég verð að sleppa ýmsu af því sem ég hafði ætlað að taka hér fyrir. Ég vil þó nefna að stóra bomban sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur nokkuð reglulega kastað fram varðandi tryggingagjaldstillögu sem ég flutti hér ásamt fleirum sem breytingartillögu við fjárlög — ég verð að segja að það var náttúrlega fyrir neðan virðingu þingsins að hv. þingmaður skyldi nálgast mál þannig og taka þau algerlega úr samhengi. Enda man ég ekki eftir að það hafi verið gert þegar við lögðum þessa tillögu fram en hún er hluti af miklu stærri pakka þar sem við vildum vekja athygli á stefnumálum okkar á ýmsum sviðum og mæta skattbreytingartillögum ríkisstjórnarinnar. Varðandi þá tilteknu tillögu vildum við eiginlega leggja áherslu á Fæðingarorlofssjóð sem við vorum með ákveðna tillögu um. Þannig er bara málum háttað, eins og ég held að flestir hv. þingmenn viti, að tekjuleiðin fyrir Fæðingarorlofssjóð er í gegnum tryggingagjaldið og þess vegna var tillagan með þessum hætti. En það er varla umræðuvert að þingmenn sem koma úr hópi sem hækkaði tryggingagjald fyrir stuttu síðan um 3 milljarða kr. séu að vekja sérstaka athygli á svona hlutum. Eins og ég sagði áðan þá er það raunverulega ekki hæft til umræðna og allra síst í því samhengi sem við erum hér að ræða, um byggðamálin.

En frú forseti. Ég sé að tíminn er alveg að líða hjá. Að lokum vildi ég vekja athygli hæstv. iðnaðarráðherra á paragrafi sem er fyrir aftan það sem hæstv. ráðherra vakti athygli á hér morgun, þ.e. um þá uggvænlegu þróun sem hefur orðið nú í seinni tíð að launamunur milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins hefur þróast mjög ískyggilega og hefur farið vaxandi þannig að meðaltekjur eru miklum mun hærri hér á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Við hljótum að horfa til þess og stefna (Forseti hringir.) að því að bæta úr.

[17:25]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér annars vegar tillögur um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 og hins vegar skýrslu hæstv. iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005. Byggðaáætlun hin fyrri, sem nú hefur runnið sitt skeið á enda, var sett fram með öðrum hætti en áður hafði þekkst. Þar voru skilgreind ákveðin markmið og það sem tekið var upp í henni hafði vantað áður, að mínu mati. Það var skilgreint hvaða aðilar bæru ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar. Ég held að það hafi verið mjög til bóta og við sjáum þess m.a. merki í skýrslunni sem hér liggur frammi.

Ýmis atriði voru nýlunda í þeirri byggðaáætlun, t.d. má nefna vaxtarsamningana. Þar var fjallað sérstaklega um byggðakjarna. Það var líka lögð áhersla á háskólasetur og þekkingarsetur. Í þessari skýrslu sést svo hvernig til hefur tekist.

Öll mál sem við fjöllum um eru öðrum þræði byggðamál, geta fallið undir þann málaflokk. Við sjáum það m.a. í þeirri tillögu að byggðaáætlun sem hér liggur frammi að hún nær yfir fjölmarga málaflokka.

Það er einnig í þessari tillögu eins og fyrri byggðaáætlun, að þar eru sett fram skilgreind markmið. Þar er tekið fram hverjir skuli bera ábyrgð á framkvæmdum, hverjir taka þátt í viðkomandi verkefnum og tímaáætlunum o.s.frv. Ég vil því einnig lýsa því yfir að ég er ánægður með þá framsetningu sem er í þessu skjali, tel að hún sé mjög til bóta.

Það hefur komið fram að þessi tillaga hefur verið vel undirbúin, menn hafa gefið sér góðan tíma til þess að móta hana. Fjölmargir aðilar hafa komið að því verki með umsögnum og umfjöllun, þar á meðal sveitarstjórnarmenn víða um landið, að því leyti hefur málið verið vel undirbúið. Síðan hafa hin ýmsu ráðuneyti komið að málinu og standa að sjálfsögðu að því.

Í umræðum hér í dag hefur hæstv. iðnaðarráðherra verið krafin svara og skýringa varðandi aðra málaflokka en þá sem falla undir hennar ráðuneyti. Hæstv. iðnaðarráðherra á auðvitað ekki gott með það t.d. að fjalla um samgöngumál. Það er hárrétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að það er annarra að fjalla um samgöngumál, t.d. um vegáætlun o.s.frv., þar sem um er að ræða einstök verkefni og mál í smáatriðum. En engu að síður er um allt þetta fjallað í þessari tillögu og iðnaðarnefndin mun síðan fara gaumgæfilega ofan í málið og eflaust mun nefndin fjalla þar um samgöngumál sem um aðra málaflokka.

Eins og við öll vitum, virðulegi forseti, hafa ýmis svæði á landsbyggðinni átt undir högg að sækja þar sem fólksfækkun hefur orðið, erfiðleikar í atvinnulífi o.s.frv. Því miður hefur það verið svo. En byggðaþróunin hér á landi er að mörgu leyti ekki ólík því sem við þekkjum í mörgum löndum. Þar hafa stærstu þéttbýlissvæðin vaxið og fólk hefur flust þangað og að sama skapi hefur fólki fækkað í dreifbýli. Menn eru að fást við þetta víða um heim. Ýmsar ástæður eru fyrir þessari þróun og ekki gott að draga fram einhverja eina meginástæðu. Margt getur komið til. Það geta verið persónuleg mál hjá viðkomandi einstaklingum og það geta orðið áföll í atvinnulífi eins og við þekkjum úr sögunni. Síðan geta ýmsar stjórnvaldsaðgerðir vissulega haft áhrif.

Í umræðunni hér í dag hafa ýmsir hv. þingmenn komið hér og haldið því fram að nánast ekkert hafi gerst í þessum málaflokki til þess að hamla gegn þróuninni sem við höfum því miður upplifað síðustu árin, og ekki bara síðustu heldur fjölmörg ár. Meðal annars kom formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem var málsvari Samfylkingarinnar í þessari umræðu og hélt þessu fram. Þetta er auðvitað ekki rétt. Ef farið er af sanngirni yfir þessi mál þá komumst við að því að ýmislegt hefur verið gert, en

hvort það dugar eru auðvitað skiptar skoðanir um.

Varðandi atvinnumálin er ljóst að þar skiptir frumkvæði heimamanna mestu máli, við vitum það. Það er ekki svo, eins og stundum er nú viðkvæðið, að við stjórnmálamenn erum spurðir: Hvað ætlið þið að gera og hvað eruð þið með í farteskinu o.s.frv.? Það er auðvitað frumkvæði heimamanna sem skiptir mestu varðandi atvinnuuppbyggingu og síðan það að stjórnvöld og aðrir aðilar beiti tækjum sínum til þess að styðja við málin og koma þeim til framkvæmda.

Efst á blaði í þessari áætlun hér eða þessari tillögu eru auðvitað samgöngumálin sem eru einn brýnasti málaflokkurinn ef við horfum til byggðamála. Það hefur á síðustu árum og í gildandi vegáætlun verið lagt meira til vegaframkvæmda en áður hefur verið og er það vel. Við getum auðvitað haft þá skoðun hver fyrir sig að það mætti vera meira en engu að síður er þetta staðreynd. Ég tek sem dæmi að fyrir þremur árum síðan sáum við ekki fram á að íbúar á Ísafjarðarsvæðinu gætu komist til Reykjavíkur á bundnu slitlagi fyrr en, ég hygg að það hafi verið þá miðað við 2014. Núna er staðan önnur því að nú blasir við samkvæmt áætlunum að sú staða geti verið komin upp 2008, 2009 eða þar um bil, þannig að það er auðvitað ýmislegt sem hefur verið gert og áherslur hafa verið lagðar á þennan málaflokk. Það eru mjög stórar framkvæmdir fram undan í vegamálum sem er mjög mikilvægt að ná fram sem allra fyrst, sérstaklega á þeim svæðum þar sem fólk býr við lakar samgöngur og ég veit að það er fullur vilji og áhugi fyrir því að svo geti orðið.

Við höfum hins vegar lent í því, t.d. á síðasta ári þegar við fjölluðum um vegáætlun að það voru töluverð átök milli radda á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og okkar landsbyggðarmanna hins vegar um áherslur í vegamálum, um það hvernig fjármagninu skyldi skipt. Það er því stundum við ramman reip að draga í þessum málum en sem betur fer er mikill skilningur fyrir þeim og þess vegna er staðan eins og hún er.

Eitt mikilvægt málefni varðandi samgöngumálin eru fjarskiptamálin. Við vitum það og þekkjum að góður aðgangur að netinu er eitt af því sem þykir sjálfsagt í dag og það er eðlilegt. Nú er vonandi fram undan átak í því að bæta úr þar sem úrbóta er þörf. Við vitum að settur var upp fjarskiptasjóður til þess að fjármagna úrbætur í fjarskiptum og við framsóknarmenn höfum lagt mjög mikla áherslu á það mál og gerðum það á sínum tíma og því er það okkur mikið fagnaðarefni að fjarskiptasjóður skuli vera orðinn að veruleika og að hann muni fara að virka fljótlega.

Eitt annað málefni sem skiptir verulega miklu máli á landsbyggðinni eru menntamálin. Við þekkjum það vel að mörgum fjölskyldum er erfitt á margan hátt þegar ungmenni þurfa að sækja framhaldsskóla frá heimili eftir grunnskólanám. Hins vegar erum við að sjá ýmsar breytingar á þessu. Ég nefni dæmi um nýjan framhaldsskóla á Snæfellsnesi því til stuðnings og það hefur sannað sig nú þegar hversu miklu máli sá skóli skiptir á því svæði, ekki eingöngu til hagsbóta fyrir fjölskyldur sem hefðu að öðrum kosti þurft að senda börn sín burt í skóla heldur er staðreyndin sú að það eru fleiri einstaklingar sem sækja framhaldsskólanám í dag á því svæði en áður hefur verið og hefði verið að öðrum kosti.

Síðan hefur auðvitað verið lögð mikil áhersla á uppbyggingu háskólamenntunar. Nýjasta dæmið um það er nýtt háskólasetur á Ísafirði sem var vígt um síðustu helgi og það er auðvitað mjög ánægjulegt skref sem þar var stigið. Vonandi verður það svo í framtíðinni að þar rísi háskólastofnun, það er framtíðarmál en þessi áfangi er mikilvægur. Fleira mætti auðvitað nefna í sambandi við menntamálin sem unnið hefur verið að og kemur fram í þessari tillögu en ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar um það.

Í dag hefur hér verið töluvert rætt um vaxtarsamninga og sumir hv. þingmenn hafa komið fram og talað um að vaxtarsamningar séu tískuorð. Ótrúlegur málflutningur. Vaxtarsamningarnir eru settir upp sem tæki til þess að reyna að efla atvinnulíf á viðkomandi svæðum og vonandi næst góður árangur af því en það veltur auðvitað á því hvernig heimaaðilar og fleiri ná saman um að nýta þetta tæki. Hins vegar eru vaxtarsamningar auðvitað ekki nein patentlausn, menn mega auðvitað ekki tala þannig, þetta er eingöngu tæki sem menn geta nýtt sér til atvinnuuppbyggingar og það er von til þess að það takist vel til í þeim efnum. Allt tal um að vaxtarsamningar séu tískuorð er auðvitað fjarri sannleikanum og ég held að menn ættu ekki að vera að leggja sig fram um að tala þá niður, heldur að hvetja menn til dáða og til að nýta sér þau tæki sem í þeim felast.

Í þessari umræðu hefur töluvert verið rætt um stoðkerfið, atvinnuráðgjafa o.s.frv. Við höfum fjallað um stöðu Byggðastofnunar og þeirra stofnana sem snerta stoðkerfið. Ég held að það sé rétt að leita leiða til þess að samhæfa krafta og fjármagn sem í því felast því að það hefur komið fram að hæstv. iðnaðarráðherra er að vinna að því og það verður spennandi að sjá hvaða tillögur verða uppi þegar þar að kemur. En það eru auðvitað dreifðir kraftar og fjármagn í þessu kerfi sem ég er sannfærður um að hægt er að nýta betur landsbyggðinni til hagsbóta og það er auðvitað markmið sem við eigum að vinna að. Við sjáum dæmi um hvernig aðrar þjóðir hafa beitt sér í þessum efnum, þjóðir sem hafa náð ágætum árangri í byggðamálum.

Tíminn líður hratt. (**KLM:** Á gervihnattaöld.) Á gervihnattaöld, já. Ég vil aðeins fá að nefna hér að Alþingi hefur auðvitað lagt mjög margt til í sambandi við byggðamál og málefni sem menn vinna að úti um allt land. Við þekkjum það vel sem störfum í fjárlaganefnd Alþingis hversu mikill áhugi er víða um landið varðandi uppbyggingu á ýmsum þáttum, m.a. menningartengdri ferðaþjónustu, húsafriðun og rannsóknarverkefnum og menningarstarfsemi svo að ég nefni einhver dæmi. Það er alveg ljóst að það er töluvert mikið um að vera í öllum þessum málum víða um land og Alþingi hefur komið að því að mörgu leyti með fjárframlögum. Það er nú þannig að það þurfa ekki endilega að vera háar fjárhæðir til þess að telja í þessum efnum og víða um land er verið að vinna að svona verkefnum með stuðningi Alþingis með fjárveitingum.

Síðan er eitt mál í viðbót sem ég vil nefna, það er símenntun og rekstur símenntunarmiðstöðva úti um allt land, sem menn tala um á jákvæðum nótum sem eðlilegt er. Þar hefur Alþingi á undanförnum þó nokkuð mörgum árum gengið á undan og veitt fjármagn til reksturs símenntunarstöðva og það hefur gengið mjög vel og náðst góður árang-

ur í þeim efnum, þannig að ég vildi aðeins, virðulegur forseti, fá að nefna þetta í þessu sambandi.

Svona rétt í lokin vil ég hins vegar segja að ég varð fyrir töluverðum vonbrigðum með talsmann Samfylkingarinnar í þessari byggðaumræðu, sem er formaður flokksins, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ég segi vonbrigði vegna þess að eins og fleiri geri ég auðvitað ákveðnar kröfur til forustumanna stjórnmálaflokka. Mér fannst í þessari umræðu harla lítið koma fram um leiðir og tillögur í þessum málum, það bar meira á gagnrýni og naggi út í það sem gert hefur verið og reynt að finna út það sem ekki er gert en ætti að vera. Ég vil fá að nefna þetta hér og læða inn örlítilli gagnrýni á þennan talsmann Samfylkingarinnar í byggðamálum. Ég hafði fyrir fram gert mér vonir um að sá málflutningur yrði málefnalegri.

Virðulegur forseti. Tímanum er að ljúka og að lokum vil ég bara segja að mér hefur oft á tíðum fundist umræða um byggðamál frekar á neikvæðum nótum. Auðvitað hefur það verið þannig að ástandið í byggðunum hefur sums staðar verið erfitt í gegnum tíðina og við höfum oft farið í gegnum það. En ég held að við ættum að reyna að beita okkur fyrir því að ná upp jákvæðri umræðu víða um land. Það er margt sem er í gangi, ekki bara af hálfu stjórnvalda heldur líka heimamanna og það er auðvitað mikilvægt að draga það fram í umræðunni því að neikvæð umræða er til þess fallin að slæva hugarfarið og draga úr frumkvæði. Ég vil þess vegna gera það að lokaorðum mínum að hvetja menn til jákvæðrar umræðu um kosti landsbyggðarinnar og allt það góða sem þar á sér stað og þau lífsgæði sem felast í því að búa á þeim svæðum.

[17:40]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Magnús Stefánsson ræddi um að byggðirnar hefðu orðið fyrir áföllum af ólíkum ástæðum. En ein þeirra var þó kunn og það var aðgerð sem hv. þingmaður studdi. Hann studdi hana hér í þingsalnum vorið 2004 og það var að kvótasetja trillur í sóknardagakerfinu. Hún kom mjög illa við byggðirnar á sunnanverðum Vestfjörðum sérstaklega. Þetta vissi hv. þingmaður.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann sjái eftir þessu.

[17:41]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú oft gaman að ágætum félaga okkar, hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni. Það er alveg rétt hjá honum að ég stóð að þessari lagasetningu á sínum tíma og hún var auðvitað framkvæmd að vel íhuguðu máli og góðri samstöðu, m.a. við þá aðila sem voru í smábátaútgerð og eru í henni. Auðvitað vitum við að allar breytingar á þessum málum, fiskveiðimálum, geta haft áhrif til eða frá og oft erfitt að sjá það fyrir fram. En hvort ég sjái eftir því að hafa stutt þetta frumvarp, þá er það alls ekki svo, ég gerði það með opnum augum á sínum tíma.

[17:42]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þá vitum við það að hv. þingmaður sér ekki eftir að hafa greitt byggðunum fyrir vestan þungt högg með samþykkt sinni.

Mig langar að spyrja hv. þingmann að öðru og það varðar þau ummæli hans að frumkvæði heimamanna skipti mestu máli. Ég vil vekja athygli á því, frú forseti, að ef einhver ætlar að stofna útgerð, t.d. á stað eins og Bíldudal eða Tálknafirði, sem hv. þingmaður greiddi þungt högg hér vorið 2004 með því að kvótasetja trillurnar sem voru í sóknardagakerfinu, þá þarf viðkomandi að reiða fram 150 milljónir og tekjurnar af þeirri útgerð eru 13 milljónir á ári. Er það þá ekki bara bull að segja að frumkvæði heimamanna skipti máli? Er ekki einfaldlega búið að búa til þvílíkt skrímsli af hálfu Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins að fólkið getur ekki náð vopnum sínum á ný í þessum byggðum?

Mér finnst ekki sanngjarnt að segja að þetta velti einthvað á frumkvæði heimamanna.

[17:43]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir stundum miður hversu hv. þingmenn Frjálslynda flokksins eru einhæfir í umræðunni. Það sem ég átti við með frumkvæði heimamanna er svona almennt í atvinnulífinu og ég stend við það og veit að það er þannig. (**SigurjÞ:** Hamborgarabúllur? Súlustaðir?) Nei, nei. Til dæmis veit ég að á ýmsum stöðum, bæði á Vestfjörðum og víðar hafa menn náð að byggja upp atvinnustarfsemi með eigin frumkvæði og ég bið nú hv. þingmann að gera ekki lítið úr því frumkvæði sem menn sýna úti um allt land varðandi uppbyggingu atvinnutækifæra. Þessi málflutningur dæmir sig nú örlítið sjálfur, því miður.

[17:44]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Í þessu stutta andsvari langar mig til að spyrja hv. þm. Magnús Stefánsson út í skattkerfisbreytinguna. Hann ræddi hér um ástæður byggðaröskunar, sem ég get alveg tekið undir, þær eru margvíslegar, m.a. persónulegar, fólk er að elta börnin sín sem fara í nám o.s.frv. En hann nefndi líka stjórnvaldsaðgerðir sem hafa verið samþykktar hér á Alþingi.

Þess vegna langar mig til að spyrja hv. þingmann hvað honum finnist um þær aðgerðir þegar við lækkuðum tekjuskatt fyrirtækja úr 30% niður í 18% og hækkuðum tryggingagjald, sem hafði þær afleiðingar að skattar fyrirtækja í Reykjavík og á Reykjanesi stórlækkuðu, eða um 4,4 milljarða á meðan tryggingagjaldið hækkaði aðeins um 2,2 milljarða. Þannig að þeir græddu á þessu 2,2 milljarða, meðan atvinnufyrirtæki annars staðar á landinu töpuðu eiginlega á þessu, eins og ég hef nefnt hér. Hvað finnst hv. þingmanni um svona aðgerðir? Eru þær til þess að efla atvinnufyrirtæki á landsbyggðinni sem græddu ekkert á þessari breytingu vegna þess að þau eru að borga allt annars konar skatta en tekjuskatt?

[17:45]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi breytingar á tekjusköttum fyrirtækja þá liggur það fyrir að skatttekjur ríkissjóðs vegna tekjuskatta fyrirtækja hafa stórvaxið á undanförnum árum. (**KLM:** Fyrirtækin græða ...) Það liggur alveg fyrir. Sem

segir okkur að rekstrarumhverfi fyrirtækjanna er með þeim hætti að þau skila hagnaði og það gerist um allt land, sem betur fer, auðvitað með mismunandi hætti. Við þekkjum alveg hvernig það er. Menn sjá ekki alltaf nákvæmlega fyrir hvernig skattkerfisbreytingar koma út. En ég held að þessar skattkerfisbreytingar hafi verið fullkomlega eðlilegar.

[17:46]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég spurði hv. þingmann hvort honum hafi fundist að þessar skattkerfisbreytingar kæmu svipað út fyrir fyrirtækjarekstur og atvinnurekstur á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Það var það eina sem ég spurði um.

[17:46]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hv. þm. Kristján Möller ber eins og við öll hér hag atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni fyrir brjósti. Þess vegna var ég mjög undrandi á sínum tíma þegar Samfylkingin kom hér með tillögur um stórauknar álögur í formi tryggingagjalda á fyrirtæki á landsbyggðinni. Þannig að svona er nú þetta geim, því miður, hæstv. forseti.

[17:47]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var gríðarlega áhugavert að heyra foringja framsóknarmanna í Norðvesturkjördæmi lýsa því yfir að hann sæi alls ekki eftir því að trillurnar hefðu verið settar í kvóta á sínum tíma. Jafnvel þó komið hafi fram í Morgunblaðinu 19. október sl. að Vestfirðir hafi tapað 1840 þorskígildistonnum við þessa aðgerð. Og öll héruð í Norðvesturkjördæmi hafi tapað mjög stórum þorskkvótum frá því að fiskveiðiárið 2004–2005 hófst. Þetta er í Morgunblaðinu 19. október 2005. Ég hvet þingmenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins til að fletta þessu upp í gagnasafninu og lesa þetta.

Hins vegar langar mig að spyrja hvort hv. þingmaður og foringi Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi hafi ekki einhver ráð á takteinum varðandi það að stöðva þann fólksflótta sem nú er frá Vestfjörðum og hefur verið undanfarin ár? Nýjustu tölur frá Hagstofunni sýna að brottfluttir umfram aðflutta á Vestfjörðum eru alls 185 manns, bara á síðasta ári. Hvernig á að fara að því að stöðva þetta?

[17:48]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hvorki ég né hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson geti með einhverjum patentlausnum stöðvað fólksflutninga á milli landsvæða. Ég held því miður að það sé ekki svo einfalt. Hins vegar eru stjórnarflokkarnir og ríkisstjórnin að reyna að beita ýmsum ráðum og koma með ýmis mál til að styrkja þessi svæði, bæði á Vestfjörðum og víðar. Eitt af því sem ég veit að hv. þingmaður þekkir er t.d. áhersla okkar á að styðja við uppbyggingu kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal svo ég nefni eitt dæmi um atvinnufyrirtæki sem vonandi kemst nú á laggirnar sem allra fyrst og verður til þess fallið að styrkja þetta svæði. Auðvitað má svo nefna fleiri dæmi. En ég ætla ekki að gera það að þessu sinni.

[17:49]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta voru óskaplega fátækleg svör. Ég hefði nú búist við meira frá formanni fjárlaganefndar og foringja Framsóknarflokksins, annars ríkisstjórnarflokkanna í Norðvesturkjördæmi. Hann virðist standa gjörsamlega ráðþrota frammi fyrir þessum mikla vanda. Hvernig á að fara að því að stöðva fólksflóttann af Vestfjörðum? Ég get alveg sagt hvernig hefði mátt fara að því. Reyndar hvernig hefði mátt koma í veg fyrir þetta að stórum hluta. Það hefði mátt koma í veg fyrir þetta með að láta fólkið þarna einfaldlega í friði. Til hvers í ósköpunum frömdu þeir þetta voðaverk á vordögum árið 2004, að ræna lífsafkomumöguleika frá fólkinu í þessum byggðum? Hvernig í ósköpunum stóð á því? Væri nú ekki gustukaverk að þeir sýndu þann manndóm, þingmenn Framsóknarflokksins, að koma með almennilegar skýringar á þessu?

[17:50]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það vakti athygli mína að hv. þm. Magnús Stefánsson lýsti yfir sérstökum vonbrigðum með ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Ég segi nú í fyrsta lagi að út af fyrir sig gleður það mig að hv. þingmaður hafi miklar væntingar varðandi ræðuhöld okkar ágæta formanns. Hins vegar finnst mér hv. þingmaður virðist hafa hlustað afskaplega illa á ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Vegna þess að hún kom afskaplega víða við í ræðu sinni og grundvallarþema í ræðu hennar var jöfnun lífskjara. Og fjallaði um ýmsar leiðir til að jafna lífskjör á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar og nefndi mörg dæmi sem ég man svona af handahófi. Það var t.d. rætt um breytingu á skattaumhverfi fyrirtækja. Það var rætt um kostnað við menntun ungmenna. Það var talað um flutningskostnað og hvernig væri hægt að mæta honum. Það var talað um mikilvægi samgöngubóta og þannig gæti ég áfram haldið. En vegna þess að tími minn er stuttur þá verð ég að láta staðar numið hér en í seinna andsvari mun ég halda áfram upptalningu minni. Og einnig svara örlitlu varðandi (Forseti hringir.) tryggingagjaldsbombuna sem hér er verið að reyna að sprengja einu sinni enn. Ég hélt að hún hefði sprungið framan í Framsóknarflokkinn hér í ræðu minni áðan. (Forseti hringir.) En hv. þingmaður hefur líklega ekkert heyrt þá ræðu. (Gripið fram í.)

[17:51]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var svo sem út af fyrir sig ekkert sérstakt tilefni fyrir mig að koma hér upp aftur. En af greiðasemi við félaga minn góðan þá ætla ég að gefa honum kost á að koma aftur. En ég bara endurtek að auðvitað hafði ég væntingar til formanns Samfylkingarinnar. Það er bara eðlilegt og ég held að allir hafi ákveðnar væntingar til forustumanna stjórnmálaflokkanna. Það er bara eðlilegt. Þess vegna varð ég fyrir miklum vonbrigðum með ræðu hennar og ég endurtek það. Ég veit að þetta eru ekki einu vonbrigðin sem hafa komið fram varðandi væntingar til þessa ágæta hv. þingmanns.

[17:52]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það verður auðvitað hver að draga sínar niðurstöður af ræðuhöldum ágætra þingmanna hér. En ég ætla ekkert að fara að telja upp öll þau vonbrigði sem ég hef orðið fyrir varðandi ræðuflutning ýmissa þingmanna. En ég ætla að halda áfram upptalningu minni frá því áðan, sem ég man eftir úr ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Hún varaði við því að nota orðið vaxtarsvæði sem eitthvað lausnarorð á öllum vanda. (**BJJ:** Tískuorð.) Lausnarorðið er tískuorð, þ.e. orð sem er mikið notað og kannski ofnotað. Ég er alveg sammála því að við þurfum að fara varlega með sum orð vegna þess að það er ekki víst að vaxtarsvæðissamningar eigi við á öllum svæðum. Það var ágæt hugmynd sem fram kom hjá hv. þingmanni um það. Sums staðar væri kannski nær að tala um varnarsamninga vegna þess að við þurfum að verja ákveðnar byggðir. Svona þurfum við auðvitað að fara yfir landið. Mér finnst það heldur klént að hv. þingmenn skuli ekki þola að sé rætt um þetta málefnalega og menn geti velt þessu upp heldur hlaupa alltaf í vörn og útúrsnúninga og ég nefni (Forseti hringir.) enn einu sinni tryggingagjaldið. Tími minn er enn búinn þannig að ég verð að ræða það (Forseti hringir.) í einkasamræðum við hv. þingmann.

[17:53]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er akkúrat eitt af því sem olli mér vonbrigðum, það voru ummæli hv. þingmanns og formanns Samfylkingarinnar um vaxtarsamningana. Auðvitað er það svo eins og sagði í ræðu minni, þetta eru engar patentlausnir og enginn endanlegur sannleikur. En að vera að tala um vaxtarsamninga sem tískuorð finnst mér bara ósæmandi. Vegna þess að vitum það líka að víða á svæðunum eru væntingar til þessara vaxtarsamninga og sveitarstjórnarmenn á einstökum svæðum hafa sérstaklega óskað eftir að fá slíka vaxtarsamninga. Svo menn hafa væntingar til þeirra og þeir eru vissulega tæki sem menn geta nýtt sér. Þess vegna finnst mér lágkúrulegt að vera að tala um þetta sem tískuorð. (**EMS:** Þingmaðurinn hældi þessu líka.) Já, já, en út af þessari umræðu um þessa blessuðu vaxtarsamninga verð ég að fá að segja það.

[17:54]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér hafa verið rædd tvö þingmál í dag. Annars vegar skýrsla iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 og hins vegar tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009. Á þessum 15 mínútum er ekki hægt að fara mjög ítarlega í alla þá þætti sem hér gæti verið nauðsynlegt að koma inn á. Ég mun þó drepa á allnokkra.

Í fyrsta lagi vil ég árétta að það er eftirsóknarvert fyrir marga að búa úti á landi. Litlu samfélögin, sjávarbyggðirnar, sveitaþorpin, sveitirnar og byggðirnar eru á margan hátt eftirsóknarverðar. Hið góða nágrannasamfélag þar sem hver og einn lætur sig kjör nágrannans varða og tengsl við náttúruna. Félagslegir þættir í dreifbýlissamfélögum eru á margan hátt eftirsóknarverðir. Þess vegna held ég að þeir tímar muni koma að fólk muni í auknum mæli sækja út úr meginþéttbýlinu til dreifðari byggða til að njóta þess sem þar er upp á að bjóða bæði í samfélagslegu, menningarlegu og náttúrulegu tilliti.

Til að þetta megi hins vegar ganga eftir þurfa hin ytri skilyrði fyrir byggð og búsetu á þessum landsvæðum að vera fyrir hendi. Og það er kannski það sem við tökumst á um hér, um stefnu ríkisstjórnarinnar annars vegar í byggða- og atvinnumálum og hins vegar stefnu okkar Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í að efla og treysta byggð um land allt. Þar erum við ekki sammála. Ríkisstjórnin hefur fengið sín tækifæri. Framsóknarflokkurinn hefur verið með byggðamálin undir sinni forsjá líklega síðan um áramótin 1999–2000. En áður var þau undir forustu Sjálfstæðisflokksins. Ég held að öllum sé ljóst að atvinnustefna núverandi ríkisstjórnar varðandi hinar dreifðu byggðir hefur ekki gengið upp. Menn geta velt því fyrir sér hvort einhverjar plástursaðgerðir sem hún hefur gripið til hafi komið í veg fyrir að eitthvað verra gerðist. Það má vel vera. En þegar litið er á tölur um búsetu, um fjölda fólks, um tekjur fólks í hinum ýmsu byggðarlögum út um land — menn hafa líka nefnt hér möguleika til menntunar og annarrar slíkrar félagslegrar þjónustu sem eru ekki samkeppnisfærir — þá verður að segjast, að stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum hefur beðið skipbrot. Þessi skýrsla sem við erum hér með er bara dæmi um það.

Þá velta menn fyrir sér hvort þessi tillaga til þingsályktunar um aðgerðir í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 feli eitthvað nýtt í sér. Ég get ekki séð að svo sé, því miður. Í þeim atriðum sem talin eru þar upp, þ.e. atriði eins og að safna frekari gögnum, söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun, eins og sé nú helst þörf á því. Staðreyndirnar tala sínu máli um byggðaþróunina. Tölur frá Hagstofunni koma reglulega um íbúafjölda, um tekjur og atvinnustig. Það er því ástæðulaust að vera að búa til eitthvert nýtt apparat til að safna tölum um það. Hér er nefnt að gerð verði athugun á stöðu byggðalaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Nákvæmlega sama setning og hefur gengið í gegnum allar þessar áætlanir núna minnsta kosti sex, átta ár.

Menn ætla að gera hið nákvæmlega sama, gera athugun. Það þarf ekki að gera frekari athugun. Það þarf að framkvæma. Það stendur hér í 17. töluliðnum, svo ég nefni hér af handahófi:

„Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina – efling opinberrar þjónustu: Gerð verði úttekt á stöðu landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar á landsbyggðinni og greind helstu sóknarfæri ...“ — Drottinn minn dýri.

Þessar setningar hef ég lesið aftur og aftur í meira en áratug. Alltaf skal þurfa að greina eitthvað. Ég veit ekki betur en að til sé bunki af skýrslum. Ég veit ekki betur en að á liðnu sumri hafi verið unnin skýrsla á vegum sjávarútvegsráðuneytisins um stöðu sjávarútvegsins, svokölluð hágengisskýrsla sem sýndi að sjávarútvegurinn á í vanda. Þar var greint hvað þyrfti að gera. Sjávarútvegurinn þurfti betri samkeppnisstöðu, leiðréttingu á genginu og fá viðurkenningu sem atvinnuvegur í landinu og skilyrði sem slíkur. Við þurfum engar sérstakar greiningar frekar á ástandinu. Þær liggja fyrir. Þetta er hinn mikli veikleiki þeirra tillagna sem

hæstv. iðnaðarráðherra leggur hér fram. Þær eru bara snakk um að skoða eitthvað, greina eitthvað og velta einhverju fyrir sér en ekkert raunhæft um að ræða. Mér finnst það móðgun af hálfu iðnaðarráðherra gagnvart þessum málaflokki að sú skuli vera raunin.

Lítum á hvar þar hefur gerst á undanförnum árum í málaflokki sem er á ábyrgð hæstv. iðnaðarráðherra. Skoðum raforkulögin, markaðsvæðingu raforkukerfisins sem var svo mikið hjartans mál iðnaðarráðherra að hún kom ítrekað í ræðustól og réð sér vart af gleði yfir að hafa komið á markaðsvæðingu raforkukerfisins. Ætli það hafi verið mjög sterk byggðaaðgerð? Frú forseti. Ætli landsmenn, íbúar á Vestfjörðum, Norðurlandi, Norðausturlandi, upplifi breytingarnar á raforkulögunum sem sterka byggðaaðgerð? Þar var framkvæmt. Þar voru áhrifin ekki könnuð. Þar var bara markaðsvætt. Fyrirsagnirnar láta ekki á sér standa. Í Viðskiptablaðinu 8. febrúar 2006 er fyrirsögnin: „Hækkanir á raforkuverði í kjölfar nýju raforkulaganna". Ætli þetta hafi verið byggðaaðgerð? Í Fréttablaðinu 1. febrúar 2006: „Daggjald raforku hefur hækkað um 106%" — í kjölfar raforkulaganna. Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Daggjald heimila vegna raforkunotkunar hefur tvöfaldast á tveimur árum. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur segir raforkulögin orsaka hækkunina. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir flest fyrirtæki einnig greiða hærra verð og líkir ástandinu við samráð olíufélaganna."

Þarna eru aðgerðir sem iðnaðar- og byggðamálaráðherra hefur beitt sér fyrir og landsbyggðin blæðir.

Við höfum nýlega fjallað um Sæsilfur, lokun fiskeldisstöðvarinnar í Mjóafirði. Fjallað hefur verið um hækkun á orkuverði til fyrirtækja, t.d. á Súðavík. Dæmin eru um allt land. Hvar eru byggðaaðgerðirnar? Hvar birtast þær? Ég spyr hæstv. iðnaðarráðherra hvort ekki væri rétt að snúa aðeins til baka. Það væri mikil kjarabót og styrkur fyrir marga út um dreifðar byggðir landsins ef rafmagnið, þessi grunnþjónusta, væri áfram í almenningsforsjá og félagsleg þjónusta gagnvart atvinnulífi og búsetu. Nei, stefna iðnaðarráðherra er að ganga enn lengra. Nú á að fara að hlutafélagavæða Rarik og undirbúa fyrir einkavæðingu og sölu. Ætli það sé mjög sterk byggðaaðgerð?

Frú forseti. Við þekkjum hvernig var með Símann. Síminn var hlutafélagavæddur og átti alls ekki að selja hann. Hann var hlutafélagavæddur en undanfarin ár var eitt aðalkeppikefli ríkisins að selja Símann. Nú er hann seldur. Hvað gerist þá? Jú, uppsagnir og lokanir á starfsstöðvum á Ísafirði, Blönduósi, Siglufirði og nú á Sauðárkróki, skerðing á þjónustu. Það verður dýrara og meiri fyrirhöfn fyrir íbúa og fyrirtæki á þeim svæðum að sækja grunnþjónustu sem þar var áður veitt auk þess sem tæknistörf tapast. Ætli byggðamálaráðherra hafi beitt sér í þeim efnum? Ætli byggðamálaráðherra hafi látið fylgja nokkur skilyrði þegar Síminn var seldur, um að haldið yrði uppi ákveðnu þjónustustigi með öflugum starfsstöðvum á landsbyggðinni? Nei, um það lætur byggðamálaráðherra sig engu varða.

Auk þessa kemur stóriðjustefnan með hinu háa gengi harkalega niður á öllum útflutningsgreinum, sem einmitt eru undirstaða í atvinnulífi á landsbyggðinni, fiskvinnslan, sjávarútvegurinn, ferðaþjónustan og minni fyrirtæki, einstaklingsfyrirtæki. Þetta háa gengi, þensla á vinnumarkaði, þ.e. ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar, kemur harðast niður á þeim stöðum. Ástandið bitnar á greinum sem eru undirstaðan fyrir byggð og búsetu um allt land. Þetta kemur niður á nýtingu og meðferð þeirra auðlinda sem hafa verið og verða áfram undirstaða efnahagslegrar velferðar okkar. Þeim skal núna fórna fyrir allt aðra hagsmuni, m.a. hagsmuni erlendrar stóriðju sem skilar sáralitlum þjóðhagslegum ábata fyrir hagkerfið.

Ég hef hérna nýja ályktun frá ferðaþjónustufyrirtækjum, frá í dag. Hún birtist á vef Morgunblaðsins, með leyfi forseta:

„Framtíð ferðaþjónustu er ógnað með stefnu stjórnvalda í virkjana- og stóriðjumálum. Veldur þar fyrst og fremst tvennt, annars vegar hátt gengi íslensku krónunnar og hins vegar æ meiri ásókn orkufyrirtækja í mikilvægustu sölusvöru íslenskrar ferðaþjónustu; hreina og ósnortna náttúru."

Þetta er ákall frá ferðaþjónustunni. Við höfum heyrt það áður. Við höfum heyrt ákall frá fiskvinnslunni. Við höfum heyrt ákall frá útgerðinni og frá smærri iðnfyrirtækjum vítt og breitt um landið. Því ákalli er ekki svarað eða því svarað með kveðjum eins og þeirri sem var send til Vestfirðinga á liðnu sumri þegar hverri fiskvinnslunni á fætur annarri var lokað þar, vegna ruðningsáhrifa stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Þá svaraði hæstv. iðnaðarráðherra: Já, en ruðningsáhrif geta líka verið af því góða. Fólk á að sækja í aðra vinnu. Það eru kaldar kveðjur til Vestfirðinga sem eiga þar allar sínar eignir. Þeir eru með auðlindina skammt undan landinu en mega ekki nýta hana. (Forseti hringir.) Frú forseti. Það þarf að breyta rækilega um stefnu.

[18:10]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum samtímis skýrslu um byggðamál og framvindu byggðaáætlunar fyrir síðustu þrjú ár og nýja tillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir næstu þrjú eða fjögur ár.

Gögnin sem hér liggja fyrir lúta annars vegar að því að greina stöðuna og ástæður hennar. Hins vegar eru settar fram tillögur til úrbóta. Það er ljóst, þegar maður fer í gegnum þetta efni, að þau atriði sem mestu ráða um þróunina eru tekjur og atvinna. Ef maður lítur á upplýsingarnar sem fylgja með í gögnum um þau atriði sést að dregið hefur sundur með höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar hvað varðar tekjuþróun.

Á árabilinu 2001–2004 hækkuðu tekjur á höfuðborgarsvæðinu um 16% að raungildi en á landsbyggðinni ekki nema um 12%. Það þýðir að munurinn á meðaltekjum á þessum tveimur atvinnusvæðum jókst. Hann var 13% árið 2001 en komst í 16% árið 2004. Þetta hefur í för með sér að fólk færir sig til frá störfum þar sem tekjur eru lægri til starfa þar sem tekjurnar eru hærri. Að því leyti hefur okkur ekki miðað í rétta átt, a.m.k. að meðaltali, þegar við berum saman þessi tvö svæði landsins, höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina, ef við lítum á hana sem eina heild.

Annað atriði sem rétt er að skoða er þróun starfa. Í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 er að finna greinargerð sem unnin er af Byggðastofnun af þessu tilefni. Þar kemur fram að störfum fjölgaði um 7% á landinu öllu frá árinu 1998 til 2003.

Störfum fjölgaði í þjónustugreinum en fækkaði í frumvinnslugreinum. Þeim fjölgaði um 14% í þjónustugreinunum en fækkaði um 13% í frumvinnslunni. Sé þróun starfa skoðuð svæðisbundið kemur í ljós að störfum fjölgaði á höfuðborgarsvæðinu og á svæðum í kringum það, þ.e. á Suðurlandi, Reykjanesi og Vesturlandi. Störfum í þjónustugeiranum fjölgaði en samdrátturinn varð í frumvinnslunni og niðurstaðan var því fjölgun starfa á höfuðborgarsvæðinu og aðliggjandi landsvæðum, Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi. Annars staðar fækkaði störfum.

Af þessu má ráða að mönnum hafi að hluta miðað áfram í að styrkja búsetu um landið, þ.e. á þeim svæðum landsins þar sem störfum fjölgar. En mönnum hefur ekki miðað áleiðis heldur fremur aftur á bak á öðrum svæðum landsins, þ.e. svæðinu þar sem Vesturlandi sleppir, á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi, þar sem störfum fækkar. Þar hefur mönnum ekki miðað áleiðis.

Þetta endurspeglast í þriðju kennitölunum sem við skoðum gjarnan, fólksfjöldaþróuninni. Það kemur í ljós að fólki fjölgar á höfuðborgarsvæðinu og reyndar líka á aðliggjandi svæðum eins og Vesturlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi. En hins vegar er fólksfækkun á öðrum svæðum landsins þegar miðað er við árin 1995–2004.

Mest er fólksfækkunin þar sem störfum hefur fækkað mest. Minnst er fólksfækkunin þar sem störfum hefur fækkað minnst. Það er líka samhengi á milli tekna og mannfjölda. Þar sem atvinnutekjur hækka minna en annars staðar fjölgar fólki minna og fækkar jafnvel.

Á Vestfjörðum hefur fólksfækkunin verið mest frá 1995–2004. Þar hefur hún verið um 1.320 manns, um 15% fækkun. Þegar maður skoðar gögnin betur kemur fram að störfum hefur fækkað um 42% í fiskveiðum á Vestfjörðum á fimm ára tímabili, frá 1998–2003. Í öðrum gögnum, t.d. skýrslu sem nýlega komu út í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu sem heitir „Landfræðilegt litróf íslenska fasteignamarkaðarins", sést að raunhækkun launa á Vestfjörðum var aðeins helmingur þess sem hún var annars staðar á landinu á árabilinu 1990–2004.

Slíkar breytingar í tekjum og atvinnu leiða af sér mikla fólksfækkun og hún er mest á Vestfjörðum. En hún er líka mikil á hinu gamla Norðurlandi vestra. Þar fækkað fólki á árabilinu 1995–2004 um 1.220 manns eða um 12%. Þessar tölur draga því staðreyndirnar býsna glögglega fram og skýra hvers vegna þróunin er sú sem hún hefur orðið. Við sjáum líka að fólksfækkun á Austurlandi var með sama hætti, fyrri hluta þessa tímabils, og hún var á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Þar var veruleg fólksfækkun. En á seinni hlutanum, þ.e. frá 2000–2004, fjölgar fólki á Austurlandi um 350 manns, fyrst og fremst vegna opinberra aðgerða í atvinnumálum, þ.e. virkjunarframkvæmdar sem þar var sett í gang og álversuppbyggingar sem tengist henni. Hefði það ekki komið til hefði þróunin á Austurlandi orðið hin sama og á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Þetta er dregið fram í skýrslu iðnaðarráðherra um framvinduna og kemur fram í mati Byggðastofnunar, að árangurinn af þeim aðgerðum sem ríkið réðist í á síðasta tímabili byggðaáætlunar sé verulegur og sums staðar mjög mikill. Það má taka undir það því að verulegur árangur hefur orðið á Vesturlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum. Það sjáum við glöggt á öllum kennitölum. En þar segir líka, með leyfi forseta:

„Aðgerðir hafa þó ekki skilað nægum árangri á nokkrum landsvæðum, svo sem Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, norðausturhorninu, sunnanverðum Austfjörðum, Skaftafellssýslum og Vestmannaeyjum."

Þannig eru býsna stór svæði á landinu og nokkuð fjölmenn, þegar þau eru lögð saman, þar sem ekki hefur tekist vel til. Það blasir einfaldlega við í öllum kennitölum sem við skoðum og í mati á árangrinum, eins og því er lýst af hálfu Byggðastofnunar.

Þar sem ekki hefur ekki tekist vel til er sjávarútvegur langstærsta atvinnugreinin. Það þýðir ekki, virðulegi forseti, að berja höfðinu við steininn. Menn verða að viðurkenna þá staðreynd að löggjöfin um þá atvinnugrein hefur haft veruleg áhrif til hins verra á íbúaþróun, fjölda starfa og tekjuþróun á þeim svæðum. Framsal veiðiheimilda hefur haft neikvæð áhrif á flestum þessum stöðum, ef ekki öllum, og það afmarkast reyndar ekki við þessi svæði. Við sjáum í nýjustu þróun í þeirri atvinnugrein að stór byggðarlög eins og Akranes og Akureyri hafa misst frá sér veiðiheimildir og tapa störfum í kjölfar þess. Menn verða að taka þá löggjöf upp og koma sér saman um breytingar á löggjöfinni um stjórn fiskveiða til að tryggja störfin í sjávarútvegi á þessum svæðum landsins. Það er að mínu viti, virðulegi forseti, óhjákvæmilegt. Meðan menn taka ekki á skipulaginu í þeirri atvinnugrein er borin von að almennilegur árangur náist á viðkomandi landsvæðum, nema gripið yrði til stórfelldra aðgerða í atvinnumálum af öðru tagi, svo sem stóriðju. En víðast hvar er það ekki fær leið á þeim svæðum landsins sem ég nefndi sérstaklega og Byggðastofnun bendir á að hafi ekki gengið vel með.

Ég vildi að mönnum væri ljóst, virðulegi forseti, að ég tel óhjákvæmilegt að taka á löggjöfinni um sjávarútveginn ef menn ætla að snúa þróuninni við. Ég spyr líka, ef menn ætla ekki að gera það en ætla samt að ná árangri á þessum stöðum: Hvernig á það að gerast? Það eru engin teikn um það í þeim tillögum sem hér liggja fyrir að nokkuð eigi að gera sem skipta muni verulegu máli til sóknar fyrir þessi byggðarlög þótt þar sé auðvitað að finna margar ágætar tillögur sem leiða af sér úrbætur fyrir einstök landsvæði og hjálpa til við að styrkja byggð. Þær munu ekki snúa við þróuninni í atvinnumálum einar og sér. Til þess þurfa menn að grípa til aðgerða og verja til þeirra miklu fé og afli. Það hafa menn gert með góðum árangri á Austurlandi og hið sama þarf að gerast annars staðar á landinu ef menn ætla að ná viðlíka árangri. Því miður sé ég það ekki í þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Það þarf að styrkja tillögurnar verulega til að menn öðlist trú á að að svo geti orðið.

Virðulegi forseti. Af mörgu er að taka í þessum efnum. Eitt af því sem drepið er á í tillögum til þingsályktunar sem til bóta gæti horft er að breyta löggjöf um sveitarfélögin, styrkja þau, færa þeim aukin verkefni og áhrifavald og stærri hluta af skattpeningum. Ég tel að menn eigi að fara þá leið og með myndarlegum hætti. Mér finnst vanta í tillöguna sem liggur fyrir þinginu hugmyndir um hvað eigi að gera. Talað er um að huga eigi að breytingum á verkaskiptingu en engin tillaga gerð um aðgerðir, sem er auðvitað aðalatriðið. Það er ekki hægt að leggja fyrir okkur að skoða

þurfi þetta eða hitt. Við vitum það. Það eru mörg ár síðan að mönnum varð ljóst að breytingar að þessu leyti gætu veruleg jákvæð áhrif. Það sem vantar er að menn komi sér saman um og komi fram með tillögur sem máli skipta í þessu efni.

Ég held ég láti máli mínu lokið, virðulegi forseti. Tíminn er að renna út og býsna mörg atriði eru óupptalin. Ég læt þetta duga enda held ég að ég hafi náð að koma aðalatriðum málsins á framfæri. Mönnum hefur á sumum svæðum landsins miðað áfram. Á öðrum svæðum landsins hefur mönnum ekki miðað áfram, heldur jafnvel aftur á bak. Fyrir þau svæði vantar kraftmeiri tillögur til að snúa þróuninni við.

[18:25]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson las upp ýmsar tölur um mannfjöldaþróun. Mér fannst hann að vissu leyti notast við gamlar tölur. Hann fór bara til ársins 2004 en það er liðið eitt ár síðan þá og vantar inn í tölur hans árið 2005. Frá Hagstofunni eru komnar tölur fyrir árið 2005. Ég verð að segja að það staðfesta þróunina sem hv. þingmaður dró upp áðan. Hann nefndi t.d. að á Austurlandi hefði þróunin orðið verri ef ekki hefði verið farið út í framkvæmdir þar. Mig langar til að spyrja hann: Hver er skoðun hans á þeim tölum sem hafa verið birtar á vegum Hagstofunnar, um að í raun sé líka fólksflótti af Austfjörðum? Brottfluttir Austfirðingar eru fleiri en aðfluttir. Eins fjölgar mikið útlendingum sem flytja til Austfjarða og setjast þar að. Þeim fjölgar allverulega miðað við þær tölur sem liggja fyrir. Er þetta ekki til marks um að Framsóknarflokknum hafi mistekist ætlunarverk sitt á Austurlandi?

Hin spurningin sem mig langar að spyrja hann varðar það að hann nefndi að gera þyrfti breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu til að koma í veg fyrir að störf töpuðust og kenna mætti þessu kerfi um ástandið. Hvernig í ósköpunum getur hv. þingmaður komið upp og sagt þetta í þessum ræðustól, þegar hann stóð hér sjálfur rétt fyrir einu og hálfu ári síðan og talaði fyrir því að gera breytingar á kerfinu sem sannarlega hafa valdið gríðarlegu tjóni í heimabyggð hans, Vestfjörðum?

[18:27]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar tölur um mannfjölda á Austurlandi og hlutfall útlendinga í fjölguninni má segja að það komi ekki á óvart. Menn gerðu ráð fyrir því í upphafi að vinnuafl við framkvæmdina væri að tiltölulega stórum hluta innlent sem varð síðan ekki reyndin heldur var það erlent. Þess vegna kemur ekki á óvart að stór hluti af íbúafjölgun á Austurlandi séu erlendir starfsmenn við þessar framkvæmdir. Það má ímynda sér að stór hluti þeirra hverfi aftur úr landi þegar framkvæmdum er lokið en trúlega mun einhver hluti þeirra setjast að á Austfjörðum og verða Austfirðingar.

Ég held að þrátt fyrir breytingar á forsendum hafi ekki mistekist að snúa við byggðaþróun á Austurlandi. Það sýnir skýrslan sem ég gat í ræðu minni, um landfræðilegt litróf íslenska fasteignamarkaðarins. Hún dregur fram að raunhækkun launa á Austurlandi sé mjög svipuð því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi svæðum. Það er merki um styrkleika Austurlands, borið saman við höfuðborgarsvæðið. Hún sýnir líka að raunhækkun íbúðarhúsnæðis á Austurlandi, sem hafði verið á niðurleið á fram undir síðustu ár. Það tók kipp þegar framkvæmdirnar fóru í gang og hefur hækkað um 24% frá 1990, sem er nálægt því sem er í Norðurlandskjördæmi eystra hinu gamla. Ég held að þessar kennitölur sýni okkur að menn vilja fjárfesta í fasteignum á Austurlandi. Það er til marks um að aðgerðin hafi heppnast.

[18:29]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri sérkennilegt ef ekki yrðu einhver viðbrögð við því að sprautaði tugum ef ekki hundruðum milljarða í fjárfestingar á ákveðnum landshluta. Ætla mætti að menn mundu sjá þess merki í hagkerfinu á viðkomandi svæðum. Þó það nú væri. Ég var hins vegar ekki alveg að spyrja um þetta heldur hitt, hvort þau markmið að viðhalda byggð í landinu og efla byggð, þá vænti ég byggð Íslendinga á Austurlandi, hefði í raun ekki að misfarist.

Hver er skoðun þingmannsins á þessum tölum? Ég verð að segja að mér var illa brugðið þegar ég skoðaði tölurnar á vef Hagstofunnar. Ég hygg að þetta hafi komið illa við hæstv. byggðamálaráðherra, Valgerði Sverrisdóttur. Hún var mjög pirruð þegar ég tók þetta fyrir í ræðu minni. Því miður verð ég að lýsa yfir vonbrigðum með að hún skuli ekki vera í þingsalnum. Hún lét sig hverfa áðan, hvað sem því olli.

Hitt er annað mál, virðulegi forseti, að ég tek eftir því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson forðast að svara seinni lið fyrirspurnar minnar, varðandi byggðaþróun á Vestfjörðum. Þar eru líka nýjar tölur frá Hagstofunni sem má t.d. sjá á vef Bæjarins besta í dag. Ég reikna með að þingmaðurinn hafi lesið þá frétt. En þar er fyrirsögnin: „Brottfluttir umfram aðflutta á Vestfjörðum, 185 manns". Þegar maður skoðar þær tölur í smáatriðum sér maður að þar er á ferðinni gríðarleg blóðtaka í eintökum byggðum, meira að segja í heimabæ þingmannsins, Bolungarvík. Þar eru brottfluttir 17 umfram aðflutta. Mér finnst það mjög alvarlegur hlutur fyrir jafnblómlegan og ágætan stað og Bolungarvík. Það væri gaman að heyra frá hv. þingmanni hvort þetta gæti ekki átt rætur sínar að rekja til stjórnvaldsaðgerða sem hann hefur staðið að sem einn af þingmönnum stjórnarliðsins.

[18:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi síðari spurningu þingmannsins í fyrra andsvari sínu er það sama spurningin sem hann bar hér fram við mig í síðustu viku og ég er búinn að svara. Mér finnst eiginlega óþarfi að veita sama svarið. Það liggur fyrir. Í öðru lagi hvað varðar fólksfækkun í Bolungarvík hygg ég að stærsta skýringin á fækkun á síðasta ári sé sú að Ratsjárstofnun dró saman seglin, sagði upp einum fimm tæknimönnum sem eru farnir frá staðnum ásamt fjölskyldum sínum. Þannig að því miður varð samdráttur á því sviði til að fólki fækkaði töluvert í Bolungarvík.

Varðandi hvort þessi aðgerð á Austurlandi sé að mis-

takast vegna þess að Íslendingum sé ekki að fjölga núna, eða jafnvel að fækka, held ég að sé ekki hægt að slá því föstu vegna þess að við erum á framkvæmdatíma en ekki komin á starfstíma álversins. Það hefur alltaf verið gert ráð fyrir að fólksfjölgunin sem yrði á miðju Austurlandi yrði vegna reksturs fyrirtækjanna, fyrst og fremst álversins og síðan annarra fyrirtækja sem verða til í kringum það í afleiddum störfum. Það er auðvitað ekki komið til þess á þessum tímapunkti svo það er of snemmt að slá nokkru föstu um að eitthvað hafi mistekist í þeim efnum. Ég er ekki viss um að það muni gerast. Þvert á móti veit ég ekki annað en þau störf sem verða þarna í boði séu talin mjög eftirsóknarverð og Íslendingar muni sækjast eftir að vinna þau. Þannig að þær upplýsingar, eða það sem maður sér úr fréttum um mat Íslendinga á þeim störfum styrki það að þær áætlanir sem menn höfðu um það muni ganga eftir.

[18:34]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu og heyri að hann tekur undir með okkur í Frjálslynda flokknum um að þær tillögur sem hæstv. iðnaðarráðherra ber hér fram séu ófullnægjandi. Það var ekki heldur að heyra að hann viki mjög að skýrslunni enda er hún mjög ómerkileg og borin hér upp í þriðja sinn óbreytt. Ég vil lýsa ákveðinni furðu á því að hæstv. iðnaðarráðherra sé ekki hér við og hlýði á. Vegna þess að þetta er gagnrýni frá hennar eigin flokksmanni, frú forseti. Mér finnst það vera stórundarlegt að hún skuli ekki vera hérna í salnum og svara fyrir.

En ég ætla að spyrja hv. þingmann út í að hann segir að það verði að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu. Það kom hér fram í ræðunni og við erum sammála um það. En við í Frjálslynda flokknum höfum rakið það hér að hann hafi stutt breytingar til hins verra fyrir atvinnulíf á Vestfjörðum og greitt því þung högg þegar hann aflagði sóknardagakerfið. Þess vegna vil ég spyrja, og mér finnst það vera sanngjarnt að hann svari því vegna þess að hann hefur forðast það eins og heitan eldinn að svara málefnalega hvers vegna hann reiddi til höggs. Hvað vill hann í staðinn?

[18:35]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spurði að þessu líka fyrr í vikunni í andsvörum og ég svaraði honum þá og þau svör hafa ekkert breyst. Spurningin er sú sama og svarið verður það sama. Ég er algerlega ósammála þingmanninum um að lagabreytingin á vordögum 2004 hafi verið eitthvert högg fyrir tilteknar byggðir. Það sóknardagakerfi sem var við lýði var komið í ógöngur. Menn hefðu lent í verulegum vandræðum jafnvel þó að engin lagabreyting hefði átt sér stað. Ég spurði hv. þingmann hvernig hann teldi að þróunin hefði orðið ef engar breytingar hefðu verið gerðar. Hann treysti sér ekki til að svara því. Enda skil ég það ósköp vel því hann veit eins vel og ég að menn voru komnir í öngstræti. Kostnaðurinn við að afla sér veiðiheimilda í formi sóknardaga eða veiðileyfis á bát var rokinn upp úr öllu valdi og farinn að líkjast því sem gerðist í aflamarkskerfinu. Menn hefðu gert svipað í framhaldinu eins og gerðist núna, þ.e. menn fækkuðu útgerðarbátum vegna þess að það voru of margir bátar að veiða það aflamagn sem hægt var að sækja miðað við það kerfi sem var. Þetta hefði gerst á hvorn veginn sem menn hefðu ákveðið að hafa löggjöfina, eins og var ákveðið um vorið 2004, eða að hafa hana óbreytta. Ég sé ekki að þingmaðurinn hafi sýnt hér fram á eða fært nein rök fyrir því að það hefði verið eitthvað skárra fyrir byggðirnar að hafa þetta óbreytt.

En svo vildi ég minna á að allur þorri landsmanna er sammála mér og honum um að það þurfi að gera verulegar breytingar á kvótakerfinu og fyrst og fremst hvað varðar áhrif framsalsins.

[18:37]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum ekki sammála ég og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hvað það varðar að þetta kerfi hafi verið komið í ógöngur. Alls ekki. Ég er á því að sú þróun sem varð hafi sýnt sig, aflatölur og landaður afli á Vestfjörðum sýnir að við höfðum rétt fyrir okkur í Frjálslynda flokknum. Ætli það sé ekki tífalt dýrara að komast inn í kerfið núna en var að komast inn í sóknardagakerfið? Það er ómerkilegur málflutningur að koma svona með kápuna á báðum öxlum eins og hv. þingmaður hefur gert með því að bæði gagnrýna og síðan styðja breytingartillögur til hins verra. Ég er á því að hv. þingmaður eigi að koma með einhverjar tillögur. Hvað vill hv. þingmaður, frú forseti? Það kemur ekki hér fram. Það er fullyrt að sóknardagakerfið hafi verið komið í ógöngur þó svo að það blasi við öllum að þessar breytingar hafa orðið til hins verra fyrir byggðirnar á Vestfjörðum. Því miður studdi hv. þingmaður það. Ég vonast bara til að við fáum nú einhver svör um hvaða breytingar hann vill, frú forseti.

[18:39]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fékk engin svör núna frekar en fyrr í vikunni um hvað hv. þm. Sigurjón Þórðarson vildi gera til að komast út úr þeim ógöngum sem kerfið var komið í. Það var alveg vitað þegar farið var úr sóknarstýringu í aflamarksstýringu að menn mundu hætta að keppast við að veiða sem mest magn af fiski yfir sumarið og reyna þá að færa sig á aðrar veiðislóðir og veiða stærri fisk á haustin þegar hærra fiskverð var og fleira í þeim dúr. Menn vissu því að breytingin mundi leiða af sér óðruvísi veiðimynstur, óðruvísi afla og annað slíkt og þá fara menn að veiða til að hámarka tekjurnar sem þeir hafa af fiskinum. Ég veit um marga útvegsmenn sem voru í smábátakerfinu og notuðu tækifærið þegar þessu var breytt til að styrkja útgerð sína, setja aukinn kraft í hana og kaupa veiðiheimildir. Það eru mörg dæmi um það, virðulegi forseti. Það hefðu menn ekki getað gert í óbreyttri stöðu. (Gripið fram í.) Það eru tölur sem voru á ákveðnum tímapunkti. Við skulum nú bara spyrja að leikslokum hvernig staðan verður t.d. ári síðar. Því það er alveg ljóst að menn selja ekki bara heldur kaupa líka veiðiheimildir, alveg eins og menn hafa bæði selt veiðidaga og keypt þá. Svo það er ekkert óbreytanlegt heldur þótt menn hefðu verið í óbreyttu kerfi.

Best væri auðvitað að hafa almennt kerfi þar sem allir færu eftir sömu leikreglum. Að hafa sérúrræði eins og við

höfum stuðst við er til marks um að við erum með almennt kerfi sem er verulega gallað en menn eru að reyna að sníða gallana af með einhverjum sérúrræðum. Það er langbest að breyta almenna kerfinu svo það þurfi ekki að vera með sérúrræði til að bregðast við (Forseti hringir.) vondum áhrifum sem fylgja göllum sem í því eru.

[18:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil nú grípa boltann þar sem hann er á lofti varðandi sjávarútvegsumræðuna. Ég tel að það sé alveg hárrétt að byggðavandamálin í landinu eru víða tilkomin vegna þeirra atvinnuháttabreytinga sem eignarhaldið á veiðiréttinum hefur valdið. Það mun auðvitað ekki ganga til baka á nokkurn hátt miðað við það kerfi sem er núna. Reyndar á það enga möguleika á öðru en að versna vegna þess að í gegnum tíðina, frá því frjálsa framsalinu var komið á, hafa verið svona göt í kerfinu sem menn hafa verið að bjarga sér í gegnum. Koma sér upp úr með þeim hætti sem mögulegt var í smábátakerfinu. Menn hafa gert breytingar hvað eftir annað. En nú er búið að gera kerfið nánast einsleitt þó svo að það eigi að heita tvö kerfi, má segja að krókaaflamarkskerfið sé orðið í eðli sínu nákvæmlega sams konar kerfi og aflamarkskerfið sem tók mynd á sig í kringum 1990. Þetta hefur það í för með sér, og það er búið að fá góða reynslu á það, eða öllu heldur vonda, að nýliðunarmöguleikar í sjávarútveginum eru gríðarlega erfiðir. Það er engan veginn hægt að halda því fram að þetta kerfi sé eðilegt, því nýliðar sem vilja koma inn í þessa atvinnugrein búa við samkeppnisstöðu sem er nánast óyfirstíganleg gagnvart þeim sem fyrir eru.

Ég held að ef menn velti því fyrir sér hvort svona kerfi gæti passað í öðrum atvinnugreinum mundu þeir fljótt hvarfla frá því. Það er því miður önnur mótsögn í þessu öllu saman sem er sú að stjórnarflokkarnir sem hafa borið þetta kerfi uppi, þar á bæ virðast menn ekki hafa skilið almennilega hvaða kerfi þetta var eða er sem þeir eru með í höndunum. Því þegar sú ríkisstjórn sem nú situr gerði sinn stjórnarsáttmála eftir síðustu kosningar var sett inn í hann sú niðurstaða að það ætti að setja eignarhald á þessari auðlind, þ.e. sjávarútveginum, inn í stjórnarskrána. Það segir manni að það getur ekki verið að menn hafi skilið það kerfi sem er í gangi. Vegna þess að eignarhaldið á veiðiréttinum er þannig að það má líkja því við venjulegt eignarhald og auðvitað geta menn ekki bæði einkavætt auðlindina og haft hana fyrir þjóðarauðlind. Stjórnvöld verða að sjálfsögðu að gæta eignarhaldsins fyrir hönd þjóðarinnar ef um er að ræða þjóðarauðlind í alvöru og auðvitað munu menn ekki setja neinar auðlindir inn í stjórnarskrána sem þjóðarauðlindir öðruvísi en að gæta eignarhaldsins.

Ég ákvað að taka aftur til máls vegna þess að það voru nokkur atriði sem ég hafði ekki komið að í ræðu minni. Þær eru fljótar að fara þær mínútur sem við höfum hér.

Í fyrsta lagi langar mig til að nefna Byggðastofnun. Ég hefði kosið að hæstv. ráðherra hefði komið betur að stöðu þeirra mála, því að eins og menn muna strandaði Byggðastofnun í vetur og í raun og veru neituðu þeir sem þar stjórna húsum að halda áfram að óbreyttu. Þeir fengu síðan einhvers konar skilaboð frá stjórnvöldum um að þeir ættu að halda áfram að reka stofnunina, halda áfram að lána þangað til ný úrræði sæju dagsins ljós. Þau úrræði eru ekki komin fram enn þá. Skilaboðin sem komu frá stjórnvöldum voru ekki trúverðug að öllu leyti. Í fyrsta lagi var sagt að stofnunin ætti að halda áfram að stunda sjálfbæra lánastarfsemi. Ég held að öllum sé ljóst sem það skoða að eigi að styðja byggð í landinu með lánastarfsemi, í þeim tilgangi að sjá til þess að fyrirtæki og starfsemi geti gengið á landsbyggðinni þar sem erfitt er að reka slíkt, þá geti menn ekki gert sömu ávöxtunarkröfur til þeirra lána sem slíkum fyrirtækjum er boðið. Þess vegna getur lánastarfsemi eins og Byggðastofnun er ætlað að reka ekki verið fullkomlega sjálfbær.

Það er ekki gott þegar menn horfast ekki í augu við staðreyndirnar eins og þær eru. Þessi skilaboð komu frá þeirri nefnd sem farið hafði yfir málið og hæstv. iðnaðarráðherra þegar þessi mál voru til umræðu hér í vetur. Hæstv. ráðherra lýsti þá líka yfir að hún teldi að endurskipuleggja ætti málefni Byggðastofnunar. Ég skildi þá yfirlýsingu þannig og fagnaði því að hæstv. ráðherra væri snúin til lands aftur og vildi nú sameina þau verkefni sem stjórnvöld eru að vinna að í byggðamálum, sameina þau meira undir Byggðastofnun en áður hefur verið. Því satt að segja hefur hæstv. ráðherra í raun verið að tvístra kröftunum sem notaðir eru í byggðamálum með því að koma að byggðamálunum úr ýmsum áttum. Það hefur ríkisstjórnin í rauninni verið að gera, koma að byggðamálunum úr ýmsum áttum en ekki notað þá stofnun til að framkvæma þau verkefni sem Byggðastofnun er auðvitað ætlað að gera. Ef menn reka Byggðastofnun verða menn að gera það myndarlega og láta þá stofnun framkvæma það sem ætlunin er að gera í byggðamálum.

Auðvitað er hægt að ræða fleira hér sem er ákveðinn tískinningur af hálfu stjórnvalda, t.d. er full ástæða til að taka umræðuna um álmálin síðustu daga sem dæmi um það. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur haldið fundi á Norðurlandi þar sem hún segir með digrum yfirlýsingum að fólk á Norðurlandi hafi aldrei verið nær því að fá þar byggt álver en núna. Ekki veit ég út frá hverju hæstv. ráðherra talar þar, kannski út frá því að hún hafi talið að möguleikarnir á að byggja upp slíkan iðnað hafi verið býsna fjarri því svæði í gegnum tíðina. En það er svolítið skrýtið þar sem nýlega lá fyrir yfirlýsing Landsvirkjunar um að þeir ætli ekki að tala við neitt fyrirtæki um uppbyggingu álvers annað en það sem rekið er í Straumsvík, að þá hafi þeir sem á Norðurlandi búa allt í einu aldrei verið nær því að fá álver til sín þótt fyrir liggi að allar heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda séu uppurnar ef ráðist verður í stækkun álversins í Straumsvík eins og gert er ráð fyrir. Ég tel að nóg sé komið af því að stjórnvöld slái ryki í augu fólks með slíkum yfirlýsingum. Stjórnvöld geta ekki skotið sér undan ábyrgð á þeirri stöðu sem er uppi. Úr því að Landsvirkjun á í alvöruviðræðum um stækkun álversins í Straumsvík verða stjórnvöld líka að kannast við að bera ábyrgð á þeirri stöðu sem þar er uppi. Það getur ekki verið meiningin að standa ekki við alþjóðlegar skuldbindingar sem Íslendingar hafa skrifað undir, það hlýtur að vera ætlunin að gera ráð fyrir að standa við þær skuldbindingar áfram. Að mínu viti eru það óheiðarleg skilaboð sem verið er að senda, þegar viðræður eru

komnar af stað og búið er að gefa skuldbindandi yfirlýsingar af hálfu Landsvirkjunar um að ekki verði talað við aðra aðila fyrr en að þessum viðræðum ljúki, að hæstv. iðnaðarráðherra sé á fullri ferð í kjördæmi sínu og haldi því fram að möguleikarnir til að byggja upp stóriðju þar hafi aldrei verið meiri þar.

Ég endurtek að umræða um byggðamál er nauðsynleg og það er nauðsynlegt að hafa uppi einhvers konar áætlanir um stefnu í byggðamálum en það sem hins vegar vantar í þessa áætlun er fjármagn. Menn þurfa að vita hvað þeir eru að gera, menn þurfa að vita að á bak við slíkar áætlanir séu fjármunir sem tryggja að framgangur verði í einhverjum veigamiklum atriðum sem eru í áætlunum eins og þessum. Það eru ekki fjármunir í þessari áætlun. Þeir fjármunir sem talað var um að tengdust byggðaáætlun voru fyrst og fremst fjármunir sem höfðu verið ætlaðir til eflingar og stækkunar sveitarfélaganna. Eftir að kosningar um það fóru fram má segja að nánast enginn árangur hafi orðið af því stækkunarferli sem ríkisstjórnin stóð fyrir. Einu ákvarðanirnar sem hafa verið teknar voru reyndar komnar svolítið á legg áður og tengdust ekki beinlínis þessari herferð ríkisstjórnarinnar. Það má því segja að herferðin hafi nánast mistekist. Og þess vegna eru þeir fjármunir sem þarna var gert ráð fyrir ekki einu sinni líklegir til að verða til styrktar byggðarlögunum, a.m.k. ekki á næstu missirum eða árum. Aðalfjármunirnir sem þarna voru eru sem sagt ekki til staðar.

Mér finnst umræðan um byggðamál á Íslandi undanfarin árum minna býsna mikið á umræðuna um landbúnaðarmálin sjálf, og þá sérstaklega um sauðfjárræktina þar sem stjórnvöld hafa sífellt talað eins og það væri arðbær og líkleg atvinnugrein til framtíðar fyrir bændur að reka sauðfjárbúskap. Fjöldi manna hefur áratugum saman trúað þessu tali, lifað við fátækt og basl við að halda uppi búskap sem hefur aldrei getað gefið almennilegt lífsframfæri. Þannig hafa stjórnvöld orðið til þess, með sífelldu tali um að bjartara sé fram undan, það sé verið að gera þetta og það sé verið að gera hitt, að fólk í landbúnaði hefur haldið áfram rekstri sem hefur ekki gefið því mannsæmandi lífsskilyrði. Mér finnst byggðaumræðan bera svolítinn svip af þessu. Hún er dálítið eins og vögguljóð sem menn syngja í sölum Alþingis og á fundum út um landið yfir fólkinu sem býr á þeim svæðum. Menn kannast ekki við staðreyndir mála, menn kannast ekki við að grundvallaratvinnuvegur þessara byggða hafi verið drepinn í dróma. Það er ekki atvinnufrelsi í sjávarútvegi á Íslandi. Sjávarbyggðir sem orðið hafa til vegna þeirra fiskimiða sem liggja nærri þeim byggðarlögum eiga í raun og veru enga möguleika á að ná vopnum sínum. Ungt fólk trúir ekki á framtíð í þessum byggðum vegna þess að grundvallaratvinnuvegurinn er svona leikinn. Ég tel að það sé löngu kominn tími til að hætta að syngja þessi vögguljóð yfir landsbyggðinni, eins og stjórnvöld gera, ef menn ætla ekki að komast til sjálfs sín hvað þetta varðar. Ég fagna því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði áðan að hann teldi að endurskoða ætti sjávarútvegsstefnuna með það í huga að meira frelsi yrði til að vinna í þessari atvinnugrein. En mér hefur einhvern veginn fundist að félagar hans í Framsóknarflokknum og reyndar samherjar hans í Sjálfstæðisflokknum í að styðja þessa ríkisstjórn hafi ekki tekið mikið mark á því sem hv. þingmaður hefur verið að segja og lítið tekið undir sjónarmið hans um að þetta þurfi að endurskoða.

Ég bind hins vegar áfram vonir við að menn átti sig á að þessi stefna, eignarhaldsstefna í þessum undirstöðuatvinnuvegi Íslendinga gengur ekki upp og hún getur aldrei gengið upp við þá niðurstöðu (Forseti hringir.) að þetta eigi að vera þjóðarauðlind.

[18:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur nú staðið lengi dags og margt komið fram. Hins vegar er af nógu að taka þegar verið er að ræða byggðamálin og ætla ég að koma inn á eitt og annað sem snýr að þeim málum hér í seinni ræðu minni, og taka þá kannski fyrir einstök verkefni sem snúa að byggðaþróun í landinu og atvinnuhorfum. Ég fór í fyrri ræðu minni í dag örlítið yfir tvær skýrslur, annars vegar um áhrif kvótasetningar aukategunda hjá krókabátum á byggð á Vestfjörðum, ég fór þar eingöngu yfir niðurlagsorðin og minnti á að því var spáð, áður en það verk var unnið, að á Vestfjörðum mundi fækka um 93 störf vegna samdráttar í afla til vinnslu. Þar var miðað við upplýsingar frá Samtökum fiskvinnslustöðva sem töldu að miðað við fyrirhugaðan samdrátt sem af þessu hlytist mundi fækka um 93 störf í vinnslu aflans á Vestfjörðum. Hins vegar minnti ég á að Landssamband smábátaeigenda gerði úttekt fyrir Byggðastofnun á því hvaða áhrif kvótasetningin á ýsu, ufsa og steinbít hefði á störf til sjós á Vestfjörðum hvað varðar smábátaútgerðina. Niðurstaða þeirra var að fækka mundi um 160–200 störf vegna þessara fyrirhuguðu aðgerða stjórnvalda sem þá voru reyndar ekki komnar til framkvæmda en stjórnvöld höfðu verið að stefna að og það hafði talsvert lengi verið í lögum um stjórn fiskveiða að stefna stjórnvalda væri að festa allar fisktegundir í krókakerfi smábátanna inn í kvóta.

Því miður fór það svo, hæstv. forseti, að þetta gekk eftir. Þrátt fyrir þau viðvörunarorð sem hér voru höfð uppi úr skýrslu Byggðastofnunar sem unnin var af þróunarsviði Byggðastofnunar hafði það ekki áhrif á stjórnarþingmenn um að fara ekki þessa leið. Menn gengu til þessara verka og afleiðingarnar þekkjum við og hefur m.a. verið farið yfir þær í dag í ræðum þingmanna, bæði hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, um þróun í mannfjölda á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og reyndar víðar á landinu, og eins vitnaði hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson í nýlega tölur frá Hagstofunni um íbúafækkun á landsbyggðinni. Það sem varað var við hefur því miður gengið eftir og það er hluti af þeim vanda sem við erum að fást við í byggðamálum á Íslandi í dag.

Hins vegar vitnaði ég í skýrslu sem unnin var í 2001 um sjávarútveg og byggðaþróun á Íslandi, þ.e. hvaða áhrif það hefði og hefði haft, hið virka framsal sem komst á fulla ferð upp úr 1994–95 og sem var í lögunum um stjórn fiskveiða, og las þar eingöngu lokaniðurstöðuna í þeirri skýrslu. Þar lá einnig fyrir spá um hvað mundi gerast og því miður hefur það einnig gengið eftir, hæstv. forseti.

Síðan erum við með skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árið 2002–2005. Það verður að segjast eins og er að þar er einnig dregið fram að fækkun

hafi orðið á vissum svæðum og segir í skýrslunni að á „tímabilinu 2000–2004 hefur þróunin breyst á þann veg að nú er einungis fækkun í tveim gömlu kjördæmanna, þ.e. Vestfjörðum og Norðurlandi vestra." Fyrri skýrslan sem ég vitnaði til hefur einmitt bent á hvað mundi gerast ef svo yrði gengið að sjávarútveginum sem gert var af stjórnvöldum.

Ljóst er, hæstv. forseti, að hinar miklu byggingarframkvæmdir á Miðausturlandi hafa haft þau áhrif að þar hefur orðið viðsnúningur og fólki hefur fjölgað á Miðausturlandi en þó er það enn þá þannig, að ég hygg, hæstv. forseti, að fjölgunin þar stafi mest af því mikla innstreymi af erlendum mönnum sem þar starfa nú um stundir. Og þó að erlendir starfsmenn séu allra góðra gjalda verðir vonast ég til þess, eins og ég hygg að flestir Íslendingar geri, að þessar framkvæmdir á Austfjörðum verði til þess að styrkja byggðina á Austfjörðum, á Miðausturlandinu, og þar muni varanlegum íbúum fjölga og Íslendingar muni vilja flytja inn á það svæði og ég geri ráð fyrir að þannig verði það þegar upp er staðið. Það hefur sýnt sig að störf í álverum eru störf sem margir vilja sinna og auðvitað er fullt af störfum sem eru hliðartengd við álver sem fólk þarf að mennta sig í og eru störf sem krefjast talsverðrar menntunar. Því ber auðvitað að fagna ef aðgerðir stjórnvalda ná einhvers staðar árangri, og það vonast ég til að gangi eftir á Miðausturlandi.

Hvað höfum við þá lært af þeirri staðreynd, hæstv. forseti? Við höfum lært að það er atvinnan, atvinnufestan og atvinnuöryggið sem virðist skipta fólk langmestu máli þegar það horfir til þess hvort það vilji búa á ákveðnum svæðum til lengri tíma og hvort það treysti því að þar geti það sett sig niður með fjölskyldu sína og jafnvel stofnað til eigna án þess að verða fyrir fjárhagslegu tjóni eða atvinnutapi síðar.

Hæstv. forseti. Það sama og varað var við í skýrslunum varðandi Vestfirði, um samdrátt í aflaheimildum og að þar mundi fækka og óvissan tæki við, gerðist í raun og veru á Austurlandi. En það snerist algjörlega við þegar menn áttuðu sig á því að þar yrði farið í virkjanir og álver. Þá trúðu menn því að þar yrði atvinnufesta nokkur og atvinnuþróunin snerist við. Allt að einu liggur það fyrir, hæstv. forseti, að atvinnustigið hefur langmest að segja um hvort fólk treystir sér til að búa á ákveðnum svæðum eða ekki, enda er atvinnan undirstaða þess að fólk geti búið einhvers staðar. Fólk verður að hafa atvinnu og afkomu.

Þær byggðir hér á landi sem eiga mest undir sjávarútvegi, m.a. Vestfirðir og Breiðafjörður, og hinar dreifðu sjávarbyggðir vítt og breitt í kringum landið, á Norðurlandi, standa núna höllum fæti, því miður. Vegna þess að menn hafa farið leið kvótasetningar og takmarkað mjög frelsi manna við að komast inn í atvinnugreinina sem ómótmælanlega er undirstaða sjávarbyggðanna og hefur orðið til þess að ákveðin festa hefur orðið til í sjávarbyggðunum ef aflaheimildir hafa verið þar til staðar og menn hafa getað stundað atvinnu sína, sem hefur svo einnig orðið til þess, hæstv. forseti, að önnur atvinnustarfsemi hefur náð að blómstra samhliða sjávarútveginum.

Ég nefni það, hæstv. forseti, að hið stóra fyrirtæki Marel þróaðist upp úr litlu fyrirtæki sem var í því að þjónusta sjávarútveginn og Pólstækni á Ísafirði, sem Marel-samsteypan á nú og rekur vestur á Ísafirði, það fyrirtæki þróaðist líka upp úr því að þjónusta sjávarútveginn og vinna lausnir fyrir sjávarútveginn. Þessi fyrirtæki eru núna að þjónusta veröldina, ekki bara á sjávarútvegssviði heldur á matvælasviði og er öflug samsteypa og því ber auðvitað að fagna. En undirstaðan varð til við að þjónusta sjávarútveginn. Sama má segja um ágætt fyrirtæki vestur á Ísafirði, iðnaðarfyrirtækið 3X-Stál, sem varð til við að þjónusta sjávarútveginn og er núna að þjónusta vítt og breitt um veröldina, ekki bara í sjávarútvegi heldur einnig í matvælaiðnaði.

Það hefur því margt orðið til vegna þess að sjávarútvegurinn hefur verið öruggur og stöðugur. Ég hlustaði á erindi hjá Atvinnuþróunarfélagi Norðurlands. Framkvæmdastjóri þess sagði í fyrra í útvarpinu að ljóst væri að nánast öll nýsköpun og framþróun í iðnaði á Eyjafjarðarsvæðinu væri því að þakka að þar væru stór, öflug og tiltölulega stabíl sjávarútvegsfyrirtæki. Það er því algjörlega ljóst, hæstv. forseti, að miklu máli skiptir fyrir landsbyggðina að sjávarútvegurinn sé til staðar og sé sú undirstaða sem byggðirnar hafa byggt á kringum hann og sem afleiðingar af því að hann er til staðar byggjast síðan upp önnur atvinnutækifæri.

Núna erum við hins vegar að mæta því að hafa lent í þeim samdrætti sem hefur orðið m.a. vegna þess hvernig við höfum farið í lögin um stjórn fiskveiða og við stöndum auðvitað frammi fyrir því að óbreytt lög um stjórn fiskveiða geta alls ekki gengið inn í framtíðina, það liggur algjörlega fyrir. Það hljóta allir að sjá sem skoða málin með raunveruleikagleraugum. Hins vegar er það svo að sumir vilja alls ekki viðurkenna að taka þurfi á því og breyta þeim lögum til að byggðirnar haldi velli og geti dafnað. En sem betur fer eru fleiri og fleiri að átta sig á því að þannig er það nú, það er hinn kaldi veruleiki og menn þurfa að finna lausnir sem duga til að hægt sé að horfa til þess að tekjur skapist í þessari atvinnugrein.

Ég er með skýrslu fyrir framan mig, hæstv. forseti, um stöðu og horfur rækjuiðnaðar á Íslandi og því miður horfir nú ekki vel þar. Skýrslan var unnin af starfshópi sem sjávarútvegsráðherra skipaði. Í honum voru Davíð Ólafur Ingimarsson hagfræðingur, Ólafur Marteinsson, framkvæmdastjóri Þormóðs ramma – Sæbergs og Pétur Grétarsson, hagfræðingur hjá Byggðastofnun. Þeir segja einfaldlega í þeirri samantekt að forsenda þess að rækjuiðnaður eigi sér framtíð á Íslandi sé að rækjan fari aftur að veiðast á Íslandsmiðum og telja litla framtíð í því að þurfa að byggja rækjuiðnaðinn algjörlega á því að flytja inn iðnaðarrækju. Verð sé lágt á mörkuðum fyrir rækjuna og það fáist ekki nægilega hátt verð og ekki sé heldur hægt að kaupa iðnaðarrækjuna á því verði inn á okkar svæði, Ísland, til að vinna hana með hagnaði svo að allt að einu megi búast við að mjög miklir erfiðleikar verði í rekstri rækjuiðnaðarins á þessu ári. Og þeir eru víst að gera því skóna að gengið muni aðeins breytast en það er nú fugl í skógi, hæstv. forseti.

Þetta er það umhverfi sem sjávarútvegurinn og landsbyggðin standa frammi fyrir og þá er að spyrja: Hvað getum við gert annað? Byggðaáætlunin sem við erum með í höndunum bendir á ýmislegt og það er auðvitað sjálfsagt að reyna að nota sér það. En ég endurtek það samt, hæstv. forseti, að sjávarbyggðir sem liggja vel við fiskimiðum lands-

ins verða að hafa aðgang að veiðiheimildum sínum ef þær eiga að halda velli, hvað svo sem við gerum annað, sem er vissulega margt gott, m.a. að efla menntun, sem skiptir ofboðslega miklu máli fyrir framtíðina. Að laga samgöngurnar, gera átak í því að tengja saman byggðir og stytta vegalengdir skiptir líka mjög miklu máli og horfa til þess hvað við getum gert til að efla ferðamannaiðnaðinn. Hvað geta t.d. Vestfirðingar gert í því að reyna að tengjast ferðamennsku á Grænlandi? Er það raunhæfur möguleiki o.s.frv.? Til allra þessara átta verðum við að horfa en getum hins vegar ekki lamið hausnum við steininn og horft fram hjá því að sjávarútvegurinn er undirstaða þessara byggða. Við ríkum ekkert upp atvinnustig í þeim atvinnugreinum sem ég var hér að nefna einn, tveir og þrír til að fylla upp í þau skörð, því miður. En þar væri hægt að snúa við blaðinu og efla byggðirnar á ný.

[19:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem upp í ræðustól öðru sinni í dag til að ræða tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun. Í fyrri ræðu minni, virðulegi forseti, fór ég aðeins yfir tölur varðandi þróun mannfjölda víðs vegar á landinu. Niðurstaða mín var sú að okkur hefði mistekist í veigamiklum atriðum eða réttara sagt stjórnvöldum, ríkisstjórninni hefði mistekist, hlyti að hafa mistekist í veigamiklum atriðum í byggðapólitík sinni því að tölurnar tala sínu máli. Þegar rýnt er í þær tölur sem eru fyrirliggjandi á vef Hagstofu Íslands og þær greinar er augljóst að allt of margar byggðar, nánast allt í kringum landið nema kannski á suðvesturhorninu, eiga við mjög alvarlegan vanda að etja, stöðuga fólksfækkun, að vísu mishraða eftir byggðarlögum, en stöðuga fólksfækkun þar sem yngsta fólkinu virðist fækka hraðast. Fæðingum fækkar, meðalaldurinn hækkar og það stefnir í rauninni í mikið óefni ef fram fer sem horfir.

Það er hugsjón mín í stjórnmálum, virðulegi forseti, að okkur beri að reyna að gera allt sem við getum til að halda landinu í byggð og ég sé ekkert athugavert við það að hafa slíka skoðun og sé heldur ekkert athugavert við það að berjast fyrir þeirri skoðun. Ég tel að það sé einfaldlega skylda okkar að halda þessu fallega og ríka landi í byggð eftir fremsta megni og þannig varðveita þá arfleifð sem okkur hefur verið færð í hendur af forfeðrunum sem hafa lagt mikið á sig og kannski ekki síst nú síðustu kynslóðir við að byggja upp landið, samgöngur, félagslega þjónustu, skóla, heilbrigðiskerfi og íbúðarhúsnæði ekki síst, að þarna sé hreinlega allt of mikið í húfi, allt of mikil verðmæti í húfi til að við getum látið þetta glutrast úr í höndunum á okkur núna á örfáum áratugum. Ég tel að það skipti miklu máli fyrir þjóðina til framtíðar að okkur takist þetta. Ég sé það í hendi mér að landsbyggðin býr yfir það miklum kostum, og þetta er engin byggðarómantík, þetta er bara staðreynd, að ég tel að til mikils sé að vinna að við höldum henni í byggð og þarna séu lífvænleg samfélög fólks, að þarna alist upp nýjar kynslóðir og vaxi úr grasi.

Hæstv. forsætisráðherra flutti ræðu í gær á viðskiptaþingi þar sem hann velti því fyrir sér hvernig Íslands mundi líta út árið 2015. Ég hef lesið þessa ræðu tvisvar eða þrisvar og það veldur ákveðnum vonbrigðum að hæstv. forsætisráðherra talar nánast ekkert um byggðaþróun í landinu. Hann minnist varla orði á það hvernig hann sér fyrir sér að Ísland verði, hvernig byggðin í landinu verði eftir níu ár. Það er aðeins komið inn á stóriðjuuppbyggingu en það er í raun allt og sumt. Þetta finnst mér mikill skaði. Mér finnst að ráðherrar í ríkisstjórninni mættu sýna þessum málum miklu meiri áhuga en þeir gera. Framsóknarflokkurinn á þó smá hrós skilið fyrir að hafa staðið sig vel í umræðunni í dag þó hann hafi vondan málstað að verja. Þingmenn flokksins hafa tekið virkan þátt í umræðum, flutt hér ræður og komið í andsvör. En því miður er ekki hægt að segja hið sama um þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Ég held að enginn þeirra hafi flutt ræðu hér í dag. (Gripið fram í.) Kannski einn. Nokkrir hafa komið upp í andsvör en þeir hafa ekki verið sjáanlegir í þingsalnum núna í marga klukkutíma og sýna þessum málaflokki, byggðamálunum, mjög mikið tómlæti. Enginn ráðherra flokksins hefur verið viðstaddur þessar umræður. Þetta finnst mér mjög ámælisvert og tel rétt að það verði fært til bókar í þingtíðindum og vil hér með vekja athygli á þessu.

Ég talaði um byggðaþróun, mannfjöldaþróun á ýmsum stöðum. Í lok ræðu minnar kom ég inn á mjög mikilvægt byggðarlag fyrir okkur Íslendinga sem er reyndar í mínu kjördæmi. Mér rennur blóðið til skyldunnar að nota þetta tækifæri til að vekja athygli á ástandinu þar. Þetta eru Vestmannaeyjar, samfélag sem á sér merka sögu, hefur búið yfir mikilli grósku og skemmtilegri menningu, en virðist hafa ratað í ógöngur. Þarna er fólki stöðugt að fækka. Á blaðsíðu 50 í þingsályktunartillögunni sem lögð er fram hér, er lítill kafli um Vestmannaeyjar. Þar segir reyndar og er viðurkennt að í Vestmannaeyjum hefur fólki fækkað mikið. Sérstaða eyjanna er viðurkennd í þessu skjali vegna legu þeirra, vegna sjávarútvegsins og náttúru, fuglalífs og jarðsögu, byggðasögu og eyjasamfélagsins. Þarna má fá yfirsýn yfir þetta allt. Þetta allt saman hefur skapað eyjunum mikla sérstöðu, skemmtilega sérstöðu, næstum einstæða sérstöðu vil ég segja, ekki bara á Íslandi heldur kannski við Norður Atlantshaf. Réttilega er bent á að þetta megi nýta frekar til að þróa ferðaþjónustu og annað, en atvinnulíf sé einhæft, tengt sjávarútvegi og fiskvinnslu og sóknarfæri þar sé helst að finna í fullnýtingu sjávarfangs. Bent er á að þekkingar- og rannsóknarstarf sé mikilvægt og að bæta þurfi samgöngur milli lands og Eyja til að unnt sé að auka fjölbreytni í atvinnulífi sem annars eru þó góð skilyrði fyrir.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst þetta mjög vel orðað. Ég er sammála hverju einasta orði sem þarna stendur. En því miður verð ég að segja að síðasta setningin veldur mér svolitlum vonbrigðum því þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Unnið er að stefnumótun fyrir byggð í Vestmannaeyjum og öðrum hlutum Suðurlands. Í þeirri vinnu munu verða stikaðar leiðir til sóknar á grundvelli staðhátta í Eyjum."

Hvers vegna skyldi þetta valda vonbrigðum? Jú, Þetta veldur mér vonbrigðum vegna þess að þetta segir mér að í raun og veru sé ekki verið að gera það sem ríður mest á að gera og það er að gera eitthvað í málefnum Vestmannaeyja. Við höfum engan tíma til að bíða eftir einhverri svona stefnumótun eða að farið verði út í einhvers konar áætlana-

gerð eða rannsóknir á staðháttum í Vestmannaeyjum. Við vitum alveg hvernig ástandið er. Það þarf ekki annað en að fara út í Vestmannaeyjar og vera þar í nokkra daga til að verða þess áskynja. Maður þarf heldur ekki að gera annað en að skoða tölur yfir þróun mannfjölda í Vestmannaeyjum og þá sér maður að ástandið er grafalvarlegt. Það hefur verið stöðug fólksfækkun í Vestmannaeyjum síðan 1999. Þá voru íbúar samkvæmt opinberum tölum alls 4.933. Núna eru þeir um 4.100. Þetta er fækkun um 800 manns á 14 ára tímabili. Þetta sýnir að þessar tölur eru grafalvarlega því árið 1991 voru 71% íbúanna 40 ára og yngri. Nú í byrjun desember síðastliðinn var þetta hlutfall komið niður í 58%. Fyrir 14 árum síðan voru 3.482 íbúar 40 ára og yngri í Vestmannaeyjum. Núna eru þeir aðeins 2.422, yngri en fertugir. Þetta segir okkur að fækkunin í aldursflokkunum, 40 ára og yngri á þessum 14 árum, er rúmlega 1.000 manns. Þetta er mjög alvarlegt því við erum hérna að tala um börn og unglinga og fólk á barneignaaldrinum á milli tvítugs og fertugs. Þetta aftur leiðir til þess að meðalaldurinn í Vestmannaeyjum hækkar mjög hratt. Við sjáum að fæðingatölurnar fara lækkandi. Á árinu 1991–1994 fæddust 98–105 börn árlega í Vestmannaeyjum. Síðan hefur fæðingunum fækkað um helming á hverju ári. Þær voru aðeins um 50 árin 2003 og 2004.

Ég held að það þurfi engan stóran tölfræðing eða stærðfræðing til að sjá að hér eru mjög alvarlegir hlutir að gerast. Ég hef orðað það þannig að byggðinni sé hreinlega að blæða út og við megum engan tíma missa. Nýjustu tölur frá Hagstofunni staðfesta að þessi neikvæða þróun heldur áfram á fullri ferð, því miður. Ef við skoðum tölurnar yfir aðflutta og brottflutta á síðasta ári í Vestmannaeyjum þá eru brottfluttir frá Vestmannaeyjum 258. Aðfluttir eru 212. Þetta þýðir að brottfluttir umfram aðflutta eru 46 bara á síðasta ári.

Fyrir síðustu alþingiskosningar töluðu stjórnarflokkarnir mikið um það stórslys sem yrði ef skipt væri hér um ríkisstjórn, að það mundi leiða ýmsar hörmungar yfir landið og kannski ekki síst landsbyggðina. En hvernig hefur þróunin verið frá síðustu alþingiskosningum víða um landið? Tölurnar í Vestmannaeyjum sýna að þessi þróun hefur verið skuggaleg. Bara í Vestmannaeyjum hefur íbúum fækkað um 200, bara í Vestmannaeyjum frá síðustu alþingiskosningum.

Virðulegi forseti. Þetta finnst mér segja meira en mörg orð um að þarna eru mjög alvarlegir hlutir á ferðinni og þarna þurfum við að gera eitthvað og við þurfum að gera það sem fyrst. En hvað er þá hægt að gera fyrir stað eins og Vestmannaeyjar? Við skulum bara taka Vestmannaeyjar. Ég hef ákveðna skoðanir á því hvað megi gera fyrir Vestmannaeyjar. Það þarf að sjálfsögðu að bæta samgöngur til og frá Eyjum. Nú hafa nýjustu niðurstöður sýnt að sáralitlar líkur eru á því að grafin verði göng á milli lands og Eyja og þá ber okkur strax að fara í þá vinnu að endurbæta samgöngur með öðrum hætti. Ég tel að stjórnvöld eigi strax að skoða möguleikana á að kaupa nýtt skip í staðinn fyrir Herjólf, stærra skip og hraðskreiðara sem getur gengið á milli lands og Eyja að minnsta kosti tvær ferðir á hverjum sólarhring. Það þarf líka að endurbæta flugsamgöngur. Það þarf að endurreisa ferðamennskuiðnaðinn í Vestmannaeyjum sem hefur orðið fyrir miklu áfalli eftir að flugsamgöngum milli lands og Eyja var breytt. Það þarf líka að gera ákveðnar breytingar að sjálfsögðu á fiskveiðistjórnarkerfinu eins og menn hafa verið að benda á. Vestmannaeyingar hafa þó verið það heppnir að þeir hafa ekki tapað miklu af veiðikvótum. Hins vegar er eitt af þeirra stóru vandamálum það að þeir flytja út allt of mikið af sínu fiskhráefni óunnu úr landi. Það er ekki unnið í Vestmannaeyjum. Það fer beint um borð í gáma og er flutt óunnið úr landi. Fyrir svona samfélag sem er svo háð fiskvinnslu og sjósókn er þetta mjög alvarlegt. Það verður náttúrlega að setja reglur sem mynda einhvern hvata til þess að hægt sé að vinna þennan afla meira í landi, skapa þar virðisauka og störf og tekjur inn í bæjarfélagið af því áframvinna þann fisk sem berst þó að landi. Ég tel að það megi gera það til að mynda með þeim reglum eða lögum sem við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til á Alþingi, þ.e. aðskilja veiðar og vinnslu fjárhagslega. Þannig geta allir fiskverkendur boðið í þann afla sem berst á land. Fiskvinnslan í Vestmannaeyjum gæti þá boðið í þann afla sem þó berst á land í Vestmannaeyjum. Það yrði hreinlega óheimilt að selja þennan fisk beint úr landi í beinum viðskiptum. Þetta væri t.d. hægt að gera og þetta held ég að mundi strax skila miklu.

Annað sem fer illa með Vestmannaeyinga, að mínu mati, er að þeir leigja frá sér mjög mikið af aflaheimildum. Kvótakerfið eins og það byggt upp í dag leyfir að fyrirtækin geti leigt mikið frá sér af aflaheimildum. Vestmannaeyingar leigja mjög mikið af bolfiski frá sér. Þetta er mjög alvarlegt því þetta skilur náttúrlega engan virðisauka eftir í samfélaginu í Vestmannaeyjum. Þetta eru bara veiðiheimildir sem koma í formi bréfs frá Fiskistofu á hverju ári inn í nokkur ákveðin fyrirtæki, inn á nokkrar örfáar kennitölur. Síðan halda þessar veiðiheimildir áfram út úr bæjarfélaginu án þess að skilja nokkuð eftir sig nema kannski eitthvert peningaflæði inn á bankareikninga viðkomandi útgerðarfyrirtækja. En fólkið sem býr í bæjarfélaginu hefur engar tekjur af þessu. Þetta skapar engan virðisauka í bæjarfélaginu. Þetta er að sjálfsögðu mjög slæmt mál fyrir samfélagið í Eyjum.

Þetta eru nokkur atriði sem mætti framkvæma til að rétta af sjávarbyggð eins og Vestmannaeyjar, þ.e. endurbætur á samgöngukerfi og síðan umbætur á fiskveiðistjórnarkerfinu sem gera það að verkum að byggðunum sjálfum er gefið tækifæri til að skapa aukinn virðisauka úr því hráefni sem berst á land á hverjum tíma. Eflaust má heimfæra með einhverjum smábreytingum þann veruleika sem Vestmannaeyingar glíma við núna yfir á margar aðrar sjávarbyggðir víða um land. Eflaust má gera það. En tími minn í ræðustól núna leyfir það ekki. Ég vildi nota þetta tækifæri mitt núna til að taka Vestmannaeyjar út úr og tala sérstaklega um þær og benda á hvernig staðan er þar.

Eitt enn að lokum, virðulegi forseti. Það má gera eitt enn fyrir svona byggðir og það er að taka ríkisstofnanir og flytja þær út á land á svona staði. Ég vil vekja athygli á því að í þessari þingsályktunartillögu á blaðsíðu 53 er mjög athyglisverður kafli þar sem greint er frá reynslu Norðmanna af þessu, þ.e. að flytja ríkisstofnanir markvisst út á land. Þar hefur reynslan, tel ég vera, að ég best veit, verið nánast undantekningarlaust mjög góð. Hvers vegna í ósköpunum

hafa stjórnvöld hér á landi ekki kjark til að gera það sama, feta í fótspor Norðmanna (Forseti hringir.) og flytja ríkisstofnanir og störf út á land?

[19:27]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að nú sé einboðið þegar fyrir liggur að kostnaðurinn við gerð jarðganga til Vestmannaeyja sé svo hár að ekkert þýðir að ræða það mál — auk þess eru jarðfræðilegar aðstæður þannig að það er varla hægt að treysta sér að leggja til að reyna að gera jarðgöng — þá held ég mikilvægt sé að menn fari í að bæta samgöngur Vestmannaeyja við landið sem fyrst og tek ég undir það með hv. þingmanni. Það held ég að menn eigi að gera með því að gera nýja höfn við Bakka, á Bakkafjöru, þannig að siglingartíminn milli lands og Eyja verði sem stystur og svo á að hafa sem tíðastar ferðir. Ég held að það sé langbesta leiðin til að tryggja góðar samgöngur og draga úr áhrifum af einangrun. Auk þess mundi flug frá Vestmannaeyjum til Bakka að sjálfsögðu verða vænlegra heldur en flug til Reykjavíkur. Ég held að þetta sé sú leið sem mundi styrkja samgöngur við Vestmannaeyjar meira en aðrir kostir.

Þá tók ég eftir að ekki komu skýrt fram hjá þingmanni tillögur um breytingar á löggjöf um stjórn fiskveiða þannig að við erum engu nær um hvað Frjálslyndi flokkurinn vill í þeim efnum. Ég vil snúa hlutunum við núna og inna hv. þingmann eftir tillögum í þeim efnum. Ég vil þó segja honum, svo það fari ekki á milli mála, að mínar hugmyndir í þeim efnum eru þær að alla vega til að byrja með sé skynsamlegast að taka frá ákveðinn hluta af veiðiheimildunum og nota þær til ráðstöfunar fyrir einstök byggðarlög þannig að af þeim hafi menn tekjurnar með útleigu veiðiheimildanna, rétt eins og Þuríður Sundafyllir gerði hér forðum daga er hún settist að í Bolungarvík. Þegar hún setti Kvíamið lét hún menn borga veiðileyfagjald fyrir að nýta miðin, eina á kollótta fyrir hvert ár. Að (Forseti hringir.) sjálfsögðu er ekkert óeðlilegt að sjávarbyggðir fái tekjur af auðlindinni.

[19:29]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu á að fara í framkvæmdir í Bakkafjöru ef það er hægt. Ég held hins vegar að framkvæmdatíminn á þeirri hafnargerð yrði langur. Það eru mörg ár þangað til að það verður tilbúið. Ég tel því fyllilega réttlætanlegt að grípa strax til þeirra aðgerða og athuga kaup á nýju skipi, athuga hvort ekki sé hægt að fá einhvers staðar annað skip. Fyrir hendi er góð höfn í Vestmannaeyjum. Fyrir hendi er góð höfn í Þorlákshöfn. Þó keypt sé skip er alltaf hægt að selja það aftur eftir nokkur ár ef menn ná þeirri lendingu að mögulegt sé að gera góða höfn í Bakkafjöru, sem reyndar hefur ekki fyllilega verið sýnt fram á enn þá. Það er alveg rétt sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson bendir á, að það er flogið á milli Vestmannaeyja og Bakka og það flug er mjög mikilvægt og gerðar hafa verið ákveðnar endurbætur þar á aðstöðu, sérstaklega uppi á landi. En það breytir þó ekki því að flugsamgöngur milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur — það tekur ekki nema rétt rúman hálftíma að fljúga þessa leið — að flugsamgöngur milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur eru alls ekki nógu góðar. Það er allt of dýrt fyrir fólk í dag að notfæra sér þetta. Því er ástandið á þeim málum alls ekki nægilega gott.

Svo varðandi hvað við í Frjálslynda flokknum mundum vilja gera. Ég mundi vilja halda áfram og útfæra fiskveiðistefnu okkar. Ég held að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson viti alveg út á hvað hún gengur, að hann hafi kynnt sér hana. Við höfum talað um að opna kerfið neðan frá og byrja á að setja sérstaklega strandveiðiflotann í sóknarmarkskerfi — þá á ég við þau skip sem landa ferskum afla til vinnslu í landi — að þessi floti verði settur út í vel útfært sóknarmarkskerfi, svona svipað og menn hafa gert í Færeyjum með góðum árangri.

Tími minn leyfir mér því miður ekki að fara út í þetta í smáatriðum. En ég skal hvenær sem er glaður setjast yfir það með hv. þingmanni og útskýra fyrir honum hvað fyrir okkur vakir í þessum efnum.

[19:31]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hætta mér út í umræðu um hvort eigi að kaupa nýtt skip eða nýja ferju, það er mál sem ég þekki ekki og ætla því ekki að blanda mér í þá umræðu. Ég held hins vegar að það sé mjög skynsamlegt og það besta í stöðunni fyrir Eyjamenn væri að kalla eftir framkvæmdum við Bakkafjöru og gera þar nýja höfn því að ég er alveg sannfærður um að það væri langbesta aðgerðin til þess að draga úr samgöngulegri einangrun eyjanna að hafa sem stystan ferðatíma og sem flestar ferðir dag hvern. Það er almennt reynslan annars staðar frá að slíkt sé besta leiðin til þess að draga úr áhrifunum sem fylgja einangrun, þar sem hefur vantað upp á samgöngurnar.

Varðandi fiskveiðistjórnarkerfi erum við auðvitað komin í ákveðna stöðu með það kerfi sem hefur þróast þannig að það má segja að það sé að sumu leyti álitlegt eða til bóta að einhverju leyti, en að öðru leyti eru menn komnir í töluverðar ógöngur eins og við sjáum með afleiðingar af framsalinu. Þess vegna hef ég viðrað þær hugmyndir að taka frá ákveðinn hluta veiðiheimildanna, a.m.k. 5%. Við erum með um 400 þúsund tonn í þorskígildi og ef við værum með um 20 þúsund tonn að lágmarki, sennilega þyrfti það að vera meira, þá gætum við dreift þeim út til þeirra sjávarbyggðarlaga þar sem hefur verið samdráttur. Það er svo sem engin ástæða til þess að nota þær til þess að skapa atvinnu eða tekjur í byggðarlögum þar sem vel hefur gengið vegna þess að ný atvinnutækifæri hafa komið til. Með þessu móti gætu menn annaðhvort fengið tekjur af útleigu veiðiheimildanna eða notað þær til þess að leyfa nýjum aðilum og þeim sem fyrir eru á staðnum að nýta þær og lækka þannig kostnað (Forseti hringir.) við að afla veiðiheimilda, sem er grundvallaratriði.

[19:34]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er greinilega raunsæismaður í samgöngumálum milli lands og Eyja, a.m.k. meiri raunsæismaður en félagar hans í þingflokki Framsóknarflokksins, þeir hæstv. ráðherra Guðni Ágústsson og hv. þm. Hjálmar Árnason. En ég held að það hafi verið á síðasta ári sem þeir kynntu á fundi í Vest-

mannaeyjum hugmyndir um að fara á milli lands og eyja í gasblöðru eða loftskipi, sem ég hygg að hafi nú verið hálfgerðar skýjaborgir og menn hafa reyndar ekki rætt neitt síðan þá. Ég vona bara að menn komist sem allra fyrst niður á einhverja raunhæfa lausn í samgöngumálum Vestmannaeyja því ég tel að Vestmannaeyjar séu þannig samfélag hér á Íslandi að það beri að gera allt sem við getum til þess að halda byggð þar uppi. Þetta er dugmikið og ákaflega merkilegt samfélag og fallegur staður og Vestmannaeyjar eiga það svo sannarlega inni hjá þjóðinni allri að þeim sé hjálpað á erfiðleikatímum. Þetta byggðarlag hefur skilað mjög miklum tekjum, það eru sennilega fá byggðarlög eða bæjarfélög á landinu sem hafa skilað jafnmiklum tekjum til þjóðarbúsins á síðustu áratugum og þessi blómlega byggð við suðurströnd Íslands.

Varðandi breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu þá held ég að það væri alls ekki vitlaust að skoða hvort ekki væri rétt að taka frekar ákveðnar tegundir út úr kvóta í staðinn fyrir að taka út ákveðna prósentu af kvótum eða aflaheimildum. Það er ekkert sem mælir til að mynda með því að ýsa sé í kvóta í dag, né ufsi eða tegundir eins og steinbítur, jafnvel skötuselur, keila eða langa. Þessar tegundir þurfa ekkert að vera í kvótum og við (Forseti hringir.) ættum frekar að skoða það.

[19:36]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er nú nokkuð liðið á þessa umræðu og ég ætla að reyna að halda áfram þar sem frá var horfið í fyrri ræðu minni. En fyrst varðandi það hverjir hafa tekið þátt í umræðunni, hverjir hafa verið viðstaddir og hverjir ekki, þá langar mig til að bæta því hér við að það athyglisvert, eins og bent var á áðan, að engir hæstv. ráðherrar hafa verið viðstaddir að undanskildum hæstv. iðnaðarráðherra. Það er auðvitað með ólíkindum vegna þess að eins og margoft hefur komið fram þá eru byggðamálin ekki þess eðlis að hægt sé að ramma þau inn í eitt fagráðuneyti. Ég ítreka því þá skoðun mína sem kom fram í fyrri ræðu minni að ég held að það sé óheppilegt að vista byggðamál í fagráðuneyti, sama hvaða fagráðuneyti það er, og að hentugra og eðlilegra sé að byggðamálin væru í forsætisráðuneytinu þannig að menn átti sig á því að þau mál tengjast öllum. Ég held að mæting hæstv. ráðherra við þessa umræðu sýni mikilvægi þess að allir hæstv. ráðherrar átti sig á því að byggðamál varða þá alla.

Það er eitt sem við höfum kannski vanið okkur allt of mikið á þegar við ræðum byggðamál en það er að ræða ekki alla byggðina í landinu. Ég minnist þess í ræðum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar hér fyrir nokkrum árum þegar hann benti afskaplega skýrt á það með sterkum rökum að það væri rekin og hefði verið rekin byggðastefna í þessu landi sem hefði skilað mjög góðum árangri, þ.e. sú byggðastefna að fjölga fólki hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er vissulega rétt, menn hafa náð mjög góðum árangri í þeirri byggðastefnu og þess vegna er mjög mikilvægt að við ræðum byggðamálin heildstætt og þannig þarf auðvitað að nálgast þessi mál, að við horfum einnig á byggðina hér á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að þetta er auðvitað mál okkar allra. En því miður hafa afar fáir hv. þingmenn hér á höfuðborgarsvæðinu tekið þátt í umræðum nú, ég hygg að það sé rétt hjá mér að það hafi aðeins einn þingmaður úr kjördæmum höfuðborgarsvæðisins, þ.e. hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, tekið þátt í þeim í dag. Það er auðvitað miður því að ég lít svo á að þetta séu mál sem varði okkur öll og við þurfum að ná umræðunni inn á það svið að við skoðum þessi mál heildstætt.

Ég nefni bara eitt dæmi sem kom fram í ræðu hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar áðan, þar sem hann vitnaði til reynslu Norðmanna varðandi flutning opinberra stofnana. Þetta er mál sem hefur raunverulega aldrei náðst að ræða almennilega hér núna til fjölda ára. Það hafa ekki verið gerðar neinar áætlanir í þeim efnum og ég vil fullyrða að menn hafi aldrei skoðað þessi mál, a.m.k. ekki núna mjög lengi, varla síðan á áttunda áratugnum af neinni alvöru, þ.e. hvernig eigi að standa að flutningi stofnana, hvort menn vilji t.d. flytja heilar stofnanir eða flytja eitt og eitt starf eða hluta þjónustu. Við sem höfum fylgst með þessum málum nokkuð lengi þekkjum þróunina í byggðaáætlun varðandi það hvernig farið hefur verið að því að nálgast flutning á opinberum störfum. Það hafa ekki verið gerðar margar áætlanir síðan það markmið var sett inn að fjölga skyldi opinberum störfum meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þetta var nokkuð skýrt og mælanlegt markmið. Það verður hins vegar að segjast eins og er — af því að ég held því miður að menn hafi ekki meint þetta og því ekki farið í þá umræðu sem með þurfti — að árangurinn varð aldrei eins og stefnt var að. Það hefur ætíð orðið þannig að opinberum störfum hefur fjölgað miklum mun meir á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Næsta skref í þróuninni var svo að inn í byggðaáætlun var sett orðalag sem hljóðaði upp á að stefnt skyldi að því að opinberum störfum fjölgaði jafnmikið á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Enn og aftur varð niðurstaðan sú sama, vegna þess að ég held að menn hafi ekki meint þetta og ekki var farið skipulega í umræðu um hvernig ætti að ná þeim markmiðum, markmiðin náðust ekki og opinberum störfum fjölgaði mun meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Það var síðan í síðustu byggðaáætlun, en við erum m.a. nú að fjalla um skýrslu um hvernig til hafi tekist, að menn féllu algjörlega frá þessum markmiðum og færðu sig, ef ég man rétt, í almennt orðalag um að það ætti að skoða það að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni, engin markmið voru sett um hversu mikið það ætti að vera. Ég hygg og sé það reyndar að árangurinn hefur verið svipaður, það fjölgar enn þá mun meira opinberum störfum á höfuðborgarsvæðinu. Og ég sé að í nýrri byggðaáætlun er svipað orðalag og síðast, að menn ætli sem sagt að skoða þetta og velta þessu svolítið fyrir sér og athuga hvort eitthvað sé hægt að gera í þessum efnum en ekki tekið á því með þeim hætti sem nauðsynlegt væri. Ég er með þetta orðalag hér fyrir framan mig, 17. áherslupunkturinn endar á þessum orðum, með leyfi forseta:

„Hugað verði að því hvort efla megi opinbera þjónustu við þessar atvinnugreinar á landsbyggðinni," — sem eru taldar upp á undan — „t.d. með flutningi tiltekinna verkefna."

Sterkara er ekki að orði kveðið í þeim efnum og hefði

maður nú haldið að það hefði verið hægt að nota t.d. tímabil fyrri byggðaáætlunar til þess að reyna að fara yfir hvernig hægt væri að standa að þessum málum og það væri þá hægt að koma með skýrara orðalag og ljósari og mælanlegri markmið í þeirri byggðaáætlun sem tekur við árið 2006. En því miður er þessu ekki þannig varið og við sitjum því enn uppi með hið óljósa orðalag og það verður væntanlega eins og áður tilviljunarkennt hvernig að þessum málum verður staðið.

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni var ég þar staddur að ég var að fjalla um skýrsluna sem hæstv. iðnaðarráðherra taldi augljóslega vera nægjanlega rædda því ekki var einu einasta orði eytt í hana í framsögu hæstv. ráðherra. En ég var að fjalla þar um íbúaþróunina, sem og ýmsir hv. þingmenn hafa gert, þannig að ég held að það þurfi ekki að endurtaka neitt í þeim efnum en niðurstaðan er augljóslega sú að það sem menn hafa stefnt að hefur því miður ekki náðst fram, það má segja að það hefur eingöngu orðið fjölgun á Stór-Reykjavíkursvæðinu og síðan í kringum Akureyri og á Miðausturlandi.

Varðandi tölurnar á Miðausturlandi sem hér hafa nokkuð verið ræddar, að hluta til á afar sérkennilegan hátt, þá er það auðvitað alveg ljóst að á meðan á því uppbyggingarskeiði stendur sem nú er þar þá er mjög erfitt að byggja raunverulega á íbúatölum því þær eru síbreytilegar og það er auðvitað ekki fyrr en álverið tekur til starfa sem menn sjá hvernig til tekst í þeim efnum. En eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti hér á í andsvari, þá eru öll teikn á lofti um að þar muni það heppnast sem að var stefnt, að fjölga íbúum verulega, og hugarfarið er auðvitað komið í þann gír að það er ekkert sem mun koma í veg fyrir það.

Síðan koma fram í skýrslunni þær uggvænlegu tölur sem einnig hafa verið nokkuð ræddar hér, um launaþróun, þ.e. að meðalatvinnutekjur hafa þróast á þann hátt að það hefur stöðugt hallað á landsbyggðina í þeim efnum. Þetta er áhyggjuefni sem hefði þurft að skoða nánar, hvernig bregðast megi við því að þetta er öfugt við það sem lengst af var, en einn af kostunum fyrir marga við að búa á landsbyggðinni var að þar voru meiri tekjumöguleikar.

Herra forseti. Það er athyglisvert að skoða síðan örlítið þá niðurstöðu sem Byggðastofnun kemst að varðandi síðasta tímabil byggðaáætlunar. Ef niðurstaðan er tekin saman örlítið stytt þá segir hér, með leyfi forseta:

„Aðgerðir hafa þó ekki skilað nægum árangri á nokkrum landsvæðum, svo sem Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, norðausturhorninu, sunnanverðum Austfjörðum, Skaftafellssýslum og Vestmannaeyjum.“

Þetta hefur ekki skilað árangri á ansi stórum hluta landsins og er auðvitað eðlileg krafa að það sé þá sérstaklega skoðað á næsta tímabili hvernig hægt er að bregðast við þessu. Ég verð að taka undir það með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að það er ekki að sjá í þeim tillögum sem hér liggja fyrir að hrein og klár markmið séu um hvernig hugsanlegt er að snúa þessu við, verja þessi svæði eða yfir höfuð hvernig stjórnvöld vilja bregðast við slíkri þróun, hvort stjórnvöld vilji í raun og veru halda henni áfram.

Ég vil vekja athygli á því sem segir líka í niðurstöðu Byggðastofnunar sem skiptir gífurlegu máli en þar segir, með leyfi forseta:

„... og kraftur heimamanna skiptir ætíð mestu máli þegar kemur að því að takast á við breytingar í atvinnuháttum og samfélagsþróun.“

Þetta, frú forseti, er í raun lykilsetning. Því er afskaplega mikilvægt að þær aðgerðir sem verið er að undirbúa eða vinna í í þessum efnum séu einmitt til þess að auka kraft og þor heimamanna, þ.e. að fá þá í lið með sér við þær breytingar sem þarf að gera en ekki að koma inn hjá heimamönnum ýmist væntingum sem ekki er hægt að standa undir eða draga úr þeim allan mátt. Slíkt er ekki hægt og það þarf að haga aðgerðum þannig að heimamenn séu drifkrafturinn í þeim breytingum sem þarf að fara í.

Hæstv. ráðherra bendir á eina leið og eðlilegt er að hæstv. ráðherra bendi á hana vegna þess að vaxtarsamningur er að því er virðist á margan hátt lykilorð í framtíðarsýn hæstv. ráðherra. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra í því að vaxtarsamningar geta skilað árangri og við erum að vona að þeir skili árangri þar sem þeir eru komnir á og verða settir á. En ljóst er að töluvert fjármagn þarf líka til að geta sett af stað hlutina og er einmitt mjög gott módel fyrir það að ná heimamönnum með, það er alveg hárrétt. En ég held að skoða þurfi verulega hvort þurfi ekki líka að vera heildstæð stefna gagnvart landinu öllu vegna þess að það er augljóst mál, það er bara raunsæi, að við getum ekki látið öll svæði vaxa. Þannig eru bara staðreyndirnar og þarf því að nálgast þetta á mismunandi hátt.

Það er raunverulega á margan hátt sorglegt hversu lengi við framkvæmum hluti sem hafa verið reyndir mjög víða. Það er eins og við þurfum allt of oft að finna upp hjólið, það er eins og engir aðrir hafi lent í byggðaþróun eða íbúaþróun eins og við, en þannig eru hlutirnir auðvitað ekki. Þetta er alkunna og mjög víða hefur verið brugðist við með ágætum árangri. Og vegna þess að hæstv. iðnaðarráðherra tilheyrir flokki sem á síðustu dögum hefur verið að vekja sérstaka athygli á Evrópusambandinu þá er náttúrlega hægt að leita þar fanga og sjá að ýmislegt sem Evrópusambandið hefur verið að taka sér fyrir hendur í þessum efnum hefur skilað mjög góðum árangri. Þekktust eru líklega dæmin á Írlandi þar sem hlutunum var snúið við. Við sjáum það í Skotlandi, norðanverðu Finnlandi og norðanverðri Svíþjóð þar sem menn hafa verið að taka á þessum hlutum. Það er eiginlega óskiljanlegt að við skulum ekki geta sótt þangað meira fóður.

Frú forseti. Það er eins og oft áður að tíminn er fljótur að líða. Ég vil þó ekki hætta að fjalla um þessi mál öðruvísi en að nefna afskaplega stóran hlut sem ég hef algjörlega látið ónefnt fram að þessu og það er hið göfuga markmið um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Ég sé að það er nær óbreytt í áætlun næsta tímabils. Ég fagna því að það er inni en ég lýsi jafnframt yfir vonbrigðum með hversu illa það er skilgreint hvernig menn ætla að fara að því að efla sveitarstjórnarstigið. Ýmislegt hefur verið reynt í þeim efnum en því miður hefur árangurinn ekki verið eins og menn hafa vænst. Ég tel hins vegar að efling sveitarstjórnarstigsins sé eitt af hinum stórum málum fyrir landsbyggðina vegna þess að við þurfum að eiga einingar úti um land sem geta ráðið við mörg þau verkefni sem ríkisvaldið er núna með. Við þurfum að breyta hlutföllunum í líkingu við það sem er í nágrannalöndum okkar, þ.e. meiri hluti hinnar opinberu

þjónustu þarf að vera á höndum sveitarfélaganna. En til þess að það náist fram verða einingarnar að verða miklum mun stærri og öflugri en þær eru í dag.

Það þarf að stokka allt upp, það þýðir ekki að horfa á eflingu sveitarstjórnarstigsins einangrað. Þar þurfa t.d. samgöngumál að koma við sögu. Það blasir alveg við að ef við ætlum að ná þessu fram verðum við að skipuleggja framkvæmdir í samgöngumálum í samræmi við það sem að er stefnt í þeim efnum.

Ég tek eftir því í áætlun fyrir næsta tímabil að bent er á þetta varðandi þá þrjá byggðarkjarna sem nú er ætlunin að efla á næsta tímabili. Minnst er á þetta sérstaklega varðandi einn byggðarkjarna, þ.e. Ísafjörð, að þar þurfi að huga að samgöngumálum. En jafnsérkennilegt og það nú er að varðandi hinn þriðja byggðarkjarna, númer tvö væri þá Akureyri, þ.e. Miðausturland að þar er ekkert minnst á samgöngumál. Það liggur algjörlega ljóst fyrir að ef menn ætla að ná þeim markmiðum sem sett eru um að gera Miðausturland að slíkum byggðarkjarna, sem ég er sammála að er afskaplega mikilvægt, þá verða samgönguúrbætur að eiga sér þar stað. Þar er um fjallvegi að fara og meðan það er munum við ekki geta tengt þetta á sama hátt og ef við værum búin að tengja þar með jarðgöngum eins og nauðsynlegt er, en því miður er ekki gert ráð fyrir því í samgönguáætlun.

[19:51]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég velti fyrir mér í framhaldi af því sem hv. þingmaður nefndi um álit Byggðastofnunar á árangri í síðustu byggðaáætlun þar sem nefnd eru ákveðin svæði á landinu þar sem hefur tekist nægjanlega vel til. Í merkilegri skýrslu sem kom út fyrir áramót, sem heitir Landfræðilegt litróf íslenska fasteignamarkaðarins, er einmitt getið um hluti sem varða það sem hv. þingmaður nefndi og vísaði til Byggðastofnunar, vegna þess að byggðarlög á þeim svæðum byggja flestöll á sjávarútvegi og þess vegna hlýtur löggjöf um það og þróun í þeirri atvinnugrein að hafa áhrif á málið.

Í skýrslunni segir á bls. 52 að sýnt hafi verið fram á það með mælingum að aflamarkskerfið hafi haft einhver neikvæð áhrif á búsetuþróun á minni þéttbýlisstöðum. Það segir líka í skýrslunni að hreyfanleiki veiðiheimilda stuðli að óvissu í afkomu vinnuafls vegna þess að vinnuaflið er ekki eins hreyfanlegt og veiðiheimildirnar og fjármagnið og vísað til þess að fræðimaður á sviði svæðahagfræði hafi fjallað um þetta og lagt til að menn settu vissar hömlur á flutning fjármagnsins og þar með veiðiheimildina til að draga úr afleiðingunum af því. Um þetta mál hefur því verið fjallað í þessari merku skýrslu.

Á bls. 47 í henni segir einmitt að til þess að breyta þeirri þróun sem þessi landsvæði eigi við sem búi við svona einhæft atvinnulíf og framleiðsluatvinnuvegi þá væri best að byggja upp atvinnustarfsemi sem byggi á öðrum grunni en þeim hefðbundna, t.d. stóriðju og ferðaþjónustu. Það eru því býsna athyglisverðar ábendingar að finna í þessari ágætu skýrslu, virðulegi forseti.

[19:53]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er hárrétt hjá hv. þingmanni að þetta liggur fyrir í þeirri ágætu skýrslu sem hv. þingmaður benti á og sýnir hversu víðfeðm byggðamálin eru, þau tengjast alls staðar inn. Ljóst er að þar sem íbúaþróunin hefur verið hvað neikvæðust hafa þau byggðarlög lifað að meira og minna leyti á sjávarútvegi og vissulega landbúnaði líka.

Það sem er merkilegt við þetta og hv. þingmaður bendir á er að stór hluti af þessari þróun var séður fyrir. Þegar ákveðið var að fara í aflamarkskerfið lá ljóst fyrir að það voru markmið um hagræðingu, það voru markmið um samþjöppun í greininni og þá lá alveg fyrir hvaða þróun yrði plús öll tækniþróunin sem menn bentu á. Þess vegna er það ekki síður alvarlegt að stjórnvöld skuli ekki hafa brugðist við því á nokkurn hátt. Það er einmitt bent á, eins og hv. þingmaður gerði, að byggja þarf á ýmsum möguleikum öðrum til þess að reyna að snúa þeirri þróun við eða stoppa hana öllu heldur, það er kannski fyrsta skrefið að reyna að stoppa hana.

Hluti af því sem menn hafa bent á er að eðlilegt væri að borguð séu auðlindagjöld sem renni m.a. til þessara verkefna. Ég held að það sé afskaplega mikilvæg umræða sem þurfi að fara í vegna þess að getum við ekki farið með tímann aftur á bak, við þurfum að horfa fram á við, og augljóst mál að við blasir á þessum svæðum að gera þarf sérstakt átak. Þess vegna eru það vonbrigði, eins og ég tók fram í ræðu minni og tók undir með hv. þingmanni, að í þeirri byggðaáætlun sem hér er skuli raunverulega ekki liggja neitt fyrir um það hvernig stjórnvöld hugsa sér að taka á þessum vanda. Maður verður því að draga þá ályktun af þessu að stjórnvöld virðast hafa gefist upp á því að leysa málið.

[19:55]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru nefnilega athyglisverðar tillögur sem koma fram í þessari skýrslu frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, sem var birt í nóvember sl., að einmitt á þeim svæðum þar sem hallar undan fæti eigi menn að líta á þá aðgerð að setja hömlur á flutning veiðiheimilda, taka á sjávarútveginum sjálfum sem er svona stór undirstaða í þessum byggðarlögum og það verði að gera með þessu atriði.

Í öðru lagi með því að setja fjármagn og afl í að byggja upp aðrar atvinnugreinar til að styrkja grundvöllinn fyrir umrædd byggðarlög.

Í þriðja lagi það sem er að finna á bls. 59 í skýrslunni, að auka umsvif hins opinbera á landsbyggðinni og þar með talið þessum svæðum líka, bæði með því að flytja verkefni og störf en líka, eins og hér er lagt til, með skattaívilnunum til að vega þá á móti efnahagslegu misvægi eftir búsetu sem hefur verið að vaxa eins og kemur fram í gögnum sem lögð eru fyrir okkur við þessa umræðu, bæði í þingsályktunartillögunni sjálfri og skýrslunni um framkvæmd fyrri áætlunar.

Mér finnst því að menn eigi að horfa miklu meira á þær tillögur sem er að finna í skýrslunni en það sem fram kemur í þeirri þingsályktunartillögu sem liggur fyrir okkur. Mér finnst eiginlega vanta inn í þá tillögu að tekið sé meira tillit

til þeirra tillagna sem er að finna í þessari merku skýrslu, Landfræðilegt litróf íslenska fasteignamarkaðarins. Ég vil hvetja þá sem fá málið til meðferðar í þingnefnd til að líta á þær tillögur sem hér er að finna og gaumgæfa þær og velta því fyrir sér hvort ekki sé hægt að ná samstöðu um að styrkja þá tillögu sem fyrir okkur liggur með tillögum úr þessari skýrslu.

[19:58]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þær ágætu ábendingar sem hér hafa komið fram. Það er auðvitað rétt hjá hv. þingmanni að í þessari ágætu skýrslu eru ýmsar tillögur sem hefði verið eðlilegt að sjá í þeirri þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir varðandi nýja byggðaáætlun. En af einhverjum ástæðum, væntanlega vegna þess að ekki hefur náðst um það pólitísk samstaða, eins og hæstv. iðnaðarráðherra kallar það yfirleitt þegar samstarfsflokkurinn stoppar ágætar tillögur hæstv. ráðherra, þá geri ég ráð fyrir að það sé skýringin. Ég hef fulla trú á því að hæstv. iðnaðarráðherra hafi haft hug á að ganga eitthvað í þessa átt en ekki náð því fram og um það hafi ekki orðið pólitísk samstaða og við það sitji. Á meðan það er eru byggðaáætlanir því miður svo veikar sem raun ber vitni og munu þar af leiðandi ekki skila eins góðum árangri og ella hefði verið hægt sérstaklega gagnvart þeim svæðum sem við höfum hér verið að ræða.

Það er rétt hjá hv. þingmanni, sem bætti því við varðandi möguleika á leiðum, að auka bæri umsvif hins opinbera. Þetta er auðvitað hárrétt og ýmsar þjóðir hafa gert það. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að það er eiginlega alveg með ólíkindum hvað við virðumst eiga erfitt með að læra af öðrum þjóðum sem ná árangri á þessu sviði. Skattaívilnanir eru alþekktar líka. Það er því mjög sérkennilegt hvað það gengur illa hjá okkur að taka upp aðferðir sem hafa skilað árangri.

Það er aðeins eitt sem hv. þingmaður nefndi úr skýrslunni sem er svona spurning en það er varðandi hömlur á flutningi veiðiheimilda. Ég er ansi hræddur um, frú forseti, að það sé kannski orðið of seint. Ég held að viskulegra hefði verið að sigla því kannski örlítið hægar en við gerðum þannig að afleiðingarnar væru ekki eins miklar og raun ber vitni, sérstaklega í ljósi þess að stjórnvöld hafa ekki undirbúið þessar breytingar. Það er auðvitað meginvandamálið. Þegar stjórnvöld eru búin að taka ákvörðun um að fara þessa leið og megnið af þessu er fyrirséð, að hafa þá ekki (Forseti hringir.) gripið til neinna aðgerða til að milda afleiðingarnar.

[20:00]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við erum komin undir lok þessarar umræðu um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 og stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009. Nú er þessi mikla tillaga til þingsályktunar mjög almennt orðað plagg og ég merkti við nokkur atriði eins og að oft koma fyrir orð eins og „hugað verði að“, „kannaðir kostir þess“, „greindir möguleikar“, „stuðlað að“, aftur „stuðlað að“, „unnið verði markvisst að“ jafnvel, „kannað verði“, „gerð verði úttekt“ og „beiti sér fyrir“. Það er kannski eðlilegt að í svona tillögu séu hlutirnir einmitt orðaðir svona en ég held að ríkisstjórnin þurfi hins vegar að taka sig aðeins á í að framfylgja þessum góðu fyrirætlunum þannig að ekki sitji hún við orðin tóm.

Þetta eru 23 liðir og eins og ég sagði í fyrri ræðu minni í dag er margt þarna sem er alveg ljómandi gott og gæti verið beint upp úr stefnuskrá Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Það er talað um bættar samgöngur, að þær séu mikilvægar, vaxtarsamningarnir líka, efling menningarstarfsemi og að gerðir verði menningarsamningar við sveitarfélög. Það er dálítið merkilegt reyndar að t.d. hefur ekki enn þá verið gerður menningarsamningur við Eyþing. Við vorum einmitt að tala um það um daginn í fyrirspurnatíma. Efling þjónustu við innflytjendur og aukin fjölmenning eru einmitt mjög mikilvæg mál. „Kannað verði að frumkvæði heimamanna í hverjum landshluta hvort kostur sé á að stofna þjónustumiðstöðvar fyrir innflytjendur.“ Þetta er mjög brýnt verkefni, við þurfum að nota þennan mannauð sem hefur verið að myndast, ekki síst úti á landi. Uppbygging ferðaþjónustu fær ágætiskafla og svo auðvitað stuðningur við atvinnurekstur kvenna og styrking skapandi greina. Það er nú jákvætt mitt í allri álvers- og stóriðjuumræðunni að í tillögunni sé þó líka kafli um hinar skapandi greinar.

Hér segir að áherslur í byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005 byggist á eftirtöldum fimm meginstoðum:

„Traustu og fjölbreyttu atvinnulífi, öflugum byggðarlögum, aukinni þekkingu og hæfni, bættum samgöngum og áherslu á sjálfbæra þróun.“

Þetta eru frábær markmið. Og núna á að leggja áherslu á fjóra hluti:

„1. Gildi menntunar og menningar.

2. Aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi.

3. Bættar samgöngur og fjarskipti.

4. Styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands.“

Þetta er auðvitað allt hið besta mál. Við vitum að það er afar mikilvægt að hafa sterka byggðarkjarna. Akureyri er eitt af fáum sveitarfélögum þar sem hefur fjölgað á síðustu árum þó að fjölgunin hafi verið lítil. Hins vegar verður að passa það að Akureyri t.d. gíni ekki yfir litlu sveitarfélögunum í kring. Það hefur oft viljað til. Það eru einmitt sömu flokkar í bæjarstjórn á Akureyri og mynda ríkisstjórn og það er dálítill — já, ég held að ég segi það bara — hrokatónn í stjórnvöldum þar og það fer auðvitað ekkert vel í litlu sveitarfélögin í kring og kom berlega í ljós í kosningu um sameiningu Eyjafjarðar sem var auðvitað kolfelld á flestum stöðum. Nú hafa Siglufjörður og Ólafsfjörður sem betur fer samþykkt sameiningu.

Það er talað um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem var einmitt kosið um síðasta haust. Og hvernig fór? Það mistókst hrapallega enda er ekki eðlilegt að svelta sveitarfélögin til sameiningar. Sameiningin verður að koma frá sveitarfélögunum sjálfum, þau verða að finna kostina í því að sameinast en hugmyndin getur ekki komið með einhverri stjórnvaldsaðgerð að ofan. Nú geispar hæstv. iðnaðarráðherra mjög, ég vona að það sé bara vegna þess að hún hafi farið seint að sofa í gærkvöldi en ekki að ræða mín sé

svona leiðinleg. (**Gripið fram í:** Nei ...) Er það ekki? Takk fyrir það.

Hér er talað um bætt fjarskipti og þetta er einmitt mjög mikilvægt.

„Unnið verði áfram að því að tryggja fjarskipti og bæta gagnaflutningsmöguleika á landsbyggðinni í samræmi við fjarskiptaáætlun og stuðlað að því að jafnaður verði mismunur á kostnaði við flutningana."

Þetta er einmitt það sem fyrirtæki úti á landi hafa kvartað undan, t.d. fyrirtækið Þekking á Akureyri, kvartað undan ósamkeppnishæfum hlutum, að það bitni á fyrirtækjum úti landi hvað þessi fjarskiptaþjónusta er dýr. Þetta er mjög miður vegna þess að þetta eru einmitt tilvalin störf sem algjörlega óháð búsetu geta orðið til og þar með getur maður nýtt kostina við það að búa úti á landi, stuttar vegalengdir, ódýrt húsnæði, stöðugt vinnuafl o.s.frv.

Ég fór aðeins í fyrri ræðu minni, og reyndar í andsvörum við upphafsræðu hæstv. iðnaðar- og byggðamálaráðherra, nokkrum orðum um vaxtarsamningana. Það er afar mikilvægt að árangur af samningunum verði metinn reglulega. Mér finnst að nú séum við komin að þeim punkti að við þurfum að fara að meta árangur af þessum vaxtarsamningum og ef raunverulegur árangur hefur ekki náðst verður að grípa til einhverra aðgerða, framlengja jafnvel, gera nýjan samning og bretta upp ermarnar. Það er talað um stöðu byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun. Á Miðausturlandi þar sem fólki hefur sem betur fer fjölgað þó að Austfirðingum, Íslendingum búandi á Austurlandi, hafi reyndar fækkað áfram — þeir flytja áfram í burtu og allt unga menntaða fólkið sem átti að flytja aftur til Miðausturlands er ekki enn þá flutt þangað aftur. Við skulum þó vona að það fari að gerast vegna þess að ef svo verður ekki er allt þetta stóriðjubrölt til einskis. Hins vegar líða sveitarfélögin í kring fyrir þessa stóru stjórnvaldsaðgerð sem álverið og stíflan á Kárahnjúkum er. Á suðurfjörðunum er fólk ekki eins bjartsýnt eða t.d. á Vopnafirði. Þetta eru hlutir sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði bentum alltaf á. (**Iðnrh.:** Allt að lyftast á Vopnafirði.) Það er allt að lyftast á Vopnafirði, segir hæstv. ráðherra, og við skulum vona að svo sé. Fylgi Framsóknarflokksins er hins vegar alveg pottþétt ekki að lyftast þar.

Nýsköpunarmiðstöðin á Akureyri er afar jákvæður punktur í þróun síðustu ára. Það að henni hafi verið komið á er dæmi um jákvæða byggðastefnu og ég lýsi yfir sérstakri ánægju með það. Það er talað um að byggja upp þekkingarsetur og háskólann og talað um að þekkingarsetrin hafi öflugan bakhjarl í hliðstæðri starfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Ég held hins vegar að við eigum að stefna að sjálfstæðum háskólum í þessum kjörnum, á Ísafirði og Egilsstöðum. Við höfum dæmi um Háskólann á Akureyri sem hefur tekist mjög vel til með. Það eina sem háir honum er að fá ekki nægilegt fjármagn til vaxtar sem er auðvitað miður út af fyrir sig, þ.e. að stjórnvöld hefti uppgang Háskólans á Akureyri en hann er skýrt dæmi, allir sammála um það, um jákvæða aðgerð, ekki bara í byggðamálum heldur í atvinnumálum og menntamálum úti á landi. Þetta er ódýrasti háskóli á landinu, það er staðreynd.

Efling menningarstarfsemi er einn kafli. Það var ákveðið fyrir nokkrum árum að reisa menningarhús á fimm stöðum á landsbyggðinni, Ísafirði, Skagafirði, Akureyri, Austurlandi og Vestmannaeyjum. Lengst er það komið á Akureyri, ekkert hús er þó risið enn þá. Við megum hins vegar ekki gleyma því að menning er ekki bara hús. Menning er ekki bara steypa en það virðast alltaf vera til nógir peningar þegar á að byggja hús og verktakarnir eru kallaðir til, en menning kemur frá fólkinu sjálfu. Það eru litlu leikfélögin, fólk sem starfar um helgar og á kvöldin, allar myndlistarsýningarnar, tónleikar úti um allt — þetta er menningarstarfsemi sem ber að styðja við bakið á vegna þess að þetta er það sem gerir það eftirsóknarvert að búa úti á landi, virkilega eftirsóknarvert.

Í kafla um heilbrigðisþjónustu er talað um að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga og það finnst mér mjög jákvætt. Hins vegar verður auðvitað fjármagn að fylgja með svo að það verði ekki eins og með grunnskólann. Við vitum öll að þegar grunnskólinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaga var hann stórbættur. Við erum með miklu betri grunnskóla í dag en fyrir nokkrum árum. Hins vegar fylgdi ekki fjármagn að sama skapi og þess vegna er rekstur grunnskólans mjög erfiður fyrir mjög mörg lítil sveitarfélög. Þetta verður að laga.

Efling þjónustu við innflytjendur og aukin fjölmenning, eins og ég kom inn á áðan, er mjög mikilvæg. Þar hafa verið gerðir góðir hlutir, t.d. á Ísafirði og með Alþjóðastofu á Akureyri sem var að vísu þangað til fyrir skömmu með allt of lágt starfshlutfall, aðeins hálft starf. Sem betur fer er búið að auka það upp í heilt starf og veitir ekki af vegna þess að nýjum Íslendingum fjölgar mjög mikið á Eyjafjarðarsvæðinu.

Uppbygging ferðaþjónustu er auðvitað eitt af því sem er mjög mikilvægt í þessum efnum. Við verðum að sjá til þess að landkynning verði ekki aðeins miðuð við suðvesturhornið eins og hefur verið að verulegu leyti hingað til. Nú er Iceland Express farið að fljúga beint til Akureyrar og þá verður að sjá til þess að það flugfélag fái hluta af því fjármagni sem veitt er til landkynningar, að það verði ekki bara Flugleiðir, eða Icelandair eins og það heitir núna, sem fái allt fjármagnið og leggi áfram aðaláherslu á að auglýsa upp suðvesturhornið.

Það er sérstakur kafli um styrkingu skapandi greina. Það er mjög jákvætt. Til hinna skapandi greina teljast listsköpun, hönnun, fjölmiðlun, tölvunarfræði, verkfræði, tæknifræði, húsagerðarlist, kennsla, útgáfur, sýningarhald, stjórnun og starfsemi tengd listviðburðum. Richard nokkur Florida hefur skrifað um það merka bók sem hefur vakið verðskuldaða athygli að 21. öldin verði öld hinna skapandi greina, ekki þungaiðnaðar eða iðnbyltinga. Þar erum við 50 árum á eftir tímanum. Hins vegar eigum við að leggja áherslu á hinar skapandi greinar. Þar verður vöxturinn í framtíðinni og við megum ekki heltast úr lestinni í þeim efnum.

Í skýrslunni sem einnig er rædd hér samhliða er fjallað um hvernig hafi gengið síðustu árin. Það er dálítið athyglisvert að kíkja á það. Reyndar hefur verið fjallað um það í mörgum ræðum í dag að sumt hefur bara alls ekki gengið eftir, því miður, jafnvel þó að ríkisstjórnin hafi sett sér þessi markmið hefur hún ekki staðið við þau. Hér er bent á að ekki eru settir fram í byggðaáætluninni mælikvarðar sem

hægt er að bera árangur við. Hv. þm. Þuríður Backman kom einmitt inn á að þetta vantar enn þá í nýju þingsályktunartillögunni. Einnig kemur fram sú skoðun að byggðaáætlun sé til of skamms tíma og þyrfti að vera t.d. til 12 ára líkt og samgönguáætlun. Síðan er gefin út ný byggðaáætlun og hún er aftur til þriggja ára þannig að mér finnst að menn geri sömu mistökin aftur.

Í sambandi við flutning opinberra verkefna og þjónustu út á land var tveim alþingismönnum, stendur hér, Halldóri Blöndal og Magnúsi Stefánssyni, gert að vera með í ráðum hjá forsætisráðherra um framkvæmd þessarar aðgerðar. Hins vegar finnst mér allt of lítill árangur hafa komið fram í þessum tillögum. Hérna er talið upp eitt og annað, en margt af þessu hefur alls ekki komið til framkvæmda. Nú er komið fram frumvarp frá ríkisstjórninni um Matvælarannsóknir á Akureyri en þar er t.d. ekki gert ráð fyrir því að hún verði á Akureyri frekar en Lýðheilsustöð (Forseti hringir.) sem hefði verið upplagt að setja niður á Akureyri.

Það er samt bjartsýnistónn í þessu og ég vona að betur gangi (Forseti hringir.) að framfylgja þessari nýju áætlun. (Gripið fram í.) (**Iðnrh.:** Það verði bjartara.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Þátttaka ráðherra í umræðu.

[20:16]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Nú þegar klukkan er korter yfir átta og umræðu er að ljúka um þetta mál vil ég vekja athygli á því, í fyrsta lagi að hæstv. byggðamálaráðherra hefur setið hér í umræðunni í allan dag — ég ætla ekkert að þakka fyrir það vegna þess að að sjálfsögðu á að gera það, en vek samt athygli á því að það er gott. Það er ekki alltaf gert. Hins vegar get ég ekki látið hjá líða, virðulegi forseti, að minnast á það og vekja athygli á því að venjan er að ráðherrar sem eru að fylgja málum sínum úr hlaði, hafa tekið þátt í umræðu og hlustað á þingmenn og þingmenn hafa sett fram spurningar og athugasemdir og annað slíkt, komi hingað í restina og fari yfir þá umræðu sem hefur farið fram og svari kannski einhverjum þeirra spurninga sem hafa komið fram o.s.frv.

Þetta kýs hæstv. byggðamálaráðherra að gera ekki hér í dag og í kvöld. Það er auðvitað mjög athyglisvert. Ég hef tekið eftir að það virðist sem ráðherra sé frekar illa við að menn ræði þessi mál. Ég hef bent á það sem mér finnst vanta í umræðuna og aðrir þingmenn hafa flutt mjög góðar ræður og bent á erfiðleikasvæði á landinu sem búa við stöðuga fólksfækkun og annað slíkt og komið með ágætistillögur og bent t.d. á svæðisbundnar byggðaaðgerðir o.s.frv.

Þetta hefur allt verið nefnt og þegar ég horfi mér á hægri hönd dettur mér í hug að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði t.d. mjög vel að umtalsefni Vestfirði og erfiðleika þar, þar fækkar fólki sífellt.

Þetta verð ég að gera hér undir þessum dagskrárlið, vekja athygli á því að hæstv. ráðherra sér ekki ástæðu til að fara hér í ræðustól Alþingis að lokinni umræðu og fara yfir umræðuna sem farið hefur fram í dag. Umræðan hefur um margt verið mjög merkileg og ánægjuleg þótt hún hafi stundum verið hvöss, eins og stundum gerist hér. Menn eru ekki alltaf sammála um öll atriði en ég vil vekja athygli á þessu, virðulegi forseti.

[20:18]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti vill fyrst vekja athygli hv. þm. Kristjáns L. Möllers á því að fundarstjórn er ekki dagskrárliður og í öðru lagi að efnislega snerti ræða hans ekki fundarstjórn forseta.

[20:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er á mörkunum að þetta sé um fundarstjórn forseta. Ég vil aðeins fá að bregðast við því sem kom fram hjá hv. þm. Kristjáni Möller. Þetta hefur ekki verið umræða hérna í dag. (**Gripið fram í:** Ha?) Ef það hefði verið málefnaleg umræða hefði ég komið, að sjálfsögðu, hér í lokin til að tala og tjá mig. (**Gripið fram í:** Nú?) Þetta hefur verið mjög neikvæð umræða, nánast raus í hv. þingmönnum, árásir og niðurrif. Það hefur ekki verið bent á kosti í stöðunni og mér finnst það ekki þingmönnum til sóma að niðurlægja landsbyggðina og landsbyggðarfólk með þessum hætti. Þess vegna hef ég ekki nokkurn áhuga á því að koma hér upp í lokin til að tala um málefnið.

Fundi slitið kl. 20:21.

---

64. FUNDUR

föstudaginn 10. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009, stjtill., 391. mál, þskj. 473. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, stjfrv., 456. mál, þskj. 681. — 1. umr.
3. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 329. mál, þskj. 361, nál. 740 og 755. — 2. umr.
4. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 403. mál, þskj. 519. — 1. umr.
5. Þjóðarblóm Íslendinga, stjtill., 455. mál, þskj. 679. — Fyrri umr.
6. Brottfall laga um Flugskóla Íslands hf., stjfrv., 480. mál, þskj. 708. — 1. umr.

7. Umferðarlög, stjfrv., 503. mál, þskj. 735. — 1. umr.
8. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
9. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
10. Ríkisendurskoðun, frv., 60. mál, þskj. 60. — 1. umr.
11. Djúpborun á Íslandi, þáltill., 61. mál, þskj. 61. — Fyrri umr.
12. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 63. mál, þskj. 63. — 1. umr.
13. Mat á mannaflaþörf í atvinnugreinum, þáltill., 67. mál, þskj. 67. — Fyrri umr.
14. Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 68. mál, þskj. 68. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

[10:33]

Útbýting:

Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, 510. mál, fsp. BJJ, þskj. 747.

Heyrnar-, tal- og sjónstöð, 514. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 751.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 329. mál, nál. SigurjÞ, þskj. 755.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ummæli ráðherra í umræðu um byggðamál.

[10:33]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Í gærdag stóð yfir ágætisumræða um stefnumótandi áætlun í byggðamálum fyrir árin 2006–2009. Umræðan stóð yfir í allan gærdag og var um margt mjög góð. Margir þingmenn tóku til máls og lauk umræðunni um áttaeða hálfníuleytið. Sá punktur sem ég vil gera að umræðuefni eru orð hæstv. byggðamálaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur í lok umræðunnar. Mér fannst þau orð hennar ákaflega ósmekkleg og allt að því bara vitlaus. Ég ætla að hafa þau hér eftir þannig að þingheimur heyri þau, með leyfi forseta:

„Þetta hefur ekki verið umræða hérna í dag. (**Gripið fram í:** Ha?) Ef það hefði verið málefnaleg umræða hefði ég komið, að sjálfsögðu, hér í lokin til að tala og tjá mig. (**Gripið fram í:** Nú?) Þetta hefur verið mjög neikvæð umræða, nánast raus í hv. þingmönnum, árásir og niðurrif. Það hefur ekki verið bent á kosti í stöðunni og mér finnst það ekki þingmönnum til sóma að niðurlægja landsbyggðina og landsbyggðarfólk með þessum hætti. Þess vegna hef ég ekki nokkurn áhuga á því að koma hér upp í lokin til að tala um málefnið."

Þetta er ótrúlegur málflutningur og mér finnst þetta dómgreindarskortur og allt að því dónaskapur að tala svona til hv. þingmanna. Ég vek athygli á því að hún var ekki að tala við okkur stjórnarandstæðinga heldur alla þingmenn sem tóku þátt í umræðum í gær.

Virðulegi forseti. Það er svo að Alþingi er málstofa og við tökumst á um og okkur getur greint á um hlutina. Við erum ekki í iðnaðarráðuneytinu þar sem menn geta leyft sér að deila og drottna og enginn þorir að segja neitt. Við erum heldur ekki í framsóknarfélagi Grýtubakkahrepps þar sem umræðan á kannski að snúast um allt annað og ekkert má gagnrýna.

Virðulegi forseti. Ég hlýt að gera alvarlegar athugasemdir við þessi lokaorð og finnst þau ekki ráðherranum sæmandi.

[10:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir að koma á framfæri þessari ágætu ræðu sem ég hélt í lok umræðu í gær og ég stend þar við hvert einasta orð sem ég lét frá mér fara. (**Gripið fram í:** Viltu ekki bæta aðeins í?) Það var nákvæmlega svona sem ég upplifði þessa umræðu og hún olli mér gríðarlegum vonbrigðum vegna þess að ég fór inn í hana með það í huga að ræða við hv. þingmenn um þann mikilvæga málaflokk sem byggðamálin eru. Það komu hins vegar ekki neinar tillögur frá stjórnarandstöðunni. Eins og ég sagði var þetta raus í upp undir átta klukkustundir. Ég fór í nokkur andsvör, það kom jú reyndar fram ein tillaga og hún var sú að taka málaflokkinn af mér sem iðnaðarráðherra. Ég brást við henni í andsvari (Gripið fram í.) og þurfti því ekki að svara henni. En þegar ég tala um að verið sé að lítilsvirða landsbyggðarfólk, þá meina ég það. Það er nefnilega þannig að fólki á landsbyggðinni líkar illa þegar svona er talað til þess eins og hér var gert í gær. Því líkar það illa og það er ekki landsbyggðinni til framdráttar að tala eins og hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar gerðu upp til hópa. (**Gripið fram í:** Þingmenn, þú sagðir þingmenn.) Það töluðu þrír stjórnarsinnar og ég þakka þeim innilega fyrir það að hafa tekið þátt í umræðunni og að fara yfir þessa umræðu og ég er sannfærð um að þeir munu komast að sömu niðurstöðu og ég, að þetta var fáránleg umræða og ekki landsbyggðinni til framdráttar.

[10:38]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það var dálítið einkennileg uppákoma sem hér átti sér stað á níunda tímanum í gærkvöldi. Ég hafði rétt lokið seinni ræðu minni um byggðamál þegar hæstv. iðnaðarráðherra og byggðamálaráðherra rétti út höndina til mín og þakkaði mér sérstaklega fyrir góða og uppbyggilega ræðu. (**Iðnrh.:** Ég sagði skásta ræðan.) Skásta ræðan, aðeins er verið að draga hér úr, ég þori ekki að fullyrða en mig minnir að hæstv. iðnaðarráðherra hafi sagt að þetta væri besta ræðan sem hún hefði heyrt. Þetta var auðvitað mikið hrós því ég átti ekki von á þessu og allra síst frá hæstv. iðnaðarráðherra.

Það sem gerist næst er að hv. þm. Kristján Möller tekur til máls um fundarstjórn forseta og gerir athugasemd við að hæstv. iðnaðarráðherra hafi ekki komið upp og fylgt málinu eftir eins og venja er, sem er auðvitað engin skylda eða nauðsyn. En þá kemur hæstv. iðnaðarráðherra upp með alveg hreint ótrúlega ræðu og ég ítreka og bendi á, undanskil-

ur engan þingmann og segir að hér hafi verið niðurrifsstarfsemi, fólk hafi talað niður til fólks á landsbyggðinni. En sú var alls ekki raunin. Mér þykir þetta mjög miður. Ég held að þetta hafi verið ágætisumræða sem fór fram í gær og mjög uppbyggileg á köflum og í ræðu minni reyndi ég einmitt að benda á það sem var gott því það eru margir góðir punktar í stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er bara ekki farið eftir þeim og það er auðvitað gallinn, frú forseti.

[10:40]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vísa því hreinlega út í hafsauga að þingmenn hafi verið með einhverja neikvæða umræðu, raus eða niðurrif í umræðum í gær. Hér fóru fram mjög góðar og málefnalegar umræður um byggðamál, að vísu nánast eingöngu af hendi stjórnarandstæðinga. Það vildi einhvern veginn svo einkennilega til að mjög fáir stjórnarliðar sáu sér fært að taka þátt í þessum umræðum og það kann að vera að gremja hæstv. byggðamálaráðherra sé einmitt til komin vegna þess. Það var enginn til staðar í stjórnarliðinu til að hjálpa henni að verjast í mjög erfiðri stöðu, örfáir þingmenn. Ég held að aðeins einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins (Gripið fram í.) hafi flutt ræðu í gær, nokkrir komu síðan upp í andsvör. Þetta gerðist allt fyrri hluta dags, síðan hurfu þeir allir eins og dögg fyrir sólu. Það voru hér örfáir þingmenn Framsóknarflokksins og síðan ekki söguna meir. Það er verið að ráðast á stjórnarandstöðuna fyrir að halda uppi góðri og málefnalegri umræðu um málefni landsbyggðarinnar, mjög góðri umræðu þar sem við bentum bæði á það sem miður hefur farið en við bentum líka á leiðir til úrbóta. Ég átti hér t.d. ágætar rökræður við hv. þingmann Kristin H. Gunnarsson einmitt um það hvað við gætum gert til að lagfæra stöðuna til að mynda úti í Vestmannaeyjum. Við töluðum um sjávarútvegsmál, við töluðum um samgöngumál, þetta var mjög góð og gefandi umræða. Og það er hreinlega rangt og ósatt hjá hæstv. byggðamálaráðherra að halda því fram að hér höfum við verið með eitthvert skítkast út í landsbyggðarfólk. Heyr á endemi! Ég veit ekki betur en ég hafi í báðum ræðum mínum einmitt bent á þá miklu þversögn sem felst í því að mörgum byggðum víða um land virðist vera að blæða út í okkar fallega, góða og ríka landi. Er það þá ekki vegna þess að einhverjir hljóta að hafa brugðist í störfum sínum, að stjórnvöld standi kannski ekki sína plikt? Hvernig stendur á því til að mynda að fólki fækkar á Austurlandi miðað við allar þær fjárfestingar sem þar hafa átt sér stað? Hvað með Vestfirði og síðan hvað með Vestmannaeyjar? Það er eitthvað mikið að en það er ekki okkur í stjórnarandstöðunni þar um að kenna.

[10:42]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Ég held að sú uppákoma sem hér varð í gærkvöldi sé nær einstök í þingsögunni, það verður að segja það alveg eins og er. Ég hef a.m.k. aldrei upplifað annað eins. Umræður höfðu farið fram í margar klukkustundir og fjöldi þingmanna tók þátt í þeim og ég vil fullyrða að a.m.k. flestir þeirra lögðu sig sérstaklega fram um að vera málefnalegir í umræðunni. Að vísu með einstaka undantekningum og þar held ég jafnvel að hluti stjórnarliða hafi verið verstur. En við skulum ekki elta ólar við það.

Hæstv. ráðherra kemur hér í lokin þótt búið sé að spyrja hæstv. ráðherra fjölda spurninga, það sé reynt að rökræða við hæstv. ráðherra út frá bæði skýrslunum og tillögunum sem hér lágu fyrir og hreytir ónotum í þingmenn. Frú forseti. Og það með slíkum eindæmum að engu er líkt. Það eru allir þingmenn settir í sama hóp og það er kannski dæmi um það hvað hæstv. ráðherra hefur fylgst illa með umræðunum að hæstv. ráðherra fullyrðir það hér áðan að það hafi þrír stjórnarliðar tekið þátt í umræðunum. Við sem fylgdumst með umræðunum vitum að það voru fimm stjórnarliðar sem tóku þátt í umræðunum. Ef þetta er dæmi um það, að vísu verður að taka það fram að þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hélt ræðu sína þá hvarf hæstv. ráðherra á braut. En hæstv. ráðherra var þó hér inni í salnum þegar við hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og ég áttum í rökræðum í andsvörum þannig að hæstv. ráðherra hlýtur að hafa orðið var við það að hv. þingmaður tók þátt í umræðunum.

Frú forseti. Það var annað sem einnig gerðist hér. Nokkrir þeirra þingmanna sem voru hér þegar þessi ósköp dundu yfir báðu um orðið um fundarstjórn forseta og, frú forseti, það verður einhver skýring að koma fram á því hvers vegna fundi var slitið án þess að þeir fengju orðið undir sama dagskrárliði og hæstv. ráðherra lét þessi orð falla.

[10:44]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Áður en lengra er haldið vill forseti segja eftirfarandi út af fundarlokum í gærkvöldi þegar rædd voru byggðamál: Þegar hv. 5. þm. Norðvest. hafði lokið síðari ræðu sinni seint á níunda tímanum í gær var mælendaskrá tæmd. Forseti hafði orðið þess áskynja að nokkrir þingmenn biðu þess hvort hæstv. iðnaðarráðherra tæki til máls í lok umræðunnar. Ráðherra gaf hins vegar forseta merki um að hún óskaði ekki eftir því að fara á mælendaskrá. Forseti tilkynnti því að fleiri hefðu ekki kvatt sér hljóðs og umræðunni væri lokið svo sem venja er til.

Hv. 3. þm. Norðaust. kvaddi sér þá hljóðs um fundarstjórn forseta og gerði aðallega að umræðuefni að hæstv. ráðherra tæki ekki til máls við lok umræðunnar. Síðan tók hæstv. iðnaðarráðherra til máls um fundarstjórn forseta og fór hörðum orðum um málflutning þingmanna í umræðunni. Á þeim orðum ber ráðherra vitaskuld ábyrgð. Undir ræðu ráðherra kvöddu nokkrir þingmenn sér hljóðs, einn þeirra bað um ræðu í málinu en það gat ekki orðið því umræðunni var lokið. Tveir þingmenn vildu bera af sér sakir. Forseti taldi að þótt ráðherra talaði þannig um málflutning þingmanna væru ekki efni til þess að þingmenn fengju að bera af sér sakir. Sá mikilvægi réttur hlýtur fyrst og fremst að gilda þegar bornar eru persónulegar ásakanir á þingmenn, því hvar endaði það annars?

Loks munu tveir hv. þingmenn hafa kvatt sér hljóðs um fundarstjórn forseta. Misskilningur olli því að forseti gaf þeim ekki orðið heldur sleit fundi. Það þykir forseta miður því það var ekki ásetningur forseta að hlífa sér við umræðum um fundarstjórnina né heldur að hlífa ráðherra við viðbrögðum þingmanna við orðum hennar.

[10:46]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það verður að segjast eins og er að hæstv. byggðamálaráðherra átti mjög slæman dag í gær. Ég hefði talið að hún hefði átt að koma hér og biðjast afsökunar og ég er viss um að fólk hefði fyrirgefið henni. En því miður virðist eins og viðkomandi kunni ekki að skammast sín.

Umræðan í gær byrjaði með því að hæstv. ráðherra flutti hér hofmóðug ræðu í þriðja skiptið, sömu ræðuna. Þegar henni var bent á það varð hún dýldin og það fór fyrir brjóstið á henni, það var það sem gerðist. Ekki varð hún glaðari í bragði þegar flokksbróðir hennar tók undir með stjórnarandstöðunni og benti á að þessar tillögur væru hvorki fugl né fiskur og til þess að ná árangri í byggðamálum þyrfti að taka á í sjávarútvegsmálum. Það var það sem gerðist, þetta fór einfaldlega fyrir brjóstið á henni. Þetta var ekki ómálefnaleg umræða, langt, langt í frá.

Þess ber að geta að Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. iðnaðarráðherra, er ekki fyrir eitthvert dundur í sjávarútvegsmálum, hún vill stórar lausnir. Henni finnst það föndur ef verið er að ræða um sjávarútvegsmál, hún vill helst hafa nógu mikið af álverum. En ég verð að segja það, og þykir miður, að ég fæ reglulega bréf frá fólki í þessum sjávarbyggðum, og síðast í morgun frá Bíldudal. Í þeim kemur fram að fólki þykir nóg um. Það er verið að rétta því einhverja brauðmola og vekja einhverjar falsvonir og síðan gerist ekki neitt. Það er alvarleg staða sem er hér uppi og mér finnst viðbrögð hæstv. iðnaðarráðherra örvæntingarkennd. Þegar henni er bent á sannleikann, þegar hún þarf að hlusta á hann í heilan dag, þá verður hún reið og skammast.

Hvernig væri nú að líta í eigin barm og horfa á það hvers konar vinnubrögð það eru, frú forseti, að senda hér til umræðu sömu skýrsluna þriðja árið í röð lítt breytta, eins og staðan er í byggðamálum? Mér finnst það ekki vera hæstv. ráðherra til sóma og hvað þá hvernig hún lauk umræðunni í gærkvöldi.

(**Forseti** (JBjart): Forseti minnir þingmenn á að ávarpa ráðherra á viðeigandi hátt.)

[10:48]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég held að ræða og skýrsla hæstv. byggðamálaráðherra í gær hafi að mörgu leyti markað endalok byggðastefnu stjórnvalda eins og hún hefur verið rekin. Vonbrigðin með skýrslu hæstv. ráðherra voru gífurleg. Ég held að andleg ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar hafi aldrei komið betur fram hér á Alþingi en einmitt í gær, bæði með framsögu og allri framgöngu hæstv. ráðherra. Hvort tveggja var náttúrlega hæstv. ráðherra til skammar hvernig hún byrjaði umræðuna og hvernig hún lauk henni. Skýrslan var með ólíkindum slöpp, sama skýrslan ár eftir ár, ekkert tekið á því sem máli skiptir.

Ég heyri hæstv. ráðherra t.d. aldrei minnast á þá stöðu sem upp er komin hvað varðar eina best heppnuðu byggðaaðgerð seinni tíma, sem er Háskólinn á Akureyri. Nú er Háskólinn á Akureyri í þeirri stöðu eftir fjársvelti og niðurskurð, sem er uppi núna í starfsemi skólans, út af nemendafjölgun og þeirri prýðilegu starfsemi sem þar hefur verið rekin, að skólinn er að leggja niður tvær deilda sinna og vísar frá hundruðum nemenda á ári. Hæstv. byggðamálaráðherra kom hvergi að þessum málum sem eru raunverulegu byggðamál, eru byggðamálin sem ættu að vera hér til umræðu í stað þessarar úreltu allsherjarlausnar sem hæstv. ráðherra leggur alla áherslu á. Hún telur byggða- eða þjóðfélagsmál almennt ekki til umræðu nema þau taki til einhvers sem er í anda þeirra allsherjarlausna sem hér eru yfirleitt til umræðu. Gífurleg vonbrigði held ég að sé yfirskriftin yfir framgöngu hæstv. byggðamálaráðherra hérna í gær og það hvernig hún endaði umræðuna í gærkvöldi hlýtur að fara á spjöld sögunnar sem einhver ruddalegasta framganga ráðherra sem um getur í seinni tíma sögu þingsins.

[10:50]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir þau svör sem ég fékk við ræðu minni hér áðan. Það er eðlilegt að fólki geti orðið á mistök og það er eðlilegt og stórmannlegt að viðurkenna það þegar mistök eiga sér stað. Ég vil sem sagt sérstaklega þakka hæstv. forseta fyrir slíkt, en um leið segja að það hefði átt að vera hæstv. ráðherra fordæmi — sem hæstv. ráðherra mundi hefja sig upp með — að gera slíkt hið sama, þ.e. að viðurkenna að sér hefðu orðið á mistök í gær og biðjast afsökunar.

[10:51]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau orð sem hér voru viðhöfð af hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra í gærkvöldi voru hæstv. ráðherra til lítils sóma og lítilsvirðing við störf þingsins.

En að koma síðan hér aftur af sinni alkunnu hógværð og kurteisi og virðingu, eða hitt þó heldur, gagnvart þingmönnum, Alþingi og störfum þess og bæta í hér í morgun á þann hátt sem hæstv. ráðherra hefur gert, ekki í fyrsta sinn, að ávarpa þingið á lítilsvirðandi hátt og gera lítið úr störfum þeirra sem hér leggja sig fram frá degi til dags.

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra leggur sitt af mörkum til þess að setja störf þingsins í eins konar uppnám. Ég held að það sé kominn tími til að forsætisnefnd og formenn þingflokka ræði þessa framkomu við hv. þingmenn og þingið almennt og störf þess ef þau eiga að verða viðtekin venja hjá einstökum hæstv. ráðherrum.

[10:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það skal upplýst að ég var einn þeirra sem óskaði eftir að fá að bera af mér sakir hér í gærkvöldi en var neitað um það.

Hæstv. ráðherra sagði í lok umræðunnar að umræðan hefði ekki verið málefnaleg, hún hefði verið neikvæð og nánast raus.

Ég flutti hér tvær ræður í gær. Í fyrri ræðunni rifjaði ég upp það sem hafði verið skrifað í skýrslum fyrir stofnun sem ráðherra hefur undir sínu ráðuneyti, Byggðastofnun, um það hvaða afleiðingar mundu fylgja breytingum í sjávarútvegi. Ég fór yfir það til upprifjunar fyrir ráðherra og formann nefndarinnar sem fær málið til umfjöllunar. Ég

held að það hafi verið nauðsynlegt, sérstaklega í ljósi þess að ráðherra kallar það raus, að fara hér með staðreyndir og viðvaranir sem ráðherranum voru gefnar. Það er greinilegt að það er til lítils að vinna skýrslur fyrir þennan ráðherra um leiðbeiningar um það hvað framtíðin beri í skauti sér ef það er kallað raus og ómálefnalegt o.s.frv.

Ég fór yfir í samgöngumálin og talaði um hvað þau væru nauðsynleg, ég vék að menntamálum, ég vék að vanda rækjuiðnaðarins, ferðamálum og auknum möguleikum þar. Það var langt frá því að allt væri neikvætt í þeim ræðum sem ég flutti. En ég skil vel að ráðherranum hafi fundist erfitt að hlýða á þegar ég var að fara yfir viðvaranir um það hver framtíðin yrði ef stefnu ríkisstjórnarinnar yrði fylgt.

Að við tölum niður til sjávarbyggða, ég mótmæli því sem rakalausri lygi, hæstv. forseti. Við tölum ekki niður til sjávarbyggða, við erum að vara við því sem þar hefur skeð.

[10:55]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég var við alla umræðuna í gær um byggðamál og einnig við lok umræðunnar hér í gærkvöldi. Það er hárrétt sem kemur hér fram hjá hv. þingmönnum, og reyndar í geðhrifum hæstv. ráðherra, að byggðamálin eru stórmál og um framkvæmd þeirra og stefnu eru mjög skiptar skoðanir, ekki síst um hver árangurinn hefur orðið. Um það ræðum við hér á þingi.

Við verðum þó að fara gætilega í því að setja okkur á það háan stall að fara að gefa einstökum ræðumönnum, einstökum þingmönnum, einkunnir fyrir skoðanir sínar og málflutning. Ég hygg að hver og einn reyni að tala af sinni sannfæringu og þeim hug sem hann ber til málefnisins. (**HBl:** Og eins og hann hefur vit til.) Og eins og hann hefur vit til, segir hæstv. fyrrverandi forseti þingsins, Halldór Blöndal, sem ég man ekki eftir að tæki þátt í umræðunni. Það leggur þar hver til sem hann má.

Ég vil ítreka, frú forseti, að mér finnst að hæstv. iðnaðarráðherra mætti umgangast þessi mál af meiri ábyrgð og stillingu hér í þingsal en gerðist í gær. En að sjálfsögðu er hæstv. ráðherra ábyrg orða sinna sem og við þingmenn. Ég ítreka það, frú forseti, að skoðanir eru mjög skiptar um byggðamálin og þess vegna ekki (Forseti hringir.) óeðlilegt að tekist sé á um þau og það verður að taka því.

[10:57]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hér fór fram í gær umræða um stefnumótandi byggðaáætlun og framvindu byggðaáætlunar frá 2002–2005. Í þeirri skýrslu, um framvindu byggðaáætlunar, kemur fram mjög mikil gagnrýni á framkvæmd síðustu fjögurra ára. Það er aðallega gagnrýnt að það hafi ekki verið fjármagn og eftirfylgni á þeirri byggðaáætlun sem var lögð fram 2002. Sú byggðaáætlun leit mjög vel út, þar eru góð fyrirheit en það er gagnrýnt að það vantar fjármagn og eftirfylgni — sem sé að ríkisstjórnin fylgi sinni eigin byggðaáætlun eftir.

Eins hafa stjórnvaldsaðgerðir síðustu fjögur árin haft neikvæð áhrif og gengið hefur verið gegn þeirri byggðaáætlun sem sjálf ríkisstjórnin setti sér, það er líka gagnrýnisvert. Þegar litið er til byggðaáætlunar 2006–2009 hljóta þeir sem tóku þátt í umræðunni í gær, og það gerði ég m.a., að byggja á þeirri reynslu sem hefur fengist á síðustu fjórum árum og vera nokkuð tortryggnir á framhald byggðaáætlunar. Við hljótum að vera tortryggin á það að leggja fram byggðaáætlun ef ekki er svo farið eftir henni, ef ekki er unnið markvisst eftir henni. Það er mjög margt gott í þessari byggðaáætlun eins og þeirri fyrri. Eins og ég nefndi er margt í henni sem gæti verið úr stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um stuðning við atvinnulífið. En ef fara á fram með sama hætti og gert hefur verið — ef fjármagn og eftirfylgni vantar, ef unnið er þvert á byggðaáætlun, ef ekki er látið af stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar og ef atvinnulífið og atvinnugreinarnar fá ekki núna að jafna sig af ruðningsáhrifum stóriðjuframkvæmdanna — þá er ekkert að marka svona plagg. Það var sú gagnrýni sem kom hér fram (Forseti hringir.) og hún var málefnaleg.

[11:00]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það er eiginlega erfitt að finna hugsunum sínum orð í þessari umræðu. Vegna þess að svo virðist vera að hæstv. byggðamálaráðherra bæti bara hér í, sýni ótrúlegan dónaskap við þingmenn sem átti sér stað og ég hef hér gert að umtalsefni. Ég ætla ekki að ræða um fundarstjórn forseta í gær. Það hefur verið skýrt út. Og er gott mál.

Ég vil líka vekja athygli á því, virðulegi forseti, að upp í huga minn kom að hæstv. byggðamálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, kom í ræðustól ekki alls fyrir löngu og baðst innilegrar afsökunar á því sem hún hafði þá gert, verið með vitlausar upplýsingar til þingsins. Það mál féll þar niður. En það hefur ekki verið gert hér, heldur bætt í. Þetta er ótrúlegur dómgreindarskortur og dónaskapur við þingmenn vil ég segja enn einu sinni og vil segja það eitt, kannski við hæstv. byggðamálaráðherra, virðulegi forseti, að sá sem stráir nálum skyldi varast að ganga berfættur.

Ég las það í Morgunblaðinu í morgun að ritstjóri Jótlandspóstsins hafi tekið menningarritstjóra sinn sem hafði gert allt vitlaust og sent hann í langt frí. Mín lokaorð skulu vera þau að ég held að hæstv. forsætisráðherra ætti að hugleiða þá aðgerð sem ritstjóri Jótlandspóstsins gerði þar.

[11:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þingmenn mjög viðkvæmir gagnvart því sem ég sagði í gær. Þegar ég er búin að fá á mig gagnrýni nánast stanslaust í átta klukkutíma að þá heyrist mér að fundið sé að því að ég verjist, ég svari. En ég geri mér grein fyrir að Samfylkingin er ekki sterk á taugum þessa dagana og það kom ljóslega fram í gær að mikill ágreiningur er innan flokksins í mikilvægum málaflokkum eins og í byggðamálum, sjávarútvegsmálum, stóriðjuframkvæmdum og stóriðjumálum og öðru slíku. Það er í sjálfu sér hægt að velta sér dálítið upp úr því en ég lét það vera.

Ég held að þeir sem ekki voru hér í gær og ekki fylgdust með þeirri umræðu eigi mjög erfitt með að dæma hana. Það gerði ég hins vegar. Ef ég var ekki hér í salnum var ég í þingflokksherbergi þar sem ég fylgdist með af skjá. Ég veit

því alveg hvernig þessi umræða var. Kannski má segja að þessi stutta umræða sem fram hefur farið í dag sé svona útdráttur úr þeirri umræðu. Hér hefur t.d. verið talað um lygi og önnur orð hafa verið látin falla. Það var spegilmyndin af því sem fór fram í gær. Þetta er svona styttri útgáfan.

Það sem ég sagði áðan og endurtek núna er að byggðamálin eiga betra skilið en umræðu eins og fór fram í gær þegar engar tillögur koma fram (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) frá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Það er bara skammast og rifist, þingmaður eftir þingmann, í fleiri klukkutíma. Þetta er ekki umræða. Þetta kalla ég ekki umræðu. Ég stend við það. En mér hefur oft dottið í hug að ýmislegt sem sagt hefur verið hér og gert, sé þinginu ekki til sóma. Mér hefur oft fundist að efast megi um það. Ef ég hef látið einhver orð falla í gær (Forseti hringir.) sem eru þinginu ekki til sóma þá þykir mér það leitt.

Um fundarstjórn.

Ummæli ráðherra í umræðu um byggðamál.

[11:04]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta til að lýsa því yfir að ég er ekki alveg sammála því áliti hæstv. forseta sem kom fram áðan að til að þingmenn geti komið hér upp og borið af sér sakir þurfi nánast að vera um að ræða einhvers konar einkahagi eða alvarlegar ásakanir á hendur ákveðnum persónum, nafngreindum persónum.

Ég verð að segja að þau ummæli sem féllu hjá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra í gær, í lok umræðunnar, komu mjög óvænt því við höfðum ekki orðið vör við það í umræðunni að ráðherra væri svona mikið niðri fyrir. En ráðherra sá ástæðu til að tala um þingmenn alla, að við hefðum verið með neikvæða umræðu, nánast raus, árásir og niðurrif. Verið að niðurlægja landsbyggðina og landsbyggðarfólk. Þetta eru þungar ásakanir á hendur okkur þingmönnum sem vorum í umræðunni í gær og tókum þátt í henni af alefli. Margir okkar notuðu ræðutímann til fulls, vorum í andsvörum við þá fáu stjórnarliða sem tóku þátt í umræðunum. Töluðum til ráðherra. Studdum mál okkar góðum gögnum, m.a. nýjustu tölum Hagstofunnar um íbúafjölda á landsbyggðinni, allt saman mjög góðar rökstuddar málefnalegar ræður. Það var enginn með neitt niðurrif eða skítkast í garð landsbyggðarinnar. Fólk getur bara lesið þessar ræður. Ég hygg að margir hafi fylgst með umræðunni í gær, kannski ekki síst landsbyggðarfólk. Ég hygg að langflestir þeirra sem fylgdust með umræðunni í gær sjái að hér var ekkert neitt viðlíkt því á seyði sem hæstv. ráðherra lýsir.

Þess vegna tel ég það alveg fyllilega réttmætt — þó ég virði það að sjálfsögðu að hæstv. forseti hafi komið með útskýringar á því sem gerðist hér í gær og beðist velvirðingar á því. Ég virði það að sjálfsögðu. En ég tel að þau ummæli hæstv. byggðamálaráðherra séu svo alvarleg í garð okkar þingmanna að við hefðum fyllilega átt rétt til að fá að koma hér upp og bera af okkur sakir í þessu máli. Því þetta var mjög ósanngjarnt af hæstv. byggðamálaráðherra. Hún ætti að taka flokkssystur sína til fyrirmyndar, hæstv. forseta, Jónínu Bjartmarz, og viðurkenna mistök sín. Það væri mannsbragur að því í staðinn fyrir að koma hér og halda áfram með sama gjammið og skætinginn og var undir lok fundar í gærkvöldi.

Stefnumótandi byggðaáætlun 2006--2009, frh. fyrri umr.

Stjtill., 391. mál. — Þskj. 473.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:08]

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, DJ, DrH, EMS, GHH, GAK, GÖg, HÁs, HBl, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, SandF, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BjarnB, BBj, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HHj, ISG, KJúl, KolH, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:08]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég greiði því að sjálfsögðu atkvæði að senda þetta mál til hv. iðnaðarnefndar en ég vil taka undir það sem hæstv. iðnaðarráðherra sagði áðan að byggðamál eiga betra skilið en þessa áætlun. Þess vegna vona ég að áætlunin batni mjög í meðförum iðnaðarnefndar. Ég vil einnig segja, virðulegi forseti, vegna þeirra orða að byggðamál eiga betra skilið en það að hæstv. iðnaðarráðherra fari með þennan málaflokk, þá hef ég ásamt fjölmörgum öðrum þingmönnum boðað frumvarp um að færa byggðamál úr iðnaðarráðuneytinu og yfir í forsætisráðuneytið.

Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar og afleiðingar hennar.

[11:09]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég held að mörgum hafi brugðið í brún þegar kynnt voru áform um stórfelldar nýjar álversframkvæmdir á næstu fimm til sjö árum. Stækkun álversins í Straumsvík, nýtt álver við Helguvík og álver að eigin vali á Norðurlandi og nú síðast hugmyndir um álver í Þorlákshöfn. Ekki er enn séð fyrir endann á stóriðjuframkvæmdum fyrir austan og framkvæmdir við álver á Grundartanga eru rétt að hefjast.

Það var fyrirséð að þessar gríðarlegu framkvæmdir mundu keyra upp gengi krónunnar, valda mikilli þenslu, viðskiptahalla, háum stýrivöxtum Seðlabankans, miklum vaxtamun við útlönd, innflæði fjármagns og mjög skerta samkeppnisstöðu almennra útflutnings- og nýsköpunar-

greina. Enda hefur sú orðið raunin. Talað er um ógnarjafnvægi í efnahagsmálum. Aðrar atvinnugreinar voru beðnar að sýna biðlund meðan kúfurinn af núverandi stóriðjuframkvæmdum gengi yfir. Yfirlýsingar um uppbyggingu nýrra álvera hlýtur að setja allt annað atvinnulíf í uppnám svo og þróun á vöxt nýrra atvinnugreina. Áhrifin munu koma fram þegar á þessu ári. Gengi krónunnar yrði áfram hátt. Stýrivextir eru nú þegar háir og því lítið svigrúm til að beita þeim til stýringar verðbólgu og þenslu verði gefnar nýjar álversvæntingar.

Þeim skoðunum vex nú mjög ásmegin að nóg sé komið í bili af álverum. Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar Group flutti kröftuga ræðu á nýafstöðnu viðskiptaþingi. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég er sannfærður um að jafnvel þótt Íslendingar nái að komast í hóp stærstu álframleiðenda heims og mundu virkja alla hagkvæmustu virkjunarkosti landsins, mundi arðsemi þess og hagur fyrir íslensk samfélag aldrei verða meiri en sem nemur framlagi eins öflugs útrásarfyrirtækis. Það er kominn tími til að þingmenn hugsi sig tvisvar um áður en þeir tala fyrir fleiri álverum."

Áfram sagði Ágúst Guðmundsson:

„Hvaða útflutningsgreinar munu þola samfellt uppbyggingarskeið í stóriðju í nær áratug, frá 2003 til 2013? Afleiðingin gæti einfaldlega orðið sú að útflutningur aukist í raun og veru ekkert þegar upp er staðið heldur færist útflutningsframleiðslan á milli greina. Þær útflutningsgreinar sem hafa háan virðisauka og byggja á þekkingu og hugviti hverfa einfaldlega á braut."

Í leiðara Dagblaðsins í gær segir, með leyfi forseta:

„Öll viðvörunarljós í hagkerfinu blikka út af stóriðjustefnunni sem keyrð er áfram af ríkinu og atvinnulífinu blæðir."

Nokkur ferðaþjónustufyrirtæki sendu frá sér yfirlýsingu í gær. Þar segir að framtíð ferðaþjónustu sé ógnað með stefnu stjórnvalda í virkjana- og stóriðjumálum. Og orðrétt segir, með leyfi forseta:

„Stórfellt rekstrartap blasir nú við fjölda fyrirtækja í ferðaþjónustu sem er afleiðing virkjanastefnu og hás gengis krónunnar."

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir í Viðskiptablaðinu 10. júní sl., með leyfi forseta:

„Við sáum fyrir okkur að geta farið í gegnum þetta tímabil stóriðjuframkvæmda með gengisvísitöluna kringum 120 og hefðum líklega lifað það af. Núverandi gengi gerir stöðu sjávarútvegsins hins vegar mjög erfiða."

Og Friðrik sagðist hugsa til þess með hryllingi ef þetta ástand verður framlengt með tilkomu nýrra álvera.

Í Morgunblaðinu 8. febrúar sl. í forustugrein er fjallað um áhrif stóriðjunnar á aðrar útflutningsgreinar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á sínum tíma vildu menn álver til að auka fjölbreytnina í einhæfu atvinnulífi Íslendinga, sem þá byggðist fyrst og fremst á sjávarútveginum. Nú benda menn eins og Ágúst Guðmundsson á að stóriðjustefnan geti beinlínis unnið gegn fjölbreytni í atvinnulífi.

... verði áframhald á álvers- og virkjanaframkvæmdum muni krónan halda styrk sínum. Það muni aðrar útflutningsgreinar ekki þola og iðnfyrirtæki geti farið að pakka saman og flytja starfsemi sína."

Morgunblaðið lýkur umfjöllun sinni þannig:

„Þetta eru röksemdir, sem verður að taka með í reikninginn þegar ákvarðanir eru teknar um áframhaldandi uppbyggingu stóriðju hér á landi."

Því leyfi ég mér að spyrja, frú forseti. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að endurskoða stefnu sína í stóriðjumálum og áform um stóraukin umsvif álfyrirtækja hér á landi, m.a. í ljósi vaxandi gagnrýni forustumanna í atvinnulífi og þeirra afleiðinga sem þessi stefna (Forseti hringir.) hefur í efnahagslífinu og á erfiða stöðu útflutningsgreinanna?

[11:14]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Þegar við ræðum um þau mál sem hér eru til umfjöllunar erum við ekki aðeins að ræða um virkjanir og dauðan málm. Við erum að tala um hagsmuni fólks, áhugamál byggðarlaga, áhugamál fyrirtækja sem sjá fyrir sér ýmsa möguleika í framtíðinni varðandi atvinnuuppbyggingu. Það er því miður allt of snemmt að segja til um það hvað verður úr þeim áformum sem nú eru uppi. En ég geri ráð fyrir því að full alvara sé að baki. Auðvitað geta menn gefið sér þar ýmsar forsendur.

Ég býst við því að hægt sé að gefa sér þá forsendu að það verði úr stækkun á Grundartanga um 40 þús. tonn. Við gætum líka hugsanlega gefið okkur þá forsendu að tveir af þeim kostum sem þarna er verið að tala um gætu komið til framkvæmda fram til ársins 2015, þ.e. um 500 þús. tonna framleiðslu af áli til viðbótar. Ég get ekkert fullyrt um það en ef við gefum okkur þá forsendu, hvað er þá verið að tala um? Þá er verið að tala um fjárfestingu sem gæti verið á bilinu 250–300 milljarðar. Við skulum segja 300 milljarðar. Við erum þá að tala um að skapa varanleg störf í landinu, u.þ.b. 2.500 vel borguð störf, hálaunastörf, og við erum að tala um hagvöxt, umfram það sem annars yrði, upp á 6%. Ef þetta yrði gæti meðalfjárfesting á ári í þessum greinum orðið í kringum 30 milljarðar kr. Það eru ekki tölur sem valda neinum vandamálum að mínu mati í sambandi við gengi krónunnar eða verðbólgu. Við þurfum einfaldlega að velta því fyrir okkur hvernig við viljum skapa hér störf á næstu árum og áratugum og hvort við viljum nýta þær auðlindir sem orkan er.

Nú má vel vera að einhverjir í þessu landi vilji ekki gera það. Ég þekki enga þjóð sem á olíuauðlindir og vill ekki nýta þær. Það liggur alveg ljóst fyrir að ef t.d. Norðmenn nýttu ekki olíuauðlindir sínar með þeim hætti sem þeir gera í dag hefði það áhrif á þjóðarbúið. Ég tel að orkan sé olíuauðlind Íslendinga og ég tel ekkert vit í því fyrir framtíð landsins að nýta ekki þá mikilvægu auðlind. Við þurfum hins vegar að gera það skynsamlega, við þurfum að gera það þannig að allt efnahagslífið njóti góðs af og að það verði til þess að bæta kjör fólksins í landinu.

Nú halda menn því fram að virkjunarframkvæmdir séu jafnvel ekki arðbærar. Menn halda því fram að Kárahnjúkavirkjun sé ekki arðbær. Það kemur fram í útreikningum Landsvirkjunar að heildarávöxtun þessarar framkvæmdar er 6,7%. Þeir taka lán til framkvæmdarinnar fyrir rúm 5%. Þeir miða við þessa arðsemi, miða við að verð á áli sé 1.650 dollarar á tonnið en núna er það 2.400–2.500 dollarar. Við

skulum gefa okkur þá forsendu að meðalverðið næstu 20 árin verði aðeins 1.650 dollarar, sem ég tel ótrúlegt og leyfi mér að spá því að það verði hærra þó að ýmsum líki nú ekki spádómar mínir, (**KLM:** Þar eru bara sjálfstæðismenn.) og hvað erum við þá að tala um? Við erum að tala um enga áhættu. (**Gripið fram í:** Ha?) Og þá er ljóst að eftir 40 ár, þegar búið verður að fullafskrifa þessa virkjun, verða tekjur hennar hreinn hagnaður eins og núna er af Búrfellsvirkjun. Það er búið að fullafskrifa Búrfellsvirkjun, hún er betri núna en hún var fyrir 40 árum, endist a.m.k. í 100 ár til viðbótar þannig að í reynd er ekkert annað að gera en að taka við peningunum sem hún framleiðir. Þetta verða menn að hafa í huga þegar verið er að tala um arðsemi virkjana. Það er ekki hægt að líkja því við (Forseti hringir.) það að kaupa flugvél eða fiskiskip.

[11:20]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það er ástæða til að þakka hv. málshefjanda Jóni Bjarnasyni fyrir að taka þetta mál upp á hinu háa Alþingi. Því miður kom það í ljós í máli hæstv. forætisráðherra sem ég óttaðist. Stefnan er aðeins ein. Það er aðeins eitt sem hægt er að gera og það er að fjárfesta í álframleiðslu. Það á ekki að taka tillit til annarra atvinnugreina eða annarra hagsmuna hér á landi. Það á ekki að taka tillit til gengisþróunar og eins og kom fram í máli Ágústs Guðmundssonar, stjórnarformanns Bakkavarar, mundi 10 ára hágengisstefna ganga hér af öðrum útflutningsgreinum dauðum. Það á ekki að taka tillit til annarra útflutningsgreina, hátækni- og þekkingarfyrirtækja, ferðaþjónustunnar. Það á ekki að taka tillit til byggðamála því að annars væri suðvesturhornið ekki bara í fókus nú um sinn, svo er ekki að heyra, og það á ekki að taka tillit til náttúruverndar- og umhverfismála. Ef það væri gert væri búið að forgangsraða virkjunarkostunum og taka tillit til áhrifa þeirra á náttúruna.

Við skulum athuga það að aðeins u.þ.b. 5% orkugjafa í heiminum eru endurnýjanleg. Þeir munu hækka í verði, verðmæti þeirra mun aukast á næstu árum og áratugum. Það er heilög skylda okkar hér — oft er talað um heilaga skyldu til að nýta auðlindirnar og nýta orkugjafana — að taka tillit til framtíðarinnar í þeim efnum, hafa einhverjar áætlanir sem duga og taka tillit til annarra atvinnugreina og þess sem fólk vill gera hér á landi. Það virðist ekki upp á teningnum hjá þessari ríkisstjórn. Hér er bara tekið tillit til hagsmuna Framsóknarflokksins að því er virðist og það með fullum stuðningi samstarfsflokksins í ríkisstjórn sem dregst áfram í þessari vegferð, u.þ.b. orðalaus flesta daga ársins.

[11:22]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt mál, og sú er stefna ríkisstjórnarinnar, að halda áfram að nýta orkuauðlindir landsins til að efla hér hagvöxt, auka kaupmátt og bæta lífskjörin. Sá er tilgangurinn með því að nýta orkuauðlindir landsins.

Hér er talað um þrjár stórar framkvæmdir sem hugsanlega gætu komið til framkvæmda á næsta áratug eða svo. Ég tel sjálfsagt mál að skoða þau mál í mikilli alvöru og sjá hvort ekki er hægt að koma þeim öllum fyrir á þessu tímabili en auðvitað þá og því aðeins að hægt sé að afla orkunnar með skynsamlegum hætti á þessu tímabili, þá og því aðeins að hægt sé að gera það með ábyrgum hætti gagnvart náttúrunni eins og eðlilegt er og gagnvart útblástursmálum og öðru þess háttar, og þá og því aðeins að við komum því fyrir innan skynsamlegra marka hvað varðar efnahagsstjórnina í landinu almennt og getum rúmað þessar framkvæmdir innan hagkerfis okkar.

Ég tel reyndar, alveg eins og forsætisráðherra, að þetta sé vel hægt. Þetta eru ekki meiri stærðir en svo að í okkar stóra hagkerfi sem nú er orðið getum við vel rúmað þessar framkvæmdir án þess að öðrum sé rutt til hliðar. Það er þess vegna misskilningur að þetta mál snúist um annaðhvort álversframkvæmdir eða eitthvað annað. Við getum vel gert hvort tveggja og byggt upp í mörgum greinum atvinnulífsins, eins og eðlilegt er og sjálfsagt.

Um það ætti ekki að þurfa að rífast á Alþingi að rétt sé að bæta lífskjörin í landinu, auka framleiðsluna, verðmætasköpunina til að geta fjármagnað þau góðu mál sem margir hér á Alþingi vilja koma í framkvæmd. Það er auðvitað fáránlegt að hlusta á málflutning Samfylkingarinnar sem talar tveimur tungum og leikur tveimur skjöldum í þessu máli eins og svo mörgum öðrum.

[11:24]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ekki fer á milli mála að með stóriðju, mest í álverum, hafa orðið til fjöldamörg störf og þeim fjölgar mikið með stækkun Norðuráls í Hvalfirði og með Reyðaráli á Reyðarfirði. Á þeim landsvæðum þar sem starfsemin nýtur góðs af framleiðslunni fylgja margfeldisáhrif í öðrum störfum og nýrri tækni. Þrátt fyrir þessi jákvæðu áhrif valda þau stórvirki sem nú eru á framkvæmdastigi öðrum útflutningsgreinum og sjávarútvegi, iðnaði og nýsköpunarfyrirtækjum svo miklum erfiðleikum að þar hætta menn jafnvel starfsemi og stefna með þá atvinnu út úr landinu. Nú þarf að staldra við, hæstv. forseti, og huga að því hvernig eigi að ganga vegferðina til framtíðar.

Við í Frjálslynda flokknum höfum samþykkt svofellda ályktun í miðstjórn, með leyfi forseta:

„Miðstjórn Frjálslynda flokksins telur að gaumgæfa beri mjög vel fyrirhugaðar virkjanir eða áformaðan vöxt áliðnaðar á Íslandi.

Frekari uppbygging stóriðju er vandasamt verk og taka ber fullt tillit til náttúru, landnytja og mengunar þegar virkjunarkostir eru skoðaðir og ákveðin frekari stóriðja.

Sérstaklega þarf að huga að afleiðingum stóriðjustefnu fyrir aðrar atvinnugreinar."

Við fáum af því fréttir daglega, því miður, að hefðbundin atvinnustarfsemi sé að gefast upp. Síðast í gær kom til okkar fólk til að segja okkur af því að sjávarútvegsfyrirtæki sem það hefur rekið með hagnaði í mörg ár væri sennilega að loka. Við horfum á afleiðingarnar í rækjuiðnaðinum, og við horfum á það og heyrum hjá forustumönnum í iðnfyrirtækjum að þeir stefna jafnvel með atvinnustarfsemi sína út úr landinu.

Við þurfum virkilega að skipuleggja verk okkar inn í

framtíðina og horfa til þess með gætni hvernig við förum þá vegferð.

[11:26]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra ber saman virkjanir nú og virkjanir frá fyrri tíð, nefndi sérstaklega Búrfellsvirkjun. Munurinn á virkjunum nú og fyrr á tíð er sá að nú er virkjað í þágu eins kaupanda. Eini kaupandinn að orkunni frá Kárahnjúkavirkjun er fyrirtækið Alcoa. Það deilir enginn um það hvort nýta eigi náttúruauðlindir Íslands — menn deila um það hvernig eigi að nýta fallvötnin. Á að nýta þau t.d. í þágu ferðaþjónustu eða í þágu erlendrar stóriðju? Um það er deilan.

Þegar rætt var um Kárahnjúkavirkjun á sínum tíma var hart deilt um þá virkjun innan þings og utan. Annars vegar var yfirgnæfandi meiri hluti alþingismanna, ríkisstjórn með aðkeyptum sérfræðingum sem fengið höfðu það verkefni að réttlæta stóriðjustefnu Framsóknarflokksins. Þegar ég segi að aðkeyptir sérfræðingar hefðu fengið það verkefni verða menn að hafa í huga að sérfræðingar ríkisstjórnarinnar upp til hópa, meira að segja sérfræðingar Landsvirkjunar, þeir sem töluðu ákafast fyrir framkvæmdinni á vegum ríkisstjórnarinnar, sögðu jafnframt að ef þeir rækju einkafyrirtæki mundu þeir ekki undir nokkrum kringumstæðum ráðast í þessa framkvæmd með hliðsjón af arðsemi fjárfestingarinnar. Það var með öðrum orðum af pólitískum ástæðum sem ráðist var í þessa framkvæmd.

Hin fylkingin var sennilega fjölmennari þótt hún væri fámenn hér innan dyra því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð var eini stjórnmálaflokkurinn á Alþingi sem barðist gegn þessum áformum. Allir vissu að tímabundinn og afmarkaður uppgangur mundi fylgja í kjölfar þess að hundruðum milljarða yrði pumpað inn í efnahagskerfið. Við minntum á að hver einasta króna í virkjunarframkvæmdirnar yrði tekin að láni á ábyrgð skattborgarans og þyrfti að skila arði og vera til góðs fyrir efnahagslífið í heild sinni. Um arðsemina vitum við ekki enn, þar höfum við bara vísbendingar, en hinar efnahagslegu afleiðingar blasa við. Nú er spurningin þessi: Á að halda enn lengra út á þessa glapræðisbraut?

[11:28]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er beinlínis rangt og það er verið að afvegaleiða þessa umræðu, eins og vinstri grænir tala, með því að halda því fram að stóriðjuframkvæmdir valdi þeim miklu ruðningsáhrifum hér í landinu sem raun ber vitni. Það eru þau glæsilegu útrásarfyrirtæki okkar, bankarnir með íbúðalánum sínum og svo áhættufjárfestar erlendis með skuldabréfaútgáfu í íslenskum krónum sem hafa haft margfalt meiri áhrif en þær framkvæmdir sem eiga sér stað á Austurlandi eða á Grundartanga.

Það er í raun og veru einkennilegt, hæstv. forseti, að við skulum vera að rífast hér um atvinnuuppbyggingu í framtíðinni. Það endurspeglar kannski það umhverfi sem við búum við í dag, það ágæta umhverfi sem ríkisstjórnin hefur búið til. Það er mikill uppgangur í íslensku samfélagi en hver segir að það sé sjálfgefið að eftir 5–6 ár verði slíkur uppgangur í íslensku samfélagi? Það þarf að halda áfram að byggja upp atvinnulíf víða um land. Það er stefna okkar framsóknarmanna og það er stefna ríkisstjórnarinnar að næsta nýja álver verði reist á Norðurlandi. (**Gripið fram í:** Ekki í Straumsvík?) Að því er unnið undir forustu hæstv. iðnaðarráðherra ásamt heimamönnum á viðkomandi svæði, ásamt Þingeyingum, ásamt Skagfirðingum, hv. þm. Jón Bjarnason, og ásamt Eyfirðingum. Það er eðlileg krafa hjá Norðlendingum að atvinnulíf verði líka byggt þar upp í framtíðinni. Ég vil upplýsa hv. þm. Jón Bjarnason um að það er engin átakanleg þensla á Norðurlandi um þessar mundir.

Hér eru því í raun og veru skýrar línur. Samfylkingin leikur tveimur skjöldum í þessu máli, það er engin afdráttarlaus stefna af hálfu þingflokks Samfylkingarinnar í málinu, en það er svo sem ekki eini málaflokkurinn þar sem stefna Samfylkingarinnar er óskýr. Valkostirnir eru skýrir, við viljum halda áfram að byggja upp störf á landsbyggðinni og byggja upp atvinnulíf á landsbyggðinni.

[11:31]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið athyglisvert að hlýða hér á þingmenn stjórnarflokkanna ræða um stefnu Samfylkingarinnar í þessu máli, þ.e. að hún leiki hér tveimur skjöldum. Eftir að hafa hlýtt á ræður bæði hæstv. forsætisráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins, sem fannst hér í þingsalnum áðan, er alveg ljóst að ekki er um að ræða neina skýra stefnu hjá stjórnarflokkunum í þessum málum. Hér er verið að ræða um að skoða þessi mál. Út frá hverju? Jú, út frá Kyoto og þeim möguleikum sem við kunnum að hafa í þeim efnum. Út frá hagkerfinu. Hvort það sé pláss í hagkerfinu, hvort það sé rétt að setja svona stórframkvæmdir inn í hagkerfið. Út frá byggðasjónarmiðum og eins út frá náttúrusjónarmiðum. Ég sé ekki að í reynd sé verið að tala á annan veg en Samfylkingin hefur gert, auk þess sem við höfum lagt ríka áherslu á að vernda náttúruauðlindir. Það er hverjum manni ljóst að orkuþörf í heiminum verður miklum mun meiri þegar fram líða stundir og vel má vera að einhver mesta arðsemi okkar felist í því að geyma okkur að virkja allar þær auðlindir sem við getum virkjað. Ég fæ því ekki séð að mikill munur sé á stefnu Samfylkingarinnar og stjórnarflokkanna eins og stefna þeirra birtist í orðum hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra.

Ég held þó að það sé algjörlega nýtt, hæstv. forsætisráðherra hefur líklega komið sér á spjöld sögunnar og sennilega verða orð hans tekin fyrir í háskólanum, að til séu fjárfestingar sem engin áhætta er af. Sem engin áhætta er af, eins og hæstv. forsætisráðherra (Forseti hringir.) lýsti hér áðan og ég þori að fullyrða að þetta eiga menn eftir að rannsaka frekar.

[11:33]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Það var einu sinni sagt hér í þessum sal frá einum þingmanni til annars: Ertu að segja brandara? Þegar hv. þingmaður Samfylkingarinnar lýsti því eftir ræðu hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur að stefna Samfylkingarinnar hefði sérstaklega komið fram í orðum hæstv. forsætis-

ráðherra og hæstv. utanríkisráðherra hér áðan fann maður að hv. þingmaður Sunnlendinga var að reyna að segja brandara.

Það er auðvitað svo (Gripið fram í.) að þegar við ræðum álmálin þá erum við að tala öðrum þræði um gjaldeyrisöflun og almenna uppbyggingu í atvinnulífi. Hins vegar, eins og gert var á Austurlandi og eins og fram hefur komið m.a. í ummælum hv. 9. þm. Norðaust., erum við að tala um átak í byggðamálum. Það kom glögglega fram, bæði hjá hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra, að svigrúm er til þess innan okkar efnahagslífs að halda áfram áluppbyggingu hér á landi. Það hefur líka komið fram að það er svigrúm til þess vegna skuldbindinga okkar í Kyoto-bókuninni að reisa 200–250 þús. tonna álver á Norðausturlandi, sem ég vil stefna að. Það er athyglisvert að Húsvíkingar og Akureyringar hafa náð samstöðu um þessi mál. Þetta er það sem skiptir höfuðmáli. Það er lengi hægt að reyna að etja einstökum atvinnugreinum saman. En einn gleggsti votturinn um að ástand í þjóðfélagi sé gott er þegar stjórnarandstaðan er öll sammála um að ekki þurfi að hafa áhyggjur af atvinnuuppbyggingu, ekki þurfi að hafa áhyggjur af því að skapa ný störf. Álver skapa störf fyrir mjög vel menntað fólk sem þörf er á hér á landi, byggir upp byggðarlög með jákvæðum hætti, hefur góð áhrif á samskipti verkalýðsfélaga og atvinnurekenda eins og fram hefur komið (Forseti hringir.) m.a. í Hvalfirði, ef hv. þm. Hlynur Hallsson vildi kynna sér það.

[11:36]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það má að vissu leyti taka undir að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur sem þjóð til að efla hagvöxt og bæta lífskjör í landinu að við nýtum auðlindir okkar, þar með talið orkulindirnar, að sjálfsögðu. En ég held að við séum núna komin á það stig að við verðum að fara að hugsa okkar gang. Við verðum að fara að hugsa okkar gang í þessum efnum. Ég held að það sé orðið nauðsynlegt fyrir okkur að grípa til aðgerða til að kæla hagkerfið niður. Sú gengisstefna sem nú er í gangi er að verða okkur ansi dýr. Hún bitnar ekki bara á sjávarútveginum sem slíkum, hún bitnar líka á launakjörum fólks í landinu, afkomumöguleikum fólks í landinu. Af því við vorum að tala hér um byggðamál í gær — ég sé að hæstv. byggðamálaráðherra er horfin úr salnum, hún hefði gjarnan mátt vera hér og heyra það sem ég ætla að segja núna.

Við vorum að tala um byggðamál í gær. Ég held að sjómenn mjög víða um land og fjölskyldur þeirra geti til að mynda tekið undir það að hágengisstefnan hefur valdið mjög mikilli kjararýrnun hjá þeirri stétt, mjög mikilli kjararýrnun. Þar erum við að tala um háar fjárhæðir. Skip sem til að mynda selja afurðir sínar í dollurum. Þetta er mjög alvarlegur hlutur. Það er líka mjög alvarlegur hlutur hversu mörgum störfum við höfum tapað í sjávarútvegi á undanförnum missirum. Á þetta allt saman hefur verið bent.

Stór hluti af okkar hátækniiðnaði hefur skapað mörg verðmæt störf, mjög verðmæt störf, stórkostleg fyrirtæki eins og t.d. Marel. Ég vil leyfa mér að benda á að hágengisstefnan hefur valdið þessum fyrirtækjum miklum búsifjum ekki bara vegna þess að tekjur þeirra hafa dregist saman heldur líka vegna þess að viðskiptavinunum hefur fækkað og efnahagur þeirra versnað. Við getum ekki bæði haldið og sleppt í þessum efnum og eins og ég sagði áðan og við höfum varað við í Frjálslynda flokknum, nú síðast miðstjórn flokksins: Það er kominn tími til að við íhugum gang okkar mjög gaumgæfilega í þessum efnum. Hvert viljum við stefna?

[11:38]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það sem ég kalla hér eftir er ábyrgð. Ég kalla hér eftir ábyrgð stjórnvalda en ekki draumum og draumförum. Hæstv. forsætisráðherra talaði um fólk. Við erum nefnilega að tala um fólk. Við erum að tala um fólk í hinum ýmsu atvinnugreinum landsins. Við erum að tala um fólk í hinum ýmsu byggðarlögum sem nú er að missa eigur sínar, sem nú er að missa atvinnu sína.

Við deilum ekki um að það sé hægt að byggja hér, ef vilji er til og menn eru reiðubúnir að fórna hverju sem er, fleiri álver. Það sem ég bendi hér á og vitna til forustumanna í íslensku atvinnulífi er að það verður ekki gert nema að fórna öðru á móti. Álver voru byggð fyrst til að auka fjölbreytni í atvinnulífi. Er þess þörf nú? Munu fleiri álver auka fjölbreytni í atvinnulífi Íslendinga? Nei, æ fleiri benda á að það muni skapa aukna einhæfni, hættulega einhæfni.

Hæstv. utanríkisráðherra sagði að það yrðu ekki byggð fleiri álver, það yrði skoðað að það ryðji ekki öðru burt. Ég vona svo sannarlega að það verði skoðað. Má ég síðast vitna hér einmitt í Morgunblaðið, forustugrein í gær:

„Fyrirtæki í útflutningi, bæði sjávarútvegs- og iðnfyrirtæki og ekki síst hátæknifyrirtæki, hafa á undanförnum missirum kvartað undan stöðu gengisins og bent á að með óbreyttu gengi væri grundvellinum kippt undan starfsemi þeirra.“

Það er því mjög eðlilegt að aðrar atvinnugreinar hafi áhyggjur af rekstrarskilyrðum sínum nú við þær aðstæður ef haldið er áfram á þessari stóriðju- og álbraut. Ég tel, frú forseti, að það eigi að hlusta á raddir atvinnulífsins, varnaðarorð atvinnulífsins.

[11:40]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Vandinn í þessu máli um þessar mundir er sá að þær fjárfestingar sem við erum í koma að langmestu leyti á árin 2004–2006, eða að meðaltali um 60 milljarðar á ári. Það veldur vissulega spennu í efnahagslífinu þó aðrir þættir valdi þar enn meiri spennu. Ég tel að það eigi að forðast að farið sé í framkvæmdir með þeim hætti, eins og við höfum þurft að gera í sambandi við framkvæmdirnar á Austurlandi. Það verður þá að hafa það í huga að það hefur verið leyst að verulegu leyti með erlendu vinnuafli þannig að það hefur ekki reynt jafnmikið á innlent efnahagslíf. En ef okkur tekst að skipuleggja framkvæmdir á næsta áratug með þeim hætti að meðalfjárfesting í virkjunum og hugsanlegum iðnaði sé í kringum 30 milljarðar á ári þá tel ég að það valdi engum sérstökum vandamálum í efnahagslífinu. Þá standa menn einfaldlega frammi fyrir því hvort menn vilja þau störf sem þar eru í húfi.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir leyfir sér að koma hér upp og segja að þetta séu hagsmunir Framsóknarflokksins. Eru það einhverjir sérstakir hagsmunir Framsóknarflokksins að líta með velvilja á vilja aðila í Hafnarfirði? Eru það einhverjir sérstakir hagsmunir Framsóknarflokksins að vilja líta með velvilja á áhugamál fólks á Norðurlandi? Hvers konar málflutningur er þetta eiginlega? Er nema von að menn spyrji: Hvar er Samfylkingin stödd í þessum málum? Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir talaði með þeim hætti að það ætti alls ekki að líta með neinum velvilja á þennan vilja byggðarlaganna og fólksins. Ég heyri ekki betur en að talsmenn Vinstri grænna álíti það líka.

Á ríkisstjórnin að haga sér þannig að þegar fólk úr ákveðnum byggðarlögum kemur með sín áhugamál og fyrirtæki þá segi hún bara nei? Það komi ekki til greina. Menn geti bara búið við það að hafa enga vinnu. Er það þannig sem ríkisstjórnin á að haga sér? (Gripið fram í.)

Heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 1. umr.

Stjfrv., 456. mál. — Þskj. 681.

[11:43]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég biðst velvirðingar á því að viðkomandi mál hafi dottið úr huga mínum vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram.

En ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar. Af því þessi virkjun var nú m.a. hér til umræðu þá var því haldið fram að það væri nú dálítið annað að tala um þá virkjun eða Kárahnjúkavirkjun, vegna þess að Kárahnjúkavirkjun hefði verið hugsuð fyrir einn framleiðanda á tilteknum málmi sem er ál.

Nú halda menn því oft fram að þegar sá málmur er framleiddur sé aðeins verið að framleiða eina vörutegund. En það vill nú svo til að t.d. í álverinu í Straumsvík eru framleiddar 200 vörutegundir. Þar er um hátækniiðnað að ræða. En það var nú einmitt við þær aðstæður sem Búrfellsvirkjun var reist. Hún var reist til að útvega rafmagn fyrir eitt tiltekið fyrirtæki í Straumsvík sem hefur starfað síðan. Það vill svo til að þetta tiltekna fyrirtæki hefur keypt rafmagn af þessari virkjun í öll þessi ár og nú er hún nær fullafskrifuð og allar tekjur sem verða af henni í framtíðinni eru hreinar tekjur.

Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að það sama mun verða með Kárahnjúkavirkjun. Ég endurtek að ég held að það sé afskaplega lítil áhætta í sambandi við þá virkjun miðað við það útlit sem er í heiminum í dag í sambandi við orkumál. Ég tel að það sé ekki sambærilegt við margar aðrar atvinnugreinar sem menn eru að fara út í. Það eru engar líkur á öðru en að á næstu áratugum verði skortur á orku í heiminum.

En eins og hv. þingmönnum er kunnugt um þá var fyrirtækið Landsvirkjun stofnað með lögum nr. 59/1965. Stofnendur fyrirtækisins voru íslenska ríkið og Reykjavíkurborg og skyldi hvor aðili um sig eiga helmingshlut. Meðal þess sem ríkið lagði til sem stofnframlag samkvæmt sameignarsamningi voru vatnsréttindi vegna 210 megavatta virkjunar í Þjórsá við Búrfell ásamt landi sem til þurfti vegna virkjunarinnar.

Forsvarsmenn ríkisins voru í þeirri góðu trú að ríkið væri eigandi þessara réttinda sem lögð voru fram af þess hálfu til sameignarfélagsins enda byggðust þau á afsali frá fyrirtækinu Titan h/f frá árinu 1952. Nýlegir úrskurðir óbyggðanefndar um Gnúpverjaafrétt 21. mars 2002 og Landmannaafrétt 10. desember 2004 setja þarna strik í reikninginn sem hér er verið að taka á. Samkvæmt þeim hafði Titan h/f og þeir aðilar sem félagið leiddi rétt sinn frá ekki eignarrétt yfir landinu sem Búrfellsvirkjun er reist á né þau vatnsréttindi sem talið var. Eignartilkalli Landsvirkjunar var þannig hafnað í þessum úrskurðum og telst umrætt svæði þjóðlenda í skilningi laga og fer ríkið þar af leiðandi með eignarréttinn.

Í athugasemdum með frumvarpinu er ítarlega rakið hverjar voru forsendur óbyggðanefndar fyrir þessari niðurstöðu. Þar sem eignarhlutur ríkisins í Landsvirkjun hefur ásamt öðru miðast við framsal vatnsréttinda og lands á þessu svæði til fyrirtækisins er það niðurstaða eigenda fyrirtækisins að nauðsyn beri til að flytja frumvarp þetta og leita með því eftir heimild Alþingis til að afsala til Landsvirkjunar eignarrétti að þessum réttindum er varða Búrfellsvirkjun. Með því móti er tryggt að fyrirtækið verði að gengnum úrskurðum óbyggðanefndar eins sett og til var stofnað með nefndum sameignarsamningi á sínum tíma að því marki sem hann náði til ráðstöfunar þess lands og vatnsréttinda á nefndu svæði, sem ríkið taldi sig eiganda að við gerð sameignarsamningsins frá 1965.

Það svæði sem hér um ræðir er um 25 ferkílómetrar beggja vegna við Þjórsá þar sem eru mannvirki og athafnasvæði Landsvirkjunar vegna Búrfellsvirkjunar. Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir að landinu fylgi vatnsréttindi í Þjórsá að því marki sem þarf til, allt að 310 megavatta afl. Þess ber að geta að málshöfðunarfrestur vegna úrskurðar óbyggðanefndar um Landmannaafrétt rann út í september 2005 án þess að mál væri höfðað. Mál til ógildingar á úrskurði óbyggðanefndar um Gnúpverjaafrétt var þingfest 20. nóvember 2002 en hefur legið í láginni síðan. Ef frumvarpið verður að lögum verður eftir atvikum gerður fyrirvari í afsali til Landsvirkjunar um niðurstöðu þessa dómsmáls.

Frú forseti. Ég tel ekki ástæðu til að reifa þetta frumvarp frekar. Ég tel að það sé alveg skýrt hvað hér er á ferðinni og með því er ríkið að standa við það sem það gerði í góðri trú árið 1965 og að sjálfsögðu ber ríkinu að standa við slíka samninga þegar nýjar aðstæður koma upp og ríkið hefur alla möguleika til þess, með því að leggja til við Alþingi að samþykkja að þessi réttindi verði færð til Landsvirkjunar með þeim hætti sem hér er lagt til og ekki þurfi að koma til málaferla í þessu sambandi. Ég vænti þess að hv. þingmenn geti fallist á það þó að þessi samningur hafi verið gerður nokkuð löngu áður en nokkur þeirra sem eiga sæti á Alþingi nú komu á þing. Þessi samningur var ekki gerður á sínum tíma á ábyrgð nokkurs þess þingmanns sem hér situr en hann var gerður af hálfu ríkisins og með þessu frumvarpi er verið að leitast við að við hann verði staðið þannig að ekki þurfi að koma til málaferla af þeim sökum.

Ég vil svo að lokinni þessari umræðu biðja um að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

[11:52]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mjög athyglisvert mál sem vekur upp margar áleitnar spurningar í miklu stærra samhengi um séreign og þjóðareign á auðlindum. Vissulega kemur málið til með umræddum hætti fyrir þessum áratugum síðan. En ég vildi spyrja hæstv. forsætisráðherra að því — sérstaklega í því ljósi að yfir stendur umræða um hvernig við tryggjum best eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sínum, í stjórnarskrá o.s.frv. — hvort það væri ekki miklu sanngjarnari og betri leið að gera samning við Landsvirkjun um leigu, um einhvers konar afsal eða leigu á samningum um að nýta þessi réttindi, sem eru afmörkuð í tíma. Þar yrði sérstaklega tekið til þess hvernig að því verði staðið að skila þeim til baka en um yrði að ræða einhvers konar leigusamning og réttindaafsal eða réttindasáttmála til handa Landsvirkjun frá ríkinu. Væri það ekki betri leið að fara í stað þess að afhenda afsalið að eignarhaldinu yfir til fyrirtækisins sem getur skipt um eignarhald á næstu árum o.s.frv. Ef fram fer sem horfir mun fyrirtækið sjálfsagt verða selt og einkavætt einhvern tímann í framtíðinni. Er ekki miklu réttlátara og sanngjarnara til að tryggja eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sínum og þessari auðlind — og þeim mörgu áleitnu spurningum öðrum sem uppi eru, svo sem um eignarhaldið á Landsvirkjun, hvernig sú eign er til komin og skiptinguna á milli borgar, ríkis og Akureyrarbæjar? Og hvernig fer með annað svæði þarna upp með Þjórsá? En væri það ekki mikið vitrænna og skynsamlegra að afmarka í tíma einhvers konar réttindasáttmála til Landsvirkjunar um nýtingu á þessum réttindum og þessari afmörkuðu auðlind?

[11:54]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil segja það í upphafi, út af því sem hv. þingmaður sagði, að ég hef afskaplega miklar efasemdir um að rétt sé að selja fyrirtækið Landsvirkjun. Ég tel að það fyrirtæki sé með þeim hætti að eðlilegt sé að það sé í eigu ríkisins. Hins vegar má vel vera að það geti komið til greina að einhverjir aðrir komi eitthvað inn í það í lengri framtíð.

En vandinn við þá leið sem hv. þingmaður benti hér á er sá að ríkið gerði þennan samning á sínum tíma gagnvart meðeigendum sínum í Landsvirkjun og lagði þetta fram inn í þann samning. Þannig að ef ríkið stendur ekki við það þá kann það að vera skaðabótaskylt gagnvart fyrirtækinu eða meðeigendum sínum með einhverjum hætti. Þar sem hægt er að lagfæra það þannig að algerlega sé staðið við þann samning eins og hann var í upphafi, eins og öll efni standa til, þá er það hreinlega niðurstaðan að það sé rétt af ríkisins hálfu að gera það. Að gera nákvæmlega það sem samið var um 1965 og ríkið getur það, enda heimili Alþingi það með þessu frumvarpi.

En ég tel hins vegar rétt að farið sé yfir þau sjónarmið sem hv. þingmaður kom hér með við umræðu um þetta mál í nefnd. Aðalatriðið er að sjálfsögðu af ríkisins hálfu að þetta mál sé leyst þannig að fyrirtækið geti starfað með eðlilegum hætti eins og stofnað var til með byggingu þessarar virkjunar og menn gerðu í góðri trú.

[11:56]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Vissulega er það rétt. En nú hafa svo margar og margvíslegar forsendur breyst á þessum 40 árum frá því að Landsvirkjun var stofnuð. Þjóðlenduúrskurðurinn hefur t.d. gengið og öll þau mál, óbyggðamálin. Það hefur svo margt gjörbreyst að kannski er hæpið að líta á það sem einhvers konar samningsrof eða sáttmálarof að afsala fyrirtækinu réttindum og nýtingu á auðlindunum til lengri tíma og breyta þannig forsendum samningsins frá því fyrir 41 ári.

Þess fyrir utan vil ég fagna því að hæstv. forsætisráðherra lýsir því yfir að hann telji að það eigi ekki að selja Landsvirkjun eða einkavæða. Ég held að það hefði verið mikið óheillaspor. Það hefur oft mátt skilja hæstv. iðnaðarráðherra þannig á liðnum missirum að hún telji að það eigi að selja Landsvirkjun eða stefna að einhvers konar einkavæðingu á fyrirtækinu. En ég vil fagna því að hæstv. forsætisráðherra lýsir því yfir afdráttarlaust og skýrt að Landsvirkjun eigi ekki að selja eða einkavæða. Þannig að það verður þá alla vega ekki á döfinni í hans forsætisráðherratíð. Ég vil fagna því og taka undir þá skoðun forsætisráðherra.

[11:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er á svipuðum nótum og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson í þessu. Ég skildi einmitt þjóðlendulögin og markmið þeirra þannig að þar væri ætlunin ekki aðeins að skýra eignarhald á landi og auðlindum heldur væri það einnig meiningin að það væri það sem ríkið mundi eiga. Ég get ekki séð að það ætti að vera nauðsynlegt að afsala til Landsvirkjunar beinum eignarréttindum eins og kveðið er á um.

Nú er það þannig að Landsvirkjun er í eigu opinberra aðila, í eigu ríkisins og tveggja sveitarfélaga, stórra sveitarfélaga. Það má segja að hún sé með þessu þjóðareign sem við viljum leggja áherslu á að verði áfram. Þá vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort ekki hafi farið fram neinar viðræður milli eigenda Landsvirkjunar, ríkisins og þessara sveitarfélaga, um að leysa þetta mál með öðrum hætti eins og leigu á þessum réttindum, nýtingarrétti til ákveðins tíma sem gæti fullnægt eðlilegum þörfum og rekstrarskilyrðum Landsvirkjunar. Að mínu mati væri það miklu betri nálgun.

Ég bendi á þetta í því sambandi að nú er verið að tala um að einkavæða eða hlutafélagavæða raforkugeirann, hann þurfi að komast á samkeppnismarkað og þar á meðal náttúrlega Landsvirkjun. Þannig að aðstæður eru allt aðrar nú en var þegar Landsvirkjun var stofnuð sem klárt almannaþjónustufyrirtæki. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Hefur þetta ekkert verið rætt á þessum nótum?

[12:00]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Gert var ráð fyrir því að ríkið yrði eitt eigandi Landsvirkjunar í dag. Svo hefði orðið ef þær fyrirætlanir hefðu gengið upp sem stofnað var til fyrir alllöngu síð-

an, þegar fulltrúar Reykjavíkurborgar fóru þess á leit við ríkið að það keypti hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun. Reyndar var Akureyrarbær samstiga í því máli.

Það vill svo til að einhverra hluta vegna hefur flokkur hv. þingmanns, Vinstri grænir, alfarið lagst gegn því að ríkið keypti eignarhlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun. Þó bað Reykjavíkurborg um það og borgarstjóri fór þess á leit við ríkisstjórnina að ganga til slíkra viðræðna, m.a. í umboði Vinstri grænna. En þegar til átti að taka vildi flokkurinn ekki standa við upprunalega samþykkt sína og beiðni. Það fæ ég með engu móti skilið en vera má að hv. þingmaður viti eitthvað um það. Það er náttúrlega með eindæmum að ekki sé hægt að treysta því þegar gengið er til slíkra samninga að einhver alvara búi þar að baki.

Við höfum viljað leysa þetta málefni. Þess vegna var staðið við það sem upphaflega var stofnað til. Það er gert með þessu frumvarpi. Með því er staðið við orð og undirskriftir þeirra manna sem að því stóðu. Yrði það ekki gert kæmi upp ný staða en þetta er sagt í því ljósi að við höfðum gert ráð fyrir því að ríkið væri núna orðið eini eigandi Landsvirkjunar.

[12:02]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Eigi að taka orð hæstv. forsætisráðherra gild er frumvarpið alger tímaskekkja miðað við eignarhaldið eins nú er. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort ekki hefðu farið fram neinar viðræður um þetta ákveðna atriði milli eignaraðila. Hæstv. ráðherra svaraði því ekki heldur fór að velta fyrir sér kaupum ríkisins á Landsvirkjun.

Ég get upplýst hæstv. forsætisráðherra um að þegar sú umræða var í gangi fyrir um ári þá kom hæstv. iðnaðarráðherra í fjölmiðla og lýsti því að markmið hennar væri að einkavæða og selja Landsvirkjun. Það var bara spurning um tíma.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ályktað í sömu veruna. Þannig er það að Reykjavíkurborg, fólkið, eigi Landsvirkjun viss trygging fyrir því að ríkisstjórnin einkavæði ekki og selji Landsvirkjun. Hæstv. ráðherra sagði áðan að það stæði ekki til. Hið sama var sagt um Símann. Ég efast ekki um að ráðherra segi að ekki standi til að selja Landsvirkjun einmitt þegar hann segir það. En á morgun getur hæstv. ráðherra sagt allt annað. (Forseti hringir.) Það skulum við hafa í huga.

[12:03]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég bið hv. þingmann að temja sér að hafa rétt eftir. Iðnaðarráðherra hefur aldrei lýst því yfir sem hv. þingmaður heldur fram. (**JBjarn:** Nei nei.) Það er rangt. Það er rangt hjá hv. þingmanni, eins og svo margt sem hann hefur sagt í þessum málum.

Ég man eftir því að hv. þingmaður sagði skömmu fyrir jól í fjölmiðlum að ekki nokkur maður í Skagafirði hefði áhuga á að virkja þar. (**JBjarn:** Það er rangt.) Ekki nokkur maður. Ég hlustaði á það í fjölmiðlum.

Nú vill svo til að fulltrúar þriggja flokka í Skagafirði hafa lagt á það áherslu að orkulindir héraðsins verði nýttar til framgangs héraðinu. En hv. þingmaður talar á Alþingi eins og það sé ekki áhugamál fólksins í því byggðarlagi. Auðvitað veit ég að þar eru einhverjir aðilar andvígir því. En ég vil biðja hv. þingmann að temja sér að hafa rétt eftir.

[12:04]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni áhugavert mál, kannski bæði lögfræðilega og sögulega. Ég vek athygli á því að í athugasemdum með frumvarpinu er að finna bráðskemmtilega, athyglisverða og áhugaverða greinargerð, sérstaklega fyrir áhugamenn um sagnfræði. Þar eru tíndar til skemmtilegar upplýsingar um þróun sögunnar varðandi vatns- og landsréttindi á þessu svæði.

Þetta frumvarp til laga kemur til vegna þess að fallið hefur úrskurður. Tilkalli til Landsvirkjunar til eignarhalds á þessu svæði og réttinda þar hefur verið hafnað. Þetta svæði telst því þjóðlenda og ríkið fer þar með eignarrétt samkvæmt lögum.

Landsvirkjun er hlutafélag í eigu ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, eins og tilgreint er á bls. 5 í þessu frumvarpi. Ég velti því fyrir mér hvers vegna í ósköpunum eigi að láta Landsvirkjun hafa þetta svæði og þessi réttindi án endurgjalds. Væri ekki nær að Landsvirkjun tæki þessi réttindi og þetta landsvæði á leigu til langs tíma? Hér var talað um að líftími virkjunarinnar yrði a.m.k. 100 ár í viðbót, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði fyrr í dag, að hér yrði hreinlega gerður leigusamningur við ríkið og síðan yrði tekjunum af þessum samningi varið til uppbyggingar í héraðinu. Oft hefur réttilega verið bent á að Sunnlendingar njóti allt of lítils ávaxtanna af þeim miklu orkuverum sem hafa verið reist á landsvæðinu. Er ekki kominn tími til að gaumgæfa hvort ekki sé komin aðstaða til að þeir fari að njóta þeirra?

[12:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar til að mæla nokkur orð um þetta mál. Ég tel ástæðu til að velta þeim hlutum fyrir sér.

Ég get vel skilið það að menn vilji fara einfaldar leiðir til að leysa úr vanda af þessu tagi og eins og hæstv. forsætisráðherra sagði er hægt að standa fullkomlega við samninginn sem gerður var á sínum tíma með þeim gjörningi sem hér er lagður til. Þetta þarf þó ekki endilega að vera eina leiðin í málinu.

Ég tel að það sé ástæða til að menn a.m.k. velti fyrir sér hvaða stöðu þjóðarauðlindin komi til með að hafa í framtíðinni. Það er mín skoðun og reyndar von og trú að menn muni við endurskoðun stjórnarskrárinnar gera ráð fyrir því að þjóðarauðlindir verði þar inni, að ákvæði verði um auðlindir í þjóðareign, orkuauðlindir hafsins og ýmsar aðrar auðlindir. Menn mundu styðjast við tillögur auðlindanefndar sem undirbjó að hið opinbera eða Alþingi geti tekist á við þetta verkefni, sem er að mínu viti eitt af þeim allra stærstu í stjórnmálum á Íslandi sem stendur, þ.e. endurskoðun stjórnarskrárinnar og frágangur á þjóðarauðlindum ásamt öðrum stórum málum sem menn hafa rætt í sambandi við endurskoðunina.

Það er eðlilegt að menn velti fyrir sér hvernig þessum auðlindum verði fyrir komið, orkuauðlindum sem raforku-

fyrirtækin í landinu nýta sér. Ef við skoðum hugmyndir auðlindanefndar er það nokkuð einfalt gagnvart auðlindum eins og þessum. Menn gera hreinlega ráð fyrir því að annaðhvort fái sá sem nýtir auðlindina hana í hendur með þeirri kvöð að hann skili auðlindinni og landinu aftur í sama horfi og hann tók við henni, eftir þann afmarkaða tíma sem gert er ráð fyrir að viðkomandi hafi auðlindina í sínum höndum. Á hinn bóginn gæti hann skilað til baka auðlindinni ásamt þeim mannvirkjum í fullum rekstri sem reist hafa verið á viðkomandi stað til að nýta hana. Ég held að ágætisdæmi, eða módel fyrir slíkt, sé t.d. samningurinn um Hvalfjarðargöngin. Sá aðili sem fékk það verkefni fékk í hendur að gera göngin, reka þau ákveðinn tíma og skila þeim skuldlausum en í fullum rekstri til ríkisins. Þannig væri í sjálfu sér einfalt að ganga frá nýtingu þjóðarauðlinda. Þegar nýtingartíma lýkur er hægt að bjóða aftur út nýtingarréttinn handa þeim aðilum sem þá væru tilbúnir að sækjast eftir honum.

Huga þarf vandlega að því hvaða auðlindir við viljum hafa fyrir þjóðarauðlindir. Mér finnst að það liggi í augum uppi að úr því að ríkið hefur eignarhald á þeim auðlindum sem hér um ræðir eigi menn að sjá til að þær verði áfram í eigu almennings þótt menn hafi kannski mismunandi skoðanir á því hvort orkumannvirkin og reksturinn eigi að vera í höndum hins opinbera. Það er allt annað mál. Þótt ég taki undir að ástæðulaust sé að ræða um sölu á Landsvirkjun þá geri ég mér grein fyrir því að aðrir geti haft aðra skoðun á því. Ég vil taka þá umræðu upp og hef til þess fullan rétt. Yrði það gert teldi ég að sú umræða ætti að snúast um rekstur Landsvirkjunar og eignarhald á mannvirkjunum, en menn eigi að skoða vandlega að orkulindirnar sjálfar verði í þjóðareign. Þeir sem nýta þær yrðu að greiða fyrir aðganginn að þeim eða nýtinguna á þeim og úr því yrði skorið með jafnræðisreglum hverjir fái og hvaða verð skuli greitt.

En svo er annar hlutur sem ég vil ræða í samhengi við þetta. Í gögnum málsins er farið yfir stofnun Landsvirkjunar og eignarhaldið á henni. Ég hef margoft rætt um það í sölum Alþingis að þar hafi ekki verið vel að málum staðið. Að mörgu leyti var illa staðið að því frá hendi hins opinbera að því leyti að Landsvirkjun skyldi sett saman með því eignarhaldi sem um ræðir, þ.e. að Reykjavíkurborg eigi þarna 45–46% og Akureyringar tæp 5%. Eignarhaldið á þessum dýrmætu orkulindum eða orkufyrirtækjum öllu heldur hefur fyrst og fremst orðið til fyrir forgöngu hins opinbera. Menn hafa talað um gríðarlegar upphæðir og ég held að hv. þm. Jón Bjarnason ætti að líta svolítið í eigin barm og velta fyrir sér hvort skynsamlegt hafi verið að koma í veg fyrir lausn þessa máls. Þeir vinstri grænir sem tókst að koma í veg fyrir lausn málsins í vetur þurfa að standa ábyrgð á því að það gæti kostað ríkissjóð meiri peninga að leysa það síðar og orðið flóknara en hefði þurft að vera.

Ég dreg athygli að einu sem kemur hér fram í gögnum og ég ætla aðeins að fara yfir það. Hér er kafli um stofnun Landsvirkjunar og framlög eigenda og þar er talið upp hvað samningsaðilar lögðu fram í upphafi. Það var sem sagt eignarhlutur í Sogsvirkjun — ríkissjóður lagði hann fram — og vatnsréttindi sem ríkissjóður átti í Soginu ásamt lóðum. Síðan var réttur til að, með leyfi forseta, „hagnýta allt vatnsafl Sogsins, ásamt nauðsynlegum miðlunarvirkjum.

3. Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi ...“

Ég les ekki meira um það en síðan kemur, með leyfi forseta: „Með setningu laga nr. 37/1971 voru gerðar verulegar breytingar á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun. Hinar helstu voru þær að skv. 2. gr. var bætt við 4. gr. laganna svohljóðandi málsgrein:

„Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss ...“

Samkvæmt þessu er Landsvirkjun heimilt að reisa 210 MW raforkuver við Þjórsá við Búrfell, 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss og 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu ásamt aðalorkuveitum.

Öll þessi réttindi sem þarna voru færð til Landsvirkjunar voru gríðarlega mikils virði en það kemur fram að „engar breytingar urðu þó á eignarhlut aðila“ við þessa ákvörðun. Ég segi þess vegna að þetta sé enn eitt dæmið um það að þarna hafi menn haldið illa á málum fyrir hönd ríkisins gagnvart meðeigendum sínum sem eru Akureyringar og Reykvíkingar. Síðan hefur þessi aðgangur að kannski hagkvæmustu auðlindum okkar í vatnsafli, sem Landsvirkjun hefur nýtt sér á undanförnum árum og hefur orðið til að byggja upp þá auðlegð sem liggur í Landsvirkjun, verið færður á silfurfati í hendur þessara meðeigenda ásamt auðvitað okkur hinum sem eigum sameiginlega ríkissjóð. Ég ætla ekki að fara yfir það hvernig þessar eignir urðu til sem voru stofninn að Landsvirkjun en þær eru einungis örlítill hluti af verðmæti Landsvirkjunar í dag. Þess vegna held ég því fram, og hef margsagt það í sölum Alþingis, að það eigi að skoða eignarhald á öðrum virkjunum og raforkufyrirtækjum í þessu landi — þá er ég t.d. að tala um Rarik, með það fyrir augum hvort ekki eigi að afhenda eignarhlut í þeim til fólksins í þeim sveitarfélögum sem hefur byggt upp þau mannvirki með viðskiptum sínum við Rarik og að leitast við að rétta svolítið af þá vitleysu sem var gerð með því að taka eignaraðilana inn í Landsvirkjun með þeim hætti sem gert var. Auðvitað verður ekki snúið þar til baka.

Menn mega ekki taka orð mín svo að ég ætlist til þess að menn fari eitthvað að rífast um eignarhald Reykjavíkurborgar og Akureyringa í Landsvirkjun. Ég bendi einfaldlega á hvernig þessir eignarhlutar hafa orðið til og að það sé óeðlilegt annað en að menn reyni með einhverjum hætti að bæta fyrir mistökin. Þeim hafa verið rétt gríðarlega mikil verðmæti fram yfir aðra landsmenn með þeim samningum sem þarna voru gerðir. Auðvitað á að grípa tækifærið núna þegar verið er að endurskipuleggja raforkugeirann, grípa tækifærið til að rétta þessa hluti dálítið af. Það er vel hægt að gera það. Ég sé fyrir mér að Rarik verði þá að hlutafélagi ásamt t.d. Orkubúi Vestfjarða og að sveitarfélögunum í landinu verði metinn hlutur og þau eignist hlutabréf í því fyrirtæki. Þau sveitarfélög geta þá selt þann hlut sinn ef þau kjósa en a.m.k. yrði með þeim hætti búið til öflugt fyrirtæki sem gæti tekið þátt í samkeppninni á raforkumarkaðnum sem menn eru að reyna að skapa hér og getur engan veginn orðið til með þeim hætti að menn steypi hér saman Rarik og Landsvirkjun ásamt Orkubúi Vestfjarða og búi til einhvern gríðarlega stóran risa á þessum markaði. Svo er eng-

inn annar til að keppa við hann en Orkuveitan í Reykjavík sem Reykvíkingar eiga að langstærstum hluta líka.

Þarna finnst mér að menn þurfi að fara vandlega yfir málin og ég sé ekki að það liggi neitt beint við að halda því fram að ríkissjóður, eða landsmenn í gegnum ríkissjóð, eigi Rarik. Það liggur að mínu viti ekki fyrir, það má alveg eins líta til þess með hvaða hætti það fyrirtæki hefur orðið til með viðskiptum við fólkið í landinu. Í ljósi þess sem ég er búinn að vera að tala um hvað varðar eignamyndun í Landsvirkjun og gríðarlega eignamyndun Reykjavíkurborgar og Akureyrar í fyrirtækinu á þeim forsendum sem liggja fyrir endurtek ég það bara. Mér finnst full ástæða til að menn fari yfir þessi mál í heild og beini því til hæstv. forsætisráðherra að hann hugsi þetta mál. Tækifærið til að gera þetta er núna. Endurskipulagningin er í gangi á raforkumarkaðnum og það er að mínu viti full ástæða til að skoða málið út frá þeim forsendum sem ég hef verið að tala um.

[12:21]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel sjálfsagt að fara yfir þessi mál og ég vil bara endurtaka það sem ég sagði. Ég er þeirrar skoðunar að langeðlilegast hefði verið að ljúka þessu máli með því að ríkið keypti hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun samkvæmt því mati sem þar lá fyrir. Það var óánægja hjá Reykjavíkurborg með það mat og ríkisstjórnin lýsti því yfir að hún væri tilbúin að hnika einhverju til í því sambandi en þrátt fyrir það, af undarlegum ástæðum sem ég veit þó heldur meira um, varð ekki af því. Það hefði verið langeðlilegast í þessu máli eins og fulltrúar Reykjavíkurborgar báðu um. Þar með væri þetta allt saman komið í hendur ríkisins sem væri langeðlilegast við þær aðstæður sem nú eru á raforkumarkaði.

Það er mjög erfitt fyrir Reykjavíkurborg að vera annars vegar aðili að Landsvirkjun og hins vegar eigandi Orkuveitu Reykjavíkur. Það er komin samkeppni milli raforkufyrirtækja í landinu og ég sé ekki hvernig það er hægt til frambúðar að fulltrúar Reykjavíkurborgar sitji bæði í stjórn Orkuveitunnar og líka í stjórn Landsvirkjunar enda koma alltaf upp álitamál í slíkri samkeppni. Ég tek undir það með hv. þingmanni að það þarf að fá hreinna borð í þessu og það hefði verið langbest að leysa það með þeim hætti. En það liggur alveg ljóst fyrir að Reykjavíkurborg hefði gífurlegan hagnað af slíkri sölu, og Akureyrarbær jafnframt.

[12:23]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er algerlega sammála því sem hæstv. forsætisráðherra var að segja, og tel mjög miður að mönnum hafi ekki tekist að ljúka þessu máli. Við vitum hvernig það gekk fyrir sig og ég tel ástæðu til að menn reyni að gera betur og klára þetta með einhverjum hætti þó að ég óttist að það muni kosta stærri upphæðir en annars hefði gerst. Það kann að hafa verið ástæðan fyrir því að vinstri grænir lögðust gegn málinu að þeir hafi talið að hægt væri að fá hærra verð fyrir þessar eignir.

Annað var þó gefið upp í umræðunum. Það var gefið upp að þeir væru að reyna að koma í veg fyrir að Landsvirkjun yrði seld sem í sjálfu sér er mjög undarlegt vegna þess að ég get ekki séð að ef einhverjum dytti í hug að selja Landsvirkjun væri í sjálfu sér neitt erfiðara að selja hana þó að Reykjavíkurborg og Akureyri ættu eitthvað í henni. Það er bara handavinna í sjálfu sér að gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi og selja það ef menn vilja það. Það vil ég ekki.

Það var annað sem mig langaði til að fá svör við hjá hæstv. forsætisráðherra, viðbrögð við þeim vangaveltum mínum sem ég hef áður viðrað hér að ástæða sé til að skoða það, þegar fyrir liggur hver eignamyndun Akureyringa og Reykvíkinga verður vegna Landsvirkjunar, hvort með einhverjum hætti eigi ekki að jafna það út gagnvart öðrum sveitarfélögum með eignarhaldi í Rarik eða öðrum orkufyrirtækjum. Þannig væri hægt að jafna á klyfjunum. Þessi samningur við Akureyringa og Reykvíkinga færir þeim gríðarleg verðmæti sem eru að mínu viti fyrst og fremst komin til vegna þess að þetta fyrirtæki hefur nýtt sameiginlegar orkulindir okkar og það er óeðlilegt annað en að það sé skoðað þegar það liggur fyrir hver (Forseti hringir.) sá auður er.

[12:25]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá Landsvirkjun má áætla að eigendur Landsvirkjunar, ríki, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, hafi í gegnum tíðina lagt fram rúman milljarð á núvirði í fjármagni inn í þetta fyrirtæki. Það var metið, og ef ég man rétt á 56 milljarða, núna um áramótin og það var sá samningur sem fulltrúar Reykjavíkurborgar höfnuðu.

Þetta eru hins vegar staðreyndir. Það liggur fyrir að Reykjavíkurborg á 45% í Landsvirkjun og Akureyrarbær á 5%. Þannig var gengið frá þessum samningum í upphafi og það ber að virða eignarréttinn í þessu sem öðru.

Varðandi önnur sveitarfélög í landinu er náttúrlega ljóst að ríkisvaldið þarf að koma til móts við þau þeirra sem hafa minni tekjur. Það hefur ríkið gert í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í gegnum tíðina. Í eitt skipti hefur þó verið brugðið út af því með því að kaupa eitt tiltekið orkufyrirtæki á Vestfjörðum af eigendum þar. Það var reynt að gera það á verði sem mætti telja bæði sanngjarnt og eðlilegt gagnvart þessum sveitarfélögum og varð til að létta nokkuð á þeim. Ég get ekki farið frekar út í það en ég sé ekki alveg hvernig á að koma til móts við önnur sveitarfélög í þessu sambandi á þessu stigi. Að mínu mati er ljóst að við þurfum að halda áfram að efla Jöfnunarsjóð sveitarfélaga því að mörg sveitarfélög í landinu geta því miður ekki staðið undir öllum þeim skuldbindingum sem þau standa frammi fyrir í framtíðinni.

[12:28]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að hæstv. forsætisráðherra getur ekki talað mjög skýrt um þetta mál. Orð hans eru dýr. Ég bind hins vegar vonir við það að þegar fyrir liggur hver eignamyndunin verður raunverulega hjá Reykjavíkurborg og Akureyri af því að hafa fengið að taka þátt í þessu fyrirtæki í gegnum tíðina geti menn, ef þeir hafa til þess pólitískan vilja, metið hvernig þessi hagnaður hefur orðið til og hvað eigi þar að leggja til

grundvallar og þá hvort viðskipti annarra landsins þegna við t.d. fyrirtæki eins og Rarik ættu ekki að gefa tilefni til þess að sú eignamyndun, sá auður sem hefur orðið til við rekstur Rariks, komi með einhverjum hætti í hendur þeirra byggðarlaga sem hafa byggt þann auð upp. Það er ekkert óskaplega flókið mál. Annað eins og það að reikna það út hefur verið leyst á vegum hins opinbera. Ég tel mikla ástæðu til þess, endurtek það hér og ætla að hafa það mín síðustu orð um þetta núna að full ástæða er til að bæta fyrir þessi mistök fortíðarinnar. Ég er ekkert að sakast við þá sem gerðu þessa samninga á sínum tíma. Þeir hafa sjálfsagt ekkert velt því fyrir sér eða áttu ekki möguleika á að sjá inn í framtíðina með þeim hætti að þeir vissu til hvers þetta mundi leiða. En alveg gríðarleg eignamyndun er auðséð í dag og fyrir mjög lágt framlag í raun og veru. Þessi eignamyndun hefur fyrst og fremst orðið til fyrir forustu hins opinbera.

[12:30]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar er til umræðu og hæstv. forsætisráðherra hefur mælt fyrir því.

Eins og komið hefur fram felur frumvarpið í sér að afsala eignarréttindum á þessu landi og þessum vatnsréttindum til Landsvirkjunar. Þetta svæði er innan þjóðlendna og ég hefði talið að markmiðið með þjóðlendulögum hefði verið á sínum tíma, og að unnið væri að því, að skilgreina það land og þær náttúruauðlindir sem innan þjóðlendnanna féllu sem hlut ríkisins, hlut þjóðarinnar sem sameign og væru í sjálfu sér ekki til sölu. Hér er lagt til að þessum eignarrétti verði afsalað.

Ég segi það alveg hreint út að ég tel þetta ranga stefnu. Ég get tekið undir sjónarmið hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem fór áðan í gegnum það að náttúruauðlindir eigi að vera eign þjóðarinnar, ævarandi eign hennar. Hitt er svo annað mál hvort afmörkuðum sérgreindum nýtingarrétti sé ráðstafað til einhvers ákveðins tíma til skilgreindrar starfsemi eins og t.d. orkuöflunar eins og hér er verið að fjalla um. Þetta tel ég að eigi að vera hin algilda regla, hvort sem um er að ræða auðlindir í landi eins og vatnsréttindi eða hvort það er fiskveiðiauðlindin í sjónum svo að dæmi séu tekin. Það á aldrei að afsala eignarréttinum á því.

Ég geri mér þó grein fyrir því að þessi ríkisstjórn, ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks undir forsæti hæstv. forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar, leggur mikið kapp á að einkavæða og selja og markaðsvæða þessi réttindi. Við höfum fyrir þinginu frumvarp til vatnalaga sem heimila þá að vatnslindin sem slík sé markaðsvara. Ég er þessu andvígur. Það er sitt hvað hvort um ákveðinn nýtingarrétt er að ræða sem er veittur með ákveðnum skilyrðum, en eignarhald á vatnsréttindunum tel ég alveg alranga stefnu.

Hæstv. forsætisráðherra kom inn á það í ræðu sinni að nauðsynlegt væri að gera þetta til að forða hugsanlegum skaðabótakröfum af hálfu Landsvirkjunar þegar í ljós kom að eignin sem slík félli innan þjóðlendna og þess vegna hafi þurft að skýra stöðu málsins. Ég er sammála nauðsyn þess að skýra stöðu málsins. Þá hefði mér fundist eðlilegast að eignaraðilarnir að Landsvirkjun sem eru allir opinberir, ríkið fyrir hönd þjóðarinnar, Reykjavíkurborg fyrir hönd íbúa Reykjavíkur og Akureyri fyrir hönd Akureyrar — allt eru það almannafélög sem standa að baki þessari eign — ræddu saman um hvernig tekið yrði á þessum málum þannig að ekki truflaði rekstur Landsvirkjunar án þess að afsala sér varanlegum eignarréttindum eins og hér er lagt til.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á það líka hvernig hlutirnir væru ef þeir væru metnir inn í fyrirtækið og benti á að eignarréttindi hefðu ekki verið metin sem framlag inn í fyrirtækið af hálfu ríkisins og spurði hvort nú væri ætlunin að meta það sérstaklega. Virkjunarrétturinn og það að eignast vatnsréttindin hljóta að vera gríðarlega mikil eign en það hefur einmitt verið einn mesti veikleiki og galli í stefnu núverandi stjórnvalda í virkjunarmálum að meta fórnarkostnað auðlindarinnar til ráðstöfunar til virkjunar til núlls, meta náttúruna, vatnsréttindin, á núll inn í orkufyrirtækin. Síðan geta menn reiknað arðsemiskröfu á fjárfestinguna þegar menn eru búnir að skera af þennan fórnarkostnað sem lagður er fram við ráðstöfun á þessum auðlindum. Þetta sýnir hinn mikla veikleika sem er við stefnu þessarar ríkisstjórnar í virkjunarmálum að meta náttúruna á núll. Það virðist líka eiga að gera í þessu frumvarpi hér, að meta vatnsréttindin og land virkjunarlandsins á núll inn í þetta fyrirtæki, Landsvirkjun.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að þessi umræða verði tekin áður en við samþykkjum það frumvarp sem hér er um að leggja eignarhald á vatni og landi Búrfellsvirkjunar verðlaust inn í Landsvirkjun. Skoðun mín er reyndar sú að þetta eigi ekki að gera, það eigi ekki að leggja eignarhaldið inn heldur fyrst og fremst nýtingarréttinn. Ég legg áherslu á, frú forseti, að það verði skoðað mjög vandlega í iðnaðarnefnd að við ráðstöfum ekki með þessum hætti eignarhaldi á náttúruauðlindum okkar eins og hér er lagt til.

Þetta mál er alveg óháð því hver afdrif eignarhalds á Landsvirkjun verða. Þetta lýtur fyrst og fremst að réttindum þjóðarinnar, réttindum framtíðarinnar til að eiga auðlindina vatn og selja hana ekki í hendur einstakra fyrirtækja. Hæstv. forsætisráðherra svaraði í andsvörum sem ég átti við hann áðan í engu spurningum mínum, heldur varði tíma sínum í að draga athyglina að öðrum atriðum sem honum voru greinilega mjög viðkvæm. (**SigurjÞ:** Talaði hann um Evrópusambandið?) Hann talaði nú ekki um Evrópusambandið, nei, frú forseti, en hann talaði um eignarhald á orkuveitunum og lýsti þar áhuga sínum fyrir hönd ríkisins til að komast yfir Landsvirkjun, að ná eignarhlutum sveitarfélaganna, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, undir ríkið og það mundi gefa honum frjálsari hendur. Að sjálfsögðu mundi það gefa ríkinu frjálsari hendur til að ráðstafa þessu fyrirtæki eins og því mundi sýnast. (Gripið fram í.)

Málið er að í hugum okkar vinstri grænna eru orkufyrirtækin þjónustufyrirtæki sem eiga að hafa það markmið að skapa raforku, orku til einstaklinga, heimila og atvinnulífsins á sem hagkvæmustu verði, á sem jöfnustum kjörum. Á grundvelli þess byggjum við síðan upp samkeppnishæfa búsetu og atvinnulíf. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum ekki hrifin af afleiðingum nýjustu raforkulaga sem Framsóknarflokkurinn beitti sér fyrir. Nú

síðast komu hörð mótmæli frá Alþýðusambandi Íslands sem mótmælti hinum gríðarlegu raforkuverðshækkunum sem komu í kjölfar hinna nýju raforkulaga, markaðsvæðingar raforkukerfisins. Ég hef áður lesið upp hörð mótmæli frá Samtökum atvinnulífsins við gríðarlegri hækkun raforkuverðs vegna markaðsvæðingar raforkukerfisins. Við höfum vitnað í umsagnir einstakra byggðarlaga sem hafa orðið mjög hart úti í stórhækkuðu raforkuverði vegna markaðsvæðingar raforkukerfisins sem hefur verið dregin áfram af Framsóknarflokknum. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur meira að segja gortað af því. Ég held að hæstv. ráðherrar Framsóknarflokksins séu að verða ein um að gorta af árangrinum í markaðsvæðingu raforkukerfisins.

Það er í þessu ljósi sem við, fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, bæði á Alþingi og í borgarstjórn Reykjavíkur höfum lagst gegn því að hlutur Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun yrði seldur. Það þjónar hvorki hagsmunum Reykvíkinga sem íbúum né annarra landsmanna (**SigurjÞ:** Og leyndinni í kringum ...) að selja hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun. Með því að halda eignarhlutnum er það viss trygging fyrir því að Landsvirkjun fari ekki á markaðsvæðingarvagn þessarar ríkisstjórnar, ráðherra Framsóknarflokksins, því það eru engir hagsmunir Reykvíkinga (**SigurjÞ:** Við fáum ekki að vita það.) fólgnir í því að standa frammi fyrir stórhækkun raforkuverðs. Ég held að við ættum fyrst að ljúka þessum málum með markaðsvæðingu raforkukerfisins, raforkulögunum, reyna að draga til baka eitthvað af því mikla óhagræði og þeim miklu álögum sem það hefur leitt yfir íbúa landsins og atvinnufyrirtækin áður en við höldum áfram í markaðsvæðingunni.

Hæstv. forsætisráðherra fór einnig inn á að ekki stæði til að selja Landsvirkjun og vitnaði til þess að ég hefði sagt að hæstv. iðnaðarráðherra hefði látið að því liggja. Ég hef undir höndum útprentun af viðtali hæstv. iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur frá 17. febrúar fyrir ári síðan og vil gjarnan vitna til þess, með leyfi forseta. Þar er verið að fjalla um viljayfirlýsingu sem iðnaðarráðherra og þáverandi fjármálaráðherra skrifuðu undir varðandi kaup á Landsvirkjun. Með leyfi forseta, fréttamaður spyr:

„En þessi viljayfirlýsing sem var undirrituð í dag, er þetta eins og talað er um fyrsta skref í átt að einkavæðingu Landsvirkjunar?“

Þá svarar Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra:

„Já, það eru uppi áform um það að breyta síðan þessu fyrirtæki sem verður til í hlutafélag, hugsanlega árið 2008 og þá eru þau komin í gegnum Kárahnjúkauppbygginguna. Og eftir að fyrirtækið er orðið hlutafélag er ekki ólíklegt, og reyndar áform uppi um það, að aðrir aðilar geti komið að fyrirtækinu. Þetta er náttúrlega gríðarlega verðmætt fyrirtæki. Vonandi verður það ekki síður verðmætt á þessum tíma og það er engin sérstök ástæða til að ríkið haldi eitt utan um það.“

Fréttamaður spyr:

„Sérðu fyrir þér hverjum verður boðið að kaupa hlut í þessu hlutafélagi sem þá verður stofnað um Landsvirkjun? Getur almenningur keypt eða verður þetta boðið út einhvern veginn öðruvísi?“

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra svarar:

„Við erum ekki komin svo langt. Þetta er svo langt frammi í framtíðinni en almennt hefur það verið þannig þegar ríkið hefur verið að selja eignir sínar að þá hefur það verið gert allt mjög faglega, vil ég halda fram. Það hefur svo sem gengið ágætlega það sem við höfum einkavætt fram að þessu.“

Herra forseti. Hugur iðnaðarráðherra til framtíðar Landsvirkjunar leynir sér ekkert í þessu viðtali. Ég er ekkert að draga í efa að hæstv. forsætisráðherra meini það nú þegar hann stendur hér í ræðustól að ekki standi til að selja Landsvirkjun þó svo Sjálfstæðisflokkurinn hafi ályktað um það og verið með stöðugar yfirlýsingar um að það sé næsta skref. Ég dreg ekki í efa að forsætisráðherra meinar það sem hann segir núna. En það er eins og stundum hefur verið sagt: Menn kannski meina það um leið og þeir segja það.

Þegar Síminn var á sínum tíma hlutafélagavæddur lýsti þáverandi samgönguráðherra yfir með miklum svardögum að ekki stæði til að selja hann. Síminn var síðan seldur. Þetta er til að rifja upp hvað getur gerst. Hlutafélagavæðing Rariks, sem nú liggur fyrir frumvarp um frá ríkisstjórninni, er einmitt liður í einkavæðingu og markaðsvæðingu raforkugeirans, og ég hef bent á hvaða afleiðingar það hefur þegar haft.

Ég tek á vissan hátt undir það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á. Orkufyrirtækin Rarik og Landsvirkjun eru byggð upp sem eign þjóðarinnar, eign íbúanna, eign notendanna, eign sveitarfélaganna. Þannig hefur þetta byggst upp. Ef nú á að fara að markaðsvæða þau og færa eignir fyrirtækjanna upp með þeim hætti, búa það undir markaðsvæðingu og jafnvel sölu. Þá líta hlutirnir allt öðruvísi út. Ég vil taka undir það að ég tel eðlilegt að þau sveitarfélög sem vilja t.d. leysa til sín hluti í Rarik eigi að fá að gera það. Ég minni á að bæði Norðurorka og Skagafjarðarveitur hafa lagt fram erindi og óskað eftir viðræðum á síðasta vetri við ríkisvaldið um að fá keypta eða leysta til sín hluti Rariks á viðkomandi svæðum. Því hefur ekki verið svarað og ekki hefur verið orðið við þeim óskum um viðræður. Ég tel að það eigi að gera það því ef heimamenn telja að þessu sé betur varið með þeim hætti á að hlusta á það.

Ég minni á að kaup Rariks á Rafveitu Sauðárkróks á sínum tíma voru mjög umdeild og margir Skagfirðingar eru enn þeirrar skoðunar að það hafi verið gríðarleg mistök að selja Rafveitu Sauðárkróks. Hún var þeim mikilvæg, bæði sem þjónustustofnun og hvati í atvinnulífinu. Ég get tekið mörg dæmi um það. Þess vegna finnst mér alveg einboðið að það eigi að svara óskum heimaaðila um að fá að kaupa til sín t.d. Rafveitu Sauðárkróks og hugsanlega eignir Rariks á þessu svæði og styrkja þar með og efla Skagafjarðarveitur sem eru sem betur fer enn þá í eigu sveitarfélagsins og eru þar í öflugu starfi.

Enn eru orð hæstv. forsætisráðherra á þann veg að vitna til þess með röngum hætti sem ég hef sagt um afstöðu Skagfirðinga til stóriðjumála og virkjana og til þess að fórna Jökulsánum. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það. Það hefur komið fram í skoðanakönnunum að meiri hluti þeirra sem tóku afstöðu í því máli á síðasta vetri var því andvígur að fórna Jökulsánum undir virkjanir og ég vona að það standi enn. En ég ítreka, herra forseti, að ég tel að

þetta frumvarp þurfi mjög gagngerrar skoðunar við áður en það kemur aftur til 2. umr.

[12:50]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka ræðumanni fyrir efnismikla og fróðlega ræðu. Hann minntist á markaðsvæðingu raforkukerfisins. Mér finnst kannski eins og hv. þingmaður ræði ekki málið í heild sinni, hvort það megi ekki líta á þetta mál sem hluta af markaðsvæðingu stjórnmálanna. Við höfum orðið varir við að þeir sem fengu að kaupa Búnaðarbankann fyrir lítið fyrir tilstilli hæstv. forsætisráðherra hafa núna sýnt mikinn vilja til þess einmitt að komast inn í markaðsvæðingu raforkukerfisins. Ber ekki að líta á það? Það væri líka fróðlegt að fá að heyra það, þegar hæstv. forsætisráðherra tekur umræðuna saman í lokin, hvort sú gæti verið ástæðan.

[12:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að ýmsar hvatir eru undirliggjandi gæti manni dottið í hug. Ég var í ræðu minni fyrst og fremst að tala um þetta frumvarp sem lýtur að því að afsala eignarrétti á vatni og landi til Landsvirkjunar og vara við því. Það ætti frekar að leigja það sem slíkt en eignarrétturinn ætti alltaf að vera í höndum þjóðarinnar.

Hitt er alveg rétt, sem hv. þingmaður benti á, að það er ásókn í raforkugeirann. Við minnumst yfirlýsingar fyrrv. eiganda ESSO, sem var að selja ESSO og lét þess þá um leið getið að næstu vænlegustu fjárfestingarverkefnin væru í orkugeiranum, í orkuverunum. Það er því alveg ljóst hvert stefnir. Hins vegar óttast ég að bæði hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. forsætisráðherra, ef marka má orð hans, kikni auðveldlega í hnjánum undan ásókn aðila í að komast yfir orkuverin, og ég er ekki viss um að það verði þá á háu verði.

[12:53]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú eru þeir aðilar sem hafa lýst yfir áhuga á þessum kaupum nátengdir Framsóknarflokknum og hafa áður fengið að kaupa ríkiseignir fyrir lítið. Ég er á því að til þess að allir hagsmunir séu ljósir í þessum málum þurfi að opna bókhald stjórnmálaflokkanna. Opið bókhald stjórnmálaflokka er lykillinn að því að við þurfum ekki að ræða þetta svona, lykillinn að því að allir hagsmunir séu ljósir.

Ég er á því að þessi umræða, þó svo við séum að ræða afmarkað mál eins og vatnsréttindi, tengist því að stjórnmálaflokkarnir hafa lokað bókhald. Það getur þess vegna verið þeirra hagsmunamál að þjóna fjársterkum sérhagsmunum, herra forseti, í stað þess að líta til hagsmuna alls almennings. Við sjáum að það hefur gerst hér hvað eftir annað í þjóðfélaginu. Við höfum séð það varðandi stjórn fiskveiða, þar virðast þröngir sérhagsmunir hafa ráðið og það hefur bitnað á sjávarþorpum víðs vegar um land. Við vorum að ræða byggðaáætlun í gær og þá kom fram að það voru einmitt sjávarþorpin sem höfðu orðið fyrir barðinu á stjórnarstefnu hæstv. forsætisráðherra m.a. og iðnaðarráðherra sem hafa ekki viljað ljá máls á því að breyta stefnunni þó að hún gangi þvert á hagsmuni þorra þjóðarinnar. Þetta er óþolandi og ég er á því að til þess að breyta þessu þurfi einmitt að opna bókhald stjórnmálaflokkanna, herra forseti.

[12:55]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get svo sem deilt áhyggjum þingmannsins í þessum efnum en það sem ég er fyrst og fremst að fjalla um eru vatnsréttindin, hið varanlega eignarhald á vatni og á landi, í þessu tilviki gagnvart virkjunaraðila, Landsvirkjun, í kringum Búrfell.

Ég tel að þjóðin eigi að eiga þessar eignir og ekki eigi að framselja þær með þeim hætti sem hér er verið að leggja til. Það er allt annað að ráðstafa nýtingarréttinum til einhvers tíma en það á ekki að gera þetta, hvort sem Landsvirkjun verður áfram í eign þjóðarinnar eða ef svo óheppilega vildi til að hún yrði markaðsvædd og seld, þá er þetta grundvallaratriði.

Fyrir utan það legg ég líka áherslu á að rafmagn í sjálfu sér er hluti af grunnþjónustu við atvinnulíf og búsetu og líf í landinu og á ekki í sjálfu sér að vera rekið á arðsemisgrunni. Arðurinn á fyrst og fremst að koma í gegnum öflugt atvinnulíf og samkeppnishæfa búsetu. Hvernig eigum við líka að fara í einhverja raunverulega virka samkeppni um raforku í lokuðu landi — eylandi eins og okkar land er — þegar slík samkeppni gengur illa í löndum sem eru umgirt öðrum löndum á alla kanta? Þessi hugmyndafræði um einhverja virka samkeppni hér á landi, að hún skaffi lægra rafmagn, er dæmd til að mistakast. Það sanna dæmin í þeim gríðarlegu hækkunum á raforkuverði sem við höfum mátt upplifa núna á þessu ári og hinu síðasta, sérstaklega á þessu ári eftir að markaðsvæðing raforkunnar er farin að koma til framkvæmda.

[12:57]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hirða um þau lágkúrulegu orðaskipti sem áttu sér stað milli tveggja síðustu ræðumanna. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar um það mál sem hér er til umræðu, þá dæmalausu ræðu. Ég verð að viðurkenna það að eftir að hafa hlustað á ræðuna stend ég eiginlega í þeim sporum að mér finnst eins og hv. þingmaður skilji ekki málið.

Hér er um það að ræða að flutt er lagafrumvarp til að staðfesta gjörning sem fór fram árið 1965 og hefur komið í ljós að þurfi að setja inn í lög það ákvæði sem hér er í frumvarpinu til að skýra þann gjörning. Ég hélt að fortíðarmaður eins og hv. þm. Jón Bjarnason væri sammála því að það væri rétt að gera slíkt ef kæmi í ljós að það þyrfti. En ég vildi gjarnan heyra hjá hv. þingmanni hvort það er réttur skilningur hjá mér að hann skilji ekki þetta mál.

[12:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. Magnús Stefánsson hefði hlýtt á mál mitt þá hefði hann fengið svarið við því. Ég sagði eitthvað í þá veruna, herra forseti, að að sjálfsögðu þyrfti að

taka á og hreinsa óvissu hvað þetta varðar og snertir fyrirtækið.

Ég benti líka á, herra forseti, að þetta fyrirtæki væri alfarið í eigu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, og hafi líka verið það á sínum tíma þegar það var stofnað. Þess vegna ætti fyrsta skrefið í þessu að vera það að eignaraðilarnir hittust og ræddu hvort ekki væri hægt að komast að viðunandi niðurstöðu sem tryggði hæfilegt rekstrarrými og réttindi fyrirtækisins án þess að til þess kæmi að afsala eignarrétti á vatnsauðlindinni og öðru því sem nauðsynlegt kann að teljast fyrir virkjunina.

Þetta voru mín orð, herra forseti, og ég vona að hv. þm. Magnús Stefánsson hafi fylgst með þeim í þetta skiptið og átti sig á hvað ég hef sagt.

[13:00]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlustaði af athygli á ræðu hv. þingmanns eins og ég sagði áðan. Ég verð að viðurkenna að ég er engu nær. Ég met það svo að hv. þingmaður hreinlega sé ekki með á nótunum hvað varðar efni þessa máls.

[13:00]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að þetta sé hinn klassíski vandi framsóknarmanna, að þegar fyrir dyrum stendur að afsala sér landi eða auðlindum í varanlegan tíma sé það svo sjálfsagt að fyrir þeim sé það ekkert mál. Það má vel vera. Kannski eru þeir svo blindaðir af einkavæðingar- og markaðshugsjónum í raforkukerfinu að þeir geti ekki séð eða horft til þátta sem þessara. Þá er það náttúrlega ekki bara þeirra vandamál. Versta vandamálið er að þeir skuli vera aðilar að ríkisstjórn landsins með iðnaðarráðherra og hæstv. forsætisráðherra sem horfa ekki til þess að vatnið sem auðlind á að vera eign framtíðarinnar, ekki söluvara. Náttúruauðlindir sem slíkar eiga ekki að vera markaðsvara, hvorki í nútíð né framtíð, en hæfilegur nýtingarréttur og möguleiki til þeirra umsvifa sem við erum ásátt um að verði gætt getur verið framselt til lengri eða skemmri tíma eftir atvikum.

En vatnið, auðlindin vatn, á að vera eign þjóðarinnar og á að vera eign framtíðarinnar.

[13:02]

Útbýting:

Endurnýjun Herjólfs, 513. mál, fsp. MÞH, þskj. 750.

Hrefnuveiðar, 512. mál, fsp. MÞH, þskj. 749.

Málsókn vegna meintra brota á Svalbarðasamningnum, 511. mál, fsp. MÞH, þskj. 748.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:03]

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 2. umr.

Stjfrv., 329. mál (kjördæmi kirkjuþings o.fl.). — Þskj. 361, nál. 740 og 755.

[13:31]

Frsm. meiri hluta allshn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 740. Það er 329. mál. Það er nefndarálit með frumvarpi til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

Í nefndaráliti frá meiri hluta allsherjarnefndar eru tilgreindir þeir sem skiluðu nefndinni umsögn um þetta mál og eins þeir gestir sem komu á fund nefndarinnar.

Með frumvarpinu er lagt til að kirkjuþing hafi vald til að skipa kjördæmum sínum með sama hætti og sóknum, prestaköllum og prófastsdæmum. Þá er lagt til að kirkjuþing hafi vald til að ákveða fjölda fulltrúa á kirkjuþingi í stað þess að slíkt sé lögbundið. Auk þess er lögð til sú breyting á kjöri fulltrúa á kirkjuþingi, sem samkvæmt gildandi lögum eru prestar og leikmenn úr hópi sóknarnefndarfólks, að í stað orðsins „prestar“ verði orðið „vígðir“ notað. Þar sem djáknar eru vígðir felur breytingin í sér að þeir teljast ekki lengur til leikmanna á kirkjuþingi. Með þessu er gert ráð fyrir að leikmenn verði fleiri á kirkjuþingi en vígðir.

Allsherjarnefndinni er kunnugt um það sjónarmið Prestafélags Íslands að breytingarnar hafi ekki verið nægilega vel kynntar en meiri hluti nefndarinnar telur engu að síður að þær hafi hlotið nauðsynlega umfjöllun, kynningu og afgreiðslu innan kirkjunnar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins sem er í 3. gr. í þá veru að lögin öðlist þegar gildi.

Undir þetta álit rita hv. nefndarmenn í allsherjarnefnd, hv. þingmenn Bjarni Benediktsson, sú sem hér stendur, Ágúst Ólafur Ágústsson, Birgir Ármannsson, Kjartan Ólafsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Guðrún Ögmundsdóttir. En hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Birgir Ármannsson undirrita nefndarálitið með fyrirvara.

[13:34]

Frsm. minni hluta allshn. (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Nefndarálit minni hlutans er stutt og laggott. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fulltrúar Frjálslynda flokksins eru fylgjandi því að kirkja og ríki verði aðskilin og telja það vart við hæfi að alþingismenn séu að fjalla um innri starfsreglur einstakra trúfélaga.“

Við erum á þeirri skoðun að það eigi að aðskilja ríki og kirkju og það eigi að gera trúfélögum jafnhátt undir höfðu. Eins og áður segir viljum við einfaldlega breyta þessu og teljum ekki við hæfi að við séum í því að ákveða svona innri starfsreglur. Eins finnst okkur ekki við hæfi að einstaka trúfélög séu að skipta sér af því hvernig önnur trúfélög haga sínum innri málefnum, varðandi vígslur samkynhneigðra og annað þess háttar.

[13:35]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla að gera örstutta grein fyrir þeim fyrirvara sem við nokkur höfum við nefndarálitið og hann er kannski fyrst og fremst til að vekja athygli á afstöðu Prestafélagsins en þeir voru mótfallnir þessum breytingum núna og telja að þetta mál hafi ekki hlotið nægilega umfjöllun innan kirkjunnar. Í umsögn þeirra segir m.a., með leyfi forseta:

„Hugmyndir um breytingar á kosningu til kirkjuþings hafa ekki verið kynntar sérstaklega á héraðsfundum eins og skilja má af skýrslu kirkjuþingsnefndar til kirkjuþings 2005 um skipan prófastsdæma og kirkjuþingskosningar. Auk þess hefur ekki verið kallað eftir umsögnum héraðsfunda sem þó var óskað eftir í ályktun kirkjuþings frá 2004.

Jafnframt varar stjórn Prestafélagsins við þeirri breytingu á orðalagi sem er að finna í 2. gr. frumvarpsins þar sem talað er um „vígða" í stað „presta" og telur að breytt orðalag feli í sér afdrifaríka breytingu sem ekki hefur verið rædd til hlítar á vettvangi kirkjunnar."

Þetta er ástæðan fyrir því að við vorum með þennan fyrirvara. Við viljum vekja athygli á þessu þar sem ekki er talið að nægjanleg umræða hafi farið fram innan kirkjunnar. Hins vegar er hér verið að einfalda innan kirkjunnar og maður getur í sjálfu sér alveg tekið undir það. Umræðan innan kirkjunnar og innan kirkjuþingsins um þessar breytingar hefði mátt koma skýrar fram. En þessi er fyrirvarinn, herra forseti, sem ég hef nú gert grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:36]

Útbýting:

Aðstoðarmenn og ráðgjafar ráðherra, 517. mál, fsp. JGunn, þskj. 754.

Hátækni- og nýsköpunargreinar, 516. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 753.

Skattkerfið og fjárfestingar í sprotafyrirtækjum, 515. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 752.

Heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 456. mál. — Þskj. 681.

[13:37]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar. Flutningsmaður þessa er hæstv. forsætisráðherra og mig langar að spyrja forseta hvort hann sé í húsinu.

(**Forseti** (BÁ): Forseti hyggur að hæstv. forsætisráðherra hafi þurft að fara úr húsi. En hæstv. forsætisráðherra var kunnugt um að umræðan mundi halda áfram eftir matarhlé.)

Forseti reiknar þá með því að hann sé að fylgjast með umræðunni því ræða mín snýr mjög að hans fyrri verkum, meðal annars því þegar ríkið afsalar sér réttindum svo sem varðandi fiskveiðar og ríkisbanka.

(**Forseti** (BÁ): Forseti gerir ráð fyrir því að hæstv. forsætisráðherra fylgist með því sem hér ...)

Ég ætlaði nefnilega ekki að tefja þessa umræðu. Ég ætla að flytja fremur stutta ræðu en hefði þótt vænt um ef hæstv. forsætisráðherra hlýddi á mál mitt. Reiknar forseti með að svo sé?

(**Forseti** (BÁ): Ef hv. þingmaður óskar eftir því skal forseti koma skilaboðum til hæstv. forsætisráðherra.)

Ég ætla að halda áfram með þessa ræðu í þeirri von að hæstv. forsætisráðherra leggi við hlustir. En því miður hefur framganga hans þegar ríkið hefur afsalað sér réttindum verið slík að það mætti halda að honum væri alveg sama. Ég er á því að það þurfi að fara rækilega yfir þessi mál.

Ein meginástæðan fyrir því að ég ákvað að halda þessa ræðu voru orð hv. þm. Magnúsar Stefánssonar. Þegar ég var í andsvörum við hv. þm. Jón Bjarnason þá fannst honum lágkúrulegt að ég skyldi blanda saman bókhaldi stjórnmálaflokka og svo því þegar ríkið væri að afsala sér réttindum. Þess vegna finnst mér rétt að fara rækilega yfir það því svo virðist sem þessi ágæti hv. þingmaður átti sig ekki á samhenginu. Þess vegna er mjög þarft að fara yfir þetta málefni.

Við getum farið yfir það að þegar ríkið hefur verið að koma frá sér eignum þá hafa þær stundum lent í höndum þeirra sem eru nátengdir flokkunum og þá liggja fyrir bæði grunsemdir og vissa um að svo sé, svo sem þegar fyrrum ráðherrar stóðu í samningaviðræðum um kaup á Búnaðarbankanum, svokallaður S-hópur sem er nátengdur Framsóknarflokknum. Áður en við afsölum okkur fleiri ríkiseignum þá þurfum við að búa svo um hnútana að ekki sé grunur um þetta. Hvernig gerum við það? Með því að opna bókhald stjórnmálaflokkanna í landinu. Ég er sannfærður um að meginþorri fólks í landinu vill að svo sé, enda er það fyrirkomulag sem hér ríkir alger undantekning. Menn þurfa að leita út fyrir Evrópu til að finna hliðstæðu við þessa leynd. Hættan við hana er sú að stjórnmálamenn sem vilja koma sér áfram í prófkjörum og heilu stjórnmálaflokkarnir kannski freistist til að treysta á fjársterka aðila sem veita fjármuni inn í dýrar kosningavélar flokkanna í stað þess að gæta almannahagsmuna. Ef allt er opið sér almenningur hvaðan peningurinn kemur, svo sem í prófkjörin núna hjá Samfylkingunni og ég tala nú ekki um hjá Framsóknarflokknum þar sem umræðan hefur verið sú að menn hafa einfaldlega keypt sér sæti. Það er þörf á því að fara í gegnum þetta. En það er eins og hv. þm. Magnús Stefánsson hafi ekki áttað sig á þessu. Hann kallaði þetta lágkúrulegt, ef ég man rétt. Það er það bara ekki. Um þetta snúast stjórnmálin, að allt sé uppi á borðinu eða sem mest og hvað þá fjármál þeirra sem sækjast eftir almannavaldi, fá að fara með vald og geta ráðstafað eignum. Hagsmunir þeirra eiga einnig að vera ljósir. Það stríðir í rauninni gegn allri skynsemi að svo sé ekki. Þess vegna er nauðsynlegt að fara í gegnum þetta.

Við getum farið yfir fleiri mál. Þegar Landsbanki Íslands var seldur var rifinn út úr honum hlutur sem bankinn átti í Vátryggingafélagi Íslands og hann færður í hendurnar á aðilum þóknanlegum Framsóknarflokknum. Þetta er nátt-

úrlega alveg óþolandi. Og nú þegar hæstv. iðnaðarráðherra talar um að einkavæða raforkukerfið þá verðum við að búa svo um hnútana að það verði ekki fært í hendurnar á einhverjum flokksgæðingi. Við eigum ekki að líða það. Þess vegna eigum við að ræða þessa hluti saman. Ég vona að fólk átti sig á því. Það hefur komið fram hjá hæstv. iðnaðarráðherra, m.a. í Kastljóssþætti sem hv. þm. Jón Bjarnason minntist á, að sú sé ætlunin og það má líta svo á að þetta litla myndskreytta frumvarp sé liður í því að búa svo um hnútana að þetta verði sett í sölubúning. Þess vegna er vert að fara rækilega í gegnum þessa umræðu alla.

Það er líka vert að fara yfir það að mér finnst eins og hæstv. iðnaðarráðherra hafi alltaf komið sér hjá því að ræða fleiri þætti í sambandi við þetta mál, t.d. það sem snýr að almenningi. Hvers vegna eigum við að markaðsvæða raforkukerfið? Það hafa aldrei komið nein rök fyrir því. Ég er fylgjandi því að sem mest sé á markaði og að sem mest sé í höndum einkaaðila. En það er ekki líklegt að fólkið í landinu styðji þessa stefnu áfram þegar það fær alltaf hærri og hærri rafmagnsreikning frá Framsóknarflokknum. Hvers vegna ætti fólkið í landinu þá að styðja áframhaldandi markaðsvæðingu? Ég sem er virkilega fylgjandi því að sem mest sé hjá einkaaðilum get ekki tekið undir þessa stefnu þegar fólkið í landinu fær alltaf hærri og hærri reikning.

Við verðum líka að gæta að öðru, þ.e. að við erum bara að tala um markaðsvæðingu á litlum hluta af heildarraforkuframleiðslunni, einungis 20%. 80% verða í föstum samningum til stóriðjunnar. Hæstv. iðnaðarráðherra ætti að svara öðru einnig, þ.e. hvers vegna við getum boðið hlutfallslega lægra orkuverð til stóriðjufyrirtækja en löndin í kringum okkur sem eru jafnvel að flytja álverksmiðjur. En síðan ef það heitir annar iðnaður sem er ekki eins stór í sniðum þá þarf að borga tiltölulega hærra verð og jafnvel miklu hærra verð en tíðkast í löndunum í kringum okkur. Þetta er eitt af því sem er ósvarað.

Þó svo ég nái ekki í skottið á hæstv. forsætisráðherra til að svara því hvort ekki væri ráð, áður en menn fara í frekari markaðsvæðingu og sölu á ríkiseignum — það blasir við öllum — að opna bókhald stjórnmálaflokkanna þannig að kjósendur hafi vissu fyrir því að ekki sé verið að selja eignirnar til þeirra sem hafa verið gjafmildir í flokkssjóði þá er ég viss um að hann mun svara þessu seinna hér á þinginu. Ég hyggst jafnvel leggja fram fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra um hvort það sé ekki einmitt lykillinn að því að einkavæðingarstefna og markaðsvæðing verði trúverðug í framtíðinni.

[13:47]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir einlæga ræðu hans. Hann kom þar m.a. inn á tvo hluti sem eru okkur báðum mikið hjartans mál. Það er annars vegar upplýsingar um fjárhag, eða réttara sagt um bókhald stjórnmálaflokkanna. Og til að fylla út í umræðuna vil ég af þessu tilefni minna hv. þm. Sigurjón Þórðarson á að það er að störfum nefnd með aðkomu allra stjórnmálaflokkanna, eftir því sem ég best veit, sem forsætisráðherra skipaði einmitt til að fjalla um þetta. Spurningin er síðan hvort flokkarnir komast þar ekki að sameiginlegri niðurstöðu þannig að þær forsendur sem hv. þingmaður nefndi fyrir áframhaldandi einkavæðingu og afsali á réttindum ríkisins liggi þá fyrir að loknum störfum þeirrar nefndar.

Hitt sem ég vil einnig árétta, af því að hv. þingmaður lagði ekki minni áherslu á að fjármál þeirra sem sækjast eftir að fara með opinbert vald séu uppi á borðinu, er að á síðasta þingi sendi Framsóknarflokkurinn forsætisnefnd erindi um þetta og hvatti til þess að settar yrðu samræmdar reglur fyrir alla þingflokkana um þetta. Framsóknarflokkurinn ákvað síðan fyrir sitt leyti að bíða ekki eftir því að menn næðu saman heldur dreif í því að birta þessar upplýsingar um alla þingmenn og ráðherra þess flokks. Og svona til að halda því til haga þá er öðrum flokkum á þingi auðvitað í sjálfsvald sett að gera slíkt hið sama og taka sér Framsóknarflokkinn að því leyti til fyrirmyndar.

Ég deili áhuga þingmannsins á þessu tvennu og hef verið talsmaður þess ekki bara að gera eins og við í Framsóknarflokknum gerðum, að birta upplýsingar um okkar eigin fjármál og tengsl, heldur jafnframt að upplýsingar um fjármál stjórnmálaflokkanna séu opinberar og aðgengilegar. Við eigum svo eftir að sjá hver niðurstaðan verður í þessari nefnd sem allir flokkar á þingi eiga aðkomu að.

[13:49]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott til þess að vita að hægt er að eiga bandamann í hv. þingmanni til að koma þessum málum á hreint en það er löngu orðið tímabært og ég vonast til þess að sú umræða sem fer fram nú verði einnig til að ýta við þessu máli en mig grunar að það hafi ekki endilega verið ætlunin hjá hæstv. forsætisráðherra þegar hann setti þessa nefnd af stað að hún skilaði einhverju. Ég held að þessi nefnd hafi verið mest sett af stað vegna þess að umræðan var orðin þung á þeim tímapunkti og þetta var kannski liður í því að fresta umræðunni. Því miður hefur nefndin ekki enn skilað neinni niðurstöðu. Ég fylgist mjög grannt með nefndarstarfinu og ég held að ég sé ekki að brjóta neinn trúnað þó að ég upplýsi að starf nefndarinnar sé ekki komið neitt ákaflega langt. Það er ekki komið neitt lagafrumvarp en það er verulega brýnt að ganga frá þessum málum eins og hv. þm. Jónína Bjartmarz tók undir. Ég er á því að ef það yrði, yrði það lýðræðinu mjög til góðs.

[13:50]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að ræða frumvarp sem hæstv. forsætisráðherra mælti fyrir í morgun, frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar. Er hæstv. forsætisráðherra ekki í húsinu?

(**Forseti** (BÁ): Forseti getur upplýst að hæstv. forsætisráðherra er ekki í húsinu en honum var kunnugt um að framhald yrði á umræðunni en eftir því sem forseti kemst næst varð hann knúinn til að fara til annarra verkefna. Forsætisráðherra hefur aftur verið látinn vita að umræðan haldi áfram og að nærveru hans sé óskað.)

Gæti ég þá beðið með ræðu mína þar til hæstv. forsætisráðherra kemur í hús?

(**Forseti** (BÁ): Forseti telur rétt að láta umræðuna halda

áfram og sjá hvað kemur út úr þeim skilaboðum sem borin hafa verið til forsætisráðherra.)

Virðulegi forseti. Ég tek þá ákvörðun til greina og hef ræðu mína en vonast til að hæstv. forsætisráðherra hraði sér í hús hið fyrsta, en nái hann ekki hingað í tæka tíð þá kynni hann sér innihald þeirrar ræðu sem ég ætla að flytja núna. Þar mun ég benda á ákveðna hluti sem ég hygg að sé vert að taka til gaumgæfilegrar athugunar þegar þetta mál fer til meðferðar hjá hv. allsherjarnefnd.

Eins og fyrr sagði ræðum við frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar. Málið er tilkomið vegna úrskurðar óbyggðanefndar um það landsvæði sem Búrfellsvirkjun og vatnasvæði hennar er á. Óbyggðanefnd hefur úrskurðað að þessi landsvæði tilheyri ríkinu, þetta sé þjóðlenda sem eru þá landsvæði utan eignarlanda og ríkið sé eigandi hvers konar landsréttinda og hlunninda innan svæða sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Forsaga málsins er sú að þegar Landsvirkjun var stofnuð með lögum árið 1965 þá voru stofnendur fyrirtækisins ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur. Hvor um sig skyldi þá eiga helming fyrirtækisins. Þegar lög um Landsvirkjun voru samþykkt á hinu háa Alþingi fyrir 40 árum sagði í 4. gr. þeirra laga, eins og greint er frá í athugasemdum með frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell."

Og í 6. gr. laganna segir, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til að tryggja rekstur hennar. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp."

Hér er sem sagt kveðið á um að Landsvirkjun fær þessi vatnsréttindi og réttindi ríkisins í Þjórsá við Búrfell. Þarna eru menn í þeirri trú að ríkið eigi þessi réttindi og þeir eru að sjálfsögðu að höndla þarna í góðri trú. Það skal ekkert dregið í efa, ég hygg að svo hafi ekki verið einungis um ríkið heldur alla sem áttu hlut að máli. Í athugasemdum með frumvarpinu eru sögulegar forsendur fyrir þessu raktar ítarlega með ágætum hætti. Hér er talað um Einar Benediktsson, þann merka athafnamann og listamann og síðan fossafélagið Titan og margt skemmtilegt má að lesa í þessari ágætu samantekt. En eins og áður sagði leiddi þetta til þess að árið 1965 er Landsvirkjun stofnuð af ríkinu og Reykjavíkurborg sem leggur þetta til í púkkið, ef svo má segja. Virkjun var síðan byggð, mikið átak á sínum tíma, stórt framfaraskref hygg ég að allir séu sammála um í dag. Það hefur m.a. komið fram í morgun í máli hæstv. forsætisráðherra að þessi virkjun sé í raun og veru betri í dag en hún var þegar hún var reist, svona mannvirki séu mjög varanleg ef vel er að þeim staðið, sem ekki skal dregið í efa. Eflaust er það alveg rétt sem hæstv. forsætisráðherra segir að virkjunin sé miklu betra mannvirki núna en hún var. Það hafa að sjálfsögðu verið gerðar þarna tæknilegar umbætur og annað þess háttar.

Það hefur líka komið fram í máli hæstv. forsætisráðherra að virkjunin sé að fullu afskrifuð. Ég held að það megi leiða líkum að því að þessi virkjun sé núna mjög arðbær. Hæstv. forsætisráðherra hefur bent á að sennilega verði þessi virkjun í fullum rekstri a.m.k. 100 ár í viðbót, hafi ég tekið rétt eftir í morgun, en virkjunarmannvirki sem eru afskrifuð að fullu verði í rekstri og mali gull í a.m.k. heila öld. Ég held að það sé engum vafa undirorpið að þessi mannvirki munu hreinlega verða til þess að þarna verði malað gull nánast í orðsins fyllstu merkingu. Þarna er fyrir hendi mikil mjólkurkýr sem heyrir undir Landsvirkjun sem í dag er í eigu ríkisins að hálfu en Reykjavíkurborg á 44,525% og Akureyrarbær 5,475%.

Það sem gerist núna með þessum úrskurði óbyggðanefndar er, eins og áður sagði, að þessi nefnd sem vinnur samkvæmt sérstökum lögum um þjóðlendur kemst að þeirri niðurstöðu að eignartilkalli Landsvirkjunar á þessu svæði er hafnað og þetta svæði telst því þjóðlenda í skilningi laganna og samkvæmt þessum lögum fer ríkið þar með eignarrétt. Það leikur enginn vafi á þessu. Þessi úrskurður liggur fyrir en það var ríkisstjórnin sem lét fara í þessa vinnu og þetta var gert undir forsæti þáverandi hæstv. fjármálaráðherra Geirs H. Haarde, sem nú er hæstv. utanríkisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, og þetta varð niðurstaðan. Þetta gerir það að verkum að menn standa frammi fyrir algerlega nýjum veruleika og þess vegna eru þessi lög núna sett, að ég hygg til að reyna að bjarga málinu einhvern veginn fyrir horn. Það er verið að koma með lög til að það verði hreinlega úrskurðað af hálfu Alþingis, til að Alþingi veiti þessa heimild eða taki ákvörðun um að Landsvirkjun skuli eiga þau réttindi sem fylgja virkjuninni. Í viðauka við lögin er birt kort yfir svæðismörk virkjunarinnar og mannvirki sem fylgja henni, bæði yfirfallsvegir, inntaksmannvirki, varnargarðar, sjálf aflstöðin, lónið og þar fram eftir götunum.

Mig langar hins vegar til að velta upp við þessi tímamót hvort endilega þurfi að vera sjálfgefið, virðulegi forseti, að ríkið hreinlega afsali sér þessu öllu til Landsvirkjunar án þess að nokkuð komi í staðinn. Hvers vegna í ósköpunum á það að vera svona sjálfgefinn hlutur? Mér finnst ekki sjálfgefið að svo sé því ef við skoðum málið þá má færa fyrir því rök að ríkið gerði þetta á sínum tíma í góðri trú. Það eru liðin 40 ár síðan. Fyrirtækið sem tók við þessum heimanmundi í búið ef svo má segja, þ.e. vatnsréttindum og réttindum ríkisins í Þjórsá við Búrfell, hlaut líka að taka við þessu í góðri trú en síðan kemur þessi úrskurður 40 árum síðar og þá breytist allt og á sama tíma er búið að afskrifa þetta mannvirki.

Mér finnst ekki hægt að færa nægilega góð rök fyrir því að þetta réttlæti það að hægt sé að láta Landsvirkjun hafa þetta nánast orðalaust og Alþingi afgreiði það bara með eins konar gúmmístimpli athugasemdalaust. Ég hygg að báðir aðilar hljóti að bera hér einhverja ábyrgð, bæði Landsvirkjun og ríkið, og að það sé full ástæða til að líta svo á að hér sé í raun og veru hreint borð í þessu máli og það verði að skoða það alveg upp á nýtt.

Ég velti fyrir mér þeirri hugmynd, virðulegi forseti, hvort ekki sé hreinlega ástæða til þess að ríkið geri leigu-

samning við Landsvirkjun um afnotaréttinn á þessu svæði, á vatnsaflinu og landsvæðinu þarna í kring, leigusamning til að mynda til 100 ára, þ.e. þann líftíma sem við ætlum að verði á þessari virkjun, a.m.k. miðað við orð hæstv. forsætisráðherra. Hugsanlega er þessi tími lengri og það verður þá hægt að endurnýja samninginn. En gerður yrði leigusamningur og Landsvirkjun mundi hreinlega greiða leigu til ríkisins fyrir afnot af þessu svæði. Er það ekki bara sanngjarnt? Landsvirkjun er sjálfstætt fyrirtæki og hvers vegna ættum við að láta þetta sjálfstæða fyrirtæki hafa þessa náttúruauðlind ókeypis, mér finnst það ekki réttlátt, og að það séu þá eigendurnir, þ.e. ríkissjóður 50% og Reykjavíkurborg og Akureyri, sem fái síðan arðinn af virkjuninni í sína vasa.

Mig langar til að velta því upp og vekja athygli á því að fólkið sem býr á Suðurlandi, íbúar Suðurlands, fólkið í héruðunum þarna í kring hefur síðustu áratugina þurft að leggja til náttúruauðlindir sínar eða þær náttúruauðlindir sem eru á þeirra svæðum, og þá er ég að tala um fallvötnin, til orkuframleiðslu. Þessi landshluti hefur því miður ekki fengið að njóta sem skyldi þessarar miklu orkuframleiðslu og þeirra verðmæta sem sú orkuframleiðsla hefur skapað. Orkan hefur verið flutt út úr landshlutanum nánast alveg frá upphafi. Er ekki kominn tími til að þessi landshluti fái að njóta þessa? Er hér ekki komið gullið tækifæri til að koma málum þannig fyrir að þetta yrði að veruleika? Því velti ég upp þeirri hugmynd, eins og ég sagði áðan, að gerður verði leigusamningur við Landsvirkjun sem greiddi þá sanngjarnt verð fyrir afnotaréttinn, ef svo má segja, fyrir leiguna á gæðum þessarar auðlindar. Ríkið tæki við peningunum en peningarnir yrðu þá hugsanlega settir í einhvern ákveðinn sjóð eða eyrnamerktir með einhverjum hætti þannig að þeir nýttust til góðs fyrir Suðurland, sveitirnar þarna í kring, t.d. til atvinnuuppbyggingar, til skóla eða einhvers annars sem varðar velferð fólks á svæðinu. Mér finnst það fyllilega þess virði að það verði athugað og skoðað. Ég veit t.d. að í Noregi eru ríkustu sveitarfélögin þar ekki þau sveitarfélög sem hafa hugsanlega aðgang að olíu- og gaslindum, það eru sveitarfélögin sem höfðu yfir að ráða vatnsréttindum til virkjana. Það eru sveitarfélögin sem bjuggu svo vel að vera á svæðum þar sem voru vatnsföll sem hægt var að virkja og þessi vatnsföll hafa malað gull fyrir þjóðarbúið og sveitarfélögin á viðkomandi svæðum hafa að sjálfsögðu fengið sinn skerf af kökunni. Mér finnst bara sjálfsagt og eðlilegt að svo sé.

Virðulegi forseti. Ég vildi nota tækifærið til að velta þessari hugmynd hér upp. Það finnast eflaust fleiri rök með þessu og að sjálfsögðu hljóta líka að finnast rök á móti. Ég býst við að lögfræðingar Landsvirkjunar séu búnir að liggja yfir þessu máli og skoða þetta ítarlega frá öllum hliðum og eigi jafnvel einhvers staðar gambít til að mæta einmitt þeirri hugmynd sem ég varpaði fram. Ég skal ekkert um það segja en það kæmi mér ekki á óvart. Ég reikna með að þetta mál verði tekið til ítarlegrar umfjöllunar í allsherjarnefnd og þetta verði skoðað og að heimamenn verði kallaðir á fund nefndarinnar og álit þeirra fengið til að mynda og vonandi á þessari hugmynd og hvort þetta sé hugsanlega fær leið, hvort hægt sé skoða þetta mál lögfræðilega og finna þennan flöt á málinu. Það má vel vera að það kosti málaferli en væri bara ekki allt í lagi að láta reyna á það og fá þann úrskurð? Við getum hugsað okkur aðrar virkjanir, hugsanlega önnur svæði. Þetta gæti skapað eins konar lagalegt fordæmi, ég skal ekki um það segja, ég er ekki lögfræðimenntaður. Ég hef svo sem ekki legið mikið yfir þessum málum, virðulegi forseti, en mér finnst þetta hugmynd sem vert væri að skoða og því kvaddi ég mér hljóðs og vakti athygli á þessum fleti á málinu.

[14:06]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef fylgst með þessari umræðu í dag og ræðu hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar áðan þar sem hann fór nokkrum orðum um að honum fyndist eðlilegt að Suðurkjördæmi eða gamla Suðurlandskjördæmið fengi að njóta þeirrar orku sem framleidd er á Þjórsár-Tungnaársvæðinu. Þessu er ég hjartanlega sammála og hef lengi talað í sömu átt og hv. þingmaður gerði áðan.

Ég vil upplýsa hv. þingmann um að á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga er starfandi nefnd sem fékk nafnið stóriðjunefnd sem er að kanna þessi mál sérstaklega og fara yfir með hvaða hætti byggja megi upp orkufrekan iðnað í Suðurkjördæmi með tilliti til þess að nýta þá orku sem þar er, bæði raforku og hitaorku. Þau verkefni eru í gangi á vegum heimaaðila og ég vænti þess að það geti orðið eitthvert framhald á því og einhver niðurstaða sem leiði til þess að þar verði atvinnuuppbygging, sérstaklega við Þorlákshöfn, sem er sú höfn sem hugsanlega kann að verða útflutningshöfn ef þetta nær fram að ganga.

Á sama hátt eru menn á Reykjanesi að reyna að koma þeirri orku sem þar er í lóg og nýta hana til stóriðjuframkvæmda í Helguvík. Mér finnst því ofur eðlilegt að við leggjum mikla áherslu á það, þingmenn Suðurkjördæmis, að þessi orka verði notuð í kjördæminu og það á auðvitað að hafa forgang á okkar svæði.

[14:08]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kjartani Ólafssyni fyrir að koma hér upp. Þetta var kannski ekki alveg andsvar við ræðu mína, frekar athugasemd eða hugsanlega framhald á ræðu minni fremur en beint andsvar. Hann var í raun og veru ekki að andmæla því sem ég sagði. Ég get alveg tekið undir það sem hann sagði hér. Það eru fyllilega réttmætar og góðar athugasemdir varðandi orkuna sem framleidd er á Suðurlandi að eðlilegt sé að það verði skoðað mjög gaumgæfilega hvort landshlutinn geti ekki einmitt notfært sér þessa orku betur en gert hefur verið til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.

Mig langar þá til að nota tækifærið og spyrja hv. þm. Kjartan Ólafsson hvort hann hafi myndað sér skoðun á þeim hugmyndum sem ég varpaði hér upp um Búrfellsvirkjun, hvort honum þyki þá ekki eðlilegt að það sé skoðað að gera hreinlega samning við Landsvirkjun til lengri tíma um leiguafnot af svæðinu, að ríkið geri slíkan samning og að leigutekjum af þeim samningi verði síðan varið til góðra verka heima í héraði, þ.e. í nágrannahéruðum þessarar virkjunar, og heimamenn mundu þannig fá notið einhvers hluta af þeim tekjum sem munu sannarlega verða af

þessari virkjun á næstu árum, því eins og málum er háttað í dag á að láta Landsvirkjun hafa þetta endurgjaldslaust. Það á ekkert að koma í staðinn, íbúar Suðurlands munu ekki eiga neitt í Landsvirkjun, það eru Reykjavíkurborg, Akureyrarbær og síðan auðvitað ríkið. Það er kannski helst með óbeinum hætti í gegnum ríkið sem íbúar Suðurlands munu eiga aðgang að Landsvirkjun en þar fyrir utan á ég erfitt með að sjá að þeir peningar sem koma í kassann fyrir þessa virkjun verði Sunnlendingum svo mjög til góða.

[14:10]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég nefndi áðan að ég hefði fylgst með umræðunni en ekki kannski lagt mikið til hennar. Það er m.a. vegna þess að ég á sæti í hv. allsherjarnefnd þangað sem málinu verður vísað og þar mun ég taka þátt í umræðum og skoðanaskiptum sem þar verða uppi.

Ég get hins vegar alveg upplýst hv. þingmann um að mér finnst það skoðunarvert sem komið hefur fram í umræðunni í dag varðandi þann gerning sem verið er að leggja hér fyrir, að það sé ekki sjálfgefið að ríkið afsali sér landi og réttindum til Landsvirkjunar þar sem Landsvirkjun er einungis í 50% eigu ríkisins. Við eigum að gæta hagsmuna ríkisins og þarna erum við að afsala hluta af réttindum til Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Mér finnst við þurfa að skoða það fyrst og fremst áður en við förum að velta því fyrir okkur í ræðustól hvar við eigum að dreifa gullinu sem kann að vera þarna. Ég er ekki tilbúinn að taka þá umræðu í þessum ræðustól að svo stöddu. Aðalatriðið er að við skoðum hvaða verðmæti eru þarna og hvort eðlilegt sé að þau fari með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

[14:12]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst að enda þótt hv. þingmaður eigi sæti í allsherjarnefnd hefði hann átt að koma hér upp og lýsa afstöðu sinni til þessa frumvarps eins og það liggur fyrir núna. Í störfum Alþingis skiptir verulegu máli þegar þingmenn koma upp í ræðustól að þeir lýsi afstöðu sinni til einstakra mála. Ræður eru hluti af lögskýringargögnum, þær hafa verið notaðar sem hluti af lögskýringargögnum til að mynda við úrskurði. (**KÓ:** Og nefndarálit.) Og nefndarálit að sjálfsögðu líka. Það skiptir þó nokkuð miklu máli að þingmenn komi upp og lýsi skoðun sinni og mér finnst að þingmenn Suðurkjördæmis hefðu átt að koma hér upp einn af öðrum og tjá sig um frumvarpið, því að ég tel að hér sé í raun og veru verið að takast á um grundvallarhagsmuni fólks í kjördæminu. Við erum að tala um auðlindanýtingu, nýtingu á algerum grundvallarauðlindum og það eru einmitt orkuauðlindirnar sem eru kannski helsta og dýrasta djásn Suðurlands. Framsýnir menn sáu það strax fyrir mörgum áratugum að orkan væri einmitt eitt af dýrustu djásnunum af mörgum djásnum Suðurlands. Einar Benediktsson var einn þeirra en það má líka nefna aðra merka menn eins og Jónas Jónsson frá Hriflu. Nóg um það, virðulegi forseti.

Ég fagna því samt þrátt fyrir þetta að hv. þm. Kjartan Ólafsson sé þó í allsherjarnefnd og vænti þess þá að hann taki þar málið föstum tökum og gæti hagsmuna umbjóðenda sinna, sem eru kjósendur á Suðurlandi, og að hér verði ekki gengið til verknaðar sem menn munu síðar sjá að hafi verið mikil mistök og mikil auðæfi verði kannski höfð af íbúum Suðurlands og það algerlega að ósekju.

[14:14]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar. Það hefur komið fram í umræðunni í dag að óbyggðanefnd hefur úrskurðað að ekki hafi verið heimilt að afsala þessu landi til Landsvirkjunar fyrir um 40 árum síðan. Mér þætti því eðlilegra, í staðinn fyrir að heimila hæstv. forsætisráðherra að gera það núna sem ekki mátti gera fyrir 40 árum síðan, að við skoðuðum þessi mál í rólegheitum. Ég vil reyndar setja alla varnagla við að þetta land og þessi réttindi séu lögð upp í hendurnar á fyrirtækinu Landsvirkjun.

Nú er það yfirlýst stefna formanns Sjálfstæðisflokksins, sem er hæstv. utanríkisráðherra um þessar mundir, að selja beri Landsvirkjun einhvern tíma í framtíðinni, í nánustu framtíð, og fyrrverandi ráðherra Sjálfstæðisflokksins, Friðrik Sophusson, sem er núverandi forstjóri Landsvirkjunar, hefur einnig lýst þessum skoðunum sínum oft og ítarlega. Ekki síst þess vegna held ég að það sé í raun og veru mjög alvarlegt að ætla að gefa fyrirtækinu þessi réttindi og þetta land og síðan verði búinn til úr því peningur, vegna þess að við vitum alveg að ef áætlanir ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga verður fyrirtækið selt og þá verður þetta land, sem er auðvitað verðmætt land og verður enn þá verðmætara í framtíðinni, selt með.

Í umsögn um frumvarpið frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur frumvarpsins er öflun lagaheimildar fyrir forsætisráðherra til að afsala tilteknum réttindum til Landsvirkjunar sem ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins við stofnun þess árið 1965, en samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar um eignarréttindi á Gnúpverjaafrétti og Landmannaafrétti var framsal þessara réttinda þá byggt á vanheimild. Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á kostnað eða tekjur ríkissjóðs. “

Þarna vil ég leyfa mér að vera ósammála fjárlagaskrifstofunni vegna þess að ég held að þetta hafi einmitt áhrif á tekjur ríkissjóðs. Eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði áðan er auðvitað hægt að búa til alls kyns reglur um það, t.d. að leigja þetta land til Landsvirkjunar. Reyndar liggur nú fyrir iðnaðarnefnd mikið og skrýtið frumvarp um vatnalög og gerðar hafa verið margvíslegar athugasemdir við það frumvarp og vonandi verður það dregið til baka á þessu þingi. Þetta er auðvitað hluti af því.

Ég vona að allsherjarnefnd taki þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar og falli frá þessari heimild til hæstv. forsætisráðherra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 403. mál (nýjar gjaldtökuheimildir). — Þskj. 519.

[14:18]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpi þessu er með því kveðið á um nokkrar breytingar á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Í fyrsta lagi er lagt til að tekin verði gjöld af beiðnum til héraðsdóms og sýslumanns á grundvelli laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, en samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til slíkra laga. Við ákvörðun gjaldanna var höfð hliðsjón af ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs sem kveða á um gjöld fyrir þingfestingu einkamáls og gjöld fyrir fullnustugerðir, enda er hér um nokkra samsvörun að ræða.

Í annan stað er lagt til að gjald fyrir umsókn um íslenskan ríkisborgararétt verði hækkað úr 1.350 kr. í 10.000 kr. og að gjald fyrir tilkynningu um ríkisborgararétt verði hækkað úr 1.350 í 5.000 kr. Til samanburðar má geta þess að gjald fyrir ríkisborgarabréf í Danmörku er um 11 þúsund kr., í Finnlandi 38 þús. kr., í Noregi 22 þús. kr. og í Svíþjóð 16.500.

Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði upp gjald fyrir afgreiðslu umsókna um dvalarleyfi og búsetuleyfi. Gríðarleg aukning hefur verið í umsóknum um slík leyfi á undanförnum árum og mikil vinna og umstang sem liggur að baki hverri afgreiðslu. Lagt er til að gjöldin verði á bilinu 1.000–8.000 kr.

Í fjórða lagi er lagt til að tekið verði upp hóflegt gjald fyrir beiðni til mannanafnanefndar um samþykki fyrir nafni.

Í fimmta lagi er lagt til að tekið verði gjald fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði en gert er ráð fyrir í lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað að kveðið sé á um slíka gjaldtöku í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu eru í takt við forsendur í tekjuáætlun fjárlagaársins 2006.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[14:20]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna þessu ákvæði í 1. gr. um gjöld vegna mála á grundvelli laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Hins vegar set ég allan fyrirvara við 2. gr. frumvarpsins um stórhækkun á þeim gjöldum sem á að taka af fólki sem sækir um íslenskan ríkisborgararétt. Mér þykir þetta nokkuð mikil hækkun, mér telst til að hún sé eitthvað nálægt 700% á einu bretti. Tíu þúsund krónur virðast kannski ekki vera miklir peningar en ég mundi vilja fá skýringar hjá hæstv. fjármálaráðherra hvað liggur að baki þessari upphæð. Af hverju er upphæðin 10 þús. kr.? Ekki er það vegna þess að það er bara þannig á Norðurlöndunum heldur hlýtur að liggja fyrir einhver athugun á kostnaði þarna á bak við. Mér finnst að við ættum að fagna þeim sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt, fagna því að fólk flytji til landsins. Það eykur fjölbreytnina, það er mannauður fólginn í því fólki og mér finnst fullkominn óþarfi að byrja á því að rukka þetta fólk um leið og það tekur þá mikilvægu grundvallarákvörðun að sækja um að gerast íslenskir ríkisborgarar.

[14:22]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það má eiginlega segja að tvö sjónarmið liggi þarna á bak við. Annars vegar er um að ræða pappíra, ríkisborgarabréf, sem hafa ákveðið gildi og þegar um þau er sótt er eðlilegt að tryggt sé að hugur fylgi máli. Eins er um heilmikinn kostnað og utanumhald um þetta að ræða þó að kannski liggi ekki vísindalegir útreikningar að baki.

Hins vegar, eins og fram kom í framsöguræðu minni, eru gjöld fyrir sams konar þjónustu og sams konar pappíra mun hærri í nágrannalöndunum en þau eru hér. Mér finnst ekki óeðlilegt að við tökum mið af því þó að við þurfum ekki endilega að fara nákvæmlega eftir því, enda er það heldur ekki gert í þessu tilfelli heldur er meginhugsunin sem að baki liggur í þeim tveimur atriðum sem ég lýsti .

[14:23]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram í máli hæstv. fjármálaráðherra að ekki er búið að skoða hvaða raunverulegur kostnaður liggur þarna að baki og það þykir mér mjög miður. Ég vil minna á að Sjálfstæðisflokkurinn í minni hluta í borgarstjórn hefur ekki verið óduglegur við að gagnrýna Reykjavíkurlistann fyrir ýmiss konar gjöld og er alltaf að saka vinstri menn um að verið sé að leggja á einhverja skatta sem ekkert sé á bak við. Er hér ekki um stóraukna skattheimtu á þeim sem síst skyldi að ræða, frú forseti?

[14:24]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að gera svo vel grein fyrir málflutningi félaga minna í borgarstjórn Reykjavíkur. Hins vegar er í þessu tilfelli um að ræða það sem kallað er gjöld fyrir tiltekna þjónustu sem þarna kemur fram og ef eitthvað er held ég að þessi gjöld séu frekar lægri en hinn raunverulegi kostnaður sem er á bak við. Ég held að hv. þingmaður þurfi ekki að hafa verulegar áhyggjur af því að verið sé að íþyngja um of í þessu sambandi og bendi enn og aftur á því til stuðnings hvernig þessum málum er háttað hjá nágrönnum okkar sem búa við svipaðar aðstæður.

[14:25]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að blanda mér í þessa umræðu. Það er rétt sem hæstv. fjármálaráðherra kom inn á að útgáfa á ýmsum skírteinum kosta ákveðna peninga. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að hv. þingmaður sé að tala um að þeir sem koma erlendis frá eigi að njóta einhverra fríréttinda umfram íslenska þjóðfélagsþegna.

Það ber dálítið á því, virðulegi forseti, að fólk vilji taka á móti erlendum aðilum með einhverjum sérstökum hætti, gefa þeim meira frírými innan heilbrigðiskerfisins og í þeim skyldum og sköttum sem lagðir eru á landann með einhverju sérkennilegu hugarfari sem við Íslendingar skiljum ekki hvað verið er að fara.

Af þessu gefna tilefni vil ég ítreka það að allir þeir sem hafa hug á að koma til Íslands eru að sjálfsögðu velkomnir, en þeir verða að aðlaga sig að íslenskum staðháttum, íslenskum sköttum og skyldum. Málflutningur Vinstri grænna er allur á sömu lund, það má ekkert að kosta, það má ekkert gera, það á helst að fara til fjalla og tína fjallagrös. Af því eigum við að lifa. (Gripið fram í.) Allir aðrir eiga að lifa í sátt og samlyndi á Íslandi eins og í einhverri kommúnu. Nei, hv. þingmaður, talaðu ekki svona til þjóðarinnar með svona óábyrgu tali.

Ég held ég mæli fyrir munn þjóðarinnar, og tek svo stórt orð í munn, að þeir sem vilja koma til Íslands eru velkomnir en þeir skulu aðlaga sig að íslensku þjóðlífi. Þeir skulu borga sömu skatta og skyldur og við. Við sem búum í þessu landi, og forfeður okkar hafa lagt þar hönd á plóg, höfum byggt upp það heilbrigðiskerfi sem hér er og kostað miklu til, við sem skattborgarar unum því ekki að hingað komi svo erlendir aðilar og taki allt á þurru. Auðvitað eigum við að hjálpa þeim til þess að standa á eigin fótum, en það getur vel verið að þeir aðilar sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt séu bara miklu betur á vegi staddir en meðaltekjumaðurinn á Íslandi. Það er því í mörg horn að líta. En að koma með slíkar fullyrðingar að við séum að okra á þeim sem vilja koma til Íslands, að við eigum bara að taka þeim opnum örmum, fagnandi, er náttúrlega málflutningur sem passar ekki og sæmir ekki hér.

[14:28]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var afar furðuleg ræða hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. (**GHall:** Hún var góð.) Nei, hún var alls ekki góð, hún var reyndar alveg furðulega slæm. Ég talaði ekkert um að nýir Íslendingar eigi ekki að greiða skatta og skyldur hér á landi. Það kom ekkert fram í mínum málflutningi um það. Auðvitað eiga þeir að gera það. Síðan segir hann að það sé eitthvað furðulegt að við eigum að taka fagnandi á móti þeim hingað. Ég var bara að benda á að til þess að verða íslenskur ríkisborgari, að sækja um þau mikilvægu og góðu réttindi, þurfi ekki að hækka allt í einu eitthvert gjald upp í 10 þús. kr. sem enginn getur útskýrt, ekki einu sinni hæstv. fjármálaráðherra, hvað stendur á bak við. — Nú hlær annar hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Ég skil ekki svona málflutning. Tökum við á móti nýjum Íslendingum með þessu sjónarmiði? Mér er algerlega ofboðið. Og að ég hafi verið að tala eitthvað um að þetta fólk eigi að fá að vaða hér uppi og borga ekki skatta og skyldur eins og aðrir kom bara alls ekki fram í ræðu minni.

[14:30]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hlynur Hallsson talar hér um að ég sé að vaða reyk en eigum við kannski að fara í kjarna málsins? Hvað getur hv. þingmaður ímyndað sér að það kosti að skrá nýjan þjóðfélagsþegn sem kemur að utan? Tíu þúsund kr. með öllum þeim kostnaði sem fylgir, útgáfu bréfa og pappíra, vinnulaun o.fl.? Ímyndar þingmaðurinn sér að þetta sé algjört okur? Ef honum finnst það ætla ég að benda honum á að kostnaður við að gefa út vegabréf fyrir Íslendinga er ekkert fjarri þessu til þess að þeir komist á erlenda grund.

Fyrst hv. þingmaður er svona fær og klár með þessar tölur, veit hann þá hvað þetta kostar? Hefur hann hugmynd um það eða um hvaða tölu er hann að tala? Hvað er réttlátt í hans huga að þeir sem vilja gerast íslenskir ríkisborgarar greiði?

[14:31]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er nú að verða virkilega vandræðalegt. Eins og það sé hægt að ætlast til þess af mér að ég leggi fram útreikninga fyrir því hvað það kostar að gefa út einhvern pappír, það er sko ekki mitt hlutverk. Það hlýtur að vera hlutverk hæstv. fjármálaráðherra eða fjármálaráðuneytisins. Ég óskaði eftir þeim upplýsingum áðan en fékk því miður ekki. (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður ber þetta saman við útgáfu vegabréfa, það er allt annað dæmi. Ég skal benda hv. þingmanni á að það er einmitt nýlega komið í ljós í fréttum að kostnaður við útgáfu vegabréfa hefur stórhækkað, verð á vegabréfum hefur stórhækkað. Við innheimtum allt of lága upphæð fyrir nýju vegabréfin sem á að taka í notkun í apríl. Samt á að hækka þau um 100% í verði og það er vegna þess að sérstaklega Bandaríkjamenn gera nú orðið miklar kröfur um hvernig vegabréf eigi að líta út með lífsýni og alls konar veseni. En ég get ekki ímyndað mér að það sé svo dýrt að gefa út eitt ríkisborgarabréf. Það getur vel verið að það sé á löggiltan skjalapappír, ég vona það. En svoleiðis blað kostar nú bara úti í bókabúð eitthvað um 50 krónur og er ekki mjög flókið að gefa út.

Mér finnst þessi málflutningur fyrir neðan allar hellur og ég skil ekkert í fulltrúum Sjálfstæðisflokksins að láta svona.

[14:33]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samgöngunefnd fór nýlega til Keflavíkurvallar til að kynna sér starfsemina þar. Þar kom í ljós að fölsun vegabréfa er að verða meiri háttar vandamál. Það er stór hluti af þeim aukakostnaði sem hefur lagst á vegabréf að reyna að gera þau þannig úr garði að hægt sé að þekkja úr hælisleitendur, sem hafa verið að koma til Íslands, með falsað vegabréf. Þetta hefur náðst að skoða á Keflavíkurflugvelli vegna árvekni þeirra sem þar starfa og vegna sérstaks tæknibúnaðar sem þeir hafa. Það þarf vissulega að beita mjög miklum varúðarráðstöfunum við framleiðslu á einu vegabréfi svo að það verði ekki misnotað.

Við skulum láta kostnað við skráningu á nýbúa hér á Íslandi liggja á milli hluta. En hv. þingmaður kemur hér upp og spyr hæstv. fjármálaráðherra um kostnað en hefur enga hugmynd um þann kostnað sjálfur, talar um að það kosti ekki nema 50 kr. að kaupa eitt blað úti í búð til þess að búa til löggiltan skjalapappír. Þetta er náttúrlega skot út í loftið,

það er eitthvert helgarstuð á hv. þingmanni. Hann veit auðvitað að það kostar ákveðið fjármagn og kostar visst að skrá landsmenn eins og hann hefur sjálfur orðið var við.

[14:35]

Útbýting:

Aðstaða farþega á Egilsstaðaflugvelli, 518. mál, fsp. HlH, þskj. 757.

Lenging flugbrautarinnar á Akureyri, 519. mál, fsp. HlH, þskj. 758.

[14:35]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér erum við að ræða frumvarp til laga frá hæstv. fjármálaráðherra um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum. Ég kom hér upp í andsvörum áðan og lýsti yfir sérstakri ánægju minni með 1. gr. þessara laga, um gjöld vegna mála á grundvelli laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, og gerði síðan smáathugasemdir við gífurlega hækkun á umsóknum um íslenskan ríkisborgararétt, sem eiga að hækka úr 1.350 kr. í 10 þús. kr. Síðan spunnust hér umræður um hvort þetta væri sanngjarnt gjald og allt í einu vorum við farin að tala um skatta og skyldur fólks af erlendu bergi brotið sem kemur og sest hér að. Það var jafnvel látið að því liggja að ég og öll Vinstri hreyfingin – grænt framboð, gott ef ekki var, vildi ekki að þetta fólk borgaði skatta og væri undir aðrar skyldur fallið eins og íslenskir ríkisborgarar. En þannig er það nú alls ekki, við viljum einmitt að þetta fólk verði fullgildir ríkisborgarar og borgi hér skatta og skyldur og taki þátt í samfélaginu eins og Íslendingar.

Ég skal nú segja, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, að það er ekki svo einfalt að koma hingað og gerast íslenskur ríkisborgari. Það tekur langan tíma, fimm eða jafnvel sjö ár, og á meðan hefur þetta fólk jafnvel ekki kosningarétt. Sumir hafa ekki einu sinni kosningarrétt í landinu sem þeir voru að koma frá. Það mál ætti náttúrlega að taka fyrir, það er að mínu mati fullkomið brot á mannréttindum að hafa ekki leyfi til þess að kjósa neins staðar.

Þegar fólk tekur þá miklu ákvörðun, sem er mjög mikilvæg og góð að mínu mati og ber að fagna, að sækja um íslenskan ríkisborgararétt. (**GHall:** það eru svo góð stjórnvöld hérna á Íslandi.) Það er nú því miður ekki þess vegna, hv. þingmaður, við þurfum ekkert að tala um arfleifð okkar og fara út í einhverja þjóðernishyggju. Þetta mál er ekkert á þeim nótunum. Þá litlu athugasemd sem ég gerði hér í upphafi gerði ég einfaldlega vegna þess að ég vildi fá skýringu á upphæðinni sem slíkri, aðra skýringu en þá sem kemur fram í frumvarpinu, þ.e. hver upphæðin er á hinum Norðurlöndunum. Ég bjóst við því að hæstv. fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins gæti útskýrt það fyrir mér hver raunverulegur kostnaður er sem liggur þarna á bak við, sundurliðaður. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það er ekki bara pappírinn sem þarf að borga, það er vinna þarna á bak við, það þarf að fá umsagnir og eitt og annað. En mér finnst það fullkomlega eðlilegt að fram komi, og ég reikna nú með því að það verði tekið fyrir í nefndinni þegar frumvarpið verður rætt þar, hver raunverulegur kostnaður er. Ég vona að óskað verði eftir sundurliðun á þeim kostnaði.

En þetta snýst auðvitað um, og við vorum einmitt að fjalla um það hér í gær á hinu háa Alþingi, hversu mikilvægt það er að styðja við það fólk sem kemur til landsins, gerist nýir Íslendingar. Margt af því hefur sest að úti á landi, heldur uppi fiskvinnslunni á mörgum stöðum, eykur fjölbreytni, kemur með menningaráhrif sem eru til góðs fyrir íslenskt þjóðfélag og auðgar mannlífið, ekki síst í fámennum sjávarbyggðum úti á landi. Þess vegna finnst mér málflutningurinn í þessari umræðu, frú forseti, dálítið sorglegur. Ég vil ítreka að við eigum að bjóða þetta fólk velkomið. Það er hagur fyrir íslenska þjóð að við verðum fleiri og að við verðum fjölbreyttari (**Gripið fram í:** Þá er að virkja.) og mannauðurinn fái að njóta sín, frú forseti.

[14:41]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held nú að í annan tíma í þessum sal þyrftum við kannski að ræða, og gefa okkur þá betra tóm til og undirbúa okkur, hvernig við tökum á móti þeim sem flytja til landsins. En vegna þeirrar athugasemdar hv. þm. Hlyns Hallssonar, að þetta gjald væri of hátt og væri til marks um það að við tækjum ekki nógu vel á móti þeim sem væru að koma til landsins, sé ég mig knúna til, vegna þess að ég sit í allsherjarnefnd og hef skoðað þetta, að upplýsa hann um að þeir sem eru að fá ríkisborgararétt allflestir, ef um einstaklinga er að ræða, eru búnir að búa hérlendis í sjö ár. Þeir eru ekki að koma til landsins, þetta eru ekki gjaldtökur af þeim sem eru að koma hingað og heldur ekki þeim sem eru að koma hingað einungis til að vinna í stuttan tíma. Ef þeir eru giftir eða í staðfestri sambúð þurfa þeir að hafa búið hér í þrjú ár og ef þeir eru í skráðri sambúð þurfa þeir að hafa búið hér í fimm ár. Þetta er meginreglan.

Hv. þingmaður spurði líka um skýringu á því hvers vegna gjaldið væri svona hátt og það kemur glöggt fram í lögum um íslenskan ríkisborgararétt vegna þess að þar er fjallað um skilyrðin fyrir því að leyfið, ríkisborgararétturinn, sé gefið út. Þar þarf m.a. að kanna þessi búsetuskilyrði með tilheyrandi gögnum. Einnig þarf að fá fram álit tveggja valinkunnra manna um að viðkomandi sé vel kynntur þar sem hann dvelst. Hann þarf að sýna fram á framfærslu, hann má ekki hafa sætt varðhaldi eða fangelsisrefsingu eða eiga óloknu máli í refsivörslukerfinu og svo koll af kolli. Ég held að þetta skýri fullkomlega umræddu gjaldtöku, tíu þúsund krónurnar, og það er alla vega ljóst að það er ekki bara pappírsins virði, það er vinna af hálfu embættismanna sem liggur þar á bak við og má kannski ætla að það sé síst oftekið.

Varðandi útgáfu (Forseti hringir.) vegabréfa ætla ég að árétta það, (Forseti hringir.) því að hv. þingmanni fannst það gjald temmilegt, að þeir sem fá íslenskan ríkisborgararétt þurfa líka að fá íslenskt vegabréf.

[14:43]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir þessa ábendingu. Hún undirstrikar í raun og veru það sem ég var að tala um í ræðu minni að það tekur langan tíma, ég sagði það einmitt að það tæki allt upp í sjö ár, að fá leyfi til

þess yfir höfuð að sækja um íslenskan ríkisborgararétt. Nú getur það vel verið að þarna liggi á bak við margra klukkutíma vinna hjá einstaka embættismönnum ríkisins. Þá vil ég bara fá að vita það hvernig þessi upphæð er til komin. Þetta er mjög góð ábending hjá hv. þingmanni og ég vil þakka sérstaklega fyrir hana, að benda akkúrat á það að þeir sem eru orðnir íslenskir ríkisborgarar eftir langa dvöl hér á landi og að uppfylltum öllum þeim skilyrðum sem þarf til þurfa auðvitað líka að borga vegabréfið sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson dró inn í umræðuna áðan.

[14:44]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Hlynur Hallsson fór út í menningu og menningarlegar hugrenningar varðandi erlenda aðila sem vilja gerast íslenskir ríkisborgarar. Ég ræddi ekkert um það. Ég talaði eingöngu um það, frú forseti, að þeir sem kæmu til Íslands yrðu að sætta sig við að sitja undir nákvæmlega sömu skattgreiðslum og gjöldum og við Íslendingar. Það má svo alltaf deila um það hver á að borga hvað og hvaða upphæðir liggja þar að baki. Það er það sem við tókumst á um.

Það getur vissulega göfgað þjóðfélagið að fá erlenda aðila í miklum mæli sem vilja gerast íslenskir ríkisborgarar en það er hins vegar mjög nauðsynlegt fyrir hv. þingmann úr fylkingunni Vinstri grænum að halda því líka til haga að því fleiri erlenda aðila sem við fáum til landsins því fleiri atvinnutækifæri þurfum við að skapa. Við gerum það náttúrlega ekki með því að tína fjallagrös, það þarf ýmislegt annað að koma til.

Allt um það, það var fyrst og fremst þessi greiðsla en ekki það sem hv. þingmaður gat snúið orðum mínum upp í að ég væri á móti öllum erlendum áhrifum hér á Íslandi og ég væri á móti annarri menningu o.s.frv. Það er út í hött og ég vísa því til föðurhúsanna. Ég ætla að endurtaka það sem ég er að segja, virðulegi forseti, að þeir sem koma hingað til Íslands af erlendri grund og vilja setjast hér að sitji við sama borð og Íslendingar og lagi sig að íslensku þjóðlífi en við ekki að þeirra.

[14:46]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að aðeins mildari tónn var í þessari síðustu ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. Allt tal um einhver fjallagrös og þess háttar er náttúrlega bara brandari. Ég get til upplýsingar bent hv. þingmanni á að það eru býsna margir t.d. í mínum heimabæ, Akureyri, sem hafa atvinnu af því að vinna úr fjallagrösum og skal ekkert hafa það neitt í flimtingum. Það er einmitt atvinnugrein sem ég held að verði mjög vaxandi. (**GHall:** Við lifum ekki af því einu saman.) Það er enginn að tala um að lifa af því einu saman. Hverjum ætti að detta það í hug að öll þjóðin eigi að lifa af því að tína fjallagrös? Þetta er náttúrlega þvílíkur útúrsnúningur og brandari að ég veit ekki hver er í helgarskapi hérna í dag.

Hv. þingmaður kom inn á það að við ættum að borga öll sömu skatta og skyldur en ég vil þá benda hv. þingmanni á að við Íslendingar þurfum ekki að borga þennan tíuþúsundkall fyrir ríkisborgararéttinn því að við erum jú fædd hérna og þurfum ekki að sækja um hann. Þetta eru því aukaálögur á þá sem flytjast hingað. (**GHall:** Fæðingarkostnaður er nú nokkur skal ég segja þér.)

[14:48]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum. Þetta er gamall kunningi hér í þingsölum. Reglulega fáum við inn frumvörp um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs og oftast er það nú þannig að verið er að færa aukatekjurnar upp með verðlagi, aukatekjur ríkissjóðs eru verðtryggðar í mörgum tilvikum og fróðlegt að sjá þá stefnu hjá þeim sem stýra ríkisfjármálum að tekjur þurfi að vera verðtryggðar og passa vel upp á það. Það hefur oft komið fram í umræðum um aukatekjur að nauðsynlegt sé að verðtryggja þær en þegar við horfum síðan á eitthvað sem heitir persónuafsláttur eða skattleysismörk þá er ekki sama þörf uppi um að verðtryggja eins og með aukatekjurnar.

Maður veltir fyrir sér þegar maður sér frumvarp eins og þetta koma inn, þar sem verið er að hækka talsvert mikið gjöld sem ríkið leggur á ákveðinn hóp einstaklinga sem þurfa á þjónustu ríkisins að halda, hvort ástandið í ríkisfjármálum gæti verið með þeim hætti að nauðsynlegt sé að ná í hverja einustu krónu og kreista út til síðustu krónu fyrir þá þjónustu sem ríkið veitir, en það er nú einu sinni ekki svo. Við sem höfum talsverðan áhuga á fjármálum ríkisins og veltum fyrir okkur þeirri þróun sem í þeim hefur verið undanfarin tíu, fimmtán ár vitum öll að tekjur ríkisins hafa vaxið verulega að raungildi frá því sem þær áður voru. Ætli þær séu ekki núna u.þ.b. í raunkrónum helmingi hærri á hverjum einasta degi en þær voru fyrir einum tólf, fimmtán árum síðan. Það er mikil breyting og breyting til bóta en um leið hljótum við að gera þá kröfu til þeirra sem stýra ríkisfjármálum þegar fram koma í sölum Alþingis frumvörp um hækkun á tekjum, að þeim fylgi þá rökstuðningur um af hverju þarf að hækka akkúrat þær tekjur sem verið er að tala um.

Frumvarpið sem hér liggur fyrir tekur á aðallega tvennu. Annars vegar er verið að setja nýtt gjald sem hægt verður að rukka samkvæmt lögum um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Ég kann ekki að meta það gjald sem lagt er fyrir hér, 3.900 kr. og 6.300 kr., en vísað er í það í athugasemdum við frumvarpið að þetta séu gjöld sem eru samstæð gjöldum fyrir svipaða vinnu í öðrum málum og tek ég það bara gott og gilt.

Í 2. gr. aftur á móti er verið að tala um gjöld fyrir annars vegar umsókn og tilkynningu um íslenskan ríkisborgararétt og hins vegar fyrir EES-dvalarleyfi bæði í upphafi og síðan framlengingu á EES-dvalarleyfinu. Þá staldrar maður aðeins við og veltir fyrir sér hvað verið er að gera. Hér er verið að festa í lög að greiða þurfi 10 þús. kr. fyrir umsókn um íslenskan ríkisborgararétt. Áður þurfti að greiða 1.350 kr. fyrir sömu umsókn. Af hverju þessi mikla hækkun? Ég held að nauðsynlegt sé fyrir hæstv. fjármálaráðherra að útskýra það af hverju kostnaður hefur vaxið svona gífurlega við að taka á móti umsókn um íslenskan ríkisborgararétt eða hvort kostnaðurinn hafi alltaf verið svona mikill og ekki verið

greitt í samræmi við kostnaðinn hingað til.

Þegar maður skoðar mismuninn á gjaldinu fyrir það að sækja um íslenskan ríkisborgararétt eða tilkynna um íslenskan ríkisborgararétt þá munar þar helming, 10 þús. kr. fyrir umsókn en 5 þús. kr. ef eingöngu er um tilkynningu að ræða, væntanlega þá í tilfellum þeirra aðila sem eiga rétt á íslenskum ríkisborgararétti og fá hann nánast sjálfkrafa og eingöngu er verið að tilkynna nýjan ríkisborgara inn. En í hinum tilfellunum, eins og segir í athugasemdum við lagafrumvarpið, þarf að senda umsókn til umsagnar hjá Útlendingastofnun og ríkislögreglustjóra. Það þurfi ekki að gera þegar um tilkynningu er að ræða. Með öðrum orðum, draga má þá ályktun af upphæðunum í frumvarpstextanum að 5 þús. kr. kosti að senda þetta til umsagnar hjá Útlendingastofnun og ríkislögreglustjóra. Þá veltir maður fyrir sér: Eru það 2.500 kr. á hvorum stað? Er kostnaðurinn meiri í Útlendingastofnun, eða hjá ríkislögreglustjóra? Ég geri þá kröfu til þeirra sem stjórna ríkisfjármálum og gefa sig út fyrir ábyrga stjórnun þeirra að þeir setji ekki gjöld eða álögur í gjaldskrá nema sýna fram á þann kostnað sem ríkið verður fyrir og að verið sé að rukka einfaldlega fyrir áföllnum kostnaði eða þeim kostnaði sem vænta má að þessi gjörningur hafi í för með sér, og það sé bara eðlilegt og sjálfsagt ef ekki koma til nein félagsleg sjónarmið að einstaklingurinn sem þarf á þessum réttindum að halda greiði fyrir þann raunkostnað. Því hefði ég gaman af, frú forseti, ef hæstv. fjármálaráðherra gæti útskýrt fyrir okkur þennan 5 þús. kr. mun sem verður til við að senda þarf umsókn til umsagnar á tveimur stöðum og einhver rök fyrir því að þetta sé munurinn á kostnaði.

Annað sem vakti athygli mína er að gjaldskráin sem verið er að kynna í þessu frumvarpi til laga gerir ráð fyrir að fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi fyrir 18 ára og eldri þurfi að borga 4 þús. kr. en ef verið er að sækja um fyrstu umsókn EES-dvalarleyfis fyrir yngri en 18 ára þá kostar það 2 þús. kr. Maður hefði haldið að þetta mundi kosta það sama fyrir hvern einstakling burt séð frá aldri og veltir því fyrir sér hvort það geti verið að gjaldskráin sé þá sett miðað við þyngd, því að þeir sem eru 18 og yngri eru léttari en þeir sem eru 18 ára og eldri í flestum tilvikum. Alla vega einhver málefnaleg rök fyrir þessum mun og þeim upphæðum sem þarna eru.

Það segir í umsögn um frumvarpið frá Fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs sem eru í samræmi við forsendur tekjuáætlunar fjárlagafrumvarps fyrir árið 2006.“

Með öðrum orðum, búið er að gera ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 að þessar hækkanir komi til. Þar með hlýtur hæstv. fjármálaráðherra að geta sagt okkur sem sitjum hér hverjar eru áætlaðar heildartekjur af þessum gjöldum sem hér er verið að setja á í fyrsta skipti í einu tilviki og hækka verulega í öðru. Ef þetta hefur komið inn í forsendur tekjuáætlunar fyrir fjárlagafrumvarpið fyrir þetta ár hlýtur sú tala að liggja fyrir.

Síðan segir í umsögninni: „Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.“ Með öðrum orðum, það koma ekki til nein ný störf, ekki kemur til neinn nýr hugbúnaður, ekki koma til nein aukin umsvif á þessum stofnunum sem sjá um að gefa út þau leyfi sem hér um ræðir, en tekjurnar eiga að aukast helling. Því veltir maður fyrir sér, ef gjöldin eða kostnaðurinn við að taka á móti umsókn um ríkisborgararétt eða gefa út dvalarleyfi hefur aukist svona mikið og ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði samkvæmt því sem fjármálaráðuneytið segir í umsögn sinni hlýtur að vera hægt að lækka einhver önnur gjöld í sömu stofnunum á móti. Þetta getur ekki alltaf átt að ganga bara í aðra áttina. Ríkissjóður, sem bólgnar út tekjulega séð, sér þörf til þess að koma hér inn með sérstakt frumvarp til að hækka verulega ákveðin gjöld fyrir ákveðna þjónustu. Hann hlýtur þá að koma um leið með einhverjar hugmyndir um hvað hægt er að spara og hlýtur þá að koma með einhverjar hugmyndir um lækkun á einhverjum aukagjöldum eða aukatekjum ríkissjóðs á sama tíma til að halda þeim ballans sem fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir.

Ef við horfum á þetta frumvarp, ekki bara eins og það liggur fyrir, heldur veltum fyrir okkur samhenginu, hvernig á því standi að nú telji hæstv. fjármálaráðherra þörf á að koma með frumvarp til að hækka verulega gjöld fyrir ákveðna þjónustu ríkisins á sama tíma og ríkið hefur aldrei haft það betra í tekjum en ekki eru lagðar til neinar tillögur um að skera niður annars staðar á móti. Af hverju er verið að gera þetta?

Seinna í dag, frú forseti, munum við ræða frumvarp til laga sem fimm ungir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram einmitt um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þar kveður svolítið við annan tón. Þar er ekki verið að tala um að nauðsynlegt sé að hækka einhver ákveðin gjöld sem einstaklingar greiða. Nei, það frumvarp gengur út á það að lækka verulega gjöld fyrir að skrá hlutafélög, einkahlutafélög og hlutafélög. Ákveðinn fjöldi þingmanna Sjálfstæðisflokksins telur eðlilegt og sjálfsagt að lækka tekjur ríkisins sem ríkið hefur fyrir skráningu á hlutafélögum, einkahlutafélögum og öðrum slíkum. Þetta er gert á sama tíma, á sama degi og hæstv. fjármálaráðherra leggur fram frumvarp til laga um breytingu á sömu lögum þar sem það er talin lífsnauðsyn að hækka nú um einhverja þúsundkalla þjónustu sem einstaklingar njóta.

Þetta er í dúr og moll, frú forseti, við það hvernig við höfum séð fjármálastjórnun og -stefnu ríkisstjórnarinnar hér í þingsölum. Þetta gengur allt í eina átt hvort sem við erum að tala um skattprósentu, hvort við erum að tala um aukatekjur eða hvað við erum að tala um, það skal lækka verulega álögur og gjöld á fyrirtæki en það skal halda þeim eða hækka þau á einstaklinga. Ég held að við getum varla séð skýrar en á þessum degi þar sem þessi tvö frumvörp liggja fyrir á sama tíma akkúrat hvað það er sem ríkisstjórnin hefur verið að gera. Það að annað frumvarpið skuli vera lagt fram af hæstv. fjármálaráðherra en hitt af fimm ungum þingmönnum í Sjálfstæðisflokknum gef ég ekki mikið fyrir. Ég held að þarna sjáum við í raun birtast umræðuna og ákvörðunartökuna eins og er hjá þingflokki Sjálfstæðisflokksins í heild sinni. Það skal létta álögum á fyrirtæki en það skal herða að einstaklingum sem þurfa á þjónustu ríkisins að halda.

[15:00]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var á dálítið sérkennilegum nótum sem hv. þm. Jón Gunnarsson lauk ræðu sinni, með því að bera saman frumvarpið sem hér er til umræðu, þ.e. frumvarp fjármálaráðherra um aukatekjur ríkissjóðs og svo aftur annað frumvarp sem varðar aukatekjur ríkissjóðs, sem hann réttilega benti á að við fimm þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðum fram og er á dagskrá síðar í dag. Hann er auðvitað með máli sínu að bera saman gjörsamlega ósambærilega hluti.

Nú vitum við að í lögum um aukatekjur ríkissjóðs er getið um öll aukagjöld sem ríkið leggur á, hvers eðlis svo sem þau eru, og á bak við hvert einstakt gjald standa mjög mismunandi röksemdir og mismunandi forsendur. Þau gjöld sem fjallað er um í frumvarpi hæstv. fjármálaráðherra eru gjöld þar sem ætla má að kostnaður vegna þeirrar þjónustu sem verið er að veita í viðkomandi tilvikum sé mun hærri en þau lágu gjöld sem lögð hafa verið á til þessa. Í þeim gjöldum sem við fimm þingmenn Sjálfstæðisflokksins erum aftur á móti að fjalla um í frumvarpi okkar, er fjallað sérstaklega um tiltekin skráningargjöld félaga, skráningargjöld fyrirtækja sem eru mun hærri, þ.e. sú þjónusta sem veitt er þegar fyrirtækin eru skráð kostar mun meira. Það er verið að tala um miklu hærri upphæðir en í frumvarpi fjármálaráðherra og það er verið að tala um kostnað sem er miklu hærri en því nemur sem kostar að veita þá þjónustu sem um er að ræða.

Aðalástæðan fyrir því að við lögðum fram þetta frumvarp er að margoft hefur verið bent á að skráningargjöld fyrirtækja eru meðal hindrana við nýsköpun í atvinnulífinu og það er auðvitað það sem við ætlum að laga með því að fá því breytt.

[15:02]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var svolítið skemmtilegt andsvar. Það vill nú þannig til að það er búið að kalla eftir því við hæstv. fjármálaráðherra í umræðunni að fá upplýst hver kostnaðurinn er af þeirri þjónustu sem um ræðir í frumvarpi hæstv. ráðherra, en ekki hafa fengist svör við því til að bera saman, eins og ég sagði í upphafi máls míns, hvort verið sé að færa gjöldin til þess kostnaðar sem raunverulega er fyrir hendi eða hvort verið er að hækka þessi gjöld bara sisvona án þess að geta sýnt fram á hver kostnaðurinn er.

Ef kostnaðurinn við útgáfu dvalarleyfa og ef kostnaðurinn við að taka á móti umsókn um íslenskan ríkisborgararétt er þetta hár finnst mér eðlilegt og sjálfsagt að við skoðum hvort gjaldið eigi ekki að vera það sem kostnaðurinn er. Þá geri ég kröfu um að við gerum það í öllum gjöldum í aukatekjum ríkissjóðs, öllum þeim tekjum sem ríkissjóður fær samkvæmt frumvarpi til laga um aukatekjur, því eins og bent hefur verið á nú í umræðunni þegar við höfum verið að ræða um aukatekjur ríkissjóðs, þá er oft á tíðum verulegt misræmi milli kostnaðar á þeirri þjónustu sem verið er að veita og þeirra tekna sem ríkið hefur af viðkomandi þjónustu.

Mér þætti vænt um ef hæstv. fjármálaráðherra gæti sagt okkur hér á eftir heildarkostnaðinn við frumvarp sitt og einnig þætti mér vænt um, frú forseti, ef hv. þm. Birgir Ármannsson gæti sagt okkur hver heildarkostnaðurinn væri við það frumvarp sem þessir fimm ungu þingmenn Sjálfstæðisflokksins leggja hér fram, af hve miklum tekjum ríkissjóður yrði, yrði það að lögum.

Varðandi það að það sé skattur á nýsköpun að það kosti 165 þús. kr. að skrá fyrirtæki, nýjan lögaðila, félag sem ætlar sér í einhverja starfsemi, þá á ég erfitt með að sjá það. Félag sem ekki getur sett 165 þús. kr. í að verða til, í að skrá sig og verða lögaðili, ég velti fyrir mér hvaða tilefni er þá til að stofna slíkt félag og hvaða burði hefur slíkt félag til að hefja starfsemi?

[15:04]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að í þessari umræðu verðum við að gæta okkar á því að fara ekki of langt í að rugla saman beinum þjónustugjöldum og hins vegar sköttum sem eru lagðir á með aukatekjum ríkissjóðs. Þeir skattar eða gjöld sem eru lögð á með aukatekjum ríkissjóðs eru tæknilega séð ekki þjónustugjöld en það er þó eðlilegt að með einhverjum sé hætti litið til þess hvort verulegt misræmi er á milli þjónustu þar sem um þjónustu er að ræða og þeirra gjalda sem lögð eru á.

Varðandi ummæli hv. þingmanns um að fyrirtæki sem ekki geti lagt 165 þús. kr. í skráningargjald séu ekki burðug þá er náttúrlega ljóst að sú upphæð er ekki há fyrir þann sem er að fara í stóran atvinnurekstur. Hins vegar fyrir þá sem eru að fara í smáan atvinnurekstur getur þetta verið tilfinnanlegur kostnaður samhliða margvíslegum öðrum kostnaði sem menn þurfa að leggja í við að stofna fyrirtæki. Nú er það oft þannig að menn stofna fyrirtæki í kringum ákveðna hugmynd án þess að hafa mikið fé handa á milli. Öll gjöld og allur sá kostnaður sem getur komið til við stofnun slíkra fyrirtækja getur verið ákveðin hindrun, kannski ekki eina hindrunin, það geta verið mörg önnur atriði sem skipta máli í þessu sambandi. En með því að lækka þröskuldinn að einu leyti teljum við að það sé verið að greiða fyrir nýsköpun, greiða fyrir stofnun nýrra fyrirtækja.

Þegar hv. þingmaður spyr hvort við höfum reiknað út hvað það kosti ríkissjóð að lækka þessi gjöld þá þarf það ekkert endilega að vera að heildartekjur af svona gjaldtöku minnki þó að gjaldið sé lækkað. Það er nú kunnugt í ýmsum viðskiptum að stundum geta menn náð til sín mun fleiri viðskiptavinum með því að lækka kostnaðinn, með því að lækka gjöldin. Með því að hafa lægra verð geta menn náð til sín fleirum þannig að það (Forseti hringir.) getur vel farið svo að þetta leiði til tekjuauka fyrir ríkissjóð.

[15:06]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hækka eða lækka, minnka eða aukast, það er vinsæl spurning í þingsölum, sérstaklega þegar er verið að tala um tekjur ríkissjóðs, gjöld sem ríkissjóður leggur á eða skatta, því að við höfum farið í gegnum umræðu um skattana hér, hvort þeir hafi verið að hækka eða lækka á Íslandi og menn hafa ekki getað verið á eitt sáttir um það vegna þess að sumir eru að tala um ákveðinn hóp manna þar sem skattar hafa jú lækkað, en aðrir eru tala um annan

hóp manna þar sem skattar hafa jú sannarlega hækkað.

Að sjálfsögðu finnst mér það virðingarvert af þessum fimm ungu þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að þeir beri hag nýstofnaðra fyrirtækja þessa lands fyrir brjósti og það megi ekki kosta 165 þús. kr. að stofna fyrirtæki því að þessi fyrirtæki þurfi að greiða margan annan kostnað og séu óburðug og þurfi að komast af stað. Ef þetta eru rökin fyrir því að lækka 165 þús. kr. í 40 þús. kr. þá vona ég að hv. þingmaður sé stuðningsmaður okkar sem viljum að þeir einstaklingar sem eiga erfitt með að greiða gjöld í ríkissjóð vegna þess að þeir eiga ekki fyrir nauðþurftum, við erum ekki að tala um að þeir eigi ekki fyrir rekstri fyrirtækja sinna eða ýmsum gjöldum í sambandi við það að stofna fyrirtæki, heldur að þeir eigi einfaldlega ekki fyrir daglegum útgjöldum. Við höfum ekki fengið þennan hv. þingmann sem hauk í horni við að lækka álögur á það fólk. (Gripið fram í.) En aumingja fyrirtækin sem þurfa að greiða 165 þús. kr.

Ég sé að þingmanninum er órótt og það er svo sem eðlilegt þegar bent er á að hann leggur lykkju á leið sína til að reyna að minnka útgjöld fyrirtækja sem stofna þarf en hefur aldrei verið hér til staðar fyrir það fólk sem á ekki fyrir nauðþurftum og þarf eftir sem áður að greiða talsvert mikil gjöld í ríkissjóð.

[15:08]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir alltaf frekar einkennilegt þegar hv. þingmenn gera sér upp kunnáttu- og þekkingarleysi í ræðustól. Ef ég man rétt, var hv. þm. Jón Gunnarsson í rekstrarráðgjafarstörfum hjá ráðgjafarfyrirtæki áður en hann tók sæti á Alþingi þannig að ég er alveg sannfærður um að hann hefur einhvern tíma á þeim ferli komið að því að tímamæla störf hjá fyrirtækjum í þeim tilgangi að leggja mat á kostnað og jafnvel til þess að taka ákvarðanir um hvernig ætti að innheimta tekjur fyrirtækisins. Ef hann hefur ekki komið að því hlýtur hann að hafa komið að því að tímamæla sjálfan sig vegna þeirra reikninga sem hann hefur lagt fram.

Ég held þess vegna að það hljóti að vera þingmanninum alveg augljóst að þær tölur sem hér er verið að leggja fram með þeim skýringum sem fylgja í greinargerð og skýringum með einstökum greinum og því sem hefur komið fram hjá mér fyrr í dag, sem er í samræmi við það sem er í frumvarpinu, að hér er frekar um það að ræða að gjöldin séu lægri en kostnaðurinn en hitt. Ef hann telur að það sé lægri kostnaður fólginn í því að senda umsókn um ríkisborgararétt til stofnana en 2.500 kr. þá er sjálfsagt að skoða það í nefndinni og sjálfsagt að fulltrúar ráðuneytisins geri grein fyrir þeim málum þar.

Svo ber auðvitað að hafa það í huga líka að hluti af umsóknum um ríkisborgararétt kemur hingað inn á Alþingi og fer hér sem þingsályktunartillaga í gegnum tvær umræður og til nefndar. Auðvitað er misjafnt hversu langar umræðurnar eru en það væri athyglisvert að tímamæla þá umræðu hér og sjá hvað hún kostar. (Forseti hringir.) Þar sjáum við, frú forseti, líka kostnað í þessu samhengi

[15:11]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki hvað tveggja mínútna andsvar hjá hæstv. fjármálaráðherra kostar en kannski væri full ástæða til að reikna það út og reyna að reikna þá út miðað við hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar líka því að þeir kosta talsvert minna en ráðherrar per mínútu þar sem þeir standa hér, fyrir ríkið alla vega.

Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að sá sem hér stendur stundaði ráðgjafarstörf í sínu fyrra lífi, ef við getum orðað það svo, áður en hann gerðist þingmaður, og ég veit alveg að það getur stundum verið erfitt að áætla hvað hlutirnir kosta, og ég veit alveg að það getur verið erfitt að áætla hvaða tekjur koma inn. En maður verður samt að gera það, maður verður að reyna að byggja ákvarðanir sínar á áætlunum.

Í þessu efni hefði ég haldið, hvort sem áætlunin yrði 100% rétt eða ekki, að það væri reynt að áætla hve mikill fjöldi sækti um ríkisborgararétt á ári, hve mikill fjöldi sækti um dvalarleyfi hér á ári í fyrsta skipti og endurnýjun, hve mikill fjöldi hefði verið 18 ára og eldri og hve mikill fjöldi væri undir 18 ára aldri, og ég ætla ekkert að fara aftur í mismuninn á þeim gjöldum fyrir að skrá þá sem yngri eru og þá sem eldri eru, það hljóta að vera einhverjar málefnalegar ástæður fyrir því.

Þegar búið er að taka þetta, burt séð frá því hvort menn geti sagt að það verði eins á þessu ári og á síðasta ári þá er þó alla vega komið einhvers konar þýði sem menn geta reiknað út og sagt: Við getum búist við því, ef þetta verður eins og á síðasta ári, að þá verði þetta svona. Og hver var svo kostnaðurinn við þetta? Jú, það er hægt að fara í gegnum það í viðkomandi stofnunum og segja: Það má ætla að kostnaðurinn hafi verið þessi. — Er einhver ballans á milli þeirra tekna sem ríkið ætlar að fá fyrir þetta og þeirra gjalda sem ríkið verður fyrir út af þessari þjónustu? Það finnst mér vera spurning sem eigi fullan rétt á sér og ég er eiginlega hálfhissa á hæstv. ráðherra að hann skuli ekki geta sagt okkur hver er áætlaður kostnaður við að veita þá þjónustu sem hér um ræðir á ársgrundvelli og hverjar tekjurnar hafa verið hingað til fyrir að veita þessa þjónustu og hverjar þær verða ef hækkunin verður eins mikil og hér um ræðir.

Þetta er afskaplega einföld áætlunargerð sem ég hélt (Forseti hringir.) að starfsmenn fjármálaráðuneytisins væru fullfærir um.

[15:13]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Allar þessar upplýsingar eru til og sjálfsagt að veita þær og það verður að sjálfsögðu gert í hv. nefnd sé þess óskað.

En af því að hv. þingmaður var að tala um þýði sem væru lögð til grundvallar þá er þetta frumvarp tiltölulega einfalt og lítið en á bak við það eru auðvitað mörg þýði, miklar tölulegar upplýsingar sem það byggist á.

Þetta hérna er fjárlagafrumvarp ársins 2006. Á bak við það eru líka miklu meiri tölfræðilegar upplýsingar en standa á þessum síðum. Er hv. þingmaður að leggja það til að það komi allt inn í þessum þingskjölum? Það er auðvitað fjallað um þessi gögn í þingnefndum og þar eru lagðar fram

enn þá meiri upplýsingar, eins miklar upplýsingar og frekast er mögulegt til þess að hv. þingmenn geti kafað ofan í málin. Þar er það auðvitað gert án þess að nokkuð sé þar dregið undan.

Það sem hv. þingmaður er að biðja um er allt saman til og það verður kynnt þó að það sé ekki hér í þingskjölunum og ég held að hann þurfi ekkert að hafa neinar áhyggjur af því. Hann getur svo farið að rifja upp hvernig hann tók á málum þegar hann var rekstrarráðgjafi og nýtt það í störfum sínum hér. Ég hugsa að það fari bara nokkuð vel á því.

[15:15]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er frumvarp til laga hjá hæstv. fjármálaráðherra þar sem hann er að hækka gjöld á einstaklinga sem þurfa á þjónustu ríkisins að halda. Frú forseti. Þetta er frumvarp til laga frá fimm ungum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem telja nauðsynlegt að minnka verulega tekjur ríkissjóðs af því að skrá fyrirtæki.

Það vill nú svo til að það er lagaskylda á fjármálaráðuneytinu að veita umsögn um öll stjórnarfrumvörp, hvað þau koma til með að kosta og hvaða tekjur þau geti haft í för með sér. Stundum er fjármálaráðuneytinu vorkunn þegar inn koma einhver vitlaus frumvörp frá ráðherrum annarra ráðuneyta sem engin leið er að gera sér grein fyrir hvað komi til með að kosta eða hvort einhverjar tekjur komi af. En þegar ráðuneytið sjálft leggur fram frumvarp eins og gert er hér — hæstv. fjármálaráðherra leggur fram frumvarp unnið af embættismönnum fjármálaráðuneytisins sem hafa þá lagaskyldu að láta fylgja umsögn um hvaða gjöld gætu falist í því og hvaða tekjur — er í raun ótrúlegt að horfa á umsögnina sem hér liggur fyrir. Og hæstv. ráðherra segir: Þessi gögn eru öll til. Þau eru öll til. Það er ekki hægt að láta þau fylgja hér inn í þingskjöl.

Það vill svo til, hæstv. ráðherra, að um lagaskyldu er að ræða hjá ráðuneyti hæstv. ráðherra. Öllum málum sem ráðherrar leggja hér fram skal fylgja umsögn um kostnaðaráhrif. Því hefði, ef þessar upplýsingar eru til, átt að fylgja ítarlegri kafli en nú gerir þar sem segði: Þetta er umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, og eftir að hafa farið í gegnum þetta má ætla að tekjur aukist svo og svo mikið eða gjöld aukist svo og svo mikið eða sparist. Svo einfalt er það, frú forseti, og þetta er lagaskylda hæstv. ráðherra.

[15:17]

Útbýting:

Lögreglulög og framkvæmdarvald ríkisins í héraði, 520. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 759.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðarblóm Íslendinga, fyrri umr.

Stjtill., 455. mál. — Þskj. 679.

[15:17]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Allir dagar eiga sína hörku og sína fegurð. Hér er ég kominn til að mæla fyrir fallegu blómi sem ég vil og þjóðin vill að sé gert dálítið hátt undir höfði. En hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir eftirfarandi tillögu til þingsályktunar um þjóðarblóm Íslendinga sem flutt er á þingskjali 679, 455. mál þingsins.

Alþingi ályktar að holtasóley, Dryas octopetala á latneska málinu, verði þjóðarblóm Íslendinga. Á árinu 2004 skipaði ég starfshóp í samvinnu við menntamálaráðherra, samgönguráðherra og umhverfisráðherra sem hafði það hlutverk að standa að vali á þjóðarblómi Íslendinga. Starfshópinn skipuðu Níels Árni Lund formaður, tilnefndur af landbúnaðarráðherra, Vilhjálmur Lúðvíksson, tilnefndur af menntamálaráðherra, Helga Haraldsdóttir, tilnefnd af samgönguráðherra, og Ingibjörg Ólafsdóttir, tilnefnd af umhverfisráðherra.

Tilgangur verkefnisins var að velja blóm sem gæti haft táknrænt gildi og þjónað hlutverki sem sameiningartákn. Blóm sem nýta mætti í kynningar- og fræðslustarfi, bæði hér á landi og á erlendum vettvangi. Sömuleiðis var markmið verkefnisins að skapa umræður um blóm og gróður til að auka samstöðu um gróðurvernd. Að fólk hafi meiri áhuga á náttúrunni og gróðurvernd og kynnist náttúrunni og læri að þekkja blóm síns lands.

Rétt er að taka fram að oftar en einu sinni hafa komið fram ábendingar um að Íslendingar velji sér þjóðarblóm. Að þessu sinni var það frú Ásdís Sigurjónsdóttir kennari sem átti hugmyndina, en áður hafði m.a. dr. Sturla Friðriksson vakið athygli á málinu og þá bent á holtasóleyjuna sem merkisbera. Leitað var umsagna nokkurra aðila á verkefninu og í framhaldi af því var Landvernd falin framkvæmd þess. Erindi var sent í grunnskóla landsins þar sem vakin var athygli á vali á þjóðarblóminu og hvatt til þátttöku nemenda. Margar tillögur bárust og voru þær kynntar almenningi á veggspjöldum í anddyri Kringlunnar í Reykjavík haustið 2004. Jafnhliða hófst viðamikil kynning á verkefninu meðal almennings og óskað var eftir tillögum. Í framhaldi af henni voru valin 20 blóm í úrtaki og þau kynnt á veggspjöldum, á vefsíðum og í fjölmiðlum þar sem einnig birtust allmargar greinar einstaklinga um þjóðarblóm og mismunandi skoðanir þeirra á vali á blómi. Unnið var úr innsendum tillögum og valin þau sjö blóm sem flestir tilnefndu. Þau voru kynnt rækilega á opinberum vettvangi og síðan fór fram skoðanakönnun dagana 1. til 15. október sem landsmenn voru hvattir til að taka þátt í. Skoðanakönnunin var opin öllum þeim sem höfðu íslenska kennitölu. Til að auðvelda fólki kosningu var opnað fyrir netkosningu hjá Landvernd og Morgunblaðinu og auk þess gafst fólki kostur á að senda inn atkvæðaseðla. Skoðanakönnunin fór fram á netinu og með póstlögðum atkvæðaseðlum sem birtust í Morgunblaðinu. Þátttakendum gafst kostur á að forgangsraða blómunum sjö með því að skipa þeim í sæti 1.–7. Þátttakendur voru 7.025 og gildir seðlar voru 6.919. Úrslit urðu þau að holtasóley fékk flest stig landsmanna, samtals

21.943 stig. Þá fylgdi nefndin þeirri niðurstöðu sem var kynnt ríkisstjórn og síðan við sérstaka athöfn í Salnum í Kópavogi föstudaginn 22. október árið 2004 að viðstöddum forseta Íslands.

Nú kann einhver að spyrja: Hvers vegna velja eitt blóm sem þjóðarblóm? Því er m.a. til að svara að ætlunin er að þjóðarblómið verði eitt af táknum Íslands, verði smám saman þekkt um allan heim að einhverju leyti svipað og þjóðfáni og þjóðsöngur, þó með öðrum hætti sé, og blómið eða tákn þess í hvers kyns kynningar- og markaðsstarfi innan lands sem erlendis. Gaman er að geta þess að nú þegar er farið að framleiða vörur með þessu fallega blómi á, sérstaklega auglýstar með holtasóleyjunni sem þjóðarblómi Íslendinga. Þannig að ýmsir aðilar hafa þegar nýtt sér þjóðarblómið til að prýða fyrirtæki sitt eða vörur og þykir vænt um þjóðarblómið.

Í annan stað má benda á að fjarri fer því að við séum eina landið í heiminum sem velur sér þjóðarblóm. Samkvæmt gögnum sem Landvernd stóð fyrir að útvega um þetta efni kemur fram að þjóðarblóm eiga sér langa sögu. Má þar nefna rósina sem tilgreind er sem þjóðarblóm Englendinga langt aftur í aldir. Önnur hafa hlotið viðurkenningu meðal almennings þó þau hafi ekki verið formlega samþykkt af stjórnvöldum og eru þekkt sem þjóðarblóm viðkomandi lands eða þjóðar. Ein þekktasta jurtin sem tilgreind er sem þjóðarblóm er laufblað af hlyni sem finna má í þjóðfána Kanada. Tilurð þess á sér langa sögu en það var formlega fest í sessi á borgarafundi sem haldinn var í Toronto árið 1860. Grannar okkar í Noregi eiga beitilyng og klettafrú sem þjóðarblóm. Beitilyng var valið með skoðanakönnun sem Nitimen, einn vinsælasti útvarpsþáttur norska útvarpsins, stóð að árið 1968. En klettafrúna völdu grasafræðingarnir á þingi sínu á millistríðsárunum. Hvorugt þessara blóma hefur fengið staðfestingu Stórþingsins, hugsanlega vegna þessa ágreinings almennings og fræðimanna. Finnar hafa þrívegis staðið fyrir könnun meðal almennings um val á þjóðarblómi. Tvívegis höfðu opinberir aðilar forgöngu um málið en ekki fékkst niðurstaða þar sem nefndin sem sá um málið var ekki sammála niðurstöðu skoðanakönnunarinnar. Í þriðja sinn stóðu frjáls félagasamtök að skoðanakönnun og hefur niðurstaða þeirrar könnunar, lilja vallarins, verið færð í bækur sem þjóðarblóm Finna.

Margar þjóðir virðast einnig eiga einkennisblóm fyrir t.d. hvert fylki, samanber fylki Bandaríkjanna sem hafa með formlegum hætti samþykkt sitt fylkisblóm. Fleiri en eitt fylki í Bandaríkjunum eru með rós sem fylkisblóm auk þess sem rósin virðist vera skráð sem þjóðarblóm þeirra.

Til að staðfesta enn frekar að holtasóley sé þjóðarblóm Íslendinga er talið rétt af þeim sem að þessu komu að Alþingi álykti þar um og því er þessi þingsályktun lögð fram. Þjóðarblómið getur nýst okkur í mörgum tilfellum. Það hefur sigrað í lýðræðislegri umræðu og verið valið sem slíkt af almenningi, eins og ég hef hér rakið í ræðu minni. Þjóðarblómið á sér vissulega marga aðdáendur. Hér situr hæstv. forseti Jóhanna Sigurðardóttir, sem eitt sinn í uppreisnarhug stofnaði nýjan flokk og vildi búa til sameiningu um þann flokk. Hér áðan, áður en ég fór í ræðustólinn, sýndi hún mér hausinn á gömlu Þjóðvakablaði, en Þjóðvaki hét flokkurinn hennar. Og hér sjáum við hvað þetta hugsjónaríka fólk í Þjóðvakanum hefur verið á undan sínum tíma því hér er holtasóleyin sjálf höfð sem sameiningartákn þessa flokks (Gripið fram í.) sem merki Þjóðvaka á þessum tíma.

Ég vil óska hæstv. sitjandi forseta til hamingju með þá framsýni og ég get auðvitað sagt hér að þótt tími Þjóðvaka sé liðinn þá er tími holtasóleyjarinnar kominn. Til hamingju með holtasóleyna og ég vona að hv. þingmenn taki þessari þingsályktun og þessu lýðræðislega starfi vel. Og að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

[15:28]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um þá ræktarsemi sem hæstv. landbúnaðarráðherra sýnir arfleifð Þjóðvaka og þess hluta af sögu jafnaðarmanna, sem hann gerir svo sannarlega með þessari tillögu. En um leið vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji það ekki misráðið, að hugmyndin um þjóðarblómið sé andvana fædd, að velja blóm sem hefur verið merki og minnir sterkt á tiltekna stjórnmálahreyfingu og umbrotaöfl í stjórnmálasögunni. Er þá ekki hætt við að merkið skipi fólki frekar í fylkingar en að það sameini það, sem er þó markmið tillögunnar? Rétt eins og hann legði til að kornax Framsóknarflokksins eða rós jafnaðarmanna yrði sameiningartákn, sem Bretar hafa reyndar valið fyrir löngu síðan sem þjóðarblóm sitt. Er ekki misráðið að velja blóm sem minnir svo mjög á eina fylkingu í landinu frekar en á aðra? Væri ekki snjallara að velja blóm eins og gleym mér ei sem hefur enga slíka skírskotun? Ég held að hún hafi skorað ágætlega í skoðanakönnuninni sem hæstv. ráðherra vék að hér áðan. En það vinnur enginn fullnaðarsigra í skoðanakönnunum. Þær eru leiðbeinandi. Ég vildi því varpa því til hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann sé ekki að kæfa þjóðarblómið sitt strax í upphafi með því að leggja til blóm sem tengist einum anga stjórnmálasögunnar frekar en öðrum. Er það ekki svipað því og að reyna að koma því hér í gegn að framsóknaraxið verði þjóðarblóm Íslendinga?

[15:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil nú segja að þetta blóm er auðvitað ekki arfleifð Þjóðvaka, enginn á neitt blóm. Mér finnst t.d. hin rauða rós Samfylkingarinnar flott tákn fyrir stjórnmálaflokk alveg eins og ax Framsóknarflokksins er flott. Fálkinn er sá sem flýgur hátt og er fagur hjá Sjálfstæðisflokknum. (Gripið fram í.) Enginn á neitt í þessu. En misráðið í sjálfu sér, það finnst mér alls ekki. Þjóðvaki er því miður ekki til lengur en ég hef auðvitað lýst hér aðdáun minni á smekkvísi sitjandi hæstv. forseta á þeim tíma þegar hún var formaður í þeim flokki. Hún valdi þetta blóm og hafði fullan rétt til þess. Það sýnir að blómið hefur vakið athygli. En fyrst og fremst er ég að hlýða lýðræðislegri könnun sem fór fram meðal þjóðarinnar þar sem þetta þjóðarblóm varð fyrir valinu. Ég hygg að hv. þingmaður hafi nefnt réttilega að gleymmérei kom mjög til greina í þessu vali alveg eins og blágresi, sem var mjög ofarlega og líklega í öðru sæti, ef ég man þetta rétt. Við tengjum því þetta fallega blóm fyrst og fremst þjóðinni og smekkvísi hennar, landinu og náttúrunni, en minnumst þess með glöðum huga að smekklegir

stjórnmálamenn Þjóðvaka höfðu valið sér það sem flokksmerki á sínum tíma. Við því er ekkert að segja og við erum svo ágætir vinir, ég og hæstv. forseti, að það fer ekki einu sinni í taugarnar á mér að henni hafi dottið það í hug, ég hafði ekki hugmynd um það frekar en þjóðin. Hún sagði mér frá því áður en ég fór í ræðustólinn og ég gladdist yfir því og vildi segja frá því hér í ræðu minni.

[15:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja að þetta er vel valið blóm og mikið sameiningarblóm eins og hefur sýnt sig þar sem þetta blóm, holtasóley, var merki Þjóðvaka. Ef Þjóðvaki hefði ekki verið til hefðu jafnaðarmenn aldrei sameinast í Samfylkingunni þannig að það má segja að þetta sé sannkallað samfylkingarblóm.

Hæstv. ráðherra sagði að ýmsir aðilar hefðu nýtt sér þjóðarblómið og þætti vænt um það. Okkur jafnaðarmönnum þykir náttúrlega vænt um þetta ágæta blóm sem mun örugglega eiga sér og á sér þegar merka sögu sem þjóðvakablómið. Ég segi bara eins og þeir segja í stjörnuleitinni: Þjóðin hefur valið og hún er sammála Jóhönnu Sigurðardóttur sem valdi þetta ágæta blóm sem merki fyrir sinn góða flokk, Þjóðvaka. Og ég tek undir með hæstv. landbúnaðarráðherra, þar sem hann mælir með því að þetta verði okkar þjóðarblóm, og ég segi bara: Til hamingju með þjóðvakablómið og þjóðarblómið holtasóleyna.

[15:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessar glæsilegu undirtektir og það er skemmtilegra þegar þingmenn eru svona hamingjusamir en að þeir standi hér í háarifrildi eins og oft gerist. Þetta er því hamingjustund.

Ég vil segja frá því að ég hef t.d. þegar verið við opnun verslunar í Reykjavík sem hefur gert þjóðarblómið holtasóleyna að fallegu blómi á sængurveri og koddaveri og trúir því að menn séu nær náttúrunni, eignist fallegri drauma við að sofa við sængurver og koddaver sem merkt er náttúrunni með svo litríkum hætti í gegnum þetta þjóðarblóm. Ég held að við þurfum engar áhyggjur að hafa af því og það er allt í lagi þó að þetta rifji upp gamlar og góðar pólitískar minningar, eins og stríðsár hreyfingarinnar Þjóðvaka sem varð hér til í miklum pólitískum hita er jafnaðarmenn klofnuðu. Kannski var það þjóðarblómið sem leiddi þá saman, þessi mörgu blöð á fallegum stilki og þessi fallegi litur. Ekki ætla ég að efast um það að stundum er það fegurðin og litur blómanna sem mildar stríð og erfiðleika og gerir það að verkum að fólk sem á samleið nær saman og ég óska bara jafnaðarmönnum til hamingju með það.

En við leyfum nú þjóðinni að eiga þetta blóm, hvar í pólitík sem hún verður, en ég hef þegar lýst þakklæti mínu til formanns Þjóðvakahreyfingarinnar fyrir að hafa verið svona smekkleg og í rauninni á undan sínum tíma. Hennar tími kom því fyrir rest.

[15:36]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hér er komið að skemmtilegu máli í dagskránni sem sýnir að við erum ekki alltaf að pexa um einhver mál sem varða fjárhag ríkisins, samgöngur eða byggðamál eða hvað má kalla það, heldur tökum við líka fyrir mál eins og þetta, tillögu til þingsályktunar um þjóðarblóm Íslendinga.

Ég vil fá að lýsa því yfir að mér finnst þetta í raun og veru hið besta mál. Ég fylgdist með því þegar það ferli átti sér stað þegar verið var að velja þetta blóm. Það var m.a. gert fyrir tilstilli Landverndar, þeirra merku samtaka, sem ég er félagsmaður í og er stoltur af. Það eru ákaflega merk samtök sem vilja stuðla að almennri náttúruvernd og sjálfbærri nýtingu lands og sjávar, aukinni útivist, og berjast gegn hvers konar mengun og umhverfisspjöllum en stuðla jafnframt að aukinni þekkingu og fræðslu um náttúru og umhverfi landsins. Ég tel að það að velja þjóðarblóm hafi á margan hátt verið mjög vel heppnuð aðgerð einmitt til að vekja athygli á flóru landsins sem er, þó að okkur þyki landið kannski stundum frekar hrjóstrugt, furðulega rík af ótal tegundum gróðurs, ekki síst blóma eins og þjóðarblómsins, þ.e. holtasóleyjarinnar.

Hæstv. landbúnaðarráðherra fór svo sem ágætlega í gegnum hvað vakað hefði fyrir mönnum eða þeim sem stóðu að því að finna þetta blóm, að hér væri verið að reyna að finna eins konar tákn sem væri hægt að nota í ýmsu samhengi. Ég vil bara fá að geta þess að önnur blóm voru frambjóðendur í þessari kosningu, til að mynda blágresi, blóðberg, geldingahnappur, gleymmérei, hrafnaklóa og lambagras. En það var holtasóleyin sem hafði vinninginn og mér finnst það í sjálfu sér allt í lagi.

Það mætti kannski varpa upp þeirri hugmynd hvort ekki væri tilefni til þess að svona val á þjóðarblómi færi fram á segjum tíu ára fresti, að þetta yrði ekki varanlegt heldur mundum við hafa svona val á þjóðarblómi með ákveðnu millibili einmitt til þess að ýta undir áhuga almennings á flóru landsins. Mér þætti það vera hugmynd sem mætti alveg skoða. Það hafa líka komið fram hugmyndir um að velja landshlutablóm og mér finnst það heldur ekki illa til fundið að Suðurland, Austurland, Norðurland, Vestfirðir og Vesturland fái hvert um sig sitt eigið einkennisblóm sem hægt væri að nota til að mynda í ýmiss konar kynningarstarfi. Það er um margar fallegar tegundir að velja þó að holtasóleyin hafi verið kjörin þjóðarblóm Íslendinga núna og eftir meðferð landbúnaðarnefndar verður, vænti ég, þessi litla fjölæra planta gerð að þjóðarblómi Íslendinga. Ég hygg að þessi litla þingsályktunartillaga muni fá mjög góðar móttökur í landbúnaðarnefnd og læt ég þar með máli mínu lokið um þessu litlu en skemmtilegu tillögu.

[15:40]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir koma upp og fagna þessari tillögu. hæstv. landbúnaðarráðherra um þjóðarblóm Íslendinga. Það var afskaplega skemmtilegt að hlusta á þá fróðlegu ræðu sem hann flutti hér sem greinargerð með tillögunni. Það er meiri samhugur í þingsalnum í dag en var í gær og það er alltaf mikil tilbreyting í því þegar þingmenn geta talað á jákvæðum nótum. Þakka ég ráðherra fyrir að hafa komið með svo jákvæða tillögu inn í þingið. Það veitti ekkert af í lok vikunnar.

Eins og hæstv. ráðherra sagði var mikil þátttaka í þessari kosningu og það sýnir að þjóðin hefur áhuga á þessu máli. Ég er ein af þeim sem telja að holtasóley sé svolítið tákn fyrir Íslendinga, þetta er blóm sem vex í hrjóstrugum jarðvegi. Það liggur við að maður verði var við nokkurn trega hjá fyrrverandi þingmanni Þjóðvaka, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, við að sjá þetta endurvakið en Þjóðvaki var með þetta blóm sem sitt tákn og sýnir það að hæstv. forseti er nokkuð mikil smekkmanneskja.

Þjóðarblómið er eitt af því sem við eigum að geta notað okkur á jákvæðan hátt, eins og hæstv. ráðherra sagði, í auglýsingarskyni fyrir landið. Mér þótti það líka nokkuð góð tillaga frá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að hver landshluti veldi sér sitt tákn, og þá vildi ég koma því að ég hef alltaf haft miklar mætur á blóðbergi. Ekki veit ég hvers vegna, en bæði er gott að búa til úr því te og eins er það afskaplega fallegt.

En ég lýsi bara ánægju minni með þessa tillögu og það verður skemmtilegt fyrir landbúnaðarnefnd að afgreiða þetta mál úr nefndinni.

[15:42]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er á ferðinni ágæt og snyrtileg tillaga til þingsályktunar um þjóðarblóm Íslendinga þar sem Alþingi ályktar að holtasóley skuli vera þjóðarblóm Íslendinga. Ég hygg að það sé samt nokkuð sérstakt að Alþingi kveði upp úr um að eitt blóm sé öðru fremur þjóðarblóm, því að við erum svo heppin, Íslendingar eins og reyndar flestar aðrar þjóðir og önnur lönd, að eiga margar fallegar blómjurtir og allur er gróðurinn fagur hver svo sem hann er, a.m.k. held ég að óhætt sé að segja það í öllum meginatriðum. Mér er í sjálfu sér ekkert ofboðslega umhugað um að gera upp á milli blóma með þessum hætti, því að ég tel að öll hafi þau gildi og séu þar jafningjar í góðri breiðfylkingu.

En það er nú svo að við höfum gaman af að vera með samkeppnir, hinar ýmsu tegundir af fegurðarsamkeppnum, og vissulega lita þær samfélagið, gleðja hugann og færa umræðuna oft upp í aðrar víddir. Þess vegna styð ég þessa þingsályktunartillögu um þjóðarblóm Íslendinga, eftir að hafa sagt það sem ég ætlaði að segja hér að öll blóm og allur gróður er okkur jafnkær, held ég. Það eru a.m.k. fáar undantekningar þar á og sem við höfum í sjálfu sér rétt til að halda fram.

Þetta er líka vel valið blóm og sérstaklega ánægjulegt að heyra og minnast þess að það var einmitt skagfirsk húsfreyja og kennari, Ásdís Sigurjónsdóttir, sem kom með þessa tillögu og ... (Gripið fram í.) Já, já, ég veit að hæstv. landbúnaðarráðherra gerir mjög samviskusamlega og heiðarlega grein fyrir þessum málum. Engu að síður vil ég halda því áfram til haga að þetta var góð hugmynd úr Skagafirði, þó að hún gæti líka hafa komið góð frá öðrum landshlutum.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég tel að þetta sé hið besta mál og fagna því að holtasóleyin, sem berst á berangri, einmitt þar sem vindar leika harðast um, skuli vera valin þjóðarblóm.

[15:46]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Eins og aðrir sem hér hafa talað vil ég lýsa yfir miklum stuðningi við þetta mál af ýmsum ástæðum. Kannski fyrst og fremst þeirri að það vekur gleði. Oftar en ekki eru menn í þessum ræðustól eins og naut í flagi, skammast og deila og verða æstir mjög. En eins og við höfum heyrt þá kallar hugsunin á bak við þingmál þetta fram mikla ánægju og samhljóm meðal þingmanna, svo mikinn að hv. þm. Jón Bjarnason varð hálfordlaus af gleði. Það gerist ekki á hverjum degi.

En það er líka ástæða til að fagna því hvernig að valinu hefur verið staðið. Að því kemur grasrótarhreyfing sem unnið hefur með mjög lýðræðislegum hætti. Þjóðin hefur valið og út úr því kemur að hið fallega blóm holtasóley er valið þjóðarblóm. Það er með þessu þingmáli staðfest af hv. Alþingi.

Ég tel það líka jákvætt við þetta mál og aðdraganda þess að það vekur athygli á fegurð íslenskrar náttúru. Með þeirri lýðræðislegu aðferð sem var notuð var fólk hvatt til að hugleiða íslenska náttúru, þau fallegu blóm sem í henni eru. En bara við að velta vöngum yfir því beinir fólk augum sínum að náttúrunni, sem er jákvætt í sjálfu sér. Eins og fram hefur komið má nýta slíkt þjóðarblóm í markaðsátak, með smekklegri útfærslu í kynningu eins og við höfum séð ýmsar þjóðir gera. Það er jákvætt. Í þessu felst líka söguleg upprifjun eins og margsinnis hefur verið vikið að og beinist sérstaklega að hæstv. sitjandi forseta, með blómi þess stjórnmálaafls sem hún stofnaði.

Ég vil sömuleiðis taka undir þá ágætu hugmynd að skemmtilegt gæti verið að fara svipaða leið með einstaka landshluta. Hver landshluti á sitt sérkennisblóm. Meira þarf í sjálfu sér ekki um þetta að segja en ég kom aðallega upp til að lýsa yfir stuðningi við þetta mál.

[15:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í lokin þakka þær ágætu ræður og hinn góða stuðning sem málið hefur hlotið hér í dag. Það sýnir að öll erum við mannleg og höfum tilfinningar. Menn úr öllum stjórnmálaflokkum þingsins hafa lýst yfir samstöðu og áhuga á málinu. Þannig að öll erum við blómanna börn.

Hér kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að gert væri upp á milli blóma með þessum hætti. Það kann vel að vera rétt hjá honum. Um það hafa menn auðvitað hugsað. En málið hefur ákveðinn tilgang sem ég rakti í ræðu minni, að gera þessu blómi hátt undir höfði sem væri valið í lýðræðislegri kosningu, til að gera það að tákni landsins við hliðina á fánanum og þjóðsöngnum, þótt með öðrum hætti sé.

Ég rakti að í iðnaði og ýmsum markaðsverkefnum eru fyrirtæki áhugasöm um að auglýsa Ísland og íslenska náttúru í gegnum holtasóleyna. Þannig eigum við að geta náð árangri eins og margar þjóðir. En stærsta verkefnið á bak við þetta val er að vekja þjóðina til vitundar um náttúru Íslands, um landvernd, að þekkja blóm sín og grös þegar gengið er um tún og úthaga, fræða börn og unglinga um nöfnin á liljum vallarins og kenna þeim að þekkja land sitt.

Það er mikilvægast.

Nú kann að vera að síðar velti menn því fyrir sér hvort annað blóm geti velt holtasóleynni úr sessi og hún hafi þann sess tímabundið. Þess vegna gæti aftur farið fram umræða og val eftir 5–10 ár, þar sem þjóðin færi aftur yfir stöðuna til að gá hvaða blóm eigi þá mesta þjóðarsamstöðu, eins og holtasóleyin átti í þessu tilfelli. Ég vona að landbúnaðarnefnd fari bara vel yfir þetta mál. Ég óska nefndinni til hamingju með að fá svo skemmtilegt mál til að fást við. Ég þakka enn og aftur, hæstv. forseti, þessar góðu umræður sem hér hafa spunnist um málið í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brottfall laga um Flugskóla Íslands hf., 1. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 708.

[15:51]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um brottfall laga nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf. Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf., verði felld úr gildi.

Frumvarp til laga um Flugskóla Íslands hf. var samþykkt á vorþingi 1997 og tóku lögin gildi 29. apríl sama ár. Lögin kveða m.a. á um heimild samgönguráðherra til að beita sér fyrir stofnun hlutafélags um rekstur flugskóla sem nefnast skal Flugskóli Íslands hf. Í samræmi við ákvæði laganna var skólinn svo stofnaður sumarið 1998. Fyrir stofnun skólans var öll kennsla til bóklegra atvinnuflugmannsréttinda á hendi Flugmálastjórnar.

Auk ríkisins tóku Flugleiðir hf., Air Atlanta og Íslandsflug hf. og flugskólarnir Flugtak og Flugmennt þátt í stofnun og uppbyggingu skólans. Við stofnun skólans átti ríkið um 42% hlut í skólanum. Eftir að hluthafar í skólanum, aðrir en ríkið, lögðu til aukið hlutafé vegna rekstrarörðugleika lækkaði eignarhlutur ríkisins niður í um 22%. Síðasta vor seldi ríkið svo allt hlutafé sitt í skólanum til Flugtaks ehf., Air Atlanta hf. og Flugskóla Íslands hf. Skólinn er nú því alfarið í eigu einkaaðila eins og áform stjórnvalda um einkavæðingu gerðu ráð fyrir.

Í lögum um Flugskóla Íslands hf. er kveðið á um að samgönguráðherra skuli beita sér fyrir gerð samnings milli ríkisins og skólans þar sem nánar skuli kveðið á um það skólahald sem félagið á að sinna og hvernig greiðslum af hálfu ríkisins skuli háttað. Samkomulag um kennslu til atvinnuflugs var undirritað í lok árs 1998.

Þrátt fyrir að lagt sé til að lögin falli úr gildi er áfram gert ráð fyrir að ríkið stuðli að því að hér á landi sé í boði menntun sem geri nemendur hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuflugs. Til að tryggja það vinnur ráðuneytið nú að gerð samnings við skólann um áframhaldandi styrk til hans vegna bóklegs atvinnuflugmannsnáms. Rekstur skólans gengur nú ágætlega og er talið að starfsemi hans sé mikilvæg lyftistöng fyrir framgang atvinnugreinarinnar hér á landi, en vöxtur flugstarfseminnar hefur verið mikill undanfarin ár.

Með hliðsjón af efni laganna og að ríkið hefur selt allt hlutafé sitt í skólanum er lagt til að lögin verði felld úr gildi. Skilvirkt eftirlit er af hálfu Flugmálastjórnar Íslands með gæðum skólastarfsins og starfsemi skólans og er það talinn fullnægjandi rammi um þessa starfsemi. Vegna mikilvægis flugsins í efnahagslífi þjóðarinnar er áfram gert ráð fyrir því að ríkið stuðli að því að hér á landi sé boðið upp á bóklegt atvinnuflugmannsnám. Slíkt verður tryggt með gerð samnings við Flugskóla Íslands.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpið verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og samgöngunefndar.

[15:55]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég vil í byrjun leyfa mér að leiðrétta örlítið hjá hæstv. ráðherra af því sem fram kom í framsögu hans, að kennslan til bóklegs flugs atvinnuflugmanna hefði alfarið verið í höndum Flugmálastjórnar. Það er ekki alls kostar rétt. Þetta var lengi vel samstarfsverkefni Flugmálastjórnar og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Undirritaður kom nokkuð þar að máli og hafði mikla ánægju af að sinna því verkefni í ágætu samstarfi við Flugmálastjórn.

Fyrst þegar ég leit þetta frumvarp augum leist mér ekkert allt of vel á það. En við ítarlega skoðun hef ég komist að þeirri niðurstöðu að um sé að ræða eðlilegt og rökrétt skref. Í þessu samhengi er rétt að rifja upp að lengi vel var bóklegt flug til atvinnuflugmanns ekki til staðar hér á landi. En í sameiginlegu átaki Fjölbrautaskóla Suðurnesja, þá undir forustu Jóns Böðvarssonar, þáverandi skólameistara, og Flugmálastjórnar, var slíkum samstarfsvettvangi komið á og var um árabil boðið upp á slíkt nám við þann skóla á Suðurnesjum. Reyndin var hins vegar sú að flestir kennarar og nemendur komu annars staðar að en af Suðurnesjum. Þeir voru gjarnan fluttir með sérstakri áætlunarbifreið á milli svæða. Þegar fram liðu stundir, þá af ýmsum ástæðum, var námið flutt inn á Reykjavíkurflugvöll í húsnæði á vegum Flugmálastjórnar. Til að halda því skilvirku, m.a. til að létta ráðningu kennara og þar fram eftir götunum, var ákveðið að breyta skólanum í hlutafélag og flugrekstraraðilar komu að því.

Ég tel að reynslan sýni að það hafi verið gæfuspor. Ég heyri á flugrekstraraðilum að þeir telji að Flugskóli Íslands hf. hafi verið hálfgerð lífæð fyrir flugfélögin sem hér starfa, kraftmikil flugfélög sem hafa verið í miklum vexti og stöðugt þurft að ráða nýja flugmenn til sín. Án þessa skóla hefði sú útrás líklega ekki gengið. Má segja að þróunin hafi, hvað flugið varðar, verið öfug við það sem illu heilli hefur orðið t.d. í kaupskipaflotanum.

Þetta nám hefur dálitla sérstöðu umfram annað nám, þ.e. að vera eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra undir mjög ítarlegu eftirliti Flugmálastjórnar. Flugmálastjórn starfar eftir alþjóðlegum reglum eins og við í samgöngunefnd þekkjum. Líklega er jafnnákvæmt eftirlit í fáum atvinnugreinum og jafnítarlegum stöðlum haldið uppi eins og í fluginu. Má segja að ekkert skref sé hægt að stíga þar án þess að það falli að einhverju slíku eftirliti eða slíkum staðli. Með því að ríkið hefur dregið sig út úr rekstri þessa skóla er ekki annað séð en að hann sé í góðum farvegi og rekstur hans góður. Flugmálastjórn er þar alltumvefjandi og því óhætt að

segja að gæðum kennslunnar sé fylgt eftir og því að skilyrði séu uppfyllt. Enda eru það hagsmunir flugrekstraraðila að standast úttektir á kennslu flugskólans. Að öðrum kosti yrðu flugskírteini þeirra ekki viðurkennd í alþjóðasamfélaginu, sem mundi grafa undan starfsemi þeirra.

Að þessu sögðu, virðulegi forseti, lýsi ég yfir fullum stuðningi við málið. Ég tel þetta rökrétt framhald á uppbyggingu menntunar í þessari viðkvæmu en kraftmiklu starfsgrein. Ég hefði viljað sjá, og veit að slíkar raddir heyrast meðal flugrekstraraðila, enn fleiri skref stigin, m.a. að ná inn til landsins aftur námi í flugvirkjun, sem einungis fer fram erlendis. Við skulum hafa í huga hve stór flugflotinn er og hve mörg störf skapast í kringum flugið, ekki bara flugþjónar, flugstjórar og flugmenn, heldur líka störf á jörðu niðri. Fjöldi manns starfar við tæknilegt eftirlit, viðgerðir og alla þá þjónustu sem fylgir flugrekstrinum. Allt kallar þetta á menntun.

Það er fagnaðarefni að heyra meðal flugrekstraraðila áhuga og áætlanir um að byggja upp slíkt nám á Íslandi. Það gæti jafnframt verið útrásarverkefni, alveg eins og við höfum haldið uppi öflugum flugskóla þar sem komið hafa að erlendir nemendur, m.a. frá Noregi og Færeyjum. Þeir hafa sótt sér nám hjá Flugskóla Íslands hf. Við ættum að geta gert svipað með aðra þætti sem tengjast flugrekstri og fengið til okkar nemendur frá öðrum löndum og jafnvel aðstoðað önnur lönd við að þróa sig í þessa átt.

Ég ítreka stuðning minn við þetta frumvarp. Ég tel það rökrétt framhald þeirrar ágætu þróunar sem hefur verið í flugmálum hjá okkur á undanförnum árum.

[16:01]

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Ég fagna þessu frumvarpi og tel að þetta sé af hinu góða eins og kom fram í málflutningi hv. samgönguráðherra. Það eru alveg ótrúleg ævintýri að gerast í flugrekstri okkar Íslendinga og þörf á að vel sé haldið á menntunarmálum og ég er sannfærður um að þetta mál fær skjótt og gott brautargengi í gegnum samgöngunefnd.

Ég vil þó aðeins gera að máli mínu og taka undir með hv. þm. Hjálmari Árnasyni varðandi aðra menntunarleið þeirra sem koma að flugrekstrinum og það eru þeir sem stunda viðgerðir á flugvélum eða flugvirkjar. Það hefur líklega verið um 1980 eða upp úr því að Flugleiðir reistu heljarmikið flugskýli á Keflavíkurflugvelli. Öll innflutningsgjöld voru gefin eftir vegna þess að menn töldu að þarna væri væri stigið stórt og mikið spor, sem það að vísu var, með því að reisa stórt og mikið flugskýli til þess að auka enn viðgerðir á flugvélum á Íslandi.

Nú liðu tímar og þetta gekk allt fram en síðan fór því miður að stefna í óefni hvað þetta áhrærir og sú starfsemi sem ætlað var með eftirgjöf og innflutningsgjöldum af öllu byggingarefni til þessarar stóru og miklu flugskemmu, minnkaði mjög. Þess vegna tek ég alveg undir að það er nauðsynlegt að efla aftur nám flugvirkja hér á landi og vonandi að það skref verði stigið á næstu árum því að það gefur þessu mikla ævintýri okkar Íslendinga í flugmálum enn meira gildi og styrkir enn frekar atvinnuþætti okkar Íslendinga. Við verðum sannarlega að gæta okkar á að verða ekki of einhæf, samanber þann vanda sem við stöndum frammi fyrir t.d. varðandi farmennskuna.

Ég tek því heils hugar undir að þetta þarf að skoða en málið varðandi flugskólann er af hinu góða og mun auðvitað fá mjög jákvæða umræðu í hv. samgöngunefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 503. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 735.

[16:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að bættu umferðaröryggi fyrir landsmenn alla í samræmi við umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var á Alþingi vorið 2005 sem hluti þingsályktunartillögu og þingsályktunar um samgönguáætlun. Frumvarpið stuðlar að þessu markmiði á margvíslegan hátt eins og fram mun koma og hv. þingmenn hafa kynnt sér.

Frumvarpið skýtur sterkari lagastoðum undir úrræði til þess að framfylgja löggjöf um akstur og hvíldartímareglur sem gilda um atvinnubílstjóra á stærri atvinnubifreiðum. Nauðsynlegt er fyrir umferðaröryggi að tryggja að ökumenn í langkeyrslum stórra flutningabifreiða fái hæfilega hvíld við starfa sinn, ekki síst þegar flutningar á vegum eru að aukast eins og raun ber vitni. Reglurnar stuðla að hæfilegri hvíld atvinnubílstjóra og eiga fullt erindi við ökumenn á Íslandi sem vinna oft langan vinnudag í mjög streituvaldandi umhverfi. Markmið reglnanna er umfram allt að fækka slysum, sérstaklega þar sem stór ökutæki eiga hlut að máli og auka umferðaröryggi í landinu. Ljóst er því að ávinningur af innleiðingu hvíldartímareglnanna í íslenskan rétt er ótvíræður. Því er afskaplega mikilvægt að ökumenn flutningabifreiða fari að reglum og fái viðhlítandi hvíld í samræmi við þessar reglur. Samþykki Alþingi frumvarpið verða öll úrræði virk til þess að framfylgja reglum um hvíldartíma.

Reglur um aksturs- og hvíldartíma gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og voru innleiddar hér á landi árið 1995. Lagabreytingin sem hér er kynnt er m.a. til komin vegna dóms Hæstaréttar í máli þar sem ákærði var sýknaður af kröfu ákæruvaldsins fyrir brot á reglu um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Í þessu frumvarpi er að finna bættar verknaðarlýsingar og verða þannig refsiákvæði fyrir brot á þessum reglum virk. Eins og staðan er í dag er óviðunandi óvissa fyrir þá sem sinna eftirliti með þessum þáttum.

Í frumvarpinu er lagt til að settar verði sérstakar reglur um farstarfsmenn í samræmi við gerð Evrópusambandsins þessu lútandi. Þetta eru þeir aðilar í áhöfn flutningabifreiða sem ekki teljast ökumenn heldur eru nokkurs konar aðstoðarmenn þeirra um ýmsa hluti sem að flutningastarfsemi koma, svo sem varðandi hleðslu ökutækis, affermingu, aðstoð við farþega, viðhald o.fl. Eins og staðan er á Íslandi í dag er hér um mjög fáa aðila að ræða en það fyrirkomulag gæti tekið breytingum í framtíðinni.

Þá er hér lagt til aukið en einfaldara eftirlit Vegagerðarinnar með akstri farmflutninga og hópbifreiða. Rétt er að árétta að það er fyrst og fremst lögreglan sem fer með löggæslu í landinu. Engu að síður hefur þótt nauðsynlegt fram að þessu að frekara eftirlit en lögreglan getur sinnt fari fram með ýmsum þáttum er varða umferðaröryggi og skattheimtu. Þannig annast Vegagerðin, samanber 68. gr. gildandi umferðarlaga, eftirlit með reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna og hefur hún heimildir til þess að stöðva ökutæki til þess að framfylgja eftirlitinu.

Samkvæmt 19. gr. laga um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, fer ríkisskattstjóri með eftirlit með framkvæmd laganna en er heimilt að framselja það vald til Vegagerðarinnar. Sambærileg stöðvunarheimild er í lagaákvæði Vegagerðarinnar Vegagerðinni til handa svo að unnt sé að framfylgja eftirlitinu. Í frumvarpinu er lagt til að eftirlit Vegagerðarinnar verði gert markvissara í þágu umferðaröryggis þannig að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verði jafnframt gert kleift að framkvæma ýmsar aðgerðir sem lögreglu var áður einni falið að framkvæma. Það þykir eðlileg og hagkvæm ráðstöfun að þegar á annað borð er búið að stöðva ökutæki séu allir þættir er varða öryggi í umferðinni kannaðir en eftirlitið miði ekki einungis að afmörkuðum þáttum eins og nú er. Það verður að teljast í það minnsta óeðlilegt að sú staða geti komið upp að eftirlitsmaður Vegagerðarinnar geti staðið ökumann að broti á frágangi farms við heföbundið eftirlit með stærð, heildarþyngd og ásþunga þess en geti ekki gripið til aðgerða af slíku tilefni. Þannig er staðan í dag og er það algerlega óviðunandi að mínu mati. Það blasir við öllum að slíkt ökutæki getur verið stórhættulegt í umferðinni og hrein fásinna að byggja ekki undir heimild til eftirlitsmanna Vegagerðarinnar til þess að hafa eftirlit með slíkum þáttum einnig.

Því er við þetta að bæta að ráðuneytið hefur nú til skoðunar útfærslu á því hvernig eftirliti með ástandi ökutækja á vegum verði best háttað sem ég tel líka mjög mikilvægan þátt í að ná fram markmiði frumvarpsins um aukið umferðaröryggi. Vakni grunur um brot er ökumanni skylt að hlíta banni eftirlitsmanns um frekari för þar til lögreglan kemur á vettvang. Eftir sem áður munu valdheimildir lögreglu standa óbreyttar og vil ég undirstrika það alveg sérstaklega vegna þeirrar umræðu sem hefur farið fram í þjóðfélaginu að undanförnu.

Miklir hagsmunir eru í því að þungatakmarkanir séu virtar. Of þungar bifreiðar á vegum geta valdið skemmdum á yfirborði og/eða burðarlagi vega með tilheyrandi slysahættu. Viðgerð getur verið afar kostnaðarsöm og er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir skemmdir með eftirliti með þunga vöruflutningabifreiða, ekki síst þegar takmörkun á ásþunga er í gangi. Virkara eftirlit á vegum er einn af hornsteinum aukins umferðaröryggis á landinu öllu og stuðlar að fækkun slysa í umferðinni. Það er mitt mat að lögreglan í landinu og Vegagerðin eigi að vinna saman að því að stuðla að auknu umferðaröryggi með virku og markvissu eftirliti.

Í frumvarpinu er lagt til að byggt verði undir heimildir laganna varðandi bann við stjórnun ökutækis undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Af þessu tilefni er sett fram það nýmæli í frumvarpinu að ökumanni er skylt að láta í té munnvatnssýni að kröfu lögreglu þegar grunur leikur á að hann hafi gerst brotlegur við lög vegna neyslu ávana- og fíkniefna. Um er að ræða nýja tækni sem mun að öllum líkindum koma til með að hafa veruleg áhrif til aukins árangurs við rannsókn umferðarlagabrota af þessu tagi. Það skal tekið fram af þessu tilefni að þróun í þeirri tækni sem hér um ræðir hefur verið hröð á síðustu áratugum. Athygli samgönguráðuneytisins hefur jafnframt verið vakin á þeim möguleika að unnt sé að taka svitasýni af ökumönnum til að ákvarða hvort viðkomandi sé undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Verið er að skoða hvort og þá hvernig unnt sé að nýta þennan möguleika við umferðareftirlit af þessu tagi og mun ég leggja til við hv. samgöngunefnd að hún taki þetta atriði til sérstakrar skoðunar í umfjöllun sinni.

Lagt er til að dregin verði afdráttarlaus lína varðandi akstur undir áhrifum ólöglegra efna eða lyfja sem í daglegu tali teljast til heföbundinna ávana- og fíkniefna. Greinist slík ólögleg efni í blóði ökumanns skal hann metinn óhæfur til stjórnunar ökutækis og refsað með hliðsjón af því. Mörkin eru hér sett við núllið og ekkert svigrúm veitt til mats á nokkurn hátt. Skilaboðin eru því skýr þegar um er að ræða akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna en það tel ég afar mikilvæg skilaboð, frú forseti.

Lagt er til í frumvarpinu að beitt verði sambærilegum viðurlögum og gilda um akstur undir áhrifum áfengis. Gengið er út frá því að gerist ökumaður sekur um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna skuli hann sviptur ökurétti eigi skemur en þrjá mánuði og allt að tveimur árum eftir alvarleg brot og magn ávana- og fíkniefna í blóði eða þvagi ökumanns. Hafi ökumaður áður gerst sekur um akstur undir áhrifum áfengis eða ávana- og fíkniefna eða neiti hann að veita atbeina sinn við rannsókn máls skal svipting ökuréttar vera a.m.k. tvö ár og allt að fimm árum eftir alvarleika brots og magni vínanda eða ávana- og fíkniefna hjá ökumanni við síðara brotið.

Tekið er sérstakt tillit til þeirra ökumanna sem eru sjúklingar og þurfa á læknisfræðilegri meðhöndlun að halda. Lagt er til að ökumaður sem telst vera sjúkur verði ekki beittur viðurlögum vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna geti hann með ótvíræðum hætti sýnt fram á að hann hafi verið hæfur til að stjórna ökutækinu örugglega í umrætt sinn. Gerðar eru strangar sönnunarkröfur í slíkum tilvikum, t.d. um framlagningu gagna og læknisskoðun.

Starf að umferðaröryggismálum hefur verið eflt verulega sl. tvö ár en það kallar á aukin fjárútlát. Miðað er við að þessu starfi verði haldið áfram. Mikilvægt er af þessu tilefni að eftirlit á vegum verði aukið, svokölluðum svartblettum verði eytt, fræðsla í skólum verði efld og haldið uppi öflugum áróðri. Þessir auknu fjármunir hafa komið frá öðrum liðum ráðuneytisins, þó einkum úr vegáætlun. Allar vísbendingar eru í þá átt að slysum í umferðinni sé að fækka, sem eru góð og uppörvandi tíðindi fyrir okkur sem setjum aukið umferðaröryggi í forgang. Eðlilegt þykir að skjóta styrkari og enn styrkari stoðum undir öflugt umferðaröryggisstarf og tryggja fjármuni til þess til frambúðar. Lagt er til í frumvarpinu að fjárhæð umferðaröryggisgjalds verði hækkuð úr 200 kr. í 400 kr. til eflingar starfs umferðaröryggisáætlunar í umferðaröryggismálum.

Þess má geta hér að í skýrslu sem gerð var fyrir

nokkrum árum af Vegagerðinni, Háskóla Íslands, Landlæknisembættinu og Umferðarráði og fleiri aðilum, var árlegur samfélagslegur kostnaður af völdum umferðarslysa metinn vera 15–20 milljarðar.

Í frumvarpinu er að finna nokkrar lagfæringar og ákvæði er varða nýjar skilgreiningar á hugtökum, breytt ákvæði um notkun öryggisbelta í bifreiðum og bifhjólum auk þess sem heimilt verður að setja reglur um vagn fyrir bifhjól. Þá er lagt til í frumvarpinu að ákvæði um hlutverk Umferðarstofu við rannsóknir á orsökum umferðarslysa verði fellt brott enda hefur það hlutverk verið fært til rannsóknarnefndar umferðarslysa og vil ég minna hv. þingmenn á að ég lagði fram á sínum tíma sérstakt frumvarp sem varð að lögum um rannsóknir umferðarslysa sem hefur mjög mikla þýðingu til þess að hægt sé að vinna sem best að umferðarslysarannsóknum.

Ég vil að lokum geta þess að ég lét í ráðuneytinu skoða sérstaklega hvort herða mætti viðurlög umferðarlaga við að leggja í stæði fatlaðra vegna þeirrar umræðu sem hefði orðið hér í þinginu í kjölfar fyrirspurnar um það efni. Niðurstaða úr þeirri skoðun var að heimildir umferðarlaga til viðurlaga væru nægar en ástæða gæti verið til að herða þau og hækka sektir við slíkum brotum í reglugerð. Ég mun beita mér fyrir því að það verði gert og sektir hækkaðar verulega eins og rækilega var bent á að væri nauðsynlegt að gera.

Frú forseti. Ég vil leggja til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgöngunefndar og ég vænti góðs samstarfs við þingmenn um að koma þessu frumvarpi í gegnum þingið svo það megi verða að lögum á þessu þingi, svo mikilvægt málefni sem hér er um að ræða.

[16:19]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hægt er að taka undir öll meginmarkmið þessa frumvarps sem hæstv. samgönguráðherra flytur hér um að auka og efla öryggi á þjóðvegum landsins.

Ég vil nefna eitt atriði sem hæstv. ráðherra kom ekki inn á. Það eru þessir miklu þungaflutningar á þjóðvegunum, þeir miklu flutningar sem þar eiga sér stað eftir vegum sem alls ekki bera slíka bíla. Í fréttum nýverið hefur komið fram að slysatíðni hjá þeim vegfarendum sem þarna eru á ferðinni er há.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum flutt tillögur nú í vetur, reyndar ásamt þingmönnum Frjálslynda flokksins, um að taka upp strandsiglingar og að ríkið reyndi að hvetja til þess og kæmi að því sem beinn hvatningaraðili að ákveðinni strandsiglingaþjónustu yrði komið á hringinn í kringum landið, ekki bara til þess að jafna kostnað heldur líka til þess að tryggja umferðaröryggi og létta þessu af þjóðvegunum. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra. Þessi mál hafa verið ítrekað inni í ráðuneyti og samgöngunefnd til skoðunar og þau hafa fengið gríðarlegan stuðning í samfélaginu. En samt virðist vera erfitt að koma þessu á framkvæmdastig.

Í öðru lagi langar mig að nefna — ég vík að því betur í seinna andsvari — heimildir fyrir eftirlitsmenn Vegagerðarinnar til þess að stöðva akstur farmflutninga- og hópbifreiða. Ég ætla að fá að koma betur að því í seinna andsvari, frú forseti.

[16:21]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki alveg viss um að við getum slegið því föstu eða fullyrt að slysatíðni vegna þungaflutningaökutækja sé gríðarlega há. Slys eru náttúrlega óæskileg og að sjálfsögðu viljum við koma í veg fyrir öll slys. En ég held að það sé afar mikilvægt að tala um þessi málefni út frá staðreyndum.

Hvað varðar það að taka upp strandsiglingar þá hittist nú þannig á að ég átti mjög góðan fund í morgun með forsvarsmönnum eins af flutningafyrirtækjum landsins sem stundar bæði siglingar og vöruflutninga. Það er alveg ljóst að ekki er á dagskrá að taka upp ríkisstyrktar strandsiglingar. Verkefni okkar er því að byggja hratt og vel upp vegakerfið til þess að það anni þessum flutningum og vinna að umferðaröryggismálum á þeim nótum sem ég hef hér lagt til með þessu frumvarpi sem er til umræðu. Það er verkefni okkar. Það er alveg ljóst að meðal þess sem þarf að gera er að tryggja heimildir eftirlitsmanna Vegagerðarinnar til þess að fylgjast með ástandi ökutækjanna hvað varðar farminn og þunga þeirra og hvíldartíma ökumanna. Það má ekki fara á milli mála að hægt sé að framfylgja þeim reglum sem við höfum sett hvað þetta varðar. Þess vegna er frumvarpið lagt fram.

[16:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að við eigum að fara varlega í að varpa allri ábyrgð á ökumenn þessara stóru bíla. Vegirnir sem þeir þurfa að aka eru bara alls ekki færir til þess að bera stóru bíla. Við finnum það aðrir sem keyrum eftir sömu vegum að það er ekkert spaug að mæta eða fara fram úr eða vera í umferð með þessum stóru bílum á þessum mjóu, þröngu vegum. Ég geri ekki lítið úr þessu. Ég tel þetta reyndar stórmál. Ég tel að það eigi og beri að skoða möguleika á strandsiglingum af alvöru. Við höfum ákveðið að stýra flugi á flugvelli innan lands og veita ákveðna lágmarksflugþjónustu. Sama væri hægt að gera með strandsiglingar.

Svo eru það eftirlitsmenn Vegagerðarinnar sem eiga að fá heimild til að stöðva akstur farmflutninga- og hópbifreiða. Þeir eru að fá visst löggæsluhlutverk. Ég vil því spyrja í fyrsta lagi: Fá þeir rétt til þess að beita stöðvunarljósum eða hvaða rétt hafa þeir og hvaða tækjum geta þeir beitt til að stöðva ökutæki? Geta þeir beitt lögregluljósunum, þessum blikkljósum sem hingað til hafa bara verið í höndum lögreglu? Ef svo er, hvernig er þá með tryggingar og annað slíkt fyrir starfsmenn Vegagerðarinnar, þ.e. ef þeir eru farnir að taka á sig þá ábyrgð að svipta menn frelsi? Það að stöðva bifreið, hafa rétt til þess að stöðva bifreið skilyrðislaust, hafa rétt til þess að krefja um persónuleg gögn og gögn bifreiðarinnar er viss lögregluaðgerð. Ég ítreka (Forseti hringir.) spurningu mína, frú forseti: Hver er réttur þessara manna við slíkar aðstæður?

[16:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar ég lærði á bíl og fékk ökuréttindi þá var eitt það allra mikilvægasta sem ökukennarinn

brýndi fyrir mér og öðrum, að aka í samræmi við aðstæður. Ég held að það séu ekki rétt skilaboð héðan úr þinginu að verið sé að skella með óeðlilegum hætti skuldinni á ökumenn flutningabíla. Þeir eins og aðrir verða að aka í samræmi við aðstæður. Ef vegirnir eru slæmir, eins og þeir eru víða á Íslandi, jafnvel malarvegir, illfærir oft, erfiðir á vetrum þá verður auðvitað að aka í samræmi við aðstæður. Sama á að gilda um þingmenn sem eru á ferðinni um þjóðvegi landsins. Ég geri ráð fyrir því að hv. þingmaður gæti sín vel þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi. Skilaboðin héðan eiga því að vera þau að ökumenn, hverjir sem þeir eru, verða að aka í samræmi við aðstæður.

Nú er það þannig að samkvæmt lögum hafa vegaeftirlitsmenn Vegagerðarinnar heimild til að stöðva. Hv. þingmaður veit væntanlega að þær heimildir eru til staðar. (Gripið fram í.) Heimildir eru til staðar til þess að stöðva þessa bíla og gera tilteknar athuganir á þeim. Þessir eftirlitsmenn eru á sérstökum og sérmerktum bifreiðum þannig að enginn vafi leikur á um þær heimildir.

Hvað varðar tryggingar og annað þá er ekkert nýtt að gerast. Það er einungis verið að bæta því við að vegaeftirlitsmaður sem stöðvar bíl vegna eftirlits með þunga og hvíldartíma, fær heimild til þess að skoða farminn. Viðbótin er sú. Ég tel að þetta sé geysilega mikilvægt mál og það má ekki gerast, að mínu mati, að hv. þingmenn leggist í þann (Forseti hringir.) leiðangur að reyna að koma í veg fyrir afgreiðslu þessa mikilvæga máls eða vekja tortryggni gagnvart þessari löggjöf.

[16:27]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Í gærkvöldi var ég á opnum stjórnmálafundi á Viðskiptaháskólanum á Bifröst. Eitt af því sem nemendum þar var tíðrætt um var einmitt öryggi á vegum úti, m.a. vegna missigs og umferðar stórra ökutækja eins og fram kom í umræðum hér rétt á undan. Ég get ekki annað en verið sammála þeim sem þar töluðu og tjáðu sig. Ástandið á vegunum er vissulega oft og tíðum slæmt og þó að e.t.v. sé ekki hægt að tala um ógnvænlega slysatíðni — eða hvernig það var nú orðað hér á undan — vegna stórra flutningatækja þá er tilfinning mín sú hægt sé að tala um ógnvænlega hættu vegna þessara tækja. Þess vegna held ég að mjög brýnt sé að leita allra leiða sem færar eru til að bæta ástandið á vegunum miðað við núverandi aðstæður, þar með talið ástandið á vegunum. Það er alveg ljóst að á meðan við ekki leggjumst í mjög miklar endurbætur á vegunum þá munum við enn um allmörg ár þurfa að búa við það ástand sem er í dag. Ég held því miður að ég verði að fallast á það með hæstv. ráðherra að við munum ekki færa meginþunga flutninganna af vegunum.

Það væri örugglega hægt að breyta skipulaginu, m.a. með fleiri vöruhótelum eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur bryddað upp á í þingsölum. Þannig yrðu flutningar um skemmri vegalengd en nú er. Ég vil taka fram að hv. þingmaður átti ekki við að ríkið kæmi upp slíkum vöruhótelum heldur hefði það einhvers konar forgöngu þar um. Þetta átti ekki að vera aðalinntakið í ræðu minni þótt ég vildi koma inn á þessi mál.

Ég bendi á að þær breytingar sem hér eru lagðar til eru ekki komnar fram af góðu tilefni, heldur m.a. vegna aukinnar neyslu ávana- og fíkniefna í samfélagi okkar. Það er vissulega ekki gott tilefni. Það er fjallað um ávana- og fíkniefni í nokkrum greinum þessa frumvarps. En í 14. gr. þar sem er fjallað er um þau, í langri grein, kemur fram undir lokin að, a.m.k. í þeirri grein, séu lyf felld undir ávana- og fíkniefni. Tiltekin lyf geta að vísu verið ávanabindandi en mér finnst óviðkunnanlegt að fella lyf undir ávana- og fíkniefni eins og þarna er gert. Fólk getur gert mistök við neyslu lyfja sem það þarf að taka af heilsufarsástæðum.

Mér finnst að það eigi einfaldlega að setja orðið lyf þarna inn í. Oftast nær, sem betur fer, tekur fólk einfaldlega lyf vegna þess að það er nauðsyn á því en ekki vegna þess að það ætli sér að misnota þau. En í a-, b- og c-lið 14. gr. eru talin upp þau tilfelli er á ekki að beita ökumann viðurlögum samkvæmt 1. mgr. og 4. mgr. 14. gr. En í 1. og 4. mgr. 14. gr. er aðeins verið að fjalla um ávana- og fíkniefni. Orðið lyf kemur þar hvergi fram. Mín skoðun er sú að það eigi að setja orðið lyf þarna inn, annars finnst mér ákvæðin fá á sig óþarflega leiðinlegan svip.

Í máli ráðherra kom fram að ný tækni er í boði til mælingar á ávana- og fíkniefnum í einstaklingum, þ.e. eitthvert svitapróf. Það gefur mér tilefni til að minnast á hvort ekki væri einfaldlega ástæða til að setja inn í lagafrumvarpið ákvæði sem heimili eftirlitsaðilum að nýta hverju sinni nýjustu tækni við eftirlit. Ef ég hef tekið rétt eftir er tiltekin ákveðin tækni en sem betur fer er stöðugt framþróun í greiningaraðferðum eins og fram kom í máli ráðherra. Við getum greitt framþróuninni leið með einfaldri orðalagsbreytingu á borð við þá sem ég minntist á.

Það getur verið þröngur vegur á milli eftirlitshlutverks lögreglu og Vegagerðar og sjálfsagt að fara með varúð í þeim efnum. Mér finnst ástæða til að reyna að efla eftirlitið og gera það sem markvissast þannig að eftirlitsaðilar geti sem víðast og oftast verið á ferðinni. Nýlega höfum við haft fregnir af því í fjölmiðlum að í tveimur tilfellum lá við stórslysum af völdum flutningabíla með illa frágenginn farm. Þau tvö dæmi sýna því miður að ástæða er til að hafa eftirlitsmenn á ferðinni víða og þeir þurfa góðar aðstæður til að sinna sínu hlutverki. Að svo komnu máli hef ég ekki athugasemdir við að Vegagerðinni fái þetta hlutverk. En það má auðvitað ekki takmarka aðstæður lögreglu til að sinna eftirliti. Ég vænti þess að lögregla hafi eftirlit með þessum þætti jafnframt. En mér sýnist frumvarpið til bóta að svo komnu máli.

[16:36]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Frumvarpið sem hv. samgönguráðherra fylgir hér úr hlaði er fyrir margar sakir athyglisvert og flutt á réttum tíma þar sem flutningar hafa að miklu leyti færst á þjóðvegina. Ég tel mjög nauðsynlegt, eins og fram hefur komið, að eftirlitsmenn séu starfandi innan Vegagerðarinnar ásamt lögreglu, sem hefur náttúrlega áfram ótakmarkaðar heimildir til að stöðva bíla. En það er nauðsynlegt í ljósi þess að lögreglan er ekki ofmönnuð. Á stundum, þar sem lítil umferð er, getur verið hentugt að vegaeftirlitsmenn hafi heimild til að stöðva bíla og skoða.

Menn átta sig kannski ekki á að í umferðinni, eins og hún er orðin mikil, eru svokallaðir trukkar eða þungaflutningabílar og völuflutningabílar, tæplega 8% bifreiðanna. En slys vegna þessara trukka eða þungaflutningabíla hafa hins vegar ekki aukist. Hins vegar hefur óhöppum fjölgað. Það tengist því sem hæstv. samgönguráðherra talaði um, þ.e. eftirlit með farmi. Því miður virðist frágangur á farmi ekki viðunandi.

Það er rétt sem hér hefur komið fram, að megnið af vegakerfinu eru vegirnir aðeins 6,5 metrar á breidd. Hins vegar er unnið er að breytingum á því og þegar komnir þó nokkuð langir vegir sem eru 7,5 metrar á breidd. Það er nauðsynlegt í ljósi þess að völuflutningar eru komnir á þjóðvegi í svo miklum mæli sem raun ber vitni. En allt er þetta á góðri leið og auðvitað (Forseti hringir.) styð ég þetta frumvarp heils hugar.

[16:38]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók ekki eftir því að hv. þingmaður beindi til mín spurningu eða hefði athugasemdir við mitt mál. En ég vil hins vegar taka fram að þótt flutningabílunum hafi fjölgað jafnmikið og raun ber vitni þá hafa þeir líka á ýmsan hátt náð að bæta mjög umferðarmennsku sína, ef svo má segja. Þeir eru t.d. mjög duglegir við að gefa merki um hvenær óhætt sé að fara fram úr og hvenær ekki. Ég er nú búin að keyra í allmörg ár og þetta er breyting til batnaðar. Ég held að þeir viti einfaldlega að af þeim stafar hætta í umferðinni.

Slysum hefur sem betur fer ekki fjölgað af völdum flutningabíla þótt óhöppum, eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði í ræðu sinni, hafi fjölgað. Ég held að ástæðurnar fyrir því að slysin eru ekki fleiri en raun ber vitni séu m.a. að bílstjórarnir á þeim bílum sinna hlutverki sínu vel að þessu leyti.

Ég ítreka að ég held að hættan af þessum bílum sé mjög mikil. En það er ekki bílstjórunum að kenna heldur vegakerfinu. Hættan er reyndar meiri á sumum tímum dagsins en öðrum. Þessir bílar eru meira á ferðinni á vissum tímum heldur en öðrum. Í gærkvöldi var ég t.d. á leiðinni upp í Bifröst. Þá voru bílarnir á ferðinni og þjóðvegirnir bókstaflega fullir af flutningabílum. Það er ekki geðslegt að keyra við slíkar aðstæður í rigningu og dimmu.

[16:40]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var einmitt á athyglisverðri ráðstefnu um þungaflutninga á vegum og öryggismál. Þar kom margt athyglisvert fram. Auðvitað eru bílstjórar flutningabílanna meðvitaðir um þá hættu sem getur stafað af akstri þeirra gái þeir ekki að sér, í ljósi þess að flestir vegirnir eru um 6,5 metra breiðir. Það er rétt, eins og hv. þingmaður kom inn á, að þeir hafa sýnt mikla árvekni og framúrskarandi framkomu við ökumenn smærri bíla með merkjagjöf, hvenær rétt sé að fara fram úr o.s.frv. Þeir sjá lengra fram og gefa þeim sem vilja komast fram úr merki um hvenær það er óhætt.

En ég held að það sé nauðsynlegt, þar sem margt fólk fer ekki um hina dreifðu byggð á eigin bílum nema í sumarfríum sínum, að bæði Umferðarráð og starfsmannafélög þessara aðila komi sér saman um að reyna að gefa gleggri ábendingar til almennings um þessar merkjagjafir og hvað þær þýða. Ég tel einnig nauðsynlegt að taka á því að leitt verði inn, hjá þungaflutningabílstjórum þegar þeir mæta öðrum bíl eða fólksflutningabíl, að þeim beri skilyrðislaust að hægja mjög á hraða. Því miður kom fram í gær, á þessari ráðstefnu, að dálítill misbrestur væri á því.

Málið sem er hér til umræðu er mjög brýnt og þarft. Ég tek undir það með hæstv. samgönguráðherra að það er nauðsynlegt og gagnlegt að því ljúki hér og verði afgreitt frá hinu háa Alþingi á vordögum.

[16:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum sem hér hafa tekið til máls fyrir undirtektir við frumvarpið. Ég vænti góðs samstarfs við samgöngunefnd vegna frekari vinnslu málsins. Það þarf að líta til margra hluta og eðlilegt að leita umsagnar og fá fulltrúa sem flestra til fundar við samgöngunefnd til að fara rækilega í gegnum málið.

En til að forðast misskilning er rétt að undirstrika, varðandi umfjöllun í 14. gr. frumvarpsins, að átt er við efni sem eru bönnuð samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni. Ég tel, vegna þess sem hér kom fram, að ágætt væri að fara vandlega yfir orðalagið á þessum greinum, ekki síst 14. gr. en hún er mjög viðkvæm. Með þessu frumvarpi herðum við reglur vegna notkunar ólöglegra fíkniefna til að reyna að koma í veg fyrir að fólk sem neytir slíkra efna setjist undir stýri. Við viljum undirstrika hve alvarlegt það er. Það má ekki fara á milli mála að þar er ekkert bil og það er algerlega bannað að setjast undir stýri á ökutæki eftir að hafa neytt slíkra efna. Þar er enginn afsláttur gefinn.

Ég held jafnframt að ágætt væri að hv. samgöngunefnd færi vandlega yfir það sem hér er getið um, um mælingar á ávana- og fíkniefnum svo sem eins og töku munnvatnssýna sem skiptir geysilega miklu máli og er forsenda fyrir því að geta rannsakað hvort um sé að ræða notkun ólöglegra ávana- og fíkniefna. Ég tók sérstaklega fram í ræðu minni að skoða þarf hvort heimila eigi notkun nýrrar tækni sem bent hefur verið á og samgöngunefnd gæti farið yfir það með kunnáttufólki.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að lengja umræðuna og þakka fyrir undirtektir hv. þingmanna.

[16:45]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Vegna þessara orða æski ég þess að fá skýringu hjá ráðherranum á ofurlitlu atriði. Hér er verið að banna akstur ökutækja og hjóla og útreiðar á hrossum eftir að hafa neytt annarra vímuefna sem hér tíðkast en áfengis. En tók ég rétt eftir að um væri að ræða algjört bann við akstri undir áhrifum þeirra efna, þvert gegn því sem tíðkast um áfengi, en þar er sem sé leyfð ákveðin neysla? Mér sýnist í frumvarpinu að verið sé að stilla svo til að refsing fyrir áfengisáhrif undir stýri stillist meira eftir því hversu mikils áfengis hefur verið neytt, sem í mínum augum getur átt sér sanngjarnar skýringar en getur líka leitt til þess að menn telji að ofurlítil áfengisáhrif séu þó alla vega miklu skárri en mikil

áfengisáhrif og styðji þá því miður nokkuð almenna skoðun í landinu að það sé allt í lagi að aka ef ekki eftir einn þá eftir hálfan. Sem veldur því að á ákveðnum tímum eru ökumenn í raun og veru undir áhrifum áfengis þó að í litlum mæli sé.

[16:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Skilaboðin sem eru send með frumvarpinu eru að því leyti mjög skýr að notkun ólöglegra vímuefna, ávana- og fíkniefna, eru algerlega forboðin hjá ökumönnum, en í gildi eru ákveðnar reglur um neyslu alkóhóls og þær reglur þekkja hv. þingmenn. Þær eru innan tiltekinna marka og ef um er að ræða ítrekuð brot er m.a. tekið tillit til þess hversu áfengismagnið er mikið þegar verið er að meta refsingu.

Skilaboðin eru hins vegar alveg skýr að eftir einn þá aki ei neinn, eins og hér var sagt á sínum tíma. Þetta er afar mikilvægt að fólk hafi í huga og þessar reglur eru mjög skýrar.

[16:49]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég sé ekki betur en — þvert á móti því sem samgönguráðherra hæstv. heldur fram — að skilaboðin séu ákaflega óskýr. Annars vegar er í þessum lögum verið að taka algjörlega fyrir það að menn aki undir áhrifum ólöglegra fíkniefna, og ég styð það, ég tel að það eigi ekki að vera. Fíkniefni eru í fyrsta lagi ólögleg þannig að menn eiga þá ekki að neyta þeirra, og í öðru lagi eiga menn ekki að aka undir áhrifum þeirra eða stjórna hjólhesti, náttúrlegum hesti eða hverju því öðru sem þeir kunna að geta farið sér að voða við og ættu bara ekki að vera úti á götum undir slíkum áhrifum.

Hins vegar er verið að halda áfram að segja: Ja, það er allt í lagi að fá sér svolítið áfengi, fá sér svolítið, það má ekki vera yfir ákveðnum mörkum, en við skulum vera sveigjanleg í þessu. Þar að auki er hæstv. samgönguráðherra með frumvarpinu að segja: Já, og það skiptir mjög miklu máli hvort það er mikið eða lítið áfengi sem menn fá sér. Samgönguráðherra kann að vera að færa sig að siðum eða einhverju áliti í landinu sem hefur lengi gengið út á að það sé allt í lagi að keyra bíl ef maður hefur bara fengið sér einn eða einn og hálfan eða tvo, samkvæmt þeirri skilgreiningu sem menn hafa við sjálfa sig í þeim samkvæmum þar sem þetta iðulega gerist, en kannski ekki ef maður er búinn að drekka heila flösku eða búinn að drekka í þrjá eða fjóra tíma.

Þetta tel ég vera röng skilaboð. Ég tel að skilaboðin eigi að vera þau að menn eigi ekki að aka undir neins konar áhrifum. Ekki undir áhrifum. Það sem mér hefði því fundist að samgönguráðherra hæstv. ætti að vera að gera, hann ætti að vera annaðhvort að lækka þessa prósentu eða afnema hana með öllu, ég kann ekki alveg á tæknina í þessu, í staðinn fyrir að gefa í rauninni meiri sveigjanleika við áfengisdrykkju áður en sest er upp í bíl eða stjórnað öðru ökutæki, meðan hitt er þá algjörlega bannað. Þetta eru óskýr skilaboð og óskýr hugsun á bak við þessa liði í frumvarpinu, sem ég vona að að öðru leyti sé gott.

[16:51]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit að hv. þm. Mörður Árnason gerir sér að leik að gera þetta óskýrt því að ég efast ekki um að hann skilji þetta mætavel. En til að árétta það sem hér er um að ræða vil ég lesa upp 44. gr. laganna.

Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, sem hann fer með.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega."

Skilaboðin eru því algjörlega skýr. Læknisfræðin hefur hins vegar búið til tiltekna skilgreiningu á því þegar verið er að mæla áfengi í blóði og eftir því hefur verið farið. Að vísu er þetta mismunandi milli landa en skilaboðin eru algjörlega skýr sem við erum að gefa. Við erum ekki að gefa nokkurn einasta afslátt á þeirri kröfu að menn verða að vera færir um að aka þeim ökutækjum sem þeir setjast undir stýri við, ekki síst hvað varðar það að þeir séu ekki undir annarlegum áhrifum, hvort sem er um að ræða ólögleg eða lögleg vímuefni. Ég er alveg sannfærður um að við hv. þm. Mörður Árnason munum taka höndum saman um að koma þessu rækilega á framfæri við þjóðina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–14. mál.

Fundi slitið kl. 16:53.

65. FUNDUR

mánudaginn 13. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, stjfrv., 456. mál, þskj. 681. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 329. mál, þskj. 361, nál. 740 og 755. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 403. mál, þskj. 519. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Þjóðarblóm Íslendinga, stjtill., 455. mál, þskj. 679. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Brottfall laga um Flugskóla Íslands hf., stjfrv., 480. mál, þskj. 708. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Umferðarlög, stjfrv., 503. mál, þskj. 735. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Heyrnar-, tal- og sjónstöð, stjfrv., 514. mál, þskj. 751. — 1. umr.
8. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 53. mál, þskj. 53. — 1. umr.
9. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
10. Ríkisendurskoðun, frv., 60. mál, þskj. 60. — 1. umr.
11. Djúpborun á Íslandi, þáltill., 61. mál, þskj. 61. — Fyrri umr.
12. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 63. mál, þskj. 63. — 1. umr.
13. Mat á mannaflaþörf í atvinnugreinum, þáltill., 67. mál, þskj. 67. — Fyrri umr.
14. Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 68. mál, þskj. 68. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Ríkisendurskoðun.

Varamenn taka þingsæti.

[15:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 8. þm. Reykv. s., Guðmundi Hallvarðssyni, dagsett þann 10. febrúar sl.:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni sökum veikinda óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykv. s., Lára Margrét Ragnarsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Lára Margrét Ragnarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 3. þm. Suðurk., Guðna Ágústssyni, dagsett 10. febrúar sl.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa og bréfs 1. varamanns á lista Framsóknarflokksins í Suðurk., Ísólfs Gylfa Pálmasonar, að 2. varamaður á listanum, Eygló Harðardóttir, framkvæmdastjóri Vestmannaeyjum, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Þá hefur borist bréf frá 1. varamanni Framsóknarflokksins í Suðurk., Ísólfi Gylfa Pálmasyni, dagsett þann 10. febrúar, þar sem segir að sökum anna geti hann ekki tekið sæti á Alþingi fyrir Guðna Ágústsson að þessu sinni.

Kjörbréf Eyglóar Harðardóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Eygló Harðardóttir, 3. þm. Suðurk., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:04]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Eygló Harðardóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[15:04]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Að loknum atkvæðagreiðslum um sex fyrstu dagskrármálin fer fram utandagskrárumræða um tæki stjórnvalda til að stuðla að lækkun matvælaverðs á Íslandi. Málshefjandi er hv. þm. Ásta Möller. Hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvarp um aukatekjur ríkissjóðs.

[15:05]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Síðastliðinn föstudag þegar verið var að ræða frumvarp um aukatekjur ríkissjóðs gagnrýndu hv. þingmenn að þrátt fyrir það að gerð væri grein fyrir því að tekjuáhrif frumvarpsins væru í samræmi við tekjuáætlun fjárlaga væri ekki nægjanlega vel gerð grein fyrir tekjuáhrifunum. Því var að sjálfsögðu ljúfmannlega tekið og lofað að upplýsingum yrði komið á framfæri við hv. nefnd en þar sem þetta tækifæri gefst er rétt að það komi fram að tekjuáhrifin eru 37 millj. kr.

Í síðustu ræðunni í umræðunni gagnrýndi hv. þm. Jón Gunnarsson fjármálaráðherra eða fjármálaráðuneytið og

sakaði reyndar ráðherrann og ráðuneytið um að fara ekki eftir lögum um að meta kostnaðaráhrif stjórnarfrumvarpa. Þetta hljómaði ekki alls kostar kórrétt í mín eyru en þar sem ég þorði ekki að treysta á minni mitt sat ég frekar á mér en að fara rangt með (**KLM:** Eins og í skattamálum.) en ef hv. þingmenn gæfu hljóð er staða mála sú að um þetta eru ekki neinar lagagreinar heldur er það samkvæmt ríkisstjórnarákvörðun að lagt er kostnaðarmat á frumvörpin og þá er um að ræða mat á þann kostnað sem frumvörpin hafa í för með sér. Ásakanir hv. þingmanns voru þar af leiðandi ekki á rökum reistar en hins vegar er það að sjálfsögðu siður ráðuneytisins að gera grein fyrir tekjuáhrifum frumvarpa líka og að þessu sinni var það gert með tilvísun í tekjuáætlun fjárlaga.

Ég taldi rétt, frú forseti, þar sem þessi misskilningur kom fram, að leiðrétta það hér því að ég tel að kostnaðarmatið sé mjög nauðsynlegt tæki, bæði fyrir hæstv. ráðherra og hv. þingmenn, þegar verið er að taka ákvarðanir um frumvörp sem hafa áhrif á útgjöld ríkisins.

[15:07]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma hér upp og beina kastljósinu að því litla frumvarpi sem við ræddum á föstudaginn, frumvarpi sem felur í sér talsverða tekjuhækkun fyrir ríkið og álögur á ákveðinn hóp manna um 37 millj. kr., en um er að ræða gjöld sem greiða þarf fyrir íslenskan ríkisborgararétt og fyrir að sækja um dvalarleyfi.

Ég gagnrýndi það, og það er rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, hve umsögn fjármálaráðuneytisins væri rýr um þetta frumvarp. Ég spurði sérstaklega um hvaða forsendur lægju að baki, hvort ekki lægju einhverjar forsendur að baki þeim hækkunum sem verið var að kynna, en t.d. er verið að hækka það að sækja um ríkisborgararétt á Íslandi úr 1.350 kr. upp í 10 þús. kr. Það verður að segja hvern hlut eins og hann er að hæstv. ráðherra gat ekki svarað því af hverju verið væri að hækka þetta um þessa krónutölu. Hann gat ekki svarað því hvert magnið væri sem lægi þarna á bak við og ég varð að gagnrýna það að hér væri lagt fram frumvarp með þessum miklu hækkunum án þess að fyrir lægi einhver greining af hálfu ráðuneytisins um af hverju svo væri.

Hæstv. ráðherra mundi kannski ekki frekar en ég hvort það væri í lögum að fjármálaráðuneytið ætti að koma með umsögn um stjórnarfrumvörp. En úr því að svo er ekki langar mig að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann telji ekki fulla þörf á því að fest verði í lög að fjármálaráðuneytið skuli koma með bæði tekju- og kostnaðarumsögn um stjórnarfrumvörp og þá ekki síður um frumvörp sem snerta sveitarfélögin og atvinnulífið í landinu. Er ekki full ástæða til þess, fyrst ráðuneytið gengur svona létt um þessa samþykkt ríkisstjórnarinnar og oft hefur maður gagnrýnt það hvernig umsagnirnar eru, að setja það hreint og klárt í lög með mjög skýrum ákvæðum hvað það er sem þarf að koma fram og til hvaða hluta þarf að taka afstöðu?

[15:09]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það urðu heitar umræður á föstudaginn um lítið frumvarp hæstv. fjármálaráðherra um stórauknar aukatekjur ríkissjóðs, og náttúrlega á þeim sem síst skyldi, nefnilega nýjum Íslendingum sem eru að sækja um ríkisborgararétt. Ég vek athygli þingheims á því að þetta er hækkun upp á hvorki meira né minna en 800%. Það er auðvitað eftir öðru hjá núverandi ríkisstjórn að hækka álögur á þá sem síst skyldi en á sama tíma að hlífa þeim sem hæstar tekjur hafa og best hafa það í þjóðfélaginu, fella niður hátekjuskatt o.s.frv. Þess vegna er mjög ánægjulegt að hæstv. fjármálaráðherra veki athygli á þessu í dag.

Það er reyndar merkilegt að hæstv. ráðherra skýli sér á bak við það að ekki séu til lög sem kveði á um þetta en hins vegar er eðlilegt að ríkisstjórnin fari eftir eigin samþykktum í þessu máli. Það er kominn tími til að það verði gert, þykir mér.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það er einkennilegt að fylgjast með því hvernig sumir bregðast við þegar þeir eru leiðréttir. Ég átti svo sem ekki von á því að hv. þingmaður bæðist afsökunar á því að hafa sakað bæði ráðherra og ráðuneytið um að hafa brotið lög en hann bítur auðvitað höfuðið af skömminni þegar hann heldur áfram að fara með rangt mál og ósannindi. Gerð var grein fyrir því á föstudaginn hvers vegna verið væri að hækka þessi gjöld, gerð er grein fyrir því í umsögn um frumvarpið, í athugasemdum við frumvarpið og athugasemdum við einstakar greinar þess.

Það má kannski segja líka að sumir eru þeirrar gerðar að þeir telja ekki eðlilegt að fólk greiði fyrir þá þjónustu sem það fær og þeir verða auðvitað að hafa þá skoðun en það er ekki mín skoðun í þessu efni. Það er eðlilegt að menn greiði fyrir þessa þjónustu, ég held reyndar að í þessu tilfelli sé ekki verið að fara eins langt og efni út af fyrir sig stæðu til og ég hefði kannski frekar átt von á gagnrýni úr þeirri átt en þeirri fyrri sem ég nefndi.

Varðandi það hvort binda ætti þetta í lög þá var það þannig frá 1966–1997 að mat á kostnaðaráhrifum frumvarpa var bundið í lög en þegar ný fjárreiðulög voru sett 1997 var ekki gert ráð fyrir því að lögbinda það að þessi áhrif skyldu metin á þennan hátt. Það var því ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 1999 að þetta skyldi gert á þennan hátt. Ég held að þetta hafi reynst ágætlega, það fyrirkomulag sem verið hefur hingað til, og ekki beinlínis verið þörf á að lögbinda það. Ég sé heldur ekki að það væri neitt til skaða þótt það væri gert en hv. þingmenn geta auðvitað haft mismunandi skoðanir á því hvort nauðsynlegt sé að lögbinda allt jafnvel þótt það sé gott að ákveðnir hlutir séu það.

[15:13]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Sú regla hefur lengi verið við lýði að kostnaðaráætlun hefur fylgt útgjaldafrumvörpum ríkisstjórnarflokka og er ekkert nema gott um það að segja og sjálfsagt og er auðvitað alveg óþarfi að lögfesta það. Alþingi getur haft sínar vinnureglur og sínar hefðir án þess að þurfa að

setja það allt saman í lagabókstaf. Ég held þess vegna að það sé alveg óþarfi að setja um þetta sérstaka löggjöf. Ég vil líka nefna að það hefur ekki verið til siðs að kostnaðaráætlun fylgi tekjuöflunarfrumvörpum.

Þar sem hv. 5. þm. Norðaust. fór með háar prósentutölur, 800% eða eitthvað svoleiðis, þá er það vegna þess að um svo lágar fjárhæðir er að tefla að honum finnst óskynsamlegt að nefna tölur í því sambandi heldur að rétt sé að nefna prósentur til að reyna að gera mikið úr því sem lítið er. Það getur verið að honum finnst það mikið að nýr ríkisborgari eða sá sem fær ríkisborgararétt á Íslandi þurfi að borga 10 þús. kr. fyrir allt það umstang sem því fylgir. Mér finnst það ekki mikið en það er auðvitað vegna þess að við höfum ekki sömu lífsskoðun. Ég tel sjálfsagt að menn greiði fyrir þá þjónustu sem menn fá í grófum dráttum. Mér finnst rétt að stundum sé komið til móts við neytanda og þjónustan niðurgreidd að einhverju leyti en mér finnst ekki að þjónusta eigi að vera algerlega ókeypis. Sumir eru þeirrar skoðunar að í grófum dráttum eigi allir að fá allt frá ríkinu fyrir ekkert en ég er ekki í þeim hópi.

[15:15]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Sú umsögn sem við ræðum hér um þetta frumvarp um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs segir í raun ekkert annað en að í þessu frumvarpi séu lagðar fram ákveðnar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, þær séu í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2006 og ekki sé gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Þetta er umsögnin sem fylgir með þessu frumvarpi og ég spurði að því í umræðum hér á föstudaginn hverjar tekjurnar væru þá samkvæmt frumvarpi um fjárlög fyrir árið 2006. Ég fékk engin svör en sem betur fer svaraði hæstv. ráðherra því hér áðan að um væri að ræða 37 millj. kr.

Nú veltir maður fyrir sér þörfinni fyrir að leggja þessar auknu álögur á þennan tiltölulega sérstaka hóp sem hér um ræðir, þ.e. þá sem sækja um ríkisborgararétt á Íslandi og þá sem sækja um dvalarleyfi. Ráðuneytið hlýtur að meta það svo að full ástæða sé til að þetta fólk greiði það sem hér er lagt fram. Ráðuneytið verður að hafa þá skoðun fyrir sig en við hljótum að gera þá kröfu að á bak við slíka útreikninga og gjaldskrá, svona frumvarp um hækkun á tekjum ríkissjóðs liggi einhvers konar útreikningar sem segi að þörf sé á því að hækka þetta svona mikið af því að magnið sé svona mikið, vinnan sé svona mikil, það kosti svona mikið og tekjurnar til þess séu ekki nema þetta litlar og þá þurfi að hækka þær.

Ef hæstv. ráðherra treystir sér ekki í slíkt kostnaðarmat tel ég fulla ástæðu til þess að við færum í lög að vönduð umsögn um kostnað og vönduð umsögn um tekjur þurfi að fylgja þegar svona frumvörp eru lögð fram.

Það er full ástæða til að leggja líka fram umsögn um tekjufrumvörp ríkisstjórnarinnar því að oft og tíðum hafa þau komið hér inn lítil og ekki virst fela í sér miklar álögur eða tekjur fyrir ríkissjóð en þegar upp er staðið hafa þær reynst talsvert miklu meiri en menn gerðu ráð fyrir. Það er full ástæða til að hafa umsögn um það strax í upphafi.

[15:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er kannski full ástæða til að binda það í lög að svona umsögn fylgi frumvörpum og setja einhverjar reglur um hvernig hún skuli unnin. Það virðist a.m.k. vera þannig að í fjármálaráðuneytinu fari menn ekki alltaf sömu leiðina þegar þeir fara yfir svona mál. Það er þá kannski rétt að minna á það að hæstv. forsætisráðherra sagði á viðskiptaþingi að svona kostnaðarmat ætti að liggja fyrir, vildi setja það í lög, skilst mér, ef það ætti við um atvinnulífið í landinu. Það er kannski þá ágreiningur í ríkisstjórninni um hvort þetta eigi að fara inn í lög eða ekki.

Ég segi þetta ekki að ástæðulausu. Það hefur hvað eftir annað komið fyrir að hér hafa komið umsagnir frá fjármálaráðuneytinu sem ekki eru voða trúverðugar. Það er eins og í lokin á umsögninni sé ævinlega þessi setning: Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið ekki áhrif á afkomu ríkisins verði það að lögum. Þetta stendur t.d. undir umsögn um frumvarp um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins sem gengur út á það að 660 millj. skuli lagðar inn í ríkissjóð af þeim fjármunum sem voru í þeim sjóði. Þeim sjóði átti að ráðstafa af stjórninni sem þar situr nú en með því að setja fjármunina inn í ríkissjóð aukast greinilega fjármunir ríkissjóðs um þetta. Samt er þetta lokaklásúlan í umsögninni, þ.e. að þetta hafi ekki áhrif á stöðu ríkissjóðs.

Ég verð að segja alveg eins og er að ef menn bera ekki meiri virðingu fyrir verkefninu en þetta, að þessi klásúla sé höfð í lokin, alveg sama um hvað er verið að tala, þarf auðvitað að fara yfir hvaða reglur eigi að viðhafa þegar menn fara yfir hvað hlutirnir kosta og gefa um það umsögn til Alþingis.

[15:19]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar hjá hæstv. fjármálaráðherra í þessu tiltölulega litla máli sem þó snertir þennan fámenna hóp mjög mikið. Ég hefði þó viljað að hæstv. fjármálaráðherra viðhefði þessi vinnubrögð í fleiri málum. Hann hefur komið hér með og jafnvel dreift úti í bæ villandi upplýsingum um skattamál þjóðarinnar. Er von til þess að hann komi hingað í þennan ræðustól og greini okkur rétt frá skattahækkunum? Þegar hann dreifir dæmum um skattalækkanir eru þær upplýsingar mjög villandi og ég hefði viljað að hæstv. fjármálaráðherra kæmi hingað með greinarbetri upplýsingar. Hverju mannsbarni ætti að vera ljóst að þegar útgjöld ríkisins hækka um 120 milljarða á föstu verðlagi árlega síðustu 10 árin leiðir það til skattahækkana en samt sem áður er verið að dreifa villandi dæmum og beinlínis rangt reiknuðum.

Vegna þess að hann er byrjaður að koma hér með leiðréttingar og greinarbetri upplýsingar teldi ég að hann ætti einnig að gera það í þessum skattahækkunum sínum. (**EMS:** Þú mátt ekki búast við of miklu í einu.) Nei.

[15:21]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Þessar umræður eru farnar að taka á sig undarlegan blæ. Ætli það séu ekki 45 ár síðan ég fór fyrst að fylgjast með umræðum hér á Alþingi og allan þann tíma

hafa ríkisstjórnir reynt að gera grein fyrir hvaða áhrif tekjuöflunarfrumvörp, sem lögð eru fyrir þingið, hafa. Menn hafa verið ósammála um það hvort fjármálaráðherra hafi túlkað áhrif skattatillögu rétt eða ekki. Gleggsta dæmið um það er þegar tekjuskatturinn var lækkaður úr 30% niður í 18% og stjórnarandstaðan hélt því fram að það mundi hafa í för með sér minni tekjur ríkissjóðs af fyrirtækjum en áður. Á daginn kom að tekjur ríkisins stórjukust vegna þess að fleiri fyrirtæki greiddu tekjuskatt en áður, eins og við vitum, og vegna þess að þetta olli því að erlend fyrirtæki, jafn vel sett, juku starfsemi sína hér vegna þess góða skattalega umhverfis sem hér er.

Á hinn bóginn verð ég að segja við hv. þm. Sigurjón Þórðarson að ég vildi gjarnan vera viðstaddur ef hæstv. fjármálaráðherra tæki þingmanninn í læri um ríkisfjármál, og fundinum lyki svo að hv. þm. Sigurjón Þórðarson kæmist til botns í dæminu. Það mundi mér þykja hróss vert fyrir hæstv. fjármálaráðherra og þá held ég að hv. þm. Sigurjón Þórðarson yrði líka mjög glaður.

Athugasemdir um störf þingsins.

Arðsemi Kárahnjúkavirkjunar.

[15:22]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú er ljóst að þeim fjölgar sem gagnrýna stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar og þau áform sem uppi eru um fjölgun álvera á næstu árum. Það velkist enginn í vafa um að hér er um að ræða stefnumótun sem kemur til með að hafa mjög afdrifaríkar afleiðingar í för með sér fyrir íslenskt efnahagslíf. Áform stjórnvalda í þessum efnum og upplýsingar um þau áform hafa áhrif á gengi krónunnar, rekstrarskilyrði í framleiðslu- og þjónustugreinum og hvað varðar fjármagnsflutninga frá og til landsins.

Þá hafa forsvarsmenn úr atvinnulífinu gagnrýnt stóriðjuframkvæmdirnar sem þegar hefur verið ráðist í og spurt um arðsemi slíkra framkvæmda.

Ríkisstjórnin segir arðsemina í góðu lagi og því óhætt að halda áfram á sömu braut. Forsvarsmenn í atvinnulífinu hafa réttilega bent á að þegar ríkið stendur í stórræðum af þessari stærðargráðu verði allar upplýsingar að liggja fyrir. Þær þurfa að liggja á borðinu svo að vitnað sé í orð forstjóra KB-banka nýlega. Í kjölfar ummæla hans birtist forstjóri Landsvirkjunar, Friðrik Sophusson, í fréttum og staðhæfði að arðsemi Kárahnjúkavirkjunar væri 11%. Hæstv. forsætisráðherra sagði í umræðu hér fyrir fáeinum dögum að heildarávöxtun þessarar framkvæmdar væri 6,7%. Þessar staðhæfingar þurfa ekki að stangast á — ég held ekki slíku fram — annars vegar er talað um arðsemi eigin fjár og hins vegar heildarávöxtun framkvæmdarinnar. Ég efast hins vegar um forsendur þeirra upplýsinga sem hér eru reiddar fram og tel mikilvægt að Alþingi fái upplýsingar um þessar forsendur. Ég tek undir með talsmönnum úr atvinnulífinu að eðlilegt sé að þessar upplýsingar liggi fyrir og fráleitt annað en að svo verði áður en nokkrar ákvarðanir verða teknar um frekari virkjanir eða stóriðjuframkvæmdir.

Og þar sem hæstv. forsætisráðherra er hér í þingsal vil ég heyra hvort hann sé ekki sammála mér um að þær þingnefndir sem hafa með þessi mál að gera sérstaklega fái þessar upplýsingar.

[15:25]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það er rétt að ég hafði samband við Landsvirkjun fyrir nokkru síðan og spurði um heildarávöxtun fjármagns sem fer í Kárahnjúkavirkjun. Ég fékk það svar að það væri 6,7%. Það var eitthvað aðeins ónákvæmt vegna þess að arðsemiskrafa Landsvirkjunar er 6,9% af heildarfjármagni og í nýjustu útreikningum sem liggja fyrir hjá fyrirtækinu er gert ráð fyrir að heildarávöxtun á fjármagni verði 7,4% miðað við það að álverð sé 1.560 dollarar tonnið og lækki um 0,45% á næstu árum. Núna er álverðið einhvers staðar á bilinu 2.400–2.500 dollarar þannig að það lítur afskaplega vel út um arðsemi þessarar virkjunar. (**ÖJ:** Fer nú eftir því hvað hún kostar.) Ég vænti þess að hv. þingmaður gleðjist yfir því en auðvitað geta menn verið þannig sinnaðir að þeir vilji gera svo miklar kröfur um arðsemi fjármagnsins að það gangi út fyrir allt sem eðlilegt er.

Ég tel að það sé mjög eðlilegt að gera slíka kröfu og við höfum reynsluna í sambandi við Búrfellsvirkjun á sínum tíma. Hún var byggð fyrir u.þ.b. 40 árum og það fékkst tryggur kaupandi að rafmagninu. Nú er búið að greiða þessa virkjun upp þannig að segja má að arðsemi hennar er gífurleg eftir þessi 40 ár. Hún var nefnilega afskrifuð á þessum tíma þannig að ekki er hægt að líkja þessum fjárfestingum algjörlega við aðrar fjárfestingar í atvinnulífinu.

Ég tel að hér sé um mjög tryggar fjárfestingar að ræða og ég vænti þess að fulltrúi Vinstri grænna geri sig ánægðan með þessa arðsemiskröfu. Eða hvaða arðsemiskröfu gerir sá flokkur almennt til fjármagnsins? Er það miklu hærra?

Um fundarstjórn.

Upplýsingar Landsvirkjunar um arðsemi.

[15:27]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þótt ég kveðji mér hljóðs undir þessum dagskrárlið, um fundarstjórn forseta, er ekki beinlínis við forseta þingsins að sakast í þessu efni. Ég vil vekja athygli forseta Alþingis á því að ég beindi einfaldri spurningu til hæstv. forsætisráðherra um það hvort honum þætti ekki eðlilegt að Alþingi og þær þingnefndir sem hafa með virkjunarmálin og efnahagsmálin að gera fái umbeðnar upplýsingar, þ.e. á hvaða forsendum forstjóri Landsvirkjunar og ráðherrar í ríkisstjórninni, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, byggi upplýsingar sínar og staðhæfingar.

Ég gæti farið út í viðræður hér við hæstv. forsætisráðherra um nákvæmar arðsemistölur sem hann hikar ekki við að setja hér fram í framkvæmd sem er ekki enn lokið og ekki fyrirséð hvað kemur til með að kosta. (**Gripið fram í:** Um fundarstjórn forseta?) Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir en engu að síður er forstjóri Landsvirkjunar og (Gripið fram í.) fulltrúar ríkisstjórnarinnar tilbúnir að reiða fram upplýsingar (Forseti hringir.) í nákvæmum prósentutölum. Þetta er óeðlilegt og ég tel eðlilegt að þingið (Forseti hring-

ir.) fái upplýsingar eins og um er beðið.

(**Forseti** (SP)**:** Að gefnu tilefni vill forseti minna hv. þingmenn á það að ræða um fundarstjórn forseta þegar þeir kveðja sér hljóðs undir þeim merkjum.)

Heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 456. mál. — Þskj. 681.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 329. mál (kjördæmi kirkjuþings o.fl.). — Þskj. 361, nál. 740 og 755.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]

Þuríður Backman *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar stuðlar að því og hefur þann megintilgang að breyta þjóðkirkjulögunum til að auka sjálfstæði kirkjunnar í eigin málum, og er það vel. Ég tel að breyting á lögum sem snúa að málefnum þjóðkirkjunnar þurfi að vinnast í sátt. Við höfum hér umsögn frá Prestafélagi Íslands þar sem það telur að þetta mál hafi ekki farið þá leið eða fengið þá kynningu sem eðlilegt sé og óskað var eftir og meiri kynningu og umræður þurfi innan þjóðkirkjunnar.

Ég tel að til að ná sáttum innan kirkjunnar hefði átt að fresta þessu máli og láta það fá betri kynningu. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum því sitja hjá við atkvæðagreiðslu núna.

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, EyH, GHj, GÞÞ, GÖg, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JGunn, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, PHB, SandF, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, ÞSveinb.
5 þm. (HlH, JBjarn, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, EKG, GHH, GAK, GÖrl, JÁ, JóhS, JónK, KJúl, KolH, LMR, MÞH, MÁ, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, EyH, GHj, GÞÞ, GÖg, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, PHB, SandF, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, ÞSveinb.
4 þm. (HlH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (AKG, ÁMagn, EKG, GHH, GAK, GÖrl, JÁ, JBjarn, JónK, KJúl, KolH, LMR, MÞH, MÁ, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 740 (ný 3. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, EyH, GHj, GÞÞ, GÖg, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, PHB, SandF, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, ÞSveinb.
4 þm. (HlH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (AKG, ÁMagn, EKG, GHH, GAK, GÖrl, JÁ, JBjarn, JónK, KJúl, KolH, LMR, MÞH, MÁ, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 1. umr.

Stjfrv., 403. mál (nýjar gjaldtökuheimildir). — Þskj. 519.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þjóðarblóm Íslendinga, frh. fyrri umr.

Stjtill., 455. mál. — Þskj. 679.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Brottfall laga um Flugskóla Íslands hf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 708.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 503. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 735.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Tæki stjórnvalda til að stuðla að lækkun matvælaverðs á Íslandi.

[15:36]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég hef óskað eftir að taka upp umræðu hér í dag við hæstv. forsætisráðherra um tæki stjórnvalda til að stuðla að lækkun matvælaverðs á Íslandi. Svo árum skiptir hafa íslensk heimili greitt tugum prósentna hærra verð fyrir mat og aðrar nauðsynjavöru en nágrannar þeirra í Evrópu.

Í umræðunni eru ýmsar skýringar gefnar og sökudólgar dregnir fram. Reglan er sú að allir sverja af sér ábyrgðina og vísar hver á annan. Á síðustu missirum hafa verið birtar ítarlegar skýrslur sem gefa glöggar upplýsingar um hvað veldur háu matvælaverði hér á landi. Gegnum tíðina hefur landfræðileg lega landsins, flutningskostnaður, smæð markaðarins og skortur á samkeppni á mörgum mörkuðum verið notað sem skýring á háu matvælaverði. Þessar skýringar duga þó ekki lengur einar og sér. Miklar breytingar í verslunarumhverfi síðustu ára hafa dregið úr áhrifum þessa. Bætt hagstjórn, minni verðbólguþrýstingur og aukin samskipti við útlönd hafa leitt til þess að kerfisbundinn munur á verðlagi hér og erlendis fer minnkandi og er hverfandi í mörgum vöruflokkum.

Þetta á við um alla vöruflokka nema matvöru. Ég endurtek, nema matvöru. Kannanir síðustu ára hafa ítrekað sýnt um 40–50% hærra verð á matvöru hér á landi miðað við nágrannalönd okkar. Skýrslur Hagfræðistofnunar, Samkeppniseftirlitsins og fleiri aðila segja okkur að það er mikil einföldun að taka einhvern einn þátt út sem meginorsök hás matvælaverðs. Þannig er rangt að skella skuldinni t.d. á innflutningsgjöld eða fákeppni eingöngu. Sannleikurinn er sá að enginn, hvorki bændur, kaupmenn, birgjar né stjórnvöld, er stikkfrí þegar leitað er skýringa og lausna.

En hvað veldur háu matvælaverði hér á landi? Er það tollavernd og aðrar innflutningshömlur á búvörum?

Þótt opinber stuðningur við landbúnað á Íslandi hafi farið minnkandi er hann enn með því hæsta sem gerist. Einkum er um tollavernd að ræða. Hagfræðistofnun telur að lækka megi matarreikning landsmanna um 5–10% ef innflutningshömlum á landbúnaðarvörum yrði aflétt. Því til áréttingar má benda á að niðurfelling tolla á ákveðnar tegundir grænmetis lækkaði verð þess til neytenda um 15% á árinu 2002.

Er fákeppni á matvörumarkaði um að kenna?

Það er óumdeilt að mikil samþjöppun hefur átt sér stað á matvörumarkaði á síðustu árum. Nú bera þrjár matvörukeðjur höfuð og herðar yfir aðra smásala og hafa samanlagt 89% af markaðnum sem er helmingi hærri hlutdeild en þrjár stærstu keðjurnar höfðu fyrir 10 árum. Við hljótum að velta fyrir okkur hvort samhengi sé milli aukinnar fákeppni á matvörumarkaði og meiri hækkunar matvælaverðs hér á landi á síðustu árum en annars staðar á Norðurlöndunum, eins og hefur komið fram í skýrslu Hagfræðistofnunar. Yfirlýsingar Samkeppniseftirlitsins í kjölfar samnorrænnar skýrslu, sem birt var í desember sl., um aukið eftirlit vegna fákeppni á matvörumarkaði gefur vonir. Hins vegar verða stjórnvöld að meta hverju sinni hvort þau ráða yfir nægum heimildum til að hafa hemil á fákeppni á þessum markaði.

Skýrir lega landsins og flutningskostnaður matvöruverð?

Hagfræðistofnun telur í skýrslu sinni að þessir þættir skýri ekki nema hluta verðmunar á Íslandi og annars staðar.

Eru skattar á matvöru hærri hér á landi en annars staðar?

Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar virðast vörugjöld og önnur skattlagning ekki skipta sköpum um mun á verðlagi hér á landi og í grannlöndum. Heildarskatttekjur sem hluti af landsframleiðslu eru lægri hér á landi en að meðaltali í Vestur-Evrópu. Hins vegar er virðisaukaskattur á matvæli nokkru hærri en í öðrum löndum. Óhjákvæmilegt er að líta til þess að lækkun virðisaukaskatts á ýmsar matvörur á 10. áratugnum leiddi til 5% lækkunar matvöruverðs í landinu. Hins vegar verður að benda á að haldbær hagfræðileg rök hafi verið færð fyrir því að lækkun virðisaukaskatts á matvæli muni ekki skila sér í samsvarandi lækkun matvöruverðs á Íslandi.

Virðulegi forseti. Það er ljóst af þeim gögnum um matvælamarkaðinn sem fyrir liggja að stjórnvaldsákvarðanir skipta verulegu máli varðandi lækkun matvælaverðs. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að samþjöppun á matvörumarkaði undir merkjum hagræðingar og magninnkaupa og styrking krónunnar hefur ekki skilað sér í lækkuðu matvælaverði til almennings. Því verður að leggja ríka áherslu á hlutverk samkeppnisyfirvalda og almennings til að skapa þeim aðhald sem starfa við matvöruframleiðslu, innflutning og smásölu.

[15:41]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli en það var einmitt um miðjan desember sl. sem Samkeppniseftirlitið gaf út samnorræna skýrslu um þessi mál þar sem fram kom að verð á matvöru á Íslandi væri rúmlega 40% hærra en í löndum Evrópusambandsins. Síðan var sagt í upphafi þessarar skýrslu að innflutningshömlur á búvörum virtust vera helsta ástæðan. Þessi skýrsla hefur valdið verulegum umræðum hér á landi um ástæður fyrir háu matvælaverði og því sá ég ástæðu, af þessum ástæðum og mörgum öðrum, til að skipa sérstaka nefnd þar sem saman kæmu fulltrúar stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins, samtaka bænda og Samtaka atvinnulífsins til að fara yfir þessa þætti, fjalla um helstu orsakaþætti matvælaverðsins og gera tillögur um hvernig ráða megi bót á því.

Nú liggur fyrir heilmikið efni um þessi mál, eins og hv. þingmaður tók fram. Bæði liggur fyrir þessi samnorræna

skýrsla og skýrsla frá Hagfræðistofnuninni um samanburð á matvælaverði á Íslandi, Norðurlöndunum og í Evrópusambandinu. Einnig liggur fyrir skýrsla Rannsóknarseturs verslunarinnar um skattlagningu vöru og þjónustu á Íslandi. Ég er sammála hv. þingmanni að hér er um flókið samspil að ræða en fyrir þessu háa matvælaverði eru margar ástæður. Ég tel hins vegar mikilvægt að þeir aðilar sem einkum hafa fjallað um þetta mál komi saman og fjalli um það í þeirri nefnd sem ég skipaði vegna þess að fram hafa komið ólík sjónarmið hjá þessum aðilum. Það er alveg ljóst að einn þáttur ræður þar miklu, þ.e. samkeppnisumhverfið. Það kemur fram hjá Samkeppniseftirlitinu að það hyggist leggja ríka áherslu á eftirlit með samkeppnisháttum á matvörumarkaði á næstunni, og er það vel. Það er líka ljóst að reglur um innflutning á landbúnaðarvörum, bæði tollar og innflutningshöft, skipta þarna allmiklu máli. Þar hefur orðið veruleg breyting á undanförnum árum, og meiri breytingar fyrirsjáanlegar í nánustu framtíð. Það er mikilvægt að vel takist til við þær breytingar, bæði vegna hagsmuna bænda og jafnframt vegna hagsmuna neytenda landsins.

Vörugjöld eru há hér á landi og það er enginn vafi á því að þau skekkja samkeppnisstöðu atvinnugreina hér á landi og þess vegna tel ég mjög mikilvægt að gera breytingar á vörugjöldum. Hvernig það skilar sér síðan í lægra matvöruverði vil ég ekki fullyrða um á þessu stigi en það er eitt af því sem þessi nefnd þarf að fara yfir.

Loks er að nefna aðra skattlagningu ríkisvaldsins, þá fyrst og fremst virðisaukaskattinn. Það má ætla að lækkun á virðisaukaskatti skili sér í lægra matvöruverði en hins vegar óttast margir að vegna þeirrar þenslu sem er almennt í þjóðfélaginu og mikillar eftirspurnar þar muni sú lækkun ekki skila sér í þeim mæli sem menn gætu annars reiknað með, þ.e. að lækkunin skili sér ekki öll til neytenda, heldur fari hún jafnframt til þeirra sem versla með vöruna.

Allt eru þetta þættir sem skipta miklu máli. Sú nefnd sem ég nefndi hefur þegar tekið til starfa. Hún var skipuð í upphafi árs og hélt sinn fyrsta fund 13. janúar, annan hinn 9. febrúar og mun síðan halda sinn næsta fund 16. febrúar. Ég vænti góðs af þessu nefndarstarfi og vonast eftir að nefndin skili tillögum um það hvernig hægt sé að standa að því að lækka matvælaverð þannig að það verði síðan tillögur sem ríkisstjórn og Alþingi geti tekið afstöðu til.

[15:46]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Undanfarin missiri hefur Samfylkingin með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur verið í fararbroddi í umræðu um lækkun matvælaverðs á Íslandi. Samfylkingin hefur ítrekað kallað eftir skýrslum um málið og lagt fram þingmál á Alþingi sem lúta að lækkun matvælaverðs. Stjórnarflokkarnir hafa hins vegar fellt þær tillögur. Samfylkingin hefur sömuleiðis ítrekað lagt fram tillögur um að efla Samkeppniseftirlitið en stjórnarflokkarnir hafa sömuleiðis fellt þær tillögur.

Kjarni málsins er að lækkun matvælaverðs hefur ekki verið forgangsmál Sjálfstæðisflokksins eða Framsóknarflokksins. Þessir flokkar hafa fengið næg tækifæri til að lækka matvælaverðið en þeir hafa beinlínis kosið gegn slíkum tillögum. Eina útspil ríkisstjórnarinnar í þessu máli er að skipa nefnd til að kanna matvælaverðið. Það virðist hafa farið fram hjá stjórnarherrunum að fjölmargar nefndir hafa skilað tillögum undanfarin missiri um leiðir til að lækka matvælaverð. Það þarf bara að framkvæma þær. Þessar leiðir virðast því öllum ljósar nema ríkisstjórnarflokkunum sem nú vilja setja vandamálið í nefnd.

Tekjuöflun ríkissjóðs vegna matvæla með tollum og vörugjöldum á matvæli ásamt skattlagningu matvæla í 14% þrep í stað 7% eykur álögur á almenning vegna matvælakaupa um 11 milljarða kr. Þessi forgangsröðun ríkisstjórnarflokkanna hækkar því matarreikning íslenskra fjölskyldna um 160 þús. kr. á ári. Það er ekki náttúrulögmál að hafa eitt hæsta matvælaverð í heimi á Íslandi en ríkisstjórnin hefur margs konar leiðir til að lækka matarreikning landsmanna. Ef ríkisstjórnin hefur raunverulegan áhuga á því að stuðla að lægra matvælaverði ætti hún að endurskoða vörugjöld og tolla og helst afnema með öllu, lækka virðisaukaskatt af matvælum eins og Samfylkingin hefur ítrekað lagt til hér á þingi, auka samkeppniseftirlit en ekki greiða atkvæði gegn fjárveitingum til þess eins og ríkisstjórnarflokkarnir hafa gert og síðan eigum við að draga úr innflutningshömlum.

Frú forseti. Ríkisstjórnin hefur hins vegar valið aðra (Forseti hringir.) leið. Hún skipaði nefnd.

[15:49]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að hefja þessa umræðu. Hún er mjög mikilvæg. Það er stórkostlegt hagsmunamál fyrir íslenska neytendur, fyrir landsmenn alla, að ná vöruverði niður og ekki síst launafólk á lágum launum.

Ég tel að við þurfum að hafa þrennt í huga. Við eigum ekki að einblína bara á vöruverðið, við eigum að horfa til hollustu- og manneldissjónarmiða. Þannig væri ekki eftirsóknarvert að flytja inn til landsins ruslmat á lágu verði. Í öðru lagi á að horfa til innlendra hagsmuna, byggðasjónarmiða, hagsmuna bændastéttarinnar og þeirra þúsunda sem starfa í íslenskri matvælaframleiðslu. Þetta tengist fyrra atriðinu, manneldis- og hollustuháttum, vegna þess að íslensk landbúnaðarframleiðsla er mjög heilnæm og góð.

Í þriðja lagi er mikilvægt að horfa heildstætt á málin. Hér vísa ég í mjög vandaða vinnu Ernu Bjarnadóttur, hagfræðings Bændasamtakanna, en hún hefur greint matvælamarkaðinn vel, skiptingu á milli innfluttrar vöru og innlendrar framleiðslu og hvernig verðþróunin hefur orðið hér á landi. Þá hefur komið fram í þessum rannsóknum að innflutt vara sem er ekki með tolla, korn og brauð, er 67% dýrari hér en í Evrópu. Hvernig stendur á þessu? Hér er ekki tollunum til að dreifa. Ef við værum með sömu tolla og Evrópusambandið á sykri, sem er tollfrjáls hingað, væri sykurinn hér miklu dýrari.

Við eigum að forðast alhæfingar og ég tek undir með hv. frummælanda, Ástu Möller, að það er ekkert eitt sem veldur hér hærra vöruverði. Við eigum að horfa á alla þættina, samþjöppun hér á matvælamarkaði, vissulega tollana og við eigum að horfa til neytendaverndar. Ég fagna því fyrir mitt leyti að sett hafi verið niður nefnd (Forseti hringir.) á vegum forsætisráðuneytisins til þess að fara í saumana

á þessu máli. Ég bind vonir við að eitthvað vitrænt komi út úr þeirri vinnu.

[15:51]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Íslensk matvæli eru dýrari en matvæli annars staðar. Svo var að heyra á máli frummælanda að það mætti rekja að mestu til innflutningshafta en ég vil leggja mikla áherslu á það í allri umræðu um matvælaverð að íslenskur landbúnaður skiptir verulega miklu máli. Við heyrum það skýrt í fréttum þessa dagana, t.d. kemur fuglaflensa niður í hverju landinu á fætur öðru. Fyrir nokkrum missirum herjaði kúariða á heimsbyggðina þannig að við megum ekki fórna þessum hagsmunum fyrir lægra matvælaverð um stundarsakir.

Einnig vil ég nefna að það þarf að fara yfir landbúnaðarkerfið. Þetta er miðstýrt kerfi sem þarf að taka til í. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur því miður stuðlað að því að gera kerfið dýrara, t.d. með því að gera slátrun fjár dýrari en hún þyrfti að vera með því að taka upp evrópskar reglur sem engin þörf var fyrir. Einnig má gagnrýna styrkjakerfið í mjólkuriðnaðinum, það má færa rök fyrir því að styrkirnir sem skattgreiðendur greiða renni út úr greininni í miklum mæli.

Ég vonast svo sannarlega til þess, frú forseti, að þessi nefndarskipun skili einhverju betra af sér, þessi nefnd sem hæstv. forsætisráðherra hleypti af stokkunum fyrir nokkrum mánuðum. Við höfum séð að markmið þeirra nefnda sem þessi ríkisstjórn hefur skipað hafa oft verið meira að drepa málum á dreif en að finna lausn á vandanum. Við sjáum t.d. þegar settar eru nefndir um fiskveiðistjórn, byggðamál, að ekkert kemur út úr þeim.

Ég er á því að neytendur eigi heimtingu á því að eitthvað komi út úr þessu nefndarstarfi, frú forseti.

[15:53]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég var dálítið undrandi á því að heyra talsmann Samfylkingarinnar hér áðan, hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson, bregðast svona neikvætt við nefndarskipun forsætisráðherra. (Gripið fram í.) Ég hefði haldið að flokkur umræðu- og samræðustjórnmála væri því afar fylgjandi að fara þá leið til að ná niðurstöðu í þessu máli sem ég held að við hljótum öll að vera sammála um að sé æskilegt markmið.

Ef við skoðum skýringar á háu matvælaverði hér á landi held ég að þær séu að einhverju leyti náttúrulegar. Við erum með smærri markað en víða, við erum með ákveðna fjarlægð frá löndum í kringum okkur, við erum hugsanlega með verri aðstæður til ýmiss konar landbúnaðarframleiðslu en aðrir. En það er alveg rétt sem hefur komið fram í þessari umræðu að þetta skýrir stöðuna ekki nema að hluta. Við vitum að á þessu sviði skipta opinberar samkeppnishömlur ákveðnu máli, bæði innflutningsvernd með tollmúrum, samkeppnishömlur sem lúta að landbúnaðinum sjálfum og gera það að verkum að ekki gilda sömu lögmál í landbúnaðinum og í flestum öðrum atvinnugreinum. Það skiptir líka máli, eins og komið hefur fram, að hér eru ýmiss konar skattar lagðir á matvæli sem hækka vöruverðið og það skiptir enn fremur máli að hér er fákeppni á markaðnum sem gerir það að verkum að lögmál markaðarins njóta sín ekki eins og ella væri.

Ég held að það sé ástæða til að fagna því sem fram hefur komið, bæði af hálfu hæstv. forsætisráðherra hér áðan og raunar áður af hálfu bæði hæstv. fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra, að ástæða sé til að endurskoða vörugjaldaþáttinn sérstaklega. Ég bendi líka á virðisaukaskattinn því að ýmsar matvörur lenda í efra þrepi virðisaukaskatts og auðvitað hefur það áhrif á verð til neytenda.

Síðan er afar mikilvægt (Forseti hringir.) að við skoðum hinar opinberu samkeppnishömlur með það að markmiði að sömu lögmál gildi í þessari atvinnugrein og öðrum.

[15:56]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Í umræðunni um matvælaverð á Íslandi hefur m.a. verið lagt út frá samanburði á matvælaverði hér á landi og í öðrum löndum. Í því sambandi hefur verið talað um svonefnt Evrópuverð á matvælum sem sé mun hagstæðara verðlag en verðlag hér á landi. En hvað er þetta Evrópuverð á matvælum? Það liggur fyrir að innan Evrópusambandsins er matvælaverð mjög mismunandi. Til dæmis er matvælaverð í Danmörku mun hærra en í Suður-Evrópu, t.d. á Spáni. Það er því óljóst hvað átt er við þegar rætt er um Evrópuverð á matvælum.

Í umræðunni er íslenskur landbúnaður gjarnan blóraböggull, talað um að landbúnaðarkerfið, tollar og innflutningsreglur séu með þeim hætti að landbúnaðarvörur séu á hærra verði hér og það sé meginorsök þess að aðrar vörur séu það líka. Þetta er að miklu leyti rangt því að mikið af landbúnaðarafurðum er flutt inn til landsins án tolla og takmarkana en er samt sem áður dýrara hér en annars staðar. Það væri fróðlegt að heyra skýringar verslunarinnar á þessum verðmun.

Íslenskur landbúnaður hefur gengið í gegnum miklar breytingar. Um er að ræða aðlögun að gerbreyttum aðstæðum frá fyrri tíð til mun frjálsari viðskiptahátta en áður. Vegna alþjóðlegra viðskiptasamninga mun samkeppni frá erlendum landbúnaðarvörum aukast og er unnið að aðlögun að þeim breytingum. Til framtíðar litið verður slík aðlögun að eiga sér stað, innlend framleiðsla er okkur mikilvæg og hún er ein forsenda matvælaöryggis og þess að við séum sjálfstæð þjóð.

Mikið hefur farið fyrir umræðu um að lækka beri virðisaukaskatt á matvæli. Vissulega er það leið en slíkt yrði að skoða vandlega til að tryggja að smásöluverð á matvælum lækkaði til neytenda en lenti ekki í vasa verslunarinnar.

Virðulegi forseti. Verðlag á matvælum endurspeglar að miklu leyti kaupgetu almennings í hverju landi. Það sýnir tölfræðin, m.a. í samanburði Evrópusambandslandanna. Ég tel að mikil kaupgeta hér á landi almennt sé einn mesti áhrifavaldur verðlags hér á landi. Getur ekki verið að það sé m.a. ein ástæða þess að landbúnaðarvörur sem fluttar eru inn frjálst og án tolla eru seldar á hærra verði hér en víða annars staðar?

[15:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson nefndi það úr ræðustól áðan að hann furðaði sig á því að Samfylkingin væri ekki hrifin af nefndarskipan þar sem við værum svo mikið fyrir samræðustjórnmál. En markmiðið með samræðustjórnmálum hjá Samfylkingunni er að ná niðurstöðu og láta verkin tala eftir að hafa talað saman. Það er það sem við höfum verið að gera á undanförnum vikum og mánuðum. Hvað varðar þær niðurstöður, þær fjölmörgu niðurstöður, sem hafa fengist úr nefndarstarfi undanfarin ár um matvælaverðið. Við höfum lagt vinnu í að útfæra tillögur okkar til úrbóta. Þannig er það með samræðustjórnmálin en hv. þingmenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins hafa aldrei komist á það stig að láta verkin tala í þessum málum.

Það er alveg hárrétt sem kom hér fram hjá hv. málshefjanda, og ég þakka henni innilega fyrir að taka þetta upp hér á þingi, að það er enginn, eins og hv. frummælandi nefndi það, stikkfrí þegar um er að ræða verð á matvörum. Stjórnvaldsákvarðanir skipta hins vegar verulegu máli og við höfum skýrslur til að byggja á. Við höfum skýrslur frá Hagfræðistofnun og við höfum núna skýrslu sem Samkeppniseftirlitið vann og skilaði 15. desember eins og hæstv. forsætisráðherra nefndi áðan. Það var samnorrænt verkefni. Af hverju? Vegna þess að Norðurlöndin öll eru með hærra matvöruverð en gerist hjá öðrum Evrópuþjóðum. Það er kominn tími til að taka á því og þá er skipaður samstarfshópur sem nær sameiginlegri niðurstöðu. Hvað á að gera við þessar niðurstöður? Setja þær í nefnd, eina nefndina enn, þegar við getum tekið á tollum, vörugjöldum og virðisaukaskattinum? Við getum eflt Samkeppniseftirlitið svo að samþjöppun á markaði verði ekki eins mikil og hún er. Það er staðreynd að hún er ekki bara í smásölunni, heldur líka hjá þeim sem sjá um innkaupin. Við verðum að efla eftirlitið og láta verkin tala.

[16:00]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil, eins og aðrir þingmenn, þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að taka þetta mál hér upp um matvælaverð. Hún nefndi nokkra þætti sem þar hefðu áhrif og spurði eftirfarandi spurningar: Hvar getur hið opinbera komið inn?

Ég vil aðeins nefna einn þátt, sem hún kom einmitt inn á, það eru samkeppnismálin og fákeppnin. Það hlýtur að vekja upp margar spurningar að tveir eða þrír aðilar eru komnir með meginhluta af allri smásölu og reyndar heildsölu á þessum vörum í landinu. Ég spyr: Er ekki kominn tími til að sett sé hámark á það hvað hver aðili má fara með stóran hluta af umsvifum eins og þessum í samfélaginu? Maður getur spurt sig: Hverjum þjónar það t.d. þegar Hagar, móðurfyrirtæki sem er í eigu Baugs og rekur m.a. Bónus, Hagkaup, 10–11 og fleiri verslanir, fóru í verðstríð við sjálfa sig, ef svo má segja, eða örfáa aðila fyrir áramótin og segjast hafa tapað á því 700 millj. kr.? Jú, með því að selja mjólkurlítrann á krónu o.s.frv.

Hver græðir á slíkum vinnubrögðum? Jú, það er hægt að drepa einhverja en þegar upp er staðið er þetta háttalag ekki hagur fyrir öfluga matvöruverlsun í landinu. Þess vegna tel ég mjög koma til greina að banna „dumping" svokallað, þegar vörur eru seldar langtímum saman undir framleiðslukostnaðarverði. Tökum kjötstríðið hér fyrir nokkru síðan. Það á ekki að leyfa t.d. að fjármálastofnun, banki, eigi kjötframleiðslufyrirtæki, jafnvel sláturhús, og sé svo með allt í viðskiptum og ráði þess vegna verði og geti dumpað verði á kjöti á markaðnum eins og gerðist á sínum tíma með svínakjötið.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram frumvarp sem takmarkar slíkt og gerir það óheimilt. Það er hægt að koma að þessum málum á mörgum sviðum, frú forseti.

[16:02]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá ágætu umræðu sem hefur farið fram hér í dag um matvælaverð á Íslandi. Það hefur verið gagnrýnt af sumum þingmönnum, sérstaklega hv. þingmönnum Samfylkingarinnar, að forsætisráðherra hafi skipað nefnd til þess að gera tillögur um hvernig megi standa að lækkun matvælaverðs hér á Íslandi. Það hefur jafnframt komið fram að margar skýrslur liggja fyrir. Velflestar þessara skýrslna koma með tillögur sem jafnvel stangast á þannig að það er hárrétt ákvörðun hjá hæstv. forsætisráðherra að skipa nefnd til þess að fara yfir þessar tillögur og koma með uppástungur um hvernig á að taka á þessu máli.

Í fyrri ræðu minni ræddi ég um hin ýmsu tæki sem stjórnvöld hafa til þess að hafa áhrif á lækkun matvælaverðs hér á landi. Að mínu mati eru veigamestu tækin þau sem fela í sér lækkun á tollum og vörugjöldum á matvörum og aðgerðir til þess að bregðast við fákeppni á markaði. Það er staðreynd að afnám tolla á grænmeti, sem var ákvörðun stjórnvalda árið 2002, leiddi til 15% lækkunar á grænmetisverði á þessum tegundum. Slíkar ákvarðanir eru á valdi stjórnvalda.

Fákeppni á matvörumarkaði er staðreynd. Það kallar á aukið eftirlit samkeppnisyfirvalda og almennings. Það er eftirtektarvert að á sama tíma og verð á mörgum vörutegundum hefur færst til samræmis við verð í öðrum löndum er matvælaverð stöðugt 40–50% hærra hér á landi en annars staðar.

Mörgum knýjandi spurningum er ósvarað. Við hljótum t.d. að spyrja okkur hvers vegna sterk staða krónunnar, fækkun millilliða, bein kaup smásala á vörum frá útlöndum, sterkari staða smásala gagnvart birgjum og hagkvæmni stærðarinnar með sameiningu matvörukeðja á síðustu árum hefur ekki skilað sér í lækkuðu matvælaverði. Mér sýnist óhjákvæmilegt að spyrja hvort samþjöppun á matvælamarkaði hafi unnið gegn hagsmunum neytenda. Við hljótum jafnframt að spyrja hvers vegna verðlag á vörum eins og korni, brauðvörum, sem ekki njóta tollverndar, er tugum prósenta hærra hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Ekki hefur fengist viðhlítandi skýring á því að verð á sykri og gosi er svo miklu hærra hér á landi en annars staðar og hið sama á við um kaffi, te og kakó.

Að lokum vildi ég gjarnan fá að heyra frá hæstv. forsætisráðherra hvort nefndin hafi einhver tímamörk.

[16:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Út af þessari síðustu spurningu sem kom frá hv. þingmanni þá er nefndin að skoða og útbúa verk- og tímaáætlun. Ég vænti þess að nefndin geti skilað áliti sínu síðar á þessu ári. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að tillögur frá henni gætu legið fyrir næsta haust og ég vænti þess að svo verði.

En út af þeirri umræðu sem fer fram um matvælaverð hér á landi — þó að það sé rétt að það sé almennt hærra en við skulum segja t.d. í Suður-Evrópu — þá eyðir íslenska fjölskyldan lægra hlutfalli af sínum ráðstöfunartekjum til matvælainnkaupa en t.d. fjölskyldur í Suður-Evrópu. Á árinu 2004 var það liðlega 16% hér á landi en í landi eins og Spáni, þar sem matvælaverð er mun lægra, er hlutfallið mun hærra. Það er nú þannig að velmeguninni fylgir hærra verðlag og það á bæði við um Ísland og Noreg. Í Noregi er matvælaverð mun hærra en annars staðar, en við skulum hafa í huga að Noregur og Ísland hafa trónað í efstu sætunum yfir velmegun í heiminum.

Það er líka misskilningur að framlög til landbúnaðarmála hér á landi séu miklu hærri en almennt gerist. Það er rétt að hafa í huga að á árinu 1990 voru framlög til landbúnaðarmála 8,6% af fjárlögum en á árinu 2003 voru framlög til landbúnaðarmála 3,8%. Þau hafa farið mjög lækkandi á undanförnum árum og áratug og eru nú ekki almennt hærri en gengur og gerist í öðrum löndum í kringum okkur.

Heyrnar-, tal- og sjónstöð, 1. umr.

Stjfrv., 514. mál (heildarlög). — Þskj. 751.

[16:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um Heyrnar-, tal- og sjónstöð. Meginmarkmið frumvarpsins er að sameina Heyrnar- og talmeinastöð og Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, Sjónstöðina, í eina stofnun undir stjórn eins forstöðumanns, sem lýtur yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Rekstrarleg stjórnun stofnananna verður sameinuð, en fagleg starfsemi og þjónusta við skjólstæðinga verður leidd af fagfólki eins og verið hefur. Rökin fyrir sameiningunni eru einkum þau að með henni náist hagræðing sem styrki bæði faglega og rekstrarlega starfsemi beggja stofnana til lengri tíma litið. Báðar rekstrareiningarnar eru fremur litlar og óhagkvæmar, sérstaklega þó Sjónstöðin, en illa hefur gengið að halda rekstri hennar innan ramma fjárlaga síðustu árin. Rekstur Heyrnar- og talmeinastöðvar hefur hins vegar gengið vel upp á síðkastið. Með sameiginlegri yfirstjórn, sameiningu stoðdeilda og samnýtingu húsnæðis verður mögulegt að nýta fé sem nú fer til rekstrar til að efla þjónustu við skjólstæðinga. Þá auðveldar sameiningin aðgengi að þjónustunni, einkum fyrir þá sem þurfa á þjónustu beggja stofnana að halda. Þar er um að ræða daufblinda og aldraða, en aldraðir eru stærsti einstaki hópurinn sem sækir þjónustu á báða staði, u.þ.b. 65%–75%.

Við samningu frumvarpsins voru núgildandi ákvæði um Heyrnar- og talmeinastöð í lögum um heilbrigðisþjónustu höfð til hliðsjónar. Ákvæðunum er breytt og þau samræmd þannig að þau nái einnig til blindra, sjónskertra og daufblindra auk þeirra sem eru heyrnarlausir, heyrnarskertir eða eru með heyrnarmein og talmein. Það er nýmæli að tilgreina sérstaklega rétt daufblindra til þjónustu nýrrar stofnunar. Þeirra er ekki sérstaklega getið í núgildandi lögum þó að reyndin sé sú að þeir hafi notið þjónustu á báðum stofnununum. Talmeina er sérstaklega getið án beinnar tengingar við heyrnarmein. Þannig er talmeinum nú ætlað meira rými í nýrri stofnun. Þá er lagt til að felld verði brott ákvæði um rekstrarleyfi til að annast þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta, enda er talið óþarft að sérákvæði séu um leyfi til að reka slíka starfsemi.

Helstu breytingar frá gildandi lögum eru þær að í frumvarpinu eru felld brott ákvæði um fagráð hjá Heyrnar- og talmeinastöð og stjórn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra en í staðinn er lagt til að faglegir yfirmenn skipi framkvæmdastjórn stofnunarinnar ásamt forstöðumanni. Er það í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Lagt er til að reglur um gjaldtöku af skjólstæðingum sameinaðrar stofnunar verði óbreyttar.

Frumvarpið er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við forstöðumenn Heyrnar- og talmeinastöðvar og Sjónstöðvar og annað fagfólk stöðvanna. Meðan á þeirri vinnu stóð voru haldnir samráðsfundir með fulltrúum samtaka notenda frá Félagi heyrnarlausra, Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra, Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskertra á Íslandi, Félaginu Heyrnarhjálp, Daufblindrafélagi Íslands og Landssambandi eldri borgara. Helstu athugasemdir sem fram komu á þeim fundum sneru að réttarstöðu barna, þjónustustigi, hjálpartækjum, endurhæfingu og gjaldtöku. Var tekið tillit til þeirra athugasemda eftir því sem við átti.

Að lokum þetta: Ég tel nauðsynlegt að finna nýtt húsnæði fyrir sameinaða stofnun en það felur í sér aukna möguleika á nýsköpun í starfsemi hennar enda er núverandi húsnæði óhentugt. Þá er í frumvarpinu lagt til að starfsmönnum sem nú starfa hjá Heyrnar- og talmeinastöð og Sjónstöð verði boðið starf hjá nýrri stofnun. Auk þess er lagt til að núgildandi lög um Sjónstöð, þ.e. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, og 37. gr. a og b laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og Heyrnar- og talmeinastöð verði felld úr gildi við gildistöku nýrra laga um starfsemi sameinaðrar stofnunar.

Virðulegi forseti. Ég hef farið lauslega yfir ástæður þess að ég legg fram frumvarp um Heyrnar-, tal- og sjónstöð. Ég tel mikilvægt að frumvarpið nái fram á þessu þingi og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðis- og tryggingaefndar til skoðunar og meðferðar og til 2. umr.

[16:13]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér er algjörlega óskiljanlegt hvers vegna hæstv. heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að leggja niður Sjónstöð Íslands, þá góðu þjónustustofnun sem veitir

á annað þúsund Íslendingum þjónustu. Ég veit af eigin reynslu að stofnunin veitir góða þjónustu og af þekkingu á notendahópnum veit ég að það er mikil ánægja með þjónustuna. Þetta gerir hæstv. heilbrigðisráðherra að því er mér heyrist einvörðungu með tilvísun til hagræðingar og við í fjárlaganefndinni ættum þá væntanlega að gleðjast við framtakið.

Í skýrslu viðskiptaráðsins til viðskiptaþings nýverið kemur fram að í 13 síðustu sameiningum ríkisstofnana frá 1999, þar af mörgum á vegum heilbrigðisráðuneytisins, hafi kostnaður aukist að meðaltali um 8% við nafnbreytingar og sameiningar. Í öllum 13 tilfellunum sem skoðuð eru jókst kostnaðurinn við sameiningar eða nafnbreytingar en minnkaði ekki, þvert gegn því sem haldið var fram í mörgum málunum hér í þingsal. Ég hlýt þess vegna að krefja hæstv. heilbrigðisráðherra um að svara því hvaða hagræðingu hann er að tala um, því að af starfsemi Sjónstöðvar sé ég ekki hvaða hagræðing felst í því að leggja hana niður. Ég sé hins vegar að ráðherrann hefur þegar uppi talsverðar kostnaðarhugmyndir við að koma upp nýju húsnæði fyrir hina sameinuðu stofnun væntanlega með tilheyrandi aukakostnaði fyrir ríkissjóð. Hvaða hagræðing nákvæmlega, hæstv. heilbrigðisráðherra, er hér á ferðinni?

[16:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leiðrétta hv. þingmann í því að það er ekki verið að leggja Sjónstöðina niður heldur sameina þessar tvær stofnanir, það er meginmunur á því. Starfsemi Sjónstöðvarinnar verður að sjálfsögðu rekin áfram og það er ekki verið að leggja stöðina niður.

Það er verið að vitna í viðskiptaþing. Ég las umrædda skýrslu, sem er viðamikil, um sameiningar og vil vara við því að taka þau fræði mjög alvarlega jafnvel þó að miklir forstjórar og fræðimenn hafi fjallað þar um málin. Mér sýnist skýrslan í fljótu bragði vera tóm vitleysa. Þar stendur að Lýðheilsustöð hafi átt að auka kostnað um 18 milljónir en séu 63. Ég sé ekki að það sé tekið nokkurt tillit til þess að tóbaksvarnaráð t.d. innan Lýðheilsustöðvar hefur markaða tekjustofna sem vaxa til aukinna verkefna. Ég sé ekki að það sé nokkurt tillit tekið til þess. Ég hef því mikla fyrirvara um þessi fræði jafnvel þó að það sé viðskiptaþing sjálft sem gefur út þessa fallegu skýrslu.

Aðalatriðið er að ég vil efla starfsemi Heyrnar- og talmeinastöðvar og Sjónstöðvar og nota það sameiginlega sem hægt að nýta sameiginlega, þau samlegðaráhrif sem eru af þessum stöðvum báðum. En það er ekki verið að leggja Sjónstöðina niður ekki frekar en Heyrnar- og talmeinastöðina. Það er verið að sameina þessar stofnanir og ég vona að það verði til góðs fyrir notendur.

[16:17]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fór sem mig grunaði. Við komum að fullkomlega tómum kofanum hjá hæstv. heilbrigðisráðherra þegar hann var spurður um hvað stæði á bak við orðið „hagræðing“ í málflutningi hans. Hagræðing er nefnilega orðið að frasa til að réttlæta sameiningar og nafnbreytingar af þessu tagi í opinbera kerfinu. Hæstv. ráðherra getur t.d. ekki bent okkur á stöðu sem sparast í rekstrinum. Hann ætlar að ráðast í aukinn húsnæðiskostnað og í tveggja mínútna svari sínu gat hann ekki bent á eitt einasta atriði sem hagræðing væri af. Ég spyr hæstv. heilbrigðisráðherra hvort honum sé kunnugt um að einhvers staðar í Norður-Evrópu sé þjónusta við þessa tvo hópa rekin saman með þessum hætti. Ég hef borið það undir norrænu blindrasamtökin. Þar kannast menn hvergi við að þjónustunni sé þannig komið fyrir.

Þjónustan sem Sjónstöð Íslands veitir er ákaflega góð. Fyrir hana hafa blindir og sjónskertir verið ákaflega þakklátir. Blindrafélagið er eindregið á móti því að þessar breytingar verði gerðar á starfseminni. Ég spyr þess vegna hæstv. heilbrigðisráðherra, fyrst hann getur ekki bent á neina hagræðingu af þessu, hvers vegna hann ætlar að breyta stofnun, sem mikil ánægja er með hjá notendunum, í fullri andstöðu félags þeirra.

Virðulegur forseti. Ég sé enga skynsamlega ástæðu fyrir því að leyfa ekki því sem vel er rekið, veitir góða þjónustu og ánægja ríkir með, að halda áfram að gera nákvæmlega það. Ég hélt að við ættum að leggja rækt við það, virðulegur forseti, sem vel er gert. Sjónstöð Íslands er sannarlega hluti af því.

[16:19]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er dálítið hissa á viðbrögðum hv. þingmanns. Hér er verið að sameina tvær stofnanir til að efla starfsemi þeirra. Þær eru í húsnæði á tveimur stöðum núna og takmarkið er að koma þeim í sameiginlegt húsnæði þannig að veita megi þessa þjónustu á einum stað. Þar er vissulega þjónað ólíkum hópum en það er víðar gert.

Ég er sannfærður um að það er hagræðing í sameiningunni án þess að það sé í sjálfu sér megintilgangurinn. Megintilgangurinn með sameiningunni er að styrkja þessar stofnanir, nýta það saman sem hægt er að nýta, ýmsa stoðþjónustu, og styrkja starfsemi stofnananna.

Ég undirstrika að stofnanirnar eru sem stendur í sitt hvoru húsnæðinu. Ætlunin er að koma þeim í sameiginlegt húsnæði. Það gefur í sjálfu sér tækifæri til að efla starfsemina og bæta aðstöðuna bæði fyrir notendur og starfsfólk.

[16:20]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort til standi að efla þjónustu við heyrnarlausa, daufblinda og sjónskerta úti á landi. Við vitum að fólk býr ekki við sömu kosti, ekki sömu þjónustu, t.d. túlkaþjónustu, úti á landi og fólk á höfuðborgarsvæðinu. Dæmi eru um að fólk hafi af þeim sökum þurft að flytja, í sumum tilfellum ekki bara til höfuðborgarsvæðisins heldur einnig til útlanda. Ég þekki dæmi þess að fólk hafi flutt til Svíþjóðar vegna betri þjónustu þar. Mig langar að vita hvort til standi að efla þjónustu við þetta fólk, úti á landi sérstaklega.

[16:21]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega á dagskrá Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar að efla þjónustu við landsbyggð-

ina. Þar hefur vantað nokkuð upp á en starfsemi stofnunarinnar hefur eflst á undanförnum árum. Biðlistar, t.d. eftir heyrnartækjum, hafa styst mjög og þjónusta stofnunarinnar eflst. Það er m.a. á verkefnaskránni að bæta þjónustu við landsbyggðina. Vonandi hefur stöðin afl til þess.

[16:22]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langaði til að vita hvort skýrar áætlanir væru um að efla t.d. túlkaþjónustu við heyrnarskerta og heyrnarlausa. Við vitum að fólk þarf í sumum tilfellum að panta slíka þjónustu með miklum fyrirvara og stundum gengur alls ekki að fá þjónustu af þeim toga. Á Akureyri er auðvitað hópur fólks sem býr við heyrnarskerðingu eða heyrnarleysi og þarf oft að fá aðstoð í námi, atvinnu eða almenna þjónustu.

Mig langar til að vita hvort um það eru til beinar tillögur, ekki almennt um að það eigi að efla það eða skoða það, frú forseti.

[16:23]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er á verkefnaskrá stöðvarinnar að nýta þá aðstöðu sem víða er til á landsbyggðinni og þar á meðal á Akureyri. Þar er aðstaða til heyrnarmælinga. Það er á dagskrá stofnunarinnar að nýta þá aðstöðu sem til er á landsbyggðinni til að þjóna eftir því sem mögulegt er þeim sem þurfa á slíkri þjónustu að halda um hinar dreifðu byggðir.

[16:24]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um Heyrnar-, tal- og sjónstöð. Samkvæmt frumvarpinu er með því lagt til grundvallar að bæta rekstrarskilyrði tveggja stofnana, þ.e. Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og Sjónstöðvarinnar. Eins er talið markmið frumvarpsins að bæta þjónustu stofnananna með því að koma þeim undir sama þak og ná hagræðingu með einum forstjóra og einni stjórn.

Hæstv. forseti. Nú eru þetta mjög ólíkar fatlanir, heyrnar-, tal- og sjónskerðing. Gripið er til ólíkra úrræða í hverjum fötlunarflokki fyrir sig. Það er því ekki sjálfgefið að öll sú starfsemi eigi frekar heima undir sama þaki. Mér finnst mikilvægt að fara vel yfir hvað félög eða fulltrúar fólks með þær fatlanir hafa um málið að segja.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að í vinnuferlinu hafi verið haft samband við Félag heyrnarlausra, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra, Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, Félagið Heyrnarhjálp, Daufblindrafélag Íslands og Landssamband eldri borgara. En eldri borgarar eru, eins og fram kom í máli hæstv. heilbrigðisráðherra, sá hópur sem mest nýtir sér bæði Sjónstöðina og Heyrnar- og talmeinastöðina. Fyrir þann hóp og eins daufblinda má ætla að hagræðing sé af því að hafa þjónustuna í sama húsi.

En eins og komið hefur fram gaf Blindrafélagið ekki eins jákvæða umsögn og maður skyldi ætla, af athugasemdum við frumvarpið. Fram kemur að þeir sem nota þjónustu Sjónstöðvarinnar séu ánægðir með starfsemina eins og hún er í dag. Ég tel mikilvægt, hæstv. forseti, að fara vel yfir umsagnir þessara félaga og taka fullt tillit til sjónarmiða þeirra. Það er ekkert sjálfgefið að þótt sameinað sé til að ná hagræðingu í rekstri þá verði starfsemin í sjálfu sér betri.

Í frumvarpinu kemur fram að í dag séu þetta tvær litlar einingar, að reksturinn hafi verið erfiður og sérstaklega hjá Sjónstöðinni. Þá má spyrja sig: Hefur Sjónstöðin yfirleitt fengið nægilegt fjármagn til rekstrarins? Er það ekki meinið, frekar en að endilega þurfi að horfa til þess að sameina þessa starfsemi? Hefur rekstrarfé til stöðvarinnar eins og hún hefur verið rekin ekki verið vanáætlað?

Ég vil endurtaka fyrirspurn mína til hæstv. ráðherra. Ég vona að henni verði a.m.k. svarað í heilbrigðis- og tryggingnefnd við afgreiðslu málsins: Er með þessum breytingum fyrirhuguð meiri og skipulagðari þjónusta um allt land? Er hugmyndin sú að ráða talmeinafræðinga, t.d. við heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni þar sem það er mögulegt, á sama hátt og þangað hafa verið ráðnir sjúkraþjálfar? Mér finnst þurfa að skoða fleiri þætti til bættrar þjónustu í tengslum við þetta frumvarp.

Það er rétt að skoða frumvarpið með jákvæðu hugarfari og hvernig þjónustunni er háttað í nágrannalöndum okkar, sérstaklega á Norðurlöndunum. Það er vert að skoða hvort telja megi að fagleg þjónusta verði betri við breytinguna. Maður sér fyrir sér að hægt verði að spara í rekstrinum en varðandi faglega þjónustu þá liggur það ekki í augum uppi.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri að sinni. Við komum til með að vinna með þetta mál í heilbrigðis- og tryggingnefnd, skoða það vel og fá a.m.k. umsagnir þeirra sem málið varðar.

[16:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga með það meginmarkmið að sameina Heyrnar- og talmeinastöð og Sjónstöð í eina stofnun undir stjórn eins forstöðumanns. Það vakna auðvitað ýmsar spurningar þegar þetta frumvarp er skoðað og eins og komið hefur fram, bæði í andsvörum og ræðum hér á undan, er ýmislegt sem hv. heilbrigðis- og tryggingarnefnd þarf að ræða og kalla eftir upplýsingum um þegar við fjöllum um frumvarpið.

Eins og komið hefur fram, og kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins í gærkvöldi, þá eru 70% þeirra sem aðallega þurfa þessa þjónustu, sem eru aldraðir, ósáttir við þetta frumvarp. Ég ætla að vitna hér í frétt Ríkisútvarpsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Aldraðir eru í meiri hluta þeirra sem nýta sér þjónustuna eða um 70%. Ólafur Ólafsson, formaður Landssambands eldri borgara, segir að fulltrúar Félags heyrnarskertra og Blindrafélagsins hafi haft samband við Landssamband eldri borgara til að ræða breytingarnar. Ólafur segir félögin óánægð með margt í frumvarpinu. Þau efist um að þjónustan batni við breytingarnar og hefðu frekar viljað að meira fé væri varið til tækjakaupa og aðgengi skjólstæðinga að góðum tækjum þannig bætt."

Það er auðvitað alvarlegt ef meginþorri þeirra sem munu nýta sér þjónustu þessarar nýju starfsemi er ósáttur. Við þurfum því kalla til fulltrúa eldri borgara til að fá nánari

skýringar á því hvað þeir eru ósáttir við. Í athugasemdum við frumvarpið stendur að kallaðir hafi verið til fulltrúar frá Félagi heyrnarlausra, Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra, Blindrafélaginu o.s.frv., eins og lesið var upp hér áðan. Í athugasemdunum stendur: „Var tekið tillit til athugasemda sem fram komu á þeim fundum eftir því sem við átti.“ Við þurfum auðvitað að fá upplýsingar um hvort þarna hafi verið gerðar einhverjar athugasemdir sem ekki hefur verið tekið tillit til, því að þarna eru gerðar athugasemdir við mjög margþætta og mikilvæga starfsemi, eins og segir hér: „Helstu athugasemdirnar sneru að réttarstöðu barna, þjónustustigi, hjálpartækjum, endurhæfingu og gjaldtöku.“

Það hefur komið fram að gjaldtaka muni ekki breytast ef frumvarpið verður að lögum og ég fagna því. En það kom fram í andsvari hjá hv. þm. Helga Hjörvar að Blindrafélagið sé mjög ósátt við þessa sameiningu, Sjónstöðin sinni um 2.000 manns og veiti góða þjónustu, og er spurning hvort ástæða sé til að breyta því. Hæstv. ráðherra ætti þá kannski að rökstyðja það frekar á eftir þegar hann kemur vonandi í lok umræðunnar til að fara yfir þær athugasemdir sem við gerum.

Varðandi fréttir af því á viðskiptaþingi á dögunum að sameining stofnana, sem yfirleitt er gerð í hagræðingarskyni, hafi valdið auknum kostnaði, þá þurfum við auðvitað að kalla eftir upplýsingum um það í nefndinni, ef við ætlum að fara að sameina stofnanir, hvort þetta sé raunin. Hæstv. ráðherra sagði í andsvari áðan að þetta væri ekki rétt, en við þurfum að fá upplýsingar um hvort þarna sé farið með rangt mál. Ég veit auðvitað að Heyrnar- og talmeinastöð þyrfti að komast í betra húsnæði. Hér er talað um að hin nýja stofnun fái nýtt húsnæði sem henti fyrir þessa starfsemi. Það á eftir að koma í ljós hvort það verður sú stofnun eða einungis Heyrnar- og talmeinastöð sem fær hið nýja húsnæði, ef frumvarpið verður ekki að lögum.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra tveggja spurninga áður en ég klára ræðu mína, ég ætla ekki að hafa hana langa af því að ég kem að þessu máli í heilbrigðis- og tryggingananefnd þegar málið kemur þangað. Í umsögn frá fjármálaráðuneytinu, fjárlagaskrifstofu, segir að áform heilbrigðisráðuneytisins séu að nýta hagræði sem mest með sameiningunni til að styrkja rekstrargrunn hinnar nýju stofnunar og efla þjónustu hennar. Ég spyr hæstv. ráðherra hvernig hann ætli að efla þjónustuna. Ekki er talið að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð verði það að lögum. Reyndar er komin fram í fjárlögum heimild til að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sameiginlega stofnun. Ég vil því spyrja hvort hæstv. ráðherra sé sannfærður um að það verði hagræði og hvernig hann hyggist efla þjónustu þessarar stofnunar.

Síðan spyr ég hæstv. ráðherra: Er það stefna ríkisstjórnarinnar að gera ráðstafanir í þá veru að sameina þjónustu fyrir fatlaða, eins og menn telja sig vera að gera hér, þ.e. þjónustu við ólíka hópa? Ég spyr af ákveðnum ástæðum, ég spyr að þessu vegna þess að kvartað hefur verið yfir því við þingmenn að þjónusta við langveik börn sé veitt á mörgum stöðum. Fólk þarf að fara á milli fleiri stofnana til að fá þjónustu við langveik börn. Ég sé t.d. í umsögn umboðsmanns barna að hún bendir á, t.d. í umsögn um sjóð fyrir langveik börn, að það sé mjög mikilvægt að þjónustan sé öll veitt á sama stað fyrir foreldra langveikra barna. Ég vil gjarnan fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra hvort það sé stefna ríkisstjórnarinnar að verða við þessum ábendingum og sameina á einum stað þjónustu fyrir langveik börn. Ég vildi gjarnan fá það svar frá hæstv. ráðherra og ræða það aðeins við hann hér áður en þessari umræðu lýkur.

[16:37]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég fagna því frumvarpi sem við ræðum hér í 1. umr. Ég tel að það séu mörg góð rök fyrir því að sameina Heyrnar- og talmeinastöð og Sjónstöð og get með engu móti kvittað undir það sem kom fram áðan hjá einum hv. þingmanni að verið væri að leggja niður Sjónstöðina. Það er ekki verið að leggja niður neina þjónustu eins og ég skil málið, það er verið að sameina þá þjónustu sem fyrir er til að efla hana. Þetta er því jákvætt frumvarp. Samkvæmt frumvarpinu á að sameina þessar tvær stöðvar, þessar rekstrareiningar eru báðar frekar litlar og óhagkvæmar í rekstri, sérstaklega kannski Sjónstöðin eins og hér hefur komið fram. Mér skilst að á Sjónstöðinni vinni u.þ.b. 10 manns eða innan við það. Á Heyrnar- og talmeinastöðinni vinna í kringum 15 manns, kannski 13–15 manns. Þetta eru því ekki mjög stórar stofnanir og því mjög eðlilegt að það sé skoðað að sameina þær til að efla þjónustuna og reyna að nýta það fé sem best sem til þeirrar þjónustu fer. Ég er því ekki eins viðkvæm fyrir orðinu hagræðing og hér kom fram áðan. Ég tel að það sé skylda okkar að reyna að nýta það fé sem við höfum á milli handanna, fé skattborgaranna, til að efla þjónustu við skjólstæðingana. Það er grundvöllurinn á bak við þetta frumvarp.

Með frumvarpinu á að styrkja þessar stofnanir faglega, þ.e. stærri stofnun hefur í för með sér aukna faglega breidd og styrkleikar hvorrar stöðvar fyrir sig ættu að nýtast til að efla þjónustu í sameinaðri stofnun. Hér yrði líka um bætt aðgengi að ræða fyrir þá sem þurfa að fara á báða staðina þannig að menn þyrftu þá ekki að hlaupa á milli þessara tveggja staða, heldur gætu farið á einn stað, en það eru einkum aldraðir sem sækja þessa þjónustu, í kringum 65–75%. Það er líka nýmæli að kveðið sé á um rétt daufblindra í lögum og það er einnig lögð aukin áhersla á talmein með því að stofna þessa nýju Heyrnar-, tal- og sjónstöð. Komið hefur fram hér að finna eigi nýtt húsnæði fyrir sameinaða stofnun. Núna er Sjónstöðin í Hamrahlíð 17 og Heyrnar- og talmeinastöðin á Háaleitisbraut 1. Það mætti gjarnan koma fram í seinni ræðu ráðherra hvort búið sé að skoða einhverja möguleika á hvar þessi nýja stöð gæti verið staðsett, hvort leit að nýju húsnæði sé hafin og hvort það sé eitthvað sem hægt væri að upplýsa núna. Ef svo er ekki, hve langt sé í að menn komist að niðurstöðu í því máli, þ.e. að því gefnu að við að mundum samþykkja frumvarpið á vorþinginu.

Gallarnir við svona mál eru að sjálfsögðu þeir að sameining skapar að sjálfsögðu óvissu, bæði fyrir þá sem vinna á viðkomandi stöðvum og þá sem sækja þjónustu til þeirra. Það er alltaf svo þegar verið er að sameina stofnanir eða starfsemi að það skapar ákveðna óvissu. Það er því ekkert

skrýtið að fólk staldri við og vilji fylgjast með því sem verið er að gera. En hugsunin á bak við frumvarpið er mjög jákvæð að mínu mati, þ.e. að efla þjónustuna með sameiginlegum rekstri í einni stöð.

Á sínum tíma kom ég að svona sameiningu á öðrum vettvangi. Mig langar til að rifja það aðeins upp. Það var þegar nokkrar stofnanir voru sameinaðar í eina. Um var að ræða Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, veiðistjóraembættið og hreindýraráð. Þessar stofnanir voru sameinaðar í Umhverfisstofnun. Það gekk mjög vel en að sjálfsögðu var óvissa og óöryggi meðan á því stóð, bæði hjá starfsmönnum og líka þeim sem þjónustunnar nutu af hendi þessara fjögurra aðila. En ég held að enginn vildi ganga það skref til baka í dag. Það hefur orðið til mjög öflug stofnun út úr því, Umhverfisstofnun, sem er miklu færari til að takast á við mál en hinar stofnanirnar voru á sínum tíma hver í sínu lagi. Það var mjög jákvætt skref.

Það er eitt sem ég velti fyrir mér varðandi frumvarpið. Það er ákvæðið um framkvæmdastjórn sem kemur fram í 3. gr. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Faglegir yfirmenn skipa framkvæmdastjórn stofnunarinnar undir stjórn forstöðumanns, samkvæmt nánari ákvæðum í skipuriti. Framkvæmdastjórn er forstöðumanni til ráðgjafar og hefur hann samráð við hana um allar mikilvægar ákvarðanir varðandi faglega starfsemi stofnunarinnar.

Framkvæmdastjórn boðar til samráðsfunda með fulltrúum samtaka notenda eigi sjaldnar en einu sinni á ári."

Það er svolítið óvenjulegt að hafa slíka framkvæmdastjórn og að mörgu leyti má segja að það sé hálfgerður galli. Þetta er ekki sá stjórnunarstrúktúr sem venjulega er á stofnunum. En ég býst við að þetta sé sett upp svona hér vegna þess að það var framkvæmdaráð, eða fagráð, held ég að það hafi heitið. Þetta er líklega einhvers konar framkvæmdastjórn til að koma til móts við framkvæmdaráðið, væntanlega er verið að freista þess að tryggja hér aðkomu samtaka notenda af því að ákvæðið um fagráðið fellur brott. Mér finnst svolítið umhugsunarvert að hafa slíka framkvæmdastjórn í stofnun af þessu tagi. Væri ekki nóg að hafa forstöðumann og yfirmenn fagsviða og forstöðumaður mundi sinna starfseminni eins og eðlilegt er á stofnunum af þessu tagi og menn gætu síðan haft þetta samráð við hagsmunahópana án þess að vera með eitthvað sem heitir framkvæmdastjórn? Mér finnst þetta umhugsunarvert og væri ágætt ef ráðherra vildi bregðast eitthvað því, hvort hann telji þetta mjög mikið atriði í þessu frumvarpi eða ekki.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti tel ég að hér sé um mjög gott mál að ræða og tel að þeir skjólstæðingar sem núna leita til Heyrnar- og talmeinastöðvar og Sjónstöðvar þurfi ekkert að óttast. Þetta er mál sem lagt er fram til að efla starfsemina, styrkja hana á alla kanta, og til að bæta þjónustuna en alls ekki til að minnka hana. Ég veit að áhersla ráðherra er ekki að minnka þjónustuna, áherslan er að sjálfsögðu að auka hana og efla og að nýta fjármagnið eins vel og hægt er með því að sameina þessar stöðvar í eina.

[16:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við 1. umr. þessa máls vil ég lýsa því yfir að ég er nokkuð jákvæður fyrir þessu máli eins og það er sett hér upp og vona að það verði til góðs. Mér finnst hins vegar kannski skorta svolítið á að hæstv. ráðherra lýsi því hvernig hann hyggist ná fram betri rekstri, veita betri þjónustu ásamt því að ná fram sérstökum sparnaði og hagræðingu. Ef ég les þetta rétt á hagræðingin sem felst í sameiningunni fyrst og fremst að koma með sameiginlegri yfirstjórn og sameiningu stoðdeilda og sameiningu húsnæðis. Ég hefði viljað spyrja í þessu sambandi, hæstv. forseti, hvort ráðherrann hafi áætlanir um að efla þessa starfsemi úti á landsbyggðinni og hvort hann sjái fyrir sér að þá þurfi e.t.v. að ráða starfsmenn til þess að sinna því. Hvernig sér hann fyrir sér að þjónustan við landsmenn verði almennt bætt?

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að það hefur oft skort nægileg rök þegar menn eru að tala um sameiningu og mér finnst einnig skorta á það í þessu máli að nógu vel sé gerð grein fyrir því hvernig menn sjá fyrir sér annars vegar bættan rekstur og jafnvel fjárhagslegan sparnað og hins vegar að þjónustan verði aukin o.s.frv. Í umsögn fjármálaráðuneytisins er ekki gert ráð fyrir að þessu fylgi aukinn kostnaður, en ég held að það sé reynsla okkar flestra að því fylgi yfirleitt nokkur kostnaður að sameina þjónustustig og ég tala nú ekki um ef það á svo að reyna að veita betri þjónustu en var fyrir.

Ég hefði viljað heyra nánari útlistingar frá hæstv. ráðherra hér við lok 1. umr. á því hvað teldist sparast sérstaklega. Ég sé það sem hér er ritað í greinargerðina en ég sé ekki alveg samhengi í því miðað við að auka eigi starfsemina og efla hana og ekki að draga saman. Ég sé hér líka að starfsmönnum sem nú starfa hjá Heyrnar- og talmeinastöð og Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra verði boðið starf hjá nýrri stofnun. Ég get því ekki séð að það sé fyrirhugað að breyta mannahaldi nema þá til þess að auka þjónustuna enn frekar en nú er. Því ef eitthvað á að sparast með sameiningunni þá hlýtur markmiðið að vera að það eigi að nýtast til að veita betri þjónustu og mér heyrðist hæstv. ráðherra leggja málið þannig upp þegar hann mælti fyrir því. En ég hefði gjarnan viljað heyra nánari útlistun á hvernig eigi að ná því fram ef fjármálaráðuneytið gerir ekki ráð fyrir því að þetta kosti neina sérstaka peninga.

[16:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hann hafi aldrei heyrt talað um hagræðingu, hvort hann hafi ekki heyrt talað um net sem veiða betur en önnur net og hvort það megi ekki taka upp nýja stjórnun sem eykur gæði þjónustunnar, eykur magn hennar án þess að hún kosti meira.

[16:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál áður en það fer til nefndar til nánari skoðunar að venju. Ég vil bregðast hér við nokkrum spurningum sem hv. þingmenn hafa borið fram.

Í fyrsta lagi hefur verið talað um hver hin raunverulega hagræðing af þessu sé. Það hefur komið fram að með sameinaðri stofnun er verið að sameina þarna tvær fremur litlar

stofnanir undir einum forstöðumanni. Framkvæmdastjórn er ekki einsdæmi í fyrirtækjum sem vinna að heilbrigðismálum, framkvæmdastjórn heilbrigðisstofnana samanstendur yfirleitt af lækningaforstjóra, hjúkrunarforstjóra og forstöðumanns sem heldur utan um starfsemina. Framkvæmdastjórn er einungis til þess að sjónarmið Sjónstöðvarinnar, Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og forstöðumanns komi saman í framkvæmdastjórn. Ég tel að það sé nauðsynlegt.

Síðan tel ég að hagræðing sé fólgin í hentugra húsnæði, í ýmsum stoðdeildum og það efli stofnunina til frambúðar.

Síðan eru þau verkefni sem liggja fyrir. Hér hefur verið minnst á þjónustu við landsbyggðina. Það er nauðsyn að efla hana eins og kom fram í andsvari hjá mér áðan. Það hefur að vísu verið nokkrum erfiðleikum bundið að fá fagfólk út á landsbyggðina til starfa. Varðandi talmeinafræðinga sem hv. 10. þm. Norðaust. kom hér inn á hefur það verið stefna okkar að efla þjónustu Heilsugæslunnar og gera hana þverfaglegri og starf talmeinafræðinga gæti verið einn þáttur í því ef við hefðum möguleika á að fá þá til starfa.

Varðandi undirbúning þessa máls er rétt að geta þess að það voru kallaðir til fundar forsvarsmenn ýmissa félagasamtaka og hagsmunaaðila í þessu máli. Ég sat sjálfur á ágætum fundi um þetta með þessum fjölmörgu aðilum og satt að segja var sá fundur mjög jákvæður og ég varð ekki var við neina bullandi andstöðu við þessi áform. Ég geri mér samt ósköp vel grein fyrir því að það eru skiptar skoðanir um þetta og alltaf þegar svona lagað stendur til veldur það auðvitað skoðanaskiptum og jafnvel kvíða hjá fólki meðan breytingatíminn stendur yfir. En ég vil fullvissa alla um að það stendur ekki til að fara að segja upp fólki. Það á að bjóða fólki þarna atvinnu og reka þessar stöðvar áfram og veita þá þjónustu sem þær gerðu.

Af verkefnum sem liggja fyrir og þyrfti að efla, t.d. hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni er endurhæfing. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Helga Hjörvar, 5. þm. Reykv. n., að það er almenn ánægja með þjónustu Sjónstöðvarinnar og að við munum kappkosta að halda þeirri þjónustu áfram, en endurhæfing hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni er verkefni sem þyrfti að efla.

Ég var spurður að því líka hvort það væri stefna ríkisstjórnarinnar að sameina þjónustu við ólíka hópa fatlaðra. Ég tel að ef sameining þjónustu við ólíka hópa eflir þjónustuna þá eigi að sameina og ég held að stærri stofnanir hafi meiri möguleika en litlar og því geti það verið réttlætanlegt í mörgum tilfellum en þetta verður að meta í hverju einstöku tilfelli. Við erum smátt samfélag þó að við séum vissulega öflugt samfélag og ég held að það sé réttlætanlegt að sameina litlar stofnanir til aukinna átaka.

Varðandi það að hvergi á byggðu bóli sé þessum hópum þjónað sameiginlega, eins og kom fram hjá hv. þm. Helga Hjörvar, 5. þm. Reykv. n., þá er það ekki rétt. Í Danmörku eru ýmsar aðferðir uppi, í sumum heilbrigðisumdæmum eru þessar stofnanir reknar sameiginlega en annars staðar er þetta rekið sitt í hvoru lagi. Það sama er uppi í Finnlandi, en í Noregi og Svíþjóð er yfirleitt slík þjónusta sitt í hvoru lagi. En við verðum náttúrlega að líta á það líka hvað þessi þjóðfélög eru mörgum sinnum stærri en okkar samfélag þannig að aðstæður okkar eru ekki sambærilegar að þessu leyti. Við erum lítið samfélag með litlar stofnanir og þar sem hægt er að reka þær sameiginlega þá er það yfirleitt til bóta.

Ég vona að ég hafi svarað þeim spurningum sem hafa komið fram en ég endurtek að ég þakka ágæta umræðu um þetta mál og málið fer nú til heilbrigðis- og trygginganefndar til nánari skoðunar.

[16:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við spurningum sem ég lagði hér fram við hann í ræðu minni. Það er auðvitað ljóst að það verður að vinna svona mál í sátt við notendur þjónustunnar og þarna eru 70% þeirra sem njóta þjónustunnar aldraðir sem hafa verið með ákveðnar efasemdir þannig að það þarf auðvitað að vinna í sátt við þá. Ég veit að tilgangur ráðherra hefur verið að bæta og efla þjónustuna og ég veit að hann er allur af vilja gerður og hann talar hér um að efla þjónustu við landsbyggðina, auka endurhæfingu o.s.frv. En ég vil ítreka það hér: Góð þjónusta má ekki verða lakari, t.d. hvað varðar Sjónstöðina, eins og bent var á veitir hún mjög góða þjónustu og sameining má ekki bitna á henni.

Ég spurði hæstv. ráðherra um stefnu ríkisstjórnarinnar í að sameina þjónustu við ákveðna hópa fatlaðra og þar átti ég í rauninni við þjónustu við langveik börn. Hæstv. ráðherra sagði að hann væri sammála því ef það efldi þjónustuna. Ég vil bara minnast á það hér að einn af ráðherrunum í ríkisstjórn, hæstv. félagsmálaráðherra, hefur í hyggju að flytja hluta af þjónustu við langveik börn í Húnaþing. Það gerir hann þrátt fyrir að aðstandendur langveikra barna hafi ítrekað beðið um að þjónustan verði á einum stað og umboðsmaður barna hefur líka bent á það í umsögn. Mér finnst þetta því mjög sérkennilegt og ég vil fara fram á það hér, herra forseti, að hæstv. ráðherra ræði þetta við samstarfsmann sinn í ríkisstjórn, hæstv. félagsmálaráðherra, og (Forseti hringir.) sannfæri hann um að fara sömu leið og hæstv. ráðherra er að fara hér.

[16:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við ræðum að sjálfsögðu saman, ég og hæstv. félagsmálaráðherra. Ég er ekki í stakk búinn til þess að ræða þetta mál hér undir þessum lið og hvaða hluta af þjónustu við langveik hann hefur í huga að flytja, það er að sjálfsögðu ekki sama hvað það er. Ég er þeirrar skoðunar að það sé til þæginda fyrir aðstandendur langveikra barna að sækja þjónustuna á einn stað þar sem það þarf að ganga til þess persónulega. En ég reikna með því, án þess að ég sé inni í þessu máli í smáatriðum, að það séu einhvers konar fjarskipti sem þá er ætlunin að reka annars staðar frá. Að sjálfsögðu ræðum við hæstv. félagsmálaráðherra það mál. En ég veit um einlægan vilja hans til þess að bæta þjónustuna við langveik börn þannig að ég óttast ekki að meiningin sé að draga úr henni.

Eldri borgarar komu á fund til okkar þegar við vorum að undirbúa frumvarpið. Þeir lýstu almennum fyrirvörum í útvarpsviðtali sem ég er með afrit af en það eru að sjálfsögðu

almennir fyrirvarar sem skýrast við nánari vinnslu málsins og ég tel það alveg eðlilegt að menn (Forseti hringir.) vilji fylgjast með málinu og hafa almenna fyrirvara um hvernig því lyktar.

[17:01]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við munum að sjálfsögðu kalla til fulltrúa eldri borgara og þeirra félagasamtaka sem þetta mál varðar, í heilbrigðis- og tryggingarnefnd, heyra þeirra viðhorf og taka tilliti til þeirra. Varðandi þjónustuna við langveiku börnin, sem ég gerði hér að umtalsefni, sé ég hér í viðtali við hæstv. félagsmálaráðherra að hann hyggst flytja sjóð, sem hann ætlar að fara að setja á laggirnar fyrir langveik börn, í Húnaþing, á sama tíma og þjónustan við foreldra langveikra er nú þegar á fleiri en einum stað. Auðvitað ætti öll þessi þjónusta að vera hjá Tryggingastofnun ríkisins þar sem fólk fær yfirleitt sinn stuðning. Mér finnst það mjög sérkennilegt að á sama tíma og hæstv. heilbrigðisráðherra er hér að sameina þjónustu fyrir þessa tvo hópa á einum stað, hópa sem eru reyndar mjög ólíkir, að þá eigi að færa stuðning við foreldra langveikra barna á enn fleiri staði.

Ég vonast til, herra forseti, að það verði ekki að veruleika. Það er mjög mikilvægt að sú þjónusta sé öll á einni hendi því þarna er verið að þjóna hópi sem hefur nóg á sinni könnu, þó að hann þurfi ekki að eltast við þjónustuna á marga staði eins og við þekkjum. Ég vona að þessi áform hæstv. félagsmálaráðherra hvað varðar langveiku börnin verði ekki að veruleika.

[17:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki fær um að taka hér upp umræðu undir verksviði annarra ráðuneyta, en vissulega skarast mörg verkefni okkar og félagsmálaráðuneytis og við höfum ágætt samband við félagsmálaráðherra um þau efni. Kannski kemur einhvern tímann sá dagur að þessi tvö ráðuneyti verði sameinuð í velferðarráðuneyti. Sá dagur er ekki kominn. Þá er hægt að ræða þetta allt saman undir þessum lið.

Varðandi málefni aldraðra þá að sjálfsögðu kallar heilbrigðis- og tryggingarnefnd í þá sem hún telur vera gagn af, þá sem hún telur að komi með innlegg í málið. En ég endurtek að ég hélt fund með þessum aðilum og sá fundur var prýðilegur. Menn vildu vanda sig við þetta og báðu um að það yrði gert og menn lögðu sitt til málanna. Mér fannst ekki vera hörð andstaða við þetta mál en að sjálfsögðu kallar nefndin í þá sem henni finnst þurfa að kalla til í framhaldinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 53. mál (brottvísun og heimsóknarbann). — Þskj. 53.

[17:05]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, mál sem gengið hefur undir nafninu um brottvísun og heimsóknarbann. Þetta er nú reyndar í þriðja sinn sem ég legg þetta mál fram. Það var á 130. löggjafarþingi sem málið var sent út til umsagnar og bárust eitthvað um eða yfir 15 umsagnir sem ég mun víkja síðar að í máli mínu.

Málið gengur út á að heimila lögreglu að vísa manni brott af heimili sínu og nánasta umhverfi þess og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann beiti náinn aðstandanda ofbeldi, hóti ofbeldi eða sýni framferði sem spillir mjög líkamlegu heilbrigði, andlegu heilbrigði, heilsu eða friði þess manns eða barns sem í hlut á.

Brottvísunin og heimsóknarbannið getur gilt í 10 sólarhringa og það ber að skilgreina sérstaklega til hvaða svæðis þetta bann eigi að ná og lögreglan skal, samkvæmt þessu frumvarpi, innan eins sólarhrings, vísa ákvörðuninni til héraðsdómara sem skal kanna ástæður fyrir henni og staðfesta ef rökstuðningur er fullnægjandi en fella niður eða breyta að öðrum kosti. Komi síðan fram krafa frá brotaþola um framlengingu skal beina henni til héraðsdómara þannig að það verði þá héraðsdómari sem heimili þá framlengingu til allt að þriggja mánaða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Síðan er gert ráð fyrir að um meðferð máls vegna framlengingar á brottvísun og heimsóknarbanni fari samkvæmt reglum þessa kafla um nálgunarbann.

Hér er auðvitað um að ræða ákveðna útfærslu á nálgunarbanni. Eins og greint er frá í greinargerð með frumvarpinu á málið rætur sínar að rekja til Austurríkis en þar var ákveði af þessu tagi upphaflega lögfest árið 1997 og síðan hafa löndin í kringum okkur verið að taka upp sambærileg ákvæði. Bæði er búið að taka þetta upp í norsk og sænsk lög. Ég veit ekki nákvæmlega hvaða fleiri lönd hafa tekið þetta upp en hygg að nokkur lönd í Evrópu hafi þegar tekið þetta upp eða séu um það bil að gera það.

Ég hef, virðulegi forseti, fagnað þeim málflutningi hæstv. dómsmálaráðherra sem birst hefur á þessu þingi varðandi heimilisofbeldi. Hæstv. ráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum um heimilisofbeldi á þskj. 419. Ég hef í sjálfu sér fagnað því að hreyfing skuli komin á málið í dómsmálaráðuneytinu, en ég hef jafnframt lýst því yfir að það þurfi að gera miklu meira en hæstv. ráðherra leggur til ef við ætlum í alvöru að vinna gegn heimilisofbeldi. Ég tel að í málatilbúnað hæstv. ráðherra skorti heildstæðari sýn, heildstæða nálgun á kynbundið ofbeldi og tel nauðsynlegt að skoða alla þætti þessara mála. Það þarf að skoða heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi, ofbeldi gegn öldruðum og alla þá þætti sem nefndir eru í aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi sem ákveðinn aðgerðahópur hefur lagt fram.

Þeir aðilar sem barist hafa hvað harðast í samfélaginu fyrir því að breytingar verði á þessum málum eru kvennasamtök af ýmsu tagi, mannréttindasamtök sem m.a. hafa sent áskoranir til stjórnvalda og haldið af því tilefni 16 daga átak undanfarin tvö ár gegn kynbundnu ofbeldi þar sem þess er krafist að þessi mál fái annan sess og veigameiri en þau hafa haft hingað til hjá ríkisstjórninni. Nokkrir þeirra aðila sem hafa staðið að þessu 16 daga átaki voru fengnir á sínum tíma til að gefa umsögn um þetta frumvarp í hv. allsherjarnefnd. Mig langar til að blaða aðeins í þeim umsögnum, en þær voru, verð ég að segja, afar jákvæðar og tóku vel í hugmyndir sem hér eru settar fram. Þeir sem sendu inn umsagnir voru barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Fangelsismálastofnun ríkisins, Femínistafélag Íslands, barnaverndarnefnd Ísafjarðarbæjar, Kvennakirkjan, Kvenréttindafélag Íslands, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Lögmannafélag Íslands, félagsmálanefnd Mosfellsbæjar, ríkissaksóknari, Stéttafélag íslenskra félagsráðgjafa, Stígamót, Samtök um kvennaathvarf og umboðsmaður barna.

Eins og ég sagði áðan voru umsagnirnar almennt afar jákvæðar í garð frumvarpsins. Nokkrar breytingar voru lagðar til í nokkrum af þessum umsögnum og ég, sem fyrsti flutningsmaður, beitti mér fyrir því að þær voru allar að miklu leyti teknar upp í það frumvarp sem ég nú mæli fyrir, og gleymdi að geta í upphafi máls míns að er flutt af öllum hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem hér sátu 1. október þegar þing kom saman.

Umsögn sú sem ég ætla að leyfa mér að vitna í hér úr ræðustóli Alþingis er frá Stígamótakonum sem fagna því að mál af þessu tagi sé komið fram. Þær segja réttilega að þær hafi óskað eftir því við þingheim síðustu þrjú ár að lögum um nálgunarbann verði fylgt eftir þannig að þau nái líka yfir þá ofbeldismenn sem enn eru í sambúð með þeim konum sem þeir beita ofbeldi. Þó að lög um nálgunarbann séu skref í rétta átt að mati Stígamótakvenna þá telja þær gildi þeirra afar takmarkað þar sem þau nái aðeins yfir þá ofbeldismenn sem beiti ofbeldi utan heimilis síns. Líkamlegt og andlegt ofbeldi gegn konum er oftast framið af sambýlismönnum þeirra sem hingað til hafa verið friðhelgir heima hjá sér. Lausn samfélagsins hefur verið að bjarga konunum og börnunum inn í kvennaathvörfin sem í raun þýðir að friðhelgi heimilisins hefur ekki gilt fyrir sambýlisfólk ofbeldismanna. Slíkt er að mati Stígamótakvenna óviðunandi og því telja þær hugmyndafræðilegt gildi frumvarpsins sem hér er um fjallað afar mikilvægt.

Austurríska frumkvæðið sem frumvarp þetta rekur ættir sínar til, eins og ég gat um áðan, hefur þróast á ákveðinn hátt. Eftir að lögin voru lögleidd í Austurríki varð strax ljóst að ráðgjafarstöðvar um heimilisofbeldi fengu nýjar upplýsingar. Þær fóru að fá upplýsingar frá lögreglunni um brottvikninguna sem lögregla beitti og hafa tekið upp þau vinnubrögð að hafa þá snarlega samband við sambýliskonur ofbeldismannanna og boða þær undantekningarlaust í viðtal við löglærða ráðgjafa. Þeim er boðin fagleg ráðgjöf um þá valmöguleika sem þær eiga kost á. Þær fá upplýsingar um lögfræðilega stöðu sína og um félagsleg úrræði sem eru í boði fyrir þær. Það skal tekið fram að þessar ráðgjafarstöðvar eru reknar af frjálsum félagasamtökum sem vinna í nánu samstarfi við lögregluna. Þar er um að ræða samvinnu milli opinberra aðila og kvennahreyfinganna. En samkvæmt austurrísku leiðinni er inngripið meira en hér er gert ráð fyrir þar sem þessar ráðgjafarstöðvar eru viðbótarúrræði. Nú er það hugmynd hjá Stígamótakonum að Íslendingar ættu að skoða hvort hægt sé að ganga svo langt, það sé í öllu falli umhugsunarefni. Það hefði að vísu kostnað í för með sér að setja upp slíkar ráðgjafarstöðvar, en það gæti orðið árangursríkt.

Í sumar sem leið, að mig minnir, var efnt til ráðstefnu í Háskóla Íslands á vegum UNIFEM um konur og ofbeldi. Einn af gestum þeirrar ráðstefnu var Rosa Logar, einn af hugmyndasmiðum austurrísku leiðarinnar sem getið er um í greinargerð frumvarpsins. Rosa Logar var spurð um hvernig Austurríkismönnum hefði tekist að halda á málum frá því síðast fréttist. Hún nefndi tölur um hvernig málin stæðu hjá Austurríkismönnum núna. Hún lýsti því yfir á ráðstefnunni að á þeim sjö árum sem þá voru liðin frá innleiðingu laganna í Austurríki hefðu 30 þús. úrskurðir fallið á grundvelli laganna, en 30 þús. úrskurðir er talsvert mikið á þeim tíma. Almennt segir Rosa Logar að mikil sátt sé um þessi lög.

Það hefur vakið athygli þeirra sem um þessi mál fjalla í Austurríki, sem var kannað sérstaklega, hve oft einstaklingur þurfti að lúta slíkum úrskurði, þ.e. brottvísun og heimsóknarbanni. Samkvæmt tölum sem Rosa Logar nefndi á ráðstefnu UNIFEM mun það vera í 10% tilvika að ofbeldismaður er gripinn aftur. Austurríkismenn segja að þeir telji þetta fremur lágt hlutfall og benda til að þeir sem einu sinni þurfi að lúta ákvæðum laganna bæti ráð sitt með aðstoð félagsráðgjafa og félagslegra úrræða sem í boði eru í langflestum sveitarfélögum í Austurríki. Menn telja að þetta ákvæði og úrræði hafi gefist afar vel, að komin sé á það löng reynsla og virkilega þess virði að mæla með því.

Rosa Logar sagði okkur á þessari ráðstefnu að ákæruvaldið hefði verið nokkuð lengi að taka við sér, tregt til að byrja að nota úrræðið. En eftir að það var komið í gang og menn sáu að það virkaði þá hefur ekki verið nokkur tregða til staðar hjá ákæruvaldinu. Þeir erfiðleikar sem Rosa Logar segir að Austurríkismenn hafa helst mætt við beitingu þessa úrræðis hafa snúist um umönnun og aðhlynningu þeirra barna sem horft hafa upp á ofbeldið. Því starfi mun hafa verið ábótavant. Það sem Austurríkismenn reyna að betrumbæta núna eru sérstök meðferðarúrræði eða einhvers konar áfallahjálp fyrir börnin. Núna er þeim þætti sinnt á afar athyglisverðan hátt í Austurríki. Þeir eru enn að betrumbæta og fullkomna úrræðið og virkni þess.

Rosa Logar sagði einnig að núna væri nauðsynlegt að skoða sérstaklega stöðu innflytjendakvenna. Það hefur komið í ljós að þær búa við ofbeldi og eiga miklu erfiðara með að sækja sér aðstoð og þá félagslegu þjónustu sem til staðar er í kerfinu en innfæddar austurrískar konur. Það er annar veikleiki sem Austurríkismenn vilja styrkja, þ.e. hvernig úrræðið vinnur með innflytjendakonum. Sérstaklega er rannsakað hvers vegna innflytjendakonur verða frekar fyrir heimilisofbeldi en innfæddar austurrískar konur.

Virðulegi forseti. Við höfum fjallað um heimilisofbeldi oftar en einu sinni á hinu háa Alþingi í vetur. Ég held að

þetta frumvarp gæti verið góð viðbót við þau mál sem til staðar eru í nefndum þingsins núna. Í allsherjarnefnd er frumvarp frá hæstv. dómsmálaráðherra um heimilisofbeldi. Ég hef óskað eftir því við hv. þm. Bjarna Benediktsson, formann allsherjarnefndar, að þetta mál verði skoðað jafnhliða máli hæstv. ráðherra. Ég treysti því að það verði gert í nefndinni. Ég tel að Alþingi Íslendinga eigi að gera allt sem í þess valdi stendur til að vinna gegn því hræðilega böli sem heimilisofbeldi er.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki þörf á að halda mjög langa ræðu um málið þar sem ég hef talað fyrir því oftar en einu sinni áður. Í lokin langar mig samt að fá að vitna í ræðu sem haldin var við táknræna minningarathöfn á Arnarhóli 29. október 2004 í kjölfar þess að Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp afar ámælisverðan dóm í heimilisofbeldismáli. Þar fékk ofbeldismaðurinn afar vægan dóm ef nokkurn. Rök dómsins voru fyrst og fremst þau að eiginkonan, sem varð fyrir ofbeldinu, þ.e. fórnarlambið, hefði reitt mann sinn til reiði. Af því tilefni efndi fjöldi félagasamtaka til táknrænnar minningarathafnar á Arnarhóli þar sem þau jörðuðu misréttið við svartan legstein. Á honum stóð: „Hér hvílir Jóna Jóns. Hún reitti hann til reiði."

Við tækifærið sagði framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International, Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, með leyfi forseta:

„Hingað og ekki lengra, þið berjið ekki fleiri konur.

Við erum hér saman komin til að jarða í eitt skipti fyrir öll það misrétti og ofbeldi sem konur hafa í gegnum tíðina orðið fyrir. Yfirvöldum ber skylda til að tryggja vernd kvenna gegn hvers konar misrétti og ofbeldi. Ef sú vernd er ekki tryggð gerast yfirvöld sek um samþykki."

Ég held að þessi orð Jóhönnu, hæstv. forseti, eigi heima í þessum sal. Ég held að við í þessum sal þurfum að spyrja okkur hvort við ætlum að gerast sek um samþykki. Ég tel að svo verði ekki. Ég tel Alþingi Íslendinga í stakk búið til að taka þannig á málum að það hafi áhrif og tel að við eigum að láta einskis ófreistað til að leiða í lög ákvæði sem geta afmáð þennan smánarblett af íslensku samfélagi. Ég tel að frumvarpið sem ég hef mælt fyrir sé liður í þeirri viðleitni og vegi þungt í baráttunni gegn heimilisofbeldi. Ég treysti því, þegar ég mæli fyrir þessu í þriðja sinn, að það fái náð fyrir augum stjórnarliða. Ég held að fólk átti sig á því að það er útlátalítið í sjálfu sér að leiða þetta í lög. Ég treysti því að málið fái farsælan endi í vetur og jákvæða umfjöllun í allsherjarnefnd.

[17:23]

Útbýting:

Höfundalög, 222. mál, nál. menntmn., þskj. 761; brtt. menntmn., þskj. 762.

Nefndir á vegum ráðuneyta, 521. mál, fsp. JóhS, þskj. 763.

Styrkir til kjörforeldra ættleiddra barna, 522. mál, fsp. HlH, þskj. 764.

[17:23]

Valdimar L. Friðriksson:

Herra forseti. Síðustu orðin í ræðu háttvirts flutningsmanns, Kolbrúnar Halldórsdóttur, voru: Ég vona að þetta frumvarp fái náð fyrir augum stjórnarliða.

Ég verð að segja að mér finnst með ólíkindum að nú á árinu 2006 skuli menn enn reyna að koma í veg fyrir að menn séu að berja mann og annan og þá sérstaklega að eiginmenn og sambýlismenn berji eiginkonur sínar. Mér finnst með ólíkindum að stjórnarliðar skuli ár eftir ár taka þátt í að svæfa mál sem þetta í nefndum. Það er kannski af því að ég er nýliði að ég skil ekki hvað býr að baki. En einhverra hluta vegna virðast stjórnarliðar reyna að svæfa mál, a.m.k. ef þau koma frá stjórnarandstöðu. Það er í raun okkur öllum til skammar.

Varðandi frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum sem dómsmálaráðherra leggur fram þá gengur það að sjálfsögðu alls ekki nógu langt varðandi heimilisofbeldi. Það lýsir helst þeirri íhaldssemi sem virðist ríkja hjá dómsmálaráðherra varðandi breytingar á lögum ef um er að ræða ofbeldi á konum.

Frumvarpið sem hér liggur fyrir er flutt af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, Jóni Bjarnasyni, Steingrími J. Sigfússyni, Hlyni Hallssyni og Ögmundi Jónassyni. Það er löngu tímabært og ég er þeirrar skoðunar að þau eigi heiður skilinn fyrir að bera það upp. Það hefur verið farið vel yfir það í ræðu flutningsmanns. Oft vill þannig til með stjórnarliða, sem ég að vísu verð að viðurkenna að ég sakna núna að séu ekki í salnum núna. Það ýtir undir það sem ég hef verið að segja, þ.e. að þeir virðist engan áhuga hafa á þessum málum. Svo virðist því miður sem stjórnarliðum, herra forseti, sé algjörlega sama um ofbeldi á heimilum, ofbeldi sem konur eru fyrst og fremst beittar. Það kemur fram hér í greinargerð að í 90% tilfella sé um að ræða sambýlismann eða eiginmann, núverandi eða fyrrverandi. Menn vita hvert vandamálið er og þess vegna er frumvarp þetta bráðnauðsynlegt til að taka á því.

Mig langar aðeins að bera örstutt niður í frásögn konu sem lifði við mikið heimilisofbeldi, andlegt, líkamlegt, kynferðislegt, barsmíðar o.s.frv. Það er frásögn Thelmu Ásdísardóttur. Það er alveg öruggt að stjórnarliðar velta fyrir sér hvort þetta vandamál sé til í raun og veru. Væntanlega hafa þeir ekki sjálfir orðið varir við það. Það er með ólíkindum að þrátt fyrir að umræðan sé komin af stað í fjölmiðlum, í lesefni og hjá Stígamótum, þá virðist margur, ég nefni enn og aftur stjórnarliða, ekki trúa því að þetta tíðkist á heimilum á Íslandi, að konur séu beittar andlegu og líkamlegu ofbeldi.

Hvers vegna fer það ekki hátt? Jú, það er m.a. af því að þessar konur eru gjörsamlega niðurbrotnar og geta hreinlega ekki komið þessu frá sér fyrr en langt er um liðið. Þær ná hreinlega ekki að standa uppi í hárinu á mönnunum meðan þetta stendur yfir. En mig langar, með leyfi forseta, að lesa lítinn kafla þar sem Thelma tekur á sig rögg og vill hafa samband við Stígamót til að fá aðstoð, áratugum eftir að hún lenti í þessu mikla heimilisofbeldi.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar ég hringdi í Stígamót til þess að panta viðtal komst ég í svo mikið uppnám um leið og svarað var á hinum enda línunnar að ég brast í grát og skellti á. Þessi viðkvæmni kom mér algjörlega í opna skjöldu. Það liðu nokkrir dagar áður en mér tókst að safna nægum kjarki til að hringja aftur en til allrar hamingju gerði ég það."

Þetta er, herra forseti, frásögn konu af því er hún reif sig loksins upp í að leita sér aðstoðar til að átta sig á því að heimilisofbeldi er ekki henni að kenna. Í þessu tilfelli var það faðir sem beitti bæði börn og eiginkonu ofbeldi en þetta er ein af þeim frásögnum sem ætti að vera skyldulesning hjá öllum í þessum sal til að við áttum okkur á því að heimilisofbeldi er til staðar, bæði barsmíðar og kynferðisleg misnotkun. Talandi um kynferðislega misnotkun þá skilst mér á flutningsmanni að hún hafi borið þetta fram tvisvar áður og þetta hafi verið svæft. Það sama gerðist í fyrra þegar þingmenn úr Samfylkingunni lögðu fram frumvarp um fyrningarákvæði vegna kynferðislegs ofbeldis, þ.e. um að fella fyrningarákvæðin niður. Það var svæft og því miður var eina skýringum sem maður fékk sú að málið hafi komið frá vitlausum aðilum, þ.e. hugmyndin kom ekki frá stjórnarliðum.

Þetta er sorgleg íhaldssemi eða afturhaldssemi. Ég veit ekki hvort það er. En hvernig stendur á því að á 21. öldinni, árið 2006, er enn reynt að byrgja brunninn, minnka líkur á því að heimilisofbeldi sé til staðar. Það er mér gjörsamlega óskiljanlegt. Ég tel að með því að samþykkja þetta frumvarp megi ná góðum árangri í að aðstoða konur sem verða fyrir ofbeldi. Það þarf að vera skýrt að ef þær leiti sér aðstoðar muni þær fá hana og njóta verndar, eins og hér kemur fram varðandi það sem mætti kalla nálgunarbann.

Ég ætla að lokum að grípa niður í síðustu orðin í greinargerðinni. Þar segir:

„Af þeim upplýsingum sem lesa má í ársskýrslu Kvennaathvarfsins sést glöggt hversu alvarlegt ástandið er hér á landi og er skýrslan öll sterk hvatning til stjórnvalda um að halda stöðugt úti markvissu starfi gegn heimilisofbeldi."

Að lokum, herra forseti, vonast ég til að þingið sjái ástæðu til að afgreiða þetta mál og að það verði ekki svæft í nefnd.

[17:31]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða alvarlegt mál og ég held að flutningsmenn eigi þakkir skildar fyrir að vekja athygli á þessu og flytja þetta mál. Vonandi gefst tími til að skoða málið og fara vel yfir það í þeirri nefnd sem því er vísað til. En ég verð að segja alveg eins og er, eftir að hafa hlusta á ræðu hv. þm. Valdimars L. Friðrikssonar, að mér er hreinlega orða vant.

Nú er það svo að við erum ósammála um margt í þessum sal. Þannig er það í stjórnmálum. Ég hef borið aðila sökum þegar mér hefur sýnst svo og gagnrýnt stjórnarandstæðinga og sömuleiðis hef ég gagnrýnt þá aðila sem ég hef unnið með annars staðar, þar sem þeir hafa verið í meiri hluta. En það hefur aldrei hvarflað að mér, virðulegi forseti, og ég efast um að það hvarfli almennt að þingmönnum eða fólki, sama hver það er, hvort það er stjórnarliði eða aðrir, að segja að þeim sé sama um heimilisofbeldi. Sérstaklega þegar um er að ræða ofbeldi á konum.

Nú er alveg sjálfsagt að vekja athygli á góðum málstað og sjálfsagt að berjast fyrir málstað sínum og gagnrýna það sem miður fer en það verða einhvers staðar að vera takmörk. Það að bera menn svona sökum er nokkuð sem gengur allt of langt og ég vonast til að viðkomandi þingmaður útskýri það fyrir okkur í andsvari að hann hafi mismælt sig því ég trúi ekki að hann standi á þeirri skoðun og ætli að hér sé meiri hluti þingmanna sem sé nákvæmlega sama (Forseti hringir.) um ofbeldi hvort sem það tengist konum eða öðrum.

[17:33]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að byrja á að lýsa ánægju með að a.m.k. einn hv. stjórnarliði haft séð ástæðu til að koma hér og taka þátt í umræðunni.

Ég stend við það sem ég sagði. Ég get ekki séð annað en að menn hafi ekki áhuga á að reyna að koma í veg fyrir að taka á heimilisofbeldi þegar menn ár eftir ár svæfa lagabreytingar þess efnis. Það er ekki flóknara en það. Orðin standa.

[17:34]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, þ.e. brottvísun og heimsóknarbann. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir lýsti því ágætlega í inngangi um hvað málið snýst og gat þess reyndar að þetta væri í þriðja skiptið sem málið er lagt fyrir og vonandi að það fái nú skjóta afgreiðslu í allsherjarnefnd. Ég sé reyndar enga ástæðu til annars vegna þess að þær umsagnir sem sendar voru frá hinum ýmsu félögum, stéttarfélögum og samtökum voru almennt mjög jákvæðar og fögnuðu þessu frumvarpi. Hv. þm. Valdimar L. Friðriksson tók undir þetta og ég fagna því og fagna því reyndar einnig að hv. þm. Guðlaugur Þór Þorvaldsson tók undir frumvarpið.

Hér er tekið á mjög alvarlegu máli. Í Austurríki hafa verið sett lög sem hafa reynst mjög vel. Þetta frumvarp tekur mið af norskum og sænskum lögum sem sett voru fyrir þremur árum, árið 2003. Reynslan af þeim hefur verið mjög jákvæð. Í greinargerð segir að heimilt sé að „fjarlægja ofbeldismann af heimili sínu ógni hann öryggi sambýlisfólks síns og er þeirri brottvísun fylgt eftir með nálgunarbanni í tiltekinn tíma. Ofbeldismaðurinn fær upplýsingar um mögulega gististaði utan heimilisins og hjálp til þess að vinna bug á ofbeldishneigð sinni með viðeigandi meðferðarúrræðum og fórnarlömb ofbeldisins fá einnig mikla aðstoð. Þetta mikla stuðningsnet í Austurríki er talið grundvallarforsenda þess hve vel úrræðið hefur gefist þar." Ég tek heils hugar undir þetta og vona að það verði til þess að menn líti þetta mjög jákvæðum augum og horfi til þess hversu vel þetta hefur gefist í þeim löndum sem hér eru nefnd og málið fái skjótan framgang.

Hér er verið að taka á málum á annan hátt en venjulega er gert. Við vitum að það eru konur og börn í flestum tilfellum sem þurfa að leita skjóls hjá Kvennaathvarfi. Ofbeldismaðurinn sjálfur getur hins vegar setið heima eins og ekkert hafi í skorist og verið húsbóndi á sínu heimili áfram og beðið eftir því í flestum tilfellum að konan og börnin komi aftur heim. Hér er hins vegar tekið akkúrat öfugt á málunum og ofbeldismaðurinn er fjarlægður af lögreglunni og honum gefinn kostur á að bæta ráð sitt. Fara í sérstaka

meðferð til að vinna bug á ofbeldishneigð sinni. Það er ánægjulegt að fá þær tölur frá Austurríki sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi að aðeins 10% ofbeldismanna þurfa að fá aftur nálgunarbann á sig. Við þekkjum það hins vegar frá Kvennaathvarfinu að í mjög mörgum tilfellum þurfa konur ítrekað að fara aftur af heimili, yfirgefa heimili, vegna síendurtekins ofbeldis. Hv. þm. Valdimar L. Friðriksson kom einmitt inn á að hversu mikil skref þetta eru og alvarleg sem konurnar þurfa að taka. Þær taka á sig þá ákvörðun að spilla heimilisfriðnum, ef hægt er að tala um frið, en í þessu tilfelli er það hins vegar lögreglan sem tekur ákvörðun. Fjarlægir ofbeldismanninn og gerir hann þar með óvirkan.

Verði þetta frumvarp að lögum er líklegt að upp komist um fleiri heimilisofbeldismál. Við vitum að í heimilisofbeldi erum við bara að sjá toppinn á ísjakanum, því miður. Aukin umræða á síðustu árum hefur hins vegar orðið til þess að fleiri og fleiri mál hafa komið upp og sú umræða hefur verið jákvæð, losað um málið, vegna þess að fyrir nokkrum árum, áratug eða svo, var þetta algjört tabú. Þessi mál voru bara í þagnargildi og tölur frá Kvennaathvarfinu sýna það.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, hefur lýst því yfir í skýrslum sínum að ofbeldi gegn konum séu eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál heimsins, hvorki meira né minna. Þar er nefnt að fleiri konur missi heilsuna af völdum ofbeldis sem rekja má til kynferðis þeirra, en af völdum malaríu, umferðarslysa og hernaðarátaka samanlagt. Það er nú ekkert smávegis. Við skulum líka líta á að heimilisofbeldi felst ekki alltaf í barsmíðum. Það er oft andlegt ofbeldi sem er enn þá alvarlegra og sárara en hið sjáanlega ofbeldi.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi heimsókn Rosu Logar fyrir ári síðan, eða síðasta sumar. En hún kom líka árið 2001 á ráðstefnu sem var haldin í Reykjavík sem hét: Hinir óbifanlegu – ofbeldismenn. Þetta var ráðstefna á vegum samtaka norrænna kvenna gegn ofbeldi. Hún sagði einmitt frá reynslunni af þessum lögum og því að Austurríkismenn fóru að hugsa sinn gang þegar kvennaathvörf í landinu voru orðin samtals 20. Umræðan í landinu var þá þannig að þau væru frekar of fá en hitt. En Rosa Logar segir að lögin í Austurríki hafi orðið til fyrir kraftaverk og hún hælir austurrísku lögreglunni fyrir hversu ötul hún hefur verið að fræða og þjálfa lögregluþjóna sem þurfi að taka á heimilisofbeldi. Maður hefur heyrt sögur frá lögreglumönnum að átakanlegustu störf þeirra eru einmitt þegar þeir koma að heimilisofbeldi. Oft eru þeir þá að skynja að ofbeldi hafi átt sér stað í langan tíma. Við sjáum öll fyrir okkur umferðarslys og annað þess háttar sem hlýtur að taka á lögreglumenn. En þeir segja að þetta sé hins vegar enn þá alvarlegra vegna þess að oft stendur lögreglan og getur í raun og veru lítið gert. En með þessum ákvæðum getur lögreglan tekið af skarið og fjarlægt ofbeldismanninn.

Að sögn Rosu Logar var austurríska lögreglan óvæntur bandamaður í þessari baráttu. Hún viðurkenndi vanmátt sinn gagnvart ofbeldismönnum og þótti skjóta skökku við að þurfa að skipa fórnarlömbum alltaf að yfirgefa heimilið í lögreglufylgd meðan ofbeldismaðurinn sat eftir og gat hreiðrað um sig í sófanum og horft á sjónvarpið. En með þessu lagafrumvarpi er gert ráð fyrir að lögreglan taki húslykilinn af ofbeldismanninum og komi honum í hendur dómara. Reynsla Austurríkismanna er sú að 90% ofbeldismanna samþykkja mótþróalaust af vera fjarlægðir af heimilinu og dæmi eru um að þeir jafnvel þakki lögreglumönnum fyrir að grípa inn í og fyrir að vera fjarlægðir. Eins og ég kom inn á áðan er auðvitað mjög mikilvægt að þessir menn fái líka aðstoð til að vinna bug á ofbeldishneigð sinni.

Ástandið á Íslandi er þannig samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslu Kvennaathvarfsins frá 2002 að komur þangað voru 435 og á bak við þá tölu eru 250 konur. 55 þessara kvenna voru með líkamlega áverka við komuna. Í skýrslunni kemur einnig fram að um 93% kvennanna voru fæddar á Íslandi og 91% gerendanna einnig fæddir á Íslandi, sem sagt í yfirgnæfandi meiri hluta. Yngstu konurnar sem leituðu til athvarfsins voru 16 ára og sú elsta var 71 árs. Við sjáum að þetta á við um alla aldurshópa. Eins og komið var inn á áðan var í flestum tilfellum um eiginmenn eða fyrrverandi eiginmenn eða sambýlismenn að ræða. Árið 2002 dvaldi 41 barn í Kvennaathvarfinu. Það yngsta var fimm mánaða og það elsta 19 ára. 39 þessara barna höfðu verið beitt ofbeldi samkvæmt skráningu athvarfsins. Í langflestum tilfella var ofbeldismaðurinn faðir barnanna eða í 76% tilfella.

Í ársskýrslunni fyrir 2004 blasir við umtalsverð fjölgun. Þar segir, með leyfi forseta:

„Aldrei hafa fleiri konur sótt í Kvennaathvarfið en árið 2004 ef talin eru bæði viðtöl og fjöldi dvalarkvenna. Alls voru skráðar komur í athvarfið 531 en á bak við þessa tölu eru 254 konur. Sumar koma oftar en einu sinni í viðtal og jafnvel dvöl, en meðaltal viðtala á hverja konu eru 2,2."

Eins og komið hefur fram í umræðunni er þetta ekki flokkspólitískt mál þó að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs beri þetta fram og ætti viðtækur stuðningur við málið að nást hér á þingi. Ég vona innilega að það eigi skjóta leið í þriðja skipti í gegnum allsherjarnefnd svo við getum tekið það fyrir á þessu þingi til 2. umr. og að frumvarpið geti orðið að lögum í vor.

[17:47]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka þá umræðu sem hefur orðið um málið og þær undirtektir sem það hefur fengið hér. Ég veit að allir þingmenn bera hag borgaranna fyrir brjósti og við erum öll á svipaðri vegferð í þessum efnum. Við viljum útrýma heimilisofbeldi. Við sem erum hér í þessum sal verðum að gera okkur grein fyrir því að við höfum tæki í höndunum, nýja lagasetningu, sem getur virkað mun betur en þau lög sem við höfum í dag. Þetta frumvarp mælir fyrir um að slíkt tæki verði innleitt.

Nálgunarbannið, eins og við höfum það í lögum í dag, er mjög veikt tæki, veikt úrræði, og virkar ekki sem slíkt vegna þess að þar er það fórnarlambið sjálft sem þarf að beita úrræðinu. Það vita það allir sem vita vilja að fórnarlamb ofbeldis er skiljanlega hrætt við að gera nokkuð það sem gæti reitt ofbeldismanninn til reiði, vegna þess að það er hrætt um að það bitni þá aftur á því sjálfu. Það að fórnarlamb ofbeldis hafi úrræðið í höndum sínum er nánast marklaust og við sjáum það alveg. Það er komin nóg reynsla á nálgunarbannið hér á Íslandi til þess að við vitum að það

þarf öðruvísi úrræði. Þetta er öðruvísi úrræði. Þetta er úrræði sem lögregla ásamt með dómurum hefur í sinni hendi og tryggir í sjálfu sér að konur og börn hætta að verða flóttamenn í eigin landi, tryggir að það verði ekki konurnar og börnin sem tekin eru út af heimilunum og sett í kvennaathvarf heldur verði það ofbeldismaðurinn sem verður tekinn út. Honum er síðan veitt aðstoð og liðsinni við þann vanda sem hann á við að stríða því að vandi heimilisofbeldisins á auðvitað rætur að rekja til vanda ofbeldismannsins. Samfélagsleg skylda okkar hlýtur að vera fólgin í því að rétta honum hjálparhönd til þess að leiða hann út úr ofbeldinu alveg á sama hátt og við reynum að leiða fórnarlömbin út úr ofbeldinu.

Það er því stórt og mikið verkefni sem við eigum fyrir höndum, herra forseti, og ég treysti því að þingmenn láti nú í ljósi vilja sinn og standi við þær yfirlýsingar sem hér hafa verið gefnar um að tekið verði á og við bætum þau úrræði sem við höfum í höndunum. Hingað til höfum við Íslendingar verið að fá athugasemdir frá erlendum skoðunarnefndum eins og mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna frá því í apríl 2005. Við fengum athugasemd frá mannréttindanefndinni um að hér væri ákært í of fáum nauðgunarmálum miðað við fjölda kærðra mála. Í athugasemdunum var sagt að stjórnvöldum bæri að tryggja að alvarleiki nauðgunarbrota væri viðurkenndur með því að láta reyna á fleiri ákærur fyrir dómi. Við höfum líka fengið ábendingar um að heimilisofbeldismál séu ekki meðhöndluð á þann hátt sem ætti að gera fyrir íslenska dómskerfinu. Við skulum taka þessar ábendingar allar alvarlega og taka undir með þeim sem barist hafa fyrir því að úrbætur verði gerðar í þessum málum. Kvennasamtökin sem hafa staðið fyrir 16 daga átakinu oftar en einu sinni, núna í tvígang, hafa gefið tóninn. Þau komu með ábendingar til ríkisstjórnarinnar um aðgerðaáætlun og ríkisstjórnin hefur orðið við þeirri áskorun og er að gera aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi.

Hæstv. dómsmálaráðherra sagði á ráðstefnu sem norrænar konur héldu hér í Reykjavík 2. september 2005 — ráðstefnan fjallaði um ofbeldismennina sérstaklega og spurningin sem varpað var fram í titli ráðstefnunnar var sú hvort Norðurlönd væru griðland fyrir ofbeldismenn.

Hæstv. ráðherra sagði á ráðstefnunni, með leyfi forseta:

„Ég vil ekki að Ísland sé skjól fyrir ofbeldismenn, hvorki á þessu sviði né öðrum, og ef þörf er á sérstökum aðgerðum til að uppræta kynbundið ofbeldi er ekki um annað að ræða en að grípa til þeirra og tryggja þessar lögheimildir.“

Hæstv. forseti. Undir þessi orð vil ég taka og ég vil segja við hæstv. ráðherra og hv. þingmenn hér í þessum sal, jafnt stjórnarliða sem aðra: Förum nú með gunnfánann hátt, berum hann hátt. Notum þau tæki sem við höfum. Ef við þurfum að tryggja lögheimildir, sem er búið að leiða í ljós, þá skulum við gera það. Ein lögheimildin er fólgin í því frumvarpi sem hér hefur verið rætt um.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 56. mál. — Þskj. 56.

[17:52]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Hingað er ég mætt öðru sinni í dag með mál af allt öðrum toga. Nú ætla ég að mæla fyrir þingsályktunartillögu, sem ég hef reyndar mælt fyrir áður líka, um stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar. Þessi tillaga er flutt af þingmönnum sem eiga sæti í umhverfisnefnd — ég verð að biðja starfsmenn þingsins að hjálpa mér, ég sé að ég er með þingskjalið frá því í fyrra, og rétta mér tillöguna eins og hún er á gildandi þingskjali, sem er nr. 56. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn umhverfisnefndar Alþingis: Dagný Jónsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson. Það er sem sagt einn úr hverjum flokki þannig að ég hefði haldið að hér værum við með mál í höndunum sem gulltryggt væri að kæmist í gegn á þessu þingi. Ég ætla að hefja mál mitt á því að segja að ég óska svo sannarlega að þær vonir mínar rætist.

Hér er um að ræða tillögu þar sem gert er ráð fyrir því að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd með fulltrúum samgönguráðuneytis, umhverfisráðuneytis, Vegagerðarinnar, Umferðarstofu, Samtaka sveitarfélaga og samtaka hjólreiðafólks. Hlutverk nefndarinnar yrði að undirbúa áætlun og lagabreytingar sem geri ráð fyrir hjólreiðum sem viðurkenndum og fullgildum kosti í samgöngumálum. Hjólreiðabrautir verði samkvæmt tillögunni sérstaklega skilgreindar og þeim fundinn staður í vegalögum auk þess sem kveðið verði á um ábyrgð eða þátttöku ríkisvaldsins í gerð þeirra. Þannig verði komið upp sérstöku stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar sem ríkisvaldið sjái um eða taki þátt í að kosta í samstarfi við sveitarfélögin. Hjólreiðabrautakerfið skuli tengja saman þéttbýlisstaði og hjólreiðastíga einstakra sveitarfélaga við þjóðvegakerfið. Einnig skuli gert ráð fyrir stofnbrautum gegnum þéttbýlisstaði með svipuðu fyrirkomulagi og gildir um þjóðvegi í þéttbýli.

Síðan er hér lokamálsgrein tillögunnar um að samgönguráðherra leggi fyrir Alþingi frumvarp í samræmi við niðurstöður nefndarinnar eigi síðar en ári eftir samþykkt tillögunnar.

Ef við gerum ráð fyrir því að tillagan verði samþykkt hér í vor þá held ég að hjólreiðamenn geti farið að hlakka til að frumvarp á grundvelli hennar verði þá mögulega lagt fram vorið 2007.

Eins og fram kom í máli mínu áðan hef ég lagt þessa tillögu fram áður með öðrum þingmönnum. Nokkur fjöldi þingmanna hefur nú þegar komið að því að flytja þetta mál með mér. Við höfum líka sent það út til umsagnar. Það voru einir ellefu aðilar sem sendu okkur umsagnir á sínum tíma um tillöguna. Það var Árvekni, átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga, það var Eyþing, Hjólreiðafélag Reykjavíkur, Íslenski fjallahjólaklúbburinn, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Landssamtök hjólreiðamanna, Landvernd, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Umferðarráð og Umferðarstofa. Allir hafa þessir aðilar sent inn umsagnir og þær voru vægast sagt, herra forseti, afar jákvæðar. Lýst var öflugum stuðningi við efni tillögunnar, auk þess sem fróðlegar upp-

lýsingar komu fram í umsögnunum, t.d. í umsögn Landssamtaka hjólreiðamanna og Íslenska fjallahjólaklúbbsins, en þessi samtök hafa verið iðin við að skrifa um málefnið. Tillagan hefur fengið stuðning í blaðagreinum. Fjallað hefur verið um hana í Hjólhestinum, fréttabréfi Íslenska fjallahjólaklúbbsins, og við höfum mátt lesa fróðleik frá Landssamtökum hjólreiðamanna t.d. í athugasemdum sem okkur hafa borist hér á Alþingi við umferðaröryggisáætlunina sem við samþykktum og á að gilda frá 2002–2012.

Mér finnst mikilvægt að það komi fram hér, eins og sagt er í greinargerð, að þessi tillaga styðst við hugmyndafræði um sjálfbærar samgöngur en slík hugmyndafræði byggist á því að samgöngur taki mið af markmiðum um sjálfbæra þróun, og að við alla áætlunargerð sé meginhersla lögð á að leita leiða til að halda neikvæðum þáttum samgangna í lágmarki.

Nú vitum við sem búum hér í borginni að þeir gerast æ fleiri dagarnir á hverju ári þar sem svifryksmengun er yfir leyfilegum mörkum, þ.e. yfir mörkum sem heilsufar einstaklinga er talið þola. Það er því algjörlega ljóst að við verðum að grípa til einhverra aðgerða. Ef okkur tekst að fjölga hjólandi vegfarendum í umferðinni verður það til þess að draga úr svifryksmenguninni og þar með að auka loftgæði allra borgarbúa. Við erum jú sú höfuðborg á norðurhveli jarðar sem státar sig af hreinu lofti, en það er þannig að loftgæðin hér í Reykjavíkurborg eru í vetrarstillum yfir hættumörkum. Þessu verðum við að breyta og það er sameiginleg ábyrgð okkar að það verði gert. Ég tel best að gera það með því að opna leiðir fyrir hjólreiðafólk svo hægt sé að nota hjólið sem samgöngutæki en ekki einvörðungu sem útivistartæki eins og nú er. Við vitum öll að Reykjavíkurborg og reyndar sveitarfélögin hér í nágrenninu hafa verið að leggja útivistarstíga sem ekki eru endilega til þess fallnir að hjólreiðafólk geti valið sér stystu mögulegu leið á milli staða a og b. Hjólreiðastígarnir liggja jafngjarnan í úthverfum eða útjaðri sveitarfélaganna en eru ekki samhliða umferðaræðum t.d. Ef við eigum að gera hjólreiðafólki það kleift að nýta samgöngutækið sem það kýs sér á eins skilvirkan hátt og mögulegt er verðum við að heimila fólki að fara stystu leiðir á milli staða.

Hjólreiðafólk á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig átt við þann vanda að glíma að þéttbýlisstaðirnir hér á svæðinu eru ekki tengdir með hjólastígum. Það er á ábyrgð ríkisvaldsins að stofnbrautir séu lagðar í gegnum þéttbýlisstaði og við höfum skilgreindar stofnbrautir í þéttbýli hér á höfuðborgarsvæðinu en þess hefur ekki verið gætt að hjólreiðastígar eða hjólreiðabrautir fylgdu þeim stofnbrautum. Ef stjórnvöld meina eitthvað með þeim yfirlýsingum sem fram koma í gildandi samgönguáætlun um það að auka beri hlut sjálfbærra samgangna í kerfinu sem heild verðum við að gera hér bragarbót, það er alveg ljóst. Sú bragarbót felst í því að búa til stofnbrautakerfi sem gerir líka ráð fyrir hjólinu.

Eins og lesa má í þessari greinargerð, forseti, og ég hef svo sem vikið að hér í ræðum oftar en einu sinni áður, er ljóst að við Íslendingar erum eftirbátar nágrannaþjóða okkar í þessum efnum. Norðurlandaþjóðirnar hafa staðið sig mjög vel í því að gera hjólið að gildandi samgöngutæki í umferðinni. Þær hafa skapað samfelld grunnkerfi fyrir hjólreiðarnar sínar. Þetta er til fyrirmyndar og þarna eru módel sem er auðvelt að horfa til og líta á með tilliti til eftirbreytni.

Þess má geta að samgönguráðherrar í Evrópusambandsríkjunum hafa samþykkt áætlun sem miðar að því að tekið verði tillit til sjónarmiða umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar í stefnu í samgöngumálum almennt. Einnig má geta þess að almenningssamgöngurnar — sem við höfum svo sem ekki getað innleitt hér í þeim mæli sem ég hefði óskað, og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum gjarnan talað fyrir — eru einn hluti í þessu samgöngukerfi sem við þurfum líka að taka til alvarlegrar skoðunar. Auðvitað þarf að leggja áherslu á fjölþættar og samsettar samgöngur í borgum. Okkur ber skylda til samkvæmt alþjóðlegum samningum að tryggja að samgönguhættir okkar mengi minna en þeir hafa gert hingað til þannig að hér er kjörið tækifæri. Setjum hjólreiðastígana í vegalögin, gerum hjólreiðarnar að alvöru valkosti og tryggjum loftgæði þeirra borgarbúa sem um göturnar fara á þann hátt að við aukum vægi hjólsins í umferðinni.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengra mál um þessa tillögu hér og nú. Ég ítreka að ég hef fengið afar jákvæð viðbrögð við henni og við flutningsmenn hennar, m.a. á umhverfisþingi hæstv. umhverfisráðherra sem haldið var fyrir ekki margt löngu hér í Reykjavík. Ég treysti því að nú sé jarðvegurinn frjór og lítið annað að gera en að samþykkja þetta. Ég treysti því að unnin verði áætlun um það hvernig við komum hjólreiðastígunum okkar inn í vegalög svo að tryggja megi að ábyrgðin af því að slíkar hjólreiðabrautir verði lagðar sé á herðum ríkisvaldsins, og síðan geta sveitarfélögin með öflugum hætti prjónað sína stíga saman við það kerfi sem þannig yrði til.

[18:02]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar. Það er afar ánægjulegt að þetta mál sé á dagskrá og ég tek undir með hv. 1. flutningsmanni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, að vonandi er jarðvegur núna fyrir því að málið fari hratt í gegn. Enda ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að nú verði skipuð nefnd til að undirbúa áætlun um lagabreytingar sem gerir ráð fyrir hjólreiðum sem viðurkenndum og fullgildum kosti í samgöngumálum. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fór einmitt vel yfir það áðan að búið er að fá umsagnir frá félagasamtökum og aðilum sem tengjast þessu, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Landvernd, Umferðarráði, Landsbjörgu og Umferðarstofu og fleirum. Umsagnirnar voru afar jákvæðar og lýstu yfir öflugum stuðningi við efni tillögunnar. Auk þess hefur verið tekið tillit til fróðlegra upplýsinga sem komu frá t.d. Landssamtökum hjólreiðamanna og Íslenska fjallahjólaklúbbnum.

Mikil vakning hefur verið hér á landi á síðustu árum í hjólreiðum. Hjólreiðafólki og hjólum hefur fjölgað mjög mikið. Það er ánægjulegt. Hluti af hjólreiðafólki lítur fyrst og fremst á þetta sem útivistartæki, fyrir líkamsrækt og íþróttir. En sá hópur sem lítur á þetta sem samgöngutæki er alltaf að stækka. Ef stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar kæmist á má leiða líkur að því að þeir sem munu nota reiðhjólið

sem alvörusamgöngutæki muni fjölga mjög.

Við höfum dæmi um það frá löndum eins og Hollandi og Danmörku þar sem sýn okkar af landinu er þannig að mjög margir nota reiðhjólið sem góðan flutningsmáta. Ég þekki það frá Þýskalandi, þar sem ég var búsettur í átta ár, að fjölmargir þar nota reiðhjól og það fer ekki endilega eftir veðurfari eða landslagi. Margir halda að reiðhjól geti aldrei orðið alvörusamgöngumáti vegna þess að hér sé vindasamt og rigning eða brekkur miklar. Í rauninni eru það engar hömlur gagnvart reiðhjólum í dag og gildir að búa sig vel og almennilega. Reyndar er það svo að í mörgum borgum er kostur að hafa reiðhjólið. Maður kemst hraðar á milli staða á reiðhjólinu en með bíl, t.d. á háannatímum, vegna þess að leiðirnar eru oft styttri. Miklu einfaldara er að gera reiðhjólastíga í undirgöngum en meðfram heilu götunum og mörg dæmi eru um að hægt sé að fara styttri og einfaldari leiðir á reiðhjólunum. Þetta er einnig ódýrara í sambandi við uppbyggingu vegakerfisins.

Talað hefur verið um að flutningur um göturnar sé að aukast, en umrætt stofnbrautakerfi gæti verið liður í að draga úr notkun einkabílanna. Ég sé það fyrir mér að fólki gæti fjölgað mjög sem fer að hjóla til vinnu. Við sjáum bara hvað hefur gerst hérna sem betur fer á síðustu árum innan höfuðborgarsvæðisins. En betur má ef duga skal. Það er vissulega kominn vísir að hjólreiðaleiðum sem stytta leiðir og gera hlutina einfaldari. En það vantar heildstæða sýn í þessum málum. Það vantar að sveitarfélögin vinni saman og ríkið komi með það á dagskrá að Vegagerðin taki mið af hjólreiðamönnum nákvæmlega eins og allt er nú miðað við bíla.

Ég held að þetta sé þróun sem við getum ýtt á eftir og tekið þátt í að skapa. Að hjólreiðar verði viðurkenndur og fullgildur kostur í samgöngumálum og, eins og segir í greinargerð, að fyrst þá verður stefnan á sjálfbærar samgöngur trúverðug.

[18:08]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum sem hér hafa talað, hv. þingmönnum, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Hlyni Hallssyni, sem hafa flutt ágætisræður. Ég vonast samt til að sá ágæti þingmaður, Hlynur Hallsson, fari að muna hvað ég heiti þegar fram líða stundir en hann hefur tilhneigingu til að fara rangt með föðurnafn mitt. Ég í það minnsta hafði ekki hugmynd um að ég væri Þorvaldsson fyrr en hv. þingmaður upplýsti það áðan. Ég býst fastlega við því að hann hafi þá eitthvað ruglast á mér og ágætismanni sem var áberandi í þjóðlífinu fyrir nokkrum áratugum. Sem er nú synd, vegna þess að ég var í menntaskóla með hv. þm. Hlyni Hallssyni og mér finnst að hann eigi að muna nafnið mitt. En það kemur örugglega þegar fram líða stundir.

En hvað sem því líður, það er ekki efni máls heldur er ánægjulegt að sjá þessa þingsályktunartillögu þar sem 1. flutningsmaður er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir en meðflutningsmenn eru hv. þingmenn Dagný Jónsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson. Ég held ég fari alveg rétt með að þetta eru þingmenn úr öllum flokkum sem eru á Alþingi. Enda er málið þess eðlis að góð sátt ætti að vera um að reyna að efla hjólreiðar í landinu og sem betur fer hefur það þróast í rétta átt. Það er að vísu mjög langt síðan menn lögðu hjólreiðastíga hér í Reykjavík og ég held ég fari rétt með að það sé fyrsta sveitarfélagið sem lagði hjólreiðastíga. Það var í borgarstjóratíð Davíðs Oddssonar. Ég held að pólitísk samstaða hafi verið um það þá. Síðan hefur verið unnið myndarlega að því að leggja hjólreiðastíga og göngustíga víðs vegar um borgina. Það eru ekki rosalega mörg ár síðan, rúmlega tíu ár, eitthvað slíkt, að ríkið fór að setja brýr. Það var held ég þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, sem var í forsvari fyrir því að fyrstu brýrnar yfir umferðaræðar voru settar í Reykjavíkurborg. Það gerir að verkum að hægt er að hjóla á milli flestra svæða innan borgarinnar. En það er alveg hárrétt sem kom fram hjá öðrum hvorum alþingismanninum sem hér talaði á undan, ég held að það hafi verið hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, að ekki er alltaf um stystu leiðir á milli staða að ræða. Það er auðvitað mjög óhentugt vegna þess að það eru miklir möguleikar að vera með mjög stuttar reiðhjólaleiðir innan borgarinnar, ef vilji er fyrir hendi. Það hefur vantað upp á að menn klári þetta verkefni og gangi þannig frá að við séum með hjólreiðastíga sem gera það að verkum að hægt sé að koma úr íbúðahverfunum til helstu vinnustaða, eins og hérna í miðborginni, á sem stystum tíma. En svo sannarlega er mjög mikið af glæsilegum göngu- og hjólreiðastígum. Og þeir eru það mikið notaðir sumir að ég held að það veitti jafnvel ekkert af því að tvöfalda þá. Því þegar fólk er með barnavagna, á hjólum, gangandi og annað slíkt, þá eru þeir fljótir að fyllast.

Einn borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, Jórunn Frímannsdóttir, hefur flutt fyrir okkur sjálfstæðismenn í borgarstjórn tillögu í umhverfisráði borgarinnar, sem ég held að því miður að hafi ekki verið fylgt eftir, að þetta verði samræmt á milli sveitarfélaga, þ.e. göngustígarnir. Því önnur sveitarfélög hafa gengið á eftir og eru svo sannarlega komin með nokkuð góða hjóla- og göngustíga. En það vantar upp á að þarna sé samræmt á milli og ég held að þetta verkefni á höfuðborgarsvæðinu sé tiltölulega einfalt.

En við eigum að sjálfsögðu að setja markið hærra. Því eins og kom fram hjá hv. þm. Hlyni Hallssyni sem vísaði í reynslu sína frá öðrum löndum, frá Þýskalandi held ég að það hafi verið, að þrátt fyrir að við búum við öðruvísi veðurfar en aðrar þjóðir er þetta svo sannarlega valkostur fyrir mjög marga. Það er æskilegt þegar við erum með ógnir, sérstaklega vegna hreyfingarleysis og þess háttar, að við sköpum aðstöðu fyrir fólk að geta notað reiðhjólið. Það er til fólk sem notar reiðhjól til og frá vinnu. Sem betur fer er þróun í jákvæða átt hvað það varðar. En það sem vantar upp á er að okkur vantar aðstöðu á mörgum vinnustöðum þar sem fólk getur skipt um föt og farið í sturtu og annað slíkt. Því það er auðvitað forsenda ef fólk ætlar að hjóla í vinnuna. Við sjáum það bara með þennan vinnustað hér að þó að við búum svo vel að hafa slíka aðstöðu, þá held ég ekki að mörg okkar notfæri sér það, því miður. En sé nú strax á svipbrigðum hér í salnum að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er ein af þeim sem eru til fyrirmyndar í þessum málum og hefur nýtt sér aðstöðuna og er það vel. Og megum við hin taka það upp eftir hv. þingmanni.

Það er meira að segja svo, og ég hef séð það, að vagnar

eru dregnir á eftir hjólinu, ég hef að vísu ekki notað það beint sjálfur. Ég hef hjólað mikið með fjölskyldunni, þ.e. með yngri börnin aftan á sértilgerðum stólum. En það er líka til og fer í vöxt að vagnar eru dregnir á eftir hjólinu, sem ég hef ekki prófað sjálfur. En það sem ég er að reyna að segja eða leggja áherslu á er að þetta er til líka þrátt fyrir að maður beri fyrir sig að einungis sé hægt að fara á milli staða með fjölskylduna í bílum, þá er það ekki svo. Það er margt fólk sem notfærir sér þetta, alveg sama á hvaða aldri börnin eru. Þau geta að sjálfsögðu hjólað sjálf ef þau eru komin á ákveðinn aldur en ef þau eru yngri eru til alls konar aðferðir til að þau geti farið um með mjög öruggum hætti.

Aðalatriðið í mínum huga er að við notum allar leiðir til að sjá til þess að þetta verði raunhæfir valkostir. Einn er sá að hjóla innan höfuðborgarsvæðisins, en vonandi í nánustu framtíð og það er kannski kominn vísir að því, getum við hjólað á milli annarra staða líka. Því það er alveg frábær leið til að fara um landið á reiðhjóli. Það er algjörlega frábær leið. En það getur verið hættulegt að fara hér eftir þjóðvegakerfinu. Auðvitað er það hægt og eru það helst útlendingar sem gera það. En það hlýtur að vera mjög hættulegt og ekki kannski besta leiðin til þess ef menn ætla að fara á reiðhjólum á annað borð.

Það hefur oft verið sagt að skemmtilegasta leiðin til að ferðast um landið sé á hesti, og ég get tekið undir það. Það er mjög skemmtilegt. En svo sannarlega eiga reiðhjól líka að vera valkostur hvað þetta varðar. Þó svo að við séum ekki að fara að stíga þau skref að gera hjólreiðabraut með hringveginum þá eigum við að vinna jafnt og þétt að því. Þess vegna líst mér vel á þessa tillögu til þingsályktunar og vona að hún fái skjóta og góða afgreiðslu og við fáum góða niðurstöðu þar. Ég sagði það á umhverfisþinginu og stend enn þá við það, ég held að það sé markmið í sjálfu sér að við sköpum þjóðfélag þar sem hjólreiðar, eins og önnur útivist, sé raunverulegur valkostur. Því fleiri sem nýta sér reiðhjólið þeim mun betra og ég óska hv. flutningsmönnum til hamingju með þessa ágætu þingsályktunartillögu.

[18:16]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég vil bara þakka þessa umræðu og sérstaklega vil ég þakka hv. formanni umhverfisnefndar Alþingis fyrir þau orð sem hann lét hér falla. Því ég tel að þar með sé umhverfisnefnd Alþingis svo gott sem sameinuð á bak við þessa tillögu. En umfjöllun um hana fer auðvitað fram í samgöngunefnd Alþingis. Svo ég treysti því að umhverfisnefndin standi saman og hnippi hraustlega í samgöngunefnd til að málið fái jákvæða afgreiðslu þar og góða framgöngu.

Ég tel afar mikilvægt að hafa þau meðmæli sem hér hafa fengist frá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, í þeim efnum. Ég vil taka undir með honum, það er nauðsynlegt fyrir okkur alþingismenn að nota þær leiðir sem við höfum til að hjólreiðar verði raunhæfur valkostur í samgöngumálum. Við höfum orðið vitni að því að hér í Reykjavík er verið að bæta við umferðarmannvirkjum á hverju einasta ári sem ekki eru til þess fallin að hleypa hjólreiðafólki um. Nú átti í skipulagskösinni hér niðri í Vatnsmýri, þar sem Hringbrautin hefur verið sett niður af því hún var flutt, þá átti að leysa mál hjólreiðamanna með glæsibrag. Og hvernig var það gert? Með því að byggja stórar og miklar brýr yfir göturnar. Þær eru þannig hannaðar að maður þarf að hjóla um það bil einn kílómetra í vitlausa átt áður en maður kemur inn á brúna sem leiðir mann yfir götuna. Svo fer maður annan kílómetra í vitlausa átt þegar maður fer út af brúnni. Þannig að við Reykvíkingar stöndum hér og störum á þetta fyrirbæri í Vatnsmýrinni sem á að vera til að leysa vandræði hjólreiðafólks á þessum stóru og erfiðu gatnamótum. En þá er það gert á þann hátt að það virðist ekki vera skilningur á því að hjólreiðafólk þarf líka að komast á skömmum tíma frá einum stað til annars. En ekki að vera hjóla eilífar rósir og krúsidúllur. Ég held að við eigum langt í land með að skilja þarfir hjólreiðafólks og að viðurkenna hvað það er sem þarf í umferðarmannvirkin svo hjólin eigi þar greiðan aðgang og til hægt sé að nýta hjólin sem samgöngutæki.

Ég get talað fyrir því hér af því ég hef reynt það, ég bý reyndar ekki langt frá miðbænum, en ég nota hjólið sem samgöngutæki. Ég hjóla hér stærstan hluta ársins til og frá vinnu. Það er ekki bara heilsubót að því í líkamlegum skilningi eins og getið var um í ræðu hv. þm. Guðlaugs Þór Þórðarsonar, heldur er það ekki síður andlega upplífgandi að hjóla, anda að sér fersku lofti, vera í sambandi við fólkið sem maður mætir á götunni, hitta aðra hjólandi vegfarendur sem ævinlega eru brosandi á hjólum sínum, þannig að þetta hefur verulega jákvæð áhrif. Ég held að við eigum að sameinast í svona átaki, efla bæði geðheilsu okkar og líkamlega heilsu með því að fjölmenna á hjólin og sjá til að umferðarmannvirki okkar séu þannig hönnuð að hjólin eigi greiða leið um samgöngukerfið.

Að þessari umræðu lokinni, hæstv. forseti, óska ég eftir að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisendurskoðun, 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 60. mál (útboð endurskoðunar). — Þskj. 60.

[18:19]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Þetta mál á það sammerkt með mörgum góðum málum að það er búið að flytja það hér áður, þetta er eitthvað sem við megum lifa með varðandi þingmannamál og við sem hér erum inni þekkjum vel að það tekur svolítinn tíma að koma þeim í gegn.

En þetta, virðulegi forseti, er frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Sá sem hér stendur er flutningsmaður ásamt hv. þm. Birgi Ármannssyni, Bjarna Benediktssyni, Sigurði Kára Kristjánssyni og Gunnari Örlygssyni.

Í örstuttu máli felst þetta mál, því það þarf ekki að hafa mörg orð um það, í að við erum með prýðisstofnun sem heitir Ríkisendurskoðun sem hefur sinnt mörgum góðum verkefnum og gert það vel. Það er hins vegar svo að fyrir

utan að sinna því sem við getum kallað svona innri endurskoðun, þ.e. að taka alls konar úttektir og skoða mál frá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins, þá í ofanálag hefur hún séð um endurskoðun reikninga ýmissa stofnana á vegum hins opinbera. Það má færa full rök fyrir því að þetta fari ekki alltaf saman. Í það minnsta er það algjörlega ljóst, og klippt og skorið, að þetta getur auðveldlega verið á höndum þessara hefðbundnu endurskoðunarstofa sem eru víðs vegar um landið og við eigum prýðis endurskoðendur og starfsfólk í þeim fyrirtækjum sem geta auðveldlega sinnt þessum verkefnum.

Það er nú bara einfaldlega lífsskoðun mín að ég tel að hið opinbera eigi að gera lítið og eigi að gera það vel, en ekki margt og illa. Nú er ég ekki að halda fram að þessi ágæta stofnun Ríkisendurskoðun hafi gert neitt illa og þetta er engin gagnrýni á hana. En það er algjörlega augljóst að það er mjög auðvelt að vera með þessa þjónustu úti á markaðnum, bjóða hana út og leyfa þessum ágætu fyrirtækjum sem starfa þar að keppa um þessi verkefni og slík samkeppni er ekkert annað en góðar fréttir fyrir okkur skattgreiðendur.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki hafa þetta neitt lengra, ég vil leggja til þegar þessari umræðu er lokið að þessu ágæta máli verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar til nánari umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Djúpborun á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. MÁ o.fl., 61. mál. — Þskj. 61.

[18:23]

Flm. (Mörður Árnason):

Forseti. Tillaga okkar til þingsályktunar sem hér er til umræðu, hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur, Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, Jóhanns Ársælssonar og mín, er til þess ætluð að iðnaðarráðherra semji sérstaka áætlun um hvernig megi ljúka verkefni sem nú er í gangi og heitir Djúpborun á Íslandi á 5–10 árum, að því ljúki árið 2011–2016 í staðinn fyrir þau verklok sem nú eru áætluð, vegna fjármagns og annars, eftir 15 ár og er þar þá nefnd tala sem ekki er örugg. Í þessari áætlun viljum við að gerð verði grein fyrir fjármagni sem til þessa þyrfti og hversu mikið fé er líklegt að leggja þyrfti til þessa í fjárlögum. Við viljum að áætlunin sé samin í samráði við forsvarsmenn verkefnisins en líka óháða sérfræðinga svo allrar varúðar sé gætt. Og hér í tillögunni, sem lögð var fram fyrstu dagana í október, er gert ráð fyrir að ráðherrann kynni þessa áætlun fyrir Alþingi í formi skýrslu eða frumvarps á vorþinginu 2006. Það vorþing stendur reyndar yfir nú. En með hröðum höndum mætti gera þetta enn þá. Ég sé enga ástæðu til að breyta því hér við fyrri umræðu að minnsta kosti að það verði gert núna á þessu þingi.

Það er svo — og hefur kannski ekki vakið nægilega athygli á okkar miklu umræðutímum orku, umhverfisverndar, virkjana, stóriðju og fleira því viðkomandi — að tækniframfarir gætu verið að skapa nýja vídd í orkumálum hér á Íslandi. Ef vonir manna um þessa djúpborun, eins og kölluð er, ganga eftir, mætti vinna um þrisvar til fimm sinnum meiri orku úr háhitasvæðum okkar en menn hafa hingað til talið gerlegt. Þetta eru auðvitað straumhvörf og gæti, ef rétt er á haldið, fært okkur nær viðunandi málamiðlun milli orkunýtingarsjónarmiða og náttúruverndarsjónarmiða en útlit hefur verið fyrir um hríð. Ef þetta gengi eftir yrðu jarðvarmavirkjanirnar mun vistvænni en nú er miðað við orkuöflunargetu þar sem miklu meiri orka fengist úr hverri borholu en núna. Jarðvarmavirkjanirnar yrðu mun hagkvæmari kostur til orkuframleiðslu á Íslandi en nú er, miðað við vatnsaflsvirkjanir, og sennilegt að menn mundu miklu fremur horfa til þeirra en til vatnsaflsvirkjana af þeirri gerð sem við erum vönust nú á síðari tímum vegna þess að umhverfisraskið yrði miklum mun minna.

Þessu rannsóknarverkefni, Djúpborun á Íslandi, var hrundið úr vör árið 2000, fyrir fimm árum og þrjú helstu orkufyrirtæki landsins standa að því, þ.e. Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur í samráði við Orkustofnun og sérfræðinga hennar, þar af er einn af þáverandi sérfræðingum hennar, Guðmundur Ómar Friðleifsson jarðfræðingur, sem getur talist vera fremstur meðal jafningja af frumkvæðismönnum að þessu verkefni.

Verkefnið er nú komið á fullt skrið og fyrsta tilraunaholan er í gangi á Reykjanesi, hola nr. 17, sem svo heitir. Þegar ég hringdi í dag í Guðmund Ómar Friðleifsson til að spyrja frétta þá sat hann í bornum yfir holu 17 og sagði þær ágætu fréttir að Hitaveita Suðurnesja væri nú að dýpka holuna og að hreinsa úr henni svarf eftir blástur sem kom úr holunni í nóvember. Hún er orðin rúmlega þriggja kílómetra djúp og stendur til að dýpka hana enn þá meira ef hún verður notuð sem fyrsta tilraunaholan. En það er ekki komið á hreint því það þarf að gera frekari mælingar. Og mælingar í þessu verkefni eru í rauninni allar tilraunir í sjálfu sér því þær aðstæður sem þarna eru fyrir hendi hafa ekki komið upp á öðrum stöðum í heiminum.

Verkefnið sjálft felst í því að skera úr um hvort hægt sé að bora miklu dýpri holur eftir jarðhitavatni en nú er. Nú eru venjulegar háhitaholur um tveggja kílómetra djúpar, með tilbrigðum, en hér er um að ræða fjögurra til fimm kílómetra djúpar holur og vatnið sem á að ná er mjög sérstætt jarðhitavatn. Ef kalla má það vatn yfirhöfuð, því það er vatn í svokölluðu yfirmarksástandi eða í hætnu ástandi, sem einnig er kallað krítískt ástand, í rótum háhitasvæðanna, 400–600 gráða heitt. (Gripið fram í.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson óskaði eftir efnafræðilegum fyrirlestri. Ég kem kannski í lokin að efnafræðinni í þessu sem væri fróðlegt fyrir hv. þingmann að vita meira um. En vatnið sem má ná í þessu yfirmarksástandi er þannig að það verður að taka það upp sem slíkt og þess vegna þurfa þetta að vera sérstakar holur aðeins til þessara nota því það má ekki blandast vatninu sem ofar er, hinu venjulega jarðhitavatni sem er í forminu gufa og vatn, skiptir sér í þau form. En hér er um að ræða hætið ástand vatns, svokallað krítískt ástand, þannig að ég endurtaki það fyrir þingmanninn og má einna helst lýsa því þannig að það sé í eins konar gasfasa sem líffræðingar og raunvísindamenn hér í salnum væntanlega skilja.

Þess vegna þarf að stálfóðra holurnar niður á þetta æski-

lega dýpi og hafa meira við þær en venjulegar holur. Djúphola af þessu tagi er talin geta gefið allt að tífalt afl venjulegrar holu, líklega allt að 50 megavöttum í stað þess að venjuleg hola nú gefur fjögur til fimm megavött. Eins og áður segir kynni að vera unnt að vinna þrisvar til fimm sinnum meiri orku en núna úr hverju háhitasvæði sem tekið er til virkjunar. Það er alveg gríðarlega mikilvægt. Nefna má það dæmi að Hellisheiðin öll mun nokkurn veginn jafngilda sjálfri Kárahnjúkavirkjun sem við höfum rifist hvað mest um hér að undanförnu. Ef háhitasvæði af þessu tagi gæti verið þrjár eða fimm Kárahnjúkavirkjanir er hætt við því að afkomendur okkar og kannski bara hinar yngri kynslóðir sem nú lifa eigi eftir að klóra sér í kollinum og velta því fyrir sér af hverju farið var út í jafnumdeilda framkvæmd og Kárahnjúkavirkjun var og er á þröskuldi þessarar nýju tæknibyltingar.

Forathugun þessa verkefnis stóð árin 2001–2003 og lauk með ítarlegri skýrslu. Áformað er að bora alls þrjár tilraunaholur og hin fyrsta þeirra, RN-17, er núna í góðum gangi. Þess er vænst að hinar holurnar tvær verði á Hengilssvæðinu og við Kröflu. Önnur yrði framlag Orkuveitunnar og hin framlag Landsvirkjunar ef allt fer sem horfir. Talað er um að það kunni að líða 15 ár þangað til hægt er að skera úr um það hvort þetta verkefni gengur upp eða ekki. Hins vegar gæti það þess vegna orðið strax við fyrstu borun í holunni RN-17 vegna þess að verkefnið á þessu stigi gengur út á að athuga hvort þetta sé hægt og hvað þurfi til. Því er ekki víst að svo langur tími líði. En með meira fjármagni væri hægt að hraða boruninni, þ.e. ekki kannski hverri holu um sig, en það væri hægt að bora þær jafnvel á sama tíma eða hverja á eftir annarri þannig að við gætum fengið úr þessu skorið á styttri tíma. Ég er svo bjartsýnn að segja fimm ár. Þau kunna auðvitað að verða fleiri. En þau gætu líka orðið færri. Þetta er það mikilvægt og brýnt mál, ekki bara fyrir orkuiðnaðinn heldur fyrir íslenskan samtíma í heild sinni, að okkur ber að veita því fé til þessa verkefnis sem við getum. Þá verður líka að taka fram að verkefninu berst fé hvaðanæva erlendis frá. Hins vegar er það ekki ótæmandi og ríkið gæti komið hér myndarlega að.

Það verður reyndar að segja hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. ríkisstjórn til hróss að í haust var í fyrsta sinn veitt fé til þessa verkefnis eða lagt fyrir Alþingi að fé til þessa verkefnis verði á fjárlögum, sem varð, en auðvitað ekki í þeim mæli að það breytti verulega um heldur var þar verið að bæta fjárskort sem spratt af tilteknum gangi mála. Þetta kom í staðinn fyrir erlent fé.

Með meira fjármagni kann að vera hægt að flýta verulega fyrir þessu verkefni í félagi við orkufyrirtækin íslensku og erlenda rannsóknarsjóði. Heildarkostnaður við verkefnið er talinn munu verða 5–6 milljarðar kr. Það er há upphæð. En við höfum hins vegar verið að tala um slíka milljarða hér fram og aftur í orku- og virkjanamálum, hvað þá ef tekinn er mælikvarði allra fjárlaganna. Þegar til lengdar lætur er hér því í raun ekki um að ræða mikið fé enda er ekki ætlast til þess að íslenska ríkið leggi það allt fram.

Ég læt þá lokið framsögu fyrir þessu verkefni. Ég vona að það mæti skilningi bæði við 1. umr. og í þeirri nefnd sem ég legg til að um það fjalli, nefnilega í hinni háu iðnaðarnefnd.

[18:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Þetta er áhugavert og athyglisvert mál sem hv. Mörður Árnason hefur hér talað fyrir. Það hefur vakið athygli okkar þingmanna sem höfum fylgst með á þessu orkusviði hvernig þessum rannsóknum hefur undið fram. Það er eðlilegt að fólk horfi með svolítilli eftirvæntingu til þessa verkefnis, sérstaklega ef það verður til þess, eins og hv. þingmaður gat um, að færa okkur mögulega nær viðunandi málamiðlun eða lausn á orkunýtingu okkar með tilliti til náttúruverndarsjónarmiða.

Hins vegar velti ég fyrir mér ýmsum þáttum í þessu. Ég geri mér sjálf ekki fulla grein fyrir því hvernig verkefni þetta skarast eða kemur við rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvernig þetta verkefni fléttast inn í þær athuganir sem gerðar eru í því verkefni og minni á sleifarlag það sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur gerst sek um varðandi þá áætlun alla. En innan hennar er einmitt gert ráð fyrir að möguleikar okkar í jarðvarmanum verði kannaðir til hlítar. Þau plögg sem þegar hafa verið gefin út af hálfu verkefnisstjórnar rammaáætlunarinnar sýna svo ekki verður um deilt að veruleg umhverfisáhrif eru af vinnslu orku með jarðvarma þó svo að þau séu önnur og annars konar en þau umhverfisáhrif sem verða vegna orkuvinnslu í vatnsaflinu. Við hverja holu sem boruð er eru búin til gríðarlega stór borplön. Lagðir eru vegir, alltaf uppbyggðir vegir, inn á svæðin vegna þess að tækin sem til þarf eru það þung að þau þurfa sterkbyggða vegi.

Nú geri ég mér grein fyrir því líka að gert er ráð fyrir því að að þetta tiltekna djúpborunarverkefni sem um ræðir í tillögunni sé unnið á þremur stöðum sem þegar er búið að raska, þ.e. Reykjanesi, Hengilssvæðinu og Kröflu. Í sjálfu sér geri ég því ekki ráð fyrir að umhverfisáhrif af þessu tiltekna verkefni verði meiri en þegar er búið að valda á þeim svæðum. Hér tel ég því að ekki séu í hættu nein ný svæði.

Hins vegar spyr ég sjálfa mig alltaf og æ oftar þegar orkunýtingu og orkuvinnslu á Íslandi ber á góma: Til hvers ætlum við Íslendingar að nýta alla þessa orku og hvernig sjáum við fyrir okkur að sú gríðarlega orka sem ýmsir vísindamenn gera sér vonir um að sé fólgin í iðrum jarðar og geti mögulega verið vinnanleg, og þetta djúpborunarverkefni geti mögulega leitt í ljós, verði á endanum nýtt? Mér finnst skipta verulegu máli að við horfum heildstætt á þetta. Við höfum gagnrýnt t.d. þá sem sækja sjóinn fyrir að fara fyrirhyggjulaust til veiða. Við viljum hafa fyrirhyggju í öllum athöfnum okkar sem mögulega geta skaðað náttúruna. Ég held að fyrirhyggjan sem við þurfum að hafa í orkuvinnslumálum hljóti að vera af því taginu að við förum ekki út í að vinna hér gríðarlegt magn orku ef markaður okkar þarf ekki á því að halda að koma þessari orku í lóg.

Nú sé ég ekki fyrir mér að það geti verið fýsilegt að afla þessarar gríðarlegu orku sem mögulega er fólgin þarna í iðrum jarðar til þess að reisa iðjuver fyrir þungaiðnað á borð við þær mengandi álbræðslur sem hæstv. iðnaðarráðherra er að bjóða heim í hvern fjörð. Ég vona að hv. þingmaður sé mér sammála um að það skipti máli í hvað orkan verði nýtt. Ég skilyrði því stuðning minn við málið við það að við förum inn á veg sjálfbærrar orkustefnu fremur en

nokkuð annað og að sú orka sem unnin verði í landinu verði fyrst og síðast unnin til þess að koma í veg fyrir að Íslendingar þurfi framar að nota jarðefnaeldsneyti, kol og olíu. Ef við förum í þetta verkefni til þess að tryggja næga orku til að búa til allt það vetni sem við ætlum að nota til að keyra fiskiskipaflotann okkar og allan bílaflotann — sem við ætlum náttúrlega að minnka mjög mikið á næstu árum — þá horfir málið öðruvísi við fyrir mér. Fyrirhyggjan þarf sannarlega að vera hér til staðar og það að horfa á hlutina heildstætt og til enda.

Í tilefni orða hv. þingmanns um afkomendur okkar væntanlega sem ættu sennilega eftir að klóra sér í kollinum yfir syndum okkar feðranna í orkuvinnslumálum þá held ég nú að jafnvel þó að ekki verði komin niðurstaða úr þessu djúpborunarverkefni þegar afkomendur okkar hv. þingmanns verða komnir á legg þá tel ég að þeir muni hugsa okkur þegjandi þörfina fyrir Kárahnjúkavirkjun með Hálslóni og aðrar virkjanir og jökulón og lón sem búin eru að eyðileggja náttúruverðmæti, eins og ég segi, óháð því hvort djúpborunarverkefnið verður þá til enda unnið.

Ég sýni þessu máli fullan skilning eins og hv. þingmaður óskaði eftir. Ég vona að aðrir þingmenn og þá sérstaklega stjórnarliðar eigi líka eftir að sýna þessu máli skilning og að það eigi eftir að fá framgang í nefndinni sem um það kemur til með að fjalla, því að ég tel þetta mál vera allrar athygli vert.

[18:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að ekki sé hægt að vera á móti stóriðju af einhvers konar trúarlegum ástæðum. Sú tíð kann að renna upp að hægt verði að færa sönnur á það, jafnvel gagnvart hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, að stóriðju væri hægt að reka án þess að af henni hlytist mengun. Það er vel hugsanlegt að í framtíðinni þróist einhver slík tækni. Við höfum séð að tækniframfarir hafa dregið verulega úr margvíslegri mengun í hvers konar iðnaði. Ég nefni þetta sérstaklega til þess að undirstrika og draga fram að við sjáum ekki inn í framtíðina og það er hugsanlegt að við finnum not fyrir orku til mikilla framfara sem við þekkjum ekki endilega í dag.

Ég kom hérna til þess að ræða sérstaklega þá nauðsyn sem okkur ber til þess að afla orku til að geta breytt eða horfið frá notkun okkar á eldsneyti af jarðefnatoga í eins ríkum mæli og hægt er. Reyndar nefndi hv. þingmaður þann möguleika undir lok ræðu sinnar. Gríðarlega orku þarf til þess að standa undir framleiðslu á vetni í framtíðinni til þess að breyta t.d. öllum fiskiskipaflota okkar í vetnisknúna flota.

Ég spyr hv. þingmann: Mælir nokkuð móti því, ef Íslendingar vegna sérstakrar jarðfræði landsins ná tökum á því að vinna með þessum hætti mikla orku úr iðrum jarðar, að við notum hana t.d. til þess að framleiða vetni sem við flytjum úr landi? Við eigum í höggi við alþjóðlegt vandamál sem er mengun og loftslagsbreytingar. Ég held að við getum ekki leyft okkur að skilgreina eitthvað sem sjálfbæra þróun ef það er einungis þróun sem miðast við Ísland. Þannig skildi ég hv. þingmann. Ég tel að okkur beri að leggja af mörkum alþjóðlega með öllum þeim hætti sem við getum. Þess vegna finnst mér sú leið sem hér er verið að ræða brilljant. Hún skapar möguleika. Við sjáum þá kannski ekki alla fyrir. En við vitum hins vegar að alltaf verður þörf fyrir orku, sérstaklega (Forseti hringir.) orku sem er framleidd án þess að af henni hljótist mikil röskun á náttúrunni.

[18:43]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki á móti stóriðju af trúarlegum ástæðum. Skilningur minn á hugtakinu trúarlegur er annars eðlis en skilningur minn á hugtakinu pólitískur. Ég er hins vegar á móti stóriðju af pólitískum ástæðum sem ég hef talað hér oft fyrir eins og hv. þingmanni er vel kunnugt. En ég vil ekki segja að þær ástæður séu trúarlegs eðlis. Trúarlíf mitt kemur þar hvergi nærri.

Varðandi tækniframfarirnar þá er ég auðvitað hjartanlega sammála hv. þingmanni um að við horfum fram á verulegar tækniframfarir, ótrúlegar tækniframfarir, á hverju einasta ári sem allir auðvitað fagna svo fremi þær séu notaðar og nýttar til góðs fyrir þróun mannkyns. Við eigum alltaf að horfa til þróunar mannkyns alls, að sjálfsögðu, þegar við tölum um sjálfbæra þróun á Íslandi. Slagorðið sem búið var til í Ríó-ferlinu árið 1992 og fjallaði um að við ættum að hugsa hnattrænt en bregðast við heima fyrir, vinna heima fyrir, er í fullu gildi í mínum huga. Mér finnst einmitt það sem við erum að gera á Íslandi, m.a. djúpborunarverkefnið, geta fært okkur möguleika til þess að iðka sjálfbæra þróun á Íslandi sem mundi þá verða til eftirbreytni fyrir önnur samfélög. Mér finnst það vera að leggja lóð á vogarskálarnar á Íslandi að skapa sjálfbært samfélag sem er sjálfu sér nægt um orku, fyrirmyndarsamfélag á heimsvísu. Mér finnst það vera gríðarlegt afrek sem við eigum að stefna að. Þess vegna aðhyllist ég, og hef talað fyrir því á Alþingi, sjálfbæra orkustefnu sem gengur út frá því að Íslendingar, þjóðin, geti afskaffað allt jarðefnaeldsneyti og keyrt allar sínar þarfir á nýrri tækni, tækninni sem varðar vetnið. En ég trúi ekki að við verðum nokkru sinni aflögufær með það, þ.e. getum flutt það út.

[18:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar ég hlýði á ræðu hv. þingmanns kemst ég eiginlega mér til mikils harms að þeirri niðurstöðu að ég er sennilega í grundvallaratriðum ósammála hv. þingmanni um að það sé sjálfu sér eftirsóknarvert að skapa hér á Íslandi samfélag sem er í orkulegu tilliti sjálfbært eða sjálfu sér nógt. Ég held að ef hægt er að finna leiðir, eins og þá sem hér er verið að ræða um, til að búa til orku sem hægt er að flytja til annarra landa, orku sem er kannski ekki að öllu leyti hrein en er svo miklu hreinni en sú orka sem t.d. þróunarlöndin eru að búa til og nota í dag, þá held ég að það sé ákaflega þakkarvert. Ég hafna því eiginlega af grundvallarástæðum að hægt sé að tala um, þegar mengun sem tengist loftslagsbreytingum er annars vegar, að eitthvert eitt eyland sé einangrað í því tilviki og að hægt sé að líta á það sem heild. Í þessu tilliti verður að líta á heiminn allan sem heild, þetta er alþjóðlegt vandamál, og þær þjóðir sem hugsanlega, vegna sérstöðu sinnar, geta lagt af mörkum eiga að

gera það. Það er hugsanlegt að sú tækni sem við ræðum hér geti leitt til þess að hægt sé að framleiða mikið af orku sem okkur verði hugsanlega með einhverjum hætti útbær og það verði framfarir sem leiða til þess að hægt sé að flytja hana líka. Ef svo er þá er Ísland kannski í hópi þriggja, fjögurra svæða, lítilla, á jarðkringlunni sem gætu gert þetta. Ef svo væri ættum við að sjálfsögðu er gera það. Hugsanlega er ég að misskilja hv. þingmann en þegar við skoðum þetta vandamál þá held ég að ekki sé hægt að tala um að Ísland eigi að vera sjálfbært samfélag í orkulegu tilliti í þeim skilningi að það eigi bara að búa til orku sem er því nógt, ef við getum gert (Forseti hringir.) annað í krafti tækninnar.

[18:48]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þingmanni. Við getum gert meira en að gera okkur sjálfbær, okkar litla samfélag hér á eyjunni Íslandi. Það sem ég vil sjá að við gerum er að flytja út þá kunnáttu sem við erum að afla okkur, þá þekkingu sem við öflum okkur í gegnum þá vísindamenn sem vinna í þessum jarðborunarverkefnum. Það erum við þegar byrjuð að gera. Og vitað er að Ísland er ekki eina landið á jarðríki sem getur nýtt háhita eða búið til orku í gegnum jarðhita eins og við gerum, það eru meiri möguleikar en vitað er í þeim efnum. Íslendingar hafa verið mjög öflugir og kraftmiklir á þeim vettvangi og þeir hafa verið brautryðjendur í að innleiða þessa þekkingu annars staðar. Ég horfi með ánægju fram á veginn í þeim efnum og trúi því að vísindamenn okkar eigi áfram eftir að vera brautryðjendur þar. Ég er líka sammála hv. þingmanni um að við eigum að leggja okkar af mörkum til heimsbyggðarinnar. Ef hægt verður í framtíðinni að hugsa sér einhvers konar stóriðju sem veldur ekki umhverfisáhrifum þá er það auðvitað fínt. Ég veit að það er fullt af fólki sem er að vinna í því tilliti, m.a. til að reyna að hætta að nýta ál, því að ál byggir á framleiðslu sem þarf að sækja jarðefni til að umbreyta efninu í það form sem síðan nýtist okkur í hinu mannlega tæknivædda samfélagi. Ég hef sjálf flogið yfir eyna Jamaíku og séð boxítnámurnar sem eru eins og rauð, flakandi, blæðandi sár í orðsins fyllstu merkingu í því fagra annars græna landi. Ég trúi ekki öðru en að vísindamenn veraldarinnar séu á harðahlaupum að reyna finna upp aðrar leiðir til að búa til létt efni sem ekki þurfa á boxítinu að halda. Ég er því sannfærð um að álverksmiðjur eru gamaldags verksmiðjur og þær eru á útleið, en ég veit líka að verið er að vinna að því víða að (Forseti hringir.) búa til stóriðju sem leysa mundi álverksmiðjurnar af hólmi. Við getum lagt því lið.

[18:50]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það má segja að ég hafi nú þegar komið á framfæri ýmsum af þeim meginsjónarmiðum sem ég vildi veita inn í þessa umræðu í ágætum umræðum við hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Þó eru nokkur atriði sem ég vil undirstrika sérstaklega sem varða þessa þingsályktunartillögu. Hún lætur lítið yfir sér en ég er þeirrar skoðunar að þetta sé eitt af merkilegustu málunum sem við ræðum hér í vetur. Ég segi það vegna þess að það varðar byltingarkennda hugmynd um aðferð til að búa til orku úr iðrum jarðar. Þessi aðferð byggir á þeirri sérstöðu sem Ísland býr yfir, þ.e. það er einn af heitu reitunum. Það er skammt niður í mjög mikinn hita vegna þess að það eru innskot, ekki svo langt frá yfirborði jarðar, sem gera það að verkum að vatn sem leikur í náND við þau verður mjög heitt, kemst í krítískt ástand, eins og hv. þingmaður lýsti svo vel áðan. Mér fannst reyndar, frú forseti, merkilegt að hann skyldi geta það án þess sjálfur að komast í krítískt ástand við að fjalla með svo tiltölulega einföldum hætti, eins og honum tókst, um þetta gríðarlega flókna efni. Sýnir það nú enn og aftur hve stærðfræðikennslan var góð í máladeild MR á árum fyrr, eins og áður hefur komið fram í umræðum hér á þinginu.

Ég tel að hægt sé að jafna þessu til þess, ef það tekst, eins og að með vissum hætti sé búin til gróttakvörn sem malar gull. Ég er sammála þeim viðhorfum sem hafa komið fram í umræðunni, eins og hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, að það er aldrei hægt að vinna orku úr iðrum jarðar með borunum án þess að eitthvert rask hljótist af. Það gefur augaleið. Ekki þekki ég tæknina sem hér á að beita svo vel að ég treysti mér til að segja að umbúnaðurinn sem þarf undir borana sé ekki svo miklu meiri að af honum skapist töluvert meira rask en af hinum venjulegu hefðbundnu holum. Ég veit það ekki. Það er þó alla vega ljóst að bora þarf færri holur til að fá gríðarlega orku. Hitt liggur líka alveg fyrir að með því að komast svona langt í iður jarðar komast menn í tæri við orku sem er svo miklu meiri en við höfum áður getað ímyndað okkur að væri hugsanlegt að vinna. Ég jafna þessu við það að menn fyndu mengunarlausar olíulindir vegna þess að olíulindir þarfnast líka umbúnaðar og bora og fara illa með land. Þarna er um að ræða miklu færri holur, þær þarfnast líka ákveðins rasks í náttúrunni en það sem streymir upp er mengunarlítið og því segi ég að það stappar nærri að hægt sé að segja að þetta séu mengunarlausar olíulindir ef þetta tekst til.

Ég heyrði fyrst af þessari hugmynd fyrir sennilega hartnær 15 árum þegar merkir vísindamenn veltu þessum möguleika fyrir sér á fræðilegan hátt í tengslum við umræðu sem þá var hjá Hitaveitu Suðurnesja. Ég verð að viðurkenna að ég er svo allt of jarðbundinn maður að ég taldi að þetta væru órar vísindamanna sem ekki hefðu nægilega gott jarðsamband. Það kemur hins vegar í ljós að möguleikinn sem í þessu felst er raunverulegur. Eins og svo oft áður eigum við aldrei að vanmeta sköpunarþróttinn og kraftinn sem býr í hinni vísindalegu og skipulegu hugsun og þekkingarleit. Ef hægt væri að flýta þessari áætlun, eins og hér er lagt til, þannig að niðurstaða komist í það hvort þetta er hægt, þá held ég að við hefðum náð gríðarlega merkum áfanga.

Reyndar tel ég, frú forseti, að þetta sé svo merkilegt mál sem hér liggur fyrir að það væri í sjálfu sér alveg hægt að segja að þangað til að menn hefðu skoðað það til hlítar ætti ekki að ráðast í frekari virkjanir á Íslandi. Vegna þess að ef þetta er mögulegt þá er landslagið algerlega gjörbreytt. Þá þýðir það einfaldlega að hægt er að afla orku til að ráðast í vetnisframleiðslu og hugsanlega í stóriðju sem ekki mengar umhverfið, því að ég og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir erum bæði, eftir þessa umræðu, sammála um að við erum

ekki á móti slíkri stóriðju. Ég hel þess vegna að tillagan og hugsunin sem liggur að baki hennar sé mjög jákvæð.

Ég undrast það, frú forseti, eftir þá miklu orrahríð sem staðið hefur í þessum sölum um orkumál og stóriðju að enginn hv. þingmanna stjórnarliðsins skuli láta svo lítið að heiðra þingið með nærveru sinni, utan að vísu einn og bið ég hv. þingmann afsökunar á því. Enda beindi ég þessu fyrst og fremst til þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem alltaf eru eins og fló á skinni og geta aldrei setið kyrrir í sætum sínum þegar verið er að ræða um stóriðju því að fíkn þeirra í stóriðju og eins miklar virkjanir og þeir mögulega geta komið auga á er vel þekkt í þessum sölum. Þetta mál hins vegar, ef að veruleika yrði, gefur, eins og hv. þingmaður reifaði mjög vel í framsögu sinni, möguleika á að sætta ákveðin sjónarmið sem hafa verið að takast á. Djúpholur af þessu tagi kynnu að gefa okkur möguleika á að vinna 3–5 sinnum meiri orku úr hverju háhitasvæði en með hinum hefðbundnu aðferðum. Þetta eru svo gríðarleg verðmæti að ég held að við eigum erfitt með að skynja til fullnustu hvað í þeim felst.

Því segi ég það, frú forseti, að ég styð þetta mál hjartanlega og þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að hafa haft frumkvæði að því og ég undrast það í reynd að þetta mál skuli ekki hafa vakið meiri athygli en það hefur gert nú þegar, vegna þess að hér er um að ræða byltingarkennda nálgun að því að leysa orkuvanda Íslendinga og hugsanlega margra annarra. Við höfum það, þingmenn, flest á vörunum að nauðsynlegt sé að hverfa frá þeirri orkunýtingarstefnu sem við fylgjum í dag, Íslendingar, og keyrum t.d. allan fiskiskipaflotann á og að sjálfsögðu flugvélafloti heimsins sem er utan við öll Kyoto-ákvæði sem aldrei eru tekin inn í neinar samningaviðræður eða útreikninga. En ef okkur tekst t.d. að finna tækni, sem er bara tæknilegt úrlausnarefni og spurning um hvað við verjum miklu atgervi og fjármagni til að leysa, til að ná þeim áfanga að vetni yrði drifhvati samgangna á Íslandi, fiskiskipaflotans og helst flugflota heimsins að endingu, þá er alveg ljóst að það þarf mikla orku til að framleiða vetnið. Það yrði mikilvægt framlag, a.m.k. til að stemma stigu við þeirri miklu vá sem felst í hlýnun andrúmsloftsins. Hvaðan eigum við að fá þá orku? Bara til að klára þörfina á Íslandi þyrftum við eina og hálfa Kárahnjúkavirkjun. Hvar eigum við að fá þá orku?

Frú forseti. Hér er vísir að svari: Við eigum að reyna að skoða þessa möguleika eins og hér er lagt til fyrr en stjórnvöld hafa áformað og leggja til þess meira fjármagn, eins og hv. þingmaður hefur lagt til.

[18:58]

Flm. (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka þessar umræður og hef nú ekki miklu við vísdómsorð síðasta hv. ræðumanns að bæta. Mér fannst hann draga þetta mjög vel saman og lýsa þessu af mikilli tilfinningu. Það er auðvitað þannig að tala ber varlega um tilraunaverkefni. Það gera vissulega aðstandendur þessa verkefnis, bæði þeir vísindamenn sem hér eiga mestan hlut að máli og líka þau fyrirtæki sem hafa lagt fé til. En það er líka ábyrgðarhluti að draga úr vonum og gera ráð fyrir minni niðurstöðum en vænta má á raunhæfan hátt. Ég tel að hér liggi í raun og veru mikið við að fá úr því skorið hvort þetta er kleift eða ekki. Af samræðum mínum við þá menn sem þarna standa fremstir og hlustun eftir gagnrýnisröddum þá er það niðurstaða mín, auðvitað fullkomlega ófræðileg, en niðurstaða mín sem stjórnmálamanns að í raun og veru sé enginn verulegur efi á því að þetta sé unnt. Þetta er hins vegar brautryðjandaverk og það kemur fram í erfiðleikum sem menn bjuggust við við vinnslu verksins, t.d. að til að mæla þennan mikla hita þarf auðvitað sérstaka gerð af mælum sem ekki eru endilega til í heiminum, og jafnframt því sem farið er í verkið þarf að þróa til þess tækin sem til þess eru notuð. Við sömu flutningsmenn og flytjum þetta frumvarp flytjum líka annað frumvarp sem lagt var fram á svipuðum tíma og grípur miklu meira á því umfjöllunarefni sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á, þ.e. um orkuvinnslu hér á landi í framtíðinni, til hvers eigi að nýta orkuna og hver eigi að vera okkar framtíðarpólitík um orkumálin.

Þar er líka minnst á djúpborun á Íslandi og ég hef reyndar í ræðu um frumvarp um auðlindir í jörðu fjallað nokkuð um þessi mál bæði í sameiningu. En okkur þótti rétt að flytja þetta mál sér í lagi og blanda því ekki inn í okkar sérstöku pólitík í þessum málum vegna þess að hér er fyrst og fremst um tæknilegt verkefni að ræða og það er öllum í hag, bæði þeim sem leggja áherslu á sem mesta orkuvinnslu og sem flestar virkjanir og álver í framtíðinni og þeim sem kannski telja sig þurfa að líta á þetta fremur frá sjónarhóli umhverfisstefnu og íslenskrar náttúru, að komast að því hvort þetta er hægt eða ekki. Ef í ljós kemur að djúpborun er tæknilega möguleg og gengur vel hér á landi þá gjörbreytast orkuöflunarmöguleikar okkar með þeim hætti að ýmis þau verkefni sem menn eru nú að spekúlera í og áforma borga sig í raun og veru ekki þegar þessi möguleiki liggur fyrir. Ég held að menn þurfi að leggjast á þessa sveif, að finna þetta hreinlega út til að geta síðan tekið framtíðarákvarðanir.

Það er svo alveg rétt að menn horfa nú töluvert til jarðvarma í stað vatnsafls, eða a.m.k. þannig að hlutfall orku frá jarðvarma geti orðið miklu meira en nú er af heildarorku í landinu. Þrátt fyrir það geta jarðvarmavirkjanir haft töluverð umhverfisáhrif að einu leyti umfram vatnsaflsvirkjanirnar en það er að upphafsrannsóknir og frumrannsóknir á jarðvarmavirkjunum geta spillt umhverfi meira en um er að ræða í vatnsaflsvirkjunum þar sem mælingar manna eru ekki mjög skaðvænlegar fyrir umhverfið. Það er, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir minntist á, m.a. vegna vegaframkvæmda sem þarf að leggja í og vegna borteiga sem þarf að slétta. Oft eru þessir staðir eðli málsins samkvæmt í hrauni eða á sérstökum stöðum hvað náttúru snertir. Það er auðvitað sorglegt þegar menn fara í slíkar rannsóknir að komast að því að svæðið sé ekki virkjanlegt eða ekki með núverandi tækni og skilja síðan eftir þá eyðileggingu sem þetta hefur valdið. En eins og hér var rakið áðan standa vonir til að djúpborunin valdi minni umhverfisáhrifum að þessu leyti en hefðbundin jarðvarmavinnsla einfaldlega vegna þess að holurnar þurfa ekki að vera eins margar, þær sem í vinnslu eru, og tæknin er komin á það stig núna að menn geta nokkurn veginn séð það út hvar muni vænlegast að bora rannsóknarholurnar.

Ég vil svo að endingu ítreka þakkir mínar til þeirra sem

hafa tekið þátt í umræðunni og þeirra sem hafa hlustað hér. Ég held að við séum á tímamótum í þessu máli og ef þetta verkefni gengur vel þá opnist margar dyr sem nú eru okkur lokaðar með þeim afleiðingum, hugsanlega, að þeirri miklu styrjöld sem hér hefur staðið í raun og veru í þrjá áratugi, á milli náttúruverndarmanna annars vegar og framkvæmdarmanna hins vegar, geti farið að linna og hægt verði að taka skynsamlegar ákvarðanir, með rammaáætlun og alla tæknilega möguleika í augsýn, fyrir framtíðina í þessum efnum. Ég er út af fyrir sig sammála því sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði að við verðum að staldra við í orkumálum okkar og umhverfismálum. Það er hins vegar að sjálfsögðu freistandi, og kannski meira en freistandi, jafnvel skylda okkar, að nýta þá orku sem við getum fengið hér á Íslandi og ekki gengur á landgæði eða þá náttúru sem er hin eiginlega olíuauðlind Íslendinga. Ef djúpborunarverkefnið getur orðið til þess að við náum slíkri sátt og við náum þeirri stöðu þá er það eitthvað það merkilegasta sem gerst hefur í þessum efnum í áratugi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12.–14. mál.

Fundi slitið kl. 19:06.

---

66. FUNDUR

þriðjudaginn 14. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Heyrnar-, tal- og sjónstöð, stjfrv., 514. mál, þskj. 751. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 53. mál, þskj. 53. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Ríkisendurskoðun, frv., 60. mál, þskj. 60. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Djúpborun á Íslandi, þáltill., 61. mál, þskj. 61. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, stjfrv., 329. mál, þskj. 768. — 3. umr.
7. Höfundalög, stjfrv., 222. mál, þskj. 222, nál. 761, brtt. 762. — 2. umr.
8. Lögreglulög og framkvæmdarvald ríkisins í héraði, stjfrv., 520. mál, þskj. 759. — 1. umr.
9. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 63. mál, þskj. 63. — 1. umr.
10. Mat á mannaflaþörf í atvinnugreinum, þáltill., 67. mál, þskj. 67. — Fyrri umr.
11. Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 68. mál, þskj. 68. — Fyrri umr.
12. Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, þáltill., 213. mál, þskj. 213. — Fyrri umr.
13. Háskólar, frv., 59. mál, þskj. 59. — 1. umr.
14. Stjórnarskipunarlög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
15. Atvinnuréttindi útlendinga, frv., 62. mál, þskj. 62. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.

[13:32]

Útbýting:

Dagpeningar til foreldra langveikra barna, 523. mál, fsp. SandF, þskj. 765.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 329. mál, þskj. 768.

Vegamál, 457. mál, svar samgrh., þskj. 760.

Heyrnar-, tal- og sjónstöð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 514. mál (heildarlög). — Þskj. 751.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 53. mál (brottvísun og heimsóknarbann). — Þskj. 53.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 56. mál. — Þskj. 56.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Ríkisendurskoðun, frh. 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 60. mál (útboð endurskoðunar). — Þskj. 60.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Djúpborun á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. MÁ o.fl., 61. mál. — Þskj. 61.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 3. umr.

Stjfrv., 329. mál (kjördæmi kirkjuþings o.fl.). — Þskj. 768.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EyH, GHj, GÖg, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, MF, PHB, SandF, SKK, SÞorg, SF, SP, VF, ÞSveinb, ÖJ*, ÖS.
5 þm. (HlH, MÞH, MÁ, SigurjÞ, ÞBack) greiddu ekki atkv.
25 þm. (AKG, ÁMagn, ÁMM, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GÖrl, HBl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, KJúl, KHG, LMR, LB, MS, SAÞ, StB, VS, ÞKG) fjarstaddir.
[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 771).

Höfundalög, 2. umr.

Stjfrv., 222. mál (EES-reglur). — Þskj. 222, nál. 761, brtt. 762.

[13:37]

Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum. Undir þetta nefndarálit rita sá sem hér stendur og auk þess hv. þingmenn Sigurrós Þorgrímsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason, en Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson og Hjálmar Árnason voru fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Vilberg Guðjónsson frá menntamálaráðuneytinu, Knút Bruun frá Myndstefi, Gunnar Guðmundsson frá Sambandi flytjenda- og hljómplötuframleiðenda, Ragnheiði Tryggvadóttur frá Rithöfundasambandi Íslands, Jón Yngva Jóhannsson frá Hagþenki, Ólöfu Benediktsdóttur og Sigurð Vigfússon frá Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, Helgu Ólafsdóttur frá Blindrabókasafni Íslands, Halldór Þ. Birgisson frá Félagi íslenskra bókaútgefenda og Fjölís, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Hrein Beck frá Netfrelsi.

Þess ber að geta að umsagnir bárust frá fjölda aðila vegna þessa máls og er ekki ástæða til að telja þá upp alla hér, en þeir koma fram í nefndarálitinu.

Með frumvarpinu eru leidd í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu. Efni tilskipunarinnar tekur sérstaklega á þeim vandamálum sem hin stafræna tækni hefur í för með sér fyrir eigendur höfundaréttar og skyldra réttinda. Í frumvarpinu eru eingöngu tekin upp þau atriði tilskipunarinnar sem skylt er að lögleiða samkvæmt henni. Þar að auki leggur nefndin fram breytingartillögu sem felur í sér að lögfest verði undanþága frá einkarétti höfunda með þarfir fatlaðra í huga.

Frumvarpið er fyrsti áfangi í heildarendurskoðun höfundalaga sem er orðin brýn vegna lagaþróunar á sviði höfundaréttar og telur nefndin mikilvægt að heildarendurskoðun höfundalaga fari fram sem allra fyrst.

Allir nefndarmenn sem að þessu máli komu voru sammála um að hraða bæri heildarendurskoðun höfundalaganna sem staðið hefur fyrir dyrum um allnokkurt skeið en við teljum mjög mikilvægt að verði hraðað.

Þó nokkrar umræður urðu í nefndinni um þær athugasemdir sem henni bárust og getur nefndin tekið undir margar þeirra. Í athugasemdum sem nefndinni bárust frá Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, varðandi 2. gr. frumvarpsins var m.a. lýst áhyggjum af heimild sjónskertra, lestrarhamlaðra o.fl. til eftirgerðar. Nefndin hefur ákveðið að bregðast við þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust frá Blindrabókasafni Íslands og er því lögð til breyting sem varðar 19. gr. laganna. Enn fremur er í umsögn Upplýsingar bent á að æskilegt væri að bóka- og skjalasöfn hefðu möguleika á að miðla safnefni til notenda innan veggja safnsins, t.d. stafrænt af netþjóni. Nefndin telur að meinbugir séu á núgildandi löggjöf hvað þetta atriði varðar en telur að slík breyting þarfnist nokkurs undirbúnings og samstarfs við hagsmunaaðila. Því vill nefndin leggja áherslu á að taka þurfi tillit til þessara athugasemda við heildarendurskoðun á höfundalögunum.

Raunar hygg ég að fjölmörg atriði, sem vísað er til í efnismiklum og vönduðum umsögnum sem bárust nefndinni, sé vert að hafa í huga við endurskoðun höfundalaganna.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali., þ.e. þskj. 762. Ég ætla að gera grein fyrir helstu breytingum.

Í fyrsta lagi komi orðið „skal" í stað orðsins „má" í fyrri efnismálslið 3. gr. frumvarpsins. Með því verði ráðuneytinu gert skylt en ekki heimilt að setja reglugerð sem um er fjallað í lögunum.

Í öðru lagi leggur nefndin til að við frumvarpið bætist ný grein sem felur í sér breytingu á 19. gr. laganna. Athugasemdir hafa borist við 2. gr. frumvarpsins er fjallar um heimild einstaklinga til eftirgerðar. Samkvæmt b-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB geta aðildarríkin kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á einkarétti höfunda til eftirgerðar og miðlunar verka sinna til almennings, auk réttar til að gera annað efni aðgengilegt, ef um er að ræða notkun í þágu fólks sem er fatlað og notkunin er í beinu sambandi við fötlunina og ekki viðskiptalegs eðlis og að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vegna þessarar tilteknu fötlunar. Nefndin leggur til að heimild til undanþágu verði nýtt til að setja í höfundalög tvenns konar ákvæði um eintakagerð o.fl. í þágu blindra, sjónskertra, heyrnarlausra og lestrarhamlaðra, þ.e. annars vegar eftirgerð og dreifing í þágu blindra, sjónskertra og heyrnarlausra og hins vegar gerð hljóðbóka í þágu blindra, sjónskertra og lestrarhamlaðra.

Í 1. efnismgr. greinarinnar er ákvæði sem felur í sér almenna reglu sem heimilar eftirgerð og dreifingu verka sem út hafa verið gefin, þegar eftirgerðin og eintökin sem þannig er dreift eru sérstaklega ætluð blindum, sjónskertum, heyrnarlausum eða lestrarhömluðum. Ákvæðið er ekki bundið við ákveðna tækni og heimilar því bæði hliðræna og stafræna eintakagerð. Heimildin felur í sér afnotaheimild án endurgjalds, þ.e. höfundar eiga hvorki rétt til endurgjalds né geta þeir lagt bann við notkun verka sinna í þessum tilgangi. Framangreind heimild á þó ekki við ef notkun er í fjárhagslegum tilgangi og er það í samræmi við b-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Með upptalningunni blindir, sjónskertir, heyrnarlausir og lestrarhamlaðir er átt við alla þá sem vegna líkamlegs eða andlegs ástands eru ófærir um að njóta viðeigandi verka með venjulegum hætti, þar með taldir lesblindir og stafblindir.

Sú notkun sem heimiluð er með ákvæðinu er eftirgerð og dreifing eintaka. Í því felst jafnframt heimild til gerðar eintaka sem hægt er að sýna og dreifa til annarra, þar með talið er m.a. útlán eintaka, og framleiðsla og dreifing bókmenntaverka með talgervlum og blindraletri. Framangreind eintök geta verið í stafrænu formi og heimildin tekur til dreifingar þeirra með rafrænum hætti um netið.

Ákvæði 2. efnismgr. greinarinnar felur í sér undantekningu frá 1. efnismgr. að því er varðar hljóðupptökur. Hefur það þá þýðingu að hljómdiskar og hljóðbönd sem hafa að geyma tónverk falla utan þeirra verka sem sæta takmörkun á einkarétti höfunda eftir 1. efnismgr. Aðilum sem taldir eru upp í 1. efnismgr. er þannig ekki heimil eftirgerð eða sambærileg hagnýting á hljóðupptökum með tónverkum. Þrátt fyrir þetta fellur hljóðupptaka tónverks sem er hluti margmiðlunarverks undir ákvæði 1. efnismgr. Hljóðupptökur á bókmenntaverkum falla undir 4. efnismgr. þessarar greinar. Af 2. mgr. greinarinnar leiðir að útlán og útleiga sambærilegra eftirgerða og um getur í 1. efnismgr. til almennings fellur utan þess ákvæðis.

Ákvæði 3. efnismgr. veitir heimild til þess að gera sérstök notkunareintök og öryggisafrit af tilteknum eftirgerðum sem gerðar eru og dreift á grundvelli 1. efnismgr. Er þetta sambærileg heimild og er í 1. mgr. 11. gr. a í gildandi lögum til gerðar öryggisafrita af tölvuforritum og öðrum verkum á stafrænu formi. Heimild þessi á aðeins við þegar notandinn hefur öðlast eignarrétt að eintaki verks sem gert hefur verið á grundvelli 1. efnismgr. með eignayfirfærslu, t.d. með kaupum eða gjöf. Heimild notenda til að nota sérstök notkunareintök og öryggisafrit er tímabundin og fellur hún niður eftir að yfirfært eintak skv. 1. efnismgr. hefur verið birt almenningi. Þrátt fyrir þetta er opinberum stofnunum eða öðrum félagslegum stofnunum sem starfa í almannaþágu heimilt að varðveita notkunareintök sín og öryggisafrit, þrátt fyrir að aðaleintakið skv. 1. efnismgr. sé sett í útlán eða leigu með samþykki rétthafa. Rökin fyrir þessum mun byggjast á því að framangreindar stofnanir sæti ríkara eftirliti hvað varðar meðferð notkunareintaka og öryggisafrita.

Ákvæði 4. efnismgr. veitir heimild til hljóðbókagerðar eftir útgefnum bókmenntaverkum fyrir blinda, sjónskerta, lestrarhamlaða og aðra sem eru ófærir um að lesa venjulegar bækur. Sá fyrirvari gildir að framangreind eintakagerð má ekki vera í fjárhagslegum tilgangi og á þann sem nýtir sér þessa heimild fellur skylda til að greiða höfundum sanngjarnt gjald. Ákvæðið felur enn fremur í sér heildarleyfi (samningskvöð) því ekki er gert ráð fyrir því að leitað sé heimildar höfunda, né getur höfundur bannað þvílíka notkun á útgefnu verki sínu. Hljóðbækur þær sem framleiddar eru á grundvelli ákvæðisins má aðeins lána út til þeirra sem taldir eru upp í ákvæðinu. Í ákvæðinu felst ekki heldur réttur til að framleiða hljóðbækur í fjárhagslegum tilgangi með sölu til almennings í huga en til þess þarf sérstakt leyfi höfunda. Ekki er í ákvæðinu gert ráð fyrir miðlun framangreindra hljóðbóka með öðrum hætti en útláni eintaka, þannig að rafræn miðlun, t.d. um netið, er óheimil án samþykkis höfunda.

Í þriðja lagi er lögð til breyting sem leiðir af hinni fyrri og ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í hana.

Í fjórða lagi leggur nefndin til breytingu á fjölda nefndarmanna í höfundaréttarnefnd. Það er í raun breyting og atriði sem ekki var vikið að í frumvarpinu þegar það var lagt fram af hæstv. menntamálaráðherra. Samkvæmt gildandi ákvæði 58. gr. laganna skal nefnd fimm sérfróðra manna á sviði höfundaréttar vera menntamálaráðherra til ráðuneytis um höfundaréttarmál og skal ráðherra við skipun nefndarinnar hafa samráð við helstu höfundaréttarsamtök landsins. Hefð er fyrir því að nefndarmenn í höfundaréttarnefnd hafi sérþekkingu á þeim sviðum sem helstu höfundaréttarsamtök landsins starfa á. Þannig hafa setið í nefndinni sérfræðingar í höfundaréttarmálum rithöfunda og útgefenda, tónskálda og textahöfunda, myndlistarmanna, listflytjenda og framleiðenda, auk kvikmyndaleikstjóra og -framleiðenda. Á undanförnum árum hafa komið fram ný höfundaréttarsamtök á sviði hugbúnaðarframleiðslu og upplýsingatækni, kvikmynda, tölvuleikja og tónlistar. Má í þessu sambandi nefna Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, Samtón, sameig-

inlegan vettvang tónlistarrétthafa, og SMÁÍS, rétthafasamtök fyrir myndbönd og tölvuleiki. Ástæða þykir til að bregðast við þessu með fjölgun nefndarmanna í höfundaréttarnefnd um tvo þannig að kostur gefist á því að skipa sérfróða aðila á síðastnefndu sviðunum í höfundaréttarnefnd.

Í nefndarálitinu er síðan vikið að höfundaréttarráði og lögð áhersla á að við heildarendurskoðun verði komið á fót höfundaréttarráði sem gert er ráð fyrir í 58. gr. höfundalaga og þar verði vettvangur fyrir sjónarmið neytenda, einkum með tilliti til hagsmuna þeirra.

Ég vil vekja athygli á því að nefndarálitið er kannski eilítið gallað að þessu leyti. Hið rétta er að samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir sérstöku höfundaréttarráði sem á að vera vettvangur m.a. fyrir talsmenn neytenda til að koma fram sjónarmiðum sínum hvað varðar þau mál sem heyra undir höfundaréttarlög. Eftir því sem nefndin hefur aflað sér upplýsinga hefur hins vegar aldrei verið skipað í þetta höfundaréttarráð og leggur því nefndin til og ég geri það fyrir hennar hönd að höfundaréttarráðið verði skipað og þá m.a. með það að markmiði að neytendur eignist fulltrúa sinn innan þess vegna þeirra mála sem falla undir höfundaréttarlög. Ég tel rétt að þessu atriði sé til haga haldið og í þessu felst áskorun til hæstv. menntamálaráðherra um að skipa strax í þetta ráð eða svo fljótt sem auðið er.

Að öðru leyti, frú forseti, vil ég ítreka það sem kemur fram á tveimur stöðum, hygg ég, í nefndarálitinu. Menntamálanefnd er sammála um að nauðsynlegt sé að hraða heildarendurskoðun höfundalaganna þar sem þar eru ýmis atriði sem komin eru til ára sinna og nauðsynlegt er að taka upp innan hins háa Alþingis. Ég bendi jafnframt á að ýmis efnisatriði eru í þeim umsögnum sem bárust nefndinni varðandi þetta tiltekna mál sem rétt er að taka til athugunar og skoðunar í því sambandi.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég þakka nefndarmönnum fyrir sérstaklega ánægjulegt og gott samstarf við afgreiðslu málsins. Eins og sjá má á nefndarálitinu stendur nefndin öll að því og er sammála um þær breytingar sem fram koma á þskj. 762. Ég vil eins og ég áður sagði þakka nefndarmönnum fyrir gott samstarf við afgreiðslu málsins.

Að svo búnu, frú forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari.

[13:54]

Mörður Árnason:

Forseti. Örfá orð um mikilvægt mál. Ég þakka síðasta hv. ræðumanni fyrir kveðjur hans til nefndarinnar, a.m.k. til mín, og ég held að ég geti talað fyrir munn annarra nefndarmanna í því og þakka honum á móti fyrir góða verkstjórn í málinu. Þetta eru erfið mál og flókin og ekki árennilegir þeir textar sem við höfum fengið til umfjöllunar.

Það hefur skipt miklu máli í starfinu að frumvarpið hefur tekið breytingum frá í fyrra þannig að tekið var tillit til athugasemda sem komu frá netverjum og umræðu sem varð innan og utan nefndarinnar um sjónarmið þeirra í málinu og þar með neytenda og almennings að nokkru leyti. Það var líka mikilvægt í umfjöllun málsins að strax skapaðist samstaða um að ganga til móts við sjónarmið blindra og annarra svipaðra hópa gagnvart þeim breytingum sem hér var verið að fást við. Enn fremur er á það að benda að nefndin varð sammála um að vísa því til menntamálaráðherra og til höfundaréttarnefndar að undirbúa breytingar á lögunum í samræmi við eða með tilliti til þeirra umsagna og athugasemda sem bárust frá bókavörðum og félagi þeirra, Upplýsingu.

Síðast en ekki síst má nefna að nefndin varð sammála um það sem ég tel að sé mikilvægt, að skora á ráðherra að framfylgja lögunum að því er lýtur að höfundaréttarnefnd en sú samstaða í nefndinni skapaðist vegna umræðu um það fyrirkomulag sem hér hefur verið tíðkað hingað til, að í höfundaréttarnefndinni sjálfri sem annast sífellda endurskoðun þessara laga eru einungis fulltrúar rétthafa og í rauninni engir fulltrúar neytenda. En málin eru það flókin og erfið að það hamlar þeirri umræðu sem eðlileg væri meðal almennings og meðal þeirra sem í raun og veru sitja hinum megin við borðið í þessu.

Það er svo og út af fyrir sig getum við fagnað því að hingað til hefur ríkisvaldið og hinir kjörnu fulltrúar staðið með höfundum og með hagsmunum þeirra í þessum höfundaréttarmálum, hygg ég. Hins vegar eru auðvitað hagsmunir hinum megin líka. Neytendur hafa sína hagsmuni og það höfum við séð á undanförnum árum einkum í sambandi við tölvur og net, að þeir eru svo sannarlega til. Þeir sem þeirra hagsmuna gæta rísa upp þegar þeim þykir of langt gengið sem m.a. var um árið þegar diskar voru allir settir undir höfundarétt, mál sem ekki er búið að leysa þótt á þeim sumum eða mörgum sé í rauninni ekkert höfundarefni. Að sinni urðum við sammála um að leggja áherslu á þessi sjónarmið með því að óska eftir því við núverandi hæstv. ráðherra að framfylgja þessum lögum sem hinir hafa ekki gert með því að koma höfundaréttarnefnd á fót og í henni verða þá einhvers konar fulltrúar neytenda. Ráðherra hefur að vísu frjálsar hendur til að ákveða hverjir þeir séu. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að byrjað sé á Neytendasamtökunum og síðan sé haft samband við samtök netverja sem til eru um aðild að þessu ráði.

Að lokum þetta. Við sem sátum í nefndinni og skrifuðum undir álitið, og væntanlega hinir líka sem gátu ekki verið á síðasta fundi, leggjum áherslu á að þessari heildarendurskoðun verði flýtt og henni verði haldið duglega áfram. Ljóst er að höfundaréttarmálunum er ekki að linna á þessum vettvangi eða öðrum. Sennilega verða þetta meiri og meiri átakalínur, bæði milli þeirra sem hagsmuni hafa innan þjóða og milli þjóða og menningarheilda á næstu áratugum og jafnvel alla öldina samanber fréttir frá alþjóðasamtökum og samvinnustöðvum um það, t.d. Alþjóðaviðskiptastofnuninni og öðrum slíkum. Hér er aðeins verið að stíga eitt lítið skref en það hefur tekist gæfulega og því ber að fagna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 762,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 762,2 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

6.–7. gr. (verða 7.–8. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 762,3 (ný 8. gr., verður 9. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

9.–13. gr. (verða 10.–14. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 762,4 (ný grein, verður 15. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

14.–16. gr. (verða 16.–18. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Lögreglulög og framkvæmdarvald ríkisins í héraði, 1. umr.

Stjfrv., 520. mál (skipulag löggæslunnar, greiningardeildir). — Þskj. 759.

[14:07]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Frumvarpið hefur að geyma tillögur um nýskipan lögreglumála.

Hvarvetna vill almenningur að öryggi sitt sé sem best tryggt með góðri og öflugri löggæslu og það er skylda stjórnvalda að sinna kröfum í þessu efni og bregðast við þeim í samræmi við aðstæður á hverjum tíma. Þann tíma sem ég hef gegnt embætti dómsmálaráðherra hef ég leitast við að skapa lögreglunni sem bestar aðstæður til að sinna mikilvægum störfum sínum. Þegar ákvarðanir voru teknar um nýtt skipulag sérsveitar lögreglunnar og eflingu hennar lagði ég áherslu á nauðsyn þess að efla öryggi lögreglunnar sjálfrar og þar með allra landsmanna. Styrking sérsveitarinnar hefur skilað góðum árangri og framkvæmd áætlunar um stækkun hennar lýkur á þessu ári.

Ég hef einnig beitt mér fyrir umræðum um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu og bent á að á vettvangi Evrópuráðsins hefur t.d. verið unnið verulegt starf til að móta inntak þessara aðferða í ljósi breyttra áherslna þegar krafa er gerð um að lögregla rannsaki ekki aðeins afbrot heldur haldi einnig úti rannsóknum til að koma í veg fyrir afbrot. Rannsóknir lögreglu í því skyni að koma í veg fyrir afbrot má kenna við forvörn sem byggist á greiningu á atvikum og ábendingum.

Þá hef ég vakið máls á því að inntak hættumats lögreglu eða annarra aðila sem axla ábyrgð á öryggi borgaranna hafi breyst vegna hryðjuverkaárása undanfarin ár. Annars konar vá steðjar nú að opnum og frjálsum þjóðfélögum en á tímum kalda stríðsins þegar tvær meginfylkingar stóðu andspænis hvor annarri, gráar fyrir járnum. Öryggisgæsla í víðtækum skilningi hvílir nú meira á herðum lögreglu en áður og hlýtur löggjöf um ytra og innra starf lögreglu að taka mið af því.

Í þessu frumvarpi er fjallað um hina ytri umgjörð lögreglunnar og skipulag en ekki heimildir hennar til rannsókna, handtöku og annað vald hennar til að halda uppi röð og reglu. Ákvæði lögreglulaga eða laga um meðferð opinberra mála sem snerta þessa þætti eru óbreytt þótt frumvarpið verði samþykkt. Hér er því um að ræða skref til að skapa starfi lögreglunnar nýja umgjörð, skref vegna ákæruvalds og nýjar lögheimildir lögreglu við rannsóknir við önnur störf verða stigin síðar og kynnt Alþingi.

Sný ég mér þá að efni frumvarpsins sérstaklega.

Landssamband lögreglumanna hefur oft ályktað á þann veg undanfarin ár að efla ætti einstök lögreglulið með því að stækka umdæmi þeirra. Sýslumenn hafa einnig rætt þessi mál í sinn hóp og hvatt til breytinga. Ég taldi nauðsynlegt að leiða þetta mál til lykta á skipulegan hátt og skipaði haustið 2004 verkefnisstjórn til þess, í fyrsta lagi að koma með hugmyndir að nýju skipulagi í löggæslu í því skyni að styrkja og efla starfsemi lögreglu og sýslumanna auk þess að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem til sýslumannsembætta væri varið, og í öðru lagi að móta löggæsluáætlun til næstu ára, þar sem kynnt væri forgangsröð við úrlausn verkefna og sett mælanleg markmið fyrir löggæsluna.

Verkefnisstjórnin fékk einnig önnur verkefni, þar á meðal að meta reynslu af lögreglulögunum sem sett voru fyrir tíu árum og skipulagi og verkaskiptingu sem þá kom til sögunnar, og einnig skyldi hún taka afstöðu til sjónarmiða sem fram hefðu komið um skipulag ákæruvalds.

Ég setti verkefnisstjórn þá meginreglu að stækkun lögregluumdæma leiddi ekki til þess að sýslumönnum yrði fækkað. Verkefnisstjórn skilaði ítarlegri skýrslu í janúar 2005. Skýrslunni fylgdu tillögur fjögurra sérfróðra manna um skipulag lögreglunnar. Í skýrslunni er að finna greinargott yfirlit og mat á núverandi stöðu mála. Þá voru gerðar tillögur að efnisatriðum í löggæsluáætlun til næstu ára og í þriðja lagi er rakið með hvaða hætti skuli styrkja og efla löggæslu í landinu.

Það varð meginniðurstaða verkefnisstjórnarinnar að vegna smæðar ættu mörg lögreglulið erfitt með að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Í skýrslu verkefnisstjórnar, á bls. 35, segir um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Almenningur og stjórnvöld gera í dag miklar kröfur til lögreglunnar og hennar starfa. Krafan er sú að lögreglan sinni öllum störfum sínum vel og í samræmi við þarfir og þróun samfélagsins á hverjum tíma, svo og þarfir íbúa í hverju umdæmi fyrir sig. Lögreglan á samkvæmt þessum kröfum að vera skilvirk og árangur af störfum hennar mikill, á sama tíma og hún á að vera opin og jákvæð gagnvart óskum og þörfum hins almenna borgara, vera sýnileg í störfum sínum og umfram allt tryggja öryggi almennings og stjórnvalda. Samhliða þessum kröfum á lögreglan einnig að vera í stakk búin til að sinna vel rannsóknum flókinna sakamála, tileinka sér hratt og vel nýjungar í störfum sínum, taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði löggæslu og rannsóknum sakamála og sjá til þess að rannsóknum allra mála, jafnt stórra sem lítilla, sé lokið innan hæfilegs tíma og hagað í samræmi við ákvæði laga, mannréttindasáttmála og stjórnarskrár. Þessu til viðbótar má nefna að auknar kröfur eru gerðar til forstöðumanna og stjórnenda opinberra stofnana almennt í tengslum við rekstur þeirra í víðum skilningi þess orðs, en á undanförnum árum hafa stjórnunarheimildir verið færðar til stofnana, kröfur um vandaða stjórnsýsluhætti aukist með tilkomu stjórnsýslulaga og upplýsingalaga og nýjar stjórnunaraðferðir eins og

árangursstjórnun hafa verið innleiddar. Allt hefur þetta í för með sér auknar kröfur til stjórnenda og starfsmanna opinberra stofnana, þar á meðal lögreglu."

Með vísan til þessa lagði verkefnisstjórnin til að lögregluumdæmum yrði fækkað úr 26 og þau yrðu 5–7. Yrði ekki unnt að ganga svo langt í stækkun umdæma vildi verkefnisstjórnin að samvinna og samstarf lögregluembætta yrði stóraukið. Með stækkun og fækkun umdæma um land allt yrði lögreglu gert kleift að standa betur undir þeim kröfum sem til hennar væru gerðar á öllum sviðum og margvíslegir kostir sköpuðust til að styrkja starf lögreglunnar.

Skýrsla verkefnisstjórnar vakti miklar umræður meðal sýslumanna og lögreglumanna. Landssamband lögreglumanna fagnaði skýrslunni og tillögunum og taldi þær koma til móts við sjónarmið sín. Sýslumannafélagið efndi til sérstaks félagsfundar um efni skýrslunnar og ályktaði um stækkun lögregluumdæma. Lagði félagið til að lögregluumdæmi yrðu stækkuð og þeim fækkað, þau yrðu alls 12–16.

Eftir umræður um tillögurnar skipaði ég vorið 2005 framkvæmdanefnd til að útfæra nánar tillögur verkefnisstjórnar. Skyldi framkvæmdanefndin móta tillögur um fjölda, stærð og stjórn lögregluumdæma. Áhersla var lögð á að með stækkun lögregluumdæma væri verið að auka og efla þjónustu lögreglu við íbúa landsins og styrkja hana á öllum sviðum, bæði við rannsóknir sakamála og almenna löggæslu. Framkvæmdanefndin skilaði tillögum sínum í lok október 2005 og lagði til að lögregluumdæmi í landinu yrðu fimmtán, þar af sjö sem bæru ábyrgð á rannsókn og saksókn stórra og flókinna mála. Þessi embætti skyldu einnig bera ábyrgð á því að samræma vaktkerfi lögregluembætta á sínu starfssvæði í þeim tilgangi að tryggja aukna og sýnilegri löggæslu en áður. Var það mat framkvæmdanefndarinnar að með þessari skipan yrðu rannsóknir sakamála betri, markvissari og öflugri alls staðar á landinu, sýnileg löggæsla mundi aukast og unnt yrði að halda úti sólarhringsvöktum lögreglu víðar á landinu en nú er.

Þegar tillögur framkvæmdanefndarinnar lágu fyrir var henni falið að kynna þær með því að efna til funda um land allt með lögreglustjórum, lögreglumönnum og sveitarstjórnarmönnum þar sem hlustað væri eftir sjónarmiðum og viðhorfum heimamanna til þeirra. Efnt var til margra funda um landið og einnig voru sérstakir fundir með þeim aðilum sem eftir því óskuðu og vildu fara nánar yfir einstaka atriði og koma á framfæri sjónarmiðum sínum.

Vel á fjórða hundrað manns sóttu fundi nefndarinnar auk þeirra sem mættu til sérstakra funda. Að lokinni þessari ítarlegu yfirferð yfir málið með hagsmunaaðilum um land allt skilaði framkvæmdanefndin framhaldsskýrslu og lagði þar til nokkrar breytingar frá upphaflegum tillögum í samræmi við athugasemdir og sjónarmið sem fram höfðu komið í framangreindu kynningarferli.

Í mínum huga er ekki vafi á því að vel og faglega var staðið að undirbúningi þessa máls af hálfu verkefnisstjórnarinnar og síðan framkvæmdanefndarinnar. Öllum hagsmunaaðilum var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og viðhorfum, og miklar umræður sköpuðust á undirbúningstímanum um einstaka þætti í tillögum framkvæmdanefndarinnar, jafnvel smáatriði í sumum tilvikum. Hlustað var eftir öllum þessum sjónarmiðum og afstaða tekin til þeirra sem í sumum tilvikum leiddi til þess að breytingar voru gerðar frá upphaflegum tillögum.

Hin góða kynning á málinu hefur leitt til þess að umræður um einstaka þætti þess hafa almennt byggst á góðum og gildum rökum. Þess hefur þó orðið vart að það vinnuheiti á undirbúningsstigi að nefna þau sjö embætti þar sem rannsóknardeildir verða starfræktar til að sinna flóknum og stórum málum, lykilembætti hefur valdið misskilningi.

Dæmi um slíkan misskilning má lesa í Morgunblaðinu í morgun þar sem sagt var frá því að á netinu væri hafin söfnun undirskrifta í þeim tilgangi að halda lykilembættum lögregluumdæmisins í Borgarnesi, eins og það er orðað. Í texta sem fólk er hvatt til að undirrita er greinilega talið að í hugtakinu lykilembætti felist annað og meira hlutverk en að reka rannsóknardeild og stuðla að samræmingu vakta. Af textanum má einnig ætla að í Borgarnesi sé starfrækt eitthvert lykilembætti nú sem eigi að flytja á Akranes. Hið rétta er að rannsóknarlögreglumaður hefur verið á Akranesi en ekki í Borgarnesi og með frumvarpinu er ákveðið að hann verði áfram á Akranesi og þar verði þess vegna rannsóknardeildin sem annist rannsóknir stórra og flókinna mála.

Að halda því fram eins og gert er í þeim texta sem birtur er í Morgunblaðinu, að með þessari skipan sé fótunum kippt undan eðlilegri löggæslu á svæðinu og í framhaldi af þeim flutningi megi fastlega búast við að héraðsdómur og sýslumannsembættin fari þá sömu leið áður en langt um líður, er í besta falli misskilningur, byggður á ótrúlegri vanþekkingu, en í hinu versta vísvitandi tilraun til að blekkja fólk til að undirrita alrangan texta.

Í umræðum hefur einnig vottað fyrir áhyggjum af sameiningu lögregluliðanna á höfuðborgarsvæðinu. Í mínum huga er enginn vafi á því að löggæsla á höfuðborgarsvæðinu mun eflast með hinni nýju skipan og rétt er að hafa það í huga að þegar um löggæslu á höfuðborgarsvæðinu er rætt hefur um nokkurra ára bil eða í rúm fimm ár fjarskiptamiðstöð lögreglunnar starfað á höfuðborgarsvæðinu og lögreglan starfað sem ein heild undir stjórn hennar þegar úrlausn verkefna kallar á samhæfingu á mörgum liðum. Þá er ekki kallað á lögreglumenn eftir umdæmum, heldur kallað á þá eftir því hvaða bíll er næstur á vettvangi hverju sinni.

Það er einnig svo að árangur af sameiginlegum átaksverkefnum lögreglu á þessu sviði er mjög hvetjandi. Þannig hefur átak sem lögregluliðin í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi staðið að, með sérsveit ríkislögreglustjóra, til að stemma stigu við athöfnum handrukkara skilað mjög athyglisverðum og jákvæðum árangri á undanförnum mánuðum. Raunar má segja hið sama um átak sem lögreglan á Akureyri og sérsveitin þar hafa gert í sama skyni. Með því að sameina lögregluliðið á höfuðborgarsvæðinu er viðurkenndur í reynd samruni sveitarfélaga hér þegar tekið er á verkefnum sem varða heill og öryggi alls almennings.

Þetta hefur verið gert með því að sameina slökkviliðið sem sveitarfélög reka og almannavarnanefndir sem starfa á vegum sveitarfélaga. Raunar er löngu tímabært að lögreglan sigli í kjölfarið.

Frumvarpið sem ég mæli fyrir hefur að geyma tillögur um nýskipan lögreglumála sem byggjast á því vandaða starfi sem ég hef lýst hér að framan og birtist í skýrslum

verkefnisstjórnar og tillögum hennar. Ég mun nú gera nánari grein fyrir helstu meginatriðum sem í frumvarpinu felast.

Í 1. gr. eru lagðar til breytingar á 5. gr. lögreglulaga. Hún fjallar í heild sinni um hlutverk og verkefni ríkislögreglustjóra og í b-lið 2. mgr. er nú mælt fyrir um að ríkislögreglustjóri skuli starfrækja lögregluranns óknardeild sem rannsaki landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og aðstoði auk þess lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota.

Af orðum sem fallið hafa opinberlega vegna frumvarpsins hefði mátt ætla að þar væri í fyrsta sinn að finna ákvæði um skyldur rannsóknardeildar ríkislögreglustjóra til að rannsaka landráð og brot af því tagi sem nefnd voru. Hér er um misskilning að ræða eins og augljóst er af lestri núgildandi laga.

Breytingar samkvæmt frumvarpinu byggjast á umræðunum um nýskipan lögreglumála. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting að ekki verði lengur mælt fyrir um að þessi rannsóknardeild hjá embætti ríkislögreglustjóra skuli vera öðrum lögregluembættum til aðstoðar við rannsóknir alvarlegra brota. Er þetta lagt til með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum samkvæmt frumvarpinu á rannsóknum stórra og flókinna mála hjá rannsóknardeildum við sjö lögregluembætti. Með þeirri skipan minnkar þörf fyrir rannsóknaraðstoð þótt hún hverfi að sjálfsögðu ekki en lagt er til að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um aðstoðina.

Í þessari grein frumvarpsins segir að ríkislögreglustjóri skuli „starfrækja lögregluranns óknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi." Með ákvæðinu um greiningardeild er lögð áhersla á þær skyldur lögreglu að rannsaka ekki aðeins afbrot sem hafa verið framin, heldur stundi hún einnig rannsóknir til að koma í veg fyrir að afbrot verði framin. Mikilvægt er, eins og rakið er í skýrslu verkefnisstjórnar um nýskipan lögreglumála, að hugað sé sérstaklega að leiðum til að stemma stigu við hættum á skipulagðri og alþjóðlegri glæpastarfsemi. Lögreglan verður að leggja sig fram um að greina skipulagða glæpastarfsemi, safna á einn stað upplýsingum frá innlendum og erlendum lögregluliðum og leggja mat á hættu sem tengist t.d. fíkniefnabrotum, mansali, skipulögðu vændi, peningaþvætti og öðrum afbrotum sem hafa alþjóðlega vídd.

Hið sama á við vegna hryðjuverka.

Alþjóðlegt samstarf lögregluliða til að draga úr hættu á hryðjuverkum vex jafnt og þétt. Þessi hætta getur tekið á sig ýmsar myndir, eins og sjá má núna vegna vanda Dana eftir birtingu skopmynda Jótlandspóstsins.

Í samræmi við nauðsynlegan sveigjanleika í starfi lögreglu er einnig lagt til í frumvarpinu að ráðherra geti ákveðið að við einstök embætti lögreglustjóra starfi undir eftirliti ríkislögreglustjóra greiningardeildir til að leggja mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Er þá sérstaklega horft til stærstu embættanna sem hafa vegna sérstöðu og sérþekkingar forsendur til að leggja starf af mörkum á þessu sviði. Má þar minnast á góðan árangur fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli sem hefur í mörgum tilvikum á grunni vandaðs áhættumats lagt hald á umtalsvert magn fíkniefna. Þessar árangursríku aðferðir við löggæslu verður að styrkja og miðar frumvarpið að því.

Eins og áður hefur verið rakið verða tillögur um nýskipan lögreglumála meginefni þessa frumvarps. Lagt er til að lögregluumdæmi í landinu verði 15 í stað 26, og að við sjö af 15 lögregluembættum verði sérstakar rannsóknardeildir. Með þessu er tryggt að sérþekking til að takast á við rannsóknir afbrota þróist víðar á landinu og löggæsla styrkist þannig og eflist alls staðar.

Frumvarpið boðar verulegar breytingar á skipulagi löggæslu á suðvesturhorni landsins. Annars vegar er gert ráð fyrir að nýtt embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu taki við löggæsluverkefnum lögreglustjórans í Reykjavík og sýslumannanna í Hafnarfirði og Kópavogi. Hins vegar verður lagt til að lögregluembættin tvö í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli verði sameinuð undir einni stjórn lögreglustjórans á Suðurnesjum. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum verður jafnframt sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Um þessa skipan hefur náðst gott samkomulag milli dómsmálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis en ráðuneytin munu sameiginlega setja leiðbeinandi reglur varðandi verksvið lögreglustjórans á Suðurnesjum og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt frumvarpinu fjölgar þeim sýslumönnum sem ekki fara með lögreglustjórn. Nú er sýslumaðurinn í Reykjavík hinn eini sem ekki stjórnar lögreglu en verði frumvarpið að lögum slást sýslumenn í Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Búðardal, Patreksfirði, Bolungarvík, Hólmavík, Siglufirði, Ólafsfirði, Höfn og Vík í hópinn með honum.

Við hin stærri sýslumannsembætti hefur verkefnum fjölgað svo verulega undanfarin ár að brotthvarf lögreglustjórnar auðveldar stjórnendum þeirra að takast á við aukið álag á öðrum sviðum. Að því er sýslumannsembættið í Reykjanesbæ varðar er unnið að því að flytja þangað framleiðslu á vegabréfum og öðrum skilríkjum með nýjum tækjabúnaði.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur sett sér markmið um að flytja verkefni á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess til sýslumannsembætta utan höfuðborgarsvæðisins. Eru þessi verkefni tíunduð í greinargerð frumvarpsins.

Stærsta verkefnið til þessa er að koma á fót innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar við sýslumannsembættið á Blönduósi. Með því verkefni er ekki einungis verið að styrkja og efla þessa mikilvægu starfsemi, heldur er einnig verið að skapa fjölda nýrra starfa á landsbyggðinni. Áform um frekari verkefnaflutning til sýslumannsembætta eru mislangt komin en hér má nefna tvö verkefni sem eru á undirbúningsstigi. Annars vegar stendur til að flytja bótanefnd og þau verkefni sem henni tengjast til sýslumannsins á Siglufirði og hins vegar útgáfu Lögbirtingablaðs til sýslumannsins í Vík.

Frumvarpið hefur að geyma aðrar breytingar sem taldar eru nauðsynlegar í tengslum við endurskipulagningu lögregluumdæmanna. Má þar nefna að lagt er til að heiti varalögreglustjóra verði breytt í aðstoðarlögreglustjóra og að slíkar stöður verði innan stóru lögregluembættanna á höf-

uðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Þá er heimilað að fleiri en einn aðstoðarlögreglustjóri starfi hjá hverju liði. Frumvarpið heimilar í fyrsta sinn að lögreglumenn sem sérstaklega hafa menntað sig til stjórnunarstarfa innan lögreglunnar geti hlotið skipun sem aðstoðarlögreglustjórar. Þetta er eðlilegt skref í ljósi framhaldsmenntunar innan Lögregluskóla ríkisins. Undanfarin ár hefur skólinn í samráði við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands staðið fyrir sérstöku stjórnunarnámi fyrir lögreglumenn og lögreglustjóra með athyglisverðum og góðum árangri.

Lagðar eru til breytingar á inntökuskilyrðum nýnema við Lögregluskóla ríkisins í samræmi við tillögur valnefndar skólans. Lagt er til að aldurshámark verði hækkað í 40 ár, breytingar verði gerðar á kröfum um tungumálakunnáttu og að valnefnd skilgreini kröfur um inntökuprófin í stað skólanefndar.

Að lokum er ástæða til að vekja athygli á ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er þar lagt til að starfsmenn lögregluembættanna þriggja á höfuðborgarsvæðinu njóti forgangs til starfa hjá nýju embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og jafnframt að þeir skuli við flutning til starfa hjá nýju embætti njóta áunninna réttinda sinna. Með þessu móti er tryggt að þeir sem gegna tilgreindum stöðum hjá embættunum þremur standi framar öðrum þegar kemur að því að stofna og skipuleggja nýtt embætti. Einnig er tryggt að þeir glati ekki áunnum réttindum sínum við tilfærslu í starfi þegar lögin koma til framkvæmda. Með þessu er stuðlað að sem minnstri röskun á stöðu og högum starfsmanna og spornað gegn kostnaði vegna biðlaunagreiðslna.

Í öðru lagi er ætlunin að lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins verði skipaður eigi síðar en 1. júlí nk. og verður hlutverk hans út árið að undirbúa stofnun embættisins.

Í þriðja lagi er ráð fyrir því gert að skipuð verði nefnd til ráðgjafar við stofnun nýs embættis á höfuðborgarsvæðinu og flutnings starfsmanna til þess. Þar munu stéttarfélög sem að þessu koma eiga fulltrúa, auk þess sem starfsmenn embættanna þriggja skipa fulltrúa í nefndina.

Loks er lagt til að skipuð verði óháð þriggja manna nefnd sem hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd breytinga samkvæmt frumvarpinu í heild og skila skýrslu til ráðherra um hvernig til hafi tekist.

Virðulegi forseti. Þetta mál á sér langan aðdraganda og ég leyfi mér að segja að allur undirbúningur þess hafi verið vandaður eins og hér hefur verið lýst. Mikilvægt er að áfram verði haldið á þessum málum með vönduðum hætti og fallist Alþingi á tillögurnar sem hér hafa verið kynntar þarf að hrinda þeim í framkvæmd af vandvirkni og fagmennsku. Samhliða því sem málið er lagt fyrir Alþingi hef ég fengið til liðs við dómsmálaráðuneytið sérstakan verkefnisstjóra til að fylgja framkvæmd þessara víðtæku breytinga eftir, verði frumvarpið samþykkt. Ólafur Kristófer Ólafsson, sýslumaður Snæfellinga, hefur tekið þetta verkefni að sér. Hann býr yfir mikilli reynslu á þessu sviði og hefur m.a. endurskipulagt löggæslu á Snæfellsnesi á farsælan hátt. Hann mun vinna að þessu verki í samvinnu við sérfræðinga hjá embætti ríkislögreglustjóra. Mikilvægt er að góð sátt og samvinna takist á milli lögregluliða um innleiðingu þessara breytinga og ekki síður að allt verði verkið unnið í náinni og góðri samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[14:31]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að byrja á því að segja að ég er ekki sammála því sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra þar sem hann gaf í skyn að Borgfirðingar vissu ekki hvað þeir væru að skrifa undir í undirskriftalistasöfnun sinni gegn þessum áformum hæstv. dómsmálaráðherra. Ég er á því að fólkið viti fullvel hvað það meinar þegar það ritar nafn sitt á þessa lista.

Ég ætlaði að beina eftirfarandi spurningu til hæstv. dómsmálaráðherra, sem varðar greiningardeildina sem ég furða mig reyndar á að skuli ekki heita öryggislögregla. Nú kemur fram í þessu frumvarpi að það eigi ekki að leiða til aukins kostnaðar en samt sem áður er verið að setja á stofn nýja deild. Hvaðan eiga fjármunir að koma? Margir utan af landi óttast að það verði einmitt niðurskurður á landsbyggðinni, á löggæslunni þar, og sparaður peningur sem á síðan að nota til að efla hér einhverja öryggislögreglu (Forseti hringir.) í Reykjavík.

[14:33]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður get ég ekki gert að því ef hv. þingmaður telur að sá texti sem kynntur er til undirskriftar í Borgarbyggð sé réttur og sýnir það að hann hefði betur hlustað á ræðu mína og kynnt sér um hvað þetta frumvarp snýst.

Varðandi kostnaðarþáttinn hefur verið lagt mat á málið af hálfu fjármálaráðuneytisins samkvæmt tillögum dómsmálaráðuneytisins og frumvarpið á ekki að leiða til aukins kostnaðar. Þetta er spurning um forgangsröðun og spurning um skiptingu verkefna og spurning um að deild verði til sem hafi sérgreint þetta verkefni.

[14:33]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta snýst um skiptingu verkefna, sagði hæstv. dómsmálaráðherra. Er verið að draga úr verkefnum lögreglumanna á landsbyggðinni? Fólk á landsbyggðinni óttast það vegna þess að alltaf þegar haldin eru íþróttamót eða skemmtanir er lögreglunni gert að senda reikning fyrir löggæslukostnaði. Mér finnst að hæstv. dómsmálaráðherra ætti að gera hreint fyrir sínum dyrum. Hvaðan eiga fjármunirnir að koma til þess að starfrækja nýja öryggislögreglu hér á Reykjavíkursvæðinu? Eiga þeir að koma utan af landi eða hvaðan eiga þeir að koma? Mér finnst að hæstv. dómsmálaráðherra eigi að svara því.

Síðan segir hann að mikill árangur hafi orðið af því að efla víkingasveitina. Vegna þess að hæstv. dómsmálaráðherra hafði orð á því að hann vildi hafa mælanleg markmið vil ég spyrja: Hefur hann mælt þennan árangur með einhverjum hætti, frú forseti?

[14:34]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður gefur sér þá forsendu að hér eigi að stofna öryggislögreglu og þess vegna vanti peninga. Það er bara ekki í þessu frumvarpi. Það er í hugarheimi þingmannsins. Það stendur ekki neitt um það í þessu frumvarpi þannig að ef þingmaðurinn gefur sér ranga forsendu kemst hann að sjálfsögðu að rangri niðurstöðu um frumvarpið. (**SigurjÞ:** Hvaðan eiga peningarnir að koma?)

[14:35]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra tveggja spurninga. Fyrri spurning mín til hæstv. ráðherra varðar embættið í Vestmannaeyjum — bara svo að það sé alveg á hreinu áður en við höldum áfram í umræðunni — í 3. gr. lagafrumvarpsins kemur fram að við embætti lögreglustjórans á Selfossi skuli vera rannsóknardeild fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans á Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum. Nú hef ég fengið svolítið misvísandi fréttir af því að sú ákvörðun hafi hugsanlega verið dregin til baka, að það eigi að taka embætti rannsóknarlögreglumanns frá Vestmannaeyjum og færa það upp á Selfoss. Mér þætti vænt um að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra hvað er rétt í þessu máli.

Hin spurning mín til hæstv. ráðherra varðar flutning verkefna út á land hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Ráðherra flutti okkur hér jákvæðar fréttir af flutningi nokkurra verkefna og ekki nema gott eitt um það að segja. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hver sé tímaramminn á þessu verkefni, þ.e. að flytja þau út á land. Hvenær sér ráðherra fyrir sér að þessu verði lokið?

[14:36]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur fram í þeim skýrslum sem ég vitnaði til að ekki eru ráðgerðar breytingar á fjárveitingum til sýslumannsins í Vestmannaeyjum og ekki breyting þess vegna á starfsemi sýslumannsembættisins þar.

Varðandi tímarammana er það svo að við höfum ekki sett þessu nein tímamörk. Aðalatriðið er að efnislega verði vel að verki staðið og að þau markmið sem við höfum sett okkur náist. Það finnst mér meginatriði en ekki tímamörk í slíkum vangaveltum.

Við höfum sett hér fram tillögur. Það er verið að vinna að tillögum varðandi framkvæmd mála á Blönduósi sem er fyrsta verkefnið. Samkvæmt þeim áætlunum sem liggja fyrir er gert ráð fyrir að þar hefjist starfsemi núna í vor og þannig mun þetta verða koll af kolli og fer eftir umfangi verkefna og þeirri efnislegu niðurstöðu sem menn komast að um skynsemi flutningsins þegar þau hafa verið undirbúin nægilega vel.

[14:37]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki svara spurningu minni varðandi Vestmannaeyjar. Ég spurði hvort það væri rétt, sem ég skil af lestri þessa frumvarps, að það ætti að taka starf rannsóknarlögreglumanns frá Vestmannaeyjum og flytja það upp á land. Ef svo er finnst mér að ráðherra ætti að segja okkur það skýrum orðum því að fólk í Vestmannaeyjum bíður eftir því að fá að heyra það frá ráðherra hvað eigi að gera í þessu máli.

Fréttir af þessu eru svolítið misvísandi og ruglingskenndar og mér finnst að stjórnvöld séu á vissan hátt að reyna að þokuleggja þetta mál. Það er mjög mikilvægt að Vestmannaeyingar haldi rannsóknarlögreglumanni úti í Eyjum vegna þess að aðstæður í Vestmannaeyjum eru svo allt öðruvísi en annars staðar á landinu. Hvers vegna er það? Jú, það er enginn vegur út í Vestmannaeyjar, það er oft illfært þangað og ég tel mjög mikilvægt að Vestmannaeyingar haldi rannsóknarlögreglu í Eyjunum.

Hvað hitt varðar, flutning embætta eða verkefna út á land finnst mér að með þessu frumvarpi ætti að fylgja einhvers konar tímarammi því að þetta skapar svo sannarlega ákveðnar væntingar mjög víða.

[14:38]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi síðasta þáttinn í ræðu hv. þingmanns fjallar þetta frumvarp ekki um flutning verkefna út á land, heldur nýskipan lögreglumála. Það er alveg sérstakt viðfangsefni sem ráðuneytið vinnur að án þess að þurfa að setja fram lög um það að flytja verkefni út á land.

Eins og ég sagði vitnaði ég í gögn sem fylgja þessu og hafa verið kynnt, m.a. fyrir Vestmannaeyingum. Í þeim gögnum segir alveg skýrt að á stöðu rannsóknarlögreglumanns í Vestmannaeyjum verði engin breyting. Það kemur alveg skýrt fram. Ég tel að þingmaðurinn standi hér upp til að ýta undir einhverjar grunsemdir sem eru ekki á neinum rökum reistar ef menn hafa kynnt sér gögn málsins sem þingmaðurinn hefur greinilega ekki gert.

[14:39]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Á 130. löggjafarþingi flutti ég ásamt þingmönnum úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokknum tillögu til þingsályktunar um breytingar á skipulagi á framkvæmd löggæslu. Frumvarp hæstv. ráðherra tekur að hluta til mið af þeim hugmyndum eins og um að lögregluumdæmin verði stækkuð og rannsóknardeildir styrktar eða stofnaðar við embættin.

En það var grundvallaratriði í tillögum okkar þingmannanna að ráðist yrði í það brýna verkefni að móta reglur um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi fyrir sig til að gætt sé almannaöryggis og að réttaröryggis íbúa sé tryggt í samræmi við lögreglulög.

Ég sé ekki að þetta hafi verið gert í þeirri nýskipan sem hæstv. ráðherra kynnir hér þó að það sé raunverulega grundvallaratriði að við breytingar á skipulagi og framkvæmd löggæslu sé byggt á úttekt á þörf fyrir lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi.

Ég spyr ráðherra hvort þetta hafi verið gert og ef ekki, hvers vegna ekki.

[14:40]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skýrslan sem liggur að baki þessu verki er 128 blaðsíður. Þar er tekið á öllum þáttum varðandi löggæslu í landinu og m.a. farið yfir mannaflaþörf til að átta sig á því hvernig best sé að þessu verki staðið. Á grundvelli þess eru þessar tillögur gerðar. Það er ekki verið að gera þessar tillögur til að veikja löggæsluna, heldur styrkja hana og efla. Þá mun fjöldi lögreglumanna að sjálfsögðu taka mið af því sem þörf er fyrir. Ég veit ekki hvort verkefnisstjórnin lagði á sig að lesa þessa þingsályktunartillögu sem hv. þingmaður vitnar til. Ef svo hefur ekki verið gert er ekki annað hægt en að afsaka það, ef þar hefur komið fram eitthvert grundvallarsjónarmið sem verður að taka tillit til ef menn ætla að huga að góðri löggæslu í landinu.

Ég tel að með þessu frumvarpi og þeirri vinnu sem liggur þar að baki sé tekið tillit til allra sjónarmiða sem þarf að hafa í huga þegar þessi mál eru skoðuð.

[14:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur verið vandi þegar tekið er tillit til þarfar varðandi lágmarksþjónustu og aukna löggæslu að það komi niður á hinni almennu löggæslu í landinu, sá grunur læðist að manni þegar ekki á að auka neitt fjármagn til löggæslunnar og einungis er um tilfærslu að ræða.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann geti staðið hér og fullvissað okkur um að þetta muni ekki koma niður á almennri löggæslu í landinu og að mönnun lögreglunnar taki mið af þeirri þörf sem er fyrir lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi.

Það er grundvallaratriði að ráðherrann geri grein fyrir því hér. Í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins kemur fram að frekari kostnaðargreining og áætlanagerð varðandi ýmsar skipulags- og rekstrarhagræðingar eigi að fara fram. Hvað þýðir þetta eiginlega?

Ég get ekki séð að tillögur ráðherrans mótist af þörfinni sem er fyrir það að bæta hér almenna löggæslu og byggja á tillögum sem grundvallast á (Forseti hringir.) lágmarksþjónustu og þörf fyrir lögregluna.

[14:42]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta byggist á þeim sjónarmiðum sem þingmaðurinn nefnir, þessar tillögur. Ef hún vill nálgast það á grundvelli tillögu sem hún hefur sjálf flutt og greinargerð sem hún hefur samið og lagt fram í þinginu, og það orðalag kemur ekki fram í þessum gögnum, segi ég: Það verður að biðja þingmanninn afsökunar á því ef hún hefur fundið upp eitthvert sjónarmið í þessu sem dugar betur en sú rannsóknarvinna hefur leitt til sem við störfum eftir hér. Ef þingmaðurinn hefur einhver slík sjónarmið væri mjög æskilegt að þau lægju (**JóhS:** Þetta bara svarar ekki grundvallarspurningunni.) betur fyrir.

Ég er að svara spurningunni.

[14:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fyllist alltaf varúð þegar verið er að leggja til að Alþingi samþykki lög sem veiti framkvæmdarvaldinu heimild til að fylgjast með einstaklingum eða hópum sem ekkert hafa til saka unnið og einhverjir ótilteknir embættismenn með matskenndri ákvörðun líta á að kunni að vera grunsamlegir.

Hér er um byltingarkennt nýmæli að ræða í löggæslu sem felst í því að fá að setja upp greiningardeild. Í frumvarpinu sjálfu er það afskaplega lítið útskýrt hvað á að fara fram innan hennar en hæstv. ráðherra sagði að hún ætti ekki aðeins að rannsaka afbrot sem hafa verið framin, heldur skuli hún líka stunda rannsóknir til að koma í veg fyrir að landráð verði framin eða brot gegn æðstu stjórnvöldum. Það þýðir að það er verið að fylgjast með fólki og ég spyr: Er þetta vísir að leyniþjónustu hér á landi?

[14:45]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kemur í frumvarpinu er verið að tala um greiningardeild sem á að safna gögnum og leggja mat á þróun til að hafa það markmið sem hv. þingmaður nefndi, að koma í veg fyrir að afbrot verði framið. Á þetta er lögð rík áhersla af öllum þjóðum og öllum ríkjum núna. Varðandi heimildir þessarar deildar er ekki tekið á því í þessu frumvarpi, það er sérstakt álitaefni sem þarf að fjalla um á Alþingi og ég gat þess sérstaklega að við hefðum í þessu efni t.d. tekið mið af umræðum um þessi mál á vettvangi Evrópuráðsins. Það liggja fyrir ítarlegar rannsóknir á vettvangi Evrópuráðsins um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu og þegar við fjöllum um efnisþætti þessa máls hér á þingi og annars staðar munum við að sjálfsögðu taka mið af því sem er skynsamlegast talið til að sameina það að gæta öryggis borgaranna, bæði eins og lögregla getur gert það og líka eins og við viljum að þess sé gætt með mannréttindi að leiðarljósi.

[14:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. dómsmálaráðherra að skjóta sér á bak við Evrópuráðið. Ég gjörþekki þá skýrslu sem hæstv. ráðherra vísar til.

Ég gjörþekki líka þá samþykkt Evrópuráðsins þar sem skýrt er tekið fram að það verði að hafa lýðræðislegt eftirlit með einmitt deildum af þessu tagi. Það er hvergi að finna hér. Ég óttaðist að til stæði að taka síðar upp annars konar lögheimildir til deildar af þessu tagi. Það kom fram í máli ráðherrans og stendur reyndar líka í frumvarpinu að það standi til síðar að láta samþykkja á Alþingi sambærilegar lögheimildir og þær deildir hafa sem við köllum leyniþjónustu í öðrum löndum. Hvaða heimildir hafa þær? Jú, þær mega njósna um fólk, hlera o.s.frv. Við höfum aldrei á Íslandi leitt neinar almennar heimildir í lög til þessa og ég verð því miður að hryggja hæstv. ráðherra með því að ég treysti mér ekki til að láta ríkislögreglustjóra hafa vald til að ákveða eftirlit með hinum og þessum einstaklingum í þessu samfélagi eða (Forseti hringir.) tilteknum hópum.

[14:47]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bið þingmanninn að gæta þess

hvað hann er að segja hér í ræðustólnum. Hann er að leggja út af þessu frumvarpi á allt annan veg en efni frumvarpsins gefur til kynna. Hér er verið að tala um að greiningardeild lögreglunnar sinni því verkefni sem þarna er lýst og hann fer að tala um leyniþjónustu, starfsemi ríkja sem reka slíka starfsemi og ímynda sér einhverja hluti sem hann segist hafa (Gripið fram í.) kynnst á vettvangi Evrópuráðsins.

Evrópuráðið hefur ekki gefið út neinar leiðbeiningar um starfsemi leyniþjónustu. Evrópuráðið hefur fjallað um það hvernig hin almenna lögregla getur haft réttarheimildir til að gæta öryggis borgaranna án þess að stofnaðar séu leyniþjónustur. Það er um það sem þetta snýst, sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu. Ef menn á enskri tungu eru að tala um leyniþjónustu og annað slíkt nota þeir ekki þau hugtök sem við erum að nota í þessu frumvarpi til lögreglulaga. Þó að hv. þingmaður sé vel kunnugur málefnum Evrópuráðsins verður hann líka að skilja hvað þar fer fram.

[14:48]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Hér erum við að ræða frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.

Það er ýmislegt í þessu frumvarpi sem vekur upp spurningar og jafnvel áhyggjur. Þessar áhyggjur eru ekki síst komnar til vegna sögu þess hæstv. ráðherra sem leggur þetta frumvarp fram. Það þarf nefnilega að setja þetta frumvarp í samhengi við önnur frumvörp sem þessi sami ráðherra hefur lagt fram hér á þingi.

Frú forseti. Sporin hræða. En af hverju hræða þau? Það er ekki langt síðan hæstv. dómsmálaráðherra lagði fram lagafrumvarp sem átti að heimila hleranir án dómsúrskurðar, en fyrir aðeins fimm árum kom frumvarp frá sama ráðuneyti og hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason ræður núna um breytingar á hlerunarheimildum lögreglu. Þá var tekið fram í greinargerð frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Þar sem aðgerðir [þ.e. hleranir] sem þessar hafa í för með sér mjög verulega skerðingu á friðhelgi einkalífs sem m.a. er lýst friðhelg í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu er eðlilegt að dómsúrskurð þurfi jafnan til þeirra til þess að koma í veg fyrir að þær séu misnotaðar."

Þetta sendi þáverandi dómsmálaráðherra frá sér, en fimm árum seinna þegar nýr hæstv. ráðherra var kominn í ráðuneytið, hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason, hafði þetta viðhorf gjörbreyst. Nú átti að heimila hleranir án dómsúrskurðar sem er gróft brot á þeim meginreglum sem flestir vilja starfa eftir. Sem betur fer gátum við í allsherjarnefndinni komið í veg fyrir að hleranir án dómsúrskurðar yrðu leyfðar eins og hæstv. dómsmálaráðherra vildi ná fram.

Frú forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra var ekki af baki dottinn. Hann lagði því fram frumvarp á Alþingi sem heimilar lögreglu að halda eftir gögnum frá verjanda ótímabundið. Þá komu fram trúverðugar efasemdir um að slíkt stæðist mannréttindasáttmála Evrópu. Í þetta sinn tókst hæstv. ráðherra að fá málið samþykkt hér á þingi.

Á síðasta þingi lagði síðan þessi sami hæstv. ráðherra fram lagafrumvarp, sem var samþykkt, sem skerti mögu-leika borgaranna á gjafsókn vegna réttarhalda. Þá var afnuminn réttur einstaklinga á gjafsókn í málum sem hafa verulega almenna þýðingu eða varða verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjenda. Þetta var réttlætt með sparnaði en á fundum allsherjarnefndar kom í ljós að sparnaðurinn yrði um 10 millj. kr. á ári sem verður að teljast aum fjárhæð í ljósi þess réttar sem þá var verið að afnema.

Hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason fékk sömuleiðis samþykkt hér á þingi afskaplega slæm og svínsleg lög um málefni útlendinga ekki alls fyrir löngu. Þá voru skert réttindi fjölda Íslendinga til að sameinast erlendum maka sínum á grundvelli hjúskapar vegna skilyrðis laganna um 24 ára aldur. Þar var einnig komið í veg fyrir eðlilega fjölskyldusameiningu með svokallaðri 66 ára reglu þar sem afar og ömmur undir þeim aldri hafa ekki lengur rétt á dvalarleyfi vegna fjölskyldutengsla. Í hinum nýsamþykktu útlendingalögum var einnig að finna heimild til Útlendingastofnunar til að fara fram á lífsýnatöku úr útlendingum. Sönnunarbyrðinni var jafnframt snúið við þannig að viðkomandi Íslendingar og erlendir makar þeirra þurfa nú að sanna fyrir yfirvöldum að þeir búa ekki í málamyndahjónabandi.

Frú forseti. Það er hægt að taka fleiri dæmi af vondum fyrirætlunum hæstv. dómsmálaráðherra. Í upphafi þessa kjörtímabils lagði hann fram frumvarp um fangelsismál sem var svo illa unnið að hann neyddist til að draga það til baka. Við samningu þess frumvarps var ekki haft samráð við neinn hlutaðeigandi aðila, svo sem fanga, aðstandendur fanga eða fangaverði. Ekkert markmið var í frumvarpinu, engin meðferðarúrræði og heimildir til að leita á gestum án rökstudds gruns voru auknar. Á þremur árum hefur síðan hæstv. dómsmálaráðherra þrefaldað fjölda sérsveitarmanna og aukið fjárframlög til ríkislögreglustjóra um 30%. Til að bæta ofan á alla þessa upptalningu hafa flokksmenn Sjálfstæðisflokksins varið hér á þingi skilyrðislausan rétt atvinnurekenda til að taka lífsýni úr starfsfólki sínu.

Frú forseti. Hinn rauði þráður í störfum Sjálfstæðisflokksins og hæstv. dómsmálaráðherra Björns Bjarnasonar kemur þó ekki á óvart ef rifjuð er upp ræða Björns sem hann hélt á málþingi Lögfræðingafélags Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands þann 26. september 2003 þar sem 50 ára afmæli gildistöku mannréttindasáttmála Evrópu var fagnað. Þvert á almenna skoðun um að mannréttindasáttmáli Evrópu hafi svokallað stjórnarskrárígildi þar sem almenn löggjöf skuli vera m.a. túlkuð í ljósi samningsins talaði hæstv. dómsmálaráðherra gegn slíku. Hann ræddi m.a. í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Allt tal um að mannréttindasáttmálinn hafi nokkurs konar stjórnarskrárígildi er einungis lögfræðileg óskhyggja þeirra sem láta berast með tískustraumum jafnvel frá Strassborg."

Þvert á allar meginkenningar lögfræði hafnaði hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason þar hinu lifandi eðli samningsins og taldi að aðeins ætti að túlka mannréttindasáttmála frá orðanna hljóðan. Það er hins vegar afar forneskjulegt viðhorf sem flestir fræðimenn hafa hafnað enda þarf samningur eins og mannréttindasáttmáli Evrópu og túlkun hans að þróast í takt við breytta tíma. Friðhelgi

einkalífsins þýðir t.d. allt annað í dag en fyrir 50 árum þegar mannréttindasáttmáli Evrópu var gerður.

Frú forseti. Eins og áheyrendur og þingheimur heyra er ástæða til að hafa áhyggjur af frumvörpum hæstv. dómsmálaráðherra. Sporin hræða, frú forseti. Í því frumvarpi sem hér er til umræðu er lagt til að sett verði á fót sérstök greiningardeild sem rannsaka á landráð og skipulagða glæpastarfsemi, hryðjuverk og óvini ríkisins. Slík deild væri algjört nýmæli hér á landi. Því vakna ýmsar spurningar við lestur þessa frumvarps sem þingheimur þarf að fá svör við frá hæstv. dómsmálaráðherra og ég vona að hann nái þeim hér öllum á eftir.

1. Hvað kallar á þessa breytingu að mati hæstv. ráðherra? Hver er eiginlega vandinn og hverjir eru hinir svokölluðu óvinir ríkisins að mati ráðherrans? Í núgildandi lögreglulögum segir að ríkislögreglustjóra beri „að starfrækja lögregluannsóknardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og aðstoðar lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota". En hvað kallar á að hæstv. dómsmálaráðherra vill núna bæta við nýrri greiningardeild í lögin?

2. Mig langar að vita hvert verði eiginlega verkefni þessarar deildar. Hvað mun hún gera dagsdaglega og hvert er hlutverk hennar? Hvernig verður þessi vinna unnin hjá greiningardeildinni? Þessi deild mun án efa sinna forvarnamati og reyndar áhættumati eins og stendur í sjálfu frumvarpinu og hæstv. ráðherra hefur staðfest í umræðunni. En hvernig fer þetta áhættumat fram? Sömuleiðis segir að þessi deild eigi að greina hættu á afbrotum, en hvernig mun sú vinna fara fram? Hver er munurinn á þessari greiningardeild og hefðbundinni leyniþjónustu eins og við þekkjum í Evrópu?

3. Mun stofnun þessarar deildar auka eftirlit með þegnum þessa lands?

4. Við þurfum að fá að vita hvernig og hvort þessi vinna fari nú þegar fram hjá ríkislögreglustjóra. Er verið að setja ramma utan um eitthvað sem er nú þegar til staðar? Hvernig er þetta áhættumat sem ráðherra talar um unnið í núverandi kerfi?

5. Hverjar verða starfsheimildir þessarar greiningardeildar? Í þessu frumvarpi er ekkert minnst á heimildir þessarar starfsemi. Það er bara stofnuð greiningardeild sem á að rannsaka þessi mál og gera áhættumat. Það er því ekki rétt eins og heyrst hefur í umræðunni í samfélaginu að hér sé verið að skjóta stoðum undir heimildir einhverrar starfsemi sem er nú þegar til staðar.

Þess vegna er reyndar líka torskilið að það standi í sjálfu frumvarpinu á bls. 6. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Lagaákvæði um greiningardeild tryggja að þannig sé um hnúta búið hér að þeir sem falið er að gæta öryggis borgaranna hafi sambærilegar lögheimildir og starfsbræður þeirra erlendis til að sinna störfum sínum."

Í þessu frumvarpi er ekkert talað um starfsheimildir þessarar greiningardeildar og þá langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Stendur það til að leggja fram frumvarp sem breytir heimildum lögreglu hvað þetta varðar? Í grein hæstv. dómsmálaráðherra frá því í gær segir ráðherrann að lögreglan þurfi sambærilegar heimildir og lögreglur í öðrum ríkjum. Þá langar mig í framhaldi af því að spyrja: Hvað vantar á að mati hæstv. ráðherra og hvaða auknu heimildir til lögreglunnar ætlar hann að tryggja henni?

6. Í 5. mgr. 3. gr. frumvarpsins er heimild fyrir því að stofna fleiri svona greiningardeildir við önnur embætti. Stendur það til og af hverju vill hæstv. dómsmálaráðherra hafa fleiri en eina svona deild?

7. Hver mun vinna í þessari greiningardeild og hversu margir? Hvað mun hún kosta? Í kostnaðarmati fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er ekki gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna þessarar breytingar. Eitthvað hlýtur svona deild að kosta þrátt fyrir að hæstv. ráðherra segi í umræðunni að þetta snúist einungis um forgangsröðun.

8. Hvernig verður eftirlitið með þessari greiningardeild? Verður einhvers konar eftirlit af hálfu hins opinbera á þessari nýstofnuðu greiningardeild?

9. Eru einhverjar breytingar áætlaðar á þjóðskrá og staðsetningu hennar hvað þetta varðar? Í þjóðskrá koma auðvitað margs konar upplýsingar fram sem gætu nýst í hinu svokallaða áhættumati greiningardeildarinnar.

Frú forseti. Eins og ég segi vakna margar spurningar vegna þessa frumvarps og hverjar séu eiginlega forsendur fyrir svona greiningardeild. Er verið að stofna leyniþjónustu eins og heyrst hefur í umræðunni? Mun þessi greiningardeild einfaldlega finna sér verkefni verði lítið að gera hjá henni, og hverjar verða heimildir hennar?

Frú forseti. Þetta frumvarp snýr ekki eingöngu að því að setja á fót greiningardeild eða leyniþjónustu hjá ríkislögreglustjóra heldur einnig um breytingar á lögregluumdæmum. Það er hins vegar ýmislegt jákvætt við þær breytingar en auðvitað setjum við í Samfylkingunni þann fyrirvara að þjónustan og löggæslan skerðist ekki. Það er ljóst að sums staðar hefur fólk áhyggjur af stöðu mála hvað þetta varðar enda er löggæslan einn af grundvallarþáttum í öllum samfélögum. Í Hafnarfirði og Kópavogi hefur fólk t.d. áhyggjur af að þjónustan skerðist eitthvað en þetta eru þau sveitarfélög sem hafa hvað fæsta lögreglumenn á hvern íbúa. Í þeirri sameiningu sem hér er verið að leggja til geta hins vegar verið sóknarfæri fyrir þessi sveitarfélög og það munum við auðvitað skoða í allsherjarnefndinni.

Samfylkingin hefur áður barist á þingi fyrir því að endurskoðunar væri þörf á skipulagi og framkvæmd lögreglunnar. Aðalatriðið er að þjónustan skerðist ekki, að nýting á fjármunum og vinnuafli batni og lögreglan styrkist.

Að lokum langar mig að minnast á í samhengi við stofnun þessarar greiningardeildar við embætti ríkislögreglustjóra að frelsisskerðing er oftast nær hægfara en verður ekki í einu vetfangi. Aukið eftirlit og skerðing á persónuréttindum eru ætíð réttlætt með fögrum orðum og góðum tilgangi. Það getur nefnilega verið styttra í stóra bróður sem George Orwell lýsti en margir halda. Við verðum því að vera á tánum þegar kemur að hugðarefnum hæstv. dómsmálaráðherra því að reynslan einfaldlega sýnir að þörf er á slíku.

[15:00]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fyrst örfá mjög almenn orð um það frumvarp sem hér er til umfjöllunar. Ég vil byrja á því að segja að ég hef fram að færa ákveðna gagnrýni, eða kannski

ætti öllu heldur að segja áhyggjur vegna þeirrar áherslu sem er að finna í frumvarpinu og er ég þar að sjálfsögðu að víkja að svokallaðri greiningardeild sem á að hafa það hlutverk með hendi að leggja mat á hættu á hryðjuverkum, ásamt meiru, og rannsaka það sem kallað er landráð.

Hitt sem ég vildi segja um þetta frumvarp almenns eðlis er að ég tel það að mörgu leyti geta orðið til góðs enda er það sprottið upp úr hugmyndum sem lengi hafa verið á döfinni hjá lögreglumönnum og sýslumönnum, eins og vikið er að í athugasemdum við lagafrumvarpið og einnig má hrósa því að leitað hefur verið eftir sjónarmiðum margra aðila og reynt að efna til almennrar umræðu um þær víðtæku skipulagsbreytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Um einstaka þætti þeirra breytinga ætla ég ekki að tjá mig enda tel ég mikilvægt að málið fái mjög vandaða umfjöllun í nefndum þingsins og fyrir nefndina munu að sjálfsögðu koma hagsmunaaðilar, Landssamband lögreglumanna, sýslumenn og ýmsir sem hljóta að verða til kvaddir. Um einstakar skipulagsbreytingar ætla ég því ekki að tjá mig að sinni en mun hlusta grannt eftir því hvað þessir aðilar koma til með að segja.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á ákvæði til bráðabirgða í lögunum þar sem vikið er að réttindum starfsmanna en þar segir á þá leið að við hvers kyns flutning starfa skuli starfsmenn njóta áunninna réttinda sinna. Samkvæmt hefð er þar verið að vísa í stöðu manna, það er verið að vísa í kjör, laun og önnur kjör og menn horfa að sjálfsögðu einnig til röskunar á högum sem kunna að leiða af flutningum. Á allt þetta á eftir að reyna en ég ætla ekki að gefa mér neitt annað á þessu stigi en að reynt verði að standa við þau fyrirheit sem er að finna í ákvæði til bráðabirgða, að fullu. Alþingi mun að sjálfsögðu fylgjast með framkvæmdinni þegar þar að kemur.

Það er sitthvað sem ekki er í frumvarpinu sem maður hefði gjarnan viljað sjá þar, eins og efling á efnahagsbrotadeild lögreglunnar. Reyndar skal sagt að þar er fyrst og fremst um fjárhagsstuðning að ræða, ekki endilega skipulagsbreytingar en þetta frumvarp fjallar náttúrlega fyrst og fremst um skipulagsbreytingar hjá lögreglunni. En það má minna á að ekki alls fyrir löngu var hér á ferð nefnd frá Evrópuráðinu, hygg ég að hún hafi verið, sem gaf okkur þau ráð að við skyldum stórefla efnahagsbrotadeildina þannig að hún væri fær um að takast á við verkefni sem nýr heimur færði okkur, miklu stærri og alvarlegri efnahagsbrot, og deildin eins og að henni væri búið væri ekki í stakk búin til að sinna slíkum verkefnum. En eins og ég segi er það hugsanlega ekki verkefni þessara laga að taka á slíku en því nefni ég þetta að hér er ég að tala um áherslur og það eru þær áherslur sem lúta að leyniþjónustu og landráðum sem ég vil sérstaklega vekja athygli á.

Ég á sannast að sagna erfitt með að átta mig á hvað þessar lagabreytingar sem hér er gerð tillaga um þýða. Þó vil ég taka undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni að við þurfum að skoða málin heildstætt og skoða þau skref sem verið er að stíga hvert á fætur öðru hvað þetta varðar. Hann nefndi réttilega að Alþingi hefði á liðnum árum haft til umfjöllunar margvísleg lög sem snerta réttindi borgaranna og minnti á lög um hleranir án dómsúrskurðar, eða öllu heldur lagafrumvarp sem aldrei fór í gegnum þingið. Ég vil minna á fleiri lög, t.d. Schengen-samkomulagið sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð eða þingmenn þess höfðu ákveðnar efasemdir um en þar segir í 6. gr. þess samkomulags, svo dæmi sé tekið, að heimilt sé að skrá upplýsingar um einstaklinga í upplýsingakerfið, þ.e. Schengen, m.a. ef ætla má af fyrri hegðun einstaklings — það segir á þessa leið í þessum lögum — eða af öðrum ástæðum að tilgangur hans með komu hingað til lands eða á Schengen-svæðið sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingastarfsemi. Ég man eftir að ég vakti athygli á því í umræðu um Schengen-samkomulagið á sínum tíma hve matskennd ákvæði af þessu tagi væru. Þá voru nýafstaðin mótmæli í Seattle í Bandaríkjunum þar sem Alþjóðaviðskiptastofnunin, World Trade Organization, hafði nýlokið fundi og mikil mótmæli höfðu tengst fundinum, rúður brotnar í ráðstefnuhöllum o.s.frv. Í augum ráðstefnuhaldara var þar eflaust verið að fremja skemmdarverk en í mínum augum og augum hundruða þúsunda manna og milljóna tuga var verið að koma á framfæri öflugum mótmælum gegn stefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem hefur því miður gengið þvert á almannahag og sérstaklega hagsmuni fátækra þjóða heimsins. Skemmdarverk í augum eins getur verið þjóðþrifaverk í augum annars. Það sem ég er að vekja athygli á er hversu matskenndir þessir hlutir eru og þegar þeir eru færðir á bak við tjöldin og færðir embættismönnum, þess vegna í hendur lögreglunni. Ég vil taka það fram að ég ber fullt traust til íslensku lögreglunnar, þetta snýst ekki um það, en okkur ber að stíga varlega til jarðar, og ég tek undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem einmitt komst þannig að orði.

Þá ætla ég aðeins að líta á þær breytingar sem verið er að gera á lögunum og það væri fróðlegt að hæstv. dómsmálaráðherra skýrði nánar hvað fyrir honum vekti. Í 1. gr. frumvarpsins sem liggur fyrir þinginu er verið að gera tillögu um breytingu á 5. gr. lögreglulaga. Þar segir í 2. tölul., með leyfi forseta:

„Sérstök verkefni sem ríkislögreglustjóra ber að hafa með höndum eru:

a. að starfrækja lögregluranns óknardeild sem rannsakar skatta- og efnahagsbrot,

b. að starfrækja lögregluranns óknardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og aðstoðar lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota.“

Síðan eru fleiri töluliðir og fleiri liðir í þessari grein. Nú á b-liður þar sem vikið er á landráðunum að orðast á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„B-liður 2. mgr. orðast svo: að starfrækja lögregluranns óknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.“

Ég hef verið að reyna að átta mig á því hvort orðalagið er ekki alveg ljóst hvað hér vakir fyrir löggjafanum því það er talað um að starfrækja lögregluranns óknardeild og greiningardeild en síðan kemur fram í athugasemdum við greinina að þetta sé ein og sama deildin, eða hvað? En í athugasemdum við þessa grein segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar er lagt til að lögregluranns óknardeild sem

rannsakar brot á borð við landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og stjórnvöldum þess skuli jafnframt vera greiningardeild sem hafi það hlutverk að vinna áhættumat vegna hryðjuverka og af skipulagðri glæpastarfsemi eða öðru sem ógnað getur öryggi ríkisins."

Þetta virðist vera ein og sama deildin, eða hvað? En það hefur verið bætt í um hlutverk hennar frá fyrri lögum, nefnilega að annast það sem kallað er áhættumat, mat á áhættu á hryðjuverkum. Hvernig er unnið að því að gera slíkt mat? Maður þarf væntanlega að reyna að grafast fyrir um hvað hugsanlega vakir fyrir aðilum sem líklegir eru til slíkra verka. Og hvað þarf til að afla slíkra upplýsinga, því ekki bera þeir slík áform á torg? Það þarf væntanlega að njósna um þá. Þarf að fylgjast með því sem þeir gera. Hér er komið að þessari tengingu við leyniþjónustu og þegar við heyrum það síðan að heimildir embættisins til vinnubragða og verka munu ráðast af því hvað leyniþjónustur í Evrópu komi til með að gera, þær vinnureglur sem þær komi til með að setja sjálfum sér, þá erum við komin ansi nærri leyniþjónustuhugsuninni.

Ég kvaddi mér hljóðs hér fyrir fáeinum dögum til að vekja máls á þessu, gerði það í mjög andstuttum stíl á tveimur mínútum, en ég gat um það að á a.m.k. þremur stöðum í íslenskum lögum er vikið að landráðum sem hér á að vera verkefni sérstakrar greiningardeildar. Það er í fyrsta lagi í lögreglulögunum. Síðan er það í almennum hegningarlögum, þar eru landráð skilgreind í 87. gr., og síðan er vikið að landráðum í lögum um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, svo ég hafi titil þeirra laga réttan eftir. Þar segir í c-lið 3. tölul. 2. gr., með leyfi forseta:

„Til brota gegn öryggi Íslands eða Bandaríkjanna teljast:

1. landráð; 2. skemmdarverk, njósnir og brot á hvers konar lögum, er varða leyndarmál íslenska ríkisins eða Bandaríkjanna, eða leyndarmál, er varða varnir Íslands eða Bandaríkjanna."

Síðan segir áfram í c-lið 7. tölul. 2. gr., með leyfi forseta:

„Stjórnvöld Íslands og Bandaríkjanna skulu gefa hvor öðrum skýrslur um árangur hvers konar rannsóknar og saksóknar í málinu, þar sem lögsögu getur borið undir hvorn aðila sem er."

Hér er sem sagt kveðið á um það að Íslendingar, íslensk stjórnvöld, skuli gefa bandarískum stjórnvöldum upplýsingar um þá vitneskju sem þau komast yfir og lúta að hugsanlegu landráði. Þar er komið að þeirri spurningu sem ég vildi beina til hæstv. dómsmálaráðherra: Þarf ekki að búa svo um hnútana ef greiningardeild af því tagi sem kveðið er á um í lögunum verður komið á laggirnar — og er reyndar fyrir hendi núna undir öðru nafni og hæstv. ráðherra segir okkur að það sé ekki að verða nein eðlisbreyting á þó ég hafi ákveðnar efasemdir um það og gagnrýni þær áherslur sem fram koma í þessu frumvarpi hvað þetta snertir og alla umgjörðina um það — að slíkar deildir hjá lögreglunni hafi sérstaka upplýsingaskyldu gagnvart Alþingi Íslendinga? Þetta tíðkast í sumum löndum og hefur t.d. verið við lýði í Noregi, að því er ég best veit, að þingið fær aðgang að upplýsingum sem snúa að því sem menn skilgreina sem landráð eða rannsóknir á hryðjuverkum eða einhverri ógn gegn þjóð og ríki. Ég vil gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmálaráðherra hvað honum finnist um slíkt.

Sjálfur hef ég mjög miklar efasemdir um að yfirleitt sé komið á fót starfsemi af þessu tagi. En ég hef þann fyrirvara að ef slíkt verður ofan á, og það er vissulega ofan á, tel ég skipta mjög miklu máli að þingið, lýðræðislegir fulltrúar, hafi aðgang að upplýsingum sem þar koma fram. Það þarf ekki að fara langt til að vísa í njósnir á vegum ríkisins, t.d. í Noregi. Þar var njósnað um vinstri sinnaða stjórnmálamenn á sínum tíma og án þess að aðrir vissu en framkvæmdarvaldið og þá einnig lögreglan. Þetta er mjög óeðlilegt og mjög hættulegur hlutur. Við eigum að stíga afar varlega til jarðar þegar við erum komin inn á þessar brautir. Ég ítreka að ég hef miklar efasemdir um það yfirleitt að við eigum að fara út í þessar hugsanlegu landráðarannsóknir. Við eigum að efla almenna löggæslu í landinu og taka á því sem er saknæmt gagnvart íslenskum hegningarlögum, og geri ég þá ákveðna fyrirvara við þær greinar sem fjalla um svokallað landráð.

Við sjáum það sem er að gerast í ýmsum ríkjum. Í Bandaríkjunum situr mjög öfgafull og að mínum dómi mjög hættuleg ríkisstjórn, hættuleg lýðræðinu og mannréttindum ekki bara að heiman heldur einnig heima. Sjálfur Bush forseti er farinn að brigsla andstæðingum sínum, og jafnvel í Demókrataflokknum, um landráð, ýja að slíku, farinn að nota þessi ákvæði bandarískra laga til að gefa í skyn að menn séu hættulegir ríki og eigin þjóð.

Ég er alls ekki að gera því skóna að slíkt sé uppi hér. Ég er einvörðungu að vekja athygli á hinu stóra samhengi hlutanna. Ef það er rétt sem fram kemur í máli hæstv. dómsmálaráðherra, að það sé í reynd ekki að verða nein eðlisbreyting á starfsemi lögreglunnar, hvers vegna þá þessar ríku áherslur, sem fram koma í máli hans og í greinargerð með frumvarpinu, á að það þurfi að efla hér varnir og forvarnir gegn hugsanlegum hryðjuverkum og landráðum?

[15:20]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom víða við í ræðu sinni og má taka undir það með honum að þegar þessi mál eru til umræðu verður jafnan að hafa í huga virðingu fyrir mannréttindum. Auðvitað verður alltaf að nálgast auknar valdheimildir hins opinbera til eftirlits með borgurunum af varúð. Hins vegar er það líka ein af grundvallarskyldum ríkisvaldsins að vernda öryggi borgaranna og síðan er það um leið grundvallarskylda ríkisvaldsins að standa vörð um þá stjórnskipan sem er í landinu. Í lýðræðisríki mega menn ekki missa sjónar á því að það geti þurft að standa vörð við það lýðræðisskipulag sem við búum við.

Varðandi efnisatriði í ræðu hv. þingmanns þá verð ég að segja að hann, eins og reyndar sumir aðrir hv. þingmenn sem hafa tekið til máls í dag, virðist vera að tala um annað frumvarp en það sem liggur á borðum. Mörg af þeim atriðum sem þeir beina spjótum sínum að er ekki að finna í frumvarpinu sem við ræðum hér. Mér finnst því mikilvægt að það komi fram að þetta frumvarp felur sem slíkt ekki í sér neinar breytingar á því hvað er refsivert í landinu. Þau

brot sem vísað er til í sambandi við verkefni rannsóknar- og greiningardeildar eru refsiverð og hafa verið refsiverð um langa hríð.

Frumvarpið felur heldur ekki í sér auknar rannsóknarheimildir lögreglu. Við erum ekki að fjalla um það efni. Það er ekki efni þessa frumvarps. Frumvarpið sem við hér ræðum að því er lýtur að rannsóknar- og greiningardeildinni felur í sér breytt skipulag sem á að gera það að verkum að skipulag lögreglunnar henti betur til að sinna þeirri starfsemi sem hún ber ábyrgð á nú þegar.

[15:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Annars vegar er okkur sagt að það sé ekki að verða nein eðlisbreyting á starfsemi lögreglunnar, hins vegar koma fram nýjar áherslur. Nú er því bætt við lagatextann að þeir sem eiga að rannsaka hryðjuverk, landráð og ógn við ríkið eigi að leggja mat á þá hættu sem að steðjar, eigi að framkvæma einhvers konar áhættumat.

Ég hef spurt: Erum við hér að tala um njósnastarfsemi? Ef við erum að tala um njósnastarfsemi þá hef ég sagt tvennt: Í fyrsta lagi er ég andvígur því að færa slík völd til lögreglunnar, ég tala nú ekki um að slíkt sé gert án þess að heimildir séu fullljósar. Í öðru lagi spyr ég: Ef það verður ofan á að slíkt verður gert og slíkt heimilað, eins og reyndar er gert að einhverju leyti í núverandi lögum á fremur óljósan hátt, þá tel ég mjög mikilvægt að þingið og lýðræðislega kjörnir fulltrúar komist þar að sem eftirlitsaðili. Þar sem hv. þm. Birgir Ármannsson á eftir að koma öðru sinni upp í andsvar, ég gef mér það, þætti mér fróðlegt að heyra álit hans á þessu. Ég bíð einnig eftir að heyra álit hæstv. dómsmálaráðherra. Er ekki eðlilegt að styrkja tengslin á milli lögreglu og Alþingis, lýðræðislega kjörinna fulltrúa, að þessu leyti? Er það ekki lýðræðinu til góðs af því að við erum báðir að tala um lýðræðið og mannréttindin?

[15:24]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ljóst af frumvarpinu, og skýrt í greinargerð sem með því fylgir, að með því að stofna þessa rannsóknar- og greiningardeild er ætlunin að gera það að verkum að lögreglan verði betur fær um að sinna því hlutverki sem hún hefur að þessu leyti í dag. Hún hefur ákveðnar skyldur í þessu sambandi og sú skylda verður hin sama og áður en hins vegar má segja að skipulagi lögreglunnar sé breytt með þeim hætti að hún geti betur sinnt því.

Það er ekki að ástæðulausu sem þessi umræða á sér stað hér á landi og í löndum í kringum okkur. Við höfum á undanförnum árum séð vaxandi ógn af hryðjuverkum og sú ógn hefur með ýmsum hætti færst nær okkur Íslendingum. Vá sem var mjög fjarlæg fyrir einhverjum árum eða áratugum er miklu nærtækari í dag. Ég held að það sé mjög mikilvægt, og í sjálfu sér hrósvert, að hæstv. dómsmálaráðherra skuli hafa tekið forustu um að reyna að búa þannig um hnútana að Íslendingar séu betur til þess fallnir að bregðast við slíkri vá. Ég held að þingmenn ættu að geta sameinast um það að ríkisvaldið hafi þau tæki og það skipulag sem gerir því kleift að vernda líf, heilsu og öryggi borgaranna með þessu móti.

Auðvitað er ég sammála hv. þingmanni um að það verður alltaf að gæta þess vandlega að ganga ekki á svig við grundvallarreglur um vernd persónuréttinda, einkalífs og aðra slíka þætti. Það verður hins vegar að finna ákveðið jafnvægi hvað þetta varðar vegna þess að til að vernda öryggið þarf í sumum tilvikum að bregðast við með viðeigandi hætti.

[15:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hafa þeir einmitt sagt í einræðisríkjunum. Til að vernda öryggi borgaranna og ríkisins þurfi að bregðast við á viðeigandi hátt. Ég mundi fara varlega í að hrósa ríkisstjórn sem fór með íslenska þjóð í árásarstríð gegn Afganistan og gegn Írak að henni forspurðri. Ég mundi fara varlega í að hrósa slíkri ríkisstjórn fyrir mannréttindi. Ég mundi fara mjög varlega í það.

Það er alveg rétt að víða stafar ógn af hryðjuverkum en það steðjar líka ógn að frelsi og lýðréttindum. Með því að herða á hvers kyns eftirliti með borgurunum, mér liggur við að segja ofsóknum gegn borgurunum, — við verðum vitni að því nánast upp á dag hvern í Bandaríkjunum og víða um heim — steðjar ógn að frelsi og lýðréttindum. Það er rétt sem var sagt hér fyrr í dag að hvað þetta snertir hræða sporin. Við eigum að fara varlega í allri lagasmíð sem þrengir að einstaklingnum og einstaklingsfrelsinu í landinu.

[15:28]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Mig langar í upphafi máls míns að lýsa ánægju minni og hrósa hæstv. dómsmálaráðherra fyrir vinnulagið við undirbúning þessa frumvarps, fyrir hið víðtæka samráð og samvinnu sem hann hefur haft við fulltrúa allra þeirra sem málið varðar. Mér finnst ástæða til að taka það fram vegna þess að ég hef úr þessum ræðustóli í annan tíma gagnrýnt hæstv. ráðherra fyrir skort á samráði.

Það er ljóst, og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir því í ræðu sinni, hver undanfari þessa frumvarps er. Hann rakti það að helstu hvatamenn að breytingum á skipun lögregluumdæma, sem er meginefni frumvarpsins, væri lögreglan sjálf. Það væri Landssamband lögreglumanna sem fyrst hefði hreyft máls á þessu og reynt að fylgja málinu eftir. Ráðherrann gerði grein fyrir störfum og skipunarbréfi þeirrar verkefnastjórnar sem var falin upphafsvinnan að undirbúningi þessa frumvarps. Hann rakti síðan koll af kolli hvernig frumvarpið hefur verið undirbúið, efni frumvarpsins kynnt og leitast við að fá viðbrögð við því, og í síðustu atrennu var brugðist við ýmsum þeim ábendingum sem komu fram við kynninguna.

Mér finnst líka vegna ræðna frá öðrum hv. þingmönnum í umræðunni vert að vekja athygli á því að forsendur frumvarpsins eru mjög skýrar. Forsendurnar eru skýrar og markmiðin eru mjög skýr. Meginefni frumvarpsins er að breyta umdæmaskipan lögreglu og markmiðin eru stærri umdæmi og sameining lögregluliða sem er ætlað fyrst og fremst að styrkja og efla lögregluna og gera henni betur kleift að sinna lögbundnum verkefnum sínum, lögbundnu hlutverki

sínu, þeim hlutverkum sem við í annarri löggjöf felum lögreglunni.

Það sem þetta snýst í rauninni um er hvernig við getum eflt þjónustu við borgarana vegna þess að hlutverk lögreglunnar er að gæta öryggis borgaranna og þetta snýst um þjónustu. Kröfur fólks um allt land byggja á því að þetta sé gert sem réttast og skynsamlegast þannig að fólk geti treyst því að öryggis þess sé gætt og það njóti þeirrar þjónustu sem lögreglan á að veita. Þá er ég að tala bæði um almenna löggæslu og líka rannsókn sakamála. Þetta verður m.a. gert með því að samræma vaktkerfi lögregluembætta m.a. í því skyni sem oft hefur verið kallað eftir í þessum þingsal eða úr þessum ræðustól, að tryggja aukna og sýnilegri löggæslu sem mörgum hefur fundist vanta upp á eins og fyrirkomulagið hefur verið.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, um það sem er meginefni frumvarpsins en hefur kannski að vissu leyti fengið minni umræðu en annað og það sem minna fer fyrir í frumvarpstextanum sjálfum. Mig langar líka, herra forseti, að lýsa miklum stuðningi við þær breytingar sem frumvarpið að þessu leyti felur í sér. Það sem hins vegar hefur verið meira rætt í umræðunni í dag og er alls ekki að finna í frumvarpinu af því að því miður hafa ræður sumra hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar fyrst og fremst snúist um það sem ekki er í frumvarpinu og um hluti sem tilheyra allt annarri umræðu hér í þingi eða einhvers staðar utan úr heimi.

Þá vil ég nefna greiningardeildina. Sá misskilningur virðist vera uppi eða alla vega er reynt að halda því á lofti að verið sé að gera eitthvað allt annað en frumvarpið hljóðar upp á. Það sem frumvarpið segir fyrst og fremst er að svokölluð rannsóknardeild eða lögreglurannsóknardeild sem er falið að rannsaka tiltekin brot á borð við landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins verði jafnframt greiningardeild. Hún á að heita lögreglurannsóknar- og greiningardeild innan embættis ríkislögreglustjóra. Eina nýskipanin er í rauninni sú að þeirri deild er falið að leggja mat á áhættu vegna tiltekinna afbrota og í frumvarpinu er gerð grein fyrir því hvers konar afbrot það eru. Og það eru ekki eins og hver önnur afbrot heldur þau sem ég nefndi, þ.e. landráð, brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Rétt er að halda því til haga vegna umræðunnar sem búin er að vera um málið að í frumvarpinu er ekki að finna neinar nýjar rannsóknarheimildir fyrir lögreglu, engar. Í frumvarpinu er heldur ekki að finna neitt nýtt refsiákvæði. Einungis er verið að víkka út verksvið og hlutverk þessarar deildar og breyta heitinu á henni.

Svo vil ég halda því til haga að lögreglan fær engar nýjar rannsóknarheimildir nema með atbeina Alþingis. Af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi áðan tiltekið frumvarp um hleranir án dómsúrskurðar vil ég líka árétta eins og hv. þingmaður gerði að það frumvarp fór ekki í gegnum þingið. Eftir að búið er að mæla fyrir málum fara þau til þingnefndar, allsherjarnefndar í þessu tilviki, eins og fór um það mál þar sem menn gátu komið að sjónarmiðum sínum. Rannsóknarheimildir verða því ekki auknar eða þeim breytt nema með atbeina þingsins, ekki frekar en að refsiákvæðum verði breytt nema atbeini þingsins komi til. Þessu vildi ég halda til haga.

Hins vegar finnst mér að þeim ræðum sem hérna hafa verið haldnar sé meira og minna ætlað að vekja tortryggni gagnvart lögreglu og gagnvart stjórnvöldum. Mig langar í því samhengi að nefna málstofu sem Norðurlandaráð stóð fyrir og var haldin í Ósló núna fyrir nokkrum vikum. Þar áttu Norðurlandaráðsliðar þess kost að hlusta á lögreglustjóra norsku öryggislögreglunnar, þar sem hann gerði grein fyrir meginhlutverki stofnunar sinnar í samráði og samstarfi við aðrar sams konar evrópskrar stofnanir, systurstofnanir. Það var áhættumat. Það var að leggja mat á áhættu, m.a. á hryðjuverkum og ekki bara hryðjuverkum heldur af annarri alþjóðlegri glæpastarfsemi.

Hvað erum við að tala um þegar við segjum alþjóðleg glæpastarfsemi? Við erum m.a. að tala um mansal á konum og börnum til kynlífsþrælkunar. Við erum að tala um samstarf um þau brot sem ekki stöðvast við landamæri, sem hafa einmitt þau einkenni að teygja sig yfir landamæri ríkja. Þess vegna er samstarfið svo þýðingarmikið.

Það mat þessa ágæta norska embættismanns sem vakti mesta athygli í þessari málstofu og líka í norskum fjölmiðlum var þegar hann áréttaði að vissulega þyrfti lögreglan að vera á varðbergi og halda vöku sinni við landamæravörslu og gagnvart hvers konar öfga- og vígamönnum sem koma yfir landamæri. En mat þeirra hafði leitt í ljós, og hann vildi meina að það væri samevrópskt mat, að hættuna væri ekki síður að finna innan lands. Og hann nefndi í því tilviki, af því að við erum að tala um hryðjuverk, tvo jaðarhópa. Annars vegar nefndi hann fólk af annarri eða þriðju kynslóð innflytjenda sem hafa íslamskan menningarbakgrunn og ganga til liðs við trúarofstækishópa, ofbeldisfulla trúarofstækishópa. Hins vegar nefndi hann fólk af evrópsku bergi brotið, í þessu tilviki fólk af norsku bergi brotið, kynslóð fram af kynslóð öfgaþjóðernissinna og nýnasista. Hann sagði líka og hafði það eftir fyrrverandi norskum dómsmálaráðherra að íslam er ekki sama og íslam. Þetta eru jaðarhópar á báða kanta. Ég nefni þetta sem dæmi um áhættumat sem hann gerði okkur grein fyrir á þeim fundi.

Annað meginefni þess fundar sem mér finnst vert að hafa orð á hér vegna þess að hv. þm. Ögmundur Jónasson talaði um að við þyrftum að hafa heildstæða sýn á þetta mál. Hitt meginatriðið sem lögð var áhersla á á fundinum var þessi gullni meðalvegur. Gullni meðalvegurinn sem við þurfum að rata er annars vegar milli nægilegra öflugra tækja og rannsóknarheimilda lögreglu og ríkisstjórna, og hins vegar persónufrelsis og lýðréttinda borgaranna. Alþingi Íslendinga hefur það í hendi sér að gæta þessa jafnvægis af því að eins og ég sagði áðan verður ekki aukið eða breytt rannsóknarheimildum lögreglu né refsiákvæðum bætt við eða þeim breytt nema með atbeina Alþingis. Auðvitað erum við öll á því að hvers konar sértækar aðgerðir eða lagasetning í baráttu gegn hryðjuverkum megi aldrei ganga svo langt að hún stríði gegn grundvallarreglum réttarríkisins og þeim mannréttindum sem baráttunni er ætlað að verja. Þess vegna hljótum við að leggjast á eitt með því að rata þennan gullna meðalveg en við megum ekki alltaf tala þannig að öryggi borgaranna sé einskis virði því það er fyrst og fremst hlutverk lögreglunnar að standa vörð um sem handhafa ríkisvaldsins.

Herra forseti. Varðandi lögbundið mat á áhættu vegna

tiltekinna afbrota hef ég nefnt dæmi um það og vísaði í orð lögreglustjóra í Noregi. En af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson lagði út af því áðan að líklega þyrfti að njósna um aðila eða fylgjast með hvað menn væru að gera, þá vil ég vekja athygli á því að lögreglunni ber, ekki síst á grundvelli alþjóðlegra sáttmála ekki bara að rannsaka brot sem til hennar eru kærð heldur ber henni að vera vakandi yfir fleiru. Vegna ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar var mér sérstaklega hugsað til mansalsins. Þau brot eru ekki kærð. Það er enginn sem kærir þau og það er m.a. hlutverk greiningardeildar að því marki sem hún er útfærð í frumvarpinu að leggja mat á hættu á þess konar brotum. Lögreglan þarf eftir öðrum leiðum, hún getur ekki setið og beðið eftir kæru, að leggja mat á hættuna og hún þarf að leita leiða til að rannsaka og upplýsa slík brot. Þetta snýr ekki eingöngu að persónuvernd almennra, friðelskandi, löghlýðinna borgara. Við erum líka að tala um þá sem stunda slíka iðju og vinna hana í ljósi þess mikla hagnaðar sem þeir geta eignað sér.

En enn og aftur, herra forseti, langar mig að lýsa yfir stuðningi við frumvarpið og árétta að það sem ekki er í því sagt er ekki í því sagt og hvet til þess að menn taki þá umræðu ef og þegar kemur að því að hæstv. dómsmálaráðherra kemur fram með eitthvert frumvarp eða leggur til einhverjar breytingar sem lúta að breytingum á refsiákvæðum eða auknum eða breyttum rannsóknarheimildum lögreglu, en það er bara önnur umræða að mínu mati.

[15:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem betur fer er enn þá málfrelsi hér á landi og í þessum sal og hv. þm. Jónína Bjartmarz má auðvitað hafa skoðanir á því hvenær okkur beri að ræða hugðarefni okkar í tengslum við þessi mál eða önnur. Hún hefur fyllsta rétt til þess og mér er alveg sama um það.

En umræðan sem hún var að snúa sér að áðan var í reynd umræðan sem ekki hafði farið fram í dag að mínu mati. Það var enginn sem sagði að öryggi borgaranna skipti ekki máli. Það voru þau orð sem hún lagði í munn ræðumanna hér. Að sjálfsögðu skiptir öryggi borganna máli, persónufrelsið líka, eins og reyndar hv. þingmaður lagði ríka áherslu á. Menn verða með einhverjum hætti að finna þarna ákveðinn meðalveg.

Ástæðan fyrir því að menn stíga upp á tærnar í málinu er sú staðreynd að hæstv. ráðherra kynnir til leiks nýja deild, greiningardeild. Hann segir í framsögu sinni að hún eigi þegar tímar líða fram að hafa sambærilegar lögheimildir og aðrar svipaðar deildir í öðrum löndum. Það er ekki rétt hjá hv. þingmanni þegar hún segir að við séum að ræða hér mál sem fyrst og fremst eigi við annars staðar en hér. Hæstv. ráðherra talaði með þeim hætti og þegar hann var spurður í andsvari kom fram, bæði hjá honum og síðar hjá hv. þm. Birgi Ármannssyni, að það væri seinni tíma mál að leggja fyrir aðferðir og heimildir fyrir þessa nýju greiningardeild. Samkvæmt því getum við gengið út frá því sem vísu að þess verði a.m.k. freistað þá er eðlilegt að menn spyrji: Hvaða heimildir eru þetta? Eru það t.d. heimildir sem eiga að gefa ríkislögreglustjóra færi á því með lögum að fylgja eftir umhverfisverndarsinnum sem hingað koma til lands og hafa uppi mótmæli að ógna þeim með því að elta þá við hvert fótmál eins og í sumar?

[15:45]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en lýst ánægju yfir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson veitir mér hér málfrelsi. Að sama skapi hef ég aldrei gert neina tilraun og mun aldrei gera til að takmarka málfrelsi hv. þingmanns. En þegar reynt er að afflytja efni frumvarps, eins og mér finnst ákveðnir hv. þingmenn hafa gert hér í dag með því að fjalla um það sem ekki er einu sinni fjallað um í frumvarpinu, þá er mér það algjörlega frjálst að vekja athygli á því.

Það er alveg ljóst að umrædd rannsóknar- og greiningardeild ríkislögreglustjóra hlýtur að vera samstarfsaðili við aðrar sambærilegar deildir á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Vegna eðlis þeirra brota sem ég fjallaði um í ræðu minni og deildinni er ætlað að rannsaka hlýtur samstarf yfir landamæri að vera í brennidepli. Hvað rannsóknarheimildirnar varðar heyrði ég það ekki á ræðu hæstv. ráðherra að hann væri að boða einhverjar frekari rannsóknarheimildir. Ég geri fyllilega ráð fyrir og þykist vita að þessi deild fer nákvæmlega með þær rannsóknarheimildir sem löggjafinn hefur veitt henni til þessa, og þær eru margar þær sömu, af því að við leggjum stundum upp úr norrænu lagasamræmi, og lögreglan í nágrannalöndum okkar hefur. Þetta er spurningin um hver beitir þeim. Áhættumatið bætist við það sem við höfum búið við og ég studdi mjög í ræðu minni áðan að lögreglunni væri falið að gera það vegna eðlis þessara afbrota sem ekki eru kærð. Lögreglan þarf að leita þau uppi svipað og fíkniefnabrotin. Við hljótum að standa vörð um það að efla lögregluna af því að öll viljum við vinna bug á og vinna gegn þeim afbrotum.

[15:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ágæt ræða sem formaður Landssambands lögreglumanna hefði sjálfur getað flutt og ég get í flestum tilvikum tekið undir það sem sagt var. Við eigum að efla alþjóðlegt samstarf á sviði löggæslunnar og við eigum að gera það sem hægt er innan marka a.m.k. þeirra mælikvarða sem við höfum alist upp við varðandi persónufrelsi.

Sporin hræða. Ég er svolítið hræddur við frumvarp sem mér finnst hálfvegis vera eins og óútfylltur tékki. Greiningardeild, hvað á hún að gera? Áhættumat, hvernig á það að fara fram? Menn greina ekki hættuna nema menn hafi upplýsingar. Menn verða þá að safna þeim. Um hverja? Þá hópa sem hugsanlega kunna að fremja brot gegn æðstu stjórnvöldum landsins? Hvaða hópar eru það? Hverjir eiga að taka ákvörðun um það með hverjum á að fylgjast og hver á að gæta gæslumannanna? Þessum spurningum er ósvarað.

Ég þekki hæstv. dómsmálaráðherra það vel að ég hlustaði grannt á ræðu hans, mér fundust nefnilega vera litlar skýringar á greiningardeildinni í þessu frumvarpi. Þær komu frekar fram í ræðu hæstv. ráðherra og þar kom sú skoðun fram að það ætti að rannsaka óframda glæpi, þ.e. það ætti með öðrum orðum að afla upplýsinga um það sem

hugsanlega kynni að gerast, brot gagnvart æðstu stjórnvöldum. Hvernig á að gera það? Með því að fylgjast með fólki? Þá hugsa ég til sumarsins þegar ríkislögreglustjóri lét elta við hvert fótmál þvert yfir landið fólk sem hingað kom til að mótmæla Kárahnjúkavirkjun. Eru það slíkir hópar sem á að fylgjast með? Eru það þeir sem fremja mansal, peningaþvætti? Ég geri mjög skýran greinarmun á þessum tegundum glæpa sem við ræðum hér og það kemur ekki fram hér með hvaða hætti á að taka ákvarðanir um slíkt eftirlit.

[15:49]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að ítreka í seinna andsvari að í þessu frumvarpi er ekki að finna neinar nýjar eða breyttar rannsóknarheimildir fyrir lögreglu og engin ný refsiákvæði, bara svo við höldum því til haga.

Brot sem lögreglan hefur ekki vitneskju um geta fyrst og fremst verið óupplýst brot. Í frumvarpinu og í greinargerðinni segir beinlínis að það séu m.a. brot og áhættumat vegna hryðjuverka, alþjóðlegrar glæpastarfsemi, svo sem mansals. Þessi brot eru ekki kærð. Fyrir fram vitum við ekki um sekt eða sakleysi en lögreglan þarf að leggjast í vinnu til að upplýsa slík brot og getur þurft að beita mörgum þeim rannsóknarheimildum sem Alþingi hefur fram á þennan dag veitt henni. Stundum kemur í ljós að um sekt er að ræða, okkur tekst að koma höndum á brotamenn. Í öðrum tilvikum er það ekki. En brotin eru þess eðlis að við hljótum að styðja, ekki bara það að lögreglunni sé falið þetta hlutverk og þessi skylda heldur að hún hafi samstarf við lögreglu í öðrum ríkjum, ekki síst í hinum norrænu ríkjunum. Þessi brot eru öll þess eðlis að þau stöðvast ekki við landamæri. Þau kalla á og krefjast alþjóðlegs samstarfs og við verðum að vera í stakk búin, m.a. í stjórnskipun lögreglunnar, að geta sinnt þessu samstarfi. Ekki að vera þiggjendur í öllu heldur að vera veitendur. Mér finnst sjálfsagt að fullvalda ríki búi sjálft að einhverju leyti að þeim upplýsingum sem það þarf með en þurfi ekki í öllum tilvikum að leita til annarra. En ég legg áherslu á samstarfið.

[15:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jónína Bjartmarz dregur línu, gerir greinarmun annars vegar á milli brota sem eru ekki kærð og krefjast rannsóknar af hálfu lögreglunnar og hins vegar brota sem eru kærð. Þessi greinarmunur getur átt við í vissu samhengi en ekki í þessu, tel ég. Ekki alla vega til að túlka mitt mál eins og hv. þm. Jónína Bjartmarz hefur gert eða lagt út af mínum orðum. Við erum öll sammála um það, hygg ég, að það eigi að grafast fyrir um brot á borð við mansal, eiturlyfjasölu og smygl, peningaþvætti og annað af því tagi. Við höfum stundum deilt um það hvaða aðferðum eigi að vera heimilt að beita við slíkar rannsóknir og mjög mikilvægt að þingið og löggjafinn setji ákveðnar reglur um það, að við komum okkur saman um slíkar reglur. Þetta held ég að sé ekki átakamál í sjálfu sér að öðru leyti en því að við viljum ganga misjafnlega langt hvað rannsóknirnar snertir.

Þegar hins vegar kemur að markalínunum á milli þess sem menn geta kallað landráð, skemmdarverk eða hryðjuverk og pólitískra glæpa vakna spurningar. Það eru slíkar markalínur sem eru að verða harla óljósar og ég vísaði þar til þess sem er að gerast í Bandaríkjunum þar sem ýjað er að því að þeir sem gagnrýna stjórnarstefnuna og stjórnvöld séu hættulegir öryggi ríkisins, að þeir stundi landráð. Þegar komið er inn á þær brautir verðum við að hafa varann á. Það er rangt að ég hafi verið að mála skrattann á vegginn með þessu frumvarpi, alls ekki. Ég lagði áherslu á þær breytingar sem verið var að gera og kallaði eftir upplýsingum frá hæstv. dómsmálaráðherra um hvað í þeim fælist en ég var síður en svo að gera því skóna að hér væru einhver stór grundvallaratriði á ferðinni. Ég talaði um áherslubreytingar og kallaði eftir skýringum hæstv. ráðherra hvað þær snertir.

[15:53]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að eftir að búið er að vísa þessu máli til hv. allsherjarnefndar eigi nefndarmenn kost á því að fara í saumana á því, spyrja fulltrúa ríkislögreglustjóra um hvernig þeir hyggist vinna þetta, starfa innan þess hlutverks sem við felum þeim með frumvarpinu. Ég vænti þess að við spyrjum þá líka hvernig samstarfi þeirra sé háttað t.d. við lögregluyfirvöld á hinum Norðurlöndunum og hvort sú starfsemi sem þeir sjá fyrir sér innan þess ramma sem er áhættumatið verði að einhverju leyti öðruvísi, en ég geri ráð fyrir að málið skýrist heilmikið þar. Við fáum sérfræðinga á þessu sviði til fundar við nefndina. En það er ekkert af þessu auðvelt, herra forseti. Það er ekkert af þessu auðvelt og þess vegna lagði ég í ræðu minni meginhersluna á hinn gullna meðalveg — hvernig við þurfum að feta hann, gullna meðalveginn, á milli þess að útvega lögreglunni þau tæki og þær heimildir sem hún þarf til að tryggja öryggi borgaranna, verja okkur gegn hryðjuverkum og annarri alþjóðlegri glæpastarfsemi og svo hins vegar persónufrelsið og lýðréttindin. Þetta er erfitt og við þurfum alltaf að halda vöku okkar.

Ég vil aðeins í einu taka undir það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði hér áðan, herra forseti. Það eru þessar markalínur. Ég hlustaði á fulltrúa Evrópuþingsins á þessari sömu málstofu fjalla um erfiðleikana við að skilgreina hryðjuverkamanninn. Við þekkjum hann öll þegar hann er búinn að sprengja eitthvað í loft upp. Við þekkjum hann flest þá en hvernig eigum við að skilgreina hann í orðum vegna þessarar markalínu, eins og einhver sagði einhvern tíma: Hryðjuverkamaður í hugum eins er frelsishetja í hugum annars. Svona flókið er þetta.

Ég er ekki að gera lítið úr persónuréttindunum. En ég vil halda því á lofti að meginefni þessa frumvarps er að standa vörð um öryggi borgaranna og um þjónustu lögreglunnar og stjórnvalda gagnvart borgurunum, tryggja öryggi þeirra.

[15:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ákveðnar efasemdir um að hv. þm. Jónínu Bjartmarz hafi tekist að finna hinn gullna meðalveg sem hún vísar til. Alla vega fannst mér hún ekki ganga þann veg í ræðu sinni. Hún felldi mjög ákveðna dóma um þá sem tekið hafa þátt í þessari umræðu og lagði

út af orðum þeirra á rangan veg, að mínu mati.

En ég vil spyrja hv. þm. Jónínu Bjartmarz um eitt atriði. Gefum okkur að við séum sammála um að viðfangsefnið sé flókið og erfitt og þurfi rækilegrar umræðu við og rækilegs aðhalds. Ef komið er á fót deild innan lögreglunnar — eða slík deild efld því hún er þar fyrir hendi að einhverju leyti eða þetta verkefni — telur þingmaðurinn æskilegt að efla aðkomu þingsins eða eftirlit af hálfu löggjafarsamkomunnar eins og tíðkast sums staðar í öðrum ríkjum? Ég held að í norska þinginu t.d. hafi sérstök nefnd það verkefni með höndum að hafa eftirlit með lögreglunni hvað þetta snertir. Ég vildi gjarnan heyra viðhorf hv þm. Jónínu Bjartmarz hvað þetta varðar.

[15:57]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þykist vita að einmitt í norska þinginu er sérstök þingnefnd sem starfar mjög náið með lögreglunni. En það er ekkert í ljósi þess að það er verið að setja á fót greiningardeild hér. Hún starfar bara náið með lögreglunni, sérstaklega þeirri deild sem lýtur að verksviði eins og þessari greiningardeild er ætlað að hafa. Hugsunin er þá sú að þarna séu kjörnir fulltrúar fólksins sem hún ber sig saman við og upplýsir, og ég geri ráð fyrir því að þeir fundir séu í trúnaði. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu en ég sé hins vegar engin tengsl við þessa umræðu. Það er svo margt annað í norska Stórþinginu og víðast hvar í þjóðþingum í kringum okkur sem er á allt annan veg en við búum við á Alþingi Íslendinga.

Enn og aftur ætla ég að ítreka, herra forseti, að við erum að tala um að breyta heiti og fela ákveðinni deild hjá ríkislögreglustjóra að meta áhættu á tilteknum afbrotum. Það eru engar nýjar rannsóknarheimildir. Ég er alveg opin fyrir þeirri hugmynd að stofna sérstaka nefnd sem fer yfir þær rannsóknarheimildir sem íslenska lögreglan hefur í dag, sem ég geri ekki ráð fyrir að breytist mikið á næstunni. Mér finnst líka alveg sjálfsagt að við fáum af einhverju öðru samhengi tilefni til að ræða akkúrat þetta hvort sem það er í allsherjarnefnd eða af tilefni einhvers konar þingmáls í þessum sal.

[15:59]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þeim sjónarmiðum sem ég hef einkum áhuga á að koma fram í þessari umræðu hef ég þegar að mestu leyti komið fram í andsvörum fyrr í dag. Áður en ég kem að því áhersluatriði sem ég hef einkum fjallað um, greiningardeildinni, langar mig að segja að þetta frumvarp fjallar að verulegu leyti um ákveðna breytingu á lögregluumdæmum og stjórn þeirra. Frá því að ég kom inn á þing árið 1991 má segja að tilraunir ráðamanna til að reyna að breyta þessum umdæmum hafi verið sagan endalausa. Það hefur reynst ákaflega erfitt að breyta og stækka og stundum fækka lögreglustjóraembættum og sýslumannsembættum. Jafnan rísa upp litlir og stórir höfðingjar í kjördæmum landsins sem vilja ekki að neitt færist yfir kjördæmamörkin og þess vegna hefur oft reynst töluvert erfitt að ná fram breytingum af þessu tagi.

Í stærstu dráttum eru þetta ágætar tillögur sem hér er að finna hjá hæstv. dómsmálaráðherra um þennan kafla frumvarpsins og geri ég í sjálfu sér engar sérstakar athugasemdir við það. Ég held að þetta sé að mörgu leyti vel til þess fallið að gera embættin skilvirkari en ég er hins vegar meðvitaður um það að eins og jafnan áður á hæstv. dómsmálaráðherra í höggi við marga sem telja að vegið sé að hagsmunum sinna kjördæma. Ég met drift hæstv. dómsmálaráðherra og vilja til að ráðast til atlögu gegn slíkum hagsmunum, sem ég hef mörgum sinnum áður kallað sérhagsmuni, og óska honum gæfu og gengis til að koma því í verk.

Ég hef í þessari umræðu fyrst og fremst staldrað við 1. gr. þar sem verið er að leggja til að sett verði á fót sérstök greiningardeild. Ég er ósammála því sem hv. þm. Jónína Bjartmarz sagði áðan að það væri í reynd ekki verið að gera neitt nema gefa deild nýtt nafn. Það er alls ekki rétt. Það kemur glögglega fram í þessu frumvarpi og greinargerðinni, og auðvitað skýrast í máli hæstv. ráðherra, að verið er að búa til nýtt verkefni fyrir þá lögregluranns óknardeild sem er fyrir hendi. Það kemur skýrt fram í greinargerðinni, af því að hv. þm. Jónína Bjartmarz fjallaði fyrst og fremst um mansal og hryðjuverk, að þessari deild er líka ætlað að taka á öðrum hlutum. Það er erfitt fyrir mig að standa hér og ræða þetta frumvarp eftir að hafa lesið það til hlítar en vera samt ekki alveg klár á því hvaða verkefni önnur þessi deild á að fást við.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz sagði eðlilega að það væri nauðsynlegt að hafa gott samstarf við Norðurlöndin. Ég er þeirrar skoðunar að það sé jafnvel enn ríkari nauðsyn að hafa samstarf við önnur lönd til að vinna bug á þeim glæpum sem hún bar sérstaklega fyrir brjósti, þ.e. hryðjuverkum og mansali, peningaþvætti og annars konar glæpastarfsemi. Í athugasemdum við frumvarpið er hins vegar sagt að lögregluranns óknardeildin eigi ekki bara að rannsaka landráð og síðan þessar tegundir glæpa heldur líka annað sem ógnað getur öryggi ríkisins. Það væri í sjálfu sér fróðlegt fyrir mig og aðra þingmenn við 1. umr., þar sem við erum að freista þess að brjóta málið til mergjar, að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra hvað þetta annað gæti hugsanlega verið.

Ég hef fyrr í ræðum mínum í dag t.d. vísað til þess þegar mér fannst íslenskir og reyndar líka erlendir umhverfisverndarsinnar sæta harðræði af hálfu embættis ríkislögreglustjóra. Það harðræði fólst í því að þessu fólki var fylgt eftir þvert yfir landið og jafnan látið vita með einhverjum hætti af návist lögreglunnar. Ég tel að í slíkri háttsemi af hálfu lögreglunnar felist ákveðin ógn og mér er meinilla við ef það eiga að vera vinnubrögð í framtíðinni, og ég hef miklar efasemdir um að lagaheimildir séu fyrir slíku eins og nú er.

Hæstv. ráðherra sagði að í framtíðinni væri ætlunin að þessi greiningardeild hefði sambærilegar lögheimildir og samsvarandi deildir í nágrannalöndunum og þeim löndum sem við þurfum að eiga gott samstarf við á þessu sviði. Mig langar þá að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða heimildir eru þetta? Ég hjó eftir því að hann sagði að slíkar tillögur yrðu hugsanlega kynntar síðar. Mig langar þá að spyrja hann og fá svör við því hvort það sé á döfinni að leggja fram frumvarp sem gefi þessari deild einhvers konar nýjar heimildir umfram þær sem er að finna núna og ef svo er þá spyr ég

hann líka hvort ekki hefði verið rétt að láta þetta tvennt fylgjast að. Ég lít nefnilega svo á að ef þessum spurningum er ekki svarað séum við í reynd að gefa út óútfyllta ávísun.

Ég tek líka eftir því að hæstv. ráðherra leggur til að eftir atvikum verði heimilt að stofna greiningardeildir af þessu tagi við önnur embætti í landinu ef þörf krefur. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvað í því felst, við hvaða aðstæður væri hugsanlega þörf á því að stofna slíkar greiningardeildir annars staðar. Ég geld varhuga við áhættugreiningunni og tel að þingið þurfi að ræða af mikilli alvöru afleiðingar þess að veita heimild til að fara út í greiningu af því tagi. Hún byggist á því að safna saman upplýsingum um einstaklinga eða hópa og ég spyr hæstv. ráðherra: Hver er það sem mun taka ákvörðun um hvaða einstaklingar og hugsanlega hópar yrðu undir slíku eftirliti og þyrftu að sæta því að upplýsingum yrði safnað um þá? Það eru þessi atriði sem ég er helst hræddur við og það er þess vegna sem ég hef velt þessum spurningum upp í umræðunni í dag.

Ég var líka viðstaddur og tók sjálfur þátt í umræðum á þingi Evrópuráðsins fyrir tæpu ári þar sem lögð var fram skýrsla og í framhaldi af því voru samþykkt tilmæli sem vörðuðu einmitt lýðræðislegt eftirlit með hvers konar upplýsingasveitum af þessu tagi, hvort heldur menn kalla það leyniþjónustur eða öryggislögreglu. Rík áhersla var lögð á það að kjörnir fulltrúar fólksins kæmu með einhverjum hætti að því, að sjálfsögðu í fullum trúnaði, að hafa eftirlit með því hvaða heimildir slíkar sveitir fengju í sínar hendur og hvernig þeim væri beitt. Ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að með einhverjum hætti komi inn í lög af þessu tagi, ef þetta á að samþykkjast, ákvæði um það hver það er sem á að gæta gæslumannanna og það getur enginn gert nema kjörnir fulltrúar fólksins. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála því að þetta þurfi að tryggja í lögum.

Síðan langar mig líka til að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé svo að þetta tiltekna ákvæði, sem er að finna í 1. gr. a-liðarins, hafi verið hluti af niðurstöðu verkefnisstjórnarinnar sem samþykkt var á sínum tíma. Mig minnti nefnilega að sú verkefnisstjórn hefði lagt fram að vísu ítarlegar tillögur en ég man ekki eftir því að þetta hafi verið hluti af því. Það kann hins vegar að vera misminni mitt og mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann vilji upplýsa mig um þetta.

Að öðru leyti skiptir mestu máli að finna hinn gullna meðalveg. Að af fremsta megni sé reynt að gæta öryggis borgaranna án þess að of langt sé seilst inn á það svið sem við höfum talið persónufrelsið afmarka. Af þessu hafa menn áhyggjur vítt um lönd í dag. Við vitum það öll að í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum greip um sig mikil skelfing í mörgum löndum heims. Í viðbragðsflýtinum voru þá samþykktar ýmsar heimildir til handa framkvæmdarvaldi hinna ýmsu ríkja til að fylgjast með og grípa til tiltekinna ráða í því skyni að koma í veg fyrir að slíkt gæti endurtekið sig. Í kjölfarið hafa runnið tvær grímur á menn víða um lönd og sums staðar finnst fólki og stjórnmálamönnum að menn hafi haft fullmikinn hraða á sér og gengið of langt í þeim efnum. Það er því nauðsynlegt að við rösum ekki um ráð fram og vitum nákvæmlega hvað það er sem við erum að fara að samþykkja hér. Eftir að hafa þaullesið þetta frumvarp og greinargerðina og hlustað á hvert einasta orð hæstv. ráðherra er ég ekki algerlega viss um hvað felst í þeim heimildum sem verið er að leggja til að Alþingi samþykki.

[16:10]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp um breytingu á lögreglulögum. Fyrri ræðumenn hafa ýmsir talað um að við eigum að ræða þetta mál í ljósi fyrri verka hæstv. ráðherra. Menn hafa þá lagt það út á þann veg að allt sem hæstv. dómsmálaráðherra hafi lagt fram hafi verið slæmt. Ég ætla að bera blak af hæstv. ráðherra, hann hefur bætt úr ýmsu sem hefur í byrjun litið illa út. Ég vonast til þess að hann verði einnig tilbúinn að verða við ýmsum réttmætum breytingum á þessu frumvarpi þannig að það geti orðið tiltölulega góð sátt um þetta mál. Það er náttúrlega fáránlegt að afgreiða lögreglulög í einhverri ósátt eða pólitískum ágreiningi. Ég er á því að við eigum að ræða frumvarpið með það að markmiði að þolanleg sátt verði um málið.

Ég vil taka fram að hæstv. ráðherra er ekki alls varnað hvað það varðar að taka tillit til ábendinga, t.d. um umdeilt mál sem minnst var á fyrr í umræðunni og snertir fangelsismál. Það var dregið til baka og ég vil reikna það hæstv. ráðherra til tekna, það er gott þegar menn sjá að sér. Einnig var hlerunarfrumvarpið lagfært þannig að þingheimur gat sæst á það. Hæstv. ráðherra dró líka umdeilt fjölmiðlafrumvarp til baka sumarið 2004, hann sá greinilega eftir því frumvarpi og taldi það ekki eiga rétt á sér. Ég er á því að við eigum að ræða þetta frumvarp með þeim hætti að við getum komist að niðurstöðu og jafnvel sæst á það. Við eigum ekki að deila um þetta heldur nálgast frumvarpið með það að markmiði að komast að sameiginlegri niðurstöðu. En það verður samt að segjast eins og er að þegar ég spurði hæstv. ráðherra út í frumvarpið fannst mér hann vera hálfhvumpinn og ekki svara þeim spurningum sem ég beindi að honum. Þær vörðuðu það að verið væri að stofna til nýrrar deildar og nýrra verkefna hjá ríkislögreglustjóra og það kom hvergi skýrt fram í máli hæstv. ráðherra hvaðan þeir fjármunir ættu að koma.

Hin spurningin varðaði víkingasveitina. Hæstv. ráðherra svaraði því ekki til hvernig hann mældi árangur stóraukins liðssafnaðar víkingasveitar hjá lögreglunni í landinu og mér finnst það miður, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. ráðherra talaði mjög um að markmið ættu að vera mælanleg.

Ég er ekki pólitískt sammála hæstv. ráðherra hvað varðar áherslur hans í löggæslumálum. Ég er á því að það sé vafasamt að leggja alla áherslu á víkingasveitina. Önnur verkefni blasa við sem snerta hagsmuni almennings í meira mæli og þá á ég við umferðarlöggæslu. Ef við lítum til þess að á þriðja tug manna lætur lífið á hverju ári í umferðinni — það hafa verið teknar saman skýrslur um það, frú forseti, að um milljarða tjón er að ræða, jafnvel á annan tug milljarða í alvarlegustu umferðarbrotunum — hefði ég lagt áherslu einmitt á þann málaflokk en minni áherslu á víkingasveitina. Þó að hér hafi verið fullyrt að einhver árangur væri af starfrækslu hennar þá forðaðist hæstv. ráðherra að svara því hver sá árangur væri en eflaust gerir hann það í lokaræðu sinni.

En varðandi stofnun greiningardeildar sem á að rannsaka landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins þá tek ég undir með ýmsum sem það hafa gagnrýnt. Það verður að leggja meira til grundvallar en gert er í frumvarpinu til að stofna slíka deild. Hér er farið almennum orðum um hryðjuverk og skipulagða glæpastarfsemi í heiminum. Ég er á því að rökin fyrir því verði að vera skýrari þannig að hægt sé að leggja blessun sína yfir það. Einnig finnst mér að hæstv. ráðherra ætti að kappkosta að gera málið þannig úr garði að allir geti fallist á það. Eins ætti einfaldlega að nefna hlutina sínum réttu nöfnum. Ég átta mig ekki á að þetta sé greiningardeild eða hvernig hún á að starfa. Það hefur ekki komið fram. Á hún að lesa blöðin, fylgjast með fréttum í sjónvarpinu, fylgjast ákveðnu fólki eða þjóðfélagshópum? Mér finnst að áður en við höldum áfram með þetta mál þurfi að fara fram hreinskiptin umræða um hvað þessi deild eigi að gera.

Um stofnun slíkrar deildar þarf einnig að ríkja sátt. Hún verður að njóta trausts í samfélaginu. Það er ekki nóg að hún njóti trausts hæstv. dómsmálaráðherra eða ríkislögreglustjóra heldur verður almenningur að vera þess fullviss að eftirlit sé með deild sem á að fylgjast með svo mikilvægum málaflokkum. Ég er á því að það yrði málinu til framdráttar að ákveðið eftirlit, t.d. Alþingis, væri með þessari deild. Það hefur komið fram, m.a. í máli hæstv. ráðherra, að deildin eigi að vera í samstarfi við sambærilegar stofnanir í nágrannaríkjunum. Þess vegna verða menn að koma hreint fram hvað þetta varðar.

Ég vildi hins vegar einnig gera að umtalsefni að menn óttast það mjög á landsbyggðinni að löggæsluverkefni verði dregin suður og þetta frumvarp sé liður í því. Mér finnst miður að hæstv. ráðherra svari ekki hvort að svo sé. Með frumvarpinu er stofnað til aukins kostnaðar í Reykjavík auk þess sem embættin á landsbyggðinni eru sameinuð að einhverju leyti. Ég er á því að það verði að koma fram hvaðan fjármunirnir í greiningardeildina eiga að koma. Mér finnst sanngjarnt að hæstv. ráðherra svari því með einhverjum hætti.

Hvers vegna er þessi tortryggni á landsbyggðinni? Jú, t.d. hefur hæstv. ráðherra rukkað um löggæslukostnað ef landsbyggðarmenn halda litlar hátíðir. Þá er jafnvel sendur reikningur á undan, áður en viðkomandi hátíð er haldin. (**Dómsmrh.:** Hvenær hefur það verið gert?) Það hefur t.d. verið gert í Skagafirði að ganga þurfti frá löggæslukostnaði áður en ungmennalandsmót í Skagafirði var haldið. Um það stóðu miklar deilur. Ég hef flutt frumvarp þess efnis að frá því verði gengið að menn þurfi ekki að standa í þrasi um löggæslukostnað.

Eitt af því sem fólk á landsbyggðinni óttast, frú forseti, er að þetta frumvarp búi til einhverja nýja sveit hjá ríkislögreglustjóra í Reykjavík en dragi úr verkefnum á landsbyggðinni. Ef við skoðum hvar alvarlegu umferðarslysin eru þá eru þau oft úti á þjóðvegunum. Mér finnst að áherslurnar ættu að vera þar en ekki endilega á að fjölga víkingasveitarmönnum. Umferðareftirlit og löggæsla í umferðinni skiptir almenning miklu máli. Ég er á því að við ættum að ræða það fremur en fjölgun víkingasveita og slíkt.

Annað er vert að skoða af þessu tilefni. Menn vilja fylgjast með og greina atburði, brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Mér finnst það gott mál. Ég gæti jafnvel tekið undir slíkt frumvarp, að setja þyrfti slíka stofnun á fót. En þá þurfa menn líka að búa svo um hnúta að með því sé eftirlit og almenn sátt um það. Slík mál má ekki eingöngu reka af einum flokki eða hæstv. dómsmálaráðherra. Það þarf að vera almenn sátt um svona mál ef fara á út í breytingar af því tagi. En það væri líka ágætt fyrir hæstv. dómsmálaráðherra að hugleiða, vegna þess að honum er umhugað um brot gegn stjórnskipan ríkisins, æðstu stjórnvöldum og lýðræðislegri skipan, stöðu þeirra flokka sem sækjast eftir opinberu valdi. Það þarf náttúrlega líka að hafa eftirlit með þeim og því hvernig þeir fjármagna sig, frú forseti.

Ég er á því að menn sem gera svo ríkar kröfur um að setja meira í að greina hætturnar verði að líta í eigin barm, frú forseti. Hvernig fjármagna þeir sig? Það er t.d. orðið mjög dýrt að taka þátt í prófkjörum. Þetta kostar milljónir fyrir menn sem sækjast eftir almannavaldi. Ég sé að einhverjum þykir þetta ekki koma málinu við, en þetta snertir málið. (**Dómsmrh.:** Ekki Frjálslynda flokkinn.) Ég heyri á hæstv. ráðherra að honum er umhugað um Frjálslynda flokkinn. (**ÖS:** Hann er hræddur við ykkur.) Það má sjá á heimasíðu hans að hann er hræddur við ýmsa aðila. Þar ritar hann um Baug, þríhyrninga og ýmsar samsæriskenningar. En ég vona sannarlega að þetta frumvarp um greiningu á hættum sem steðja að stjórnskipan ríkisins beinist ekki að þessum hópum, háskólanum, Öryrkjabandalaginu og stjórnarandstöðunni. Ég býst við að menn séu að velta öðrum hlutum fyrir sér í þessu efni.

Mér finnst samt sem áður, frú forseti, að þeir sem alltaf eru að greina hluti sem geti verið hættulegir lýðræðisskipan og æðstu stjórnvöldum ættu einnig að gera kröfur til sín, t.d. um að opna bókhald sitt. Hver fjármagnar Sjálfstæðisflokkinn eða Framsóknarflokkinn? Þar verða almannahagsmunir að ráða og verður að hafa eftirlit með því líka. Ég vonast til að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem ég beindi til hans í upphafi máls míns. Hann er oft málefnalegur þótt við deilum kannski ekki sömu sýn á löggæslumálin. Ég vil frekar efla umferðareftirlitið. Ég tel að það varði fremur hagsmuni almennings en víkingasveitin. Hvaðan eiga að koma fjármunirnir í þessa greiningardeild? Menn óttast að dregið verði saman í löggæslunni á landsbyggðinni. Ég hef bent á, varðandi þetta frumvarp sem miðar að því að hagræða og jafnvel að draga saman úti á landi hjá sumum embættum, m.a. á Sauðárkróki, að mér finnst þetta svolítið sérkennilegur sparnaður, að fara alltaf út á land til að finna einhverja smáaura. Það blasir við öllum sem skoða sviðið og velta fyrir sér hvert fjármunirnir í löggæslunni fara að þeir enda á höfuðborgarsvæðinu.

Það er vissulega unnið að sameiningu lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu. En menn sjá hins vegar að öðrum megin við Snorrabrautina er embætti sem veltir um milljarði og hinum megin við götuna eru aðrir milljarðar. Þar mætti ef til vill ná fram hagræðingu en menn fara alltaf til Hólmavíkur eða Sauðárkróks til að ná í einhverjar krónur. Mér finnst að þetta þurfi að koma fram og fara þurfi í gegnum þessa þætti. Ég vonast til þess, eins og ég nefndi í upphafi máls míns, að hæstv. dómsmálaráðherra sjái að sér. Hann hefur átt ágæta spretti af og til í að ná sátt um mál,

t.d. um hlerunarmálið, hann dró til baka fangelsismálið, um fullnustu refsinga og síðast en ekki síst dró hann til baka löggjöfina um fjölmiðlafrumvarpið. Hann sá að sér þar. Um slík mál þarf að ríkja sátt í þjóðfélaginu.

[16:25]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að halda mig við að ræða um skipan lögreglumála og fara aðeins yfir það sem hefur gerst í þessu máli.

Björn Bjarnason, hæstv. ráðherra hefur farið yfir tillögurnar sem framkvæmdanefndin kom með. Þær gerðu ráð fyrir fækkun lögregluumdæma úr 26 í 15 og að stofnuð yrðu sjö lykilembætti sem eiga að annast rannsóknir og fleira. Hæstv. ráðherra gerði fáar breytingar á þessum tillögum. En hann gerði tvær sem snerta Norðvesturkjördæmi, svo ég haldi mig við að fara yfir stöðuna þar. Ég held að það gefi góða mynd af því sem stendur til. Annars vegar breytti hann því að lykilembætti fyrir Vesturland skyldi verða á Akranesi í stað Borgarness. Hins vegar átti Hólmavík að tilheyra sýslumannsembættinu á Ísafirði.

Fyrirkomulagið á lögreglumálum á landinu er náttúrlega barn síns tíma. Bættar samgöngur og bylting í samskiptamöguleikum, t.d. í fjarskiptum, tölvutækni og tækjabúnaði við löggæslustörf, hefur fyrir löngu skapað mikla möguleika á endurskipulagningu lögreglumála. Markmiðið er að efla þjónustu löggæslunnar, gera hana hagkvæmari og styrkja hana. Í vegi fyrir breytingum í þessa átt hefur staðið svolítið merkileg íhaldssemi. Hún er undarleg og helst sambærileg við þá andstöðu sem verið hefur við stækkun og eflingu sveitarfélaga í landinu. Eins mætti nefna andstöðu og tregðu við að breyta prestaköllum. Þetta er sem sagt fremur pólitískt viðnám við þróun til meiri hagræðingar.

Dómsmálaráðherrar síðustu ára hafa svo sem allir séð nauðsyn þess að endurskipuleggja lögreglumálin en ekki haft krafta til að taka þær ákvarðanir. Sýslumenn og aðrir fyrirmenn í ýmsum héruðum hafa risið öndvert gegn flestum hugmyndum um breytingar þar til núna. Þá tillögu sem nú er fram komin ber því ekki að vanþakka þó hún sé engan veginn nógu burðug. Við verðum, eftir að hafa beðið lengi eftir úrbótum á þessu sviði, að gefa ráðherranum prik fyrir viðleitni þótt sannarlega hefði mátt gera betur a.m.k. hvað varðar skipulag þessara mála á Vesturlandi. Ég hef oft látið í ljós þá skoðun mína að Vesturland ætti að vera eitt lögregluumdæmi. Hvar lögreglustjóri svæðisins eigi að sitja hef ég látið liggja á milli hluta enda finnst mér það ekki skipta öllu máli í þessu efni. Hann gæti t.d. setið á Akranesi, Borgarnesi eða Stykkishólmi.

Það kemur reyndar skýrt fram í skýrslu verkefnisstjórnar sem kom út snemma á síðasta ári að þetta væri ákjósanlegasta fyrirkomulagið, þ.e. að hafa eitt lögregluumdæmi á Vesturlandi. Því miður hefur skort á getu og kjark hæstv. dómsmálaráðherra til að fara að þeirri tillögu. Niðurstaðan er því þrjú lögregluumdæmi. Eitt þeirra myndar hring um Snæfellsjökul, annað nær yfir flatlendi vestur af Akrafjalli, það er ekki mjög stórt. Hið þriðja nær yfir Vesturland að öðru leyti. Þetta er ekki mjög gáfulegt fyrirkomulag, eða hvað? Væri ekki nær að hafa Vesturland sem eitt lögregluumdæmi og að lögsagnarmörkin væru þá eingöngu í kringum það í staðinn fyrir að kljúfa það upp í þrjá parta eins og gert er ráð fyrir?

Allir hljóta að sjá að þetta er ekki skynsamleg niðurstaða. En að mínu viti er ljóst að stækkun og efling umdæmanna á landsvísu færir okkur fram á veginn, mun skila betri þjónustu og meira öryggi til borgaranna. Stofnun lykilembætta gefur vísbendingu um að stjórnvöld vilji halda áfram á þeirri braut sem hér er byrjað að feta. Ég óttast hins vegar að upp muni koma togstreita um starfsfyrirkomulag og verkefni milli lykilembættanna og þeirra embætta sem undir þau eiga að heyra. Vonandi verður hægt að ná fram endurbótum á þessum tillögum á Alþingi þegar fjallað verður um málið.

Á það vil ég leggja áherslu á, hæstv. forseti, þegar fjallað verður um þetta mál, þótt menn hafi ekki rætt þetta mál sérlega mikið í dag og haft áhuga á öðrum hlutum frumvarpsins, að ég óska eindregið eftir því að í nefndinni fari menn vandlega yfir þetta atriði og reyni að átta sig á því hvort eigi nú ekki að ganga lengra en gert er. Ég tel t.d. að Vesturland sé ágætisdæmi um að ganga megi alla leið í því að breyta þessu svæði í eitt lögreglusvæði og hafa einn lögreglustjóra á svæðinu.

Það er að mínu viti ávísun á erfiðleika í samstarfi og togstreitu á milli embætta að setja upp slíkt lykilembætti. Það á að hafa einhvers konar boðvald yfir (**Dómsmrh.:** Það er ekki rétt.) hinum embættunum, ráða rannsóknum og öðru slíku. Hæstv. ráðherra svarar því þá hér á eftir ef hann telur að það sé nú engin hætta á því að það verði togstreita. (**Dómsmrh.:** Það er rangt.) Hæstv. ráðherra hefur væntanlega hlustað á sýslumenn á þessum svæðum. Þeir virðast sumir hverjir sömu skoðunar og ég, að það sé hætta á togstreitu milli embættanna.

Ég tel ástæðu til að huga að því. Ég bið þá hæstv. ráðherra að rökstyðja það þannig að menn sem ekki eru gáfaðri en ég skilji af hverju hafa skuli þrjú lögsagnarumdæmi á Vesturlandi þegar eitt þeirra nær yfir nánast allt Vesturland en hin yfir mjög takmarkað svæði, annars vegar í kringum Snæfellsjökul og hins vegar flatlendið vestur af Akrafjalli. Þetta held ég að segi sína sögu um að menn skorti pólitískan kjark til að ganga alla leið og gera það sem skynsamlegast er. Það liggur í augum uppi.

Ég ætla nú ekki að hafa fleiri orð um málið að sinni en hvet nefndarmenn til að huga vel að þessu, skoða málið vandlega og taka því ekki sem gefnu að hæstv. ráðherra hafi komist að allra bestu niðurstöðu sem hægt er að finna. Þannig er það einfaldlega ekki. Þótt búið sé að leggja svo mikla vinnu í þetta mál er niðurstaðan ekki sú skynsamlegasta. Það er a.m.k. ljóst að mínu mati að það á að ganga lengra. En ástæðan fyrir því að menn gera það ekki er að menn skortir pólitískan kjark og styrk til að klára málið skynsamlega.

[16:34]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég ætla aðeins að leggja hér nokkur orð í 1. umr. um frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Þetta mál fer nú til nefndar og ég geri ráð fyrir að þar verði ítarlega farið í gegnum þau atriði sem hér er verið að leggja til,

bæði breytingar og aðrar nýjar áherslur. Þá komi þar inn umsagnir og álit þeirra aðila sem þessar breytingar snerta. Ég vil sérstaklega víkja að þeim breytingum sem er verið að leggja til á stöðu og verkefnum sýslumannsembættanna, lögreglunnar og lögreglustjórnarinnar, sérstaklega út um land.

Nú er það svo að sýslumennirnir eru umboðsmenn ríkisvaldsins í héraði og eru þar í rauninni nánasti tengiliður milli íbúanna og ríkisvaldsins. Þess vegna er mjög mikilvægt að farið sé varlega í breytingar á stöðu og verkefnum sýslumannsembættanna og varast að þjónustan færist fjær íbúunum eða að þessi tengsl verði lengri og óhentugri. Hér er ekki gert ráð fyrir að fækka sýslumönnum sem ég tel að sé vel. Landsbyggðin á orðið á öllu von af hálfu ríkisvaldsins í niðurskurði opinberra starfa og þjónustu. En hér er ekki svo og ég vil í upphafi máls míns láta í ljósi ánægju með þær áherslur, þótt seint komi fram á ferli þessarar ríkisstjórnar, að færa verkefni út til sýslumannsembættanna og ný þjónustuverkefni sem mörg hver eru unnin á landsvísu en markmiðið er að vista þau hjá sýslumannsembættunum. Þó að seint sé — þó vonandi sé nú komið að lokum setu þessarar ríkisstjórnar — þá er þó gott til þess að vita að hún sé að huga að þessu svona í restina, frú forseti. En að sjálfsögðu hefði hún mátt huga að þessu fyrr og vonandi mun hæstv. ráðherra, og ég hef enga ástæðu til annars en að treysta því, ráðast í það af fullum krafti og heilindum að færa verkefni til sýslumannsembættanna og styrkja stöðu þeirra sem starfsstöðva. Og gott um það.

Hitt er svo annað mál með forsjá lögreglumanna og lögreglunnar í héraði. Það hefur verið órjúfanlegur hlutur af starfi sýslumannanna að fara jafnframt með lögregluvald í sínu umdæmi. Þá hefur sýslumaðurinn getað beitt lögreglunni eða ráðstafað kröftum hennar í almannaþágu eftir því sem kröfur hafa verið uppi um og kallað til hverju sinni. Ég held að það sé mjög mikilvægt að halda því sjónarmiði til haga að hlutverk lögreglunnar er ekki fyrst og fremst að elta uppi og reyna að finna glæpamenn á einhverjum sviðum þótt það reynist óhjákvæmilega stundum vera verkefni þeirra. En hlutverk lögreglunnar er að mínu viti fyrst og fremst þjónusta, margháttuð opinber öryggisþjónusta við íbúana á viðkomandi svæði. Þess vegna er nánd við lögregluna hvað það varðar mjög mikilvæg. Út um dreifbýlið er víða verið að skera niður margháttaða opinbera þjónustu. Ekki síst hvað varðar almannaöryggi. Við vitum að lögreglan er oft fyrst á vettvang þegar eitthvað ber upp á, hvort sem það er í umferð eða að aðstoða í erfiðri færð og þess háttar. Nándin við lögregluþjónana hvað þetta varðar skiptir máli.

Þess vegna ætti hlutverk ríkisins frekar að vera að koma til móts við dreifbýlissveitarfélög og styrkja og efla þar þjónustu lögreglunnar í öryggis- og almannaþjónustumálum. Ég vil bara draga þetta fram vegna þess að í umræðum um lögreglumál virðist henni alltaf vera stillt þannig upp að hún sé fyrst og fremst einhver andstæðingur almenns íbúa á einhvern hátt eða að hún sé alltaf að leita að einhverjum sökudólgum. Ég vil leggja áherslu á að eigi að vera algjör aukaþáttur en ekki meginmál, þótt nauðsynlegur sé við ýmsar aðstæður en virðist oft vera dregið fram sem helsta hlutverk hennar.

Af breytingum sem hér er verið að leggja til á umdæmi verkefnis sýslumannanna er t.d. að sýslumaðurinn í Borgarnesi fari með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Búðardal. Þó að allar fjarlægðir séu að styttast með bættum samgöngum er ég ekki viss um að þetta sé endilega besta ráðstöfunin. Á það hefur verið bent að býsna langt sé milli Búðardals og Patreksfjarðar, þar sem hinn sýslumaðurinn er þá, það þykir ærin vegalengd, og nú á að fara að lengja hana enn með því að yfirstjórn lögreglumála verði annars vegar frá Borgarnesi og hins vegar frá Patreksfirði og reyndar kannski ekki fyrr en á Ísafirði. Ég hefði talið að það ætti að skoða að styrkja löggæsluna í Búðardal og það mætti athuga að byggja upp þjónustu á Reykhólum eða í þeim hluta Austur-Barðastrandarsýslu sem er í bestum samgöngulegum tengslum við Búðardal. Það mætti t.d. staðsetja tvo til þrjá lögreglumenn í Búðardal, eða í Búðardal og á Reykhólum, sem litu lögreglustjórn sýslumannsins í Búðardal. Mér finnst mjög hæpin ráðstöfun að leggja lögreglustjórnina í Búðardal niður og færa hana í Borgarnes, eins og hér er verið að leggja til. Ég tel nauðsynlegt að farið sé mjög ítarlega ofan í þetta í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar.

Sama er reyndar að segja um lögreglustjórnina á Hólmavík en í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að hún fari undir Ísafjörð. Það er nú bara svo að Hólmavík er ekkert í neinu sérstöku þjónustusambandi við Ísafjörð. Þarna eru líklega milli 200–300 kílómetrar á milli og þjónustuleiðin frá Hólmavík hefur gjarnan legið inn Strandir og suður á bóginn. Þannig að þjónustulega er samleið með Ísafirði hvað þetta varðar að mínu viti ekki svo nærtæk. Væri þá nær að huga að auknu samstarfi milli Hólmavíkur og Búðardals. Ég tala nú ekki um þegar vegur verður kominn yfir Arnkötludal að þá má heldur horfa á þetta svæði sem þjónustueiningu ef nauðsynlegt er að stækka hana. Mér finnst því sú hugmynd að setja sýslumanninn yfir lögregluna í Hólmavík vera mjög umdeilanleg og það eigi að fara vandlega ofan í það af nefndinni hvort þarna sé verið að fara skynsamlega að.

Þarna má nefna fleiri sýslumannsembætti sem verið er að skera af lögreglustjórnina. Til dæmis með lögreglustjórn umdæmis sýslumanns á Höfn, að með það fari sýslumenn á Eskifirði og lögreglustjóraumdæmi sýslumannsins í Vík, fari sýslumaðurinn á Hvolsvelli. Vel má vera að eitthvað af þessum atriðum geti verið skynsamleg. En ég tel samt mjög mikilvægt að farið sé rækilega ofan í þau í nefnd. Menn skilgreini fyrir sér þjónustuhlutverk lögreglunnar og sýslumannsembættanna og hvort ekki megi þá huga að víðtækari verkefnum þeirra sem þarna starfa, frekar en að vera að skera af.

Því það er nú svo að því fjær sem stjórnunin fer því óvirkara verður þetta og því fjær færist öll ákvarðanataka og öll þjónusta frá íbúunum, sem er þróun sem við upplifum reyndar allt of oft og er að mínu viti röng. Við eigum að færa þjónustuna og ábyrgðina sem næst íbúunum og til þeirra sem eru umboðsaðilar á vettvangi en ekki færa hana fjær eins og hér er verið að leggja til í ákveðnum tilvikum.

Þá er hér talað um rannsóknardeildirnar líka, sérstakar rannsóknardeildir, og að skipta landinu niður í umdæmi hvað það varðar. Það finnst mér líka þurfa nákvæmrar

skoðunar við. Sjálfsagt þarf að fara ofan í skilgreiningar á hlutverki þessara umdæma, á hvaða forsendum verið er að skipta landinu í umdæmi með þessum hætti. En það er a.m.k. ljóst að verið er að leggja upp einhvers konar höfuðmiðstöðvar. Kannski er það undirbúningur að því að leggja niður í áföngum eða veikja þau sýslumannsembætti og lögreglustjóraembætti sem áfram fá að vera og búa þau undir að verða lögð niður eða starfsemi þeirra takmörkuð enn frekar. Það er greinilega eitthvað slíkt sem er innbyggt í það sem verið er að leggja hér upp, að skipta landinu í umdæmi sem smám saman taka yfir með þessum hætti.

Lagt er til að hjá lögreglustjóranum á Akranesi verði rannsóknardeild fyrir lögreglustjórann í Borgarnesi og Stykkishólmi. Á Ísafirði verði deild fyrir Vestfirði alla frá Hólmavík til Patreksfjarðar, sem vantar mikið upp á enn þá að séu í samgöngulegum tengslum, t.d. Patreksfjörður og Ísafjörður stóran hluta af árinu vegna vegasamgangna, þar eru ekki beinar vegasamgöngur á milli. Því verður ekki séð að þetta sé besta leiðin, að slá þeim saman undir eina slíka rannsóknardeild með yfirumsjón með þessum málefnum, eins og hér er lagt til.

Tökum síðan Norðurland. Það er kannski fráleitasta dæmið þar sem gert er ráð fyrir að lögreglustjórinn á Akureyri fari með rannsóknardeild og umboð lögreglustjórans á Blönduósi, Sauðárkróki og Húsavík. Nú eru bæði Húnavatnssýslur og Skagafjörður nokkuð stór landsvæði og býsna fjölmenn byggð. Mér finnst einboðið, ég verð að segja það, að sérstök rannsóknardeild og sú miðstöð sem henni fylgir verði staðsett í Húnavatns- eða Skagafjarðarsýslum. Einnig er það svo að umferðin, þjónustuumferðin, liggur fyrst og fremst suður á bóginn úr Skagafirði, frá Blönduósi og frá Húnavatnssýslum frekar en norður á bóginn til Akureyrar. Samgöngu- og þjónustutengsl eru því miklu minni í þá áttina og því mjög óeðlilegt að setja málið þannig upp að Akureyri verði eins konar miðstöð fyrir Skagafjörð og Húnavatnssýslur hvað þetta varðar. Auk þess skiptir líka máli fyrir þetta landsvæði, Skagafjörð og Húnavatnssýslur, að þetta starf sé staðsett þar, það treystir þá þjónustukjarna sem þar eru og eflir þá á alla lund í þessum málaflokkum. Þess vegna tel ég mjög hæpið að ætla að gera Akureyri að miðstöð fyrir Skagafjörð og Húnavatnssýslur hvað þetta varðar og ég hygg reyndar að bæði Skagfirðingar og Húnvetningar séu óvanir því að vera settir undir Akureyri og finnst það ekki hugnanlegt í þessum málum frekar en mörgum öðrum.

Allt þetta verður að skoðast í hv. allsherjarnefnd sem væntanlega fær frumvarpið til umsagnar. Þangað koma bæði umsagnir og sýn íbúanna, fólksins á þessum svæðum, sem eiga í rauninni að hafa mest um þessi mál að segja því að þessi þjónusta snýr að þeim. Fólkið á þessum svæðum sem á að vera notendur og njóta þessarar þjónustu lögreglunnar og sýslumannsembættanna á að hafa mest um það að segja hvernig hún er uppbyggð og hvernig henni er stýrt innan landsvæðanna.

Frú forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þetta mál að sinni. Ég hafði forgöngu um utandagskrárumræðu fyrr á þessu þingi um þessi mál þar sem ég og hæstv. dómsmálaráðherra skiptumst á skoðunum um þau og ég kom með áherslur viðlíka þeim sem ég hef nefnt hér. Ég vænti þess að hv. allsherjarnefnd, sem fær málið til umfjöllunar, vinni það betur og við fáum vonandi að sjá frumvarpið í breyttri mynd þegar það kemur til 2. umr.

[16:52]

Útbýting:

Ákvörðun loðnukvóta, 525. mál, fsp. MÞH, þskj. 767.

Sjóvarnir við Hvaleyri, 497. mál, svar samgrh., þskj. 773.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 527. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 770.

[16:52]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Mig langar aðeins til að leggja orð í belg um nokkur atriði þessa frumvarps sem hæstv. dómsmálaráðherra mælti fyrir í dag.

Í fyrsta lagi um 1. gr. frumvarpsins varðandi það að hér skuli skilgreint nýtt hlutverk fyrir embætti ríkislögreglustjóra, samkvæmt þeim lögum um lögreglu sem eru í gildi núna, að starfrækja eigi lögregluranns óknardeild og greiningardeild til að rannsaka landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess sem leggja eigi mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.

Ég vil í upphafi máls míns að lýsa því yfir að mér líst í sjálfu sér ekkert illa á að þetta verði gert, en ég spyr: Hvers vegna er þessi mikla hógværð, hvers vegna er verið að kalla þetta lögregluranns óknardeild eða greiningardeild? Mér finnst að frekar ætti að taka skrefið til fulls og kalla þetta hreinlega öryggislögreglu. Öll lönd í kringum okkur eru með slík batterí á sínu framfæri. Það væri miklu heiðarlegra og hreinskilnara að nefna hlutina réttum nöfnum í stað þess að vera með einhverja skrúðmælgi eins og greiningardeild. Það er sjálfsagður og eðlilegur hlutur að við séum með einhvers konar deild innan lögreglunnar sem rannsakar slíka hluti. Ég sé reyndar í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins að talað er um að hún eigi líka að greina hættu sem tengist fíkniefnabrotum, talað er um fíkniefnabrot, skipulagða glæpastarfsemi, hryðjuverk og annað sem varðar öryggi ríkisins. Við eigum að sjálfsögðu að hafa viðbúnað hvað varðar þessa hluti og eigum ekkert að skammast okkur fyrir það, alls ekki. Þetta vildi ég sagt hafa um þessa litlu grein.

Hitt sem mig langaði til að nefna eru atriði varðandi það að fækka á lögregluumdæmunum. Það virðist hafa mætt þó nokkurri tortryggni og skapað töluvert miklar umræður. Ég hef verið að kynna mér gögn málsins, lesa greinar og skýrslur og annað sem viðkemur málinu og ég verð að segja að það þarf kannski ekki að koma svo mjög á óvart að þetta veki miklar umræður. Lögreglan nýtur mikils álits hér á landi, ég held að hún sé að öllu jöfnu í mjög miklum metum meðal almennings. Íslenskir lögreglumenn skila afskaplega góðu starfi og sinna mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu. Ég held að hlutverk þeirra sé ekki síst veigamikið einmitt í hinum dreifðu byggðum landsins. Það veitir fólki ákveðna öryggistilfinningu að vita að lögreglustöð er á staðnum og þar séu menn viðbúnir á vakt til að bregðast við

ef vandi eða hætta steðjar að. Það er á margan hátt mjög skiljanlegt að fólki bregði við þegar það heyrir af því, eins og málið lítur út, að leggja eigi niður lögregluembætti á tilteknum stöðum og það hafi ýmislegt við það athuga.

Lögregluumdæmin í landinu eiga samkvæmt þessu að verða 15 talsins. Þau eru:

Akranes,

Borgarnes, en Búðardalur á að fara undir Borgarnes,

Stykkishólmur,

Ísafjörður, en Hólmavík, Bolungarvík og Patreksfjörður eiga að fara undir Ísafjörð,

Blönduós,

Sauðárkrókur,

Akureyri, en Siglufjörður og Ólafsfjörður eiga að fara undir Akureyri,

Húsavík,

Seyðisfjörður,

Eskifjörður, en Höfn á að fara undir Eskifjörð,

Hvolsvöllur, en Vík á að fara undir Hvolsvöll,

Vestmannaeyjar,

Selfoss,

Suðurnes, en Keflavík og Keflavíkurflugvöllur eiga að heyra undir lögregluumdæmi Suðurnesja.

Síðan á að sameina embættin á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Reykjavík, Kópavog og Hafnarfjörð.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að Ísland er stórt land og samgöngur víða úti á landi geta oft og tíðum verið erfiðar, sérstaklega þegar færð er slæm. Við sjáum að færa á undir einn hatt lögregluumdæmi sem eru á erfiðum stöðum, til að mynda á Vestfjörðum. Höfn á t.d. að fara undir Eskifjörð og loks á Vík að fara undir Hvolsvöll. Það getur verið torfært á milli þessara staða. En ég reikna með því og er í raun og veru viss um að þeir sem hafa unnið að undirbúningi þessa máls hafi gert sér fulla grein fyrir þessu. Ég sé að ferill málsins hefur að mörgu leyti verið til fyrirmyndar. Það er rakið í athugasemdum við frumvarpið að haft hafi verið samráð við fólk úti á landi og það hefur líka verið hlustað á athugasemdir þess. Mér sýnist vera tekið tillit til margra þeirra athugasemda sem gerðar hafa verið við tillögur nefndarinnar eða þeirra nefnda sem hafa unnið að þessu máli.

Ég vildi koma þessum athugasemdum mínum að þannig að það sé bókað að ég hef varann á mér hvað þetta varðar. Ég er hálfefins um að þessar breytingar eigi kannski í öllum tilvikum fyllilega rétt á sér en er að sjálfsögðu reiðubúinn að taka rökum og hlusta á rök varðandi það að svona eigi þetta að vera til framtíðar.

Ég ítreka að lögreglan skiptir mjög miklu máli. Og ég held að það skipti líka miklu máli fyrir marga á þessum stöðum, fyrir sjálfsímynd þeirra og jafnvel sjálfstraust, að þar sé fyrir hendi góð og trúverðug löggæsla. Það skiptir mjög mikli máli fyrir borgarana því að meginhlutverk lögreglunnar í landinu er að tryggja öryggi þeirra.

Annað sem mig langaði að koma að, virðulegi forseti, í þessu ræðukorni mínu er það sem kemur fram í í athugasemdum með frumvarpinu þar sem vikið er að því að efla eigi sýslumannsembættin víða um land og þá flytja verkefni af höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina. Ég kom að því áðan í andsvari við hæstv. dómsmálaráðherra þar sem ég spurði hann hver tímaramminn væri á þessu. Ég geri mér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því að til að framkvæma þessa hluti þarf að breyta lögum og fara út í alls konar undirbúning í kringum þetta. En ég sakna þess þó að ekki skuli vera kveðið neins staðar á um hver tímaramminn á þessu öllu eigi að vera.

Það eru mjög margir úti á landi sem telja að ávöxtunum sé mjög misskipt hvað það varðar að dreifa ríkisstofnunum og embættum um landið og að allt of mikið af opinberum embættum og störfum á vegum ríkisins hafi safnast á höfuðborgarsvæðið. Ég get tekið undir þau sjónarmið. Ég hygg að víða úti á landi séu kannski ákveðnar væntingar um að eitthvað af þeim verkefnum sem hér er talað um, sem eru miðstöð ættleiðinga, sjóðir og skipulagsskrár, miðstöð fasteignasölueftirlits, útgáfa Lögbirtingablaðs, málefni bótanefndar, málefni skjalaþýðenda, miðstöð eftirlits með útfararþjónustu og miðstöð happdrættiseftirlits, og þau störf sem fylgja þeim komi til með að falla í skaut ákveðinna byggðarlaga þó að ég viti svo sem ekkert nánar um það.

Ég heyrði áðan að hæstv. dómsmálaráðherra talaði um að útgáfa Lögbirtingablaðsins ætti að færast til Víkur. Það er að sjálfsögðu jákvætt en ég hefði gjarnan viljað fá að heyra svolítið meira um hvaða fyrirætlanir eru uppi um öll hin verkefnin og líka hvenær þetta eigi að koma til framkvæmda þannig að við vitum, þegar frumvarpið fer nú til meðhöndlunar í nefnd, hvað það er sem í raun og veru vakir fyrir stjórnvöldum.

Ég er mikill stuðningsmaður þess að fara grannt út í það að endurskoða með hvaða hætti við getum fært ríkisstofnanir og verkefni á vegum ríkisins út á land. Mér finnst stjórnvöld hvergi hafa staðið sig nægilega vel í þeim efnum og að það sé fyllilega kominn tími til að við skoðum þetta og framkvæmum meira í þessa veru, miklu meira en við höfum gert fram til þessa. Ég hef aðeins verið að kynna mér til að mynda reynslu Norðmanna af þessum málum, las síðast í morgun þá skýrslu sem ég held hér á, sem fjallar einmitt um reynslu Norðmanna af því að flytja opinber störf út á land. Ég verð að segja að það sem kemur fram í þessari skýrslu er á margan hátt mjög hvetjandi. Reynsla þeirra er að mörgu leyti mjög athyglisverð og hún hefur á margan hátt verið góð. Þetta er ekki einfalt mál en það skilar mjög miklu þar sem þetta hefur verið gert og virðist, nánast undantekningalaust, hafa tekist mjög vel hjá þeim þegar upp er staðið. Norðmenn hafa stundað þetta síðastliðin 40 ár, verið með þá pólitík að reyna eftir fremsta megni að færa störf á vegum hins opinbera út á land. Það hefur styrkt byggðir og á margan hátt haft mjög jákvæða hluti í för með sér.

Ég er sannfærður um að verkefnin sem hér er talað um mundu svo sannarlega verða til þess að styrkja þá staði sem fengju þau í sínar hendur, því að ég sé að margt af því sem hér er nefnt hlýtur að kalla á að fólkið sem tekur að sér þau störf sé fólk með tiltölulega mikla menntun og þetta séu stöðug störf, ef svo má segja, og tryggi þar með stöðugleika og hafi í för með sér marga jákvæða þætti fyrir landsbyggðina.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum aðeins koma nánar inn á það sem ég spurði hæstv. ráðherra um í andsvari þegar hann flutti flutningsræðu sína fyrir frumvarpinu, en það

er um málefni Vestmannaeyja. Mér finnst alls ekki koma nægilega tryggilega fram í þeim pappírum sem ég hef séð að áfram verði rannsóknarlögreglumaður í Vestmannaeyjum eins og talað hefur verið um. Einungis er sagt í viðbótarskýrslu framkvæmdanefndar um nýskipan lögreglumála, þar sem kemur réttilega fram að menn hafi hlustað á athugasemdir varðandi Vestmannaeyjar, og það er að mínu mati ekki nægilega vel tryggt í þeim skrifuðu orðum að rannsóknarlögreglumaður verði áfram í Eyjum, einungis er sagt að fjárveitingar til embættisins í Vestmannaeyjum verði tryggðar áfram en ekkert er nánar sagt til um með hvaða hætti þeim fjármunum verði síðan varið. Það væri gott ef það kæmi fram með skýrari hætti í meðförum þessa máls fyrir nefnd að þetta verði tryggt, því að ég tel mjög mikilvægt að rannsóknarlögreglumaður sé til staðar í Vestmannaeyjum. Reynslan sýnir að full þörf er á því. Vestmannaeyingar búa við mikla landfræðilega sérstöðu sem stjórnvöld eiga að sjálfsögðu að taka fullt tillit til í verkum sínum.

[17:04]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa ágætu umræðu og vona að hún hafi orðið til að skýra ýmislegt í þessu frumvarpi og þau atriði sem menn hafa verið að velta fyrir sér. (Gripið fram í.) Mun ég nú víkja að ýmsum atriðum ef ég fæ málfrið fyrir frammíköllum.

Hvað varðar það sem talað var um undir lokin og það sem hv. þingmenn veltu fyrir sér varðandi stækkun umdæmanna og síðan spurningin um nálægð lögreglumanna þá vil ég taka fram að ekki er gert ráð fyrir því að lögreglustöðvar verði lagðar niður. Það kemur sérstaklega fram í greinargerðinni á bls. 8, með leyfi forseta:

„Lögreglustöðvum verður ekki lokað vegna breytinga á lögregluumdæmum og sérstaklega er áformað að ákveðið verði í reglugerð að lögregluvarðstofur utan aðalstöðvar lögreglu skuli vera í Búðardal, á Patreksfirði, Hólmavík, Bolungarvík, Siglufirði, Ólafsfirði, Höfn, Kirkjubæjarklaustri og Vík auk þeirra staða sem nú eru tilgreindir í reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Þeir staðir eru Ólafsvík, Grundarfjörður, Dalvík, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafjörður, Egilsstaðir, Fáskrúðsfjörður og Grindavík."

Með frumvarpinu er ekki verið að leggja til að þessum lögreglustöðvum verði lokað. Það er áréttað í greinargerð með frumvarpinu að það verði sett inn í reglugerðina að lögreglustöðvar skuli vera á þessum stöðum. Ég held því að þær áhyggjur séu með öllu ástæðulausar.

Ég vil líka geta þess að það er algerlega rangt að draga upp þá mynd, eins og kom fram í máli tveggja þingmanna, að það að rannsóknardeildir starfi við sjö embætti í landinu feli í sér að þau embætti séu eitthvað yfir önnur embætti sett og að verið sé að fela þeim embættum einhvers konar yfirstjórn yfir öðrum lögregluembættum í þeim umdæmum sem þessar rannsóknardeildir ná til. Svo er ekki. Það er ekki gert ráð fyrir því, heldur að í hverjum landshluta byggist upp nægilega stór eining rannsóknarlögreglumanna til að geta sinnt stórum og flóknum málum og að sú þjónusta sé færð nær íbúunum en er með þeirri skipan sem nú gildir. Það er einmitt þess vegna sem farið er sérstaklega í að breyta ákvæðum í 5. gr. lögreglulaganna, sem kemur síðan inn á rannsóknardeildina og greiningardeildina, til að árétta það að menn þurfi ekki að sækja þessa þjónustu til ríkislögreglustjóra heldur sé ætlunin að byggja upp slíka þekkingu og þjónustu í héruðunum, nær borgurunum, á sjö stöðum á landinu. Þessir menn eiga að koma að því að rannsaka stór og flókin mál sem upp koma og taka á þeim en þeir eru ekki yfir aðra settir og sýslumenn eru ekki yfir aðra settir. Þess vegna er það rangt sem hér var gefið til kynna, þegar talað er á þann veg, sérstaklega af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, sem endurspeglast líka í þeim texta sem skorað er á fólk í Borgarbyggð að skrifa undir, þar sem látið er í veðri vaka að einhvers konar valdboðsheimildir fylgi því að rannsóknardeildirnar séu á sjö stöðum á landinu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þingmenn átti sig á þessu þannig að þeir fari ekki með vitlausan boðskap um efni frumvarpsins og er nauðsynlegt að leiðrétta það hér vegna orða tveggja þingmanna í umræðunni.

Rannsóknarlögreglumaður í Vestmannaeyjum — það er ekki verið að breyta lögregluliðinu í Vestmannaeyjum á neinn hátt. Þar er rannsóknarlögreglumaður. Ég sé því ekki hvers vegna á að gera það tortryggilegt þegar tekið er fram að því verði ekki breytt og fjölda lögreglumanna verði ekki breytt í Vestmannaeyjum. Þarna er líka verið að gefa til kynna að verið sé að breyta einhverju sem ekki á að breyta með þessu frumvarpi. Nóg er að ræða um það sem breytt verður, annað að draga þær ályktanir af frumvarpinu að breytingarnar séu meiri en þar er mælt fyrir um og er þess vegna ástæða til að taka þetta sérstaklega fram.

Hvað þennan lið frumvarpsins varðar sérstaklega þá kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að hann væri að velta fyrir sér þessari spurningu með Hólmavík og Ísafjörð eða Hólmavík og Búðardal. Í upphaflegum tillögum, áður en þetta fór í kynningu til sveitarfélaganna, var gert ráð fyrir að Hólmavík og Búðardalur féllu undir lögreglustjórann í Borgarnesi en á fundum á Vestfjörðum var eindregið lagst gegn því að Hólmavík yrði skilin frá Ísafirði. Þess vegna var ákvörðun tekin um við lokagerð málsins að Hólmavík yrði í umdæmi lögreglustjórans á Ísafirði. Þar er því farið að eindregnum óskum heimamanna og tekið tillit til þeirra. Ég heyri að hv. þm. Jón Bjarnason er þessu ósammála og raunar virtist mér á ræðu hans að hann fyndi frumvarpinu allt til foráttu og teldi að það ætti engan rétt á sér. Verið væri að skerða svo hag íbúa um landið að þetta væri í raun og veru slíkt frumvarp að ekki væri rétt að það næði fram að ganga. Að minnsta kosti skildi ég hann þannig að hann vonaðist til að nefndin breytti því öllu á þann veg að þarna yrði í raun og veru engin breyting. Dálítið furðuleg ræða. Ef við eigum ekki að taka mið af því sem fram kom t.d. á þeim fundum þegar rætt var við heimamenn og þeir óskuðu sérstaklega eftir því að vera ekki með Búðardal og Borgarfirði heldur falla undir Ísafjörð, þá finnst mér langt gengið í kröfum til ráðuneytisins um að hunsa sjónarmið íbúa. Eins þegar hv. þingmaður talar um að eðlilegt sé að Reykhólahreppur falli undir Búðardal, þá virðist hann alveg horfa fram hjá því að Reykhólahreppsíbúar hafi, að ég held, tvisvar sinnum hafnað því að verða hluti af lögsagnarumdæmi sem falla mundi undir Búðardal. Hann virðist því

ekki taka neitt mið af því sem fólk í þessum byggðarlögum hefur um þetta að segja.

Síðan ræddi hv. þm. Sigurjón Þórðarson hvað eftir annað um að verið sé að taka peninga af landsbyggðinni og setja þá í að fjölga mönnum vegna greiningardeildar. Þetta er misskilningur. Það kemur hvergi fram í frumvarpinu að slíkt eigi að gera. Þvert á móti stendur þar að efla eigi sýslumannsembætti úti á landi og eina fjárhæðin sem nefnd er í greinargerð frumvarpsins er 50 millj. kr. sem fluttar verði með þeim verkefnum sem ráðgert er að flytja út á landsbyggðina. Ég get því miður ekki nefnt dagsetningar í því efni, ekki frekar nú en þegar ég tók til máls í andsvörum, ég ætla ekki að gera það en vísa til þess sem stendur í frumvarpinu. Ég tel að það verkefni sem við erum að vinna að í samvinnu við sýslumanninn á Blönduósi sé ákveðið lykilverkefni í þessu og leiðsagnarverkefni sem þarf að hafa í huga þegar hugað er að öðrum verkefnum.

Hinn þáttur umræðunnar snerist að verulegu leyti um svokallaða greiningardeild og þar drógu menn skrattann á vegginn með mismunandi sterkum litum. Sterkasti liturinn var hjá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni, sem sá skrattann aðallega í dómsmálaráðherranum, dæmalaust vitlaus ræða og barnaleg í þessum umræðum. Enn og aftur fer þingmaðurinn í sama farið og flytur þessa barnalegu ræðu sína eins og hún breyti einhverju um efni þess máls sem verið er að fjalla um. Andúð hans á dómsmálaráðherra er greinileg og hefur margoft komið fram en hún breytir engu um nauðsyn þess að fjalla um alvarleg málefni sem snerta öryggi ríkisins, lögreglumál og annað slíkt. Ef þingmaðurinn kemst ekki yfir þann þröskuld sem hann sér í ráðherranum verður hann bara að eiga það við sig. Við ræðum um þetta málefni á málefnalegum forsendum en ekki með þeim einkennilega hætti sem þingmaðurinn kýs að ræða þessi mál.

Varðandi þá spurningu hvort þörf sé á greiningardeild þá heyri ég á öllum þingmönnum hér að þeir telja þörf á því að lögreglan sinni þessum verkefnum. Það er enginn ágreiningur um það. Allir þingmenn sem hér hafa tekið til máls og gert þetta að sérstöku umtalsefni eru sammála um að nauðsynlegt sé að lögreglan sinni því að gæta öryggis ríkisins og að líta beri til þessara hluta. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er hins vegar undrandi á því að menn séu farnir að hafa áherslurnar öðruvísi en áður. Það stafar af því að umhverfið hefur breyst, það stafar af því að nauðsynlegt er að ræða þessi mál á öðrum forsendum og taka mið af því umhverfi sem við lifum í og störfum í. Það er aðalatriðið í þessu máli.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði: Hvar er fjallað um þetta í skýrslu verkefnisstjórnarinnar? Í skýrslu verkefnisstjórnarinnar er fjallað um þetta t.d. með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Skýrari reglur um starfsemi öryggislögreglu. Samkvæmt 5. gr. lögreglulaga er það hlutverk ríkislögreglustjóra m.a. að starfrækja lögregluranns óknardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess. Í helstu nágrannalöndum okkar er verkefnum af þessu tagi sinnt af lögreglu, en iðulega í sérstakri deild eða sérstakri öryggislögreglu," — sem ekki er verið að leggja til hér — „sem starfar á grundvelli skýrra lagaheimilda og jafnvel sérstakrar löggjafar og samkvæmt þeirri löggjöf undir sérstöku eftirliti."

Ef við stígum það skref sem hérna er verið að tala um er eðlilegt að við setjum um það sérstök lög og höfum þá líka sérstakt eftirlit sem hv. þm. Ögmundur Jónasson var að tala um, ef við teljum það nauðsynlegt. Ef það er það sem þingmenn telja nauðsynlegt, að stofna hér sérstaka öryggislögreglu til að huga að sérstöku eftirliti, hvernig sem því er háttað, þá er það sérstakt viðfangsefni sem við erum ekki að fjalla um hér.

Hins vegar varðandi það þegar spurt er um eftirlit með lögreglunni, þá hefur ríkissaksóknari sérstakar skyldur til eftirlits með henni, einnig dómstólarnir og síðan að sjálfsögðu ráðuneytið og ráðherrann gagnvart þinginu. Ég held því að gagnvart lögreglunni séu allar eftirlitsheimildir þannig að viðunandi sé á allan mælikvarða. Enda hefur aldrei verið gerð nein athugasemd við það af hálfu neins eftirlitsaðila sem hingað hefur komið að þar sé einhver pottur brotinn varðandi þá þætti í löggjöf okkar.

Eins og segir í þessari skýrslu, ef menn ætla að stíga það skref að stofna hér öryggislögreglu þá er það annað mál og þá þarf um það sérstaka löggjöf og þarf að huga að því sérstaklega. Það er ekki gert í þessu frumvarpi, í því er verið að tala um rannsóknardeild lögreglu og greiningardeild og lögð áhersla á greiningarþáttinn. Það er líka gert hér í umræddri skýrslu. Og þá taka menn dæmi sem eru þekkt og standa mönnum nær eins og t.d. bara efling grenndar- og hverfalöggæslu. Hvað felst í því að efla grenndar- og hverfalöggæslu? Hvað felst í því að lögreglumenn tileinki sér þekkingu á ákveðnum hverfum eða ákveðnum byggðum í landinu? Í því felst að þeir séu reiðubúnir til að afla sér þeirrar þekkingar um þróun mála á því svæði, að þeir geti greint áhættu sem að steðjar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir einhverja hættu sem að íbúunum stafar. Það sem við erum að leggja áherslu á með þessu, greiningardeild á vegum ríkislögreglustjóra eins og kemur fram, er alþjóðleg glæpastarfsemi, skipulögð glæpastarfsemi, hryðjuverk. Það má því segja að við séum að uppfæra starf sem við getum kallað hverfalögreglu líka, grenndarlögreglu þar sem menn eru að greina ákveðna strauma og við leggjum áherslu á þá þætti. Þetta eru atriði sem menn mega ekki missa sjónar á. Og ef þeir vilja ekki að þetta tæki sé skilgreint og þetta sé sagt í lögum og að menn átti sig á því að lögreglan hafi það hlutverk sem við felum þessari deild, þá finnst mér menn horfa fram hjá ákveðnum hluta af heimsmynd okkar og neita að horfast í augu við hann. Svo mála þeir skrattann á vegginn, verða hræddir og segja, nei, það er betra að gera ekki neitt, eins og mátti skilja að sumu leyti af orðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar. (Gripið fram í.)

Það er þetta sem við þurfum að huga að og um þetta er verið er að tala um í frumvarpinu. Allt annað, og það þótti mér fróðlegt að heyra, að næstu skref sem þingmenn vilja stíga eru þess eðlis að þeir eru að velta því fyrir sér eftirfarandi: Á dómsmálaráðherra að koma inn í þingið með lagafrumvarp sem byggist á því að við séum að koma á laggirnar öryggislögreglu eða einhvers konar leyniþjónustu? Það bíður þá og gæti orðið næsta verkefni ef þingmenn vilja að ég vinni að því, ég mun þá að sjálfsögðu huga að því. Það er vikið að því í þessari skýrslu að ef það eigi að gera, þá eigi að gera það með sérstökum lögum og þá þurfi að huga

að sérstöku eftirliti. Í því frumvarpi sem ég er að kynna í dag er ekki farið inn á það. (Gripið fram í.) Ég gaf það ekkert til kynna. Ég hef ekki gefið neitt slíkt til kynna því ég tel að greiningardeild sé eins og ákveðin grenndarrannsóknardeild fyrir landið allt, hún skynjar þær hættur sem að landinu steðja en notar sams konar aðferðir, átta sig á sams konar aðferðum og hafa gefist vel við baráttu gegn fíkniefnum og slíkum hlutum. Fíkniefnalögreglan nær ekki árangri nema hún leggi áherslu á greiningu og mat á áhættu. Hún nær engum árangri nema hún afli sér upplýsinga og reyni að draga ályktanir af þeim upplýsingum sem hún getur aflað sér.

Í dag bárust fréttir af því að tveir Litháar hefðu verið handteknir vegna fíkniefnamáls á Keflavíkurflugvelli. Ég fullyrði að handtaka þessara manna byggist á áhættumati og greiningu sem unnin er af fíkniefnalögreglu og lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli þar sem tekið er mið af ákveðnum vísbendingum sem leiðir til að þessir menn finnast. Þetta eigum við að viðurkenna (Forseti hringir.) og þessa starfsemi ber að virða og það er hún sem við erum að árétta með því frumvarpi sem ég er að flytja hér í dag.

[17:20]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er leitun á jafn viðkvæmum ráðherra og hæstv. dómsmálaráðherra er gagnvart sínum eigin verkum. Það getur vel verið að hann vilji fela þau verk. En ég er að endurspegla málflutning nánast allra mannréttindasamtaka þessa lands gagnvart þeim áherslum í frumvörpum sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur lagt fyrir þjóðina, hvort sem það eru hleranir án dómsuppúrskurðar, skerðing á gjafsókn, svínsleg útlendingalög og svo mætti lengi telja. Þannig að ég tel að við eigum að setja þetta í samhengi við hvaða vegferð við erum á. Þetta mál vekur einfaldlega spurningar um á hvaða leið við erum. Ég spyr hæstv. dómsmálaráðherra í níu liðum málefnalegra spurninga um hver vandinn sé eiginlega. Hverjir eru óvinir ríkisins? Hver verða verkefni þessarar greiningardeildar dagsdaglega? Hvernig fer þetta áhættumat fram? Mun eftirlit með borgurunum aukast? Er svona vinna í gangi núna? Hvað með þjóðskrána? Hvaða starfsheimildir vill ráðherrann auka til að þær verði sambærilegar við heimildir erlendra lögreglna? Og svo mætti lengi telja. Hæstv. ráðherra kaus hins vegar að vera ómerkilegur og ómálefnalegur í svari sínu og leitaðist við (Forseti hringir.) að svara engum af þessum spurningum sem við (Forseti hringir.) þingmenn eigum heimtingu á að (Forseti hringir.) fá svör við.

[17:21]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki svara þessum þingmanni meðan hann nálgast viðfangsefni sitt á þennan hátt. Hann getur verið alveg viss um að ég mun ekki svara neinni spurningu frá honum meðan hann nálgast viðfangsefni sitt þannig. Ég get hins vegar sagt honum það núna að þegar hann er farinn að dylgja um að þjóðskráin sé eitthvert tæki sem sé hættulegt líka, að þá finnst mér vera komið út fyrir allan þjófabálk.

[17:22]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg með ólíkindum hvernig hæstv. dómsmálaráðherra hagar sér hérna í þingsal. Að neita að svara þingmanni sem spyr málefnalegra spurninga á hvaða vegferð hann sé og hvað felist í þessu frumvarpi sem hann ætlast til að við samþykkjum. Það var ekkert verið að dylgja um þjóðskrá. Það eina sem ég var að spyrja um var hvort einhverjar breytingar stæðu til varðandi þjóðskrána. Það var eina spurningin. Fólk getur bara lesið það í ræðu minni þegar hún verður gefin út hvort þar hafi falist einhverjar dylgjur. Það eru málefnalegar spurningar sem felast í málflutningi mínum og við eigum einfaldlega heimtingu á að vita þetta. Mun eftirlit með borgurum aukast ef við samþykkjum þetta frumvarp? Hvernig fer þetta áhættumat fram? Er þessi vinna nú þegar í gangi?

Eru þetta ómálefnalegar spurningar? Það hafa meira að segja aðrir þingmenn spurt svipaðra spurninga. Ég skil ekki hvernig hæstv. dómsmálaráðherra heldur að hann geti komist upp með að leggja einhvern hv. þingmann í einelti með að neita að svara honum vegna þeirra staðreynda að hann dregur fram fyrri mál þessa ráðherra. Ég átta mig ekki á þessum málflutningi hæstv. dómsmálaráðherra og ég krefst þess að hann svari málefnalegum spurningum mínum.

[17:23]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef svarað hv. þingmanni og hef ekkert við svar mitt að bæta. Meðan hann heldur þessum hætti að nálgast viðfangsefnið hér á þennan ómálefnalega hátt þá ætla ég ekki að taka þátt í þeim leik.

[17:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í þessu frumvarpi um breytingu á lögreglulögum, og þá ekki síður í greinargerð með frumvarpinu og í ræðu hæstv. dómsmálaráðherra, er lögð áhersla á að ástæða sé til að leggja aukna áherslu á rannsóknir á hryðjuverkum og landráðum, sem svo eru nefnd. Hér erum við farin að feta okkur inn á vettvang sem er harla pólitískur því markalínur á milli afbrota og pólitísks andófs eru iðulega mjög óljósar. Þegar hæstv. ráðherra vísar í breytt umhverfi er það einmitt þetta umhverfi sem hefur verið að breytast og því ástæða til að stíga varlega til jarðar. Ég vil taka undir spurningar hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar, um að áhættumatið, í hverju það felist að mati hæstv. dómsmálaráðherra. Og hvernig á þetta mat á áhættu á hryðjuverkum og skipulegri glæpastarfsemi að fara fram? Þar vísa ég sérstaklega í (Forseti hringir.) hinn pólitíska þátt.

[17:24]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að þetta hættumat er mjög vandmeðfarið. Það er oft erfitt að átta sig á hvað er hættulegt og hvað er ekki hættulegt. Við getum best séð það núna af umræðunum í nágrannalandi okkar Danmörku. Við getum lesið það út úr ræðum og svörum forsætisráðherra Dana þegar hann fjallar um afleiðingar þess að danskt dagblað birti 12 skopmyndir

af Múhameð spámanni. Við getum séð þar hvernig menn mátu það þegar þetta var birt fyrir nokkrum mánuðum og í hvaða stöðu menn eru komnir núna. Þannig að það er ekki hægt að gefa neitt eitt svar um þetta. En hins vegar verða menn að hafa tæki til að greina og átta sig á þróun og geta brugðist við þegar á þarf að halda.

[17:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú erum við komin inn á mjög flókna og erfiða umræðu sem ekki verður afgreidd hér í svari og andsvari. En ég tel að viðbrögðin við því sem er að gerast í Danmörku eftir birtingu á teikningum í Jyllandsposten verði ekki mætt með auknum lögregluranns óknum eða með því að efla leyniþjónustu. En það er önnur saga. Það sem ég vil fá nánari skýringar á hjá hæstv. dómsmálaráðherra er hvort hann sjái ástæðu til að efla tengsl og eftirlit af hálfu þingsins og hugsanlega þingnefndar sem hefði slíkt hlutverk með höndum gagnvart rannsóknar- og svokallaðri greiningardeild lögreglunnar. Ég veit að hæstv. ráðherra kom inn á þetta í svari sínu áðan en ég vildi fá nánari skýringar á hugmyndum hans um það efni.

[17:26]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel í sjálfu sér að það sé ekki verið að stíga neitt það skref með þessu frumvarpi sem kallar á sérstakt eftirlit af hálfu Alþingis. En Alþingi hefur að sjálfsögðu öll tæki líka til að skoða þessi mál, kalla menn fyrir sig þegar verið er að fjalla um mál eins og þetta þegar það kemur til þingnefndar. Þá fá menn embættismenn og geta fengið yfirmenn lögreglunnar á sinn fund og spurt og fengið þau svör sem þeir menn geta gefið. Þannig að Alþingi hefur tæki til að fylgjast með almennum störfum lögreglunnar. Eins og ég sagði, þá er það ríkissaksóknari, dómstólarnir, dómsmálaráðherra og síðan þingið með því að fá menn á fundi þegar verið er að fjalla mál af þessum toga eins og við erum að ræða hér.

[17:27]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra vék að rannsóknardeildunum sem á að koma upp í hverjum landshluta. Ég er sammála áherslum hæstv. ráðherra í að það eigi að gera það. En ég benti á það í ræðu minni að Norðurland vestra er þar með sett undir annan landshluta, þ.e. undir Norðurland eystra. En annars erum við með þessa skiptingu: Vesturland, Vestfirðir, Austurland, Suðurland, og síðan höfuðborgarsvæðið sem sérstök skipting gildir um. Þannig að ég lagði til að það yrði skoðað hvað þetta embætti varðar með gamla Norðurland vestra eða Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur. Varðandi samstarf að öðru leyti þá tel ég að margt sé til fyrirmyndar hjá hæstv. ráðherra í þessari vinnu. (Forseti hringir.) En þó tel ég að eðlilegt sé að viðkomandi íbúar eða sveitarfélög fái að koma inn með athugasemdir og ábendingar svo hægt sé að skoða vandlega (Forseti hringir.) hvernig þessu verði sem best hagað.

(Forseti (DH)**:** Ég bið hv. þingmann að virða tímann.)

[17:28]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þau byggðarlög sem hv. þingmaður nefndi sérstaklega, Skagafjörð og Húnavatnssýslur, þá hefur ráðuneytið verið í sambandi við forustumenn í þeim sveitarfélögum og er nú að vinna að sérstöku verkefni með sveitarfélaginu á Blönduósi og við höfum hitt menn úr Skagafirði. Við höfum rætt við þá og farið yfir þessi mál þannig að það stendur ekki á ráðuneytinu að efna til funda og viðræðna við þessi sveitarfélög eins og öll önnur. Þannig að það er ekki það sem vantar upp á í þetta.

[17:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lýsti því í ræðu minni hér að ég fagnaði frumkvæði ráðherrans í að flytja verkefni til lögreglustjóranna og til sýslumannsembættanna út um land. Ég treysti líka hæstv. ráðherra til að hlusta á og vinna með heimaaðilum í að útfæra þessi lög og þessa breyttu skipan. Ég benti á atriði sem að mínu mati ber að skoða betur. Ég benti á Hólmavík, Búðardal og á Reykhóla. Ég tel að það sé mjög réttmætt og að öll þessi sjónarmið komi síðan inn í hv. nefnd og þar verði þetta skoðað. En að öðru leyti — mér er nú ekki gjarnt að hæla hæstv. dómsmálaráðherra fyrir vinnubrögð — hefur hæstv. ráðherra lagt mikla vinnu í þetta frumvarp og í ýmislegt sem að því lýtur, og ég vona bara að svo verði (Forseti hringir.) áfram til góðra og farsælla lykta.

[17:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil nú byrja á því að segja að ég tel að enginn hæstv. ráðherra eigi að leyfa sér að tala niður til nokkurs þingmanns eins og hæstv. ráðherra gerði áðan. Ég hvet hæstv. forseta til að velta fyrir sér hvort ekki ætti að senda hæstv. ráðherra til Tógó til að láta hann slaka á eða jafnvel kæla fætur sína í hinu ferska og frísklega Þingvallavatni.

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði hér að þingmenn hefðu í dag talað með þeim hætti að þeir væru að óska eftir því að hingað inn í þingið kæmu einhvers konar hugmyndir eða tillögur um öryggislögreglu. Það er rangt. Það hefur enginn þingmaður nefnt það hér í dag. Ég varpaði nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra. Sumum svaraði hann, sumum ekki. Ein af þeim var þessi, og hana endurtek ég:

Hyggst hæstv. ráðherra leggja fram frumvarp sem miðar að því að veita þessari greiningardeild eða lögregluranns óknardeildinni einhvers konar nýjar heimildir umfram þær sem nú þegar eru til staðar til þess að sinna hlutverki sínu?

[17:32]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi frumvarp sem snertir heimildir lögreglunnar er það annars vegar í lögreglulögunum og hins vegar í lögunum um meðferð opinberra mála sem hafa verið lengi til endurskoðunar. Réttarfarsnefnd hefur sent ráðuneytinu tillögur sínar. Skipti hafa farið fram á upplýsingum og skoðanaskipti verið á milli ráðuneytisins og réttarfarsnefndar. Þessi mál hafa komið þar til umræðu. Fyrir

liggur skýrsla frá 1999 um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu. Það kemur til álita við gerð þess frumvarps þannig að þessi mál koma þar til álita og í samskiptum ráðuneytisins og réttarfarsnefndar og síðan er það ráðherra að taka ákvörðun um það sem hann leggur fyrir þingið.

[17:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Er þá ekki rétt hjá mér að draga þá ályktun að það sé til umþóttunar hjá ráðuneytinu að leggja fram frumvarp eins og það sem ég var hér að spyrja hæstv. ráðherra út í? Af því tilefni langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra: Er hugsanlegt að það frumvarp verði lagt fram á þessu þingi?

[17:33]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef stefnt að því að geta lagt fram frumvarp um meðferð sakamála eins og þetta frumvarp mun væntanlega heita, ekki lengur um meðferð opinberra mála, heldur meðferð sakamála. Ég hef stefnt að því að geta lagt það fram til kynningar á þessu þingi. Ég mun ekki leggja það fram með ósk um að þingið taki það til afgreiðslu á þessu vorþingi. Ég tel að það þurfi lengri aðdraganda, við þurfum að ræða það helst í sumar og leggja það síðan fram aftur næsta haust, og þá munu menn geta rætt atriði eins og heimildir lögreglu og önnur slík atriði sem tekið er á í þeim lögum.

[17:34]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að vera langorður núna en mig langar aðeins að nota mitt seinna tækifæri í 1. umr. þessa frumvarps í þeirri von minni að hæstv. dómsmálaráðherra treysti sér til að svara spurningum mínum.

Hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason, sem núna labbar út, sagði í upphafi máls síns að hann vonaði að þessi umræða skipti máli. Hún hefur ekki gert það vegna þess að hæstv. dómsmálaráðherra kaus að svara öllum öðrum þingmönnum en þeim sem hér stendur. Ég hef sjaldan orðið vitni að jafnmiklum dónaskap og hæstv. dómsmálaráðherra sýndi í þessu máli. Ég tel að ræða mín hafi verið málefnaleg og ég dró fram hans fyrri verk, hans fyrri frumvörp, og ég ætla ekki að taka þátt í þeim leik að fela mál hans. Þó að hann vilji ekki fá þau í dagsljósið tel ég mikilvægt umræðunnar vegna að við ræðum þetta frumvarp í samhengi við það á hvaða leið við erum.

Frelsið fer aldrei í einu vetfangi, það fer hægfara, hefur einhver sagt. Þess vegna þurfum við að setja þetta í samhengi. Það sem ég minntist á var að þessi hæstv. dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp sem heimilar hleranir án dómsúrskurðar. Það er bara staðreynd. Allsherjarnefndin gat komið í veg fyrir að það yrði samþykkt. Það er sömuleiðis staðreynd að þessi sami hæstv. dómsmálaráðherra skerti gjafsókn, það var gert í fyrra. Það er staðreynd. Það er líka staðreynd að þessi sami hæstv. dómsmálaráðherra setti umdeild útlendingalög sem nánast öll mannréttindasamtök, Persónuvernd, Lögmannafélagið o.s.frv. voru mótfallin. Þetta var eitt af þeim málum sem ég dró fram hér. Þessi sami dómsmálaráðherra hefur sömuleiðis breytt lögunum þannig að halda megi eftir gögnum frá verjanda. Þessi sami hæstv. dómsmálaráðherra hefur beitt sér fyrir því að sérsveitin hefur þrefaldast á þremur árum og hann hefur lýst yfir mjög sérkennilegu viðhorfi gagnvart mannréttindasáttmála Evrópu.

Ég setti þetta allt í þetta samhengi því að þetta er lífsskoðun hæstv. dómsmálaráðherra, hún endurspeglast að sjálfsögðu í áherslumálum hans. Ég er bara einfaldlega ósammála hans lífsskoðun — sem betur fer, segi ég — en þó að ég sé ekki sammála hæstv. dómsmálaráðherra, og ég veit að hann mun ekkert vera sammála mér, getur hann a.m.k. svarað spurningum mínum. Hann hefur þeim skyldum að gegna hér í þingsal að svara spurningum hv. þingmanna.

Það fólust engar dylgjur í spurningum mínum. Þetta voru málefnalegar spurningar um hvað felist í þessu frumvarpi, og ekkert meira en það. Það má alveg sjá þær spurningar, þær voru ekki gildishlaðnar á neinn hátt eða neitt slíkt. Þetta var tölusett í níu liðum og ég fékk sáralítil svör frá hæstv. dómsmálaráðherra þegar hann reyndi að svara öðrum hv. þingmönnum þar sem sumum spurningum minna var ekki teflt fram af neinum nema mér.

Það er alveg með ólíkindum hvernig hæstv. dómsmálaráðherra kýs að líta á þetta mál hvað mig varðar sérstaklega. Hann grípur iðulega til þess ráðs að kalla málflutning minn barnalegan, og endurtekur það ítrekað. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem minn málflutningur á að vera barnalegur, og ég veit að fleiri hv. þingmenn sjálfstæðismanna hafa gripið til þeirrar snilldarlegu röksemdafærslu að afgreiða málflutning þeirra sem þeir eru ósammála með þeim rökum. Að sama skapi hlýtur málflutningur ýmissa mannréttindasamtaka, Lögmannafélagsins, Persónuverndar í sumum tilvikum o.s.frv. að vera líka barnalegur því að öll þessi mál sem ég taldi upp áðan voru gagnrýnd af þessum aðilum.

Ég ætla svo sem ekkert að lengja þetta sérstaklega. Mig langaði aftur að ítreka spurningar mínar. Mig langaði að fá frá hæstv. dómsmálaráðherra svör við því hvern hann telji eiginlega vandann vera, hvort hann sjái einhverja óvini ríkisins núna. Mig langaði líka að vita hvort vinnan væri nú þegar í gangi hjá ríkislögreglustjóraembættinu. Það hefur ekki komið fram. Er þessi vinna nú þegar í gangi og er hann að sníða stakk og ramma utan um starfsemi sem nú þegar er í gangi? Mun eftirlitið aukast með þessari lagabreytingu? Því hefur ekkert verið svarað.

Hæstv. dómsmálaráðherra hefur ekki enn þá nefnt starfsheimildir sem hann vill veita lögreglunni og eiga að vera sambærilegar starfsheimildum annarra ríkja. Hann hefur boðað að hugsanlega komi fram frumvarp en mig langar gjarnan að heyra hvaða heimildir hann vill veita lögreglunni, hvað vanti á að hans mati.

Enn ein spurningin sem ekki hefur fengist svar við varðar það að þetta frumvarp opni á fleiri en eina greiningardeild — stendur það til og hver er þá þörfin á slíku?

Síðan má endanlega velta fyrir sér hvað felist í þessu áhættumati, í þessari greiningu á hættunni. Hvað mun þessi deild gera dagsdaglega?

Að lokum hefur verið komið inn á kostnaðinn. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að þetta kosti ekki neitt en að

sjálfsögðu mun svona deild kosta eitthvað. Hvernig á að mæta þeim kostnaði?

Ég á ekkert von á að hæstv. dómsmálaráðherra vilji svara mér í þetta skiptið frekar en í hið fyrra en mér finnst mjög leiðinlegt hvernig hann kemur hérna fram, og við sérstaklega mig. Ég held að ekki hafi verið tilefni til að haga sér svona og mér fannst þessi hegðun og þessi viðbrögð hans vera honum til skammar. Ég er ekki að biðja hæstv. dómsmálaráðherra að vera sammála mér, heldur bara að hann sinni því starfi sínu að svara þingheimi sem leggur málefnalegar spurningar fyrir hann. Það tel ég mig hafa gert.

[17:40]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til þess að taka hér til máls til að mótmæla því sérstaklega að það sé lífsskoðun mín að hér séu stundaðar símahleranir án dómsúrskurðar, að það sé einhver lífsskoðun mín að svo sé. Og það sé lífsskoðun mín að hér séu í gildi lög í landinu sem takmarki ólögmæta komu fólks til landsins, að þetta byggist á lífsskoðun minni, eins og hv. þingmaður segir, og að við séum ósammála um lífsskoðun vegna þessa.

Svo segir hv. þingmaður að ég hafi sett hitt og þetta. Þetta eru allt ákvæði sem samþykkt hafa verið á Alþingi eftir langar umræður og meðferð í nefnd. Ég hef flutt ákveðnar tillögur og ég tel að það sé ekki ámælisvert, m.a. þegar menn kvarta undan því að framkvæmdarvaldið ráði öllu í landinu og snúi þinginu eins og skopparakringlu í kringum sig, að ráðherra leggi fram tillögur sem taki breytingum í þinginu, eins og það sé líka til marks um að þingmaðurinn hafi betri lífsskoðanir en ég að einhverjum frumvörpum sé breytt í þingnefndum.

Þetta hefur ekkert með lífsskoðun að gera. Þetta hefur með það að gera að það er verið að takast á um viðfangsefni líðandi stundar þar sem menn koma með tillögur, takast á um þær á lýðræðislegum vettvangi og komast síðan að niðurstöðu. Það er þess vegna þessi óvirðing við Alþingi sem kemur fram í ummælum þingmannsins og óvirðing við störf þingmanna sem kemur fram í ummælum þingmannsins um meðferð mála í þinginu sem veldur því að ég tel að það sé ekki svaravert að eiga við hann orðastað hér á þessum stað. Það er þessi óvirðing við það að ráðherrann komi með tillögur, leggi þær fram í þinginu, rökræði þær, þær fari í nefnd og síðan taki þær breytingum, að það sé einhver spurning um lífsskoðun mína — þetta er spurning um lýðræðislega stjórnarhætti, almennar umræður og almenna og góða stjórnarhætti í landinu.

Ég sætti mig vel við það að frumvarp sem ég flyt taki breytingum. Það var ég sem átti frumkvæðið að því að kalla frumvarpið um fullnustu refsinga til baka þegar ég sá að það þurfti að betrumbæta það. Það var ekki þingmaðurinn sem stóð fyrir því. Þingmaðurinn hefur ekki staðið fyrir neinum umbótum í lagasetningu frá því að hann kom inn á Alþingi. Og hann hefur haldið þannig á málum sem hann hefur flutt að þeim hefur öllum verið hafnað af þingheimi og enginn viljað taka mark á þeim.

[17:42]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var með sérkennilegustu ræðum sem ég hef nokkurn tíma heyrt. Hæstv. dómsmálaráðherra hélt tölu um að þetta væri bara alls ekki lífsskoðun hans, öll þessi mál sem hann leggur hér fram á þingi. Það er með ólíkindum þegar við lítum á afrekalista hans, þann afrekalista sem hann hefur náð hér í gegn á þessu kjörtímabili, að hann tengist ekkert lífsskoðun hans eða áherslu. Hæstv. dómsmálaráðherra er sá maður sem leggur fram þessi frumvörp. Þetta eru ekki þingmannafrumvörp. Hæstv. dómsmálaráðherra ákveður að leggja fram frumvarp sem lýtur að því að heimila hleranir án dómsúrskurða. Hæstv. dómsmálaráðherra ákveður að leggja fram frumvarp sem skerðir gjafsókn og hann breytir útlendingalögunum. Frumkvæðið og frumvörpin koma frá hæstv. dómsmálaráðherra, þau koma ekki héðan frá þinginu. Það er með ólíkindum að hæstv. dómsmálaráðherra skuli ákveða að hlaupa frá sínum eigin málum og vísa hér í: Ja, Alþingi samþykkti þetta.

Þessi mál koma frá hæstv. dómsmálaráðherra og hann þarf bara að taka ábyrgð á sínum eigin málum. Það er með ólíkindum að hann skuli vera svona viðkvæmur gagnvart sinni eigin lífsskoðun. En sem betur fer deili ég ekki lífsskoðun hans, og það hefur komið hér skýrt fram í dag.

Svo talar hæstv. dómsmálaráðherra um óvirðingu gagnvart Alþingi. Hver sýndi Alþingi óvirðingu með því að taka sérstaklega fram að hann mundi ekki svara spurningum þessa þingmanns því að honum líkaði ekki málflutningur hans? Það var hæstv. dómsmálaráðherra. Það er óvirðing við Alþingi. Sá sem hér stendur er hluti af Alþingi og hæstv. dómsmálaráðherra hefur skyldu til að svara okkur hér í þingheimi. Hann er að biðja okkur um að samþykkja frumvarp sitt sem ég hafði efasemdir um og vil fá svör við spurningum varðandi það, og svo talar hann um óvirðingu við Alþingi. Það er með ólíkindum.

Svo kvartar hann yfir því að ég hafi ekki náð fram neinum umbótamálum hér á þingi. Ég veit ekki betur en að ég hafi ítrekað lagt fram mjög góð mál á þingi en þau sofna eins og öll önnur þingmannamál hér í nefndunum og þannig er bara vinnulag þessa ríkisstjórnarmeirihluta. Hann hleypir ekkert öðrum málum í gegn en sínum eigin og þá bara frá hæstv. ráðherrum. Hann hleypir ekki einu sinni í gegn málum (Forseti hringir.) frá stjórnarþingmönnum. (Forseti hringir.) Það er með ólíkindum að hv. stjórnarþingmenn sætti sig við það.

(**Forseti** (DrH): Ég bið hv. þingmann að virða ræðutíma.)

[17:45]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það er lífsskoðun hv. þingmanns sem birtist t.d. í því þegar hann var kjörinn varaformaður Samfylkingarinnar. Kom lífsskoðun þingmannsins fram í þeim tölum sem þar birtust og hvernig að því öllu var staðið?

Menn verða að skilja á milli annars vegar tillagna sem lagðar eru fram, vinnubragða á fundum og síðan þess sem þeir kalla lífsskoðun. Ég hef þá lífsskoðun, ef þingmaðurinn vill ræða mína lífsskoðun, að að sjálfsögðu eigum við

að búa í frjálsu, opnu þjóðfélagi þar sem hver borgari getur búið við öryggi. Ég tel að í tillögum mínum, sem ég hef lagt hér fram, stuðli ég að því. Ég sætti mig vel við að þingmenn hafi aðra skoðun á þessu og einhver tæknileg atriði við útfærslu á frumvörpum ráði niðurstöðum þeirra frekar en textinn sjálfur sem kemur inn í þingið. Ég tel að það sé bara liður í eðlilegum þingstörfum og skammast mín ekkert fyrir það. Ég tel ekki að vegið sé að mér á nokkurn hátt þótt það sé rifjað upp.

Málflutningur hv. þingmanns er með þeim hætti að ef menn ætla að stunda hér málefnalegar umræður verða þeir að ræða við einhverja aðra, eins og ég hef gert hér í þessum umræðum.

[17:46]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra er við sama heygarðshornið. Nú tekur hæstv. dómsmálaráðherra þátt í einhverjum dylgjum um varaformannskjör mitt og dregur það inn í þetta mál. Ég get alveg upplýst hæstv. dómsmálaráðherra, sem var ekki á þeim blessaða landsfundi, að það var ekkert óeðlilegt við framkvæmd þeirrar kosningar sem ég hlaut þar. Það hefur ítrekað verið staðfest af öllum þar til bærum aðilum. Ég skil ekki hvernig hæstv. dómsmálaráðherra dettur í hug að lepja upp rógburð og lygi sem hefur birst varðandi þá kosningu. Ég nota því þetta tækifæri og svara því til að það er ekkert til í því og það er með ólíkindum að hæstv. dómsmálaráðherra kynni sér ekki málið aðeins betur áður en hann dregur það hér inn í ræðu á Alþingi.

Hæstv. dómsmálaráðherra segir að auðvitað eigum við að búa í frjálsu, opnu samfélagi. Ég deili að minnsta kosti þeirri *lífsskoðun með honum*. Ég set *hins vegar spurningarmerki* þegar ég skoða áhersluatriði og þau frumvörp sem koma frá hæstv. dómsmálaráðherra. Og þá á ég, sem þingmaður, að spyrja: Á hvaða vegferð erum við?

Ef við skoðum öll þessi mál í samhengi virðist þar vera rauður þráður að því að þrengja, skerða persónuréttindi og opna á auknar heimildir lögreglu í eina átt. Auðvitað hef ég áhyggjur af því. Ég hefði líka haldið að fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins hefðu áhyggjur af þessu. Eins og reynslan á mínum stutta þingferli hefur sýnt mér samþykkja hv. stjórnarþingmenn allt möglunarlaust sem kemur frá hæstv. ráðherrum. Það er áhyggjuefni.

Ég ætla ekkert að lengja þetta sérstaklega. Ég hef ekki enn þá fengið svör við spurningum mínum sem eru málefnalegar. Ég mun þá bara taka þær spurningar upp í allsherjarnefndinni og spyrja embættismennina fyrst ég fæ ekki hæstv. ráðherra til að svara fyrir sitt eigið frumvarp og vona að ég fái eitthvað út úr þeim.

[17:48]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn getur fengið svör við öllum þessum spurningum í þingnefndinni, nema einni. Þegar hann heldur því fram að ég hafi flutt ræðu á 50 ára afmæli mannréttindasáttmála Evrópu og talað þar á einhvern þann veg um sáttmálann og störf Mannréttindadómstólsins að einsdæmi væri fer hann enn og aftur með rangt mál. Það er alls ekki svo. Hingað kom t.d. í sumar danskur prófessor og flutti erindi í Háskólanum í Reykjavík þar sem hann hélt fram þessum sömu sjónarmiðum með skýrum og góðum rökum. Á fundi dómsmálaráðherra Norðurlandanna á síðasta ári var fjallað um þetta málefni sérstaklega, lýst yfir áhyggjum af því sem kallað er dómstólavæðingin, lýst yfir áhyggjum af því hvernig alþjóðlegir dómstólar eru að seilast og taka völd af t.d. þjóðþingum — þingmaðurinn hefur væntanlega ekki áhyggjur af því. Þingmaðurinn hefur engar áhyggjur af því hvernig mál þróast hér á þessu þingi. Þar er vakið máls á því að alþjóðadómstólar eru farnir að taka völdin af þjóðþingunum og ákveða fyrir þau hvernig á að framfylgja lögum, hvernig á að túlka lögin, hvernig á að þvinga upp á þjóðir ákvæðum sem aldrei hafa verið samþykkt á þingum eins og dæmin sanna.

Af þessu hefur þingmaðurinn ekki neinar áhyggjur heldur sakar mig um einhverjar skoðanir sem hann telur algjörlega úreltar og fáránlegar, skoðanir sem eru að ryðja sér til rúms og vekja mikla athygli og er nauðsynlegt að ræða.

[17:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta hafa verið mjög merkilegar umræður hér síðustu mínúturnar. Hæstv. dómsmálaráðherra virðist hafa misst algjörlega stjórn á sér. Það þarf ekki nema eina ræðu stjórnarandstæðings til þess að hæstv. ráðherra missi gjörsamlega taumhald á sér, neiti að svara spurningum sem lagðar eru fram og hreyti alls konar skætingi í viðkomandi þingmann. Það er ekki hæstv. ráðherra til sóma.

Satt að segja áttar maður sig ekki alveg á þessu. Annar ráðherra missti stjórn á sér fyrir helgina. Hvað gengur eiginlega á á stjórnarheimilinu? Líður mönnum ekki nógu vel þar, eða hvað? Það er a.m.k. mjög sérkennilegt að hæstv. ráðherrar skuli ekki hafa meiri ró yfir sér hér í ræðustól en raun ber vitni síðustu dagana.

Ég ætla svo sem ekki að fara að elta ólar við það sem hæstv. ráðherra var að segja en það gengur auðvitað ekki annað en að ráðherra svari þeim spurningum sem eru lagðar fram og svari þingmönnum af fullri virðingu. Það síðasta sem hæstv. ráðherra var að tala um fékk mig til að biðja að lokum um orðið. Í lokaorðum sínum fór hann að ræða um það vandamál að einhverjir alþjóðadómstólar væru farnir að taka fram fyrir hendurnar á þjóðþingum. Auðvitað skín í gegnum þetta ergelsi hæstv. ráðherra vegna þess að ríkisstjórn Íslands hefur ekki umgengist málefni eins og mannréttindi af fullri virðingu. Hún hefur fengið flengingar úti í heimi. Auðvitað er sárt að fá slíkt. Auðvitað finnst hæstv. ráðherra að dómstólarnir hafi farið offari þegar þeir hafa vogað sér að komast að annarri niðurstöðu en ríkisstjórnin í landinu. Hæstiréttur hefur gert það á Íslandi, komist að annarri niðurstöðu en ríkisstjórnin. Hæstv. ráðherra man vel eftir því og finnst það sárt. Þess vegna kvartar hann yfir því að dómstólar séu að taka af sér völd.

Það er nú einu sinni þannig að í þessu landi, eins og flestum öðrum löndum á heimskringlunni, hafa menn framselt vald sitt með tilteknum hætti til alþjóðadómstóla. Það kostar sitt. Þá þurfa menn að horfast í augu við það að mönnum sé sagt til, og það hefur verið gert. Það er hins vegar nýtt hér að Hæstiréttur taki fram fyrir hendur á ríkisstjórnum og Alþingi, eins og gerst hefur á undanförnum ár-

um. Það er vegna þess að Alþingi samþykkti lög sem gáfu Hæstarétti ástæðu til þess. Það er greinilegt að hæstv. ráðherra hafði ekki gert sér fullkomlega grein fyrir þessu. Það kemur honum á óvart og hæstv. ríkisstjórn, og hann er sár yfir þessu. Þess vegna talaði hann svona í lokin á ræðu sinni.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að koma ró á huga sinn, láta sig hafa það að svara þeim spurningum sem hv. þingmenn bera fram, jafnvel þótt honum finnist þær ekkert endilega skemmtilegar, og sýni þeim a.m.k. fulla virðingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 68. mál. — Þskj. 68.

[17:54]

Flm. (Halldór Blöndal):

Frú forseti. Þessi tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum er nú lögð fyrir Alþingi fjórða sinni. Í öndverðu var flutningsmaður ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir en síðar höfum við bæst í hópinn, ég ásamt hv. þingmönnum Siv Friðleifsdóttur, Össuri Skarphéðinssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni. Við erum með öðrum orðum úr öllum stjórnmálaflokkum sem stöndum að þessari tillögu sem ég tel í raun mjög merkilegt og þýðingarmikið. Ástæðan fyrir því að ég mæli nú fyrir tillögunni er hv. þingmönnum kunnug. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon varð fyrir slysi og er nú með veikindaleyfi svo að ég hljóp í skarðið.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrulegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Jökulsár á Fjöllum skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla.“

Ég tók það fram í umræðum á síðasta þingi að ég teldi hvert orð skipta hér máli og þýðingarmikið að Alþingi samþykki tillögugreinina eins og hún liggur fyrir.

Í greinargerð með tillögunni er rifjað upp að frá því að tillagan var fyrst flutt á 130. löggjafarþingi hefur sérstök nefnd verið skipuð um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls. Páv. umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, skipaði nefndina og nú hefur þessi nefnd skilað niðurstöðum. Var skýrsla nefndarinnar gefin út af umhverfisráðuneyti og í megintillögum nefndarinnar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin leggur til að svæði þjóðgarðs norðan Vatnajökuls nái frá vatnaskilum á Vatnajökli í suðri til Tungnársvæðis vestan jökuls og taki yfir Vonarskarð, Tungnafellsjökul, meginhluta Ódáðahrauns, Jökulsá á Fjöllum ásamt helstu þverám eins og Kreppu, Kverká, Svartá og vatnasviði öllu eins og við verður komið, Vesturöræfi, Snæfell og Eyjabakkasvæðið.“

Í greinargerðinni með þessari tillögu og eins í framsöguræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar er gerð mjög nákvæm grein fyrir því stórbrotna svæði sem við erum að tala um, og geta hv. þingmenn kynnt sér þau gögn. Ég sé þó ástæðu til að undirstrika þau orð sem standa í greinargerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Virkjanir, uppistöðulón, vatnsmiðlun og vatnaflutningar eru hins vegar þær framkvæmdir sem á seinni áratugum eru algengustu ástæður þess að náttúrulegum rennslisháttum fallvatna hefur verið raskað. Ef svo heldur fram sem horfir á Íslandi verða nokkur af stærstu jökulvötnum landsins miðluð og náttúrulegum rennslisháttum þeirra gjörbreytt innan fárra ára. Hér er átt við Þjórsá og Tungnaá sem þegar má heita að séu fullmiðlaðar og síðan bætast Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal í hópinn. Í þessu ljósi verður verndargildi Jökulsár á Fjöllum og Kreppu með óbreyttum rennslisháttum enn þá meira en ella. Allt stefnir í að Jökulsá á Fjöllum verði eina verulega korguga jökulfljótið í þessum stærðarflokki sem ekki hefur enn verið hróflað við.“

Ég bið hv. þingmenn að hafa þetta í huga. Þessari tillögu var vísað til umhverfisnefndar og hafa borist umsagnir frá ýmsum aðilum og eru flestar jákvæðar. Þannig er umsögn Náttúruverndarsamtaka Vesturlands sú að þingsályktunartillagan sé tímabær og tekið er undir greinargerðina sem henni fylgir í öllum atriðum. Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Verndargildi landslags Jökulsár er vel þekkt en í tillögunni er sérstaklega tekið fram að vernda beri vatnasvið Jökulsár. SUNN lýsa yfir sérstökum stuðningi við þann hluta tillögunnar. SUNN telja að samþykkt þessarar tillögu hafi ekki neikvæð áhrif á þá náttúruverndaráætlun sem nú er unnið að og fjallað var um á síðastliðnu umhverfisþingi, heldur muni samþykkt hennar styrkja þá áætlun. Undirbúningur friðlýsingar er langt ferli og því mikilvægt að vilji Alþingis komi skýrt fram.“

Náttúrustofa Austurlands tekur undir þessa tillögu og Umhverfisstofnun styður fram komna þingsályktunartillögu:

„Umhverfisstofnun styður framkomna þingsályktunartillögu og að mati stofnunarinnar segir greinargerðin með henni flest sem segja þarf um þetta mikilvæga mál.“

Í umsögn Umhverfisstofnunar segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Af þeim 35 virkjunarkostum sem skoðaðir voru mundi virkjun Jökulsár á Fjöllum hafa mest áhrif á náttúru og minjar.“ — Hér er undirstrikað að um ómetanleg náttúruauðæfi fyrir komandi kynslóðir sé að tefla.

Stjórn Landverndar tekur undir sjónarmiðin sem fram koma í tillögunni, sömuleiðis Náttúrufræðistofnun. Í þeirra greinargerð segir m.a., með leyfi forseta:

„Með friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, ásamt fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stækkun Skaftafellsþjóðgarðs til suðurs ... næðist að friðlýsa afar merkar náttúruminjar innan samfellds landsvæðis sem teygði sig þvert yfir landið frá suðurströnd til norðurstrandar.

Jökulár eru m.a. einkennandi fyrir náttúru Íslands. Með friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum næðist verndun a.m.k. einnar

stórár landsins, ásamt vatnasviði, frá upptökum til ósa." — Þetta tel ég mjög þýðingarmikið.

Dýraverndunarfélögin taka undir þessa tillögu og ferðamáladeild Hólaskóla. Hins vegar bregður svo við að Vegagerðin leggst gegn tillögunni. Vil ég, með leyfi forseta, skýra hverjar ástæður þess eru:

„Vegagerðin er nú með í frumhönnun nýja brú á Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði og einnig veg um svæðið vestan ár frá hringvegi að Kelduhverfi. Allt er þetta innan svæðisins þar sem banna skal alla mannvirkjagerð samkvæmt tillögunni. Vegagerðin telur að alls ekki eigi að samþykkja þessa tillögu með þessum ákvæðum."

Þeir eru miklir bókstafsmenn í Vegagerðinni og ekkert nema gott um það að segja. Það lýtur hinu sama og Bændasamtökin segja, sem styðja að vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum verði friðlýst, þó með þeim fyrirvara að heimiladar verði aðgerðir til að verjast landbroti og flóðum eins og nauðsynlegt kann að verða til að verja náttúruperlur á borð við Herðubreiðarlindir og land í byggð á Öxarfirði.

Þetta tel ég hvort tveggja sjálfsagt og vandalaust, að koma því fyrir eins og frá friðlýsingu verður gengið. Það kom fram í ræðu minni og hefur jafnframt komið fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að eðlilegt er að bændur geti áfram nýtt landnytjar á Mývatnsöræfum svo að eitthvað sé talið. Ég hygg að með því að vernda vatnasvið Jökulsár á Fjöllum séum við t.d. ekki að berjast sérstaklega fyrir uppblæstri, ef það skyldi vera hugmynd einhvers.

Við viljum standa vörð um þá merkilegu náttúru sem er norðan Vatnajökuls og um þessa jökulá sem nú er orðin einstök hér á landi. Um það þarf ekki að fara fjölmörgum orðum, eins og kemur fram í umsögn frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Þau hafa áhyggjur af því að friðlýsingin kunni að draga úr aðsemi ferðaþjónustu á svæðinu og að friðlýsing komi til með að takmarka aðgengi ferðamanna. Sá er ekki tilgangurinn heldur hygg ég þvert á móti að a.m.k. sumir okkar þingmanna séu þeirrar skoðunar að ákveðin mannvirkjagerð um öræfi landsins sé nauðsynleg til að vernda náttúruna. Þá er ég kannski ekki hvað síst að tala um hið viðkvæma svæði norðan Vatnajökuls, sem er hálfgert eyðimerkurlandslag. Þar er gróður mjög viðkvæmur og því nauðsynlegt að fylgjast grannt með að götuslóðar séu vel merktir og sums staðar nauðsynlegt að byggja upp vegi.

Á hinn bóginn eru það aðallega Samtök iðnaðarins sem leggjast gegn þessari tillögu og auðvitað Orkustofnun, sem horfir til þess að virkja ána. Í umsögn Orkustofnunar segir t.d. að einkum hafi verið horft til þess að mannvirki tengist með engu móti sjálfum Dettifossi og um leið yrði tryggt visst lágmarksrennsli um fossinn.

Við sem elskum þetta svæði vitum að fyrir kemur að lítið rennsli er í ánni. Þegar svo ber við leggja hugrakkir menn í að fara á stórum jarðýtum yfir á vaði en leyfa ekki öðrum að fara með, nema þá í mesta lagi konunni sinni, vegna þess að það er mannháski að ferðast þarna um. En við elskum ána ekki síður þegar aflið er mest í Dettifossi. Ég hef einu sinni komið að fossinum í miklu flóði og satt að segja gleymi ég þeirri stund aldrei. Við erum að tala um Jökulsá eins og hún er, þetta svæði eins og það er, en getum undir engum kringumstæðum fallist á þessi sjónarmið.

Á öðrum stað í umsögn Orkustofnunar segir:

„Ein leið til að hemja ána að þessu leyti er að grófari hluti aurframburðar verði felldur út í miðlunarlónið. Þetta er dæmi um hvernig verndun og hagnýt beislun árinnar geta farið saman."

Ef ég man rétt, herra forseti, sagði Þorsteinn Erlingsson:

Nei. Það er svo stopult, hvað þeim sýnist frítt.
Nú þykir þeim sælast að dreyma,
að þú værir asni, sem upp í er hnýtt
og íslenskar þrælshendur teyma.

Þetta er ekki sú sýn sem ég hef á Dettifoss. Ég horfi frekar til Dettifoss með augum Kristjáns Fjallaskálds og Matthíasar Jochumssonar:

Þó af þínum skalla
þessi dynji sjár,
finnst mér meir, ef falla
fáein ungbarnstár.

Þetta segir Matthías, sá miklu húmanisti og mannvinur. Hann hreifst eftir sem áður af fossinum. Ég vonast, herra forseti, til að umhverfisnefnd muni, þegar hún hefur skoðað málið og umsagnir liggja fyrir, að hún sjái efni til þess að afgreiða það á þessu þingi. Það er mjög þýðingarmikið að menn átti sig á vilja þingsins varðandi Jökulsá á Fjöllum. Ég hygg að okkur fari fjölgandi sem kunnum að meta það gildi sem þessi stórbrotna náttúra hefur fyrir land okkar og fyrir framtíðina.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til síðari umr. og umhverfisnefndar.

[18:08]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að tekin skuli fyrir í sölum Alþingis Íslendinga þessi þingsályktunartillaga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum sem, eins og hv. framsögumaður málsins gat um, var fyrst lögð fram á 129. löggjafarþingi af mér og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Eins og hv. þm. Halldór Blöndal gat um hefur þeim fjölgað sem vilja styðja þessa tillögu. Nú flytur hana vænn hópur hv. þingmanna og ég er sannfærð um að hún á mikinn stuðning í sölum Alþingis. Ég get sagt það með nokkurri vissu þar sem í bígerð er að stofna þjóðgarð norðan Vatnajökuls. Nefndin sem vann þá tillögu eða skýrslu í hendur hæstv. umhverfisráðherra gerir ráð fyrir því að í væntanlegum Vatnajökulsþjóðgarði verði til staðar friðlýsing sem nái frá strönd til strandar, þ.e. að friðlýsingin nái ekki einungis yfir jökulhettu Vatnajökuls heldur einnig um sandana sunnan hans og með Jökulsá á Fjöllum, upptakaám hennar frá Vatnajökli norður í Öxarfjörð.

Nefndin sem skilaði umhverfisráðuneytinu skýrslu í maí 2004 hafði unnið í eitt og hálft ár að því að gera tillögur um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis. Verkefni hennar var lokið með miklum glæsibrag og efnismikilli skýrslu sem mikið gagn hefur verið að við að gera sér grein fyrir því á hvern hátt þessi öflugi þjóðgarður geti litið út.

Mig langar, með leyfi forseta, að vitna í bréf sem þáverandi umhverfisráðherra, hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, barst frá nefndinni þegar hún skilaði af sér. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að þegar verði hafist handa við und-

irbúning að stofnun þjóðgarðs sem taki til viðeigandi hluta Vatnajökuls og víðáttumikilla svæða norðan hans og allt til sjávar með Jökulsá á Fjöllum. Nefndin leggur fram tillögur að mörkum þjóðgarðsins og verndarstigi einstakra svæða innan hans þar sem m.a. er horft til þess að raska sem minnst núverandi landnýtingu enda fari hún fram með sjálfbærum hætti. Samhliða undirbúningi að stofnun þjóðgarðsins verði byrjað á nauðsynlegri uppbyggingu bæði innan svæðisins og við jaðra þess. Nefndin telur slíka uppbyggingu vera, ásamt traustum fjárhagsgrundvelli verkefnisins og góðu samstarfi við heimamenn, forsendu þess að vel takist til."

Eins og hv. framsögumaður þessarar þingsályktunartillögu gat um er gert ráð fyrir að hefðbundnar landnytjar á svæðinu geti haldist í skýrslu þessarar nefndar. Það er algjör eining um það, eftir því sem næst verður, komist að slíkt geti að sjálfsögðu haldið áfram á öllu svæðinu. Ég tek undir þau orð hv. þm. Halldórs Blöndals að bændur og landeigendur þurfi ekki að óttast annað en þar haldi áfram þær landnytjar sem til staðar eru. Þar ber kannski að þakka því flokkunarkerfi sem Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin hafa komið upp varðandi þjóðgarða. Í skýrslu nefndarinnar sem vann tillöguna um Vatnajökulsþjóðgarðinn er flokkunarkerfinu gerð ágæt skil. Þar kemur fram að leiðbeiningar Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna um flokkunarkerfið miða fyrst og fremst að því að auðvelt sé að stuðla að réttri og samræmdri notkun kerfisins og um leið að rökrétt og sambærileg flokkun sé á milli landsvæða. Það er tekið fram í þessu flokkunarkerfi að mestu máli skipti að markmið friðlýsingar samræmist flokkuninni og að allar aðstæður séu fyrir hendi, m.a. við stjórnun, til að þau náist.

Í flokkunarkerfinu er gert ráð fyrir að hægt sé að friðlýsa svæði sem stjórnað er vegna ólíkra gilda. Þar er hugsanlega um að ræða landsvæði sem eingöngu er stjórnað út frá vísindalegum gildum eða til verndar óbyggðum sérstaklega, til verndar ákveðnum vistkerfum eða til útivistar. Svæðunum getur líka verið stjórnað til varðveislu tiltekinna afmarkaðra náttúrulegra fyrirbæra og einnig til að vernda tegundir, ákveðnar dýrategundir, búsvæði eða vistgerðir. Það má líka hugsa sér að landslag sé sérstakur þáttur í þessu og svo mætti áfram telja. Að lokum segir í flokkunarkerfi Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna að friðlýst svæði geti líka lotið stjórn sem einkum er hugsuð út frá sjálfbærri nýtingu náttúrulegra vistkerfa. Með flokkunarkerfinu er okkur hægur vandi að stofna stóran þjóðgarð sem nær yfir stórt og víðáttumikið landsvæði en lýtur að ólíkri stjórn út frá því hvaða flokkun hvert svæði fyrir sig hefur hlotið.

Ég tel eðlilegt, eins og mál hafa þróast og umræðan um náttúruverndarmál síðustu missirin og árin, að Alþingi Íslendinga fái tækifæri til að taka sjálfstæða ákvörðun um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Við vitum að Vatnajökulsþjóðgarður er í undirbúningi. Það kann að verða verkefni sem gengið verður frá í ákveðnum þrepum og kann að taka ákveðinn tíma. Ég held að það sé ákveðið umburðarlyndi sem fólk sýnir því. En ég tel tímabært að Alþingi Íslendinga fái tækifæri til að taka afstöðu til friðlýsingar Jökulsár á Fjöllum sérstaklega. Það er ekki einasta nauðsynlegt með tilliti til þess að þar með eru slegnir til hliðar þeir aðilar sem horfa enn hýru augu til árinnar sem nýtingarkosts heldur líka vegna þess að Alþingi hefur sýnt Jökulsá á Fjöllum sérstakan áhuga í gegnum tíðina.

Mér þykir gaman að rifja upp eina af rótunum að þessari tillögu og sem tillagan um Vatnajökulsþjóðgarð hvílir á en á Alþingi 1998 lagði Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi hv. þingmaður, tillögu til þingsályktunar um fjóra þjóðgarða á miðhálendi landsins þar sem stærstu jöklar landsins voru megináherslan. Í málflutningi Hjörleifs kom glögglega fram hversu mikilvægt jökulvatnið sem rennur frá þessum jöklum er. Þessi rás sem jökulvatnið fær í Jökulsá á Fjöllum er svo stórfengleg, (Forseti hringir.) mikilfengleg og tilkomumikil að það yrði verulegur fengur í því fyrir heiminn að hún yrði vernduð til allrar framtíðar.

[18:17]

Hlynur Hallsson:

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir sérstakri ánægju minni með að þessi tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum kemst nú á dagskrá og þakka framsögumanni hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir greinargóða lýsingu á efni þingsályktunartillögunnar og þeirri stórkostlegu náttúruparadís sem allt þetta svæði er. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fór síðan vel yfir það, sérstaklega með tilvísun í Vatnajökulsþjóðgarð, sem vonandi kemst á sem fyrst, að þarna sé að mörgu leyti um sambærilega hluti að ræða. Það er í fjórða skiptið sem þessi þingsályktunartillaga er lögð fyrir þingið. Eins og kom fram áðan hafa komið fjölmargar umsagnir og nú ætti umhverfisnefnd að vera lítið að vanbúnaði að afgreiða málið skjótt og ég er viss um að 1. flutningsmaður þingsályktunartillögunnar, Steingrímur J. Sigfússon, mundi gleðjast mikið ef þetta kæmist nú í gegnum þingið nú fyrir vorið.

Í greinargerð með tillögunni er sagt frá því að enginn vafi sé á að Jökulsá, Dettifoss og Jökulsárgljúfur, að meðtöldu hinu stórbrotna umhverfi árinnar, allt frá upptökum við jaðra Dyngjujökuls og Brúarjökuls til sjávar í Öxarfirði, er einstæð náttúrugersemi. Fyrst skal frægan telja Dettifoss, sem oft er titlaður aflmesti eða voldugasti foss í Evrópu, þá hin miklu gljúfur, Hafragilsfoss og Selfoss og þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum að meðtöldu Ásbyrgi. Það er einmitt mjög mikilvægt að þetta verði allt tengt saman svo við fáum þarna heild.

Um svæðið má segja að Jökulsá á Fjöllum sé bandið sem tengir saman og gerir að einni heild eitthvert stórkostlegasta náttúrufyrirbæri jarðarinnar. Samspil elds og ísa, landmótun og jarðfræði sem einkennist af mikilli eldvirkni og m.a. móbergsmyndunum frá ísaldartímum sem eiga enga sína líka í veröldinni, ummerki gríðarlegra hamfarahlaupa, gróðurvinjar, úfin hraun og eyðimerkur, dýralíf og vatnafar. Það hefur líka komið fram að ýmsir ásælast þetta mikla fljót og í síðustu viku að hæstv. iðnaðarráðherra ítrekaði að hún væri iðnaðarráðherra og hefði þess vegna það markmið að virkja sem mest og flest hér á landi og gott ef ekki bara menga sem mest líka. Minntist einmitt á það að þarna væri mikil orka fólgin. Einhvern tímann hefur verið komið inn á og upp kom sú tillaga, af því að Dettifoss er auðvitað af mörgum mjög mikilvægur, er aflmikill og glæsilegur foss, að hægt væri að setja einhvers konar krana

á fossinn þó virkjað yrði og hægt yrði að skrúfa frá honum fyrir túrista. Við getum séð fyrir okkur hvers konar skelfileg örlög það væru fyrir einn hinn glæsilegasta foss á landinu. Ég ætla rétt að vona að það verði ekki raunin.

En eins og hv. þm. Halldór Blöndal sagði fer þeim fjölgandi, ekki bara hér þinginu, heldur á landinu öllu, trúi ég, sem kunna að meta vatnasvið Jökulsár á Fjöllum, og reyndar fleiri náttúruperlur á landinu sem mikilvægt er að bjarga áður en allt verður virkjað og nýtt á þann hátt. Þess ber að geta að Jökulsá á Fjöllum er næstlengsta á landsins og nær yfir stærsta vatnasviðið, um 8000 ferkílómetra, og er auk þess fjórða vatnsmesta fallvatnið miðað við meðalrennsli. En rennslið er auðvitað mjög breytilegt í þessari mikilfenglegu á.

Eins og hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á er ekki tilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu að berjast fyrir uppblæstri, síður en svo. Auðvitað má vernda svæði í sambandi við t.d. um brú yfir ána. Við vorum einmitt að tala um það hér í þarsíðustu viku held ég að gamla brúin á Jökulsá á Fjöllum er komin til ára sinna, glæsilegt mannvirki og falleg, en er einbreið og mjög mjó. Þó að þetta yrði allt gert að þjóðgarði eða friðlýst kemur vel til greina að halda áfram uppbyggingu á vegi þarna. Ég held reyndar að það yrði mikill akkur fyrir ferðaþjónustu á þessu svæði sem hefur reyndar verið að aukast gríðarlega á síðustu árum og á eftir að aukast enn meira ef þessi tillaga nær fram að ganga og skipuð verður nefnd til að undirbúa friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum og hvernig eigi að tengja þetta fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og síðan þjóðgarðinum gamla í Jökulsárgljúfrum og með það í huga að stofna fleiri þjóðgarða eða verndarsvæði norðan jökla.

Ég ítreka að ég vona að tillagan nái fram að ganga á þessu þingi svo ekki þurfi að leggja hana fram í fimmta sinn á næsta þingi og því liggur á að hún fái skjóta afgreiðslu í umhverfisnefnd þingsins.

[18:24]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er auðvitað með ólíkindum að þessi tillaga skuli ekki hafa verið samþykkt fyrir mörgum árum. En fullreynt er í fjórða sinn og ég tek undir með þeim þingmönnum sem hér hafa áður talað að nú hlýtur Alþingi loksins að taka af skarið. Okkur sem í dag erum að þreyta þessa umræðu finnst það kannski skrýtið að það skuli ekki fyrir löngu kominn almennur samsláttur í samfélaginu um að ganga með þessum hætti frá málinu, ljúka því í eitt skipti fyrir öll af því fólk hyllist til að telja að það sé sjálfsagt og okkur sem erum að ræða þetta mál í dag finnst það sjálfsagt. En samt er það þannig að enn eru þeir menn á ferli þar sem síst skyldi sem vilja virkja Jökulsá á Fjöllum. Nú eru að vísu liðin fjögur á frá því við ræddum um Kárahnjúka og virkjunina þar. En ég minnist þess sérstaklega að með því frumvarpi sem þá var samþykkt fylgdi sérstakt skjal frá Orkustofnun þar sem verið var að ræða ýmsa virkjunarmöguleika, virkjunarkosti og hugmyndir um stórar og litlar virkjanir á svæðinu norðan og norðaustan Vatnajökuls. Þar komu fram, hvorki á fleiri né færri stöðum en sjö, hugmyndir orkustofnunarmanna um að virkja með einhverjum hætti í ánni. Það var einmitt úr þeirri umræðu sem síðast spratt fram þessi hugmynd sem reyndar hafði áður verið á kreiki sem hv. síðasti ræðumaður minnist á, að reyna að sætta hina ólíku hagsmuni annars vegar náttúruverndar og ferðamennsku og hins vegar virkjunariðnaðarins með því í reynd að setja krana á Dettifoss, þ.e. að hleypa af á fullum krafti þessarar miklu móðu einungis yfir háferðamannatímann en þar fyrir utan nota kraftinn úr honum til að framleiða orku.

Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að þessar hugmyndir hafa verið til og fram undir það síðasta. Það er því nauðsynlegt fyrir okkur, hið háa Alþingi að setja punkt aftan við þessa umræðu. Ég er einn af þeim sem njóta þeirra forréttinda að fá að flytja þetta frumvarp með hv. þingmönnum Steingrími J. Sigfússyni, Halldóri Blöndal, Kolbrúnu Halldórsdóttur og formanni Frjálslynda flokksins, Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Ég naut líka þeirra forréttinda að fá að vera í nefndinni með hv. 1. flutningsmanni Steingrími J. Sigfússyni sem lauk skýrslu og gerði tillögur um þjóðgarð norðan og norðaustan Vatnajökuls. Ég minnist þess sem ég stend hér eftir að hafa hlustað á orðkynngi hv. þm. Halldórs Blöndals og skáldríki í tölu hans áðan að sennilega hef ég aldrei farið skemmtilegri ferð en þá sem ég fór með þeim nefndarmönnum, tveggja daga sólríka ferð um svæðið norðan Vatnajökuls, Gæsavatnaleið, og komum meira að segja í Vonarskarð sem ég hafði aldrei komið í áður. Það var ævintýrinu líkast á sólbjörtum degi að sjá vötnin spretta upp í Vonarskarði og renna til sitt hvorar áttar.

Sú nefnd ræddi töluvert lengi um hvort hún ætti að gera það að hluta af tillögum sínum að friðlýsa Jökulsá á Fjöllum. Það var ekki síst fyrir sannfæringarkraft hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem ákveðið var að gera það að hluta þeirra hugmynda. Það byggði ekki síst á þeirri nálgun sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir reifaði í máli sínu áðan. Til að gera þetta mikla svæði norðan og norðaustan Vatnajökuls að þjóðgarði, af þeirri tegund sem er svo ágætlega reifuð í skýrslu okkar nefndarmanna og er töluvert öðruvísi hugsun heldur en er um þjóðgarða almennt, kom fram sú hugmynd að eðlilegt væri að gera það í áföngum. Eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði hérna áðan er það alveg tilvalinn áfangi, hugsanlega hinn fyrsti, að láta hendur standa fram úr ermum og friðlýsa vatnasvið Jökulsár á Fjöllum. Okkur þykir auðvitað öllum vænt um hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og söknum hans héðan úr sölum okkar og viljum allt af mörkum leggja til að bati hans megi vera sem bestur og skjótastur. Ég ímynda mér að ekkert muni koma hv. þingmanni, formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til jafngóðrar heilsu og einmitt ef Alþingi Íslendinga mundi nú samþykkja þessa tillögu sem hann hafði að góðu heilli frumkvæði að. Ég held að það væri tilvalið að gera það einmitt.

Ég held að á þessu síðustu árum þegar við höfum tekist harkalega á í þingsölum um hina ólíku hagsmuni virkjana og náttúruverndar hafi það þrátt fyrir allt orðið til þess að öll höfum við hnikast nokkuð úr stað. Ég held að einmitt hin heiftarlega umræða á köflum hafi gert það að verkum að okkur er öllum miklu betur ljóst en áður nauðsynin á því að taka frá stór einstök svæði og vernda þau um ókomna framtíð. Landið mótar okkur, mótar hugsýn okkar og sjálfsmynd sem Íslendinga alveg eins og tungan gerir. Ef tungan

er frá okkur tekin og náttúran er frá okkur tekin molnar sá stallur sem arfleifð okkar Íslendinga hvílir á. Stundum er sagt að við fáum einungis landið og náttúruna í vörslu okkar og eigum að skila því áfram til næstu kynslóðar. Í raun-inni er ekki hægt að hugsa sér nokkurn verri glæp en þann að taka landsvæði sem eru ómetanleg, sem ekki er hægt að kalla fram aftur í upprunalegt horf og lakka það með þeim hætti að þær kynslóðir sem eiga eftir að byggja þetta land um ókomna tíð fái aldrei notið þeirrar upplifunar sem við höfum fengið að njóta með því að ferðast um það og vera með því og stundum á þeim einstöku augnablikum þegar hamingjan verður til í sálum mannanna, að renna saman og upplifa þessa tilfinningu að maður og náttúra verði eitt. Það gerist ekki síst á þeim hrikalegu svæðum norðan og norð-austan Vatnajökuls, í hinum miklu gljúfrum sem hinar korguðu jökulár hafa árþúsundum saman sorfið í gegnum klettana sem urðu til af hrauninu þegar eldarnir brunnu. Þessi náttúra er í reynd eins konar stöpull af þeirri hugsun sem við höfum um Ísland, okkur sjálf og um framtíðina. Og okkur ber skylda til þegar eitthvað er einstakt og sérstakt og öðruvísi en allt annað að vernda það.

Það er búið að ráðast í allar hinar stóru jökulelfur á Íslandi, það er búið að breyta þeim og engin þeirra, í öllu sínu mikla veldi, er í því sem kalla má upprunalegri mynd nema Jökulsá á Fjöllum. Það er gildasta röksemdin fyrir því að samþykkja tillöguna sem hér liggur fyrir um að vernda hana um aldur og ævi og ókomin ár í því formi sem hún er í núna og vatnasvið hennar allt. Því hvet ég til þess, virðulegi forseti, að (Forseti hringir.) Alþingi taki af skarið í þessu efni.

[18:33]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp örstutt fyrir hönd míns þingflokks. Formaður Frjálslynda flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson, er einn flutningsmanna þessarar þings-ályktunartillögu og við styðjum hana að sjálfsögðu.

Ég minni á að hér er á ferðinni þingsályktunartillaga um það að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum og ég geri ráð fyrir því að í þeirri laga-setningu yrði nánar kveðið á um það hvað í þeirri friðlýs-ingu fælist. Flutningsmaður, hv. þm. Halldór Blöndal, minntist hér áðan á að Vegagerðin hefði verið mótfallin þingsályktunartillögunni í umsögn sinni, Bændasamtökin líka ef ég man rétt. Ég hygg að auðveldlega megi samræma hagsmuni okkar mannanna sem felast í því að standa fyrir nauðsynlegri mannvirkjagerð, þó takmörkuð sé, og síðan það sjónarmið að friðlýsa eigi hið stórkostlega náttúrufyrir-bæri sem Jökulsá á Fjöllum er. Ég held að enginn gleymi því sem komið hefur á þetta svæði hvílík stórkostleg nátt-úrufegurð er þar. Ég man það a.m.k. sjálfur mjög glöggt þegar ég kom þangað í fyrsta sinn. Það hafði mikil og djúp-stæð áhrif á mig að koma að þessu mikla fljóti, upplifa nátt-úruna og þær náttúrumyndir, þær kynjamyndir, sem þar hafa orðið til í gengum aldirnar. Ég hygg að það væri mjög vel til fundið hjá okkur Íslendingum og okkur hér á Alþingi að ganga nú í þetta verk til að tryggja það til frambúðar að komandi kynslóðir megi njóta þessarar stórkostlegu fegurð-ar.

Ég hygg að mjög drjúgur og mikill meiri hluti sé hér á Alþingi fyrir því að þessi þingsályktunartillaga nái fram að ganga. Ég bendi á að fulltrúar allra stjórnmálaflokka eru flutningsmenn þessarar tillögu, þar af eru tveir fyrrv. um-hverfisráðherrar, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og hv. þm. Öss-ur Skarphéðinsson, tveir formenn stjórnmálaflokka og fyrrv. forseti Alþingis — segja má að saman sé komið landsliðið úr íslenskum þingmannahópi. Ég hygg að allir þessir þingmenn hafi á bak við sig mikinn og góðan stuðn-ing. Ég vil mælast til þess, og hafa það endann á minni ræðu, að umhverfisnefnd taki þessa þingsályktunartillögu til umfjöllunar hið fyrsta og málið verði síðan afgreitt frá hinu háa Alþingi fyrir þinglok í vor.

[18:36]

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil þakka þær góðu undirtektir sem þetta mál hefur fengið. Það hefði að vísu verið betra að geta mælt fyrir málinu fyrr en skýringin er sú að þingmannamál komast mjög seint og illa á dagskrá þar sem tilhneiging er til þess að umræður um stjórnarfrumvörp dragist á langinn. En þar sem þetta mál hefur áður verið sent til umsagnar, og þar sem nægur tími ætti að vera til þess að umsagnir geti borist áður en hlé verður gert á fundum Alþingis vegna nefndastarfa, hygg ég að nægilegt svigrúm eigi að gefast til þess að afgreiða málið efnislega. Ég vil eindregið beina því til þeirrar nefndar sem fær málið að draga ekki afgreiðslu þess að óþörfu heldur vinna vel að því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlönd-um, fyrri umr.

Þáltill. GÖg o.fl., 213. mál. — Þskj. 213.

[18:38]

Flm. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir afar þörfu máli, sem er tillaga til þingsályktunar um styrki til ættleiðingar vegna barna sem koma frá öðrum löndum. Flutningsmenn eru margir góðir þingmenn og þar á meðal Kolbrún Hall-dórsdóttir, sem hér er, Jónína Bjartmarz og Dagný Jónsdótt-ir ásamt fleirum.

Þetta er þriðja sinn sem þetta mál er flutt og er von mín nú að það geti orðið að raunveruleika.

Hér stendur, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamála-ráðherra að setja reglur um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum. Styrkupphæðir og reglur taki mið af því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Styrkir verði greiddir eftir komu barns til landsins og verði jafnframt skattfrjálsir. Tryggingastofnun ríkisins hafi milligöngu um greiðslu styrkjanna, eins og um annan kostnað við með-göngu og fæðingu sé að ræða, og sjái jafnframt um nánari útfærslu á styrkjum þessum.“

Það er afar mikilvægt að þessu máli sé komið fyrir hjá Tryggingastofnun ríkisins því að þar fer öll þjónusta við

foreldra og börn fram og þar hafa ferðastyrkir einnig verið afgreiddir, t.d. ferðastyrkir hér áður fyrr vardandi glasafrjóvganir, og jafnframt hafa ýmsir sjúkrasjóðir og fæðingarorlof verið á þeirra höndum. Það er afar brýnt að öll þessi þjónusta sé á einum stað en ekki á margra höndum.

Ég flutti þetta mál fyrst á 130. þingi og síðan aftur á 131. þingi. Þá var það nokkuð breytt vegna þess að upphaflega var ég með tillögu um að þessi mál væru hjá dómsmálaráðuneytinu en breytti tillögunni til samræmis við umsagnir. Þótt svo ættleiðingin sjálf og leyfi til hennar heyri undir dómsmálaráðuneytið er kannski óeðlilegt að styrkir séu jafnframt í höndum þess.

Við vitum að það geta ekki allir eignast börn á hefðbundinn hátt og ástæður þess geta verið mjög margvíslegar en eru oftast tengdar ófrjósemi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvaða áhrif slíkt getur haft á fólk sem á sér engan draum heitari en að eignast börn. Undanfarin ár hafa læknavísindin hjálpað mjög mörgum til barneigna með glasa- og tæknifrjóvgun. Sú aðferð dugar ekki öllum og oft lukkast hún ekki. Kostur þeirra fjölskyldna þar sem svo háttar til er að ættleiða barn. Í einhverjum tilvikum er um að ræða ættleiðingar barna sem fædd eru á Íslandi en eins og flestir vita eru það afar fá tilfelli. Þegar ég vann í þessum málaflokki var það kannski eitt barn á ári. Fólk á kost á því að taka fósturbörn en það eru ekki allir sem treysta sér til þess þar sem þar er oft um mjög þung barnaverndarmál að ræða. Við erum líka að tala um það að hér séu ættleidd á bilinu 15–24 börn, segi ég í minni greinargerð. Ég fer nærri að við séum komin upp í 30–35 börn á ári og ber samningur við Kína þá tölu uppi. En börn hafa verið ættleidd alls staðar frá og erum við að tala um á bilinu 400–500 börn hér á Íslandi sem eru ættleidd erlendis frá.

Kostnaður er auðvitað mismikill en nú heyrast helst tölurnar 1,2–1,5 milljónir kr. á fjölskyldu og það er afar dýrmætt að styrkur fáist upp í þessa upphæð. Við þurfum að jafna stöðu fólks sem ekki hefur fjármuni á milli handanna til þess að fara út í slíka ættleiðingu og Norðurlöndin hafa öll verið með slíka styrki. Finnar hafa einnig samþykkt að setja aukna peninga í þennan málaflokk og það er afar brýnt að við fylgjumst með bræðraþjóðum okkar á Norðurlöndunum til þess að jafna félagslega stöðu þessa hóps og jafna hana á við aðra vardandi barneignir.

Mikið hefur verið skrifað um þetta mál í blöðunum upp á síðkastið, margar góðar greinar, og kjörforeldrar eru orðnir mjög virkir í umræðunni. Ég veit líka að það hafa borist bréf til allra þingmanna, ég veit að þessi hópur á líka viðtöl við ráðherra. Ég veit að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur tekið mjög jákvætt í þetta mál. Það hefur líka verið talað um að þetta væri kannski mál fyrir hina nýju fjölskyldunefnd sem hæstv. forsætisráðherra hefur skipað. Ég vil meina að svona mál eigi að afgreiða hér í þinginu, hér er tillagan til staðar og þetta er spurning um að ríkisstjórnin gangi frá þessu máli. Þegar málið kemur til hv. allsherjarnefndar þarf kannski ekki að sækja mikið umsagnir því að þær hafa borist og eru allar mjög jákvæðar. Ég nefni verkalýðshreyfingu, einstök verkalýðsfélög og að sjálfsögðu félagið Íslenska ættleiðingu, svo ég tali nú ekki um hin ýmsu pólitísku félög sem eru þegar farin að ályktа um málið. Í þessu sambandi minni ég á ályktun frá Sambandi ungra framsóknarmanna sem hvetja til aðstoðar til þess að styrkja þessar ættleiðingar.

Með leyfi forseta, er ályktunin svona:

„Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna skorar á íslensk stjórnvöld að leita leiða til að aðstoða kjörforeldra við ættleiðingar. Í nágrannalöndum okkar eru veittir styrkir til þess að vega á móti miklum kostnaði við ættleiðingar, en enga slíka aðstoð er að fá hér á landi."

Stjórnin skorar jafnframt á ríkisstjórn Íslands að bregðast við ábendingum kjörforeldra og renna enn frekari stoðum undir þá fjölskyldustefnu sem rekin er á vegum ríkisstjórnarinnar þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Þar með höfum við fengið það mjög skýrt.

Jafnframt vil ég aðeins vitna, með leyfi forseta, í grein sem Jóhann Sigurðsson og Margrét Kristjánsdóttir skrifuðu í Morgunblaðið á dögunum og fjallar hún um jafnrétti til barneigna, en þar segir, með leyfi forseta:

„Það hlýtur að teljast sanngjarnt og eðlilegt að íslenska ríkið styrki kjörforeldra til að ættleiða börn til samræmis við við það sem gerist hjá öðrum Norðurlandaþjóðum og stuðli þar með að jafnrétti þegnanna til barneigna. Ættleiðingar á Íslandi eru ekki það margar að styrkir af þessum toga setji ríkisfjármálin úr skorðum, en slíkur styrkur getur skipt verulegu máli fyrir væntanlega kjörforeldra.

Að ættleiða barn að utan er mjög dýrt, kostnaðurinn er frá 1,2 til 1,5 milljóna miðað við að hjón fari saman út að sækja barnið. Mörgum vex þessi kostnaður í augum, einkum þeim sem lakari kjör hafa. Dæmi eru um að fólk hafi ekki séð sér fært að láta drauminn um að eignast barn rætast vegna þess að það hefur ekki ráð á því og ekki í digra sjóði að sækja. Hvað þá að láta sig dreyma um að sækja sitt annað barn."

Það er eitt af því sem fólk er nú að gera, þ.e. að sækja sitt annað barn. Ef við erum að tala um styrk kannski upp á 400 þúsund kr. þá er um 8–10 milljónir á ári að ræða í slíkan sjóð hjá Tryggingastofnun ríkisins þannig að það er í rauninni kannski sanngjarnt og ekki miklir fjármunir miðað við það hversu dýrmætt þetta er, bæði íslensku samfélagi og þeim foreldrum sem verða þess aðnjótandi að eignast barn með þessum hætti.

Ég ætla ekki að hafa þessa umræðu mína lengri um þetta brýna mál og þetta mikla jafnréttismál milli foreldra og óska þess að málinu verði vísað til hv. heilbrigðisnefndar.

[18:46]

Hlynur Hallsson:

Virðulegi forseti. Hér erum við að ræða tillögu til þingsályktunar um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum. Fyrsti flutningsmaður, hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, gerði góða grein fyrir þessari tillögu og benti á að þetta er í þriðja skipti sem hún er flutt og gildir nú hið sama um þessa þingsályktunartillögu og aðrar sem daga oft uppi, að nú ríður á að þessu sé hraðað í gegnum nefnd. Það ætti ekkert að vera að vanbúnaði vegna þess að hér liggja fyrir mjög jákvæðar umsagnir frá hlutaðeigandi aðilum og ætti því að vera greið leið í gegnum þingið.

Þetta er ekki stór hópur sem um ræðir, kjörforeldrar sem ættleiða börn erlendis frá, en þetta er auðvitað stækkandi hópur og okkur ætti að vera mjög mikilvægt að börnin

eignist gott heimili og að við getum lagt okkar litla lóð á þær vogarskálar, auk þess sem það er auðvitað ómetanleg gleði í þeim fjölskyldum sem taka að sér barn á þennan hátt. Hér hafa því miður ekki verið veittir neinir styrkir til kjörforeldra og það er farið yfir það í greinargerð í frumvarpinu að á Norðurlöndunum eru styrkirnir verulegir, allt frá 170–400 þús. kr. á barn. Og eins og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir kom inn á er þetta auðvitað jafnréttismál vegna þess að þetta getur verið efnalitlum fjölskyldum mjög þungur baggi og því er auðvitað mikilvægt að fá þennan stuðning og styrk frá velferðarkerfinu sem ætti að auðvelda þeim að ættleiða börn.

Það eru margir sem hafa látið til sín taka í þessum málaflokki. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir minntist á nýlega ályktun Félags ungra framsóknarmanna. Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur hvatti stjórnmálaflokka og þingmenn til að taka málið upp og aðstoða fólk sem er að ættleiða börn frá útlöndum.

Í umsögn ASÍ segir, með leyfi forseta:

„Ættleiðingum frá útlöndum fylgir umtalsverður kostnaður, svo mikill að þær eru ekki á færi lágtekjufólks."

Félagið Íslensk ættleiðing hefur sett niður á blað drög um hvernig þessir styrkir gætu litið út og reglur þar að lútandi. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs tökum heils hugar undir þessa tillögu og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er einn af flutningsmönnum hennar. Ég vona að málið fái skjóta og góða framgöngu hér á þingi.

[18:49]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum veldur því að ég klóra mér nú svolítið í kollinum því ég sé að það er enginn af þingmönnum Frjálslynda flokksins sem er á meðal flutningsmanna. (**GÖrl:** Sigurlín var með.) Satt best að segja þykir mér það svolítið skrýtið, því að ég átti von á að við hefðum stutt þetta góða mál en ég man ekki til þess að það hafi verið borið undir okkur. Þó sýnist mér að einn varaþingmaður sem sat á þingi á sínum tíma, hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, hafi verið meðal flutningsmanna þegar þessi þingsályktunartillaga var flutt hér áður, en hún hefur því miður ekki átt kost á því að setjast inn á þing af óviðráðanlegum orsökum sem ég ætla ekkert að fara nánar út í við þetta tækifæri.

Nóg um það, virðulegi forseti, hér er á ferðinni mjög gott mál, sanngirnismál, sem ég hygg að þingflokkur minn styðji eindregið enn í dag eins og við hljótum að hafa gert þegar þetta mál var hér til umræðu áður. Ég verð a.m.k. að segja það fyrir mína parta að ég styð þetta heils hugar. Það er dýrt að ættleiða börn og það er ósanngjarnt að þeir foreldrar sem ættleiða börn erlendis frá þurfi alfarið að bera þann kostnað á herðum sínum og ég hygg að allir réttsýnir menn og konur hljóti að sjá það óréttlæti sem í því felst og það ætti ekki að vera mikið mál að greiða úr þessu. Við erum ekki að tala hér um háar fjárhæðir, alls ekki, og því hygg ég að þinginu væri sómi að því að afgreiða þessa þingsályktunartillögu bæði fljótt og vel.

[18:51]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Í örfáum orðum vil ég lýsa eindregnum stuðningi við þetta þjóðþrifamál. Ég er ánægður með að þeir þingmenn sem hér hafa talað styðja það greinilega af mikilli hörku. Ég vildi óska að hið háa Alþingi bæri gæfu til þess að samþykkja þetta núna. Ég held að flestir þeir sem hlýddu á mál hv. framsögumanns og fumkvöðuls að málinu, Guðrúnar Ögmundsdóttur, hafi séð það í fljótu bragði að hér er um að ræða mál sem felur í sér ekkert nema réttlæti.

Það er mikil ósanngirni að stjórnvöld skuli ekki tryggja jafnrétti í þessum málum með því að styðja þá foreldra sem fara til útlanda til þess að ættleiða börn. Eins og þingmenn hafa getið um hér í dag er mikil lífshamingja fólgin í því að eignast börn og hún er ekki síðri hjá þeim sem hafa beðið eftir því árum saman og upplifað að lokum þá hamingju sem felst í því að fá barn í hendur sínar til ættleiðingar. En því miður kostar það mikla fjármuni. Hv. flutningsmaður drap á það í framsögu sinni að líkast til mætti slá á það að það kostaði 1,2–1,5 milljónir. Um þetta get ég borið vitni af eigin raun því að ég hef sjálfur ættleitt tvö börn frá útlöndum og því fylgir auðvitað mikill kostnaður sem enginn horfir í sem á annað borð hefur efni á því vegna þess að hamingjan sem því fylgir og kemur í staðinn er svo mikil og rík. En því miður er það einfaldlega staðreynd að það geta ekki allir leyft sér þetta vegna kostnaðar. Í því felst óréttlætið í kerfinu í dag og á því þarf að taka.

Áður fyrr var það þannig að einstakir skattstjórar í umdæmum landsins af mildi síns hjarta lásu lögin um skattheimtu ríkisins með þeim hætti að það var stundum hægt fyrir suma að fá kostnaðinn dreginn frá skattstofni. En við það voru gerðar athugasemdir og þegar ættleiðandi foreldrar og samtök þeirra börðust fyrir því að sá háttur yrði tekinn upp víðar varð það til þess að yfirvöld slökktu á þeim möguleika. Í dag er það einfaldlega þannig að það eru engir styrkir sem hægt er að fá til þess að kosta ferðalög, sem oft á tíðum taka langan tíma. Í sumum tilvikum er það að vísu þannig að verklýðsfélög hafa af rausn sinni látið töluverðar upphæðir af höndum rakna í tilvikum þar sem viðkomandi eiga erfitt með að standa straum af kostnaðinum og það er auðvitað ákaflega glæsilegt af þeim, en hér á landi þarf auðvitað að vera sama kerfi og er á Norðurlöndunum þar sem stjórnvöld með myndarlegum hætti — mismyndarlegum að vísu eftir því um hvaða land er að ræða — taka undir með fólki og hjálpa því með því að veita því styrki.

Því segi ég það, virðulegi forseti, að ég held að það væri Alþingi til mikils sóma að samþykkja þetta mál og þakka hv. frumkvöðli málsins og þingmanni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, fyrir sína aðkomu að þessum málaflokki.

[18:55]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég ætla ekki að setja á langa ræðu um þetta mál og kannski má segja að málið sé svo einfalt að það krefjist ekki langrar ræðu. En fyrst og fremst kem ég hérna í ræðustól til að lýsa yfir stuðningi við málið af því að ég er einn af meðflutningsmönnum hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur að því. Hv. þingmaður gerði í framsögu

sinni vel grein fyrir málinu, bæði rökum fyrir því að við komum á styrkjum til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum og ýmsum tölulegum upplýsingum um fjárstyrki sem foreldrar á hinum Norðurlöndunum sem ættleiða börn frá útlöndum njóta. Hún greindi einnig frá ýmsum öðrum fróðleik sem á að hjálpa þingmönnum til að gera upp hug sinn og móta sér afstöðu í málinu.

Ég get sem von er litlu við það bætt en ég vil aðeins í þessu samhengi nefna það að við í hv. heilbrigðisnefnd, sem ég geri ráð fyrir að þessu máli verði vísað til að umræðu lokinni, erum m.a. að ræða núna frumvarp um réttarstöðu samkynhneigðra. Þetta er eitt af því sem við höfum rætt í þessu samhengi og það er náttúrlega ljóst að þeir sem þurfa á tæknifrjóvgun að halda, hvort sem um er að ræða gagnkynhneigða eða samkynhneigð pör, njóta til þess fjárstyrks frá ríkinu og það háttar nefnilega þannig til í flestum tilvikum að þeir sem sú meðferð ber ekki árangur hjá þurfa síðan í kjölfarið að fara þessa leið. Ég ætla ekki að útiloka að það séu þó ekki einhverjir foreldrar sem kjósa þessa leið frekar en tæknifrjóvgunarleiðina ef þeir geta þetta ekki á þennan náttúrulega hátt, eins og kallað er. En oft er það nú þannig að þeir sem fara þessa leið eru búnir að ganga í gegnum erfiða meðferð, bæði andlega og líkamlega, og kostnaðarsama í sumum tilvikum, hvort sem fólk hefur reynt einu sinni, tvisvar eða þrisvar að fara þá leið, og síðan kemur þetta í ofanálag. Þá finnst manni óeðlilegt að ríkið sé ekki tilbúið til að styrkja þá foreldra sem þurfa að ráðast í þetta.

Raunveruleikinn er líka sá að við þurfum sífellt að sækja lengra eftir börnum til ættleiðinga og því fylgir jafnframt aukinn kostnaður. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að bara svona siðferðilega finnst mér að með því að veita þessum foreldrum ekki fjárstuðning séum við í rauninni að setja ákveðnar hindranir í veg þeirra sem vilja gerast foreldrar barna sem eru munaðarlaus annars staðar í heiminum. Mér finnst að við eigum að hvetja frekar til þess en hitt.

Svo, eins og hefur verið bent á af foreldrum sem hafa ættleitt eða langar til að ættleiða, þá er alveg ljóst að við búum mjög vel að þeim sem þurfa að fá tæknifrjóvgun og þurfa að fá aðstoð frá heilbrigðisþjónustunni. Við búum almennt mjög vel að verðandi mæðrum með hvers konar þjónustu sem öll er þeim að kostnaðarlausu, hvort sem það eru sjúkrahúsin, meðgöngueftirlitið og síðan ungbarnaeftirlitið. Við erum í rauninni á allan hátt að hvetja til barneigna, sem er eðlilegt að við gerum út frá aldurssamsetningu þjóðarinnar til lengri tíma litið og gera þetta sjálfsagt af því að við viljum að sem flestir njóti þeirrar þjónustu sem tryggir heilbrigði móður og barns.

Eins og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir kom inn á þá vegur það líka töluvert þungt í mínum huga, af því að við erum svo oft að bera okkur saman við hin Norðurlöndin, að á öllum hinum Norðurlöndunum, þó að fjárhæðirnar séu misjafnar, er verið að styrkja foreldra sem vilja ættleiða börn erlendis frá. Og af því að við leggjum nú svo mikið stundum og í sumu samhengi upp úr norrænu lagasamræmi, þá tel ég að það séu líka veigamikil rök fyrir því að við hugum að því í þessu máli að bæta þarna úr og koma á styrkjum til þessara foreldra.

Við vitum að að hluta til heyra ættleiðingar undir dómsmálaráðuneytið. Tillagan sjálf á þingskjalinu gengur út á að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að setja þessar reglur. Sjónarmiðin eru m.a. þau að allt sem lýtur að börnum eigi að vera á einni hendi hjá Tryggingastofnun. Þeir sem þurfa tæknifrjóvganir heyra undir sjúkratryggingar, fæðingarorlofið hefur verið þar staðsett o.s.frv. Ég ætla ekki að taka afgerandi afstöðu til þessa hvar mér finnist þetta eiga að vera staðsett innan stjórnsýslunnar og ég geri ráð fyrir að það fái eins og annað umræðu í heilbrigðisnefnd eftir að málinu hefur verið vísað þangað. Það er kannski ekki það sem skiptir öllu máli, þó að það sé nú svo sem aldrei verra að það liggi ljóst fyrir hvar ábyrgðin liggi innan stjórnsýslunnar. En ég geri ráð fyrir að við ræðum þetta í nefndinni með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins og eftir atvikum fulltrúum frá dómsmálaráðuneytinu sem ættleiðingarmálin að öðru leyti heyra undir. En ég hef örlítinn fyrirvara um það hver niðurstaðan verður. En sem lokaorð mín vildi ég, herra forseti, bara árétta að þetta þingmál hefur minn fulla stuðning og vil ítreka að þær fjárhæðir sem við erum að tala um eru ekki það háar að það eigi að ráða því hvaða framgang málið fái.

[19:01]

Flm. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka mjög málefnalega, faglega og innihaldsríka umræðu um þetta brýna mál. Þetta er að vísu ekki stórt mál og kostar ekki mikið af peningum. En það er mikilvægt að sinna þessum hópi og barneignum hans jafnt og öðrum foreldrum.

Ég vil líka taka fram, vegna orða hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, að það varð handvömm. Þau mistök urðu að einn af þingmönnum Frjálslynda flokksins var flutningsmaður málsins frá upphafi. Einhvern veginn datt það milli skips og bryggju en ég veit vel af styrkum og góðum stuðningi Frjálslynda flokksins við þetta mál.

Þegar ég flutti málið fyrst hafði ég tillögu um að málið heyrði undir dómsmálaráðuneyti, af því að þar eru ættleiðingarnar. En vegna umsagna um málið, öllum þeim rökum sem þar voru tilgreind, taldi ég eðlilegt að málið félli undir Tryggingastofnun, en þar er allt er lýtur að rétti barnanna, foreldra, fæðingarorlofs, sjúkrasjóða o.s.frv. Þannig mundum við líka jafna réttinn á við meðgönguna og í raun væri þar allt á einum stað.

Ég vil enn á ný, herra forseti, þakka góða umræðu. Ég veit að hún verður ekki síðri í heilbrigðisnefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–10. og 13.–15 mál.

Fundi slitið kl. 19:04.

67. FUNDUR

miðvikudaginn 15. febr.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Stúdentspróf, fsp. AKG, 358. mál, þskj. 392.
2. Rekstur framhaldsskóla, fsp. BjörgvS, 443. mál, þskj. 664.
3. Svæðisútvarp á Vesturlandi, fsp. AKG, 486. mál, þskj. 717.
4. Þjónusta svæðisútvarps, fsp. AKG, 487. mál, þskj. 718.
5. Áfengisauglýsingar í útvarpi, fsp. ÖJ, 507. mál, þskj. 742.

Til umhverfisráðherra:

6. Skotveiði og friðland í Guðlaugstungum, fsp. SigurjÞ, 446. mál, þskj. 668.

Til heilbrigðisráðherra:

7. Endurgreiðslur öryrkja til Tryggingastofnunar ríkisins, fsp. JóhS, 467. mál, þskj. 694.
8. Öldrunarþjónusta í Hafnarfirði, fsp. VF, 479. mál, þskj. 707.

Til dómsmálaráðherra:

9. Barnaklám á netinu, fsp. SandF, 506. mál, þskj. 739.

Til samgönguráðherra:

10. Viðhald vega, fsp. AKG, 488. mál, þskj. 719.

Til fjármálaráðherra:

11. Þróun skattprósentu, fsp. GÞÞ, 454. mál, þskj. 678.

Tilkynning um dagskrá.

[12:01]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Klukkan hálffjögur í dag fer fram umræða utan dagskrár um tengingu Sundabrautar við Grafarvog. Málshefjandi er hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson. Hæstv. samgönguráðherra verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Samkomulag Kennarasambandsins og menntamálaráðherra.

[12:02]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegur forseti. Á dögunum kynnti hæstv. menntamálaráðherra samkomulag sitt og kennaraforustunnar þess efnis m.a. að áformum um að stytta og þar með skerða nám til stúdentsprófs væri frestað. Margt í samkomulaginu var ákaflega gott og margt sem horfir til framtíðar gangi samkomulagið eftir. Mun það að sjálfsögðu ráðast á næstu mánuðum og missirum og fagnaðarefni í sjálfu sér að gerð var tilraun til að ganga með einhverjum hætti í takt við skólasamfélagið eftir ákaflega hryssingsleg og blóðug átök við skólasamfélagið allt í þessu máli og mörgum öðrum.

Síðan þá hefur gætt nokkurrar ólgu í kjölfar samkomulagsins, hvað það fæli í sér og m.a. kom upp umræða um að ekki hefði verið samið um að stytta nám en í yfirlýsingu frá Kennarasambandinu kemur fram að þegar samkomulagið var undirritað lá fyrir að menntamálaráðherra hefði ekki fallið frá því að stytta námstímann úr 14 árum í 13, eins undarlega og það nú hljómar þar sem framhaldsskólinn er ekki 14 ár eða 13. Tekur þetta væntanlega til námstímans alls og þess vegna ágætt að hæstv. menntamálaráðherra skýri frá því hvort samkomulagið feli í sér að til álita komi að stytta grunnskólann en ekki framhaldsskólann.

Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra. Nú var framhaldsskólanum og skólasamfélaginu gefinn ákveðinn gálgafrestur með þessu samkomulagi, þannig að ekki yrði gengið á gæði námsins með samkomulaginu á dögunum og með því að fresta áformum um að stytta námstíma til stúdentsprófs. Síðan hefur hæstv. ráðherra sagt að frumvarp þess efnis sem tæki á styttingunni komi inn í þingið fyrir vorið. Því vildi ég spyrja ráðherra: Hvenær er von á því frumvarpi? Tekur það frumvarp til bæði grunn- og framhaldsskólalaga?

Ég skora á hæstv. ráðherra að koma sem fyrst með þetta frumvarp þannig að lægja megi þá ólgu sem liggur undir niðri í mörgum framhaldsskólum landsins og sérstaklega í því ljósi að samkomulagið gangi eftir og þau ágætu og góðu markmið sem þar koma fram. Þau ganga ekki eftir nema sátt haldist og náist við skólasamfélagið í fullri alvöru.

[12:04]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ljóst er að kennaraforustan gengur samstiga fram í þessu máli eins og yfirlýsing Kennarasambandsins frá því í morgun ber augljóslega merki. Ég vil sérstaklega fagna því sem kemur fram í yfirlýsingunni. Það sem skiptir núna mestu máli í þessu öllu saman er að bæði ráðuneyti menntamála og kennaraforustan gangi samstiga að því verki sem liggur fyrir, þ.e. að við erum að horfa á skólakerfið sem eina heild, og það hef ég ávallt sagt. Við erum ekki að horfa á skólakerfið sem kassa. Við munum leggja mikla áherslu á að skólaskilin verði sveigjanleg, að við horfum til skólastiganna milli leikskóla og grunnskóla og síðan á milli grunnskóla og framhaldsskóla og reynum þannig að skapa og móta skólakerfi sem verði samkeppnishæft við það sem við viljum ávallt bera okkur saman við, þ.e. það besta í heimi.

Ég legg áherslu á að við munum halda áfram að vinna í samræmi við það samkomulag sem var undirritað af mér og formanni Kennarasambandsins. Við munum fara gaumgæfilega yfir öll þau atriði og vera samhent og samstiga í þeirri viðleitni okkar að gera skólakerfið enn þá betra en það er í dag. Það eru margir merkilegir og mikilvægir punktar, raunar eru allir tíu punktarnir sem eru dregnir fram afar þýðingarmiklir til að skólakerfið styrkist enn frekar, og ég vil sérstaklega draga fram kennaramenntunina. Ég vil einnig draga fram almennu brautina og það að við munum núna fara í allsherjarendurskipulagningu á endurskoðun á

allri skólalöggjöfinni, þ.e. leikskólalöggjöfinni, grunnskólalöggjöfinni og framhaldsskólalöggjöfinni og það gerum við að sjálfsögðu í samvinnu og samstarfi við kennarasamfélagið. Þetta mun koma í ljós á allra næstum dögum.

Það sem liggur líka fyrir og ég vil draga fram er að við þurfum að líta til samræmdra prófa og rétt að draga það fram að afar líklegt er að í ljósi þess sem tengist breyttri námsskipan til stúdentsprófa, að það fyrirkomulag muni breytast, frú forseti.

[12:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Í tilefni þessara orða vil ég einungis að það komi skýrt fram að ég tel að það felist ákveðin tækifæri í samkomulagi Kennarasambandsins og hæstv. menntamálaráðherra sem er til staðar. Ég tel alveg nauðsynlegt að þau tækifæri séu nýtt. Menn hafa deilt harkalega um það hvort eigi að stytta framhaldsskólann um eitt ár eða ekki. Hæstv. menntamálaráðherra hefur dregið klær sínar inn í skel og það er gott, það er vel. Það gefur okkur tækifæri til að vinna áfram að málinu. Kennaraforustan komst inn í málið með því að gera þetta samkomulag um tíu skref til sóknar í skólamálum. Inni í þeim tíu skrefum eru ákveðin atriði sem kennarar hafa verið að berjast fyrir að nái í gegn um árabil. Ég tel því vera hér til staðar ákveðinn jarðveg sem við verðum öll að nýta vel.

Ég heyri ekki annað á máli hæstv. ráðherra en hún ætli sér að nýta þennan tíma vel og hún gefur hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni greinilega ekki afdráttarlaus svör um hvort frumvarpið komi fram í vor. Ég teldi raunar ekki ráðlegt að hæstv. ráðherra komi fram með frumvarpið í vor. Ég tel að það eigi að gefa tíma núna í þessa vinnu til að athuga hvort hin ólíku sjónarmið sem tekist hafa á varðandi kröfuna um styttingu framhaldsskólans nái ekki sáttum. Ég tel samkomulagið vera grunn að sátt. Mér finnst skipta máli að staðið sé þannig að verkum að ekki séu yfirlýsingar á báða bóga og ég fagna því í sjálfu sér að hæstv. ráðherra skuli ekki koma í ræðustólinn með yfirlýsingu um að hún ætli samt að stytta framhaldsskólann um eitt ár eins og hún gerði fyrir nokkrum vikum þegar við vorum að fjalla um þessi mál, sennilega fyrir um tveimur vikum þegar samkomulagið var skrifað, gott ef það var ekki sama dag, þá þótti mér hæstv. ráðherra vera ósáttari við það að komin væri einhver staða sem mætti segja að hún þyrfti að bakka með einhverja hluti. Nú finnst mér hún ekki vera eins (Forseti hringir.) ósátt og þá. Ég tel það vera merki um að jarðvegurinn sé að vera tilbúinn undir mjög góða hluti sem upp geta risið af samkomulaginu.

[12:08]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda Björgvini G. Sigurðssyni fyrir málefnalega framsögu. Það er ekki oft sem stjórnarandstæðingar koma hingað gagngert til að hrósa ráðherrum en það gerðist í þetta skipti og ég held að hv. þingmaður sé maður að meiri að hafa gert það.

Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að mjög skynsamlegt er að vinna þetta á þennan hátt og mjög æskilegt ef hægt væri að ná víðtæku samráði og samvinnu milli aðila eins og hæstv. menntamálaráðherra hefur beitt sér fyrir í þessu viðkvæma máli. Þess vegna er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að koma hér upp og hrósa hæstv. ráðherra fyrir þessi vinnubrögð. Þau eru mjög mikilvæg og mjög æskilegt að eins góð sátt náist og mögulegt er þó að sjálfsögðu sé það þannig þegar menn takast á um mál eins og þessi þá næst kannski ekki alger samstaða en þetta er án nokkurs vafa afskaplega gott skref sem þarna var stigið. Ég er algerlega sammála hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni um að þarna stóð hæstv. menntamálaráðherra mjög vel að verki og á mikið hrós skilið.

Ég veit að Samfylkingin hefur haft það á stefnuskránni mjög stíft um langa hríð að stytta stúdentsprófið niður í þrjú ár og margar yfirlýsingar hafa fallið í þinginu og annars staðar vegna þess máls. Það er vissulega eitthvað sem gæti gefið okkur mörg tækifæri og stóra málið er auðvitað það að lífskjör og tækifæri þjóðarinnar byggja að mjög stórum hluta, kannski stærstum hluta á góðu menntakerfi. Við eigum að setja markið þannig að við viljum vera best í heimi og okkur hefur tekist að mörgu leyti vel hvað það varðar, meira að segja mjög vel og við höfum verið mikið í sókn undanfarin ár eins og allar tölur sýna. En við verðum alltaf að vera vakandi og ávallt að hugsa um að ná betri árangri og sækja fram og ég met það að þessi umræða sé liður í því.

[12:11]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Oft gerist það úr þessum ræðustól að hv. þingmenn koma upp og skamma hæstv. ráðherra fyrir að hafa lítið samráð við hagsmunaaðila, við þingheim og þar fram eftir götunum. Eflaust er í einhverjum tilvikum alveg fullt tilefni til slíkra skamma en í þessu tilviki held ég að sé ástæða til að taka einmitt undir ánægju með þær sögulegu sættir og um samráð á milli ráðuneytisins og skólasamfélagsins. Ástæða er til að taka undir þær ánægjuraddir sem um það hafa komið hér þó að maður skilji að vísu örlitla ólgu hjá hv. málshefjanda og þungar áhyggjur sem svona jaðra við þau vonbrigði sem fram komu hjá hv. þingmanni einmitt þegar þessar sögulegu sættir náðust á dögunum. En ég vona að hv. þingmaður hafi jafnað sig á því og taki þátt í þeirri gleði sem almennt er ríkjandi innan skólasamfélagsins vegna þess að skólasamfélagið hefur í fullri sátt náð samkomulagi við ráðuneytið um þessa tíu punkta sem ná yfir skólakerfið í heild sinni. Menn ætla að fara opnum augum og skoða með hvaða hætti við megum bæta skólakerfið í heild sinni og náist slík sátt er það að sjálfsögðu fagnaðarefni. Þess vegna vona ég að allir taki þátt í þeirri gleði og áhyggjur manna fari minnkandi en vitaskuld er ekki ætlast til þess að hæstv. ráðherra komi hér núna og segi hverjar niðurstöðurnar verði. Ég tek undir það með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Þá væri þetta ekki merkilegt samkomulag.

Hæstv. ráðherra hefur einmitt sagt að hún ætli að ganga opin inn í þetta tíu punkta samkomulag og það hlýtur að vera fagnaðarefni sem jafnvel nær til hv. málshefjanda.

[12:13]

Mörður Árnason:

Forseti. Það var hæstv. ráðherra, Björn Bjarnason, sem

fyrstur kom fram með þessar hugmyndir í því formi sem við þekkjum, að taka menntaskólann og framhaldsskólann og þrýsta honum í þrjú ár. Það var síðan eftirmaður hans, Tómas Ingi Olrich, núverandi sendiherra, sem kom með þessar hugmyndir í stuttri ráðherratíð sinni og má segja að honum hafi ekki enst aldur í embætti til að ná þeim fram. Honum var kannski fátt um verk í þessu máli. Síðan tók núverandi hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þetta í arf og flutti það því miður á sama hátt og Björn Bjarnason, frumkvöðull málsins.

Við í Samfylkingunni höfum verið að horfa á þetta nánast frá því að sá flokkur varð til og verið áfram um að menn gætu komist með ýmsum hætti um þessa námsbraut alla. Fyrst vorum við að skoða það sem hét stytting náms til stúdentsprófs með þeim sama hætti og þessir ráðherrar sem ég nefndi, en ekki leið á löngu að við sáum að í raun og veru hafði tíminn tekið völdin af þeirri hugmynd vegna þess að skólakerfið hafði lagað sig að mörgu leyti að vilja nemenda og mismunandi áhuga þeirra á þessum málum. Við lögðum þess vegna áherslu á að þetta skólakerfi allt yrði undir og þær breytingar yrðu gerðar sem þyrfti að gera á skilum grunnskóla og framhaldsskóla og jafnvel framhaldsskóla og háskóla til að þetta yrði sveigjanlegt og gott.

Ég fagna því þess vegna núna þegar hæstv. menntamálaráðherra, sem við höfum rætt nokkuð við um þessi mál og önnur í salnum, er komin með kennurum landsins á þessa sömu skoðun. Ég verð að segja að sú mildi og það vit sem menntamálaráðherra sýnir nú er henni mjög til hróss og ég vona að vegur hennar fari batnandi með þessum hætti í framtíðinni.

[12:15]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Í upphafi er rétt að fagna því hve mikil ró og spekt er yfir þessari umræðu um menntamál. Það er því miður ekki alltaf svo. Mér sýnist sem hér falli allt í afskaplega góðan farveg og allir séu tilbúnir til að skoða hvort hægt sé að flýta eitthvað fyrir að auka líkur á að stærri hópur ljúki framhaldsskóla fyrr en verið hefur. Það er augljóst mál að hæstv. menntamálaráðherra hefur skipt um gír, sem er fagnaðarefni. Vonandi næst sæmileg sátt við skólasamfélagið um þá leið sem farin verður að þessu markmiði, t.d. með því að skólakerfið verði skoðað í heild sinni. Stuðla þarf að sveigjanleika milli skólastiga.

Mér heyrist sem hæstv. ráðherra hafi opna fyrir að sá starfshópur sem nú starfar á vegum hæstv. ráðherra um verknám geti að einhverju leyti komið inn í þessa mynd. Nú er ekki boðað, með einhverjum dagsetningum eða fyrir fram gefnum forsendum, frumvarp fyrir vorið varðandi þetta mál heldur virðist það opið, að það bíði jafnvel til haustsins til að tryggja betra samkomulag eða að það verði lagt fram í vor og samþykkt í haust. En möguleikarnir eru fyrir hendi og það er afskaplega mikilvægt.

Það er einnig mikilvægt að búið sé að eyða þeirri óvissu sem á tímabili virtist milli félaga, jafnvel hjá Kennarasambandi Íslands. Yfirlýsing frá þeim í morgun sýnir að öll félögin standa sameiginlega að yfirlýsingunni og að menn hafa gert sér grein fyrir því að hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki fallið frá því markmiði sínu að stytta námstíma til stúdentsprófs, eins og það er orðað, úr 14 árum í 13. Það er vísun til þess að skoða eigi skólakerfið í heild sinni en ekki eingöngu, eins og hefur því miður oft verið talað um, að það sé bundið við að stytta framhaldsskólann úr fjórum árum í þrjú.

[12:17]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Björgvini Sigurðssyni fyrir að vekja máls á þessu efni. Það sýnir að stjórnarandstaðan er vakandi í þessu máli og er harðákveðin í að veita ríkisstjórnarflokkunum sjálfsagt og eðlilegt aðhald.

Þar fyrir utan tel ég rétt að veita hæstv. menntamálaráðherra ákveðinn tíma, ráðrúm og frið, til að vinna áfram að þessu samkomulagi. Í morgun barst sú frétt að öll aðildarfélög Kennarasambands Íslands styddu þetta samkomulag. Ég hygg að þessi mál séu í ágætum farvegi þótt það hafi reyndar tekið allt of langan tíma fyrir hæstv. menntamálaráðherra að ná svo viturlegri lendingu að leita samráðs við Kennarasambandið. En nú hefur það verið gert, sem er hið besta mál.

Það er álit okkar í þingflokki Frjálslynda flokksins, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að leyfa beri því ágæta fólki að vinna að samkomulaginu. Hins vegar mun stjórnarandstaðan fylgjast grannt með. Það er nú einu sinni svo, virðulegi forseti, að ríkisstjórnarflokkunum, þeim sem nú ráða þessu landi, farnast ávallt best þegar þeir hlusta á hollráð frá stjórnarandstöðunni.

[12:19]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ef það átti að skilja orð hæstv. ráðherra svo hér áðan að ekki væri von á þessu styttingarfrumvarpi í þingið á þessu missiri, ef það mál á að bíða og fá að þróast í skólasamfélaginu, þá er það vissulega fagnaðarefni. Við fögnum því að hæstv. ráðherra hafi farið inn á þessa tíu spora leið sem felur í sér ágæt markmið.

Eftir stendur sú ólga sem vissulega kom upp í kjölfarið, sem er ekki óeðlilegt að komi upp í jafnstóru og miklu samfélagi eins og skólasamfélaginu, m.a. hjá kennurum í Menntaskólanum í Reykjavík, á Akureyri, Verkmenntaskólanum á Akureyri og Verslunarskóla Íslands. Þeir vilja fá svör við því og við því þurfa að koma fram skýr svör: Verða bekkjarskólarnir eftir sem áður, þrátt fyrir sveigjanleika og flæði á milli skólastiga, styttir klárt og kvitt um eitt ár? Verður bekkjarskólunum gert skylt að stytta nám sitt úr fjórum árum í þrjú? Harkan í þeim styttingaráformum var gagnrýnd hvað mest á sínum tíma. Ánægjuefnið nú er helst að horfið var frá styttingaráformunum, a.m.k. í bili. Menntapólitísku stórslysi var afstýrt, hægt á vinnu í málinu og samvinna tekin upp við skólasamfélagið um að ná fram markmiðum um betri skóla, sem er grundvallaratriði.

Ég vil því fá skýr svör við því hvort það sé rétt túlkun hjá okkur hv. þingmönnum að ráðherrann ætli ekki að koma með frumvarpið inn í þingið á vorþingi og hvort bekkjarskólunum verði að mati ráðherra áfram gert að stytta nám sitt úr fjórum árum í þrjú. Eða verður þeim gefið frelsi, eins og öðrum skólum, t.d. áfangaskólunum, til að

þróast hver með sínum hætti? Þetta eru spurningarnar sem ég vildi fá skýr svör við í umræðunni í dag.

[12:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefði skipt um skoðun í seinni ræðu sinni. Mér heyrðist hann segja það í fyrri ræðunni að hann vildi fá frumvarp um framhaldsskóla sem fyrst inn í þingið. Ég get upplýst um að frumvarp er snertir framhaldsskólann kemur inn í þingið á vordögum en ég mun vinna það í samvinnu og samráði við kennaraforustuna. Það er alveg skýrt af minni hálfu að brýnt er að sú sátt haldist sem hefur náðst um samkomulagið og vinnufyrirkomulag við styttingu námstíma til stúdentsprófs, þ.e. að stytta það úr 14 árum í 13 ár. Ég mun vinna að þessu máli í samráði við kennaraforustuna, líkt og öðrum málum er snerta menntamál okkar Íslendinga, þannig að það sé alveg skýrt.

Mörg atriði er ánægjulegt að nefna í sambandi við samkomulagið sem náðist við Kennarasambandið en þó skiptir mestu að við vinnum á breiðum grundvelli. Mörg verkefni bíða sem við ætlum að fara saman í og ég fagna því sérstaklega. Ég fagna líka þeim vinsamlega tóni sem heyrst hefur í þingsalnum af hálfu stjórnarandstöðunnar, sem hefur að mínu mati hafið sig aðeins upp fyrir dægurmálaumræðuna og reynt að sjá stóru myndina, þ.e. að við ætlum að stytta námstíma til stúdentsprófs án þess að skerða námið. Okkur ber skylda til að fara vel yfir þær ábendingar og þær gagnrýnisraddir sem heyrst hafa í tengslum við áformin fram til þessa.

Stúdentspróf.

Fsp. AKG, 358. mál. — Þskj. 392.

[12:23]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér áðan fór fram umræða sem er hluti af mikilli umræðu í samfélaginu, um nám til stúdentsprófs. Þar er um mikilvægt mál að ræða. Það þarf að nýta tímann vel og fara með varfærni í breytingar á námi til stúdentsprófs. Þar er margs að gæta.

Ég heyrði fyrir nokkru að meðalnámstími til stúdentsprófs á Íslandi væri fimm ár. Þetta vakti athygli mína og mér fannst það ótrúlegt. En ég er næsta viss um að þetta er rétt. Heimildirnar sem vísað var í voru opinberar. Ég tel mikilvægt að fá sundurgreiningu á lengd námstímans svo að hægt sé að taka tillit til mismunandi aðila við hugsanlegar breytingar á náminu sem unnið er að undir stjórn hæstv. menntamálaráðherra. Ég veit að margir fullorðnir taka sér mörg ár til að safna einingum til stúdentsprófs. Hið sama er að segja um fjarnema. Það er hið besta mál að fólk geti stundað nám með þessum hætti og safnað einingum í próf og haldið áfram að læra. Eins kann vinna með námi að hafa nokkuð að segja í þessu efni.

Ég spurði reyndar ekki hvort munur væri á kynjum eftir lengd á námi til stúdentsprófs. En það væri mjög forvitnileg breyta og eins hvort munur er á tímalengd til stúdentsprófs eftir aldri nemenda við upphaf náms. Það er sannarlega efni í aðra fyrirspurn.

Spurningarnar sem ég spyr hæstv. menntamálaráðherra eru:

1. Hve langan tíma tekur nám til stúdentsprófs að meðaltali hjá öllum nemendum annars vegar og hins vegar að frátöldum fjarnemum?

2. Hve langan tíma tekur námið að meðaltali í fjölbrautaskólum annars vegar og menntaskólum hins vegar, að frátöldum fjarnemum?

[12:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hagstofa Íslands hefur kerfisbundið safnað upplýsingum um íslenska framhaldsskóla fyrir ráðuneyti menntamála. Til að finna hve langan tíma nám til stúdentsprófs tekur að meðaltali valdi Hagstofan alla stúdenta í framhaldsskólum almanaksárið 2004. Um er að ræða nemendur sem komu inn í nemendaskrá árið 1990 eða síðar. Teknar voru upplýsingar úr prófaskrá, hvenær nemendur hófu nám, frá hvaða skóla þeir voru brautskráðir og hvenær þeir voru brautskráðir. Þannig fæst hve lengi þau stunduðu námið. Í tölum Hagstofunnar eru námshlé nemenda ekki dregin frá þegar reiknaður er meðalnámstími til stúdentsprófs og hefur það því einhver áhrif til hækkunar.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar er meðallengd náms allra nemenda til stúdentsprófs 4,9 ár eða tæp 5 ár. Meðaltal að frátöldum fjarnemendum er einnig 4,9 ár. Ef einungis dagskólanemendur eru skoðaðir eru þeir að meðaltali 4,8 ár að ljúka stúdentsprófi.

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir spurði einnig:

„Hve langan tíma tekur námið að meðaltali í fjölbrautaskólum annars vegar og menntaskólum hins vegar, að frátöldum fjarnemum?“

Til að svara þessari spurningu voru annars vegar valdir skólar sem eingöngu kenna nám til stúdentsprófs, bóknámsskólar, og hins vegar skólar með blandað námsframboð sem brautskrá stúdenta samkvæmt ákveðinni flokkun. Við vitum að þeir hafa m.a. almennar brautir og fleira. Í ljós kemur að nemendur í skólum með blandað námsframboð eru, að frátöldum fjarnemum, að meðaltali 5,3 ár að ljúka námi til stúdentsprófs. En nemendur í bóknámsskólum eru, að frátöldum fjarnemum, 4,2 ár að ljúka stúdentsprófi.

Munurinn á námstímanum í bóknámsskólunum annars vegar og blönduðu skólunum hins vegar skýrist líklega fyrst og fremst af því að nemendur bóknámsskólanna hafa nánast allir skilyrði til að hefja stúdentsnámið strax að loknum grunnskóla. Margir þeirra sem hefja stúdentsnám í blönduðu skólunum hefja skólagöngu sína á almennri námsbraut til undirbúnings frekara námi á bóknámsbrautum. Það lengir námið. Í blönduðu skólana sækja líka gjarnan eldri nemendur sem hefja nám til stúdentsprófs að loknu námi á öðrum brautum eða þeir sem skipta úr bóknámsskóla í blandaða skóla.

Ég vil sérstaklega draga fram að almenna brautin er fyrirkomulag sem framhaldsskólunum var veitt svigrúm til þess að nota á sínum tíma. Hið jákvæða varðandi almennu

brautirnar var að þeim var veitt sjálfstæði til að móta námið og það hefur gefist ágætlega. Engu að síður teljum við að fara þurfi sérstaklega yfir þetta. Ég bendi á það að þetta er einn af þeim punktum sem felast í þessu tíu punkta samkomulagi á milli menntamálráðuneytisins og Kennarasambandsins. Við viljum fara gaumgæfilega yfir þá möguleika sem almenna brautin gefur okkur í skólakerfinu. Það hefur sýnt sig að hún skilar því að við náum inn nemendum sem hefðu ekki fengið inni í skólakerfinu og við náum að koma þeim áfram. Það þarf engu að síður að huga að því hvernig má útfæra brautina nánar.

Ég tek undir með hv. þingmanni með að athyglisvert væri að fara gaumgæfilega yfir kynjaskiptinguna. Við vitum hins vegar að ákveðin teikn eru á lofti varðandi drengina í skólum landsins sem við þurfum sérstaklega að huga að. Ég þarf ekki annað en að minna á PISA-könnunina, varðandi 15 ára nemendur í grunnskóla, þar sem stúlkurnar í skólum landsins eru framúrskarandi í stærðfræði meðan drengirnir eru við meðaltal. Það er hlutur sem huga þarf að á mörgum stigum innan menntakerfisins.

[12:30]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Þetta eru fróðlegar upplýsingar sem hér koma fram og hefði verið enn fróðlegra að sjá sambærilegar tölur um starfsnámsbrautir og frekari upplýsingar um kynjaskiptingu. Grundvallarspurningin í þessu hlýtur hins vegar að vera: Hvað er það sem veldur námshraða? Við þeirri spurningu er að sjálfsögðu ekkert einfalt svar. En það er rétt að vekja athygli á því að kostir áfangakerfisins eru einmitt þeir að geta lagað sig að ólíkum námsþörfum og getu nemenda. Það er sveigjanleikinn. Ég hygg hins vegar að ef við ætlum að reyna að svara þessari stóru spurningu, hvað veldur námshraða, þá verðum við að taka inn það merkilega hugtak gildismat. Gildismat nemanda hverju sinni. Ég leyfi mér að fullyrða að eitt stærsta vandamálið, ef má kalla það svo, sé hversu mikið nemendur vinna með námi. Ekki endilega til að eiga fyrir salti í grautinn eða námsbókum heldur til að sinna ýmsu tómstundagamni. Kannski er það æskilegt en það hlýtur að koma niður á námi og metnaði og er í sjálfu sér ekkert einfalt að leysa. (Forseti hringir.)

[12:31]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisvert svar og merkileg fyrirspurn og gott að það liggi fyrir inni í umræðunni um námshraða og styttingu á námi. Það vakti einmitt athygli á dögunum í máli Jóns Torfa Jónassonar, prófessors í háskólanum, að um leið og námshraði og aldur íslenskra stúdenta er hærri en víðast í Evrópu og á Norðurlöndunum þá er útskriftaraldur úr háskólum hins vegar sá sami og síst hærri hér, jafnvel lægri hér en sums staðar annars staðar. Það er svolítið merkilegt í þessu ljósi þar sem skólakerfið þar útskrifar nemendur fyrr sem stúdenta yfirleitt.

Þetta er merkileg umræða og jákvætt að tölur liggi henni til grundvallar. Fjölbrautaskólarnir spanna litríka flóru og breiða og eðlilega er þessi tala hærri þar. En markmiðið er, eins og við höfum talað fyrir undanfarin missiri, að fjölga þeim sem útskrifast fyrr og þessi tala undirstrikar það svo rækilega að það þarf að gera með öllum góðum ráðum.

[12:32]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir þessi svör sem eru í raun mjög upplýsandi. Í þeim kemur í ljós mikill munur á námstíma til stúdentsprófs á milli bekkjarskólanna eða menntaskólanna annars vegar og fjölbrautaskólanna hins vegar. Hæstv. ráðherra rakti hugsanlega eina af mörgum ástæðum þess. Ég vil leggja áherslu á það í máli mínu að ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er einmitt sú endurskoðun sem stendur yfir og vinna að námi til stúdentsprófs. Við hljótum alltaf að leita eftir því að hafa undirbúninginn sem vandaðastan og þannig úr garði gerðan að hann henti sem flestum, bæði hvað varðar innihald og einnig hvað varðar þann tíma sem það tekur að ná settu marki, þ.e. stúdentsprófinu í þessu tilfelli.

Hæstv. ráðherra minntist á áhyggjur af drengjum í skólakerfinu og ég held að það sé vissulega ástæða til að skoða það því þeir hafa náð þar lakari árangri almennt. Það er vissulega ástæða til að reyna að finna hvernig er hægt að bæta líðan þeirra í skólanum og bæta árangur þeirra. En jafnframt verðum við líka að skoða hvernig stúlkunum líður í skólanum og hversu mikla ánægju þær hafa af námi sínu. Þá staðreynd að stúlkum gengur betur og þær ná betri árangri í skóla má ekki eingöngu skrifa á það að áhugasvið þeirra falli betur að því sem fram er sett í skólanum, (Forseti hringir.) heldur vitum við að stúlkur eru oft og tíðum samviskusamari (Forseti hringir.) framan af aldri og ég held að það sé það sem kemur þarna í ljós.

[12:35]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Að mörgu leyti má taka undir síðustu orð hv. þm. og fyrirspyrjanda Önnu Kristínar Gunnarsdóttur varðandi stúlkurnar. Það einkennilega við þær niðurstöður er að stúlkurnar hafa ekki sama sjálfstraust í námi og strákarnir. Strákarnir eru fullir af sjálfstrausti en ná ekki sama árangri. Þetta er m.a. ein af þeim niðurstöðum sem við sjáum í Písa-rannsókninni sem væri gaman að fara betur yfir við betra tækifæri. Auðvitað er mér ofarlega í huga það samkomulag sem við höfum gert við kennarasambandið og þar er m.a. einn punktur sem snertir náms- og starfsráðgjöf í skólanum. Ég tel það afar brýnt verkefni að við förum gaumgæfilega yfir þau skil, 9. og 10. bekkinn, og síðan fyrsta árið í framhaldsskóla til að reyna að leiðbeina nemendum, m.a. inn á þeirra áhugasvið og það svið sem þau telja sig spjara sig hvað best á. Hvar liggur áhuginn? Hvar er hann? Ég held að það skipti mjög miklu máli að við beinum þeim nemendum ekki í bóknám eða starfsnám sem síðan hentar ekki að fara inn á þær brautir. Það er gjarnan þannig að menn fara sjálfkrafa í bóknámsskólana án þess í rauninni að vera að hugleiða mikið hvert leiðin liggur og svo öfugt.

Það skiptir miklu máli að námsráðgjöfin sé efld á síðari stigum í grunnskóla og á fyrstu stigum í framhaldsskóla. Það er hlutur sem við ætlum að fara vel yfir. Ég tel líka rétt

að draga fram námstæknina. Hún er m.a. dregin fram í hinni títtnefndu bláu skýrslu sem snertir breytta námsskipan til stúdentsprófs. Þar er lögð mikil áhersla á að breyta námstækninni og m.a. leggja aukna áherslu á (Forseti hringir.) heimanám og heimavinnu.

Umræðu lokið.

Rekstur framhaldsskóla.

Fsp. BjörgvS, 443. mál. — Þskj. 664.

[12:37]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Samfylkingin er á þeirri skoðun að það eigi að stíga skref í átt að því að flytja framhaldsskólann til sveitarfélaga. Því beini ég þeirri spurningu til hæstv. menntamálaráðherra hvort það komi til greina að hennar mati að flytja reksturinn til sveitarfélaganna og hvort það sé til skoðunar í ráðuneytinu. Ef ekki, stendur til að taka það til sérstakrar athugunar og þá með hvaða hætti?

Að mínu mati á að stefna að því að flytja framhaldsskólann til sveitarfélaganna og mörg máttug rök mæla fyrir því. Nú á næstunni verður kynnt hér frumvarp í þinginu sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur unnið að og mun flytja. Í því frumvarpi eru fyrstu skrefin stigin í þá átt að leggja til breytingar á lögum um framhaldsskóla þess efnis að menntamálaráðherra verði heimilað að gera samning við sveitarfélög um rekstur framhaldsskóla. Mjög jákvætt mál og væri gott skref í þessa átt. Aukin samfella fyrir skólastig, eins og við höfum rætt hér í dag, er forsenda fyrir styttingu á námi og þess vegna tel ég það mjög heppilegt, til að ná þeim markmiðum sem best fram og þeim markmiðum sem við höfum rætt um í 10 spora leiðinni sem menntamálaráðherra gerði við kennaraforustuna á dögunum, að sami aðili, sveitarfélögin, reki öll skólastigin frá leikskóla og upp að háskóla.

Skólar og sveitarfélög hafi þá sjálfstæði til að fara hvert með sínum hætti. Sumir skólar séu lengri og aðrir styttri í stað miðstýringar að ofan. Gefa þeim frelsi. Fjölbreyttir skólar sem byggja á sérkennum svæða og byggða. Auk þess sem þetta mundi að sjálfsögðu styrkja sveitarfélögin mjög og hjálpa til við þá þróun að stækka þau og fækka þeim, sem hlýtur að vera pólitískt markmið í sjálfu sér. Það eru mörg dæmi um óheppilega skörun á milli ríkis og sveitarfélaga í skólarekstri eins og tónlistarnámið er ágætt dæmi um. Tónlistarnám er að mörgu leyti í hálfgerðu uppnámi og mikil óánægja ríkjandi með það fyrirkomulag. Skörunin á milli ríkis og sveitarfélaga veldur því að nemendur sem eiga ekki lögheimili í því sveitarfélagi þar sem tónlistarnámið fer fram lenda í erfiðleikum með að fá kostnaðinn við námið greiddan.

Að sjálfsögðu stefnum við að því að stækka sveitarfélögin og dreifa til þeirra verkefnum og valdi. Rekstur á framhaldsskóla er það skref sem ætti að stíga fyrst að mínu mati til að færa fleiri verkefni til sveitarfélaganna, sérstaklega þar sem rekstur þeirra á grunnskólunum hefur tekist ákaflega vel. Ég held að allir séu sammála því að rekstur grunnskólanna hefur tekið stórstígum framförum á síðustu 10 árum og framlög Íslendinga til grunnskólans hafa aukist stórkostlega á þessum 10 árum á meðan framlög til háskóla og framhaldsskóla eru undir meðallagi á kvarða OECD.

Allt er þetta mikilvægt í þessari umræðu og ég tel að við eigum að stíga þessi skref. Ég vona að hæstv. menntamálaráðherra hafi pólitískan vilja til að gera slíkt hið sama. Því beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. ráðherra hér í dag.

[12:40]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Flutningur framhaldsskólans frá ríki til sveitarfélaga hefur ekki komið til tals í viðræðum ríkis og sveitarfélaga. Engin beiðni hefur borist, hvorki frá Samtökum sveitarfélaga né einstaka sveitarfélögum, um að taka þau mál til umræðu. Slík breyting hefur ekki verið til sérstakrar skoðunar í ráðuneytinu. En eflaust má hugsa sér að taka þetta mál til sérstakrar skoðunar, ekki síst ef sveitarfélögin óska eftir því, og setja það í forgang varðandi flutning starfsemi á milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég tel hins vegar sjálf að við verðum að fara nokkuð varlega í sakirnar í þessum efnum. Vissulega dreg ég ekki í efa að stóru sveitarfélögin, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu, hefðu fulla burði til að reka framhaldsskóla af myndarbrag. En hins vegar gegnir öðru máli um sveitarfélög í hinum dreifðu byggðum landsins þar sem aðstæður eru ekki eins góðar til að reka sameiginlega framhaldsskóla og er hér á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjunum og á þéttbýlli svæðum.

Nú er liðinn um áratugur síðan að núverandi rekstrarform grunn- og framhaldsskóla var tekið upp, þ.e. að sveitarfélögin annist rekstur grunnskólanna og ríkið rekstur framhaldsskólanna. Sú skipting er að mínu áliti í samræmi við sérstöðu skólastiganna. Grunnskólinn er heimaskóli í þeim skilningi að undantekningarlítið stunda nemendur nám í grunnskóla í sinni heimabyggð. Þessu er öðruvísi farið með framhaldsskólana. Nám í framhaldsskólum er ekki skyldubundið og nemendum er frjálst að sækja um hvern þann framhaldsskóla sem þeim hugnast best. Umtalsverður hópur nemenda á framhaldsskólastigi stundar hins vegar nám í skólum sem ekki eru staðsettir í því sveitarfélagi sem þeir búa í og jafnvel ekki í næsta sveitarfélagi, eins og við vitum um dæmi af á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar sækja framhaldsskólanemendur ekki endilega á Ísafjörð heldur líka t.d. á Akureyri og hingað suður. (**GAK:** Það er út af samgöngum.)

Framhaldsskólarnir eru miklu margbreytilegri og sérhæfðari en grunnskólarnir. Margbreytileikinn og sérhæfingin er það mikil að erfitt er að sjá hvernig einstakir heimaskólar næðu að standa undir slíku. Við sjáum t.d. að á höfuðborgarsvæðinu er mikið um að nemendur fari á milli sveitarfélaga í framhaldsskólanám þrátt fyrir að þar séu stærstu skólarnir sem eiga auðveldast með að bjóða upp á fjölbreytilegt námsframboð.

Eins og skipun sveitarfélaga er háttað nú er ljóst að mörg þeirra eru of smá til að á þau sé leggjandi að annast rekstur framhaldsskóla. Vandkvæði sem biðu smærri sveitarfélaga við að halda úti nægilegri fjölbreytni í námi liggja í

augum uppi. Í dag er framhaldsskólinn öllum opinn óháð búsetu. Landið er eitt innritunarsvæði og margar námsbrautir eru einungis í boði á einum eða tveimur stöðum á landinu. Yrði framhaldsskólinn færður til sveitarfélaga er eðlilegt að spyrja hvort þar með væri verið að endurvekja svæðisskólana og hin svokölluðu vistarbönd sem slíkt kerfi hefði í för með sér. Með flutningi framhaldsskólans frá ríki til sveitarfélaga er hættan sú að hér yrði til tvískipt kerfi. Annars vegar fjölgun skóla hér á höfuðborgarsvæðinu og þéttbýlli svæðum með mörgum skólum og fjölbreyttum námsleiðum sem stæðu einungis nemendum þeirra sveitarfélaga til boða og hins vegar skólakerfi utan höfuðborgarsvæðisins með skólum er ekki gætu boðið upp á sama framboð námsleiða eða náð að sérhæfa sig líkt og er í dag í þeim skólum sem börn landsbyggðarinnar sækja. Það má í þessari umræðu vísa til reynslunnar af tónlistarfræðslunni, sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom inn á hér áðan, sem fjármögnuð er af sveitarfélögunum. Á undanförnum missirum hafa nemendur á efri stigum tónlistarnáms oft lent í vandræðum hafi þeir þurft að leita út fyrir mörk síns sveitarfélags þegar hvorki sveitarfélagið sem rekur tónlistarskólann né heimasveitarfélag nemandans hafa reynst tilbúin til að greiða kostnaðinn þrátt fyrir að það sé alveg skýrt í lögum að tónlistarnámið er á ábyrgð sveitarfélaganna. Við vitum að Reykjavíkurborg sagði upp þessum samningum og samningar hafa ekki tekist á milli sveitarfélaganna, ekki einu sinni á þessu svæði, þannig að það er ljóst að lausn þessa máls, sem við vinnum nú að í ráðuneytinu og víðar, er ekki auðveld. En þetta eru þó smávaxin vandamál í samanburði við það ef sveitarfélögin ættu að sjá til þess að rúmlega 20.000 nemendur ættu greiða leið að framhaldsskólum óháð búsetu.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að Samfylkingin virðist í þessu máli sem fleirum ekki geta gert upp hug sinn, hver stefna flokksins sé. Á sama tíma og forustumenn flokksins segja það stefnu flokksins að framhaldsskólinn eigi að færast til sveitarfélaganna fara forustumenn flokksins í sveitarstjórnum fram á það við ríkið að það taki við tónlistarnámi á framhaldsskólastigi. Þess vegna vil ég hvetja samfylkingarmenn sérstaklega til að ákveða í hvorn fótinn þeir ætla að stíga í þessum málum.

Menntamál eru í eðli sínu mjög lifandi málaflokkur og breytingar þar hafa verið hraðfara á undanförnum árum og áratugum. Við verðum auðvitað að hafa, frú forseti, vakandi auga með (Forseti hringir.) þróuninni á þessu sviði menntamála sem og öðrum. En ég er ekki sannfærð um að þetta sé forgangsmál í flutningi verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga.

[12:46]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Hér er hreyft merkilegu máli. Rétt er í því samhengi að minna á að ein af tillögum nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins var einmitt sú að færa framhaldsskóla yfir til sveitarfélaga og var því beint til ríkisstjórna og sveitarstjórna sem lengri tíma verkefni.

Í þeirri vinnu, ef ég man rétt, kom fram að í raun bannaði ekkert í lögum að sveitarfélög tækju við slíku enda höfum við dæmi um að ríkisvaldið hafi gert samning við einkaaðila meira að segja um rekstur framhaldsskóla. Nægir þar að benda á Verslunarskóla Íslands. En hér er auðvitað verið að tala um sveitarfélög. Ég er fylgjandi þessu vegna þess að í prinsippinu hef ég trú á að nærþjónustan eigi að vera sem mest hjá sveitarfélögunum. Ég tel að þetta muni auka sjálfstæði, metnað og sveigjanleika í framhaldsskólanum. Það mun auka ábyrgð heimamanna og metnað gagnvart öflugu skólastarfi og mun jafnframt stuðla að auknum fjölbreytileika.

Mig langar í lokin að varpa því til hæstv. ráðherra hvort ráðherrann mundi hafna slíkri (Forseti hringir.) beiðni ef hún kæmi frá einhverju sveitarfélagi.

[12:47]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að umræða um flutning framhaldsskólans til sveitarfélaga er ekki mikil á yfirborðinu — ég ítreka, á yfirborðinu, því hún er mikil meðal sveitarstjórnarmanna — er einfaldlega sú að sveitarfélögin eru hvekkt á fjármálalegum samskiptum við ríkið. Það er sama ástæða og liggur að baki því að farið er fram á að ríkið taki yfir tónlistarnámið.

Það er mikilvægt verkefni fyrir okkur að auðvelda flæði nemenda innan skólakerfisins alls, ekki bara í fjölbrautaskólunum þar sem merkileg hugmyndafræði gefur nemendum kost á að raða námi sínu eftir áhugasviði, hæfileikum og ytri aðstæðum. Þessari hugmyndafræði er hægt að koma á í skólakerfinu öllu, allt upp í háskóla, með því að færa sveitarfélögunum framhaldsskólana.

[12:48]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér er mikilvægu máli hreyft og ber að þakka fyrir þessa fyrirspurn hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. Það er eðlilegt að skoða það að framhaldsskólinn flytjist einnig til sveitarfélaganna. Það er líka eðlilegt að sveitarstjórnir hafi við það varnagla vegna þess að við höfum dæmi frá því þegar grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaganna um að þá kom ekki það fjármagn með sem til þurfti.

Nú vitum við öll að grunnskólarnir hafa stórbatnað á þessum tíma. En mörg lítil sveitarfélög berjast hins vegar í bökkum við að fjármagna sína skóla. Þess vegna verður að vera alveg á hreinu, ef til þess kemur að framhaldsskólinn verði einnig fluttur til sveitarfélaga, að þá komi tekjustofnar með. Það er grundvallaratriði.

Síðan er mjög mikilvægt að stofna fleiri framhaldsskóla, t.d. við utanverðan Eyjafjörð, til þess að nemendur þurfi ekki að sækja langa leið í framhaldsskóla heldur geti gert það í sinni heimabyggð.

[12:49]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Því miður virðist hæstv. menntamálaráðherra ansi neikvæð í garð sveitarfélaga almennt og full af vantrú í þeirra garð. En hæstv. ráðherra datt allt í einu í gírinn og áttaði sig á því að Samfylkingin er nokkuð sterk við stjórnvölinn í Reykjavík og þar af leiðandi brenglaði það, held ég, nokkuð dómgreind hæstv. ráðherra.

Málið er ósköp einfaldlega þetta: Horfum til sögunnar. Hæstv. ráðherra ætti að kynna sér hvernig framhaldsskólarnir almennt urðu til á landinu. Það var fyrir frumkvæði sveitarfélaganna. Sveitarfélögin byggðu upp framhaldsskólakerfið sem við búum við í dag. Ef þessu hefði verið ríghaldið í krumlu ríkisvaldsins er ég hræddur um að við hefðum ekki við þann fjölbreytileika sem við búum þó við í dag.

Mér finnst ýmislegt benda til þess að ákveðin stöðnun sé í framhaldsskólunum, því miður. Þess vegna held ég að afar mikilvægt sé að hvetja sérstaklega til þess að sveitarfélögin leiti eftir því að taka við framhaldsskólunum. Ég vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því að sú tilraun verði gerð þannig að við getum fetað okkur inn í þessa framtíð. En til þess þurfum við auðvitað að gera (Forseti hringir.) ákveðna tilraun til að við áttum okkur á reynslunni.

[12:51]

Eygló Harðardóttir:

Frú forseti. Ég vil bara taka undir það að mér finnst þetta mjög áhugaverð hugmynd sem kemur fram hjá hv. þingmanni. Ég tel að flutningur framhaldsskólanna til sveitarfélaganna mundi styðja við viðkomandi atvinnusvæði. Hægt væri að leggja áherslu á sérstöðu svæðisins og aukin tengsl við atvinnulífið, eins og hann benti á. Í mínu sveitarfélagi hefur til dæmis verið mikill áhugi á að auka sérstöðu framhaldsskólans og tengja hann enn frekar við atvinnulífið. Komið hafa fram hugmyndir um aukna verkmenntun í sjávarútvegi og uppbyggingu heimavistar. Allt þetta mundi styðja atvinnulífið. Ég vil því gjarnan hvetja hæstv. menntamálaráðherra til að skoða þessa hugmynd enn frekar og þá væntanlega í samráði við hæstv. félagsmálaráðherra og átak hans um eflingu sveitarstjórna.

[12:52]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég held að reynslan sýni að það er algild regla að því nær sem ábyrgð á opinberri þjónustu er færð notendum því betri verður hún. Við sem eigum börn í grunnskólunum í Reykjavík höfum fundið það á okkar eigin fjölskyldum hversu miklu betri skólinn hefur orðið eftir að borgin tók hann yfir.

Það kom mér á óvart að hæstv. ráðherra hafði eiginlega allt á hornum sér varðandi getu sveitarfélaganna. Ég hélt að Sjálfstæðisflokkurinn væri valddreifingarflokkur og ég hélt að hann væri lýðræðissinnaður flokkur sem vildi flytja verkefni til fólksins í landinu. Á tímabili, frú forseti, hélt ég að hæstv. ráðherra hefði orðið fyrir svipaðri reynslu og postulinn Páll, sem þá hét Sál, á leiðinni til Damaskus. Hún var hér fyrr í morgun ekkert nema blíðan og það var hægt orðið að tala við hana. Hún var hætt að hreyta ónotum í fólk. En í ræðu sinni áðan fór hún auðvitað að skammast út í Samfylkinguna fyrir að hafa tvær skoðanir á þessu máli. (**Menntmrh.:** Er það eitthvað viðkvæmt?) Hæstv. ráðherra hafði eina skoðun í upphafi málsins en þegar hún lauk ræðu sinni var hún komin á allt aðra skoðun.

[12:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði að grunnskólinn væri heimaskóli. Það er rétt. En framhaldsskólinn á líka að vera heimaskóli í sveitarfélögunum og í framtíð sveitarfélaganna, sterkra sveitarfélaga, stærri en núna, á auðvitað að vera framhaldsskóli. Það er ekki þannig að slíkur framhaldsskóli verði eitthvað minna fjölbreyttur en hann yrði hjá ríkinu. Sveitarstjórnarmenn munu örugglega sjá til þess að reknir verði framhaldsskólar sem gefa möguleika á fjölbreytni. Það er engin ástæða til að koma í veg fyrir að fólk geti valið á milli skóla þó skólarnir fari til sveitarfélaga. Þess vegna held ég að hæstv. ráðherra ætti að vinna að þessu máli. Hún ætti að hafa mjög góða skoðun á því og láta skoða málið. Það liggur á að gera það því við þurfum auðvitað að efla og stækka sveitarfélögin innan skamms og sem allra fyrst þrátt fyrir (Forseti hringir.) að ríkisstjórnin og hæstv. félagsmálaráðherra hafi klúðrað stækkunarmöguleikunum í bili.

(**Forseti** (JBjart): Forseti biður hv. þingmenn að virða tímamörkin. Þau eru stutt. Þetta eru stuttar athugasemdir við fyrirspurnir.)

[12:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þegar ég gekk í salinn heyrði ég hæstv. menntamálaráðherra tala um að Vestfirðingar sæktu ekki almennt um að fara í framhaldsskólann á Ísafirði. Ég kallaði fram í að það væri vegna samgangna. Ég held að það sé akkúrat þannig. Samgöngur standa því fyrir þrifum að fólk á suðurfjörðum Vestfjarða nýti sér framhaldsskólann á Ísafirði.

Ég er hins vegar mjög sammála því sem hér kemur fram og hefur verið rætt hér, að það eigi að reyna að færa framhaldsskólana til sveitarfélaga. Það sem stendur í veginum er hins vegar að finna því farveg svo og samkomulag við ríkið, sérstaklega er snýr að fjárveitingum. Menn hafa svolítið brennt sig á tilfærslu grunnskólans og á þeim verkum sem þurfti að fara þar í gegnum. Það fylgdi því ekki nægt fé í upphafi þó það sé kannski orðið nú. Þess vegna stíga sveitarstjórnarmenn þessi skref varlega. Umræðan um sameiningu sveitarfélaga einkenndist einmitt af örðugleikunum um skiptingu fjárins.

[12:56]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Úrtölur hæstv. ráðherra undir lok ræðunnar yfir þeirri hugmynd að færa framhaldsskólann til sveitarfélaganna þóttu mér með nokkrum ólíkindum. Þær voru algerlega óþarfar. Þetta voru nákvæmlega sömu rökin og voru notuð gegn flutningi grunnskólans á sínum tíma. Ég vil bara segja við hæstv. ráðherra: Hlustaðu minna á embættismennina og taktu um málið pólitíska ákvörðun. Fyrsta skrefið er að gera reynslusamning við sveitarfélag, fá heimild til þess á þinginu og vinna sig þannig áfram að markinu. Það er alveg á hreinu að það mundi leiða til þess að framhaldsskólinn allur yrði fluttur yfir.

Mér var nokkuð brugðið yfir að heyra hve illa hæstv. ráðherra tók í hugmyndina svona þegar leið á ræðuna. Hún talaði sig upp í að þetta væri ekki mál sem kæmi, að hennar mati, nánast til greina þó svo að mátt hefði skilja hana sem svo, hæstv. ráðherra, að bærist formleg beiðni frá sveitarfélögunum yrði málið skoðað. Allir vita að undir liggur mikill vilji hjá sveitarfélögunum, mörgum hverjum a.m.k., til að taka að sér fleiri verkefni og taka yfir rekstur framhaldsskólans þó svo að víða strandi á vantrú á milli ríkis og sveitarfélaga og togstreitunni yfir tekjustofnum og fjármögnun á milli ríkis og sveitarfélaga. En að sjálfsögðu á að stefna að því að flytja skólann yfir og gefa honum þannig frelsi til að þróast. Það er alveg örugglega skólanum til bóta og við mundum fá miklu betri framhaldsskóla út úr því.

Úrtölur hæstv. ráðherra voru tæknikratismi. Þetta var bara undansláttur, tæknikratismi og undansláttur. Þessi úrlausnarefni er að sjálfsögðu hægt að ná utan um fari slík vinna í gang af alvöru. Ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að þetta mikilvæga mál komist á dagskrá, ekki síst af því að nú er kosið til sveitarstjórna í vor — það er bara gott að þetta mál fari þar inn í umræðuna — og beiti sér fyrir því að framhaldsskólinn verði færður frá ríki til sveitarfélaga.

[12:58]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Aðalatriðið er að hafa hér öflugt skólakerfi, fjölbreytt skólakerfi, öflugt og burðugt, til að það standist samkeppni við aðrar þjóðir. Ég mun ekki útiloka það að framhaldsskólinn fari til sveitarfélaga. En þetta er lykilatriði. Menn skulu ekki fara blindir þá vegferð að láta framhaldsskólann yfir til sveitarfélaganna. Það er ekki hægt að bera þetta saman við grunnskólann því í grunnskólanum er um skólaskyldu að ræða, ekki í framhaldsskólanum.

Við skulum líka hafa í huga að sveitarfélögin eru á engan hátt hlutlausir áhorfendur að þróun náms á framhaldsskólastigi. Þau eru oft og tíðum frumkvöðlar eins og varðandi menntaskóla Borgarfjarðar og menntaskóla við utanverðan Eyjafjörð. Þau eru oft frumkvöðlar og þátttakendur í að koma nýjum skólum á legg. Ég vil líka draga það fram að skólanefndir allra framhaldsskólanna eru að mestu skipaðar heimamönnum þannig að sveitarfélögin koma að þessu. Menn verða að horfa á heildarmyndina. Ég spyr: Ef menn geta ekki leyst úr einföldu máli varðandi tónlistarskólana — sveitarfélagið hér, þ.e. höfuðborgin er með allt niður um sig í því máli. Tónlistarskólanemendur í dag eru að senda kæru inn í félagsmálaráðuneyti. (**JÁ:** Hefur þú gert eitthvað í þessu?) Ef sveitarfélögin, hv. þingmaður, geta ekki leyst þetta mál sín á milli hér á höfuðborgarsvæðinu, hvernig í ósköpunum ætla þau þá að leysa millifærslu fyrir 20 þúsund nemendur? Ég hefði kannski skilið það ef þéttbýlisþingmaður hefði komið fram með þessa tillögu. En að landsbyggðarþingmaður, þar sem líklegt er að slík breyting mundi leiða til tvískipts kerfis, eins og ég gat um áðan, skuli koma með þetta fram, vekur ákveðna undrun.

Ég ítreka að það er ekki aðalatriðið hver rekur skólann, hvort það er ríki, sveitarfélög eða einkaaðilar. Aðalatriðið er að halda uppi öflugu skólakerfi, fjölbreyttu skólakerfi, þannig að við getum útskrifað stúdenta sem jafnast á við þá bestu sem finnast.

Umræðu lokið.

Svæðisútvarp á Vesturlandi.

Fsp. AKG, 486. mál. — Þskj. 717.

[13:00]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Rekstur svæðisútvarps á sér alllanga sögu á Íslandi. Nú er rekið svæðisútvarp fyrir Norðurland, Austurland, Vestfirði og Suðurland en ekki á Vesturlandi. Mér er kunnugt um að almenningur og sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi hafa lýst áhuga á að fá svæðisútvarp á svæðið enda er reynsla þeirra sem njóta þeirrar þjónustu sú að hún sé ekki einungis gagnleg heldur mjög skemmtileg.

Ég minnist þess með mikilli ánægju þegar farið var að útvarpa á landsrásunum efni úr svæðisútvarpi að austan og vestan. Maður fékk fréttir og lýsingar á lífinu á Austurlandi og Vestfjörðum, sem maður hefði alls ekki komist á snoðir um ella. Það hefur verið mjög áhugavert og skemmtilegt.

Vesturland er eini landshlutinn sem nýtur ekki þessara aðstæðna. Nú eru komin tvö ár síðan sett var upp svæðisútvarp á Suðurlandi, eftir að Sunnlendingar höfðu barist fyrir svæðisútvarpi um langa hríð. Ég vona að niðurstaðan verði ekki sú að Vestlendingar þurfi að berjast jafnlengi fyrir sínu útvarpi og þeir fái að sitja við sama borð og aðrir landsmenn hvað varðar svæðisútvarp. Ég spyr því hæstv. menntamálaráðherra:

Hefur ráðherra hafið undirbúning að stofnun svæðisútvarps á Vesturlandi og ef svo er, hvenær er fyrirhugað að það taki til starfa?

[13:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir spyr mig hvort ég hafi hafið undirbúning að stofnun svæðisútvarps á Vesturlandi og ef svo er, hvenær fyrirhugað sé að það taki til starfa? Ef hv. þingmaður gerir ráð fyrir því að umrætt svæðisútvarp verði á vegum Ríkisútvarpsins þá er rétt að benda á að í lögum um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, er skýrt kveðið á um sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Af því leiðir að menntamálaráðherra hefur ekki umboð til að hefja undirbúning að stofnun svæðisútvarps á vegum Ríkisútvarpsins, hvort heldur er á Vesturlandi eða annars staðar á landinu. Rétt er að vekja athygli á því að það eru útvarpsstjóri og útvarpsráð sem taka slíkar ákvarðanir.

Hins vegar vil ég geta þess að Ríkisútvarpið hefur upplýst að undirbúningur að stofnun svæðisútvarps á Vesturlandi sé ekki hafinn. En sá kostur hefur að sjálfsögðu verið skoðaður. Hins vegar er eðlilegt að ekki sé að vænta neinna ákvarðana um frekari starfsemi á vegum stofnunarinnar að svo stöddu máli á meðan rætt er um framtíðarskipan útvarpsmála og frumvarp um Ríkisútvarpið, sem er nú til

meðferðar og umfjöllunar hjá hv. menntamálanefnd Alþingis.

[13:04]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að reynslan af svæðisstöðvum Ríkisútvarpsins sé ákaflega góð og sú starfsemi sem þar fer fram skipti mjög miklu máli, ekki bara fyrir þá landshluta þar sem stöðvarnar eru starfræktar heldur líka fyrir þjóðina alla. Ég hef fylgst grannt með þessum stöðvum og verð að segja að ég er mjög ánægður með efnið á öllum þessum stöðum. Það styrkir sjálfsvitund og sjálfstraust viðkomandi landshluta þegar fréttir berast af svæðinu, t.d. í kvöldfréttatímum sjónvarps eða fréttatímum útvarpsins. Ég held að í byggðalegu tilliti hafi þetta mjög jákvæð áhrif og kannski meiri áhrif en við gerum okkur grein fyrir. Ég mundi vilja hvetja Ríkisútvarpið til að íhuga vandlega að koma upp slíkri stöð á Vesturlandi. Það er full ástæða til að svo verði gert.

[13:06]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki undarlegt að Vestlendingar sækist eftir því að fá svæðisútvarp því að þeir sem hafa kynnst þjónustu svæðisútvarpanna, fylgst með dagskrárgerð þeirra og fréttum sem þar eru unnar, sakna þess þegar þeir koma í aðra landshluta, að þar skuli ekki vera útvarpsstöð sem fer svipuðum höndum um efnið og gert er á svæðisstöðvunum.

Við fáum iðulega fréttir á svæðisstöðvunum sem hvergi heyrast annars staðar. Þar er fræðsla um ýmis málefni innan héraðs og koma oft ekki í fréttir fyrr en þá löngu síðar á landsstöðvarnar. Ég held að þetta sé ákaflega gott til að byggja undir þá reynslu manna að mikið er um að vera á landsbyggðinni og eðlilegt sé að þaðan berist fréttir. Ég hvet menntamálaráðherra til að leggja þessu máli lið.

[13:07]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Svæðisútvörpin hafa fyrir löngu sannað gildi sitt sem mikilvægur miðill í heimahéraði. Nú eru rúm 20 ár síðan fyrsta svæðisútvarpið var stofnsett á Akureyri. Þess vegna finnst mér eðlilegt að sett sé upp svæðisútvarp á Vesturlandi einnig.

Hins vegar er sorglegt að heyra hæstv. menntamálaráðherra segja að með því frumvarpi sem liggur fyrir, um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins, séu allar þessar hugmyndir settar á ís. Ég kvíði satt best að segja þeim tíma, ef svo óheppilega vildi til að þetta frumvarp næði fram að ganga, vegna þess að þá er augljóst að svæðisútvörpin verða ekki sett í forgang. Menn hafa jafnvel rætt um að hluta útvarpið að einhverju leyti niður og ég held að það yrði afar slæm þróun.

[13:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með þeim sem hafa talað um mikilvægi svæðisútvarpanna á landsbyggðinni en svæðisútvörpin hafa líka verið mjög mikilvæg fyrir Ríkisútvarpið sjálft. Það er full ástæða til að menn gefi því gaum.

Það er hins vegar athyglisvert að hæstv. menntamálaráðherra sagði að málin væru eiginlega komin í dróma með frumvarpi um Ríkisútvarpið. Í því frumvarpi er vel að merkja tekið þannig til orða að Ríkisútvarpið skuli reka a.m.k. eina rás. Hvað skyldi það nú þýða? Það þýðir a.m.k. að menn geta látið sér detta í hug að það verði einungis á einni rás. Á grundvelli þess geta menn vart gert ráð fyrir því að tekið verði undir það að bæta við stöðvum um allt land. Ég bið hæstv. menntamálaráðherra að svara því skýrt hvort ætlunin sé að draga úr starfseminni að því leyti.

[13:10]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Pólitísk markmið ríkisstjórnar koma fram í frumvörpum og í ríkisútvarpsfrumvarpinu, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson gat um, er kveðið á um að ríkið skuli a.m.k. reka eina hljóðvarpsrás. Það geta menn svo túlkað uppi í Ríkisútvarpi, hvort selja eigi Rás 2 eða leggja hana niður og um afdrif svæðisútvarpanna geta menn rétt ímyndað sér.

Reynslan af svæðisútvörpunum er góð. Fyrir nokkrum missirum hóf Ríkisútvarpið rekstur á svæðisútvarpi á Suðurlandi, sem er mjög gott útvarp, fínasta útvarp. Það hefur skipt máli. Það flytur öflugar fréttir af svæðinu og maður heyrir viðhorf og sjónarmið sem maður mundi ekki heyra annars. Þetta efldi mjög miðlun á svæðinu og er mjög gott og mikilvægt byggðamál sem þjappar fólki saman.

Það væri því ágætt að þau skilaboð kæmu frá þinginu að svæðisútvörpin skuli lifa, þeim skuli fjölgað og auðvitað væri gott að sjá svæðisútvarp á Vesturlandi, rétt eins og á Suðurlandi þar sem byggðirnar eru sambærilega að mörgu leyti.

[13:11]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svarið en verð að segja að ég er hálfsorgmædd yfir því. Það veldur mér djúpum vonbrigðum, ekki endilega vegna þess að ég hafi búist við því að hæstv. menntamálaráðherra ætlaði að færa Vestlendingum svæðisútvarp á silfurfati á morgun eða hinn daginn heldur virtist mér koma fram algert afskiptaleysi af hálfu hæstv. ráðherra að því leyti. Hún segir að hún hafi ekki heimild til að skipta sér af því hvort sett verði upp svæðisútvarp eða ekki.

Það er að vísu hárrétt hjá hæstv. ráðherra að Ríkisútvarpið hefur ákveðið sjálfstæði. En allir eldri en tvævetur hljóta að gera sér grein fyrir því að hæstv. ráðherra er yfirmaður stofnunarinnar og hlýtur að geta beitt sér og látið í ljós ákveðinn vilja.

Menn hafa gefið mat sitt á starfsemi svæðisútvarpa, sem hefur verið mjög gott. Við sem fáum að njóta svæðisútvarpa vitum hve mikilvæg þau eru. Það er hárrétt sem kom fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að svæðisútvörpin eru mikilvæg fyrir heildarrekstur Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið á að vera útvarp allra landsmanna en ekki einstefnumiðill. Svæðisstöðvarnar miðla til Ríkisútvarpsins sem miðlar síðan efni á landsvísu.

Ég vona að hæstv. menntamálaráðherra muni þrátt fyrir

allt beita sér fyrir því að sett verði upp svæðisútvarp á Vesturlandi. En til þess þarf pening og við vitum það sem hér erum að Ríkisútvarpið hefur verið svelt um langt skeið.

[13:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég tel að í frumvarpinu sem liggur fyrir þinginu, um hlutafélagavæðingu RÚV, felist tækifæri til að efla og styrkja Ríkisútvarpið um land allt, m.a. til að koma upp svæðisútvarpi, sé það talin besta leiðina til að tryggja menningar- og almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins, sem skiptir okkur svo miklu máli.

Ég tek undir það með þingheimi að reynslan af svæðisútvörpunum er góð. Ég man að þegar ég var sjálf starfsmaður Ríkisútvarpsins kom ég að því að stofna eitt af svæðisútvörpunum, þ.e. svæðisútvarp Suðurlands. Ég held að það hafi staðið vel fyrir sínu sem og önnur svæðisútvörp. Reynslan af þeim er góð.

Það er líka rétt að ég hef ekki heimild til að segja útvarpinu að fara af stað í rekstur svæðisútvarps á Vesturlandi. Ég hef skoðun á því og tel að svæðisútvörpin hafi eflt menningarhlutverk Ríkisútvarpsins og stuðlað að sátt um rekstur þess. Það hefur ekki alltaf verið sátt um rekstur þess.

En ég vil geta þess, út af orðum hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur, að Ríkisútvarpið hefur ekki alltaf verið svelt. Það er ekki rétt. Mig rekur ekki minni til þess að farið hafi verið fram á aukafjárveitingu vegna stofnunar svæðisútvarpsins á Suðurlandi, svo ég reyni að kafa í eigin reynslubrunn. En skilaboð þingsins til Ríkisútvarpsins virðast skýr. Ég held að það sé bara af hinu góða. Skilaboðin eru þau að Ríkisútvarpið eigi að rækta vel menningarhlutverk sitt. Það getur falist í því að starfrækja svæðisútvarp.

Umræðu lokið.

Þjónusta svæðisútvarps.

Fsp. AKG, 487. mál. — Þskj. 718.

[13:15]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Við erum enn að ræða um svæðisútvarp en eins og fram kom í máli fjölmargra þingmanna, og reyndar allra þeirra sem hér töluðu áðan, eru svæðisútvörp mjög gagnlegur og merkilegur miðill og gegna mikilvægu hlutverki. Svæðisútvörpin afla sér efnis á mismunandi vegu. Hjá þeim eru fastir starfsmenn, mismargir eftir umfangi starfseminnar á hverjum stað, á Egilsstöðum, Akureyri, Selfossi og Ísafirði, en auk fastra starfsmanna er um að ræða fréttaritara úti í byggðum sem eru staðsettar fjær aðalstöðvunum, þangað sem erfiðara er fyrir fastráðna fréttamenn eða starfsmenn að sækja fréttir og jafnframt erfiðara að komast á snoðir um ef eitthvað er um að vera. Það er engu að síður mjög mikilvægt að fréttir og efni berist frá þeim svæðum þjónustusvæðis viðkomandi stöðvar sem fjær liggja aðalstöðvunum, reyndar höfum við oft heyrt kvartað yfir því að það sé ákveðin tilhneiging til þess að efnisumfjöllun og fréttir séu frekar frá þeim stöðum þar sem aðalstöðvarnar eru eða stöðum sem næst þeim liggja.

Mér er líka kunnugt um að það hefur verið dregið úr starfsemi fréttaritara og reyndar hefur föstum starfsmönnum utan starfsstöðvanna verið fækkað á undanförnum árum, sem gerir aftur hlutverk fréttaritaranna enn þá mikilvægara.

Ég legg því nokkrar spurningar fyrir hæstv. menntamálaráðherra:

1. Hve hátt hlutfall af fréttaefni svæðisstöðva Ríkisútvarpsins er frá svæðum utan byggðarlagsins þar sem viðkomandi stöð er (Egilsstaða, Akureyrar, Selfoss, Ísafjarðar), sundurliðað eftir stöðvum og eftir hljóðvarpi og sjónvarpi?

2. Hve mikið af því efni er unnið af fréttariturum hljóðvarps annars vegar og sjónvarps hins vegar?

3. Hve háu hlutfalli af fréttaefni svæðisstöðvanna er útvarpað á landsrás Ríkisútvarpsins?

[13:18]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hv. þingmaður hefur lagt fyrir mig fyrirspurn á þskj. 718, um þjónustu svæðisútvarps, og er fyrirspurnin í þremur liðum eins og hv. þingmaður kom inn á.

„1. Hve hátt hlutfall af fréttaefni svæðisstöðva Ríkisútvarpsins er frá svæðum utan byggðarlagsins þar sem viðkomandi stöð er (Egilsstaða, Akureyrar, Selfoss, Ísafjarðar), sundurliðað eftir stöðvum og eftir hljóðvarpi og sjónvarpi?

2. Hve mikið af því efni er unnið af fréttariturum hljóðvarps annars vegar og sjónvarps hins vegar?

3. Hve háu hlutfalli af fréttaefni svæðisstöðvanna er útvarpað á landsrás Ríkisútvarpsins?“

Ég leitaði eftir upplýsingum frá Ríkisútvarpinu og í svari þess kemur fram að fréttir sem Ríkisútvarpið flytur, hvort heldur er í sjónvarpi eða útvarpi, í svæðisútvarpi eða á landsrás, eru ekki flokkaðar með þeim hætti að unnt sé að svara fyrirspurninni. Á svæðisstöðvum Ríkisútvarpsins á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum eru fastráðnir fréttamenn sem vinna fyrir útvarpið, sjónvarpið og viðkomandi svæðisstöð og því er ógerlegt að gera greinarmun á milli fréttaritara hljóðvarps annars vegar og sjónvarps hins vegar.

Á Selfossi vinna tveir menn við fréttaöflun fyrir Ríkisútvarpið, annar fyrir Fréttastofu sjónvarps og hinn fyrir útvarpið en af framansögðu leiðir að það er ekki hægt að gera grein fyrir hvernig framlög þeirra skiptast.

Hvað síðasta lið fyrirspurnarinnar varðar verð ég enn og aftur að vísa til þess að slíkar athuganir hafa ekki verið gerðar af hálfu Ríkisútvarpsins. Það krefðist gríðarlegrar vinnu að fara nákvæmlega í gegnum allar fréttir til að finna slíkt út auk þess sem það væri alltaf túlkunaratriði því frétt um tiltekinn atburð eða málefni er að jafnaði sérstaklega unnin fyrir hvern miðil.

Niðurstaðan er því í stuttu máli sú að því miður, frú forseti, reyndist ekki gerlegt að verða við ósk hv. fyrirspyrjanda og veita svör við spurningum hans því að upplýsingar

af því tagi sem óskað var eftir liggja ekki fyrir hjá Ríkisútvarpinu.

[13:21]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég er nú svo hógvær maður að eðlisfari að ég ætlaði bara að bíða eftir hv. þm. Merði Árnasyni en nú hef ég komist að og við erum aftur að ræða svæðisútvörp. Auðvitað er leitt að geta ekki fengið svör við þeim spurningum sem hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir spyr en það er rétt að ítreka það hversu mikilvægar svæðisstöðvarnar eru. Þær ná yfir stórt svæði, á Egilsstöðum t.d. nær það alveg frá Vopnafirði og suður á Höfn í Hornafirði og það er mjög mikilvægt að hafa fréttaritara á öllum þessum svæðum. Ég held að við ættum frekar að beita okkur fyrir því að efla þessar stöðvar og efla þjónustu þeirra. Þær eru mikilvægar, ekki bara á hverju svæði fyrir sig heldur líka á landsrásinni. Sem betur fer er efni sem fjallað hefur verið um í svæðisútvarpinu oft tekið inn á landsrásina og þess vegna er full ástæða til þess (Forseti hringir.) að efla svæðisútvörpin frekar en hitt.

[13:22]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þó að hæstv. menntamálaráðherra hafi orðið að melda pass í svörum við þeim fyrirspurnum sem voru lagðar fram þá held ég að það dyljist engum sem á annað borð fylgist með efni Ríkisútvarpsins að svæðisstöðvarnar skipta mjög miklu máli fyrir fréttaöflun inn á fréttastofurnar hér í Reykjavík, bæði Fréttastofu sjónvarps og líka Fréttastofu útvarps. Ég er sannfærður um að fréttir sem koma utan af landi eru nær alltaf gott efni, góðar fréttir sem vekja áhuga og umtal.

Þó að hér sé búið að stofna eins konar borgríki er ansi grunnt í sveitamanninn í öllum Íslendingum og við viljum gjarnan fá fréttir utan af landi, af fólkinu sem þar býr og þeirri lífsbaráttu sem það heyr.

Ég vil svo líka nefna annað sem er mjög mikilvægt til viðbótar við þessi svæðisútvörp en það eru héraðsfréttablöðin. Það þarf að efla þau með einhverjum hætti en það er efni í aðra umræðu.

[13:24]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að benda á tvennt í sambandi við þessa fyrirspurn frá hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur. Það fyrra er að líklega er hann vanmetinn sá hlutur frétta sem kemur frá starfsmönnum svæðisstöðva Ríkisútvarpsins og ratar inn í almennar fréttir útvarpsins. Ég held að menn megi ekki horfa fram hjá því að fréttaritarar eða starfsmenn svæðisútvarpa vinna ekki einvörðungu að svæðisfréttum heldur að almennri fréttaöflun fyrir Ríkisútvarpið. Mér finnst fyrirspurnin bera með sér að ekki sé hugað að því.

Ég vil einnig beina því til hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að fréttir svæðisstöðvanna verði birtar á netinu með sama hætti og venjulegir fréttatímar (Forseti hringir.) þannig að menn geti hlustað á þær á netinu síðar.

[13:25]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja eins og er að ég held að ég hafi ekki heyrt svar sem er jafnþunnt í roðinu og svar hæstv. menntamálaráðherra hér áðan. Það var eiginlega aldeilis óvanalegt og ótrúlegt að ég fékk ekki svar við neinni af spurningunum sem ég varpaði fram. Sú staðreynd vekur auðvitað upp enn þá fleiri spurningar, þ.e. telst það ekkert mikilvægt hjá Ríkisútvarpinu að fylgjast með því hvernig þessari starfsemi er háttað innan svæðanna? Er það ekki á neinn hátt skoðað hvernig svæðisstöðvarnar sinna hlutverki sínu og er yfir höfuð ekkert eftirlit með því?

Mér þykir þetta leitt því að ég held að með slíku eftirliti og slíkri skoðun væri hægt að bæta starfsemi svæðisstöðvanna. Þó að þær séu góðar eru þær ekki algóðar, það er hægt að bæta þær, m.a. með því að efla starfsemi fréttaritara, eins og hér hefur komið fram, og skapa þeim færi á að sinna enn þá betur hlutverki sínu, að miðla fréttum innan svæðanna og frá svæðunum inn á landsrásirnar.

[13:27]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég met það þannig að Ríkisútvarpið hafi frekar kosið að setja það fjármagn sem ellegar færi í eftirlit af því tagi sem hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir er að kalla eftir, þ.e. eftirlit með því hvernig svæðisstöðvarnar sinna hlutverki sínu eins og hv. þingmaður orðaði það, í að styrkja svæðisstöðvarnar sjálfar og reyna að hlúa að þeim. Ég get ekki annað en sagt að í megindráttum eru svæðisútvörpin starfrækt með nokkuð öflugum hætti og svæðisstöðvarnar sinna ákveðinni þjónustu sem er mjög eftirsótt.

Ég er því nokkuð sannfærð um það, um leið og mér þykir það leitt að geta ekki svarað nákvæmlega fyrirspurn hv. þingmanns, að þeim kostnaði sem hlytist af því að halda uppi slíku eftirliti væri betur varið í dagskrárgerð innan Ríkisútvarpsins.

Ég vil einnig vekja athygli á því að á vefnum ruv.is er hægt að nálgast fréttir svæðisstöðvanna en engu að síður er ábending hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar athyglisverð, Ríkisútvarpið gæti hugað að því að leyfa hlustendum um allt land að njóta þess sem kemur fram á svæðisstöðvunum með því að tengjast inni á vefnum hljóðinu líka.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Svör við fyrirspurnum.

[13:28]

Mörður Árnason:

Forseti. Í framhaldi af stuttri komu minni áðan ákvað ég að taka upp nýtt mál undir öðrum lið, fundarstjórn forseta, til að vekja athygli á því að í 49. gr. þingskapa segir fyrir um það að ef alþingismaður óskar upplýsinga gerir hann það með fyrirspurn og afhendir hana forseta. Í þingsköpum segir, með leyfi forseta:

„Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði og mál

sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli.“

Það sem næst gerist er það að forseti ákveður hvort fyrirspurnin skuli leyfð eða ekki. Ég hef aldrei verið forseti en ég geri ráð fyrir því að við þá ákvörðun miði forseti við það sem segir fyrr í 49. gr. um það hvort fyrirspurnin sé skýr, hvort hún sé um afmörkuð atriði, hvort hún sé um mál sem ráðherra beri ábyrgð á og hvort hún sé þannig að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Þegar forseti hefur leyft fyrirspurnina er hún send ráðherra.

Ég tel, forseti, að ráðherra hafi ekki heimild til þess samkvæmt þingsköpum að svara síðan ekki fyrirspurninni þegar honum hefur borist hún úr höndum forseta. Ef upplýsingar liggja ekki fyrir eða ef erfitt er að taka þær saman þá tel ég að ráðherra eigi að hafa samband við forseta og þann þingmann sem spyr, skýra frá því og athuga hvernig hægt er að svara fyrirspurninni með fullnægjandi hætti miðað við þá upplýsingastöðu sem fyrir liggur. Þingmaður og forseti gætu líka fallist á að gefinn sé lengri frestur en áskilinn er í þingsköpum, og er yfirleitt ekki fylgt nákvæmlega, vegna þess að verið sé að safna upplýsingum.

Ég vil gera þessa athugasemd í fullri kurteisi og ég vil segja það vegna þess að hér er einn ráðherra á ferð, hæstv. menntamálaráðherra, að þetta er ekki í fyrsta sinn í vetur sem það kemur fyrir að ráðherra svarar í raun og veru engu, annaðhvort í svari sínu við munnlegri eða skriflegri fyrirspurn, án þess að tala við kóng né prest, án þess að láta forseta vita eða þann þingmann sem fyrir þessu verður. Þetta dregur auðvitað úr þessum skemmtilega og fróðlega lið í starfi þingsins og er að mínu viti andstætt þingsköpum.

[13:31]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hér er hreyft við miklu stærra máli en svo að hægt sé að svara þessu hér og nú varðandi fyrirspurnirnar almennt. Ég tek undir með hv. þm. Merði Árnasyni að fyrirspurnirnar eru afskaplega mikilvægt tæki fyrir þingmenn til að koma bæði ábendingum og upplýsingum ekki síst á framfæri. En stundum er það einfaldlega þannig að hvorki stofnanir né þá ráðuneytin hafa burði til þess eða svigrúm að svara öllum spurningum. Ráðuneytin leitast ávallt við að fá sem ítarlegastar upplýsingar. En stundum eru einfaldlega spurningarnar þannig að ekki er hægt að svara þeim með þeim hætti sem þó ráðherra hefði kosið. Þannig er þetta nú einu sinni og öllum þeim fyrirspurnum sem ég hef fengið sem ráðherra menntamála hef ég reynt að svara eftir bestu getu og kunnáttu. Ráðherrar eiga að reyna að gera þetta sem skjótast. Stundum tekur lengri tíma að afla upplýsinga. Þá er oftar en ekki haft samband við þingmenn. Stundum ferst það fyrir. En ég tek undir með hv. þm. Merði Árnasyni að þetta er mikilvægt tæki sem ráðherrar verða að reyna að sinna eftir bestu sannfæringu og getu. En stundum er það einfaldlega þannig að það minnir á nokkuð sem er til í lögfræðinni og heitir ómöguleiki og í þessu tilviki var ómöguleiki fyrir hendi til að svara þessari fyrirspurn.

[13:32]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég hef ekki rekist á lögfræðilega hugtakið ómöguleika. Hins vegar þekki ég ákaflega fínt lögfræðilegt hugtak sem haft er úr frönsku og er kallað „force majeure“. Vera kann að hér hafi „force majeure“ verið á ferðinni hjá hæstv. menntamálaráðherra. Yfirleitt er átt við náttúruhamfarir, styrjaldir, fráfall eða andlát manna eða þá atburði sem gjörsamlega koma í veg fyrir að hægt sé að fylgja þeim reglum sem áður hafa verið settar og eru í þessu tilviki okkar 49. gr. þingskapa sem eru lög í landinu og leiðbeina okkur þingmönnum um það hvernig við eigum að haga okkur við þingstörfin.

Ég segi ósköp einfaldlega: Svar hæstv. ráðherra menntamála við fyrirspurn hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur í þessu tilviki var ekki sæmandi. Þegar ráðherra fær fyrirspurn úr höndum forseta þingsins sem hefur leyft fyrirspurnina á þeim forsendum sem gert er ráð fyrir í 49. gr. og kemst að því að ekki sé hægt að svara fyrirspurninni með fullnægjandi hætti þá ber honum að hafa samband við forsetann og þingmanninn og skýra frá stöðu málsins og athuga hvernig hægt sé að bæta úr.

Í þessu tilviki er alveg augljóst, úr því að ekki lá fyrir hlutfallsleg niðurstaða sem hægt væri að svara hér, að hægt var að fara fram á það við Ríkisútvarpið, einstaka forstöðumenn svæðisstöðva, fréttastjórann eða útvarpsstjórann, að gefa þó eitthvert mat á því, eitthvert skynmat sem menn auðvitað hafa í kollinum, þeir sem vinna við þessa hluti, hvernig þessu væri háttað. Það var ekki reynt. Þetta virðist hafa verið þannig að ráðherra eða réttara sagt ráðuneytið, ráðuneytisstjórinn eða hver sem um það vélar, sendir þessa fyrirspurn einhverjum starfsmanni sem sendir það Ríkisútvarpinu og Ríkisútvarpið segist ekki hafa þessar tölur, starfsmaðurinn skrifar það niður og síðan er menntamálaráðherra rétt þetta svar sem ekkert er áður en hann fer niður í þing á miðvikudögum. Þetta er ekki sæmandi, því miður. Hæstv. menntamálaráðherra hefur staðið sig vel — ég tek það fram — við að svara fyrirspurnum. Hún fær mjög margar og svarar þeim yfirleitt með fullnægjandi hætti. En þetta er ekki hægt. Ég vek athygli á þessu sérstaklega vegna þess að það hefur gerst oft á þessu þingi að menn hafa hagað sér svona, bæði í svari við munnlegum og skriflegum fyrirspurnum. Ég hvet forseta til að taka þetta upp í forsætisnefnd og við formenn þingflokka.

[13:35]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins bera blak af hæstv. menntamálaráðherra í þessari umræðu. Ég held að menn verði að horfa á málið eins og það liggur fyrir. Forseti hefur heimilað fyrirspurnina. Það má deila um hvort forseti hefði átt að heimila fyrirspurnina eins og hún er. Hún er ansi víðtæk. Bara með því að lesa sérstaklega 1. tölulið þá eiga menn að gera sér ljóst að mjög ólíklegt er að til séu upplýsingar um það sem spurt er um. Ég hygg að kannski hefðu bæði fyrirspyrjandi og forseti átt að huga betur að fyrirspurninni áður en framlagning var heimiluð. En hún var heimiluð og þá ber ráðherra að svara, mæta hér og svara fyrirspurninni. Hún á ekkert val í þeim efnum þannig að

hæstv. ráðherra er sett í þá stöðu að hún verður að koma hér og svara fyrirspurnunum á þann veg sem best hún kann og hún fær þessar upplýsingar, þ.e. að umbeðnar upplýsingar liggi ekki fyrir. Ég held að það sé ákaflega erfitt að hallmæla ráðherra fyrir það. Ég get að minnsta kosti ekki tekið undir það hjá hv. þm. Merði Árnasyni þó ég á hinn bóginn taki undir athugasemd hans í upphafi umræðunnar um að líklega hefði forseti átt að hugsa betur um efni fyrirspurnarinnar áður en hann heimilaði hana og ræða það kannski við fyrirspyrjanda og breyta henni þannig að hún væri afmarkaðri og meiri líkur á því að þær upplýsingar sem um er beðið lægju fyrir.

[13:37]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er alltaf mjög áhugavert að ræða þingsköpin á hinu háa Alþingi. Þetta eru þau lög sem við eigum að fara eftir við þingfundi. Þetta eru lög.

Ég hef verið að skoða þingsköpin og 49. gr. sem hv. þm. Mörður Árnason las upp úr áðan. Ég sé við þessa skoðun að í raun liggur þetta mikið í hendi forseta þingsins. Forseti þingsins tekur við fyrirspurninni frá þingmanni samkvæmt þessum lögum. Fyrirspurnin á að vera skýr, um afmörkuð atriði og mál sem ráðherra ber ábyrgð á og það á að miða við að hægt sé að svara henni í stuttu máli. En það er forseti sem tekur við fyrirspurninni og sendir hana síðan áfram. Eftir að forsetinn er búinn að samþykkja fyrirspurnina þá fæ ég ekki betur séð en ráðherrann verði hreinlega að mæta hingað og svara henni hvort sem honum líki betur eða verr. Jafnvel þó að fyrirspurnin sé á vissan hátt illa orðuð, ónákvæm, loðin og óskýr ber ráðherra samt sem áður að koma hingað og svara henni. Ráðherra hefði ekki getað neitað því að koma hingað, alls ekki.

Ef við skoðum síðan sjálfa fyrirspurnina þá er það alveg rétt sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti á að hún er á margan hátt mjög loðin og skrýtin. Ég er gamall starfsmaður Ríkisútvarpsins, fréttamaður og hef starfað á þessum svæðisútvarpsstöðvum m.a., en líka á báðum fréttastofum, bæði sjónvarps og útvarps, og miðað við þá þekkingu sem ég hef á Ríkisútvarpinu og innviðum þess þá hefði ég aldrei leyft þessa fyrirspurn því hún er allt of ónákvæm. Það er ekki tilgreint til að mynda hvaða tímabil hér er verið að leita eftir upplýsingum um. Það stendur ekkert um mánuði eða ártöl. Er verið að tala um síðasta ár? Er verið að tala um síðustu sex mánuði? Er verið að tala um síðustu fimm ár eða síðustu tíu ár? Hér segir, með leyfi forseta:

„Hve hátt hlutfall af fréttaefni svæðisstöðva Ríkisútvarpsins er frá svæðum utan byggðarlagsins þar sem viðkomandi stöð er ...“

Við hvað er átt með þessu? Er verið að spyrja um hversu mikið af efni stöðvarinnar á Egilsstöðum er til að mynda frá Austurlandi öllu, þ.e. fyrir utan bæjarmörk Egilsstaða? Eða við hvað er hér átt? Er verið að spyrja um hversu hátt hlutfall af fréttaefni svæðisstöðvanna séu erlendar fréttir eða fréttir af landsmálum almennt?

Síðan er spurt um það hvaða efni sé unnið af fréttariturum hljóðvarps annars vegar og sjónvarps hins vegar. Það er þannig að á þessum svæðisstöðvum eru fréttamenn. Það er enginn fréttaritari þarna. Þarna eru fréttamenn og þeir eru eins og við vitum öll jafnvígir bæði á útvarp og sjónvarp, enda senda þeir oft inn fréttapistla bæði í útvarp og sjónvarp.

Það væri kannski helst hægt að svara af einhverju viti þriðja liðnum um hve háu hlutfalli af fréttaefni svæðisstöðvanna sé útvarpað á landsrás Ríkisútvarpsins.

Hins vegar fagna ég þessari fyrirspurn því hún vakti hér upp mjög athyglisverðar umræður um hlutverk svæðisútvarpanna.

[13:41]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Af tilefni orða hv. 7. þm. Reykv. s. Marðar Árnasonar vill forseti árétta að hv. þingmaður hefur komið afstöðu sinni og skoðun á framfæri um vinnulag forseta og samskipti við hæstv. ráðherra í tilefni af fyrirspurnum og því verður komið á framfæri.

Áfengisauglýsingar í útvarpi.

Fsp. ÖJ, 507. mál. — Þskj. 742.

[13:41]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Í 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, segir, með leyfi forseta:

„Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.“

Hæstv. forseti. Þessi lög eru mjög skýr. Engu að síður vitum við að áfengissalar reyna að skjóta sér á bak við lögin og fara fram hjá lögunum, auglýsa bjór, láta þess getið, þó þannig að fáir taki eftir, að ekki sé um áfengan drykk að ræða. En það stríðir gegn orðalagi laganna og anda laganna því þar segir eins og ég áður gat um, að augljóst verði að vera að um óáfenga drykki sé að ræða.

Nú er það svo að fjölmiðlarnir birta áfengisauglýsingar, bæði prentmiðlar og ljósvakamiðlar, og sem betur fer og það er til marks um heiðarleika manna þá hafa þeir viðurkennt að þeir séu að birta áfengisauglýsingar. Það gerði fréttastjóri á Fréttablaðinu í útvarpsþætti föstudaginn 28. október. Þar sagði hann í heyranda hljóði með skýrum og afdráttarlausum hætti að blaðið birti áfengisauglýsingar.

Um svipað leyti kom talsmaður auglýsingadeildar sjónvarps fram í sjónvarpsfréttum og baðst afsökunar á því að bjórauglýsingum skyldi hafa verið skotið inn í dagskrá Kastljóss þegar forseti Íslands var þar að ræða um fíkniefnavandann. Talsmaðurinn var spurður hvort þetta hefði raunverulega verið bjórauglýsing. Hann viðurkenndi heiðarlega að í sínum huga hefði svo verið þó strangt til tekið væri ekki svo því með agnarsmáu letri hefði komið fram að bjórinn sem sýndur var hefði verið óáfengur. „Þar liggur minn vandi," sagði talsmaður auglýsingadeildar Ríkisútvarpsins. „Ég þurfti að geta réttlætt bann við slíkri auglýsingu gagnvart viðskiptavininum, seljanda bjórsins."

Þá saknaði ég að spurt væri um skyldur gagnvart áhorfendum. Ef það er nú svo, sem hverju barni má (Forseti hringir.) ljóst vera, að óprúttnir auglýsendur eru að skjóta sér fram hjá lögum með því að auglýsa bjór (Forseti hringir.) en með einhverju sýndarmerki sem á að tákna að þetta sé óáfengur drykkur, eigum við þá ekki að eiga vörn í Ríkisútvarpinu? Hvað hyggst (Forseti hringir.) hæstv. menntamálaráðherra gera til að sjá til þess að landslögum sé framfylgt?

(**Forseti** (JóhS)**:** Það er nauðsynlegt að hv. þingmenn virði ræðutíma.)

[13:45]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur lagt fyrir mig fyrirspurn um áfengisauglýsingar í útvarpi og þar er spurt hvernig ég hyggist beita mér fyrir því að bann við auglýsingum sé virt í Ríkisútvarpinu. Ég leitaði til Ríkisútvarpsins eftir svari við þessari fyrirspurn og upplýsingum um málið, og í svari þess kemur fram að gerðar eru athugasemdir við framsetningu fyrirspurnarinnar. Með fyrirspurninni er að mati þeirra hjá Ríkisútvarpinu gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið virði ekki bann við áfengisauglýsingum. Ég tek í rauninni undir það. Það má segja að í fyrirspurn hv. þingmanns felist ákveðin ályktun í þá veru að Ríkisútvarpið sé að brjóta landslög. Þessu er sérstaklega mótmælt af Ríkisútvarpinu. Auglýsingadeild útvarpsins hefur að þeirra sögn oft brugðist við með því að banna birtingu auglýsinga sem sannarlega brjóta í bága við lög. Samkvæmt áfengislögum telst áfengi hver sá neysluhæfur vökvi sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda. Þetta er það viðmið sem auglýsingadeild Ríkisútvarpsins hefur unnið með og auglýsingar á bjór sem ekki telst áfengi samkvæmt skilgreiningunni að ofan, eru því heimilar. Auglýsendur, eins og við þekkjum vel, ganga mislangt í því að leitast við að misnota þessa heimild, vilja sumir meina. Full ástæða er til að auglýsingadeild Ríkisútvarpsins verði á varðbergi þegar slíks verður vart. Ríkisútvarpið er hins vegar ekki í stöðu til að búa til aðra skilgreiningu á áfengi en þá sem lögin segja til um. Þrátt fyrir þetta hefur auglýsingadeildin, eins ég gat um áðan, oft brugðist við með því að banna birtingu áfengisauglýsinga þegar því hefur verið við komið.

Af svari Ríkisútvarpsins tel ég ljóst að þar er bann við áfengisauglýsingum virt, ef miðað er við áfengislögin eins og þau eru núna. Því er ekki um lögbrot að ræða. Það er hins vegar oft og tíðum matsatriði hvað er áfengisauglýsing og hvað ekki. Þar verður að mínu mati að höfða til samvisku og siðferðiskenndar auglýsenda og fjölmiðla. Ég vil líka geta þess, og benda hv. þingmönnum á, að hér fyrir hinu háa Alþingi liggur fyrir frumvarp frá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni og fleirum um einmitt þetta tiltekna efni, um áfengisauglýsingar og þá getur hv. Alþingi að sjálfsögðu tekið afstöðu til þessa máls sem virðist brenna á mjög mörgum.

[13:47]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að taka þetta mál hér upp rétt einu sinni. Ég tel mig vera sæmilega frjálslyndan mann en ég vil þó standa vörð um þá sérstöðu okkar að vera með bann við áfengisauglýsingum. Hvort sem þær eru í ljósvakamiðlum eða í blöðum. Mér finnst það bara gott, ég er ekki viss um að það mundi ná í gegn í dag að banna þetta, ef þetta væri leyft. En þetta er bann sem er í gildi og að sjálfsögðu á að framfylgja því.

Það er auðvitað lögregluyfirvalda að framfylgja því þegar menn brjóta svo á með því að birta mynd af bjórdós sem er nákvæmlega eins, hvort sem hún er 5% bjór eða eins og þeir segja, 0,0%, sem ég held að sé reyndar ekki til og ekki hægt að búa til. Þannig að auglýsingin sem slík er röng og á að sjálfsögðu að vísa henni frá þó ekki væri fyrir nema það.

En ég tek svo undir, virðulegi forseti, að það var ákaflega smekklaust þegar hálfgerð áfengisauglýsing birtist í Kastljósi á eftir umræðuþætti við forseta Íslands um áfengismál og vímuefnamál, (Forseti hringir.) eins og hv. fyrirspyrjandi gat hér um áðan. Það var (Forseti hringir.) ákaflega smekklaust.

[13:49]

Mörður Árnason:

Forseti. Fjölmargir hafa gert athugasemdir við áfengisauglýsingar þær sem hér er um að ræða og allir vita um hvað snúast. Að það sé nóg að skjóta inn í nokkrar sekúndur, eða með 10 punkta letri á heilsíðum eða stærri auglýsingum að hér sé um léttbjór að ræða. Jafnvel þegar léttbjór af tegundinni er ekki til eða fluttur inn einungis af sýndarmennsku eða búinn til af sýndarmennsku.

Athyglisvert var að hæstv. menntamálaráðherra vísaði sérstaklega til frumvarps Sigurðar Kára Kristjánssonar, hv. þingmanns, um breytingu á reglum um bann við áfengisauglýsingum hér áðan. Ég hlýt að spyrja ráðherrann hvers vegna hún vísaði sérstaklega til þess frumvarps sem gengur út á að afnema þetta bann en ekki til þess frumvarps sem Ögmundur Jónasson og fleiri hafa flutt hér á þinginu, hafa lagt hér fyrir, þar sem komið er í veg fyrir þessar auglýsingar. Lýsir það (Forseti hringir.) vilja, eða er það yfirlýsing af hálfu ráðherra í málinu?

[13:50]

Eygló Harðardóttir:

Frú forseti. Ég spyr í framhaldi af ræðu hæstv. menntamálaráðherra: Af hverju getur RÚV hreinlega ekki ákveðið hvaða auglýsingar þeir telja viðeigandi og hverjar ekki? Ég veit ekki betur en t.d. einkafyrirtæki hérna á markaðnum, eins og Bónus, hafi tekið ákvörðun um að selja ekki sígar-

ettur. Mig minnir líka að það hafi verið fyrirtæki í Bandaríkjunum, Wal-Mart, sem er stærsta verslunarkeðja í heimi sem ákvað að selja ekki sígarettur.

Ég minni líka á ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra Jóns Kristjánssonar. Hann kom nýlega í ræðustól og talaði um hversu misvísandi skilaboð koma frá Alþingi og þá sérstaklega varðandi áfengi. Ég segi að aðgerðaleysi varðandi bann við áfengisauglýsingum er mjög áberandi dæmi um þessi misvísandi skilaboð. Ég segi líka að svo lengi sem hagur áfengissala af auglýsingum er meiri en áhætta af hugsanlegum aðgerðum, þá muni þeir halda þessu áfram. Ég hvet því Alþingi til að gefa frá sér skýr skilaboð um að annað (Forseti hringir.) hvort leyfum við þetta eða við hreinlega setjum refsiákvæði sem eitthvað er að marka.

[13:51]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það á ekki að vera neinum vafa undirorpið hvernig þetta er. Áfengislögin eru mjög skýr og ég ætla að lesa aðeins upp úr 20. gr., með leyfi forseta:

„Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda."

Svo kemur hér:

„Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu."

Það er þarna sem auglýsendur eru stundum að skýla sér á bak við með fullkomlega óeðlilegum hætti. Það eru dæmi um að það eru auglýstir 0,0% drykkir sem eru alls ekki til. Þeir eru alls ekki seldir. Þetta birtist einhvers staðar á pínulitlum stað í lok auglýsingar þannig að fólk sér þetta almennt ekki. Það er þetta sem við verðum að taka fyrir. Þetta er auðvitað ábyrgð þeirra, á fjölmiðlunum, hjá Ríkisútvarpinu, en ekki auglýsenda sjálfra að segja nei, þetta er áfengisauglýsing, (Forseti hringir.) bein áfengisauglýsing og hana birtum við ekki.

[13:52]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Í mínum huga er málið ekkert mjög flókið. Það eru lög í þessu landi. Það er sjálfsagður og eðlilegur hlutur að þau skýru skilaboð berist héðan frá hinu háa Alþingi, sem er jú löggjafarvaldið í landinu, að það beri að fara að lögum í landinu. Mér finnst það afskaplega leiðinlegt að þurfa að vera að horfa upp á síendurteknar ögranir þeirra sem eru að selja áfengi þar sem þeir eru að reyna að ögra löggjafanum. Þeir eru að reyna að ögra nánast dómsvaldinu í landinu með að birta auglýsingar í tímaritum, öðrum fjölmiðlum, líka í hljóðvakamiðlunum, útvarpinu, sjónvarpinu, ekki síst kannski sjónvarpinu eins og við sáum um daginn, birta svona auglýsingar þar. Því þarna var verið að auglýsa áfengi. Það þarf ekkert að velkjast neitt í vafa um það.

Ég vil svo segja að mér fannst frekar leiðinlegt og nánast ósmekklegt af hæstv. menntamálaráðherra að nota hér tækifærið til að auglýsa síðan eitthvert lýðskrumarafrumvarp frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins um að það eigi að leyfa svona auglýsingar. Og ég vil líka nota tækifærið til að spyrja hana að því hvort hún styðji það frumvarp.

[13:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Auglýsingum er ætlað að auka sölu með því að breyta viðhorfi. Breyta viðhorfi til málsins. Þess vegna munu auglýsingar hafa þann tilgang að auka neyslu og hafa þær afleiðingar að auka neyslu. Það hefur í för með sér heilbrigðisvandamál vaxandi og aukinn kostnað fyrir íslenska ríkið og þjóðina. Frá því að bjór var leyfður hér fyrir örfáum árum hefur fjöldi Íslendinga með skorpulifur sjöfaldast. Halda menn ekki að það kosti ekki eitthvað íslenska þjóðfélagið fyrir utan það heilsutap einstaklinganna sem í hlut eiga? Neyslan kostar heilsu, hún kostar peninga. Stjórnmálamönnum ber auðvitað að framfylgja og virða þau lög sem þeir starfa eftir og setja sjálfir.

Ég vil skora á hæstv. ráðherra og aðra sem fara með opinber embætti að draga úr þessari vindýrkun sem er hér á landi. Þar sem svo er komið að menn telji sig ekki geta komið saman á mannamót öðruvísi heldur en að hafa vín um hönd.

[13:55]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Svör hæstv. menntamálaráðherra valda miklum vonbrigðum. Svörin eru tvíþætt. Annars vegar er sagt: Lögin eru ekki brotin. Áfengislög eru ekki brotin. Hins vegar er sagt: Ef menn vilja breyta þessum lögum, hvers vegna ekki að taka upp mál hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar og fleiri um rýmkun á banni við áfengisauglýsingum? Ég tek undir með hv. þm. Merði Árnasyni, sem ásamt mér og fleirum hefur flutt frumvarp sem ganga í gagnstæða átt, um að skerpa á lögunum hvað þetta snertir. Það er hins vegar ekki til umræðu nú.

Það sem skiptir máli er að áfengislögin eru brotin og forsvarsmenn og talsmenn fjölmiðlanna, þar á meðal fréttastjóri Fréttablaðsins og talsmaður auglýsingadeildar Ríkisútvarpsins, hafa viðurkennt að svo sé í reynd. Ég tel það vera mjög heiðarlegt af þeirra hálfu að gera það. Talsmaður auglýsingadeildar Sjónvarpsins sagði jafnframt að sér væri vandi á höndum vegna þess að ef litið væri á formið strangt til tekið, þá væri að finna í agnarsmáu letri skírskotun til þess að um óáfengan drykk væri að ræða. Þótt allir sæju að þetta væri auglýsing. Nú gerðist þetta í dagskrá í Ríkisútvarpinu, hún var rofin með bjórauglýsingu sem stríðir gegn 17. gr. útvarpslaga. Það er nú handleggur út af fyrir sig. Þáttur um fíkniefnavandann, rofinn með bjórauglýsingu. Mönnum þótti þetta mjög óþægilegt og þess vegna var þetta viðtal væntanlega daginn eftir.

Þarna voru hlutirnir viðurkenndir. En hæstv. menntamálaráðherra slær höfðinu við steininn og segir þinginu og þjóðinni að ekki sé um neitt lögbrot að ræða. Menn séu að auglýsa eitthvað allt annað en áfengan bjór. Það sjá hins vegar allir að svo er ekki. Ég segi: Ef einhver vafi leikur á hvað er rétt í þessu, eigum við ekki að láta notendur, fólkið í landinu, (Forseti hringir.) njóta vafans og þá brennivínssalann sækja rétt sinn fyrir dómstólum?

[13:57]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það verður að vera alveg ljóst að lög sem sett eru hér á Alþingi verða að vera virt. Það er alveg ólíðandi þegar um ögranir eða á stundum skrípaleik er að ræða. Ég sá ekki þennan umræddda sjónvarpsþátt sem hv. þingmaður er sífellt að vitna til og ég ætla ekkert að meta framsetningu Ríkisútvarpsins á því óöruvísi en að ég leitaði til þess og ég fékk svar. Ég ætla ekki að Ríkisútvarpið og starfsmenn þess hafi ætlað sér að brjóta landslög. Ég ætla ekki starfsmönnum Ríkisútvarpsins það og finnst nokkuð furðulegt að hv. þm. Ögmundur Jónasson og formaður BSRB skuli ganga út frá því að þeir hafi brotið lög.

Mér finnst vera nokkuð mikill samhljómur hér á hinu háa Alþingi um að lögin virðist ekki nægjanlega skýr. Það þurfi að fara að taka afstöðu til þeirra frumvarpa allra, svo það sé skýrt, sem hér eru í þinginu, ef huga á að endurskipulagningu á áfengislöggjöfinni og og auglýsingum henni tengdum. Þannig að það verði ekki um þessar ögranir, eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði, að ræða af hálfu fjölmiðlanna sem skipta svo miklu máli.

Ég vil hins vegar leyfa mér að mótmæla því sem hv. þm. Eygló Þóra Harðardóttir sagði, að Ríkisútvarpið eigi bara að segja nei við öllum auglýsingum. Ríkisútvarpið, eins og allir aðrir fjölmiðlar, verður að taka sjálfstæða afstöðu til þess, hvort um lögbrot sé að ræða eða ekki. Að sjálfsögðu birta þeir ekki auglýsingar ef um lögbrot er að ræða. Þeir eiga ekki að gera það og hafa enga heimild til þess, af því um lögbrot er að ræða.

En ég vara við að fjölmiðlar fari í þetta mikla eftirlit varðandi auglýsingar og ég er þá ekki sérstaklega með áfengisauglýsingar í huga, heldur almennar auglýsingar, að þeir fari að hafna sumum auglýsingum og öðrum ekki og er þá kannski með í huga m.a. auglýsingu frá einum frambjóðenda Samfylkingarinnar til (Forseti hringir.) prófkjörs Samfylkingarinnar.

Umræðu lokið.

Skotveiði og friðland í Guðlaugstungum.

Fsp. SigurjÞ, 446. mál. — Þskj. 668.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég beini eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra:

Hvaða samráð var haft við veiðimenn þegar ákvörðun var tekin um að banna skotveiði á stóru landsvæði með auglýsingu, dags. 22. desember sl., um friðland í Guðlaugstungum?

Friðlandið sem hér um ræðir er norður í Húnavatnssýslu og er um 400 ferkílómetrar að stærð. Markmiðið með friðlýsingu svæðisins er að vernda víðfeðmt og gróskumikið votlendi og eitt stærsta og fjölbreyttasta rústasvæði landsins. Í 8. gr. auglýsingarinnar um friðlandið kemur fram að skotveiði sé bönnuð nema til veiða á ref og mink. En þess ber að geta að þetta svæði hefur verið nýtt til veiða á heiðargæs.

Frú forseti. Veiðimönnum hefur verið ráðlagt að beina veiðum í meira mæli að heiðargæs en hlífa grágæs og blesgæs. Í greinargóðu fréttabréfi, Gæsakvaki, sem ritstýrt er af Arnóri Sigfússyni, kemur fram að grágæs sé uppistaðan í veiði gæsaskyttna þrátt fyrir að gæsastofninn sé í rauninni miklu minni en heiðargæsastofninn, en í athugun sem fram fór á Bretlandseyjum kom í ljós heiðargæsastofninn hefur aldrei verið stærri en einmitt um þessar mundir. Ég er á því að þessi ákvörðun um að banna skotveiðar geti snúist upp í andhverfu sína, þ.e. að í rauninni verði ekki um náttúruvernd að ræða að því leyti til að þetta bann getur leitt til þess að veiðin beinist frá heiðargæsinni og að grágæs og blesgæs sem taldar eru eiga undir högg að sækja meðan heiðargæsastofninn hefur aldrei verið stærri.

Þetta mál verður einnig að skoða í því ljósi að þetta er einungis ein friðlýsing af mörgum sem koma skulu, boðaðar hafa verið fleiri friðlýsingar og stærri svæði eiga að verða friðlýst. Þess vegna er ég á því að skoða verði þessa friðlýsingu í því ljósi hvort skotveiðimenn megi eiga von á að með friðlýsingu verði allar veiðar bannaðar sjálfkrafa. Það væri mjög upplýsandi að fá afstöðu hæstv. ráðherra til þessa máls.

[14:03]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Friðlýsing Guðlaugstungna, Svörtutungna og Álfgeirstungna norðvestan Hofsjökuls er í samræmi við náttúruverndaráætlun fyrir árin 2004–2008. Hún var samþykkt á Alþingi vorið 2004. Friðlýsingin er gerð að tillögu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, með samþykki sveitarfélagsins Bólstaðarhlíðarhrepps, í samræmi við lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, en landsvæðið er innan sveitarfélagsins. Friðlýsingin er sú fyrsta af þeim 14 sem eru tilteknar í náttúruverndaráætlun.

Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda mjög víðfeðmt og gróskumikið votlendi og eitt stærsta og fjölbreyttasta rústasvæði landsins eins og fyrirspyrjandi réttilega nefndi í fyrirspurn sinni áðan. Svæðið er mikilvægt varp- og beitiland heiðargæsar og hefur því alþjóðlegt náttúruverndargildi. Tilgangur með friðuninni er m.a. að vernda fæðu- og beitarsvæði heiðargæsa en samkvæmt upplýsingum Náttúrufræðistofnunar er nú talið að 10–16 þúsund heiðargæsir nýti þetta svæði.

Umhverfisstofnun hefur það verkefni samkvæmt lögum að undirbúa friðlýsingar en í því felst að hafa samráð við landeigendur og sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta um mörk og friðlýsingarreglur. Í þessu tilviki þótti Umhverfisstofnun ekki ástæða til að leita álits annarra en sveitarstjórnar enda er landsvæðið ekki í einkaeign.

Haldinn var almennur borgarafundur í sveitarfélaginu til að kynna og fjalla um friðlýsinguna áður en gengið var frá friðlýsingarskilmálum og tillögu stofnunarinnar um friðlýsinguna til ráðuneytisins. Það þótti ekki ástæða til að leita eftir sjónarmiðum skotveiðimanna sérstaklega í þessu tilfelli enda var það mjög skýr afstaða sveitarfélagsins að veiðar á svæðinu ættu að vera bannaðar. Í þessu sambandi má líka benda á að það eru fáir vegir á þessu svæði og þeir

geta ekki borið mikla umferð. Hins vegar er líka rétt að benda á að vestan við Blöndu eru mjög víðfeðm veiðisvæði með góðu vegakerfi sem þolir mikla umferð veiðimanna á haustin.

Fyrirspyrjandi nefndi sérstaklega að hann teldi að afleiðingarnar af þessu banni yrðu hugsanlega þær að veiðimenn veldu fremur aðrar gæsategundir til að veiða og þá sérstaklega grágæs og blesgæs. Það er alveg hárrétt hjá honum að blesgæsin er í mikilli hættu og það eru einmitt nýjar fréttir af því að á Bretlandseyjum sé stofninn hruninn. Það er því ljóst að þar er greinilega um mjög mikla hættu að ræða. Hvað varðar hins vegar að friðlýsingar hafi þau áhrif almennt að veiðar verði bannaðar, þá vil ég nefna sérstaklega að þegar við höfum fjallað t.d. um Vatnajökulsþjóð þá er gert ráð fyrir því í skýrslu, sem nefnd sem gerði tillögur um þjóðgarð norðan Vatnajökuls skilaði, að leyfðar verði hefðbundnar nytjar í þeim þjóðgarði og þar með gæti að sjálfsögðu talist skotveiði. Friðlýsing þarf því ekki endilega að þýða að hefðbundnar nytjar séu sjálfkrafa bannaðar. Það fer að sjálfsögðu eftir því að hverju friðlýsingin beinist og í þessu tilviki beinist friðlýsingin sérstaklega að því að vernda m.a. varp og beitiland heiðargæsarinnar.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Það kemur fram í lögum um náttúruvernd að hafa eigi samráð við hagsmunaaðila og ég er á því að það hefði farið miklu betur á því þegar verið var að koma þessu skotveiðibanni á að haft hefði verið samráð við skotveiðimenn. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort það komi til greina að endurskoða þetta bann, sérstaklega ef svo reynist að veiðar beinist þá frekar í þær tegundir sem eiga undir högg að sækja, svo sem blesgæs, sem hæstv. ráðherra minntist á að væri í einhverri lægð, og grágæs líka. Ég er á því þegar menn hafa farið fram með slíkt og ekki rætt við alla hagsmunaaðila, eins og kom fram í máli ráðherrans, að þá eigi að fara yfir þetta bann og skoða hvort í raun og veru sé þörf á því, hvort við ættum ekki að halda áfram að nýta heiðargæsina til veiða á þessu svæði. Ef full rök eru fyrir því að stofninn hafi aldrei verið stærri eigum við þá ekki að halda áfram að nýta hann til veiða? Það er skoðun mín. Fróðlegt væri að fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra hvort ekki sé ráð að leggjast yfir þetta mál og endurskoða hvort í rauninni hafi verið þörf á þessu banni.

[14:09]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég vil greina sérstaklega frá því við þessa umræðu að borist hefur erindi til umhverfisráðuneytisins frá Skotvís þar sem farið er fram á að þessu banni verði aflétt hvað snertir veiðar á heiðargæs og það erindi verður að sjálfsögðu tekið til efnislegrar skoðunar í umhverfisráðuneytinu. Ég get ekki sagt á þessari stundu hverjar lyktir þess verða en það verður að sjálfsögðu skoðað.

Ég legg hins vegar áherslu á að einn megintilgangurinn með friðlýsingu þessa svæðis er, eins og ég sagði áður, að vernda varp og beitiland heiðargæsarinnar. Ég tel að tekist hafi afskaplega vel til í sambandi við þessa friðlýsingu en að sjálfsögðu munum við skoða þetta mál efnislega með sérfræðingum og hvort ástæða er til að bregðast við þessu erindi frá Skotvís og hvernig.

Umræðu lokið.

Endurgreiðslur öryrkja til Tryggingastofnunar ríkisins.

Fsp. JóhS, 467. mál. — Þskj. 694.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Mikil óánægja hefur verið með það hjá lífeyrisþegum hvernig staðið hefur verið að kröfu á hendur þeim varðandi endurgreiðslur til Tryggingastofnunar ríkisins vegna ofgreiðslu lífeyrisgreiðslna. Endurgreiðslukrafan á öryrkjana og lífeyrisþegana nemur háum fjárhæðum og er ekki óalgengt að heyra endurgreiðslukröfur upp á nokkur hundruð þúsund og yfir eina milljón á einstaka lífeyrisþega. Þessar endurgreiðslukröfur hafa verið lífeyrisþegunum mjög erfiðar og margir eru við að gefast upp og ráða ekkert við þessar endurgreiðslur, en Tryggingastofnun hefur heimild til að endurkrefja þá þannig að einungis standi eftir 20% af lífeyrisgreiðslu viðkomandi ellilífeyrisþega. Er furðulegt hve hart er hér gengið fram þegar í reglugerð fjármálaráðuneytisins um launaafdrátt er kveðið á um að launþegi haldi alltaf eftir 25% af heildarlaunagreiðslum þrátt fyrir að launþegi sé í skuld við ríkissjóð vegna opinberra gjalda en þegar um er að ræða lífeyrisþega og þessar ofgreiðslur þá er einungis miðað við 20%.

Það segir sig sjálft að ekki er forsvaranlegt að skilja fólk eftir með framfærslu upp á kannski 10–20 þús. kr. á mánuði í langan tíma, en endurgreiðslan tekur oft mjög langan tíma þegar endurgreiðslukrafan getur skipt hundruðum þúsunda eða jafnvel einni milljón eða meira. Það er líka svo að um er að ræða bæði vangreiðslur og ofgreiðslur til lífeyrisþega hjá Tryggingastofnuninni. Maður veltir fyrir sér í þeirri tækniværðingu sem við lifum í hvort ekki sé hægt að koma í veg fyrir að slíkt gerist og maður spyr: Hver ber ábyrgðina? Bera lífeyrissjóðirnir ábyrgð á því að Tryggingastofnun fær ekki upplýsingar um greiðslur frá lífeyrissjóðum til sjóðfélaga? Er það skattkerfið eða hverjir bera ábyrgð? Það þarf að taka á því þegar í stað að slíkt gerist ekki aftur. Það þarf líka að taka á þeim ofgreiðslum sem lífeyrisþegarnir standa frammi fyrir nú og eiga enga möguleika á að greiða nema skuldsetja sig verulega eða eiga ekki fyrir allra brýnustu framfærslu í langan tíma. Hér ætti hreinlega við, virðulegi forseti, að beita pennastriksaðferðinni á þessar skuldir og afskrifa þær að verulegu leyti, því það er ekki síst við kerfið sjálft að sakast að upplýsingastreymi til Tryggingastofnunar um aðrar tekjur eða greiðslur til lífeyrisþega er ekki betra en þetta. Ástæða þessarar endurkröfu, sem fjöldi lífeyrisþega stendur nú frammi fyrir, má að verulegu leyti rekja til þeirra miklu tekjutenginga sem eru á lífeyrisgreiðslum, sem eru afar óréttlátar og óskynsamlegar. Væri fróðlegt að vita hjá hæstv. ráðherra hvers megi vænta í því að dregið verði úr skerðingarhlutföllum lífeyrisgreiðslna. Ég hef því lagt fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra í fjórum töluliðum.

Heilbrigðisráðuneytið hafði samband við mig og í samráði við mig voru töluliðir 1 og 2 umorðaðir þar sem Tryggingastofnun taldi erfitt að svara til um meðaltalið á hvern öryrkja eða hversu langan tíma endurgreiðslan tæki. Á ég því von á að ráðherrann svari fyrstu tveim tölulíðunum í samræmi við það. Ég hef ekki tíma til að fara yfir 3. og 4. tölulið en vænti þess að hæstv. ráðherra svari þeim.

[14:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom eru tvær spurningar hv. 2. þm. Reykv. s. þess eðlis að vandkvæði voru á að ná saman þeim gögnum sem til þurfti til að svara þeim. Þeim var því lítillega breytt í samráði við hv. þingmann.

Með lögum nr. 74/2002 var tekið upp nýtt kerfi að því er varðar tekjutengdar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Miklir annmarkar voru á gamla kerfinu og eru flestir sammála um að nýja kerfið sé til bóta. Þegar um slíka kerfisbreytingu er að ræða geta komið upp hnökrar á framkvæmdum og gefa þarf nýja kerfinu tíma til að slípast.

Samkvæmt lögum frá 2002 skal Tryggingastofnun ríkisins nú endurreikna og leiðrétta bótagreiðslur til lífeyrisþega þegar álagning skatta liggur fyrir vegna viðkomandi árs. Undanfarin tvö ár hafa slíkir endurreikningar farið fram og hafa komið í ljós umtalsverðar ofgreiðslur og einnig umtalsverðar vangreiðslur. Lífeyrisþegar voru 41.724 á árinu 2003, af þeim áttu 55% inneign vegna vangreiddra bóta. Þeir voru 42.272 á árinu 2004, af þeim áttu liðlega 45% inneign hjá Tryggingastofnun ríkisins. Heildarfjárhæð inneigna árið 2003 var 1.042 millj. kr. en 816 millj. kr. árið 2004. Endurreikningarnir hafa þannig skilað umtalsverðum fjölda lífeyrisþega leiðréttingu á lífeyrisgreiðslum. Inneignirnar eru misháar og var bæði árin oftast um að ræða vangreiðslur sem námu lægri fjárhæð en 20 þús. kr. á árinu.

Við endurreikning hafa einnig komið fram ofgreiðslur á lífeyri eða um 1.034 millj. kr. árið 2003 og 1.808 millj. kr. árið 2004. Ástæða er til að geta þess hér að lífeyrisþegum er gefið tækifæri til að andmæla niðurstöðu endurreiknings og skila inn frekari upplýsingum um tekjur sínar sem getur haft áhrif til lækkunar á endurkröfu lífeyris.

Árið 2003 voru 11.842 einstaklingar með ofgreiðslur en árið 2004 voru þeir 14.908. Á árinu 2003 voru 39% með ofgreiðslur sem námu lægri fjárhæð en 30 þús. kr. á árinu en þetta hlutfall var 47% árið 2004. Árið 2003 benti niðurstaða endurreiknings til þess að um 75% þeirra sem fengu ofgreitt fengju ofgreitt minna en 100 þús. kr. á árinu. Þessi hlutfallstala lækkaði í 65% árið 2004. Árið 2003 fengu um 5% þeirra sem var ofgreitt til hærri ofgreiðslur en 400 þús. kr. Þetta hlutfall hafði nánast tvöfaldast árið 2004 eða 9%. Árið 2003 reiknuðust 99 einstaklingar hafa fengið meira en 800 þús. kr. ofgreiddar en árið 2004 voru þeir 159.

Önnur spurning hv. þingmanns er hvernig háttað sé endurkröfu á hendur þeim sem hafa fengið ofgreiddan lífeyri. Eins og kom fram er það skv. 3. mgr. 50. gr. almannatryggingalaga. Aðalreglan er sú að 20% er dregið af bótum sem einstaklingur síðar kann að öðlast rétt til hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þó er ekki innheimt lægri fjárhæð en 3.000 kr. Undantekning frá 20% reglunni er gerð ef útreikningur sýnir að krafan muni greiðast upp á innan við 11 mánuðum. Þá er kröfunni dreift út árið. Sá sem skuldar 30 þús. kr. greiðir þannig 3.000 kr. á mánuði í 10 mánuði í staðinn fyrir að greiða 20% í 2–3 mánuði. Með þessum hætti er létt á greiðslubyrði þeirra sem skulda minnst.

Ef lífeyrisþegi er með eldri kröfu er alltaf stillt á 20% innheimtu, óháð fyrri samningum og óháð því hversu háar kröfurnar eru. Í undantekningartilvikum er hægt að semja um að breyta fjárhæð mánaðarlegs frádráttar. Samkvæmt reglu um meðferð of- eða vangreiðslna skal að jafnaði miða við að innheimtu ljúki innan 12 mánaða frá því að tilkynnt var um hana. Þetta á ekki síst við um þá sem ekki er hægt að draga af bótum hjá. Ef sérstaklega stendur á er þó heimilt að dreifa innheimtu uppgjörskrafna á allt að þrjú ár. Þessi heimild á aðeins við þegar um mjög háar kröfur er að ræða og viðkomandi hefur litlar tekjur frá öðrum en Tryggingastofnun ríkisins eða býr við sérlega erfiðar fjárhagsaðstæður. Aldrei má dreifa innheimtu á lengri tíma en fimm ár.

Í þriðja lagi er spurt um ábyrgð Tryggingastofnunar ríkisins og lífeyrissjóða en í 47. gr. almannatryggingalaga er lögð skylda á umsækjendur og bótaþega að veita Tryggingastofnun ríkisins allar nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra. Þá er fyrrgreindum einstaklingum skylt að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um breytingar á tekjum sem verða á yfirstandandi tekjuári. (Forseti hringir.) Samkvæmt lagaákvæði þessu hvílir skyldan á öryrkjanum sjálfum.

Virðulegi forseti. Ég verð að svara síðustu spurningunni í seinni ræðu minni.

[14:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Þetta er verðug umræða. Er það rétt sem ég heyrði hjá hæstv. ráðherra að endurkröfurnar eru sumar hverjar vegna hnökra á nýju kerfi? Ég vil gjarnan fá það upplýst líka hvort tilkynningarskylda er hjá lífeyrissjóðunum til Tryggingastofnunar ef hækkanir verða á greiðslum til öryrkja, því að auðvitað þarf svo að vera. Ég veit að Tryggingastofnun kemur til móts við öryrkja, marga hverja, til að létta þeim endurgreiðslurnar en ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er hann með áform um að breyta þessum reglum því það er auðvitað verið að endurkrefja út af ýmsum öðrum tekjum? Reglurnar verða að vera sveigjanlegri því þær koma í veg fyrir að öryrkjar fari út á vinnumarkaðinn vegna þess að þeir óttast að standa frammi fyrir því að mistakast við að vera á vinnumarkaði, að þurfa að snúa aftur til baka og standa þá uppi slyppir og snauðir með þessar endurkröfur allar og eru þá náttúrlega búnir að eyða þeim tekjum sem þeir voru með.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Eru áform uppi um að breyta þessum reglum?

[14:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil minna á að þessi löggjöf sem Tryggingastofnun starfar eftir var samþykkt á Alþingi með, eftir því sem ég best veit, samþykki allra viðstaddra þingmanna. Ég veit ekki annað en að fullkomin samstaða hafi verið um það kerfi sem stofnuninni er ætlað að starfa eftir

og menn hafa sett til að ákvarða bætur einstakra lífeyrisþega.

Eins og kom fram í svari hæstv. ráðherra hefur kerfið það í för með sér að ákvarða bætur til bráðabirgða sem síðar verða endanlega ákvarðaðar þegar tekjur liggja fyrir. Það er mikið um ofgreiðslur og mikið um vangreiðslur, um 75% lífeyrisþega eru ýmist að fá of mikið eða of lítið. Þetta þýðir að stofnunin þarf að senda út 30–40 þúsund bréf oft á ári ef þessu heldur áfram. Ég held því að menn verði að setjast niður til að endurskoða kerfið. Þar kemur aðeins tvennt til greina, annars vegar að ákvarða bæturnar eftir á, rétt eins og barnabætur eða vaxtabætur, eða ákvarða bótaréttinn óháð tekjutengingum þannig að hann sé endanlegur og verði ekki tekinn upp þegar fyrir liggja tekjur.

[14:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þetta er þörf umræða. Það fyrirkomulag sem við búum við varðandi endurgreiðslur og tryggingabætur er greinilega komið í þann farveg með framkvæmdina, hvort sem hún hefur verið alla tíð eða hefur ofgerst á undanförnum árum, að ekki er við hana búandi. Það er alveg rétt sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði áðan að þetta mál verður að taka upp fyrr en seinna.

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að fimm sinnum höfum við í Frjálslynda flokknum flutt tillögu um breytingar á skerðingarákvæðum hjá lífeyrisþegum hjá Tryggingastofnun og höfum lagt til að 45% skerðingunni sem núna er verði breytt verulega. Það er auðvitað ekki ásættanlegt að fólk sem þénar 10 þús. kr. haldi aðeins 1.830 kr. eftir skerðingu og tekjuskatt eins og staðreyndin er í dag.

[14:23]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Þær aðferðir sem Tryggingastofnun notar eru mjög eðlilegar og það sýnir sig að þar sem margir fá endurgreitt eða viðbót þá eru þær líka nauðsynlegar. Hins vegar leiðir fjöldi þeirra, og þær upphæðir sem menn hafa þurft að endurgreiða, hugann að því hvort verið geti að fólk geri almennt svona mikil mistök í því að gefa upp tekjur sínar eða hvort menn gefi vísvitandi ekki upp þær tekjur sem þeir hafa. Það leiðir hugann enn fremur að því hversu mismunandi er farið með skattsvik og bótasvik. Við skattsvikum eru lagðar álögur, dráttarvextir og jafnvel fangelsi ef menn ekki borga, en hér er farið öllu mildari höndum um þá sem gefa vísvitandi ekki upp þær tekjur sem þeir hafa og er það alveg furðulegt vegna þess að í öðru tilfellinu borga menn til ríkisins fé sem þeir hafa sjálfir en í hinu tilfellinu fara þeir til ríkisins og ná í bætur sem almenningur á.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Það er auðvitað eitthvað mjög mikið að í þessu kerfi, samkvæmt þeim tölum sem hæstv. ráðherra setur fram, þegar um 75% lífeyrisþega þurfa að sæta því að fá annaðhvort ofgreiðslu eða vangreiðslu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, sem var bara um öryrkjana, þá er um að ræða mjög háar fjárhæðir.

Hæstv. ráðherra nefndi að í mörgum tilfellum væri um að ræða tölur sem skiptu hundruðum þúsunda króna og yfir eina milljón. Í þeim tölum sem ég hef er um að ræða 914 millj. kr. í kröfur bara á öryrkjana á árinu 2004 og yfir 1.400 þurftu að greiða meira en 400 þús. kr. til baka og þó nokkur fjöldi yfir eina milljón. Ráðherrann verður auðvitað að taka á þessu máli. Við þetta er ekki hægt að búa.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það með stoð í lögum þau 25% sem öryrkjarnir mega halda eftir? Ég sé að þetta er í reglugerð hjá ráðherranum, 11. gr. í reglugerð um endurreikninga og uppgjör, en hefur þetta stoð í lögum? Er ráðherrann ekki tilbúinn að hækka þetta viðmið um 20%? Ég nefndi almenna markaðinn þar sem launþegar halda eftir 25% þegar um er að ræða að þeir skuldi ríkinu vegna opinberra gjalda. Þessu verður líka að breyta.

Ég spyr um afskriftareglurnar. Þarf ekki að skoða það að koma upp sérstökum afskriftareglum núna varðandi þetta sem gengið hefur yfir lífeyrisþegana? Það er ekki hægt að búa við það að í heil fimm ár þurfi þeir að lifa á kannski 20 þús. kr. á mánuði. Ég spurði ráðherrann líka um skerðingarhlutföllin. Á ekki að breyta þeim? Við samfylkingarmenn höfum lagt fram þingsályktunartillögu um afkomutryggingu þar sem við leggjum m.a. til að rýmka skerðingarhlutföll grunnlífeyris og tekjutrygginga verulega til að auka svigrúm til atvinnuþátttöku. Það er m.a. ein afleiðing af því sem við stöndum frammi fyrir núna að öryrkjarnir þurfa að greiða til baka. Ég spyr ráðherra: Hvað er verið að vinna í því efni? Það er nauðsynlegt að fá þetta fram og taka á þessu máli. (Forseti hringir.) Lífeyrisþegarnir geta ekki búið við þetta kerfi eins og það hefur verið á undanförnum missirum.

[14:27]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að biðjast velvirðingar á því en það er mjög erfitt að ræða þetta mál til hlítar undir því knappa fyrirspurnaformi sem hér er og verð ég því að stikla á mjög stóru.

Ég vil byrja á því að geta þess að þær reglugerðir sem settar eru verða auðvitað að eiga stoð í lögum. Það leiðir af sjálfu sér. Spurt var hvort ég væri tilbúinn að beita mér fyrir því að endurgreiðslukrafan yrði felld niður frá þeim tíma sem Tryggingastofnun var ljóst að um ofgreiðslu hefði verið að ræða. Ég er ekki tilbúinn að beita mér fyrir því en það er kannski mergurinn málsins að við þurfum að fara yfir þetta kerfi. Ég er að láta gera það, ég hef skipað nefnd sem skilar mér áliti í lok mánaðarins. Þá munum við taka niðurstöðu hennar til skoðunar í ráðuneytinu. Í annarri samráðsnefnd er svo aftur verið að ræða tekjuskerðingar en það er náttúrlega sjálfstæð pólitísk ákvörðun hvað skerðingarnar eru miklar. Ef þær væru minni þá væru upphæðirnar náttúrlega minni. Ég hygg samt að menn hafi talið þetta kerfi vera til bóta, enda er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, ég held að þessi löggjöf hafi verið samþykkt samhljóða í hv. Alþingi. Eigi að síður þurfum við að fara yfir þá hnökra sem eru á framkvæmdinni, síðan er það svo sjálfstæð pólitísk ákvörðun hvort minnka á skerðingarnar en menn eru að skoða það mál sérstaklega.

Umræðu lokið.

Öldrunarþjónusta í Hafnarfirði.

Fsp. VF, 479. mál. — Þskj. 707.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Hávær umræða var í þjóðfélaginu síðasta haust um aðstöðu aldraðra íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilinu á Sólvangi í Hafnarfirði þar sem m.a. var rætt um fjölda vistmanna í hverju herbergi. Umræðan róaðist nokkuð eftir utandagskrárumræðu á Alþingi þann 8. nóvember sl. þegar hv. þingmaður Samfylkingarinnar, Ágúst Ólafur Ágústsson, vakti athygli á aðbúnaði og aðstæðum aldraðra á dvalar- og hjúkrunarheimilum almennt og spurði þar m.a. um endurbætur á Sólvangi.

Í svari hæstv. heilbrigðisráðherra kom m.a. fram varðandi aðbúnað á Sólvangi að undirbúningur að endurbótum væri hafinn og að á árinu 2004 hafi verið þar tvö fimmbýli, 19 þríbýli og 5 einbýli en í nóvember sl. hafi ekki verið um nein fimmbýli að ræða. Jafnframt sagðist ráðherra vonast til að innan árs yrði öllum þríbýlum breytt í tvíbýli. Auk þessa kom fram í ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra að ákveðið hefði verið að innrétta eina hæð til að hægt væri að hafa þar sérgreinda deild fyrir heilabilaða sjúklinga.

Fyrirspurn mín, frú forseti, er byggð á framansögðu og þeirri tilkynningu sem kom frá ráðherra í utandagskrárumræðunni, en þar sagði hæstv. ráðherra orðrétt:

„Rétt er að það komi fram að ég hef skipað nefnd sem hefur það hlutverk að koma með tillögur um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði ?"

Ég hef tröllatrú á hæstv. heilbrigðisráðherra Jóni Kristjánssyni en taldi rétt að halda málinu vakandi og sendi því inn þessa fyrirspurn fyrir nokkrum vikum. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hvað líður störfum nefndar sem ráðherra skipaði til að gera tillögur um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði?

2. Hvenær tók nefndin til starfa og hvenær er áætlað að hún skili niðurstöðum sínum?

3. Hvaða endurbætur hafa verið gerðar á aðstæðum vistmanna á Sólvangi á síðustu sex mánuðum?

[14:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Suðvest. hefur beint til mín fyrirspurn um störf nefndar sem falið var að gera tillögur um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði. Einnig spyr hv. þingmaður hvaða endurbætur hafi verið gerðar á aðstöðu vistmanna á Sólvangi á síðustu sex mánuðum.

Virðulegi forseti. Nefnd um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði skipaði ég með bréfi þann 31. október síðastliðinn. Hún hefur skilað mér tillögum sínum og voru þær kynntar opinberlega á mánudag. Nefndin hefur unnið mjög gott starf. Tillögur hennar eru metnaðarfullar. Þær liggja fyrir opinberlega og ég hygg að þær séu komnar á netið. Þær lúta jafnt að uppbyggingu á þjónustu á vegum bæjarfélagsins og ríkisins og hafa verið unnar í góðu samstarfi við aðila í Hafnarfirði og bæjaryfirvöld þar.

Hv. þingmaður spyr hvaða endurbætur hafi verið gerðar á aðstöðu vistmanna á Sólvangi á síðustu sex mánuðum. Þar hefur verið útbúin sérstök deild með sjö rýmum fyrir heilabilaða, eins og ég gat um í utandagskrárumræðu fyrir jól. Þessa dagana verið að leggja lokahönd á frágang þeirra rýma.

Vegna þrengsla á Sólvangi var í desember ákveðið að stöðva inntöku nýrra vistmanna og er gert ráð fyrir að íbúar þar verði ekki fleiri en 60 í lok ársins 2006 í staðinn fyrir að þeir voru 84 í haust. En þeir eru nú 66 talsins þessa dagana.

Ég vil geta þess, af því að það kom í fréttum á einhverjum fréttastöðvum að Hafnfirðingar ættu forgang á Hrafnistu, að samningar okkar við Hrafnistu lúta að því að gefa þeim heimild til að breyta 10 dvalarrýmum í hjúkrunarrými. Að þeim er tímabundinn forgangur vegna þess að verið er að rýmka á Sólvangi. Það eru staðreyndir máls og tímabundinn aðgangur að fimm rýmum á Vífilsstöðum.

Með þessum upplýsingum vona ég að spurningum hv. þingmanns hafi verið svarað. Ég vil endurtaka að vinna þessarar nefndar er mjög góð og ég horfi með bjartsýni til að vinna á þeim nótum sem skýrslan gerir ráð fyrir.

[14:35]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Valdimar Friðriksson sagði að hann hefði tröllatrú á hæstv. heilbrigðisráðherra Jóni Kristjánssyni. Ég deili því með þingmanninum enda hefur hann unnið mikið og gott starf á afar stuttum tíma. Sett var á laggirnar nefnd sem byrjaði að starfa í byrjun nóvember. Hún er búin að skila af sér núna. Vinnan gekk hratt. Það eru einungis um rúmir þrír mánuðir síðan hún hóf störf. Skýrslan er komin á netið og hægt að nálgast hana á heimasíðu heilbrigðisráðuneytisins.

Í skýrslunni komu fram mjög framsýnar tillögur. Ég vil sérstaklega draga fram að leggja á áherslu á heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu, að hún verði samþætt. Ég held að það sé geysilega mikilvægt. Ég er viss um að það er hægt að spara og gera betur en við erum að gera í dag með samþættingu og efla þjónustuna fyrir sama pening. Auðvitað mun það kosta meira í framtíðinni. En svo á að byggja upp nýtt hjúkrunarheimili með nýrri hugmyndafræði. Ég fagna þessu.

[14:36]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það er vel við hæfi að þessi spurning skuli tekin fyrir í dag. Í vikunni voru kynntar hugmyndir hæstv. heilbrigðisráðherra um hvernig eigi að standa að uppbyggingu öldrunarþjónustu í Hafnarfirði. Ég vil óska hæstv. heilbrigðisráðherra til hamingju með þessar hugmyndir því að þær hafa ferskan blæ. Þar eru hugmyndir sem hafa verið í umræðunni meðal manna, meðal fagaðila og meðal aldraðra en hafa í raun ekki verið útfærðar með þessum hætti fyrr. Ég vil óska hæstv. heilbrigðisráðherra til hamingju með þessar hugmyndir og vona að þeim verði hrint í framkvæmd sem allra fyrst.

Meginatriði skýrslunnar lúta að samþættingu á hjúkrunar- og félagsþjónustu, hvíldarinnlögnum og jafnframt upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu fyrir aldraða. Sá aldurshópur, og reyndar flestir sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda,

verða dálítið ráðvilltir þegar þeir standa frammi fyrir því að taka ákvarðanir sem varða heilbrigði þeirra. Þetta er því mjög til bóta.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra Jóni Kristjánssyni fyrir svörin og þeim hv. þingmönnum sem þátt tóku í umræðunni. Maður átti ekki von á því að ráðherra og þessi nefnd mundu vinna svo hratt sem hér hefur komið fram, þ.e. hún starfaði í þrjá mánuði. Því ber að fagna. Frá aðilum sem sátu í nefndinni hef ég heyrt að verkefnisstjórinn, starfsmaður ráðherra, hafi fengið sérstakt hól fyrir.

En það er nauðsynlegt að halda þessu máli vakandi. Ég vænti þess að þeim hugmyndum sem fram eru komnar verði komið í verk hið fyrsta, þær sem ekki eru þegar komnar í framkvæmd og aðbúnaður þar megi verða hinn besti í framtíðinni.

[14:38]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir jákvæðar umræður um þetta mál og endurtek þakkir til þeirra sem unnu að skýrslunni. Starfið var til fyrirmyndar, samstarf heimamanna og ráðuneytisins. Skýrslan er, ef hv. þingmenn kynna sér hana, mjög góð handbók, sérstaklega um heimaþjónustuna. Það besta við hana er að hún byggir á traustum grunni, byggir á könnunum og samtölum við eldra fólk í Hafnarfirði. Þar kom fram sá eindregni vilji þeirra að vera sem lengst heima í sínu umhverfi. Þeim verður gert það kleift með eflingu þjónustu, sem að hluta til er á hendi sveitarfélagsins og að hluta á hendi ríkisins, þ.e. sérstaklega heimahjúkrunin.

Þetta rímar við sjónarmið forustumanna eldri borgara. Þeir hafa hvatt til að vinna á þeim nótum að fólk geti verið sem lengst heima í sínu umhverfi þótt vissulega útrými það ekki þörfinni á hjúkrunarrýmum eða rýmum fyrir þá sem þurfa mikla hjúkrun eða sólarhringshjúkrun. En þetta er sá farvegur sem ég tel að við eigum að vinna í.

Umræðu lokið.

Barnaklám á netinu.

Fsp. SandF, 506. mál. — Þskj. 739.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Sandra Franks):

Virðulegi forseti. Barnaklám af hvaða tagi sem er er yfirleitt framhliðin á vísvitandi og óafsakanlegum glæpum gagnvart börnum. Við heyrum daglegar fregnir af barnaklámi á netinu og fáum blandast hugur um að möguleikar nýrrar tækni hafa stóraukið umsvif glæpamanna sem misnota saklaus börn til að auðgast. Til marks um það nefni ég að Barnaheillum hafa borist ógrynni ábendinga um barnaklámssíður á netinu.

Oftar en ekki er um að ræða börn úr ríkjum þriðja heimsins, sem búa við litlar varnir af hálfu stjórnvalda í löndum sínum og hefur í sumum tilvikum verið rænt eða þau beinlínis verið seld til að svala hvötum barnaníðinga.

Stjórnvöld hér á landi hafa vissulega gripið til varna. Alþingi hefur sett ákvæði í hegningarlög sem bannar fólki hér á landi að hlaða niður barnaklámi á tölvur sínar. Það er beinlínis refsivert að skoða slíkt efni á tölvu sinni. Síðan þau lög voru sett hefur sigið hratt á ógæfuhliðina í þessum efnum en sem betur fer hefur tæknin gefið nýja möguleika til að sporna gegn glæpum af þessu tagi.

Á nýlegri ráðstefnu Barnaheilla kom fram að tæknilega er hægt að taka upp sérstakar netsíur sem mundu hindra aðgang Íslendinga að vefsvæðum sem innihalda barnaklám. Norðmenn hafa tekið upp netsíur í þeim tilgangi. Mér finnst þetta athyglisvert og er þeirrar skoðunar að íslensk stjórnvöld eigi að gera slíkt hið sama.

Ég vil undirstrika að ég aðhyllist sem grundvallarreglu að ríkið og hið opinbera eigi að hafa sem allra minnst afskipti af persónulegum högum og einkalífi fólks. Í þessu tilviki er ég þó þeirrar skoðunar að réttlætanlegt sé að ríkið grípi inn í með þessum hætti. Afstaða mín byggist á því að óhjákvæmilegt sé að líta svo á að notendur barnakláms séu þátttakendur í þeim glæpum sem eru forsendan fyrir framleiðslu þess. Þeir eiga því aðild að kynferðisbrotum gegn börnum þótt þau fari fram annars staðar í heiminum. Ég tel að það felist svo ríkir hagsmunir í því að stöðva þau brot að það réttlæti fyllilega að ríkið grípi til aðgerða af þessu tagi til að hindra þau. Ég hef því leyft mér að leggja fram fyrirspurn til míns kæra hæstv. dómsmálaráðherra um þetta:

Telur ráðherra að unnt sé að grípa til annarra löglegra ráða en nú er gert til að koma í veg fyrir skoðun barnakláms á netinu hér á landi, t.d. að setja upp netsíur sem hindra slíkt?

[14:44]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni hlý orð í minn garð og fyrir að vekja máls á þessu. Í mínum huga er mikilvægt að leitað verði allra leiða til að stemma stigu við ófögnuði af þessum toga. Vandamálið er flókið sökum þess að tækninni fleygir ört fram á þessu sviði og netið á sér engin landamæri eins og kunnugt er. Þá þarf að huga að lagalegum atriðum í þessu sambandi.

Lögreglan, undir forustu embættis ríkislögreglustjóra, hefur kannað ýmsar leiðir í þessum efnum og m.a. kynnt sér hvað lögregluyfirvöld í nágrannalöndum okkar hafa gert. Lögreglan hefur einnig átt gott samstarf við Barnaheill um þessi mál, m.a. í tengslum við ráðstefnu sem hv. fyrirspyrjandi nefndi. En hún var haldin í síðasta mánuði.

Það er rétt, sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að norsk lögregluyfirvöld hafa náð góðri samvinnu við internetfyrirtæki í því skyni að heft útbreiðslu barnakláms. Það felst m.a. í því að þegar menn reyna að fara inn á þekktar barnaklámssíður koma upp skilaboð frá internetfyrirtækinu um að aðgangur að viðkomandi síðu sé lokaður að beiðni lögreglu, hvort sem menn reyna að komast þar inn með efni eða reyna að opna þær síður. Viðkomandi er bent á að hafa samband við lögreglu ef hann telji að aðgangi að síðu sé ranglega lokað.

Lögreglan hefur óskað eftir samstarfi við internetfyrir-

tæki hér á landi í því skyni að kom upp netsíum af þessum toga sem komi í veg fyrir að viðskiptavinir geti skoðað vefsíður sem innihalda barnaklám. Allir þættir þess máls eru til skoðunar, m.a. það sem snýr að vernd persónuupplýsinga og öðrum lagalegum þáttum. Vonast er til að samstarfið verði að veruleika á næstu vikum eða mánuðum.

Þá er í dómsmálaráðuneytinu unnið að lagabreytingum til að íslenska ríkið geti uppfyllt skuldbindingar sínar á grundvelli samnings Evrópuráðsins um tölvubrot, frá 23. maí árið 2001. En Ísland undirritaði þann samning í nóvember 2001. Með samningnum er leitast við að móta sameiginlega stefnu við mótun refsilöggjafar sem hafi að markmiði að veita borgurunum refsivernd gegn ólögmætri háttsemi sem drýgð er með notkun upplýsingatækni, þ.e. netinu. Það yrði gert með því að setja viðeigandi löggjöf og auka alþjóðlega samvinnu á þessu sviði. Markmið samningsins er:

1. Að samræma almenn efnisskilyrði í refsilöggjöf og tengdri löggjöf að landsrétti á sviði tölvubrota.

2. Að innleiða nauðsynlegar réttarfarsreglur svo hægt sé að rannsaka og saksækja einstaklinga fyrir slík afbrot auk annarra afbrota sem framin eru í gegnum tölvukerfi eða með rafrænum hætti.

3. Að setja á laggirnar skilvirkt og fljótvirkt kerfi alþjóðlegrar samvinnu á þessu sviði.

Í samningnum eru m.a. ákvæði er varða barnaklám. Gert er ráð fyrir nýju úrræði við rannsókn sakamála vegna brota sem framin eru með atbeina upplýsingatækni. Það tekur mið af hættu á því að tölvugögnum sem hafa að geyma sönnun fyrir broti verði spillt eða breytt. Þessi ákvæði samningsins kalla á lagabreytingar hér á landi. Ég stefni að því að leggja fram á yfirstandandi þingi frumvarp þar sem mælt verði fyrir um nauðsynlegar lagabreytingar til að íslenska ríkið geti uppfyllt skuldbindingar sínar á grundvelli þess samnings.

Þá vil ég einnig minna á að á síðasta þingi, síðasta ári, voru miklar umræður í þinginu um frumvarp sem samgönguráðherra flutti á þeim tíma. Það gerði ráð fyrir skráningu á IP-númerum, eins og þingmenn muna væntanlega. Það mætti nokkurri andstöðu í þinginu en náði engu að síður fram að ganga og samþykkt þess frumvarps, sem nú er orðið að lögum, auðveldar einnig eftirlit af þessu tagi.

[14:48]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér er hreyft afar viðkvæmu en mikilvægu máli, barnaklámi á netinu, og ég vil fagna svörum hæstv. dómsmálaráðherra — segi nú ekki míns kæra dómsmálaráðherra þó það eigi næstum því við í þessu tilfelli. Það er greinilega verið að vinna að þessum málum í ráðuneytinu og það er ánægjulegt. Við höfum dæmi um að netsíur komi að góðum notum og þar hafa Norðmenn sýnt ákveðið frumkvæði og sjálfsagt að nýta sér reynslu þeirra.

Í síðustu viku var ráðstefna um netnotkun barna og unglinga þar sem þessi mál voru rædd í þaula, ekki bara barnaklám heldur líka öll samskipti á netinu. Við þurfum að vera vakandi hvað þetta varðar á hverjum degi því að eins og hæstv. dómsmálaráðherra sagði, og þekkir sennilega manna best, þekkir netið engin landamæri.

[14:49]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Samtökin Barnaheill hafa hér á landi haft forgöngu um að hvetja fólk til að gera viðvart um barnaklám á netinu, mjög þarft og mikilvægt framtak sem hefur borið þó nokkurn árangur. Mig langar af því tilefni og vegna svara hæstv. dómsmálaráðherra að inna hann eftir því hvort þær viðræður sem hafnar eru við netþjónustufyrirtæki vísi þann veginn að hægt sé að ná svipuðu eða sambærilegu samkomulagi og gert hefur verið í Noregi eða hvort fram hafi komið einhverjir fyrirvarar eða aðrir þeir meinbugir af hálfu fyrirtækjanna að kannski sé þetta ekki eins auðsótt mál eins og mátti álykta af máli hæstv. ráðherra.

[14:50]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þm. Söndru Franks fyrir þessa fyrirspurn. Það hefur margoft komið fram í þessari stuttu umræðu að um gífurlega mikilvægt mál er að ræða, ég held að þingheimur allur geti sameinast um það. Það er mjög ánægjulegt að hæstv. dómsmálaráðherra tekur á því eins og raun ber vitni. Eðli málsins samkvæmt þarf að stíga varlega til jarðar þegar um er að ræða persónuréttindi, og þá er ég að vísa í þætti sem tengjast persónuvernd hins almenna netnotanda og öðru slíku, en þó verður að taka á því af einurð og ákveðni. Ég heyri á svörum hæstv. ráðherra að þannig er unnið að málum. Ég vonast til þess að niðurstaða náist sem allra fyrst. Þetta mál er þess eðlis að við þurfum öll að berjast gegn því og með öllum tiltækum ráðum.

[14:52]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil gjarnan taka til máls um þá ágætu fyrirspurn sem hér er borin fram. Það er þyngra en tárum taki að við skulum þurfa að afbera barnaklám á netinu. Okkur ber skylda til þess, bæði stjórnmálamönnum, lögreglu og öllum sem geta lagt hönd á plóg, að hafna barnaklámi. Þetta er ein ógeðfelldasta birting á mannlegu eðli sem hugsast getur. Ég vil sérstaklega fagna því sem kom fram hjá hæstv. dómsmálaráðherra að hann muni taka upp einhvers konar samstarf um netsíur. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að lögreglan fái ábendingar frá öllum þeim sem verða varir við barnaklám á netinu. Það er geysilega mikilvægt að við tökum á þessu með eins harkalegum hætti og hægt er án þess að ganga á vernd fólks samkvæmt stjórnarskrá o.s.frv. Barnaklám er svo alvarlegur hlutur að við eigum algerlega að hafna því í öllu birtingarformi.

[14:53]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Samfylkingarinnar, Söndru Franks, fyrir að hefja máls á fyrirbrigðinu „netsíur“ til að reyna að vernda þjóðina fyrir barnaklámi. Í mínum huga er barnaklám, sem er undirrót margs ills, ein sú stærsta skömm sem hvílir á mannkyninu í dag. Það má hvergi gefa eftir í baráttunni og ég bæði trúi því og treysti að bæði hv. þingmaður og hæstv. ráðherra í

sínum kærleik taki hressilega á þessu máli.

[14:53]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Aldrei þessu vant verð ég að taka undir lofsyrði þingmanna um hæstv. dómsmálaráðherra. Þau svör sem hann veitti voru ákaflega skýr. Ég fagna því að hæstv. ráðherra sé með virkum hætti að íhuga það og reyndar að hrinda í framkvæmd, heyrðist mér, að taka upp netsíur til að varna því að menn geti notað barnaklám á netinu. Sérhver einstaklingur sem gerir það er um leið þátttakandi í glæp.

Ég er sjálfur nýkominn frá Afríkuríki þar sem lítil lög virtust í framkvæmd og þar sem stjórnvöld höfðu séð sig tilneydd til að fara í opinbera herferð gegn erlendum barnaníðingum sem beinlínis komu til landsins í þeim tilgangi að taka upp barnaklám til að selja annars staðar. Það eru börn í þriðja heiminum sem verða verst úti og við þurfum af öllum þeim krafti sem við getum að taka þátt í að útrýma þessu. Ég fagna bæði frumkvæði hv. þingmanns og svörum hæstv. ráðherra.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Sandra Franks):

Virðulegi forseti. Ég er ánægð með að hæstv. ráðherra skuli með svo jákvæðum hætti taka undir hugmyndir um að netsíum verði beitt til að draga úr notkun og þar með framleiðslu á barnaklámi. Ég nefndi það fyrr í ræðu minni, eins og hæstv. ráðherra gerði í svari sínu, að Norðmenn hefðu tekið þær upp og virtust satt að segja mjög ánægðir með það. Þar í landi fá netþjónusturnar lista yfir ólöglegar vefsíður frá yfirvöldum og þeim er lokað þannig að menn komast ekki inn á þær. Í stað þess opnast síðan og upp kemur gluggi sem segir viðkomandi að hann hafi reynt að komast inn á ólöglega vefsíðu.

Í Noregi hafa daglega mælst allt að 7 þúsund tilraunir til að komast inn á síður af þessu tagi. Engin skrá er hins vegar haldin yfir þá sem reyna slíkt enda væri það fráleitt að mínum dómi og í andstöðu við stjórnarskrá og persónuverndarlög. Svipað kerfi væri auðvelt að taka upp hér á landi og ég hef skoðað hvernig Norðmenn taka á þessu máli í lögum og stjórnarskrá. Þar var stjórnarskránni breytt fyrir skömmu og tjáningarfrelsisákvæðið var endurskoðað með mjög róttækum hætti. Almennt var það rýmkað mjög en hins vegar þrengt hvað varðar barnaklám. Norska stjórnarskráin veitir hinu opinbera sérstakar heimildir til að grípa til aðgerða sem hindra miðlun og notkun barnakláms á netinu og í hvítbók norsku ríkisstjórnarinnar, þar sem breytingartillögur hennar voru upphaflega kynntar, var það rökstutt með því að þar væru meiri hagsmunir, þ.e. hagsmunir barnanna, teknir fram yfir réttinn til að tjá sig með hætti sem fallið gæti undir barnaklám. Ég er því sjónarmiði algerlega sammála og ég tel að netsíur séu mjög góð leið til að vinna gegn barnaklámi. Ég hvet hæstv. ráðherra til að beita sér af krafti fyrir því að þær verði teknar upp í þeim tilgangi.

[14:57]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda og öðrum þátttakendum í þessum umræðum fyrir viðhorfin sem hér hafa komið fram og einnig fyrirspyrjanda fyrir þær upplýsingar sem hún hefur miðlað til þingsins um hvernig Norðmenn hafa staðið að þessu og hvaða ráðstafanir þeir hafa þurft að gera með breytingu jafnvel á stjórnarskránni til að ná þessu fram. Ég veit ekki til þess að slík vandamál hafi komið upp hér en að vissu leyti er ég þar að tala um hluti sem ég hef ekki kannað til hlítar. Eins og fram kom í máli mínu er lögreglan að vinna að því að stofna til samstarfs við internetfyrirtækin um þetta. Frjálsir samningar eru náttúrlega besta leiðin í slíku. Ég hef ekki fengið spurnir af því að nein fyrirstaða sé af hálfu fyrirtækjanna enda held ég að það sé öllum fyrirtækjum fyrir bestu að fá ekki þann stimpil á sig að þau vilji ekki starfa með lögreglunni að því að koma í veg fyrir að netið sé misnotað á þennan veg. Það eitt að við ræðum þetta hér og sá þungi sem er í störfum lögreglunnar, Barnaheilla og annarra í þessu máli ætti að knýja fyrirtæki til að taka höndum saman með yfirvöldum og koma í veg fyrir að ófögnuður af þessu tagi leiki lausum hala á netinu. Vissulega á það kannski við um fleiri þætti þegar litið er til netheima en þetta er þó sá þáttur sem ég held að allir ættu að geta sameinast um að eigi að útrýma. Enginn heiðvirður þjónustuaðili eða maður á að standa þannig að málum að þetta sé opið fyrir fólk sem kannski fer inn á slíkar síður fyrir misskilning og lendir sjálft í hremmingum við það. Ég tel því að lögreglan eigi að vinna að þessu og einnig eigi þjónustufyrirtækin að sjá metnað sinn í því að setja upp síur sem þau geta sjálf sett upp án þess að fá fyrirmæli um það frá lögreglunni.

Umræðu lokið.

Viðhald vega.

Fsp. AKG, 488. mál. — Þskj. 719.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Mikið er rætt um ástand vegakerfisins á Íslandi þessa dagana, og reyndar um samgöngumál almennt, og ekki að ófyrirsynju. Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á umferðinni á Íslandi, bílum hefur fjölgað en það sem gerir þó ástandið alvarlegast og verst er hversu mjög flutningabílum hefur fjölgað úti á þjóðvegunum og hve þeir hafa stækkað. Það er óhjákvæmilegt ef maður er úti á þjóðvegunum á vissum tímum dagsins að mæta jafnvel tugum stórra flutningabíla með tengivagna aftan í. Þetta er hreint ekkert gamanmál, frú forseti, sérstaklega ekki í skammdeginu í myrkri og rigningu þar sem skyggni er slæmt.

Enda er það svo að þó að slysum hafi ekki fjölgað tiltakanlega mikið af þessum sökum þá hefur óhöppum fjölgað. Sum flutningafyrirtæki halda skrá yfir það hversu margir hliðarspeglar á bílunum þeirra skemmast eða fara af beinlínis vegna þess að bílar rekast saman þegar þeir mætast. Það segir okkur hversu oft liggur nærri slysum. Speglarnir eru að vísu stórir og standa talsvert langt út frá bílunum en þetta segir okkur að það er beinlínis ekki plass fyrir tvo bíla

á veginum miðað við þann hraða og þá miklu umferð sem um er að ræða.

Vegirnir á Íslandi eru mjóir og þeir eru ekki byggðir fyrir þá miklu umferð sem ég er hér að lýsa. Fyrir vikið láta þeir undan, þeir eru missignir og jafnvel núna á þessum árstíma, þegar við erum yfirleitt með frosna jörð, eru þungatakmarkanir í gildi víða á landinu.

Ég heyrði nýlega í fréttunum að það þyrfti að stórauka fjármagn til viðhalds á vegum á Íslandi vegna þessa ástands og þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðherra:

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við upplýsingum um stóraukna fjárþörf til viðhalds vegakerfisins vegna aukinna þungaflutninga?

[15:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn því að sú vísa er aldrei of oft kveðin að vekja athygli á þörfinni fyrir aukna fjármuni til uppbyggingar vegakerfis á Íslandi. Því fagna ég hverjum og einum þingmanni sem ber upp slíkar fyrirspurnir.

Fyrirspurn hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur snýst um hvernig ráðherra hyggist bregðast við upplýsingum um stóraukna fjárþörf til viðhalds vegakerfisins vegna aukinna þungaflutninga.

Svar mitt er að það blasir við, eins og kom fram í ræðu hv. þingmanns, að aukin umferð veldur vaxandi kostnaði vegna viðhalds og þjónustu á vegakerfinu. Það er staðreynd sem við gerum okkur góða grein fyrir.

Undanfarin ár hefur umferð vaxið mjög verulega og sér þess m.a. stað í fjárveitingum til viðhalds og þjónustu í gildandi samgönguáætlun sem nær yfir tímabilið 2005–2008. Við höfum því gert ráð fyrir þessari auknu umferð og meiri kostnaði vegna viðhaldsins. Við hönnun vega er yfirleitt miðað við að burðarlag þeirra endist í 20 ár án meiri háttar viðhalds. Er þá miðað við þá umferð sem um veginn fer þegar hann er byggður og spá um umferðaraukningu næstu 20 árin. Segja má að þessir útreikningar rúmi í flestum tilfellum þá umferðaraukningu sem orðið hefur á síðustu árum. Þyngra vegur hins vegar að árið 1995 var leyfilegur ásþungi farartækja hækkaður úr 10 tonnum í 11,5 tonn til samræmis við reglur Evrópusambandsins. Vegirnir höfðu fyrir þann tíma verið hannaðir og byggðir upp í samræmi við staðla sem gerðu ráð fyrir minni ásþunga. Þetta hefur í för með sér að nauðsynlegt er að styrkja vegi sem byggðir voru fyrir þessa ákvörðun árið 1995. Fjölmargir vegir voru byggðir upp með bundnu slitlagi fyrir þann tíma. Því blasir við þörf fyrir endurbyggingu fyrr en menn gerðu ráð fyrir af þessari ástæðu.

Hins vegar er alveg nauðsynlegt í okkar kalda landi, þar sem veðurfar er jafnrysjótt og raun ber vitni um, að viðhafa þungatakmarkanir til að verja vegina. Þó að þeir séu vel uppbyggðir og fullbyggðir er algerlega nauðsynlegt að takmarka ásþunga þegar þannig stendur á hvað veður varðar.

Í gildandi samgönguáætlun, sem ég nefndi fyrr, gerum við ráð fyrir verulegum upphæðum til viðhalds á hverju ári. Á þessu ári gerum við t.d. ráð fyrir því að 2,8 milljarðar fari í beint viðhald og svipuð upphæð, eða 2,7 milljarðar, til þjónustu, þar á meðal vetrarþjónustu. Á næsta ári gerum við ráð fyrir að auka framlög til viðhalds á vegum í ríflega 3 milljarða kr., bæði í viðhald og þjónustu, þannig að ríflega 6 milljarðar fari í viðhald veganna og í þjónustu á vegunum. Á árinu 2008 er jafnframt aukning og þó meiri aukning í þjónustu, er þá m.a. miðað við að auka vetrarþjónustuna sem er auðvitað geysilega mikilvægt, sérstaklega hvað það varðar að auka umferðaröryggið.

Af þessum tölum má sjá, virðulegur forseti, að við leggjum aukna áherslu á viðhald veganna vegna þeirrar staðreyndar að umferðin er að aukast og flutningar á milli landshluta hafa vaxið sem betur fer. Það er mikil gróska í samfélaginu og mikil framleiðsla sem leiðir til þess að vörur eru fluttar á markað og rekstrarvörur þurfa að komast til staða vítt og breitt um landið. Þessir flutningar hafa vaxið og það er af hinu góða. Við þurfum þess vegna að bregðast við með því að auka fjármuni til uppbyggingar og viðhalds á vegakerfinu og það er verið að gera.

[15:08]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn frá hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur. Þetta leiðir auðvitað hugann að því, eins og kom fram í svari hæstv. samgönguráðherra, að þjóðvegirnir okkar eru alls ekki byggðir fyrir alla þessa þungaflutninga. Það hefur komið fram að hver flutningabíll með tengivagni slítur vegunum á við 10 þúsund fólksbíla. Það sem hefur verið að gerast á síðustu árum er einmitt að flutningar hafa verið að færast að miklu leyti frá strandsiglingum og upp á vegina og það er þarna sem við verðum að bregðast við.

Það ætti ekki að vera erfitt að reikna þjóðhagslega hagkvæmni af því að vera með strandsiglingar og nú geta menn farið að sjá eftir að hafa lagt niður Skipaútgerð ríkisins. Þess vegna ættu menn að einbeita sér að því að byggja upp strandflutninga á ný, hvernig sem það verður gert en það eru auðvitað margar leiðir (Forseti hringir.) til þess, og spara þannig peninga og (Forseti hringir.) spara vegina okkar.

(**Forseti** (DrH): Ég bið hv. þingmann að virða ræðutíma.)

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir þau svör sem hann veitti hér. Vissulega er verið að auka viðhaldsfé smám saman en ég hef áhyggjur af því að ekki sé nóg að gert. Ég held að við þurfum líka að fara í að breikka vegina. Þeir eru víða of mjóir. Við erum reyndar með í notkun tiltölulega nýja vegi sem eru allt of mjóir miðað við þá umferð sem á þeim er, ég get t.d. tekið Þverárfjallsveg en fyrri hluti hans, sá hluti sem lokið er, er einum metra mjórri en seinni hlutinn á að vera, sem segir sína sögu um vanmat á umferðinni sem á veginum er. Fyrir utan það að fé til viðhalds vega er vanáætlað, að ég tel, þá eigum við óhemjulega mikið eftir í vegagerð á landinu áður en við getum talað um að við séum með nútímalega vegi.

Ég ætla að taka Vestfirðina sem dæmi enn og aftur því að það er sá hluti landsins sem á langlengst í land með vegagerð. Það er í rauninni alveg hræðilegt hve Vestfirð-

ingar hafa verið settir aftarlega á merina í þessu efni og hversu langt á að líða þangað til þeir verða komnir í það sem ég vil kalla mannsæmandi vegasamband við aðra hluta landsins. Þetta stendur þeim auðvitað fyrir þrifum. Jafnframt því að byggja ekki upp vegina þar þá höldum við þeim heldur ekki nógu vel við.

[15:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það er misskilningur hjá hv. þingmönnum að vegirnir séu ekki byggðir í dag fyrir þann þungaflutning sem á að fara um þá. Það er bara þannig að allt eyðist allt sem af er tekið, eins og þar stendur, og álag á vegina, eins og álag á alla aðra hluti, leiðir til þess að það þarf að viðhalda þeim. Í dag eru allir vegir byggðir upp miðað við að þeir þoli fyrrnefndan ásþunga við eðlilegar aðstæður en síðan þarf, eins og ég gat um áðan, að taka tillit til aðstæðna í veðurfari, þegar frost er að fara úr jörðu þarf að setja þungatakmarkanir til að verja yfirlag veganna, hið bundna slitlag ekki síst. Í dag er miðað við Evrópustaðal, ásþungann 11,5 tonn í hönnun veganna þannig að nýbyggðir vegir í dag eiga að þola þá umferð sem á þá er lögð.

Ef við tökum Reykjanesbrautina sem dæmi. Hún er byggð upp með tveimur akreinum í hvora akstursstefnu. Þar eru auðvitað ýtrustu staðlar, bæði hvað varðar álag á vegakerfið og öryggisstaðlar. Sama gildir um þá vegi sem verið er að byggja upp alls staðar úti um landið, notaðir eru tilteknir staðlar til að ákvarða breidd vegar og þar er umferðarmagn áætlað. Á síðasta kjörtímabili var tekin ákvörðun um að breikka þá vegi sem mesta umferðin er um og eftir þeirri ákvörðun er unnið í dag. Allt horfir þetta því til stórlega betri vegar.

Umræðu lokið.

[15:13]

Útbýting:

Höfundalög, 222. mál, þskj. 772.

Lokanir veiðisvæða, 469. mál, svar sjútvrh., þskj. 756.

Þróun skattprósentu.

Fsp. GÞÞ, 454. mál. — Þskj. 678.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu um skattamál. Ég tel að það sé afskaplega mikilvægt og ég mun gera hvað ég get, virðulegi forseti, til þess að sú umræða verði sem best og verði upplýsandi, því að sú hefur ekki alltaf verið raunin. Því meiri umræða og því meiri upplýsingar sem koma til fólks, því betra. Það er í rauninni ástæðan fyrir því að ég legg fram þessa fyrirspurn, virðulegi forseti, að ég vil að upplýst verði um hina ýmsu þætti í skattastefnu ríkisstjórnarinnar og skattamál almennt.

Fyrirspurnin sem ég legg fram snýr ekki einungis að einni prósentu, eins og oft er talað um, heldur er ég að vísa í og spyrjast fyrir um þróun á því sem við alla jafna köllum tekjuskatt en er líka útsvar, því að það sem gerist þegar við fáum launaseðilinn okkar er að þá fáum við eina prósentu sem ber nafnið tekjuskattur en það sem menn gleyma er að þar er oft og tíðum bæði um að ræða útsvar til sveitarfélaga og tekjuskatt. Ég held að það sé mjög villandi í umræðunni — það er mjög margt villandi í umræðunni — að það er eiginlega aldrei minnst á það. Þess vegna held ég að það sé afskaplega mikilvægt að þetta sé aðskilið á launaseðlum, sem er að vísu annað mál en náskylt sem ég ásamt fleiri þingmönnum höfum flutt frumvarp um. Það skiptir hins vegar máli, eins og ég sagði, að fólk sé upplýst um hvernig þróunin hefur verið og þess vegna hef ég lagt fyrir hæstv. fjármálaráðherra fyrirspurn sem hljóðar svo:

Hversu há var skattprósentan árið 1995 í sveitarfélögum með hámarksútsvar annars vegar og lágmarksútsvar hins vegar af: — og síðan eru tilgreind mismunandi mánaðarlaun í sex stafliðum, frá 100 þús. kr. og upp í 350 þús. kr.

Einnig er spurt um skattprósentuna árið 2008, þegar fyrirhugaðar skattalækkanir sem teknar hafa verið ákvarðanir um verða að fullu komnar til framkvæmda, og skipti ég því á sama hátt hjá sveitarfélögum með hámarksútsvar annars vegar og lágmarksútsvar hins vegar.

Ég vonast til að fá skýr svör, og ég á ekki von á öðru frá hæstv. fjármálaráðherra, og að þetta verði liður í því að upplýsa um skattamál og skattapólitík hér á landi.

[15:17]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Hér er fyrirspurn um þróun skattprósentu. Fyrirspyrjandi fer fram á upplýsingar um skatthlutfall á tilteknum tekjum á árunum 1995 og 2008 fyrir íbúa í þeim sveitarfélögum sem innheimta hámarksútsvar annars vegar og lágmarksútsvar hins vegar. Beðið er um upplýsingar fyrir mánaðarlegar tekjur á bilinu 100 þús. til 350 þús. kr. Reiknað er með að um venjulegar launatekjur sé að ræða.

Árið 1995 var lagður á skattur vegna tekna ársins 1994. Hlutfall tekjuskatts það ár nam 33,15% en sveitarfélög höfðu heimildir til að leggja á útsvar á bilinu 11,15–11,95%. Heildarskatthlutfall fyrir 100 þús. kr. mánaðarlegar tekjur nam 20,4–21,2% eftir því hvort um var að ræða íbúa í sveitarfélagi sem leggur á lágmarks- eða hámarksútsvar. Mismunurinn er 0,8 prósentustig. Skatthlutfallið hækkar með hækkandi tekjum og er 39,5–40,3% eftir því hvar skattgreiðandi býr þegar tekjur eru orðnar 350 þús. kr. á mánuði.

Árið 2008 verða skattalækkanir þær sem nú þegar hafa verið ákveðnar allar búnar að taka gildi. Það ár verða lagðir skattar á þær tekjur sem aflað var 2007. Tekjuskattur verður þá orðinn 21,75% og verður búinn að lækka um 4 prósentustig frá því sem hann var áður en skattalækkanir núverandi ríkisstjórnar voru ákveðnar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að útsvarsreglum verði breytt frá því sem nú er. Af 100 þús. kr. mánaðarlegum tekjum á íbúa í sveitarfélagi sem leggur á lágmarksútsvar verður einungis greiddur 2% skattur árið 2008 sem raunar er allur útsvar til viðkomandi sveitarfélags. Skattalækkun fyrir þann sem hefur 100 þús. kr. í laun á mánuði árið 2007 er rúmlega 6 þús. kr. á mánuði sem er hækkun ráðstöfunartekna um nær 7% frá árinu 2004, ári áður en skattalækkanir þær sem nú hafa verið lög-

festar voru ákveðnar. Ef viðkomandi býr í sveitarfélagi sem leggur á hámarksútsvar verður skatthlutfallið 3,7%. Munurinn er 1,7 prósentustig. Skatthlutfallið fer síðan hækkandi með hækkandi tekjum og verður 23,2% fyrir 350 þús. kr. mánaðartekjur í sveitarfélagi með lágmarksútsvar, 4,5% lægra en var þremur árum áður. Í sveitarfélagi með hámarksútsvar verður skatthlutfallið 24,9%.

Mismunur á ráðstöfunartekjum árið 2007 hjá þeim sem búa í sveitarfélagi sem leggur á hámarksútsvar og hjá þeim sem búa í sveitarfélagi sem leggur á lágmarksútsvar er frá 1,8% til 2,3% eftir tekjum á því tekjubili sem fyrirspyrjandi biður um upplýsingar um.

Fyrir 100 þús. kr. laun árið 1995 er lágmarkið 20,4% og hámarkið 21,2%, árið 2005 er lágmarkið 8% og hámarkið 9,7% og árið 2008 er lágmarkið 2% og hámarkið 3,7%. Mismunur 2005 og 2007 er 1,7 prósentustig en 0,8 árið 1995 eins og áður er komið fram. Fyrir 150 þús. kr. er lágmarkið 1995 28,3% en 29,1% er hámarkið. Árið 2005 er lágmarkið 17,2% og hámarkið 18,9% og 2008 er lágmarkið 11,9% en hámarkið 13,6%. Mismunurinn er, eins og áður segir, 0,8 prósentustig 1995 og 1,7 2005 og 2007. Fyrir 200 þús. kr. tekjur er lágmarkið 32,3%, hámarkið 33,1%. Árið 2005 er það 21,8% og 23,5% er þá hámarkið, 16,8% er lágmarkið 2008 og hámarkið 18,5%. Eftir sem áður er mismunurinn 0,8 prósentustig 1995 og 1,7 2005 og 2008. Fyrir 250 þús. kr. tekjur er lágmarkið 1995 35,6% en hámarkið 36,4% en 2005 er lágmarkið 24,5% og hámarkið 26,2%.

Árið 2008 er lágmarkið 19,8% og hámarkið 21,5% og mismunurinn áfram 0,8 prósentustig 1995 og 1,7 2005 og 2008.

[15:21]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það er aumkunarvert hlutverk hjá hæstv. fjármálaráðherra að koma hér aftur og aftur, þylja upp úr sér runu af tölum til að reyna að slá slæðu yfir eða þyrla ryki upp yfir þá staðreynd að skattar á Íslandi hafa hækkað á flestöll laun. Það er ótrúlegt til þess að vita að enn skuli hæstv. fjármálaráðherra bera saman krónu á árinu 1995 og krónu á árinu 2008. Það er ekki reynt að bera saman hluti sem hægt er að bera saman. 100 þús. kr. laun á árinu 1995 eru ekki jafngild 100 þús. kr. launum á árinu 2008. (Gripið fram í.) Ætli 100 þús. kr. laun á árinu 1995 séu ekki nálægt því með launavísitölu að vera í kringum 250 þús. á árinu 2008 og ef menn horfa á það hefur skattbyrðin aukist. Hún hefur hækkað úr því að vera 20,4% í 24,5%.

Reynum að bera saman sömu hlutina og ég bið ráðherra að vera ekki að bera hér á borð fyrir fólk aftur og aftur sömu lygina.

[15:23]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Þetta var mikil talnaruna og prósenturuna sem fjármálaráðherra þurfti að ryðja út úr sér á nokkrum mínútum. Hefði verið tilvalið að fá þetta svar frekar skriflegt, ég held að það hefði verið augljósara fyrir alla.

Auðvitað er það hárrétt sem hv. þm. Jón Gunnarsson kemur inn á. Það er verið að reyna að afvegaleiða umræðuna. Það er nákvæmlega það sem hann sagði, það er ekki verið að bera saman sömu laun á stóru árabili. Það er allt annað að vera með 100 þús. kr. í laun árið 1995 og síðan árið 2008. Af því að þetta er svona nákvæmlega allt með 50 þús. kr. bili hefði ég kannski líka viljað fá tölur um hverjar skattprósentur eru hjá þeim sem eru með hálfa milljón á mánuði eða jafnvel milljón. Ég held að það sé að verða algengara.

Staðreyndin er auðvitað sú að þeir sem hæst hafa launin í þessu landi — og þau eru alltaf að hækka — eru alltaf að borga minni og minni skatt á meðan þeir sem lægst hafa launin þurfa að borga meiri skatta.

[15:24]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Athugasemd mín varðar í fyrsta lagi það að þetta skuli vera sett fram sem munnleg fyrirspurn. Þetta hefði verið ágæt skrifleg fyrirspurn. En það sem ég geri líka athugasemdir við og vil spyrja hv. þingmann sem leggur þetta fram, hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson, er hvað sé á ferðinni. Hér er fyrsta fyrirspurnin sem hann lagði fram undir þessu númeri en ég get því miður ekki farið yfir hana. Svo kemur fyrirspurnin aftur, 2. uppprentun, leiðréttur texti og þá er talað um árin 2005 og 2008 og svo kemur 3. fyrirspurnin, prentuð upp og nýr leiðréttur texti — ég hef aldrei séð þetta áður — og þá koma ný ártöl.

Hvaða fundur í Sjálfstæðisflokknum stendur yfir á hinu háa Alþingi? (Gripið fram í.) Eins og ég segi, þetta prósentuþrugl ráðherrans sem er engan veginn hægt að fara yfir er með ólíkindum. Það sem stendur hins vegar eftir í þessari skattaumræðu — og ber að þakka þingmanninum fyrir að vekja athygli á því — er að skattakóngur Íslands, sá sem nær í mestar skatttekjur af borgurunum í ríkissjóð er Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, í tíð sinni sem fjármálaráðherra.

[15:25]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Þetta er mikill brandari sem hér á sér stað í þingsölum. Hér dregur Sjálfstæðisflokkurinn greinilega upp einhvers konar potemkintjöld og reynir að halda því fram að skattar á Íslandi hafi lækkað.

Frú forseti. Má ég rifja það upp að það var Sjálfstæðisflokkurinn sem í fjármálaráðherratíð Ólafs Ragnars Grímssonar útnefndi hann sem skattmann Íslands. Síðan hefur það gerst að undir forustu núverandi formanns Sjálfstæðisflokksins stórjókst skattheimta af íslenskum borgurum þannig að skattmann Íslands, óumdeildur, er Geir H. Haarde.

Þegar þessir herrar tóku við var skatturinn sem lægstlaunaða fólkið þurfti að greiða af tekjum sínum 2–3%. Í dag er það 12–14%. Lægst launaða fólkið borgar hlutfallslega sex- til sjöfalt meira í dag en þegar þessi ríkisstjórn tók við. Auðvitað er það brandari þegar hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins setja svona leikrit á svið.

[15:26]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Enn er Sjálfstæðisflokkurinn að reyna að snúa sig út úr skattaumræðunni. Ég þakka hæstv.

fjármálaráðherra fyrir svörin hér, en síðustu daga höfum við fylgst í Kastljósi með stjórnendum þar reyna að átta sig á því hvort skattar í landinu hafi hækkað eða lækkað. Í gærkvöldi heyrðum við Jóhönnu Vilhjálmsdóttur fara yfir þau mál og komast að þeirri sömu niðurstöðu og við höfum kynnt í stjórnarandstöðunni, að þeir hafa hækkað á lægst launaða fólkið en lækkað á hæst launaða fólkið. Það er núna þannig að lægst launaða fólkið greiðir heil mánaðarlaun í skatta á ári umfram það sem það gerði þegar þessi ríkisstjórn hóf störf. Við, hæst launaða fólkið, greiðum fast að mánaðarlaununum minna.

Ég vil einfaldlega spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé ekki fullkomlega sammála þessum salómonsdómi um það hvort skattar hafi hækkað eða lækkað, þ.e. að þeir hafi lækkað á okkur, hinum tekjuhæstu, (Forseti hringir.) en hækkað á efnaminnsta og tekjuminnsta fólkið í samfélaginu.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir greinargóð svör. Sömuleiðis þakka ég hv. þingmönnum Samfylkingarinnar fyrir að afhjúpa sig enn og aftur. Þetta eru aðilarnir sem sögðu á hverjum einasta fundi fyrir síðustu kosningar: Við ætlum að lækka jaðarskatta.

Þetta sýnir svo að ekki verður um villst að jaðarskattar hafa verið lækkaðir ... (**Gripið fram í:** Hvernig?) Með því að lækka prósentuna. Hún hefur lækkað svo að um munar. Það sem hv. þingmenn vilja ekki tala um er hækkun útsvarsins í Reykjavík, sérstaklega ekki hv. þm. Helgi Hjörvar, maðurinn sem ber ábyrgð á því ásamt formanni Samfylkingarinnar að setja útsvar í fyrsta skipti í sögunni, í fyrsta skipti í sögu Reykjavíkur, í hámark. Þeir vilja ekki ræða það. Þeir vilja ekki ræða hver hin raunverulega þróun er í þessu skattamáli, nokkuð sem allir sjá með því að skoða prósenturnar — ég vek athygli á því að við erum farin með 100 þús. kr. úr 21,2% niður í 2%. (Gripið fram í.) Það er 2% skattur (Gripið fram í.) á 100 þús. kr. launum. (**JGunn:** Af hverju tókstu ekki 50 þús. kr. eða 55?) Hins vegar er hækkun eftir því sem á líður. Það er stighækkandi skattur. (**HHj:** Þið eruð ...) Það verður erfitt fyrir Samfylkinguna í næstu alþingiskosningum að koma fram og segja það sama og hún gerði síðast, að hún vilji lækka jaðarskatta, vegna þess að hún hefur barist gegn því með oddi og egg. Það sem hefur hins vegar gerst, algjörlega hreint og klárt, og tölurnar sýna það, er þveröfugt. Þess vegna komu þeir hingað illa farnir af samviskubiti eftir fyrrum yfirlýsingar á undanförnum vikum og reyndu að gera þetta tortryggilegt. En tölurnar tala sínu máli og það er ekki nokkur einasta leið fyrir hv. þingmenn að komast að neinni (Forseti hringir.) annarri niðurstöðu en þeirri að skattar hafa lækkað hér umtalsvert þrátt fyrir (Forseti hringir.) að Samfylkingin hafi hækkað skatta (Forseti hringir.) þar sem Samfylkingin hefur haft (Forseti hringir.) tækifæri til þess. (**JGunn:** ... 1995 í skatt?)

(**Forseti** (DrH)**:** Ég bið hv. þingmenn að virða tímamörk.)

[15:30]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Þeir eru svekktir og þeir eru sveittir. Þeir strita við að reyna að telja fólki trú um að það hafi það lakara í dag en fyrir 10 árum. Ef við skoðum skoðanakannanir benda þær ekki beinlínis til þess að hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafi haft eitthvað upp úr krafsinu. (**Gripið fram í:** Skoðanakannanir ...) Nei, það er rétt, hv. þingmaður, skoðanakannanir eru auðvitað ekki kosningar, en ég held að það sé engin ástæða fyrir a.m.k. Sjálfstæðisflokkinn að hafa neinar áhyggjur eins og staðan er í dag.

Ég velti því fyrir mér hvort hv. þingmenn vildu láta skattleggja sig eftir reglunum frá 1994 eða reglunum frá 1995. (**Gripið fram í:** Það fer eftir því hvað maður er með í laun.) Alveg sama hvaða laun hv. þingmaður er að tala um, nákvæmlega sama hvaða laun hann er að tala um, ef hann væri skattlagður eftir sömu reglum í dag og giltu 1994 eða 1995 borgaði hann miklu hærri skatta. Það er augljóst mál. Jafnvel þótt hann færi út í reiknikúnstir borgaði hann lægri skatta þegar neysluverðsvísitalan er tekin með í reikninginn. Jafnvel þótt hann tæki launavísitöluna í reikninginn væri hv. þingmaður líka að borga lægri skatta.

Hins vegar eru reiknikúnstirnar ekki það sem skiptir máli í þessu. Þær mæla heldur ekki hvaða áhrif breytingarnar hafa á skattana sem einstaklingar borga. Það sást mjög greinilega á þeim tölum sem sýndar voru í Kastljósinu í gær að skattar á allar þær tölur hafa lækkað, skattar á laun frá 1994 eða 1995 til dagsins í dag hafa lækkað. Hv. þingmaður getur haldið áfram að (Forseti hringir.) svitna og svekkja sig á umræðunni en hann mun ekkert komast áfram með hana. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.)

Umræðu lokið.

[15:32]

Útbýting:

Þjóðaratkvæðagreiðsla um stóriðjuframkvæmdir, 526. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 769.

Fundi slitið kl. 15:32.

---

68. FUNDUR

miðvikudaginn 15. febr.,
að loknum 67. fundi.

Dagskrá:

1. Lögreglulög og framkvæmdarvald ríkisins í héraði, stjfrv., 520. mál, þskj. 759. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 68. mál, þskj. 68. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, þáltill., 213. mál, þskj. 213. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Höfundalög, stjfrv., 222. mál, þskj. 772. — 3. umr.

5. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 63. mál, þskj. 63. — 1. umr.

6. Mat á mannaflaþörf í atvinnugreinum, þáltill., 67. mál, þskj. 67. — Fyrri umr.

7. Háskólar, frv., 59. mál, þskj. 59. — 1. umr.

8. Stjórnarskipunarlög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.

9. Atvinnuréttindi útlendinga, frv., 62. mál, þskj. 62. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.

Umræður utan dagskrár.

Tenging Sundabrautar við Grafarvog.

[15:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég bað um þessa utandagskrárumræðu er einfaldlega sú að hér er um afskaplega mikilvægt verkefni að ræða, þ.e. lagningu Sundabrautar. Ég hef komið að stjórnmálum í ansi langan tíma, a.m.k. miðað við lífaldur. (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. þm. Kristján L. Möller segir að ég hefði betur verið lengur í þeim því honum finnst gott og gaman að hafa mig á þessum vettvangi, en það er kannski ekki efni málsins. Ástæðan er sú að menn hafa rætt Sundabrautina í gott betur en áratug og þó að nokkuð hafi mjakast (Gripið fram í.) í málinu liggur fyrir að við erum ekki búin að klára það verkefni. Ég neita því ekki að ég hef nokkrar áhyggjur af því hversu hægt gengur.

Það er alveg ljóst og hv. þm. Össur Skarphéðinsson þekkir það vel enda hefur hann horft upp á ýmislegt í þessu, að samgöngumál í Reykjavíkurborg og á höfuðborgarsvæðinu eru mjög mikilvæg og tengjast öllum landsmönnum. Við sem búum austarlega í borginni þekkjum það að umferðin er mjög þung þegar menn fara vestur í bæ, leið sem margir keyra til vinnu, sérstaklega á álagstímum. Þetta mun bara aukast. Það liggur fyrir með þeirri hefðbundnu fjölgun, hvort sem það er myndarleg uppbygging í Mosfellsbæ, á Suðurlandi eða Vesturlandi, og ég tala ekki um ef menn — sem ég trúi ekki fyrr en ég tek á því — ætla í fullri alvöru að flytja 15–20 þús. manns í Úlfarsfell. Það liggur fyrir að það er ekki nokkur leið að koma fólki til og frá þar. Það mál kemur öllum landsmönnum við, sérstaklega þeim sem búa í Reykjavík og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og ég sagði hefur þetta gengið, að mínu áliti, of hægt. Hins vegar verður náttúrlega að segja eins og er að það er afskaplega ánægjulegt að sjá að ríkisvaldið hefur gengið á undan og tryggt fjármögnun fyrir þessa dýru framkvæmd. Það er nokkuð sem liggur fyrir. Hins vegar er ekki nóg að tryggja fjármagn, það þarf að fara í framkvæmdina. Eins og staðan er í dag þarf að taka ákvarðanir um ýmislegt sem þessu tengist. Þar er í mörg horn að líta. Það eitt og sér að leggja Sundabrautina mun ekki leysa mikinn umferðarvanda eins og staðan er í dag. Ýmislegt fleira þarf að koma til sem að vísu er ekki í verkahring okkar alþingismanna. Koma þarf betri nýting á umferðarmannvirki í Reykjavíkurborg. Það er til lítils að ræða það hér, nema kannski í hliðarsölum við aðila sem gætu haft áhrif á það. Það skiptir líka máli að tengingar og þar sem brautin fer um sé gert í sem mestu samráði við íbúana og að það komi sem best út fyrir alla íbúa borgarinnar, hvar sem þeir eru.

Það skiptir mjög miklu máli hvar tengingarnar eru og hvar þær verða. Íbúar á nokkrum stöðum í borginni hafa haft áhyggjur af þessu og komið fram með sín sjónarmið. Ég held að mikilvægt sé að við vinnum hratt og örugglega í málinu og tökum tillit til málefnalegra raka í því þannig að sem allra best sátt náist um málið og að sömuleiðis verði sem fyrst af framkvæmdinni því það er engin ástæða til að bíða lengur með þetta. Það þarf bara að ná niðurstöðu.

Fyrrverandi borgarstjóri sagði á hverfafundi í Grafarvogi árið 2000 að samkvæmt samkomulagi milli borgarstjóra og samgönguráðherra yrði gerð skýrsla um umhverfismat þá um sumarið, þ.e. að leiðirnar yrðu bornar saman og fljótlega um haustið yrði tekin ákvörðun um eina lausn og ef allt gengi að óskum ættu framkvæmdir að geta hafist næsta ár. Það var sem sagt 2001.

Nú, mörgum árum seinna er samt sem áður ekki lengra komið en raun ber vitni. En nú er tækifærið og við eigum að nýta það. Við eigum ekki að karpa um þessi mál, heldur eigum við að reyna að ná sem víðtækastri sátt um það. Þetta er ekki bara hagsmunamál Reykvíkinga heldur landsmanna allra. Við þekkjum það að oft og tíðum er farið í alls kyns samráðsferli og vinnu til að ná sátt um samgöngumannvirki eins og þessi og við eigum að vinna hratt og örugglega að því.

Þar sem hæstv. samgönguráðherra er einn aðili að málinu og mikill áhugamaður um gerð Sundabrautar ætla ég að spyrja hann þriggja spurninga:

1. Hver er staða verkefnisins „lagning Sundabrautar“?

2. Telur ráðherra koma til greina (Forseti hringir.) að færa brautina út fyrir Hamarinn í Hamrahverfi?

3. Hvernig hugnast ráðherra að taka tillit til vel rökstuddra athugasemda íbúa sem lúta að færslu Hallsvegar frá Hamrahverfi?

[15:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að gefa mér tækifæri til að fara yfir málið hér og upplýsa hv. þingmenn. Eins og hv. þingmenn vita liggur fyrir að fjármunir hafa verið tryggðir til þess að setja af stað framkvæmdir við fyrri áfangann við Sundabrautina, þ.e. yfir Kleppsvík að Hallsvegi af Sæbrautinni. Hæstv. umhverfisráðherra úrskurðaði að heimilt væri að leggja Sundabraut samkvæmt tillögu um svokallaða innri leið. Sá úrskurður var kynntur í byrjun nóvember sl.

Úrskurðurinn fjallaði einungis um fyrri áfangann, þ.e. kaflann frá Sæbraut yfir Kleppsvík að Hallsvegi. Sam-

kvæmt úrskurðinum er heimilt að fara innri leiðina en gert er ráð fyrir að hafa víðtækt samráð við íbúa beggja vegna við Kleppsvíkina. Formlegt samráð er samkvæmt mínum upplýsingum ekki hafið og verð ég að lýsa miklum vonbrigðum mínum með að tíminn skuli ekki hafa verið nýttur frá því í byrjun nóvember til að leita allra leiða til góðs samkomulags við íbúana á svæðinu eins og úrskurðurinn gerir ráð fyrir.

Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar gengur á undan í undirbúningi verkefnisins. Vegagerðin kemur síðan að sjálfsögðu að verkinu og ber ábyrgð á endanlegri hönnun þegar allir þessir þættir liggja fyrir. Hönnun vegna fyrri áfangans er ekki búin, eins og nærri má geta þar sem ekki er búið að ákveða endanlega legu vegarins. Hönnunin verður sett af stað strax og samráðsniðurstaðan er fengin. Gert er ráð fyrir að undirbúningsferlið hvað varðar hönnun og gerð útboðsgagna taki nærri tvö ár.

Rétt er að geta þess að vinna við umhverfismatsskýrslu er þegar hafin vegna síðari áfanga, þ.e. frá Hallsvegi og upp á Kjalarnes. Sú vinna gæti tekið um tæpt ár en hún er sem sagt hafin þannig að við erum á fullri ferð á vettvangi Vegagerðarinnar að undirbúa báða áfangana.

Þetta er sem sagt staðan við undirbúninginn. Við bíðum eftir því að samráðinu ljúki svo að hægt verði að setja hönnunarvinnu á fulla ferð.

Hv. þingmaður spurði hvort til greina komi að færa brautina út fyrir Hamarinn í Hamrahverfinu. Þess ber að geta að í úrskurði umhverfisráðherra og í þeirri vinnu kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir þeirri legu og sérstaka skoðun þurfi til þess ef fara ætti þá leið að færa ætti brautina út fyrir Hamarinn. Ég tel að í því samráðsferli sem fram undan er og þarf að vinna að sé sjálfsagt að líta til þess, ef það þyrfti þá ekki að leiða til frekari tafa á verkinu, en auðvitað verðum við að sætta okkur við niðurstöðu umhverfismatsins og þess hvernig hægt er að koma veginum þarna fyrir sem best.

Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að beita mér fyrir því að Vegagerðin skoði þann kost í samráðsferli við íbúana.

Í þriðja lagi spurði hv. þingmaður hvernig ráðherra litist á vel rökstuddar athugasemdir íbúa sem lúta að færslu Hallsvegar frá Hamrahverfi. Þá vil ég lýsa því yfir að með sama hætti tel ég eðlilegt að líta til þess í samráðsferlinu og er sannfærður um að Vegagerðin muni ekki leggjast með neinum hætti gegn því að sú breyting verði gerð á þeirri legu, enda á það ekki að þurfa að tefja framkvæmdina á nokkurn hátt. Það er fyrst og fremst skipulagsmál og verður að vera á valdi borgarinnar að leysa úr því máli. Það truflar ekki Vegagerðina.

Virðulegi forseti. Þetta er niðurstaða mín og svör mín við þeim fyrirspurnum sem hér voru bornar fram.

[15:45]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og leyfa mér að hvetja Sjálfstæðisflokkinn til að fela hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni forustu í samgöngumálum. Það er lýsandi fyrir vegleysu Sjálfstæðisflokksins í samgöngumálum að hér þarf varaformaður þingflokksins að koma upp til að spyrja samgönguráðherra flokksins sjálfs hvar hann sé eiginlega á vegi staddur í málefnum Sundabrautarinnar — hvar, hvernig og hvenær hann hyggist leggja þessa braut sem hann hefur verið að tala um frá því á síðari hluta síðustu aldar og velkjast með og aldrei vitað hvað hann ætti að gera við. (Gripið fram í.) Hann hefur ekki einu sinni vitað hvernig hann ætti að fjármagna hana því að hann velktist milli einkaframkvæmdar og opinberrar framkvæmdar þangað til hæstv. forsætisráðherra sýndi þá rögg að tryggja verkefninu fjármögnun og það er honum að þakka að það er þó alla vega komið á einhvern rekspöl.

Ég þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir hans málefnalegu ábendingar um það hvernig standa megi betur að legu brautarinnar en ég bið hann þess lengstra orða að rugla nú ekki samgönguráðherra frekar í ríminu því að ég er hræddur um að það geti orðið til þess að tefja verkefnið frekar. Ég bið hann þó einkum að leggja ekki til neinar leiðir sem gætu aukið kostnaðinn frá lágmarkskostnaði, því að það sem hefur alltaf staðið þessu verkefni fyrir þrifum er Reykjavíkurstefna samgönguráðherra, sem er borgarbúum fjandsamleg. Sú stefna gengur út á það að ef eitthvað er gert hér í samgöngumálum sem kostar krónu umfram lágmarkið þá eigi Reykvíkingar að borga það sérstaklega. Slíkar kröfur hefur samgönguráðherra aldrei haft uppi við önnur sveitarfélög þó að þar hafi verið gerðar slaufur eða göng eða brýr eða hvað það nú er til þess að koma til móts við óskir íbúanna (Forseti hringir.) en sú krafa er gerð í Reykjavíkurfjandsamlegri samgöngustefnu ráðherrans að Reykvíkingar borgi sérstaklega fyrir allt sem hér þarf að gera umfram lágmarksþarfir. (Forseti hringir.)

Virðulegur forseti. Ég hvet sem sagt til þess að hv. málshefjandi hafi forustu um þessi mál.

(**Forseti** (DrH)**:** Ég bið hv. þingmenn að virða ræðutíma.)

[15:47]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það er skemmtilegt að fá tækifæri til þess að vera mættur hér á nokkurs konar borgarstjórnarfund þar sem verið er að ræða umferðarmál í Reykjavík, nefnilega tengingu Sundabrautar við Grafarvog. Ég skil auðvitað áhyggjur hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, íbúa í Grafarvogi, ef ég skil rétt, af því að þessu máli hefur ekki verið hraðað. Þar er við hæstv. samgönguráðherra að sakast. Eins og kom fram í máli hv. þm. Helga Hjörvars hefur þessi umræða staðið árum saman og einhver kergja er á milli hæstv. samgönguráðherra og borgarstjórnarmeirihlutans en þá sögu þekkir hv. fyrirspyrjandi manna best.

Það efast enginn um að það er mikilvægt að hafa samráð við íbúana og það er ánægjulegt að það sé þó komið fjármagn í fyrri áfangann. En það ber að skoða allar leiðir mjög vel og ýmsar hugmyndir eru uppi um þetta. En þetta er dálítið fyndin utandagskrárumræða á þessum ágæta degi.

[15:49]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Sundabrautin er eitt allra mikilsverðasta samgöngumannvirki sem ráðast þarf í og í höfuðborgarstefnu Framsóknarflokksins, sem var samþykkt á síðasta

flokksþingi, er hún sett í forgang um samgöngubætur. Samgönguáætlun, sem samþykkt var á síðasta þingi, gerði ekki ráð fyrir fjármagni til framkvæmda við Sundabraut og því höfðum við þingmenn flokksins þann fyrirvara við samþykkt áætlunarinnar að tryggt væri að fjármagn kæmi til Sundabrautar við ráðstöfun andvirðis Landssímans.

Þeir átta milljarðar kr. sem ríkisstjórnin ákvað að setja í lagningu Sundabrautar voru ekki skilyrtir við innri leiðina eins og umræðan snerist um í upphafi því að hæstv. forsætisráðherra lagði auðvitað áherslu á þarfir íbúanna auk hagkvæmninnar. Það er unnið að því núna að leita lausna um tengingu inn í íbúðahverfi í báða enda og nú er að hefjast það samráðsferli sem umhverfisráðherra lagði fyrir framkvæmdaráðila í úrskurði sínum, sem gekk núna fyrst í nóvembermánuði sl., og þá setjast niður samkvæmt úrskurðinum fulltrúar íbúa báðum megin, fulltrúar Faxaflóahafnar, Vegagerðarinnar og skipulagssviðs borgarinnar. Ég tel að þetta sé staðan í málinu nú og að lokinni þeirri vinnu og að fengnu því samráði sé fyrst hægt að taka endanlegar ákvarðanir og ráðast í hönnun og framkvæmdir í framhaldi af því.

[15:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þörfin fyrir Sundabraut er þegar mikil, m.a. vegna umferðaröryggis, atvinnusóknar, vaxandi frístundabyggðar og ferðamanna. Ekki fer á milli mála að í framtíðinni muni þurfa að gera fleiri þjóðleiðir að og frá Reykjavíkurborg, bæði til norðurs og suðurs. Sundabraut er þegar orðin nauðsyn og hana verður að gera yfir eða undir sundin og Gufunes og síðan áfram alla leið yfir í Kjalarnes. Hvort sem gerð verða jarðgöng eða byggðar brýr verður að tryggja að þessi mannvirki nýtist sem best fyrir mjög vaxandi umferð næstu áratuga. Það þarf því að gera að skilyrði við hönnun þeirra að þau hafi að lágmarki tvær akreinar í báðar áttir. Tryggja þarf mesta mögulega umferðaröryggi með aðskildum akstursleiðum.

Allt bendir í þá átt að byggðin til norðurs frá Reykjavík og Mosfellsbæ vaxi enn þá hraðar á næstu áratugum en hingað til. Ljóst virðist að atvinnu- og þjónustusókn inn á Stór-Reykjavíkursvæðið muni ná til alls Vesturlands með bættum samgöngum. Frístundabyggðin mun í vaxandi mæli teygja sig upp Mýrar, Snæfellsnes, Dali og jafnvel allt til Vestfjarða. Þá er ótalinn sá mjög vaxandi fjöldi erlendra ferðamanna sem við gerum ráð fyrir á næstu áratugum. Þegar horft er til þessa alls og reynt að líta tvo til fjóra áratugi fram í tímann um líklega þróun verður ekki hjá því komist, ef skynsemin á að ráða för, að gera kröfur um bestu og afkastamestu lausnir með mesta mögulega umferðaröryggi.

Þótt stofnkostnaður við bestu lausnir verði mjög mikill ætti að vera ljóst að til áratuga litið um líklega þróun byggðar og atvinnusóknar yrði um skynsamlega fjárfestingu að ræða sem nýtast mundi öllum landsmönnum. Það liggur á að fara í framkvæmd Sundabrautar sem tekur nokkur ár. Það er aðalatriðið nú að ná niðurstöðu um verkið sem dugar til áratuga.

[15:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða sem hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Guðlaugur Þ. Þórðarson, óskaði eftir ber yfirskriftina: Tenging Sundabrautar við Grafarvog. Þetta segir svolítið um umræðuna um Sundabraut, um það hvernig þingmenn Sjálfstæðisflokksins virðast líta á Sundabraut sem einhvers konar húsagötu í Reykjavík eða botnlanga upp í Grafarvog og ríkisstjórnin virðist hafa þetta músarholusjónarmið líka. Hún setti símapeninga í helminginn af verkefninu. Svo á að gera afganginn einhvern veginn einhvern tíma með einkafjármögnun, veggjaldi eða skuggagjöldum, enginn veit hvað. Forsætisráðherra segir eitt, hann talar um veggjald, samgönguráðherra segir annað, hann talar um skuggagjöld. Hvar er stefnan, hver er hún eiginlega? Hvað ætla menn að gera þarna?

Í þessu máli þarf auðvitað heildarstefnu um að ljúka verkefninu í tímasettum áföngum. Sundabraut er ekki botnlangi upp í Grafarvog, hún er allt of dýr framkvæmd til að tenging hennar upp á Kjalarnes geti beðið árum saman. Sundabraut á að tengja saman landshluta og það á auðvitað að gera í tímasettum áföngum. Það liggur á að ná tengingu alla leið upp á Kjalarnes og í beinu framhaldi af því að auka afköst Hvalfjarðarganga og vegarins alla leið upp í Borgarnes.

Hver er eiginlega framtíðarsýn stjórnvalda í þessu máli? Finnst ríkisstjórninni eins og hv. frummælanda hér að Sundabrautin sé botnlangi upp í Grafarvog eða hvað er það eiginlega sem menn ætla sér? Ætla menn ekki að nýta það fjármagn sem verður sett í fyrri áfanga Sundabrautar betur en það að láta seinni helminginn hanga í lausu lofti? Það verður að gera kröfu um það að ríkisstjórnin komi með einhverja stefnu í þessu máli og það verði heildarstefna um það hvernig eigi að tengja Vestur- og Norðurland (Forseti hringir.) við höfuðborgarsvæðið.

[15:55]

Magnús Stefánsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu mjög mikilvægt mál sem er Sundabrautin, sem við erum öll sammála um að sé mikilvæg og skipti miklu máli. Hún er tenging frá Kjalarnesi og alla leið inn í miðborg Reykjavíkur. En það hefur nú komið fram í þessari umræðu, og við þekkjum það, að hér er um að ræða mjög mikilvægt skipulagsmál innan sveitarfélagsins Reykjavíkurborgar og því miður liggur ekki fyrir niðurstaða á þeim vettvangi í þessu máli. Ég verð að segja að mér finnst það mjög miður og ætla ekkert að draga upp neinn sökudólg í því en staðreyndin er sú. Eins og ég sagði þá er það miður og hætt er við að málið tefjist ef ekki tekst að kippa því í liðinn.

Það náðist mikilvægur áfangi í þessu máli í vetur þegar ákveðið var að tryggja mikið fjármagn til að hefja þessa framkvæmd og því ber auðvitað að fagna. En hér er ekki eingöngu um að ræða hagsmunamál Reykjavíkurbúa og hér er ekki um að ræða botnlanga upp í Grafarvog eins og síðasti ræðumaður hv. sagði. Mér finnst það reyndar óviðeigandi að tala þannig um þetta mál því að við erum auðvitað að tala um Sundabraut í heild sinni. Það er mjög mikilvægt fyrir vestursvæði landsins og norðurhluta þess líka að tengj-

ast miðborg Reykjavíkur, byggja þannig upp eitt atvinnusvæði og auka aðgang þessara landshluta að því stóra markaðssvæði sem Reykjavíkursvæðið er. Síðan er búið að stofna Faxaflóahafnir og það er auðvitað mikilvægt fyrir það fyrirtæki að þessi Sundabraut komist til framkvæmda sem fyrst.

En ég legg áherslu á það, virðulegur forseti, að hér er ekki eingöngu um að ræða hagsmunamál Reykjavíkurbúa heldur ekki síður mikilvæga hagsmuni fyrir íbúa í öðrum landshlutum og því legg ég eins og aðrir áherslu á að niðurstaða fáist sem fyrst í skipulagsmálum hvað varðar þessa framkvæmd og hvet þá sem halda á málum hér í Reykjavík til að bretta upp ermar og ná niðurstöðu í málinu.

[15:57]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni þar sem hann benti á það að vinnubrögð stjórnvalda varðandi Sundabrautina hefðu á margan hátt verið afskaplega fálmkennd. Það er bara þannig ef maður lítur um öxl og skoðar þann mikla seinagang sem hefur verið varðandi þessa framkvæmd og skipulagningu hennar. Mér finnst alveg ótrúlegt að þetta þurfi að taka svona langan tíma því að þarna erum við að tala um framtíðarveg. Við erum að tala um framtíðarvegamannvirki, hluta af þjóðvegakerfi landsins sem kemur til með að leysa af hólmi kerfi sem er löngu sprungið. Það vita það allir sem fara daglega til að mynda ofan úr Grafarvogi eða úr Mosfellsbæ eða eru að koma vestan af landi eða jafnvel austan að að þarna er mjög stór og alvarlegur flöskuháls.

Ég vil nota tækifærið hér til að hvetja hreinlega hæstv. samgönguráðherra til dáða og líka hvetja borgaryfirvöld, hver sem þau verða eftir kosningarnar í vor, til dáða í þessum efnum þannig að við getum farið að ná lendingu og sjá til lands í þessu máli. Við í Frjálslynda flokknum höfum verið að skoða þessar fyrirætlanir, áttum ágætan kvöldfund hér fyrir ekkert mörgum vikum þar sem við fengum til fundar við okkur ágæta gesti frá borginni. Þar voru okkur kynntar ýmsar hugmyndir varðandi þessa Sundabraut, m.a. innri leið og hina svokölluðu ytri leið.

Ég vil fá að nota tækifærið hér til að lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að ytri leiðin væri miklu, miklu betri til framtíðar þó að hún sé kannski eitthvað dýrari. Þar vildi ég sjá að menn færu út í það að skoða hugmyndir um það að fara undir sjóinn með tvöföld göng og þannig leystum við þessi mál varanlega og í eitt skipti fyrir öll. Þó að það sé eitthvað dýrara verður það bara svo að vera. Hér er um mjög mikilvægan hluta af okkar þjóðvegakerfi til framtíðar að ræða.

[16:00]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör og sömuleiðis fyrir góða umræðu. Ég get ekkert annað skilið, virðulegi forseti, en að sátt sé í þessum þingsal um að fara út í þessa framkvæmd. Það olli mér hins vegar vonbrigðum að hlusta á þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar. Hér var sagt að þetta þætti fyndið af því þetta tengist Reykjavík og hér var talað um botnlanga í einu hverfi borgarinnar. Bara til að upplýsingar fyrir þessa landsbyggðarþingmenn, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna þá búa nærri 20 þúsund manns í þessu hverfi sem hér var talað niður til í Reykjavík. Þetta fólk hefur rétt. Ég hef oft sinnis verið skammaður fyrir það, virðulegi forseti, af hálfu Samfylkingarinnar að taka upp málefni Reykjavíkur í þessum sal. En mér er nákvæmlega sama. Þetta eru líka kjósendur. Þeir hafa líka rétt í okkar landi og það skal svo sannarlega, meðan ég er hér, verða tekið tillit til hagsmuna þeirra og þessi mál tekin upp.

Það er bara þannig að í engu sveitarfélagi í hinum góðu kjördæmum þessara þingmanna Samfylkingar og Vinstri grænna eru jafnmargir íbúar og þessu ágæta hverfi. Ég ætla samt sem áður ekki að tala niður til þessara góðu staða og íbúa sem þar (Gripið fram í.) búa og ég vona að það verði aldrei.

Hér standa upp úr góðar yfirlýsingar hæstv. samgönguráðherra og þær voru mjög skýrar. Hann kveður hér skýrt á um það að vel komi til greina að fara út fyrir Hamarinn og sömuleiðis að færa Hallsveg, sem er algjör nauðsyn, frá Hamrahverfi. Og það er byrjað að undirbúa seinni áfangann.

Af því hv. þm. Helgi Hjörvar flutti hér ákveðinn skemmtiþátt eins og sá ágætis þingmaður gerir oft þá vil ég hvetja hann til þess, þar sem hann er fyrsti varaborgarfulltrúi R-listans — og ég hef ekki farið hér í að gagnrýna seinagang á þeim bæ — en ég vil hvetja hann til þess að ýta þessu samráðsferli af stað. Það átti að fara í þetta á fleygiferð í byrjun nóvember, í byrjun nóvember. Það hefur ekkert gerst. Það hefur ekki verið haldinn neinn einasti fundur. Ég vil nota tækifærið og hvetja Samfylkingarmenn (Forseti hringir.) og Vinstri græna að sjá til þess að þessi mál hreyfist þannig að við sjáum þessa mikilvægu framkvæmd verða að veruleika.

[16:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Það var nokkuð fróðlegt að heyra ræðu hv. þm. Helga Hjörvars um Sundabrautina. Ég held að hann hafi haldið hana í fjórða skiptið. Eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi, þá er það sama skemmtiatriðið trekk í trekk. En það sem vekur athygli mína er hversu illa hv. þm. Helgi Hjörvar er upplýstur um þetta mál nema að hann hafi talað algjörlega þvert um hug sér og gegn vitneskju sinni. Það er mjög alvarlegt þegar hv. þingmenn sem eiga að þekkja vel til, koma hingað upp og fara með rangindi, ósannindi. Það tel ég að þjóni ekki tilgangi málefnalegrar umræðu hér.

Staðreynd máls í sambandi við Sundabraut er þessi: Við afgreiddum samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008. Staða undirbúnings var þá eins og hún var og hv. þingmenn þekkja. Við settum þá fjármuni inn í samgönguáætlunina sem var talið að þyrfti til að geta unnið að undirbúningi fullum fetum. Það hefur verið gert. Það var vitað fyrir fram og var samkomulag á milli stjórnarflokkanna að fjármunir yrðu settir í Sundabrautina við endurskoðun á samgönguáætluninni í kjölfar sölu Símans. Það eru því engin ný tíðindi að ákvarðanir voru teknar um að nýta sölu Símans til að ganga til verka í stórum samgönguframkvæmdum eins

og Sundabrautinni. Þess vegna liggur það fyrir, virðulegur forseti, að við munum nýta fjármuni vegna sölu Símans til að leggja Sundabrautina. Staðreyndin er hins vegar sú að borgaryfirvöld hafa ekki lokið sinni undirbúningsvinnu og allt tal um að samgönguráðherra standi á bremsunni er rangt. Það er rangt að það standi á Vegagerðinni við undirbúnings þessa verks. Skipulagsþátturinn liggur ekki fyrir og það er borgin sem fer með þau mál. (Gripið fram í.) Hv. þingmenn eins og Össur (Forseti hringir.) Skarphéðinsson ættu að kynna sér þetta. Þá gæti hann leiðbeint (Forseti hringir.) ágætum (Gripið fram í.) þingmönnum eins og Helga Hjörvar. (Gripið fram í.)

Lögreglulög og framkvæmdarvald ríkisins í héraði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 520. mál (skipulag löggæslunnar, greiningardeildir). — Þskj. 759.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 68. mál. — Þskj. 68.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÖg o.fl., 213. mál. — Þskj. 213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Höfundalög, 3. umr.

Stjfrv., 222. mál (EES-reglur). — Þskj. 772.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BBj, DrH, EMS, EyH, GHj, GAK, GÞÞ, GÖg, HBl, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SandF, SAÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, ÞSveinb, ÖS.

24 þm. (ÁMagn, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, EKG, EOK, GHH, GÖrl, HÁs, HHj, ISG, JónK, KJúl, KolH, KHG, LMR, SKK, SigurjÞ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 777).

[16:09]

Útbýting:
AVS-sjóðurinn, 530. mál, fsp. EyH, þskj. 776.
Hafnaraðstaða í Bakkafjöru, 529. mál, fsp. EyH, þskj. 775.
Rekstur Herjólfs, 528. mál, fsp. EyH, þskj. 774.

Út af dagskrá voru tekin 5.–9. mál.

Fundi slitið kl. 16:10.

---

69. FUNDUR

fimmtudaginn 16. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Sveitarstjórnarmál, skýrsla, 407. mál, þskj. 570 og 570. — Ein umr.
2. Raforkumálefni, skýrsla, 348. mál, þskj. 382 og 382. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:
Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 8. þm. Reykv. s.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Klukkan hálftvö í dag, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um aðbúnað aldraðra sem bíða eftir útskrift á LSH. Málshefjandi er hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir. Hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:31]

Útbýting:

Innflutningur á landbúnaðarvörum, 524. mál, fsp. ÞBack, þskj. 766.

Skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, 531. mál, fsp. JóhS, þskj. 778.

Sveitarstjórnarmál, ein umr.

Skýrsla félmrh., 407. mál. — Þskj. 570.

[10:32]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir skýrslu um sveitarstjórnarmál. Meginmarkmið með framlagningu hennar á Alþingi er að efla umræðu um stöðu og hlutverk þessa mikilvæga stjórnsýslustigs hér á landi. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi háttur er hafður á en mér finnst skipta afar miklu að umræða um þennan mikilvæga málaflokk, sem snertir okkur öll með margvíslegum hætti, fari fram í sölum Alþingis.

Í skýrslunni eru settar fram með skýrum hætti upplýsingar um helstu þætti sem máli skipta í laga- og starfsumhverfi sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna, svo sem um fjármál sveitarfélaga, lögmælt og ólögmælt verkefni þeirra, lýðræði í sveitarfélögum og samskipti sveitarfélaga við ríkisvaldið.

Í skýrslunni er enn fremur leitast við að leggja mat á núverandi stöðu sveitarstjórnarstigsins og vekja spurningar um framtíð þess. Þótt sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga sé viðurkenndur í stjórnarskránni og í sveitarstjórnarlögum og Ísland hafi undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar um að halda þann rétt í heiðri er það staðreynd að sveitarfélagaskipan, tekjustofnar og verkefni sveitarfélaga ráðast af ákvæðum laga á hverjum tíma. Alþingi ræður því miklu um það hver viðfangsefni sveitarstjórnarstigsins eru á hverjum tíma. Í ljósi þess er nauðsynlegt að fram fari málefnaleg umræða um stöðu og framtíð sveitarstjórnarstigsins hér á Alþingi. Þegar við lítum til baka yfir sögu okkar þá sjáum glöggt hve samtvinnaðir þessir þættir opinbers valds voru í öndverðu. Menn fylktu liði úr sveitunum, höfðingjar ásamt fylgdarliði, og réðu ráðum sínum, lengst af á Þingvöllum, og settu þar almenn fyrirmæli, lög. Í dag hefur stjórnkerfið okkar breyst mikið; við búum við löggjafarvald þar sem menn úr borgum, bæjum og sveitum ráða ráðum sínum og taka ákvarðanir sem varða okkur öll, við búum við ríkisstjórn sem hefur á meðal sín fulltrúa þéttbýlis og dreifbýlis, og við búum við sveitarstjórnir í mjög mismunandi sveitarfélögum, smáum og stórum sem hafa mikil áhrif á daglegt líf okkar. Þetta hefur breyst og þróast.

Þann 27. maí næstkomandi eru sveitarstjórnarkosningar og undirbúningur fyrir þær er að hefjast víða um land. Ég tel þennan tímapunkt því hentugan til að leggja fram skýrslu um málefni sveitarfélaga og leggja þannig grunn að umræðu um framtíðarviðfangsefni þeirra.

Ég vísaði hér til sögunnar og þróunar sem Íslendingar, sem aðrar þjóðir, hafa gengið í gegnum í aldanna rás. Eitt af höfuðeinkennum vestrænnar og þar með íslenskrar stjórnskipunar er í dag þrískipting ríkisvaldsins í dómsvald, löggjafarvald og framkvæmdarvald. Í 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands segir að forseti og önnur stjórnvöld fari með framkvæmdarvaldið. Af öðrum stjórnvöldum í skilningi greinarinnar er í stjórnarskránni aðeins minnst á ráðherra og sveitarfélög. Sveitarfélög eru því einn af handhöfum framkvæmdarvalds og eiga almennar reglur um stöðu framkvæmdarvaldsins í stjórnskipun ríkisins við um sveitarfélög, svo sem um að ganga ekki inn á verksvið annarra handhafa framkvæmdarvaldsins.

Sveitarfélög fara þannig með hina staðbundnu stjórnsýslu eftir því sem lög kveða á um. Þar af leiðir að meginhlutverk sveitarfélaga er að vera lýðræðislegur ákvarðanavettvangur þeirra mála sem Alþingi felur sveitarfélögum að útfæra nánar og veitir þeim sjálfsstjórn um.

Sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga má lesa úr 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, en ákvæðið er að finna í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Það á sér þá skýringu að lýðræðislegur réttur íbúanna til að kjósa sjálfir fulltrúa til að fara með stjórn í málefnum sveitarfélagsins er grundvallarþáttur í sjálfstjórn sveitarfélaganna. Sérstaða sveitarfélaga samanborið við aðrar stofnanir framkvæmdarvaldsins liggur þannig í lýðræðislegum grundvelli þeirra og þess að þau njóta viss sjálfræðis frá ríkisvaldinu. Á þetta vil ég leggja áherslu. Ég tel að við sem hér erum fulltrúar á löggjafarþinginu skynjum öll mikilvægi þessa réttar. Við höfum persónulega reynslu af samskiptum við okkar sveitarfélög um land allt og mörg okkar stigu sín fyrstu skref í stjórnmálum á vettvangi sveitarstjórna.

Í 78. gr. stjórnarskrárinnar kemur skýrt fram sá vilji stjórnarskrárgjafans að sveitarfélög eigi að vera til staðar á Íslandi, þau skuli hafa tiltekin verkefni sem löggjafinn felur þeim, raunverulegt svigrúm innan lagarammans til að taka ákvarðanir um málefni sín og setja eigin fingraför á þau í samræmi við staðbundnar þarfir og aðstæður. Auk þess er kveðið á um að sveitarfélög skuli hafa forráð yfir eigin tekjustofnum.

Sveitarstjórnir eru lýðræðislega kjörnar í beinum kosningum á fjögurra ára fresti og vegna nálægðar við íbúa sína er talið að sveitarstjórnir geti stuðlað að víðtækari almennri þátttöku almennings í stjórnmálum en landsstjórnir. Nálægð kjósenda við ákvarðanatöku í sveitarfélögum eykur áhuga á málefnum samfélagsins. Þátttaka almennings í stjórnmálum stuðlar einnig að jákvæðari viðhorfum í garð stjórnkerfisins. Rannsóknir benda til þess að þeir sem hafa reynt að hafa áhrif á ákvarðanir sinna sveitarstjórna séu ánægðari með þjónustu þeirra en þeir sem ekki hafa reynt það.

Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2002 voru boðnir fram listar í 66 sveitarfélögum. Í þeim voru alls 2.714 einstaklingar í framboði á 182 listum. Tæplega 1% þjóðarinnar var því í framboði í þessum 66 sveitarfélögum, eða um 1,4% af þeim sem voru á kjörskrá.

Kosningaþátttaka hér á landi er almennt mjög góð og mikill áhugi er á stjórnmálum. En það er enn svo, hæstvirtur forseti, að hlutföll kynjanna eru ekki jöfn í sveitarstjórnum. Konur eru 32% allra sveitarstjórnarmanna í landinu, sem er óviðunandi. Myndin er þó ekki svo einföld því stærð sveitarfélaga og landfræðileg lega þeirra virðist hafa áhrif kynjahlutföll í sveitarstjórnum. Í sveitarfélögum með fleiri

en 1.000 íbúa eru konur um 35% fulltrúa í sveitarstjórnum. Í sveitarfélögum með færri en 500 íbúa eru konur aftur á móti um 29% kjörinna fulltrúa. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum er hæst á höfuðborgarsvæðinu þar sem konur eru 43% kjörinna fulltrúa. Hlutfall kvenna í fjölmennustu sveitarfélögum er þannig nærri 50% hærra en í þeim fámennustu. Nýafstaðin prófkjör benda vissulega til þess að við þurfum að halda vel vöku okkar hver sem niðurstaðan verður hvað varðar endanlega lista eða úrslit sveitarstjórnarkosninga.

Til að vekja athygli á að auka þarf hlut kvenna í sveitarstjórnum höfum við sett sérstakt kort á kosningavef félagsmálaráðuneytisins sem sýnir kynjahlutföll í sveitarstjórnum. Sveitarfélög með jafna kynjaskiptingu eru lituð græn, en þau sem eru með ójafna kynjaskiptingu eru rauð. Kortið er sannast sagna full rautt og ég vonast til þess að það verði algrænt í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna í vor, enda grænn litur alveg sérlega góður, hvernig sem á það er litið.

Hæstv. forseti. Árið 2004 námu tekjur sveitarsjóða samtals rúmlega 102 milljörðum króna, eða sem nemur um 11,5% af vergri landsframleiðslu. Tæplega 50% af útgjöldum sveitarfélaga, eða rúmlega 50 milljarðar króna, eru notuð til þess að greiða laun starfsmanna og launatengd gjöld. Starfsmenn sveitarfélaga eru álíka margir og starfsmenn ríkisins, en sveitarfélögin veita um 10% mannafla á vinnumarkaði atvinnu. Þessar tölur undirstrika að vægi sveitarfélaga á vinnumarkaði er gríðarlega mikið og þróun og áhrif launakostnaðar sveitarfélaga á íslenskt hagkerfi geta verið afgerandi.

Kjarasamningagerð og utanumhald um starfsmannamál eru flókin, vandasöm og viðkvæm verkefni. Á vinnumarkaði verða sveitarfélögin að taka tillit til fjölmargra utanaðkomandi aðstæðna. Þau þurfa m.a. að gæta þjóðhagslegra markmiða um varðveislu stöðugleika í efnahagsmálum og horfa til þess sem gerist í kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði á vettvangi ríkisins.

Almennt hafa sveitarfélögin axlað þessa ábyrgð ágætlega og sveitarstjórnarmenn hafa almennt gert sér góða grein fyrir mikilvægi vinnuveitandahlutverksins, enda veltur afkoma sveitarfélaganna ekki síst á þróun launakostnaðar. Sveitarfélögin geta ekki hagað sér með þeim hætti að hækka laun í þenslunni og lækka þau síðan aftur þegar harðnar á dalnum. Þau greiða laun í samræmi við gildandi kjarasamninga á hverjum tíma. Hlutaðeigandi sveitarfélög ráða ekki við að elta markaðslaunin og keppa um vinnuafl sín á milli með almennri hækkun kjarasamninga, enda væri það óábyrg aðgerð. Samstarf sveitarfélaga í launamálum hefur líka almennt skilað ágætum árangri og það er í senn eðlilegt og nauðsynlegt, í ljósi fenginnar reynslu, að auka samráð launanefndar sveitarfélaga við borgina, ríkið og Samtök atvinnulífsins um hvaðeina er lýtur að kjarasamningagerð, vinnumarkaðsmálum og kjararannsóknum.

Í nýjum samstarfssáttmála sem verður undirritaður á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga þann 20. febrúar næstkomandi, er lögð meginhersla á að efla efnahagslegt samráð og auka formfestu í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Reynsla undanfarinna áratuga sýnir nauðsyn slíks samstarfs milli ríkis og sveitarfélaga og umræður um frekari tilfærslur á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga gerir gott samstarf milli þessara aðila enn brýnna en ella. Ríki og sveitarfélög bera sameiginlega ábyrgð á hagstjórn í landinu. Formlegt samráð um efnahagsmál, stefnu í opinberum fjármálum, fyrirhugaðar lagabreytingar, kjaramál og önnur atriði sem snerta hið opinbera er mikilvægt ef við ætlum að ná þeim efnahagsmarkmiðum sem Alþingi ákvarðar hverju sinni. Í þessu efni eru aðstæður hliðstæðar því sem gerist í öðrum löndum. Þar fjalla menn um þessi mál í víðu samhengi og bera sig saman á milli landa.

Auk nýs samstarfssáttmála hafa ríki og sveitarfélög undirritað samkomulag um að öll stjórnarfrumvörp og reglugerðardrög sem varða sveitarfélögin á beinan eða verulegan hátt, skuli metin með tilliti til áhrifa á fjárhag sveitarfélaga. Samkomulagið er liður í að efla gagnkvæman skilning á viðfangsefnum ríkis og sveitarfélaga og stuðla að aukinni vitund og aðhaldi í meðferð opinberra fjármuna.

Hæstv. forseti. Sveitarfélög hafa verið til á Íslandi allt frá þjóðveldisöld. Sveitarstjórnaskipanin byggir því á gömlum grunni. Miklar þjóðfélagsbreytingar, einkum á síðustu öld, hafa leitt til mikilla breytinga á íbúafjölda og verkefnum sveitarfélaga. Af gömlum lögbókum má ráða að lágmarksíbúafjöldi í sveitarfélagi hafi verið um 400 manns en það var ekki fyrr en árið 1986 sem lögfest var lágmarksíbúatala, 50 manns. Að mínu viti var sú lágmarkstala byggð á mikilli skammsýni.

Á öllum sveitarfélögum hvíla sömu lagaskyldur til að veita íbúum þjónustu. Skiptir þá engu máli hvort sveitarfélagið telur 50 íbúa eða 100 þúsund. Gildandi lagaákvæði um lágmarksíbúafjölda er ekki í neinu samræmi við verkefni sveitarfélaga í dag. Sveitarfélagamörk, sem í mörgum tilvikum eiga rætur að rekja aftur á þjóðveldisöld, hafa ekki fylgt þeim miklu breytingum sem orðið hafa í samgöngu- og atvinnumálum um allt land né þeirri þróun að íbúar flytjist úr sveit í bæi. Ég ætla hins vegar ekki, að nýloknu átaki til eflingar sveitarstjórnarstigsins og frjálsum kosningum um sameiningar þeirra, að gera um það tillögu hér á Alþingi að þessu lagaákvæði verði breytt. Ég tel raunar að slík breyting þurfi að byggja á skýrri áskorun sveitarstjórnarmanna og samtaka þeirra.

Hins vegar ber að segja hér að þá leið hafa mörg nágrannaríki okkar farið og gefið sveitarfélögum tiltekinn tíma til að sameinast í sveitarfélög sem telja jafnvel að lágmarki 20 til 30 þúsund íbúa. Okkur ber að líta til þess sem aðrir gera, nýta okkur það sem við getum nýtt, hefur reynst vel og kann að henta okkur en jafnframt að gera okkur grein fyrir sérstöðu okkar hvað varðar fólksfjölda og dreifða byggð. Til að sveitarfélög geti sinnt verkefnum sem skipta flesta íbúa máli í dag, svo sem félags- og fræðsluþjónustu, og umhverfis- og skipulagsmálum, þá þurfa þau að hafa nægilegt bolmagn, en það hafa fámenn sveitarfélög hér á landi almennt ekki. Spurningin um bolmagn sveitarfélaga snýst þá um hve miklar tekjur þau þurfa að hafa til að geta boðið upp á þá þjónustu og það umhverfi sem löggjafinn hefur markað þeim og sem íbúarnir krefjast. Hvort þau geti boðið upp á raunverulega valkosti fyrir fólk til þess að vega og meta og velja um í kosningum og við val á búsetu, því það þekkist líka, hæstvirtur forseti, að íbúar kjósi með fótunum.

Bolmagn fæst með þeim krafti sem felst í íbúunum og

þeim skatttekjum sem þeir skila í sveitarfélagið. Sveitarfélag sem hefur ekki tök á að nýta sér það svigrúm sem löggjafinn hefur veitt því til að laga þjónustuna að staðbundnum aðstæðum, skortir sjálfsforræði. Of mörg sveitarfélög eru mjög fámenn og með tiltölulega einhæft atvinnulíf. Af því leiðir að sveitarfélagið hefur veikan tekjugrundvöll og má illa við hugsanlegum skakkaföllum.

Þegar íbúum fækkar þurfa færri skattgreiðendur en áður að standa undir grunnkostnaði við starfsemi sveitarfélaganna. Það getur myndast vítahringur fjárhagskreppu og fólksfækkunar sem sveitarfélögin eiga erfitt með að komast út úr. Íbúafækkun getur í sumum tilvikum skapað andrúmsloft örvæntingar og vonleysis sem ýtir sveitarstjórnum út á ystu nöf þess sem talist getur ábyrg fjármálastjórn. Málefni sveitarfélaga og byggðamál eru þannig augljóslega nátengd.

Mikið hefur verið rætt og ritað um fjárhagsvanda sveitarfélaga á undanförnum missirum. Því verður ekki á móti mælt að víða á landsbyggðinni hefur fækkun íbúa og erfiðleikar í atvinnulífi haft áhrif á tekjuöflun og fjárhag sveitarfélaga. Mikill meiri hluti sveitarfélaga landsins hefur hins vegar notið góðs af þeim hagvexti sem hér hefur ríkt undanfarinn áratug sem sést best á því að raunaukning samanlagðra skatttekna sveitarfélaga er vel yfir 70% á árabilinu frá 1997 til 2005. Þegar á heildina er litið hefur rekstrarafkoma sveitarfélaga verið ásættanleg á þessu tímabili og fjárhagsleg staða langflestra sveitarfélaga er ágæt. Til marks um það tilkynnti eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga í lok nóvember sl. að hún hefði lokið yfirferð yfir ársreikninga þeirra fyrir árið 2004 og sá ekki ástæðu til að gera athugasemdir við niðurstöður ársreiknings hjá einu einasta sveitarfélagi.

Mjög mörg sveitarfélög á Íslandi eru þannig sem betur fer öflug og geta veitt íbúum mikla og góða þjónustu, skapað hagstæð skilyrði fyrir atvinnulíf og þannig lagt grunn að því velferðarsamfélagi sem við viljum hafa hér á landi. En því miður á það ekki við um öll sveitarfélög.

Afleiðing þessa aðstöðumunar er að erfitt hefur reynst að færa sveitarstjórnum aukin verkefni. Þar af leiðir að ekki er hægt að nýta alla þá möguleika sem felast í nálægð og samhæfingu í þjónustu og þeim vexti sem orðið hefur á síðustu árum í fjölmennustu sveitarfélögunum. Sá vöxtur skapar tvímælalaust ný tækifæri, hæstv. forseti.

Á sama tíma er ein helsta ógn margra sveitarfélaga á Íslandi á hinn bóginn neikvæð íbúaþróun og einhæft atvinnulíf. Á síðustu árum hefur markvisst verið unnið að því að reyna að draga úr þeim mikla aðstöðumun sem er á milli sveitarfélaganna. Þegar ég tók við sem félagsmálaráðherra var eitt af mínum fyrstu verkefnum að samþykkja beiðni stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um samstarf við sérstakt átak til að efla sveitarfélögin. Átakið var leið sem menn töldu fýsilega til að jafna aðstöðu sveitarfélaganna, m.a. með því að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga og fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu, hæstv. forseti, er fjallað ítarlega um tillögur tekjustofnanefndar. Allar tillögur nefndarinnar eru nú komnar til framkvæmda og munu sveitarfélögin nú þegar hafa orðið þess vör. Þegar litið er á þessar breytingar og tillögur nefndarinnar er ljóst að fjárhagsleg áhrif eru mjög mikil. Varanleg áhrif, frá og með árinu 2009, eru rúmlega 1,5 milljarðar króna árleg tekjuaukning hjá sveitarfélögum en tímabundin áhrif eru hins vegar um 9,5 milljarðar króna á tímabilinu 2005–2009.

Þrátt fyrir að tekjustofnar sveitarfélaga hafi með þessum breytingum verið styrktir verulega er ljóst að mikil búseturöskun á undanförnum árum og áratugum hefur leitt til að rekstrargrundvöllur, tekjuöflunarmöguleikar og fjárhagsleg staða sveitarfélaga er enn mjög misjöfn. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur það hlutverk að draga úr þessum aðstöðumun sveitarfélaga.

Að tillögu tekjustofnanefndar skipaði ég á síðasta ári nefnd sem er ætlað er að meta kosti og galla núverandi jöfnunarkerfis og hugsanlega þörf fyrir endurskoðun á kerfinu í heild sinni eða einstökum þáttum þess. Nefndin er skipuð þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum ásamt formanni ráðgjafanefndar jöfnunarsjóðsins og er henni ætlað að skila af sér fyrir 1. apríl næstkomandi.

Í tillögum tekjustofnanefndar var sérstaklega tekið á aðstöðumun sveitarfélaga á tvennan hátt. Í fyrsta lagi mun ríkissjóður á árunum 2006–2008 veita árlega 700 millj. kr. aukaframlag til sjóðsins sem úthlutað verður til sveitarfélaga sem búa við erfiðar ytri aðstæður. Í öðru lagi hefur varasjóði húsnæðismála verið heimilað að auka rekstrar- og sölufranlög til sveitarfélaga vegna félagslegra íbúða um 280 millj. kr. árlega á árunum 2005–2007. Þessi úrræði munu gagnast vel þeim sveitarfélögum sem síður njóta þess uppgangs sem nú er í efnahagslífinu.

Hæstvirtur forseti. Með lýðræðislegri þróun á 19. og 20. öld, örum vexti borgar og bæjarfélaga, uppbyggingu velferðarkerfisins og auknum kröfum til hins opinbera hefur hlutverk íslenskra sveitarfélaga aukist umtalsvert. Árið 1990 voru sveitarfélögin 204 en voru orðin 104 þegar átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins hófst. Frá hausti 2003 hefur sveitarfélögum fækkað um 21, sem er mjög jákvæð þróun.

Langstærsti hluti þjóðarinnar býr í sveitarfélögum sem veita mikla og góða þjónustu. Rúmlega 90% þjóðarinnar býr í sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúa, flestir hér á höfuðborgarsvæðinu. Að mínu mati hefur umræðan um málefni sveitarfélaganna snúist um of um málefni fámennustu sveitarfélaganna og þá veikleika sem þeim fylgja. Það er nauðsynlegt að þekkja veikleikana en við verðum að horfa á tækifærin. Við verðum að beina sjónum okkar í auknum mæli að þeim fjölmörgu öflugu sveitarfélögum sem geta og vilja taka við fleiri verkefnum frá ríkinu.

Ljóst er að sameiningarumræðan mun halda áfram að frumkvæði heimamanna og með stuðningi og aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytis. Í síðasta mánuði var samþykkt sameining fjögurra sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum, auk sameiningar Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar. Á laugardaginn var samþykktu íbúar í austanverðum Flóa sameiningu þriggja hreppa. Því er ljóst að sveitarfélögin í landinu verða ekki fleiri en 83 við sveitarstjórnarkosningarnar 2006. Fleiri sameiningar eru í undirbúningi og ef þær ganga eftir, gætu sveitarfélögin orðið 80 að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum. Það er fækkun um 25 sveitarfélög á kjörtímabilinu, eða um 26%. Það er vissulega góður árangur á einu kjörtímabili og er þar um að

ræða næstmestu fækkun sveitarfélaga á einu kjörtímabili í sögu okkar.

Athyglisverð þróun á sér stað hér á landi. Síðan við hófum umræðuna um eflingu sveitarstjórnarstigsins haustið 2003 hefur verið kosið um sameiningu í 25 sveitarfélögum, utan kosninganna í haust. Sameining var samþykkt í 23 af þessum 25 sveitarfélögum, en felld í tveimur fámennum hreppum.

Þrátt fyrir að árangurinn af sameiningarkosningunum í haust hafi ekki verið eins og stefnt var að, hefur vinnan við eflingu sveitarstjórnarstigsins skilað miklum árangri. Auk breytinga sem orðið hafa á tekjustofnum sveitarfélaga, sem hafa komið sveitarfélögunum vel, hefur umræða um sveitarstjórnarmál verið umtalsverð og ýtt við sameiningarmálum víða um land. Enn fremur eru tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga enn til umræðu. Þau verkefni sem helst hafa verið til umræðu eru málefni aldraðra, málefni fatlaðra og heilsugæslan. Þessi verkefni eru unnin á vegum nokkurra sveitarfélaga á grundvelli þjónustusamninga.

Allir þjónustusamningarnir eru lausir á næstu missirum og því nauðsynlegt að hefja umræðu um framtíð þeirra sem fyrst og leita svara við eftirfarandi spurningum: Er æskilegt að halda áfram á sömu braut og jafnvel fjölga þjónustusamningunum? Á ríkið að taka verkefnin til sín aftur? Eða eigum við að leita leiða til að færa ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun málaflokkanna í heild sinni til sveitarfélaganna?

Á þeim fundum sem ég sótti í aðdraganda sameiningarkosninganna í haust var þeirri hugmynd varpað fram að fela stærsta sveitarfélaginu á hverju svæði framkvæmd verkefnanna. Íbúar hinna sveitarfélaganna yrðu þá að sækja þjónustuna í annað sveitarfélag. Eflaust eru margar leiðir færar og við verðum að vera reiðubúin að skoða kosti þeirra og galla. Ríkisstjórnin hefur lýst áhuga á að flytja fleiri verkefni til sveitarfélaga en menn hafa vissar efasemdir um getu margra sveitarfélaga til að taka við svo umfangsmiklum verkefnum. En ef sameiningarmálin halda áfram að ganga jafn vel og þau hafa gert síðustu missiri er þess kannski ekki langt að bíða að flest sveitarfélög verði orðin nægilega öflug til að taka við nýjum verkefnum.

Hæstv. forseti, Það er eðlilegt að menn spyrji sig hversu fjölmenn sveitarfélögin ættu að vera hér á landi. Hvenær hafa sveitarfélögin sameinast í nægilega stórar einingar? Heppileg stærð stjórnsýslueininga ræðst líklega einna helst af þeim verkefnum sem þær eiga að leysa og því hljótum við að taka mið af þeim þegar við reynum að ákvarða hversu stór sveitarfélögin ættu að vera. Það er þó ekki hægt að binda sig við þá nálgun, því verkaskipting ríkis og sveitarfélaga tekur breytingum og þróast í tímans rás.

Hlutdeild sveitarfélaga í útgjöldum hins opinbera hefur aukist mikið hérlendis á síðustu árum. Þannig hefur hlutur sveitarfélaga í samneyslu hins opinbera aukist úr því að vera 22,9% árið 1991 í 33,3% tíu árum síðar, árið 2001. Í aukningunni vegur þyngst flutningur reksturs grunnskólans til sveitarfélaga.

Fræðslumál eru í dag stærsti einstaki málaflokkur sveitarfélaganna, en þau verja til málaflokksins um 40% rekstrarútgjalda sinna. Því má ætla að kjörstærð sveitarfélaga á Íslandi þurfi að taka töluvert mið af þeim málaflokki. Vísbendingar eru um að grunnskóli með 200 nemendur í 1.–10. bekk, eða eina bekkjardeild í árgangi, krefjist að lágmarki 1.000 manna þjónustusvæðis.

Það er erfiðleikum bundið að ákvarða kjörstærð sveitarfélaga og líklega er ekkert einhlítt svar við þeirri spurningu. Sum verkefni eru þess eðlis að fámenn sveitarfélög geta sinnt þeim vel, meðan önnur krefjast viss fólksfjölda svo sem rekstur menntastofnana og heilsugæslu. Lágmarkskrafa hlýtur að vera að sveitarfélögin séu nægilega fjölmenn til að geta sjálf sinnt helstu lögbundnu verkefnum sínum og nýtt þannig það svigrúm sem löggjafinn hefur veitt þeim í krafti sjálfsstjórnarréttarins.

Þróunin í sameiningarmálum sveitarfélaga gefur vísbendingar um að innan fárra ára verði flest sveitarfélög á landinu með fleiri en 1.000 íbúa. Í dag telja um 70% sveitarfélaga færri en 1.000 íbúa en í þeim búa aðeins 8% þjóðarinnar.

Hæstv. forseti. Höfuðborgarsvæðið hefur vaxið gríðarlega síðustu ár og teygir nú orðið anga sína á Vesturland, Suðurland og Suðurnes. Í raun er hægt að tala um að höfuðborgarsvæðið gangi í gegnum breytingaskeið þar sem tækifærin eru á hverju horni. Á miklum vaxtartímum er nauðsynlegt að gefa sér tíma til að líta upp og skoða heildarmyndina. Ég velti fyrir mér hvort ástæða sé til að auka enn frekar það samstarf sem nú er milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og útvíkka til nágrannasveitarfélaganna. Samstarf og sveitarfélagaskipan á höfuðborgarsvæðinu tekur breytingum eins og annars staðar á landinu. Það eru t.d. innan við 60 ár frá því að Kópavogi var skipt út úr Seltjarnarneshreppi en í dag er Kópavogsbær annað fjölmennasta sveitarfélag landsins. Það er alls ekki hægt að ganga að því sem vísu að sveitarfélagamörk á höfuðborgarsvæðinu, frekar en annars staðar, verði óbreytt um alla framtíð.

Ég tel óumdeilt að þörf sé á meira samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um skipulagsmál og þá einkum varðandi framboð lóða og samgöngumál. Samvinna sveitarfélaganna hefur leitt til margra góðra verkefna svo sem almenningssamgangna, öflugs slökkviliðs og neyðarþjónustu og nú síðast samstarfs við sveitarfélög á Vesturlandi um hafnamál. Sú staðreynd að það samstarf teygir anga sína alla leið í Borgarnes segir okkur þá sögu að höfuðborgarsvæðið er sífellt að stækka. Á sama hátt má benda á að Orkuveita Reykjavíkur rekur nú starfsemi frá Borgarfirði og alla leið austur í Rangárvallasýslu. Strætó hefur nýlega bætt Akranesi inn í leiðakerfi sitt og þannig mætti áfram telja. Aukið samstarf sveitarfélaga í kringum höfuðborgina leiðir til hagræðingar en umfram allt til betri þjónustu. Ég vona sannarlega að í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga í vor muni umræðan mikið snúast um að hugsa stærra, leita nýrra lausna og vinna saman.

Kjarnar á landsbyggðinni hafa verið að sameinast. Með öflugra samstarfi sveitarfélaga eykst slagkraftur svæðisins í heild og samkeppnishæfnin sömuleiðis. Sama þróun á sér stað á höfuðborgarsvæðunum í nágrannalöndum okkar. Við þurfum að opna á umræðu um framtíðarskipulag sveitarstjórnarmála á suðvesturhorninu. Við getum byrjað á því að kanna reynslu nágranna okkar í þeim efnum.

Kaupmannahöfn og nágrannasveitarfélög, ásamt Malmö

í Svíþjóð, hafa ákveðið að fara leið samvinnu og samráðs. Þau hafa stofnað höfuðborgarráð sem sinnir sameiginlegum hagsmunamálum. Í Englandi var tekin sú stefna að stofna sérstakt yfirsveitarfélag yfir þau sveitarfélög sem mynda London. Ég hef boðið norrænum sveitarstjórnarráðherrum á samráðsfund á Íslandi í ágúst. Á þeim fundi hef ég meðal annars hug á að ræða sérstaklega málefni höfuðborgarsvæða við kollega mína.

Hæstv. forseti. Undanfarin ár hafa komið fram ýmis sjónarmið um framtíðarviðfangsefni sveitarfélaga hér á landi. Ég reyni að varpa ljósi á ýmis atriði sem vert er að hafa í huga í þeirri umræðu. Sveitarfélögin eru hluti af framkvæmdarvaldi hins opinbera og hafa veigamiklu hlutverki að gegna í stjórnskipan landsins. Við þekkjum veikleika íslenskra sveitarfélaga og þær ógnanir sem eru í umhverfi þeirra. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að draga úr þeim og mun sú vinna halda áfram, bæði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga. Ég er þeirrar skoðunar að nú þurfum við að líta upp og leita tækifæranna og nýta styrkleikana.

Einn helsti styrkleiki íslenskra sveitarfélaga er nálægð við íbúana. Í smærri stjórnsýslueiningum sem hafa yfirsýn yfir marga málaflokka er auðveldara að ákvarða framboð þjónustu í samræmi við eftirspurn. Stjórnmálamenn og starfsmenn sveitarfélaga hafa betri innsýn og yfirsýn yfir samfélag sitt og kröfur íbúanna. Við eigum að nýta þennan styrk til að færa fleiri verkefni til sveitarfélaganna. Aukin yfirsýn yfir þarfir samfélagsins leiðir til aukinnar hagkvæmni í rekstri og dregur úr hættunni á því að sveitarfélagið verji miklum fjármunum í þjónustu eða verkefni sem fæstir eða jafnvel enginn hefur áhuga á að sveitarfélagið annist. Smæð stjórnsýslu sveitarfélaganna gerir það ennfremur að verkum að boðleiðir eru styttri og sveigjanleiki mikill. Sveitarfélögin eru þess vegna oft fljótari að bregðast við nýjum aðstæðum og vandamálum en ríkið.

Mismunandi forgangsröðun innan sveitarfélaga býður íbúum einnig upp á visst val um búsetu. Samkeppni getur myndast á milli sveitarfélaga um að bjóða aðlaðandi samsetningu á þjónustu og sköttum. Fólk getur því valið sér búsetu út frá þeirri þjónustu sem það vill og þeim gjöldum sem það vill greiða. Íbúar geta því kosið með fótunum, eins og áður sagði. Þessi samkeppni á einna helst við á höfuðborgarsvæðinu, en þess má geta að breytingar sem gerðar hafa verið á tekjustofnum sveitarfélaga að tillögu tekjustofnanefndar skila sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu umtalsverðum tekjum, ekki síst Reykjavíkurborg.

Stór og öflug höfuðborg er enn fremur einn af styrkleikum sveitarstjórnarstigsins. Bolmagn Reykjavíkur til að þróa nýja þjónustu og stjórnsýsluhætti hefur leitt til jákvæðra breytinga fyrir sveitarfélögin í landinu sem heild. Nærtækasta dæmið er uppbygging og þróun félagsþjónustu.

Sveitarfélögin geta enn fremur tekið virkari þátt í atvinnu- og byggðamálum en verið hefur. Með aukinni þátttöku og ábyrgð sveitarfélaga í atvinnu- og byggðamálum má reikna með fjölbreytni í aðgerðum og virkari tengslum við íbúa og atvinnulíf á viðkomandi svæðum. Hugsanlega þurfum við að hugsa um tekjustofna sveitarfélaga í þessu sambandi. Hvetja tekjustofnar sveitarfélaga til uppbyggingar í atvinnulífinu? Það er ein þeirra spurninga sem vert er að velta fyrir sér.

Hæstv. forseti. Skiptingin í sveitarfélög býður upp á tækifæri til náins sambands stjórnvalda við íbúana. Borgarafundir, íbúaþing, atkvæðagreiðslur um einstök mál og hverfaráð eru meðal þeirra leiða sem sveitarfélögin hafa farið til þess að styrkja þessi tengsl. Í sumum sveitarfélögum hafa risið fjölmennar frístundabyggðir sem skapa þeim miklar tekjur en kalla um leið á aukna þjónustu. Ég tel eðlilegt að sveitarfélög eigi samráð við þessa íbúa eftir megni og þekki dæmi um að slíkt sé nú þegar gert. Þessir íbúar skipta miklu máli fyrir vöxt margra sveitarfélaga þótt fæstir eigi lögheimili eða kosningarrétt í sveitarfélaginu, það er rétt að undirstrika hér.

Í sveitarfélögunum hafa íbúarnir greiðari aðgang að stjórnmálamönnum heldur en mögulegt er á öðrum stjórnsýslustigum og það auðveldar íbúum að koma óskum og athugasemdum á framfæri. Sú þróun er jákvæð að sveitarfélög hafa í auknum mæli tekið upplýsingatæknina í sína þjónustu til að efla tengslin við íbúana.

Hæstv. forseti. Nálægð og yfirsýn yfir hagsmuni hins staðbundna samfélags er helsti kostur sveitarfélaganna en gæta þarf að því að nálægðin verði ekki á kostnað bolmagns sveitarfélagsins til að sinna lögbundnum skyldum sínum. Helsta ógn sveitarfélaga á landsbyggðinni er neikvæð byggðaþróun og því er mjög mikilvægt að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, vinni í sameiningu að því að finna leiðir til að verjast þeirri ógn, t.d. með því að auka vægi sveitarfélaganna og flytja opinber verkefni út á land. Ég hef ákveðið að flytja starfsemi foreldra- og fæðingarorlofssjóðs til Skagastrandar og Hvammstanga. Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að flytja sektainnheimtu á Blönduós og nefna mætti fleiri dæmi um verkefnaflutning og hugmyndir í því efni.

Öflugt sveitarstjórnarstig býður upp á fjöldamörg tækifæri. Framtíðarviðfangsefnið hlýtur að vera að leita leiða til að gera sveitarfélögin betur í stakk búin til að grípa þau tækifæri sem gefast og varast ógnir. Síðustu áratugina hefur stefna stjórnvalda verið að sameina sveitarfélög í stærri einingar og hvetja til samstarfs. Hugsanlega eru aðrar leiðir færar. Við verðum að vera reiðubúin til að velta þeim upp og ræða.

Skýrslan sem við ræðum um í dag er eitt innlegg í þá umræðu. Auk hennar hef ég ákveðið að kanna viðhorf sveitarstjórnarmanna og alþingismanna til sveitarstjórnarmála með sérstakri rannsókn sem unnin verður á næstunni í samstarfi við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Það hlýtur að vera markmiðið að stjórnsýslan og ábyrgð á málaflokkum sé einföld og skýr þannig að íbúarnir viti hvert þeir eigi að leita við úrlausn mála sinna. Einnig hljótum við að vilja tryggja sjálfsforræði sveitarfélaga og stjórn þeirra yfir eigin verkefnum á sem einfaldastan og skilvirkastan hátt. Til að ná þeim markmiðum þarf að eiga sér stað opinská umræða um málefni ríkis og sveitarfélaga í heild sinni og við þurfum að leita sameiginlegra lausna. Í slíkri umræðu er nauðsynlegt að allir sem málið varðar séu opnir fyrir nýjum hugmyndum, séu þær skynsamlegar út frá hagsmunum borgaranna. Það er mikilvægt að löggjafinn taki virkan þátt í þeirri umræðu á málefnalegum forsendum og ég vona að þessi skýrsla kveiki frekari umræðu á meðal

háttvirtra alþingismanna.

Hæstv. forseti. Takist okkur vel upp í skoðanaskiptum okkar í dag þá vonast ég til þess að umræða um stöðu sveitarstjórnarstigsins verði reglulega á dagskrá þingsins í framtíðinni.

[11:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil láta þess getið í upphafi máls að við í Frjálslynda flokknum ásamt vinstri grænum óskuðum sérstaklega eftir því að koma að starfi sameiningarnefndar á sínum tíma. Í ljósi þess sem hæstv. ráðherra endaði ræðu sína á að nauðsynlegt væri að allir kæmu að því starfi og öll sjónarmið fengju að koma fram varðandi þessi mál, verð ég að segja og lýsa því yfir enn á ný, eins og við reyndar gerðum margítrekað við félagsmálaráðuneytið, að við söknuðum þess mjög að fá ekki aðkomu að þessu starfi sameiningarnefndarinnar. Og hefðum þar af leiðandi getað lagt það að mörkum sem við höfðum afl til og tekið þátt í störfunum.

Þetta vildi ég láta koma fram og sérstaklega í ljósi þess að hér var talað um aukið lýðræði o.s.frv.

[11:02]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað alltaf þannig þegar við setjumst niður yfir mál sem þessi og efnum til samráðs sýnist sitt hverjum um hvernig eigi að fara í það. Við buðum upp á að stjórnarandstaðan hefði aðgang að þessu máli sem hv. þingmaður nefnir hér. Niðurstaðan var sú að Samfylkingin, stærsti flokkurinn í stjórnarandstöðu, gerði tilkall til þess fulltrúa sem þar var boðið upp á að ætti sæti í umræddri nefnd. Vinstri grænum og frjálslyndum var boðið að eiga í kjölfar þess áheyrnarfulltrúa í starfinu en höfnuðu því. Þetta mál varðar fortíðina, hæstv. forseti, en þannig var þetta í pottinn búið og við skulum nú sjá hvernig framtíðin verður.

[11:03]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því ef hæstv. ráðherra hefur séð að sér og mun standa öðruvísi að málum í framtíðinni en verið hefur í fortíðinni. Ég sé það hins vegar í skýrslunni á bls. 73, að ekki hefur vafist fyrir ráðuneytinu að skipta þrisvar sinnum um fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni. (Gripið fram í.) Það getur vel verið, en ég hygg að síðasti maðurinn hafi sennilega verið sá besti. En það er nú þannig, hæstv. forseti, að við teljum, þó að við séum í minnstu flokkunum á Alþingi, að sjónarmið okkar eigi að fá að koma fram í umræðunni og hefði átt að koma fram í nefndarstarfinu. Það er þess vegna sem ég geri þessa athugasemd, ekki vegna þess að skýrslan sé slæm. Ég tel að hún sé mjög góð og kem að því síðar í máli mínu í dag.

[11:04]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í upphafi er rétt að þakka hæstv. ráðherra sérstaklega þessa skýrslugerð og er það í fyrsta skipti sem við fáum slíkt plagg hér inn á Alþingi, afar mikilvægt plagg og á margan hátt mjög fróðlegt, þar sem m.a. er verið að bera saman sveitarstjórnarmál á Íslandi og hjá nágrannaþjóðum okkar, sem er afar mikilvægt. Sérstaka athygli vekur það hlutfall sem er á milli ríkis og sveitarfélaga í samneyslu. Það er algjörlega öfugt hjá okkur miðað við nágrannaþjóðirnar, sem bendir til þess að við þurfum að færa miklu fleiri verkefni til sveitarfélaganna. Hæstv. ráðherra minntist einmitt á að það væri hlutur sem þyrfti að skoða.

Það liggur líka ljóst fyrir þegar maður les skýrsluna hver vandinn er meðal sveitarfélaganna litið til framtíðar. Þau eru of lítil og veikburða mörg hver og vandanum er mjög misskipt. Vaxandi misskipting virðist vera á milli svæða. Ég vil því spyrja hæstv. félagsmálaráðherra í byrjun umræðunnar hver framtíðarsýn hæstv. ráðherra er, þrátt fyrir að hann treysti sér eðlilega ekki eftir þær atkvæðagreiðslur sem fram fóru að gera ákveðnar tillögur um að fækka (Forseti hringir.) sveitarfélögum. En hver er framtíðarsýn hæstv. ráðherra?

[11:05]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að framtíðarsýn mín hafi komið fram með þokkalegum glöggum hætti í ræðu minni. Ég sé fyrir mér að sveitarfélögin haldi áfram að sameinast. Þau haldi áfram að stækka. Þau verða að halda áfram að stækka. Til að geta veitt íbúum sínum þá þjónustu sem mælt er um fyrir í lögum og íbúarnir gera kröfur um verða sveitarfélögin að halda áfram að stækka.

Ég sé sömuleiðis fyrir mér, hæstv. forseti, að það kunni að koma til þess að menn verði að fara þá leið sem ég ýjaði að í ræðu minni, að hin minni sveitarfélög verði einfaldlega að kaupa þjónustuna af hinum stærri fyrir íbúa sína. Vegna þess að íbúarnir eiga kröfu til þess að njóta þeirrar þjónustu sem lög kveða á um hversu stórt sem sveitarfélagið er.

[11:06]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að sveitarfélögin verða að halda áfram að stækka. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum þegar við skoðum þróunina að það er aðallega tvennt sem hefur flýtt fyrir því að sveitarfélög hafa stækkað og þeim fækkað þar af leiðandi um leið. Þegar gert er sérstakt átak í þá veru hefur sveitarfélögum fækkað í kjölfar þess og það er augljóslega að gerast núna eins og það gerðist eftir síðasta átak. En síðan hefur það einnig gerst þegar verkefni hafa verið flutt yfir til sveitarfélaganna og besta dæmið er þegar grunnskólinn var fluttur yfir. Því er eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki reiðubúinn að skoða það í fyllstu alvöru að finna eitt verkefni eða fleiri sem rétt væri að færa yfir til sveitarfélaganna, hreinlega í þeim tilgangi að skapa aðstöðu til að þeim fækki og þau stækki.

Frú forseti. Til að þetta gerist verður auðvitað að byggja upp traust milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins sem því miður hefur skort mjög á. Fyrir stuttu kom frumvarp inn í þingið sem ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hefur kynnt sér, um grunnskóla, þar sem mikil mótmæli komu (Forseti hringir.) fram frá stjórnvöldum sveitarfélaga varðandi það að gengið væri á sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Slíkt er ekki til að byggja upp traust milli aðila.

[11:07]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson rekur hér. Að best hefur gengið á þeirri leið að sameina sveitarfélögin, að stækka þau og efla einmitt í kjölfar þeirra sameiningarátaka sem ríki og sveitarfélög hafa tekið höndum saman um í tvígang. Fyrst í tíð forvera míns, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, og svo aftur erum við að sjá þá þróun eiga sér stað núna, að þrátt fyrir að íbúar hafni þeim sameiningartillögum sem settar eru fram, ekki af hálfu ríkisins, heldur af hálfu þess samstarfs sem menn hafa átt með sér, hafna íbúar þeim tillögum en ganga síðan til sameiningar sveitarfélaganna með öðrum hætti. Með þeim hætti sem þeir helst kjósa sjálfir. Það er auðvitað ekkert nema gott eitt um það að segja, hæstv. forseti.

Varðandi verkefnaflutninginn er ég þeirra skoðunar, eins og fram hefur komið við umræðuna, að okkur beri að leita leiða til að færa fleiri og verðugri verkefni til sveitarfélaganna en til þess verða þau að vera nægilega burðug og öflug til að taka við þeim. Það er mergurinn málsins, hæstv. forseti.

[11:08]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil fyrst taka undir orð hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar um mikilvægi þess að allir þingflokkar eigi aðild að svo viðamiklu endurskoðunarstarfi eins og verið hefur varðandi sveitarfélögin.

Hæstv. ráðherra sagði að nú þyrfti að fara að snúa sér meira að stóru og sterkari sveitarfélögunum en hingað til hafi áherslan beinst of mikið að þeim minni og veikari, eitthvað í þá veruna. Það er alveg hárrétt að vandi ákveðinna sveitarfélaga, það má kalla þau minni eða fámennari, er að tekjuskipting er mikil og að ekki hefur verið komið til móts við hana með eigin tekjustofnum. Við í Vinstri hreyfingunni grænu – framboði viljum styrkja sveitarstjórnarstigið en það þarf þá að gera á raunsönnum forsendum.

Ég vil því spyrja í ljósi orða hæstv. ráðherra: Er hann að leggja til að við skiptum þá sveitarfélögunum upp í tvo hópa? Þá ríku og hina fátækari og meðhöndlum þá svo með (Forseti hringir.) aðskildum hætti?

[11:10]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki að leggja neitt slíkt til. Ég er einfaldlega að segja að við verðum að horfast í augu við staðreyndirnar. Sveitarfélögin eru mismunandi að stærð og burðum. Þau hafa mismunandi tækifæri til að veita íbúunum þá þjónustu sem þeir gera kröfu til og lög kveða á um. Við verðum að horfast í augu við þær staðreyndir. Eins og ég rakti í ræðu minni áðan er nú hafin endurskoðun á því regluverki sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar eftir. Ég vænti nokkurs af þeirri endurskoðun.

En ég vil ekki að mál mitt sé skilið svo, hæstv. forseti, að ég sé að kasta rýrð á hin minni sveitarfélög, eða ég sé að draga úr því að þau eiga vissulega við vanda að etja. Ég tel hins vegar algjörlega nauðsynlegt við þessa umræðu að horfa líka til framtíðar, horfa líka til styrkleika sveitarfélaganna. Horfa til tækifæranna. Því þau eru vissulega fyrir hendi eins og við höfum margoft séð, hæstv. forseti.

[11:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil halda til haga þeirri skoðun sem ég hef og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að það er réttur íbúanna til þjónustu, hvort sem hann er síðan veittur af ríki eða sveitarfélagi, þessi sameiginlega opinbera þjónusta sem við eigum að horfa á í einu lagi og hvernig því verði þá sem haganlegast fyrir komið. En ekki að horfa á þetta sem tvo aðskilda kassa, ríki og sveitarfélög. Þegar verið er að færa verkefni til sveitarfélaganna eða verkefnaflokkar sveitarfélaganna að vaxa þarf náttúrlega að færa þangað tekjustofna. En það hefur ekki verið gert. Sögð hafa verið mörg orð, skrifaðar margar skýrslur, settar margar nefndir, en fjármagnið hefur ekki fylgt. Þar liggur vandinn. Tökum t.d. Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem átti vera til að jafna tekjumun sveitarfélaga. Hann rennur núna til allra sveitarfélaganna. Öll sveitarfélögin, held ég, eða langflest eru að fá framlög úr jöfnunarsjóði. Líka þessi stóru, sterku og ríku (Forseti hringir.) sem hæstv. ráðherra ber fyrir brjósti.

[11:12]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri nú að æra óstöðugan að ætla í þessari umræðu að fara enn og aftur að taka upp umræðuna um með hvaða hætti gengið var frá t.d. samningum milli ríkis og sveitarfélaga um grunnskólana. Ég hygg að flestir séu orðnir sammála um að þar var ágætlega að verki staðið. Enda eru sveitarfélögin að sinna þeim málaflokki með miklum ágætum. Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um að þegar við flytjum verkefni milli stjórnsýslustiga verða að fylgja þeim þeir fjármunir sem til þarf. Það er auðvitað alveg ljóst. Ég held að það deili enginn um það. Ég held að deili enginn um það hér í þessum sal, hæstv. forseti, að fjármunir verða að sjálfsögðu að fylgja verkefninu.

Hvað Jöfnunarsjóð sveitarfélaga varðar er þar um að ræða tiltölulega flókið kerfi sem byggst hefur upp á löngum tíma. En ég minni á að það er ekki kerfi sem menn hafa fundið upp einhvers staðar í einhverju herbergi einir og sér. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar undir ráðgjafarnefnd sinni þar sem sveitarstjórnarmenn eru í miklum meiri hluta, hæstv. forseti.

[11:13]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir að fara yfir skýrsluna og flytja hana hér. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki áhyggjur af þeirri íbúaþróun sem verið hefur, og þá sérstaklega undanfarna áratugi, yfir landið allt, fjölgun á höfuðborgarsvæðinu andspænis landinu í heild. Sá fjöldi íbúa sem býr núna hér á tiltölulega litlu svæði. Ég spyr að þessu með tilliti til búsetu á landinu öllu, varðveislu menningarverðmæta og nýtingu náttúruauðlinda, bæði til lands og sjávar.

[11:14]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt að sú þróun hefur átt sér stað hér á landi marga undanfarna áratugi að Íslendingar velja að búa í auknum mæli á höfuðborgarsvæðinu. Það er þróun sem ég held að við sem störfum hér á Alþingi getum ekki komið í veg fyrir. Þetta er ákvörðun íbúanna sjálfra. Hins vegar getum við gert ýmislegt til að gera búsetu á landsbyggðinni ákjósanlega og ákjósanlegri en kannski hefur verið. Þar skipta atvinnumál, menningarmál og fræðslumál máli. Allt eru þetta málaflokkar sem við höfum verið og erum að undirbyggja og styrkja. Hvort það dugar til, hæstv. forseti, veit ég ekki. En þessi þróun er ekkert séríslenskt fyrirbæri. Hún á sér stað í öllum nágrannaríkjum okkar.

Um leið og við getum harmað að fólki fækkar í sveitum landsins verðum við líka að vera tilbúin að taka við því fólki á höfuðborgarsvæðinu með sem bestum hætti.

[11:15]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér ekkert náttúrulögmál að fólk flytji hvaðanæva af landinu til höfuðborgarsvæðisins. Atvinna er undirstaða búsetu í landinu, það er alveg sama hvert við lítum. Mjög margir hafa séð sig tilneydda til að taka sig upp frá sínum heimastað og flytja þangað sem þjónustan er betri og oft og tíðum vantar atvinnu við hæfi eða bara atvinnu yfirleitt og þjónustu sem fólk þarfnast. Þetta er ekkert náttúrulögmál, auðvitað er hægt að hafa uppi aðgerðir sem styrkja búsetu út um landið til að vega upp á móti þeirri þróun sem verið hefur.

[11:16]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gleður mig alveg sérstaklega að við hv. þingmaður skulum vera sammála um að atvinnuuppbyggingin skipti miklu máli. Það er einmitt það sem þessi ríkisstjórn hefur lagt höfuðáherslu á, þ.e. að byggja upp fjölbreytta atvinnu um landið. Ég vil geta þess að ég var í heimsókn í Fjarðabyggð í gær þar sem eru náttúrlega ótrúlegir hlutir að gerast í atvinnuuppbyggingu. Og ég heyri að við hv. þingmaður erum sammála um að það skiptir miklu máli.

Það er hins vegar eitt og sér ekki nægt, hæstv. forseti, það skiptir miklu máli að menn byggi sömuleiðis upp menningartengda þjónustu og fræðsluþjónustu, því að í mörgum tilvikum, og við þekkjum það, við hv. þingmaður og þeir sem hér sitja, á sér stað brottflutningur fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins með þeim hætti að foreldrar elta börn sín sem halda til mennta. Það er eitt af því sem skiptir máli og að því höfum við verið að huga, m.a. með uppbyggingu fræðslustofnana, fjarnáms og fleiri slíkum hlutum.

[11:17]

Útbýting:

Auglýsingar hins opinbera í héraðsfréttablöðum, 534. mál, fsp. MÞH, þskj. 781.

Áfengisráðgjafar, 535. mál, fsp. VF, þskj. 782.

Ástand Þjóðleikhússins, 533. mál, fsp. MÞH, þskj. 780.

Innlausn fiskveiðiheimilda, 536. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 783.

Malarnám í Ingólfsfjalli, 532. mál, fsp. MÞH, þskj. 779.

Stofnstærðarmælingar á loðnu, 537. mál, fsp. MÞH, þskj. 784.

[11:18]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir framlagningu og framsögu á þessari skýrslu um sveitarstjórnarmál. Hún gefur okkur tækifæri til að fara vítt og breitt yfir sveitarstjórnarmálin og stöðu landsbyggðarinnar. Ég tel að slík skýrsla ætti að vera fastur liður í dagskrá þingsins á hverju þingi. Þó að ekki sé gert ráð fyrir því að þessari skýrslu verði vísað til nefndar væri auðvitað æskilegt að hv. félagsmálanefnd tæki hana til umfjöllunar og færi yfir hana. Það er ýmislegt í henni sem ástæða væri fyrir nefndarmenn í félagsmálanefnd að skoða nánar og fá frekari skýringu á en hægt er við umræðu eins og hér er. Ég beini því hér með til hv. formanns félagsmálanefndar, sem er í salnum, hvort ekki væri ástæða til þess að við eyddum smátíma í nefndinni til að fara yfir skýrsluna.

Það er afar mikilvægt að áherslan hjá þeim sem ráða ferðinni sé á heildstæða stefnu í byggðamálum sem byggir á nauðsynlegu og eðlilegu sambýli milli þéttbýlis og dreifbýlis, höfuðborgar og landsbyggðar. Það er mikilvægt fyrir alla framþróun á landsbyggðinni að bærileg sátt ríki milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar í ýmsum málum sem skipta miklu. Ég á þar við eflingu á sveitarstjórnarstiginu, aukið sjálfsforræði og stækkun sveitarfélaga, sem er lykilatriði í framþróun byggðar og eflingu landsbyggðarinnar. Veikleiki landsbyggðarinnar er að hluta til fámenni í allt of mörgum sveitarfélögum sem virkar hamlandi á það að sveitarfélögin geti tekið yfir fleiri og stærri verkefni. Það eru gífurlega mörg verkefni á könnu ríkisvaldsins núna sem eiga að vera hjá landsbyggðinni. Ég vil fara yfir það síðar í ræðu minni hvar ég vil leggja áherslurnar í þeim efnum.

Það er alveg ljóst að verkefni og skyldur sveitarfélaga hafa verið aukin, m.a. með breytingum á lögum og reglum, en tekjustofnar þeirra hafa ekki aukist að sama skapi. Á margan hátt hallar verulega á landsbyggðina og þarf að gera átak til að efla hana. Þó að mörg af stærri sveitarfélögunum hafi verið með jákvæða afkomu, t.d. á síðasta ári, er stór hluti sveitarfélaganna, sennilega tveir þriðju þeirra smærri, með neikvæða afkomu. Það hlýtur að koma að því að félagsmálaráðherra og stjórnvöld þurfi að taka á því, en velta því ekki ávallt á undan sér, að fara í tekjustofnamálin og tekjuskipti milli ríkis og sveitarfélaga.

Árið 2004 voru meðaltekjur á landsbyggðinni rúm 84% af landsmeðaltali meðan tekjur höfuðborgarsvæðisins voru 106,8%. Það er staðreynd að íbúum hefur fækkað í 53 sveitarfélögum frá árinu 2000 og sums staðar verulega og á heilum landsvæðum. Meðalaldur íbúa á landsbyggðinni

hefur hækkað og aldurssamsetningin er óhagstæð. Það er því mikið verk að vinna til að efla sveitarfélögin.

Ég nefndi verkefnatilflutninginn, sem er afar mikilvægur, og ég hygg að þar hafi strandað verulega á því, í því átaki sem hæstv. félagsmálaráðherra beitti sér fyrir, að tekjustofnarnir voru ekki komnir á hreint. Það hefur verið ákveðin tortryggni í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem alls ekki eru komin í lag. Ég hef sagt og segi enn að ég tel að til þess að fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga komist í lag þurfi ríkisvaldið að jafna skuld sína við sveitarfélögin. Það hefur verulega hallað á sveitarfélögin og ríkisvaldið hefur farið í lagasetningar sem hafa haft veruleg áhrif á tekjur sveitarfélaga. Kannski vega þær breytingar þyngst sem urðu varðandi einkahlutafélög og skattlagningu þeirra en einnig húsaleigubæturnar, sem hafa vaxið gríðarlega og ríkisvaldið telur sér ekki lengur koma við. Þar var að mínu mati farið illa með sveitarfélögin, menn telja að óuppgerðar skuldir ríkisins við sveitarfélögin vegna þeirra séu upp á 2–2,5 milljarða kr. Ég tel að þetta þurfi að jafna — ríkisvaldið getur ekki bara sett þetta til hliðar — til þess að fara í það stóra verk sem er að flytja aukin verkefni og tekjustofna til sveitarfélaganna. Það verður að tryggja sveitarfélögunum trausta tekjustofna til framtíðar og ég held að grunnurinn að því sé að fara í tekjustofnana núna til að menn geti síðan farið í það að ákveða verkefnatilflutninginn. Menn hafa hingað til fyrst og fremst lagt áherslu á verkefnatilflutninginn en skilið tekjustofnamálið meira og minna eftir og á því hefur svo á endanum strandað.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Eru engin önnur áform uppi að því er varðar breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga en þegar liggja fyrir? Liggur það alveg klárt og kvitt fyrir og er það afgreitt út af borði hæstv. ráðherra að fara eigi í að jafna skuld ríkisins við sveitarfélögin sem ég nefndi? Hvaða tekjustofnar eru það sem hæstv. ráðherra vill horfa til að geti farið til sveitarfélaganna til framtíðar? Kæmi t.d. til greina að hluti tekjuskatta lögaðila færi til sveitarfélaga? Aukinn hluti í staðgreiðslunni? Eða að hreinlega verði farið í að skoða hvort umferðarskattar, sem ríkið er með á sinni könnu og gefur núna 40 milljarða af umferðinni sem fara í ríkissjóð, gætu að hluta til verið tekjustofnar sveitarfélaga? Það er full ástæða til að velta þessu fyrir sér ef menn meina eitthvað með því af alvöru að fara í verkefnatilflutning til sveitarfélaganna.

Hér á landi er hlutur sveitarfélaganna í útgjöldum hins opinbera, a.m.k. síðast þegar ég skoðaði það, um 27%, en í Danmörku er hann miklu meiri, 43–44%, og í Noregi og Finnlandi 33–35%. Þar eru sveitarfélögin öflugri og hafa tekið við fleiri verkefnum en hefur getað gerst hér á landi, einkum vegna smæðar sveitarfélaganna. Ég vil ógjarnan sjá það að ekki sé hægt að flytja þau verkefni sem borðliggjandi er að fara eiga til sveitarfélaganna, eins og málefni aldraðra og fatlaðra, skólamálin í meira mæli og jafnvel framhaldsskólarnir þó að mörg sveitarfélög, fjöldi sveitarfélaga séu þegar í stakk búin til að taka að sér þessi verkefni en það er ekki hægt að flytja þau vegna þess að smærri sveitarfélögin geta ekki tekið við þeim. Ég vil ógjarnan sjá hér tvískipt sveitarfélög þar sem stærri sveitarfélögin fá verkefni sem þau minni ráða ekki við, að hér verði til einhvers konar A- og B-sveitarfélög. Þess vegna er það lykilatriði að tekið verði á tekjustofnum sveitarfélaga.

Áhrif sameiningar sveitarfélaga hafa verið mjög jákvæð. Félagsþjónusta hefur aukist. Þetta hefur haft jákvæð áhrif á fræðslumál, einkum þar sem þéttbýlis- og dreifbýlissveitarfélög eru sameinuð, stjórnsýslan er skilvirkari og faglegri. Það er því allt sem mælir með sameiningu sveitarfélaganna. Eins og félagsmálaráðherra kom inn á hafa verið stigin ágæt skref í að sameina sveitarfélög. Það kom að vísu ekki mikið út úr þeim átökum sem hæstv. félagsmálaráðherra beitti sér fyrir varðandi sameininguna fremur en þegar sú sem hér stendur beitti sér fyrir átaki 1993 sem félagsmálaráðherra. En ég held að það sé alveg ljóst að óbein áhrif af því sameiningarátaki voru mjög jákvæð vegna þess að í kjölfarið fylgdu sameiningar sveitarfélaga sem ég held að rekja megi að verulegu leyti til þeirrar umræðu sem fram fór í kringum þessi tvö sameiningarátök sem voru árið 1993 og nú á þessu ári.

Staðan núna er þannig að sveitarfélögin eru 98 og það stefnir í að þau fari niður í 83 með þeim sameiningum sem fram undan eru. Fjöldi fámennra sveitarfélaga er samt allt of mikill enn þá. Við erum enn með 40 sveitarfélög með undir 500 íbúum og 10 sveitarfélög með undir 100 íbúum. Það gengur bara ekki. Hæstv. ráðherra hefur sagt að útilokað sé fyrir svo fámenn sveitarfélög að sinna skyldum sínum fullkomlega en á sama tíma segir hann að ekki komi til greina að lögbinda sameiningu sveitarfélaga. Það er þó sú leið sem farin hefur verið á Norðurlöndunum, sveitarfélögunum var gefinn ákveðinn aðlögunartími til að sameinast, en hæstv. ráðherra blæs á að slíkt verði gert hér.

Ég tel að íbúatala þurfi að vera að lágmarki 2.000–3.000 manns í sveitarfélögum til að þau geti sinnt verkefnum sínum bærilega. Ég tel ekki útilokað að ljá máls á því að hækka íbúatöluna sem er núna 50. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur talað fyrir því hér að hækka íbúatöluna upp í 1.000. Ef það yrði gert tel ég að gefa þyrfti sveitarfélögunum góðan aðlögunartíma til að sameinast án slíkrar lögþvingunar en við getum ekki ýtt henni út af borðinu, vegna þess að það stöðvar alla framþróun og uppbyggingu á landsbyggðinni að vera með svo fámenn sveitarfélög.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann koma til greina, þar sem hann vill ekki lögbindingu eða hækkun á íbúatölunni, að flytja verkefni eins og málefni aldraðra, málefni fatlaðra og hugsanlega framhaldsskólana yfir til stærri sveitarfélaganna? Hvaða leiðir sér ráðherrann til þess, ef hægagangur verður í sameiningunni á næstu árum, að flytja þessi verkefni til sveitarfélaganna?

Í skýrslu ráðherra segir um þetta, með leyfi forseta:

„Á vegum félagsmálaráðuneytisins er fyrirhugað að endurskoða stefnumótun í málefnum sveitarfélaga og fatlaðra, en stefnumótun í málefnum fatlaðra hefur að vissu leyti verið ómarkviss vegna óvissu um verkaskipti ríkis og sveitarfélaga.“ — Þetta er viðurkennt hér og áfram segir: — „Undanfarinn áratug hefur farið fram umræða um hugsanlegan flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Sú umræða hefur að líkindum snúist of mikið um vilja og hagsmuni sveitarfélaganna.“ — Það er alveg ljóst að það strandaði á tekjustofnunum í því að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna. Menn voru ekki sammála um hvaða

tekjur ættu að fylgja flutningi á þessum málaflokki til sveitarfélaganna. Ráðherrann segir svo í skýrslu sinni, með leyfi forseta: — „Stefnt er að því að koma málefnum fatlaðra í skýran farveg fyrir lok kjörtímabilsins."

Hvað felst í þessu? Er verið að vinna að því núna að reyna að ná sátt milli sveitarfélaga og ríkis um þá tekjustofna sem þurfa að fylgja með ef málefni fatlaðra flytjast til sveitarfélaga? Þessi málaflokkur á miklu fremur heima hjá sveitarfélögunum en ríkinu. Við vitum hversu farsællega hefur tekist til varðandi flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna. Hann á auðvitað heima þar svo og mörg önnur verkefni sem hægt er að flokka undir nærþjónustu sem sveitarfélögin geta sinnt miklu betur en ríkið.

Virðulegi forseti. Allt strandar þetta á því sama. Í fyrsta lagi að ríkið vill ekki ræða af alvöru um tekjustofna, framtíðartekjustofna til sveitarfélaganna, og þess vegna strandar á verkefnatilflutningum. Í öðru lagi eru það þessi smáu sveitarfélög og það hamlar framþróun á landsbyggðinni. Þessu verðum við að taka á í sameiningu.

[11:33]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil enn og aftur þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir að flytja þessa fyrstu skýrslu um sveitarstjórnarmál. Ég ætla að vona að ósk hans eða beiðni, sem hér kom fram áðan, verði að veruleika, að við ræðum sveitarstjórnarmál í formi slíkrar skýrslu á hverju ári þar sem við höfum möguleika á að fara vítt og breitt yfir sviðið og meta stöðuna frá ári til árs og koma fram með okkar áherslur, mismunandi eftir flokkum, bæði til þess að sjá hver þróunin hefur verið og eins til að geta komið með ábendingar um það sem við teljum að betur megi fara.

Ég vona að hæstv. félagsmálaráðherra taki þeirri gagnrýni sem hlýtur að koma hér fram í dag betur en hæstv. iðnaðarráðherra gerði um daginn þegar skýrsla frá henni um Byggðastofnun var rædd. Vissulega kom fram gagnrýni á þá skýrslu og ekki að ástæðulausu. Hæstv. iðnaðarráðherra tók þeirri gagnrýni sem ástæðulausu nöldri og sá ekki ástæðu til að svara. Ég trúi því að ekki verði eintómt ástæðulaust nöldur í þeim þingmönnum sem taka til máls, enda hefur það komið fram við upphaf þessarar umræðu, heldur verði farið yfir málaflokkinn. En gagnrýni hlýtur að teljast málefnaleg rétt eins og þegar bent er á það sem vel er gert. Nú hefur byggðaþróunin verið þannig að sveitarstjórnarstigið og sveitarstjórnarmálin koma mjög sterkt þar inn, sem sé hvaða aðstöðu sveitarstjórnir hafa til þess að stuðla að góðu atvinnustigi og veita þá þjónustu sem er lögbundin, þannig að vissulega fléttast þetta allt saman.

Varðandi þessa skýrslu verð ég að viðurkenna að ég þarf að lesa hana betur yfir en farið er yfir mörg svið. Eins og kom fram í máli hæstv. félagsmálaráðherra, sem hvetur mjög til stækkunar sveitarfélaganna, eiga mjög mörg verkefni betur heima hjá sveitarfélögunum en hjá ríkinu, sem sé í nærþjónustunni. Ríkið sinnir nærþjónustunni í dag á mörgum sviðum en hin Norðurlöndin hafa þá þjónustu á sveitarstjórnarstiginu, en þar hefur líka verið til þriðja stjórnsýslustigið sem hefur séð um samræmingu og þjónustu eins og á kjördæmavísu hjá okkur, ef við höfum það til hliðsjónar. Ég hef alla tíð verið mjög hlynnt því að við hefðum slíkt þriðja stjórnsýslustig. Miðað við stöðuna eins og hún hefur verið hefðum við getað fært fleiri verkefni frá ríkinu og yfir, ýmist beint til sveitarfélaganna eða þá til þessa þriðja stjórnsýslustigs. Hlutverk þess stigs hefði þá verið það sem verið er að tala um að flytja núna til stærri sveitarfélaga. Þegar við berum okkur svo saman við hin Norðurlöndin hljótum við líka að horfa til mannfæðar hér á landi, við erum ekki nema 300 þúsund manna þjóð í stóru landi og byggð því dreifð. Það hlýtur óneitanlega að hafa áhrif á þá þróun hvernig sveitarfélögin voru og hversu mörg þau voru og smá, því að þetta byggðist út frá landfræðilegri forsendu, og hvernig þau eru núna að stækka.

Stærð landsins er líka ákveðin hindrun, ekki bara íbúafjöldinn. Þegar verið er að tala um nærþjónustu verður sú nærþjónusta líka að vera fýsísk, hún verður að vera þannig að maður hafi einhver eðlileg samskipti við þá sem stjórna í sveitarfélaginu. Sveitarfélögin mega ekki vera svo stór landfræðilega að það skipti ekki orðið nokkru máli hvort sá sem ber ábyrgð á þjónustunni er í einhverjum kjarna — við getum t.d. talað út frá stærð sveitarfélaga á landsbyggðinni — sem slagar upp í það að vera heilt eða hálft kjördæmi. Þá skiptir ekki máli hvort sá sem ber ábyrgð á þjónustunni er hér suður í Reykjavík hjá ríkinu eða hjá sveitarfélaginu. Landfræðilegar aðstæður hjá okkur skipta því líka miklu máli.

Þegar við erum að tala um að færa verkefni yfir til sveitarfélaganna eigum við líka að taka fullt tillit til þessa, ekki bara íbúafjölda, og þar af leiðandi að horfa á mismunandi aðkomu og samskipti og skiptingu verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga. Það er hægt að gera með mismunandi hætti. Að mínu mati þarf þetta ekki að vera alveg klippt og skorið, að annaðhvort fari öldrunarmálin öll til sveitarfélaganna eða enginn hluti þeirra. Við höfum þessi reynslusveitarfélög sem við getum byggt á. Ég tel að sveitarfélög sem eru það öflug og stór að þau geti gert samstarfs- eða þjónustusamninga við ríkið um ákveðna þjónustu eigi að fá að gera það.

Að mínu mati eigum við að efla jöfnunarsjóðinn, eins og hér hefur verið lagt til, og að samhliða verði þróunarsjóður. Við þurfum að vera með miklu meira af þróunarverkefnum, bæði hjá sveitarfélögunum sjálfum og verkefni sem sveitarfélögin geta staðið fyrir. Það þarf að vera hægt að byggja á þjónustusamningum milli sveitarfélaga. Ef við horfum á landið allt er það nú svo að sumir staðir eru þannig í sveit settir að það hefur reynst auðveldara að fá þangað til starfa fólk með meiri menntun eða möguleika á að koma þar niður starfsemi sem getur þjónað miklu stærra svæði. Ég held að það eigi að horfa miklu meira til þess að gera þjónustusamninga á milli sveitarfélaga um ákveðna þjónustu. Ég nefndi áðan þjónustusamninga, samstarfssamninga milli ríkis og sveitarfélaga, sem gætu verið mismunandi eftir því hvernig sveitarfélögin eru í stakk búin hvað varðar íbúafjölda og landfræðilega legu.

Ég tel einnig að til að bæta þjónustuna hér á höfuðborgarsvæðinu, og þá í öllum sveitarfélögum hér, og eins úti um allt land verðum við að fara að horfa til þess að koma á samstarfi fagaðila, sama hvort það er á heilbrigðissviði eða umhverfissviði, sem nú eru ýmist starfsmenn sveitarfélag-

anna eða ríkisins. Það er óþolandi fyrir þá sem eiga að nota þjónustuna að vera vísað fram og til baka í staðinn fyrir að byggja upp þjónustukjarna þar sem aðilar geta unnið, sama hvort atvinnurekandinn er sveitarfélagið eða ríki. Þannig yrði það auðveldara að veita þjónustuna og hún yrði virkari. Með samstarfi þarna á milli, beinu samstarfi á milli þessara aðila, fæst miklu meira út úr vinnunni. Ég tel að við eigum að fara að horfa til þeirra staða — við lítum nú oft til Norðurlandanna — sem hafa þróað slíka þjónustu. Góður vísir er að þessu uppi í Grafarvogi sem snýr að félagsþjónustunni þar sem ólíkir aðilar koma að og veita þjónustu á einum stað. Ég tel að það þurfi að horfa á slíkt skipulag á miklu fleiri sviðum. Við gætum með því móti líka styrkt hin veikari sveitarfélög og veikari sveitarstjórnarstig, sem eru í dag.

Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að fjárhagsleg staða mjög margra sveitarfélaga er erfið, hefur verið erfið og hefur haldið mörgum sveitarfélögum í kyrkingaról. Þegar fjárhagsstaða sveitarfélaga snýst eingöngu um það að geta borgað laun, 70% af tekjum eru laun til starfsmanna, og þau hafa sáralítið til framkvæmda, nýsköpunar eða nýbreytni í þjónustu er náttúrlega ekki hægt að búast við því að þau haldi fólki, laði til sín fólk eða byggi eitthvað upp. Gildir þá einu þó að vilji og kraftar séu fyrir hendi. Þetta er auðvitað niðurdrepandi og það er ekkert óeðlilegt að fólk flytji í burtu, sjái ekki sína framtíð í sveitarfélaginu áfram þó svo að það vilji gjarnan búa þar. Það er sorglegt að vita til þess þegar maður veit líka að það væri svo margt hægt að gera á þessum stöðum ef sveitarfélögin hefðu betri tekjustofna og væru í stakk búin til þess að ráðast í þau verkefni sem þau vita að bíða þarna. Þau sjá kannski fram á möguleika, t.d. í ferðaþjónustu, t.d. í því að stuðla að fjölbreytni í atvinnulífinu, styrkja konur, styrkja þeirra fyrirtæki sem eru að fara af stað en eru vanbúin til þess — oft vantar svo sáralítið upp á að úr geti orðið öflugt fyrirtæki, ef sveitarfélögin hefðu svigrúm til þess að leggja svolítið af mörkum eða vera bakhjarl slíkra fyrirtækja. Það er fljótt að vinda upp á sig og skapa atvinnu fyrir marga.

Undanfarna áratugi hefur þróunin verið á þann veg að íbúum hér á höfuðborgarsvæðinu hefur, að mínu mati, fjölgað óeðlilega mikið. Hér búa um 2/3 landsmanna og ég tel að það sé varhugavert ef þetta heldur svona áfram. Það er að mínu mati, og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, mjög mikilvægt að styrkja búsetu úti um allt land. Það er til þess að varðveita menningarverðmæti og til að nýta náttúruauðlindir til sjávar og sveita. Fyrirtæki í sjávarútvegi hafa verið að færast á æ færri hendur og flytjast oft og tíðum í einu vetfangi frá heilu byggðarlögunum og sveitarstjórnir hafa ekki haft nokkurn einasta möguleika til að spyrna við fótum. Landbúnaður hefur einnig verið að taka miklum breytingum og sveitarstjórnarmenn hafa ekki haft möguleika á að keppa við fjárfesta sem hafa verið að fjárfesta í jörðum vítt og breitt um landið. Yfirboðin eru orðin það mikil að sveitarstjórnarmenn hafa ekki einu sinni getað fest jarðir þó að þeir hafi forkaupsrétt á þeim, þeir hafa ekki afl til þess.

Ég tel að sveitarstjórnarstigið þurfi m.a. að styrkja og stuðla að fjölbreyttri atvinnu úti um allt land og álver í hverjum firði mun ekki breyta neinu. Ég tel mjög mikilvægt að inn í þessa umræðu (Forseti hringir.) komi umræðan um áframhaldandi stóriðjustefnu og styrkingu sveitarstjórnarstigsins við annað en hana.

[11:49]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir byrja á að þakka kærlega fyrir þessa góðu skýrslu. Mér finnst hafa verið lagður mikill metnaður í hana og hún unnin mjög vel. Hún er afskaplega upplýsandi fyrir mörg svið sveitarstjórnarstigsins sem bæði alþingismenn og sveitarstjórnarmenn þurfa gjarnan að skoða vel. Fyrir utan þetta venjulega skýrsluform er þetta upplýsandi plagg um margt sem menn þurfa að huga að. Það þarf svo sem ekki að hafa mörg orð um mikilvægi sveitarstjórnarstigsins og því er mikilvægt að skýrslan sé lögð fyrir Alþingi.

Í upphafi skýrslunnar segir að henni sé ætlað að leggja mat á núverandi stöðu sveitarstjórnarstigsins og vekja spurningar um framtíð þess. Ég tel mjög mikilvægt að samskipti ríkis og sveitarfélaga, verkefni sveitarstjórnarstigsins og fjárhagsmál sveitarstjórnarstigsins séu til stöðugrar umræðu. Við komumst að sjálfsögðu aldrei til enda í því en eigum að hafa gleraugun stöðugt á þeim málefnum. Ég tel það góðan tímapunkt að leggja skýrsluna fyrir nú í ljósi þess að það eru sveitarstjórnarkosningar á komandi vori. Ekki síður er þetta ágæt úttekt á því mikla átaki sem ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga stóðu fyrir um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Þess vegna tel ég mjög jákvætt að koma fram með skýrsluna á þessum tímapunkti.

Það hvíla sömu skyldur á öllum sveitarfélögum, smáum og stórum, 50 manna upp í 150 þús. manna. Í grunninn eru það sömu verkefnin. Menn verða auðvitað stöðugt að velta fyrir sér hvernig á að leysa þau verkefni til hagsbóta fyrir íbúana. Sveitarstjórnarstigið er líka mjög mikilvægt í efnahagslegu samhengi og hlutdeild þess í samneyslunni hefur vaxið mjög á undanförnum árum. Fram kemur í skýrslunni að hlutur sveitarfélaganna í samneyslunni hafi aukist frá 1991 til 2006 úr 22,9% upp í 33,3%. Á síðustu 15 árum hefur því vöxturinn verið mjög mikill og við erum mörg sem höfum þá skoðun að hluturinn eigi að aukast enn frekar með það að markmiði að auka þjónustu við íbúana og að þau verkefni sem eru nálægt íbúunum, svokölluð nærþjónustuverkefni, verði hjá sveitarfélögunum.

Ég ítreka enn og aftur þá skoðun mína að málefni fatlaðra eru eitt af þeim verkefnum sem eiga best heima hjá sveitarfélögunum og falla mjög vel að félagsþjónustu sveitarfélaga. Um það hafa verið skrifaðar margar skýrslur og mikið um það rætt en ekki enn tekist að koma því á. Ég held að það hljóti að vera það nærtækasta sem við tökumst á við í stjórnkerfinu, að flytja málefni fatlaðra alveg yfir til sveitarfélaganna. Þau sveitarfélög sem hafa tekið verkefnið að sér með þjónustusamningum hafa gert það ákaflega vel. Því er þó ekki að leyna að þjónustusamningar á milli ríkis og sveitarfélaga í þessu efni eru ekki sérstaklega gott form. Tekjur sveitarfélaganna til þessara verkefna koma ekki beint frá íbúunum heldur er þarna um millifærslu á tekjum frá ríkinu að ræða. En það er alltaf heppilegast að hafa samhengi á milli tekna og útgjalda og að þau komi beint frá íbúunum. Hitt er annað mál að þau sveitarfélög sem hafa tekið þessi verkefni að sér hafa gert það mjög vel. Þess

vegna vilja mjög margir leggja áherslu á að þetta sé verkefni sem sé augljóst að eigi að vera hjá sveitarfélögunum.

Í verkefninu Efling sveitarstjórnarstigsins var farið í mjög viðamikla vinnu við það hvaða verkefni væri nærtækast að flytja yfir til sveitarfélaganna. Málefni fatlaðra og málefni aldraðra auk ýmissa eftirlitsverkefna komu auðvitað fyrst. Þróun í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur þó verið dálítil á undanförnum árum. Verkaskiptalögin svokölluðu sem margir sem hafa starfað í sveitarstjórnum kannast mjög vel við og tóku gildi árið 1990 breyttu auðvitað mjög miklu í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, skýrðu verkefnin og það varð markvissari stjórn á þeim. Grunnskólinn var auðvitað viðamesta verkefnið sem hefur verið flutt. Það hefur tekist afskaplega vel til í því og komin ágæt reynsla á það síðan 1996. Önnur verkefni eins og vinnumiðlanirnar og húsaleigubótakerfið hafa einnig flust yfir til sveitarfélaganna. Af þessu hefur verið góð reynsla og þess vegna er ástæða til að horfa áfram í þá átt að flytja fleiri verkefni.

Þessu fylgir samt sem áður að mörg sveitarfélög hafa þurft að leysa verkefnin í samvinnuverkefnum, bæði með byggðasamlögum, landshlutaverkefnin hafa tekið að sér slík verkefni og héraðsnefndirnar fyrir minni sveitarfélög. Það form er ekki sérstaklega gott lýðræðislega séð því íbúarnir hafa þá ekki bein áhrif á stefnumótunina vegna þess að fulltrúar þeirra sitja ekki í þeim stjórnum og ráðum sem ráðstafa málaflokkunum nema að litlu leyti. Allt leiðir þetta í þá átt að huga þarf að því að stækka sveitarfélögin enn frekar.

Við verðum að horfa til þess að af sameiningarátakinu sem við gengum í gegnum á síðasta ári varð kannski ekki sá ávinningur sem við og sveitarstjórnarmenn reiknuðum með. Hitt er annað mál að þegar slíkt hefur verið sett af stað hafa sveitarstjórnarmenn farið í mikla skoðun á stjórnsýslu sinni og grunngerð. Það hefur kallað á viðræður við aðrar sveitarstjórnir um hagkvæmari rekstur á mörgum þeim verkefnum sem sveitarstjórnirnar sinna. Upp úr því, eins og áður hefur verið rakið, hafa orðið sameiningar sem menn hefðu kannski ekki lagt til í upphafi. Þessa dagana hafa sveitarfélögin verið að sameinast þó svo það hafi ekki verið upphafleg tillaga sameiningarnefndar. Menn hafa því fundið sér farveg í gegnum þetta verkefni. Ég held að þó verkefnið, Efling sveitarstjórnarstigsins, hafi ekki skilað eins miklu og menn væntu á síðasta ári sé það ekki að fullu komið fram enn þá og muni sýna sig frekar á næstu missirum. Sveitarstjórnarmenn lögðu á sig óhemju mikla vinnu í kringum átakið og ég held að það muni nýtast bæði við stjórnsýslu einstakra sveitarfélaga og hugsanlega til sameiningar á stærri vettvangi í framhaldinu.

Hæstv. forseti. Eðlilega er mikið rætt um fjárhagsmál sveitarfélaganna. Tekjustofnanefnd skilaði áliti sínu og tillögum í mars á síðastliðnu ári. Þær tillögur færðu mjög auknar tekjur til sveitarfélaganna. Tímabundin áhrif af þeim tillögum voru 9,5 milljarðar á árabilinu 2005–2008 og varanleg áhrif upp á 1,5 milljarða. Þetta skiptir verulega miklu máli og eins og ég sagði áðan þarf alltaf að vera að skoða fjárhagsmálin.

Vegna umræðu um stöðu minni sveitarfélaganna þá er í gangi endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna og við væntum auðvitað mikils af vinnu þeirrar nefndar. Menn segja að jöfnunarsjóðurinn sé afskaplega flókinn og það sé á færi fárra manna að skilja þann sjóð. Ég held að það sé eðlilegt þar sem um svo fjölbreytileg sveitarfélög er að ræða og það er verið að taka tillit til sveitarfélaga af mjög misjafnri stærð og mismunandi verkefna sveitarfélaga sem þeim hafa verið færð með lögum. Jöfnunarsjóðurinn er hluti af tekjustofnakerfi sveitarfélaganna og þess vegna er það hlutverk sjóðsins að deila þeim fjármunum sem koma úr honum til sveitarfélaganna miðað við þau verkefni sem þau eiga að leysa.

Ég held að það sé mjög gott að hafa það alltaf í huga að á meðan sveitarstjórnarstigið er með þessum hætti verða reglur jöfnunarsjóðs trúlega alltaf mjög flóknar. Hann skiptist í margar deildir. Á undanförnum árum hafa fleiri verkefni verið flutt til jöfnunarsjóðs og hann hefur vaxið að stærð. Nú úthlutar sjóðurinn yfir 12 milljörðum til sveitarfélaganna og auðvitað skiptir þetta gífurlegu miklu máli í tekjuöflun þeirra. Þess vegna er það mikið mál, þó svo menn tali um að um flóknar og erfiðar reglur sé að ræða, að sveitarstjórnarmenn, og alþingismenn líka sérstaklega kynni sér sjóðinn mjög vel, vegna þess að umræða er oft mikil um hann án þess að menn hafi nákvæmlega kynnt sér verkefni hans og stöðu.

Hæstv. forseti. Tími minn er búinn. Ég vil að lokum taka undir tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að félagsmálanefnd (Forseti hringir.) fjalli um skýrsluna vegna þess að ég held að þar komi fram mjög margt og merkilegt sem (Forseti hringir.) er umfjöllunarvert fyrir nefndina.

[12:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja að þakka fyrir þá skýrslu sem við ræðum. Ég vék reyndar aðeins að því í andsvari í morgun að mér finnst skýrslan mjög góð og fróðleg og held að það væri afar þarft fyrir þá sem á annað borð hafa áhuga á pólitík og sveitarstjórnarmálum að lesa skýrsluna vel og vandlega í rólegheitum. Í henni er ýmis fróðleikur og mjög margt sem hægt er að velta fyrir sér og spyrja um. Við nákvæma lesningu held ég að fólk fái verulega betri sýn á sveitarstjórnarmálin. Þess vegna vil ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir að hafa látið vinna skýrsluna og setja hana fram á aðgengilegan hátt. Uppsetningin gerir það að verkum að hægt er að fá betri og skýrari sýn á margt. Ég held að margir mættu taka sér það til fyrir fyrirmyndar í þeim skýrslum sem hér eru lagðar fram að setja þær fram á jafnskilmerkilegan hátt og gert er í þessari skýrslu.

Ég vil samt sem áður láta þess getið sem ég vék að í andsvari í morgun að við söknuðum þess í Frjálslynda flokknum að fá ekki að taka þátt í því starfi sem unnið var í sameiningarnefndinni og heyra hin ólíku viðhorf sem þar hafa vafalaust komið fram og rökræður um sveitarstjórnarmálin. Þess meira virði er auðvitað skýrslan fyrir okkur sem ekki tókum þátt í því starfi og kynntumst því ekki frá þeirri hendi og þeirri hlið. Miðað við orð hæstv. ráðherra í morgun vænti ég þess, sérstaklega í ljósi þess sem stendur neðst á fyrstu síðu í skýrslunni. En þar segir þegar verið er að ræða um þekkingu og hugmyndir, með leyfi forseta:

„Til þess að ná þessum markmiðum þarf að eiga sér stað opinská umræða um málefni ríkis og sveitarfélaga í heild sinni og leita sameiginlegra lausna. Í slíkri umræðu er nauðsynlegt að allir sem málið varðar séu opnir fyrir nýjum hugmyndum ...“

Hæstv. ráðherra. Það er ekki víst að hugmyndir okkar fari saman að öllu leyti en það er yfirleitt þannig í nefndarstarfi að menn koma með sínar hugmyndir og leggja fram það besta sem þeir hafa vit á og ýmist taka rökum eða halda fram sínum rökum. Ég hygg að þannig hefði það verið, hæstv. ráðherra, og ég vænti þess að það megi líta svo á, eins og segir hér í framhaldi af því sem ég vitnaði í, með leyfi forseta: „ef slíkt er skynsamlegt út frá hagsmunum borgaranna.“

Ég vænti þess að það teljist skynsamlegt út frá hagsmunum borgaranna að leyfa okkur að vera með í mikilvægu nefndarstarfi, því ég tel að starfið sem fram hefur farið sé mjög mikilvægt fyrir þróun sveitarstjórnarstigsins og skipulag íslensks þjóðfélags í framtíðinni. Ég er einn af þeim sem eru hlynntir því að fleiri verkefni komi til sveitarfélaganna og þó svo að sá áfangi sem stefnt var að í vor um að sveitarfélögin yrðu komin niður í 66, ef ég man rétt, hafi ekki náðst sýnist mér samt að þegar upp verður staðið, þegar mönnum hefur gefist ráðrúm til þess að skoða stöðu og starfshætti sveitarfélaganna muni sveitarfélögunum enn fækka og þau muni þar af leiðandi stækka og verða öflugri.

Ég held að það sé mjög góð þróun. Við Íslendingar þurfum ekki að færast undan því að það hafi gengið hægt að sameina sveitarfélög og stækka enda voru þau tæplega 220 árið 1986. Ef þau verða orðin 80, eins og hæstv. ráðherra gat um í morgun, eftir sveitarstjórnarkosningar í vor held ég að menn þurfi ekki að tala um að það hafi ekki á þessum tveimur áratugum orðið veruleg breyting varðandi sveitarfélagafyrirkomulagið á Íslandi og að sveitarfélögum hafi fækkað og þau muni stækka á komandi árum. Hvort talan eigi að vera 43, eins og mig minnir að hafi verið í áætlun hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, eða 66, eins og mig minnir að sé í skýrslunni læt ég liggja á milli hluta. Það er kannski ekki aðalatriðið hversu mörg sveitarfélögin verða að lokum heldur fyrst og fremst að þau sveitarfélög sem eru starfandi hafi fundið sér farveg til þess að leysa þau verkefni sem þeim eru falin, hvort sem þau hafa gert það með sameiningarferli eða með því að semja sín á milli um að ákveðin verkefni skuli unnin sameiginlega af sveitarfélögunum, sem ég held að geti einnig verið mjög æskilegur kostur og sé óþarft að gera lítið úr, að sveitarfélögin geti leyst mörg af verkefnum sínum með því að sameinast um lausn þeirra án þess að um sameiningu hafi beinlínis orðið að ræða. Hins vegar held ég að það sé mjög líklegt að þegar sveitarfélög hafa um langa hríð sameinast um að leysa verkefni sameiginlega muni það, ásamt ýmsum breytingum í okkar þjóðfélagi, t.d. bættum samgöngum, leiða til þess að sveitarfélögin muni sameinast og stækka verulega. Ég hygg að þannig verði það í framtíðinni.

Það hafa verið átök um tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og kannski hefur það haft áhrif á sameiningarferlið sem menn fóru af stað með. Alla vega fannst sumum sveitarstjórnarmönnum reynslan við yfirtöku grunnskólanna nokkuð erfið. Ég hygg að það sé komin nokkuð góð sátt í það mál í dag en sumum fannst ekki fylgja því nægilegir fjármunir í upphafi. Ég skal ekki fullyrða hvort það hafi verið algjörlega réttmæt gagnrýni en þannig kom það alla vega að mörgum sveitarstjórnarmanninum og sumum sveitarstjórnum. Ég hygg hins vegar, eins og málum er komið nú, að menn séu orðnir nokkuð sáttir við þá vegferð eftir þær lagfæringar sem orðið hafa varðandi grunnskólann.

Það setur kannski svolitla varfærni í menn að taka við nýjum verkefnum sem auðvitað kalla þá á nýja tekjustofna. Þá vilja menn hafa það fastar í hendi hvað verkefnin kosta og hvaða breytingar gætu hugsanlegar orðið við að sveitarfélögin tækju við þeim. Við vissum að kostnaður varðandi grunnskólana mundi aukast, sérstaklega þar sem kjaramál kennara voru eins og þau voru þegar grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna. Þar að auki hafa sveitarfélögin viljað gera vel í rekstri grunnskólanna, hafa viljað efla þá. Þar af leiðandi hafa menn kannski freistast til að setja meiri fjármuni í reksturinn en áður. Ég held að það sé af hinu góða vegna þess að þar eru sveitarfélögin að reyna að uppfylla það sem er þeirra skylda, að hafa þjónustuna góða, efla hana og standa vel að grunnmenntun í landinu. Því ber að fagna að mönnum hafi tekist vel upp í þeim efnum sem ég tel að sé.

Ég tel að sveitarfélögin eigi að fá til sín fleiri verkefni á komandi árum og þá tilfærslu eigi að þróa m.a. með því að sveitarfélögin taki að sér reynsluverkefni. Slíkt hefur verið við lýði á undanförnum árum og vafalaust er komin reynsla af nokkrum verkefnum sem sveitarfélögin hafa verið að reka á sínum vegum með samningum við ríkið og reynslufyrirkomulagi. Þannig held ég að við þurfum að þróa þessa vinnu, veita þarf sveitarfélögunum tækifæri til að takast á við ný verkefni og finna út úr því hvaða tekjustofnar eiga að fylgja og að viðeigandi tekjur fylgi hverjum málaflokki.

Ég hygg að menn vilji stefna að því. Mér heyrðist á máli hæstv. ráðherra í morgun að hann teldi að reynslusveitarfélögin og verkefni sem sveitarfélögin tækju að sér væru einmitt til þess að slík þróun ætti sér stað áfram inn í framtíðina. Ég hef skilið það svo að hæstv. ráðherra væri mjög áfram um að fleiri verkefni færu til sveitarfélaganna á komandi árum og áratugum.

Ég vil skjóta því inn hér að ég tel að sameining sveitarfélaga eigi ekki að vera neitt trúaratriði, eins og ég vék að, hægt sé að leysa ýmis mál sveitarfélaga með samstarfi um verkefni og lausnir, að viðfangsefnin og umsýslan hjá sveitarfélögunum geti verið góð og slíkt samstarf eigi að geta jafngilt því að menn séu tilbúnir að taka að sér verkefni frá ríkinu til minni sveitarfélaganna. Auðvitað eru hin stærri og öflugri sveitarfélög miklu betur í stakk búin til þess að taka við hinum ýmsu verkefnum sem við hugsanlega vildum koma til sveitarfélaganna. Þar er af mörgu að taka. Ég tel að erfiðar samgöngur í sumum landshlutum séu takmarkandi á samstarf og sameiningu sveitarfélaga. Ég nefni t.d. bara Vestfirði, sem gætu hugsanlega með fullkomnum framtíðarsamgöngum verið eitt sveitarfélag, alla vega frá Djúpi og vestur að Barðaströnd. Það byggir auðvitað á því að menn komist undir fjöllin og þurfi ekki að fara yfir þau. Vonandi verður akstursleiðin frá Ísafirði til Vesturbyggðar ekki mikið lengri en ein klukkustund eða eitthvað slíkt á

komandi árum. Ég tel að það eigi að geta tekist með varanlegum lausnum.

Við höfum talað fyrir því í Frjálslynda flokknum að horfa til þess inn í framtíðina að koma helstu þjóðvegaleiðum landsins og samgönguæðum milli svæða, landsvæða og byggða, á svokallaða láglendisvegi með markvissri áætlun um jarðgangagerð þar sem það á við. Ég hygg að sífellt fleiri séu að komast á þá skoðun að það sé rétt að horfa þannig á málin. Alveg er ég viss um það t.d. að Reyðfirðingar og Fáskrúðsfirðingar eru sammála þeirri skoðun eftir að hafa upplifað að keyra í gegnum hin nýju jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Þannig er það auðvitað hvar sem er á landinu þar sem menn hafa kynnst því að klifra yfir fjöll eða vera utan í hættulegum skriðum og fara síðan í jarðgöng sem eru fær allan ársins hring og hafa sýnt sig að vera mikil umferðaröryggisbót.

Varðandi ný verkefni hygg ég að málefni fatlaðra geti m.a. farið til sveitarfélaganna, jafnvel hluti af heilsugæslunni. Ég hef einu sinni nefnt hér í ræðu hluta af samgöngum, þ.e. samgöngum innan nýrra sveitarfélaga. Þá er ég ekki að tala um nýlagningu vega heldur viðhald, snjómokstur og annað sem tengist því að fært sé á milli staða.

Varðandi tekjustofnana held ég að finna þurfi nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin og horfa til tekjustofna sem eru sjálfkrafa rennandi, ef hægt er að segja sem svo, t.d. hluti af virðisaukaskatti eða öðrum gjöldum. Einnig er hægt að skoða fleira og kem ég kannski að því síðar.

[12:20]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að fagna þeirri skýrslu sem hér er lögð fram um sveitarstjórnarmál. Hún afar yfirgripsmikil og full fróðleiks og ég veit að það hefur verið unnið mjög ötullega að henni í félagsmálaráðuneytinu núna um nokkurra ára skeið. Það er mjög gaman að lesa hana. Ég var sjálf í sveitarstjórn í átta ár og þekki þar af leiðandi talsvert til þessa málaflokks og ég get fullyrt að þetta er mjög góð skýrsla um sveitarstjórnarmál Íslandi, mjög víðtæk og góð handbók fyrir þá sem vilja starfa í sveitarstjórnum.

Hér hafa tveir hv. þingmenn komið inn á að það væri eðlilegt að félagsmálanefnd skoðaði skýrsluna, bæði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir. Ég tel að það sé mjög eðlilegt að við gerum það. Við höfum talsvert rými í nefndinni um þessar mundir og sé að hér á hliðarlínunni eru Róbert Ragnarsson, Guðjón Bragason, hefur verið hér, Lárus Bollason og Sara Björg Sigurðardóttir, sem þekkja vel til þessara mála. Við gætum fengið þau í nefndina til að fara yfir þessi mál. Ég tel að það sé mjög góð hugmynd.

Virðulegur forseti. Hér hefur verið mikið rætt um sameiningarmál og starf sveitarfélaga. Það er búið að rifja upp verkefnið sem hefur verið í gangi um að sameina sveitarfélög. Það hefur komið fram að það tókst ekki alveg eins vel og menn áætluðu en kannski verða nú sameiningar í kjölfarið. En það var einungis ein tillaga sem var samþykkt. Þó er ljóst að verkefnið var gott þrátt fyrir að niðurstaðan hafi ekki verið eins góð og menn bjuggust við í upphafi. En það er alveg ljóst varðandi þessar sameiningar að sveitarfélögin eru allt of mörg. Maður getur séð fyrir sér ef maður bæði útlending um að teikna sveitarfélög á Íslandi, að giska á hvað þau væru mörg, miðað við að hér byggju 300.000, þá væri algerlega útilokað að viðkomandi útlendingur mundi teikna upp undir 90 sveitarfélög í landi af þessari stærð, með 300.000 manns. Ég held að enginn okkar hér innan lands viljum heldur eiginlega teikna upp slíkt kort, ef menn gætu nú komið að hreinu borði. En þetta er staðan eins og hún er í dag og þetta er sú staða sem menn vilja greinilega búa við af því í sameiningarverkefninu var boðið upp á marga spennandi sameiningarkosti. En þeir voru felldir, svo þetta er staðan sem sveitarfélögin vilja búa við og við verðum bara að virða það.

Það kom fram í vinnu að skýrslunni að eðlilegt væri að sveitarfélög væru af ákveðinni stærð miðað við verkefnin sem þau hafa. Þar var talað um að þar þyrftu að vera 800 til 1.000 íbúar til að geta rekið grunnskóla með sæmilegum hætti. Að vísu var ein talan 550, til að geta rekið grunnskóla. En síðan kom líka fram að til að reka faglega félagsþjónustu þyrftu íbúar sveitarfélags að vera um 1.500–2.500. Það er alveg ljóst að það eru geysilega mörg sveitarfélög sem eru undir þessum mörkum. Í skýrslunni koma fram efasemdir um að ríkið hefði átt að flytja verkefni yfir til sveitarfélaganna meðan þau er ekki nógu vel í stakk búin til að taka við þeim. Þá spyr maður: Hvað þá með að flytja ný? Mér finnst allt þetta sem kemur fram í skýrslunni mjög umhugsunarvert.

Það er líka staðreynd að 75% þjóðarinnar búa hér á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í klukkutíma akstursfjarlægð frá miðbæ Reykjavíkur, þannig að fjöldinn er á því svæði. Sveitarfélögin úti á landi eru flest fámenn og þar af leiðandi í nokkurri vörn. Það kemur líka fram að 90% þjóðarinnar eru í sveitarfélögum með 1000 íbúa eða fleiri. Mér finnst það mjög athyglisvert vegna þess að það leiðir hugann að verkefnaflutningi og hvort við eigum hér að fara út í A- og B-sveitarfélög, sem ég heyri að margir þingmenn vilji ekki, eða helst ekki, eins og það hefur verið orðað. Það þarf skýrleika á sveitarstjórnarstiginu. Það þarf að vera nokkuð skýrt hvað sveitarfélögin eiga að höndla með og hvað ríkið á að höndla með. Þess vegna er æskilegt að sveitarfélögin séu einsleit. En það er spurning, er það raunhæft í stöðunni eins og hún er í dag? Mörg sveitarfélögin eru svo lítil að þau eiga erfitt með að sinna núverandi verkefnum og hvað þá að taka að sér fleiri. Önnur sveitarfélög eru svo stór að þau gætu alveg tekið fleiri. En þau vilja það ekki öll þó að þau segi það ekki upphátt. Það er vegna þess að þau vita að það kemur geysilegur þrýstingur á þjónustu strax og verkefnin eru komin. Menn upplifðu það með grunnskólann, sem var að mörgu leyti gott, það kom þrýstingur á þjónustuna og hún batnaði. En hún kostar líka. Kostar mjög mikla peninga og það ráða ekki allir við það, eða eiga mjög erfitt með það, mörg hin minni sveitarfélög. Þannig að þetta er vandasöm staða og hún er flókin. Það hafa komið upp hugmyndir um að sveitarfélögin geti keypt þjónustu. Segjum að þetta væri þannig að við vildum ekki fara út í A- og B-sveitarfélög, heldur að hafa þau öll eins og það er gerð krafa um að minni sveitarfélögin tækju þá að sér fleiri verkefni sem þau ráða illa við, þá gætu þau keypt sér þjónustu. Það er kannski allt í lagi. Gallinn við slíka aðferð er að þá mundu

íbúarnir í slíkum sveitarfélögum líklega eiga erfiðara með að átta sig á hverju sveitarfélagið þeirra ber ábyrgð og hverju ekki. Það yrði óljósara lýðræði í því. Óljósari valdmörk. En það er kannski sá kostnaður sem þarf að borga til þess að færa verkefnið til, þá mundu þessi litlu sveitarfélög kaupa þjónustuna og fá hana í þeim tilvikum sem þau þurfa, af stærri sveitarfélögum, en allt yrði óskýrara á sveitarstjórnarstiginu, þ.e. hver gerði hvað. Þannig að það er mjög vandasamt að hreyfa sig í þessum tilflutningi á verkefnum til sveitarfélaga þegar þau eru svona misjafnlega í stakk búin til að taka við verkefnunum.

Virðulegi forseti. Ég vildi líka ræða samstarf á höfuðborgarsvæðinu af því hæstv. ráðherra kom inn á það. Ég er sammála því. Það þarf að auka samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur verið gert að mörgu leyti. Það hefur verið unnið saman að skipulagsmálum, að reka hérna slökkvilið o.s.frv. Strætósamstarfið var nefnt, eða almenningssamgöngur. Ég vil draga hérna sérstaklega fram, af því það er æskilegt að auka samstarf, að það veldur geysilegum vonbrigðum að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru að gefast upp á samstarfinu sín á milli varðandi almenningssamgöngur. Það kemur fram í Morgunblaðinu í gær, á bls. 12, þar eru bæði Árni Þór Sigurðsson frá Reykjavíkurborg, Gunnar Ingi Birgisson frá Kópavogi og Lúðvík Geirsson frá Hafnarfirði, það er sami kórinn. Þeir eru alveg að gefast upp á samstarfinu og eru að velta því fyrir sér að slíta því. Þannig að það er ekki allt gefið í þessu. Þetta veldur geysilegum vonbrigðum.

Virðulegi forseti. Hér hefur verið rætt um lýðræði. Ég vil draga það fram að konur eru of fáar í sveitarstjórnum. Það er mjög góður kafli um það í skýrslunni. Þar kemur fram að konur eru 31,1% í sveitarstjórnum og hugsanlega færri í nefndum og ráðum. Þar kemur fram að af oddvitunum eru 23 konur en 103 karlar. Sérstaka framkvæmdastjóra var að finna í 67 sveitarfélögum en þar af voru 14 konur. Svo er hér setning sem er svolítið athyglisverð, en þar stendur á bls. 23, með leyfi forseta:

„Því má ljóst vera að áhrif kvenna á stjórnun sveitarfélaga á Íslandi gætu verið meiri."

Þetta er setning sem mér finnst svolítið kostuleg í annars mjög góðri skýrslu. En það er alveg ljóst að áhrif kvenna gætu verið meiri. Ég hef nú sagt að það er alveg ljóst að áhrif kvenna eru allt of lítil og þau þarf að stórbæta. Það kemur fram í skýrslunni að endurnýjun er talsverð á milli sveitarstjórnarkosninga, um tæplega 50%, og hún er mun meiri meðal kvenna. Hún er yfir 62% meðal kvenna. Þannig að konurnar virðast sitja skemur, þær endurnýjast hraðar. Það eykst eftir því sem sveitarfélögin verða minni. Það er alveg ljóst að þetta styður þá kenningu, og það kemur fram í skýrslunni, að það er auðveldara fyrir konur að komast til áhrifa í þéttbýlli sveitarfélögum. Þetta höfum við líka séð hérna á þinginu. Mig langar aðeins að vekja athygli þingheims á þessu af því það þarf að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum. Hann hefur verið að aukast, en allt of hægt. Hann hefur líka verið að aukast á þinginu en þar urðum við fyrir því áfalli, vil ég að segja, að okkur konum á þingi fækkaði í síðustu kosningum úr um 35% í 30% og ég verð að kalla það hneyksli, virðulegi forseti.

Maður veltir auðvitað vöngum yfir því hvernig þetta muni fara í vor. Jú, miðað við þróunina ætti konum að fjölga. Það er þó ekkert gefið í því, frekar en hér á þinginu. Hvernig fer þetta svo í næstu alþingiskosningum? Okkur fækkaði síðast. Fækkar okkur meir? Stendur þetta í stað eða fjölgar okkur? Það er vandasamt að vita því það er ekki farið að raða upp listunum þar. En í síðustu alþingiskosningum, ef maður skoðar tölur, og ég hef verið að glugga í þetta, virðulegi forseti, eins og kemur fram í skýrslunni um sveitarstjórnarmál þá er ljóst að konur eru 30%. Og hvaðan koma þær? Fjórar eru í Reykjavík suður, sjö karlar. Þrjár konur í Reykjavík norður, átta karlar. Sex konur úr Suðvesturkjördæmi, fimm karlar, þarna eru konurnar fleiri. Úr Norðvesturkjördæmi er ein kona og níu karlar. Úr Norðausturkjördæmi eru þrjár konur og sjö karlar og úr Suðurkjördæmi tvær konur og átta karlar. Ef maður horfir einangrað á landsbyggðina kemur í ljós að konurnar eru einungis sex hér á Alþingi en karlarnir 24. Þessar sex konur eru: hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, sem er fyrsta konan sem er kjörin fyrir Norðurland vestra, úr því gamla kjördæmi sem núna heitir Norðvesturkjördæmi en það komu konur inn fyrir Vestfirði á sínum tíma og Vesturland. Ein kona sem sagt í Norðvesturkjördæmi, Anna Kristín Gunnarsdóttir. Úr Suðurkjördæmi eru tvær konur, það eru hv. þm. Drífa Hjartardóttir og Margrét Frímannsdóttir. Úr Norðausturkjördæmi eru hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, Dagný Jónsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Þuríður Backman.

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að miðað við þá þróun sem við sjáum hér í þessari sveitarstjórnarmálaskýrslu þar sem konum fjölgar svona hægt, að þá er ástæða til hafa verulegar áhyggjur. Þær eiga erfitt uppdráttar í minni sveitarfélögunum. Það þarf að gera miklu meira átak til að fjölga þeim og þær eiga líka erfitt uppdráttar í landsbyggðarkjördæmunum hér á þingi. Ég hef flutt á fyrri tíð og líka núna, þingsályktunartillögur, bæði um að auka hlut kvenna á Alþingi, sem var samþykkt á sínum tíma og tókst vel þótt þeim hafi nú fækkað síðan, enda verkefnið búið og ekki vilji til að framlengja það því miður. Þá hef ég líka flutt hér þingsályktunartillögu um að styrkja konur fyrir sveitarstjórnarkosningarnar, sérstaklega á landsbyggðinni og að Jafnréttisstofa fengi það verkefni. Ég skora á hæstv. félagsmálaráðherra sem dró þetta fram í sinni ræðu hér, að reyna eins og hægt er að hafa áhrif í þessu sambandi.

Ég vildi hér að endingu líka gera aðeins að umræðuefni kjör sveitarstjórnarmanna. Sveitarstjórnarmenn eru tíu sinnum fleiri en alþingismenn. Þetta er mjög mikilvægt varðandi lýðræði á Íslandi. Það kemur í ljós að kjör þeirra eru mjög misjöfn. Það er búið að gefa út skýrslu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um það, og þar kemur í ljós að miðað við stærð sveitarfélaga er ómögulegt að sjá nokkurt munstur í því hvað sveitarstjórnarmenn fá greitt. Manni sýnist að framkvæmdastjórar eða bæjarstjórar sveitarfélaga fái bara góðar greiðslur en ég hef mjög miklar efasemdir um að bæjarfulltrúarnir sjálfir og nefndarmenn fái nægilega góðar greiðslur. T.d. væri hægt að upplýsa að í sveitarfélögum sem eru með milli 1.000 og 2.000 íbúa eru greiðslurnar stundum bara mánaðargreiðslur, stundum bara fyrir fundi og stundum blanda af þessu tvennu. En fyrir fundina er greitt á milli 6.000 kr. og í aðeins yfir 10.000 kr. Þar er því

mjög stórt bil á milli. Mánaðargreiðslurnar eru allt frá því að vera 5.000 kr. á mánuði upp í 39 þús. kr. á mánuði, þannig að þetta er geysilega stórt bil. Maður hefur heyrt, og það kemur líka fram í skýrslunni að sveitarstjórnarmenn segja, og það er rétt hjá þeim, að skyldur og verkefni eru sífellt að verða fleiri og flóknari og færri vilja gefa kost á sér vegna þess að þetta er að verða það mikið starf og greiðslurnar duga ekkert til að þetta sé nokkuð lokkandi fyrir hópinn.

Ég vona að ég sé ekki að draga of dökka mynd upp af þessu en ég tel að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi að taka á þessu. Nú er það þannig að sveitarfélögin hafa sjálfsákvörðunarrétt varðandi kaup og kjör kjörinna fulltrúa og þetta er alltaf viðkvæmt. En ég tel að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi að beita sér meira í þessu en gert hefur verið.

[12:35]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Rétt er að endurtaka það sem kom fram hjá mér í stuttu andsvari fyrr í umræðunni að það er ástæða til að þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa skýrslu sem um flest er afar merkt plagg og vonandi mikilvægt innlegg í umræðu um sveitarstjórnarmál, vegna þess að því miður hefur oft skort á heimildir og að sú umræða væri byggð á traustum grunni. Ég vona svo sannarlega að skýrslan verði til þess að við getum átt góðar samræður, bæði hér á þingi og utan þings um málefni sveitarfélaga. Að mínu mati er þetta með stærri málum sem þarf að finna úrlausn á vegna þess að því miður er það svo að þróun þessara mála hefur ekki verið alveg í takt við samfélagsþróunina. Tregðan hefur verið allt of mikil til að breyta og tengja sveitarstjórnarstigið fyllilega við nútímann.

Af mjög mörgu er að taka og við höfum rætt það og hefur komið fram hér í umræðunni að í einfaldleikanum mætti segja að það kristallaðist aðallega í smæðinni eða mismunandi stærðum sveitarfélaga og svo mismunandi fjárhagslegri stöðu þeirra. Hin fjárhagslega staða kallar á það að þjónusta í sveitarfélögunum getur verið mismunandi. Það sést býsna vel í ákveðum töflum í skýrslunni hversu mismunandi það er eftir stærð sveitarfélaga hvað hlutfallslega mikið af fjármagni fer til málaflokka og segir auðvitað að sveitarfélögin sinna þeim misjafnlega vel.

Í ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur áðan varðandi endurnýjun í sveitarstjórnum lagði hún eðlilega mikla áherslu á hlut kvenna í þeim efnum, og get ég tekið undir áhyggjuefni varðandi þann þátt. En það eru fleiri áhyggjuefni í því og kemur býsna skýrt fram í töflu á bls. 22 í skýrslunni þar sem sýnt er hversu stór hluti fulltrúa er endurkjörinn í sveitarstjórn. Ég verð að segja, frú forseti, að mér eiginlega brá þegar ég sá þær tölur. Ég hef vissulega heyrt áhyggjur margra sveitarstjórnarmanna að endurnýjun sé nokkuð ör. Ég hefði nú talið mig frekar talsmann þess að það ætti að eiga sér stað ákveðin endurnýjun almennt í stjórnsýslunni, bæði í sveitarstjórnum, á Alþingi og í ýmsum stjórnum, en mér sýnist þessi endurnýjum vera allt of hröð, þarna tapist allt of mikið af þekkingu. Tökum nokkrar tölur sem fram koma. Af 657 fulltrúum sem kosnir voru árið 2002 eru aðeins 40 sem virðast hafa setið lengur en tvö kjörtímabil. Þetta er alveg ótrúlega lágt hlutfall og hlýtur að vera einhver skýring á því. Ég trúi eiginlega ekki að þetta sé svona í raunveruleikanum heldur hljóti þarna að hafa ruglast eitthvað frá Hagstofunni, að sameining sveitarfélaga hafi orðið sem gæti hafa ruglað þetta örlítið. En samt sem áður er þetta vísbending um að endurnýjunin er að mínu mati allt of hröð og það er eiginlega alveg sama hvaða flokka við tökum af sveitarfélögunum með íbúa yfir 1.000. Þar er talan 275 og 16 sem hafa setið lengur en tvö kjörtímabil. Sveitarfélög með íbúa á bilinu 300–999, þar eru 176 fulltrúar en aðeins 15 sem hafa setið fleiri en tvö kjörtímabil. Og síðan í minnstu sveitarfélögunum með 299 íbúa eða færri er heildarfjöldi fulltrúa 206 en aðeins níu sem hafa setið lengur en tvö kjörtímabil.

Þetta er auðvitað umhugsunarefni. Ég held að hluti af því sé það sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði áðan varðandi það að kjörin eru þannig að fólk hefur ekki efni á að sleppa vinnu til að taka að sér slík störf. Og síðan eru störfin með þeim hætti að þau eru stöðugt að verða flóknari og umfangsmeiri. Það tekur stöðugt meiri tíma að koma sér inn í mál til að geta sinnt þeim svo vel sé. Síðan í a.m.k. ákveðnum hluta sveitarfélaga þar sem fjárhagsþrengingar hafa verið miklar og fólksfækkun verið veruleg, þá getum við sagt í einföldun sinni að helstu laun sveitarstjórnarmannanna þar eru skammir íbúanna fyrir að þurfa að draga saman. Því er ekkert skrýtið þótt sveitarstjórnarmenn gefist upp við slíkar aðstæður. En það er augljóst mál að umrædd tafla er okkur umhugsunarefni varðandi það hvernig að þessum málum er búið og þess vegna, eins og ég sagði áðan, er afskaplega mikilvægt að við reynum að finna lausn til framtíðar í þessum efnum þannig að við getum látið sveitarstjórnarstigið raunverulega gegna því mikilvæga hlutverki sem nauðsynlegt er.

Ég vek einnig athygli á því sem kemur fram í þessari ágætu skýrslu. Það er samanburðurinn einmitt á milli landa varðandi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það er ágætlega glögg mynd á bls. 38 sem sýnir okkur hlutdeild ríkis og sveitarfélaga í samneyslu á Norðurlöndum. Í ljós kemur, án þess að ég ætli að fara að bera saman einstök lönd, en svona gróft séð eru rúm 30% hjá sveitarfélögum á Íslandi meðan þetta er tæplega 70% annars staðar á Norðurlöndunum. Það eru því algerlega öfug hlutföll hjá okkur. Við hljótum að horfa til þess sem gert er í nágrannalöndum okkar hvað þetta varðar og ástæðan er ósköp einföld, tel ég að minnsta kosti, þ.e. að reynsla annarra þjóða er auðvitað sú að meginhluti nærþjónustunnar á heima hjá sveitarstjórnarstiginu. Hjá því stjórnsýslustigi sem er nær fólkinu. Við þurfum hins vegar að skapa þær aðstæður að þetta stjórnsýslustig geti tekið við slíkum verkefnum. Það er mýgrútur verkefna sem á heima hjá sveitarfélögunum frekar en ríkisvaldinu. Um þetta hefur verið rætt afar mikið á undanförnum árum og ýmsar nefndir farið yfir þetta og gjarnan komist að niðurstöðu um ákveðna málaflokka. Við getum nefnt fatlaða og aldraða, þjónustu við þá, heilsugæsluna, framhaldsskólann, rekstur flugvalla, annarra en alþjóðlegra flugvalla, og hluta af starfsemi Vegagerðarinnar. Þetta eru verkefni sem blasa við að eiga frekar heima á sveitarstjórnarstiginu.

Ég nefndi það einmitt áðan í andsvari við hæstv. ráð-

herra að það er eiginlega tvennt af því sem reynt hefur verið fram að þessu sem hefur skilað mestum árangri í eflingu sveitarstjórnarstigsins. Það er annars vegar þegar farið er í átök við að efla sveitarstjórnarstigið og sameina sveitarfélög, það hefur í kjölfarið skilað árangri. Eins þegar við færum stór verkefni yfir sem kalla á meiri samvinnu sveitarfélaganna sem síðan leiðir yfirleitt til þess að þau taka höndum saman og sameinast. Ég held í ljósi þess hvernig gekk með síðasta verkefni, þ.e. grunnskólann, að það hljóti að vera freistandi að finna sambærilegt verkefni til að skapa svipaðar aðstæður, því nú erum við að fara í kjölfar átaks sem mun örugglega leiða til fækkunar sveitarfélaga á næstu missirum og árum. Ég held að það mundi auka enn frekar á þetta ef tekið yrði sambærilegt verkefni og náð yrði samkomulagi við sveitarfélögin um að þau taki það yfir. Hér á ég við framhaldsskólann sem á margan hátt er í dag orðinn svipaður grunnskólanum, þ.e. þetta er klárlega nærþjónusta. Þetta er þjónusta sem verður að taka mið af nánasta umhverfi sínu, þarf að þjóna því. Og reynslan frá því á árum áður þegar sveitarfélögin komu að rekstri grunnskólans og stofnun hans er afskaplega góð. Það var helsta framfaraskeið í þróun framhaldsskólans þegar sveitarfélögin stóðu að og höfðu algert frumkvæði að því að byggja raunverulega upp það framhaldsskólastig sem við búum við í dag. Mér finnst hafa orðið ákveðin stöðnun eftir að ríkisvaldið tók algerlega við því skólastigi. Það eru því fleiri rök en bara þau að efla sveitarstjórnirnar, að færa slíkt verkefni yfir til sveitarfélaganna.

Frú forseti. Þegar ég nefni skólamál kemur óhjákvæmilega í huga minn nýlegt frumvarp sem ég minntist örlítið á í andsvari við hæstv. ráðherra í morgun. Fyrir nokkrum dögum, viku eða tíu dögum, ræddum við í þingsal frumvarp hæstv. menntamálaráðherra um grunnskólann. Segja má að það frumvarp gangi fyrst og fremst út á að minnka sjálfsforræði sveitarfélaganna. Það frumvarp kemur fram í þeirri mynd þrátt fyrir mjög eindregin og afdráttarlaus mótmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga sem bendir á með mjög sterkum rökum að þarna sé gengið á sjálfsforræði þeirra. Það kemur einmitt fram í inngangi að skýrslu hæstv. félagsmálaráðherra hversu mikilvægur sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaganna er. Og um leið hversu mikilvægt er að halda því trausti á milli aðila. Svona frumvörp, eins og það sem hæstv. menntamálaráðherra leggur fram, er auðvitað ekki til að auka slíkt traust á milli aðila. Það er þvert á móti. Svo ég tali nú ekki um þegar í ljós kemur í umræðunni að svo langt er gengið af áhuga einhvers hóps, væntanlega í Sjálfstæðisflokknum, að út úr þessu kemur að verið er að setja lögin á eitt sveitarfélag. Það er auðvitað ekki til fyrirmyndar og raunverulega til stórskammar að svo langt skuli seilst í einstökum áhugamálum hæstv. ráðherra. Í ljósi þeirrar umræðu upplýstist að því miður skortir á það í þingsalnum að stór hluti eða minnsta kosti hluti þingmanna átti sig á mikilvægi sveitarfélaganna. Ég vil segja að það var að hluta til þingheimi til skammar hvernig talað var um sveitarfélögin.

Þá saknar maður þess hvernig mæting er hér í þingsal. Það er mjög áberandi í þessari umræðu, eins og því miður oft áður, að samstarfsflokkur hæstv. ráðherra sýnir umræðunni afskaplega lítinn áhuga. Við urðum vitni að svipuðu þegar við ræddum málefni annars hæstv. ráðherra Framsóknarflokksins um daginn, um byggðamál. Ef ég man rétt tóku örfáir þingmenn Sjálfstæðisflokksins þátt í umræðunni. Nú er það einn þingmaður, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir. Það er ekki í fyrsta skipti sem sá ágæti hv. þingmaður tekur þátt í þessum umræðum og þá yfirleitt einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Það er enginn ráðherra Sjálfstæðisflokksins sem lítur svo mikið hér inn í þingsalinn þegar við ræðum þetta mikilvæga mál.

Það vekur upp eitt mál — sem ég held að nauðsynlegt sé að rifja upp, þó tími minn sé að renna út og mér sýnist, frú forseti, að ég þurfi augljóslega að halda aðra ræðu hér þegar líður á daginn — en það er hið merka verkefni sem þáverandi hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beitti sér fyrir á árinu 1994 í kjölfar einmitt sameiningarkosninga, átaks á því sviði, þ.e. hin merku lög um reynslusveitarfélög. Það var mjög áberandi þá að reynslusveitarfélögin náðu eingöngu til málaflokka sem tilheyrðu sama stjórnmálaflokki og þáverandi hæstv. félagsmálaráðherra tilheyrir. Það var enginn ráðherra úr Sjálfstæðisflokknum sem tók þátt í verkefninu. Mér er næst að halda að það sé svipað uppi núna. Að hæstv. félagsmálaráðherra sé meira og minna einn í þessum slag. Það vanti allan takt í stjórnarflokkana í þessu máli. Það sé enginn áhugi í raun og veru hjá samstarfsflokknum um að efla sveitarstjórnarstigið. Um að færa verkefni frá ríkisvaldinu til sveitarfélaganna. Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra hvort nokkuð hafi verið skoðað að endurvekja lög um reynslusveitarfélög.

Ég held t.d. að það væri afskaplega mikilvægt það mál sem ég nefndi áðan um framhaldsskólann, að tilraun yrði gerð með að einhver sveitarfélög tækju að sér rekstur framhaldsskóla. Því það er miklu betra, og ég held að lögin um reynslusveitarfélög hafi sýnt að mjög gott er að afla sér slíkrar reynslu áður en málaflokkurinn er fluttur, því þá safnast upp þekking hjá báðum aðilum og menn vita miklum mun betur hvað það er sem menn eru að taka að sér.

Ég sakna þess svolítið að hafa ekki heyrt neitt rætt um reynslusveitarfélög því ég veit ekki betur en að þau hafi reynst mjög vel, að vísu tóku við svokallaðir þjónustusamningar við sveitarfélögin eftir að lögin runnu út og í sjálfu sér ekkert sem hindrar að gerðir séu fleiri slíkir samningar. En ég held að það sé til bóta að hafa um þetta lagaramma.

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan er ræðutími minn um það bil að renna út svo ég ætla ekki að fara inn á mörg fleiri svið þessa máls sem eru alveg óþrjótandi í rauninni. Ég vil þó enda á því að velta aðeins upp tekjustofnum sveitarfélaga. Ég sagði áðan að skipan sveitarstjórnarmála tæki auðvitað mið af einhverri fortíð sem ekki er til staðar í dag og það hefur ekki tekist að tengja þetta inn í nútímann. Ég held að það eigi alveg það sama við um tekjustofna sveitarfélaganna. Því miður hefur á undanförnum árum allt of oft verið settar niður nefndir til að fara yfir afmarkaða þætti þessa máls. Settir hafa verið plástrar á verstu sárin í þessum samskiptum og skort hefur á að þetta hafi verið skoðað heildstætt. Til dæmis er nú enn einu sinni nefnd að fjalla um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og vissulega þörf er á því. En það er ekki fyrsta nefndin og ekki önnur nefndin, ég veit ekki númer hvað hún er. Ég var að grínast með það í hliðarsölum áðan að kannski væri eðlilegra að fara að setja niður

fastanefnd við að endurskoða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Því svo margar eru þessar nefndir. Ég held því að það sé afskaplega nauðsynlegt að þetta tekjustofnamál sé allt saman tekið í heild sinni vegna þess að tekjustofnarnir sem við búum við í dag voru auðvitað í grunninn lagðir við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður. Við allt annað skipulag í atvinnulífinu. Þannig eiga þessir tekjustofnar ekkert, það er kannski fullmikið sagt að segja ekkert við nútímann, en þeir taka allt of lítið mið af þeim aðstæðum sem við búum við í dag.

Frú forseti. Ég held ég hafi þetta lokaorð mín og óska eftir að verða settur aftur á mælendaskrá.

[12:50]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum hér skýrslu félagsmálaráðherra um sveitarstjórnarmál. Eins og komið hefur fram í umræðunni er það visst nýmæli að ráðherrar komi með skýrslu um þennan málaflokk, eins og hann hefur rakið í framsöguræðu sinni.

Það eru nokkur atriði sem ég vil koma að í þessari umræðu. Í fyrsta lagi er það stefna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að efla sveitarstjórnarstigið á raunsönnum forsendum. Það er líka stefna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að efla og styrkja hina opinberu þjónustu gagnvart íbúunum hvar sem þeir búa á landinu, og að þar skuli jafnræðis gætt eins og reyndar stjórnarskráin kveður á um.

Ég held að þessi réttur íbúanna sé kannski grundvallaratriði sem við þurfum að leggja út frá. Þess vegna vil ég vara við þeirri nálgun sem kemur fram hjá hæstv. félagsmálaráðherra og reyndar fleirum, að gera mjög sterk skil á milli verka og ábyrgðar ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar eins og um sé að ræða tvo óskylda aðila. Það er að mínu viti ekki rétt nálgun. Nálgunin á að vera sú að saman eiga þessir aðilar, ríki og sveitarfélög, að axla þá sameiginlegu ábyrgð að veita þjónustu sem þeir eru ábyrgir fyrir til íbúanna hvar sem er á landinu á jafnréttisgrunni. Síðan finnum við bara leiðir að því. Við höfum verið með þessa verkaskiptingu, sveitarfélögin hafa ákveðin verkefni og ríkið svo sem ákveðin verkefni en þau vinna að því saman og axla þar sameiginlega ábyrgð.

Það fer ekki milli mála að hlutirnir snúast fyrst og síðast um peninga, um skiptingu fjármuna og síðan um verkefni og tekjustofna. Það var t.d. rætt mjög ítarlega við afgreiðslu fjárlaga hvernig á ýmsan hátt hefur hallað á sveitarfélögin í þessum samskiptum vegna þess að ríkið hefur oft og tíðum á býsna óábyrgan hátt komið fram sem sá sem deilir og drottnar. Ríkið ákveður í rauninni meira eða minna einhliða þessi samskipti en víkur sér svo undan ábyrgðinni þegar kemur að útfærslu einstakra mála og málaflokka.

Tökum t.d. elli- og hjúkrunarheimilin sem við ræddum í haust. Það liggur alveg fyrir að það vantar nokkur hundruð millj. kr. inn í þá þjónustu. Það liggur líka fyrir að það er ríkið sem kemur þar inn með fjármagn, sem hefur markað sér einhverja skilgreinda einingu. Hins vegar er ábyrgðin á framkvæmdinni oft og tíðum sveitarfélagsins eða viðkomandi heimasamfélags, hvort sem það er sjálfseignarstofnun eða sveitarfélagið sem stendur að því. Fólkið sem þarna á í hlut er jú hluti af því samfélagi sem þar er þannig að þegar fjármagn vantar til þess að reka elli- og hjúkrunarheimili hlaupa sveitarfélögin undir bagga. Ríkið stendur stikkfrí að því er virðist, setur nefnd í málið og setur aðra nefnd í málið og aðra nefnd í málið. Sveitarfélögin standa enn þá uppi eða íbúarnir á viðkomandi stað standa áfram uppi. Samskipti af þessu tagi eru hreint óásættanleg.

Ég vil spyrja hæstv. félagsmálaráðherra úr því að við erum að tala um þetta: Hvað líður því nefndarstarfi sem var lofað í haust við afgreiðslu fjárlaga, hvað líður niðurstöðum úr því starfi sem laut einmitt að fjárhag elli- og hjúkrunarheimila? Því var borið við af meiri hlutanum að ekki væri hægt að setja þessa peninga inn í þann málaflokk, sem þó lá alveg fyrir hver væri, vegna þess að verið væri að bíða eftir niðurstöðu einhverrar nefndar, sem átti reyndar að skila fyrir jól, átti að skila fyrir lok afgreiðslu fjárlaga, en um leið og niðurstöðurnar frá þessari nefnd kæmu þá ætti fjárhagsleg úrlausn að fást. Þetta er eitt dæmi um það hvernig ríkið heldur sveitarfélögunum og verkefnum þeirra og samfélögunum í úlfakreppu.

Það var líka hér rætt um, og hæstv. ráðherra kom inn á það í sínu máli, að það væri mikill munur á milli sveitarfélaga hvað varðaði tekjur, aðstæður og möguleika til þess að taka að sér hin ýmsu rekstrarviðfangsefni. Það er mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að það er staðreynd að svo er. Þær ástæður geta verið ýmsar, t.d. landfræðilegar. Þegar verið er að tala um fámenn og fjölmenn sveitarfélög finnst mér oft að menn einfaldi mjög fyrir sér myndina, því að það eru líka landfræðilegar ástæður sem kannski ráða hvað mestu um muninn. Ég veit t.d. ekki hvort Bílddælingar eða Patreksfirðingar væru eitthvað betur settir ef búið væri að sameina Vestfirði í eitt sveitarfélag. Fyrir mér væri það alla vega engin lausn per se — hér er svo oft sagt að lausnin sú jú að stækka og stækka sveitarfélögin. Ég held að menn þurfi að vera raunsæir en ekki tala með svona einfeldningslegum hætti að stækkun sveitarfélaganna sé það eina sem gildir og þá er verið að tala út frá íbúafjölda.

Það er líka mjög nauðsynlegt að átta sig á því að aðrar stjórnvaldsaðgerðir hafa mikil áhrif á sveitarfélögin og tekjur þeirra. Tekjur þeirra eru jú undirstaða fyrir möguleika þeirra að taka verkefnin að sér.

Á bls. 69 í þessari skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Mismunandi forgangsröðun sveitarfélaga býður íbúum þannig upp á visst val um búsetu. Samkeppni getur myndast á milli sveitarfélaga um að bjóða aðlaðandi samsetningu á þjónustu og sköttum. Fólk getur því valið sér búsetu með hliðsjón af því en það veitir sveitarfélögunum visst aðhald. Það er að segja, íbúar gætu kosið með fótunum."

Já, þetta er mjög samkeppnisleg hugsun sem þarna er verið að leggja fram og vissulega getur hún svo sem átt sín rök. En hvað með íbúa í sveitarfélögum t.d. á Vestfjörðum, er þetta falleg kveðja til þeirra? Ríkisvaldið sjálft hefur stillt atvinnulífinu upp með þeim hætti að lífsviðurværi þessa fólks, atvinnumöguleikar þessa fólks, hefur verið tekið frá því með stjórnvaldsaðgerðum. Hvers konar kveðja er það að segja við það fólk: Jú, ykkur er frjálst að kjósa með fótunum og fara annað?

Þegar íbúar Vestfjarða kvörtuðu undan því að þeir yrðu að borga stóriðjuskattinn vegna hás gengis og ruðningsá-

hrifa stóriðjuframkvæmdanna og afleiðinga þeirra var kveðja iðnaðarráðherra nákvæmlega sú sama og hæstv. félagsmálaráðherra, að ruðningsáhrifin gætu líka verið af því góða og fólkið ætti bara að sækja í aðra vinnu. Þetta fólk á ekkert val, yfirgefur eigur sínar, þetta er eignaupptaka. Svona er þetta víðar um land.

En það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að mörg sveitarfélög og margir íbúar eru ríkir. Við þá íbúa vill hann sérstaklega tala ef marka má ræðu hans þar sem hann sagði að athyglinni hefði hingað til allt of mikið verið beint að hinum fátækari sveitarfélögum og þeim sem ættu í erfiðleikum. Erfiðleikum vegna stjórnvaldsaðgerða — gleymum ekki því — að stórum hluta. En það er auðvitað miklu meira gaman að tala við og bera hag hinna stóru og ríkari fyrir brjósti, ég geri mér grein fyrir því, og að sjálfsögðu þarf að gera það líka. En ekki að senda hinum þessar kveðjur eins og hæstv. ráðherra gerir hér.

Tími minn styttist, frú forseti. Ég nefndi hér aðeins jöfnunarsjóðinn í andsvari mínu. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga var upprunalega, að því er ég held, myndaður til þess að jafna teknamun, jafna möguleika sveitarfélaga til þess að framkvæma samfélagsleg verkefni sem þeim voru falin samkvæmt lögum en höfðu ekki tekjur til eða aðstæður til. Það er dýrara að búa í sumum sveitarfélögum landfræðilega, langar vegalengdir o.s.frv. Ég hélt að svo hefði verið upphaflega. Núna sjáum við að jöfnunarsjóðurinn er orðinn eitthvað allt annað. Sveitarfélög sem ég hélt að væru bæði sterk og tiltölulega rík og með góðar landfræðilegar aðstæður fá líka háar upphæðir úr sjóðnum. Ég dreg ekki í efa að þessi sveitarfélög þurfi á þessum tekjum að halda til starfsemi sinnar. En það er eitthvað bogið við tekjustofna sveitarfélaga ef það á að vera einhver algild regla að jöfnunarsjóður sé orðinn stór aðili í tekjustofnum þeirra allra, þá er eitthvað bogið við hlutina. Mér sýnist t.d. að kannski sé búið að leggja á sjóðinn verkefni sem ættu bara að heyra beint undir ríkið og ríkið að fjármagna beint.

Mér finnst t.d. alveg sjálfsagt að efla framlög vegna nýbúafræðslu, þau eru nú ekki mikil, en þau eru færð í gegnum jöfnunarsjóð til sveitarfélaganna. Er þarna ekki verkefni sem væri miklu eðlilegra að væri bara á ríkinu sjálfu eins og mörg önnur slík mál? En það er farið að rekja sveitarfélögin í gegnum jöfnunarsjóð, m.a.s. tekjuútgjaldajöfnunarframlög koma á stór og péttbýl sveitarfélög sem ég hélt að ekki ætti að vera þörf á eða ætti ekki að vera hlutverk sjóðsins. Mér finnst eins og farið sé að misnota jöfnunarsjóð og gera hann að einhverjum nýjum ríkissjóði sem alls ekki getur verið skynsamlegt. Það er nóg að hafa einn ríkissjóð og láta hann axla þá ábyrgð sem honum ber, sveitarfélögin geta síðan haft þá tekjustofna sem þau þurfa fyrir þau verkefni sem þeim eru falin. Það þarf að finna jöfnunarleið gagnvart þeim sveitarfélögum sem ekki hafa slíka tekjustofna, annaðhvort að ríkið komi inn í myndina ellegar að jafnað sé með öðrum sértækari hætti.

Frú forseti. Ég hef aðeins nefnt örfá atriði í þessu sambandi. Ég vil leggja áherslu á þingmál okkar Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um leikskóla t.d., að ríkið komi inn með fjármagn til sveitarfélaganna þannig að þau geti staðið að gjaldfrjálsum leikskóla um allt land. (Forseti hringir.) Það tel ég t.d. eitt af brýnustu málunum en það er hvergi (Forseti hringir.) nefnt í þessari skýrslu að því er ég hef séð.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:06]

[13:31]

Útbýting:

Íbúaþróun á Austurlandi, 540. mál, fsp. ÞBack, þskj. 787.

Símtöl milli farsímakerfa, 539. mál, fsp. SandF, þskj. 786.

Umræður utan dagskrár.

Aðbúnaður aldraðra sem bíða eftir útskrift á LSH.

[13:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Hver vill búa á bráðadeild sjúkrahúss? Ekki ég og örugglega enginn. Þess vegna eigum við ekki að líða það að tugum aldraðra sé boðið upp á slíkt hér á landi.

Ég vek hér athygli á afleitum aðbúnaði þeirra aldraðra sem eru á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og hafa lokið þar meðferð, spítalinn vill útskrifa en getur ekki vegna skorts á úrræðum fyrir þá. Kastljósi hefur verið beint að óviðunandi aðbúnaði aldraðra á hjúkrunarheimilum þar sem þeir búa þröngt, nokkrir saman í litlum herbergjum, samanber umræðuna um Sólvang. En mun verri er aðbúnaður þessa hóps. Samkvæmt fréttum eru nú hátt í 90 aldraðir í þeirri stöðu inni á spítalanum að þeir búa á bráða- eða öldrunardeild, bíða þar inni á sjúkrahúsi eftir að læknismeðferð er lokið, í þörf fyrir hjúkrun. Samkvæmt sömu fréttum bíða 70 manns þar eftir húsnæðisúrræðum.

Þetta fólk er eins og fangar inni á spítala. Við hvaða aðstæður búa þeir? Þeir eru ekki í sérbýli. Þeir eru ekki einu sinni í venjulegum herbergjum heldur langdvölum á sjúkrastofum. Þeir komast sjaldan út fyrir hússins dyr.

Sérfræðingur á bráðadeild lýsir aðstæðum þeirra á deild sinni í nýjasta hefti Læknablaðsins á þennan hátt, með leyfi forseta:

„Á bráðadeildinni minni er engin setustofa, enginn matsalur og eina dægradvölin er sjónvarp og útvarp. Heimsóknargestir standa upp við vegg þar sem aðeins einn stóll fylgir hverju rúmstæði. Tíð skipti eru á herbergisfélögum. Þeir eru oftast mjög veikir og þeim fylgir oft ónæði af margvíslegum toga.“

Þeir hafa ekkert af eigin eigum eða persónulegum munum hjá sér og eru í mjög óheimilislegu umhverfi. Skár fer þó um þá sem bíða á öldrunardeildum en hina sem bíða á bráðadeildunum. Þar er heldur minni erill en deildirnar eru oft yfirfullar og legið á göngunum og mikið álag á starfsfólkinu og því ekki hægt að skapa rólegt og styðjandi umhverfi eins og aldraðir þurfa, þó svo að starfsfólkið geri sitt besta. Eins manns stofur eru fáar á spítalanum og eru notaðar fyrir þá sem eru veikastir eða deyjandi svo þessir öldruðu hjúkrunarsjúklingar búa inni á tveggja og þriggja manna sjúkrastofum, jafnvel með mjög veiku fólki, eins og

bent var á, sem verið er að veita læknishjálp inni á stofunum. Yfirlæknir á öldrunardeild segir að svona bíði margir mánuðum saman. Ég veit dæmi þess að nokkrir aldraðir hafa búið við þessar aðstæður í heilt ár og jafnvel lengur Þarna er verið að ræna fólk lífsgæðum á efri árum vegna þess að stjórnvöld standa sig ekki í öldrunarmálum. Þetta er sorgleg staðreynd.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hversu margir bíða nú á Landspítala við þessar aðstæður, á hvernig deildum og hve margir saman á stofu? Ég spyr: Hversu löng hefur biðin verið hjá þeim sem lengst hafa beðið? Og hvernig hyggst hæstv. ráðherra bregðast við þessu ástandi og hvenær má búast við að þessi vandi verði úr sögunni?

Virðulegi forseti. Einn hópur sjúklinga er í meiri vanda en aðrir en það eru lungnasjúklingar sem þurfa súrefni. Hjúkrunarheimilin veigra sér við að taka þá og þeir fá jafnvel ekki inni á hjúkrunarheimilum því að þau setja fyrir sig hátt verð á súrefninu. Þeir bíða lengst og sumir komast aldrei út. Þetta er vandi sem mun fara vaxandi á næstu árum og þarf að leysa sérstaklega.

Þrátt fyrir forgang hjúkrunarsjúklinga á Landspítala inn á tvö hjúkrunarheimili sitja þessir sjúklingar eftir. Ég spyr hæstv. ráðherra: Kemur til greina að greiða hærri daggjöld til hjúkrunarheimila fyrir þá eða taka aukinn þátt í súrefniskostnaði lungnasjúklinga á hjúkrunarheimilum til þess að leysa þennan vanda?

Virðulegi forseti. Við þessu ástandi sem ég hef lýst hér, við ástandi þessa hóps, aldraðra á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, verður að bregðast. Hér er bæði verið að fara illa með gamalt fólk sem á undir högg að sækja og fjármuni almennings.

[13:36]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Hv. 4. þm. Reykv. s. beinir til mín nokkrum fyrirspurnum um aðbúnað aldraðra sem bíða útskriftar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Fyrst er spurt um aðbúnað þessa hóps.

Aldraðir sem bíða eftir því að vera útskrifaðir af sjúkrahúsi njóta eins og aðrir sjúklingar góðrar almennrar þjónustu inni á spítalanum. Þeir sem bíða eftir útskrift á bráðadeildum spítalans búa við erfiðustu aðstæðurnar vegna þess að eðli málsins samkvæmt ganga þarfir bráðveikra sjúklinga fyrir á þeim deildum. Á þeim deildum gætir oft óróa og þar er jafnvel mikið um að vera fyrir utan að á bráðadeildum er lögð áhersla á annað en heimilislegt umhverfi eins og hver maður getur ímyndað sér. Ég legg þó áherslu á að starfsfólk á þessum deildum leggur sig fram um að gera dvöl öldrunarsjúklinga, sem þurfa tímabundið að bíða á bráðadeildum, eins fyrirhafnarlausa og framast er unnt við þessar aðstæður.

Í öðru lagi er spurt um fjölda þeirra sem eru sjúkir eða bíða eftir að útskrifast á hjúkrunarheimili. 89 bíða eftir slíkri vist, 62 á öldrunarsviði, 13 á lyflækningasviði I, 8 á skurðlækningasviði, 2 á endurhæfingarsviði, 1 á lyflækningasviði II og þrír einstaklingar bíða á geðsviði. Af þessum 89 má segja að 24 bíði á einhverri bráðadeild spítalans. Þessar upplýsingar eru miðaðar við 14. febrúar sl. Eitt dæmi er um einstakling sem beðið hefur eftir vist á hjúkrunarheimili frá því seint á árinu 2004 en á öldrunarsviði eru dæmi um 5 sem hafa beðið eftir vist á hjúkrunarheimili í eitt ár.

Virðulegi forseti. Í fjórða lagi er spurt eftir vistun á einbýlum og fjölbýlum á Landspítalanum. Eins og kunnugt er byggist þjónustan á Landspítalanum ekki upp á einbýlum, fæstir þeirra sem bíða eftir annarra vist eru því á einbýlum. Á Landakoti, þar sem flestir bíða, eru tveggja til þriggja manna stofur. Á Landakoti eru almennt eitt til tvö einbýli á hverri deild og þau eru notuð fyrir þá sem eru veikastir eða deyjandi eða eru með erfið hegðunarvandamál sem trufla aðra. Þetta eru samtals átta einbýli. Á líknardeildinni á Landakoti eru 9 einbýli, á bráðadeildum eru aldraðir sem bíða eftir hjúkrunarheimilum sjaldnast á einbýli. Samkvæmt lauslegri könnun í fyrradag var enginn á einbýli á bráðadeildum að undanskilinni bráðaöldrunardeildinni, þar voru tveir í einbýli.

Í fimmta lagi er spurt um á hvers konar deildum aldraðir bíði og hversu margir. Þeir bíða á öldrunar-, heilabilunar- og endurhæfingardeildum, lungnadeild og biðdeild. L-4 heilabilunardeild og K-2 hjúkrunardeild eru sérstaklega ætlaðar fyrir þá sem bíða eftir hjúkrunarheimili en í ársbyrjun 2005 var stofnuð 20 rúma deildin K-2 á Landakoti sem ætluð er fyrir hvíldarrými og fyrir sjúklinga af Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem lokið hafa meðferð og bíða eftir að komast á hjúkrunarheimili. Annars eru 2–18 einstaklingar á hverri deild. Á geðsviði bíða þrír á endurhæfingardeildum á Kleppi, á lyflækningasviðum bíður einn á lungnadeild, fjórir á taugadeild, sex á almennri lyflæknisdeild, tveir á hjartadeild og einn á krabbameinsdeild. Á skurðsviði bíða sex á bæklunardeildum, einn á almennri skurðdeild og einn á þvagfæradeild.

Í sjötta lagi er spurt um hærri daggjöld vegna súrefniskostnaðar. Daggjöld ráðast almennt talað af hjúkrunarþyngd vistmanna eins og kunnugt er og er ekki fyrirhugað að breyta því. Í daggjöldum er því greitt fyrir súrefniskostnað þeirra lungnasjúklinga sem eru á hjúkrunarheimilum.

Virðulegi forseti. Það léttir mjög á svokölluðum útskriftarvanda Landspítalans innan ekki langs tíma. Tvennt er þar í forgangi eins og oftsinnis hefur komið fram á þessum vettvangi. Fyrir skemmstu skrifaði ég undir samkomulag við borgarstjórann í Reykjavík um byggingu hjúkrunarheimils í Sogamýri. Um er að ræða 110 rýma hjúkrunarheimili sem stefnt er að að verði tekið í notkun árið 2007. Heimilið verður reist í Sogamýri austan Merkurinnar. Kostnaður við byggingu þess verður um 1.300 millj. kr. Þá er einnig verið að kanna möguleika á nýju hjúkrunarheimili á svokallaðri Lýsislóð. Þegar þau heimili verða bæði komin í notkun ætti það sem kallað er útskriftarvandi Landspítalans og tengt er gömlu fólki og sjúku, að heyra sögunni til.

Við þetta má bæta að liður í viðleitni heilbrigðisyfirvalda til að létta á útskriftarvandanum, sem svo hefur verið nefndur, hefur heimaþjónusta við aldraða sem geta dvalið heima verið efld mjög að undanförnu og ber að efla hana enn meir um helgar og á kvöldin, svo dæmi sé tekið.

[13:42]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm.

Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir að taka upp umræðu um aðbúnað aldraðra sem lokið hafa meðferð og bíða útskriftar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Vissulega er það óásættanlegt fyrir alla að verða að sætta sig við að vistast á stað sem hentar ekki miðað við þá umönnun og meðferð sem viðkomandi þarf á að halda. Þetta á við aldraða jafnt sem langveik börn. Öldrunarlækningar er sérgrein eins og birtist í deildaskipan Landspítala – háskólasjúkrahúss allt frá bráðamóttöku og í göngudeildarþjónustu og í því húsnæði sem sjúkrahúsið býr yfir. Þar er skipulagið eins og best þótti gerast á þeim tíma sem húsin voru byggð. Flest herbergin eru stór með plássi fyrir nokkur rúm en fá einbýli og voru þá hugsuð fyrir veikustu einstaklingana og eru það enn. Að sjálfsögðu miðast aðbúnaðurinn við tímabundna innlögn vegna veikinda en ekki sem heimili eins og hæfir mörgum þeirra sem bíða og hafa beðið lengi eftir útskrift.

Í dag eru kröfurnar meiri og þykir sjálfsagt að taka tillit til persónulegra þarfa með dvöl á einbýli. Vandamálið á öldrunardeildum Landspítala – háskólasjúkrahúss er ekki fjölbýlin því að í meiri hluta innlagna á að vera um tímabundna innlögn að ræða, eins og ég sagði áðan, eftir veikindi eða slys. Þetta er vandi stofnunarinnar við að útskrifa sjúklinga að meðferð lokinni sem eru enn þá það lítilfjörlegir að þeir þurfa á áframhaldandi hjúkrun og endurhæfingu að halda. Hjúkrunarheimilin eru með langa biðlista og heimahjúkrun og heimaþjónusta getur enn ekki tekið við því fólki sem þarf umtalsverða hjúkrun. Við þetta bætist að mönnun öldrunarþjónustunnar hefur gengið erfiðlega vegna spennu á vinnumarkaði. Þetta á sérstaklega við um hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, þ.e. þá sem vinna við umönnun, og þessi vandi getur haft áhrif á það hvað þungum (Forseti hringir.) hjúkrunarsjúklingum hjúkrunarheimilin geta tekið á móti.

[13:44]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Mál tæplega eitt hundrað aldraðra einstaklinga sem lokið hafa meðferð á Landspítala og eru á bið eftir plássi á hjúkrunarheimili verðskuldar að vera rætt hér á Alþingi. Meginatriði málsins eru að mínu mati eftirfarandi:

Þrátt fyrir aukin úrræði í heimahjúkrun og fjölgun hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu, m.a. með opnun 50 rúma hjúkrunardeildar á Vífilsstöðum fyrir réttum tveimur árum, hefur öldruðum sem eru inniliggjandi á Landspítala og bíða eftir plássi á hjúkrunarheimili, lítið fækkað. Aðbúnaður á sjúkrahúsum er ólíkur því sem býðst á hjúkrunarheimilum. Hátæknisjúkrahús er ekki ætlað til langlegu og gefur ekki sömu möguleika til persónulegs rýmis og næðis sem fylgir fastri búsetu á hjúkrunarheimili. Bið eftir hjúkrunarheimili reynist bæði þeim öldruðu og fjölskyldum þeirra mikil raun. Kostnaður við umönnun aldraðra á sjúkrahúsum er margfaldur á við kostnað við vist þeirra á hjúkrunarheimili. Landspítalinn hefur eingöngu forgang að plássum fyrir skjólstæðinga sína á Sóltúni og á Vífilsstöðum. Þetta þýðir gróft áætlað um 40–50 pláss á ári miðað við meðaltal rýma sem losna á hverju ári. Þetta dugar skammt.

Öldrunarstofnanir eru að mestu reknar fyrir opinbert fé. Það er skoðun mín að heilbrigðisyfirvöld geti í krafti þess samið við öldrunarstofnanir á Reykjavíkursvæðinu um forgang þeirra sem eru inniliggjandi á Landspítala í þau pláss sem losna. Slík ráðstöfun er þjóðhagslega hagkvæm, hún er til hagsbóta fyrir viðkomandi einstaklinga og gefur Landspítala möguleika á að þjóna fleiri öldruðum, t.d. með hvíldarinnlögnum og endurhæfingu þeirra sem nú eru heima og bíða úrlausnar í sínum málum.

Virðulegi forseti. Í lokin get ég ekki látið hjá líða að benda á ábyrgð borgaryfirvalda í þessu máli. Milli 300 og 400 aldraðir Reykvíkingar eru á bið eftir plássi á hjúkrunarheimili. Þótt ríkið greiði að mestu uppbyggingu og rekstur öldrunarstofnana þá er það á ábyrgð sveitarfélaga að hafa frumkvæði að byggingu öldrunarstofnana enda liggja upplýsingar hjá þeim um þarfir íbúa til samfélagslegrar þjónustu. Viðverandi biðlistar eftir hjúkrunarrýmí eru svartur blettur á áherslum (Forseti hringir.) R-listans við stjórnun borgarinnar síðustu tólf ár.

[13:46]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að taka þetta mál til umræðu á Alþingi. Góð þjónusta við aldraða á að vera einn af hornsteinum velferðarsamfélags okkar. Vissulega er öldruðum veitt margs konar þjónusta en þó er margt sem betur má fara. Við í Frjálslynda flokknum höfum ávallt lagt áherslu á að sjónarmið eldri borgara séu virt þegar úrræða er leitað og að efla þurfi heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu til að gera þeim sem það kjósa kleift að búa heima sem lengst.

Virðulegi forseti. Af þeirri umræðu sem farið hefur fram hér í dag er ljóst að mikilvægt er að taka í notkun ný hjúkrunarrými til að leysa vanda þeirra sem bíða útskriftar á spítölum og eru í brýnni þörf fyrir hjúkrunarvist. Allt of margir sjúklingar dvelja á Landspítalanum. Læknismeðferð þeirra er lokið og þeir komast ekkert annað vegna skorts á hjúkrunarrýmum. Yfirstjórn öldrunarmála er ekki á einni hendi hér á landi og þessi málaflokkur er að sumu leyti dæmigerður fyrir verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga þar sem framkvæmd verkefna skarast iðulega. Ríkið tekur til að mynda sjúkrahúsin og á vegum sveitarfélaga er víðast boðið upp á félagsstarf, heimsendingu á mat, aðstoð við heimilishald auk margvíslegrar annarrar félagsþjónustu. Þessi þjónusta léttir undir með fólki, eykur öryggiskennd og gerir fólki kleift að búa lengur í heimahúsum en ella væri mögulegt. Það hefur líka verið hlutverk sveitarfélaga að reisa og reka hjúkrunarheimili en þau verða þó ekki reist nema með samþykki heilbrigðisráðuneytis, og þegar hjúkrunarheimilið er risið þarf rekstrarfé úr ríkissjóði og það hefur iðulega verið naumt skammtað. Þannig hefur rekstrarvandi sett mark sitt á starfsemi hjúkrunarheimila. Það er því ekki óeðlilegt að fólk hverfi til betur launaðra starfa sem bjóðast og allir vita að lág laun hafa valdið starfsmannaeklu og tíðum mannaskiptum á öldrunarstofnunum sem er óæskilegt þegar um svo viðkvæma starfsemi er að ræða.

Þó er rétt að geta þess að mikil hjálp hefur orðið með tilkomu erlends starfsfólks í þessar umönnunarstéttir (Forseti hringir.) því að það hefur reynst mjög vel. Það liggur ljóst

fyrir að ekki er verður unnt að leysa þennan fjölþætta vanda nema með sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélaga.

[13:49]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ef guð lofar munum við eldast. En stundum er eins og sú staðreynd sé sumum hulin. Málefni eldri borgara hafa lengi verið í ólestri, hvort sem litið er til kjaramála þeirra, möguleika þeirra á atvinnuþátttöku eða búsetuúrræða. Í þessum málaflokki blasa hins vegar við skynsamlegar lausnir en við framkvæmum þær ekki.

Það vita allir að heimahjúkrun borgar sig. En af hverju er hún ekki aukin meira?

Það vita allir að þriðjungur eldri borgara lifir á 100 þús. kr. eða minna. En af hverju er ekkert gert í því?

Það vita allir að 400 eldri borgarar eru í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum. En af hverju er það ekki leyst?

Það vita allir að tæplega 90 manns liggja nú á Landspítalanum sem eiga þar ekki heima. Hér er um að ræða fólk sem hefur lokið meðferð á spítalanum og bíður eftir öðrum úrræðum sem bæði henta því betur og eru ódýrari. Rúmið á spítalanum kostar um þrisvar sinnum hærri upphæð en rúm á hjúkrunarheimili. Enn ódýrara er að gefa fólki kost á að vera sem lengst heima hjá sér með heimahjúkrun. Það er sömuleiðis mikil skerðing á lífsgæðum þessa fólks að láta það vera mánuðum saman, og jafnvel ár, inni á spítala þar sem mikil truflun er, enda er gengið inn á stofur þessa fólks svo nemur tugum skipta á hverjum degi, eins og fulltrúar frá Félagi eldri borgara sem komu á fund þingflokks Samfylkingarinnar í gær staðfestu.

Spítalinn hefur enga aðstöðu fyrir langdvöl eða einhvers konar afþreyingu því að spítalinn er einfaldlega ekki hugsaður fyrir þetta fólk — og það sjá allir. Með því að bjóða þessu fólki upp á aðra þjónustu spörum við bæði fjármagn og komum betur fram við eldri borgara.

Frú forseti. Nú er bara að framkvæma.

[13:51]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Meginatriði þessa máls er það að of margir aldraðir bíða allt of lengi í hjúkrunarrými eftir að útskrifast. Þetta fólk nýtur auðvitað mjög góðrar þjónustu starfsfólks Landspítalans. En Landspítalinn sem sjúkrahús er bara ekki hugsaður til langdvala. Það skortir alveg þann heimilisbrag sem þarf að vera. Það skortir nægilegt rými og aðstöðu fyrir aðstandendur til að heimsækja þá öldruðu sem þarna dveljast.

Við í meiri hluta heilbrigðisnefndarinnar lögðum áherslu á þetta í áliti okkar með fjárlagafrumvarpinu. Við lögðum mjög ríka áherslu á að brýnt væri að tryggja viðunandi úrræði fyrir þá sem hafa lokið sérhæfðri bráða- og endurhæfingarmeðferð á Landspítalanum og að tryggja þyrfti þeim viðeigandi úrræði þar sem þeir fá umönnun og hjúkrun við hæfi. Það þyrfti að fjölga vistrýmum á höfuðborgarsvæðinu þar sem framboð rýma er minnst ef miðað er við fjölda aldraðra. Þetta þyrfti að gera til viðbótar annarri þjónustu og öðrum úrræðum sem hafa verið efld eins og heimahjúkrunin og fjölgun rýma fyrir hvíldarinnlagnir.

Þetta snýst ekki bara um mannúð. Þetta snýst um að tryggja öldruðum, sjúkum Íslendingum þann aðbúnað sem þeir eiga skilið. Mig langar að geta í þessu samhengi — einn hv. þingmaður gerði það á undan mér, þó ætla ég aðeins að leiðrétta hann samkvæmt tölum Ríkisendurskoðunar — að kostnaðurinn við legurýmið á Landspítalanum er talinn helmingi meiri, það er þó ekki meira, en það eru hagkvæmnisrök fyrir þessu til viðbótar mannúðarsjónarmiðunum. Ríflega 100 manns biðu í nóvembermánuði síðastliðnum. Þeir eru 89 núna svo að við virðumst vera á réttri leið. En góðu fréttirnar í þessu öllu saman eru þær að þessi vandi á brátt að vera að baki þegar búið verður að reisa og taka í notkun þessi tvö hjúkrunarheimili, annars vegar á Lýsislóðinni og hins vegar í Sogamýrinni, sem verður gert. Þegar þau hafa tekið til starfa er þessi vandi að baki. Það eru góðu fréttirnar í þessu máli.

[13:53]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að taka þetta brýna málefni til umræðu utan dagskrár. Þessi umræða, sem er ekki ný af nálinni, er jafnan nokkuð mótsagnakennd. Annars vegar er öllum ofarlega í huga það sem vel er gert á sjúkrastofnunum gagnvart öldruðu fólki. Allir eru sammála um framlag þess fólks sem þar starfar, hve lofsvert það er og þakkarvert. Hins vegar eru brotalamirnar í kerfinu. Þær tíundaði hv. málshefjandi ágætlega, m.a. aðbúnað fólks sem er oft margt saman í herbergi. Það hefur einnig komið fram hjá öðrum sem hafa tekið þátt í umræðunni að sjúkrahús eru ekki hugsuð sem íverustaðir, hvað þá heimili fólks til langs tíma. Hins vegar er á það að líta að sumir einstaklingar eru á mörkum þess að þurfa að vera á sjúkrahúsi og á hjúkrunarstofnun. Þar verður mér hugsað til Landakots, svo að dæmi sé nefnt, þar sem bærilega og mjög vel er búið að fólki. Margir eru á þessum markalínum. Og síðan er hitt, önnur brotalöm, sem er aðbúnaður og kjör starfsfólksins sem eru svo hrakleg að það er erfitt að ráða fólk til starfa, og álagið mjög mikið.

En hvers vegna teppist fólk á sjúkrahúsum til langs tíma? Það er margt sem veldur því. Í sumum tilvikum er um að ræða skort á rýmum á hjúkrunarheimilum en oftar er það mannekla á þeim stöðum. Það er t.d. að gerast núna og þar erum við aftur komin að kjörunum.

Í þriðja lagi er það sem mér heyrist allir vera sammála um líka, ófullnægjandi heimahjúkrun. Hana þarf að stórefla og ég tek undir það sem fram hefur komið (Forseti hringir.) hjá þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í þessari umræðu, þar er um að ræða sameiginlega ábyrgð (Forseti hringir.) og sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga.

[13:55]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil nota þennan stutta tíma minn til að hrósa hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir tillögur um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði sem ég tel afar merkilegar og til mikillar fyrirmyndar, fyrirkomulag sem fleiri sveitarfélög ættu að taka upp. Það er ljóst að aldraðir vilja búa heima hjá sér sem lengst og þeir vilja búa við

eðlilegt heimilislíf og að þeir finni til öryggis í öllu sínu daglega lífi. Þá þarf fjölbreytt úrræði. Eins og gert er ráð fyrir í þessum ágætu tillögum verður aukin heimahjúkrunarþjónusta þar allan sólarhringinn eftir þörfum og dagvistarrýmum fjölgað, félagsleg heimaþjónusta efld og upplýsingaþjónusta bætt við aldraða um þjónustutilboð og réttindi þeirra. Í þessum tillögum er einnig gert ráð fyrir samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu með sameiginlegri faglegri stjórn.

Þetta hefur verið gert með góðum árangri á Höfn í Hornafirði. Með því hafa sparast mörg hjúkrunarrými og fólk hefur getað verið miklu lengur heima hjá sér. Við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er þetta einn mikilvægasti málaflokkurinn sem ég tel að eigi að vera hjá sveitarfélögunum vegna nærþjónustu við íbúana. Það er svo mikil skörun verkefna og flókið fyrirkomulag sem gerir hinum öldruðu erfitt fyrir. Það er erfitt fyrir þá að leita sér upplýsinga um rétt sinn og þjónustu, hvaða úrræði standi þeim til boða og hvar þau sé að fá. Það er afskaplega mikilvægt að þessi málaflokkur sé á einni hendi, hvort sem það er hjá sveitarfélögum, sem ég tel að ætti að vera, eða hjá ríkinu. Aðalatriðið er að einhver hafi yfirsjón og beri ábyrgð á málaflokknum þannig að fólk þurfi ekki að hrekjast mikið á milli staða.

[13:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að koma með þetta mál inn í sali Alþingis. Sá vandi sem hér er ræddur er fjölþættur og snýr bæði að ríki og sveitarfélögum. Aldraðir eru ekki einsleitur hópur með sömu þarfir enda spanna aldraðir aldursbil allt að hundrað ára aldri. Að sjálfsögðu er um að ræða misleitan hóp einstaklinga með mismunandi lífsviðhorf. Hér hefur mönnum orðið tíðrætt um vanda hjúkrunarheimila en rétt er að minna á að hjúkrunarheimilin eiga ekki að vera markmið í sjálfu sér, heldur lausn þegar önnur úrræði þrýtur. Meðan heilsan leyfir eiga aldraðir eins og aðrir fá að velja sér þann lífsmáta sem veitir þeim mesta lífsfyllingu. Flestir kjósa að dvelja á eigin heimilum eins lengi og kostur er og þurfa oft ekki mikla aðstoð til þess. Aðrir þurfa meiri aðstoð og þá ber okkur skylda til að sjá til að þeir hafi val.

Það er ekki þar með sagt að hjúkrunarheimili séu eina lausnin. Það hefur sýnt sig að þjónustuíbúðir með markvissri þjónustu hafa minnkað þörfina fyrir innlögn á hjúkrunarheimili. Slíkar þjónustuíbúðir hafa sannað gildi sitt með því að gera fólki kleift að búa sem lengst sem sjálfstæðir og sjálfráða einstaklingar en njóta um leið þess öryggis sem þjónustan veitir.

Það þarf því jöfnum höndum að efla hjúkrunarheimilin til að mæta eftirspurn og stuðla að eflingu annarra úrræða sem hægt er að sníða að þörfum hvers og eins til að fólk geti búið heima eins lengi og kostur er. Þess vegna ber að fagna því sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur lýst yfir varðandi þróun heimilisins að Sólvangi í Hafnarfirði og þá aðstöðu sem þar á að koma upp. Það er framfaraspor.

[14:00]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu og hæstv. ráðherra svörin sem staðfesta hið óviðunandi ástand sem ég lýsti í ræðu minni áðan. Forseti Íslands sagði í áramótaávarpi sínu til þjóðarinnar:

„Það er til marks um siðmenningu hverrar þjóðar hvernig hún býr öldruðum ævikvöldið og gerir þeim kleift að njóta áranna sem eftir eru."

Ég tek undir það. Ástandið eins og það er nú gefur stjórnvöldum hér ekki háa einkunn og við því verður að bregðast. Hér er bæði verið að fara illa með gamalt fólk og fjármuni. Ekki er hægt að kenna R-lista um að nefskattur til þessarar þjónustu hefur ekki skilað sér. Það er ákveðið hér, í þessum sölum af ríkisstjórnarmeirihlutanum.

89 aldraðir hjúkrunarsjúklingar í fokdýrum spítalarúmum eru fastir inni á spítalanum og sex hafa verið þar í a.m.k. ár. Það staðfesti hæstv. ráðherra. 89 bíða, þar af eru 62 á öldrunarlækningadeild og þriðjungur á ýmsum öðrum bráðadeildum, í dýrum sjúkrarúmum án þjónustu við hæfi. Það gerir það að verkum að fólk sem er læknisþurfi fær ekki pláss, bíður úti í bæ, kemur inn sem bráðasjúklingar og bíður svo jafnvel inni á spítalanum eftir viðunandi læknisþjónustu. Helmingur öldrunarsjúkrarúma er tepptur, eða tæplega það. Á öldrunardeildinni eru 145 rúm og þar af eru 62 teppt af fólki sem er að bíða eftir útskrift.

Það verður að gera eitthvað í málunum, efla heimaþjónustu við aldraða, koma á sjúkrahústengdri heimaþjónustu og fjölga fjölbreyttum úrræðum, eins og á að gera t.d. í Hafnarfirði. Ég fagna þeirri leið. Við verðum að sýna öllu fólki sóma á ævikvöldinu, og þessi framkoma við gamalt fólk á síðustu æviárunum er auðvitað til háborinnar skammar.

Úrbætur eru í sjónmáli, sagði hæstv. ráðherra, en þangað til býr gamalt fólk inni á spítalanum við (Forseti hringir.) óviðunandi aðstæður.

[14:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir málefnalegar og góðar umræður um þetta mikilvæga mál. Í þessum málaflokki, eins og svo mörgum öðrum, má alltaf gera betur. Það er einnig rétt að halda því til haga sem vel hefur verið gert. Í fyrsta lagi fá aldraðir, þó að þeir þurfi að bíða eftir hjúkrunarheimilisvist, mjög góða þjónustu eins og fram hefur komið, sem Landspítalinn veitir. Í öðru lagi hefur verið tekið á á þessu sviði og fyrir ári var komið upp 20 rúma deild á Landakoti. Aldraðir sem bíða á Landspítalanum eftir hjúkrunarheimilum hafa forgang að Vífilsstöðum og Sóltúni.

Við í heilbrigðisráðuneytinu höfum ávallt lagt á það áherslu við forstöðumenn hjúkrunarheimila að þeir taki tillit til Landspítalans þegar þeir taka inn nýtt fólk. Ég legg sérstaklega á það áherslu, sem reyndar hefur komið fram í máli margra ræðumanna hér, að efla þurfi heimaþjónustuna. Við erum hér í stóru verkefni að samþætta heimaþjónustu borgarinnar og heimahjúkrun. Það þarf að ljúka því verkefni og efla heimahjúkrunina. Ég fagna mjög því samkomulagi sem tókst í Hafnarfirði um heimaþjónustu. Það finnst mér merkur þáttur í þeirri skýrslu sem samstarfs-

nefnd okkar þar skilaði, efld heimaþjónusta og heimahjúkrun.

Það þurfum við að efla enda heyri ég á hv. ræðumönnum að menn eru sammála um þennan þátt málsins. Ég sé ekki að mikið beri á milli um aðferðir og vissulega eru margs konar aðgerðir í gangi til að sporna við óhagræði og auka þjónustu við aldraða.

Sveitarstjórnarmál, frh. einnar umr.

Skýrsla félmrh., 407. mál. — Þskj. 570.

[14:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Sú umræða sem hefur farið hér fram í morgun og í dag um sveitarstjórnarmálin er mjög gagnleg og skýrslan sem við þingmenn höfum fengið í hendur er líka gagnleg. Það er hárrétt sem hér hefur komið fram að það er upplýsandi, bæði fyrir þing og þjóð, að svona umræða fari hér fram, helst árlega. Það er vissulega ástæða til að hún fari fram því að hér í þessum sölum er einmitt uppspretta margra þeirra vandamála sem eru í sveitarstjórnarmálum og hafa verið í gegnum tíðina. Það er vegna þess að menn hafa ekki haft framsýni í sölum Alþingis til að búa sveitarstjórnum og sveitarfélögum í landinu þá umgjörð sem gæti skilað bestum árangri.

Auðvitað hafa menn viðurkennt þetta, viðurkennt að taka þyrfti á þessum málum en menn hafa svo sem ekki komist miklu lengra en það. Það hefur ekki verið tekið á þeim málum sem skipta þarna miklu, sem varða starf sveitarfélaganna, hlutverk þeirra og skipulag. Það má segja að menn hafi talað töluvert en framkvæmt lítið. Það er líka tvískinnungur í umræðunni, afskaplega óheppilegur tvískinnungur. Menn hafa talað um lýðræði og belgt sig út með því að það væri eitthvert óskaplegt lýðræði fólgið í því að menn hefðu einhvers konar neitunarvald um það að gera sveitarfélögin öflug og stærri. Það neitunarvald er núna miðað við 50 íbúa lágmarkið, getur þess vegna verið meiri hluti upp á kannski rúmlega 20 manneskjur sem ræður því að ekki verður af sameiningu sveitarfélaga. Þetta er mjög undarlegt lýðræði og Alþingi Íslendinga ætti ekki að standa að því að halda því að fólki að lýðræðislínan liggi þarna. Hún hlýtur að liggja annars staðar.

Á Alþingi Íslendinga hafa menn það hlutverk að ákveða hvar þessi lína á að liggja. Ég held að hún eigi að taka mið af því að íbúunum sé veitt sem best þjónusta, fengist sé við það að þeir sem eiga saman atvinnu- og þjónustusvæði axli líka sameiginlega ábyrgðina af því að reka sveitarfélögin. Alþingi hefur í mörgum tilfellum orðið til þess að reka fleyg á milli íbúa með ákvörðunum um hluti eins og að setja niður verksmiðjur og orkuver eða með því að fara út í framkvæmdir sem hafa fært fámennum sveitarfélögum fjármuni. Önnur sveitarfélög sem eru kannski í nágrenninu hafa ekki hlotið tekjur af þessum ákvörðunum og í framhaldi af því hefur ástandið orðið þannig að ekki hefur verið við það komandi að ræða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga, einfaldlega vegna þess að sumir fá peninga í vasann en aðrir ekki. Í langflestum tilfellum er þetta vegna þess að ríkið hefur tekið þessar ákvarðanir.

Síðan höfum við horft upp á skipulagsslysin verða ár eftir ár. Vítin eru til að varast þau, menn geta t.d. horft hér á höfuðborgarsvæðið, hvernig svefnbæir sem hafa nýtt sér þjónustuna, t.d. hér í borginni, hafa vaxið og dafnað og út frá þessu hefur orðið til óhagkvæmni. Menn byggja t.d. miðbæi út um allt. Núna er í uppsiglingu skipulagsslys við Akrafjallið. Það er gott dæmi um að menn hafa ekki gætt að sér í þessu, þar voru fjórir hreppar sem samtals eru með rúmlega 500 manns. Eftir öll þessi ár og eftir fjölmargar sameiningarkosningar komust þeir að þeirri niðurstöðu að nú ættu þeir að sameinast. Þetta er svo fyrsta verkefnið, að samþykkja í þessu 500 manna sveitarfélagi að fara í nýja byggð sem liggur á mörkum þessa byggðarlags og Akraneskaupstaðar. Þessi byggð á að hýsa 400 manns. Í þessu sveitarfélagi er rekinn grunnskóli uppi í Leirársveit og á undanförnum árum hefur það verið helsta hlutverk sveitarsjóðs Innri-Akraneshrepps t.d. að borga fyrir flutning á börnum upp í þennan skóla. Þessir litlu hreppar, eins og þingmenn vita, hafa farið með nánast alla sína fjármuni, alveg upp í 90%, í það að borga fyrir skólaþjónustuna.

Ábyrgðin á þessu liggur í sölum Alþingis. Skilaboðin sem voru gefin hér í kringum það átak sem hæstv. félagsmálaráðherra hældi sér af í morgun voru þau að lýðræðislínan lægi við 50 manns, það ætti að viðhalda fyrirkomulagi eins og ég er að lýsa hér. Hvað gerir svo Jöfnunarsjóður sveitarfélaga? Hann borgar t.d. í þessu tilfelli flutninginn á börnunum yfir hlaðið á Grundaskóla á Akranesi upp í sveit, og börnin verða að sitja í bílunum og fara þessa leið í skólann sinn. Það er ekki næsti skóli, það er ekki skólinn sem er í 500 m fjarlægð. Nei, nei, það er skólinn sem er uppi í sveit. Á sama tíma heimta menn norður í Svarfaðardal að fá að skilja sig frá því sveitarfélagi sem samþykkt var að þeir yrðu hluti af vegna þess að þar var verið að leggja niður skóla og þurfti að keyra börnin eins og helminginn af þeirri leið sem ég er að lýsa í skóla inn á Dalvík.

Það vekur líka upp spurninguna: Hvernig stendur á því að lýðræðislínan liggur bara í aðra áttina? Af hverju eru menn á þeirri skoðun að lýðræðislínan við 50 íbúa markið liggi bara þegar um það ræðir að sameina eigi sveitarfélög en ekki þegar mönnum líkar illa og mundu vilja skiljast í sundur? Nei, það má náttúrlega ekki, það gæti ekki gengið, þá sjá menn hætturnar alls staðar. Einhver blokkin gæti tekið upp á því að heimta sjálfstæði sem segir auðvitað sitt um það hvers konar fyrirkomulag þetta er.

Ég verð að segja eins og er að ég get ekki verið kátur yfir þessu. Umræðan á fyrst og fremst heima hérna. Það er ekki hægt að sakast við fólkið í þessum litlu sveitarfélögum. Hún á heima hérna, þessi umræða. Hérna eiga skipulagsslysin upptök sín. Hérna liggur ábyrgðin á því að umræðan fyrir síðasta sameiningarátak snerist um það að þetta væri lýðræðið í landinu, lýðræðið væri fólgið í því að menn ættu að kjósa um þetta. Auðvitað er þetta ekki í lagi. Með þeirri aðgerð sem síðast var farið í er að mínu viti verið að fresta verulega umbótum á sviði sveitarstjórnarmála. Ég er svo sannarlega á þeirri skoðun að sveitarfélögin þurfi að stækka og eflast og þangað þurfi að flytja verkefni. Það þarf að vera hægt að sjá til þess að sveitarstjórnarmennirnir hafi möguleika til að sinna starfi sínu vel. Mörg þessara

sveitarfélaga geta ekki einu sinni borgað fólki fyrir að standa í þessu félagslega starfi. Þau þurfa að eflast af svo fjölmörgum ástæðum, þessi sveitarfélög í landinu. Hvað byggðamál varðar er efling og stækkun sveitarfélaganna eitthvert alnauðsynlegasta málið sem hægt er að ganga fram í.

Það er alveg skelfilegt að menn skuli hafa klúðrað því tækifæri sem var fólgið í þessu átaki sem hæstv. ráðherra stóð fyrir og ríkisstjórnin. Það þýðir ekkert að koma í sali Alþingis og halda því fram að þetta hafi, jú, einhver áhrif eftir á. Jú, kannski hefur það einhver áhrif en það hefði verið hægt að gera miklu betur. Þetta seinkar þeim möguleikum sem voru fyrir hendi.

Sú leið sem hæstv. ráðherra nefndi, að lítil sveitarfélög ættu að kaupa þjónustu af öðrum sveitarfélögum, svoleiðis mætti ná einhverri hagræðingu, lýsir bara þeim vandræðagangi sem er uppi. Það vantar bein í nefið á þeim sem eiga að vera hér í forustu. Til hvers eiga sveitarfélög að hafa sjálfstæði og vera svona smá ef þau eru svo vesöl að þau geta ekki veitt þjónustuna? Hvernig ætla menn að ramma inn sveitarfélög í landinu ef það eru ekki þjónustusvæðin? Hvað á þetta að þýða? Ég segi alveg eins og er að mér finnst þetta ekki boðleg umræða, mér finnst þetta ekki koma til greina. Hér í sölum Alþingis eiga menn að bera ábyrgð á því að sveitarfélög í landinu geti veitt þjónustuna. Ef niðurstaðan er sú, sem virðist vera breið pólitísk sátt um, að þjónustuna eigi að auka, hún eigi að verða meiri, það eigi að flytja fleiri verkefni til sveitarfélaganna. Ef menn eru búnir að segja A þá eiga menn líka að segja B. En A og B á ekki að gilda um mismunandi sveitarfélög, A og B á að gilda um framkvæmd ríkisvaldsins til að gera sveitarfélögunum þetta kleift, ekki að búnar verði til tvær sortir af sveitarfélögum.

Ég er ekki þar með að segja að ekki megi byrja að flytja einhver verkefni til sveitarfélaga sem geta tekið við þeim en menn verða að hysja upp um sig buxurnar í þessu máli og sjá til þess að sveitarfélögin í landinu geti tekið við þeim verkefnum sem eiga að fara þangað. Úr því sem komið er tel ég að hæstv. félagsmálaráðherra eigi að setja af stað vinnu, setja niður nefnd, ekki nefnd sem eigi að skila strax heldur nefnd sem fái það verkefni að vinna vel og vandlega að landakorti fyrir sveitarfélögin í landinu. Það landakort ætti að leggja fyrir Alþingi eftir einhver ár, ég ætla ekki að segja hvenær. Umræðan þarf sennilega að halda svolítið áfram og menn þurfa svolítið að fá að gleyma dellunni sem var í gangi í kringum þetta sameiningarferli þar sem menn komu því kirfilega að hjá fólki að lýðræðið í landinu snerist um að menn væru 50 í sveitarfélögum.

Það er ekki eitthvað sem menn geta snúið til baka með á auga lifandi bragði en það er nauðsynlegt að umræðan fari fram um þessi mál og ég skora á hæstv. félagsmálaráðherra að láta nú verða af því að setja nefnd í það að hugsa sveitarfélögin út frá þjónustusvæðum, atvinnusvæðum, landafræðinni — það segir okkur að það getur þurft að styðja við bakið á veikustu sveitarfélögum sem þannig eru í sveit sett að þau geti ekki orðið nógu stór til að standa undir verkefnunum. En menn hljóta með glöðu geði að koma til liðs við þau sveitarfélög sem þannig stendur á fyrir.

En það er erfitt að sætta sig við að menn skuli þurfa að bíða svo lengi eftir endurbótunum sem raun ber vitni og ég segi fyrir mig að mér finnst full ástæða til að draga athyglina að því hve loppið ríkisvaldið hefur verið í þessum málum og hvar ábyrgðin liggur á því ástandi sem er. Ég held að við höfum glatað miklum verðmætum í gegnum tíðina vegna alls konar skipulagsslysa og vegna þess að fólk hefur ekki fengið þá þjónustu í sveitarfélögum sem það hefði annars fengið ef þau hefðu verið öflugri og sterkari. Við höfum verið að tapa í baráttunni um byggð á landsbyggðinni, m.a. vegna þess að sveitarfélögin þar hafa verið veik og vesöl og framtíðin þarf að vera betri. Í henni þurfa að vera öflug sveitarfélög og ég skora á hæstv. ráðherra að koma af stað verkefni sem heitir „Framtíðarsveitarfélag á Íslandi". Það er ekki verkefni sem hægt er að ljúka alveg á næstunni, það þarf að taka sér tíma í það. Því miður hefur málið tafist.

[14:20]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tel það þarfa nýbreytni að leggja fyrir þingið skýrslu um sveitarstjórnarmál og taka hana til almennrar pólitískrar umræðu. Umræðan í dag hefur sýnt að það er ýmislegt sem þingmenn hafa fram að færa í þessum málaflokki.

Skýrslan sem við höfum fyrir framan okkur er að mínu viti reyndar fremur stöðuskýrsla en pólitísk yfirlýsing um stefnumörkun. Þó að auðvitað sé hægt að finna hluti í skýrslunni sem lúta að hinu síðara er hún fyrst og fremst stöðuskýrsla og ágæt sem slík. Ég held hins vegar að það væri skynsamlegt að huga að því í framhaldinu að semja slíka pólitíska yfirlýsingu eða stefnumörkun þar sem fram koma ákveðnar hugmyndir og tillögur frá ríkisstjórninni um hvernig menn vilja vinna að því að þessi málaflokkur þróist og breytist. Það er svo sem vel þekkt erlendis að setja fram skýrslur af þessum toga. Sumar eru kallaðar hvítbækur eða hvítskýrslur eftir því hvers eðlis þær eru. Kannski getum við kallað hana hvítbók sem hér er, hún er hvít, og þá mættum við kannski segja að stefnuskýrsla, ef hún kemur, gæti verið grænbók og hún yrði höfð í grænum lit þannig að við tökum kannski að þessu leytinu upp (**JÁ:** Hún þyrfti þá að koma fljótlega.) síði sem tíðkast víða erlendis. Já, já, hún þyrfti auðvitað að koma fljótlega, virðulegi forseti. Hún gæti komið t.d. næsta haust eða eitthvað slíkt. Ég held að það gæti verið mjög gaman að leggja slíkt skjal fyrir þingið og fara í gegnum þá pólitísku umræðu sem hún mundi kalla fram. Það er ekkert víst að allt sem í henni yrði mundi falla í frjóa jörð en hún mundi framkalla hugmyndir frá þingmönnum um hluti sem þeir vilja þá leggja áherslu á. Það verður þó að segjast um umræðuna, bæði þessa og þá fyrri, að hún er ansi mikið á sértækum nótum og minna á almennum pólitískum stefnumarkandi umræðum. Mér finnst svolítið skorta á það, virðulegur forseti.

Það sem ég vildi kannski drepa á í framlagi mínu til þessarar umræðu eru nokkur atriði sem lúta að kosningum til sveitarstjórnarstigsins, tekjustofnum, hlutverki sveitarstjórnarstigsins, eftirliti með því og stærð sveitarfélaganna.

Hvað varðar kosningar til sveitarstjórnarstigsins er bent á það í skýrslu ráðherra að sveitarstjórnarstigið sé hluti af framkvæmdarvaldinu. Ég held að formlega séð sé það rétt

skilgreint. Ég er a.m.k. í meginatriðum sammála henni en rifja þó upp að á það hefur verið bent, m.a. í grein sem Sigurjón heitinn Pétursson skrifaði fyrir um það bil 20 árum, að eðli sveitarstjórnarstigsins væri, vegna kosninga til þess, blandað stig og bæri nokkurn keim af löggjafarvaldinu líka. Þar sem um beina almenna kosningu er að ræða til sveitarstjórnarinnar, rétt eins og til Alþingis, hafi sveitarstjórnarmenn svipað pólitískt umboð og alþingismenn og að því leytinu til séu þeir í svipuðum stöðum og löggjafarvaldið þó að verkefni þeirra séu að formi til, og að mestu leyti efni til, tengd framkvæmdarvaldinu. Við sjáum að sveitarstjórnarmenn taka oft fyrir á fundum sínum í sveitarstjórnum og í byggðaráðum málefni sem heyra að formi til ekki undir sveitarstjórnir, eins og samgöngumál, stjórn fiskveiða og sjávarútvegsmál eða annað sem mönnum finnst brýn ástæða til að leggja áherslu á. Sveitarstjórnarmenn líta þá svo á að þeir séu kjörnir fulltrúar almennings í sínu sveitarfélagi og tali fyrir hönd hans, jafnvel í málum sem að formi til heyra ekki undir sveitarstjórnirnar. Við fáum oft erindi af þessum toga og ég verð ekki var við annað en að framkvæmdarvaldið, þ.e. ráðherra og þingmenn, viðurkenni þessa stöðu sveitarstjórnarmanna þegar hún kemur upp, taki við erindunum, ræði við þá sem fulltrúa íbúa sveitarfélagsins og leitist við að bæta úr eftir því sem hægt er.

Ég held að við ættum að skoða svolítið fyrirkomulag kosninganna. Ég held að við ættum að nota sveitarstjórnarstigið til að fikra okkur áfram með breytingar á kosningafyrirkomulaginu. Við erum í kosningum, bæði til sveitarstjórna og Alþingis, komin út í mjög stíft pólitískt flokkakerfi. Það má heita að öll þau einkenni sem lengi hafa verið í íslensku kosningakerfi til persónukjörs hafi verið þurrkuð út á tveimur síðustu áratugum eða svo. Við skulum t.d. rifja upp að kosningar til Alþingis voru lengi vel persónukosningar, einmenningskjördæmi eða tvímenningskjördæmi, og það er ekki fyrr en 1959 sem menn taka upp hreint hlutfallskerfi. Síðan hefur það þróast og er orðið mjög rígbundið flokkaframboðskerfi. Svipað má auðvitað segja um sveitarstjórnirnar. Ég held að við þurfum að fikra okkur dálítið út úr þessum farvegi. Ég held að menn ættu að skoða möguleika á því í fyrsta lagi að opna fyrir möguleika kjósandans til að raða á framboðslista þannig að hann raði upp þeim fulltrúum framboðsins sem hann vill kjósa og við leggjum þá í raun og veru niður prófkjörin eða innanflokksaðferðirnar við að raða upp. Í öðru lagi gætum við gengið jafnvel lengra og gert kjósandanum kleift að búa til sína eigin sveitarstjórn úr hópi allra þeirra sem bjóða sig fram. Við getum haft tvo möguleika á því, annars vegar að kjósandinn velji flokk eða lista, raði síðan saman sveitarstjórn með nöfnum og hafi heimild til að velja úr öllum frambjóðendum. Síðan fær hver listi fulltrúafjölda í samræmi við atkvæðamagn þannig að menn mundu raða inn fulltrúum í samræmi við það. Hinn kosturinn væri að hafa þetta algerlega persónubundið en ekki bundið við flokkaframboð og þá mundu þeir fara inn í sveitarstjórn sem væru valdir af kjósendum. Þá væru þeir farnir að nálgast dálítið mikið óhlutbundið kosningakerfi.

Annar möguleiki sem ég sé í þessu, ef menn sjá ekki leið til að fara inn á þessa braut, er kannski að horfa til gamalla hugmynda. Á það er bent í skýrslunni að sveitarstjórnarstigið sé hluti af framkvæmdarvaldinu. Rifjum það upp að fyrir rúmum 20 árum var framboð til alþingiskosninga sem lagði áherslu á að framkvæmdarvaldið væri kosið beinni kosningu, þ.e. það væri þá forsetinn, oddviti ríkisstjórnarinnar, sem væri kosinn og hann mundi síðan velja aðra ráðherra með sér. Kosningar til framkvæmdarvaldsins yrðu teknar upp, ekki bara löggjafarvaldsins og þingflokkar þess mundu síðan kjósa ríkisstjórnina, heldur yrði ríkisstjórnin sjálf kosin beint. Þetta er þekkt erlendis eins og t.d. í Frakklandi og það er svipað kerfi, kannski ekki eins en svipað, í Bandaríkjunum. Þá mætti hugsa sér að opna fyrir val á helstu valdamönnum sveitarstjórnarstigsins sem eru ekki bara sveitarstjórnarmennirnir heldur bæjarstjórarnir þannig að menn gætu kosið bæjarstjóra eða kosið sveitarstjórnarmennina inn í ákveðin embætti. Kjósandinn hefði þannig meira val og þegar hann velur hvern hann vill fá inn í sveitarstjórn gæti hann líka sagt: Ég vil fá þennan mann til að stjórna félagsmálunum eða þennan mann til að vera bæjarstjóri. Kjósandinn fengi þá að ráða meiru en bara að velja þá sem sitja í sveitarstjórninni, líka þá sem fara með ákveðin embætti, hvort sem það er embætti bæjarstjóra eða embætti formanns eða oddvita í málaflokki. Þetta held ég að menn ættu að skoða til að reyna að brydda upp á breytingum í kosningafyrirkomulaginu til að auka valfrelsi kjósandans, til að auka áhrif hans á það sem tekur við eftir að kosningum lýkur.

Í öðru lagi mætti styrkja sveitarstjórnarlöggjöfina með því að setja inn ákvæði, frekar en nú er, um almenna atkvæðagreiðslu um einstök mál rétt eins og við erum að tala um við endurskoðun stjórnarskrárinnar, þ.e. um það hvernig almenningur getur komið að ákvörðun einstakra mála á milli alþingiskosninga.

Ég nefni þessi atriði sem mér finnst að menn ættu að velta fyrir sér og setja fram hugmyndir um til breytinga á í þá veru að auka áhrif og valfrelsi kjósandans frá því sem nú er.

Í öðru lagi varðandi kosningar í ljósi nýafstaðinna prófkjara í Reykjavík sem er svo stórt sveitarfélag að prófkjör þar verða mjög umfangsmikil og kostnaðarsöm. Það hefur verið dregið fram í fréttum að kostnaður við prófkjör einstakra frambjóðenda hefur hlaupið á milljónum. Þeir sem hafa tekið þátt í prófkjörum af einhverri alvöru verja til þess kannski upphæðum frá 2 millj. kr. upp í 9–10 millj. kr. sem eru hæstu tölur sem ég hef heyrt að einn frambjóðandi hafi varið til þessa í kosningabaráttu sína sem er þá bara kosningabarátta um sæti á lista flokks en ekki kosningabarátta fyrir sjálfar sveitarstjórnarkosningarnar. Þarna eru menn komnir út á svið sem þarf að taka á, við þurfum að ræða það hvort ekki sé nauðsynlegt að setja einhverjar reglur eða löggjöf um prófkjör og kannski líka, og ekki síður, um kosningarnar sjálfar.

Ég tek eftir því í þeim prófkjörum sem hafa farið fram að undanförnu að í raun og veru er árangur í nokkru samræmi við fjáreyðslu. Þeir sem hafa eytt mestu fé til kosningabaráttu sinnar hafa oftast nær náð bestum árangri. Það virðist vera tiltölulega gott beint samband milli útgjalda og árangurs og það mun að mínu viti leiða til þess í næstu lotu, eftir fjögur ár, að þróunin haldi áfram á sömu braut, að menn fari að kosta meiru til í prófkjörum innan flokka. Ég

held að það sé afar varhugaverð þróun þegar skipan framboðslista er farin að ráðast meira og minna af aðgangi að fjármagni. Þetta er auðvitað sama umræða og menn hafa verið með varðandi kosningar sjálfar og stjórnmálaflokkana og ég held að ekki verði hjá því komist að ræða í fyllstu alvöru um að setja löggjöf um fjármagn sem menn mega verja til framboða, hvort sem það er framboð til kosninga eða til prófkjörs innan flokka meðan það form verður við lýði.

Ég bendi á þetta, virðulegi forseti, sem atriði sem menn þurfa að setjast yfir og koma sér saman um hugmyndir um eða a.m.k. ræða í hinni pólitísku umræðu um sveitarstjórnarstigið.

Í öðru lagi tel ég að tekjur sveitarfélaga eigi sem mest að vera ákvarðaðar af sveitarstjórnunum sjálfum og greiddar af íbúum og atvinnurekstri sveitarfélagsins þannig að uppspretta teknanna sé fyrst og fremst innan sveitarfélagsins. Þó að auðvitað verði ekki hjá því komist að hafa einhverja jöfnun eins og menn hafa haft í formi jöfnunarsjóðs þykir mér hann vera farinn að gegna of veigamiklu hlutverki í fjáröflun of margra sveitarfélaga til að það sé fyrirkomulag sem við eigum að styðjast við til frambúðar. Ég held að menn eigi að draga úr þýðingu jöfnunarsjóðs og styrkja og breikka tekjustofna sveitarfélaga þannig að þeir séu ekki bara af beinum sköttum, heldur líka af óbeinum sköttum og í þriðja lagi líka af atvinnurekstri. Í dag eru tekjur sveitarfélaga af atvinnurekstri nánast hverfandi. Það eru fyrst og fremst fasteignagjöld eða vatnsgjöld sem sveitarfélög hafa af atvinnustarfsemi en í raun og veru er sambandið á milli atvinnureksturs og sveitarfélagsins nánast horfið eftir að aðstöðugjaldið sáluga var lagt af.

Ég læt hér staðar numið núna, virðulegur forseti, (Forseti hringir.) en held áfram umfjöllun minni um sveitarstjórnarstigið í minni síðari ræðu.

[14:35]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér skýrslu hæstv. félagsmálaráðherra um sveitarstjórnarmál. Ég vil í upphafi máls míns eftir að hafa lesið skýrsluna nota tækifærið og hrósa hæstv. ráðherra fyrir hana. Þetta er mjög góð að mörgu leyti og fróðleg samantekt um sveitarstjórnarmál. Ég las skýrsluna mér bæði til mikillar ánægju og fróðleiks. Ég verð að segja að hér er komið fram á sjónarsviðið mjög gagnlegt plagg, einkum þegar litið er til þess að það eru kosningar til sveitarstjórna í vor. Búið er að taka saman með aðgengilegum og auðlesnum hætti mikið af grundvallarupplýsingum um sveitarstjórnarmál sem getur gagnast fólki mjög vel, til að mynda fólki sem hyggst taka þátt í kosningunum í vor. Ég vil fá að segja sem formaður þingflokks Frjálslynda flokksins að ég hef gefið út fyrirskipun um að pantaðir verði nokkrir tugir eintaka af skýrslunni til að dreifa meðal míns fólks svo það geti lesið þetta. Mælst verður til þess að fólk kynni sér mjög vel efni skýrslunnar í mínum stjórnmálaflokki a.m.k., Frjálslynda flokknum, því eins og ég sagði áðan er hér samankomið mikið af gagnlegum upplýsingum.

Það er af mjög mörgu að taka í skýrslunni og ræðutíminn er allt of stuttur til að fara yfir allt sem um er fjallað. Mig langar aðeins að koma inn á í fyrri ræðu minni a.m.k. hlutverk sveitarfélaga og hlutverk þeirra sem bjóða sig fram til að starfa fyrir þau. Fram kemur í skýrslunni hvert hlutverk sveitarfélaga er, að sjálfsögðu. Það dylst engum sem les skýrsluna að hlutverk sveitarfélaga er mjög margþætt og það hljóta að vera gerðar miklar kröfur til þeirra sem takast á hendur trúnaðarstörf fyrir sveitarfélög. Við höfum séð á undanförnum árum að stór og viðamikil verkefni hafa verið að færast frá ríkinu yfir til sveitarfélaga og hafa bæst við mjög víðtæk og oft og tíðum flókin verkefni sem sveitarfélögin höfðu áður á hendi sér. Við getum nefnt alls konar velferðarþjónustu, grunnskólareksturinn, rekstur ýmiss konar félagsþjónustu og tæknilega þjónustu eins og gatnagerð, veiturekstur og annað sem því fylgir. Við getum talað um skipulags- og byggingarmál, menningarmál, íþróttamál og hluti tengda atvinnulífi í sveitarfélögunum. Þetta er svo sannarlega mjög margþætt og eflaust mjög flókið fyrir þá sem vinna í sveitarstjórnum að halda utan um þetta allt saman og hafa stjórn á þessu. Eins og ég sagði áðan hljóta að vera gerðar kröfur um að fólk standi sig í því sem það hefur boðið sig fram til að gera, að takast á herðar þessi miklu og mikilvægu trúnaðarstörf.

Fram kemur m.a. í skýrslunni að það eru mörg sveitarfélög á Íslandi. Það hlýtur því að vera mikil þátttaka meðal borgaranna í sveitarstjórnarmálum. Í skýrslunni kemur fram, þó tölurnar séu kannski orðnar svolítið gamlar þá eru þær fyllilega réttmætar enn sem komið er, að árið 2002 voru boðnir fram listar í 66 sveitarfélögum. Það voru hvorki meira né minna en tæplega 3.000 einstaklingar í framboði á rétt tæplega 200 listum. Árið 2002 þusti því tæpt 1% þjóðarinnar fram á vígvöll stjórnmálanna til að taka þátt í kosningum. Mér finnst þetta nokkuð vel af sér vikið og það kom mér svolítið á óvart hvað talan var há. Tæplega 3.000 einstaklingar sem tóku þátt í framboði, 1,4% af þeim sem eru á kjörskrá. Þetta sýnir kannski hversu mikill áhugi er þrátt fyrir allt hjá fólki á málefnum sveitarfélaga sinna. Skyldi engan undra því þetta varðar nærumhverfi fólks og það vill hafa einhver áhrif á sínar lífsaðstæður og sín lífskjör að hluta til og hvernig framtíðin er mótuð í þeim sveitarfélögum þar sem fólk býr. Það á ekkert að koma svo mjög á óvart. Ég held að við þekkjum það öll að okkur stendur ekki á sama um hvernig málum er háttað í okkar sveitarfélögum, málum sem varða til að mynda öldrunarþjónustu eða skólamál barnanna okkar, leikskólamál, gatnagerð, íþrótta- og tómstundamál og menningarmál. Þetta skiptir að sjálfsögðu allt miklu máli og hefur mikið að segja varðandi lífsgæði borgaranna á hverjum og einum stað.

Í skýrslunni er aðeins fjallað um hvaða ógnir steðji að sveitarstjórnum á Íslandi m.a. hvað þetta varðar. Mér finnst á margan hátt að þar séu hlutirnir ágætlega orðaðir. Á bls. 70 er talað um hverjar helstu ógnanir séu. Helsta ógnun margra sveitarfélaga á Íslandi er neikvæð íbúaþróun. Þarna hygg ég að sé komið að stærsta úrlausnarefni sem bíður stjórnvalda í dag, ekki bara í sveitarstjórnarmálum, heldur byggðamálum almennt, þ.e. hvernig við ætlum að fara að því að snúa við þeirri neikvæðu íbúaþróun sem á sér stað allt of víða úti á landi. Ég hef margoft talað um þetta í þessum ræðustól og bent á þetta vandamál og talað líka um

leiðir til úrlausnar því ég hygg að þarna sé fyrirliggjandi mikil áskorun. Þetta er að sjálfsögðu ekki einfalt mál.

Ég hef gagnrýnt að hluti ástæðnanna liggi í því að lífsbjörgin hafi verið tekið frá allt of mörgum byggðarlögum, þ.e. aðgangur byggðanna til að nýta sínar mikilvægustu náttúruauðlindir hefur verið stórlega skertur með vitlausum ákvörðunum sem hafa verið teknar í þessum sal, því miður. Ég stend að sjálfsögðu fast við þær yfirlýsingar. Það hefur mikið að segja að fyrir hendi sé atvinna á þessum stöðum, það er grundvöllur þess að fólk vilji búa þar. Ef þetta er tekið frá fólki, þá, eins og hæstv. ráðherra sagði í morgun, kýs það með fótunum. Það fer eitthvað annað, flyst á brott.

Eins og segir í skýrslunni orðrétt, með leyfi forseta:

„Íbúafækkun getur í sumum tilvikum skapað andrúmsloft örvæntingar og vonleysis sem ýtir sveitarstjórnum út á ystu nöf þess sem getur talist ábyrg fjármálastjórn. Íbúar margra sveitarfélaga vænta þess að sveitarstjórnin hafi forustu um atvinnuþróun byggðarlagsins og grípi inn í til að tryggja atvinnutækifærin. Slíkur þrýstingur getur leitt sveitarstjórnir inn á þá braut að taka beinan þátt í atvinnulífinu með tilheyrandi áhættu."

Þetta er alveg hárrétt og sýnir kannski enn og aftur hversu mikil áskorun, hversu erfitt verkefni það getur verið fyrir borgara landsins að gefa sig að sveitarstjórnarmálum og fara í framboð til sveitarstjórna. Ég skil mjög vel að mörgum ói hreinlega við að takast á hendur þá ábyrgð. Það fylgir þeim störfum mikill erill oft og tíðum, hygg ég, og fólk veit að það er að taka á hendur sér mikla áhættu ef illa fer, kannski vegna atburðarásar sem það ræður einungis við að litlu leyti.

Þá kem ég einmitt að öðru sem ég rak augun í í skýrslunni þar sem fjallað er um kjör þeirra sem bjóða sig fram til sveitarstjórna. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir minntist á þetta áðan í ræðu sinni. Mig langar aðeins að nefna þetta líka því þegar ég var að lesa skýrsluna rak ég einmitt augun í þennan texta. Ég finn hann ekki núna. En í framhaldi af því fór ég að skoða þetta svolítið nánar og fór inn á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga og fann þar könnun, könnun á kjörum sveitarstjórnarmanna og framkvæmdastjóra sveitarfélaga og greiðslum til nefndarmanna hjá íslenskum sveitarfélögum. Könnun sem var gerð eftir kosningarnar síðustu árið 2002. Þetta eru að vísu svolítið gamlar tölur og ég hefði gjarnan viljað sjá að svona könnun hefði verið gerð nú í aðdraganda kosninganna í vor.

Ég verð að segja að eftir að hafa lesið könnunina var mér verulega illa brugðið. Ég held að þetta sé mál sem við hljótum að verða að taka til endurskoðunar og opinskárrar umræðu. Hvers vegna er mér brugðið? Jú, mér er brugðið vegna greiðslnanna sem fólk fær fyrir að takast á hendur þessi ábyrgðarstörf. Fólk er að stíga fram fyrir skjöldu og takast á hendur oft og tíðum mikla ábyrgð og erfið verkefni. Ég verð að segja að sú þóknun sem er greidd fyrir verkefnin er skammarlega lág miðað við það sem stendur í skýrslunni. Nú vona ég svo sannarlega að tölurnar hafi eitthvað hækkað síðan árið 2002 og eflaust hafa þær gert það. En ef maður flettir og skoðar sveitarfélögin jafnvel af mismunandi stærð, hér er greint niður í 100–200 íbúa, 200–500 íbúa, 500–1.000 íbúa, 1.000–2.000 íbúa, 2.000–5.000 íbúa og yfir. Alls staðar verð ég að segja að greiðslur til fulltrúa í sveitarstjórnum eru skammarlega lágar og fyrir neðan allar hellur. Greiðslur fyrir setu í nefndum, sem oft hljóta að vera mikilvægar nefndir, til að mynda skólanefndir og aðrar nefndir eru beinlínis hlægilegar.

Þegar við sjáum hvernig þróunin hefur verið að undanförnu við lestur skýrslunnar og sjáum hversu flókin sveitarstjórnarmálin eru, hversu margir samverkandi þættir eru þarna, hversu vandasamt og ábyrgðarfullt það hlýtur að vera fyrir fólk að taka þátt í þessum störfum held ég að allir hljóti að sjá að það er virkilega kominn tími til að endurskoða þessa hluti og taka þessa umræðu finnst mér. Við getum ekki ætlast til að fólk takist á hendur slík verkefni án þess að því sé umbunað með sanngjörnum hætti. Ef ástandið er jafnslæmt nú og það var árið 2002 er virkilega kominn tími til að þessir hlutir verði skoðaðir.

Ég vildi fá að koma þessu að án þess að vera með neina afskiptasemi, nota tækifærið og beina þeim tilmælum út á við að þetta verði endurskoðað. Þjóðfélagsþróunin hefur verið þeim hætti, ef svo má segja, að fólk á ekki í vandræðum lengur með að verja tíma sínum í eitthvað annað en að vasast í stjórnmálum, hvort sem það er í sveitarstjórnarpólitík eða landsmálapólitík. Frístundatækifærin eru svo mörg í dag. Ég held að við vitum öll sem erum á hinum daglega vettvangi stjórnmálanna að það er ekkert sjálfsagður hlutur í dag til að mynda að fá fólk til að taka þátt í stjórnmálavinnu. Það er ekkert auðvelt. Ég hygg jafnvel að það sé að verða erfiðara og erfiðara með tímanum að fá fólk til að gefa sig að þessu því þessu fylgir oft og tíðum mikið álag, óregluleg vinna, nefndasetur, fundir og annað sem á sér stað jafnvel á þeim tíma þegar fólk ætti annars að eiga frí. Þess vegna held ég að það hljóti að vera bæði eðlilegt og sanngjarnt að öll þessi mál verði tekin til endurskoðunar. Við hljótum öll að sjá það.

Ég sé að tíma mínum er að ljúka, virðulegi forseti. Ég ætla því ekki að fara í fleiri þætti í þessari ræðu minni en óska hér með eftir því að ég verði settur aftur á mælendaskrá svo ég geti flutt seinni ræðu mína.

[14:49]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og margir aðrir þingmenn sem hér hafa talað byrja á að þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir að gefa færi á þessari umræðu í dag, því við fjöllum um ákaflega mikilvægt efni, þ.e. stöðu sveitarfélaganna og sveitarstjórnarstigsins í landinu. Þar er vissulega margs að gæta og engan veginn hægt að tala um sveitarfélögin sem eitthvert eitt fyrirbæri, ekki sem tvenns konar fyrirbæri, heldur eru mjög margar og misjafnar útgáfur til af sveitarfélögum ef svo má segja, ekki bara hvað mannfjölda varðar, ekki hvað legu landsins varðar eða fjárhagslega afkomu eða hvar maður getur komið að því, heldur er óendanlegur fjölbreytileiki sem þar á við.

Hæstv. félagsmálaráðherra sagði í framsöguræðu sinni að á landinu væru mjög mörg öflug sveitarfélög sem gætu skapað góðan grunn fyrir atvinnulíf. Mín skoðun er sú að tæplega sé hægt að tala um mörg sveitarfélög sem þannig eru staðsett. Vissulega nokkur en það er mjög fljótlegt að telja upp hvar þau sveitarfélög eru staðsett á landinu. Það eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og í næsta ná-

grenni, það verða væntanlega bráðlega sveitarfélögin á Miðausturlandi þar sem miklar framkvæmdir standa yfir þessa dagana og munu standa yfir næstu árin. Það er Akureyri en síðan er að mínu mati dæminu lokið, því sveitarfélögin annars staðar á landinu eru því miður veikburða, misveikburða en þau eru veikburða.

Ef við tökum mitt kjördæmi, Norðvesturkjördæmi, sem dæmi þá er hið gamla Norðurland vestra og Vestfirðir tvö tekjulægstu svæði landsins, enda hafa þau einkennst í tímans rás af landbúnaði og fiskveiðum. Það eru hvort tveggja greinar sem eru á undanhaldi og landbúnaður er þar að auki starfsgrein sem hefur skilað mjög litlum tekjum til þeirra sem við hana starfa. Á svæðunum báðum hefur orðið samdráttur í opinberum störfum. Jafnvel á Ísafirði, þar sem á að heita byggðarkjarni samkvæmt áætlun byggðamálaráðherra, hefur verið dregið saman í opinberum störfum. En einnig hefur verið reynt að bæta aðeins í þar en þegar dæmið er tekið saman er ég næsta viss um að enn hallar á Ísfirðinga, því miður. Bæði á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum fækkar í öllum sveitarfélögum. Hugsanlega er kannski hægt að finna einn sveitahrepp þar sem hefur fæðst barn á síðasta ári, og ekki dáið maður en þá fækkar. Það þarf svo lítið til þess að mynda sveiflu í fámennum sveitarfélögum og þau eru því miður allt of mörg þessi pínulitlu sveitarfélög á umræddum svæðum. Tilhneigingin er sem sagt sú að það fækki alls staðar. Ef við förum í austur þá fækkar á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, ekki á Akureyri, alls staðar austan við Akureyri, alveg austur að Miðausturlandi þar sem ríkið hefur staðið fyrir framkvæmdum. Síðan getum við haldið áfram suður og vestur á ný í grennd við Selfoss þangað til við förum að sjá einhverja fjölgun. Ég held að ég muni rétt að jafnvel á Suðurnesjum fækki í sumum sveitarfélögunum.

Þetta er alvarlegt. Þetta hefur í för með sér að sveitarfélögin verða af tekjum. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er fækkun, minnkandi tekjur og einhæft atvinnulíf ein af meginorsökunum fyrir vanda byggðarlaganna og þar með vanda sveitarfélaganna. Mín skoðun er sú að ríkisvaldið hafi ekki komið nóg til móts við þá þróun því að það er vissulega í valdi ríkisvaldsins að breyta einhverju í þessu efni. Það er hægt með því t.d. að stækka sveitarfélög með lagaboði og færa þeim í kjölfarið verkefni. Verkefnatilfærsla frá ríki til sveitarfélaga er afskaplega mikilvæg. Hún er ekki síst mikilvæg vegna þess að störf sem eru unnin á vegum ríkisins krefjast flest menntunar.

Á landsbyggðinni hallar líka mjög á fólk hvað varðar menntunarstig. Það er eðlilegt því að fólki úti á landi sem menntar sig bjóðast ekki störf við hæfi og það flytur þess vegna á mölina, eins og sagt er, til þess að fá betur launuð störf og oft á tíðum þægilegri, skemmtilegri og tryggari, ekki má gleyma því, en undirstöðugreinarnar, t.d. fiskveiðar og -vinnsla sem stendur víða á brauðfótum úti á landi, ekki síst fyrir tilstilli gengisþróunar undanfarinna ára.

Ég minntist á menntunarstig úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu. Ég fékk svar fyrir nokkru um menntun fólks á aldrinum 20–40 ára á landsbyggðinni annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar. Ég spurði um þennan aldur því þetta er aldurinn sem er undirstaða framtíðarinnar, þetta er fólkið sem er að eiga börn og er oft frumkvöðlar í atvinnulífi. Hærra hlutfall í þessum aldursflokki hefur aflað sér menntunar og þekkingar en eldra fólk, eðlilega. Á höfuðborgarsvæðinu eru 28% í þeim aldursflokki sem hefur aðeins lokið grunnskólaprófi. Það er hrikalega há tala sem þarf að taka á. Þessu fólki þarf að gefa færi til að mennta sig og afla sér þekkingar. Það hefur ekki verið staðið nógu vel að því, því það kom fram í svari menntamálaráðherra fyrr í haust að af þeim 119 sem ekki fengu inni í framhaldsskólum í Reykjavík í haust voru langflestir fullorðnir. Það er grafalvarlegt mál því að fullorðna fólkið sem ætlar að fara að mennta sig hefur oft tekið langan tíma í að tala í sjálft sig kjark og þegar það fer af stað fær það ekki inni. Það er alvarlegt.

Úti á landi eru 45% af aldursflokknum 20–40 ára sem hafa aðeins lokið grunnskólaprófi. Í Reykjavík hafa 26% þessa aldursflokks lokið háskólaprófi. Við ættum kannski að miða við annað aldursbil þarna af því að fólk hefur auðvitað ekki lokið háskólaprófi um tvítugt eða rétt upp úr tvítugu, það tekur nokkur ár að ljúka því námi. Engu að síður er þetta sambærilegt við 14% á landsbyggðinni, 26% á höfuðborgarsvæðinu. Þarna þarf að bæta úr. Þetta skiptir máli í sambandi við þróun sveitarstjórnarstigsins.

Hæstv. ráðherra talaði um í framsöguræðu sinni að komið hefði fram sú hugmynd að fela öflugasta eða stærsta sveitarfélaginu á ákveðnum svæðum framkvæmd verkefna en önnur sveitarfélög semji um að þetta tiltekna sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir þau. Þetta gæti verið hugmynd, ég ætla ekki að afskrifa hana, en mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann skilgreinir svæðin. Eins og heyrst hefur á máli manna hér í dag er umræða um byggðamál og umræða um sveitarstjórnarmál nátengd og eru eiginlega tvær hliðar á sama peningi og óaðskiljanleg. Í byggðaáætlun er talað um þrjá kjarna sem eiga að vera bjargráð fyrir landsbyggðina, Ísafjörð, Akureyri og Miðausturland. Mín skoðun er sú að þetta sé röng hugmyndafræði, það skipti engu máli t.d. fyrir Húnavatnssýslur eða Þingeyjarsýslur þó að Akureyri sé styrkt. Það skiptir engu máli fyrir suðurhluta Vestfjarða eða Strandasýslurnar þó að Ísafjörður sé styrktur. Þessi svæði hafa enga möguleika á daglegum samskiptum við þessa svonefndu byggðarkjarna sem þarna er um rætt. Forsenda fyrir því að t.d. Ísafjörður geti þjónustað suðursvæði fjarðanna eins og þeim er ætlað er að sjálfsögðu að komið verði á vegasambandi þarna á milli sem er ekkert í dag. Það er ekkert hægt að ferðast þarna á milli tvo þriðju úr árinu með nokkurri vissu, enda sækja t.d. nemendur frá Patreksfirði, Bíldudal, Tálknafirði og sveitunum þar í kring til Akraness, á Snæfellsnesið eða eitthvert annað í skóla. Það eru miklu betri samgöngur þangað, fólk getur komist heim til sín á einfaldari og ódýrari hátt. Mín skoðun er sú að það megi styrkja og eigi að styrkja eins konar þjónustukjarna eða hvað við köllum það, sveitarfélög, bæjarfélög á tilteknum svæðum en þau verða að vera skynsamlega afmörkuð í tíma, þ.e. í tíma sem tekur að ferðast til svæðanna. Þau verða líka að taka mið af landfræðilegum aðstæðum.

Ég tek undir með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem ræddi áðan um stöðu kvenna í stjórnmálum á Íslandi. Hún er alls ekki góð og ég álít að félagsmálaráðuneytið geti vel tekið til hendinni í því efni, m.a. með því að beita sér á einhvern hátt í kjaramálum sveitarstjórnarmanna, því að það er eins

og hv. þingmaður kom inn á hluti af skýringunni á því að fólk er tregt til að taka að sér þessi störf. Einnig eru margir tregir til að taka að sér stjórnunarstörf í mjög miklu návígi eins og er í minnstu sveitarfélögunum. Við erum oft að taka á erfiðum og vandasömum málum í sveitarstjórnunum og þegar við erum alltaf að fást meira og minna við málefni mannsins á næsta bæ eða í næsta húsi þá getur það auðvitað orðið erfitt og mjög vandasamt. Þarna er því komin líka enn ein ástæðan fyrir því að reyna að stuðla að stækkun sveitarfélaga.

Ég vildi óska að hæstv. félagsmálaráðherra tæki höndum saman við byggðamálaráðherra að reyna að efla byggðirnar því að þrátt fyrir allt sýnist mér nú félagsmálaráðherra hafa meiri skilning á því hvað til þarf en hæstv. byggðamálaráðherra. Ég vil taka sem dæmi þann fyrirhugaða flutning á opinberum störfum út á land sem hæstv. ráðherra hefur hugsað sér að standa fyrir en í næstu drögum að byggðaáætlun er ekki á dagskrá að flytja opinber störf út á land, ég tók eftir því, en það var í hinni eldri áætlun. Kannski er það vegna þess að samstarfsflokkurinn hefur engan áhuga á því. Hann virðist ekki hafa mikinn áhuga á að taka þátt í þessari umræðu eins og hefur verið bent á hér fyrr í dag.

[15:05]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við erum hér að ræða mikla skýrslu félagsmálaráðherra um sveitarstjórnarmál. Ég vil taka undir með mörgum þingmönnum sem hafa þakkað sérstaklega fyrir þessa skýrslu. Hún er upplýsandi á margan hátt með mörgum og fínum töflum og tölulegum staðreyndum og er líka ákveðin sagnfræði. En ætti auðvitað líka að vera dálítið stefnumarkandi fyrir framtíðina.

Hv. þm. Þuríður Backman kom aðeins inn á það í ræðu sinni að eitt af stefnumálum okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er gjaldfrjáls leikskóli og við höfum lagt fram um það mál hér á þingi. Ég sakna þess aðeins að það er ekki tekið á svoleiðis málum hér, þ.e. hvernig ríkið geti komið inn í til að auðvelda sveitarfélögunum að efla þjónustu sína og mál sem hafa fleiri flokkar hafa tekið upp, sem betur fer, og gert að stefnumálum sínum þannig að þau geti komist í framkvæmd. Umræðurnar í dag hafa mikið snúist um þetta. Hvernig er hægt að efla sveitarstjórnarstigið? Við vitum það öll að mörg sveitarfélög hafa verið í fjársvelti, hafa átt erfitt með að standa undir grunnþjónustunni og því miður hefur ríkisvaldið ekki komið nægilega til móts við sveitarfélögin til að þau geti uppfyllt lögbundin skilyrði sín. Þetta ber auðvitað að skoða sérstaklega. Ég vara líka við því að minni sveitarfélög séu svelt til sameiningar. Það kom reyndar í ljós í kosningunum hér í haust, sameiningarkosningum, að ekki voru allir eins upprifnir af sameiningu eins og sumir héldu. Sú kosning fór auðvitað þannig að það varð afar lítil sameining sem átti sér stað. Í kjölfarið hafa þó nokkur sveitarfélög sameinast. Nú síðast var kosið um að Ólafsfjörður og Siglufjörður sameinuðust og ég held að það sé mjög jákvætt. Íbúar á þessum stöðum voru mjög fylgjandi því vegna þess að þeir sjá fram á bættari samgöngur á milli sveitarfélaganna, og eins og ég hef komið inn á í öðrum ræðum hér á þinginu, þá hyllir undir að framhaldsskóli verði stofnaður á þessu svæði sem þjóni þá íbúum Dalvíkur, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Það er auðvitað afar mikilvægt skref að færa þá þjónustu heim í sveitarfélögin því við þekkjum það öll að þegar börnin komast á framhaldsskólaaldur er það þungur róður fyrir fjölskyldur að senda þau í burtu í heimavistarskóla og stundum komast þau ekki í heimavist og þurfa þá að leigja húsnæði. Það er mikið byggðasjónarmið að sem flestir eigi kost á framhaldsnámi í heimahéraði sínu.

En sameiningar hafa því miður ekki alltaf verið til góðs. Til dæmis kvarta margir í Svarfaðardal undan sameiningu þriggja sveitarfélaga þar og sambúð þeirra hefur ekki alltaf gengið vel, því miður. Þar hafa skólamálin einmitt verið í brennidepli. Það hefur verið komið inn á það fyrr í dag að er auðvitað einkennilegt að það sé bara hægt að sameina sveitarfélög, en ef kemur síðan eitthvað upp í sveitarfélaginu sem kallar á að hluti íbúanna álíti að málum sínum sé betur stýrt í minni sveitarfélagi, þá sé ekki hægt að skipta þeim upp aftur. Þau rök sem hafa komið fram gegn þessu eru t.d. að þá gæti Breiðholtið klofið sig frá Reykjavík, eða eitthvað svoleiðis. En ég held í raun veru snúist málið alls ekki um það. Ef sveitarfélög sameinast og sameiningin gengur ekki eins og skyldi fyrir íbúana, þá ætti að vera hægt að skipta þeim upp aftur. Ég mundi nú fagna því ef hæstv. félagsmálaráðherra mundi taka jákvætt í þessar hugmyndir frekar en að slá þær út af borðinu.

Það hefur verið komið inn á það hér að hlutur kvenna sé ekki mjög mikill í sumum sveitarstjórnum og það er farið yfir það hér í töflum og stöplaritum. Þróunin hefur verið í jákvæða átt, en er því miður ekki hröð. Það er t.d. alveg ferlegt að enn þá, árið 2006, skuli vera 10 sveitarstjórnir þar sem engin kona situr. Við skulum nú vona að það breytist í kosningunum í vor, en betur má ef duga skal. Nú hefur verið gert átak í að efla þátttöku kvenna í sveitarstjórnum og það er vel og ég held að það hafi gefið góða raun og tekist ágætlega. En það er greinilega ekki nóg að gert og hér hefur verið komið inn á að kannski þarf að efla eða bæta starfskjör þeirra sem sitja í sveitarstjórnum. Sveitarstjórnarstigið er auðvitað nærþjónusta. Við þekkjum að fólk situr í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins og stundum hefur verið talað um að í of stórum sveitarfélögum sé þetta of fjarlægt. Þetta sé komið of langt frá hinum einstaka íbúa. Hann telji sig ekki geta haft áhrif á fulltrúa sína í sveitarstjórn. Úr þessu hefur verið reynt að bæta, t.d. með hverfaráðum, og auðvitað eru til alls konar leiðir til að laga þetta og koma í veg fyrir að aukin fjarlægð skapist á milli sveitarstjórnarmanna og íbúanna. Þetta hafa einmitt verið rök margra sem vilja ekki sameinast, þar sem lögð hefur verið fram tillaga um að lítil sveitarfélög sameinist stærri sveitarfélögum. Þá virðist íbúarnir hræddir við að missa ítök og áhrif þegar þeir hafa fulltrúa sína ekki í nálægð við sig. Þannig er þetta auðvitað víða út um land, t.d. á Norðausturlandi og á Vestfjörðum, þar sem vegalengdir eru miklar og samgöngur ekki góðar. Það þarf því að skoða mjög vel hvaða leiðir er hægt að fara þarna til að fólk eigi greiðan aðgang að fulltrúum sínum án þess að leiðirnar séu mjög langar.

Árni Þór Sigurðsson, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur hefur verið mikill talsmaður þess að efla sveitarstjórnarstig-

ið. (**ÖS:** Fyrrum varaþingmaður minn.) Fyrrum varaþingmaður Össurar, hárrétt, og hann skipar reyndar einnig annað sætið á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hér í höfuðborginni. Um þetta hefur verið mikið talað bæði hér inni á Alþingi en einnig úti í sveitarstjórnum og fulltrúar Vinstri grænna hafa verið þar í fararbroddi.

Ég ætla að vitna aðeins í kafla nr. 11 þessarar miklu skýrslu þar sem talað er um helstu ógnanir í framtíðinni. Þetta er undirkafli sem heitir Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri. Þar er talað um að helsta ógnun margra sveitarfélaga á Íslandi sé neikvæð íbúaþróun. Hérna er bein tilvitnun, með leyfi forseta:

„Íbúafækkun getur í sumum tilvikum skapað andrúmsloft örvæntingar og vonleysis sem ýtir sveitarstjórnum út á ystu nöf þess sem talist getur ábyrg fjármálastjórn."

Þetta er auðvitað afar mikilvægur punktur. Við höfum verið að sjá að byggðastefna ríkisstjórnarinnar hefur því miður ekki gengið upp sem skyldi. Það er stöðug fækkun úti á landi og jafnvel núna fyrir austan einnig. Á Miðausturlandi er íslenskum ríkisborgurum á því svæði enn þá að fækka. Fólki er enn að fækka á Austurlandi þrátt fyrir stóriðjuaðgerðir og virkjunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar. Hvað segir það okkur? Það segir okkur að það er verið að gera eitthvað vitlaust. Það er vitlaust gefið í þessu þjóðfélagi. Fyrst var kvótinn tekinn frá byggðunum og fólk beið í örvæntingu eftir að eitthvað annað kæmi. Tillögurnar sem ríkisstjórnin kemur með eru einhverjar stórar einhæfar lausnir, eins og stóriðja sem er auðvitað alls ekki að virka, og það er jafnvel talað um það núna að hlunka niður stóriðju á Norðurlandi einnig. En við vitum að það er ekki það sem hinar dreifðu byggðir landsins þurfa. Við þurfum fjölbreytta atvinnu. Við þurfum fjölbreytt atvinnulíf. Við þurfum að geta byggt upp eitthvað sem er nú þegar á staðnum og eflt það. Þess vegna eru þessir vaxtarsamningar sem hafa verið gerðir við sveitarfélögin einmitt mjög jákvæðir. Vegna þess að þar á að byggja á því sem er fyrir á staðnum en ekki komið með eitthvað utanaðkomandi og hlunkað niður í byggðina. Það segir okkur að stefna ríkisstjórnarinnar er ekki árangursrík. Við þurfum nýja byggðastefnu. Við þurfum nýja byggðastefnu sem beitir sér fyrir því að efla atvinnulíf úti á landi, efla menntun og ég hef oft nefnt það sem dæmi að einn af fáum stöðum sem fjölgar á úti á landi er Akureyri, ekki mikil fjölgun, en einhver fjölgun þó. Það er þrátt fyrir að atvinnulífinu hafi farið hnignandi þar. Stórir vinnustaðir hafa verið að loka. En með tilkomu háskólans fyrir um 15 árum, gerbreyttist staðan algjörlega. Þá fór fólk að flytja aftur til Akureyrar, fólk stoppaði lengur, átti þess kost að fara í háskóla á Akureyri og mennta sig. Þegar fólk kemur síðan aftur út á vinnumarkaðinn kemur það með hugmyndir um ný störf, ný atvinnutækifæri og það er auðvitað einn þáttur í því sem hefur verið að efla Akureyri sérstaklega mjög mikið. Þess vegna held ég að það sé afar mikilvægt að við stofnum ekki bara háskólasetur úti á landi, heldur háskóla. Ég horfi til Egilsstaða í þeim efnum og Ísafjarðar. Ég held að sjálfstæðir háskólar á þessum stöðum geti orðið byggðalögunum mikil lyftistöng, eflt kraftinn á þessum svæðum og það sé besta byggðastefnan sem við getum rekið. Fyrir utan það að skapa þær aðstæður að atvinnulíf, fjölbreytt smáfyrirtæki og meðalstór fyrirtæki fái að blómstra og dafna en ekki þessi hágengisstefna ríkisstjórnarinnar sem hefur því miður verið að þurrka út fyrirtæki, fyrirtæki sem einmitt gætu eflst úti á landi, þau hafa þurft að leggja upp laupana eða draga saman starfsemi sína og sum þeirra hafa þurft að fara af landi.

Þetta er ekki góð þróun og henni verður að snúa við. Ég er nú nokkuð bjartsýnn maður að eðlisfari og ég held, af því við við höfum fengið svo góða skýrslu sem tekur á þessum málum, þar sem farið er ítarlega yfir hlutina eins og þeir hafa verið að þróast síðustu árin, þá sé nú von til að hægt sé að koma vitinu fyrir hæstv. byggðamálaráðherra og það verði hægt að snúa þessari þróun við, það verði farið að taka heildstæðar á málunum, að það verði byggt upp úti á landi í staðinn fyrir að alltaf sé áframhaldandi hnignun, og þá sérstaklega á jaðarbyggðum, svæðum sem liggja langt frá byggðakjörnunum.

Hæstv. byggðamálaráðherra fór mikinn hér í síðustu viku og sagði að þingmenn töluðu niður til íbúa landsbyggðarinnar. Þannig var það auðvitað alls ekki. Þótt bent sé á margt sem ríkisstjórnin hafi verið að gera vitlaust held ég að flestallir þingmenn hér vilji veg landsbyggðarinnar sem mestan og vilji efla sveitarfélögin og starfsemi þeirra. Ég held að það sé alrangt sem kom fram hjá hæstv. byggðamálaráðherra að þingmenn töluðu eins og fólk vildi ekki búa úti á landi. Ég held einmitt að fólk vilji búa úti á landi og ég held að það komi til með að aukast í framtíðinni. En til þess að svo megi verða verðum við að byggja upp fjölbreytt og blómlegt atvinnulíf, menningu og sköpun í stað einhæfra og einfaldra lausna sem þessi ríkisstjórn virðist því miður tala allt of mikið fyrir.

[15:20]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir sem tekið hafa þátt í þessari umræðu hér í dag þakka fyrir skýrsluna sem lögð hefur verið fram, skýrslu félagsmálaráðherra um sveitarstjórnarmál. Ég fagna því að fá tækifæri á hinu háa Alþingi til að fara yfir og ræða aðeins stöðu sveitarfélaganna og kannski stöðu sveitarstjórnarstigsins á Íslandi sem hins stjórnsýslustigsins ef við berum saman við Alþingi.

Eins og ég sagði þá er skýrslan vel unnin að langmestu leyti. Í henni hafsjór af upplýsingum sem gott er að taka saman á einn stað til hafa við höndina. Reyndar saknaði ég þess að ekki væri efnisyfirlit í 80 blaðsíðna skýrslu. Ég óska eftir því að næst þegar lagðar verða fram svona stórar og miklar skýrslur á Alþingi að þá fylgdi með efnisyfirlit þannig að auðveldara væri að fletta upp einstökum efnisatriðum ef til kemur. Ef það er eitthvað í reglum eða starfsháttum þingsins sem kemur í veg fyrir að slíkt megi fylgja skýrslum þá þurfum við einfaldlega að breyta því því nú er árið 2006 og við eigum að leggja fram gögn og skjöl þannig að sem auðveldast sé að komast í gegnum þau.

Eins og fram kom í framsögu hæstv. ráðherra er afskaplega mikilvægt að ríki og sveitarfélög séu samstiga þegar kemur að hagstjórninni á Íslandi, að þessir tveir aðilar rói í sömu áttina. Oft höfum við heyrt talað hér á Alþingi eins og að sveitarfélögin séu ábyrgðarlaus eða ábyrgðarlítil þegar kemur að því að þau taki ábyrgan þátt í hagstjórninni og axli sitt hlutverk þar. Við heyrum aftur og aftur að sveitar-

félögin reki sig með bullandi halla og taki engan þátt í að skera niður útgjöld eða taka þátt í að hemja efnahagslífið þegar það er á fullri ferð. Í skýrslunni á blaðsíðu 38 finnst mér orðalagið, þ.e. á þeim kafla, kannski falla í sömu átt og ég var að lýsa, þ.e. að sveitarfélögin taki ekki nægilegan þátt í hagstjórninni. Ég ætla að lesa örfáar línur, með leyfi forseta. Þar segir:

„Umfang sveitarfélaga gerir það að verkum að ákvarðanir sveitarstjórna um útgjöld og framkvæmdir geta haft mikil áhrif á hagvöxt, verðbólgu og aðra þætti og því er mikilvægt að stjórnendur sveitarfélaga axli ábyrgð í opinberri efnahagsstjórn og sýni aðhald þegar á þarf að halda."

Ég held ef menn teldu að þeir sem stjórna sveitarfélögunum öxluðu þetta hlutverk sitt væri kannski ekki ástæða til að hafa svona kafli í skýrslu eins og þessari. Mér finnst þarna eins og oft áður að verið sé að segja að þeir sem stýra og stjórna á sveitarfélagastiginu taki ekki ábyrgan þátt í hagstjórninni í landinu.

Aðstaða sveitarfélaga til að sinna þeirri lögbundnu þjónustu sem þeim ber er afskaplega misjöfn. Þar sem ég þekki til verða sveitarfélög þó að axla þá ábyrgð og þá skyldu sína, að þegar komin er þörf fyrir að veita lögbundna þjónustu, þjónustu sem sveitarfélögunum ber að veita samkvæmt lögum, þá verða þau einfaldlega að bregðast við burt séð frá því hvernig ástandið er í hagsveiflunum. Við frestum ekki því að stækka grunnskóla ef íbúum hefur fjölgað það mikið að upp hafi komið vandræði í skólanum. Við frestum því ekki að byggja leikskóla ef íbúaþróun er slík að skortur sé á leikskólaplássum. Við segjum ekki við aldraða sem þurfa á heimaþjónustu að halda: „Því miður, hagsveiflan stendur bara þannig núna að við getum ekki leyft okkur að eyða auknum fjármunum í heimaþjónustu við aldraða."

Miðað við utandagskrárumræðuna sem var hér fyrr í dag veitir sveitarfélögunum ekki síst af meiri fjármunum til að auka heimaþjónustu sem þau þegar veita. Mér heyrðist á öllum þingmönnum sem komu upp að þeim fannst mjög nauðsynlegt að auka heimaþjónustuna. Það er á valdi sveitarfélaganna og á ábyrgð sveitarfélaganna eins og allir vita að reka og sjá um heimaþjónustu fyrir aldraða þó heimahjúkrunin sé á hendi ríkisins. Sama er að segja um félagsþjónustuna. Þegar upp koma aðstæður sem bregðast þarf við og lög segja hvernig sveitarfélögin þurfa að taka á þá geta þau ekki bent á hagsveifluna og sagt: „Því miður. Við getum ekki tekið þátt í að laga þetta núna. Við erum að bíða eftir því að hagsveiflan verði öðruvísi og efnahagsástandið breytist."

Frú forseti. Einnig hefur verið talað óvarlega hér á þinginu um launastefnu sveitarfélaganna. Í skýrslunni kemur fram að sveitarfélögin eru með stærstu vinnuveitendum landsins, ef þau eru lögð saman, með tæplega 20.000 starfsmenn. Oft hefur manni skilist á sumum sem halda ræður á þinginu að sveitarfélögin valdi þenslu í launaumhverfinu og séu til vandræða bæði fyrir ríkið og eins fyrir atvinnulífið. Ég held að allir sem fylgjast með þessu og ræða þetta af sanngirni geri sér grein fyrir að oftast eru það ekki sveitarfélögin sem hafa frumkvæðið að því að hækka laun og ekki sveitarfélögin sem draga vagninn í því efni. Ég minni á stofnanasamninga ríkisins sem hafa valdið verulegu launaskriði hjá ríkisstarfsmönnum og ég minni á hina miklu þenslu á vinnumarkaði sem gerir náttúrlega ekkert annað en að hækka laun því hið almenna atvinnulíf bregst við slíkum aðstæðum með að bjóða aukin laun til að fá starfsfólk til að sinna þeim störfum sem þarf að sinna. Sveitarfélögin geta í raun ekki keppt á þeim grundvelli og lenda í vandræðum við að veita lögbundna þjónustu vegna þess að starfsfólk fæst ekki. Við þær aðstæður verða sveitarfélögin að bregðast við eins og gert var hjá Reykjavíkurborg ekki alls fyrir löngu. Ég held að það sé bæði ósanngjarnt og ekki satt að halda því fram að sveitarfélögin dragi vagninn og hækki laun í landinu umfram það sem aðrir gera. Við vitum að hinn almenni vinnumarkaður og á stundum ríkið leysir vinnuaflsþörfina í þensluástandi eins og nú er, með erlendu vinnuafli eða einstaklingum af erlendu bergi brotnu sem ekki tala íslensku sem neinu nemur. Oft og tíðum er erfitt fyrir sveitarfélögin að reyna að fara sömu leið vegna þess að í þjónustustörfunum sem sveitarfélögin inna af hendi gengur það ekki að íslenska sé ekki töluð.

Veltum síðan aðeins fyrir okkur tekju- og rekstrarumhverfi sveitarfélaga og skoðum það í samanburði við ríkið. Það er mikið talað um hér að vel sé haldið á ríkisfjármálum. Síðan er dreginn upp samanburður við sveitarfélögin og sagt: „Það er nú ekki það sama á sveitarstjórnarstiginu. Þessir sveitarstjórnarmenn kunna ekkert með peninga að fara og það er ekki nokkur leið fyrir þá, virðist vera, að stýra sínum málum með þeim hætti að þeir geti sýnt sama afgang og hinn frábærlega rekni ríkissjóður gerir." Ég verð að segja eins og er að oft situr maður hér í salnum og veltir þessu fyrir sér í fullri alvöru. Getur verið að sveitarfélögin og þeir sem þeim stjórna séu svona miklir vitleysingar í fjármálum og stjórnun að þeir nái ekki að sýna sama árangur og ríkið? En hvað kemur í ljós þegar maður skoðar tekjuþróun annars vegar sveitarfélaganna og hins vegar ríkisins og skoðar blaðsíðu 38 í skýrslu hæstv. félagsmálaráðherra? Þá kemur í ljós hvernig tekjur ríkisins hafa þróast og hvernig tekjur sveitarfélaganna hafa þróast. Ég verð reyndar að segja skýrsluhöfundi til hnjóðs að í þetta vantar töflur og útreikninga oft og tíðum og þegar settar eru fram staðreyndir eins og þessi þá eru þær eingöngu settar fram í stöpla- eða súluritum sem vont er lesa úr og maður verður að námunda það sem verið er að segja. En það kemur fram hér á súluriti um skatttekjur hins opinbera að þær voru rétt liðlega 200 milljarðar á árinu 1998. Árið 2004 er þessi sama tala orðin 350 milljarðar. Þetta hefur aukist um 150 milljarða. Nú veit ég ekki hvort þetta er á verðlagi hvers árs fyrir sig eða hvort allt er reiknað upp til verðlags ársins 2004. En í raun skiptir það ekki öllu máli vegna þess að þegar við berum þetta saman við sveitarfélögin sem eru önnur súla hér þá erum við að bera saman samanburðarhæfa hluti þannig að í raun skiptir ekki öllu máli hvort þetta er á verðlagi hvers árs eða á verðlagi ársins 2004.

En brjótum nú skatttekjur hins opinbera niður í sveitarfélög og ríki. Ríkið hafði rétt um 150 milljarða samkvæmt þessu árið 1998 en er komið upp í 265 milljarða árið 2004. Tekjur hafa aukist um um það bil 115 milljarða króna á þessu tímabili. Sveitarfélögin eru rétt undir 50 milljörðum árið 1998 — það eru svona 47 milljarðar sýnist mér á súluritinu — en á árinu 2004 eru þetta um 70 milljarðar kr.

Tekjur hafa aukist um 23 milljarða. Ef maður tekur þessar tölur og skoðar þær í samhengi og veltir fyrir sér þróuninni annars vegar hjá ríkinu og hins vegar hjá sveitarfélögunum í skatttekjum þá hafa skatttekjur sveitarfélaganna á þessu tímabili aukist um 49% en skatttekjur ríkisins hafa aukist um 77–78% á sama tíma. Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur að ríkið hefur verið að auka sína skattheimtu langt umfram það sem sveitarfélögin hafa verið að gera á sama tímabili. Hæstv. ríkisstjórn segist vera að lækka hér skatta. Hún gengur sveitt til verka á hverjum morgni við að lækka skatta. Hvernig stendur þá á því að raunin er þessi? Auðvitað er það vegna þenslu í þjóðfélaginu. Virðisaukaskatturinn, þjónustugjöld ýmiss konar, stimpilgjöldin, vörugjöldin, tollarnir, allt eru þetta gullkvarnir sem mala fé í ríkissjóð. Þetta eru ekki launatekjur. Sveitarfélögin hafa mest af sínum tekjum út úr skatta- og launatekjum. Ríkið hefur það líka. En til viðbótar hefur ríkið skatta á veltu, skatta á þenslu og þenslan og veltan hafa aukist langt umfram launatekjur. Þetta er því niðurstaðan. Ríkið, hæstv. ríkisstjórn sem segir okkur á hverjum degi að hún sé að lækka skatta, er sko aldeilis að hækka skattana miklu meira en sveitarfélögin. Það var 49% hækkun hjá sveitarfélögunum á árunum 1998–2004 samkvæmt þessum upplýsingum sem liggja hér fyrir í skýrslu hæstv. ráðherra, en 77–78% hækkun hjá ríkinu. Svo berja þessir háu herrar sér á brjóst og segja: „Sjáið okkur. Við kunnum að reka. Við sýnum aðhald. Við sýnum rekstrarafgang. Við borgum niður skuldir.“ Ég held að sveitarfélögin í landinu yrðu ekki í miklum vandræðum með að greiða niður sínar skuldir, að sýna meiri afgang en þau gera, ef tekjuþróun sveitarfélaganna hefði verið með sama hætti og tekjuþróun ríkisins. Mér sýnist að sveitarfélögin hefðu um 15 milljörðum kr. meira úr að spila á hverju ári ef þróunin hefði orðið svipuð og hjá ríkinu. Það byggi ég á súluritinu sem ég hef fyrir framan mig úr skýrslu hæstv. ráðherra.

Við höfum heyrt það í skattaumræðunni að ríkisstjórnin geti bara ekkert gert við þessum skattahækkunum, það sé nú bara einu sinni náttúrulögmál nánast, frú forseti, að þegar veltan eykst verði ríkið bara að taka meiri skatt. Þeir geta ekkert gert annað en setið og tekið á móti peningunum sem koma inn. En það er ekki svoleiðis. Hvað gera flest sveitarfélög núna þegar fasteignamatið hækkar verulega í landinu? Jú, flest sveitarfélög bregðast við með því að lækka verulega álagningarprósentuna til þess að hækkun þessa skatts á íbúana í sveitarfélögunum verði lægri en hækkun fasteignamatsins gefur til kynna að það eigi að vera. Þau bregðast við strax og lækka fasteignaskattsprósentu sína, að mér sýnist, á mörgum stöðum í kringum 20%. Er ríkið að lækka virðisaukaskattsprósentuna af því veltan er meiri? Er ríkið að lækka stimpilgjöldin af því að veltan er svo miklu meiri? Er ríkið að lækka tolla- eða vörugjöld af því miklu meira kemur hér inn en áður gerði? Nei, ríkið, hæstv. fjármálaráðherra situr á sínum stól og sér peningafjallið vaxa dag frá degi vegna þess að þenslan er að aukast og gerir ekkert í því að koma til móts við skattgreiðendur og íbúa þessa lands og segja: „Þetta er ekki sanngjarnt. Skattstofninn er að aukast það mikið að ég ætla að lækka skattprósentuna í þessu tilviki.“ Hvað gera þá stjórnendur sveitarfélaganna þegar þeir standa frammi fyrir því að fasteignastofninn hækkar um 30% á einu bretti eins og gerðist í mörgum sveitarfélögum á landinu núna um áramótin?

Á sömu blaðsíðu skýrslunnar, á blaðsíðu 38, sést munurinn á því hver hlutdeild sveitarfélaga í samneyslunni er hér og á hinum Norðurlöndunum og hver hlutdeild ríkisins er. Við sjáum að í löndunum sem við berum okkur saman við, Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnland, er ekkert allt í rúst þó sveitarfélögin taki meiri þátt í að stjórna sínum eigin málum og þó að sveitarfélögin hafi fleiri málaflokka en gengur og gerist á Íslandi. Þá erum við kannski komin að því sem verður efnisinnihald seinni ræðu minnar, þ.e. hvernig megi efla sveitarstjórnarstigið á Íslandi þannig að sveitarfélögin hér taki svipaðan þátt í samneyslunni og gengur og gerist á Norðurlöndum. Það hefur ekki tekist hjá núverandi hæstv. ríkisstjórn. Afskaplega klaufalega hefur verið staðið að því að efla sveitarfélögin í landinu. Ég fer betur yfir það í seinni ræðu minni.

[15:35]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson kom víða við í ræðu sinni og endaði á að því miður hefði núverandi ríkisstjórn og nokkrum stjórnum þar á undan mistekist að efla sveitarstjórnarstigið. Ástæður þess eru, eins og ég rakti í fyrri ræðu minni, fyrst og fremst að vantraust er á milli ríkisins og sveitarfélaganna. Ástæðurnar fyrir því eru margar og margvíslegar en fjárhagsleg samskipti þessara aðila eru trúlega meginástæða þess.

Síðan held ég að einn stjórnmálaflokkur hafi verið allt of lengi við völd og ráðið of miklu í stjórn á þessu landi, þ.e. Sjálfstæðisflokkurinn. Hann er í raun meira og minna á móti því að efla sveitarstjórnarstigið. Ég dreg þær ályktanir vegna þess að það hefur verið reynt, bæði í tíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem félagsmálaráðherra og nú í tíð hæstv. félagsmálaráðherra Árna Magnússonar, að í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn hafa þessir tveir félagsmálaráðherrar a.m.k. ekki náð því fram sem þeir hafa viljað. Ég dreg reyndar of miklar ályktanir af þessu þar sem ég er ekki með það 100% á hreinu hvort hæstv. félagsmálaráðherra hafi fullan stuðning í eigin flokki til að ná þessu fram.

Ég er sannfærður um að hæstv. ráðherra vill mjög vel í þessum efnum. Hann hefur skilning á málum sveitarfélaganna, hann sat í sveitarstjórn þegar hann kom inn á Alþingi og tók við félagsmálaráðuneytinu. Hann þekkir þann málaflokk nokkuð vel og var, áður en hann tók við embætti, varaformaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þrátt fyrir þennan bakgrunn hefur hæstv. félagsmálaráðherra ekki náð því marki sínu, þótt vissulega hafi ákveðin skref verið stigin. En því miður hefur þetta ekki tekist. Ég held að því sé fyrst og fremst um að kenna að menn hafi ekki náð saman um tekjustofnana, sem er grundvöllur þess að menn geti tekið á þessu.

Ég endaði fyrri ræðu mína á að fjalla um tekjustofna sveitarfélaganna, þ.e. að grunnur þeirra hefði verið lagður við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en við búum við í dag. Skortur er á að hvati sé fyrir sveitarfélögin til að laða að sér nýja atvinnustarfsemi af þeirri einföldu ástæðu að sveitarfélögin hafa ekki beinar tekjur af henni. Ég heyrði að hv. þm. Jón Gunnarsson kom inn á þetta í ræðu sinni. Ég held að

það sé hárrétt að við þurfum að skoða það að taka tekjustofna sveitarfélaganna til heildarendurskoðunar. Við hljótum að velta fyrir okkur hvort ekki sé hægt að tengja tekjur af fyrirtækjunum við tekjur sveitarfélaga, þ.e. að sveitarfélög hafi beinar tekjur af fyrirtækjunum þannig að atvinnulíf á svæðunum sé betur tengt við sveitarfélögin sjálf.

Aðstöðugjaldið gegndi þessu hlutverki áður en var fellt niður af þeirri einföldu ástæðu að á því voru allt of miklir gallar. Hins vegar þarf að fara yfir þetta í heild sinni. Sömu sögu má auðvitað segja varðandi óbeinu skattana, að það er eðlilegt að sveitarfélögin fái hlutdeild í þeim. Þetta hefur allt staðið fast. Ég held að einfaldasta kenningin um það sé að meginástæðan sé sú að fjármálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafi aldrei léð þessu lið og því hafi menn ekki náð þessu fram á nokkurn hátt.

Frú forseti. Ég sé ekki hæstv. félagsmálaráðherra en ég hef örfáar spurningar til hans. Ég vildi biðja virðulegan forseta um að kanna hvort hæstv. ráðherra sé a.m.k. í húsi og megi hlýða á mál mitt þótt hann sé ekki í salnum.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti getur upplýst að hæstv. félagsmálaráðherra er í húsi og er rétt fyrir framan þingsalinn. Ef hv. þingmaður óskar eftir þá verður kallað á hann inn en hann hlýðir á mál þingmanns.)

Frú forseti. Það breytir engu fyrir mig hvar hæstv. ráðherra heldur sig ef hann hlýðir á mál mitt þannig að hann geti svarað spurningum mínum. Auðvitað væri í lagi að hafa hæstv. ráðherra í salnum en ég geri alls ekki kröfu um það ef hæstv. ráðherra er að hlusta á, sem ég geri auðvitað ráð fyrir.

Mig langaði að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra út í ummæli hans frá í morgun varðandi Rannsóknamiðstöðina á Bifröst. Hafi ég ekki misskilið hæstv. ráðherra tilkynnti hann eða boðaði að unnið yrði að könnun á viðhorfum þingmanna og sveitarstjórnarmanna varðandi hlutverk sveitarstjórnarstigsins. Mér finnst þetta á margan hátt afar athyglisverð hugmynd. Með þessu gætum við horft til framtíðar og áttað okkur á eðlilegu hlutverki sveitarstjórnarstigsins.

Ég vona að ég sé ekkert að misskilja hæstv. ráðherra, hann leiðréttir mig í seinni ræðu sinni ef svo er, en ég skildi ráðherra svo að hann ætlaði að leita eftir viðhorfum þingmanna. Það er ekki hægt að neita því að það virkar nokkuð ankannalega að hæstv. ráðherra þurfi að fela það ágætri rannsóknastöð á Bifröst að kanna viðhorf þingmanna. Fram að þessu hafa hæstv. ráðherrar getað átt samræður við hv. þingmenn í þinginu og ýmsar leiðir gefist til að kanna viðhorf þingmanna. Ég vona a.m.k. að þetta sé ekki leið hæstv. ráðherra til að einfalda skoðanaskipti við hv. þingmenn, að fela rannsóknastöð að kanna viðhorf þingmanna í staðinn fyrir að ræða við þá í þingsal. Þetta gæti haft þá hættu í för með sér að framkvæmdarvaldið fjarlægðist enn löggjafarvaldið.

Ég vona að hæstv. ráðherra leiðrétti mig með því að þetta hafi alls ekki verið hugsunin og þarna búi annað að baki. En það er hægt að skilja málið þannig að orðið væri of þunglamalegt og erfitt að eiga skoðanaskipti við þingmenn. Ég veit ekkert hvernig ástandið er í þingflokki hæstv. ráðherra. Það getur vel verið skýringin á þessu, að einfaldara sé að fela rannsóknastöð að kanna viðhorf þingmanna Framsóknarflokksins. Ég get hins vegar fullvissað hæstv. ráðherra um að það er ekkert vandamál fyrir hæstv. ráðherra að kanna viðhorf okkar þingmanna Samfylkingarinnar. Okkur væri bara ánægju- og gleðiefni að eiga samræður við hæstv. ráðherra um sveitarstjórnarmál.

Ef málið snýr eingöngu að því að kanna hug þingmanna Framsóknarflokksins get ég út af fyrir sig skilið það, en ég held að þetta eigi ekki við um allan þingmannahópinn. (**JBjarn:** Þeim gæti fækkað ?) Já, hv. þingmaður, við skulum fara varlega í að leika spámenn vegna þess að það hefur virkað misjafnlega, m.a. í flokki hæstv. ráðherra. Í það hefur misjafnlega verið tekið þegar spámenn fara af stað. En ég gæti nú trúað því að hv. þingmaður hafi, aldrei þessu vant, hugsanlega hitt naglann á höfuðið. Það er afar sjaldgæft en mér heyrist það geta verið í þá átt.

Frú forseti. Svo að ég haldi áfram ræðu minni og sleppi gamanmálum, sem þó eru nauðsynleg af og til til að létta umræður. En ég tek eftir, í einu af mörgum súluritum, sem er hárrétt hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni að væri skemmtilegra og gleggra að hafa með tölum við a.m.k. efsta enda á súlunum þannig að hægt sé að hafa þessar tölur nákvæmar. Á bls. 38 er súlan fyrir skatttekjur hins opinbera. Þar blasir við að þróun skatttekna sveitarfélaganna annars vegar og ríkissjóðs hins vegar er ekki alveg í takt. Þessu hefur margoft verið haldið fram, að tekjur ríkissjóðs hafi aukist hraðar og meira en tekjur sveitarfélaganna. Mér sýnist það blasa við í þessu súluriti. Það er út af fyrir sig ekki skrýtið í þenslusamfélagi að tekjur ríkissjóðs, sem eru mun tengdari þenslunni en tekjur sveitarfélaganna, aukist meira.

Sveitarfélögin eru ekki með sömu hlutdeild í óbeinum sköttum og ríkissjóður. Auk þess hefur verið bent á að í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, sem m.a. vekur vantraust á milli aðila, hafa ýmsar lagabreytingar skekkt þessa mynd. Við getum nefnt tvö dæmi, þ.e. annars vegar húsaleigubæturnar og hins vegar einkahlutafélögin. Það eru þekktustu dæmin. Ýmsir telja að það hafi hallað verulega á sveitarfélögin í þessum samskiptum og menn hafa nefnt á þriðja milljarð í því samhengi. Væntanlega hafa þó komið einhverjar tilfærslur á milli aðila þar á móti. Það er þó óumdeilt að hallað hefur verulega á sveitarfélögin og mér sýnast, eins og ég sagði áðan, þessar súlur sýna að ríkissjóður hafi þrútnað hraðar út en sjóðir sveitarfélaganna.

Þá kem ég að því sem mér finnst eiginlega vanta í þessa skýrslu. Það er tengt tekjum sveitarfélaganna eða fjárhagsstöðu þeirra, afkomu þeirra annars vegar og skuldum þeirra hins vegar. Ef ég man rétt er að vísu fjallað um afkomu sveitarfélaganna frá því að reikningsskilum var breytt, frá árinu 2002. Það sýnir að þetta er nokkuð mismunandi. En ef minnið svíkur mig ekki þá voru þau rekin með mestum halla árið 2003. En meðaltöl segja aldrei nema hluta sögunnar. Við sjáum mjög greinilega í þessari skýrslu að sveitarfélögin sitja alls ekki við sama borð. En mér finnst helst skorta sundurgreiningu á þessum tölum. Afkoma sveitarfélaganna er afskaplega misjöfn og ég hefði viljað sjá hana flokkaða niður eftir stærð, svæðum o.s.frv. Hið sama má segja um skuldirnar. Ég er sannfærður um að þessu er misskipt og frekari sundurgreining í skýrslunni hefði verið til góðs.

Ég hef frétt af samantekt, sem er þó ekki alveg endan-

lega lokið, um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga, að svona gróft séð megi segja að töluverður afgangur sé af sveitarfélögum á stórhöfuðborgarsvæðinu. Ef við tökum stærstu sveitarfélögin, Akureyri og síðan það sem er að gerast í mínu heimasveitarfélagi, Fjarðabyggð, út úr. Þá eru eftir sveitarfélög utan við stórhöfuðborgarsvæðið og svæði eins og Akureyri og Fjarðabyggð. Þá er halli á þeim sem eftir eru sem passar vel við það sem gerst hefur í byggðaþróuninni. Betra hefði verið að hafa þetta í skýrslunni til að greina betur ástandið svo að við getum mætt þessu.

Það vakti athygli mína að hæstv. ráðherra nefndi að byggðamálin og sveitarstjórnarstigið væru nátengd. Ég held að það sé hárrétt. Það kemur einmitt fram á síðu 10 í skýrslunni, sem er mjög til umhugsunar og er eitt af því sem við þurfum að breyta. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög á Íslandi hafa ekki nema að takmörkuðu leyti verið þátttakendur í mótun og framkvæmd byggðastefnu."

Þetta er setning sem mér finnst því miður mjög lýsandi um ástandið. Það er þakkarvert að það komi fram í skýrslunni. Þessu þurfum við að breyta. Sveitarfélögin þurfa að vera í stakk búin til að takast á við að verða afgerandi í mótun og framkvæmd byggðastefnu. Öðruvísi held ég að erfitt sé að ná árangri. Við þurfum auðvitað að nálgast málefni sveitarfélaganna út frá þessu sjónarhorni líka, út frá framkvæmd byggðastefnu.

Mér finnst einn vandinn við framkvæmd byggðastefnu og mótun hennar sá að menn líta á málið eins og það sé í kassa. Byggðastefna má ekki lokast inni í kassa. Hún þarf að vera samofin ýmsum málaflokkum. Sveitarstjórnarmálin vega þar sannarlega afskaplega þungt. Ég held að það hafi því miður verið mistök hjá okkur að færa byggðamálin frá forsætisráðuneytinu. Ég held að byggðamálin, vegna þess hvers eðlis þau eru, eigi að vera hjá forsætisráðuneytinu. Þar er samræmingin sett ofar vegna þess að byggðamál eiga heima í svo mörgum ráðuneytum, í félagsmálaráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu, samgönguráðuneytinu og auðvitað atvinnulífsráðuneytunum og heilbrigðisráðuneytinu. Byggðamálin koma víða við sögu og óeðlilegt að þau séu lokið inni í einu fagráðuneyti.

Til framtíðar litið hugsa ég að við leysum þetta, sem aðhyllumst að stokka upp Stjórnarráðið. Við gerum það með því að stofna innanríkisráðuneyti. Ef ég man rétt held ég að hæstv. félagsmálaráðherra hafi jafnvel orðað það þannig á góðri stund.

[15:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég lauk fyrri ræðu minni um skýrslu hæstv. félagsmálaráðherra um sveitarstjórnarmál þar sem ég var kominn að því að tala um tekjur sveitarfélaga, tekjumöguleika og tekjustofna. Ég hlustaði áðan á ræðu hv. þm. Jóns Gunnarssonar sem var að mörgu leyti mjög athyglisverð, einkum þegar hann talaði um tekjur sveitarfélaganna og hvernig sveitarfélögin hefðu þurft að bregðast við til að fasteignaskattar keyrðu ekki algjörlega yfir greiðslugetu fólks vegna þess að fasteignamat hafði hækkað mjög mikið á sumum landsvæðum. Þetta er auðvitað algjörlega rétt hjá hv. þingmanni.

Fasteignaskattarnir skipta auðvitað verulegu máli í tekjustofnum sveitarfélaga en hins vegar er fasteignagjaldið þannig að það tekur ekkert mið af tekjum fólks, hvort þær hækka eða lækka á milli ára eða hversu mikið þær hækka, oftast nær er nú einhver hækkun á milli ára. Satt að segja hef ég velt því fyrir mér, hæstv. forseti, og verið að skoða það í alvöru hvort ekki þurfi að breyta lögunum um tekjustofna sveitarfélaga hvað varðar fasteignaskattinn í þá veru að fasteignaskatturinn geti ekki hækkað meira á milli ára en sem nemur einhverri viðmiðun í greiðslugetu fólksins sem á að greiða skattinn, því að ekkert samhengi er á milli hækkunar fasteignagjalda og þeirra kauphækkana sem fólk nýtur á viðkomandi ári. Þess vegna erum við að skoða það, í Frjálslynda flokknum, að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á álagningu fasteignaskatts sem væri eitthvað á þá leið að þrátt fyrir hækkun fasteignamats viðkomandi árs væri sveitarfélögum óheimilt að hækka fasteignaskattinn meira en sem næmi launaþróun eða launavísitölu.

Ég held að þetta væri í sjálfu sér réttlætanlegt og er mjög í samræmi við það sem hv. þm. Jón Gunnarsson lýsti hér áðan, að sveitarfélögin tækju tillit til þess svo að skatturinn hækkaði kannski ekki um 20 eða 30% á milli ára og horfðu svolítið til þess að fasteignaskatturinn keyrði ekki langt fram úr greiðslugetu fólks. En það er auðvitað mjög misjafnt, sums staðar nota menn þessa hækkun, sveitarfélögin ákveða sjálf hvaða viðmið þau hafa í fasteignaskattinum. Ég held hins vegar að setja þurfi slíka varnagla gagnvart launþegum, það er mjög óeðlilegt að fasteignaskatturinn taki ekkert mið af því hver greiðslugetan er hjá því fólki sem á að greiða hann. Þó að grunnurinn og stofninn og uppreikningurinn sé byggður á verðmæti fasteigna í hverju sveitarfélagi eða landsvæði fyrir sig væri samt sem áður eðlilegt að setja eitthvert þak á það hvað skatturinn mætti breytast með tilliti til þess hvort greiðslugeta greiðenda á viðkomandi landsvæði hefði breyst almennt.

Ég held að þetta væri réttlætismál sem getur hins vegar í einhverjum tilfellum þýtt tekjuminnkun hjá sveitarfélögum og þar erum við auðvitað komin að miklu vandamáli, sem vissulega hefur verið vikið að í þessari umræðu, að tekjur sveitarfélaganna aukast ekki neitt í líkingu við það sem þær gera hjá ríkinu. Menn geta svo hælt sér af því í ríkisstjórninni að þar sé verið að greiða niður skuldir ríkissjóðs, þar sé reksturinn í lagi og þar sýni menn ábyrgð og aðhald en ekki hjá sveitarfélögunum. Ég held að í flestöllum sveitarfélögum reyni menn að sýna ábyrgð og aðhald í rekstri þeirra. Hins vegar er það svo að á undanförnum árum hefur ríkið verið að fá verulega miklar tekjur en sveitarfélögin hafa ekki fengið verulega aukningu með tekjustofnum sínum. Þetta er atriði sem þarf að skoða og ég er á þeirri skoðun, hæstv. forseti, að finna þurfi einhverja tekjustofna fyrir sveitarfélögin sem koma sjálfvirkt til sveitarfélaganna, hvort sem það tengdist virðisaukaskatti eða öðrum gjöldum sem koma sjálfvirkt, eins og t.d. tekjur af umferðinni, umferðargjöld og annað slíkt. Það er eitthvað sem menn standa frammi fyrir að velta upp á komandi missirum.

Hægt er að hugsa sér eina leið í viðbót sem ég hef reyndar ævinlega talið að hefði átt að tilheyra sveitarfélögunum að langmestu leyti og það er auðlindagjaldið. Ég tel að auðlindagjaldið hefði að stofni til átt að fara að lang-

mestu leyti til sveitarfélaganna. Auðvitað kann að vera að vegna fyrirkomulags auðlindagjaldsins, sem leggst á úthlutaðar aflaheimildir, þurfi sá aðili sem leggur það á og innheimtir, sem er Fiskistofa, að fá eitthvað fyrir sinn snúð og sína vinnu. Í dag sér Fiskistofa um innheimtu á þessum tekjum og nýtir þær en það væri auðvitað mjög auðvelt að láta fyrirkomulagið vera þannig að Fiskistofa sæi eftir sem áður um innheimtuna en til hennar rynni ekki nema tiltekið hlutfall af gjaldinu, t.d. 25%, og Fiskistofu bæri að skila 50–75% af gjaldinu til sveitarfélaganna. Ég held að það væri í sjálfu sér réttlátt að útfæra þetta einhvern veginn á þann veg. Ég ætla ekki að ræða hér mikið um auðlindaskattinn eins og hann er útfærður en vil bara láta þess getið að ég og fleiri hv. þingmenn bentum á það á sínum tíma þegar stofninn var fundinn út að það gæti reynst afar vitlaust fyrirkomulag að reikna út verðmætin fyrir skattálagninguna miðað við árið á undan og láta menn svo greiða árið eftir vegna þess hvernig fyrirkomulagið væri í tekjum af sjávarútvegi, bæði breytileg aflabrögð og einnig afurðaverð og útgerðarkostnaður. Þetta hefur einmitt komið á daginn, enda hefur sjávarútvegsráðherra lagt fram frumvarp þess efnis að þegar menn ekki afla, eins og t.d. rækju, þá breytist greiðslufyrirkomulagið en eðlilegast hefði auðvitað verið að innheimta þess skatts hefði verið af verðmætunum á hverjum tíma. Þar af leiðandi hefðu menn ekki þurft að vera að ómaka sig með það frumvarp sem núna hefur verið lagt fram í þinginu.

Hæstv. forseti. Ég bendi á að auðvitað eru möguleikar á að láta sveitarfélögin hafa meiri tekjur. Það er eitthvað sem við þurfum að taka sérstaklega á ef við ætlum okkur, sem mér heyrist á langflestum þingmönnum að vilji sé fyrir, að færa fleiri mál til sveitarfélaganna og láta þau takast á við fleiri málaflokka. Þar hafa menn nefnt velferðarþjónustuna í heilu lagi, svo sem vegna aldraðra og fatlaðra, heilbrigðisþjónustuna að hluta til, þ.e. heilsugæsluna, og framhaldsskólinn hefur verið nefndur. Sá sem hér stendur nefndi í morgun einnig samgöngur á milli byggðarlaga, þ.e. það sem lýtur að viðhaldi, snjómokstri og hálkuvörn, svo eitthvað sé nefnt. Mætti reyndar einnig nefna vegmerkingar í því sambandi þó að sveitarfélögin færu ekki beinlínis í gerð nýrra vega heldur væri slíkt áfram hjá Vegagerðinni.

Atvinnumálin og byggðamálin verða aldrei í sundur skilin. Við sjáum það best á Austurlandi núna þegar atvinnuástand er þar gott að þá er mikill uppgangur, verið er að byggja íbúðarhúsnæði og fólk hyggst flytja þangað og sækja um atvinnu hjá álverinu á Reyðarfirði. Fólk horfir til þess svæðis sem atvinnusvæðis þar sem einhver festa verði ríkjandi og það er einmitt málið. Það þarf nefnilega festu í atvinnuháttum til þess að fólk treysti á að búa á viðkomandi stöðum. Hluti af því fólksflóttavandamáli sem verið hefur á landsbyggðinni tengist atvinnumálunum og ég held að þar hafi munað mest um, a.m.k. í sjávarbyggðunum, þann mikla tilflutning á aflaheimildum sem verið hefur í hinu framseljanlega kvótakerfi og það óöryggi sem felst í því að aflaheimildirnar, sem eru grunnur í atvinnurekstri sjávarbyggðanna, eru engan veginn sá stofn sem menn geta treyst á. Í raun og veru þarf ekki nema skilnað í útgerðarmannafjölskyldu til að aflaheimildirnar fari allar úr plássinu. Það er náttúrlega alveg skelfilegt að hafa útfærsluna með þessum hætti, að maður tali nú ekki um ýmis önnur vandamál sem fylgja þessu, t.d. að það vanti nýliðun í greinina og að ungir menn eigi erfitt með að komast þar að o.s.frv.

Allt byggist auðvitað á því hvað varðar hinar dreifðu byggðir að þar sé ákveðin festa í atvinnuháttum og í mörgum byggðum hefur sjávarútvegurinn verið festan í atvinnuháttunum. Við upplifum það núna að mjög margt hefur breyst í því, ekki þarf að nefna annað en rækjuveiðina o.s.frv. til að sjá að margir staðir, sem áður voru blómlegir í atvinnuháttum, eiga nú undir högg að sækja. Þess vegna verður aldrei undan því vikist, hæstv. forseti, að horfa sameiginlega til atvinnumála og byggðamála. Ég held þess vegna að það sé rétt sem segir einhvers staðar í skýrslunni að sveitarstjórnirnar þurfi að koma að atvinnumálunum með einhverjum hætti og sérstaklega að byggðamálunum og tillögum í þá veru til þess að hafa áhrif á það að halda undirstöðuatvinnuvegunum í byggðarlögunum. Það er gríðarlega mikils virði fyrir byggðirnar að halda þeim vegna þess að í kringum þá byggist upp svo margt annað.

Ég hef stundum sagt það áður að ég hlustaði einu sinni á erindi atvinnumálaráðgjafa á Eyjafjarðarsvæðinu sem var að tala um nýsköpun og annað slíkt sem þar ætti sér stað. Sá ágæti maður fullyrti einfaldlega að ef ekki hefðu verið svo sterk sjávarútvegsfyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu sem raun ber vitni hefði nýsköpun þar í ýmsum iðnaðargreinum orðið miklu minni og bara almennt séð. Þetta vitum við auðvitað sem höfum alist upp úti á landi og séð iðnaðarfyrirtæki verða til úr litlu í upphafi upp í að verða þjónustufyrirtæki á heimsmarkaði í matvælaframleiðslu. Má þar nefna fyrirtæki á Ísafirði eins og Póls hf. sem núna er hluti af Marelsamsteypunni, 3X-Stál, svo eitthvað sé nefnt, Skaginn á Akranesi o.fl. Þetta hefur allt orðið til vegna þess að ákveðinn grunnur var fyrir í byggðinni og menn gátu byggt þar upp þjónustu og þekkingu og með nánu samstarfi þróað vörur sínar.

Að endingu vil ég segja að byggðamálin og atvinnumálin verða ekki skilin í sundur ef vel á að vera og að ekki er heldur hægt að hugsa sér að færa fleiri verkefni til sveitarfélaganna í framtíðinni nema því aðeins að sveitarfélögin hafi tryggari og öruggari tekjustofna en þau hafa í dag. Að því þurfa menn að stefna og vinna traust á milli ríkis og sveitarfélaga þegar þau verkefni eru færð yfir þannig að ekki ríki mikil tortryggni gagnvart því að hægt sé að taka við verkefnum, og að tekjustofnar fylgi slíkum verkefnum.

[16:05]

Útbýting:

Afnám laga um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, 538. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 785.

Samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofninum í Norður-Atlantshafi, 542. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 789.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa og umhverfisvernd, 543. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 790.

Stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða, 541. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 788.

[16:06]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka hér upp þráðinn þar sem honum sleppti við lok fyrri ræðu minnar, þegar ég fjallaði um tekjustofna sveitarfélaga. Ég tel að það þurfi að breikka þá frá því sem nú er, ekki bara styðjast við beina skatta af tekjum launþega og fasteignasköttum, sem er nú eiginlega obbinn af tekjustofnum sveitarfélaga í dag, heldur bæta við hlutdeild úr óbeinum sköttum þannig að óbeinir skattar renni ekki einvörðungu í ríkissjóð, og úr ríkissjóði renni síðan ákveðinn hlutur skatttekna í jöfnunarsjóð og þaðan til sveitarfélaga. Ég held að betra fyrirkomulag væri að sveitarfélögin fengju beina hlutdeild úr óbeinum sköttum og þar með væri hægt að draga úr þýðingu jöfnunarsjóðsins.

Það koma auðvitað til greina ýmsar leiðir í útfærslu á því, það er hægt að miða við höfðatölu að mestu leyti með ákveðnum frávikum til þess að mæta sérstökum aðstæðum, og með þessu vinnst að hagsveiflan nýtist þá sveitarfélagastiginu til jafns við ríkisvaldið. Eins og menn vita hefur ríkið miklar tekjur af veltu í þjóðfélaginu, sérstaklega þegar hún er að vaxa eins og verið hefur á síðustu árum, og sveitarfélögin mundu njóta góðs af því, líka þau sveitarfélög sem búa við aðrar aðstæður en almennt gerist í þjóðfélaginu, því að eins og hv. þingmenn þekkja eru þannig aðstæður víða á landinu að þar er ekki vöxtur í hagkerfi svæðisins né vaxandi peningamagn í umferð, heldur þvert á móti, þar er samdráttur og tekjur sem sveitarfélögin hafa eru að skreppa saman frekar en hitt. Með þessu móti gætu þau sveitarfélög fengið sína hlutdeild úr vextinum þrátt fyrir þessar sérstöku staðbundnu aðstæður.

Í þriðja lagi tel ég að sveitarfélög eigi að tengjast atvinnurekstri en það má heita svo að það sé búið að skera á öll bönd á milli sveitarfélaga, sveitarfélagastigsins og atvinnureksturs. Sveitarfélögin hafa nánast engar tekjur af atvinnurekstri, hvorki beint né óbeint, einungis um að ræða fasteignagjöld af eignum sem fyrirtæki kunna að eiga og vera notuð í atvinnurekstri, og síðan óbeint í gegnum þjónustugjöld eins og vatnsgjald. Að öðru leyti er atvinnurekstur ekki í sambandi við sveitarstjórnarstigið.

Það tel ég slæmt því að eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Guðjóns Arnar Kristjánssonar og reyndar hjá fleiri þingmönnum í þessari umræðu, þá er staða sveitarstjórnarstigsins mjög nátengd atvinnumálum. Við sjáum það m.a. í skýrslum sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur lagt fyrir þingið um byggðamál og í skýrslum sem hafa verið gefnar út, m.a. á vegum iðnaðarráðuneytis í nóvember sl., að það er alveg augljóst mál að þróun í einstökum sveitarfélögum, íbúaþróun, tekjuþróun og annað sem menn láta sig skipta máli, ræðst fyrst og fremst af þróun atvinnumála. Af þeim ástæðum er ríkisvaldið að beita sér til þess að hafa áhrif á stöðu atvinnumála á einstökum landsvæðum.

Nærtækasta dæmið er Austurland þar sem ríkisvaldið hefur með afli sínu borið hitann og þungann af því að ráðist var í þær framkvæmdir sem þar eru í gangi. Það er fyrst og fremst pólitísk ákvörðun að ráðist er í virkjunarframkvæmdir á Austurlandi og byggingu álvers á Reyðarfirði. Sveitarstjórnarstigið þarf að fá eitthvert afl til þess að geta líka beitt sér í atvinnumálum ekki síður en ríkisvaldið, til þess að geta haft áhrif á þróun atvinnumála á sínu svæði. Sveitarfélögin í dag eru eiginlega algjörlega bjargarlaus, sérstaklega þar sem þau þyrftu að beita sér þar sem undanhald er í byggðaþróuninni, þar er aflið minnst og bagalegt að sveitarstjórnirnar geti ekki beitt sér í atvinnumálum til að snúa þeim til betri vegar. Ég held að menn verði að hugsa leiðir til þess að gera hinu pólitíska valdi heima í héraði kleift að hafa áhrif á þróun atvinnumála þannig að það verði ekki bara á höndum ríkisvaldsins heldur líka sveitarstjórnarstigsins.

Ég nefni auðlindir lands og sjávar. Við heyrðum nýlega í fréttum að Þingeyingar eru með mjög ákveðnar meiningar uppi um að hagnýting jarðhita undir yfirborði jarðar í Þingeyjarsýslum eigi að vera með þeim hætti að það þjóni atvinnuhagsmunum Þingeyinga. Jafnvel þó að við kunnum að skilgreina það hér í pólitískri umræðu á Alþingi að þessar auðlindir séu sameign þjóðarinnar allrar þá eru Þingeyingar á þeirri skoðun að það sé a.m.k. sanngjarnt að þeir hafi eitthvað um það að segja hvernig nýting þessarar auðlindar verður og að þeir geti haft áhrif á það að atvinnuuppbyggingin verði í þeirra þágu.

Þetta eru ekki ný sjónarmið vegna þess að nýting fallvatnanna á Austurlandi til atvinnuuppbyggingar á Austurlandi er byggð á nákvæmlega sama sjónarmiði. Ég bið hv. þingmenn að muna eftir því að fyrir 15 árum eða svo var það almannavilji eða vilji stjórnvalda sem þá voru, að nýta orku fallvatnanna á Austurlandi til þess að byggja álver á Keilisnesi hér skammt frá höfuðborgarsvæðinu, flytja raforkuna frá Austurlandi þvert yfir landið til þess að fóðra álver við Keilisnes. Það var pólitíska línan á þeim tíma að menn gætu flutt eða nýtt auðlindir sem væru í einum landshluta til atvinnuuppbyggingar í öðrum landshluta. Nú hafa menn breytt um stefnu í þessu efni og auðlindir Austurlands eru notaðar til atvinnuuppbyggingar þar. Þingeyingar taka undir þetta hvað þá varðar og ég er að mörgu leyti sammála þeim. Mér finnst að vísu ekki að þetta eigi að vera einvörðungu á valdi heimamanna, þetta á auðvitað að vera samspil almannavalds, eða sem þjóðareign, og staðbundinna hagsmuna. Ég mundi orða það svo að það er sanngjarnt að ákvörðun um hvernig auðlindin í Þingeyjarsýslum er nýtt á að vera í þeirra þágu í atvinnumálum að vissu marki. Menn eiga að ná samkomulagi um hlutina, mér finnst það sanngjarnt.

Ég held að sama verði að gilda um auðlindir sjávar, menn verða að nýta þær með þeim hætti að byggðarlögin víða um landið, kannski víðast hvar um landið, sem hafa reist atvinnumál sín á sjávarútvegi eigi þar íhlutun um nýtingu þeirrar auðlindar þannig að það styrki atvinnulíf þeirra. Kerfið eins og það er í dag, sem lítur algerlega fram hjá atvinnuhagsmunum einstakra sveitarfélaga er ósanngjarnt og ég vil taka undir þau sjónarmið sem menn hafa verið að þróa á undanförnum 15 árum og tala fyrir því að við felum sveitarstjórnarstiginu vald til þess að hafa íhlutunarrétt um nýtingu þessara auðlinda. Ég mundi t.d. ekki styðja það ef hér væri lagt fram frumvarp til þess að taka af Þingeyingum það skipulagsvald sem þeir hafa í dag þannig að menn gætu nýtt orku Þingeyinga annars staðar en í Þingeyjarsýslum í algjörri andstöðu við þá. Ég teldi að það væri óskynsamlegt og mundi ekki styðja slíka ráðabreytni, ef

hún er á annað borð fyrir hendi, sem ég veit ekkert um.

Ég held að menn þurfi að hafa þetta ofarlega í huga og athuga þennan þátt málsins vandlega, að styrkja stöðu sveitarstjórnarstigsins til að hafa áhrif á þróun atvinnumála. Og þá fyrst og fremst með því að hafa áhrif á nýtingu auðlinda lands og sjávar sem sveitarfélagið varðar. Þetta kostar auðvitað að það er eðlilegt að gera kröfu til þess að sveitarfélög séu ekki mörg á landinu og séu nokkuð stór, a.m.k. landfræðilega stór. Ég held að það sjái það allir að það er flóknara mál að útfæra slíka löggjöf ef sveitarfélög eru mörg og smá en ef þau eru stærri í sniðum.

Almennt finnst mér umræða um stærð sveitarfélaga og sameiningu þeirra vera því marki brennd að einskorðast of mikið af því að draga upp landakort og segja það sem mönnum finnst að þurfi að gera, að það þurfi að fækka sveitarfélögum svo og svo mikið o.s.frv., en það er ekki aðalatriði málsins. Til þess að ná árangri þurfa menn að draga upp sveitarstjórnarstigið sjálft og segja: Svona viljum við hafa sveitarstjórnarstigið, með þessi lögbundnu hlutverk, með þessi völd og með þessa möguleika, og til þess að það geti gengið eftir tel ég að síðan þurfi að verða einhverjar breytingar á skipulaginu. Menn þurfa að sýna framtíðarsýnina. Hvað vilja stjórnmálamennirnir sýna íbúunum og sveitarstjórnarmönnunum til framtíðar um stöðu sveitarstjórnarstigsins? Menn þurfa að skýra hana og síðan þegar það liggur fyrir kemur skipulag sveitarfélaganna af sjálfu sér. Ég held því að menn þurfi að breyta dálítið um áherslur í þessu og draga fram skýra mynd um framtíðarsýn um stöðu og hlutverk sveitarstjórnarstigsins. Það er eðlilegt að hugsa til þess að sveitarstjórnarstigið hafi pólitísku hlutverki að gegna umfram það sem framkvæmdarvaldið almennt ætti að hafa vegna þess að sveitarstjórnarmennirnir eru kosnir í almennum kosningum og hafa tiltölulega sterkt og víðtækt pólitískt umboð frá íbúum sínum.

Virðulegi forseti. Ég vil svo að lokum fjalla aðeins um eftirlit með sveitarstjórnum. Það er kafli um það í skýrslunni og farið yfir ýmsa fleti á því máli. Eitt vil ég nefna og kalla eftir því að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að leggja hér fyrir breytingar á núverandi löggjöf. Það er algjörlega óviðunandi eins og gerst hefur að sveitarstjórn vék úr sveitarstjórninni einum kjörnum sveitarstjórnarmanni. Sveitarstjórnarmenn eru kjörnir í almennum kosningum en ekki á sveitarstjórnarfundum. Þetta var kært til ráðuneytisins og eðlilega féll málið á þann veg að ákvörðun sveitarstjórnarinnar var ógilt en ferlið tók fimm og hálfan mánuð. Allan þann tíma var réttkjörinn sveitarstjórnarmaður utan sveitarstjórnar, maður sem hafði umboð íbúanna til þess að starfa í sveitarstjórn fékk ekki einu sinni að mæta á fundi. Það tók fimm og hálfan mánuð að fá leiðréttingu á þessu og hvað svo? Svo bara ekki neitt. Allar ákvarðanir sem höfðu verið teknar standa. Það eru engin viðurlagaákvæði eða refsiákvæði gagnvart þeim sem fara þannig að ráði sínu og þeim er í lófa lagið að gera þetta aftur, að víkja sama fulltrúa eða einhverjum öðrum fulltrúa út úr sveitarstjórn. Síðan tekur við kæruferli og meðferð máls hjá ráðuneytinu með fyrir fram vitaðri afstöðu eftir nokkra mánuði og svo er bara allt búið. Það er algjörlega óviðunandi að löggjöf sé svona áfátt, virðulegi forseti, að óprúttnir sveitarstjórnarmenn, ég leyfi mér bara að segja það, geti gripið til þessa ráðs og haft af því þann ávinning sem þeir sækjast eftir.

Ég veit að hæstv. ráðherra þekkir hvaða mál ég er að ræða um, og ég vil ekki ræða um málið á þeim forsendum hver eigi í hlut eða hvaða staður. En þetta gerðist og þetta tel ég ólýðræðislegt, þetta brýtur gegn lýðræðinu sjálfu. Til hvers eru menn að kjósa sveitarstjórnarmenn, til hvers eru íbúar í einstökum sveitarfélögum að kjósa sveitarstjórnarmenn ef einfaldur meiri hluti í sveitarstjórninni getur bara vikið þeim út þegar honum sýnist? Og jafnvel þó að það sé ólögmæt ákvörðun þá stendur hún þar til ráðuneytið hefur fellt hana úr gildi. Ég vænti þess að menn líti á þetta með mikilli alvöru til þess að bæta þarna úr þannig að ekki standi til frambúðar þessi ágalli í löggjöfinni um sveitarstjórnir.

[16:21]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi fyrri ræðu minnar hér áðan talaði ég almennt um þessa skýrslu og hrósaði innihaldi hennar og hve vel hún hefði verið gerð. Núna í upphafi seinni ræðu minnar vil ég koma á framfæri ábendingu: Ef sú tillaga sem margir þingmenn hafa komið fram með hér verður að veruleika, þ.e. að við fáum slíka skýrslu úr hendi hæstv. félagsmálaráðherra á hverju ári, verður í slíkri skýrslu að örla á því sem skortir í þessari skýrslu, þ.e. einhvers konar tilraun stjórnvalda, þá hæstv. ráðherra, til að horfa fram í tímann. Í slíkri skýrslu þarf að marka einhverja stefnu og setja fram pólitíska yfirlýsingu, það þarf að kveða fastar að orði en gert er hér. Ég ætla ekki að draga úr gildi þeirrar skýrslu sem hér liggur fyrir, alls ekki. Hún er, eins og ég hef sagt áður, á margan hátt mjög gott skjal sem ég hygg að muni gagnast fjölmörgum.

Margt í þessari skýrslu hefur vakið mig til umhugsunar, margir ágætir kaflar og margt ágætlega orðað. Það er að sjálfsögðu ekkert nema gott eitt um það að segja. Ég kom í fyrri ræðu minni aðeins inn á atvinnumálin og hvernig vitlausar ákvarðanir hér á hinu háa Alþingi hefðu leikið margar byggðir, og þar af leiðandi margar sveitarstjórnir, grátt. Sveitarstjórnirnar hafa í kjölfarið þurft að glíma við vandamál vegna minnkandi atvinnu, vegna samdráttar í atvinnulífinu, vegna fólksfækkunar og annarrar óáranar sem þrífst á því að byggðirnar eru sviptar möguleikum sínum til að einkaframtakið fái að blómstra og til að atvinnulífið fái að halda velli og helst blómstra í leiðinni. Þetta hefur því miður gerst í mörgum byggðarlögum umhverfis landið og ekki síst í sjávarbyggðum. Ég hygg að við þekkjum öll þá sorgarsögu. Ég tel það mjög brýnt verkefni fyrir stjórnmálamenn að reyna að hindra þessa þróun, að reyna að hamla henni.

Ég tók þátt í umræðu sem átti sér stað í síðustu viku um byggðamál þegar hæstv. byggðamálaráðherra lagði fram skýrslu sína um stefnumótun í byggðamálum. Hæstv. byggðamálaráðherra var þá, ef ég man rétt, nokkuð harðlega gagnrýnd fyrir það að leggja fram í þriðja sinn nánast sömu skýrsluna. Við skulum nú vona að hæstv. félagsmálaráðherra verði ekki gagnrýndur fyrir það þegar hann leggur fram þessa skýrslu aftur síðar meir, hvenær sem það nú verður.

Eitt af því fáa sem var nýtt í skýrslu hæstv. byggðamála-

ráðherra mátti finna í þeim sjö línum sem mér skilst að hafi verið öðruvísi í ár en í fyrra. Þar var minnst á norska skýrslu sem fjallar um hvernig stjórnvöld í Noregi hafa farið að því að reyna að styrkja byggð og þá jafnframt um leið stjórnsýslu og sveitarstjórnir í hinum dreifðu byggðum Noregs með aðferð sem oft hefur verið til umræðu hér á landi. Sú aðferð hefur oft verið rædd en því miður hefur ekki mikið verið um efndir. Sú aðferð felst í því að færa ríkisstofnanir af höfuðborgarsvæðinu út á land. Þá sjaldan það hefur verið reynt hér á landi hefur það kostað hávaða og læti. Ég fór og fann skýrsluna sem vitnað er í, eða nefnd er, — það er nú ekki vitnað í hana, hún er bara nefnd örfáum orðum í skýrslu byggðamálaráðherra. Ég fann þessa skýrslu á netinu og hef verið að glugga í hana. Þetta er skýrsla sem er gefin út af rannsóknarstofnun í Rogalandsfylki á suðvesturströnd Noregs og heitir á norsku: Effekter av utlokalisering av statlige arbeidsplasser, þ.e. áhrif af því að færa ríkisstörf út á landsbyggðina. Mig langar til að nota þetta tækifæri núna til að ræða efnislega helstu drættina í þessari skýrslu í stuttu máli. Norðmenn hafa notað þessa aðferð, þ.e. beitt markvisst þeirri pólitík að færa ríkisstörf út á land, síðan á sjöunda áratugnum. Það má segja að þetta hafi byrjað á fullu á áttunda áratugnum, þ.e. upp úr 1970. Síðan 1960 hafa Norðmenn flutt á milli 40–80 ríkisstofnanir út á land, að meðaltali eina eða tvær á ári. Í Svíþjóð hafa menn gert þetta í miklu meira mæli en í Noregi, hafa beitt þessu sem verkfæri í því að dreifa stjórnsýslunni og styrkja byggðirnar úti á landi. Í Noregi hafa menn flutt út á land 29 stjórnsýslueiningar, átta þekkingar- og menntastofnanir, sjö stofnanir sem sjá um opinberar skráningar og þrjár þjónustueiningar. Þegar maður skoðar þessar tölur nánar sér maður að frá árinu 1982 til 1992 hafa Norðmenn flutt út mjög mikið af ríkiseiningum eða stofnunum sem sjá um skráningar eða opinbera innheimtu. Þetta gerist að sjálfsögðu samfara þeirri öru þróun sem við höfum séð í tölvutækni frá þessum tíma. Menn hafa verið að færa sig upp á skaftið. Frá 2001 hefur verið ákveðið að flytja út á land mjög margar stofnanir sem hafa mjög náin tengsl við ráðuneytin sem eru jú öll í Ósló. Það má sjá að þessi þróun hefur orðið til þess að mönnum hefur vaxið ásmegin og vaxið kjarkur og farið að gera þetta í síauknum mæli vegna þess að menn sjá það af reynslunni að þetta er vel hægt. Þetta hefur verið að þróast þannig að stofnanirnar hafa verið færðar frá höfuðborgarsvæðinu og lengra og lengra út á land, til Vestur-Noregs og síðan til Norður-Noregs, í fleiri þúsund kílómetra fjarlægð frá höfuðborginni. Menn virðast ekkert hafa sett það neitt sérstaklega fyrir sig þótt þetta hafi verið gert. Menn hafa verið að reyna að ná fram hagræðingu í ríkisrekstri með því að sérhæfa og safna saman verkefnum á vegum ríkisins á einn stað, þ.e. taka ákveðna hluti og safna þeim saman og þá um leið reynt að bæta þá þjónustu sem hefur verið veitt. Einnig hafa menn reynt að sæta lagi til að notfæra sér sérþekkingu sem er til staðar á ákveðnum svæðum í ákveðnum málaflokkum. Um leið hafa menn í sumum tilfellum að minnsta kosti verið að reyna að lina sársauka vegna stórra breytinga í atvinnulífi.

Af hverju nefni ég þetta í tengslum við þessa umræðu um sveitarstjórnarmálin? Ég tel að sveitarstjórnarmál og stjórnsýsla í sveitarfélögum sé oft og tíðum, hvað eigum við að segja, náskyld stjórnsýslu ríkisins. Ef við Íslendingar færum að ræða þetta af meiri alvöru en við höfum gert fram til þessa og hugsa meira um þetta en við höfum gert og framkvæma meira í þessa veru en við höfum gert hygg ég að samfara því að færa ríkisstofnanir út á land værum við líka í mörgum tilfellum að styrkja stjórnsýslu á viðkomandi svæðum og þar af leiðandi óbeint og jafnvel beint líka að styrkja stjórnsýslu sveitarstjórnanna. Því það er oft þannig að með þessum störfum fylgir fólk sem hefur menntun og þekkingu og reynslu. Í stjórnsýslustörfum er til að mynda fólk með háskólamenntun. Þetta skapar stöðug störf á þessum svæðum innan stjórnsýslu og ég hygg að þetta leiði af sér marga jákvæða þætti fyrir viðkomandi byggðir og viðkomandi samfélög. Það kemur glögglega fram í þessari skýrslu Norðmannanna að það hefur einmitt gerst í Noregi. Þó þetta kosti í sumum tilfellum einhver læti og átök þá virðist þetta til lengri tíma skila mjög miklu fyrir viðkomandi héruð. Það er svolítið skemmtilegt að sjá hver reynsla Norðmanna hefur verið. Ef þeir hafa gengið hreint til verks í þessum efnum, þ.e. ákveðið með stuttum fyrirvara að færa ríkisstofnanir út á land og síðan framkvæmt það á stuttum tíma, hafa hlutirnir gengið hvað best fyrir sig. Í staðinn fyrir að fólk eyði orkunni í að rífast um hvort eigi að gera þetta eða ekki hefur orkan farið í að leita lausna á þessu verkefni. Í staðinn fyrir að rífast hvert við annað hefur fólk einbeitt sér að því að fara út í þessa flutninga með sem sársaukaminnstum hætti. Þetta finnst mér svolítið áhugaverður punktur í reynslu frænda okkar og ég hygg að við mættum nota þetta til viðmiðunar hér á Íslandi líka.

En nóg um það, virðulegi forseti. Ég ætla að nota þær örfáu mínútur sem ég á eftir til að ræða annað sem komið er inn á hér í þessari skýrslu sem er siðferði á sveitarstjórnarstiginu, en um það er talað á bls. 32 og 33. Það er einn af mörgum punktum sem mér finnst vera nokkuð áhugaverðir og mér finnst að eigi fyllilega erindi inn í umræðuna. Það er nefnt hér á bls. 33 að Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hafi gert viðhorfskönnun árið 2000. Þar hafi komið fram að kunningsskapur, frændsemi og pólitísk fyrirgreiðsla vegi þungt á sveitarstjórnarstiginu. Í þessari könnun voru íbúarnir beðnir um að taka afstöðu til spurningarinnar: Telur þú að frændsemi, kunningsskapur og pólitísk fyrirgreiðsla skipti mjög miklu, frekar miklu, nokkru, litlu eða engu máli til að fá málum framgengt í þínu sveitarfélagi? Alls 59% svarenda, tæplega 60%, töldu þessa þætti skipta mjög eða frekar miklu máli. Það er nokkuð hátt hlutfall. Alls 20% sögðu að það skipti nokkru, en 22%, þ.e. tæpur fjórðungur, taldi þessa þætti skipta litlu eða engu máli. Mér finnst þetta nokkuð athugavert og ég hygg að það væri alveg þess virði að slík rannsókn yrði gerð á nýjan leik, að fólk yrði spurt nákvæmlega sömu spurningar í dag. Ég hygg að oft og tíðum skipti þessir þættir þó nokkru máli einmitt í stjórnsýslu á sveitarstjórnarstiginu, kunningsskapur, frændsemi, pólitísk fyrirgreiðsla. Það leiðir enn og aftur hugann að því sem ég talaði um í fyrri ræðu minni og er kannski nokkuð viðkvæmt mál en það eru einmitt þau kjör sem sveitarstjórnarmenn á hverjum tíma búa við. Þau kjör mætti fyllilega taka til athugunar. Ég tel að þau kjör séu allt of slæm. Ég hygg að oft og tíðum sé jafnvel samhengi á milli þess hve slæm kjör sveitarstjórnarmanna eru og síðan þess hve hátt þættir

eins og frændsemi, kunningsskapur eða pólitísk fyrirgreiðsla vega í verkum margra sveitarstjórna og hugsanlega margra sveitarstjórnarmanna.

Einnig virðast sveitarstjórnir oft og tíðum vera mjög mikið undir hælnum á ríkisstjórnarvaldinu, þ.e. flokkunum hér í Reykjavík. Mér hefur oft ofboðið að horfa upp á það til að mynda hvernig sveitarstjórnir hafa verið gersamlega lamaðar þegar farið hefur verið út í ýmsar breytingar varðandi atvinnulíf sveitarfélaga. Oft hafa þessar breytingar verið tengdar fiskveiðistjórnarkerfinu, þ.e. kvótakerfinu sem við búum við. Mér hefur oft og tíðum alveg ofboðið, hvað eigum við að segja, aumingjaskapurinn sem margar sveitarstjórnir hafa sýnt hvað það varðar að gera það sem þær eiga að gera, samkvæmt því sem nefnt er í þessari skýrslu, að verja atvinnuhagsmuni íbúanna. Það er sagt beinum orðum í þessari skýrslu að það sé eitt af meginverkefnum sveitarstjórna. En því miður hafa sveitarstjórnir á mörgum undanförnum árum á mörgum stöðum víða um land gjörsamlega brugðist í þessu mikilvæga hlutverki. Ég leyfi mér að nefna eitt sveitarfélag, sem er sveitarfélagið þar sem ég bý, Akranes, þar sem bæjarstjórnin hefur gjörsamlega brugðist trausti bæjarbúa varðandi það að verja atvinnuhagsmuni bæjarbúa núna þegar kvótinn hefur á borði verið tekinn af bæjarfélagi sem á að baki rúmlega 100 ára útgerðarsögu. Þetta hefur gerst núna á tveimur árum. Ég kannast ekki við að það hafi mætt mikilli andspyrnu bæjarstjórnarinnar þar því miður. Það má finna fleiri dæmi um þetta, til að mynda vestur á fjörðum og jafnvel víðar. Þetta held ég að þurfi að ræða mjög alvarlega í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna sem fram undan eru, því það er líka nefnt í þessari skýrslu að hinir kjörnu fulltrúar, sveitarstjórnarmenn, leggi einmitt störf sín í dóm kjósenda í slíkum kosningum.

[16:36]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Þetta er að mörgu leyti ágætisskýrsla og maður heyrir að þingheimur tekur henni mjög vel. Ég er á því að það sé m.a. vegna þess að hún er vel úr garði gerð en kannski er það einnig vegna þess að samanburðurinn við aðrar skýrslur sem við höfum verið að ræða undanfarna daga og vikur, og þá dettur mér í hug skýrsla um byggðamál, er bara þessari skýrslu svo hagstæður. Skýrslan um byggðamál var svo afleit að þessi skýrsla glóir eins og gull í samanburðinum. (**KHG:** Er þetta þá ekki bara raus?) Nei, ég er á því að það sé ekki raus vegna þess að í þá skýrslu vantaði allar mælieiningar. Menn ræða hér að það eigi að verða framhald á þessum umræðum og þessum skýrslugjöfum og það sem ég hefði viljað sjá í þessari skýrslu er stutt yfirlit um skuldastöðu sveitarfélaga — ég sá hér í hliðarherbergi að í Árbók sveitarfélaganna er til gott yfirlit yfir skuldastöðu og rekstur sveitarfélaga — en ekki síður að menn tækju skuldastöðuna, stöðu sveitarfélaganna og greiddu úr því þegar menn væru að fela slæma stöðu sveitarfélaga í einkarekstri og rekstrarleigum. Menn eru að koma skuldum sveitarfélagsins í þann búning þannig að efnahagsreikningur sveitarfélags lítur ekki eins illa út og raun ber þó vitni.

Mér dettur strax í hug að ef maður skoðar efnahagsreikning sveitarfélags eins og Reykjanesbæjar sem er búinn að koma miklum eignum fyrir í rekstrarleigum er mjög erfitt að bera hann saman við rekstrarstöðu annarra sveitarfélaga sem hafa ekki gert það. Þessu þarf að greiða úr því að það er algjörlega óþolandi að menn geti leikið sér að því að fela skuldir fyrir íbúunum. Þessir reikningar eiga að vera samanburðarhæfir og menn eiga ekki að geta falið raunverulega stöðu sveitarfélaganna.

Það eru fleiri ágætir kaflar í þessari skýrslu. Ég vil minnast á kaflann um lýðræðismál sem ég tel að þarfnist endurskoðunar í ljósi prófkjara síðustu daga, vikna og mánaða þar sem peningar virðast ráða mjög miklu um útkomu prófkjörs og vera í rauninni ráðandi afl. Það er eins og að frambjóðendur í stærsta sveitarfélaginu á landinu telji sig þurfa að verja mörgum milljónum til þess að ná kjöri. Ég er nokkuð viss um að þessir fjármunir hafi ráðið úrslitum í einhverjum mæli. Það þarf að taka á þessu og þetta er inni í umræðunni um fjármál og fjárreiður stjórnmálaflokka og ég er á því að í ljósi atburða síðustu daga þurfi að fara í gegnum og klára þessa umræðu. Þetta er nú fyrir nefnd og ég óttast mjög að stjórnarflokkarnir hafi engan áhuga á að klára þetta mál vegna þess að þeir hafa reynt að draga lappirnar og vilja sem mest leyna því hverjir greiði í kosningasjóði flokkanna. Þessu þarf að hætta. Við verðum að líta til þess að t.d. í stærsta sveitarfélaginu, þar sem prófkjör hafa klárast, standa þessir menn sem hafa þegið margar milljónir frá fyrirtækjum og mögulega fjársterkum einstaklingum að einhverju leyti í þakkarskuld við þá sem hafa gefið þessar peningagjafir. Þetta er auðvitað óþolandi. Við sjáum að þetta geta verið mjög miklir hagsmunir. Það eru t.d. deilur í Hverageröi núna og áhöld um að allt sé með felldu hvað varðar lóðaúthlutun til eins ákveðins fyrirtækis. Svona mál þarf að útkljá og þau þurfa að vera uppi á borðinu.

Hér er vitnað í könnun Transparency International sem ég gerði að umtalsefni síðasta haust vegna þess að mér blöskraði að Ísland væri í efsta sæti á þessum lista yfir minnst spilltu þjóðir í ljósi þess að hæstv. forætisráðherra stóð í að selja sjálfum sér Búnaðarbankann með umdeildum aðferðum. Það er náttúrlega með ólíkindum að við höfum getað lent efst á þessum lista. Eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson benti á virðist hæstv. félagsmálaráðherra draga að einhverju leyti úr því að við eigum heima efst á þessum lista vegna þess að hann leggur á bls. 33 í skýrslu sinni fram könnun sem dregur mjög í efa að við eigum að tróna efst á þeim lista yfir minnst spilltu þjóðir í heiminum. Þar kemur fram að tæplega 60% svarenda töldu frændsemi og kunningsskap skipta mjög miklu máli til að fá pólitíska fyrirgreiðslu. Þetta er náttúrlega alveg óþolandi.

Það eru fleiri þættir sem við verðum að líta til með jákvæðum huga. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson minntist á mál sveitarstjórnarfulltrúa og þá reikna ég með að það hafi verið í Dalabyggð. Þetta er alveg rétt sem hann benti á, ég tek undir það, en það verður að líta til þess að stjórnsýslulögin eru frá árinu 1993 og við erum að slípast í meðferð þeirra. Þetta er eitt af því sem þarf að taka á og ég vonast til þess að hæstv. félagsmálaráðherra bregðist að einhverju leyti við þeirri gagnrýni sem kom fram hjá hv. þingmanni og boði breytingu á þessu. Það er mjög sérstakt að fólk hafi verið utan sveitarstjórnar og að teknar hafi verið ákvarðanir

í svo langan tíma án þess að það virðist hafa nokkrar afleiðingar.

Fyrst maður ræðir hér sveitarstjórnarmál er ekki hægt að líta fram hjá því, enda kemur það fram í skýrslunni, að staða sveitarfélaga er æðimisjöfn og menn eru ekkert að tala um einn og sama hlutinn þegar menn tala um stöðu sveitarfélaga. Sum sveitarfélög standa ákaflega vel og önnur illa. Sumir virðast telja það, þar á meðal hæstv. félagsmálaráðherra, það má heyra á stundum, að lausnin fyrir minni sveitarfélög sé að sameinast. Það á að laga nær allan vanda þeirra. Það er því miður ekki svo því að þau sveitarfélög sem hafa orðið hvað verst úti hvað varðar byggðaþróun eru sjávarbyggðir sem hafa farið mjög illa út úr kvótakerfinu Við sjáum að tekjur sumra sveitarfélaga eru 400 millj. kr., t.d. Vesturbyggðar, tæpar 400 millj. enda hafa verið seldar þaðan veiðiheimildir á umliðnum árum fyrir miklum mun hærri upphæðir. Það hefur skert tekjumöguleika sveitarfélaganna. Vandi þessara byggðarlaga í hnotskurn er fiskveiðistjórnarkerfi Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks sem hefur ekki mátt breyta þrátt fyrir að byggðirnar hafi fari mjög illa út úr þessu. Það er eitt af því sem verður ekki umflúið að taka á, enda er þetta kerfi með þeim hætti að það þjónar ekki nokkrum tilgangi hvað varðar fiskveiðistjórn, heldur virðist þetta vera eitthvert peningakerfi sem kemur byggðunum illa. Það þarf að taka virkilega á því.

Eins þurfa sveitarfélögin að fá tekjustofna og hlutdeild af sköttum. Hér hafa verið nefndir ýmsir skattar. Ég vil nefna fjármagnstekjuskattinn, ég ætla að láta fljóta hér sögu af milljónamæringi sem fluttist í sjávarþorp, hafði um 20 millj. kr. í fjármagnstekjur og átti fjögur börn. Það var gríðarlegur baggi að fá þennan milljónamæring í sveitarfélagið vegna þess að hann skilaði engum tekjum til viðkomandi sveitarfélags en það var gífurlegur kostnaður af honum vegna þess að börnin gengu í skóla. Jú, hann greiddi að vísu eitthvað fyrir það að sorphirðan tók ruslið frá honum, fasteignagjöld, en annað fékk sveitarfélagið ekki. Það fékk fasteignagjöldin, hann keypti sér hús, en af þessum 20 millj. kr. tekjum kom ekkert til sveitarfélagsins. Ríkið fékk einhvern fjármagnstekjuskatt, 10%. Þetta er náttúrlega óþolandi staða. Fólk sem jafnvel rekur lítil fyrirtæki og baslar í þessum sveitarfélögum horfir upp á þetta, engar tekjur af fjármagnstekjuskatti frá milljónamæringum sem flytjast inn í sveitarfélögin á meðan aðrir greiða skatta og gjöld, og alltaf af æ lægri launum. Skattprósentan lækkar en persónuafslátturinn ekki þannig að láglaunafólkið í viðkomandi byggð borgar fyrir þennan milljónamæring sem skilar ekki einni krónu til reksturs sveitarfélagsins. Kannski gerir hann það í gegnum jöfnunarsjóð eða eitthvað álíka en þetta er algjörlega óþolandi og særir réttlætiskennd fólks. Það verður að taka á þessu.

Ég dreg einnig í efa að við eigum að ræða hér um sveitarstjórnarstigið og að verkefni sveitarstjórna á landinu eigi að vera þau sömu. Ég er ekkert endilega viss um að verkefni Reykvíkinga eigi að miðast við það sem lítil sveitarfélög á landsbyggðinni geta innt af hendi, og öfugt. Ég sé ekkert endilega rök fyrir því að minni sveitarfélög eigi að hafa öll þau sömu verkefni og stóru sveitarfélögin. Ég held að það sé orðinn það mikill munur á rekstri sveitarfélaganna út frá stærð og getu að það er í rauninni ekkert hægt að ætlast til þess þó svo að heilu sveitarfélögin sameinist. Ég hef bent á það t.d. á Ströndum að þó svo að allir íbúar Stranda sameinist í eitt sveitarfélag er varlegt að ætlast til þess að þeir fari í öll þau sömu verkefni og Reykjavíkurborg. Ég held að það sé ekki raunhæft, frú forseti.

[16:49]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég var kominn þar í fyrri ræðu minni að ég var að bera saman þróun tekna ríkisins og sveitarfélaganna frá árinu 1998–2004. Ég fór yfir það hversu mikið tekjur ríkisins hafa aukist umfram tekjur sveitarfélaganna en ríkið hefur aukið tekjur sínar um 78% á sama tíma og sveitarfélögin hafa aukið skatttekjur sínar um 49%. Það hefur gliðnað á milli ríkisins og sveitarfélaganna enn frekar frá því sem var. Þegar töflur eins og eru á bls. 38 í skýrslunni eru skoðaðar, sem sýna okkur að sveitarfélögin á Íslandi eru með mun minni hlutdeild í samneyslu en er annars staðar á Norðurlöndum, þá mun með þessari þróun nokkur ár í viðbót hlutfall sveitarfélaga í samneyslunni á móti ríkinu minnka enn og enn meiri munur verða á milli Norðurlandanna sem við berum okkur saman við og sveitarfélagastigsins hérna.

En eitt verðum við að varast í þessari umræðu og það er að tala um sveitarfélögin sem einsleitan hóp. Mjög víða í skýrslunni er verið að fara yfir og setja fram tölur um hópinn sveitarfélög. En við þekkjum það sem höfum starfað í sveitarstjórnum og tekið þátt í því að stýra og annast málefni sveitarfélaga að það er afskaplega mikill munur á sveitarfélögum á Íslandi og ég leyfi mér að efast um að hann gerist meiri víða annars staðar. Þess vegna verðum við að gjalda ákveðinn varhuga við því þegar við erum að fara yfir tölur um hlutföll og annað slíkt, að það eru öll sveitarfélög á landinu tekin saman í einn hóp og síðan er lagt út frá þeim tölum sem út frá því koma.

Mér sýnist á bls. 40 í skýrslunni, þar sem farið er yfir hlutfallslega skiptingu útgjalda eftir málaflokkum, að gróft sagt eru þessi lögbundnu verkefni sveitarfélaga á sviði fræðslu- og uppeldismála, á sviði félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamála, þó það sé ekki allt saman lögbundið, að þessir þrír málaflokkar samanlagt séu yfir 70% af útgjöldum sveitarfélaga og þá eru öll sveitarfélög á landinu tekin saman í einn hóp. Þetta sýnir okkur kannski í hnotskurn hversu lítið val sveitarstjórnarmenn hafa þegar þeir eru að stýra málefnum sveitarfélags síns vegna þess að í hin lögbundnu verkefni, í hina lögbundnu þjónustu sem sveitarfélögunum ber að inna af hendi fer afskaplega stórt hlutfall af tekjunum og lítið verður eftir til að sinna verkefnum eða málefnum sem gerð er krafa um umfram hin lögbundnu lágmarksverkefni sem sveitarfélögunum er falið. Þetta getur að mörgu leyti verið ástæðan fyrir því hversu erfiðlega gengur á mörgum stöðum að fá fólk í sveitarstjórnir.

Tafla á bls. 22 í skýrslunni vakti athygli mína sem heitir: Fjöldi nýkjörinna og endurkjörinna fulltrúa í sveitarstjórnarkosningum árið 2002. Þar er farið yfir landið allt og öll sveitarfélög. Síðan er þeim skipt upp í smærri og stærri. En ef við horfum á landið allt eru fulltrúar í sveitarstjórnum 657 og nýkjörnir fulltrúar samkvæmt þessum tölum 317, eða 48,3%. Samkvæmt því er helmingur allra sem kjörnir

voru í sveitarstjórn á árinu 2002 nýkjörnir.

Ef við skoðum þessa endurkjörnu fulltrúa sem eftir sitja, 340, þá voru 300 kjörnir árið 1998, þ.e. fjórum árum áður. Það þýðir að af 340 sem ná kosningu aftur séu 300 búnir að sitja eitt kjörtímabil en ekki lengur. Ef við förum alla leið í töflunni þá eru fulltrúar sem setið hafa fleiri en tvö kjörtímabil samkvæmt þessu einungis 40 af 657.

Ég efast nú satt að segja um að þessi statistikk sé rétt. Það hljóta að vera einhverjar skekkjur í þessu. En eftir sem áður veit ég af eigin raun og reynslu að það er ekki auðvelt að fá fólk til starfa í sveitarstjórnum vítt og breitt um landið. Bara sem dæmi, af því að sem sá sem hér stendur situr í sveitarstjórn, kjörinn í sveitarstjórn á árinu 2002, þá voru kjörnir fimm fulltrúar í hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, fjórir af þeim eru farnir til annarra starfa og sitja ekki lengur í sveitarstjórn og varamenn komnir í þeirra stað. Þessar tölur koma mér því ekkert á óvart þegar ég horfi á þær jafnvel þó að einhverjar skekkjur séu í þeim. Það er nefnilega ekki auðvelt að reka sveitarfélögin á Íslandi í dag. Þá er ég að tala um millisveitarfélög og minni sveitarfélög sem berjast í því að veita hina lögbundnu þjónustu á sem bestan hátt og að þeim kröfum sem nútíminn gerir, en eru á hinn bóginn varla með tekjur til að sinna þeirri lögbundnu þjónustu.

Hér hefur verið rætt talsvert um nauðsyn þess að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga. Ég tek undir þá umræðu vegna þess að við sjáum á þróun tekna milli ríkis og sveitarfélaga að þegar sveitarfélögin sitja eftir með eingöngu skatta- og launatekjur og síðan fasteignaskattinn, þá halda þau ekkert í við ríkið á þenslutíma eins og nú er. Sveitarfélögin ná ekki að halda hlut sínum í heildarskatttekjum á Íslandi þegar við lifum við þensluástand eins og nú er. Það er nauðsynlegt fyrir sveitarfélögin að þau fái hlutdeild í veltusköttunum að einhverju leyti, að hluti af virðisaukaskatti sé á einhvern hátt eyrnamerktur sveitarfélögunum. Ég held að það verði líka að koma til skoðunar hvort sveitarfélögin eigi að njóta tekjuskatts sem einkahlutafélög greiða. Við vitum að einkahlutafélög hafa verið stofnuð í mjög auknum mæli, oft og tíðum utan um einn einstakling sem er með ákveðinn rekstur í kringum sig. Áður var sá einstaklingur að reka sig sem einstakling en rekur sig núna sem einkahlutafélag og það þýðir náttúrlega að sveitarfélagið fær ekki krónu í tekjuskatt af þeim einstaklingi vegna þess að þetta fer meira og minna allt í gegnum einkahlutafélagið.

Annað sem maður veltir fyrir sér er hlutdeild í sköttum á umferð og sköttum vegna samgöngumannvirkja. Ég held að fróðlegt væri að velta fyrir sér hver hlutur sveitarfélaganna sé í heildarvegakerfi landsins og hver hlutur ríkisins sé. Það er ríkið sem fær eingöngu þessa skatta af umferð og samgöngumannvirkjum en sveitarfélögin ekki. Ég held að það gæti verið svolítið skemmtileg umræða að fara í gegnum það hve stór hluti vegakerfisins er í eigu, í rekstri og viðhaldi sveitarfélaga versus það sem ríkið er með sín megin. Því eins og við vitum hefur ríkið allar skatttekjur af umferð og samgöngum en sveitarfélögin ekki neitt. Bara þessi þrjú litlu atriði sem ég hef nefnt mundu gjörbreyta að mínu viti tekjumunstri sveitarfélaganna sem er allt of einsleitt.

Á bls. 43 í skýrslunni kemur fram hvernig tekjur sveitarfélaga skiptast. Og enn og aftur kannski negli ég þann varnagla að vont er að tala um sveitarfélög sem einn hóp því tekjurnar skiptast misjafnlega á milli þeirra. En 61% af tekjum sveitarfélaga er útsvar, eða útsvarstekjur af launatekjum íbúa. Framlög úr jöfnunarsjóði eru 8%, 11% koma úr fasteignaskatti. Aðrar tekjur sem eru þá þjónustugjöld og slíkt sem lagt er á þjónustu er um 18% og aðrar tekjur með skattaígildi eins og kallað er, eru 1%. Þarna er útsvarið langstærsti hlutinn og þegar útsvarið og fasteignaskatturinn eru lögð saman er það orðinn afskaplega stór hluti af tekjum sveitarfélaganna. En vaxandi hluti eru þó þjónustutekjur, aðrar tekjur, sem eru orðnar 18% af heildartekjum sveitarfélaganna.

Þegar talað er um að sveitarfélögin séu misjöfn eftir stærð og öðru því um líku þá sést það mjög greinilega á súluritinu á bls. 43. Þar sjáum við að mjög misjafnt er hvernig tekjur sveitarfélaga skiptast eftir því hversu stór þau eru og hvar þau eru á landinu. Það vakti athygli mína að þjónustutekjur sveitarfélaga undir 300 íbúum eru um það bil 60% af heildartekjum þeirra sveitarfélaga. Maður gæti haldið að íbúar þessara fámennu sveitarfélaga væru að borga svona hrikalega mikil þjónustugjöld fyrir þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir. En ég hygg að skýringin sé frekar sú að þarna sé um að ræða tiltölulega fámenna sveitahreppa suma hverja sem njóta virkjunartekna og einhverra slíkra tekna því að mismunurinn á tekjumunstri þessara litlu sveitarfélaga, eins og það birtist í töflunni og t.d. Reykjavíkurborgar, er geigvænlega mikill. Þegar Reykjavíkurborg er með um það bil 68% af tekjum sínum af útsvari, lítið sem ekkert úr jöfnunarsjóði, um 11–12% úr fasteignaskatti, og í þjónustutekjum um 17% þá eru þessi litlu sveitarfélög eingöngu með 20% úr útsvari. Úr jöfnunarsjóði 12–13%, úr fasteignasköttum 6–7% og síðan koma þessar þjónustutekjur sem ég var að nefna upp á 60%. Ég held að að mörgu leyti væri fróðlegt að brjóta aðeins betur niður þessi litlu sveitarfélög og sjá tekjumunstur þeirra. Hvernig stendur á því að tiltölulega fámenn sveitarfélög eins og þarna eru, eru með svona mikinn hluta sinna tekna, eða 60% í gegnum þjónustugjöld?

Ég ræddi um það í fyrri ræðu minni að ekki gæfist tími til að tala um sameiningu sveitarfélaga og varla að það gefist tími til þess í seinni ræðunni. Það sem ég vil segja um átakið sem ákveðið var að fara í að samkomulagi Samtaka íslenskra sveitarfélaga á Íslandi og félagsmálaráðuneytisins um að efla sveitarstjórnarstigið, að það átak fór algjörlega út um þúfur. Ég held að menn þurfi að skoða aðeins betur en gert hefur verið af hverju þetta gerist aftur og aftur þegar farið er í svona átök. Við höfum áður séð stórátök um sameiningu sveitarfélaga sem gengið hafa illa. Á meðan á átökunum stendur og meðan kosið er gerist lítið þó svo í kjölfarið gerist það að einhver sveitarfélög byrji að tala saman og ná síðan að sameinast þegar yfir lýkur, þá gerist lítið meðan á þessu heildarátaki stendur um sameiningu sveitarfélaganna. Ég hélt satt að segja að menn hefðu lært af síðasta stóra átaki áður en þau fóru í það sem var að ljúka. En svo virðist ekki vera. Samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytisins gekk út á að fara í átak um að efla sveitarstjórnarstigið. Þetta átak átti að vera þríþætt. Í fyrsta lagi átti að semja um fjárhagsleg samskipti milli ríkisins og sveitarfélaganna. Um hvernig tekjur sveit-

arfélaganna mundu breytast á ársgrundvelli og ekki síður um hvaða tekjur ætti að fylgja ákveðnum tilteknum verkefnum ef þau kæmu til sveitarfélaganna. Þetta gekk ekki eftir. Niðurstaðan af þessum samningum um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga var með þeim hætti að menn einfaldlega, margir hverjir sem höfðu bundið miklar vonir við að það gæti hjálpað til í sameiningu sveitarfélaga sáu að það mundi ekki gerast.

Annar þátturinn var að flytja verkefni til sveitarfélaganna í meira mæli en verið hefur. Menn gáfust upp við þann hluta átaksins að flytja verkefni til sveitarfélaganna og ná einhverju samkomulagi um það. Þá stóð einungis eftir spurningin um stærð sveitarfélaga og sameiningu. Þetta mikla átak sem allir voru sammála um að nauðsynlegt væri að fara í til að efla sveitarstjórnarstigið, endaði þannig að það klúðraðist vegna þess að menn ákváðu og enduðu eingöngu í því að kjósa um sameiningu sveitarfélaga. Það gekk ekkert betur núna en í fyrri slíkum átökum. Ég vona að menn fari nú að læra af því.

Aðeins um jöfnunarsjóðinn. Oft hefur verið talað þannig um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að hann sé orðinn allt of stór á Íslandi og talað um að reglur um hann séu bæði flóknar, ógegnsæjar og það séu bara tveir aðilar sem kunni þær reglur til hlítar, þ.e. ef þeir eru í sama herbergi á sama tíma, þá sé hægt að fara í gegnum hvaða reglur gilda um útgjöld jöfnunarsjóðsins. En þegar maður skoðar súlurit á bls. 45, um tekjuskiptingu sveitarfélaga á Norðurlöndum árið 2002, sést samt að jöfnunarhlutinn, sem hlutfall af tekjum sveitarfélaga, er lægstur á Íslandi. Ef við berum það saman við Finnland, Svíþjóð, Danmörku og Noreg. Þannig að hlutfall tekna sveitarfélaga sem fer til jöfnunar og kemur í gegnum jöfnunaraðgerðir eru meiri og hærri annars staðar á Norðurlöndunum en hér.

Aðeins í lokin, af því tími minn er að verða búinn, langar mig að vekja athygli hæstv. ráðherra á bls. 44. Þar er talað um 9. gr. Evrópusáttmálans um sjálfsstjórn sveitarfélaga og það beri að tryggja sveitarfélögum sjálfstæða tekjustofna til að standa undir lögbundnum verkefnum. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra, þegar sveitarfélög eru rekin með bullandi (Forseti hringir.) halla ár eftir ár, er þá verið að uppfylla þennan Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga?

[17:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langaði til að bæta fáeinum orðum við það sem ég sagði hér fyrr í dag. Mér var nokkuð tíðrætt um stækkun og eflingu sveitarfélaganna og litlu sveitarfélögin. Í ræðu mína vantaði þann part sem ég hafði hugsað mér að nefna, þ.e. dæmi um stöðu stærstu málaflokka sveitarfélaganna eftir stærð þeirra. Það kemur vel fram á blaðsíðu 41 í skýrslunni. Þar sést hvernig kostnaður af ýmsu tagi leggst í sveitarfélögunum. Þetta er í fjórum samanburðarhópum. Það er Reykjavík. Það eru 1.000 íbúar og yfir, utan Reykjavíkur. Svo eru það 1.000 íbúar og færri og að lokum færri en 300 íbúar. Það er athyglisvert að sjá hvernig þetta kemur út.

Ef við tökum t.d. sameiginlegan kostnað hjá sveitarfélögunum þá eru litlu sveitarfélögin með 300 íbúa og færri með 14% í sameiginlega kostnaðinn. Þeir sem eru í sveitarfélögunum sem eru um 1.000 og færri eru með 4% í þennan sameiginlega kostnað. Það er svipað hjá þeim sem eru með 1.000 íbúa og yfir, utan Reykjavíkur. Þetta er athyglisvert að mínu mati.

Það er líka umhugsunarefni, ef við lítum t.d. á æskulýðs- og íþróttamál, að gríðarlega mikill munur er á því hvað sveitarfélög leggja til æskulýðs- og íþróttamála í prósentum talið af tekjum sínum eftir því hvað þau eru stór. Fjögur prósent fara t.d. til æskulýðs- og íþróttamála hjá fámennustu sveitarfélögunum, þeim þar sem eru 300 íbúar og færri. Þetta fer upp í 10% hjá hinum stærðarflokkunum og Reykjavík. Það er sem sagt miklu minna lagt til æskulýðs- og íþróttamála í litlu sveitarfélögunum. Þannig er þetta í félagsþjónustunni líka. Þar eru minnstu sveitarfélögin, frá 1.000 og niður, úr að leggja 4–5% til félagsþjónustunnar þegar Reykjavíkurborg er t.d. að leggja 19%. Munur á þjónustu verður því gríðarlegur eftir því hvað sveitarfélögin eru öflug. Þess vegna er ábyrgð stjórnvalda í landinu mikil gagnvart því að sjá til þess að sveitarfélögin séu þess umkomin að veita þá þjónustu sem þarf.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson talaði um hlutverk sveitarstjórnanna hvað varðar atvinnulífið í ræðu hér í dag. Ég tel reyndar að öflug sveitarfélög geti tryggt atvinnulífinu grunn sem skiptir verulegu máli, geti beitt sér þegar á þarf að halda í eflingu atvinnulífs. Hv. þingmaður talaði um sérstakt sveitarfélag, Akranes. Hann sagði að þar hefðu bæjaryfirvöld brugðist hvað varðar það að halda veiðirétti á svæðinu.

Ég held að hv. þingmaður ætti að skoða sig betur um ef hann telur að hægt sé að kenna sveitarfélögunum í landinu um það hvernig veiðiréttur hefur flækst á milli byggðarlaga. Í því held ég að hann sé aldeilis á röngum brautum. Það eru ekki mörg dæmi um að sveitarfélög í landinu hafi treyst sér til þess að standa í uppkaupum á veiðirétti til þess að verja byggðirnar fyrir því að veiðiréttirnir færi á milli. Ábyrgðin á þessum flutningi veiðiréttar liggur hér. Hann liggur hjá Alþingi en ekki hjá sveitarstjórnunum í landinu.

Það er líka rétt að rifja upp að bæjarstjórnin á Akranesi gerði allt sem hún gat til þess að tryggja sjávarútveginn á Akranesi þegar mest kreppti að honum hér fyrr á árum. Þá keypti bærinn hlut og átti hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum. Hann lagði þessa hluti inn í Harald Böðvarsson & Co. og studdi við bakið á því fyrirtæki þannig að því tókst að fá til sín þann veiðirétt sem til staðar var á Akranesi. Það má segja að bæjaryfirvöld hafi lagst eins og þau gátu á sveif með þessu fyrirtæki á þeim tímum þegar erfiðast var í útgerð á Íslandi, á þessum árum þegar niðurskurðurinn í kvótanum kom harðast niður á mönnum. Þetta voru sveitarfélög víða að gera um landið á þessum tíma.

Það sem gerðist svo í kjölfarið var að þessi einkavæðing veiðiréttarins á Íslandsmiðum sem hefur staðið yfir frá því að menn fundu upp á þessu kerfi, að gefa mönnum tækifæri til þess að selja óveiddan fisk í sjónum, hefur auðvitað verið að smámala, líka á Akranesi. Menn hafa ekki svo sem farið varhluta af því þar frekar en annars staðar. Það er ekki ástæða til þess að rekja þessa sögu lengra. Ég ætla hins vegar að segja það alveg skýrt frá minni hendi að ekki er við bæjarstjórnina á Akranesi að sakast og hefur aldrei verið.

Þar hefur enda verið samstaða um þessi málefni allan tímann. Ég held að hv. þingmaður finni ekki marga Akurnesinga sem eru tilbúnir að kjósa Frjálslynda flokkinn út á eitthvað annað en það sem menn hafa gert á Akranesi hvað þetta varðar.

Ég ætla að koma aðeins að skattamálum sveitarfélaganna. Hv. þm. Jón Gunnarsson gerði þeim mjög góð skil hér í dag. Ég ætla aðeins að rifja smávegis upp til viðbótar vegna þessarar endalausu skattalækkunarumræðu, sérstaklega sjálfstæðismanna, og bæta aðeins í hvað þetta varðar. Ég fékk nefnilega svar frá hæstv. fjármálaráðherra fyrir ári síðan við eftirfarandi spurningu minni: Hvaða breytingar hafa orðið á heildarskattgreiðslum einstaklinga til ríkis og sveitarfélaga á valdatíma ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks? Það sem ég fékk út úr þessu var þetta svar, hæstv. forseti: Skattgreiðslur einstaklinga til ríkisins voru 1995, þegar ríkisstjórnin tók við, 37 milljarðar 389 milljónir. Þær voru á verðlagi ársins 2003, báðar tölurnar, 66 milljarðar 169 milljónir, þ.e. árið 2003. Þær sem sagt hrukku úr 37 milljörðum upp í 66, þ.e. skattgreiðslur til ríkisins frá einstaklingum.

Eins og þetta snýr að sveitarfélögunum þá voru greiðslur einstaklinganna til sveitarfélaganna 31 milljarður 363 milljónir árið 1995 en voru 66 milljarðar og 200 milljónir árið 2003. Það er mjög mikið í prósentum sem þarna skilur á milli þannig að skattalækkunin hefur alla vega ekki verið farin að skila sér mikið á árinu 2003.

Ég spurði líka, hæstv. forseti: Hvaða breytingar verða orðnar á heildarskattgreiðslum einstaklinga til ríkis og sveitarfélaga á sama tíma, þ.e. árið 2007, þegar þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur náð samkomulagi um hafa komið til framkvæmda? Það var svolítið athyglisvert svar sem ég fékk þá. Svarið var að heildarskattgreiðslurnar til ríkis og sveitarfélaga, sem voru árið 1995 68 milljarðar og 752 milljónir, mundu verða, að loknum valdatíma þessarar ríkisstjórnar og þegar allar skattalækkanir eru komnar til framkvæmda árið 2007, 136 milljarðar og 600 milljónir. Þetta eru þær skattalækkanir sem hafa komið fram í þessum tekjustofnum sem hér um ræðir og það eru einmitt þeir tekjustofnar sem eru veigamestir hvað varðar bæði ríkissjóð og sveitarfélögin. Svo hefur reyndar ríkissjóður ýmsar aðrar tekjusporslur eins og hv. þm. Jón Gunnarsson fór hér yfir í dag.

Þarna er auðvitað greinilegt á öllu að þó svo að menn gumi mikið af þessum skattalækkunum þá eru þær ekki að virka neitt óskaplega mikið á þessu tímabili sem ríkisstjórnin situr. Tekjuaukning ríkis og sveitarfélaga er sem sagt svona nálægt því að vera helmingur, þ.e. það eru næstum því helmingi meiri tekjur sem ríki og sveitarfélög fá eftir valdatíma ríkisstjórnarinnar miðað við það sem menn höfðu í upphafi.

Allt er gott um það að segja. Ég er reyndar á þeirri skoðun að við þurfum að efla sveitarfélögin og við þurfum auðvitað að sjá til þess að sveitarfélögin fái fjármuni til þess að standa undir þeim verkefnum sem þau fá til sín. Það þýðir auðvitað að meiri skattar þurfa að renna til sveitarfélaganna í framtíðinni en hafa gert fram að þessu. En ríkið getur þá að sama skapi dregið úr skattheimtu sinni eftir því sem það færir verkefni til sveitarfélaganna. Ég er á þeirri skoðun að í öflugum sveitarfélögum muni menn ekki þurfa að hafa neinar áhyggjur af því að þeir sem bera ábyrgð á rekstri þeirra fari fram úr sér í skattheimtunni. Þeir þurfa auðvitað að standa skil á sínum verkum til kjósenda sinna og standa fyrir máli sínu á fjögurra ára fresti alveg eins og alþingismenn. Ég held að þeir séu miklu betur færir um að meta það í raun hversu langt eigi að ganga í skattheimtunni. Þess vegna skulu það vera mín lokaorð, sem ég hef oft sagt áður, að ég tel að svigrúm sveitarstjórnarmanna til þess að hafa áhrif á tekjur sveitarfélaganna með ákvörðunum um hversu mikið þeir nýta skattstofnana þurfi að vera töluvert. Það er ekki nóg að það svigrúm sé bara handa þeim sem búa í þéttbýlinu þar sem mestu tekjurnar eru. Þetta þurfa að vera möguleikar sem skila sér almennt til sveitarstjórnanna í landinu þannig að ekki sé verið að koma í veg fyrir að sveitarfélög geti sinnt skyldum sínum eins og í raun og veru gerist þegar tekjustofnarnir eru af jafnskornum skammti og raun ber vitni hjá þeim sveitarfélögum sem verst standa í landinu og nýta alla tekjustofnana sína í botn. Auðvitað er mjög misjafnt hvaða möguleika sveitarfélög hafa samkvæmt þeim tekjustofnum sem eru fyrir hendi og það þarf að koma til móts við þær þarfir.

[17:19]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanni Ársælssyni rann blóðið til skyldunnar að verja bæjarstjórnina á Akranesi enda kannski ekkert skrýtið, hann er þingmaður Samfylkingarinnar og meiri hluti bæjarstjórnarinnar á Akranesi hefur um árabil verið saman settur af fulltrúum Samfylkingar og Framsóknarflokks. Kannski er ekkert nema gott eitt um það að segja að þingmaður Samfylkingarinnar komi hér upp og verji það sem ég var að gagnrýna.

Hv. þingmaður nefndi að að hans mati hefðu bæjaryfirvöld á sínum tíma — og þykir mér það frekar einkennilegt úr hans munni því að ég hefði haldið að hann væri mikill andstæðingur þessa fiskveiðistjórnarkerfis — reynt að gera allt sem þau gátu til að hjálpa útgerð á Akranesi þegar illa stóð á. Ég minni hv. þingmann á, og hann veit það eflaust betur en ég, að á sínum tíma gagnrýndu það einmitt mjög margir að verið væri að fara með sjávarútvegsfyrirtæki á Akranesi inn í fyrirtækið Harald Böðvarsson hf. og þar með verið að leggja öll eggin í eina körfu. Þetta hefur oft verið gagnrýnt og ég hygg að hv. þm. Jóhann Ársælsson kannist mjög vel við þá gagnrýni. Bæjaryfirvöld á Akranesi, að því er ég best veit, voru einmitt gagnrýnd fyrir það á sínum tíma að taka þessa áhættu því að margir sáu fyrir sér hættuna sem fylgir kvótakerfinu, hættuna á því að einstakir aðilar nái yfirráðum í sjávarútvegsfyrirtækjum og hlaupist síðan á brott með nýtingarréttinn að auðlindinni. Þetta er að sjálfsögðu gagnrýnisvert, þessi sögulega staðreynd.

Hitt er svo líka gagnrýnisvert, og því hefði ég viljað koma orðum að, en það er sú þróun sem hefur orðið núna á undanförnum missirum, þar hafa bæjaryfirvöld á Akranesi alls ekki staðið sig. Þau hefðu getað gert miklu meira til að hindra það sem virðist nú hafa komið á daginn. Tími minn er nú á þrotum þannig að ég kem nánar inn á það hér í síðara andsvari mínu.

[17:21]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti vont að hv. þingmaður skyldi ekki geta farið yfir það hvað hann teldi að bæjaryfirvöld hefðu átt að gera.

Það er rétt að ég hef verið andstæðingur kerfisins allan tímann og hef barist gegn því. Ég hafði hins vegar skilning á því að menn vildu reyna að sjá til þess að einhver fyrirtæki stæðu eftir á Akranesi. Það var einfaldlega þannig að þau fyrirtæki sem urðu síðan hluti af HB & Co. voru komin að fótum fram, önnur en Heimaskagi sem var lagt þarna inn ásamt Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni. Það var gert af þeim hug í bæjarstjórninni — ég var nú ekki í henni þá — að með því væri verið að tryggja framtíð HB & Co. Ég get alveg skilið þau sjónarmið og tel að mörg rök hafi hnigið að því, en þrátt fyrir það er það ekki viðurkenning á því að maður vilji hafa kerfið eins og það er og eignarhaldið á veiðiréttinum.

Ég held hins vegar að það sé ekki á færi neinna bæjareða sveitarstjórna í þessu landi að fella þetta kvótakerfi. Það verður að gerast hér í sölum Alþingis, það verður að gerast í stjórnmálunum á landinu en ekki í sveitarstjórnunum. Mér finnst full ástæða til að menn beri nokkra virðingu fyrir þeirri viðleitni sem sveitarfélög hafa reynt að hafa í frammi til að styðja við bakið á sínum fyrirtækjum þrátt fyrir kerfið. Ég sé ekki betur en að veiðiheimildir hafi farið tvist og bast og ekki síst þar sem þær hafa verið í litlum fyrirtækjum, þau eru mörg dæmin um það. Ég tel það ekki ádeiluefnið í þessu máli að öll eggin hafi verið sett í eina körfu.

[17:23]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki alveg viss um að allir Akurnesingar vilji skrifa upp á að þau fyrirtæki sem voru sett inn í HB á sínum tíma hafi verið komin að fótum fram. Það má þá alveg eins spyrja að því hvort það hafi ekki einmitt verið HB sem var komið að fótum fram. Kannski voru allir komnir að fótum fram í þessu dæmi, ég skal ekki um það segja. En ég hef hitt marga Akurnesinga sem eru algjörlega ósammála því að þessi fyrirtæki hafi verið jafnilla stödd og látið var í veðri vaka á sínum tíma þegar verið var að kýla þessa sameiningu í gegn.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði að honum þætti leitt að ég hefði ekki getað talað um það hvað ég teldi að bæjarstjórnin á Akranesi hefði átt að gera nú síðast. Jú, ég tel að bæjarstjórnin á Akranesi hefði til að mynda mátt sýna af sér þann dug að láta í sér heyra þegar menn sáu hvert stefndi. Ég hef ekki orðið var við að bæjarstjórnarmenn á Akranesi hafi gert það, hvorki samfylkingarmenn, sjálfstæðismenn né framsóknarmenn, alls ekki. Ef maður skoðar til að mynda fjölmiðla, dagblöð og annað þess háttar, þá hefur ekkert heyrst frá þessum mönnum, ekki nokkur skapaður hlutur. Það má vel vera að þeir hafi verið að vinna eitthvað á bak við tjöldin en það hefur þá ekki komið fram með opinberum hætti, alls ekki. (Gripið fram í.)

Þess má einnig geta að menn hafa setið báðum megin við borðið. Þar get ég til að mynda nefnt framsóknarmanninn Guðmund Pál Jónsson sem á sama tíma og þetta var að ganga yfir bæjarfélagið var formaður bæjarráðs og nú síðast bæjarstjóri en jafnframt einn af æðstu yfirmönnum HB Granda. Og þarna komum við einmitt að hlut sem ég kom inn á í ræðu minni áðan, það sem nefnt er í skýrslunni sem við erum að tala um hér í dag, en það er siðferði í sveitarstjórnarmálum. Hvernig sveitarstjórnarmenn eru oft og tíðum hagsmunatengdir, hvernig þeir eru oft og tíðum fjölskyldutengdir og hvernig það síðan bitnar á almannahagsmunum í sveitarfélögunum, ekki síst þegar óáran af þessu tagi dynur yfir þau — þegar eitthvað gerist fyrir tilstilli vitlausra ákvarðana, til að mynda hér í þessum sal, m.a. í tengslum við fiskveiðistjórnarkerfið. Bæjarstjórnirnar geta þá ekki beitt sér (Forseti hringir.) vegna þess að þær eru svo tengdar inn í ríkisstjórnarflokkana og aðra hagsmunaaðila.

[17:26]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Breytingarnar sem hafa orðið á atvinnulífinu á Akranesi í sjávarútveginum á undanförnum árum hafa annars vegar verið vegna tilfærslna á veiðirétti, þar sem menn hafa keypt í burtu veiðirétt og reyndar stundum líka rétt til Akraness. Þær hafa líka verið vegna breytinga á útgerðarmynstri fyrirtækisins sem er þarna stærst, þ.e. HB Grandi núna. Það vissu menn fyrir að líklegast mundi það gerast.

Auðvitað er það ekki þannig að menn haldi áfram um aldur og eilífð að keyra kannski uppsjávarfiski austan af fjörðum og í kringum landið til þess að bræða hann á Akranesi eins og gert var. Menn verða að horfast í augu við að það var ekki mjög hagkvæmt fyrirkomulag. (Gripið fram í.) Fyrirtækið sem hér um ræðir valdi auðvitað leið sem gefur því meiri arð, þ.e. að nýta sér það að bræða þennan fisk fyrir austan land. Menn vissu á sínum tíma að sú yrði framtíðin, a.m.k. þeir sem horfðust í augu við raunveruleikann í þessum dæmum.

Við hér á Alþingi getum ekki staðið í því að gagnrýna það að menn taki skynsamlegar ákvarðanir, það get ég ekki gert. Ég get ekki gert kröfu um það, og mér finnst að bæjarstjórnin á Akranesi geti ekki heldur gert neinar kröfur um það, að menn haldi áfram einhverjum rekstri sem er ekki skynsamlegur. Auðvitað þykir mönnum sárt að niðurstaðan hjá þessu fyrirtæki hafi orðið sú að flytja starfsemi í burtu, eins og t.d. vinnu við netagerð og annað slíkt og að leggja niður ýmis verkstæði og annað sem þar var til staðar. Það er þó atvinna sem heldur að hluta til áfram á svæðinu.

Ég ætla ekki að hlaupa í vörn fyrir þetta fyrirtæki. Ég held hins vegar að það sé ekki nóg að menn komi bara og segi: Ja, það er búið að flytja í burtu atvinnuna. Það verður líka að svara því (Forseti hringir.) hvers vegna menn hefðu átt að halda áfram rekstri sem ekki var skynsamlegur.

[17:28]

Útbýting:

Eftirlit með staðsetningu sjúkraflugvéla, 544. mál, fsp. MÞH, þskj. 791.

Ferðir barna til tannlæknis, 545. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 792.

[17:28]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Það er í byrjun ástæða til þess að þakka fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram. Eins og fram hefur komið í umræðunni er afskaplega vel til hennar vandað og tímabært að fá skýrslu af þessum toga sem umræðugrundvöll fyrir Alþingi. Það er líka vert að þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Ég tel, frú forseti, að sú umræða sé að mörgu leyti söguleg og merkileg fyrir þær sakir að þetta er í fyrsta sinn, a.m.k. í langan tíma, sem fram fer hér pólitísk og efnisleg umræða um sveitarstjórnarstigið. Það er nefnilega þannig að umræða hér á Alþingi um sveitarstjórnarmálin á síðustu árum hefur allt of mikið borið keim af skotgrafarhernaði þar sem stjórnarandstaða, getum við sagt, hefur rokið upp og reynt að finna höggstað á sitjandi ríkisstjórn á hverjum tíma, talað um fjármál sveitarfélaganna, bága stöðu þeirra o.s.frv. Fyrir vikið hefur efnisleg, skapandi umræða um stöðu sveitarstjórnarmála og þróun þeirra orðið lítil. Kannski er það ein ástæðan fyrir því að svo hægt hefur miðað sem raun ber vitni, sérstaklega hvað varðar flutning á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga.

En umræðan lýtur ekki síst að sameiningu sveitarfélaga, þ.e. fækkun sveitarfélaga og stækkun. Þá hljótum við að velta upp spurningunni: Hvers vegna er sú umræða jafnmikil og raun ber vitni? Svarið er margþætt en ein ástæðan er tvímælalaust sú að eins og málum er háttað í stjórnsýslu okkar er mikill lýðræðishalli hvað varðar ákvarðanatöku og nálægð þegna landsins að ákvarðanatöku. Stjórnsýsluverkefni eru að 70% í höndum ríkisins og 30% í höndum sveitarfélaga, öfugt við það sem tíðkast annars staðar. Fyrir vikið hefur skapast mikill lýðræðishalli. Stærri ákvarðanir eru teknar fyrir sunnan, hvar svo sem menn eru á landinu.

En menn mæla líka með sameiningu, fækkun og stækkun sveitarfélaga, af því að menn vilja koma fleiri verkefnum til sveitarfélaganna og að þar með fái þau að axla þá ábyrgð og fái þá möguleika sem fylgja þeim verkefnum. Þetta lýtur að svokallaðri nærþjónustu sem ég hygg, eins og fram hefur komið í umræðunni, að flestir telji skynsamlegri, að ákvarðanatakan sé sem næst þeim vettvangi sem þjónustan fer fram á.

Að undanförnu hafa menn almennt í samfélaginu fallið frá þeirri miðstýringarárátту sem einkennt hefur stjórnsýslu okkar og strúktúr. Við sjáum hvernig það hefur gerst í atvinnulífinu, þar sem dregið hefur verið úr miðstýringu. Við sjáum það í alþjóðaþróuninni hvernig miðstýringin hefur verið á undanhaldi og valddreifing einkennt breytingar, bæði innan lands og erlendis. Valddreifing hefur orðið á kostnað miðstýringar og inn á það kemur umræðan um sameiningu sveitarfélaga, fækkun þeirra og stækkun, þ.e. að gera sveitarfélögin það öflugar einingar að þau séu einfaldlega í stakk búin að taka við verkefnum úr hinni grimmu krumlu ríkisins, ef svo má að orði komast.

Sveitarstjórnarskipan okkar í dag er nokkur hundruð ára gömul og byggir á allt öðru samfélagi en við lifum í nú til dags. Miðstýringin og sú staðreynd að verkefni hafa að 75% verið í höndum ríkisins og stjórnsýslan því öll hrúgast upp í höfuðborginni hefur líklega haft meiri áhrif á byggðaþróun hérlendis en nokkur önnur stjórnvaldsaðgerð. Það má segja að miðstýringin hafi beinlínis leitt til að á höfuðborgarsvæðinu, í kringum miðstöð stjórnsýslunnar, eru þúsund fjölbreytilegra starfa. Störfin draga að sér fólk. Það þarf fólk til að sinna þessum störfum. Þess vegna hefur umræðan um stækkun einstakra sveitarfélaga verið jafnmikil og raun ber vitni.

Hver hefur þróunin verið? Eins og fram kemur í mjög góðri skýrslu hæstv. ráðherra og komið hefur fram í umræðunni voru sveitarfélögin í landinu 202 fyrir um 15 árum eða svo. Núna stefnir í að þau verði 80. Þetta er mjög hröð þróun og má segja að henni hafi verið hrundið af stað fyrir alvöru undir forustu þáverandi félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur. Þótt árangur í sameiningarkosningu, sem hún beitti sér fyrir, hafi ekki verið mikill á kosningardegi þá fylgdi í kjölfarið stöðug umræða sem leiddi til sameininga. Sama gerist nú þegar hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon er í brúnni með Sambandi sveitarfélaga. Þótt ekki hafi náðst beinn árangur á sjálfan kjördag hafa, í kjölfarið og meira að segja á undan, sveitarfélög tekið þessar ákvarðanir.

Það er rétt að minna á, frú forseti, að hér er valin lýðræðisleg leið, að láta kjósendur sjálfa velja um hvort þeir vilji sameinast öðrum sveitarfélögum. Danir hafa t.d. farið síður lýðræðislega leið og látið Þjóðþingið sjálft ákveða stærðarmörk sveitarfélaga. Það kann vel að vera að það verði næstu skref hjá okkur. Við höfum svo sem séð frumvarp þess efnis, m.a. frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, þótt það hafi ekki gengið mjög langt. Það kann vel að vera að svo verði í næstu áföngum.

Í þessu samhengi er rétt að velta upp, eins og kemur fram í skýrslu hæstv. ráðherra, spurningunni um höfuðborgarsvæðið. Ég tek undir þau sjónarmið og þær hugmyndir sem hreyft er í skýrslunni, um mikilvægi þess að líta á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sem eina heild, hvort sem er með sameiningu eða að efla og festa hið formlega samstarf þeirra betur í sessi. Við vitum að rígur og ósamkomulag á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur m.a. leitt til að skipulagsmál hafa á stundum verið í hálfgerðri upplausn og uppnámi, t.d. lagning vega og þar fram eftir götunum.

En við hljótum jafnframt, frú forseti, miðað við þá byggðaþróun sem orðið hefur en yfir 60% þjóðarinnar búa hér í kringum höfuðborgina, að velta fyrir okkur hve stórt hlutfall höfuðborg má vera, sem hlutfall af heildaríbúatölu. Það hefur komið fram í tví- eða þrígang á þingi Evrópuráðsins, þar sem þingmenn frá öðrum löndum ræddu um það sem vandamál að í höfuðborgum þeirra byggju 25–30% þjóðarinnar. Það litu menn á sem stórt vandamál. Hér erum við að tala um 60% og jafnvel yfir 60% þjóðarinnar. Það er mál sem vert er að velta upp og skoða. Hvað er æskileg stærð, hve stór má höfuðborg vera? Alveg eins og við ræðum um lágmarksfjölda íbúa sveitarfélaga þarf líka að ræða um hámarksíbúafjölda.

Frú forseti. Mig langar að nefna meginatriðið í því að fækka sveitarfélögum og stækka. Megintilgangurinn er að færa verkefnin, rífa þau úr miskunnarlausri krumlu ríkisvaldsins og koma þeim yfir til sveitarfélaga. Til að það sé hægt verða sveitarfélögin að vera í stakk búin að taka við aukinni ábyrgð, auknum verkefnum og þar af leiðandi auknu fjármagni. Hvaða verkefni koma þar helst til greina?

Það er rétt að rifja það upp. Ekki þarf að endurtaka hvaða gæfuspor það var að færa grunnskólann til sveitarfélaga. Öllum ber saman um að grunnskólinn hafi blómstrað síðan, miðað við það sem gerðist meðan hann var í höndum ríkisins. Ábyrgðin, skyldan og metnaðurinn er heima í héraði en ekki hjá misvitrum aðilum fyrir sunnan, eins og ávallt er sagt hvort sem menn eru í Vestmannaeyjum eða á Akureyri.

Í þessu sambandi er líka rétt að minna á tónlistarkennsluna, þegar hún færðist yfir til sveitarfélaga þótt enn sé glímt við vanda í því, sem vonandi leysist. En það er engum vafa undirorpið að það var gæfuspor að koma tónlistarkennslunni í hendur sveitarfélaganna. Hún hefur tekið miklum framförum. Með sama hætti eigum við að velta því rækilega fyrir okkur hvort framhaldsskólarnir eigi ekki að fara yfir til sveitarfélaga. Ekkert í lögum kemur í veg fyrir að slíkt verði gert en mig grunar að einhver sveitarfélög muni af metnaði sínum óska eftir því við menntamálaráðuneytið, áður en langt um líður, að fá að taka formlega við rekstri framhaldsskólanna á sínu svæði með samningum um peninga sem með fylgja.

Það hefur komið fram, varðandi málefni fatlaðra sem var fallið frá á sínum tíma en flutningur málaflokksins undirbúinn að mestu leyti, að menn vildu jafna sig á því að taka yfir grunnskólann. Ég tel að það mál sé í raun tilbúið og ekki um annað að ræða en að ákveða það í samráði við Samband sveitarfélaga.

Ég vil líka nefna verkefnalista sameiningarnefndar verkefnisstjórnar um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Eftirlitsiðnaðurinn hefur dafnað betur en nokkur önnur atvinnugrein á Íslandi síðustu árin. Hér fyrir sunnan hafa sprottið upp stórar stofnanir sem senda herskara fólks um borg og bý til að sinna eftirliti með atvinnulífinu, með stofnunum, fólki og fyrirtækjum. Því fylgir ærinn kostnaður.

Á sama tíma hefur heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna vaxið fiskur um hrygg frá því að þeim var komið á koppinn í kringum 1987. Þau voru þá sum vanburðug til að takast á við fagleg verkefni en á því hefur orðið breyting. Mér finnst blasa við að mörg af þeim eftirlitsstörfum sem nú eru í klóm ríkisins, með miðstöð á höfuðborgarsvæðinu, væru betur komin í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Það mundi fela í sér allverulegan sparnað, ekki síst fyrir þá sem þurfa að borga fyrir eftirlitið, þ.e. atvinnulífið sjálft. Það eru til fáránleg dæmi um slíkt, t.d. um að heilbrigðiseftirlit sveitarfélags skoði bensíntanka innan ákveðinna stærðarmarka en fari þeir yfir þessi stærðarmörk koma spekingar að sunnan, gjarnan á bílaleigubíl, til að taka bensíntankana út.

Sama gildir um heilbrigðisstofnanir og málefni aldraða. Um það ríkir óvissa. Þar eru grá svæði. Sá málaflokkur heyrir að sumu leyti undir ríkið og sumpart undir sveitarfélögin. Það er skaði að því, hvor bendir á annan og því mikilvægt að færa málaflokkinn til sveitarfélaganna svo að ábyrgðin sé á einni hendi. Mér finnst við eigum að velta upp löggæslunni og ýmsum atriðum í velferðarkerfinu, svokallaðri velferðarstofu sem er til skoðunar hjá ráðuneytinu. Þar er reynt að steypa saman í eina þjónustuvæna stofnun hjá sveitarfélögunum, öllu sem lýtur að félagsmálum, jafnvíðfeðm og þau eru. Því skyldi löggæslan ekki vera í höndum sveitarfélaga? Og ýmislegt í starfi Vegagerðarinnar mætti samnýta við áhaldahús einstakra sveitarfélaga og þar fram eftir götunum.

Frú forseti. Þótt þau atriði sem ég hef talið upp færðust yfir til sveitarfélaganna yrði skiptingin á milli ríkis og sveitarfélaga samt í kringum helmingur, 50% hjá hvorum aðila meðan við horfum á að í nágrannalöndum okkar eru sveitarfélögin með um 70%. Við verðum samt miðstýrðari en nágrannaþjóðir okkar svo við eigum langt í land.

Frú forseti. Sú þróun sem hér hefur orðið mun halda áfram. Sveitarfélög munu halda áfram að stækka. Þeim mun fækka og þau munu taka að sér verkefni. Það þarf að bæta samgöngur í kringum einstaka byggðarkjarna. Þetta snýst ekki bara um atvinnu og þjónustu heldur líka um gildismat. Það gildismat að geta notið þess að vera í öflugu sveitarfélagi, notið þar menningar, tómstunda og atvinnu. Slíkt gerist ekki nema í stórum sveitarfélögum og ber að fagna þeim árangri sem hefur náðst. Líklega hefur verið slegið nýtt Íslandsmet varðandi sameiningu sveitarfélaga í þeirri hrinu sem nú hefur staðið yfir.

[17:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir góða og ítarlega skýrslu um málefni sveitarfélaganna. Ég heyri að félagar mínir í salnum ræða mjög ítarlega um hana. Það er vel en við skulum halda okkur við að fara í stólinn ef menn vilja tjá sig.

Ég tel gríðarlega mikilvægt, þegar við ræðum um sveitarfélögin, að átta sig á að sveitarfélag og sveitarfélag er alls ekki það sama. Það kemur að vísu vel fram í skýrslunni að gríðarlega mikill munur er á sveitarfélögum eftir stærð. Á blaðsíðu 43 getum við skoðað skiptingu tekna eftir íbúafjölda sveitarfélaga. Það er mjög athyglisvert. Heilt yfir þá sjáum við að sveitarfélög með milli 300 og 1000 íbúa fá 20% af tekjum sínum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Á sama hátt koma 60% af tekjum sveitarfélaga sem eru með 300 íbúa eða færri frá þjónustutekjum. Mér þykja þetta að vísu ótrúlegar tölur. En það segir okkur nokkuð, að við erum með sveitarfélög með undir 300 íbúa og stærsta sveitarfélagið, Reykjavíkurborg, með um 116.000 íbúa, ef ég man rétt. Nú er jafnvel verið að ræða um að gera Kópavogsbæ að borg. Virt blað tók það upp ekki alls fyrir löngu, þar sem það sveitarfélag hefur vaxið og dafnað ötullega á undanförnum árum og er nú með 25 eða 26 þús. íbúa.

Í umræðunni í dag hefur verið rætt mikið um hve mikill munur sé milli sveitarfélaga og ríkisins í aukningu tekna. Ég tel að menn ættu að skoða þetta nokkuð nánar vegna þess að tölurnar á bls. 38 segja ekki allt, þetta eru allt saman meðaltalstölur og þær taka ekki fyrir einstök sveitarfélög því að það er auðvitað gríðarlegur munur á sveitarfélögum. Þetta er sett upp í ákveðin súlurit og ef menn skoða tölurnar á bak við þau hafa tekjur ríkisins aukist um 72% á árabilinu frá 1998–2004 á meðan tekjur sveitarfélaganna yfir heildina hafa aukist um 69%. Þarna munar örlitlu en menn hafa talað um að þetta sé mikill munur, þ.e. á aukningu tekna milli sveitarfélaga og ríkisins.

Ef við skoðum hins vegar einstök sveitarfélög — og nú þekki ég auðvitað vel það sveitarfélag sem ég bý í, Reykja-

víkurborg, þá hafa skatttekjur á hvern íbúa á föstu verðlagi hækkað meira hjá Reykjavíkurborg en hjá ríkinu. Þær hafa hækkað um 36% frá árinu 1997, sem við verðum eiginlega að bera okkur saman við vegna þess að það munar enn þá meiru ef við förum aftur fyrir þann tíma, en það er ekki sanngjant þar sem yfirfærslan varð 1997. Hækkun skatttekna á íbúa er meiri í Reykjavík en hjá ríkinu, að vísu verður að taka mið af því að þar hafa verið mismunandi skattaáherslur, Reykjavíkurborg hefur hækkað skatta meðan ríkið hefur lækkað en það breytir því ekki, og það er mikilvægt að halda því til haga, að þrátt fyrir það hefur ríkið fengið minni skatttekjur á íbúa en Reykjavíkurborg frá árinu 1997.

Ég tel, þó að ég hafi ekki skoðað það nákvæmlega, að þetta eigi líka við hjá fleiri sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. að þau hafi fengið meiri skatttekjur á íbúa en ríkið, vegna þess að tekjur þeirra sveitarfélaga sem hafa verið með þá stefnu að vera með lóðaframboð hafa aukist meira á íbúa en hjá Reykjavíkurborg. Það eru nokkur ár síðan t.d. Kópavogsbær fór í fyrsta skipti í sögunni, eftir því sem ég best veit, yfir Reykjavíkurborg í skatttekjum á einstakling, og fyrir árið 1994, af því að maður hefur tilhneigingu til að skoða það ár, munaði mjög miklu á milli þessara sveitarfélaga, gríðarlega miklu, en núna er það þannig að Kópavogsbær fær meira á einstakling í skatttekjur en Reykjavíkurborg.

Ef við skoðum hins vegar skuldirnar, sem er hinn þátturinn, þá hafa skuldir ríkisins verið að minnka mjög mikið eins og við vitum. Og ef við skoðum hreinar skuldir ríkisins á íbúa á verðlagi 2006 þá eru þær 192 þús. kr. og fóru úr 545 þús. kr. árið 1994. Þetta er auðvitað mikill árangur. Á sama tíma hafa skuldirnar farið úr kannski 60 þús. kr. í 666 þús. kr. hjá Reykjavíkurborg miðað við sömu forsendur. Hér er því um að ræða eins og í svo mörgu öðru að veldur hver á heldur og menn eiga ekki að tala þannig um sveitarfélögin eða ríkið eða neinn annan aðila að þetta sé allt saman eitthvert náttúrulögmál. Sveitarfélögin búa við mjög misjafnar aðstæður og það er líka mjög misjafnt hvernig haldið er á stjórn sveitarfélaga. Sveitarstjórnarmenn eru ekki allir eins, virðulegi forseti, frekar en annað fólk. Það er meira að segja þannig að sveitarfélögin eru með mismunandi stefnu í fjármálum, í lóðamálum og ýmsu öðru. Sum sveitarfélög hafa líka ekki tækifæri til að fjölga í sínu sveitarfélagi þó að vilji sé fyrir því.

Hv. þm. Kristján L. Möller kom með fyrirspurn á síðasta þingi sem sýnir svo glöggt þennan gríðarlega mun á milli sveitarfélaga. Fyrirspurn hans var svohljóðandi, svo ég vitni beint í hana, virðulegi forseti:

„Hversu hátt hlutfall af tekjum aðalsjóðs sveitarfélaga fór til fræðslumála árin 2002 og 2003?"

Óskað var eftir sundurliðuðu svari. Í stuttu máli, virðulegi forseti, var þetta að meðaltali um 51%, þ.e. framlög sveitarfélaga til fræðslumála var að meðaltali 51%. En það sveitarfélag sem var með hæsta hlutfallið var með 92%. Auðvitað er það svo að fræðslumálin eru að langstærstum hluta lögbundin og sveitarfélag sem þarf að setja 92% af tekjum sínum í fræðslumál hefur eðli málsins samkvæmt ekki mikinn sveigjanleika. Síðan eru dæmi um 81%, 77% o.s.frv.

Ég tel mjög mikilvægt í þessari umræðu og almennt í umræðum um sveitarfélög að fólk ræði það, hvort heldur það eru þingmenn eða aðrir, að það er munur á sveitarfélögunum og það skiptir máli hvernig menn haga sínum málum í héraði.

Hér hefur verið rætt um að mikilvægt sé að fækka sveitarfélögum og sameina þau. Ég held að það liggi fyrir og við ættum að horfast í augu við það að staðreyndin er sú að við erum að skapa lagaumhverfi sem gerir hreinlega ekki ráð fyrir litlum sveitarfélögum, virðulegi forseti. Rætt er um að setja jafnvel fleiri verkefni á hendur sveitarfélaga en búið er að setja en mjög mörg verkefni og flókið regluverk, oft í nafni opinnar stjórnsýslu og lýðræðis og ýmissa hluta, gera það að verkum að það hlýtur að vera mjög erfitt fyrir lítil sveitarfélög að sinna þeim. Það liggur því fyrir að taka þarf þá umræðu hvernig menn ætla að höndla það. Ef ekki er vilji heima í héraði til að sameina þessi sveitarfélög förum við þá kannski að flokka sveitarfélögin niður í einhverja flokka, a, b og c ? Ætlum við að setja einhver verkefni til ákveðinna sveitarfélaga en önnur ekki ef hafa á þau svona mörg og lítil? Eða ætla menn að fara einhverjar aðrar leiðir?

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa skýrslu. Hún er yfirgripsmikil og upplýsandi. Ég vona að umræðan um sveitarfélögin verði sem best og málefnalegust, bæði í þinginu og auðvitað í kjölfar þeirra kosninga sem fram undan eru. Ég tel mjög mikilvægt, ef menn hugsa um þjónustuna í landinu, um sveitarstjórnirnar í landinu, að menn tali þannig að þeir lýsi raunveruleikanum. Raunveruleikinn er sá að það er munur á sveitarfélögunum. Þar eru gríðarlega mismunandi aðstæður, þau eru mismunandi stór og það er mjög misjafnt hvaða sveigjanleika þau hafa í rekstri sínum, m.a. og kannski fyrst og fremst vegna þess hvernig þeim gengur að fá fólk í sveitarfélögin eða hvort þau hafa alla jafna áhuga á að fá fólk í sveitarfélagið til að fjölga, stækka og dafna. Ég vara við því að menn tali um sveitarfélögin eins og þau séu eitt og hið sama eigi við um þau öll. Því fer víðs fjarri, virðulegi forseti, og ég vil gera það að lokaorðum mínum.

[17:55]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Í síðustu ræðum hefur verið komið inn á nauðsyn þess að sameina sveitarfélög og rætt um og farið yfir síðustu tilraun til þess, sem því miður var mjög illa undirbúin. Ég álít að menn hefðu átt að vanda sig betur áður en farið var í þá vegferð þannig að þeir sem kusu um sameiningu sveitarfélaga í síðustu atrennu vissu hvað þeir væru að fara út í. En ástæðan fyrir því að þetta var fellt víðast hvar á landinu var einmitt sú að það var ekki alveg ljóst hvaða verkefni þau áttu að taka að sér. Ekki var heldur ljóst hvaða tekjur áttu að koma á móti. Það var vandinn, ekki endilega að fólk vildi ekki vinna saman, það er langt í frá.

Það þarf að fara yfir þessa hluti en telja ekki bara upp verkefni í belg og biðu, löggæslu, heilbrigðiseftirlit o.s.frv. Þetta verður að vera markviss umræða, menn verða að vita hvaða peninga þeir fá og hvaða verkefni. En það er einnig rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni að sveitarfélögin eru ekki eitt og hið sama. Það er tómt mál að

tala um að færa verkefni til fámennra sveitarfélaga víða á landsbyggðinni þó svo að þau sameinist, þau geta náð yfir það stór landsvæði, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni, að þó svo að t.d. öll sveitarfélögin í Strandasýslu sameinuðust ná þau ekki þúsund manns í sveitarfélaginu, þau ná ekki 600 ef ég man rétt. Það er því tómt mál að tala um að bera þau saman við stórt sveitarfélag eins og t.d. Reykjavík. Þetta getur orðið til þess að Reykjavík fái ekki að þróast og taka að sér verkefni sem eru við hæfi í borginni ef menn halda þessari vitleysu áfram að setja verkefni á fámenn sveitarfélög sem þau ráða aldrei við. Menn eiga að horfast í augu við staðreyndir í þessum málum og tala ekki um sameiningu sveitarfélaga sem eitthvert lausnarorð.

Þau sveitarfélög sem farið hafa hvað verst út úr byggðaþróun síðustu ára, og eru tínd til á bls. 69 og 8, eru sveitarfélögin í sjávarbyggðunum. Það sem mig langar að gera að umtalsefni í ræðu minni er hvers vegna þessi sveitarfélög hafa ekki mótmælt þeirri aðgerð stjórnvalda sem hefur farið hvað verst með þau, og þá er ég að tala um kvótakerfið sem hefur augljóslega farið mjög illa með sveitarfélögin. Margir sveitarstjórnarmenn eru í stjórnarflokkunum og ég er á því að þeir hafi, þegar á hólminn var komið, ekki staðið með sínu sveitarfélagi og hagsmunum íbúanna heldur frekar kosið að taka afstöðu með stjórn flokksins, með flokksforustunni í Reykjavík.

Í umræðunni fyrr í dag var verið að ræða um Akranes. Þar á Samfylkingin í hlut, því þó svo að hún sé á móti kvótakerfinu virðist hún einhvern veginn vera undir hælnum á meðreiðarsveinum sínum í Framsóknarflokknum vegna þess að þar á bæ vilja menn alls ekki mótmæla þessu kerfi sem augljóst er að hefur leikið sjávarbyggðirnar illa. Nú virðast allar veiðiheimildir vera að fara frá Akranesi og þetta er nánast allt í upplausn. Fyrir tveimur árum fór t.d. þáverandi bæjarstjóri fram á það að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson bæðist afsökunar á orðum sínum þar sem hann gagnrýndi aðgerðir sem vörðuðu flutning á kvóta frá Akranesi.

Það er náttúrlega með ólíkindum þegar við sjáum það að *menn taka í rauninni afstöðu á móti íbúunum sem þeir eiga* að vera að þjóna og skamma þá sem vara við hættunni af því að flutningur á kvóta geti valdið stórskaða fyrir byggðarlagið. Þetta er mjög áberandi.

Ég vil minnast á fleira í þessu máli. Ég vil minnast á Vestfirðinga. Ég var staddur á fjórðungsþingi Vestfjarða sl. haust og þar átti að þagga niður alla umræðu um fiskveiðimál og alla umræðu um byggðamál vegna þess að þetta var óþægileg umræða fyrir kvótaflokkana, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokk. Maður er svo hissa á þessu að fólkið sem á að vera í því að verja rétt byggðanna til að fá að sækja í sameiginlega auðlind þjóðarinnar, það skuli síðan reyna að þagga niður þessa umræðu. Ég vil enn og aftur lýsa yfir mjög mikilli undrun yfir því að engin sveitarstjórn á landinu hefur svo best sem ég veit mótmælt kerfinu, engin sveitarstjórn sem hefur farið illa út úr þessu fiskveiðistjórnarkerfi hefur mótmælt umræddu kerfi sem hefur farið svo illa með byggðirnar að sérstakur kafli er um það í skýrslunni hvað þær standa illa. Það er ekki nóg með að við sjáum að fækkun hafi orðið heldur hefur aldurssamsetningin líka breyst.

Einn hv. þingmaður minntist á að hlutfallslega væri varið minni upphæðum til æskulýðs- og íþróttamála í minni sveitarfélögum. Ætli það sé vegna þess að hlutfallslega séu færri í þeim aldurshópum í slíkum sveitarfélögum? Staðan núna er orðin mjög alvarleg og menn verða að gera sér grein fyrir að það verður að fara að snúa við blaðinu. Hvers vegna er það ekki gert? Það er ekki verið að þjóna fólkinu í landinu. Fólkið í landinu hefur sagt það hér. Einn hv. þingmaður hefur ítrekað bent á könnun þar sem 84% þjóðarinnar vilja annaðhvort breyta eða henda kvótakerfinu sem er að leika byggðirnar illa en samt sem áður standa þessir kvótaflokkar, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, vörð um kerfið og virðast að einhverju leyti hafa Samfylkinguna í gíslingu þegar þeir eiga í samstarfi við þann flokk, því það er alveg með ólíkindum hvers vegna þessu er hvergi mótmælt og jafnvel reynt að þagga niður umræður. Þetta liggur við fasisma sem ég varð vitni að á fjórðungsþingi Vestfjarða þar sem þagga átti umræðu niður um þá hagsmuni byggðanna sem skiptir þær hvað mestu máli. Þarna átti í hlut forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar, sjálfstæðismaður. Þetta var óþægilegt. Maður veltir fyrir sér í ljósi þess að menn eru að ræða lýðræðisþróun, hvaða hagsmunum er verið að þjóna með þessum hlut. Það er ekki verið að þjóna hagsmunum Ísfirðinga, langt í frá. Kannski er verið að þjóna hagsmunum flokksforustunnar og það er mjög alvarlegt.

Fleira vekur athygli í skýrslunni, t.d. skipting tekna eftir íbúafjölda sveitarfélaga og það endurspeglar þetta enn og aftur. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson benti á það að á bls. 43 kæmi fram að hlutfallslega miklu minna af útsvari kæmi í minni sveitarfélögunum en í Reykjavík og stærri sveitarfélögunum. Ætli það sé ekki líka afleiðing af þessu kerfi sem er að leika byggðir landsins hvað verst? Ég hefði haldið að svo væri. Hvar eru sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni? Hvers vegna mótmæla þeir ekki?

[18:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég og hv. þingmaður eigum það sameiginlegt að við erum á móti því fyrirkomulagi sem er í sjávarútvegi á Íslandi. Hv. þingmaður hefur hins vegar valið sér það hlutverk að ráðast sérstaklega að einni sveitarstjórn í landinu, eða tveimur núna, vegna þess að þær hafi ekki passað upp á veiðiréttinn á sínu svæði. Ég held að hv. þingmaður ætti að skoða sig betur um og þá mun hann auðvitað *sjá að það er ekki sveitarstjórnunum í landinu að kenna* hvernig komið er í þessu efni. Það er ekki þar sem þessar reglur hafa verið settar. Ef hv. þingmaður hefur fylgst með hefur það verið þannig, þó að það hafi kannski ekki verið mikið upp á síðkastið enda ekki verið slíkar breytingar í gangi í kerfinu núna, að meira og minna hafa sveitarstjórnir um landið mótmælt, komið í pílagrímsferðir hingað til Al*þingis til að kvarta undan því kerfi sem hefur verið við lýði* öll þessi ár. Auðvitað er það misjafnt hvað menn hafa lagt sig fram um þau mótmæli.

Ég held reyndar líka að hv. þingmaður ætti að kynna sér það ögn betur hve mikið af veiðiheimildum hefur farið frá Akranesi, ef hann hefur ekki gert það þegar. Ég trúi varla að hann hafi gert það vel úr því að hann heldur því fram að

allar vinnandi hendur séu að fara þaðan í burtu. Það eru a.m.k. fréttir sem ég hef ekki séð fram að þessu og er eitthvað nýtt. Ég ætla að vona að það gerist ekki. Hins vegar er engin trygging í þessu kerfi fyrir því að það gerist ekki og ég mun halda áfram að berjast gegn þessu fyrirkomulagi og umræddu kerfi. En ég átta mig ekki alveg á hvaða pólitíski leiðangur það er sem hv. þingmenn Frjálslynda flokksins eru í í dag. Ég gæti ímyndað mér að þetta væri einhver hluti af því að þeir ætluðu að reyna að böggla saman framboði á Akranesi. (Gripið fram í.)

[18:06]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt að sveitarstjórnirnar settu ekki þessar fáránlegu reglur en samt sem áður verð ég að vísa til þess að fáar sveitarstjórnir hafa mótmælt þessu. Ég nefndi tvær sveitarstjórnir, Akranes og Ísafjörð. Ég verð að lýsa undrun minni á fleiri sveitarstjórnum. Hvers vegna mótmæla menn ekki um land allt? Hvers vegna eru menn yfirleitt að styðja þá flokka sem eru að grafa niður þeirra byggðir og taka atvinnuréttinn frá þeim? Ég er alveg hissa á því að menn skuli yfir höfuð þora að vera á þessum stöðum sem augljóslega eru að leggjast af ef heldur fram sem horfir, vera þar með fálka í barminum eða merki Framsóknarflokksins. Mér finnst það ömurlegt og hallærislegt í raun-inni.

En hvað varðar kvóta Akurnesinga og hvort hann sé skráður þar eða ekki, þá er það því miður staðreynd að hann er kominn á forræði annarra, stórskuldugs fyrirtækis, og aldrei að vita hvar sá kvóti verður á morgun eða hinn. Hann er einfaldlega ekki á forræði Akurnesinga lengur.

[18:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það er nákvæmlega hárrétt að enginn veit hvert kvótinn fer á morgun og það á við alls staðar á landinu. Á meðan þetta fyrirkomulag er í gildi geta menn ekki haft neitt víst hvað varðar framtíðina um atvinnulífið í sjávarútveginum á hverju svæði.

Ég get tekið undir með hv. þingmanni, ég átta mig ekki alveg á því af hverju fólk í landinu hefur stutt svo vel við bakið á þeim flokkum sem eru núna í ríkisstjórninni. Það er a.m.k. ekki vegna þess að þeir fylgi stefnu sem falli þjóðinni í geð hvað varðar sjávarútvegsmál. Það hefur verið kannað betur en flest annað og niðurstaðan er einmitt sú að í einungis einum flokki nær stuðningur við kvótakerfið 50% og það er í Framsóknarflokknum. Í Sjálfstæðisflokknum meira að segja held ég að 70% hafi verið á móti fyrir um hálfu öðru ári í þeirri könnun sem þá var gerð og í Samfylkingunni 90%.

Ég verð að segja að mér finnst það ekki líklegt til vinsælda hjá Frjálslynda flokknum að ætla út á kvótakerfið til atlögu við okkur í Samfylkingunni. Ég veit ekki betur en við höfum andæft í því máli og barist fyrir breytingum á því allan tímann alveg frá því að hún varð til. Og ég held að þeir ágætu menn í Frjálslynda flokknum sem eru að væna okkur um að við séum ekki stöðugir í því stríði ættu að líta í eigin barm og fara yfir stefnu sína. Eins og hún var borin fram í síðustu kosningum getur hún ekki gengið í þeim næstu.

[18:10]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er greinilegt að hv. þingmaður óttast það mjög að við setjum saman lista á Akranesi og það virðist vera einhver skjálfti í samfylkingarmönnum þar. En ég vonast til að ég geti litið áfram á samfylkingarmenn sem samherja í því að berjast á móti þessu kerfi. Ég er einfaldlega að vísa til þess að Samfylkingin ber ákveðna ábyrgð í málinu að hafa ekki barist af meiri hörku og ég get einfaldlega litið í eigin barm. Ég hefði auðvitað átt að vera búinn að láta í mér heyra fyrir löngu og miklu kröftugar. Þannig eigum við að líta á hlutina og ég vona að þessi ræða verði til þess að brýna þá til að standa við stefnu sína en gefa ekkert eftir eða fara að hjala við einn eða neinn um að þetta verði óbreytt — ég vissi ekki nákvæmlega hvert þessi ágæti formaður var að fara á þingi LÍÚ en það er önnur saga. En ég vona að menn standi keikir að því að velta þessu kerfi úr sessi því annars er einsýnt hvert byggðir landsins fara. Menn þurfa ekki að fara í neinar grafgötur um það.

En ég vona að þetta verði til þess að Samfylkingin gefist ekki upp.

[18:11]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þá góðu umræðu sem hefur átt sér stað í þingsal í dag um þetta mikilvæga mál, málefni sveitarfélaganna í landinu.

Það hefur verið tæpt á mörgum hlutum og ég mun reyna að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint við umræðuna og koma að ýmsum þeim atriðum sem hv. þingmenn hafa rætt.

Fyrst að spurningum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hún bar fram í máli sínu. Þingmaðurinn spurði hvort ekki væru uppi nein sérstök áform um sameiginlega vinnu milli ríkisstjórnar og sveitarfélaga um tekjuskiptingu. Því er til að svara eins og ég hef sagt fyrr við umræðu um málefni sveitarfélaganna, hæstv. forseti, að engin áform eru uppi um það að sinni. Við getum sagt að um eilífðarverkefni sé að ræða, að sjálfsögðu verður umræðu milli ríkis og sveitarfélaga um tekjuskiptinguna fram haldið en ekki hafa verið settar niður neinar sérstakar áætlanir um tímasetningar í þeim efnum enn.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði líka og vakti máls á því, eins og fram kemur í þeirri skýrslu sem við höfum haft til umræðu, að skipting viðfangsefna milli ríkis og sveitarfélaga hér á landi eru í miklu ósamræmi við það sem gerist í nágrannalöndum okkar og fleiri þingmenn vöktu athygli á því. Það er hárrétt, hæstv. forseti. Þetta er m.a. ástæða þess að það verkefni sem hefur verið hérna talsvert til umræðu í dag um eflingu sveitarstjórnarstigsins tók einmitt m.a. til þess að vekja upp hugmyndir um hvaða verkefni mætti færa frá ríki til sveitarfélaga til að efla sveitarfélögin og færa þjónustuna nær íbúunum. Sú umræða mun halda áfram. Þær hugmyndir eru auðvitað í fullu gildi. Þær hafa m.a. snúist um færslu málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, tiltekna þætti heilbrigðisþjónustunnar,

öldrunarþjónustunnar og þar mætti áfram telja.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson nefndi framhaldsskólann. Ég get alveg tekið undir með hv. þingmanni að það væri afar spennandi viðfangsefni þótt ekki væri til að byrja með nema í gegnum einhvers konar samning eða samkomulag á borð við reynslusveitarfélögin, þá teldi ég að það væri tilraun sem væri tilraunarinnar virði og væri spennandi að sjá hvernig kæmi út vegna þess að ég trúi því að þau sveitarfélög sem á annað borð réðu við slíkt verkefni mundu leysa það með sóma.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði sömuleiðis hvort ráðherra teldi koma til greina að flytja verkefni til stærri sveitarfélaganna þrátt fyrir þá útkomu sem varð úr sameiningarkosningunum. Já, ég tel það enn þá koma til greina en við þurfum hins vegar að koma okkur niður á aðferðafræði við það, með hvaða hætti við ætlum að gera það. Það blasir við að minnstu sveitarfélögin í landinu geta ekki tekið við þeim stóru málaflokkum sem hér um ræðir, eins og t.d. málefnum fatlaðra, málefnum aldraðra og þar fram götur. Þá kemur til greina, eins og ég rakti í fyrri ræðu minni í dag, að því verði þannig fyrir komið að minni sveitarfélögin kaupi einfaldlega þjónustu af þeim stærri. Þetta er mál sem hlýtur að koma og mun koma til umræðu á næstu missirum.

Hv. þm. Þuríður Backman vakti máls á því að við hlytum að hafa í huga við þessa umræðu og til framtíðar sérstöðu íslenskra byggða, ekki síst varðandi mannfæð og dreifðar byggðir, þegar við værum að tala um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Það er alveg hárrétt. Þar þarf að líta til samgangna og til dreifingar byggðarinnar. Við gætum að mínu viti, hæstv. forseti, aldrei farið þá leið sem Danir hafa farið, að segja sem svo með lögboði að sveitarfélög skuli ekki telja færri en 20–30 þúsund íbúa. Þær aðstæður eru ekki á Íslandi þannig að við mótum að sjálfsögðu hugmyndir okkar með tilliti til þeirra aðstæðna sem við búum við.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kallar eftir því að flokkur hans, Frjálslyndi flokkurinn, komi að framtíðarhugmyndum um stefnumótun á þessu sviði. Ég bregst bara vel við því ákalli. Ég held að það sé fyllilega ástæða til að við notum umræðuna í dag til að leggja grunn að slíku starfi. Mér hefur fundist umræðan málefnaleg og gegnumgangandi jákvæð og stundum þannig að þeir sem hafa tekið þátt í henni hafi gert það af áhuga og vilja til að láta gott af sér leiða á þessu sviði. Ég tek því ágætlega í slíkar hugmyndir.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir skoraði á þann sem hér stendur að leggjast á árarnar við fjölgun kvenna í sveitarstjórnum. Ég vakti athygli á því í fyrri ræðu minni, hæstv. forseti, að þar þyrfti að taka á. En ég vil þá nota þetta tækifæri til að segja frá því að félagsmálaráðuneytið hefur í samvinnu við Jafnréttisstofu farið sérstaklega yfir þessi mál og ýmsar hugmyndir eru uppi um á hvern hátt mætti reyna að styrkja konur til þátttöku í stjórnmálum á sviði sveitarstjórna og ekkert síður á sviði landsmálanna. Ég hef ritað forsvarsmönnum allra stjórnmálaflokka í landinu bréf þar sem mikilvægi þessa er undirstrikað, mikilvægi þess að bæði kynin taki þátt í að móta samfélagið þannig að við getum stuðlað að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun. Með þessu vildi ég vekja athygli á þeirri staðreynd að það eru stjórnmálaflokkarnir, stjórnmálaöflin í landinu, sem hafa tækifæri, sem þátttakendur í íslensku stjórnmálalífi, til að taka virkan þátt í að hvetja konur til framboðs á listum við sveitarstjórnarkosningar næsta vor og auka þannig þátttöku þeirra í sveitarstjórnum. Það er auðvitað fyrst á fremst á vettvangi stjórnmálaflokkanna sem hægt er að taka á í þessum efnum og ég hvet forsvarsmenn flokkanna til að hafa þetta ríkulega í huga nú í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson spurði hvort sá sem hér stendur stæði einn í þessum slag, eins og hv. þingmaður orðaði það, þ.e. í þeirri viðleitni að auka veg og verkefni sveitarfélaganna. Það er alls ekki svo, hæstv. forseti. Það hefur verið algjör einhugur um það í ríkisstjórninni og meðal stjórnarflokkanna að hvetja til þess að sveitarfélögin stækki og eflist og leita leiða til að færa verkefni til þeirra. Ég kvarta í engu undan því samstarfi.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson spurði sömuleiðis hvort það hefði verið skoðað að endurvekja lög um reynslusveitarfélög. Það hefur ekki verið skoðað sérstaklega en hins vegar, eins og ég ræddi um í fyrri ræðu minni, blasir það verkefni við okkur núna að fara yfir þá þjónustusamninga sem gerðir hafa verið við eintök sveitarfélög um rekstur tiltekinna verkefna, ekki síst á sviði velferðarmála, sem alla jafna eru á höndum ríkisins en sveitarfélögin hafa tekið að sér með sérstökum samningum. Sú vinna er fram undan og hvernig henni lýkur eða hverjar lyktir hennar verða get ég að sjálfsögðu ekki spáð fyrir um á þessu stigi, hæstv. forseti.

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir spurði hvernig félagsmálaráðherra skilgreindi svæði í þessari umræðu, þ.e. þegar kæmi að þeim hugmyndum, sem að sjálfsögðu eru einungis hugmyndir og ég ítreka það, að hin minni sveitarfélög keyptu þjónustu af þeim stærri, hvort þar væri verið að tala um sömu byggðarkjarna og koma fram í byggðaáætlun. Ég er ekki með þau svæði í huga við slíka umræðu, hæstv. forseti, í byggðaáætlun er um að ræða tiltölulega fáa kjarna. Ég sé ekki fyrir mér að hægt verði að einskorða slík viðskipti, ef hægt er að orða það svo, við kaup smærri sveitarfélaga af þremur hinna stærstu, alls ekki, heldur yrði að eiga sér stað miklu meiri dreifing en þar eru uppi hugmyndir um.

Hv. þm. Jón Gunnarsson spurði hvort í skýrslunni væri verið að ýja að því að sveitarstjórnarmenn tækju ekki ábyrgan þátt í hagstjórninni. Ekki er um neinar slíkar aðdróttanir að ræða í þessari skýrslu og ég vona að menn hafi ekki skilið mál mitt þannig í dag. Hins vegar er auðvitað á hverjum tíma rík ástæða til að minna á nauðsyn ábyrgrar fjármálastjórnar. Við gerum það reglulega hvert við annað í sölum Alþingis og ég held að það sé ekkert síður ástæða til að við minnum á það við umræðu um stjórnun sveitarfélaga. En ég vil fyrst og fremst undirstrika það, hæstv. forseti, að aukið samráð á sviði efnahagsmála milli ríkis og sveitarfélaga er að mínu viti mjög mikilvægt. Að því er stefnt með nýjum samstarfssáttmála milli ríkis og sveitarfélaga, eins og ég nefndi fyrr í dag.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson spurði sömuleiðis um könnun á viðhorfi alþingismanna og sveitarstjórnarmanna til sveitarstjórnarstigsins sem ég vakti athygli á í fyrri ræðu

minni og hvort sá sem hér stendur væri þar með að gera tilraun til að víkja sér undan beinum skoðanaskiptum í sölum Alþingis um þau mál. Nei, þvert á móti, hæstv. forseti, og ég tel að þessi umræða í dag sanni að svo er aldeilis ekki. Hins vegar held ég að við hefðum öll gott af því að fá í lið með okkur færustu sérfræðinga á þessu sviði. Þarna er einfaldlega um það ræða að Viðskiptaháskólinn á Bifröst leggst í þessa vinnu með okkur, mótar með okkur spurningarnar. Þar eru fræðimenn á sínu sviði, bæði á sviði byggðamála o.fl., sem ég tel að geti orðið okkur til mikils gagns við undirbúning að þeirri vinnu sem þarna fer fram.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson saknaði sömuleiðis nánari sundurgreiningar talna í þeirri skýrslu sem við ræðum hér, svo sem varðandi tekjuskiptingu sveitarfélaganna og afkomu. Ég þakka auðvitað fyrir þær ábendingar sem komið hafa fram við þessa umræðu, bæði þessa og aðrar, því að þetta er í fyrsta sinn sem slík skýrsla er flutt á Alþingi og að sjálfsögðu á umræðan að verða til þess að læra af henni. Hins vegar eru þær tölur sem þingmaðurinn vakti máls á væntanlega flestar fyrir hendi í Árbók sveitarfélaga, þeirri gagnmerku bók sem við hv. þingmaður, sem fyrrum sveitarstjórnarmenn, þekkjum báðir. En ábendingarnar eru vel þegnar.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og raunar fleiri gerðu hér að umtalsefni þá þróun sem átt hefur sér stað, ekki síst núna í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga, í prófkjörum og hvort menn væru hugsanlega komnir út á hálan ís með mikilli fjárhagslegri skuldbindingu. Ég get alveg skilið þær áhyggjur. Ég tel að það sé mál sem sé full ástæða fyrir okkur að ræða. Vegna þess að mér hugnast það út af fyrir sig ekki að þeir einir geti markað sér bás í stjórnmálum sem eiga eða hafa aðgang að miklu fjármagni.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson minntist sömuleiðis á tiltekin mál vestur á landi þar sem sveitarstjórnarmenn tóku það til bragðs að víkja einum félaga sínum úr sveitarstjórn. Það var hæstv. forseti, auðvitað fáránlegur gjörningur. Ráðuneytið hefur úrskurðað um ólögmæti þess. Ég held að við þurfum kannski ekki að hafa miklu fleiri orð um það.

Hæstv. forseti. Rétt að lokum. Hér hefur talsvert mikið verið rætt um það átak til eflingar sveitarstjórnarstiginu sem við réðumst í í samráði og samstarfi við Samtök sveitarfélaga á liðnu hausti. Ég hafna því auðvitað að þar hafi á einhvern hátt verið illa að verki staðið, þar var staðið að verki eins og við lögum upp með. Hins vegar höfnuðu íbúar sveitarfélaganna þeim tillögum sem settar voru fram og unnar voru í nánu samráði við sveitarstjórnarmenn víða um landið. Við því er ekkert að segja, hæstv. forseti, það var bara ákvörðun íbúanna. Við þurfum að halda áfram þessari vegferð. Við þurfum að halda áfram að hvetja sveitarstjórnarmenn til að taka höndum saman í samstarfi, samvinnu og sameiningu, en ég tel að við eigum ekki að tala hér eins og menn hafi runnið niður brekkuna á óæðri endanum í því máli. Það var alls ekki þannig, hæstv. forseti. Ég tel að þetta verkefni hafi þvert á móti tekist ágætlega. Tekjustofnarnir hafa verið styrktir, umræðan hefur verið mikil og í kjölfar hennar sjáum við sveitarfélögin sameinast.

Hér var gaukað að mér vísukorni, hæstv. forseti. Ég ætla að fá að ljúka máli mínu með því. Ég veit ekki hvaðan það kom en það kom í kjölfar ræðu Jóns Gunnarssonar, sem talaði einmitt um að sameiningarátakið hefði runnið út í sandinn. Vísan er svona:

Átak það var allt eitt tjón
ekkert nema glingur.
Viltu ekki vera, Jón,
vaskur Hafnfirðingur?

En tillagan þar gekk einmitt út á að sameina Voga á Vatnsleysuströnd og Hafnarfjörð og var hafnað, hæstv. forseti.

[18:26]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram í þessari ágætu skýrslu að ýmsar dreifðar byggðir standa höllum fæti. Atvinnumálin skipta gríðarlega miklu máli fyrir þessar byggðir. En ég tel að ein byggðaaðgerð gæti kollvarpað búsetu margra en það væri ef framsóknarmenn stæðu við það sem stendur í stefnuskránni um að virða rétt sjávarjarða. Það væri fróðlegt að fá afstöðu hæstv. félagsmálaráðherra til þessa máls.

[18:27]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er langt liðið á dag og ég ætla ekki að taka upp sérstaka umræðu hér um sjávarútvegsmálin, jafnvel þótt eftir sé kallað að einhverju leyti af hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni, sem hefur tekið virkan þátt í umræðunni í dag sem ég þakka fyrir.

Mér var hins vegar bent á það í gær af manni sem þekkir vel til að fyrir daga kvótakerfisins hafi verið gerð rannsókn af norskum aðila á því hvað það væri sem gera þyrfti til að koma í veg fyrir mikinn flótta af landsbyggðinni. Ég ítreka, hæstv. forseti, að þetta var fyrir daga kvótakerfisins. Það merkilega er að það sem upp úr stóð var að menn þyrftu að huga að atvinnumálum, menningarmálum, fræðslumálum og þar fram götur. Ég veit að þetta eru kunnugleg atriði, við þekkjum þau báðir, við hv. þingmaður. Þetta eru sömu atriðin og eru nú til umræðu og sömu atriðin og ég hygg að við flest séum sammála um að skipti verulegu máli þegar kemur að því að styrkja byggðirnar. Ég held að við séum sammála um að það séu atriði sem við eigum að halda áfram að vinna að, höfum verið að vinna að og þurfum að halda áfram.

[18:29]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta litla mál skiptir verulegu máli fyrir marga bændur, sérstaklega í Norðvesturkjördæmi. Þeir hafa margir haft orð á því. Það er þeirra hjartans mál að eignarréttur þeirra verði virtur. Þetta er í stefnuskrá Framsóknarflokksins og ég vonast til að hæstv. ráðherra svari því hvort hann styðji þetta eða ekki. En ég heyrði það á andsvari hæstv. ráðherra að hann forðast að ræða þetta mál. Það er nefnilega svo þegar á hólminn er komið að þá er svo viðkvæmt að raska einhverju í því kerfi sem er að kyrkja byggðir landsins að meira að segja þegar því er velt upp hvort einstaka bændur fái að draga einn og einn fisk úr sjó þá er það of viðkvæmt og menn reyna að komast hjá að svara slíku. Ég vonast til að hæstv. ráðherra svari þessu og af hreinskilni.

[18:30]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki að hv. þingmaður gangi að því gruflandi að ég styð að sjálfsögðu stefnu Framsóknarflokksins og vinn eftir þeim ályktunum sem flokksþing hans samþykkir hverju sinni. Það liggur alveg fyrir. Hv. þingmaður þarf ekki að ganga að því gruflandi eins og ég segi, hæstv. forseti, hvort sem er í þessu máli eða öðrum.

Ég vil hins vegar nota tækifærið og ítreka þakkir mínar fyrir þessa góðu umræðu. Hér hafa komið fram hugmyndir um að hv. félagsmálanefnd taki þessa skýrslu til sérstakrar umræðu og ég fagna því. Ég vonast einnig til þess að við getum haft þennan háttinn á reglulega hér á Alþingi, hvort sem það verður nú á hverju ári eða annað hvort ár — en ég ítreka þakkir mínar fyrir góða umræðu.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 18:32.

70. FUNDUR

mánudaginn 20. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Raforkumálefni, skýrsla, 348. mál, þskj. 382 og 382. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur bréf frá 5. þm. Norðvest., Guðjóni A. Kristjánssyni, dagsett þann 17. febrúar sl., og hljóðar svo:

„Hér með óskar undirritaður tímabundins leyfis frá þingstörfum með vísan til 53. gr. þingskapa frá og með 20. febrúar. Þar sem 1. varaþingmaður Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi, Steinunn Kristín Pétursdóttir, hefur ekki tök á að taka sæti á Alþingi óska ég eftir að 2. varamaður, Pétur Bjarnason, taki sæti mitt á þessum tíma."

Þá hefur borist bréf frá 1. varamanni Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi, Steinunni K. Pétursdóttur, þar sem segir að hún eigi ekki heimangengt á næstu vikum til að taka sæti á Alþingi fyrir Guðjón A. Kristjánsson.

Pétur Bjarnason hefur áður tekið sæti á Alþingi á kjörtímabilinu og er boðinn velkominn til starfa að nýju.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Að lokum fyrirspurnum til ráðherra fer fram umræða utan dagskrár um áætlanir og aðgerðir um varnir gegn fuglaflensu. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason. Hæstv. heilbrigðisráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Sala Búnaðarbankans.

[15:03]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það hefur verið margt mjög ámælisvert við einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja á umliðnum árum og alltaf að koma nýjar og nýjar upplýsingar í ljós en það er eins og skíturinn fljóti alltaf upp á endanum og það verður erfitt fyrir þá flokka sem hafa staðið fyrir þessari framkvæmd að standa lengur í vegi fyrir því að fram fari óháð rannsókn á gerðum þeirra.

Í ljós hefur komið að ný rannsókn Vilhjálms Bjarnasonar, háskólakennara í Háskóla Íslands, hafi leitt í ljós að spunninn hafi verið lygavefur í kringum aðkomu þýskra banka að kaupum á Búnaðarbankanum. Það er mjög ámælisvert, sérstaklega í ljósi þess að kaupendurnir voru nátengdir Framsóknarflokknum, S-hópurinn. Þess vegna tel ég að hæstv. forsætisráðherra ætti í rauninni að svara því hér hvort hann ætli að láta fara fram athugun á þessu ámæli sem hefur komið fram, þ.e. að þýski bankinn hafi í rauninni verið yfirvarp fyrir allt aðra kaupendur og hvort ekki sé orðið tímabært að fá hið rétta í ljós hvað varðar þetta mál.

Það er algerlega óverjandi að fara ekki ofan í saumana á þessu máli vegna þess að við erum að ræða um eigur almennings og hvernig þeim er ráðstafað til þeirra sem eru síðan nátengdir innsta kjarna annars stjórnmálaflokksins sem fer með völd á Alþingi. Það er alveg ólíðandi að það sé ekki á hreinu hver vinnubrögðin hafa verið í málinu.

[15:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég tek undir það að mikilvægt er að mál séu á hreinu. Ég sá þessa frétt í gær. Ég hafði samband við ríkisendurskoðanda í morgun og spurði hann hvort eitthvað nýtt væri í þessu máli. Hann sagði að svo væri ekki. Það hefði verið margfarið yfir þetta mál, það hefði ráðgjafi einkavæðingarnefndar gert, HSBC á sínum tíma, Fjármálaeftirlitið og Ríkisendurskoðun. Ef hv. þingmenn hafa einhverjar athugasemdir við mál og vilja fara ofan í þau þá ber þeim að sjálfsögðu að hafa samband við Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun er eftirlitsstofnun Alþingis og ef eru einhverjar nýjar upplýsingar í þessu máli þá finnst mér eðlilegt og sjálfsagt að Ríkisendurskoðun fari ofan í það.

En ég vildi spyrja hv. þingmann hvort hann hafi haft samband við Ríkisendurskoðun um málið því mér finnst sjálfsagt ef alþingismenn hafa einhverjar upplýsingar og fyrirspurnir um mál og vilji glöggva sig á þeim, að þeir hafi samband við Ríkisendurskoðun því það er sú stofnun sem á að vera Alþingi til hjálpar.

Annað hef ég í sjálfu sér ekkert um málið að segja nema að ríkisendurskoðandi sagði mér að ekkert nýtt væri í málinu en ég hvet hv. þingmann að hafa samband við hann líka.

[15:07]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það kom ekki á óvart að hæstv. forsætisráðherra væri í mjög nánu og góðu sambandi við ríkisendurskoðanda. Svo virðist vera að þessi ríkisendurskoðandi hafi alla vega glatað trausti mínu, það gerði hann síðasta sumar þegar hann stóð í kattarþvotti á þessu söluferli vegna þess að hæstv. forsætisráðherra tengdist mjög einu fyrirtæki sem stóð í kaupunum á Búnaðarbankanum. Og ekki stóð á ríkisendurskoðanda að koma hlaupandi með skýrslu þar sem sagði þó að það væri ekki hlutverk hans að lýsa því yfir að forsætisráðherra væri ekki vanhæfur í málinu, en samt sem áður kom hann hlaupandi með þessa skýrslu. Þetta snýst um trúverðugleika stjórnmálamanna á Íslandi, þetta snýst um þann trúverðugleika hvernig við ætlum að standa að sölu ríkiseigna og ef Framsóknarflokkurinn vill liggja undir grun, gjöri hann svo vel.

[15:08]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að allt snýst þetta um trúverðugleika. En það snýst líka um trúverðugleika hvað hv. þingmenn segja á Alþingi og leyfa sér að halda fram. Ég hef aldrei heyrt það áður í þingsal að Ríkisendurskoðun njóti ekki trausts Alþingis. Þar er um fullyrðingu að ræða sem ég hef aldrei heyrt. En ef svo er þá er það að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál og er þá mál sem ber að taka upp í forsætisnefnd þingsins. Það er höfuðnauðsyn að Ríkisendurskoðun njóti trausts Alþingis og ég vænti þess að hv. þm. Sigurjón Þórðarson sé einn um þá skoðun eins og margt annað sem hann setur fram á Alþingi.

[15:09]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það er náttúrlega sorglegt að maður skuli lýsa því yfir og þurfi að gera það að Ríkisendurskoðun njóti ekki trausts en það er því miður raunin. Svo virðist vera að hún sé að missa traust fleiri aðila en eingöngu mín persónulega. Ef Ríkisendurskoðun ætlar ekki að fara ofan í gögn sem kennari við Háskóla Íslands hefur komið fram með sem sýna að beitt hafi verið blekkingum við sölu ríkiseigna, eigna almennings sem tengjast með beinum hætti hæstv. forsætisráðherra, þá er ég hissa og að hún geti bara afgreitt þetta með einu símtali fyrir hádegi þegar hæstv. forsætisráðherra hringir í hana, þá er það bara afgreitt. Nei, þetta er ekki traustsins vert. Það á að fara ofan í svona mál og það er sérstaklega akkur fyrir stjórnarflokkana.

[15:10]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að ríkisendurskoðandi nýtur trausts forseta Alþingis.

[15:10]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Þegar forsætisráðherra berst það til eyrna að til standi að ræða þetta mál við hann á Alþingi, er þá ekki eðlilegt að hann hringi til Ríkisendurskoðunar til að leita upplýsinga um málið? (**Sigurjþ:** Og afgreitt það?) Hver var að segja að það hefði verið afgreitt? Það hefur ekki nokkur maður sagt það. En væri kannski ekki eðlilegt að hv. þingmaður hringdi líka í Ríkisendurskoðun til að leita sér upplýsinga? Hv. þingmaður þarf greinilega ekkert að gera það og það er gott til þess að vita að hann var a.m.k. ekki að lýsa því yfir fyrir hönd Alþingis að Ríkisendurskoðun nyti ekki trausts. Ég spyr: Var hv. þingmaður að lýsa því yfir fyrir hönd flokks síns? Miðað við þessa umræðu held ég að það sé alveg bráðnauðsynlegt að taka þetta mál fyrir í forsætisnefnd því ef það er tilfellið að Ríkisendurskoðun njóti ekki trausts, þó það sé ekki nema eins þingflokks á Alþingi, þá er það mjög alvarlegt mál og í fyrsta skipti sem það kemur fram. Ég vænti þess að þingmaðurinn sé einn um þá skoðun.

Kaupendur Búnaðarbankans.

[15:12]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að beina fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra sem er af svipuðum toga og sú umræða sem fór fram hér áðan. Forsenda sölu ríkisins á bréfum í Búnaðarbankanum var að í kaupendahópnum væri erlendur aðili sem ætti raunverulegan eignarhlut. Með því var átt við að hinn erlendi aðili væri ekki leppur fyrir raunverulegan eiganda heldur ætti hlutinn sjálfur.

Í þessu samhengi er rétt að Kaldbaki hf. og fjárfestum honum tengdir var hafnað sem kaupanda m.a. á þeirri forsendu að þeir höfðu ekki virtan erlendan fjárfesti í sínum hópi. Á þeim tíma sem salan fór fram var talið mikilvægt fyrir íslenskt efnahagslíf að fá inn erlendan aðila, erlenda fjárfestingu og erlendan gjaldeyri.

Samkvæmt því sem hefur komið fram átti hinn þýski banki 15% eignarhlut í Búnaðarbankanum. Slíkan eignarhlut bar að tilkynna Fjármálaeftirliti og Kauphöll því um virkan eignarhlut var að ræða. Þýski bankinn tilkynnti hvorki Kauphöll Íslands um hinn virka eignarhlut né flaggaði hinum virka eignarhlut með tilkynningu til Fjármálaeftirlits. Þá er ekki vitað til að þýska fjármálaeftirlitinu hafi verið tilkynnt um virkan eignarhlut.

Nú liggur fyrir að íslenskur háskólakennari hefur rannsakað efnahagsreikning hins þýska banka vegna ársins 2003. Sú rannsókn bendir til að bankinn hafi aldrei verið raunverulegur eigandi að bréfum í Búnaðarbankanum. Ef þetta er rétt sem haldið er fram var íslenska ríkið augljóslega blekkt þegar bréfin í Búnaðarbankanum voru seld. Það hvílir því að mínu viti skylda á viðskiptaráðherra að láta kanna málið. Það er afar mikilvægt að íslenska fjármálaeftirlitið leggi fram beiðni til þýska fjármálaeftirlitsins og fái staðfestingu þess á eignarhaldi þýska bankans og ef ekki, fyrir hvern þýski bankinn keypti bréfin á þeim tíma. Hver var hinn raunverulegi eigandi?

Mun ég því óska eftir því við viðskiptaráðherra að hún óski eftir því við Fjármálaeftirlitið að þessi rannsókn fari af stað.

[15:14]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að segja að það sem vitnað

er til og kom fram í fréttum í gær og haft eftir stundakennara við Háskóla Íslands er ekkert nýtt. Það er ekkert nýtt í þeirri frétt. Og að hv. þingmaður skuli nú bæta gráu ofan á svart við upphaf fundar á hv. Alþingi til að ætla að gera sig gildandi vegna þessa máls er í sjálfu sér mjög athyglisvert. En látum það nú vera, það er eins og það er.

En að hv. þingmaður skuli koma hér upp til að biðja mig að beina einhverju til Fjármálaeftirlitsins er frétt út af fyrir sig og sýnir að Samfylkingin hefur ekki enn þá áttað sig á því hvað er sjálfstæð eftirlitsstofnun. Þessi hv. þingmaður sem hér tók til máls og er aðaltalsmaður Samfylkingarinnar á sviði samkeppnismála (Gripið fram í.) ef ég man rétt umræðuna frá síðasta vori og væri hægt að fara ýmsum orðum um þá fáránlegu umræðu og hvernig hv. þingmaður talaði þá og væri svolítið skemmtilegt að rifja það upp sem þá var sagt. En við skulum láta það vera núna, ég held að það takist ekki í þessu stutta andsvari. En að koma hér og óska eftir því að viðskiptaráðherra beini einhverju til Fjármálaeftirlitsins er ekki í takt við nútímastjórnsýslu.

[15:16]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mér virðist augljóst að hæstv. viðskiptaráðherra hefur lítið lært af þeirri yfirhalningu sem þingið veitti henni hér í síðustu viku og heldur áfram á svipuðum nótum.

Það sem ég vil fá að segja og er algjörlega nýtt í þessu máli núna er að háskólakennari — sem hæstv. viðskiptaráðherra leyfir sér að kalla stundakennara — við Háskóla Íslands hefur rannsakað efnahagsreikning þessa þýska banka. Við þá rannsókn kemur fram að það er nánast útilokað að þessi þýski banki, sem var forsenda fyrir sölunni á sínum tíma, hafi verið eigandi að bréfum í Búnaðarbankanum. Þetta kemur einnig fram í yfirlýsingu þýska bankans. Þegar það liggur þá fyrir að flest bendi til þess að íslenska ríkið hafi verið blekkt við sölu á þessum bréfum er eðlilegt að hæstv. viðskiptaráðherra, sem fer með þennan málaflokk og á að vera gæsluaðili almennings í þessu landi, sendi bréf og óski eftir að þetta verði skoðað. Ég treysti því að Fjármálaeftirlitið muni taka mjög faglega á því bréfi (Forseti hringir.) en líti ekki svo á að um sérstaka fyrirskipun sé að ræða.

[15:17]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þingmaður er strax farinn að draga í land og lítur ekki svo á að það eigi að fyrirskipa Fjármálaeftirlitinu að fara í þessa athugun. Ég vona að hann komi hérna upp einu sinni enn, fyrst það er heimilt samkvæmt þingsköpum, og dragi þá málið algjörlega til baka. Hann yrði maður að meiri ef hann gerði það.

Hvað varðar þessa hluti er náttúrlega margbúið að fara yfir þá og í júní sl. sendi forstjóri þýska bankans út fréttatilkynningu þar sem farið var yfir málið og það allt saman hrakið sem komið hefur fram hjá þessum kennara, Vilhjálmi Bjarnasyni, og það er mitt svar. Aðkoma viðskiptaráðuneytisins er engin að þessu máli í dag. Það er bara einfaldlega þannig og ég er viss um að hv. þingmanni þykir það leitt.

Svo fullyrðir hann að þetta hafi ráðið úrslitum um að þessi hópur varð fyrir valinu í sambandi við sölu á bankanum. Það er nokkuð sem ég get ekki fullyrt að hafi verið. Ég veit að það hafði áhrif en að (Forseti hringir.) það hafi skipt sköpum tel ég ekki hafa verið.

[15:18]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ítreka þá ósk til hæstv. viðskiptaráðherra að hún riti Fjármálaeftirlitinu bréf og leggi til að Fjármálaeftirlitið hafi samband við þýska fjármálaeftirlitið og fái endanlegan botn í það hvort umræddur þýskur banki var eigandi að bréfum í Búnaðarbankanum eða ekki.

Vissulega ber hæstv. viðskiptaráðherra mikla ábyrgð því að það er ekki bara það að viðskiptaráðherra fari með þennan málaflokk, heldur var hún einnig aðili að þessari einkavæðingu. Því skiptir miklu máli að í ljós komi hvernig að henni var staðið. Það kemur einnig fram í tilvitnaðri yfirlýsingu sem hæstv. ráðherra vitnaði til áðan og hún verður ekki lesin öðruvísi en svo að bankinn hafi farið með þessi bréf í nafni annars aðila. Það er ekki hægt að skilja orðið „intermediary" á annan hátt en þann að um tímabundna eignaraðild hafi verið að ræða. Og í ljósi þess að sú sérstaka forsenda fyrir því að tilteknum aðilum var vísað á braut sem áhuga höfðu á (Forseti hringir.) að kaupa í Búnaðarbankanum var sú að þeir höfðu ekki erlendan fjárfesti er hér um mjög stóra forsendu að ræða.

[15:20]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég efast ekki um að hv. þingmaður hefur mikið álit á mér sem viðskiptaráðherra en ég vil bara segja honum að ég hef mikið álit á Fjármálaeftirlitinu og tel að það geti bara hreinlega metið það betur en ég hvort þarna sé ástæða til að fara sérstaklega ofan í mál einu sinni enn.

Ég get ekki annað en endurtekið það sem ég sagði áðan, mér finnst algjörlega óskiljanlegt að Samfylkingin skuli ekki vera komin lengra á þróunarbrautinni en svo að hún haldi að ég stjórni Fjármálaeftirlitinu, hún haldi það enn þá árið 2006. (Gripið fram í.)

Styrkir til ættleiðingar.

[15:20]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn minni til forsætisráðherra. Fyrirspurnin snýr að því hvar innan Stjórnarráðsins hæstv. ráðherra telji að vista beri mál um styrki til ættleiðingar. Félagið Íslensk ættleiðing hefur síðustu þrjú árin unnið að því að komið verði á styrkjum til foreldra sem ættleiða börn erlendis frá og sent erindi með þeirri ósk til a.m.k. tveggja ráðuneyta, og í upphafi til forsætisráðuneytisins í tíð fyrrverandi forætisráðherra. Erindin hafa síðan verið framsend og endursend eftir atvikum á milli ráðuneyta og Stjórnarráðsins.

Nú hefur í þriðja sinn verið mælt fyrir þingsályktunartillögu um slíka styrki og í annað sinn er málinu að umræðu lokinni vísað til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar, en í fyrsta skipti var málinu vísað til allsherjarnefndar. Heilbrigðis- og trygginganefnd er í sjálfu sér ekkert að vanbún-

aði að vinna þetta mál og forsvarsmenn Íslenskrar ættleiðingar hafa hvað vistun þess varðar einungis lagt áherslu að opinber aðili fari með styrkveitingar en ekki félagið sjálft eins og fyrstu hugmyndir voru uppi um. Þó hafa heyrst ýmsar efasemdir um að þetta mál eigi að heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið því að um sé að ræða styrk af félagslegum toga samanber það að fæðingarorlofið heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Svo hafa ýmsir bent á að ættleiðingar almennt heyri undir dómsmálaráðuneytið. Ég tel, frú forseti, að það sé brýnt fyrir þennan hóp — þetta er jafnræðismál fyrir foreldra — að finna úrlausn þessa máls innan framkvæmdarvaldsins, þ.e. að það liggi fyrir hvar efnisleg úrlausn málsins eigi heima.

[15:22]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda heyra ættleiðingar almennt undir dómsmálaráðuneytið. Nú er það ekki svo að styrkir séu veittir til ættleiðinga samkvæmt okkar kerfi. Hins vegar hefur farið fram um það umræða alloft á Alþingi og einnig hafa þessi mál verið rædd í ríkisstjórn. Eftir þá athugun sem hefur átt sér stað í forsætisráðuneytinu á þessu máli núna nýlega, og tilefnið var það að málið var rætt í ríkisstjórn, þykir okkur einsýnt að komi til slíkra styrkveitinga, sem ég vil á engan hátt útiloka, eigi slík skipan mála að heyra undir félagsmálaráðuneytið og að aðilar sem eru að leita eftir aðstoð og fyrirgreiðslu í því sambandi eigi að leita þangað.

[15:23]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svar hans, og svo árétta það að þetta er hvorki einkamál mitt og forsætisráðherra né einkamál nokkurs sérstaks flokks.

Ég ætla ekki út í efnislega umræðu um þetta mál en það er hins vegar ljóst að þetta þekkist alls staðar annars staðar á Norðurlöndunum, þar njóta þeir styrkja sem ættleiða börn erlendis frá og þar eru þeir studdir til þess með fjárstyrk frá hinu opinbera. Það sem við erum að tala um í rauninni er að jafna aðstöðu þessa fólks miðað við þá foreldra sem eignast börn sín á þennan svokallaða eðlilega eða venjulega hátt. Áherslan er á jafnræði og ég tel þessu máli til framdráttar að fyrir liggi hvaða þingnefnd, eða réttara sagt hvaða ráðuneyti, eigi að veita efnislega úrlausn í málinu.

Skuldbreytingar hjá Íbúðalánasjóði.

[15:24]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. fjármálaráðherra og snýst um það hvers vegna lántakendur hjá Íbúðalánasjóði fái ekki að skuldbreyta lánum sínum hjá sjóðnum til að nýta sér lægri vexti án þess að greiða af því stimpilgjöld. Eins og öllum er kunnugt er tekið 1,5% stimpilgjald af öllum lánum, jafnt þegar skuldbreytt er sem annað. Sem dæmi eru það 150 þús. kr. af 10 millj. kr. láni. Þetta gerir það auðvitað að verkum, virðulegi forseti, að fjárhagslegur ávinningur lántakandans við skuldbreytingu kemur ekki fram fyrr en eftir eitt og hálft til tvö ár þegar tekið er tillit til þeirra peninga sem þarf að greiða ríkissjóði í stimpilgjöld af skuldbreytingu á láninu. Lántakendur sem eru með gömul íbúðasjóðslán, segjum t.d. á 5,1% vöxtum, fá ekki þennan fjárhagslega ávinning strax sem þeir ættu auðvitað að geta fengið strax.

Virðulegi forseti. Það kemur fram í svari hæstv. fjármálaráðherra við fyrirspurn minni á síðasta þingi að ríkissjóður náði sér í 4,4 milljarða í tekjur af stimpilgjöldum frá því í september 2004, þ.e. þegar þessi samkeppni á íbúðalánamarkaði hófst, til janúar 2005. Ég hef því miður ekki tölur fyrir aðra mánuði á árinu 2005. Þetta eru miklir peningar og þess vegna ítreka ég þá spurningu mína til hæstv. fjármálaráðherra: Hvers vegna er þetta ekki leyft? Í öðru lagi: Stendur til að breyta því að á jafnsjálfsagðan hátt við skuldbreytingu hjá Íbúðalánasjóði, og þess vegna innan sama banka, verði leyft að gera það án þess að rukka af því stimpilgjöld?

[15:26]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það er athyglisvert að fá svona spurningu frá hv. þingmanni. Ástæðan fyrir þeirri stöðu mála sem hv. þingmaður lýsti er sú að ríkissjóður þarfnast tekna til að standa undir þeim útgjöldum sem ríkissjóði ber að standa straum af, m.a. í velferðarkerfinu. Þetta er ein af þeim tekjuöflunarleiðum sem Alþingi hefur samþykkt að nýta sér í þessum tilgangi. Það má auðvitað hugsa sér að Alþingi aflaði þessara tekna á einhvern annan hátt og sjálfsagt mun það koma til skoðunar í framtíðinni þegar við endurskoðum tekjuöflunarkerfi ríkisins. Auðvitað gæti líka komið til, ef menn vildu hafa það þannig, að skattheimta á þennan hátt yrði minnkuð en útgjöld yrðu lækkuð á móti. Auðvitað þurfum við líka að endurskoða útgjöld ríkisins, eins og við þurfum að endurskoða tekjuöflunina.

Þetta er nú ekki flóknara mál en svo að ég er búinn að fara yfir það á einni mínútu og ég verð eiginlega að undrast það að hv. þingmaður skuli ekki hafa áttað sig á þessu. Mig grunar þó helst að þetta sé ein af þeim hugmyndum sem hv. þingmaður fær til að vekja á sjálfum sér athygli og reyna að gera lítið úr því sem verið er að vinna í ríkisfjármálunum. Hann telur sjálfsagt að þetta sé til skammtímavinsælda fallið. Það kerfi sem við höfum verið með í gildi hvað þetta varðar hefur verið í gildi í allmörg ár, við þekkjum það mjög vel og hv. þingmaður á að þekkja það líka.

[15:28]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvað hefur gerst á ráðherrabekknum hérna vinstra megin við mig. Mér finnst að það sé eins og þeir hafi farið vitlaust fram úr, ráðherrar sem sitja þarna og hafa lent í því að svara hér fyrirspurnum.

Fyrirspurn mín varðaði einfaldlega það, virðulegi forseti, að þetta er óréttlát skattheimta. Hvað réttlætir það að rukka stimpilgjald aftur af skuldbreytingu til þess að fá að nýta sér lægri vexti sem eru í boði núna en voru ekki í boði fyrir nokkrum árum? Hvað á ráðherra með að koma með svar um að þetta sé eingöngu um að þingmaður sé að vekja á sér athygli og gera lítið úr skattheimtu ríkissjóðs? Það er

ekkert verið að gera lítið úr skattheimtu ríkissjóðs, virðulegi forseti.

Við vitum það að fyrrverandi fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, Geir Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, og núverandi fjármálaráðherra eru sennilega mestu skattheimtumenn sem nokkurn tíma hafa verið uppi á Íslandi. Bestu dæmin eru í tekjuskattinum, og við getum líka tekið nýlegt dæmi sem hefur komið fram um skatt af umferð og bílainnflutningi. Það eru sennilega 35 milljarðar umfram það sem fer til vegamála og það hefur aukist um 25 milljarða (Forseti hringir.) á núvirði í tíð ríkisstjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Ég spyr eingöngu hæstv. fjármálaráðherra: (Forseti hringir.) Finnst honum það ekki ósanngjarnt að rukka tvisvar stimpilgjald af skuldbreytingum?

[15:30]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það þarf ekki endilega að vera tvisvar, það getur verið þrisvar og getur verið fjórum sinnum. Þú getur skuldbreytt endalaust. Ég ætla ekki að halda því fram sérstaklega að skattheimta sé eitthvað sérstaklega réttlát, að einhverjir tilteknir skattar séu réttlátari en aðrir skattar. Það má deila um það út í hið óendanlega.

En séu stimpilgjöldin óréttlát í dag þá hafa þau verið það lengi, hv. þingmaður. Og svo ættirðu að skammast þín fyrir það að í hvert einasta skipti sem þú kemur hér upp þá upplýsir þú þjóðina um hve lélegur þú ert í reikningi. Þú heldur fram tómum bábiljum um skattheimtuna og hvernig að henni er staðið hvað eftir annað og ferð með rangt mál. Menn eiga að hugsa sig um áður en þeir gera það hvað eftir annað.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill minna hv. þingmann á að fara að þingsköpum. Það á ekki að ávarpa einstaklinga.)

Ertu að tala um þingmann eða ráðherra?

(**Forseti** (SP)**:** Ráðherrann er líka þingmaður, hæstv. fjármálaráðherra sem talaði síðast.)

[15:31]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ágæt lok á umræðunni um stimpilgjöld og skattheimtu ríkissjóðs sem stýrt er af fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins með því að nefna síðustu orð hæstv. fjármálaráðherra um málið. Eins og ég sagði áðan veit ég ekki hvað hefur gerst á ráðherrabekknum. Vonandi koma ekki fleiri ráðherrar vinstra megin frá til að svara í dag. Það er eitthvað að þarna.

Orðin sem hæstv. ráðherra lét frá sér eru kannski ágæt síðustu orð um þetta og hitta ráðherrann fyrir sjálfan. Þau lýsa því hvað hann verður hvumpinn þegar rætt er um hina miklu skattheimtu Sjálfstæðisflokksins, sama hvort um er að ræða tekjuskatt eða skatt af umferð. Samgönguráðherra var hér fyrir nokkrum dögum að hækka um 100% umferðargjöld. Svona má lengi telja.

Í mínum huga, virðulegi forseti, eru stimpilgjöld mjög óréttlát skattheimta. En mér finnst sem ég hafi lesið að Sjálfstæðisflokkurinn vilji líka afnema stimpilgjöld. En að taka þau margsinnis við skuldbreytingu finnst of langt gengið.

[15:32]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ef hv. þingmaður kynni að reikna þá mundi hann ekki rugla saman tveimur hugtökum sem eru annars vegar tekjur ríkissjóðs og hins vegar skattheimta. Skattheimtan hefur minnkað. Hún hefur minnkað í tíð fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins. En tekjur ríkissjóðs hafa aukist. Þær hafa aukist vegna þess að okkur hefur vegnað vel í efnahagslífinu undanfarin ár. Það vill þannig til að á því tímabili hafa starfað fjármálaráðherrar frá Sjálfstæðisflokknum. Það er rétt hjá hv. þingmanni.

Fjármálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins skammast sín ekki fyrir þá stöðu og þeir skammast sín ekki fyrir þá þróun ... (Gripið fram í.) — ég heyri að þingmönnum Samfylkingarinnar er órótt á bekkjunum — en þeir skammast sín ekki fyrir þá stöðu íslenska þjóðarbúsins í dag. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður er greinilega órólegur.

Það eru fáir ríkissjóðir sem standa betur heldur en íslenski ríkissjóðurinn í dag. Það eru fá þjóðfélög sem geta státað af minni skattheimtu en verið hefur á þessu landi þessi árin.

Um fundarstjórn.

Athugasemd forseta í óundirbúnum fyrirspurnum.

[15:34]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég heyrði í umræðunni að hæstv. fjármálaráðherra hefur mikla trú á aukinni skattheimtu. Það var líka að heyra á hæstv. forseta þingsins að hún hefði mikla trú á ríkisstofnunum.

Mér fannst það svolítið sérstakt í umræðunni, frú forseti, þegar við ræddum um það hvort einhverjir þingmenn bæru traust til Ríkisendurskoðunar að hæstv. forseti lýsti efnislegri afstöðu sinni til þess sem ég spurði hæstv. forsætisráðherra um. Ég furða mig nokkuð á því vegna þess að mér fannst það kannski ekki endilega koma störfum forseta við, frú forseti.

[15:34]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Hv. þingmaður hlýtur að hafa misskilið hvernig ríkisendurskoðandi er ráðinn til starfa. (**SigurjÞ:** Nei, nei.) Það er alveg ljóst að þegar brigslað er um heiðarleika ríkisendurskoðanda, sem forsætisnefnd ræður, þá hlýtur forseti að taka til andmæla.

Umræður utan dagskrár.

Áætlun og aðgerðir um varnir gegn fuglaflensu.

[15:35]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Flest lönd í heiminum hafa uppi mikinn viðbúnað vegna mögulegrar útbreiðslu svokallaðrar fuglaflensu sem greinst hefur í mörgum löndum Asíu og einnig í nokkrum löndum Evrópu, nú síðast í Frakklandi. Menn hafa og áhyggjur af efnahagslegum áhrifum veikinnar ef

hún breiðist út en umræðan hefur þegar haft mikil áhrif á neysluhætti fólks þótt vitað sé að bein hætta sé alls ekki fyrir hendi.

Í dag hittast t.d. landbúnaðarráðherrar Evrópusambandsríkja til að ræða leiðir til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu H5N1 veirunnar í álfunni. Á þeim fundi er ekki síður rætt um efnahagsleg áhrif fuglaflensunnar og áhrif hennar á neysluhætti. Viðbrögð almennings við henni, neysluvenjur og matvælaforði, er því greinilega hluti viðbúnaðarins. Miklu máli skiptir að upplýst umræða og fræðsla eigi sér stað, bæði um hvernig bregðast skuli við ef fuglaflensan berst til landsins og ekki síður þannig að bæði leikir og lærðir geti metið umræðuna á hverju stigi og áhættuna á yfirvegaðan hátt.

Hinn 7. október síðastliðinn tilkynnti ríkisstjórnin um viðbrögð og aðgerðir vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu. Nefnd ráðuneytisstjóra heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis hefur skilað tillögum til ríkisstjórnarinnar. Þar var einmitt rætt um þróun áhættumats og viðbúnað í öðrum löndum, aðgang að lyfjum og hugsanlega lyfjaframleiðslu hér á landi, jafnframt fræðslu- og upplýsingamiðlun. Allt er þetta gott og blessað en ég held að við núverandi aðstæður skipti síðastnefndu þættirnir, um fræðslu og upplýsingu, afar miklu máli.

Eins og fram kemur í svari hæstv. landbúnaðarráðherra við fyrirspurn hv. þm. Þuríðar Backman 24. janúar síðastliðinn er t.d. ekki til staðar aðstaða og búnaður hér á landi til að rannsaka eða sinna fullnægjandi eftirliti með því hvort veikin berist með fuglum til landsins eða dreifist meðal villtra fugla og alifugla. Hann sagði að í bígerð væri að flytja til landsins færanlegar rannsóknarstofur sem anni og fullnægi öllum öryggiskröfum. Enn er ekki vitað á hvaða stigi sú vinna er.

Í dag sendi Landbúnaðarstofnun frá sér formlega fréttatilkynningu um mat á stöðunni og tillögu að áhættustigum. Áhættunni er skipt í áhættustig 1 til 3 um fuglaflensu, eftir útbreiðslustigi meðal fugla og öðru sem lýtur að smiti innan og milli dýrategunda. Auðvitað veltir maður fyrir sér hvernig hægt er að standa að framkvæmdarhliðinni á slíkum aðgerðum sem lagðar eru til við hvert áhættustig og hvernig við erum í raun í stakk búin til að fylgja þeim öryggiskröfum eftir.

Vonandi reynir aldrei á það en þó er óhjákvæmilegt að spyrja um greiningu á áhættustigum ef veikin greinist í fólki. Hvernig yrðu þau áhættustig flokkuð? Hvað yrði þar lagt til grundvallar og hvaða aðgerðir gætu þá tilheyrt hverju áhættustigi? Hvernig erum við undir það búin að uppfylla þær kröfur um aðgerðir sem þá yrði að grípa til?

Ég hef þess vegna, frú forseti, leyft mér að leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra, en málinu í heild sinni virðist mér stýrt af hálfu heilbrigðisráðuneytisins:

1. Hvernig er háttað fræðslu og upplýsingagjöf til almennings um varnir og viðbrögð gagnvart fuglaflensu ef hún bærist til landsins? Við vitum að með vorinu koma farfuglarnir. Hvernig á almenningur að bregðast og umgangast fugla, t.d. ef fuglarnir sjást veikir? Einnig hefur verið tekið upp samstarf og samræming viðbragða bænda, starfsfólks í heilbrigðisþjónustu og matvælavinnslu, ef veikin bærist til landsins. En þetta væru þeir fyrstu sem kæmu að slíkum málum.

2. Hvernig verður háttað eftirliti og rannsóknum á heilsu villtra fugla í landinu, ekki síst hjá farfuglum? Hvernig skal koma leiðbeiningum til fólks á öllum aldri, t.d. í skólunum, og er búið að tryggja nægilegt fjármagn eða afl til eftirlits og rannsókna með veikinni?

3. Hvernig hyggjast stjórnvöld haga samstarfi og samráði við Alþingi og hlutaðeigandi þingnefndir um viðbúnað og aðgerðir stjórnvalda sem grípa þarf til, annars vegar til að fylgjast með því hvort veikin berist til landsins og hins vegar um aðgerðir ef veikin yrði staðfest hér?

[15:40]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Hv. 8. þm. Norðvest. beinir til mín nokkrum spurningum um nokkra þætti varðandi viðbúnað okkar Íslendinga við þeim möguleika að fuglaflensa berist til landsins. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka málið upp á þessum vettvangi.

Í árslok 2003 hófst inflúensufaraldur í fuglum í Suðaustur-Asíu. Þessi fuglainflúensa leiddi í nokkrum tilvikum til sýkinga mönnum með hárri dánartíðni. Íslensk heilbrigðisyfirvöld ákváðu snemma á árinu 2004 að kaupa inflúensulyf í nokkru magni vegna ótta manna við að veiran gæti stökkbreyst og borist manna á milli, sem gæti orðið undanfari heimsfaraldurs inflúensu.

Þegar í ljós kom að ekki tækist að ráða niðurlögum fuglainflúensunnar strax ákváðu heilbrigðisyfirvöld að auka innkaup á inflúensulyfjum á árinu 2005. Í lok þess árs voru til í landinu um 89 þús. meðferðarskammtar. Heilbrigðisyfirvöld hafa frá því að fuglainflúensan fór að gera fyrir alvöru vart við sig í Asíu gripið til margvíslegra aðgerða til að bregðast við fuglaflensunni og hugsanlegum heimsfaraldri inflúensusmits.

Ég vil undirstrika og biðja menn að hafa hugfast að greina verður milli smits í fuglum sem gæti við tilteknar aðstæður borist í menn og heimsfaraldurs þar sem smit berst frá manni til manns. Þetta eru tvö mál sem okkur ber að forðast að blanda saman.

Hv. þingmaður spyr um varnir og viðbrögð gagnvart fuglaflensu ef hún bærist til landsins. Því er til að svara að sóttvarnalæknir og Landbúnaðarstofnun hafa nána samvinnu um upplýsingagjöf til almennings varðandi fuglaflensu, berist hún til landsins. Starfandi er sérstök samstarfsnefnd um sóttvarnir sem hittist reglulega, a.m.k. tvisvar í mánuði. Þar situr m.a. fulltrúi Landbúnaðarstofnunar og sóttvarnalæknir. Samráð þessara beggja sviða er því mjög náið og samhæft. Sóttvarnalæknir hefur birt spurningar og svör um málið á heimasíðu landlæknisembættisins og sambærilegar upplýsingar munu birtast á heimasíðu Landbúnaðarstofnunar.

Í öðru lagi spyr hv. þingmaður um viðbúnaðarstig stjórnvalda vegna fuglaflensu og hvaða forsendur séu þar lagðar til grundvallar. Því er til að svara að viðbrögð við fuglaflensu eru í höndum Landbúnaðarstofnunar sem heldur t.d. fræðslufundi með alifuglabændum um þessar mundir til að upplýsa um alla þætti málsins, þar á meðal varnir.

Þá er spurt hvort ekki yrði tekið upp samstarf og samræming viðbragða bænda, starfsfólk í heilbrigðisþjónustu og matvælavinnslu, ef fuglaflensa bærist til landsins. Í heilbrigðisþjónustunni eru menn viðbúnir og munu bregðast við ef svo ólíklega vildi til að nokkur maður smitaðist af fuglaflensu. Hugað verður sérstaklega að heilbrigði þeirra sem sinna alifuglarækt ef fuglaflensa best til landsins. Sóttvarnalæknir og ríkislögreglustjóri standa að samræmdum viðbrögðum við hugsanlegum heimsfaraldri inflúensu í mönnum.

Í fjórða lagi spyr hv. þingmaður um eftirlit og rannsóknir á heilsu villtra fugla í landinu, ekki síst hjá farfuglum. Því er til að svara að Landbúnaðarstofnun hefur með höndum rannsóknir á farfuglum og alifuglum í landinu. Könnun á inflúensusmiti í fuglum er þegar hafin og rætt er um að bæta rannsóknaraðstöðu til dýrarannsókna í samvinnu við Keldur.

Í fimmta lagi er spurt hvort og hvernig stjórnvöld hyggist haga samstarfi við Alþingi og hlutaðeigandi þingnefndir um viðbúnað og aðgerðir stjórnvalda sem grípa þarf til, annars vegar til að fylgjast með því hvort veikin berst til landsins og hins vegar ef veikin yrði staðfest hér. Íslensk stjórnvöld munu að sjálfsögðu upplýsa Alþingi og hlutaðeigandi þingnefndir um aðgerðir sem lúta að fuglaflensu annars vegar og hugsanlegum heimsfaraldri inflúensu í mönnum eftir því sem tilefni gefst til. Ég get sagt það fyrir hönd ráðuneytis míns að við erum tilbúin að mæta fyrir þingið hvenær sem er varðandi þetta mál.

Virðulegi forseti. Ég vona að þeim spurningum sem hv. 8. þm. Norðvest. beindi til mín sé svarað með þessu. Verkefnin skarast að vísu töluvert við landbúnaðarráðuneytið en Landbúnaðarstofnun hefur verið með í ráðum um undirbúning þessara svara. Ég er reyndar starfandi landbúnaðarráðherra í dag svo að það kemur kannski ekki að sök.

[15:45]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég vil líka segja í upphafi máls míns að ég tel að íslensk stjórnvöld hafi tekið ágætlega á þessu máli og með hófstilltum hætti.

Það er ágætt að heyra að það er gott samstarf á milli þeirra stofnana og ráðuneyta sem um málið fjalla og út af fyrir sig gott að vita af því öryggi sem felst í því að í einum og sama manninum búi bæði hæstv. heilbrigðisráðherra og landbúnaðarráðherra. Hins vegar er algjörlega nauðsynlegt í þessari umræðu að menn fari yfirvegað og hófstillt í hana. Það er nauðsynlegt að undirstrika þá staðreynd að við stöndum andspænis heimsfaraldri í fuglum, ekki í mönnum. Engin dæmi eru um að smit hafi borist á milli manna. Það skiptir miklu máli. Það skiptir líka máli að gera sér grein fyrir því varðandi þá hættu sem er á að smitið berist hingað til íslenskra fugla að farleiðir íslenskra fugla liggja ekki um þau svæði þar sem fuglaflensusmitið hefur greinst í Evrópu, þ.e. ekki um svæðin á Ítalíu, Búlgaríu, Rúmeníu og Grikklandi. Farfuglar sem koma hingað koma miklu vestar upp að Evrópu og nánast allir koma um Bretland. Þar er mikið eftirlit með þessu. Um leið og við vitum að smit hefur borist í fugla í Bretlandi er líklegt að það berist hingað en það er alveg ljóst að Íslendingar eru vel undirbúnir.

Það er tvennt sem veldur mér örlitlum áhyggjum. Ég tek eftir því að smit eða sýni sem tekin eru á Íslandi eru send til Svíþjóðar. Af því dreg ég þá ályktun að við höfum ekki búnað á Keldum til að greina smit í fuglum. Ég er sannfærður um að ef upp kemur faraldur er sú stofnun sem við höfum samstarf við í Svíþjóð líkleg til þess að drukkna í sýnum. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Mun hann ekki beita sér fyrir því að aðstöðu til þess að greina smit og sýni úr fuglum verði komið upp á Keldum? Í öðru lagi: Er ekki alveg ljóst að veirurannsóknadeild Landspítalans býr yfir *búnaði til þess að geta greint smit í mönnum?*

[15:47]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Hér er um að ræða afar athyglisvert mál. Það er hins vegar rétt að undirstrika það, eins og kom fram í máli hæstv. heilbrigðis- og landbúnaðarráðherra, að enn sem komið er er fyrst og fremst um dýrasjúkdóm að ræða. Við erum hins vegar með þann möguleika í huga að þessi dýrasjúkdómur gæti breyst yfir í sjúkdóm sem smitast á milli manna. Við erum þá kannski í fyrsta skipti í sögunni í færum til að fylgjast með því frá faraldursfræðilegu sjónarmiði hvernig slík breyting á sér stað. Það gæti verið afar lærdómsríkt fyrir heimsbyggðina alla að sjá hvernig það gerist, m.a. til að geta hugsanlega komið í veg fyrir slíkt síðar.

Hins vegar verðum við líka að hafa í huga að það er til fjöldi stofna af fuglaflensu. Áður hafa komið upp stofnar þar sem smit hefur borist frá fuglum í menn, eins og er tilfellið *H5N1-stofninn án þess þó að úr því hafi orðið heims*faraldur með smiti á milli manna. Því er rétt að fara hófstillt í viðbrögðin og gæta þess að ekki verði nein allsherjarhræðsla að ástæðulausu, koma upplýsingum á framfæri og framkvæma þær aðgerðir sem munu reynast okkur jákvæðar í framtíðinni líka, þegar við tökum á svipuðum vandamálum sem upp kunna að koma þó að þau séu ekki nákvæmlega eins. Það er greinilegt, og það er auðvitað ástæða til að hrósa opinberum stofnunum sem um þetta fjalla fyrir það, að almenningur er mjög vel að sér um þetta málefni, það kemur vel fram í skoðanakönnunum í blöðum. Ekki er um neina hræðslu að ræða en fólk veit af þessu og gætir þess að fara varlega (Forseti hringir.) ef það kemur að dauðum fuglshræum.

[15:50]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það var mjög gaman að hlusta á hæstv. fjármálaráðherra tala hér, eins og hann sannarlega hefur vit og þekkingu til, hann er jú menntaður dýralæknir. En mér fannst hann láta vísindamanninn í sér ganga fulllangt þegar hann fór að hugsa upphátt um þá athyglisverðu tilraun sem framkvæma mætti með því að fylgjast með því hvað gerðist ef þessi veira stökkbreyttist. Það er tilraun sem ég mundi ekki hafa gaman af að verða þátttakandi í. Þrátt fyrir það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að við fylgjumst með þessu máli af yfirvegun, að við höfum varann á og að hér verði ekki æst til neinnar histeríu eða skelfingar hjá almenningi.

Ég hef svolítið velt fyrir mér forvörnum í þessu máli.

Hér hefur verið talað um farfugla og að smit geti borist til landsins með farfuglum. Ísland er eyja í Norður-Atlantshafi og mjög mikilvæg varpstöð margra tegunda farfugla sem fara, eins og réttilega hefur verið bent á, um Vestur-Evrópu og Bretlandseyjar. Ég hef velt því fyrir mér hvort ekki væri full ástæða til þess að fara út í sérstakar aðgerðir til að fylgjast einmitt með þessum fuglum þegar þeir koma til landsins, að komið yrði upp eins konar eftirliti, til að mynda við suðurströndina frá svæðinu austan af Hornafirði og síðan vestur um, þar sem sýni yrðu tekin úr fuglum, bara til að hafa varann á okkur, að farið yrði út í það að stunda slíkar rannsóknir. Að sjálfsögðu kallar þetta á fjármagn, það kallar líka á mannskap og ákveðinn viðbúnað. Það hefði verið gaman að fá upplýsingar um það hjá hæstv. heilbrigðisráðherra og núverandi landbúnaðarráðherra hvort fyrirhugaðar séu einhverjar aðgerðir af þessu tagi og þá undir embætti yfirdýralæknis.

[15:52]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Fyrir skömmu barst mér svar við fyrirspurn minni til hæstv. landbúnaðarráðherra um viðbrögð og varnir embættis yfirdýrsalæknis gegn fuglaflensu. Það má nú vera ljóst að miðað við útbreiðslu smitaðra fugla í Evrópu er það ekki spurning um hvort heldur miklu frekar hvenær smitaðir farfuglar koma til landsins. Samræmd viðbragðsáætlun landlæknis, sóttvarnalæknis og yfirdýralæknis þarf því að liggja fyrir hið fyrsta svo gera megi viðhlítandi ráðstafanir til varnar alifuglabúum, til réttrar umgengni við hræ af villtum fuglum og síðast en ekki síst að viðbragðsáætlun og viðbúnaður heilbrigðisstofnana sé samkvæmt ýtrustu tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Hæstv. forseti. Við fjárlagaumræðuna í haust gagnrýndi ég að ekki væri sett fjármagn í að koma upp öryggisrannsóknastofu eða P3-aðstöðu vegna yfirvofandi hættu á fuglaflensu. Það var ljóst að þörfin var brýn og ekki hægt að komast hjá því að bæta núverandi aðstöðu að Keldum til að greina sýni úr dýrum. Fjármagn hefur nú fengist til að koma upp bráðabirgðaaðstöðu ásamt því að undirbúa innkaup á öðrum nauðsynlegum búnaði. Flensubólusetning að hausti er einn af mörgum varnarþáttum í heimsfaraldri og hvet ég hæstv. heilbrigðisráðherra til að athuga þann kost gaumgæfilega svo bregðast megi við auknum kostnaði vegna kaupa bóluefnis og við bólusetningar og eins til að draga úr kostnaðarþátttöku markhópa í þeirri bólusetningarherferð.

Það er mikilvægt að Alþingi sé upplýst um stöðu mála hverju sinni þar til hættuástandi verður aflýst og þá eiga heilbrigðis- og landbúnaðarnefnd að fjalla sameiginlega um málið fyrir hönd þingsins hið fyrsta.

[15:54]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp og hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir greinargóð svör hans. Það sem kom m.a. fram í svari hæstv. heilbrigðisráðherra og skiptir máli er að eins og er og meðan ekki verður stökkbreyting erum við að tala um tvo aðskilda hluti, annars vegar flensu sem smitast á milli fugla og hins vegar heimsfaraldur inflúensu. Í báðum tilvikum þurfum við að vera með viðbragðsáætlun og þess vegna heyrir þessa umræða í rauninni bæði undir hæstv. heilbrigðisráðherra og landbúnaðarráðherra.

Í þessu samhengi langar mig aðallega að leggja áherslu á tvennt. Annars vegar þýðingu þess að hafa aðgengilegar upplýsingar, aðgengilegar öllum, eins og þær sem eru á heimasíðu sóttvarnalæknis með spurningum og svörum, spurningum sem brenna á fólki og það vill fá svör við. Hins vegar á gildi þess að málflutningur í þessu samhengi sé hófstilltur, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson lagði áherslu á í ágætri ræðu sinni. Vegna þess að menn þurfa að finna hinn gullna meðalveg, annars vegar í því að fólki finnist það öruggt og finni til öryggis gagnvart því að gripið hafi verið til allra þeirra varúðarráðstafana sem þörf er á og hins vegar að ekki sé gengið svo hart fram að það veki ótta og ugg í brjóstum fólks.

Mig langar í því samhengi að nefna að mér hefur fundist sóttvarnalæknir, meðal annarra, hafa gert þetta einstaklega vel þar sem hann hefur verið að kynna þetta mál. Síðan vil ég taka fram að hv. heilbrigðis- og trygginganefnd fékk sérstaka kynningu á viðbragðsáætlun vegna fuglaflensu og heimsfaraldurs inflúensu í heimsókn sinni til landlæknis á dögunum.

Frú forseti. Að lokum vil ég segja að mér finnst þetta vera mál sem sjálfsagt er að fjalla um í þingnefndum, bæði í landbúnaðarnefnd og í heilbrigðisnefnd og þó að þær funduðu saman, og við áttum okkur á hvernig að því er staðið og þá jafnframt hvernig kynna má það á annan hátt og gagngerðari fyrir landsmönnum.

[15:56]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ef einhvern tíma er nauðsynlegt á Alþingi Íslendinga að talað sé hófstillt og faglega, æsingalaust og upplýst, þá er það í umræðu um fuglaflensu. Hættan er ekki talin mjög mikil hér á landi en það á að sjálfsögðu ekki við ef veiran stökkbreytist, eins og hefur komið fram hér. Við vitum líka að talið er líklegt að íslenskir fuglar, stofnar sem fljúga á suðlægar slóðir að hausti, gætu hafa smitast. Það á einnig við um endur, gæsir og álftir sem dveljast á Bretlandseyjum, Írlandi og við norðurstrendur Þýskalands. Sérfræðingar, sem haft hefur verið samband við, telja að við stöndum í rauninni mjög vel, smithætta frá fuglum er mun minni hér en í mörgum öðrum löndum þar sem stór hluti íbúa er stöðugt að meðhöndla lifandi fugla. Það á t.d. við um Tyrkland og er kannski ekki ástæðulausu að veikin kom fyrst upp þar. Við erum með góða sjúkrahúsþjónustu og auðvelt er að einangra fólk, en ef um stökkbreytingu verður að ræða erum við að sjálfsögðu að tala um allt annan hlut, þá erum við að tala um heimsfaraldur. Þetta eru því tvö aðskilin mál eins og komið hefur fram.

Ég tek líka undir það að mjög mikilvægt er að við höfum aðstöðu til greiningar á sýnum hér á landi. Heilbrigðisnefnd fór á fund með landlækni og þar var málið aðeins kynnt fyrir nefndinni. Það samráð þarf að halda áfram og er mjög brýnt að fagnefndir þingsins, bæði landbúnaðarnefnd

og heilbrigðisnefnd, séu viðbúnar og geti verið í startholunum til að ræða allar hreyfingar á þessu máli. Við eigum að treysta á þetta samráð og þá áætlun sem er í gangi. Ég vil minna á mjög góðan vef sem heitir Spurt og svarað um fuglaflensu. Vefurinn er á vegum sóttvarnalæknis og þar eru mjög skýrar og góðar upplýsingar. Aðalatriðið er að við sköpum ekki óþarfa ótta en höldum samt öllu til haga og séum hvergi bangin yfir því sem við þurfum að mæta.

[15:58]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Í Fréttablaðinu í morgun kemur fram að enda þótt yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga telji að fuglaflensan berist hingað til lands telji lítill minni hluti sig vera í hættu að smitast. Umræða og viðbrögð við hugsanlegri heilsuvá eins og fuglaflensu er viðkvæmt. Feta þarf varlega bil þess að auka vitund fólks við hugsanlegri hættu og að vekja ekki óþarfa ótta og of sterk viðbrögð. Það virðist ljóst að heilbrigðisyfirvöld hafa náð að feta þennan mjóa milliveg vitundarvakningar og varúðar.

Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu er afar ólíklegt að almennir borgarar verði fyrir smiti af völdum fuglaflensu fylgi þeir tilteknum reglum sem auðvelt er að fara eftir þótt vissulega sé hætta á að veiran stökkbreytist og smitist milli manna. Það liggur hins vegar fyrir að heimsfaraldrar af völdum inflúensu koma í sveiflum og leggjast þungt á fólk u.þ.b. þrisvar sinnum á öld. Nú eru 40 ár frá síðasta heimsfaraldri sem er óvenjulangur tími og því við öllu að búast. Ég hef orðið vör við það á undanförnum vikum að margir velta fyrir sér hvort umræðan um fuglaflensuna sé af sama toga og umræðan um viðbrögð við tölvuvírusnum árið 2000 sem átti að eyðileggja nær allar heimsins tölvur þegar nýtt árþúsund gengi í garð og kostaði einkaaðila, fyrirtæki og stjórnvöld verulegar fjárhæðir og skapaði verulegan gróða í tölvugeiranum. Ég tel reyndar að þetta sé ekki réttmæt samlíking. Það er hins vegar ljóst að íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa staðið eins vel og kostur er að upplýsingagjöf til almennings og gerð viðbragðsáætlana og uppbyggingu á viðbragðsþáttum ef til kastanna kemur. Þar liggur ábyrgð þeirra og undir henni hafa stjórnvöld staðið. Slíkur undirbúningur nýtist hvort sem heimsfaraldur verður af völdum fuglaflensu eða af öðrum toga. Þegar hefur miklu fjármagni verið varið til verkefnisins með það að markmiði að tryggja almannaheill eins og kostur er. Það er aðalatriðið, virðulegi forseti.

[16:00]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil nú byrja á því að þakka málshefjanda fyrir þessa umræðu sem ég tel vera þarfa. Menn hafa talað um samhæfingu ýmissa stofnana og ég er ekki frá því að þessi umræða sé einnig liður í því að ná fram samhæfingu stofnana. Hér koma menn frá ólíkum stofnunum, sumum nýjum eins og Landbúnaðarstofnun, og leggja fram gögn sín fyrir hæstv. ráðherra. Það hafa verið fluttar hér mjög athyglisverðar ræður, t.d. fór hæstv. fjármálaráðherra mikinn í tilraunagleði sinni sem ég tel reyndar að beri að gjalda varhuga við. Það verður þó að segjast eins og er að hann hefur meira vita á þessu en þegar hann ræddi um hækkun skattanna fyrr í dag. Þarna var hann greinilega á heimavelli.

Það er í sjálfu sér mjög gott að taka þetta mál alvarlega. Þó svo að við gerum ráð fyrir hinu besta þá er ágætt að kerfið geri ráð fyrir hinu versta, það er ágætt að gera greinarmun á því í umræðunni að hafa hana hófstillta en þá verður kerfið að gera ráð fyrir hinu versta. Þetta er í sjálfu sér góð æfing fyrir kerfið, nýjar stofnanir samhæfa viðbrögð við erfiðum málum sem geta komið upp ef veiran stökkbreytist og getur borist á milli manna.

[16:02]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka fyrir ágæta umræðu, mjög faglega og hófstillta umræðu um þetta mál sem er í sjálfu sér stórmál og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og hvernig hann hefur komið inn á þau mál sem ég bar hér fram.

Það er mjög mikilvægt að umræðan sé hófstillt en hún þarf líka að vera mjög fagleg og við þurfum að eiga nægar upplýsingar, næga vitneskju um málið á hverju stigi til þess að geta brugðist við eða líka vakið og haldið trausti almennings. Við megum búast við því að fari fram sem nú horfir muni umræðan um veikina magnast, sérstaklega í löndunum í kringum okkur og að það verði enn harðara áreiti á okkur hér. Þess vegna legg ég aukna áherslu á upplýsingu og fræðslu um málið. Þó að það sé gott að setja mál inn á heimasíður viðkomandi stofnana og fagaðila tel ég að upplýsingar til almennings, til barna og unglinga og allra eigi að vera tiltækar í einföldu og skýru formi því að þetta er í góðu lagi svo lengi sem ekkert kemur upp á og við skulum vona að það verði æ svo.

Við vitum t.d. að ef veikin berst hingað verður hún búin að stigmagnast í löndunum í kringum okkur. Höfum við þá afl til þess að takast á við nauðsynlegar rannsóknir, nauðsynlegt eftirlit þegar við getum ekki sent sýni til rannsókna erlendis? Við verðum að treysta á okkur sjálf í rannsóknum, í eftirliti, jafnvel í lyfjaframleiðslu, sem var ein af tillögum sem nefndin gaf ríkisstjórninni.

Ég ítreka það því við hæstv. ráðherra að (Forseti hringir.) halda þessum hlutum mjög vel saman og til haga og halda þinginu, nefndum þess og almenningi og öllum vel upplýstum um hvert stig.

[16:05]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir ágæta umræðu um þetta mál. Ég reyni að svara því sem til mín hefur verið beint.

Varðandi aðstöðuna á Keldum, það mál er á dagskrá og þegar hefur verið gerð frumathugun á krufningar- og rannsóknaraðstöðu þar. Varðandi aðstöðuna á Landspítalanum þá hefur veirurannsóknarstofan á Landspítalanum aðstöðu til að rannsaka smitsjúkdóma í mönnum.

Varðandi svo eftirlitið sem kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni, honum var það hugleikið, þá er búið að gera áætlanir um kostnað við rannsóknir sýna úr villtum fuglum og alifuglum og sýnataka og rannsóknir eru hafnar og þeim verður haldið áfram en Landbúnaðarstofnun sér um þær sýnatökur og hefur tekið yfir verkefni yfirdýralæknis í því máli.

Varðandi fyrirspurn hv. 10. þm. Norðaust., Þuríðar Backman, um bólusetningar þá hefur þegar verið tekin ákvörðun um að áhættuhópar verði bólusettir við venjulegri inflúensu.

Ég vil að lokum segja að það er mjög áríðandi að halda vöku sinni í þessu máli og hafa hófstillta umræðu í því. Hv. 1. þm. Reykv. n. hitti kannski naglann á höfuðið þegar hann sagði: Enn þá er þetta inflúensa í dýrum en ekki í mönnum. En við verðum að halda vöku okkar og ég vil þakka það samstarf milli ráðuneyta sem hefur farið fram og ekki síst vil ég nefna dómsmálaráðuneytið í því en þeir hafa unnið mjög náið með okkur að (Forseti hringir.) skipulagningu og undirbúningi.

Raforkumálefni, ein umr.

Skýrsla iðnrh., 348. mál. — Þskj. 382.

[16:07]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég legg hér fram til umræðu skýrslu um raforkumálefni, sem 348. mál þingsins á þskj. 382 sem dreift var til hv. þingmanna í nóvember á síðasta ári. Skýrslan er frumsmíð á þessu sviði en samkvæmt 39. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, skal ráðherra leggja slíka skýrslu fyrir Alþingi á tveggja ára fresti.

Í samræmi við ákvæði raforkulaga er í skýrslunni m.a. fjallað um yfirlit um sölu og notkun raforku sl. fjögur ár, raforkuþörf og yfirlit um líklega þróun til lengri tíma á grundvelli raforkuspár og áætlana um orkufrekan iðnað og aðra starfsemi sem raforkuspá tekur ekki til, rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra til raforkuvinnslu, raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins, styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf, gæði raforku, m.a. með hliðsjón af öryggi afhendingar, þjóðhagslega þýðingu áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu.

Hæstv. forseti. Örugg framleiðsla orku, flutningur og dreifing hennar eru meðal þeirra grunnþátta sem samfélag okkar byggir á. Ekki eru nema örfáir áratugir síðan allir landsmenn fengu tryggt aðgengi að raforku og er nú svo komið að við búum við einna mesta öryggi í framboði á hvers kyns orku meðal þjóða heims. Á síðustu árum hafa orðið algjör umskipti í orkunotkun þjóðarinnar og er nú orkunotkun á íbúa hér á landi með því mesta sem þekkist í heiminum. Er þessi mikla notkun m.a. til komin vegna þess að Ísland býr yfir auðlegð í formi endurnýjanlegra orkulinda sem hafa verið nýttar á hagkvæman hátt landsmönnum til heilla. Er mörgum þjóðum öfundarefni að 99,95% af raforkunotkun Íslendinga kemur frá þessum endurnýjanlegu orkulindum og hafa þær þó aðeins verið nýttar að takmörkuðu leyti. Svipuðum árangri höfum við náð við upphitun húsnæðis hér á landi en 90% húsnæðis er hitað upp með jarðvarma og yfir 9% notast við rafhitun. Skynsamleg nýting orkulindanna mun því um ókomin ár áfram standa undir aukinni velferð þjóðarinnar.

Í skýrslu þeirri sem hér er lögð fram er leitast við að veita ítarlegar upplýsingar um þróun raforkumála hérlendis. Í 1. kafla skýrslunnar er fjallað um þróun og skipulag raforkumarkaðar hér á landi sem og þróun löggjafar um raforkumál með áherslu á umfjöllun um ný raforkulög sem Alþingi samþykkti í mars 2003. Almenn rafvæðing landsins hófst á fjórða áratug síðustu aldar þegar reistar voru stærri virkjanir, Ljósafossstöð og Laxárstöð I ásamt tilheyrandi flutningslínum frá þessum virkjunum til stærstu bæjarfélaganna, Reykjavíkur og Akureyrar. Minni virkjanir voru einnig reistar víða til að anna gífurlegri almennri eftirspurn eftir raforku á þessum árum en engin innbyrðis tenging var þó á milli einstakra landshluta.

Grunnurinn að baki rafvæðingar landsbyggðarinnar voru fyrstu lög er náðu til allra þátta raforkumála í landinu, raforkulögin frá 1946. Þar var mörkuð sú stefna að ríkið tæki að sér að annast vinnslu raforku til almennings, dreifingu rafmagns milli héraða. Á árinu 1965 urðu þáttaskil í uppbyggingu raforkukerfis landsins. Með stofnun Landsvirkjunar það ár var farið inn á þá braut að reisa stærri virkjanir en áður hafði verið ráðist í. Með því móti var unnt að nýta raforkuna jöfnum höndum fyrir stóriðju og almenna notkun og færa sér þannig í nyt hagkvæmni stærðarinnar. Raforkuflutningskerfi landsins hefur á síðustu áratugum verið byggt upp til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja. Af þessum sökum hefur verið unnt að ráðast í hagkvæmar virkjanir fjarri þeim svæðum þar sem raforkunotkunin er mest en það hefur síðan skilað sér í hagkvæmu raforkukerfi.

Skipulag raforkumála hér á landi hefur verið á þann veg að fyrirtæki sem vinna, dreifa og selja orku eru nær alfarið í opinberri eigu. Ýmist er hér um að ræða fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eigu ríkisins eða sveitarfélaga eða fyrirtæki sem eru í sameign þessara aðila. Hið sama gildir um rannsóknastofnanir á þessu sviði þó svo að þar hafi einkaaðilar haslað sér völl í nokkrum mæli á undanförnum árum.

Í 1. kafla skýrslunnar er fjallað ítarlega um hin nýju raforkulög frá árinu 2003 og hvaða breytingar þau höfðu í för með sér. Þá er í lok kaflans fjallað um alþjóðlegt samstarf og samanburð raforkukerfis okkar og annarra Norðurlanda.

Í 2. kafla er fjallað um þróun raforkuverðs með sérstaka áherslu á breytingar sem urðu um áramótin 2004–2005 þegar nýskipan raforkumála kom til framkvæmda. Þessi nýskipan ein og sér gefur ekki almennt tilefni til umtalsverðra breytinga á raforkuverði en þó verða nokkrar verðbreytingar hjá einstökum notendum. Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun má þannig rekja um 2–4% af hækkun á raunverði rafmagns suðvestan lands til breytingarinnar en með sama hætti hefur hún leitt til lækkunar á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins, Rariks, einkum í þéttbýli. Með nýjum raforkulögum er kostnaður við dreifingu í þéttbýli og dreifbýli aðskilinn samhliða því að ríkissjóður greiðir niður dreifingu á raforku í dreifbýlinu. Verð á raforku til almennra notenda lækkaði almennt um áramótin 2004–2005 á þéttbýlissvæðum Rariks og Orkubús Vestfjarða en hækkaði aftur á móti hjá Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur, Norðurorku og Rarik í dreifbýli.

Verð á raforku til aflmældra notenda, sem eru flest stærri fyrirtæki, lækkaði mikið hjá Rarik, bæði í dreifbýli og þéttbýli, en mesta hækkunin var hjá Orkubúi Vestfjarða

í dreifbýli og Hitaveitu Suðurnesja á Suðurnesjum og í Hafnarfirði. Minni breytingar urðu hjá notendum hjá öðrum veitum. Miðað við leiðréttingu á grundvelli neysluverðsvísitölu hefur smásöluverð á raforku samkvæmt almennum taxta hjá Rarik og Orkuveitu Reykjavíkur lækkað nokkuð frá 1991 til 2005.

Raforka til húshitunar hefur um árabil verið niðurgreidd af opinberu fé og árin 1983–2004 voru heildarútgjöld ríkissjóðs vegna niðurgreiðslna um 15 milljarðar kr. á núvirði. Lög um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar voru sett á Alþingi vorið 2002 og eftirlit Orkustofnunar með framkvæmd laganna leiddu til lækkunar niðurgreiðslna til húshitunar árin 2003–2004. Á árinu 2004 voru aftur á móti gerðar breytingar á lögunum sem rýmkuðu heimildir einstaklinga og félagasamtaka til niðurgreiðslna en á fjárlögum ársins 2005 eru áætlaðar 998 millj. kr. úr ríkissjóði til niðurgreiðslna vegna húshitunar og annarra verkefna sem tengjast þeim.

Flutningur og dreifing á raforku eru nú verðlögð óháð því til hvers hún er notuð og á gjaldskrá að vera sem næst raunkostnaði við þessa liði. Þetta hefur haft í för með sér nokkrar breytingar á raforkutöxtum bæði til hækkunar og lækkunar en sérstaklega hafa verið í umræðu hækkanir á raforku til húshitunar og ótryggðri orku til fyrirtækja. Tekið hefur verið á þessum vanda með ýmsu móti. Þannig voru niðurgreiðslur til húshitunar hækkaðar á árinu 2005 og einnig var hugað að orkusparnaðaraðgerðum og voru sett af stað nokkur verkefni á sviði orkuhagkvæmni að frumkvæði Orkustofnunar og iðnaðarráðuneytisins. Þá var árið 2005 stofnað svonefnt Orkusetur sem hefur það markmið að auka orkuhagkvæmni og nýtingu annarra orkugjafa þar sem það reynist hagkvæmt.

Í 3. kafla skýrslunnar er yfirlit um sölu og notkun raforku síðastliðin ár. Þar kemur fram að raforkunotkun Íslendinga hefur aukist mikið frá því að rafvæðing landsins hófst á fyrri hluta síðustu aldar. Árleg aukning á almennri raforkunotkun var um 7% á sjötta til áttunda áratug aldarinnar en í lok áttunda áratugarins fór vöxturinn að minnka og frá árinu 1996 hefur aukningin verið rúmlega 3% á ári. Sala á raforku til stóriðju hefur aukist mun meira en almenn raforkusala og á tímabili 1996–2003 jókst raforkusala til stóriðju um tæplega 115% eða að meðaltali um rúmlega 16% á ári. Stóriðjunotkunin stóð hins vegar í stað árið 2004. Raforkunotkun stóriðju var um 50% af heildarnotkun árið 1996 en hefur verið að aukast síðan þá. Þessi þróun mun halda áfram á næstu árum því gert er ráð fyrir að stóriðjan verði með um 78% af heildarnotkun árið 2008. Þá hefur raforkunotkun til heimila einnig aukist verulega á undanförnum árum og þá aðallega vegna aukinnar tækjaeignar heimilanna. Á árabilinu 1995–2004 nam þessi aukning raforkunotkunar um 26% sem er verulega meiri hækkun en sem nemur fólksfjölgun. Samkvæmt nýlegri orkuspá er gert ráð fyrir samsvarandi aukningu í raforkunotkun heimila á næsta áratug.

Hæstv. forseti. Í 4. kafla skýrslunnar er fjallað um *raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins* auk umfjöllunar um styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf næstu árin. Gert er ráð fyrir að heildarraforkuþörf aukist mikið árin 2005–2008, einkum vegna umsaminnar sölu til nýrra eða stækkaðra álvera en áætlað er að raforkuþörf stóriðju aukist um tæplega 130% á þessu tímabili. Sú mikla aukning skýrist annars vegar af stækkun Norðuráls á Grundartanga og hins vegar af hinu nýja álveri Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði sem tekur til starfa árið 2007 og verður þá stærsti raforkunotandi landsins. Þessari auknu raforkuþörf verður annars vegar mætt með nýjum virkjunum og hins vegar með stækkun núverandi virkjana. Það er aðallega um að ræða virkjanir á Kárahnjúkum, Nesjavöllum, Hellisheiði, Reykjanesi og við Lagarfoss.

Vegna aukinnar raforkuvinnslu og raforkunotkunar næstu árin þarf flutningsfyrirtækið Landsnet að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir til að styrkja flutningskerfi raforku. Í áætlun um Landsnet frá því í lok september 2005 er gert ráð fyrir að heildarkostnaður við framkvæmdir vegna uppbyggingar og þróunar flutningskerfisins verði um 5,7 milljarðar kr. árið 2006, um 440 millj. kr. árið 2007 og um 380 millj. kr. árið 2008.

Í 5. kafla skýrslunnar er fjallað um gæði raforku og afhendingaröryggi út frá upplýsingum um fjölda fyrirvaralausra bilana í vinnslu- og flutningskerfi Landsvirkjunar og skerðingu á orkuafhendingu hjá dreifiveitum. Veðurfar hefur mikil áhrif á þá mælikvarða sem notaðir eru til að meta þessa þætti en almennt séð hafa gæði raforku og afhendingaröryggi verið að aukast undanfarin ár. Niðurstöður úr alþjóðlegri samanburðargreiningu sýna að flutningsfyrirtækið Landsnet er í hópi fyrirtækja þar sem saman fer lágt kostnaðarstig og hátt þjónustustig sem staðfestir að uppbygging og rekstur flutningskerfisins hér á landi er í fremstu röð meðal þeirra landa sem tóku þátt í samanburðinum.

6. kafli skýrslunnar fjallar um rannsóknir á orkulindun og undirbúningi á virkjun þeirra til raforkuvinnslu. Undanfarin fjögur ár hafa verið mikil umsvif í framkvæmdum og rannsóknum á orkulindum landsins og skýrist það einkum af raforkusölu vegna stækkunar Norðuráls í Hvalfirði um 90 þúsund tonna ársframleiðslu í 220 þúsund tonn og byggingar 322 þúsund tonna álvers Fjarðaáls á Reyðarfirði. Gefin hafa verið út leyfi til rannsókna á Hellisheiðarsvæði, vesturhluta Kröflusvæðis, við Þeistareyki og í Köldukvíslarbotnum á Hágöngusvæðinu. Þá hefur Hitaveita Suðurnesja fengið nýtingarleyfi og bygging 100 megavatta virkjunar á Reykjanesi er langt komin. Virkjunarleyfi hafa verið gefin út fyrir Búðarhálsvirkjun, Kárahnjúkavirkjun, Nesjavallavirkjun, Hellisheiðarvirkjun og Lagarfossvirkjun.

Á árinu 1999 var skipuð sérstök verkefnisstjórn til að vinna að gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Niðurstöður 1. áfanga voru kynntar í skýrslu sem út kom í nóvember 2003 en niðurstöðurnar koma fram í röðun kosta, annars vegar eftir hagkvæmni og almennum efnahagslegum áhrifum og hins vegar miðað við önnur sjónarmið t.d. náttúrufarsgildi, menningarminjar, útivistargildi, áhrif á ferðamennsku og hlunnindi. Á árinu 2004 var hafinn undirbúningur að 2. áfanga rammaáætlunar en þar verður lögð áhersla á að undirbúa fleiri virkjunarkosti til mats og bæta úr annmörkum ýmissa kosta sem teknir voru fyrir í 1. áfanga. Sérstök áhersla verður lögð á að afla heildstæðra gagna um nýtanleg háhitasvæði, bæði út frá vinnslu- og verndarsjónarmiðum.

Í 7. kafla er fjallað um þjóðhagslega þýðingu framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu. Áætluð fjárfesting í orkuverum og stóriðju hér á landi árin 2001–2009 nemur alls um 265 milljörðum kr. en þar er um að ræða stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga og byggingu álvers í eigu Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði, sem og framkvæmdir við ný eða stækkuð raforkuver til að anna aukinni raforkuþörf.

Ætla má að árin 2003–2006 tengist að meðaltali 6% vinnandi manna hér á landi stóriðjuframkvæmdum. Þriðjungur vinnur að framkvæmdunum sjálfum en aðrir vinna við aðföng eða þjónustu sem tengist framkvæmdum óbeint. Ef tekið er mið af spá Seðlabanka um framleiðsluspennu á þessum árum virðist ekki fjarri lagi að álykta að atvinna sé um 2% meiri að jafnaði þessi ár en vænta hefði mátt í meðalári. Samkvæmt mælingum Vinnumálastofnunar var atvinnuleysi á Íslandi 1,4% í september 2005 sem er um 42% lækkun frá september 2004 og atvinnuleysi hefur ekki verið minna í einstökum mánuðum síðan í október 2001.

Hagvöxtur hefur verið mikill síðastliðin ár og sú þróun heldur áfram á næstunni. Hagvöxtur var 3,6% árið 2003, 6,2% árið 2004 og í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá því í apríl 2005 er gert ráð fyrir nær 6% hagvexti árið 2005, lítið eitt lægri hagvexti árið 2006 og að hagvöxtur minnki síðan niður í 2,4% árið 2007. Samkvæmt spánni er meðalhagvöxtur áranna 2003–2006 ríflega 5%, en það er líklega um 2% umfram það sem búast má við í meðalári. Ársverðbólgan fór yfir þolmörk Seðlabanka í september en mestalla verðbólguna má tengja hækkun húsnæðisverðs og fleira í þeim dúr.

Stóriðjuframkvæmdirnar leiða til mikils innstreymis erlends fjármagns og því má búast við að landsframleiðsla verði meiri vegna framkvæmdanna en ella hefði orðið. Þegar framkvæmdum verður lokið á Austurlandi má gera ráð fyrir að atvinnulíf hafi styrkst mjög á svæðinu. Búast má við því að hvers kyns þjónusta haldi áfram að eflast í Fjarðabyggð í mörg ár eftir að álver hefur þar rekstur og líklegt er að ársstörfum í sveitarfélaginu fjölgi á næstu 15–25 árum um nálægt eitt þúsund frá því sem var áður en framkvæmdirnar við álverið hófust. Stækkun Norðuráls mun einnig hafa mjög jákvæð áhrif á atvinnulíf ekki síst á Vesturlandi.

Hæstv. forseti. Skýrsla þessi sem nú kemur fyrir sjónir hv. þingmanna er eins og fram hefur komið frumsmíð á þessu sviði. Af þeim sökum er skýrslan einnig að nokkru leyti víðtækari en raforkulögin gera kröfu um. Skýrslunni er ætlað að veita þingmönnum og almenningi ítarlegar upplýsingar um allt það helsta sem viðkemur raforkumálefnum og þróun þeirra hér á landi í fortíð, nútíð og framtíð. Það er von mín að mikill fengur verði að skýrslunni og að á grunni hennar geti farið fram málefnaleg umræða um þróun raforkumála hérlendis.

[16:26]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa miklu skýrslu sem hæstv. iðnaðarráðherra leggur fram. Þar kemur í ljós að með breytingunum 2004–2005 hækkaði meðalraforkuverð heilmikið, í örfáum tilfellum lækkaði það en hækkaði allt upp í 24% hjá einstaka orkufyrirtækjum, Orkubúi Vestfjarða, í dreifbýli. Það er dálítið áhyggjuefni að upplifa á þeim tíma sem við gætum verið að lækka raforkuverð stórum stíl. Ef við hefðum haldið áfram að greiða niður þessar virkjanir hefðum við staðið uppi með fullborgaðar virkjanir og gætum verið að lækka raforkuverð mjög mikið. En í staðinn er haldið áfram á þeirri braut að selja raforku mjög ódýrt til álbræðslna og ég spyr: Er það ekki varhugavert að 78% af allri framleiðslu fari til þriggja álbræðslna árið 2008?

[16:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að við séum ekki sammála, ég og hv. þingmaður, hvort það er varhugavert eða ekki. Ég held að aðalatriðið sé að fá greitt fyrir þá raforku sem seld er stórfyrirtækjum. En hins vegar er það ekki rétt sem kemur fram hjá hv. þingmanni sem fullyrðing að raforkuverð hafi hækkað heilmikið, eins og hann orðaði það. Við getum bara vitnað til vísitölunnar, neysluverðsvísitölunnar, hvernig hún hefur þróast og hvernig rafmagnsverðið hefur þróast. Eins og ég hef áður látið koma fram hérna er raforkuverðið að hækka minna en neysluverðsvísitalan.

Síðan vil ég ítreka við hv. þingmann að það er ekki samband á milli sölu raforku til almennings og sölu raforku til stóriðju. Lögum samkvæmt er óheimilt að blanda þessu saman. Það bitnar því ekki á nokkurn hátt á neytendum að við byggjum stóriðju og seljum til stóriðju. Það er miklu frekar neytendum í hag vegna þess að þannig erum við með meira afhendingaröryggi.

[16:28]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað er samhengi þarna á milli. Við sjáum að Landsvirkjun hefði getað verið að greiða niður sínar stóru virkjanir í staðinn fyrir að fara út í stórfelldar nýjar lántökur og við höfum staðið hérna uppi eftir ekki langan tíma með fullgreiddar virkjanir. Um þetta þarf eiginlega ekkert að deila.

Síðan langar mig aðeins til að spyrja hæstv. ráðherra í sambandi við 7. kafla skýrslunnar. Þar er merkileg samantekt á áhrifum stóriðjuframkvæmda. Sem betur fer er það viðurkennt sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum haldið fram allan tímann, að þessar stóriðjuframkvæmdir hafa rutt burt annarri iðnstarfsemi á Austurlandi. Er þetta ekki mjög alvarlegur hlutur? Síðan er það merkilega hér. Talað er um að spennu sé létt af vinnumarkaði því að flest starfsfólk við framkvæmdir á Austurlandi er erlent. Það var nú lagt upp með allt annað í upphafi vegna þess að þá var talað um að langstærsti hluti fólks sem mundi fá vinnu þarna yrði Íslendingar. En núna er þetta allt farið út í hafsauga.

[16:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að þarna komi fram misskilningur

hjá hv. þingmanni. Í fyrsta lagi vil ég ítreka að virkjanir eins og Kárahnjúkavirkjun er virkjun út af fyrir sig, stendur undir sér og gefur ágætisarð á eigið fé. Búið er að fara yfir það oft og mörgum sinnum.

Síðan talar hann um að verið sé að ryðja burtu annarri starfsemi og talar um mikil ruðningsáhrif. Ef aldrei hefðu verið nein ruðningsáhrif á Íslandi, hvar stæðum við þá í dag? Það sem er mikilvægt fyrir fólkið í landinu er að til verða betur borguð störf og þau störf sem eru minna borguð og ekki eins eftirsóknarverð geta fallið út. Þetta er bara þannig. Þetta er harður heimur. (Gripið fram í.) En við erum að tala um Austurland og það er þannig að við getum ekki gagnrýnt það endalaust þó einhver störf fari út úr samfélaginu en ný og betur launuð störf komi í staðinn. Hvað vill fólkið í landinu? Það vill fá góð laun. Ég held að ekki sé nokkur vafi á því. Og að það sé erlent starfsfólk við þessa uppbyggingu er bara jákvætt.

[16:30]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir það fyrsta vil ég líka þakka fyrir þessa skýrslu. Það var eitt af meginverkefnum iðnaðarnefndar að fá það inn í lögin að iðnaðarráðherra skyldi skila Alþingi skýrslu sem hér hefur verið gert, og fyrir það ber að sjálfsögðu að þakka.

Það vekur athygli mína, virðulegi forseti, að skýrslan er unnin af starfsmönnum ráðuneytisins í samvinnu við sérfræðinga frá Orkustofnun, Landsneti og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands en ekki t.d. frá ASÍ og Neytendasamtökunum. ASÍ hefur bent á að í kjölfar breytinganna hefur heildarkostnaður meðalheimilis vegna raforkunotkunar hækkað um allt að 14% í þéttbýli og 33% í dreifbýli. Heildarkostnaður minni heimila hefur hækkað mun meira, eða um allt að 25% í þéttbýli og 48% í dreifbýli.

Virðulegi forseti. Ég hef mestan áhuga á að ræða að þessu sinni, vegna þess að tíminn er stuttur, um 2. kaflann í skýrslunni. Hann segir okkur hins vegar eitthvað um meðaltöl. Virðulegi forseti, ég vil spyrja hæstv. iðnaðarráðherra: Er það rangt sem hagdeild ASÍ fer hér með?

[16:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að halda því fram að það sé rangt sem ASÍ fer með en þeir fara yfir mjög takmarkaða þætti og komast þess vegna að þessari niðurstöðu. Hins vegar held ég að það hljóti að vera óhætt að treysta því sem kemur frá Hagstofunni og varðar, eins og ég er margbúin að koma inn á, rafmagnshluta neysluverðsvísitölunnar. Það segir okkur að verðið hefur verið að lækka.

Við getum alveg farið yfir það í lengra máli á eftir, og ég reyndar kom inn á það í ræðu minni, hvar lækkaði og hvar hækkaði. Það á sér allt sínar skýringar. Hv. þingmaður þekkir þetta mál það vel að hann veit alveg að það eru skýringar á þessu öllu saman, hvers vegna sumir hækka og aðrir lækka. Við skulum ekki gleyma því að margir hafa lækkað en þeir hafa vissulega ekki eins hátt. Þeir sem eru að hækka eru t.d. dreifbýlið, bæði á svæði Rariks og Orkubús Vestfjarða vegna þess að (Forseti hringir.) fyrirkomulaginu var breytt, það var ekki jafnað út á því svæði.

[16:33]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Ég fagna því, virðulegi forseti, að hæstv. iðnaðarráðherra viðurkennir það hér að þessi kostnaður sé að hækka hjá mörgum, en vísitalan mælir meðaltal. Virðulegi forseti, það eru hér ótal blaðagreinar og úttektir sem segja að verðið sé að hækka. Ný raforkulög leiða til hærra vöruverðs, segir framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og bendir á að það sé mjög furðulegt og komi á óvart. Sama má segja um dreifbýlið, en hæstv. iðnaðarráðherra viðurkennir vissulega að svo sé. Það er fólk í dreifbýli sem þarf að taka á sig mikla hækkun, allt að 40%.

Virðulegi forseti. Ég er með dæmi úr reikningi fyrirtækis sem rekur ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Þar er um að ræða tíu íbúðir. Árið 1996 voru 350 þús. kr. greiddar í orkureikning af starfseminni. Árið 2005 var það rétt rúm milljón. Virðulegi forseti, það er langbest að sækja sér tölur í reikninga fyrirtækja til að sjá hvort orkuverð er að hækka eða lækka, ekki taka meðaltalið. Það er þannig, virðulegi forseti, að í þessum raforkulögum virðist langmest níðst á fólki og iðnfyrirtækjum í dreifbýli.

[16:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er hv. þingmaður farinn að tala gegn raforkulögunum, Evrópusinninn sem vill ganga í Evrópusambandið. Telur hann að við hefðum getað komist hjá því að innleiða þessa tilskipun? Það var bókstaflega ekki hægt og enn síður ef við hefðum gengið í Evrópusambandið.

Hvað varðar hækkun hjá mörgum vil ég líka spyrja hv. þingmann að því hvort hann telji að það hafi verið rangt að útvíkka flutningskerfið þannig að suðvesturhornið tekur óneitanlega meiri þátt í jöfnun á raforkuverði. Eins og kemur fram í skýrslunni nemur þetta 2–4%. Það væri forvitnilegt að heyra hvort honum finnst það rangt. Þetta eru bara staðreyndir sem liggja fyrir.

Hvað varðar einstök fyrirtæki þá voru þau mörg á algjörum sérkjörum í gamla kerfinu, eitthvað sem hafði viðgengist í áratugi jafnvel. Nú er allt uppi á borðinu og orkufyrirtækin notuðu tækifærið um síðustu áramót þegar þau þurftu að fara í gjaldskrána og gjörbreyta henni eða fara í gegnum hana alla að afnema ýmis sérréttindi og sérkjör sem fyrirtæki höfðu.

[16:35]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. iðnaðarráðherra að þessi skýrsla ætti að innihalda allt það helsta sem varðaði breytingar á raforkumarkaðnum og ég hefði talið að það ætti þá að vera verðið, að það væri þá skýrt hvort verð á rafmagni væri að hækka eða lækka. Þegar maður les skýrsluna kemur fram að það sé að hækka hér og lækka þar þannig að það er svolítið erfitt að átta sig á því hvort raforkan er að hækka eða lækka. Ég hefði talið að í þessari skýrslu ætti að gera grein fyrir þeim hluta raforkumarkaðarins sem þessar lagabreytingar varða, þ.e. raforkumarkaðn-

um á samkeppnismarkaði, en það kemur fram að hann er 36% af allri raforkunni sem er í landinu. Allt hitt, 64%, er í föstum samningum, þannig að til þess að skýrslan verði í raun markviss þarf að gera grein fyrir því hvort þeir notendur sem eru á samkeppnismarkaðnum, 36%, (Forseti hringir.) eru í heild sinni að greiða hærra eða lægra verð, frú forseti.

[16:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er verið að skamma mig fyrir að tala um meðaltöl en það er erfitt að tala hér á hv. Alþingi um hvern og einn neytanda eða hvert og eitt fyrirtæki í landinu. Það eru svör við þessum hlutum, það eru skýringar á því hvers vegna sumir hækka og aðrir lækka, en það er eitthvað sem ég get ekki svarað í þessu stutta andsvari hér.

Aðalatriðið er að við erum komin með raforkukerfi til framtíðar sem er miklu gegnsærra og ég vil segja miklu betra en gamla kerfið. Við skulum vona að fyrirtækin í landinu notfæri sér ekki þessa breytingu til þess að koma fram á ósanngjarnan hátt gagnvart neytendum, hvort sem það eru einstaklingar eða fyrirtæki, við skulum vona að það sé ekki. Ég vona að Orkustofnun og aðrir þeir sem eiga að hafa eftirlit með hlutnum sjái til þess að svo verði ekki.

Grundvallarbreyting var gerð á öllu þessu fyrirkomulagi og ég tel að það hafi tekist bærilega (Forseti hringir.) og eiginlega bara býsna vel.

[16:38]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er að benda á þann ágalla í skýrslunni að það kemur ekki skýrt fram hvort um er að ræða hækkun fyrir heildina í kerfinu eða ekki. Menn eru að velta því fyrir sér hvort rafmagn sé að hækka eða lækka og það ætti að koma skýrt fram í svona skýrslu. Það hefði einnig átt að koma fram í skýrslunni hvort þau mörk sem menn setja sér, t.d. á bls. 17, um það að ekki sé farið yfir ákveðin tekjumörk, séu haldin eða ekki, en ekki eingöngu að setja þetta fram þannig að ómögulegt sé fyrir þá sem lesa skýrsluna að sjá hvort verðið er almennt að hækka eða lækka.

[16:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ýmislegt sem liggur fyrir í skýrslunni og ég tel að hún gefi mjög góða mynd af ástandinu og af breytingunni, hvernig hún hefur komið niður á viðkomandi neytendum. Það kemur líka fram að tekjurammi Landsnets hækkaði um um það bil 7% árið 2006 og hjá dreifiveitum um 3–4%. Þetta liggur fyrir.

Annað eru hlutir sem mest hafa verið í umræðunni, varða t.d. húshitunarkostnaðinn, og við erum búin að fara nokkuð oft yfir það — ég get alveg gert það einu sinni enn hér á eftir í andsvari — og svo þetta sem ég orðaði áðan að nú er það ekki þannig að fyrirtækin séu með sömu gjaldskrá á öllu sínu þjónustusvæði eins og Rarik var og Orkubú Vestfjarða. Nú er þessu skipt eftir þéttbýli og dreifbýli og ríkið borgar niður dreifinguna í dreifbýlinu upp að (Forseti hringir.) ákveðnum mörkum sem varða dýrustu dreifingu í þéttbýli á landinu, sem er í Reykjavík.

[16:40]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir skýrsluna og framsöguræðuna. Það eru tvær spurningar áður en við förum út í umræðuna. Í fyrsta lagi kemur fram að almenn raforkunotkun vex u.þ.b. 3% á hverju ári og nokkuð stórum orðum er farið um að raforkunotkun á mann sé meiri hérlendis en í nokkru öðru OECD-ríki vegna þessa mikla og stöðuga vaxtar í almennri notkun. En ég sakna þess sárlega að ekkert skuli vera fjallað um orkusparnað eða orkusparnaðaráætlun og mundi gjarnan vilja fá hæstv. ráðherra til að segja nokkur orð um hverju það sætir.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja um ummæli á bls. 61 þar sem segir um rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um vatnsafl og jarðvarma að bæta þurfi úr annmörkum ýmissa kosta sem teknir voru fyrir í fyrsta áfanga áætlunarinnar og gætu þýtt betri gögn eða nýja tilhögun. Ég vil fá að vita: Hvaða kostir eru þetta?

[16:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ekki alveg rétt, þó að mér hafi nú ekki tekist að finna það í skýrslunni núna í fljótu bragði, að ekki sé talað um orkusparnað. Það er alla vega minnst á Orkusetrið sem var stofnað við útibú Orkustofnunar á Akureyri. Það hefur verið stofnað sérstakt Orkusetur sem hefur það hlutverk að stuðla að orkusparnaði og það er í samræmi við það sem allar aðrar þjóðir eru að gera, verkefnið er m.a.s. styrkt af Evrópusambandinu.

Síðan er það í sambandi við rammaáætlunina, þetta varðar jarðvarmann — ég náði kannski ekki alveg nógu vel því sem hv. þingmaður var að segja. Við erum, eins og hv. þingmaður veit, að vinna áfram að rammaáætlun, vissulega með svolítið öðru formi en áður var en meiningin er sú að leggja sérstaka áherslu á jarðvarmann í þeirri vinnu sem nú fer fram.

[16:42]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Orkusetrið er góðra gjalda vert og gæti sannarlega orðið vísir að einhverju meiru. Ég vil þó hvetja hæstv. ráðherra til þess að taka alvarlega til skoðunar hvort ekki megi beita sér fyrir því að inn í þá áætlunargerð sem hér er til staðar, langtímaáætlun um nýtingu og rannsóknaáætlun og fleiri áætlanir sem á að gera, bætist orkusparnaðaráætlun. Ég hvet hæstv. ráðherra til að bæta slíkri áætlun inn í næstu skýrslu að tveimur árum liðnum, ég hvet til þess að á vegum iðnaðarráðuneytisins verði unnin alvarleg orkusparnaðaráætlun þannig að stjórnvöld í landinu gangi fram fyrir skjöldu og tryggi það að fólk átti sig á því að orkusparnaður skiptir máli.

Ég á eftir að koma nánar að rammaáætluninni í ræðu minni á eftir en ég spurði hæstv. ráðherra um kosti sem nefndir eru í skýrslunni. Þar er sérstaklega tekið fram að það þurfi að bæta úr annmörkum ýmissa kosta sem teknir

voru fyrir, þ.e. virkjanakosta, í fyrsta áfanga (Forseti hringir.) og ég vil fá að vita: Hverjir eru þessir kostir sem aftur þarf að tékka sérstaklega á?

[16:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er ég alveg innilega sammála hv. þingmanni og það varðar sparnaðinn, (**KolH:** Kom að því.) sparnaðarátak. Þess vegna bind ég vonir við það sem við erum að gera á Akureyri. Það er búið að ráða sérstakan starfsmann til þess að halda utan um orkusparnaðarátakið — ég veit ekki alveg hvort það má kalla það átak en alla vega orkusparnað. Því er ekki að leyna að tekist er á um þetta atriði í sambandi við húshitunarmálin. Það gefur augaleið að ef við greiðum óendanlega niður húshitunarkostnað þá er kannski ekki mikill hvati til staðar til þess að fólk reyni að haga málum þannig að það þurfi að nota minni orku til upphitunar — ég er ekki að tala um að fólk eigi að hafa kalt hjá sér en það er víða bruðlað með rafmagn, það er ekkert hægt að neita því.

Hvað hitt málið varðar þá var það mat á landslagsheild t.d. sem þarf að fara betur yfir.

[16:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Sú skýrsla um raforkumálefni sem hæstv. iðnaðarráðherra flytur er góðra gjalda verð og ég þakka fyrir hana. Ég tel að það sé margt gott í henni og mjög gagnlegt að taka þessi málefni saman með þessum hætti. Þó við höfum margt af þessu séð er mjög gott að eiga aðgengileg skýrslu eins og þessa með þessum málefnum samandregnum og þeirri umfjöllun sem er þó í skýrslunni sjálfri.

Ég kemst þó ekki hjá því að segja að mér finnst að hæstv. ráðherra hefði átt að fara svolítið yfir stefnuna sem ríkisstjórnin hefur í þessum málefnum. Ekki er svo að skilja að ég þykist ekki átta mig nokkurn veginn á henni. En ég tel að það þurfi góðan rökstuðning fyrir því að halda þessari stefnu áfram. Hún er ekki mjög skynsamleg og mjög margt stangast á í stefnunni sem er rekin. Það er ekki trúlegt t.d. að með nokkru móti sé hægt að fá einhvers konar samkeppni fram að neinu marki við það fyrirkomulag sem er í gildi. Það hefur samt sem áður komið fram að ríkisstjórnin hyggst sameina orkufyrirtæki hins opinbera í eitt stórt orkufyrirtæki, þ.e. að Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða skuli renna saman í eitt fyrirtæki. Það sjá auðvitað allir menn að ekki er mikill samkeppnismöguleiki á þessum markaði ef ákveðið verður að gera þetta svona. Ég tel þess vegna að full ástæða sé til að kalla eftir rökstuðningi fyrir þessari stefnu. Hæstv. ráðherra nefndi það í ræðu sinni áðan að flest stór orkufyrirtæki væru í eigu opinberra aðila. En hún fjallaði ekkert nánar um það. Þetta er að mínu viti eitt af stærstu málefnum okkar hvað varðar framtíð raforkugeirans í landinu, þ.e. hvernig við komum þessu fyrir. Stjórnvöld hafa það algerlega í sinni hendi hvernig þessum málum verður skipað inn í framtíðina. Úr því að við erum komin á þá braut að hér eigi að vera samkeppni í raforkugeiranum þá verðum við að reyna að gera það með eins trúverðugum hætti og mögulegt er. Margt verður erfitt að framkvæma hvað þessi mál varðar. Eitt af því er það sem ég er að tala um, að það verður auðvitað að sjá til þess að fyrirtækin sem takast á á markaðnum verði burðug og leitist við að tryggja sem besta hagkvæmni og keppa síðan um viðskiptavinina með verðlagningu á orkunni. Þetta gerist ekki með því fyrirkomulagi sem nú er. Það getur bara ekki verið. Við þekkjum það úr öðru samkeppnisumhverfi en þessu að það þarf burðuga andstæðinga á slíkum markaði — eða samkeppnisaðila. Það er kannski ekki rétt að kalla þá andstæðinga heldur samkeppnisaðila — til að fá fram eðlilegt umhverfi þar sem samkeppni nýtur sín, þar sem fyrirtækin njóta sín, þar sem eðlileg arðsemi er látin ráða hvernig raforkuverð mundi þá þróast í þessu tilfelli og fjárfestingar ákveðnar út frá því verði sem hægt er að fá á þessum markaði.

Þetta vildi ég nú segja fyrst, hæstv. forseti. Orkugeirinn í landinu er gríðarlega mikilvægur og stefna stjórnvalda skiptir öllu máli hvað varðar framtíðina. Við sjáum núna að verið er að margfalda í raun og veru framleiðslu á raforku í landinu á mjög stuttum tíma. Við sjáum á blaðsíðu 43 í þessari skýrslu að rúmlega átta teravattstundir eru komnar í notkun núna um þessar mundir. En það er reiknað með að áður en árið 2008 rennur upp geti verið um að ræða 16 teravattstundir sem búið væri að virkja í landinu og koma í nýtingu. Auðvitað segir þetta okkur að við erum að taka hér gríðarlega stórar ákvarðanir um nýtingu á orkulindum landsmanna. Við erum ekkert bara að taka ákvörðun um að nýta orkulindir. Við erum að tvöfalda þessa nýtingu bara frá því núna og þangað til á árinu 2008. Við erum að taka ákvarðanir um að nýta okkur útblástur frá þessu landi algerlega í topp hvað varðar það samkomulag sem gert var. Ef við gerum ráð fyrir að það samkomulag gildi áfram og gerum ráð fyrir því að viðræðum Landsvirkjunar við þá sem reka álverið í Straumsvík ljúki með samkomulagi þá liggur alveg ljóst fyrir — og það þýðir ekki að vera með neina útúrsnúninga hvað það varðar —að þá er búið að nýta alla möguleika til útblásturs miðað við það samkomulag sem var gert, ef samkomulagið verður óbreytt eftir árið 2012. Þannig liggur málið. Allt tal um að þetta sé óljóst og þegar látið er að því liggja að hægt sé að framleiða eitthvað meira, að hægt sé að reikna út einhvers konar meðaltal á þessum árum, segir okkur ekkert annað en að menn eru að fela sig, að búa til einhverja þoku í kringum málin. Það hlýtur að vera einfalt fyrir þá sem vilja að svara því hreinskilnislega hvort þeir séu tilbúnir að taka áhættuna af því að ekki verði hægt að standa við sams konar samkomulag og er í gildi núna eftir árið 2012 um losun á gróðurhúsalofttegundum frá landinu. Það er mín skoðun að á meðan menn hafa ekkert annað í hendi verði þeir að reikna með því að staðan geti ekki batnað frá þeim samningi sem er í gildi hvað þetta varðar. Síðan þurfa menn auðvitað að hafa pólitískar skoðanir á því hvort þeir ætli að sækjast eftir auknum heimildum fram yfir það sem Ísland hefur eða ekki. Það er hluti af raforkustefnu eða orkustefnu Íslendinga. Við þurfum líka að svara því hvort þessi kynslóð — ekki kynslóð heldur stjórnmálamenn sem verða við völd hér fáein ár — hvort þeir ætli að taka sér vald til að ráðstafa öllum bestu orkulindunum á mjög stuttum tíma til mjög langrar nýting-

ar. Hvaða verkefni bíða í framtíðinni hvað varðar orkunotkun? Fram hafa komið t.d. hugmyndir um að framleiða orku fyrir skipaflotann eða í önnur verkefni. Hvaða orkulindir eru það? Eru þær sambærilega við þær orkulindir sem nú er verið að taka ákvarðanir um að nýta? Þessu verða menn að svara, þ.e. hversu langt menn vilja ganga í þessum efnum. En að mínu viti er þó að minnsta kosti hægt að svara því skýrt hvort menn séu tilbúnir til að taka ákvarðanir núna sem gera það að verkum að Íslendingar þurfi á meiri losunarheimildum að halda en fólgnar eru í samningnum sem er í gildi eftir árið 2012. Ég segi fyrir mitt leyti að ég get alveg svarað því skýrt. Mér finnst það ekki koma til greina. Mér finnst að menn þurfi að hafa í hendi sinni þá framtíð sem um er að ræða þarna áður en þeir svara slíkum spurningum. Að halda einhverjum fyrirtækjum uppi á einhvers konar samningaviðræðum sem hafa ekki grundvöll undir sér hvað þetta varðar er að mínu viti ekki mjög skynsamlegt. Ég verð að segja líka að ef þær samningaviðræður eða athuganir sem eru í gangi hvað þetta varðar ganga út að þessi fyrirtæki verði að flytja inn losunarheimildir til að geta ráðist í þau verkefni sem þarna er verið að skoða þá hljóta stjórnvöld á Íslandi að þurfa að segja að það sé þeirra stefna. Það hefur ekki verið sagt enn. Það þarf að segja það skýrt og skorinort. Ef það er meiningin að staðið verði að framleiðslu á áli hér á landi sem kallar á meiri útblástur en losunarheimildirnar núna leyfa eftir árið 2012 og það eigi að gerast með innflutningi á losunarkvótum eftir þann tíma þá er það meiri háttar mál sem þarf að segja frá ef menn ætla að vera hreinskilnir í pólitíkinni. Það á ekkert að fela það. Ef það er stefnan þá á hún að vera ljós og klár. Það er mín skoðun að þetta þurfi að liggja allt saman fyrir.

Mér finnst að Íslendingar verði líka að svara spurningunni um hvort sjálfbær þróun sé við lýði á Íslandi. Sjálfbær þróun er skilgreind þannig, eftir því sem ég hef best skilið, að hún sé sveðabundin þróun. Sjálfbær þróun er á einhverju tilteknu svæði. Ef menn spyrja: Er sjálfbær þróun á Íslandi, þá hljóta þeir að þurfa að svara því hvort hér sé að aukast útblástur eða mengun frá landinu eða ekki. Það gæti verið mikilvægt að geta svarað þessari spurningu játandi í framtíðinni ef Íslendingar ætla að byggja framtíð sína á því að vera fegursta land í heimi, eins og margir segja, og á því að hér sé hreinleikinn, að hér passi menn upp á náttúruna og hreinleikann. Svo kemur útlendingurinn og spyr: „Er sjálfbær þróun á Íslandi?" Þá reka menn í vörðurnar. „Nei, það er nú ekki þannig. Við erum dálítið að auka losunina hjá okkur." Það er ekki gaman að þurfa að svara þessu svona. Það getur verið svolítið flókið að útskýra fyrir viðkomandi ... (Gripið fram í.) Það getur verið svolítið erfitt að útskýra fyrir viðkomandi að við séum að bjarga heiminum. Það eru nefnilega ábyggilega fleiri tilbúnir að bjarga heiminum en Íslendingar. (Gripið fram í.) Það er hægt að framleiða rafmagn víðar en á Íslandi. Það er líka hægt að framleiða ál víðar en á Íslandi. (Gripið fram í.) Við þurfum umfram allt, að mínu viti, að hafa stefnuna klára, vera klárir á því, Íslendingar, hvað við viljum, hvert við ætlum okkur og hvernig við rökstyðjum það sem við erum að gera. (Gripið fram í.) Það aumasta af öllu er að halda áfram þegjandi án þess að segja neitt hvert maður er að fara. Það eru stjórnvöld að gera hér. Hér má ekki tala skýrt. Hér þarf að svara í þokukenndu máli ef spurt er einfaldra spurninga. Hvert eru menn að fara? Er meiningin að eftir árið 2012 þurfi fyrirtæki sem rekin eru Íslandi á því að halda að spúa meiri mengun upp í loftið en gert er ráð fyrir í samningum? Hvernig ætla menn að fara þá að því? Mér fyndist gott ef á þessum degi fengjust svör við þessu og hæstv. ráðherra mundi leggja í göngu upp í stólinn til að útskýra fyrir þjóðinni á hvaða leið ríkisstjórnin sé í þessu máli. Hver er hugsunin eftir 2012?

[17:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlustaði af svo mikilli athygli að ég áttaði mig ekki á að tíminn væri liðinn. Ég hafði hugsað mér að koma upp og bregðast við því sem hv. þingmaður talaði um, ekki síst varðandi Kyoto-bókunina og íslenska ákvæðið.

Þegar ég geri samninga finnst mér aðalatriðið að standa við þá. Í þessu tilfelli gerum við það. Þótt það yrði af öllum þeim framkvæmdum sem talað hefur verið um í dag, sem ég reikna ekki með að verði. Ég reikna ekki með að af öllum þessum framkvæmdum verði á þeim tíma sem rætt hefur verið um. Rætt hefur verið um þrjár framkvæmdir á tilteknum tíma. Það á eftir að semja um margt og mér finnst ótrúlegt að það gangi allt saman upp. En mér finnst mikilvægast að við spyrjum: Þurfum við að skammast okkur fyrir að fá auknar heimildir? Auðvitað mundum við aldrei fá auknar heimildir nema að aðrar þjóðir teldu það skynsamlegt. Það var þess vegna sem við fengum íslenska ákvæðið inn. Aðrar þjóðir töldu að þegar horft væri til jarðarinnar allrar væri mikilvægt að framleiða ál á Íslandi.

Ef við fáum viðbótarheimildir finnst mér það ekkert að skammast okkar fyrir, miklu frekar hitt. Við gerum gagn með því. Það skiptir máli að hleypa sem minnstu af þessum efnum út í andrúmsloftið og með því að framleiða ál með endurnýjanlegri orku leggjum við okkar að mörkum í þeim efnum.

[17:02]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að svara mér. Mér finnst mjög mikilvægt að fá nánari svör við spurningum sem ég bæti nú við. Hæstv. ráðherra sagði að þótt af öllum þessum framkvæmdum yrði þá mundum við standa við samninga. Hæstv. ráðherra vill standa við samninga.

Ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari því hvort það sé ekki þannig að sú framleiðslugeta sem yrði til árið 2012 mundi framkalla verulega meiri útblástur en gert er ráð fyrir árlega hjá okkur núna. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það verði ekki erfitt fyrir Íslendinga að mæta til viðræðna við aðrar þjóðir um útblástur gróðurhúsalofttegunda eftir að hafa sett upp fyrirtæki hér í landinu sem spúa meira í loftið en gert er ráð fyrir að fari í loftið frá Íslandi að meðaltali. Ég held því ekki fram að ekki megi lesa samninginn með þeim gleraugum sem hæstv. ráðherra hefur kosið að setja upp. Ég spyr bara: Verða menn ekki líka að hugsa um framhaldið? Ekki munu menn taka úr notkun þau ker í álverun-

um sem framleiða það sem út af stendur eftir 2012. Hvernig hugsar hæstv. ráðherra þetta mál?

[17:04]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þingmaður geri kannski aðeins of mikið úr hlutverki stjórnvalda á þessu sviði. Auðvitað gerist þetta á markaðnum. Þegar hv. þingmaður talar um að setja upp fyrirtæki þá er ríkið ekki að setja upp nein fyrirtæki. Málið snýst um að fyrirtæki óska eftir að setja niður þessa starfsemi og fjárfesta á Íslandi. Geri þau það er þeim kunnugt um að ríkið ætlar ekki að skaffa þeim útblásturskvóta. Við höfum komið heiðarlega fram gagnvart þessum fyrirtækjum hvað það snertir. Við höfum útblásturskvóta á þessu tímabili. Hvað gerist eftir 2012 er óljóst. Ég læt að því liggja að óskað gæti verið eftir meiri kvótum.

En mig langar líka að nefna þetta með framleiðslu á áli hérna á Íslandi. Miðað við þau álver sem eru í byggingu í heiminum í dag nota 20,5% vatnsafl, 48,2% jarðgas og 31,3% kol, þ.e. ef við tökum Ísland ekki með. Ef við tökum Ísland hins vegar með þ.e. sem sagt Fjarðarál og Norðurál þá er vatnsaflið með 32,2%, jarðgasið 41,1% og kolin 26,7%. Þetta er ekki glæsileg mynd. Eigum við ekki að gera ráð fyrir því, hv. þingmaður, að þörf sé fyrir ál? Er það ekki bara markaðurinn sem kallar á meira ál? Mér finnst ástæða til að framleiða eitthvað af því á Íslandi með það í huga að nota endurnýjanlega orku.

[17:06]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég efast ekkert um að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin eru heiðarleg gagnvart þeim fyrirtækjum sem þau tala við. En ég kalla eftir því að menn sýni þjóðinni líka hreinskilni og segi hve langt þeir ætla að ganga. Mér hefur fundist vanta svolítið upp á það. Það er erfitt fyrir fólk að skilja í hvað stefnir hvað þessi málefni varðar. Mér finnst það aðeins skýrara núna.

Hæstv. ráðherra dreymir greinilega um að fyrirtækin sem skoða möguleikana hérna séu tilbúin að taka áhættuna. En það er ekki nóg. Einhverja stefnu hafa stjórnvöld í landinu. Hvað vilja menn ganga langt í þessu? Ég hlýt að skilja það þannig að niðurstaða ríkisstjórnarinnar sé að menn vilji halda áfram a.m.k. hvað varðar þá möguleika sem eru upp á borðinu núna og ef fyrirtækin geti skaffað mengunarkvóta þá skuli gengið alla leið í þessum efnum. Þannig skil ég þetta.

Mér finnst að ríkisstjórnin og ráðherrarnir séu kannski komnir lengra heldur en æskilegt er og þörf er á með að taka þann bagga á sínar herðar að framleiða ál fyrir heiminn. Mér dettur helst í hug gamansaga af presti sem hitti konu sem hafði orðið býsna oft ólétt. Hann hafði á orði við hana að hún væri ólétt og hvort þetta væri ekki orðið dálítið erfitt og mörg börnin. Konan sneri sér hvasst að honum og sagði: Stendur ekki í Biblíunni að vér skulum uppfylla jörðina? Það stendur hvergi í Biblíunni, sagði prestur, að þér eigið að gera það ein.

[17:08]

Útbýting:

Byggðastofnun, 546. mál, frv. KLM o.fl., þskj. 793.

Fjármál stjórnmálaflokka og frambjóðenda í prófkjörum, 551. mál, fsp. JóhS, þskj. 799.

Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun, 549. mál, fsp. KolH, þskj. 797.

Gildistími ökuskírteina, 548. mál, fsp. JGunn, þskj. 796.

Kaup Eglu hf. á Búnaðarbankanum, 550. mál, fsp. ÖJ, þskj. 798.

Skattaumhverfi líknarfélaga, 547. mál, þáltill. SandF o.fl., þskj. 795.

Starfsemi og hæfi stjórnenda Kauphallarinnar, 552. mál, fsp. JóhS, þskj. 800.

[17:09]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Rafmagnsverð hefði átt að lækka en ekki að hækka ef allt væri með felldu. Virkjanir eru öflugri og raforkukerfið þéttriðnara. Þess vegna skilur maður ekki í þeim hækkunum sem orðið hafa. Þegar maður spyr hæstv. ráðherra hver hækkunin hafi orðið hjá þeim notendum sem heyra undir hina breyttu skipan í raforkumálum þá fær maður ekki skýr svör. Það er mjög miður. Ég er á því að stjórnarandstaðan verði að bregðast við þessu og fara fram á aðra skýrslu til að ljóst verði hvort rafmagnsverð sé að hækka í kerfinu eða ekki. Það er óþolandi að lagðir skuli fram útreikningar, einhver meðaltöl um að þessi veita hækki og hin lækki. En maður fær í raun ekki heildarmyndina, hvort um er að ræða hækkun eða lækkun.

Ég tel að umræðan hljóti að verða ómarkviss ef menn fá ekki heildarmyndina, og hvort um er að ræða hækkun eða lækkun heldur aðeins dæmi um hækkun og önnur dæmi um lækkun. Þetta er í raun hálfgerð delluumræða. Ég hefði talið að það hefði einmitt átt að einbeita sér að því að skoða hvort þessi 36% af raforkumarkaðnum hækkuðu í heild sinni. Við höfum litla fjármuni til að hafa eftirlit með raforkumarkaðnum og hafi orðið umtalsverð hækkun á þessum 36% þá hefði átt að kanna það. Það hefði í raun átt að vera meginefnið í skýrslu iðnaðarráðherra en ekki einhver dæmi um hækkun og önnur um lækkun.

Það er margt sem vekur upp spurningar í þessari skýrslu. Ég vil fyrst nefna að stóriðjan er 61% af allri raforkunotkun í landinu og verður mun stærri þáttur þegar Kárahnjúkavirkjun kemst í notkun. Samkeppnismarkaðurinn er alltaf að verða minni eftir því sem stóriðjan stækkar. Stóriðjan er í föstum samningum svo allur umbúnaðinn um samkeppni er fyrir lítinn hluta af markaðnum en marga aðila. Þetta vekur einnig spurningar um hvort, í framhaldi að því að fyrirtæki virðast streyma til landsins í stóriðjuna, sérstaklega álver. Það sem leiðir þau hingað er m.a. lágt raforkuverð. Mér finnst það umhugsunarefni ef maður skoðar mynd 2.5 í skýrslunni. En hún segir, svo ég vitni orðrétt í skýrsluna:

„Eins og sjá má á mynd 2.5 er raforkuverð til stærri iðnfyrirtækja í hærri kantinum á Íslandi miðað við samanburðarlöndin og er það breyting frá því sem verið hefur á síðastliðnum árum."

Mér finnst þetta umhugsunarefni. Ef við ætlum að

stunda iðnað á Íslandi þá verðum við að hugsa um hvað við höfum upp á að bjóða umfram önnur lönd. Hvað ef við bjóðum ekki lágt raforkuverð? Við erum talsvert langt frá mörkuðum. Orkuverðið væri þetta eitt af því sem við gætum boðið iðnfyrirtækjum upp á. En verðið hefur breyst frá því sem verið hefur á síðast liðnum árum. Það er eins og orðið hafi hækkun við þessar breytingar. Það þarf að koma skýrt fram í umræðunni hvort að hagur iðnfyrirtækja hafi versnað að því leyti. Mér finnst það mikilsvert í umræðunni.

Menn hafa lítillega rætt um umhverfismál og um sjálfbæra þróun. Ég hef oft heyrt menn tala um sjálfbæra þróun en það er oft erfitt að átta sig á hvert menn eru að fara. Hæstv. iðnaðarráðherra ræðir um umhverfismál heimsins en aðrir ræða um hvernig umhverfismálin eru hér á landi. Þetta gerir umræðuna oft marklítið orðagjálfur. Maður sér þetta því miður víðar. Til dæmis er í gildi byggðastefna og síðan eru sett ný raforkulög þar sem raforkuverð hækkar verulega í dreifbýli. Mesta hækkunin í dæmisögum hæstv. ráðherra er á dreifbýli á Vestfjörðum. Ég vil vitna til annarrar skýrslu þar sem menn eru að nota þetta orðskrípi, sjálfbær þróun. Það er í skýrslu um vaxtarsamning Vestfjarða. Þar er talað um eins konar sjálfbæra stjórnunar- og framkvæmdarferla. Þar er mjög erfitt að átta sig á því hvert menn eru að fara.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu. En þegar menn ræða um dæmi um hækkun og lækkun án þess að hafa nokkra heildarmynd, í skýrslu sem er tugir blaðsíðna, af því hvort orkuverð sé að hækka eða lækka hjá aðilum í samkeppni, þá er í voða erfitt að vera með markvissa umræðu. Í raun gátu menn sagt sér það sjálfir, þegar opinber fyrirtæki voru sett á samkeppnismarkað, að það kynni ekki góðri lukku að stýra. Þetta er í raun svolítil delluumræða. Ég held að hæstv. iðnaðarráðherra ætti að gefa greinarbetri skýrslu um hvort verðið hafi hækkað eða lækkað og hvort tekjumörk séu haldin eða ekki.

[17:17]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í umræðu um skýrslu iðnaðarráðherra um raforkumálefni hafa menn komið nokkuð víða við. Ekki hefur aðeins verið rætt um skipulag á raforkumarkaði heldur er einnig rætt um raforkuna, til hvers hún er notuð og hvaða áform séu uppi í þeim efnum. Hæstv. iðnaðarráðherra sagði að markaðurinn kallaði á meira ál og mikill vilji væri til að svara því kalli jákvætt, ef ég heyrði rétt. (Gripið fram í.) Ég held að ég hafi skrifað þetta rétt niður eftir hæstv. ráðherra, markaðurinn kallaði á meira ál og hæstv. ráðherra hefði mikinn vilja til að svara því kalli jákvætt og vísaði reyndar til samfélagslegrar ábyrgðar okkar í þeim efnum að hér væri framleidd hrein orka og að okkur bæri að axla félagslega ábyrgð hvað þetta snertir.

Sjálfum finnst mér dæmið ekki alveg svona einfalt að ef einfaldlega kemur ákall um meira ál frá neyslusamfélagi heimsins, þá beri okkur skilyrðislaust að svara því jákvætt og fórna náttúruperlum á borð við Skjálfandafljót og jökulfljótin í Skagafirði. Ég veit ekki hversu langt menn vilja ganga til að svara álkallinu jákvætt, hvort Gullfoss eigi að fara líka í þetta jákvæða svar Íslendinga.

Það er nú svo að uppi eru vaxandi efasemdir á Íslandi um að stefna ríkisstjórnarinnar sé rétt hvað þetta snertir, og innan ríkisstjórnarinnar gætir núna vaxandi efasemda. Það hafa allir tekið eftir þeim miklu varnöglum sem Sjálfstæðisflokkurinn slær gagnvart öfgafullri stefnu Framsóknarflokksins í þessum málum því að ég held að þar sé rétt orð notað. Framsóknarflokkurinn fylgir mjög öfgafullri stefnu þegar kemur að raforkumálum og stóriðjustefnunni. Sannast sagna fannst mér nánast hlægilegt að heyra hæstv. iðnaðarráðherra halda því fram eða öllu heldur vara við því að menn gerðu of mikið úr hlut ríkisins við uppbyggingu stóriðjustefnu á Íslandi. Ég veit ekki betur en hæstv. ráðherra hafi farið í ferðir með fulltrúum álfyrirtækja víðs vegar um landið til að skoða íslenskar náttúruperlur og bjóða þessum fyrirtækjum að íhuga að nýta þær sér til hagsbóta. Þetta eru staðreyndir og við iðnaðarráðuneytið eða í tengslum við það hefur verið rekin áróðursdeild til þess að koma íslenskri orku á markað. Ég minnist t.d. andheitrar greinargerðar þar sem hvatt var til þess að rafskautaverksmiðjur yrðu reistar á Íslandi. Þetta kemur úr stofnun eða starfsemi sem tengist iðnaðarráðuneytinu. Ég held því að menn séu ekki að ganga of langt þegar lögð er áhersla á hlut ríkisins í áróðri fyrir uppbyggingu stóriðju á Íslandi og þar hefur hæstv. iðnaðarráðherra verið fremst í flokki.

Svo ég víki aðeins að öðrum þáttum sem fram hafa komið hér við umræðuna stiklaði hæstv. iðnaðarráðherra á stóru í inngangsorðum sínum og ræddi um virkjanir fyrr og nú, setti þær inn í sögulegt samhengi og skírskotaði til hagkvæmni stærðarinnar. Sannast sagna held ég að eðlisbreyting hafi orðið, liggur mér við að segja, í virkjanastefnu á undanförnum árum. Fyrr á tíð virkjuðu menn til að svara orkuþörf heimila, fyrirtækja og stóriðju í bland. Það sem breytist með Kárahnjúkavirkjun og í afstöðu stjórnvalda á Íslandi í seinni tíð er að nú er farið að virkja í þágu eins fyrirtækis og þá hljóta menn að fara að meta hlutina á öðrum forsendum. Þá verður aldrei of oft rifjuð upp sú staðhæfing stjórnenda Landsvirkjunar að þeir hefðu ekki farið í þá framkvæmd ef þeir væru að stýra sjálfstæðu fyrirtæki á markaði.

Þar kemur að enn einni staðhæfingu hæstv. iðnaðarráðherra við umræðuna. Í inngangserindi hennar, í framsöguræðu hennar sagði hæstv. ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, að nú væri svo komið varðandi raforkumálin að þar væri allt uppi á borði, allar tölur, allir reikningar. Gætum við fengið að sjá samningana við stóriðjufyrirtækin, má ég biðja um það? Má ég biðja um þær forsendur sem Landsvirkjun byggir á þegar hún er að koma fram með staðhæfingar sínar? Það hefur verið óskað eftir því hér í þingsal að fá þær forsendur fram, fá staðhæfingarnar fram, að fá allt upp á borð. Það er einfaldlega ekki svo að þessar stærðir séu uppi á borði, þetta er rangt, þetta er röng staðhæfing hjá hæstv. ráðherra.

Enn eitt vil ég nefna í máli hæstv. ráðherra eða hvort það var í frammíkalli hjá hæstv. ráðherra eða andsvari, það var vinnuaflið. Hæstv. ráðherra sagði að það væri hið besta mál að við flyttum inn vinnuafl til þessara framkvæmda og þessarar uppbyggingar. Nú geta menn haft sínar skoðanir á því hvort æskilegt sé að flytja inn vinnuafl, svo ekki sé á það minnst þegar verið er að flytja inn vinnuafl frá mestu

láglaunasvæðum í heimi og halda fólkinu á afarkjörum eins og gert var og gert hefur verið við Kárahnjúka í mjög mörgum tilvikum, menn geta haft sínar skoðanir á því. Hinu ber að halda til haga að þegar upphaflega var rætt um Kárahnjúkavirkjun og stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi var það sagt að þetta væri til að skapa Austfirðingum vinnu. Um það var rætt bæði hér á þinginu og í þingnefndum að samkvæmt áætlunum yrði um 80% vinnuaflsins á Kárahnjúkasvæðinu og síðan einnig við framkvæmdina að lágmarki íslenskt fólk.

Síðan snýst þetta við. Ég vek athygli á að þegar stjórnvöld hrósa sér af eða leiða líkur að því að framkvæmdin kunni að vera varðandi verkþættina ódýrari en menn ætluðu þá er það vegna þess að þetta loforð var svikið. Íslendingar voru sviknir um þá vinnu vegna þess að Landsvirkjun var umhugað um það og ítalska fyrirtækinu Impregilo — þar eru nú menn ekki vandir að virðingu sinni — að flytja inn fólk frá láglaunasvæðum heimsins. (**BJJ:** Þar er ekkert atvinnuleysi.) Það er ekkert atvinnuleysi fyrir austan, segir hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Ég er að vekja athygli á yfirlýsingum og fyrirheitum sem gefin voru. Það var rætt um að Íslendingum yrði séð þarna fyrir atvinnu, að gera mætti ráð fyrir að 80% vinnuaflsins yrðu Íslendingar á íslenskum launakjörum, en staðreyndin er sú að þessu var snúið á hvolf.

Mér finnst persónulega æskilegt að fólk geti ferðast landa í milli og sótt eftir atvinnu. En ég hef efasemdir um það sem stefnu einnar ríkisstjórnar að flytja láglaunafólk til landsins, ég tala nú ekki um þegar það er gert til þess að grafa undan íslenskum kjarasamningum og þar af leiðandi íslenskum kjörum. Mér fannst hæstv. ráðherra tala af undarlegri léttúð um það þegar fyrirtæki eru að hrökklast hér úr landi, þjónustufyrirtæki og framleiðslufyrirtæki, og ég vísa þar sérstaklega í hátæknifyrirtæki sem eru að færa sig frá landinu vegna þess að ytri efnahagsumgjörð er þeim ekki hagfelld og þau rekja það til stóriðjustefnunnar.

Þetta voru ýmis atriði sem fram komu í máli hæstv. ráðherra við innganginn að umræðunni. Ætla ég að víkja nokkuð að skýrslunni en mun síðan halda máli mínu áfram í seinni ræðu því að við höfum aðeins 15 mínútur til ræðunnar.

Í upphafi skýrslunnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Markmið laganna" — og þar er vísað í raforkulögin — „er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi sem efla á atvinnulíf og byggð í landinu."

Þá spyr ég: Var eldra kerfið sem við bjuggum við þjóðhagslega óhagkvæmt? Ef það var þjóðfélagslega óhagkvæmt af hverju hefur rafmagnið þá orðið dýrara? Hér getum við vísað í fjöldann allan af úttektum, yfirlýsingum, ályktunum og viðtölum sem borist hafa í fjölmiðlum, en ég ætla að staðnæmast við Fréttablað Samtaka iðnaðarins frá því í haust, 10. tbl.

Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Veruleg verðhækkun varð á raforkuverði til allmargra iðnfyrirtækja í kjölfar markaðsvæðingar raforkusölu um síðustu áramót. Sú verðhækkun kom öllum að óvörum og var skellt á iðnfyrirtækin af fullum þunga án nokkurrar aðlögunar. Það ætlar að taka orkufyrirtækin langan tíma að laga taxta sína og þjónustu að nýju kerfi og koma með nýjar lausnir í stað þeirra sem hurfu. Lítið sem ekkert hefur verið komið til móts við fyrirtæki sem urðu fyrir hækkunum um áramót.

Samtökin iðnaðarins fagna frjálsri samkeppni en enn sem komið er virðist hún óvirk á raforkumarkaði. Þeir félagsmenn SI, sem hafa farið af stað og látið reyna á samkeppni á raforkumarkaði, hafa lítið haft upp úr krafsinu. Þeir sjá ekki samkeppni, hvorki í betra verði né aukinni þjónustu. Vilji orkufyrirtækjanna til að laða til sín nýja viðskiptavini er ekki merkjanlegur. Kerfið var illa undir þessar breytingar búið og það er áhyggjuefni að um áramót mun orkusala til fjölda smærri fyrirtækja einnig færast yfir í samkeppnisumhverfi. Til að markmið nýrra raforkulaga náist þarf að stuðla að því að raunveruleg samkeppni þrífist."

Síðan heldur áfram, með leyfi forseta:

„Hækkun á raforkuverði kom einkum fram hjá þeim fyrirtækjum sem höfðu verið með samninga um aðra taxta ?"

Svo er haldið áfram:

„Tryggja þarf samkeppni í orkusölunni sjálfri en nú er Landsvirkjun markaðsráðandi sem eini heildsalinn."

Í þessari grein í blaðinu er vísað í þá hættu að hér skapist fákeppnismarkaður og samráð. Það er einmitt þetta sem er umfjöllunarefni Fréttablaðsins í ágætum úttektum sem blaðið gerði upp úr mánaðamótunum janúar/febrúar. Þar er vísað í fulltrúa Samtaka iðnaðarins, talsmenn Neytendasamtakanna og fleiri aðila.

Í fyrirsögn 1. febrúar segir á forsíðu, með leyfi forseta:

„Daggjald raforku hefur hækkað um 106 prósent".

Í undirfyrirsögn segir nánar, með leyfi forseta:

„Daggjald heimila vegna raforkunotkunar hefur tvöfaldast á tveimur árum. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur segir raforkulögin orsaka hækkunina. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir flest fyrirtæki einnig greiða hærra verð og líkir ástandinu við samráð oíufélaganna."

Í fréttinni segir síðan, með leyfi forseta:

„Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að frá því að nýju raforkulögin tóku gildi sjáist dæmi þess að raforkuverð til fyrirtækja hafi hækkað um tuttugu til þrjátíu prósent. Flest fyrirtæki greiði hærra verð fyrir rafmagnið en áður."

Einnig er vitnað í formann Neytendasamtakanna, Jóhannes Gunnarsson, sem gagnrýnir verðhækkanir og segir að Neytendasamtökin séu sammála Samtökum iðnaðarins um að samkeppni um sölu á raforku sé ekki til staðar.

Hæstv. forseti. Ég er búinn með tíma minn. Ég mun koma að sjálfsögðu nánar inn á þessi mál og ljúka (Forseti hringir.) málflutningi mínum í seinni ræðu.

[17:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Óneitanlega hefði ég viljað gera athugasemd við eitt og annað, en ég þakka hv. þingmanni engu að síður fyrir ræðuna. Eins og við höfum margoft farið yfir þá held ég því fram í sambandi við Landsvirkjun og framkvæmdir við Kárahnjúka að um sé að ræða arðbæra framkvæmd, 11% arðsemi af eigin fé og ég held að það sé bara allgott. Sérfræðingar fóru yfir þessi mál af hálfu eigenda sameiginlega og niðurstaðan varð sú að allt væri með felldu

í sambandi við þessa áætlanagerð. Ég held að við þurfum ekkert að ræða það frekar en það væri forvitnilegt að vita hvað hv. þingmanni finnst vera ásættanleg arðsemi í framkvæmd af þessu tagi, ef hann vildi segja mér það.

Svo er það þessi öfgafulla stefna Framsóknarflokksins sem hv. þingmaður talar um og ýjar að því að ekki sé samstaða á milli stjórnarflokkanna í þessu máli. Það er ekki rétt hjá hv. þingmanni, það er algjör samstaða á milli flokkanna í þessu, almennt er samstarfið gott og árangursríkt eins og við þekkjum.

Sú fullyrðing að fyrirtæki fari úr landi út af þessari stóriðjustefnu er ekki rétt. Fagmenn, sem ég treysti ákaflega vel að fari með rétt mál, segja að það séu ekki fyrst og fremst stóriðjuframkvæmdirnar sem valdi háu gengi krónunnar heldur sala skuldabréfa í íslenskum krónum, miklar lántökur viðskiptabankanna og síðan útlán hér og hækkun fasteignaverðs. Hins vegar ætla ég ekki að neita því að stóriðjan hafi einhver áhrif þar á en hún er ekki aðalorsakavaldurinn.

Hvað það varðar að raforkukostnaður á sum fyrirtæki hafi hækkað um 20 til 30% eftir að breytingin átti sér stað þá er það út af því sem ég nefndi hér áðan að það var í gangi ótrúleg (Forseti hringir.) óreiða í þessum málum, menn voru með alls konar samninga (Forseti hringir.) sem voru hreinlega út í hött.

[17:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, innstreymi fjármagns til landsins og inn í efnahagskerfið veldur þenslu, segir hæstv. ráðherra, ekki stóriðjuframkvæmdirnar fyrst og fremst. En gæti nú verið samhengi á milli þess annars vegar að virkja stórt og lýsa því yfir að áfram verði virkjað stórt, og að krónan sé af þeim sökum sterk og verði fyrirsjáanlega sterk, og hins að þeir sem vilja lána inn á íslenskan lánamarkað séu reiðubúnir að gera það á komandi árum, vegna þess að þeir viti sem er að við slíkar aðstæður, við mikla eftirspurn eftir gjaldmiðlinum, séu þeir öruggir með sitt fé? Þar er samhengi hlutanna á milli innstreymis í efnahagskerfið, útlána bankanna og stóriðjustefnunnar og yfirlýsinga hæstv. ráðherra.

Ein spurning varðandi arðsemina. Er það rétt skilið hjá mér að framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun sé ekki lokið eða er ég að misskilja eitthvað í þeim efnum? Því að þegar talað er um arðsemi framkvæmda sem eru í mikilli óvissu, sem er ekki lokið, þar sem borar eru að bila, þar sem fyrirsjáanleg er veruleg töf með miklum sektum, geta menn ekki verið eins nákvæmir og hæstv. ráðherra vill vera láta.

Hvað fyndist mér vera ásættanleg arðsemi af þessum virkjunum? Ég skal segja hæstv. ráðherra það. Það er lækkað og stórlækkað raforkuverð til landsmanna, eins og heitið var á sínum tíma af hálfu hæstv. iðnaðarráðherra, forvera hæstv. ráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, Finns Ingólfssonar. Margoft hef ég gengið eftir þessu og spurt hæstv. ráðherra um þessi efni í blaðagreinum, í opnum greinum, bréfum, (Forseti hringir.) án þess að hafa fengið svör. (Forseti hringir.) En þetta teldi ég vera ásættanlega arðsemi.

[17:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar hv. þingmaður talar um að ríkisstjórnin haldi uppi þenslu þá vill svo til, og það kom fram í mínu máli, að það er verið að spá hagvexti í lok næsta árs upp á 2,4%, þannig að í skýrslunni sem er til umfjöllunar er nú ekki verið að gera ráð fyrir framkvæmdum sem eru þó í umræðunni.

Ég held að hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem þingmaður Vinstri grænna, beri álíka mikla ábyrgð og sú sem hér stendur á því sem verið er að tala um. Það vill svo til að af hálfu Alcan í Straumsvík var skrifað undir viljayfirlýsingu við Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á 40% af þeirri orku sem þarf. Fulltrúi Vinstri grænna í þeirri stjórn, sem er gjaldkeri flokksins, hvorki meira né minna, greinilega mikill peningamaður og hefur best innsýn í fjármál, styður það. Hvernig geta Vinstri grænir stutt það í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að farið sé í þessar framkvæmdir en verið á móti þeim þegar þær koma inn á Alþingi Íslendinga? Ég botna ekkert í því.

Við framsóknarmenn erum yfirleitt ekki með svona málflutning, eftir því hvað hentar. Það þýðir ekkert annað en að standa í báða fæturna og hafa einhverja stefnu og standa við hana, hvort sem maður er í sveitarstjórn og með sína fulltrúa þar eða hér á hv. Alþingi.

[17:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við verðum nú ekki sökuð um það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að standa ekki í fæturna og vera ekki sjálfum okkur samkvæm. Ég held að það saki okkur enginn um það og það á bæði við um aðild okkar að fyrirtækjum borgarinnar og á landsvísu.

Ég saknaði þess að hæstv. ráðherra svaraði spurningu minni varðandi upplýsingar um raforkuverð. Er það ekki rétt skilið hjá mér að upplýsingar um raforkuverð til stórfyrirtækjanna séu ekki uppi á borðum gagnstætt því sem hæstv. ráðherra hélt fram? (Gripið fram í.) Það eru viðskiptahagsmunir sem valda því að þessar upplýsingar eru ekki uppi á borði. En hæstv. ráðherra lýsti því yfir hér áðan að þetta væri allt saman uppi á borði og öllum aðgengilegt. Það er bara rangt, það er ekki svo.

Síðan held ég að Framsóknarflokkurinn geti ekki þvegið það af sér að fylgja öfgafullri stefnu í þessum efnum. Þetta er nokkuð sem ég held að allir séu farnir að viðurkenna, m.a.s. innan stjórnarsamstarfsins. Þeir eru farnir að orða þá hugsun að það beri að slá varnagla við þeim öfgum sem Framsóknarflokkurinn fylgir varðandi stóriðjuuppbyggingu á Íslandi.

Ég furða mig líka enn á því að hæstv. ráðherra geti staðhæft nákvæmlega um arðsemi af Kárahnjúkavirkjun löngu áður en henni er lokið og þegar vitað er að tafir eru að verða á framkvæmdinni sem valda verulegum útgjaldaauka.

[17:40]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér í fyrsta skipti skýrslu um raforkumálefni sem hæstv. iðnaðarráðherra leggur fram

og hefur nefnt frumsmíð í þessum málum. Ég sagði í stuttu andsvari áðan að mér fyndist gott að þessi skýrsla skuli lögð fram á Alþingi og að í henni væri mikill fróðleikur. Ég sagði líka að þetta væri eitt af þeim málum sem við í iðnaðarnefnd hefðum á sínum tíma lagt mikla áherslu á að kæmi inn í raforkulögin í þessu sambandi og það er gott.

Það væri vert að ræða alla sjö kafla skýrslunnar, það er margt fróðlegt í þeim, en á þeim 15 mínútum sem ég hef hér til umráða ætla ég aðeins að ræða einn kafla hennar. Ég ætla ekki að ræða um stóriðjuþáttinn eins og hér hefur verið gert. Ég sé ekkert slæmt við það enda hef ég stutt byggingu álversins á Reyðarfirði og er hlynntur því. Menn ættu þó að ganga hægt um gleðinnar dyr og fara varlega í að ræða þau mál, og hafa þá ýmislegt annað til hliðsjónar eins og efnahagsmál og aðrar stórframkvæmdir o.fl.

Ég sagði, virðulegi forseti, að ég ætlaði að nota tíma minn til að ræða um 2. kaflann sem fjallar um þróun raforkuverðs og það sem hér er sagt, og hæstv. ráðherra nefndi, þegar rætt er um lækkanir á sumum svæðum, eins og á þéttbýlissvæðum Rariks, en aftur hækkanir á öðrum svæðum, eins og t.d. hjá Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli og hjá Rarik í dreifbýli.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að hæstv. iðnaðarráðherra er það mikið í mun að koma því fram að taka vísitöluþáttinn í raforkunni, og hefur nefnt hér tölur í því sambandi sem m.a. koma fram í þessari skýrslu. Það getur vel verið að það sé rétt, ég ætla ekki að draga það í efa. En ég ætla, virðulegi forseti, að leyfa mér að halda að raforkureikningar allt of margra landsmanna hafi stórhækkað, fólks sem jafnvel mátti alls ekkert við því. Það eru auðvitað íbúar í dreifbýli, bændur og fólk á minni stöðum. Hér hefur verið tekið dæmi um raforkureikninga, hækkanir á raforku hjá íbúum í Súðavík hafa verið bornar saman við raforkureikninga hinum megin við fjallið, á Ísafirði. Ég hef oft tekið dæmi frá Raufarhöfn og ég er hér með reikninga þaðan frá því áður en kerfið breyttist og til dagsins í dag sem sýna 30 og upp í 40% hækkun á viðkomandi heimili. Svo getur vel verið að við getum fundið eitthvert gott meðaltal um að þetta sé ekki svona slæmt ef við tökum lækkun á einhverjum stærri stöðum. En það breytir því ekki, virðulegi forseti, að þeir aðilar sem þessi raforkulög hitta svo illa fyrir, þ.e. íbúar dreifbýlis, kvarta yfir þessu. Ég segi það alveg hiklaust, virðulegi forseti, að það var nú kannski þar sem síst skyldi höggva.

Máli mínu til staðfestingar, virðulegi forseti, vil ég leyfa mér að lesa hér samþykktir nokkurra sambanda sveitarfélaga á landinu sem fjalla um þetta. Og því skyldu þessi samtök sveitarfélaga fjalla um þetta? Ég ætla rétt að vona að hæstv. ráðherra sé sammála mér í því að ekki eru þessi samtök sveitarfélaga að álykta út í bláinn um eitthvað sem stenst ekki.

Með leyfi forseta, vil ég byrja á því að lesa upp úr samþykktum Eyþings, frá aðalfundi þess. Það fjallar um orkuverð í dreifbýli á landsbyggðinni.

„Aðalfundur Eyþings, haldinn í Reykjadal 23. og 24. september 2005, leggur áherslu á að brugðist verði við hækkun á orkuverði sem orðið hefur í dreifbýli á landsbyggðinni í kjölfar nýrra orkulaga."

Svo má nefna t.d. Raufarhafnarbúa, þar sem talið er að allt að 93% notenda hafi fengið töluverða hækkun á sig vegna þessara breytinga. Samtök sveitarfélaga á Austurlandi ályktuðu svipað. Það fjallar líka um orkuverð í dreifbýlinu á landsbyggðinni, með leyfi forseta:

„39. aðalfundur SSA, haldinn á Reyðarfirði 15.–16. september 2005, ítrekar og leggur þunga áherslu á að áfram verði fylgst með því hvernig orkuverð til almennings og atvinnufyrirtækja þróast í nýju orkuumhverfi.

Sérstaklega þarf að fylgjast með rafhitunarkostnaði og kostnaði hjá einstaklingum og hjá smærri fyrirtækjum á landsbyggðinni." (Gripið fram í.)

Er hvað, hæstv. ráðherra? (**Iðnrh.:** Það er mjög skiljanlegt, að fylgjast með.)

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra álykta um þetta á stjórnarfundi 18. janúar 2005. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn SSNV mótmælir harðlega þeirri hækkun á raforkuverði sem fram undan er og skorar á ríkisstjórnina að sjá til þess að hún komi ekki til framkvæmda. Jafnframt er minnt á fyrri yfirlýsingar stjórnvalda um að breytingar á raforkulögum mundu ekki leiða til hækkana."

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að ég hef undir höndum raforkureikninga sem sýna 30–40% hækkun í dreifbýli. Ég sagði líka í stuttu andsvari áðan, ef við förum yfir í atvinnurekstur, að til er dæmi um sumarhúsabyggð, fyrirtæki sem rekið er á landsbyggðinni sem borgaði 350 þúsund í raforkukostnað árið 1996 en er komið upp í milljón árið 2005, þ.e. fyrir jafn mikla notkun. Þetta er hvað atvinnulífið varðar. Margir hafa skoðað þetta frekar. Ég sagði líka í andsvari að í þessari skýrslu er þess getið varðandi yfirumsjón með ritstjórn og gerð skýrslunnar að hún er unnin í samvinnu við sérfræðinga frá Orkustofnun, Landsneti og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þarna koma hvorki inn atriði frá Samtökum sveitarfélaga, t.d. þau sem ég hef hér getið um, né ASÍ eða Neytendasamtökunum. En það kemur fram í úttekt Alþýðusambands Íslands að heimili í dreifbýlinu greiða allt að 47% meira fyrir flutning raforku en sambærileg heimili í þéttbýlinu. Ég gat líka um það áðan, virðulegi forseti, hvernig þetta leggst á meðalheimili og minni heimili, þ.e. allt að 45% að mati Alþýðusambands Íslands. Er þetta rangt, virðulegi forseti, sem ASÍ er að setja hér fram? Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra út í það. Ég sé að hún nikkar kolli á jákvæðan hátt til að sýna að þetta sé rangt. Þá væri gaman að láta skoða það sem Alþýðusambandið er að segja og það sem reiknimeistarar iðnaðarráðuneytis setja fram. Hvað er hið rétta?

Virðulegi forseti. Ég hef sagt það áður og segi það enn einu sinni: Hið rétta eru reikningar frá notendum. Dæmin um það sem þarf að borga fyrir og eftir breytingu. Hér hef ég tekið dæmi af húshitunarkostnaði meðalheimilis og einu litlu atvinnufyrirtæki úti á landi. Það er stórhækkun. Þar að auki kvarta Samtök iðnaðarins yfir þessum breytingum og segja að nýju raforkulögin leiði til enn hærra vöruverðs vegna þess að þetta fer auðvitað þráðbeint út í verðlagið.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að leyfa mér eitt augnablik að halda því fram að þetta séu allt saman rangar upplýsingar sem eru settar fram frá þessum aðilum.

Síðan má fjalla um það hvað ýmsir í raforkugeiranum hafa sagt um þessa breytingu og til hvers hún leiðir. Ég ætla

að sleppa því að þessu sinni. En það er athyglisvert að fulltrúar orkufyrirtækja, sama hvort þau eru úti á landi eða á höfuðborgarsvæðinu, eru mjög gagnrýnir á það sem hér hefur gerst.

Virðulegi forseti. Ekki alls fyrir löngu átti ég orðastað hér við hæstv. iðnaðarráðherra út af orkukostnaði við laxeldi. Laxeldisfyrirtæki austur í Mjóafirði hefur ákveðið að hætta starfsemi þar og kvartar yfir því og segir að það sé m.a. út af hækkun á raforkuverði sem þegar er komin fram og sem fyrirsjáanleg er á komandi árum. Hæstv. ráðherra hafði stór orð um þann sem hér stendur fyrir að hafa fært þetta inn á Alþingi. Ég segi enn einu sinni að þeir sem borga reikninginn lýsa raunveruleikanum best. Forstjóri Samherja sem á stóran hlut í þessu fyrirtæki sem heitir Sæsilfur segir í blaðaviðtali að hann standi við hvert einasta orð sem hefur komið fram frá því fyrirtæki um hvað raforkukostnaður vegna laxeldis hafi hækkað. Það ætti því einhver annar, virðulegi forseti, að taka það til sín sem þar var sagt og ég ætla ekki að hafa hér orð á.

Virðulegi forseti. Það er sorglegt að þessi breyting skuli leiða til þess að hún auki erfiðleika atvinnureksturs í landinu, og þá kannski sérstaklega á landsbyggðinni sem hefur þurft að búa við alls konar aukakostnað eins og há flutningsgjöld, ef við tökum þau enn einu sinni sem dæmi, að hann þurfi að búa við þetta og fá þetta svo á sig í framhaldi af þessu.

Virðulegi forseti. Ég átti sæti í iðnaðarnefnd þegar þetta var rætt og ég verð að segja alveg eins og er að þetta er kannski versta dæmið sem ég hef rekist á á mínum stutta þingmannsferli varðandi þau gögn sem voru lögð fyrir iðnaðarnefnd og áttu að sýna fram á, eins og hér er reyndar talað um í skýrslu ráðherra, 1%–2%, í mesta lagi 3% hækkun á raforku. Reyndin er svo allt önnur. Ég hugsa oft til þess tíma þegar við unnum þetta í iðnaðarnefnd og hvað það gekk illa yfir höfuð að fá gögn til nefndarinnar frá hlutlausum aðilum sem ekki höfðu komið að undirbúningi raforkulagafrumvarpsins, þ.e. fá þau gögn inn í þingnefndina til að hægt væri að líta á þetta hlutlaust. Það var mjög erfitt. Ég hika ekki við að halda því fram, virðulegi forseti, að mörg þau gögn sem við vorum að vinna með í iðnaðarnefnd voru beinlínis röng. Það sem ég hef verið að fara hér yfir gagnvart íbúum í dreifbýli og atvinnurekstri sýnir það og sannar. Svo getum við aftur farið yfir þau meðaltöl sem er svo mikið fjallað um í þessari skýrslu, 2–4% hækkun á raunverði rafmagns o.s.frv. (Gripið fram í.) En niðurstaðan er bara allt önnur en hér er fjallað um og það er alvarlegast í þessu máli. Það sem mér finnst alvarlegast er að mér finnst hæstv. ráðherra iðnaðarmála stinga höfðinu í sandinn hvað þetta varðar um þennan hluta landsmanna sem fær á sig þetta kjaftshögg, vil ég kalla, sem er stórhækkun húshitunarreikninga. Auðvitað blandast inn í það að hæstv. iðnaðarráðherra beitti sér fyrir því að hámark á niðurgreiddu rafmagni til hvers heimilis var lækkað úr 50.000 kílóvattstundum fyrst ofan í 35.000 en hækkað svo upp í 40.000 núna. Þrátt fyrir það dugar þetta ekki til. Það hefur ekki verið sérstaklega kalt á Íslandi núna undanfarin ár. En við getum séð í gögnum frá Orkustofnun að byggju menn kannski við sex til tíu stiga frost á veturna þá væri orkunotkunin dálítið miklu meiri hjá þessum íbúum. Þá mundi líka niðurgreiðsluþátturinn detta fyrr út en kannski á miðju ári eins og það er núna. Svo koma háu reikningarnir þar á eftir.

Virðulegi forseti. Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. iðnaðarráðherra sé sammála því sem ég hef hér sagt um þetta mál vegna þess að hæstv. iðnaðarráðherra virðist mest vilja skoða þetta mál út frá meðaltölum. Þá stendur það eftir, að mig minnir, að talið er að um 10% landsmanna noti rafmagns til húshitunar. Ég veit ekki hvort allir þeir fá á sig þetta högg. En alla vega finna fyrir því íbúar dreifbýlis, hinna smærri staða og bændur sem líka fá á sig stórhækkun. Hvort það er 20%, 30% eða 40% skiptir í raun engu máli. Ég hugsa að við og hæstv. ráðherra verðum aldrei sammála um hvað það er.

Mig langar að spyrja ráðherra í lokin: Er ásættanlegt að þessi raforkulagabreyting skilji það eftir sig að það fólk sem ég hef hér gert að umtalsefni, íbúar dreifbýlis, bændur og aðrir, skuli fá á sig þessa svakalegu hækkun á rafhitunarkostnaði sem raun ber vitni samkvæmt reikningum og samkvæmt því sem fólk greiðir fyrir raforkuna í dag?

[17:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú þannig með hv. þingmann að hann setur dálítið mikið út á hlutina. Ég hef ekki heyrt hann hafa miklar tillögur í málinu. Það er ekki þannig að sú sem hér stendur gleðjist sérstaklega yfir því að sumir hafi verið að hækka. Það er bara alls ekki þannig. Ég hefði óskað að það hefði ekki gerst. En við verðum bara að viðurkenna að margt af því sem viðgekkst í gamla fyrirkomulaginu gengur ekki upp miðað við breytt lög. Við getum ekki mismunað, eins og gert var alveg í stórum stíl, þegar við höfum tekið upp þetta nýja fyrirkomulag. Það varðar t.d. bændur. Hvað vill hv. þingmaður gera? Nú má hugsa sér að styrkja bændur þá sérstaklega í gegnum fjárlög frekar en er í dag út af raforkukostnaði. En það er ekki hægt að gera þetta með þeim hætti að aðrir neytendur borgi niður kostnað bænda við búrekstur. Þetta er eitt dæmið.

Svo talar hv. þingmaður um að verið sé að auka erfiðleika atvinnurekstrar í landinu og sérstaklega á landsbyggðinni. Það er ekki rétt. Atvinnurekstur á landsbyggðinni er fyrst og fremst að lækka. Það er bara þannig. Ég hef líka fullt af upplýsingum um það frá fyrirtækjum, jafnvel þar sem forstöðumennirnir hafa sagt mér að þeir hafi sagt hv. þm. Kristjáni Möller frá því að þeir hafi verið að lækka. En hann virðist ekki meðtaka þau skilaboð.

Ég hef aldrei haldið því fram að þessi breyting gæti ekki leitt af sér hækkun einhverra hópa. Það kemur bókstaflega fram að bara það að útvíkka flutningskerfið þýðir hækkun hér á þessu svæði um 2–4%. Hvað segir hv. þingmaður um það? (Forseti hringir.) Er rangt að fara út í þá breytingu?

[17:58]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég minnist þess að þegar við vorum að vinna þetta frumvarp í iðnaðarnefnd voru látnir fylgja með peningar sem komu til niðurgreiðslu í dreifbýli. Að mig minnir var talan 230 milljónir. Það kom fram í gögnum

að hún yrði að hámarki 230 milljónir og aldrei hærri. Ég ímyndaði mér að það væri vegna þess að hæstv. iðnaðarráðherra náði ekki öðru í gegnum ríkisstjórn. En vel getur verið, eins og með svo margt annað í þessum breytingum, að enginn hafi séð fyrir hvað hækkunin í dreifbýli yrði svakaleg og þess vegna dugi ekki þessir niðurgreiðslupeningar sem fram hafa komið.

Ég gleðst ekki heldur yfir því að þurfa að segja hvernig hækkanirnar lenda á dreifbýli. Þetta er enginn gleðilestur, alls ekki. Þetta er hins vegar raunveruleiki sem er rétt að bera inn á Alþingi og ræða um vegna þess að það var aldrei ætlunin með þessari raforkutilskipun og með þessum breytingum á raforkulögum að þetta mundi leggjast svona á íbúa dreifbýlis, aldrei. En þetta lendir ekki bara á íbúum dreifbýlis. Við eigum eftir að sjá hvernig þetta kemur út þegar almennir notendur geta farið að velja sér orkusölufyrirtæki. Það verður ekki fyrr en 1. júní, ef ég man rétt, vegna seinkunar. Það hefur líka komið fram í fréttum — ég hef ekki þá frétt undir höndum — að þeir notendur sem mundu fara frá dýrasta aðila til þess ódýrasta í venjulegum heimilisrekstri mundu spara sér 600 kr., virðulegi forseti. Það er nú allt og sumt, 600 kr. Ég veit ekki hvað lá á bak við þessa útreikninga eða hver gerði þá. En ekki er langt síðan að þetta var í fréttum.

En stendur því, virðulegi forseti, upp á hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. ríkisstjórn að bregðast við þeim vanda sem er sú stórkostlega hækkun hjá íbúum lítilla sveitarfélaga, bændum og íbúum dreifbýlis, sem við erum hér að skilgreina. Þeir lenda í þessari svakalegu hækkun.

[18:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vill nú svo til að búnaðarþing hefst eftir nokkra daga og hlýtur að verða fjallað um þetta þar ef þetta er svona eins og hv. þingmaður segir.

Aflagður var svokallaður marktaxti sem byggðist mjög á því að bændur með súgþurrkun notuðu mikið rafmagn á sumrin. Nú eru mjög breyttar aðstæður í sveitum eins og hv. þingmaður þekkir og ekki um það að ræða lengur.

Af því að hv. þingmaður nefndi fiskeldið þá er um það fjallað á milli þriggja ráðuneyta, í landbúnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Niðurstöðu úr þeim viðræðum er að vænta áður en langt um líður. Ég held hins vegar að við getum ekki ætlast til þess til frambúðar að fiskeldið fái rafmagnið á því verði sem var, nema þá að það yrði styrkt af ríkinu. Það væri uppi á borðinu, að fjármunir á fjárlögum komi þá til móts við þá atvinnugrein. Svo að ég segi það einu sinni enn sem ég hef alloft sagt getum við ekki látið eina atvinnugrein borga niður rafmagn fyrir aðra eða þá neytendur almennt. Fiskeldið fékk rafmagnið á algerum sérkjörum. Það eru bara styrkir sem voru veittir og voru mögulegir í því kerfi sem við vorum með, sem voru lítt sýnilegir og ýmislegt hægt að gera af hálfu ríkisstjórnarinnar. Við færumst hins vegar enn meira inn í markaðssamfélag og markaðskerfi, ekki síst á sviði raforkumála. Ef Samfylkingin er á móti því, verandi þeirrar skoðunar að við eigum að ganga í Evrópusambandið en samt á móti markaðskerfinu, þá eru það fréttir fyrir mér.

[18:02]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. iðnaðarráðherra um að þrjú ráðuneyti fjölluðu um vanda fiskeldisins á landinu, sem er væntanlega sá vandi að raforkuverð hefur hækkað til þeirra eins og raun ber vitni. Forsvarsmenn þessara fyrirtækja hafa sagst ætla að loka m.a. út af því. Hæstv. ráðherra sagði að hún vænti þess að einhver niðurstaða kæmi út úr því máli. Ég vona, virðulegi forseti, að sú niðurstaða komi frá þessum þremur ráðuneytum að við munum áfram geta rekið fiskeldisfyrirtæki, haldið áfram á þeirri braut án ýmissa þeirra hindrana í vegi greinarinnar. Þar spilar margt inn í, m.a. ákvarðanir stjórnvalda, t.d. sterk króna. En þurfum við að sjá á eftir atvinnugreininni, að hún líði undir lok og við setjum upp tærnar á Íslandi og segjum: Því miður er ekki hægt að stunda fiskeldi á Íslandi vegna þess að kostnaðurinn við það er svo mikill, hvort sem það er raforkan, gengisskráningin eða aðrir þættir í rekstri þessara fyrirtækja. Ég vona, virðulegi forseti, að við Íslendingar getum áfram rekið fiskeldi og flutt út fisk alinn í eldisstöðvum, hvort það yrði lax eða annað. Ég vona það sannarlega.

Virðulegi forseti. Ég geri ekki ráð fyrir því að ég og hæstv. ráðherra verðum sammála um raforkulögin og hverju breytingarnar á þeim hafa komið til leiðar. Það sem ég gagnrýni langmest snýr að íbúum dreifbýlisins sem síst máttu við þessari hækkun. Ég spyr enn þá, vegna þess að stjórnvöld eiga tæki til að koma til móts við þetta en nota þau ekki. Það stendur upp á hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnina að finna út úr hvernig brugðist verði við þannig að ekki sé ráðist á fólk sem býr í dreifbýli með áðurnefndum hækkunum.

[18:04]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við ræðum hér um skýrslu iðnaðarráðherra um raforkumál. Ég kom inn á það í andsvörum mínum við inngangsræðu hæstv. ráðherra að það væri alvarleg staða að hátt í 80% af raforku á Íslandi árið 2008 mundi fara til þriggja álbræðslna í landinu.

Það er sagt frá því í 4. kafla að á tímabilinu 2005–2008 muni almenni markaðurinn ekki aukast mikið, eða um 2% á þessum árum, en orkuþörf stóriðju muni aukast hins vegar um 130%. Það er ekkert stopp þar heldur á að halda áfram á sömu braut. Nú er talað um að reisa a.m.k. enn eitt álver.

Auðvitað er þetta alvarleg þróun og ískyggileg. Það er merkilegt að þessi 80% er einmitt sama prósentutala og hlutfall erlendra starfsmanna, ekki bara við Kárahnjúka heldur einnig við að reisa álverið á Reyðarfirði. Álæði Framsóknarflokksins og hæstv. iðnaðarráðherra, sem öll ríkisstjórnin er samábyrg fyrir, virðist beina þjóðinni inn í algjöra einstefnu.

Svo kemur hæstv. iðnaðarráðherra upp og lýsir enn yfir hvað ál sé frábær málmur. Ég prentaði hins vegar út grein sem birtist í síðustu viku á Múrnum eftir Steinþór Heiðarsson, sem er bóndi nálægt Húsavík. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þessa grein sem heitir Vísvitandi rangfærslur um áliðnaðinn, II. hluti:

„Líkt og rætt var á þessum vettvangi í síðustu viku

ganga flestir ef ekki allir ráðherrar íslensku hægri stjórnarinnar með þá grillu í höfðinu að álbræðslurnar sem settar hafa verið niður hér á landi séu glæsilegt framlag Íslands til loftslagsmála á alþjóðavísu. Álið sé léttur málmur sem megi nota til að smíða léttari farartæki sem eyði minna eldsneyti en ella og gefi þannig af sér minna koltvíoxíð sem aftur þýði minni gróðurhúsaáhrif.

Á þessari hugsun eru tveir stórir annmarkar auk þeirra sem áður hafa verið ræddir, nefnilega að hvorki er spurt um umhverfisáhrif við hráefnisöflunina né hvort önnur, umhverfisvænni efni geti gegnt sama hlutverki og álið.

Álbræðslurnar hér á landi vinna ál úr báxíti sem einnig gengur undir nafninu súrál og er flutt hingað um langan veg með stórum flutningaskipum. Lengi vel þekktu Íslendingar ekki aðrar báxítnámur en þær áströlsku, líklega einkum vegna þess að eigendur álversins í Straumsvík urðu frægir að endemum fyrir að ljúga blygðunarlaust að íslenskum stjórnvöldum um innkaupsverð súrálsins í Ástralíu. Verðbreytingin sem varð á leiðinni frá Ástralíu til Íslands var kölluð „hækkun í hafi" og var ansi há í prósentum talið.

En það er víðar unnið báxít til að fóðra álverin um víða veröld. Þar má nefna til sögunnar lönd eins og Haítí, Dóminíska lýðveldið, Gvæjana, ásamt Jamaíku, Brasilíu, og Súrínam þar sem bandaríski álrisinn Alcoa, sem hyggst ræsa nýja álbræðslu á Reyðarfirði á næsta ári, hefur starfrækt báxítnámur.

Eitt er sammerkt með báxítnámunum í öllum þessum Mið- og Suður-Ameríkulöndum: hið eftirsótta hráefni liggur í jörðu undir hitabeltisskógum. Þessir skógar hafa miskunnarlaust verið ruddir og jarðvegurinn hreinsaður ofan af námunum með tröllauknum vinnuvélum eins og nærri má geta. Einn talsmanna Alcoa reyndi nýlega á fundi að sannfæra þann sem þetta skrifar um að fyrirtækið væri í fylkingarbrjósti í baráttunni gegn jarðvegseyðingu í skógum Brasilíu.

Amazon-regnskógarnir, sem eru að stærstum hluta í Brasilíu en teygja sig einnig yfir í Gvæjana og Súrínam, hafa löngum verið nefndir lungu jarðar vegna þess hversu gríðarlega mikið koltvíoxíð þeir binda og skila í staðinn súrefni út í andrúmsloftið. Þannig er afkastageta regnskóganna við að draga úr gróðurhúsaáhrifum stöðugt skert til að fóðra málmbræðslu sem sums staðar er starfrækt í nafni baráttunnar gegn þessum sömu gróðurhúsaáhrifum. Varla þarf að hafa mörg orð um skynsemi þeirra sem bera umhverfissjónarmið fyrir sig í baráttunni fyrir fleiri álbræðslum á Íslandi.

Þar að auki er vert að benda á að koltrefjaefni eru nú þegar farin að leysa álið af hólmi í ýmsum farartækjum enda eru þau léttari, umhverfisvænni og jafnvel sterkari í sumum tilfellum. Meira að segja ýmiss konar öxlar eru nú framleiddir úr sérstaklega hertum koltrefjum og gefa málmunum ekkert eftir við styrkleikaprófanir.

En vandinn er sá að koltrefjar eru enn sem komið er heldur dýrari en álið og þar stendur hnífurinn í kúnni. Ríkisstjórn Íslands hefur lagt sig í framkróka við að lokka hingað erlendar álbræðslur með því að bjóða eigendum þeirra raforku á niðursettu verði en orkukostnaðurinn er ávallt stærsti þátturinn þegar kemur að útreikningum á hagkvæmni álframleiðslu.

Hið raunverulega framlag ríkisstjórnarinnar til loftslagsmála á undanförnum árum hefur þannig verið það að styrkja samkeppnisstöðu álbræðslu gagnvart koltrefjaframleiðslu sem hvorki krefst landeyðingar við hráefnisöflun né hefur í för með sér geigvænlega losun gróðurhúsalofttegunda við sjálfa vinnsluna. Erfitt er að hugsa sér ömurlegri ráðstöfun íslenskra orkulinda en þá að binda þær í málmbræðslum til margra áratuga. Hræsni þeirra sem þykjast vinna að hreinna andrúmslofti og heill jarðarbúa með slíku ráðabruggi er svo kapítuli út af fyrir sig."

Þannig skrifar Steinþór Heiðarsson bóndi. Þetta er dálítið merkilegt. Því er iðulega haldið fram í umræðunni að Ísland færi gífurlegar fórnir og taki á sig það göfuga hlutverk að koma í veg fyrir útblástur koltvíoxíðs. Við tökum sem sagt á okkur alla drulluna hingað fyrir heiminn. Er það ekki gott hlutverk? spurði hæstv. iðnaðarráðherra fyrr í umræðunni. Bandaríkjamenn sóa olíu á hverjum degi og hafa ekki við að framleiða eða dæla upp olíunni sjálfir. Þeir þurfa að heyja stríð í Miðausturlöndum til þess að fá ódýra olíu að brenna. Við eigum síðan að taka allt þetta á okkur, fórna náttúrunni okkar fyrir þennan göfuga málstað.

Hæstv. iðnaðarráðherra segir okkur síðan frá því að það sé ekki ríkisstjórnin sem reisi þessar verksmiðjur, þær komi bara af sjálfu sér. En er það ekki staðreynd að við höfum verið á hnjánum við að fá þessi fyrirtæki, Alcoa og önnur, hingað til lands? Það eru sérstakir starfsmenn uppi í iðnaðarráðuneyti sem hafa það skelfilega hlutskipti að ævistarfi að tosa hingað amerísk stórfyrirtæki til að menga land okkar og fá orku á spottprís. Það eru skelfileg örlög.

Ég minntist á það í andsvörum mínum að áhrif stóriðjuframkvæmda á efnahagslífið hafa að mörgu leyti — það er staðfest hér í skýrslunni — hafi rutt burt annarri starfsemi. Hæstv. iðnaðarráðherra talaði um að um illa launuð störf væri að ræða en þannig er það ekki. Það er einmitt smáiðnaður, þekkingariðnaður og hátækniiðnaður sem hefur flust úr landi á síðustu mánuðum og árum vegna stefnu ríkisstjórnarinnar.

Í skýrslunni segir að það sé litið til reynslu Sunnlendinga af virkjunarframkvæmdum á 8. og 9. áratugnum:

„Smáfyrirtæki á Suðurlandi, sem störfuðu t.d. í iðnaði, gátu illa keppt við virkjanirnar og fyrri starfsmenn þeirra áttu sumir hverjir erfitt með að finna nýja vinnu þegar framkvæmdunum lauk. Um tveir þriðju starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun eru útlendir."

Þetta eru reyndar tölur frá því í júní í fyrra. Ég held að íslensku starfsmönnunum við Kárahnjúka hafi enn fækkað. Einum þeirra var sagt upp um daginn, aðaltrúnaðarmanni Impregilo, þannig að ekki er ástandið glæsilegt þar og sérstaklega vegna þess að því var haldið fram, áður en allar þessar framkvæmdir hófust, að Íslendingar fengju vinnu við þessar framkvæmdir. Þá segir hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, að það sé ekkert atvinnuleysi á Austurlandi. Var ekki einmitt tilgangurinn með þessu að fólk ætti að flytja aftur til Austurlands til að taka þátt í þessum stóra draumi?

En hvað hefur verið að gerast? Við sjáum það einmitt í tölum í þessari skýrslu að fólk er enn þá, því miður, að flytja burt af Austurlandi, sérstaklega af suðurfjörðunum og af norðursvæðinu. Þegar það kom í ljós að ítalska fyrirtæk-

ið Impregilo hafði engan sérstakan áhuga á að ráða Íslendinga í vinnu heldur vildi frekar að fá þá frá Portúgal og síðan frá Kína, frá mestu láglaunasvæðum heimsins, þá var sagt: „Ja, þetta verður öðruvísi þegar farið verður að byggja álverið. Þar koma til með að vinna Íslendingar.“ En hver er staðreyndin þar? Það er nákvæmlega sama talan. 80% starfsmanna sem vinna við að reisa álverið í Reyðarfirði eru útlendingar. Nú er sagt: „En það verða Íslendingar sem vinna í álverinu og gott ef það verða ekki bara 50% konur sem vinna þar.“ Það er takmarkið. Það er ferlega gott takmark. En ég leyfi mér að efast um það. Ég tel það fari eins með þessar tölur eins og hinar fyrri og áætlanir stjórnvalda, að það verði einmitt ekki Íslendingar sem vinna þarna. Ofuráltrú Framsóknarflokksins og öfgar í álvæðingu Íslands er farnar að ganga yfir allt og alla. Það þýðir ekkert að koma hérna upp og halda því fram að ál sé svo frábært efni þegar við höfum dæmi um að t.d. koltrefjar gætu leyst álið af hólmi innan nokkurra ára. Það er alvarlegur hlutur að orkuverðið, sem er fáránlega lágt í fyrsta lagi, er miðað við heimsmarkaðsverð á áli. Það gæti alveg eins farið að lækka þegar búið verður að finna upp betri og ódýrari aðferðir við að framleiða koltrefjar, t.d. fyrir flugvélar. Það er nefnilega framtíðin. Við erum nefnilega 30 árum á eftir í þessari þróun.

Við hvaða þjóðir erum við að keppa? Jú, það var einmitt í fréttum nú um daginn að Alcoa, sama fyrirtæki og er að byggja álverið á Reyðarfirði var að gera samning í Trínidad og Tóbagó um að reisa þar álver. Orkan þar er jarðgas. Það er einmitt við þetta sem við erum að keppa, þróunarlönd á þessu sviði, í staðinn fyrir að við ættum að vera að keppa við lönd sem vinna að þekkingariðnaði og hátækniiðnaði. Kanada er að lokka til sín fyrirtæki á sviði hátækniiðnaðar. En við leggjumst flöt fyrir álrisunum og seljum þeim orku á spottprís og útilokum þar sem möguleika á því að hér geti vaxið blómleg hátæknifyrirtæki. Ég hélt að hæstv. iðnaðarráðherra mundi taka mark á orðum þeirra sem standa framarlega í atvinnulífinu, t.d. Ágústs Guðmundssonar. Nei, lítið er gert úr spádómum þessara manna eins og málflutningi okkar í Vinstri hreyfingunni grænu – framboði. Það er talað um að þetta sé einhverju öðru að kenna og að ástandið sé alls ekki svona slæmt. En við sjáum þetta auðvitað. Fyrirtækin eru að greiða atkvæði bara með fótunum og flytja úr landi.

Þess vegna er hlutskipti okkar dálítið sorglegt í þessu. (**Gripið fram í:** Ónei.) Jú, það er það. Það væri auðvitað miklu skemmtilegra að geta staðið hér í ræðustól og fjallað um það sem gott hefur verið gert vegna þess að sem betur fer hefur eitt og annað gott verið gert. Það er t.d. verið að reisa ýmsar smávirkjanir í landinu, t.d. í Djúpadalsá og Straumfjarðará. Glerá er eitt dæmi um litla en skemmtilega virkjun sem verður sýnivirkjun fyrir nemendur og aðra. En í staðinn er öll áherslan lögð á risavirkjanir sem hafa í för með sér óafturkræf náttúruspjöll og það er sorglegt hlutskipti okkar Íslendinga (Forseti hringir.) að standa í því og sorglegt að hæstv. iðnaðarráðherra skuli ætla að halda áfram á (Forseti hringir.) þeirri braut.

[18:20]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ræða hv. þingmanns hér áðan var með eindæmum alveg hreint. Það er þjóðinni fyrir bestu að að flokkur með skoðun á borð við þá sem fram kom í ræðu sem þingmaðurinn flutti áðan komist ekki að völdum á Íslandi. Það er með ólíkindum hvernig menn geta talað úr ræðustóli Alþingis.

Við skulum líta aðeins aftur til sögunnar og þegar byggt var álver í Straumsvík. Þá munum við það sem fylgdust með stjórnmálum að vinstri öflin börðust til hægri og vinstri á (Gripið fram í.) móti þeirri framkvæmd, (Gripið fram í.) byggingu verksmiðjunnar í Hafnarfirði. Búrfellsvirkjun er þá byggð. Nú eigum við Íslendingar, þjóðin á hana skuldlausa í dag. Það er búið að skapa mikla atvinnu og laun. Hv. þingmaður sagði hér áðan að erfitt yrði að manna verksmiðjuna fyrir austan. Þannig er nú að starfsmannavelta er hvað minnst í fyrirtækjum í álúrvinnslu hér á landi. Meðallaun eru þar hvað hæst. Ég held það væri fróðlegt fyrir hv. þingmann að kynna sér erindi sem framkvæmdastjóri ASÍ flutti ekki alls fyrir löngu á ráðstefnu í Reykjavík einmitt um launakjör og starfsmannaveltu og um forustu álfyrirtækjanna við gerð kjarasamninga hér á landi. Ég held að það væri afskaplega fróðlegt fyrir hv. þingmann. Mig langar að spyrja hann. Hann talar um það hér að verið sé að virkja og skemma náttúruperlur. Ég þekki vel mjög til Þjórsár/Tungnaársvæðisins. Ég mundi segja að það land væri mun ákjósanlegra fyrir ferðaþjónustu og fyrir landann að skoða í dag heldur en var áður. Mig langar að fá betri skýringu hjá hv. þingmanni. Hvað á hann (Forseti hringir.) við?

[18:22]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var mikilvæg ræða hjá hv. þingmanni Sjálfstæðisflokksins. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum stolt af því að hafa haldið fram þeim skoðunum að verja beri náttúruna fyrir gegndarlausum stóriðjuáformum ríkisstjórnarinnar. Ég held að við ættum fullt erindi í ríkisstjórn og eftir næstu kosningar (Gripið fram í.) munum við taka að okkur stjórna og stuðla að stórbreyttu stjórnarfar þar sem náttúran og (Gripið fram í.) hagur fólks verður í fyrirrúmi en ekki hagur stórfyrirtækja, erlendra stórfyrirtækja eins og Alcoa. Búrfellsvirkjun er einmitt dæmi um það, eins og ég nefndi í andsvari mínu — ég veit ekki hvort hv. þingmaður hefur heyrt það— en þá talaði ég um að það er búið að greiða upp þessar virkjanir og það tengist einmitt raforkuverðinu. Ef við hefðum bara haldið áfram á þeirri braut í staðinn fyrir að fara í einhverjar heimskulegar stórvirkjanir þá hefðum við getað stórlækkað raforkuverð hér í landinu á næstu árum. Við hefðum getað verið búin að borga upp lánin af þessum virkjunum og þá hefðum við getað farið að reka virkjanir og raforkukerfið á mun hagkvæmari hátt.

Mér fannst alltaf — ég hef sennilega ekki tíma til að segja þá stuttu skemmtilega sögu. En kannski hef ég tækifæri til að segja hana bara í seinni andsvari mínu, frú forseti.

[18:24]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að spyrja hv. þingmann. Þar sem hann nefnir hér útrás hátækninnar hefur hann þá ekki kynnt sér að í gegnum allar þær virkjanaframkvæmdir sem hér hafa verið síðustu áratugina, bæði í vatnsafli og hitaorku, hefur orðið til hátækniiðnaður á Íslandi? Það hefur orðið til gríðarleg þekking. Metur hann það einskis að hér sé tugur verkfræðinga, sérfræðinga sem veita ráðgjöf víða um heim? Þetta er ákveðin útrás og þetta er það sem við erum að hafa sem afleidd störf af virkjunum okkar.

Að sjálfsögðu eigum við Íslendingar að miða við að nota það afl sem býr í náttúrunni, virkja það og nýta okkur til atvinnusköpunar. En að sjálfsögðu höfum við jafnhliða sett hér reglur og lög um það á Alþingi hvernig meta skuli umhverfisáhrif framkvæmda. Við erum komin með mikla löggjöf um það og förum auðvitað eftir henni. Ég tel að Þjórsár/Tungnaársvæðið sé mjög ákjósanlegt svæði gagnvart túrisma. Þarna er komið slitlag. Það eru komin falleg vötn. Það er fiskur í þeim mörgum. Það sem þarna er er einungis til að bæta upp fallegt landslag og það mun skila okkur líka arði.

[18:26]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ferðamennska er einmitt eitt þeirra atriða sem við ættum að einbeita okkur að. Það er dálítið barnalegt að halda því fram að malbikaðir vegir og betri aðstæður séu virkjunum að þakka. Við gætum lagt betri vegi án þess að þeir liggi allir að virkjunum. Auðvitað eigum við að flytja út þekkingu t.d. á háhitasvæðunum okkar. Við höfum verið að gera það til Ungverjalands og Kína. Það er mjög jákvætt. Á því eigum við að byggja, að flytja út þessa þekkingu í staðinn fyrir að eyða öllum okkar náttúruperlum og sökkva þeim. Það er sorglegt. (**Gripið fram í:** Öllum?) Já, það stefnir í það. (**Gripið fram í:** Í hvaða lóni?)

Ég ætla að nefna eitt skemmtilegt dæmi. Þegar ég flutti til Þýskalands var mikil herferð þar í gangi um orkusparnað. Orkufyrirtæki í borginni Hannover var að gefa fólki orkusparandi ljósaperur. Mér fannst það eitthvað skrýtið, komandi frá Íslandi, að orkufyrirtæki reyndu ekki að fá okkur til að nota meiri orku. En þeir sögðu: „Við reiknum það bara út. Við hefðum þurft að byggja nýtt orkuver (**Gripið fram í:** Hvernig?) sem hefði kostað svona mikið ... — Vindorkuver. Það gæti verið kjarnorkuver eða gasorkuver. Það hefði kostað svona mikið. Allur kostnaðurinn sem hefði farið í lán og framkvæmdir á þessu hefði hækkað raforkuverð. Ef okkur tekst hins vegar að draga úr raforkunotkun eða halda henni í stað þá getum við jafnvel lækkað raforkuverðið í framtíðinni vegna þess að við erum búin að borga af þessum dýru lánum og búin að niðurgreiða virkjanirnar.“ Þá rann upp fyrir mér nýtt ljós. Þetta gæti hæstv. iðnaðarráðherra haft að leiðarljósi.

[18:28]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki tjá mig um alla þætti þessarar skýrslu enda hef ég ekki haft færi á að kynna mér hana rækilega fyrir þessa umræðu. En ég vil taka undir orð hæstv. iðnaðarráðherra í formála að það virðist fengur að þessu riti og upplýsingum sem þar er safnað saman og ætti það í framtíðinni að vera grundvöllur að ágætis upplýsingagrunni um þessi mál.

Markmið nýrra raforkulaga 2003 var m.a. að efla byggð og atvinnulíf í landinu, tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda. Samkvæmt því sem kemur fram í þessari skýrslu lækkar raforka almennt í þéttbýli en hækkar víðast í dreifbýli og reyndar mest hjá Orkubúi Vestfjarða. Einhvern veginn finnst manni þar ekki þörfin mest á að hækka raforku. Það má nefna að dreifbýlisfólk er víða algjörlega háð raforku til hitunar og flestra verka miklu fremur en víða er í þéttbýli. Hitaveita er þar síður til staðar eða aðrir möguleikar en raforka. Þær breytingar sem þarna hafa orðið og sú verðhækkun sem mér sýnist að verði í dreifbýli, og hef reyndar orðið var við á mínum eigin raforkureikningum frá Vestfjörðum, geta ekki komið þessu fólki til góða. Eitt kom reyndar fram í máli hæstv. iðnaðarráðherra áðan, svohljóðandi, ef ég heyrði rétt: Bara það að útvíkka dreifikerfið þýðir hækkun um 2,4%. Ég átta mig ekki alveg á hvað þessi útvíkkun á dreifikerfinu þýðir. Ef til vill er það þessi nýjustu raforkulög og stofnun Landsnets. Mig vantar upplýsingar til að meta þetta. Ég hjó eftir þessu orðalagi. En mér virðist svona fljótt á litið, af því litla sem ég veit um þetta, að rétturinn til að velja sér raforkusala virki ákaflega svipað því og þegar menn voru að gera upp á milli olíufélaganna hér áður fyrr, sem öll reru þó á sama báti og skiptu aflanum í fjöru.

Þetta kann þó að gefast betur. En ef þær upplýsingar eru réttar, sem komu fram í þingræðu áðan, að þetta muni meðalheimili kannski um 600 kr. þá er það afar lítið og breytir litlu um barninginn í heild. Ég hef ekki séð að mínir eigin reikningar á landsbyggðinni séu hagstæðari nú en þeir voru áður. En kannski er mín notkun ekki það mikil að það komi fram. Það kemur jú fram í skýrslunni, ég rakst á það á bls. 22, að stórnotendur hagnast meira á breytingunum en aðrir. Það kemur líka fram að verð á svonefndri ótryggri orku hefur hækkað mjög verulega. Það má sjá á bls. 26 þar sem talað er um að Landsnet hafi sérstakt flutningsgjald fyrir ótryggða orku sem áður var innifalið í gjaldskrá Landsvirkjunar. Við það hækki heildarverð ótryggðrar orku. Hvað er þessi ótryggða orka? Það er líka skýrt þar. Þar er um að ræða alls konar rekstur, gjarnan tengdan matvælaiðnaði eins og loðnubræðslu, mjólkurvinnslu og einnig hitun á vatni fyrir hitaveitur, sundlaugar og þess háttar.

En það er vitnað í raforkulög frá 1946, fyrstu lög um raforku. Það segir manni að flestir núverandi þingmenn hafa alist upp við rafnýtingu alla sína ævi. Hvað snertir raforkunotkun til húshitunar hef ég þekkt þann vettvang í nokkuð langan tíma. Eftir minni reynslu tel ég að húshitun á landsbyggðinni hafi náð hámarki um miðjan 9. áratuginn. Þá var hitun víða á landsbyggðinni orðin það mikill baggi að vart var við það unað og í lok þess áratugar var gerð veruleg bragarbót á því. Nú finnst mér margt benda til þess að aftur sæki í sama farið. Það er ekki af hinu góða. Mér þykir það einkennilegt ef þessi meinta arðsemi af stóriðju getur ekki komið hinum almenna notanda til góða.

Hér hefur aðeins verið rætt um það hvernig ráðist hefur verið í nýjar framkvæmdir sem valda kostnaði. Hæstv. ráð-

herra sagði reyndar að með lögum væri bannað að tengja þessa tvo hluti saman, þ.e. raforku til stóriðju og raforku til hins almenna neytanda. Eftir stendur að hinn almenni neytandi hlýtur og ætti að njóta góðs af almennri uppbyggingu raforkukerfisins og það ætti að auðvelda það að byggja upp dreifikerfi sem þjónar landinu í heild. En ef fyrst og fremst er um að ræða hækkun í dreifbýli, eins og segir í skýrslunni, er það neikvætt innlegg í byggðaþróunina eitt af mörgum á undanförnum árum, því miður.

Ég vildi þó ekki aðallega ræða efni skýrslunnar. Eins og ég gat um áðan gafst mér ekki tækifæri til að kafa verulega ofan í hana. En ég leitaði strax að því hvað væri að finna hér um nýsköpun. Ég hef aðeins fylgst með því, sem var örlítið komið inn á áðan, að smávirkjanir hafa verið að rísa víða á landsbyggðinni. Þar er um að ræða afskaplega jákvætt innlegg í raforkubúskap okkar. Eftir þeim litla skilningi sem ég hef á þessu þá veitir þetta aukið öryggi víða. Að vísu er talað um smávirkjanir en á mælikvarða þeim sem lagður var á rafmagn á mínum uppvaxtarárum eru þetta stórvirkjanir. Flestar þessar virkjanir hafa verið reistar af einstaklingum. Þeir hafa væntanlega gert samninga við Landsnetið eða þá sem dreifa og fyrirtæki í raforkuframleiðslu. Ég hefði gjarnan viljað sjá fjallað meira um þennan þátt í svona skýrslu og eins vindorku, notkun hennar. Þá er ég ekki eingöngu að tala um tölur og töflur, eins og sjá má í skýrslunni, um virkjanir og stærð þeirra sem eru út af fyrir sig ágætisupplýsingar. Ég hefði gjarnan viljað sjá fjallað um það hvaða gildi þessar framkvæmdir hafa. Hvaða gildi hefur starfsemi af þessu tagi? Og hvaða stefnu, ef einhver er, hafa stjórnvöld um að nýta þessa möguleika? Það hefði verið gott innlegg í þessa skýrslu. Mér þætti gaman að sjá hana þróast, ekki bara í staðreyndaupptalningu heldur líka sem eins konar hugleiðingu um það sem er, það sem gæti orðið og það sem menn vildu sjá í þessu. Það sama á við um vindorkuna, þar eru ýmsir nýir möguleikar fyrir hendi og þarf að þróa þá betur.

En ég endurtek að þessi skýrsla er ágætis innlegg og getur vafalaust orðið góður grunnur sem sækja má í fróðleik um sem flesta þætti þessa máls í framtíðinni.

[18:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér skýrslu hæstv. iðnaðarráðherra um raforkumálefni og ég tek undir þakkir hv. þingmanna fyrir skýrsluna. Það er alltaf gagnlegt að fá plögg af þessu tagi og fá síðan yfirgripsmikla umræðu um þau við þá ráðherra sem í hlut eiga. Ég get ekki annað sagt en að hér fari fram nokkuð málefnaleg og efnisrík umræða um efni þessarar skýrslu og vítt sé farið yfir sviðið, og er það vel. Ég ætla að sitja á mér á þessu korteri sem ég hef til umráða að fara mikið í verðlagsmálin og verðlagninguna. Ég hef oftar en einu sinni staðið í þessum ræðustóli og haldið því fram að það hafi verið vanhugsað af okkur Íslendingum að samþykkja að taka upp raforkutilskipun Evrópusambandsins á sínum tíma. Ég hef haldið því fram að við höfum haft full efni til að sækja um undanþágu frá henni og við hæstv. iðnaðarráðherra höfum tekist á um þau sjónarmið mín. Ég ætla því ekki að fara neitt nánar út í þau efni núna. En auðvitað rifjast upp fyrir mér mín sjónarmið og mín rök í þeim efnum þegar ég horfi hér á það sem við okkur blasir, á þessum nýja raforkumarkaði okkar í okkar litla hagkerfi. Staðreyndin virðist ætla að verða sú að ef einhverjir aðilar ná fótfestu á orkusölumarkaði þá eru allar líkur á því að það verði tvö stór fyrirtæki og það veit hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra jafn vel og ég að það telst ekki til samkeppni að hafa tvo aðila á markaði. Það telst til fákeppni. Þannig að ég sé ekki annað en við horfum enn fram á verulega erfiðleika við að innleiða hér einhvern samkeppnismarkað sem getur staðið undir nafni í þeim efnum, og þá er ég að tala um markað sem skilar neytendum lægra verði en ella hefði verið.

Ég tel að við Íslendingar hefðum átt að geta, með orkukerfi í almannaeigu og með almannaþjónustuþáttinn í fyrirrúmi, haldið áfram að nýta þessa sameign okkar út frá sjónarmiðum sjálfbærrar þróunar eins og áskilið er í öllum milliríkjasamningum, jafnvel í okkar eigin samþykktum. Síðan hefðum við getað séð til þess að neytendamarkaðurinn hefði á hverjum tíma viðráðanlegt verð, og ekki bara viðráðanlegt verð heldur það lægsta í álfunni. Því auðvitað eiga Íslendingar, sem hafa yfir öðrum eins orkuauðlindum að ráða, að geta boðið sínum neytendum upp á ódýra raforku. Það finnst mér í öllu falli að komi af sjálfu sér. En sú er því miður ekki raunin. Ég sé ekki að nýtt umhverfi á raforkumarkaði breyti því til stórra muna.

Ákveðnir kaflar í skýrslu hæstv. ráðherra, frú forseti, vekja sérstaka athygli mína. Það eru þeir kaflar sem fjalla um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og aðrir kaflar sem lúta almennt að orkunýtingunni, orkunotkun og orkuöfluninni. Ég tek auðvitað eftir því að nokkuð víða í skýrslunni er talað um að það sé markmið í sjálfu sér að stuðla að sjálfbærri nýtingu okkar endurnýjanlegu orkulinda. Í orði kveðnu tek ég undir þau sjónarmið. Þegar grannt er skoðað sé ég hins vegar ekki annað en við höfum fullt tilefni til að gagnrýna hæstv. ríkisstjórn fyrir á hvern hátt fólk notar hér þessi hugtök. Það að stuðla að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkulinda er afar göfugt þegar maður hlýðir eingöngu á orðanna hljóðan, en þegar maður síðan skoðar þau orkumannvirki sem eru að rísa hér á landinu í dag þá hrópar á mann andstæða alls sem er sjálfbært. Það er að rísa hrikalegt orkumannvirki sem ætlað er að afla orku einungis til einnar atvinnustarfsemi, þ.e. álverksmiðju, og náttúruspjöllin af orkumannvirkinu eru þvílík að það er leitun að öðru eins á Vesturlöndum að minnsta kosti, á hvern hátt haldið er á málum í þeim efnum. Og umhverfisspjöllin af Kárahnjúkavirkjun einni saman eru svo gríðarleg að ekki er farið að sjá fyrir endann á þeim frekar en ég veit ekki hvað. Þar stefnir í verulegt óefni eins og hefur komið fram og á eftir að koma oftar fram eftir því sem framkvæmdunum við Kárahnjúkavirkjun vindur fram.

En ég hef áhyggjur af því á hvern hátt hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnin öll leyfir sér að nota þetta hugtak og tala á jákvæðum nótum um að þau hugsi sér að stuðla að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Og ég spyr: Hvað þýðir þetta? Við vitum vel að hvergi í lögum er þetta hugtak um sjálfbæra þróun skilgreint. Eða hvað merkir endurnýjanleg orkuauðlind? Á hvern hátt getum við skilið þau hugtök sem hæstv. ríkisstjórn er farin að temja sér að nota ef það er hvergi skilgreint hvað er á bak við þau? Nú nýver-

ið kom út skýrsla frá Ríkisendurskoðanda sem fjallaði um samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika þar sem ríkisstjórnin er einmitt gagnrýnd fyrir skort á skilgreiningu á þessum hugtökum. Og hér blasir það við okkur að ríkisstjórnin getur slegið um sig með hugtökum sem í mínum huga hafa mjög ákveðna merkingu og hafa það í ýmsum alþjóðlegum samningum. En ríkisstjórnin lætur það sem vind um eyrun þjóta og virðist geta notað þessi hugtök algerlega án þess að það sé nokkurt gildi þar á bak við. Ég hefði haft fullan hug á að hæstv. ráðherra færi yfir það í sinni síðari ræðu á hvern hátt hún getur rökstutt að þær orkuframkvæmdir sem eru í gangi, og þyrftu að fara í gang ef yrði af öllum stóriðjuáformum ríkisstjórnarinnar, geti flokkast undir það að vera sjálfbær nýting endurnýjanlegra orkuauðlinda.

Kaflinn um rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er í sjálfu sér athyglisverður. Í honum koma fram áður óþekkt gagnrýnisatriði sem mig langar að hafa um nokkur orð, frú forseti. Þau atriði er að finna í kaflanum 6.5.1 um niðurstöðu fyrsta áfanga rammaáætlunar. Þær niðurstöður lágu fyrir, eins og alkunna er, í nóvember 2003. Eins og segir í þessari skýrslu voru þar teknar fyrir og skoðaðar um 20 mögulegar vatnsaflsvirkjanir og annað eins af mögulegum jarðhitavirkjunum. Hér segir að lögð hafi verið áhersla á að ljúka stærstu vatnsaflskostunum og þeir hafi flestir verið í jökulám og byggist einnig flestir á miðlunarlónum á hálendinu. Svo kemur fram að í jarðhita hafi verið lögð áhersla á kosti nærri byggð og í þessum fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar hafi allmargir kostir sem orkufyrirtækin lögðu fram einnig verið skoðaðir og þar fram eftir götunum.

Svo kemur það sem mér þykir athyglisvert en á bls. 61 í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Niðurstöður rammaáætlunar koma fram í röðun kosta eftir annars vegar hagkvæmni og almennum efnahagslegum áhrifum og hins vegar miðað við önnur sjónarmið, t.d. náttúrufarsgildi, menningarminjar, útivistargildi, áhrif á ferðamennsku og hlunnindi.

Ekki var unnt að vega alla þætti saman við röðun virkjunarkosta vegna þess að ekki voru til gögn til að gera upp á milli hagkvæmni einstakra jarðhitavirkjana. Í niðurstöðum verkefnisstjórnar er því flokkun fyrst og fremst byggð á mati á annmörkum viðkomandi virkjunar. Það dregur enn fremur úr gildi umræddrar röðunar að við mat á stærri virkjunum er tilhneiging til að gera mikið úr umhverfisáhrifum viðkomandi virkjunar, en til þess að stórar virkjanir fái notið sannmælis í röðun yrði að meta þær á móti heildaráhrifum af mörgum minni virkjunum sem væru samanlagt sambærilegar að stærð.“

Nú vil ég, frú forseti, biðja hæstv. iðnaðarráðherra að skýra þetta fyrir mér nánar. Ég kom að því í andsvari við hæstv. ráðherra eftir flutningsræðu hennar að ég vildi fá skilgreiningu á því hvað það þýddi að bæta úr annmörkum ýmissa kosta sem teknir voru fyrir í 1. áfanga, þ.e. að markmiðið með 2. áfanga sé m.a. það að bæta úr þessum annmörkum. Hér tel ég að komi fram talsvert beitt gagnrýni á niðurstöðu 1. áfanga rammaáætlunarinnar sem hefur ekki komið fram áður. Og nú hefur hæstv. ráðherra haft tíma síðan í nóvember 2003 til að gagnrýna þessar niðurstöður en sú gagnrýni hefur ekki komið fram.

Ég minnist þess að Landvernd óskaði eftir því á sínum tíma — Landvernd hafði með rammaáætlun ríkisstjórnarinnar að gera og vistaði upplýsingarnar sem fóru síðan á vefinn fyrir ríkisstjórnina og matreiddi þær upplýsingar — og hafði áformað að hafa fund um niðurstöður 1. áfanga þar sem þær yrðu gagnrýndar. En eins og ég man varð aldrei af þeim fundi og maður spyr sig: Getur verið að það hafi verið fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar að komið hafi verið í veg fyrir að fagleg og málefnaleg umfjöllun og gagnrýni færi fram á þeim vettvangi sem eðlilegastur var á þeim tíma sem niðurstöðurnar komu fram? Svo lítur hér dagsins ljós, seint og um síðir, gagnrýni frá hæstv. iðnaðarráðherra sem byggir bara á því að vinna þurfi upp að því er virðist stóran hluta 1. áfanga rammaáætlunarinnar í 2. áfanga. Ég verð að segja að ég er mjög hugsi yfir þessum framkomnu gagnrýnispunktum og teldi sannarlega eðlilegt að hæstv. ráðherra skýrði nánar hvað hér er átt við og hvers vegna þetta hafi ekki komið fram fyrr.

Svo segir hæstv. ráðherra í skýrslunni um 2. áfanga sem hún hefur nú komið af stað með afar fámennri verkefnisstjórn, verkefnisstjórn sem einungis sitja í fulltrúar iðnaðar- og umhverfisráðuneyta auk formanns sem tengist Orkustofnun eftir því sem sagt er í skýrslunni. Það hefði verið fengur að því að fá nánari upplýsingar um hverjir sitja í þessari verkefnisstjórn en það er kannski aðgengilegt á heimasíðu ráðuneytisins, ég skal ekki segja um það. En hvað varðar það verkefni sem hæstv. ráðherra felur þessari stjórn, sem er m.a. það að vinna áfram að þróun aðferða við mat á náttúrufari, þá teldi ég eðlilegra að haldið yrði áfram á sömu braut og gert var í 1. áfanga áætlunarinnar þar sem sérstakir starfshópar eða faghópar, sem skipaðir voru sérfræðingum á ýmsum sviðum, voru fengnir til að vinna verkið. Þar voru m.a. sérfræðingar á sviði náttúru- og minjaverndar, útivistar- og hlunnindamála og hóparnir tóku mið af þessu og störfuðu hver á sínu sviði.

Ég verð að segja að bara sú rýra umgjörð sem nú virðist vera um 2. áfanga rammaáætlunarinnar, ég tala nú ekki um þær hugmyndir hæstv. ráðherra um að leiðrétta þurfi eða bæta úr einhverjum annmörkum fyrri hlutans, færir mér heim sanninn um það að hæstv. ráðherra ætli að hagræða niðurstöðum 1. áfangans í 2. áfanga, ritstýra þarna einhverri niðurstöðu sem verður henni og stóriðjustefnu hennar betur þóknanleg en niðurstaða 1. áfangans. Mér sýnist hér vera talsverð óheilindi á ferðinni eins og ég les í þetta og ef hæstv. ráðherra er ósammála mér í því eða telur að ég þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur í þessum efnum þá treysti ég því að hún komi með haldbærar skýringar í síðari ræðu sinni.

Það kemur meira að segja fram á bls. 62 í skýrslunni að þessi verkefnisstjórn, þessi fámenna verkefnisstjórn sem ég gagnrýni, hafi skipað tvo stýrihópa, annan til ráðuneytis um jarðhitaverkefni og hinn um þróun viðmiða fyrir mat á landslagi. Ég spyr, hæstv. forseti: Af hverju þróun viðmiða fyrir mat á landslagi, bara landslagi? Þegar vitað er að hvað varðar náttúruverðmæti sem skoðuð eru, jafnt í náttúruverndaráætlun okkar sem annars staðar þar sem þau eru skoðuð, er verið að taka til svo margra annarra þátta en landslagsins. Ég sé ekki annað en að við verðum að taka

alla þá þætti inn þegar við skoðum náttúrufarið sem tengist virkjunarkostunum.

Ég hef til gamans tekið með mér innganginn úr náttúruverndaráætlun okkar þar sem getið er um hverjar náttúruminjarnar geti verið sem rannsaka ber í tengslum við náttúrufarsrannsóknir vítt og breitt. Þar er talað um tilteknar lífverutegundir, þar er sagt að náttúruminjar séu samheiti yfir margvísleg fyrirbæri í náttúrunni sem talin eru hafa vistfræðilegt, menningarlegt, félagslegt eða vísindalegt gildi og ástæða er talin til að vernda sérstaklega, þar eru m.a. taldar upp náttúruminjar sem gætu verið lífverutegundir eða stofnar lífverutegunda, þar eru talin upp búsvæði tiltekinna *lífverutegunda, sjaldgæfar vistgerðir, tegundarík svæði,* fágætar jarðminjar, náttúrufyrirbæri með sérstakt vísindagildi, einstakt eða fagurt landslag og svo mætti lengi telja, segir í inngangi að náttúruverndaráætlun, og þar er haldið áfram og talað um að náttúruminjar séu verndaðar á mismunandi forsendum allt eftir eðli þeirra og þeirri hættu sem að þeim steðjar.

Ég sé ekki annað en að stóriðjustefna hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnarinnar allrar sé ein af þessum hættum sem steðja að náttúrunni. Við höfum rakið hér, þingmenn, í máli okkar nokkra þætti þeirra mála og væri svo sem hægt að telja meira. En ég hefði óskað að fyrsta setningin í þessari skýrslu hefði verið meira í ætt við skilmerkilega stefnu um sjálfbæra þróun en raun ber vitni (Forseti hringir.) og auglýsi eftir því að hæstv. ráðherra segi okkur þá a.m.k. hvernig hún skilur þau hugtök sem við eiga.

[18:52]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Til umræðu er skýrsla hæstv. iðnaðarráðherra um raforkumálefni. Umræðan fer eðlilega vítt yfir sviðið því það er margt sem heyrir undir það viðfangsefni sem við ræðum hér, hvort sem um að ræða hina miklu atvinnuuppbyggingu á Austurlandi, á Grundartanga eða nýsamþykkt raforkulög sem hv. iðnaðarnefnd hefur haft til meðhöndlunar síðustu tvö, þrjú árin. Ég vil byrja á því að fagna þessari skýrslu og þeirri umræðu sem fram hefur farið í dag. Hún hefur verið á málefnalegum nótum að mínu mati en auðvitað eru skiptar skoðanir um þessi málefni á meðal þingflokka og þingmanna.

Mig langar til að byrja með að ræða áhrif nýrra raforkulaga á raforkuverð almennt í landinu. Það hefur verið mikið umræðuefni í þingsölum, hv. þingmenn hafa komið hér og sýnt reikninga og annað slíkt og sagt að raforkureikningar íbúa á landsbyggðinni hafi hækkað um tugi prósenta. Nú má vel vera að einhver slík dæmi fyrirfinnist og það er mjög mikilvægt að við fylgjumst grannt með þróun mála, hver sú þróun verður, því það er mjög mikilvægt, byggðarlega séð, að landsmenn allir, hvar sem þeir búa, búi við lágt raforkuverð. Reyndar hefur það verið þannig að stjórnvöld hafa stóraukið niðurgreiðslur á raforkukostnaði íbúa landsbyggðarinnar. Aldrei hefur jafnmiklum fjármunum verið varið til þessara niðurgreiðslna, tæpum milljarði er nú varið til almennra niðurgreiðslna og 230 milljónum til jöfnunar á flutningskostnaði.

Það er afskaplega mikilvægt að halda þessu til haga, því að raforkuverð verður að vera með svipuðum hætti hringinn í kringum landið. Það er hugsanlega erfitt að halda algjöru jafnvægi í þessum efnum en stjórnvöld hafa sýnt í verki að það ber að halda þessum kostnaði allra landsmanna í sambærilegu horfi. Ef við tökum árið 1991–2005 þá hefur raforkukostnaður lækkað á föstu verðlagi. Raforkukostnaður landsmanna hefur lækkað á umræddu tímabili en á umræðunni sem fram hefur farið í þingsalnum og í þjóðfélaginu hefur ekki mátt skilja að slík þróun hafi verið í gangi. Menn tala um miklar hækkanir á raforkuverði og það er eðlilegt að fólk spyrji hvað sé rétt og hvað sé rangt í þeim efnum.

Ég vil samt sem áður taka fram að auðvitað hljóta menn að geta fundið einhver dæmi í 300 þúsund manna samfélagi *þar sem einhverjir raforkureikningar hækka. En ég legg* áherslu á að það er mjög mikilvægt að við fylgjumst með þróun raforkuverðs í landinu í framhaldi af setningu nýrra raforkulaga. Ég hef undir höndum upplýsingar frá Hagstofu Íslands og hv. alþingismenn hljóta að leggja trúnað á þau gögn sem Hagstofan birtir á heimasíðu sinni. Ef við skoðum vísitölu neysluverðs frá janúar 2004 til janúar 2006 þá hækkar vísitala neysluverðs um 8,5%. Ef við horfum á rafmagnshluta neysluverðsvísitölunnar kemur í ljós að sá hluti hefur hækkað um 7,1%, hann hefur hækkað minna en almennt verðlag í landinu. Þar af leiðandi hefur kostnaður heimilanna minnkað hlutfallslega á umræddu tímabili. Ef rafmagnið er sundurgreint nánar á sama tímabili hækkaði rafmagn til lýsingar um 7,5% og rafmagn til húshitunar um 4,95% en almennt verðlag hækkaði um 8,5% á sama tímabili. Hér skilja að heil 4%. Við skyldum því ætla, miðað við upplýsingar Hagstofunnar, að á umliðnum tveimur árum hafi raforkuverð almennt í landinu lækkað hlutfallslega.

Um þetta geta menn varla deilt, ef þeir á annað borð bera traust til Hagstofu Íslands. Það hefur reyndar heyrst hér fyrr í dag að einstaka þingmenn beri takmarkað traust til Ríkisendurskoðunar (**ÖJ:** Var það ekki aðallega Framsóknarflokksins?) og jafnvel til heilu flokkanna sem eiga sæti á Alþingi en við hljótum að bera mikið traust til Hagstofu Íslands og þeirra talna sem hún lætur frá sér.

Við fögnum því jafnframt að sem betur fer finnst nú heitt vatn víðar í landinu. Því miður er það svo að 9% heimila landsins þurfa að hita upp húsnæði sitt með rafhitun. Það er óásættanlegt, við verðum að minnka þetta hlutfall, enda hafa stjórnvöld beitt sér fyrir því að stuðla að því að hitaveitur verði gangsettar víðar í landinu. Við fengum þær fréttir *í hádeginu í dag að íbúar í Kelduhverfi mega* eiga von á því í framtíðinni að hitaveita verði gangsett þar og við horfum til þróunarinnar á Eskifirði, þar er glæsileg hitaveita að hefja starfsemi. Það er mikil búbót fyrir íbúa á viðkomandi svæðum að hafa aðgang að heitu vatni. Rannsóknir eru víða í gangi hringinn í kringum landið þar sem menn leita að heitu vatni, og ég horfi hér til hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem þekkir það úr Skagafirðinum að þar eru menn að leita að heitu vatni og vonandi mun það bera árangur.

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera hér að umræðuefni í örfáum orðum rammaáætlun stjórnvalda um nýtingu á vatnsafli. Það er í raun og veru stórmerkilegt verkefni sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur leitt á undanförnum árum þar sem búið er að ljúka 1. áfanga þess verkefnis og unnið er að 2. áfanga þar sem bornir eru saman virkjunarkostir. Það er

mjög mikilvægt að rannsaka þessar auðlindir landsins ef menn hafa þá stefnu, ef stjórnmálaflokkar hafa þá stefnu að nýta beri orkuauðlindir landsins með skynsamlegum hætti til að byggja upp atvinnulíf í landinu. Sumir stjórnmálaflokkar, eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð, leggjast gegn því að farið verði í áframhaldandi stóriðjuuppbyggingu í framtíðinni og það er sjónarmið út af fyrir sig.

Við framsóknarmenn höfum þá stefnu að við viljum byggja upp atvinnulíf í landinu með því að nýta orkuauðlindir landsmanna skynsamlega. Kannanir hafa sýnt að meiri hluti þjóðarinnar er í rauninni sammála þeirri stefnu framsóknarmanna að það beri að gera skynsamlega og halda áfram á þeirri vegferð að byggja upp íslenskt atvinnulíf. En til þess þurfum við stjórntæki eins og rammaáætlunina til að rannsaka og vega og meta ákveðin sjónarmið, annars vegar vinnslusjónarmiðin og hins vegar verndunarsjónarmiðin. Það er mjög mikilvægt að þeirri vinnu verði haldið áfram og er merkilegt framtak sem hefur vakið athygli út fyrir landsteinana.

Hæstv. forseti. Hin mikla umræða sem hefur átt sér stað um uppbyggingu stóriðju í landinu hefur að miklu leyti verið á villigötum. Menn hafa slegið fram miklum tölum um áhrif stóriðjuuppbyggingar á Austurlandi og um áhrif hennar á hagkerfið. Merkir hagfræðingar við Háskóla Íslands hafa m.a. bent á að stór hluti af þeim umsvifum sem fara fram nú t.d. á Austurlandi fari úr landinu og virki því þar af leiðandi ekki eins þensluhvetjandi og raun ber vitni.

Ég er umhverfisverndarsinni og vil ganga vel um náttúru landsins. En er það þannig ef menn telja sig vera umhverfisverndarsinna, eru þeir það þá bara á Íslandi eða hugsum við um heilu jarðarkringluna? Árið 2006 er 31% af þeim álverum sem nú eru í byggingu knúin áfram með kolum, þ.e. þriðjungur af álverum sem eru nú í byggingu á árinu 2006. Við vitum að þau álver menga átta sinnum meira en þau álver sem eru knúin áfram af vatnsaflsorku. Þá er eðlilegt að maður spyrji, ef við horfum hnattrænt á hlutina, einangrum okkur ekki hér á litla Íslandi, hvort ekki sé umhverfisvænna að virkja vatnsaflið með það að markmiði að framleiða þennan málm. Nú tala hv. þingmenn Vinstri grænna um að sá málmur verði að engu í framtíðinni. En það hefur aldrei verið eins mikil eftirspurn eftir áli og nú. Ég veit ekki betur en við hv. þingmenn ökum um sveitir landsins á bílum sem eru framleiddir úr áli. En hv. þingmenn Vinstri grænna lifa í þeirri draumaveröld að það þurfi ekkert að framleiða neitt ál í framtíðinni. Hv. þingmenn lifa í einhverjum draumaheimi. Aldrei hefur verið meiri eftirspurn eftir áli og álverð er í sögulegu hámarki.

Þegar menn tala um stóriðju eru mörg nýsköpunarstörf sem skapast í kringum umrædda framleiðslu. Við þingmenn Norðausturkjördæmis þekkjum það að Fjarðaál ætlar að auka virði þeirrar framleiðslu sem er hér á landi m.a. með því að vinna áfram úr álinu og framleiða vörur sem auka virði vörunnar allverulega. Það hefur verið markmið okkar að fullvinna helst þá vöru hér á landi til að hámarka þá fjármuni sem hægt er að fá út úr slíkri framleiðslu. Ég segi því og tala með stolti í þeim efnum, ef við getum fækkað kolaálverum hlutfallslega í heiminum stórlega erum við náttúrlega að berjast fyrir ákveðnum umhverfisverndarsjónarmiðum.

En nú er það ekki svo, hæstv. forseti, að við ætlum að beita okkur fyrir því að reisa álver í hverjum einasta firði hringinn í kringum landið. Það verður að liggja fyrir skýr stefna í þeim efnum. Hæstv. ríkisstjórn hefur bent á að ekki verður teflt í tvísýnu hvað varðar efnahagslegar afleiðingar slíkra stórframkvæmda. Að topparnir verði ekki það háir að þeir ruggi bátnum. Við það verður náttúrlega staðið. Við horfum á að hagvöxtur mun minnka á næstu árum. Umsvif ríkisins og tekjur ríkissjóðs munu hlutfallslega minnka á næstu árum. Það stefnir í að á árinu 2008 og 2009 verði ríkissjóður rekinn með tapi. Ábyrgir stjórnmálamenn verða náttúrlega að horfa fram á veginn. Ekki er víst að eins vel ári eftir fjögur, fimm eða tíu ár í því þjóðfélagsástandi sem nú ríkir í þensluhagkerfi. Stjórnmálamönnum ber að horfa fram á veginn og byggja upp fleiri ný störf. Því það er nú einu sinni þannig að það koma nokkur þúsund Íslendingar á vinnumarkaðinn á hverju ári. Framkvæmdir í tengslum við þau stóriðjuáform sem nú eru í gangi á Austurlandi og á Grundartanga skapa mörg hundruð sérfræðingum, verkfræðingum og tæknifræðingum störf og á höfuðborgarsvæðinu, Eyjafjarðarsvæðinu, austur á landi og á fleiri stöðum. Þetta er háskólamenntað fólk og talað er um að umsvif þessara verkefna geti verið allt upp í að 1.000 slíkir sérfræðingar og verkfræðingar vinni við gerð slíkra framkvæmda.

Halda hv. þingmenn að það sé engin nýsköpun í slíku? Halda hv. þingmenn að þeir sérfræðingar og þetta hálaunafólk og vel menntaða fólk greiði ekki skatta sína og skyldur til íslensks samfélags? Við vitum að álverið í Hafnarfirði er með vinsælli vinnustöðum á landinu. Þar er nær engin starfsmannavelta, og fólki er borgað ágætlega fyrir þau störf sem þar eru.

Hæstv. forseti. Þó við horfum ekki eingöngu til uppbyggingu stóriðju þá er það eindregin stefna okkar framsóknarmanna að við viljum byggja álver á Norðurlandi í framtíðinni. Að sjálfsögðu með þeim formerkjum að við ruggum ekki bátnum um of. En jafnframt verðum við að styrkja tækni og nýsköpunargreinar og hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. forsætisráðherra hafa lýst því yfir að efla eigi stórlega þær greinar á næstu árum í samvinnu við atvinnulífið og lífeyrissjóði. Þar er jafnvel verið að tala um fjárhæðir upp á 8–10 milljarða sem munu örva þessar atvinnugreinar svo um munar, enda ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Allt er þetta gott í bland en ljóst er að við framsóknarmenn og ríkisstjórnin viljum byggja upp þennan iðnað á næstu árum á skynsamlegan hátt.

[19:07]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum skýrslu hæstv. iðnaðarráðherra um raforkumálefni og eðlilega hefur sú umræða farið vítt og breitt því að raforkan og orkumálin eru undirstaða fyrir grunnsamfélagsþjónustu í landinu, samkeppnishæfa byggð og búsetu um allt land og er jafnframt undirstaða fyrir samkeppnishæft atvinnulíf. Það skiptir því eðlilega gríðarlega miklu máli hvernig á er haldið í þessum efnum, auk þess sem forgangsröðun og val ríkisstjórnarinnar í orkumálum undir forustu hæstv. iðnaðarráðherra er ein umdeildasta stefna og umdeildustu aðgerðir sem eru nú í gangi í samfé-

laginu og hefur verið á undanförnum árum. Þarf því ekki að undra þó hér sé farið vítt og breitt um sviðið.

Við heyrðum t.d. nú síðast hjá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, sem jafnframt er formaður iðnaðarnefndar, hvernig hann lýsti ást Framsóknarflokksins á stóriðju og tjáði álverksmiðjunum ást sína af miklum fjálgleik og fékk síðan lof frá hæstv. iðnaðarráðherra á eftir. Hann minntist t.d. á fyrirhuguð álver á Norðurlandi þar sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur gengið fram og boðið erlendum álrisa að velja sér höfn og velja sér byggð á Norðurlandi. Það er svo gaman að fara með þeim út að borða, sagði hæstv. ráðherra á spjallvef sínum. Þeir mættu velja sér stað á Norðurlandi. Þeir mega velja hvort þeir fara niður í Skagafjörð, í Eyjafjörð eða hvort þeir fara á Húsavík. Allt að eigin vali. Að vísu er búið að leggja fram heilmikið opinbert fé til að undirbyggja þetta val.

Reisnin er svo mikil í þessu ferli öllu og til að spennan nái hámarki ætlar hinn erlendi álrisi að tilkynna Norðlendingum og hæstv. iðnaðarráðherra í New York hver verði nú fyrir valinu. Við munum að þetta gerðist hérna á öldum áður þegar Noregskonungur boðaði höfðingja landshlutanna og ættanna til Noregs til að hlusta á boðskap sinn til að vita hver mátti fara út og hver mætti gera hvað o.s.frv. Nú eru það þessir borðfélagar hæstv. iðnaðarráðherra sem boða Íslendinga á fund í New York til að hlusta á þann boðskap hver verði valinn á Norðurlandi. Svona er nú risið mikið.

Það var annars fróðlegt að heyra hjá hæstv. iðnaðarráðherra hversu miklum fjárupphæðum er búið að verja, annars vegar af hálfu hins opinbera, hvort sem það er iðnaðarráðuneytið, ríkið eða ríkisfyrirtækið Landsvirkjun, eða sveitarfélögin í formi vinnu og fjármagns, til að undirbúa þetta stórkostlega val hins erlenda álrisa sem á að tilkynnast við kvöldverðarboð í New York. Búið er að verja miklu fjármagni til þess. Það vill svo til að einmitt á þessu svæði er víða fjárþörf. Háskólanum á Akureyri er haldið í stöðugu fjársvelti. Meira að segja sjúkrahúsið á Akureyri, þetta stóra og mikla sjúkrahús, hefur á undanförnum árum búið við fjársvelti, ekki getað tekið nýjar álmur í notkun sem þó hafa beðið þess. Á Húsavík tölum við um þekkingarsetur, um ferðaþjónustu, við tölum þar um margs konar annan atvinnuveg. Í Skagafirði eru einnig næg verkefni til að fást við ef hægt væri að fá fjármagn frá ríkinu til stuðnings annað en að fara í undirbúning álverksmiðja. En það er það eina sem Framsóknarflokkurinn undir forustu hæstv. iðnaðarráðherra býður upp á með þeirri reisn sem ég var að lýsa.

En víkjum þá að raforkumálunum. Ég vil rifja upp að í því umdeilda ferli, í þeirri umdeildu vegferð sem hæstv. iðnaðarráðherra lagði upp í með markaðsvæðingu á raforkukerfinu, með setningu nýrra raforkulaga, með stofnun sérstaks flutningsfyrirtækis, Landsnets, þá varaði ég mjög við þeirri stefnu sem verið væri að fara þar út í. Verið væri að breyta út frá þeim grunnhugtökum, þeirri grunnsýn að rafmagnið, orkan, er hluti af almannaþjónustu sem á að veita atvinnulífinu, íbúunum vítt og breitt um landið á sem hagstæðustum kjörum. Það í sjálfu sér að dreifa rafmagni til heimilisnotenda og atvinnulífs á ekki að vera afgerandi fyrir það fjármagn sem það er bundið í. Arðsemi raforkukerfisins á að koma fram í öflugu atvinnulífi sem skilar arði og í hagkvæmri búsetu. En þarna er valið af hálfu iðnaðarráðherra, ríkisstjórnarinnar og Framsóknarflokksins að markaðsvæða og síðan þá einkavæða rafmagnið. Þetta er sú stefna sem fylgt hefur verið og við höfum varað við henni.

Fyrir rúmu ári, þegar átti að setja þessa tilskipun í gildi, fluttum við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og fleiri tillögu um að fresta þessu. Þá var óljóst hvað mundi gerast. Það var fyrirsjáanlegt að það yrðu miklar hækkanir og óljóst um framhaldið. En keppnin í að markaðsvæða rafmagnið, orkugeirann, var svo mikil að það var ekki hlustað á þessar viðvörunarraddir.

Hvað hefur síðan gerst? Jú, það má skoða hverja fréttatilkynninguna á fætur annarri lýsa því sem gerðist. Hér er ég með tilvitnun úr Viðskiptablaðinu frá 8. febrúar 2006, með leyfi frú forseta, undir yfirskriftinni: „Hækkanir á raforkuverði í kjölfar nýju raforkulaganna". Þar er þetta tíundað:

„Þær breytingar sem gerðar hafa verið á raforkulögum síðastliðin þrjú ár hafa skilað sér í stórfelldum hækkunum til neytenda samkvæmt nýrri úttekt Alþýðusambands Íslands.

Í kjölfar breytinganna hefur heildarkostnaður meðalheimilis vegna raforkunotkunar hækkað um allt að 14% í þéttbýli og 33% í dreifbýli. Heildarkostnaður minni heimila hefur hækkað mun meira, eða um allt að 25% í þéttbýli og 48% í dreifbýli. Einnig hefur komið í ljós að sú breyting að heimili og fyrirtæki geti nú valið sér raforkusala muni einungis skila sér í innan við 2.000 króna sparnað á ári fyrir meðalheimili." — Þar fyrir utan er sú samkeppni í raun ekki til. Það er ekki neinn valkostur.

Síðan er þetta rakið ítarlega. Það er sama hvernig hæstv. iðnaðarráðherra slær um sig og lýsir yfir ánægju sinni og gleði yfir markaðsvæðingu rafmagnsins og ánægju yfir að hægt skuli vera að leggja auknar álögur á landsmenn í gegnum raforkuverð. Staðreyndirnar eru samt á borðinu. (**Iðnrh.:** Hvaðan komstu með þetta?) Þetta er ágætisblað sem ég get afhent hæstv. ráðherra á eftir.

Og það er kannski vandinn í hnotskurn, frú forseti, að hæstv. ráðherra er ekki í neinum tengslum við atvinnulífið, við hið daglega líf og (**Iðnrh.:** Er þetta ekki ASÍ-könnun?) er ekki í tengslum við launþegahreyfinguna, er ekki í tengslum við Neytendasamtökin eða sveitarfélögin sem öll ályktað gegn svo gríðarlegri hækkun á raforkuverði. Nei, í fílabeinsturni í matarboðum með Alcoa, er heimurinn sem henni finnst skemmtilegri.

Ég hef fleiri slíkar yfirlýsingar. Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir í Ríkisútvarpinu 13. janúar 2006, að raforkuverð hafi hækkað mikið frá því að breytingar á raforkulögum tóku gildi í fyrra, í sumum tilvikum allt að 50%. Markmið breytinganna var að koma á samkeppni í raforkusölu. Hann segir að það hafi ekki gengið eftir. Hvernig á að taka upp samkeppni þegar stærstu aðilarnir, ríkisfyrirtækin eru með þetta?

Hérna stendur líka, frú forseti ... (Gripið fram í.) Já en þetta með samkeppnina er bara rugl. Ég er einhvers staðar með úrklippu einmitt frá Frakklandi. Er það ekki svolítið stærra land en Ísland, eða hvað, frú forseti? Þar eru fleiri notendur og tengingar á ýmsa vegu. Þar var yfirlýsing frá ríkisstjórninni í Frakklandi. Þeir sögðu að engin leið væri að koma á slíkri samkeppni í raforku. Þeir sóttu um undan-

þágu til að uppfylla Evróputilskipanir sem hæstv. iðnaðarráðherra Íslendinga hleypur á undan með.

Hér stendur t.d.: Kostnaður hjá Orkuveitu Reykjavíkur hækkaði um 12% vegna nýju raforkulaganna. (Gripið fram í.) Daggjald raforku hefur hækkað um 106%, segir annars staðar. Í hvaða heimi lifir hæstv. iðnaðarráðherra, frú forseti? Hún lifir í eigin heimi. Þegar rætt er um orkuverð til fiskeldis þá gagnrýnir Þorsteinn Már Baldursson, forstjóri Samherja, það. Hann hefur þó oft verið samherji hæstv. iðnaðarráðherra. Eða var það ekki svo þegar iðnaðarráðherra tók sæti Árna Steinars Jóhannssonar, þingmanns Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, í að tala á sjómannadegi á Akureyri, af því að stefna hans í orkumálum var ekki fyrirtækinu þénug? (Gripið fram í.) Já, en skeggið er skylt hökunni. Og Þorsteinn Már Baldursson stendur við tölurnar um þetta háa raforkuverð, sama hvað hæstv. ráðherra segir.

Það er sama hvar á er litið. Við höfum yfirlýsingar frá sveitarfélögunum. Mér eru t.d. minnisstæð orð sveitarstjórans á Súðavík sem lýsti því hvað raforkulagabreytingin hefði þýtt fyrir það byggðarlag. Stórfelld hækkun fyrir fyrirtækin líka. Talað er um 1–2 millj. kr. hækkun á raforkuverði í rækjuvinnslunni, bara vegna nýju raforkulaganna.

Mér finnst kominn tími til að við skoðum hvernig snúa megi til baka og vinda ofan af þessu rugli. En hæstv. iðnaðarráðherra ætlar ekki að segja stopp þar við heldur er komið frumvarp um hlutafélagavæðingu Rafmagnsveitna ríkisins. Ætlunin er sem sagt að markaðsvæða og síðan selja raforkufyrirtækin og þar skuli hvergi til sparað.

Hæstv. ráðherra minntist á að gæði rafmagnsins hefðu aukist. Jú, það má vel vera í einhverjum tilvikum. En stór hluti landsmanna kaupir enn einfasa rafmagn og á ekki kost á öðru. Margir bændur og fyrirtæki úti á landi eiga engan kost á að fá þriggja fasa rafmagn, sem gerði þeim mögulegt að fá bæði ódýrara rafmagn og tæki og búnað sem er ódýrari í rekstri. Þetta fólk, bændur í þessari stöðu, borga ekkert minna á kílóvattstund en aðrir. Síður en svo, þeir eru að borga hærra verð en aðrir fyrir rafmagn sem er af miklu lægri gæðum en aðrir hafa aðgang að, þ.e. þriggja fasa rafmagni. Þeir borga hærra verð fyrir minni gæði. Þetta finnst mér óréttlátt og ekki í spilunum raunhæfar stórar aðgerðir sem var lofað í þessari skýrslu, í áliti nefndar um lagningu þriggja fasa rafmagns á landsbyggðinni sem kom út í febrúar 2002. Þá var gerð grein fyrir þörfinni og áætlun þar um. (Forseti hringir.) Ekkert er enn þá í farveginum, frú forseti, um að mæta eigi þeim kröfum og væntingum sem þar voru gefnar.

[19:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð við lok þessarar umræðu. Ég tel að umræðan hafi verið málefnaleg og ágæt að flestu leyti. Það mætti kannski setja aðeins út á ræðu síðasta hv. ræðumanns en af því að það er orðið svo áliðið ætla ég ekki að fara djúpt í það. Við erum greinilega ekki sammála um þessi mál og það er svo sem ekkert nýtt. En hann minntist á hugsanlegt álver á Norðurlandi sem er í ágætisfarvegi. Það styttist í að það verði gert opinbert hvaða stefnu fyrirtækið Alcoa tekur í þeim efnum.

Það er hins vegar ekki rétt hjá hv. þingmanni að Framsóknarflokkurinn hafi aðeins áhuga á að byggja álver. Í raun fer lítill tími í þau mál í iðnaðarráðuneytinu miðað við aðra málaflokka sem við fáumst við, ekki síst á sviði nýsköpunar og þekkingariðnaðar. Það er ekki rétt hjá hv. þingmanni að allt gangi út á að einkavæða raforkufyrirtækin, það er ekki þannig. Það er áróður sem hann kýs að hafa uppi. Við erum að markaðsvæða orkufyrirtæki samkvæmt tilskipun sem okkur bar að innleiða hér í lög. Ég hef haldið því fram og mun halda því áfram þar til annað kemur í ljós að þetta hafi tekist allvel hjá okkur. Við höfum vissulega átt í einhverjum byrjunarörðugleikum en á því flestu höfum við reynt að vinna bug.

Að engin leið sé að koma á samkeppni held ég að sé ekki rétt. Hins vegar er það ekki skylda stjórnvalda að láta samkeppnina verða til heldur gera lagaumhverfið þannig að hún geti orðið. Í síðustu viku var ég viðstödd ánægjulegan atburð uppi á Grundartanga en þar var ákveðið skref tekið í sambandi við stækkun álversins. Það var í fyrsta skipti sem orkufyrirtækin Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja gátu samið beint við kaupanda án þess að Landsvirkjun kæmi nokkuð að málum. Þetta var ómögulegt áður en nýju raforkulögin voru sett. Mér finnst að við höfum kannski ekki talað nógu mikið um þetta en það skiptir ekki litlu máli fyrir þessi fyrirtæki. Engu að síður finnast mér fyrirtækin sem ég nefndi, bæði Orkuveitan og Hitaveita Suðurnesja, hafa nálgast þetta mál á mjög neikvæðum nótum allan tímann og ætla ekki að gefa sig með það, eftir því sem mér sýnist. En vegna laganna hafa þau fengið frelsi til að selja raforkuna beint til fyrirtækjanna.

Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að telja upp hverjir hafi hækkað og hverjir lækkað. Ég er búin að fara nokkuð í það í andsvörum. Heilt yfir hefur raforkuverð lækkað en hins vegar hefur það komið misjafnlega út fyrir landsmenn og fyrirtæki í landinu. Upphitunarmálið er mál út af fyrir sig, sem við höfum vissulega tekið á með því að hækka þakið og fara í styrkveitingar sem mótaðar verða reglur um hvernig gera skuli.

Nokkuð hefur komið til umræðu staða þéttbýlis gangvart dreifbýli að þessu leyti og hefur mikið verið vitnað til Súðavíkur í því sambandi. Það var að störfum nefnd sem mótaði tillögur um hvernig þetta skyldi skilgreint. Nefndin var skipuð fulltrúum frá Rarik og Orkustofnun, Byggðastofnun og Hagstofu. Mörkin eru við 200 íbúa mörkin og Súðavík nær ekki alveg þeim mörkum. En auðvitað er þetta ekki heilög tala. Það þarf bara að fara yfir það hvort skynsamlegra væri að hafa þetta með öðrum hætti.

En það var m.a. jákvætt við þessa breytingu að orkufyrirtækin þurftu ekki að standa sjálf í að jafna verð og taka á sig félagslegan kostnað af því að dreifa raforku í mesta dreifbýlinu. Til þess kemur fjármagn af fjárlögum, 230 millj. kr. Þetta þýddi, þar sem þéttbýliskjarnarnir þurftu ekki lengur að borga niður dreifinguna í dreifbýli, að þeir lækkuðu almennt, þéttbýli á landsbyggðinni kom almennt vel út breytingunum.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir velti fyrir sér hvernig ætti að taka á öðrum áfanga rammaáætlunar og hvort einhver brögð væru í tafli. Mér fannst hún hálfpartinnýja að því en svo er alls ekki, það vil ég fullyrða hér. Við erum

hins vegar að nýta gögn til þess að bæta úr um ýmislegt sem varðar fyrsta áfangann. Það er allt hugsað í góðum tilgangi. Hvað þýðir sjálfbær nýting endurnýjanlegra orkulinda? spurði hún. Ég held að það felist nokkuð í orðunum hvað þetta þýðir. Við leyfum okkur að vera stolt yfir því að geta nýtt þessa endurnýjanlegu orkuauðlind sem vatnsaflið er, jarðvarminn er eitthvað aðeins síðri en líka mjög jákvæður til notkunar á framleiðslu á rafmagni.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson var hér með spurningar í upphafi. Hann velti fyrir sér hlutum sem hann hefur oft nefnt áður sem full ástæða er til að tala um. Ég tek undir það. Það er þetta með sameiningu raforkufyrirtækjanna í eigu ríkisins eða ekki sameiningu og hvort það sé líklegt sé að samkeppni geti myndast ef fyrirtæki eru sameinuð of mikið. Við höfum sagt að þegar ríkið hefur keypt meðeigendur sína út úr Landsvirkjun þá hyggjumst við setja þessa starfsemi undir einn hatt, ekki þannig að Landsvirkjun verði ekki til áfram, að Rarik verði ekki til áfram eða Orkubú Vestfjarða verði ekki til áfram. Meiningin er að það verði eignarhaldsfélag yfir þessum rekstri. Ég tel það mikilvægt, ekki síst til að auka samkeppnina þótt það hljómi ekki skynsamlega. Orkuveita Reykjavíkur er sterkt fyrirtæki á markaði. Til að samkeppni geti orðið hlýtur hinn eigandinn, þ.e. ríkið að hugsa þá hugsun til enda: Hvernig getur ríkið komið sínum eigum fyrir þannig að samkeppnisumhverfi myndist? Fyrirtæki ríkisins eru í sjálfu sér ekki svo mikið að keppa, Rarik er náttúrlega fyrst og fremst dreifingarfyrirtæki eins og Orkubú Vestfjarða. En síðan er Landsvirkjun í framleiðslunni.

Ég er sannfærð um að þetta væri skynsamlegt skref og vona að af því geti orðið áður en langt um líður. Það er hins vegar ekki í þeim tilgangi að selja. Það vil ég fullyrða og verður a.m.k. ekki gert á næstunni og kannski bara alls ekki til langrar framtíðar. Þetta er í raun góð eign fyrir ríkið en einhverjir þjónustuþættir sem eru í þessum fyrirtækjum í dag gætu hugsanlega verið seldir, ég ætla a.m.k. ekki að útiloka það til allrar framtíðar.

Ég tek undir þau orð hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að orkugeirinn er mikilvægur. Mér finnst hafa verið mjög spennandi að starfa við raforkugeirann, þær miklu breytingar sem hafa orðið og verið gerðar á kerfinu. Mér finnst þetta hafa verið skemmtileg vinna þótt hún hafi vissulega mætt nokkurri andstöðu, í raun ansi mikilli andstöðu úr ýmsum áttum. En allt mun þetta skýrast betur í tímans rás og á heildina séð tel ég að breytingin hafi tekist ágætlega.

[19:32]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sameining undir einn hatt, eignarhaldseða móðurfélag einhvers konar talaði hæstv. ráðherra um og talaði líka um að þessi fyrirtæki væru ekki svo mikið að keppa og það væri t.d. ekki síður í orkuflutningi en orkuframleiðslu, og að Orkuveita Reykjavíkur væri öflugt fyrirtæki. Nú efast ég ekkert um að Orkuveita Reykjavíkur er öflugt fyrirtæki en stærðirnar á þeim fyrirtækjum sem eru á þessum markaði eru bara þannig að Landsvirkjun ásamt þeim fyrirtækjum sem hér er verið að tala um er gríðarlega stórt fyrirtæki og Orkuveita Reykjavíkur er það að vísu líka og Hitaveita Suðurnesja getur svo sem talist ágætt fyrirtæki. Samt eru þessi fyrirtæki óskaplega misjafnlega stór og það vantar alveg greinilega eitthvert jafnvægi á þennan markað.

Það er þess vegna sem ég hef spurt grannt eftir því hvort menn hefðu ekki hugmyndir um það að búa til fyrirtæki þarna sem kæmi þá inn í þessa samkeppni sem gæti þá orðið til úr Rarik og Orkubúi Vestfjarða og hugsanlega með einhverjum breytingum á eignarhaldi með öðrum fyrirtækjum til þess að þarna geti orðið til eitthvert umhverfi sem væri trúverðugt samkeppnisumhverfi. Mér finnst þessi lýsing sem ég var að fara hér yfir ekki vera á trúverðugu samkeppnisumhverfi. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að beita sér fyrir því í ríkisstjórninni að þessi mál verði tekin til endurskoðunar með það í huga að þessi markaður verði markaður þriggja, fjögurra, fimm öflugra fyrirtækja en ekki svona samsettur eins og ég var að lýsa.

[19:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú ekkert alveg út í loftið það sem ég er að segja, við erum búin að velta þessu dálítið fyrir okkur, þessu eignarhaldi í raforkugeiranum og hvernig hlutum verði best raðað upp þannig að það sé árangursríkt, bæði fyrir hina almennu neytendur og fyrirtækin í landinu. Ég endurtek það að við teljum að það verði gert með þessum hætti og mér finnst nauðsynlegt að tala opinskátt um það hér á hv. Alþingi þannig að hv. þingmenn viti nokkurn veginn hvað við erum að fara. Hugsunin er að sjálfsögðu sú að með þessu móti gæti orðið til samkeppnisumhverfi sem skipti máli. Við getum nú talað betur um þetta síðar, við hv. þingmaður, en ég sé ekki að það verði gert með öðrum hætti þannig að það skili sér.

[19:36]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er nú svo sem ekki í fyrsta skipti sem höfum rætt þessi mál í sölum Alþingis og ég verð að segja eins og er að ég þakka þó fyrir það að mér finnst að málin séu orðin aðeins skýrari og það sé komin sú mynd á þau að maður geti aðeins áttað sig á því hvað menn ætla sér. Ég hafði ekki þá trú í upphafi að það væri meiningin að steypa þessum fyrirtækjum saman en það er greinilegt að það er fullur vilji á bak við það. Það er ekki vilji fyrir því að búa til eitthvað nýtt úr þessum fyrirtækjum sem ég nefndi hérna áðan.

Ég tel að það hefði átt að skoða það betur en gert hefur verið, tel að það sé full ástæða til þess að gera það og endurtek það sem ég hef svo sem gert oft áður hér í sölum Alþingis að ég tel að Rarik og þær eignir sem þar liggja tilheyri sveitarfélögunum í landinu. Þegar kemur að þeirri stundu að hið opinbera hefur innleyst eignarhluti í Landsvirkjun frá Akureyri og Reykjavík tel ég að menn eigi að skoða sig vandlega um með það hvort það eigi ekki að koma eignarhlut í Rarik í hendur þeirra eigenda sem ættu miklu frekar en ríkissjóður að vera eigendur. Þar hef ég verið að vonast til að menn sæju möguleikann í því að búa til öflugt fyrirtæki á þessum markaði sem yrði þá í eigu sveitarfélaganna, alla vega til að byrja með. Ég útiloka það

ekki neitt og tel ekkert athugavert við það að það fyrirtæki væri hlutafélag og að sveitarfélögin sem eignuðust í því hlut gætu þá selt hann ef þau teldu sínum hag betur borgið með því.

[19:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig og hæstv. iðnaðarráðherra greinir á um grunnþætti þessara orkumála þar sem ég tel að orkugeirinn og orkumálin eigi fyrst og fremst að vera félagsleg eign sem á að undirbyggja öfluga búsetu og arðsamt atvinnulíf. Ég deili heldur ekki þeirri skoðun hæstv. iðnaðarráðherra að þessar gríðarlega stóru vatnsaflsvirkjanir sem hafa kannski líftíma upp á 40–200 ár séu sjálfbærar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á annað lífríki, tel það bara ranga nálgun.

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um atriði sem ég spurði um í ræðu minni, það var um þrífösun rafmagns meðal annars. Það liggur fyrir skýrsla um þörf á þrífösun rafmagns. Það liggur líka fyrir að þetta er eitt af því sem hamlar uppbyggingu og möguleikum í nýsköpun í atvinnulífi víða í dreifbýlinu, t.d. til sveita þar sem verið er að koma upp margs konar öðrum atvinnurekstri. En þetta gengur svo sorglega hægt og það virðist svo sorglega lítið vera að gerast í þessum málum að ég spyr ráðherra einfaldlega: Á þetta að vera svo? Þetta fólk borgar jafnvel hærra verð fyrir raforkueininguna en fólk sem á aðgang að miklu betra rafmagni, þriggja fasa rafmagni. (Forseti hringir.) Þetta er svo mikið óréttlæti, frú forseti, að ... (Forseti hringir.) Ég deili líka skoðun hæstv. forseta því að hún hefur iðulega spurt um þetta líka hér á Alþingi.

[19:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður man þá væntanlega eftir svari sem ég gaf hv. þm. Drífu Hjartardóttur um þetta efni og hann sá á því svari að það hefur mikið gerst núna upp á síðkastið hvað varðar þrífösun. Sú skýrsla sem ég lét vinna eftir að ég kom í iðnaðarráðuneytið um það hvar þörfin væri mest, sem var unnin í samstarfi við sveitarfélögin, hefur skipt miklu máli því að það er mismikil þörf fyrir þrífösun, það veit hv. þingmaður. Ég tel því að ég hafi beitt mér í þessu og ýmislegt jákvætt hafi verið að gerast, en ég hef líka óskað eftir því að fá upplýsingar um það hvað er núna á döfinni, hvað er fram undan á þessu ári hjá dreifingarfyrirtækjunum eða þeim fyrirtækjum sem hlut eiga að máli og ég trúi því að það sé ýmislegt.

Hv. þingmaður sagði áðan og mig langar að spyrja hann betur út í það, af því að við erum að ljúka þessari umræðu, hann sagði að ég væri í fílabeinsturni með Alcoa. Er þetta nú málefnalegt innlegg í umræðuna? Það kom fram áðan að hv. þingmaður les dagbók mína, því að hann var að vitna til einhvers málsverðar sem ég hefði átt með fulltrúum frá Alcoa, sem er sjálfsagt rétt, ég man það nú ekkert nákvæmlega. En finnst honum nú ekki ómálefnalegt — við höfum jú reynt að vera svolítið málefnaleg í þessari umræðu og það hefur gengið vel — að setja þetta fram við lok umræðunnar? Mér finnst ég ekki eiga þetta skilið.

[19:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst varðandi þrífösun á rafmagni: Bæði snarhækkaði rafmagnið á þeim aðilum sem búa við þetta einfasa rafmagn og auk þess ganga úrbætur miklu hægar en vilyrði voru gefin fyrir í skýrslunni og við höfum oft rætt hér á Alþingi áður. Þetta gengur mun hægar þannig að þetta leggst með tvennum þunga á þessa notendur.

Það er náttúrlega hæstv. ráðherra að meta það hvort hún er í fílabeinsturni. En ég las hér upp allmargar yfirlýsingar frá Samtökum atvinnulífsins, frá sveitarfélögum og frá verkalýðshreyfingunni um mat þeirra á framkvæmd hinna nýju raforkulaga, sem hæstv. iðnaðarráðherra segist svo ánægð með. Eðlilegra hefði verið að hæstv. ráðherra hefði lýst ákveðnum fyrirvörum og nefnt það sem ekki hefur gengið vel, jafnvel getið þess að hún væri döpur yfir því sem ekki hefur náð fram að ganga. Nei, hún lýsir yfir þvílíkri ánægju með þetta að ég kemst ekki hjá því að benda á áðurnefndar yfirlýsingar. Mér finnst hæstv. ráðherra, hvort sem hún er í fílabeinsturni eða inni í lokaðri stofu eða hvar sem hún vill vera, ekki vera í raunhæfu sambandi ef hún treystir sér til þess að blása algjörlega á athugasemdir atvinnulífsins og launþegasamtakanna, sveitarfélaganna og fleiri. Við vitum að þær eiga rétt á sér. (**Gripið fram í:** En hún er í fílabeinsturni.)

Það er svo sem hægt að tala um ýmislegt annað eins og einkavæðingaráhugann á Rarik og Landsvirkjun. Ég minni á það, frú forseti, hér í lokin að þetta var sagt þegar Landssíminn var hlutafélagavæddur, þá átti nú alls ekki að selja hann. Ég dreg það því alls ekkert í efa að hæstv. ráðherra meini það þegar hún segir það núna að það eigi ekki að selja Rarik, en hvað hæstv. ráðherra segir á morgun, það er svo aftur annað mál. Við þekkjum sögu Símans.

[19:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er bara ekki rétt að ég hafi blásið á það að einhverjir hafi hækkað raforkukostnað, það er bara ekki rétt. Ég er búin að segja hér að auðvitað hefði ég viljað að enginn hefði hækkað, en ég veit um marga sem hafa lækkað. Það finnst mér að þurfi líka að koma inn í þessa umræðu. Fyrirtæki á landsbyggðinni hafa lækkað, sveitarfélög hafa almennt lækkað. Almennir notendur með hitaveitur hafa lækkað.

Við þekkjum dæmi þess að rafhitunarkostnaður hafi hækkað og auk þess var þakinu breytt. Það var reyndar hækkað upp aftur en viðbótarfjármagn var sett inn í þann pott og hann er upp undir milljarður í dag þannig að það er ekki hægt að segja annað en að við höfum staðið okkur bærilega hvað það varðar.

Kostnaður almennra notenda á suðvesturhorninu hefur hækkað. Það hef ég sagt að hafi verið 2–4% og það kemur fram í skýrslunni. Það gerum við vegna þess að við erum að útvíkka flutningskerfið, jöfnunarkerfið. Ekki trúi ég að hv. þingmaður sé á móti meiri jöfnun, (Gripið fram í.) ég trúi því ekki.

Svo er hitt sem við þekkjum, að landsbyggðinni var núna skipt upp í þéttbýli og dreifbýli — sem var ekki áður,

áður var bara jöfnun hjá fyrirtækjunum — og ákveðið að greiða niður kostnað í dreifbýlinu sem nemur mesta dreifingarkostnaði í þéttbýli. Þetta kunnum við, er það ekki? Já. Engu að síður eru atriði sem varða t.d. Súðavík sem ég sagði rétt áðan að mér fyndist að þyrfti að skoða betur, hvort þetta væru rétt mörk. Þau voru hins vegar búin til í ákaflega virðulegri nefnd, þetta er ekki mín uppfinning. Þannig er það sem maður vinnur, maður reynir að fá fólk sem þekkir betur til og hefur sérþekkingu á hlutum til þess að vinna með sér og leiðbeina.

Ég held því samt fram að þegar við horfum á heildina hafi þetta tekist bærilega.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 19:47.

---

71. FUNDUR

þriðjudaginn 21. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
2. Háskólar, frv., 59. mál, þskj. 59. — 1. umr.
3. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 63. mál, þskj. 63. — 1. umr.
4. Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, þáltill., 139. mál, þskj. 139. — Fyrri umr.
5. Atvinnuréttindi útlendinga, frv., 62. mál, þskj. 62. — 1. umr.
6. Mat á mannaflaþörf í atvinnugreinum, þáltill., 67. mál, þskj. 67. — Fyrri umr.
7. Kosningar til Alþingis, frv., 73. mál, þskj. 73. — 1. umr.
8. Kosningar til sveitarstjórna, frv., 75. mál, þskj. 75. — 1. umr.
9. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 143. mál, þskj. 143. — 1. umr.
10. Átaksverkefni í ferðamálum í Norðvesturkjördæmi, þáltill., 65. mál, þskj. 65. — Fyrri umr.
11. Láglaunahópar og hlutur þeirra í tekjuskiptingunni, þáltill., 70. mál, þskj. 70. — Fyrri umr.
12. Upplýsingalög, frv., 80. mál, þskj. 80. — 1. umr.
13. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
14. Verðbréfaviðskipti, frv., 77. mál, þskj. 77. — 1. umr.
15. Útvarpslög, frv., 79. mál, þskj. 79. — 1. umr.
16. Þingsköp Alþingis, frv., 72. mál, þskj. 72. — 1. umr.
17. Starfslok og taka lífeyris, þáltill., 81. mál, þskj. 81. — Fyrri umr.
18. Einkamálalög, frv., 82. mál, þskj. 82. — 1. umr.
19. Varðveisla Hólavallagarðs, þáltill., 83. mál, þskj. 83. — Fyrri umr.
20. Lega þjóðvegar nr. 1, þáltill., 84. mál, þskj. 84. — Fyrri umr.
21. Stjórn fiskveiða, frv., 85. mál, þskj. 85. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.

[13:31]

Útbýting:

Lyfjaverð í heildsölu, 452. mál, svar heilbrrh., þskj. 794.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla um notendagjöld hjá TR – ummæli sjávarútvegsráðherra.

[13:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að eiga orðastað við hæstv. heilbrigðisráðherra um skýrslu eða samantekt sérfræðinga og yfirmanna sjúkratryggingasviðs Tryggingastofnunar ríkisins um réttlátari notendagjöld í sjúkratryggingum á Íslandi. Úttektina og samanburð á notendagjöldum unnu þeir í vetur. Þar kemur fram veruleg og réttmæt gagnrýni á greiðsluþátttökureglurnar og talið er nauðsynlegt að taka til gagngerrar endurskoðunar allt regluverk um greiðsluþátttöku sjúkratryggginga — reglurnar verði að endurskoða og einfalda til að tryggja jöfnuð. Þetta eru athugasemdir sem ber að taka alvarlega og bregðast við.

Nú hefur þessi skýrsla verið nokkuð í fréttum. Það hefur verið eftir henni kallað en án árangurs. Hæstv. ráðherra hefur látið hafa eftir sér að hann hafi ekkert á móti því að hún verði birt. Skýrslan var kynnt í stjórn Tryggingastofnunar ríkisins fyrir helgi. En hvers vegna er ekki búið að birta hana? Hvað er hér til fyrirstöðu, hæstv. ráðherra? Mun þessi skýrsla verða birt og þá hvenær?

Skýrslan fjallar um framkvæmd laga sem sett hafa verið hér á Alþingi og reglugerðir sem Alþingi hefur heimilað hæstv. ráðherra að setja. Sérfræðingarnir, sem best þekkja sjúkratryggingarnar, segja að reglurnar séu orðnar illskiljanlegar jafnvel færustu sérfræðingum og óskiljanlegar almenningi. Um slíkar reglur verði seint mikil sátt.

Þetta kemur mér ekki á óvart og ég vil hrósa sérfræðingunum fyrir frumkvæðið að þessari skýrslu og þessa fínu vinnu, sem má ekki stinga undir stól. Niðurstöðurnar kalla á að skýrslan verði birt og ekki síður að Alþingi bregðist við og taki hana til umfjöllunar.

Virðulegi forseti. Ég óska hér með eftir því að þessi

skýrsla verði kynnt hv. heilbrigðis- og tryggingaefnd og tekin þar til ítarlegrar umfjöllunar og að henni lokinni verði hún tekin fyrir á Alþingi.

[13:33]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem hér um ræðir er aðgengileg, bæði hjá okkur og hjá Tryggingastofnun, og getur hver fengið hana sem biður um hana. (**Gripið fram í:** Er hún á netinu?) Hún er ekki komin á netið en hins vegar er hún aðgengileg og heilbrigðis- og tryggingaefnd getur fengið hana hvenær sem vera skal. Ég vil samt taka það fram, þegar þessi skýrsla kemur til umræðu, að hún er meingölluð og ég er ósammála mjög veigamiklum þáttum í henni. Ætlast menn til þess að notendagjöld á öldruðum, börnum eða öryrkjum séu hækkuð til að einfalda kerfið? Er það það sem menn ætlast til? Ég er ósammála þessu. Við erum að ræða skýrsluna og höfum rætt hana á fundi með starfsmönnum Tryggingastofnunar. Við héldum einn fund um hana og ætluðum að halda annan fund áður en hún yrði birt en það er ekkert því til fyrirstöðu að birta hana og ræða hana hvar og hvenær sem er. Ég hef stífar skoðanir á henni en hins vegar getum við vel farið yfir ákveðna þætti í henni sem gætu verið til bóta. En mér er sem sagt ekkert að vanbúnaði að ræða þessa skýrslu hvar og hvenær sem er.

[13:35]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að ræða annað mál en hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Ég vil eiga orðastað við hæstv. sjávarútvegsráðherra. Hann fór í mikla Bjarmalandsför í síðustu viku til Noregs og hélt þar ræðu og var síðan í viðtölum við fjölmiðla um ýmis málefni sem varða hagsmuni okkar Íslendinga, mikla hagsmuni okkar Íslendinga.

Fyrir það fyrsta hélt ráðherrann ræðu og lýsti því yfir á opinberum vettvangi í Noregi að íslenska fiskveiðistjórnarkerfið og svokölluð þrískipting þess — það er eitthvað nýtt hjá ráðuneytinu núna, einhver þrískipting kerfisins — hefði lagt grunninn að traustum, góðum og arðvænlegum atvinnuvegi auk þess að stuðla að eflingu byggðar í sjávarþorpum. Þessi ræða var á ensku en í henni var sem sagt talað um þrískiptingu kerfisins og hinar miklu hagsbætur sem hún hefði haft í för með sér.

Nú er það ekkert nýtt í sjálfu sér að íslenskir ráðherrar ferðist um á alþjóðavettvangi og fari þar með hrein ósannindi um þetta kerfi og hvaða áhrif það hefur haft á Íslandi. Það er að sjálfsögðu mjög alvarlegur hlutur. Hitt er þó verra að í þessari ræðu fullyrti ráðherrann að hér væri búið að afgreiða lög frá hinu háa Alþingi sem hafa þó aðeins farið í gegnum 1. umr. og eru núna til meðferðar í sjávarútvegsnefnd. Mér finnst ráðherrann hafa sýnt þinginu mikla lítilsvirðingu með því að gefa það út að hér væri búið að samþykkja eitthvað sem ekki er staðreynd. Það er mjög vont mál.

Fyrir það þriðja kom ráðherrann með yfirlýsingar varðandi Svalbarðasvæðið. Hann féllst þar á fiskveiðistjórn Norðmanna í Barentshafi sem ég tel að sé alvarlegur hlutur, óþarfa eftirgjöf til Norðmanna að viðurkenna eitthvað af þessu tagi í mjög viðkvæmri deilu sem snýst kannski um okkar stærsta utanríkismál.

Í fjórða lagi finnst mér mjög gagnrýnisvert að ráðherrann lýsti því yfir að við Íslendingar yrðum að fallast á skerta hlutdeild í norsk-íslenska síldarstofninum sem er mjög slæmt mál núna þegar stofninn er að stækka mjög hratt. Það er alger óþarfi að rétta Norðmönnum litla fingurinn með þeim hætti.

[13:38]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Varðandi ræðu hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar vil ég segja að í ræðu minni vék ég að því að fiskveiðistjórnarkerfi okkar hefði tvíþætt hlutverk. Við þyrftum í fyrsta lagi að horfa til þess að fiskveiðistjórnarkerfið okkar væri hagkvæmt kerfi, það skipti auðvitað mjög miklu máli til lengri tíma. Við þyrftum að vera með fiskveiðistjórnarkerfi, við þyrftum að vera með sjávarútveg, sem getur staðið undir þeim góðu lífskjörum sem við gerum kröfu til.

Jafnframt vakti ég athygli á því að það væri líka pólitískt markmið að fiskveiðistjórnarkerfi okkar legði til þess að reyna að efla byggðirnar í landinu og þess vegna værum við með þessa þrískiptingu. Við værum í fyrsta lagi með almennt aflamarkskerfi og værum síðan með smábátakerfi, sem sannarlega hefði gert sitt til að standa undir öflugum sjávarútvegi víða um landið, og síðan værum við með hrein byggðatengd úrræði.

Ég sagði hins vegar í þessari ræðu að það væri auðvitað mjög erfitt að framfylgja fiskveiðistjórnarkerfi þar sem við reyndum að ná báðum markmiðunum, annars vegar að ná fram hámarksafrakstri af greininni og hins vegar að tryggja það líka að þessi atvinnugrein okkar stæði undir atvinnuháttum á landsbyggðinni. Það væri fráleitt þannig að okkur hefði alltaf tekist vel upp í þeim efnum. Þvert á móti sagði ég í ræðu minni að það hefði ekki alltaf tekist, en það yrði hins vegar áfram okkar pólitíska markmið.

Hvað varðar önnur atriði sem hv. þingmaður nefndi þá var ég ekki með neina eftirgjöf á neinum sviðum. Ég lagði hins vegar mikla áherslu á að við yrðum að ná samkomulagi varðandi norsk-íslensku síldina, það væri mjög óheppilegt og óskynsamlegt og slæmt fyrir okkar atvinnuveg að það tækist ekki — og vitaskuld gerum við okkur grein fyrir því að til að reyna að ná samkomulagi verðum við að teygja okkur til hins ýtrasta. Ég sló ekki neitt af í þessum efnum. Þvert á móti skammaði ég Norðmenn fyrir það hvernig þeir hefðu hegðað sér þegar þeir með einhliða hætti tóku sér rétt langt umfram það sem eðlilegt er og langt umfram það sem samningurinn frá 1996 hefði heimilað þeim.

[13:40]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Skýrsla sérfræðinga sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins var kynnt rækilega á stjórnarfundi Tryggingastofnunar síðasta föstudag og þar lét ég það koma greinilega fram að skýrslan væri opinbert gagn og væri til opinberrar umræðu. Það er því misskilningur ef menn halda að einhver leynd hvíli á skýrslunni. Menn eiga að geta nálgast hana, hvort sem er hjá Trygg-

ingastofnun eða í ráðuneytinu. Ég held að allir séu sammála um það, bæði stjórn Tryggingastofnunar og ráðherra, að það sé eðlilegt að skýrslan fari í opinbera umræðu. Þar eru dregnar fram staðreyndir um kerfið eins og það er, kerfi sem er mjög margbrotið og flókið, því er ekki að neita, og margvísleg sjónarmið að baki einstökum ákvörðunum sem teknar hafa verið í tímans rás. Það er því eðlilegt að taka kerfið til umræðu og endurskoðunar, eins og lagt er til í skýrslunni, og ég hvet fulltrúa alla stjórnmálaflokka til að gera það og hafa á því skoðanir hvernig þeir vilja breyta kerfinu. Það væri mjög fróðlegt að fá umræðu um það hvernig menn vilja hafa kerfið til framtíðar litið.

Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra eru ýmis sjónarmið sem að baki liggja umdeilanleg og umdeild og því eðlilegt að ágreiningur geti verið um einstök atriði í útfærslu þessara reglna eða tillagna um breytingar á þeim.

Það sem mér fannst athyglisverðast, virðulegi forseti, í því sem fram kom í skýrslunni umfram samandregnar staðreyndir eru fullyrðingar sérfræðinganna þess efnis að eftir bestu fáanlegu upplýsingum telja menn að notendagjöld geri lítið til að draga úr kostnaði við heilbrigðiskerfið. Hins vegar sé kostnaður vegna mistaka og rangra ákvarðana heilbrigðisstarfsfólks og lækna allt að 30 sinnum hærri en sá kostnaður sem leiðir af röngum ákvörðunum sjúklinga. Ég held að það sé atriði sem menn ættu að skoða, virðulegi forseti.

[13:42]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég tek til máls um störf þingsins vegna skýrslu sem sérfræðingar Tryggingastofnunar ríkisins hafa unnið um greiðsluþátttöku sjúklinga og hefur ekki birst opinberlega. Ég, eins og aðrir hv. þingmenn, kalla eftir því að þessi skýrsla verði af sérfræðingum Tryggingastofnunar ríkisins kynnt í heilbrigðis- og trygginganefnd hið fyrsta.

Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að reglur Tryggingastofnunar ríkisins eru mjög flóknar. Þær eru flokkaðar eftir sjúkdómum, eftir fötlun og eftir aldri og þær hafa verið settar á mismunandi tíma og á mismunandi forsendum þannig að kerfið í sjálfu sér er mjög flókið. En ég tel að greiðsluþátttaka sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni sé orðin ærin. Ef einföldun á greiðsluþátttöku sjúklinga eða greiðslu til sjúklinga hefur í för með sér að greiðsla einstaklinga hækki held ég að við þurfum að gera eins og hér hefur verið lagt til, að hver stjórnmálaflokkur fyrir sig leggist yfir forsendurnar og skoði hvort ábendingar sérfræðinganna séu réttmætar eða með hvaða hætti við viljum þá breyta og einfalda það kerfi sem er við lýði. Kerfið er það flókið að það er mjög líklegt að margir verði af þeim bótum, greiðslum og stuðningi sem þeir eiga rétt á.

[13:44]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hún er athyglisverð ræðan sem hæstv. sjávarútvegsráðherra flutti í Noregi en ég er á því að hann verði að gæta orða sinna. Hann er vanur því hér heima að komast upp með það að slá úr og í og fara í marga hringi í málflutningi sínum fyrir og eftir kosningar en þegar hann er kominn á alþjóðavettvang þá gengur slíkt ekki. Það er staðreynd að von er á stærsta árgangi í síld um árabil og fara að gefa það upp að menn ætli að gefa eftir, mér finnst það fáheyrt.

Mér finnst það líka athyglisvert að gefa villandi upplýsingar um kerfið hjá okkur, kerfi sem er að leggja allt meira og minna í rúst á landsbyggðinni. Segja að einhverra byggðasjónarmiða hafi verið gætt, það er alls ekki svo. Það er alrangt hjá hæstv. ráðherra, frú forseti. Hann ætti að vita það manna best sjálfur, hann þarf ekki annað en að líta í kringum sig vestur á Fjörðum. Það er ömurlegt þegar menn fara út um heimsbyggðina og afflytja fréttir af því sem raunverulega hefur gerst á Íslandi og ég lýsi yfir mikilli furðu á því að hæstv. ráðherra skuli gera það.

Þær breytingar sem hann hefur staðið fyrir nú á síðustu árum hafa einmitt verið til þess gerðar að koma hans byggðum í enn meiri vanda, svo sem þegar hann aflagði sóknardagakerfið. Það er alveg ömurlegt að verða vitni að því að hann flytur ekki eingöngu villandi upplýsingar heldur slær hann úr og í og gefur mögulega eftir í samningum við Norðmenn. Þetta er fáheyrt. Maður ætti náttúrlega að virða það við hæstv. sjávarútvegsráðherra að hann er nýr í starfi. Hann ætti að leita til okkar í Frjálslynda flokknum og fá leiðsögn um það hvernig hann á að hegða sér. Það gengur ekki að hegða sér eins og hann hefur komist upp með í umræðunni hér að slá úr og í og hegða sér eins og kjáni.

[13:47]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þessi liður, Athugasemdir um störf þingsins, er að verða hálf kostulegur. Hér erum við þingmenn að æsa okkur upp í hástert yfir tveimur málum, notendagjöldum í heilbrigðisþjónustu og norsk-íslenska síldarstofninum. Það er himinn og haf þar á milli, en þetta er nú ansi fyndin umræða.

Ég ætla ekki að tala um norsk-íslensku síldina heldur notendagjöldin og það sem kom fram hér um skýrsluna sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði að ráðherra væri að stinga undir stól. Það er ekki rétt að hæstv. ráðherra sé að stinga einhverju undir stól. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan að allir sem vilja sjá þessa skýrslu eigi að gera það og fara yfir hana. Hins vegar er það svo að við þingmenn og stjórnmálamenn höfum auðvitað komið þessu flókna kerfi á og það er flókið vegna þess að við tökum tillit til ákveðinna hópa. Verið er að veita afslátt af notendagjöldum til öryrkja, til aldraðra, til langveikra barna o.s.frv. Að sjálfsögðu flækir það málið, en ef við ætlum að einfalda það þarf væntanlega að afnema afslættina eða minnka þá. Það eru því mörg sjónarmið sem flækja þessi notendagjöld, sem að mörgu leyti er erfitt að leiðrétta, held ég, en það er sjálfsagt að fara yfir það.

Ég tel eðlilegt, virðulegur forseti, að við tökum þetta mál til umræðu í heilbrigðisnefnd. Þar er vettvangurinn fyrir svona umræðu. Við getum fengið þessa skýrslu og við skulum ræða það í nefndinni hvort við viljum taka umræðu um skýrsluna upp þar eða ekki. Ég furða mig svolítið á þessum málflutningi hér, reynt er að gefa út þau skilaboð að hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson sé að fela einhverja skýrslu. Það er bara alls ekki þannig, hann er tilbúinn að ræða þetta mál hvenær sem er við þingheim, eins

og hér hefur komið fram, og ég tel mjög eðlilegt að við skoðum það sérstaklega í heilbrigðisnefnd að gera það.

[13:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi skýrsla hefur verið leyniplagg þangað til núna. Það voru fréttir af henni fyrir tveimur vikum og ég er ítrekað búin að kalla eftir því að fá að sjá skýrsluna en fékk hana ekki. Hún var kynnt rétt fyrir helgi í stjórn Tryggingastofnunar og þar var lýst yfir að þetta væri opinbert plagg en engu að síður er hún ekki á vef Tryggingastofnunar ríkisins og hún er heldur ekki á vef heilbrigðisráðuneytisins og fjölmiðlum hefur ekki tekist að fá hana. Ég var reyndar búin að ná mér í hana í gegnum stjórnina þannig að ég gat kynnt mér hana lauslega, (Gripið fram í.) enda var því lýst yfir að hún væri opinbert plagg eins og áður sagði. En það er auðvitað alveg rétt sem hefur komið fram hér að það vantar allt samræmi í reglurnar í sjúkratryggingunum. Þær hafa ekki verið skoðaðar heildstætt fyrir en núna að sérfræðingar skoða þessar greiðslur. Það þarf að taka þetta fyrir á Alþingi þar sem lögin voru sett og þar sem heimildir hafa verið gefnar til að setja þessa greiðsluþátttöku í reglugerðir.

Við eigum auðvitað að skoða þetta mál. Það er ekki rétt að tala um að ég hafi sagt að ráðherra hafi ætlað að stinga skýrslunni undir stól. Ég sagði það ekki. Ég sagði að þetta væru þannig upplýsingar að ekki mætti stinga þeim undir stól. Við verðum að skoða þetta og meta síðan, eftir að hafa farið yfir upplýsingar í skýrslunni frá sérfræðingum, hvernig við viljum hafa reglurnar þannig að þær verði réttlátari og jöfnuður ríki milli þeirra sem þurfa á þessu kerfi að halda. Eins og kerfið er í dag, illskiljanlegt sérfræðingum, óskiljanlegt almenningi, getum við ekki boðið upp á slíkt. Þetta er á okkar ábyrgð. Ég fer fram á það aftur að málið verði tekið fyrir í heilbrigðis- og tryggingaefnd, skýrslan skoðuð og rædd (Forseti hringir.) og síðan tekin til umræðu á Alþingi.

[13:51]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Á dauða mínum átti ég frekar von en því að Frjálslyndi flokkurinn ætlaði að taka að sér að kenna hæstv. sjávarútvegsráðherra mannasiði. Ég er ekki viss um að það sé hægt.

Ég kem hingað til að taka undir með hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur um að ekki sé hægt að fara með þessum hætti með þá skýrslu sem hér er verið að tala um. Ég spyr, frú forseti: Hvar er hið milda yfirvald, hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson, sem vil allra manna götu greiða? Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra setur ekki þessar upplýsingar á netið þannig að það sé ekki bara á færi þeirra sem, eins og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, þekkja einhvern í stjórn Tryggingastofnunar, t.d. hv. þm. Kristin H. Gunnarsson eða einhvern annan, heldur að allir þingmenn og allur almenningur eigi kost á því að kynna sér þetta efni? Það gengur ekki að hæstv. ráðherra segi að það séu órökstuddar fullyrðingar í skýrslunni og hann sé ósammála niðurstöðum hennar og af þeim sökum ætli hann sér að laumupokast með upplýsingarnar sem þar er að finna, sem eru ekki góðar fyrir hann og flokk hans. Auðvitað eiga allir að fá að lesa skýrslu sérfræðinga sem komast að þeirri niðurstöðu að reglurnar sem sjúklingar lifa við séu ekki nægilega góðar.

Svo spyr ég hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og aðra þingmenn Framsóknarflokksins sem hér hafa talað: Í hvers konar fornaldarsamfélagi viljið þið búa? Er það þannig að fólk eigi að þurfa að koma og berja að dyrum hjá hæstv. heilbrigðisráðherra til þess að fá skýrslur, sem eru greiddar af almannafé, um almannahag? Er það ekki þessi ríkisstjórn sem sagði að hún ætlaði að opna stjórnkerfið, gera það gagnsætt og auka aðgengi almennings að upplýsingum?

Allt er á sömu bókina lært hjá hæstv. ráðherrum, (Forseti hringir.) og ég ætlaði að bæta við, frú forseti, að ég var hissa á því að heyra hv. þm. Kristin H. Gunnarsson taka undir þetta sjónarmið.

[13:54]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka það sem ég hef áður sagt að skýrsla sú sem hér um ræðir er aðgengileg. Við ætluðum okkur að halda einn vinnufund í viðbót um hana áður en hún færi út á netið en hins vegar hefur hún verið afhent þeim sem um hana hafa beðið og þar á meðal fjölmiðlum. Það er rangt að fjölmiðlar hafi ekki fengið hana, þeir hafa fjallað um hana og fengið hana.

Ég heyri að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur fengið skýrsluna og myndað sér skoðanir á henni. Ég er nú dálítið undrandi þegar ég heyri hve menn eru sammála um að fórna eigi öllum jöfnuði fyrir einföldun í kerfinu. Eigum við að hætta að gefa afslætti fyrir aldraða, (**ÁRJ:** Það þarf umræðu um þetta.) öryrkja eða langveik börn eins og við gerum núna? Mig undrar þau viðhorf sem hér koma fram. Það er einmitt þetta sem ég vildi fá nánari skýringar á hjá sérfræðingum Tryggingastofnunar, því að þarna er um grundvallaratriði í velferðarkerfinu að ræða. Ég undrast þá jafnaðarmennsku sem kemur fram í þessari umræðu. (Gripið fram í.) Er þetta einhver ný jafnaðarmennska? Ég verð að segja að ég er alveg hissa á henni.

En skýrsluna getur hver fengið sem um hana biður og hún kemur út á netið þegar við höfum fjallað um hana. Heilbrigðis- og tryggingaefnd þingsins getur fengið hana hvenær sem er til umfjöllunar og ég er tilbúinn að ræða hana áfram hvenær sem vera skal.

[13:56]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að ég skil satt að segja ekkert í sjálfum mér að hafa ekki áttað mig á því eða látið mér detta í hug að það kynni að vera skynsamlegt hjá mér að leita ráða hjá Frjálslynda flokknum. Það segir náttúrlega bara það að ég er ekki nógu frumlegur í hugsun til að sú hugsun hafi nokkurn tíma hvarflað að mér og síst af öllu eftir ræðuna áðan.

Þegar við förum yfir fiskveiðistjórnarmálin hér á landi er það auðvitað svo að menn greinir á um ýmislegt í þeim efnum. Hitt er ómótmælanlegt að við höfum byggt fiskveiðistjórnarkerfið upp á þann hátt að áætla hluta af þeim veiðirétti sem við höfum úthlutað til byggðatengdra hluta.

Smábátakerfið var byggt upp í þeim tilgangi og það geta allir menn séð og það vita allir. Í annan stað höfum við byggðakvóta og það var þetta sem ég var einfaldlega að vísa til og vakti talsverða athygli með jákvæðum formerkjum í Noregi þegar ég greindi frá þessu. Ég sagði hins vegar líka að okkur hefði alls ekki tekist vel upp að öllu leyti, og sagði reyndar þvert á móti í mörgum tilvikum. Ég geri mér auðvitað grein fyrir vankönturn og erfiðleikum í sambandi við fiskveiðistjórnarkerfið, menn mega því ekki snúa út úr því sem ég var að segja hér. (Gripið fram í.)

Varðandi það sem ég sagði um síldina þá var ég fyrst og fremst að hvetja til þess að við reyndum að ná samkomulagi um þessi mál. Ég réðist að Norðmönnum fyrir að hafa tekið sér einhliða veiðirétt og reynt að næla sér í meiri síldveiði en eðlilegt var vegna þess að ég hef áhyggjur af því, eins og t.d. hv. 1. þm. Reykv. n., sem hefur margoft bent á hvernig Norðmenn gengu frá norsk-íslenska síldarstofninum á sínum tíma. Ég vil ekki að það gerist aftur og þess vegna hvatti ég til þess að við reyndum að ná samkomulagi. Það er einfaldlega þannig, þegar um er að ræða deilistofn eins og þennan, að við verðum að ná samkomulagi. Það er líka efnahagslega skynsamlegt því að þá getum við dregið úr hinum sóknartengda kostnaði og dæmið sem við höfum fyrir okkur er auðvitað dæmið um kolmunnann þar sem við náðum samkomulagi og ég hvatti til þess að það yrði gert með þeim hætti. Auðvitað mun það leiða (Forseti hringir.) til þess, væntanlega, að við verðum með minna heildarmagn en hagkvæmnin mun vega það upp.

Um fundarstjórn.

Mörg umræðuefni í athugasemdum um störf þingsins.

[13:58]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Ég sé mig knúna til þess að koma hér upp undir liðnum Um fundarstjórn til að reyna að fá botn í það hvernig best megi nýta þann lið sem í þingsköpum heitir Athugasemdir um störf þingsins. Ég held að þegar tvö mál, ég tala nú ekki um ef þau væru þrjú, eru undir í þessum lið sé það síst til að auka skilvirkni eða skýrleika þeirrar umræðu sem fram fer. Það er á kostnað málefnanna. Ég velti því fyrir mér hvað þeir sem horft hafa á þessa umræðu í beinni útsendingu séu nær um þau mál sem hér voru rædd.

Þess vegna beini ég því til hæstv. forseta að það verði tekið upp í forsætisnefnd og á fundum með þingflokksformönnum að farið verði rækilega yfir það á hvern hátt megi best nýta þennan lið um störf þingsins samkvæmt þingsköpum. Hann hefur verið túlkaður með mjög sveigjanlegum hætti og það er gott. Hins vegar verðum við að hafa það þannig að fólki sé almennt skiljanlegt hvað sé hér til umræðu.

[14:00]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir tók það upp hér að verið væri að ræða mörg mál undir þessum dagskrárlið en þannig er nú bara þessi dagskrárliður. Hann er bara um störf þingsins og hver og einn getur tekið upp það sem hann vill ræða. Það sem hefur gerst upp á síðkastið er að þessi liður er orðinn að utandagskrárumræðu, skipulagðri utandagskrárumræðu sem ætti í rauninni að vera undir liðnum Umræður utan dagskrár. Þetta höfum við verið að ræða í forsætisnefnd. Auðvitað þarf að vera einhver dagskrárliður í þinginu þar sem þingmenn geta tekið upp mál og rætt þau, alveg sama hver þau eru. Það á enginn einn rétt á því að taka upp mál undir þessum lið en stjórnarandstaðan virðist líta svo á að þetta sé þeirra dagskrárliður, það er bara þannig, og að ekkert megi ræða nema það sem hv. stjórnarandstaða vill taka upp. Eins og ég sagði þá er þetta í skoðun hjá forsætisnefnd. En þessi liður er ekki utandagskrárumræða þó að búið sé að snúa honum upp í þann lið á hinu háa Alþingi.

[14:01]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Fundarstjórn forseta var að sjálfsögðu óaðfinnanleg í þessu máli. En ég kem hingað til að leggja orð í belg því þetta varðar það hvernig við högum þingstörfum. Það er alveg rétt sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir segir, það hefur sérhver þingmaður rétt til að taka upp þau mál sem hann vill undir þessum lið. Í þeim þjóðþingum sem við höfum mörg heimsótt sem þingmenn blasir það hins vegar við að í þeim langflestum er málum þannig háttað að í upphafi jafnvel hvers dags hafa forustumenn stjórnmálaflokkanna og síðan eftir þeim aðrir almennir þingmenn möguleika á í hálftíma að koma að sjónarmiðum sínum um hvaðeina sem þeim þykir varða hag almennings. Það hefur gert þessi þing lífleg og fjörleg og gerir það að verkum að skoðanaskipti eru örari og meiningamunur á millum stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna eftir atvikum kristallast betur fram. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að taka þennan hátt hér upp.

Hæstv. forseti hefur þingmanna öflugast beitt sér fyrir því að þingsköpin verði tekin til endurskoðunar. Í ræðu hæstv. forseta, þegar hún var kjörin forseti fyrr á þessu þingi, gerði hún það að sérstöku umræðuefni. Ég held að breyting af þessum toga væri nútímaleg og hún væri líka meira í takt við það hvernig fjölmiðlafregnir hafa þróast af störfum Alþingis. Ég tel af því tilefni sem spratt hérna áðan að þetta ættu þingflokkarnir að sameinast um ef hægt væri. Ég er líka viss um að þessi háttur mundi með vissum hætti hleypa hitanum úr þingmönnum, eins og hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni og mér. Það kynni því vel að vera að þingstörfin yrðu fyrir vikið greiðari og auðveldari og við hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson héldum hugsanlega færri ræður af öðrum tilefnum.

[14:03]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil blanda mér í þetta líka af því mér finnst þessi þróun í þingsal vera mjög athyglisverð. Þessar umræður eru að breytast í utandagskrárumræður, athugasemdir um störf þingsins, og núna var svona blandí-poka-umræða áðan. Það voru tveir stjórnarandstæðingar, sem mega auðvitað tala hér eins og þeir vilja, en þeir voru báðir að kúska ráðherra til. Annars vegar var verið að kúska hæstv. heilbrigðisráðherra til, saka hann um að stinga skýrslu undir stól. Og hins vegar var verið að kúska hæstv. sjávarútvegsráðherra til vegna ræðu sem hann hélt í Noregi.

Þetta eru ekki mál sem eru til vinnslu í þinginu. Þetta er því að breytast í utandagskrárumræðu. Ráðherrar eru varaðir við. Það er ákveðið hver á að fara í umræðuna o.s.frv. Það er enginn munur orðinn á þessu og utandagskrárumræðu.

Ég held því að það þurfi virkilega að endurskoða þennan lið. Við eigum að kalla hlutina réttum nöfnum og taka þessar umræður undir liðnum umræður utan dagskrár. Mér finnst vel koma til greina að breyta algerlega þingstörfum eins og kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Það má vel vera að við þurfum að breyta þeim og hafa formið eitthvað léttara hér í upphafi. En þá eigum við ekki að kalla það athugasemdir um störf þingsins, nema að það séu slíkar athugasemdir. Það á ekki að vera að kúska ráðherra hér hægri vinstri undir liðnum athugasemdir um störf þingsins. Þá erum við að kalla hlutina röngum nöfnum, virðulegi forseti.

[14:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Það var samkomulag á milli þingflokksformanna að unnt væri að taka hér upp málefni sem væru í brennidepli undir liðnum athugasemdir um störf þingsins, sem yrðu nokkurs konar utandagskrárumræða vegna þess að þegar menn hafa verið að biðja um utandagskrárumræður um mál sem eru í brennidepli höfum við þurft að bíða kannski í hálfan mánuð, þrjár vikur, mánuð, eftir að koma málinu að. Þá er augnablikið löngu liðið sem þurfti að ræða málið.

En ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég var að tala um störf þingsins í þessu máli mínu áðan. Vegna þess að upplýsingar hafa komið frá sérfræðingum ríkisstofnunar sem heyra undir hæstv. heilbrigðisráðherra um það hvernig lagasetning héðan og reglugerðir sem eru heimilaðar héðan, hafa bitnað á þeim sem þurfa á þjónustunni að halda. Þetta eru upplýsingar sem hafa ekki verið mönnum aðgengilegar, þessi samantekt, fyrr en núna, segir hæstv. ráðherra, þó þetta sé ekki komið á netið. Ég var að óska eftir að þingið kæmi að þeirri vinnu. Þetta yrði skoðað í þeirri nefnd sem málið varðar sem er heilbrigðis- og tryggingarnefnd. Hún tæki þessa skýrslu til skoðunar. Fengi um hana allar upplýsingar og mundi síðan meta hvort ætti að gera einhverjar lagabreytingar í kjölfarið.

Ég var ekki að segja, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, að hæstv. ráðherra hefði stungið þessum upplýsingum undir stól, heldur sagði ég að slíkum upplýsingum mætti ekki stinga undir stól því það er skylda okkar þingmanna þegar koma svona alvarlegar athugasemdir um lagasetningu héðan, þá ber okkur að fara yfir hana og athuga hvort ástæða sé til að gera á henni breytingar, sem ég er sannfærð um að þurfi að gera. En við þurfum auðvitað að vega það og meta í heilbrigðis- og tryggingarnefnd hvernig við gerum það. Því eins og lagasetningin er í dag gagnast hún ekki öllum sem þurfa á þeim stuðningi að halda sem almannatryggingarnar ættu að bjóða upp á.

[14:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur komið fram stendur nú yfir endurskoðun á þingsköpum undir skilvirkri forustu hæstv. forseta, Sólveigar Pétursdóttur. Ég held að það sé í rauninni full ástæða til af mörgum orsökum og það hvernig þessi liður, um störf þingsins, hefur þróast segir okkur að full ástæða er til að hafa einhvern slíkan lið þar sem þingmenn geta talað um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu því greinilega er mikil ósk um það frá þingmönnum. Við getum hins vegar velt því fyrir okkur hversu mikil nauðsyn er á því vegna löggjafarstarfa þingsins að hafa slíkan lið. En þetta er hins vegar sá vettvangur pólitískrar umræðu sem við auðvitað viljum hafa. Eins og þessi liður er núna er málfrelsi allra þingmanna að taka til máls undir þeim lið. Og í sjálfu sér erfitt að stýra því og forseti getur í sjálfu sér ekki gert annað en að taka menn á mælendaskrá eftir því sem þeir biðja um orðið.

En það segir okkur að ef við viljum hafa skilvirka umræðu þar sem menn geta skipst á skoðunum þarf að vera einhver heimild til að skipuleggja það betur. Ég er alveg sammála því sem hér hefur komið fram að umræður utan dagskrár eru kannski ekki að skila því hlutverki sínu eins og til var ætlast í upphafi vegna þess einfaldlega að þær eru það margar óskirnar sem koma fram um hin aðskiljanlegustu málefni sem oft má velta fyrir sér hvort eigi ekki betur heima á þingskjölum og í venjulegri vinnu þingsins. En sá liður hefur aftur á móti færst meira frá því að fjalla um það sem efst er á baugi í þjóðfélaginu.

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað orðið þannig að full ástæða er til að endurskoða þingsköpin og ég vænti mikils af því undir forustu forseta að við náum góðri lendingu í þessu.

[14:10]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér um fundarstjórn forseta. Í raun og veru finnst mér það hálfóskiljanleg umræða því það var ekkert athugavert við fundarstjórn forseta hér áðan. Alls ekki, ekki á nokkurn hátt. Hins vegar sýnist mér að þessi umræða ætli að fara að snúast um þingsköpin og hvernig þau eru í framkvæmd. Við tökum þau fyrir undir liðnum um fundarstjórn forseta. Við ættum kannski að taka það upp undir öðrum lið, en hvað um það. Ég verð að segja að ég skil ekki alveg þessa umræðu. Mér finnst þessi liður, athugasemdir um störf þingsins eins og hann er í dag bara allt í lagi. Bara í góðu lagi. Þetta er tækifæri þingsins til að ræða þau þjóðmál sem eru ofarlega eða efst á baugi á hverjum tíma og í þjóðfélaginu eins og það er orðið í dag í þeim mikla hraða sem er á öllu. Þá er þetta mjög dýrmætt tækifæri fyrir þingmenn að kveðja sér hljóðs á Alþingi um mál sem skipta fólk máli, ef svo má segja. Það er ekkert athugavert við það þó hér kannski örsjaldan, þetta gerist örsjaldan, dúkki upp tvö umræðuefni undir þessum lið, um störf þingsins. Það er ekkert að því. Ekki nokkur skapaður hlutur.

Ég geld mjög varhuga við því að farið verði út í að skerða málfrelsi þingmanna, rétt þingmanna til að kveðja sér hljóðs í þessum sal með einhverjum hætti. Ég leggst alfarið gegn því. Það mun ég gera í störfum mínum. Ég mun standa vörð um þennan rétt þingmanna. Það er mjög varhugavert að fara að hrófla við því. Það er ekkert athugavert við að talað sé um þætti eins og t.d. hvað ráðherra segir á

erlendum opinberum vettvangi eða að hér sé talað um aðra skýrslu sem annar ráðherra ber ábyrgð á, að hér sé talað um einhverja aðra þætti en varða störf ráðherranna. Við erum að ræða um störf þingsins. Ráðherrar eru þingmenn. Störf þeirra hljóta öðrum þræði að snúast um störf þingsins.

Þessi liður, umræða um störf þingsins, hefur ekkert þróast út í neina vitleysu. Alls ekki. Ég veit ekki hvað hv. þingmenn eiga við þegar þeir eru að dylgja um slíkt. Vilja þeir að þessi liður snúist eingöngu um umræður um sjálf þingsköpin? Er það það sem fólk er að sækjast eftir? Hvað er það raunverulega sem fólk er að tala um? Fólk verður að tala skýrar svo við hin sem viljum standa vörð um málfrelsi þingmanna áttum okkur á hvað fólk er að fara. Ég get vel skilið að stjórnarliðar séu oft pirraðir á stjórnarandstöðunni. Það er bara hið besta mál. Það er hlutverk stjórnarandstöðunnar að veita stjórnvöldum og stjórnarliðinu aðhald á hverjum tíma. Til þess er þessi liður notaður. Þar af leiðandi er ekkert óeðlilegt að stjórnarandstaðan sé miklu málglaðari til að nota einmitt þetta tækifæri til að gagnrýna stjórnarliðið. Það er ekkert athugavert við það. En að sjálfsögðu hafa stjórnarþingmenn líka fullan rétt til þess að kveðja sér hljóðs um störf þingsins til að mynda að ræða ýmislegt sem stjórnarandstæðingar eru að gera. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég hef oft og tíðum saknað þess, og ég tel að stjórnarþingmenn mættu í raun og veru vera miklu duglegri í umræðum hér á þingi, bæði til að ræða sjálf þingmálin en líka til að kveðja sér hljóðs um störf þingsins.

[14:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Svo það sé alveg skýrt í þessari umræðu var ég að gera athugasemd við fundarstjórn forseta vegna þess að það var fleira en eitt mál undir í liðnum um athugasemdir um störf þingsins. Ég tel það hvorki gera þingstörfin skýrari né sé málefnunum til framdráttar að stýra fundi með þeim hætti. Þess vegna beindi ég því til forsætisnefndar og þingflokksformanna að athuga með hvaða hætti mætti greiða úr þessu. Hvað síðan hefur verið sagt um utandagskrárumræður og annað í störfum þingsins má auðvitað segja að þegar þessi liður um störf þingsins endar oftast með því að hæstv. ráðherrar fái síðasta orðið, þá er liðurinn ekki orðinn mjög ólíkur utandagskrárumræðum.

Vegna þess sem sagt var um málgleði stjórnarandstöðuþingmanna er, held ég, hollt fyrir alla hér að hafa í huga að stjórnarliðar verða ekki alltaf stjórnarliðar og stjórnarandstöðuþingmenn verða ekki alltaf stjórnarandstöðuþingmenn. Hv. þingmenn verða að hafa þá yfirsýn að geta hugsað málið án tillits bara til sín eða síns flokks, heldur til starfa þingsins í heild.

[14:14]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel reyndar að þessi liður hafi kannski verið gagnrýndur meira en ætti að gera. Ég tel að þetta sé mjög nauðsynlegur liður í störfum þingsins. Hv. þm. Halldór Blöndal þróaði þennan lið þegar hann var forseti og hann á heiður skilinn fyrir það. Þess vegna á þessi umræða líka heima undir fundarstjórn forseta, um hvernig þessi liður fer fram.

Ég get í sjálfu sér alveg fallist á og mér finnst eðlilegt að menn taki þetta til skoðunar við endurskoðun á þingsköpunum sem stendur yfir núna. En ég legg mikla áherslu á að þessi umræða fái að halda sér. Hún er auðvitað að taka við í raun og veru af utandagskrárumræðum. Það er ekkert athugavert við það. Ég get ekki betur séð en að það sómi sér á margan hátt betur. Það er val margra þingmanna að fara frekar undir þessum lið upp með mál sem þeim brennur á hjarta en að óska eftir utandagskrárumræðum. Það þurfa menn að skoða í sambandi við endurskoðun á þingsköpunum. Það að fleiri mál blandist hérna saman er á okkar ábyrgð sem hér störfum og það verður bara að hafa sinn gang stundum. Ekki getur forseti skipulagt það undir umræðunni sjálfri. Það mundi aldrei ganga upp vegna þess að það eru svo margir sem biðja kannski um orðið í einu málinu af þeim sem um er beðið að ræða. Það yrði þá að skera aftan af þeirri mælendaskrá til að búa til rými fyrir hitt málið á eftir. Þetta gengur ekki. Ég held þess vegna að hæstv. forseti hafi farið hárrétt að. Það er hins vegar okkar sem hér erum að vanda okkur þegar við biðjum um umræðu um málefni af þessu tagi og það er m.a. spurningin: Hvenær biður viðkomandi um orðið, ef hann ætlar að tala um annað en sá sem fyrst fékk það? Það er möguleiki til að hafa áhrif á hvernig málið ræðist undir þessum lið. Ég beini því til manna að velta því fyrir sér þegar þeir vilja ræða fleiri en eitt mál í sölum Alþingis undir þessum lið.

[14:17]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill af þessu tilefni lesa upp úr þeirri grein þingskapa sem menn hafa rætt um undir heitinu Athugasemdir um störf þingsins. Það er 3. mgr. í 50. gr. þingskapa og hljóðar svo:

„Í upphafi fundar, áður en gengið er til dagskrár, geta þingmenn gert athugasemdir er varða störf þingsins. Enginn má tala oftar en tvisvar og ekki lengur en tvær mínútur í senn. Umræður um athugasemdir mega ekki standa lengur en í tuttugu mínútur."

Þetta ákvæði er alveg skýrt.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. HHj o.fl., 55. mál (samráð við Alþingi um stuðning við stríð). — Þskj. 55.

[14:18]

Flm. (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til breytinga á stjórnarskipunarlögum, nr. 33/1944, betur þekkt sem stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Frumvarpið er auk mín flutt af þingflokki Samfylkingarinnar, alls 20 hv. þingmönnum, og snýr að breytingum á 21. gr. stjórnarskrárinnar.

Það er merkilegt að við setjum í lög ákvæði um jafnvel hið smæsta sem við gerum, hvað við megum og hvernig við megum gera það en við kveðum hvergi á um það í lögum

hvernig standa megi að aðild Íslands að stríðsrekstri eða stuðningi Íslands við árás á aðrar þjóðir. Þó er það þannig að ákvörðun um að fara með stríði á hendur öðrum þjóðum er einhver alvarlegasta og stærsta pólitíska ákvörðun sem hægt er að taka. Þó höfum við engan skýran lagaramma um það. Trúlega hafa höfundar stjórnarskrárinnar ekki haft hugmyndaflug til að ímynda sér að okkar litla herlausa þjóð mundi eiga aðild að átökum með beinum hætti en þó hefur það gerst. Við getum tekið sem dæmi árásirnar á Kosovo 1999 og auðvitað umdeildustu ákvörðunina, stuðning okkar við innrásina í Írak, þegar við vorum af einum eða tveimur mönnum í bakherbergjum einhvers staðar sett á lista hinna viljugu þjóða og þar með gerð ábyrg fyrir innrásinni í Írak að þinginu forspurðu, að þjóðinni forspurðri.

Gegn vilja mikils meiri hluta þjóðarinnar var sú ákvörðun tekin og þær deilur sem um hana hafa staðið síðan teljum við flutningsmenn að sýni ótvírætt að við þurfum með miklu tryggilegri hætti að setja lagaramma um það hvernig lögmætt sé að taka ákvörðun sem þessa. Það hafa auðvitað mörg af okkar nágrannaríkjum gert, svo sem Danmörk, Svíþjóð, Holland, Þýskaland og af nýfrjálsu ríkjunum eins og Ungverjaland til að mynda. Þar hafa menn jafnvel gengið svo langt að krefjast aukins meiri hluta á þjóðþinginu fyrir jafnalvarlegum aðgerðum og stríðsaðgerðir eru og hvers konar aðild að stríði og á það ákvæði hefur þar reynt.

Í þingskapalögum er að vísu kveðið á um samráðsskyldu hæstv. utanríkisráðherra við utanríkismálanefnd um mikilvægar ákvarðanir í utanríkismálum. En það hvernig staðið var að stuðningi Íslands við innrásina í Írak sýnir svo ekki verður um villst að það eru allt of losaraleg ákvæði, því að enn standa trúlega deilur um hvort samráð hafi verið virt eða ekki, þó að mér blandist ekki hugur um að sú einfalda staðreynd að hæstv. utanríkisráðherra hefur aldrei viljað birta ummæli sín í utanríkismálanefnd um þetta atriði hljóti í sjálfu sér að vera staðfesting á því að utanríkismálanefnd Alþingis hafi aldrei verið upplýst um að þessi aðild okkar að innrásinni í Írak stæði til.

Við hljótum að gera þá kröfu til grundvallarákvarðana, eins og aðild að stríði er, að að þeim sé vel og kirfilega staðið og rétt að skipa því í stjórnarskrá hvað slíkar ákvarðanir þurfa að uppfylla. Þær eru ásamt með því að breyta stjórnskipan landsins sjálfri og því að afsala landinu fullveldi trúlega einhverjar mikilvægustu ákvarðanir sem ein þjóð tekur. Í 21. gr. stjórnarskrárinnar er forseta falið að gera samninga við erlend ríki en heimild hans til að gera þá samninga er takmörkuð að því leyti að honum er óheimilt að afsala sér hluta af landinu eða landhelginni nema með samþykki þingsins. Ætlunin með þessu frumvarpi er að með sama hætti sé honum óheimilt að lýsa yfir stuðningi eða nokkurs konar aðild Íslands að stríði eða stríðsrekstri nema með meiri hluta samþykki Alþingis. Í 13. gr. stjórnarskrárinnar er þetta vald forseta síðan fengið ráðherrum til framkvæmdar en þannig virkar stjórnskipan okkar að ráðherrarnir fara með það vald sem forsetanum er þannig falið.

Það er auðvitað svo að við höfum á Alþingi fjallað um ákveðnar aðstæður sem varða stríðsrekstur. Við höfum þannig tekið á okkur alþjóðlegar skuldbindingar í alþjóðlegu samstarfi sem við erum í. Við höfum gert herstöðvarsamning við Bandaríkin, við höfum gengið í Atlantshafsbandalagið og við höfum skuldbindingar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þær skuldbindingar hafa auðvitað fengið umfjöllun á Alþingi og meirihlutasamþykki og samþykki þessa frumvarps mundi ekki takmarka þær skuldbindingar með neinum hætti. Eftir sem áður værum við skuldbundin í varnarsamstarfi Atlantshafsbandalagsríkja til að líta svo á að árás á eina þjóðina sé árás á okkur og taka þátt í þeim aðgerðum og vera aðilar að þeim aðgerðum sem af því leiðir. Þannig hefði frumvarpið t.d. engin áhrif haft á þá ákvörðun Atlantshafsbandalagsins að lýsa yfir stríði gegn hryðjuverkum í kjölfar árásanna 11. september 2001 í Bandaríkjunum, enda voru þær taldar árás á eitt aðildarríki. Þetta ákvæði hefði hins vegar komið í veg fyrir að með einfaldri ákvörðun eins ráðherra hefði verið hægt að lýsa yfir stuðningi við loftárásirnar á Kosovo 1999 og að hægt hefði verið að setja Ísland á lista hinna viljugu þjóða nema þá og því aðeins að Alþingi hefði áður veitt heimild sína fyrir því.

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að samkomulag er um að greiða fyrir afgreiðslu þingmála mun ég láta hér staðar numið í umfjöllun minni um málið en óska eftir að taka til máls aftur í lok umræðunnar.

[14:25]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tek mjög eindregið undir málflutning hv. málshefjanda, 1. flutningsmanns frumvarpsins, Helga Hjörvars. Hann sagði að það væri alvarleg ákvörðun út af fyrir sig að styðja stríðsaðgerðir og undir það vil ég taka með honum og leggja áherslu á að Ísland er vopnlaust, herlaust land og á ekki að taka þátt í stríðsaðgerðum. Það er hins vegar staðreynd að Ísland er hluti af hernaðarbandalaginu NATO og hefur af þeim sökum, og vegna pólitískrar afstöðu íslenskra ráðamanna á síðustu árum, flækst inn í hernaðaraðgerðir og stutt þær beint og óbeint. Í greinargerð með þessu frumvarpi eru tekin sem dæmi um þetta, bæði hernaðaraðgerðirnar í Kosovo á Balkanskaganum árið 1999 og síðan innrásin í Írak árið 2003. Reyndar má tína til fleiri dæmi, enda vék hv. málshefjandi Helgi Hjörvar að því, árásinni á Afganistan haustið 2001. Þá kom hæstv. þáverandi utanríkisráðherra í ræðustól og sagðist hafa fyrir því óyggjandi sannanir að hryðjuverkasamtökin Al Qaeda hefðu borið ábyrgð á hryðjuverkunum og fjöldamorðunum í New York í septemberbyrjun það ár. Ég hef gengið eftir því að fá fram upplýsingar um þessi sönnunargögn hér á þinginu og á opinberum vettvangi í blaðagreinum og mun ganga nánar eftir því í fyrirspurnum á þinginu. Ég nota þetta tækifæri til að boða slíkt.

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa mjög eindregnum stuðningi við þetta frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hér er verið að slá inn mjög mikilvægan varnagla gegn stjórnvöldum eins og þau hafa hagað sér og vísað er í það í greinargerð með frumvarpinu að vissulega séu slíkir varnaglar fyrir hendi að því leyti að í þingskapalögum sé kveðið á um samráð ríkisstjórnar við Alþingi og þá utanríkismálanefnd áður en þjóðin er skuldbundin á nokkurn hátt. Ég tek undir með hv. málshefjanda að ég, eins og hann, er sannfærður um að þessi lög hafa ekki verið virt í aðdraganda ákvörðunar ríkisstjórnar Íslands að lýsa yfir stuðningi og gera okkur þátttakendur í árásinni á Írak árið 2003. Ég

hef kynnt mér málavöxtu mjög rækilega, bæði það sem ráðamenn sögðu í fjölmiðlum á Alþingi og ég hef gengið eftir því að fá upplýsingar um hvað gerðist í utanríkismálanefnd áður en þessi ákvörðun var tekin og hef sannfærst algerlega um að þingskapalög voru brotin í þessu tilviki.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð önnur en þau að ég ítreka mjög eindreginn stuðning við þetta frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

[14:30]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég lýsi ánægju minni með þetta frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem hv. þm. Helgi Hjörvar er 1. flutningsmaður að. Það er grundvallaratriði að stjórnarskránni verði breytt þannig að samþykki Alþingis þurfi áður en heitið er þátttöku eða stuðningi Íslands í stríði gegn öðru ríki, og reyndar þætti mér, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, mjög eðlilegt að krafist yrði aukins meiri hluta á þjóðþinginu.

Það er hárrétt sem hér kemur fram að öryggis- og varnarmál eiga ekki aðeins að lúta leikreglum lýðræðisins, þeim er ætlað að verja og varðveita lýðræðisskipan okkar. Þegar einn eða tveir menn geta ákveðið að við förum í stríð, séum aðilar að stríði gegn annarri þjóð, þá er það auðvitað stóralvarlegt mál, en við vorum einmitt sett á lista hinna viljugu þjóða sem þeir sjálfir kölluðu lista hinna staðföstu þjóða, og þjóðin var upplýst um það eftir á, þrátt fyrir að augljóst væri að 80–90% þjóðarinnar væru algerlega andvíg því að fara í stríð gegn Írak.

Hvert er það stríð nú komið? Það er nefnilega enn þá háð í dag og er að breytast í borgarastyrjöld, blóðugt og viðbjóðslegt stríð sem við erum ábyrg fyrir, íslenska þjóðin, vegna þess að einn maður eða kannski tveir ákváðu það upp á sitt eindæmi án þess að hafa samráð við utanríkismálanefnd þingsins, hvað þá þingið eða þjóðina. Við horfum upp á pyndingar á föngum, pyndingar á unglingum sem eru að mótmæla yfirráðum Breta og Bandaríkjamanna í Írak, og þeir félagar Bush og Blair eru að fremja sömu glæpi gegn Írökum og Saddam Hussein var sakaður um af þeim sjálfum gegn þjóð sinni. Þetta er auðvitað grafalvarlegt mál og þess verður lengi minnst að við vorum sett í þennan forarpytt. Megi það aldrei aftur verða að íslensk þjóð sé leidd út í þvílíkan viðbjóð.

[14:33]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar alveg sérstaklega fyrir að hafa haft sitt góða frumkvæði að því að leggja fram þetta frumvarp til breytinga á stjórnarskipunarlögum Íslands. Atburðarás síðustu ára hefur sýnt svo ekki verður um villst að það er mikil þörf á því að setja inn í stjórnarskrána ákvæði sem fortakslaust meinar stjórnvöldum að leggja samþykki eða fylgi Íslendinga við stríðsrekstur án þess að fyrir liggi að meiri hluti kjörinna fulltrúa þjóðarinnar hafi gefið samþykki sitt við því. Hugsanlega var aldrei, eins og hv. þingmaður sagði í ræðu sinni þegar hann fylgdi sinni ágætu tillögu úr hlaði, hugsað fyrir þessu á þeim tíma þegar landsfeðurnir 1944 lögðu fram það frumvarp sem síðan var samþykkt af þjóðinni sem stjórnarskrá lýðveldisins. Á þeim tíma voru Íslendingar herlaus þjóð og við höfum alltaf litið á okkur sem herlausa þjóð. Af þeim sökum hefur það verið svo víðs fjarri hugsun Íslendinga að sú staða kynni að koma upp að við mundum hugsanlega leggja okkar formlega stuðning við innrásarstyrjöld gagnvart varnarlausri þjóð víðs fjarri heimalöndum okkar að það var aldrei reifað á hinu háa Alþingi fyrr að þessa væri brýn nauðsyn.

Okkar formlegi stuðningur, sem aldrei skyldi verið hafa við hina skelfilegu innrás í Írak, hefur hins vegar fært okkur heim sanninn um að það er mikil þörf á að reisa traustar skorður við því að landsfeðurnir geti nokkru sinni aftur tekið slíka ákvörðun. Sú atburðarás sem leiddi til þess að Ísland fór á hinn svokallaða lista hinna viljugu, sem við höfum frekar kosið, í stjórnarandstöðunni og víðar, að kalla lista hinna vígfúsu, sýnir að lögin og stjórnarskráin eru ekki nægilega traustverð í þessum efnum.

Hv. þingmenn sem töluðu hér á undan hafa báðir, þ.e. fyrir utan hv. framsögumann, lagt á það sérstaka áherslu að allt bendir til þess að lög hafi verið brotin við þá ákvörðun. Það kemur skýrt fram í lögum að ríkisstjórn Íslands beri að hafa samráð við utanríkismálanefnd þegar hún tekur mikilvægar meiri háttar utanríkispólitískar ákvarðanir. Það samráð var aldrei haft. Miklu fremur má segja að núverandi hæstv. forsætisráðherra hafi í reynd blekkt þjóðina með afstöðu sinni. Við munum að alveg fram að þeim tíma að yfirlýsingin kom fram hafði hæstv. núverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, sem þá gegndi embætti utanríkisráðherra, lýst því yfir í fjölmiðlum að hann væri að svo stöddu ekki fylgjandi innrásinni. Hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson sagði þá að hann teldi að gefa ætti vopnaeftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna, undir forustu Hans Blix, lengri tíma til að leita af sér grun.

Hvað var það sem leiddi til þess að Íslendingar tóku þessa ákvörðun og kné hæstv. núverandi forsætisráðherra kiknuðu þegar þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, lagðist á hann? Atburðarásin liggur alveg fyrir. Sendiherra Bandaríkjanna hafði samband við hæstv. þáverandi forsætisráðherra og var að skrölta uppi í Stjórnarráði kvöldið og nóttina sem þessi ákvörðun var tekin. Í kjölfarið hefur komið í ljós að hún var tekin án þess að gengið væri úr skugga um að fyrir lægi meirihlutastuðningur ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. landbúnaðarráðherra, sem er varaformaður Framsóknarflokksins, hefur opinberlega deilt á þessa ákvörðun og hann hefur sagt að formlegt samþykki ríkisstjórnarinnar hafi aldrei legið fyrir. Hv. formaður þingflokks framsóknarmanna, Hjálmar Árnason, hefur sömuleiðis áfellst sjálfan sig fyrir að hafa ekki tekið fastar á því máli þegar í ljós kom að ríkisstjórnin hafði bundið formlegt samþykki Íslands við innrásina. Ýmsir aðrir hv. þingmenn úr Framsóknarflokknum hafa sömuleiðis látið í ljós efasemdir um að þetta hafi verið rétt. Ég dreg í efa að þessi ákvörðun hefði notið samþykkis meiri hluta ef hún hefði verið borin undir Alþingi. Mér er það mjög til efs að meiri hluti íslenskra alþingismanna hefði samþykkt innrásina í Írak á þeim forsendum sem í hana var ráðist og við þær aðstæður sem þá ríktu. Síðar kom í ljós, frú forseti, að ef menn hefðu gefið sér meiri tíma þá hefði uppgötvast að í Írak voru engar forsendur fyrir innrásinni. Við munum að

núverandi hæstv. forsætisráðherra og þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins gaf bara eina ástæðu fyrir samþykki sínu við innrásina. Hún var sú að í Írak væri að finna gereyðingarvopn. Í ljós kom að þar var hvorki tangur né tetur af neinum slíkum vopnum og einu merkin um vopn sem hægt væri að fella undir hugtakið gereyðingarvopn voru leifar efnavopna sem búin voru til í Írak með stuðningi bæði Bandaríkjanna og þó sérstaklega Bretlands. Allt var þetta reifað í frægri afsagnarræðu Robins Cooks heitins sem var leiðtogi breska þingsins á þessum tíma og sagði sig úr ríkisstjórninni sökum andstöðu sinnar við Bush. Sá ágæti stjórnmálaskörungur, sem nú er ekki lengur á meðal okkar, lýsti því nákvæmlega að þær upplýsingar sem stjórn Breta hafði þá undir höndum bentu alls ekki til þess að gereyðingarvopn væru í landinu.

Þá spyr ég, frú forseti: Hvernig gætu þá íslensk stjórnvöld hafa komist að þessari niðurstöðu? Jú, þau hafa hugsanlega látið einhverja útlenda sendimenn, hugsanlega sendiherra Bandaríkjanna, ljúga sig fulla um þetta. Ég get ekki fullyrt um það. Hitt fullyrði ég að núverandi hæstv. forsætisráðherra brást þeirri sjálfsögðu rannsóknarskyldu sem á honum hvíldi þá sem forustumanni okkar í utanríkismálum, því að hann gerði ekkert til að ganga úr skugga um hvaða hald væri í þeim upplýsingum sem hann taldi benda til að gereyðingarvopn væri að finna. Hann hefði t.d. í krafti aðildar Íslands að Sameinuðu þjóðunum geta leitað sér upplýsinga beint hjá yfirmanni vopnaeftirlitsins, Hans Blix. Það gerði hann ekki.

Því miður, frú forseti, var þessi atburðarás öll hin hraklegasta og það má segja að hún hafi loksins náð nýjum hæðum eða hugsanlega nýrri lægð þegar hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson lýsti því yfir fyrr á þessum þingvetri í viðtali við Blaðið að hefði hann á þeirri stundu sem hann tók ákvörðunina ásamt Davíð Oddssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, haft í höndum þær upplýsingar sem síðar hafa komið fram hefði hann ekki gefið samþykki sitt við innrásinni í Írak. Með öðrum orðum, frú forseti, það er ekki hægt að draga aðra ályktun af orðum og yfirlýsingum hæstv. forsætisráðherra en þá að hann telji nú að það hafi verið stórfelld mistök af sér að hafa samþykkt að Ísland styddi innrásina í Írak. Það er ákaflega mikilvægt að hafa þetta fyrir framan okkar sem óhagganlega staðreynd þegar við ræðum þetta mál í dag, ekki vegna þess að við getum skrúfað söguna til baka og bætt fyrir þær misgerðir sem við höfum unnið, heldur vegna þess að þetta sýnir í hnotskurn að sú tillaga sem hv. þm. Helgi Hjörvar hefur reifað á Alþingi í dag á meira en fullan rétt á sér. Hún er beinlínis brýn nauðsyn til að koma í veg fyrir að tveir menn, án rannsóknar, án þess að hafa nokkrar upplýsingar, beinlínis bindi heila þjóð eins og okkur, herlausa og vopnlausa og hlutlausa, við innrás í fjarlægt ríki. Það má aldrei verða aftur, frú forseti. Það er af þessum sökum sem tillaga hv. þm. Helga Hjörvars og annarra þingmanna Samfylkingarinnar á beinlínis brýnan rétt á því að hljóta samþykki Íslendinga og Alþingis.

Frú forseti. Ég verð að segja að mér stendur hálfvegis stuggur af því að hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra skuli ekki koma á hið háa Alþingi til jafnmikilvægrar umræðu og við erum að heyja í dag. Hér er verið að ræða grundvallaratriði. Hér er verið að reifa og ræða tillögu sem beinlínis byggist á því að reyna að koma í veg fyrir að þau mistök sem þessir menn, forustumenn stjórnarflokkanna, hafa gert sig seka um verði endurtekin. Ég hefði viljað hafa hæstv. utanríkisráðherra viðstaddan þessa umræðu, formann Sjálfstæðisflokksins, til að fá tækifæri til að spyrja hann hvort hann sé sömu skoðunar og hæstv. forsætisráðherra lét uppi í haust að innrásin í Írak hefði verið mistök, því það er eitt af því sem við eigum eftir að fá svör við á hinu háa Alþingi áður en hægt er að leggja það mál endanlega til hvílu.

Að lokum, frú forseti. Við Íslendingar berum vegna þessarar löglausu, siðlausu ákvörðunar tveggja forustumanna íslensku þjóðarinnar okkar siðferðilegu ábyrgð á þeim hörmungum sem innrásin hefur kallað yfir Írak. Því má ekki gleyma.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti biður hv. þingmann um að gæta orða sinna. Ef forseti heyrði rétt þá talaði hann um löglausa og siðlausa ákvörðun forustumanna ríkisstjórnar.)

Frú forseti. (**Gripið fram í:** Málið var ekki kynnt fyrir utanríkismálanefnd.) Ég hef í ræðu minni sem hefur staðið núna á annan tug mínútna fært fyrir því sterk rök að sú ákvörðun sem hinir tveir forustumenn sem ég hef hér nefnt tóku án samráðs við Alþingi sé löglaus. Sú skoðun mín hefur mörgum sinnum verið kynnt á hinu háa Alþingi og forsetar hafa aldrei sett ofan í við mig fyrir það áður. Ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem sett hefur verið ofan í við mig af forseta Alþingis á 15 ára þingmennskutíð. Það liggur alveg ljóst fyrir, og ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hæstv. forseta, að í lögum um þingsköp segir fortakslaust að hafa beri samráð við utanríkismálanefnd um meiri háttar utanríkispólitískar ákvarðanir. Ég hef aldrei á þingferli mínum staðið andspænis nokkurri ákvörðun stjórnvalda sem hægt er að segja að sé alvarlegri eða dýpri en þessi ákvörðun. Það liggur alveg ljóst fyrir að ekki var haft samráð við hv. utanríkismálanefnd. Það hefur mörgum sinnum komið fram í þessum sölum, það hefur verið rætt í utanríkismálanefnd og við höfum farið og skoðað fundargerðir utanríkismálanefndar og það liggur alveg ljóst fyrir eftir þá rannsókn, og því hefur ekki verið mótmælt, að þetta var ekki gert. Það er af þeim sökum sem ég get ekki annað en komist að þeirri niðurstöðu, hvað sem tilfinningum og viðhorfum hæstv. forseta líður, að þetta var löglaus ákvörðun. Ég tel það, ég tel að lög hafi verið brotin.

Sömuleiðis er ég þeirrar skoðunar að þegar þjóð tekur þátt í styrjöld vitandi vits, eins og við gerðum með formlegu samþykki ráðamanna, hljótum við að bera siðferðilega ábyrgð á þeim hörmungum sem sú styrjöld leiðir af sér. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að í breska læknaritinu The Lancet hafa verið birtar rannsóknir sem benda til þess að af völdum styrjaldarinnar í Írak, sem þó er ekki lokið, hafa fast að 100 þúsund írakskir borgarar dáið, flestir saklausir. Ég tel að Íslendingar beri á því móralska ábyrgð. Fyrir mína hönd var þessi ákvörðun tekin að mér forspurðum en ég get samt ekki sem íslenskur þegn skotið mér undan þeirri ákvörðun. Ég hef hins vegar reynt að skýra hana á alþjóðavettvangi. Ég tók t.d. þátt í því að auglýsa ákveðna afstöðu í bandarísku stórblaði til að skýra það að þrátt fyrir að Íslendingar hefðu formlega verið bundnir við þessa

ákvörðun þá væri vilji þjóðarinnar, a.m.k. fjölmargra þegna hennar, allt annar.

Frú forseti. Ég tel því í fyrsta lagi að tillaga hv. þm. Helga Hjörvars sé brýn og eigi ríka þörf og í öðru lagi er ég þeirrar skoðunar sem ég sagði áðan, og verða það mín lokaorð, að þessi ákvörðun var löglaus og hún var siðlaus.

[14:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er um mál að ræða sem ég er sannfærður um að meiri hluti þjóðarinnar styður. Ég er nokkuð viss um að ef þingmenn létu samvisku sína ráða, hver og einn, væri meiri hluti á þingi fyrir þessu máli en það er eins og að flokksaginn ráði mjög miklu, menn séu teymdir út í ógöngur og jafnvel stuðning við stríð í fjarlægum heimshlutum þvert á samvisku sína. Maður heyrir a.m.k. menn missa af og til út úr sér að þetta hafi verið óráð. Ég minnist þess t.d. að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi í einum þættinum haft orð um einhverjar efasemdir um þessar aðgerðir íslenskra stjórnvalda en síðan hafi hann mætt í þingsalinn og þá hafi verið búið að kúska hann til og eftir það sagði hann sína skoðun í takt við flokksforustuna.

Ég er á því að þetta sé mjög gott mál sem þingið ætti að samþykkja og það væri örugglega mikill léttir fyrir stjórnvöld að hafa svona samþykkt á bak við sig. Þegar erlendir sendimenn voldugra ríkja, svo sem eins og Bandaríkjanna, pressa viðkomandi ráðherra til að styðja eitthvað sem er vafasamt og jafnvel þvert á samvisku viðkomandi hæstvirtra ráðherra gæti verið mjög gott að hafa einmitt þetta skjól fyrir viðkomandi ráðherra sem gætu sagt: Þetta þarf að fara fyrir þingið. Það er eins og að menn hafi einfaldlega misst móðinn til að vera á móti þessu stríði, á móti ofureflinu, þessum voldugu ríkjum, þegar á hólminn var komið.

Við verðum líka að líta til þess að sumir hv. ráðamenn missa fótanna. Ég vil minnast sérstaklega á hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson af þessu tilefni, hann hefur fest í vitleysunni, jafnvel leitað að réttlætingu þessara mistaka sinna í staðinn fyrir að koma hingað í ræðustól og segja einfaldlega að hann hafi gert mistök, sjái eftir því og biðji þjóðina afsökunar á gjörðum sínum. Menn hafa ekki kjark til þess og það er mjög miður.

Það var t.d. sorgardagur hér þegar starfsmenn íslenska ríkisins fundu eitthvað sem þeir töldu að væru efnavopn. Þá var að heyra að ráðamenn þjóðarinnar væru sigri hrósandi yfir fundinum. Þetta er mjög vafasamt og ég er á því að samþykkt þessa frumvarps mundi auðvelda ráðherrum framtíðarinnar störf sín.

[14:50]

Flm. (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafði á orði að einkennilegt væri að forustumenn ríkisstjórnarinnar væru ekki hér til viðræðu um jafnmikið grundvallarmál og breytingu á stjórnarskránni sem lyti að mikilvægum ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefði tekið. Ég held að það sé engin ástæða til að undrast. Ég held að við vitum öll að þeir skammast sín fyrir innrásina í Írak og þeir eru löngu hættir að geta varið hana, stjórnarliðarnir á Alþingi. Hún er viðkvæmt mál, svo viðkvæmt mál að hér varð hv. þm. Össur Skarphéðinsson fyrir því í fyrsta sinn á 15 ára ferli sínum á Alþingi að vera áminntur fyrir að kalla þetta stríð löglaust og siðlaust. Það er greinilega viðkvæmt að fjalla um þessa ákvörðun og það er eðlilega viðkvæmt vegna þess að það er óeðlilegt að einn eða tveir menn geti tekið þá ákvörðun fyrir heila þjóð að eiga aðild að innrásarstríði. Öðru máli gegnir um sameiginlegar varnarskuldbindingar okkar Atlantshafsbandalagsþjóðanna þegar verið er að verjast árásum, en að einn eða tveir menn geti tekið ákvörðun um að ráðast gegn alþjóðalögum og án samráðs við utanríkismálanefnd, inn í annað ríki eða styðja innrás inn í annað ríki eins og gert var í málinu varðandi Írak sýnir okkur svo að ekki verður um villst að við höfum allt of veika lagaumgjörð um grundvallarákvarðanir eins og þessar.

Ég held að við ættum kannski ekki að elta allt of mikið ólar við það sem gerst hefur í fortíðinni. Ég held að allir skynsamir menn geti verið sammála því að mikilvæg ákvörðun eins og innrás í annað ríki sem getur haft í för með sér dauða tugþúsunda manna, jafnvel hundruð þúsunda manna, getur haft áhrif á öryggi þess ríkis sem ákveður að eiga í innrásinni eða styðja innrásina, getur leitt til hefndaraðgerða o.s.frv., sé ekki tekin nema að undangenginni vandaðri rannsókn og umfjöllun í æðstu stofnun þjóðarinnar, Alþingi Íslendinga. Ég er auðvitað ekki í neinum vafa um það að innrásin í Írak hefði ekki þolað neina rannsókn þjóðþings Íslendinga. Ég held að Alþingi sé of vant að virðingu sinni til að hér hefði nokkurn tíma fengist þingmeirihluti fyrir málinu þó að það sé að vísu þannig að þegar ákvörðunin hafði verið tekin og tilkynnt á alþjóðavettvangi hnekkja stjórnarliðar á þingi, vegna skyldurækni, hollustu og trúfestu, ekki þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið. Það þýðir hins vegar alls ekki að þeir hefðu stutt ákvörðunina ef hún hefði verið borin undir þingið áður en yfirlýsingarnar voru gefnar.

Um margt höfum við í löggjöf okkar talið okkur vera saklausa þjóð, hlutlausa og herlausa langt norður í höfum og fjarri heimsins vígaslóð, eins og skáldið sagði. En það er auðvitað ekki þannig í sísmækkandi heimi. Það sýna þær ákvarðanir sem við höfum á síðasta áratug ítrekað tekið um að styðja og eiga aðild að stríðsaðgerðum. Það sýnir það að við höfum átt vopnaða menn á erlendri grund, í alþjóðaliði á vegum alþjóðlegra stofnana, í kjölfar stríðsaðgerða. Við höfum átt sprengjuleitarmenn í Írak, friðargæsluliða í Afganistan o.s.frv. Við höfum tekið ákvörðun um að styðja árásirnar á Kosovo, við höfum tekið ákvarðanir um að styðja innrásina í Írak.

Það er nauðsynlegt að við lærum af þeim mistökum sem gerð voru með stuðningsyfirlýsingunni við innrásina við Írak sem var tekin í andstöðu við 85% þjóðarinnar, sem var trúlega tekin í andstöðu við þingmeirihluta — að við lærum af þeirri ákvörðun að við þurfum í æðstu réttarheimild íslenska ríkisins, stjórnarskrá Íslands, að kveða skýrt á um það að slíkar ákvarðanir verða ekki teknar nema fyrir tilstuðlan Alþingis og með ályktun Alþingis. Slíka ályktun getur auðvitað meiri hluti þingsins gert. Á því er enginn vafi og til þess kann að þurfa að koma. En það er mikilvægt að sú ákvörðun sé upplýst, hún sé tekin eftir gaumgæfilega skoðun. Við sjáum á þeim ríkjum í kringum okkur sem hafa slík lög að þar eru slíkar ákvarðanir ræddar og rannsakaðar

í þaula af þjóðþingum áður en ákvarðanir eru teknar. Mörg dæmi þess á undanliðnum áratug, og auðvitað enn fleiri lengra aftur í söguna, eru um að þjóðþing hafi lagst gegn því að eiga aðild að aðgerðum, ýmist af siðferðilegum ástæðum, pólitískum eða af ástæðum er varða öryggi ríkisins eða óttа við hefndaraðgerðir, hafa neitað um afnot af flugvöllum, þing sem hafa neitað um afnot af lofthelgi sinni, ríki sem hafa neitað um birgðaflutninga um yfirráðasvæði sitt og auðvitað synjað um aðild og stuðning við stríð.

Um það eru fjöldamörg dæmi og ég held að þegar horft er á þær ákvarðanir sem ein þjóð getur tekið hljóti þrjár að vera hinar þýðingarmestu. Ein er um fullveldið, önnur er um stjórnskipunina sjálfa, þ.e. lýðræðið, og hin þriðja er að fara með stríð á hendur annarri þjóð. Um þessar grundvallarákvarðanir hlýtur æðsta lýðræðisstofnunin í lýðræðisríki eins og Íslandi að þurfa að fjalla og þó að við höfum, herlaus þjóð 1944, ekki borið gæfu til að kveða á um það í stjórnarskránni eigum við að læra af reynslunni og sögunni og festa það nú í stjórnarskrá landsins þannig að aldrei verði aftur tekin ákvörðun um jafnafdrifaríkar aðgerðir á jafnveikum forsendum og gegn jafnstórum meiri hluta íslensku þjóðarinnar eins og ákvörðun Davíðs Oddssonar, þáverandi hæstv. forsætisráðherra, um að gera okkur að einni hinna viljugu eða þurfandi þjóða sem studdu Bandaríkjamenn í innrásinni í Írak.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskólar, 1. umr.

Frv. KolH og SJS, 59. mál (jafnrétti til náms, skólagjöld). — Þskj. 59.

[14:59]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um háskóla, og er flutningsmaður ásamt mér hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Frumvarp þetta er ekki mikið að vöxtum en það varðar réttlæti háskólanema. Það gengur út á það að sjálfseignarstofnunum á háskólastigi og einkareknum háskólum verði óheimilt að innheimta skólagjöld af nemendum sem stunda nám í greinum sem ekki er unnt að leggja stund á í ríkisháskóla, og þar með án skólagjalda.

2. gr. í frumvarpinu er lagatæknilegs eðlis og 3. gr. varðar gildistöku en í greinargerð kemur fram að frumvarpið hafi verið lagt fram á síðasta löggjafarþingi og hafi ekki orðið útrætt. Því er það endurflutt óbreytt.

Forsaga þessa máls er sú að á síðasta löggjafarþingi fóru í gegn lög um afnám laga um Tækniháskóla Íslands sem gengu út á það að Tækniháskóla Íslands var í raun og veru breytt í einkahlutafélag með Háskóla Reykjavíkur. Samruni þessara tveggja skóla kallaði á afar mikla umræðu í þingsölum um sjálfsögð réttlætismál sem tengjast skólagjöldum. Ástæðan var sú að ákveðin námsbraut Tækniháskóla Íslands fyrrverandi var með breytingunni lokuð inni í einkahlutafélagi sem krefst skólagjalda af nemum sínum. Tæknifræðin, sú námsgrein sem um ræðir, er ekki kennd í öðrum háskólum án skólagjalda svoleiðis að þar með lítum við, flutningsmenn þessa frumvarps, svo til að þar með séu þeim sem vilja leggja stund á þessa ákveðnu námsgrein lokaðar leiðirnar nema þeir telji sér fært að greiða þau skólagjöld sem upp eru sett í viðkomandi stofnun.

Frú forseti. Háskólinn í Reykjavík sem Tækniháskólinn heyrir nú undir innheimtir á þessu skólaári um 200 þús. kr. í skólagjöld af nemum sínum í fullu námi. Það stendur til að hækka það um 20 þús. kr. á næsta ári, þ.e. þá verða það 220 þús. kr. sem hver nemi greiðir. Við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs teljum þetta allsendis óásættanlegt. Til að tryggja jafnrétti til náms teljum við að ævinlega verði að vera í boði allar námsgreinar sem kenndar eru hér á landi án þess að fólk sé knúið til að greiða skólagjöld fyrir þær.

Æ fleiri atvinnugreinar gera kröfur um háskólapróf. Sívaxandi hluti hvers kyns náms hérlendis er á háskólastigi og það bendir allt til að sú þróun haldi áfram og að með tímanum verði háskólanám af einhverju tagi lokaáfangi í allri almennri menntun ef að líkum lætur. Af þessu leiðir að menntun verður stöðugt mikilvægari sem lykill að fjölbreyttum atvinnutækifærum og að sama skapi enn þýðingarmeiri fyrir atvinnulíf og samfélag. Jafnrétti til náms er því að mati okkar sem flytjum þessa tillögu, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, lykillinn að jöfnum tækifærum.

Skólagjöld eru í eðli sínu andstæð þessari jafnréttishugsjón okkar. Sé litið á þær námsleiðir sem nú eru í boði á háskólastigi hérlendis er ljóst að þó nokkuð vantar upp á jafnrétti í þessu tilliti. Tilefni frumvarpsins er einkum sú ákvörðun menntamálayfirvalda að leggja Tækniháskóla Íslands niður og færa stærstan hluta þess náms sem þar er í boði undir einkahlutafélag sem leggur skólagjöld á nemendur. Með þessari breytingu verði jafnrétti til náms í tæknigreinum á Íslandi skert verulega að okkar mati.

Sömuleiðis er getið um það í greinargerðinni að Listaháskóli Íslands sem er sjálfseignarstofnun í eigu ríkisins innheimti skólagjöld en á yfirstandandi skólaári nema þau tæpum 200 þús. kr. á ári fyrir 3–4 ára nám í tónlist, myndlist, leiklist, hönnun og arkitektúr sem ýmist lýkur með BA- eða BFA-gráðu. Þess vegna má gera ráð fyrir því, eins og segir í greinargerð, að hver nemandi í Listaháskóla Íslands verði að reiða fram milli 600 og 800 þús. kr. í skólagjöld fyrir háskólagráðu sína. Við getum þess að rétt sé að hafa einnig til hliðsjónar við meðferð alls þessa máls að þá þurfi að athuga hvort endurskoðun þessa þáttar í lögunum um háskóla sé réttlætanleg eða eigi að fara fram svo að það sama gildi um alla opinbera háskóla í þessum efnum.

Við flutningsmenn teljum afar brýnt að skólagjöld á háskólastigi verði ekki til þess að rýra möguleika háskólanema eða stýra vali nemenda á námsleiðum og hrekja fólk frá því námi sem hugur þess stendur helst til. Markmiðið með þessu frumvarpi er sem sagt að tryggja þennan mikilvæga þátt í raunverulegu jafnrétti til náms og teljum við þetta samrýmast menntastefnu þeirri sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur nýverið endurnýjað og var samþykkt endurnýjuð á síðasta landsfundi flokksins.

Að öðru leyti vísa ég varðandi þetta mál til þeirra at-

hugasemda sem ég gerði á síðasta ári þegar við fjölluðum um afnám laga um Tækniháskóla Íslands. Þau sjónarmið má kynna sér í nefndaráliti 2. minni hluta menntamálanefndar sem ég ritaði undir og er að finna á þskj. 796 frá síðasta löggjafarþingi.

Að lokinni þessari umræðu, frú forseti, óska ég eftir að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntamálanefndar til umfjöllunar.

[15:05]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér erum við að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 136/1997. Það er auðvitað hið besta mál að taka til gaumgæfilegrar athugunar að sjálfseignarstofnun á háskólastigi og einkareknum háskólum sé óheimilt að innheimta skólagjöld af nemendum sem stunda nám í greinum sem ekki er unnt að leggja stund á í *ríkisháskóla*. Hv. 1. *flutningsmaður frumvarpsins*, Kolbrún Halldórsdóttir, fór einmitt vel yfir það hvaða staða varð í raun og veru til þess að þetta frumvarp er lagt fram.

Það er alveg deginum ljósara að skólagjöld eru í eðli sínu andstæð þeirri jafnréttishugsjón sem við höfum haft að leiðarljósi í menntamálum þjóðarinnar. Nú hafa einkareknu skólarnir forskot á ríkisreknu skólana með því að innheimta skólagjöld af nemendum sínum en fá auk þess tekjur frá ríkinu til jafns við þær tekjur sem ríkisreknu skólarnir fá. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál og hefur verið rætt mjög mikið á þingi. Grunnurinn að því er að háskólanám á Íslandi er í fjársvelti. Hæstv. menntamálaráðherra talar oft um að framlög til háskólanáms og menntunar hafi aukist mjög mikið á síðustu árum og í tíð þessarar ríkisstjórnar en gleymir hins vegar að segja frá því að háskólanemum hefur fjölgað miklu meira þannig að framlög á hvern nemanda hafa í raun og veru minnkað.

Dæmi um þetta er Háskólinn á Akureyri. Þaðan hafa jafnvel heyrst raddir um það að þau sjái sig knúin til að fara fram á *það að innheimta skólagjöld sem væri auðvitað* mjög alvarlegur hlutur. Það er verið að svelta háskólana til þess að gera kröfur um að fá að taka skólagjöld af nemendum sínum. Nú þegar eru tekin eins konar skólagjöld af nemendum með innritunargjöldum sem eru óeðlilega há sé talað um kostnað við að innrita nemendurna. Þetta eru í raun dulbúin skólagjöld þó að þau séu ekki neitt í námunda við það sem skólagjöld yrðu ef þeim yrði komið á í ríkisskólum. Nemendum fjölgar en framlög til háskólanna aukast ekki að sama skapi.

Í greinargerð með frumvarpinu er bent á að t.d. í Listaháskólanum sem er sjálfseignarstofnun í eigu ríkisins þurfa nemendur að greiða umtalsverð skólagjöld, tæplega 200 þús. á yfirstandandi skólaári, og það leiðir að því að nemandi þar þarf að punga út 600–800 þús. kr. fyrir BA-gráðu sína. Það er auðvitað stórfurðulegt.

Ef við viljum raunverulega jafnrétti til náms hlýtur það að vera krafa okkar að námið sé gjaldfrjálst, að allir eigi kost á því, að uppfylltum menntunarskilyrðum að sjálfsögðu, að *mennta sig óháð fjárhag foreldra eða sínum eigin*. Þetta ætti að vera algjörlega óumdeilanlegt. En þegar við bætist að jafnvel nám sem ekki er hægt að stunda í ríkisskólum er síðan í boði í einkaskólum og tekið gjald fyrir erum við komin á braut mismununar. Þess vegna legg ég til að þetta frumvarp verði samþykkt hið snarasta, að við förum að líta á menntamál sem grunnjafnréttismál og að við einbeitum okkur að því að styrkja háskólana í landinu og meta þann auð sem verið er að skapa í háskólunum fyrir allt þjóðfélagið. Það er eitthvað sem við ættum að líta til.

[15:11]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Það kemur auðvitað ekki á óvart að tveir hv. þingmenn Vinstri grænna skuli flytja frumvarp sem felur það í sér að þrengja að háskólastarfi undir því yfirskini að með því sé verið að jafna rétt manna. Oftast næst er það nú svo að þegar þrengt er að hlutum hefur það þveröfug áhrif við það sem lagt er til því að reglustikumenn og þeir sem vilja hafa allt í hendi sér og þykjast sjá hluti fyrir hafa einatt og raunar oftast rangt fyrir sér.

Í þessu frumvarpi er lagt til, með leyfi hæstv. forseta, að ný svohljóðandi málsgrein bætist við 3. gr. laga um háskóla:

„Sjálfseignarstofnunum á háskólastigi og einkareknum háskólum er óheimilt að innheimta skólagjöld af nemendum sem stunda nám í greinum sem ekki er unnt að leggja stund á í ríkisháskóla."

Eins og ég skil þessa grein, hæstv. forseti, gengur jafnaðarhugsjón þessara hv. þingmanna svo langt að þau vilja frekar að ekki sé kostur á því að stunda ákveðið nám ef það hefur í för með sér að þeir sem leggja stund á námið þurfa að greiða nokkur skólagjöld. Þá vilja þeir fremur að námsgreinin sé ekki kennd. Þetta er auðvitað ótrúleg þröngsýni en út af fyrir sig er ágætt að frumvarp af þessu tagi komi fram til að skýra þann mun sem er á stefnu stjórnmálaflokka hér á landi og ég geri raunar ráð fyrir því að sá flokkur sem stendur næst Vinstri grænum í litrófi stjórnmálanna, Samfylkingin, muni vera á sömu skoðun. Þingmenn Samfylkingar hafa lýst mjög eindregið yfir andstöðu *við skólagjöld á háskólastigi*. Þó *þori ég ekki* að fullyrða um það en ég sé að hér er einn hv. þingmaður Samfylkingarinnar staddur sem oft telur ekki eftir sér að stíga í ræðustól, hv. þm. Suðurnesja Jón Gunnarsson.

Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að rifja upp síðustu málsgrein greinargerðarinnar:

„Flutningsmenn telja brýnt að skólagjöld á háskólastigi verði ekki til þess að stýra vali nemenda á námsleiðum og hrekja fólk frá því námi sem hugur þess stendur helst til. Markmiðið með þessu frumvarpi er að tryggja þennan mikilvæga þátt í raunverulegu jafnrétti til náms."

Frumvarpið er ekki lagt þannig upp, heldur þannig að betra sé að námsgreinin sé ekki kennd heldur en að menn eigi kost á henni fyrir nokkur skólagjöld. Eins og greinin er orðuð blasir það bersýnilega við.

Ég sá að hv. þingmaður hristi höfuðið svo að kannski er ástæða til að endurtaka málsgreinina eins og hún liggur fyrir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfseignarstofnunum á háskólastigi og einkareknum *háskólum er óheimilt að innheimta skólagjöld af nemendum* sem stunda nám í greinum sem ekki er unnt að leggja stund á í ríkisháskóla."

Þetta felur í sér að það á að reyna að hamla gegn því að

sjálfseignarstofnanir og einkareknir skólar geti tekið upp nám í greinum sem ekki eru kenndar í ríkisskólum.

[15:15]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal misskilur eitthvað þetta frumvarp en eins og hann las upp hér þá er það alls ekki markmið frumvarpsins að þrengja að háskólastarfi á nokkurn hátt. Ég leyfi mér að minna hv. þingmann á að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur einmitt lagt fram tillögur á þinginu um aukin framlög til háskólanna, t.d. Háskólans á Akureyri, en þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað fellt þær. Síðast í morgun mótmæltu nemendur við Háskólann á Akureyri sinnuleysi stjórnvalda, ríkisstjórnarflokkanna sérstaklega, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, og áhugaleysi bæjarstjórnarmeirihlutans á Akureyri sem svo illa vill til að einmitt er skipaður sömu flokkum, Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki.

Við höfum hins vegar ekki legið á liði okkar við að benda á mikilvægi háskólanáms og að það beri að efla og þetta frumvarp hamlar auðvitað alls ekki gegn því. Það bendir bara á að ekki á að innheimta skólagjöld af námi sem ekki er í boði hjá ríkisreknum skólum. Ríkisreknu skólarnir eða einkaskólarnir eiga að taka þetta nám upp en þurfa hins vegar ekki að taka fyrir það skólagjöld. Í því felst að ríkisvaldið þarf að leggja aðeins meira á sig, veita aðeins meiri framlög til háskólamenntunar í landinu til að allir geti stundað nám á jafnréttisgrundvelli.

[15:18]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og glöggt kom fram í niðurlagi andsvars hv. þingmanns felur þetta frumvarp í sér hömlur við því eða vinnur gegn því að sjálfseignarstofnunum sé gert kleift að efna til nýrra námsgreina með skólagjöldum. Tilgangurinn með þessu frumvarpi er að í sjálfseignarstofnunum verði ekki hægt að bjóða upp á háskólamenntun með skólagjöldum nema viðkomandi námsgreinar séu kenndar í ríkisskólunum. Með þessu er auðvitað verið að torvelda háskólastarf, torvelda háskólamenntun og þarf ekki að fjölyrða um það.

Hitt þykir mér hálfbroslegt þegar hv. þingmenn Vinstri grænna eða Samfylkingarinnar brigsla mér um það að ég hafi ekki viljað styðja háskólanám á Akureyri og ég vil ... (**ÖS:** Þú vildir það.) Það er hægt að yfirbjóða alla, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Þér er það að vísu ekki jafnlagið og þeim sem hóf þessa umræðu. Auðvitað er alltaf hægt að yfirbjóða menn en ég get fullvissað hv. þingmann um það að vel verður séð fyrir því að Háskólinn á Akureyri geti unnið á heilbrigðum grundvelli.

[15:19]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit að hv. þm. Halldór Blöndal er mikill stuðningsmaður Háskólans á Akureyri, og það er vel — það væri betra ef fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins styddu jafndyggilega við bakið á Háskólanum á Akureyri — en að vísu ekki á ögurstundu þegar greidd voru atkvæði í þinginu t.d. til fjáraukalaga, þá veit ég ekki betur en hv. þingmaður hafi greitt atkvæði gegn tillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um aukin framlög til Háskólans á Akureyri nema hann hafi kannski verið fjarverandi eða setið hjá. Ég veit það ekki, ég hef ekki farið nákvæmlega ofan í þá atkvæðagreiðslu, en ég veit fyrir víst að hv. þm. Halldór Blöndal studdi hana ekki, því miður.

Hér segir í greinargerð, og er best að ég lesi þetta aftur:

„Flutningsmenn telja brýnt að skólagjöld á háskólastigi verði ekki til þess að stýra vali nemenda á námsleiðum og hrekja fólk frá því námi sem hugur þess stendur helst til. Markmiðið með þessu frumvarpi er að tryggja þennan mikilvæga þátt í raunverulegu jafnrétti til náms.“

Nemendur hugsa sig tvisvar eða jafnvel þrisvar um ef þeir þurfa að fara í nám þar sem há skólagjöld eru tekin. Ég hélt að ég og hv. þm. Halldór Blöndal gætum orðið sammála um að það sé frekar augljóst að nemendur fara frekar í nám þar sem þeir þurfa ekki að punga út háum upphæðum í skólagjöld fyrir námið en þar sem þeir þurfa að gera það.

[15:21]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Sá þáttur í ræðu hv. þingmanns sem varðaði þetta frumvarp var endurtekning á því sem áður var sagt, að fyrir hv. þingmanni vakir að setja hömlur við því að hægt sé að bjóða upp á fjölbreytt nám ef það kostar það að viðkomandi þurfi að greiða skólagjöld. Þarna erum við á öndverðum meiði og er ekkert við því að segja.

Hitt atriðið, að stjórnarandstaðan komi með útgjaldatillögur við fjárlög, er ekkert óvenjulegt. Stjórnarandstaðan velur sér eitt og annað hverju sinni. Stundum þykir stjórnarandstöðunni rétt að flytja enga útgjaldatillögu til að lýsa andstyggð sinni á stefnu ríkisstjórnar. Stundum er allt löðrandi í tillögum um aukin útgjöld. Þannig lá á Vinstri grænum við afgreiðslu síðustu fjárlaga að þeim þótti rétt að leggja til aukin útgjöld. Það var þeirra pólitíska mat að það væri rétt. Má vera að þeir uni vel við sinn hlut og þyki sem þeir hafi staðið sig vel (Gripið fram í.) en auðvitað getur það ekki gengið að einhverjir dyntir ráði því hvernig menn afgreiða fjárlög. Þetta veit hv. þingmaður eins og ég.

Hitt er rétt sem hv. þingmaður segir að það verður auðvitað að tryggja það að Háskólinn á Akureyri hafi eðlilegan rekstrargrundvöll.

[15:23]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég ætla í örstuttu máli að taka þátt í umræðum um þetta mikilvæga mál. Tillagan sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt fram er allrar athygli verð og tilgangurinn er ákaflega góður. Hann er sá að allir eigi jafnan kost á háskólanámi hér á landi. Ég er í grundvallaratriðum sammála því að reyna eigi að gefa fólki kost á að verða sér úti um mikla menntun. Ég hef áður lýst þeirri skoðun í þessum sal að ég tel að eitt af því sem auðgi íslenskt samfélag sé sú staðreynd að Íslendingar sækja mjög til þekkingarbrunna í öðrum heimsálfum og af því að við erum á mörkum heimsálfa þá er það þannig að hér er oft suðupottur nýrra hugmynda, bæði að vestan og austan. Þetta er mjög jákvætt.

Ég hef velt mikið fyrir mér skólagjöldum og ég er í

grundvallaratriðum mjög óhress með skólagjöld. Ég er líka þeirrar skoðunar að það eigi að efla og treysta ríkisháskólana eins og hægt er, sérstaklega í þeirri samkeppni sem þeir standa núna í. Auðvitað eru nýju háskólarnir að byggja sig upp og hafa af þeim sökum fengið góðan stuðning hjá ríkinu og ég sýti það ekki. Margir þeirra eru að gera góða hluti. Ég hef líka sagt að ef verið er að styðja slíka skóla eigi ekki bara að gera það sökum kennslunnar sem þeir inna af höndum heldur líka rannsóknanna. Enginn háskóli stendur undir nafninu akademía nema hann sinni líka rannsóknum.

Þá er komið að þeim vanda hvernig hægt sé að sætta tilvist Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Kennaraháskólans og annarra háskóla hins opinbera andspænis háskólum sem ég vil ekki kalla einkarekna heldur sjálfseignarháskóla. Ég er þeirrar skoðunar að það nám sem menn eiga þar kost á auki val námsmannsins. Þá er spurning hvort sú staðreynd að þar eru háskólagjöld komi í veg fyrir að menn geti notfært sér þetta val og í sumum tilvikum er það efalaust svo.

Ég hef þess vegna, svo ég reyni að reifa hugmyndir mínar í mjög stuttu máli og vonandi kjarnyrtu, komist á þá skoðun að bjóða eigi upp á ókeypis nám við opinberu háskólana þannig að menn eigi kost á því að ljúka þar ekki bara grunnnámi heldur líka framhaldsrannsóknarnámi. Ég var einu sinni þeirrar skoðunar að hugsanlega væri hægt að gera málamiðlun um að slíkt nám greiddi skólagjöld en ég hef komist að þeirri niðurstöðu að ég hafi ekki fundið rökræna brú í því. Ég tel hins vegar að ekki eigi að leggja stein í götu þeirra skóla sem á annað borð vilja bjóða upp á slíkt sérnám með skólagjöldum. Ég tel aftur á móti að ekki sé hægt að gera það með öðrum hætti en að líka verði komið upp styrkjakerfi sem er þannig að ýmsir sem vilja sækja þá skóla án þess hugsanlega að eiga sömu von og allir aðrir sem í þá sækja að geta greitt há námslán aftur til baka, eigi að njóta slíkra styrkja. Ég er t.d. að hugsa um þá staðreynd að háskólamenntað fólk sem er að einhverju leyti fatlað býr við fimm sinnum hærra atvinnuleysi en aðrir akademískir borgarar. Slíkt fólk getur ekki vænst þess að greiða til baka skólagjöld og námslán með sama hætti og aðrir og ég tel að það eigi að setja upp einhvers konar styrkjakerfi fyrir það og sömuleiðis fyrir unga, einstæða foreldra sem eru með töluverða ómegð og geta hugsanlega ekki heldur vænst þess að geta greitt slíkt niður.

Í grundvallaratriðum er ég þeirrar skoðunar að það eigi ekki að tálma vöxt þessara skóla í þessa veru þó ég sé reiðubúinn til að rökræða það og skoða það. Þetta er skoðun mín og niðurstaða mín eftir að hafa skoðað þetta töluvert vel.

Ég held að það skipti máli að menn hafi valfrelsi. Grundvallartilgangurinn með tillögu þeirra ágætu þingmanna sem hér mæltu fyrir þingflokk Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að fjárhagsaðstæður stýri ekki valinu eða komi í veg fyrir að menn geti notfært sér þetta nám. Ég held að þessar aðferðir, þar sem ákveðnum hópum sé gert að njóta þessa vals ef þeir vilja með því að styrkja þá sérstaklega til þess, sé hugsanlega leið til að sætta þessi sjónarmið.

Ég vil líka draga fram að ég er þeirrar skoðunar að ókeypis menntun eigi að vera í boði af hálfu íslenska ríkisins, alveg frá leikskóla og til loka æðstu námsgráðu, þ.e. að þeir sem ljúka doktorsnámi á Íslandi eigi ekki að þurfa að greiða fyrir framhaldsnámið og það get ég rökstutt með öðrum rökum. Ég tel að það skipti miklu máli fyrir framvindu atvinnulífs eins og því er hagað að þekkingin sem verður til í því námi skili sér sem best inn í samfélagið. Það er hagur okkar að halda þessu fólki í landinu þannig að sú þekking sem það býr yfir komi strax til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf en erlendar þjóðir hafi ekki forskot á hæfni þess. Það er reynsla mín, eftir að hafa sjálfir farið í gegnum slíkt nám og unnið við sama bekk og borð og mörg ágæt doktorsefni, að það er á þessu skeiði ævinnar sem vísindamaðurinn býr oft til þær hugmyndir sem hann er að vinna úr alla sína ævi. Það eru aukin rök fyrir því að framhaldsnám ríkisháskóla verði jafnan ókeypis.

[15:29]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skuli gefa hér þá yfirlýsingu sem hann gerði að hann væri orðinn þeirrar skoðunar, og ég ímynda mér að það sé sameiginlegt sjónarmið Samfylkingarinnar, að það eigi ekki að innheimta skólagjöld í mastersnámi í Háskóla Íslands. Mér finnst það afar mikið fagnaðarefni.

Ég tek líka undir með hv. þingmanni varðandi fjölbreytnina í námi. Ég hef alltaf fagnað hverju einasta nýja tækifæri sem íslenskir háskólastúdentar hafa til fjölbreytni í námi. Ég er alveg sátt við að það séu sjálfseignarstofnanir eða einkaskólar sem hafi tækifæri til að vera í flórunni ásamt með Háskóla Íslands. Ég er hins vegar algerlega sannfærð um að Háskóli Íslands á að vera þjóðskóli. Hann á að vera fyrir alla og allir þeir sem vilja stunda háskólanám eiga að geta haft þar mikið val um nám sem ekki krefst skólagjalda. Mér finnst ósanngjarnt að ákveðnar greinar geti verið lokaðar inni í sjálfseignarstofnunum og einkaskólum þannig að einstaklingar sem vilja læra án þess að greiða skólagjöld af því að þeir vilja ekki fara út í stórskuldir og taka há námslán eigi þess kost að læra allar helstu greinar án þess að þurfa að greiða fyrir það skólagjöld. Ég tel að tæknigreinarnar sem lokaðar voru inni í Háskólanum í Reykjavík í fyrra , þegar lögunum var breytt og lögin um Tækniháskóla Íslands voru afnumin, eigi að standa til boða þeim stúdentum sem þær vilja læra án skólagjalda. Það er ekki svo í dag. Það er kveikjan að þessu frumvarpi.

[15:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar ég fór í nám á sínum tíma erlendis var það vegna þess að ekki var nokkur kostur á því að læra það hér heima til lokagráðu. Það var tiltölulega lítið, sérhæft svið fiskilífeðlisfræði. Ég held að ég mundi aldrei gera þá kröfu til þess að það væri hægt í sjálfu sér að bjóða upp á sjálfstæða námsbraut í því innan Háskóla Íslands. Þó er það ekki útilokað með ákveðnum þverfaglegum tilfæringum. En ég tel að mitt mesta happ í lífinu hafi verið að vera í fjögur ár við bresku hafrannsóknastofnunina í öllum þeim kraumandi potti alþjóðlegra hugmynda. Þar voru dokt-

orsefni frá öllum heiminum, einn á hverri deild, ungir og færir vísindamenn sem sannarlega voru að gera frábæra hluti. Ég held að ekkert hafi gefið mér jafnmikla ögun í hugsun og fimi í að komast að niðurstöðu og það.

Það er einmitt hæfileiki minn — ef hann er þá fyrir hendi — til þess að hugsa sjálfstætt sem gerir það að verkum að ég hef breytt sjálfur um afstöðu til skólagjalda á mastersnám og doktorsnám á Íslandi. Ég var þeirrar skoðunar áður að það væri hægt að verja það og rökstyðja. En ég hef hugsað það eftir tveim mismunandi leiðum og komist að þeirri niðurstöðu — og ég lýsti annarri hér í lokum ræðu minnar — komist að því að svo er sennilega ekki.

Með sama hætti verð ég líka að viðurkenna að þeir fordómar sem blunduðu í brjósti mér gagnvart sjálfstæðu háskólunum í upphafi hafa dálítið horfið. Ég get ekki annað en sagt að ég er ánægður og hrifinn af þróttinum sem er að finna í þeim og ég er glaður yfir metnaðinum sem þar er. Ég hélt fyrst að þetta ættu að vera svona stuttar námsbrautir, að þetta ætti að vera súpergaggó. Þetta eru að verða alvöru rannsóknarstofnanir sem leggja af mörkum mjög merkilegt framlag og gera öðruvísi kröfur.

En ég vil að það sé gert vel við ríkisháskólann. Hugsanlega er þá rétt að einbeita sér að sterkum, voldugum námsbrautum heldur en að dreifa því á margar smærri, (Forseti hringir.) eins og fiskilífeðlisfræði.

[15:33]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég dreg ekki í efa að hv. þingmaður hafi haft verulega gott af því að fara til útlanda að læra sína fiskilífeðlisfræði. Ótal margir stúdentar og doktorsnemar geta sagt nákvæmlega það sama og tekið undir með hv. þingmanni. Ég held ekki að við getum nokkru sinni boðið upp á allar námsbrautir hugsanlegar í veröldinni á Íslandi. Ég er ekki haldin þeirri grillu, sannarlega ekki.

Hins vegar tel ég að tæknifræðin, sem var lokuð inni í einkaskólanum, Háskólanum í Reykjavík, í fyrra sé þannig grein að hún eigi að standa þeim til boða sem kjósa að læra í þjóðskóla, sem kjósa að læra án þess að þurfa að greiða fyrir það 220 þús. kr. á ári í skólagjöld. Við erum því aðeins kannski að tala um ólíka núansa.

Ég tel að þróttur og metnaður þessara sjálfstæðu skóla sé nauðsynlegur inn í okkar háskólaflóru. En ég er líka jafnsannfærð um að ríkisstjórnin og ríkisvaldið eigi að standa (Forseti hringir.) af miklu alefli vörð um jafnrétti til náms í okkar þjóðskóla.

[15:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Það er hugsanlega rétt sem hv. þingmaður sagði um tækniskólana. Það var sérstakt dæmi. Þegar ég skoðaði það á síðasta ári þegar þetta fór hér í gegn var ég nú ekki sammála því sem þar var að gerast og get alveg tekið undir með hv. þingmanni.

Hins vegar er þetta spurning um val. Menn fara í þessa skóla til þess að ávaxta sína talentu sem þeir eru fæddir með inni í sér og hugsanlega til þess í lífinu að fá meira út úr því, gæða það meira ríkidæmi og hugsanlega til þess að fá auknar tekjur.

En hv. þingmaður gæti nú hallað sér fram og spurt hv. þm. Söndru Franks að þessu því að hún hefur sjálf notfært sér þetta val og er eftir því sem ég best veit einmitt nemandi í einum af þessum skólum milli þess sem hún vinnur hér fyrir lítilmagnann á þingi.

[15:36]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér var ekki alveg ljóst hver var afstaða hv. þingmanns til þessa frumvarps sem hér liggur fyrir. Á hinn bóginn kom fram í ræðu hans að hann telur að við opinbera háskóla eigi að bjóða upp á ókeypis nám, hvort sem það er mastersnám eða doktorsnám eða hverju nafni sem nefnist. En hv. þingmaður áttaði sig á því um leið og hann sagði það að þetta mundi auðvitað hafa það í för með sér að draga yrði úr slíku námsframboði í hinum ríkisrekna háskóla og þess vegna bætti hann við að auðvitað yrðu námsbrautirnar fáar, voldugar en fáar, í hinum ríkisrekna háskóla sem þýðir að hann hugsar sér að ríkisreknu háskólarnir bjóði upp á mjög fábreytilegt nám miðað við alla flóruna sem háskólanám yfirleitt býður upp á, en einkaskólarnir skuli þá annast það sem sértækara er og þá standa undir því með skólagjöldum að sínu leyti.

Þetta er athyglisvert. Eins og ég skil hv. þingmann þá þýðir þetta með öðrum orðum að hann er sammála mér um að frumvarpið eins og það er lagt hér fram vinnur gegn því að menn geti aflað sér þeirrar háskólamenntunar hér á landi sem hugur þeirra stendur til ef sú háskólamenntun er á sértæku sviði eða fitjað er upp á einhverju nýju.

[15:38]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í lýðræðislegri umræðu er það þannig að menn koma fram með sterk sjónarmið og ræða þau, eins og við gerum hér, og komast að niðurstöðu. Hv. þingmenn VG hafa mjög afdráttarlausa afstöðu í þessu máli. Mín er ekki jafnafdráttarlaus. Ég held að málflutningur þeirra verðskuldi það fyllilega að við skoðum rök þeirra og síðan kemst þingið að ákveðinni niðurstöðu.

Ég er sem sagt sammála því, frú forseti, að þessir nýju háskólar og þessar stundum sértæku námsbrautir þeirra auki val nemenda. Ég er yfirleitt þeirrar skoðunar að það sé betra. Ég er valfrelsi fylgjandi. Í hinum besta heimi allra heima mundi ég gjarnan vilja sjá að ríkið styrkti fólk sem nemur skólagjöldunum. En ég veit að það er ekki hægt. Að hluta til gerir það það með námslánunum vegna þess að eins og þau eru uppbyggð er hluti þeirra styrkur. (**GÞÞ:** Helmingurinn.) „Helmingurinn," kallar hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson fram í og það er náttúrlega biti sem rífur í.

Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að það sem er mitt viðhorf, ókeypis skóli til loka æðstu námsgráðu, dragi endilega úr framboði á námsbrautum vegna þess að doktorsgráður eru oft þverfaglegar, skera á margar deildir og greinar og það er hægt að fjölga mjög doktorum án þess að auka við námsbrautir. Ég dreg hins vegar í efa að hægt væri að fjölga námsbrautum til magistersgráðu nema með auknu framlagi ríkisins.

Grundvallarviðhorf mitt er sem sagt þetta: Ókeypis skóli frá leikskóla til loka æðstu gráðu og val ef menn vilja í öðr-

um skólum. En þá verður ríkið að koma með góð námslán og það verður líka að setja upp styrkjakerfi fyrir þá sem ekki, undir fáum kringumstæðum, gætu notfært sér þetta val. Það eru þeir hópar sem ég lýsti hér áðan.

[15:40]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Niðurstaðan er á nýjan leik sú, eftir að hafa hlustað á hv. þingmann, að hann sé sömu skoðunar og ég um að skólagjöld á háskólastigi hafi ýtt undir það að flóran hefur orðið meiri en ella og að nýir og sterkir skólar á háskólastigi hafi orðið til, eins og skólinn á Bifröst og Háskólinn í Reykjavík. Það er svo auðvitað er röksemd gegn því að frumvarp eins og það sem hér liggur fyrir sé samþykkt.

[15:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála hv. þm. Halldóri Blöndal um ákaflega margt, t.d. friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, eins og komið hefur fram í þessum sal. En hv. þingmaður getur ekki endilega beitt þessari röksemdafærslu til þess að búa til fylgi mitt við skólagjöld. Ef hv. þingmaður væri ekki háttvirtur heldur hæstvirtur og sæti í ríkisstjórn og færi t.d. með menntamál hefði hann vafalítið getað beitt sér fyrir því að þessir skólar hefðu byggst upp með jafnöflugum hætti með stærra framlagi af hálfu ríkisins gegn því að dregið væri úr skólagjöldum.

Hv. þingmaður talar hér sjálfur þannig að skólagjöld séu ill nauðsyn. Ég tel að hægt sé að fallast þarna á ákveðna línu sem ég hef reynt að draga í ræðum mínum. En það er með þeim skilyrðum sem ég sagði hér áðan, að það verða að vera drjúg námslán og sterkir styrkir fyrir þá sem af fjárhagslegum ástæðum geta ekki notfært sé þetta valfrelsi. En ég tel að valfrelsið hafi auðgað skólaflóruna.

[15:42]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var mjög ánægjulegt að hlýða á ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og heyra að við erum sammála um að nám frá leikskóla upp í grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla eigi að vera gjaldfrjálst. Það finnst mér afar jákvætt að heyra frá hv. þingmanni, fyrrverandi formanni Samfylkingarinnar.

Ég get líka verið honum sammála um að það er mjög mikilvægt að við leitum okkur þekkingar utan landsteinanna. Hins vegar lendir maður í dálítið einkennilegri stöðu, t.d. ef stundað er myndlistarnám, eins og ég gerði, að þurfa að borga skólagjöld í skólanum hér á Íslandi. Síðan fór ég til Þýskalands í framhaldsnám, í mastersnám, og þar voru engin skólagjöld og algjörlega gjaldfrjáls skóli. Hið sama gildir í mörgum tilfellum fyrir vestan okkur í Kanada eða á Norðurlöndunum og þetta finnst mér vera mjög jákvætt.

Nú er það auðvitað þannig að námsmenn eru líka hvattir til að fara til náms í löndum þar sem himinhá skólagjöld eru tekin, t.d. í Bretlandi. Þá höfum við sem betur fer Lánasjóð íslenskra námsmanna sem hleypur undir bagga. Reyndar er það nú svo að lánin sem Lánasjóðurinn veitir eru oft ekki bara lán vegna þess að maður greiðir þau til baka sem hlutfall af tekjum. Myndlistarmenn t.d. hafa yfirleitt ekki háar tekjur að þeir geti borgað námslánin upp þannig að þau koma þá út í raun og veru sem styrkir.

[15:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að viðurkenna að mér er ekki alveg kunnugt um það hvernig gjöld eru innheimt af nemendum í þeim löndum sem hv. þingmaður nefnir. En auðvitað trúi ég því. Því var öðruvísi háttað þar sem ég var í námi. Þar voru mjög há skólagjöld. Reyndar varð breyting gjör á meðan á mínu námi stóð þar. Ég var svo heppinn að ég naut stuðnings þannig að bresk stjórnvöld greiddu fyrir menntun mína. Ég var sem sagt hér á fyrstu árum mínum af ýmsum skoðanabræðrum hv. þingmanns kallaður „One of Maggie´s boys" frá því að Margrét Thatcher greiddi fyrir menntun mína í Bretlandi í fjögur ár.

Vandamálið sem hv. þingmaður nefnir er raunverulegt. Það er þetta: Margir sækja sér menntun í greinum sem eru ólíklegar til þess að skila viðkomandi það miklum tekjum að þeir geti staðið undir miklum greiðslum af háum lánum. Ég hef þess vegna oft og tíðum reifað hugmynd — hana er reyndar að finna með öðrum hætti í frumvarpi sem hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson og aðrir úr Samfylkingunni hafa lagt fram — þar sem gert er ráð fyrir að ákveðnar greinar séu styrkhæfari en aðrar, þ.e. að þeir sem ekki leggja í nám sem er líklegt til mjög mikilla tekna að því loknu eigi kost á slíkum stuðningi. Það er mjög nauðsynlegt bara fyrir grósku mannlífsins og fjölbreytni mannlífsins að mönnum sé líka haldið til verka í þeim greinum.

Ég nefni t.d. íslenskudeild við Háskóla Íslands sem hefur á síðasta einum og hálfa áratug drabbast niður vegna áhugaleysis stjórnvalda. Kennarar voru þar 15. Þeir eru 11 núna. Ég hef t.d. sagt að til þess að laða menn að þeim eldi menningararfleifðarinnar þá eigi að styrkja þá. Þetta er ekkert annað en það sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson mundi kalla lögmál framboðs og eftirspurnar.

[15:46]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er mergurinn málsins. Ég held að við verðum að auka fjölbreytni náms, ekki bara með því að styrkja nemendur heldur einnig með því að styrkja skólana með almennilegum framlögum til að þeir geti boðið upp á fjölbreytt og viðsýnt nám í sem flestum greinum.

Hv. þm. Halldór Blöndal hélt því fram áðan að þetta frumvarp mundi þrengja kost okkar eða útiloka jafnvel einhverjar greinar. Ég held þvert á móti að ef við förum í það samhliða að styrkja nemendur eða ákveðnar greinar þá yrði það til bóta. Það eru t.d. greinar í Háskóla Íslands sem eru sennilega ekki mjög arðbærar, t.d. fornleifafræði sem samt er vert að leggja áherslu á. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefnir réttilega íslenskudeildina í þessum efnum, að það mætti styrkja þessar greinar mun betur. Þannig held ég að við fáum fjölbreytt (Forseti hringir.) háskólanám á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 63. mál (skráningargjöld). — Þskj. 63.

[15:48]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum. Auk mín eru flutningsmenn hv. þingmenn Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Gunnar Örlygsson.

Þetta er einfalt frumvarp en með því er lagt til að gjöld fyrir skráningu félaga verði lækkuð, sem og gjald fyrir skráningu loftfars til atvinnuflugs. Lækkunin yrði mismikil eftir tegund þeirra félaga sem um ræðir en mest yrði hún fyrir skráningu hlutafélaga og samvinnufélaga og skráningu erlendra félaga. Þar mundi gjaldið lækka úr 165.000 kr. í 40.000 kr. Lækkun gjalda fyrir skráningu annarra félaga yrði minni. Skráningargjöld félaga eftir breytinguna yrðu þó aldrei hærri en 40.000 kr.

Ástæðan fyrir því að þetta mál er flutt er einfaldlega að auðvelda á fólki að fara út í atvinnurekstur. Menn tala iðulega um nýsköpun og sprotafyrirtæki þegar um þetta er rætt á fínu máli. Virðulegi forseti. Alþjóðabankinn gefur út samanburð á því hve mikla fyrirhöfn og fjármuni þarf til að stofna fyrirtæki eftir löndum. Það er ánægjulegt að þegar bornar eru saman aðstæður til stofnunar fyrirtækja í ýmsum nágranna- og samkeppnislöndum Íslands kemur í ljós að hér á landi er framkvæmdin nokkuð skilvirk og einföld. Hins vegar liggur fyrir að kostnaðurinn er hér hár í samanburði við þessi lönd. Kostnaður við stofnun einkahlutafélags hér á landi er hærri en í Danmörku svo að dæmi sé tekið, Finnlandi, Svíþjóð og Bandaríkjunum, eins og kemur fram í greinargerðinni.

Þetta er í sjálfu sér ekki flókið mál og engin ástæða til að hafa mörg orð um það. Fyrir fjársterka aðila skiptir það litlu máli, fyrir stórfyrirtæki og fyrirtækjasamsteypur sem hafa sem betur fer vaxið og dafnað og eru í mikilli útrás. Það að lækka skráningargjöld, eins og hér um ræðir, skiptir litlu máli fyrir þessi fyrirtæki sem eru kannski með hagnað upp á tugi milljarða og gríðarlega veltutölur. Þetta frumvarp er ekki flutt fyrir þá aðila. Það er flutt fyrir þá sem hafa minna milli handanna og eru að stíga sín fyrstu skref í atvinnurekstri, eða lítil og meðalstór fyrirtæki sem vilja láta til sín taka á fleiri sviðum. Þá munar um hverja krónu, sérstaklega hjá þeim sem fara út í sinn fyrsta atvinnurekstur.

Mig minnir að ég hafi séð, virðulegi forseti, að við séum, sem betur fer, það þjóðfélag sem er með mesta frumkvöðlastarfsemi og keppum þar, að ég held, við Bandaríkjamenn. Það er afskaplega ánægjulegt og vonandi verða Íslendingar alla tíð óhræddir við að fara út í atvinnustarfsemi, að taka áhættu og reyna fyrir sér með þessum hætti í atvinnulífinu. Við eigum alltaf að hafa það markmið að leita allra leiða til að gera það ferli einfalt og skilvirkt þannig að hér verði alltaf virk nýsköpun og Ísland verði miðstöð frumkvöðlastarfsemi og nýsköpunar.

Virðulegi forseti. Það er engin ástæða til að dvelja meira við þetta mál. Þetta er einfalt. Það gengur út á að lækka gjöld á fyrirtæki sem er verið að stofna. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég flyt þetta mál en ég vona að það nái fram að ganga og við munum sjá það verða að lögum í vor.

[15:52]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég ætla nú ekki að tala lengi. Ég vil liðka fyrir því að þingmannamál komist áfram í dag, þar sem eingöngu þingmannamál eru eftir á dagskránni eða eru á dagskrá. Ég verð þó að segja nokkur orð um frumvarp til laga sem hér hefur verið kynnt, um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Ég vil taka fram í upphafi að ég er ekki á móti því að lækka gjöld vegna stofnunar á einkahlutafélögum eða atvinnufyrirtækjum yfirleitt. Ég hefði þó viljað sjá að tillaga sem þessi væri hluti af heildarendurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs.

Í síðustu viku sáum við dagskrá fyrir þingfund þar sem tvö frumvörp til laga lágu fyrir á sama degi um breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þá fór maður að velta fyrir sér hvernig á því stæði að annars vegar flytti hæstv. fjármálaráðherra frumvarp um breytingu á þessum lögum og hins vegar fimm ungir háttvirtir sjálfstæðisþingmenn frumvarpið sem við ræðum hér.

Það tók mig ekki langan tíma að sjá af hverju þessar breytingar væru ekki fluttar í einu frumvarpi. Frumvarp hæstv. fjármálaráðherra gekk út á að hækka aukatekjur ríkissjóðs, hækka ákveðin gjöld sem þar eru inni. Til dæmis var um mikla hækkun að ræða fyrir að sækja um íslenskan ríkisborgararétt, úr 1.375 kr. í 10.000 kr. Veruleg hækkun er á að sækja um dvalarleyfi, EES-dvalarleyfi, sem kallað er, fyrir þá aðila sem það vildu gera. Þannig mátti fara í gegnum frumvarp hæstv. fjármálaráðherra, allir liðir hækkuðu og margir hverjir um mörg hundruð prósent.

Ég var ekkert hissa á að sjá slíkt frumvarp frá hæstv. fjármálaráðherra. Svo virðist sem hæstv. fjármálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins, bæði núverandi og fyrrverandi, láti ekkert tækifæri ónotað til að auka skattheimtu á landsmenn, hvort sem það er í formi tekjuskatts, vörugjalda, virðisaukaskatts eða beinna tekjuskatta.

Frumvarpið sem við ræðum hér gengur aftur á móti út á að lækka aukatekjur ríkissjóðs. Einn liður einnar greinar er tekinn út, þ.e. eingöngu 9. töluliður 13. gr. laganna, skráningargjöld er varða nýskráningar fyrirtækja. Það skal lækka allt frá 165 þús. kr. á skráningu niður í 40 þús. kr. Eins og ég sagði í upphafi máls míns er ég í sjálfu sér ekki á móti því að liðka fyrir stofnun lítilla einkahlutafélaga á Íslandi. Ég verð þó að gjalda varhuga við því að færa gjaldið of langt niður. Það má ekki vera of lítill þröskuldur til að stofna einkahlutafélag og ráðast í atvinnurekstur. Menn verða að vera nokkuð vissir um að sá atvinnurekstur sem þeir ætla að ráðast í beri eðlileg gjöld. Við megum ekki gleyma því að bara við að auðvelda mönnum að hætta einkarekstri á eigin kennitölu, stofna einkahlutafélag og fara í rekstur á nýrri kennitölu þess lögaðila, verður í flestum tilvikum talsverð tekjuskerðing fyrir sveitarfélögin. Það þarf þá að vera um alvöru atvinnurekstur að ræða sem menn fari út í til að stofna einkahlutafélag en ef um smárekstur er að ræða gæti verið skynsamlegra að beina honum í farveg einkarekstrar.

Þau rök sem hér eru sett fram, að þetta sé of hátt og gjöldin þurfi að lækka eru ekki fullnægjandi að mínu viti. Að bera saman hvað kostar að stofna einkahlutafélag hér á landi miðað við önnur lönd og nota við það prósentu af vergri landsframleiðslu á mann. Ég er nú ekki mjög hrifinn af þeim mælikvarða í þessum samanburði. Menn hefðu alveg eins getað valið að bera saman kostnað við að stofna einkahlutafélag miðað við heildarvegalengd þjóðvegakerfis eða eitthvað slíkt. Þetta segir okkur í raun ekkert um það hvort gjöldin séu há hér eða ekki í samanburði við aðra. En ef menn telja að gjöld upp á 165 þús. kr. og 82.500 kr. séu of há gjöld fyrir þá sem ætla út í atvinnurekstur þá verða menn að færa fyrir því betri rök en gert hefur verið.

Þau rök sem heyrst hafa úr ræðustól eru þau að erfitt sé að stofna fyrirtæki, menn eigi kannski ekki fyrir útgjöldum á fyrstu dögum og mánuðum rekstrarins, að það sé nóg að borga og það þurfi að koma í veg fyrir að menn eyði peningunum í eitthvað annað. Einn af hv. flutningsmönnum þessa frumvarps, Birgir Ármannsson, kom í andsvör við mig þegar við ræddum frumvarp til laga um breytingu á lögum frá hæstv. fjármálaráðherra þar sem m.a. voru tínd til þau rök sem ég nefndi. Ég benti hv. þingmanni á að ríkið innheimti gjöld, bæði tekjuskatt og önnur gjöld, af einstaklingum sem ekki ættu til hnífs og skeiðar, sem ekki ættu fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Ég spurði hvort við gætum þá ekki sagt með sömu rökum að ófært væri að ríkið tæki skatt eða gjöld af einstaklingum sem ættu ekki fyrir nauðþurftum.

Mig langar að spyrja hv. 1. flutningsmann frumvarpsins, í fyrsta lagi: Af hverju er eingöngu tekinn út þessi 9. töluliður 13. gr. laganna um aukatekjur ríkissjóðs? Hvarflaði ekki að flutningsmönnum að skoða önnur gjöld í þessum lögum? Þetta er mikill lagabálkur með miklum fjölda gjalda sem ríkið innheimtir fyrir alls konar þjónustu. Ég hefði, eins og ég sagði í upphafi máls míns, talið nær að fara í heildarendurskoðun á þessum lögum fyrst menn vilja draga út ákveðna kafla og lækka þá. Hingað til höfum við yfirleitt séð frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, frú forseti, þegar fjármálaráðherra hefur talið ástæðu til að verðtryggja þessar tekjur. Einu sinni á ári yfirleitt hefur verið komið inn hér og stundum á tveggja ára fresti með frumvarp um að nauðsynlegt sé að verðtryggja þessar tekjur. Allar aukatekjur eru færðar upp miðað við verðlag og sagt að ekki sé hægt að láta þær drabbast niður. Betra að svo væri með persónuafsláttinn í tekjuskattskerfinu.

Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort ekki hefðu komið til skoðunar, í hópi þeirra félaga sem flytja þetta frumvarp: Telur hv. þingmaður eðlilegt endurgjald að ljósrit á einni síðu í dómsmálagjöldum nemi 150 kr.? Telur hv. þingmaður eðlilegt gjald fyrir veitingu á atvinnuréttindum og tengdum réttindum, að það sé sama gjald fyrir leyfi til tannlækna og skírteini fyrir suðumenn? Telur hv. þingmaður eðlilegt að leyfi til að stunda almennar lækningar og sérfræðilækningar kosti það sama og naglabyssuskírteini? Telur hv. þingmaður eðlilegt að greiða 5.500 kr. fyrir leyfi til tannsmíða, fyrir tannlækna, tannfræðinga og til lækninga almennt. Telur hann það gjald eðlilegt og ekki ástæðu til að skoða það? Er eðlilegt að leyfi til að framleiða áfenga drykki kosti 110 þús. kr., að almennt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað kosti 110 þús. kr. ef það er til eins árs eða skemur en 350 þús. kr. ef það er til lengri tíma en eins árs?

Ég fer í gegnum nokkur þessara aukagjalda og velti fyrir mér, úr því að hv. þingmenn ákváðu að flytja frumvarp um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, af hverju var ekki kerfisbundið farið í öll þessi gjöld, skoðað hvaða kostnaður lægi að baki gjaldtökunni í hverju tilfelli og settar fram heildstæðar tillögur um að færa málið allt í þann farveg að þar sem ríkið verði fyrir litlum útgjöldum verði lág gjöld en þar sem ríkið verður fyrir meiri útgjöldum yrði metið hvort þau eigi að innheimta eða hvort til komi félagslegar aðgerðir.

Frú forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns ætla ég ekki að tefja umræðu um þetta mál en ég vonast til að hv. þingmaður geti svarað spurningum mínum.

[16:01]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var leið hv. þm. Jóns Gunnarssonar að tefja ekki fyrir málinu. Hann er nú farinn að setja mark sitt hér á þingið með mjög sérkennilegum samanburði á hinum ýmsu þáttum og auðvitað verður frekar að taka þetta meira sem skemmtigildi en einhverja alvöru að hlusta á þennan þingmann tala hér. Farið var út um víðan völl og það er allt í lagi. Það er málfrelsi hér og menn geta hagað sér nákvæmlega eins og þeir vilja í ræðustól, það er ekki bannað.

Hér var talað um þetta sem skattheimtu, eins og þingmenn Samfylkingarinnar hafa stundum gert. Stundum hafa þeir talað um aukatekjur ríkissjóðs sem skattheimtu. Stundum hafa þeir líka á öðrum vettvangi þegar um sambærileg gjöld er að ræða talað um þær sem þjónustugjöld.

Hér var spurt, af hverju þetta en ekki eitthvað annað? Fyrst þið voruð að flytja þetta frumvarp, af hverju tókuð þið ekki allt milli himins og jarðar? Og vitnað var í ljósritunargjöld, tannréttingar og tannlækningar og hvað það var allt saman sem þingmaðurinn ruddi upp úr sér og vildi fá svör við því af hverju í ósköpunum að sá sem hér stendur hafi ekki komið með tillögur um einhverjar breytingar á þessu. Því er einfaldlega til að svara að þetta mál hefur ákveðinn tilgang. Sá er að auðvelda fólki að setja á stofn sinn eigin atvinnurekstur. Ég held að við eigum aldrei gleyma því að mjög mikilvægt er að þeir þröskuldar séu eins lágir og mögulegt er.

Þingmaðurinn talaði um að þetta mætti ekki vera of lágt. 40.000 kr. er held ég ágætisupphæð fyrir þjónustu sem þessa. Menn geta haft aðrar skoðanir á því. Aðalatriðið er að við eigum að skapa aðstæður í þjóðfélaginu í skattalegu tilliti eins og öðru svo hér verði auðvelt að fara út í nýsköpun (Forseti hringir.) og frumkvöðlastarfsemi.

[16:03]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þótt hv. þingmaður Guðlaugur Þór Þórðarson sé kvefaður vona ég að hann reyni að halda uppi hinni landsfrægu léttu lund sinni þannig að við verðum ekki fyrir vonbrigðum í þingsal þegar við ræðum þetta frumvarp til laga sem hann er 1. flutningsmaður að.

Það er nú einu sinni svo hér í þingsal að þingmenn verða að hlusta á þá þingmenn sem eru í ræðustól hvort sem þeim líkar betur eða ver. Þó að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson telji það einhverja pínu að þurfa að hlusta á mig í ræðustól, þá er það nú einu sinni þannig að ef hann situr í þingsalnum og vill taka þátt í þingstörfum ber honum að gera það og hlusta kannski á það sem sagt er. En það leggur hann oft ekki í vana sinn. (**Gripið fram í:** Jú, jú.)

Ég var að bera saman og spurði hv. þingmann hvernig á því stæði að á sama degi kæmu fram tvö frumvörp til breytinga á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, annað frá hæstv. fjármálaráðherra en hitt frá hópi ungra hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem gengju í þveröfuga átt. Annars vegar væri hæstv. fjármálaráðherra að ná í auknar tekjur í gegnum aukatekjur ríkissjóðs án þess að koma með rök fyrir því að kostnaðurinn hafi aukist sem neinu næmi. En hins vegar eru fimm hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem flytja þetta frumvarp að koma fram með tillögur um að lækka beri verulega skráningargjald á að stofna hlutafélög og rekstrarfélög í kringum atvinnurekstur.

Eitt er það í frumvarpinu sem vert væri að spyrja um en það er að skráningargjald fyrir loftfar til atvinnuflugs á að lækka úr 66.000 kr. í 40.000 kr. Það þarf endilega að fara að lækka skráningargjald á flugvélar í atvinnuflugi væntanlega vegna þess að hagnaður af þeim fyrirtækjum sem stunda atvinnuflugrekstur á Íslandi er lítill og þarf að koma til móts við lítilmagnann.

Þegar maður horfir á hvernig ríkisstjórnin hækkar skatta kerfisbundið á einstaklinga hlýtur maður að lyfta annarri augabrúninni þegar ungir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins koma með frumvarp til laga um að lækka verulega gjöld á atvinnurekstur.

[16:05]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt að ég sem og aðrir þingmenn sem tökum þátt í umræðum sem þessari verðum að gjöra svo vel og hlusta á viðkomandi þingmann. Það er nú bara þannig. Það er eitthvað sem fylgir starfinu. Ég lagði mikið á mig til að komast í þetta starf og átta mig alveg á því að þetta er ekki bara dans á rósum. Við þurfum líka, virðulegi forseti, að hlusta á þingmenn Samfylkingarinnar ræða t.d. um skattamál. Þar er alveg línan sú að segja nógu oft: Ríkisstjórnin hefur hækkað skatta. Alveg blákalt. Hafa skal það sem hljómar betur. Sannleikurinn skiptir engu máli en maður má bara taka þátt í þessari umræðu. Það er hárrétt hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni, maður verður að hafa létta lund til að fara í gegnum svona lagað. Það liggur alveg hreint og klárt fyrir. (**Gripið fram í:** Og mikinn húmor.) Já, og mikla kímnigáfu. Það getur gert þetta starf einstaklega skemmtilegt ef maður lítur á þetta frá ákveðnu sjónarhorni þegar maður situr hér og hlustar á hv. þingmenn Samfylkingarinnar.

En hvað sem því líður, ef þingmaðurinn í fullri alvöru hefur áhuga á að vita af hverju þetta frumvarp er flutt þá er ég að vísu búinn að fara nokkuð oft í gegnum það. Ég veit ekki hvort á að trúa því í alvöru að hv. þingmaður líti þannig á aukatekjur ríkissjóðs að það sama eigi yfir allt að ganga með slíkt. Eins og þetta sé sami hluturinn. Þetta séu bara einar aukatekjur kannski. Þetta eru afskaplega margvísleg gjöld. Að það sé einhver frétt að tvö frumvörp hafi verið lögð fram, annað sem snýr að hækkun á aukatekjum ríkissjóðs, þá verður hv. þingmaður að vera ósammála mér ef honum finnst að það hafi verið óskynsamlegt af fjármálaráðherra að leggja fram frumvarp þar. Það kom mér mjög á óvart hvað þau gjöld voru lág sem verið var að hækka. Ég veit ekki hvort þingmanninum í fullri alvöru finnist það vera ósanngjörn gjöld sem verða tekin eftir þá breytingu. (Forseti hringir.) En ég hef flutt öll þau rök sem liggja (Forseti hringir.) fyrir varðandi þetta mál og ég get gert það aftur og mun glaður hlusta áfram (Forseti hringir.) á ræðu hv. þingmanns, virðulegi forseti.

[16:07]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Lundin er að léttast og það er til bóta. Eins og aukatekjur ríkissjóðs eru fram settar í þeim lögum sem gilda og þeim breytingum sem við sjáum í þeim frumvörpum sem búið er að leggja fram þá eru þetta ekkert annað en þjónustutekjur. Þetta er í raun og veru skattheimta sem tengist ekki á nokkurn hátt kostnaðinum við að veita þá þjónustu sem verið er að verðleggja. Við getum talað um þjónustugjöld þegar hægt er að sýna fram á að kostnaðurinn við að veita þjónustuna passi við þau gjöld sem verið er að innheimta, þannig að ekki sé um skatt eða aukatekjur umfram kostnað að ræða hjá ríkissjóði. En hér er meira og minna um þjónustutekjur að ræða sem í flestum tilvikum eru langt umfram það sem kostar að veita þá þjónustu sem um ræðir.

Hv. þingmaður valdi það í seinna andsvari sínu að ræða lítið um þetta frumvarp til laga sem hann lagði fram heldur fór að tala um að þingmenn Samfylkingarinnar töluðu um að ríkisstjórnin lækkaði ekki skatta. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni. Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum talað mjög skýrt um það frá því að núverandi hæstv. utanríkisráðherra og fyrrverandi fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, lagði fram frumvarp til laga um skattbreytingu og lækkun á tekjuskattsprósentu, að með því væri verið að auka skattbyrði á flesta skattgreiðendur í landinu. Það væru eingöngu þeir sem mestu tekjurnar hefðu sem lækkuðu í sköttum.

Nú er búið að staðfesta þetta. ASÍ hefur gert það, Landssamband eldri borgara, Stefán Ólafsson, prófessor í Háskólanum, og nú síðast góður Kastljóssþáttur í gærkvöldi þar sem farið var skýrt yfir að 75–80% skattgreiðenda greiða núna hærri skatta til ríkisins en þeir gerðu áður en ríkisstjórnin kom með þessa svokölluðu skattalækkanir sínar. Þetta er að verða skýrt og er í dúr og moll við það sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum haldið fram á Alþingi og annars staðar. Sem betur fer er það oftast þannig að sannleikurinn kemur í ljós að lokum.

[16:10]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla nú að taka undir með flutningsmönnum hvað þetta frumvarp varðar. Mér finnst það vera jákvætt mál að lækka álögur á þá sem eru að hefja atvinnurekstur. Það er oft og tíðum erfitt að byrja og ég get ekki séð annað en að þetta greiði einfaldlega fyrir því að menn

stofni fyrirtæki. En einnig verður að hafa í huga hvað þetta varðar að atvinnurekendur sem eru fyrir í greinum kvarta yfir öðrum þætti, þ.e. að of auðvelt sé að vera með kennitöluhopp. Hafa verður í huga að menn séu ekki að gera þá leið enn þá greiðari.

En auðvitað eigum við að líta á þetta björtum augum, að verið sé að auðvelda fólki að stofna fyrirtæki og ekki verið að leggja á þá einstaklinga sem ætla að hefja rekstur strax 82.500 kr. í kostnað. Nú er verið að lækka þá upphæð niður í 40.000 kr. og mér finnst það vera hið besta mál.

Það er annað sem hafa ber í huga þegar verið er að stofna fyrirtæki að stundum er fólki talin trú um að hægt sé að sækja um styrki hjá hinum og þessum aðilum. Mér dettur í hug Impru-styrkir. Oft og tíðum eru þetta mjög litlar upphæðir sem hægt er að fá. Oft eru þetta ekki nema nokkur hundruð þúsund krónur og þegar búið er að leggja í mikla vinnu við að fylla út umsóknareyðublöð og margt umstang sem fylgir því, þá situr lítið eftir þegar búið er að innheimta öll gjöld eins og það sem er verið að lækka hér til ríkisins, 82.500 kr.

Ég get því ekki séð annað en að þetta sé mjög jákvætt mál og fagna því að stjórnarflokkarnir sýni að einhverju leyti minni atvinnurekstri ákveðinn skilning, að vera ekki að leggja auknar álögur á hann. Við þurfum einmitt að líta þetta jákvæðum augum og greiða fyrir því að ungt fólk og aðrir sem hafa eitthvað til málanna að leggja í atvinnulífinu leggi í þá vegferð og stuðli frekar að því að fleiri fari þá leið.

[16:12]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir málefnalega ræðu þar sem hann hitti algerlega naglann á höfuðið þegar hann ræddi efni frumvarpsins. Hann minntist hins vegar á hlut sem menn hafa minnst á í tengslum við þetta, þ.e. að menn hafa áhyggjur af kennitöluflakki, og það er raunverulegur vandi. Mín skoðun er sú að við eigum að nota aðrar leiðir og við höfum gert það til að koma í veg fyrir slíkt. Það hefur sem betur fer, t.d. í opinberum útboðum og öðru slíku, verið fylgst betur með að greitt sé í lífeyrissjóð og menn standi skil á opinberum gjöldum og öðru slíku til að koma í veg fyrir kennitöluflakk, sem gerir ekkert annað en að eyðileggja fyrir heiðarlegu fólki í atvinnulífinu. Við verðum að vera mjög vakandi fyrir því.

Ég er algerlega sammála hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni, að það að lækka þröskuldinn fyrir aðila sem eru að stofna sitt fyrsta fyrirtæki, og þó það sé ekki það fyrsta, gerir nýsköpun í atvinnulífinu auðveldari. Ég er alveg sammála honum. Skoðun mín er sú að betra sé að fara þá leið að lækka skatta fyrir aðila en að búa til flókið styrkjakerfi. Því eins og hv. þingmaður nefndi felst mikil vinna í að útbúa slíkt og oft ekki mikið upp úr því að hafa. Þess vegna hefur núverandi ríkisstjórn og fyrirrennarar hennar gengið í það að lækka mjög skatta á fyrirtæki. Þegar ríkisstjórnin tók við var tekjuskattur á fyrirtæki 50% en búið er að fara með hann núna niður í 18%. Það er auðvitað ein af mörgum ástæðum fyrir því að hér hefur gengið jafn vel í atvinnulífi og raun ber vitni. En þess ber að geta að við höfum alltaf þurft að berjast gegn Samfylkingunni og fyrirrennurum hennar þegar hefur komið að þessum málum. Því þegar kemur að skattamálum eru þeir fylgjandi háskattastefnu hvort sem það er á einstaklinga eða fyrirtæki og fer ég nánar í það á eftir.

[16:14]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki hægt að skilja þessa umræðu eftir eins og kannski var gert í þessum stuttu andsvörum. Ég stend við það og meina að mér finnst málflutningur Samfylkingarinnar með endemum. En þrátt fyrir að svo sé getur vel verið að hann síist inn hjá fólki. Þegar menn endurtaka hvað eftir annað sömu ósannindin kemur sá tími að einhver fer að trúa þeim. Hér þvældi hv. þm. Jón Gunnarsson, byrjaði á því að tala um aukatekjur ríkissjóðs sem skatttekjur, svo fór hann að tala um þær sem þjónustutekjur og loks sem hálfgerð þjónustugjöld. (**JGunn:** ... skatttekjur.) Hér kallar hann svo úr salnum að þær séu orðnar skatttekjur. Virðulegi forseti, þetta er ágætt. Ég vil óska hv. þingmanni til hamingju með að vera kominn hringinn og ætla að spyrja hann: Fer hv. þingmaður aftur út í þjónustutekjur og þjónustugjöld eða ætlar hann að halda sig við skatttekjur? Hann svarar mér ekki, virðulegi forseti, allt í góðu með það. Kannski gerir hann það í andsvari hér á eftir.

Nú er það ekki þannig að ég sé í fyrsta skipti að takast á við Samfylkinguna þegar kemur að skattamálum. Ég verð að viðurkenna að ég hef leyft þeim að ráða skilgreiningunum. Þeir mega kalla þetta hvað sem þeir vilja. Hjá Reykjavíkurborg, þar sem þeir ráða sjálfir, heita allar svona tekjur þjónustugjöld. En hér kallaði hv. þingmaður, og þingsalur varð vitni að því, þetta skatttekjur. Fyrrverandi núverandi formaður, eins og ég sagði einhvern tíma, virðulegi forseti, sagði hér úr ræðustóli Alþingis þegar við ræddum skattastefnu ríkisstjórnarinnar, sem hún var í andstöðu við, að það skipti engu máli hvað þetta héti, þjónustugjöld eða *þjónustutekjur, þetta væru allt saman skattar. Gott og vel.* Núverandi formaður Samfylkingarinnar skipti um skoðun þegar hún fór í annan stól en kannski mun hv. þm. Jón Gunnarsson fara og kenna sínum formanni lexíu, í það minnsta hefur hann komist að þeirri niðurstöðu að aukatekjur ríkissjóðs séu skatttekjur.

Hann kemur hér alveg svellkaldur og segir að ríkisstjórnin hafi nú hækkað skatta á velflesta, að skattabreytingarnar hafi verið þannig. Við skulum aðeins fara frá a til ö yfir það hvernig tekjuskattskerfið okkar er byggt upp. Ég var með fyrirspurn til fjármálaráðherra fyrir nokkrum dögum. Þá spurðist ég fyrir um þróun skatta frá 1994 til 2008. Ég þykist muna að þegar tekjuskattsbreytingarnar verða komnar að fullu til framkvæmda árið 2008 muni skattar á 100.000 kr. vera sem samsvarar 2% en á 200.000 kr. sem samsvarar 14 eða 16%, að því er mig minnir. Þetta er að vísu misjafnt, það munar 1,7% eftir því hvort um er að ræða hámarks- eða lágmarksútsvar sveitarfélaga. Síðan fer þetta stighækkandi. Í 300.000 erum við komin yfir 20%, segjum 25%. Hvað þýðir þetta, virðulegi forseti? Og ég vil biðja hv. þingmann að hlusta. Þetta þýðir að ef viðkomandi aðili hækkar í launum, og þetta er samspil persónuafsláttar

og tekjuskattsprósentu, verður það til þess að hann greiðir ekki bara hærri upphæð, vegna þess að 10% af 200.000 er meira en 10% af 100.000, heldur greiðir hann líka hærra hlutfall. Tekjuskattskerfið er nefnilega með vilja byggt þannig upp að það er stighækkandi. Segjum að það væri einn aðili sem héldi uppi öllum þjóðartekjum Íslendinga, það væri bara einn karl eða ein kona, segjum kona. Hún væri með 100.000 kr. í laun, virðulegi forseti, og þyrfti því að greiða 2% skatt. Ef hún fengi launahækkun upp á 200.000 færi hún að borga þetta 14–16% skatt. Væri það skattahækkun, virðulegi forseti? Vilja menn í fullri alvöru hafa hlutina þannig að ef laun viðkomandi hækka fylgi sú skattprósenta sem var þegar launin voru lægri? (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég spyr að þessu er sú að í okkar þjóðfélagi, kannski fyrst og fremst út af efnahagsstjórn, höfum við séð meiri kaupmáttaraukningu en nokkurn tímann áður. Við getum borið okkur saman við hvaða land sem er, við höfum náð stórkostlegum árangri. Laun hafa, sem betur fer, almennt hækkað mjög mikið. Það er alveg nýtt. Það gerðist ekki fyrir síðustu kosningar og hefur aldrei gerst fyrir neinar kosningar sem ég man eftir að menn hafi í fullri alvöru haldið því fram að ef við næðum þeim árangri að fleira fólk fengi hærri laun en áður ætti skattprósentan að elta. Þvert á móti, virðulegi forseti, hefur almennt verið sagt, hefði ég talið, að skynsamlegra, eðlilegra og réttlátara væri að fólk greiði hærri prósentu af hærri launum. Menn hafa þó ekki, virðulegi forseti, viljað sjá skattkerfið með svokölluðum jaðarsköttum það háum að það sé vinnuletjandi. Fyrir síðustu kosningar var gríðarlega mikið talað um svokallaða jaðarskatta. Samspil í skatta- og bótakerfinu var orðið þannig að þó að fólk, og þá sérstaklega ungt fólk, yki tekjur sínar og legði meira á sig þá skilaði það mjög litlu. Þess vegna, virðulegi forseti, töluðum við sjálfstæðismenn, og framsóknarmenn að ég tel líka, um að það ætti að lækka jaðarskattana. Við vorum ekki einir um það. Samfylkingarmenn töluðu líka á þann veg og lofuðu því í votta viðurvist hvar og hvenær sem er að lækka jaðarskatta. Við höfum lækkað jaðarskattana mjög myndarlega, mjög myndarlega. En samfylkingarmenn hafa barist gegn því og alltaf greitt atkvæði gegn því. Alltaf, virðulegi forseti, samfylkingarmenn hafa alltaf greitt atkvæði gegn því. Þeir geta ekki hlaupið frá þeirri staðreynd.

Nú má vel vera að við megum lækka skatta enn frekar. En ríkisstjórnarflokkarnir, virðulegi forseti, hafa bæði verið sakaðir um að lækka skatta of mikið eða lækka þá ekki. Það er erfitt að elta málflutning Samfylkingarinnar í þessu máli. Maður þarf að hafa sig allan við til að átta sig nákvæmlega á því á hverjum tímapunkti í umræðunni hver skoðun Samfylkingarinnar er í skattamálum. Svo sannarlega var það þannig fyrir síðustu kosningar og varð ég vitni að því hvað eftir annað. Á hverjum einasta fundi sem ég var á með Samfylkingunni var það þannig, held ég, að þeir vildu lækka jaðarskatta. Það breyttist strax eftir kosningar. Ríkisstjórnarflokkarnir voru skammaðir blóðugum skömmum fyrir að lækka skatta.

Nú halda þeir því fram að með þessum skattalækkunum okkar höfum við verið að hækka skatta. Það er einn sérkennilegasti málatilbúnaður sem heyrst hefur. Hér hafa menn talað mjög skýrt, þ.e. Samfylkingin í síðustu viku, hvað þetta varðar og þeir sleppa ekki frá þeim málflutningi sínum. Hvað þetta mál varðar þá sýnir það kannski hvernig mál hafa þróast ...

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill vekja athygli hv. ræðumanns á því að það er samkomulag á milli formanna flokkanna að ræðutími í hverju þingmáli fyrir sig standi ekki lengur en í 40 mínútur. Það munu vera eftir um 5 mínútur af ræðutíma í þessu dagskrármáli og það eru þegar komin tvö andsvör, sem þýðir að gangi andsvörin fram munum við sennilega fara 10 mínútur fram yfir þann ræðutíma ef ræðumaður ætlar að fullnýta sinn ræðutíma. Ég vildi vekja athygli hv. þingmanns á því.)

Virðulegi forseti. Ég þakka þér fyrir þessa athugasemd. Það er gott að vita af þessu og ég mun stytta ræðu mína nú. En ég vek athygli á því að hér áður var það þannig að hingað upp komu þingmenn Samfylkingarinnar — gott ef það var ekki hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem mælti mjög með þessu máli og líka hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Það hefur orðið breyting hér á í stjórnarandstöðunni. Við heyrðum málflutning hv. þm. Jóns Gunnarssonar og ég las viðtal í blöðunum við hv. þingmann Vinstri grænna, Hlyn Hallsson, sem talaði gegn þessu máli. Þannig að hér eru að verða breytingar og það er bara þannig. Menn hafa frelsi til þess að breyta.

[16:25]

Jón Gunnarsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta var skrýtin seinni ræða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Ég hélt að hv. þingmaður ætlaði að rífa sig upp úr kvefinu en hann hefur verið með meiri hita en ég gerði mér grein fyrir þegar hann hóf mál sitt. Hvað á það eiginlega að þýða að koma í ræðustól á Alþingi og halda því fram aftur og aftur að við þingmenn Samfylkingarinnar förum með ósannindi varðandi skattamál og skattahækkanir ríkissjóðs? Hlustaði hv. þingmaður ekki á Kastljós Ríkissjónvarpsins í gær? Hefur hv. þingmaður ekki skoðað þau gögn sem komið hafa fram og greinar frá Landssambandi eldri borgara? Hefur hv. þingmaður ekki kynnt sér þá útreikninga og rök sem liggja fyrir þegar þingmenn Samfylkingarinnar sýna fram á að þeir sem ekki eru með allra hæstu tekjurnar greiða nú mun hærra hlutfall af tekjum sínum í skatt en þeir gerðu áður. Það er til skammar, frú forseti, að hv. þingmaður skuli minna á fyrirspurn sína til hæstv. fjármálaráðherra síðastliðinn miðvikudag. Hún var með endemum. Sú fyrirspurn var prentuð upp þrisvar vegna þess að fjármálaráðuneytinu líkaði ekki hvernig hún var sett upp. Hún var sett upp með sama villandi hættinum og allur málflutningur fjármálaráðuneytisins varðandi skattahækkanir eða skattalækkanir hefur verið nú í langan tíma.

Vill hv. þingmaður sömu laun árið 2008 — við vitum náttúrlega ekkert hver launaþróunin verður fram til ársins 2008 — og hann hafði á árinu 1994? Það var það sem hv. þingmaður var að bera saman hér á miðvikudaginn, hvernig skattbyrðin væri á 100.000 kr. launum í dag, 100.000 kr. launum árið 2008 og 100.000 kr. launum á árinu 1994. Hvaða bull er það að bjóða þjóðinni upp á slíkan samanburð? Það er ekkert verið að bera saman sömu hluti þarna.

Þetta var allt vel gert í Kastljóssþætti í gær og ég held að allir hljóti að sjá hvernig ríkisstjórnin stendur berrössuð eftir þann málflutning sem hún hefur haft um skattalækkanir og skattahækkanir.

[16:28]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég stend við fullyrðingar mínar varðandi ósannindi og vil ítreka að hér fór hv. þingmaður aftur með ósannindi. Hann talar um að fyrirspurn hafi verið til skammar og að fjármálaráðuneytið hafi endurprentað hana. Þetta eru hrein og klár ósannindi, alveg hrein og klár ósannindi. Hann hefur ekkert fyrir sér í þessu. Það rétta er að fyrirspurnin hafði verið vitlaust skrifuð upp. Ég vildi hafa spurninguna öðruvísi. Hún var endurprentuð vegna þess að það náðist ekki að svara henni í fyrra skiptið sem hún var lögð fram. Það er þingmanninum ekki sæmandi, þó svo ég viti ekki hvaða standard hann setur sjálfum sér, virðulegi forseti, að tala með þessum hætti.

Það liggur alveg hreint og klárt fyrir hver þróunin hefur verið í skattamálum. Ef menn í fullri alvöru halda — eins og hv. þingmaður, þó það muni að vísu mjög litlu, en látum það liggja á milli hluta. En þú getur ekki látið persónuafsláttinn fylgja launavísitölunni. Það segir sig sjálft. Við höfum náð þeim árangri að hækka laun verulega. Er réttlæti í því að skattprósentan fylgi því eftir? Ef launahjöðnun hefði orðið, segjum að laun hefðu lækkað, hefðu mál þá verið í góðu lagi? Segjum að laun hefðu lækkað í landinu, segjum að við hefðum haldið illa utan um stjórn landsmála. Ef þessi einstaklingur sem ég var að vísa í hefði verið með 200.000 kr. en færi niður í 100.000 kr. og borgaði þá ekki 16% heldur 2%, hefði það þá verið einhver sérstök gjafmildi hjá ríkisstjórninni? Hefði ríkisstjórnin þá lækkað skatta? Þessi málflutningur gengur ekki upp og það þýðir ekkert að vísa hér í aðila úti í bæ um að röksemdir skuli standa. Menn verða sjálfir að færa rök fyrir máli sínu. Það hefur hv. þingmaður ekki gert.

[16:30]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi rök þá bendi ég hv. þingmanni á nefndarálit minni hluta við skattbreytingafrumvarp ríkisstjórnarinnar eins og það var flutt á sínum tíma, en ég átti þátt í að setja fram þau rök sem fram komu í nefndaráliti minni hluta um að í raun væri ríkisstjórnin að hækka skatta á stærstan hóp skattborgara í landinu en ekki lækka.

Frú forseti. Að hlusta á aðila úti í bæ. Ef aðilar úti í bæ, hvort sem þeir eru Kastljós Ríkisútvarpsins, Landssamband eldri borgara, ASÍ, prófessor í Háskólanum eða einhverjir aðrir, geta sýnt mér fram á með rökum að ríkisstjórnin sé að hækka skatta, útskýrt fyrir mér á hvaða hátt þeir reikna það út og hvað þeir leggja til grundvallar, þá hlusta ég á þá. En það er háttur núverandi ríkisstjórnar að hlusta ekki á nokkurn mann, sérstaklega ekki þá sem standa í röðinni og horfa á skrúðgönguna og segja: „Mamma, hann er ekki í neinum fötum.“

[16:31]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sýni afskaplega vel hversu málflutningur hv. þingmanns sé fátæklegur. Hér stendur hann og vísar í rök einhverra annarra. Hv. þingmaður, virðulegi forseti, verður að skilja þetta mál ef hann ætlar að taka þessa umræðu. Hann á eftir að svara því hvort ríkisstjórnin hefði verið að gera eitthvað sérstaklega gott ef hér hefði orðið kaupmáttarskerðing, því það sem hefur gerst er að þeir hópar sem hann vísar í, fleiri hópar, hefðu þá greitt lægra hlutfall. Ég get einfaldað þetta fyrir hv. þingmann. Ef aðeins einn aðili væri með laun hér í landinu, bara einn aðili, væri með 200.000 og mundi lækka niður í 100.000 þá mundi hann greiða lægra hlutfall. Samkvæmt málflutningi hv. þingmanns þá hefur ríkisstjórnin verið að lækka skatta. (**JGunn:** Ertu með sömu laun og 1994?)

Virðulegi forseti. Ég er að reyna að útskýra þetta fyrir hv. þingmanni og hann ætti að hlusta. Ég vil fá að vita það núna (Forseti hringir.) eða seinna hvort við hefðum lækkað skatta ef það hefði orðið kaupmáttarskerðing í landinu.

[16:32]

Eygló Harðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil snúa aftur að frumvarpinu og hætta að tala um skatta. Ég tek það fram að ég fagna þessu frumvarpi og tel þetta vera mjög jákvætt skref. Það á að vera auðvelt á Íslandi að stofna fyrirtæki. Þegar lágmarkshlutafé t.d. í einkahlutafélagi er 500.000 kr. þá er náttúrlega bara algjörlega ótækt að þeir sem stofna fyrirtæki borgi um 20% af þessu hlutafé beint til ríkisins strax í upphafi.

Hv. þingmenn hafa hér sagt í ræðustóli að ekki megi auðvelda stofnun fyrirtækja vegna hættu á kennitöluflakki. Ég tel og mér skilst að rannsóknir bendi líka til þess að meginhluti, langstærsti hluti þeirra sem stofna fyrirtæki og standa í fyrirtækjarekstri geri það af miklum heilindum. Þeir eru ekki að standa í neinu kennitöluflakki. Það er kannski frekar að það sé tengt ákveðnum atvinnugreinum. Við eigum að nota aðrar leiðir, alveg eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson talaði um, til að koma í veg fyrir það. En við eigum ekki gera þetta við upphaf rekstursins og gera ráð fyrir að fyrirtæki muni standa sig illa eða fara á hausinn.

Ég hins vegar leyfi mér að vera ósammála hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni og hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni um stuðningssjóði við atvinnulífið. Flestir stuðningssjóðir eru yfirleitt hugsaðir til þess að aðstoða þá sem hafa viðskiptahugmynd, raunverulega áður en fyrirtækið verður til, til að reyna að sjá hvort eitthvert vit sé í viðkomandi hugmynd eða ekki og stoppa hana þá af. Ég tel því að þeir gagnist mjög vel til þess af því að það kemur hugsanlega í veg fyrir að fyrirtækið fari á hausinn seinna meir.

Ég bara ítreka ánægju mína með þetta frumvarp og ég vona að það verði að lögum sem allra fyrst.

[16:34]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Eygló Harðardóttur fyrir málefnalegt andsvar. Ég er sammála, held ég, nær öllu sem þar kom fram. Hv. þingmaður hefur vakið athygli fyrir

skelegga framkomu í þinginu og er dugleg að kalla hér fram ýmsar upplýsingar. Ég er sammála þeim málflutningi sem hér var viðhafður. Það er ekki mörgu við það að bæta. Hins vegar minntist hv. þingmaður á að hún væri ósammála varðandi styrkjasjóðina. Það er allt í lagi. Við þurfum ekkert að vera sammála um alla hluti. Ég er ekki að halda því fram hins vegar að styrkir hafi aldrei komið sér vel. Því fer algerlega víðs fjarri. Það er oft sem einmitt litlir styrkir hafa hjálpað mikið og maður sér það. Ég nefndi það hins vegar að mér finnst betra að leggja áherslu á almennt rekstrarumhverfi og að við sjáum til þess að hér séu lágir skattar og gjöld á viðkomandi atvinnurekstur frekar en leggja upp úr miklu styrkjafyrirkomulagi, þó svo það sé að sjálfsögðu rétt hjá hv. þingmanni að þeir styrkir sem veittir eru til nýsköpunar hafa oftar en ekki komið að góðum notum. Það er að vísu mín skoðun — ég veit ekki hvort við getum farið mikið út í það hér — að við þyrftum aðeins að líta á þetta líka í stærra samhengi. Það er bara einn liður að lækka þessi gjöld. Ég held að við gætum gert margt fleira til að hjálpa og ýta undir nýsköpun hér á landi. Þá getum við lært ýmislegt af þeim þjóðum sem við berum okkur saman við. Þó allt gangi í haginn í efnahagslífinu núna er ekki þar með sagt að svo verði alltaf. Við eigum að hafa að markmiði að hér sé frumkvöðlastarfsemi og nýsköpunarstarfsemi eins öflug og mögulegt er.

[16:36]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að veita afar stutt andsvar vegna síðustu orða hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um að hann hafi lesið í viðtali við mig að ég væri á móti þessu frumvarpi. Það er hreinasti misskilningur. Ég styð þetta, enda hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt áherslu á að smá og meðalstór fyrirtæki megi dafna og að starfsemi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja megi vera sem mest. Þetta er liður í því að auðvelda frumkvöðlum og þeim sem vilja hefja nýjan atvinnurekstur að stofna fyrirtæki og félög. Þess vegna fagna ég þessu frumvarpi.

Í umræðum hér um allt annað mál, nefnilega stórfellda hækkun á ýmsum gjöldum sem ríkið innheimtir, t.d. á ríkisborgararétti fyrir nýja Íslendinga, gerði hins vegar samflokksmaður hv. fyrsta flutningsmanns þessa frumvarps, sjálfstæðismaðurinn hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, einhverjar athugasemdir við það að ég gerði athugasemdir við þessa hækkun upp á 700–800%. Það kom hins vegar ekki fram í máli mínu að ég væri á móti því að lækka þetta gjald. Ég fagna því þvert á móti.

[16:38]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því bara. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að gott er að eiga stuðning Vinstri grænna vísan og gott að varamaður Steingríms J. Sigfússonar sé sömu skoðunar og formaðurinn hvað þetta varðar. Ég hins vegar rak augun í það í blaðaviðtali að verið var að tala um það sem skelfilegan hlut að stjórnarþingmenn ætluðu að lækka gjöld á fyrirtækjum. Þess vegna nefndi ég það áðan. Ég fagna því að hér er bara um misskilning að ræða og að hér er stuðningur við málið. Það er hið besta mál. Þá getum við einangrað andstöðuna við hv. þingmenn Samfylkingarinnar. Það er nú (Gripið fram í.) bara þannig. Við hlustuðum hér á málflutning hv. þm. Jóns Gunnarssonar áðan þar sem hann fann þessu máli allt til foráttu og fór síðan mjög rangt með í umræðu um skattamál. En við munum fylgja þeirri umræðu eftir og henni er hvergi lokið.

Umræðu frestað.

Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, fyrri umr.

Þáltill. BJJ o.fl., 139. mál. — Þskj. 139.

[16:40]

Flm. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.

Tillaga þessi var áður flutt á 131. löggjafarþingi og er því flutt hér í annað sinn.

Flutningsmenn tillögunnar ásamt mér eru fulltrúar allra flokka sem eiga sæti á Alþingi og þar með taldir allir hv. þingmenn Norðausturkjördæmis utan þeirra sem gegna störfum ráðherra. Því er ljóst að þverpólitískur stuðningur er við þá tillögu sem hér er um ræðir og hljóðar þingsályktunartillagan svona, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra undirbúning að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Haft verði að markmiði að bjóða upp á nám til stúdentsprófs auk þess sem skólinn sérhæfi sig í sjávarútvegsmenntun.

Ráðherra skipi undirbúningshóp sem í sitji fulltrúi menntamálaráðherra, sem veiti hópnum forustu, fulltrúi ráðherra byggðamála, fulltrúi sjávarútvegsráðherra, fulltrúi Dalvíkurbyggðar, fulltrúi Ólafsfjarðarbæjar og fulltrúi Siglufjarðarkaupstaðar.“

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan er þetta í annað skipti sem við flytjum umrædda tillögu til þingsályktunar. Margt hefur gerst frá því að þingsályktunartillagan var rædd á síðasta þingi, m.a. hafa sveitarstjórnir á svæðinu beitt sér mjög mikið fyrir því að það verði af stofnun þessa framhaldsskóla. Sjálfur hef ég orðið var við mikla vakningu hjá íbúum svæðisins í þá átt að stofnaður verði framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð. Þar á ég sérstaklega við íbúa Dalvíkurbyggðar, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.

Trúlega finnum við hvergi á landinu byggðarlag með yfir 4.000 íbúa sem hefur ekki aðgengi að framhaldsmenntun. Það er grafalvarlegt mál. Á sama tíma hafa stjórnvöld byggt upp menntun í hinum dreifðu byggðum, stofnað háskólasetur m.a. á Austfjörðum og Vestfjörðum, sem er hið besta mál. Stjórnvöld hafa styrkt háskólamenntun á Akureyri. Það er alveg ljóst að halda verður áfram á þeirri braut. Íbúar við utanverðan Eyjafjörð gera þá kröfu að þurfa ekki að senda ósjálfráða unglinga að heiman, oftar en ekki suður yfir heiðar, til að sækja framhaldsnám við hæfi. Ef af stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð yrði mundi það efla og styrkja byggðirnar þar mjög mikið. Eins og við hv. þingmenn sem hér erum vitum þá hafa þessi byggðarlög

háð mikla varnarbaráttu á umliðnum árum en bættar samgöngur, Héðinsfjarðargöng, og uppbygging framhaldsmenntunar á svæðinu mun styrkja viðkomandi byggðarlög að miklu leyti.

Hæstv. forseti. Í könnun sem Hermann Tómasson gerði *árið 2001 kom í ljós að mikill stuðningur er á svæðinu við* uppbyggingu framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Það kom í ljós í þeirri könnun að brottfall nemenda á svæðinu er hlutfallslega meira en annars staðar á landinu. Það eru mjög alvarleg tíðindi að horfast í augu við þá staðreynd að ungt fólk í þessum byggðarlögum skuli eiga erfiðara uppdráttar í sínu námi en ungt fólk annars staðar á landinu. Við því verður að bregðast. Því fagna ég því að hæstv. menntamálaráðherra hefur hrundið af stað vinnu sem miðar að því að kanna hvort grundvöllur sé fyrir stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. (Gripið fram í.)

Að sjálfsögðu hljóta allir að sjá að feiknamikil rök hníga í þá átt að við byggjum upp framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. *Nefndin sem er skipuð, að ég held, fulltrúum úr* ráðuneytinu á að skila niðurstöðu fyrir 1. maí næstkomandi og auðvitað hljótum við hv. þingmenn að bera þá von í brjósti að sú niðurstaða verði jákvæð. Það er mikilvægt í þeirri vinnu að haft verði formlegt samráð við heimamenn hvað það varðar. Það vill svo skemmtilega til að á morgun á ég fyrirspurn á Alþingi til hæstv. menntamálaráðherra um hvort slíkt samráð verði ekki örugglega viðhaft. Það er mjög mikilvægt að sjónarmið heimamanna, sveitarstjórna á svæðinu, komi fram í þeim efnum.

Ég veit til þess að forsvarsmenn sveitarfélaganna við utanverðan Eyjafjörð, þeirra þriggja sem ég hef nefnt, fóru fyrir nokkru síðan á Snæfellsnes og skoðuðu Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Trúlega búa fleiri við utanverðan Eyjafjörð en á Snæfellsnesi. En það var mikil umræða um stofnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga á sínum tíma og mikil átök um það og margir voru svartsýnir á stofnun þeirrar glæsilegu menntastofnunar. Forustumenn sveitarfélaganna við utanverðan Eyjafjörð fóru og kynntu sér starfsemi fjölbrautaskólans, sem hefur vaxið með ólíkindum á stuttum tíma. Yfirbragð bæjanna er allt öðruvísi, unga fólkið stundar nám í sinni heimabyggð og mikil uppbygging, húsbyggingar og annað slíkt, á sér nú stað í Grundarfirði þar sem skólinn er staðsettur.

Ég tel, hæstv. forseti, að reynslan af stofnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga sýni að hér um mjög raunhæft mál að ræða og að grundvöllur sé fyrir því að stofna framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Ég hef oft nefnt sem dæmi að Þingeyingar eiga tvær glæsilegar menntastofnanir, þ.e. Framhaldsskólann á Laugum og Framhaldsskólann á Húsavík. Það er tiltölulega svipaður íbúafjöldi í Þingeyjarsýslum og við utanverðan Eyjafjörð en þó hafa íbúar við utanverðan Eyjafjörð ekki aðgengi að framhaldsnámi. (**ÖS:** Viltu tvo framhaldsskóla?) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson grípur hér fram í og spyr hvort ég vilji tvo framhaldsskóla á svæðið. *Ég tel að einn dugi að sinni. En við getum hugsað okkur* það, hv. þingmenn, hvernig ástatt væri fyrir Þingeyingum ef þeir hefðu ekki þessar tvær glæsilegu menntastofnanir eins og þeir skólar eru sem ég nefndi hér að framan. Þá væri ekki burðugt ástand í Þingeyjarsýslum. Reyndar höfum við hv. þingmenn haft mikið dálæti bæði á skólunum á Laugum og Húsavík og ég tel að efla beri þær stofnanir.

Ég legg áherslu á það að með stofnun þessa skóla við utanverðan Eyjafjörð er ekki verið að skerða grundvöll annarra menntastofnana í landinu. Við vitum að næsti árgangur sem kemur inn í framhaldsskóla landsins er einn sá stærsti í sögunni og við horfum fram á að það verði erfiðleikar í haust hvað varðar innritun nýnema á framhaldsskólastigið. Það er ekki offramboð af úrræðum hvað varðar menntun framhaldsskólanema í landinu. Auk þess gegna þessar stofnanir í síauknum mæli veigameira hlutverki í símenntun á viðkomandi svæðum. Það sýnir sig t.d. á Snæfellsnesi að eldra fólk fer í framhaldsskólanám, aflar sér þeirrar menntunar jafnvel til þess að búa til grunn til að öðlast enn meiri menntun. Ég held að kannanir hafi sýnt að öllum er hollt að stunda nám því „svo lengi lærir sem lifir". Og að er auðvitað virkilega áhugavert fyrir fólk að geta tekið einn og einn áfanga í viðkomandi skóla til að halda hausnum í formi, ef svo má að orði komast.

Hæstv. forseti. Á síðasta kjörtímabili var mikið rætt um það hvort stofna ætti framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð og tengja hann þá annaðhvort Verkmenntaskólanum á Akureyri eða Menntaskólanum á Akureyri. Ég hef ekki trú á að heppilegt sé að reisa útstöð frá þessum skólum heldur tel ég mikilvægt að um sjálfstæða einingu verði að ræða sem hafi metnað til þess að byggja upp glæsilega menntastofnun á viðkomandi svæði.

Við þekkjum forsöguna hvað Dalvík varðar að þar var mjög öflug sjávarútvegsdeild. *Því miður hefur sú starfsemi* lagst þar af en það er mikilvægt fyrir fiskveiðiþjóð eins og okkur Íslendinga að hafa menntastofnun sem sérhæfir sig í fiskvinnslunámi. Ég sé mikil sóknarfæri í því ef umrædd menntastofnun gæti sérhæft sig á sviði fiskvinnslu og útgerðar til þess að mennta fólk í landinu öllu.

Hæstv. forseti. Ég tel að þær raddir sem ég hef heyrt, og trúlega hafa margir aðrir hv. þingmenn orðið þess áskynja, um að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð muni ógna menntastofnunum annars staðar á Eyjafjarðarsvæðinu, á Akureyri, eigi ekki við rök að styðjast. Sjálfur er ég frá Siglufirði og þekki það að oftar en ekki fer ungt fólk að heiman suður yfir heiðar, ekki endilega á Eyjafjarðarsvæðið, og *samfélögin verða fábreyttari og oft flytja fjöl*skyldurnar á eftir. En með tilkomu Héðinsfjarðarganga breytist allt þetta umhverfi og þrjú byggðarlög munu sameinast. Ég hef trú á því að ungt fólk af þessu svæði stundi nám á heimaslóðum sínum og sæki í framhaldinu nám til Háskólans á Akureyri og styrki þar af leiðandi viðkomandi stofnun gríðarlega og allt Eyjafjarðarsvæðið. Hér er því ekki eingöngu um hagsmunamál íbúa við utanverðan Eyjafjörð að ræða heldur hagsmuni Eyjafjarðarsvæðisins í heild.

Ég vek enn og aftur athygli á því, hæstv. forseti, hversu grafalvarlegt það er að rúmlega 200 ungmenni sem búa í þessum þremur sveitarfélögum — þau verða tvö eftir að Siglufjörður og Ólafsfjörður hafa sameinast — að rúmlega *200 ungmenni á aldrinum 16–18 ára neyðist til þess* að flytjast að heiman til að stunda framhaldsskólanám við hæfi. Við vitum að þetta unga fólk er misjafnlega undir lífið búið og misjafnlega þroskað eins og gengur. Auðvitað vill ákveðinn hluti af því fara að heiman, vill fara á heimavistir annars staðar á landinu og þroskast þar en það eru

ekki allir undir það búnir. Það mikið réttlætismál að þetta unga fólk fái að stunda nám í sinni heimabyggð.

Hæstv. forseti. Af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi hér að ungt fólk eigi að læra bridge og læra að tefla þá er eitt öflugasta bridgefélag landsins á Siglufirði og ég sé fyrir mér að bridge yrði kennt við þennan öfluga framhaldsskóla og að Bridgefélag Siglufjarðar muni eflast til muna. Ég fagna þessari athugasemd hv. þingmanns og mun nefna þetta við viðkomandi skólameistara þegar þar að kemur að við stofnum öflugt bridgefélag við þennan skóla.

Það er mjög mikilvægt að við höfum hröð handtök. Við horfum fram á að göng á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar verði opnuð árið 2009. Fara þarf að huga að undirbúningi framhaldsskóla á svæðinu og hefja þar starfsemi árið 2009. Trúlega þarf einhver undirbúningsvinna að fara fram árið 2008 og jafnvel þarf, rétt eins og á Grundarfirði, að byggja húsnæði undir viðkomandi stofnun. Ég var mjög hrifinn af því, ég fór til Grundarfjarðar og kynnti mér starfsemi skólans þar, hvernig þeir hafa útfært þá hugmynd þar. Það er mjög nýtískulegur skóli í opnu rými að miklu leyti og byggir á öflugu fjarnámi á staðnum þar sem á þriðja hundrað nemendur eru nú þegar við nám.

Það er því að mörgu að hyggja þegar við horfum fram á veginn hvað þetta varðar. Það þarf að hefja undirbúningsvinnu, eins og ég sagði, og hafa formlegt samráð við heimamenn. Mun fyrirspurn mín til hæstv. menntamálaráðherra á morgun hljóða á þann veg hvort ekki sé öruggt að sú nefnd sem nú er að störfum innan menntamálaráðuneytisins muni hafa formlegt samstarf við heimamenn því að það er mjög mikilvægt að heimamenn komi að þessari stofnun frá upphafi og hafi áhrif á hvernig skólastarfið verður í viðkomandi stofnun.

Hæstv. forseti. Ég vonast til þess að að lokinni þessari umræðu verði tillagan send til hv. menntamálanefndar og fái þar jákvæða afgreiðslu því að það er mjög mikilvægt fyrir fólk á þessu svæði að horfa til þess að árið 2009 verði risinn fjölbrautaskóli eða framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð. Það er mjög mikilvægt fyrir framtíðarsýn þessara byggðarlaga að sjá slíka uppbyggingu eiga sér stað. Uppbygging menntunar á landsbyggðinni er það sem koma skal í byggðaáætlun stjórnvalda. Því verðum við þingmenn að standa að þeirri uppbyggingu og samþykkja þessa þingsályktunartillögu og ég vona að hún verði afgreidd fyrir vorið.

[16:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er í sjálfu sér ágæt hugsjón hjá ungum framsóknarmanni að vilja byggja framhaldsskóla á Siglufirði til að kenna bridge en ég veit samt sem áður að hv. þingmanni gengur gott eitt til og hann hefur lagt ástríðu og góða hugsun og vandvirkni í þá þingsályktunartillögu sem hann flytur hér.

Ég hef áður lýst því yfir í þessum stóli að ég styð mjög eindregið allt sem hægt er að gera til að efla og treysta byggð á Siglufirði, sem ég hef hlýjan hug til, eins og hv. þingmaður hefði komist að raun um hefði hann hlustað á predikun mína í Siglufjarðarkirkju á síðastliðinni aðventu. Ég las greinargerð hv. þingmanns, hún er býsna góð og þar eru færð mjög sterk rök fyrir framhaldsskóla. Þess vegna finnst mér dálítið merkilegt að heyra hv. þingmann tala fjálglega og lofa og prísa hæstv. menntamálaráðherra vegna þess að hún hafi sett á laggir nefnd til að kanna hvort stofna eigi framhaldsskóla á Siglufirði. Er ekki svo að ég og hv. þingmaður séum báðir algjörlega sannfærðir um að öll rök liggi þegar fyrir sem styðji að það verði gert?

Hefur hv. þingmanni hugkvæmst, eftir að hafa barist hér lengi ásamt öðrum þingmönnum fyrir þessu þjóðþrifamáli, að það kynni svo að vera að hæstv. menntamálaráðherra væri í þessu efni eins og ýmsum öðrum að tefja fyrir framgangi góðra mála sem ungir framsóknarmenn og aldnir bera fyrir brjósti? Ég verð líka að segja að mér finnst það með ólíkindum að hv. þingmaður skuli tala um að hann vonist til að fá jákvæð svör við spurningum sínum til hæstv. menntamálaráðherra um það hvort haft verði samráð við heimamenn. Gefur það ekki augaleið, ef hæstv. ráðherra hefur einhvern hug á þessu máli, að hún hafi samráð við heimamenn?

Við eigum ekki, ég og hv. þingmaður, að lúta að svona litlu. Þetta er mál sem við berjumst fyrir hvað sem líður töfum Sjálfstæðisflokksins á þessu máli.

[16:57]

Flm. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að hv. þm. Össur Skarphéðinsson verði í þingsal á morgun þegar umræða um framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð fer fram, þ.e. um fyrirspurn mína til hæstv. menntamálaráðherra. Þar fjalla ég um það hvort ekki verði örugglega — ég gef mér það — haft samráð við heimamenn við undirbúning að skoðun um það hvort stofna eigi þennan skóla. Hins vegar spyr ég hæstv. ráðherra að því hvort hún telji að grundvöllur sé fyrir því að framhaldsskóli taki til starfa á viðkomandi svæði og ef svo er, hvenær þá. Við munum vonandi fá jákvæð svör í þingsal á morgun og ég hvet hv. þingmann til þess að verða viðstaddur þá fyrirspurn á morgun og taka af krafti þátt í þeirri umræðu.

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður ræddi um það að sá sem hér stendur vilji reisa framhaldsskóla á Siglufirði sérstaklega. (**Gripið fram í:** Það er fínt.) Það er fínt, segir hv. þingmaður, en ég ætla að gera þá játningu hér að ég hef ekki trú á því að framhaldsskóli verði reistur á Siglufirði, að þar komi annaðhvort Ólafsfjörður eða Dalvík til greina í þeim efnum og síst Siglufjörður. Þó að fulltrúi Siglfirðinga standi hér þá veit hann að það verður stutt vegalengd í þennan skóla. Ég tel að það sé ekki grundvöllur fyrir því að stofna framhaldsskóla á Siglufirði og hef lýst því yfir í minni heimabyggð.

Ég fagna áhuga hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar á þessu máli. Það er mikilvægt að fá stuðning úr öllum flokkum við þetta mál. Eins og ég nefndi áðan eru flutningsmenn þess þingmenn úr öllum flokkum sem sæti eiga á Alþingi og allir þingmenn Norðausturkjördæmis. Ég fagna því sérstaklega að stuðningur komi af höfuðborgarsvæðinu við stofnun þessa framhaldsskóla, enda hafa menntastofnanir á höfuðborgarsvæðinu svo sannarlega styrkt það svæði í gegnum tíðina.

[16:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður getur bæði blessað sig og signt sig upp á það að ég verð hér á morgun til að veita honum lið í baráttunni við hæstv. menntamálaráðherra ef þarf. Ég er þeirrar skoðunar að gera eigi allt sem hægt er til þess að treysta undirstöður hinna dreifðu byggða. Besta leiðin er sennilega sú að efla menntunarstig þeirra vegna þess að held ég að að um leið hækki tekjustigið og rætur byggðarinnar verða gildari og liggja lengra niður í moldina.

Ég skal ekki deila við hv. þingmann um það hvort slíkur skóli eigi að vera á Siglufirði eða annars staðar og geri svo sem engar athugasemdir við það þó að hann verði ekki beinlínis á Siglufirði, en ég teldi það æskilegast, ekki síst eftir hina ágætu ræðu hv. þingmanns áðan, þegar hann upplýsti okkur um það, sem ég hafði í sjálfu sér ekki hugsað út í eða tengt saman, að í Þingeyjarsýslunum er ekki einn heldur tveir framhaldsskólar, og eins og ég skildi hv. þingmann, hugsanlega misskildi ég hann, sagði hann að þar væri svipaður íbúafjöldi. Það kann að vera að hann hafi kannski átt við svæðið allt. (**BJJ:** Já.)

Ég er þeirrar skoðunar að þörfin sé mikil og eitt af því sem ríkið á að eyða í til að treysta byggð er menntakerfið og að það geti í sumum tilvikum ráðið úrslitum. Tilraunin á Grundarfirði heppnaðist mjög vel. Út af fyrir sig er ágætt, úr því að hv. þingmaður hefur þetta yfirgnæfandi traust á hæstv. menntamálaráðherra, að tala um fjarmenntun. Það er nú svo að vagga fjarmenntunar á Íslandi stendur á Akureyri, í kjördæmi hv. þingmanns, og úr því varð sú mikla fjarmenntun sem við þekkjum í dag þrátt fyrir viljaleysi og tregðu menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins. Það veit hv. þingmaður og hann á að berjast gegn því að Sjálfstæðisflokkurinn kúgi Framsóknarflokkinn eins og hann gerir og troði niður í svaðið mörg af hans ágætu málum.

[17:01]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við ræðum um tillögu til þingsályktunar um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Ég er stoltur yfir því að vera einn flutningsmanna tillögunnar. Eins og kom fram í máli hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar er þetta hið besta mál og hefði mátt ganga hraðar, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á áðan, en það er eins og það sé einhver tregða í menntamálaráðuneytinu.

Það er hárrétt að menntamálaráðherra hefur skipað nefnd til að kanna þessi mál. Það kemur fram í greinargerðinni að öll rök hníga að því að stofnaður verði sjálfstæður framhaldsskóli á svæðinu, við utanverðan Eyjafjörð. Það þarf ekki að kanna það í mörg ár í viðbót heldur þarf að hefjast handa, því fyrr því betra. Ég legg áherslu á að það er mikilvægt að þetta verði sjálfstæður skóli. Það hefur einmitt verið rætt um að þetta yrði útibú Verkmenntaskólans á Akureyri eða Menntaskólans á Akureyri. Ég held að það sé langheillavænlegast að þetta sé sjálfstæður skóli með starfsstöð á svæðinu. Mér finnst auðvitað eðlilegast að hún verði miðsvæðis og þá staðsett á Ólafsfirði. Það yrði í framtíðinni stutt frá Siglufirði og stutt frá Dalvík.

Ég þekki nokkur dæmi þess að fjölskyldur hafi flutt frá Ólafsfirði til Akureyrar þegar börnin komust á framhaldsskólaaldur. Það getur gerst hjá fjölskyldu að jafnvel þrír nemendur fari á sama tíma í framhaldsskóla. Það er ærinn kostnaður fyrir eina fjölskyldu ,að senda þrjú börn í framhaldsskóla. Þau eru fjarri foreldrahúsum á meðan og þurfa að leigja sér íbúð eða vera á heimavist, greiða mötuneytisgjald og allt sem því fylgir. Það getur verið heilmikill baggi á einni fjölskyldu. Við vitum að fátt styrkir byggðirnar meira en að fólkið á svæðinu geti stundað nám, grunnnám og framhaldsnám, á svæðinu.

Við höfum dæmi um slíka framlengingu á námsframboði með háskólanáminu á Akureyri. Hvílík gífurleg lyftistöng það hefur verið á Akureyri og allt svæðið, allan Eyjafjörð. Það teygir sig jafnvel lengra og er afar mikilvæg vítamínsprauta. Oft hefur verið talað um það að Háskólinn á Akureyri sé stóriðja svæðisins.

Ég hef einmitt líka lagt áherslu á það í þingsal að stofna beri háskóla á Ísafirði og á Egilsstöðum, ekki aðeins háskólasetur heldur fullbúna háskóla. Það mun sýna sig að þeir skólar vaxa og dafna líkt og Háskólinn á Akureyri sem annar ekki eftirspurn. Hins vegar er tregða hjá menntamálaráðuneyti, hæstv. menntamálaráðherra og einnig hæstv. fjármálaráðherra, til að styðja almennilega við þetta nám. Síðast í morgun efndu nemendur Háskólans á Akureyri til fundar til að mótmæla sinnuleysi stjórnvalda og niðurskurði. Mótmælin beindust ekki aðeins gegn ríkisstjórninni heldur einnig meiri hluta í bæjarstjórn Akureyrar sem er duglaus í því að verja Háskólann á Akureyri.

Það er mikill og víðtækur stuðningur á Eyjafjarðarsvæðinu við stofnun framhaldsskóla. Ég legg áherslu á að þetta verði skóli með fullbúið nám, fjögurra ára nám til stúdentsprófs og að drifið verði í að koma þessum skóla upp. Það yrði ríkisrekinn skóli eins og langflestir framhaldsskólar í landinu og það er afar mikilvægt. Þetta er ein besta byggðastefnan sem við getum séð fyrir okkur. Við höldum fjölskyldum og fólkinu lengur, sköpum störf á svæðinu og nemendur koma ferskir út á vinnumarkaðinn, sem hefur margfeldisáhrif á atvinnulífið. Öll þjónusta í kringum svona stofnun er yfirleitt vanmetin. Ég held að það liggi á þessu máli og vona að menntamálanefnd Alþingis drífi í að koma því áfram svo að hægt verði að afgreiða þessa þingsályktunartillögu á vorþingi og að við megum sjá, jafnvel á næsta ári, stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.

[17:07]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég kem upp til að leggja þessu þarfa máli lið í nokkrum orðum. Ég held að um mikið nauðsynjamál sé að ræða, ekki bara hvað snertir framhaldsskólamenntun heldur byggðaþróun á miklu stærri skala.

Ég veit ekki hvort allir átta sig á því hvað það þýðir fyrir samfélag sem verður að sjá á eftir sjö eða átta árgöngum að heiman á haustin. Þeir koma ekki heim aftur fyrr en á vorin og það vantar mikið í bæjarlífið og í menningarlífið. Það kemur ekki á óvart þótt, eins og kemur fram í greinargerð, brottfall aðkomunemenda á Akureyri sé meira en annarra. Það er ekki þroskað fólk sem fer að heiman og þarf að sjá um sig sjálft kannski 15–17 ára gamalt. Það kemur ekki á óvart. Þrátt fyrir það sem kom fram áðan, að margir telji sig þurfa að fara í þessa manndómsvígslu og hleypa heimdrag-

anum, þá er það ekki endilega þannig. Stór hluti af fólkinu hefur ekki þann þroska sem þarf til þess að búa fjarri heimahögum og þeim stuðningi sem heimilið veitir.

Fyrir fáeinum árum var það almenn regla í kauptúnum víðs vegar um landið að fólk færi í héraðsskóla til þess að þreyja nám í efri hluta grunnskóla. Það skref var stigið að færa það nám í heimabyggðir. Núna er ástandið orðið gott í þeim efnum en aftur á móti má segja að framhaldsskóli tilheyri grunnmenntun sem langflestir nýta sér, ekki síst eftir að hann varð víðtækari hvað snerti verkmenntun og fjölbreyttara námsframboð. Þess vegna er þetta mál algjörlega nauðsynlegt og beint framhald af þeim aðgerðum að grafa jarðgöng á svæðinu.

Ég hef upplifað það hvað jarðgöng breyta gífurlega miklu í atvinnuþróun og félagslífi. Þegar jarðgöng komu undir Breiðadalsheiði gjörbreyttist aðstaða manna þar til þess að sækja vinnu á milli þéttbýlisstaðanna. Áður hafði verið einangrun og erfitt að komast á milli að vetrarlagi. En síðan þessi jarðgöng urðu að veruleika getur fólk verið hvar sem er á norðursvæði Vestfjarða og unnið hvar sem er. Ég starfaði t.d. meðan ég var á Ísafirði með manni sem bjó á Þingeyri. Hann var yfirleitt alltaf fyrstur í vinnuna á morgnana, yfirleitt kominn á undan okkur og aldrei vandamál að komast á milli.

Stofnun framhaldsskólans, sem ég tel vera mikla nauðsyn og styð eindregið, mun styðja þetta samfélag og efla á allan hátt. Ég man vel eftir þeirri umræðu sem varð um stofnun framhaldsskóla í Grundarfirði. Ég man líka hvílíkt fljúgandi start sá skóli fékk. Ég held að það sé gleggsta dæmið um hvernig skólar byggja upp samfélagið í kringum sig, skapa meiri atvinnu, fjölbreytileika í samfélagið með margfeldisáhrifum allt í kring.

Talað hefur verið um hugsanlega sameiningu sveitarfélaga á þessu svæði. Allt ber þetta að sama brunni. Framhaldsskólahefðin er fyrir hendi á Dalvík, hvort sem þessi skóli verður þar eða annars staðar, eins og hér var nefnt. En sú reynsla mun koma til góða.

Hér hefur lítillega verið rætt um útstöð frá Akureyri. Það vill svo til að ég hef reynslu af slíkri starfsemi. Menntaskólinn á Ísafirði, sem þá hét Framhaldsskóli Vestfjarða, gerði margar tilraunir til að hafa útstöð í Vesturbyggð, á Patreksfirði. Það var að vísu minna svæði en þarna er um að ræða. Samt sem áður var meiningin að þar gætu fyrstu tveir bekkir framhaldsskóla starfað. En raunin varð sú að þetta varð máttlaust og lánaðist ekki nægilega vel. Ef til vill var ástæðan sú að farið var af stað með of lítið, það vantaði hvatann til að fá fólk til að flytja á svæðið eingöngu til þess að hafa atvinnu af þessu, eins og skóli mundi veita fólki með fastri stöðu við skólann. Ég mæli eindregið gegn því að þessi leið verði reynd því að hún mun ekki gefast vel að ég tel.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að vagga fjarmenntunar væri á Akureyri. Sá skóli hefur staðið sig einstaklega vel í fjarmenntun fyrir landsmenn en engu að síður er það mín skoðun að vagga fjarmenntunar á Íslandi sé í Kennaraháskóla Íslands sem vann mikið og gott starf, m.a. með svokölluðu starfsleiknámi í upphafi og síðan með öflugri fjarmenntun í kennaranámi sem átti sinn þátt í því að koma skólahaldi á landsbyggðinni í það ágæta horf sem það hefur verið í undanfarin ár. Að því leyti verður Kennaraháskólinn að njóta sannmælis án þess að kastað sé rýrð á Háskólann á Akureyri sem hefur gegnt þessu hlutverki afskaplega vel.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég styð þessa tillögu eindregið og einnig að þetta verði gert fyrr en seinna.

[17:14]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég fagna hugmyndum um framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Ég harma hins vegar að það skuli ekki hafa fengið þær undirtektir í fyrravetur þegar það var flutt því að málið væri núna komið til framkvæmda. Þetta er þrátt fyrir að flutningsmenn séu þingmenn allra flokka, meira að segja stjórnarflokkanna. Þetta sýnir dugleysi stjórnarflokkanna í menntamálum.

Ég kom í öðru lagi til að vekja athygli á því að þetta var eiginlega fyrsta mál mitt þegar ég kom á þing árið 1999, þ.e. tillaga um framhaldsskóla, m.a. við utanverðan Eyjafjörð. Þetta hefur verið eitt af baráttumálum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að fólk geti sótt nám í heimabyggð sem lengst með stofnun framhaldsskóla. Við fluttum um þetta þingmál, tillögu til þingsályktunar um tólf ára samfellt grunnnám, árið 1999 þar sem þetta var rakið. Þessu fylgdi ég svo eftir með fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra á 127. löggjafarþingi. Ég spurði hvenær væri að vænta niðurstaðna í viðræðum milli menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna í Ólafsfirði og Dalvíkurbyggð um stofnun framhaldsskóla á svæðinu. Ég spurði einnig um framhaldsskóla á Snæfellsnesi.

Þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, tók þessu öllu mjög stirðlega, vægt til orða tekið. Engu að síður hafðist í gegn að framhaldsskóli var stofnaður á Snæfellsnesi fyrir tveimur árum. Ég held að enginn sjái nú eftir því þótt það hafi mætt vissri tregðu. Á tímabili varð að beita hörku til að ná því máli í gegn. Ég tel að barátta mín og fleiri í því máli hafi þar ráðið úrslitum, a.m.k. haft mikið um það að segja að tókst að knýja í gegn að byggður yrði framhaldsskóli á Snæfellsnesi, sem öllum finnst sjálfsagt núna.

Ég ítreka, herra forseti, að framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð er eitt brýnasta mál fyrir það svæði og hluti af uppbyggingu menntunar í landinu. Ég held að hæstvirtur þingmaður Birkir Jón Jónsson verði að spýta í lófana til þess að koma þessu máli áfram. (**BJJ:** Ég er enn háttvirtur.) Já, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, er býsna seigur í þessu máli — gott hjá honum.

Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi að ég hef flutt tillögu um stofnun framhaldsskóla í Borgarnesi á grundvelli framhaldsskólalaga og sömuleiðis um framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Það er brýnt að fólk geti sótt framhaldsnám heiman að frá sér, bæði hvað varðar nemendurna sjálfa og einnig fyrir viðkomandi byggðarlag.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa fleiri orð um þetta. En þetta hefur verið eitt af aðalstefnumálum í menntamálum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að efla menntun í heimabyggð. Þessi tillaga til þingsályktunar er einmitt liður í því, fyrir þá byggð sem það snertir. Mér

finnst að það eigi að afgreiðast á þessu þingi og ráðist þegar í framkvæmd. Við ættum að vinda okkur í að gera þetta að raunveruleika þannig að við þurfum ekki að ræða þetta oftar á þingi.

[17:18]

Eygló Harðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem sérstaklega upp í ræðustólinn til að mótmæla orðum hv. þm. Jóns Bjarnasonar um dugleysi núverandi stjórnvalda í menntamálum, sérstaklega með það í huga að hv. þingmaður kemur úr Norðvesturkjördæmi því ég veit ekki betur, eins og hann nefndi sjálfur, að fyrir þremur árum hafi verið opnaður nýr framhaldsskóli í Grundarfirði. Það hefur verið mikil uppbygging. Ég held að hæstv. menntamálaráðherra hafi nýlega verið á Ísafirði þar sem hún skrifaði undir stóran samning um háskólasetur á Vestfjörðum. (**Gripið fram í:** Og iðnaðarráðherra.) Og iðnaðarráðherra.

Ég veit ekki betur en að fyrir dyrum standi mikil uppbygging á skóla sem hann þekkir mjög vel til, Hólaskóla, og er líka á vegum núverandi stjórnvalda. Ég á því mjög erfitt með að skilja málflutning hv. þingmanns. Það var nú ekki meira en þetta. Ég vildi fá hv. þingmann aftur upp í ræðustól svo hann gæti útskýrt betur hvað hægt væri að gera, sérstaklega í tengslum við þessa þingsályktunartillögu. Ef við sjáum fram á að opnaður verði framhaldsskóli á þessu svæði, þá held ég að væri gaman að sjá vinstri græna gera meira.

[17:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að túlka andsvar hv. þm. Eyglóar Harðardóttur þannig að hún vilji hvetja til þessa máls. Það var ég einmitt að gera í ræðu minni. Þetta er í annað sinn sem þessi þingsályktunartillaga er flutt. Hún var einnig flutt á síðastliðnum vetri og ég held að hún hafi farið til nefndar.

Ef maður ætlar að láta hlutina gerast þá verða þeir að gerast. Þó að orð séu til alls fyrst verða þau að koma til framkvæmda og það gerist með fjármunum, með peningum. Svo lengi sem ekki koma peningar á fjárlög til að styðja við þetta mál gerist ekki neitt. Þess vegna brýni ég ríkisstjórnarmeirihlutann, sem ræður allt of mikið ferð við fjárlagagerð og ákvarðanatöku af þessu tagi, til að grípa hér raunhæft til verka.

Varðandi aðra skóla er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að það var mikið og farsælt spor að stofna framhaldsskólann í Grundarfirði. En það var ekki einfalt. Hér urðum við stjórnarandstöðuþingmenn að stilla nánast stjórnarmeirihlutanum upp við vegg að setja fjármagn í málið til að það færi í gang þótt allir færu fallegum orðum um það.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að þetta framtak á Ísafirði með stofnun háskólaseturs er lofsvert, en ég lýsi alltaf miklum fyrirvara við að byggja upp útibú af þessu tagi. Stofnanir þurfa að spretta upp og vaxa á eigin forsendum. Ég vona svo sannarlega að háskólasetrið á Ísafirði verði sjálfstæð stofnun í framtíðinni.

Ég ítreka að ég tek orð hv. þingmanns þannig að þingmaðurinn vilji hvetja til þess að framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, sem hérna er verið að tala um, verði að raunveruleika en ekki bara umtalsefni í þinginu.

[17:22]

Eygló Harðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður getur svo sannarlega tekið orð mín þannig að ég sé að hvetja til að viðkomandi skóli verði settur á stofn. Mér finnst það mjög jákvætt mál og fagna því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson er búinn að fylgja því mjög vel eftir.

Ég held svo sem að það sé alveg ástæðulaust að vera sérstaklega að brýna núverandi stjórnvöld til að vinna vel í menntamálum. Ég held að þau hafi staðið sig virkilega vel og muni halda áfram að gera það hvort sem það verður með stofnun þessa skóla eða hvað varðar önnur mál, þá held ég að það muni gerast.

[17:23]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Á þeim örstutta tíma sem eftir er af þeim tíma sem um hefur verið samið um þetta mál vil ég koma hér enn einu sinni til að lýsa ánægju minni með þá tillögu sem hér er sett fram, enda er ég einn af flutningsmönnum hennar. Það er sannarlega mikilsvert að unnið sé að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Við höfum séð að þar sem það hefur verið gert hefur það verið mikil lyftistöng. Nýjasta dæmið er á Snæfellsnesi. Jafnframt get ég ekki látið hjá líða að þakka fyrir þá nefnd og yfirlýsingu sem hæstv. menntamálaráðherra gaf rétt áður en sameiningarkosning Siglufjarðar og Ólafsfjarðar fór fram. Þá kom fram yfirlýsing og stofnuð var nefnd í framhaldi af því sem á að kanna m.a. stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Það er auðvitað hið besta mál.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að frá hendi menntamálaráðherra fylgi hugur máli. Það sé ekki bara enn ein nefndin til að sitja í. Þótt nefndir geti verið góðar til að undirbúa og vinna að framgangi mála má það ekki taka allt of langan tíma. Það er svo með jákvæð málefni eins og hér er verið að ræða sem munu hafa mjög mikla þýðingu fyrir byggð við utanverðan Eyjafjörð og hvernig þau þróast, þá má þetta ekki taka allt of langan tíma. Nærtækasta dæmið, virðulegi forseti, er að við höfum í 19 til 20 ár rætt um gerð Héðinsfjarðarganga á þessu svæði, sem munu hafa mjög jákvæð áhrif. Ég segi, hvað hefði gerst ef þau göng hefðu verið komin núna eða kannski fyrir 5 eða 6 árum, svona í byggðarlegu tilliti og með tilliti til byggðamála. Það hefði örugglega verið miklu jákvæðara.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að brjóta það samkomulag sem hér hefur verið gert um tímamörk á hverju máli. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta annað en að segja að þetta er þarft og gott mál, og ítreka það sem ég sagði áðan: Vonandi verður niðurstaða nefndarinnar jákvæð sem út úr vinnu hennar kemur og að hugur fylgi máli frá hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórn að unnið verði að stofnun skólans á næstu árum svo hann geti orðið að veruleika.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 62. mál (tímabundið atvinnuleyfi o.fl.). — Þskj. 62.

[17:26]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga á þskj. 62. Það verður að viðurkennast í upphafi máls míns að þegar komið var að því að ég færi að tala fyrir málinu áttaði ég mig á því að mér höfðu orðið á mistök í haust þegar við lögðum fram þessi mál. En eins og hæstv. forseti veit eru þetta mál sem lögð voru fram í þingbyrjun núna í haust. Hér er um að ræða mál sem talað hefur verið fyrir áður. Á síðasta þingi talaði ég fyrir því ásamt með öðru frumvarpi sem fylgir þessu máli, þ.e. það skarast við þetta mál að hluta til. Það frumvarp varðaði breytingu á lögum um útlendinga. Bæði þessi mál voru send út til umsagnar á síðasta þingi og margar umsagnir bárust.

Við málið sem varðaði breytingu á lögum um útlendinga komu fram nokkuð flóknar tillögur um breytingar á því máli. Ég ákvað að fara í þá vinnu að breyta því máli þannig að ég tæki mið af þeim umsögnum sem borist höfðu. En einhvers staðar í pípunum hefur málið fest og aldrei verið lagt fram. Það fylgifrumvarp sem talað er um í þessari greinargerð að sé til staðar, er það ekki enn. En ég segi hv. þingheimi og hæstv. forseta það úr þessum ræðustóli að ég mun nú klára þá vinnu sem eftir er við síðara málið þannig að það komi þá alla vega fram á þingskjali á þessu þingi og geri þá ráð fyrir að það verði lagt fram eftir helgina þó svo ekki náist að mæla fyrir því.

Í því ljósi verður að skoða þá ræðu sem ég kem til með að flytja, því að frumvörp þessi varða tengda þætti eins og ég segi og eru hálfgerð systurfrumvörp og erfitt að leiðir skilji á milli þeirra.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir tilbúið á þskj. 62 varðar breytingar á réttindum útlendinga. Það varðar þann rétt þeirra að stunda atvinnu á Íslandi. En eins og málum er háttað í dag er það svo að það er ekki útlendingurinn sjálfur sem fær hið tímabundna atvinnuleyfi heldur er það veitt atvinnurekandanum sem ræður útlendinginn til starfa. Það er mat flutningsmanna að hér sé um að ræða einhvers konar vistarband sem lagt er á útlendinginn eða átthagafjötra. Í okkar huga samræmist það sannarlega ekki mannréttindahugsun nútímans.

Ég ætla ekki að lesa alla greinargerðina með málinu en vil geta þess að sá þáttur málsins hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir þeirra sem um þessi mál hafa fjallað. Þær stofnanir og félagasamtök sem hafa sent okkur umsagnir á síðasta þingi taka afar vel í þessa hugmynd sem hér er reifuð og kemur jafnvel fram hjá sumum umsagnaraðilum að það séu ákveðnir þættir í lögum um útlendinga sem jaðri við að setji höft á einstaklingsfrelsi þeirra og þetta er eitt af þeim ákvæðum sem slíkt er sagt um.

Mig langar að vitna stuttlega í umsögn sem barst frá stjórn Samtaka kvenna af erlendum uppruna, þar sem fjallað er um þá reglu að vinnuveitendur séu handhafar atvinnuréttinda erlendra starfsmanna en ekki útlendingarnir sjálfir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Dæmin sýna að sú regla að vinnuveitendur séu handhafar atvinnuréttinda erlendra starfsmanna í landinu getur haft vafasamar afleiðingar. Hún færir atvinnurekanda öll völd yfir starfsmönnum og gefur óvönduðum aðilum í þeirra hópi færi á að ganga á rétt starfsmannanna. Starfsmennirnir, sem oftast hafa litla kunnáttu í íslensku, hafa mjög takmarkaða möguleika á að verja sig, t.d. í launa- og kjaramálum. Maldi þeir í móinn eiga þeir á hættu að missa atvinnuréttindi og dvalarleyfi."

Þar með segja Samtök kvenna af erlendum uppruna að málið sé þeim að skapi enda vilji þær tryggja jafnrétti fyrir lögum eins og kveðið er á um í 65. gr. stjórnarskrárinnar. Með henni stuðlum við að því, eins og hæstv. forseti veit og allur þingheimur, að allir njóti verndar gegn mismunun og að fólk njóti félagslegs öryggis í anda t.d. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga taki alvarlega þær umsagnir sem fylgdu þessum málum í fyrra, þar sem ótal aðilar hafa haft það að leiðarljósi að til að auka réttindi eða tryggja grundvallarmannréttindi útlendinga og vernda þá gegn mismunun séu lagaákvæði á borð við þetta úrelt og veruleg þörf á því að breyta þeim.

Það eru raunar aðrir þættir en atvinnuleyfið sem þetta frumvarp fjallar um því að hér er líka fjallað um breytingartillögu á 11. gr. laganna um atvinnuréttindi útlendinga, en sú breytingartillaga hefur þann tilgang að taka á vandamálum sem hafa komið upp í tengslum við það þegar útlendingar, fyrst og fremst konur, hafa komið til landsins og fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvistar við íslenskan ríkisborgara. Sú breyting sem flutningsmenn leggja til með þessari grein veitir heimild til að víkja frá skilyrðum um tímalengd hjúskapar, sambúðar eða samvistar og lögheimilis ef skilnað má rekja til ofbeldis maka útlendingsins. Eins og kemur fram í greinargerðinni eru allt of mörg dæmi um það að erlendar konur hafi sætt ofbeldi í hjónabandi og komi til skilnaðar og þær hafa ekki uppfyllt tímaskilyrðin sem greint er frá í lögunum þá eru engin önnur úrræði í kerfinu en þau að vísa konunum úr landi. Með þeim hætti eru þessar konur jafnvel skildar frá börnum sínum og fleiri alvarlegar afleiðingar má nefna.

Samtök kvenna af erlendum uppruna segja um þetta atriði frumvarpsins, með leyfi forseta, í umsögn sinni:

„Konur sem giftar eru íslenskum ríkisborgurum eða útlendingum með dvalarleyfi hér á landi búa oft við óviðunandi aðstöðu þegar upp koma vandamál í hjónaböndum þeirra. Þær eiga á hættu að verða sendar úr landi ef þær slíta samvistum við eiginmennina. Þær gætu, miðað við gildandi reglur, jafnvel þurft að fara frá börnum sínum undir þessum kringumstæðum. Varla er forsvaranlegt að slíkum einstaklingum sé synjað um áframhaldandi dvalarleyfi í landinu enda á mannréttindasáttmáli Evrópu að tryggja einstaklingum rétt til að njóta samvista við börn sín. Vafasamt er að þessar konur búi sem stendur við lágmarksréttindi. Taka þarf tillit til þess að kona sem skilur við eiginmann sinn vegna ofbeldis er oft og tíðum án atvinnu á þeim tímamótum og getur þurft að leita um stundarsakir til félagsþjónustu eftir framfærslu, sem aftur getur komið í veg fyrir að hún fái áframhaldandi dvalarleyfi samkvæmt gildandi lögum."

Þá erum við komin að öðrum þætti þessa máls, þ.e. þeim þætti sem fólginn er í hinu frumvarpinu sem ég kem til með að leggja fram hér á þinginu eftir helgina, en það varðar heimild eða rétt til að veita þessum konum dvalarleyfi þó að þær hafi ekki uppfyllt þessi skilyrði um tíma.

Síðan eru aðrir þættir þessara mála. Við leggjum það til í þessum frumvörpum að réttindi erlendra ungmenna verði tryggð við 18 ára aldur eftir að hafa dvalið í landinu sem nánustu aðstandendur Íslendinga eða útlendinga með óbundin dvalarleyfi. Réttindi þessara ungmenna eru í dag takmörkuð og breytast þegar unga fólkið nær 18 ára aldri því að þá verður þetta unga fólk að sýna fram á sjálfstæða framfærslu ef það hefur dvalið í landinu sem nánustu aðstandendur Íslendinga eða útlendinga sem hafa óbundin dvalarleyfi. Við gerum ráð fyrir að þetta þurfi að breytast til þess að réttur þessara ungmenna sé tryggður því að annars kann þetta t.d. að skerða möguleika þeirra til skólagöngu og hrekja þau út á vinnumarkaðinn svo að þau geti geti uppfyllt kröfu laganna og sýnt fram á sjálfstæða framfærslu.

Þau þrjú atriði sem ég nú hef nefnt eru afar þýðingarmikil, sérstaklega þegar þeir mannréttindasáttmálar sem við höfum undirgengist eru skoðaðir. Þar get ég nefnt sérstaklega Peking-áætlun Sameinuðu þjóðanna sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að fara eftir.

Í henni segir, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld skulu beita sér fyrir setningu laga sem kveða á um útrýmingu ofbeldis gegn konum, framfylgja lögum og endurskoða þau reglulega auk þess að gera á þeim úttekt til þess að tryggja að þau hafi tilætluð áhrif."

Síðar í 124. gr. Peking-áætlunar Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna segir:

„Enn fremur skal grípa til aðgerða til að tryggja vernd þeirra kvenna sem sæta ofbeldi, tryggja þeim aðgang að sanngjörnum og skilvirkum úrræðum, m.a. rétt til skaðabóta auk aðhlynningar."

Þessi réttindi kvenna af erlendum uppruna sem þurfa að yfirgefa maka sinn vegna ofbeldis eru ekki tryggð þannig að það er nauðsynlegt að taka þessi ákvæði laganna til gagngerrar skoðunar og eftir að málin voru lögð fram í fyrra höfum við fengið mjög mikið af afar kraftmiklum umsögnum sem mæla með því að þær leiðir sem hér eru lagðar til verði farnar. Ég tel einboðið að þessi mál séu þeirrar náttúru og þess eðlis að það þurfi að grípa í taumana, grípa til aðgerða eins og hér er fyrirskrifað sem allra, allra fyrst. Meðan við gerum það ekki erum við að brjóta mannréttindi á fólki sem gistir okkar ágæta land. Slíkt getum við ekki látið viðgangast til lengdar. Hér er forskriftin að því hvernig á að breyta lögunum og það þarf að gera það hratt.

Hæstv. forseti. Ég vona sannarlega að þessi mál geti gengið hér í gegnum þingið áður en farið verður í sumarleyfi því það er ekki forsvaranlegt að við látum þessi mannréttindabrot viðgangast í landi okkar eitt ár til.

[17:37]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Hér ræðum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjum þetta fram.

Þetta er afar mikilvægt mál og það kom reyndar fram hjá Einari Skúlasyni, framkvæmdastjóra Alþjóðahússins, í pallborðsumræðum um málefni útlendinga, sem við efndum til á landsfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fyrir rúmlega tveimur árum, að atvinnuréttindi útlendinga, sem eru nú veitt atvinnurekanda, eru eitt af brýnustu málum sem þarf að breyta í sambandi við réttarstöðu útlendinga hér á landi. Það ætti því að vera forgangsverkefni að koma þessu frumvarpi í gegn.

Hv. frummælandi, Kolbrún Halldórsdóttir, fór einmitt ítarlega í gegnum þetta og þær jákvæðu umsagnir sem hafa komið fram. Það var athyglisvert að á ráðstefnu sem Stígamót, Kvennaathvarfið, Félagsþjónustan í Reykjavík og Rauði kross Íslands ásamt Alþjóðahúsinu stóðu fyrir fyrir um ári, sem hét Skuggahliðar nútímafólksflutninga, var sérstaklega fjallað um erlendar konur í sambúð með innlendum körlum og þar komu ýmsar sláandi tölur fram. Þar kom t.d. fram að um 14% kvenna sem leita til Samtaka um kvennaathvarf og Stígamóta eru konur af erlendum uppruna, en þær eru aðeins 3,75% af konum búsettum á Íslandi. Þetta andlega ofbeldi, sem eiginmenn geta oft beitt erlendar konur sínar, á ekki að viðgangast og íslensk löggjöf á ekki að styðja það að slíku ofbeldi sé viðhaldið.

Aðdraganda málþingsins má rekja til hins svokallaða Daphne-verkefnis sem styrkt er af ESB og fjögur lönd taka þátt í því, það eru Noregur, Danmörk, Þýskaland og Ísland. Grunnurinn að þessu verkefni er samstarf kvennaathvarfa. Starfsmenn kvennaathvarfa í Noregi tóku eftir endurteknum komum kvenna frá sama heimilisfanginu. Það var kannað nánar og í ljós kom það mynstur hjá ákveðnum körlum að flytja inn konur, misnota þær og skila þeim síðan í athvörfin aftur, og hlutfall erlendra kenna í kvennaathvörfum á Norðurlöndum er hátt miðað við hlutfall innflytjenda og Ísland er þar engin undantekning eins og ég nefndi áðan. Réttarstaða erlendra kvenna sem skilja við íslenska eiginmenn sem beita þær ofbeldi er ekki nægilega skýr. Hópnum þótti líka í öðru lagi að það þyrfti að efla upplýsingagjöf til kvennanna um raunverulega réttarstöðu þeirra.

Á ráðstefnunni kom fram að réttarstaða erlendra kvenna, sem sætt hafa ofbeldi eiginmanns eða sambýlings, er afar óljós og gjarnan notuð sem tæki til að beita andlegu ofbeldi með eða án hins líkamlega. Á ráðstefnunni kom í ljós að stjórnvöld sem fjalla um dvalarleyfi taka tillit til þess ef umsækjandi hefur orðið fyrir ofbeldi og það er auðvitað grundvallaratriði að þessi réttarstaða sé skýrð. Þetta frumvarp er einn liður í því. Það er líka grundvallaratriði að atvinnuleyfi sé tengt persónum en ekki vinnuveitanda. Þess vegna er þessi tillaga gerð um leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til starfa hér á landi og tímabundin atvinnuleyfi sem veitt eru útlendingi til að ráða sig til starfa hér á landi í tiltekinni starfsgrein.

Ég vona að þetta mál fái skjóta framgöngu hér í þinginu þannig að hægt verði að afgreiða það sem lög frá Alþingi fyrir vorið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á mannaflaþörf í atvinnugreinum, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 67. mál. — Þskj. 67.

[17:42]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar á þskj. 67, um mat á framtíðarhorfum og mannaflaþörf í atvinnugreinum, sem ég flyt ásamt hv. þm. Hjálmari Árnasyni, Ögmundi Jónassyni, Einar Má Sigurðarsyni, Magnúsi Þór Hafsteinssyni, Björgvini G. Sigurðssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Dagnýju Jónsdóttur og Katrínu Júlíusdóttur.

Af því hverjir flytja þetta mál má segja að allbærileg samstaða sé um þetta mál hér á hv. þingi.

Í tillögunni segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna reglubundið mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum með það að markmiði að meta atvinnumöguleika námsmanna eftir námsleiðum og efla þannig ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi.

Verkefnið verði samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og Samtaka atvinnulífsins. Samráð verði haft við náms- og starfsráðgjafa í háskólum og Félag náms- og starfsráðgjafa um tilhögun og framtíðarþróun verkefnisins.

Félagsmálaráðherra leggi eigi síðar en á haustþingi 2006 skýrslu fyrir Alþingi um tilhögun verkefnisins og kostnað við það sem greiðist af ríkissjóði.“

Ég vil fylgja þessari tillögu úr hlaði með nokkrum orðum, virðulegi forseti.

Það er alveg ljóst að frumkvöðlastarf og nýsköpun atvinnulífsins hefur átt mikinn þátt í að bæta lífskjör og auka atvinnuöryggi landsmanna. Aukin menntun, hvort sem er í bók-, iðn-, tækni- eða starfsnámi, verður sífellt mikilvægari í þekkingarsamfélagi nútímans og eykur á fjölbreytileika atvinnulífsins, skapar ný verkefni og tækifæri í atvinnuuppbyggingu og framþróun samfélagsins. Í þessari öru þróun er mikilvægt að hafa heildarsýn yfir framtíðarhorfur og mannaflaþörf í einstökum atvinnugreinum. Það hefði mikið gildi, bæði fyrir atvinnulífið og skipulega uppbyggingu menntakerfisins, og væri ekki síst mikilvægur stuðningur við námsmenn til að meta atvinnumöguleika með hliðsjón af námsvali.

Skortur á framtíðarsýn í hverri atvinnugrein gerir það að verkum að fólk sem stendur frammi fyrir námsvali getur ekki gert sér ljósa grein fyrir atvinnumöguleikum sínum að námi loknu né heldur á hvaða starfssviðum menntun þeirra getur nýst og færni komið að gagni. Ljóst er að slík framtíðarsýn væri mikill fengur fyrir þá sem ætla að velja sér nám eða starf, sem og fyrir atvinnulífið og þjóðfélagið í heild. Með aðgengilegum upplýsingum um þarfir atvinnulífsins fyrir menntað vinnuafl væri stuðlað að meira jafnvægi á eftirspurn í ýmsar atvinnugreinar og menntun og mannauður nýttist þannig betur, bæði fyrir námsmenn og þjóðarbúið í heild. Upplýsingar um mannaflaþörfina eru afar mikilvægar og mundu leiða til þess að öll náms- og starfsráðgjöf skilaði meiri árangri og yrði markvissari. Upplýsingar og ráðgjöf sem byggðust á spá um þróun mannaflaþarfar í einstökum atvinnugreinum mundu gagnast til að beina menntuðu vinnuafli í þær greinar þar sem mest er þörf fyrir það í framtíðinni.

Við undirbúning þessarar tillögu var m.a. leitað til námsráðgjafar Háskóla Íslands en þar hefur starfsfólk gegnum árin sárlega fundið fyrir skorti á upplýsingum um þróun vinnumarkaðarins. Á það var m.a. bent að hvergi væru til á einum stað upplýsingar um hversu margir eru starfandi í einstökum atvinnugreinum og hverjar þarfirnar yrðu eftir einhvern tiltekinn tíma í einstökum atvinnugreinum, en val einstaklinga um framhaldsnám væri nátengt starfsupplýsingum og þekkingu á vinnumarkaðnum. Fram til þessa hafi einstaklingar ekki getað reitt sig á áreiðanlegar upplýsingar heldur frekar fylgt tilfinningu um hvort og hvar yrði þörf fyrir þeirra þekkingu í framtíðinni. Námsráðgjöf Háskóla Íslands taldi því brýnt að láta kanna reglubundið mannaflaþörf og framtíðarhorfur í hinum ýmsu atvinnugreinum.

Með þeirri miklu breytingu sem orðið hefur á atvinnulífinu á umliðnum árum hefur námsráðgjöf innan allra háskóla farið vaxandi, en mest áhersla er þar lögð á leiðbeiningar í náminu og að sinna margvíslegum sérþörfum nemenda. Sú námsráðgjöf sem er til staðar er auðvitað ákaflega mikilvæg til að leiðbeina nemendum og einnig sú veigamikla kynning á námsleiðum sem háskóladeildir standa fyrir í framhaldsskólunum. Mikilvægt er að framhaldsskólanemendur hafi haft tækifæri til að ígrunda vel náms- og starfsval sitt þegar kemur að háskólanámi. Félag náms- og starfsráðgjafa hafa lagt áherslu á að innan framhaldsskólans vanti meira svigrúm til að sinna náms- og starfsvali, en það gæti einmitt verið liður í námsferli framhaldsskólastigsins að kynna mannaflaþörf og framtíðarhorfur í ýmsum starfsgreinum.

Einnig má benda á að gerðar hafa verið skýrslur um tekjur eftir atvinnugreinum. Mikið hefur þó skort á allar tölfræðilegar upplýsingar um framtíðarhorfur í mismunandi starfsgreinum. Alla heildaryfirsýn og samvinnu við samtök atvinnulífsins vantar og skort hefur að skipulega hafi verið farið í að þróa líkan eða leggja mat á framtíðarhorfur í einstökum starfsgreinum sem hugsanlega væri hægt að endurmeta með ákveðnu millibili með tilliti til framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði bæði innan lands og utan.

Á vegum OECD hefur sérstök áhersla verið lögð á starfsráðgjöf og stefnumörkun á því sviði. Í handbók OECD um starfsráðgjöf kemur m.a. fram að í sumum löndum séu starfsupplýsingar hvorki nægilega yfirgripsmiklar né vandaðar. Það komi í veg fyrir að fólk geti tekið vel ígrundaðar ákvarðanir er varða starfsferil þeirra. Víða í starfsgreinum sé skortur á sérhæfðu vinnuafli og í mörgum tilfellum viti fólk ekki um manneklu eða skort á starfsfólki í einhverjum atvinnugreinum. Í upplýsingum OECD um starfsráðgjöf er lögð áhersla á að upplýsingar liggi ávallt fyrir um störf á vinnumarkaði í því skyni að nýta þær til leiðbeiningar við starfsval.

Gögn frá 29 Evrópulöndum sýna einnig að ráðgjöf og markvissar upplýsingar um starfsval eru að aukast og einsýnt að það gagnist ekki aðeins einstaklingunum sjálfum heldur þjóðfélaginu í heild. Ráðgjöfin sé því mjög góð leið til að ná fram ákveðnum markmiðum í almannaþágu. Í því sambandi er bent á að markviss ráðgjöf sem byggist á framtíðarhorfum í atvinnugreinum geri menntun og þjálfun skilvirkari og tengi betur saman menntun og atvinnu, bæði á

innlendum vettvangi og um alla Evrópu. Þessi jákvæða þróun opni augu fólks fyrir nýjum möguleikum og geri því kleift að taka vel ígrundaðar ákvarðanir, sem skili sér í bættum lífskjörum. Þessi leið stuðli að jafnvægi í framboði og eftirspurn eftir vinnuafli og bæti þannig stöðugleika á vinnumarkaði og nýtist í baráttunni við atvinnuleysi og auki hreyfanleika á vinnumarkaðnum. Þannig megi bæta afköst og skilvirkni vinnumarkaðarins, auk þess að nýtast vel við vinnumarkaðsaðgerðir hins opinbera, m.a. í því skyni að efla menntun og þjálfun þeirra hópa sem lakast standa á vinnumarkaðnum.

Miklar breytingar hafa orðið á atvinnulífinu á undanförnum árum, ekki síst með tilliti til aukinnar tækniþróunar og alþjóðavæðingar. Samfara því hefur fjölbreytni í atvinnulífinu stöðugt vaxið og gífurlegar umbreytingar orðið á ýmsum sviðum atvinnulífsins sem m.a. kalla á að farin verði sú leið sem lögð er til í þessari tillögu.

Virðulegi forseti. Loks er ástæða til að nefna sem rökstuðning fyrir gagnsemi þessarar tillögu, komist hún til framkvæmda, að Evrópusambandið hefur lagt mikla áherslu á ráðgjöf um nám og starfsval og haldið því fram að slík ráðgjöf væri lykill að framþróun fyrir einstaklinginn og samfélagið í heild. Í ályktun frá námsstefnu Félags náms- og starfsráðgjafa frá maí á þessu ári kemur líka fram að víða um heim sé litið á markvissa náms- og starfsráðgjöf sem lykil að framþróun í mennta- og vinnumarkaðsmálum, almenningi til heilla. Jafnframt kemur fram í ályktuninni að stórefla þurfi vinnumarkaðsrannsóknir til að spá fyrir um framtíðarþróun og þörf fyrir vinnuafl.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að hafa frekari orð um þetta mál. Eftir að það var lagt fram kom fram álit frá námsráðgjöfum um þessa tillögu og reyndar fleiri sem hér liggja fyrir þinginu þar sem mjög var tekið undir efni tillögunnar og er það von mín sem flutningsmanns að hún fái góðar undirtektir á hv. Alþingi. Legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og hv. menntamálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 73. mál (aðstoð í kjörklefa). — Þskj. 73.

og

Kosningar til sveitarstjórna, 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 75. mál (aðstoð í kjörklefa). — Þskj. 75.

[17:52]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tveimur frumvörpum sem eru efnislega samhljóða og varða breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5 frá 1998, með síðari breytingum, og breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24 frá 2000, með síðari breytingum.

Ásamt mér flytja hv. þingmenn Birgir Ármannsson, Guðmundur Hallvarðsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Bjarni Benediktsson, Sólveig Pétursdóttir, Drífa Hjartardóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Guðjón Hjörleifsson, Ásta Möller og Gunnar Örlygsson þetta mál sem meðflutningsmenn.

Þessi litlu mál varða einvörðungu þær reglur sem gilda samkvæmt kosningalögum um aðstoð til handa fötluðum í kjörklefa á kjörfundi til kosninga til sveitarstjórna og hins vegar til Alþingis. Ábendingar hafa komið fram um að nauðsynlegt sé að koma til móts við þá sem sakir sjónleysis eða af öðrum ástæðum vegna fötlunar sinnar geta ekki sjálfir greitt atkvæði á kjörfundum og að gerð verði breyting á núgildandi reglum. Varða þessar breytingar annars vegar 63. gr. laganna um kosningar til sveitarstjórna og hins vegar 86. gr. laganna um kosningar til Alþingis. Hér er á ferðinni mál sem felur í sér réttarbót fyrir þessa hópa en ætti ekki að leiða af sér miklar pólitískar deilur á hinu háa Alþingi.

Ef við víkjum að þeim ákvæðum sem ég nefndi þá er það þannig samkvæmt 63. gr. núgildandi laga um kosningar til sveitarstjórna og 86. gr. laga um kosningar til Alþingis að þeim, sem ekki er fær um að neyta kosningarréttar síns með þeim hætti sem önnur ákvæði laganna kveða á um sakir sjónleysis eða þess að hendur kjósenda eru ónothæfar, er tryggður réttur til þess að nefna sér til aðstoðar fulltrúa úr viðkomandi kjörstjórn til þess að aðstoða sig við að kjósa. Sá sem aðstoðina veitir er samkvæmt núgildandi lögum bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem á milli hans og kjósandans fer þegar kosið er. Þá gerir núgildandi löggjöf ráð fyrir að um aðstoðina og ástæður hennar sé bókað í kjörbók ásamt því að það skilyrði er sett að sá sem aðstoðina hlýtur geti með ótvíræðum hætti greint frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt.

Með þessum frumvörpum er ekki lagt til að sá réttur sem ákvæði núgildandi 63. gr. laganna um kosningar til sveitarstjórna og 86. gr. laganna um kosningar til Alþingis verði skertur heldur verði meginregla ákvæðisins sú að þeim sem vegna sjónleysis eða vegna þess að hendur þeirra eru ónothæfar til þess að þeir geti án aðstoðar kosið á þann hátt sem ákvæði laganna kveða á um skuli heimilað að nefna hvern þann sem þeir kjósa sjálfir að nefna til þess að aðstoða sig við kosningar til sveitarstjórna, svo sem maka, afkomendur eða aðra nákomna aðila, svo dæmi séu nefnd.

Virðulegi forseti. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er kjósendum úr þeim hópi sem hér um ræðir og ég hef nefnt óheimilt að ráða því sjálfir hver aðstoðar þá við að neyta kosningarréttar síns. Gerir löggjöfin ráð fyrir því að þeir kjósendur sem um ræðir geti einungis nefnt til aðstoðar fulltrúa úr viðkomandi kjörstjórn.

Það segir sig náttúrlega sjálft að þetta fyrirkomulag er nokkuð óheppilegt fyrir þá sem þurfa að grípa til þessara aðgerða vegna þess að allar líkur eru á því þegar menn þurfa að velja sér einhvern úr kjörstjórninni þá sé það kosinn aðili í kjörstjórninni, en einhver sem viðkomandi þekkir ekki. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að breyting verði gerð þarna á.

Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir því að hafi kjósandi ekki uppi neinar sérstakar kröfur eða óskir um það hvaða

aðili aðstoði sig við að neyta kosningarréttar síns sé honum engu síður tryggður sami réttur til aðstoðar og núgildandi ákvæði 63. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna mælir fyrir um sem og núgildandi ákvæði 86. gr. laganna um kosningar til Alþingis. Felur frumvarpið því í sér aukin réttindi fyrir þá borgara sem ýmist vegna sjónleysis eða fötlunar er ókleift að neyta kosningarréttar síns án aðstoðar.

Það þarf í sjálfu sér ekkert að setja hér á langar ræður um að kosningarrétturinn felur í sér einhver mikilvægustu einstaklingsbundnu og borgaralegu réttindi í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þá er það jafnframt viðurkennt að eðlilegt og sanngjarnt sé að stjórnmálaskoðanir borgaranna fari leynt. Með þessu frumvarpi telja flutningsmenn að þessi réttindi séu tryggð umfram það sem núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Frumvörpin gera jafnframt ráð fyrir að þeir sem þannig háttar um að þeir geti ekki kosið fái sjálfir að ákveða hverjir aðstoði sig. Það hafa komið fram kvartanir um það að fólk sem svona háttar um þyki óeðlilegt að það geti ekki tekið maka sína eða börn sem komin eru til vits og ára til að annast þessa þætti fyrir sig.

Við fyrstu sýn virðist þessi breyting sem lögð er til hér á kosningalöggjöfinni vera lítilsverð. En það er nú samt sem áður þannig að þetta eru atriði sem skipta verulegu miklu máli fyrir fatlaða og þann hóp sem 63. gr. laganna um kosningar til sveitarstjórna og 86. gr. laganna um kosningar til Alþingis varða. Menn hljóta að sjá það ef þeir setja sig í spor þeirra sem hér um ræðir.

Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar þá er þetta ekki hápólitískt mál. Það varðar eingöngu framkvæmd á kosningum fyrir lítinn tiltekinn hóp. Ég get ekki ímyndað mér að nokkur ætti að setja sig upp á móti þeirri reglu sem þar er lögð til, í hvaða flokki sem viðkomandi er.

Ég vonast líka til að þessi frumvörp hljóti hraða afgreiðslu í nefndum þingsins, þ.e. í hv. allsherjarnefnd, og sömuleiðis hér innan hins háa Alþingis því eins og við vitum er gert ráð fyrir því að landsmenn gangi til sveitarstjórnarkosninga í lok maímánaðar, eftir nokkra mánuði. Ég tel mikilvægt að þessi frumvörp verði orðin að lögum fyrir þær kosningar.

Ekki þarf svo sem að eyða mörgum orðum í það að verði þessi frumvörp að lögum þá munu þau ekki fela í sér neinn kostnað fyrir ríkissjóð. Þetta er einföld breyting sem hefur engan kostnað í för mér sér. Þetta eru tillögur sem, ég hygg, að allir ættu að geta sammælst um og, ég segi enn og aftur, varða lítinn hóp, en hóp sem telur þetta skipta verulegu máli fyrir sig þegar að kosningum bæði til sveitarstjórna og Alþingis er komið.

Virðulegur forseti. Að svo búnu legg ég til að máli þessu verði vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr. að atkvæðagreiðslu lokinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:02]

Útbýting:

Fjármagnstekjuskattur líknarfélaga, 553. mál, fsp. SandF, þskj. 801.

Fjármálaeftirlit, 556. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 810.

Landshlutaverkefni í skógrækt, 555. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 809.

Skattbyrði, 554. mál, fsp. JóhS, þskj. 802.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. KHG, 143. mál (yfirstjórn hafrannsókna, heildaraflamark). — Þskj. 143.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Átaksverkefni í ferðamálum í Norðvesturkjördæmi, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn, 65. mál. — Þskj. 65.

[18:03]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um átaksverkefni í ferðamálum í Norðvesturkjördæmi sem ég er flutningsmaður að. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að hefja skuli stórátak til uppbyggingar á grunnstoðum sjálfbærrar ferðaþjónustu í Norðvesturkjördæmi og verja til þess umtalsverðu fjármagni ár hvert næstu fimm árin. Samgönguráðuneyti skal skipa fimm manna faghóp sem beri ábyrgð á framgangi átaksins og úthlutunum styrkja til verkefna undir merkjum átaksins. Skal einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, einn af Fjórðungssambandi Vestfjarða, einn af Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, einn af ferðamálabraut Hólaskóla og einn skipaður af ráðherra án tilnefningar.“

Tillaga þessi var lögð fram á 131. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er því lögð fram að nýju. Ferðaþjónustan er sá atvinnuvegur landsmanna sem nú vex hvað hraðast og skilar mestri aukningu gjaldeyristekna til þjóðarbúsins ár hvert. Frá árinu 1990 til 2002 fjölgaði erlendum ferðamönnum um 96 af hundraði. Fjölgunin milli áranna 2002–2003 var 14,2% og sú sama fyrstu tíu mánuði ársins 2004. Miðað við þá þróun er búist við að fjöldi erlendra ferðamanna geti þrefaldist á næstu 10 árum. Reyndar var fjölgunin á síðasta ári, 2005, nokkru minni en undanfarin ár og er það fyrst og fremst rakið til hinnar óhagstæðu gengisþróunar fyrir ferðamálaatvinnuveginn og einnig þeirra ríkisdrifnu stóriðjuframkvæmda sem núverandi ríkisstjórn stendur að og gerir ferðaþjónustunni mjög erfitt fyrir. Ég kem að þessu síðar í ræðu minni, herra forseti.

Enginn vafi leikur á því að ef ferðaþjónustan á að geta

brugðist við svo mikilli fjölgun erlendra gesta á svo skömmum tíma, og einnig nýtt þá atvinnumöguleika sem því tengjast, verður að dreifa ferðamannastraumnum um landið í mun meiri mæli en nú gerist. Það kallar á víðtæka uppbyggingu, aukna afþreyingarmöguleika og öflugra markaðssetningarstarf í öðrum landshlutum en þeim sem hingað til hafa státað af fjölsóttustu áfangastöðum ferðamanna á Íslandi. Þau landsvæði sem eru til umfjöllunar í þessari tillögu hafa samanlagt einungis 10,4% markaðshlutdeild þegar litið er til heildarfjölda skráðra gistinátta á árinu 2003 og aðeins 7,4% ef litið er til erlendra ferðamanna eingöngu. Það gefur því augaleið að álagið á byggðir Norðvesturkjördæmis er lítið í þessu tilliti og mælir það mjög með því að ráðist verði í aðgerðir þannig að þessi hluti landsins geti með góðu móti tekið við umtalsverðum hluta ferðamannastraumsins á komandi árum.

Skagafjörður, Húnavatnssýslur, Vestfirðir allir suður um Breiðafjörð, Dalir, Snæfellsnes og Borgarfjörður hafa upp á mikla möguleika að bjóða í þjónustu við ferðamenn. Margir þeirra hafa lítið sem ekkert verið nýttir þótt annars staðar sé uppbyggingin lengra á veg komin. Svæðið státar af fjölbreyttri náttúru og lífríki sem laðar nú þegar til sín ferðafólk í vaxandi mæli. Jafnframt er þar að finna fjölmarga merka sögustaði og menningarlandslag sem ekki á sína líka í öðrum landshlutum. Til þess að þessar auðlindir geti nýst svæðinu sem best á sjálfbæran hátt er nauðsynlegt að gera samræmda úttekt á möguleikunum. Skilgreina þarf gildi og aðdráttarafl einstakra sögustaða eða náttúruvætta og þolmörk þeirra til að taka á móti gestum, búa þá staði út og markaðssetja á samræmdan, fyrir fram ákveðinn hátt. Lenging ferðamannatímans er því sérstakt átaksverkefni á þessu svæði.

Mikil vinna hefur þegar verið unnin af samtökum og einstaklingum á svæðinu þannig að hægt er að ráðast í aðgerðir þegar á næsta ári ef ákvörðun er tekin um það. Ferðaþjónusta á dreifbýlum svæðum eins og Norðvesturlandi byggist á mörgum en smáum einingum, oft hlutastörfum eða sem árstíðabundin viðfangsefni. Ekki er því hægt að ætlast til að einstaklingar eða lítil fyrirtæki geti lagt fram fjármagn til slíks grunnstarfs sem er þó forsenda fyrir heildina til að byggja upp atvinnuveginn. Má minna á að grónir atvinnuvegir eins og sjávarútvegur og landbúnaður búa að gríðarlegum höfuðstól í markaðsstarfi, vöruþróun, rannsóknum og annarri stoðþjónustu sem samfélagið í heild hefur byggt upp með þessum atvinnugreinum. Sama má segja um ýmsar iðngreinar, svo sem stóriðju, þar sem miklir fjármunir hafa verið lagðir til af hálfu hins opinbera og fyrirtækja í eigu þess til að byggja upp þann atvinnuveg.

Ýmsir hlutar Norðvesturkjördæmis standa höllum fæti í hinum hefðbundnu atvinnugreinum og er ekki séð að þangað verði sótt veruleg aukning atvinnutækifæra þó sjálfsagt sé að byggja þá upp og efla eins og kostur er. Hins vegar er ljóst að ferðaþjónustan á mikla ónýtta möguleika á svæðinu. Efling hennar er því nærtækasta úrræðið til að auka staðbundna fjölbreytni í atvinnulífi sem og svæðisins í heild. Í þessu sambandi má vitna til skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, Flug og ferðaþjónusta á Íslandi: Umfjöllun í tilefni af beiðni Ryanair um lækkun gjalda á Keflavíkurflugvelli, en í þeirri skýrslu segir: „Ferðaþjónustan skapar aukna fjölbreytni í bæði afþreyingu og atvinnulífi fyrir þjóðina sjálfa, sér í lagi á landsbyggðinni. ... Um leið og ferðamönnum fjölgar skapast aukið svigrúm að þessu leyti og verslunar- og þjónustufyrirtæki spretta upp sem þjóna heimamönnum en ættu samt ekki tilverugrundvöll ef ferðamenn væru ekki til staðar. Þessi áhrif ferðamennskunnar hafa byggst upp á undanförnum árum og eru mjög auðsjáanleg um leið og komið er út fyrir Reykjavík, með veitingastöðum, kaffihúsum, söfnum og ýmsum afþreyingarfyrirtækjum sem hafa auðgað mannlífið með ýmsum hætti jafnframt því að skapa fjölbreytni í atvinnulífi. Ferðaþjónustan er í þessu tilliti mjög mikilvæg fyrir landsbyggðina vegna þess að hún byggir á notkun staðbundinna aðfanga sem ekki er hægt að flytja úr stað, svo sem náttúrufegurð. Búseta á landsbyggðinni var upphaflega grundvölluð á einhverju hagræði í nýtingu staðbundinna framleiðsluhátta."

Vægi þessara staðbundnu framleiðsluhátta, svo sem fengsælla fiskimiða og blómlegra landbúnaðarhéraða, hefur minnkað allmikið í seinni tíð samfara aukinni vélvæðingu og bættum samgöngum. Framtíð margra þéttbýliskjarna sem byggðust upp í kringum landbúnað og sjávarútveg á sínum tíma veltur á því að þeir nái að nýta og varðveita sérstöðu af einhverju tagi. Um þetta segir í fyrrnefndri skýrslu:

„Lausnirnar hljóta að felast í því að styrkja hlutfallsyfirburði viðkomandi staða með aðgerðum sem hvorki fela í sér nauðung eða óhagkvæmni. Þetta er hægt að gera með því að auðvelda stöðunum að færa sér í nyt staðbundna framleiðsluþætti og styðja við sérhæfingu. Ferðaþjónusta er eitt það fyrsta sem kemur upp í hugann en náttúrufegurð, sögulegar minjar og svo framvegis verður að telja til mjög mikilvægra staðbundinna gæða sem gætu staðið undir byggð víða um landið. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr mun hefðbundin vinnsla og atvinnulíf í tengslum við landbúnað og sjávarútveg ekki nægja ein og sér til þess að fólki fjölgi aftur á landsbyggðinni."

Það er niðurstaða skýrsluhöfunda að það gæti verið „verjandi fyrir hagkvæmnissakir að stjórnvöld niðurgreiddu ferðamannastraum til landsins utan háannar þegar fjárfestingar í greininni eru vannýttar. Og þá einkum til að beina ferðamannastraumnum frá Reykjavík til landsbyggðarinnar. Ef það heppnaðist væri jafnað álagið á innviðum landsins og búsetuskilyrði á landsbyggðinni bætt með hagkvæmum hætti."

Til þess að svo megi verða þarf að styrkja grunnstoðirnar og markaðsstarfið sem rakið hefur verið hér að framan. Þessari tillögu er ætlað að taka á því máli af alvöru.

Herra forseti. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni eru síðan línurit og töflur sem sýna fjölda ferðamanna til Íslands og dreifingu gistinátta og ferða um landið. Ferðaþjónustan og uppbygging hennar vítt og breitt um landið hefur einmitt verið ein af áherslum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu sem nýtir staðbundnar auðlindir á sjálfbæran hátt eins og hérna hefur verið rakið. Það svæði sem hér er verið að tala um, norðvestursvæðið, er svæði sem á að mörgu leyti undir högg að sækja í uppbyggingu atvinnulífsins og því er hér lagt til að gert verði sérstakt átak hvað það varðar. Bæði er þarna um miklar vegalengdir að ræða og mikið dreifbýli en

engu að síður gríðarlega fjölbreytta náttúru, menningu og sögu sem svo sannarlega vantar stuðning til að geta byggt upp þjónustu við og til að skapa sterkari almennan grunn fyrir atvinnugreinina sjálfa til að byggja á, á samkeppnishæfan hátt.

Við höfum byggt upp gríðarlega mikilvæga stoðþjónustu í kringum aðrar atvinnugreinar. Ég nefndi hér landbúnað, fiskveiðar og ýmsar iðngreinar þar sem byggður hefur verið upp fjölþættur stoðgrunnur. Ég minni á alla leiðbeiningarþjónustuna, ég minni á þær miklu rannsóknarstofnanir, menntastofnanir o.s.frv. sem byggst hafa upp, má segja, í aldanna rás sem eins konar stoðgrunnur fyrir þær atvinnugreinar. Nú ver hið opinbera hundruðum milljóna ef ekki milljörðum annars vegar beint frá ríkinu og hins vegar frá fyrirtækjum í eigu ríkisins til að byggja upp eina tegund iðnaðar, sem er áliðnaður. Ríkið kemur þannig á margan hátt að við að styrkja grunn ákveðinna atvinnugreina. Ég er reyndar ekki sammála þeim stuðningi en það er ekki til umræðu hér.

Ferðaþjónustan þarf virkilega á eflingu stoðþjónustu að halda, grunn sem gefur síðan möguleika fyrir samkeppnishæfan atvinnurekstur. Þó að þessi tillaga snúi fyrst og fremst að Norðvesturkjördæmi er það engu að síður stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að efla stoðgreinar ferðaþjónustunnar um allt land. Eitt það allra mikilvægasta til að taka á í atvinnumálum þjóðarinnar nú, ekki síst hvað það varðar að halda landinu í byggð, er að treysta stoðþjónustuna sem byggir á staðbundnum auðlindum, nýtingu þeirra og verndun á sjálfbæran hátt.

Herra forseti. Í lokin vísa ég til ályktunar aðalfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi 30. október 2004 þar sem einmitt er ályktað í þessa veru:

„Ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem vex nú hvað hraðast og skilar mestri árlegri aukningu í nettó gjaldeyristekjum til þjóðarbúsins. Ferðaþjónustan er nú orðin ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar og skilar 40–50 milljörðum króna í gjaldeyristekjur á ári. ...

Styrking ferðaþjónustunnar er eitt nærtækasta verkefnið til að auka fjölbreytta atvinnu á svæðinu sem heild. Til þess að svo megi verða þarf að styrkja grunnstoðirnar og markaðsstarfið, en þar vantar fjármagn sem eðlilegt er að hið opinbera leggi til.“ — Þegar greinin er svo vanburða hvað fjármagn varðar en í ályktun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs segir: — „Fyrir einn milljarð á ári í fimm ár má lyfta grettistaki í atvinnumálum þeirra landshluta sem mynda kjördæmið.“

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessari tillögu verði vísað til hv. samgöngunefndar sem fer með ferðamál.

[18:18]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að ræða um þessi átaksverkefni í ferðamálum í Norðvesturkjördæmis. Ég tel að stóriðja á þessu svæði ætti einmitt að liggja í þessum tækifærum sem þarna gefast í ferðaþjónustunni. Þarna eru stórkostleg tækifæri sem eru mjög vannýtt þrátt fyrir margar tilraunir til að gera það og ég held að einmitt núna sé kærkomið tækifæri fyrir stjórnvöld að taka þessa stefnu og styðja þá þingsályktunartillögu sem hérna kemur fram og veita henni brautargengi.

Það vill svo til þegar ég ákvað að koma upp og tala í þessu máli að það rifjaðist upp fyrir mér að fyrsta mál mitt á Alþingi, þegar ég kom inn sem varaþingmaður 1987, og fyrsta ræðan sem ég flutti hér var einmitt um ferðamál. Ég gróf þessa þingsályktunartillögu upp og ræðu og velti fyrir mér samanburði á því sem kemur fram í þessari ágætu þingsályktunartillögu og töflum sem henni fylgja. Hliðstæðar upplýsingar voru þá á bilinu frá 1966–1986 svo þarna er um 40 ára þróun að ræða sem ég var aðeins að skoða.

Meðflutningsmenn mínir voru nú nokkrir hér á þingi. Hv. þingmaður Stefán Guðmundsson flutti þetta með mér ásamt þremur núverandi hæstv. ráðherrum, Guðna Ágústssyni, Jóni Kristjánssyni og Valgerði Sverrisdóttur. Þetta var um ráðstafanir í ferðamálum, að stofna til embætta ferðamálafulltrúa í landsbyggðarkjördæmum, tvö stöðugildi á ári í þrjú ár. (**Gripið fram í:** Voru þetta allt framsóknarmenn?) Þetta voru allt framsóknarmenn. Það vildi svo til að ég var framsóknarmaður á þessum tíma en sá að mér þó seint væri. Þegar þetta er borið saman má sjá að 1986 voru 4,6 milljarðar í tekjur af ferðamönnum. Árið 2005 eða 2006 — ég hef ekki nákvæma tölu, það kemur ekki þarna núna — er einhvers staðar á milli 40–50 milljarðar. Þarna er því um tíföldun að ræða á tekjum af þessu. Fjöldi ferðamanna hefur rúmlega þrefaldast. Þeir eru núna á 350–400 þús. sem segir að meira kemur inn af hverjum ferðamanni en áður auk þess sem gera þarf ráð fyrir gengisþróun. Sama þróun hafði verið frá 1966 því þá voru ferðamenn taldir vera 29.000 og hafði fjölgað í 112.000 20 árum síðar þannig að þróunin var mjög svipuð.

Virðulegi forseti. Mig langar til að vekja athygli á því að ferðamál lúta ákveðnum lögmálum um þróun. Okkur finnst ferðamál þróast mjög ört hérna. Það liggur aðallega í því að ferðafólki fjölgar og tekjur af ferðamönnum fara vaxandi. Hins vegar kom mér á óvart við að lesa þessa ræðu mína sem er tæplega 20 ára gömul hversu lítið hefur breyst í markmiðum ferðaþjónustu þá og því sem er að gerast nú. Ég las nýlega í blaðagrein nokkurn veginn það sama. Ég ætla að fá að lesa upp úr þessari ræðu, með leyfi virðulegs forseta:

„Þróun ferðalaga í heiminum er einkum með þrennu móti. Í fyrsta lagi ferðast fólk í auknum mæli á eigin vegum í stað hópferða sem hafa verið ríkjandi fyrirkomulag, á eigin bíl, með flugi og bíl eða á annan hátt sjálfstætt. Þessa verður og vart hérlendis hin síðustu ár.“ — En þetta er einmitt sú þróun sem nú hefur átt sér stað.

„Í öðru lagi eykst í sífellu leit fólks að betri útivistarmöguleikum, hreinu lofti, óspilltri náttúru og heilbrigðum lífsháttum. Á þessu sviði virðist land okkar hafa mjög mikla möguleika verði þess gætt að skipuleggja ferðamál á réttan hátt með umhverfis og náttúruverndarsjónarmið ríkt í huga.

Í þriðja lagi eru ferðalög eldri borgara í skipulögðum orlofsferðum.“

Allt þetta fullan rétt á sér enn þann dag í dag og er í fullu gildi.

Ferðamennskan þarf á miklu meiri stuðningi að halda og frekari stoðum og stuðningi yfirvalda heldur en verið hefur mörg undanfarin ár. Hún hefur þróast, ekki vegna þessa mikla stuðnings sem hún þarf, heldur þrátt fyrir að hann hafi skort. Það hefur verið lagt í mjög mikla og mjög dýra tilraunastarfsemi. Flestir sem hafa fengist við ferðamál á landsbyggðinni hafa beitt sér fyrir stofnun fyrirtækja eða samtaka sem vitað er að mundu ekki geta gefið arð. Eftir sem áður fóru menn í þetta fyrst og fremst til að afla þekkingar, til að framkvæma rannsóknir og undirbúa það sem síðan er að verða nokkuð þróuð ferðamennska í dag. En opinber aðstoð er of lítil og fórnarkostnaður einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja er allt of hár og allt of dýru verði keyptur. Markaðssetningin þarf að vera á heildrænu sviði vegna þess að ferðamennska, það að búa eitt hérað, eitt svæði, undir innkomu ferðamanna, tekur frá fimm upp í 15, jafnvel 20 ár. Það er ekki hægt að veita ótakmörkuðum fjölda ferðamanna hvert sem er án þess að það verði undirbúið mjög veglega áður með t.d. aðstöðu sem þeir þurfa á að halda, gistingu, veitingum, alls konar tómstundaiðju og hvaðeina.

En ýmsir möguleikar eru innan seilingar. Ég nefni t.d. nýtt fyrirtæki vestur á fjörðum sem nefnir sig Fjord Fishing og er í samstarfi við þýska aðila, eftir sem ég best veit. Þeir eru að reisa sumarhús. Þeir eru að útbúa sjóstangaveiði og það er geysilegur stuðningur við þetta utan lands frá. Nánast strax og þeir voru tilbúnir með þessa aðstöðu var fullbókað í það sem þeir ætla að gera. Þarna eru því tækifæri. Það þarf að finna þau og það þarf að virkja þau.

Ég held að því miður séu enn í gildi ýmis rök sem voru flutt í tillögu fyrir 18–19 árum, fyrst og fremst þau að opinberir aðilar þurfa að veita fjármagn í þessa stóriðju og styðja ekki síst þau svæði þar sem ekki er aðra tekjumöguleika að hafa og atvinnuástandi fer á margan hátt hnignandi. Það er nefnilega ekki nægilegt að hafa ferðamennskuna eina og sér á svæðinu. Þrátt fyrir þá ágætu viðleitni sem lýsir sér í þessari þingsályktunartillögu til að lengja ferðamannatímann þá verður hann ekki að svo stöddu samfelldur. Ég hef alltaf haldið því fram og mun halda því fram áfram að til þess að ferðamennska á þessum svæðum geti dafnað þurfi að vera til staðar grunnatvinnustarfsemi og búseta. (Forseti hringir.) Það gæti stutt ferðaþjónustuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Láglaunahópar og hlutur þeirra í tekjuskiptingunni, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 70. mál. — Þskj. 70.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Upplýsingalög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 80. mál (nefndir, ráð og stjórnir). — Þskj. 80.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Frv. BjörgvS o.fl., 76. mál (fyrirframgreiðsla lána, ábyrgðarmenn o.fl.). — Þskj. 76.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 77. mál (hagsmunir smárra fjárfesta). — Þskj. 77.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 72. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 72.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfslok og taka lífeyris, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 81. mál. — Þskj. 81.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varðveisla Hólavallagarðs, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 83. mál. — Þskj. 83.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lega þjóðvegar nr. 1, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 84. mál. — Þskj. 84.

[18:30]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um legu þjóðvegar nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Meðflutningsmenn með mér á tillögunni eru hv. þingmenn Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson. Tillögugreinin er eftirfarandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera samanburð á bestu kostum á legu þjóðvegar nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Skýrslu um samanburðinn verði lokið á hausti komanda og verði höfð til hliðsjónar við næstu endurskoðun samgönguáætlunar."

Tillaga þessi var lögð fram á 130. og 131. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Er tillagan flutt að nýju óbreytt.

Samgöngur á landi eru einn mikilvægasti þátturinn í að tryggja búsetu og jákvæða byggðaþróun í landinu öllu og þjóðvegur nr. 1 gegnir þar lykilhlutverki.

Breytingar á legu þjóðvegar nr. 1 í Austur-Húnavatnssýslu hafa verið til umfjöllunar hjá Vegagerðinni. Þær breytingar hafa allar miðað að því að vegurinn liggi áfram um sömu héruð og hann gerir nú.

Uppbygging vegar yfir Þverárfjall hefur beint sjónum manna að því hvort ekki sé skynsamlegt að láta aðalþjóðveginn liggja um Þverárfjall, um Hegranes og Hjaltadal og loks í gegnum Tröllaskaga með jarðgöngum. Þessir kostir hafa verið nokkuð skoðaðir af heimamönnum. Athuganir þeirra benda til að viðlíka stytting næðist og nú er fyrirhuguð samkvæmt hugmyndum Vegagerðarinnar. Aðalkostir Þverárfjallsleiðarinnar eru að hún liggur í námunda við alla stærstu þéttbýlisstaðina á þessum slóðum og mjög nærri mikilvægum stöðum, t.d. háskólanum á Hólum. Þá liggur leiðin um Blönduós, umtalsvert nær Skagaströnd en nú er og í gegnum Sauðárkrók. Með henni mundu þessi byggðarlög tengjast betur en áður og styrkjast vegna áhrifa af meiri umferð og greiðari samgöngum. Byggðaleg áhrif þessarar leiðar yrðu og mikil og þarf að meta þau sérstaklega sem mikilvægan þátt málsins. Sú leið sem fyrirhuguð hefur verið fram að þessu liggur í öllum tilvikum fjær nefndum stöðum og auk þess yfir Vatnsskarð og Öxnadalsheiði. Jarðgöng hljóta síðar meir að leysa veginn af hólmi á þeim fjallvegum. Þverárfjallsvegur liggur miklu lægra en Öxnadalsheiði og líka lægra en Vatnsskarð. Þjóðhagslegur arður af þessari framkvæmd þarf einnig að metast og er eðlilegur hluti þess samanburðar á leiðunum sem hér er lagður til.

Með tillögunni fylgja ýmis gögn sem eru komin frá Skagfirðingum og á þeim bera ábyrgð Árni Ragnarsson og Páll Zóphóníasson. Þessi mál hafa verið mikið til umræðu í þeim byggðalögum sem liggja næst þessu svæði. Þau hafa töluvert verið rædd í tengslum við umfjöllunina um jarðgöng á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. En í raun er þessi tillaga alls ekki tilkomin vegna þeirra jarðganga þó full ástæða sé til að benda á það. Ef menn eru sammála um að jarðgöng komi í framtíðinni í gegnum Tröllaskaga sem tengi Eyjafjörð og Skagafjörð þá liggur það nokkuð í augum uppi að menn hefðu ekki þurft að leggja jarðgöng, þessi svokölluðu Héðinsfjarðargöng, til að tengja Siglufjörð við aðrar byggðir. Hagkvæmara hefði þá verið að koma með ný jarðgöng frá Siglufirði út í Fljót. En það er saga sem ég ætla ekki að ræða frekar. Stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um þau göng sem á að fara að gera milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og þau verða að veruleika. Ég geng út frá því.

En þessi tillaga á fullan rétt á sér vegna þess að það er okkar trú sem hana flytjum að það sé ekkert vafamál að jarðgöng muni í framtíðinni tengja saman þau svæði sem ég nefndi áðan, í Skagafirði og Eyjafirði, og þess vegna sé mikil ástæða til að menn horfi til þeirrar framtíðar alla leið í tengslum við ákvarðanir sem teknar eru um uppbyggingu þjóðvegar nr. 1. Þess vegna er tillagan flutt og mér þykir auðvitað miður og finnst það skammsýni að í sölum Alþingis skuli tillagan ekki hafa fengið meiri athygli en raun ber vitni. Það hefði auðvitað þurft að vera búið að gera þetta núna og menn hefðu þurft að hafa þennan samanburð í höndunum við endurskoðun vegáætlunar sem á að gera á þessu ári. Því er ekki seinna vænna en að láta þennan samanburð fara fram þannig að hægt sé að horfa til þeirra gagna sem út úr honum koma við ákvarðanir um breytingar á vegáætluninni á næsta vetri.

Í þeirri von lýk ég máli mínu og vonast til að hv. samgöngunefnd komist til ráðs við þetta mál og sjái mikilvægi þess að horfa til framtíðar hvað varðar stórverkefni í vegamálum. Ég tel reyndar að það sé ekki vansalaust að í Alþingi skuli menn ekki hafa áætlun sem tekur tillit til lengri framtíðar, t.d. 40 ára eða svo. Það mætti breyta jarðgangaáætluninni í slíka áætlun þar sem væru inni hraðbrautir framtíðarinnar, jarðgöng og önnur mikilvæg samgöngumannvirki svo menn geti stuðst við slíkar áætlanir í tengslum við ákvarðanir um vegamál í framtíðinni. Menn þurfa ekki að horfast í augu við að hafa gert mistök vegna þess að ekki hafi legið fyrir hugmyndir um hvernig samgöngur framtíðarinnar eigi að vera. Mistök af því tagi sem ég nefndi áðan sem kosta gríðarlega fjármuni, eins og að bora miklu lengri jarðgöng en hefði þurft að gera til að tengja Siglufjörð við önnur byggðalög.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 85. mál (vistvæn veiðarfæri). — Þskj. 85.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 15. og 18. mál.

Fundi slitið kl. 18:38.

72. FUNDUR

miðvikudaginn 22. febr.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Málsókn vegna meintra brota á Svalbarðasamningnum, fsp. MÞH, 511. mál, þskj. 748.

Til menntamálaráðherra:

2. Ástand Þjóðleikhússins, fsp. MÞH, 533. mál, þskj. 780.

3. Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, fsp. BJJ, 510. mál, þskj. 747.

Til heilbrigðisráðherra:

4. Málefni heilabilaðra, fsp. BjörgvS, 370. mál, þskj. 426.

5. Dagpeningar til foreldra langveikra barna, fsp. SandF, 523. mál, þskj. 765.

Til landbúnaðarráðherra:

6. Innflutningur á landbúnaðarvörum, fsp. ÞBack, 524. mál, þskj. 766.

[12:00]

Útbýting:

Fríverslunarsamtök Evrópu 2004, 558. mál, skýrsla ÞEFTA, þskj. 812.

Hafnalög, 380. mál, nál. samgn., þskj. 806.

Rannsókn sjóslysa, 412. mál, brtt. samgn., þskj. 808.

Siglingastofnun Íslands, 375. mál, nál. samgn., þskj. 804.

Athugasemdir um störf þingsins.

Hræringar í fjármála- og efnahagslífinu.

[12:01]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs í ljósi þeirra hræringa sem nú eiga sér stað í fjármála- og efnahagskerfinu en sem kunnugt er hefur krónan fallið um 9% og hlutabréf lækkað mikið í viðskiptum í Kauphöll Íslands, bæði í gær og í morgun. Þetta gerist í kjölfar þess að alþjóðamatsfyrirtækið Fitch Ratings sendi frá sér alvarlega viðvörun um efnahagsstjórn á Íslandi og jafnframt þau skilaboð að breyting kunni að verða á lánshæfismati ríkissjóðs Íslands verði ekki breyting á.

Í fjölmiðlum í gær kom einnig fram gagnrýni af hálfu Seðlabanka Íslands þar sem bent var á að þetta hljóti að verða stjórnvöldum og þeim sem stýra efnahagslífinu alvarleg áminning. Um nokkurra missira skeið hafa ýmis teikn um hættuástand hrannast upp, nokkuð sem Seðlabankinn hefur lýst sem ógnarjafnvægi í íslensku efnahagslífi, og við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum margoft varað við viðvarandi viðskiptahalla, þenslu sem hefur verið handstýrð af hálfu ríkisstjórnarinnar, sem aftur hefur leitt til hávaxtastefnu, mikils vaxtamunar við útlönd og þar af leiðandi erfiðrar samkeppnisstöðu útflutningsgreina.

Auðvitað hlaut að koma að því fyrr eða síðar að gengi krónunnar aðlagaðist framleiðslugetu íslensks efnahagslífs. Enn á eftir að koma í ljós hvert framhaldið verður nú og vonandi verða engar snöggar breytingar, enda í samræmi við óskir okkar, og nokkuð sem við höfum talað fyrir í tvö ár, að gripið verði til víðtækra ráðstafana til varnar íslensku atvinnulífi svo hræringar í fjármálalífinu og þar af leiðandi atvinnulífinu öllu verði án kollsteypu.

Það er slæmt að geta ekki átt orðastað við hæstv. forsætisráðherra um þetta efni en hann mun hafa haldið utan til Lundúna í morgun, bæði til fundahalda og til að fylgjast þar með knattspyrnuleik í kvöld.

Hæstv. forseti. Ég taldi rétt að vekja athygli á því að fyrir Alþingi liggur þingmál frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þar sem settar eru fram tillögur, sniðnar að því að beina íslensku fjármála- og efnahagslífi (Forseti hringir.) inn á öruggari mið en við erum á nú.

[12:03]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það eru vissulega athyglisverðar athugasemdir sem koma fram í matsskýrslu Fitch-fyrirtækisins sem birt var í gær. Að sumu leyti koma þær á óvart og að öðru leyti ekki. Þær komu á óvart vegna þess að það eru aðeins þrjár vikur síðan að Moody's-matsfyrirtækið staðfesti lánshæfismatið með stöðugum horfum. Þær koma síðan hins vegar ekki á óvart vegna þeirrar umræðu sem verið hefur undanfarin missiri um mikla útlánaaukningu og auknar lántökur hjá bönkunum samfara skuldsetningu fyrirtækja og einstaklinga og viðskiptahallanum.

Vissulega er um að ræða gagnrýni á ríkisfjármálin í þessari skýrslu. Það má segja að sú gagnrýni sé tvenns konar, annars vegar á skattalækkanir ríkisstjórnarinnar, og athyglisvert að Fitch skuli staðfesta að um sé að ræða skattalækkanir og að þær hafi áhrif í hagkerfinu, og hins vegar gagnrýni á það að ríkisstjórnin skuli hvorki með beinum né óbeinum hætti leitast nægjanlega við að hafa áhrif á markaðinn, áhrif á þensluna og ákvarðanir í viðskiptalífinu. Það er vegna þess, eins og þar kemur fram, að ríkisstjórnin hefur talið að viðskiptalífið og markaðurinn hafi kraft og getu og vilja til að bregðast við aðstæðum sem þessum.

Þau atriði sem þarna eru gagnrýnd eru að segja má grundvallaratriði í þeim árangri sem höfum náð í efnahagslífinu að undanförnu, þ.e. skattalækkanir og aukið frjálsræði í viðskiptalífinu. Það er auðvitað vandi að snúa frá því nú þegar við nálgumst toppinn í hagsveiflunni og eigum frekar von á lægri hagvexti á næsta ári en nú hefur verið.

[12:05]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Það má sannarlega segja að hæstv. ríkisstjórn hafi fengið alvarlega áminningu með þessu mati frá Fitch. Það má eiginlega segja að ríkisstjórnin hafi fengið gula spjaldið.

Þetta er alvarleg áminning til okkar Íslendinga. Öllum sérfræðingum ber saman um, þar á meðal hjá Fitch, að ríkið

hafi ekki tekið nægilega mikið á í þessum málum og sett allt sitt traust og trúss á peningamálastefnu Seðlabankans. Þess vegna er rétt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í það hvernig ríkisstjórnin ætlar að bregðast við þessari áminningu eða hvort það eigi bara að loka augunum. Leiðir þetta til einhverra breytinga á efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar? Til dæmis hefur komið fram síðustu daga, og það er kannski gott dæmi um hvað þetta sveiflast allt frá einum degi til annars, að hæstv. forsætisráðherra hefur flengst milli fjölmiðla í síðustu viku og upphafi þessarar og boðað að hér verði byggð á næstu 6–8 eða kannski 10 árum 2–3 og jafnvel 4 álver. Í fréttum í gær kveður hins vegar við allt annan tón hjá hæstv. forsætisráðherra. Hvaða skilaboð er verið að senda til markaðarins með þessum misvísandi upplýsingum hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar? Hvað er hér á ferðinni? Auðvitað skiptir svona lagað máli og hefur áhrif á þennan viðkvæma markað.

Vonandi róast þetta, virðulegi forseti, og vonandi erum við það sterk efnahagslega að við stöndum þetta af okkur. En þetta er alvarlega áminning, eins og ég sagði, þetta er gula spjaldið. Ég ætti kannski að leyfa mér að spyrja hæstv. fjármálaráðherra í lokin hvort það sé kannski hjá þannig hjá Fitch að þeir kunni heldur ekki að reikna.

[12:07]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég vara við því að tala mjög óvarlega þó að þessi spádómur frá Fitch-fyrirtækinu hafi komið. Við erum núna í toppi okkar efnahagssveiflu og auðvitað tekur það á. Lánshæfismat okkar hefur verið afar hátt um langan tíma og ég spái því að svo verði áfram. Við megum ekki oftúlka þessa spá, þetta er spá sem gerð er einmitt þegar við erum á toppi efnahagssveiflu okkar og þenslu og það hýtur að taka í.

Hvað er það sem spádómurinn segir, þetta ágæta fyrirtæki? Þeir spá því að svo kunni að fara að mat okkar verði neikvætt. Þeir spá því en eru ekki að leggja þann dóm á að svo sé í dag. Þetta hefur áður gerst, menn hafa áður spáð slíku á síðustu 10 árum en sá spádómur reyndist ekki vera réttur, við fengum hina svokölluðu frægu mjúku lendingu. Þá er líka hægt að vekja athygli á því að í efnahagslífi okkar núna njóta fyrirtækin góðs, m.a. fékk einn af bönkunum okkar hæsta mat, sambærilegt við það sem ríkissjóður fær. Við hljótum líka að velta fyrir okkur ástæðunum, af hverju er þetta ástand núna? Það eru margvíslegar ástæður og ekki rétt, eins og hér bar við, að taka eitthvert eitt dæmi. Eitt af því sem við hljótum að horfa á er hvernig við afgreiðum fjárlög með meiri afgangi en nokkru sinni. Sá þáttur ætti að vera í þokkalegu lagi. Við vitum hins vegar að neyslan er mikil, en stærsti hlutinn á væntanlega rætur að rekja til þess að erlendir fjárfestar fjárfesta í íslenskum bréfum og gera þar hugsanlega út á mikinn vaxtamun sem er hérlendis. Það skyldi þó ekki vera ástæða til þess einmitt fyrir Seðlabankann að skoða það að lækka þá vexti til að hinir erlendu fjárfestar (Forseti hringir.) geri ekki út á þennan vaxtamun (Forseti hringir.) sem er líklega stærsta ástæðan.

[12:09]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það var við því að búast að fram kæmu aðvörunarorð frá aðilum á markaði, eins og hér hefur gerst. Það er full ástæða fyrir ríkisstjórnina til að taka þau alvarlegar en viðvaranir frá innlendum stofnunum og frá stjórnarandstöðunni í efnahagsumræðunni undanfarið. Tal um hina mjúku lendingu, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason viðhafði og hæstv. forsætisráðherra gerði í gærkvöldi, er til vitnis um kæruleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Hin mjúka lending 2001 var 9% verðbólga. Nærri 10% verðbólga. Hvergi í þróuðu ríki leyfði forsætisráðherra sér að lýsa því yfir að nærri 10% verðbólga væri mjúk lending. Nærri 10% verðbólga á einhverjum skuldsettustu heimilum í Evrópu er verulegt áfall og áhyggjuefni. Þess vegna þarf af yfirvegun en af mikilli alvöru að hlusta á ábendingar og athugasemdir um það sem betur má fara í efnahagsstjórninni. Við hljótum að fagna því að hæstv. forsætisráðherra hefur þegar brugðist við með því að lýsa því yfir að þrjú álver komi ekki til greina. Ég held að það sé mikilvægt að ríkisstjórnin taki af tvímæli um það hvort tvö ný álver komi til greina. Markaðurinn þarf augljóslega að vita hvort ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir hundrað og eitthvað milljarða nýjum fjárfestingum eða þrjú hundruð milljarða nýjum fjárfestingum hér fyrir forgöngu ríkisstjórnarinnar á næstu missirum. Auðvitað hefur það líka áhrif á það mikla þensluástand sem hér er.

Umfram allt er rétt að fjalla um þessar aðvaranir af aðgát og varfærni vegna þess að við vitum líka að íslenskt atvinnu- og efnahagslíf er þróttmikið (Forseti hringir.) og burðugt ef ríkisstjórnin vinnur með því en ekki (Forseti hringir.) gegn því með að auka sífellt á þensluna og hella olíu á eldinn.

[12:12]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þær hræringar sem núna eru á fjármálamarkaðnum koma í sjálfu sér ekki á óvart, það sem við veltum frekar fyrir okkur er hvað gerist í framhaldinu.

Viðvörunarorð sem koma frá þessu erlenda matsfyrirtæki á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eru í sjálfu sér ekki ný. Þau eru nákvæmlega sömu viðvörunarorð og við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum verið með hér. Þau eru nákvæmlega sömu viðvörunarorð og atvinnulífið, ferðaþjónustan, fiskvinnslan, útgerðin, hátækniiðnaðurinn, allar útflutningsgreinarnar hafa verið með nákvæmlega sömu viðvörunarorð en ríkisstjórnin hefur keyrt á mjög harðri ríkisvæddri stóriðjustefnu.

Þegar talað er um ríkisafskiptin er ekki verið að benda á ríkisfjármálin, það er mesti misskilningur. Bent er á hin gríðarlegu ríkisafskipti sem fara nú fram í stóriðjunni, í virkjunarframkvæmdunum þar sem ríkisfyrirtækjum er beitt. Kallað er eftir stefnubreytingu af hálfu stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum, breytingu sem felur það í sér að styrkja stöðu útflutningsgreinanna og jafnframt að hverfa af þessari ríkisvæddu stóriðjubraut. Jafnframt er það líka góð áminning, eins og hæstv. fjármálaráðherra minntist á, að skattalækkunarstefnan sem kemur alfarið hátekjufólkinu til góða er röng. Það er það sem verið er að gagnrýna og

ég vona að hæstv. fjármálaráðherra skilji gagnrýnina. Ég er ekki viss um að fyrirtækið sé að mæla með þeim hlutfallslegu skattahækkunum sem lægstu tekjurnar verða fyrir. Öll þessi atriði hafa verið nefnd áður en það er ástæða til að krefjast þess að ríkisstjórnin (Forseti hringir.) skipti hér um og breyti stefnu.

[12:14]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hagstjórn ríkisstjórnarinnar fær slæma einkunn í því mati sem við erum að ræða hér, frá fyrirtækinu Fitch Ratings. Þetta nýja mat felur í sér ákveðinn áfellisdóm yfir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hefur í raun verið að leika sér að eldinum og tekið talsverða áhættu í hagstjórninni.

Í raun og veru þurfa þessi tíðindi ekki að koma okkur á óvart eða í opna skjöldu. Við höfum séð hættumörkin hvarvetna. Viðvarandi viðskiptahalli, sem fór í 15% á síðasta ári, er sá mesti frá því að mælingar hófust, stöðugur útlánavöxtur, gríðarleg aukning erlendra skulda, sem nú eru komnar yfir 400% af útflutningstekjum, meiri skuldsetning þjóðarbúsins en í nokkru öðru OECD-ríki, stöðugt hækkandi stýrivextir og hækkandi gengi krónunnar — allt er þetta órækur vitnisburður um verulega ofhitnun í hagkerfinu.

Við höfum bent á þetta, þingmenn Samfylkingarinnar, á Alþingi, hagfræðingar hafa bent á þetta, Seðlabankinn, forustumenn í verkalýðshreyfingunni en það er sama hvaðan það kemur, ríkisstjórnin hefur skellt skollaeyrum við þessu, firrt sig allri ábyrgð og vísað vandanum á Seðlabankann sem eigi að sjá um að laga þetta. Það sem er kannski verra er að um leið hefur hæstv. ríkisstjórn kynt undir með því að ala á ótímabærum væntingum um stórfelldar virkjana- og stóriðjuframkvæmdir. Efnahagsstefnan hlýtur að snúast um að beita hagstjórnaraðgerðum í ríkisfjármálum en ekki síður að stjórna væntingum. Þegar þensla er í hagkerfinu skiptir máli að beita stjórntækjum ríkisins til að halda aftur af ónauðsynlegum fjárfestingum, örva sparnað og hvetja fólk og fyrirtæki til að fara sér hægt. Það hlýtur að vera mikilvægt nú, þegar þessi viðvörun hefur fengist, að ríkisstjórnin taki hana alvarlega, hún hlusti, sitji ekki kyrr eins og hún hefur gert undanfarið, heldur bregðist við og fari að taka á þessu vandamáli af ábyrgð og festu.

[12:16]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Nokkuð lengi hafa verið blikur á lofti í efnahagsmálum. Stjórnarflokkarnir, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur, bera ábyrgð á stjórn efnahagsmála með sjálfan hæstv. forætisráðherra í fararbroddi sem er nú í öðrum verkum þessa dagana. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að bregðast við tíðindunum? Það væri fróðlegt að fá að heyra. Hið eina sem hefur komið fram er að hæstv. forsætisráðherra talar um að taka á ríkisfjármálum á næsta ári en það virðist eins og að þetta sé ekki meira áhyggjuefni en svo að það eigi að taka á ríkisútgjöldum árið 2007.

Hvað hefði átt að vera búið að gera í stjórn efnahagsmála? Auðvitað hefði fyrir löngu átt að vera búið að taka á ríkisútgjöldum. Það hefur komið fram að ríkisútgjöld hafa aukist um 120 milljarða á föstu verðlagi frá því að þessi ríkisstjórn tók við völdum og það er vissulega áhyggjuefni. Það kom fram í spjallþætti í sjónvarpi í morgun að það var eins og að þetta kæmi hv. formanni fjárlaganefndar algjörlega á óvart og það segir náttúrlega sína sögu.

Síðan kemur hér hv. formaður þingflokks Framsóknarflokksins og talar um að lækka stýrivexti til að bregðast að einhverju leyti við vandanum. En hvað er að gerast? Ég get ekki betur séð á netmiðlum en að gengið sé að lækka á íslensku krónunni. Er þá eitthvert vit í að fara að lækka vexti? Ég hefði talið að það mundi jafnvel leiða til þveröfugrar niðurstöðu en þeirrar sem óskað er.

En það eru fleiri blikur á lofti og það er skuldasöfnun þjóðarinnar. Þetta er eitt skuldugasta þjóðarbú í heimi og ef vextir halda áfram að hækka í útlöndum er hætt við að það komi einnig við pyngju þjóðarbúsins og það er annað sem hæstv. forsætisráðherra ætti að hafa í huga.

[12:18]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að taka þessi skilaboð mjög alvarlega því að núna á einum sólarhring eða svo hefur gengisvísitalan hækkað um sem nemur u.þ.b. 9%. Þetta er vitaskuld mikil breyting á mjög skömmum tíma. En það verður að taka á þessu af yfirvegun og festu og menn verða að vanda mjög það sem sagt er í þessari umræðu því að hún hefur áhrif á markaðinn. Menn verða því að taka þessi skilaboð alvarlega og fara mjög vandlega yfir það hvernig menn hyggjast bregðast við, og hvort menn hyggjast bregðast við.

Það olli mér því talsverðum vonbrigðum þegar hæstv. fjármálaráðherra kom í ræðustól áðan og hafði af því mestar áhyggjur, eða talaði helst um það, að Fitch Ratings staðfesti að um skattalækkanir væri að ræða. Fitch Ratings fjallaði ekkert um skattbyrðina eða hvort hún hefði aukist undanfarin 10 ár, heldur fjallaði hæstv. fjármálaráðherra um það að tilteknir aðilar hefðu staðfest að um skattalækkanir væri að ræða. Þetta var honum efst í huga við þær aðstæður sem við erum núna að fjalla um, þegar gengið hefur fallið um 9%.

Það kom einnig fram í þessu mati að ríkissjóður er ásakaður um að skila ekki nægum afgangi og láta Seðlabankann sitja einan uppi með ábyrgð á íslensku efnahagslífi. Þetta er nokkuð sem ríkisstjórnin verður að taka vandlega til skoðunar og einnig verða sveitarfélög að skoða mjög vandlega hvar þau geta tekið á. Markmið okkar allra sameiginlega hlýtur að vera það að ná mjúkri lendingu. Hvort hér sé á ferðinni eðlileg aðlögun er ekki gott að segja en meginatriðið er að menn taki á þessu af ábyrgð og festu og fjalli um það á þann hátt að stjórnmálamenn efni ekki til (Forseti hringir.) enn frekari ófriðar á þessum markaði en orðið er.

[12:20]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem síðasti hv. ræðumaður, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sagði áðan, það ber að fjalla um þessa skýrslu Fitch Ratings af varkárni og alvöru. Vissulega verður ekkert horft fram hjá þeim ábendingum sem þar koma fram. Ég verð að segja að það er ánægjulegt

hversu margir hv. þingmenn hafa hér í dag tekið undir það að það verði hafa stjórn á ríkisfjármálunum. Það er athyglisvert að heyra þetta frá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem flesta daga koma hér upp hver á fætur öðrum og krefjast aukinna ríkisútgjalda til hinna og þessara málaflokka. Fitch Ratings leggur mikla áherslu á þetta og hið sama hafa greiningardeildir gert, Seðlabankinn líka. Það er mikilvægt ef hér er að nást samstaða um að stemma verði stigu við aukningu ríkisútgjalda. En þá verða hv. þingmenn líka að gæta sín á því að koma hér ekki daginn út og daginn inn sífellt með nýjar tillögur um aukningu ríkisútgjalda til hinna og þessara málaflokka. Við vitum að það er mikill hiti í hagkerfinu og við verðum líka að velta fyrir okkur hvernig hagkerfið er undir það búið að takast á við þetta. Þá verðum við að hafa í huga að hagkerfið hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum, miklum breytingum sem gera það að verkum að það er hæfara til að takast á við þessa nýju stöðu en áður var.

Við höfum á undanförnum dögum séð fréttir sem reyndar hafa ekki vakið mikla athygli en hafa samt skipt máli um mat erlendra aðila á samkeppnishæfni hagkerfisins. OECD birti í síðustu viku niðurstöðu um að Ísland væri í 6. sæti yfir ríkustu lönd heims, Forbes segir að Ísland sé 3. vinsamlegasta landið fyrir erlenda fjárfesta, Wall Street Journal listar Ísland í 5. sæti (Forseti hringir.) yfir þau lönd þar sem mest viðskiptafrelsi ríkir. Viðskiptaháskólinn IMD í Sviss og World Economic Forum (Forseti hringir.) telja Ísland með 5. og 7. samkeppnishæfasta hagkerfi heims. (Forseti hringir.) Það skiptir máli í þessu sambandi (Forseti hringir.) vegna þess að það gerir okkur (Forseti hringir.) hæfari til að takast á við þessar breyttu aðstæður.

[12:23]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það var margt athyglisvert sem kom fram í ræðu hv. þm. Birgis Ármannssonar og það er auðvitað rétt hjá hv. þingmanni að það er ýmislegt jákvætt í efnahagsmálum Íslendinga, sem betur fer. Við þurfum hins vegar að taka mark á ábendingum sem við fáum, eins og þessari. Það hefði verið betur að ríkisstjórnin hefði tekið mark á öllum þeim ábendingum sem hún hefur fengið varðandi umræður um efnahagsmál hér á síðustu missirum. Það er í raun og veru sáralítið nýtt í þessum ábendingum sem þarna koma fram.

Við erum auðvitað búin að benda á það margoft að það þarf að ná tökum á ríkisútgjöldunum, það þarf að sýna ábyrgð við stjórn efnahagsmála. Á þessu hefur staðið, því miður, og þess vegna m.a. fáum við þetta mat nú og þær ábendingar sem hér koma fram. (**Gripið fram í:** Skera niður.) Það er t.d. athyglisvert þegar hæstv. fjármálaráðherra telur þetta vera fyrst og fremst stimpil á það að nú eigi sér stað skattalækkanir. Margoft hefur verið bent á það í þingsölum að skattalækkanir eiga sér stað hjá ákveðnum hópum. Það sem hefur verið gagnrýnt er hvernig skattalækkununum hefur verið skipt, þ.e. að jafnvel sé náð í tekjur hjá öðrum hópum til að lækka skatta á hinum tekjuhærri. Það er á þetta sem hefur verið bent og það er þetta sem hefur verið gagnrýnt.

Frú forseti. Í athyglisverðri forustugrein í Morgunblaðinu í dag segir m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Það, sem telja má nýjan flöt á málinu hvað gagnrýni Fitch á hagstjórnina varðar, er samanburðurinn við fjármálakreppuna í Japan og fleiri Asíuríkjum í lok síðustu aldar. Fyrirtækið segir að ástæðan fyrir aðgerðaleysi ríkisvaldsins sé sú skoðun stjórnvalda að núverandi ójafnvægi í efnahagslífinu eigi rætur sínar að rekja til einkageirans og muni lagast af sjálfu sér."

Frú forseti. Þetta er í raun og veru í hnotskurn stefna ríkisstjórnarinnar, að þetta muni allt saman lagast af sjálfu sér. Það er kominn tími til að ríkisstjórnin horfi á raunveruleikann og nýti þau verkfæri sem hún á, þ.e. ríkisfjármálin, og treysti ekki eingöngu á einkageirann og Seðlabankann.

Frú forseti. Svo að við gleymum okkur ekki í svartnættinu vonumst við auðvitað til þess að ríkisstjórnin (Forseti hringir.) læri af þessum ábendingum — og við munum tryggja mjúka lendingu.

[12:25]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tel mjög mikilvægt að menn afvegaleiði ekki þessa umræðu. Það vekur athygli mína af hve lítilli alvöru talsmaður Framsóknarflokksins, hv. þm. Hjálmar Árnason, tekur varnaðarorð Seðlabanka Íslands og alþjóðamatsfyrirtækisins Fitch Ratings. Í greiningu þessa fyrirtækis segir m.a. að hrein erlend skuldastaða Íslands sé hærri en nokkurs annars lands sem metið er af fyrirtækinu. Bent er á ósjálfbæran viðskiptahalla, hratt vaxandi erlendar skuldir og ríkisfjármálin. Þar eru menn að sjálfsögðu fyrst og fremst að vísa til stóriðjustefnunnar. Menn eru ekki að tala um framlag hér til öryrkja eða til einstakra málaflokka. Menn eru að tala um ríkisfjármálin í stóru samhengi.

Hæstv. fjármálaráðherra segir að þetta hafi að mörgu leyti komið á óvart, eða þannig skildi ég hann. Þetta er hins vegar í samræmi við ábendingar og varnaðarorð, ekki aðeins frá Seðlabanka Íslands, ekki aðeins frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hér á Alþingi, heldur frá atvinnulífinu í heild sinni á Íslandi, sjávarútveginum, ferðaþjónustunni, hátækniiðnaðinum. Og þessar raddir hafa farið hækkandi í seinni tíð.

Staðreyndin er sú að vandann má rekja til rangrar efnahagsstjórnunar á Íslandi. Með efnahagsstjórn sinni, og þá sérstaklega stórfelldum ríkisafskiptum af uppbyggingu stóriðju og yfirlýsingum um að þar á verði framhald, hefur ríkisvaldið haft áhrif á væntingar varðandi gjaldmiðilinn á komandi árum sem síðan hefur örvað innstreymi fjármagns á íslenskan lánamarkað og valdið þenslu. Þarna er samhengið að sjá í því sem nú er að gerast.

Nú er spurningin til ríkisstjórnarinnar: Verður gerð grundvallarbreyting á? Megum við vænta breyttrar efnahagsstjórnunar (Forseti hringir.) á Íslandi á komandi tíð? Og þar er ekki síst vísað til stóriðjustefnunnar.

[12:27]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það sem ég sagði um að þetta kæmi á óvart var vegna þess að fyrir þremur vikum fengum við staðfestingu á bæði mati og horfum frá öðru fyrirtæki sem er fyrirtækið Moody's. Ég fagna því hins vegar hvað það kemur

skýrt fram hjá mörgum ræðumönnum, sérstaklega þingmönnum Samfylkingarinnar, að það eigi að fara af aðgát og varfærni í þessa umræðu vegna þess að markaðir eru auðvitað viðkvæmir um þessar mundir. Fagna ég sérstaklega því sem kom fram hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni þar sem hann nefndi hlut sveitarfélaganna í hagstjórninni.

Það sem ég vil benda sérstaklega á er það að staða ríkissjóðs er ekki gagnrýnd í þessari skýrslu, heldur einmitt talað um að hún sé að styrkjast. Staða bankanna er heldur ekki gagnrýnd, sagt að hún sé sterk. En útgjaldaaukningin og þar með skuldasöfnun, bæði fyrirtækja og einstaklinga því tengd, er gagnrýnd og það að ríkið hafi ekki hamlað nægjanlega á móti þessari þróun. Þar er og getur verið meiningarmunur á. Stóriðjustefnan er alls ekki gagnrýnd, það er langt því frá. (**Gripið fram í:** Ríkis...)

Síðan varðandi viðbrögð markaðarins eru þau, a.m.k. enn sem komið er, ekki meiri en svo að þau samræmast þeim spám sem uppi hafa verið um það hvernig gengi gjaldmiðla mundi þróast á undangengnum og yfirstandandi missirum. En við eigum auðvitað eftir að sjá enn betur hvernig markaðurinn bregst við. (Gripið fram í.)

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar, við stöndum auðvitað við langtímastefnu okkar í ríkisfjármálum sem er mjög varfærin. Hins vegar heyrist mér á sumum hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar að þeir vilji fara í mikinn niðurskurð og skattahækkanir. Ég held hins vegar að farsælast sé að við höldum okkur við það að reyna að auka hagvöxtinn til lengri tíma litið og það gerum við með því að halda m.a. áfram að hvetja til þess að erlendir aðilar fjárfesti hér í álverum.

Ég er ánægður að heyra að hv. þm. Kristján Möller hefur ekki tapað húmornum og ég er þeirrar skoðunar að Fitch kunni að reikna og kannski hefur hv. þingmaður líka (Forseti hringir.) tekið sig á reikningi.

Umræður utan dagskrár.

Staða útlendinga hér á landi.

[12:30]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Tilefni þeirrar umræðu sem óskað var eftir að fram færi hér er sú ólga sem hefur orðið víða í nágrannalöndum okkar og reyndar um heim allan vegna frægra teikninga í Jyllandsposten. Það er rétt að velta fyrir sér um hvað sú umræða snýst í raun og veru. Það má segja að hún snúist um ólíka menningu þar sem ólíkir menningarheimar mætast og ólík viðhorf almennt til lífsins. Annars vegar getum við sagt að þar fari fram sú skoðun að hafa ómælda virðingu fyrir tjáningarfrelsinu og hins vegar virðing fyrir umfjöllun um trúarbrögð. Þar mætast menningarheimar og ólík sjónarmið. Þessi ólíku viðhorf hafa leitt til að upp úr sauð og það má segja að heimurinn óbeint logi af átökum vegna þessa.

Frú forseti. Það hafa orðið miklar breytingar í heiminum, ekki síst í formi þess að fólk hreyfir sig á milli landa og heimshluta. Um orsakir þessara flutninga má hafa mörg orð en líklega er misskipting auðæfa heimsins meginorsök en líka má finna skýringu í að víða á Vesturlöndum skortir hreinlega vinnuafl. Á mörgum stöðum bæði í Evrópu og Ameríku hafa þúsundir nýbúa sest að í nýju landi. Sú þróun hefur ágerst á síðustu árum. Allur gangur er á því hvernig sá flutningur og aðlögun hefur gengið. Þó má segja að undir niðri hafi kraumað ólga nokkuð víða. Ólga sem á rætur í ólíkum menningarviðhorfum. Viðbrögð við teikningum Jyllandsposten sýna einmitt hversu viðkvæmt þetta ástand er.

Í kjölfar þess finnst mér ástæða til að ræða ögn hvernig ástandið er hérlendis. Umræðan um útlendinga hér á landi hefur mikið snúist um erlent vinnuafl sem kemur tímabundið hingað til starfa. Ég vil hins vegar beina sjónum mínum að öðrum nýbúum, þeim sem setjast hér að til langframa. Hér hefur orðið mikil breyting á allra síðustu árum. Ætla má að þúsundir nýbúa hafi sest hér að, komandi úr ólíkum menningarheimum. Þannig munu samkvæmt tölum Hagstofunnar vera um 1.600 börn í grunnskólum landsins sem tala annað móðurmál en íslensku og hefur fjölgað um meira en helming á sjö ára tímabili. Þessi börn tala um 40 erlend mál sem sitt móðurmál. Ég hygg að um margt megi segja að aðlögun þessa hóps hafi gengið allvel hér á landi enda má ætla að Íslendingar séu nokkuð opnir fyrir nýbúum og taki þeim nokkuð opnum örmum. Við höfum líka gert margt til að létta nýjum Íslendingum hingaðkomuna. Nægir að benda á rekstur Alþjóðahúss, Alþjóðamiðstöðvar á Ísafirði, ýmiss konar námskeið á vegum félagsmálaráðuneytis, verkalýðsfélaga, atvinnurekenda, sveitarfélaga og þar fram eftir götunum, en ekki síst því að almenningur hefur upp til hópa brugðist við á jákvæðan hátt. En við hljótum að spyrja, hvort nóg sé að gert. Hættan er vitaskuld sú að þróunin hér geti orðið sem víða í borgum Evrópu þar sem heilu hverfi nýbúa hafa orðið til, íbúar þess læra ekki tungumál hins nýja lands og mynda nokkurs konar ríki í ríkinu. Þær aðstæður virðast víða hafa kallað fram menningarlega árekstra. Aðlögun þessara hópa hefur orðið lítil, börn falla ekki að skólakerfi, m.a. vegna tungumálaörðugleika og óhjákvæmilegrar spennu verður vart. Með atburðum eins og teikningum Jyllandsposten verður svo sprenging.

Ég beini því til hæstv. félagsmálaráðherra hvort ráðuneyti hans sjái fyrir sér hvernig til hafi tekist. Hvort við séum í stakk búin til að bjóða nýbúa velkomna með þeim hætti sem sómi er að fyrir þá og fyrir okkur. Þurfum við að skerpa á aðgerðum okkar þannig að nýbúar sem eiga að vera aufúsugestir í landi okkar geti lagað sig að íslenskum veruleika og notið þess að vera Íslendingar og aðrir landsmenn notið veru þeirra hér á landi? Íslendingar eru orðnir alþjóðlegir sinnaðir í starfi sínu og daglegu lífi hvernig sem á er litið. Við höfum séð hvernig aðlögun nýbúa hefur misfarist í nokkrum löndum, fyrst og fremst vegna ónógs undirbúnings og aðlögunar sem hefur svo aftur leitt til menningarlegra árekstra. Við eigum að hafa þann metnað og lýðræðislegan þroska að aðlögun nýbúa hér gangi sem hnökralausast fyrir sig. Þannig leggjum við okkar af mörkum til alþjóðasamfélagsins og þannig eflum við innviði okkar sem opinnar þjóðar.

[12:35]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. málshefjanda

fyrir að taka hér upp á Alþingi þessa tímabæru umræðu um innflytjendamál. Viðbrögð fólks um allan heim við birtingu teikninga í Jótlandspóstinum gefa okkur vissulega tilefni til að fara yfir hvernig við höldum á málum hér á landi. Við höfum fylgst grannt með málum undanfarnar vikur og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér er mönnum ekki kunnugt um að ólga hafi gripið um sig meðal innflytjenda á Íslandi vegna þessa máls, eða komið hafi til sérstakra árekstra vegna þess. Ég hafði gert mér grein fyrir að við þyrftum að halda vöku okkar og byggja upp þjónustu við innflytjendur í samfélaginu með markvissari hætti en gert hafði verið.

Ég skipaði sl. haust sérstakt innflytjendaráð, en ráð eða vettvangur af því tagi hafa ekki verið fyrir hendi hér á landi. Mér fannst augljóst að við þyrftum að taka höndum saman, fara yfir stöðuna og móta skilvirk úrræði. Í innflytjendaráði sitja fulltrúar fjögurra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga auk fulltrúa fólks af erlendum uppruna. Verkefni ráðsins eru fjölþætt. Innflytjendaráð vinnur nú að verkáætlun og forgangsröðun verkefna sem það hefur ákveðið að unnið verði að á næstu missirum í samvinnu við sveitarfélögin, aðila vinnumarkaðarins, frjáls félagasamtök og innflytjendur sjálfa. Innflytjendaráð leggur áherslu á að vinna að forgangsröðun verkefna í samstarfi og samvinnu við sveitarfélögin í landinu. Meðal þess sem verið er að kanna er hvort sveitarfélögin hafi mótað sér stefnu í málefnum innflytjenda og hvetja til þess að þau geri það, hafi þau ekki þegar gert það. Það er afar mikilvægt að eiga góða samvinnu við sveitarfélögin um framkvæmd þessara mála vegna þess að svo stór hluti af nærþjónustu íbúanna í landinu er veittur af sveitarfélögunum.

Fram undan hjá innflytjendaráði eru fundir með forsvarsmönnum verkalýðsfélaga og atvinnulífs um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði. Engum vafa er undirorpið að fjölmenningarsamfélagið er komið til að vera og við erum hluti af samfélagi þjóða þegar þessi þróun er annars vegar. Hlutfall fólks af erlendum uppruna fer vaxandi hér á landi, ekki síst vegna þess að við höfum þörf fyrir fleiri vinnandi hendur. Ég tek fram að ég tel að innflytjendur auðgi íslenskt þjóðlíf og styrki efnahagskerfi okkar. Við eigum að læra af reynslu annarra þjóða. Ég vil sjá þá nálgun í forgangi að við nýtum þann mannauð sem innflytjendur flytja með sér til landsins þjóðinni til hagsbóta og ég vil sjá það endurspeglast í stefnumótun okkar og úrræðum.

Hæstv. forseti. Margt hefur verið vel gert hér á landi að því er varðar þjónustu við innflytjendur. Fjölmenningarsetur sem staðsett er á Vestfjörðum hefur verið rekið sem tilraunaverkefni á vegum félagsmálaráðuneytisins. Þar fer fram blómleg starfsemi og mér finnst tímabært að Fjölmenningarsetrið verði fest í sessi og fái formlega það hlutverk að samræma og samþætta þjónustu við innflytjendur hér á landi. Fyrir liggur að fólk nýtir sér þjónustu Fjölmenningarsetursins hvar sem það býr á landinu og það er vel. Fjölmenningarsetur tekur þegar þátt í mörgum verkefnum í samvinnu við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, frjáls félagasamtök og einstaklinga. Setrið hefur m.a. átt frumkvæði að könnun á stöðu og högum innflytjenda hér á landi, að íslenskukennslu í dreifbýli, samfélagstúlkanámi og verkefnum sem tengjast réttindum innflytjenda og samskiptum þeirra við heilbrigðiskerfið. Þá er Alþjóðahúsið orðið hluti af borgarlífinu í Reykjavík. Þar er rekin þjónusta og upplýsingamiðlun fyrir fólk af erlendum uppruna og fræðsla um fjölmenningu sem stuðlar að gagnkvæmri aðlögun.

Þá er mér, hæstv. forseti, kunnugt um að í undirbúningi er stofnun samráðshóps trúfélaga á Íslandi, m.a. með þátttöku þjóðkirkjunnar og Alþjóðahússins. Fulltrúum allra skráðra trúfélaga með 150 meðlimi eða fleiri hefur verið boðið til fundarins en stefnt er að því að öllum skráðum trúfélögum verði boðin þátttaka og jafnvel fleirum.

Þarna gæti skapast verðmætur vettvangur skoðanaskipta. Sambærilegur vettvangur í Noregi tók t.d. afstöðu til myndbirtingarinnar í Jótlandspóstinum um daginn og lýsti því yfir að vissulega væri tjáningarfrelsi mikilvægt en því frelsi fylgdi ábyrgð. Er talið að þessi viðbrögð hópsins hafi dregið úr harkalegum viðbrögðum í Noregi. Spurt er hvort nóg sé að gert hér á landi. Verkefni innflytjendaráðs skipta verulegu máli. Einnig hlutur Fjölmenningarseturs, Alþjóðahúss, og fjölmargra annarra aðila sem vinna mikilvægt starf. Við eigum að setja innflytjendamál í forgang. Við erum fámenn þjóð. Við erum því í senn viðkvæmari fyrir hvers kyns breytingum á samfélaginu en líka hæfari til að ráða bug á þeim vandamálum sem upp kunna að koma. Smæð samfélagsins og einsleitni þess hlýtur að veita okkur sterka stöðu. Það hefur verið eftir því tekið hvað við Íslendingar tökum vel á móti flóttamönnum. Könnun Fjölmenningarseturs á stöðu innflytjenda hér á landi sýnir að innflytjendur hér eru mjög virkir á vinnumarkaði og margt fleira jákvætt mætti segja um reynslu okkar Íslendinga af innflytjendum í samfélagi okkar.

Hæstv. forseti. Ég hef ekki mikið meiri tíma að sinni en ég vil leyfa mér að benda hv. alþingismönnum á að í Morgunblaðinu í morgun birtist afar ánægjuleg frétt þar sem kemur fram að börn með erlendan bakgrunn fengu Laxnessfjöðrina í ár. Fjöðrin er annars vegar ætluð ungu fólki sem sýnt hefur góð tök á móðurmálinu og hins vegar þeim sem örva æskuna og er henni fyrirmynd. Tveir nemendur í nýbúadeild Austurbæjarskóla hlutu Laxnessfjöðrina fyrir skrif sín. Við verðum að gera okkur grein fyrir þeim mannauði sem felst í því að búa í samfélagi við fólk frá öðrum löndum og nálgast það af víðsýni, þekkingu og fordómaleysi, hæstv. forseti.

[12:40]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Gerum við nóg? spyr hv. þm. Hjálmar Árnason. Ég segi, við getum alltaf gert betur í þessum málaflokki þótt margt sé gott gert. Hér höfum við betri möguleika á að læra af mistökum annarra. Við höfum brotið blað með móttöku flóttamannahópa, þar læra aðrir af okkur. Við getum gert betur hvað varðar upplýsingar til Íslendinga um aðra menningarheima, menningarheima sem eru heima hjá okkur. Starfið á Vestfjörðum er til fyrirmyndar, það vita allir. Alþjóðahús gegnir mjög stóru hlutverki í að ná til útlendinga og líka í að Alþjóðahús nái til okkar. Með upplýstri og fordómalausri umræðu, með námskeiðum um aðra menningu en okkar, með því að bjóða fólk velkomið og taka vel á móti því, byggjum við brýr sem við

ætlum öll að ganga á. Með því að styrkja börn og fjölskyldur þeirra af erlendum uppruna byggjum við til framtíðar. Með skýrri stefnumótun sveitarfélaga í þessu máli byggjum við líka til framtíðar. Slíkt er að gerast.

Ríkisstjórnin þarf líka að gera slíkt hið sama. Það gerir hún ekki, því miður. Ég vil minna á að ríkið setur ekki krónu í Alþjóðahús. Það er kannski ákveðin stefna í sjálfu sér. Málaflokkurinn er því miður enn þá með löggustimpil í stað þess að hafa félags- og menningarstimpil. Því þarf að breyta og það er eitt af skrefunum sem þarf að taka sem allra fyrst. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í því?

[12:42]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa umræðu. Ég held að hún hafi verið mjög tímabær og ágætt að koma henni hér inn í sali Alþingis. Við hljótum ávallt að gera ráð fyrir að nýir íbúar landsins fái tækifæri til að aðlagast íslensku samfélagi. Til þess eigum við að beita öllum ráðum. Við eigum að minnka hættu á árekstrum á milli fólks af ólíkum menningaruppruna og við verðum að gera ráð fyrir að upplýsingar og fræðsla dugi jafnan best í því skyni. Ég held að mörg slys í umfjöllun fjölmiðla á Vesturlöndum um trúarbrögð og menningarsamfélög fjarlægra þjóða hefði mátt forðast með meiri þekkingu á lífsháttum þeirra þjóða.

Það er víða stefnt að því í löggjöf okkar að aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi sé sem mest. Það er t.d. gert ráð fyrir sérstakri íslenskukennslu fyrir útlendinga í grunnskólum og úthlutun jöfnunarsjóðs tekur m.a. mið af auknum kostnaði sveitarfélaga því samfara. Upplýsingaflæði til útlendinga sem búa hér á landi er sífellt að aukast og vil ég þá sérstaklega nefna Fjölmenningarsetrið á Ísafirði sem er tilraunaverkefni. Ég fagna því að hæstv. ráðherra nefndi það hér að tími væri kominn til að festa Fjölmenningarsetrið í sessi. Stofnunin heldur úti mjög öflugri heimasíðu þar sem gefnar eru upplýsingar til útlendinga á fjórum tungumálum þannig að í þessari stofnun er unnið er mjög líflegt og gott starf. Ég tek undir það að ánægjulegt var að sjá að Laxnessfjöðrin fór til nýbúa í Austurbæjarskólanum og það eru mörg önnur skemmtileg verkefni eins og þjóðahátíð á (Forseti hringir.) Vestfjörðum og Austfjörðum sem hefur (Forseti hringir.) skilað mjög miklu í samskiptum þjóða sem búa á Íslandi.

[12:44]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að taka þetta mál hér upp. Við ræðum sjálfsagt aldrei of oft stöðu nýbúa, íslenskra ríkisborgara, af erlendu bergi brotna og hvernig við getum sem best búið í haginn svo þeir falli sem best inn í íslenskt samfélag.

Ég minnist þess að í könnun sem var gerð meðal íbúa af erlendum uppruna hér á Íslandi, voru þeir spurðir hvaða atriði þeir legðu mesta áherslu á til að geta aðlagast og orðið sem virkastir þátttakendur í íslensku samfélagi. Það var einmitt tungumálakunnáttan, íslenskan, að geta tjáð sig, geta tekið þátt í öllum samskiptum á tungumáli þjóðarinnar sem skipti mestu máli. Þá skipti líka máli hvernig við komum þar að. Hér hefur verið minnst á tungumálakennslu í grunnskólum, sem er allt of lítil fyrir þessa ríkisborgara. En í leikskólunum þar sem börnin koma fyrst inn er engin skipulögð starfsemi til að taka á móti þessum nýbúum. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt áherslu á að leikskólinn verði gjaldfrjáls fyrir alla og þar með líka tryggt börnum þessa fólks fullan aðgang að leikskólanum frá byrjun. Með þessari háu gjaldtöku er einmitt hætta á að þessir íbúar haldi börnum sínum frá leikskólanum vegna kostnaðar og annars. Þess vegna leggjum við áherslu á að eitt mesta hagsmunamál í þessu sambandi sé gjaldfrjáls leikskóli (Forseti hringir.) þar sem öll börn koma inn og að við styðjum þessa íbúa með öflugri íslenskukennslu þar, frú forseti.

[12:46]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að enginn velkist í vafa um að íslenskt þjóðfélag muni í framtíðinni að hluta til verða myndað af hópum fólks sem á rætur að rekja til ólíkra menningarheima. Við í Frjálslynda flokknum teljum að tilkoma þessa fólks, þ.e. fólks af erlendu bergi brotnu, muni leiða til víðsýni meðal þjóðarinnar og í raun aukið samkeppnishæfni okkar á alþjóðavettvangi. En þetta kallar að sjálfsögðu á ábyrgð, þetta kallar að sjálfsögðu á það að við séum vakandi og verðum á varðbergi fyrir þeim vandamálum sem geta komið upp. Hér skiptir aðlögun mjög miklu máli.

Við verðum að tryggja að það fólk sem flytur hingað nái að aðlagast íslensku þjóðfélagi og læri íslensku. Við verðum að halda vel utan um börn, ungmenni og foreldra sem eru af erlendum uppruna. Ég treysti íslensku skólakerfi fyllilega til að gera það. Við sáum í fréttum í morgun að um 1.600 grunnskólabörn eru núna með erlent móðurmál og þeim hefur fjölgað um helming á síðustu sjö árum.

Þetta er mikið verkefni en ég held að við getum leyst það, sérstaklega ef við lítum til reynslu annarra þjóða, nágrannaþjóða okkar og lærum af henni. Hins vegar hygg ég að þetta vandamál, ef svo má segja, eða þessi viðfangsefni verði ekki jafnumsvifamikil hér á landi og þau hafa verið í nágrannalöndunum einfaldlega vegna þess að Ísland er eyja og það er svolítið erfitt og dýrt að komast hingað fyrir fátæka innflytjendur ef svo má segja.

Hér hefur líka verið minnst á múhameðsteikningarnar og þann usla sem þær hafa valdið. Ég tel að þar sé í raun og veru mjög stórt og flókið vandamál á ferðinni, vandamál sem á rætur sínar að rekja m.a. til mikillar spennu sem hefur myndast á milli múslima og okkar á Vesturlöndum, spennu m.a. vegna ástandsins í Miðausturlöndum, vegna innrásarinnar í Írak og annarra þátta, en það er að sjálfsögðu efni í aðra umræðu.

[12:48]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Flutningur og aðlögun innflytjenda á Vesturlöndunum á síðustu missirum hefur að mörgu leyti mistekist þó að sjálfsögðu hafi margt verið ágætlega gert. Því fer fjarri að nægjanlega vel sé tekið á móti öllum útlendingum, t.d. á Íslandi og sérstaklega á það við um erlent

vinnuafl, þá sem eru gestir tímabundið. Hægt er að fullyrða að stór hluti af hinu erlenda vinnuafli tilheyri einhvers konar þriðju stétt í íslensku þjóðfélagi sem er illa launuð og utan garðs og fjarri því að t.d. réttindi fólks séu nægilega kynnt á vinnumarkaði og annars staðar. Oft er brotið á erlendu vinnuafli og alls ekki vel með það farið að mörgu leyti þar sem það vinnur erfiðustu störfin á lægstu launum.

Vandinn hvað varðar innflytjendur á Íslandi speglast ágætlega í skólakerfinu. Nánast ekkert af börnum innflytjenda eða ungum innflytjendum skilar sér í framhaldsskólakerfið. Það er sorglegt og vont dæmi sem verður að bæta úr. Það er sorgleg staðreynd sem við verðum að vinna bug á af því að á meðan ungu innflytjendurnir og börn innflytjenda skila sér ekki áfram inn í framhaldsskólann þá er eitthvað mikið að af því að skólagöngu einstaklings í dag er að sjálfsögðu fjarri því að vera lokið eftir grunnskóla.

Vissulega er staðan í málefnum innflytjenda á Vesturlöndum mjög eldfim og erfið þessi missirin. Það kraumar undir niðri og alvarlegir árekstrar eru á milli menningarheimanna og hægt að fullyrða að oft og tíðum má upplifa það þannig að þeir rambi á barmi miklu alvarlegri átaka, hinn múslimski heimur og hinn vestræni, heldur en við höfum horft fram á um langt skeið, en það er í sjálfu sér önnur umræða.

En útlendingastefnan á Vesturlöndum hefur að mörgu leyti mistekist. Þó að sumt hafi verið ágætlega gert hefur hún að mörgu leyti mistekist og næstu missirin munum við að sjálfsögðu súpa seyðið af því í vaxandi spennu og vaxandi átökum á milli Vesturlanda og annarra menningarheima.

[12:51]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason tekur þessa umræðu upp á grundvelli þess að að undanförnu höfum við víða á Vesturlöndum orðið vör við árekstur menningarheima og þar er vissulega um vandamál að ræða. Við höfum ekki upplifað vandamálin með þessum hætti hér á landi en auðvitað, eins og aðrir hv. þingmenn hafa nefnt hér, þurfum við að læra af reynslu annarra þjóða í þessum efnum, gæta okkar á að gera ekki sambærileg mistök og stundum hafa verið gerð annars staðar og reyna að finna lausnir sem henta samfélagsgerð okkar.

Mjög mikilvægt er að við áttum okkur á því að á allra síðustu árum stöndum við frammi fyrir breyttu umhverfi varðandi þessi mál hér á landi. Útlendingum sem hingað koma til lengri eða skemmri dvalar hefur fjölgað verulega. Það eru þúsundir erlendra ríkisborgara sem hér búa að staðaldri og eins hafa þúsundir útlendinga eða fólks af erlendum uppruna fengið ríkisborgararétt á síðustu árum.

Við höfum samt sem áður fylgt varfærinni stefnu í þessum efnum og ég held að það sé lykilatriði í þessu sambandi. Við eigum að hafa landið opið en við verðum samt að sýna varfærni í þessum efnum því það gerir okkur auðveldara að tryggja aðlögun sem er lykilatriði til að koma í veg fyrir árekstra af því tagi sem við höfum séð annars staðar. Ég held að að mörgu leyti hafi okkur tekist vel upp á síðustu árum með aðlögun bæði vinnumarkaðar og opinberrar stjórnsýslu í þessum efnum. Vissulega getum við gert betur. Það hefur verið vakin athygli á þeim þætti sem lýtur að íslenskukennslu sem ég held að sé afskaplega mikilvæg, ekki bara íslenskukennslu fyrir börn heldur einnig fyrir foreldrana vegna þess að ljóst er að börnin verða að hafa ákveðinn stuðning heima við varðandi nám sitt. Við höfum gert vel að mörgu leyti en vissulega eru atriði sem við getum látið betur fara.

[12:53]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér fer fram um stöðu útlendinga. Það er orðið fjölmenningarlegt umhverfi á Íslandi og sú þróun mun halda áfram og ég held að engin ástæða sé til að óttast hana. Hún er óumflýjanleg og hún mun verða hér áfram.

Sem betur fer veit ég ekki til að hér á landi sé um að ræða nein gettó eða sérstök byggðahverfi útlendinga. Ef til vill hefur þetta verið svolítið öðruvísi hjá okkur að því leyti til að útlendingar hafa dreifst um allt land og ekki síður og reyndar meira á tímabili í dreifbýli en í þéttbýlinu.

Mér finnst sjálfsagt að við gjöldum varhuga við innflutningi láglaunafólks sem haldið er utan við íslenskt vinnuverndarumhverfi. Við þurfum að fylgjast með starfsemi starfsmannaleigna og við þurfum að fylgjast með fyrirtækjum sem nýta sér erlenda starfskrafta, að það sé gert á réttan hátt. Réttindi þessa fólks skipta okkur verulegu máli og við þurfum að fylgjast með því.

Ég vil vekja athygli á því sem gerst hefur á Vestfjörðum á undanförnum árum. Þetta gerist þannig með útlendinga a.m.k. í dreifbýlinu, að fyrst koma þeir sem vinnuafl sem síðan tengist þjóðfélaginu. Fjölskyldur og börn koma til sögunnar, en íslenska skólakerfið hefur ekki haft nema eitthvað á annan áratug til að bregðast við þessari nýju þróun. Hún er alveg ný. Ég tel að þar hafi verið afskaplega vel unnið en það verður að vinna vel áfram því margt er ógert.

Þjóðahátíðir á Vestfjörðum og víðar eru viðleitni til að skapa þessu fólki skilyrði til að kynnast menningu okkar og til að sýna okkur menningu þeirra. Það hefur tekist þannig að ekkert samkomuhús reyndist nokkru sinni svo stórt að ekki væri hægt að fylla það þegar þjóðahátíðir voru haldnar á Vestfjörðum og þetta skipti verulegu máli.

Ég má til með að taka undir með leikskólann, að við þurfum að gæta að íslenskukennslunni því stundum er ekki bara svo að börnin, útlendingarnir á leikskólunum séu í vandræðum vegna þess að þau skilja ekki íslensku heldur líka það að íslensku börnin skilja stundum ekki starfsfólkið og þess vegna þurfum við að gæta þess að íslenskan sé kennd þeim sem hingað flytja.

[12:55]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þeim þingmönnum sem lögðu orð í belg. Það ánægjulega við þessa umræðu, frú forseti, er sá samhljómur sem fram kemur í máli þingmanna úr öllum flokkum, samhljómur um að vera opinn fyrir því fjölmenningarsamfélagi sem hér er að byggjast upp, samhljómur fyrir að bera virðingu fyrir ólíkri menningu og ólíkum trúarbrögðum. Það tel ég vera

ánægjulegt og í rauninni afar merkileg og jákvæð skilaboð frá Alþingi Íslendinga. Þessi umræða einkennist einmitt af þeim orðum sem eru virðing og þekking, virðing fyrir ólíkum sjónarmiðum og þekking á ólíkri menningu og ólíkum trúarbrögðum og það er það sem endurspeglar umræðuna.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að að mörgu leyti hefur mjög vel tekist til hjá okkur og að sjálfsögðu megum við og eigum að gera betur. Því ber að fagna sem fram hefur komið um útfærslu fjölmenningarsetursins á Ísafirði, um starfsemi Alþjóðahússins og ekki síður samráðshóps um ólík trúarbrögð sem ég tel vera afar jákvætt í því fjölmenningarsamfélagi sem hér er að byggjast upp.

Ég tek líka undir það sjónarmið að fjölmenningarsamfélag gerir okkur sem þjóð ríkari og sterkari. En þá höfum við með sama hætti skyldur gagnvart þeim nýbúum sem við viljum og eigum að bjóða velkomna til landsins. Þar eru tvö grundvallaratriði. Það er annars vegar tungumálið sem er lykill að skilningi, þekkingu og aðlögun en jafnframt að við upplýsum hvert annað um hvert annað, má segja. Þar með erum við að leggja okkar af mörkum til að eyða fordómum og koma í veg sambærileg vandræði og hafa orðið víða erlendis. Við eigum að nálgast þetta með þeim metnaði sem einmitt hefur einkennt hina þverpólitísku umræðu hér og því ber að fagna.

[12:58]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka þessa umræðu og tek undir með hv. fyrirspyrjanda eða upphafsmanni umræðunnar að afar ánægjulegt er hversu mikill samhljómur er í þessum málum á Alþingi.

Í lok umræðunnar vil ég benda á, hæstv. forseti, að erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað verulega á undanförnum árum. 1994 voru þeir 1,7% af heildarmannfjölda, 2004 3,6% en í fyrra 4,5% samkvæmt tölum Hagstofunnar eða 13.500 manns. Við þennan fjölda má bæta innflytjendum sem fengið hafa ríkisborgararétt á undanförnum árum. Þessi aukning er í reynd gríðarleg og okkur er ekki til setunnar boðið eins og bent hefur verið á að bregðast við þessum nýju aðstæðum með samhentum og skipulegum hætti eins og ég tel að við höfum verið að gera, hæstv. forseti, þótt það verkefni verði aldrei að fullu unnið og ýmislegt megi bæta.

Ég vil sérstaklega nefna til ungmenni sem koma hingað til lands. Þau þarfnast meiri aðstoðar við nám og starfsþjálfun en þeim býðst í dag eins og fram hefur komið í umræðunni. Þau þurfa raunverulega að gera allt í senn ef svo má að orði komast, læra málið, standa sig í öllum fögunum í grunn- og framhaldsskóla og móta sig félagslega, enda er það svo, hæstv. forseti, að brottfall þessara ungmenna er því miður mjög hátt úr skólakerfi okkar.

Sú staðreynd liggur jafnframt fyrir að í ákveðnum skólum er fjöldi barna af erlendu bergi brotinn, umtalsverður. Til dæmis eru börn með erlendan bakgrunn allt að helmingur barna í nokkrum bekkjardeildum í Reykjavík. Ég átti nýlega fund með skólafólki í Breiðholti þar sem þetta kom skýrt fram og raunverulega aðdáunarvert við hvaða aðstæður margt af því fólki starfar og nær góðum árangri.

Hæstv. forseti. Ég tel að við séum á réttri leið. Við getum auðvitað alltaf gert betur. Ábyrgðin liggur hjá okkur öllum, ríki, sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins og hinum frjálsu félagasamtökum. Ég er reiðubúinn til að leggja mitt af mörkum til að við getum boðið þeim sem kjósa að setjast hér að góða framtíð svo og afkomendum þeirra. Það tel ég mig hafa sýnt með verkum mínum, hæstv. forseti, og það mun ríkisstjórnin áfram gera.

[13:00]

Útbýting:

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 378. mál, nál. samgn., þskj. 805.

Rannsókn sjóslysa, 412. mál, nál. samgn., þskj. 807.

ÖSE-þingið 2005, 557. mál, skýrsla ÍÖSE, þskj. 811.

Málefni heilabilaðra.

Fsp. BjörgvS, 370. mál. — Þskj. 426.

[13:01]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hafin sé eða í undirbúningi heildarstefnumótun í málefnum heilabilaðra. Í öðru lagi, hvað séu starfræktar margar sérdeildir fyrir heilabilaða á Íslandi og hvar þær séu.

Heilabilun er ekki hluti af eðlilegu öldrunarferli heldur viðvarandi eða langt gengið sjúkleikaástand. Þetta segir í bæklingi eftir Svövu Aradóttur sérfræðing í þessum málefnum.

Ég beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra fyrr í vetur hversu margir yngri en 67 ára gamlir væru vistaðir á öldrunarstofnunum, í rauninni til að draga fram hve margir heilabilaðir einstaklingar yngri en 67 ára væru þar. Samkvæmt tölum heilbrigðisráðherra eru þeir 87. Það er töluverður hópur og varpar að hluta til ljósi á vanda sem er svo miklu stærri og umfangsmeiri. Eins og ég sagði er heilabilun ekki hluti af eðlilegu öldrunarferli þótt oft sé því ruglað saman, heldur viðvarandi eða langt gengið sjúkleikaástand og þar skiptir greining á einkennum og umönnun öllu máli. Fræðsla fyrir ættingja og starfsfólk er líka grundvallaratriði. Aukin þekking skiptir þarna miklu máli. Okkur skortir heildarstefnumótun í málefnum heilabilaðra. Á hinum Norðurlöndunum er slík stefna samofin allri velferðarpólitík þeirra landa en þess má geta að talið er að um 7% allra yfir 67 ára aldri séu með einhvers konar heilasjúkdóm. 100 sjúkdómar gefa heilabilunareinkenni en heilabilun er yfirheiti yfir fjöldann allan af sjúkdómum. Þess má einnig geta að talið er að um 75% allra á öldrunarstofnunum séu með einhvers konar heilabilun.

Nýjar tegundir af heilabilun koma fram og gera vandann mikið alvarlegri en hann var áður, neysla eiturlyfja og hömlulaus áfengisdrykkja veldur því að mikill fjöldi fólks þjáist af einhvers konar heilabilun miklu yngri en nokkurn tíma áður. Þá má geta þess að margir lifa af alvarlegri slys en áður var en sitja eftir með einhvers konar heilabilun. Við þessu þarf að bregðast og þetta þarf að ræða. Þetta er flók-

inn og erfiður sjúkdómur sem tekur til sálarlífs og hugarástands fólksins sem af honum þjáist. Öllu skiptir að fræða og miðla, og stefnumótun í málefnum þessa fólks er nauðsynleg. Þannig getum við tekið betur á vandanum og greint hann og það þarf að stofna sérdeildir fyrir heilabilaða. Það er vont að vista þá með öðrum öldruðum. Þarna þarf að skilja á milli, sérstaklega þegar um er að ræða yngra fólk og ég ítreka að greining einkenna og umönnun skipta þarna öllu máli.

Þess vegna tek ég þessa spurningu aftur upp við hæstv. heilbrigðisráðherra sem sýndi þessu máli bæði áhuga og skilning á haustdögum og óska eftir að vita hvar málið er statt núna áður en sett er af stað sérstök vinna við að móta slíka heildarstefnumótun sem svo sannarlega þarf að eiga sér stað.

[13:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Suðurk. hefur beint til mín fyrirspurn um málefni heilabilaðra og spyr í fyrsta lagi hvort hafið sé eða í undirbúningi heildarstefnumótun í málefnum heilabilaðra. Í lögum um málefni aldraðra, nr. 225/1999, segir að á hjúkrunarheimilum eða í hjúkrunarrýmum ætluðum öldruðum skuli vera sérstök aðstaða fyrir aldraða með heilabilunareinkenni. Slík aðstaða er því miður ekki til staðar á öllum öldrunarstofnunum. Deildir fyrir heilabilaða eru flestar í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum og á undanförnum árum hefur verið unnið að því að fjölga slíkum deildum með breytingum og endurbótum á allnokkrum öldrunarstofnunum. Vandinn er mestur á landsbyggðinni enda öldrunarstofnanir víða litlar og víða erfitt um vik að koma fyrir lokuðum deildum eða sérstökum einingum fyrir örfáa einstaklinga. Stefna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er þó alveg skýr: Að byggja ekki nýjar öldrunarstofnanir án þess að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir heilabilaða.

Samkvæmt RAI-mati, þ.e. hjúkrunarþyngdarmælingum sem gerðar eru reglulega á öldruðum sem dvelja á stofnunum, eru um 64% aldraðra á öldrunarstofnunum með heilabilunareinkenni. Um 24% eru með alzheimersjúkdóm en um 40% með aðra minnissjúkdóma. Ekki er þó þörf á sérstöku úrræði fyrir allan þennan hóp heldur ræðst þetta af því á hve háu stigi heilabilunareinkennin eru.

Varðandi stefnumótun í málefnum heilabilaðra er sá þáttur öldrunarmála í sífelldri skoðun líkt og önnur málefni sem lúta að þjónustu við aldraða inni á stofnunum. Ég legg ríka áherslu á að styðja þurfi aldraða sem best til að gera þeim kleift til að búa sem lengst heima og stefna stjórnvalda er sú. Þetta gildir einnig um þá sem eru með heilabilunareinkenni. Oft þurfa þeir á miklum stuðningi að halda og dagvistun er mikilvægt úrræði fyrir marga í þeim hópi. Dagvistunarrýmum fyrir heilabilaða hefur fjölgað markvisst á síðustu missirum. Má þar nefna dagþjálfun fyrir minnissjúka í Hafnarfirði með 20 rýmum sem formlega var tekin í notkun í síðustu viku. Dagvistunarrými fyrir heilabilaða eru nú 125 á landinu öllu, flest í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum. Í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði eru 113 dagvistarrými fyrir heilabilaða, 8 á Akureyri, 4 í Reykjanesbæ. Almenn dagvistarrými fyrir aldraða eru 515 á landinu öllu og ber að hafa í huga að þau nýtast einnig öldruðum með heilabilunareinkenni.

Mikið og gott starf er unnið á Landakoti, við Landspítala – háskólasjúkrahús þar sem eru tvær sérhæfðar meðferðar- og endurhæfingardeildir fyrir einstaklinga með sjúkdóma sem valda skerðingu á heilastarfsemi. Þar fer fram mat, greining og læknis- og hjúkrunarmeðferð. Þessar deildir sinna einnig stuðningi við aldraða með heilabilun sem búa heima og aðstandendur þeirra með því að bjóða skammtímadvöl. Við þetta má bæta að á allmörgum stofnunum standa öldruðum til boða hvíldarinnlagnir sem geta nýst heilabiluðum og öðrum.

Á Landakoti er einnig sérstök minnismóttaka þar sem fram fer greining á orsökum minnisskerðingar og veitt er margvísleg þjónusta við aldraða með heilabilun ásamt fræðslu og stuðningi fyrir aðstandendur.

Hv. þingmaður spyr: Hve margar sérdeildir fyrir heilabilaða eru starfræktar á landinu og hvar eru þær? Deildir fyrir heilabilaða á landinu öllu eru 27 talsins með samtals 326 rýmum. Eru þá ekki taldar með heilabilunardeildirnar tvær á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. 16 þessara deilda eru í Reykjavík með samtals 210 rýmum. Í Hafnarfirði eru tvær deildir með 17 rýmum fyrir heilabilaða. Ein deild er í Garðabæ með 10 rýmum, ein í Kópavogi með 10 rýmum, ein 9 rýma deild er í Grindavík og ein 12 rýma deild í Garði. Á Sauðárkróki er ein 10 rýma deild fyrir heilabilaða, á Akureyri eru tvær deildir með samtals 17 rýmum, á Seyðisfirði er ein deild með 19 rýmum fyrir heilabilaða og ein deild er á Hornafirði með 12 rýmum.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessar upplýsingar veiti hv. þingmanni svör við fyrirspurnum hans.

[13:08]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Ég tel mjög mikilvægt að greining á alzheimersjúkdómnum eða minnisskerðingu aldraðra sé efld og að þegar í upphafi sé boðið upp á iðjuþjálfun og stuðning fyrir heimili sjúklingsins. Eins er mikilvægt að tekið sé tillit til fjölgunar stöðugilda inni á hjúkrunarheimilum þar sem minnisbilaðir dvelja. Það þarf að fjölga dagvistunarplássum og sérstaklega hvíldarinnlögnum með tilliti til aðstandenda því að hafa minnisbilaðan einstakling eða alzheimersjúkling inni á heimili er mjög mikið álag fyrir maka og ættingja.

[13:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Svör hæstv. ráðherra sýndu glögglega hversu gríðarlegar eyður eru í neti af stofnunum fyrir heilabilaða. Mjög víða á landinu vantar slíkar stofnanir, það vantar örugglega líka mikið upp á að við veitum þeim sem eiga heilabilaða ættingja nægilegan stuðning. Ég held að skipuleg leit að þessum vandamálum sé mjög nauðsynleg og geti hjálpað fólki. Nú eru líka til meðul sem seinka mjög þessum sjúkdómi ef byrjað er nógu snemma að vinna gegn honum. Þess vegna er full ástæða til að hvetja hæstv. heilbrigðisráðherra til að koma af stað einhvers konar sam-

ræmdri áætlun til að koma þessum málum öllum í betra horf.

[13:11]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir umræðuna og greinargóð svör um fjölda sérdeilda á rýmum fyrir heilabilaða. En um leið vil ég skora á hæstv. ráðherra að hrinda úr vör áætlanagerð í þessum málum af því að það vantar mjög mikið upp á að við höfum náð landi eða að viðunandi stöðu sé náð í þessum málaflokki.

Eins og ég gat um áðan og eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði þá skortir mikið á greiningu sjúkdómsins. Miklu fleira yngra fólk þjáist af einhvers konar heilabilun en nokkurn tíma áður, t.d. vegna áverka, slysa eða neyslu fíkniefna, löglegra eða ólöglegra. Staðan hefur breyst í þessu máli og það mun breyta lífi mjög margra fjölskyldna ef hægt er að grípa inn í ferlið og miðla þekkingu og umönnun til einstaklinga og fjölskyldna.

Fræðslu um heilabilun og álíka sjúkdóma er mjög ábótavant hjá umönnunarstéttum. Það kemur skýrt fram í samtölum við umönnunarstéttir að þar mætti gera margt betur, sérstaklega til að koma í veg fyrir að til einhvers konar ofbeldisaðgerða þurfi að grípa í umönnun við mjög erfiða sjúklinga. Þetta er oft mjög erfitt við að eiga og fræðsla og þekking til umönnunarstétta og fjölskyldna heilabilaðra skiptir þarna grundvallarmáli, aukning þekking í þessum málum. Og þá ekki síður aðgerðir til að greina einstaklinga með heilabilunareinkenni og veita þeim aðstoð. Ég tel því að heildarstefnumótun í málefnum heilabilaðra sé mjög áríðandi. Það er mikilvægt að henni verði hrint úr vör og það yrði gæfuspor að ráðast í þær aðgerðir og mundi efla velferðarstefnu og velferðarþjónustu hér á landi. Ég varð var við það þegar ég hóf þessa umræðu fyrr í haust að þetta vakti athygli margra og snerti marga. Þetta er mikilvægur málaflokkur sem við þurfum að vinna vel í.

[13:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og þakka fyrir umræður og ábendingar sem komið hafa fram. Þær snúa einkum að þrennu en þar má fyrst nefna aukna þjónustu við heilabilaða utan stofnana með dagvistun og hvíldarinnlögnum. Ég er sammála því að við þurfum að horfa á þá möguleika. Við þurfum að athuga sérstaklega hvort hægt er að setja upp deildir fyrir heilabilaða þar sem þær eru ekki nú ef aðstæður eru til þess. Við erum t.d. nýlega búnir að innrétta heilabilunardeild á hinu fræga heimili Sólvangi í Hafnarfirði og þar er búið að stúka af pláss og bæta aðstöðu fyrir heilabilaða. Einnig var bent á áætlanagerð en það erum við að skoða í tengslum við öldrunarmálin almennt.

Varðandi fræðsluna get ég ekki látið hjá líða að minna á hið gífurlega starf sem alzheimersamtökin hafa innt af hendi í þessu. Þau hafa gefið út bæklinga og bækur en ég segi það samt að það á auðvitað ekki að leggja allar þær byrðar á þær herðar þó að þar séu miklir eldhugar sem fara fyrir þeim samtökum og ég tek undir það ég held að okkur greini ekkert mikið á í þessu. Þetta er alvarlegt mál sem við ræðum um, alvarlegur sjúkdómur sem auðvitað snertir okkur öll sem hér erum eins og aðra.

Umræðu lokið.

Dagpeningar til foreldra langveikra barna.

Fsp. SandF, 523. mál. — Þskj. 765.

[13:15]

Fyrirspyrjandi (Sandra Franks):

Virðulegi forseti. Málefni langveikra barna hafa mörgum sinnum verið rædd á hinu háa Alþingi. Þær umræður hafa ekki síst snúist um umönnunarbætur vegna kostnaðar foreldra af veikindum langveikra barna og launataps þeirra. Umönnunarbætur til foreldra langveikra barna hafa verið teknar upp. Árið 2002 var samþykkt mikilvæg þingsályktunartillaga frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um sérstaka nefnd sem átti að gera tillögu um hvernig hægt væri að tryggja rétt foreldra til launa vegna fjarveru í veikindum barna. Þetta er hvort tveggja mikilvægt.

Þegar farið er með barn í aðgerð erlendis er greiddur ferðakostnaður og dagpeningar fyrir annað foreldrið. Foreldrasamtök langveikra barna náðu því einnig fram að nú er líka heimilt til að greiða fyrir báða foreldra í sérstökum tilfellum. Foreldrar sem þurfa að sækja læknismeðferð fyrir barn sitt til Reykjavíkur og búa utan höfuðborgarsvæðisins fá hins vegar ekki dagpeninga. Þess í stað er greiddur kostnaður vegna ferðar og dvalar upp að ákveðnu hámarki og með ákveðnum skilyrðum. Sú greiðsla hrekkur í mörgum tilvikum hvergi nærri til að greiða kostnaðinn. Að mínu viti er réttlætismál að þeir foreldrar fái dagpeninga þegar börn þeirra eru á sjúkrahúsi í Reykjavík, svipað því er foreldrar fara með börn sín á sjúkrahús til annarra landa.

Rökin fyrir greiðslu dagpeninganna eru sterk. Foreldrarnir þurfa að halda sér uppi fjarri heimili og þurfa oft að greiða dvalarkostnað á hóteli, gistiheimilum eða íbúðum sem styrktarsamtök eiga, þótt hluti þess kostnaðar sé greiddur eins og áður sagði. Foreldrar eru að auki fjarri heimili og fjarri öðrum börnum sínum. En oft eru önnur börn þeirra á leik- eða grunnskólaaldri og varla er hægt að kippa þeim úr skólum sökum sjúkravitjana foreldra langveika barnsins til Reykjavíkur. Staðan getur leitt til aukins kostnaðar, t.d. vegna barnagæslu. Fjölskyldur lenda oft í að þurfa um töluverðan tíma að reka tvö heimili. Þær þurfa því á auknum stuðningi að halda og ég tel að stjórnvöld eigi líka að hlaupa undir bagga með því að greiða þeim dagpeninga, líkt og þegar foreldrar fara með börn sín til læknismeðferðar erlendis.

Ég spyr því hæstv. heilbrigðisráðherra: Hyggst heilbrigðisráðherra beita sér fyrir því að foreldrar eða forráðamenn langveikra barna sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins og þurfa að fara með börn sín til læknismeðferðar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi fái greidda dagpeninga á meðan meðferð stendur?

[13:18]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr hvort ég hafi í hyggju að beita mér fyrir því að foreldrar eða forráðamenn langveikra barna sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins og þurfa að fara með börn sín til læknismeðferðar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi fái greidda dagpeninga á meðan meðferð stendur.

Ég geri mér grein fyrir því að staða forráðamanna langveikra barna getur verið mjög erfið. En ég tel að almannatryggingalög og lög um félagslega aðstoð komi til móts við þessa aðila þótt ætíð megi gera betur í því efni. Hv. þingmaður nefndi í framsöguræðu sinni að framfærendur langveikra barna geta átt rétt á umönnunargreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins, þegar sjúkdómur barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu. Einnig tekur Tryggingastofnun þátt í ferðakostnaði aðstandenda innan lands og stofnunin tekur þátt í óhjákvæmilegum dvalarkostnaði forráðamanns á hóteli, gistihúsi eða orlofsbústað félagasamtaka, vegna sjúkrahússinnlagna barns, enda sé a.m.k. 20 km vegalengd milli heimilis og sjúkrahúss. Ef um erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms er að ræða er heimilt að slík greiðsla nái til beggja foreldra eða aðstandenda barns að 18 ára aldri.

Samkvæmt framansögðu er verulega komið til móts við forráðamenn langveikra barna til að minnka útgjöld þeirra vegna barna sem lögð eru inn á Landspítalann. Ég endurtek þó að gera mætti betur og horfa til sérstakra aðstæðna í þessu efni. Ég bendi á að hér á Alþingi hefur félagsmálaráðherra lagt fram frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Það er til umfjöllunar í félagsmálanefnd núna. Það frumvarp verður til mikilla bóta, verði það samþykkt sem vonandi verður innan tíðar, þótt það sé ekki á verksviði heilbrigðisráðuneytisins vil ég geta þess hér.

Ég vil nefna að það hefur verið umræða um það undanfarið að sjúklingum sé mismunað á grundvelli aldurs, heilbrigðis og sjúkdóma. Þar eru dæmi um að við ívilnum ákveðnum sjúklingahópum. Ég vil ekki kalla það mismunun. Ég vil kalla þetta inntak velferðarkerfisins, að koma til móts við þá sem erfiðast eiga í samfélaginu. Ég tel að við verðum að fara rækilega yfir það mál, sem hefur reyndar verið gert á undanförnum árum, finna hvernig þessum málum verður best fyrir komið til frambúðar og hvernig er best hægt að tryggja hag fólks sem á við erfiðleika og sjúkdóma að stríða.

[13:22]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Söndru Franks fyrir að taka þetta mál upp. Það er ljóst að þegar barn veikist til langs tíma þá verður mikil truflun á högum fjölskyldunnar. Þegar fólk utan af landi þarf að taka sig upp til lengri tíma, fara til Reykjavíkur og skilja hluta fjölskyldunnar eftir meðan dvalið er hjá sjúka barninu, verður gífurlegt rask. Þegar við bætast veruleg útgjöld, fjarvera frá vinnu og fjárhagslegt tjón ofan á annað finnst mér sjálfsagt mál að reyna að skjóta frekari stoðum undir aðbúnað og aðstöðu fólks sem í þessu lendir. Því finnst mér hugmyndin um dagpeninga til foreldra langveikra barna utan af landi ákaflega góð og vænleg til að bæta stöðu þeirra sem í því lenda til lengri tíma.

[13:23]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa spurningu. Langveikt barn á heimili raskar högum fjölskyldunnar meira en margur gerir sér ljóst. Í raun fer allt að snúast um þarfir barnsins. Því fylgir oft atvinnumissir og gerbreyting á öllum högum viðkomandi fjölskyldu.

Ég held að að mörgu leyti sé sambærilegt að koma utan af landi til höfuðborgarinnar eins og fyrir okkur sem hér búum að fara til útlanda. Sem dæmi má nefna að flugfar getur verið ódýrara til útlanda en af landsbyggðinni og til Reykjavíkur. Reyndar er komið til móts við þann kostnað en því fylgir mikil röskun. Ég tek eindregið undir spurningu fyrirspyrjanda. Ég heyrði ekki að hæstv. heilbrigðisráðherra svaraði þessu jákvætt. Hann tók vel í hugmyndina en ég heyrði ekki svör frá honum. Ég vona að þau komi á eftir og hann beiti sér fyrir því að þetta mál fái afgreiðslu.

[13:24]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Söndru Franks, fyrir að vekja máls á þessu. Ég vil taka undir með þeim sem talað hafa fyrir því að dagpeningar til foreldra langveikra barna utan af landi verði teknir upp. Eins og hér hefur komið fram getur verið um verulegt rask á fjölskylduhögum að ræða.

Ég tel að í samfélagi okkar eigi fjölskyldur langveikra barna ekki að þurfa að glíma við fjárhagsáhyggjur á sama tíma og þær glíma við sorgina yfir að eiga langveikt barn, óttann og óöryggið. Velferðarsamfélagið á Íslandi á að tryggja að foreldrar langveikra barna búi ekki við fjárhagsáhyggjur og að foreldrar alls staðar að af landinu sitji við sama borð. Það þarf töluvert til að taka sig upp utan af landsbyggðinni og koma í bæinn vegna slíkra aðstæðna.

[13:25]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Söndru Franks fyrir þessa fyrirspurn. Eins og fram hefur komið í umræðunum fylgja iðulega miklir erfiðleikar því ef langveikt barn er á heimili. Ég tel mjög eðlilegt og réttlátt að taka upp dagpeninga eins og hér er lagt til.

En varðandi frumvarpið er hæstv. heilbrigðisráðherra minntist á áðan, um aðstoð við foreldra langveikra barna, þá erum við ekki sammála að það sé til mikilla hagsbóta fari það í gegn óbreytt. Þar er einungis um 93 þús. kr. greiðslu á mánuði að ræða í um þrjá mánuði, rétt eftir greiningu. Það frumvarp er því miður hálfgerð nánös og ekki til mikilla bóta fari það í gegn óbreytt.

[13:27]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. heilbrigðisráðherra ætti að taka á sig rögg, skoða þetta mál og komast að þeirri niðurstöðu að veita eigi foreldrum langveikra

barna dagpeninga sem þurfa að sækja um langan veg innan lands til læknismeðferðar. Ég held að það sé hægt að sýna fram á að þeir séu nánast í sömu stöðu og t.d. foreldrar sem fara til útlanda og fá dagpeninga.

Mér er mætavel kunnugt um að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur tekið af skilningi á þessum málum. Á síðustu árum hafa stjórnvöld tekið betur á þessum málum, ekki síst vegna þess að í þingsölum hafa þingmenn tekið þessi mál upp af miklum krafti og hörku. En betur má ef duga skal. Mér finnst að hæstv. heilbrigðisráðherra, sem hefur öðrum ráðherrum fremur sýnt gæsku síns góða hjarta, ætti að hafa frumkvæði að því.

[13:28]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Söndru Franks fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Ég tel hugmyndina góða. Það er ljóst að þrátt fyrir núverandi stuðning við fjölskyldur langveikra barna þá vantar mikið á að fólk úti á landi búi við sama stuðning og kjör og höfuðborgarbúar. Í langflestum tilfellum verður atvinnumissir hjá öðru foreldri, oftast móður. Það verður a.m.k. mikill tekjumissir og oft og tíðum valda langvarandi veikindi barna því að fjölskyldur flytja utan af landi og til höfuðborgarinnar, bæði til að vera nær þjónustunni og ekki síður vegna röskunarinnar og kostnaðarins sem því fylgir að búa úti á landi og hafa barn í meðferð fyrir sunnan.

[13:29]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Söndru Franks kærlega fyrir þessa fyrirspurn. Ég tek undir með þeim sem tekið hafa þátt í umræðunni. Maður skyldi halda að nóg væri lagt á þær fjölskyldur sem eiga langveikt barn. Auðvitað á tryggingakerfið að koma til hjálpar. Það er óþolandi að hafa fjárhagsáhyggjur auk þess að maður hafi áhyggjur af heilsu barns. Þess vegna er þetta mikið hagsmunamál.

Auðvitað er þetta liður í að rétta stöðu foreldra sem búa úti á landi og þurfa að sækja í höfuðborgina eftir lækningu. Það er skelfilegt að menn missi úr vinnu og lækki í launum meðan mikill kostnaður hlýst af. Ég held að hæstv. heilbrigðisráðherra ætti að skoða þetta vandlega.

[13:30]

Fyrirspyrjandi (Sandra Franks):

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að mér fundust svör hæstv. ráðherra vera heldur óskýr. Ég veit ekki hvort hann sagði það hreint út að hann hyggist beita sér fyrir því að foreldrar langveikra barna sem þurfa að sækja læknismeðferð um langan veg fjarri heimahögum fengju dagpeninga alveg eins og þeir foreldrar sem þurfa að fara til útlanda. Ég er ekki viss um að sá munur sem stjórnvöld gera á foreldrum við þessar tvenns konar mismunandi aðstæður standist jafnræðisregluna.

Mörg dæmi eru þess að fjölskyldur þurfa að fara til útlanda með börn sín í læknismeðferð og fá sem betur fer bót meina sinna og má nefna dæmi um hjartveik börn. Ég hef sjálf af því reynslu með mitt eigið barn. Önnur sem ekki eru jafnbráðsjúk en þurfa hins vegar oft að fara reglulega í læknismeðferð innan lands fjarri heimabyggð og verða stundum skyndilega mikið veik þannig að slík ferðalög verða ekki skipulögð, kostnaður þeirra foreldra getur orðið miklu meiri og röskunin á högum þeirra miklu róttækari, ekki síst fjárhagslega, en þeirra foreldra sem fara til útlanda með börnin sín. Er það réttlátt að þeir fái ekki greiðslur með sama hætti og hinir?

Hér er ekki um margar fjölskyldur að ræða og ríkissjóður fer varla illa á því að rétta hlut þeirra. Ég held að hæstv. ráðherra hafi nógu stórt og gott hjarta til að skilja þetta og ég man að einu sinni fór stjórnmálaflokkur um landið sem sagði: Fjölskyldan í fyrirrúmi.

Það er ekkert sem fer jafnilla með fjölskyldur, held ég, og þegar barn verður langveikt og þegar fjölskyldan býr fjarri þeim stað sem læknismeðferðin er veitt. Þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til dáða í þessu máli því ég var sammála stjórnmálaflokknum sem sagði að fjölskyldan ætti að vera í fyrirrúmi.

[13:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og þær umræður sem hafa verið um það. Ég endurtek að ég tel nauðsynlegt að málefni langveikra barna séu ætíð í skoðun og það felur í sér að skoða hvaða aðstæður foreldrar þeirra hafa. Ég held að nauðsynlegt sé að komast hjá því að mikil mismunun sé í þeim efnum en jafnframt vil ég benda á að geysilega mörg skref hafa verið stigin á undanförnum árum til að bæta aðstöðu foreldra langveikra barna og barnanna sjálfra og er það vel. Einnig hefur verið komið upp heimili fyrir langveik börn í Kópavogi sem heitir Rjóður og ég opnaði á sínum tíma við mikinn fögnuð en það var í samstarfi við einkaaðila sem það var gert.

Það skref sem verið er að stíga núna er á vegum félagsmálaráðuneytisins en ég er ekki sammála því að það sé einskis virði. Það er skref á leiðinni en ég er alveg reiðubúinn að skoða jafnréttið innan þess hóps sem er svo ólánssamur að eiga við þessa erfiðleika að stríða. Ég held að okkur greini ekkert á í því efni.

Ég endurtek þakkir mínar fyrir umræðuna og þær ábendingar sem hér hafa komið fram.

Umræðu lokið.

Innflutningur á landbúnaðarvörum.

Fsp. ÞBack, 524. mál. — Þskj. 766.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra um innflutning á landbúnaðarvörum og um innflutning á kjöti frá Argentínu.

Fyrir nokkrum árum eða veturinn 2001 var töluverð umræða um innflutning á kjöti og þá frá Írlandi. Þá geisaði gin- og klaufaveiki víða í Evrópu og var illskæð á Írlandi. Á þeim tíma var heimilaður innflutningur á nautalundum

frá Írlandi þrátt fyrir að þar væru nokkur svæði sem voru sýkt og stóð um það töluverður styr, bæði innan þings og utan og var að lokum fallið frá sölu á því kjöti. En núna hefur verið nokkuð friðsamlegt á kjötmarkaðnum hvað varðar innflutning þar til í haust að það bar á skorti á nautakjöti í landinu. Miðað við þær aðstæður sem eru í þeim landbúnaðargeira, þ.e. nautgriparæktinni, kom auðvitað á sama tíma krafan um að flytja inn nautakjöt eins og má samkvæmt reglum okkar um innflutningstolla.

Á árinu 2001 var kallað eftir skýrari lögum um innflutning á kjöti þannig að ljóst væri að ekki væri verið að beita hindrunum um innflutning á kjöti undir yfirskini forvarna eða út frá heilbrigðissjónarmiðum manna eða dýra og beita þeim rökum en á bak við lægju hugsanlega viðskiptahindranir. Síðan þá hafa lögin verið hert og þá sérstaklega lög um dýrasjúkdóma og innflutning á dýrum. Það er því alveg ljóst að hæstv. landbúnaðarráðherra hefur fullt vald til að banna innflutning á kjöti og afurðum af spendýrum frá þeim svæðum sem hann telur að geti verið varhugaverð eða smit verið hjá. Því studdi ég hæstv. landbúnaðarráðherra þegar hann bannaði innflutning á nautakjöti frá Argentínu núna í vetur og fyrirspurn mín er svohljóðandi:

Hver er afstaða ráðherra til innflutnings á kjöti frá Argentínu með tilliti til þess að á nokkrum landsvæðum þar hefur nú, í annað sinn á fimm árum, komið upp gin- og klaufaveiki í nautgripum?

Hefur ráðherra í hyggju að setja frekari reglur um innflutning á landbúnaðarvörum frá (Forseti hringir.) löndum þar sem hættulegir búfjársjúkdómar hafa komið upp, svo sem um það hve langur tími skuli líða frá því að síðasta tilfelli greindist þar til (Forseti hringir.) innflutningsleyfi fást afgreidd?

Ég bið hæstv. forseta afsökunar en ég vildi koma báðum spurningunum á framfæri.

[13:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er hátíðisdagur á Íslandi í dag. Ég er að koma frá setningu mikillar hátíðar sem haldin er þessa dagana í fimmta sinn, Food and Fun, hátíð, sem er sem sé matur og gleði, sem ég og forstjóri Icelandair opnuðum á Hótel Nordica. Tugir blaðamanna, 50–60 blaðamenn alls staðar úr veröldinni munu koma. Meistarakokkar eru komnir til landsins, sex frá Ameríku og sex frá Evrópu og íslensku meistarakokkarnir eru í essinu sínu þessa daga. Veitingahús í Reykjavík eru troðfull kvöld eftir kvöld af fólki sem fer út að borða með fjölskyldum og vinum. Þetta segir okkur að íslenskur matur, heilbrigður og hollur, er „inn" á Íslandi í dag, er eftirsóttur og vekur nú nýja athygli um allan heim. Þess vegna er fagnaðarefni að fá slíka fyrirspurn á þessum degi og hún þarf auðvitað að vera eilíf. Við þurfum að spyrja okkur að því af mikilli varkárni og varúð. Íslensk stjórnvöld og Íslendingar verða að verja þessa dýrmætu auðlind.

Heiminum hefur verið ljóst í 70–80 ár að hafið við Ísland gefur besta fisk heimsins og er viðurkenndur sem slíkur. En núna er það að gerast að íslenskur landbúnaður fær mikla viðurkenningu fyrir sitt mikla hráefni hvort sem það eru lambið, mjólkin, osturinn, skyrið, smjörið. Allt vekur þetta mikla athygli og bak við fiskinn er sjómaðurinn, bak við landbúnaðinn er bóndinn og fjölskylda hans og landbúnaður sem vekur athygli fyrir að vera unninn af höndum fjölskyldu, sem er ekki stór í sniðum, er troðfullur af gæðum. Þess vegna er mikilvægt að Íslendingar standi vörð um þessa auðlind með því að varast það að hingað berist sjúkdómar og þar höfum við mikla sérstöðu þegar við horfum til veraldarinnar.

Þess vegna er svar mitt við fyrstu spurningu hv. þingmanns þetta: Afstaða mín er óbreytt frá því sem verið hefur, þ.e. að varast ber innflutning á kjöti frá löndum þar sem gin- og klaufaveiki hefur greinst og veikinni hefur ekki verið að fullu útrýmt. Í Argentínu er bólusett gegn gin- og klaufaveiki og veikin gerir reglulega vart við sig. Að óbreyttu tel ég ekki forsendur til að heimila innflutning á kjöti frá Argentínu sem getur borið smitefni hingað.

Svar mitt við hinni síðari spurningu er svo: Þegar eru í gildi mjög strangar reglur um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins, samanber reglugerð nr. 509/2004 sem sett er með heimild í lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Innflutningur á vörum sem geta borið með sér smitefni er valda sjúkdómum er háður leyfi landbúnaðarráðherra sem byggir ákvörðun sína á umsögn yfirdýralæknis. Meðmæli yfirdýralæknis varðandi sjúkdómavarnir byggjast á áhættumati sem m.a. tekur mið af listum Alþjóðaheilbrigðisstofnunar dýra varðandi A- og B-sjúkdóma og annarra alþjóðlegra staðla og leiðbeininga. Þetta fyrirkomulag tryggir að ákvörðun um innflutning á bestu fáanlegu upplýsingum um sjúkdómastöðu í útflutningsríkjum hverju sinni.

Afstaða mín er því óbreytt, hæstv. forseti. Okkur ber alltaf að fara að með fyllstu varúð. Í upphafi ræðu minnar minntist ég enn eina ferðina á það hversu íslenskur landbúnaður er að verða viðurkenndur af meistarakokkum, af fjölmiðlafólki, af ferðamönnum sem einstakt matvælaland. Það litla land sem liggur á milli Ameríku og Evrópu býr yfir mikilli sérstöðu hvað varðar afurðir landsins og sjávarins. Þess vegna er það auðlind sem okkur ber skylda til að hafa stranga löggjöf í kringum hvernig við flytjum hér inn afurðir. Lifandi dýr megum við aldrei flytja hingað beint inn hvað búfjárstofnana varðar og okkur ber þess vegna að standa af mikilli varúð að þessu öllu og það mun ég gera.

[13:43]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að bera fram þessa fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra. Við fengum langan inngang að stuttu svari og ánægjulegt að hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, hafi verið að opna mikla matarhátíð með forstjóra Icelandair og er ástæða til að auglýsa það hér.

Þetta leiðir vissulega hugann að öðru, þ.e. hreinleika og gæðum íslensks landbúnaðar sem hæstv. landbúnaðarráðherra kom mjög inn á, og auðvitað ættum við að leggja áherslu á þennan hreinleika landbúnaðarins og lífræna ræktun. En við getum ekki gert allt í senn, verið að byggja upp eiturspúandi álver í hverjum firði og ætla síðan að setja hreinleika landbúnaðarafurða í forgang. Ég bið hæstv. landbúnaðarráðherra að athuga þetta.

[13:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég treysti hæstv. landbúnaðarráðherra ágætlega til að koma í veg fyrir að hingað verði flutt inn kjöt eða vörur sem valda smiti eða einhverju slíku. Ég hef meiri áhyggjur af því að hann gangi kannski fulllangt í því. Það er ekki ástæða til að standa svo að málum í þeim tilgangi að verja einokunarfyrirkomulag eða sérstöðu.

Vandinn er líka hér heima. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur staðið vörð um einhæfa kjötframleiðslu á vegum mjólkurframleiðenda á kostnað þeirra sem vilja framleiða annað kjöt. Hann hefur einungis stigið hænuskref í áttina til þess að koma á einhverju jafnræði til að framleiða nautakjöt í landinu. Ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til þess að líta aðeins í eigin barm og velta því fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að standa öðruvísi að málum hvað það varðar.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég þakka svar hæstv. landbúnaðarráðherra varðandi fyrri fyrirspurnina og er mjög ánægð með að afstaða hans skuli vera óbreytt varðandi innflutning á kjöti frá Argentínu. En þar sem hér eiga að gilda mjög strangar reglur og þar sem hæstv. landbúnaðarráðherra á að fara að ráðum yfirdýralæknis þá stendur þannig á varðandi beiðnina um innflutning á kjöti frá Argentínu að þrátt fyrir að upp hafi komið tilfelli í annað sinn á fimm árum þá gaf yfirdýralæknir fyrir sitt leyti leyfi fyrir þessum innflutningi. Það var á valdi hæstv. ráðherra að fara að ráðum yfirdýralæknis eða banna innflutninginn. Fékk hann ekki þökk fyrir hjá þeim sem að innflutningi vildi standa en ég tel að hann hafi sýnt þar meiri ábyrgð en yfirdýralæknir.

Ég óska eftir því að hæstv. landbúnaðarráðherra svari betur seinni spurningunni. Telur hann ekki að það muni auðvelda yfirdýralækni og landbúnaðarráðherra að taka þessar ákvarðanir ef settar verða reglur um hversu langur tími verði að líða frá því að smit kemur upp og þar til innflutningur verður leyfður? Sem dæmi má nefna að í Argentínu er ekki vitað hvernig þessi smit berast á milli, það eru bólusetningar í gangi sem halda sjúkdómnum niðri, en til að taka af allan vafa finnst mér hæstv. ráðherra þurfa að vinna aðeins betur varðandi þetta og setja ákveðnari reglur um tímasetningu til að auðvelda afgreiðslu þessara mála.

[13:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Samkvæmt lögunum er valdið og ábyrgðin ráðherrans. Hann getur tekið aðra ákvörðun og ber að gera það ef samviska hans segir það og ég hef margsinnis gert það sem ráðherra. Þessi innflutningur byggist oft á alþjóðlegum samningum sem okkur ber að fara að og það sýnir bara hve vandasamt og mikilvægt er að standa rétt að þessu. Allar reglur, lög og samningar sem gera þetta skýrara auðvelda baráttu okkar. Ég get tekið undir það.

Hér kom hv. þingmaður vinstri grænna, varaþingmaður, og sagði að álver í hverjum einasta firði ógnuðu landbúnaðinum. Ég taldi firðina. Eitt álver er í Straumsvík, eitt í Hvalfirði og verið er að byggja eitt á Reyðarfirði. Svo geta menn talað eins og verið sé að byggja álver í hverjum einasta firði á Íslandi. Sjá ekki allir í gegnum slíka blekkingu? Jú, það er verið að stækka þau sem fyrir eru en það liggur ekkert fyrir um nýframkvæmdir. Slíkur málflutningur dæmir sig auðvitað sjálfur. En ég get tekið undir það með hv. þingmanni að auðvitað þurfum við að halda utan um náttúru og hreinleika Íslands. Það er viðurkennt á alþjóðavísu að þar stöndum við fremstir í flokki og fyrir það höfum við hlotið viðurkenningu. Þess vegna er mikilvægt að halda utan um það og fara af varúð hvar menn setja niður verksmiðjur og hvernig menn byggja landið því að dýrmætasta auðlindin sem við eigum eru þessi tvö lífbelti, hafið bláa og landið græna, sem gefa af sér frábærar vörur í höndum bænda og sjómanna og okkar fræga fólk í matreiðslu, bæði á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs, vinnur þar mikil afrek fyrir hönd þjóðarinnar. Íslenskur landbúnaður sýnir að hann er talinn einn fremsti í heiminum hvað hreinleika og gæði varðar og utan um þann eiginleika vil ég halda fast.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3. mál.

Fundi slitið kl. 13:51.

---

73. FUNDUR

miðvikudaginn 22. febr.,
að loknum 72. fundi.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 55. mál, þskj. 55. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Háskólar, frv., 59. mál, þskj. 59. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, þáltill., 139. mál, þskj. 139. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Atvinnuréttindi útlendinga, frv., 62. mál, þskj. 62. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Mat á mannaflaþörf í atvinnugreinum, þáltill., 67. mál, þskj. 67. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Kosningar til Alþingis, frv., 73. mál, þskj. 73. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Kosningar til sveitarstjórna, frv., 75. mál, þskj. 75. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 143. mál, þskj. 143. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Átaksverkefni í ferðamálum í Norðvesturkjördæmi, þáltill., 65. mál, þskj. 65. — Fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Upplýsingalög, frv., 80. mál, þskj. 80. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

11. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 76. mál, þskj. 76. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Verðbréfaviðskipti, frv., 77. mál, þskj. 77. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Þingsköp Alþingis, frv., 72. mál, þskj. 72. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Starfslok og taka lífeyris, þáltill., 81. mál, þskj. 81. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Varðveisla Hólavallagarðs, þáltill., 83. mál, þskj. 83. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Lega þjóðvegar nr. 1, þáltill., 84. mál, þskj. 84. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
17. Stjórn fiskveiða, frv., 85. mál, þskj. 85. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
18. Útvarpslög, frv., 79. mál, þskj. 79. — 1. umr.
19. Einkamálalög, frv., 82. mál, þskj. 82. — 1. umr.
20. Þróunarsamvinna Íslands við önnur ríki, þáltill., 137. mál, þskj. 137. — Fyrri umr.
21. Sívinnsla við skil skattframtala, þáltill., 142. mál, þskj. 142. — Fyrri umr.
22. Takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru, þáltill., 162. mál, þskj. 162. — Fyrri umr.
23. Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv., 171. mál, þskj. 171. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.

Útvarpslög, 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 79. mál (íslenskt tal eða texti á íslensku). — Þskj. 79.

[13:51]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á útvarpslögum, sem ég flyt ásamt hv. þingmönnum Birgi Ármannssyni, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Bjarna Benediktssyni, Drífu Hjartardóttur, Guðjóni Hjörleifssyni, Einari Oddi Kristjánssyni, Guðmundi Hallvarðssyni, Sólveigu Pétursdóttur, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Pétri H. Blöndal og Gunnari Örlygssyni.

Frumvarp þetta er ekki nýtt af nálinni. Það var lagt fram á 131. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu þá og er því endurflutt núna. Frumvarpið er eins og áður segir til breytinga á útvarpslögum og er þar lagt til að gerð verði breyting á núgildandi ákvæði 8. gr. laganna. Mun ég koma að því á eftir í ræðu minni.

Segja má að tilefni þessa frumvarps hafi verið bókun útvarpsréttarnefndar í máli sem höfðað var árið 2004 fyrir nefndinni á hendur Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. sem á og rekur sjónvarpsstöðina Skjá einn. Í málinu var því haldið fram að Íslenska sjónvarpsfélagið hf. hefði gerst brotlegt við ákvæði 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga með því að senda út í beinni útsendingu frá knattspyrnuleikjum í ensku úrvalsdeildinni með lýsingu þula á ensku á sjónvarpsstöðinni Skjá einum.

Við túlkun á inntaki 1. mgr. 8. gr. útvarpslaganna eins og þau eru nú komst útvarpsréttarnefnd að þeirri niðurstöðu að útsendingar Skjás eins á knattspyrnuleikjum í ensku úrvalsdeildinni með lýsingu á ensku samrýmdist ekki því ákvæði útvarpslaga sem kveður á um að efni á erlendu máli, sem sýnt sé á sjónvarpsstöð, skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku. Segir í niðurstöðu útvarpsréttarnefndar að tilgangurinn að baki útvarpslögum sé sá að vernda og efla íslenska tungu og beri að hafa hliðsjón af því við skýringu á 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga. Geti útsending á knattspyrnuleik í heild sinni í ensku úrvalsdeildinni hvorki talist frétt né fréttatengt efni heldur sé eingöngu um að ræða útsendingu frá erlendum íþróttaviðburði sem ekki sé undanþeginn skyldu útvarpslaga til að láta tal eða texta á íslensku fylgja með í útsendingunni.

Í 1. mgr. 8. gr. núgildandi útvarpslaga kemur fram sú meginregla laganna að efni á erlendu máli, sem sýnt er á sjónvarpsstöð, skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Frá þeirri meginreglu er gerð sú undantekning í ákvæðinu að krafan um að íslenskt tal eða íslenskur texti fylgi slíku sjónvarpsefni skuli ekki eiga við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl eða móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerist í sömu andrá. Við slíkar aðstæður skuli sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa og skal við slíka endursögn lögð áhersla á að allt tal og texti sem fluttur er sé á lýtalausu íslensku máli. Í 2. mgr. 8. gr. segir síðan að kvöðin um íslenskt tal og textaskýringar eigi ekki við þegar sjónvarpsstöðvar endurvarpa sjónvarpsefni frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva.

Frú forseti. Ég leyfi mér að halda því fram að deila megi um niðurstöðu útvarpsréttarnefndar í máli Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. og þær forsendur sem að baki henni liggja, sem ég gerði grein fyrir fyrr í ræðu minni. Halda má fram með góðum rökum að þeir atburðir sem áhorfendur verða vitni að í beinum útsendingum frá íþróttaviðburðum teljist til frétta eða fréttatengds efnis í skilningi ákvæðis 1. mgr. 8. gr. núgildandi útvarpslaga. Þeir atburðir eru og hafa á síðustu áratugum verið uppspretta umfangsmikils fréttaflutnings fjölmiðla um allan heim. Hið sama má segja um ýmsa viðburði á menningarsviðinu, svo sem þegar listamenn eru verðlaunaðir vegna afreka sinna. Á hinn bóginn má halda því fram að tilgangurinn sem býr að baki núgildandi útvarpslögum sé göfugur, þ.e. að vernda og efla íslenska tungu, en á þeirri röksemd byggist úrskurður nefndarinnar í þessu tiltekna máli. En hvort sem fallist er á þær röksemdir sem útvarpsréttarnefnd byggir niðurstöðu sína á eða ekki, er ljóst að ákvæði núgildandi útvarpslaga þjóna ekki tilgangi sínum enda heimila núgildandi lög dreifingu erlends sjónvarpsefnis án þess að slíkum útsendingum fylgi

íslensk textun, íslensk lýsing, kynning eða endursögn á atburðum, svo lengi sem slík dreifing er viðstöðulaus og felur í sér óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva. Það má því gera allt sem er meira, senda má út á erlendu máli heildardagskrá erlendrar sjónvarpsstöðvar, sama hvaða tungumál þar er um að ræða, en ef menn ætla einungis að senda út lítinn hluta af dagskránni er það bannað. Þetta er svona álíka skynsamlegt og þegar menn leyfðu sterka vínið en bönnuðu bjórinn, að leyfa það sem lengra gengur en banna það sem gengur skemur. Núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir að heimilt sé að dreifa ótextuðu erlendu sjónvarpsefni og án þess að íslenskt tal fylgi í heild, en ekki að hluta. Telja flutningsmenn frumvarpsins að slíkt fyrirkomulag leiði til mismununar og ójafnræðis milli þeirra aðila sem stunda sjónvarpsrekstur á Íslandi. Túlkun útvarpsréttarnefndar á inntaki 1. mgr. 8. gr. núgildandi útvarpslaga leiðir í framkvæmd til þeirrar niðurstöðu að tilteknum sjónvarpsstöðvum er heimilt á grundvelli núgildandi laga að senda út erlent sjónvarpsefni allan sólarhringinn, án þess að íslenskt tal eða texti fylgi útsendingunni, en öðrum er óheimilt að senda út 90 mínútna sjónvarpsefni án íslenskrar talsetningar eða textunar. Flutningsmenn frumvarpsins telja slíka mismunun óþolandi og nauðsynlegt að hún sé leiðrétt.

Nú um stundir er mögulegt að ná útsendingum erlendra sjónvarpsstöðva á erlendu sjónvarpsefni, þar á meðal íþróttaviðburðum, á Íslandi í gegnum gervihnetti og annan móttökubúnað. Jafnframt er mögulegt að ná slíkum útsendingum með aðstoð tölvutækninnar í gegnum netið. Skyldur núgildandi útvarpslaga um íslenska textun og íslenska endursögn eða lýsingu ná ekki til slíkra útsendinga. Jafnframt standa íslensk sjónvarps- og fjarskiptafyrirtæki fyrir endurvarpi erlends sjónvarpsefnis hér á landi án þess að þurfa að uppfylla kröfur um íslenska lýsingu og textun. Þannig býður Landssími Íslands hf. viðskiptavinum sínum upp á endurvarp dagskrár erlendra sjónvarpsstöðva í gegnum breiðband Símans, en þar eru fjölmargar sjónvarpsstöðvar erlendar. Nokkrar þeirra eru taldar upp í greinargerð með því frumvarpi sem hér er mælt fyrir. En ég hygg að fjöldi þeirra hafi aukist frá því að frumvarp þetta var lagt fram á fyrstu dögum þingsins.

Að sama skapi býður fyrirtækið 365 ljósvakamiðlar ehf., hygg ég, sem áður hét áður Norðurljós hf., sem m.a. rekur sjónvarpsstöðvarnar Stöð 2 og Sýn, viðskiptavinum sínum upp á endurvarp dagskrár að minnsta kosti 36 erlendra sjónvarpsstöðva í gegnum Digital Ísland. Þessar sjónvarpsstöðvar eru taldar upp í greinargerð með frumvarpinu, en eins og með breiðband Símans þá hygg ég að miklu fleiri stöðvar hafi bæst við í flóru Digital Íslands þeirra 365-manna.

Frú forseti. Með endurvarpi dagskrár þeirra sjónvarpsstöðva sem vikið er að í frumvarpinu — þetta er á fimmta tug erlendra sjónvarpsstöðva — er ljóst að íslenskum sjónvarpsáhorfendum stendur til boða að fylgjast með erlendu dagskrárefni í stórum stíl, án þess að þeir aðilar sem standa að dreifingu slíks dagskrárefnis þurfi að uppfylla kröfur um að sjónvarpsefninu fylgi íslenskur texti eða íslensk lýsing. Gildir þá einu hvort um er að ræða erlent barnaefni, afþreyingarefni, fræðsluefni, fréttatengt efni, auglýsingar eða íþróttaefni hvers konar, sambærilegt því sem leiddi til niðurstöðu útvarpsréttarnefndar í máli sem til komið var vegna beinna útsendinga Skjás eins á knattspyrnuleikjum í ensku úrvalsdeildinni með lýsingu enskra þula. Og það sem meira er, þessar stöðvar eru að sjónvarpa efni sem svona sómakæru fólki fyndist að ætti ekki að koma fyrir augu barna og ungmenna. En þessi dreifing fer fram viðstöðulaust. Ekkert í íslenskum lögum kveður á um að neitt athugavert sé við þetta. Hins vegar þegar litlu sjónvarpsstöðvarnar heima á Íslandi ætla að sýna frá einum fótboltaleik þá er skellt í lás og yfirvaldið kemur og fellir úrskurð í þeirra málum. Það hljóta allir að sjá hversu absúrd kerfið er eins og það er núna.

Það er mikilvægt að taka það fram að tilgangur flutningsmanna þessa frumvarps er alls ekki sá að hefta endurvarp sjónvarpsefnis án íslenskrar textunar og lýsingar sem núgildandi útvarpslög heimila. Flutningsmenn frumvarpsins telja á hinn bóginn að markmiði laganna um að efla og vernda íslenska tungu stafi ekki meiri ógn af útsendingum erlendra viðburða á íslenskum sjónvarpsstöðvum án íslensks texta eða lýsingar heldur en af endurvarpi því sem nú þegar er heimilað. Það hlýtur að segja sig sjálft. Ég held að börn og unglingar sem flakka um á milli stöðva geri sér enga grein fyrir því hvort sjónvarpsstöðvarnar séu endilega íslenskar eða erlendar. Þetta er að mörgu leyti allt sama tuggan sem þarna kemur fram og á þessu er í sjálfu sér enginn munur þannig séð. Telja flutningsmenn frumvarpsins jafnframt óeðlilegt og andstætt jafnræðissjónarmiðum að banna endurvarp erlends sjónvarpsefnis án texta eða lýsingar, sé það einungis hluti af dagskrá þeirra sjónvarpsstöðvar sem að endurvarpinu stendur, þegar slíkt er heimilt ef endurvarpað er erlendu sjónvarpsefni í heild. Þetta frumvarp er lagt fram með það að markmiði að reyna að leiðrétta þá galla sem eru á núverandi útvarpslögum og frumvarp þetta ætti að ná því markmiði.

Ég hygg að hver einasti flutningsmaður þessa frumvarps sé hlynntur því að efla og rækta íslenska tungu. En eins og ég hef áður sagt þá tel ég að núgildandi löggjöf sé einfaldlega þannig að henni verði ekki breytt þannig að endurvarp verði takmarkað. Þess vegna er rétt að sníða innlendu sjónvarpsstöðvunum sama stakk og hinum erlendu. Ég tel og við flutningsmenn að ef menn vilja á annað borð efla íslenska tungu þá eigi að gera það einhvern veginn öðruvísi en með bönnum og takmörkum eins og núgildandi útvarpslög gera ráð fyrir enda mundi það aldrei ganga eins og ég kom inn á í minni ræðu.

Þá fer mikið af þessu endurvarpi fram á netinu. Og hvað ætla menn að gera? Ætla þeir að loka netinu eða takmarka aðgang að ýmsu dagskrárefni sem þar er varpað? Ég held að ef menn vilja ræða þessi mál á þeim forsendum að mikilvægt sé að efla íslenska tungu þá held ég að ætti að gera það með öðrum hætti en mæla fyrir um boð og bönn í lögum. Ég tel mikilvægara að einbeita sér að því að kenna ungu fólki meiri textavinnslu og meðferð íslenska málsins og textans, kenna ungu fólki ræðumennsku o.s.frv. (**EMS:** Ekki veitir af.) Ég held að þetta ... Ja, það veitti nú kannski ekki af. (Gripið fram í.) Mér dettur það í hug þegar hv. þm. Einar Már Sigurðarson gengur í salinn að ekki veitti nú af að efla jafnvel (**EMS:** Fá mig til að kenna.) ræðumennsku-

kennslu á hinu háa Alþingi fyrir suma. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) (Gripið fram í.)

Frú forseti. Eins og fram kemur í efnisgrein frumvarps þessa er gert ráð fyrir að 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga orðist svo, með leyfi forseta:

„Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum, fréttatengdu efni og íþróttaviðburðum sem sýna að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá."

Nýja ákvæðið er samhljóða núgildandi ákvæði að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að sú undantekning sem ákvæðið heimilar nái einnig til íþróttaviðburða sem sýna að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Helgast breytingin af nýlegri túlkun útvarpsréttarnefndar á inntaki ákvæðisins þar sem talið var að íþróttaviðburðir teldust ekki til frétta eða fréttatengds efnis.

En ég tel nú, eins og ég sagði áður, að íþróttir og íþróttaviðburðir teljist til frétta og fréttatengds efnis enda eru þeir atburðir sem gerast á íþróttaleikvöngum víðs vegar um heim og ekki síst núna á þessum dögum auðvitað fréttatengt efni. Fréttatímar sjónvarpsstöðvanna og útvarpsstöðvanna eru uppfullir af íþróttafréttum. Ég veit ekki betur en að íþróttafréttamenn skírskoti til einmitt fréttagildisins í því sem fram fer á íþróttaleikvöngum um allan heim í sínu starfi. Þeir kalla sig íþróttafréttamenn og þá ættu þeir að taka undir með okkur flutningsmönnunum um að það sé vafasamt að fella ekki íþróttaviðburði undir fréttnæma atburði.

Með frumvarpinu er því lagt til að ákvæðið verði rýmkað þannig að undantekningarregla ákvæðisins nái jafnframt til íþróttaviðburða en ekki bara Júróvisjónsöngvakeppna og fleiri slíkra atburða. Eftir sem áður telja flutningsmenn frumvarpsins að innan undantekningarákvæðisins rúmist sýningar frá menningarviðburðum ýmiss konar eins og þess sem hér var getið rétt áðan.

Það er gert ráð fyrir því, frú forseti, að verði frumvarpið að lögum þá öðlist þau þegar gildi. Ég legg til að að lokinni umræðu þessari verði málinu vísað til hv. menntamálanefndar og 2. umr.

[14:09]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða athyglisvert mál sem felur í sér nokkra breytingu á umhverfi íslenskrar sjónvarpsmiðlunar nái það fram að ganga. Í sjálfu sér er hægt að taka undir markmið frumvarpsins og velta því fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að skylda sjónvarpsstöðvarnar íslensku til að texta eða hafa þuli á þessum atburðum. Maður hugsar til slíkra uppákoma þegar verið er að kjafta ofan í skemmtilegar útsendingar og kannski eyðileggja þær. En á móti má spyrja hvort það sé ekki akkúrat það sem geri íslenska sjónvarpsstöð íslenska að stöðin hafi einhvers konar skyldur að einhverju leyti til að liðka til fyrir þeim hlustendum og áhorfendum sem skilja ekki erlend tungumál — þetta frumvarp er komið fram að miklu leyti út af ensku knattspyrnunni — fyrir börnum, fyrir eldra fólki og fyrir þeim sem einfaldlega ekki skilja erlendar tungur og þannig að þetta sé íslensk sjónvarpsstöð. Það er mikill munur á því á netinu. Netið er netið. Það lýtur sínum eigin lögmálum. Þar ná menn þeim útsendingum sem þeir kjósa. En íslensk sjónvarpsstöð er íslensk og einhverjar varnir þurfum við að reisa þarna. Menn hafa haft miklar áhyggjur af því að eftir nokkra áratugi verði íslenskan farin nánast í hundana og hér talað eitthvert hrognamál á milli ensku og íslensku sem enginn vill hvorki heyra né skilja núna. Því spyr ég hv. þingmann: Hefur hann ekki áhyggjur af því að þetta sé í rauninni högg greitt íslenskri tungu, að þetta verði til þess að veikja hana enn þá frekar, hvort ekki yrði að grípa til einhverra mótvægisaðgerða eða fara hálfa leið þannig að hægt væri að senda svona út en það væri þó einhver þjónusta við þá sem skilja ekki erlenda tungu eða einhverjir varnaglar slegnir?

[14:11]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka þann áhuga sem hv. þingmaður sýnir þessu máli. Ég lít þannig á að hann sé alls ekki afhuga þeirri tillögu sem þar kemur fram.

Varðandi það hvort ekki sé rétt að leggja einhverjar skyldur á sjónvarpsstöðvar sem telja sig vera íslenskar þá held ég að það felist í því ef menn vilja reka sjónvarpsstöð og kalla hana íslenska þá sé eitthvað íslenskt við hana, þar á meðal íslenskt tal. Ég tel að í núgildandi 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga sé meginregla sem við eigum að halda okkur við. Þar segir að efni á erlendu máli sem sýnt er á sjónvarpsstöð skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Við þeirri meginreglu er ekkert hróflað í þessu frumvarpi. Meginreglan verður eftir sem áður sú að jafnan fylgi íslenskt tal eða texti á íslensku með erlendu efni. Síðan er lögð til breyting á undantekningarreglunni og lagt til að hún víkki örlítið út þannig að hún nái ekki einungis til frétta og fréttatengds efnis heldur einnig til íþróttaviðburða og menningaratburða.

Hv. þingmaður spyr hvort ég, og væntanlega aðrir flutningsmenn, hafi ekki áhyggjur af því að við séum að gefa íslenskunni á lúðurinn og að grafa undan henni. Eins og ég sagði þá er það ekki þannig. Ég tel að í þessu felist ekki veiking á íslenskri tungu. Ég tel að við getum ekki eða að hæpið sé að ætla að verja hana og efla með boðum og bönnum. Ég held að við ættum frekar að grípa til annarra aðgerða, t.d. að þjálfa íslensk ungmenni í meðferð á texta og ræðumennsku og öðru slíku. En ég minni á það sem fram kemur í frumvarpinu og það er (Forseti hringir.) að þessar útsendingar eru leyfðar fyrir erlendar stöðvar. Af hverju ekki íslenskar?

[14:14]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir það að ég held að þessi breytingartillaga sé þess eðlis að hún eigi að ná fram að ganga. Ég held það. En það er sjálfsagt að velta upp öllum hliðum á málinu. Þetta beinir kannski sjónum að því sem mestu máli skiptir, þ.e. stöðu íslenskrar tungu í umhverfi margmiðlunar og miðlunarflóðs sem yfir börnin, unglingana og þjóðina dynur. Ungmenni nota náttúrlega netið í svo miklu meiri mæli og þeir horfa lítið á sjónvarpsstöðvarnar hefðbundnu. Ég held því að enginn skaði sé skeður þó þessum boðum og bönnum verði aflétt og sjónvarpsstöðvunum

leyft að senda út viðburði eins og fótboltaleiki þó ekkert sé að því að beina þeim tilmælum til þeirra að þegar því er við komið þá fylgi einhver þjónusta við þá hlustendur sem skilja ekki tungumálið sem þulurinn talar. Mjög margt eldra fólk hefur ekki nægan málskilning til að geta fylgst með og það getur skemmt fyrir því þó svo það sé miklu skemmtilegra fyrir þá sem skilja tunguna að losna við stöðugt ofanítal íslensks þular sem getur gjöreyðilagt útsendinguna hvort sem um er að ræða Júróvisjón eða aðrar menningarútsendingar. Það er mjög misjafnt hvernig til tekst þó ég sé ekkert að dæma einstaka Júróvisjónþuli. Þeir hafa flestir verið fínir og ágætir, (Gripið fram í.) misjafnir. Hins vegar getur þetta skemmt fyrir.

Aðalmálið er að fækka boðunum og bönnunum og leggja ekki steina í götu fjölmiðla ef það er óþarfi. Það er sjálfsagt að taka inn í þetta að á íslenskum fjölmiðlum eigi að hvíla skyldur til að standa vörð um íslenskuna, og þeir gera það. En að öðru leyti held ég að þetta sé ágætt mál og við (Forseti hringir.) eigum að samþykkja það.

[14:16]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna yfirlýsingu hv. þingmanns um það að hann telji að samþykkja eigi þetta frumvarp og gera það að lögum. Það er liðsstyrkur sem munar um að heyra að hv. þingmaður styður þetta frumvarp. Ég held að við séum alveg sammála. Það er nauðsynlegt að þjónusta þá sem ekki skilja erlend tungumál og núgildandi 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga gerir það með þeirri meginreglu sem þar kemur fram að efni á erlendu máli sem sýnt er á sjónvarpsstöð skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það er ekkert verið að leggja til að því verði breytt. Það er bara verið að leggja til að undantekningin í 2. mgr. verði útvíkkuð örlítið.

Við erum sammála um það, ég og hv. þingmaður, að það eigi að þjónusta þá sem ekki skilja erlend tungumál. Hvað varðar þá viðburði sem hér heyra undir, hvort sem það eru knattspyrnuleikir eða aðrir íþróttaviðburðir, þá hygg ég þó að menn þurfi ekki á yfirgripsmikilli tungumálakunnáttu að halda til að skilja það sem fram fer á skjánum. Ef menn kunna skil á meginreglum leiksins þá sér leikurinn um restina, ég held að það sé aðalatriðið.

Ég vona að ég og hv. þingmaður getum einhent okkur í að skoða stöðu íslenskrar tungu og finna leiðir til að efla hana. Ég held að við séum báðir áhugamenn um það, miklir vildarvinir móðurmálsins. Hvað sem segja má um þuli í Júróvisjón-söngvakeppnum, sem ég tel að hafi staðið sig afar vel einkum á hinum allra síðustu árum, þá held ég að við hv. þingmaður ættum að einhenda okkur í þetta verkefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsamvinna Íslands við önnur ríki, fyrri umr.

Þáltill. ÞSveinb o.fl., 137. mál. — Þskj. 137.

[14:18]

Flm. (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson og Guðrún Ögmundsdóttir. Eins og heyra má, hæstv. forseti, eru hér þingmenn úr öllum flokkum sem eiga sæti á hinu háa Alþingi. Í tillögugreininni segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fimm sérfræðinga sem móti stefnu Íslands í þróunarsamvinnu við fátæk ríki. Eftirtaldir aðilar tilnefni einn fulltrúa hver til setu í nefndinni: mannfræðiskor Háskóla Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Þróunarsamvinnustofnun Íslands og utanríkisráðuneytið en fulltrúi þess gegni jafnframt formennsku. Nefndin ráði sér starfsmann og utanríkisráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöður hennar innan árs frá samþykkt tillögu þessarar.

Nefndin hafi fimm atriði að leiðarljósi við störf sín, stefnumótun og forgangsröðun. Þau eru þessi:

1. Nauðsyn þess að efla menntun, mannréttindi og frelsi kvenna og stúlkubarna um allan heim.

2. Nauðsyn þess að styðja við uppbyggingu almennrar heilsugæslu í fátækum löndum og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir algenga sjúkdóma, svo sem alnæmi, berkla og malaríu.

3. Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um þróun sem samþykkt voru árið 2000.

4. Hvernig megi efla samvinnu við frjáls félagasamtök með reglulegum framlögum samkvæmt rammasamningum.

5. Þörf þess að endurskoða lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands í ljósi niðurstaðna nefndarinnar, tillögur verði gerðar þar um.

Nefndin taki í störfum sínum mið af því sem best gerist í svipaðri stefnumótun í nágrannalöndum, t.d. á vegum annarra norrænna þróunarsamvinnustofnana. Einnig hafi hún til hliðsjónar niðurstöður álitsgerðarinnar Ísland og þróunarlöndin sem kom út 1. september 2003 hjá utanríkisráðuneytinu."

Tillaga þessi er flutt í þriðja sinn, frú forseti. Einu sinni áður tókst að mæla fyrir henni og henni var vísað til nefndar en hún var ekki afgreidd frá hv. utanríkismálanefnd. Því er hún flutt enn og aftur og í þetta sinn með stuðningi þingmanna úr öllum stjórnmálaflokkum.

Í sjálfu sér þarf ekki að hafa langt mál um efni tillögunnar. Markmið hennar eru skýr eins og kemur fram í tillögugreininni sem ég hef greint frá. Það er mjög mikilvægt að þróunarsamvinna Íslands við önnur ríki sé í stöðugri mótun og endurskoðun ef með þarf. Eins og kunnugt er starfar Þróunarsamvinnustofnun eftir lögum frá árinu 1981. Þau lög eru aldarfjórðungsgömul á þessu ári og því telur sú sem hér stendur það löngu tímabært að taka þau til endurskoðunar og einnig að huga betur að því hver hin almennu stefnumarkmið þróunarsamvinnunnar eigi að vera.

Nú er það svo að Þróunarsamvinnustofnun hefur sett sér stefnumið til fjögurra ára. Þau stefnumið voru gefin út í eilitlu riti sem kom út í september árið 2005. Þar er farið nokkuð almennum orðum um stefnumiðin sem flest hver eru góð og vel hugsuð, sýnist mér. En við nánari athugun á því riti og þeim stefnumiðum kemur í ljós að þrátt fyrir að verið sé að leggja þúsaldarmarkmiðin til grundvallar, eins og gert er í þessari tillögu minni, þá framkallast sú áhersla ekki nógu greinilega í þeim markmiðum sem sett eru. Það þarf meira til. Það þarf miklu meira kastljós og einbeitingu á þau verkefni sem lúta að kjörum barna og kvenna um allan heim. Þau eru kjarnaatriði í þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Ef við meinum eitthvað með því að styðja þau og gera þau einnig að okkar markmiðum í þróunarsamvinnu ber okkur að sjá til þess með mun skýrari hætti en gert er í þeim stefnumiðum sem unnin voru á síðasta ári og birtust í haust, gera þau miklu skýrari í stefnumótun Íslands í þróunarsamvinnu.

Ég hef einnig ítrekað gert athugasemdir við annað atriði, bæði á hinu háa Alþingi og í hv. utanríkismálanefnd, hvað þetta varðar. Það fær enginn að taka þátt í þessari vinnu nema ef vera skyldu embættismenn Þróunarsamvinnustofnunar og utanríkisráðuneytis. Ekki virðist gerð meðvituð tilraun til þess að laða að þekkingu og hæfileika eða reynslu og menntun þeirra sem hafa lagt fyrir sig að starfa að þróunarmálum annars staðar en innan ÞSSÍ. Innan háskólasamfélagsins er t.d. þó nokkur hópur fólks, og fer stækkandi, sem hefur stúderað þessi málefni. Hingað til hefur heldur ekki verið reynt að ná þverpólitískri samræðu um það á hinu háa Alþingi og í utanríkismálanefnd hvernig best sé að haga þessum málum. Eignarhaldið á stefnunni er ríkisstjórnarinnar og stefnumiðin sem birt voru í haust eru hennar og hennar einnar. Þau komu aldrei inn á borð utanríkismálanefndar eða Alþingis, eins og hér hefur komið fram. Ég tel því að gildi þeirra sé ekki eins mikið og það væri ef fólk úr öllum stjórnmálaflokkum hefði tekið þátt í þessari vinnu og lagt sitt af mörkum til að móta stefnuna. Það felst nefnilega gildi í því að vinna málin á þann veg, að fara samvinnuleiðina og vonast til þess að ná grundvelli sem allir starfa á. Við þurfum að taka þennan málaflokk, eins og reyndar fleiri, upp úr þeim farvegi sem hann hefur verið í allt of lengi, farvegi sem einskorðast við tvíhliða samvinnu Þróunarsamvinnustofnunar og lögin að sjálfsögðu sem hún starfar eftir sem eru einfaldlega bæði gamall og gamaldags farvegur.

Það er tímabært að endurskoða þetta og það er löngu tímabært að huga að miklu fleiri þáttum en tvíhliða samvinnu við önnur ríki í þróunarsamvinnu. Vissulega þarf að gera það líka en fjölhliða þróunarsamvinna, eins og hún er kölluð, hefur vaxandi gildi á alþjóðlegum vettvangi. Hún gerir okkur kleift, sérstaklega sem lítilli þjóð með takmörkuð fjárráð, — þó svo þau hafi aukist mjög til þessa málaflokks á undanförnum missirum — að gera miklu meira gagn og vinna með stofnunum og frjálsum félagasamtökum með miklu sterkari hætti en hingað til hefur verið gert.

Nú er það svo að ÞSSÍ gerir þetta að nokkru leyti en það eru hliðarverkefni, það eru ekki aðalverkefni. Vissulega er það svo að í fjárlögum er beinum styrkjum og beinum framlögum veitt til stofnana, t.d. stofnana Sameinuðu þjóðanna, og það er vel. En það þarf að fara í miklu meiri og dýpri samvinnu við t.d. stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Það þarf að gefa frjálsum félagasamtökum, og þeim krafti og þeirri þekkingu sem þar býr, byr undir báða vængi í þessum málaflokki. Það eigum við í raun eftir að gera. Þó að margt hafi verið vel gert, og þó að íslensk félagasamtök standi sig mjög vel með dyggum stuðningi almennings, er hægt að gera miklu betur í þessum efnum.

Einnig kemur hér fram, frú forseti, það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að við eigum að setja það markmið að 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu fari til þróunarsamvinnu árið 2015. Það er samkvæmt þúsaldarmarkmiðum. Eins og vitað er hefur Alþingi Íslendinga áður sett sér þessi markmið, setti sér þau fyrst árið 1971, ítrekaði þau svo árið 1985, að ég hygg, og nú er líklega komið 3–4 áratugum síðar að láta nú verða af því að standa við þær skuldbindingar sem við höfum tekist á herðar, í raun loforð sem við höfum gefið öðrum þjóðum með aðild okkar að Sameinuðu þjóðunum og með því að samþykkja þúsaldarmarkmiðin og skuldbinda okkur til að fylgja þeim eins og við höfum gert.

Framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hafa hækkað nokkuð á undanförnum árum og á síðasta ári náðu þau að öllum líkindum 0,21 eða 0,22% af vergri þjóðarframleiðslu. Það er markmið ríkisstjórnarinnar, eins og kunnugt er, að það hlutfall verði 0,335% 2008–2009. Það hefur síðan gerst að gengisþróun hér á landi hefur unnið með þessum framlögum og þau hækkuðu um hvorki meira né minna en 50% milli ára 2004 til 2005. Það er gott í sjálfu sér og það er í sjálfu sér ágætt að það skuli einhver græða á gengisþróuninni. Hins vegar verður að skoða þessar staðreyndir og þessar hækkanir í því ljósi að allt sem hækkar getur lækkað, samanber stöðu gengisins í dag. Og það má ekki stýra framlögum okkar til þessa mikilvæga málaflokks hver staða krónunnar er. Mér hefur fundist örlítil tilhneiging til þess að láta vel út líta vegna þess að gengið hefur þróast með þessum hætti en eins og allir vita getur það breyst á einum degi og við verðum að setja okkur fastmótaðar tillögur um það hversu mikið framlögin eigi að hækka á hverju ári sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu án tillits til gengisþróunarinnar.

Frú forseti. Í þessari tillögu er farið í mjög stuttu máli yfir þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki á undanförnum árum, um það lagaumhverfi sem Þróunarsamvinnustofnun starfar innan og það hvernig framlög hafa hækkað nokkuð á síðustu árum sem betur fer. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að það sé mjög brýnt verkefni að gæta jafnvægis á milli tvíhliða og fjölhliða aðstoðar og að lyfta frjálsum félagasamtökum í þessu samhengi og í þessum merku og mikilvægu verkefnum. Verkefnin eru mýmörg og nærtæk. Efst á blaði er að sjálfsögðu baráttan gegn fátækt, gegn barna- og mæðradauða, baráttan fyrir því að allir hljóti grunnmenntun, allir læri að lesa og skrifa, stelpur og strákar, og baráttan fyrr jöfnum rétti karla og kvenna um allan heim. Ég held að það verði aldrei of oft lögð áhersla á það að baráttan gegn fátækt og fyrir bættum skilyrðum og lífsskilyrðum fólks um allan heim er í raun og veru baráttan fyrir auknum jöfnuði, ekki bara á milli fólks heldur á milli landa og jöfnuði innan landa og í kjarna sínum í raun bar-

átta fyrir kvenfrelsi. Við vitum að það er ekki síst kúgun kvenna sem veldur því að samfélög fá ekki dafnað og þrifist eins og gætu annars. Til alls þessa þarf að taka tillit í þessari vinnu. Leiðarljósin fimm, sem gerð er grein fyrir í tillögugreininni, eru mjög skýr að mínu áliti og ég vona að þessi tillaga fái jákvæða umfjöllun bæði hér á þingi og í hv. utanríkismálanefnd og afgreiðslu í vor af því að ég hygg að það sé ekki seina vænna að fara að setja niður áætlun sem við ætlum að fylgja þannig að við getum staðið keik árið 2015 með 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu til þróunarsamvinnu og líka vitandi vits að sú vinna sem fram hefur farið og þær áætlanir sem við höfum gert hafa staðist og þær hafa komið fólki að góðum notum og stuðlað að vaxandi velsæld og hagsæld víða um heim.

[14:33]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, 1. flutningsmanni þingsályktunartillögunnar, fyrir ítarlega og góða inngangsræðu um þetta brýna mál. Eins og fram kom í máli hennar er mjög brýnt að tekið verði á þessum málum, framlögum okkar til þróunarmála, með mjög afgerandi hætti. Ég held að það sé góð hugmynd og afar mikilvægt að fleiri aðilar komi að og ég fagna því að sérstaklega eru nefndir aðilar eins og Rauði kross Íslands og mannfræðiskor Háskóla Íslands sem taki þátt í nefndinni og þessari stefnumótandi vinnu.

Þau fimm atriði sem nefndin hafi að leiðarljósi finnst mér líka mjög jákvæð og fyrsta atriðið, nauðsyn þess að efla menntun, mannréttindi og frelsi kvenna og stúlkubarna um allan heim, held ég að sé grundvallarþáttur í málinu. Við vitum að í mörgum þróunarlöndum er ástandið mjög alvarlegt, ólæsi kannski allt upp í 50% og bitnar þá jafnmikið á strákum og stelpum. En í mörgum löndum standa konur og stúlkur enn þá verr en drengir og karlar. Oft er talað um að erfitt sé og verra að vera svartur en hvítur og allra verst sé að vera svört kona eða stúlka.

Athygli vekur að í greinargerðinni er farið yfir þróunaraðstoð okkar Íslendinga og sagt frá því að hinn 28. maí árið 1985 hafi Alþingi ályktað um þróunaraðstoð Íslands og þá var samþykkt að á næstu sjö árum þar á eftir til ársins 1992 skyldi með reglubundinni aukningu framlaga ná því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum yrðu 0,7% af þjóðarframleiðslunni. Við erum dálítið langt frá að ná því markmiði en samt finnst mér að þarna sé boginn alls ekki spenntur mjög hátt. 0,7% af þjóðarframleiðslu er ekki nein rosaleg upphæð en getur auðvitað gert gæfumuninn í þróunaraðstoð. Vissulega hafa framlög okkar aukist nokkuð mikið en ekki nógu mikið.

Einnig kemur fram að árið 1996, á 121. löggjafarþingi, fluttu þingmennirnir Steingrímur J. Sigfússon og Margrét Frímannsdóttir tillögu til þingsályktunar um aukið framlag til þróunarsamvinnu en hún var aldrei afgreidd frá utanríkismálanefnd Alþingis. Ég vona að það verði ekki örlög þessarar þingsályktunartillögu.

Árið 2001 voru framlög íslenska ríkisins til þróunarmála 0,12% af vergri þjóðarframleiðslu, þau hafa hækkað nokkuð og voru komin þremur árum seinna, árið 2004, upp í 0,19%. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 á hlutfallið að fara upp í 0,21% sem er ekki mjög hátt og á þessu ári 0,239%. Ég lærði það í stærðfræðinni í gamla daga að það skipti máli að segja núll komma tvö, þrjú, níu prósent en ekki núll komma tvö hundruð þrjátíu og níu prósent vegna þess að það virkar miklu hærra. 0,7% virkar miklu minna en 0,70% en er auðvitað sama talan.

Það markmið er sett að þessi framlög verði stighækkandi þannig að árið 2009 munu þau ná 0,35% af vergri þjóðarframleiðslu og þar erum við þá aðeins búin að ná helmingnum af því sem gert var ráð fyrir í samþykkt Alþingis frá 1985. Þarna erum við ekki að standa okkur sérstaklega vel. Annars staðar á Norðurlöndum hafa menn verið að standa sig miklu betur í þessum málaflokki en við Íslendingar þrátt fyrir að gengisþróun hér á landi hafi verið okkur mjög hagstæð í þeim tölulega samanburði eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir kom inn á í ræðu sinni. Þess vegna held ég að við þurfum heldur betur að taka okkur á.

Ég fagna því að einmitt sé litið á það að höfð sé meiri samvinna við frjáls félagasamtök, sem eru fjölmörg, og þau styrkt sérstaklega. Áhugavert er að skoða í fylgiskjali II það sem tekið er úr skýrslunni: Ísland og þróunarlöndin – Álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana (28. júlí 2003) eftir Hermann Örn Ingólfsson og Jónas H. Haralz. Þar er farið mjög nákvæmlega yfir þetta tölulega og þær upphæðir sem við höfum verið að setja í styrki og framlög til þróunaraðstoðar á fimm ára bili.

En við þurfum að gera miklu betur og ég vona að þessi þingsályktunartillaga verði til þess að mörkuð verði skýr stefna í umræddum málum. Það kemur einmitt fram í greinargerðinni að markmiðin þurfa að vera skýr og einföld og þau eru hér í fimm liðum og litið til þúsaldarmarkmiða einnig. Ég vona að utanríkismálanefnd hraði afgreiðslu málsins.

[14:40]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég tek hjartanlega undir þá þingsályktunartillögu sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir flytur með nokkrum öðrum þingmönnum úr öðrum flokkum en Samfylkingunni. Ég held að þó að stjórnvöld hafi á síðustu árum tekið á sig nokkra rögg varðandi þróunarsamvinnu þá þurfum við að gera miklu betur.

Ég vil samt í upphafi máls míns fagna því að hæstv. forsætisráðherra hefur sýnt meiri skilning á þessu efni en forveri hans. Hann hefur lýst því yfir að stefna eigi að því að meira en þrefalda þróunaraðstoð Íslendinga sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Þetta er í sjálfu sér mjög lofsvert.

Ég vil sérstaklega taka undir þau áskorunarorð í greinargerð með tillögu hv. þingmanna þar sem skorað er á stjórnvöld að flýta töluvert mikið að ná því markmiði að veita 0,35% til þróunaraðstoðar af vergri landsframleiðslu. Það skiptir máli fyrir það fólk sem nýtur hennar að þessi aðstoð okkar komi sem fyrst og skjótast.

Ég er algerlega sammála því sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði í tölu sinni áðan að við þurfum að móta samræmda stefnu um aðstoð okkar við fátæku ríkin og það þarf að gerast með aðkomu Alþingis. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að ákvarðanir um stefnu varðandi þróunarsamvinnu sé það meiri háttar pólitísk ákvörðun í utanríkismál-

um að hana eigi að taka í samvinnu við utanríkismálanefnd. En eins og virðulegur forseti veit er í þingsköpum sérstakt ákvæði um að allar meiri háttar ákvarðanir af þeim toga eigi að taka í samráði við nefndina. Því er það auðvitað heldur dapurlegt að það hefur ekki verið gert.

Ég er samt ekki að kvarta undan því að Íslendingar séu að fylgja rangri stefnu en á stundum virðist hún kannski ekki beinlínis vera með augun föst á einhverju markmiði inni í framtíðinni. Ég hef heldur ekki alltaf skilið hvað það er sem veldur því að Íslendingar ráðast í tiltekið verkefni og aðstoða ákveðin lönd. Ég veit af eigin reynslu þegar ég hef rætt þessi mál á liðnum árum við þá sem móta stefnu í þessum efnum að stundum ráða hlutir eins og hvaða tungumál er talað í viðkomandi landi, hvort ráðist er í aðstoð við það.

Ég er þeirrar skoðunar að það séu þrír þættir sem stjórnvöld geti beitt sér fyrir sem hafa mikil áhrif varðandi framlög og stuðning við fátækari ríki heims. Í fyrsta lagi geta stjórnvöld beitt sér fyrir því að reglum um skattheimtu á Íslandi verði breytt þannig að Íslendingar séu hvattir til að láta af höndum rakna til líknarfélaga sem vinna t.d. að þróunarsamvinnu. Fyrir árið 1979 var það þannig að góðgerðarsamtök sem unnu á þessu sviði gátu lagt fram allt að 10% af skattskyldum tekjum sínum til að styrkja slík samtök. Í þessu fólst auðvitað gríðarlega sterkur hvati sem menn notfærðu sér kannski um of og stjórnvöld tóku af þann hvata. Nú er það þannig að Ísland er eina ríkið í löndum Evrópusambandsins og eina ríkið sem ég þekki þar sem einstaklingar fá engan skattalegan hvata til að láta eitthvað af höndum rakna. Þetta er mikilvægt vegna þess að kannanir hafa sýnt að Íslendingar eru meðal þeirra þjóða sem eru fúsastir til að gefa rausnarlega til starfsemi af þessu tagi. Við eigum auðvitað að ýta undir það vegna þess að okkur ber siðferðileg skylda til að gera allt sem hægt er til að ýta undir starfsemi af þessum toga.

Í öðru lagi geta íslensk stjórnvöld á alþjóðavettvangi beitt sér fyrir viðskiptafrelsi. Ég er þeirrar skoðunar að ekkert kæmi þróunarríkjunum betur en hömlulaus aðgangur eða sem takmarkað mynstur að hinum vel stæðu mörkuðum í Evrópu og í Bandaríkjunum. En því miður er það svo að svartasti bletturinn á Evrópusambandinu, sem ég að öðru leyti er hrifinn af, eru einmitt tollmúrarnir sem Evrópusambandið hefur reist í kringum sig. Eftir að hafa haft nokkur kynni, ekki löng en góð, af fátæku landi í Afríku er ég sannfærður um að iðjusemi þeirra sem þar búa og lágt verðlag á vinnuafli gæti ekki annað en skapað mikil tækifæri fyrir þá þjóð sem er allslaus og hefur ekkert á milli handanna ef hún gæti selt framleiðslu sína á markaði Evrópusambandsins, en það er því miður ekki hægt í dag, hvorki ávexti né handiðnað. Þetta skiptir miklu máli og ég vek eftirtekt á því að það hafa einmitt verið forustumenn jafnaðarmanna á alþjóðasviðinu sem hafa hvað sterkast reist nauðsyn þess að koma á viðskiptafrelsi.

Í þriðja lagi er bein þróunaraðstoð við tiltekin ríki. Við þurfum að móta stefnu um hvernig þau ríki eru valin. Við höfum t.d. verið að styrkja örsnautt ríki í Afríku sem heitir Malaví sem hefur eins og svo mörg hinna fátækustu ríkja Afríku lengi verið undir spilltri harðstjórn þar sem lýðfrelsi er lítið og markaðslögmálin virka ekki með sama hætti og hjá okkur. Það er allra góðra gjalda vert að setja mikla peninga í góð verkefni í Malaví. En það er hins vegar merkilegt þegar maður skoðar það land að það er eins og það sé með vissum hætti brennipunktur fyrir margvíslega alþjóðlega aðstoð. Þar eru mjög mörg ríki og mjög mörg alþjóðleg hjálparsamtök að verki.

Ef við tökum síðan annað land í svörtu Afríku eins og Tógó, sem ég þekki svolítið af eigin raun, þá má heita að það séu engin alþjóðleg samtök sem þar hafa stigið niður fæti. Stjórnarfarið er með þeim hætti að Evrópusambandið hefur í 15 ár skirrst við að láta nokkra þróunaraðstoð af höndum rakna og enginn er að hjálpa þessu ríki fyrir utan örfá lítil líknarsamtök sem reka þar barnaheimili, SOS-samtökin og SPES-samtökin sem m.a. starfa á Íslandi, en að öðru leyti má segja að óskaplega lítið sé um að vera í því landi í formi alþjóðlegrar mannúðarstarfsemi. Hver er ástæðan fyrir því að t.d. lönd eins og Ísland, Norðurlöndin og Bretland eru ekki að störfum þar? Jú, Tógó, eins og Vestur-Afríka að stóru leyti þar sem mikil fátækt ríkir, er gömul frönsk nýlenda. Frönsk áhrif eru þar mjög sterk og þar er töluð franska. Bara þetta atriði, hvaða tungumál er talað, sem okkur finnst þegar við stöndum í ræðustól uppi á Íslandi að skipti litlu máli, veldur því að margar þjóðir sem helst vilja spjalla við heiminn á ensku fyrir utan sitt eigið tungumál finnst erfitt og torvelt að nálgast það viðfangsefni að starfa í slíkum löndum. Þetta eru atriði sem mér finnst varða litlu máli og svona atriði eiga ekki að skipta máli.

Punktur athugasemdar minnar er þessi: Það skortir skýra málefnalega stefnu um með hvaða hætti við eigum að taka ákvarðanir um þau verkefni sem við ætlum að taka þátt í.

Að lokum. Við þurfum að draga atvinnulífið inn í þetta. Ég hef af skammri reynslu af svona starfi komist að raun um að atvinnulífið er örlátt og ef augu þess eru opnuð eru menn reiðubúnir til að gefa af töluverðri gjafmildi til svona starfa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sívinnsla við skil skattframtala, fyrri umr.

Þáltill. VF o.fl., 142. mál. — Þskj. 142.

[14:49]

Flm. (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um sívinnslu við skil skattframtala. Flutningsmenn eru Valdimar L. Friðriksson, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson og Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingmenn Samfylkingarinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að stefnt skuli að sívinnslu við skil á skattframtölum fyrirtækja og einstaklinga með atvinnurekstur. Núverandi fyrirkomulag verði með öllu aflagt og í stað þess komi jöfn skil skattframtala febrúar til nóvember ár hvert.“

Í greinargerð segir m.a.:

Á undanförnum árum hefur skattkerfi landsins tölvuvæðst á sviði framtalsgerðar og skattskila. Hefur tekist vel til með öryggi kerfisins og má segja að nú sé vinnuumhverfið gerbreytt nema hvað varðar fyrirkomulag á fram-

talsskilum. Þar eru enn í gildi vinnureglur löngu liðins tíma handvinnslu og árstíðabundinna starfshátta. Sjálfstæðir atvinnurekendur í landinu eru um 17–18 þúsund talsins, án þess að taldir séu með svokallaðir lögaðilar, þ.e. hlutafélög, sameignarfélög og samvinnufélög. Endurskoðendum og bókurum er ætlað að ljúka uppgjörs- og framtalsvinnu fyrir þessa 17–18 þúsund aðila á 60 vinnudögum frá mars til maíloka. Á sama tíma þarf að vinna uppgjör og framtöl lögaðila en þeirri vinnu þarf að vera lokið í september ár hvert.

Afleiðing þessa úrelta fyrirkomulags er sú að ekki tekst að ljúka framtalsgerð fyrir einstaklinga með rekstur á tilskildum tíma og er því skattur áætlaður á allt að 25% þessara aðila með afleiðingum sem eru mikil og alvarleg óþægindi, ásamt verulegum kostnaði. Því er bæði tímabært og nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi skattskila og taka upp jöfn skil atvinnurekstrarframtala frá febrúar til nóvember ár hvert og hverfa alfarið frá núverandi skipulagi.

Núverandi fyrirkomulagi fylgir gífurlegt álag á endurskoðendur og bókara, sérstaklega á tímabilinu mars–maí. Síðan fá skattstofurnar bylgjuna yfir sig og eru fram á haust að komast fram úr þeirri vinnu sem þær eiga að inna af hendi lögum samkvæmt.

Það sem vinnst við það að taka upp sívinnslu er fyrst og fremst eftirfarandi:

Jöfn vinnsla uppgjörs og framtala ætti að tryggja vandaðri framtalsgerð og skapa eðlilegt vinnuumhverfi, en nú er það með öllu óviðunandi og engum bjóðandi. Síðast en ekki síst leiða jöfn skil framtala til þess að hægt verður að taka upp reglubundið og skipulegt skatteftirlit sem síðan tryggir öruggari og betri skattskil. Sá sem hefur mestan ávinning af því að taka upp nútímavinnubrögð við framtalsskil er ríkissjóður, þannig að sú breyting eða þróun sem hér er lögð til felur í sér marga mjög jákvæða þætti til hverrar áttar sem litið er. Komið hefur fram bæði í ræðu og riti hjá fjármálaráðherra, ríkisskattstjóra, skattstjórum landsins, endurskoðendum og bókurum að þessir aðilar vilja taka upp sívinnslu í skattskilum og falla frá núverandi fyrirkomulagi sem er í raun löngu orðið úrelt og því sem næst ónothæft.

Frú forseti. Ég legg til að þessari þingsályktunartillögu verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 162. mál. — Þskj. 162.

[14:53]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru sem beint er að börnum. Flutningsmenn ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Valdimar L. Friðriksson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að kanna grundvöll fyrir setningu reglna um takmörkun auglýsinga á matvöru sem inniheldur mikla fitu, sykur eða salt með það að markmiði að sporna við offitu, einkum meðal barna og ungmenna. Ráðherra leitist í þessu skyni m.a. við að ná samstöðu með framleiðendum, innflytjendum og auglýsendum um að þessar vörur verði ekki auglýstar í sjónvarpi fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin.“

Þetta er í annað sinn sem ég mæli fyrir tillögu í þessa veru en tillagan að þessu sinni er aðeins breytt, farin er mildari leið. Ég vil geta þess að þarna leggjum við til leið sem Bretar hafa farið, en þeir hafa einmitt bannað auglýsingar á óhollustu eða ruslfæði í sjónvarpi fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin, því að gert er ráð fyrir að börn horfi á sjónvarp fram að þeim tíma á kvöldin en það hefur verið kannað þar.

Virðulegi forseti. Offita er hratt vaxandi heilbrigðisvandamál, einkum í hinum vestræna heimi og er Ísland engin undantekning. Hafa rannsóknir sýnt að offita er í raun orðin faraldur í íslensku þjóðfélagi en hún eykur stórlega líkur á ýmsum sjúkdómum, t.d. sykursýki 2 eða svokallaðri áunninni sykursýki, hjarta- og æðasjúkdómum, ristilkrabbameini, kæfisvefni og stoðkerfissjúkdómum, auk þess sem fullyrða má að sálrænir fylgikvillar offitu séu verulegir. Þrátt fyrir framangreint hefur lítið farið fyrir beinum aðgerðum stjórnvalda til að stemma stigu við þessari þróun. Á 131. löggjafarþingi samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu heilbrigðis- og tryggingarnefndar um aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga með hollara mataræði og aukinni hreyfingu. Í vetur kallaði ég eftir því hjá forsætisráðherra, sem er með málið, hvort hann hefði sett nefnd á laggirnar og þá hafði hann nýverið gert það en það hafði dregist allverulega, í nokkra mánuði frá því að tillagan var samþykkt, en sem betur fer er vinna farin af stað í þeirri nefnd.

Í þessu sambandi og í þeirri vinnu er mjög mikilvægt að stjórnvöld beini sjónum að aukinni offitu meðal barna og ungmenna því að tíðni offitu hjá börnum vex hröðum skrefum. Það er staðreynd að líkur eru á að börn sem eru of feit verði feit á fullorðinsárum. Í skýrslu sem ber heitið „Markaðssetning óhollrar fæðu sem beint er að börnum í Evrópu“ er fjallað um verkefnið „Börn, offita og tengdir langvinnir sjúkdómar sem má forðast“ sem samtökin Hjartavernd og systrasamtök þeirra í 20 löndum vinna að. Þar kemur fram að verulega skortir reglur um slíka markaðssetningu en aðeins sex lönd í Evrópu hafi sett slíkar reglur. Einnig sé mikilvægt að skilgreina annars vegar hollan mat og hins vegar óhollustu. Flutningsmenn telja mikilvægt að ráðherra beiti sér fyrir slíkri skilgreiningu í tengslum við þessa vinnu. Einnig þarf að huga að auglýsingum á óhollustu á vefnum sem beint er sérstaklega að börnum og hvort unnt sé að takmarka slíkar auglýsingar, en um vefinn hafa gilt fáar eða litlar reglur.

Með tillögu þessari er lagt til að Alþingi feli heilbrigðisráðherra að kanna grundvöll fyrir setningu reglna um takmörkun auglýsinga á matvöru sem inniheldur mikla fitu, sykur eða salt með það að markmiði að sporna við offitu, einkum meðal barna og ungmenna. Er í þessu skyni lagt til að ráðherra reyni að ná samstöðu með framleiðendum og innflytjendum þessarar vöru sem og auglýsendum um að slíkar auglýsingar verði ekki sýndar í sjónvarpi fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin en með því móti ætti að mestu að

vera tryggt að börn sjái þær ekki. Nauðsynlegt er að horfast í augu við að áhrifamáttur auglýsinga er mikill og þegar um börn er að ræða er hann verulegur. Með auglýsingum eru umræddar matvörur gerðar eftirsóknarverðar í augum barnanna og með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna sem sýna sífellt aukna sykur- og fituneyslu meðal barna og ungmenna má álykta að auglýsingarnar nái tilætluðum árangri. Hér er auðvitað að mestu leyti átt við svokallaðar ruslfæðis- og sælgætisauglýsingar. Það er von og trú flutningsmanna að framleiðendur, innflytjendur og auglýsendur taki ábyrgð á þessum málum þannig að unnt verði að koma slíku auglýsingabanni á án beinnar lagasetningar. Með framangreindu er ekki gert lítið úr ábyrgð foreldra í þessu efni. Þvert á móti er það skoðun flutningsmanna að þar sé ábyrgðin mest. Hins vegar kemur það ekki í veg fyrir aðrir axli þá ábyrgð sem þeim ber í þessum málum. Að ota í sífellu óhollum mat að börnum og ungmennum án þess að hirða um afleiðingarnar er ábyrgðarleysi.

Flutningsmenn vekja í þessu sambandi athygli á þeim aðgerðum sem bresk heilbrigðisyfirvöld hafa gripið til en tillaga þessi hefur þær að nokkru sem fyrirmynd, en þeir hafa bannað auglýsingar á þessum vörum fyrir kl. 9 á kvöldin. Við teljum að mjög markvissar aðgerðir þurfi til að vega að rótum þess vanda sem offitan er og þess vegna er þessi tillaga hugsuð sem þáttur í slíkum aðgerðum.

Í fylgiskjali með þingsályktunartillögunni er frétt um hvernig Bretar hafa farið að með því að banna að auglýsa ruslfæði. Það var gerð áætlun um að banna einungis ruslfæðisauglýsingar þegar barnaefni er sýnt eins og Svíar og Norðmenn hafa þegar gert. Þeir banna allar auglýsingar á þeim tímum sem barnaefni er sýnt og það ætluðu Bretarnir að gera líka. En eftir að þeir höfðu kannað hversu mikið börn horfa á sjónvarp og á hvaða tímum þá kom í ljós að 70% af þeim tíma sem börn horfa í sjónvarp er á milli sex og níu á kvöldin. Þess vegna var ákveðið að hafa bannið víðtækara en bara í kringum barnaefnið.

Ákveðnar verslunarkeðjur í Bretlandi hafa líka farið að merkja matvörur, þ.e. óhollar matvörur sérstaklega og síðan hollar matvörur, til að auðvelda fólki að velja og kaupa hollustuvörur fyrir fjölskylduna. Tvær verslunarkeðjur, Tesco og Sainsbury, hafa þegar sett slíkar viðvörunarmerkingar á mat þar sem tekið er mið af ráðleggingum frá yfirvöldum.

Þegar ég flutti þetta þingmál fyrst á síðasta þingi þá vakti það allnokkur viðbrögð og umræðu í samfélaginu. Þótti mönnum þarna vera seilst helst til langt að eiga að fara að banna auglýsingar. Ég hef mætt á marga fundi um þessi mál eftir að ég lagði það fram á síðasta þingi og síðan þá hefur umræðan aukist og m.a. hefur umboðsmaður barna tekið það upp á sína arma og hefur komið fram í fréttum að hún telur rétt að banna auglýsingar í kringum barnatíma í sjónvarpinu. Hún hefur sagt opinberlega að fram hafi komið auglýsingar sem hún telur brjóta í bága við lög og aðrar sem eru á mörkum hins siðlega. Hún hefur hvatt til þess að auglýsendur sýni varkárni vegna trúgirni barna. Umboðsmaður barna hefur sem sagt tekið þessi mál upp og vill meiri umræðu um þetta. Núna 1. mars verður málþing um auglýsingar sem beint er að börnum. Mig langar að vitna í frétt á Stöð 2 7. nóvember síðastliðinn, með leyfi forseta:

„Ingibjörg [umboðsmaður barna] hefur efnt til samstarfs við Neytendastofu, Heimili og skóla og talsmann neytenda um hvernig best sé að bregðast við, og til að vekja umræðu.

Ingibjörg Rafnar: Ég vil miklu frekar skoða það hvort við ættum búa til eins og Svíar og Norðmenn gera, reglur sem segja að fyrir og eftir barnaefni eða efni sem er sérstaklega er ætlað yngstu börnum að þá sé engar auglýsingar.“

Hún er sem sagt að benda þarna á norsku og sænsku leiðina og hún segir að þetta sé spurning um siðgæði.

Þetta mál hefur líka komið til umræðu á þingi í fyrirspurnatímum. Þar hafa menn tekið undir þennan vilja okkar þingmanna sem flytjum þetta mál. Í vetur þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurðist fyrir um þetta þá lýsti hæstv. menntamálaráðherra því yfir að hún teldi jafnvel nauðsynlegt að lagasetningu þyrfti til að stoppa þetta. En hún vill fyrst reyna mildari leiðina eins og við leggjum til hérna. Við skulum vona að ekki þurfi lagasetningu til að gera þetta. Það má alveg nefna það hér að yfirmaður heilbrigðismála hjá Evrópusambandinu hefur sent út tilmæli til aðildarríkjanna um að fara þessa leið, að auglýsa ekki óhollustu í kringum barnaefni í sjónvarpi og sömuleiðis beina ekki auglýsingum að börnum. Hann hefur sagt að verði aðildarríkin ekki við því þá verði hann að skoða að setja um þetta tilskipun.

Í umræðunni um þessi mál segist forstjóri Lýðheilsustöðvar hafa verulegar áhyggjur af þessum málum, segir að auglýsingar verði sífellt ágengari og beinist athygli auglýsenda sífellt meira að börnum. Hún bendir á 8. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum þar sem segir að auglýsingar skuli miðast við að börn sjái þær og heyri en megi á engan hátt misbjóða þeim. Einnig segir að í auglýsingum verði að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrif þeirra á þau.

Margir eru að velta þessum málum fyrir sér. Það gera talsmaður Neytendastofu, forstjóri Lýðheilsustöðvar, umboðsmaður barna og menntamálaráðherra sem tekur undir það að taka þurfi á þessu. Ég fagna vitundarvakningu í þessa veru í samfélaginu og fagna umræðunni því hún er mjög brýn ef við eigum ekki að sitja uppi með stóran og mikinn vanda í framtíðinni í ljósi þess hve offituvandinn er að verða mikill og mikil byrði á heilbrigðiskerfinu fyrir utan það að þetta rýrir lífsgæði þeirra sem verða offitunni að bráð, ef svo má segja.

Ég vonast til þess að þetta mál fái afgreiðslu úr heilbrigðis- og trygginganefnd sem ég legg til að tillögunni verði vísað til að lokinni þessari umræðu og menn reyni að komast að samkomulagi um að beina ekki auglýsingum að börnum og alls ekki ruslfæðisauglýsingum eða auglýsingum á óhollu mataræði. Ég vil að þær verði gerðar útlægar úr sjónvarpi á þeim tíma sem börn horfa mest á þessa miðla.

[15:08]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér er komin fram tillaga til þingsályktunar um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru. Ég fagna þessari þingsályktunartillögu. Mér finnst sérstaklega gott að í textanum er sagt að ráðherra eigi að leitast í þessu skyni

m.a. við að ná samstöðu með framleiðendum, innflytjendum og auglýsendum um að þessar vörur verði ekki auglýstar í sjónvarpi fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin. Ég held að það sé grundvallaratriði að ná samstöðu með auglýsendum sjálfum um þetta mál.

Ég heyrði einhvern tíma á upphafsdögum NFS, held ég, kosningastjóra Gísla Marteins Baldurssonar, sem tapaði reyndar í einhverju prófkjöri hjá Sjálfstæðisflokknum, tala mikið um forsjárhyggju Samfylkingarinnar í þessu máli. Henni þótti þessi þingsályktunartillaga hið versta mál og fann henni allt til foráttu. Ég held hins vegar að hér séu sett fram í greinargerð mjög góð og gild rök fyrir því að fundin verði leið til að takmarka með einhverjum hætti auglýsingar sem beinast gegn börnum sérstaklega vegna þess að þetta er auðvitað mikið heilsufarsmál. Við ættum við að taka okkur Breta þarna til fyrirmyndar sem hafa ákveðið að banna auglýsingar á ruslfæði með ákveðnum hætti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir fór vel yfir það í sinni inngangsræðu hvernig Bretar hafa gert þetta. Það er sérstakt ánægjuefni að tvö stór fyrirtæki í matvöruverslun í Bretlandi, Sainsbury og Tesco, hafa þegar boðað að þau ætli að vera með sérstakar vörumerkingar á mat þar sem tekið er mið af ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Mér finnst líka athyglisverð grein Jóhönnu Ingvarsdóttur sem birtist í Morgunblaðinu 22. september 2005 og er birt sem fylgiskjal III með þessari þingsályktunartillögu. Það fer hún einmitt ofan í það hversu mikið heilsufarslegt vandamál þetta er að verða, að 20% evrópskra skólabarna séu of feit og að ástandið fari versnandi með hverju ári. Það er gott til þess að vita að hjartaverndarstofnanir í 20 Evrópulöndum ásamt þremur samstarfssamtökum hafa tekið höndum saman um verkefnið „Börn, offita og tengdir langvinnir sjúkdómar sem má forðast". Það er ánægjulegt að íslenskur samstarfsaðili í þessu verkefni sé samtökin Hjartavernd.

Í grein Jóhönnu kemur fram að framleiðendur þessara vara, sem eru t.d. gosdrykkir og feitmeti, hamborgarar, kartöfluflögur og þess háttar, beiti í síauknum mæli samþættum og háþróuðum aðferðum við að koma vörunum á framfæri við börn með beinum og óbeinum hætti. Þar segir enn fremur að í alþjóðlegri rannsókn sem fór fram á árabilinu 1996–1999 í 15 löndum kom fram að alls staðar voru matvörur stærsti flokkur auglýstra vara í dagskrárliðum barna og langmest af því sem var auglýst reyndist vera sælgæti, sætt morgunkorn, snakk og gosdrykkir og allt af 95% af auglýsingum matvara í sjónvarpi voru um vörur með mikilli fitu, miklum sykri eða salti. Við þekkjum það öll sem eigum börn að börnin stýra að miklu leyti innkaupum heimilanna. Það er ekki alltaf auðvelt að segja nei við kröfum barnanna þegar þau vilja kaupa dísætt morgunkorn eða kippurnar af gosi þó maður reyni yfirleitt að standa á bremsunni og rökræða um hollustu eða þá hafa þetta á sérstökum dögum. En það er athyglisvert að þó flestir átti sig á mikilvægi þess að vernda börn fyrir áhrifum auglýsinga almennt þá hafa aðeins sex lönd sett sérstakar reglur um markaðssetningu matvæla. Þessi lönd eru Bretland, Danmörk, Finnland, Írland, Spánn og Þýskaland. Íslendingar eru í hópi þeirra sem hafa alls ekki sett neinar reglur um þetta. Þess vegna held ég að það sé hið besta mál að heilbrigðisráðherra taki það að sér að skoða grundvöll fyrir lagasetningu á þessum nótum. Í raun finnst mér það alls ekki mikil forsjárhyggja eða takmörkun að komast að samkomulagi um að auglýsingar sem beinast gegn börnum sérstaklega fái ekki að vera á dagskrá fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin. Ég vona að það verði tekið mjög jákvætt í þessa þingsályktunartillögu og að hún fái skjótan framgang.

[15:15]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Mig langaði aðeins að bæta við, þar sem ég hafði notað tíma minn til fullnustu áðan, og um leið þakka hv. þm. Hlyni Hallssyni fyrir góðar undirtektir við þetta mál.

Mig langaði að nefna það hér að þegar ég var að vinna þessa tillögu þarsíðasta haust fór ég að kynna mér hversu mikið er af auglýsingum á óhollustu á tímum sem börn eru að horfa á sjónvarpið. Það kom mér mjög á óvart að nánast inni í barnaefninu var verið að beina óhollustu að börnum og jafnvel þeim yngstu. Eftir að hafa fylgst með því sá ég náttúrlega hve brýnt er að taka á þessu.

Aftur á móti vil ég fagna þeirri vakningu sem hefur orðið í barnatímunum sem varðar hvatningu til hollustu þar sem börn hafa verið hvött til að borða grænmeti og ávexti og slíka vöru. Það tel ég vera af hinu góða.

Hæstv. menntamálaráðherra lýsti því yfir í umræðum að ef ekki næðist samkomulag um að takmarka þessar auglýsingar gæti verið þörf á því að fara lagaleiðina. Ég er sammála henni í því að það verði ekki fyrr en í fulla hnefana að við setjum lög um þetta. En ég vil nefna það hér að það getur vel verið að við fáum tilskipun frá Evrópusambandinu. Evrópusambandið hefur lýst því yfir að það þurfi jafnvel að setja tilskipun um þetta ef þjóðir Evrópuríkjanna bregðast ekki við.

Ég heyrði á hæstv. menntamálaráðherra á þessum tíma að í gangi væri rannsókn hjá útvarpsréttarnefnd og verið væri að gera úttekt á auglýsingum í sjónvarpi og kanna sérstaklega hvað verið er að auglýsa og hvenær. Það er sérstaklega skoðað hvað verið er að auglýsa í kringum barnatíma í sjónvarpi og hversu mikið er auglýst. Ég fagna því og vonast til að þær upplýsingar verði komnar fram í byrjun næsta mánaðar en þá efnir umboðsmaður barna til umræðu um málið. Ég vonast til að þá sjái menn svart á hvítu hvernig landið liggur í þessum efnum. Þá getum við tekið fastar á hlutunum og farið í þá vinnu sem við leggjum hér til.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri en vonast til þess enn og aftur að við verðum ekki eftirbátar annarra þjóða í þessum efnum. Danir, Norðmenn og Svíar hafa tekið á þessu og sett reglur um verulega takmörkun á auglýsingum á óhollustu sem beinast að börnum. Bretar og fleiri þjóðir eru með slíka reglusetningu eða regluverk í farvatninu. Ég vonast svo sannarlega til þess að við verðum ekki eftirbátar þeirra. Ég vil einnig koma því á framfæri að það væri mjög verðugt verk fyrir nefnd hæstv. forsætisráðherra, sem er að skoða og vinna úr þingsályktunartillögunni frá heilbrigðis- og tryggingaefnd sem við samþykktum síðasta vor, að skoða þetta. Þetta er nefnilega mjög stór þáttur í þeim vanda sem við stöndum frami fyrir, þeim

heilsufarslega vanda sem er að verða plága í hinum vestræna heimi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 171. mál (erlendir starfsmenn). — Þskj. 171.

[15:20]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Það frumvarp sem ég mæli fyrir var flutt á 131. löggjafarþinginu af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eins og reyndar núna en þá var það Atli Gíslason, hv. varaþingmaður, sem var 1. flutningsmaður málsins.

Frumvarpið snýr að réttarkjörum erlendra verkamanna sem koma hingað til lands og er um að ræða breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Frá því að þetta frumvarp var lagt fram hafa verið samþykkt lög frá Alþingi um starfsmannaleigur. Það frumvarp var samþykkt 9. desember þannig að að sumu leyti hafa náðst þau markmið sem tillögusmiðir þessa frumvarps vildu ná fram en þó ekki að öllu leyti. Ég ætla að gera grein fyrir þeim breytingum sem við leggjum til og vísa þá jafnframt í lögin um starfsmannaleigur og hvað það er þar sem við teljum vera ábótavant.

Reyndar er það svo með lögin um starfsmannaleigur að þau urðu til eftir mjög erfiðar fæðingarhríðir, allt frá því hæstv. félagsmálaráðherra var hvattur til að endurskoða lög til að styrkja réttarstöðu erlends launafólks sem hingað kemur. Hæstv. ráðherra setti niður nefnd í ágústlok árið 2004 og það var ekki fyrr en haustið 2005 að frumvarpsdrögin voru kynnt í þinginu. Eins og fram kom við umræðuna í nóvember og desember þá höfðum við úr stjórnarandstöðunni sitthvað við lögin að athuga þótt við værum öll sammála um að þau væru mikilvægt skref fram á við og í sjálfu sér fagnaðarefni. Hins vegar teljum við að það hefði þurft að ganga lengra.

En samkvæmt frumvarpi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er gerð tillaga um að viðbót verði gerð við 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda en lagagreinin er núna svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.“

Hér viljum við láta bæta við þessa grein eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ákvæði laganna gilda um alla erlenda launamenn sem starfa hér á landi, hvort sem er á vegum íslenskra eða erlendra atvinnurekenda, starfsmannaleigna eða hliðstæðra fyrirtækja.“

Með þessari grein eru tekin af öll tvímæli um að laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðar semja um skulu vera lágmarkskjör fyrir alla erlenda launamenn sem starfa á Íslandi, einnig þá sem starfa á grundvelli leigueða þjónustusamninga starfsmannaleigna og að lög nr. 55/1980 taki til þeirra í einu og öllu. Leigusamningar, þjónustusamningar og aðrir samningar um lakari ráðningarkjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu og gildir.

Síðan er það 2. gr. okkar frumvarps en þar er gerð tillaga um breytingar á 2. gr., þ.e. lagatæknilegir hnökrar eru á frumvarpinu að því leyti að hér er lagt til að 2. gr. orðist sem segir í okkar frumvarpi en hér mun vera um að ræða viðbót við 2. gr. starfskjaralaganna. En í þessari viðbót er lagt til eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Fyrirtækjum skv. 2. mgr. 1. gr. og atvinnurekendum sem nýta sér þjónustu þeirra er skylt að veita trúnaðarmönnum stéttarfélaga aðgang að ráðningarsamningum og upplýsa um launakjör viðkomandi launamanna.“

Við teljum það vera algert lykilatriði að trúnaðarmenn stéttarfélaganna fái aðgang að ráðningarsamningum og kjörum erlendra starfsmanna sem hér eru starfandi, hvort sem það er á vegum starfsmannaleigna eða ekki. Við teljum að trúnaðarmenn stéttarfélaganna eigi að hafa beinan aðgang að slíkum upplýsingum.

Í lögum um starfsmannaleigur, sem áður er vísað til og samþykkt voru síðasta haust, er kveðið á um upplýsingar í þágu eftirlits í 10. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Starfsmannaleiga skal veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar er stofnunin telur nauðsynlegar til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um ráðningarsamninga og ráðningarkjör. Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar í þágu eftirlitsins. Enn fremur er þeim óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna starfa sinna og ástæða er til að ætla að henni skuli haldið leyndri.“

Hér eru, eins og heyra má, alls kyns girðingar og takmarkanir en það sem skiptir máli er að það er Vinnumálastofnun sem á að hafa milligöngu. Það er henni sem á að veita þessar upplýsingar en ekki trúnaðarmönnum stéttarfélaganna beint eins og eðlilegt hefði verið. Mikið var rætt um það í meðferð málsins í nefnd og á Alþingi einnig að svo yrði búið um hnúta að stéttarfélögin og trúnaðarmenn þeirra fengju aðgang að þessum upplýsingum en þá spyr ég, og einnig var spurt við umræðuna þá: Hvers vegna ekki að tryggja það beint með lögum að trúnaðarmennirnir hafi aðgang að þessum upplýsingum? Það er hið eðlilega ráðslag og við gerum um það tillögu í okkar frumvarpi.

Síðan er kveðið á um sektir og miskabætur í 3. gr. okkar frumvarps en þar segir, með leyfi forseta:

„Brot gegn lögum þessum varða sektum og dæma má þeim miskabætur sem misgert er við.“ Í greinargerð eða athugasemdum með þessari grein segir, með leyfi forseta: „Mælt er fyrir um sekta- og miskabótaheimildir. Gert er ráð fyrir að sektum verði beitt ef brot eru alvarleg eða ítrekuð

og þeir launamenn sem lögin eru brotin á geti krafist miskabóta. Það er lagt í vald dómstóla að ákveða hvenær rétt sé að verða við kröfum um miskabætur og fjárhæð þeirra eftir eðli máls hverju sinni."

Í lögunum um starfsmannaleigur er kveðið á um sektir, þ.e. heimild til sekta, í 13. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum."

Síðan er kveðið á um hvert sektirnar skuli renna og reglugerðarákvæði sem skuli sett. En þarna er sem sagt munurinn á gildandi lögum og þeim tillögum sem við leggjum fram að auk sekta viljum við hafa möguleika fyrir dómstóla til að ákvarða launafólki sem lögin eru brotin á miskabætur. Við viljum ekki eingöngu halda okkur við sektirnar.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengra mál. Ég held að öll meginsjónarmið hafi komið fram í rökstuðningi mínum fyrir þessu frumvarpi. Ég vona að það fái góða umfjöllun í félagsmálanefnd en ég vænti þess að því verði vísað þangað að lokinni þessari umræðu.

[15:30]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að setja á langa ræðu um þetta frumvarp sem er samt hið besta mál. Ég vil fyrst og fremst vekja athygli á því hve nauðsynlegt er að tryggja erlendu verkafólki þau réttar- og starfskjör sem bjóðast hérlendis. Þó að mælendaskrá sé ekki löng nú vil ég minna á að fyrr í dag fór fram umræða um þessi mál. Mjög margir sem þar töluðu ræddu einmitt um þá virðingu sem þarf að sýna erlendu fólki sem kemur hingað til að taka þátt í þjóðfélaginu, til að taka þátt í störfum okkar og vinna þau. Ég vísa til þeirrar umræðu allrar til rökstuðnings því sem hér er sett fram.

Hv. 1. flutningsmaður, Ögmundur Jónasson, gerði ljómandi góða grein fyrir og færði öll þau rök sem ég tel þurfa fyrir þessu frumvarpi til laga. En ég vildi aðeins koma hérna upp til að styðja þetta mál og líka til að benda á að það hefur verið dregið í efa að erlendu fyrirtækin mörg hver sem flytja hingað fólk og starfsmannaleigur gæti réttar þessa fólks. Okkur ber að standa vörð um að Ísland sé ekki staður þar sem hægt sé að flytja inn fólk til að brjóta á rétti þeirra í störfum eða á annan hátt og þess vegna held ég að hér sé um að ræða mjög þarft mál.

[15:32]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég fagna þessu frumvarpi um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur lagt fram fyrir hönd Vinstri grænna. Eftir að lög um starfsmannaleigur voru sett í desember sl. má segja að örlítið hafi róast á markaðnum. Fyrirrennari þess frumvarps sem hér er lagt fram er frumvarp sem hv. varaþingmaður Atli Gíslason lagði fram og má kannski segja að það frumvarp hafi hrundið þessu af stað. Það hafa verið mikil átök á markaði þar sem starfsmannaleigur hafa verið að flytja inn erlenda starfsmenn eða erlenda verkamenn og ætti öllum hér inni að vera orðið kunnugt um þau.

Lög um starfsmannaleigur hafa greinilega haft einhver áhrif en hér eru viðbætur sem ég tel mjög þarfar og eins og kom fram áðan hjá hv. þm. Pétri Bjarnasyni er samþykkt þessa frumvarps að hluta til gerð til að sýna útlendingum virðingu, því það er nú þannig að við þurfum á þeim að halda sérstaklega á þeim hagvaxtartímum sem hér eru í gangi. Samþykkt þessa frumvarps mundi bæta stöðu launamanna og ég ætla að leyfa mér að doka sérstaklega við viðbót við 2. gr. laga nr. 55/1980, varðandi trúnaðarmenn. Það er rétt sem kom fram hjá frummælanda að varðandi starfsmannaleigur er einungis skylt að sýna Vinnumálastofnun alla ráðningarsamninga en ég verð að taka undir nauðsyn þess að trúnaðarmenn hafi fullan og frjálsan aðgang að ráðningarsamningum. Við höfum oft orðið vitni að því í gegnum fjölmiðla að trúnaðarmenn, t.d. við virkjunarframkvæmdir á Kárahnjúkum hafa þurft að standa þar í stöngu til að verja hag erlendra launamanna og þar af leiðandi verja hag allra launamanna í þjóðfélaginu því ef fyrirtæki fara að taka upp á því að greiða erlendum verkamönnum lægri laun en samningar kveða á um varðandi lágmarkskjör, þá bitnar það að sjálfsögðu á öllum launamönnum á einn eða annan hátt fyrr eða síðar. En í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Einnig er lögfesting frumvarpsins til þess fallin að tryggja samkeppnisstöðu atvinnurekenda."

Þetta er ekki bara spurning um sjálfan launþegann, þetta er spurning um atvinnurekendur líka, þ.e. að þeir sem flytja inn erlenda verkamenn séu ekki að brjóta lög um réttindi og lágmarkslaun og þar af leiðandi að gera sig samkeppnishæfari á markaðnum en þau fyrirtæki sem einungis nota íslenska starfsmenn. Það er nauðsynlegt að hafa málefni varðandi starfskjör launafólks og erlenda starfsmenn skýr og alveg á hreinu, sérstaklega í jafnmiklum uppvexti og nú er í gangi. Það er mín skoðun að þegar lögin um starfsmannaleigur voru samþykkt í desember þá hafi alls ekki verið gengið nógu langt. Þau eru í raun byrjun á því sem koma skal eða á því sem þarf að taka á. Ég tel að þetta frumvarp sé stór þáttur í að tryggja að bæði skipulag og leikreglur á vinnumarkaði séu áfram friðsamlegar því þær hafa í raun og veru verið tiltölulega friðsamlegar síðustu áratugina og það er ekki síst launþegahreyfingunni sjálfri, stéttarfélögum að þakka og þess vegna er það afar brýnt að lögin og reglurnar séu skýrar þannig að starfsmannaleigur og/eða viðskiptaaðilar þeirra fyrirtækja séu ekki að brjóta á réttindum erlendra starfsmanna.

[15:37]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst til að þakka góðar undirtektir fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna, hv. þm. Péturs Bjarnasonar, Frjálslynda flokknum og hv. þm. Valdimars Leós Friðrikssonar frá Samfylkingunni, og minni þá á sem á hlýða að ef við skiptum um stjórnarmeirihluta á Alþingi og settum ráðherrabekkinn út í sal og mynd-

uðum stjórn meiri hluta Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Frjálslynda flokksins og Samfylkingarinnar þá yrði þetta frumvarp um réttarbót til handa erlendu launafólki á íslenskum vinnumarkaði að öllum líkindum að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:37]

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. HHj o.fl., 55. mál (samráð við Alþingi um stuðning við stríð). — Þskj. 55.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Háskólar, frh. 1. umr.

Frv. KolH og SJS, 59. mál (jafnrétti til náms, skólagjöld). — Þskj. 59.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, frh. fyrri umr.

Þáltill. BJJ o.fl., 139. mál. — Þskj. 139.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 62. mál (tímabundið atvinnuleyfi o.fl.). — Þskj. 62.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Mat á mannaflaþörf í atvinnugreinum, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 67. mál. — Þskj. 67.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 73. mál (aðstoð í kjörklefa). — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Kosningar til sveitarstjórna, frh. 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 75. mál (aðstoð í kjörklefa). — Þskj. 75.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 143. mál (yfirstjórn hafrannsókna, heildaraflamark). — Þskj. 143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Átaksverkefni í ferðamálum í Norðvesturkjördæmi, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn, 65. mál. — Þskj. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Upplýsingalög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 80. mál (nefndir, ráð og stjórnir). — Þskj. 80.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Frv. BjörgvS o.fl., 76. mál (fyrirframgreiðsla lána, ábyrgðarmenn o.fl.). — Þskj. 76.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 77. mál (hagsmunir smárra fjárfesta). — Þskj. 77.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 72. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 72.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Starfslok og taka lífeyris, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 81. mál. — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Varðveisla Hólavallagarðs, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 83. mál. — Þskj. 83.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Lega þjóðvegar nr. 1, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 84. mál. — Þskj. 84.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 85. mál (vistvæn veiðarfæri). — Þskj. 85.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Útvarpslög, frh. 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 79. mál (íslenskt tal eða texti á íslensku). — Þskj. 79.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Þróunarsamvinna Íslands við önnur ríki, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞSveinb o.fl., 137. mál. — Þskj. 137.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Sívinnsla við skil skattframtala, frh. fyrri umr.

Þáltill. VF o.fl., 142. mál. — Þskj. 142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 162. mál. — Þskj. 162.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 171. mál (erlendir starfsmenn). — Þskj. 171.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

[16:08]

Útbýting:

Einstaklingar með eiturlyf innvortis, 561. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 815.

Flóðahætta, 562. mál, fsp. SF, þskj. 816.

Hreyfing sem valkostur í heilbrigðisþjónustu, 560. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 814.

MFS-einingin á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 563. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 817.

Vaxtabætur vegna endurbóta á húsnæði, 559. mál, fsp. KJúl, þskj. 813.

Virðisaukaskattur af lyfjum, 496. mál, svar fjmrh., þskj. 803.

Út af dagskrá var tekið 19. mál.

Fundi slitið kl. 16:09.

---

74. FUNDUR

fimmtudaginn 23. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Landshlutaverkefni í skógrækt, stjfrv., 555. mál, þskj. 809. — 1. umr.
2. Fjármálaeftirlit, stjfrv., 556. mál, þskj. 810. — 1. umr.
3. Samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, þáltill., 297. mál, þskj. 318. — Fyrri umr.
4. Rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, þáltill., 298. mál, þskj. 319. — Fyrri umr.
5. Samstarf vestnorrænna landa í orkumálum, þáltill., 299. mál, þskj. 320. — Fyrri umr.
6. Stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða, þáltill., 541. mál, þskj. 788. — Fyrri umr.
7. Samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofninum í Norður-Atlantshafi, þáltill., 542. mál, þskj. 789. — Fyrri umr.
8. Samstarf Vestur-Norðurlanda um baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa og umhverfisvernd, þáltill., 543. mál, þskj. 790. — Fyrri umr.
9. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 375. mál, þskj. 431, nál. 804. — 2. umr.
10. Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 378. mál, þskj. 434, nál. 805. — 2. umr.
11. Hafnalög, stjfrv., 380. mál, þskj. 436, nál. 806. — 2. umr.
12. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 412. mál, þskj. 589, nál. 807, brtt. 808. — 2. umr.
13. Einkamálalög, frv., 82. mál, þskj. 82. — 1. umr.
14. Flutningur innanlandsflugs úr Vatnsmýri, þáltill., 207. mál, þskj. 207. — Fyrri umr.
15. Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., frv., 210. mál, þskj. 210. — 1. umr.
16. Hreyfing sem valkostur í heilbrigðiskerfinu, þáltill., 220. mál, þskj. 220. — Fyrri umr.
17. Sveitarstjórnarlög, frv., 250. mál, þskj. 250. — 1. umr.
18. Skattaumhverfi líknarfélaga, þáltill., 547. mál, þskj. 795. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Í morgun bárust þær óvæntu fréttir að Hjálmar Árnason, formaður þingflokks framsóknarmanna, hefði veikst snögglega í nótt og verið fluttur í sjúkrahús. Nú, áður en þingfundur hófst, var líðan hans góð, að sögn aðstandenda, og góðar horfur um bata en fyrirsjáanlegt er að hann verður fjarverandi um nokkurra vikna skeið frá þingstörfum.

Héðan frá Alþingi eru honum sendar góðar kveðjur með ósk um skjótan bata.

Af þessum ástæðum ritaði varaformaður þingflokks framsóknarmanna, Magnús Stefánsson, mér í morgun á þessa leið:

„Þar sem Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk., dvelst nú á sjúkrahúsi vegna veikinda og mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi, Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri, taki sæti hans á Alþingi á meðan."

Ísólfur Gylfi Pálmason hefur áður tekið sæti á Alþingi á kjörtímabilinu og er boðinn velkominn til starfa að nýju.

[10:32]

Útbýting:

Þróunarsamvinna og þróunarhjálp, 564. mál, beiðni um skýrslu GÖg o.fl., þskj. 818.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fjárhagsvandi Háskólans á Akureyri.

[10:33]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um þennan dagskrárlið til að ræða örlítið um fjárhagsvanda Háskólans á Akureyri sem hefur verið í umræðu lengi, bæði opinberlega og meðal þingmanna Norðausturkjördæmis og annars staðar. Þessi vandi er margvíslegur er manni sagt, eftir því við hvern er talað. En leiga í svokölluðu rannsóknarhúsi, sem var byggt í einkaframkvæmd samkvæmt forskrift og ákvörðun ríkisstjórnarinnar, vegur þungt. Þessi leiga Háskólans til eigenda hússins er talin vera um 60–80 millj. kr. en peningar hafa ekki fylgt með frá fjármálaráðuneytinu vegna þessa verks. Sama má í raun og veru segja um samning um kennslu og rannsóknir, þar vantar upp á fjármagn þannig að fjárhagsvandinn er talinn vera í kringum 100 millj. kr.

Það gengur auðvitað ekki að auka starfsemi án þess að fé komi með. Með öðrum orðum, virðulegi forseti, verða aukin verkefni ekki fjármögnuð af núverandi rekstrarfé skólans. Auðvitað verður fé að fylgja með á fjárlögum.

Ég ræði þetta hér til að spyrja hæstv. menntamálaráðherra en jafnframt hvetja hana til dáða við að vinna málinu brautargengi innan ríkisstjórnarinnar og nefni þá sérstaklega fjármálaráðuneytið. Það er ekki hægt að una því að það þurfi að draga svo úr starfsemi skólans sem raun ber vitni, og minni ég þá á fjölmennan fund stúdenta sem kröfðust þess að gripið yrði inn í þetta mál.

Það er mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að um málið geti haldist samhljómur meðal pólitískra flokka, að það verði ekki pólitískt bitbein. Þingflokkur Samfylkingarinnar svo og stjórnarandstöðuflokkarnir allir hafa sýnt stuðning í verki. Menntamálaráðherra á að vita af því og hafa það í sínu farteski að stjórnarandstöðuflokkarnir eru því hlynntir að unnið verði að lausn vandans og hafa hvatt til þess með tillögum sínum, m.a. fjárlagagerð.

[10:35]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að vekja athygli á þessu og fá um leið kærkomið tækifæri til að gera þingheimi grein fyrir því að við höfum í samvinnu við háskólarektor verið að fara gaumgæfilega yfir fjárhagsmálefni Háskólans á Akureyri. Það höfum við auðvitað gert með það í huga að gera hann sterkari og öflugri til að ganga til móts við nýja tíma, aukna samkeppni og fleira í háskólamálum.

Ég vil ítreka að aldrei hefur verið um niðurskurð að ræða til Háskólans á Akureyri og það er afskaplega mikilvægt að við hlúum vel að þessari merkilegu og mikilvægu menntastofnun. Ég er innilega sammála hv. þingmanni og ég vona öllum þingheimi um það að héðan heyrist samhljómur í þá veru að við viljum hlúa að Háskólanum á Akureyri. Það er hins vegar vert að vekja athygli á því að á árunum 2000–2005 var ársnemendaaukning í Háskólanum á Akureyri 123% meðan meðaltalið á fjárlögum á sama tíma var 60%. Það gefur skýrt til kynna að Háskólinn á Akureyri hefur notið velvildar. Það sama má segja um framlög á föstu verðlagi. Þau jukust um 114% á þessu sama tímabili en jukust að meðaltali um 52% til annarra háskóla. Það er því alveg skýrt að velviljinn er mikill héðan af hinu háa Alþingi og úr ráðuneytinu. Við höfum t.d. farið nokkuð óhefðbundnar leiðir til að mæta fjárframlögum skólans. Það má gagnrýna það að við seldum Glerárgötuna og settum framlög fyrir fasteignir eða söluandvirði fasteigna beint inn í rekstur háskólans, en það var að sjálfsögðu gert með það að markmiði að styrkja og efla Háskólann á Akureyri því að hann er þýðingarmikill.

Ég vil undirstrika að við erum að vinna að lausn fyrir Háskólann á Akureyri. En ég vil jafnframt undirstrika að það þýðir ekki að fara út í einhverja plástrameðferð og segja: Nú vantar bara einhverjar 50 millj. svo næst 100 millj. Við erum sameiginlega að vinna að þessu verkefni með háskólarektor og háskólayfirvöldum til að finna lausn til frambúðar þannig að áframhald verði á uppbyggingu Háskólans á Akureyri. Ég sýni fjárhagsvanda Háskólans á Akureyri fyllsta skilning og þá sérstaklega því sem tengist og varðar rannsóknarhúsið. Það er mál sem ég hef margítrekað sagt að við þurfum að fara gaumgæfilega yfir og hafa skilning á.

[10:37]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fórum með utandagskrárumræður strax í upphafi þings í haust þar sem fjárhagsvandi Háskólans á Akureyri var einmitt ræddur. Þar vöruðum við mjög við ástandinu. Það liggur fyrir að það þurfi að skerða námsframboð við háskólann, það þarf að takmarka enn frekar inngöngu nýrra nemenda, það þarf jafnvel að segja upp kennurum og öðru starfsfólki við skólann. Þetta er mjög alvarlegur atburður og nú síðast í fyrradag komu nemendur í háskólanum saman og mótmæltu aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar kröftuglega. Ég veit að hæstv. menntamálaráðherra er velviljaður Háskólanum á Akureyri en það dugar ekki til. Hvar er hæstv. fjármálaráðherra í þessari umræðu? Það vantar nefnilega meira fjármagn til skólans. Háskólinn hefur verið í mikilli og örri uppbyggingu, miklum vexti en sá vöxtur hefur verið stöðvaður vegna þess að ekki kemur nægt fé til skólans.

Síðan má nefna annað dæmi, nefnilega rannsóknarhús háskólans, sem illu heilli var byggt í einkaframkvæmd og er í einkarekstri. Það þýðir að leigan sem háskólinn þarf að borga fyrir húsnæðið er þrisvar sinnum hærri en gerist og gengur með sambærilegt húsnæði á Akureyri og skólinn greiddi áður. Þetta er mjög alvarlegt mál og þarna þarf ríkið að koma inn aftur og rétta hlut háskólans. Kröfur háskólastúdenta og kennara eru réttmætar og við viljum sjá aukin framlög til háskólans. Á það höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt áherslu, bæði við gerð fjárlaga og í umræðum hér á þinginu og það munum við gera áfram.

[10:40]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er mikilvægt að taka upp málefni Háskólans á Akureyri innan sala Alþingis, rétt eins og mikil umræða hefur verið um þau í þjóðfélaginu að undanförnu. Hæstv. menntamálaráðherra benti á það áðan að fjöldi nemenda frá árinu 2000 hefur meira en tvöfaldast þannig að stjórnarmeirihlutinn hefur staðið á bak við Háskólann á Akureyri á undanförnum árum. Við horfum til þess að árlega á næstu árum mun nemendum við Háskólann á Akureyri fjölga um 7%.

Við lokum ekkert augunum fyrir því, meiri hlutinn hér á Alþingi, að það þarf að standa vörð um þessa merku stofnun sem skiptir Eyjafjörð og Akureyringa svo miklu máli og landsbyggðina alla. Þess vegna sagði ég í lok umræðu um fjárlög á síðasta ári að það yrði að skoða sérstaklega í ár húsnæðismál Háskólans á Akureyri. Fjárlögunum var lokað af minni hálfu a.m.k. með það að framlög vegna húsnæðismála Háskólans á Akureyri yrðu endurskoðuð. Hæstv. menntamálaráðherra gaf út yfirlýsingu þá um að þessi mál yrðu skoðuð.

Við höfum átt gott samstarf við rektor háskólans, m.a. var ég á fundi með honum í síðustu viku ásamt hæstv. forsætisráðherra og hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur þannig að við höfum ekki sofið á verðinum í þessu. Ég styð hæstv. menntamálaráðherra í þeirri vinnu sem nú stendur yfir, að bæta Háskólanum á Akureyri upp m.a. háan húsnæðiskostnað.

Við horfum á það til næstu ára að nemendum mun halda áfram að fjölga við Háskólann á Akureyri. Það er mikilvægt að hafa í huga í þessari umræðu vegna þess að Háskólinn á Akureyri hefur byggt upp Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið og landsbyggðina alla þar sem meiri hluti nemenda við skólann sest að á landsbyggðinni. Við höfum ekki sofið á verðinum í þessari umræðu og á næstu missirum munum við sjá fram á að Háskólanum á Akureyri verði að verulegu leyti bætt þetta upp.

[10:42]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Háskólinn á Akureyri hefur vaxið ótrúlega og langt fram úr björtustu vonum frá því að hann var settur á stofn árið 1986 af Sverri Hermannssyni, páv. menntamálaráðherra, síðar stofnanda Frjálslynda flokksins. Þetta var árið 1986, áður en Sjálfstæðisflokkurinn missti vitið í byggðamálum.

Það dylst engum að það var mikið heillaspor, ekki síst fyrir landsbyggðina, að stofna þennan skóla. Sverrir Hermannsson sagði þá að þessi stofnun yrði verðmætari en KEA, ÚA og Samherji. Það hefur heldur betur komið á daginn.

Hér áðan sagði hæstv. menntamálaráðherra að aldrei hefði verið skorið niður í fjárframlögum til Háskólans á Akureyri. Jæja. Niðurskurður er afstætt hugtak. Það má vel vera að aldrei hafi verið skorið niður í krónum talið en skólinn hefur samt sem áður dregist aftur úr því fjárframlög til hans hafa engan veginn verið í takt við fjölgun nemenda. Þar liggur kannski mesti vandinn.

Að sjálfsögðu verða stjórnvöld að tryggja að Háskólinn á Akureyri fái áfram að vaxa og dafna. Ég held að við hljótum öll að vera sammála um það. Velgengni skólans hefur verið slík að það hlýtur að hvetja okkur öll til dáða og við hljótum að ganga að því sem vísu að stjórnvöld bæti hér úr ekki seinna en strax og tryggi að þessi skóli og aðrir háskólar á landsbyggðinni fái áfram að sinna þeim góðu og merku störfum sem þeir hafa svo sannarlega gert á undanförnum árum.

[10:44]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Það gleður mig að sá skuli vera hljómur í ræðum stjórnarandstæðinga að vel hafi verið að Háskólanum á Akureyri staðið. Það segja allir þingmenn sem hér hafa tekið til máls að vöxtur háskólans hafi verið mikill og við því megi búast að svo verði áfram, sem sýnir betur en allt annað hversu vel hefur verið staðið að stjórn og rekstri þessa háskóla. Það er til marks um það sem hæstv. menntamálaráðherra sagði hér áðan að ársnemendum hefur á árabilinu 2000–2005 fjölgað um 123% eða meira en helmingi meira en í öðrum háskólum að meðaltali. Fjárframlög hafa hækkað um 114% eða meira en helmingi meira en til annarra háskóla að meðaltali, sem sýnir að vel er að háskólanum staðið og hafa margir komið þar að verki. Ég vil gjarnan segja við formann þingflokks Frjálslynda flokksins að hann ætti oftar að vitna til verka og orða Sverris Hermanns-

sonar meðan hann var í góðum félagsskap.

Ég vil líka segja að ég er þakklátur hv. þingmönnum Samfylkingarinnar hversu mikinn áhuga þeir hafa fengið á Háskólanum á Akureyri nú á þessum dögum. Við höfum (Gripið fram í.) — hv. þm. Össur Skarphéðinsson grípur fram í fyrir mér, hann greiddi stundum atkvæði hér sem ráðherra sem hann gat ekki staðið við í ríkisstjórn. Ég er mjög þakklátur fyrir að þessir hv. þingmenn skuli sýna þessu máli áhuga. Ég hef átt nokkra fundi með háskólarektor um þessi mál. Við Arnbjörg Sveinsdóttir áttum fund með honum nú fyrir skömmu og fórum yfir málið. Þá sagði ég háskólarektor að við Arnbjörg mundum berjast fyrir því að hans sjónarmið kæmust til skila og ég vil fullvissa hv. þingmenn um það, og nemendur Háskólans á Akureyri og kennara, að Sjálfstæðisflokkurinn og ríkisstjórnin mun vinna vel að þessu máli og með því tryggja að vöxtur og viðgangur Háskólans á Akureyri geti haldið áfram í þeim mæli sem vonir þeirra standa til sem best hafa staðið á bak við hann í fortíðinni.

[10:46]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Umræðan um Háskólann á Akureyri er ekki ný í þessum sölum en hún er yfirleitt jafnánægjuleg og nú því það er gífurleg samstaða um þessa stofnun. Það virðast allir vilja standa sem best við bakið á henni. Hins vegar er það svo að það hefur staðið á verkum og það er það sem meginmáli skiptir, að aukið fjármagn fáist til stofnunarinnar. Það er óþolandi fyrir stofnun eins og Háskólann á Akureyri sem er í miklum vexti og hefur þá sérstöðu meðal ríkisháskólanna að vera yngstur þeirra og vera sá háskóli sem vex hvað mest að vera stöðugt í fjárhagserfiðleikum. Þess vegna er það fagnaðarefni sem kemur fram í máli hæstv. ráðherra að það sé verið að vinna að því nú sameiginlega með stjórnendum háskólans að taka á málinu og vonandi til framtíðar þannig að ekki þurfi ár eftir ár, eins og verið hefur undanfarin ár, að vera með breytingartillögu við fjárlög sem stjórnarmeirihlutinn fellir jafnharðan. Þannig hefur það verið undanfarin ár og það er sérstakt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að telja það að einhverjir þingmenn Samfylkingarinnar hafi nú á síðustu dögum verið að fá áhuga á þessari stofnun. Hv. þingmaður ætti að fara nokkur ár aftur í tímann, ég þori ekki að fullyrða hversu mörg, en við höfum verið með breytingartillögur við fjárlög um það að auka fjárframlög til Háskólans á Akureyri af þeirri einföldu ástæðu að það hefur ætíð verið þörf á slíku.

Þess vegna tek ég undir með hæstv. ráðherra að það er mikilvægt að nú þegar verið er að vinna að þessum málum finnist lausn til frambúðar. Það er líka ánægjulegt að hæstv. ráðherra komi hér og eyði þeirri sögusögn sem varð til í sérkennilegum Kastljóssþætti fyrir ekki löngu. Þar kom í ljós að svo virtist vera sem tveir hv. þingmenn Framsóknarflokksins í kjördæminu væru búnir að taka málið úr höndum hæstv. ráðherra. Það er ánægjulegt að málið er nú í eðlilegum farvegi og ég tek undir það sem komið hefur fram áður að hæstv. ráðherra hefur allan stuðning þingheims til þess að bæta hag Háskólans á Akureyri.

[10:48]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er gaman að heyra þingmenn Sjálfstæðisflokksins tala fjálglega um Háskólann á Akureyri. Þeir voru ekki allir svo miklir stuðningsmenn hans í upphafi. En sérstaklega er undarlegt að hlusta á fagurgalann sem fellur af vörum hæstv. menntamálaráðherra. Hún talar eins og henni sé ekki umhugað um neitt meira en að efla hag Háskóla Akureyrar. Það hefur enginn stjórnmálamaður sloppið jafnvel frá vitleysunni í sjálfri sér eins og hæstv. menntamálaráðherra gagnvart Háskólanum á Akureyri.

Hvað er að gerast þar núna? Það er verið að fækka kennurum, það er verið að draga úr námsframboði og það er verið að vísa frá hundruðum manna, ungu fólki sem vildi gjarnan nema við þessa stofnun. Svo kemur hæstv. ráðherra og talar um að hún vilji enga plástrameðferð. Hvað er það sem Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að gera til að styrkja Háskólann á Akureyri? Það er svartur blettur á hæstv. menntamálaráðherra hversu lítinn áhuga hún hefur sýnt þessum skóla. Það er staðreyndin. Þessi skóli hefur umfram aðrar menntastofnanir á Íslandi sýnt frumkvæði. Það er við þennan skóla, og reyndar aðra á Akureyri, sem vagga fjarmenntunar á Íslandi stendur. Það gerðist vegna þess að einstakir þingmenn á Alþingi tóku á með Háskólanum á Akureyri til að toga út úr Sjálfstæðisflokknum peninga til að þróa það áfram öllum til gagns í dag. Hvernig er þessum skóla launað þetta frumkvæði? Jú, hann er sveltur og það vita það allir. Svo kemur hæstv. menntamálaráðherra hér aftur og aftur og talar um að hún vilji efla háskólamenntun í Reykjavík og annars staðar og það kemur alveg skýrt fram að henni og Sjálfstæðisflokknum er umhugaðra um sjálfstæðu háskólana en þá skóla sem ríkið á og rekur, þeir mega liggja óbættir utan garðs og það veit enginn betur en hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir.

[10:50]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mikilvægu máli og eins og fram hefur komið ekki í fyrsta sinn af hálfu okkar þingmanna Samfylkingarinnar. Við höfum í allan vetur og sl. ár verið að benda á þann vanda sem stefnir í í Háskólanum á Akureyri og sérstaklega nú í haust. Við lögðum á það sérstaka áherslu ásamt öðrum stjórnarandstöðuþingmönnum að 100 millj. kr. fjárveiting til Háskólans á Akureyri þyrfti að koma til í fjárlögum þessa árs. Það var sú tala sem við lögðum til í breytingartillögu við fjárlagagerð og talan er ekki úr lausu lofti gripin heldur hefur rektor Háskólans á Akureyri sagt að það þurfi allt að 100 millj. til að Háskólinn á Akureyri nái endum saman.

Hv. þingmenn Birkir Jón Jónsson og fleiri, m.a. hv. þm. Halldór Blöndal, sem nú sýna þessu máli áhuga höfðu gullið tækifæri til að sýna það í verki við gerð síðustu fjárlaga að þeir styddu Háskólann á Akureyri og uppbyggingu hans með því að ganga í það með okkur í stjórnarandstöðunni að samþykkja þessa breytingartillögu við fjárlögin upp á 100 millj. kr., upphæðina sem skólinn þarf til að ná endum saman.

Virðulegi forseti. Sú sprenging í nemendafjölgun sem hefur orðið í Háskólanum á Akureyri er mikið fagnaðarefni

og fjölgunin umfram þá meðalfjölgun sem hefur orðið í öðrum skólum eru mjög góðar fregnir. Og við vitum að skipt eftir landsbyggð og höfuðborgarsvæði, eins og fram kom í svari hæstv. ráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um menntunarstig þjóðarinnar, þá er menntunarstig á landsbyggðinni lægra. Þar þarf því sérstakt átak og þar tel ég að Háskólinn á Akureyri gegni lykilhlutverki til framtíðar og það verður að hlúa að honum sem slíkum.

[10:53]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. Kristjáni Möller um að það er margvíslegur vandi hjá Háskólanum á Akureyri og þess vegna er yfirlýsing menntamálaráðherra sem hér kom fram mjög góð og nauðsynlegt að heyra hana, um hið góða samstarf, sem við þingmenn kjördæmisins vissum auðvitað af, við yfirstjórnendur háskólans um það hvernig eigi að leysa vanda Háskólans á Akureyri til framtíðar. Það skiptir auðvitað máli fyrir nemendur Háskólans á Akureyri að heildarplönin liggi fyrir, menn viti hver framtíðarstefnan er og þess vegna skiptir það meginmáli að þessi vinna, sem er grundvallarvinna, fari fram núna.

Við 2. umr. fjárlaga var auðvitað ljóst að rannsóknarhúsið á Akureyri væri háskólanum dýrt. Það komu hins vegar fram mjög margvíslegar tölur um það hvernig þessi vandi væri til kominn og hvernig aðrar stofnanir kæmu undan þessu. Yfirlýsing fjármálaráðherra við fjárlagaumræðu skiptir auðvitað mjög miklu máli, en hann gaf þá yfirlýsingu við 3. umr. fjárlaga að það yrði tekið á þessum vanda. En það þarf auðvitað að liggja fyrir þegar það er gert hver vandinn er.

Það sem skiptir hér meginmáli er að Háskólinn á Akureyri verði áfram sterk stofnun, hún verði alþjóðlega samkeppnishæf stofnun og við heyrum á þeim plönum sem rektor Háskólans á Akureyri kynnti fyrir okkur þingmönnum í haust að þar er greinilega verið að vinna að mjög metnaðarfullum markmiðum og ekkert sem gerir ráð fyrir öðru en við munum sjá þessa stofnun vaxa sem skiptir auðvitað gífurlega miklu máli í byggðaumræðu landsins.

[10:55]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hér hafa verið gefin í þessu máli, það má segja erfiða máli, um leið og ég hvet hæstv. ráðherra til dáða og fagna því sem verið er að gera. Hér kemur fram mikil samstaða þingmanna, samhljómur fyrir því að vinna að þeim vanda sem þarna er þannig að skólinn geti haldið áfram að dafna.

Ég hef átt inni beiðni, virðulegi forseti, um að ræða fjárhagsvanda Háskólans á Akureyri utan dagskrár. En ég vona að ég geti dregið þá umsögn til baka innan skamms. Ég virði þær upplýsingar sem ég hef fengið frá hæstv. menntamálaráðherra um að það þurfi að gefa þessu aðeins meiri tíma, m.a. vegna þess að hún þarf að taka á sig önnur störf af hendi ríkisstjórnar (Gripið fram í.) og ég endurtek það að ég vona að ég geti dregið þá umsögn til baka og að lausn finnist á málum skólans.

Ég vil líka segja það, virðulegi forseti, að ég tel það ákaflega mikilvægt að Háskólinn á Akureyri verði ekki pólitískt bitbein milli flokka og ekki heldur milli stúdenta. Þegar ég segi þetta kann ég því illa og tel að það sé málinu ekki til framdráttar þegar hv. þingmaður kemur í 1. persónu tal um þetta mál eins og við hlustuðum á í Kastljósi.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að ég þakka ráðherra fyrir að hafa upplýst þingið um þessa vinnu og það er gott að það komi fram að þar er unnið að þessu máli og aðalatriðið er að hér er mikill samhljómur og stuðningur við þetta verk og ráðherrann á að hafa það í farteski sínu í umræðum við hæstv. fjármálaráðherra og forsætisráðherra og ríkisstjórnina alla.

[10:57]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég er líka þakklát fyrir þann samhljóm og það veganesti sem ég fæ héðan úr hinu háa Alþingi. En það er alveg ljóst þegar talað er um sprengingu, m.a. í nemendafjölda Háskólans á Akureyri þá þýðir það auðvitað aukin fjárframlög. Þó að menn vilji ekki kannast við þessar tölur þá er það þannig að aukningin hefur verið mun meiri til Háskólans á Akureyri en til annarra skóla.

Gott og vel. Það þarf engu að síður að leysa fjárhagsmálefnin og það ætlum við okkur að gera. Ég hef ítrekað tekið þetta upp í ríkisstjórn og ég tel mig hafa stuðning ríkisstjórnarinnar til að fara í þessi verkefni og leysa þau. En ég vil jafnframt ítreka að það er mikill samhljómur milli mín og háskólarektors. Það er þörf á endurskipulagningu á Háskólanum á Akureyri, burt séð frá hagræðingu og burt séð frá þeim vanda sem steðjar að núna, þá þarf skólinn fyrst og fremst að standast þær kröfur sem við gerum til háskóla núna til að mæta aukinni samkeppni og til að mæta þeim sterku og miklu kröfum sem alþjóðaháskólasamfélagið gerir til háskóla vítt og breitt um heiminn. Ég get fyllilega tekið undir það að Háskólinn á Akureyri er afar þýðingarmikill í byggðalegu sjónarmiði. Hann er það og margir hafa talað um að hann sé á við stóriðju. Ég tek heils hugar undir það.

Þá vil ég líka brýna menn í þá veru að við verðum að gera ríkar kröfur til háskólans hvað varðar rekstur og gæði. Þar er samhljómur milli mín og háskólarektors. Hvers vegna er það? Það er til þess að Háskólinn á Akureyri verði háskóli í fremstu röð og þannig og þess vegna erum við að vinna að því að lausnin verði til frambúðar, ekki plástursmeðferð eins og ég leyfi mér að segja aftur, heldur til frambúðar þannig að Háskólinn á Akureyri geti haldið áfram að byggjast upp og verið í fremstu röð.

Umræður utan dagskrár.

Skólamáltíðir.

[10:59]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Skólamáltíðir hafa verið töluvert í umræðunni í vetur og ekki að ástæðulausu. Þjóðir hins vestræna heims standa nú frammi fyrir nýrri heilbrigðisvá, svokölluðum lífsstílssjúkdómum, sem á eftir að kosta líf og

heilsu milljóna manna auk mikils kostnaðar, sérstaklega í heilbrigðisþjónustunni.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur samþykkt áætlun um aðgerðir til að snúa þessari þróun við. Aðgerðirnar ná til margra þátta sem saman geta leitt til betra mataræðis og hreyfingar og m.a. námsárangurs.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að mataræði og matarvenjur á unga aldri hafa áhrif allt lífið. Því eru skólamáltíðir allt frá leikskóla og upp í framhaldsskóla mikilvægur þáttur í því að móta einstaklinginn og stuðla að hollari lífsstíl. Börn sem borða holla og góða skólamáltíð eru úthaldsmeiri, hafa betri einbeitingu í tímum og eru rólegri. Skólabragurinn verður því allur annar þar sem börnum og unglingum líður betur, þar er betra kennsluumhverfi og minna ber á óæskilegri hegðun, svo sem einelti.

Þetta er þáttur sem nágrannaþjóðir okkar hafa tekið inn í menntastefnu sína eða eru nú að vinna markvisst að. Fremstir standa Finnar, sem hafa boðið upp á ókeypis skólamáltíðir allt frá árinu 1948, og Svíar, sem tóku upp ókeypis skólamáltíðir síðar. Til reynslu þessara þjóða er nú horft við mótun heildstæðrar mennta- og uppeldisstefnu, m.a. í Noregi. Norðmenn vinna núna markvisst að því að kynna sér árangur Finna og unnið er að þessu máli bæði á norska þinginu og í norska menntamálaráðuneytinu.

Inn í þessa heildarmynd þarf að taka allt skólasviðið, allt frá leikskólum og upp í framhaldsskóla. Hér á landi bjóða flestir leikskólar upp á gott fæði en tekið er gjald bæði fyrir kennslu og fæði, mismunandi eftir sveitarfélögum eins og fram kom í þættinum Kastljósi í gærkvöldi. Nokkur sveitarfélög eru að endurskoða gjaldskrána og stefna jafnvel á gjaldlausa leikskóla. Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er alveg skýr í þessu máli, samanber þingsályktunartillögu um gjaldfrjálsan leikskóla sem liggur fyrir þinginu.

Eftir einsetningu grunnskólanna urðu sveitarfélögin að bregðast við breyttum aðstæðum fjölskyldna og bjóða nú flest upp á skólamáltíðir. Þær eru mjög mismunandi eftir skólum, bæði að innihaldi, hvernig þær eru bornar fram, tímalengd hádegishlésins og síðast en ekki síst hve mikið skólarnir leggja upp úr því að umhverfið sé vistlegt og rólegt eða hvaða möguleika þeir hafa á því að bjóða upp á heimilislegt umhverfi. Skólamáltíðirnar eru einnig misdýrar eins og fram kom í Kastljóssþættinum í gærkvöldi.

Gjald fyrir mataráskrift í grunnskólunum er frá tæpum 4 þús. kr. upp í 6 þús. kr. Nýting mataráskrifta var síðast könnuð í Reykjavík veturinn 2003–2004 en þá nýttu að jafnaði tæp 70% nemenda sér hádegismatinn í skólunum. Hvers vegna var þátttakan ekki meiri? Fóru nemendur heim í hádeginu eða út í sjoppu eða borðuðu bara ekki neitt eða höfðu foreldrarnir ekki efni á því að kaupa mataráskrift? Hér þarf að kanna betur hvernig staðið er að skólamáltíðunum og hvers vegna nemendur nýta sér þær ekki.

Framhaldsskólanemar þurfa ekki síður á staðgóðum hádegisverði að halda. Mikið vantar upp á að nemendur allra framhaldsskóla geti snætt næringarríkan mat á skólatíma. Nemendaráðin eru dugleg að halda uppi sölu í skólunum en það getur aldrei verið góður málsverður. Matmálstímar verða að vera eðlilegur þáttur í skólastarfinu allt frá leikskólunum og upp í framhaldsskólana. Safna þarf upplýsingum, það þarf að kortleggja og meta þjóðfélagsleg áhrif skólamáltíðanna, þ.e. að kanna markvisst hvaða áhrif skólamáltíðirnar hafa haft í Finnlandi og Svíþjóð.

Því vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort verið sé að skoða þessa hlið menntastefnunnar, þ.e. heildstæða sýn að betri námsárangri, betri líðan nemenda og minni kostnað innan skóla- og heilbrigðiskerfisins með ókeypis skólamáltíðum.

[11:04]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það má segja að núverandi og síðustu ríkisstjórnir hafi eðlilega verið leiðandi í lagagerð og lagasetningu í því lagaumhverfi sem nú er í gildi. Það hefur mikil þróun átt sér stað á umhverfi skóla á öllum stigum og í samræmi við samstarfssamning Kennarasambands Íslands og menntamálaráðherra stendur fyrir dyrum núna að endurskoða öll lögin í skólakerfinu, þ.e.. leik-, grunn- og framhaldsskólum, og umræðan um skólamáltíðirnar mun að öllum líkindum koma upp í þeirri vinnu og þess vegna fagna ég þessari umræðu.

Í núgildandi löggjöf um leikskóla og grunnskóla er stefnan skýr. Í leikskóla skal m.a. vera meginmarkmið að veita börnum hollt uppeldisumhverfi, efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega. Í grunnskóla skal leitast við að haga störfum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Að auki er í 4. gr. laga um grunnskóla kveðið á um að nemendur eigi kost á málsverði á skólatíma. Það eru ekki nein sérstök áform um að skýra þessi ákvæði nánar hvað varðar gjaldfrelsi, enda er rekstur leikskóla og grunnskóla á forræði sveitarfélaganna og þeirra er að ákveða hvernig haga beri þjónustu við börn og foreldra varðandi skólamáltíðir eða aðra þætti í þjónustu skóla og við sáum það m.a. í Kastljósinu í gær að sveitarfélögin nálgast þetta viðfangsefni mjög misjafnlega.

Umræðan undanfarið um skólamáltíðir í grunnskólum Reykjavíkur hefur leitt í ljós að aðeins 70% barna velja að kaupa mat í mötuneytum skólanna. Umræða hefur því vaknað hvort þau börn sem ekki velja að kaupa mat í skólunum geri það vegna gjalda sem tekin eru fyrir matinn. Ég vil geta þess að Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, segir að hann fái þær upplýsingar í grunnskólum borgarinnar að það sé ekki efnahagur fólks sem geri það að verkum að börn nýti sér ekki skólamáltíðir í skólum. Hann benti m.a. á í þessari umræðu að yngri börn noti skólamáltíðirnar miklu frekar en unglingarnir. Þau hafi alist upp við það en þau sem eldri eru hafi ekki lært að tileinka sér að fá að borða í skólanum, auk þess sem ýmislegt annað komi til, eins og sérviska, matarofnæmi o.fl. Þegar viðtalið við Stefán Jón er lesið kemur í ljós að hlutfallið er dálítið misjafnt eftir skólum í Reykjavík og að honum sýnist að eftir því sem skólar hafi lengur boðið upp á þjónustuna sé hlutfallið mun betra. Til dæmis eru 95% nemenda í Fossvogsskóla í mataráskrift en sá skóli er frá 1. bekk upp í 7. bekk. Þetta tel ég vera fróðlegar upplýsingar frá formanni menntamálaráðs Reykjavíkurborgar. En þarna eru

einnig vísbendingar sem gefa sterklega til kynna að þegar börn eldast sé sjálfstæði þeirra farið að hafa meiri áhrif á val á málsverði. Þetta á svo líklega enn meira við ef við lítum til framhaldsskólans.

Ég tel, frú forseti, að mikilvægasti þátturinn í þessari umræðu snúi að hollustu og gæðum skólamáltíða. Hollustan á að vera leiðarljósið þegar ákveða skal mataræði í skólum. Mikil vakning hefur orðið um bætta hollustu í mataræði hjá börnum. Grunnskólarnir hafa tekið verulega á í þessum málum og komin eru mötuneyti þar sem passað er upp á að börnin fái hollan mat. Margir leikskólar hafa jafnvel tekið upp á að bjóða aðeins upp á lífrænt ræktaðan mat.

Í framhaldsskólunum er skipulag matarmála með ýmsum hætti. Það eru ekki til nein sérstök lagaákvæði um útfærsluna, sem er alfarið í höndum skólanna sjálfra og án afskipta ráðuneytisins. Flestir skólar bjóða upp á mötuneyti sem nemendur hafa val um að kaupa mat í. Aðrir skólar bjóða upp á einhvers konar matsölu eða svokallaðar sjoppur. Hins vegar liggur ekki fyrir heildaryfirlit um stöðu þessara mála en full ástæða er til að kanna hver staðan er í grunnskólum og framhaldsskólum, og tek ég undir með hv. þingmanni hvað það varðar, til að fá yfirlit yfir hvers konar matur er á boðstólum þar fyrir nemendur og hvernig þeir síðan nýta sér það framboð skólanna, því að það er með afar misjöfnum hætti og liggur við eins misjöfnum hætti og einstaklingarnir eru margir.

Sem menntamálaráðherra hef ég ekki í hyggju að beita mér fyrir því að kostnaður við mat í framhaldsskólum verði niðurgreiddur. Það gæti til að mynda skapað mikla samkeppnisstöðu við fyrirtæki sem bjóða úrval af mat fyrir nemendur, sem hafa mjög ólíkan smekk. Sú stefna er við lýði að framhaldsskólarnir séu sem sjálfstæðastir, forsvarsmenn framhaldsskólanna hafa lagt ríka áherslu á það, og í þessum málum líka, að ég tel. Það er forráðamanna skólanna, í samvinnu við nemendafélögin og foreldrana, að taka sjálfstæða ákvörðun um hvernig skóla þeir vilji móta innan sinna raða þannig að það verði ekki miðstýrð tilskipun úr ráðuneytinu um hvað má og hvað má ekki.

[11:09]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér fer fram og tel hana afar brýna. Ég tel líka brýnt að úr þessum sal komi skýr skilaboð frá okkur um að við viljum sjá hollar og góðar matarvenjur í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum

Það sem ég vil aðallega koma inn á er að fara þarf almennt í gegnum það, bæði í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, hver kostnaðurinn er sem leggst á fjölskyldur vegna skólagöngunnar. Þarna á ég við, eins og fram kom í hinni góðu úttekt Kastljóssins í gær, að það þarf ekki síður að skoða þann kostnað sem leggst á fjölskyldur vegna dagvistarúrræða og dagvistunar eftir hádegi í grunnskólum landsins. Þegar allt er tekið saman, maturinn, dagvistunin og auk þess líka bókakostnaður og annað, eru þetta orðnar töluverðar fjárhæðir fyrir fjölskyldur í landinu, ég tala ekki um þær fjölskyldur sem eru með fleiri en eitt barn í skóla. Það kom meira að segja fram í Kastljóssþættinum í gær að fjölskylda með eitt fjögurra ára barn og eitt sjö ára barn sem nýtir sér hluta af þessari þjónustu greiðir allt upp í 470 þúsund á ári. Þetta eru miklar upphæðir, virðulegi forseti, og því tel ég mikilvægt að þetta verði skoðað í samhengi vegna þess að kostnaðurinn sem leggst á fjölskyldur er mismunandi eftir aldursskeiðum barnanna. Það er einnig mismunandi milli sveitarfélaga hversu stór þáttur skólamáltíðirnar eru í þessum kostnaði. Því skora ég á ráðherra að gera úttekt á þessum málum almennt og á hvaða fjölskyldum og hvaða fjölskylduformi þessi gríðarlegi kostnaður kemur verst niður. Ég tel mikilvægt að það verði dregið fram.

[11:12]

Eygló Harðardóttir:

Frú forseti. Það er margt merkilegt rætt á hinu virðulega Alþingi. Fyrir liggur að skólamáltíðir eru mikilvægar og að reglulegar og hollar máltíðir skipta miklu fyrir velferð barna. Vilji Alþingis hvað varðar skólamáltíðir hefur verið alveg skýr og nægir að benda t.d. á þingsályktun um manneldis- og neyslustefnu frá 1989 þar sem tilgreint er að börn eigi rétt á málsverði á skólatíma. Hæstv. menntamálaráðherra minntist líka á grunnskólalögin frá 1995 sem eru nánast samhljóða þessari setningu. Enda hafa orðið miklar breytingar á skólamáltíðum síðan ég var í grunnskóla fyrir 15–20 árum, í raun má segja að gjörbylting hafi orðið. Þá var ekki óalgengt að hádegismatur minn og samnemenda minna væri hvítt formbrauð og við pössuðum okkur á að borða bara innan úr því. Nú þykir sjálfsögð krafa að nemendur eigi kost á hollum mat í hádeginu, grænmeti og ávöxtum ásamt góðri, íslenskri mjólk, léttmjólk, og köldu vatni í nestistímanum.

Þessar miklu breytingar hafa ekki síst orðið frá því að sveitarfélögin tóku við rekstri skólanna. Skólamáltíðir í grunnskólum eru nefnilega málefni sveitarfélaganna. Reykjavíkurborg, Árborg, Hornafjörður, Grundarfjörður og Siglufjörður eru dæmi um nokkur sveitarfélög sem bjóða upp á heitar máltíðir í skólum sínum á meðan önnur sveitarfélög eru komin styttra á leið.

Að mínu mati verða sveitarfélög að fá tíma og ráðrúm til að þróa og byggja sjálf upp þessa þjónustu hjá sér, á sínum hraða og miðað við það fjármagn sem þau hafa til ráðstöfunar. Því getur hið virðulega Alþingi, að mínu mati, ekki gert meiri kröfur til sveitarfélaganna án þess að með fylgi aukin fjárframlög frá ríkinu. Samkvæmt yfirlýsingum stjórnarandstæðinga um ríkisfjármál í gær tel ég alveg ljóst að vilji þeirra stendur ekki til frekari fjárútláta á vegum ríkissjóðs á næstunni.

[11:14]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Skólamáltíðir eru tiltölulega nýtt fyrirbæri hér á landi þó að þær hafi viðgengist um áratuga skeið í flestum nágrannalöndum okkar.

Sveitarfélögin tóku við grunnskólanum árið 1996, fyrir tæpum tíu árum. Þá var fyrirsjáanlegt að leggja þyrfti í mikinn kostnað í skólabyggingum vegna þessara skólamáltíða sem teknar mundu verða upp, en ég reikna ekki með að menn hafi þá séð fyrir eða áttað sig á hversu mikill kostnaður fylgir þessu fyrir barnafjölskyldur. Það hefur líka ýmislegt breyst frá þessum tíma, skólatíminn hefur lengst og

því þarf að mæta, þjóðfélagsgerðin er önnur og skólarnir gegna því auknu hlutverki langt fram eftir degi miðað við það sem áður var.

Þessar skólamáltíðir, sem mjög gott er að eru að komast á, eru mjög þungur baggi á barnafjölskyldum. Ég heyrði í skólastjóra í stórum skóla á landsbyggðinni þar sem skólamáltíðir eru komnar á. Það var tvennt sem hann sagði mér. Annars vegar að hann ætti sjálfur þrjú börn í skóla og þyrfti að borga með þeim hátt í 20 þús. kr. á mánuði, þó er búið að niðurgreiða þessar máltíðir af sveitarfélaginu. Hitt sem hann sagði mér og vakti athygli mína var það að þó nokkuð væri um brottfall, eins og hann nefndi það, frá því að nemendur tækju við þessu tilboði. Hann gerði sér ekki grein fyrir hvort það var vegna fjárhags foreldra eða af öðrum ástæðum. Það hefur komið fram í athugun í Reykjavík að það er ekki endilega vegna fjárhags foreldra en ég held samt sem áður að heimili sem eru með þrjú, fjögur börn í leikskóla og grunnskóla, muni verulega um þessar upphæðir.

Ég fagna því að endurskoðun á lögum um skóla á Íslandi er fram undan. Ég tel að þá þurfi að mæta þessu með því að opinber stefna verði mótuð og síðan verði samskipti ríkis og sveitarfélaga í kostnaði eftir þeim reglum sem um það munu gilda.

[11:16]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Þetta er afar þörf og mikilvæg umræða sem hér fer fram í þinginu um skólamáltíðir. Það var ánægjulegt þegar Svandís Svavarsdóttir, sem verður vonandi næsti borgarstjóri Reykvíkinga, kom fram með hugmyndir um ókeypis skólamáltíðir. Þetta er eitt af grundvallaratriðunum í skólastefnu okkar og ásamt gjaldfrjálsum leikskóla er þetta eitt af grundvallaratriðum í stefnuskrá Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs.

Hv. þm. Þuríður Backman fór ágætlega yfir þær upplýsingar sem komu fram í Kastljósinu í gærkvöldi um þann kostnað sem fjölskyldur bera, ekki aðeins af skólamáltíðunum, heldur einnig af leikskólunum. Skólastjóri Fellaskóla er einn þeirra sem hafa sagt að gera megi ráð fyrir að efnaleysi sé ástæðan fyrir því að margar fjölskyldur láti ekki börn sín taka þátt í skólamáltíðum.

Ég þekki sjálfur fjölskyldur sem eru svona staddar. Auk þess eru dæmi um að börnum sé skipt í skólunum, að þau sem eru með nesti að heiman sitji annars staðar en þau sem borða heitan mat í skólanum. Það er óskiljanlegt að þetta þurfi að vera svona en með ókeypis skólamáltíðum getum við útrýmt slíku. Auðvitað á það að vera hlutverk ríkisins að hjálpa sveitarfélögunum til að þetta geti komist í framkvæmd. Ég vil einnig minna á að Jón Bjarnason, hv. þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, hefur réttilega bent á að farið er að flytja mat yfir hálft landið sem síðan er hitaður upp í mötuneytum skólanna, vegna þess að verið er að einkavæða skólamötuneytin. Verið er að hagræða og spara og því eru stórfyrirtæki að útbúa máltíðir sem við getum nú ímyndað okkur að eru ekki eins hollar (Forseti hringir.) og góðar og þær ættu að vera. En það á að vera höfuðkrafan, hollar, góðar og ókeypis (Forseti hringir.) máltíðir.

(**Forseti** (SP): Forseti biður hv. þingmenn um að virða ræðutíma hér samkvæmt þingsköpum.)

[11:18]

Sigurrós Þorgrímsdóttir:

Virðulegi forseti. Til umræðu eru skólamáltíðir og fagna ég því. Þegar grunnskólarnir voru fluttir til sveitarfélaganna árið 1996 var í kjölfarið farið að einsetja þá. Samhliða einsetningu skólanna urðu töluverðar breytingar hjá nemendum, kennurum og öðru starfsliði. Nemendur eru núna í skólanum frá klukkan átta á morgnana og til klukkan tvö til þrjú á daginn eða lengur og því er mjög mikilvægt að þau fái hollan og næringarríkan mat.

Í Morgunblaðinu í byrjun febrúar sl. var sagt frá því á forsíðu að þriðjungur grunnskólanema í Reykjavík fengju ekki heitan mat í hádeginu. Í því sveitarfélagi sem ég þekki best til var strax samhliða einsetningunni farið að bjóða yngri börnum mat í hádeginu. Sú þjónusta mæltist mjög vel fyrir og nú er öllum grunnskólanemendum, leikskólabörnum og jafnvel nemendum í Menntaskólanum í Kópavogi boðið upp á heitar máltíðir í hádeginu og veit ég til þess að svo er hjá mörgum öðrum sveitarfélögum. Reynt er að halda kostnaði foreldra í algjöru lágmarki svo allir geti notið þessarar þjónustu og keypt skólamáltíðir fyrir börn sín, en hver máltíð kostar um 230 kr. Hver skóli birtir matseðil á netinu þar sem jafnframt er hægt að panta mat og greiða fyrir hann. Í öllum skólum er kappkostað við að bjóða upp á hollan og næringarríkan mat, flesta daga er boðið upp á ávexti í eftirrétt. Mjög margir foreldrar yngstu grunnskólanema nýta sér þessa þjónustu og borða langflestir yngri nema í Kópavogi í mötuneyti skólanna en aftur á móti mun færri nemendur í unglingadeildum. Sveitarsjóður stendur undir öllum stofnkostnaði og greiðir laun starfsmanna í eldhúsi. Upphaflega var stefnt að því að foreldrar greiddu fyrir hráefnið en í mörgum tilfellum er maturinn einnig niðurgreiddur. Ég tel mjög mikilvægt að þetta sé eflt og hugað sé að þessu í framtíðinni og við gerum það að skyldu að börnin reyni að borða í skólum.

[11:21]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það eru margar hliðar á skólastarfinu, skólamáltíðir eru að sjálfsögðu hluti þess. Rétt er að vekja athygli á því sem fram hefur komið í umræðunni að þar hefur orðið gífurleg breyting á undanförnum árum. Það hefur aukist mjög að boðið sé upp á skólamáltíðir og sú breyting hefur fyrst og fremst orðið eftir að sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskólans. Það er enn eitt dæmi þess og sannar það hversu mikilvægt það skref var að færa grunnskólana yfir til sveitarfélaganna vegna þess að nú nálgumst við það göfuga markmið að gera þá að heilsdagsskóla. Vonandi styttist í það að við getum líka tengt tómstundastarfið skólunum þannig að nemendur geti farið í skólann á morgnana, líkt og foreldrar til vinnu, og komið síðan heim til sín á svipuðum tíma og séu þá búnir að ljúka bæði skólanámi og tómstundaiðju þannig að fjölskyldan fái betri tíma fyrir sig.

Það vekur að sjálfsögðu upp þá hugsun hver staða barnafjölskyldna sé í samfélaginu. Bent hefur verið á það í umræðunni að auðvitað sé um töluverðan kostnað að ræða

sem verður við þessa auknu þjónustu. Það er því eðlilegt að skoða sérstaklega stöðu barnafjölskyldnanna þegar þjónustan vex á þennan hátt. En þetta þarf auðvitað að skoða heildstætt svo það sé tryggt að það gerist aldrei að efnahagur fólks ráði því hvort þessi þjónusta er notuð eða ekki. Þess vegna er eðlilegt að taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Þuríði Backman, og hæstv. ráðherra tók undir, að mál þetta verði kannað sérstaklega. Ég tel mjög mikilvægt að það sé tryggt að efnahagur fólks komi aldrei í veg fyrir að slík þjónusta sé notuð, því það er líka svo að þetta mótar að sjálfsögðu matarvenjur fólks til framtíðar og skiptir því máli. Ég er sannfærður um að þegar þetta hefur þróast í nokkur ár verður það krafa nemenda í hverjum einasta framhaldsskóla að geta gengið að sambærilegri þjónustu og við sjáum nú í leik- og grunnskólum.

[11:23]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Staðan hvað varðar skólamáltíðir er almennt sæmilega góð að mínu mati. Það hefur breyst mjög til batnaðar og ég tengi það því að grunnskólinn færðist yfir til sveitarfélaganna og þau hafa sýnt vissulega metnað í að bæta skólamáltíðir. Við heyrðum hvað hv. þm. Eygló Harðardóttir sagði, þegar hún var lítil þá var maturinn ekki mjög hollur sem krakkarnir voru að borða í skólanum. Að mínu mati hefur þetta batnað. Það borða ekki öll börn skólamáltíðir í dag. Yngstu börnin eru duglegust að nýta sér þjónustuna en síður þau sem eldri eru og það er sérstakt rannsóknarefni. Samkvæmt upplýsingum Heimilis og skóla kostar hver máltíð frá 185–333 kr. Það er mjög vandséð hvernig heimilin sjálf gætu boðið upp á ódýrari mat. Maturinn er nú þegar niðurgreiddur að verulegu leyti hjá langflestum.

Hins vegar er það þróunin sem maður veltir fyrir sér. Það er að aukast að börn borði í skólum en er maturinn nógu hollur? Maður hefur vissar efasemdir um það. Sums staðar er boðið upp á mjög hollan mat og góðan, en manni er sagt að annars staðar sé hann síður hollur. Það sé mikið um svokallaða nagga, feitan mat o.s.frv. Fyrir stuttu voru þættir í sjónvarpinu þar sem sýnt var þegar Jamie Oliver, súperkokkur frá Bretlandi, fór í skóla og aðstoðaði bresk stjórnvöld við að bæta mataræðið í skólunum. Þar kom í ljós að verið var að bjóða upp á í skólamötuneytum þjappaða fitu með beinamjöli og ég veit ekki hvað. Þetta var ekki mjög glæsilegur matur. Það var mikið átak að breyta þessu en það kom í ljós að þar sem hægt var að snúa af þessari þróun þar batnaði allt skólastarf. Lyfjagjöf var minni, færri sjúkdómar og börnin voru rólegri o.s.frv. Það er því eftir miklu að slægjast. Ég styð það heils hugar að sveitarfélögin sýni áfram metnað í þessum efnum og reyni að bæta sig í skólamáltíðum. En þetta er verkefni sveitarfélaganna.

[11:25]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin sem ég var nú ekki fyllilega ánægð með að öllu leyti, nema það að ég er mjög ánægð með að endurskoða eigi lögin um leik-, grunn- og framhaldsskóla ef við sjáum þar einhverja heildarsýn og að skólamáltíðir verði teknar þar inn. Það finnst mér mjög mikilvægt. Það er á ábyrgð menntamálaráðherra m.a. að stuðla að því börn fái holla og góða máltíð í skólunum. Það er orðinn heilsdags vinnudagur hjá börnum frá leikskóla og upp í framhaldsskóla. Við erum að berjast við offituvandamál hjá börnum. Við horfum fram á að í nánustu framtíð muni verða hér mikill kostnaður af lífsstílssjúkdómum, sem m.a. Bretar hafa orðið fyrir, fyrr en við, en hafa tekið á í sínum skólum með því að breyta skólamáltíðunum. Þetta er hægt.

Það er ekki að ástæðulausu að Norðmenn líta til Finnlands og Svíþjóðar því að þeir taka fyrirmæli eða ábendingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar alvarlega. Þeir sjá fram á að ef ekki verður brugðist við á öllum sviðum, ekki bara í heilbrigðisgeiranum heldur á öllum sviðum, muni þeir eins og aðrar þjóðir standa frammi fyrir miklum kostnaði á komandi árum. Við getum gripið inn í. Sá kostnaður sem hið opinbera leggur út skilar sér margfalt til baka. Vissulega eru leikskólarnir og grunnskólarnir á ábyrgð sveitarfélaganna en það er hægt að gera eins og í Finnlandi, að tryggja sveitarfélögunum tekjustofna til að standa undir þessum kostnaði. Skólarnir geta verið sjálfstæðir, sveitarfélögin geta verið sjálfstæð og það er hægt að gera þetta með mismunandi hætti en börnin eiga skilyrðislaust að fá góðan mat. Börn þurfa ekki kostnaðarvitund (Forseti hringir.) en þau þurfa hollar skólamáltíðir óháð efnahag foreldra. Allt of mörg þeirra (Forseti hringir.) þurfa að líða fyrir að missa af mörgu, bæði í félagslífi og tómstundum jafnaldranna vegna bágs efnahags foreldra, skólamáltíðir þurfa ekki að bætast við það.

[11:28]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil geta þess að menntamálaráðuneytið hefur veitt ýmsa styrki til aðgerða til að bæta hollustu og hreyfingu í grunnskólum, t.d. með verkefninu „Heilsuefling í skólum" fyrir nokkru og einnig með stuðningi annarra, eins og t.d. í gegnum Latabæ sem er með þjóðarátak gegn hreyfingarleysi og offitu barna. Ég vil einnig geta þess að núna liggja á borðinu hjá mér drög að íþróttastefnu sem felur í sér hvatningu til alls samfélagsins um að íþróttavæðast, hreyfa sig og vekja fólk til vitundar um að borða hollan og góðan mat.

Það er líka ljóst að í aðalnámskrá, sem ráðuneytið setur leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, er lögð áhersla á heilbrigða og holla lífshætti. Á öllum skólastigum er námsgreinin lífsleikni líka kjörinn vettvangur til að fjalla um slík mál. Rétt er að taka fram að heimilisfræði er skyldunámsgrein á grunnskólastigi og þar er m.a. lögð áhersla á að nemendur læri að útbúa holla og næringarríka rétti, læri um næringarfræði, heilbrigði, hollustu og neytendafræði. Það smitar vonandi síðan út í neysluna sjálfa þannig að nemendur átti sig á að best er að borða hollan og góðan mat. Ég vil líka geta þess til gamans að á framhaldsskólastigi er matreiðsla víðast hvar mjög vinsæl valgrein í almennum framhaldsskólum. Þetta dreg ég fram m.a. til að sýna fram á að vekja þarf fólk til vitundar um, bæði börn og foreldra, að það skiptir máli að borða hollan og góðan mat og það þarf líka að hafa aðgang að hollum og góðum mat. En það var athyglisvert sem kom hér fram í umræðunni að

skólamáltíðirnar eru nokkuð misjafnar. Ég tel hins vegar vera samhljóm héðan af Alþingi að við viljum hvetja allt skólakerfið, leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, að bjóða upp á og hafa aðgang að hollum og góðum mat. Við erum kannski ekki sammála um aðferðirnar til að ná því en samhljómurinn er engu að síður sá að við viljum hvetja samfélagið allt til að borða hollan og góðan mat, hvort sem það er í skólakerfinu eða annars staðar.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 297. mál. — Þskj. 318.

[11:30]

Flm. (Halldór Blöndal):

Frú forseti. Þessi tillögugrein orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla samstarf Vestur-Norðurlanda um ýmis markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu."

Ályktuninni fylgir svohljóðandi greinargerð:

„Tillaga þessi var lögð var fram á 131. löggjafarþingi en varð þá eigi tekin á dagskrá. Tillagan er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 2/2004 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 20.–24. ágúst 2004."

Ályktunin var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Vestnorræna ráðið mælist til þess að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands beiti sér fyrir aðgerðum sem hafi þann tilgang að efla samstarf Vestur-Norðurlanda varðandi ýmis úrlausnarefni í tengslum við stefnu í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu. Ekkert Vestur-Norðurlanda er aðili að Evrópusambandinu. Löndin eru þó öll tengd sambandinu: Grænland fyrir tilstilli fyrirkomulags Evrópusambandsins um lögsögur handan hafsins, Ísland með aðild að EES-samningnum og Færeyjar með viðskiptasamningi við sambandið. Sögulega hafa Vestur-Norðurlönd verið háð fiskútflutningi og svo er enn. Löndin hafa í dag enga sameiginlega stefnu gagnvart Evrópusambandinu á sviði fiskveiðimála. Vestur-Norðurlönd verða í þessu samhengi að leitast við að setja fram sameiginleg viðhorf í fiskveiðimálum sem setja má fram í sameiningu gagnvart framkvæmdastjórninni. Með því að setja fram sameiginleg sjónarmið á sviði fiskveiðimála er hugsanlegt að Vestur-Norðurlönd geti aukið líkur á að hafa áhrif innan Evrópusambandsins. Að öðrum kosti sjá Vestur-Norðurlönd líklega fram á það að sjónarmið þeirra á sviði fiskveiðimála verði undir og framsæknari óskir Evrópusambandsins og þarfir þess að tryggja samevrópskri stefnu í fiskveiðimálum viðgang ráði för. Horfast verður í augu við það að þær ákvarðanir sem teknar eru í Evrópusambandinu varðandi fiskveiðar hafa víðtækar afleiðingar fyrir Vestur-Norðurlönd. Einnig er mikilvægt að Evrópusambandið viðurkenni verðmæti og möguleika þeirrar sérstöku vitneskju um sjávarútveg sem er að finna á Vestur-Norðurlöndum. Hvað varðar stefnu í fiskveiðimálum og útflutning fiskafurða hafa Vestur-Norðurlönd og Evrópusambandið margt að bjóða hvert öðru. Vestur-Norðurlönd eiga þess vegna í sameiningu að leitast við að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru innan Evrópusambandsins og skipta máli varðandi sjávarútveg á Vestur-Norðurlöndum til hagsbóta fyrir lönd okkar og viðgang og afkomu fiskveiða okkar. Með því að standa saman og eftir því sem unnt er að tala einni röddu gætu Vestur-Norðurlönd náð fram markmiðum sínum og óskum varðandi stefnu í fiskveiðimálum."

Ég sé, frú forseti, ekki ástæðu til að fjölyrða um greinargerðina sem tillögunni fylgir. Ég hef tekið þetta mál upp við hæstv. sjávarútvegsráðherra og legg til að málinu verði vísað til síðari umræðu og utanríkisnefndar.

[11:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi þingsályktunartillaga, sem hv. þm. Halldór Blöndal mælti fyrir, er að mörgu leyti afskaplega góð og framsýn. Þar er lagt til að vestnorrænu löndin taki upp sérstakt samstarf um fiskveiðistjórnarmál til þess m.a. að geta haft sterkari stöðu gagnvart Evrópusambandinu í samningum. Mig langar að spyrja hv. þm. Halldór Blöndal hvort hann telji ekki æskilegt að þessi lönd kæmu sér saman upp sérstöku fiskverndarsvæði í Norður-Atlantshafi sem þau hefðu sameiginlega stjórn á og gætu þar með hjálpað hvert öðru að verjast ásælni annarra ríkja. Ríkin eru skyld að verulegu leyti. Þau liggja saman á hnattkringlunni. Þau eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta og eiga það öll sameiginlegt að hafa komist á legg á grundvelli þróttmikils sjávarútvegs. Þetta þarf að verja og ég er sjálfur þeirrar skoðunar að sú hugmynd að koma upp sameiginlegri stjórn á þessum svæðum, sem væru þá töluvert yfirgripsmikil, gæti leitt til þess að samningsstaða okkar gagnvart Evrópusambandinu yrði sterkari en ella og sömuleiðis möguleikar okkar á að verja þessa hagsmuni. Við höfum auðvitað töluvert mikið samstarf nú þegar en um þetta vildi ég spyrja hv. flutningsmann.

[11:35]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég hygg að hv. þingmanni sé kunnugt þá er þegar víðtækt samstarf milli þessara þjóða varðandi nýtingu auðlinda hafsins og ég hef skilið það svo og veit ekki betur en sá áhugi sé vaxandi hjá öllum þjóðunum. Ég tek undir með hv. þingmanni að nauðsynlegt er að efla samstarf þeirra á þessu sviði.

[11:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Halldóri Blöndal þetta svar. Ég tel að ef slíkt stjórnsvæði yrði tekið upp, eins og ég hef hér verið að reifa og hv. þm. Halldór Blöndal er mér sammála um, væri miklu auðveldara fyrir Ísland að ganga í Evrópusambandið án þess að nokkur hætta væri á því að tapa einhverju af stjórn fiskveiðanna.

Ef Ísland gengi í Evrópusambandið í dag tel ég að það mundi ekki leiða til nokkurs slaka af okkar hálfu, við mundum engu tapa. Aðalsamningamaður Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum, sá sem mótaði núverandi sjávarút-

vegsstefnu þess, Klaus Grubbe, hefur sjálfur sagt í samtali við Evrópunefnd á formlegum fundi að hann teldi að aflaheimildir Íslendinga gætu hugsanlega aukist. Eftir stendur samt sem áður að ef við gengjum í Evrópusambandið, og þó við réðum öllu eftir sem áður, mundi yfirstjórn ákvörðunar um heildarkvóta á Íslandsmiðum formlega færast til Brussel. Það er erfitt fyrir marga að sætta sig við það. Þess vegna hefur þessi hugmynd verið sett fram, fyrst af núverandi hæstv. forsætisráðherra og undir hana tekið af Samfylkingunni m.a., að sett verði sérstakt fiskveiðistjórnsvæði á norðurslóðum og þau lönd sem undir það falli hafi algerlega stjórn á sínum fiskveiðum. Í krafti grenndarreglunnar innan ESB er þetta kleift.

Hv. þingmaður kann að vera mér ósammála um að þetta gangi samkvæmt Evrópusambandinu en ég vísa til þess að forsætisráðherra Svía, Göran Persson, hefur ekki bara munnlega lýst stuðningi við þetta heldur líka skrifað undir plagg þar sem hann telur að þetta muni ganga. Þess vegna fagna ég því að hv. þm. Halldór Blöndal skuli með þessum hætti stuðla að því að Ísland geti gengið í Evrópusambandið og um leið varið fiskveiðihagsmuni sína.

[11:38]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil það raunar svo að þessi ályktun vestnorræna ráðsins hafi verið samþykkt af því að engin þessara þriggja þjóða sá það fyrir eða hugsaði sér að ganga í Evrópusambandið í náinni framtíð þannig að hv. þingmaður snýr þessu alveg á haus.

En hitt þykir mér verra ef svo er komið fyrir hv. þingmanni að hann metur mál, hvort þau eru góð eða ill, eftir því hvort hann telur líklegt að þau stuðli að því að við getum ekki lengur verið sjálfstæð þjóð. Það þykir mér verra ef hans mat er það að þá sé það mál betra ef það ýtir undir það að við getum ekki haldið áfram að vera á okkar róli utan við Evrópusambandið. Mælistokkur minn á gott og illt er ekki sá, hvort það kemur vel eða illa við Evrópusambandið.

[11:39]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég fagna þessari tillögu til þingsályktunar um samstarf Vestur-Norðurlandanna um markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu. Ég held að það sé afar mikilvægt fyrir þessar þrjár þjóðir að þær komi saman og tali með einni röddu gagnvart Evrópusambandinu. Ég held einmitt að þetta samstarf og kröfur okkar geti nýst okkur til að halda okkur utan við Evrópusambandið sem lengst.

Þessar þjóðir byggja afkomu sína að verulegu leyti á útflutningi sjávarafurða og svo mun verða áfram í ókominni framtíð þó að það sé að einhverju leyti að breytast. Þess vegna er þetta vestnorræna samstarf einmitt mjög mikilvægt, jákvætt og gott. Það væri mjög til fyrirmyndar ef ríkisstjórnin kæmi sér saman við landstjórnir Færeyja og Grænlands um að efla þetta samstarf um ýmis markmið í fiskveiðimálum. Ég held að það yrði til mikilla bóta og okkur til framdráttar.

[11:40]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni ágæt tillaga og í rauninni löngu tímabær. Ég átti sjálfur sæti í vestnorræna ráðinu þegar þessi tillaga var unnin og þar var hún rædd fram og til baka á fundum. Þar kom berlega í ljós mikil þörf á því að þessi þrjú lönd, þ.e. Ísland, Grænland og Færeyjar, reyndu að stilla saman strengi sína í fiskveiðimálum gegn þessu stórveldi ef svo má segja, þ.e. Evrópusambandinu.

Ef við lítum á Evrópusambandið og síðan þessi þrjú lönd og legu þeirra í Norður-Atlantshafi sjáum við að þar fara saman hagsmunir umræddra þriggja landa en líka miklir hagsmunir Evrópusambandsins því Evrópusambandið er mjög víða með fiskveiðiheimildir. Það er með umtalsverðar fiskveiðiheimildir til að mynda við Grænland og greiðir grænlenskum stjórnvöldum háar fjárhæðir árlega fyrir þær. Það hefur stundum verið sagt að þetta sé pappírsfiskur og kannski lítið á bak við þetta, lítill afli og annað þess háttar. En samt sem áður eru þarna umtalsverðir hagsmunir fyrir Evrópusambandið og að sjálfsögðu líka fyrir Grænlendinga sem fá verulegar fjárhæðir frá Evrópusambandinu fyrir það að framselja þennan nýtingar- eða veiðirétt.

Við Færeyjar eru líka miklir hagsmunir fyrir Evrópusambandið. Evrópusambandið nýtir til að mynda einn mikilvægasta nytjastofn Færeyinga, sem er kolmunninn. Við getum líka talað um norsk-íslenska síldarstofninn og við getum talað um makríl í þessu sambandi. Ef við lítum síðan til Íslands þá nýtir Evrópusambandið flökkustofna sem tilheyra okkur og öðrum þjóðum við Norður-Atlantshaf eins og til að mynda síldina, sem ég nefndi hér áðan, og kolmunnann. Þarna er Evrópusambandið með aflahlutdeildir. Evrópusambandið er líka með aflahlutdeildir í bolfiskstofnum hér við Ísland og skip frá sambandinu hafa nýtt þessar heimildir nokkuð vel eins og fram kom í svari við fyrirspurn sem ég sendi hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrr í vetur.

Hér er stundum en þó ekki alltaf um að ræða gagnkvæmar veiðiheimildir og mjög flókið samspil. Flóknar samningaviðræður eiga sér stað á hverju ári og því er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að þessi þrjú lönd, þ.e. Ísland, Færeyjar og Grænland, reyni að stilla saman strengi sína og koma þá meira fram sem ein heild í samskiptum sínum við Evrópusambandið.

Við munum sjá það í nánustu framtíð að þessir hagsmunir eiga mjög líklega eftir að aukast verulega. Hvers vegna segi ég það? Jú, ég segi það vegna þess að nú eru að verða ýmsar breytingar í umhverfi hafsins og ýmsar breytingar varðandi þróun fiskstofna. Margt bendir til þess að þorskurinn sé til að mynda að koma aftur til Grænlands samfara hækkandi hitastigi sjávar og það mun að sjálfsögðu leiða til þess að Evrópusambandið mun reyna að leita leiða til þess að fá auknar veiðiheimildir þar við land.

Norsk-íslenski síldarstofninn er í mjög örum vexti. Stærsti árgangur sem menn hafa nokkurn tíma fundið, 2002-árgangurinn, er núna að bætast inn í veiðina og við sjáum það nú þegar að mjög mikið er af síld við Noreg. Í vetur gerðist það sem ekki hefur gerst áður að norsk-íslenski síldarstofninn fór ekki inn á sínar hefðbundnu vetrarstöðvar í fjörðunum við Lófót. Sennileg skýring á því er sú

að stofninn sé orðinn það stór að ekki sé pláss fyrir hann lengur. Síldin hefur frekar haft vetrarstöðvar á hafi úti, eins og hún gerði á gullaldarárunum svokölluðu, og nú er þessi mikla síldarmergð eftir örfáar vikur að leggja af stað í leit að næringu á hafsvæðinu milli Íslands og Noregs, vonandi hér norður af Íslandi. Ég hygg því að mjög miklar líkur séu á því að síldin sé að taka upp sitt gamla göngumynstur og að hún verði að verulegum hluta í okkar lögsögu innan örfárra ára.

Kolmunninn virðist hafa staðið af sér miklar veiðar á undanförnum árum og það er enginn vafi á því að sá stofn mun verða verðmætari í nánustu framtíð. Það er margt sem bendir til þess að menn muni draga úr veiðum á honum til bræðslu og fara að nýta hann í auknum mæli til manneldis til að vinna úr honum meiri verðmæti og ég er sannfærður um að þar liggja miklir hagsmunir þegar til lengri tíma er litið. Makrílstofn í Norðursjó er í góðu lagi og það er margt sem bendir til þess að hann sé að færast norður á bóginn. Það var vart við makríl í íslenskri lögsögu á sl. sumri. Ég varð m.a. þeirrar gæfu aðnjótandi sem háseti um borð í síldveiðiskipi að við urðum varir við álitlegar makríltorfur í íslensku landhelginni og ég er sannfærður um að makríllinn er að koma aftur inn í lögsögu okkar. Það mun sennilega leiða til þess að við þurfum að semja um einhvers konar aflahlutdeild t.d. við Evrópusambandið en makrílstofninn er flökkustofn eins og síldin, og þar sem síldin og kolmunninn eru að hluta til í lögsögum Evrópusambandsins þarf að semja um slíkt.

Svo er annað sem mig langar til að benda á og það eru fiskveiðistjórnarmálin sem við höfum aðeins minnst á í þessari þingsályktunartillögu. Ég hygg að þessar þrjár þjóðir, Ísland, Grænland og Færeyjar hafi margt fram að færa varðandi fiskveiðistjórn og þá kannski einkum og sér í lagi Færeyingar. Fiskveiðistefna Evrópusambandsins hefur gengið mjög illa, mjög brösuglega og þar eru menn nú að leita logandi ljósi að nýjum aðferðum til að stjórna nýtingu fiskstofna. Ég get til að mynda upplýst það að hv. þm. Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins er einmitt núna staddur í Skotlandi til að hitta þar skoska þingmenn til að segja enn frá reynslu Íslendinga af kvótakerfinu. Skotar hafa verið að skoða Ísland. Þeir hafa líka verið að skoða reynsluna við Færeyjar. Breski íhaldsflokkurinn fór með það á stefnuskrá sinni í þingkosningar í Bretlandi á síðasta ári að það yrði breytt um fiskveiðistjórnarkerfi við Bretland og tekið yrði upp sóknarmarkskerfi svipað því og Færeyingar hafa verið að nota. Því það er reynslan, virðulegi forseti, að fiskveiðistefna Evrópusambandsins hefur alls ekki skilað neinum árangri. Fiskstofnar eru mjög illa farnir hjá Evrópusambandinu og þetta hefur leitt af sér mjög sársaukafullar aðgerðir þar sem skip hafa verið send í brotajárn, sjómenn hafa misst atvinnuna og fiskveiðisamfélög víða í Evrópusambandinu hafa nánast misst fótanna. Þetta mun svo enn og aftur og leiða til þess að Evrópusambandið lítur nú vonaraugum til ríkra fiskimiða bæði í Barentshafi en hugsanlega líka við Ísland, Færeyjar og að sjálfsögðu við Grænland þannig að það er kannski ekki seinna vænna að þessar þrjár þjóðir sem ráða yfir svo miklum auðlindum í hafinu og ráða yfir svo stórum hafsvæðum, réttilega reyni að stilla saman strengi sína í samskiptum sínum við Evrópusambandið í náinni framtíð því það er alveg ljóst að hvorki Ísland, Færeyjar né Grænland munu verða aðildarþjóðir að Evrópusambandinu.

[11:49]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil fyrst segja að það er nokkur rangskilningur hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að ég taki afstöðu til allra mála út frá því hvort líklegt sé að þau dragi úr sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Svo er ekki. Hins vegar er ég annarrar skoðunar en flestir þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna að því leyti til að ég tel ekki að lengur sé til nokkuð sem heitir fullkomið fullveldi þjóðar. Heimurinn er orðinn svo alþjóðlegur að við erum stöðugt að deila fullveldi okkar í gegnum alþjóðlega samninga. Um leið erum við að styrkja þá. Ég tel að þetta sé frekar farsæl þróun í flóknum heimi og styrki sérstaklega litlar þjóðir. Það er langt síðan við fórum inn á þessa braut. Ég minnist þess þegar við gerðum frægan samning um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum að þá fólst auðvitað í því ákveðið afsal á fullveldi því að samhliða samþykkt þess samnings gátum við ekki lengur ráðið för norrænna manna inn á vinnumarkað á Íslandi. En það er aukaatriði við þetta.

Ég tel að þetta sé góð tillaga í fyrsta lagi vegna þess að hún styrkir samstarf þessara þjóða. Ég veit að hv. þm. Halldór Blöndal hefur árum saman verið mjög dyggur talsmaður þess að einmitt þessar þjóðir hafi með sér náið samstarf og hefur átt þátt í að styrkja það. Sjálfur hef ég fylgt honum á för til sumra þessara landa sem beinlínis hafa verið farnar til að efla tengslin.

Í öðru lagi er það líka rétt að þessi tillaga, og þess vegna er hún stuðnings virði, styrkir samningsstöðu þessara þjóða gagnvart Evrópusambandinu ef á þarf að halda. Það er jákvæður þáttur við þessa tillögu.

Í þriðja lagi ef svo ber undir að þessar þjóðir ákvæðu að ganga t.d. sameiginlega inn í Evrópusambandið þá er mjög líklegt að formlegt samstarf þeirra, sem áður hefði þá tekist og reynsla komist á, mundi leiða til þess að sá möguleiki sem hæstv. forsætisráðherra reifaði í frægri Berlínarræðu og Göran Persson hefur seinna sagt að sé gerlegt, verði að veruleika. Sú hugmynd fól það í sér að það yrði sérstakt fiskveiðistjórnarsvæði á Norður-Atlantshafi sem færi að öllu leyti með stjórn fiskveiða sinna, tæki líka ákvarðanir um heildaraflamark. Sumir segja að þetta gangi ekki gagnvart Rómarsáttmálanum. Í honum segir ekkert um sjávarútvegsmál og ég er alfarið þeirra skoðunar eftir samtöl t.d. við Göran Persson og eftir yfirlýsinguna sem hann átti aðild að, að þetta sé mögulegt.

Í fjórða lagi, og það kom ekki fram í máli hv. þingmanns sem hér mælti fyrir tillögunni, þá tel ég líka að þetta samstarf gæti skipt miklu máli varðandi samninga við annað stórveldi á sjávarútvegssviðinu, en það eru Norðmenn.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur stundum tekið upp á liðnum dögum þá staðreynd að norsk-íslenski síldarstofninn er að stækka óðfluga. Nú er síldin þannig fiskur að veiðar úr þeim stofni byggjast á einum einstökum stórum árgangi. Síldarævintýrið mikla sem endaði með hruninu 1967 byggðist nánast alfarið á veiðum úr stórsíld sem var þá, 1967, orðin 14 ára gömul. Það var stóri árgangurinn

1953. Hann stóð undir öllum síldveiðum á Rauða torginu og við Ísland úr norsk-íslenska stofninum í meira en áratug. Núna er að koma fram mjög stór árgangur af síldinni og það er líklegt að á næstu missirum verði framhald af þeirri þróun sem við sáum á síðasta ári. Hún fólst í því að norsk-íslenska síldin tók að leita inn fyrir köldu tunguna sem liggur austur með Íslandi og inn á hin gömlu vetrardvalarsvæði sín á Rauða torginu. Þetta gerir hún einfaldlega vegna þess að hana skortir það sem Þjóðverjar kölluðu einu sinni Lebensraum. Hana skortir svæði til að vaxa á og fitna og afla sér orku til að undirbúa sig fyrir hrygninguna. Þetta þýðir að við munum efalítið lenda í útistöðum við Norðmenn á þessu sviði. Það má segja að þær hafi þegar byrjað. Í þessari viku spunnust umræður vegna þess að einstökum þingmönnum þótti hæstv. sjávarútvegsráðherra sýna óhóflega eftirgjöf í ræðu sem hann flutti í Noregi í upphafi þessara mála. Ég tek ekkert sérstaklega undir það, en rifja upp að það sjónarmið hefur komið fram.

Grænlendingar hafa ekki sérstakra hagsmuna að gæta af síldveiðum svo nokkru nemi. Færeyingar hafa það hins vegar, mjög mikilla. Það er líklegt að sá búhnykkur sem kann að felast í upprisu norsk-íslenska síldarstofnsins verði ekki bara mjög mikilvægur fyrir austurbyggðir Íslands heldur líka Færeyjar allar. Í dag höfum við mikið hagræði af síldveiðum á hinu opna alþjóðlega hafsvæði sem stundum er nefnt Síldarsmugan og höfum m.a. samninga við Færeyinga um það og sömuleiðis um að taka okkar afla innan þeirrar lögsögu og það er gagnkvæmt. Þessar þjóðir hafa því gríðarlega mikla sameiginlega hagsmuni og formlegt samstarf þessara þriggja þjóða á þessu sviði gæti því orðið okkur mikilvæg bjarghella að standa á í samningum við Noreg. Og það er ekki síst þess vegna sem ég tel að þessi tillaga sé allrar athygli verð og hana beri að samþykkja. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að efla samstarf þessara þjóða á fiskveiðisviðinu sökum þessara fjögurra þátta sem ég hef nefnt og ég er viss um að hv. þm. Halldór Blöndal getur verið mér sammála um a.m.k. þrjá þeirra, nema hann sé eitthvað sérstaklega úfinn í dag en mér hefur ekki sýnst það, frú forseti, heldur hefur hann sem jafnan fyrr mjög málefnalegt framlag til þessarar umræðu eins og annarra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 298. mál. — Þskj. 319.

[11:55]

Flm. (Halldór Blöndal):

Frú forseti. Tillögugreinin orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að semja framkvæmdaáætlun um markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.“

Tillaga þessi var lögð var fram á 131. löggjafarþingi en varð þá eigi tekin á dagskrá. Tillagan er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 3/2004 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 20.–24. ágúst 2004. Ályktunin var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Vestnorræna ráðið hvetur ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands til að móta í sameiningu framkvæmdaáætlun í þeim tilgangi að efla markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum og beina einkum rannsóknum sínum að Norður-Atlantshafi.

Loftslagsbreytingar eru meðal hnattrænna vandamála sem sérfræðingar og vísindamenn glíma við og eru orðin áþreifanleg og sýnileg atvinnulífi, stjórnmálamönnum og almenningi um allan heim. Rannsóknir sem fram að þessu hafa verið gerðar á þessu sviði benda til þess að Vestur-Norðurlönd og Norður-Atlantshaf allt skipti höfuðmáli varðandi loftslagsbreytingar, ekki aðeins við Norður-Atlantshaf heldur einnig á heimsvísu. Meðal annars hefur verið bent á að leiðir hafstraumanna og skilin á heitum og köldum sjó í Norður-Atlantshafi skipti sköpum um þróun loftslags á norðurhveli jarðar.

Markvissar rannsóknir á loftslagsbreytingum varða miklu um vitneskju okkar um framtíðarþróun lífskjara, breytingar á vistkerfum og efnahagslega möguleika á Vestur-Norðurlöndum og annars staðar við Norður-Atlantshaf. En þetta skiptir einnig miklu fyrir hnattrænar framkvæmdaáætlanir og aðgerðir á sviði umhverfis- og orkumála. Því liggur beint við að Vestur-Norðurlönd hafi frumkvæði að því að auka og skerpa rannsóknir á loftslagsbreytingum, og beina fyrst og fremst sjónum að Norður-Atlantshafinu í þeim efnum.

Loftslagsrannsóknir geta orðið rannsóknarsvið þar sem Vestur-Norðurlönd eru í forustu. Slíkar rannsóknir snerta ekki einungis okkur sjálf, heldur hljóta athygli alls heimsins.

Í Norrænu ráðherranefndinni var á árinu 1999, að tillögu Færeyinga, ætlað fé til verkefna við rannsóknir á loftslagsbreytingum. Nú hlýtur að vera kominn tími til að Vestur-Norðurlönd móti í sameiningu framkvæmdaáætlun sem getur leitt þessi rannsóknarverkefni fram til varanlegri og kerfisbundnari rannsókna á loftslagsbreytingum.“

Svo mörg voru þau orð, frú forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til síðari umr. og utanríkisnefndar.

[11:57]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir snaggaralegan tillöguflutning á þessu ágætismáli og það þarf auðvitað ekki að eyða mörgum orðum í að hlýnun andrúmsloftsins er eitt af brýnum hagsmunamálum og kannski sérstaklega þeirra þriggja landa sem hér er rætt um: Ísland, Grænland og Færeyjar. Því er jafnvel spáð að á næstu tveim öldum muni jökullinn stóri, Grænlandsjökull, hopa mjög mikið og það getur haft afdrifaríkar afleiðingar í för sér fyrir loftslag í öllum heiminum. Þess vegna er mjög mikilvægt að þessar þrjár þjóðir fari í fararbroddi fyrir rannsóknir á þessum loftslagsbreytingum.

Áhrifin á Golfstrauminn sem skiptir okkur auðvitað mjög miklu máli en rannsóknir á honum þarf að efla og í greinargerðinni hér kemur fram að árið 1999 voru tillögur

frá Færeyingum um að áætla fé í verkefni og rannsóknir á loftslagsbreytingum. Ég vona að ríkisstjórnin í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands taki að sér að semja framkvæmdaáætlun um markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum sem við getum þá tekið forustu í.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarf vestnorrænna landa í orkumálum, fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 299. mál. — Þskj. 320.

[11:59]

Flm. (Halldór Blöndal):

Frú forseti. Þessi ályktunargrein er stutt og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla samstarf vestnorrænna landa í orkumálum."

Tillaga þessi var lögð var fram á 131. löggjafarþingi en varð þá eigi tekin á dagskrá. Tillagan er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 1/2004 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 20.–24. ágúst 2004. Ályktunin var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkis- og landsstjórnir landanna þriggja að efna til samstarfs um orkumál þjóðanna, með áherslu á sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir framgangi samvinnunnar með árlegri skýrslu.

Samstarf þjóðanna á sviði orkumála hefur verið ánægjulegt þrátt fyrir ólíkar aðstæður og mismunandi leiðir við nýtingu. Engu að síður er mikilvægt að efla enn frekar samstarf landanna á milli og miðla þekkingu og reynslu betur en gert hefur verið.

Orkumál eru mikilvægur málaflokkur í örri þróun og því mikilvægt að stuðla að aukinni samvinnu og nýjum áherslum í orkuframleiðslu, einkum hvað varðar sjálfbæra nýtingu. Því er mikilvægt að horfa til framtíðar og þeirra tækifæra sem samvinna vestnorrænu landanna á sviði orkumála getur veitt við þróun endurnýjanlegrar orku.

Vestur-Norðurlönd búa yfir sérfræðiþekkingu og tækni í tengslum við umhverfisvæna endurnýjanlega orku og orkusparnað, auk þess sem stefnt er að frekari þróun á því sviði. Í Færeyjum hafa þegar verið reistar vindmyllur, á Grænlandi er áhersla lögð á vatnsorku og á Íslandi eru gerðar tilraunir með hagnýtingu vetnis sem orkugjafa. Að öðru leyti er orkan sem notuð er í vestnorrænu löndunum afar ólík. Löndin eiga þó það markmið sameiginlegt að auka vægi endurnýjanlegra orkugjafa, svo sem vatns- og vindorku, jarðvarma og vetnis."

Fleiri eru ekki þessi orð. Ég legg til að málinu verði vísað til síðari umr. og utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða, fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 541. mál. — Þskj. 788.

[12:02]

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2005, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða."

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 1/2005 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 22.–24. ágúst 2005. Ályktun ráðsins var efnislega á þessa leið:

Vestnorræna ráðið hvetur stjórnvöld á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi til að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða.

Vestnorrænu löndin eiga sér ríka frásagnarhefð sem hefur verið lykillinn að munnlegri geymd skáldskapar, sagna og sögu þjóðanna ásamt þróun og varðveislu þjóðtungnanna í nútímanum. Ísland hefur löngum verið í fararbroddi Norðurlanda á sviði bókmennta og sögu, en grænlenskir og færeyskir höfundar hafa hins vegar þurft að berjast fyrir að koma undir sig fótunum.

Vestnorrænu löndin hafa á síðustu árum verið dugleg við að skiptast á listrænum viðburðum í tónlist, leikhúsi, myndlist, handverki og fleiru, en á bókmenntasviðinu hafa samskiptin verið minni og almennt hefur rithöfundum og útgáfu ljóða og óbundins skáldskapar í Færeyjum og Grænlandi verið lítill gaumur gefinn undanfarin ár. Efling og styrking bókmennta og rithöfunda sem rita á vestnorrænar tungur er forsenda þess að vestnorrænar þjóðir geti þróað með sér menningu og tungumál og þannig eflist sjálfsmynd þeirra í alþjóðavæddu upplýsingasamfélagi.

Á fundi vestnorrænna rithöfunda nýverið var samþykkt að vinna að stofnun vestnorræns rithöfundaskóla. Þessa hugmynd þarf að styðja með öllum hugsanlegum ráðum og Vestnorræna ráðinu ber að halda áfram þeirri vinnu fyrir vestnorrænar bókmenntir sem hafin var með því að veita Vestnorrænu barna- og unglingabókaverðlaunin. Ekki er nauðsynlegt að koma vestnorrænum rithöfundaskóla á fót sem stofnun með byggingum og yfirstjórn heldur er hægt að skipuleggja hann sem námskeið eða röð námskeiða sem haldin væru í löndunum þremur.

Stofnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða gæti orðið til þess að styrkja bókmenntir þjóðanna með því að hjálpa hæfileikaríkum höfundum að stíga sín fyrstu skref og gæti orðið mikilvægur vettvangur vestnorrænum rithöfundum til að skiptast á reynslu og vinnuaðferðum.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til síðari umr. og utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofninum í Norður-Atlantshafi, fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 542. mál. — Þskj. 789.

[12:04]

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2005, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efna til samstarfs til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, þar með talið að tryggja að fundnar verði raunhæfar tölur um stofnstærðir jafnt friðaðra sem kvótaveiddra hvala í Norður-Atlantshafi."

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 3/2005 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 22.–24. ágúst 2005. Ályktun ráðsins var efnislega á þessa leið:

Vestnorræna ráðið hvetur landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands til að efna til samstarfs um að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, þar með talið að tryggja að fundnar verði raunhæfar tölur um stofnstærðir jafnt friðaðra sem kvótaveiddra hvala í Norður-Atlantshafi.

Hvalveiðar í vestnorrænum löndum byggjast á fornri venju. Ofveiðar á hvölum um aldir hafa þó valdið því að hvalastofnar í Norður-Atlantshafi hafa minnkað stórlega. Nauðsynlegt er að halda áfram stöðugum rannsóknum á hvölum til að tryggja að með tíð og tíma skapist forsendur fyrir fjölbreyttari hvalveiðum á fleiri tegundum en nú, svo framarlega sem rannsóknir færa sönnur á að tegundirnar megi veiða á sjálfbæran hátt.

Á því leikur enginn vafi að það er von og vilji Vestur-Norðurlanda að hvalveiðar verði aldrei stundaðar á hafsvæðum landanna nema á sjálfbæran hátt. Af sömu ástæðu hafa öll vestnorrænu löndin stutt alþjóðlegan samning um fjölbreytileika lífríkis hafsins. En nákvæmar og áreiðanlegar tölur um marga hvalastofna í vestnorrænum höfum skortir. Þetta á einnig við um hvalastofna sem vegna fyrri tíma veiðiálags hafa verið friðaðir árum saman.

Vestnorræna ráðið álítur mikilvægt og réttmætt að vestnorrænum hvalastofnum verði með lagasetningu og kvótum tryggð framtíð í hafsvæðum landanna. Það er von Vestnorræna ráðsins að stjórnir þessara þriggja landa vinni að því að styrkja hvalarannsóknir á einhverjum viðeigandi vettvangi, t.d. í Norður-Atlantshafsspendýraráðinu. Ráðið hvetur því vestnorræn stjórnvöld til að hafa samráð um að tryggja að áfram verði skipst á þekkingu um talningu og skráningu hvalastofna í Norður-Atlantshafi.

Með því að tryggja nákvæma talningu hvalategunda á vestnorrænum hafsvæðum tryggja Vestur-Norðurlönd sér einnig sterka stöðu í umhverfismálum og auka líkurnar á að komið sé í veg fyrir ofveiði ef í ljós kemur að einhver hvalategund er sjaldgæfari en álitið hafði verið. Með þetta í huga hvetur Vestnorræna ráðið vestnorræn stjórnvöld til að vinna saman að því að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, m.a. að tryggja með talningu raunhæfar upplýsingar um stofnstærðir hvala í Norður-Atlantshafi, bæði friðaðra og kvótaveiddra. Hvatt er til þess að tölulegar upplýsingar séu staðfestar með talningu, bæði úr lofti og á legi, og talningin fari fram í samvinnu við og með aðstoð viðeigandi samtaka á hverjum stað.

Ég vil bæta því við, herra forseti, að hér við land, eftir að Íslendingar tóku sjálfir hvalveiðarnar í sínar hendur árið 1947, var þeim haldið í því hófi að hér var ekki um ofveiði að ræða heldur takmarkaðist sókn í hvalastofna við það að veiðarnar væru sjálfbærar. Meðan ég var í hvalstöðinni vann ég þar með enskum vísindamönnum og niðurstaða þeirra var sú að við Íslendingar gengjum skynsamlega að þeim veiðum og í miklu hófi. Umfram allt var um það hugsað að hægt væri að nýta hvalaafurðir til manneldis eins og saga hvalstöðvarinnar sýnir glögglega. Bátunum voru settar mjög strangar reglur, þeir urðu að koma að landi innan ákveðins tíma sem tryggði að kjöt hafði ekki skemmst né aðrar afurðir hvalanna. Nú er ég auðvitað að tala um stórhvalaveiðar en ef við tölum um hrefnuveiðar þá er það náttúrlega víðs fjarri að hér hafi nokkru sinni verið ofveiði á hrefnu.

Ég álít að þessi tillaga sé mjög þörf. Ég álít að við Íslendingar hljótum að athuga okkar gang í sambandi við hvalveiðar og ég tel að við eigum að hafa augun opin fyrir því hvort ekki muni í framtíðinni verða unnt á nýjan leik að taka upp hvalveiðar í atvinnuskyni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa og umhverfisvernd, fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 543. mál. — Þskj. 790.

[12:09]

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þingsályktunargreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2005, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að hefja samstarf um að Vestur-Norðurlönd standi saman í fararbroddi í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda."

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 2/2005, sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 22.–24. ágúst 2005. Ályktun ráðsins var efnislega á þessa leið:

Vestnorræna ráðið hvetur stjórnvöld á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi til að hefja samstarf um að Vestur-Norðurlönd verði saman í fararbroddi í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda.

Vestnorrænar þjóðir bera ábyrgð á einum mestu náttúruauðæfum heimsins. Vestur-Norðurlönd eru einstakt svæði í heiminum sem getur haft forustuhlutverki að gegna í sjálfbærri auðlindanýtingu, verndun hafsvæða og nýtingu umhverfisvænna orkulinda. Þetta er vafalaust eitt af mikilvægustu verkefnum sem heimurinn stendur frammi fyrir og hefur mikinn pólitískan forgang í öllum löndum heims og al-

þjóðlegum samtökum á 21. öld.

Vestnorrænu löndin hafa hvert fyrir sig kerfi um stjórn á nýtingu fisks og sjávarspendýra sem nýtur alþjóðlegrar virðingar. Vestnorrænu löndin hafa hvert fyrir sig átt virkan þátt í verndun hafsins. Vestnorrænu löndin vinna einnig hvert fyrir sig að verkefnum og áætlunum um að nýta endurnýjanlegar og mengunarlausar orkulindir.

Sameiginlegt framlag Vestur-Norðurlanda sem frumkvöðlasvæðis í þessum málaflokkum getur fært vestnorrænum löndum sterka stöðu og hlutverk á alþjóðasviði og aflað þeim gífurlegra ávinninga í alþjóðlegum markaðsmálum.

Ég vil svo bæta við þessa greinargerð sem fylgir tillögunni að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson kynntu nýlega niðurstöður rannsókna á óæskilegum efnum í íslensku sjávarfangi. Þessar rannsóknir sýna að mjög lítið er af eiturefnum eins og díoxíni, PCB og kvikasilfri í fiski af Íslandsmiðum og er magnið langt undir þeim mörkum sem sett eru sem hámark innan Evrópusambandsins og í Bandaríkjunum. Vestnorræna ráðið leggur mikla áherslu á að svo verði áfram.

[12:12]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir flutning þessara mála sem hann hefur nú talað fyrir í kippu og lýsi yfir miklum stuðningi við þau orð sem hv. þingmaður hefur látið falla um mikilvægi samstarfs Vestur-Norðurlanda á öllum þeim sviðum sem um ræðir. Í þessu sambandi kemur upp í hugann og upp í hendurnar líka skýrsla ein mikil, sem gefin var út árið 2001, um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Skýrsla þessi er nokkur að vöxtum og í henni er farið vítt yfir sviðið um það á hvern hátt norrænar ríkisstjórnir ákváðu að taka saman höndum um það stóra verkefni okkar að tryggja sjálfbæra þróun til framtíðar á Norðurlöndunum. Þar með eru auðvitað Vestur-Norðurlönd meðtalin.

Þetta er afar metnaðarfullt verkefni og ítarleg skýrsla sem mér skilst að nú sé búið að gera upp, þ.e. að komin er eins konar úrvinnsluskýrsla um það hvernig til hefur tekist á árabilinu 2001–2004. Stefnan sjálf á hins vegar að gilda til 2020. Ég geri því ráð fyrir að þetta sé stórt verkefni sem norræna ráðherranefndin hefur á sínu forræði sem áfram verði lögð mikil vinna í. Ég tel einboðið að ríkisstjórn Íslands fylgist vel með þeirri þróun sem á sér stað í þessari stefnumörkun og ekki bara þróuninni í stefnumörkuninni heldur meti íslenska ríkisstjórnin líka störf sín á þeim skala sem gefinn er upp í þessari stefnu ríkisstjórna Norðurlandanna. Við erum aðilar að þessu samstarfi og höfum þar af leiðandi skuldbindingar sem við þurfum að uppfylla.

Mér finnst oft vilja brenna við, og það gildir um þau mál sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur talað fyrir, að hér séu afar fögur orð á blaði og mjög göfug markmið sem allir geta svo auðveldlega verið sammála um. En efndirnar eru ekki alltaf í takt við það sem markmiðin, sem við höfum undirgengist, segja til um. Þar vil ég senda hæstv. ríkisstjórn Íslands tóninn því að mér finnst ríkisstjórnin þurfa að lesa þessa pappíra mun betur og gera annað og meira en að skrifa undir þá og segja að hún sé aðili að stefnunni og taka jákvætt á málum í orði kveðnu, t.d. af því að málið sem síðast var talað fyrir varðar baráttuna fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda, en þar segir, eins og hv. þingmaður las upp úr greinargerð með tillögunni, með leyfi forseta:

„Vestur-Norðurlönd eru einstakt svæði í heiminum sem getur haft forustuhlutverki að gegna í sjálfbærri auðlindanýtingu, verndun hafsvæða og nýtingu umhverfisvænna orkulinda.“

Sömuleiðis var hér tillaga áðan um eflingu samstarfs vestnorrænu landanna í orkumálum almennt. Nú vil ég beina því til hæstv. ríkisstjórnar, svo það fylgi þessum málum inn í arma ríkisstjórnarinnar, að gá að sér varðandi nýtingu auðlindanna okkar því sjálfbær nýting á orkuauðlindum hefur innihald og er verulega gildishlaðið hugtak og íslenska ríkisstjórnin fer ekki með þeirri varkárni og þeirri varúð sem stefnan um sjálfbær Norðurlönd fyrirskrifar í orkumálum og auðlindanýtingarmálum. Ég held að menn þurfi að taka það til verulegrar skoðunar að hugtakið sjálfbær þróun er ekki skilgreint í lagatexta á Íslandi. Þetta þurfum við að bæta svo ríkisstjórnin átti sig á því hver forskriftin er og hvað það er sem má og ekki má. Í mínum huga, eins og ég les stefnuna um sjálfbær Norðurlönd, er sjálfbær nýting orkuauðlindanna þá og því aðeins sjálfbær að hún fórni ekki öðrum náttúruverðmætum, a.m.k. ekki á þeim skala sem við erum að gera í þeim virkjunaráformum sem við erum með hér til staðar.

Sömu sögu má segja varðandi nýjustu rannsóknir sem koma núna til okkar frá vísindamönnum um aurframburð jökulvatna til sjávar. Það er hluti af ákveðnu sjálfbæru ferli, þ.e. því hvernig sjórinn virkar sem svelgur á koltvísýring. Ákveðinn hluti af efnum sem berast fram með aur jökulvatna okkar er verulega þýðingarmikill til að tryggja loftgæði í lofthjúpi jarðar. Nú eru að koma niðurstöður vísindamanna varðandi þessi mál. Þar með er það ekki orðið sjálfbært að virkja jökulvötnin á þeim nótum sem við erum að gera með Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal í dag. Menn verða því að fara að skoða verkin sín á þeim mælikvarða sem sjálfbær þróun fyrirskrifar okkur.

Ég tek undir nánast allt sem hér stendur, kannski ekki alveg allt varðandi áhersluna á veiðar hvala en ég ætla að láta það liggja á milli hluta hér, nánast allt sem stendur í þessum greinargerðum. Ég fagna því af öllu hjarta að þessi mál skuli vera komin fram en ég bryni þingheim og hæstv. ríkisstjórn að láta þetta ekki verða orðin tóm. Við skulum sjá til þess, standa saman um það, að hér verði verulega tekið til hendinni. Það verði tryggt að markmiðin sem við setjum okkur í sjálfbærri þróun verði tímasett og mælanleg og menn viti hvað hlutirnir þýði. Í því sambandi verðum við að fara að skilgreina hugtakið „sjálfbær þróun“ í lagatexta og ég treysti því að við getum staðið saman um það sem fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingastofnun Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 375. mál (fulltrúi skemmtibátaeigenda í siglingaráði). — Þskj. 431, nál. 804.

[12:18]

Frsm. samgn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti samgöngunefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneytinu.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi skipstjórnarmanna, Sjómannasambandi Íslands, Hafnasambandi sveitarfélaga, Landssambandi smábátaeigenda og Vélstjórafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að samtök skemmtibátaeigenda tilnefni fulltrúa í siglingaráð þannig að fulltrúum í ráðinu fjölgi úr ellefu í tólf. Hlutverk siglingaráðs er m.a. að fjalla um öryggismál skipa og sjófarenda og þykir af þeim sökum eðlilegt að samtök skemmtibátaeigenda eigi þar fulltrúa til jafns við aðra hagsmunaaðila.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita 15. febrúar 2006: Hjálmar Árnason, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Kristján L. Möller, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðjón Arnar Kristjánsson og Magnús Stefánsson.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 2. umr.

Stjfrv., 378. mál. — Þskj. 434, nál. 805.

[12:20]

Frsm. samgn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti samgöngunefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó 1972, nr. 7/1975, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneytinu. Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Veðurstofu Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Siglingastofnun Íslands, Félagi skipstjórnarmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Sjómannasambandi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Ríkislögreglustjóra og Vélstjórafélagi Íslands.

Frumvarp þetta felur fyrst og fremst í sér endurþýðingu á gildandi alþjóðareglum í heild auk þess sem settar hafa verið nokkrar nýjar reglur í samræmi við ákvæði alþjóðareglna. Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér varða nýjar reglur um svokölluð svifför en það eru farartæki sem nýta eigin loftpúðaáhrif til þess að svífa rétt ofan við yfirborðið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita 15. febrúar 2006: Hjálmar Árnason, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Kristján L. Möller, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðjón Arnar Kristjánsson og Magnús Stefánsson.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnalög, 2. umr.

Stjfrv., 380. mál (frestun framkvæmda o.fl.). — Þskj. 436, nál. 806.

[12:21]

Frsm. samgn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti samgöngunefndar um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneytinu.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Siglingastofnun Íslands, Byggðastofnun og Hafnasambandi sveitarfélaga.

Núgildandi hafnalög gera ráð fyrir verulegum breytingum á styrkjum til hafna á árinu 2007, samanber bráðabirgðaákvæði II í lögunum. Í frumvarpinu er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæðisins verði framlengdur hvað þetta varðar. Skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins eru af tvennum toga. Hið fyrra miðast við hafnir sem af framkvæmdalegum orsökum telja hagfellt að fresta þegar ákveðnum framkvæmdum á samgönguáætlun 2005–2006 til áranna 2007–2008 án þess að styrkhlutfall breytist miðað við þrengri ákvæði nýrra hafnalaga. Seinna skilyrðið snýst um það að heimilt verði að beita þessu ákvæði gagnvart endurskoðun á áformum samgönguyfirvalda um jafnsetningu hafna í framkvæmdalegu tilliti á aðlögunartíma nýrra hafnalaga líkt og bráðabirgðaákvæði II í lögunum gerir beinlínis ráð fyrir. Forsenda þess að hægt sé að beita ákvæðinu er að við gerð samgönguáætlunar 2007–2010 liggi fyrir endurskoðuð áætlun Siglingastofnunar Íslands um jafnsetningu hafna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita 15. febrúar 2006: Hjálmar Árnason, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Kristján L. Möller, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðjón Arnar Kristjánsson og Magnús Stefánsson.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn sjóslysa, 2. umr.

Stjfrv., 412. mál (forstöðumaður, aðgangur að gögnum). — Þskj. 589, nál. 807, brtt. 808.

[12:24]

Frsm. samgn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti samgöngunefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneytinu.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Vélstjórafélagi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Siglingastofnun Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og Félagi skipstjórnarmanna.

Í frumvarpinu er lagt til að breyta stöðu framkvæmdastjóra rannsóknarnefndar sjóslysa til samræmis við stöðu forstöðumanns rannsóknarnefndar flugslysa og forstöðumanns rannsóknarnefndar umferðarslysa. Til þess að auðvelda megi rannsókn sjóslysa er einnig lagt til að breyta ákvæði um aðgang rannsóknarnefndar sjóslysa að ýmsum gögnum þannig að skýrt sé kveðið á um heimild rannsóknarnefndarinnar til aðgangs að upptökum sem til eru um borð í skipum í samræmi við sams konar ákvæði í lögum um rannsóknarnefnd flugslysa er varða loftför.

Nefndin leggur áherslu á að þegar reynir á samstarf rannsóknarnefndar sjóslysa og lögreglunnar við rannsókn mála þurfi samvinnan þar á milli að vera góð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita 15. febrúar 2006: Hjálmar Árnason, varaform., frsm., Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Kristján L. Möller, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson og Magnús Stefánsson.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

„Í stað orðsins „skjala“ í fyrri efnismálsl. 3. gr. komi: gagna.“

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkamálalög, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 82. mál (skilyrði fyrir gjafsókn). — Þskj. 82.

[12:26]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á einkamálalögum, nr. 91/1991. Ákvæðið varðar gjafsókn. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og hv. þm. Sigurjón Þórðarson en þetta mál á rætur að rekja til umfjöllunar um lagabreytingu sem gerð var á síðasta þingi á einkamálalögunum. Þar var um að ræða 190. mál 131. löggjafarþings og breytingarnar á 126. gr. laganna urðu uppspretta dálítillar deilu innan alþjóðanefndarinnar. Við deildum við hæstv. dómsmálaráðherra sem flutti þetta mál í þinginu en komum ekki þingheimi í skilning um það að okkar sjónarmið væru sanngirnissjónarmið sem þyrfti að taka til gaumgæfilegrar skoðunar. Við sáum okkur á endanum knúin til þess að flytja málið í sjálfstæðu frumvarpi sem ég mæli fyrir í fyrsta sinn, hæstv. forseti.

Breytingin varðar 1. mgr. 126. gr. laganna. Það var sú grein sem olli mestum deilum í fyrra og með þessari breytingu eru lagðar til breytingar á reglum um skilyrði fyrir gjafsókn en meginreglurnar um gjafsókn er að finna í 20. kafla laganna um meðferð einkamála. Um skilyrði gjafsóknar er fjallað í þessari 126. gr. og þar er kveðið á um að einstaklingi megi veita gjafsókn ef fjárhag hans er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í málinu yrði honum fyrirsjáanlega ofviða enda sé nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarna og eðlilegt megi teljast að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé.

Með þessu frumvarpi er lögð til almenn heimild til gjafsóknar á grundvelli þess að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjenda.

Þar koma einkum til álitamál þar sem fjallað er um mikilvæga hagsmuni almennings eða mál sem hefur verulega þýðingu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjenda en sambærileg heimild var áður í lögunum en var felld niður með lögum nr. 7/2005. 1. efnismgr. þessa frumvarps var sem sagt í lögum fram til þessa tíma fyrir ári síðan að hún var felld út en 2. efnismgr. þessarar 1. gr. frumvarpsins er hins vegar alveg samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 126. gr. í gildandi lögum þannig að það er ekki verið að tala um neina breytingu þar á.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að þau gjafsóknarmál sem felld eru niður, með þeirri breytingu að stafliður a var felldur út úr lögunum, bitna verst á því fólki sem telur sig eiga eitthvað sókótt við ríkið sjálft eða ráðherra ríkisstjórnarinn-

ar. Við nefndum í ræðum okkar fyrir ári, sem dæmi um mál sem af þeim sökum fá ekki heimild til gjafsóknar lengur, mál á sviði umhverfisréttar. Það hefur borið á því í auknum mæli á síðustu árum að einstaklingar vilji höfða mál vegna þess að þeir telja að stjórnvöld séu að brjóta á almannahagsmunum varðandi umhverfismál. Þar sem náttúran á sér ekki sjálfstæða málsvara hér á Alþingi, nema þá helst í hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, teljum við verulega ábótavant réttarstöðu almennra borgara sem vilja gæta hagsmuna umhverfisins og náttúrunnar og hafa getað gert það hingað til með vísan til þess að a-liður 126. gr. einkamálalaganna hefur heimilað það að veita gjafsókn ef verulegir almannahagsmunir eru til staðar. Við sem aðhyllumst náttúruvernd og teljum að hér sé verið að ganga á hagsmuni náttúruverndar með stefnu ríkisstjórnarinnar, t.d. í virkjunarmálum, teljum afar nauðsynlegt að einstaklingar hafi þann lagalega möguleika að fá gjafsókn vegna svona mála en þurfi ekki að heyja mál á eigin kostnað því það vita allir hversu kostnaðarsamt það getur verið.

Ég fullyrti í fyrra og ég fullyrði það enn að ríkisstjórnin sé með þessari breytingu sem gerð var á þessum lögum í fyrra að koma sér undan málsóknum af því tagi sem borið hefur á í auknum mæli varðandi umhverfismál. Mér finnst það í hæsta máta óeðlilegt. Ég tel að ríkisstjórnin sé með þessu að skjóta sér undan ábyrgð og rýra rétt borgaranna, sem er þvert ofan í samninga sem við höfum verið að gerast aðilar að á undanförnum árum eins og t.d. Árósasamninginn. Samkvæmt Árósasamningnum ber stjórnvöldum skylda til þess að tryggja rétt borgaranna til að höfða mál eða gæta réttar umhverfisins og náttúrunnar telji fólk að gengið sé á rétt náttúrunnar — við sem höfum talað fyrir náttúruvernd í þinginu höfum skilgreint það að náttúran eigi sjálfstæðan rétt. Hún á sér fullt af málsvörum úti í samfélaginu og það má ekki loka þeim einu dyrum sem þessir málsvarar náttúrunnar og umhverfisverndar höfðu til að stilla stjórnvöldum upp við vegg og kalla þau fyrir dómstóla vegna þess að það hafi verið gengið á sjálfstæðan rétt náttúrunnar. En breyting Björns Bjarnasonar á þessum lögum frá því í fyrra gerir einmitt það. Hún lokar dyrunum og minnkar þar af leiðandi hinn sjálfstæða verndarrétt sem náttúran er talin eiga.

Ég tel verulega mikið réttlætismál hér á ferðinni, hæstv. forseti, og tel að það þurfi að skoða það mjög gaumgæfilega á hvern hátt við getum komið þessu aftur inn í lögin því að annað tel ég stangast á við alþjóðlega hagsmuni, hagsmuni sem koma fram og eru skilgreindir í samningum sem við höfum undirgengist og ég sé enga ástæðu til annars en við stöndum hér þannig að málum að við göngumst undir þær skyldur sem við í orði kveðnu tökum á herðar okkar.

Að þessari umræðu lokinni, herra forseti, óska ég eftir því að málinu verði vísað til hv. allsherjarnefndar og síðan til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., 1. umr.

Frv. DrH og HBl, 210. mál (fjögurra vikna innlausnarfrestur óskilapenings). — Þskj. 210.

[12:33]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga á þskj. 210, 210. mál þingsins, um breytingu á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum. Flutningsmenn eru Drífa Hjartardóttir og Halldór Blöndal.

1. gr. orðist svo:

„Í stað orðanna „12 vikna innlausnarfresti“ í 1. málsl. 4. mgr. 59. gr. laganna, kemur: fjögurra vikna innlausnarfresti.“

Frumvarp þetta var áður flutt á síðasta löggjafarþingi (þskj. 557, mál nr. 423) af Einari K. Guðfinnssyni, sem nú er orðinn sjávarútvegsráðherra, en málið varð ekki útrætt á því þingi.

Með frumvarpinu er ætlunin að gera breytingar á reglum um meðferð óskilapenings, hrossa og nautgripa, sem samkvæmt gildandi lögum er heimilt að selja að kröfu hreppstjóra við nauðungarsölu með tólf vikna innlausnarfresti án þess að sérstakrar áskorunar sé þörf til eiganda.

Með gildistöku reglugerðar nr. 289/2005, um merkingu búfjár, er skylt að örmerkja eða frostmerkja hross en samkvæmt bráðabirgðaákvæði er ekki gerð krafa um að hross sem fædd eru fyrir 1. janúar 2003 séu merkt nema sérstakar markaðsaðstæður krefjist. Enn fremur er skylt að merkja alla nautgripi með plötumerki og samkvæmt ákvæði til bráðabirgða þarf ekki að merkja nautgripi sem fæddir eru fyrir 1. september 2003 fyrr en 1. janúar 2006. Þá hefur nokkuð verið gert sl. ár í að merkja eldri hross sérstaklega og hefur því tilvikum fækkað þar sem þurft hefur að selja óskilapening á uppboði.

Tólf vikna innlausnarfrestur fyrir eigandann er því ekki lengur nauðsynlegur og afar langur sé litið til hagsmuna þess er kaupir óskilapeninginn á uppboði og getur átt von á því í tólf vikur að eigandinn komi og nýti sér brigðarétt. Breytingin mun einnig virka hvetjandi á eigendur hrossa og nautgripa til að vera með fullnægjandi merkingar.

Hæstv. forseti. Að þessari umræðu lokinni óska ég eftir að málinu verði vísað til hv. landbúnaðarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hreyfing sem valkostur í heilbrigðiskerfinu, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 220. mál. — Þskj. 220.

[12:36]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu. Flutningsmaður er sú sem hér stendur ásamt hv. þm. Drífu Hjartardóttur, Þuríði Backman, Gunnari Örlygssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Magnúsi Stefánssyni.

Tillagan fjallar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðis-

kerfinu eins og áður sagði, sem þýðir að boðið verði upp á svokallaða hreyfiseðla eða grænar ávísanir eða hreyfiávísanir í heilbrigðisþjónustunni í staðinn fyrir að gefa fólki strax lyf eða vísa því í aðgerðir. Annars staðar á Norðurlöndum er talað um að fara frá lyfjum til líkamsræktar eða „fra medicin til motion" en í Noregi hefur þessi leið gengið undir nafninu grænar ávísanir. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd til að undirbúa að hreyfing geti orðið valkostur í heilbrigðisþjónustu, sem lækning og í fyrirbyggjandi tilgangi, þannig að læknar geti vísað á hreyfingu sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og vísað er á lyf eða læknisaðgerðir. Nefndin kanni kostnað og ávinning af fyrirkomulaginu. Hún meti hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem hafa umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum."

Við leggjum til að nefndin verði skipuð sjö mönnum. Ráðherra skipi formann án tilnefningar og landlæknir, Læknafélag Íslands, Samtök sjúkraþjálfara, heilsugæslan, Íþróttasamband Íslands og Lýðheilsustofnun tilnefni einn hver. Nefndin skili tillögum sínum í janúar 2006, stendur hér, þannig að breyta þarf þeirri dagsetningu þegar málið verður samþykkt sem ég trúi ekki öðru en að verði fljótlega.

Í greinargerð skýrum við frá hvers vegna við teljum ástæðu til að taka upp þessa leið. Á tímum síhækkandi útgjalda til heilbrigðiskerfisins, þar sem lyfjanotkun eykst stöðugt og aðgerðum á sjúkrahúsum fjölgar ár frá ári, hefur vægi hreyfingar í meðferð sjúklinga í grannlöndum okkar aukist. Í stað þess að læknir skrifi lyfseðil eða sendi sjúkling í aðgerð á sjúkrahúsi skrifar hann upp á ráðgjafar- og hreyfiáætlun þar sem sjúklingur getur tekist á við heilsuleysið með eigin atorku.

Útgjöld heilbrigðiskerfisins aukast sífellt en komið hefur í ljós á Norðurlöndunum, síðast þegar ég spurðist fyrir um það, að aukin notkun þessarar leiðar hefur dregið úr þeim útgjöldum.

Ýmsir menningarsjúkdómar sem orsakast af óheilbrigðu líferni kosta samfélagið sífellt hærri fjárhæðir og það er ekki aðeins vandamál einstaklinga heldur samfélagsins alls. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er rúmlega 1 milljarður manna of þungur, þar af þjást 300 milljónir þeirra af offitu og telur stofnunin offitu vera annað stærsta heilbrigðisvandamálið í heiminum, næst á eftir reykingum.

Hér á landi hefur offita meðal fullorðinna tvöfaldast á 20 árum og er komin yfir 20% og hjá 9 ára börnum fjórfaldaðist hún á tímabilinu 1978–2002. Ofþyngd hefur líka aukist, en 65% fullorðinna hér á landi eru yfir æskilegri þyngd og fylgir því fjöldi sjúkdóma.

Nefndin sem við leggjum til að verði skipuð þyrfti að leita eftir upplýsingum um hvernig hreyfimeðferð var komið á í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og hver reynslan hefur verið af þessu fyrirkomulagi þar. Þá þarf nefndin að meta hvort almannatryggingarnar eigi að taka þátt í hreyfingaráætlun sem læknar vísa á og hvernig eftirliti og eftirfylgni skuli háttað. Mig langar að nefna að á Norðurlöndunum hefur tryggingakerfið aðeins komið inn í stuðning fyrir þá sem eru illa staddir fjárhagslega, öryrkja, atvinnulausa o.s.frv. En að öðrum kosti hafa menn oftast greitt fyrir þessa meðferð sjálfir ef hún hefur kostað eitthvað. Einnig þarf nefndin að athuga hvort mennta þurfi sérstaka hreyfingarráðgjafa og þá hvernig þeirri menntun skuli háttað. Hún gæti verið viðbótarmenntun við ýmsa aðra menntun, svo sem sjúkraþjálfun, líkamsræktar- og íþróttanám, félagsráðgjöf, næringarfræði og hjúkrun svo að dæmi séu tekin. Annars staðar á Norðurlöndunum er farið að bjóða nám fyrir þá sem vilja starfa við stuðning, eftirfylgni og ráðgjöf þeirra sjúklinga sem fara þessa leið. Að auki þarf nefndin að koma með tillögur um það hvernig auðvelda skuli læknum að vísa á hreyfingu í stað lyfja, svo sem með stöðluðum formum eða rafrænum lausnum. Þá gætu stofnanir eins og landlæknisembættið, Lýðheilsustöð eða heilsugæslan gefið út handbók með leiðbeiningum, en það hefur einmitt verið gert á Norðurlöndunum. Þar hafa verið gefnar út sérstakar ávísanir sem menn fylla út í þessu skyni alveg eins og verið er með sérstakar lyfjaávísanir þegar menn vísa á lyf.

Nefndin meti hvort sú leið sem hér er lögð til er ákjósanleg eða hvort aðrar leiðir skuli farnar til að koma á hreyfingu sem valkosti í heilbrigðisþjónustunni. Þá meti nefndin hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem sinna umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum. Ég er þeirrar skoðunar að hægt væri að gera þetta án þess að breyta lögum

Við vitum að miklar samfélagslegar breytingar á síðustu áratugum, tækninýjungar og líkamlega léttari störf hafa leitt til minni hreyfingar og orkuþarfar fólks. Þessi þróun hefur síðan leitt til þess að ofþyngd og offita hefur aukist. Í heimsókn heilbrigðisnefndar Alþingis á Reykjalund í nóvember 2004, þar sem árangursrík meðferð við offitu býðst, bentu forsvarsmenn stofnunarinnar á alvarlegar afleiðingar þessa ástands. Dánartíðni vegna offitu hefur tvöfaldast, kæfisvefn og sykursýki tífaldast, hjarta- og æðasjúkdómar þrefaldast, og sama á við um stoðkerfisverki og slitgigt, ýmsar gerðir krabbameins eru nú allt að tvöfalt algengari en áður og ófrjósemi hefur aukist. Algengir andlegir fylgikvillar eru síðan þunglyndi, vanmetakennd, kvíði og félagsfælni.

Offita hefur einnig ýmsar félagslegar afleiðingar, svo sem einelti, einangrun og fordóma sem síðan leiða til minni möguleika til náms, atvinnu og til að stofna fjölskyldu. Oftar en ekki er félagsleg staða þessa fólks slæm og líkleg til að leiða til örorku. Þetta gæti því jafnvel forðað fólki frá því að lenda á örorkubótum og orðið til þess að það nái aftur heilsu og geti komist út í atvinnulífið.

Offita veldur miklum kostnaði í heilbrigðiskerfinu eins og ég hef bent á. Algengustu sjúkdómarnir sem rekja má til óheilbrigðra lífshátta eru hjarta- og æðasjúkdómar, hár blóðþrýstingur, sykursýki eldra fólks og áunnin sykursýki, sem hefur líka aukist hjá börnum eins og ég benti á í gær, þegar ég var að ræða um að takmarka auglýsingar á óhollu fæði sem beint er að börnum. Þetta er orðið raunverulegt heilbrigðisvandamál hjá börnum og á eftir að verða baggi á velferðarkerfinu í heild ef ekkert verður að gert. Hreyfing og hollusta er einmitt leið til að sporna við þeirri þróun.

Eins og ég nefndi í upphafi eru nágrannaþjóðir okkar komnar með reynslu af þessari leið. Svíar, Danir og Norð-

menn hafa í nokkur ár boðið upp á ávísanir á hreyfingu sem úrræði í stað þess að vísa á lyf og hafa gefið út handbækur um það. Í leiðbeiningabók sem heilbrigðisyfirvöld gáfu út í Danmörku kemur fram að þessi leið gagnist best sem meðferð við æða-, stoðkerfis-, efnaskipta-, lungna- og geðsjúkdómum. Rannsóknir sýna að þetta er raunhæfur kostur en læknar verða auðvitað að meta það hverju sinni hvað hentar hverjum og einum og ekki er víst að þessi leið henti öllum en þeir útbúa sérstaka meðferðarávísun fyrir hvern og einn þannig að það er einstaklingsbundið hvers konar áætlun menn fá. Bandarísk rannsókn þar sem eldra fólki með stoðkerfisvandamál var boðið upp á vatnsleikfimi í stað liðskiptaaðgerðar sýndi að helmingur þeirra sem völdu þá leið fengu bót meina sinna og þurfti ekki að fara í skurðaðgerð sem kemur sér vel fyrir sjúkling þar sem skurðaðgerðir hafa alltaf einhverja hættu í för með sér, allt inngrip er hættulegt, auk þess sem þetta sparar samfélaginu mikla fjármuni því að hver liðskiptaaðgerð kostar mikla peninga, hnéaðgerð eða mjaðmaaðgerð kostar á aðra milljón hér á landi. Þetta er því mjög góður kostur og mótvægi gegn dýrum lyfjum og skurðaðgerðum.

Frá 2002 hafa dönsku ömtin boðið upp á þetta og síðast þegar ég spurðist fyrir um þetta hafði þetta aukist mjög mikið og það er verið að vísa fólki með fleiri og fleiri sjúkdóma á þessa leið, svo sem fólki með alls kyns lífsstílssjúkdóma sem ég nefndi hérna áðan, sykursýki eldra fólks, lungnasjúkdóma vegna reykinga, háan blóðþrýsting og þunglyndi. Þá er verið að vísa á íþróttir. Það er verið að benda á jafnvel stafgöngu, útivist alls konar og sömuleiðis á líkamsræktarstöðvar. Við höfum sundlaugarnar sem eru mjög góður valkostur o.s.frv. Að þessu hafa komið ýmsir aðilar. Stéttarfélög t.d. og fyrirtæki hafa stutt fólk sem hafa viljað fara þessa leið. Íþróttahreyfingin hefur tekið undir þetta og heilbrigðisstarfsmenn einnig.

Í Noregi varð það að lögum að fara þessa leið árið 2003. Þá tóku lög gildi í Noregi um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu þannig að læknar gætu vísað á hreyfingu ásamt matarleiðbeiningum ef þeir teldu ástæðu til á sama hátt og lyfja- og læknismeðferð. Sú lagabreyting hefur gengið undir heitinu græn ávísun þar. Þeir hafa verið að fikra sig líka áfram eins og hinar Norðurlandaþjóðirnar, byrjuðu með sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóma og síðan hafa þeir fjölgað sjúkdómaflokkum til að nýta þessa leið.

Nánari útfærsla á þessu kemur fram í greinargerðinni. Ég geri ekki ráð fyrir að ég hafi tíma til að fara alveg yfir það. En vísa á greinargerðina með málinu um þetta. Þar kemur einmitt fram að fyrsta árið sem þetta var í lögum í Noregi voru gefnar út 24.000 grænar ávísanir í Noregi sem ella hefðu annars farið í lyfjaávísanir og útgjöld fyrir heilbrigðiskerfið eða jafnvel aðgerðir.

Svíar byrjuðu á þessu 2001 og hefur það þar gefist mjög vel. Ég átti fund með heilbrigðisráðherrum á Norðurlöndunum nú í vetur þar sem staðfest var hvað þessi leið hefði gefist vel þar.

Eins og ég benti á áðan eru kjöraðstæður til að bjóða upp á þennan valkost hér með allar þessar sundlaugar, íþróttaaðstöðu og líkamsræktarstöðvar þannig að það ætti að vera auðvelt fyrir okkur að fara þessa leið.

Ég lagði þetta til á síðasta þingi ásamt þeim hv. þingmönnum sem ég nefndi áðan og eru flutningsmenn með mér. En þá var málið ekki afgreitt. Nú þegar þingmálið er endurflutt þykir flutningsmönnum ástæða til að vekja athygli á vinnu sem hefur þegar farið fram í að gera hreyfingu að valkosti í heilbrigðisþjónustunni, þ.e. síðan þingmálið kom fram fyrst, en síðastliðinn vetur gerðu nemendur í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við endurmenntun Háskóla Íslands lokaverkefni um hreyfingu sem meðferð í heilbrigðisþjónustunni. Þau nefndu verkefnið Hreyfiseðill, ávísun á hreyfingu, og lauk því með skýrslu um hvernig unnt væri að koma á tilraunaverkefni á þessu sviði.

Hugmyndir nemendanna gengu út á að hefjast handa hið fyrsta við undirbúning og öflun fjármagns til að setja tilraunaverkefnið af stað hjá fjórum heilsugæslustöðvum, tveimur í dreifbýli og tveimur í þéttbýli. Í viðauka við skýrsluna er áætlun fyrir verkefnið sem sett hefur verið upp fyrir Heilsugæsluna í Garðabæ, en hvaða heilsugæslustöð sem er getur í raun tekið þá áætlun og aðlagað hana að starfsumhverfi sínu. Stutt samantekt höfunda á verkinu er fylgiskjal með þessu þingmáli og geta menn kynnt sér hana þar. Vinnuna sem þeir lögðu fram og liggur að baki þessu verkefni hjá þeim ætti auðveldlega að létta mjög vinnu þá sem við leggjum til að nefnd ráðherra fari í því búið er sem sagt að útbúa þarna tilraunaverkefni í því að gera græna seðla eða hreyfiseðla að valkosti í heilbrigðisþjónustunni hjá þessum heilsugæslustöðvum. Við flutningsmenn þessa máls leggjum því til að nefndin sem við leggjum til að verði sett á laggirnar til að koma þessu í framkvæmd nýti sér skýrsluna við vinnu sína.

Það má líka nefna að fleiri námsmenn í háskólunum eru að vinna að slíku. Í gær talaði ég við tvo nemendur í Háskólanum í Reykjavík sem eru líka að vinna að lokaverkefni um að hreyfing verði valkostur í heilbrigðiskerfinu. Það hefur því orðið mikil vakning hér á landi eins og á Norðurlöndunum um að fara þessa leið í heilbrigðisþjónustu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þetta mál sent til heilbrigðis- og trygginganefndar til frekari umfjöllunar og afgreiðslu.

[12:51]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir flutning þessarar tillögu og taka undir efni hennar. SÍBS, eigandi Reykjalundar sem hér var vitnað til áðan, hefur látið þessi mál mjög til sín taka. Ég vil benda á að í SÍBS-blaðinu sem þingmenn fengu í haust, októberblaðinu, er ágæt grein um þetta efni sérstaklega. Þar að auki hefur verið ákveðið að ráðstefna sem haldin verður í haust verði helguð þessu málefni. Hún verður haldin í tengslum við SÍBS-þing í október.

Velmegunarsjúkdómar eða lífsstílssjúkdómar eru mikill vandi nútímafólks. Þeir eru m.a. meðhöndlaðir á Reykjalundi. Dæmi um þetta eru sykursýki 2, hár blóðþrýstingur, há blóðfita og offita. Það er svo mikið um þetta að það er farið með útbreiðslu þess eins og faraldur í heilbrigðiskerfi heimsins samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Í skýrslu frá þeim kemur fram að lífsstílssjúkdómar muni orsaka 70% allra dauðsfalla árið 2020 ef svo fer fram sem horfir. Lyfjanotkun mun aukast. Aðgerðum á sjúkrahúsum

mun fjölga. Þess vegna hefur áherslan á hreyfingu sem meðferð aukist og er valkostur sem er tiltölulega nýr en á eftir að sanna sig eða ég hef trú á að svo verði. Eins og hérna hefur komið ágætlega fram hjá hv. flutningsmanni skrifa læknar upp á hreyfingarseðla í stað eða ásamt lyfseðlum sem fólk getur svo leyst út og fengið ráðgjöf annaðhvort á sérhæfðum stöðvum eða á annan hátt. Þarna er verið að leggja meiri ábyrgð á hvern einstakling og jafnframt gefa þeim tækifæri til að takast á við sjúkdómana á eigin forsendum. Þetta dregur úr lyfjanotkun og aðgerðum og ætti þegar til lengri tíma er litið að auka heilbrigði og draga úr heilbrigðiskostnaði.

Það er hlutverk lækna í Noregi að fræða sjúklinga um ágæti hreyfingar og rétt mataræði. Þannig ráðgjöf tekur yfirleitt lengri tíma en venjuleg læknisheimsókn og tekur gjaldskrá læknisins mið af því. Þetta fyrirkomulag er kallað grænn lyfseðill. Í því felst að læknirinn gerir samkomulag eða samning við sjúklinginn — þetta gerist ekki nema sjúklingurinn heimili það sjálfur að sjálfsögðu — um að hann hreyfi sig meira, borði hollari mat. Í Noregi gildir þetta fyrst og fremst fyrir háan blóðþrýsting og sykursýki 2, en þessi lyfseðill gildir ekki ef sjúklingurinn er á lyfjum fyrir. Þannig er það alla vega núna. Síðan er náttúrlega hreyfingin og að uppfylla þessi skilyrði í höndum sjúklingsins sjálfs.

Svíar tala um það sem þeir kalla „fysisk aktivitet på recept". Verkefnið byrjaði á nokkrum stöðum í Svíþjóð en hefur svo breiðst út. Þeir setja það sem kalla mætti á íslensku hreyfitek samanber apótek þangað sem fólk fer með hreyfiseðlana og fær ráðgjöf. Framhaldið er síðan í höndum sjúklinganna.

Danir byggja á sænsku útfærslunni en leggja töluvert upp úr því að heimfæra hana upp á mismunandi aðstæður. Danir nota þetta á tvennan hátt. Fyrst er það það sem þeir kalla motion í håndkøb — fyrirgefið dönskuna — þar sem sjúklingur með hreyfiseðil frá lækni getur fengið ráðgjöf um hreyfingu án áframhaldandi eftirfylgni. Það er fyrri kosturinn. Sá seinni er motion på recept þar sem sjúklingur tekur þátt í skipulegri þjálfun í þrjá, fjóra mánuði áður en hann fer sjálfur út í samfélagið til að þjálfa sig. Eins og staðan er núna gildir þetta um sjúklinga með sykursýki 2 og háan blóðþrýsting eins og allt hið fyrra. Það er aðallega þetta sem verið er að fjalla um núna, enda eru þetta dæmigerðir lífsstílssjúkdómar. Meira er lagt upp úr eftirfylgni við sjúklingana í dönsku útfærslunni. Það er dýrara fyrir heilbrigðiskerfið en talið að brottfall úr þjálfun verði minna. Þar er talið að um 3.500 manns taki þátt í hreyfingu sem meðferð og mælingar sem gerðar hafa verið sýna fram á það að 70–80% þeirra eru enn að hreyfa sig eftir sex mánuði. Sá árangur getur ekki talist annað en góður.

Nefnd á vegum Félags íslenskra sjúkraþjálfara sem stofnuð var á haustmánuðum 2004 — þeir sem störfuðu í þeirri nefnd skrifuðu áðurnefnda grein í SÍBS-blaðinu — kynnti sér útfærslur á þessu sem ég hef greint að framan, en á íslensku hefur þetta verið kallað hreyfing sem meðferðarform. Hugmyndafræðin sem birtist í þessu passar við viðhorf sjúkraþjálfara um að auka vægi hreyfingar. Verkefni þessarar nefndar var að kanna hvernig þær þjóðir sem hafa útfært þessa hugmynd hafa farið að því og hvort hugmyndin sé góður kostur fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi. Niðurstaða nefndarinnar er sú að danska útfærslan virðist vera sú ákjósanlegasta en mikilvægt sé að aðlaga hana íslenskum aðstæðum. Læknar sjá um að kynna hugmyndina fyrir sjúklingum og velja þá sjúklinga sem þeir telja hafa gagn af þessari meðferðarnálgun og þeir sjá um ákveðnar mælingar, lyfjamál og eftirfylgni í allt að ár. Læknar gera þetta. En einnig getur þessi meðferð verið í höndum annarra heilbrigðisstarfsmanna svo sem sjúkraþjálfara eða hjúkrunarfræðinga. Tvær leiðir eru í boði þarna, annars vegar að æfa á eigin vegum en mæta svo þá í reglulegt mat hjá heilbrigðisstarfsmanni eða í öðru lagi að æfa undir eftirliti fagaðila, t.d. sjúkraþjálfara í þrjá til fjóra mánuði og eftir það finna hreyfingu við hæfi, t.d. sund, göngu, líkamsrækt eða annað sem á við og viðkomandi finnur sig í að framkvæma.

Þessi nefnd hefur einnig haft það hlutverk að kynna þessar hugmyndir hérlendis og kanna áhuga fagfólks og almennings á þessari aðferð. Áhugi á þessu virðist vera mikill víða. Síðan, eins og kom fram í greinargerð, hefur hópur nema í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands gert úttekt á mögulegri útfærslu hér á landi sem hluta af námi sínu og skilað því til landlæknis.

Undirtektir við þetta hafa verið góðar. Ég hef mikla trú á að þessi aðferð geti verið svar við lífsháttum sem hafa heldur færst til verri vegar og sem betur fer njóta undirtektir við það vaxandi fylgis, þ.e. að menn finni sér hreyfingu sem meðferðar- og forvarnarform og finnast mörg dæmi þess í þjóðfélaginu núna að slíkt sé að gerast. Ég minni aftur á að SÍBS mun láta þetta mál til sín taka, mun standa fyrir ráðstefnu í haust sem ég vona að verði sem fjölsóttust og innlegg í þetta ágæta mál.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:59]

Landshlutaverkefni í skógrækt, 1. umr.

Stjfrv., 555. mál (samræming laga, endurgreiðsla framlaga o.fl.). — Þskj. 809.

[13:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um landshlutaverkefni í skógrækt á þskj. 809 sem er 555. mál Alþingis. Með frumvarpinu er ætlunin að sameina í ein lög þrenn sem nú gilda um landshlutaskógrækt, þ.e. lög um landshlutabundin skógræktarverkefni, nr. 56/1999, lög um Héraðsskóga, nr. 32/1991, og lög um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997.

Í ákvæði I til bráðabirgða í núgildandi lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni kemur fram að landbúnaðarráðherra skuli fjórum árum frá setningu laganna endurskoða ákvæði þeirra, auk ákvæða laga um Héraðsskóga og Suðurlandsskóga.

Ljóst er að nokkuð er komið fram yfir þann tíma sem átti að endurskoða lögin en það á sér eðlilegar skýringar. Frumvarpið hefur verið nokkuð lengi í vinnslu og leitað hefur verið lögfræðiálita og umsagna frá þeim aðilum sem

málið helst varðar, m.a. barst þaðan álit Skógræktar ríkisins og forsvarsmanna verkefnanna á drögum ráðuneytisins að frumvarpinu.

Ég sé einnig ástæðu til að taka fram, þar sem að undanförnu hefur nokkuð verið rætt um sameiningu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins, að þetta frumvarp er óháð þeirri umræðu. Hvort eða hvenær þær stofnanir verða sameinaðar breytir ekki nauðsyn þess að ákveðin lög gildi um stuðning ríkisins við landshlutaverkefni í skógrækt eins og verið hefur. Landshlutaverkefnin starfa óháð fyrrgreindum stofnunum í dag þótt náin samvinna sé með Skógrækt ríkisins og verkefnunum. Engin áform eru um að svo verði ekki áfram.

Reynslan af landshlutaverkefnum og framkvæmd laganna hefur verið mjög góð. Mikill áhugi er um allt land á verkefnunum, ekki aðeins meðal þátttakenda heldur einnig annarra, svo sem sveitarstjórna og almennings. Nú hafa verið gerðir um 760 samningar við skógræktarbændur og aðra landeigendur og rúmlega 100 jarðir eru á biðlista. Alls hafa verið gróðursettar um 40 milljónir plantna í um 18 þúsund hektara lands.

Hins vegar hefur reynslan sýnt að þörf er á að kveða skýrar á um ýmis atriði núgildandi laga. Þar má nefna ákvæði um endurgreiðslu skógræktarframlags, fyrningu þeirra og ákvæði, um þau tilvik er skógarbóndi hefur vanefnt samning, vilji skógarbóndi segja upp samningi eða skógræktarverkefnið sjálft losna undan samningi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að endurgreiðslubyrði af tekjum skógarbænda falli niður. Í núgildandi lögum er þetta hlutfall 15–35% af söluverðmæti hvers rúmmetra en það er mismunandi eftir verkefnum. Sterk rök hafa verið færð fyrir því að ef skógrækt eigi að þróast og eflast sem ný atvinnugrein hér á landi megi endurgreiðslubyrðin ekki verða of há þar eð landeigendur verða að sjá sér hag í að fella trén og koma afurðunum á markað.

Einnig hefur verið bent á að þegar timburskógar verða felldir og afurðir settar á markað gefast margar leiðir fyrir stjórnvöld til að skattleggja atvinnugreinina á raunhæfan máta. Má benda á að endurgreiðsluhlutfallið er heldur ekki til staðar á Írlandi sem hóf sína miklu skógrækt fyrir um 80 árum. Hún er ein af auðlindum frænda okkar á Írlandi. Nauðsynlegt er að benda á að virðisauki skógræktar felst auk timburframleiðslu í mörgu öðru, svo sem bindingu kolefnis, fjölbreyttara náttúrufari, heftingu jarðvegseyðingar, uppgræðslu lands, að ógleymdu margháttuðu útivistargildi svo eitthvað sé nefnt. Um þetta er sérstaklega getið í 1. gr. frumvarpsins, um tilgang og markmið laganna. Greinin er að mestu efnislega samhljóða tilsvarandi greinum í núgildandi lögum og viðurkennt að markmið með skógrækt geti verið margvísleg og misjöfn og háð bæði aðstæðum og óskum landeigenda á hverjum stað.

Þá er sömuleiðis sett fram það markmið sem stefnt hefur verið að frá því að landshlutabundnu verkefnin hófu göngu sína, að stefnt skuli að ræktun skóga á a.m.k. 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 metra línunnar á svæði hvers verkefnis. Samkvæmt núgildandi lögum eru starfandi sex landshlutabundin skógræktarverkefni. Þau eru Héraðsskógar, Suðurlandsskógar, Norðurlandsskógar, Skjólskógar á Vestfjörðum, Vesturlandsskógar og Austurlandsskógar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að landshlutaverkefnin verði eftirleiðis fimm talsins og taki Héraðsskógar á Austurlandi við verkefnum Héraðsskóga og Austurlandsskóga með brottfalli laganna um Héraðsskóga. Með tilkomu Austurlandsskóga var Héraðsskógum falið að stýra verkefninu en fulltrúar skógarbænda á Austurlandi bættust við í stjórnina. Þótt framlög til Héraðsskóga og Austurlandsskóga hafi verið aðskilin er um sameiginlegan rekstur þeirra að ræða á skrifstofu, stjórnun og hvað mannafla varðar. Er þessum þáttum skipt hlutfallslega á verkefnin. Eðlilegt er talið að á Austurlandi starfi eitt skógræktarverkefni eins og í öðrum landshlutum.

Í frumvarpinu er stjórnsýsluleg staða verkefnanna skilgreind. Verkefnin heyra undir landbúnaðarráðherra en eru að öðru leyti sjálfstæðar stjórnsýslueiningar. Einnig kemur fram að framlög verkefnanna eru bundin við lögbýli. Með hliðsjón af því að eitt af markmiðum laganna er að treysta byggð og efla atvinnu þykir eðlilegt að binda verkefnin áfram við lögbýli. Þróunin á undanförnum fimm árum hefur verið á þá leið að fjölmörg ný lögbýli hafa verið stofnuð til sveita. Mörg þessara býla eru stofnuð til að hefja þar starfsemi í skógrækt. Með lögbýlisskilyrðinu þykir markmiðum laganna vel náð.

Í núgildandi lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni er gert ráð fyrir að verkefnin fari að áætlun til 40 ára og verði henni skipt niður í 10 ára tímabil. Í frumvarpinu er þetta skýrt frekar og gert ráð fyrir endurskoðun áætlunarinnar á 10 ára fresti eða oftar. Breyting þessi er í takt við nútímavinnubrögð í skipulagsmálum og gerir verkefnunum kleift að aðlagast breyttum forsendum og nýjum áherslum sem fram kunna að koma. Í frumvarpinu eru einnig nýmæli sem ætlað er að tryggja að áætlanir landshlutabundnu skógræktarverkefnanna taki mið af þeim fjárveitingum sem Alþingi hefur áætlað til skógræktarverkefnanna til 10 ára í senn. Með þessu er einnig ætlunin að tryggja ákveðin fyrirsjáanleika í störfum verkefnanna.

Kveðið er á um að landbúnaðarráðherra leggi fram þingsályktunartillögu á Alþingi um fjárframlög til verkefnanna. Ákvörðun Alþingis ræður svo fjárveitingunum sem verkefnin taka mið af við áætlanagerð sína og framkvæmdir. Eðli verkefnanna og framkvæmdir í skógrækt kalla á langtímaáætlanir um fjárveitingar. Þær tryggja trúverðugleika og markvissara og skilvirkara starf. Vorið 2003 samþykkti Alþingi þingsályktun í anda þess sem hér er lagt til að verði lögboðið. Sú þingsályktun var til fimm ára og markaði tímamót hvað varðar alla áætlanagerð fyrir verkefnin.

Fimmta grein er að mestu samhljóða 7. gr. laga um Suðurlandsskóga. Gert er ráð fyrir því að stjórn hvers landshlutabundins verkefnis sé í höndum þriggja manna stjórnar sem skipuð verði til fjögurra ára í senn. Í núgildandi lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni er gert ráð fyrir fjögurra manna stjórn. Breytingin er lögð til svo að auka megi hagkvæmni í rekstri verkefnanna og minnka yfirbyggingu þeirra. Með skipan stjórnarinnar er tryggt að tekið sé mið af sjónarmiðum skógarbænda og fagsjónarmiðum þeim sem Skógrækt ríkisins er ætlað að endurspegla. Ráðherra skipar síðan þriðja mann stjórnarinnar án tilnefningar.

Með þessari breytingu er ekki gert ráð fyrir aðkomu

Skógræktarfélags Íslands að stjórn verkefnanna eins og var í lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni og gilti fyrir Norðurlandsskóga, Vesturlandsskóga og Skjólskóga á Vestfjörðum. Þetta atriði hefur verið mikið skoðað og rætt. Rétt er að benda á að skógræktarfélögin eru frjáls félög og starfa ekki eftir lögum frá Alþingi. Þrátt fyrir mikið skógræktarstarf þeirra í áratugi verður ekki séð að nauðsyn sé á aðild þeirra að landshlutabundnu verkefnunum sem starfa á allt öðrum forsendum.

Á það hefur einnig verið lögð áhersla, að fækka eigi í stjórnum verkefnanna eins og hér er lagt til. Bent hefur verið á að ef vilji er til að fjölga í stjórnunum geti allt eins verið eðlilegt að sveitarfélögin, sem leggja mikið upp úr velgengni verkefnanna, eigi þar fulltrúa ekki síður en skógræktarfélög. Það nýmæli er í 5. gr. frumvarpsins að gert er ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra setji stjórnum verkefnanna starfsreglur. Með setningu slíkra reglna verður leitast við að tryggja sem best samræmda framkvæmd hjá verkefnunum.

Þá eru sömuleiðis nýmæli í 6. gr. frumvarpsins um að samningar við þátttakendur skuli vera til 40 ára. Í núgildandi lögum eru ekki ákvæði um gildistíma samninga. Sú hefð hefur þó skapast að gera samninga til 10 ára með ákvæðum sem ná til allt að 40 ára. Með ákvæðinu um samningstíma eru tekin af öll tvímæli um gildistíma þeirra.

Í 7. gr. er nýmæli sem ætlað er að skýra réttarstöðu og uppgjör aðila skógræktarsamnings ef aðilar vilja losna undan samningi áður en gildistími hans rennur út. Í 1. mgr. er tilgreint hvernig skuli fara að vilji landeigandi losa land sitt í heild eða að hluta undan samningi áður en gildistími hans rennur út. Með þessu ákvæði verður til reiknuð „skuld" eða endurgreiðslufjárhæð sem telst þá vera „skuld" skógarbónda við viðkomandi landshlutaverkefni. Er hugsanlegt að slík reiknuð „skuld" geti haft neikvæð áhrif á markaðsverð jarðar. Til að draga úr slíkum áhrifum er gert ráð fyrir að „skuldin" fyrnist með tíma. Ákvæðið er skýrt frekar í greinargerð frumvarpsins.

Í núgildandi lög hefur hins vegar vantað skýr ákvæði um meðferð mála ef skógarbóndi vill hætta í verkefni. Í 2. mgr. greinarinnar er að finna ákvæði um það þegar verkefnisstjórn vill losna undan samningsskuldbindingum. Greinin kveður á um lágmarksmálsmeðferðarreglur ef svo ber undir.

Í 8. gr. er að finna nýmæli um rétt landshlutaverkefnis til að rifta samningum og endurheimta framlög hafi þátttakendur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Örfá tilvik hafa komið upp þar sem samningsbundinn skógarbóndi hefur vanrækt skyldur sínar, einkum um að vernda skógræktarsvæði fyrir beit. Hætta er á slíku við eigendaskipti jarða ef nýr landeigandi er ekki eins áhugasamur um skógrækt og sá sem gerði samninginn. Engin ákvæði eru í núgildandi lögum sem taka á þessum málum og er staða verkefnanna veik gagnvart landeigendum sem ítrekað brjóta samning.

Um 9. gr. er það helst að segja að hún er samhljóða 5. gr núgildandi laga um landshlutabundin skógræktarverkefni, hluta 4. gr. laga um Suðurlandsskóga og hluta 4. gr. laga um Héraðsskóga. Kveðið er á um að framlög skuli nema allt að 97% af kostnaði, en það hlutfall er tilgreint í lögum um Héraðsskóga og notað af öllum verkefnunum. Greinin hefur því enga breytingu á rekstri verkefnanna í för með sér.

Hæstv. forseti. Liðin eru 15 ár síðan landshlutabundnu skógræktarverkefnin hófu göngu sína. Frá upphafi hafa þau notið stuðnings stjórnvalda og Alþingis. Þingmenn allra flokka hafa veitt þeim brautargengi og tryggt framlög til þeirra á fjárlögum. Það hefur ríkt samstaða um þessa atvinnuuppbyggingu og nýsköpun. Fyrir það ber að þakka.

Ég ítreka að með þessu frumvarpi er ætlunin að sameina núgildandi þrenn lög í ein og skýrari lög. Menn hafa talið nokkur atriði í núgildandi lögum fremur óskýr og því er mikilvægt að þetta mál fái brautargengi til að menn þekki reglurnar og lögin um verkefnin séu skýr.

Það er von mín að sú sátt sem ríkt hefur með landshlutabundnu skógræktarverkefnunum verði áfram og sátt náist um frumvarpið sem hér er lagt fram.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og landbúnaðarnefndar.

[13:49]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Forseti. Mig langar að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hvort aldrei hafi komið til tals við undirbúning að samningu þessa frumvarps að færa þessi verkefni undir Skógrækt ríkisins. Nú er verið að búa til verkefni eða tryggja það, verði þetta frumvarp að lögum, að landshlutabundin skógræktarverkefni séu algerlega á hendi og á ábyrgð hæstv. ráðherra. Það er skipað í stjórnir, búnar eru til fimm nýjar þriggja manna stjórnir, hver stjórn ræður til sín starfsmann. Allir þessir starfsmenn heyra undir ráðherra og síðan er ætlast til þess sýnist mér í frumvarpinu að skilað verði skýrslu einu sinni á ári sem Skógrækt ríkisins fer yfir. Hefði ekki verið einfaldara og kannski faglegra í ljósi þess verkefnis sem hér er verið að ræða að tryggja þessu verkefni samastað hjá Skógrækt ríkisins ellegar hjá Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins þegar þær stofnanir hafa verið sameinaðar? Sem vonandi verður og síðar náttúrlega færðar undir umhverfisráðuneytið, það segir sig sjálft, en það verður væntanlega ekki gert með þessu frumvarpi.

Hér er í raun og veru verið að setja þetta verkefni algerlega í hendur ráðherrans, hálfs milljarðs kr. fjárveitingu samkvæmt fjárlögum þessa árs og það verður ekki séð í fljótu bragði að neinir aðrir hafi aðkomu að stjórnun verkefnisins.

[13:51]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil minna hv. þingmann á að skógrækt er um víða veröld landbúnaður, ekki umhverfismál. Vissulega hefði það getað komið til greina að skella öllum þessum verkefnum inn í Skógrækt ríkisins. Staðreyndin er sú að Alþingi hefur tekið þá ákvörðun og ríkisstjórnin að það að planta trjám sé verkefni bænda á Íslandi og eigenda lögbýla. Það er ekki verkefni ríkisins í sjálfu sér. Það er verkefni þeirra sem eiga landið og ábyrgðin er þeirra. Þetta hefur gefist vel að mati manna, áhuginn er mikill eins og ég hef farið yfir. 760 bújarðir eru komnar í slíka samninga og sjá framtíð sína.

Hins vegar er það ljóst í frumvarpinu að Skógrækt ríkis-

ins á mann inni í verkefnunum, sinn fagaðila og verkefnin sækja ráð, kjör og þekkingu til Skógræktar ríkisins. Þarna er því eðlileg brú á milli og mikið samstarf. En ég tel mjög eðlilegt að þetta séu sérstök verkefni gerð með þessum hætti í ljósi þess að Alþingi leggur fram peninga til að búa til nýja auðlind á Íslandi fyrir þjóðina og felur ákveðnum aðilum, sem eru eigendur lögbýlanna, að planta henni í landið.

[13:52]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Forseti. Það er auðvitað rétt sem hæstv. landbúnaðarráðherra bendir á að Skógrækt ríkisins á skv. 5. gr. frumvarpsins mann í hverri stjórn. En væri þá ekki ráð að koma því þannig fyrir að a.m.k. önnur ríkisstofnun, Náttúrufræðistofnun, sem m.a. hefur með höndum gerð og rannsóknir vegna gróðurfarskorta og rannsóknir á vistkerfinu, ætti líka mann í slíkri stjórn ef á annað borð á að setja á svona stjórnkerfi yfir þetta? Þó það sé þannig hér að landbúnaðarráðuneytið skilgreini skógræktina kannski meira sem atvinnuveg en náttúruvernd eða umhverfismál þá er þetta auðvitað allt í senn í raun og veru, og mér finnst að gæta þurfi þess að taka tillit til allra sjónarmiða í málinu. Það má ekki bara fara í skógræktina án tillits til vistkerfis, gróðurfarskorta eða annarra umhverfissjónarmiða.

[13:53]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Skógræktarverkefnin hafa sett sér mjög skýr vinnubrögð sem aðrir aðilar í landinu, svo sem Náttúrufræðistofnun og fleiri, hafa komið að til að varðveita vistkerfi og menningarleg verðmæti sögunnar. Þarna hefur því verið mikið samstarf og skýrar reglur um hvernig að er farið. En ég hygg að það séu svona vinnubrögð samtímans í ljósi þess að skógræktin og skógræktarstarfsemin í landinu heyrir undir landbúnaðarráðherra að rugla ekki með það mikið á milli ráðuneyta. Ábyrgðin er á þessari hendi og fer þessa leið, það hefur ekkert verið í umræðunni að fletja þetta neitt út með þessum hætti. Miklu frekar að eiga gott samstarf og leita ráða hjá stofnunum sem gegna mikilvægu hlutverki eins og Náttúrufræðistofnun og fleiri sem mikið samstarf er haft við.

[13:55]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir framsöguna. Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra um það sem kemur fram í 1. gr. að það fjármagn sem á að fara til landshlutabundinna verkefna er ákveðið á fjárlögum hverju sinni. Mikilvægt er að gerð sé áætlun til lengri tíma, tíu ára eins og gert er ráð fyrir í greinargerðinni, og að það standist. Á Alþingi hefur verið samþykkt þingsályktunartillaga um landshlutabundin verkefni, eins og með Héraðsskóga, þar sem fjárframlög voru sett niður til fimm ára en við það hefur ekki verið staðið við afgreiðslu fjárlaga. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort það muni ekki ríkja enn frekari óvissa um framlög til þessara miklu verkefna ef á að treysta á fjárlög hverju sinni, hafa ekki alveg hreint bundinn, niðurnegldan samning.

Ég vil einnig spyrja um skipulagsmál og það sem snýr að sveitarfélögunum þar sem þau hafa ekki aðila í stjórn samkvæmt frumvarpinu. Hvernig koma þessar áætlanir að deiliskipulagi sveitarfélaganna og aðalskipulagi? Hvernig er þetta látið passa saman?

Í þriðja lagi. Var eitthvað rætt um nytjar skógarafurða við vinnslu þessa frumvarps til að auka verðmæti afurðanna sem koma úr nytjaskógunum? Þessi atvinnugrein er nefnilega orðin mjög mikilvæg fyrir fjölda bænda á lögbýlum og mikilvægt að auka verðmæti afurðanna sem koma frá verkefninu.

[13:57]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Þuríður Backman veit að Alþingi fer með fjárlagavaldið, það setur fjárlög einu sinni á ári. Þess vegna stendur þetta þannig að menn búa við það. Hér er skýrt tekið fram að landbúnaðarráðherra byggi fjárlögin á ályktun Alþingis. Jú, það kann að vera að það væri fastara í hendi ef samningur væri til staðar, eins og hv. þingmaður minnti á, en sú leið er ekki farin, þetta getur komið inn á vegamál og annað. Ég held að mikill skilningur hafi verið í ríkisstjórninni og hér á Alþingi á því að menn þurfi að standa við þessar áætlanir eins og þær eru settar fram. Það er lengi verið að sá til trésins og mikil vinna sem þar hefur farið fram sem þá fer til einskis sá undirbúningur. Hér hefur því nokkurn veginn verið staðið við ályktanir um skógræktarverkefnin og ég held að skógræktarverkefnin séu tiltölulega sátt við þau fjárframlög sem hér hafa fengist á síðustu árum. Þetta er komið yfir einar 500 milljónir til að skapa þessa auðlind.

Hvað varðar nytjarnar sem hv. þingmaður minntist á er það stórt og annað verkefni sem unnið er að með mörgum aðilum og er auðvitað verkefni sem menn þurfa nú að huga að í ríkum mæli. Ráðuneytið er að gera það, skógræktarbændurnir og verkefnin eru að sinna því og þar hafa ýmsir aðilar mikinn áhuga á að koma að slíku verki. Hið stóra verkefni framtíðarinnar er að huga að grisjun skóganna, huga að úrvinnslunni og það verður auðvitað glæsilegt og hlýtur að vera keppikefli t.d. þeirra sem framleiða húsgögn, parkett og fleira að fara að ná samkomulagi við skógarbændur um að nýta íslenskan við til þess verkefnis, en það er sem sé annað verkefni sem er í fullum gangi.

[13:59]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að næstum því hefur verið staðið við áætlanir landshlutabundnu skógræktarverkefnanna en ekki alveg og vantaði töluvert upp á þegar Héraðsskógaverkefnið er tekið sem heild. Það er mjög bagalegt fyrir þessa atvinnugrein sem byggir á útplöntun og þarf að hafa tryggt fjármagn til að geta staðið við ræktun eins og kallað er eftir.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningunni um skipulagsmálin, deiliskipulag og aðalskipulagsmál, þar sem þetta nær oft yfir fleiri en eitt sveitarfélag, og hvernig staðið er að samræmingu og samþættingu þessara stóru verkefna og skipulagsmála.

[14:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Skipulagsmál heyra undir sveitarfélögin. Það liggur ljóst fyrir að mikil vinna er í gangi víða um land í þeim málum. Það er mjög eðlilegt og mikilvægt að deiliskipulag og aðalskipulag liggi fyrir. Það er auðvitað í fullri vinnslu og ef ég man þetta rétt á þeim störfum að vera lokið fyrir árið 2008 að ég hygg. En samkvæmt þessu er unnið í samstarfi við sveitarfélögin og að því að skógræktarverkefnin falli undir skipulagið.

[14:01]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í mikla efnisumræðu um frumvarpið sem hér er til umræðu. Mér sýnist það vera til bóta, þ.e. til einföldunar með sameiningu þriggja lagabálka. Í 3. gr. frumvarpsins er þó atriði sem nauðsynlegt er að vekja athygli og fær væntanlega góða umræðu í landbúnaðarnefnd, þ.e. varðandi nafngiftir á þessum verkefnum. Ég tek eftir því að það er ekki alveg fullt samræmi, miðað við tillöguna sem hér liggur fyrir, að landshlutaverkefnin séu Suðurlandsskógar, Norðurlandsskógar, Skjólskógar á Vestfjörðum, Vesturlandsskógar og Héraðsskógar á Austurlandi. Auðvitað getur verið viðkvæmt að eiga við nafngiftir og það er augljóst að Héraðsskógaverkefnið er elsta verkefnið. Það hefur ef ég man rétt verið í gangi frá 1991 og þar af leiðandi er kannski viðkvæmt að breyta því nafni.

En það stingur í augun að tveir landshlutar séu með aðrar nafngiftir en hinir, þ.e. Skjólskógar gætu til samræmis verið Vestfjarðaskógar og á hinn bóginn væru Austurlandsskógar. Ég held að það sé rétt að nefndin fari yfir þetta. Það er örlítið ankannalegt fyrir Austfirðinga að tala um Héraðsskóga á Austurlandi öllu. Það er auðvitað ákveðið svæði á Austurlandi sem heitir Hérað. Þegar sú nafngift er notuð þá kallar hún eðlilega á þær hugrenningar að átt sé við svæðið þar sem þessir skógar eru. En það er auðvitað ekki merkingin. Menn vilja hafa skóga um allt Austurland. Ég held að hæstv. ráðherra sé örugglega sammála mér um að það megi fegra töluvert, þótt fallegt sé, á Austurlandi með skógum.

En varðandi stjórnina þá virðast mér breytingarnar frekar til einföldunar, þ.e. í sumum verkefnum hafi verið fjögurra manna stjórnir og sé ekki óeðlilegt að þær séu þriggja manna. Það er aðeins spurning varðandi tengingar t.d. við sveitarfélög, hvort menn hafi hugleitt það við samningu frumvarpsins hvort það væri eðlilegt að sveitarfélögin eða landshlutasamtök sveitarfélaganna ættu fulltrúa í stjórnum.

[14:03]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var auðvitað yndisleg ræða. Hv. þingmaður þakkaði þann einfaldleika sem verið var að setja málið í en svo kom flækjan. Hann skildi ekkert í nafngiftum og mér fannst, hæstv. forseti, að hv. þingmaður færi út af í máli sínu. Þegar við hugsum um það fallega nafn Héraðsskóga, Fljótsdalshérað. Hvað er fegurra til? Hvað kemur manni í hug annað en sólskinið fyrir austan og bjartur dagur og ... (**KolH:** Og álver.) hnjúkaþeyr, uppbygging sem þar ríkir og krafturinn í byggðinni.

Héraðsskógar eru dýrmætasta nafn í hinni nýju skógræktarsögu. Þar eru frumkvöðlarnir, þar tóku menn við verkefnum frá Skógrækt ríkisins og hafa verið frumkvöðlarnir sem hafa borið þetta það vel áfram en nú eru það verkefni um allt Ísland. Þess vegna verða þeir á fjörðunum að sætta sig við að falla undir hinn stóra himin héraðsins og þetta heiti Héraðsskógar. Ég vona að við ruglum ekki og týnum ekki þeirri nafngift í störfum þingsins. Ég treysti á hv. formann landbúnaðarnefndar að vera mér hjálpleg við að halda í nafnið Héraðsskógar.

[14:05]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var rétt hjá hæstv. ráðherra að ég fagnaði þeirri einföldun sem hér er boðuð. Ég vildi aðstoða hæstv. ráðherra við það að gera málið enn einfaldara en vera ekki með nafngiftir út og suður. Ég heyri hins vegar að málið er mun viðkvæmara gagnvart hæstv. ráðherra en ég hélt. Ég hélt að þetta væri ekki svo viðkvæmt sem heyra mátti frá hæstv. ráðherra. En ef það yrði til að tryggja það betur og setja meiri kraft í skógrækt á landinu að halda þessari nafngift þá geri ég ekki miklar athugasemdir við það.

Ég benti á að þetta er ekki í anda málhefðarinnar fyrir austan, að tala um Hérað og láta það ná um allt Austurland. Fljótsdalshérað er að sjálfsögðu, eins og hæstv. ráðherra sagði, afskaplega fallegt og nafnið einnig mjög fallegt. En það á bara við ákveðið svæði og hefðin er sú að það eigi við þetta ákveðna svæði. Ég held að hv. þm. Drífa Hjartardóttir, formaður landbúnaðarnefndar, verði að gefa sér smátíma í að skoða hvort ekki sé hægt að finna lausn á þessu máli þannig að við höldum í einfaldleikann. Hins vegar má ekki gleyma að forustumenn skógræktarinnar voru af Héraði og eðlilegt að halda því á lofti.

[14:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svo ég rökstyðji enn betur hve gott nafnið er þá eru Héraðsskógar eins og gaflinn í þessu verkefni. Norðurlandsskógar og Suðurlandsskógar eru síðan sem langar hliðar og síðan hið yndislega nafn Skjólskógar á Vestfjörðum þannig að þetta er allt í samræmi og allir skynja hvert verkefnið er.

Suðurlandsskógar hljóta að vera fyrir sunnan, Norðurlandsskógar fyrir norðan, Héraðsskógar á hinu fallega Fljótsdalshéraði með fjörðunum með og Skjólskógar á Vestfjörðum. Ég er afar stoltur af þessum nöfnum og raunar fastheldinn á þau. Ég vona að ég fái að sannfæra minn ágæta vin, hv. þm. Einar Má Sigurðarson, um að rugla ekki meira í þessum nafngiftum. Þær eru góðar og þær standa.

[14:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Málið sem hér er um rætt, um landshlutaverkefni í skógrækt, fjallar um miklu meira en það sem fram hefur komið í andsvörum við hæstv. ráðherra. Ég held að ekki sé hjá því komist að við gaumgæfum heildarstefnu okkar varðandi skógræktarmál, sem snertir síðan stefnu okkar almennt í náttúruverndarmálum. Mér er í

fersku minni skýrsla Ríkisendurskoðunar, sem átelur ríkisstjórnina fyrir að standa sig ekki nægilega vel í ákveðnum þáttum umhverfisverndarinnar og því að fara að alþjóðlegum samningum sem við höfum undirgengist. Á ég þar sérstaklega við samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika. Samningurinn um líffræðilegan fjölbreytileika kemur upp í hugann þegar skógræktarverkefni okkar eru skoðuð, á hvern hátt hefur verið staðið að þeim og stutt við bakið á þeim. Eins og hæstv. ráðherra gat um áðan þá höfum við sett mikla fjármuni í að skapa þessa auðlind, hæstv. ráðherra sagði áðan að 500 millj. kr. hefðu þegar farið í að skapa þessa auðlind, þ.e. auðlindina í skógrækt okkar.

Mér þykir skorta á að hæstv. ráðherra hafi skýrt okkur frá því hvernig hann sér fyrir sér að haldið verði á málum til framtíðar. Mér er vel kunnugt um þá áætlun sem við eigum, þingsályktunartillögu sem samþykkt var á 128. löggjafarþingi um skógrækt á tímabilinu 2004–2008. En þegar við rýnum í upplýsingar þar, sem eru handhægar í þingskjölum, þá vantar okkur kannski þegar öllu er á botninn hvolft skýrslu frá hæstv. landbúnaðarráðherra um það hvernig málum hefur undið fram.

Skógræktaráætlunin sem við vinnum eftir hefur fyrst og fremst að geyma ákvæði um hve mikla fjármuni skuli setja í einstök verkefni en minna um þýðingu þeirra og hvernig við viljum sjá skógræktina sem atvinnuveg, þ.e. að skógarhögg verði stundað sem atvinnugrein af alvöru á Íslandi. Hæstv. ráðherra mætti oftar nota tækifærið til að segja okkur á hvern hátt hann sjái þann atvinnuveg þróast á Íslandi. Sömuleiðis er í skógræktaráætlun okkar ákvæði um þjóðskóga. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er fjallað sérstaklega um það hlutverk Skógræktar ríkisins að vernda náttúrlega skóga. Þar er og fjallað um þau merkilegu skóglendi sem Skógrækt ríkisins hefur í vörslu sinni til að sinna því hlutverki. Þjóðskógarnir eru, eftir því sem segir í greinargerð um skógræktaráætlun okkar, fjölnytja skógar þar sem saman fara verndarsjónarmið, útivist fyrir almenning, rannsóknir, þróun og lítils háttar viðarframleiðsla.

Hlutverk skógræktar okkar er margþætt og margslungið. Það skiptir verulegu máli að hæstv. ráðherra sýni okkur oftar á spil sín í þessum efnum, að við sjáum hvert stefnir bæði með tilliti til verndarhagsmuna og verndaráætlun varðandi náttúrlega skóga, hvernig er háttað samstarfi milli landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis í þeim efnum. Að því leyti get ég fallist á það sem hæstv. ráðherra segir, að atvinnuvegurinn skógrækt eða skógarhögg geti heyrt undir landbúnaðarráðherra sem landnytjaatvinnuvegur.

Hins vegar verður landbúnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti að hafa mjög öflugt, opið og skilgreint samstarf um verndarþátt þessara mála. Við alþingismenn höfum ekki fengið á okkar borð nægilega yfirgripsmiklar upplýsingar um hvernig þessu samstarfi er háttað, á hvern hátt hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands skarast við stofnanir landbúnaðarráðuneytisins, á hvern hátt Landbúnaðarháskólinn er fléttaður inn í þetta, bæði rannsóknarhlutverk hans og hlutverki hans við að byggja upp þessa nýju atvinnugrein. Skógarhögg er sannarlega ný atvinnugrein á Íslandi og ég hefði viljað heyra hæstv. ráðherra fara örlítið dýpra í málin en raunin varð.

Þá erum við kannski komin að mínu hjartans máli og vonandi fleiri sem skipa þingheim. Það er sjálfbærni skógræktarverkefnanna og sjálfbær þróun almennt. Ég held ég hafi lesið málið frá orði til orðs eins og það kemur fram í frumvarpi til laga. Ég sé ekki að sjálfbær skógrækt sé skilgreind sem slík. Mér finnst það nokkuð athyglisvert og jafnvel áhyggjuefni í ljósi þess að nýverið kom út skýrsla frá norrænu ráðherranefndinni varðandi endurskoðuð markmið og verkefni Norðurlandanna í sjálfbærri þróun. Það er stefna sem samþykkt var af forsætisráðherrum Norðurlandanna í nóvember 1998. Hún var undirrituð fyrir Íslands hönd á sínum tíma. Við höfum gefið þessa stefnu út í viðamikilli og efnismikilli bók sem ríkisstjórninni var gert að stýra eftir. Hún segir okkur að í orði kveðnu stýri hún eftir þessari stefnu.

Þegar við skoðum nýútkomna skýrslu með endurskoðuðum markmiðum og verkefnum á árabilinu 2005–2008 þá rekumst við á kaflann um skógrækt. Þar segir, með leyfi forseta:

„Markmiðið er sjálfbær skógrækt þar sem nýtingu og stjórnun skóga og skógarsvæða er þannig háttað að skógar bæði nú og í framtíðinni geta gegnt vistvænu, efnahagslegu og þjóðfélagslegu hlutverki. Skógrækt á að vera samkeppnishæf til að geta tryggt tekjur og störf og framleitt hágæða timburvörur. Í skógrækt á einnig að tryggja og standa vörð um hollar og lífvænlegar auðlindir skógarins, líffræðilega fjölbreytni og önnur umhverfisverðmæti. Skóginn á líka að nota til útivista og tómstunda.“

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst að í þessum kafla þessarar norrænu skýrslu komi fram veigamikil atriði sem hæstv. landbúnaðarráðherra lætur engu getið í þingmáli sínu. Mér finnst miður að menn skuli ekki átta sig á hversu víðtæk stefna hefur verið unnin upp í hendurnar á okkur, hve góð áform eru til staðar í þeirri norrænu stefnu sem sér hvergi stað í stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málefnum sem snerta framtíðarsýn til sjálfbærrar þróunar. Ég vil t.d. spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann sjái þróast á næstu örfáum árum rannsóknir á skógrækt. Þá er ég að tala um tvíþættar rannsóknir, annars vegar náttúrurannsóknir sem byggja á að náttúrulegur skógur sé rannsakaður og áætlun sé gerð um áframhaldandi verndun hans, mögulega eflingu og útbreiðslu og svo að hinu leytinu rannsóknir varðandi mögulega nýja atvinnugrein sem lýtur þá að skógrækt sem atvinnu til skógarhöggs.

Mér finnst nauðsynlegt að hæstv. ráðherra uppfræði þingheim um á hvern hátt þeim verkefnum sem við höfum sett fjármuni í vindur fram. Ég auglýsi þess vegna eftir því að hæstv. ráðherra geri þingheimi grein fyrir því hvernig þeim verkefnum reiðir af og á hvern hátt hann sjái nánustu framtíð í þessum efnum. Hæstv. forseti, mér finnst dýptin í þessu máli talsverð þótt hennar gætti ekki í máli hæstv. ráðherra. Ég vil leggja áherslu á að Skógræktin þurfi að leggja áherslu á líffræðilegan fjölbreytileika. Eins og ég vék að í upphafi máls míns hefur ríkisstjórnin fengið ákúrur fyrir að fara ekki nægilega eftir þeim samningi sem hún þó hefur undirgengist í þeim efnum.

Mér finnst að þess þurfi að sjá stað að einhver vinna sé í gangi sem tryggi vernd grunnvatns okkar eða á hvern hátt binding koltvísýrings í skógi vindur fram. Hvaða áætlanir

hafa verið gerðar varðandi það? Hvað á hún að vera umfangsmikil og hvar á hún að vera? Mér finnst vanta heilmikið í þetta mál til að ég geti sagt að ég sé sátt við það.

Eitt af því sem Norðurlandabúar leggja áherslu á varðandi sjálfbæra nýtingu skógarins er margvíslegt hlutverk skóganna í samfélaginu. Norðurlöndin leggja áherslu á að ræða allar ákvarðanir sínar varðandi skógrækt á opinberum vettvangi, sem mér hefur fundist skorta á hér. Mér fyndist að vera ætti meiri opinber umræða um skógræktarmál og hvet hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir því í framhaldi af þessu þingmáli, að efla umræðuna, hafa hana opnari og sjá t.d. til þess að umhverfisverndarsamtök komist inn í þessa umræðu og séu hvött til að taka þátt í henni.

Norðurlandabúar leggja líka mikla áherslu á umhverfismerkta skógrækt, þar sem ræktaðir eru skógar samkvæmt alþjóðlegum vottunarstöðlum sem heimila sérstaka vottun framleiðslunnar. Ég tel afar mikilvægt, ef á að efna til stórfellds skógarhöggs og iðnaðar í tengslum við skógrækt og skógarhögg á Íslandi, að við skipum okkur fremst í flokk landa með umhverfisvottaða framleiðslu. Ég veit satt að segja ekki hvort eitthvað slíkt sé á prjónum hæstv. ráðherra. Ég treysti því að hann segi okkur meira um þau efni í síðari ræðu sinni. Það skiptir máli að við þróum í enn frekari mæli náttúruumhverfisvæna starfshætti í skógrækt. Við þurfum að leggja verulega áherslu á að framleiðsluvörur í skógræktinni séu umhverfisvænar og þurfum að krefjast skráningar á lagalegum og sjálfbærum uppruna timburafurða.

Varðandi síðan félagslegt hlutverk skóganna í þjóðfélaginu þá er rétt að geta þess að það þarf að tryggja aðgengi að skógum. Það er mikilvæg forsenda fyrir virka útivist í skógræktarumhverfi. Ég hef sjálft lent í því að koma í gamla skógrækt í Skorradalnum, afar gróskumikla skógrækt, sem er svo óaðgengileg sem frekast getur verið. Þar kemst ekki nokkur maður um og hæstv. ráðherra þarf aðeins að skoða hvort möguleiki fólks til útivistar í skóglendi sé nægilega mikill og á hvern hátt við getum tryggt að skógarnir okkar verði opnaðir til umgengni fyrir almenning.

Síðan þarf að skoða eða ræða a.m.k. um ólík búsvæði á Íslandi, með tilliti til skógræktar. Ég sakna umræðu um á hvern hátt búsvæði okkar henta misvel til skógræktar þannig að plöntur, dýralíf og búsvæði séu virt, hið besta sé nýtt í þeim og meðvitaðar ákvarðanir teknir. Allt þetta þarf að gera í öflugri samvinnu við útivistarsamtök, skógareigendasamtök, náttúruverndarsamtök, samtök landeigenda og eigenda lögbýla.

Hæstv. forseti. Mér finnst afar þarft mál á ferðinni. Varðandi breytingar á þessu fyrirkomulagi hef ég kannski ekki svo stór eða mikil sjónarmið uppi. En ég tel að í málinu búi tækifæri fyrir dýpri umræðu en hæstv. ráðherra bryddar upp á í málinu. Ég hvet til að hæstv. ráðherra haldi áfram að efla skógræktina og umræðuna um skógrækt og tryggi að sú umræða verði ævinlega á dýptina.

[14:20]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var afskaplega fræðandi ræða hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur en mér fannst samt sem áður hún kannski ekki skilja málið alveg nógu vel að mínu mati af því að mér finnst skilgreiningarnar varðandi þetta frumvarp koma afskaplega vel fram, um hvað frumvarpið fjallar og eins til hvers við erum að rækta þennan skóg. Að sjálfsögðu þarf að fara varlega og skipulag sveitarfélaga á að segja til um hvaða svæði eiga að vera undir skógrækt og hvaða svæði eiga að vera undir aðra landbúnaðarstarfsemi, t.d. kornrækt o.s.frv.

Þegar talað er um sjálfbæra skógrækt sjáum við að hún verður til t.d. í gömlum birkiskógum sem eru friðaðir. Það er sjálfbært, þeir fara að sá sér sjálfir. Ég er ekki viss um að við séum að tala um sama hlutinn en það er það sem mér datt í hug.

Ég hélt að hv. þingmaður mundi fagna því verulega sem við erum að gera með skógræktinni hvað varðar bindingu kolefnis, sem ég tel vera afskaplega mikilvægt hlutverk. Fyrir það fyrsta er þetta gott búsílag fyrir byggðir landsins, það er mikið byggðamál þegar 760 bújarðir taka þátt í að koma í veg fyrir jarðvegseyðingu oft og tíðum, uppgræðslu og landgræðslu. Þetta verða ekki alls staðar nytjaskógar nema kannski á nokkrum fáum svæðum á landinu. Aðalatriðið eru þessir landgræðsluskógar að mínu mati og binding kolefnis sem ég tel að sé með þýðingarmeiri verkefnum í skógrækt.

[14:23]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Andsvar hv. þm. Drífu Hjartardóttur, formanns landbúnaðarnefndar Alþingis, gefur kannski svolítið í skyn þetta sem ég var að tala um, að hver og einn ræðir skógrækt út frá sínum eigin tilfinningum. Hv. þingmaður hefur ákveðnar skoðanir í þessum efnum, t.d. þá að það verði aldrei nytjaskógrækt á litlum svæðum í landinu. Ég spyr. Er hæstv. ráðherra sammála því? Erum við sem sagt að tala um að aðeins verði á fáeinum svæðum á landinu einhvers konar nytjaskógrækt? Og á hvern hátt erum við að tala um bindingu koltvísýrings í skógrækt?

Við vitum það öll sem hér erum inni að skógur bindur ekki kolefni nema í takmarkaðan tíma. Kolefnið bindur hann fyrst og fremst meðan hann er í vexti, síðan verður ákveðin stöðnun og svo fer hann að fölna og þá losar hann aftur kolefnin. Þetta er ákveðið hringrásarferli og ef við ætlum að gera áætlun um að binda verulegt magn kolefnis í skógi þurfum við að láta þær áætlanir liggja á borðinu þannig að við getum rætt um þær af einhverju viti en ekki út frá tilfinningum okkar eða hugmyndum hvers og eins. Þess vegna segi ég að mér finnst vanta stefnumörkun þar sem tekið er verulega vel á öllum þáttum þessa máls.

Varðandi sjálfbærni birkiskóganna okkar þá eru þeir auðvitað skógar sem bjarga sér sjálfir ef ekki er sótt að þeim varðandi landnytjar, uppblástur og annað slíkt. Þeir þurfa því ákveðinnar verndar við. Það er alveg ljóst. En ég er fyrst og fremst að tala um sjálfbæra nýtingu skógarins sem er til staðar. Við erum ekki með náttúrulegan skóg sem við getum sagt að við getum farið að stunda skógarhögg í og verulega umfangsmikla timburframleiðslu. Það er allt í ræktuðum skógi. Ég held að við þurfum að ræða um sjálfbæra nýtingu þeirra skóga sem eru til staðar á Íslandi sem plantað er sérstaklega með nýtingu og skógarhögg í huga.

[14:25]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu erum við að rækta skóg m.a. með það að markmiði að framleiða viðarafurðir en það verður ekki hægt alls staðar á landinu. Það var það sem ég var að segja. Til þess eru ýmsar ástæður og ég sé að það getur ekki verið alls staðar en það getur verið víða.

Að mínu mati hefur verið gríðarlega mikil umræða í þjóðfélaginu um skógrækt, gríðarlega mikil. Það sem hefur verið gert varðandi aðgengi fólks í þessa fáu skóga okkar hefur verið til fyrirmyndar. Unnið hefur verið í að búa til stíga, bæta aðgengið, ekki bara í þjóðgörðunum heldur líka á þeim skógræktarsvæðum sem eru almenningseign, þ.e. í þjóðskógunum og skógum sem skógræktarfélögin hafa verið að koma upp á undanförnum árum. En svo getur verið að einhverjir einkaaðilar loki sínu svæði. En reyndar eru til önnur lög um aðgengi allra að landinu og ekki má hefta aðgengi fólks um landið og það á alveg jafnt við um skóga og önnur svæði.

Ég tel að frumvarpið sé afskaplega gott. Ég held að það skipti miklu máli einmitt að sameina lögin um þessa skóga í einn lagabálk. Þessi verkefni hafa sýnt að þau hafa verið geysilega öflug, mikið byggðamál að mínu mati og hefur verið afskaplega skemmtilegt að fylgjast með þessu. Auðvitað verður að fara að öllu með gát og hafa umhverfið, stofninn með í því hvað verið er að gera. Það skiptir líka heilmiklu máli að vinna saman.

[14:27]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. formanni landbúnaðarnefndar finnst umræðan um skógrækt vera mjög mikil í landinu. Það virðist þá vera að ég þurfi að játa það á mig að ég hafi ekki komist í þær upplýsingar sem ættu að liggja fyrir því að mig vantaði upplýsingar fyrir þessa umræðu sem ég taldi að ættu að liggja fyrir í þingskjölum, í skýrslum frá hæstv. ráðherra eða á heimasíðu landbúnaðarráðuneytisins. Í fljótu bragði fann ég ekki þær upplýsingar sem ég leitaði að, t.d. um stefnumörkun í skógrækt hvað varðar sjálfbæra þróun, hvernig samningurinn um líffræðilegan fjölbreytileika flétt-ast inn í skógrækt á Íslandi og ákveðna þætti sem mér fannst vera spurningar mínar sem kviknuðu. Þær voru þess eðlis að ég fann ekki auðveldlega svör við þeim. Þess vegna tel ég að einboðið sé að við dýpkum þessa umræðu og efnum til hennar á mjög breiðum grunni. Ég held að hv. formaður landbúnaðarnefndar hljóti að fagna því ef stjórnarandstaðan ætlar að lýsa því yfir að hún sé tilbúin í að dýpka og breikka umræðuna til muna og halda henni úti á öflugan hátt sem oftast og víðast. Það hlýtur að vera gott mál.

Ég held að að hluta til sé það ábyrgð sem hæstv. ráðherra hefur á sínum herðum hvað varðar það að kveikja umræðu, breikka hana svolítið eða dýpka, efna til málþinga og gefa út ritlinga eða bæklinga eða koma með skýrslur hingað inn í þingsali. Við höfum ótal tækifæri til að dýpka umræðuna sem ég held að full þörf sé á.

Ég er með í höndunum þingsályktunartillöguna um skógrækt á árabilinu 2004–2008 og þar segir að í uppbyggingu skógræktar að undanförnu hafi þjóðskógarnir okkar orðið útundan og ég hugsa þegar ég les þessa setningu, æ hjálpi mér, þurfum við ekki að taka betur á í þeim efnum? Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvar stöndum við núna varðandi þjóðskógana okkar? Erum við á undanhaldi í þeim efnum eða er búið að snúa undanhaldinu við? En eins og ég segi, meiri umræða er örugglega af hinu góða.

[14:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Til að það verði ekki misskilið sem á eftir kemur vil ég taka svolítið ofan fyrir hæstv. ráðherra. Mér finnst hann hafa staðið sig nokkuð vel í að slást fyrir því að fjármunir komi til þeirra verkefna sem hér er verið að fást við. Vonandi hefur honum tekist að tryggja framtíð þeirra verkefna hvað fjármunina varðar því að auðvitað eru menn að tala um langtímaverkefni og vonandi að á því sé full-kominn skilningur að ekki er hægt að fara í skógræktarátak af þessu tagi öðruvísi en skilningur sé á því átaki sem nær yfir mörg kjörtímabil. Menn þurfa að hugsa í áratugum og mannsöldrum en ekki kjörtímabilum þegar verið er að tala um slíkt sem þetta.

Ég ætla að byrja á að tala aðeins um það sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson nefndi varðandi nafngiftir á þessum skógum, en ég ætla að koma að því svolítið frá annarri hlið. Ég er ekki að leggja til að menn noti sömu nöfn á skógana austur á fjörðum og vestur á fjörðum eða að menn breyti þeim nöfnum. Hins vegar finnst mér þetta lagaheiti óþjált og tel að það væri kannski ástæða til að finna eitthvert annað nafn á verkefnið sem slíkt, þ.e. aðkomu ríkisins að því. Við tölum annars vegar um þjóðskóga og við gætum t.d. talað um landsskóga hvað þetta varðar. Ég minni á að einu sinni voru landshafnir í landinu. Þær hétu ekki sömu nöfnunum allar en þær voru allar landshafnir. Það væri því hægt að líta svo á að um landsskóga væri að ræða eða nota eitthvert annað nafn, ég geri ekki mikið með það í sjálfu sér en nota það hér til að koma því á framfæri sem ég er að tala um að menn hafi eitthvert slíkt nafn. Það er annað sem mér finnst líka skipta máli og það er að þjóðin viti hvar peningar hennar liggja. Ég spyr: Er gert ráð fyrir að þessi svæði séu merkt einhvers staðar, þessir skógar, svo fólk viti hvaða skógar þetta eru, hvað séu þá landsskógar í þessu tilfelli og hvað ekki?

Varðandi skipulagið og undirbúninginn við þetta þá geri ég ráð fyrir að verið sé að tala um að einhvers konar landnýtingaráætlun þurfi að liggja fyrir. Sú áætlun verður á ábyrgð sveitarfélaganna á viðkomandi svæði sem bera ábyrgð á skipulagsmálum en grunnrannsóknir í á þessum landsvæðum auðvitað þurfa að vera til í sveitarfélögunum til þess að ekki verði einhver vandamál eða slys vegna ákvarðana um skógrækt af þessu tagi. Ég efast ekki um að menn hafi þetta allt í huga en ég sé það ekki alveg í textanum. Mér finnst nefndin þurfa að skoða það vel hvort líklegt sé að upp komi einhver vandamál vegna umferðar vegna þess að ekki sé gert ráð fyrir að hægt sé að njóta þess umhverfis sem skógarnir skapa, að sveitarfélögin hafi staðið sig í því að gera göngustíga og aðkomuleiðir sem gefi kost á þessu, að þeir sem fá þessa fjármuni geri líka ráð fyrir að það sé gott og gaman að fara um þessi svæði og njóta umhverfisins.

Ég tel reyndar að 3. tölul. 2. gr. frumvarpsins þar sem talað er um „ræktun skógar með það að meginmarkmiði að fegra land“ geti kannski í mörgum tilfellum verið veigamesti liðurinn. Ég ætla ekki að gera lítið úr möguleikum skógræktar sem atvinnugreinar á Íslandi, ég verð að játa það á mig að ég hef ekki vit á því að meta þá möguleika en mér finnst ég alveg hafa vit á því að meta það að skógrækt og landsfegrun sem fylgir því, vel skipulögð vinna hvað varðar aðkomumöguleika fólks, framtíðarsýn sem viðkomandi sveitarfélag hefur fyrir svæðið, landnýtingarskipulag og annað slíkt sem þarf að liggja fyrir, geti gefið þessum verkefnum gríðarlega mikið vægi í framtíðinni.

Ég vildi koma þessu á framfæri og af því að mér finnst ég ekki sjá það í sjálfum frumvarpstextanum að þar sé neins konar hald til að setja reglugerðir sem gera ráð fyrir að hægt sé að nýta þetta land með tilteknum hætti. Það verður auðvitað að horfast í augu við það að land sem menn taka undir skógrækt getur verið mjög viðkvæmt, það getur þurft að koma í veg fyrir umferð um það á meðan plönturnar eru að ná sér á strik o.s.frv. Það er ekkert athugavert við það, bara sjálfsagt mál, en það á ekki að verða þannig að slíkt svæði verði heilagur reitur sem einungis bóndinn getur farið um og skoðað. Þetta eiga að vera verðmæti sem þjóðin getur notið.

Það er framlag mitt til þessarar umræðu að nefndin fari yfir það hvort hún telji að vandamál af þessu tagi geti komið upp. Ég legg mikla áherslu á að menn skoði hvernig rannsóknir á möguleikum til landnýtingar í sveitarfélögunum og skipulag sveitarfélaganna gangi fyrir sig, að vel sé fyrir því samstarfi séð, sem verður að vera í upphafi, að vel sé staðið að því skipulagi sem menn koma sér upp í einstökum sveitarfélögum hvað varðar slíka skógrækt í framtíðinni og að það sé hugsað út frá öllum hliðum, ekki aðeins út frá hugsanlegum nýtingarmöguleikum til að hafa tekjur af heldur út frá náttúrunni, umhverfinu og möguleikum fólks til að njóta þess umhverfis.

[14:37]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Þetta hafa verið fróðlegar umræður um skógrækt sem hér hafa farið fram. Fyrst þegar menn hófu að leggja fram frumvörp, sem síðar urðu að lögum, um landshlutaskóga sem við erum að ræða í dag, verð ég að viðurkenna að ég hafði ekki mikla trú á því sem möguleika til að efla atvinnulíf í byggðum landsins, nema þá bara um stund meðan á gróðursetningu stæði. En ég hef komist á aðra skoðun eftir að hafa farið um landið og skoðað þá flesta. Ég held að þarna séu meiri möguleikar en menn töldu áður.

Það er líka ýmislegt í umhverfinu sem vinnur með þessum skógum. Eitt af því sem við eigum við að glíma, mannkynið sem heild, er hlýnun lofthjúpsins og það er líklegt að hér hlýni á þessari öld, illu heilli. En ein af hinum jákvæðu afleiðingum þess er að öllum líkindum sú að skógar munu eiga miklu auðveldara uppdráttar en menn töldu og af þeim sökum er líklegt að hér verði meiri möguleikar til að efla nytjaskóga og raunverulega atvinnu sem stendur undir sjálfri sér, með kannski einhverjum tilstyrk í upphafi af hálfu ríkisins, en menn töldu áður.

Ég er þeirrar skoðunar, í framhaldi af máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að því miður skipti skógarnir og landgræðslan ekki mjög miklu máli, raunar töluvert litlu, varðandi bindingu koltvíoxíðs. Þær tölur sem ég hef séð um það sýna, því miður, að þó að auðvitað sé það jákvætt er það ekkert sem skiptir verulega miklum sköpum fyrir losun okkar Íslendinga. En það er jákvætt og taka ber tillit til þess líka.

Margvíslegar umræður hafa verið um skógrækt á síðustu árum. Ég hef t.d. verið í þessum ræðustól áður og hvatt hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir meiri rannsóknum á sviði skógræktar. Ég held að engin atvinnugrein geti orðið öflug nema á bak við hana standi öflug rannsóknarvinna. Við eigum merka skógfræðinga sem hafa mikla reynslu af þeim sérislensku aðstæðum sem hér eru. Slíka vinnu þarf að efla.

Mig langar í framhaldi af þessari umræðu að varpa því til hæstv. ráðherra hvort ekki séu í gangi tilraunir sem tengjast hugsanlega landshlutabundnum skógarverkefnum sem varða ekki beinlínis nytjaskóga en varða ásýnd landsins og upprunalegt gróðurfar landsins. Ég á við hina íslensku birkiskóga. Hér eru enn þá til leifar fornra skóga, eins og Bæjarstaðaskógur í Skaftafelli, sem eru algerlega einstakir. Hvert sem maður fer um norðurslóðir sér maður aldrei annan eins birkiskóg og þar. Þetta er alveg sérstakur skógur þó að lúpínan sé illu heilli nánast að kæfa þann góða skóg og ungviðið eigi erfitt að spretta þar. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Eru ekki, í tengslum við slík verkefni, rannsóknir í gangi sem miða að því að notfæra sér það erfðaefni sem þarna er að finna til að koma upp birkiskógum af þessu tagi víðar þar sem við vitum úr Íslendingasögum, sem ég eins og hæstv. landbúnaðarráðherra trúum nánast hverju orði í, að stóðu til forna nægilega miklir til að heilir herir gátu í þeim fólgist?

Í framhaldi af þessu, frú forseti, langar mig líka til að spyrja hæstv. ráðherra hvað líður störfum nefndar sem hefur verið að vinna að sameiningu landgræðslu og skógræktar. Ekki að ég sé að leggjast gegn slíku en ég hef farið um Austurland og hef hrifist af því hversu vel hefur tekist þar til um skógræktina og ég hygg að það sé ekki síst vegna návistar við þá miðstöð sem höfuðskrifstofa Skógræktarinnar á Egilsstöðum er. Mig langar því til að spyrja hinn velheyrandi hæstv. landbúnaðarráðherra hvort einhver áform séu uppi um það að flytja Skógrækt ríkisins frá Egilsstöðum eitthvert annað. Reynsla mín af hæstv. ráðherra er auðvitað sú að hann er umfram allt allt annað en kjördæmapotari og ef slíkar áætlanir eru uppi þá er ég alveg viss um að þær miða ekki að því að flytja höfuðstöðvar skógræktarinnar í hans eigið kjördæmi. Samt vildi ég gjarnan fá upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra, fyrst við erum að tala um skógrækt, hver er staða þessa máls núna?

[14:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka þá gagnlegu og góðu umræðu sem fram hefur farið um málið, þær mörgu athugasemdir og mörg þau góðu sjónarmið sem hafa komið fram í umræðunni. En það má segja um síðustu ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að slík ræða komi úr sólar-

átt. Hann minntist á ýmis atriði sem vert er að ræða. Hann spurði um sameiningu Skógræktarinnar og Landgræðslunnar, hvað því liði eða hvort það væri á dagskrá. Ég hef boðað að það sé á dagskrá að því leyti að verið er að fara yfir þetta með þessum fyrirtækjum. Liggur það fyrir á næstunni hvaða atriði það eru sem gera það að verkum að menn vilja sameina, hvort það sé brýn þörf og hvort það sé skynsamlegt. Þetta mun liggja fyrir á næstu dögum, vona ég, og þá förum við yfir það mál. Ég hef talið að sá tími væri kominn vegna þeirrar breyttu stöðu að bændurnir rækta skóginn. Þeir eru líka landgræðslubændur. Þetta eru stjórnsýslustofnanir og vísindastofnanir sem hafa á hendi rannsóknir og fagleg störf og geta þess vegna verið ein stofnun.

Ég hef jafnframt alltaf fullvissað menn um það í þessari umræðu að bæði fyrirtækin, Skógrækt ríkisins og Landgræðslan, starfa um allt land. Það væri fáheyrt ef menn staðsettu ekki, þótt sameinað væri, fyrirtækið þannig að ákveðnar höfuðstöðvar skógræktarinnar yrðu áfram fyrir austan þar sem hjarta þeirra verkefna hefur þróast. Ég hef það hugarfar sjálfur að ef til þessa kæmi yrði þetta miklu frekar til þess að styrkja Austurland, Hallormsstað og Egilsstaði, með auknum verkefnum en að taka frá þeim verkefni. Síðan er hinn stóri staðurinn í málinu, þetta eru tveir hjartastaðir, og það er auðvitað Gunnarsholt þar sem saga Landgræðslunnar liggur. Ég sé mjög stór hlutverk fyrir báða þessa staði þótt sameinaðir yrðu og tel reyndar að ekki verði sameinað nema þetta liggi alveg skýrt fyrir.

Hv. þingmaður og reyndar fleiri hafa sagt í þessari umræðu um rannsóknir að það þurfi meiri rannsóknir og ég get tekið undir það. Skógræktin stundar auðvitað miklar rannsóknir eins og þekkt er hér uppi á Mógilsá og víðar og hefur unnið að skógræktarverkefnunum og þjóðskógunum og þar liggja mörg vísindaleg afrek fyrir, bæði í að finna upp kvæni og afbrigði og finna út hvaða tegundir passa í landið okkar og veðráttuna og jafnframt að rannsaka þjóðskógana, þannig að það eru mörg verkefni sem liggja fyrir hvað það varðar. Ég vil taka undir með hv. þingmönnum sem margir hverjir hafa ítrekað mikilvægi þess í ræðum sínum að leggja mikla áherslu á rannsóknir.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom einnig mjög sterkt inn á þetta í ræðu sinni og ræddi t.d. um rannsóknir út frá hinni væntanlegu og nýju búgrein sem skógurinn væri og síðan ýmsar náttúrufarslegar rannsóknir sem mikilvægt væri að hafa, eins og hér kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Þetta eru stór verkefni sem ég tel mikilvæg, að styrkja rannsóknir og vísindastörf inni í Skógrækt ríkisins enn frekar í sessi og síðan er hitt sem hefur komið skýrt fram í þessari umræðu hvað skipulagsmál varðar, hvar skóginum er plantað. Það er ekkert sama. Þar hafa menn sett sér vandaðar reglur og það er t.d. eitt sem er bara mjög mikilvægt að við eigum landið stórt, við höfum ákveðið jú að einhver 5% af láglendi verði með skógi, það er ekki stórt svæði. En þar er líka mikilvægt að velja land sem hentar vel undir skóg, taka ekki akra eða engi, taka ekki ræktunarland. Við þurfum í framtíðinni kannski á öllu okkar landi að halda til landbúnaðar og eigum ekki að leggja það undir skógrækt heldur nota mela og hlíðar og staði sem eru vel fallnir til að rækta skóg. Þetta er eitt stórt verkefni, skógræktarverkefni, sem er mjög vel hugsað af landbúnaðarráðuneytinu og jafnframt Skógrækt ríkisins, þannig að ég tek undir þetta.

Hér hafa hv. þingmenn hafa líka rætt um, eins og kom fram í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að þingið þyrfti í rauninni að fá skýrslu frá landbúnaðarráðuneytinu um þessi verkefni og hvernig þeim mundi vinda fram. Ég get alveg tekið undir að það væri þess virði til þess að skapa samstöðu hér í þinginu, að með reglulegu millibili kæmi út skýrsla með upplýsingum um hvernig þessi verkefni stæðu, hver þróun þeirra væri og árangur af þeim o.s.frv. Þannig að þingið sem er samstiga um fjármögnun þessara verkefna og að skapa þessa auðlind geti sem allra best fylgst með málinu.

Hv. þingmaður ræddi enn fremur um að það væri eðlilegt að halda málþing um þróun skógarins og skógræktarverkefnanna. Málþing eru oft á dagskrá hjá stofnunum Bændasamtakanna og landbúnaðarráðuneytisins, þar eru haldin myndarleg málþing þar sem þessi mál eru auðvitað oft á dagskrá. Ég tel líka alveg eðlilega hugsun og kannski mikilvægt að við höldum svona málþing með þjóðinni um þá þróun sem er að verða því það þarf að ríkja sátt um þessi mál. Ég sé ekki fyrir mér að við plöntum skóginum þannig að við hættum að sjá fjöllin. Ég vil hefja augu mín til fjallanna þegar ég fer um landið og sjá þau í fjarlægð fögur og blá. Það er mikilvægt að um þetta ríki sátt og skipulagið sé klárt, hvar eigi að rækta skóg.

Ég hygg að við styðjumst mjög við hina norrænu stefnu og hið norræna samstarf. Skógrækt ríkisins, landshlutabundnu verkefnin og landbúnaðarráðuneytið hér eru í miklu samstarfi við frændþjóðir okkar á Norðurlöndunum. Þangað sækjum við mikla þekkingu og eigum gott samstarf og njótum ráða þeirra á mörgum sviðum, þannig að auðvitað styðjumst við við hina norrænu stefnu og hugsum um hina alþjóðlegu samninga, líffræðilegan fjölbreytileika og allt sem snýr að þessu máli.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson kom hér inn á það að merkja þá bæi sem væru í þessum verkefnum. Við höfum ekki lagt þær kvaðir á skógarbændurna sem gera þessa samninga að þeir væru með skóga sína opna, miklu frekar hefur verið horft á að þjóðskógarnir, skógarnir sem eru í eigu ríkisins, sem voru lokaðir fyrir örfáum árum síðan, væru opnaðir og þar gerðar gönguleiðir og skapað næði.

Í merkilegri könnun sem gerð var fyrir stuttu kom í ljós að hlutfallslega fleiri Íslendingar fara nú orðið út í skóg en Danir, sem er dæmi um þann gríðarlega mikla áhuga sem Íslendingar hafa á skógum sínum. Þetta verkefni Skógræktar ríkisins, sem er glæsilegt, að opna skógana smám saman til þess að gefa almenningi hlutdeild og aðgang að náttúrunni er alveg sérstaklega þakkarvert. Því þarf auðvitað að fylgja enn betur eftir til þess að fólk njóti skógarins í ríkari mæli.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson ræddi um að merkingar á lögbýlum væru í skógaræktarverkefnum. Ég sagði að við hefðum ekki lagt þá kröfu á skógræktarbændur, því þeir leggja auðvitað fram vinnuframlag sitt en það má auðvitað hugsa sér það. Það kann vel að vera, af því að skógræktarbændur eru mjög stoltir af sínum verkum, að þeir vilji sjálfir merkja við býli sín að hér búi skógarbóndi og menn séu velkomnir í skógarkaffi eða að skapa afþreyingu, þess

vegna leyft fólki að ganga í gegnum skóginn. Mér finnst þetta ágætis hugmynd og þess virði að ræða hana við skógarbændur og velta henni fyrir sér því að það er auðvitað mikið framlag sem fer til þessara verkefna til að búa til auðlindina og verður vonandi að tekjum fyrir fólkið sem á jörðunum býr. Þetta má því vel hugsa sér að mínu mati og væri í rauninni glæsilegt að merkja skógarjarðirnar með þessum hætti.

Hitt er svo ljóst að þessi verkefni, skógræktarverkefnin, hafa eflt byggðina mikið, hækkað verð á landi, vakið áhuga á landinu og eru hluti af þeirri miklu nýsköpun sem á sér stað í íslenskum sveitum í dag. Þar á sér stað mikil nýsköpun sem snýst um skóginn, um íslenska hestinn, um ferðaþjónustuna og um svo margt sem býr í náttúrunni og fólkið er að gera að tekjulind hjá sér og dregur fólk að. Landverð hefur hækkað, landið er dýrmætara, fleiri og fleiri vilja búa í sveitum þessa lands og ég hef stundum sagt að það er nánast að komast í tísku að búa í sveitinni og bera hið fallega gamla, íslenska nafn bóndi. Það hefur orðið mikil viðhorfsbreyting á stuttum tíma hvað þetta varðar.

Ég vil þá í lokin, hæstv. forseti, þakka þá góðu umræðu sem hefur farið fram um málið og veit að landbúnaðarnefnd mun nú með þeim fulltrúum sem þar sitja taka til hendinni og fara yfir þetta mál og styrkja það kannski enn frekar.

[14:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir þessa ræðu og þau skýru svör sem hann veitti. Ég spurði hæstv. ráðherra út í hvort mögulegt væri, ef af samruna Landgræðslu og Skógræktar yrði, að höfuðstöðvar Skógræktarinnar yrðu fluttar af Austurlandi. Hæstv. ráðherra svaraði alveg skýrt í þessu efni, hann sagði að jafnvel þó að stofnanirnar yrðu sameinaðar þá mundu höfuðstöðvar þessara tveggja greina, annars vegar Landgræðslu og hins vegar Skógræktar, áfram verða á þeim stöðum sem þær eru nú og ég fagna því.

Sömuleiðis finnst mér það mikilvægt að hæstv. ráðherra sagði að hann teldi að miðstöðvar Skógræktarinnar ættu hvergi betur heima en í því höfuðbóli íslenskrar skógræktar sem Austurland er. Þar höfum við Hallormsstaðaskóg og þar höfum við margra áratuga mikilvæga tilraunastarfsemi á sviði nýrra tegunda og nýrra kvæma. Enn fremur fannst mér það eftirtektarvert og þakkarvert hjá hæstv. ráðherra að hann sagði að ef af samruna þessara tveggja stofnana yrði mundi það að öllum líkindum hafa í för með sér aukinn flutning verkefna til höfuðstöðva Skógræktarinnar á Austurlandi. Það fannst mér vasklega mælt og styð hæstv. ráðherra í þessu eins og öllum öðrum góðum verkum sem hann kann að beita sér fyrir og þau eru sem betur fer töluvert mörg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálaeftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 556. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 810.

[14:57]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tilteknum ákvæðum laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulagðra tilboðsmarkaða, laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi og laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Frumvarpið er á þskj. 810 og er 556. mál þingsins.

Tilgangur frumvarpsins er að skýra betur eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins og eyða óvissu um samspil laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og ákvæða ýmissa sérlaga, sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma.

Áður en lengra er haldið, hæstv. forseti, vil ég fjalla stuttlega um fyrri breytingar sem gerðar hafa verið á lagaumhverfi Fjármálaeftirlitsins í þeim tilgangi að styrkja eftirlitsheimildir þess.

Með setningu laga nr. 11/2000, um breytingu á lagaákvæðum Fjármálaeftirlits, var leitast við að styrkja starfsemi Fjármálaeftirlitsins og stuðla að því að starfsemi þess skilaði tilætluðum árangri. Meginmarkmið laganna var að tryggja betur en áður aðgang að gögnum og upplýsingum og auka möguleika Fjármálaeftirlitsins til þess að sinna eftirlitshlutverki sínu. Í athugasemdum með lagafrumvarpinu var þess getið að reynslan mundi síðar leiða í ljós ef frekari breytinga væri þörf á lagaumgjörð stofnunarinnar. Breytingar þær sem lagðar voru til í frumvarpinu bæri ekki að skoða sem heildstæða endurskoðun á stöðu og heimildum Fjármálaeftirlitsins.

Nokkur reynsla hefur nú hlotist af beitingu þeirra starfsheimilda sem Fjármálaeftirlitinu voru fengnar með lögunum nr. 11/2000. Hefur komið í ljós, m.a. vegna örrar þróunar á fjármálamarkaði, að ástæða er til að eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins séu í sífelldri endurskoðun. Með frumvarpi þessu er leitast við að styrkja enn frekar úrræði Fjármálaeftirlitsins og eyða óvissu um túlkun nokkurra ákvæða. Lagt er til að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag við endurskoðun ákvarðana Fjármálaeftirlitsins auk þess sem tilefni er til að skýra nokkur ákvæði sérlaga sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi: Lagt er til að breytingar verði gerðar á 2. gr. og 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og tekin af öll tvímæli um að þau taki ekki aðeins til eftirlitsskyldra aðila heldur einnig vegna eftirlits og annarra verkefna gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma samkvæmt ákvæðum sérlaga.

Lagt er til að almenna eftirlitsákvæðið í 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi verði styrkt og skýrt frekar. Hefur m.a. verið litið til orðalags 2. mgr. 68. gr. verðbréfaviðskiptalaga auk þess sem höfð hefur verið hlið-

sjón af heimildum skattyfirvalda sem hafa reynst árangursrík í framkvæmd. Enn fremur eru lagðar til breytingar á ákvæðum sérlaga sem leiða af framangreindu.

Tekinn er af allur vafi um að Fjármálaeftirlitið geti beitt þvingunarúrræðum 11. gr. laganna um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, m.a. um dagsektir, gagnvart einstaklingum eða lögaðilum í tengslum við athuganir á því hvort brotið hafi verið gegn lögum eða reglum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma séu umbeðnar upplýsingar ekki veittar eða kröfum um úrbætur ekki sinnt innan hæfilegs frests. Enn fremur er gert skýrara að heimilt sé að beita úrræðum 4. mgr. 9. gr. laganna gagnvart þessum aðilum séu ríkar ástæður til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum eða reglum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Fjármálaeftirlitsins nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri.

Breytingar þessar eru lagðar til í tilefni af úrskurðum kærunefndar skv. 18. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í málunum hafði Fjármálaeftirlitið sent kærendum fyrirspurnir um eignarhluti þeirra í fjármálafyrirtæki á grundvelli 2. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í ákvæðinu kemur fram að Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtækjum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. VI. kafla laganna og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut. Kærendur svöruðu ekki fyrirspurnum eftirlitsins, eða svöruðu þeim ekki með fullnægjandi hætti að mati eftirlitsins, og lagði Fjármálaeftirlitið á þá dagsektir í kjölfarið. Ákvarðanir um álagningu dagsekta byggðust á 11. gr. laga nr. 87/1998 og reglugerð 560/2001, sbr. 8. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002. Í 11. gr. laga nr. 87/1998 kemur m.a. fram að eftirlitið geti lagt dagsektir á eftirlitsskyldan aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar. Þá er skv. 8. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002 heimilt að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit. Nefndin taldi heimild Fjármálaeftirlitsins til að afla upplýsinga og gagna frá kærendum skýra. Hins vegar taldi kærunefndin að heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja á dagsektir væru ekki nægjanlega skýrar og voru hinar kærðu ákvarðanir felldar úr gildi.

Niðurstaða kærunefndar í málum þessum hefur skapað óvissu um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að fylgja eftir kröfum um upplýsingar í athugunum á myndun virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Slíkar athuganir geta beinst að einstaklingum og lögaðilum sem eru ekki eftirlitsskyldir aðilar í skilningi 1. mgr. 2. gr. laganna. Þá er rétt að fram komi að sambærilegur túlkunarágreiningur kunni að vera uppi um eftirlit á grundvelli annarra sérlaga. Er frumvarpi þessu ætlað að bregðast við þessum álitaefnum.

Í frumvarpinu er lagt til að skilgreint verði efnislega hvernig óbeinir virkir eignarhlutar geta myndast samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um vátryggingastarfsemi og lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Höfð hefur verið hliðsjón af ákvæði 37. gr. verðbréfaviðskiptalaga er fjallar m.a. um hvernig yfirtökuskylda getur stofnast með samstarfi aðila. Breyting þessi er lögð til vegna vandkvæða á að staðreyna hvort virkir eignarhlutir hafi myndast óbeint, t.d. með samstarfi eða tengslum aðila, en núgildandi lög skilgreina ekki hvað felst í óbeinum virkum eignarhlut heldur er eingöngu vikið að því efnislega í lögskýringargögnum.

Tilgangurinn með lagaákvæðum um fyrirframsamþykki fyrir kaupum á virkum eignarhlut og mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi umsækjanda er einkum sá að draga úr hættunni á að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum geti haft skaðleg áhrif með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fyrirtækjanna. Eru reglurnar samevrópskar og traust á því að reglurnar séu virtar stuðlar m.a. að því að starfsleyfi í einu landi opni möguleika á starfsemi í öðrum löndum innan EES á grundvelli svokallaðs Evrópupassa. Er því mikilvægt að fyrir liggi skýr viðmið fyrir Fjármálaeftirlitið við mat á því hvort stofnast hafi til óbeins virks eignarhlutar.

Lagt er til í frumvarpinu að ákvæði um kærunefnd í 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi verði fellt brott. Í þess stað er sett ákvæði um að heimilt verði að skjóta ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins til dómstóla.

Um rökstuðning er vísað m.a. til ritgerðar Friðgeirs Björnssonar um úrskurðarnefndir í stjórnsýslunni sem forsætisráðuneytið gaf út árið 2005 þar sem fram kemur að heppilegt kunni að vera í ákveðnum tilvikum að allar meiri háttar deilur um stjórnsýsluákvarðanir séu reknar fyrir dómstólum án þess að þær gangi fyrst til úrskurðarnefndar.

Við samningu frumvarpsins var kannað hvernig háttað er kæruheimildum í nágrannalöndunum vegna ákvarðana fjármálaeftirlita þar. Í Svíþjóð og Finnlandi er málum hagað með þeim hætti að ákvarðanir fjármálaeftirlitanna sæta ekki kæru innan stjórnsýslunnar heldur verða aðeins endurskoðaðar af dómstólum. Eru valdheimildir sænsku og finnsku eftirlitanna mjög áþekkar valdheimildum íslenska fjármálaeftirlitsins og því um sambærileg álitaefni að ræða sem sæta endurskoðun með þessum hætti. Hefur þetta fyrirkomulag reynst vel í þessum löndum og eru engin áform uppi um að gera þar breytingu á. Í Noregi er hins vegar hægt að skjóta ákvörðunum norska fjármálaeftirlitsins til ráðherra, en í Danmörku er starfandi kærunefnd sem þó er ekki fyllilega sambærileg þeirri úrskurðarnefnd sem starfar hér á landi.

Þegar litið er til þess hversu mikilvægt Fjármálaeftirlitið er fyrir traustan og heilbrigðan fjármálamarkað hér á landi verður að telja eðlilegt að ágreiningsmál vegna starfa þess komi til meðferðar dómstóla. Samkvæmt gildandi lögum hefur Fjármálaeftirlitið ekki heimildir til að skjóta úrskurðum kærunefndar til dómstóla en það fyrirkomulag hefur reynst óheppilegt þegar um stefnumarkandi mál er að ræða sem hafa fordæmisgildi.

Ekki er valin sú leið í frumvarpinu að veita Fjármálaeftirlitinu heimild til að skjóta úrskurðum kærunefndar til dómstóla eins og komið hefur til umræðu. Ástæður þess eru að þegar litið er til þeirra mála sem komið hafa fyrir nefndina sést að til hennar leita fyrst og fremst fyrirtæki og fjársterkir einstaklingar, þ.e. fjárfestar og innherjar, sem hafa alla burði til að reka mál sín fyrir dómstólum. Í þessum málum eiga því ekki við sjónarmið um að tryggja almennum borgurum ódýra leið til að fá niðurstöðu í ágreiningsmálum.

Með framangreindum rökum þykir rétt að leggja til að ágreiningsmál vegna ákvarðana Fjármálaeftirlitsins komi beint til meðferðar dómstóla.

Í frumvarpinu er kveðið sérstaklega á um að ákvæði sérlaga um þagnarskyldu takmarki ekki möguleika aðila til að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar í einstökum málum. Jafnframt er skerpt á þagnarskylduákvæðum um eftirlitið og því veittur réttur til að afla upplýsinga frá öðrum eftirlitsstjórnvöldum sem lúta sambærilegum ákvæðum um þagnarskyldu. Sé Fjármálaeftirlitið þess fullvisst að stjórnandi eftirlitsskylds aðila uppfylli ekki hæfisskilyrði hefur Fjármálaeftirlitið samkvæmt gildandi rétti fá úrræði önnur en að svipta viðkomandi aðila starfsleyfi. Frumvarpið leggur til mildari úrræði, þ.e. að eftirlitið geti látið víkja viðkomandi stjórnanda frá án þess að þurfa að grípa til leyfissviptingar.

Lögð er til breyting á 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um öflun samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Bætist nýtt 25% þrep við ákvæðið á milli 20% og 33% þrepa núgildandi laga. Ljóst er að fjárfestingar á bilinu 20–33% geta fært einstökum fjárfestum mikil völd í einstökum fjármálafyrirtækjum. Er verulegur munur á þeim áhrifum sem geta falist í þeirri fjárfestingu sem er ríflega 20% annars vegar og tæplega 33% hins vegar. Sem dæmi má nefna að fjárfesting umfram 25% getur í raun fært aðila frá stöðu að geta komið í veg fyrir breytingar á samþykktum sem þarfnast tveggja þriðju hluta atkvæða.

Einnig getur aðili sem hefur heimild til að fara með allt að 33% atkvæða í raun haft úrslitaáhrif á völd í viðkomandi félagi sé tekið tillit til dreifingar hlutafjár og þess hlutfalls hlutafjár sem farið er með á hluthafafundum. Ákvörðun um að veita samþykki fyrir eignarhaldi á milli 20% og 33% getur því haft mikil áhrif á viðkomandi fjármálafyrirtæki. Er því lagt til að aðilar þurfi að afla samþykkis við 25% mörkin.

Hæstv. forseti. Hér er um mikilvægt mál að ræða. Kjarni frumvarpsins er að taka af allan vafa um að gildissvið til laganna nái ekki aðeins til eftirlitsskyldra aðila heldur einnig til annarra sem heyra undir starfsemi eftirlitsins. Hnykkt er á því að Fjármálaeftirlitið er sjálfstætt gagnvart ráðherra. Ákvæði um kærunefnd eru felld brott. Gert er ráð fyrir að ágreiningsmál fari beint til dómstóla. Skýrð eru enn frekar ákvæði um virka eignarhluti og samstarf eigenda þeirra.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðu mælist ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[15:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er spurning sem vakir í hugskoti mínu eftir þessa ræðu. Hver er það sem getur beint því til Fjármálaeftirlitsins að rannsaka meint brot ef upp koma þær aðstæður að Fjármálaeftirlitið gerir það ekki? Er það enginn? Ég spyr vegna þess að í dag er ákvæði í lögunum sem felur í sér ákveðna leið fyrir hæstv. ráðherra til að tjá sig a.m.k. um afstöðu sína í slíkum málum. Hins vegar er lagt til að það ákvæði verði tekið út með þessu frumvarpi.

Í 2. mgr. 12. gr. núgildandi laga segir að Fjármálaeftirlitið hafi skyldu til að láta viðskiptaráðherra eða eftir atvikum annan ráðherra tafarlaust vita um fyrirhugaðar aðgerðir. Hver er ástæðan fyrir þessu ákvæði? Hún hlýtur að vera sú að gefa ráðherra tækifæri til að segja sitt álit á þeim aðgerðum sem á að grípa til. Þá hlýtur að mega gagnálykta að ráðherrann hafi líka lagalegan rétt, hugsanlega skyldu til að tjá sig um aðgerðaleysi Fjármálaeftirlitsins.

Samkvæmt þessu hefur hæstv. ráðherra t.d. haft lagalegan rétt til að tjá sig við Fjármálaeftirlitið um það hvort hún teldi að eftirlitið hefði átt að grípa til aðgerða vegna hugsanlega rangra upplýsinga um eignarhlut þýsks banka í Búnaðarbankanum þegar hann var einkavæddur. Þetta ákvæði er enn þá í gildi þangað til þetta frumvarp verður samþykkt. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Af hverju fylgdi hún ekki lögunum? Af hverju notfærði hún sér ekki rétt þessa ákvæðis til að óska a.m.k. eftir því að fá að láta Fjármálaeftirlitið vita um afstöðu sína til þess hvort hún teldi að nauðsynlegt væri að rannsaka þetta? Er svarið hugsanlega það að hún einfaldlega telur að ekkert sé athugavert við það mál?

[15:14]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á hvað hv. þingmaður er að fara en málið er það að áður var ráðuneytið leyfisveitandi, sem er ekki lengur, áður var það leyfisveitandi á markaði. Nú hefur Fjármálaeftirlitið fengið það hlutverk og þess vegna var þetta ákvæði inni. Þarna er því verið að blanda saman hlutum sem varða sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins. Sjálfstæðið er fyrir og það er líka eftir að þetta frumvarp verður að lögum, verði það að lögum, en hins vegar er hnykkt sérstaklega á því í frumvarpinu til að það sé engum vafa undirorpið að Fjármálaeftirlitið er algerlega sjálfstætt.

Það að ráðherra sé að tjá sig um gerðir þess er að mínu mati óæskilegt (Gripið fram í.) og þess vegna hef ég forðast það að blanda mér í störf þessarar mikilvægu eftirlitsstofnunar eins og hv. þingmenn þekkja. Ég vona svo sannarlega að það verði einnig skoðun og stefna þeirra ráðherra sem á eftir koma því það skiptir gríðarlega miklu máli að við getum treyst því og markaðurinn geti treyst því að það sé ekki pólitík sem ræður því hvernig Fjármálaeftirlitið starfar. Þá værum við komin út á mjög háskalega braut að mínu mati.

[15:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að það er ákaflega óæskilegt að stjórnmálaviðhorf einstaks ráðherra hafi áhrif á hvaða boð hún kann að flytja einstökum stofnunum um aðgerðir. Ég held að allir séu sammála um það. Eftir stendur hins vegar sú staðreynd að í dag eru lög og 2. mgr. 12. gr. laganna um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi segir einfaldlega að Fjármálaeftirlitið eigi að skýra ráðherra tafarlaust frá fyrirhuguðum aðgerðum. Það er væntanlega til þess að ráðherra geti haft skoðun á því, ekki veto eða bannrétt en að hann geti haft skoðun á því. Ef ráðherra á lögum samkvæmt að geta haft skoðun á aðgerðum Fjármálaeftirlitsins þá hefur hún líka lögum samkvæmt

rétt til að hafa skoðun á aðgerðaleysi. Svipað ákvæði hefur verið í lögum um aðrar eftirlitsstofnanir og hæstv. ráðherra hefur notfært sér það. Við vitum öll að hæstv. ráðherra hefur, hvað sem hún segir um hvað sé æskilegt eða ekki, skrifað bréf til eftirlitsstofnana til að finna að því að þær fari ekki í ákveðnar aðgerðir eða að ákveðnum aðgerðum sé ekki sinnt af nægilegum hraða. Þetta liggur alveg fyrir.

Burt séð frá því hvað mér og hæstv. ráðherra kann að þykja æskilegt, og ég held við séum sammála um hvað er æskilegt í þessu máli, þá liggur fyrir að það eru í gildi lög. Þeim verður ekki breytt fyrr en búið er að samþykkja þetta frumvarp og þess vegna spyr ég: Hvers vegna nýtti hæstv. ráðherra sér ekki þennan rétt til að láta í ljósi skoðun sína á því að að hennar mati ætti, án þess hún fyrirskipaði það, að skoða hvort einkavæðingarnefnd forsætisráðherra hefði hugsanlega verið gefnar rangar upplýsingar varðandi einkavæðingu Búnaðarbankans? Mér finnst þetta vera mikilvægt og það er fordæmi fyrir því að hæstv. ráðherra hafi gert slíkt.

[15:18]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég hefði skrifað slíkt bréf væri ég farin að skipta mér af Fjármálaeftirlitinu. Það vil ég ekki gera og það er ég margbúin að taka fram á hv. Alþingi. Þegar hv. þingmaður segir að ég hafi skrifað eftirlitsstofnunum bréf þá er það ekki rétt, það er hins vegar rétt að ég hef skrifað eftirlitsstofnun bréf. Það hefur einu sinni komið fyrir á mínum sex eða sjö ára ferli að ég hafi skrifað bréf til Samkeppnisstofnunar og hv. þingmenn vita örugglega hvaða bréf það var og hvert erindið var.

Þannig er með reglur að þar er oft til undantekning og þetta er undantekningin sem ég viðurkenni fúslega að á við í þessu sambandi hvað mig varðar og eftirlitsstofnanir sem undir ráðuneytið heyra. Hins vegar vil ég ítreka það að allir geta leitað til eftirlitsins og sent þangað erindi. Engu að síður er Fjármálaeftirlitið sjálfstætt og það ákveður sjálft hvort það gerir eitthvað með þau erindi, hvort því finnst ástæða til að taka tillit til þeirra. Þegar ég segi allir undanskil ég kannski ráðherrann í þessu tilfelli, því að annars erum við komin út á mjög hættulega braut. Ég held að hv. þingmenn séu mér algjörlega sammála um það, af því að við viljum ekki pólitísk afskipti af þessu máli. (Gripið fram í.) Þetta er alveg nákvæmlega eins og ef hv. þingmenn segðu í þessum ræðustóli að dómsmálaráðherra ætti að skrifa lögreglunni bréf og biðja hana um að rannsaka eitthvert fyrirtæki úti í bæ, t.d. efnahagsbrotalögregluna. Hverjum dytti það í hug? Hv. þingmenn ættu að taka það gott og gilt að eftirlitið er sjálfstætt og vinnur sjálfstætt. Með því að taka það ákveði út úr lögunum sem við leggjum til hnykkjum við á því að það er sjálfstætt.

[15:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra leggur áherslu á sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins og ég get á vissan hátt tekið undir það. En það er rétt að við áttum okkur á að hæstv. ráðherra er viðskiptaráðherra og ráðherra bæði samkeppnismála og neytendamála. Það er því mjög óeðlilegt að ráðherra með þessa málaflokka geti ekki haft aðgang að frumkvæði í því að eitthvert mál sé kannað. Með því að slíta þarna á milli með þeim hætti sem verið er að leggja til er ráðherra í raun og veru að fría sig ábyrgð en þó ekki, af því að stjórn Fjármálaeftirlitsins er áfram tilnefnd af viðskiptaráðherra. Stjórnin á því allt sitt undir viðskiptaráðherra hvað það varðar.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra, frú forseti: Væri ekki réttara að slíta hér á milli, að slíta Fjármálaeftirlitið, sem við erum öll sammála um að þurfi að vera öflugt og starfa gagnsætt, frá viðskiptaráðuneytinu og setja það undir Alþingi, eins og við höfum lagt til, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs? Fjármálaeftirlitið er svo mikilvæg eftirlitsstofnun og þarf að geta starfað hlutlaust en geta þó jafnframt tekið við erindum, líka frá viðskiptaráðherra, líka frá ráðherra neytendamála og ráðherra samkeppnismála. Það gerist best með því að það verði sett undir Alþingi, eins og t.d. Ríkisendurskoðun. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur þetta verið kannað? Hefur það verið skoðað hvort þetta væri kannski stjórnsýslulega sterkast fyrir Fjármálaeftirlitið og þar með líka (Forseti hringir.) ráðherrann?

[15:22]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef nú heyrt þetta áður og geri mér grein fyrir að það er skoðun Vinstri grænna að hafa ætti þetta með þessum hætti. Ég vil fá að segja það einu sinni enn, ég hef margoft látið það koma fram, að ég tel þetta algjörlega fráleitt. Það tíðkast hvergi að fjármálaeftirlit heyri undir þjóðþing viðkomandi þjóðar. Það má í þessu sambandi t.d. benda á þrískiptingu valdsins. Fjármálaeftirlitið er hluti af framkvæmdarvaldinu sem heyrir að sjálfsögðu undir einhvern ráðherra í ríkisstjórn, sem hér á Íslandi er viðskiptaráðherrann. Ef hv. þingmaður er að bera það saman við umboðsmann Alþingis er það allt annað mál því að hann er eftirlitsaðili með stjórnvaldinu. Og varðandi það að ráðherra skipi stjórn yfir þetta eftirlit þá átta ég mig ekki á hver ætti að gera það annar en ráðherra. Enda held ég að tekist hafi ákaflega vel til með þá stjórnarskipan og ég veit ekki til að hv. þingmaður hafi neinar efasemdir um það.

[15:24]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta mál snýst ekki um persónur, um það hvort stjórn Fjármálaeftirlitsins sé rétt skipuð eða hvort ráðherrann sé best til þess fallin. Það snýst ekki um það í sjálfu sér heldur um stjórnsýslulega stöðu. Ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra ítrekaði í ræðu sinni mikilvægi þess að ráðherra gæti staðið til hliðar við Fjármálaeftirlitið. Við vitum reyndar að við einkavæðingu bankanna gengu heldur betur boðin á milli Fjármálaeftirlitsins og viðskiptaráðherra sem fór með bankasöluna. Þar var nú heldur skylt skeggið hökunni — þó að ekki sé hægt að segja það beint í líkamlegu tilliti um þann ráðherra — þar sem viðskiptaráðuneytið fór með sölu bankanna og Fjármálaeftirlitið, sem heyrði undir viðskiptaráðherra, var eftirlitsaðili með viðskiptaráðherra við sölu bankanna. Það var afar óeðlilegt því að Fjármála-

eftirlitið átti t.d. að kanna áreiðanleika kaupendanna o.s.frv. sem var mikilvægur þáttur í einkavæðingu og sölu bankanna sem heyrðu undir nákvæmlega sama ráðherra. Ég held þeirri skoðun mjög til haga, einmitt í ljósi orða hæstv. ráðherra um hversu mikilvægt er að þarna séu ekki bein stjórnunarleg tengsl á milli, að Fjármálaeftirlitið heyri t.d. undir Alþingi þannig að ráðherra viðskiptamála, samkeppnismála, neytendamála og bankamála geti leitað til Fjármálaeftirlitsins kinnroðalaust með atriði, fyrirspurnir eða mál, sem ráðherra í krafti ábyrgðar á sínum málaflokkum, getur verið nauðsyn á að gera. Ég ítreka að ég legg til að (Forseti hringir.) þetta verði skoðað mjög vandlega.

[15:26]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er dálítið erfitt að svara og útskýra fyrir hv. þingmanni í stuttri ræðu hvernig hlutirnir ganga fyrir sig, því að eftir því sem mér skilst er hann að reyna að koma því á framfæri, þó að hann segi það ekki beinum orðum, að ég sé að hafa áhrif á störf Fjármálaeftirlitsins. Það hlýtur að vera það sem hann meinar þó að hann segi það ekki beinum orðum. (**JBjarn:** Þú berð ábyrgð á málaflokknum.) Mér finnst þetta í raun ekki svaravert. Hv. þingmaður getur haldið þessu fram áfram úr þessum ræðustóli en þetta er ekki svaravert.

[15:27]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það komu mikilvæg atriði fram í andsvörum við hæstv. ráðherra áðan. Ég vil nú segja það að ég hef fyllstu samúð og skilning á því viðhorfi sem hæstv. ráðherra hefur gagnvart tengslum ráðherra og eftirlitsstofnana af þessu tagi, það skiptir mjög miklu máli að eftirlitsstofnanir séu sjálfstæðar. Það skiptir líka máli að menn fari að lögum. Þó að nú sé verið að fella brott 2. mgr. 12. gr. sem kveður á um að kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins séu þegar í stað tilkynntar viðskiptaráðherra, breytir það ekki því að það ákvæði er enn þá í gildi. Menn eiga að fara eftir því og ég held að hæstv. viðskiptaráðherra hafi notfært sér svipuð ákvæði einu sinni.

Það er alveg ljóst að hér hafa staðið töluverðar deilur um einkavæðingu Búnaðarbankans. Komið hafa fram, að mínu mati, rökstuddar fullyrðingar um að þar hafi hugsanlega ekki allt verið með felldu að því leyti að einkavæðingarnefnd forsætisráðherra hafi ekki verið gefnar réttar upplýsingar. Við þær aðstæður að Fjármálaeftirlitið grípur ekki til neinna aðgerða til að hrinda þeim grun eða ýta honum út af borðinu með skoðun, þá finnst mér að í krafti þess ákvæðis sem enn er í gildi hefði hæstv. viðskiptaráðherra a.m.k. getað leyft sér að hafa skoðun á því. Það er nefnilega ekki nógu gott þegar hæstv. ráðherra kemur og segir að hún telji að það eigi að vera algild regla að það séu engin samskipti af þessu tagi á milli Fjármálaeftirlitsins og hins faglega ráðherra en segir síðan jafnframt að það séu alltaf undantekningar á reglunum. Annaðhvort eru svona reglur í gildi eða ekki.

Hæstv. ráðherra hefur sjálf skrifað bréf til Samkeppnisstofnunar þar sem hún fór með formlegum hætti fram á að stofnunin setti ákveðið mál í rannsóknarforgang. Ég var sammála því þegar hæstv. ráðherra gerði það. Ég tel að ekkert sé athugavert við það og það er alveg klárlega löglegt af hennar hálfu eins og um hnúta laganna er búið í dag. Hugsanlegt er að túlka megi það öðruvísi þegar búið er að samþykkja þetta frumvarp, ef óbreytt verður. Hins vegar hafa stjórnvöld oft og tíðum, núverandi hæstv. ríkisstjórn með öðrum hætti, líka haft afskipti í reynd, og ég er ekki að lasta það, af t.d. störfum eftirlitsstofnana eins og Samkeppnisstofnunar. Hæstv. ríkisstjórn lagði t.d. fram á hinu háa Alþingi sérstaka tillögu, sem var samþykkt, um aukafjárveitingu til Samkeppnisstofnunar beinlínis til að auðvelda rannsókn á tilteknu máli. Í þessu máli finnst mér því vera áhöld um hver sé hin raunverulega stefna ríkisstjórnarinnar.

Frú forseti. Ég sagði í upphafi míns máls að ég hefði skilning á þessu viðhorfi hæstv. ráðherra. Spurning er hversu langt á að ganga í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. ráðherra, hver sem hann er, geti haft viss fagleg afskipti af eftirlitsstofnunum. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé verjanlegt, jafnvel að samþykktu þessu frumvarpi, það sem hæstv. viðskiptaráðherra gerði árið 2000 með bréfi sínu til Samkeppnisstofnunar. Þar er ekki verið að segja að taka eigi ákveðið mál til rannsóknar heldur einungis verið að segja — sem eru hagsmunir allra, bæði þeirra sem voru undir rannsókn og líka okkar neytenda og borgara sem fylgjumst með málinu — að hraða rannsókn máls sem hefur dregist úr hömlu.

Mér finnst það ekki óeðlilegt og mér finnst að hæstv. ráðherra eigi ekki að vera svo mikil ofsatrúarmanneskja á þessu sviði að jafnvel að þessari lagabreytingu samþykktri mundi hún skirrast við að gera slíkt. Ég hef a.m.k. skilið það svo að á meðan ekki er um beina íhlutun að ræða í ákvarðanir um hvað viðkomandi eftirlitsstofnun eigi að taka til rannsóknar sé í lagi að t.d. ráðherra hafi skoðanir á þessu. Ég held að það sé þarft fyrir samfélagið líka.

Því tek ég þetta mál sérstaklega hér upp nú til að benda á það að hæstv. ráðherra notaði tækifærið í óundirbúinni fyrirspurn frá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni á mánudaginn til að rífa sig a.m.k. niður í maga gegn Samfylkingunni sérstaklega fyrir að hún skyldi hugsa sér þá ósvinnu að hæstv. ráðherra léti í ljós skoðun sína á því hvort Fjármálaeftirlitinu bæri að rannsaka það sem hermt var í fjölmiðlum að væru blekkingar gagnvart einkavæðingarnefnd forsætisráðherra. Það gengur ekki að hæstv. ráðherra ráðist með þeim hætti á einstakan þingmann og einstakan stjórnmálaflokk þegar það liggur alveg ljóst fyrir að sú regla sem hún var að skamma hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fyrir að brjóta var brotin af henni sjálfri árið 2000 þegar hæstv. ráðherra sendi bréf til Samkeppnisstofnunar.

Ég tel að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafi staðið á traustri bjarghellu laganna þegar hann kom með þá fyrirspurn sína á mánudaginn vegna þess að lögin eins og þau eru í dag kveða fortakslaust á um slíka heimild, hvort sem það er æskilegt lagaákvæði eða ekki. En það var sett af núverandi ríkisstjórn með þeirri röksemd að bersýnilega bæri Fjármálaeftirlitinu tilkynningarskylda gagnvart viðskiptaráðherra. Ef það er þannig, hæstv. forseti, að eftirlitinu beri skylda til að tjá ráðherra frá aðgerðum sínum þá liggur það

alveg ljóst fyrir að það er beinlínis til þess að ráðherra geti, án þess að banna slíka aðgerð, haft á henni skoðun. Þá er ekki hægt annað en að gagnálykta að ef ráðherrann má lögum samkvæmt hafa skoðun á aðgerðum Fjármálaeftirlitsins hefur hún líka lagalegan rétt til þess að hafa skoðun á aðgerðaleysi Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessu ákvæði eins og það er núna.

Svo ég ljúki nú þessum parti ræðu minnar þá dreg ég þetta einfaldlega fram hér. Þetta skiptir ekki neinu meginatriði varðandi efni þess máls sem við erum að fjalla um, en mér fannst hæstv. ráðherra fara fram eins og fíll í glervörubúð þegar hún ásakaði stjórnmálaflokk minn og talsmann hans í málinu, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, um fjarstæðu þegar það liggur alveg ljóst fyrir að hann var einungis að óska eftir því sama og hæstv. ráðherra hefur sjálf veitt fordæmi fyrir og gerði það á grundvelli lagaákvæðis. Það þýðir ekki fyrir þennan ágæta hæstv. ráðherra að koma hingað og svara — ég vil ekki grípa til neinna lýsingarorða — með þeim hætti, jú, að þetta sé reglan en undantekningar séu á öllum reglum. Þá fyrst erum við farin að taka pólitískar ákvarðanir ef það er þannig að við höfum reglur í gildi en einhver tiltekinn ráðherra geti hugsanlega gert undantekningu á reglunni, ef það t.d. hentar Framsóknarflokknum. Það er ekki reglan sem við erum að tala um.

Frú forseti. Að lokum þessum neikvæðari kafla minnar ræðu vil ég segja að ég er býsna ánægður með frumvarpið að öðru leyti. Ég tel að í frumvarpinu sé hæstv. ráðherra að gefa eftirlitsstofnunum margvíslegar heimildir til að beita úrræðum sem eru algjörlega nauðsynlegar. Ég og stjórnmálaflokkur minn erum þeirrar skoðunar að það sé best fyrir viðskiptalífið, best fyrir arðsemi þess og best fyrir velsæld samfélagsins að sem fæst lög skerði athafnafrelsi fyrirtækja og einstaklinga. Við höfum hins vegar talað fyrir því að þau séu sterkar eftirlitsstofnanir og þeim séu tryggðar nægilegar fjárveitingar til að standa undir nafni. Á því hafa nú verið skafankar af hálfu núverandi hæstv. ríkisstjórnar. Sömuleiðis séu þeim eftirlitsstofnunum gefin mjög sterk úrræði til að leita allra gagna sem þarf til að grafast fyrir um hugsanlega misnotkun, markaðsmisneytingu og annað sem fer ekki nægilega vel. Eftir að hafa, eftir minni þekkingu, grandskoðað frumvarpið finnst mér það að mörgu og flestu leyti taka á þeim álitamálum sem við höfum séð uppi í íslensku fjármálalífi.

Íslenskur fjármálamarkaður er enn á bernskuskeiði en hann hefur orðið mjög þróttmikill og hann hefur skipt mjög miklu máli fyrir velsæld samfélagsins. Við höfum hins vegar orðið vitni að ýmsum átökum í fjármálaheiminum og stundum hefur manni sem almennum borgara þótt sem fyrirtæki og athafnamenn hafi teygt sig út á ystu nöf. Ég neita því ekki að umbrot hafa orðið í fjármálaheiminum sem hafa verið þannig að mér sem fulltrúa á löggjafarsamkundunni hefur þótt á stundum að einstakir athafnamenn hafi farið út á hið gráa svæði og jafnvel handan við það.

Þá hefur komið í ljós að þær eftirlitsstofnanir sem við höfum sett upp til að gæta að hagsmunum borgaranna gagnvart slíkri háttsemi hafa ekki haft nægileg úrræði til að afla þeirra upplýsinga sem þarf og þær hafa ekki heldur haft þvingunarúrræði til að knýja viðkomandi aðila til að láta í té þær upplýsingar. Ég ætla ekki einu sinni að áfellast hæstv. ríkisstjórn eða þennan ágæta hæstv. viðskiptaráðherra fyrir að þau lög sem hún og ríkisstjórnin hefur lagt hér fyrir og við samþykkt hafi ekki séð við þessu. Þetta er bara partur af fæðingarhríðum nýs umhverfis í atvinnulífinu og ekkert fyrir okkur að gera annað en að læra af reynslunni, læra af öðrum þjóðum og samþykkja lög sem gefa okkur þessi úrræði.

Ég held að hér hafi komið fyrir atvik, bæði fyrir árið 2000 en líka núna á þessum vetri sem gefa fullt og ærið tilefni til að ráðist sé í þessar breytingar, sem eru að mörgu leyti töluvert harðar. Þær ganga mjög nálægt frelsi manna til athafna og þær til að mynda ganga nálægt grundvallarreglum sem við höfum meira að segja lögsett fyrir ákveðnar atvinnugreinar, sem er þagnarskyldan. Ég velti þessu mikið fyrir mér þegar ég skoða frumvarpið.

Er það verjanlegt að ganga svo langt að segja að hægt sé að skerða þagnarskylduna gagnvart þriðja aðila, t.d. lögfræðistofu úti í bæ sem hugsanlega kann að búa yfir mikilvægum upplýsingum sem eftirlitsstofnanir okkar þurfa á að halda til að komast að raun um t.d. hvort virkur eignarhluti í krafti laganna hefur myndast eða hvort um einhvers konar misneytingu sé að ræða? Er það verjanlegt í því skyni ef við erum að skoða viðskipti eða eftirlitsstofnanir okkar á millum segjum tveggja stórra fyrirtækja, þá sé hægt af hálfu Fjármálaeftirlitsins að ráðast inn á lögfræðistofu, sem ekki hefur nein afskipti af málinu nema hugsanlega milligöngu og lögfræðilega ráðgjöf, til þess að afla þar upplýsinga? Svar mitt er já. Ég held að þó að þarna sé ansi harkalega gengið fram þá er ég þeirrar skoðunar að þetta sé óhjákvæmilegt úrræði. Það er harkalegt en í staðinn gefur það okkur færi á að setja mjög skýrar reglur og fylgja þeim vel eftir.

Ég velti því líka fyrir mér hvort verjanlegt væri að leggja fram frumvarp með þvingunarúrræðum eins og hér eru, þ.e. mjög hörðum dagsektum sem geta numið allt að 2 millj. kr. á dag, muni ég rétt, gagnvart þriðja aðila af þessu tagi. Ég komst líka að þeirri niðurstöðu að það væri verjanlegt. Hin mildandi ásýnd frumvarpsins er þó sú að gert er ráð fyrir að slík þvingunarúrræði, t.d. í formi sekta, ráðist af fjárhagslegu umfangi viðkomandi. Ég tel því að þetta sé gott sem kemur fram í frumvarpinu.

Ég er sammála ýmsum öðrum atriðum líka. Ég er þeirrar skoðunar að þvingunarúrræðin og eftirlitsskyldan með ýmsum aðilum og upplýsingaskylda aðila sem ekki eru eftirlitsskyldir samkvæmt skilgreiningum í þeim lögum sem nú þegar liggja fyrir, sé jákvæð og þetta sé gott fyrir markaðinn og fyrir íslenskt samfélag.

Ýmsir skafankar hafa komið fram á lögunum sem hér er líka verið að bæta. Til dæmis hafa menn ekki verið nægilega ánægðir með þá úrlausn sem fæst með því að hafa kærunefnd í gangi sem hefur að ýmsu leyti, taldi ég, fúnkerað vel. En það er niðurstaðan í frumvarpinu, eftir að hafa skoðað og væntanlega hlustað á markaðinn sjálfan og skoðað hvernig þetta gerist í öðrum löndum, að fella kærunefnd í burtu. Í staðinn er veitt heimild til að skjóta deilum af þessu tagi til dómstólanna. Hér er yfirleitt um stór og fordæmisgefandi mál að ræða. Hugsanlega er því rétt að gera þetta. Svona gera menn þetta í Svíþjóð og í Finnlandi. Ég veit ekki hvernig þeir gera þetta í Danmörku en ég held að

umræður séu um það líka.

Til að hægt sé að ráðast í dómsmál þurfa menn að vera stórir og sterkir. Reynslan sýnir að þeir sem hafa lent í slíkum málum hafa verið fjárhagslega öflugir og hafa getað lokið þeim kostnaði sem af slíku hlýst. En ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað ef sú staða kemur upp að það er einhver einstakur, einn lítill hluthafi, einn af þessum litlu köllum sem eru að slást á markaði sem þykir á sér brotið og vill með einhverjum hætti fyrir hönd fyrirtækis sem hann á hluta af skjóta máli sínu til úrskurðar æðra valds? Ef hann þarf í svona málum að leita til dómstólanna mundi ég ætla fyrir fram að honum væri það fjárhagslega ómögulegt. Ég spyr hæstv. ráðherra: Með hvaða hætti er bætt úr því? Er möguleiki slíkra manna tryggður?

Þetta eru þau meginatriði sem ég vildi sagt hafa um frumvarpið. Við í Samfylkingunni teljum að frumvarpið sé jákvætt og mér finnst það vera mjög jákvætt, harkalegt frumvarp, en það er mjög líklegt til þess að sýna að það getur enginn komist upp með í skjóli þagnarskyldu eða einhvers annars að leyna upplýsingum sem þessar sterku eftirlitsstofnanir, eins og þær vonandi verða, þurfa til að geta upplýst um málshætti sem varða hag okkar allra. Það er einfaldlega þannig á Íslandi að sparnaður okkar Íslendinga er í vaxandi mæli farinn að þróast inn í almenningshlutafélög, og það er jákvætt. Það eru þess vegna ábyggilega tugir þúsunda, ef ekki hundrað, á Íslandi sem hafa beina hagsmuni af því að skikkan sé á þessum markaði.

Ég byrjaði ræðu mína með því að vera nokkuð harður við hæstv. ráðherra út af tilteknum atriðum sem ég ætla ekki að fara í aftur. En mig langar aðeins í lokin til að stríða hæstv. ráðherra pínulítið, þó að það sé nú ekki mitt eðli. (*Gripið fram í.*) Ég sagði í ræðu minni að ég fellst á þá hörku sem mér finnst felast í ákvæðum frumvarpsins um takmarkaðri þagnarskyldu. Ég tek eftir því að alls staðar í frumvarpinu er lögð rík áhersla á og sett bein fyrirmæli um að þagnarskyldan verði að gilda og þeir sem af hálfu stofnananna koma að málum af þessu tagi og fá upplýsingar verða að halda þeim leyndum alla tíð út yfir gröf og dauða. En það vekur eftirtekt mína varðandi það mál sem ég nefndi í upphafi að þegar hæstv. ráðherra, sem mér fannst hálfvegis laumupokast með brottfall þess ákvæðis, 2. mgr. 12. gr. um tilkynningarskyldu Fjármálaeftirlitsins til hæstv. ráðherra, af því að hún gat þess ekki í ræðu sinni og það er heldur ekki að finna beina tilvitnun í brottfallið í frumvarpinu sjálfu, tillögugreinunum, það kemur einungis fram í athugasemdum. Maður þarf að lesa greinarnar saman til að skilja hvað þarna er á ferðinni. Fram kemur að önnur orsökin fyrir því að það er gert, þ.e. að numin er brott skylda Fjármálaeftirlitsins til að tilkynna hæstv. ráðherra um slíkar aðgerðir, er m.a. sú að óæskilegt sé að vitneskjan um þær aðgerðir berist of víða.

Þá spyr ég hæstv. ráðherra: Er það svo að hún treysti ekki starfsmönnum sínum til að þegja um mál, sem þeir hafa þó lagaskyldu til að þegja yfir en hún treysti hins vegar öllum öðrum stofnunum til að þegja yfir? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um þetta því að mín reynsla af starfsmönnum hennar í hinu háa iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti er sú að þeir vita að þögn er gulls ígildi og ég treysti þeim fullkomlega. Það er því ekki af þeirri ástæðu sem ég tel að fella eigi þetta brott.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki meira um þetta mál að segja að sinni en vona að hæstv. ráðherra hugsi nú sinn gang um hina gullnu reglu sem hún sagði frá í upphafi, að ráðherra eigi ekki að hafa nein afskipti, pólitísk né önnur, af eftirlitsstofnunum. Hún hnýtti því svo við að á öllum reglum séu undantekningar. Það finnst mér ekki vera gullvægt. (**Viðskrh.:** Engin undantekning.) Eða undantekning. Hér er kominn nýr mælikvarði, hæstv. ráðherra telur beinlínis að sérhver viðskiptaráðherra megi svindla á lögunum einu sinni? (Gripið fram í.) Ég held að það séu ekki góðar reglur sem hæstv. ráðherra hefur lagt í dag og vísa til þess að hér eru virðulegir lögfræðingar í salnum sem hljóta að vera mér sammála og munu örugglega taka til máls síðar í dag og átelja ráðherra fyrir þessa lausung í meðferð lagaákvæða.

[15:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni um margt flókið mál og ræða mín mun ekki ganga út á að fara yfir einstakar greinar. Ég held hins vegar að full ástæða sé til að reyna að skilja betur hvað er á bak við þær breytingar sem lagðar eru til. Mér fannst einhvern veginn að ræða hæstv. ráðherra færði mér ekki algerlega þann skilning sem ég hefði gjarnan viljað fá á málinu, t.d. hvers vegna sumt af því er gert sem hér er lagt til. En áður en ég kem að því langar mig til að blanda mér í þá umræðu sem varð áðan þegar hæstv. ráðherra átti orðastað við hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Hæstv. ráðherra sagði að allir ættu að geta snúið sér til þessarar eftirlitsstofnunar, nema hæstv. ráðherra sjálfur. Ég skildi það þannig að hæstv. ráðherra væri nánast að tala um sig og ríkisstjórnina. Það er svo að hæstv. ráðherra ber ásamt ríkisstjórninni alveg sérstaka ábyrgð á því verkefni sem hér er talað um, einkavæðingunni á Búnaðarbankanum. Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Hver var það sem átti að gæta hagsmuna almennings og snúa sér til Fjármálaeftirlitsins til að fylgja því eftir að þar væri tekið á málum? Í hvers valdi var það og hver hafði þá skyldu að gera það og hvers vegna var það ekki gert? Stendur kannski til að gera bragarbót á þessu? Það getur auðvitað ekki gengið að enginn geti gætt hagsmuna almennings í málinu. Hæstv. ráðherra getur kannski borið því við að hann sem slíkur hafi ekki átt að gera það en hann getur það ekki nema því aðeins að það séu þá einhverjir aðrir sem beri þá ábyrgð og eigi að sinna henni því ríkisstjórnin ber ábyrgð á þessu máli sem heild.

Það er ekki eins og hægt sé að skilja við þetta mál bara af því að það er í fortíðinni, þau orð hafa stundum verið viðhöfð í þingsal, að menn séu að tala um það sem liðið er og það sé orðin fortíð. Þarna var verið að fara með eigur almennings og full ástæða til að velta því fyrir sér með hvaða hætti þær hafa komist í hendur á þeim eigendum sem hafa *átt þessa hluti frá því af stað var farið.*

Sá hlutur sem mest er umræddur núna er sá hlutur sem var talinn hafa verið og er af sumum talinn hafa verið í eigu þýsks banka. Ég veit ekki til þess að sá hlutur hafi verið boðinn til sölu á markaði á Íslandi áður en hann skipti um hendur, hafi hann gert það. Hann mun hins vegar vera talinn í eigu Íslendinga eða Íslendings núna. Hvernig gerðist það? Var tilkynnt um þá sölu? Fengu eftirlitsstofnanirnar

ekkert að vita um að ráðandi hlutur væri til sölu? Hefur það verið skoðað? Og hver á að sjá til þess að það verði skoðað? Er eitthvert vandamál á ferðinni sem hefur verið hjá Kauphöll Íslands líka? Nú geri ég ekki ráð fyrir að þetta mál snerti Kauphöllina en ég sé það á þeim breytingartillögum sem eru í frumvarpinu að verið er að gera Fjármálaeftirlitinu kleift að fá upplýsingar úr Kauphöllinni sem Fjármálaeftirlitið virðist ekki hafa átt möguleika á að fá áður og þess vegna spyr ég: Er þörf á þessu? Hefur verið vandamál fyrir Fjármálaeftirlitið að fylgjast með þeim viðskiptum sem hafa farið fram í gegnum Kauphöll Íslands? Ég held að gagnlegt sé að menn viti hvort vandamál hafa verið þarna uppi og ég spyr um 8. gr. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í tengslum við athuganir tiltekinna mála er Fjármálaeftirlitinu heimilt að afla upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.“

Þýðir þetta ekki að Fjármálaeftirlitið getur sótt allar upplýsingar til Kauphallarinnar sem það vill fá? Er það ekki þannig? Ég endurtek spurninguna: Hafa verið uppi vandamál við að fá þessar upplýsingar og hvaða mál eru það sem þar skipta máli?

Ég tek síðan undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan að full ástæða er til að skýra þessar reglur og gera mögulegt að fylgjast vel með. Ég held að við höfum staðið okkur ákaflega illa í því að hafa hér skynsamlegt regluverk í gangi. Sannleikurinn er sá að fjármálamarkaðurinn á Íslandi er ormagryfja. Eðlilegar reglur hafa ekki verið í gangi. Við stöndum frammi fyrir því að helstu keppinautar okkar á fjármálamarkaðnum eru bankarnir sjálfir, bankarnir sem eiga að gæta hagsmuna okkar. Ef við erum að reyna að ávaxta okkar fé í bönkum landsins þá eru helstu keppinautarnir þeir sem eru að þjónusta okkur og það geta verið bæði bankarnir sjálfir og þær persónur sem eru að þjónusta okkur í bönkunum. Þarna hafa stjórnvöld og hæstv. viðskiptaráðherra ekki gætt nógu vel að í fortíðinni. Svona hafa málin verið. Ég held þess vegna að full ástæða sé til að menn skoði sig vandlega um í nefndinni og fari vandlega yfir þær tillögur sem hér eru og reyni að finna þær leiðir sem skynsamlegastar eru án þess að drepa viðskipti í landinu í dróma. Ég tel að það megi ekki gerast. Ég tel hins vegar að það sem eigi að svífa yfir vötnunum í nefndinni þegar verður farið yfir málið, sé að gætt verði að hagsmunum almennings og menn hugsi allt eftirlit út frá því að þeim hagsmunum verði borgið. Ekki veitir af aðhaldi í þessari grein. Því miður er full ástæða til að menn gæti að sér í viðskiptum á Íslandi og ekki síst gagnvart þeim þjónustuaðilum sem eru stærstir og sterkastir og telja sig hafa ástæðu til að auglýsa það út um borg og bý að þeir þjónusti fólkið í landinu.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég hef ekki sett mig inn í þetta mál með þeim hætti að ég geti farið yfir einstakar greinar. Ég geri ráð fyrir að nefndin leggi í þetta mikla vinnu og er satt að segja ekki alveg viss um að við fáum að sjá þetta mál að vori til afgreiðslu einfaldlega vegna þess að ég tel að þetta sé það mikið verkefni en þó er hægt að halda í vonina um það.

[15:56]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og er ánægð með að mér heyrist hv. þingmenn vera sammála mér um að þetta sé mál sem sé mikilvægt að gera að lögum og efla þannig Fjármálaeftirlitið og auka eftirlitsskylduna eða gera eftirlitinu mögulegt að halda uppi þessari mikilvægu starfsemi sem varðar markaðinn, ég held að við séum öll sammála um það.

Það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi hér og varð nokkuð tíðrætt um var það sem gerðist líklega árið 2000, hann man það nú betur en ég, að ég skrifaði Samkeppnisstofnun ákveðið bréf sem er í eina skiptið sem ég hef haft afskipti af eftirlitsstofnunum mínum. Ég heyri að honum hefur sviðið dálítið það sem ég sagði í umræðu á mánudaginn gagnvart Samfylkingunni að hún væri ekki komið langt á þróunarbrautinni. En það sem ég meina þegar ég tala um þróunarbraut í þessu sambandi er að sjálfsögðu það að tímarnir eru að breytast óskaplega mikið og að við tölum um algerlega sjálfstæðar eftirlitsstofnanir er í takt við tímann. Ég býst við að fyrir tíu árum hafi mönnum þótt frekar ótrúlegt að mál mundu þróast í þessa átt og er í raun ekkert ólöglegt við það og væri ekkert ólöglegt við það að ég mundi skrifa Fjármálaeftirlitinu bréf í dag en hins vegar væri það mjög óæskilegt og mér fyndist að það mundi veikja mjög stöðu Fjármálaeftirlitsins og vera í ósamræmi við þá stefnu sem ég hef haft uppi ef ég færi að gera það og það sama má segja um Samkeppniseftirlitið. Þó svo ég hafi skrifað þetta bréf fyrir 5–6 árum tel ég frekar ólíklegt að ég mundi gera það í dag, svo ég sé bara að hugsa upphátt í ræðustól á hv. Alþingi. En ég heyri að hv. þingmaður veltir þessum hlutum fyrir sér.

Af því að hann spurði einnar spurningar sem var sú að ef lítill og veikburða aðili teldi sig þurfa að fara með mál fyrir dómstóla sem hefði fengið úrskurð í Fjármálaeftirlitinu sem hann sætti sig þá ekki við væntanlega, þá er sérstök heimild til gjafsóknar sem mundi þá koma til í því sambandi.

Í lok ræðu sinnar var hv. þingmaður með hugmyndir um hvort það væri einhver sérstök vantrú ráðherrans á starfsfólki sínu sem ylli því að þetta þagnarskylduákvæði væri svo sem raun ber vitni. Ég held að almenna reglan sé sú að eftir því sem færri vita hluti þeim mun líklegra er að þeir haldi. Í þessu tilfelli gæti það verið þannig að það væri í raun bara ráðherrann sem væri upplýstur um viðkomandi mál en ég tel að það ákvæði sem við nú nemum brott úr lögunum með þessu frumvarpi, verði það að lögum, sé svolítið í takt við gamla tímann en kannski þó fyrst og fremst í takt við þær skyldur sem ráðherrann hefur haft í sambandi við leyfisveitingar sem er núna verið að færa yfir til Fjármálaeftirlitsins. Þetta er því allt saman hugsað sem hér er sett fram.

Ég er ánægð með að heyra að mér virðist hv. þingmenn hafi ekki athugasemdir við það sem kemur fram í frumvarpinu og er nokkuð róttækt, sem sé það að fella kærunefndina út. Ég var vissulega búin að velta því mjög mikið fyrir mér hvað skyldi gera í þeim efnum og ég heyri ekki að athugasemdir séu við það. En auðvitað eru þetta mál sem þarf að fara miklu betur í gegnum í nefndinni eins og öll

mál. En þessi stefna sem sett er fram með frumvarpinu og þær tillögur sem gerðar eru til breytingar hníga allar að því að styrkja eftirlitið. Eins og hér hefur komið fram hefur markaðurinn verið að breytast alveg gífurlega, eiginlega meira en nokkur hefur getað látið sér detta í hug og komið hafa upp atvik þar sem — eða maður hefur a.m.k. velt því fyrir sér hvort lög hafi verið nægilega skýr og nógu sterk lagaákvæði í lögum til að taka á málum en þetta frumvarp mun eflaust ekki leysa allan vanda til allrar framtíðar. Þessi mál þurfa alltaf að vera til endurskoðunar og ég ætla ekki að fullyrða það hér og nú að ekki eigi eftir að koma fram frumvarp líka á næsta vetri til að stíga ný skref í þessum efnum.

En ég vil fyrst og fremst þakka fyrir umræðuna. Ég er mjög ánægð með hana og tel að nokkuð góð samstaða ríki á hv. Alþingi um að þessi mál þurfi að vera í góðu lagi.

[16:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég spurði hæstv. ráðherra spurningar hérna áðan sem ég óska eindregið að fá svar við. Hæstv. ráðherra segir það ekki sitt hlutverk að óska eftir að þessi eftirlitsstofnun fari í að skoða ákveðin mál. Við vorum að tala hér um einkavæðingarmálið. Við vorum að tala um einkavæðingu Búnaðarbankans. Ég spurði hæstv. ráðherra: Hver á að gæta hagsmuna almennings í þessu máli? Hver átti að snúa sér til eftirlitsins og óska eftir að það fjallaði um málið, ef menn töldu að þannig þyrfti að standa að málum? Það væri ekki verið að ganga þá götu sem væri eðlilegt að ganga í þessu samhengi. Hver er það sem átti að gera þetta? Hæstv. ráðherra ber ábyrgð á einkavæðingunni með öðrum ráðherrum í ríkisstjórninni. Einkavæðingarnefndin hafði þá framkvæmd á höndum. Hver átti að snúa sér til eftirlitsins ef niðurstaðan var sú að gera það? Og hver tók svo ákvörðun um að það væri engin ástæða til þess?

[16:03]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þingmaður hlýtur að gera sér grein fyrir er það stofnunarinnar sjálfrar að taka þá ákvörðun hvort hún fer ofan í þetta mál eða ekki. Það þarf enginn að beina því til hennar. Fjármálaeftirlitið gætir hagsmuna allra. Þess vegna veit ég ekkert um hvað Fjármálaeftirlitið er að gera hverju sinni. Þess vegna getur vel verið að það sé að fara yfir þetta mál. Ég get ekki svarað því. Og þannig vil ég hafa þetta umhverfi og þessa stjórnsýslu.

[16:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki boðlegt svar. Hæstv. ráðherra sagði það hér áðan að allir gætu snúið sér til þessarar stofnunar ef þeir teldu að það þyrfti að skoða mál og fara yfir þau. Nema hæstv. ráðherra sjálfur. Svo þegar ég spyr að því hver eigi að gæta hagsmuna almennings hvað varðar þetta einstaka mál, þá fer hæstv. ráðherra að tala um að þessi stofnun eigi að vera alltumlykjandi og sjá um það sjálf að ákveða í öllum tilfellum hvort það verði farið yfir einhver mál. Þetta stemmir ekki og mér finnst ástæða til að fá botn í þetta. Hver átti að gæta hagsmuna almennings í þessu máli? Hæstv. ráðherra sagðist ekki hafa átt að gera það. Hver var það?

[16:04]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta hefur verið ansi merkileg umræða. Það var t.d. afar athyglisvert að hlusta á hvernig hv. þm. Össur Skarphéðinsson dró þetta mál fram gagnvart öðru máli sem hér hefur verið gert að umtalsefni og var rætt sl. mánudag.

Það hefur m.a. leitt til þess, virðulegi forseti, að hæstv. viðskiptaráðherra kom í ræðustól og sagði að það væri ekki ólöglegt að hún skrifaði Fjármálaeftirlitinu bréf og færi fram á tiltekna skoðun, sem er ansi merkileg yfirlýsing. Þetta er sem sagt löglegt miðað við þau lög sem eru í gildi og þá hefur hv. þingmaður Össur Skarphéðinsson, sem dró þetta hérna fram, algjörlega á réttu að standa hvað það varðar. Enda þegar maður les bæði frumvarpið á sínum tíma og lögin sem hér eru, þá er Fjármálaeftirlitinu gert skylt að gefa viðskiptaráðherra skýrslu einu sinni á ári fyrir 15. september. Í frumvarpinu var það ársfjórðungslega, því hefur verið breytt. Það er því ótvírætt að þetta er hægt.

Virðulegi forseti. Það er ekki verið að tala um að hæstv. viðskiptaráðherra hafi eitthvert yfirvald yfir Fjármálaeftirlitinu, heldur ekki reynt að gefa fyrirmæli um tiltekin atriði. Það er kannski spurning um að það verði skrifað og óskað eftir að tiltekið mál verði skoðað. Vegna þess að í raun og veru er viðskiptaráðuneytið og viðskiptaráðherra þolendur í því máli sem hér hefur verið gert að umtalsefni, þ.e. um þennan ímyndaða eða ekki ímyndaða hlut þýska bankans í Búnaðarbankanum á sínum tíma. Þetta er mjög mikilvægt og full ástæða til að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir yfirferð hans hér sem hefur leitt í ljós, eins og viðskiptaráðherra sagði, að það er ekki ólöglegt að hún skrifaði Fjármálaeftirlitinu bréf, hins vegar er allt annað (Forseti hringir.) hvað við viljum hafa í takt við tímann núna og það frumvarp sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur (Forseti hringir.) flutt hér, er eins og kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, mjög til bóta, virðulegi forseti.

(**Forseti** (SP): Ég bið hv. þingmenn að virða tímann og byrja ekki á nýrri setningu þegar búið er að berja í bjölluna.)

[16:07]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur fram í máli hv. þingmanns að hann treystir Fjármálaeftirlitinu ekki. En það vill svo til að ég treysti Fjármálaeftirlitinu og veit að það vinnur vel og skoðar þau mál sem það telur ástæðu til að skoða. Það er aðalatriðið í mínum huga. Ef hv. þingmaður treystir mér betur þá er það að sjálfsögðu ánægjulegt fyrir mig. En ég hins vegar treysti Fjármálaeftirlitinu fullkomlega til að taka þessar ákvarðanir sjálft.

[16:07]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú komið að lokum þessarar umræðu. En lokaspurning mín til hæstv. iðnaðarráðherra og

viðskiptaráðherra er bara þessi: Vill hæstv. ráðherra ekki fá úr því skorið og fá að vita frá hendi Fjármálaeftirlitsins hvort ríkið hafi verið platað í þessu tiltekna máli?

[16:08]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef engar sérstakar áhyggjur út af þessu máli. Það er búið að skýra það. Sé Fjármálaeftirlitið að skoða það þá er það þess mál. Þá kemur væntanlega niðurstaða úr því en þetta er ekki það sem ég er að velta fyrir mér þessa dagana. Ef um eitthvað saknæmt er þarna að ræða þá verður það ekkert í skýrslu til mín heldur verður það gert opinbert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattaumhverfi líknarfélaga, fyrri umr.

Þáltill. SandF o.fl., 547. mál. — Þskj. 795.

[16:08]

Flm. (Sandra Franks):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu á þskj. 795 um skattfrelsi líknarfélaga, sem ég flyt með nokkrum hv. þingmönnum Samfylkingarinnar. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt með það fyrir augum að jafna skattalega aðstöðu líknarfélaga hér á landi miðað við önnur Evrópulönd og Bandaríkin, einkum með áherslu á afnám fjármagnstekjuskatts. Jafnframt skal kannað hvort nauðsynlegt sé að gera aðrar breytingar til að jafna aðstöðu íslenskra líknarfélaga miðað við sambærileg félög erlendis. Stefnt skal að því að ráðherra leggi frumvarp um málið fyrir Alþingi við upphaf næsta þings.

Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er flutt er sú, virðulegi forseti, að þrátt fyrir góðan vilja stjórnvalda í garð líknarfélaga og frjálsra félagasamtaka er það staðreynd að íslensk líknarfélög búa ekki í skattalegu tilliti við sama skilning eða örlæti af hálfu stjórnvalda og líknarfélög í Evrópu og Bandaríkjunum. Þetta er rakið ákaflega vel í vandaðri skýrslu sem unnin var fyrir nokkrum missirum fyrir hönd nokkurra íslenskra líknarsamtaka sem starfa bæði hér innan lands og utan eins og lesa má í greinargerðinni með tillögu okkar.

Raunar er það svo að heldur hefur sigið á ógæfuhliðina í þessum efnum vegna lagabreytinga síðasta áratuginn. Munurinn á skattaumhverfi íslensku líknarfélaganna í samanburði við líknarfélög í Evrópu og Bandaríkjunum er töluverður samkvæmt niðurstöðu skýrslunnar. Það má segja að hann kristallist í fernu. Í fyrsta lagi njóta íslensk líknarfélög ekki undanþágu frá greiðslu fjármagnstekjuskatts. Í bæði Bandaríkjunum og löndum Evrópusambandsins eru þau hins vegar undanþegin fjármagnstekjuskatti.

Í öðru lagi var með breytingum á lögum árið 2004 afnumin undanþága til þeirra vegna greiðslu á erfðafjárskatti. Það ber að taka fram að þær breytingar leiddu til verulegrar lækkunar á erfðafjárskatti sem nú er einungis 5% og ákveðið frítekjumark að auki. En dánargjafir til líknarfélaga njóta engrar sérstakrar undanþágu umfram aðra. Þessu er þveröfugt farið í löndum Evrópusambandsins og Bandaríkjunum. Því samkvæmt úttekt Jónasar Guðmundssonar hagfræðings, sem vann fyrrgreinda skýrslu, er enginn erfðafjárskattur greiddur af slíkum framlögum í þeim löndum til líknarfélaga.

Það er almennt litið svo á að undanþága frá greiðslu erfðafjárskatts hvetji fólk til að láta hluta af eigum sínum renna til mannúðarmála og örvi þannig starfsemi þeirra en um leið sé líka verið að taka ákveðna byrði af skattborgurunum sem líknarfélögin taka í staðinn á sig í gegnum framlag sitt með þjónustu.

Í þriðja lagi hafa íslensk líknarfélög heldur ekki lagalegan rétt til endurgreiðslu á virðisaukaskatti á aðföngum. Þau njóta hins vegar slíkra skattfríðinda, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum.

Í fjórða lagi búa íslensk líknarfélög einnig við lakari starfsumhverfi en erlend líknarfélög að því leyti að hér á landi er ekki heimilt að draga gjafir til góðgerðafélaga frá skattskyldum tekjum í sama mæli og yfirleitt er heimilt bæði í Evrópu og Bandaríkjunum.

Í dag geta lögaðilar dregið frá skattstofni sínum einstaka gjafir og framlög til viðurkenndra líknarstarfsemi allt að 0,5% af tekjum á því ári sem gjöf er afhent. Einstaklingar hér á landi hafa hins vegar enga möguleika á að draga frá tekjuskattsstofni þau framlög sem þeir láta renna til líknarfélaga og góðgerðamála. Það er athyglisvert í landi allsnægtanna að Ísland var eina landið sem fannst í fyrrnefndri úttekt þar sem einstaklingur er ekki örvaður með skattaívilnun til að greiða til líknarfélaga. Það má því fullyrða að íslensk líknarfélög búi við töluvert erfiðari skattaumhverfi en sams konar félög í löndum Evrópu og Bandaríkjanna. Þau njóta alls ekki sama skattfrelsis og sambærileg félög sem þar starfa.

Nú vil ég segja það alveg skýrt að stjórnvöld hafa með ýmsu móti sýnt jákvæða afstöðu til líknarfélaga en breytingar sem orðið hafa á frumkvæði þeirra á síðustu árum á skattalögum hafa leitt til að skattastaða þeirra og reyndar frjálsra félagasamtaka hefur farið versnandi á Íslandi. Til marks um það nefni ég ákvörðun Alþingis frá 1996 um að frjáls félagasamtök skyldu greiða fjármagnstekjuskatt og fyrrgreinda breytingu árið 2004 um að erfðafjárskattur skyldi lagður á gjafir til líknarfélaga. Töluvert áður, eða árið 1979, var svo afnumin heimild til skattafrádráttar einstaklinga vegna framlaga til góðgerðafélaga. En fram til ársins 1979 gátu gefendur, bæði fyrirtæki og einstaklingar, dregið gjafir sínar til slíkra félaga frá skattskyldum tekjum sínum og þannig lækkað skattstofn sinn. Í tekju- og eignarskattslögum var nefnilega fyrir þann tíma ákvæði sem heimilaði að gjafir til líknarfélaga mætti draga frá allt að 10% skattskyldra tekna gefanda. Þetta ákvæði náði reyndar til miklu fleiri félaga en hreinna líknarfélaga og líklegt að það hafi verið töluvert of rúmt og því of kostnaðarsamt fyrir ríkið.

Í þessari þingsályktunartillögu er því lagt til að fjármálaráðherra beiti sér fyrir lagabreytingu sem miði að því að gera skattalegt umhverfi líknarfélaga hér á landi sem sam-

bærilegast við þau lönd sem Íslendingar miða sig oftast við. Ég hef sjálf mikla persónulega reynslu af störfum fyrir líknarfélög en ég hef í áratug starfað í ýmsum stjórnum félaga sem styðja hjartveik börn. Ég veit því af eigin raun að fyrir líknarfélög er langmikilvægast að ákvæði um fjármagnstekjuskatt verði breytt þannig að varðandi hann njóti þau sömu skattfríðinda og erlend félög í sínum heimalöndum. Af þeirri ástæðu, virðulegi forseti, er í þingsályktunartillögunni lögð sérstaklega þung áhersla á undanþágu vegna greiðslu fjármagnstekjuskatts.

Það er svolítið erfitt að átta sig nákvæmlega á hversu mörg líknarfélög mundu njóta góðs af samþykkt þessarar tillögu. Á skrá Hagstofunnar eru þau tekin saman í lið með fleiri samtökum en samkvæmt upplýsingum úr fyrrgreindri skýrslu Jónasar Guðmundssonar eru líklega starfandi á annað hundrað líknarfélög, eða deildir í líknarfélögum, sem kynnu að njóta góðs af slíkri skattbreytingu. Það er líka erfitt að áætla fyrir fram hversu mikill kostnaður fyrir ríkissjóð gæti fylgt samþykkt hennar þar sem lagt er í hendur fjármálaráðherra að leggja fram frumvarp um umfang skattbreytinganna. Hins vegar má ætla að langmestur hluti kostnaðarins muni stafa af breytingum á greiðslu líknarfélaga á fjármagnstekjuskatti. Upplýsingar um hversu mikið líknarfélög greiða í slíkan skatt í dag liggja ekki fyrir. Ég hef hins vegar lagt fram skriflega fyrirspurn til fjármálaráðherra um það sem gera má ráð fyrir að nýtist við umfjöllun málsins í þingnefnd.

Ég held, virðulegi forseti, að langflestir séu sammála um að líknarfélög vinni margvísleg þjóðþrifaverk sem falla undir mikilvæga samfélagsþjónustu. Þau sinna margbrotnum verkefnum á sviði félags- og heilbrigðismála, aðstoðar við fátæka, ýmiss konar liðsinni við unga og aldraða einstaklinga, og við þróunarhjálp erlendis. Starfsemi þeirra beinist yfirleitt að því að draga úr vanda einstaklinga, svo sem vegna fátæktar, tímabundins eða varanlegs sjúkleika eða fötlunar, langvarandi erfiðleika barna, óhóflegrar neyslu vímugjafa og áfengis, auk margs annars. Nokkur þeirra starfa einnig að mikilvægum heilbrigðisrannsóknum sem hafa sannarlega skilað ómældum árangri í baráttunni gegn sjúkdómum. Engum blandast hugur um að þau ýta undir velferð og hagsæld samfélagsins með því að hlúa að einstaklingum og hópum sem af einhverjum orsökum eiga undir högg að sækja. Í hnotskurn má því segja að líknarfélög stuðli að meiri vernd þeirra sem minna mega sín í samfélaginu.

Allt samfélagið hefur augljósan hag af starfi líknarfélaga. Þau starfa af hugsjónaástæðum og að stórum hluta er þeim haldið uppi með vinnu fórnfúsra sjálfboðaliða. Starf líknarfélaganna má skilgreina sem grenndarstarf í þeim skilningi að þau vinna á vettvangi vandamálanna sem þau glíma við. Þetta tvennt veldur því að þau eru að ýmsu leyti hæfari en opinberar stofnanir til að greiða úr ýmiss konar samfélagslegum vandamálum. Margir fræðimenn hafa fært rök fyrir því að frjáls félagasamtök séu betur til þess fallin að vinna ýmiss konar líknarstörf en opinber stjórnvöld, þau séu úrræðabetri í leit að lausnum og nýti fjármagn með betri hætti. Samkeppni þeirra um stuðning frá fyrirtækjum og einstaklingum ýti jafnframt undir frumkvæði og nýja hugsun í starfi.

Fátt bendir til annars en að hlutverk líknarfélaga muni fara vaxandi í samfélaginu. Almennt er viðurkennt að þau vinni að verðugum félagslegum verkefnum, sem opinberar stofnanir þyrftu annars að sinna og verja til þess meira af fjármagni skattborgaranna en ella. Það er því skoðun flutningsmanna að æskilegt væri að frjáls líknarsamtök og góðgerðarsamtök tækju að sér enn viðameira hlutverk í samfélaginu í framtíðinni. Í því ljósi er einkar nauðsynlegt að bæta skattalegt umhverfi þeirra. Um leið yrði líka sköpuð aukin hvatning til að einstaklingar og félagasamtök leggi meira af mörkum til þeirra.

Bæði hér á landi og annars staðar hafa stjórnvöld viðurkennt í verki samfélagslegt mikilvægi góðgerðasamtaka og líknarfélaga með því að samþykkja fyrir þau sérstakar örvandi skattareglur fyrir þau. Skattundanþágur hér á landi, t.d. varðandi greiðslu tekju- og eignarskatts, eru að mörgu leyti sambærilegar við lönd í Evrópu og í Ameríku. Í því birtist jákvæður skilningur stjórnvalda hér á landi á því mikilvæga samfélagslega hlutverki sem líknarsamtök gegna. Eins og ég hef rakið í þessari ræðu skortir töluvert á, einkum varðandi skyldur líknarfélaga til að greiða fjármagnstekjuskatt, að starfsumhverfi þeirra sé sambærilegt við það sem líknarfélög í Evrópu og Ameríku starfa við.

Eins og ég sagði hef ég um árabil tekið þátt í félagsstarfi á vegum samtaka hjartveikra barna og þekki af eigin raun að fjármagnstekjuskattur á vaxtatekjur líknarfélaga nemur umtalsverðum upphæðum hjá mörgum félögum. Má nefna að styrktarsjóður hjartveikra barna, þar sem ég hef setið í stjórn, hefur á sl. fimm árum samtals greitt um 1.700 þús. kr. í fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum. Það er biti sem ríður í og nægði til að styrkja fjórar fjölskyldur hjartveikra barna um ríflega 400 þús. kr. Mér finnst óneitanlega skjóta skökku við að frjáls félagasamtök sem með söfnun og sjálfboðaliðastarfi létta á útgjöldum ríkisins skuli þurfa að greiða háar upphæðir í skatta af vaxtatekjum. Þess vegna legg ég, virðulegi forseti, ásamt nokkrum öðrum hv. þingmönnum, fram þessa þingsályktunartillögu en markmið hennar er að skapa jákvæðara starfsumhverfi fyrir íslensk líknarfélög.

Ég legg svo til að tillögunni verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[16:20]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Söndru Franks og meðflutningsmönnum hennar á þingsályktunartillögunni fyrir að leggja hana fram því að hlutverk líknarfélaga í íslensku samfélagi er meira en t.d. mig grunaði fyrir nokkrum árum. Það vill svo til að ég hef tekið þátt í og séð störf slíkra félaga á undanförnum árum og hef gert mér grein fyrir því hversu gífurlega þýðingarmikil þau eru og það er nauðsynlegt að alþingismenn geri sér grein fyrir því og hversu mikla fjármuni verið er að spara fyrir íslenska ríkið.

Hv. flutningsmaður fór vandlega yfir rökin með þessu máli. Ég vil taka fram að þau félög þar sem ég þekki til hafa fengið jákvæðar undirtektir hjá Alþingi og þar með talið hjá fjárlaganefnd en vert er að hafa í huga að þar er aðeins verið að endurgreiða hluta af þeim fjármunum sem

þessi félög hafa lagt ríkinu til, m.a. í virðisaukaskatti, eignarskatti, erfðafjárskatti og fjármagnstekjuskatti, eins og hér hefur komið fram. Í rauninni snýst málið um það að félögin þurfa að koma og biðja um ölmusu sem er aðeins örlítill hluti þess sem þau hafa greitt.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu langa en ég vil bara ítreka að þessi félög gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki, þau spara stórfé fyrir hið opinbera. Ég vona að þau sæki áfram gull í greipar fjárlaganefndar, sérstaklega þegar haft er í huga að þar er um að ræða hluta af þeim fjármunum sem þau hafa lagt íslenska ríkinu til. Það væri mikil þörf á því að gera úttekt á starfi líknarfélaga hérlendis, hversu umfangsmikið það er, hvað starfsemi þeirra kostar, hvað almenningur leggur til þeirra og þar með samfélagsins, hvað þessi félög greiða til hins opinbera og hvað þau fá til baka. Ég held að sú úttekt gæti verið mjög fróðleg og afskaplega gagnleg fyrir þingmenn.

[16:23]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Söndru Franks fyrir það frumkvæði sem hún hafði að því að flytja þetta prýðisgóða mál og sömuleiðis þau greinargóðu rök sem komu fram fyrir nauðsyn þess að auka skattfrelsi líknarfélaga hér á landi.

Ég gerði mér ekki grein fyrir því að íslensk félög sem starfa á þessum vettvangi stæðu svona töluvert aftar en erlend félög í Bandaríkjunum og í Evrópu. Ég hef auðvitað áður tekið þátt í slíkum umræðum, m.a. þegar samþykkt var hér umdeild breyting á erfðafjárskattslögum sem leiddi til þess að afnumin var heimild sem áður var í þeim lögum um að líknarfélög þyrftu ekki að greiða erfðafjárskatt.

Mig rak eiginlega í rogastans þegar ég las greinargerð hv. þingmanns og hlustaði á mál hennar að komast að raun um að Ísland er eina landið þar sem þekkist að einstaklingar fá engar undanþágur og enga skattalega örvun til þess að láta af höndum rakna til líknarfélaga. Það kom fram hjá hv. þingmanni að lögaðilar mega draga hálft prósent af tekjum sínum frá skattstofni til þess að leggja til félaga af þessu tagi en einstaklingar ekki neitt. Hvarvetna þar sem ég þekki til, ég bjó um stund í Bretlandi þar sem hjálparstarfsemi af ýmiss konar toga gegnir mjög mikilvægu hlutverki í samfélaginu, er reynt að örva einstaklingana til þess að láta af höndum rakna með því að ríkið greiðir á móti ákveðnar upphæðir. Í Bretlandi er það reyndar svo að maður getur greitt eða gert samning við líknarfélög til þriggja ára um að láta af höndum rakna ákveðna upphæð, hún verður að vera yfir ákveðnu lágmarki og það er ekki hátt, og ríkið lætur í reynd líknarfélögin njóta hinna skattalegu fríðinda með því að greiða beint í sjóði viðkomandi líknarfélags það sem ella hefðu verið einhver tiltekin skattahlunnindi. Þarna er um að ræða beinan hag líknarfélagsins af þessu og þetta er mjög jákvætt.

Ég held að samfélögin séu að þróast þannig að hjálparstarfsemi muni aukast og gegna vaxandi hlutverki og ég fagna því. Ég er þeirrar skoðunar að í mörgum tilvikum eigi að fela samtökum af þessu tagi aukið hlutverk bæði hér innan lands en líka í mannúðaraðstoð erlendis. Þess vegna fyndist mér vera rétt af ríkinu að bæta þetta umhverfi og horfa til annarra landa varðandi það hvernig staðan er þar.

Hv. þm. Sandra Franks rakti t.d. dæmi sem hún þekkti sjálf úr eigin starfi með samtökum hjartveikra barna. Hún upplýsti að á síðustu fimm árum greiddu þau samtök 1.700 þús. kr. í fjármagnstekjuskatt. Þetta er vafalaust ástæðan fyrir því að hv. þingmaður leggur mestu áhersluna á fjármagnstekjuskattinn. Mér finnst það ósvinna að ríkið skuli gera þetta. Hv. þingmaður taldi í reynd upp fjögur atriði sem voru öðruvísi, hún greindi frá því að hvað varðar tekjuskatt og eignarskatt gilda sömu reglur, og jákvæðar, hér á landi og erlendis, en hér greiða líknarfélög fjármagnstekjuskatt en ekki í samanburðarlöndunum. Hér hafa þau ekki undanþágu vegna virðisaukaskatts á aðföng eins og í samanburðarlöndunum, hér greiða þau erfðafjárskatt en í engu samanburðarlandanna og það sem mestu skiptir að einstaklingar á Íslandi, einu landa sem þekkist, hafa enga möguleika á að fá einhvers konar skattaívilnanir vegna framlaga til góðgerðastarfsemi.

Þetta fernt hlýtur að verða skoðað hjá hv. efnahags- og viðskiptanefnd þegar málið verður afgreitt og ég tel að hið háa Alþingi eigi að taka höndum saman um að samþykkja þetta þarfa mál. Þau félög sem mundu njóta þessa vinna starf sem ríkið hefði ella í mörgum tilvikum þurft að vinna sjálft og það er staðreynd að félög sem byggjast á hugsjónum og sjálfboðaliðastarfi nýta fé betur og vinna starfið af meiri nærfærni og alúð en opinberar stofnanir eru færar um. Þess vegna finnst mér þetta vera mjög gott mál.

[16:27]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég þakka 1. flutningsmanni þessarar þingsályktunartillögu, hv. þm. Söndru Franks, kærlega fyrir að leggja þetta mál fram.

Ég hélt að við viðurkenndum öll mikilvægi líknarfélaga og að stjórnvöld gerðu það líka en hér kemur einmitt fram í greinargerð að þrátt fyrir jákvæða afstöðu stjórnvalda til líknarfélaga hafi skattumhverfi þeirra og frjálsra félagasamtaka farið versnandi á Íslandi á síðari árum. Til marks um það má nefna ákvörðun Alþingis frá 1996 um að frjáls félagasamtök skyldu greiða fjármagnstekjuskatt og fyrrgreinda breytingu á erfðafjárskatti frá 2004 um að hann skyldi lagður á gjafir til líknarfélaga.

Það er einkunnin sem hæstv. fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins fær enn og aftur að verið er að auka skattaálögur á þá sem síst skyldi hér á landi. Síðan heyrum við fréttir um að þeir sem eru með hæstar tekjur í landinu séu hins vegar þeir einu sem fái skattalækkanir. Ég vil í þessu sambandi minna á tillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um fjármagnstekjuskatt, en við leggjum þar til að fjármagnstekjuskattur verði felldur niður af litlum fjármagnstekjum, að þeir sem fá greitt innan við 100 þús. kr. í fjármagnstekjur á ári ættu ekki að þurfa að borga neinn fjármagnstekjuskatt, en hins vegar gætu þeir sem eru með miklar fjármagnstekjur vel borgað t.d. 18% í stað 10%, sem er náttúrlega mjög lág prósenta í þessu tilviki. Þá fjármuni sem við gætum fengið fyrir þetta — það hefur verið reiknað út að þarna kæmu nokkrar milljónir í ríkiskassann — væri síðan hægt að nýta til góðra verka, t.d. með því að styrkja sveitarfélögin til að hafa gjaldfrjálsan leikskóla og ókeypis skólamáltíðir eða að styrkja líknarfélög. Þess vegna fagna

ég mjög þessari þingsályktunartillögu og þakka fyrir hana.

[16:30]

Flm. (Sandra Franks):

Virðulegi forseti. Í lok umræðunnar vil ég þakka hv. þingmönnum sem tóku þátt í henni. Það var ánægjuefni að þingmenn skyldu hafa svo mikinn og jákvæðan áhuga á þessu máli. Ég held að við getum öll verið sammála um að nauðsynlegt er fyrir stjórnvöld að gera það sem þau geta gert til að bæta starfsumhverfi líknarfélaga. Þau vinna verk sem mörg mundu annars falla á hið opinbera. Þess vegna segi ég óhikað að ríkið sparar fjármagn með því að bæta starfsumhverfi líknarfélaga. Ég held líka að reynslan sýni að líknarfélög nýti fjármagn vel. Störf þeirra eru að langmestu leyti unnin af sjálfboðaliðum og framlag þeirra byggist á hugsjón og umhyggju fyrir skjólstæðingum þeirra.

Þingsályktunartillagan sem við ræðum núna fjallar um aukið skattfrelsi líknarfélaga. Ég vil undirstrika að stjórnvöld hafa með margvíslegum hætti sýnt jákvæðan vilja í garð slíkra félaga. Staðreyndin er hins vegar sú að líknarfélög erlendis búa við talsvert betra skattaumhverfi en félögin á Íslandi. Þessi tillaga gengur út á að sá munur verði jafnaður og íslensk líknarfélög njóti svipaðra skattareglna og erlend félög af sama toga. Ég lagði í fyrri ræðu minni mesta áherslu á fjármagnstekjuskatt. Hann er sérstaklega nefndur í tillögugreininni sjálfri enda tel ég mestu skipta að ná fram breytingum á því máli. Ég vona að hið háa Alþingi verði mér sammála um það. Ég vænti þess að sá skilningur á málinu sem komið hefur fram í umræðunni í dag stuðli að framgangi málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:32]

Útbýting:

Kadmínmengun, 572. mál, fsp. PBj, þskj. 827.

Losunarkvóti á gróðurhúsalofttegundir, 570. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 825.

Norræna ráðherranefndin 2005, 565. mál, skýrsla samstrh., þskj. 820.

Upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu, 571. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 826.

Verðbréfaviðskipti, 568. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 823.

Landshlutaverkefni í skógrækt, frh. 1. umr.

Stjfrv., 555. mál (samræming laga, endurgreiðsla framlaga o.fl). — Þskj. 809.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Fjármálaeftirlit, frh. 1. umr.

Stjfrv., 556. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 810.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 297. mál. — Þskj. 318.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:34]

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, frh. fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 298. mál. — Þskj. 319.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:34]

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samstarf vestnorrænna landa í orkumálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 299. mál. — Þskj. 320.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:35]

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða, frh. fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 541. mál. — Þskj. 788.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:35]

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofninum í Norður-Atlantshafi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 542. mál. — Þskj. 789.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:36]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa og umhverfisvernd, frh. fyrri umr.

Þáltill. HBl o.fl., 543. mál. — Þskj. 790.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:36]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Siglingastofnun Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 375. mál (fulltrúi skemmtibátaeigenda í siglingaráði). — Þskj. 431, nál. 804.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:37]
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frh. 2. umr.

Stjfrv., 378. mál. — Þskj. 434, nál. 805.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:38]
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–4. gr. og fylgiskjal samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BBj, DrH, EKG, EMS, EyH, GHj, GÖrl, HBl, HlH, ÍGP, JÁ, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LMR, MS, PBj, SandF, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, VS, ÞBack.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
30 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, EOK, GHH, GÞÞ, GÖg, HÁs, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KHG, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SigurjÞ, SF, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Hafnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 380. mál (frestun framkvæmda o.fl.). — Þskj. 436, nál. 806.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:39]
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BBj, DrH, EKG, EMS, EyH, GHj, GÖrl, HBl, HlH, ÍGP, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LMR, MS, PBj, SandF, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, VS, ÞBack.
2 þm. (JÁ, ÖS) greiddu ekki atkv.
30 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, EOK, GHH, GÞÞ, GÖg, HÁs, HHj, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KHG, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SigurjÞ, SF, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BBj, DrH, EKG, EMS, EyH, GHj, GÖrl, HBl, HlH, ÍGP, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LMR, MS, PBj, SandF, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, VS, ÞBack.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
31 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, EOK, GHH, GÞÞ, GÖg, HÁs, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KHG, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SigurjÞ, SF, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Rannsókn sjóslysa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 412. mál (forstöðumaður, aðgangur að gögnum). — Þskj. 589, nál. 807, brtt. 808.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:41]
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 808 samþ. með 32 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Einkamálalög, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 82. mál (skilyrði fyrir gjafsókn). — Þskj. 82.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., frh. 1. umr.

Frv. DrH og HBl, 210. mál (fjögurra vikna innlausnarfrestur óskilapenings). — Þskj. 210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Hreyfing sem valkostur í heilbrigðiskerfinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 220. mál. — Þskj. 220.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:44]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Skattaumhverfi líknarfélaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. SandF o.fl., 547. mál. — Þskj. 795.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:44]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 14. og 17. mál.

Fundi slitið kl. 16:45.

75. FUNDUR

fimmtudaginn 2. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Þróunarsamvinna og þróunarhjálp, beiðni um skýrslu, 564. mál, þskj. 818. *Hvort leyfð skuli.*
2. Láglaunahópar og hlutur þeirra í tekjuskiptingunni, þáltill., 70. mál, þskj. 70. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 375. mál, þskj. 431. — 3. umr.
4. Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv., 378. mál, þskj. 434. — 3. umr.
5. Hafnalög, stjfrv., 380. mál, þskj. 436. — 3. umr.
6. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 412. mál, þskj. 828. — 3. umr.
7. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 141. mál, þskj. 141. — 1. umr.
8. Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, frv., 172. mál, þskj. 172. — 1. umr.
9. Vextir og verðtrygging, frv., 173. mál, þskj. 173. — 1. umr.
10. Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, þáltill., 176. mál, þskj. 176. — Fyrri umr.
11. Almenn hegningarlög, frv., 209. mál, þskj. 209. — 1. umr.
12. Fullvinnsla á fiski hérlendis, þáltill., 212. mál, þskj. 212. — Fyrri umr.
13. Rannsóknamiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, þáltill., 223. mál, þskj. 223. — Fyrri umr.
14. Kynbundinn launamunur, þáltill., 224. mál, þskj. 224. — Fyrri umr.
15. Þingsköp Alþingis, frv., 225. mál, þskj. 225. — 1. umr.
16. Áfengislög, frv., 235. mál, þskj. 235. — 1. umr.
17. Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, þáltill., 238. mál, þskj. 238. — Fyrri umr.
18. Samgönguminjar, þáltill., 239. mál, þskj. 239. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Ásta Möller, 10. þm. Reykv. n.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:30]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks Samfylkingarinnar, Margréti Frímannsdóttur, dagsett 1. mars:

„Þar sem Sandra Franks, varamaður Rannveigar Guðmundsdóttur, 2. þm. Suðvest., getur ekki lengur setið á Alþingi óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, Jón Kr. Óskarsson, Hafnarfirði, taki sæti á Alþingi í hennar stað sem varamaður í veikindaforföllum Rannveigar Guðmundsdóttur."

Jón Kr. Óskarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Um klukkan hálftólf fer fram utandagskrárumræða um heimild til lögreglu til að leita uppi barnaníðinga. Málshefjandi er hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Hæstv. dómsmálaráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Þá vill forseti tilkynna að önnur utandagskrárumræða verður klukkan hálftvö að beiðni hv. þm. Ögmundar Jónassonar, um stóriðjumál. Hæstv. forsætisráðherra verður til andsvara.

[10:37]

Útbýting:

Almannatryggingar, 569. mál, frv. PHB, þskj. 824.

Einkahlutafélög, 462. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 836.

Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, 567. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 822.

Hlutafélög, 461. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 835.

Lokafjárlög 2004, 575. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 833.

Norðurskautsmál 2005, 576. mál, skýrsla ÍNSM, þskj. 837.

Norrænt samstarf 2005, 574. mál, skýrsla ÍNR, þskj. 832.

Rannsókn sjóslysa, 412. mál, þskj. 828.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins, 382. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 834.

Þjóðskrá og almannaskráning, 566. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 821.

Athugasemdir um störf þingsins.

Kjaradeila ljósmæðra.

[10:38]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Nú berast enn einu sinni fregnir af uppnámi í heilbrigðiskerfinu, í þetta sinn vegna deilu ljósmæðra við

Tryggingastofnun ríkisins. Samningur milli ljósmæðra og TR rann út fyrir tveimur nóttum. Í kjölfarið hefur heimaþjónusta ljósmæðra við sængurkonur lagst af, sem hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Í fyrsta lagi mun þjónusta við mæður, börn og fjölskyldur minnka og jafnvel hverfa og nú þegar hefur þjónusta við mæður minnkað og eftirlit með félagslegum aðstæðum ungbarna horfið en það má alls ekki vanmeta.

Í öðru lagi mun sængurlega kvenna á Landspítalanum lengjast að meðaltali um tvo sólarhringa vegna þessa. Einn sólarhringur á sængurkvennadeild Landspítalans er dýrari en ein heil vika hjá starfandi ljósmóður í heimaþjónustu. Þetta ástand leiðir því af sér umtalsverðan kostnað fyrir hið opinbera.

Í þriðja lagi skerðir þetta ástand valfrelsi foreldra á mismunandi þjónustu en nóg hefur verið gert af því með niðurlagningu á hinni svokölluðu MFS-einingu.

Í fjórða lagi mun fæðingardeild spítalans fyllast hratt og auka álag á aðrar deildir hans, svo sem bráðamóttöku og barnaspítalann, þar sem skoðun og aðstoð ljósmæðra heima fyrir verður ekki lengur til staðar. Þetta mun aftur auka kostnaðinn í kerfinu í heild sinni.

Fyrra launatilboð ljósmæðra sem TR hafnaði hefði kostað ríkið um 2 millj. kr. á ári til viðbótar. Sé farið eftir kostnaðargreiningu þjónustunnar mun nýr samningur hafa í för með sér 15 millj. kr. viðbótarkostnað á ári eða aðeins um rúma milljón á mánuði. Þetta eru ekki háar upphæðir í ljósi þess kostnaðar sem verður til þegar þessi þjónusta leggst af eins og staðan er núna. Þetta er því enn eitt dæmið um það þegar hið opinbera lítur ekki á heildarmyndina og eins og venjulega líður almenningur, í þessu tilviki foreldrar og ungbörn, fyrir það. Mig langar því að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hver sé staðan í samningaviðræðum við ljósmæður og hvernig hann muni beita sér gegn því óframdarástandi sem nú hefur skapast í heilbrigðiskerfinu og þeim aukna kostnaði sem þar myndast vegna þessa.

[10:38]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða sjálfstætt starfandi ljósmæður í heimaþjónustu og viðræður við þær um kaup og kjör. Ég vil í upphafi taka fram að þetta er áríðandi starfsemi sem við viljum hafa í heilbrigðiskerfinu. Ég vonast til að samningar takist en þeir eru í höndum samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Tryggingastofnunar.

Þetta mál snýst ekki fyrst og fremst um þær upphæðir sem þarna er um að ræða heldur miklu fremur um jafnræði og viðmiðanir við viðmiðunarstéttir. Það var samningafundur í gær og eftir þeim upplýsingum sem ég hef þá þokuðust þær áleiðis. Ljósmæður munu fara yfir sín mál í kvöld. Vonandi takast samningar í þessari deilu. Ég skora á þær að setjast niður og ganga frá samningum við okkur á svipuðum nótum og þær höfðu reyndar fallist á áður.

Ég vil einnig taka fram varðandi þjónustuna sem veitt er að við höfum þegar gert ráðstafanir til að setja stofnanir okkar í viðbragðsstöðu til að auka þjónustuna á þessu sviði, bæði heilsugæsluna og spítalann en vonandi þarf ekki að koma til þess í langan tíma að þessi starfsemi liggi niðri. Hún er nauðsynleg og við viljum að henni sé haldið áfram. Málið er í viðræðu við samninganefndina. Það hefur þokast áleiðis í samningum þannig að ég reikna með og vonast til að niðurstaða fáist í málinu.

[10:40]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Það er rétt að samningur sjálfstætt starfandi ljósmæðra við Tryggingastofnun ríkisins er runninn út og ljósmæður standa nú í kjaraviðræðum og kjaradeilu við Tryggingastofnun. Af því tilefni langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvert stefni varðandi fæðingarþjónustu almennt. Fjölbreytt þjónusta hefur verið í boði fyrir barnshafandi konur og sængurkonur á höfuðborgarsvæðinu. Það er þjónusta MFS, sérþjónusta innan Landspítalans sem hefur þjónað konum á höfuðborgarsvæðinu, og samningur við sjálfstætt starfandi ljósmæður sem hafa líka starfað á höfuðborgarsvæðinu. Síðan gildir allt önnur þjónusta fyrir barnshafandi konur og fæðandi konur vítt og breitt um landið. Hægt er að tala um fjölbreytta starfsemi á höfuðborgarsvæðinu en ekki á landinu öllu. Það er ljóst að bæta þarf þjónustu við barnshafandi konur sem eru heilbrigðar á meðgöngu og þar sem búast má við eðlilegri fæðingu. Það er mikill sparnaður fyrir ríkið að koma fæðingum þessara kvenna út af hátæknisjúkrahúsum, háskólasjúkrahúsum, og yfir í aðra þjónustu og styrkja sérstaklega þjónustu í heimahúsum og sambærilega við þjónustu sem sjálfstætt starfandi ljósmæður hafa veitt, hvort sem það er á þeirra vegum eða heilsugæslunnar vítt og breitt um landið, en þá þjónustu þarf að efla til muna.

[10:42]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Fregnir berast af kjaradeilu milli heilbrigðisráðuneytisins og ljósmæðra sem eru verktakar og þar af leiðandi hluti af einkavæddu heilbrigðiskerfi. Ég ætla ekki að blanda mér í þá kjaradeilu en ég vil benda á að sú þjónusta að útskrifa konur innan 36 tíma eftir fæðingu hefur stóraukist, úr 4% fæðinga fyrir nokkrum árum upp í 64% fæðinga núna. Að sjálfsögðu eru konur í áhættufæðingum, keisaraskurðir og slíkt, ekki útskrifaðar innan þessara tímamarka. Þetta er orðið mjög algengt og fólk virðist meta þennan valkost mjög mikils enda margir kostir við hann. Móðirin er áfram í kunnuglegu umhverfi, ekki verður eins mikil röskun á högum eldri barna og auk þess er aðgangur að ljósmæðrum talinn góður því þær eru í rauninni á bakvakt allan tímann. Vegna anna á sjúkrahúsinu er jafnvel betri aðgangur. Þetta er ódýrari og betri kostur fyrir þjóðfélagið. Ljósmæður koma í allt að 8 vitjanir, að meðaltali 7,5, þær taka blóðprufur úr börnum og skila inn á sjúkrahús og eru í raun á bakvakt án greiðslna. Þetta kostar u.þ.b. 40–50 þús. kr. á hverja fæðingu og það er minna en kostar að hafa konu einn dag á sjúkrahúsi. Þetta er því miklu betri kostur.

Gallinn við þetta kerfi okkar er sá að í því eru margar hendur sem útdeila ríkisfé. Svo virðist vera að höndin sem greiðir mikla peninga og sparar mikla peninga viti ekki af hinni sem greiðir örlítið meira. Ég vil endilega að ráðuneytið hafi allar hendurnar í huga og líka það að sparnaðurinn sem verður á heilbrigðiskerfinu hjá sjúkrahúsunum er þegar

kominn fram. Búið er að nýta húsnæði og mannskap í aðra starfsemi og ríkið sparar því óhemjufé á þessari þróun og það á að líta til þess þegar það semur við ljósmæður.

[10:44]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það má segja að sú þjónusta sem hér um ræðir, þjónusta við barnshafandi konur, sængurkonur og nýbura, sé í raun kjarninn í velferðarsamfélaginu. Þetta er sá mælikvarði sem við leggjum á samfélög þegar við mælum velferð þeirra og hagsæld, ekki bara á Íslandi heldur um allan heim. Hann er mældur m.a. í mæðradauða og nýburadauða.

Á Íslandi búum við í rauninni við mjög gott kerfi en að því er sótt. Hvernig má það vera, frú forseti, að teflt er á tæpasta vað í þessari þjónustu? Hvernig má það vera að hún sé látin falla niður sólarhringum saman og það sé í raun ekki ljóst hvenær hún verður tekin upp aftur? Eðli málsins samkvæmt þolir það enga bið.

Svo er annað í þessu máli að á síðustu árum og áratugum hefur val kvenna hvað varðar fæðingar og þjónustu við þær minnkað niður í næstum því ekki neitt. Fæðingarheimilin hafa verið lögð niður, nú er búið að leggja niður MFS-þjónustuna, sem ég neita að trúa fyrr en ég tek á því í raun, og heimafæðingum er ekki gert það hátt undir höfði að þær séu raunverulegur valkostur. Konur hafa í raun ekkert val. Það verður líka að skoða þetta mál í því samhengi. En mestu máli skiptir að sjálfstætt starfandi ljósmæður veita góða þjónustu, góða og örugga þjónustu sem er hagstæð fyrir ríkið sem greiðir fyrir hana og góð fyrir mæðurnar og börnin sem njóta hennar.

[10:46]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ágætt er að rifja það upp við umræðuna að við Íslendingar erum með líklega besta heilbrigðiskerfi í heimi þó það heyrist ekki alltaf í umræðunni. Það er vegna þess að þegar menn meta heilbrigðiskerfið almennt er langoftast litið til tíðni ungbarnadauða á meðal þjóðanna og við Íslendingar eru með lægstu tíðni ungbarnadauða af þeim þjóðum sem mæla það. Á Íslandi er því afar gott heilbrigðiskerfi.

Um þessa deilu er það að segja að að sjálfsögðu er hér um geysilega mikilvæga þjónustu að ræða. Hún er ódýr. Búið er að draga það fram að einn dagur á sjúkrahúsinu fyrir móður og barn er dýrari en vika með þjónustu ljósmóður heima. Það er því geysilega mikilvægt að samkomulag náist.

Nú hafa þessar verktakagreiðslur viðgengist í um það bil 12 ár og ljósmæður telja að þær hafi dregist um 40% aftur úr varðandi þær greiðslur sem þær fá og gera kröfur um leiðréttingar. Auðvitað er það skiljanlegt. En eins og hér kom fram hjá hæstv. heilbrigðisráðherra verður líka að huga að jafnræði. Það eru auðvitað fleiri stéttir sem miða sig við ljósmæður og ljósmæður miða sig við aðrar stéttir þannig að allt hangir þetta saman. En vegna þess að þetta er ódýrt úrræði munu menn að sjálfsögðu skoða vel hvað þeir geta gert til að ná samningum.

Ég tel mjög brýnt að þetta leysist sem fyrst. Það eru átta konur sem fæða á dag á Landspítalanum, þarna er því um nokkurn hóp að ræða. En að sjálfsögðu verður að gæta samhengis hlutanna og ekki er hægt að semja um hvað sem er. Ég tel mjög brýnt að leysa þessa deilu og ég veit að hæstv. heilbrigðisráðherra mun gera það sem hann getur til að þoka þessu á leiðarenda.

[10:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þetta er búin að vera ágætisumræða sem hefur dregið fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar. Til dæmis fór hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sem síðast talaði, yfir það að við megum vera lánsöm með hversu gott heilbrigðiskerfi við eigum og vísaði þá til hlutfalls ungbarnadauða.

Kostnaðarþáttur málsins kom líka fram hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hérna erum við með frábæra þjónustu sem ég held að enginn velkist í vafa um að er afskaplega góð og mikilvægur valkostur fyrir konur sem eru búnar að fæða börn og er í ofanálag mun ódýrari og meira að segja miklu ódýrari en hinn valkosturinn sem er til staðar. Það er því allt sem mælir með þessari þjónustu sem hefur vaxið og dafnað á undanförnum árum. Vísað hefur verið í það að þeim konum sem hafa farið heim innan 36 tíma hefur fjölgað úr 4% í rúm 64% á tiltölulega fáum árum.

Það er auðvitað erfitt fyrir okkur sem hér erum að reyna að leysa kjaradeilur úr þessum stól, enda held ég að enginn ætlist til að það verði gert. Ég held hins vegar að sú staða sem uppi er eða réttara sagt þessi umræða sýni að það skiptir mjög miklu máli að líta á hlutina í heildarsamhengi þegar við skoðum heilbrigðiskerfið. Ég hef trú á að mikilvægt sé að hafa val til staðar og ég vona sannarlega og treysti því og efast ekki um að hæstv. ráðherra mun gera allt það sem hann getur til að leysa úr þessu máli þannig að við getum áfram verið með þá frábæru þjónustu sem ljósmæður veita og er þjóðfélaginu öllu til sóma.

[10:50]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það er ágætt að þessu máli sé hreyft á Alþingi. Rétt er að leggja áherslu á að fjölbreytni sem kostur fyrir mæður sem eru að eignast börn er afar mikilvægur. Einnig er rétt að líta á það að sjálfstætt starfandi ljósmæður hafa í raun og veru verið að borga með sér hingað til. Það er sorglegt að þessi kjaradeila skuli ekki vera leyst vegna þess að mjög lítið ber í milli. Í umræðunni í dag hefur einmitt komið skýrt fram að ríkið er að spara mikið á þessari þjónustu og auk þess er engin tilviljun að meira en 60% foreldra ákveða að fara út af sjúkrahúsinu og heim til að annast börn sín.

Einnig er rétt að líta á það sem hefur verið að breytast á síðustu árum, að það að eignast barn á kannski alls ekki heima á sjúkrahúsi. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að við gerðum heimafæðingum hærra undir höfði. Þarna er heilbrigðiskerfið að spara gríðarlega fjármuni. Þess vegna er þetta vandræðalegt í rauninni. Verið er að kasta krónunni en spara aurinn. Þetta er ástand sem er ekki líðandi og bitnar eins og svo oft á þeim sem síst skyldi, þ.e. mæðrum og nýfæddum börnum þeirra. Þess vegna hvet ég hæstv. heil-

brigðisráðherra til að hotta nú á sína menn svo hægt verði að semja í hvelli við ljósmæður. Við eigum að vera stolt af þeirri þjónustu sem þær hafa verið að veita og ég vona að þessu verði kippt í liðinn sem fyrst.

[10:53]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa svo sem verið fluttar margar ágætar ræður og kannski litlu við þetta að bæta. Fram hafa komið áhugaverðar upplýsingar um þessa þjónustu, hvað hún kostar og það hefur verið sett í samhengi við aðrar leiðir ef svo má segja fyrir mæður með nýfædd börn og hvað það síðan mundi kosta fyrir þjóðfélagið.

Öll höfum við fæðst í þennan heim og við erum öll sammála um að það starf sem þessar konur vinna er mjög mikilvægt. Það er engum vafa undirorpið.

Við í Frjálslynda flokknum erum þeirrar skoðunar að nýta þurfi kosti einkaframtaksins í heilbrigðisþjónustunni eftir því sem við verður komið til að fjármunir almennings nýtist sem best. Ég fæ ekki betur séð en hér sé einmitt um að ræða starfsemi sem gerir það að verkum að við nýtum kosti einkaframtaksins og spörum um leið mikla peninga.

Ég ætla alls ekki að fara að efast um að kröfur ljósmæðra séu réttmætar, þær eiga örugglega rétt á sér, ég er ekki í neinum vafa um það. Og ég fagna því sem hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni áðan að verið væri að vinna að lausn deilunnar og mér heyrðist ekki betur en að hann væri nokkuð bjartsýnn á að lausnin væri rétt handan við hornið. Ég get því ekki annað, virðulegi forseti, en komið hingað upp í ræðustól og brýnt hæstv. heilbrigðisráðherra til dáða og vil hvetja hann til að þetta mál verði leyst hið fyrsta því um mjög svo mikilvæga þjónustu er að ræða fyrir okkur öll.

[10:54]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hins vegar vil ég lýsa yfir vonbrigðum með svör hæstv. heilbrigðisráðherra. Mér fannst hæstv. heilbrigðisráðherra sýna frekar takmarkaðan vilja til að bregðast við þessu ófremdarástandi. Hæstv. heilbrigðisráðherra talar um að málið snúist ekki um upphæðir. Ef farið væri eftir ýtrustu kröfum ljósmæðra mun það valda 15 millj. kr. viðbótarkostnað á ári fyrir ríkissjóð, 15 milljónir. Þetta er ekki neitt neitt til að bregðast við þeim vanda sem blasir við og þeim aukna kostnaði sem þetta ástand leiðir af sér. Einn sólarhringur á spítala kostar jafnmikið og ein vika í heimaþjónustu.

Þetta snýst líka um það að yfirmaður heilbrigðismála í landinu, hæstv. heilbrigðisráðherra, bregðist við því ástandi sem skapast vegna þessarar deilu. Við sjáum að fjölskyldur landsins búa núna við skerta þjónustu. Við sjáum að kostnaður ríkisvaldsins er að aukast vegna þessa og þetta býður þeirri hættu heim að aðrar deildir munu jafnvel verða fyrir auknu álagi og þar af leiðandi fyrir auknum kostnaði.

Þetta snýst einnig um að nú mun líða undir lok eftirlit með félagslegum aðstæðum ungra barna og það er mjög mikilvægt því ljósmæður fara heim til nýbakaðra foreldra og taka aðeins út aðstæður barna. Þetta er eftirlit sem má ekki vanmeta.

Ég tel, frú forseti, ekki vera ásættanlegt að segja eins og hæstv. heilbrigðisráðherra sagði að málið sé einfaldlega bara í farvegi og hann vonist eftir samningi. Auðvitað vonumst við öll eftir samningi en við viljum sjá að brugðist sé við þessum vanda. Deilan er enn þá í hnút þrátt fyrir þennan fund í gær og ekki er lengra síðan en í síðustu viku að hæstv. heilbrigðisráðherra talaði um það að hann vildi efla heimaþjónustu í heilbrigðiskerfinu. Nú hefur hann tækifæri til að efla heimaþjónustu í heilbrigðiskerfinu því hún er ódýrari og skynsamlegri, en hann vill ekki bregðast við því.

Ljóst er að nú fer mun stærri hluti kvenna fyrr heim af spítalanum en áður eða um 65% innan 36 klukkustunda. Þetta eykur (Forseti hringir.) auðvitað kostnað hjá Tryggingastofnun en lækkar kostnað Landspítalans. Við þurfum að líta á báðar hendur okkar en ekki einungis þá hægri, því almennrar skynsemi er þörf í þessu máli, frú forseti.

[10:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hjá hv. ræðumönnum hefur nokkuð komið fram um heildarsamhengi í þessum málum. Ég er alveg sammála því og sú umræða er reyndar alveg óþörf vegna þess að ég tók það fram í upphafi að við viljum hafa þessa þjónustu og viljum ná samningum við þann hóp sem hér er um að ræða.

Ekki er um að ræða neinar tiltakanlega háar upphæðir. Þetta er ekki stór hópur en verið er að tala um prósentuhækkanir og viðmiðunarstéttir. Það er það sem á stendur í þessu máli en vonandi leysum við úr því. Ég endurtek að umrædd þjónusta er þörf, hún er hagkvæm og við þurfum að hafa hana. En eins og er í öðrum kjarasamningum eru viðmiðanir og viðmiðunarstéttir, það eru prósentuhækkanir sem horft er á fremur en að um sé að ræða einhverjar ókleifar upphæðir fyrir ríkissjóð. Það er ekki það sem er um að ræða í þessu tilfelli.

Varðandi þjónustu við konur á landsbyggðinni með eðlilega fæðingu, eins og hv. þm. Þuríður Backman kom að, tel ég einboðið að heilsugæslan þurfi að auka þjónustu sína eftir föngum. Umhverfið þar hefur breyst varðandi fæðingar. Á sumum sjúkrahúsum hafa fæðingar verið lagðar niður vegna þess að þær eru ekki nógu margar á ári og það verður að auka þá þjónustu á landsbyggðinni þar sem svo háttar til. (Forseti hringir.)

Ég endurtek í lokin að ég vonast til að í þessari deilu (Forseti hringir.) eins og öðrum náist samningar og við stöndum upp að lokum með samninga í höndum.

Siglingastofnun Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 375. mál (fulltrúi skemmtibátaeigenda í siglingaráði). — Þskj. 431.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 3. umr.

Stjfrv., 378. mál. — Þskj. 434.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnalög, 3. umr.

Stjfrv., 380. mál (frestun framkvæmda o.fl.). — Þskj. 436.

[11:00]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hér er komið til 3. umr. er um breytingar á hafnalögum sem full samstaða er um í samgöngunefnd og ég er m.a. á nefndarálitinu þar sem mælt er með því að frumvarpið verði samþykkt. Frumvarpið fjallar um að lengja, ef svo má að orði komast, þann tíma sem ríkissjóður tekur þátt í uppbyggingu hafna, með öðrum orðum að fresta gildistöku ákvæðis sem var samþykkt hér með breytingum á hafnalögum þess eðlis að ríkið komi í minna mæli að framkvæmdum við hafnir vítt og breitt um landið. Ég fagna þessu frumvarpi og það kom fram í samgöngunefnd að þeir sem voru spurðir fagna því líka. Ég hef það á tilfinningunni að við fáum aftur frumvarp af þessu tagi þar sem þessi frestur verður enn lengri en til 2007–2008, eins og fjallað er um hér.

Á sínum tíma, virðulegi forseti, sagði ég að þær breytingar sem gerðar voru með þessum hafnalögum væru í raun og veru árás á ansi margar hafnir og drægju úr uppbyggingu þeirra. Það eigum við eftir að sjá enn betur á komandi árum þegar dregur úr viðhaldi þeirra og uppbyggingu vítt og breitt um landið. Þetta segi ég m.a., virðulegi forseti, vegna þess að á sama tíma og við erum að gera þessa breytingu hefur hin hafnsækna starfsemi í mörgum höfnum landsins því miður dregist mjög saman. Það er einkum vegna þess að strandsiglingar hafa lagst af í landinu og vöruflutningar fara því ekki lengur um hafnir landsins nema að litlu leyti. Það leiðir svo aftur hugann að því sem rætt var í samgöngunefnd — og hefur oft verið rætt hér á hinu háa Alþingi en aldrei verið farið í — hvernig tekjur hafnirnar eiga að hafa til að reka sig. Þær þurfa jú meiri tekjur frá notendum eftir að ríkissjóður hættir að styrkja uppbyggingu og viðhald þeirra.

Þetta segi ég, virðulegi forseti, m.a. vegna þess að þetta er afleiðing þess að strandsiglingar voru lagðar niður. Þetta er hluti af því. Skal ég nú taka dæmi, virðulegi forseti. Við getum ímyndað okkur fiskigáma fulla af fiski sem oft og tíðum eru fylltir í höfnum landsins við bryggju. Þar eru gámarnir, þar er vörunni umstaflað og síðan lyft upp. Ef gáminum er lyft upp á flutningabíl sem fer svo um þjóðvegi landsins hefur viðkomandi höfn engar tekjur af þessu. Sé gámurinn hins vegar hífður um borð í skip kemur mikill kostnaður á þann flutning vegna þess að það er hluti af tekjustofnum hafnarinnar.

Virðulegi forseti. Það er sannarlega mjög bagalegt og slæmt að strandsiglingar skuli hafa verið lagðar af. Ég sakna þess að hæstv. samgönguráðherra og hæstv. ríkisstjórn skuli ekki taka það mál til meiri athugunar en gert er og fara þá leið, sem margir tala um að sé fær, að bjóða strandsiglingar út. Það yrði þá gert á þann hátt sem gert er á mörgum öðrum sviðum. Ég get nefnt sem dæmi almenningssamgöngur með rútubílum sem nýlega voru boðnar út og eru styrktar af ríkissjóði. Þar fór einfaldlega fram útboð og sá sem bauð best hreppti hnossið og fékk með ákveðnar greiðslur úr ríkissjóði. Hið sama á við um allar ferjusiglingar. Þær eru boðnar út og ríkið greiðir með þeim ákveðnar upphæðir. Sá sem býður best og tekur að sér að reka það verkefni á sem hagkvæmastan og bestan hátt, að sjálfsögðu með það að leiðarljósi að útgjöld ríkissjóðs verði sem lægst, fær það verkefni. Þessi aðferð hefur líka verið notuð í innanlandsflugi til nokkurra minni staða á landinu. Þessi aðferð er líka vel þekkt í nágrannalöndum okkar, sem við miðum okkur við, og er samþykkt af öllum eftirlitsstofnunum Evrópusambandsins. Við gætum þess vegna farið þá leið.

Virðulegi forseti. Á fundi sem haldinn var á Akureyri ekki alls fyrir löngu kom fram að norskt skipafélag ætlar að taka upp siglingar frá nokkrum Evrópuhöfnum til Akureyrar og ef til vill til annarra hafna á landsbyggðinni. Það er gott. Það vakti sérstaka athygli mína á þeim fundi hve margir fulltrúar annarra skipafélaga á Íslandi voru mættir til að fylgjast með og skoða hvað væri að gerast. Ég sagði þegar ég stóð upp af þeim fundi, virðulegi forseti, að það kæmi mér ekki á óvart þó að stóru skipafélögin hér á Íslandi tækju sig til og hæfu strandsiglingar í framhaldi af því, vegna þess að von væri á samkeppni um þessa flutninga. Sú hefur þó ekki enn orðið raunin og þess vegna hika ég ekki við að halda því fram, virðulegi forseti, að fara eigi þessa útboðsleið til að strandsiglingar hefjist á ný. Við eigum að bjóða út siglingu til ákveðinna hafna og sjá hvaða boð við fáum. Ég er sannfærður um að við fáum hagstæð boð vegna þess að það yrði keppst um það meðal skipafélaga að halda þessum strandsiglingum, m.a. til að halda áframhaldandi flutningi út úr landinu.

Því miður hefur ríkisstjórnin tekið þá ákvörðun að gera það ekki og vill ekki hlusta á það. Menn ræða stundum um hvað þetta mundi kosta. Ég er sannfærður um að þetta mundi kosta miklu minna fyrir ríkissjóð en það mikla slit á þjóðvegum landsins sem hefur aukist mikið við þessa svakalegu þungaflutninga. Þjóðvegirnir eru ekki byggðir fyrir svona mikla flutninga. Þeir sem keyra mikið um þjóðvegi landsins, að ég tali nú ekki um núna þegar hlýtt hefur verið í veðri og frost er að fara úr jörðu, sjá hvernig vegirnir eru að tætast í sundur. Það ætti því að vera hagkvæmt fyrir ríkissjóð að fara þessa leið, að freista þess að fá þungaflutninga af þjóðvegum landsins og í strandsiglingar á ný. Það yrði efnahagslega mjög hagkvæmt fyrir þá sem þurfa að kaupa flutninga vegna þess að það er dýrara að flytja með bílum en í strandsiglingum. Þetta er líka umhverfisvænna, minni losun er á gróðurhúsalofttegundum og öðru slíku. Í þriðja lagi er um að ræða umferðaröryggismál. Það þekkja þeir líka sem aka um þjóðvegi landsins, innan um þessa miklu og stóru bíla með jafnvel upp undir 40 feta

gám aftan í sér, að það er ekkert gamanmál að mæta þeim bílum.

Það er bara þannig, virðulegi forseti, að við höfum ekki byggt þjóðvegi landsins upp hvað varðar burðarþol til þess að taka þessa svakalegu miklu flutninga og þeir eru heldur ekki nógu breiðir til að þeir geti talist öruggir þegar tveir bílar mætast. Það er með ólíkindum, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin skuli ekki hafa skoðað þetta mál betur en raun ber vitni og skuli ekki skoða þá leið að bjóða út strandsiglingar á ný.

Ég hef líka, virðulegi forseti, heyrt að hægt væri að nota annars konar skip en notuð voru í strandsiglingarnar fyrir nokkrum árum, svokölluð ekjuskip, ef ég man rétt, sem væru miklu hagkvæmari og yrðu til þess að ekki þyrfti að flytja eins mikið af tómum gámum á milli hafna, sem er auðvitað mjög dýrt. Á þann veg yrði hægt að koma við á höfnum og taka vörur á brettum og á annan hátt og flytja til hafna þar sem þeim væri umstaflað í gáma til útflutnings.

Ég hef líka sagt, virðulegi forseti, að það sé hægt að afla tekna til að fara þessa útboðsleið. Ég ætla ekki að hafa langt mál um það hér. Það snýst um að taka upp hina alþjóðlegu skipaskrá en eins og við vitum eru öll millilandaskip að fara út úr landinu og verða skráð í nágrannalöndum okkar, þar með talið hjá Færeyingum. Skipafélögin fá þá ákveðna skattaívilnun til baka af sköttum sem greiddir eru af starfsmönnum og talið er að það geti verið 200–300 millj. kr. sem ríkissjóður gæti náð sér í með þeim litla hluta af sköttum starfsmanna á íslenskum millilandaskipum sem kæmu til ríkisins, en það eru í kringum 7% sem yrðu eftir. Þá peninga mætti m.a. nota til að bjóða út strandsiglingar.

En það er líka rétt að hafa í huga í þessu sambandi að vegna þessarar alþjóðlegu skipaskrár og þeirra skattaívilnana sem eru í gangi, eins og í Færeyjum, þá eiga sér stað núna flutningar um strönd Íslands, þ.e. olíuflutningar, sem eru niðurgreiddir af frændum okkar Færeyingum. Skipið sem notað er við þá flutninga er skráð í Færeyjum og nýtur þeirra skattalegu ívilnana sem ég hef rætt stuttlega.

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hér er um að ræða er gott. Það er eðlilegt að það komi fram og ég spái því að frekari frestur verði settur inn á seinni tímum vegna þess að það er ekki hægt að gera þetta eins og hafnalögin gerðu ráð fyrir með þeim breytingum sem þar voru samþykktar. Þar skiptir þenslan í landinu máli, en vegna hennar fást ekki verktakar til framkvæmda, og einnig slæm fjárhagsstaða margra hafna. Ég fagna því frumvarpi sem hér er lagt fram, þó það gangi stutt, og styð það.

[11:11]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Með ræðu hv. þm. Kristjáns L. Möllers sannast það nú með betri rökum en oft áður hversu vitlaust það var að ráðast í þær breytingar á hafnalögunum sem samþykktar voru hér fyrir nokkru. Það leiðir til þess að hafnirnar tapa tekjum og möguleikum á að byggja sig upp með nægilega öflugum hætti. Hafnir landsins eru með vissum hætti súrefnisgáttir byggðarinnar. Um þær fara vöruskiptin, þangað kemur aflinn af hafinu og um þær er flutt unnið hráefni. Ég þarf svo ekki að nefna það sem ég hef margsinnis ítrekað hér og haldið töluvert margar ræður um, þ.e. þær nýju byrðar sem höfnum landsins voru færðar með nýjum lögum um svokallaða siglingavernd. Þá voru lagðir nú nýir skattar á hafnir landsins vegna einhverrar vitleysu sem kom að utan og taugaveiklunar gagnvart viðbrögðum í kjölfar hryðjuverkaárásar á Bandaríkin. Um það ætla ég ekki að fjölyrða hér.

Ég verð hins vegar að segja að það þarf töluverðan kjark til að koma hér og halda ræðu eins og hv. þm. Kristján L. Möller gerði. Hann hefur margsinnis reifað þessar hugmyndir sínar og jafnan hlotið fyrir sprok og árásir hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Þeir hafa rifjað það upp að á sínum tíma var Skipaútgerð ríkisins lögð af og hafa oft spurt í forundran: Er hv. þingmaður að leggja til að Skipaútgerðin verði tekin upp? Að sjálfsögðu ekki. Það vill svo til að ég hef flutt tillögu hér ásamt nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar, þar með töldum hv. þingmanni, um að fara þessa útboðsleið sem hv. þingmaður reifaði hér áðan. Sú leið byggist á fordæmi sem ríkið sjálft hefur gefið. Við notum svipaðar aðferðir til að tryggja flugsamgöngur til einstakra staða. Það er ekkert að því að skoða þessa leið út í hörgul. Hv. þingmaður flutti hér ýmis rök fyrir því. Það er sérstaklega ein röksemd sem ég staldraði við og vil taka undir. Hv. þingmaður benti á að með því að opna þessa nýju lífæð á sjónum, strandsiglingarnar, hugsanlega með hvata og fyrir tilverknað ríkisins með þeim hætti sem hv. þingmaður nefndi, er verið að létta gríðarlega miklum þunga af vegum landsins.

Hv. þingmaður nefndi umferðaröryggi. Síst skal ég lasta þá röksemd enda sjálfur yfirleitt skjálfandi í sæti mínu þegar ég ek á vegum landsins og mæti þessum stóru flutningabílum hlöðnum fiski. Það þarf enginn um sárt að binda sem lendir í einhvers konar óhappi þegar þeir eru annars vegar. En við búum við nýtt umhverfi, ekki bara Íslendingar heldur heimurinn allur, sem er hin nýja vá hlýnunar lofthjúpsins. Þessi ríkisstjórn verður eins og aðrar ríkisstjórnir að freista allra leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Við vitum að um það bil þriðjungurinn af því sem Íslendingar losa er vegna samgangna. Ekki skal ég segja hversu mikið væri hægt að draga úr því með að flytja þungaflutninga út á sjó en það er sannarlega þess virði að skoða það. Ríkisstjórnin virðist ekkert hugsa um þetta. Í orði lofar hún að ráðast í aðgerðir sem draga úr losun og við höfum séð háleit markmið en hún hefur engan áhuga á því. Hún hampar t.d. ekki lengur vetnisverkefninu eða reynir að hraða því. Hún reynir ekki að setja fjármagn í nýjar leiðir til að draga úr losun. Þvert á móti er hún stöðugt að skapa væntingar eða lofa að ráðast í stórframkvæmdir sem munu auka losun út í lofthjúpinn. Ríkisstjórnin fer um landið og einn ráðherra lofar álverum hér, annar þar og sá þriðji alls staðar. Allt er þetta vegna þess að Framsóknarflokkurinn hangir á horriminni og horfir niður í ginnungagap kosningataps. Hann er að reyna að kaupa sér atkvæði með þessu. Hann skirrist einskis. Hann hugsar ekkert um afleiðingarnar. Hann hugsar ekkert um Kyoto-samkomulagið. Hann hugsar ekkert um leiðir til að reyna á móti að draga úr losun. Alls ekki.

Það eru þingmenn ríkisstjórnarinnar sem koma og draga dár að hugmyndum eins og þeirri sem hv. þm. Kristján L. Möller flutti hér áðan. Það, frú forseti, er fífldirfska svo

ekki sé meira sagt. En sú skammsýni sem birtist oft í gagnrýninni á þessa hugmynd um strandflutningana, og með hvaða hætti ríkið gæti skapað hvata til að koma þeim á, sýnir betur en allt annað að ríkisstjórnin leiðir aldrei hugann að því stóra grundvallarvandamáli sem losun gróðurhúsalofttegunda er. Hún leiðir aldrei hugann að því hvernig finna megi nýjar leiðir til að draga úr þeirri losun. Sú röksemd sem hv. þingmaður var með hér áðan var fín röksemd ein og sér fyrir því að þessi leið yrði skoðuð.

[11:17]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við erum í 3. umr. um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum. Í tilefni af þessu frumvarpi finnst mér full ástæða til að minna á tillögu til þingsályktunar sem Jón Bjarnason er 1. flutningsmaður að. Það er tillaga til þingsályktunar um strandsiglingar. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa að strandsiglingar verði hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ráðherra móti stefnu og aðgerðaáætlun og leggi fram lagafrumvörp í þessu skyni, ef með þarf, þannig að ríkið geti tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir. Ráðherra láti meta kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land miðað við skilgreinda þjónustu og geri tillögur um siglingaleiðir sem bjóða á út.

Ráðherra skili niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. febrúar 2006."

Eins og við vitum er sá tími liðinn en ég vona að þessi tillaga verði samþykkt á vorþingi. Tillagan var reyndar borin upp á síðasta þingi og fékk þá mjög jákvæða dóma og flestar umsagnir sem bárust um hana voru afar jákvæðar. Eins og ég benti á áðan er hv. þm. Jón Bjarnason 1. flutningsmaður en ásamt þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru þingmenn Frjálslynda flokksins með á þessari tillögu og ég fagna því mjög, hv. þingmenn Guðjón Arnar Kristjánsson og Sigurjón Þórðarson ásamt Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Hv. þm. Kristján L. Möller fór nokkrum orðum um það hversu mikilvægar þessar strandsiglingar eru og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom síðan inn á það að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hæddust oft og spottuðu allar tillögur um að efla þurfi strandsiglingar. Í hverri umræðu sem við förum í um samgöngumál, þegar verið er að tala um slit á vegum landsins og allt það, er það jafnan dregið fram að strandsiglingar eru auðvitað eðlilegasta flutningaleiðin þegar verið er að flytja gáma landshluta á milli. Það er því dálítið sorglegt að þingmenn stjórnarflokkanna skuli ekki hafa meiri skilning á þessu máli. En ég vona að þingsályktunartillaga hv. þm. Jóns Bjarnasonar verði samþykkt á þessu þingi og ég held að við verðum miklu bættari ef hún kemst í gegn. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á áðan þá er þetta líka mjög mikilvægt umhverfismál. Það veitir ekki af á þessum síðustu og verstu tímum þegar verið er að hella yfir okkur hverju álverinu á fætur öðru, frú forseti.

[11:21]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af þeim orðum sem hv. þingmaður viðhafði um þá þingsályktunartillögu sem hann gerði að umtalsefni: Ég fagnaði henni mjög vegna þess að um er að ræða nákvæmlega sömu tillögu og ég flutti ásamt mörgum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar þegar og áður en strandsiglingar voru lagðar niður. Við sáum hvert stefndi og lögðum til að þessi leið yrði farin, þessi útboðsleið. Þegar ég segi, virðulegi forseti, að ég fagni þeirri tillögu sem hv. þm. Hlynur Hallsson gerði að umtalsefni þá geri ég það vegna þess að það er ný nálgun hjá þingmönnum Vinstri grænna, þeim sem flytja þessa tillögu, að fara þessa útboðsleið. Áður töluðu þeir nánast um að taka upp Skipaútgerð ríkisins að nýju og að ríkið færi í skipaútgerð. Ég var því algerlega ósammála og tel að ríkissjóður eigi aldrei að standa í þess háttar rekstri. En sú tillaga sem þarna hefur verið flutt er efnislega alveg samhljóða því sem við þingmenn Samfylkingarinnar fluttum strax þegar fyrirsjáanlegt var að strandsiglingar mundu leggjast af. Það er einmitt inngangurinn í þeirri tillögu að láta kanna og fara þessa útboðsleið að sigla til ákveðinna hafna, bjóða það út og segja: Hvað vilja skipafélögin bjóða í þessa flutninga til að fá þá? Ég hika ekki við að halda því fram, virðulegi forseti, að við fengjum mjög góð tilboð og það miklu lægri en maður hefur gert sér grein fyrir áður þegar maður horfir til þess að það er mikilvægt fyrir skipafélagið sem hreppir þá flutninga að fá þá að halda þeim flutningum áfram til hafna erlendis.

[11:22]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að heyra að hv. þm. Kristján L. Möller er sammála okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þingmönnum Frjálslynda flokksins í þessu máli og hv. þm. Össur Skarphéðinsson líka. Ég ætla að vona að það gildi þá um allan þingflokk Samfylkingarinnar en það er því miður þannig að maður veit ekki alltaf hvar maður hefur hluta af þeim þingflokki. (**Gripið fram í:** ... stór flokkur ...) Já, þetta er voðastór þingflokkur og margar skoðanir uppi þar. En ég vona að hér sé kominn samhljómur fyrir því að stjórnarandstaðan öll geti sameinast um þetta og það verði, svo maður líti til framtíðar, takmark stjórnarandstöðunnar að fella ríkisstjórnina og taka við á næsta ári að loknum kosningum. Ég vona að þingmenn Samfylkingarinnar geti þá sameinast okkur í því að stefna að því vegna þess að það er eitt af því sem klikkaði fyrir síðustu kosningar, því miður. Fyrst þegar við komumst í ríkisstjórn getum við komið góðum málum eins og þessum áfram og kannski er þetta eitt af þeim málum sem við getum sameinast um, frú forseti.

[11:24]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hv. þingmanni að við þingmenn Samfylkingarinnar séum orðnir sammála Vinstri grænum í þessu máli. Málið er það að Vinstri grænir eru orðnir sammála okkur. Við rákum Vinstri græna til þess að fara inn á þessa útboðsleið en

hætta við hinn gamla ríkisrekstur Skipaútgerðar ríkisins en það voru fyrstu hugmyndir þeirra þegar strandsiglingar voru lagðar af, og þarf ekki að orðlengja meira um þann vitleysisgang.

Það ber að fagna því, virðulegi forseti, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð og þeir þingmenn frjálslyndra sem standa að tillögu þeirra séu orðnir sammála okkur í Samfylkingunni sem lögðum þessa tillögu fyrst fram og boðuðum að þetta væri skynsamlegasta leiðin til að halda uppi strandsiglingum þegar Eimskipafélag Íslands, fyrrum óskabarn þjóðarinnar, hætti slíkum siglingum á sínum tíma nokkru á eftir Samskipum. Hitt atriðið sem hv. þm. Hlynur Hallsson minntist á ætla ég ekki að ræða á þessu stigi enda er það ekki á dagskrá.

[11:25]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara í einhverja samkeppni hér við hv. þm. Kristján L. Möller um hver er að verða sammála hverjum enda skiptir það kannski ekki öllu máli og ekki heldur hver setti málið fyrst fram. En ég leyfi mér nú samt að fullyrða að hv. þm. Jón Bjarnason hefur barist hvað ötulast fyrir því að strandsiglingar verði teknar upp á ný og útboðsleiðin er sennilega mjög skynsamleg í þeim efnum.

Auðvitað ætla ég heldur ekki að fara í stjórnarmyndunarviðræður við Samfylkinguna en ég fagna þeim samhljómi stjórnarandstöðunnar sem er í þessu máli.

[11:26]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er um mjög skynsamlega tillögu að ræða. Maður er eiginlega hissa á því að menn skuli ekki fyrir löngu vera búnir að hrinda henni í framkvæmd. Það þarf ekki frekari vitnanna við en fara einfaldlega um vegi landsins. Okkur sem keyrum mikið um kjördæmin og þurfum að vera á eftir vöruflutningabílum í röðum finnst það með ólíkindum að menn reyni ekki að draga úr umferð þeirra á vegunum. Strandflutningar eru ein leiðin til þess.

Það væri fróðlegt að fá viðbrögð hv. þingmanna Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks við þessari tillögu, hvort menn geti ekki tekið undir skynsamlega tillögu stjórnarandstöðunnar eða hvort þeir þurfi að setja hana fram sjálfir. Það blasir við öllum að hér er öðrum þræði um umferðaröryggismál að ræða og einnig er þetta spurning um samkeppnisstöðu atvinnuveganna á landsbyggðinni, sem varðar íbúa landsins miklu. Hvers vegna er ekki hægt að fá fram afstöðu þingmanna Framsóknarflokksins til þessa máls sem varðar landsbyggðina miklu? Er flokkurinn hreinlega upptekinn í öðru? Og hvað með Sjálfstæðisflokkinn, hafa menn enga skoðun á þessu máli? Mér finnst þetta skipta verulega miklu máli. Um er að ræða mjög skynsamlega tillögu sem allir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa tekið undir á þingi. Ekki ætla ég að fara að ræða það í smáatriðum hver fann upp á þessu máli, enda skiptir það ekki öllu máli. Hér er um gott mál að ræða sem mér finnst tímabært að þingmenn stjórnarliðsins ræði og skýri frá afstöðu sinni.

[11:29]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson óskaði eftir afstöðu framsóknarþingmanna til þess máls sem hér er til umræðu. Það er að finna á þskj. 436 og er frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum. Afstaða okkar felst í því að við stöndum að því stjórnarfrumvarpi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn sjóslysa, 3. umr.

Stjfrv., 412. mál (forstöðumaður, aðgangur að gögnum). — Þskj. 828.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Heimildir lögreglu til að leita uppi barnaníðinga.

[11:30]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Fréttaskýringaþátturinn Kompás á NFS á Stöð 2 braut á dögunum í blað með umfjöllun sinni um notkun barnaníðinga á netinu til að ná til fórnarlamba sinna. Þar var kastljósinu varpað inn í myrk horn mannlífsins með sláandi hætti. Það sem gerði þáttinn svo áhrifaríkan var m.a. notkun hans á tálbeitu. Með tálbeitunum er búin til atburðarás sem dregur níðingana fram. Tálbeitan í þessu tilfelli var 13 ára gömul stúlka sem auglýsti á einkamálasíðu á netinu. Ekki stóð á svörum. Auglýsingin lifði í tvo sólarhringa og langflestir komu inn á msn-netfang stúlkunnar og byrjuðu þar að spjalla á mjög kynferðislegum nótum. Enginn sem hafði samband við stúlkuna leitaði eftir öðru en kynferðislegu sambandi, enda eftir engu öðru að leita.

Þetta er gert til að kanna og sýna fram á eftirspurn fullorðinna karlmanna eftir börnum á þessum aldri. Það kom skýrt fram í auglýsingunni að tálbeitan var 13 ára gömul. Það fór ekki á milli mála og það var það sem mennirnir sóttust eftir. Auglýsingunni svöruðu á tveimur dögum 83 karlmenn. Af þeim voru 63 eldri en 20 ára. Það sem mestu máli skiptir er að í hlut eiga börn og unglingar sem fullorðnir karlmenn reyna að tæla til fundar við sig í gegnum netið. Þeir villa á sér heimildir og beita blekkingum, segjast vera á unga aldri og ná þannig trúnaðarsambandi við börnin og byggja upp traust við þau. Harmleikurinn heldur síðan áfram í gegnum kerfisbundnar blekkingar og líf barnsins er lagt í rúst. Að börnunum hefur verið logið, þau svikin og misnotuð kynferðislega. Vanlíðan og skömm fylgir þeim alla ævi. Þetta er ekkert annað en kynferðislegt ofbeldi og karlmenn sem sækjast eftir kynlífi við 13 ára barn eru ekkert annað en barnaníðingar. Mikilvægt er að þessi umræða leiði til þess að börnin verði meðvitaðri um hættuna en ekki síður, og fyrst og fremst, að níðingarnir verði fældir frá

verknaðinum. Forvörnum verði beitt áður en barnið er í sakleysi sínu blekkt til kynlífs og athafna við fullorðinn mann með hrikalegum afleiðingum fyrir líf barnsins. Forvarnir á borð við tálbeitur gegna þar stóru hlutverki.

Því þarf að mínu mati að endurskoða heimildir lögreglunnar til að nota tálbeitur við að ná til barnaníðinga og fæla þá frá því að nota netið með þessum hætti. Hvað mundi fækka í hópi níðinga á netinu er rétt hægt að ímynda sér. Níðingarnir væru ekki lengur óhultir á bak við nafnleynd netsins. Okkur ber að vernda börnin fyrir níðingunum og netið er að mörgu leyti svarthol hvað þetta varðar. Þar vega menn í skjóli nafnleyndar og því þarf að leita nýrra leiða til að vinna gegn þess háttar misnotkun á miðlinum og netinu eins og þarna um ræðir, og svo skýrt og áhrifaríkt var dregið fram á dögunum.

Til að draga fram umfang slíkra mála má einnig benda á að þeim hefur fjölgað verulega hjá félagsþjónustunni á höfuðborgarsvæðinu. Málaflokkurinn hefur stækkað svo á fáum árum að Barnavernd Reykjavíkur telur þurfa að fara að skilgreina þessi mál, slík mál, sérstaklega í kynferðisafbrotamálum. Almennt virðast félagsfræðingar sammála um að þetta sé stórt og vaxandi vandamál sem erfitt er að vinna úr. Það er mín skoðun að nú þegar þurfi að grípa til aðgerða. Það er ekki eftir neinu að bíða. Vandinn er þekktur, leiðir níðinganna kunnar og fjöldi málanna undirstrikar hve alvarlegt þetta er og að bregðast þarf við. Því hef ég tekið upp þessa umræðu hér við hæstv. dómsmálaráðherra til að kanna leiðir til að stemma stigu við þessu og finna bestu leiðirnar til forvarna, til að koma í veg fyrir að saklaust barn sé blekkt út í slíkar athafnir að það bíði þess aldrei bætur.

Því beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. dómsmálaráðherra:

1. Kemur til greina að lögreglan fái heimildir til að nota tálbeitur til að ná til barnaníðinga, m.a. í forvarnaskyni?

2. Er ráðherra kunnugt um sambærilegar heimildir lögreglu annarra Evrópulanda til að nota slíkar tálbeitur?

3. Er hæstv. ráðherra dómsmála kunnugt um mat og árangur í öðrum löndum við notkun tálbeitna í málum barnaníðinga í forvarnaskyni og til að ná til þeirra?

[11:34]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að færa mál þetta í tal hér í þinginu um leið og ég fagna áhuga hans á því að hugað verði að nýjum og sérstökum rannsóknarúrræðum lögreglu til að takast á við flókin afbrot. Kveður þar við nýjan tón.

Lögregla verður að ráða yfir tækjum og heimildum sem gera henni kleift að berjast við sífellt flóknari afbrot. Afbrotamenn leita nýrrar tækni og nýrra úrræða við iðju sína og það er m.a. á ábyrgð okkar alþingismanna að sjá til þess að lögreglan geti mætt þeim með viðeigandi hætti.

Réttarfarsnefnd hefur unnið að endurskoðun laga um meðferð opinberra mála. Við þá vinnu er m.a. horft til sérstakra rannsóknaraðferða lögreglu og þar á meðal notkunar tálbeitna. Engin sérstök lagaákvæði eru nú um slíkar aðgerðir og verður því að miða við almennar réttaröryggisreglur. Rétt er að taka fram að Hæstiréttur hefur sakfellt fyrir brot sem upplýst var með notkun tálbeitu, enda taldi rétturinn að hinn ákærði maður hefði ekki verið lokkaður til að fremja brot sem hann hefði ekki áður haft ásetning til að fremja og að eðli brotsins hefði ekki verið breytt. Lögreglu er því heimilt að nota tálbeitu til að upplýsa mál þótt um slíkar aðgerðir gildi ekki sérstakar skráðar reglur. Verður lögregla að fara með ýtrustu gát noti hún virka tálbeitu til að upplýsa mál. Rannsókn máls verður t.d. að beinast að tilteknum grunuðum manni. Meginatriði er þó að tálbeitan verði ekki til að framið sé brot sem annars hefði aldrei átt sér stað.

Hér vísa ég til virkra tálbeitna, þ.e. tálbeitna sem lokka brotamann fram og taka jafnvel þátt í broti með honum, svo sem með því að koma fram sem kaupandi fíkniefna. Torvelt getur verið að setja tæmandi lagaákvæði um tálbeitur og hentugra getur reynst að fela t.d. ríkissaksóknara að móta reglur um skilyrði sem vera þyrftu fyrir hendi. Reglur frá ríkissaksóknara binda þó að sjálfsögðu ekki dómstóla með sama hætti og lög frá Alþingi.

Hv. málshefjandi nefndi sérstaklega hvort til greina kæmi að veita lögreglu heimildir til að gera tálbeitur út eftir mönnum sem grunaðir eru um að hyggja á brot gegn börnum. Slík brot þar sem væntanlegur brotamaður leggur snörur fyrir sér ókunnug börn sem eiga sér einskis ills von hljóta að sjálfsögðu að koma sterklega til álita. Það væri auðvitað strax mikið unnið ef tækist að fæla menn frá því að reyna að nálgast saklaus börn um netið. Notkun tálbeitna hlýtur þó fyrst og fremst að helgast af tilraunum til að hafa hendur í hári grunaðra manna. Þegar tálbeita er notuð til að lokka slíka menn úr skúmaskotum sínum er af augljósum ástæðum ekki hægt að halda leiknum svo lengi áfram að maðurinn fullfremji brotið eins og á hinn bóginn er hægt að gera í sviðsettum fíkniefnaviðskiptum, svo að dæmi sé tekið. Það atriði hlyti að hafa áhrif á hugsanlegar ákærur vegna mála sem yrðu til með þeim hætti.

Hv. málshefjandi spurði um reglur í öðrum löndum. Reglur um slíkar rannsóknir eru almennt ekki bundnar í lög heldur er byggt á ákveðnum verklagsreglum. Danir settu þó lög um notkun tálbeitna árið 1986. Auk þess eru lög um þetta efni í Austurríki, svo að tvö dæmi séu nefnd. Dönsku lögin mæla fyrir um ýmis skilyrði eins og að eingöngu lögreglumenn beiti aðgerðunum, einstaklingurinn sé ekki hvattur til að fremja brot nema fyrir liggi rökstuddur grunur um að afbrotið sé á framkvæmda- eða tilraunastigi, aðrar rannsóknaraðferðir dugi ekki til að afla sönnunargagna og brot varði minnst sex ára fangelsi ef það beinist gegn öryggi ríkisins.

[11:39]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja áherslu á tvennt í þessari umræðu. Í fyrsta lagi er ég fylgjandi forvarnastarfinu. Lögreglan á að sjálfsögðu ekki að láta sitja við það eitt að finna glæpamenn, heldur að reyna að koma í veg fyrir afbrot og glæpi. Í öðru lagi vil ég leggja áherslu á að það sem hér um ræðir, brot gegn börnum, níðingsverk framin á börnum, eru einhver alvarlegasti glæpur sem um ræðir og á að taka alvarlega í samræmi við það.

Hins vegar erum við að tala um það hér og nú hvort lögreglan eigi að hafa heimild til að nota svokallaðar tálbeitur, setja á svið glæp, jafnvel taka þátt í glæp, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, til að finna glæpamanninn, til að lokka fram í dagsljósið þann sem framið hefur glæp eða hugsanlega hefur áform um slíkt. Ég tel að hér séum við komin inn á mjög vafasamar og hálar brautir. Við höfum rætt það í þessum sal að lögreglan fái rýmri heimildir en þegar er til að dreifa til að setja á fót svokallaðar greiningardeildir sem fjalli um landráð, hryðjuverk, mansal, skipulagt vændi, peningaþvætti o.s.frv. Ekki aðeins til að upplýsa um þá glæpi sem þegar hafa verið framdir, heldur til að fyrirbyggja að glæpir verði framdir. Þá þarf að fylgjast með þeim sem hugsanlega kæmu þar við sögu. Það er ávísun á persónunjósnir, eða sú hætta er a.m.k. fyrir hendi og þá hættu ber okkur að taka mjög alvarlega í lýðræðisþjóðfélagi.

Hæstv. forseti. Ég vara við því að við förum út á þessar brautir þó að ég taki undir með hv. málshefjanda, og þakki honum fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli, að það þarf (Forseti hringir.) að efla rannsóknir, umræðu og að sjálfsögðu að hafa fælingarmáttinn. Hann kemur (Forseti hringir.) m.a. fram í refsingum gagnvart þessum alvarlegu glæpum.

[11:41]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er gaman að hlusta á þessa umræðu, sérstaklega í ljósi þess samhengis sem við ættum að hafa í huga þegar við ræðum um málefni lögreglunnar. Eins og menn vita hefur Samfylkingin, og reyndar stjórnarandstaðan meira eða minna öll, talað gegn nýrri greiningardeild hjá lögreglunni sem á að geta beitt m.a. óhefðbundnum aðferðum vegna þess að heimurinn er að verða flóknari. Glæpir eru þannig í dag að menn þurfa virkilega að hafa sig alla við til að hugsa út hvernig hægt er að sporna við þeim. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér þykir málflutningur hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar minna mig svolítið á vindhana að þessu leyti, að vera á móti greiningardeildum einn daginn en tala svo um óhefðbundnar aðferðir við að tæla fram glæpi. Þegar ég segi þetta er ég alls ekki að verja þá sem stunda glæpi. Alls ekki. En menn verða að líta á samhengi hlutanna. Ég er eindreginn stuðningsmaður þess að lögreglan setji upp greiningardeild.

Varðandi tálbeiturnar tel ég að hér sé um hárfína línu að ræða. Hve langt á að ganga í að beita tálbeitum? Það er alveg ljóst eins og þetta er núna að ekki má lokka fram glæp. Það má ekki sem sagt stuðla að glæp. Lögreglan má það ekki. Ef glæpur er hins vegar byrjaður, undirbúningur hans, má nota tálbeitu til að komast að hinu sanna. Þetta er með svipuðum hætti annars staðar á Norðurlöndunum og ég held að við eigum að fylgja þeim. Í Bandaríkjunum er þetta allt öðruvísi. Þar má nú eiginlega bara allt. Mér skilst að lögreglan þar megi meira að segja fara með ósannindi til að lokka í vitnaleiðslum fram upplýsingar frá glæpamönnum. Ég tel að það sé ekki leið sem við eigum að fara.

En það er mikilvægt að hafa traust á lögreglunni og ég held ef að lögreglan fær þessar heimildir sé það hlutverk okkar þingmanna að vera ekki að grafa undan (Forseti hringir.) trausti á lögreglunni eins og allt of oft er gert hér úr þessum stól.

[11:43]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil nú byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir að færa þetta mál hér til umræðu því að umræðan er vissulega þörf. Við höfum séð að tálbeitur hafa verið notaðar af fjölmiðlum. Einnig hafa verið notaðar tálbeitur við tóbaksvarnir. Það er verið að senda börn undir aldri til að kaupa tóbak og enn fremur hefur lögreglan notað tálbeitur. Þetta er vandmeðfarin aðferð í baráttu gegn glæpum. Það sannaðist best í máli sem kom hér upp fyrir um 13 árum, þegar afbrotamaður sem átti við geðræn vandamál að stríða var lokkaður í gildru lögreglunnar, að það var í rauninni mjög vafasamt mál í alla staði.

Hvað varðar þessi mál tel ég vert að fara yfir þau og skoða hvort þetta sé eina leiðin til að ráðast gegn slíkum glæpum. Það má vera að þetta sé mjög öflug leið en það eru aðrar leiðir sem við verðum líka að hvetja til hér úr þessum ræðustól, þ.e. að foreldrar fylgist með börnunum sínum. Það skiptir ekki síður máli en að við samþykkjum hér auknar heimildir til að lokka menn til afbrota. Það er í rauninni mjög vafasamt og umdeilanlegt hver sem á í hlut.

[11:45]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir þessa umræðu. Þessi umræða er afar góð því að hún undirstrikar hættuna á misnotkun á börnum með hjálp netsins. Umræðan kemur þeim skilaboðum vonandi til foreldra og barna að fara gætilega í samskiptaleiðum nýrrar aldar en hún vekur einnig upp áhugaverðar spurningar um heimildir lögreglu.

Nú hefur verið lagt fram frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra sem setur á fót sérstaka greiningardeild ríkislögreglustjóra sem hefur m.a. það verkefni að stunda áhættumat og greina hættu á afbrotum. Þótt málshefjandi hafi tekið skýrt fram að hann sé eingöngu að tala um tálbeitu til að ná í barnaníðinga þarf að setja þessa umræðu um tálbeitur í samhengi við önnur störf lögreglunnar og það gerir hæstv. dómsmálaráðherra sjálfur hér í umræðunni.

Viljum við t.d. að greiningardeild hæstv. dómsmálaráðherra hafi heimildir til að beita tálbeitum með þessum hætti, hafi heimild til að búa til atburðarás til að draga fram meinta óvini ríkisins? Ég verð að viðurkenna að ég set spurningarmerki við notkun þeirrar aðferðar hjá slíkum greiningardeildum. Spyrja má hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann telji að notkun svona tálbeitna eigi hugsanlega við í miklu fleiri málum en þeim málum sem snúa eingöngu að barnaníðingum.

Hins vegar má ræða hvort lögreglan eigi að hafa sérstök úrræði í baráttunni gegn barnaníðingum og um það snýst þessi umræða og upplegg málshefjanda. Í löggjöf okkar er víða tekið sérstakt tillit til barna og barnaverndar með sérákvæðum og færa má efnisleg rök fyrir því að svo megi einnig vera í þessu tilliti. Mundi t.d. vitneskja almennings um að lögreglan hefði heimild til að beita tálbeitum gegn barnaníðingum fæla menn frá þeirri iðju? Með því einu

væri mikið unnið.

Frú forseti. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að hafa í huga að samkvæmt hegningarlögum er tilraun til brots refsiverð í sjálfu sér og að mínu mati er því ljóst að einstaklingar sem reyna að tæla eða misnota börn gerast brotlegir við lög.

[11:47]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp og hæstv. ráðherra fyrir hans skýru og greinargóðu svör. Hvatinn að þeirri umræðu sem hér fer fram er tiltekinn brotaflokkur sem vekur sérstakan óhug og við fáum sífellt betri upplýsingar hvað snertir umfang þessa brotaflokks, hvatir brotamannsins og afleiðingar brota fyrir brotaþolann og ekki síst leiðir brotamanna til þess að fremja slík brot. Vegna þess sérstaka óhugs sem málin vekja er eðlilegt að spurt sé hvort lögreglan hafi úr öllum þeim úrræðum að spila sem nauðsynleg eru til að veita þá vernd og það öryggi sem við viljum búa borgurunum sem í þessu tilfelli er æska landsins.

Ég vil vekja athygli á því að almennt þegar rætt hefur verið um rannsóknarheimildir lögreglu vegna þróunar samfélagsins, *flóknari afbrota eða tækninýjunga hefur þingið* viljað flýta sér hægt. Menn hafa hér tekist harkalega á um lögfestingu ýmissa úrræða sem lögreglan hefur talið þörf á að beita til að takast á við nýja brotaflokka og brotaaðferðir. Ég tel hins vegar að hæstv. ráðherra hafi fengið samþykktar hér á þinginu mikilvægar breytingar á umliðnum árum til að koma til móts við þarfir lögreglunnar í störfum hennar og enn liggja fyrir þinginu mál sem snerta skipulag og starfshætti lögreglunnar.

Ég vil leyfa mér að taka undir með hæstv. ráðherra um að notkun tálbeitna í þeim málaflokki sem hér hefur verið til umfjöllunar hlýtur að koma sterklega til greina, það verður á endanum að vera mat lögreglunnar hvaða rannsóknarúrræði sem hún býr yfir henta best til að takast á við mál af þessu tagi. Okkar þingmannanna er að gæta að því að lögreglan hafi úr nauðsynlegum rannsóknarúrræðum að *spila hverju sinni um leið og heimildirnar mega ekki vera* svo víðtækar að lögreglan verði almennt of fyrirferðarmikil á samfélaginu í viðleitni sinni til að upplýsa og rannsaka brot. Eins og komið hefur verið inn á í umræðunni í dag skipta forvarnir að sjálfsögðu einnig miklu máli en ég tel æskilegt að við settum okkur skýrari reglur, ég tek undir með ráðherranum um að það þarf ekki endilega að vera í lögum en reglur í (Forseti hringir.) takt við það sem Danir hafa sett sér mætti taka upp hér á landi.

[11:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég er tilbúin til þess að leggja mikið á mig til að reyna að koma í veg fyrir glæpi gegn börnum. Það er þó með blendnum hug, verð ég að segja, sem ég reyni að gera upp hug minn varðandi spurninguna um tálbeiturnar, þetta tiltekna mál sem hv. málshefjandi notar sem kveikju að þessari umfjöllun. Ég tel eðlilegt að við séum vör um okkur þegar fjölmiðlar ætla að fara að búa til fréttaefni og ég tel eðlilegt að við spyrjum okkur þeirra spurninga hvað knýi fjölmiðla áfram í þeim efnum. En hér er náttúrlega um svo alvarlegan brotaflokk að ræða og þegar maður skoðar það hvort lögreglan eigi að hafa heimildir til að beita tálbeitum í þessum tilfellum þá þurfum við að spyrja okkur fleiri en einnar spurningar, eins og hér hefur komið fram í umræðunni. Tálbeitur hafa hingað til helst verið notaðar í fíkniefnamálum. Í málum er varða barnaníðinga er hins *vegar verið að láta menn fremja glæpinn og samkvæmt* lögum má ekki hvetja til þess að glæpur sé framinn og auðvitað lögreglan síst af öllum. Hér því um erfitt álitamál að ræða.

Svo má líka spyrja sig spurninga og ég hef reynt að kanna hvort til séu einhverjar rannsóknir um það hvort þeir karlar sem leita eftir börnum á netinu, þá kannski börnum sem eru að falbjóða sig á netinu, það er ekki vitað hvort þetta eru sömu níðingarnir og leita á börn undir öðrum kringumstæðum þannig að hér þarf líka að láta fara fram ákveðnar rannsóknir sem við hér í þessum sal þurfum að skoða.

Annað sem við í þessum sal getum líka gert er að kanna hvað hið opinbera leggur af mörkum til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi, t.d. með tilliti til fræðslu og annarra þátta eins og forvarna sem hér hafa verið nefndar. Meðan *þeir opinberu aðilar sem ættu að standa* öflugan vörð um öryggi barna og tryggja réttarvernd þeirra eru ekki að standa sig er ástandið óviðunandi.

[11:52]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir þessa umræðu. Ég vil þó í upphafi máls míns taka það fram að ég missti bæði af ræðu hans og síðan svari hæstv. dómsmálaráðherra, því ég var önnum kafinn við að taka á móti glæsilegum hópi ungmenna frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi sem heimsótti okkur hér í Alþingishúsið.

Varðandi það mál sem hér er til umræðu þá er persónuleg skoðun mín skýr. Ég tel að það sé réttlætanlegt að nota tálbeitur í einstökum tilvikum til þess að ná svona glæpamönnum. Ég sá umræddan fréttaskýringaþátt sem var sýndur á sjónvarpsstöðinni NFS, í þættinum Kompás, og ég verð að segja að sá þáttur hafði djúpstæð áhrif á mig og vakti mig mjög til umhugsunar um þessi mál. Ég vil líka fá að segja það að ég treysti lögreglunni fyllilega og dómgreind hennar til að vega það og meta í hverju tilviki fyrir sig hvort réttlætanlegt sé að beita svona aðferðum til þess að ná þessum glæpamönnum, koma þeim undir lás og slá því að þar eru þeir best geymdir.

Það hefur ákveðið forvarnagildi að þessir menn viti að hægt sé að ná til þeirra með þessum hætti. Ég held að sjónvarpsþátturinn sem við sáum um daginn hafi líka haft mikið forvarnagildi og sú umræða sem fer fram hérna núna hefur líka ákveðið fornvarnagildi.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, vísa því á bug að stjórnarandstaðan öll í heild sinni hafi hér um daginn verið að tala eitthvað niður til lögreglunnar, að hún hafi verið að tala eitthvað niður eða gegn því að hér yrði sett á fót greiningardeild. Ég kom hér í ræðustól þá og ég man ekki til þess að ég hafi talað niður til lögreglunnar eða lagst neitt sérstaklega á móti þessari greiningardeild sem menn hafa

verið að tala um, alls ekki.

[11:54]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa fínu umræðu. Ég er mjög sammála þeirri aðgreiningu sem hæstv. dómsmálaráðherra gerði á notkun tálbeitna t.d. í fíkniefnamálum annars vegar og hins vegar varðandi níðingsverk gagnvart börnum. Það er hárrétt skilgreining og kjarni málsins er nákvæmlega sá, burt séð frá því að að sjálfsögðu er það umdeilt og umdeilanlegt að nota tálbeitur í ýmsum afbrotamálum. En eðlismunur þessara glæpa og annarra er svo mikill, þetta eru svo alvarleg brot og miklu alvarlegri glæpur en allt annað sem hægt er að draga fram og þess vegna tel ég persónulega að það sé fullkomlega réttlætanlegt að nota tálbeitur í forvarnaskyni með þessum hætti. Það þarf að gera það umræðunnar vegna og það þarf að fæla níðingana frá því að misnota netið með þessum hætti. Það er alveg á hreinu hvað mig varðar.

Hvað varðar ummæli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur um að ég sé með einhverjum hætti að draga úr trausti á lögreglunna þá er þetta einfaldlega allt of alvarlegt mál til að ræða á þessum nótum og ég kýs að gera það ekki. Hins vegar tek ég undir þá skoðun hæstv. dómsmálaráðherra að það komi sterklega til álita og að setja þetta inn í verklagsreglur svipað og virðist vera gert í Danmörku, ég tel það góða leið og vænlega, sérstaklega til þess að stíga fyrstu skrefin í þessa átt. Og ég er algerlega sannfærður um það, sérstaklega eftir þessa umræðu og umræðu undangenginna daga og eftir að umræddur þáttur var sýndur á NFS og Stöð 2, Kompás, að þetta er leið sem við eigum að fara og þurfum að fara og ég held að allir sem fylgdust með umræðunni hafi verið slegnir óhug yfir því að 83 karlmenn svöruðu á tveimur sólarhringum auglýsingu frá 13 ára stúlkubarni um kynferðislegt samneyti. Það hlýtur hver lifandi maður að sjá hver alvarleiki og umfang brotanna er og þess vegna fagna ég aftur eindregið undirtektum og svörum hæstv. dómsmálaráðherra hér við umræðuna í dag.

[11:56]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli mínu hefur Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að lögreglu sé heimilt að beita tálbeitu ef svo ber undir þannig að það er engin spurning um að þetta er heimilt í réttarkerfi okkar þótt ekki gildi um það sérstakur lagabókstafur.

Ég vil í tilefni af þessum umræðum minna hv. þingmenn á að væntanlegt er frumvarp frá mér sem snertir þær greinar almennra hegningarlaga sem lúta að kynbundnu ofbeldi og þar verður sérstaklega fjallað um málefni er varða vernd barna fyrir slíku áreiti eða kynferðislegu áreiti hvers konar þannig að þingmenn hafa þá tækifæri til að ræða þau mál sérstaklega á vettvangi þingsins.

Einnig vil ég skýra þingmönnum frá því að það er líka væntanlegt frá mér frumvarp varðandi svokölluð tölvubrot, það er verið að taka mið af samningi Evrópuráðsins um glæpi á netinu m.a. og þar verða ákvæði sem eiga að auðvelda yfirvöldum að taka á málum og fylgjast með því ef menn misnota netið m.a. í því skyni að hafa ósæmilegt samband við börn. Hæstv. samgönguráðherra flutti í fyrra frumvarp sem var samþykkt á þingi um leiðir til þess að skrá notkun á netinu og heimildir til þess að geyma efni eða geyma slíkar tengingar og ég man ekki betur en stjórnarandstaðan hafi lagst gegn því frumvarpi á sama hátt og gert var líka þegar ég kom hér og var að ræða um greiningardeildina. Þá lögðust þeir þingmenn sem hér standa nú og telja að það eigi að beita þessum sérstöku rannsóknarúrræðum í einstökum málum a.m.k., gegn því að sett yrðu þau ákvæði í lög sem gert er ráð fyrir í lögunum um nýskipan lögreglumanna.

Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn og KolH, 176. mál. — Þskj. 176.

[11:59]

Flm. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Flutningsmenn tillögunnar eru auk mín hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttur, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja nú þegar viðræður við bæjarstjórn Mosfellsbæjar um stofnun framhaldsskóla í sveitarfélaginu með það að markmiði að skólinn taki til starfa haustið 2006.“

Þessi tillaga var lögð fram snemma í haust, frú forseti, og kemst á dagskrá nú. Hún var líka lögð fram á 131. löggjafarþingi, þ.e. fyrir ári, en náði þá ekki fram að ganga og er nú lögð fram aftur lítið breytt.

Á síðustu árum hefur fjöldi framhaldsskólanemenda á höfuðborgarsvæðinu aukist mjög líkt og víðast hvar annars staðar á landinu. Á árunum 2000–2004 fjölgaði nemendum í framhaldsskólum á Íslandi úr 20.332 í 22.629 samkvæmt tölum menntamálaráðuneytisins, þ.e. um rúm 11,2% samkvæmt hagtölum frá Hagstofu Íslands. Fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu að Reykjavík undanskilinni var rétt 18,5% á sama tímabili, þ.e. úr 4.593 í 5.443 nemendur. Þessi aukna sókn í menntun er mikið fagnaðarefni en hún leggur stjórnvöldum jafnframt skyldur á herðar í uppbyggingu framhaldsskóla. Skemmst er að minnast þess hve tæpt stóð að allir nýir umsækjendur fengju inni í framhaldsskóla á nýliðnu hausti.

Mosfellsbær er tiltölulega ungt en vaxandi bæjarfélag með um 7.000 íbúa og hlutfall ungs fólks í þeim hópi er hátt. Nú eru þar um 130 manns í hverjum árgangi á framhaldsskólaaldri og margir stærri árgangar á grunnskólaaldri. Engum blöðum er um það að fletta að Mosfellsbær er langstærsta sveitarfélag landsins sem ekki hefur eigin framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldinn nái 11.500 á næstu fimm árum og verði orðinn a.m.k. 13.000 árið 2012.

Án efa er það nálægðin við Reykjavík sem mestu veldur um það að Mosfellsbær hefur setið eftir í uppbyggingu framhaldsskólakerfisins á undanförnum áratugum. Mosfellsbær fer með um 12% af áætluðum stofnkostnaði við Borgarholtsskóla sem er sá framhaldsskóli í Reykjavík sem er næstur sveitarfélaginu. Almenningssamgöngur milli

Mosfellsbæjar og Borgarholts eru hins vegar ekki nógu góðar til að gera Borgarholtsskóla að ákjósanlegum kosti fyrir framhaldsskólanema í Mosfellsbæ, umfram aðra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Það gefur augaleið að sú staðreynd ýtir m.a. undir einkabílanotkun þeirra sem þaðan þurfa að sækja framhaldsskóla til nágrannasveitarfélaganna og eykur að sjálfsögðu umferð um Vesturlandsveg á álagstímum.

Jafnframt er Borgarholtsskóli, sem var þegar með um 1.200 nemendur skólaárið 2003–2004, að mörgu leyti sérskóli þótt þar séu almennar bóknámsbrautir í boði. Borgarholtsskóli státar til dæmis af fjölmenntabraut, félagsþjónustubraut, námsbrautum í margmiðlunarhönnun, bílgreinum, málmiðnum og verslunarþjónustu auk þess að sjá um nám fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum Reykjavíkur. Þetta fjölbreytta námsframboð á tvímælalaust sinn þátt í mikilli aðsókn að skólanum og hefur að öllum líkindum laðað marga til framhaldsnáms sem ella hefðu ekki fundið nám við sitt hæfi.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur nú um nokkurt skeið haft hug á að taka upp viðræður við ríkisvaldið um stofnun framhaldsskóla í bænum eins og fulltrúar hennar hafa t.d. greint frá á fundi með fjárlaganefnd, bæði á sl. hausti og reyndar líka haustið þar áður. Þar var jafnframt upplýst að gert er ráð fyrir framhaldsskóla á aðalskipulagi bæjarins en slíkur skóli mundi að sjálfsögðu styrkja innviði sveitarfélagsins verulega. Blómlegt félags- og tómstundastarf byggist jafnan upp í kringum starf einstakra framhaldsskóla sem gefa hverju byggðarlagi um sig tækifæri til að styrkja sérstöðu sína með samstarfi við heimaskóla.

Framhaldsskóli í Mosfellsbæ gæti því hæglega þjónað fleirum en heimamönnum ef þar byggðist upp sérhæft nám að einhverju leyti, t.d. á sviði heilsueflingar og ferðaþjónustu sem nú þegar stendur sterkum fótum í bæjarfélaginu. Enn fremur yrði hentugt fyrir íbúa í Grundarhverfi, á Kjalarnesi, Álfsnesi, í Kjós og nýju hverfi við Úlfarsfell að sækja slíkan skóla vegna nálægðarinnar.

Frú forseti. Mikið brottfall úr framhaldsskólum á Íslandi er áhyggjuefni þar sem nálega helmingur fólks á framhaldsskólaaldri lýkur ekki því skólastigi þrátt fyrir að hefja þar nám á eðlilegum tíma. Eitt af því sem taka verður á til að sporna gegn brottfalli er að unglingum bjóðist sem víðast samfellt nám í heimabyggð til a.m.k. 18 ára aldurs. Við flutningsmenn teljum því einboðið að Alþingi feli menntamálaráðherra að hefjast nú þegar handa um uppbyggingu framhaldsskóla í svo stóru og vaxandi sveitarfélagi sem Mosfellsbæ með það að markmiði að sá skóli taki til starfa haustið 2006.

Þannig er þessi tillaga, frú forseti, og greinargerðin sem henni fylgir. Það hefur verið og er einn af hornsteinum menntastefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að efla nám í heimabyggð, sem næst fólkinu þar sem það býr. Við höfum flutt tillögur um stofnun framhaldsskóla og staðið fyrir umræðum um slíkt. Það er búið að stofna framhaldsskóla á Snæfellsnesi og þar kom ekki hvað síst til hvatning frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Samfélagið í Mosfellsbæ er orðið það stórt að mér finnst óverjandi annað en að tekið sé af fullri alvöru á framhaldsskólamálefnunum þar. Skóli er forsenda fyrir því að samfélag byggist upp með eigin innviði. Framhaldsskólinn er í rauninni orðinn hluti af hinu almenna skólakerfi. Ég harma því það, frú forseti, að samkvæmt fréttatilkynningu sem hæstv. menntamálaráðherra sendi út 26. janúar sl. hafi hún ákveðið að skipa starfshóp til að yfirfara og meta fýsileika þeirra kosta sem til staðar eru varðandi byggingu nýrra framhaldsskóla. Starfshópurinn mun skoða sérstaklega kosti á höfuðborgarsvæðinu og við utanverðan Eyjafjörð. Síðan er talið upp hverjir skipa þennan starfshóp: Aðalsteinn Eiríksson, Jón Þór Ragnarsson, Þórir Ólafsson og Arnór Guðmundsson, allt saman hinir bestu menn en ég hefði viljað sjá þarna nefndar þarfir Mosfellsbæjar. Af þeirri umræðu sem ég hef heyrt frá íbúunum í Mosfellsbæ er eitt af brýnustu samfélagsmálunum þar að byggja upp framhaldsskóla á svæðinu. Þess vegna er afar áríðandi að þessi tillaga okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs komist til meðferðar þingsins og fái hraða og góða afgreiðslu þannig að framhaldsskóli í Mosfellsbæ geti orðið sem fyrst að veruleika.

Ég er reyndar hálfhissa á því hve lítinn þrýsting stjórnvöld í Mosfellsbæ hafa sett á þetta mál. Ég hefði talið eðlilegt að þau sýndu enn meiri þrýsting. Ég veit að þau hafa kynnt málið en það er svo brýnt að ég tel að þarna eigi að ganga mjög rösklega til verks svo að framhaldsskóli í Mosfellsbæ geti tekið til starfa eins og hér er lagt til haustið 2006 í þessu ört vaxandi byggðarlagi þar sem er blessunarlega mikill fjöldi af ungu fólki. Framhaldsskóli yrði veruleg styrking og efling fyrir samfélagið allt, fyrir innviði þess samfélags sem þar er að byggjast upp. Ég hef bent á að sérstaða þess með t.d. hinu öfluga starfi á Reykjalundi gæti nýst þessum skóla til að tengja hann þar starfsbrautum og svo mætti áfram telja.

Frú forseti. Brýnt er að þetta mál komist til framkvæmda og þess vegna er þessi tillaga flutt.

[12:09]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég má til með að segja nokkur orð um þá þingsályktunartillögu sem hér liggur frammi vegna þess að ég kannaðist við skólamál í Mosfellssveit sem svo hét fyrir nokkrum áratugum en er bær núna. Það segir sína sögu um að þörfin hafi breyst að fyrir aldarfjórðungi voru íbúar þarna rétt um 2.000 en stefnir núna í að þeir verði um tugur þúsunda innan skamms.

Ég vil taka undir með hv. flutningsmönnum að það er afskaplega gott að fá þessi mál í umræðuna. Ég tek jafnframt undir að það er sérkennilegt að bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ skuli ekki hafa sótt þetta mál fastar, ekki síst með hliðsjón af því að bæjarstjórinn í Mosfellsbæ er alveg gagnkunnug skólamálum í bænum, hún er búin að starfa við þau í áratugi og þekkir þau afar vel.

Ég vil aðeins rifja upp að þegar ég bjó þarna á sínum tíma sóttu að sjálfsögðu nemendur þar framhaldsnám sitt til Reykjavíkur. Það var upphaflega mest sótt til þriggja skóla, Menntaskólans í Hamrahlíð, MR tók alltaf við einhverjum en síðan beindist þessi straumur að Menntaskólanum við Sund. Núna, sem ég held að sé mjög góður kostur, sækja þeir Borgarholtsskóla, þann ágæta skóla sem stöðugt eykur

hróður sinn. Það er vel. Það voru þá og eru enn alltaf sömu vandamálin, almenningssamgöngur eru tæpast nógu örar og góðar til að þetta gangi nægilega lipurlega fyrir sig. Það veldur auðvitað stóraukinni umferð einkabíla sem gæti verið miklu minni ef almenningssamgöngur væru með betra móti en nú er.

Ég tek líka undir það hjá hv. framsögumanni að Reykjalundur er stór og öflug stofnun og með framsæknustu stofnunum á sínu sviði, á sviði mjög fjölþættrar endurhæfingar. Það væri afar auðvelt að tengja starf Reykjalundar við námsbrautir í framhaldsskólanum eins og hér hefur komið fram og ég efast ekki um að hjá forráðamönnum þeirra yrði slíkt auðsótt enda hefur Reykjalundur verið alhliða endurhæfingar- og rannsóknastofnun og hefur annast kennslu á fjölmörgum sviðum.

Það verður vafalaust fróðlegt að sjá hvað starfshópur hæstv. menntamálaráðherra mun finna út úr könnunum sínum en þar sem þetta mál fjallar um að hefja þegar viðræður við bæjarstjórn Mosfellsbæjar lít ég svo á að hérna sé í rauninni fylgt fram vilja hins almenna borgara í Mosfellsbæ sem hefur þessar þarfir þrátt fyrir að menntamálayfirvöld og bæjarstjórn séu ekki komin lengra en það að hafa viðrað þennan áhuga sinn m.a. á fundum fjárlaganefndar. Það sýnir að það er vilji fyrir hendi. Ég held að það væri íbúum í Mosfellsbæ mjög hagstætt og mjög gott ef þarna kæmist á framhaldsskóli sem fyrst enda, eins og bent er á í greinargerð, er þetta líklega langstærsta bæjarfélagið sem ekki hefur eigin framhaldsskóla.

[12:14]

Valdimar L. Friðriksson:

Herra forseti. Ég fagna þessari fram komnu þingsályktunartillögu frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur um stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að þrátt fyrir að menn hafi nokkrum sinnum nefnt nauðsyn þess að setja upp framhaldsskóla í Mosfellsbæ hefur verið talað fyrir afskaplega daufum eyrum. Er ég spurði hæstv. menntamálaráðherra hvort hún hygðist koma á fót framhaldsskóla í Mosfellsbæ eða ekki var svarið: Eins og staðan er í dag tel ég það ekki tímabært.

Áhuginn er ekki mikill á þeim bæ og hér hefur jafnframt komið fram að núverandi meiri hluti sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ hefur ekki þrýst mikið á að þar verði byggður framhaldsskóli. Þetta er því miður rétt en það er ekki þar með sagt að skólinn sé ekki nauðsynlegur. Íbúar í Mosfellsbæ telja hann nauðsynlegan. Sveitarfélagið telur núna 7.300 manns og það eru ekki nema þrjú ár í að fjöldinn verði kominn upp í 10.000 þannig að vegna fjölda fólks á framhaldsskólaaldri er full ástæða til að reisa skólann. Í Mosfellsbæ eru tveir grunnskólar og þeir eru þegar orðnir yfirfullir.

Eitt af því sem hefur verið nefnt hér er umferðarmál og að sjálfsögðu skipti miklu máli ef skóli kæmi í Mosfellsbæ, m.a. með tilliti til þess gífurlega umferðarþunga sem er um Vesturlandsveg frá Skarhólabraut í Mosfellsbæ að Víkurvegi í Reykjavík. Þetta er fjölfarnasti vegur landsins og að sjálfsögðu mundi skipta þar miklu máli ef nokkur hundruð framhaldsskólanemar þyrftu ekki að aka hann tvisvar, þrisvar, fjórum sinnum á dag. Auk þessa er að sjálfsögðu hagsmunamál fyrir íbúa Mosfellsbæjar og nágrennis að þurfa ekki að setja fé í ferðakostnað til Reykjavíkur, í aðra skóla.

Minnst hefur verið á möguleika á sérstöðu eins og t.d. varðandi endurhæfingarmál í tengslum við Reykjalund. Það er mjög góð hugmynd sem ég fagna að hafi hér verið viðruð. Jafnframt gæti þessi skóli verið með sérstakar greinar er tengdust umhverfismálum því að ekki er seinna vænna að taka það sérstaklega fyrir í framhaldsskólakerfinu.

Það er gert ráð fyrir því í aðalskipulagi Mosfellsbæjar að framhaldsskóli rísi í sveitarfélaginu í framtíðinni, ekki einungis til að þjóna Mosfellingum heldur og nærliggjandi hverfum sem t.d. á að fara að reisa núna undir hlíðum Úlfarsfells.

Herra forseti. Ég fagna þessari umræðu en harma það hversu lítill þrýstingur er, því miður, frá bæjarstjórn í Mosfellsbæ, núverandi meiri hluta. Ég get fullvissað fólk um að minni hlutinn mun setja þetta mál, og hefur gert, algerlega á oddinn en jafnframt lýsi ég yfir vonbrigðum með menntamálaráðherra, að ekki skuli vera meiri áhugi fyrir að líta til Mosfellsbæjar þegar kemur að því að reisa fleiri framhaldsskóla. Sveitarfélagið er orðið nægilega stórt eins og hér hefur komið fram. Þar búa 7.300 manns í dag. Eftir þrjú ár verður fjöldinn orðinn 10.000 og stefnir í 13.000 eftir fimm ár þannig að það er ekki seinna vænna að fara að huga að því að reisa framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

[12:18]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Flutningsmenn eru hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Jón Bjarnason og Kolbrún Halldórsdóttir. Ég fagna því að fulltrúar Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins taka þátt í þessari umræðu og eru afar jákvæðir. Maður skyldi nú ætla að fulltrúar stjórnarflokkanna tveggja kæmu líka upp til að segja sína skoðun á málinu, en eins og svo oft áður er ekki einu sinni einn einasti þingmaður Framsóknarflokks eða Sjálfstæðisflokks í salnum. Ég veit ekki hvernig á að túlka það en vona að þeir bregðist fljótt við og mæti til að segja skoðun sína á málinu.

Það er borðleggjandi og augljóst að það á að reisa framhaldsskóla í Mosfellsbæ, og þó fyrr hefði verið. Við vitum að það er afar mikilvægt að framhaldsskólanemar geti stundað nám við sitt hæfi í sinni heimabyggð. Við höfum fjallað um það og í síðustu viku var lögð fram tillaga um að stofnaður yrði framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð. Við höfum svo mýmörg dæmi um það hvílík lyftistöng það er fyrir bæjarfélag þegar framhaldsskóli er stofnaður og nemendur þurfa ekki að fara langar leiðir í skóla. Það hefur líka verið minnt á það hér í umræðunni að þetta er umhverfismál. Akstur fram og aftur tvisvar á dag er auðvitað stórmál. Þess vegna er þetta þjóðhagslega hagkvæmt. Þetta er spurning um að fólk þurfi ekki að sækja vinnu, því auðvitað er nám vinna, til Reykjavíkur, 10 eða 20 kílómetra leið, og það einmitt á leið sem er mikill álagspunktur í gatnakerfinu. Þetta tengist aftur máli sem hv. þm. Kolbrún

Halldórsdóttir lagði fram í þarsíðustu viku um stofnbrautir hjólreiðamanna sem ættu að vera komnar fyrir löngu svo að auðveldlega væri hægt að hjóla frá Mosfellsbæ inn til Reykjavíkur. Eins og er er það stórhættulegt að ætla að reyna að fara á hjóli milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar.

Það hefur líka aðeins verið komið inn á það í þessari umræðu að því miður gætir dofa og áhugaleysis hjá bæjarstjórn Mosfellsbæjar, eða meiri hlutanum þar réttara sagt. Þannig vill til að meiri hlutinn er einmitt skipaður Sjálfstæðisflokknum. Ég held að sá flokkur sé með hreinan meiri hluta, því miður, í þeim bæ. En það er stutt til kosninga og ég ætla rétt að vona að Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, sem var einmitt að stilla upp sínum lista þar í síðustu viku, takist að hrekja Sjálfstæðisflokkinn frá völdum. Þá fyrst fer kannski eitthvað að gerast í skólamálum í Mosfellsbæ. Það er nú dálítið einkennilegt að þar sem sömu flokkar og sitja í ríkisstjórn eru í bæjarstjórnum líka er einhver dofi og slappleiki í skólamálum. Í þessum töluðum orðum eru nemendur Háskólans á Akureyri að funda með efstu mönnum á listum í bæjarstjórn. Í bæjarstjórn Akureyrar sitja þessir sömu flokkar, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, og eru ótrúlega slappir í því að þrýsta á sína flokksfélaga hér í ríkisstjórn að gera eitthvað af viti í málum Háskólans á Akureyri, þrýsta á að Háskólinn á Akureyri fái fjármagn í samræmi við fjölgun nemenda.

Ef þessi tillaga nær fram að ganga trúi ég því að hún ýti við hæstv. menntamálaráðherra og hún einhendi sér í málið. Ef það dugar ekki eru kosningar þann 27. maí og þá getur stjórnarandstaðan tekið við og ýtt enn frekar á þetta mál. Þetta er mikilvægt byggðamál fyrir Mosfellsbæinga. Þetta er þjóðhagslega hagkvæmt. Þetta er umhverfismál. Þetta er menningarmál vegna þess að framhaldsskóli í heimabyggð er mikilvæg menningarstofnun eins og kemur fram í greinargerðinni. Ég vitna orðrétt í greinargerðina, með leyfi forseta:

„Blómlegt félags- og tómstundastarf byggist jafnan upp í kringum starf einstakra framhaldsskóla sem gefa hverju byggðarlagi um sig tækifæri til að styrkja sína sérstöðu með samstarfi við skólana."

Það hefur verið farið vel yfir það í þessari umræðu að hátt hlutfall íbúa Mosfellsbæjar er á framhaldsskólaaldri og Mosfellsbær er hratt vaxandi sveitarfélag. Þess vegna á ekki að vera með hangandi hendi heldur drífa í að stofna góðan framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Ég vona að það verði gert sem fyrst.

[12:24]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari tillögu til þingsályktunar um stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Eins og fram kemur í greinargerð er Mosfellsbær tiltölulega ungt og vaxandi bæjarfélag með um 7.000 íbúa og hlutfall ungs fólks í þeim hópi er mjög hátt. Nú eru þar um 130 manns í hverjum árgangi á framhaldsskólaaldri og margir stærri árgangar á grunnskólaaldri. Engum blöðum er um það að fletta að Mosfellsbær er langstærsta sveitarfélag landsins sem ekki hefur eigin framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldinn nái 11.500 manns á næstu fimm árum og verði um 13.000 árið 2012. Ég vil nú hafa nokkurn fyrirvara á þeim tölum því að fyrir nokkrum árum var talað um að íbúar í Hafnarfirði yrðu 22.000 árið 2012. Íbúar þar eru þegar orðnir svo margir.

Einnig vil ég ítreka að bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur um nokkurt skeið haft hug á að taka upp viðræður um þetta mál. En einhvern kraft virðist vanta. Það fylgir engin alvara. Hver skyldi ástæðan vera? Framhaldsskóli í Mosfellsbæ gæti hæglega þjónað fleiri en heimamönnum ef þar byggðist upp sérhæft nám að einhverju leyti, t.d. á sviði heilsueflingar og ferðaþjónustu sem nú þegar standa sterkum fótum í bæjarfélaginu. Enn fremur yrði hentugt fyrir íbúa í Grundarhverfi, á Kjalarnesi, á Álfsnesi, í Kjós og í nýju úthverfi við Úlfarsfell að sækja skóla þangað vegna nálægðarinnar.

Það er mikilvægt að framhaldsskóli sé sem næst íbúum hvers sveitarfélags. Eins og áður hefur komið fram er umferðarþungi á Vesturlandsvegi geigvænlegur. Framhaldsskóli í Mosfellsbæ mundi spara ferðakostnað fyrir þá foreldra sem ættu börn í framhaldsskólum. Ég veit af eigin reynslu að þarna eru mjög góðir grunnskólar. Það er furðulegt að hæstv. menntamálaráðherra, sem er nú þingmaður fyrir Suðvesturkjördæmi, skuli ekki vera jákvæðari í þessu máli en raun ber vitni. Eins og áður hefur komið fram þekki ég grunnskólana í Mosfellsbæ af eigin reynslu þar sem ég á fjögur barnabörn sem eru að nálgast grunnskólaaldur hraðbyri. Þannig að ég styð þetta mjög heilt.

[12:27]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka mjög góðar undirtektir hv. þingmanna sem hér hafa tekið til máls varðandi þessa tillögu um stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Ég heyri á máli hv. þingmanna að þeim er eins og mér þannig innan brjósts að þetta sé eitt brýnasta mál fyrir íbúana í þessu byggðarlagi.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að félag Vinstri grænna í Mosfellsbæ ályktaði einmitt um þetta núna um áramótin og í blaði sem félagið gaf út um jólaleytið var ítarleg umfjöllun um þörf á framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Við heyrðum hér hjá hv. þingmönnum að íbúum fjölgar enn örar en hér er getið. Ég tók þessar tölur, að það væru um 7.000 manns, upp úr hagtölum síðasta haust og upp úr áætlunum bæjarfélagsins um fjölgun íbúa. Ég er alveg sammála því sem hér hefur komið fram að þar sé mjög varlega áætlað og líklega verður fjölgunin enn meiri og því enn brýnna að taka á framhaldsskólamálum þessa samfélags.

Að sjálfsögðu gerist þetta í áföngum. Þeir nemendur sem eru í öðrum skólum fara náttúrlega með eðlilegum hætti í gegnum sitt nám og ljúka því eins og þeir óska og áfram er það frjálst val hjá nemendum að sækja aðra skóla á höfuðborgarsvæðinu eftir því sem þeir óska. Til að forðast misskilning er því aldrei miðstýrt með neinum hætti. En framhaldsskóli er ein af grunnstoðum hvers fjölskylduvæns samfélags. Í kringum hann byggist félagsstarf, tómstundastarf og svo marghátttað starf sem er mikilvægt til að styrkja fjölskylduböndin og innviði samfélagsins. Herra forseti. Það er svo sannarlega kominn tími á að á þessum málum verði tekið í Mosfellsbæ. Ég treysti Vinstri grænum í Mos-

fellsbæ til að bera þetta mál öflugt fram eins og þeir hafa nú þegar gert.

Að lokinni umræðu hér óska ég eftir að tillögunni verði vísað til hv. menntamálanefndar og málið fái þar mjög skjóta og öfluga afgreiðslu. Í ljósi umræðna hér á þingi og orða þeirra ræðumanna, hv. þingmanna, sem hér hafa tekið til máls ætti að vera einboðið að þetta mál fengi skjóta og góða afgreiðslu, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. ÁÓÁ o.fl., 209. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 209.

[12:31]

Flm. (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Frumvarp þetta lýtur að því að afnema fyrningarfrest í kynferðisafbrotum gegn börnum.

Frumvarpið var fyrst lagt fram á Alþingi á 130. löggjafarþingi en þá varð það ekki útrætt. Það var síðan lagt fram að nýju á síðasta þingi og þá hlaut frumvarpið afgreiðslu í allsherjarnefnd þvert á vilja sjálfstæðismanna í nefndinni en hún klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Þrátt fyrir að allsherjarnefnd hefði afgreitt þetta mál frá sér hlaut það ekki afgreiðslu í þingsal, sem að mínu mati telst vera mjög ámælisvert og það skrifast eingöngu á þáverandi forseta Alþingis, Halldór Blöndal, sem ákvað að setja málið ekki á dagskrá þrátt fyrir að allsherjarnefnd hefði afgreitt málið. Þingheimur hefur því ekki enn fengið tækifæri til að greiða atkvæði um frumvarpið. En ég vona að það geti orðið núna í ár.

Fjöldi umsagna hefur borist um málið og eru langflestar jákvæðar. Umboðsmaður barna hefur m.a. lýst yfir stuðningi við frumvarpið í umsögn sinni. Hann hefur lengi hvatt Alþingi til að afnema fyrningarfresti vegna kynferðisafbrota gegn börnum. Kom sú hvatning fyrst fram í skýrslu hans frá 1997. Í frumvarpinu er því farið eftir tilmælum umboðsmanns barna. Barnaverndarstofa styður frumvarpið eindregið og barnaverndarnefnd Reykjavíkur, stjórn Barnaheilla, samtök um Kvennaathvarf, Femínistafélag og Mannréttindaskrifstofa Íslands telja að þetta frumvarp eigi að samþykkja. Átakshópurinn Blátt áfram er verkefni unnið í samvinnu við Ungmennafélag Íslands og felst í að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi, hefur staðið fyrir áskorun á heimasíðu sinni, www.blattafram.is, þar sem fólk er hvatt til að senda áskoranir til þingheims um að samþykkja frumvarpið.

Skemmst er frá því að segja að um 16 þúsund manns hafa skrifað undir slíka áskorun og hafa þessar undirskriftir verið afhentar allsherjarnefnd. Ungliðahreyfingar allra stjórnmálaflokka ályktuðu einnig til stuðnings frumvarpinu. Þing unga fólksins með þátttöku fólks úr öllum stjórnmálaflokkum hefur ályktað sömuleiðis um að fara bæri þessa leið. Það er því ljóst að frumvarpið nýtur víðtæks stuðnings, jafnt á meðal fagaðila og stjórnmálahreyfinga sem almennings.

Kynferðisafbrot gegn börnum eru í eðli sínu ólík öðrum ofbeldisbrotum og er nauðsynlegt að viðurkenna sérstöðu þeirra. Sakir þeirrar sérstöðu vilja flutningsmenn frumvarps þessa afnema fyrningarfrest brota samkvæmt 194.–202. gr. almennra hegningarlaga. Þetta lýtur að því að afnema brot sem eru framin gegn einstaklingum sem eru yngri en 14 ára.

Aðstöðumunur geranda og þolanda er eðli máls samkvæmt gríðarlegur. Brotaþoli er hvorki í aðstöðu til að skynja að um lögbrot sé að ræða né þekkir hann leiðir til að losna undan oki gerandans. Þolandinn áttar sig e.t.v. ekki fyrr en mörgum árum síðar á að brotið hafi verið gegn honum eða bælir minninguna um ofbeldið í langan tíma og telur sig jafnvel sjálfan bera sök. Þess vegna geta liðið mörg ár og jafnvel áratugir þar til kæra er lögð fram í slíkum málum. Gerandi á ekki að hagnast á þeim mikla aðstöðumun sem er á honum og brotaþola, sem er barn.

Oft koma þessi brot ekki fram í dagsljósið fyrr en mörgum árum eftir að þau voru framin og jafnvel ekki fyrr en brotaþolar hafa náð fullorðinsaldri. Þetta á ekki síst við þegar gerandi er í fjölskyldutengslum við brotaþola.

Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2004 líður oft mjög langur tími frá því að brot gegn barni er framið þar til brotaþolinn er reiðubúinn að ræða málið og leita sér aðstoðar. Um 50% þeirra sem leituðu til Stígamóta höfðu orðið fyrir kynferðisbroti á aldrinum 0–10 ára en tæplega 63% á aldrinum 0–15 ára. Sé hins vegar litið á hvenær fólk leitar sér aðstoðar hjá Stígamótum kemur í ljós að rúmlega 40% eru 30 ára eða eldri. Samkvæmt núverandi fyrningarreglum eru öll kynferðisafbrot gegn barni sem er 14 ára eða yngra fyrnd þegar viðkomandi fórnarlamb hefur náð 29 ára aldri.

Um 47% þeirra sem leita til Stígamóta eru á aldursbilinu 19–29 ára en sé um kynferðisbrot gegn barni að ræða eru sum slík brot fyrnd þá þegar þar sem fyrningarfrestir vegna þeirra eru frá 5 árum til 15 ára og byrjar fresturinn að líða á 14 ára afmæli brotaþolans. Ljóst er því að fyrningarfrestir eru of skammir fyrir stóran hóp brotaþola. Dómar þar sem menn hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisbrot gegn börnum jafnvel þótt sekt hafi verið sönnuð staðfesta þetta. Dómstóllinn kemst sem sagt að þeirri niðurstöðu að viðkomandi er sekur en sýknar viðkomandi vegna fyrningar. Það er gert í þessari röð. Það er óásættanlegt að mínu mati.

Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta bárust einungis 6% af þeim málum sem komu til kasta Stígamóta til opinberra aðila. Í skýrslunni er tekið fram að gildandi fyrningarreglur séu ein af ástæðunum fyrir því að svo fá mál komast til umfjöllunar opinberra aðila.

Flutningsmenn telja einnig rétt að afnema fyrningu í öllum kynferðisbrotum gegn börnum sakir þess að hér er um sérlega viðkvæman hóp brotaþola að ræða. Ekki er talið rétt að gera greinarmun á kynferðisafbrotum gegn börnum eftir verknaðaraðferð þegar kemur að fyrningarreglum. Kynferðisbrot gegn börnum eru í öllum tilvikum alvarleg og fela í sér gróft brot á þeim verndarhagsmunum sem um ræðir.

Sömuleiðis hefur dómaframkvæmd leitt í ljós að gróf kynferðisafbrot gegn barni geta átt við þau ákvæði almennra hegningarlaga sem lögð er vægari refsing. Þá á ég t.d. við ákvæði um kynferðislega áreitni. Breyting á ákvæðum hegningarlaganna frá 1991 fjallaði um kynferðislega

áreitni sem ekki telst slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt, þ.e. „önnur kynferðismök". Við höfum því samræði og önnur kynferðismök, síðan höfum við kynferðislega áreitni.

Hugtakið önnur kynferðismök ber að skýra fremur þannig að átt sé við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju er kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt. Þar er átt við athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu. Með kynferðislegri áreitni er hins vegar átt við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga.

Í greinargerð með frumvarpinu frá 1991 segir að rétt þyki að veita slíkri háttsemi, þ.e. kynferðislegri áreitni, meiri athygli en áður með því sérákvæði sem þá var sett og taka harðar á brotum sem snerta kynferðislega áreitni. Vilji löggjafans stóð því til að minnka þann greinarmun sem gerður er á samræði annars vegar og hins vegar kynferðislegri áreitni gegn barni.

Ef kynferðisathafnir falla ekki undir neina af framangreindum verknaðarlýsingum, þ.e. samræði, önnur kynferðismök eða aðra kynferðislega áreitni, kann 209. gr. að eiga við um þær, þ.e. brot gegn blygðunarsemi. Frumvarp þetta tekur ekki til 209. gr. almennra hegningarlaga, tekur ekki á ákvæði sem er um brot á blygðunarsemi.

Af skýringum í greinargerð sem fylgdi ákvæði um blygðunarsemi má gera ráð fyrir að undir ákvæði 209 gr. laganna falli háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð, og klúrt orðbragð í síma, eins og þar stóð. En með samþykkt þessa frumvarps mundu slík brot eftir sem áður fyrnast.

Flutningsmenn telja að kynferðisafbrot þar sem gerandi snertir barn með kynferðislegum hætti eða ljósmyndar það í kynferðislegum tilgangi, sbr. 200.–202. gr., skuli eftir sem áður aðgreinast frá þeirri háttsemi sem fellur undir ákvæði 209. gr. sem er um brot á blygðunarsemi með tilliti til fyrningar.

Af dómum má ráða að mörkin milli annarra kynferðismaka og kynferðislegrar áreitni séu oft óljós og verður engan veginn ætlað að á þessum brotum sé slíkur grundvallarmunur að réttlætanlegt sé að gera þar greinarmun með tilliti til fyrningar. Þannig hafa mismunandi dómar fallið í málum þar sem gerandi hefur gerst sekur um að sleikja kynfæri stúlkubarna. Sú háttsemi að sleikja kynfæri stúlkubarns utanverð hefur verið talin til kynferðislegrar áreitni en sú háttsemi að sleikja innanverð kynfæri stúlku hins vegar talin til annarra kynferðismaka. Kynferðisleg áreitni getur því átt við mjög alvarlega glæpi gagnvart börnum. Flutningsmenn frumvarps þessa telja að afar óeðlilegt sé að aðskilja þessi brot með tilliti til fyrningar. Það er mismunandi refsing við þessum brotum en við teljum að það eigi ekki að gera greinarmun með tilliti til fyrningar þegar kemur að kynferðislegri áreitni sem getur verið mjög alvarleg, eins og fram hefur komið, og síðan kynferðismök.

Ljóst er því að afar erfitt er að setja skýr mörk milli svokallaðra vægra kynferðisafbrota annars vegar og grófra hins vegar. Reyndin er sú að kynferðisafbrot gegn börnum brjóta gegn sömu verndarhagsmunum, þ.e. bæði kynferðislega áreitnin og kynferðismökin, og eru líkleg til að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þolanda, hvort sem um samræði, önnur kynferðismök eða kynferðislega áreitni er að ræða. Í öllum tilvikum snertir hinn brotlegi barn á kynferðislegan hátt. Í öllum tilvikum eru líkur á að brotaþoli leiti aðstoðar seint og um það snýst þessi sérstaða. Þolandinn sem hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni leitar því aðstoðar seint. Þess vegna eiga þau brot einnig að vera án fyrningar að okkar mati.

Mig langar að vitna í það sem Thelma Ásdísardóttir sagði í Morgunblaðinu ekki alls fyrir löngu. Með leyfi forseta, sagði Thelma Ásdísardóttir, sem allir hér inni þekkja:

„Afleiðingarnar af káfi geta verið þær sömu og ég barðist við þegar ég kom fyrst inn í Stígamót. Ofbeldi er ekki mælt í magni. Það er nóg að brjóta spegil bara einu sinni og hann verður aldrei heill."

Breytingartillögur meiri hlutans á síðasta þingi og það frumvarp sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur núna kynnt um að láta fyrningarfrestinn byrja við 18 ára aldur í stað 14 ára aldurs lengir aðeins fyrningarfrestinn um fjögur ár. Það er allt og sumt. Verði slík tillaga samþykkt munu því öll kynferðisafbrot gegn börnum vera fyrnd þegar þolandinn er orðinn 33 ára og sum þeirra brota munu fyrnast fyrr eins og þau brot sem lúta að kynferðislegri áreitni.

Það er því ljóst að frumvarp ríkisstjórnarinnar mun ekki mæta þörfum stórs hóps þolenda. Enn munu margir þolendur ekki geta leitað réttar síns fyrir dómstólum sakir þess að brotin verða fyrnd. Munum að 40% þeirra sem leita til Stígamóta eru 30 ára og eldri. Eftir sem áður munu dómstólar því sýkna gerendur í kynferðisbrotamálum gegn börnum, jafnvel þótt sekt þeirra sé talin sönnuð og sú hætta er óásættanleg að mínu mati. Þess vegna teljum við að frumvarp hæstv. ráðherra vinni ekki gegn þeim aðstöðumun sem er á þolanda og geranda kynferðisafbrota. Tillögurnar munu því ekki ná markmiði frumvarpsins sem er að auka refsivernd barna sem verða fyrir kynferðisafbrotum því þau munu áfram fyrnast og í grófum dráttum má segja að einungis sé verið að lengja fyrningarfrest um fjögur ár. Auðvitað fögnum við þeirri lengingu í sjálfu sér en hún bara mætir ekki þörfum þessa stóra hóps. Hún viðurkennir ekki sérstöðuna sem er að baki þessara brota. Um það snýst málið. Þetta er hagsmunamat eins og ég kem síðar að.

Í núverandi refsilöggjöf fer lengd fyrningarfrests eftir lengd hámarksrefsingar sem lögð er við viðkomandi broti. Eins og ég hef sagt áður fyrnast kynferðisafbrot gegn börnum frá 5 árum til 15 ára.

En það eru til afbrot sem eru ófyrnanleg. Það eru brot sem eru landráð, brot gegn stjórnskipan ríkisins, brot gegn æðstu stjórnvöldum þess, hryðjuverk, manndráp, mannrán og ítrekuð rán. Þetta eru afbrot í íslenskri löggjöf sem fyrnast aldrei. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að löggjafinn hefur nú þegar tekið þá pólitísku ákvörðun að hafa sum afbrot ófyrnanleg. Þess vegna felst ekki í frumvarpinu einhvers konar frávik í refsiréttinum eða brot á meginreglum hans eða eitthvað slíkt. Við höfum ófyrnanleg brot nú þegar svo sem ítrekuð rán. Við viljum einfaldlega að kynferðisafbrot gagnvart börnum verði þarna einnig undir.

Það er líka fróðlegt að rifja upp að fram á níunda áratuginn voru mjög mörg brot í íslenskri löggjöf ófyrnanleg og

mörg þeirra voru með lága hámarksrefsingu, voru sem sagt ekki með ævilangt fangelsi. Það er því bara pólitísk ákvörðun, refsipólitísk ákvörðun hvaða leið við förum í þessu.

Margs konar röksemdir eru fyrir reglum um fyrningu, svo sem hagkvæmis- og sanngirnisrök. Auk þess liggur í hlutarins eðli að erfiðara verður að sanna brot eftir því sem lengri tími líður frá því það var framið. Það getur hins vegar ekki talist sjálfstæð röksemd gegn afnámi fyrningarfrests vegna kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri að erfiðara verður að sanna það eftir sem lengri tími líður. Sönnun í slíkum málum hefur hingað til alltaf verið erfið og hún verður erfið áfram þrátt fyrir afnám fyrningarfrestsins. Sönnun í svona málum er oft flókin. En það kemur ekki í veg fyrir að við setjum lög til að bregðast við þessum brotum. Sönnunarbyrðin verður að sjálfsögðu eftir sem áður á ábyrgð hins opinbera ákæruvalds, samanber lög um meðferð opinberra mála. Ákæruvaldið mun meta hvort það sem fram er komið sé nægjanlegt eða líklegt til sakfellis, samanber 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Hins vegar má auðvitað telja að vitneskja um að sönnun verði erfiðari eftir sem lengri tími líður muni hvetja brotaþola til að leita úrræða sem fyrst en dragi það ekki í óþarflega langan tíma, en sérstaða þessara brota er að fólk leitar sér aðstoðar svo seint af ýmsum ástæðum eins og hér hefur verið rakið. Það verður einnig að teljast vera afar hæpin röksemd gegn afnámi fyrningarfrests að slíkir frestir virki sem aðhald fyrir rannsóknaraðila og ákæruvaldi um hröð vinnubrögð. Það hefur heyrst m.a. frá fræðimönnum að fyrningarfrestir virki sem aðhald. Ég vísa þessu algerlega á bug. Ég tel að barn undir 14 ára aldri eigi ekki að líða fyrir slíkt markmið. Sömuleiðis má ekki gleyma því að nú þegar er lagalegur áskilnaður um málshraða á rannsóknaraðilum og ákæruvaldinu. Rannsóknaraðilum og ákæruvaldi ber að hraða rannsókn máls eins og kostur er. Fyrningarreglur hafa enga þýðingu í því sambandi. Þessi áskilnaður er nú þegar til staðar.

Það er einnig fráleitt að telja að löggæsluaðilar muni ekki sinna þessum brotum af sama krafti og þeim er ætlað verði þau ófyrnanleg. Þetta hefur einnig heyrst í umræðunni, þ.e. að lögreglan muni slugsa við þessi mál þar sem þeir hafi bara nægan tíma. Eins og áður hefur verið nefnt eru mörg afbrot í íslenskum rétti ófyrnanleg, svo sem manndráp, og það er ekki hægt að benda á að löggæsluaðilar sinni þeim málum verr vegna fyrningarreglna þeirra. Lögreglan tekur mjög alvarlega manndráp, ítrekuð rán, hryðjuverk, brot gegn stjórnskipun ríkisins o.s.frv. Þessi brot hafa enga fyrningarfresti. Þeir eru ekki að slóra við rannsókn þessara mála vegna þess að það eru engir fyrningarfrestir. Sama á við í þessum málum. Að sjálfsögðu lítur lögreglan á kynferðisafbrot gegn börnum alvarlegum augum. Þetta er sömuleiðis alveg fráleit röksemd gegn samþykkt þessa frumvarps.

Víða í löggjöfinni er tekið tillit til sérstöðu barna og það gerum við flutningsmenn þessa frumvarps í þessu tilviki. Alls staðar á Norðurlöndum, nema í Finnlandi, hafa verið teknar upp sérreglur er varða fyrningu kynferðisafbrota gegn börnum. Því yrði jafnvægi eða meginreglum almennra hegningarlaga ekki raskað með nokkru móti með samþykkt þessa frumvarps. Við höfum margs konar lagaákvæði sem taka sérstaklega á börnum. Það er viðurkennt að við viljum hafa slíkt. Það er nú þegar viðurkennt með þeirri reglu að fyrningarfrestir líði frá 14 ára aldri þolandans. Það er viðurkennt að það er tekið tillit til barna með hliðsjón af fyrningu. Við viljum hins vegar ganga lengra í ljósi þeirrar tölfræði, í ljósi þeirra dóma og í ljósi þeirrar sérstöðu sem þessir glæpir hafa.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja að taka verði aukið tillit til barna sem þolenda kynferðisbrota svo að unnt sé að tryggja börnum tilhlýðilega refsivernd að þessu leyti. Þetta er m.a. skylda gagnvart barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við þurfum og eigum að tryggja börnum tilhlýðilega refsivernd. Ég tel hana ekki fullnægjandi á meðan kynferðisafbrot fyrnast. Í ljósi allrar þeirra þekkingar sem við höfum á þessum brotum og þeirri stöðu og þeim raunveruleika sem er á bak við þolandann teljum við einfaldlega að sérstaða kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri og hagsmunir þeirra vegi þyngra en þau hagkvæmis- og sanngirnisrök sem búa almennt séð að baki reglum um fyrningarfrest. Þetta er bara hagsmunamat. Það eru ákveðin rök fyrningu. Sömuleiðis hafa menn hagsmuni að því hafa enga fyrningu í kynferðisafbrotum gegn börnum og það bara vegur einfaldlega þyngra. Við getum alveg farið þá leið. Ég tel að við eigum að fara þá leið.

Það er einfaldlega, að mínu mati, rangt í eðli sínu að kynferðisafbrot gegn börnum geti fyrnst. Mér finnst líka rangt að manndráp geti fyrnst. Vegna eðlis og sérstöðu þessara brota verður því að telja að með fyrningarfresti í þessum málum sé börnum einfaldlega ekki tryggð nægileg réttarvernd og réttlæti samkvæmt lögum.

Ég vona að þingheimur fái tækifæri til að greiða atkvæði um þetta mál þannig að það sofni ekki í nefnd eins og það gerði fyrst, hvað þá að nefndin afgreiði þetta frá sér þannig að það verði afgreitt í þingsal sem er mjög óvanalegt af hálfu þingsins, þ.e. að afgreiða þingmannafrumvörp. En mér finnst mikilvægt að þingheimur fái tækifæri til að taka afstöðu til málsins, geri það ekki eingöngu á nefndarfundum eða í fjölmiðlum. Við viljum fá það á hreint í atkvæðagreiðslu hvort meiri hluti sé fyrir að fara þessa leið, taka umræðuna í þingsal því komið hefur verið í veg fyrir það í tvö skipti. Einu sinni sofnaði málið í nefnd. Í seinna skiptið ákvað þáverandi forseti, Halldór Blöndal, að setja málið einfaldlega ekki á dagskrá á síðustu dögum þingsins þrátt fyrir að allsherjarnefnd hefði afgreitt málið. Það er augljóst að undanfarin tvö ár hafa sjálfstæðismenn ekki viljað fá þetta mál til afgreiðslu. En ég vona núna að þeir taki það til afgreiðslu, afgreiði það frá hv. allsherjarnefndinni þannig að við tökum þessa umræðu. Vonandi verður þá hægt að ræða þetta í samanburði einmitt við frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra sem að mínu mati gengur bara einfaldlega of skammt. Því það frumvarp lengir eingöngu fyrningarfrestinn um fjögur ár. Það er ekki ásættanlegt að mínu mati. Þetta snýst um hagsmunamat. Þetta snýst um refsipólitík. Þetta snýst um að veita börnum þessa lands þá réttarvernd sem er sanngjörn samkvæmt eðli máls.

[12:52]

Valdimar L. Friðriksson:

Herra forseti. Við erum að ræða hér frumvarp til laga

um breytingu á almennum hegningarlögum varðandi fyrningarfrest á kynferðisafbrotum. Við erum sem sagt að ræða hér um morð, sálarmorð. Ég vil taka undir allt það sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson sagði í flutningsræðu. Það er rétt að Samfylkingin og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hafa lagt þetta fram áður, en af einhverjum ótrúlegum ástæðum hefur málið verið svæft eins og hv. frummælandi kom vel inn á. Hvers vegna, veit ekki sá er hér stendur, enda nýr í bransanum. En kannski er það vegna þess að það er Samfylkingin sem leggur frumvarpið fram. Eins og sjá má núna er ekki einn einasti stjórnarliði mættur í þingsal til að ræða þetta mjög svo mikilvæga mál. Ég velti því fyrir mér hvers vegna stjórnarmeirihlutinn sé á móti því að afnema fyrningarfrest í kynferðisafbrotamálum. Það hefur ekki komið fram. Hér var farið yfir þau rök sem reynt var að toga inn í málið á síðasta þingi.

Eins og gildandi fyrningarfrestsreglur eru núna koma fá mál til dóms. Ég velti fyrir mér hvort stjórnarmeirihlutinn hreinlega trúi því ekki að þetta vandamál sé til í þjóðfélaginu, hvort meiri hlutinn ætli sér hreinlega að afneita því að kynferðisafbrot séu til í þjóðfélaginu. Vegna áhrifa brotsins á sálarlífið, vegna þess að þetta er hreint sálarmorð, þá leita þolendur sér seint aðstoðar og þá helst hjá Stígamótum og jafnvel enn seinna til dómstóla. Brot eins og mannrán fyrnast ekki. Brot eins og morð fyrnast ekki. En hvað með sálarmorðin? Hvers vegna fyrnast þau? Kynferðisofbeldi gagnvart börnum er ekkert annað en sálarmorð.

Herra forseti. Þar sem ég efast um að meiri hlutinn annars vegar trúi og hins vegar skilji að þetta fyrirbrigði, þessi mikla skömm sé til í þjóðfélaginu þá ætla ég að leyfa mér að vitna í manneskju sem hv. frummælandi Ágúst Ólafur Ágústsson vitnaði til áðan. Ég er að tala um sögu Thelmu Ásdísardóttur sem varð fyrir miklu kynferðisofbeldi af hálfu föður síns og félaga hans. Ég ætla að fá að lesa aðeins upp úr þessari bók í þeim tilgangi að reyna að koma hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í skilning um að þetta sé til og hvað fólk sem lendir í kynferðisofbeldi á við að eiga. Við erum þar komin sögu að Thelma Ásdísardóttir fer til Stígamóta að leita sér hjálpar og hér segir, með leyfi forseta:

„Það sem sló mig hvað mest í hópavinnunni var hversu oft nöfn sömu mannanna bar á góma. Sumir þeirra höfðu skilið eftir sig langa slóð ofbeldisverka en enginn hafði hlotið dóm fyrir glæpina sem þeir höfðu gerst sekir um því þegar konurnar höfðu loksins öðlast nægan styrk til að geta hugsað sér að kæra voru glæpirnir löngu fyrndir. Ár eftir ár hittast hópar kvenna til að endurheimta sjálfsmyndina og stappa stálinu hver í aðra á meðan ofbeldismenn þeirra leika lausum hala. Þeir koma hnarreistir til vinnu hvern morgun, spila stundum innanhúsfótbolta í hádeginu og koma við í fiskbúð á leiðinni heim. Þetta virðast heilbrigðir menn en þegar enginn sér til níðast þeir á litlum börnum. Stundum virðist dómskerfið hafa verið sniðið fyrir þá en ekki fórnarlömbin. Pabbi minn hafði að minnsta kosti sloppið ótrúlega vel undan armi laganna."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Það verður líka alltaf erfitt að ætlast til sanngjarnra dóma yfir glæpum sem eru svo voðalegir að enginn trúir því að nokkur maður geti framið þá."

Hæstv. forseti. Ég held að þessi orð séu akkúrat kjarni málsins. Menn trúa því hreinlega ekki að þetta sé til og hins vegar er svo að þessi sálarmorð, þessi andlegu morð, fyrnast áður en þolandinn skynjar að hann eða hún hafi ekkert brotið af sér sjálf heldur að brotið hafi verið á þeim. Það þarf að vinna sig út úr því og síðan þarf að draga í sig kjark til að reyna að fá níðinginn dæmdan. Í þessari bók kemur skýrt fram, í þessari sönnu sögu, að því miður ganga barnaníðingar lausir vegna fyrningarfrests í lögunum og þegar þolandinn loksins dregur í sig kjark og þor til að segja frá eða að reyna að fá dæmt þá er kynferðisglæpamaðurinn þegar búinn að leggjast á næstu kynslóð.

Ég trúi því og treysti, herra forseti, að stjórnarmeirihlutinn taki alvarlegar á þessu máli heldur en hingað til og sameinist með Samfylkingunni í að samþykkja þetta frumvarp.

[12:59]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Nú er rætt frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Ég fagna þessu frumvarpi sérstaklega. Ég hef í sjálfu sér litlu við góða greinargerð hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar að bæta. Ég tel mjög aðkallandi og bráðnauðsynlegt að samþykkja þetta frumvarp og þó fyrr hefði verið.

[12:59]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Það snýst um að afnema fyrningarfrest í málum er varða kynferðisafbrot gegn börnum. Ég tek auðvitað heils hugar undir frumvarpið og þakka hv. flutningsmanni Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir að koma með þetta mál í sali Alþingis. Þegar maður les yfir greinargerðina og sér að öll þessi samtök, Samtök um kvennaathvarf, Femínistafélagið, Mannréttindaskrifstofa Íslands, átakshópurinn Blátt áfram, Barnaverndarstofa, umboðsmaður barna og barnaverndarnefnd Reykjavíkur, svo einhver séu nefnd, taka heils hugar undir þetta og hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt þá verður maður að lýsa yfir furðu sinni á því að meiri hluti allsherjarnefndar hafi ekki tekið jákvætt í þetta, þ.e. að þetta verði bara samþykkt óbreytt. Auðvitað er hæstv. dómsmálaráðherra að stíga stórt skref með því að lengja fyrningarfrestinn. En það er alvarlegt mál að hann sé ekki alveg felldur niður. Ég vona að þetta frumvarp fái skjóta afgreiðslu í þinginu.

[13:01]

Flm. (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni fyrir stuðning við þetta frumvarp. Ég held að í umræðunni hafi það sýnt sig að menn vilja a.m.k. fá tækifæri til að taka þetta frumvarp til umræðu í þingsal og láta það ekki sofna, hvorki í allsherjarnefnd né í meðförum forseta Alþingis.

Ég gerði að mínu mati tæmandi grein fyrir málinu áðan. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en tek fram að hér er á ferðinni einfalt hagsmunamat, milli almennra röksemda með fyrningu og hins vegar hagsmuna á bak við þolendur í

þessum brotaflokki. Sérstaðan í þessum brotaflokki blasir við öllum, tölfræðin og dómarnir sýna það. Opinber skjöl sýna að einstaklingar sem verða fyrir kynferðisafbrotum á barnsaldri leita sér aðstoðar seint. Þess vegna er hætta á að þau brot fyrnist í meiri mæli en í öðrum afbrotum. Þetta frumvarp tekur á því, þeim aðstöðumun sem gerandinn hefur gagnvart barninu. Það er bara óásættanlegt að gerandinn hagnist á þeim aðstöðumun. Hann gerir það í krafti fyrningarreglna og mýmargir hafa bent á þá staðreynd að þegar þeir hafi loks leitað sér hjálpar eftir kynferðisofbeldi hafi það verið of seint því að kerfið er svona uppbyggt. Það eru sömuleiðis engin lagatæknileg rök gegn samþykkt þessa frumvarps. Nú þegar eru til ófyrnanleg brot. Víðs vegar í löggjöfinni er tekið tillit til sérstöðu barna og framan af öldinni voru mörg afbrot ófyrnanleg. Eins og ég sagði eru enn til ófyrnanleg afbrot.

Ég vona að þingheimur taki frumvarpi fagnandi. Við sáum í gærkvöldi að allar þingkonurnar tóku þátt í uppsetningu á Píkusögum. Það var afskaplega góð sýning sem m.a. minnti á baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi. Ég tel að þetta frumvarp sé liður í baráttu gegn kynbundnu ofbeldi. Ég vona að þær þingkonur, a.m.k. þær sem tóku þátt í þeirri uppfærslu, muni skoða málið alvarlega og vonandi styðja það í ljósi þeirra hagsmuna og þeirra staðreynda sem liggja hér að baki.

Ég vil að lokum hvetja hv. þingkonur sem tóku einmitt þátt í uppsetningunni til að endurskoða okkar hug í þessum málaflokki. Það kemur oft spánskt fyrir sjónir að ákveðin tregða skuli vera hjá ríkisstjórnarflokkunum gagnvart málum á þessu sviði. Mér fyndist að mál sem þetta ætti að vera þverpólitískt mál, mál sem allir ættu að vera sammála um. Að sjálfsögðu vill enginn vernda barnaníðinga eða auðvelda kynferðisofbeldi gegn börnum en við höfum ákveðin úrræði sem löggjafi, m.a. að afnema fyrningarfrest, setja sérstakt ákvæði um heimilisofbeldi eins og ég hef lagt hér fram í sér þingmáli. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur lagt til að við förum svokallaða austurríska leið, sem felst í að fjarlægja gerandann í heimilisofbeldi af heimilinu en ekki þolandann.

Hér hefur verið bent á þörf á meðferð fyrir gerendur í svona málum og umræðuna um vændislöggjöfina mætti t.d. nefna þar sem grundvallarmunur er á afstöðu Sjálfstæðisflokksins og flestra annarra flokka. Það er skrýtið að vinna í þessum málum og alltaf mæta þessari tregðu, hiki við að gera skynsamlegar breytingar í þessum málflokki. Hér eru miklir hagsmunir í húfi og ákveðin atriði í samfélagi okkar sem við viljum vinna gegn öll saman. Við höfum ákveðnar leiðir til þess, m.a. að setja lög í þá átt sem hér er mælt með. Af hverju tökum við ekki einfaldlega höndum saman um að laga þetta í eitt skipti fyrir öll því að hluti lausnanna blasir við? Að sjálfsögðu er þetta flókinn vandi. Að sjálfsögðu verður þessi vandi ekki eingöngu leystur með löggjöf. En við erum löggjafinn og höfum úrræði til að bregðast við. Við eigum að nota þetta úrræði til að bregðast við kynferðisafbrotum gegn börnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:06]

Þróunarsamvinna og þróunarhjálp.

Beiðni GÖg o.fl. um skýrslu, 564. mál. — Þskj. 818.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Beiðni leyfð til utanríkisráðherra með 33 shlj. atkv.

Láglaunahópar og hlutur þeirra í tekjuskiptingunni, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 70. mál. — Þskj. 70.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Siglingastofnun Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 375. mál (fulltrúi skemmtibátaeigenda í siglingaráði). — Þskj. 431.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HlH, ISG, JÁ, JKÓ, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, PBj, PHB, SAÞ, SKK, SF, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
29 þm. (ÁMagn, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EOK, EMS, GHH, HBl, ÍGP, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, LMR, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 849).

Heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frh. 3. umr.

Stjfrv., 378. mál. — Þskj. 434.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HlH, ISG, JÁ, JKÓ, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, PBj, PHB, SAÞ, SKK, SF, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
29 þm. (ÁMagn, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EOK, EMS, GHH, HBl, ÍGP, JóhS, JBjarn, JG-

unn, JónK, JBjart, LMR, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 850).

Hafnalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 380. mál (frestun framkvæmda o.fl.). — Þskj. 436.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HlH, ISG, JÁ, JKÓ, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, PBj, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

29 þm. (ÁMagn, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EOK, EMS, GHH, HBl, HHj, ÍGP, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, LMR, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 851).

Rannsókn sjóslysa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 412. mál (forstöðumaður, aðgangur að gögnum). — Þskj. 828.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HlH, ISG, JÁ, JKÓ, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PBj, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

27 þm. (ÁMagn, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EOK, EMS, GHH, HBl, ÍGP, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, LMR, LB, MÁ, SigurjÞ, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 852).

Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjarn og KolH, 176. mál. — Þskj. 176.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÁÓÁ o.fl., 209. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar.

[13:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í gær varð þjóðin vitni að því þegar forstjórar Alcoa-álhringsins lýstu því yfir hvar þeir áformuðu að reisa álver á Íslandi. Húsavík hefði orðið fyrir valinu. Þetta gerðu þeir í viðurvist Valgerðar Sverrisdóttur, hæstv. iðnaðarráðherra, sem komin var til New York að boði Alcoa að taka við boðskap þeirra, ásamt íslenskum sveitarstjórnarmönnum. Að sögn Valgerðar hafði forstjóri Alcoa aldrei kynnst öðrum eins vinnubrögðum — það er örugglega rétt. Að erlendum fyrirtækjum skuli sett algert sjálfdæmi um stór og afdrifarík mál af þessu tagi sem hafa gríðarleg áhrif, ekki bara á viðkomandi svæði heldur á náttúru og efnahag landsins alls er örugglega sérískenskt fyrirbæri bundið við ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Athöfnin ytra var dapurleg en táknræn um leið fyrir niðurlægingu lands og þjóðar á grundvelli stefnu ríkisstjórnarinnar.

Í yfirlýsingu Alcoa frá í gær segir, með leyfi forseta:

„Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagði á fréttamannafundi í New York að staðarvalið væri mikilvægur áfangi í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.“

Það er nefnilega það. Er það sem sagt áframhaldandi óbreytt stefna ríkisstjórnarinnar að hér skuli byggja öll þau álver sem hægt er að lokka erlenda auðhringa til að reisa hvað sem það kostar annað atvinnulíf og þó að efnahagslegum stöðugleika sé þar með stefnt í enn meiri voða en ella?

Nú er það svo að mjög misvísandi skilaboð eru tekin að berast frá ríkisstjórninni. Í ræðu Geirs H. Haardes, hæstv. utanríkisráðherra, um daginn, „þá og því aðeins ræðunni“, var hver varnaglinn sleginn á fætur öðrum. Hæstv. umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, sagði í framhaldi af samkomulagi Landsvirkjunar og Alcan á dögunum, um að hefja viðræður um orkusölu til stækkunar álversins í Straumsvík, að ekki væri pláss fyrir meira en eitt álver í viðbót innan ramma Kyoto-skuldbindinganna. Hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, sagði að vísu norður í landi nokkrum dögum síðar að ekkert væri að marka umhverfisráðherrann og orð hennar.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, hrúgar líka upp fyrirvörum. Í grein sem hann birtir á heimasíðu sinni í gær ítrekar þessi ráðherra Sjálfstæðisflokksins varnaðarorð sín.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Svo er líka nauðsynlegt að slá varnagla. Engar þær framkvæmdir sem hafa verið í umræðunni eru ákveðnar.“

Síðar segir hann: „... það er fráleitt að tala, eins og stundum er gert, að yfir okkur sé að hellast á morgun eitthvað óskaplegt magn nýrra álversframkvæmda. Það er því rétt að menn andi nú rólega.“

Hæstv. forseti. Vissulega má með sanni segja að alltaf sé rétt að anda rólega og sýna yfirvegun. En svo rólegir í tíðinni mega menn ekki verða að þeir sýni andvaraleysi og sofandahátt. Það er staðreynd að verið er að stefna í stórfellda áframhaldandi uppbyggingu stóriðju í landinu á komandi árum. Lítum á eftirfarandi staðreyndir:

Viðræður eru að fara af stað á milli Landsvirkjunar og Alcan um stækkun, í reynd nýtt álver í Straumsvík með framleiðslu upp á hátt í 300 þús. tonn. Viljayfirlýsing gærdagsins er um 250 þús. tonna álver við Húsavík hið minnsta. Reyndar lýsti forstjóri Alcoa því strax yfir að hugur þeirra stæði til stærra álvers af Reyðarfjarðarstærðinni, sem sagt 350 þús. tonn eða þaðan af meira. Vaknar þá spurning um hvaðan öll sú orka á að koma og hvað felst í orðalaginu „gufuorka að mestu leyti“ eins og segir í yfirlýsingum frá Alcoa. Á að sækja viðbótina í Skjálfandafljót, Héraðsvötn eða hvað?

Í útvarpsfréttum í morgun staðfesti svo bæjarstjórinn í Reykjanesbæ að áform um 250 þús. tonna álver í Helguvík eru einnig á fullri ferð og þar telja menn sig ekkert þurfa við ríkisstjórnina að tala, það þurfi enga framsóknarráðherra að senda til útlanda vegna þess verkefnis. Þetta gerist við þær aðstæður að varnaðarorðum rignir yfir úr öllum áttum. Nefna má málsmetandi menn úr atvinnulífinu eins og Ágúst Guðmundsson, stjórnarformann Bakkavarar og Hörð Arnarson, forstjóra Marels. Alþjóðleg matsfyrirtæki lýsa miklum áhyggjum og hafa sum breytt mati sínu á horfum þjóðarbúsins úr stöðugum í neikvæðar, eins og kunnugt er.

Hvað gerir ríkisstjórnin við þessar aðstæður? Hún hellir meiri olíu á eldinn og afleiðingarnar láta ekki á sér standa. Bara væntingarnar um fréttir gærdagsins hækkuðu gengi krónunnar í fyrradag, lækkuðu þar með á nýjan leik tekjur sjávarútvegsins og ferðaþjónustunnar, lækkuðu kaup íslenskra sjómanna. Sjálfstæðisflokkurinn og Morgunblaðið í leiðara í dag reyna að slá á væntingar. En er það nóg? Fríar það Sjálfstæðisflokkinn af allri ábyrgð að setja slíka fyrirvara? Sá tími er liðinn að mínum dómi að Sjálfstæðisflokkurinn geti leyft sér að sitja á áhorfendabekkjunum í þessu risavaxna hagsmunamáli þjóðarinnar.

Hæstv. forseti. Spurningar mínar til hæstv. forsætisráðherra eru þessar: Hver er framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar varðandi uppbyggingu álvera hérlendis, nýrra eða stækkun þeirra? Ætlar ríkisstjórnin að hleypa þremur nýjum risavöxnum álverksmiðjum með tilheyrandi virkjunum af stað (Forseti hringir.) á næstu 3–5 árum? Ef ekki, hvernig ætlar þá ríkisstjórnin að stýra hlutunum? Hefur hún sett einhverja (Forseti hringir.) fyrirvara gagnvart þeim aðilum sem nú undirbúa málin sem hægt er að grípa til ef allir vilja nú fara af stað í einu? Og hverju svarar ríkisstjórnin þeim varnaðarorðum, innlendum sem erlendum, sem sífellt fjölgar og ganga út á að óbreytt (Forseti hringir.) sigling gangi ekki upp og hljóti að enda með ósköpum?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill áminna þingmenn um að virða takmarkaðan ræðutíma í þessum umræðum.)

[13:42]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Staðan í þessum málum er afskaplega skýr og það er ekki mikið nýtt í þeirri stöðu. Viðræður standa yfir milli aðila um hugsanlega stækkun álversins í Straumsvík. Orkuveita Reykjavíkur hefur þegar gefið vilyrði fyrir 40% af þeirri orku og ég veit ekki betur en að í stjórn þess fyrirtækis sitji m.a. fulltrúi frá flokki hv. fyrirspyrjanda, Ögmundar Jónassonar.

Síðan standa yfir viðræður við Landsvirkjun um hvort Landsvirkjun geti útvegað orku það sem á vantar. Ekki er hægt að fullyrða um það á þessu stigi hvort þeir samningar nást. Ef þeir nást er verið að ræða þar um framkvæmdir á árunum 2007–2010. Síðan liggur fyrir sá vilji að reist verði álver á Norðurlandi og ákveðið hefur verið að ganga til frekari athugana í því máli og samninga um það. Í gær kom fram að líklegt væri að það gæti gerst á árunum 2010–2012 eða 2013.

Ef þetta gengur upp hefur hvorki Landsvirkjun né Orkuveita Reykjavíkur frekari orku til að selja á því tímabili sem fram undan er. Hvaða orku Hitaveita Suðurnesja hefur til þeirra hugmynda sem uppi eru á Suðurnesjum er ekki hægt að svara á þessu stigi eða þá hvenær.

Hv. þingmaður hefur miklar áhyggjur af því að þetta hafi vond áhrif á efnahagslífið. Það er nú rétt að halda því til haga að ef af stækkun verður í Straumsvík á næsta áratug og álveri á Norðurlandi mun það skapa störf fyrir 2.000–2.500 manns. Hagvöxtur verður 5–6% meiri en annars hefði orðið og ég vænti þess að það sé jákvætt fyrir íslenskt efnahagslíf. Það liggur líka fyrir að tekjur ríkissjóðs verða á bilinu 10–15 milljörðum meiri en annars hefði orðið.

Hv. þingmaður hefur miklar áhyggjur af því hvað gerist með skuldbindingar okkar að því er varðar Kyoto. Fyrir liggur að ef af þessu verður í Straumsvík og fyrirhugaðri framkvæmd á Norðurlandi rúmast það ágætlega innan skuldbindinga okkar. Þá yrði það þannig að meðaltalslosun á umræddu tímabili yrði einhvers staðar í kringum 1.500 þús. tonn. Skuldbindingar okkar eru 1.600 þús. tonn.

Ég vil upplýsa hv. þingmann um að nú eru í byggingu í heiminum álver sem munu nota raforku frá vatnsafli og gufu með ársframleiðslu 1.100 þús. tonn, álver sem fá raforku frá jarðgasi munu framleiða 1.450 þús. tonn og þau sem fá raforku fá kolaorkuverum munu framleiða fyrir tæplega 1 milljón tonn á ári. Það vill svo til að ef byggt er álver sem drifið er með kolum er um 14–15 sinnum meiri losun að ræða en með vatnsafli, með jarðgasi átta sinnum meiri. Það liggur náttúrlega fyrir að ef ekkert verður af neinum framkvæmdum hér á landi verður einfaldlega meira reist af álverum í heiminum sem drifin verða með kolum.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum að tala um hnattræn áhrif. Að halda því fram að það sé neikvætt fyrir umhverfismál í heiminum að við Íslendingar nýtum okkar vistvænu orku er náttúrlega algjörlega fráleitt. Ég hélt að hv. þingmaður hefði meiri áhuga fyrir hnattrænum áhrifum en eingöngu áhrifum hér á landi. Hann gerir mikið úr því að fólk hittist í New York, það er alveg skelfi-

legt að hans mati. Það er náttúrlega ekki hægt að vera með þessa einangrunarstefnu sem vinstri grænir eru með. Ég get upplýst hann um að það er engin framkvæmdaáætlun til af hálfu ríkisstjórnarinnar, enda eru engar slíkar áætlanir í þessu landi. Það var í gamla Sovéthagkerfinu.

Það hefur ekki verið ákveðið neitt í þessu máli endanlega. Það standa yfir samningar (Forseti hringir.) og ég vænti þess að hv. þingmaður fari nú að skilja það því að (Forseti hringir.) fyrir tíu dögum spurði hann nákvæmlega sömu spurninganna.

[13:47]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Nú liggur fyrir sú niðurstaða að komi til álversframkvæmda norðan lands sé Húsavík besti kosturinn. Það er út af fyrir sig skynsamleg niðurstaða og ágætt að hún liggi fyrir en þar með er bara hálf sagan sögð. Það er afstaða okkar í Samfylkingunni að á næstu tíu árum sé aðeins rými fyrir framkvæmdir í álversmálum upp á 250 þús. tonn og af því leiðir að það er ekki hægt að fara í alla þá uppbyggingu sem nú er í umræðunni. Þær mundu valda óbætanlegum ruðningsáhrifum í hagkerfinu og rúmast ekki innan skuldbindinga okkar samkvæmt Kyoto-bókuninni vegna þess að það væri ekki hægt að endurnýja loftslagssamninga okkar með sama hætti ef þetta yrði að veruleika.

Forsætisráðherra sagði í tilefni af áliti Fitch Ratings að það væri ekki svigrúm fyrir allar þessar framkvæmdir og nú er komið að því að taka ábyrgð á þeim orðum. Álfyrirtækin verða að fá skýr skilaboð um að hér verði ekki boðið upp á frjálsa nýtingu takmarkaðra auðlinda í lofti eða á láði. En aðalatriði málsins er þó það að okkur liggur ekkert á, það er enginn atvinnubrestur í landinu og ég tel því að nú eigi að gera hlé á ákvarðanaferlinu um ný álver, gera þær náttúrufarskannanir sem nauðsynlegar eru vegna nýtingar jarðvarma og skoða ítarlega alla virkjunarkosti sem til álita koma. Að því loknu á að velja þann kost sem hagkvæmastur er fyrir þjóðina.

Ég tel líka að það eigi að skoða það af fullri alvöru hvort fara eigi nýjar leiðir í þessum málum, að afnema þær ívilnanir sem virkjanir og stóriðjufyrirtæki hafa notið og gera kröfu til þess að greitt verði fyrir aðganginn að náttúruauðlindunum. Það er tímabært að stóriðjuframkvæmdir búi við sömu starfsskilyrði og aðrar atvinnugreinar í landinu.

[13:49]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Stóru tíðindin frá því í gær voru þau að Alcoa ætlar að halda áfram að undirbúa álver á Íslandi og taka mið af því að það verði við Húsavík. Þetta eru stóru tíðindin, þetta eru stórtíðindi fyrir Húsvíkinga og þá sem þar búa í nágrenninu en fyrir okkur hin eru þetta ekki stórtíðindi. Þetta eru ekki þannig tíðindi að við þurfum að taka tillit til þess í þeim útreikningum sem við erum að vinna að í fjármálaráðuneytinu því að það liggur engin ákvörðun fyrir í þessum efnum.

Það liggur heldur ekki fyrir ákvörðun um það að stækka eitthvert annað álver og þar af leiðandi höfum við heldur ekki forsendur til þess að taka tillit til þess í útreikningum okkar og langtímaáætlunum. Það er hins vegar athugunarvert að horfa á langtímaáætlanir okkar því þær gera ráð fyrir því að þegar álversframkvæmdum lýkur á þessu ári muni hagvöxtur falla úr 5% í 2,5% á næsta ári og að því er menn best geta spáð verða 2,5% á árunum 2008 og 2009 líka.

Þetta er talsvert minni hagvöxtur en við höfum búið við að jafnaði frá því árið 1995 en einmitt á því tímabili hafa staðið yfir talsvert miklar álversframkvæmdir. Það er stefna ríkisstjórnarinnar og það er stefna Sjálfstæðisflokksins að nýta innlendar orkuauðlindir og að því er unnið eftir því sem kostur er og rétt þykir. Ákvarðanir þarf hins vegar að taka á eðlilegan hátt. Því er rangt hjá hv. þingmanni að Sjálfstæðisflokkurinn sitji á áhorfendabekkjunum.

Það var hins vegar athyglisvert að heyra málflutning formanns Samfylkingarinnar og ég velti því fyrir mér hvort ég og aðrir Hafnfirðingar eigum að skilja málflutning hennar þannig að best sé að hætta við þær samningaviðræður sem Alcan stendur nú í við Landsvirkjun varðandi hugsanlega stækkun álversins í Straumsvík.

[13:52]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra talaði um stóru tíðindin. Það eru sannarlega stór tíðindi. Í gær var okkur sagt frá 250 þús. tonna álveri á Bakka og það er talað um Helguvík með álíka stærð. Það er verið að stækka Norðurál, það er verið að byggja nýtt álver á Austurlandi og það er verið að tala um stækkun í Straumsvík. Þetta eru mikil tíðindi.

Ég vil samgleðjast íbúum á Austfjörðum og Norðurlandi eystra annars vegar með að fá að sjá atvinnu á svæðinu og hins vegar að fá von, en ég vil minna á það að vonir fyrir austan voru mjög rýrar í roðinu til þess að lifa á um langan tíma og Norðurland eystra er ekki með þessi spil í hendi enn þá.

Frjálslyndi flokkurinn styður skynsamlega nýtingu orkulinda þó með þeim fyrirvara að umhverfimat verði gert og náttúran njóti vafans í öllum tilvikum. En af hverju eru menn að gleðjast yfir að fá þarna atvinnutækifæri? Það er vegna þess að atvinna á landsbyggðinni, atvinnutækifærum á landsbyggðinni hefur fækkað stórlega, fólkinu hefur fækkað og eftir sem áður, þrátt fyrir fámenni, þá er ekki atvinna fyrir alla. Þess vegna gleðjast menn. Það er vegna þess að stefna stjórnvalda hefur leitt til þess að það er nánast hrun á landsbyggðinni. Á að bregðast við því með fleiri álverum? Á að setja álver á Norðurland vestra, á Vestfirði, á Vesturland? Er þetta lausnin á byggðavandanum?

Ég held að það væri betra að líta aðeins nær og skoða þær auðlindir sem við höfum, ekki bara jarðvarmans og vatnsorkunnar heldur líka til þeirra náttúruauðlinda sem við eigum að virkja. Við eigum að nýta einstaklingsframtakið eftir því sem unnt er og nota það okkur til framdráttar. Samfélag sem byggir eingöngu á verksmiðjurekstri er og verður fátæklegt samfélag. Álglýjan hefur byrgt okkur alla sýn á skynsamlega nýtingu auðlinda okkar hér á Íslandi.

[13:54]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst hvert stefnir. Af máli hæstv. forsætisráðherra má auðvitað ráða að það eigi ekki

að gefa neitt eftir í þessum málum. Það er ljóst að álversframkvæmdir á Húsavík og möguleg stækkun í Straumsvík og að öllum líkindum hin frjálsu viðskipti á Suðurnesjum, eins og bæjarstjóri Reykjanesbæjar kallaði það í morgun varðandi álver í Helguvík ganga öll eftir. Það er líka ljóst að álveri á Húsavík er ekki ætlað að taka til starfa fyrr en eftir 2012 eða eftir fyrsta skuldbindingartímabil Kyotobókunarinnar, eftir að því tímabili er lokið.

Ég verð að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hvaða losunarheimildir ætlar hann að vera búinn að sækja í rann loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna fyrir þann tíma? Það er alveg ljóst að álver blása meiru út í loftið en koltvísýringi. Koltvísýringurinn er það eina sem er undanþegið í bókunarákvæðinu okkar, hinu íslenska ákvæði. Það eru PSC-efnin ekki og íslensk stjórnvöld eru að gera sér vonir um að álverin sem við erum að reisa hér geti takmarkað útstreymi sitt á PSC-efnunum en ég sé ekki að allt þetta eigi að ganga eftir. Ég sé ekki hvernig hæstv. forsætisráðherra ætlar að láta þetta ganga upp á sama tíma og það er ljóst að Alcoa er að reisa álver í Fjarðabyggð sem losar 12 kíló af brennisteinsdíoxíði á hvert brætt áltonn á sama tíma og Alþjóðabankinn lánar ekki út á verkefni sem fara yfir eitt kíló brennisteinsdíoxíði á hvert brætt áltonn. Hér hangir því svo margt á spýtunni og það er svo flókið að sjá hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að láta þessi áform ganga eftir.

Síðan má náttúrlega nefna það að fréttatilkynning sú sem gefin var út frá Alcoa í gær gefur það auðvitað til kynna að stjórnvöld róa hér á bak við. Þetta er allt merkt og stimplað af stjórnvöldum í bak og fyrir, öll þessi áform, þannig að þetta er framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í álversuppbyggingum.

[13:56]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég byrja á því að fagna þeim áfanga sem náðist í gær þegar gengið var frá samningi milli ríkisstjórnarinnar og Alcoa um undirbúning að byggingu álvers við Húsavík og ég lýsi þeirri von minni að af þeim framkvæmdum verði.

Andstæðingar uppbyggingar atvinnulífs á þessu sviði finna álverum flest til foráttu. Skemmst er að minnast geðillskunnar sem gaus úr munni foringja Vinstri grænna í gær og sendir hann m.a. flokksfélögum sínum á Norðurlandi tóninn vegna stuðnings þeirra við málið þannig að það er greinilegur klofningur á þeim bænum.

Því er haldið fram að stórframkvæmdirnar á Austurlandi séu meginorsök þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í íslensku efnahagslífi og séu að ganga að útflutningsgreinunum nánast dauðum. Þetta er auðvitað alrangt og hreint áróðursbragð. Það liggur fyrir að áhrif framkvæmdanna eru lítil í efnahagslegu tilliti, aðrir þættir hafa þar mun meiri áhrif. Það er ljóst að mikil umsvif á fjármálamarkaði eru megináhrifavaldur í þessu efni.

Eftir áralanga stöðnun í atvinnulífi landsmanna var á sínum tíma ráðist í uppbyggingu Norðuráls í Hvalfirði. Sú framkvæmd réði hvað mestu um það að hjól atvinnulífsins fóru að snúast á nýjan leik og upp frá því urðu miklar framfarir í efnahags- og atvinnulífi. Við höfum haldið áfram á þeirri braut með öðrum verkefnum og nú hillir undir framhald á því með álveri við Húsavík. Ef af verður munu framkvæmdirnar á Húsavík ekki hefjast fyrr en árið 2010 — þær munu ekki hefjast á morgun.

Ýmsir hafa haft efasemdir um efnahagskerfið að það þoli þá framkvæmd en ég er þess fullviss að slíkar áhyggjur eru ástæðulausar. Með framkvæmdinni sjáum við fram á áframhaldandi góðan hagvöxt í allmörg ár og auknar útflutningstekjur varanlega til framtíðar.

[13:58]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég fagna ákvörðun um ítarlega könnun á hagkvæmni þess að byggja stóran vinnustað á Norðurlandi og nýta jarðorku svæðisins til þess og tel að valið á Bakka við Húsavík sé skynsamlegasti kosturinn út frá atvinnu- og byggðasjónarmiðum. Tímaramminn er líka heppilegur og góður út frá stöðu efnahagsmála og öðrum tímasettum stórframkvæmdum sem flestar hverjar verða á höfuðborgarsvæðinu næstu árin og fram að hugsanlegri álversbyggingu á Húsavík. Mikil samstaða Húsvíkinga og nágranna skiptir auðvitað sköpum og það er líka mikilvægt að atvinnurekendur finni sig velkomna á viðkomandi svæði. Ef af þessu verður mun þetta hafa gríðarlega jákvæð áhrif á byggðaþróun í Þingeyjarsýslu og nágrenni og teygja anga sína til Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins alls með tilkomu Vaðlaheiðarganga vonandi á næstu árum. Þetta verkefni snertir því stóran hluta Norðurlands.

Virðulegi forseti. Útblástur gróðurhúsalofttegunda er orðin „ný auðlind" innan gæsalappa og meira að segja takmörkuð auðlind ef svo má að orði komast. Þessari auðlind á því að skipta sem jafnast milli landshluta og landsmanna enda sameiginleg eign okkar allra. Einn þriðja hluta af þessum kvóta okkar er eytt hérna á höfuðborgarsvæðinu, bæði Straumsvík og í Hvalfirði. Svipuðum hluta verður eytt fyrir austan með tilkomu Fjarðaráls. Þá er u.þ.b. einn þriðji hluti eftir sem ég tel að eigi að koma í hlut Norðlendinga og fellur Húsavíkurverkefnið þar vel að.

Að lokum þetta, virðulegi forseti: Ég tel og vona að þessi ákvörðun verði til þess að sætta ólík sjónarmið og að sátt geti myndast um þessa framkvæmd milli náttúruverndarsinna og þeirra sem vilja efla landsbyggðina og sporna gegn frekari náttúruspjöllum með áframhaldandi fækkun íbúa landsbyggðarinnar. Ég fagna því líka, virðulegi forseti, að ýmsir ráðherrar eru farnir að draga í land hvað varðar fjölda álvera sem á að byggja hér á næstu árum. Það eru mikilvæg skilaboð inn í efnahagslíf landsmanna.

[14:00]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það var mikil gleði og ánægja á Húsavík í gær þegar Alcoa kynnti staðarvalsákvörðun sína. Lagið New York, New York var spilað á mikilli hátíð Þingeyinga í tilefni af því að ríkisstjórn Íslands og Alcoa hafa undirritað samkomulag í New York um að hefja ítarlega könnun á hagkvæmni þess að reisa nýtt 250 þús. tonna álver á Bakka við Húsavík.

Í framhaldinu verðum við að vona að það gangi vel að semja um orkuverð. Það ætti að geta legið fyrir í haust. Rannsóknarholur verða boraðar í sumar sem nýtast munu

væntanlegri virkjun. Á næstu þremur árum munu svo fara fram rannsóknir og undirbúningur sem hleypur á milljörðum ef tekst að semja um orkuverðið. Það eitt mun strax hafa mikil áhrif á öll umsvif á Norðurlandi. Helmingur orkuafhendingarinnar á að geta farið fram 2012 og næsti áfangi er svo 2015. En hvernig sem á það er litið mun fara í gang á Norðurlandi mikið uppbyggingartímabil sem mun taka yfir næstu tíu ár ef vel tekst til um orkusamninga. Orkan verður jarðvarmaorka og það ætti að kæta þá sem mest hafa barist gegn vatnsaflsvirkjunum.

Sú bjartsýni og framkvæmdagleði sem fylgir ákvörðunum þeim sem þegar er búið að taka er strax farin að segja til sín á Húsavík eins og komið hefur fram í fréttum hvað varðar ásókn í fasteignir með tilheyrandi hækkunum á fasteignaverði. Álver eru góðir vinnustaðir, það sýnir sig af reynslunni í Straumsvík og á Grundartanga. Það þýðir ekkert að hrista höfuðið yfir því, þannig er það. (Forseti hringir.) Starfsmannaveltan í þessum fyrirtækjum segir sína sögu.

[14:02]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það þurfti að sjálfsögðu ekki að koma á óvart að það brytist út mikill fögnuður á Húsavík í gær þegar þessar fréttir bárust. Það er nú einu sinni þannig að fólk í hinum dreifðu byggðum landsins hefur því miður orðið að sætta sig við vonbrigði á vonbrigði ofan allt of mörg undanfarin ár. Vegna hvers? Jú, vegna gersamlega mislukkaðrar byggðastefnu stjórnvalda, vegna gersamlega mislukkaðrar sjávarútvegsstefnu stjórnvalda þar sem hvert kluðrið hefur rekið annað. Þetta hefur að sjálfsögðu brotið niður byggðirnar og eyðilagt drauma fólks um framtíð og að sjálfsögðu fagnar það því nú þegar talað er um að það eigi að fara út í könnun á því að reisa 250 þús. tonna álver við Húsavík. Það er að sjálfsögðu full ástæða til þess að óska Húsvíkingum og öllum sem búa í Þingeyjarsýslum og á norðaustanverðu landinu til hamingju með þetta. Fólk verður jú að hafa vinnu, fólk verður að geta brauðfætt sig og sína. Þess vegna er það ekkert undarlegt að fólk skuli gleðjast yfir tíðindunum.

Mér finnst hins vegar svolítið undarlegt að horfa upp á ríkisstjórnina og hæstv. ráðherra í New York í aðalstöðvum erlends auðhrings. Mér finnst það umhugsunarvert. Hvers vegna látum við Íslendingar útlendinga ráða ferðinni í þessum efnum? Hvar eru allir íslensku fjárfestarnir með alla sína milljarða sem nú eru í útrás? Af hverju fjárfesta þeir ekki í álverum hér á landi? Hér er fyrir hendi mikil þekking í framleiðslu á áli. Það eru fyrirtæki sem framleiða hátæknibúnað til að nota í álverum. Af hverju getum við Íslendingar ekki átt þessi álver sjálfir og rekið þau á okkar eigin forsendum og þannig séð til þess að hagnaðurinn af rekstri þessara fyrirtækja verði eftir í landinu, ekki bara tekjur fyrir vinnu og selda þjónustu?

[14:05]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Sjaldan mun eins mikið hafa verið haft við og í þessari utanför til New York af hálfu íslenskra stjórnvalda. Það var ekki einvörðungu svo að með í för væru sveitarstjórnarmenn að beiðni ríkisstjórnarinnar heldur voru allir æðstu yfirmenn í iðnaðarráðuneytinu í föruneyti ráðherrans. Og það finnst forsætisráðherra Íslands hið besta mál að þessi hópur skuli taka við skipunum, krjúpandi við borð auðhrings í New York. Mér finnst ákaflega dapurlegt að hlýða á þessa umræðu.

Ekkert hefur breyst, segir ráðherrann enn fremur. Við erum sem sagt enn þá með á borðinu álstefnu Framsóknarflokksins, að fara úr 300 þús. tonna framleiðslu í 1,5 milljónir, ekkert hefur breyst. Engin tíðindi, segir síðan fjármálaráðherra, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, við þessa umræðu, engin tíðindi.

Ég get fullvissað hann um það að mönnum þykja þetta tíðindi í íslenskum sjávarútvegi og mönnum þykja þetta tíðindi í tæknifyrirtækjunum sem eru að hrökklast úr landi vegna þessarar stefnu. Íslenskum sjómönnum þykja þetta tíðindi, hæstv. fjármálaráðherra, því að með þessum yfirlýsingum einum lækkuðu tekjur þeirra við gengisbreytingarnar í gær. Þetta eru staðreyndir og þetta þykja Íslendingum vera tíðindi þótt menn séu hér sofandi.

Við erum ekki á áhorfendabekkjunum, segir hæstv. fjármálaráðherra. Við héldum það mörg að Sjálfstæðisflokkurinn hefði setið á áhorfendabekkjunum en þó að Framsókn dragi álvagninn þá er það svo að þegar Sjálfstæðisflokkurinn segir stopp þá stöðvast sá vagn. Og nú höfum við fengið það staðfest frá Sjálfstæðisflokknum að þetta er allt saman með hans blessun.

Að lokum þetta, (Forseti hringir.) hæstv. forseti: Við stöndum frammi fyrir valkostum. (Forseti hringir.) Spurningin er ekki um störf, heldur hvar störfin eru búin til. Viljum við (Forseti hringir.) fjölbreytni á Íslandi eða viljum við setja alla í stóriðjuálið?

[14:07]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Svo að því sé nú haldið til haga þá er viðskiptaráðstefna í New York sem m.a. mun hafa verið tilefni þess að hæstv. viðskiptaráðherra er þar staddur.

Mér finnst þetta hafa verið afskaplega athyglisverð umræða. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem er nú hér í hliðarsal, vill fresta þessu öllu saman. Síðan kemur hv. þm. Kristján Möller og vill engu fresta. Af hverju á að fresta öllu saman? Hvað er verið að tala um að nýta? Það er verið að tala um að virkja í Þjórsá virkjanir sem þegar hafa farið í gegnum umhverfismat. Það er verið að tala um að virkja við Kröflu og í Bjarnarflagi og rannsaka svæðið á Þeistareykjum. Af hverju þarf að fresta því? Hver er ástæðan fyrir því að það þarf að fara að fresta því?

Við þurfum hins vegar að svara þessari spurningu: Erum við tilbúin til þess að sætta okkur við að hagvöxtur verði hér á næsta kjörtímabili — og mér skilst að það séu nú ýmsir sem ætli að komast til valda þá — á bilinu hálft til eitt prósent lægri að meðaltali ef ekkert verður af neinum þessara framkvæmda? Erum við tilbúin til þess að sætta okkur við það að tekjur ríkissjóðs verði 10–15 milljörðum lægri? Ég býst við því að það standi í hv. þingmönnum. Nei, það stendur ekki í öllum. Sennilega er þá hv. þingmaður, og hv. þingmenn Vinstri grænna líka, tilbúinn til að sætta sig við vaxandi atvinnuleysi á næsta kjörtímabili. Það

er ekki hægt að dæma allt út frá (Gripið fram í.) deginum í dag.

Ég sagði hér, hv. þingmaður, að þetta væri spurningin um 2.000–2.500 störf. Það þýðir ekki að koma hér skipti eftir skipti og segja: Við verðum bara að gera eitthvað annað. Þá verður hv. þingmaður að koma hérna einhvern tíma og skýra frá því hvað það er.

[14:09]

Útbýting:

Endurskoðun laga um málefni aldraðra, 580. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 842.

Háskóli Íslands, 578. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 840.

Reyksíminn, 583. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 845.

Styrkir úr Framkvæmdasjóði aldraðra, 579. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 841.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 141. mál (hámark útsvarsheimildar). — Þskj. 141.

[14:10]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þetta frumvarp flytur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en 1. flutningsmaður er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og tala ég fyrir því í hans fjarveru.

Þetta frumvarp felur í sér þá breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að heimildir sveitarfélaganna til álagningar útsvars eru rýmkaðar um eitt prósentustig, færðar úr 13,03% í 14,03% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í viðeigandi ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Frumvarpið er upphaflega flutt í beinum tengslum við lögfestingu áforma ríkisstjórnarinnar um að halda áfram lækkun tekjuskatts um sama hundraðshluta, þ.e. eitt prósentustig, en samanlagt álagningarhlutfall tekjuskatts og hámarks útsvarsheimildar mun haldast óbreytt nái frumvarpið fram að ganga. Með öðrum orðum erum við einvörðungu að ræða um tilfærslur frá ríki til sveitarfélaga á skattpeningum. Hvergi yrði því um skattahækkun að ræða en lækkunin réðist af því í hve miklum mæli sveitarfélögin nýttu sér aukið svigrúm til útsvarshækkunar á móti lækkun á tekjuskatti til ríkissjóðs. Sams konar frumvarp var flutt á síðasta þingi, þ.e. 131. löggjafarþinginu, í tengslum við þá skattalækkun sem þá var fram undan og tók gildi 1. janúar 2005. Það frumvarp náði ekki fram að ganga. Ekki er síður þörf nú en þá að gripið verði til róttækra aðgerða til að bæta óviðunandi afkomu sveitarfélaganna. Engin varanleg úrlausn er fólgin í þeim takmörkuðu og tímabundnu aðgerðum sem niðurstaða síðustu endurskoðunarnefndar um tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, þá loksins hún leit dagsins ljós í marsmánuði árið 2005, felur í sér. Þær tillögur eru að mestu bundnar við ráðstafanir sem hanga á því að sveitarfélög sameinist og framlögin verði að stærstum hluta tímabundin.

Það er skoðun flutningsmanna að ekki verði undan því vikist að grípa til ráðstafana til að bæta stöðu sveitarfélaganna. Afkoma þeirra, sem vissulega er mismunandi, er í það heila tekið óviðunandi og hefur verið svo lengi. Þannig hafa sveitarfélögin sem heild verið gerð upp með halla og safnað skuldum nokkurn veginn samfellt í einn og hálfan áratug. Og á sama tíma og ríkið hefur létt skuldbyrðinni af sér og greitt niður skuldir hefur hlutskipti sveitarfélaganna, einkum þeirra sem standa verst að vígi, versnað að sama skapi. Teljist ríkissjóður aflögufær um skatttekjur, sem vissulega má deila um, hlýtur að vera nærtækast að færa þær tekjur, a.m.k. að einhverjum hluta, yfir til sveitarfélaganna. Á sveitarfélögunum standa miklar og vaxandi kröfur um þjónustu. Þau hafa tekið við ýmsum nýjum verkefnum og fengið á herðar sínar nýjar skyldur, t.d. á sviði umhverfismála sem snerta eftirlit og leyfisveitingar, sem ekki hafa fylgt auknir tekjumöguleikar. Í samskiptum við ríkisvaldið virðist sífellt sækja í það far að það halli á sveitarfélögin.

Með yfirtöku kostnaðarsamra málaflokka hafa sveitarfélögin, hvað sem líður deilum um fullnægjandi tekjustofna á móti, óumdeilanlega fengið með í kaupunum miklar væntingar um úrbætur og aukin útgjöld, eins og sannast í tilviki grunnskólans. Í ýmsum samstarfsverkefnum hallar og á sveitarfélögin með því að ríkið bindur kostnaðarþátttöku sína við framlög á fjárlögum sem oftar en ekki hrökkva hvergi nærri fyrir því kostnaðarhlutfalli sem ríkinu er að nafninu til ætlað að standa straum af. Dæmi um þetta eru húsaleigubætur. Svipaða sögu er einnig að segja af ákveðnum stofnkostnaðarverkefnum þar sem ætlunin er að ríki og sveitarfélög deili kostnaðinum. Óraunhæf kostnaðarviðmið eða norm valda því að ríkið leggur iðulega minna af mörkum hlutfallslega að lokum en ætlunin er, jafnvel samkvæmt lögbundnu kostnaðarhlutfalli. Loks er þess að geta að sveitarfélögin hafa orðið fyrir tekjutapi vegna ákvarðana um mál, óskyld þeim, svo sem um hagstæðara skattalegt umhverfi einkahlutafélaga sem leitt hefur til mikillar fjölgunar þeirra og tekjutaps sveitarfélaganna í formi minni útsvarstekna á móti sem talið er nema milljarði króna eða liðlega það. Þetta var mjög til umræðu á sínum tíma þegar sköttum var breytt.

Svigrúm sveitarfélaganna til sjálfstæðra ákvarðana í uppbyggingu og rekstri og til umbóta, t.d. í félags- og umhverfismálum eða til að hlúa að nýsköpun í almennu atvinnulífi, er afar takmarkað eins og að líkum lætur í ljósi bágrar fjárhagsstöðu þeirra upp til hópa. Tilvist sveitarfélaganna einkennist af varnarbaráttu og sóknarfæri verða fá. Slíkt er óviðunandi því auðvitað þurfa sveitarfélögin að geta þróað og byggt upp þjónustu sína og tekið skref fram á við til eflingar velferðarsamfélaginu sem þau leggja ekki síst grunn að. Sem dæmi um slík verkefni má nefna það baráttumál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að leikskóladvöl verði gerð gjaldfrjáls með sérstöku samstarfsverkefni sveitarfélaganna og ríkisins, en flutningsmenn þessa frumvarps flytja jafnframt um það tillögu á yfirstandandi þingi. Sama gildir um möguleika þeirra til að bæta kjör starfsmanna sinna og koma til móts við kröfur um launahækkanir, þó réttmætar og nauðsynlegar séu, til að sveitarfélögin geti verið samkeppnisfær um hæft starfsfólk. Sú spennitreyja sem sveitarfélögin eru í að þessu leyti kristallaðist í kennaradeilunni á síðasta ári og í nýafstöðnum

samningum við starfsmannafélög innan sveitarfélaganna sem semja við launanefnd sveitarfélaganna. Þar kom í ljós hve misvel sveitarfélögin eru í stakk búin til þess að bæta kjör starfsmanna sinna. Sum sveitarfélög eru mjög aðþrengd hvað þetta snertir, önnur búa við betri kost. Alvarlegast er þó auðvitað að áframhaldandi fjárhagsvandi sveitarfélaganna grefur almennt séð undan þeirri mikilvægu nærþjónustu og þeim umhverfis- og velferðarverkefnum sem sveitarfélögin hafa með höndum. Þannig veikjast undirstöður velferðarsamfélagsins og sveitarstjórnir sjá sig jafnvel knúnar til óyndisúrræða eins og að selja eignir og láta af hendi aðstöðu sem þó er ómissandi fyrir undirstöðu samfélagsþjónustu á þeirra vegum. Það er þyngra en tárum taki að fylgjast með því þegar sveitarfélögin hafa verið að selja frá sér ýmsa grunnþjónustu, nokkuð sem flestum á þeim bæjum hefur verið meinilla við en hafa ekki átt annarra kosta völ en að afla fjár með þessu móti.

Tekjutap ríkissjóðs vegna áformaðrar eins prósentustigs lækkunar tekjuskatts nemur nálægt fimm og hálfum milljarði kr., segir í greinargerð þessa frumvarps, þ.e. brúttó, en fjórum og hálfum milljarði kr. nettó. Sé heimild sveitarfélaganna til hækkunar útsvars aukin að sama skapi og fari úr 13,03% í 14,03%, þá gæfi það sveitarfélögunum svigrúm af sömu stærðargráðu til að auka útsvarstekjur sínar. Síðan er það spurning hvort sveitarfélögin mundu öll nýta þá heimild sem þessi lagabreyting opnaði á. Það er engan veginn víst að þau mundu öll gera það og það hefur verið allur gangur á því hve langt sveitarfélögin hafa gengið hvað þetta snertir. Auknar heimildir til innheimtu útsvars væri þó skref í rétta átt fyrir sveitarfélögin, það mundi auka nokkuð svigrúm þeirra og sjálfstæði hvað varðar tekjuöflun og ef slíkri aðgerð yrði fylgt eftir með breytingum á úthlutunarreglum jöfnunarsjóðs þannig að framlög sjóðsins nýtist til enn frekari tekjujöfnunar og jöfnunar á aðstöðu sveitarfélaganna gæti það orðið til umtalsverðra bóta. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að auðvitað nýtast sveitarfélögunum misvel eðli málsins samkvæmt heimildir til hækkunar útsvars. Útsvarið er eftir sem áður langstærsti einstaki tekjustofn sveitarfélaganna, og skilar yfir 60% af tekjum þeirra, þannig að eigi að gera umtalsverðar ráðstafanir til að auka tekjur þeirra er erfitt annað en útsvarið komi þar a.m.k. við sögu.

Ég hef stuðst við greinargerð sem fylgir þessu frumvarpi í framsöguræðu minni með frumvarpinu. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir skattkerfisbreytingum á liðnum missirum og enn fleiri eru í pípunum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur varað við þeirri vinnuaðferð sem ríkisstjórnin hefur notað. Við höfum einn flokka haft efasemdir um að lækka skatta, þ.e. að draga úr tekjum ríkis og sveitarfélaga, einfaldlega vegna þess að við viljum hafa fjármuni til ráðstöfunar til að sinna þeim verkefnum sem eru félagsleg í eðli sínu og við viljum að sé á hendi ríkis eða sveitarfélaga og þá þurfum við að sjálfsögðu að sjá þeim fyrir tekjustofnum.

Nú er það svo að ríkið er sæmilega vel haldið nú um stundir og skattalækkanir, þ.e. prósentulækkanir á sköttum, hafa ekki komið að sök. Reyndar hafa menn verið að deila um skattbyrðina og hafa menn þá einnig horft til persónuafsláttar, skattleysismarkanna. Menn hafa bent á að skattbyrðin hafi ekki lækkað með lægri prósentu, einfaldlega vegna þess að skattleysismörkin hafi ekki fylgt launum. Þegar litið er til langs tíma þurfi að horfa einnig til þess þegar skattbyrðin er mæld. Hitt er svo annað mál og um það velkist ég ekki í vafa að sú ríkisstjórn sem nú situr stefnir að því að lækka skatta í landinu og hún beitir þá þeim rökum að lægri skattbyrði þurfi ekki að leiða til minni skattheimtu þegar upp er staðið. Þetta eru röksemdir sem vert er að ræða og alltaf spurning hvar eigi að finna skurðarlínuna en ég bendi á að við megum ekki láta blindast af því ástandi sem við búum við nú, miklar skatttekjur ríkissjóðs, vegna þess að það eru að hluta til nokkuð sem kallað hefur verið þensluskattar sem þessu valda. Mjög mikill innflutningur skilar t.d. verulegum tekjum í ríkissjóð. Ef hann síðan drægist saman, ef okkur tækist með öðrum orðum að minnka viðskiptahalla þjóðarinnar, sem er hættulega mikill eins og við vitum, þá mundu tekjur ríkissjóðs dragast saman að sama skapi. Þá er spurningin: Hvar höfum við stillt skattamörkin, hvar höfum við stillt skatttekjurnar, hversu traustir eru tekjustofnarnir? Rísa þeir undir þeim skuldbindingum sem við viljum leggja á samfélagið, hvort sem er ríki eða sveitarfélög?

Þarna viljum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fara mjög varlega enda leggjum við áherslu á að ríki og sveitarfélög séu vel í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem þeim er ætlað að gera. Við leggjum áherslu á að hlutur sveitarfélaganna hefur verið vanræktur hvað þetta snertir í seinni tíð og það er kannski sérstök ástæða til að velta því fyrir sér núna þegar menn eru að ræða um atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni að það er einmitt þarna sem skórinn kreppir, þ.e. í fjárhagsvanda sveitarfélaganna á landsbyggðinni. Það er einmitt þar sem sveitarfélögin búa við erfiðastan kost. Okkar frumvarp miðar að því beinlínis að bæta kjör þessara sveitarfélaga.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þetta frumvarp gangi til efnahags- og viðskiptanefndar til umfjöllunar að lokinni þessari umræðu.

[14:25]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér athyglisvert frumvarp til laga um það að heimila sveitarfélögum að hækka útsvarsstofn sinn úr hámarki núna 13,03% í 14,03%. Ég segi athyglisvert vegna þess að þetta eykur á sjálfsforræði sveitarfélaganna og ég er hlynntur því, herra forseti.

Við flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga hafa skatttekjur verið fluttar með, útsvarsprósentan hefur verið hækkuð en skattprósenta lækkuð. Fyrir hinn venjulega borgara sést þetta ekki dagsdaglega því að hann borgar sína staðgreiðslu, bæði í útsvar og ríkissjóð, og flestir vita ekki að þeir borga útsvar af fyrstu krónu, það er almennt ekki vitað — þ.e. að ríkið borgar fyrir þá útsvarið af fyrstu krónu þannig að það er enginn persónufrádráttur í útsvarinu. Ríkið fer því ekki að fá skatt af tekjum fólks fyrr en við 107 þús. kr., eitthvað svoleiðis. Þessi flutningur verkefna hefur reynst mjög dýr og ráðdeildarsamir borgarar hafa spurt sig hvort sveitarfélögin séu eins ráðdeildarsöm og borgararnir sjálfir sem þurfa að gæta sín í peningamálum í húshaldinu.

Einhvern tíma steig fram maður og spurði: Hver vill

ekki borga hærri skatta? Hann var svo sannfærður um að allir mundu vilja borga hærri skatta, sá maður, skrifaði um það grein. Ég er nú ekki alveg viss um það, herra forseti. Ég hygg að mjög margur Íslendingurinn telji sig betur geta ráðstafað sínum peningum en með einhverjum kjörnum fulltrúa í sveitarstjórn eða á Alþingi og fari miklu, miklu betur með og kunni miklu betur að fara með.

Í þessu frumvarpi felst, vegna þess að það er tilhneiging hjá sveitarfélögum að fara upp í hámarkið, þau trúa því væntanlega að allir vilji borga hærri skatta, að prósentan mundi fljótlega hækka. Það er alltaf nóg að eyða peningum í, hvort sem það eru feikidýr íþróttamannvirki eða mjög ríflegar hækkanir launa opinberra starfsmanna í það og það skiptið o.s.frv. Það er alltaf hægt að setja peninga í einhver verkefni og þau eru yfirleitt góð og gegn.

Þetta frumvarp felur í sér að staðgreiðsla manna mun hækka um 1% á örskömmum tíma, það er mín spá. Það þýðir að meðalmaðurinn í ASÍ, sem er með 300 þús. kr. á mánuði fyrir harða og mikla vinnu, og kona hans munu borga 6 þús. kr. meira á mánuði í skatta. Auðvitað fáum við eitthvað af þessu til baka í aukinni þjónustu en það þarf þó ekki endilega að vera. Feikidýr íþróttamannvirki gefa yfirleitt ekki af sér meiri þjónustu.

Svo hafa sveitarfélögin auk þess farið í einkaframkvæmd og þannig dulið skuldbindingu á komandi kynslóðir, á börnin okkar. Þau hafa með þeim hætti búið til skuldbindingu sem börnin okkar munu þurfa að borga. Það er mjög miður að eftirlitsnefnd með sveitarfélögum skuli ekki hafa tekið á þessum vanda og spurt hreinlega: Hvað gerist ef þið viljið hætta þessu, ef þið viljið hætta að leigja þetta íþróttamannvirki, hvað gerist þá? Getur næsta sveitarstjórn hætt þessu?

Margir borgarar telja að búið sé að spenna bogann til hins ýtrasta í skattlagningu. Umræðan hefur verið dálítið undarleg núna undanfarið því að menn eru ýmist að tala um skattalækkun eða skattahækkun eftir því hvernig þeir líta á málið, en ég ætla nú ekki að fara út í það.

En ég ætla í sambandi við þetta frumvarp, af því að mér finnst það athyglisvert, að stinga upp á eftirfarandi hugmynd sem gæti tengst þessu. Hún er sú að sérhverri sveitarstjórn sé árlega skylt að leggja fram tvær fjárhagsáætlanir, annars vegar með miklum framkvæmdum, miklum hækkunum launa og háu útsvari o.s.frv. og hins vegar með minni framkvæmdum og minni hækkunum launa og a.m.k. 1% lægra útsvari. Borgararnir geti svo kosið hvort þeir vilja. Þá yrði sveitarstjórnunum veitt raunverulegt aðhald og þær yrðu að fara að sýna hagkvæmni og ráðdeildarsemi í rekstri, nákvæmlega eins og borgarinn sjálfur verður að gera heima hjá sér, nákvæmlega eins og hann verður að gera til þess að geta borgað þessa miklu skatta.

Ég reikna með því að flutningsmenn þessa frumvarps vilji náttúrlega bara sjá enn meiri samneyslu og enn meiri skatta. Ég veit nú ekki alveg hvar mörkin liggja hjá þeim, hvort þeir vilja taka hverja einustu krónu úr vasa launþegans og láta hann fá hana aftur í formi bóta og réttinda, eða hvar þeir mundu vilja stoppa. En mér sýnist að þeir vilji alltaf fá meiri og meiri skatta og seilast dýpra og dýpra ofan í vasa skattgreiðenda.

[14:31]

Pétur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Afkoma sveitarfélaga er frekar slæm og hefur verið um nokkuð langa hríð og farið versnandi. Ég tek undir með nafna mínum að það er ágætt að auka sjálfsforræði sveitarfélaga. Sveitarfélög hafa gengið fram í því síðastliðinn áratug að draga til sín aukin verkefni og semja um það við ríkisvaldið hvernig með skuli fara. Ég tel hins vegar að í mörgum tilvikum hafi sveitarstjórnarmenn gengið of hart fram af löngun sinni til að fá aukin verkefni og hreinlega samið af sér. Það virðist vera að svo hafi verið gert vegna þess að eftir því sem umsvif þeirra hafa aukist og þau hafa fengið meira til sín hefur staðan versnað. Einhvers staðar liggur eitthvað á milli hluta.

Þetta frumvarp gerir ráð fyrir því, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, að hækka hlut sveitarfélaga um 1% og hækka með því skattheimtu um 1%. Ég er ekki sammála þessari leið og ég tel að við eigum ekki að létta þeirri ábyrgð af ríkisvaldinu eða af sveitarfélögunum að semja sjálf um mál sín á milli. Það hlýtur að verða að finna réttan flöt á því hvaða verkefni ríkið á að hafa með höndum og hvaða verkefni sveitarfélög eiga að hafa með höndum, og þeir sem það ákveða verða jafnframt að koma sér saman um þá skiptingu sem verður á tekjustofnum til að hægt sé að halda þessu uppi. Ég held að það sé alveg ófrávíkjanlegt.

Það er fleira sem kemur til og veldur vandræðum sveitarfélaga. Ég get t.d. nefnt að þrátt fyrir að fasteignaverð hafi farið mjög hækkandi á þessu svæði og víða í nágrenninu og á stærstu þéttbýliskjörnum annars staðar, svo og á Austurlandi þar sem stóriðja kemur til, hafa tekjur sveitarfélaga víðs vegar í dreifbýli stórlækkað vegna þess að íbúðir hafa stórlækkað í verði og þau hafa ekki haft möguleika á að hafa jafnmiklar tekjur af fasteignasköttum og ella væri. Það er hlutur sem mætti skoða verulega. Því þrátt fyrir að tekjurnar af fasteignasköttunum séu svona lágar eru skuldurnar sem sveitarfélagið hefur við fasteignaeigendur nokkurn veginn þær sömu. Það þarf að annast fráveitumál, gatnagerð og allt það sem til þéttbýlisins heyrir. Svoleiðis að þarna er einn hlutinn.

Það var svolítið merkileg hugmynd sem hv. þm. Pétur H. Blöndal kom með um tvær fjárhagsáætlanir. Að hafa hámark og lágmark. Út af fyrir sig er það athyglisverð spurning hvort íbúarnir ættu ekki að hafa eitthvert forræði í því sem gert verður. En eins og er er forræði íbúanna fólgið í kosningu manna til þessara hluta á fjögurra ára fresti. Þessi hugmynd er samt alveg þess virði að velta henni fyrir sér og það má segja að hv. þingmaður sé þarna að leggja til einhvers konar þjóðval og þjóðaratkvæði, svona í smærri stíl. Margir eru hlynntir því. En það er ekki nóg að gera fjárhagsáætlanir. Það þarf líka að gera þær sannar og réttar og sjá til að þær standist. Það hefur stundum verið svolítill misbrestur á því hjá sveitarfélögum líka.

En ég vildi nú, frú forseti, fyrst og fremst koma hérna upp til að lýsa því að ég tel þetta ekki rétta leið, að hækka skattana með þessu móti í heildina. Ég tel að sveitarfélögin og ríkið eigi að semja um hlutfall tekna sín á milli eftir því hvaða þarfir eru skilgreindar hvorum megin. Hins vegar gæti ég rætt heilmikið um skattamál yfir höfuð. Frjálslyndi flokkurinn hefur ákveðna stefnu í skattamálum. Við höfum

haldið því fram að persónuafsláttur ætti að vera hærri. Við höfum haldið því fram að tekjutengingar t.d. við maka séu of miklar. Við höfum haldið því fram að jaðarskattar séu allt of miklir og við höfum haldið því fram að aldraðir eigi að hafa möguleika á atvinnufrelsi, þ.e. án þegnskylduvinnu. Sú umræða hefur farið fram víða í þjóðfélaginu og hér líka að tekjulágir aldraðir einstaklingar sem eru á bótum frá Tryggingastofnun fá um 1.800 kr. af hverjum 10.000 kr. sem þeir vinna fyrir, umfram þessar bætur sínar. Minnsta kosti þær fyrstu. Þetta er alvarlegt mál og það mætti taka umræðu um skattamál á þessum grunni. En ég vildi koma þessum sjónarmiðum á framfæri.

[14:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þegar menn ræða um skattheimtu til sveitarfélaganna hefur hér í sölum Alþingis ævinlega svifið furðuleg forræðishyggja yfir vötnum. Ég hef þá skoðun að sveitarstjórnarmenn beri pólitíska ábyrgð ekkert síður en alþingismenn. Þess vegna þurfa tekjustofnar sveitarfélaganna að hafa þannig svigrúm að sveitarfélög, eða þeir sem þar hafa tekið á sig ábyrgð, geti sinnt þeim skyldum og hugðarefnum sem kjósendur á viðkomandi svæði hafa kosið þá til. Ég tel þess vegna að mörg sveitarfélög hafi lent í miklum erfiðleikum, og það hefur sýnt sig í gegnum tíðina, vegna þess að tekjurnar sem þau hafa haft til að sinna lögbundnum skyldum sínum hafa ekki dugað. Það er svo aftur spurning hvort hið opinbera eigi þá að hlaupa undir bagga með einhverjum hætti. Það er ekki bæði hægt að banna mönnum að bjarga sér og bregðast þeirri skyldu að koma til móts við þær þarfir sem eru fyrir hendi á svæðinu. Það er þess vegna sem ég tel að svigrúm sveitarstjórnarmanna til þess að taka ákvarðanir um álagningu gjalda þurfi að vera nægilegt til að standa undir skyldunum. Það er metið hér í Alþingi með þeim hætti að það er mjög umdeilanlegt. Ég er talsmaður þess að menn stækki sveitarfélögin. En meðan þau eru svona lítil verða menn að taka tillit til stöðunnar. Mörg sveitarfélög í þessu landi eyða núna allt upp í 90% af fjármunum sem þau hafa til ráðstöfunar eingöngu í skólamál. Þá sjá nú allir hvað er eftir til að gera alla aðra hluti sem eru á verksviði og falla undir skyldur sveitarfélaganna.

Ég mæli gegn þeirri forræðishyggju sem svífur hér oft yfir vötnunum hvað varðar tekjustofna sveitarfélaganna. Sveitarstjórnarmenn eiga að standa og falla með gerðum sínum. Þeir eiga að leggja fram sína stefnu um hvaða verkefni þeir vilja að verði unnin í sveitarfélögunum. Fólkið á auðvitað að kjósa nýja menn til starfa ef menn hafa ekki staðið við það sem þeir hafa sagt fyrir kosningar.

Síðan er ástæða til að velta því fyrir sér eftir ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals hér áðan, sem stakk upp á því að skylda sveitarfélögin til að leggja fram tvær fjárhagsáætlanir, aðra með mikilli þjónustu og háum gjöldum en hina með knappari hætti. Síðan ættu menn að kjósa um þetta í sveitarfélögunum. Mér þykir lýðræðisvakningin aldeilis hafa náð til Péturs úr því hann telur að árlega eigi menn að standa frammi fyrir einhverjum slíkum valkostum. Spurningin er hvort hann eigi ekki að snúa þessu að sjálfum sér sem ábyrgðarmaður hér á ríkisstjórn. Það gæti vel verið að fólkið í landinu hefði allt aðra skoðun á því hvað ætti að standa í fjárlögum hverju sinni heldur en hv. þingmaður hefur og þeir sem hafa verið meðreiðarsveinar hans í þeirri ríkisstjórn sem nú situr. Það gæti t.d. vel verið að fólkið í landinu mundi í stórum meiri hluta komast að þeirri niðurstöðu að það ætti að setja verulega meiri fjármuni til að koma til móts við þarfir aldraðra í þessu landi en gert hefur verið. Ég er algjörlega viss um að þannig er það.

Það er auðvitað hægt að fagna því ef hv. þingmaður vill fara að hlusta eftir því sem fólkið í landinu vill með einhverjum slíkum hætti eins og þessum. Það er þá vel og mér finnst að það væri þá full ástæða til að rækta þessa umræðu við hv. þingmann. Kannski hefur hann verið að ræða þetta í sínum þingflokki og þar eru kannski vatnaskil á ferðinni, að þar ætli menn að fara að hlusta á grasið vaxa allt í kringum sig. Mér hefur ekki fundist að sú heyrn væri allt of næm sem þar hefur verið til staðar því það hefur alla vega legið fyrir mjög lengi að það hefur vantað fjármuni til ýmissa hluta í samfélaginu þó nógir séu þeir í annað. Ég mæli auðvitað með því að menn fylgist með því hvað fólkið vill en það hefur ekki verið gert á ríkisstjórnarbænum undanfarið.

[14:41]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Meginefni þessarar tillögu, sem hér er flutt af hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er að heimila hækkun á útsvari. Ástæðan fyrir þessari tillögu er öllum auðsæ. Hún felst í því að á síðustu árum hefur ríkið ekki staðið við fyrirheit um aukna tekjustofna sveitarfélaganna. Við höfum séð langdregnar samningaviðræður millum fulltrúa sveitarfélaganna og ríkisvaldsins á stundum við það að renna út í sandinn. Þegar lyktir urðu í því samningaþrefi var niðurstaðan þannig að ég tel að sveitarfélögin beri áfram mjög skarðan hlut frá borði. Þetta veldur því að sveitarfélögin eru rekin með vaxandi erfiðleikum í fjárhagslegu tilliti. Mörg þeirra eru ákaflega skuldsett. Flest þeirra, fyrir utan þau allra stærstu, þurfa að verja langstærstum hluta tekna sinna í þjónustu við íbúana. Eftir því sem fleiri verkefni færast yfir til sveitarfélaganna aukast líka kröfurnar á að bæta gæði þeirrar þjónustu. Við sjáum það t.d. í grunnskólanum. Hann var færður yfir. Það kom fram í máli hv. þm. Péturs Bjarnasonar að að líkindum hefðu sveitarfélög verið hlunnfarin í þeim flutningi. Það er hugsanlegt. Þau sættust þó á þetta á sínum tíma. En síðan þetta gerðist hafa kröfur íbúanna í sveitarfélögunum um bættan skóla aukist. Vegna þess að það er skemmra milli þeirra stjórnmálamanna sem taka ákvarðanir um þá þjónustu og þeirra sem njóta hennar er auðveldara fyrir íbúana að hafa áhrif. Þetta hefur leitt til þess að t.d. hér í Reykjavík, undir forustu Reykjavíkurlistans og þeirra flokka sem að honum standa, þá hefur grunnskólinn stórbatnað. Þetta þekki ég sem er foreldri tveggja lítilla telpna í einum af þessum skólum. Ég ber það ekki saman hvað það miklu meira lagt sérstaklega í þau börn sem hafa ákveðnar sérþarfir. Ég fagna því. En þetta kostar peninga. Það er þess vegna ekki síst að sveitarfélögin hafa verið að óska eftir auknu fjármagni.

Aðrar breytingar hafa líka gerst fyrir tilverknað ríkisins sem hafa leitt til tekjufalls sveitarfélaga. Ég var nú einn af þeim sem ekki voru alveg sammála hv. þm. Ögmundi

Jónassyni og fleirum í hans flokki um að liðka til fyrir stofnun einkahlutafélaga. Ég samþykkti það á sínum tíma en ég gerði mér hins vegar grein fyrir þessu. Ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bentum margsinnis á að þetta mundi leiða til ákveðins tekjufalls fyrir sveitarfélögin. Útsvarið sem þau fá í greiðslur minnkar. Það er einfaldlega svo. Það verður að meta að þetta sé um það bil 1,3–1,5 milljarðar á ári sem þetta þýðir í tekjutap. Það er alveg gríðarlega mikil breyting. Það er biti sem klípur verulega.

Þess vegna hygg ég að þeir þingmenn sem flytja þessa tillögu séu að velta fyrir sér ákveðnum möguleikum í að auka tekjustofnana. Menn hafa goldið varhuga við því. Hv. þm. Pétur Blöndal virtist vera því mjög andsnúinn og það er í stíl við skattstefnu Sjálfstæðisflokksins og viðhorf hans til þjónustu við íbúana. Ég velti því samt fyrir mér hvort það sé ekki rétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson var að segja hérna. Á ekki að draga úr forræðishyggju ríkisins gagnvart sveitarfélögum og láta hina kjörnu fulltrúa standa frammi fyrir kjósendum með þær ákvarðanir sem þeir taka? Það er hin lýðræðislega aðferð til að finna meðalhófið milli góðrar þjónustu og viðunandi skattstigs. Ég held t.d. að það væri hugsanlegt að fara þarna eitthvert ákveðið millistig. Innan Samfylkingarinnar höfum við stundum verið að ræða það að veita eigi heimild til sveitarfélaga til að hækka útsvar tímabundið til að standa fyrir ákveðnum stórverkefnum, t.d. byggingu íþróttahúss eða byggingu einhverra annarra mannvirkja sem íbúarnir telja þörf á. Þá yrði um að ræða tímabundna heimild, hún yrði tímasett áður en að ákvörðun er tekin og menn yrðu að standa við það. Ef slík tímabundin hækkun veldur síðan úlfúð í byggðarlaginu og mætir andstöðu þeirra sem þar búa kemur það væntanlega fram í næstu kosningum þar á eftir.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal kom með athyglisverða hugmynd um að í reynd ætti að leggja fram tvær tillögur að fjárhagsáætlun á hverju ári. Íbúar gætu þá valið á milli. Þetta er tillaga sem er í reynd í ætt við beint lýðræði, hún er stig að beinu lýðræði. En þó ekki eins og ég get fellt mig við. Við í Samfylkingunni höfum lagt fram bæði hugmyndir og tillögu, reyndar þingsályktunartillögu og jafnvel frumvarp, um að beint lýðræði verði tekið upp eða skref stigin í átt að því innan sveitarfélaga. Þá gætu íbúarnir með beinum hætti tekið mikilvægar ákvarðanir um mál sem varða þá miklu, stefnumótandi ákvarðanir í stórum málaflokkum. Við höfum t.d. nefnt umhverfismál, skipulagsmál og gæði skólaþjónustu. Við höfum líka reifað þann möguleika í tengslum við umræðuna um breytingu á stjórnarskrá, þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla hefur mjög komið til umræðu, að svipað ákvæði væri hugsanlega sett til að vernda rétt íbúanna að þessu leyti í sambandi við stjórnarskrána. En ég og ég held flestir sem hafa tekið þátt í umræðum um beint lýðræði af þessu tagi höfum alltaf dregið mörkin við eina ákveðna forsendu. Menn eiga t.d. ekki að fá að greiða atkvæði, teljum við, um fjárlög íslenska ríkisins. Sú afstaða hefur komið fram hjá mörgum öðrum hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Að sama skapi er ég þeirrar skoðunar að ef menn fara þessa leið varðandi stjórn ríkisins eigi að reisa sömu skorður varðandi stjórn sveitarfélaga. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að setja slíkar ákvarðanir í beina atkvæðagreiðslu sem fella mætti undir allsherjaratkvæðagreiðslu. Ég tel hins vegar að þetta skref hv. þm. Péturs H. Blöndals sé mjög áþekkt slíku.

Ég rifja það aðeins upp, frú forseti, að í Bandaríkjunum, þar sem ég hef skoðað mjög rækilega með hvaða hætti beint lýðræði er iðkað, er eitt mjög áberandi. Eftir að teknar voru upp í vaxandi mæli beinar kosningar um einstök mál, í þeim ríkjum Bandaríkjanna þar sem kjósendur hafa farveg til að krefjast atkvæðagreiðslu um nánast hvaðeina, blasir ein tilhneiging við. Hún kom strax fram í Kaliforníu þar sem þetta var fyrst á dagskrá og fyrst iðkuð með vel útfærðum hætti. Upp koma hreyfingar og hópar sem berjast fyrir því að draga úr skattheimtu og fylgifiskur þess er alltaf minni þjónusta. Þar sem menn hafa með þessum hætti getað greitt atkvæði um skattstefnu, og það felst í reynd í hugmynd hv. þm. Péturs Blöndals, kemur í ljós að það er mjög auðvelt að fá íbúana til að fallast á það. En það kostar hins vegar mjög mikið varðandi réttindi ýmissa annarra sem oft búa við lítil efni. Það kemur t.d. í ljós í þessum ríkjum að þar eru gæði menntunar ekki jafnmikil og áður. Þar hefur dregið úr gæðum skólakerfisins vegna þess að skólakerfið er eitt af því sem dregur til sín mesta fjármagnið. Þessi þróun er því að sjálfsögðu heppileg fyrir þá sem hafa, sérstaklega í Bandaríkjunum, afl auðmagnsins til að berjast opinberlega í harðvítugri auglýsingabaráttu fyrir málum af þessu tagi. Þeir sem hugsanlega gjalda þess á hinum endanum, þeir sem eru ungir, fátækir, í lægri þjóðfélagsstigum launalega, þeir gjalda þessa. Þá erum við komin að spurningunni um jafnræði og rétt meiri hlutans til þess beinlínis að draga úr lífsgæðum minni hlutans sem er efnalítill. Ég tel alla vega rétt að draga þetta inn í þessa umræðu því mér finnst ástæða til að gjalda varhuga við því að við fetum inn á þá braut sem kom fram hjá þessum hv. þingmanni, braut sem felur í sér áfanga að allsherjarkosningu íbúa um fjárhagsáætlun og þar með skattstefnu. Það er utan við þau mörk sem við höfum rætt hér í þessum sölum þegar við höfum talað um allsherjaratkvæðagreiðslu, hvort sem er innan sveitarfélaga eða á vettvangi þjóðarinnar allrar.

Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hafa tjáð sig opinberlega, t.d. um þjóðaratkvæðagreiðslur, hafa jafnan látið þann botnlanga fylgja að þá kæmi að sjálfsögðu sterklega til greina að undanþiggja ákveðna hluti eins og fjárlög ríkisins. Þar er ég þeim sammála og þar dreg ég mörkin. Þess vegna er ég andstæður þessari hugmynd. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að í vaxandi mæli eigi að auka forræði sveitarfélaganna yfir eigin hag. Ég lagði hér áðan fram þá hugmynd að hugsanlega væri hægt að fara þarna ákveðinn milliveg og leyfa sveitarfélögunum að hækka útsvarsheimtur vegna tiltekinna verkefna sem standa í tiltekinn tíma. Ég held að mætti alveg skoða það rækilega.

Að lokum, frú forseti, vil ég taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni: Það sem skiptir auðvitað mestu máli fyrir þá íbúa í landinu sem búa í litlum sveitarfélögum er að þau stækki og verði fær um að taka við auknum verkefnum. Það eru margvísleg verkefni sem bíða. Ég er t.d. í hópi þeirra þingmanna sem telja að það sé brýnt að leysa ákveðna kreppu sem er á vissum stigum framhaldsskólakerfisins með því að færa hann yfir til sveitarfélaganna. Ég tel að reynslan af grunnskólunum gagnvart neytendum, þeim sem njóta menntunarinnar á skólastiginu, sé það jákvæð að mér

finnst þetta einboðið. En þá þarf með einhverjum hætti að flytja tekjustofna frá ríkinu á móti en mér finnst algerlega skorta umræðu um það atriði. Ég tók eftir því að hæstv. menntamálaráðherra kom hér í stólinn um daginn og talaði fjálglega um að hún vildi gjarnan skoða þá hugmynd að flytja framhaldsskólann til sveitarfélaganna. Með svipuðum hætti tala margir þingmenn Sjálfstæðisflokksins af því að þeir vita að það fellur í góðan jarðveg. En þeir hugsa málið aldrei til enda. Þeir ræða aldrei hinn hlutann, hvernig á þá að mæta auknum útgjöldum sveitarfélaganna? Hvernig á að flytja fjármagnið á milli þessara tveggja valdstiga? Það er eitt af því sem við þurfum að ræða í tengslum við þessa hluti.

Ég vildi nota tækifærið út af þessari ágætu tillögu frá hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem vakti mig og marga til umhugsunar, til að reifa þessi atriði.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti vill vekja athygli þingmanna á að umræddur tími er nú liðinn sem ætlaður var til þessarar umræðu. En þar sem eingöngu tveir eru á mælendaskrá ætlar forseti að biðja þingmenn, þá sem eru á mælendaskrá, að taka tillit til þess.)

[14:54]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)***:**

Frú forseti. Af því tilefni að forsetinn hefur gert mönnum viðvart um að tiltekinn tími sem er ætlaður til umræðunnar sé liðinn vil ég að það komi alveg skýrt fram að ég er ekki aðili að slíku samkomulagi. Það gerði enginn slíkt samkomulag fyrir mig. Þetta var rætt í mínum þingflokki fyrir röskri viku þegar svipaður háttur var hafður á. Þá voru þau skýru boð færð inn í þann þingflokk að hér væri einungis um eitt afmarkað tilvik að ræða. Ég er þeirrar skoðunar að það sé óheppilegt að hægt sé að nota þetta til að ryðja mönnum út af mælendalista eins og var gert í síðustu viku, þar sem ég m.a. tók mig út af mælendaskrá í máli nokkurra hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins af því ég vildi ekki verða til að deyða það mál hér vegna þessara tímamarka. Ég er á móti þessu og vil að það komi alveg skýrt fram að það mun enginn semja fyrir mig um slíkt.

[14:55]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Ég skal vera stuttorður og vonandi gagnorður. Ég vil benda á óskir Félags eldri borgara á landinu. Ósk þeirra er sú að málaflokkur eldri borgara verði fluttur til sveitarfélaga. En þá þarf að tryggja sveitarfélögum að fjármagn frá ríkinu sé nægjanlegt til að þessum flokki verði sinnt eðlilega. Ég held að allir eldri borgarar sjái að nærþjónusta sveitarfélaganna er miklu betri og öflugri og jákvæðari en sú þjónusta sem er á vegum ríkisins í dag. Ég vil koma þessu á framfæri þar sem ég er sennilega elsti maðurinn sem situr á þingi núna í dag.

[14:56]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá prýðilegu umræðu sem hefur farið fram um þetta lagafrumvarp sem borið er fram af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og gengur út á að rýmka heimildir sveitarstjórna til útsvars, en frumvarpið er sett fram í samhengi við tillögur ríkisstjórnarinnar, og reyndar framkvæmd nú orðið, um að lækka tekjuskattsprósentuna almennt. Hér erum við því að gera ráð fyrir tilfærslum á skattheimtu, að færa skattfé, sem áður rann til ríkisins, til sveitarfélaganna, ef þau svo kjósa.

Ég vil að mörgu leyti taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni hvað varðar forræðishyggju gagnvart sveitarfélögum í landinu. Ég er honum sammála um að í reynd eigi það að vera ákvörðun þeirra hve langt eða skammt eftir atvikum þau ganga í skattheimtu. Þannig skildi ég orð hv. þingmanns, að í reynd ætti ekki að vera þak á útsvarsprósentunni. Þakið sem yrði myndað kæmi til sögunnar í pólitískum stefnuyfirlýsingum og í þeim veruleika sem sveitarstjórnarmenn síðan smíðuðu í þeim stakki sem þeir sniðu.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal var á annarri skoðun ef ég skildi hann rétt. Hann vildi ekki ganga lengra í að rýmka skattheimildir sveitarfélaganna og spurði: Hvar endar það ef menn halda áfram að rýmka útsvarsprósentuna? Það kemur fram í yfirliti sem birtist með frumvarpinu að því fer fjarri að öll sveitarfélög í landinu hafi nýtt útsvarsheimildir sínar. Mörg sveitarfélaganna hafa að vísu gert það. En það er engu að síður allmikill hópur sveitarfélaga sem er undir því marki sem nú er heimilt, þ.e. 13,3%.

Síðan hafði hv. þm. Pétur H. Blöndal nokkur orð um skattstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem vildi skattleggja sífellt meira og meira. Það er alrangt. Við erum ekki skattaflokkur í þeim skilningi að við teljum að skattar séu af hinu góða, óháð því hversu langt er gengið eða hver er skattlagður. Við deilum um það hvernig eigi að deila skattbyrðinni. Okkur finnst henni ekki réttlátlega deilt, skattar eru ekki lagðir á þjóðina á réttlátan máta. Við viljum ýmsar breytingar og höfum flutt um það tillögur. Við höfum viljað hækka fjármagnstekjuskatt, svo dæmi sé tekið, en reyndar viljað létta skattheimtu af smásparendanum í fjármagnstekjuskattkerfinu. Við höfum viljað skattleggja meira þá sem eru aflögufærir en minna hina sem hafa minna á milli handa. Þannig höfum við mótmælt skattheimtu á öryrkja, atvinnulausa og láglaunafólk svo dæmi sé tekið.

Við viljum hins vegar vera sjálfum okkur samkvæm og afla þeirra tekna sem við viljum framkvæma fyrir. Það er svo allt annar handleggur. Við viljum sýna ábyrgð hvað það snertir. Ég er einnig sammála hv. þm. Pétri Bjarnasyni, Frjálslynda flokki, að sveitarfélögin hafi iðulega verið of fús til að ganga til samninga um tilfærslur á verkefnum án þess að þeim séu tryggðir nægilegir tekjustofnar til að rísa undir þeim skuldbindingum sem slíku fylgja. Ég held að þetta sé alveg hárrétt ábending af hans hálfu. Þannig er ég því fylgjandi, svo dæmi sé tekið, að ýmis verkefni séu færð til sveitarfélaganna en að því tilskildu, og það er mjög mikilvægt, að þeim séu áður tryggðir nægilegir tekjustofnar.

Síðan spannst mjög fróðleg og skemmtileg umræða hér um þjóðaratkvæðagreiðslur og atkvæðagreiðslur í sveitarfélögum. Ég hlustaði af athygli á ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, sem mér finnst mjög umhugsunarverð. Hann vísaði til reynslu í Bandaríkjunum og tók dæmi um hvernig lýðræðislegar kosningar geta hæglega snúist upp í þá andhverfu sína að bitna á hinum veikustu í þjóðfélaginu.

Þegar horft er mjög afmarkað á tiltekna þætti og það síðan sett inn í atkvæðagreiðslu vilji það stundum gleymast að það er í fleiri horn að líta. Það vilji gleymast að til fleiri þátta er að líta í samfélagsþjónustunni og ef fjármagninu er beint á einn stað öðrum fremur kunni þeir að vera illa settir. Þetta finnst mér vera mjög gott innlegg í þessa umræðu. En mér fannst hins vegar þær hugmyndir sem hv. þm. Pétur H. Blöndal setti fram, um tvær fjárhagsáætlanir og tvær framkvæmdaáætlanir, að mörgu leyti skemmtilegar og vel umræðunnar virði og rétt að þróa þær áfram. En í reynd er þetta eins konar framlenging á því fyrirkomulagi sem við búum við. Stjórnmálaflokkarnir eru náttúrlega í mjög grófum dráttum að setja fram stefnu hvað varðar skattheimtu og framkvæmdir þó að þetta séu miklu afmarkaðri og skýrari línur sem hv. þm. Pétur H. Blöndal vill draga upp með tilliti til slíkra kosninga. Þetta er athyglisverð umræða og mikilvægt að taka hana hér í þingsal og þróa hana síðan áfram.

Ég er alveg sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal líka hvað varðar einkaframkvæmdina, og þær skuldbindingar sem þar er iðulega verið að gefa, ábyrgðarlaust, á framtíðina. Fjármögnun einkaframkvæmdar kemur iðulega ekki fram í bókhaldi sveitarfélaga og ríkis en byggist á skuldbindingu um viðskipti til langs tíma og þar af leiðandi skattheimtu á komandi árum. Þetta er ábending sem áður hefur komið frá hv. þm. Pétri H. Blöndal og er alveg hárrétt og í þeim anda sem ég hef mjög oft talað fyrir hér í þingsalnum.

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram um þetta mál og ítreka ósk um að frumvarpið verði látið ganga til umfjöllunar og afgreiðslu í efnahags- og viðskiptanefnd þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:04]

Útbýting:

Alþjóðaþingmannasambandið 2005, 584. mál, skýrsla ÍAÞ, þskj. 848.

Skuldbindingar sveitarfélaga, 581. mál, fsp. BJJ, þskj. 843.

Vestnorræna ráðið 2005, 577. mál, skýrsla ÍVN, þskj. 838.

Viðhald sauðfjárveikivarnagirðinga, 582. mál, fsp. JÁ, þskj. 844.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 172. mál (rökstuðningur og miskabætur). — Þskj. 172.

[15:06]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég tala fyrir þessu þingmáli sem allur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stendur að og fjallar um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Þetta frumvarp er ekki mikið að vöxtum, það er aðeins þrjár greinar en þær lagagreinar taka til þeim mun stærri og mikilvægari réttinda. Frumvarpið var áður flutt á 131. löggjafarþingi og var þá einnig flutt af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Fyrsti flutningsmaður þess þá var hv. varaþm. Atli Gíslason sem vann þetta frumvarp og þá álitsgerð sem því fylgir. Í upphafi þeirrar álitsgerðar er vísað í grein sem hæstaréttarlögmaðurinn Guðmundur Ingvi Sigurðsson skrifaði í Tímarit lögfræðinga árið 1975 og bar hún heitið Uppsögn vinnusamninga. Í greininni segir hann meðal annars orðrétt, með leyfi forseta:

„Tilkynning um slit á vinnusamningi, uppsögn, getur haft í för með sér margvísleg óþægindi fyrir þann, sem fyrir verður, hvort sem það er vinnuveitandinn eða launþeginn. Það er auðvitað augljóst, hvaða ástæður valda reglum um uppsagnarfrest, sem sé þær að draga sem mest úr óþægindum og tjóni, sem kunna að leiða af fyrirvara lausri eða fyrirvara lítilli uppsögn. Fyrirvaralaus uppsögn getur valdið mikilli röskun í lífi launþegans, sem fyrir verður, svo að ekki sé talað um þá móðgun, sem getur falist í henni. Launþegar eru sjaldnast svo vel fjáðir, að þeir þoli að missa af þeim tekjum, sem stöðug vinna skapar. Það er því eðlilegt og sjálfsagt, að þeir eigi rétt á rúmum uppsagnarfresti, svo þeim gefist færi á að útvega sér atvinnu í tæka tíð. Það getur og verið mjög bagalegt fyrir vinnuveitanda, ef launþegi stekkur fyrirvaralaust úr vistinni, og því eðlilegt að uppsagnarfrestur sé gagnkvæmur."

Þetta stendur í grein sem hæstaréttarlögmaðurinn Guðmundur Ingvi Sigurðsson ritaði um miðjan áttunda áratuginn, eins og að framan greinir, um rétt til uppsagnarfrests. Þessi réttur var lögfestur fjórum árum síðar, þ.e. með lögum nr. 19/1979, en umsaminn áður í mörgum kjarasamningum á vinnumarkaði.

Í núgildandi lögum er kveðið á um lengd uppsagnarfrests og að uppsagnir skuli vera skriflegar. Í sérlögum er að finna ákvæði sem takmarka rétt atvinnurekanda til uppsagna, svo sem þegar trúnaðarmenn eiga í hlut og launafólk í fæðingarorlofi. Einnig eru sérákvæði sem takmarka uppsagnarrétt, svo sem í jafnréttislögum, lögum um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, og í lögum um hópuppsagnir.

Almennt er ekki lögð sú skylda á atvinnurekendur og launafólk að tilgreina ástæður uppsagnar. Einber tilkynning um uppsögn nægir og atvinnurekandi getur leyst starfsmann þegar í stað undan starfsskyldum en ber eðlilega að greiða laun á uppsagnarfresti. Um það eru fjölmörg gömul sem ný dæmi. Uppsagnir, svo ekki sé talað um geðþóttauppsagnir, valda enn sem fyrr mikilli röskun í lífi launamanna. Þær eru særandi og álitshnekkir og til þess fallnar að meiða æru launafólks þegar ráðningarsamband hefur staðið lengi. Þær eru jafnframt til þess fallnar að torvelda möguleika þess sem sagt er upp að fá nýtt starf. Bak við órökstuddar uppsagnir geta búið og búa oft ástæður sem fela í sér mismunun, einnig samkvæmt jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar um bann við mismunun vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Alkunna er sú mismunun sem konur sæta í íslensku þjóðfélagi. Þær sæta órökstuddum uppsögnum vegna kynferðis síns auk þess að vera mismunað við ráðningar. Önnur staðreynd

blasir einnig við. Hún er sú að það gerist æ algengara að miðaldra og eldra fólki með langan starfsaldur sé sagt upp og yngra starfsfólk ráðið í staðinn eða það heldur fremur störfum sínum. En leyndin, sú staðreynd að ekki þurfi að rökstyðja uppsagnir, útilokar einatt alla sönnun þess að þeim sem sagt er upp hafi verið mismunað eða að fyrrnefnd lög sem takmarka uppsagnir hafi verið brotin.

Reynslan virðist sú að harka og óbilgirni í samskiptum atvinnurekenda við starfsfólk færist í vöxt. Svo er að sjá að ný kynslóð auðmanna, sem hafa á undanförnum árum keypt eða yfirtekið hvert stórfyrirtækið af öðru beri meiri virðingu fyrir arði, a.m.k. margir hverjir, af fjármagni sínu og bankanna en fólkinu sem þar hefur verið ráðið til starfa. Það er til að mynda þyngra en tárum taki að horfa til þess að starfsfólki sé sagt upp fyrirvaralaust og gert að hirða persónuleg gögn sín og hypja sig af vinnustað samdægurs, oft undir eftirliti eins og um glæpamenn væri að ræða. Í því felast dylgjur um hæfni og eiginleika starfsmanns sem hann hefur lítil tök á að leiðrétta.

Við búum í lýðræðisþjóðfélagi þar sem heiðarleg gegnsæ samskipti atvinnurekanda og starfsfólks eiga að vera aðalsmerki. Það er engum ofraun að haga uppsögn með málefnalegum og rökstuddum hætti eins og lagt er til í þessu frumvarpi. Það er einfaldlega lagt til að komið sé fram við launafólk af virðingu.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað í samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ILO frá 1982 um uppsögn og ráðningarsamninga en þar er kveðið á um það að sú meginregla gildi að atvinnurekandi megi ekki segja starfsmanni upp, nema ákvörðunin sé byggð á atvikum er varða hæfni og háttsemi hans eða ástæðum sem varða atvinnureksturinn. Gerð er krafa um gildar ástæður, það sem á ensku kallast „valid reasons". Í samþykktinni er að finna upptalningu á ástæðum sem aldrei geta talist gildar, svo sem mismunun í blóra við mannréttindaákvæði, stéttarfélagsaðild o.fl. Svipaðar reglur hafa verið teknar upp í alþjóðasáttmála, svo sem félagsmálasáttmála Evrópu, og ýmis ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu eiga samhljóm í samþykktinni. Samþykkt ILO hefur ekki verið innleidd hér á landi og aðeins í fáum Evrópuríkjum. Í löggjöf flestra Evrópuríkja, meðal annars Norðurlanda, hafa engu að síður verið sett lög sem takmarka uppsagnarrétt atvinnurekanda. Þau hafa lögleitt skilyrði um það að gildar og málefnalegar ástæður verði að liggja til grundvallar ákvörðun um uppsögn. Þessi skilyrði hafa ekki raskað starfsskilyrðum og samkeppnisstöðu fyrirtækja í viðkomandi löndum Evrópu. Verður ekki annað ætlað en að íslensk fyrirtæki geti starfað, vaxið og dafnað við sömu skilyrði. Það er aðeins verið að fara fram á að uppsögn byggist á málefnalegum og gildum rökum. Uppsögn starfsmanns skiptir litlu sem engu fyrir afkomu fyrirtækis og kostnaður af rökstuddri og málefnalegri uppsögn er enginn eða hverfandi í hlutfalli við það fjártjón og miska sem starfsfólk má þola vegna ómálefnalegra uppsagna.

„Lífsafkoma hvers launamanns stendur og fellur með reglulegum vinnutekjum. Í þessu samhengi verður að taka fram að flestir atvinnurekendur gera sér grein fyrir því að ánægt starfsfólk, sem býr við starfsöryggi og góðan aðbúnað, er forsenda ábatasams reksturs. Í vel reknum fyrirtækjum eru uppsagnir rökstuddar og ekki gripið til þeirra nema önnur úrræði séu tæmd. Þegar fækka þarf starfsmönnum á samdráttarskeiði vel rekins fyrirtækis er því til dæmis mætt með því að ráða ekki í störf sem losna eða með því að útvega starfsmönnum vinnu hjá öðrum atvinnurekanda. Það eru fyrst og fremst forsvarsmenn illa rekinna fyrirtækja sem koma ekki fram við starfsfólk af virðingu og sjálfsagðri kurteisi þegar grípa þarf til uppsagna. Þeir gera sér ekki grein fyrir þeirri auðlegð sem felst í ánægðu og reyndu starfsfólki. Það má því færa gild rök fyrir því að það komi atvinnurekendum til góða, ekki síst þegar til lengri tíma er litið, að frumvarp þetta nái fram að ganga."

Í þessu samhengi má minna á þau átök sem urðu þegar ríkisstjórnin viðraði hugmyndir um það á sínum tíma að hinn opinberi atvinnurekandi skyldi ekki lengur skyldaður til að áminna starfsmann sem til stæði að reka og gefa honum kost á því að bæta ráð sitt eða koma í veg fyrir misskilning sem kynni að valda því að viðkomandi væri sagt upp störfum. Þetta var sem betur fer dregið til baka og ég vil minna á að það eru einvörðungu þeir stjórnendur í stofnunum sem eru ekki starfi sínu vaxnir sem mundu grípa til slíkra vinnubragða, aðrir mundu hafa dug í sér til að ganga til starfsmannsins og segja honum að til standi að segja honum upp störfum og af hvaða ástæðum og ef það væri eitthvað við starfsmanninn að sakast að gefa honum þá tækifæri til þess að bæta ráð sitt. Það gerir hinn dugmikli og trausti verkstjóri á vinnustað. Sá sem ekki axlar ábyrgð sína eða er ekki vandanum vaxinn grípur til þess að segja upp í skjóli leyndar og vísar starfsmanninum iðulega út af vinnustaðnum á þann hátt sem hér var rakið að framan.

„Fjölmargir dómar hafa gengið þar sem launafólki hafa verið játaðar skaðabætur vegna ólögmætra uppsagna. Dómstólar hafa hins vegar verið afar tregir til að dæma þeim miskabætur sem misgert hefur verið við, jafnvel í þeim tilvikum þar sem unnt hefur verið að sýna fram á dómgreindarleysi, hörku og óbilgirni atvinnurekanda. Hafa dómstólar vísað til þess að lagaheimild skorti. Reyndar er fyrir hendi nýlegt dæmi um miskabætur greiddar opinberum starfsmanni í hárri stöðu á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Er full ástæða til að lögleiða ótvíræða heimild til að greiða almennu launafólki miskabætur og einnig í tilvikum þegar 26. gr. laga nr. 50/1993 á ekki við, eins og nánar er rökstutt í skýringum með greininni," — og er þar vísað til frumvarpsins og greinargerðar sem því fylgir. — „Sérregla um miskabætur vegna órökstuddra og eða málefnalegra uppsagna almenns launafólks hefur auk þess rík varnaðaráhrif." Það hefur sem sagt rík varnaðaráhrif að hafa slíka klásúlu í lögunum þar sem kveðið er á um miskabætur.

„Síðustu 10–15 árin hafa verið ár einkavæðingar og frelsis í viðskiptum. Þjóðfélagsgerð okkar hefur tekið stórstígum breytingum. Því miður er það svo að auknu frelsi hefur að bestu manna yfirsýn ekki fylgt ábyrgð. Með frumvarpi þessu er leitast við að sporna gegn ábyrgðarlausu frelsi við uppsagnir og einkavæða ábyrgðina."

Eins og áður segir er frumvarpið í þremur greinum. Í 1. gr. er lögð til breyting á 6. mgr. 1. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr 19/1979.

Er greinin svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Uppsögn skal vera skrifleg, rökstudd og málefnaleg og miðast við mánaðamót."

Þetta skýrir sig sjálft og ég vísa í þann rökstuðning sem ég hef hér gert grein fyrir.

Í 2. gr. er lagt til að við fyrrgreind lög frá 1979 bætist ný grein sem verði 11. gr. laganna og hljóði svo, með leyfi forseta:

„Fyrir brot gegn lögum þessum má dæma þeim miskabætur sem misgert er við."

Ég hef gert grein fyrir því hve mikilvægt við teljum að hafa ákvæðið um miskabætur inni í þessum lögum.

Að lokum, í 3. gr., leggjum við til að lögin öðlist gildi hinn 1. júlí árið 2006 og með þeim orðum lýk ég máli mínu og legg til að þessu frumvarpi til laga verði vísað til félagsmálanefndar Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vextir og verðtrygging, 1. umr.

Frv. ÖJ, 173. mál (verðtryggð útlán). — Þskj. 173. [15:21]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Þetta lagafrumvarp er í tveimur greinum.

1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Óheimilt er að breyta til hækkunar vöxtum á lánum sem eru verðtryggð."

Í 2. gr. er lagt til að lög þessi öðlist þegar gildi.

„Þetta mál hefur áður verið flutt á tveimur þingum, hinu 130. og 131. löggjafarþingi, en var ekki afgreitt úr nefnd. Á meðal þeirra sem sendu inn umsagnir um frumvarpið á 130. þingi voru Neytendasamtökin sem mæltu eindregið með samþykkt þess. Samtök verslunar og þjónustu bentu hins vegar í sinni umsögn á verðtrygginguna sem meginvanda innlends lánamarkaðar og töldu að fremur ætti að afnema hana en takmarka samningsfrelsi varðandi vexti. Seðlabankinn og fleiri byggðu umsagnir sínar á grein sem birtist í Peningamálum, í maí 2004, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða fyrir bankann að beita heimild laga til að fyrirskipa að vextir verðtryggðra skuldbindinga væru ætíð fastir. Sjónarmið umsagnaraðila voru því nokkuð skipt.

Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja hagsmuni lántakenda með því að koma í veg fyrir að vextir verðtryggðra lána verði hækkaðir á lánstíma, samkvæmt einhliða ákvörðun lánveitanda eins og almennt tíðkast á íslenskum lánamarkaði. Gert er ráð fyrir að hægt sé að semja um lækkun vaxta en lagalegar skorður á hinn bóginn reistar við því að vextir verði hækkaðir

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingu á 1. mgr. 15. gr. laganna, sem heimilar Seðlabanka Íslands að ákveða að fengnu samþykki ráðherra að vextir verðtryggðra innstæðna og lána skuli vera óbreytanlegir á lánstíma, þó svo að efnislega feli frumvarpið í sér nokkra þrengingu á þeirri heimild.

Sérstaða íslensks lánamarkaðar er allnokkur. Þannig tíðkast hér á landi verðtrygging í lánsfjárviðskiptum í ríkari mæli en í flestum öðrum ríkjum. Verðtrygging sparifjár og lánsfjár hefur almennt verið heimiluð hér á landi frá árinu 1979. Í lögum sem sett voru það ár var kveðið á um að almennt skyldi stefnt að verðtryggingu sparifjár landsmanna og almannasjóða og grunnur lagður að lánskjaravísitölu. Allan áttunda áratuginn hafði geisað mikil verðbólga í landinu. Á þessum tíma voru stjórnvöld treg að heimila vaxtahækkanir og við þær aðstæður voru raunvextir neikvæðir. Með verðtryggingunni var lagður grunnur að tryggari sparnaði og meiri stöðugleika í fjármála- og efnahagslífinu. Nú er svo komið að flestar langtímaskuldbindingar, þar á meðal skuldir heimilanna, eru verðtryggðar."

Reyndar kann þetta að vera að breytast að einhverju leyti. Hér er ég að vísa í greinargerð sem fylgdi þessu frumvarpi þegar það var lagt fram og ég er ekki alveg frá því að það kunni að verða einhver breyting á þessu á síðustu mánuðum, þó að ég verði að játa að ég tali ekki um það af djúpri þekkingu.

„Enda þótt verðtrygging sé mjög útbreidd hér á landi" — sem hún óumdeilanlega er — „er ekki svo að skilja að hún fyrirfinnist ekki í öðrum ríkjum. Tekin var upp verðtrygging hér á landi sem vörn fyrir sparendur og fjármagnseigendur og hefur hið sama verið upp á teningnum í Argentínu, Brasilíu, Chile og Ísrael. Í þessum ríkjum var verðtrygging talin nauðsynleg til að vinna traust fjárfesta á fjármagnsmörkuðum. Víðast hvar annars staðar hefur verðtrygging ekki tíðkast að neinu marki. Allvíða hafa verðtryggð skuldabréf þó verið í boði og má þar nefna Bretland, Svíþjóð, Frakkland, Ástralíu, Kanada og Bandaríkin. Verðtryggð skuldabréf til langs tíma hafa þótt æskilegur kostur og líkleg leið til að lækka vaxtakostnað."

Þetta er atriði sem ég tel mjög mikilvægt að hafa í huga, að menn hafa iðulega talað um verðtrygginguna sem tilræði við þann sem tekur lánið, en í Bretlandi og víðar þar sem verðtrygging hefur verið tekin upp á vissum sviðum þá var það gert til þess að reyna að ná vaxtakostnaðinum niður.

„Athuganir hafa verið gerðar á raunvaxtabyrði óverðtryggðra lána annars vegar og verðtryggðra lána hins vegar. Niðurstöðurnar hafa iðulega verið á þann veg að raunvaxtabyrði verðtryggðra lána hefur að jafnaði verið minni en óverðtryggðra lána á hverjum tíma og lánin viðráðanlegri fyrir bragðið hvað sem líður heildaruppgjöri."

Í skýrslu sem nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins birti í október árið 1998 segir m.a., með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi veldur áhættuálag sem fjárfestir krefst vegna verðbólgu því að raunvextir óverðtryggðra skuldbindinga verða hærri en verðtryggðra. Verðtrygging veldur því að lánveitandinn losnar við verðbólguáhættu. Hér á landi sýnir reynslan að á þessum áratug hafa raunvextir verðtryggðra lána verið að meðaltali um 2% lægri en raunvextir óverðtryggðra útlána ... Í öðru lagi veldur verðbólguáhætta því að lánveitendur eru hikandi við að veita óverðtryggð lán til eins langs tíma og verðtryggð með föstum vöxtum."

Tilvitnun lýkur í þessa skýrslu sem gerð var á vegum

viðskiptaráðuneytisins í október árið 1999, eða frá henni var gengið á þeim tíma.

„Einmitt þarna liggur hundurinn grafinn. Íslenskir lánveitendur vilja hafa allt sitt á þurru. Ekki aðeins krefjast þeir verðtryggingar heldur einnig breytilegra vaxta en erlendis tíðkast einmitt að nota breytilega vexti í sama augnamiði og verðtryggingin upphaflega var hugsuð hér á landi: Til að bregðast við breytingum sem kynnu að eiga sér stað á lánstímabilinu og tryggja þannig að umsamdar lánsfjárupphæðir yrðu ekki étnar upp af verðbólgu. Þegar tvenns konar tryggingar fyrir áhrifum verðbólgunnar eru komnar til sögunnar, verðbætur og breytilegir vextir, hefur verið haft á orði að íslenskir fjármagnseigendur hafi tryggt sig bæði með belti og axlaböndum."

Reyndar fylgir hér með grein sem ég skrifaði og birti í blaði, ég held að það hafi verið DV eða Dagblaðinu, 27. ágúst árið 2001, einmitt undir þessari fyrirsögn „Fjármagnseigendur með belti og axlabönd". Þetta var líking sem hæstv. viðskiptaráðherra, bankamálaráðherra Valgerður Sverrisdóttir, hreifst svo af að hún hefur oft notað, án þess þó að hafa nokkuð aðhafst, þ.e. hvorki losað um beltið né axlaböndin. En þetta er mergurinn málsins, að verðtryggingin og breytilegir vextir hafa í rauninni í eðli sínu sama markmið, þ.e. að lánveitandinn geti brugðist við hreyfingum á markaði, í efnahagslífinu, verðbólgunni, og varið sig með þeim hætti. Jú, hann vill hafa allt sitt á þurru, segi ég hér og ítrekaði og hef jafnan ítrekað, en ég segi þó jafnframt að það þurfi ekki að öllu leyti að vera slæmt fyrir lántakandann vegna þess að að öðrum kosti kynni lánveitandinn að vilja tryggja sig í upphafi, ef allt væri fastmúrað mundi hann vilja tryggja sig með hærri vöxtum. Það er því að mörgu leyti vandmeðfarið hvernig þessu skuli öllu hagað.

Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan, að þó að það hafi sýnt sig og komið fram í umræddri skýrslu frá árinu 1998 og reyndar öllum greinargerðum sem hafi verið gerðar um þetta mál og rannsóknir, alla vega hér á landi að því er ég best veit, að vextirnir, vaxtastigið, raunvextirnir á hverjum tíma hafi verið lægri á verðtryggðu lánunum en öðrum lánum, að þegar á heildina er litið, þegar dæmið er endanlega gert upp þá kunni annað vera upp á teningnum og hin verðtryggðu lán verði þyngri. En þá stöndum við frammi fyrir því að þegar einstaklingar eru t.d. að fjármagna húsnæðislán sín eða aðrar nauðsynlegar framkvæmdir sem þeir verða að ráðast í, þá er það nú einu sinni svo að þeir geta ekki alltaf leyft sér að horfa til heildarniðurstöðunnar heldur til greiðslugetunnar á hverjum tíma. Þetta er alla vega skýringin á þessu frumvarpi. Ég tel mjög óeðlilegt að fjármagnið sé tryggt á tvennan hátt, bæði með breytilegum vöxtum og verðtryggingu, það tel ég óeðlilegt. Ég vil hafa heimildir fyrir því að semja um lækkun þessara vaxta en að lánveitandinn hafi ekki leyfi þess einhliða að ákveða breytt vaxtakjör með því að hækka vexti á verðtryggðum lánum.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta þingmál þó að það væri hægt að tala um þetta lengi dags en legg til að því verði vísað til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að lokinni þessari umræðu.

[15:32]

Pétur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vil með örfáum orðum taka undir umsögn Neytendasamtakanna sem mæltu með því að frumvarp þetta yrði samþykkt og taka líka undir þau orð sem viðhöfð eru í greinargerð þar sem vitnað í ummæli flutningsmanns, væntanlega, og hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að mínum dómi stendur slagurinn því ekki um að berjast gegn verðtryggingu sem slíkri heldur klyfjum okurlánastefnu almennt."

Ég var nefnilega að opna póstinn minn í gær og þar var að finna lífeyrissjóðslán sem ég tók 1986. Ég stóð þá í húsbyggingu og þurfti á þessu láni að halda, það var að upphæð 500 þús. kr. Eftir stendur af þessu láni fimm ára tími. Ég er að greiða af því um 90–95 þús. kr. á ári og hef vafalaust greitt hærra hlutfall á þeim tíma sem verðbólgan var örust fyrir mörgum árum. Eftir standa af þessu láni 20 árum síðar 360 þús. kr. af 500 þús. kr. sem segir mér að á þessu tímabili, ég hef ekki reiknað það nákvæmlega en mér telst til að það geti verið eitthvað vel á þriðju milljón sem ég er búinn að borga af þessu eina láni og enn þá skulda ég nánast alla upphæðina, að vísu allt aðrar krónur. En samt sem áður getur ekki verið alveg eðlilegt að nota þessi stýritæki, belti og axlabönd eins og talað er um, að vera bæði með verðbólgu og hávexti. Núna eru verðtryggð lán um og yfir 10%, þ.e. verðbólgan og vextir, og eins og komið hefur fram möguleiki á að breyta þeim jafnvel til hækkunar.

Ég tel að það mál sem hér kemur fram sé afskaplega þarft mál og eitt skref í því að lagfæra peningastefnu okkar örlítið til þess sem skynsemi má teljast.

[15:34]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu. Meginmálið þar er að leyfa ekki hækkun á vöxtum á lánum sem eru verðtryggð. Nú hefur orðið mjög mikil breyting á lánamarkaði þannig að ég hygg að þau lán sem hér um ræðir séu nánast að hverfa þannig að mengi þeirra lána sem um er að ræða er tómt á máli stærðfræðinnar.

Í árdaga verðtryggingarinnar þegar hún var almenn hjá lífeyrissjóðunum, 1982 eða um það bil, byrjuðu lífeyrissjóðirnir með 2,5% vexti og verðtryggingu. Þeir vextir voru hækkaðir í þrepum upp í 10% raunvexti, frú forseti, og það var afskaplega þungbært fyrir marga lántakendur á þeim tíma að greiða þá vexti. Síðan hafa þeir lækkað aftur. Þá kom mér oft til hugar að það hefði verið skynsamlegt að hafa svona frumvarp vegna þess að verðtryggingin á að dekka og bæta eiganda fjárins þá áhættu sem hann hefur af verðbólgu.

Greinargerðin er í mínum huga eiginlega óður til verðtryggingar því að hún metur með réttu kosti verðtryggingar umfram óverðtryggð lán fyrir lántakendur því að hún minnkar áhættu lánveitanda þannig að hann þarf ekki að taka áhættuálag inn í vöxtunum. Hér segir hins vegar, með leyfi frú forseta: „Íslenskir lánveitendur vilja hafa allt sitt á þurru." Hverjir skyldu það nú vera? Þetta eru jú lífeyrissjóðirnir. Þeir eru lánveitendur í stórum stíl á Íslandi. Athafnamenn og fyrirtæki í landinu eru lántakendur og al-

menningur líka, því miður er allt of lítið af sparifjáreigendum. Það eru lífeyrissjóðirnir sem vilja hafa allt sitt á þurru og það er bara ágætt fyrir hönd lífeyrisþeganna sem taka þetta fé út sem lífeyri seinna meir. En eins og ég sagði áður er markaðurinn gjörbreyttur, það er svona eitt og hálft ár síðan. Eftir að bankarnir komu inn á þennan markað lækkuðu þeir vexti umtalsvert. Það er sennilega mesta kjarabót sem íslenskir launþegar hafa fengið. Afleiðingin er stórhækkun á húsnæði sem sumir segja að sé slæmt en fyrir flesta íbúðareigendur er það mjög gott vegna þess að eign þeirra hefur hækkað umtalsvert. Lánin þeirra hafa lækkað sem hlutfall af eigninni og þeir hafa orðið ríkari, miklu ríkari og geta tekið lán út á þessa eignaaukningu, ef þeir kæra sig um, og sumir hafa, kannski því miður, gert það.

Staðan í dag er ekki sú að lántakandi sé ofurseldur lánveitandanum. Það liggur við, og margir bankamenn mundu segja það, frú forseti, að lánveitandinn sé ofurseldur lántakandanum. Nú leita menn logandi ljósi að góðum lántakanda út um allt sem vill borga sífellt lægri og lægri vexti. Það er því komin mjög mikil samkeppni í þennan markað sem greinargerð frumvarpsins tekur greinilega ekki mið af. Bankarnir bjóða núna langtímalán með verðtryggingu og föstum vöxtum. Það er ekkert verið að tala um breytilega vexti lengur. Reyndar eru sumir bankar með þann hátt á að þeir veita lán til fimm ára og þá er lánið uppsegjanlegt og menn semja um nýja vexti að fimm árum liðnum sem tryggir báða aðila ef vextir skyldu lækka eða hækka.

Hv. þm. Pétur Bjarnason gat um lán sem hann hafði tekið 1986 að upphæð 500 þús. kr. Ef sá hv. þingmaður settist nú niður og reiknaði þau laun sem lánið svaraði til á þeim tíma og þau laun sem hann hefur í dag fyrir sömu vinnu þá er ég viss um að dæmið verður afskaplega jákvætt hjá honum vegna þess að launin hafa hækkað langt umfram verðlag fyrir óbreytta vinnu, sömu vinnu, ekki fyrir þingmennskuna. Laun hafa hækkað langt umfram verðlag á síðustu tíu árum, hverjum sem það er að þakka — það er búin að vera ágætisríkisstjórn allan tímann — og ég hugsa að hann sé búinn að „græða" miðað við laun umtalsvert á þessu láni sínu. En það væri gaman að sjá þá útreikninga, hvað hann fékk lánað í launum á sínum tíma og hvað hann er búinn að borga í launum og hvað hann skuldar enn þá miðað við laun. Ég hugsa að það sé mjög jákvætt fyrir hann eins og fyrir alla aðra landsmenn vegna þess að launin hafa hækkað svo mikið umfram verðlag.

Þetta frumvarp er að mínu mati ágætt. Það hefði átt að koma 1982, þá hefði verið þörf á því þegar lífeyrissjóðirnir byrjuðu með lága vexti og hækkuðu þá í sífellu. Ég hygg að mengi þeirra lána eða þau lán sem falla undir þetta frumvarp séu orðin sáralítill hluti og þeir aðilar sem vilja geta greitt þau upp og tekið lán með miklu lægri og föstum vöxtum hjá hvaða banka sem er.

[15:40]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þetta sé alveg rétt miðað við eðlilegar forsendur og ef launin mín hefðu verið reiknuð kannski 6–8 árum seinna, en eins og hv. þingmaður veit var misgengi á árunum eftir 1986 sem skekkti þessa mynd verulega. Ég hef ekki þessa útreikninga á reiðum höndum en ég held samt sem áður að þessi greiðsla af láninu sé heldur meiri en sem nemur hagræði og þótt tekið sé tillit til launa. Mengi lánanna er tómt. Það getur vel verið fyrir þá sem fara út í það að skuldbreyta, ég er enn þá með þetta lán þannig að mitt mengi fer í að greiða það og líklega er ekki hagstætt að greiða jafngreiðslulán á síðustu árum. Hv. þingmaður þekkir þessar reglur mjög vel en þá eru fyrst og fremst afborganir eftir en ekki vextir.

Ég vildi segja frá því hér að Martinus Simson, ljósmyndari á Ísafirði, hélt marga fyrirlestra og hann skrifaði heila bók um vexti og hann hélt því statt og stöðugt fram að vextir væru sending frá hinum vonda og það væri eiginlega lausn á alheimsvandanum að fella niður alla vexti, alls staðar. Það var skoðun hans, sem ég hef svo sem ekki afstöðu til, en markaðurinn er breyttur, það er alveg rétt hjá hv. þingmanni, og það hlýtur að skýra það að eitthvað var bogið við ástandið áður fyrst nú er hægt að bjóða 4 eða 4,15% vexti og það lýsir því hvað stefnan hlýtur að hafa verið óhagstæð áður fyrst allt í einu er hægt að gera þetta núna.

[15:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Sú skoðun að vextir séu sending frá hinum vonda hefur meira að segja verið sett í lög sums staðar. Þetta var í gildi hjá múhameðstrúarmönnum á 12. og 13. öld. Þetta var líka í gildi hjá kristnum mönnum sums staðar en ég held að flestir séu horfnir frá þessari hugsun og líti á vexti sem leigu fyrir fé, þann arð sem menn geta haft af því að fá fé að láni til að fjárfesta. (**PBj:** Enda lýsti ég þessu ekki sem minni skoðun.) Nei.

Það að eitthvað hafi verið bogið við ástandið. Já, það var eitthvað bogið við ástandið. Þetta var á hendi ríkisins. Það voru ríkisbankar, það voru lífeyrissjóðir sem menn voru skyldaðir til að greiða í o.s.frv. Það var eitthvað bogið við ástandið. Eftir að bankarnir voru einkavæddir og þeim óx ásmegin urðu þeir svo öflugir að t.d. Kaupþing banki var kominn með sama lánshæfismat og ríkið og gat farið að bjóða lán í samkeppni við ríkið og þá lækkuðu vextirnir vegna samkeppninnar. Þetta hefði aldrei gerst ef bankarnir hefðu ekki verið einkavæddir. Það er mín trú. Það var eitthvað bogið við ástandið og það sem var bogið við það var að lánamarkaðurinn, fjármagnsmarkaðurinn, var mestallur á hendi ríkisins. Núna er það aðeins lítill hluti af honum, þ.e. Íbúðalánasjóður, og hann er hverfandi, hann er að minnka, ég ætla að vona að hann hverfi alveg þannig að landsmenn geti haldið áfram að njóta góðs af samkeppni á þessum markaði.

[15:44]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur þróast inn á mjög undarlegar brautir bölbæna í garð Íbúðalánasjóðs sem er mikil þjóðþrifastofnun og landsmönnum mikilvæg, ekki síst almennu launafólki. Mestu máli skiptir hún fyrir þá sem búa í dreifðum byggðum landsins og fengu að kynnast því þegar bankarnir buðu 100% lán, að þeir mismunuðu fólki eftir búsetu. Þá var talað um traust veð og ótraust veð. Við erum að sjáum fram á nýja einokunartíð renna upp. Bankarnir, sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hrósar í hástert, gera

kröfu um að gleypa viðskiptavini sína með húð og hári. Þú færð 100% lán svo fremi sem þú kemur með öll viðskipti þín inn í bankann, þar á meðal lífeyrissparnað, séreignarsparnað o.s.frv. Þetta eru hinir nýju viðskiptahættir sem hv. þingmaður rómar og tengir bölbænum sínum í garð Íbúðalánasjóðs sem Sjálfstæðisflokkurinn og sérstaklega hægri vængur hans vill feigan. Það er nokkuð sem við látum ekki yfir okkur ganga baráttulaust. Það mega menn vita.

Síðan upphófst hið gamla fornaldartal um hina illu ríkisbanka og allt sem er ríkistengt. Þá var nú öldin önnur er ríkisbankar voru við lýði. Ég vil minna á að ríkisbankarnir lifðu sjálfstæðu lífi. Þeir fengu að vísu, Landsbankinn, í byrjun 10. áratugarins lán frá ríkinu, sem var greitt, allt saman, hver einasta króna og verðtryggð til baka. Hún var tryggð. Ég sé að hv. þm. Pétur H. Blöndal hristir höfuðið. Ég fá að heyra hann segja að svo hafi ekki verið. Ég staðhæfi að það hafi verið greitt til baka. Við höfum séð hvað gerst hefur eftir að ríkisbankanna nýtur ekki lengur við.

Á síðari hluta 20. aldarinnar ríkti hugsunin um samstöðu í þjóðfélaginu, ekki bara í bankakerfi heldur í ýmsum þjóðþrifastofnunum og fyrirtækjum sem sett voru á laggirnar. Óskabarn þjóðarinnar vil ég nefna, Eimskipafélagið. Það sinnti siglingum í kringum landið. Nú er hún Snorrabúð stekkur. Nú er það svo að nýir eigendur segjast ekki lengur vera skipafélag. Það borgar sig frekar að fjárfesta í útlöndum. Þeir eru bara fjárfestingarhópur. Ein grúppan enn og sama gildir á öðrum sviðum. Ég held að menn eigi að fara svolítið varlega og ganga hægt um gleðinnar dyr þegar þeir tala um ágæti hinna nýju einkavæddu banka. Þar skulum við fara varlega í yfirlýsingum þótt ég voni sannarlega að þessir bankar muni pluma sig, okkur öllum til hagsbóta. En ég vísa út af borðinu þessum pólitísku dagdraumum hv. þm. Péturs H. Blöndals.

Hann segir að þetta frumvarp sé of seint á ferðinni. Hann vísar í árin 1982, fyrstu áranna á 9. áratugnum, að gott hefði verið að hafa frumvarp af þessu tagi þá. Ég minnist yfirlýsingar frá tveimur ágætum mönnum úr fjármálalífinu á þeim tíma. Annar var hv. þm. Pétur H. Blöndals sem var þá sennilega eigandi og stjórnandi í Kaupþingi, nýju fyrirtæki. Hinn einstaklingurinn sem ég var að hugsa til var seðlabankastjórinn á þeim tíma, Jóhannes Nordal. Þeir sögðu báðir, ég man þetta vel, að af verðtryggðum lánum ættu vextir ekki að vera meira en um 2%. Ég man þetta vel.

Með það í huga að vextir af verðtryggðum lánum ættu ekki að vera meira en 2% þá fletti ég því upp áðan, hver prósentutalan væri almennt í útlánum á verðtryggðum lánum. Þar kom upp talan 5%. Enn búum við því við hátt vaxtastig í landinu. Við skulum ekki gleyma því. Það eru engir sérstakir kraftaverkamenn á ferðinni hér á landi hvað þetta snertir vegna þess að alls staðar í heiminum hafa vextir verið á niðurleið. Bæði vestan hafs og austan hafa vextir verið á niðurleið. En það má ekki gleyma því að vaxtastigið á Íslandi er hærra en gerist í Evrópu og í Bandaríkjunum. Það veldur m.a. miklum fjármagnsflutningum þar sem fjárfestar nýta sér vaxtamuninn. Þess vegna hefur um 200 milljörðum kr. verið pumpað í íslenska fjármálakerfið og er það rakið til þessarar staðreyndar sem slíkrar.

Hvort þetta frumvarp er óður til verðtryggingarinnar, eins og hv. þingmaðurinn sagði, vil ég ekki segja til um. Það er eiginlega óður til fordómaleysis. Þetta er óður til þess að skoða málin út frá hagsmunum lánveitandans og lántakandans með það að markmiði að hafa vaxtastigið eins lágt og kostur er. Það tel ég vera verkefnið. Ég ítreka það sem ég sagði áðan, að þótt við náum því fram með verðtryggingunni að halda raunvaxtastiginu á hverjum tíma lægra, það sýna rannsóknir, en á óverðtryggðum lánum þá er hinu ekki að leyna að þegar dæmið er gert upp allt í heild sinni, þegar lánið hefur verið greitt upp að lokum, hefur vaxtagreiðslan verið hærri af verðtryggðum lánum en öðrum.

Þetta eru hlutir sem ég tel að þurfi að skoða á fordómalausan hátt. En þetta frumvarp gengur einvörðungu út á að banna lánveitendum að vera með í senn, verðtryggingu og breytilega vexti, en þó með þeim takmörkunum sem gerð er grein fyrir í frumvarpinu, að óheimilt sé að breyta til hækkunar vöxtum af lánum sem eru verðtryggð en heimiluð lækkun á lánum. Fyrir þessu hef ég gert grein fyrir áður. Ég þakka þeim sem tóku þátt í umræðunni, hv. þm. Pétri Bjarnasyni frá Frjálslynda flokknum og hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir ágætt framlag þeirra til þessarar umræðu.

[15:52]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þannig háttaði til að ég gat ekki verið við umræðuna svo ég ákvað að stökkva inn í andsvar til að koma að fáeinum orðum um þetta frumvarp.

Ég vil almennt segja að ég tek undir það markmið frumvarpsins að draga úr vöxtum hér á landi. Í nýlegri skýrslu sem Neytendasamtökin létu taka saman á síðasta ári voru bornir saman vextir í tíu Evrópulöndum. Ísland var eitt af þeim. Í ljós kom, þar sem menn vita líklega, að vextir eru langhæstir hér á landi, svo nemur mörgum prósentustigum og allt upp í 7% var munurinn á milli okkar og þess lands af þeim tíu sem hafði lægstu vextina.

Þetta á við um íbúðalánin. Jafnvel þó að vextir íbúðarlána hafi verið lækkaðir fyrir rúmu ári eða einu og hálfu ári, niður í 4,15%, þá voru það vextir umfram verðtryggingu og að verðtryggingunni meðtalinni voru vextir enn langhæstir hér á landi af húsnæðislánum.

Við búum við fjármálakerfi sem af einhverjum ástæðum lánar peninga út fyrir hærra verð en nokkurt annað fjármálakerfi, a.m.k. í þeim tíu löndum sem tekin voru til samanburðar. Það er auðvitað mikið áhyggjuefni því að neytandinn borgar brúsann. Almenningur borgar þessa háu vexti. Almenningur sem skuldar um 1.000 milljarða kr. og hvert prósentustig er á hverju ári um 10 milljarðar kr. Ef við segjum að að meðaltali séu vextirnir um 4% hærri hér á landi en erlendis, þá eru það um 40 milljarðar kr. á ári sem íslenskur almenningur borgar í gjald fyrir að fá lánaða peninga, umfram það sem gerist að meðaltali í öðrum löndum.

[15:54]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir framlag hans til umræðunnar. Ég er hjartanlega sammála því sem fram kom hjá honum. Auðvitað er það mikið áhyggjuefni fyrir Íslendinga að vaxtastig á lánum skuli vera þetta miklu hærra hér á landi en annars staðar.

Það verður þess m.a. valdandi að fjárfestar flytja peninga sína inn í landið til ávöxtunar og hirða vaxtamuninn.

Við höfum tengt það stóriðjustefnunni að hluta til en áhættan sem lánveitandinn tekur, þ.e. hinn erlendi fjárfestir eða fjármagnseigandinn, er krónan. Ef hún fellur í verði rýrna þessir innfluttu peningar að sama skapi, meðan þeir eru til ávöxtunar í landinu. Yfirlýsingar stjórnvalda um áframhaldandi stóriðjuuppbyggingu þýða í reynd áframhaldandi ríkistryggða eftirspurn eftir gjaldmiðlinum, sem aftur þýðir hátt gengi sem þýðir aftur grænt ljós á meiri innflutning á fjármagni til landsins til að nýta sér vaxtamun í landinu.

En þetta er útúrdúr í mínu máli og kemur ekki við hugleiðingum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, en þeim er ég hjartanlega sammála.

[15:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að menn þurfi að leita leiða til að tryggja samkeppni á fjármálamarkaði frá erlendum aðilum. Mér fyndist það verðugt verkefni hjá íslenskum stjórnvöldum að vinna að því að fá erlend bankafyrirtæki til að bjóða fram þjónustu hér á landi í samkeppni við íslenska banka sem eru svo ofboðslega dýrir fyrir almenning hér á landi.

Í öðru lagi eiga menn að mínu viti að ganga í það verk að afnema verðtrygginguna. Hún er einfaldlega olían sem kyndir áfram vaxtabálið. Hún er tryggingin sem lánveitendur hafa til hárrar afkomu af útlánuðu fé. Verðtrygging er ekki regla erlendis. Hún er mjög óvíða þekkt. Hún er algjör undantekning. Hún var tekin upp hér á landi við mjög sérstakar aðstæður þegar verðbólga hafði um langt árabil verið mikil og sparnaður lítill því að hann brann upp vegna þess að ávöxtun var engin á hið takmarkaða sparifé.

Nú búum við við að við höfum mikið af sparifé, fyrst og fremst lífeyrissjóðanna. Það er það mikið að það er í raun meira en íslenskur markaður ræður við að ávaxta. Þess vegna fer drjúgur hluti þess til útlanda til ávöxtunar í verkefnum þar, sem út af fyrir sig er ágætt. En við þessar aðstæður er engin þörf á verðtryggingu. Íslenskir fjármálamenn verða einfaldlega, að mínu viti, að una því að fóta sig í að starfa í sams konar umhverfi og þeir sem starfa erlendis í sömu atvinnugreinum. Við þurfum ekki lengur að gefa þeim sérstaka tryggingu sér til halds og trausts.

[15:58]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sannfærður um að það sé allra meina bót að afnema verðtryggingu. Mér finnst verkefnið að finna leið til færa vaxtastigið niður. Það skiptir máli. Þeir raunvextir sem lántakandinn greiðir af láni sínu. Við skulum ekki gleyma því að þegar menn fóru t.d. út í verðtryggingu á afmörkuðum sviðum í Bretlandi á sínum tíma var það gert beinlínis til að reyna að ná raunvöxtunum niður. Til að lækka vextina. Yfirleitt hefur þetta verið hugsað til að koma á jafnvægi og ná vöxtunum niður. Komi hins vegar í ljós að svo sé ekki, en við höfum ekki skýrslur sem benda í þá átt, er ég að sjálfsögðu reiðubúinn að skoða það. Ég ítreka þá fyrirvara sem ég setti fram í máli mínu, að þó það geti verið hagstæðara fyrir einstakling sem hefur litlar tekjur að stilla vöxtunum í hóf og samræma þá greiðslugetu hans á hverjum tíma, hugsanlega með verðtryggðum lánum þá neita ég því ekki að þegar upp er staðið, þegar málið er gert upp í lok langs tíma og hefur verið greitt upp að fullu, hefur viðkomandi hugsanlega greitt hærri vexti en hann hefði gert ella. Það er alveg rétt.

En við verðum líka að horfa til greiðslugetunnar á hverjum tíma. En varðandi samkeppni við erlenda banka þá er það alveg rétt sem hv. þingmaður sagði. Það var einmitt það sem vakti fyrir mönnum þegar Búnaðarbankinn var seldur á sínum tíma. Þá stóð til að fá þýskan banka inn í kaupin. En það á eftir að koma í ljós hvort sá banki kom þar nokkurn tíma við sögu. En það er innskot í umræðuna þar sem vísað var í samkeppni erlendra banka á lánsfjármarkaði.

[16:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. framsögumaður málsins var með nokkrar athugasemdir við málflutning minn, m.a. að ég væri með bölbænir gagnvart Íbúðalánasjóði. Ég er ekki með neinar bölbænir gagnvart Íbúðalánasjóði, ég hef ekkert persónulegt við hann að sakast, enda er hann ekki persóna, þetta er stofnun, þetta er fyrirtæki og gerir örugglega góða hluti. Ég benti aðeins á að markaðshlutdeild hans hefði minnkað og spurning hvernig menn bregðast við því og hvort eigi ekki að reyna að breyta honum í eitthvað sem tæki að sér þau félagslegu sjónarmið sem hv. þingmaður gat um og þá í miklu minna mæli.

Einnig var rætt hérna dálítið um að ég hefði sagt í árdaga verðtryggingar að vextir ættu að vera 2%. Umræða var um að hafa vexti mjög háa á verðtryggðum lánum, jafnvel 13%, og ég benti þá á að menn þyrftu ekki eins háa vexti því að verðtryggingin tryggði ávöxtunina. Þá var jafnframt verið að tala um byggingarvísitölu sem viðmiðun sem er miklu nær launum en framfærsluvísitalan. Ég hugsa að 2% vextir með byggingarvísitölu hefðu gefið lífeyrissjóðunum mjög þokkalega niðurstöðu miðað við margt annað.

Varðandi ríkisbankana og að ég hefði verið óheppinn með þá. Ég hugsa nú að flestir og jafnvel hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi ekki verið hrifnir af biðstofum bankastjóranna sem voru pólitískt kjörnir og allt það sem þar gerðist, ég hugsa að það hafi ekki verið gott kerfi til að byggja lánamarkaðinn á.

Síðan varðandi verðtrygginguna og það allt saman sem menn hafa nefnt þá vil ég benda á að aðalfjármagnseigendurnir á Íslandi eru lífeyrissjóðirnir og þeir eru að ávaxta fé sjóðfélaga sinna til að geta greitt lífeyri þannig að ef menn vilja afnema verðtrygginguna þurfa þeir að horfast í augu við að það að lífeyririnn er sú sneið sem menn ætla að skera af.

[16:02]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal sá Íbúðalánasjóði allt til foráttu og vildi hann út af markaði, það sagði hann alveg tvímælalaust. Ég vil minna á að Íbúðalánasjóður er sjálfbær sjóður, hann rís algjörlega undir sjálfum sér. Það

er að sjálfsögðu háð þeim veðum sem hann býr yfir á hve hagkvæmum kjörum hann getur aflað lánsfjár. Ef hins vegar leið Sjálfstæðisflokksins verður farin, að láta hann einvörðungu sýsla með þau veð sem eru ótrygg í dreifðum byggðum eða hjá fólki sem býr við félagslega erfið skilyrði þá verða kjörin sem Íbúðalánasjóður aflar lánsfjár á þeim mun lakari. Ætlast þá hv. þingmaður til að skattborgarinn komi til sögunnar á meðan bankarnir fleyta rjómann af viðskiptum við þá sem búa við betri kjör í þjóðfélaginu?

Að bankaráðsmenn hafi verið pólitískt kjörnir, þetta er notað sem hnjóðsyrði og eitthvað slæmt og illt, að lýðræðislega kjörið fólk skuli fengið til að stýra stofnunum á vegum samfélagsins, ég tek ekki undir svona tal. Ég spyr: Líður hv. þingmanni eitthvað betur ef allir þeir sem ráða fjármálafyrirtækjum eru í einum og sama flokknum? Er það það sem hann vill frekar? Er það minni spilling eins og hann kallar?

Vextir hér á landi eru háir. Hv. þingmaður talar um að þeir hafi hrapað niður. Árið 2004 voru hæstu vextir á verðtryggðum skuldabréfalánum 11,5%. Þeir eru ekki mikið lægri núna. Í janúar voru þeir 10,8%. Lægstu vextir í lok janúar 2004 (Forseti hringir.) voru 5,6% en í janúar árið 2006 4,15%, ívið lægri en háir þó.

[16:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði að Íbúðalánasjóður væri sjálfbær. Það er ekki alveg rétt, hann fær ríkisábyrgð á útlán sín. Hann er með ríkisábyrgð á öllum sínum skuldum þannig að hann nýtur þess í því að fá lægri vexti. Hann er því ekki sjálfbær að því leyti.

Ef bestu veðin og bestu lántakendurnir eru teknir út úr Íbúðalánasjóði sagði hv. þingmaður að eftir sætu lakari veð og lakari kjör og það mundi lenda á skattgreiðendunum. Þessi lakari veð og lakari kjör lenda á einhverjum. Núna lenda þau væntanlega á þeim sem eru lántakendur við hliðina á þeim eða á ríkissjóði með beinum eða óbeinum hætti, það breytir því engu. Ég vil að menn horfist í augu við að ef það kostar eitthvað að veita þessi félagslegu lán þá á það að kosta beint, ekki einhvern veginn óbeint, í gegnum einhverja aðra.

Varðandi pólitískt kjörna stjórnendur banka í eina tíð og biðstofurnar og allt það, ég ætla ekki að líkja því saman, frú forseti, hvað það er nú skemmtilegra að fá tilboð þar sem leitast er við að lána manni með lágum vöxtum í samkeppni en að þurfa að standa í biðstofum eftir 50 þús. kr. víxli og vonast til að pólitískt kjörinn bankastjóri þekki mann og viti í hvaða flokki maður er.

[16:06]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki er ég að tala fyrir slíkri tíð eða slíkum háttum og alls staðar í heiminum hefur orðið breyting hvað þetta snertir. Alls staðar í heiminum, það er ekkert einsdæmi á Íslandi, er offramboð á fjármagni til lánveitinga. Við erum að upplifa hvað það þýðir fyrir þjóðfélag okkar og efnahagskerfi þessi innspýting á útlánum til samfélagsins, til einstaklinga sem eru hvattir til að eyða og spenna og hefur skilað sér núna í viðskiptahalla sem nemur 15% af landsframleiðslu, um 150 milljörðum kr. En ég vil að sjálfsögðu engar biðraðir og ég vil bæta hag lántakenda, að sjálfsögðu. Ég ítreka að hér eru mjög háir vextir enn og sú gósentíð sem hv. þm. Pétur H. Blöndal lýsir eftir einkavæðingu bankanna birtist ekki í þeim vaxtatölum sem eru að birtast í fjölmiðlum og á seðlunum sem fólk er að fá heim til sín nú um stundir.

Ég vek athygli á að sá aðili sem á stærstan þátt í að keyra niður vextina og halda bönkunum við efnið er Íbúðalánasjóður, það er hið opinbera. Ég hugsa með hryllingi til þess að ef því aðhaldi sem kemur frá Íbúðalánasjóði og hefur komið frá Íbúðalánasjóði yrði svipt brott mundi það hafa þau áhrif að vextir mundu hækka, ég er alveg sannfærður um það. Vextirnir voru lækkaðir þá fyrst held ég 15 dögum eftir að ESA kvað upp úr um að vísa kæru bankanna á hendur Íbúðalánasjóði frá. Þá fyrst lækkuðu þeir vexti til að reyna að koma Íbúðalánasjóði út af markaði. Þetta eru nú staðreyndir málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullvinnsla á fiski hérlendis, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn o.fl., 212. mál. — Þskj. 212.

[16:08]

Flm. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég flyt tillögu til þingsályktunar um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis. Flutningsmenn með mér eru hv. þingmenn Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að kanna orsakir mikils útflutnings á óunnum fiski á fiskmarkaði erlendis og mögulegar leiðir til að draga úr honum og auka í staðinn fullvinnslu innan lands. Ráðherra birti Alþingi niðurstöður sínar og tillögur eins fljótt og unnt er.“

Tillagan var lögð fram á þingi í fyrravetur en komst þá ekki á dagskrá og var lögð fram í haust lítið breytt en fylgiskjöl voru þá uppfærð eins og gögn lágu þá fyrir. Síðan hefur tillagan legið og ekki komist á dagskrá fyrr en nú þó svo að hún hafi verið lögð fram fyrstu dagana í október og mál hafa svo sem þróast áfram með líkum hætti og hér verður rakið í greinargerðinni og staðan síst betri hvað varðar fiskvinnslur sem byggja á því að sækja fisk á markaði.

Eins og stendur í greinargerðinni og ég ætla hér að flytja, frú forseti, jókst útflutningur á óunnum fiski í gámum á fiskmarkaði erlendis frá árinu 2002 úr rúmlega 21 þús. tonni í rúm 43 þús. tonn árið 2004 og nam á fyrstu sex mánuðum ársins 2005 tæpum 27 þús. tonnum. Útflutningur þessi hefur verulega neikvæð áhrif á þjóðarbúið enda ljóst að unnt væri að auka útflutningsverðmæti þessa afla umtalsvert ef hann væri unninn hér á landi. Hráefnisskortur er viðvarandi vandamál í íslenskri fiskvinnslu, ekki síst hjá þeim fyrirtækjum sem reka fiskvinnslu án útgerðar og treysta því algjörlega á nægt framboð af fiski á íslenskum fiskmörkuðum. Þegar fiskur er fluttur óunninn á fiskmarkaði erlendis hafa íslenskir fiskverkendur enga möguleika til

að bjóða í hann. Segja má að jafnræði íslenskra fiskkaupenda gagnvart erlendum fiskkaupendum, sem og samkeppnisstaða þeirra, sé skert að þessu leyti. Þegar útflutningur á óunnum fiski er orðinn eins mikill og raun ber vitni hefur hann mjög neikvæð áhrif á möguleika fiskvinnslufyrirtækja til viðgangs og vaxtar. Þetta er sérstaklega bagalegt í því ljósi að virðisauki í vinnslu sjávarafurða hefur verið með mesta móti hjá þeim fyrirtækjum sem stunda fiskvinnslu án útgerðar auk þess sem þessi fyrirtæki hafa í mörgum tilvikum verið í fararbroddi við að vinna nýja markaði fyrir hágæða íslenskan fisk í hæsta verðflokki.

Spyrja má hvað valdi því að óunninn fiskur sé fluttur úr landi í þessum mæli. Margir hafa haldið því fram að orsakanna megi leita í ólíkum vigtunarreglum og svokallaðri yfirvigt sem tíðkast á erlendum fiskmörkuðum. Að minnsta kosti virðist ekki eingöngu unnt að skýra hinn mikla útflutning með vísan til þess að hærra verð fáist fyrir fiskinn á erlendum mörkuðum enda hefur fiskverð verið mjög hátt á fiskmörkuðum hérlendis undanfarin ár. Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ráðherra kanni hvaða undirliggjandi ástæður og orsakir séu fyrir þessum mikla útflutningi og komi með tillögur til úrbóta.

Í sjávarútvegsstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er komið inn á þetta, m.a. með eftirfarandi hætti, með tilvitnun í stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sjávarútvegsmálum, með leyfi forseta:

„Auk þess sem hér er talið upp má nefna að skoða þarf sérstaklega aðstöðumun landvinnslu og sjóvinnslu með það fyrir augum að finna leiðir til að jafna þann mun, auka alhliða menntun á sviði sjósóknar og fiskvinnslu og stuðla að fullvinnslu alls sjávarfangs. Þá þarf að tryggja nýliðun í greininni og huga sérstaklega að þjálfun verðandi sjómanna. Einnig ber að setja reglur um að allur afli, sem ekki fer beint til vinnslu hjá sama aðila og veiðarnar stundar, skuli fara á markað til að auðvelda aðgang innlendrar fiskvinnslu að öllu því hráefni."

Íslenskur fiskmarkaður hefur verið í mikilli framþróun á síðustu árum. Með upptöku fullkomins uppboðskerfis er nú unnt að stunda viðskipti á honum með hjálp netsins, hvar sem er í heiminum. Þannig standa kaupendur erlendis jafnfætis öðrum þegar uppboð fara fram. Er það álit flutningsmanns þessarar þingsályktunartillögu að eðlilegast væri að allur sá fiskur sem nú er fluttur á erlenda fiskmarkaði færi þess í stað á íslenskan fiskmarkað enda væru möguleikar erlendra fiskkaupenda til að bjóða í og kaupa íslenskan fisk og flytja hann út óunninn til vinnslu eða sölu ekki skertir. Hins vegar hefðu íslenskir fiskkaupendur þá alltaf möguleika á að bjóða í fiskinn í samkeppni við aðra.

Ótvírætt er að það þjónar hagsmunum Íslendinga að sem mest af þeim fiski sem veiddur er hér við land sé jafnframt unninn hér á landi. Alþingi og stjórnvöldum ber að haga lögum og reglum þannig að jafnræði og samkeppnisstaða íslenskra fiskverkenda sé trygg til að svo geti orðið."

Þetta er hin almenna greinargerð sem fylgir þessari þingsályktunartillögu og eins og ég segi þá hefur ýmislegt breyst og ýmis gögn komið fram sem hvetja enn frekar til þess að fiskur komi á fiskmarkaði og fiskvinnslur sem reiða sig á fisk af fiskmörkuðum eigi þar greiðari aðgang.

Það er margt að gerast, m.a. útflutningur á óunnum fiski eins og hér er rakið. En samþjöppun á aflaheimildum á stöðugt færri hendur þýðir að það eru færri aðilar sem leggja upp á markað. Fiskmarkaðirnir hafa vissan hluta ársins kannski að stórum hluta verið bornir uppi af bátum sem voru annaðhvort í sóknardagakerfi eða úr minni bátaflotanum. Þróunin á síðasta ári og það sem af er þessu ári gengur mjög hratt í þá veru að þessum bátum fækkar. Aflaheimildirnar renna inn á stærri skipin og á færri hendur og jafnvel inn á útgerðaraðila sem eru annaðhvort mjög stórtækir í útflutningi á gámafiski eða halda þessum fiski fyrir sjálfa sig í eigin fiskvinnslum með þeim hætti að stöðugt minnkar það framboð sem kemur á markað fyrir minni fiskvinnslur.

Þetta hvort tveggja er, eins og ég hef rakið hér, mjög óheppilegt. Til viðbótar kemur svo sú staða fiskvinnslunnar að berjast í hinu gríðarlega háa gengi, samkeppnisstaðan sem látin er dynja á fiskvinnslunni, á útflutningsgreinunum — afleiðing af ruðningsáhrifum stóriðjustefnunnar sem bitnar einstaklega hart á fiskvinnslum sem að stórum hluta reiða sig á fisk á markaði og reyndar á fiskvinnslunni allri. Það er svo sem táknrænt, frú forseti, að við vorum í morgun að ræða áhrif af hugsanlegum nýjum álframkvæmdum og forsætisráðherra Framsóknarflokksins kom hér og lýsti því að stefna Framsóknarflokksins yrði áfram sú að fjölga álverum, halda genginu háu og ryðja burt öðrum atvinnugreinum með ríkisvæddri álstefnu Framsóknarflokksins. (**Gripið fram í:** Ál á alla firðina.) Ál á alla firði er stefna Framsóknarflokksins ef hann fengi að ráða. Við minnumst skilaboðanna sem álráðherra Framsóknarflokksins sendi Vestfirðingum þegar verið var að loka fiskvinnslunum þar, hverri á fætur annarri, og fólk var að missa atvinnu sína. Ekki nóg með það heldur var verðmætaaukning fisksins sem við vorum að veiða skert, það var dregið úr henni. Fiskurinn var í auknum mæli fluttur óunninn úr landi þannig að sú verðmætasköpun sem við eigum möguleika á í fiskinum er kastað fyrir róða fyrir álæði ríkisstjórnar Framsóknarflokksins, þessu nærri því öfgafulla álæði. Frú forseti, ég held að það megi að segja að þetta öfgafulla álæði Framsóknarflokksins bitni hart á fiskvinnslunni.

Frumvarpið, sem ég flyt ásamt fleiri þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, miðar að því í fyrsta lagi að benda á slæma stöðu fiskvinnslunnar í hinni öfgafullu álæðisstefnu Framsóknarflokksins og í öðru lagi að benda á það að fiskvinnslustöðvarnar fái jafnan rétt og erlendir aðilar til að bjóða í fiskinn hér á landi. Að fiskurinn sé ekki fluttur óunninn í gámum úr landi án þess að gefa íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum tök á að bjóða í hann — því að það er náttúrlega fráleitt að halda að íslenskar fiskvinnslur geti farið að bjóða í íslenskan fisk á markaði í Cuxhaven eða Hull.

Frú forseti. Með þessari tillögu fylgja töflur sem sýna í tölum þróun á gámaútflutningi, flutningi á óunnum fiski á síðustu árum. Sú þróun hefur í sjálfu sér haldið áfram þó svo að tölurnar séu að breytast innbyrðis á þessu ári. Hér er einnig hluti úr skýrslu frá aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva þar sem rakið er ítarlega hve þessi staða er ósanngjörn gagnvart fiskvinnslunni í landinu, að geta ekki boðið í fiskinn á jafnréttisgrunni, að leyfilegt sé að flytja hann úr landi án þess að farið sé með hann á markaði hér. Í öðru lagi er fjallað um þá staðreynd að fiskveiðiheimildirnar eru

stöðugt að safnast á færri og færri hendur sem þýðir að það eru færri og færri sem véla um vinnslu aflans. Aflanum er landað og fer til vinnslu að því marki sem vinnsla er enn hér á landi, fer á æ færri staði á landinu.

Í þessu sambandi er líka rétt að hafa í huga að þessar fiskvinnslur, eins og ég benti hér á áðan, hafa verið brautryðjendur í nútímatækni, í að þróa nýjar afurðir varðandi fiskinn og vinna nýja sérhæfða og dýra markaði sem þessir stóru aðilar hafa síðan troðið sér inn á eftir á. Þetta er því á margan hátt mjög óheppileg þróun gagnvart þessum mikilvæga atvinnuvegi og Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla fiskvinnsluna, standa á bak við fiskvinnsluna. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill að verðmætasköpunin sé eins mikil og nokkur kostur er hér á landi á þessari dýru auðlind, sem er jú að stórum hluta undirstaða atvinnulífs og efnahagslífs þjóðarinnar. Ekki veitir heldur af að auka og styrkja útflutningsgreinarnar, útflutningsverðmætið, miðað við þær tölur sem við stöndum nú frammi fyrir með 15% viðskiptahalla, 150 milljarða viðskiptahalla á síðasta ári. Og viðskiptahallinn stefnir í annað eins á þessu ári og verði áfram af þessari stefnu ríkisstjórnarinnar sem var kynnt hér í morgun — áframhaldandi ál og áframhaldandi ál — mun viðskiptahallinn náttúrlega enn vaxa. Einhver verður að borga þann viðskiptahalla. Ætli það verði nú ekki sjávarútvegurinn, fiskurinn, sem gerir það hvenær sem það síðan verður, hvenær sem hann fær tækifæri til að fá sína samkeppnisstöðu, en þá verður það hann því að ekki er það álið. Álið skilar sáralitlu nettó til þjóðarinnar. Það er fiskvinnslan, það er ferðaþjónustan, það er iðnaðurinn, það eru hátæknistörfin sem skila arðinum og þess vegna skulum við standa vörð um fiskvinnsluna og þessi tillaga til þingsályktunar miðar einmitt að því, frú forseti.

[16:24]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis og hv. flutningsmaður, Jón Bjarnason, hefur gert allgóða grein fyrir þessu máli.

Ég vil byrja á því að vekja athygli aftur á orðum sem hann las hér áðan og ég held að þetta sé það mikið lykilatriði í þessu máli að með leyfi hæstv. forseta vil ég vitna í þetta aftur hér í greinargerð:

„Segja má að jafnræði íslenskra fiskkaupenda gagnvart erlendum fiskkaupendum, sem og samkeppnisstaða þeirra, sé skert að þessu leyti“ — þ.e. að eiga möguleika á að bjóða í fisk. „Þegar útflutningur á óunnum fiski er orðinn eins mikill og raun ber vitni hefur hann mjög neikvæð áhrif á möguleika fiskvinnslufyrirtækja til viðgangs og vaxtar. Þetta er sérstaklega bagalegt í því ljósi að virðisauki í vinnslu sjávarafurða hefur verið með mesta móti hjá þeim fyrirtækjum sem stunda fiskvinnslu án útgerðar auk þess sem þessi fyrirtæki hafa í mörgum tilvikum verið í fararbroddi við að vinna nýja markaði fyrir hágæða íslenskan fisk í hæsta verðflokki.“

Þarna er um lykilatriði að ræða og ég vek athygli á því að Frjálslyndi flokkurinn hefur frá upphafi haft á stefnuskrá sinni fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu og að með því móti verði sköpuð skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á óunnum fiski á markaði og stuðlað að heilbrigðari viðskiptaháttum í fiskviðskiptum. Vafalaust eru samkeppnisskilyrði miklu betri verði þessu komið á og það kemur fram hér í greinargerð að samþjöppun aflaheimilda, og ekki síður verðmyndun innan fyrirtækja, er algjörlega óeðlileg. Ég hef verið að heyra dæmi af því að sjómenn, sem eru á skipum sem eiga jafnframt útgerðarfyrirtæki, fá fasta greiðslu fyrir þann fisk sem landað er af fyrirtækinu og greiðslan er ekki hærri en það að undirmálsfiskurinn, sá sem ekki er talið borga sig af einhverjum ástæðum að vinna innan fyrirtækisins, er settur á markað. Fyrir hann, fyrir undirmálið, fæst jafnvel hærra verð en greitt er samningsbundið innan útgerðarinnar sjálfrar. Þetta segir nokkra sögu auk þess sem hér kom fram að það er ekki gefinn kostur á að bjóða í þennan fisk sem menn höndla svona milli handa innan fyrirtækja. Íslensk fyrirtæki eiga því miklu erfiðara um vik að bjóða í þennan afla, þeim er einfaldlega ekki gefinn kostur á því.

Þetta er mikið umhugsunarefni þegar hátæknifyrirtækin eru að flýja land af ýmsum ástæðum og við erum í stöðugt ríkari mæli að flytja út óunninn eða lítið unninn fisk. Ef til vill er það svo að í þjóðfélagi þar sem hagsæld ríkir og launakostnaður fer vaxandi er kannski erfiðara að fá verkafólk og það er ekki stefna sem menn vilja standa að að skapa hér einhverja útlenda láglaunastétt. En mér er spurn: Af hverju er ekki meiri stuðningur við það að hátæknifyrirtæki, sem við eigum mjög mörg frábær, komi þarna til skjalanna? Megnið af þeirri vinnslu sem fram getur farið í fiskafurðum getur nokkurn veginn verið án mannshandarinnar. Það hefur sýnt sig að það er hægt að gera þetta vélrænt að langmestu leyti. Ég held að það væri ráð að styðja hátæknifyrirtækin til þess að nýta tækni þeirra enn frekar er orðið er. Þau hafa að vísu gert heilmikið í þessum efnum og stóraukið sjálfvirkni í úrvinnslu.

Það er reyndar ekki bara fiskurinn. Hvað með áliðnaðinn sem er nú mjög til umræðu? — Ég heyrði nýyrði hjá hv. flutningsmanni sem er álæði? Maður hefur heyrt talað um málæði en það er alveg nýtt að heyra talað um álæði. Er það fullunnin vara sem við erum að vinna þar? Síður en svo. Þetta er eiginlega eins konar frumvinnsla. Maður veltir því fyrir sér hvort það sé eftirsóknarvert fyrir íslenskt þjóðfélag að vera fyrst og fremst frumvinnsluþjóðfélag sem framleiðir hráefni fyrir aðrar þjóðir til þess að vinna úr og auðgast á því. Við ættum frekar að skapa okkur sess sem þjóð sem vinnur sem allra mest verðmæti úr þeim hráefnum og þeim auðlindum sem hún hefur og flytur þau þannig út. Ég held að við ættum að reyna að nýta menntun okkar og tækni til að gera okkur meiri mat en við höfum gert úr þeim möguleikum sem hér eru til staðar, en ég tel æskilegt að kannaðar verði orsakir fyrir þeim mikla vanda sem þarna er á ferðinni.

[16:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er að vonum að menn flytji tillögur af þessu tagi og ég skil það vel þó svo að ég hafi þá skoðun að ekki þurfi kannski að leita orsakanna mjög fyrir þeirri stöðu sem er uppi. Ég vek athygli á að við höfum hér á undanförnum árum margsinnis flutt tillögu um aðskilnað veiða

og vinnslu. En það er alveg ljóst að samkeppnisumhverfi í sjávarútveginum, þ.e. milli fiskvinnslu og útgerðar, hefur skekkst fyrst og fremst vegna þess að í þessu landi er blandað saman veiðum og vinnslu með þeim hætti að þegar upp er staðið taka þeir sem eiga útgerð og reka jafnframt fiskvinnslu til sín fiskinn inn í vinnsluna á 20–50 krónu lægra verði kílóið heldur en hinir fá hann á markaði. Þessi samkeppnisaðstaða hefur smám saman verið að eyðileggja möguleika fiskvinnslu án útgerðar á Íslandi sem náði sér á strik gegnum nýjungar, í gegnum útflutning á ferskum fiski og nýjungar í viðskiptum með fisk á markaði í löndunum í kringum okkur, sérstaklega úti í Evrópu en líka í Ameríku.

Þessi fyrirtæki standa núna í mjög erfiðri baráttu við þau fyrirtæki sem eiga aflaheimildirnar í landinu og hafa komið í kjölfarið á markaðssetningu þessara fyrirtækja inn á þessa markaði. Það sjá allir að það er ekki mjög þægileg samkeppnisaðstaða að berjast við aðila sem fá hráefnið á miklu lægra verði í hendurnar og geta líka stjórnað hráefninu til sín eins og þeir geta sem eiga líka útgerðina. Þessi samkeppnisaðstaða er í raun óverjandi. Það er eiginlega alveg furðulegt að stjórnvöld í landinu skuli ekki hafa viljað taka á þessu. Ég kem því hér á framfæri að við umfjöllun í sjávarútvegsnefnd um þetta nefndarfrumvarp sem ég talaði um hér áðan — þ.e. um aðskilnað veiða og vinnslu sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur flutt hér ásamt mér og fleirum á undanförnum árum hvað eftir annað — við umfjöllun um það núna liggur t.d. fyrir bréf frá Samkeppnisstofnun þar sem tekið er undir að setja þurfi nefnd í að skoða samkeppnisumhverfið. Það verður fróðlegt að sjá hvort að þá verði svona að lágmarkinu til vilji til að skoða málin hér í framhaldi af þessari tillögu núna. Ég er ekki búinn að sjá fyrir endann á því.

En það er þetta sem skiptir að mínu viti mestu máli ef menn ætla sér að koma hér á einhverju eðlilegu samkeppnisumhverfi og þá mun það gerast af sjálfu sér að fiskur af Íslandsmiðum mun fara miklu meira í gegnum markaði en hann gerir núna. Það sem hefur gerst núna á undanförnum árum er að markaðirnir komu upp fyrst og smærri útgerðarmenn gripu þá fegins hendi. Síðan hafa stærri útgerðarmenn verið að kaupa til sín meira og meira af aflaheimildum sem smærri útgerðirnar hafa haft með yfirtökum og jafnóðum nánast hefur þessi fiskur horfið af fiskmarkaði. Umfang fiskmarkaðanna er því í besta falli að standa í stað og stundum hefur það dregist saman á undanförnum árum. Það er mjög vond þróun og núna eftir að stóru fyrirtækin komu inn á ferskfisksmarkaðinn með miklu afli eins og þau hafa verið að gera á undanförnum fimm til sjö árum eða svo þá sjáum við fyrirtæki sem hafa verið mjög vel rekin á undanförnum árum, fiskvinnslu án útgerðar sem hefur stundað útflutning, komin í mikla og erfiða vörn. Sterk staða krónunnar hefur svo flýtt fyrir þessari þróun sem er að verða. En hún er ekki aðalástæðan. Aðalástæðan er fyrst og fremst hin erfiða samkeppnisaðstaða sem í raun er gjörsamlega óviðunandi.

Síðan er ég algerlega sammála hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem vilja að þessi afli fari um markaði. Þeir eru ákaflega markaðssinnaðir í afstöðu sinni til þess hvernig eigi að nálgast fisk og hafa viðskipti með hann. Þeir telja að það eigi að gerast á uppboðsmörkuðum og það er bara gott. Ég er sannarlega sammála því að sem best væri þetta gert með sem mestu frelsi og þannig að sem allra flestir ættu möguleika á að ná til þess fisks sem kemur að landi á markaðnum sjálfum. Það er auðvitað hægt að gera með nútímatækni í gegnum tölvu og net og allt það. Möguleikarnir eru allir til staðar. Þeir eru heftir fyrst og fremst vegna eignarhaldsstefnunnar í veiðiheimildum á Íslandi. Menn verða að breyta afstöðunni til þessara mála með því annars vegar að skilja á milli veiða og vinnslu, sem skiptir öllu máli hvað þetta varðar sem við erum að tala hér um og hins vegar með því að breyta því hvernig veiðiheimildum er komið í hendur útgerðarmanna í þessu landi. Ef menn gera þetta ekki mun samþjöppunin halda áfram. Eignarhaldið er að færast hægt og bítandi á fáa og enn þá færri í framtíðinni. Nýliðunin er nánast engin miðað við aðrar atvinnugreinar og atvinnugreinar þar sem ekki er nýliðun verða á fallandi fæti.

Þetta er umhugsunarefni sem mér finnst að þeir sem bera ábyrgð á þessari stefnu ættu að leggja meiri tíma í að velta fyrir sér, þ.e. hver sé framtíðin miðað við eignarhaldsfyrirkomulagið. Ég velkist ekki í vafa um það. Það sem ég get bætt við þann rökstuðning núna er bara það sem menn geta komist að ef þeir fylgjast með hvað er að gerast núna á markaðnum. Enginn þorskur hefur t.d. verið til leigu undanfarna daga á markaðnum. Af hverju er það? Það er vegna þess að fréttir heyrðust um að vegna fuglaflensunnar mundi verð á þorski hækka og fiski almennt. Þá hættu menn sem hafa verið að selja mönnum aðgang að Íslandsmiðum að selja fiskinn vegna þess að þeir ætla að bíða og sjá til hvort þeir fái ekki hærra verð.

Þetta er framtíðin. Ef menn ætla að halda sig við þetta fyrirkomulag þá er þetta framtíðin, leigukerfi á vegum einkaaðila sem spilar á markaðinn alveg til enda. Þetta er framtíð eignarhaldsfyrirkomulagsins og það munu ekki líða neitt óskaplega mörg ár þangað til að það verður komið á og öllum hömlum verður létt af þessu eignarhaldi ef menn ekki sjá að sér hvað varðar þetta mál.

[16:37]

Flm. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmönnum sem hafa tekið til máls í þessum umræðum, hv. þm. Pétri Bjarnasyni og hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir þeirra ágætu innlegg í þessa umræðu sem ég hef hér farið í gegnum varðandi tillögu til þingsályktunar um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að vert er að huga að mörgum atriðum í þessu sambandi. Einnig kom hv. þm. Pétur Bjarnason inn á það sama. Þessi tillaga miðar að þessu ákveðna atriði sem þarna er til meðferðar varðandi útflutning á óunnum fiski í gámum án þess að hann komi hér við á fiskmörkuðum eða í fiskvinnslum hvort sem þær eru íslenskar eða erlendar — það er ekkert mál fyrir erlendar fiskvinnslur að bjóða í fisk á mörkuðum hér ef þeir vilja það — þ.e. að þarna sé gætt sjálfsagðs jafnræðis. Við það að minni útgerðum fækkar sem hafa sett fisk á markað þá verða líka þessir fiskmarkaðir miklu stopulli, en þessar litlu fiskvinnslur hafa einmitt unnið þrekvirki í þróunarstarfi á sérunnum fiski á mörkuðum. Þetta er há-

tæknivinnsla. Þetta er vinnsla sem krefst oft fínustu tækni og við höfum hér á landi fyrirtæki sem hafa verið leiðandi í heiminum í að framleiða tækni til fiskvinnslu. Öll þessi vinna krefst bæði sérþekkingar og mikillar færni. Með því að gera þessum fiskvinnslum erfitt fyrir eða útiloka þær smám saman, eins og er að gerast nú, töpum við bæði þeirri atvinnu sem felst í hátækniiðnaðinum í kringum vinnslutæknina og líka hjá því fólki hefur öðlast mikla færni í að auka verðmæti fisksins.

Sú stefna að leyfa fiski að fara í gámum á erlenda markaði er náttúrlega mjög andstæð íslenskum hagsmunum, bæði hvað viðvíkur viðskiptahagsmunum og líka tækniþróun og verðmætasköpun. Svo er það það sem hv. þingmenn Pétur Bjarnason og Jóhann Ársælsson nefndu, þ.e. hið háa gengi og sú efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar að virða að vettugi þarfir þess grunnatvinnuvegar þjóðarinnar sem fiskvinnslan er.

Hv. þm. Pétur Bjarnason minnist einmitt á áliðnaðinn sem er aðaláhugamál að minnsta kosti Framsóknarflokksins í atvinnumálum, þessi öfgafulla trú á ál, og að þjóðhagslegur ábati sem skilar sér inni í þjóðarbúið af þeirri starfsemi er sáralítill, innan við 30% af heildarútflutningstekjum. Hitt eru bara veltufjármunir. Fiskvinnslan aftur á móti er að skila inn í þjóðarbúið kannski allt upp í 70%–80% af virðisaukanum. Í því samhengi er alveg ljóst að við stefnum í óhagkvæma átt. Einnig veitir okkur ekki af þessari þekkingu, þessari færni, þessari verðmætasköpun. Við verðum að halda í hana og efla hana til að treysta fjölbreytt atvinnulíf hér til framtíðar.

Ég trúi því, frú forseti, að þessi tillaga til þingsályktunar okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Jóns Bjarnasonar, Þuríðar Backman og Ögmundar Jónassonar fái góða og hraða afgreiðslu í nefnd. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði henni vísað til hv. sjávarútvegsnefndar til frekari meðferðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kynbundinn launamunur, fyrri umr.

Þáltill. SF o.fl., 224. mál. — Þskj. 224.

[16:43]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um opinbera nefnd sem vinni gegn kynbundnum launamun. Þessi tillaga er á þskj. 224, mál 224. Flutningsmenn tillögunnar ásamt þeirri er hér stendur eru hv. þingmenn Jónína Bjartmarz, Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Magnús Stefánsson.

Af þessari upptalningu má sjá að flutningsmenn eru úr öllum stjórnmálaflokkum nema Vinstri grænum. En þeir flytja annað mál sem lýtur líka að kynbundnum launamun. Þeir vilja að sjálfsögðu útrýma honum eins og aðrir stjórnmálaflokkar. Því má segja að hér ríki þverpólitísk samstaða um að útrýma kynbundnum launamun og menn vilja nota til þess öll tæki sem tiltæk eru. Þessi þingsályktunartillaga er dæmi um eitt slíkt tæki.

Í tillögunni sjálfri kemur fram að Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót þverpólitískri nefnd sem skipuð verði fulltrúum stjórnmálaflokkanna ásamt fulltrúa Jafnréttisstofu og nefndin hafi það verkefni að vinna gegn kynbundnum launamun. Það er eðlilegt að nefndin verði vistuð hjá Jafnréttisstofu sem fjallar um jafnréttismál á Íslandi í víðum skilningi. Nefndin þyrfti að ráða til sín starfsmann sem jafnframt yrði framkvæmdastjóri hennar. Það er eðlilegt að sérstakur starfsmaður verði ráðinn ef ráðast á í eins viðamikið starf og þessi þingsályktunartillaga ber með sér.

Virðulegur forseti. Það kemur fram í þessari tillögu að verkefni nefndarinnar verða margvísleg. Í fyrsta lagi á nefndin að vinna að áætlanagerð og aðgerðum til að minnka launamun kynjanna. Það er mjög brýnt að vinna að áætlanagerð í þessu sambandi í ljósi þess hve flókið er að útrýma launamun kynjanna.

Í öðru lagi er sagt að nefndin eigi að vera í nánu samstarfi og samráði við hagsmunasamtök og þá aðila sem áhrif hafa á launaþróun í landinu. En það eru auðvitað fjölmargir aðilar sem hafa áhrif á launaþróun, svo sem stéttarfélögin, aðilar vinnumarkaðarins og alls kyns hagsmunahópar sem fylgjast með og vinna gegn óréttlæti í samfélaginu.

Í þriðja lagi á nefndin að standa fyrir ráðstefnuhaldi og skoðanakönnunum og framleiða efni til opinberrar birtingar sem stuðli að launajafnrétti kynjanna. En það er mjög brýnt að koma upplýsingum á framfæri bæði við almenning og aðra sem áhrif hafa á launaþróun þannig að menn viti að hverju ber að stefna og hvar skórinn kreppir í þessu sambandi.

Í fjórða lagi segir að nefndin eigi að kanna til hvaða aðgerða nágrannar okkar á Norðurlöndunum hafa gripið til að minnka kynbundinn launamun. Kynbundinn launamunur er alþjóðlegt fyrirbæri, konur almennt hafa lægri laun en karlar, a.m.k. þekkir sú er hér stendur ekkert samfélag þar sem konur hafa almennt hærri laun en karlar. Í flestum ef ekki öllum samfélögum hafa karlar hærri laun almennt. Öll lönd eru meira og minna að fást við þetta vandamál. Norðurlöndin hafa kannski tekið hvað mest á þessu og það er eðlilegt að við skoðum hvað nágrannar okkar hafa gert til minnka launamun kynjanna. Hér segir einnig að nefnd þessi eigi að vinna í fimm ár þannig að þetta er tímabundin aðgerð. Nefndin á að gefa út áfangaskýrslu um störf sín á miðju starfstímabilinu, þ.e. þegar u.þ.b. tvö og hálft ár eru liðin af starfstíma hennar. Þetta er hugsað þannig að þá geti þeir sem um þessi mál fjalla skoðað skýrsluna og áttað sig á hvert stefnir og hversu ötul nefndin hefur verið og hvað hún hefur lagt til málanna.

Þegar rætt er um svona tillögu er eðlilegt gera í örstuttu máli grein fyrir því sem gert hefur verið varðandi kynbundinn launamun. En sú skoðun er almennt ríkjandi að mikið ranglæti felist í kynbundnum launamun og að ekki sé hægt að líða slíkt ranglæti í nútímasamfélagi og hefur reglulega verið vakin athygli á því ranglæti. Í því sambandi er kannski eðlilegt að minnast hér á kvennafrídaginn árið 1975 en þá lögðu konur einmitt niður vinnu til að sýna fram

á verðmæti vinnuframlags kvenna fyrir íslenskt efnahagslíf. Þær héldu fjöldafund til að krefjast jafnréttis. Sá fundur var geysilega fjölmennur og mikil stemning ríkti á honum. En núna, 30 árum seinna, erum við ekki komin í mark varðandi þetta mál. Það er enn þá launamunur í íslensku samfélagi og mismunur ríkir hér gagnvart konum á mörgum öðrum sviðum líka. Hinn 24. október sl. lögðu konur aftur niður störf til að sækja fjöldafund og krefjast jafnréttis enn á ný. Sá fundur sló öll fyrri met, var mjög fjölmennur, og það ríkti mikill baráttuandi á honum. Það er því alveg ljóst að þetta er mál sem almenningur vill að tekið sé á og við þurfum að gera mun meira en við höfum gert til að uppræta launamuninn sem er svo flókið að eiga við.

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á kynbundnum launamun og ég mun koma að þeim síðar í máli mínu, en umræðan um hann hefur verið mjög löng. Fyrstu lög um jöfn laun karla og kvenna í tilteknum starfsstéttum voru sett árið 1945. Árið 1961 voru samþykkt á Alþingi lög um launajöfnuð karla og kvenna. Árið 1975 litu fyrstu jafnréttislögin dagsins ljós og þau voru síðan endurskoðuð árið 2000. Það ber að nefna að ríkisstjórnin hefur gert jafnréttisáætlanir sem hafa verið endurskoðaðar nokkrum sinnum. Sú fyrsta var gerð 1986 en í núgildandi jafnréttisáætlun, sem var samþykkt fyrir ekki löngu síðan eða á þarsíðasta ári, segir að markmið ríkisstjórnarinnar sé að uppræta launamun kynjanna þannig að jafnrétti náist á því sviði.

Í stjórnarskránni er mælt fyrir um það að konur og karlar skuli njóta jafnréttis í hvívetna. Samt er það staðreynd þegar við skoðum launamun milli kynja að hann er greinilega fyrir hendi þegar við berum saman laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Það er kerfislægur launamunur milli kynjanna, hann hefur verið ríkjandi um árabil eða kannski frá upphafi og því miður eru lítil teikn á lofti um breytingar. Það má því færa rök fyrir því að verið sé að fara á svig við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar ásamt fleiri lögum eins og lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.

Varðandi rannsóknir sem gerðar hafa verið á launamun kynjanna þá hafa þær ekki allar sýnt sömu niðurstöðu en það má segja á grófum skala að þær hafi sýnt að kynbundinn launamunur sé á bilinu 7,5–18%. Oft hefur verið talað um 10–15% en alla vega er hann allt of mikill. Heildarvinnutekjur kvenna eru að jafnaði um 60% af atvinnutekjum karla en ef tekið er tillit til vinnutíma er hlutfallið komið upp í 79%. Ástæða þess er að margar konur stunda launavinnu í skemmri tíma en karlar. Karlar tengjast barneignum og fjölskylduábyrgð á annan hátt en konur. En þegar búið er að taka tillit til allra þátta sem oft hefur verið gripið til til að sýna fram á einhverja eðlilega skýringarþætti á mismunandi launamun standa alltaf eftir 7,5–18% sem flokkast sem kynbundinn launamunur sem alls ekki er hægt að útskýra með nokkrum hætti, með engum afsökunum og engum sérstökum skýringarþáttum sem gripið er til. Þetta er bara kynbundinn launamunur

Einnig hefur verið sýnt fram á það í könnunum að kynbundinn launamunur á almenna vinnumarkaðnum er meiri en hjá hinu opinbera. Skýringin er talin að hluta til af því að kjaraákvarðanir eru í meira mæli einstaklingsbundnar á almennum vinnumarkaði en algengara er hjá hinu opinbera að þar séu miðstýrðir kjarasamningar hafðir til viðmiðunar. Samkvæmt þessu er staðan því verri ef eitthvað er á einkamarkaðnum en á hinum opinbera markaði.

Nýlega var gerð launakönnun sem nefnd um efnahagsleg völd kvenna lét gera í samvinnu við Jafnréttisstofu. Sú könnun sýndi að aðgerða er þörf en meginniðurstaða þeirrar könnunar var að konur hefðu 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnudag. Könnunin sýndi að það mætti skýra 21–27% af þessum launamun með ólíkum starfsvettvangi, starfi, menntun og ráðningarfyrirkomulagi kynjanna. Það sem eftir stendur, þ.e. 7,5–11% launamunur stafar af því að hjónaband, barneignir og fleira hefur önnur áhrif á laun kvenna en karla. Það kom fram að föst dagvinnulaun karla eru t.d. 4–5% hærri en ella ef þeir eru í sambúð eða hjúskap. Sambúðin hefur lítil áhrif á laun kvenna, þ.e. karlarnir fengu meiri laun ef þeir voru í hjúskap eða í sambúð en það virtist ekki hafa áhrif á laun kvenna. Það má líka geta þess að í sömu könnun kom fram að hlutfall kvenna í æðstu stjórnunarstöðum hjá ríkinu væri afar lágt, um 20%, og hvað þá meðal framkvæmdastjóra stærstu fyrirtækja landsins, einungis 4% þeirra voru kvenkyns. Við erum þannig langt á eftir í jafnréttismálunum á þessu sviði líka, virðulegi forseti.

Þessi launamunur er mjög flókið fyrirbæri, margir þættir hafa áhrif á hann og þeir eru missýnilegir. Nefna má að viðhorf til hlutverkaskiptingar kynjanna hefur áhrif, flokkun hluta vinnumarkaðarins í karla- og kvennastörf, misjafnt aðgengi kynjanna að stjórnunarstöðum í fyrirtækjum, launaleynd og misjöfn fjölskylduábyrgð kynjanna.

Því miður eru engar beinar töfralausnir til. Ef svo væri þá væri búið að eyða þessum launamun. Aðgerðir hafa þó mjög mikið að segja í þessu sambandi. Ég vil nefna ný fæðingarorlofslög sem réttu hlut karla til fæðingarorlofs en sá réttur er núna jafn á við rétt kvenna. Sú nýbreytni hefur örugglega leitt til að bæta stöðu kvenna gagnvart launum af því atvinnurekandi þarf ekki að hafa eins miklar áhyggjur af því að einungis kona hverfi frá störfum vegna barneigna, heldur líka karlinn eða faðirinn.

Vitundarvakning hefur áhrif og líka viðhorfsbreytingar. Því ber að fagna að samtök launafólks hafa staðið fyrir herferðum þar sem er verið er benda á kynbundinn launamun. Þar er verið að hvetja konur til að krefjast hærri launa og verðmeta sjálfar sig hærra og mér þykir það mjög jákvætt.

Þrátt fyrir allt þetta er launamunurinn staðreynd og á honum verður að taka. Mikil umræða hefur verið um launaleynd og það er mál sem þarf að skoða vel. Ég veit að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur skoðað það sérstaklega og hefur flutt mál um það. Loks er það starfsmat sem ég tel eðlilegt að skoðað verði enn frekar en þar hefur Reykjavíkurborg kannski gengið hvað lengst. Sú er hér stendur var einmitt formaður starfsmatsnefndar á sínum tíma. Þar verið var að skoða starfsmat og hvaða áhrif það gæti haft á laun karla og kvenna en við starfsmat eru jafnverðmæt og sambærileg störf metin á einingaskala, má segja. Slíkt starfsmat, slíka reglustiku, væri hægt að nota á kvennastörf og karlastörf til þess að greiða jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Ég tel að Reykjavíkurborg hafi unnið þarna mjög gott starf svo og fleiri sveitarfélög.

Fyrir stuttu var ákveðið að félagsmálaráðuneytið færi í sérstaka vinnu varðandi launamun kynjanna og vinnur nefnd að því núna að setja upp kerfi þar sem fyrirtæki sem standa sig vel í launamálum kynjanna eiga að geta beðið um að láta gera úttekt hjá sér og geta fengið nokkurs konar gæðavottun. Fyrirtæki sem fær slíka gæðavottun á að geta sannað að þar ríki ekki kynbundinn launamunur. Verður spennandi að sjá hvernig það kerfi verður þegar það verður kynnt síðar.

Virðulegur forseti. Ég tel að þetta mál sé mikilvægt og veit að þverpólitísk samstaða er um það. Það er einungis spurning um hvaða leiðir eru bestar að markinu.

[16:58]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu um þarft málefni. Ég kem aðeins til að bæta því við um launaleyndina að ekki skal dregið úr frammistöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í því efni. Rétt er hins vegar að geta þess að fyrir þessu þingi sem nú situr liggur frumvarp þar sem ég hygg að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sé aðalflutningsmaður með fleiri samfylkingarmönnum. Það er um að banna launaleynd með tilteknum hætti, þ.e. að banna það að starfsmanni sé gert skylt í kjarasamningum að leyna launum sínum, þannig að hann hafi sjálfur tækifæri til að gera þau opinber með þeim hætti sem hann vill, m.a. með því að bera þau saman við laun annarra starfsmanna. Ég hygg að þetta hafi verið gleymska eða misskilningur hjá þingmanninum og óska ekki eftir því sérstaklega að hún svari þessu, enda um einfalda leiðréttingu að ræða.

[17:00]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Merði Árnasyni um launaleyndina að það er atriði sem þarf að skoða vel. Það er mjög flókið hins vegar. Maður sér að launaleyndin getur valdið því og hefur sjálfsagt valdið því í einhverjum tilvikum að konur vita ekki hvað karlar sem vinna við hliðina á þeim hafa í laun. En á hinn bóginn eru einnig viðhorf ríkjandi sem segja að laun eigi að vera persónubundin, þ.e. menn eigi ekki að gefa upp laun sín og þarf að vera hægt að umbuna fólki fyrir að standa sig vel. Þá er stundum erfitt að opna launaleyndina. Þetta eru því geysilega flókin mál og mjög erfitt að greina hvað rétt er að gera í því. En ég tel eðlilegt að þessi umræða verði tekin og bæði Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafa verið að íhuga þessi mál og auðvitað hafa stjórnarflokkarnir verið að því líka.

Í þingsályktunartillögunni sem við fjöllum núna um er vilji til þess, ef hún verður samþykkt, að sett verði upp þverpólitísk nefnd fulltrúa allra flokka sem fari heildstætt yfir kynbundinn launamun og þá er launaleyndin að sjálfsögðu eitt af þeim atriðum sem til skoðunar koma.

[17:01]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir talaði fyrir þingsályktunartillögu sem tekur á talsvert miklu réttlætismáli, máli sem stjórnmálaflokkarnir hafa allir auðvitað hver með sínum hætti reynt að beita sér fyrir. Það vekur eflaust athygli þeirra sem skoða flutningsmannalista þingsályktunartillögunnar að þar eru þingmenn úr öllum flokkum nema Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og ég tel rétt að skýra það í nokkrum orðum við þessa umræðu.

Ástæðan fyrir því er sú að Vinstri hreyfingin – grænt framboð, sem er náttúrlega sammála anda þessarar tillögu, hefur lagt fyrir þingið frumvarp til laga sem er á þskj. 45 sem gengur lengra en þessi tillaga til þingsályktunar. Á því frumvarpi eru allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flutningsmenn og því þótti okkur ekki eðlilegt að taka þátt í að flytja þessa tillögu með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, enda gengur þetta frumvarp okkar talsvert lengra, eins og ég sagði.

Við, sem erum þó seinþreytt til vandræða, erum nánast búin að missa þolinmæðina gagnvart þessu launamisrétti sem er til staðar í landinu sem er stjórnarskrárbrot, er brot á lögum og er brot á stefnu ríkisstjórnarinnar. Við höfum í sjálfu sér, og er kannski hægt að taka undir það með hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, ekki neinar töfralausnir. En við teljum þó að við höfum fundið upp praktíska lausn sem við lýsum í frumvarpi því sem um ræðir og við höfum lagt fram, eins og ég sagði áðan. Sú hugmynd er úr smiðju Atla Gíslasonar, varaþingmanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hann hefur unnið að því og var fyrstur manna til að leggja það mál fram á vorþinginu 2004. Það frumvarp gerir ráð fyrir að Jafnréttisstofu verði veittar heimildir til að ganga úr skugga um það með rannsókn og gagnaöflun hvort réttindum og skyldum samkvæmt jafnréttislögunum sé fullnægt, svo sem varðandi launajafnrétti og sömuleiðis að tryggt sé að bannákvæðum IV. kafla jafnréttislaganna sé framfylgt.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að Jafnréttisstofa geti hafið rannsókn og gagnaöflun að eigin frumkvæði að mótteknum kvörtunum eða í kjölfar kæru til kærunefndar jafnréttismála. Við líkjum því eða leggjum að jöfnu þær heimildir sem er mælt fyrir í lögum um skatta, í samkeppnislögum og í lögum um eftirlit með fjármálastarfsemi. Þar er um ákveðnar heimildir að ræða sem jafnast á við þær sem við erum að leggja til að Jafnréttisstofa fái hvað varðar þetta úrræði að kanna hvernig farið verði að lögum varðandi launajafnréttið. Við teljum þetta vera afar veigamikil rök fyrir því að Jafnréttisstofa fái sambærilegar heimildir til að tryggja konum þessi stjórnarskrárbundnu mannréttindi.

Ég þarf ekki að fara frekar yfir málefnalega þætti málsins. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir rakti það ágætlega í máli sínu. Í greinargerð okkar greinum við frá sömu rannsókn og hv. þm. nefnir, þ.e. rannsókn Þorgerðar Einarsdóttur, lektors í kynjafræði við Háskóla Íslands, sem er afar athyglisverð og kemur inn á það sem kom fram í samskiptum hv. þingmanna Sivjar Friðleifsdóttur og Marðar Árnasonar hér áðan varðandi launaleyndina. Í rannsókn Þorgerðar Einarsdóttur kemur í ljós að kynbundinn launamunur á Íslandi er meiri á hinum almenna vinnumarkaði en á hinum opinbera. Það er í samræmi við þær launakannanir sem hafa verið gerðar á vegum Félagsvísindastofnunar, hún hefur gert kannanir fyrir Verslunarfélag Reykjavíkur sem hafa leitt þetta í ljós og sömuleiðis reyndar launakannanir Reykjavík-

urborgar líka. Þessi mismunandi staða jafnlauna annars vegar á almenna markaðnum og hins vegar á hinum opinbera virðist helst skýrt með því að kjaraákvarðanir séu í meira mæli einstaklingsbundnar á almenna vinnumarkaðnum og það færist í vöxt eins og við vitum að gerðir séu samningar þar sem kveðið er á um launaleynd.

Það er algengara á opinbera vinnumarkaðnum að gerðir séu miðstýrðir kjarasamningar og starfsfólk á opinbera vinnumarkaðinum er bundið þeim kjarasamningum á annan hátt en starfsfólk á almennum vinnumarkaði þar sem eru faktískt ekki neinir samningar eða taxtar í sjálfu sér heldur einhvers konar launakönnun sem á að leiða í ljós þróunina í þessum málum. Það er mat okkar að þessar staðreyndir ásamt landlægri launaleynd geri það að verkum að sífellt erfiðara verður að fylgjast með launaþróun og launamisrétti. Og vissulega höfum við ótal vísbendingar um að kynbundið launamisrétti hafi beinlínis fundið sér nýjan farveg, bæði í þessum leyndarsamningum og sömuleiðis í aukagreiðslum eins og bílahlunnindum, óunninni yfirvinnu, dagpeningum og slíku og má lesa út úr launakönnun Reykjavíkurborgar frá árinu 2001 að það sé raunin.

Það virðist ekki vera að mikil ráð séu til að fylgjast með því hvernig körlum er hyglað með greiðslum af þessu tagi og upplýsingar um slíkar greiðslur eru afar takmarkaðar hjá kjararannsóknarnefndum. En það sem auðvitað er alvarlegast í þessu máli er að ekkert bendir til þess að launamunurinn fari minnkandi. Við höfum alþjóðlegar rannsóknir sem benda jafnvel til þess að kynbundinn launamunur sé að aukast og muni aukast á næstu árum. Í þeim rannsóknum er einmitt talað um þessa einstaklingslaunasamninga sem gera illt verra og lítur út fyrir að menn hafi dálítið gefist upp fyrir þeim því að mikil fjölgun er á slíkum samningum og slíkt er að verða viðtekin venja.

Það er að okkar mati ljóst að lagasetningar þær sem hér hafa farið í gegnum hið háa Alþingi hafa ekki dugað til að taka á þessum málum hingað til. Að hluta til tel ég það vera vegna þess að ríkisstjórnir hafa ekki sett þennan málaflokk í nægilegan forgang. Ekki hefur verið gripið til nægilegra róttækra aðgerða af hálfu stjórnvalda í þessum efnum.

Við teljum okkur vera með hugmyndir sem eru afar róttækar og teljum svo sannarlega þörf á því að Alþingi skoði þær í fullri alvöru og teljum alveg komið að þeim tímapunkti að grípa til svo róttækra aðgerða frekar en að setja málið í nefnd eins og hv. þingmenn sem standa að þingsályktunartillögunni sem hér er rædd hafa lagt til.

Eins og ég segi, róttækar aðgerðir hafa verið fyrirskrifaðar í fyrrnefndu frumvarpi. Við teljum þær vera vænlegar leiðir til að ná árangri í þessari þrotlausu baráttu.

[17:09]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fram kom hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að frumvarp þeirra gengi lengra eins og það var orðað. Ég vil sérstaklega draga það fram að kannski má frekar segja að það sé sértækara af því að það beinist alveg sérstaklega að launaleyndinni og síðan ákvæðum um jafnréttisfulltrúa og ákvæði um nefndir og ráð en tillagan til þingsályktunar sem hér liggur til grundvallar er víðtækari. Mér finnst því orðalagið að það gangi lengra kannski örlítið villandi.

Ég vil líka benda á að þrátt fyrir að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé með frumvarp um þessi atriði, launaleyndina, jafnréttisfulltrúana og nefndir og ráð þá finnst mér það ekki útiloka það að geta verið með slíkt á öðru máli. Ég hefði því kosið að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefði verið með á þessu máli líka og bendi á að Samfylkingin kaus að vera með á málinu, þessari þingsályktunartillögu, þrátt fyrir að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og fleiri séu með annað mál sem lýtur líka að launaleyndinni þannig að mér finnst ekki að eitt mál útiloki annað af því að ég veit að við erum öll að reyna að stefna að sama marki sem er að útrýma kynbundnum launamun.

[17:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, já. Orðavalið um það að okkar frumvarp gangi lengra er kannski ekki hárnákvæmt, ég get svo sem alveg viðurkennt það. En það breytir ekki því að okkur fannst þörf á að hampa þessu máli okkar og standa með því en það er ekki af því að við séum ekki samþykk meginprinsippunum sem koma fram og liggja til grundvallar þingsályktunartillögunni sem hér er rædd.

Mér finnst líka skipta máli að hafa það í huga að við erum í þessum báðum tilfellum að tala um þingmannamál og við vitum öll hvaða örlög þingmannamál fá í þinginu, því miður. Það er allt of sjaldgæft að þingmannamál nái í gegn og fái efnismikla umræðu eða umfjöllun í nefndum, því miður. Það gildir í sjálfu sér alveg það sama um þingmál frá stjórnarþingmönnum, þ.e. frá stjórnarflokkunum og frá þingmönnum í stjórnarandstöðu. Ég og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vitum að það verður erfitt fyrir okkur að þoka þessum málum okkar áfram í gegnum nefndarstarf þingsins. En ég held hins vegar að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hafi meiri tök á því að kúska ráðherra sína til og sjá til þess að þeir reki af sér slyðruorðið í þessum efnum og ekki verði þörf á því að þingmenn stjórnarflokkanna flytji þingmál sem beinlínis eru að gefa yfirlýsingu um það að sá ráðherra sem fer með jafnréttismál sé ekki að standa sig nægilega vel því allt stendur þetta í jafnréttisáætluninni sem ríkisstjórnin segist í orði kveðnu stíga eftir.

[17:13]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þessa, það alveg rétt að þingmannamál eru almennt ekki mjög lífvænleg, má segja. Þau ná ekki öll í gegn og sofna mörg í nefnd og endurflytja þarf þau o.s.frv.

En það er hins vegar svo að eftir því sem fleiri flokkar eru á málunum þeim mun líklegra er að þau nái í gegn þannig að ég hefði kosið og ég leitaði eftir því að fá Vinstri hreyfinguna – grænt framboð með á þessa þingsályktunartillögu. Ef það hefði orðið hefðu allir flokkar verið með og það hefði aukið líkurnar eitthvað á því að málið næði í gegn þó að það sé erfitt að meta hve mikið.

Ég vil benda á í þessu sambandi að ég flutti á sínum tíma, á fyrsta kjörtímabili mínu á hv. Alþingi, sem 1. flutningsmaður ásamt þingmönnum úr öllum flokkum þings-

ályktunartillögu sambærilega við þá sem hér er varðandi uppsetningu. Þar voru á þingmenn úr öllum flokkum, skipa átti þverpólitíska nefnd í fimm ár sem átti að vinna að ákveðnu markmiði sem var að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Sú tillaga var samþykkt, sem var mjög ánægjuleg tilbreyting af því að þetta var þingmannamál, og nefndin starfaði í fimm ár. Ég var fyrsti formaður hennar á sínum tíma og það varð mjög góður árangur af því nefndarstarfi. Hlutur kvenna jókst t.d. um 10% á Alþingi en eftir að starf nefndarinnar hætti hefur heldur sigið á ógæfuhliðina. Það þarf svo rosalega mikla fræðslu og mikinn áróður til að reyna að auka hlut kvenna á þinginu. En það eru einstaka mál sem komast í gegn og líkurnar aukast ef allir flokkar eru með. En hv. þingmaður sagði að þau vildu hampa frumvarpi sínu og ég skil það svo sem líka, en vonandi berum við gæfu til að standa saman að álíka málum síðar.

[17:15]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. þingmanni að það hefur orðið árangur af tillögum sem farið hafa í gegn og verið samþykktar, samanber tillöguna um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum. Það kemur fyrir að þingmannatillögur fara í gegn og skila góðum árangri. Ég skal gefa þá yfirlýsingu hér að ég kem ekki til með að leggjast gegn því að þessi tillaga fari í gegnum þá þingnefnd sem um ræðir. Ég mun styðja það og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs með oddi og egg. Við treystum sömuleiðis á stuðning hv. þingmanns við að okkar frumvarp komist alla leið. Ég held að á endanum keppum við að sameiginlegu markmiði og getum öll lagst á eitt með að vinna að því að kynbundnum launamun verði útrýmt.

Ég er orðin svo langeyg og óþolinmæði mín slík að ég hef ekki lengur þolinmæði gagnvart þessu, að það skuli ekki ganga betur en raun ber vitni. Ég held að við þurfum að bretta upp ermar, spýta í lófana og sjá til að á verði breytingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. MÁ, 225. mál (fyrirspurnir til forseta). — Þskj. 225.

[17:17]

Flm. (Mörður Árnason):

Forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi um breyting á lögum um þingsköp Alþingis. Í því er mælst til þess að þingmenn samþykki breytingu, viðauka við 49. gr. þingskapa, sem fjallar um fyrirspurnir til ráðherra. Gert er ráð fyrir að við þessa grein bætist ný málsgrein sem svo orðast, með leyfi forseta:

„Óski alþingismaður upplýsinga um rekstur eða stjórnsýslu Alþingis er honum heimilt að gera það með fyrirspurn til forseta. Um slíka fyrirspurn fer eins og fyrirspurn til ráðherra. Sé óskað munnlegs svars skal fyrirspurnin borin fram á sérstökum fyrir fram ákveðnum fundi."

Greinargerð með frumvarpinu er ákaflega stutt og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að þingmenn geti fengið upplýsingar um rekstur og stjórnsýslu Alþingis með svipuðum hætti og um rekstur og stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins. Samkvæmt þingsköpum er nú aðeins hægt að bera slíkar fyrirspurnir fram í umræðum um störf þingsins eða með fyrirspurn til forsætisráðherra. Því er í frumvarpinu gert ráð fyrir að forseti svari skriflegum og munnlegum fyrirspurnum á svipaðan hátt og ráðherrar. Eðlilegt þykir að munnleg fyrirspurn til forseta sé tekin fyrir á sérstökum fundi en síður í sama fyrirspurnatíma og handhafar framkvæmdarvaldsins sitja fyrir svörum þingmanna."

Þarna segir að nú sé einungis hægt að bera fram fyrirspurn til forseta með þinglegum hætti, þ.e. úr ræðustól þingsins og þannig að birtist í þingtíðindum og komi opinberlega fram, annaðhvort með því að hefja umræður um störf þingsins eða þá að gera fyrirspurn til forsætisráðherra. Umræður um störf þingsins skylda forsetann ekki til að svara þeim fyrirspurnum sem þar eru bornar fram þótt forsetar séu yfirleitt liðugir að svara því sem þurfa þykir. Fyrirspurn til forsætisráðherra er á vissan hátt, að mér finnst, ekki við hæfi Alþingis. Fyrirspurnin fer þannig fram að forsætisráðherra er spurður um hvað forseti Alþingis hafi gert eða hver séu rök forseta Alþingis fyrir hinu og þessu, rétt eins og forsætisráðherra sé einhvers konar yfirmaður forseta Alþingis eða annist stjórnsýslu Alþingis, sem er auðvitað ekki samkvæmt landslögum og stjórnarskrá.

Því má við bæta að liðurinn Athugasemdir um störf þingsins, sem er náttúrlegur að vissu leyti í þessu efni, hefur eins og við vitum þróast á annan hátt. Hin eiginlegu störf þingsins komast ekki lengur að í þeim umræðum. Þess vegna er þetta frumvarp samið og komið inn á vettvang þingsins. Það er gert ráð fyrir því að notað sé fyrirspurnaformið, sem við þekkjum ákaflega vel, en hins vegar séu fyrirspurnir til forseta aðgreindar frá fyrirspurnum til ráðherra. Gert er ráð fyrir að þær fari fram á öðrum tíma og á sérstökum fundum sem til þess eru settir vegna þess að ekki er um sama mál að ræða og vegna þess að búast má við að bragurinn á slíkum fyrirspurnum til forseta verði annar en er á fyrirspurnum til ráðherra þar sem oft takast á löggjafarvald og framkvæmdarvald samkvæmt eðli máls.

Alþingi skal háð í heyranda hljóði. Svo hefur verið frá árinu 1845 en það þótti ekki fullkomlega sjálfsagt allan hringinn á þeim tíma. Í raun á hið sama við bæði fyrr og síðar um ákvarðanir sem teknar eru á vegum þingsins og snerta allan almenning, ákvarðanir um fjármál og um ýmsar framkvæmdir. Í raun fer fram talsverð stjórnsýsla á vegum þingsins. Hún varðar að sjálfsögðu rekstur þess og t.d. umsjón húseigna í vörslu þingsins. En einnig er um annars konar stjórnsýslu að ræða. Ég nefni Jónshús, sem er í eigu eða umsjón Alþingis. Þar er ekki einungis um venjulegan húsrekstur og viðhald að ræða heldur ákveðna úthlutun gæða á vegum þingsins. Sérstök nefnd sér um dvalarleyfi til fræðimanna og rannsakenda í Jónshúsi, þeirra sem eiga erindi við söfn og gagnaveitur í Kaupmannahöfn og nágrenni.

Að auki koma til kasta Alþingis ýmis tilfallandi verkefni. Þetta frumvarp á sér rót í einu af þeim og var sett fram eftir umræður um bókaútgáfu á vegum Alþingis, nefnilega

um þingræðisregluna, samanber umræður sem fóru fram í haust. Ég bar fram fyrirspurn til forseta undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins. Ég hafði auðvitað áður haft samband við forseta um það og starfsmenn þingsins. Um það var gott samkomulag. Það fór þannig fram að ég skrifaði forseta bréf sem forseti las síðan upp úr sínum stóli. Ég kom svo og bað um orðið um störf þingsins á eftir og fékk það. Forseti tók svo þátt í þessari umræðu úr stól sínum.

Út af fyrir sig fór þetta allt ágætlega fram og ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. forseta Alþingis, Sólveigu Pétursdóttur fyrir það. En það er ekki eðlilegur gangur í slíkri umræðu að forseti svari úr stólnum í því sem má telja efnislega umræðu um mál á hans vegum. Hvernig sem því verður fyrir komið þá geri ég að tillögu minni að gert verði ráð fyrir slíkum fyrirspurnalið í þingsköpum. Þetta mundi ekki aðeins hjálpa til við skipulagningu þingstarfa heldur líka tryggja gagnsæi við ákvarðanir á vegum þingsins. Forseti Alþingis er valdamikill maður, óvenjulega valdamikill í íslenska stjórnkerfinu. Um slíka menn eiga vitanlega að gilda sérstakar reglur um fullt gagnsæi í stjórnsýslu þeirra, um að upplýsingar séu veittar þeim sem hafa vilja og eiga heimtingu á eins og fara gerir. Vissulega hefur forseti um sig nefnd, forsætisnefnd, en sú nefnd er mjög sérstök á þinginu. Þar ræður ekki afl atkvæða heldur er hún í raun samráðsnefnd, þó þannig að ekki eiga allir þingflokkar aðild að henni og auðvitað ekki allir þingmenn.

Á þinginu háttar nú svo til að einn flokkur, Frjálslyndi flokkurinn, á ekki aðild að forsætisnefnd. Mér er ekki kunnugt um sérstakar samráðsskyldur forsætisnefndar eða forseta við þann flokk um það sem fram fer í forsætisnefnd. Forsætisnefndin dugir ekki til að tryggja gagnsæið og þessar upplýsingar enda ekki um þær að ræða nema fyrir þingmenn. Almenningur kemst ekki að því sem forsætisnefndarmenn kunna að segja öðrum þingmönnum frá á þingflokksfundum eða í persónulegum samtölum.

Ég vona að þessi tillaga fái byr í óformlegri endurskoðun þingskapa sem nú fer fram undir forustu forseta Alþingis. Ég vonast til að þar verði hún tekin upp. Allt hefur þetta þinglegan gang og þessi endurskoðun var ekki hafin þegar ég lagði fram frumvarpið. Ég óska þess að að lokinni 1. umr. verði þetta frumvarp sent allsherjarnefnd til umræðu og afgreiðslu.

[17:27]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Hér liggur fyrir frumvarp um breyting á lögum um þingsköp. Frumvarpið fjallar eingöngu um hvernig fyrirspurnum skuli komið til forseta þingsins. Ég tel að þetta frumvarp sé góðra gjalda vert og að sjálfsagt sé á hverjum tíma að ræða fyrirkomulag þingstarfa. Mig langar sérstaklega að nefna það að þingstörfin eiga á hverjum tíma að endurspegla sem best lýðræðisformið sem við störfum eftir á Alþingi. Í þessu tilfelli er rýmkað til fyrir fyrirspurn til forseta.

Jafnframt má geta þess að í þingsköpum okkar er nokkuð sem kallast umræður utan dagskrár sem er ekki ósvipað fyrirspurnum til ráðherra. Ég er t.d. ekki alls kostar sáttur við fyrirkomulag á utandagskrárumræðum. Mér finnst það ekki endurspegla það lýðræði sem ég vil sjá og vinna eftir á Alþingi. Ég get nefnt sem dæmi að í dag fór fram umræða utan dagskrár um stóriðju á Íslandi, sem er vissulega stórt mál. En í utandagskrárumræðum gilda þær reglur að tveir fulltrúar frá hverjum flokki fá að taka þátt í umræðunni. Í því tilfelli að ráðherra er spurður er einungis einn þingmaður, úr þeim flokki, sem fær að taka þátt í umræðunni.

Í morgun var einmitt rætt um stóriðjumál, sem skipta miklu í þjóðfélaginu í dag. Þannig háttar til að kjördæmið sem ég kem úr, Suðurkjördæmi, framleiðir langmesta orku í hlutfalli við aðra landshluta. Að hluta er unnið úr orkunni í kjördæminu en meginhluti orkunnar fer í önnur kjördæmi og skapar þar eftirsótt störf. Það er eftir því sem þjóðfélag okkar leitar, úrvinnslustörfum tengdum orkunotkuninni. Í þessari umræðu höfðum við stjórnarþingmenn því miður ekki kost á að taka þátt, um mál sem varðar kjördæmi okkar miklu.

Ég kem úr fjölmennasta og stærsta flokki á Alþingi í dag, Sjálfstæðisflokknum. Við höfum tækifæri til að senda tvo fulltrúa í áðurnefnda umræðu en þingflokkur Frjálslyndra, sem hefur þrjá þingmenn á þingi í dag, hafði tækifæri til að senda tvo þingmenn til að tjá sig um málið. Ég tel að þetta endurspegli ekki lýðræðið sem ætti að endurspeglast í umræðum á þingi. Mér fyndist eðlilegt, þegar þetta frumvarp fer til allsherjarnefndar, að þetta yrði rætt á breiðari grunni, að farið yrði í umræðu um að taka meira tillit til stærðar og afls þingkjörinna fulltrúa þegar þingsköp kveða svo á um að skipta skuli ræðutíma á milli flokka. Það ber að gera með tilliti til þingstyrks flokkanna. Þetta hljótum við að sjá og það er nauðsynlegt að ræða í sambandi við frumvarpið sem hér er.

Ég hefði svo sem getað rætt enn frekar um stóriðjumálin þar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson er mættur í þingsal. Það hefði verið gaman að eiga orðastað við hann um stóriðjuna sem gafst þó ekki tækifæri til í morgun vegna þeirra þingskapa sem við búum við utan um utandagskrárumræður.

[17:32]

Flm. (Mörður Árnason):

Forseti. Ég held að þetta hafi verið þörf áminning hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni þó að ég taki kannski ekki að fullu undir hugmyndir hans um tilhögun utandagskrárumræðu. En það sem þarf að gera þegar vélað er um störf þingsins með endurskoðun þingskapa er, að ég hygg, þrennt ef ég má fljúga nokkuð hátt yfir.

Í fyrsta lagi þarf að gæta sjálfstæðis þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og öðrum greinum valdsins af ýmsu tagi á Íslandi. Það þýðir m.a. það að réttur stjórnarandstöðu sé ekki fyrir borð borinn á þinginu þótt meiri hlutinn eigi að sjálfsögðu að hafa það vald sem meiri hluta fylgir í lýðræðissamfélagi.

Í öðru lagi þarf að gæta þess að þingflokkarnir hver um sig eigi allir sinn rétt en þó með þeim takmörkunum, þar er ég sammála Kjartani Ólafssyni, hv. þingmanni, að þess sé gætt að fjölmennur þingflokkur hefur auðvitað fleiri kjósendur á bak við sig en fámennur þingflokkur. Ekki er með öllu eðlilegt að fámennur þingflokkur njóti einfalds jafnræðis gagnvart kannski sjö sinnum stærri flokki, með þeim afleiðingum t.d. að úr fámennum þingflokki taka stöðugt

sömu mennirnir þátt í umræðum í því fasta formi sem utandagskrárumræðan er meðan einungis fáir komast að úr stóru flokkunum.

Í þriðja lagi held ég að það verði líka að gæta að sjálfstæði og erindi einstakra þingmanna á þinginu. Mér hefur sýnst þróunin vera sú annars vegar að þingið er ráðherraþing. Það snýst um ráðherrana meira og minna. Við vitum að hér á einum stað á þinginu — það var hér í skoti inn af efrideildarherbergi en er nú á neðri gangi milli hins gamla Alþingishúss og hins nýja skála — eru myndir af öllum ráðherrum Íslands. Ekki er ég að hallmæla þeim en í raun og veru ættu þær heima í höfuðstöðvum framkvæmdarvaldsins uppi í Stjórnarráði og einhverjar aðrar myndir hér, t.d. af öllum forsetum Alþingis eða helstu þingskörungum þingsins frá 1845. Þetta er aðeins lítið táknrænt dæmi um að þingið er farið að snúast í kringum ráðherrana. Það er skipulagt kringum innkomu ráðherranna hér í þingið og framkomu þeirra í stólnum.

Hins vegar hef ég tekið eftir því, og þar með fylgir auðvitað sú skipulagning þingsins í þágu ríkisstjórnarinnar sem leiðir af ójafnvæginu milli þings og ríkisstjórnar, að í auknum mæli eru ráðaöflin á þinginu þingflokkarnir sjálfir sem jafnvel ganga á rétt einstakra þingmanna og möguleika þeirra til að koma hér í stólinn til að ræða sín eigin sjónarmið og þá hagsmuni sem þeir vilja verja og það erindi sem þeir telja sig sjálfir hafa. Ég er ekki að mæla því kerfi bót að hér séu 63 sjálfstæðir þingmenn sem hver tali upp í annan og yfir annan um sín mál. Ég held að flokkakerfið eða samtök þingmanna, þingmenn sem sendir eru á þingið á vegum stjórnmálaflokka, sé hið æskilega ástand nú um stundir að minnsta kosti. En ég held að við verðum líka að setja nokkrar skorður við því að þingflokkarnir sjálfir, þ.e. meiri hluti þingflokkanna, eða stjórnendur þingflokkanna, geti ráðskast með einstaka þingmenn eins og þingskipulagið gerir í sífellt meira mæli ráð fyrir. Þá er ég t.d. að tala um það að í utandagskrárumræðunum, sem hv. þm. Kjartan Ólafsson minntist hér á áðan, skipa auðvitað þingflokkarnir til verka. Það eru þingflokkarnir sem velja sér sína tvo fulltrúa í hverja umræðu og síðan er það auðvitað mismunandi hvernig það velst í þingflokkunum. En það eru sem sagt ekki þingmennirnir sjálfir sem koma hér upp eftir áhugasviðum sínum eða með einhverjum öðrum hætti í utandagskrárumræðurnar.

Þegar ég hóf hér störf, það er stutt síðan, ég er hér á þriðja ári á þinginu, forseti, þá voru umræður um störf þingsins á þann veg að þingmenn gátu óhindrað tekið þátt í þeim. Nú er það orðið þannig að það er tilkynningaskylda með sérstökum reglum sem forseti hefur haft forgöngu um og þingflokkarnir eru, að mér sýnist, í sífellt meira mæli farnir að skipa mönnum líka þar til verka. Þannig að þær eru að líkjast meira og meira utandagskrárumræðunum. Þetta þýðir auðvitað að einstakir þingmenn leita sér þá að einhverjum nýjum vettvangi til að koma sínum málum að. Hver hann er núna svo sem veit ég ekki. En ég held að þetta sé ekki góð þróun í heildina. Ég held að við verðum við endurskoðun þingskapanna líka að taka tillit til þess að það eru hérna persónur af holdi og blóði og ekki eingöngu fulltrúar fimm stjórnmálastefna, hvað þá einungis litlir karlar með hönd á hnappi fyrir ríkisstjórnina.

Þetta vildi ég segja almennt í tilefni af orðum Kjartans Ólafssonar sem mér fannst út af fyrir sig þörf þótt ég þurfi meiri tíma til að melta tillögu hans í þessu efni.

[17:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. En hv. þm. Mörður Árnason flytur þá tillögu um breytingar á lögunum að alþingismanni sé heimilt að óska upplýsinga um rekstur eða stjórnsýslu Alþingis og að hann geti gert það með fyrirspurn til forseta þingsins. Líkt verði háttað með þá fyrirspurn og fyrirspurn til ráðherra. Forseti svari. Sé óskað munnlegs svars skuli fyrirspurnin borin fram á sérstökum fyrir fram ákveðnum fundi.

Ég vil lýsa stuðningi við þá hugsun sem kemur fram í þessu frumvarpi og reyndar finnst mér alveg koma til greina að þessi breyting á þingskapalögunum nái fram að ganga. En það er eitt atriði sem mig langar að viðra í sambandi við þetta. Það er hvort hægt er að útvíkka þetta enn meira. Ég gerði það að umræðuefni þegar skýrslur umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar voru til umfjöllunar hér síðast að við byggjum við alls óviðunandi fyrirkomulag við þá umræðu. Reyndar væru þær stofnanir sem þessir aðilar rannsökuðu eða fjölluðu um einnig oft og tíðum settar upp við vegg eða fengju aldrei tækifæri til að svara fyrir sig á vettvangi Alþingis. Ég var með tillögu um að þetta yrði gert í nefndum þingsins sem þá væru opnar. Fyrir þær nefndir kæmu umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðandi og hugsanlega einnig fulltrúar þeirra stofnana sem skeytum væri beint að í skýrslum umboðsmanns eða Ríkisendurskoðunar þannig að fram færi á vettvangi þingsins umræða um þessa skýrslu. Þetta er þannig að forseti þingsins svarar fyrir hönd þessara aðila hér í þingsal. Fulltrúar þessara stofnana sitja eins og illa gerðir hlutir hér í hliðarherbergjum og fá engum andmælum komið við. Ég held að þarna þurfi að finna fyrirkomulag sem leiðir til markvissari umræðu en það form sem við búum við núna. Ég vil bara vekja máls á þessu í sambandi við þessa tillögu sem mér finnst vera góðra gjalda verð og nauðsynlegt í rauninni að skapaður sé vettvangur fyrir málefni sem snerta þingið og stjórnsýslu í þessari stofnun þar sem þingmenn geti borið fram fyrirspurnir. En ég velti fyrir mér hvort þarna væri hugmynd sem hægt væri að víkka út eitthvað enn frekar. Svo má ekki gleyma því að við erum með fyrirkomulag hér innan dyra sem gerir okkur kleift að ræða stjórnsýslu í þinginu. Við erum með forsætisnefnd þingsins. Við erum með reglulegt fundarhald þingflokksformanna. En að auki mætti vera fyrirkomulag á borð við það sem hér er lagt til.

Annað sem kveikti í mér að koma hér upp við umræðuna voru hugmyndir sem hv. þm. Kjartan Ólafsson viðraði hér um hugsanlegar frekari breytingar á þingskapalögum. Þótti honum ranglátt að lítill þingflokkur hér á þinginu hefði sama rétt í t.d. utandagskrárumræðum og fjölmennir flokkar. Ég skil alveg þessa hugsun. Ég skil alveg að þetta hreyfi við réttlætiskennd þingmannsins, sérstaklega þingmanna úr stórum flokkum. En á hitt er að líta, og ég vil einnig halda því sjónarmiði á lofti, að í fyrsta lagi ber að horfa til réttinda einstakra þingmanna, eins og hv. þm.

Mörður Árnason kom að í sínu tali. Síðan er einnig á hitt að líta að þingflokkar eru fulltrúar mismunandi sjónarmiða, alla vega í mörgum málum. Nú var umræða hér dag t.d. um stóriðjuframkvæmdir og álið. Þá er það þannig, það er bara staðreynd, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er eini stjórnmálaflokkurinn á Alþingi sem óskiptur er mjög eindreginn talsmaður ákveðinna sjónarmiða í því máli án þess að ég ætli að fara nánar út í þá sálma. Þetta er bara staðreynd. Ef við takmörkuðum umræðu og tengdum hana stærð stjórnmálaflokka þá hefði það ekki aðeins gerst í þessu máli heldur ýmsum öðrum átakamálum í þinginu að við drægjum úr vægi gagnrýnenda tiltekinna sjónarmiða í þinginu við utandagskrárumræður og við aðrar umræður. Það er nokkuð sem ég held að við þurfum líka að hafa í huga þegar við horfum til þingflokkanna og þess réttar sem þeir njóta í þingskapalögunum.

En hæstv. forseti. Það er verið að endurskoða þingskapalögin. Sú vinna er hafin með skipulegri yfirferð yfir lögin þar sem þingflokkarnir hafa komið á framfæri sínum sjónarmiðum. Ég fyrir mitt leyti mun vilja horfa á þá tillögu sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Merði Árnasyni og ég styð hugsunina sem hún hvílir á. En velti fyrir mér hvort hugsanlega sé hægt að framkvæma hana í öðru formi. Það er nokkuð sem bíður frekari skoðunar.

[17:46]

Flm. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Mér líst vel á þá hugmynd að nefndir geti kallað til þessa embættismenn á vegum Alþingis og farið yfir skýrslur þeirra þar sem seint mun nú verða, hygg ég, samstaða um að þeir taki beinan þátt í þingstörfum í þessum sal.

Ég vil leiðrétta það, ef það hefur verið hugsun hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að það geti komið í staðinn fyrir það sem ég er hér að tala um því að ég er í raun og veru miklu heldur að tala um stjórnsýslu Alþingis sjálfs, þá stjórnsýslu sem forsetinn hefur á hendi frá degi til dags og varðar, eins og ég taldi upp í ræðunni, rekstur þingsins og stjórn þess, umsjón húseigna, umsjón Jónshúss og úthlutun gæða í því samhengi, t.d. dvalarheimilda fyrir fræðimenn, án þess að ég sé með nokkrum hætti að setja það í annarlegt ljós, og t.d. verkefni á borð við bókina um þingræði sem hér var til umræðu í haust — og má reyndar kalla eftir því að ekki hafa enn komið fram þær upplýsingar sem lofað var um fjármál og aðrar reiður í kringum það verk þótt nokkuð hafi verið í fréttum og ýmislegt gerst í því efni síðan umræðurnar voru.

Ég tel líka, það er best að koma því að af því að ég gleymdi því áðan, að um verkefni af því tagi og ýmis önnur sé miklu nær, frekar en að forseti ákveði það sjálfur og hafi kannski forsætisnefnd með einhverjum hætti fyrir sig, að forseti beri það fram hér í þingsályktunartillögu til þingmanna þannig að þeir geti rætt það sjálfkrafa og þurfi ekki sérstaka fyrirspurnatíma til þess og taki þannig þátt í ákvörðunum, þ.e. taki að sér ýmsar þær ákvarðanir sem forseti annast núna einn.

[17:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sannast sagna er ég ekki alveg búinn að hugsa þetta í þaula og að hluta til kann ég að hafa misskilið hvað vakir fyrir hv. þingmanni en misskilningur minn hefur þá verið leiðréttur. Ég er fylgjandi opinni umræðu um stjórnsýsluna almennt, þar á meðal um stjórnsýslu sem heyrir undir Alþingi, og lýsi því enn og aftur að ég er fylgjandi þeirri hugsun sem þetta frumvarp byggist á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:49]

Útbýting:

Álftanesvegur, 505. mál, svar samgrh., þskj. 839.

Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, 371. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 855; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 856.

Greiðslur til foreldra langveikra barna, 389. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 846; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 847; brtt. JóhS o.fl., þskj. 853.

Stjórnarráð Íslands, 573. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 829.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 235. mál (auglýsingar). — Þskj. 235.

[17:50]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum, sem er flutt af þingmönnum úr öllum flokkum hér á Alþingi, ásamt mér hv. þingmönnum Þuríði Backman, Björgvini G. Sigurðssyni, Dagnýju Jónsdóttur, Merði Árnasyni og Þórarni E. Sveinssyni.

Við leggjum til breytingu á 20. gr. áfengislaga frá 1998 þar sem kveðið er á um bann við áfengisauglýsingum.

Í 20. gr. áfengislaga segir, með leyfi forseta:

„Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.“

Það er á þessari setningu sem óprúttnir aðilar hafa komist fram hjá þessum lögum. Þeir auglýsa sem sé bjór og hafa iðulega agnarsmátt merki í auglýsingunni sem segir að

bjórinn sé óáfengur eða að hann sé léttur en svo smátt er merkið yfirleitt að menn sjá það ekki. Að öðru leyti er bjórdósin eins og dós með áfengum bjór. Við þessu viljum við sjá með breytingu sem við leggjum til á lögunum þar sem vísað er í 3. mgr. 20. gr., að við hana bætist setning þannig að í heildina komi hún til með að hljóða á þennan veg, með leyfi forseta:

„Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu eða hætta á rugli á milli áfengu framleiðslunnar og þeirrar sem verið er að auglýsa vegna nafns á vörunni, umbúða eða annarra einkenna."

Þetta er sú breyting sem við leggjum til á áfengislögunum. Þetta er ekki sprottið úr okkar ímyndunarafli eingöngu, flutningsmanna þessa frumvarps, þetta var ábending sem kom meðal annarra ábendinga fram í skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjóra um viðbrögð við áfengisauglýsingum og birt var í nóvembermánuði árið 2001. Þar er vísað í norsk lög sem eru áþekk hvað þetta varðar.

Ég verð að játa að mér finnst lögin eins og þau standa núna vera fullkomlega skýr og það finnst líka ritstjóra Fréttablaðsins, Kára Jónassyni. Það finnst líka auglýsingastjóra ríkissjónvarpsins sem lýsti því yfir í Kastljósi í haust eftir að áfengisauglýsingum í fréttatíma sjónvarpsins var mótmælt. Það var reyndar í þætti þar sem forseti Íslands var að tala um vímuefnaneyslu í landinu og vána sem af vímuefnum stafar að þá hafði sjónvarpið þann smekk að rjúfa útsendinguna með bjórauglýsingum. Þetta varð til þess að margir mótmæltu og auglýsingastjóri eða fulltrúi auglýsingastofu sjónvarpsins sagði á þá leið að í sínum huga væri um áfengisauglýsingu að ræða. Þegar formsatriðin væru hins vegar gaumgæfð væri það vissulega svo að í agnarsmáu letri hefði verið sagt í auglýsingunni að bjórinn væri óáfengur og hann þyrfti að standa skil sinna gerða gagnvart auglýsandanum. Ég spyr á móti. Hvað með áhorfandann, notanda sjónvarpsins? Ég geri þá kröfu á sjónvarpið að það hugsi um hag notandans og ég hefði viljað hafa það þannig að auglýsandinn, sölumaður áfengisins, hefði þurft að sækja sinn rétt gagnvart sjónvarpinu en ekki öfugt, notandinn.

Það er einmitt það sem hefur verið að gerast í seinni tíð að nokkrir aðilar hafa höfðað mál á hendur fjölmiðlum sem hafa birt áfengisauglýsingar og undarlegur dómur var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur ekki alls fyrir löngu þar sem dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að lög hefðu ekki verið brotin. Þótt öllum væri ljóst að svo var bara samkvæmt heilbrigðri skynsemi þá mat sem sagt dómurinn þetta á þessa leið. Þannig hefur það verið að það er notandinn sem þarf að sækja rétt sinn.

Nú geta menn haft mismunandi skoðanir á því hvort það eigi að leyfa auglýsingar á áfengi og geta tekist á um það hvort það sé heppilegt að leyfa auglýsingar. Menn geta farið út í ýmsa þætti þess máls og talað um auglýsingar í erlendum tímaritum sem hingað berast í sjónvarpsútsendingum o.s.frv. Menn geta farið út í þá umræðu og hún á fyllilega rétt á sér þó að í því samhengi vilji ég minna á að baráttan gegn áfengis- og tóbaksauglýsingum er alþjóðleg. Það er alls staðar verið að takast á um þetta og ég vil taka höndum saman með þeim sem eru að reyna að hafa einhverjar hömlur á auglýsingamennsku á þessu tiltekna sviði. Það sem ég vildi sagt hafa: Menn geta haft mismunandi skoðanir á þessu, um hitt tel ég að við eigum að sameinast að þeim lögum sem við setjum í landinu beri að fylgja og það eigi ekki að líðast að menn fari á bak við lögin eins og augljóslega er að gerast í þessu máli. Til að fyrirbyggja að svo verði áfram viljum við stoppa upp í lögin á þann hátt sem hér er lagt til.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til menntamálanefndar Alþingis og afgreiðslu eftir vandaða en mjög skjóta umfjöllun þar á bæ.

[17:59]

Jón Kr. Óskarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér var mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Ég get ekki séð, frú forseti, hvernig hægt er að banna þetta í nútímaþjóðfélagi. Við höfum aðgang að 20 til 30 fjölmiðlastöðvum úti um allan heim og þar eru víða á stærstu íþróttamótum í heimi áfengisauglýsingar, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Á að loka fyrir þessar stöðvar, ég spyr?

Ég held að menn ættu að skoða þetta mál í sambandi við nútímann. Þetta hefði hugsanlega verið hægt fyrir 20 til 30 árum en eins og tækniframfarir eru og hafa verið á síðustu 10 til 20 árum í þessum efnum tel ég þetta mjög varasamt, fyrir utan það að íþróttahreyfingin hefur náttúrlega fulla þörf fyrir allt það fjármagn sem hún getur fengið.

[18:00]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Að sjálfsögðu virði ég þessi sjónarmið sem hv. þm. Jón Kr. Óskarsson setur hér fram. Auðvitað er það alveg rétt að við fáum hingað til lands tímarit með áfengisauglýsingum. Við horfum á kappleiki þar sem auglýsingaspjöld eru sýnileg. En ég endurtek að það er ekki bara á Íslandi sem þessi umræða og þessi barátta á sér stað. Hún á sér stað um heim allan. Og þegar talað er um nútímaþjóðfélagið og hvað sé nútímalegt og hvað ekki, ja, hver hefði þá trúað því að á breskum öldurhúsum yrðu reykingar bannaðar? Hver hefði trúað því fyrir 20–30 árum að það yrði hætt að reykja á öllum veitingastöðum í Kaliforníu og í New York og víðar?

Það er bara þetta sem er að gerast að heimurinn er að vakna til vitundar um skaðsemi tóbaks og óhóflegrar neyslu áfengis og menn vilja gera hvað þeir geta til þess alla vega að takmarka möguleika sölumanna þessara efna til að koma þeim ofan í landslýðinn. Við erum því ekkert eyland í þessu efni. Þjóðir heimsins eru að takast á um þetta. Það er mikil umræða innan Evrópusambandsins um tóbaksauglýsingar og um áfengisauglýsingar einnig. Við eigum að taka höndum saman með þeim sem vilja halda inn í nútímann, inn í heilbrigðari lífshætti í framtíðinni.

[18:02]

Jón Kr. Óskarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir svör hans og athugasemdir. Ég vil líka minna þingheim á að boð og bönn eru ekki alltaf það rétta. Ég held að frekar væri ástæða til leggja meira í forvarnir þannig að menn lærðu að umgangast þá hluti sem þarna er um að ræða. Það á ekki banna. Það er ekki hægt í nútímaþjóðfélagi að mínu mati.

[18:03]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þetta sjónarmið. Ég er einnig andvígur boðum og bönnum. Ég tel það geta einmitt verið gott að samfélag þurfi að hafa fyrir því að breyta málum. Til dæmis hefur dregið úr reykingum á Íslandi, ekki vegna boða og banna heldur vegna þess að þjóðfélagið hefur tekið sig á um að upplýsa um hættuna sem stafar af reykingum.

Ég segi það fyrir mitt leyti að ég var með alveg opinn huga hvað þetta snertir þegar tóbaksfrumvarpið kom til umfjöllunar á Alþingi og í nefndum þingsins. En eftir að hafa heyrt eindregin sjónarmið alls þess fólks sem þessum málum tengist í heilbrigðiskerfinu og fulltrúa starfsfólksins einnig sem vill fá þessi lög sér til verndar, sinni heilsu til verndar þá öðlast hugtakið boð og hugtakið bann aðra merkingu, þ.e. þegar um er að ræða heilsuvernd og vernd samfélagsins. Út á það gengur þetta þingmál einnig. Ég upplifi þetta ekki sem bann eða boð. Ég upplifi þetta sem tilraun til þess að draga úr skaðsemi þessara efna.

[18:04]

Mörður Árnason:

Forseti. Nokkur orð til stuðnings þessu frumvarpi og þarf nú sá stuðningur ekki að koma frá mér því að ég er einn af flutningsmönnum þess, en þó vil ég segja nokkur orð til ítrekunar á því sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði.

Í tilefni af umræðu hér í andsvörum verðum við í byrjun að gera okkur grein fyrir því að við erum hér ekki að ræða hverja aðra vöru sem framleiðendur hennar hafa rétt til þess að keppa með á markaði og markaðsfæra með þeim hætti sem við teljum innan ramma siðgæðis og annarra reglna við hæfi á okkar landi og í okkar heimshluta heldur erum við hér að ræða um áfengi, um vímugjafa sem getur ekki fallið undir skilgreiningar á venjulegri vöru. Þess vegna höfum við þessi sérstöku áfengislög og annan umbúnað laga, reglna og stofnana um neyslu hans og ýmislegt sem af þeirri neyslu hlýst. Venjuleg umræða um boð og bönn á því ekki við í þessu efni.

Hitt er rétt hjá hv. þm. Jóni Óskarssyni að það er alltaf neyðarúrræði að beita boðum og bönnum. Það þarf að ræða í hvert skipti og það þarf að vera á hreinu, vera alveg klárt, af hverju menn beita bönnum eða hafa sérstök boð um ákveðna vöru, í þessu tilviki um áfengi, og af hverju menn hafa búið þennan ramma í kringum hana. Einnig þarf að ræða hreinskilnislega af hverju menn hafa t.d. bannað önnur vímuefni sem sum eru eða eru a.m.k. sögð vægari en áfengi og leiða til minni skaða fyrir þann sem þeirra neytir og það samfélag sem neyslan fer fram í. Mætti hér reyndar halda nokkuð langa ræðu um tvískinnung og það sem kallað er á misjafnri íslensku „dobbeltmóral" í þessum efnum.

Ég held líka að það sé gott að líta í hverjum hlut á sögu hans og þá er auðvitað um það að ræða, eins og hv. þm. Jón Óskarsson og miklu fleiri hafa bent á, að samfélag okkar hefur þróast mjög á undanförnum áratugum. Við erum komin í miklu meira samhengi við grannþjóðir. Við höfum við þær samskipti sem nú taka sekúndur en einu sinni þurfti að bíða í heil ár eftir fréttum og svörum frá útlöndum. Þetta hefur torveldað okkur að halda uppi hér einhverri sérvisku í neysluháttum eða umbúnaði um markað. Á hitt er að líta sem hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á að við erum ekki eina þjóðin sem stendur í þessum vanda. Ýmsar þjóðir hafa svipaðar reglur og við um bann við áfengisauglýsingum. Ég hygg að a.m.k. í Evrópu sé það hin almenna þróun og þá erum við líka að tala um fornfræg vín- og drykkjulönd t.d. í Suður-Evrópu. Í Evrópu er það hin almenna þróun að menn eru að reyna að hefta auglýsingar, reyna að stjórna markaðsfærslu áfengis þar sem hún er landlæg. Ég minni á Frakkland í því skyni. En eftir breytingar sem gerðar voru í Frakklandi í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar er ástandið þar í raun miklu siðlegra í áfengisauglýsingamálum en það er hér. Svo geta menn auðvitað svarað með því: Af hverju tökum við þá ekki upp hinar frönsku reglur? Ég svara þá á móti með því að sinn er siður í landi hverju. Reglur um þessi efni verða að mótast mjög af þeirri hefð og því ástandi sem er í hverju landi. Hér mætti svo halda áfram að tala um léttvínsdrykkju Íslendinga og ákveðna ágæta þróun í þeim málum.

Saga, sagði ég. Ég held að upphaf þessa máls sé með þeim hætti að þegar bjór var leyfður hér í landinu, sem er stutt síðan og ég tel hafa verið jákvæða athöfn í sjálfu sér, þá kvörtuðu íslenskir framleiðendur pilsners og bjórs sem seldur var í Fríhöfn og á öðrum slíkum stöðum yfir því að erlendir framleiðendur og seljendur hefðu mikið forskot á markaði og það væri eðlilegt að einhvern veginn væri þetta forskot heft eða innlendum bjórframleiðendum væri einhvern veginn gert kleift að vinna á þessu forskoti. Það hygg ég að hafi verið upphafið að þessu máli að þeim var sem sé í raun auðveldað að auglýsa sitt vörumerki og séð í gengum fingur við þá um að það vörumerki tæki nú einnig til áfengs bjórs en ekki eingöngu þeirrar vöru sem þeir framleiddu áður, sem var malt eða pilsner eða eitthvað af því tagi. Síðan hygg ég að þessi aðgreining erlendra og innlendra framleiðenda hafi horfið hér í einhverjum lagabreytingum, sjálfsagt í kringum lögleiðingu hins Evrópska efnahagssvæðis. Eftir stendur þetta litla gat sem nú er mjög hamast í og hefur orðið til þess að áfengisauglýsingar vaða hér uppi, bæði þær sem hugsanlega væri hægt að réttlæta með þessum setningum um að heimilt sé að nota firmanafn eða -merki í tengslum við auglýsingu óáfengra drykkja og hreinlega áfengisauglýsinga sem eru algjörlega ólöglegar og ekki er hægt að heimfæra undir þetta ákvæði áfengislaga með nokkrum hætti en koma auðvitað í kjölfar þessara auglýsinga á svokölluðum léttbjór eða 0% bjór.

Ég tek undir það með flutningsmanni að sjálfsagt er að ræða þessa hluti og fara yfir það hvort ástæða er til þess að

breyta þessum lögum og leyfa einhvers konar auglýsingar á áfengi. Hins vegar er löggjafanum sjálfsagt að loka þessu gati áður en hann hefur slíkar umræður og sjá til þess að farið sé að lögum í landinu þannig að ef það er niðurstaða meiri hluta Alþingis að leyfa áfengisauglýsingar með einhverjum hætti þá sé sú ákvörðun tekin sjálfstætt á grunni raka og á grunni þeirra sjónarmiða sem hér koma fram og þeirra sjónarmiða sem á ferð eru í samfélaginu en séu ekki niðurstaða af löglausu athæfi sem Alþingi nánast er eins og að viðurkenna eða gefast upp fyrir. Það er ekki þannig sem löggjafinn á að haga sér og það eru kröfur á löggjafann frá almenningi í landinu að hann standi sig að þessu leyti.

Ég verð svo að segja að ég hef hugleitt að sjálfsögðu eins og aðrir þetta með auglýsingar á áfengi hérlendis. Ég hef líka skoðað frumvarp sem ég hygg að sé búið að ræða hér í 1. umr. Ég gat ekki verið við þá umræðu að vísu og biðst afsökunar á því. Ég var upptekinn í þinglegum erindum eða a.m.k. pólitískum erindum sem þingmaður annars staðar. En ég verð að segja að mér þykir það frumvarp ekki fara góða leið. Þar er í raun og veru í grunninn farin sú leið, eins og í öðru frumvarpi um að selja ákveðnar áfengistegundir utan Áfengis- og tóbaksverslunarinnar, að skipta áfengi í tvennt og búa til áfengi sem er vont áfengi, sem er áfengi yfir 22% í alkóhólmælingu, en á hinn bóginn er sagt að annað áfengi sé gott og það er þá áfengi sem er undir 22% í áfengismælingum. Nú er ég ekki bindindismaður á áfengi og mér finnst enginn slíkur munur vera á að það séu einhver sérstök veðrabrigði um þessi 22% og skil ekki alveg þá speki. Ég tel heldur ekki að það sé neitt skárra að gefa barni bjór eða léttvín að drekka en að hella í það brennivíni. Mér finnst hvorugt við hæfi og í sjálfu sér enginn munur á því. Ég held að það sé hættulegt að búa til þennan mun, að löggjafinn sé að búa þennan mun. Ég veit vissulega að fyrir þessu eru fordæmi en ég tel að þau eigi ekki við okkar menningu og okkar hefð.

Það vill til að ég var ritstjóri dagblaðs á Íslandi. Það hét Þjóðviljinn og var merkilegt dagblað sem hefur því miður fyrir nokkru sett upp tærnar. Ég skrifaði leiðara á bjórdaginn sjálfan þar sem ég fagnaði þessum tímamótum fyrir hönd blaðsins. Ég taldi vera tíma til kominn að láta af þessum sérkennilegheitum sem stöfuðu af sögulegri tilviljun á Íslandi. Fyrirsögn leiðarans var tekin eftir þeim boðskap sem mjög var uppi hafður um þetta leyti af hálfu stjórnskipaðra yfirvalda til áfengisvarna og var einmitt á þá leið að bjór væri áfengi. Bjór er áfengi, hét þessi leiðari og var samhljóða auglýsingum sem víða birtust á þessum tíma og áttu að stuðla að því að Íslendingar teldu ekki að hér væri um eitthvað annað en brennivín að ræða, brennivín í hinum alþýðlega skilningi þess orð, þ.e. drykkur sem veldur vímu, til þess að menn tækju ekki upp á því sem óttast var og hefur nú sem betur fer ekki orðið, að verða daglegir neytendur bjórs með einhverjum öðrum hætti en annars áfengis, eða að bjór yrði eins og í sumum grannlöndum okkar drukkinn í hádeginu og í vinnunni, að hann teldist sjálfsagður í öllu félagslegu samneyti og að menn teldu ekki að einhver munur væri á áfengismagni í blóði við akstur eftir því hvort það kæmi inn með bjórdrykkju eða drykkju annars áfengis. Ég held að þetta sé nú bara enn þá kjarni málsins um það bil 20 árum síðar að bjór sé áfengi. Og eins og léttvínin geta runnið ljúft um munn og í maga þá eru þau það líka og til þeirra sérkenna þessarar vöru verðum við að taka fullt tillit þegar við mörkum henni lagaramma og hugum að markaðssetningu hennar hér á landi enda beinist hún í þessu tilviki sem við erum hér að tala um, í hinum ólöglegu áfengisauglýsingum, aðallega að unglingum og ungmennum, þeim hópi sem telst vera auðhreyfanlegastur í auglýsingaspekinni og þeim hópi sem hættast er við að fari sér að voða með þessa hluti.

[18:18]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég ætla að leggja nokkur orð í belg um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum. Ég er ein af flutningsmönnum frumvarpsins sem er ein grein, þ.e. breyting á 3. mgr. 20. gr. laganna, þar sem verið er að varna því að hægt sé að nota vörumerki á áfengum drykkjum sem framleidd eru bæði sem óáfeng og áfeng vín og öl.

Það verður á einhvern hátt, hæstv. forseti, að búa svo um löggjöfina að ekki sé hægt að fara fram hjá áfengislögunum eins og gert er í dag. Menn töldu og ég hef talið það sjálf að þau væru nægilega skýr en eins og áfengisauglýsingarnar hafa verið að birtast og þá sérstaklega á bjór er auðveldlega hægt að fara fram hjá lögunum með því eingöngu að hafa örlítið merki einhvers staðar, helst til hliðar og svo lítið að það þurfi allt að því stækkunargler til að sjá að það standi „léttöl" einhvers staðar á auglýsingunni og þá er þetta lögleg auglýsing samkvæmt dómum sem birst hafa. Þetta hefur gengið svo langt og auglýsingar eru orðnar svo ágengar og markaðssetningin á bjór er orðin svo gegndarlaus undir þessum fölsku merkjum að nauðsynlegt er að grípa inn í og stöðva þetta framferði sem er algjörlega ósiðlegt og höfðar auk þess aðallega til barna og unglinga og hvetur til meiri drykkju. Þetta er sem sé hluti af forvörnum, áfengisforvörnum. Það er betra að hefta og draga úr áfengisneyslunni í stað þess að bregðast ekki við og sitja svo uppi með afleiðingar af ofdrykkju og drykkju unglinga.

Það er, hæstv. forseti, mikil forvörn í frumvarpinu og við eigum að taka höndum saman með öðrum þjóðum til að reyna með öllu móti að draga úr áfengisdrykkju, sérstaklega hjá unglingum, því að við vitum í dag hverjar afleiðingar hún hefur.

[18:21]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Í upphafi vil ég gera eina leiðréttingu og hún er sú að sennilega hafi það verið rangt hjá mér að óska eftir því að málinu yrði vísað til menntamálanefndar. Sennilega á þetta mál fremur heima í allsherjarnefnd þingsins og legg ég til að það gangi þangað að lokinni umræðu.

Ég vil þakka fyrir umræðuna, hún hefur verið ágæt og gagnleg. Fram hafa komið mismunandi sjónarmið um hvort rétt sé og hvort yfirleitt gerlegt sé að banna áfengisauglýsingar. Og eru menn þá að horfa á þessi mál í alþjóðlegu samhengi? Ég tel tvímælalaust svo vera en ég vil taka undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Merði Árnasyni áðan þegar hann sagði að við ættum að sameinast um að

styðja frumvarp þetta sem gengur út á að gera lögin skýrari þannig að fram hjá þeim verði ekki farið. Lagabreyting eigi ekki að verða niðurstaða af ólöglegu athæfi sem löggjafinn hafi gefist upp gagnvart og dómstólarnir einnig. Það er í raun að gerast í þessu máli hér.

Síðan getum við á sjálfstæðum forsendum tekið upp þá umræðu hvort leyfa beri auglýsingar á áfengi og það eigum við að gera á sjálfstæðum forsendum sem sérstakt aðskilið mál. Þetta gengur fyrst og fremst út á það að sjá til þess að þau lög sem eru við lýði í landinu og eru mjög skýr í mínum huga en ekki í huga allra og ekki í huga dómstólanna, verði skýrð þannig að þau nái því markmiði sem þeim er ætlað að þjóna. Síðan getum við tekið hina umræðuna um hvort leyfa beri auglýsingar á áfengi. Það er allt önnur saga, þar er ég með afdráttarlausa afstöðu að sönnu en það er svo annað mál.

Ég vona að þetta mál nái sem fyrst fram að ganga og komi til atkvæðagreiðslu hér í þingsal.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack, 238. mál. — Þskj. 238.

[18:24]

Flm. (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa langt mál um þessa þingsályktunartillögu þó að það væri hægt en hún hefur verið flutt nokkuð reglulega alveg frá 125. löggjafarþingi eða frá árinu 1999–2000 á þingskjali sem þá var númer 605, 352. mál. Síðan hefur þingsályktunartillagan komið hér fram nokkuð reglulega og verið uppfærð og sett á hana tíðni slysa. Sem betur fer hafa banaslys ekki orðið á tímabilinu, þ.e. frá 1994 fram til dagsins í dag, vegna árekstra við skepnur sem hafa verið á þjóðvegunum en það hafa margir slasast illa, enn fleiri slasast lítið en óhöppin eru mjög mörg og mjög kostnaðarsöm. Vegagerðin heldur yfirlit og skýrslu yfir slys af völdum búfénaðar sem er á þjóðvegunum og eins er hægt að finna upplýsingar hjá vátryggingafélögunum og hjá heilbrigðisstofnunum.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að við nýframkvæmdir samkvæmt vegáætlun verði gert ráð fyrir rásum fyrir búfénað undir vegi þar sem girt er meðfram vegum en bithagar beggja vegna. Jafnframt verði hafin vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung og bithagar eru nytjaðir beggja vegna vegar.“

Hæstv. forseti. Sífellt er meiri þungi og krafa um að búfénaður sé ekki á þjóðvegum landsins. Þetta á sérstaklega við um sauðfé og svo kýr, sem ganga nú ekki um vegi öðruvísi en verið sé að reka þær yfir vegina til mjalta eða í bithaga. Hross hafa einnig verið á vegum og eru það yfirleitt mjög alvarleg slys þegar keyrt er á hross.

Núna eru háværar kröfur um að girt sé meðfram öllum þjóðvegum landsins til að forða því að búpeningur sé á þjóðvegunum. Til að sveitarfélögin geti bannað lausagöngu búfjár þarf að girða meðfram þjóðvegunum en ef það er gert eru bændur ábyrgir fyrir því tjóni sem verður ef skepnur frá þeim eru á þjóðvegunum. Þarna þarf að bæta um betur og koma því alveg á hreint hvernig eigi að standa að því að girða meðfram þjóðvegunum, en víða er það svo að bændur hafa verið ófúsir til að láta girða meðfram vegi þar sem þeir þurfa á því að halda að sauðfé geti farið á milli hólfa. Þá er í rauninni eina leiðin að koma upp rásum undir þjóðvegi en ekki hefur náðst samkomulag um að fjármagn verið veitt til þess að setja þau ræsi eins og hefur þurft.

Það sem snýr að kúabændum er að koma þarf upp ræsum á miklu fleiri stöðum til að þeir geti rekið kýrnar í tengslum við mjaltir undir þjóðveginn í fyrrnefndum rásum í stað þess að þurfa að reka þær yfir þjóðveginn með þeirri slysahættu sem af því stafar.

Hæstv. forseti. Í rauninni væri hægt að hafa um þetta mörg orð en ég held að miklu mikilvægara sé að vísa þingsályktunartillögunni til samgöngunefndar og fá um hana umsagnir og umræðu í hv. samgöngunefnd þar sem vegáætlun og samgönguáætlun eiga að vera núna til afgreiðslu á þessu þingi. Í þeim áætlunum þarf að forgangsraða og þetta er m.a. hluti af því að forgangsraða fjármagni til framkvæmda, þ.e. að ætla þessum öryggisþætti meira fjármagn og setja upp markvissari áætlun um hvernig eigi að standa að kortlagningu og meta þörfina og eins til þess að meta hvað þetta muni kosta og setja það síðan í tímaáætlun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samgönguminjar, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack, 239. mál. — Þskj. 239.

[18:31]

Flm. (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég flyt hér tillögu til þingsályktunar um vernd samgönguminja. Tillagan er á þskj. 239 og er 239. mál þingsins. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa þriggja manna nefnd til að kanna hvernig tryggja megi betur en nú er skráningu og vernd samgönguminja og undirbúa gerð samgönguminjaáætlunar. Nefndin verði skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Vegagerðinni, öðrum tilnefndum af Fornleifavernd ríkisins og þeim þriðja tilnefndum af ráðherra og verði hann formaður nefndarinnar. Nefndin skili niðurstöðu sinni fyrir 1. október 2006.“

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram aftur.

Víða um land er að finna merkar samgönguminjar sem liggja undir skemmdum, svo sem brýr, hlaðna vegi og hafnargarða, símamannvirki, sæluhús símamanna frá öndverðri 20. öld og vörður á gömlum þjóðleiðum, sem eru margar mjög merkar. Þá eru ýmsar slíkar þjóðleiðir að leggjast af og falla í gleymsku svo að brýnt er að hefja skipulega vinnu við skráningu þeirra og kortlagningu. Samgönguminjum er vissulega víða sinnt og þeim safnað, bæði af opinberum að-

ilum og áhugasömum einstaklingum, en stjórnvöld hafa ekki markað ákveðna stefnu í þessum málaflokki. Ekki er hægt að ætlast til þess að áhugamenn sinni einir þessu mikilvæga varðveislu- og skráningarstarfi enda krefjast mörg verkefni á því sviði umtalsverðra fjármuna ef vel á að vera. Þar að auki hlýtur árangurinn í heild að vera undir því kominn að verkið sé unnið eftir einu samræmdu skipulagi sem byggist á góðri yfirsýn.

Samgöngur og samgöngubætur hafa alla tíð verið geysilega mikilvægar fyrir fólk á Íslandi enda landið dreifbýlt og víða erfitt yfirferðar. Óhætt er að fullyrða að 20. öld, sem var öld vélvæðingar hér á landi, hafi verið tímabil meiri og hraðari breytinga í samgöngumálum en nokkurt annað skeið í sögu Íslands. Á slíkum framfaraskeiðum er eðlilega hvað hættast við því að minjar og minningar um samgönguhætti fyrri tíma lendi í glatkistunni og gildi þeirra verði ekki fyllilega ljóst fyrr en um seinan.

Í ljósi þess hve saga samgangna er snar þáttur í Íslandssögunni er afar mikilvægt að vernd samgönguminja verði efld og skipulega að henni unnið. Þess vegna er hér lagt til að Alþingi feli ráðherra að skipa þriggja manna nefnd er kanni hvernig söfnun og vernd þessara minja verði best tryggð og undirbúi gerð samgönguminjaáætlunar. Þess vegna er hér lagt til að Alþingi feli ráðherra að skipa þriggja manna nefnd er kanni hvernig söfnun og vernd þessara minja verði best tryggð og undirbúi gerð samgönguminjaáætlunar.

Hæstv. forseti. Víða er unnið að eflingu ferðaþjónustu hér á landi, m.a. menningartengdrar ferðaþjónustu, svo og að merkja gönguleiðir og er það hluti af verkefnum sveitarfélaga, ferðafélaga og þeirra sem eru í ferðaþjónustu af ýmsum toga. En það gefur ferðum af þessi tagi aukið gildi ef inn í þær tengjast mannvirki, menningarverðmæti svo sem eins og gamlir vegaslóðar og hleðslur, eða það að fylgja fornum reiðleiðum og fara eftir leiðum sem varðaðar hafa verið vörðum um langa tíð. Þessi mannvirki hverfa smám saman ef þeim er ekki haldið við eða kortlögð. Eins þarf að merkja þessa staði og gefa upplýsingar um þá fyrir ferðamenn og þá sem fara um svæðið svo viðkomandi mannvirki hafi meira gildi og sé aðgengilegt. Því þarf að fara í ákveðna kortagerð. Upplýsingar liggja víða, hjá Vegagerðinni, sveitarfélögunum, Minjavernd og fleiri stöðum, en það er enginn einn aðili sem heldur utan um upplýsingar af þessu tagi. Hjá Vegagerðinni hefur verið starfrækt um nokkurra ára skeið deild sem kallast Vegminjasafn og er menningar- og fræðslustofnun. Markmið þessarar stofnunar er að standa vörð um minjar sem tilheyra fyrri tíðar vegagerð á Íslandi og varpað geta ljósi á þennan þátt í menningar- og samgöngusögu þjóðarinnar. Þetta minjasafn hefur aðallega snúið sér að tækjum og tólum sem hafa tilheyrt verkmenningu fyrri vegagerðarmanna en í minna mæli haft tök á að vernda eða fara í endurgerð t.d. gamalla brúa og merkilegra mannvirkja sem eru úti í náttúrunni.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri eða ítarlegri. Hægt væri að nefna marga staði sem áhugavert væri að líta á og kortleggja og fara síðan í endurhleðslu á vegarstæðum og endurgerð á gömlum brúm eins og ég nefndi áðan. Mér finnst mikilvægt að þingsályktunartillagan verði lögð fyrir hv. samgöngunefnd að lokinni þessari umræðu og geti farið út til umsagnar og afgreiðslu á þessu vorþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 13. mál.

Fundi slitið kl. 18:40.

---

76. FUNDUR

föstudaginn 3. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Hlutafélög, stjfrv., 461. mál, þskj. 688, nál. 835. — 2. umr.
2. Einkahlutafélög, stjfrv., 462. mál, þskj. 689, nál. 836. — 2. umr.
3. Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, stjfrv., 371. mál, þskj. 427, nál. 855, brtt. 856. — 2. umr.
4. Greiðslur til foreldra langveikra barna, stjfrv., 389. mál, þskj. 471, nál. 846, brtt. 847 og 853. — 2. umr.
5. Strandsiglingar, þáltill., 251. mál, þskj. 251. — Fyrri umr.
6. Tannlækningar, frv., 252. mál, þskj. 252. — 1. umr.
7. Fangaflutningar um íslenska lögsögu, þáltill., 269. mál, þskj. 282. — Fyrri umr.
8. Uppbygging héraðsvega, þáltill., 310. mál, þskj. 330. — Fyrri umr.
9. Brottfall laga um búnaðargjald, frv., 311. mál, þskj. 338. — 1. umr.
10. Framhaldsskóli í Borgarnesi, þáltill., 320. mál, þskj. 352. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[10:31]

Útbýting:

Verkefnasjóður sjávarútvegsins, 382. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 857.

Hlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 461. mál (EES-reglur, upplýsingaákvæði). — Þskj. 688, nál. 835.

[10:32]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, upplýsingaákvæði. Nefndarálitið er frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum verslunar og þjónustu, Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands hf., Fjármálaeftirlitinu, Alþýðusambandi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Samtökum atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands.

Frumvarpið er byggt á ákvæðum um skyldu til upplýsingagjafar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð. Nánar tiltekið er um það að ræða að ríkið skuli kveða á um að tilteknar lágmarksupplýsingar skuli birta á vefsíðu hlutafélaga, þar á meðal samlagshlutafélaga, og einkahlutafélaga.

Mál þetta var rætt og afgreitt samhliða 462. máli — sem er hér á dagskrá á eftir — en þar eru lagðar til samsvarandi breytingar á lögum um einkahlutafélög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað orðanna „heimasíðu hlutafélaga og útibúa þeirra“ í 1. gr. komi: vef hlutafélaga og útibúa þeirra ef til er.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Bjarni Benediktsson, Siv Friðleifsdóttir og Lúðvík Bergvinsson.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þá var nokkuð rætt í nefndinni hvort skylda ætti öll félög til að hafa vef eða heimasíðu en það var talið óframkvæmanlegt enda hefur sú leið verið farin í Danmörku að þau félög sem hafa vef á annað borð skuli birta þær upplýsingar sem um ræðir en það eru upplýsingar um heiti, kennitölu, heimilisfang, svo og skráningaraðila og hugsanlega skráningarnúmer annað en kennitölu. Svo á að segja frá því á viðkomandi heimasíðu ef fyrirtækið er í gjaldþrotaskiptum eða félagaskiptameðferð. Svo var ákveðið að nota orðið „vefur“ í staðinn fyrir heimasíðu þar sem það er víðara hugtak. Heimasíða gæti maður sagt að væri bara fyrsta síðan á vefnum.

[10:35]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ræða mín er stutt. Það kemur fram í nefndaráliti að ég hafi verið fjarverandi við afgreiðslu málsins. Það var ég vegna jarðarfarar en ég vil lýsa því yfir að ég er samþykkur þessu frumvarpi sem ég tel vera til framfara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkahlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 462. mál (EES-reglur, upplýsingaákvæði). — Þskj. 689, nál. 836.

[10:35]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, upplýsingaákvæði, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Þetta mál er samhliða því máli sem við ræddum áðan og ætla ég ekki að fara nánar út í það. Þetta er nákvæmlega sami hluturinn nema þetta mál varðar einkahlutafélög en þau eru um 20 þúsund og flest þeirra hafa ekki heimasíðu þannig að það ákvæði væri mjög erfitt í framkvæmd.

Þarna er gerð sambærileg breyting eins og áður, þ.e. að í stað orðanna „heimasíðu hlutafélaga og útibúa þeirra“ í 1. gr. komi: vef hlutafélaga og útibúa þeirra ef til er.

Undir þetta nefndarálit rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Bjarni Benediktsson, Siv Friðleifsdóttir og Lúðvík Bergvinsson.

Fjarverandi voru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson sem hafði leyfi þar sem hann var við jarðarför þegar nefndarálitið var tekið út.

Um þetta er ekkert frekar að segja en málið sem var hér áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, 2. umr.

Stjfrv., 371. mál (lágmarksiðgjald og heimildir til fjárfestingar). — Þskj. 427, nál. 855, brtt. 856.

[10:37]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar Hallgríms Hallgrímsson, Ingva Má Pálsson og Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneyti, Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Þorgeir Eyjólfsson frá Lífeyrissjóði verslunarmanna, Hrafn Magnússon og Gunnar Baldvinsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Friðbert Traustason frá Lífeyrissjóði bankamanna, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna og Bjarna Þórðarson frá Íslenskri endurtryggingu hf.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvíþættar breytingar á lagaumhverfi lífeyrissjóða. Í fyrsta lagi er lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað til samræmis við það sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði, eða úr 10% í 12% í tveimur áföngum á næstu tveimur árum. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar sem snúa að fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að hækkun lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóða um 2% verði frestað. Fram kom við umfjöllun málsins að enn ætti eftir að ganga frá kjarasamningum við nokkra hópa. Í þessu sambandi bendir nefndin á að í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997 kemur fram að lífeyrissjóður skuli tilgreina það iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem hann veitir, samkvæmt þessu ákvæði. Að teknu tilliti til þessa telur nefndin að ekki sé nauðsynlegt að gera umrædda breytingu að svo stöddu en leggur áherslu á að það verði skoðað á næsta þingi.

Í öðru lagi er lögð til lagfæring á frumvarpinu til samræmis við markmið þess að því er varðar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í hlutabréfum, sbr. b-, c- og d-lið 2. tölul. í breytingartillögunum. Samkvæmt frumvarpinu var ekki ætlunin að auka heimildir lífeyrissjóða með þeim hætti að eign þeirra í skuldabréfum, víxlum, hlutdeildarskírteinum eða öðrum verðbréfum, sbr. 2., 5., 6., 8. og 9. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, gæti orðið allt að 60% af hreinni eign sjóðsins. Einungis var ætlunin að gefa lífeyrissjóðum kost á því að eign þeirra í hlutabréfum fyrirtækja, skv. 6. tölul. 1. mgr. 36. gr., gæti orðið allt að 60% af hreinni eign sjóðsins. Bent var á að c-liður 2. tölul. í breytingartillögunum væri óþarfur þar sem heimildin mundi felast í orðalagi 2. málsl. eins og lagt er til að hann orðist, sbr. d-lið í breytingartillögunum. Engu að síður var talið skynsamlegt að taka þetta fram með beinum hætti til áréttingar.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á c-lið 2. gr. frumvarpsins en hann kveður á um að heimilt verði að meta hreina eign lífeyrissjóða við endurskoðað uppgjör innan ársins í stað þess að miða við síðasta ársuppgjör. Fram komu athugasemdir um að of strangt væri að uppgjör þyrfti að endurskoða innan ársins. Getur nefndin tekið undir það, og með vísun til þess sem fram kemur í athugasemdum við fyrrnefndan c-lið er lagt til að könnun endurskoðanda á uppgjöri lífeyrissjóða innan ársins sé nægileg, með öðrum orðum að eiginleg endurskoðun sé ekki skilyrði hvað þetta varðar. Þess ber að geta að samkvæmt reglum Kauphallar Íslands er nægjanlegt að árshlutauppgjör séu könnuð af endurskoðendum og könnunaráritun fylgi.

Í fjórða lagi er lagt til að kveðið verði á um það með beinum hætti að lífeyrissjóði sé heimilt að stofna til samstarfs við þá aðila sem standa að sjóðnum um innheimtu iðgjalda fyrir þá og félagsgjalda. Skilyrði er að slík innheimta hafi ekki í för með sér neinn kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðinn. Innheimta þessi hefur verið framkvæmd í áratugi og helgast fyrst og fremst af hagkvæmnisástæðum, enda eru þessi gjöld innheimt samhliða lífeyrissjóðsiðgjöldum og reiknast þau almennt af sama stofni og iðgjöld til lífeyrissjóðanna. Þess ber að geta að við setningu laga nr. 129/1997 var hvergi tiltekið að frá framkvæmdinni sem hafði þá staðið í áratugi ætti að víkja. Nú hefur hins vegar komið í ljós að hún kunni að brjóta í bága við ákvæði 20. gr. laga nr. 129/1997 og telur nefndin því rétt að kveðið sé á um þetta með skýrum hætti í lögunum. Við umfjöllun málsins í nefndinni kom einnig fram það sjónarmið að lífeyrissjóði og aðilum tengdum honum væri í lófa lagið að stofna sérstakt hlutafélag um þessa innheimtu að óbreyttum lögum. Í heimildinni sem lögð er til felst að lífeyrissjóðir geta efnt til samstarfs við tengda aðila sem að þeim standa, þ.e. stéttarfélög, sjúkrasjóði, fræðslusjóði, orlofssjóði og samtök atvinnurekenda, um innheimtu iðgjalda fyrir þessa aðila.

Að síðustu er lögð til breyting á gildistökuákvæðinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Drífa Hjartardóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ögmundur Jónasson, Eygló Harðardóttir og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Strandsiglingar, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn o.fl., 251. mál (uppbygging). — Þskj. 251.

[10:44]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar. Flutningsmenn auk mín eru hv. þingmenn Guðjón A. Kristjánsson frá Frjálslynda flokknum, Þuríður Backman frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, Sigurjón Þórðarson frá Frjálslynda flokknum og Ögmundur Jónasson frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Þessi tillaga hefur verið flutt á tveimur undanförnum þingum og fékk í sjálfu sér mikla umfjöllun í nefnd en af einhverjum ástæðum hefur hún ekki komið til síðari umr. og afgreiðslu þingsins þrátt fyrir að mikill áhugi hafi verið á málinu, sem ég kem að síðar í mínu máli. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa að strandsiglingar verði hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ráðherra móti stefnu og aðgerðaáætlun og leggi fram lagafrumvörp í þessu skyni, ef með þarf, þannig að ríkið geti tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir. Ráðherra láti meta kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land miðað við skilgreinda þjónustu og geri tillögur um siglingaleiðir sem bjóða á út. Ráðherra skili niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. febrúar 2006."

1. febrúar 2006 er reyndar liðinn. Það skýrist af því að tillagan var lögð fram í upphafi haustþings og kemur ekki á dagskrá þingsins fyrr en nú.

Með þessari tillögu er svofelld greinargerð:

„Tillaga þessi var lögð fram á 131. löggjafarþingi og er nú lögð fram lítið breytt frá þeirri framlagningu. Flestar umsagnir sem borist hafa um tillöguna hafa verið jákvæðar.

Á síðustu árum hafa strandsiglingar smám saman verið að leggjast af hér á landi. Flutningsmenn telja að ekki verði við það unað enda má fullyrða að sjóflutningar meðfram strandlengjunni séu verulega vannýttur samgöngukostur nú.

Því leggja þeir til að samgönguráðherra verði falið að undirbúa að strandsiglingar verði hafnar með tilstyrk hins opinbera á grundvelli útboða. Brýnt er að ráðherra grípi strax til aðgerða.

Á 128. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum fram tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar. Þar var lagt til að samgönguráðherra yrði falið að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, er léti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land væru öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og fleiru. Samgöngunefnd lagði til að þeirri tillögu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Í svari við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns til samgönguráðherra á 130. löggjafarþingi um framgang þeirrar tillögu kom fram að ráðherra hefði ekki skipað strandsiglinganefnd en að ráðuneytið hefði í störfum sínum talið eðlilegt að stofnanir þess beindu athygli að strandsiglingum á grundvelli ábendinga og ágætra hugmynda í greinargerð með tillögunni. Ráðherra tók þá fram að hann teldi að tillagan frá 128. löggjafarþingi hefði verið þarft innlegg í umræðuna og að við endurskoðun á samgönguáætlun hlyti að verða litið til ákveðinna þátta sem þar voru nefndir.“

Herra forseti. Því miður reyndust þetta innstæðulaus orð hjá hæstv. ráðherra því að í raun hefur ekkert verið gert af hálfu ráðuneytisins til að koma þessu máli frekar á siglingu, ef svo má að orði kveða. Þrátt fyrir mikinn og eindreginn áhuga og ábendingar fjölmargra aðila í samfélaginu hefur ráðuneytið dregið lappirnar í þessum efnum og kem ég að því síðar hverjar gætu verið líklegar ástæður þess.

„Þess er vert að geta að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur fallist á að aðstoðarkerfi sem Bretar hafi komið á til að færa flutninga af vegum og yfir í siglingar og hóflegur styrkur ríkis til slíkra aðgerða brjóti ekki gegn samkeppnisreglum bandalagsins. Einnig hafa nýlega verið fluttar af því fréttir að Evrópusambandið sjálft hyggist nú stórauka framlög til að efla sjósamgöngur og auka flutninga á sjó, ám og vötnum og öðrum siglingaleiðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarri mengun og létta álagi af vegum. Í því sambandi má nefna að hér á landi er talið að ending vega í sumum landshlutum minnki um helming ef þungaflutningar aukast sem svarar því vörumagni sem nú er flutt sjóleiðis.

Flutningsmenn þessar tillögu telja mjög mikilvægt að útboð á siglingaleiðum geti hafist eigi síðar en haustið 2006. Því er hér lagt til að ráðherra skili tillögum sínum sem allra fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 2006“ — eins og segir hér en við gætum hæglega samið um að það verði 1. maí 2006.

„Með framangreindri tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar frá 128. löggjafarþingi fylgdi ítarleg greinargerð og vísa flutningsmenn til hennar hvað varðar ýmis rök fyrir mikilvægi þess að strandsiglingar við allt landið verði tryggðar, svo sem hvað varðar umhverfissjónarmið, byggðaáhrif og samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum“ — auk umferðaröryggis, herra forseti, sem ekki hvað síst hefur verið í umræðu nú.

Með þessari tillögu fylgja greinar, bréf og umsagnir um strandsiglingar sem ég leyfi mér að vísa í. Ég ætla að lesa hér úr grein frá Landvernd, frá 3. ágúst 2004, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í vikunni sem leið tilkynntu Eimskip að fyrirtækið hygðist leggja niður strandsiglingar við Ísland. Er þetta í beinu framhaldi af þeirri þróun sem hefur átt sér stað í vöruflutningum síðustu ár. Skipum í strandsiglingum hefur fækkað óðum á meðan sífellt hefur bæst í her vöruflutningabifreiða sem þeysa um vegi landsins. Ástæða þessarar þróunar er sögð vera sá flutningshraði sem krafist er í samfélagi okkar.

Umræðan í tengslum við þessa ákvörðun Eimskipa hefur fyrst og fremst beinst að áhrifum hennar á slit vega og aukna hættu í umferðinni. Stórir vöruflutningabílar geta valdið miklu tjóni og alvarlegum slysum lendi þeir í árekstri auk þess sem flutningur hættulegra efna á vegum getur verið varasamur. Vegaslit vörubíla er margfalt á við fólksbíla og svo virðist sem ekki hafi tekist að færa kostnaðinn við vegaslit yfir á vörubíla í samræmi við notkun þeirra.

Landvernd vill vekja athygli á því að neikvæðar afleiðingar vöruflutninga á landi eru ekki eingöngu bundnar við slys og vegaslit. Landflutningar fela í sér allt að sjöfalt meiri losun koldíoxíðs en strandflutningar og hefur losun koldíoxíðs frá landflutningum aukist um 67%.

Það blasir því við að rík ástæða er til að efla strandflutninga hér við land til að draga úr hættu á slysum og sliti vega og til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda.“

Ég vek athygli á því, herra forseti, að þetta er tveggja ára gömul yfirlýsing frá Landvernd. Nú er Eimskip ekki lengur til, óskabarn þjóðarinnar, búið er að afhenda það gróðabröskurum og ekkert skip er lengur skráð hér á landi á þeirra vegum að því er ég best veit. En Landvernd leggur einmitt áherslu á umhverfissjónarmið.

Fleiri góðar greinar fylgja þessu nefndaráliti. Ég vil t.d. minna á umfjöllun sem verið hefur hér að undanförnu um álagið á vegunum, um umferðaröryggið og einnig um hagkvæmnina. Evrópusambandið hefur ítrekað lagt fram heimildir fyrir lönd innan Evrópusambandsins til þess að niðurgreiða sjóflutninga. Það leggur mikla áherslu á það af þessum ástæðum. Því leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að við tökum þetta rækilega upp og látum kanna hagkvæmni þess nú þegar að taka upp strandsiglingar. Það er annars hlálegt í þessum efnum að í samgönguáætlun sem gilda átti frá 2004–2014 og samþykkt var á Alþingi, var lögð rík áhersla á sjóflutninga, strandflutninga, og það væri hluti af stefnu ríkisins að strandflutningar, sjóflutningar, væru einn mikilvægasti þátturinn í flutningakerfi landsins. Því hefur á engan hátt verið fylgt eftir eins og dæmin sanna.

Við vitum að sjávarþorp úti um land byggðu samkeppnisstöðu sína á öflugu strandflutningakerfi. Með því að strandflutningar eru lagðir niður lenda þau úr leið. Þó að viss rök séu fyrir því að hagkvæmara sé að flytja pakkavöru og dagvöru með flutningabílum um landið þá er fjarri því að hægt sé að segja og færa rök fyrir því að það sé nauðsynlegt varðandi fisk, áburð, olíu og annan þungaflutning sem er miklu betur er kominn með sjóflutningum en flutningum á landi.

Herra forseti. Ég ek mikið á þjóðvegum landsins og ég finn hvernig þeir láta undan þessum gríðarlegu þungaflutningum. Þeir ganga í bylgjum þegar maður mætir þessum

stóru flutningabílum. Ég er sannfærður um að það væri miklu heilladrýgri stefna að færa þessa flutninga eins og kostur er út á sjó enda er það stefna annarra þjóða þar sem því verður við komið og því skyldum við ekki gera það? Í rauninni hafa flestallir aðilar mælt með því að slíkt verði gert, aðilar sem eiga allt sitt undir þessum flutningum. Því er þessi tillaga flutt í þeirri eindregnu von að hún hljóti brautargengi og að við verðum komin með öflugt strandsiglingakerfi með fram ströndum landsins frá og með næsta hausti.

[10:57]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft afskaplega þörfu máli sem hefur brunnið á landsmönnum um alllanga hríð. Ég lít svo á að núna sé nokkurn veginn liðinn sá tilraunatími sem verið hefur undanfarin ár. Strandsiglingar lögðust af fyrir nokkrum árum. Reyndar var gerð mjög athyglisverð og góð tilraun þar sem flutningaskipið Jaxlinn ferðaðist á milli hafna og leysti margan vanda á þeim tíma sem það starfaði en því miður lagðist sú starfsemi af og væntanlega mun hún ekki fara af stað aftur. Ég hef ekki haft spurnir af því en hef þó verið að reyna að fá upplýsingar um það.

Farið var yfir ýmis rök með þessu í greinargerð og í ræðu hv. flutningsmanns en hver einasti maður sem ferðast um þjóðvegi landsins hlýtur að verða var við þessa dreka, stóru flutningabílana sem ferðast þar um. Þeir keyra yfirleitt frekar hratt hvort heldur vegirnir eru greiðir og tvíbreiðir eða mjóir og þröngir. Sum af þeim rökum voru þau að vegakerfið væri að batna, búið væri að leggja bundið slitlag og vegirnir þyldu betur þessa miklu umferð en áður. Þetta er ekki rétt vegna þess að bundið slitlag er ekki miðað við umferð og þungaflutninga af þessu tagi fyrir utan það að ákveðin landsvæði, sem ég þekki mjög vel til, eru alls ekki komin með bundið slitlag heldur eru með gömlu vegina. Ég fyrir mitt leyti er búinn að keyra sömu vegarspottana vestur á firði sunnanverða frá því að ég fékk bílprófið 17 ára gamall og það eru orðin þó nokkuð mörg ár síðan. Vegakerfið ber þetta ekki á nokkurn hátt. Og það má alveg sjá það þar sem umferð hefur verið mikil af þessum þungaflutningum hvernig vegirnir spænast upp og verða nánast ófærir venjulegum ökutækjum fyrir utan þá hættu sem hlýst af því að mæta þeim og reyna að komast fram úr þeim sem er einn hluti af þessu.

Það er athyglisvert að Morgunblaðið, blað *allra landsmanna,* fjallar um þetta fyrir tæpum tveimur árum, og er þá að svara hv. þm. Ögmundi Jónassyni, og veltir upp spurningunni: „Sitja ekki allir við sama borð?" Og það er svona heldur að skilja á ritstjórnargreininni að það vanti mikið á það.

Með leyfi hæstv. forseta, les ég hér upp úr greininni sem er fylgiskjal II með tillögunni:

„Vegakerfið hefur smátt og smátt verið að batna. Það er betra vegakerfi með varanlegu slitlagi, sem hefur orðið til þess að flutningar hafa færst af sjó yfir á land." — Ég gat reyndar um það áðan að þetta er alhæfing sem ég tek ekki undir. — „Er hugsanlegt að hið opinbera mismuni flutningafyrirtækjum á einhvern hátt eftir því, hvort flutningar fara fram með skipum eða flutningabílum? Er hugsanlegt að opinber gjaldtaka geri það að verkum að landflutningar verði hagkvæmari? Er hugsanlegt að landflutningafyrirtækin eigi að greiða meira en þau gera fyrir notkun á vegum?

Þessum spurningum þurfa stjórnvöld að svara í þeim umræðum, sem nú standa yfir um flutningamál" — segir Morgunblaðið fyrir tveimur árum.

Ég held að stjórnvöld hafi ekki svarað þessu og það er greinilegt að þau hafa ekki brugðist við þessu eins og þörf er á og þyrfti að gera, því að enn eru þessir flutningabílar á ferðinni á vegum sem ekki þola umferðina. Enn verða tafir á flutningum. Það má ekki gleyma því að vegna þessa álags á vegina verður Vegagerðin oft og tíðum að beita þungatakmörkunum. Það þýðir einfaldlega að fara þarf með flutninga aðra leið en þeim er ætlað eða að hluta þarf þá í miklu smærri einingar. Það er dýrara og hver borgar brúsann? Óhjákvæmilega er það neytandinn sem borgar brúsann. Það er alltaf þannig.

Ég held að skilgreina þurfi hvers konar flutninga eigi að flytja á vegunum, hvers konar flutninga er heppilegt að flytja í lofti og hvaða flutningar þurfi að fara á sjó. Ég vil nefna dæmi, þar sem það fer í vöxt að flytja hús milli landshluta, af smið vestur á fjörðum sem smíðar sumarhús. Ef flytja þarf slíkt hús á vegum landsins þarf hann vernd, hann þarf sérstakar aðstæður, sérstakan flutningabíl og það er undir hælinn lagt að bíllinn komist þá vegi sem þarf að flytja það vegna þungatakmarkana á þeim tíma. Hann þarf sérstaka lögreglufylgd og hann þarf að greiða fyrir þetta allt saman. En hins vegar meðan Jaxlinn var í förum kom hann húsinu niður á bryggju og það fór þar um borð og þurfti enga sérstaka vernd í flutningi, það var bara tekið upp í höfninni.

Sama má t.d. segja um báta sem fluttir eru milli staða. Það er mikið fyrirtæki að koma þeim á bíla en þeir voru um mjög langa tíð fluttir á skipunum. Þannig mætti lengi telja en eftir stendur að vegakerfið er engan veginn tilbúið til að taka við þessum flutningum og þótt það væri tilbúið má spyrja hvort það sé í rauninni eðlilegt að eyríki eins og Ísland hafni algjörlega sjóflutningum í kringum eyjuna. Það er mjög sérkennileg staða og mjög óeðlileg staða. Ég held að þessi þingsályktunartillaga um strandsiglingar sé þess virði að hún sé virkilega vel skoðuð af stjórnvöldum og ég vænti þess að hún fái góða umfjöllun og afgreiðslu í nefnd.

[11:04]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason, fyrsti flutningsmaður þessa máls, fór vel yfir kosti þess að við legðum á ný áherslu á strandsiglingar við landið. Það er ánægjulegt að þingmenn Frjálslynda flokksins skuli tilbúnir að leggja fram tillöguna ásamt þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Í umræðum á þinginu í gær kom fram að mikill samhljómur er milli þingmanna Samfylkingar um þetta mál. Ég vona að breið samstaða myndist um málið. Nú vantar aðeins fulltrúa tveggja flokka til að taka málið endanlega í sátt.

Í öllum umræðum um samgöngumál á þinginu er talað um að flutningar hafi færst upp á vegina í miklum mæli. Það hefur auðvitað ýmsan vanda í för mér sér. Vegirnir eru hreinlega ekki gerðir fyrir þungaflutninga. Ég vil meina að

við séum að kasta krónunni til að spara aurinn vegna þess að það er þjóðhagslega hagkvæmt að flytja þungavarning í gámum á milli landshorna með skipum. Það er ekki gáfulegt að gera það með flutningabílum. Oft hefur verið bent á að einn flutningabíll með tengivagni skemmi vegina jafnmikið og 10 þús. fólksbílar. Þetta eru tölur frá Vegagerðinni. Þar fyrir utan eru skipaflutningar mun umhverfisvænni kostur og mætti halda um það langt mál.

Sem betur fer er eitthvað að gerast í siglingamálum þjóðarinnar. Ég vil t.d. nefna að það eru að komast á reglulegar siglingar milli Akureyri og Evrópu. Ég fagna því að það skuli gerast. En reyndar er merkilegt að þar eru Norðmenn í fararbroddi. Þessi hugmynd, um að bjóða út siglingaleiðir líkt og gert er í fluginu, er mjög góð. Ég held að það eigi að nást samkomulag á þinginu um að þetta sé þjóðhagslega hagkvæm leið og mjög gáfuleg upp á framtíðina.

Það er skrítið að flutningum til og frá landinu skuli miðstýrt frá Reykjavík. Gámar eru fluttir af Norður- og Austurlandi um vegina til Reykjavíkur. Þeir eru settir í skip og fluttir til annarra landa. Það er hluti af miðstýringarárátttunni í þjóðfélaginu.

Ég vona að þessi tillaga til þingsályktunar fái nú góða umfjöllun í samgöngunefnd og verði samþykkt hér þannig að strax í haust verði farið í að bjóða út siglingar. Þá horfi ég fram á bjartari tíma í umhverfis- og samgöngumálum þjóðarinnar.

[11:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni mikið framfaramál sem ég er sannfærður um að breið samstaða er um á Íslandi. Það er flutt af þingmönnum úr tveimur flokkum eins og fram kom í umræðunni, annars vegar þingmönnum úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og hins vegar þingmönnum úr Frjálslynda flokknum. Fyrsti flutningsmaður er hv. þm. Jón Bjarnason, sem hefur beitt sér mjög fyrir þessu máli í langan tíma. Fyrir nokkrum árum fór hann fyrir okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og flutti þingsályktunartillögu um að rækileg úttekt yrði gerð á strandsiglingum við Ísland með það fyrir augum að efla siglingarnar. Síðan hafði hann forgöngu um þetta þingmál, þ.e. tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar. Það gengur út á samgönguráðherra undirbúi að strandsiglingar verði hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Við erum að sjálfsögðu opin fyrir öllum leiðum sem fara mætti í þessu sambandi. (**ÖS:** Viljið þið bjóða út?) Hugsanlega mætti bjóða það út. (Gripið fram í.) Aðrar hugmyndir hafa einnig verið viðraðar.

Ég tel t.d. fyrir mitt leyti koma til greina að hér yrði komið á fyrirtæki eða stofnun á vegum hins opinbera sem annaðist strandsiglingar. Það mundi sinna þjóðhagslega hagkvæmu hlutverki. Eins og hér hefur komið fram er hagkvæmt að flytja þungan varning sem er fluttur á landi í dag aftur sjóleiðis. Það er gert með tilliti til mengunar og álags á vegakerfið. En með fullhlöðnum flutningabíl með tengivagni er álagið á vegina á milli 20–30 þús. sinnum meira en af fólksbíl.

Þegar að Skipaútgerð ríkisins var lögð niður í upphafi 10. áratugarins, það mun hafa verið árið 1992, fór fram mikil umræða um það á Alþingi og einnig í fjölmiðlum. Morgunblaðið birti leiðara 24. mars árið 1992 þar sem fjallað var um þetta efni. Þar segir að einkavæðing strandsiglinga mundi, og nú vitna ég orðrétt í leiðarann, með leyfi forseta: „... tryggja nauðsynlega þjónustu eftir hagkvæmustu og ódýrustu tiltækum leiðum. Og létta jafnframt áhætturekstri og oftar en ekki taprekstri af ríkissjóði og þar með skattgreiðendum.“

Í leiðaranum voru miklar efasemdir um að einkavæðingin væri til hagsbóta fyrir neytendur og samfélagið allt. Menn töldu eindregið að svo yrði enda segir þar, með leyfi forseta:

„Svo er að sjá sem samgönguráðherra hafi haldið svo á þessu máli, að samfélagið hljóti af nokkurn hag. Af ríkissjóði hefur verið létt verulegum útgjöldum, án þess að þjónusta hafi skerst. Vonir standa og til að samkeppni Eimskips, Samskipa og annarra, sem strandsiglingar stunda, muni svara eftirspurn neytenda ... Flest bendir því til þess að einkavæðing strandsiglinga muni takast vel.“

Þarna reyndist leiðarahöfundur Morgunblaðsins ekki sannspár og sannaðist þar eina ferðina enn að vafasamt er að setja jafnaðarmerki milli hagsmuna einstakra fyrirtækja annars vegar og þjóðarhags hins vegar. Í þessum skrifum kemur fram sá misskilningur að menn væru lausir allra mála eftir að hætt var að niðurgreiða eða styrkja Skipaútgerð ríkisins. Mönnum yfirsást að stuðningur ríkisins við samgöngukerfið kæmi fram í öðru formi, þ.e. nauðsyn þess að styrkja vegakerfið og búa það undir þungaflutninga.

Í umræðum á þingi hafa menn úr öllum stjórnmálaflokkum tekið undir þá hugsun sem þetta frumvarp byggir á. Einu skulum við ekki gleyma í þessu sambandi, þ.e. að þegar hefur verið ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar sem eru forsenda flutninga á sjó. Hafnirnar víðs vegar um landið standa, sumar ónýttar hvað þennan þátt snertir.

Menn trúðu því er leiðarinn var skrifaður að skipafélögin mundu vinna með þjóðarhag í huga en það er löngu liðin tíð. Það er ekki langt síðan Eimskipafélagið lýsti því yfir að það væri hætt að vera skipafélag heldur væru eigendurnir grúppa, eins og tíðkast að tala um slíka hópa, sem sinnti ekki siglingum og annaðist ekki siglingar til og frá landinu og umhverfis landið. Nei, nú var það fyrst og fremst fjárfestingarhópur. Þegar þessi ákvörðun var tekin hjá Eimskipafélaginu var það ekki svo að félagið væri á vonarvöl. En afskriftir á árinu 2004 voru áætlaðar 2.300 millj. kr. og gert var ráð fyrir að afkoma ársins 2005, nú er ég að vitna í gamlar tölur sem koma þó fram í greinargerð með þessu þingmáli, yrði um 3.000 millj. kr. og um 3.500 millj. kr. árið 2006. Þetta eru áætlanir sem á sínum tíma lágu fyrir. Þarna er með öðrum orðum um að ræða mikinn hagnað af starfsemi Eimskipafélagsins. En menn hugsuðu einfaldlega sem svo að hægt væri að fjárfesta og hafa enn meira með því að beina fjármununum í fjárfestingar innan lands og utan.

Við slíkar aðstæður ber samfélaginu að grípa inn í á annan hátt. Við höfum fundið fyrir því að það hefur ekki fengið góðar undirtektir af hálfu annarra en þingmanna úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að ríkið komi inn í þessar siglingar með beinum hætti, sem ég hef t.d. sjálfur sett fram tillögur um. (**ÖS:** Hvar?) Hv. þm. Össur Skarp-

héðinsson spyr hvar ég hafi sett þessar tillögur fram. Það gerði ég m.a. í blaðagrein sem ég birti í Morgunblaðinu 4. ágúst 2004 og er hér sem fylgigagn í þessu máli ef hv. þingmaður hefur áhuga á að kynna sér það nánar, sem hann greinilega ekki hefur gert. Það kom fram í framsíkalli hans áðan.

Við viljum hins vegar ná árangri og erum reiðubúnir að fara aðrar leiðir og fela hugsanlega öðrum aðilum sem sýna (Forseti hringir.) þessu málefni áhuga, þar með komin skýringin á útboðsleið okkar.

[11:17]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er oftast sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni um það sem betur mætti fara. Þó verð ég í upphafi máls míns að segja að ég átti fremur von á dauða mínum fyrirvaralitlum en því að ég gæti orðið sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að það væri æskilegt að bjóða út rekstur. Ég hef jafnan hlýtt með athygli og stundum af nokkurri einurð stutt hv. þingmann þegar hann hefur goldið varhuga við því að menn færu of langt út á þá braut. En svo lærir sem lifir og nú allt í einu sit ég hér í þessum sal og hlusta á mína ágætu félaga í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði flytja tillögu sem byggir á útboði á siglingum. Ég fagna því, herra forseti. Mér finnst þetta jákvæð hugarfarsbreyting hjá hv. þingmönnum, sérstaklega hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Þegar hann skrifaði sína ágætu grein 4. ágúst 2004 í Morgunblaðið var hann ekki kominn það langt á þróunarbrautinni að hann teldi heppilegt að leggja til útboð. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur hins vegar hjálpað honum áfram á þeirri braut og leggur hér fyrir alveg prýðilega tillögu sem byggist að mörgu leyti á ýmsum hugmyndum sem nú þegar hafa verið reyndar í flugrekstri þannig að ég get ekki annað en fallist á að þetta sé jákvæður partur tillögunnar.

Sú staðreynd olli mér líka nokkurri gleði að ein af meginröksemdunum í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar, sem er svo rækilega í gadda slegin í greinargerðinni, er sú stefna Evrópusambandsins að taka upp strandsiglingar til þess einmitt að vernda umhverfið. Ég er algjörlega sammála þeirri röksemdafærslu, flutti svipaða ræðu hér í gær sem byggðist einmitt á ákveðnum umhverfisrökum. Ég er hins vegar ekki jafn vel að mér í Evrópusambandinu og hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, ég gerði mér ekki ljóst að Evrópusambandið væri komið svona langt í þessu, en þetta hvort tveggja gleður mig.

Að öðru leyti, herra forseti, er ég þeirrar skoðunar að það sé meira en einnar messu virði að skoða þennan möguleika, að velta því rækilega fyrir sér, skoða og gera tilraunir með hvort hægt sé að beina umferð af vegum landsins út á hafið aftur með einhvers konar hvata af hálfu ríkisins. Þetta hefur verið reynt í flugi þegar einstök flugfélög hafa lagt af flugleiðir vegna þess að þau hafa ekki talið sig hafa nægar tekjur til þess að geta staðið undir því. Þar hefur það gefið góða raun að fara inn á þessa braut. Ég tel því gott að skoða þetta mál hvað varðar strandsiglingarnar.

Hv. þm. Kristján Möller, félagi minn í Samfylkingunni, hefur lagt á þetta mikla áherslu og ég man ekki betur en þetta sé einmitt partur af þeirri þingsályktunartillögu sem hann hefur lagt fram með öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar um aðgerðir sem miða að því að lækka vöruverð. Þá var hv. þingmaður ásamt félögum sínum að reyna að benda á leiðir til þess að flytja vörur út á landsbyggðina með ódýrari hætti en í dag. Það eru ein rök með þessu. Önnur rök eru auðvitað þau sem komu fram hjá báðum þeim hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hér töluðu áðan, að þeir miklu flutningar sem eiga sér stað á vegunum skapa í senn vaxandi hættu fyrir aðra sem ferðast um vegakerfið og jafnframt hafa þeir í för með sér mikinn kostnað fyrir hið opinbera. Það má með vissum hætti segja að þær gríðarlegu upphæðir sem þarf að leggja í viðhald á vegakerfinu vegna notkunar þessara stóru dreka, sem svo voru kallaðir hér áðan, séu eins konar niðurgreiðsla á flutningum þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga. Þau skipafélög tvö sem áður stunduðu strandflutninga tóku meðvitaða ákvörðun um að flytja flutninga sína af hafinu yfir á vegakerfið vegna þess að því er vel við haldið af ríkinu, og það kostar mikið. Hver af þessum drekum spænir upp vegina í jafnmiklum mæli og tíu þúsund fólksbifreiðar. Það hlýtur að hafa í för með sér mikinn kostnað.

Umhverfisleg rök eru þó að mínu viti sterkasta röksemdin fyrir tilraun af þessu tagi. Við búum við það Íslendingar að við þurfum að standast ákveðna alþjóðlega mælikvarða, axla skuldbindingar sem við höfum tekið á okkar herðar með staðfestingu Kyoto-sáttmálans, og það liggur alveg ljóst fyrir að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin er að íhuga þessi missirin munu sprengja þá sáttmála. Ríkisstjórnin er upptekin af því að bjóða álver hér, þar og alls staðar og við vitum að af hálfu Framsóknarflokksins er fyrst og fremst um að ræða tilraun til þess að veiða atkvæði. Þetta er nokkuð örvæntingarfull viðleitni flokks sem er í vanda til þess að reyna að seilast til atkvæða.

Gott og vel, ég ætla ekki að fara út í miklar umræður um það. En ég vil ítreka það sem ég hef áður sagt að mér finnst vera mikið ósamræmi hjá ríkisstjórninni. Hún skapar annars vegar væntingar um framkvæmdir sem munu sprengja þau mörk sem við megum fara upp í varðandi losun á gróðurhúsalofttegundum en gerir hins vegar ekkert til þess að reyna að draga úr þeirri losun í samfélaginu almennt. Þriðjungurinn af þeirri losun sem stafar af mannlífi á Íslandi tengist samgöngum og það er alveg ljóst að ef hægt væri að draga úr umferð, ef t.d. væri hægt að taka upp vöruflutninga á hafi, mundi losun vegna samgangna minnka töluvert mikið. Þetta er eitt af því sem þarf að skoða og láta reikna út.

Ég sakna þess reyndar hjá hinum ágæta umhverfisvæna flokki, sem flytur þessa ágætu tillögu, að þetta skuli ekki vera veigameiri röksemd í greinargerðinni með annars ágætri tillögu. Á eina staðnum sem þessa er getið er það gert með vísan í hið ágæta samband Evrópusambandið. Út af fyrir sig er það gott að Evrópusambandið skuli vera orðið sverð og skjöldur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessu máli — það hefur löngum verið athvarf mitt í stormum tímanna og gleðilegt að fleiri skuli finna þar skjól.

Að lokum, herra forseti, vil ég ítreka að mér finnst sú leið sem hér er farin jákvæð. Hún er í samræmi við þær hugmyndir sem annar flokkur í stjórnarandstöðunni, Samfylkingin, hefur lagt fram og fyrir henni eru mörg rök.

Reynsla er komin á þetta kerfi hvað varðar flugsamgöngur, þetta mundi auka öryggi á vegum landsins en það sem skiptir mestu máli er að þetta dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda.

[11:25]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir mjög góða ræðu og mjög góðar undirtektir við þetta mál. Þau rök sem hann lagði áherslu á eru hin mikilvægu rök í málinu.

Hann gerði hinn umhverfislega þátt sérstaklega að umtalsefni en í tillögu okkar er vísað til sams konar tillögu sem flutt var árið 2002–2003. Ítarlega er farið í gegnum hinn umhverfislega þátt í þeirri tillögu, herra forseti, þar sem reiknaður er út samanburður á losun koltvísýrings frá flutningsbílum og skipum, t.d. á leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar og frá Reykjavík til Ísafjarðar. Þar er farið mjög ítarlega í gegnum þessa útreikninga einmitt hvað varðar koltvísýringinn eins og hv. þingmaður lagði áherslu á. Þessi umhverfislegi þáttur er gríðarlega mikilvægur og er, eins og hv. þm. minntist á, önnur ástæðan fyrir því að Evrópusambandið gerir sérstaka undantekningu varðandi sjóflutninga, að það megi mismuna flutningsleiðum með því að ríkið styrki sjóflutninga. Evrópusambandið hefur nú haft það sem aðalsmerki sitt að allt eigi að vera gegnsætt samkeppnisumhverfi en það hefur einmitt lagt áherslu á að heimila ríkisstuðning við sjóflutninga, bæði af umhverfisástæðum og líka af samgönguástæðum, eins og hv. þingmaður kom inn á og getið er í greinargerðinni. (Forseti hringir.) Þessir þættir eru tíundaðir hér og eru að sjálfsögðu mjög mikilvægir, herra forseti.

[11:27]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason má ekki taka það svo að ég sé að leggja það honum til lasts að hann hafi sótt í smiðju Evrópusambandsins. Það kemur mér á óvart hvað hann er vel að sér um þau mál, hann flytur hér í andsvari nýjar upplýsingar sem mér voru ekki kunnugar úr fórum Evrópusambandsins. Það gleður mig að þó að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé enn a.m.k. heldur á móti aðild skuli hún vera að skoða hvaða kosti það samband hefði í för með sér. Nýjar kannanir sýna að Vinstri hreyfingin – grænt framboð, sem nýtur miklu meiri stuðnings núna í könnunum en í síðustu kosningum, býr við það að meira en þriðjungur stuðningsmanna hennar er fylgjandi aðild að Evrópusambandinu. Mér finnst því ekkert athugavert við að Vinstri hreyfingin – grænt framboð skuli beita og tefla fram sömu rökum og Evrópusambandið.

Ég vil hins vegar geta þess að umhverfisrökin í þessu máli hafa orðið sterkari á síðustu árum og það eru þau sem hreyfa við mér. Mér finnst þau rök skipta miklu máli og ég er viss um, af því að fyrrverandi umhverfisráðherra Framsóknarflokksins er í salnum, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, að hún mun örugglega hér í umræðunni á eftir kynna okkur viðhorf flokks síns til þessara mála.

Ég tel að í umræðu um tillögu af þessu tagi, sem er um það að ríkið beiti afli sínu í formi einhvers konar efnahagslegs hvata til þess að fá menn til þess að hefja þessa flutninga, hljóti það að vega miklu þyngra nú en áður að þessi leið er líkleg til þess að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Við Íslendingar og heimurinn erum að lenda í vanda vegna þeirrar losunar. Hér er ágæt leið sem, eins og hv. þm. Jón Bjarnason bendir á, er (Forseti hringir.) meira að segja stimpluð af Evrópusambandinu.

[11:29]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að Evrópusambandið hafi vit á einhverjum hlutum þarf það ekkert að vera neitt verra fyrir það ef það er á annað borð skynsamlegt. En þannig er mál með vexti að við erum aðilar að þessum ákvæðum í gegnum samning okkar við Evrópusambandið. Sú aðild var notuð sem rök gegn tillögunni þegar við fluttum hana fyrst á þingi árið 1999 eða 2000. Þau rök voru notuð að þetta mætti ekki vegna þess að reglur innan Evrópusambandsins, sem við værum aðilar að, bönnuðu mismunun af því tagi að ríkið kæmi inn í einhvern einn flutningsmáta umfram annan. En síðan þá hefur það gerst að Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið, sem við erum aðilar að, hefur breytt þessum reglum og núna er mjög afdráttarlaust hvatt til þess að ríkisstjórnir kanni með hvaða hætti þær geta þrýst flutningum út á sjó.

Annað er nýtt í þessu, bara svona til upplýsingar: Skipafélögin hafa einmitt hvatt til þess og heimilað að einstök ríki beiti aðgerðum til þess að tryggja að þau eigi heimahafnir í viðkomandi löndum. Evrópusambandið sá að ef þessum reglum yrði beitt alveg stíft færi allur kaupskipaflotinn frá Evrópu og ætti heimahafnir í öðrum álfum og það var hin ástæðan fyrir því að Evrópusambandið breytti þessum reglum, reglum sem við erum þó aðilar að. Þetta hefur þau áhrif að það eru ekki lengur rök hér gegn því að ríkið beiti afli sínu eftir því sem skynsamlegt getur talist til þess að koma á og styrkja og efla strandflutninga.

[11:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni til upplýsingar um hugmyndir sem ég hef reifað áður í því samhengi hvaða leið eigi að fara til að tryggja strandsiglingar. Í Morgunblaðsgrein sem ég skrifaði í ágúst 2004, segir m.a., með leyfi forseta:

„Íslendingar hafa varið miklum fjármunum í hafnargerð víðs vegar um landið, bæði fyrir fiskiskipaflotann og einnig flutningaskip. Margt bendir til þess að sjóflutningar séu hagkvæmur kostur í þjóðhagslegu tilliti. Gæti verið ráð að samfélagið tæki höndum saman um að koma á strandsiglingum að nýju? Fyrirtækið gæti t.d. heitið Skipaútgerð ríkisins. Nafnið skiptir ekki öllu máli. Hitt skiptir máli að við förum í alvöru að hugleiða hvort við eigum annarra kosta völ en að byrja upp á nýtt og hefja uppbyggingarstarf á þeim sviðum þar sem ríkisstjórnir síðasta hálfan annan áratuginn hafa gengið harðast fram í einkavæðingu.“

Þetta er sjónarmið sem ég stend við enn í dag. En ég er tilbúinn að fara aðrar leiðir og skoða útboðsleið. Ég er hvorki með né á móti útboðum sem slíkum. Þau geta verið ágæt og réttlætanleg í mörgu tilviki. Í öðrum tilvikum tel ég

þau vera röng. Núna verðum við að horfast í augu við miðstýringarárattu Evrópusambandsins sem setur okkur þröngar skorður í þessu efni sem ýmsum öðrum. Það er bannað samkvæmt heilagri ritningu Evrópusambandsins að fara þá leið sem ég tel vera vænlegasta í þessum málum. Þá horfum við af raunsæi á málin og horfum til þess sem líklegt er að nái fram að ganga með þverpólitískri samstöðu hér á þinginu.

Ég fagna hins vegar almennt ummælum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Ræða hans var jákvæð og ég tek undir alla meginþætti í málflutningi hans.

[11:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður benti á að með þessari tillögu væru flutningsmenn í reynd að laga sig að þeirri staðreynd að Evrópusambandið setur ákveðnar kvaðir og reisir vissar skorður við aðferðum. Það kemur t.d. í veg fyrir þann hugsanlega gamla draum hv. þingmanns að endurreisa hið ágæta fyrirtæki Skipaútgerð ríkisins. Það er heldur ekkert að því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagi sig að nýju umhverfi. Hluti af því nýja umhverfi er að þessi sterki stjórnarandstöðuflokkur býr við þá sérkennilegu staðreynd að vera harkalega andsnúinn í orði, að minnsta kosti, Evrópusambandinu, en 39% af stuðningsmönnum flokksins eru hins vegar trúandi á það sem hv. þingmaður kallaði heilaga ritningu Evrópusambandsins. Ég skil það mætavel að hv. þingmaður, eða a.m.k. sumir félagar hans, dragi svolítið úr áköfum árásum sínum á Evrópusambandið. Það gæti haft töluverð áhrif á fylgi flokksins. Er ég þó ekki að ýja að því að hv. þingmaður og félagar hans séu neinir sérstakir hentistefnumenn umfram það sem gengur og gerist í íslenskum stjórnmálum.

Það sem mér finnst líka merkilegt er að hv. þm. Ögmundur Jónasson — sem hefur nú innrætt mér allt aðra heilaga ritningu, sem sé þá að vera á móti útboðum, ég hef stundum tekið þátt í herhlaupum hans á hendur ríkisstjórninni vegna þess — flytur hér tillögu sem lýtur að útboðum. Hv. þm. Ögmundur Jónasson telur, og nú vísa ég beint í greinargerð með tillögunni, með leyfi forseta, „mikilvægt að útboð á siglingaleiðum geti hafist eigi síðar en haustið 2006."

Þá erum við kannski komin í hring og ef ég væri grimmur og dónalegur, sem ég hef nú (Forseti hringir.) lagt af á seinni árum, mundi ég segja að hv. þm. Ögmundur Jónasson væri fulltrúi fyrir nýjan útboðsflokk. En auðvitað vitum við að svo er ekki.

[11:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum mjög skýra afstöðu til Evrópusambandsins. Sú afstaða helgast af því að við erum alþjóðlega sinnuð. Við erum alþjóðlega sinnaður flokkur og teljum að innilokunarstefna Evrópusambandsins sé hamlandi fyrir Ísland. Þar eru reistar mjög miðstýrðar skorður við hvers kyns lýðræðislegum ákvörðunum og á slíkum forsendum höfum við mjög miklar efasemdir og erum andstæð því t.d. að Ísland gangi í Evrópusambandið, þó að við höfum að sjálfsögðu samskipti og reynum að hafa jákvæð áhrif á þróun innan Evrópusambandsins eftir þeim leiðum sem eru okkur færar.

Ég tel útboð hvorki vera góð né slæm. Útboð eru ágæt í sumum tilvikum. Ég hef stutt útboð á ýmsum sviðum. Útboð hins vegar innan velferðarþjónustunnar, heilbrigðisþjónustu o.s.frv., er allt annar hlutur. Ég hef mjög miklar efasemdir um slíkt og tel að það geti bitnað á þjónustunni og gæðum hennar. Ég held að við eigum að hrista af okkur íhaldssama hugsun. Íhaldssöm hugsun getur verið fólgin í að leggjast flatur fyrir tíðarandanum hverju sinni og líta á það sem einhvern hrikalegan hlut ef einhver leyfi sér t.d. að orða þá hugsun að samfélagið, hvort sem það er ríki eða sveitarfélög, gangist fyrir einhverju sem flokkast undir atvinnustarfsemi. Það er íhaldssöm hugsun sem ég tel að Samfylkingin og aðrir stjórnmálaflokkar á Alþingi eigi að horfa svolítið gagnrýnir á. Við erum þarna óhrædd við slíkan tíðaranda og tilbúin að fara leiðir sem áður reyndust vel ef við teljum þær skynsamlegar. Við hins vegar erum í þessu máli að leita eftir samstöðu (Forseti hringir.) til að ná niðurstöðu í það og fögnum þeim sem ganga í lið með okkur.

[11:38]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarninn í ræðu hv. þingmanns var þessi: Brjótum af okkur hlekki hugarfarsins. Ég er sammála því. Ég er sammála öllu því sem hv. þingmaður sagði um útboð í ræðu sinni áðan. Ég vona að hæstv. forseti leyfi mér, þó að ég víki að eins út af efninu sem við erum að ræða, að svara ákveðnum athugasemdum hv. þingmanns um Evrópusambandið. Brjótum af okkur hlekki hugarfarsins gagnvart Evrópusambandinu líka. Ég er sammála hv. þingmanni um að Evrópusambandið hefur í frammi ákveðna innilokunarstefnu. En ég er ósammála því að hún hafi einhverja óhagkvæmni í för með sér fyrir Ísland. Þvert á móti út frá hinum þröngu sjónarmiðum Íslands hefur hún ýmislegt jákvætt í för með sér. En hún hefur mjög neikvæðar afleiðingar fyrir aðra hluti í heiminum. Fyrir fátækari ríkin, fyrir þróunarríkin.

Þess vegna tel ég að flokkur sem nýtur stuðnings 40% fólks sem styður aðild að Evrópusambandinu eigi að brjóta af sér hlekki hugarfarsins og taka upp nýja afstöðu. Koma með okkur í þetta. Förum inn í Evrópusambandið og breytum þeirri afstöðu. Brjótum niður tollmúrana sem Evrópusambandið hefur slegið um sig til að leyfa hinum fátækari ríkjum heims, eins og Afríkuríkjunum, að notfæra sér ódýrt vinnuafl sitt, ódýrar auðlindir til að búa til vörur sem mundu geta fengið greiða leið, ef ekki væru tollmúrar, inn á markaði Evrópusambandsins. Það yrði öllum til hagsbóta, okkur sem mundum búa innan þess en miklu fremur þeim sem við þurfum að hjálpa. Því það sem skiptir máli í þessu er að jafnaðarmenn hafa alltaf sagt, og segja enn í dag, að viðskiptafrelsið er undirstaða þess að þjóðirnar brjótist til bjargálna. Þess vegna ég segi við hv. þingmenn VG: Brjótið af ykkur hlekki hugarfarsins og skoðið þessa hluti upp á nýtt. Vegna þess að ef þetta er skoðað heildstætt kemur í ljós að þetta yrði jákvætt fyrir þá sem þeir vilja hjálpa helst. Lítilmagnanum í (Forseti hringir.) heiminum.

[11:41]

Jón Kr. Óskarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um strandsiglingar. Í umræðunni er búið að fara út og suður í allar áttir. Kjarni málsins er að mínu mati sá að vegir landsins þola engan veginn þá þungaflutninga sem hafa verið undanfarin ár. Þetta er stórhættulegt fyrir umferð og ýmis banaslys og stórslys hafa orðið á fólki. Við þurfum að koma í veg fyrir þetta og ein leiðin er að mínu mati sú að athuga ítarlega að koma á strandsiglingum.

Talað hefur verið um eyðingu á vegum o.s.frv. En það hefur ekki verið minnst á eitt atriði sem ég tel mjög mikilsvert. Það er slit og mengun á vegum af nagladekkjum. Ég held að það sé umræða sem þyrfti að taka fyrr en seinna. Við sjáum sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu hvernig götunar hafa farið undanfarnar vikur og mánuði.

En ég er mjög jákvæður fyrir þessari tillögu og ég vona að hún fái brautargengi og þetta hafi góð áhrif fyrir land og þjóð.

[11:42]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka ágætar umræður um það mál sem hér er sem er um strandsiglingar. Tillaga þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins er um að gengið verði í það að koma á siglingum meðfram ströndum landsins, skipulegu flutningakerfi. Þó svo að menn hafi farið á víð og dreif í umræðunni hafa allir þingmenn sem tekið hafa til máls stutt málið mjög afdráttarlaust. Reyndar gerðist það sama hér fyrr. Fyrst fluttum þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þessa tillögu um strandsiglingar. Þetta er í þriðja skipti sem tillagan er flutt. Þá fór hún til samgöngunefndar og umsagnar. Þær umsagnir sem komu gengu nánast allar út á það að taka bæri upp strandsiglingar og bent var m.a. á þá útboðsleið sem hér er lögð til að megi kanna.

Einnig hefur verið rækilega bent á hinn gríðarlega háa flutningskostnað sem er á vörum út um land og þá fákeppni og nánast einokun sem orðin er í flutningum á landinu. Það eru orðin tvö fyrirtæki sem ráða nánast öllum flutningum í landinu og skammta sér verð.

Þessi tillaga um strandsiglingar hefur fengið mjög góðar undirtektir. Ég er hér með grein úr Morgunblaðinu frá því sunnudaginn 5. febrúar 2006. Þar er mjög ítarleg umfjöllun um þessa miklu flutninga á vegunum og þar segir í fyrirsögn, með leyfi forseta: „Eiga risarnir vegina?“

Síðan segir:

„Vörubifreiðum á þjóðvegum landsins hefur fjölgað mikið síðustu ár og margir hafa velt vöngum yfir því hvaða áhrif þetta hafi á umferðaröryggi. Einn viðmælenda Morgunblaðsins líkti ástandinu á þjóðvegunum raunar við rússneska rúllettu.“

Þetta er lýsing á því hversu miklu hættuástandi þessir stóru flutningabílar valda á þjóðvegum landsins.

Við höfum lagt hér saman hagkvæmni í flutningum. Við höfum talað um umhverfismál og að sjóflutningar draga úr losun koltvísýrings í andrúmslofti miðað við landflutninga. Þetta er umferðaröryggismál og þetta er líka mál sem snertir jöfnun í samkeppni staða hvar sem er á landinu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri. Ég þakka fyrir góðan stuðning við tillöguna og vona að hún verði, að umræðu lokinni, send til hv. samgöngunefndar. (**ÖS:** Hver er afstaða Framsóknarflokksins? Á hún ekki að koma fram?) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson veltir fyrir sér skoðun Framsóknarflokksins. Ég held að hann sé ekki einn um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur til foreldra langveikra barna, 2. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 471, nál. 846, brtt. 847 og 853.

[11:46]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 846 í máli 389 um frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Þetta er nefndarálit frá meiri hluta félagsmálanefndar. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til sín fjölda gesta.

Í frumvarpinu er kveðið á um rétt foreldra, sem eru launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði, til greiðslna þegar börn þeirra greinast með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Þá geta foreldrar sem þurfa að gera hlé á námi einnig átt rétt á greiðslum í slíkum tilvikum enda getur námsmaður átt á hættu að eiga ekki rétt á námsláni fullnægi hann ekki skilyrðum um eðlilega námsframvindu.

Frumvarpið byggist á tillögum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði árið 2001. Þessi nefnd hafði það hlutverk að finna leiðir til að auka rétt foreldra á innlendum vinnumarkaði til greiðslna í fjarveru þeirra frá vinnu í þeim aðstæðum þegar barn þeirra greinist með langvinnan eða alvarlegan sjúkdóm. Í tillögum nefndarinnar var lögð mjög mikil áhersla á að foreldrar langveikra barna hefðu tækifæri til að viðhalda tengslum við vinnumarkaðinn þrátt fyrir að þurfa að leggja niður störf í ákveðinn tíma. Nefndin miðaði við að bæði ríkið og sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaga kæmu til móts við foreldra í þessum aðstæðum.

Verði frumvarpið að lögum er það mat nefndarinnar að skref sé stigið í rétta átt að því marki að þétta net velferðarkerfisins. Markmið frumvarpsins kemur fram í 2. gr. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að tryggja foreldrum tímabundna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta ekki stundað vinnu eða nám vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun.“

Ég vil sérstaklega undirstrika að hugmyndafræðin í frumvarpinu er sú að um tímabundna fjárhagsaðstoð sé að ræða, þ.e. hún hefur upphaf og endi, sem komi til vegna þeirra bráðaaðstæðna sem koma upp þegar barn greinist. Það eru bráðaaðstæður sem eru hugmyndafræðin, tímabundnar greiðslur, greiðslur í ákveðinn tíma vegna bráðaaðstæðna.

Atvinnuþátttaka er mjög mikil á Íslandi, bæði hjá kon-

um og körlum, og þegar þær aðstæður koma upp að barn veikist þarf yfirleitt annað foreldrið a.m.k. að hverfa af vinnumarkaði tímabundið. Það er eðlilegt að stjórnvöld komi til móts við foreldra í slíkum aðstæðum ásamt sjúkrasjóðum stéttarfélaganna með tímabundinni aðstoð. Það er líka gert ráð fyrir því í 10. gr. frumvarpsins að foreldri geti átt rétt á greiðslum samhliða skertu starfshlutfalli. Þar sem um vinnumarkaðstengt úrræði er að ræða er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun annist framkvæmd laganna en það kemur fram að ráðherra geri samninga varðandi val á framkvæmdaraðila. Einnig kemur fram í frumvarpinu að foreldrar eigi rétt á 93 þús. kr. á mánuði í allt að þrjá mánuði, reyndar með heimild til þess að framlengja um sex mánuði, þegar lögin eru að fullu komin til framkvæmda. Þá er réttur inn samtals níu mánuðir.

Í gildandi kerfi er um nokkur úrræði að ræða til aðstoðar foreldrum langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Í fyrsta lagi skal nefna hér umönnunargreiðslur sem þessir foreldrar eiga rétt á. Í öðru lagi er heimilt að greiða óhjákvæmilegan dvalarkostnað foreldris við sjúkrahúsinnlögn barns yngra en 18 ára fjarri heimili. Í þriðja lagi er einstaklingi heimilt að sækja um lækkun á tekjuskattsstofni þegar á framfæri hans er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómi eða er fatlað og það veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur. Í fjórða lagi eru síðan vinnutengd réttindi samkvæmt kjarasamningum, sem ég ætla ekki að rekja hér. Sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaga hafa auk þess komið til móts við foreldra í tilfellum eins og hér, þegar foreldrar þurfa að hverfa tímabundið af vinnumarkaði vegna veikra barna sinna.

Það er nokkuð mismunandi hvernig reglur sjóðanna og réttindi sjóðfélaga eru. Fulltrúi ASÍ upplýsti nefndina um að innan þeirra vébanda hefði verið samþykkt reglugerð sem kveður á um lágmarksréttindi félagsmanna aðildarfélaga þess úr sjúkrasjóðum við þessar aðstæður. Gert er ráð fyrir að sjúkrasjóðir aðildarfélaga ASÍ hafi sett sér reglur fyrir 1. júlí 2006 sem kveði á um réttindi félagsmanna um rétt til 80% af fyrri tekjum þeirra í þrjá mánuði í tilvikum er þeir þurfa að leggja niður störf vegna umönnunar barna sinna. Það kom fram að réttindin eru ekki algjörlega eins hjá öðrum sjúkrasjóðum, hjá BHM t.d. geta menn fengið greiðslur í allt að eitt ár en greiðslur af því tagi hafa ekki verið umfangsmiklar hingað til, ekki mörg tilvik.

Lögin eiga að taka gildi 1. júlí 2006 og eiga að eiga við um börn sem hafa greinst með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2006 eða síðar, þau eru afturvirk til 1. janúar 2006. Nokkuð var rætt um það í nefndinni hvernig þessari afturvirkni ætti að vera háttað, en það er eðlilegt þegar nýr réttur kemur inn að einhvers staðar þurfi að skera þar úr. Þar sem um bráðaaðstæður er að ræða þegar barn greinist þótti eðlilegt að hafa afturvirknina til 1. janúar 2006, en í upphafi var gert ráð fyrir að frumvarpið yrði samþykkt hér á seinni hluta síðasta árs, það var ráðgert að við mundum klára það rétt fyrir jól og það voru ákveðin rök fyrir því að hafa þá 1. janúar 2006 inni í frumvarpinu.

Rétturinn þrepast inn í áföngum og mun þannig sameiginlegur réttur foreldra til greiðslna á árinu 2006 vera einn mánuður og í ákveðnum tilvikum mun verða hægt að framlengja hann um tvo mánuði. Hann verður allt að tveir mánuðir á árinu 2007 og getur framlengst um fjóra mánuði í ákveðnum tilvikum og svo er gert ráð fyrir því að lögin komi að fullu til framkvæmda vegna barna sem greinast 1. janúar 2008 eða síðar og þá er um þriggja mánaða greiðslur að ræða sem hægt er að framlengja um sex mánuði í ákveðnum tilvikum.

Þegar skorið er úr um það, virðulegi forseti, hvort foreldrar geti átt rétt á greiðslum samkvæmt frumvarpi þessu kemur ávallt til mat á heildaraðstæðum hverrar fjölskyldu fyrir sig. Framkvæmdaraðili á að meta hversu mikið barnið er veikt og í hve langan tíma það þarfnast umönnunar og það verður að líka að líta til annarra úrræða í umönnun barnsins. Það eru því aðstæður hverju sinni sem ákvarða rétt til greiðslna enda leggjast sömu eða svipaðir sjúkdómar misjafnlega á hvern einstakling fyrir sig. Það er því ekki farið kategóríska eftir sjúkdómsgreiningu heldur eftir aðstæðum barns og alvarleika þess sjúkdóms sem það er haldið í hverju tilviki fyrir sig. Það er mjög brýnt að draga það fram að það er verið að meta heildstætt í hve alvarlegum aðstæðum foreldrar og barn, eða sú fjölskylda sem í hlut á, eru í hverju tilviki fyrir sig. Það er ekki hægt að meta það algjörlega einangrað eftir sjúkdómsgreiningarlista.

Virðulegi forseti. Meiri hlutinn leggur til að þetta frumvarp verði samþykkt en með ákveðnum breytingum. Þær breytingartillögur eru á þskj. 847. Í fyrsta lagi er lagt til að tilvísun verði breytt, sem er bara tæknigalli á frumvarpinu og þarfnast ekki frekari útskýringar. Í öðru lagi er lögð til efnisbreyting og hún er sú að foreldri skuli nýta réttindi úr sjúkra- eða styrktarsjóði áður en það fær greiðslur samkvæmt frumvarpi þessu. Með því skilyrði, að foreldrar leiti fyrst til sjúkra- eða styrktarsjóða stéttarfélaga sinna, er undirstrikað mikilvægi þess að foreldrar haldi tengslum við vinnumarkaðinn eins lengi og unnt er til að auðvelda þeim að snúa út á hann aftur þegar aðstæður leyfa, en það er einmitt hugmyndafræði frumvarpsins að halda tengslum við vinnumarkaðinn og koma til aðstoðar í bráðatilvikum. Þegar þeim rétti lýkur áður en aðstæður fjölskyldunnar verða með þeim hætti að foreldrar geti hafið störf á ný er miðað við að greiðslurnar sem hér er mælt með að verði samþykktar taki við, þ.e. að þá komi ríkisgreiðslurnar til. Eins og frumvarpið var útbúið þegar það kom til 1. umr. var það valkvætt, menn gátu annaðhvort tekið réttindin úr sjúkrasjóðunum strax og svo hjá ríkinu eða öfugt. Við umfjöllun í nefndinni kom í ljós að það er mjög líklegt, og nánast undantekningarlítið, að foreldrar fari fyrst í sjúkrasjóðinn af því að greiðslurnar þar eru í flestum tilvikum hærri en þær 93 þús. kr. sem ríkið leggur til að verði greiddar. Þessi breyting er því ekki veigamikil að mínu mati og það kom fram í umræðum í nefndinni að hér er ekki um veigamikla breytingu að ræða í praxís eða í því hvernig þetta kerfi mun virka. Menn hefðu hvort eð er í langflestum tilvikum farið fyrst til sjúkrasjóðanna og tekið réttinn þar af því að hann er í langflestum tilvikum betri og síðan komið til ríkisins ef á hefði þurft að halda vegna langvarandi veikinda. En það er sem sagt kveðið upp úr um það í þessum breytingartillögum að hafa kerfið einfalt, taka rétt sinn fyrst hjá sjúkrasjóði og koma síðan til ríkisins ef menn þurfa á því að halda. Þetta er gert til þess að undirstrika tengslin við

vinnumarkaðinn, að halda þeim eins lengi og hægt er.

Virðulegur forseti. Undir þetta nefndarálit skrifar sú er hér stendur og einnig hv. þingmenn Guðjón Hjörleifsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson og Valdimar Leó Friðriksson, en sá síðastnefndi er með fyrirvara við nefndarálitið.

[11:59]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá er hér stendur er einn af þeim sem fögnuðu þegar þetta frumvarp var lagt fram síðasta haust. En við nánari skoðun kom í ljós að það má kalla það nánast óklárað eða illa unnið. Í kjölfarið bárust margar gagnlegar og nauðsynlegar ábendingar frá hagsmunasamtökum sem daglega vinna að málefnum langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Þær góðu ábendingar koma því miður ekki fram í breytingartillögum meiri hluta sjálfstæðis- og framsóknarmanna í félagsmálanefnd og ég verð að viðurkenna að það urðu mér sár vonbrigði. Þær ábendingar munu koma fram í breytingartillögum minni hlutans.

Ég velti því fyrir mér og spyr hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, formann félagsmálanefndar: Kom ekki til greina hjá hv. þingmönnum meiri hlutans í félagsmálanefnd að bæta frumvarpið t.d. með breytingartillögum í anda ábendinga frá hagsmunasamtökum, Þroskahjálp, Umhyggju eða sérfræðisskrifstofum málefna fatlaðra?

[12:00]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Valdimar Leó Friðrikssyni. Hann dró það fram að hér í upphafi ríkti mikill fögnuður með frumvarpið og hann ríkir enn. Þetta er mjög mikið framfaramál. Hér er verið að stórbæta réttindi foreldra langveikra barna. (**VF:** Ekki stórbæta.) Jú, það er verið að stórbæta þau réttindi. Hér er verið að koma inn með nýjar greiðslur sem hafa ekki verið greiddar áður og því ber að fagna. Þetta hefur verið mikið hagsmunamál í langan tíma hjá þessum foreldrum og þessum hópi. Hins vegar er alltaf spurning: Hvað á að greiða mikið og í hve langan tíma? Og hver er hugmyndafræðin á bak við svona greiðslur?

Ýmsir hagsmunaaðilar vildu að sjálfsögðu fá bæði hærri greiðslur og meiri afturvirkni og fá greiðslurnar í lengri tíma. Það er ósköp eðlilegt að hagsmunaaðilar vilji fá hærri upphæðir. Og svo sem ekkert við það að athuga. En einhvers staðar verður að skera úr. Og niðurstaðan í þessu frumvarpi og í vinnslu málsins er að halda sig við frumvarpið eins og það lítur út varðandi greiðslurnar. Það er að segja 93.000 kr. á mánuði fyrir hópinn sem greinist frá 1. janúar 2006 og þegar þetta hefur tekið gildi síðar á árinu þá komi rétturinn inn í þrepum. Þetta kostar ríkissjóð ákveðin útgjöld og það er alltaf umdeilanlegt hvort hann er mikill eða lítill. En hér er um ný réttindi að ræða sem við erum mjög stolt af að veita. Síðan mun væntanlega verða skoðað (Forseti hringir.) seinna hvort þurfi að breyta þessum greiðslum að einhverju leyti.

[12:02]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður hefði getað stytt þetta langa mál niður og sagt einungis eitt orð: Nei. Það kom ekki til greina af hálfu meiri hluta nefndarmanna í félagsmálanefnd að gera einhverjar breytingartillögur við frumvarp ráðherrans. Breytingartillögur í anda þeirra ábendinga sem komu frá hagsmunasamtökum sem vinna daglega að málefnum langveikra og alvarlegra fatlaðra barna.

Ég verð að viðurkenna enn og aftur að þetta eru mér mjög mikil vonbrigði. Ég hélt nú kannski, af því sá er hér stendur er tiltölulega nýr, að þingnefnd mundi skoða frumvarpið til grunna og leita að göllum og vankköntum og koma með ábendingar um bætur. En því miður var það ekki gert. Ég sé því ekki betur, þrátt fyrir allar þessar góðu og rökstuddu ábendingar, en að ástæðan fyrir því að engu var breytt sé einfaldlega að ráðherrann ræður, þ.e. þrátt fyrir að menn séu kallaðir á nefndarfundi, gestir og fleiri og kallað sé eftir umsögnum, þá er því miður alla vega í félagsmálanefnd í dag ekki hlustað neitt á það af meiri hlutanum. Þar af leiðandi hlýtur hér að vera um algert ráðherraræði að ræða.

Það svekkir mig, frú forseti, en eins og ég segi: Svarið áðan var einfaldlega nei. En ég velti því fyrir mér, og það er spurning hvort hv. formaður félagsmálanefndar geti svarað því hvaðan þessi krónutala, 93.000, kemur. Hver er ástæðan fyrir því að ekki er gerð breytingartillaga um að miða hækkanir t.d. við launavísitölu eða alla vega vera um eða yfir atvinnuleysisbótum?

[12:04]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú er það þannig að stjórnarandstöðunni er frjálst að leggja til auknar greiðslur og hún mun reyndar gera grein fyrir slíkum tillögum hér á eftir, eða alla vega hluti stjórnarandstöðunnar. Það mun valda útgjöldum hjá ríkissjóði sem er svo sem ekkert við að athuga ef menn vilja leggja slíka tillögu fram. Það er auðvitað hefðbundið að stjórnarandstaðan geri það í mörgum tilvikum og örugglega góður hugur þar að baki.

En það er okkar mat að þessar greiðslur séu geysilega mikið framfaraskref fyrir þennan hóp. Þessar greiðslur eru ekki fyrir hendi í dag. Þetta eru nýjar greiðslur, viðbót við það sem fyrir er, viðbót við umönnunargreiðslurnar og allt það sem var talið upp áðan í yfirferð á nefndarálitinu. Hér er verið að bæta réttindi þessa hóps.

Það er alls ekki þannig að við höfum ekki skoðað þetta frumvarp til grunna, félagsmálanefnd skoðaði það til grunna. Stjórnarandstaðan gat beðið um fleiri gesti og ítarlegri yfirferð ef hún óskaði þess. Við hefðum orðið við því, að sjálfsögðu. Það er þannig sem við höfum unnið í félagsmálanefnd. Við höfum reynt að hafa þar gott samstarf og fá þá gesti til sem kallað hefur verið eftir. Þannig að við skoðum þetta mál til grunna. Það er nú nokkuð síðan að við gerðum það. Við höfum haldið nokkra fundi þar sem þetta mál var ekki til umfjöllunar og stjórnarandstaðan bað ekki sérstaklega um það svo það kemur á óvart ef verið er að gefa í skyn að við höfum ekki skoðað þetta til grunna.

Það er ekki þannig að ráðherrann ráði þessu. Við erum að gera hér breytingar á frumvarpinu sem meiri hluti nefndarinnar leggur til en ekki ráðherrann, þ.e. breytingarnar um að sjúkrasjóðirnir komi fyrst inn og síðan taki ríkið við til að halda tengslum við vinnumarkaðinn sterkara inni. Það er nú alls ekki þannig að ráðherrann ráði. Við reynum hins vegar auðvitað að fara eftir fjárlögum og ef menn vilja breyta fjárlögunum varðandi greiðslur er líka hægt að gera tillögur í fjárlagagerðinni sjálfri.

[12:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. framsögumanni félagsmálanefndar að foreldrar langveikra barna hafa haft þetta á stefnuskrá sinni lengi þetta brýna hagsmunamál í mörg herrans ár. Þess vegna veldur það ákveðnum vonbrigðum hvað hér er stigið lítið hænuskref í þessu framfaramáli. Mér finnst stjórnarmeirihlutinn hafa lítinn metnað í þessu máli og eigi að gera betur, ekki síst í ljósi þess að árið 2002 var samþykkt tillaga á Alþingi um að á þessu máli yrði tekið og það var þverpólitísk tillaga þar sem þingmenn úr öllum flokkum sameinuðust um að þetta mál yrði lögfest og hér yrði stigið myndarlegt skref í því.

Það veldur auðvitað miklum vonbrigðum að í meðferð nefndarinnar er ekkert hlustað á hagsmunaaðila og aðra þá sem koma á fund nefndarinnar vegna þess að það eru gerðar mjög alvarlegar athugasemdir við þetta frumvarp varðandi gildissviðið, gildistíma áfangagreiðslna sem eiga að koma í áföngum á þremur árum. Ekki er um að ræða nema 130 millj. þegar þetta allt er komið til framkvæmda og greiðslurnar eru afar lágar eins og hér hefur komið fram. Þegar málið kemur úr félagsmálanefnd eru engar breytingartillögur nema ein sem er raunverulega skref aftur á bak. Maður sér ekki hvaða tilgangi hún á að þjóna. Af hverju mega foreldrarnir ekki hafa þetta val, hvort þeir leita fyrst í sjúkrasjóðina til að fá þessar greiðslur?

Hérna verið að lögfesta og lögbinda að sjúkrasjóðirnir eigi að greiða þessa greiðslu fyrst. Ég spyr því: Var haft samráð við verkalýðshreyfinguna og stjórnir sjúkrasjóðanna, ASÍ, BSRB og fleiri aðila, sem komu á fund nefndarinnar og töldu óeðlilegt að lögbinda þetta? Þeir töldu að foreldrarnir ættu að hafa þetta val. Og vegna þess að rökin hafa ekki komið fram hjá hv. framsóknarmanni (Forseti hringir.) þá spyr ég um þau.

[12:09]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek alls ekki undir að hér sé um hænuskref að ræða. Alls ekki. Ég tel að hér sé um að ræða mjög stórt framfaramál fyrir foreldra sem eignast börn sem greinast með langvinnan sjúkdóm eða fötlun. Þetta eru algjörlega ný réttindi sem hafa ekki verið fyrir hendi, þessar greiðslur, 93.000 kr. á mánuði, sem greiðast í ákveðinn tíma, tímabundið vegna bráðaaðstæðna sem koma upp. Þessar greiðslur eru inntar af hendi til að halda betur tengslunum við vinnumarkaðinn. Þannig að ég get alls ekki tekið undir að þetta sé hænuskref. Gestirnir sem komu til okkar, hagsmunaaðilarnir, fögnuðu frumvarpinu.

En að sjálfsögðu eins og aðrir hagsmunahópar þá vilja þeir fá hærri greiðslur og í lengri tíma. Það er bara ósköp eðlilegt að hagsmunaaðilar vilji það. Þannig að þetta eru nýjar greiðslur. Þetta er mikið framfaraspor. Og þetta mun kosta ríkissjóð, skattborgara þessa lands, 160–170 millj. þegar þetta er komið að fullu til framkvæmda. Ég held að það sé mjög góð samstaða um að skattborgararnir taki sameiginlega á sig að aðstoða þennan hóp. En það er alltaf spurning um hvar á skera á milli, hver upphæðin á að vera og í hve langan tíma. Þetta er í anda nefndarinnar sem vann að frumvarpinu þar sem hagsmunaaðilar voru einnig en auðvitað gerðu þeir athugasemdir við greiðsluna þar eins og í nefndinni hjá okkur.

Varðandi breytinguna sem er verið að gera hér eru rökin fyrir henni þau að við viljum eins og andi frumvarpsins segir, að halda tengslum þessara foreldra við vinnumarkaðinn og það er eðlilegt að hafi þeir rétt í sjúkrasjóðnum þá sæki þeir hann og síðan komist á greiðslum frá ríkinu ef börnin eru lengur veik en þau réttindi kveða á um. Það var rætt við forustu ASÍ. Mér er kunnugt um að ráðherra ræddi við forustu ASÍ um þetta mál. En ég veit að stéttarfélögin töluðu ekki fyrir þessari breytingu í nefndinni. Það er alveg ljóst. Þau vildu hana ekki.

[12:11]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir að það er framfaramál að setja í lögbókina þessar greiðslur sem mjög lengi hefur verið beðið eftir. En þetta eru skammarlega lágar greiðslur. Þetta eru lægri en atvinnuleysisbæturnar og eru þær þó lágar eða 96.000 kr. Meiri hlutinn treystir sér ekki einu sinni til að fara upp í þá fjárhæð heldur staðnæmist við 93.000 sem ekki er síðan vísitölubundið. Það eru nægir erfiðleikar hjá foreldrum sem þurfa að ganga í gegnum mikil veikindi með börnum sínum og geta þess vegna ekki verið á vinnumarkaðnum. Þeim er síðan hreinlega skammtað úr hnefa af ríkisvaldinu, 93.000 kr. til að framfleyta sér og fjölskyldum sínum. Þetta eru afar lágar greiðslur og ekki hægt að neita því.

En framsögumaður félagsmálanefndar hefur ekki rökstutt hvers vegna er verið að lögbinda sjúkrasjóðina með þessum hætti. Ég hringdi í ASÍ í morgun til að grennslast fyrir um hvort leitað hefði verið eftir samráði við ASÍ um að lögbinda að greiðslur eigi fyrst að koma úr sjúkrasjóði. Þeir komu alveg af fjöllum. Þeir höfðu ekki heyrt þetta, svo ég spyr: Er þetta rétt með farið sem hv. framsögumaður félagsmálanefndar segir, að hæstv. félagsmálaráðherra hafi haft samráð við ASÍ um að lögfesta þetta með þeim hætti sem hér á að gera? Mér finnst afar mikilvægt að við ræðum við ASÍ-forustuna um þetta og kannski þarf að koma til þess að við tökum þetta mál upp milli 2. og 3. umr. til að ræða þetta.

Mér býður miklu frekar í grun, virðulegi forseti, að hér hafi Framsóknarflokkurinn eina ferðina enn verið beygður af sjálfstæðismönnum til að setja þetta inn með þessum hætti. Enda kom berlega í ljós í umfjöllun nefndarinnar að sjálfstæðismenn í nefndinni höfðu allt á hornum sér varðandi það að ekki væri skýrt neglt niður í lögin að fyrst ætti að taka greiðslurnar úr sjúkrasjóði. Þannig að þetta er ör-

ugglega runnið undan rótum íhaldsins að gera þetta (Forseti hringir.) með þessum hætti.

[12:13]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki sammála því að hérna sé um einhverjar skammarlegar upphæðir að ræða. Þetta eru upphæðir sem hafa ekki verið inntar af hendi hingað til. Í dag eru þessar (**JóhS:** Þær eru lágar fyrir það.) upphæðir 0 kr. Þannig að hér er aldeilis verið að bæta réttindin. Hins vegar mun langstærsti hópurinn fara fyrst á greiðslur sjúkrasjóðanna sem í mörgum tilvikum greiða 80% af launum launamannsins sem eru yfirleitt talsvert hærri greiðslur en umræddar 93.000 kr. Þannig að til að byrja með fer fólk og fær greiðslur þar og kemur síðan til ríkisins ef börnin eru veik í lengri tíma en sjúkrasjóðirnir greiða fyrir.

Ég er búin að fara yfir röksemdafærsluna af hverju þessi breyting er gerð. Hún er gerð í anda þessa frumvarps. (**ÖS:** Hún er ekki í frumvarpinu.) Andi frumvarpsins er að það séu tengsl á milli vinnumarkaðarins og þeirra foreldra sem eru á vinnumarkaðnum og lenda í þessum aðstæðum. Þá er eðlilegt að menn haldi tengslunum áfram með því að fá greiðslur úr sjúkrasjóðnum fyrst ef þeir eiga rétt á þeim og komi svo til ríkisins.

Varðandi aðila vinnumarkaðarins, eða stéttarfélögin, er mér kunnugt um að hæstv. félagsmálaráðherra átti fund með forustumönnum ASÍ um ýmis mál tengd vinnumarkaði og þar á meðal þetta. (**JóhS:** Þeir kannast ekki við það.) Það kemur mér mjög á óvart ef þeir kannast ekki við það. Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef haft þegar ég var að vinna að þessu máli. (Gripið fram í.) Það er alveg ljóst að miðað við þær fréttir sem ég hef af því var þetta mál sérstaklega rætt við forustu ASÍ alla vega. En það er nú þannig að það þarf ekki að bera öll mál hér undir stéttarfélögin þó við viljum að sjálfsögðu vera í góðu samstarfi við þau.

[12:16]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka upp þráðinn þar sem hann var skilinn eftir í ræðustólnum varðandi sjúkrasjóðina. Ég tek undir frammíkall hv. þm. Ögmundar Jónassonar þegar hann spyr réttilega: Af hverju var ekki haft samráð við BSRB? BSRB er stórt og mikið stéttarfélag með sjúkrasjóði sem hafa gert mjög mikið ásamt öðrum sjúkrasjóðum til þess að rétta hlut foreldra langveikra barna af því að ríkið hefur ekki komið inn í það mál fyrr en nú. Rökin að fara fyrst í sjúkrasjóðina, þeir veita mjög góða greiðslu margir hverjir en af hverju máttu foreldrar ekki hafa það val að fara fyrst til ríkisins og reyna þá að leita til sjúkrasjóðsins til að fá viðbætur vegna þess að það er ekkert sem bannar að fá viðbætur úr sjúkrasjóðnum? Ég gat ekki skilið annað í meðförum nefndarinnar en að heimilt væri að gera það. Mér finnst því engin rök fyrir því að lögbinda þetta með þessum hætti og ganga þannig inn á þau réttindi sem verkalýðshreyfingin hefur verið að skapa fyrir þetta fólk. Ég held því að málinu sé ekki lokið og við þurfum aðeins að skoða þetta milli 2. og 3. umr., m.a. hvort það liggi fyrir staðfesting og samþykki verkalýðshreyfingarinnar um að lögfesta þetta með þessum hætti.

Ég sagði áðan að þó að hér sé um að ræða framfaraskref veldur það ákveðnum vonbrigðum að félagsmálanefnd hafi ekki séð ástæðu til þess að taka undir ýmsar þær breytingartillögur sem fram komu hjá þeim gestum sem heimsóttu nefndina vegna þess að þær eru mjög vel rökstuddar margar hverjar. Við erum ekki að tala um einhvern stóran útgjaldalið sem er ríkissjóði algjörlega ofviða. Við erum að tala um að í þeim mikilvægu réttindum sem foreldrar eru loksins að fá muni þetta kosta ríkissjóð 130 millj. kr. þegar þetta er að fullu komið til framkvæmda sem verður ekki fyrr en á árinu 2008. 130 millj. eru rétt eins og einn starfslokasamningur sem við sjáum alltaf dúkka upp öðru hvoru sem einstaklingar fá í sinn vasa. En þarna erum við að tala um 130 millj. sem þetta mun kosta ríkissjóð þegar þetta er að fullu komið til framkvæmda. Ríkissjóður ætti alveg að geta séð af þeim smáaur sem vegur mjög stórt fyrir þessa hópa. Er það ekki rétt munað hjá mér, virðulegi forseti, að ríkissjóður hafi á dag um 900 millj. kr. og að þær fjárhæðir hafi tvöfaldast að raungildi á örfáum árum? Þetta er ekki stór fjárhæð fyrir ríkissjóð en þetta skiptir gífurlega miklu máli fyrir foreldra langveikra barna. Þetta eru skammarlega lágar greiðslur að greiða einungis 93 þús. kr., sem er minna en atvinnuleysisbætur, og það hefur staðið upp úr mörgum sem hér hafa talað í gegnum árin á þinginu hvað atvinnuleysisbætur væru lágar og vantaði mikið upp á að þær dygðu fyrir framfærslu þeirra sem þurfa að vera á atvinnuleysisbótum. Enda stendur til að hækka þær ef ég man rétt og tekjutengja þær en hér er ekki einu sinni farið upp í þá upphæð, 96 þús. kr.

Í mörgum umsögnum eru gerðar verulegar athugasemdir við þetta og gildissvið frumvarpsins. Það er kannski ágætt að ég byrji á að vitna í umsögn Umhyggju, félag til stuðnings langveikum börnum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það sækist enginn eftir því að þurfa að leggja niður vinnu. Foreldrar alvarlega veikra barna hafa ekki neitt val þegar börn þeirra greinast með alvarlega sjúkdóma. Það hefur ekki verið þjóðinni til sóma hvernig þessi málaflokkur hefur fengið að sitja á hakanum hjá íslenskum stjórnvöldum. Að foreldrar skuli þurfa að missa eigur sínar vegna veikinda barna sinna, þar sem þeir hafa ekki tök á að afla sér tekna, er með öllu ólíðandi."

Þeir leggja til ýmsar breytingar sem ég vil koma inn á í máli mínu og við höfum tekið upp í stjórnarandstöðunni, fulltrúar í félagsmálanefnd. Ég flyt þær breytingartillögur ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Valdimar L. Friðrikssyni. Tillögurnar voru einnig unnar í samráði við hv. þm. Ögmund Jónasson sem styður þær tillögur sem ég ætla að gera grein fyrir. Þær eru, virðulegi forseti, á þskj. 853 í sjö töluliðum.

Fyrsta breytingartillagan snertir framkvæmdaraðila, hver eigi að hafa framkvæmdina með höndum. Lagt er til að það verði Tryggingastofnun. Fjöldi umsagnaraðila finnst óeðlilegt að þetta sé hjá Vinnumálastofnun og leggja til að framkvæmdin verði hjá Tryggingastofnun, sérstaklega út frá þeirri mikilvægu röksemd að oft er um mjög viðkvæmar upplýsingar að ræða og haga eigi framkvæmdinni þannig að ekki sé verið að fara með slíkar upplýsingar í margar stofnanir. Tryggingastofnun hefur með umönnunarbætur að

gera og hefur því upplýsingar um veikindi þessara barna. Því er eðlilegt og rökrétt að framkvæmdaraðilinn sé Tryggingastofnun í þessu tilviki. Fróðlegt væri að heyra hjá hv. þingmanni af hverju ekki er hægt að hafa tilhögunina með þeim hætti að því er varðar framkvæmdina, þó ekki sé farið út í að taka undir fleiri breytingartillögur. Sjálfsagt mun hv. þingmaður svara því að um vinnumarkaðstengd málefni sé að ræða. En hvað með fæðingarorlofið, er það ekki hjá Tryggingastofnun ríkisins? Það er vinnumarkaðstengt málefni.

Tryggingastofnun ríkisins færði mjög góð rök fyrir máli sínu í umsögn sinni og ég ætla að vitna til hennar, með leyfi forseta, en þeir segja m.a.:

„Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram að félagsmálaráðherra ákveði hver fari með framkvæmd laganna. Í skýringum kemur fram að Vinnumálastofnun verði mögulega framkvæmdaraðili. Gerðar eru athugasemdir við þessa tilhögun og minnt á markmið stjórnvalda að samræma og einfalda þjónustu við barnafjölskyldur. Það getur varla talist heppilegt að Vinnumálastofnun bætist við þá aðila sem fyrir eru að veita foreldrum veikra/fatlaðra aðstoð. Nú er það félagsþjónusta sveitarfélaga, Tryggingastofnun, Svæðisskrifstofur fatlaðra ásamt heilsugæslu, sjúkrahúsum og Greiningarstöð sem eru þjónustuaðilar. Það hefur verið markmið stjórnvalda að byggja upp heildstæða, öfluga þjónustu en ekki að dreifa á margar litlar starfseiningar. Þjónusta fyrir fjölskyldur fatlaðra og langveikra barna verður að vera veitt af sérfræðingum eins og félagsráðgjöfum og læknum. Starfsmenn þurfa að vera óhemju liprir og hæfileikamiklir í samskiptum til að miðla upplýsingum og taka við erindum frá foreldrum, sem oft eru í ákveðnu sorgarferli og upplifa mikla vanlíðan vegna veikra barna sinna. Hvar sem þessum málaflokki verður komið fyrir er mikilvægt að þar starfi sérmenntað starfsfólk með góða þjónustulund, sem tilbúið er að þróa öflugt samstarf við aðra þjónustuaðila.

Starfsfólk Tryggingastofnunar hefur orðið vart við gríðarlega erfiðleika foreldra langveikra barna og er óásættanlegt að gera þeim erfiðara fyrir með því að dreifa þjónustunni á enn fleiri stofnanir en nú er. Nú er tækifærið til að fækka viðkomustöðum foreldra og samhæfa þjónustuna."

Einnig er athyglisvert sem fram kom í máli fulltrúa frá Tryggingastofnun, að foreldrar fatlaðra barna þurfa rétt eftir fæðingu að hafa samskipti við um 14 aðila, hvorki meira né minna, á meðan foreldrar heilbrigðra barna þurfa einungis að hafa samband við tvo til þrjá aðila. Þeir segja að það þurfi því að einfalda en ekki flækja stjórnsýsluna. Ég spyr: Af hverju þarf þetta að vera svona? Af hverju þarf að gera foreldrum erfiðara fyrir með þessum hætti að leita til fleiri aðila? Taldir eru upp 14 aðilar sem foreldrar langveikra barna þurfa að leita til. Af hverju má þetta ekki vera hjá Tryggingastofnun sem hefur sérþekkingu á málaflokknum í staðinn fyrir að láta Vinnumálastofnun fá framkvæmd á þessu og dreifa þar með viðkvæmum upplýsingum til fleiri stofnana en þarf að vera?

Þess vegna flytjum við breytingartillögu um að Tryggingastofnun ríkisins annist greiðslur til foreldra sem réttinda njóta samkvæmt lögum þessum.

Tryggingastofnun gerði líka athugasemd við stöðu þeirra sem eru atvinnulausir á endurhæfingarlífeyri hvort þeir hafi rétt samkvæmt lögunum. Það kemur ekki skýrt fram í lagafrumvarpinu en var upplýst í nefndinni að það yrði skoðað í tengslum við reglugerðarsetningu og ég spyr: Af hverju er ekki hægt að setja rétt þeirra í frumvarpið? Í breytingartillögu sem við flytjum er gert ráð fyrir að atvinnuleysisbætur, sjúkradagpeningar og endurhæfingarlífeyrir falli undir skilgreiningu „í samfelldu starfi" þannig að þeir hópar eigi rétt á greiðslum samkvæmt lögunum.

Tryggingastofnun kom með athugasemd við þetta atriði og sömuleiðis Stéttarfélag félagsráðgjafa vegna atvinnulausra. Rökin fyrir því eru að foreldrar á atvinnuleysisbótum hafa ekki tækifæri til að taka þau störf sem bjóðast meðan þannig stendur á að barn þess hefur greinst með alvarlegan sjúkdóm eða fötlun og þegar einstaklingur fær atvinnuleysisbætur ber honum skylda til að vera í virkri leit að vinnu. Því finnst mér mjög mikilvægt að það sé ótvíræður réttur atvinnulausra í lögunum sem og þeirra sem eru á endurhæfingarlífeyri. Því tökum við þetta upp, vegna þess að t.d. foreldri sem fær endurhæfingarlífeyri gæti ekki sinnt endurhæfingu meðan barn er mjög veikt þar sem þeir sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri þurfa að taka þátt í ákveðnu prógrammi og ef því er ekki sinnt, t.d. ef einstaklingur mætir ekki í skóla eða sinnir að öðru leyti ekki lágmarkskröfu um endurhæfingu, fær hann skemmri eða engan endurhæfingarlífeyri. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að þeir sem eru á endurhæfingarlífeyri og þeir sem eru á atvinnuleysisbótum öðlist rétt í samræmi við ákvæði laganna þegar svo stendur á að þeir eignast alvarlega fatlað eða langveikt barn og ekki þurfi að vera að þvælast með það í reglugerð. Löggjafinn á auðvitað líka að setja skýlausan rétt fyrir þessa hópa í löggjöfina.

Eins og fram hefur komið er frumvarpið uppbyggt með þeim hætti að það tekur gildi í áföngum og tekur að fullu gildi árið 2008. Gert er ráð fyrir að foreldrar 250–300 barna geti átt rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði en foreldrar 30–40 barna geti átt rétt í lengri tíma, í sex mánuði, þegar um mjög alvarleg veikindi er að ræða. En þetta tekur allt gildi í áföngum og hefur verið mjög gagnrýnt við meðferð málsins og vil ég aðeins fara yfir þetta.

Umhyggja hefur m.a. gert athugasemdir við þetta, hagsmunasamtök langveikra barna og Þroskahjálp. Landlæknisembættið hefur gert athugasemdir við það að lögin taki ekki gildi í heild sinni fyrr en eftir þrjú ár og segja að það skapist mismunandi réttarstaða í annars sambærilegum tilvikum langveikra eða fatlaðra barna. Þannig getur skipt máli hvort barn veikist t.d. í desember 2007 eða janúar 2008 svo dæmi sé nefnt. Ef barn veikist í desember 2007 fær það sennilega tvo mánuði en ef það er í janúar 2008 fær viðkomandi þrjá mánuði. Við gerum athugasemd við þetta og flytjum um þetta breytingartillögu.

Í b-lið 3. töluliðar í tillögu okkar gerum við ráð fyrir að við bætist nýir málsliðir:

„Þarfnist barn áframhaldandi umönnunar foreldris og önnur úrræði eru ekki í boði að þeim níu mánuðum liðnum sem lög þessi veita réttindi til og foreldri kemst sannanlega ekki út á vinnumarkað af þeim sökum er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra. Foreldri skal og sanna tekjuleysi sitt með skattframtali. Félagsmálaráðherra er

heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð."

Foreldrar langveikra þurfa í mörgum tilvikum á þessum réttindum að halda miklu lengur en níu mánuði. Ég geri ráð fyrir að ekki sé um mörg tilvik að ræða, samkvæmt þeirri áætlun sem ráðuneytið hefur fengju 30–40 börn þennan lengri rétt samkvæmt frumvarpinu, þ.e. í níu mánuði. Þetta getur því ekki verið útgjaldamikið, að hafa til staðar heimild sem um yrði sett nánari reglugerð af félagsmálaráðherra. Umhyggja hefur t.d. lagt mikla áherslu á að slíkt sé til staðar og eins að þessar réttindagreiðslur til foreldra byrji ekki við skurðpunktinn 1. janúar 2006, eins og hér er gert ráð fyrir. Við höfum farið yfir það hve lengi foreldrar langveikra barna hafa beðið eftir þessum réttindum. Þó nokkuð margir aðilar sem eru bundnir heima með börnum sínum sem hafa fæðst fyrir 1. janúar 2006. Af hverju eiga þeir ekki að njóta sömu réttinda? Af hverju má ekki vera heimild til staðar fyrir þá foreldra sem eru sannarlega bundnir heima til að fá þennan rétt en að skurðpunkturinn verði ekki nákvæmlega við 1. janúar 2006?

Það er mikið óréttlæti í þessu. Umboðsmaður barna hefur t.d. gert athugasemdir við þetta og segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar væri æskilegt að allir foreldrar og þar með börn þeirra sem uppfylla skilyrði laganna hverju sinni njóti jafnræðis og þar með sama réttar til greiðslu án tillit til þess hvenær börnin fæðast ..." Umboðsmaður barna bendir á þetta. Við flytjum því þessa tillögu, virðulegi forseti, og tökum undir það sem hagsmunasamtökin hafa sett fram í þessu sambandi.

Þá ætla ég að koma að greiðslunum, þessum 93 þús. kr. sem ég ætla enn og aftur að halda mig við að séu skammarlega lágar. Auðvitað hefði átt að vera hægt að ná samstöðu um að hafa þær hærri. Umhyggja telur að fjárhæð greiðslna megi ekki vera lægri en a.m.k. bætur atvinnumissis af öðrum toga. Þar eru einmitt settar fram ákveðnar tillögur sem við höfum tekið upp í stjórnarandstöðunni. Vangaveltur eru um það í Umhyggju hvort þjóðfélagið líti sömu augum á að vera heima til að sinna alvarlega veiku eða fötluðu barni og það að vera atvinnulaus. Umhyggja segist ekki sjá mun á því að annast nýfætt barn eða alvarlega fatlað og veikt barn og spyr hvort þessar greiðslur ættu ekki að reiknast á sama hátt og fæðingarorlof og vera 80% af launum.

Þetta finnst mér mjög sterk rök hjá þeim, að við höfum sama háttinn á og greiðum 80% af launum í þennan tiltekna tíma. Við styðjumst þar við ágæta framkvæmd á fæðingarorlofslögunum. Það er alveg rétt sem Umhyggja og fleiri aðilar hafa sett fram, að það er ekki hægt að sjá að það sé mikill munur á umönnunarþörfinni. Kannski er hún enn meiri þegar um er að ræða alvarlega veikt barn, að annast nýfætt barn eða alvarlega veikt barn, og þar er um mikinn mun á greiðslum að ræða.

Við leggjum til að greiðslurnar verði með sambærilegum hætti og í fæðingarorlofslögunum. Við leggjum líka til að þeir sem eru heimavinnandi og ekki á vinnumarkaði, með sama hætti og er í fæðingarorlofslögunum, fái ákveðnar greiðslur til samræmis við fæðingarorlofslög. Hugsunin á bak við þessar greiðslur, fæðingarorlofsgreiðslur og þessar greiðslur, er af sama toga. Foreldrum er bættur upp atvinnumissir á vinnumarkaðnum, í öðru tilvikinu vegna fæðingar barns og í hinu tilvikinu vegna sjúkleika barns. Í báðum tilvikum er um að ræða vinnutap sem bætt er upp með ákveðnum hætti. Þá sér maður ekki af hverju þessi munur á að vera, annars vegar þegar um er að ræða veikt eða fatlað barna og hins vegar þegar um er að ræða greiðslur vegna fæðingarorlofs. Við teljum það mikið réttindamál að þetta verði tekið upp með þessum hætti sem hér er lagt til.

Síðan vil ég nefna lífeyrissjóðsframlög og framlög í séreignarsjóði. Ég spyr hv. formann nefndarinnar: Hvað réttlætir að foreldrar sem fá þessar greiðslur á þessum tíma, annars vegar í níu mánuði og hins vegar sex mánuði, fái ekki greiðslur frá atvinnurekanda, í þessu tilviki þá frá ríkisvaldi, 7% til samræmis við það sem gerist á vinnumarkaðnum? Af hverju fara bara 6% til þeirra? Af hverju er klipið af þessu eins og hér er gert? Það er heldur ekki gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði lögbundið framlag á móti í séreignarsjóð, eins og er á vinnumarkaði. Af þessu sést að ýmsir stórir annmarkar eru á þessu. Þótt að það sé framfaraspor að setja þetta mál á lögbókina er skrefið skammarlega stutt. Ég geri mér ekki vonir um, virðulegi forseti, að þetta verði nokkuð bætt fyrr en þessi ríkisstjórn er farin frá (**ÖS:** Og við tökum við.) Já, þegar Samfylkingin er komin til valda. Þetta er eitt af þeim málum (Gripið fram í.) sem þarf að breyta.

Ég get alveg trúað því, af því að ég sé einn þingmann Sjálfstæðisflokksins í salnum, að framsóknarmenn ... (**Gripið fram í:** Tveir.) Já, tveir með forseta. En ég gæti trúað því að framsóknarmenn hafi átt í erfiðleikum með sjálfstæðismenn í þessu efni. Það kom í ljós í andsvörum áðan varðandi sjúkrasjóðina. Ég er viss um að þetta er ekki að frumkvæði framsóknarmanna. Ég hygg að það sé að frumkvæði sjálfstæðismanna að lögbinda sjúkrasjóðina með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Ég er senn komin í gegnum breytingartillögurnar sem við leggjum til. En við komum til móts við það sem ítrekað hefur verið fjallað um af ýmsum aðilum, þ.e. landlækni, umboðsmanni barna, Umhyggju, Þroskahjálp og fleiri aðilum: Af hverju á að láta þetta taka gildi í áföngum á þremur árum? Þetta eru 130 millj. kr. þegar það er að fullu komið til framkvæmda, fyrst 40 millj. kr. og síðan 40 millj. kr. og eru það ekki 50 millj. kr. í lokin?

Þetta leiðir til mismununar milli aðila eftir fæðingardegi, hvort barnið fær einn mánuð eða tvo mánuði. Til dæmis hefur komið fram hjá einum umsagnaraðila að þetta geti hugsanlega leitt til þess að menn fari síðar í greiningu með barn og reyni að taka þessar greiðslur út síðar, af því að þá verða komnir fleiri mánuðir á þetta. Þetta býður upp á alls konar vitleysu, virðulegi forseti. Af því að við erum ekki að tala um stærri greiðslu en þetta þá finnst manni það ekki skipta stóru máli fyrir ríkissjóð að þetta taki allt gildi á sama tíma. Þar með væri komið í veg fyrir ýmsa mismunun og ójafnræði sem þetta hefur í för með sér, að láta þetta taka gildi.

Margir umsagnaraðilar gagnrýndu gildistökuna, bæði að það gilti aðeins um börn sem hefðu verið greind 1. janúar 2006 og einnig varðandi það að frumvarpið komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en árið 2008. Þeir sem gerðu það eru Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, BSRB, Þroskahjálp, Heimili og skóli, umboðsmaður barna og Sjónarhóll – ráð-

gjafarmiðstöð. ASÍ gagnrýndi þetta einnig og sagði það skapa óásættanlega mismunun. Landlæknisembættið segir hættu á að börnum geti verið mismunað í sambærilegum tilvikum, þ.e. jafnöldrum með meðfædda sjúkdóma eða fötlun sem greinist eða kemur fram á mismunandi tíma í lífi þeirra.

Í umsögn Umhyggju kemur fram að þeim þyki ástæðulaust að lögin komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 2008. Þeim virðist ástæðan einungis fjárhagsleg. Félaginu finnst óásættanlegt að barn sem greinist með sjúkdóm eða fötlun í janúar 2007 eigi annan og betri rétt en barn sem greinist í desember 2006. Fram kom í máli fulltrúa Umhyggju, sem kom á fund hjá félagsmálanefnd, að margir foreldrar væru mjög reiðir yfir þessu ákvæði, þ.e. foreldrar sem hafa ekki geta unnið til að afla tekna í langan tíma vegna veikinda eða fötlunar barns. Þeir eru bæði óánægðir með að þetta skuli vera áfangaskipt með þeim hætti sem hér á að gera og síðan að foreldrar sem eiga börn með langvinna sjúkdóma, sem hafa sannarlega ekki komist út á vinnumarkaðinn en eru fædd fyrir gildistöku laganna, þ.e. fyrir 1. desember 2006, fái engan rétt. Það fólk hefur beðið lengi eftir því að sjá slíka réttarbót sem hér er um að ræða. Umhyggja hefur t.d. lagt til að foreldrar sem eiga börn sem greindust fyrir 1. janúar 2006 geti fallið undir lögin hafi þeir sannarlega ekki verið á vinnumarkaði.

Síðan er athyglisvert, virðulegi forseti, að umboðsmaður barna kom á fund nefndarinnar og sagðist telja óheppilegt að miða við hvenær barn væri greint, fremur ætti að meta hvaða aðstæður væru fyrir hendi. Það er sannarlega rétt hjá umboðsmanni barna. Umboðsmaður barna telur fyrirkomulagið ekki standast jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta er mál sem hefði þurft að skoða miklu nánar og athuga hvort ekki væri hægt að ná samstöðu með meiri hlutanum um að hafa ekki slíkt óréttlæti í þessum lögum, að mismuna foreldrum langveikra barna eins og hér er auðsjáanlega gert, bæði með því að láta þetta taka gildi í áföngum og eins með því að hafa ekki smávægilega möguleika á afturvirkni í lögunum fyrir foreldra barna sem sannarlega eru enn heima vegna veikinda barna sinna. Eins þarf að vera opið fyrir lengri framlengingu en níu mánuði í ákveðnum undantekningartilvikum eins og hér er lagt til, þ.e. að hæstv. ráðherra setji reglugerð um framkvæmdina.

Virðulegi forseti. Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir athugasemdum okkar við þetta frumvarp. Ég ætla að undirstrika, þótt ég hafi verið svolítið gagnrýnin í ræðu minni, að það er vissulega framfaraspor að lögfesta þessa réttarbót fyrir foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna þótt skrefið sé stutt. Ég hefði haldið að þingmenn hefðu meiri metnað til að gera betur í þessu efni en gert hefur verið, ekki síst í ljósi þingsályktunartillögu sem var samþykkt fyrir þremur eða fjórum árum, af fulltrúum allra flokka þar sem lagt var til að myndarlegar greiðslur færu til foreldra langveikra barna. Á hinum Norðurlöndunum, sem við berum okkur saman við, er mun meiri réttur og hærri greiðslur en hér eru lagðar til til foreldra langveikra barna. Þar er betur staðið vörð um rétt foreldra langveikra barna.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta sé einungis fyrsta skrefið og geri mér vonir um að tillögur okkar í minni hlutanum komist í frumvarpið áður en málið verður að lögum á þessu þingi. Það má vel vera að við setjumst aðeins yfir það að draga eitthvað af tillögum okkar til baka til 3. umr., sérstaklega ef málið fer aftur til efnahags- og viðskiptanefndar, ef ástæða er til. Ég segi „ef ástæða er til" vegna sjúkrasjóðanna. Mér finnst ómögulegt að skilja við málið nema við höfum það sem sannara reynist í þessu efni, þ.e. hvort leitað hafi verið til stjórnar sjúkrasjóðanna eða stjórna verkalýðshreyfingarinnar varðandi álit þeirra á að lögfesta málið með þeim hætti sem hér er lagt til.

Virðulegi forseti. Það er einlæg ósk mín að við getum náð lengra en við stöndum frammi fyrir við 2. umr. í þessu máli, áður en þetta mál verður lögfest. En það skulu verða lokaorð mín að þessu sinni að þetta verður örugglega eitt af fyrstu málum sem Samfylkingin tekur upp, komist hún í ríkisstjórn, að gera betur við foreldra langveikra barna, sem sannarlega eiga það skilið. Nægir eru erfiðleikarnir hjá því fólki þótt ríkið skammti þeim ekki svo litlar tekjur, sem eru meira að segja undir atvinnuleysisbótum. En við bætist að foreldrar hinna langveiku barna hafa beðið árum saman eftir því að fá þessa réttarbót í höfn.

[12:46]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að fagna því að frumvarp þetta er fram komið. Það sem mér er efst í huga er að áralöng barátta hefur skilað árangri. Þar vísa ég í samtök aðstandenda langveikra barna, Umhyggju og önnur samtök. Ég vísa í verkalýðssamtök og þá ekki síst í BSRB sem að öðrum samtökum ólöstuðum hafa beitt sér mjög í þessu máli. Ályktað frá stjórn samtakanna, frá þingum BSRB og tekið undir þær kröfur og óskir sem fram hafa komið frá Umhyggju, samtökum aðstandenda og öðrum hagsmunasamtökum. Innan þingsins hefur þessu máli margoft verið hreyft undir forustu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hér í þingsal hef ég ásamt ýmsum öðrum skipað mér í hennar sveit til að reyna að ýta þessu máli áfram. Sú barátta hefur núna skilað árangri en fyrir fáeinum árum, á grundvelli þeirrar þingsályktunartillögu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bar fram, náðist þverpólitísk samstaða um að gera loksins eitthvað í þessu brýna máli. Árið 2001 var sett niður nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins til að semja grunn að frumvarpi og fengu aðild að þeirri nefnd fulltrúar verkalýðssamtaka og margvíslegra hagsmunasamtaka. Er þetta frumvarp byggt á því starfi.

Meðferð ríkisstjórnarinnar og sú vinna öll hefur skilað því m.a. að nokkrar brotalamir eru þessu, því miður. Ég vil í rauninni gera að mínum orðum það sem fram kom hjá hv. 1. flutningsmanni tillagna stjórnarandstöðunnar. Þær eru settar fram af hálfu Samfylkingarinnar en eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hef ég einnig komið að þeirri vinnu og styð þessar tillögur.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta. Rök okkar hafa verið skilmerkilega færð fram af hálfu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Efnislega snúa þessar tillögur að því að færa framkvæmd laganna til Tryggingastofnunar. Við teljum að þar eigi hún fremur heima en hjá Vinnumálastofnun. Í öðru lagi teljum við æskilegra að líta á greiðslur til þessara aðila tengjutengdar á sama hátt og gert er með Fæðingarorlofssjóð. Þetta er í samræmi við hugmyndir sem hafa

komið fram hjá Umhyggju og öðrum aðilum. Auk þess eru ýmsir þættir sem lúta að lífeyrisgreiðslum sem við viljum lagfæra í breytingartillögum sem við stöndum að á þessu frumvarpi.

En það er tvennt sem er grundvallaratriði í gagnrýni okkar. Í fyrsta lagi er það sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans að láta þessa framkvæmd verða að veruleika í áföngum. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er þetta ótrúlegur nánasarháttur af hálfu ríkisvaldsins. Við erum að tala um greiðslur upp á 130 millj. kr. á ári þegar lögin eru að fullu komin til framkvæmda, en það verður ekki fyrr en á árinu 2008 samkvæmt frumvarpinu. Greiðslurnar á þessu ári yrðu hins vegar 40 milljónir. Síðan 40 milljónir til viðbótar á næsta ári og 50 milljónir á árinu 2008. Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að láta þessa framkvæmd verða að veruleika þegar í stað? Við leggjum mjög ríka áherslu á að svo verði. Maður hugsar með undrun til allra þeirra verkefna sem fá nægilegt fé af hálfu fjárveitingavaldsins, ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans, en síðan er skorið við nögl í þessu efni. Það er óskiljanlegt að þetta skuli ekki vera gert.

Hitt grundvallaratriðið sem ég vil nefna er gildistími laganna. Barn sem greinist í desembermánuði á síðasta ári fær ekki rétt samkvæmt frumvarpinu en barn sem hins vegar greinist í janúarbyrjun fær þennan rétt. Við erum með tillögur um að sá réttur verði afturvirkari en hér um ræðir og sett opnun í lögin eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék að áðan. Þetta teljum við vera mikilvægt mál. Þetta eru grundvallaratriði sem við teljum að þurfi að skoða.

Þá er hitt sem kom hér fram varðandi lögþvingun eða lögbindingu þess að greiðslur verði að koma úr sjúkrasjóðum áður en þær 93.000 kr. sem kveðið er á um í lögunum komi til framkvæmda. Það segir sig sjálft að einstaklingur sem á rétt úr sjúkrasjóði verkalýðsfélags síns mun að sjálfsögðu sækja þann rétt ef hann er betri en þessar greiðslur. Það segir sig sjálft, þannig að þetta þarf ekki að breyta miklu. En við þurfum að hafa í huga að ekki er lögboðið í fyrsta lagi að sjúkrasjóðirnir hafi greiðslur af þessu tagi. Sjúkrasjóðirnar búa við mjög misjöfn kjör. Í suma sjúkrasjóði er greitt tiltölulega lítið framlag af hálfu atvinnurekandans. Í aðra sjúkrasjóði er greitt tiltölulega mikið. Þannig er t.d. munur á opinbera markaðnum annars vegar og almenna markaðnum hins vegar. Opinberir starfsmenn búa almennt við betri veikindarétt en fólk gerir á almenna vinnumarkaðnum. En á móti kemur að sjúkrasjóðirnir á almennum vinnumarkaði eru sterkari en hjá hinu opinbera. Þar eru því minni fjármunir til ráðstöfunar. Engu að síður hafa þeir sjóðir ákveðið að láta stuðning af hendi við aðstandendur langveikra barna og svo mun að sjálfsögðu verða. En við teljum að þarna sé á ferðinni forræðishyggja sem sé óskynsamleg og ónauðsynleg.

Okkar tillögur, ég leyfi mér að segja okkar, þótt mitt nafn sé ekki hér á blaði — við sem stöndum að þessum tillögum og styðjum þær hvetjum stjórnarmeirihlutann að íhuga þetta rækilega.

Ég vil að lokum leggja áherslu á að það sem við teljum til grundvallaratriða, þ.e. gildistími laganna annars vegar og hins vegar framkvæmdin, verði tekin til endurskoðunar af hálfu stjórnarmeirihlutans. Við erum ekki að tala um miklar upphæðir en upphæðir sem skipta hlutaðeigandi mjög miklu máli.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri að sinni en legg þeim mun meiri áherslu á að ábendingar og tillögur okkar verði teknar til alvarlegrar íhugunar af hálfu stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

[Fundarhlé. — 12:55]

[14:01]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Að sjálfsögðu fagnar Samfylkingin því að þetta frumvarp skuli loksins hafa verið lagt fram, enda höfum við oft tekið upp þessa umræðu áður og lagt fram tillögur í þessa átt, t.d. af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur farið vel yfir sjónarmið okkar í þessu máli svo og þær gagnlegu ábendingar sem komu frá umsagnaraðilum, bæði í riti og frá gestum sem mættu fyrir nefndina. Það er skilningur minn að allir séu sammála um að þetta frumvarp gangi allt of skammt. Menn hafa nefnt skref og hænur. Ég verð að segja að mér finnst hér kannski um dverghænuskref að ræða í þá átt að létta undir með foreldrum langveikra og alvarlega fatlaðra barna.

Mig langar að vitna, frú forseti, í umsögn sem kom frá Umhyggju, félagi til stuðnings langveikum börnum, um frumvarpið en þar segir, með leyfi forseta:

„Það sækist enginn eftir því að þurfa að leggja niður vinnu. Foreldrar alvarlega veikra barna hafa ekki neitt val þegar börn þeirra greinast með alvarlega sjúkdóma. Það hefur ekki verið þjóðinni til sóma hvernig þessi málaflokkur hefur fengið að sitja á hakanum hjá íslenskum stjórnvöldum. Að foreldrar skuli þurfa að missa eigur sínar vegna veikinda barna sinna, þar sem þeir hafa ekki tök á að afla sér tekna, er með öllu ólíðandi. Eins og fram kemur á fylgiskjali með frumvarpinu er áætlað að foreldrar 30 til 40 barna geti átt rétt á greiðslu í allt að níu mánuði. Í þeim hópi má gera ráð fyrir að einhverjir foreldrar komist ekki aftur út á vinnumarkaðinn að þessum níu mánuðum liðnum og jafnvel ekki fyrr en að nokkrum árum liðnum."

Þetta er rétt til að minna okkur á um hve alvarlegt mál er að ræða þar sem foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna þurfa að vera heima og sinna þeim í kannski þrjá til níu mánuði og allt upp í nokkur ár. Í sumum tilfellum hafa foreldrarnir jafnvel misst eigur sínar vegna veikinda barnanna þar sem þeim hefur ekki veist tækifæri til að afla tekna. Svo alvarlegt er þetta mál, frú forseti.

Eins og áður sagði tel ég að frumvarp þetta gangi allt of skammt. Það eru mér viss vonbrigði að meiri hlutinn í félagsmálanefnd skuli ekki hafa séð ástæðu til að bæta frumvarpið í framhaldi af þeim góðu ábendingum sem komu frá mörgum hagsmunaaðilum. Þar komu margar góðar ábendingar sem birtast hér m.a. í formi breytingartillagna frá Samfylkingunni við þetta frumvarp. Þær breytingartillögur sem meiri hlutinn gerir og hv. formaður félagsmálanefndar

fór yfir fyrr í morgun uppfylla nú ekki beint ábendingar frá hagsmunaaðilum og er varla hægt að segja að þær séu til bóta, heldur frekar hitt að tryggja að frumvarpið gangi nánast skemur en áður var ætlað. (Gripið fram í.) Jú, jú, fyrst skulu það vera sjúkrasjóðir og svo ef, þá skuli ríkið taka við.

Sjúkrasjóðir eru mjög misjafnir og það er í sjálfu sér ekkert tryggt í þeim efnum að þeir geti aðstoðað foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Við höfum ekkert um það að segja hvernig reglugerðir sjúkrasjóða eru eða hvort þeim þurfi að breyta vegna þess að greiðslur úr sjóðnum fari umfram tekjur í sjóðinn.

Frú forseti. Ég ítreka það enn og aftur, og sé kannski ekki ástæðu til að bæta meiru við umræðuna í dag, að þetta frumvarp gengur allt of skammt. Það eru mikil vonbrigði að meiri hluti félagsmálanefndar skuli ekki hafa séð hag í því að bæta frumvarpið fyrir það fólk er hér um ræðir. Það segir mér að nefndarstarfið, ég ætla nú ekki að segja að það sé sýndarmennska en nánast finnst manni það þegar menn sitja þar klukkustundum saman og fá til sín mjög góðar og gagnlegar og vel rökstuddar ábendingar um það sem betur mætti fara og betur mætti gera og þá er allt í einu tilkynnt: Nei, við munum engar breytingar gera. Þegar svona frumvarp kemur fram og menn varla þora að anda þá snýst þetta fyrst og fremst um ráðherraræði sem er að mínu viti algjört hér á Alþingi. Það má vel vera að þeir sem búnir eru að sitja lengur en sá nýliði er hér stendur séu hættir að taka eftir því. En það verða mér mjög mikil vonbrigði ef þær breytingartillögur sem Samfylkingin hefur lagt fram ná ekki fram að ganga.

[14:07]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sem flutt er af hæstv. félagsmálaráðherra. Frumvarpið hefur verið rætt í hv. félagsmálanefnd.

Þetta er afskaplega gott mál. Það hefur löngum verið bent á þennan vanda fólks sem eignast og á börn sem verða langveik eða fötluð. Árið 2001 var sett á laggirnar nefnd til að taka á þessum vanda þar sem þetta fólk hefur í gegnum tíðina ekki verið tryggt á neinn máta í kerfinu. Síðan var það tekið inn í kjarasamninga að fólk getur fengið greiðslur í 7–10 daga. Fólk fær að sjálfsögðu umönnunarbætur, allt að 91 þús. kr. á mánuði, sem eru ætlaðar fyrir ýmsum kostnaði vegna fötlunar eða veikinda barna, þar á meðal tekjumissi. Fólk fær greiðslu fyrir dvalarkostnaði ef foreldrar neyðast til að dvelja fjarri heimilum sínum vegna veikinda barna. ASÍ er nýbúið, í kjölfar þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað um vanda þessara foreldra, að leggja til við aðildarsamtök sín að sjúkrasjóðirnir greiði 80% af launum í þrjá mánuði, sem er náttúrlega verulega mikil bót frá því sem verið hefur. Ég vil benda á það, frú forseti, að Alþingi hefur skuldbundið alla landsmenn til að greiða 1% af launum í sjúkrasjóði. Þar kemur fjármagnið sem ætlað er til þessa. Svo kemur þetta frumvarp sem hér er lagt fram þar sem gert er ráð fyrir að ríkið greiði 93 þús. kr. á mánuði í þrjá mánuði og eftir atvikum lengur, allt að níu mánuði ef aðstæður eru þannig. Hér er því um að ræða verulega réttarbót á örfáum mánuðum eða árum sem náðst hefur fram fyrir þetta fólk. Ef maður skoðar meðalmann hjá ASÍ sem er með 300 þús. kr. laun, það eru meðallaunin hjá ASÍ, þá eru 80% í þrjá mánuði, þrisvar sinnum 240 þús. kr., 720 þús. kr. Og ef maður reiknar þrisvar sinnum 93 þús. kr. þá eru það tæplega 280 þús. kr. Það er því um ein milljón, þessi tvö atriði, sem kemur til þessa fólks sem ekki kom áður. Það er náttúrlega afskaplega mikil réttarbót fyrir það fólk að fá núna milljón til viðbótar við það sem verið hafði áður, sem var ósköp lítið, umönnunarbætur, dvalarkostnaður og laun í 7–10 daga.

Þetta hefur komið út úr þessari umræðu og ég tel það mjög jákvætt. Hins vegar getur maður ekki komist hjá því að vara við því sem gerðist þegar farið var út í læknisfræðilegt mat á örorku sem varð til þess að örorkubyrðin stórjókst bæði hjá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðunum þannig að til mikilla vandræða horfir fyrir lífeyrissjóðina. Til dæmis þarf að hækka iðgjaldið um heilt prósent af þeim sökum, og benda á að skilyrði fyrir greiðslum eru að fyrir liggi vottorð sérfræðinga þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu. Það er spurningin hvort ekki verði farið að víkka út þau tilfelli sem falla undir það að fötluð eða alvarlega veik börn eru metin veik til langframa. Sú hætta er alltaf til staðar og hefur sýnt sig víða. En þegar engar bætur eru veittar er vandinn uppi engu að síður en talað hefur verið um að það séu um 40 börn sem eru alvarlega veik eða veik til langframa og þar með er sá vandi viðráðanlegur.

Ég hef hlustað á umræðuna hér í dag, frú forseti, og sú umræða hefur nú verið með ólíkindum. Þetta er svo neikvætt að það liggur við að það sé til hábölvunar að flytja þetta frumvarp. Talað er um að Framsóknarflokkurinn sé beygður af Sjálfstæðisflokknum til að gera ákveðnar breytingar. Það kemur fram í umræddu nefndaráliti og það kom fram hjá fulltrúa ASÍ á fundi í hv. félagsmálanefnd að það hefði alltaf staðið til að sjúkrasjóðirnir tækju þátt í að greiða þennan kostnað. Það kom líka fram að fólk ætti fyrst að fá greiðslu samkvæmt kjarasamningi, síðan kæmu sjúkrasjóðirnir til og að lokum þessar greiðslur. Það lá alltaf fyrir. Og hvers vegna á ekki að segja það í lögunum, frú forseti, til að þetta sé skýrt? Líka til þess að vísa fólki á sjúkrasjóðina því að mjög margir launþegar í landinu vita ekkert af tilvist þeirra. Það er meira að segja svo að fyrir skömmu síðan vissu hv. þingmenn ekki af tilvist sjúkrasjóða í landinu og fluttu frumvörp aftur og aftur sem gerðu ráð fyrir því að sjúkrasjóðirnir væru ekki til. En þeir gegna mjög mikilvægu hlutverki enda fer 1% af launum allra landsmanna í sjúkrasjóðina og það eru fleiri milljarðar sem renna þar inn í formi iðgjalda.

Framsóknarflokkurinn er því ekkert beygður af Sjálfstæðisflokknum. Hér er einungis um það að ræða að menn taka inn í lögin skýrar reglur um hvað eigi að gilda öllum til hagsbóta, sérstaklega þeim sem eru að leita réttar síns til að þeir viti hvar þeir eiga rétt og það sé skýrt hver eigi að greiða hvað á hverjum tíma. Það er ekkert verið að beygja Framsóknarflokkinn eða öfugt í því að koma með skýr lagaákvæði.

Nokkuð hefur verið rætt um séreignarsparnað. Í 11. gr. er gert ráð fyrir því að foreldri greiði að lágmarki — ég vil

taka það fram, frú forseti, að lágmarki — 4% og ríkissjóður greiði á móti að lágmarki 6% með tilvísun í lög um lífeyrissjóði. Nú hefur víðast hvar verið ákveðið að hækka þetta lágmark upp í 7% og síðan 8% frá hendi atvinnurekenda og þá gildir það að sjálfsögðu, enda stendur í lögunum hér „að lágmarki“ og það er tilvísun í þetta ákvæði í reglum um lífeyrissjóðina. Hins vegar hefur hv. efnahags- og viðskiptanefnd ákveðið að hækka ekki þetta lágmark að sinni þar til allir kjarasamningar hafa verið gerðir og það ræddum við fyrr í dag.

Hvað varðar spurninguna um það hvort fólk sem er í séreignarsparnaði og lendir í þessum áföllum skuli stutt áfram í séreignarsparnaði út af þessum greiðslum. Mér finnst það kannski vera fulllangt gengið að styðja fólk í einhverjum aukasparnaði þegar það lendir í svona áföllum.

Mikið hefur verið rætt um skurðpunktinn, hvar á að skera á, hvar á að byrja með nýtt kerfi. Það er alveg sama hvar menn byrja, alltaf munu einhverjir lenda fyrir framan og alltaf einhverjir fyrir aftan. Þó að við færum tvö ár aftur í tímann kæmi einhver sem var fyrir þremur árum í þessari stöðu. Það er alveg sama hvar menn byrja, hvar menn skera á, alltaf mun verða hægt að finna einhvern sem er rétt fyrir framan skurðpunktinn og hann verður þá verr settur. Og með tilliti til þess að þetta frumvarp er ætlað til að bæta sérstaklega bráðavanda foreldra sem lenda í þessum aðstæðum, það var markmiðið með frumvarpinu, var ákveðið að láta það gilda frá síðustu áramótum, að þau börn sem greinast eftir þann tíma falli undir þetta ákvæði og skera þar á.

Frú forseti. Þrátt fyrir afskaplega neikvæða umræðu í dag af hálfu stjórnarandstæðinga, það liggur við að allt í þessu frumvarpi sé til bölvunar, þá vil ég taka fram að þetta er mjög gott mál. Með þessu frumvarpi ásamt þeim breytingum sem ASÍ hefur lagt til að gerðar verði á sjúkrasjóðunum og er búið að setja sem skilyrt og skuldbundið ákvæði inn í samþykktir sínar þannig að sjúkrasjóðirnir verða að taka þetta upp ef viðkomandi verkalýðsfélag vill vera aðili að ASÍ, þá er búið að bæta þessu fólki verulega umfram það sem er í dag. Auðvitað má alltaf segja að það megi bæta um betur, ég hugsa að það sé endalaust hægt að gera, en ég vil líka benda á að það eru margar matarholurnar sem fylla þarf í þjóðfélaginu. Við ræðum mjög oft um ýmiss konar mál þar sem vantar 50 milljónir hér og 100 milljónir þar og alltaf er sagt að þetta sé eitthvað sem ekki skipti máli í allri hítinni en þegar fimmtíumilljónkallarnir eru nógu margir getur það nú heldur betur safnast saman.

Ég held að menn ættu að fagna þessu máli í dag og ég reikna með að foreldrar langveikra barna muni fagna því miðað við þá stöðu sem verið hefur undanfarin ár og áratugi og aldir.

[14:18]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að allir þeir sem hafa hlustað í dag hafi heyrt okkur í Samfylkingunni fagna frumvarpinu þó að við höfum margítrekað lýst því yfir, eins og hagsmunaaðilar hafa gert, að það gangi allt of skammt. Þetta hefðu menn heyrt sem hefðu hlustað.

Ég vil minnast á tvennt. Í fyrsta lagi tæknilegt atriði. Hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði um að foreldrar langveikra og alvarlega fatlaðra barna fengju styrk vegna dvalarkostnaðar ef þeir þyrftu að sækja þjónustu fjarri heimili. Á það við bæði innan lands og erlendis, þ.e. ef fólk þarf að fara utan eða koma t.d. frá Patreksfirði til höfuðborgarsvæðisins?

Hitt atriðið er kannski öllu alvarlegra. Hv. þingmaður talaði um læknisfræðilegt mat og er ánægður með að það skyldi hert. Skil ég hv. þingmann virkilega rétt að hann hafi áhyggjur af misnotkun? Það lá í orðum hans að aukning á mögulegum bótum til foreldra langveikra barna geti þýtt fjölgun á langveikum börnum, fjölgun einstaklinga. Þannig skildi ég hv. þingmann og óska eftir því að hann útskýri nánar fyrir okkur hvernig í ósköpunum það geti verið samverkandi þáttur þarna á milli.

[14:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki nákvæmlega hversu langt eða víðtækt ákvæðið er um að greiða dvalarkostnað. Ég hygg að það sé alla vega innan lands, ég veit ekki hvernig það er erlendis en tel að Tryggingastofnun sé yfirleitt mjög lipur með það. (Gripið fram í.) Ég ætla því ekki að ræða það frekar.

Þegar tekin var upp örorka samkvæmt læknisfræðilegu mati átti það að vera björg alls og átti að lækka mikið örorkubyrðina. Svo var hv. þingheimi sagt af sérfræðingum Tryggingastofnunar. Það reyndist þveröfugt, allar gáttir opnuðust og í dag eru 800 manns t.d. á endurhæfingarlífeyri. Ég hef spurt að því: Hvaða endurhæfing er í boði? Ég fæ ósköp lítil svör við því. Það eru bara 800 manns sem eru á endurhæfingarlífeyri.

Þannig er þetta mjög víða. Það skiptir verulegu máli að þeir læknar sem meta sjúkdóma langveikra barna gæti sín á því að víkka ekki út það svið vegna þess að þeir vilji fólkinu vel. Ég spái því að fjöldi þeirra sem teljast langveikir muni aukast af fenginni reynslu. Það er náttúrlega ekki nákvæmlega það sem lagasetningin gengur út á.

[14:22]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var eins og mig grunaði að lesa hefði mátt á milli línanna að það er skoðun hv. þm. Péturs H. Blöndals að bæturnar sem munu koma fram með frumvarpinu muni fjölga langveikum. Það er alveg hreint með ólíkindum að talsmaður Sjálfstæðisflokksins skuli halda þessu fram. Farið hefur verið yfir það í morgun og hefur komið fram í mörgum umsóknum að enginn æskir sér þess, það er ekkert val sem foreldrar hafa að þau eignist langveik börn eða þurfi að sinna þeim. Það er hreint til skammar, frú forseti, að nokkur skuli voga sér að koma upp og telja að þegar loksins á að fara að gera eitthvað í þessum bótaflokki þýði það fjölgun, þ.e. misnotkun.

Þetta er alveg hreint með ólíkindum. (Gripið fram í.) Nei, nú á ég varla orð. (Gripið fram í.) Nei, ég mun ekki gera það. Mér finnst sorglegt að aðaltalsmaður Sjálfstæðisflokksins í félagsmálum á Alþingi skuli nánast lýsa því yfir að bótaflokkarnir verði til þess að fleiri muni telja börn sín langveik til að misnota kerfið. Svo talar hv. þingmaður um

að við tölum neikvætt um frumvarpið. Við höfum alla tíð fagnað því.

[14:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er greinilegt að hv. þingmaður hefur ekki mikið sinnt því að hanna velferðarkerfi. Það er vitað mál í öllum löndum að vissar tegundir bóta velferðarkerfis eru misnotaðar. Þeir sem ætla að loka augunum fyrir því ættu að kynna sér stöðuna í þeim málum, varðandi t.d. hvaða áhrif atvinnuleysisbætur hafa á atvinnuleysi og varðandi örorkuna, hvaða áhrif bæturnar hafa á fjölgun öryrkja. Þeir sem loka augunum fyrir þessu eru bara blindir. Þetta þekkist í öllum velferðarkerfum. Ég er því aldeilis hlessa á því að fulltrúi Samfylkingarinnar átti sig ekki á því að eitthvert samhengi sé á milli bóta og fjölda þeirra sem njóta þeirra.

Það er með ólíkindum ef hv. þingmaður veit ekki eitt einasta dæmi þess að það sé misnotkun t.d. hjá þeim sem eru í sambúð í reynd en þykjast ekki vera í sambúð til að fá bætur sem einstæðir foreldrar. Auðvitað er ákveðið samhengi þar á milli og auðvitað þurfa læknar sem meta langveik börn að standa á móti því til þess að gæta þess að þeir sem raunverulega þurfa á bótunum að halda fái þær, að ekki sé verið að þynna út kerfið. Þetta er þekkt í öllum velferðarkerfum og er ákveðinn vandi sem menn þurfa að taka á og glíma við og viðurkenna alla vega. (Gripið fram í.) Fjöldi manna þarf virkilega á örorkulífeyri að halda, fjöldi fólks þarf virkilega á þessum bótum að halda og við skulum halda okkur við þann hóp.

[14:25]

Útbýting:

Stofnstærðarmælingar á loðnu, 537. mál, svar sjútvrh., þskj. 831.

Vatnalög, 268. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 858; brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 859.

[14:26]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það var athyglisvert að hlusta á hv. þm. Pétur H. Blöndal áðan. Hann notaði töluverðan tíma af ræðu sinni til að verja Framsóknarflokkinn. Hv. þingmaður notaði tækifærið til þess að verja Framsóknarflokkinn vegna þess að hér höfðu komið fram ásakanir fyrr í dag um að Sjálfstæðisflokkurinn hefði beygt Framsóknarflokkinn í málinu. Ég held einmitt að ræður hv. þingmanns hafi fært okkur heim sanninn um að hann kom hingað með svolitla sektarkennd vegna þess að hann vissi upp á sig sökina. Hv. þm. Pétur H. Blöndal, talsmaður Sjálfstæðisflokksins í félagsmálum í þessari umræðu a.m.k., veit auðvitað manna best að Framsóknarflokkurinn vildi ganga lengra en að Sjálfstæðisflokkurinn með það sérkennilega hugarfar sem oft birtist í ræðum hv. þingmanns réði förinni í þessu efni.

Mér fannst líka athyglisvert að hlusta á andsvör hv. þingmanns gagnvart hv. þm. Valdimar Leó Friðrikssyni áðan. Ég gat ekki varist því, eins og hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson, að draga þá ályktun að hv. þm. Pétur H. Blöndal teldi að bætur framleiddu fólk sem þyrfti á þeim að halda, þ.e. að almannabótakerfið og almannatryggingakerfið væri vel til þess fallið að framleiða öryrkja, framleiða fólk sem á undir högg að sækja og þarf á bótum að halda. Ég sé að hv. þingmaður hneigir höfuð til samþykkis við þeirri staðhæfingu minni þannig að ég tek það svo að hann sé því sammála. Það sem birtist í þeim orðum hv. þingmanns er auðvitað lýsandi fyrir viðhorf a.m.k. sumra hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Það er eins og þeir haldi stundum að kerfið sé óþarft vegna þess að það framleiði fólk sem þurfi á liðsinni að halda. Það er því miður ekki svo.

Almannatryggingakerfið er ein af þeim leiðum sem við höfum búið til með tiltölulega góðri samstöðu flestra flokka, alla vega um langa hríð, sem er beinlínis hannað til þess að rétta þeim hjálparhönd sem þurfa á henni að halda. Að sjálfsögðu er það hugmyndafræðin og heimspekin á bak við það frumvarp sem hér er rætt, viljinn til þess að rétta þeim hjálparhönd sem þurfa á liðsinni að halda.

Ég er þeirrar skoðunar, hvað sem menn kunna að hafa sagt í dag, að með frumvarpinu er verið að stíga mikilvægt skref. Ég tel að verið sé að ná ákveðinni áfanganiðurstöðu í baráttu sem hefur staðið mjög lengi. Frá því að ég kom inn á þing hef ég orðið þess áskynja, eins og aðrir hv. þingmenn, að baráttufólk eins og hv. þingmaður sem situr í forsetastóli fyrir aftan mig, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hefur verið óþreytandi í elju sinni við að reyna að bæta réttindi foreldra langveikra barna. Það hefur tekið tímann sinn. Ég hef ekki tölu á þeim fjölda fyrirspurna, þingmála og ræðna sem þingmenn eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafa flutt um málið.

Dropinn holar steininn. Það er hið gamla lögmál. Það sannast á þessu máli. Þetta mál er afrakstur vinnu sem fór af stað í kjölfar þingsályktunartillögu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafði frumkvæði að og, muni ég rétt, var samþykkt hér einhvern tíma árs 2000. Ég fagna því að sú vinna hefur borið árangur. Hér er verið að festa í lagaramma mikilvæga réttindabót. Ég tek hins vegar undir með hv. þingmönnum sem hér hafa talað, eins og Jóhönnu Sigurðardóttur, að það hefði verið æskilegt að mun stærra skref hefði verið stigið, sérstaklega varðandi réttindi þess örfámenna hóps sem er verst staddur af þeim sem hér er verið að veita aukið skjól.

Það breytir ekki hinu að margir þingmanna í þessum sal, og hugsanlega meiri hluti af þeim sem hér eru staddir nákvæmlega núna, vænta þess að eftir næstu kosningar verði skipt um ríkisstjórn og það verði töluvert mokað út úr því fjósi sem nú stendur í Stjórnarráðinu og nýtt fólk komi inn. Ég fagna því þess vegna að búið er að taka upp þessi réttindi vegna þess að ný ríkisstjórn getur útfært þau og bætt. Á þessu frumvarpi eru ákveðnir skafankar og það er þess vegna sem ég tek undir með þeim tillögum sem félagar mínir í stjórnarandstöðunni ýmist flytja eða styðja og liggur hér fyrir á sérstöku þingskjali. Mér er t.d. alveg fyrirmunað að skilja af hverju ekki er ákvæði sem heimilar að framlengja bótatímann fram yfir níu mánuði í þeim tilvikum þar sem sannanlega er hægt að sýna fram á að börn og foreldrar þeirra þurfi á lengri aðstoð að halda.

Frú forseti. Ég velti því fyrir mér hve mikið þetta mundi kosta. Það hefur komið fram í þessari umræðu, og hefur

ekki verið vefengt af neinum, að sá hópur sem hugsanlega þyrfti að nýta sér þann lengsta rétt sem að lokum fæst með þessu frumvarpi, níu mánuði, kynni að vera 20–30 fjölskyldur. Hugsanlega þyrfti einungis hluti af þeim hópi á lengri aðstoð að halda. Það er hins vegar sá hópur þar sem börnin eru alvarlegast veik og þar sem staða foreldranna í framhaldi af því er líklega verst. Þetta er sem sagt sá litli hópur, af þeim sem eiga þó skjól í þessum breytingum, sem þarf á mestri aðstoð að halda. Hvað mundi þetta kosta? Ákaflega lítið. Það mundi að öllum líkindum hlaupa á nokkrum milljónum á ári. Hvað segir nú hv. talsmaður ríkisstjórnarinnar í þessu máli sem barðist fyrir því að Íslendingar tækju upp kjörorðið: Fjölskyldan í fyrirrúmi. Hvaða fjölskyldur eiga að vera fremst í fyrirrúminu? Eru það ekki þær sem eiga erfiðast? Ég held að það séu ákaflega fáar fjölskyldur á landinu sem þurfi meira á sterku liðsinni að halda heldur en þessar. Ég held, frú forseti, að einkanlega í þessu atriði gildi það sem hér var látið hvína yfir Framsóknarflokkinn í dag, að í þessu máli var hann örugglega beygður af Sjálfstæðisflokknum. Ég þekki af eigin raun að Framsóknarflokkurinn skilur þetta mál og að minnsta kosti einstakir þingmenn hans hafa borið það mjög fyrir brjósti.

Ég er líka þeirrar skoðunar að þau rök sem voru flutt fyrir breytingartillögunni sem stjórnarandstaðan mælti fyrir í dag, um að sams konar reglur væru látnar gilda í þessu tilviki varðandi upphæð bóta og gilda varðandi fæðingarorlofið, séu rétt. Þær röksemdir styðjast við fasta undirstöðu. Hver er munurinn á því að annast barn sem er veikt eða annast barn sem er nýfætt? Hugsunin á bak við hvort tveggja er að bæta foreldrunum upp vinnutap sem verður vegna þessa. Gefa þeim kost á að sinna barninu. Ég tek heils hugar undir með þeirri tillögu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir reifaði hér svo skörulega í morgun, að þessi greiðsla eigi að nema 80% af meðaltali heildarlauna. Fyrir því liggja ákaflega sterk rök. Ég hef reynt að hlusta eftir því í morgun hvaða mótrök eru gegn því. Þau eru engin. Ekki nokkur nema hugsanlega þau sem liggja alltaf á bak við mál hv. þm. Péturs Blöndals. Ef menn bæta við réttindum er alltaf hætta á að einhver komi og misnoti þau. En ætli að það sé auðveldara að sanna nokkurn hlut í tryggingakerfinu en að barnið manns sé veikt og langveikt? Ég tel að það eigi ekki að vera nein áhöld um það og tel að það sé engin hætta á að það sé misnotað.

Ég er líka þeirrar skoðunar að það sé misráðið með frumvarpi ríkisstjórnarinnar að fela Vinnumálastofnun umsjón með þessum málaflokki. Ég fæ ekki skilið rökin sem eru á bak við það. Ég beið eftir að heyra hv. þingmenn reyna að tína þau til. Ég hlustaði á hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem kom upp eftir ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og sagði: En ég er búin að koma með þessi rök. Ég heyrði þau ekki og ég skildi þau ekki. Það liggur fyrir að menn þurfi að ganga á milli Pontíusar og Pílatusar, ef ekki Pílatusar og Heródesar, í viðureign sinni við kerfið. Það er óskaplega erfitt að vera foreldri sem er berjast fyrir betri kjörum fyrir fjölskylduna, að reyna að halda henni saman, þegar menn eru með langveikt barn í fanginu. Ég hélt að það væri yfirlýst stefna okkar þingmanna að draga úr skrifræðinu, draga úr þessum skrifræðisiðnaði, sem stundum er svo kallaður eftirlitsiðnaður þegar það snýr að atvinnulífinu. En eiga ekki að vera sömu viðhorf gagnvart venjulegu fólki sem þarf að sækja til kerfisins um vörn gegn erfiðum vandamálum? Að sjálfsögðu. Þegar við horfumst í augu við þá staðreynd að í dag þurfa foreldrar þessara barna að leita til ekki tíu og ekki tólf heldur fjórtán mismunandi stofnana í sumum tilvikum fæ ég engin rök fundið fyrir því að það eigi að bæta þeirri fimmtándu við. Til hvers? Til hvers að auka á vanda og umstang þessa fólks? Tryggingastofnun þekkir þetta fólk í langflestum tilvikum. Þetta fólk er viðskiptavinir stofnunarinnar. Hún hefur upplýsingar og hún hefur gögn um það. Til hvers þá að vera að reka þetta fólk til enn einnar stofnunarinnar? Það ber ekki að skilja þessi orð mín þannig að í þeim felist nokkurt vantraust á Vinnumálastofnun. Ég veit að hún býr bæði yfir vönduðum og góðum starfsmönnum og hefur alúð og hlýtt þel til þeirra sem þangað sækja sinn rétt. En það eru bara engin rök með því að þessi tiltekni málaflokkur verði færður undir hana. Það er þess vegna sem ég vildi gjarnan svona í lok þessarar umræðu spyrja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur: Hver eru þessi rök?

Ég gæti haft ýmis fleiri orð um þetta mál, frú forseti. Ég vil t.d. taka undir að foreldrar eigi að hafa val um hvort þeir leita fyrst á vit ríkis eða sjúkrasjóða. Það er eina breytingin sem mér sýnist að hv. þingmenn ríkisstjórnarinnar flytji hér. Það er athyglisvert að hv. þm. Pétur Blöndal sagði að það væri vegna þess að frumvarp ráðherrans, sem er úr Framsóknarflokknum, væri ekki nógu skýrt. Það eru einu rökin sem koma fram um það mál. En ég held að það sé alveg ljóst að sú breytingartillaga er flutt vegna þess að áhöld eru um hvort það hafi verið upphaflegur tilgangur þess hæstv. ráðherra sem flutti málið inn í sali þingsins að hafa það með þeim hætti. En Sjálfstæðisflokkurinn vill hafa það með þessum hætti og þess vegna skal breytingartillagan flutt. Það hefur komið fram í þessari umræðu að það er gert án nokkurs samráðs við verkalýðshreyfinguna.

Mér hló hugur í brjósti þegar ég heyrði hv. þm. Siv Friðleifsdóttur tala um að það væri nú ekki hægt að hlusta á verkalýðshreyfinguna í öllum málum. Það rifjaðist upp fyrir mér ágæt umræða sem sá hv. þingmaður tók þátt í um starfsmannaleigur. Þá taldi hún að það væri hin eina sanna og heilagasta ritning allra ritninga, að það sem verkalýðshreyfingin segði yrði að ná fram. En í þessu tilviki þarf ekki einu sinni að yrða á forustumenn hennar. Það hefur komið fram að álits þeirra á þessu var ekki leitað. En hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kann hugsanlega að hafa brugðið sé í líki flugu og setið á vegg þar sem hæstv. félagsmálaráðherra sat með nokkrum forustumönnum í verkalýðshreyfingunni og ræddi að vísu, eins og hv. þingmaður sagði, um margt annað líka. En það er ekki sá háttur sem Alþingi hefur á við að ákveða sín mál. Alþingi lætur ekki handhafa framkvæmdarvaldsins eiga viðræður fyrir sína hönd eða safna upplýsingum eftir að málið er komið inn í sali hins háa Alþingis. Ég veit að ég þarf ekki að segja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur það. Henni er mætavel kunnugt um skil löggjafans og framkvæmdarvaldsins og hefur m.a. flutt ágætar tillögur að breytingum á stjórnarskránni einmitt til að skerpa þau skil.

Frú forseti. Ég vonast til að hinir ágætu þingmenn stjórnarliðsins sjái einhverja tíru fyrir sjónum sínum í lok þessarar umræðu. Ég held t.d. að til að vinnuferlið varðandi

sjúkrasjóðina sé eðlilegt sé nauðsynlegt að ræða milli 2. og 3. umr. um breytingartillögu hv. þingmanna stjórnarliðsins, til að það liggi alveg ljóst fyrir þegar þetta mál er afgreitt endanlega við 3. umr. hver afstaða verkalýðshreyfingarinnar er. Mér finnst það fullkomlega eðlilegt og það er algjörlega rökrétt miðað við ýmislegt sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur áður sagt um æskileg áhrif og völd þeirrar merku hreyfingar á starf Alþingis.

[14:41]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykjav. n. er afskaplega mælskur maður og þykir gaman að tala. Það er yfirleitt gaman að hlusta á hann. Sérstaklega þykir mér nú skemmtilegt að heyra hvað það pirrar hann mikið hve mikið traust er á milli stjórnarflokkanna, hvað okkur hefur gengið vel að vinna saman öll þessi ár og hvað það ríkir mikið jafnræði á milli flokkanna. Ég er alveg sannfærð um að hv. þm. Pétri Blöndal finnst hann ráða allt of litlu í félagsmálanefnd. Þannig að það er enginn að beygja annan í þessum málum. En það er alltaf svolítið skemmtilegt að finna hvað stjórnarandstaðan verður pirruð yfir miklu og góðu trausti og góðu samstarfi á milli stjórnarflokkanna tveggja.

Hv. þingmaður sagði að Sjálfstæðisflokkurinn vildi lítið gera í velferðarmálum. Það er rangt. Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf viljað verja öryggisnetið, verja þá sem eiga á brattann að sækja og þá sem á er hallað. Það hefur alltaf verið okkar kjörorð að hjálpa þeim sem þurfa á hjálp að halda. Það mál sem hér er til umræðu er afskaplega gott, það er stórt skref í rétta átt. Þetta er mikil réttarbót úr engu. Við skulum átta okkur á því að foreldrar langveikra barna höfðu ekki nokkra einustu hjálp. Núna er þó verið að ganga þessa leið. Það er ekki bara hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem hefur haft áhuga á þessu máli. Við höfum haft það fleiri og höfum verið að berjast fyrir því innan okkar flokka að þetta yrði gert. Ég held að flestallir þingmenn á Alþingi Íslendinga (Forseti hringir.) hafi haft mjög mikinn áhuga á að ná þessu máli fram.

[14:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var áberandi þverstæða í röksemdafærslu hv. þingmanns. Hún sagði í fyrsta lagi: Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf haft mikinn áhuga á velferðarmálum. Hún sagði í öðru lagi: Hér er um að ræða mikla réttarbót úr engu.

Áhugi Sjálfstæðisflokksins á velferðarmálum þessa hóps samfélagsþegnanna hefur verið svo mikill að hann hefur engan rétt haft. Það er ekki fyrr en núna árið 2006, þegar samsvarandi lög hafa verið í gildi í 40 ár á Norðurlöndunum, að hv. þm. Drífa Hjartardóttir kemur og segir að sjálfstæðismenn hafi svo rosalegan áhuga á velferðinni að þeir séu fyrst núna, og ég vona að forseti afsaki orðbragðið, að hundskast til þess að stíga fyrsta skrefið. Ekki er nú áhuginn meiri en svo.

En hins vegar tek ég fram, eins og ég sagði í minni ræðu, hugsanlega að gefnu tilefni, að ég tel að hér sé um réttarbót að ræða. Ég tel það. Ég hefði viljað að það skref sem stigið er hér og kostar 130 millj. kr. hefði verið svona 220 millj. kr. virði þegar upp er staðið. Vegna þess að ég held að það sé upphafið sem nægi til að dekka þann ramma sem markaður er með breytingartillögum stjórnarandstöðunnar.

Svo er það merkilegt, frú forseti, að það er eins og maður styðji á ofurviðkvæman, sárauman blett þegar maður minnist á þá staðreynd að Sjálfstæðisflokkurinn liggur eins og mara á Framsóknarflokknum, eins og þegar háhyrningarnir eru að taka lítinn hnúfubakskálf. Þeir stökkva á hann og láta hann sökkva með þunga sínum niður í sjóinn þangað til allt verður myrkt fyrir augum hans. Það er nákvæmlega þannig sem Framsóknarflokknum líður núna þegar hann horfir framan í kannanirnar. Sjálfstæðisflokkurinn (Forseti hringir.) er búinn að höggva hann í spað eins og gamalt saltkjöt.

[14:45]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þar kom nú líffræðingurinn upp í hv. 1. þm. Reykv. n. Ég minni samt hv. þingmann á að þegar hann var í ríkisstjórn og hans flokkur með félagsmálaráðuneytið þá var akkúrat ekkert gert í þessum málaflokki, akkúrat ekki neitt. Með þessu máli er gerð mikil réttarbót og við komum í höfn mjög mikilvægu máli sem allir ættu að fagna.

Í lok ræðunnar kom náttúrlega fram pirringurinn í hv. þingmanni. Honum er umhugað um að við sjálfstæðismenn förum illa með framsóknarmenn. Ég held að sú umhyggja sé eitthvað málum blandin og hann hafi bara gaman af því að stríða okkur. Það fer svo í taugarnar á hv. þingmanni hve stjórnarsamstarfið er gott og hve einstaklega góð vinna í nefndum er á milli þessara flokka og hvað ríkisstjórnin hefur staðið vel öll þau ár sem við höfum verið í samstarfi. Þar er ekki nokkurn einasta blett á að finna. Það er ekki nema von að hv. þingmaður reyni (Gripið fram í.) að hafa hér stór orð í þingsal. En ég segi bara: Áfram með þessa ríkisstjórn, hún gerir góða hluti og í mikilli sátt og samlyndi.

[14:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég velti því fyrir mér af hverju hv. þingmaður söng ekki í lok lofræðu sinnar um samstarfið: Áfram Kristsmenn, krossmenn. (**DrH:** Kannski gæti komið að því.)

Hins vegar er það ekki rétt hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur að ekkert hafi verið gert í þeirri ríkisstjórn sem ég sat í og naut þeirra forréttinda að starfa með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem þá var félagsmálaráðherra. Þá var einmitt stigið fyrsta skrefið til þess að bæta kjör foreldra langveikra barna með umönnunarbótum. Það var fyrst þá sem það var gert.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafði í framhaldi af því margvíslegar hugmyndir og tillögur til að gera hag þeirra og kjör enn betri. Það hafa menn séð í löngum straumum tillagna og alls konar þingmála, þótt sannarlega sé rétt hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur að þar hafa margir lagt hönd á plóg með henni.

Hins vegar hefur gengið mjög illa að ná einhverjum réttarbótum fram. Hér er fyrsta skrefið. Það er allt of stutt en

samt mikilvægt skref að því leyti að það verður hlutskipti okkar, sem tökum við, að fylla betur út í þennan ramma. Þær hugmyndir höfum við sýnt í dag.

Frú forseti. Það er gaman að heyra hv. þm. Drífu Hjartardóttur tala um hve samstarfið milli Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins sé svo gott. Það er eins og hún standi enn þá á sviðinu í Borgarleikhúsinu og sé að vinna enn einn leiksigurinn. Maður sér ekki einu sinni á henni þegar hún segir þetta að hún sé að segja eitthvað annað en hinn kórrétta sannleika. Hann felst hins vegar í því að ég man ekki eftir því að það hafi verið jafnstirt milli samstarfsflokka mjög lengi. Þar getur maður tekið hvert málið á fætur öðru, t.d. bara álmálið nýlega þar sem hæstv. viðskiptaráðherra var akkúrat höggvinn í spað eins og gamalt saltkjöt.

[14:49]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Umræðan um þetta mál hefur verið góð og fróðleg. Menn hafa þó verið fullgagnrýnir eins og hér hefur komið fram. Ég vil draga fram að nefndin, sem vann það starf sem frumvarpið byggir á, komst að sameiginlegri niðurstöðu. Henni fylgdi bókun frá nokkrum aðilum, þ.e. frá Þórunni Sveinbjörnsdóttur, Rögnu K. Marinósdóttur og Jens Andréssyni. Mig langaði aðeins að minnast á þessa bókun af því að þar kemur fram kannski viðhorf þessara aðila til þessa áfanga sem er verið að stíga hérna.

Hér segir, virðulegi forseti:

„Nú þegar kemur að því að nefndin ljúki störfum vil ég láta eftirfarandi koma fram: Þessi niðurstaða sem nefndin er nú að skila af sér er mikilvægur áfangi á lengri leið til þess að tryggja réttarstöðu foreldra langveikra barna og þar með stöðu barnanna þannig að ásættanlegt sé."

Þarna er þetta kallað mikilvægur áfangi. En það er líka sagt að þetta sé áfangi á lengri leið. Það höfum við líka alltaf sagt, að þetta sé áfangi á lengri leið. Það verður látið reyna á þessi lög og ég er viss um það að auðvitað verður þeim breytt í einhverjum atriðum í framtíðinni hvort sem um er að ræða greiðslurnar eða eitthvað annað, við sjáum það ekki fyrir. En þetta er mikilvægur áfangi og því skal haldið hér sérstaklega til haga.

Í umræðunni komu fram vangaveltur sem mig langar að fjalla um. Það var t.d. rætt um bæturnar, af hverju þær eru 93 þús. kr. en ekki einhver önnur upphæð? Því er til að svara, sérstaklega af því að það var verið að miða við atvinnuleysisbætur, að atvinnuleysisbætur í dag eru ekki 96 þús. kr., eins og gefið var í skyn áðan. Atvinnuleysisbæturnar hækkuðu um áramótin um 2,5% í um 93 þús. kr. En það hefur komið fram opinberlega að til stendur að hækka þær meira, um það er ákveðið samkomulag en það er ekki búið að hækka þær. Ég held að til þess þurfi líka lagabreytingu. Þessi upphæð var hækkuð úr 90 þús. kr., frá upphaflegum hugmyndum upp í 93 þús. kr., m.a. vegna hækkana á atvinnuleysisbótum. Í frumvarpinu stendur því núna talan 93 þús. kr.

Það kemur líka fram í frumvarpinu að upphæðin geti breyst miðað við fjárlög á hverju ári:

„Fjárhæð greiðslna skv. 1. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð."

Það er ákveðið svigrúm í frumvarpinu en varðandi það að ekki skyldi valin leiðin sem farin var í fæðingarorlofinu þá er mjög eðlilegt að spyrja um það. En ég vek athygli á því að væntanlega yrðu það hærri greiðslur. En það er nokkuð sem kemur til skoðunar þegar reynir á þetta kerfi í framtíðinni, hvort það eigi að fara úr því kerfi að hafa fasta greiðslu, eins og kerfið núna, fasta greiðslu upp á 93 þús. kr. en ekki prósentugreiðsla af launum eins og fæðingarorlofslögin gera ráð fyrir. Atvinnuleysisbæturnar hafa verið föst greiðsla en til skoðunar hefur komið að tengja atvinnuleysisbætur við prósentu af launum eins og er í fæðingarorlofsgreiðslunum. Það er önnur aðferð við að fara í þetta mál.

Varðandi réttindin var spurt af hverju aðrir aðilar væru ekki tilgreindir í frumvarpinu, t.d. þeir sem eru á atvinnuleysisbótum og aðrir hópar. Fá þeir greiðslurnar eða ekki? Þetta frumvarp byggist á fólki sem er á vinnumarkaði, sem er í starfi eða námsmenn. Hins vegar kemur fram í frumvarpinu að ráðherra geti skilgreint hvað sé samfellt starf. Aftast í greinargerðinni um 8. gr. segir, með leyfi forseta:

„Enn fremur er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra sé heimilt að skilgreina nánar hvað átt er við með samfelldu starfi."

Rétt er að taka fram að í fæðingarorlofslögunum er sambærileg nálgun. Atvinnulausir eru þar skilgreindir í samfelldu starfi. En það er verið að skoða málin í félagsmálaráðuneytinu varðandi þessar skilgreiningar. Það kemur til skoðunar eins og fæðingarorlofslöggjöfin.

Hér hefur svolítið verið rætt um hve langan tíma hinar tímabundnu greiðslur eigi að ná yfir. Núna er hámarksréttindurinn níu mánuðir, þegar búið er að þrepa inn öll réttindin. Það kemur fram í skýrslu nefndarinnar sem frumvarpið byggist á að könnun sýndi að foreldrar sem lögðu niður störf í kjölfar veikinda barna sinna voru að meðaltali sex mánuði frá vinnu. Það var miðgildið en frumvarpið byggir á hugmyndafræðinni um að þetta séu tímabundnar greiðslur. Þetta eru ekki endalausar greiðslur heldur eru þetta tímabundnar greiðslur. Þær hafa upphaf og endi og þær eiga að koma inn við bráðaaðstæður, þegar barn greinist. Því er eðlilegt að þeim ljúki á einhverjum tímapunkti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeim ljúki eftir níu mánuði. Þess vegna er ekki, eins og ég heyri að stjórnarandstaðan er að ræða um, opið fyrir að hafa greiðslurnar í gangi meðan barn er veikt. Hugmyndafræðin á bak við þetta frumvarp er ekki greiðslur í anda umönnunargreiðslna sem eru í gangi í dag.

Umönnunargreiðslurnar í dag eru þannig að 100% greiðsla er rúmlega 90 þúsund eða 91 þús. kr. Þær greiðslur eru langvarandi greiðslur. Það á reyndar að endurmeta barn á fimm ára fresti en þær greiðslur eru langvarandi greiðslur. Við erum ekki að fara inn í sama kerfi við hliðina á umönnunargreiðslunum, nýtt kerfi sem ætti að gilda í mjög langan

tíma eins og umönnunargreiðslur. Það er ekki hugmyndafræðin með þessu frumvarpi. Hugmyndafræðin er: Þetta eru bráðaaðstæður, ekki viðvarandi aðstæður. Þetta eru bráðaaðstæður. Þess vegna er skorið á réttindin og þeim lýkur níu mánuðum eftir að barn verður langveikt.

Hv. þm. Pétur Blöndal fór yfir ákvæðin sem var spurt um varðandi lífeyrissjóðina. Ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það. Komið hefur verið inn á að starfið í félagsmálanefnd hafi verið sýndarmennska. Mig langar að gera athugasemd við það. Ég er algjörlega ósammála því. Þótt frumvörp taki ekki stórkostlegum breytingum í nefnd er starfið engin sýndarmennska. Það eru reyndar gerðar breytingar á frumvarpinu þótt þær breytingar séu alls ekki stórvægilegar. Ég ætla ekki að gera mikið úr henni. Það kom fram í nefndinni að sú breyting hefði í raun líklega mjög litla praktíska þýðingu af því að viðkomandi aðilar sem lenda í þessum aðstæðum munu hvort eð er velja fyrsta möguleikann, sem er sjúkrasjóðurinn. Ég skil ekki alveg af hverju menn gera svona mikið veður úr þessu, sem er ekki stórvægileg breyting.

Ég tel mjög mikilvægt — og mér er mjög annt um að halda því til haga sem formaður nefndarinnar — að nefndin starfi faglega og fái allar þær upplýsingar sem hægt er að fá og ég hef lagt mig fram um það. Ég verð því að viðurkenna að sú er hér stendur tekur það svolítið nærri sér þegar svona er sagt. Ég fullyrði að við unnum mjög vel að þessu máli eins og öðrum málum í nefndinni og þetta starf er sko alls ekki sýndarmennska. Við fengum alla gesti sem um var beðið, fjölda umsagna o.s.frv. Sumar þessara umsagna hafa áhrif á mann og aðrar ekki og það er bara eins og gengur og gerist.

Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að tala um að þetta sé áfangasigur, þessi niðurstaða hér. En hann spurði: Af hverju á ekki að framlengja þetta yfir þessa níu mánuði? Ég var einmitt að fjalla um það hérna áðan að þetta er tímabundin aðgerð. Þetta er ekki nýtt kerfi sambærilegt og umönnunargreiðslukerfið. Ef svo væri hefðum við bara getað breytt umönnunargreiðslukerfinu. Þetta er annað kerfi, þetta er tímabundið kerfi, tímabundnar greiðslur sem koma fram í bráðavanda.

Það kom líka fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það hefðu ekki komið fram nein rök varðandi breytingu meiri hlutans á að skilyrða greiðslurnar þannig að fyrst ættu foreldrarnir að fara til sjúkrasjóðanna og svo til ríkisins. Þetta er ekki rétt, ég dró einmitt hérna fram í máli mínu að það er í anda frumvarpsins að hafa reglurnar þannig af því að þetta er vinnumarkaðstengt. Það er verið að halda tengslum foreldranna við vinnumarkaðinn. Það er ekki verið að reyna að halda tengslum foreldranna við ríkið eða neitt með þeim hætti. Það er verið að reyna að halda tengslum foreldranna við vinnumarkaðinn og þá er eðlilegt að leita til sjúkrasjóðanna fyrst. Það eru sömu rökin fyrir því að það sé skoðað og það kemur fram í greinargerðinni að það er stefnt að því að Vinnumálastofnun höndli með þessi réttindi. Það kemur reyndar ekki fram í frumvarpinu beint, það er sagt að félagsmálaráðherra velji framkvæmdaraðila en í greinargerðinni stendur að það sé stefnt að því að það sé Vinnumálastofnun. Það er vegna þess að þetta eru vinnumarkaðsaðgerð. (**JóhS:** Hvað með fæðingarorlofið sem er hjá Tryggingastofnun?)

Já, það er mjög góð spurning: Af hverju er fæðingarorlofið hjá Tryggingastofnun, af því að það er eiginlega líka vinnumarkaðshugsun í því? Og samkvæmt því sem ég hef heyrt og það hefur reyndar komið fram í fjölmiðlum líka þá er einmitt verið að skoða hvort færa eigi þessar greiðslur frá Tryggingastofnun yfir til Vinnumálastofnunar, þannig að þetta eru alveg gild rök, af því að annaðhvort er maður að hugsa þetta sem vinnumarkaðsaðgerð eða sem veikindaaðgerð eða sjúkraaðgerð eða eitthvað sem fellur undir Tryggingastofnun. Mér finnst því mjög eðlilegt að Vinnumálastofnun komi til skoðunar í þessu sambandi af því að þetta er vinnumarkaðsaðgerð.

Varðandi tengsl og samráð við stéttarfélögin vil ég segja það að stéttarfélögin komu tvisvar á fund nefndarinnar og skiluðu inn umsögnum. Það var því ekki þannig að ekki væri talað við stéttarfélögin. Það var mikið talað við stéttarfélögin. Í seinni umferðinni þegar stéttarfélögin komu í annað skipti var sérstaklega kallað á þau til að ræða þetta með sjúkrasjóðina. Það var alveg sérstaklega hugsað af hálfu okkar í meiri hlutanum þegar við vildum fá stéttarfélögin á fundinn aftur og allir í nefndinni heyrðu það að við vorum að spyrja stéttarfélögin um þessi atriði: Af hverju ekki sjúkrasjóðirnir fyrst? Við vissum því algjörlega þeirra skoðun á því. Þetta er ekki tillaga sem þeir vildu fá hér fram, það er alveg ljóst. Þeir vildu hafa þetta opið, þeir vildu að foreldrarnir hefðu val um hvort þeir færu fyrst í sjúkrasjóðina eða fyrst til ríkisins. En það var hins vegar líka dregið fram í nefndinni að foreldrarnir mundu fara fyrst til sjúkrasjóðanna, það lægi bara í augum uppi af því að þar væru réttindin betri í langflestum tilvikum með litlum sem engum undantekningum eða mjög litlum undantekningum. Það kom því alveg fram að þetta væri ekki stór breyting og líklega engin breyting nema af praktískum ástæðum, en sjúkrasjóðirnir og stéttarfélögin vilja hafa þetta frelsi varðandi tengslin við löggjafann eða afskipti löggjafans og það er svo sem skiljanlegt að mörgu leyti. En þetta er ekki stór breyting.

Ég vil líka benda á í þessu sambandi, af því að ég tel þetta alls ekki vera svo stórfenglega breytingu að við þurfum að hafa áhyggjur af henni, að í nefndinni þar sem aðilar vinnumarkaðarins sátu, og ég ætla að lesa hverjir sátu í þessari nefnd svo að það sé bara alveg skýrt. Hanna Gunnsteinsdóttir formaður, Björk Vilhelmsdóttir, Brynhildur Jónsdóttir, Hrafnhildur Stefánsdóttir, Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, Jens Andrésson, Ingibjörg Georgsdóttir, Ragna Marinósdóttir og Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Nefndin segir í skýrslu sinni varðandi nákvæmlega þetta atriði:

„Jafnframt telur nefndin mikilvægt að sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaga tryggi félagsmönnum sínum rétt til greiðslna í a.m.k. þrjá mánuði vegna veikinda barna þeirra. Gerir nefndin ráð fyrir að foreldrar nýti rétt sinn hjá sjúkrasjóðnum a.m.k. fyrstu þrjá mánuðina af veikindum barnsins en síðan taki við þær greiðslur sem lagt er til að ríkið greiði til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna."

Þetta er það sem kom út úr nefndarstarfinu þannig að ég tel að það sé ekki um stórvægilega breytingu að ræða.

Ekki var ég nú fluga á vegg á fundi hæstv. félagsmála-

ráðherra og ASÍ en mér er kunnugt um að það var fundur þar sem ýmis mál voru rædd og þar á meðal þetta. En mér er líka fullkomlega kunnugt um afstöðu stéttarfélaganna því að sú afstaða kom skýrt fram í nefndinni og mér er alveg fullkomlega kunnugt um að þessi niðurstaða er ekki sú niðurstaða sem þeir hefðu kosið. Þeir hefðu kosið að hafa frumvarpið óbreytt. En þetta er sú niðurstaða sem meiri hlutinn kemst að og það er m.a. vegna þess að við teljum mikilvægt að viðhalda þessum tengslum við vinnumarkaðinn og við teljum að það sé eðlilegt að það sé alveg skýrt að fyrst komi sjúkrasjóðirnir, síðan komið ríkið en í praxís skipti það líklega nánast engu máli af því að menn hefðu hvort eð er leitað fyrst til sjúkrasjóðanna af því að réttindin eru betri þar.

Virðulegur forseti. Ég vil samt þakka fyrir mjög góða umræðu og fyrir starf nefndarmanna sem var félagsmálanefnd að mínu mati til mikils sóma í þessu máli. Við fórum vel yfir málið og skiljum að mínu mati mjög vel út á hvað það gengur, höfum misjafnar áherslur og það er ekkert skrýtið. Það liggur þannig í mörgum málum, stjórnarandstaðan vill gera betur óháð kostnaði, en það hækkar kostnaðinn að sjálfsögðu. Við viljum gera vel í stjórnarflokkunum og leggjum þess vegna til útgjöld, við erum hér að leggja til útgjöld upp á 150–170 milljónir, ef ég man rétt, til að taka þetta fyrsta skref. Það er alveg öruggt að þessi mál verða í sífelldri endurskoðun í framtíðinni. En mikilvægast er að sá hópur sem mest þarf á þessu að halda fái greiðslurnar og við setjum ekkert kerfi sem vinnur gegn þeim hópi.

Því miður er svolítið mikið til í því sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði hérna áðan og hefur oft sagt að þegar verið er að bæta réttindi er tilhneigingin stundum — ég ætla alls ekki að fullyrða að það sé í þessu tilviki af því að þetta er auðvitað mjög þröngt skilgreindur hópur, langveik börn — en það er oft þannig þegar verið er að auka einhver réttindi að þá er tilhneigingin sú að menn teygi sig verulega varðandi þau réttindi og fleiri fá en kannski var að stefnt í upphafi. Þá getum við lent í því að það er erfiðara að hjálpa þeim sem virkilega þurfa á hjálp að halda af því að það verður svo dýrt þegar svo stór hópur fær greiðslurnar. Þetta er nú bara hinn kaldi raunveruleiki sem við búum við og þess vegna er mikilvægt að það sé eins skýrt og hægt er í hverju tilviki fyrir sig hvaða hópur á að njóta réttindanna og það sé skilgreint lagalega eins vel og hægt er, svo það verði sem minnst um grá svæði og sem fæst túlkunaratriði þegar sá hópur er valinn af þeim sem greiðslurnar inna af hendi.

[15:10]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil spyrja hv. síðasta ræðumann að því, af því að hún nefndi að það væri verið að breyta atvinnuleysisbótunum, m.a. að tekjutengja þær og hækka: Er það skoðun hv. þingmanns að þær greiðslur sem kveðið er á um í þessu frumvarpi eigi þá að fylgja atvinnuleysisbótunum þannig að þegar þær breytast þá mun hv. þingmaður væntanlega styðja það að þessar greiðslur taki þeim breytingum og verði tekjutengdar eins og við erum að leggja hér til?

Það er ekki rétt sem hv. þingmaður sagði hér áðan að ASÍ hefði lagt til að frumvarpið yrði óbreytt. Það lagði einmitt til að það tæki gildi í einu lagi en ekki í áföngum á þremur árum eins og margir aðrir umsagnaraðilar gerðu, m.a. Umhyggja, landlæknir, umboðsmaður barna o.fl., vegna þess að það er verið að mismuna fólki sem býr við sömu aðstæður allt eftir því hvenær barnið greinist með fötlun. Það jaðrar við að þetta sé brot á jafnræðisreglunni og ég spyr hv. þingmann um það hver skoðun hennar sé á því að verið sé að mismuna fólki sem býr við sömu aðstæður.

Varðandi tekjutenginguna sem við höfum verið að tala fyrir þá er þetta þannig á hinum Norðurlöndunum að það er greitt t.d. 90% af launum í Danmörku og það er greitt 100% af launum í Noreg í 260 daga og sömuleiðis er þetta líka tekjutengt í Finnlandi. Það er ríkissjóður þar sem greiðir þessar greiðslur þannig að fyrir þessu eru fordæmi.

Ég spyr líka hv. þingmann um Tryggingastofnun ríkisins. Telur hún eðlilegt að það sé verið að fara með viðkvæmar upplýsingar á milli stofnana, t.d. núna að koma þeim fyrir í Vinnumálastofnun þegar Tryggingastofnun er þegar með þessar upplýsingar fyrir hendi? Telur hv. þingmaður þetta forsvaranlegt að þeir aðilar sem eiga langveik börn þurfi að fara með þau til 14 aðila meðan þeir sem eignast heilbrigð börn þurfi að fara til tveggja aðila? Af hverju ekki að hafa framkvæmdina (Gripið fram í.) á þeim stað þar sem öll sérhæfing er til í þessu máli?

[15:12]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi það að við séum að þrepa inn réttindin þá var farið sérstaklega yfir það í nefndinni með fulltrúum félagsmálaráðuneytisins og það var ekki talið að það væri neitt því til fyrirstöðu enda byggir frumvarpið á því að menn þrepi inn þessi réttindi.

Varðandi atvinnuleysisbæturnar kemur fram í frumvarpinu að þessi fjárhæð, 93 þús. kr., komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa og verðlags- og efnahagsmála, en svo hefur ráðherrann ákveðið svigrúm til þess að breyta fjárhæðinni eða hækka hana ef það verður veruleg breyting á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá því að fjárlögin voru afgreidd. Mér finnst mjög eðlilegt að hafa þetta svona þannig að svar mitt er það að ég styð þá hugmyndafræði sem kemur fram í frumvarpinu varðandi þessar greiðslur. Auðvitað skoðum við það í afgreiðslu fjárlaga ár hvert hvort við hækkum þessar bætur eða ekki.

Mér finnst alls ekki óforsvaranlegt að Vinnumálastofnun fari með þessar upplýsingar. Vinnumálastofnun er mjög öflug stofnun og auðvitað þurfa þeir að gæta persónuverndar og slíkra atriða eins og aðrar stofnanir sem sýsla með viðkvæmar upplýsingar og ég ber fullt traust til þess að Vinnumálastofnun geti það eins og Tryggingastofnun gerir í dag. Ég hef enga ástæðu til þess að halda annað.

Varðandi ASÍ er það alveg hárrétt sem kom hérna fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að ASÍ vildi ekki óbreytt frumvarp, það sem ég var að vísa í að ASÍ vildi óbreytt var þessi breytingartillaga sem við vorum að gera, ég veit að ASÍ og stéttarfélögin vilja ekki breytingu á því ákvæði. Stéttarfélögin vilja hafa þetta eins og upphaflega

frumvarpið gerir ráð fyrir, sem var í nefndinni til umfjöllunar, að foreldrarnir geti valið sér hvort þeir fari í sjúkrasjóðinn fyrst eða til ríkisins, en við erum að skylda að það sé farið fyrst í sjúkrasjóðinn, það var það sem ég átti við.

[15:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði hér að þegar við hefðum rætt þessa þrepaskiptingu eða áfangaskiptingu í nefndinni hefði komið fram að það væri ekkert því til fyrirstöðu að hafa þetta svona. Það er margt því til fyrirstöðu. Ég kalla það fyrirstöðu þegar verið er að tala um að það sé verið að mismuna fólki, foreldrum langveikra barna sem búa við sömu aðstæður eftir því hvort barn fæðist fyrir eða eftir t.d. næstu áramót, þá getur það munað einum þremur mánuðum í greiðslum. Þarna er auðvitað verið að mismuna og það jaðrar við, eins og ég segi og því var meira að segja haldið fram, að þetta væri brot á jafnræðisreglunni. Auðvitað er því andmælt þegar málin eru með þeim hætti.

Ég vil lýsa vonbrigðum mínum með þá afstöðu formanns félagsmálanefndar að hún telur nægjanlegt að hafa þessa greiðslu og hækka hana í samræmi við vísitölu við fjárlagaafgreiðslu. Hún vill sem sagt ekki hafa það fyrirkomulag sem er t.d. á hinum Norðurlöndunum að það sé tekið mið af launum og miklu hærri greiðslur, eða að tekið sé mið af því sem er núna í fæðingarorlofslögunum, sem er alveg sambærilegt af því að þetta eru greiðslur sem koma til út af vinnutapi. Eða þá, ef ég skildi þingmanninn rétt, að hún vilji ekki hafa þetta í samræmi við það sem nú er verið að vinna að varðandi atvinnulausa, að þetta verði tekjutengt. Hún vill bara hafa þetta fyrirkomulag áfram, smánarlega lágar greiðslur, 93 þúsund. Hún vill því hafa þetta smáa skref bara áfram, hún vill ekki horfa áfram og gera þessar greiðslur betri og skynsamlegri en hér er lagt til.

Ég lýsi líka vonbrigðum mínum með Tryggingastofnun og afstöðu hv. þingmanns til þess. Það er verið að flækja að óþörfu upplýsingum á milli stofnana, viðkvæmum upplýsingum, ef það á að hafa það með þessum hætti eins og hv. þingmaður lýsir.

Varðandi atvinnulausa og þá sem fá endurhæfingarlífeyri að þeir eigi líka að fá þessar greiðslur, af hverju má ekki skrifa það í frumvarpið, af hverju þarf þetta að vera í reglugerð? Ég minni á hvað hv. þm. Pétur Blöndal sagði varðandi sjúkrasjóðina, (Forseti hringir.) ef sjúkrasjóðirnir eiga að koma fyrst, þá á að skrifa það í lögin. Og af hverju ekki þá með þetta?

[15:16]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort ég á að endurtaka allt sem ég sagði í fyrra andsvari, sé kannski ekki alveg ástæðu til þess, en það voru nánast sömu spurningarnar sem komu fram í seinni umferðinni.

Þegar við í félagsmálanefnd fórum yfir þá þrepaskiptingu sem hefur verið mikið rædd hérna kom fram hjá fulltrúa félagsmálaráðuneytisins, ég man ekki orðalagið nákvæmlega, en það var einhvern veginn á þá leið að það væri ekkert athugavert við að þrepa inn réttindin, eins og við erum að gera. (Gripið fram í.) Réttindin komi ekki öll í einu skrefi heldur aukist þau með ákveðnum takti, í ákveðnum þrepum. Það var það sem ég var að vísa í.

Hvort greiðslurnar eigi að vera föst upphæð eða tekjutengdar við tekjur foreldranna, þá sagði ég hérna áðan að það skref sem við værum að taka núna eru fastar greiðslur, föst tala. En auðvitað kemur það til skoðunar eins og allt annað í frumvarpinu hvort fara eigi út í annað kerfi sem eru þá tekjutengdar greiðslur við fyrri tekjur foreldra eins og verið er að skoða núna varðandi atvinnuleysisbæturnar. En það sem menn verða að gera sér grein fyrir er: Hvað kostar þetta og hvað á að fara hratt í þetta? Auðvitað er það málið. (Gripið fram í.)

Vissulega væri hægt að láta afturvirknina vera fullkomna, taka allt inn í einu skrefi, borga bara 100% laun til þeirra sem eru að falla af vinnumarkaðnum óháð tekjum. Þeir sem eru með 10 milljónir á mánuði, fengju súpergreiðslur, fengju þær bara si sona. Spurningin er hvar maður ætlar að lenda þessu máli.

Ég tel, eins og hagsmunaaðilarnir segja, þetta vera mikilvægt skref, þetta er ekki lokaskref en þetta er mjög mikilvægt skref.

[15:19]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var alls ekki ætlunin að særa hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, formann félagsmálanefndar, og varla heldur ástæða til. En þegar ég talaði um að mér fyndist nefndarstarfið nánast vera sýndarmennska þrátt fyrir fjölda funda og fjölda gesta og vinnusemi formanns nefndarinnar og annarra nefndarmanna, þá er það kannski ekki það sem ég er að miða við heldur hitt hvort nefndarmenn hlusti á ábendingar og rök sem koma frá hagsmunaaðilum og noti þau til þess að bæta frumvarpið sem kemur frá ráðherranum. Þegar frumvarp kemur svona til nefndar eftir margar góðar og vel rökstuddar ábendingar sem menn hafa ekki hlustað á og hafa í sjálfu sér engin rök fyrir af hverju þær breytingar eru ekki teknar upp eða þær breytingartillögur studdar sem Samfylkingin leggur fram, þá virkar það þannig á mig, og má vera að það sé nýliðabrestur, að hér sé um algert ráðherraræði að ræða, þ.e. ráðherrann sendir frumvarp til nefndar og meiri hlutinn má ekki hreyfa neitt við því.

En ég ítreka það enn og aftur, það var alls ekki ætlunin að særa hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, enda tel ég að hún sé jafnfögur bæði að utan sem innan.

[15:20]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er nú bara það fallegasta sem ég hef heyrt í lengri tíma, svei mér þá. (Gripið fram í.) Það er gott að heyra að ekki var verið að hnýta í störf nefndarinnar af því að ég tel að störfin hafi verið mjög góð og þar hefur hv. þm. Valdimar L. Friðriksson staðið sig með mikilli prýði og lagt sig fram um að leggja gott eitt til í þeirri nefnd. Störf nefndarinnar hafa því gengið vel.

Í nefndinni komu fram ýmis rök sem við höfum farið yfir hér í allan dag. Ábendingar hafa komið fram og hags-

munaaðilar komu með ýmsar hugmyndir um hvað mætti betur fara, hærri greiðslur, lengri tíma o.s.frv. og við erum búin að rökræða það í allan morgun. En niðurstaða meiri hlutans er sú að við gerum þessa einu breytingu sem búið er að lýsa hér í löngu máli og reyndar aðra breytingu sem er tæknilegs eðlis. Við teljum að þetta sé geysilega mikið framfaramál, skipti foreldra langveikra barna mjög miklu máli, en þetta er skref á lengri leið og það eru allir sammála um það.

Ég vil ekki fallast á að í málinu hafi verið neitt ráðherraræði, af því að nokkrum sinnum var komið inn á það hér, alls ekki. En þegar verið er að fjalla um mál þarf auðvitað að ná samstöðu um þau meðal þingmanna og flokka. Í þessu máli get ég fullyrt að það var ekkert ráðherraræði sem stýrði því. Ekki var ráðherrann að leggja til þessa breytingu sem meiri hlutinn leggur til núna. Það er ekki frá hæstv. ráðherra sprottið, alls ekki. Ég tel því að þessi ráðherraumræða sé algjörlega óþörf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tannlækningar, 1. umr.

Frv. JGunn o.fl., 252. mál (gjaldskrár). — Þskj. 252. [15:23]

Flm. (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum. Flutningsmenn eru nokkuð margir, ásamt mér eru flutningsmennirnir hv. þingmenn Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Þuríður Backman, Lúðvík Bergvinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Valdimar L. Friðriksson.

Frumvarpið gengur út á það að gera eina breytingu á lögum um tannlækningar sem er þannig að við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem hljóði þannig, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er tannlæknum skylt að auglýsa gjaldskrá sína árlega, sem og breytingar á henni, jafnóðum og þær eru gerðar. Skulu tannlæknar einnig senda Tryggingastofnun ríkisins gjaldskrána ásamt breytingum. Þá er tannlæknum skylt að hafa gjaldskrána sýnilega sjúklingum á biðstofu. Um aðgengi að upplýsingum um gjaldskrár, birtingu gjaldskrár og takmörkun auglýsingaskyldu við algengustu liði gjaldskrár fer nánar samkvæmt reglugerð ráðherra."

2. gr. gerir ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

Í greinargerð sem fylgir með frumvarpinu er farið yfir ástæður þess að frumvarp þetta er lagt fram og ætla ég að drepa á nokkur atriði í greinargerðinni. Frumvarpið lagði ég fram á síðasta þingi en það náðist ekki að ræða það þá og því er það lagt fram á ný. Markmiðið með frumvarpinu er að gera neytendum kleift að afla sér upplýsinga um gjaldskrár tannlækna. Í frumvarpinu er því gerð tillaga um að tannlæknum verði skylt að auglýsa gjaldskrá sína árlega og jafnframt þegar gerðar eru á henni breytingar. Einnig er gerð tillaga um að gjaldskrá tannlækna skuli vera sýnileg á biðstofum þeirra til kynningar fyrir þá sjúklinga sem þar koma.

Flutningsmenn frumvarpsins telja mikilvægt að þeir sem hyggjast leita sér tannlæknaþjónustu geti haft greiðari aðgang að gjaldskrám einstakra tannlækna en nú er. Í gildandi lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, eru starfandi tannlæknum bannaðar hvers konar auglýsingar á starfsemi sinni, þ.m.t. auglýsingar um gjaldskrá.

11. gr., sem verið er að tala um að gera breytingar á, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausum auglýsingum."

Með öðrum orðum, tannlæknar mega ekki auglýsa starfsemi sína og ekki heldur gjaldskrá. Í frumvarpinu er lagt til að tannlæknum verði ekki lengur bannað að auglýsa gjaldskrá sína heldur gert skylt að auglýsa hana árlega og að nýju ef henni er breytt.

Þá er lagt til að ráðherra verði heimilað að takmarka auglýsingaskylduna við algengustu liði gjaldskrár í stað þess að auglýsa alla liði hennar þar sem kostnaður við slíkar auglýsingar gæti reynst óhóflegur og íþyngjandi. Hægt væri að fela Tryggingastofnun ríkisins að skilgreina hvaða liðir gjaldskrár væru auglýstir hverju sinni eða styðjast við 4. gr. reglna Samkeppnisstofnunar um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna, nr. 446/2004, um útdrátt úr gjaldskrá. Einnig er lagt til að ráðherra ákveði hvar birta beri auglýsingu um gjaldskrá og hvar best sé að safna upplýsingunum saman þannig að aðgengi almennings að þeim sé tryggt. Þar mætti hugsa sér að Tannlæknafélag Íslands, Neytendasamtökin, Samkeppnisstofnun eða Tryggingastofnun gætu haldið utan um þessar upplýsingar og haft þær aðgengilegar á netinu fyrir notendur.

Flutningsmenn telja mikilvægt að Tryggingastofnun geti birt upplýsingar tannlækna um gjaldskrá á upplýsingavef sínum fyrir þá sem rétt eiga á endurgreiðslum samkvæmt gildandi lögum og reglum. Þá telja þeir einnig mikilvægt að þar sem gjaldskrá tannlækna á Íslandi er algjörlega frjáls sé nauðsynlegt að einstaklingum, sem lög og reglur um endurgreiðslu á kostnaði vegna tannlækninga gilda ekki um, verði gert kleift á skjótan og auðveldan hátt að bera saman gjaldskrá einstakra tannlækna áður en ákvörðun er tekin um að sækjast eftir þjónustu tannlæknis. Verulegur munur er á gjaldskrám einstakra tannlækna og því verulegur munur á því gjaldi sem sjúklingar greiða fyrir sambærileg læknisverk. Því er nauðsynlegt að tryggja aðgang neytenda að upplýsingum um þjónustuna til þess að veita aðhald og auka samkeppni.

Samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, greiðir Tryggingastofnun ríkisins hlut sjúkratrygginga í tannlæknaþjónustu sem nánar er útfært í reglugerð um þátttöku Tryggingastofnunar í kostnaði vegna tannlækninga. Þá greiðir stofnunin sjúkratryggðum einstaklingum til baka kostnað vegna tannlækninga sem nemur ákveðnu hlutfalli af útgefinni gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, nr. 898/2002, með síðari breytingum.

Endurgreiðslan byggist á 1. gr. reglugerðarinnar. Þar segir að Tryggingastofnun skuli greiða sjúkratryggðum vegna tannlæknaþjónustu eftir gjaldskrá sem ráðherra setur.

Hlutfallsleg endurgreiðsla af umræddri gjaldskrá er skv. 2. gr. reglugerðarinnar. Þar er hópnum sem á rétt á endurgreiðslum skipt í þrjá hluta.

Þeir sem eiga rétt á 100% endurgreiðslu eru elli- og örorkulífgeyrisþegar sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum.

75% endurgreiðsla er vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar.

75% einnig vegna barna og unglinga, yngri en 18 ára. Þó skal ein skoðun á ári greidd að fullu samkvæmt gjaldskrá ráðherra.

50% endurgreiðsla vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta ekki tekjutryggingar.

Ég spurði hæstv. heilbrigðisráðherra á síðasta þingi um gjaldskrá tannlækna og það er kveikjan að því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Í ljós kom að gjaldskrá tannlækna var afar mismunandi, er frjáls eins og áður segir og er í raun langt frá þeirri gjaldskrá sem ráðherra hefur ákveðið og sett. Þegar upp er staðið fá þeir sem eiga rétt á endurgreiðslu og lesa reglugerðina og telja sig eiga rétt á ákveðnu hlutfalli af heildartannlæknakostnaði ekki þá endurgreiðslu, heldur mun lægri greiðslu vegna þess að gjaldskrá tannlæknanna er svo miklu hærri en sú gjaldskrá sem gildir hjá ráðherra.

Ef tannlæknir er með gjaldskrá sem er 35% hærri en viðmiðunargjaldskráin þýðir það að 100% endurgreiðsla samkvæmt gjaldskrá ráðherra er ekki nema 74% af reikningi þess tannlæknis. En 64 tannlæknar voru með gjaldskrá sem er 30–40% yfir ráðherragjaldskrá í því svari sem hæstv. ráðherra gaf á síðasta þingi. Síðan munar allt upp í 106% á viðmiðunargjaldskrá ráðherra og gjaldskrá sem tannlæknar eða sérfræðingar hafa sett. Það getur því munað mjög miklu fyrir þá sem eru sjúkratryggðir til hvaða tannlæknis þeir leita en þeir eiga afskaplega litla möguleika á að leita sér upplýsinga fyrir fram um verðið á þjónustunni vegna þess að þær upplýsingar liggja ekki á lausu.

Þegar reiknuð eru út dæmi í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu er ekki í sjálfu sér verið að taka afstöðu til þess hvort gjaldskrá hæstv. heilbrigðisráðherra sé hin rétta gjaldskrá. Sá sem hér stendur er ekki í neinum efnum til að taka slíka afstöðu. En það sem verið er að gera er að benda á að mismunurinn á milli gjaldskrár ráðherra, sem er grundvöllur endurgreiðslu, og þeirrar gjaldskrár sem tannlæknarnir nota er mikill og kannski meiri en hægt er að sætta sig við.

Samkeppnisstofnun hefur gefið út reglur um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna. Þar segir að markmið reglnanna sé að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð. Gjaldskráin á að sýna verð á ákveðnum aðgerðaliðum og hún skal liggja frammi á tannlæknastofu. Tannlækni sem reglur þessar taka til er skylt að hafa útdrátt úr gjaldskránni á áberandi stað á biðstofu sinni.

Það er ljóst af reglum Samkeppnisstofnunar að verið er að reyna að auka upplýsingaflæði frá tannlæknum um gjaldskrá til sjúklinga, þó að bannað sé að auglýsa, með því að hafa þetta inni á stofunum. En þegar það var skoðað hve margir tannlæknar fóru að þessum reglum Samkeppnisstofnunar kom í ljós að þeir voru færri sem það gerðu en sem gerðu það ekki.

Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa í auknum mæli sett reglur um skyldur tannlækna til að upplýsa sjúklinga sína um verð þjónustunnar. Tannlæknum þar er almennt gert skylt að gera skriflegar kostnaðaráætlanir og leggja fyrir sjúklinga áður að aðgerð hefst og er jafnvel í bígerð sums staðar að þeir verði að kynna væntanlegan kostnað þegar sjúklingar eru kallaðir inn í reglubundið eftirlit með tannheilsu. Samkeppnisstofnun hefur tekið á skyldu til að framvísa kostnaðaráætlun í reglum sínum en miðar þá við 100.000 íslenskar krónur sem er talsvert hærra en gerist og gengur í þeim nágrannalöndum okkar þar sem þetta er tíðkað.

Við skulum skoða aðeins hvaða reglur gilda í löndunum í kringum okkur en eins og ég sagði áðan er íslenskum tannlæknum skylt að hafa gjaldskrá á áberandi stað á biðstofu og gefa sjúklingi skriflega kostnaðaráætlun ef kostnaður mun fara yfir 100 þús. kr. Í Danmörku er tannlæknum skylt að hafa gjaldskrá á biðstofu og gefa skriflega kostnaðaráætlun ef kostnaður fer yfir 2.500 danskar kr.. Til einföldunar getum við sagt að danska krónan sé 10 kr. og þá eru þetta 25 þús. kr. íslenskrar. Danska samkeppnisstofnunin telur að skortur sé á verðsamkeppni milli tannlækna. Ríkisstjórnin þar ætlar að gera breytingar á ýmsum lögum og reglum til að gera samkeppnisumhverfi í Danmörku með því besta sem gerist innan OECD fyrir árið 2010. Meðal annars er ætlunin í Danmörku að auka gegnsæi á tannlæknamarkaðnum.

Í Noregi er norskum tannlæknum skylt að hafa gjaldskrá á biðstofu og gefa skriflega kostnaðaráætlun ef kostnaður mun fara yfir 2000 norskar kr. eða í kringum 20 þús. kr. íslenskar. Samkeppnisstofnun Noregs álítur að skortur á verðupplýsingum sé ein meginskýringin á því hvers vegna verð tannlækna hefur hækkað eins mikið og raun ber vitni frá því að gjaldskrá tannlækna í Svíþjóð var gefin frjáls á árinu 1995.

Sænska samkeppnisstofnunin telur að skortur sé á verðsamkeppni meðal tannlækna. Stofnunin leggur til að upplýsingar til neytenda um verð verði bættar og tekur undir tillögur sænsku neytendasamtakanna að skylda verði tannlækna til að gefa skriflega kostnaðaráætlun og birta verðskrá sína á biðstofu. Einnig er lagt til að tannlæknar verði skyldaðir til að senda sænsku tryggingastofnuninni verðlista og að stofnunin ákveði hvenær og hvernig slíkir listar verði settir fram og sendir. Stofnunin birti listana á heimasíðu sinni, eins og hér er verið að tala um að gert verði. Sektir verði við brotum á því ef ekki eru afhentir réttir listar. Neytendasamtökin í Svíþjóð leggja enn fremur til að tannlæknum verði skylt að geta um væntanlegan kostnað þegar þeir kalla sjúklinga inn í reglubundið eftirlit og hvaða meðferð sé fyrirhuguð.

Í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu er tafla þar sem borið er saman frjálst verð tannlækna á Íslandi við verð í Danmörku, Bretlandi, Þýskalandi, Noregi og Svíþjóð og einnig við þá gjaldskrá sem ráðherra hefur gefið út Þessar tölur voru fundnar út og settar fram í framhaldi af því að ákveðið var að leggja þetta frumvarp fram á síðasta þingi.

Þær hafa ekki verið uppfærðar síðan og verða að skoðast í því samhengi en sýna þó að á þeim tíma sem frumvarpið er lagt fram er talsvert mikill munur á milli verðs og gjaldskrár tannlækna á Norðurlöndum og full ástæða að velta fyrir sér hvernig á því stendur.

Herra forseti Megintilgangur þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er sá að auðvelda neytendum tannlæknaþjónustu að bera saman gjaldskrá tannlækna sem eru afar mismunandi og í mörgum tilfellum hærri en opinber gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem er grundvöllur endurgreiðslna ríkisins á tannlæknakostnaði til sjúkratryggðra. Þar sem gjaldskrár einstakra tannlækna eru algjörlega frjálsar er það sjálfsagður réttur neytenda að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um þær og ekki verður séð að unnt sé að ná því takmarki nema með opinberri birtingu gjaldskránna og aðgengi að þeim á einum stað.

Herra forseti. Þegar frumvarpið kom fram á síðasta þingi varð sá er hér stendur var við ansi harkaleg viðbrögð, nánast ofsafengin viðbrögð ýmissa tannlækna, og stjórn tannlæknafélagsins óskaði eftir fundi til að fara yfir efni frumvarpsins. Eftir að hafa orðið fyrir þessari reynslu fór ég að skoða hvernig þetta hefði gengið fyrir sig á öðrum Norðurlöndum þar sem búið er að taka skref í sömu átt og hér er lagt til. Það var í rauninni ekkert öðruvísi. Viðbrögð starfandi tannlækna þar voru í flestum tilfellum afskaplega harkaleg við því að setja reglur um að birta hina frjálsu gjaldskrá tannlækna þannig að neytendur eigi greiðan aðgang að henni og geti skoðað hana áður en þeir ákveða til hvaða tannlæknis þeir vilja fara og hvert verðið er fyrir þá þjónustu sem þeir hyggjast sækja.

Sá sem hér stendur gerir sér fulla grein fyrir því að auðvitað er það ekki bara verðið sem skiptir máli. Það eru margir aðrir hlutir sem skipta máli þegar fólk velur til hvaða tannlæknis það vill fara. Það er reynslan, það er orðsporið, það eigin þekking á því sem viðkomandi tannlæknir er að gera. Ég held að flestir geti tekið undir það sem hafa valið sér tannlækni að það þarf ansi mikið að gerast til að menn skipti um tannlækni og menn eru ekki á hlaupum milli tannlækna þó að verðin séu eitthvað mismunandi. En það hlýtur samt sem áður að vera réttur okkar allra sem neytenda að geta borið saman og kannað hvert verðið er á hverjum stað og það er þá partur af þeirri ákvörðun sem tekin er þegar ákveðið er til hvaða tannlæknis skal leita.

Herra forseti. Eins og ég las í upphafi máls míns eru flutningsmenn fjölmargir. Þeir koma úr fjórum flokkum af fimm á Alþingi. Einhverra hluta vegna gekk mér ekki að fá flutningsmenn úr einum flokki. Ég hafði vonast til þess þar sem málið er brýnt og mikið hagsmunamál fyrir flesta sem nota þessa þjónustu, að við næðum þverpólitískri samstöðu um málið á þingi, en það tókst ekki þegar leitað var eftir meðflutningsmönnum.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til heilbrigðis- og trygginganefndar.

[15:39]

Útbýting:

Samkeppnisstaða fiskverkenda, 587. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 862.

[15:39]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Góður þingheimur. Ég fagna þessu frumvarpi til laga. Ég tel þetta mikið hagsmunamál fyrir eldri borgara og barnafjölskyldur sérstaklega. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að vita hvað við þurfum að greiða fyrir tannlæknaþjónustu. En mig langar reyndar að minnast á eitt atriði. Ég varð þess áskynja fyrir nokkru, en ég hef nú farið í reglulegt eftirlit á hverju ári, að Tryggingastofnun ríkisins greiðir fyrir eftirlit hjá tannlæknum einu sinni ári. Mér kom það svolítið á óvart.

En hún er mjög athyglisverð þessi samanburðargjaldskrá við Norðurlöndin, frá 267 þúsund niður 132 þúsund, þ.e. að sambærileg þjónusta kosti 267.384 kr. á Íslandi en 132.040 kr. í Svíþjóð. Þetta segir kannski ákveðna sögu. Ég veit ekki hversu ítarleg þessi rannsókn er eða nákvæm en þetta segir ábyggilega eitthvað um hlutina.

[15:41]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um tannlækningar. Ég fagna þessu frumvarpi og finnst þetta vera augljóst hagsmunamál fyrir alla neytendur. Það má í raun og veru líkja þessu við það sem Neytendasamtökin hafa verið að berjast fyrir í mörg ár, að verslunarmenn verðmerki vörur sínar í búðargluggum. Það er reglulega gerð úttekt á því og farið yfir hversu margir á Laugaveginum geri þetta, í Kringlunni o.s.frv. Það er auðvitað eðlilegt og ætti að vera hluti af upplýsingaskyldu tannlækna að kynna gjaldskrá sína. Eins og þetta er í dag er hún alls ekki mjög aðgengileg neytendum. Þegar maður veltir því fyrir sér hvaða tannlækni maður ætti að velja þá, eins og kom ágætlega fram hjá hv. 1. flutningsmanni, Jóni Gunnarssyni, veltir maður fyrir sér gæðum og ábendingum en auðvitað hlýtur verðskráin að skipta verulegu máli líka. Það er reyndar dálítið merkilegt sem kemur fram í greinargerðinni hvað munurinn á endurgreiðslu Tryggingastofnunar og gjaldskrá ráðherra, eins og hún er, er orðinn gífurlega mikill. Ég þekki það af eigin reynslu, eigandi börn sem þurfa annað slagið að fara til tannlæknis, að maður á í raun og veru að fá 75% endurgreitt. En vegna þess að gjaldskrá tannlækna er þó nokkuð hærri, 30–40% hærri en viðmiðunargjaldskrá ráðherra, fær maður yfirleitt ekki nema 50% endurgreitt. Þá er hægt að velta því fyrir sér hvort þetta sé ekki hreinlega lögbrot og því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann sé að gera rétt með því að uppfæra ekki þessa verðskrá því að hún er í raun og veru í fullkomnu ósamræmi við það sem gengur og gerist á markaðnum. Við erum með frjálsa verðlagningu en það segir að endurgreiðsla eigi að vera 75% hjá börnum og síðan kemur í ljós að hún er kannski ekki nema 50%.

Ég segi eins og hv. 1. flutningsmaður, Jón Gunnarsson, að ég hefði haldið að þetta væri mál sem allir þingmenn óháð flokkslínum gætu sameinast um og þess vegna vekur það furðu mína að enginn þingmaður Sjálfstæðisflokksins er meðal flutningsmanna frumvarpsins. Ég held að auðvitað hafi einhverjir sjálfstæðismenn viljað vera þar en að ef til vill hafi komið einhverjar skipanir að ofan um að gera það ekki.

Ég vona samt sem áður að frumvarpið fái skjóta afgreiðslu í nefndinni af því að flutningsmenn þess eru þingmenn fjögurra flokka af fimm sem sitja á þingi. Það væri mikið hagsmunamál ef það næði fram að ganga á vorþinginu vegna þess að þetta er mál sem snertir alla neytendur, allir þurfa einhvern tímann að fara til tannlæknis. Ég held því að þetta mál ætti að renna í gegnum þingið. Ég hef reyndar ekki séð athugasemdir tannlæknanna en mér kemur það mjög á óvart að þeir skuli vera svona óánægðir með þetta frumvarp. Ég veit ekki hvort þeir eru að horfa í kostnaðinn af því að þurfa að auglýsa gjaldskrána en ég hélt að flestir atvinnurekendur væru komnir með heimasíður og það væri nú hentugt að hafa gjaldskrár tannlækna t.d. á heimasíðu þeirra. Það ætti að vera aðgengilegt fyrir flestalla neytendur. Hugsið ykkur, það væri dálítið einfaldara að geta setið heima í stofu og flett upp heimasíðum tannlækna og borið saman tannlæknakostnað í staðinn fyrir að þurfa að heimsækja allar tannlæknastofur eins og þetta er núna, herra forseti.

[15:46]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Þar sem einn af flutningsmönnum þessa frumvarps, hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, er upptekinn á fundi mun hann ekki tjá sig um það. Ég kem upp til þess að ítreka að Frjálslyndi flokkurinn stendur heils hugar að frumvarpinu og ég fagna því að það er komið fram. Ég þekki þessi mál frekar lítið en það hefur verið mjög fróðlegt að hlusta á greinargerð sem hv. flutningsmaður, Jón Gunnarsson, hefur haft hér frammi. Það kemur okkur sem leikmönnum á óvart að eitt skuli vera gjaldskrá sem tannlæknar nota sér til tekna og annað skuli vera gjaldskrá sem er til endurgreiðslu, og að mismunurinn á þessu tvennu geti verið um þriðjungur. Það er æði mikið, ekki síst fyrir barnafjölskyldur, ellilífeyrisþega og aðra sem lítið hafa handa á milli. Eins er tafla með norrænum samanburði afskaplega fróðleg.

Ég fagna því að þetta frumvarp er komið fram. Ég trúi ekki öðru en að um það náist samstaða. Það eru, held ég, flestir sammála um að lög, reglur og fyrirmæli af þessu tagi eigi að vera sjálfum sér samkvæm og gagnsæ.

[15:47]

Flm. (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunum um þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum um tannlækningar. Ég spurði ráðherra út í það á síðasta þingi hvað tannlæknar rukkuðu fyrir þjónustu sína og hvernig það passaði við þá gjaldskrá sem ráðherra og ráðuneyti notuðu og Tryggingastofnun borgaði eftir. Ég varð fyrir afskaplega miklum vonbrigðum með að sjá hve lítið samræmi var á milli þeirrar gjaldskrár sem ráðuneytið notaði og þeirrar frjálsu gjaldskrár sem tannlæknar höfðu sett sér.

Tannlæknar mega ekki hafa samráð og hver og einn tannlæknir setur gjaldskrá fyrir þjónustu sína. Það er kannski eitt af því góða sem kom út úr svarinu að það er alveg ljóst að talsvert mikil breidd er í verðlagningu þeirra. Það er því augljóst að tannlæknar hafa ekki sammælst um einhverja ákveðna frjálsa gjaldskrá sem er einhverjum ákveðnum prósentum hærri en gjaldskrá ráðherrans. Í flestum tilvikum var það þó þannig að gjaldskrá tannlækna, hin frjálsa gjaldskrá, var töluvert hærri en gjaldskrá ráðherra en dæmi voru um að tannlæknar væru á eða undir gjaldskránni sem ráðherra miðaði við. Það kom fram í svari ráðherra á síðasta þingi að einhverjir tannlæknar voru lægri en viðmiðunargjaldskráin en aðrir, og þá sérstaklega sérfræðingar, voru u.þ.b. helmingi dýrari en sú gjaldskrá. Þá er nú aldeilis farið að muna fyrir þá sem eiga von á endurgreiðslu. Menn gera sér kannski ekki grein fyrir því fyrr en aðgerðinni er lokið og reikningurinn liggur fyrir að miðað er við gjaldskrá sem er helmingi lægri. Þá fyrst gerir sjúklingurinn sér kannski grein fyrir því að hann þarf að borga u.þ.b. helminginn af reikningnum vegna þess mikla munar sem er á gjaldskránni sem ráðherra notar og gjaldskrá viðkomandi tannlæknis.

Það er til vansa fyrir heilbrigðisráðuneytið og hæstv. ráðherra að ekki skuli meira lagt í að reyna að ná einhverri niðurstöðu um að þessi viðmiðunargjaldskrá sé færð nær raungjaldskrá tannlækna. Á sínum tíma, þegar reynt var að ná samkomulagi um þetta, slitnaði upp úr þeim viðræðum, það náðist ekki niðurstaða um þessa viðmiðunargjaldskrá og síðan hefur hún í raun og veru ekki fylgt verðlagshækkunum, hún hefur ekki fylgt þeim kostnaðarhækkunum sem orðið hafa í landinu, hvorki í launum né öðrum kostnaði, þannig að hún hefur frekar verið að dragast aftur úr heldur en hitt. Því hljótum við að velta fyrir okkur hvort ekki sé kominn tími til þess fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra og heilbrigðisráðuneytið að slá í klárinn og reyna að færa þessa gjaldskrá nær raunveruleikanum en vera ekki að miða við einhverja gjaldskrá sem er þar langt frá.

Ég hefði haldið, eins og hv. þm. Hlynur Hallsson, að tannlæknar mundu fagna því að hafa tækifæri til að láta neytendur vita, t.d. á heimasíðu sinni, þannig að menn gætu kannað það heima hjá sér, hver kostnaður við algengustu aðgerðir er. Það er alveg ljóst að aldrei verður hægt að birta einhverja gjaldskrá sem er míla á lengd þar sem allar aðgerðir sem tannlæknar bjóða upp á eru taldar upp. En alla vega ættu notendur að geta gert sér grein fyrir því út frá einhverri grunngjaldskrá hvernig viðkomandi tannlæknir verðleggur þjónustu sína og borið það saman við grunngjaldskrá einhvers annars. Ef um er að ræða flóknar og miklar aðgerðir trúi ég ekki öðru en að fólk reyni að leita eftir því hvað hún kemur til með að kosta. Ég trúi ekki öðru en að tannlæknirinn sinni þeirri skyldu sinni, eins og Samkeppnisstofnun hefur mælst til, að ef gert er ráð fyrir því að sú aðgerð kosti meira en 100 þús. kr. þurfi hann að leggja fram skriflega áætlun um verkið og gera notendunum grein fyrir því áður en aðgerðin hefst hve dýr hún verður.

Samanburðurinn við hin Norðurlöndin sýnir að þar meta menn það svo að tannlæknirinn þurfi að skila slíkri skriflegri áætlun þegar um er að ræða aðgerð sem kostar 20–25 þús. kr. Af hverju er miðað við 100 þús. kr. á Íslandi þegar tannlæknar í Danmörku, Svíþjóð og Noregi þurfa að leggja fram skriflega kostnaðaráætlun og gera sjúklingnum grein fyrir kostnaði ef gert er ráð fyrir að aðgerðin fari yfir 20–25 þús. kr.? Af hverju 100 þús. kr. á Íslandi? Af hverju er ekki hægt að breyta þeirri viðmiðun? Það getur Samkeppnis-

stofnun gert, það þurfum við ekki að gera í lögunum.

Flutningsmenn þessa frumvarps, og það kemur fram í greinargerð, gera sér grein fyrir því að auglýsingar geta hækkað verð á þjónustu. Sá sem veitir þjónustuna þarf aftur að ná inn kostnaði sem hann verður fyrir. Því er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að takmarka auglýsingaskylduna við algengustu liði gjaldskrárinnar, að tannlæknar þurfi ekki að auglýsa alla gjaldskrána þar sem sá kostnaður gæti reynst óhóflegur og íþyngjandi. Í frumvarpinu og greinargerðinni er því gert ráð fyrir því að reyna að draga úr þessum kostnaði eins og hægt er en ná samt sem áður því grundvallarmarkmiði að upplýsingarnar séu aðgengilegar á einum stað, menn viti að þeir geti sótt slíkar upplýsingar til t.d. Tannlæknafélags Íslands, Tryggingastofnunar, Neytendasamtakanna eða einhverra slíkra stofnana. Ef ég ætlaði að fara með barnið mitt til tannlæknis og ætti rétt á 50% endurgreiðslu gæti ég kannað fyrir fram hvort sú væri raunin ef ég færi til tannlæknis a eða tannlæknis b. Ég þyrfti ekki að fara í algerri blindni og vakna við það eftir á að reikningurinn, sem ég hélt ég fengi helminginn endurgreiddan af, væri það hár að ég fengi ekki nema 30% endurgreiðslu og þyrfti að borga 70% sjálfur.

Enn og aftur þakka ég þá góðu umræðu sem hér hefur orðið. Ég vona satt að segja að þetta frumvarp fái afgreiðslu í heilbrigðis- og trygginganefnd, hef ákveðnar vonir um að svo verði vegna þess að meðal flutningsmanna eru margir þeir sem sitja í þeirri nefnd. Ég hlakka til að sjá umsagnir sem berast, hvort sem það verður frá Neytendasamtökunum, Félagi eldri borgara, tannlæknum eða samtökum þeirra eða hverjum þeim sem gefst tækifæri á að senda inn umsagnir. Í ljósi viðbragða, sem ég lýsti í fyrri ræðu minni, frá einstaka tannlæknum og samtökum þeirra hlakka ég ákaflega mikið til umræðunnar um þetta frumvarp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppbygging héraðsvega, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn o.fl., 310. mál. — Þskj. 330.

[15:55]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um átak í uppbyggingu héraðsvega. Flutningsmenn auk mín eru hv. þingmenn Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að gert skuli sérstakt átak í viðhaldi og uppbyggingu héraðsvega sem flokkast samkvæmt vegalögum oftast undir safn- og tengivegi. Sérstaklega skal hugað að lagningu bundins slitlags á þessa vegi. Til þess verði varið a.m.k. 4 milljörðum kr. sem dreifist jafnt á næstu fimm ár. Komi sú fjárveiting til viðbótar þeim fjármunum sem ætlaðir eru þessum vegaflokkum í núgildandi samgönguáætlun.

Enn fremur skipi ráðherra þriggja manna nefnd er kanni hvernig breyta megi skilgreiningum og einfalda þær, sem og flokkun vega eftir tegundum í vegalögum og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að teknu tilliti til breyttra þarfa og aukinna krafna sem gerðar eru til þessara vega. Nefndin skili áliti sínu fyrir 1. maí 2006.“

Með þessari tillögu til þingsályktunar um átak í uppbyggingu vega, veganna sem liggja inn til dala og út til stranda, er meðfylgjandi greinargerð:

„Tillaga þessi var lögð fram á 131. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram aftur lítið breytt. Í vegalögum er þjóðvegum skipt í stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Hlutur safn- og tengivega, þ.e. héraðsvega, er afar mikilvægur í samgöngukerfi landsmanna. Þetta eru þeir vegir sem tengja einstök býli, náttúruvætti og sögustaði við aðalstofnvegina og skipta því miklu máli fyrir afkomu og framtíð fólks á stórum svæðum. Á þetta við um bændur og aðra þá sem vegna atvinnustarfsemi sinnar þurfa að sækja aðföng og koma frá sér afurðum með reglulegum hætti. Héraðsvegirnir eru líka mikilvægir fyrir akstur skólabarna og skipta miklu máli fyrir uppbyggingu í ferðaþjónustu. Þá má og nefna vegi að stórum sumarbústaðalöndum sem þurfa að anna mikilli umferð á vissum árstímum.“

Þeir vegaflokkar sem ég hef hér nefnt, vegir sem eru inn til dala og út til stranda og mynda netverk samgangna innan byggðarlaga, hafa orðið hornreka í samgöngumálum á síðustu árum. Það er hægt að sjá m.a. ef litið er á fjárveitingar til þessara vegaflokka og í tillögunni er það listað upp hvernig fjármagn hefur verið veitt á hina einstöku vegaflokka. Þar sést t.d. að í tengivegi, sem eru aðalvegirnir sem liggja út um sveitir landsins, voru veittar 574 millj. kr. árið 2001 en aðeins 501 millj. kr. árið 2004, þ.e. lægri fjárveiting var til þessara vega árið 2004 en 2001.

Ef litið er á brýr á þessum vegaflokkum, brýr á vegum innan héraða, hefur fjármagn til þeirra einnig dregist saman. Árið 2001 voru það 328 milljónir kr., árið 2002 238 milljónir kr. og 2004 225 milljónir. kr. Það má segja að þetta hangi nokkuð svipað en þó er heldur um lækkun að ræða. Við sem þekkjum til vitum að einmitt á þessum vegum innan héraða eru þröngar og úr sér gengnar brýr sem engan veginn uppfylla öryggi eða bera þá umferð sem ætlast er til.

Sama er upp á teningnum ef litið er á svokallaða safnvegi sem eru vegirnir sem liggja heim að einstökum bæjum. Þar voru fjárveitingar árið 2001 335 millj. kr. en árið 2004 eru þær 319 millj. kr. Svona má rekja, herra forseti, hvernig þessir vegaflokkar hafa eiginlega orðið út undan í viðhaldi og uppbyggingu vegakerfis landsins. Vissulega þarf að gera átak. Ég er ekki að gera lítið úr því átaki sem gert er á stofnvegunum og þykir þar nógu hægt ganga og dapurt í því sambandi að þurft skuli hafa að skera niður fjárveitingar samkvæmt vegáætlun sem Alþingi hafði samþykkt. Vegáætlun hefur verið skorin niður árlega um í kringum 2 milljarða kr. til þess að mæta svokallaðri þenslu sem menn hafa sagt vera vegna stóriðjuframkvæmdanna. Niðurskurðurinn til þess að mæta þeirri þenslu hefur bitnað á vegaframkvæmdum, á Vestfjörðum, á Norðvesturlandi, á þeim landshlutum þar sem mestra aðgerða er þörf og ekki hafa hvað síst þessir sveitavegir orðið út undan.

Í þessari þingsályktunartillögu er síðan rakið áfram mjög ítarlega hvernig fjármagn til þessara vega hefur

breyst. Rakin er lengd þessara vega. Sem dæmi má taka að vegakerfið allt er í kringum 13 þúsund kílómetrar, allt vegakerfi landsmanna, en af því eru stofnvegir liðlega 4 þúsund kílómetrar, 4.272 samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar og 3.943 kílómetrar eru tengivegir eða samtals 8.215 kílómetrar af þeim 12.970 kílómetra löngu vegum sem um að ræða. Safnvegir og tengivegir eru því samtals um liðlega helmingur eða um helmingur af vegakerfi landsins.

Herra forseti. Hér er svo áfram ítarlega fjallað um ýmsa þessa skiptingu. Eitt í þessu máli t.d. sem kemur hvað bagalegast niður og furðulegar reglur eru um, er að ef bær fer í eyði, ef föst búseta leggst af þá fellur vegurinn þangað niður um flokk og fellur ekki lengur undir hið fasta vegakerfi landsins. Þessir vegir geta engu að síður verið afar mikilvægir fyrir nýtingu landsins, fyrir nýtingu auðlindanna, vegna ferðamanna, útivistar o.s.frv. En þessi lög og reglur eru með þeim hætti að þá falla þessir vegir úr tölu þjóðvega og verða nokkurs konar einskismannsvegir, þ.e. engir bera lengur ábyrgð á þeim. Að vísu er ætlast til þess að viðkomandi sveitarfélag eða sá sem sér sér helst hag í þeim haldi þeim við. Það er algjörlega óviðunandi að þetta skuli vera með þessum hætti. Í Skagafirði eru t.d. langir vegir inn Skagafjarðardalina sem hafa fallið úr tölu þjóðvega af því að bæir hafa farið úr fastri ábúð. Engu að síður eru þessir vegir jafnmikilvægir til þess að nýta gæði landsins, til heyskapar, til ferðaþjónustu o.s.frv. Ef litið er á þjóðhagslegt gildi veganna og mikilvægi þeirra er engin röksemd fyrir því að fella þá úr tölu þjóðvega og láta þá verða eins konar einskismannsvegi eins og nú er. Á þetta er líka bent í þessari ítarlegu þingsályktunartillögu um vegi sem ég kalla héraðsvegi, þ.e. vegi er liggja inn til dala og út til stranda innan byggðarlaga og eru í rauninni lífkerfi, lífæðar viðkomandi byggðarlaga.

Í greinargerðinni sem er mjög ítarleg segir síðan, herra forseti:

„Við erum lítil þjóð í stóru og ógreiðfæru landi og samgöngur hljóta því að vera höfuðatriði fyrir samfélagið á hverju svæði. Nú hefur orðið áherslubreyting í vegamálum á síðasta áratug þar sem ofuráhersla hefur verið lögð á stórframkvæmdir og nokkra aðalvegi. Á sama tíma hafa vegir sem liggja af hringveginum setið hlutfallslega á hakanum.

Héraðsvegirnir inn til dala og út til stranda eru samgönguæðar heils atvinnuvegar. En einnig býr fjölmargt fólk í dreifbýli sem sækir vinnu um langan veg til næsta þéttbýlis og börnum er ekið í skóla. Því eru takmörk sett hvað bjóða má ungum börnum í löngum skólaakstri á slæmum vegum. Góðir akvegir eru því hreinlega grundvallarforsenda fyrir byggð víðs vegar um landið. En það hangir fleira á spýtunni. Ferðaþjónustan er ört vaxandi atvinnugrein og miklar vonir bundnar við hana til að treysta atvinnu til sveita. Íslendingar vilja gjarnan laða til sín ferðamenn og auglýsa náttúrufegurð landsins á erlendri grundu og þeir vilja einnig njóta hennar sjálfir. En til þess að komast að helstu náttúruperlum landsins verður oftar en ekki að keyra langar vegalengdir eftir héraðsvegum og umferð um þá er oft stríð á sumrin. Oft eru þessar leiðir líka eftirsóttar af ferðamönnum, þar á meðal hjólreiðafólki, vegna þess hvernig vegirnir liggja í landinu og allt önnur upplifun er að aka þá en mikið uppbyggðar stofnbrautir. Með fjölgun ferðamanna mun umferð um þessa vegi aukast og þar með vex þörfin fyrir uppbyggingu og endurbætur á héraðsvegunum. Góðir héraðsvegir eru því ekki sérhagsmunamál bænda heldur hluti af því að byggja Ísland upp sem ferðamannaland. Góðir vegir eru forsenda nýsköpunar í atvinnulífi til sveita.

Ástand héraðsveganna er mjög misjafnt en Vegagerðin verður að takmarka verk sín við fjárveitingar og virðist forgangsröðun að mestu miðast við flokkun vega samkvæmt vegalögum frekar en þarfir íbúa eða atvinnulífs á hverju svæði. Þannig njóta ýmsir mikilvægir tengivegir og safnvegir mjög takmarkaðrar þjónustu þótt þeir séu eina vegtenging íbúa á stórum svæðum við stofnvegi. Þá er viðhald tengivega í sveitum víða afar lítið og víst er að ferðamenn færu án efa meira um þá ef ástand þeirra væri betra. Má hér nefna vegi eins og þann sem liggur út á Látrabjarg, veginn um Strandir og vegina um Hólasand og út á Melrakkasléttu.

Mjög hallar á tengivegi og safnvegi í samanburði við stofnvegi hvað varðar uppbyggingu með lagningu bundins slitlags á síðustu árum."

Hér í þingsályktunartillögunni er einmitt gerð grein fyrir hvað hefur verið lagt af bundnu slitlagi á þessa vegi á undanförnum árum.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Flutningsmenn telja þá þróun varhugaverða og geta leitt til þess að ákveðin svæði einangrist og missi af viðskiptum og öðrum tækifærum sem tengjast umferð ferðamanna. Bundið slitlag eykur og möguleika íbúanna til að komast örugglega til og frá heimili sínu."

Ég vek athygli á því að hér er ég fyrst og fremst að leggja áherslu á vegi innan byggðarlaga, ekki í sjálfu sér í óbyggðum.

Svo segir, með leyfi forseta:

„Vel má setja sérreglur um hámarkshraða á þessum vegum til að viðhalda fullnægjandi öryggisstigi."

Að því er mér hefur verið tjáð gilda reglur um að ef lagt er bundið slitlag á vegi þá verði þeir að bera svo og svo hraða umferð. Um það tel ég að megi bara setja sérstakar reglur til þess að fullnægja öryggi.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Ferðamenn hérlendis ferðast í síauknum mæli á eigin vegum og þá oft á litlum bílum, sem þola illa lélega vegi, en einnig í vaxandi mæli á reiðhjólum. Gæði veganna og umferðaröryggi ráða því miklu um samkeppnishæfni einstakra svæða til búsetu og ferðaþjónustu. Því er lögð áhersla á að átak verði gert varðandi þessa vegi, ekki hvað síst með lagningu varanlegs og bundins slitlags.

Sveitarfélög hafa vegna breyttra búsetuhátta orðið að efla vegaþjónustu á síðustu árum án þess að ríkið hafi aukið fjárframlög til þessara verka. Nú er algengara en áður að fólk búi í sveit en starfi jafnframt í þéttbýli og þurfi því að ferðast óhindrað nær alla daga ársins. Þá er börnum víða ekið um langan veg í skóla, m.a. vegna sameiningar sveitarfélaga, og vart bjóðandi að slíkum leiðum sé ekki haldið vel við. Þessi breyting þýðir t.d. að moka þarf þessa vegi reglulega að vetrinum, en moksturinn lýtur ýmist gamalli helmingaskiptareglu ríkis og sveitarfélags eða er alfarið á kostnað sveitarfélags og viðkomandi bónda. Þá er rykbinding á

malarvegum afar brýn að sumri til. Því er nauðsynlegt að taka til endurskoðunar almenna þjónustu á þessum vegum og þá jafnframt verka- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þessum þáttum. Ljóst er að dreifbýl sveitarfélög hafa litla burði til að standa straum af auknum kostnaði við snjómokstur eða aðra vegþjónustu.“

Herra forseti. Ég kem ítarlegar að þessu máli í seinni ræðu minni. En þessir vegir inn til dala og (Forseti hringir.) út til stranda, héraðsvegirnir, eru afar mikilvægir og við þurfum að gera átak í þeim efnum.

[16:11]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða tillögu til þingsályktunar um átak í uppbyggingu héraðsvega sem þrír þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs leggja fram. Þessi þingsályktunartillaga er einföld en fylgt afar ítarlega og vel eftir í góðri greinargerð.

Nú hef ég setið á þingi í nokkrar vikur sem varamaður og hef orðið átakanlega var við það hversu mikilvægar samgöngur eru fyrir hinar dreifðu byggðir. Þetta er eitt af þeim málum sem liggur fólki einmitt á hjarta. Ég held að ég hafi fengið um þrjú bréf bara á síðustu vikum frá fólki og félagasamtökum þar sem beðið er um að þrýst verði á að ákveðnum vegarköflum sé betur haldið við. Þetta er mjög skiljanlegt vegna þess að oft er fólk að reyna að byggja upp ferðaþjónustu á hinum ýmsu fallegu en jafnvel afskekktum stöðum. Hins vegar eru vegirnir þangað grundvöllur fyrir því að fá ferðamenn á staðina. Stundum eru þessir vegir alveg í skelfilegu ástandi. Það er eins og að detta bara 50 ár aftur í tímann að keyra á holóttum vegum sem væri í raun mjög auðvelt að halda miklu betur við. Ég er viss um að bara það að leggja mikla áherslu á að setja bundið slitlag á þessa vegi mundi spara Vegagerðinni peninga þegar til lengri tíma er litið vegna viðhaldskostnaðar.

Sem betur fer hefur verið gert heilmikið í þessum málum. En betur má ef duga skal. Í greinargerðinni eru hvorki meira né minna en 15 fylgiskjöl þar sem þetta er stutt ítarlega. Þetta eru bréf frá sveitarstjórnum og sveitarfélögum, frá einstaklingum líka og ábúendum á mörgum jörðum sem eru að reyna að byggja upp atvinnu með ferðaþjónustunni, sem er mikilvægt, þ.e. að reyna að byggja á því sem er fyrir á staðnum og leggja áherslu á það vegna þess að eins og við vitum verður það nú aldrei að álver komist í hvern fjörð eins og sumir stefna að, þ.e. þessi ríkisstjórn. Þetta mál er dæmi um það hvernig hægt er að byggja upp vegi og þar með auka atvinnusköpun á þessum svæðum. Þess vegna held ég að þetta sé hið besta mál og ég vona innilega að það fái skjótan framgang í þinginu.

[16:14]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil nú taka undir margt sem hv. þingmaður hafði fram að færa í sinni ræðu. Ég dreg ekki úr mikilvægi þess að svo sannarlega þarf að bæta malarvegina okkar vegna þess að við erum að flytja börn í skóla eftir þessum vegum og fólk er að sækja sér vinnu og það þurfa að vera góðar samgöngur. Samgöngur eru sá málaflokkur sem mest er talað um á öllum fundum. Það er kannski vegna þess að allt gengur svo vel í þessu landi og kröfurnar verða alltaf meiri og meiri. Það er ósköp eðlilegt.

Ég vil bara halda því til haga hér að aldrei hefur verið gert annað eins í samgöngumálum Íslendinga og núna síðustu ár, aldrei nokkurn tíma. Við höfum aldrei séð meira gert af því að malbika vegi og breikka þá. Við erum að útrýma einbreiðum brúm, sem betur fer. Þær eru, að ég tel, flestar í mínu kjördæmi núna í Hornafirði. Þar eru þær mjög margar en þeim hefur verið að fækka. En það er eins og með annað það sem gert er að það tekur helst enginn eftir því. Síðan er náttúrlega verið að bæta vegina og gera jarðgöng. Ég vil bara halda því til haga að aldrei hefur verið gert annað eins til að bæta samgöngur og bæta öryggi í umferðinni og núna síðustu ár.

[16:16]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þetta andsvar frá hv. þm. Drífu Hjartardóttur sem var nú eiginlega ekki mjög mikið andsvar heldur í grundvallaratriðum stuðningur við málið. Auðvitað er það alveg rétt, og ég sagði það einmitt í ræðu minni, að ýmislegt hefur verið gert gott. Áherslan hefur hins vegar verið dálítið mikil á stóru verkefnin, á jarðgöngin og hina stóru vegi og ég er ekki að segja að það sé ekki mikilvægt, það er vissulega mikilvægt líka.

En þegar þenslan í þjóðfélaginu er eins og hún er núna og verði hún áfram er dálítið hættulegt að horfa til þess að farið verði að skera aftur niður í framlögum til vegamála og það var einmitt gert. Slegnar voru af nokkrar framkvæmdir og öðrum var frestað. Þenslan í þjóðfélaginu er slík einmitt vegna stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar að það bitnar á samgöngumálum. Það má auðvitað alls ekki gerast.

Hins vegar fagna ég því að við getum verið sammála um mikilvægi héraðsvega og tengivega. Við getum farið út í þá umræðu að einbreiðar brýr eru enn þá allt of margar og bara á þjóðvegi 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur, hugsið ykkur, þar eru fimm eða sex einbreiðar brýr enn þá, stórhættulegar auðvitað. En það horfir sem betur fer til bóta.

[16:17]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enn getum við bara verið þokkalega sammála, ég og hv. þingmaður. (**EMS:** Það er aldeilis.) Við erum nú öll hér oft sammála í þessu og ég held að (Gripið fram í.) við séum flest afskaplega sammála í samgöngumálum. Ég svo sannarlega fagna þeim jarðgöngum sem hafa verið gerð í kjördæmi hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, (**EMS:** Alveg til fyrirmyndar.) sem er hér að kalla fram í, og ég veit að Austfirðingar eru ánægðir með þau. Það sama má segja um Almannaskarðsgöngin. Allt eru þetta miklar vegabætur.

En meðan verið er í stórum framkvæmdum verða hin smærri út undan. En ég er alveg á því að um leið og við mögulega getum eigum við að leggja mikla áherslu á að bæta vegina, bæta héraðs- og tengivegina. Þeir vegir eru lífæðar í hverju héraði og ég get svo sannarlega tekið undir þetta allt.

Ég er alveg viss um að þegar stærstu verkefnin eru búin, ef ég tek mitt kjördæmi, tvöföldun Reykjanesbrautar, og

búið að tvöfalda veginn yfir Hellisheiði og frá Hverageröi að Selfossi, þá kemur að hinum vegunum sem svo sannarlega er þörf á. Ég held að við eigum að heita okkur því að koma því í framkvæmd og láta það ekki dragast of lengi því það er mjög þjóðhagslega hagkvæmt að hafa góðar samgöngur.

[16:19]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er gott að hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Drífa Hjartardóttir, er okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sammála í þessum málum og hárrétt hjá hv. þingmanni að oft erum við sammála í samgöngumálum. Hins vegar kom aðeins fram hjá hv. þingmanni þetta um forgangsröðunina og þingsályktunartillagan kemur einmitt inn á það.

Ég les það hérna beint, með leyfi forseta:

„Sérstaklega skal hugað að lagningu bundins slitlags á þessa vegi. Til þess verði varið a.m.k. 4 milljörðum kr. sem dreifist jafnt á næstu fimm ár. Komi sú fjárveiting til viðbótar þeim fjármunum sem ætlaðir eru þessum vegaflokkum í núgildandi samgönguáætlun."

Eins og staðan er í dag sé ég ekki fram á það. Ég var einmitt farinn að vona að eftir þessar ferlegu framkvæmdir við Kárahnjúka og alla þá sprengingu mundi fara að róast aðeins í hagkerfinu og þá þyrftum við einhverja innspýtingu í vinnu og slíkt og menn mundu einhenda sér í að fara í samgöngubætur. Þessi tillaga miðar einmitt að því. Nú er hins vegar verið að tala um tvö álver í viðbót og þá getur maður farið að velta fyrir sér: Bíðum nú við, verður þá ekki gert eins og fyrir þremur árum, rétt eftir kosningar, að sagt verður: Ja, bíðum aðeins við, núna þurfum við að hægja á okkur, núna þurfum við að skera niður og fresta framkvæmdum. Það finnst mér því miður dapurleg framtíðarsýn, herra forseti.

[16:21]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég get tekið undir að geysimikið hefur verið gert í vegamálum. En samt sem áður, hv. þm. Hlynur Hallsson sagði: Það er eins og maður detti 50 ár aftur í tímann. Ég hjó sérstaklega eftir því. Ég get farið með hv. þingmenn í bílferð vestur á æskuslóðir mínar og þar erum við komin 50 ár aftur í tímann á þeim vegum sem eru notaðir enn í dag. Sem betur fer eru þetta stuttir spottar og það er verið að vinna verulega í þeim en það vantar ótrúlega mikið enn þá. Það er hreinn sannleikur að sumir af þessum vegum, eða slóðum getum við sagt, eru eins og þeir voru lagðir fyrir 50 árum. Borið hefur verið í þá síðan og þeir heflaðir og búið. En verstu kaflarnir eru farnir, búið er að gera heilmikið í því að laga vegi en það er heilmikið ógert og ekki síst á fyrrnefndu svæði.

Ég vil taka undir eiginlega allt sem hv. flutningsmaður segir um ástand vega, þ.e. héraðsvega, sem eru tengivegir og safnvegir mikið til. Ég get tekið undir hvert einasta orð. Samt sem áður er ég mjög efins um að ég geti tekið undir tillöguna í heild. Ástæðan er sú sem ég nefndi áðan, við þurfum svo gífurlega mikið fjármagn til að ljúka þessum stofnvegum, bara brautum á milli þéttbýlisstaða og það þekkjum við í kjördæmi okkar hv. þm. Jóns Bjarnasonar.

Ég óttast því mjög, þó að hér sé gert ráð fyrir sérstakri og tilgreindri fjárveitingu, að hún fáist ekki nema þá ef hún yrði tekin af sameiginlegum sjóðum. Vissulega væri gott ef þetta fengist sem sértækt efni en ég vildi ekki sjá að styðja þetta ef það yrði til þess að draga úr nauðsynlegri uppbyggingu á stofnvegunum.

Það getur vel verið að upplýsingar sem hv. flutningsmaður kom með, sem voru nýjar fyrir mig, leysi málið. Hann sagði að vegir féllu niður um flokka, þ.e. vegir flokkast öðruvísi t.d. þegar bær fer í eyði, þá lækkar hann um flokk. Er það ekki rétt, hv. flutningsmaður? (**Gripið fram í:** Jú.) (Gripið fram í.) Ef svo fer fram með stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum gæti vel verið að þetta yrði til þess að leysa þjóðvegavandann. Þykir mér þá verr farið en heima setið ef það yrði reyndin því að með því mundu þeir að sjálfsögðu styttast.

En ég endurtek að hér er mjög þarft mál. Hér eru mjög gagnlegar upplýsingar um ástand þessara mála. Ég treysti mér ekki til að styðja að 4 milljarðar komi þarna nema tryggt sé, og ef það verður styð ég þetta eindregið en aðeins ef tryggt verður að það komi ekki niður á stofnframkvæmdum.

[16:25]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins geta þess, af því að hv. þingmaður talaði um vegi sem væru lagðir af þegar býli færu í eyði, að mjög víða í Suðurkjördæmi er verið að leggja nýja vegi að nýbýlum vegna þess að fólk vill flytja út í sveit og búa þar, stofna býli, og þá þarf að leggja nýja vegi. Það hefur falið í sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélög því að greiða þarf hluta af heimreið heim á bæi.

Það er sem betur fer víða líf í sveitum. Víða er verið að stofna nýbýli og ekki síst vegna þess að töluvert mikið hefur verið rýmkað með jarðalögin og það hefur gert það að verkum að auðveldara er fyrir fólk að kaupa og selja. Ég tel að þetta sé mjög jákvætt og vil koma því á framfæri hér.

[16:26]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni þessar upplýsingar og samgleðst yfir stofnun nýbýla í kjördæmi þingmannsins. Því miður er ekki hægt að segja hið sama um það kjördæmi sem ég stend fyrir. Nýbýli eru afskaplega fá á því svæði. (**DrH:** Á Vesturlandi.) Hugsanlega einhver á Vesturlandi, en ef litið er yfir svæðið í heild eru nýbýli ekki mörg.

Ég tek fyllilega undir að í slíkan kostnað er, held ég, gott og ljúft og skylt að leggja þegar nýbýli eru stofnuð. Ég tek undir með hv. þingmanni að það er ánægjuefni.

[16:27]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunum um þetta mál og fyrir innlegg þeirra og góðu undirtektir. Mér fannst að allir væru sammála um mikilvægi þess að gera átak í að bæta ástand þessara vega. Ég held að það verði í raun ekki gert nema með einhverju

sérstöku átaki þar sem þessir vegaflokkar fái ákveðna meðferð til að fara í slíkt átak. Þetta skiptir orðið svo miklu máli fyrir samkeppnishæfni þessara byggða, bæði félagslega og atvinnulega séð, að fá góða vegi og dragast ekki aftur úr. Á vissan hátt grisjast byggðin víðast fjarlægðarlega séð og allir verða stöðugt háðari góðum samgöngum. Börnum er ekið í skóla, fólk sækir atvinnu, fólk býr úti í sveit og sækir atvinnu annað o.s.frv. Vegasamgöngur eru því forsenda fyrir að slík byggðarlög geti verið samkeppnishæf og boðið upp á mannsæmandi kjör hvað þetta varðar. Ég rek það nokkuð ítarlega í tillögunni hvernig umræddir vegaflokkar hafa hlutfallslega staðið í stað eða dregist aftur úr hvað fjármagn varðar.

Það er síðan aftur annað mál hvort okkur finnst vera of lítið fjármagn sett í vegamál í heild sinni, hvort mikið eða lítið sé gert. Við erum öll sammála um að það er aldrei eða seint gert of mikið og við vildum svo sannarlega öll sjá að gert væri meira og hörmum það þegar verið er að skera niður fjárveitingar til vegamála, sem þó er búið að samþykkja tillögur um á Alþingi, til að mæta einhverjum öðrum efnahagsþáttum í þjóðfélaginu, eins og við upplifum núna að vegáætlun er skorin niður til að mæta þenslu frá stóriðju.

Þessir vegaflokkar, innanhéraðsvegirnir, hafa setið eftir og þess vegna legg ég til, og við flutningsmenn þessarar tillögu, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að um eitthvert árabil verði sérstökum fjárveitingum varið í að setja kraft í uppbyggingu sveitaveganna og það dragi ekki úr framkvæmdum í öðrum þáttum vegamála. Hliðstæð ákvörðun var tekin fyrir kosningarnar 2003, hárrétt fyrir kosningar. Þá var tekin ákvörðun um að setja sérstakt fjármagn í ákveðna vegaflokka í landinu. Það var reyndar ekki staðið við það því það var skorið niður eftir kosningar. En það er ekkert sem útilokar, síður en svo, að tekin sé þingleg ákvörðun um átak varðandi þessa vegaflokka sem lúta að aðstæðum þessa fólks og gera þessi byggðarlög samkeppnishæf hvað þetta varðar.

Ég vil í lokin, herra forseti, taka undir það sem hv. þm. Hlynur Hallsson sagði. Flest bréf sem þingmenn fá, a.m.k. þingmenn sem koma af landsbyggðinni, lúta að vegamálum í heimahéraði. Með tillögunni eru allmörg fylgiskjöl hvað það varðar. Hér er bréf frá Ferðamálafélagi Barðastrandarsýslu þar sem lögð er áhersla á að bæta vegi í Barðastrandarsýslu. Ferðamálafélag Barðastrandarsýslu leggur til að gert verði ráð fyrir eftirtöldum vegabótum á ferðamannaleiðum í Barðastrandarsýslu, segir í bréfinu, og síðan eru þær raktar. Hér er bréf frá sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps, dagsett 26. febrúar 2004, þar sem lögð er þung áhersla á að bæta og gera átak í vegum innan héraðs. Það er undirritað af Elvari Árna Lund fyrir hönd Öxarfjarðarhrepps með von um greinargóð svör innan tíðar.

Hér er bréf frá sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þar sem einnig er lögð þung áhersla á að bæta þessa innanhéraðsvegi og þar er rakið ítarlega hve miklu máli það skiptir það byggðarlag. Hér er bréf frá Ingunni Guðmundsdóttur, sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps, til þingmanna Suðurkjördæmis þar sem lögð er áhersla á átak í þessum vegum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við keyrum börn í skóla daglega eftir þessum vegum. Póstbíllinn, mjólkurbíllinn, fóðurbíllinn, sláturhúsbíllinn og alls konar flutningar fyrir utan akstur íbúanna til almennra starfa sinna. Við verðum að fá þetta í lag. Það er hægt að sætta sig við að hafa ekki malbik ef við hefðum góða malarvegi. Íbúar hafa komið að máli við mig eftir sumarleyfi og sagt sögur af ferðum sínum um landið. Í þeim sögum eru vegirnir heima bornir saman við eðalvegi í öðrum kjördæmum þó malarvegir séu.“

Við þekkjum svo sem þennan samanburð en engu að síður rekur sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps mjög ítarlega hve mikilvægt það er að bæta vegi innan héraðs. Hér er bréf frá sveitarfélaginu Ölfusi þar sem er lögð áhersla á þessa sömu þætti, bréf frá sveitarstjórn Kaldrananeshrepps um vegamál í Kaldrananeshreppi sem lúta nákvæmlega að því sama. Hér er bréf frá ábúendum á Dæli í Víðidal, hér er bréf frá ábúendum og eigendum jarðanna í Flókadal í Borgarfirði og Húnaþings vestra, allt um þetta sama mál, um vegi innan héraðs. Bréf frá hreppsnefnd Rangárþings ytra, frá Norðurhéraði, frá sveitarstjórn Dalabyggðar, frá Byggðasamlagi Húnavallaskóla, þar sem þeir leggja áherslu á að vegirnir sem börnunum er ekið eftir í Húnavallaskóla eru allt saman lélegir malarvegir sem hafa fengið lítið viðhald á undanförnum árum. Hér er bréf frá sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, frá bæjarráði Borgarbyggðar, svo dæmi séu nefnd. Það er alveg ljóst hve þunga áherslu íbúar í héruðum landsins leggja á þessa vegi og þess vegna er sú tillaga flutt að gert verði sérstakt átak varðandi þessa innanhéraðsvegi, sem ég kalla safn- og tengivegi. Það er líka þjóðfélagslegt atriði að halda byggð í landinu og að byggðin fái að vera samkeppnishæf hvað þetta varðar. Góðir vegir um héruðin stækka Ísland, bæði byggðalega og atvinnulega séð.

Ég þakka fyrir mjög góðar umræður um þetta mál og að lokinni umræðu óska ég eftir að tillögunni verði vísað til hv. samgöngunefndar.

[16:35]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég hef fylgst af áhuga með þessum umræðum og blaðað í þeim gögnum sem fylgja þingsályktunartillögunni sem hér er rædd. Hér er t.d. bréf frá sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þar sem brúnni yfir Skjálfandafljót í Útkinn er lýst en hún var byggð árið 1935, er 196 metrar að lengd og einbreið. Burðargeta hennar var miðuð við múgfjölda, eða 400 kíló á hvern fermetra, þannig að brúin þoli það að fjórir þéttholda karlar standi á einum fermetra. Maður sér fyrir sér þegar Kinnungar eru komnir á brúna og standa fjórir á hverjum fermetra. Það yrði mikil sjón og merkileg.

Ég vil hins vegar, um leið og ég fagna þessari merku umræðu um héraðsvegi, eða safn- og tengivegi, spyrja flutningsmanninn að því, án þess að draga úr mikilvægi málsins, hvort ekki væri nær í framtíðinni að þessi gerð af vegum væri á sveitarstjórnarstiginu þannig að sveitarstjórnirnar sjálfar hefðu um það að segja og létu gera þessa vegi og bæru af því kostnað, auðvitað með einhvers konar heildarsamræmingu sem skipulagslög gætu væntanlega tryggt. Mér sýnist að heimamenn sjái langbest, sé það á bréfum hér, hvar skórinn kreppir í þessum efnum og væri nær að þetta væri hjá sveitarstjórnum frekar en vélað sé um það í samgönguráðuneytinu og á Alþingi Íslendinga.

[16:37]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir góðar undirtektir við málið í heild. Burðarþolsgeta vega og brúa á sínum tíma, eins og hann var að lýsa hér, hefur staðist býsna vel. Sá mælikvarði sem oft og tíðum var notaður þá hefur reynst býsna góður og margar af þessum brúm frá fyrri áratugum hafa reynst óhemjulega endingargóðar, og mætti sjálfsagt af því læra nú á tímum.

En varðandi það hverjir eiga að fara með forsjá þessara vega þá er í sjálfu sér ekki verið að taka á því máli í þessari tillögu. Eins og málum er nú háttað heyrir þetta undir ríkið og vegáætlun eins og hv. þingmaður kom inn á. Hvort sem þessir vegaflokkar eru á höndum sveitarfélaga eða ríkisins þá vantar sárlega fjármagn til þeirra. Ég held að það sé mjög óvarlegt að ætla að taka þessa ábyrgð frá ríkinu því að í hlut eiga strjálbýlustu hrepparnir þar sem vegalengdir eru lengstar. Þegar grunnskólarnir voru færðir yfir til sveitarfélaganna urðu þessir sömu hreppar hvað harðast úti. Þeirri verkaskiptingu fylgdu alls ekki tekjustofnar. En verkaskiptingin er í sjálfu sér annað mál. Það skiptir mestu máli að gera þarf stórátak í samgöngumálum innan héraða víða um land í skipulagi sveitavega, sem ég kalla svo, eða héraðsvega. Að því miðar þessi tillaga.

[16:39]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Dreifð byggð í víðlendum hreppum, það er rétt. Sum af þeim skjölum sem koma hér fram í frumvarpinu eru frá slíkum sveitarfélögum. Önnur eru frá Þingeyjarsveit, sem er enginn jaðarhreppur, og hér er sveitarfélagið Ölfus, sem er nánast nágranni okkar á höfuðborgarsvæðinu okkur til meiri eða minni ánægju eftir atvikum. Ég held að ef þetta gerðist yrði auðvitað að tryggja að fjármagn kæmi til sveitarfélaganna. Kannski eru sveitarfélögin núna of lítil sum hver og jafnvel flest til að anna þessum verkefnum. Þau þarf auðvitað að stækka og efla.

Ég held að þessum málum væri betur komið í höndum sveitarfélaganna. Það sést ágætlega á þessu frumvarpi að sérstaklega mundi það bæta pýramídaveldið í vegamálum og einveldisástandið. Hér eru lagðar fram bænaskrár undirritaðar af hreppstjórnarmönnum eða jafnvel bændum í einstökum sýslum. Þær eru til samgönguráðherra og þær eru til þingmanna sem síðan eiga að sjá um þessi mál með einhverjum fornum fyrirgreiðsluhætti eins og hv. þm. Jón Bjarnason gerir, og láir honum svo sem enginn vegna þess að þannig er nú kerfið. Ég held að það væri miklu heilbrigðara að menn sæju um þetta sjálfir í héraði og væru ekki sífellt á hnjánum gagnvart valdinu í þessum efnum. Ég vænti þess að hv. þm. Jón Bjarnason sé mér sammála um þetta.

[16:41]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að það ætti að vera óþarfi að skrifa bréf af þessu tagi. Þessi bréf sýna betur en nokkuð annað vaxandi tengslaleysi Alþingis og þingmanna við kjör og búsetuskilyrði fólks úti um land. Það áréttast, finnst mér, oft í umræðunni inni á þingi og í nefndum að einmitt þessir málaflokkar, sem fólk skrifar erindi um, fá lítinn stuðning. Þetta sýnir vaxandi firð, finnst mér, bæði löggjafans og framkvæmdarvaldsins frá því ástandi sem fólk býr við. Þetta er ekki bara í vegamálum, þetta er líka í atvinnumálum. Hvað er að gerast í fiskvinnslunni eða ferðaþjónustunni út um land í þessari hágengis- og stóriðjustefnu?

Ég er ekki sammála því sjónarmiði, eins og hæstv. iðnaðarráðherra sagði við Vestfirðinga, að ruðningsáhrifin af stóriðjunni séu líka af því góða. Þið getið bara flutt annað, sagði ráðherra. Ég kalla þetta firð. Þarna eru þingmenn og ráðherrar gersamlega komnir úr tengslum við þá grasrót sem þeir eru sprottnir úr og eiga að starfa fyrir.

Ég tel að svipað sé ástatt með innanhéraðsvegina, sveitavegina, vegina inn til dala og út til stranda, þeir hafa orðið útundan. Það eru ekki mjög margir kjósendur við hvern afleggjara, ég geri mér grein fyrir því. Kannski vega og meta ráðherrar og einstakir stjórnmálamenn ákvarðanir sínar út frá því hve margir kjósendur eru við hvern spotta. En það er orðin býsna mikil firð.

Herra forseti. Ég hvet til mjög hraðrar og góðrar afgreiðslu þessa máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 9.–10. mál.

Fundi slitið kl. 16:45.

---

77. FUNDUR

mánudaginn 6. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

2. Greiðslur til foreldra langveikra barna, stjfrv., 389. mál, þskj. 471, nál. 846, brtt. 847 og 853. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Hlutafélög, stjfrv., 461. mál, þskj. 688, nál. 835. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Einkahlutafélög, stjfrv., 462. mál, þskj. 689, nál. 836. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, stjfrv., 371. mál, þskj. 427, nál. 855, brtt. 856. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 141. mál, þskj. 141. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, frv., 172. mál, þskj. 172. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Vextir og verðtrygging, frv., 173. mál, þskj. 173. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Fullvinnsla á fiski hérlendis, þáltill., 212. mál, þskj. 212. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

10. Kynbundinn launamunur, þáltill., 224. mál, þskj. 224. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

11. Þingsköp Alþingis, frv., 225. mál, þskj. 225. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

12. Áfengislög, frv., 235. mál, þskj. 235. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

13. Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, þáltill., 238. mál, þskj. 238. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

14. Samgönguminjar, þáltill., 239. mál, þskj. 239. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

15. Strandsiglingar, þáltill., 251. mál, þskj. 251. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

16. Tannlækningar, frv., 252. mál, þskj. 252. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

17. Uppbygging héraðsvega, þáltill., 310. mál, þskj. 330. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

18. Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[15:02]

Útbýting:

Efnistaka úr botni Hvalfjarðar, 304. mál, svar iðnrh., þskj. 830.

Evrópuráðsþingið 2005, 588. mál, skýrsla ÍÞER, þskj. 863.

Hátækni- og nýsköpunargreinar, 516. mál, svar iðnrh., þskj. 819.

NATO-þingið 2005, 585. mál, skýrsla ÍNATO, þskj. 860.

Ristilkrabbamein, 591. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 867.

Samkeppnisstaða ríkisbanka á húsnæðismarkaði, 590. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 866.

Staða bankanna, 490. mál, svar viðskrh., þskj. 854.

Starfsemi Kristnihátíðarsjóðs 2003–2005, 589. mál, skýrsla forsrh., þskj. 865.

Vatnalög, 268. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 864.

VES-þingið 2005, 586. mál, skýrsla VES, þskj. 861.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Yfirlýsing Alcan um lokun álversins í Straumsvík.

[15:03]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson hefur upplýst að álsamsteypan Alcan hafi haft í hótunum ef ekki yrði heimiluð stækkun á álverinu í Straumsvík. Talsmaður Alcan-samsteypunnar hefur hvorki viljað játa því né neita að orðsendingar þessa efnis hefðu farið á milli Alcan og íslenskra stjórnvalda en lagði áherslu á að engar hótanir hefðu átt sér stað. Það voru heldur ekki orð hæstv. forsætisráðherra Íslands. En auðvitað er í því fólgin hótun ef stjórnvöldum er gerð grein fyrir því að til álita komi að loka álverinu í Straumsvík ef ekki verði farið að vilja álfyrirtækisins.

Straumsvík er stór vinnustaður og eðlilegt að menn leggi við hlustir þegar svona er talað. Það er gott að hæstv. forsætisráðherra skuli hafa upplýst þjóðina um samskipti stjórnvalda við álfyrirtækið af þessu tilefni. En þessi atburður sýnir okkur hins vegar hvar völdin koma til með að liggja í þjóðfélaginu með stefnu ríkisstjórnarinnar og þá ekki síst Framsóknarflokksins, að gera Íslandi háð álframleiðslu hvað varðar allt að þriðjungi efnahagsstarfseminnar. Er hæstv. forsætisráðherra sammála því mati að litlu efnahagskerfi eins og okkar sé betur borgið fyrir þá fjölbreyttri efnahagsstarfsemi en fáum fjölþjóðlegum auðhringum?

Þá vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra hvaða forsvarsmenn Alcan hafi tekið þátt í viðræðum við íslensk stjórnvöld og að hæstv. forsætisráðherra upplýsi þingið um samskipti sín við þá.

[15:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Á sl. ári komi hingað til lands einn af forstjórum Alcan og bað um fund með mér og átti með mér afskaplega eðlilegan og hreinskilinn fund. Ég er þannig gerður að ég vil gera mér grein fyrir hlutunum og ég vænti þess að hv. þingmaður sé einnig þannig gerður. Ég var síðan spurður að því hvort ég héldi að gæti komið til greina að ef álverið yrði ekki stækkað, yrði því lokað. Ég sagði að það gæti orðið á næsta áratug eða svo.

Nú vil ég taka það fram að engar slíkar dagsetningar komu fram í þessu samtali og engar hótanir voru settar fram. En það liggur í hlutarins eðli að ef fyrirtæki geta ekki þróast miðað við framtíðarkröfur og breyttar aðstæður þá hefur það áhrif á þau og þannig er það með álver. Þannig er það með álverið í Straumsvík.

Nú má vel vera að hv. þm. Ögmundur Jónasson vilji ekki hafa þessar sjálfsögðu staðreyndir fyrir framan sig þegar hann talar um þessi mál. Hann hefur m.a. sagt frá því að forsætisráðherra hafi verið beittur hótunum. Það er rangt. Og sumir þingmenn hafa verið að hafa það eftir. Hér var um fullkomlega eðlilegt samtal að ræða þar sem ég reyndi að gera mér sem besta grein fyrir staðreyndum og ég er sannfærður um að ef þetta fyrirtæki og önnur fyrirtæki geta ekki þróast með þeim hætti sem aðstæður kalla á þá

hefur það þessi áhrif. Það má vel vera að hv. þingmaður vilji ekki hafa þær upplýsingar þegar hann ræðir þetta mál en það er óþarfi af honum að setja þær í þetta samhengi.

[15:07]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég var einmitt að þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir að reiða þessar upplýsingar fram. Hann segir að þetta séu eðlileg samskipti, engar hótanir hafi átt sér stað. Auðvitað eru fólgnar í því hótanir þegar sagt er við ríkisstjórn Íslands að fari hún ekki að vilja álrisans komi hugsanlega til þess að álverinu verði lokað. En um hitt vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra: Er hann mér sammála um það að þetta sé alvarleg áminning til Íslendinga um að verða ekki háðir stórfyrirtækjum, stórum auðhringum eins og Alcan, og stefna ríkisstjórnarinnar gengur reyndar út á? Hér hefur verið talað um rafmagn til stækkunar álversins en það eru aðrir þættir.

Í ágætri grein sem Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, sem skipar efsta sætið hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í Hafnarfirði, ritar í Morgunblaðið í dag þá vekur hún athygli á því að það séu ekki einvörðungu þessir þættir sem kunni að koma til álita heldur einnig mengunarþættir. Verður íslensku ríkisstjórninni stillt upp við vegg að því leyti líka?

[15:08]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég tel að þetta mál sé í fullkomlega eðlilegum farvegi og það er verið að fara yfir það á öllum stigum. Ég vil upplýsa hv. þingmann um að Orkuveita Reykjavíkur hefur m.a. lofað því að selja 40% af orkunni til Alcan ef af stækkun verður. (Gripið fram í.) Og það var gert samhljóða. Það styðja Vinstri grænir í Reykjavík. Það styður Samfylkingin í Reykjavík. Hvernig stendur á því að Vinstri grænir og Samfylkingin á Alþingi tala í hverju einasta máli út og suður? Er ekki hægt að fara fram á að það komi einhver samræmdur málflutningur frá þessu fólki? Það er eitt í dag og annað á morgun. (**Gripið fram í:** Þetta eru tveir flokkar.) Það er allt út og suður hjá báðum, hv. þingmaður. Samfylkingin í Hafnarfirði styður þetta væntanlega, Samfylkingin í borgarstjórn Reykjavíkur styður þetta en það virðist sem Samfylkingin á Alþingi sé á móti þessu. Ef það er ekki út og suður, hv. fyrrv. formaður Samfylkingarinnar, þá veit ég ekki hvað er út og suður.

[15:10]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil biðja hæstv. forsætisráðherra að kynna sér þær samþykktir sem gerðar hafa verið í Orkuveitu Reykjavíkur. Þegar hann hefur gert það mun hann hætta þessum tilraunum til útúrsnúninga. (**Forsrh.:** Geturðu upplýst okkur um þær?)

Hitt finnst mér vera áhyggjuefni af hve mikilli léttúð og hve miklu alvöruleysi hæstv. forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar tekur á þessum málum og hann svarar því ekki þegar þeirri spurningu er beint til hans hvort stefna ríkisstjórnarinnar um að gera þriðjung af efnahagsstarfsemi á Íslandi feli ekki í sér hættur og hvort þetta sé ekki áminning um þær hættur þegar stórfyrirtæki, auðhringur á borð við Alcan setur okkur stóllinn fyrir dyrnar á þann hátt sem hér hefur verið upplýst um.

[15:11]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar að styðja atvinnuuppbyggingu í landinu og skoða alla möguleika í því sambandi. Við teljum að það skipti svo miklu máli að sem flestir hafi atvinnu í þessu landi að við tökum því ekki af neinni léttúð þegar verið er að tala um ný störf. Ég heyri að hv. þingmaður Ögmundur Jónasson vill taka það af léttúð og útiloka ákveðna hluti, það megi ekki einu sinni ræða þá. Það finnst mér vera ábyrgðarleysi gagnvart hinum vinnandi manni í þessu landi. En ég skora á hv. þingmann að upplýsa Alþingi um allar þessar bókanir Vinstri grænna í Reykjavík þannig að við vitum hverjar þær eru. Ég hef ekki heyrt um þær og ég vona að þeim hafi ekki verið stungið undir stól en ég vildi gjarnan fá að sjá þær.

Fréttir af jarðskjálftum.

[15:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að beina fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra.

Klukkan hálfþrjú varð mikill jarðskjálfti um 8 km austur af Krýsuvík. Ég hygg að við höfum öll fundið þennan jarðskjálfta í Reykjavík en hann mældist víst 4,5–5 á Richter. Ég sat sjálfur á skrifstofu minni og fann hann mjög greinilega. Mín fyrstu viðbrögð voru að leita frétta af því hvað væri að gerast.

Hér hefur oft verið talað um að Ríkisútvarpið gegni mjög mikilvægu hlutverki, öryggishlutverki, en ég verð að segja að það olli mér miklum vonbrigðum að þegar ég kveikti á Ríkisútvarpinu þá voru þar engar fréttir af því hvað hér væri á seyði, hvorki í sjónvarpinu né á Rás 1. Þar var bara einhver sinfóníutónlist og engar fréttir af því hvað hugsanlega væri að gerast.

Nú munum við öll, virðulegi forseti, hvað gerðist hér á landi árið 2000 þegar Suðurlandsskjálftarnir riðu yfir og við vitum það öll að þeir skjálftar ollu mikilli skelfingu og sú skelfing situr enn í mjög mörgum. Við skulum ekki gera lítið úr því. Þess vegna finnst mér það mjög alvarlegt og ámælisvert að Ríkisútvarpið skuli ekki strax hafa farið í loftið með fréttir af því sem hér var að gerast vegna þess að ég er viss um að fólk, sérstaklega fólk í nágrenni við þennan jarðskjálfta, fólk á Suðurlandi og Reykjanesi hafi orðið skelfingu lostið, orðið hrætt eðlilega og það hafi leitað að upplýsingum. En þarna var bara þögnin, engar upplýsingar þangað til NFS-sjónvarpsstöðin, einkarekin sjónvarpsstöð fór í loftið með fréttir um það bil 15 mínútum eftir að skjálftinn reið yfir. Mig langar því til að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort það finnist engar aðgerðaráætlanir af hendi stjórnvalda um það hvað gera skuli til að koma upplýsingum til almennings þegar svona alvarlegir atburðir gerast.

[15:14]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég veit ekki um þennan atburð. Ef hér var um alvarlegan atburð að ræða þá trúi ég ekki öðru en ég hefði verið látinn vita. Almannavarnir ríkisins eru skipulagðar með þeim hætti að það er beint samband við nokkra ráðherra í ríkisstjórninni þar á meðal forsætisráðherra. Slíkur sími er bæði á skrifstofu minni og heimili mínu þannig að ef eitthvað alvarlegt gerist þá á ég að vita það strax. Ég verð þess vegna að ganga út frá því að hér hafi ekki verið um alvarlegan atburð að ræða. Ég treysti því að ef svo væri þá vissi ég af því á þessari stundu og útsendingar Ríkisútvarpsins hefðu verið rofnar. En ég hef ekki fengið neina vitneskju um þann atburð sem hv. þingmaður spurði um.

[15:15]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það má vel vera svo að sérfræðingar okkar, hvað varðar jarðskjálfta hafi ekki fyllst neinni skelfingu og hafi talið að hér hafi ekki verið neinn alvarlegur atburður á ferðinni. Við skulum vona að það sé rétt. En það eru hins vegar íbúar í þessu landi, fólk sem fyllist ótta þegar svona lagað gerist og það fólk á heimtingu á upplýsingum í upplýsingasamfélaginu á Íslandi árið 2006. Það á skilyrðislausa heimtingu á því að verða upplýst strax og svona atburðir verða.

Ég minni til að mynda á að það er mjög margt fólk sem býr á Suðurnesjum og Suðurlandi sem vinnur hér í Reykjavík, langt fjarri heimilum sínum. Það hefur í raun og veru hefur ekki haft hugmynd um, fyrr en kannski núna, hvernig ástandið virkilega er heima hjá því. Þess vegna hlýtur það að vera undrunarefni og mjög ámælisvert ef stjórnvöld geta ekki brugðist betur við en við sáum hér gerast áðan.

Útgáfa starfsleyfa til stóriðju.

[15:16]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nú liggur fyrir ákvörðun Landsvirkjunar um að ræða einungis við Alcan um raforkusamninga vegna álversins í Straumsvík. Gangi þær fyrirætlanir eftir verður framleiðslugetan árið 2010, 1.066.000 tonn af áli. Þar með verður aukning árlegrar losunar CO_2 frá árinu 1990 orðin 1,6 millj. tonn og íslenska ákvæðið fullnýtt samkvæmt þeim skilningi sem í það hefur verið lagður fram til þessa.

Nú hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar allt einu boðað þjóðinni nýjan fögnuð. Það á að lesa ákvæðið með öðrum gleraugum. Í ákvæðinu stendur í íslenskri þýðingu: ... ákveður að heildarútstreymi koltvíoxíðs á iðnaðarvinnslu skuli ekki fara yfir 1,6 millj. tonna koltvíoxíðs að meðaltali á ári á fyrsta á skuldbindingartímabilinu. Er hæstv. umhverfisráðherra sammála þeim skilningi að hér sé átt við losunarheimildir hvers árs fyrir sig eða er hún sammála nýja skilningnum sem iðnaðarráðherra og hæstv. forsætisráðherra hafa boðað, að það eigi að búa til meðaltal úr öllum árum tímabilsins sem hér um ræðir?

Það er heldur enginn fyrirvari um losunarheimildir í nýja samkomulaginu um álverið á Bakka. Þá hljóta íslensk stjórnvöld að verða að svara þeirri spurningu hver ber ábyrgð á því að útvega losunarheimildir fyrir þeirri loftmengun sem fer fram úr íslenska ákvæðinu ef þessi áform verða að veruleika. Getur það verið að íslensk stjórnvöld hafi skapað sér þá stöðu að Alcoa eigi kröfu á að hefja framleiðslu áls á Bakka án þess að leggja til mengunarkvóta? Ég óska eftir að hæstv. umhverfisráðherra svari þessum spurningum.

[15:18]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Það er erfitt að svara spurningum um það sem enginn veit hvernig lítur út eftir einhver ár. Enginn veit það í dag vegna þess að það er ekki búið að taka ákvörðun um neitt af því sem hefur verið í umræðunni. Það eru nú staðreyndir þessa máls. Ég held að okkur væri því nær að bíða eftir því að þessi mynd verði eitthvað ljósari en hún er í dag. Við vitum ekki enn þá hvort verður af stækkun álversins í Straumsvík. Það standa yfir könnunarviðræður um álver á Húsavík. Það er ekkert í hendi heldur um það svo að öll þessi mál eru í þvílíkri óvissu að við getum ekkert sagt um það í dag hversu miklar framkvæmdir verða við álver í framtíðinni.

Hvað snertir hins vegar íslenska ákvæðið þá er það algjörlega fullljóst að það eru að meðaltali 1.600.000 tonn á ári. Það er hægt að jafna því yfir tímabilið, þannig er ákvæðið. Það eru staðreyndir málsins. Það skiptir auðvitað máli í því sambandi hvenær álver kemur inn því það er hægt að jafna því á allt tímabilið.

[15:20]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er þá alveg skýrt að hæstv. ráðherra er að segja okkur að það eigi að reikna út meðaltalið. En þetta sé ekki meðaltal innan ársins. Þetta þýðir að hæstv. ráðherra virðist vera sátt við að gefa út starfsleyfi þegar kemur til loka þessa tímabils, til fyrirtækja sem væru að framleiða fram yfir íslenska ákvæðið þannig að Íslendingar gætu þá ekki skrifað undir nýtt samkomulag sem yrði samhljóða því sem var skrifað undir síðast. Ég spyr hæstv. umhverfisráðherra: Er hún tilbúin að skrifa undir slíkt ef á á að herða? Ég spyr líka: Telur umhverfisráðherra að það sé viðunandi staða sem hún er í, ef menn ákveða að flytja inn mengunarkvóta að þá sé hægt að gera það endalaust? Og að óbreyttum lögum verði hæstv. umhverfisráðherra að skrifa undir starfsleyfi til allra fyrirtækja sem sækja um að fá að framleiða ál á Íslandi svo framarlega sem þeir flytji inn mengunarkvóta fyrir þeirri starfsemi sem þeir eru með? Er það viðunandi (Forseti hringir.) að mati hæstv. ráðherra?

[15:21]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Hv. þingmaður er enn við sama heygarðshornið og virðist gefa sér að það sem er enn þá á umræðustigi að um það sé búið að taka ákvarðanir. Það er algjörlega útilokað að svara spurningu af þessu tagi eins og þingmaðurinn setur hana fram. (Gripið fram í.) Við skulum hafa staðreyndir málsins á borðinu áður en hægt er að svara spurningum af þessu tagi.

[15:22]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. umhverfisráðherra er með útúrsnúninga hér. Ég var að spyrja um túlkun á ákvæðinu. Ég var að spyrja hvernig hæstv. ráðherra mundi svara því ef hún stæði í þeim sporum sem stefnir í að hún komi til með að standa í. Og hæstv. ráðherra á að geta svarað hvort hún sé sammála því og hvort hún sé tilbúin til þess — ef hún verður umhverfisráðherra þá, sem ég er kannski ekki að spá að verði — þegar kemur til þess að skrifað verði undir nýjan loftslagssamning að þá þurfi Íslendingar að koma knékrjúpandi og biðja um viðbótarkvóta og ef þeir fá hann ekki geti þeir ekki skrifað undir óbreyttan samning. Er hæstv. umhverfisráðherra tilbúin til að ganga þessa göngu?

Ég spyr vegna þess að mér finnst full ástæða til að við fáum svör við því. Mér finnst líka full ástæða til að við fáum svör við því hvort umhverfisráðherra er tilbúin til að hafa þessi lög óbreytt þannig að hún þurfi að skrifa undir allan innflutning á mengunarkvótum, hve mikill sem hann verður. En þannig eru lögin í landinu núna. (Gripið fram í.)

[15:23]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Af þessu tilefni vil ég segja, af því hér er náttúrlega verið að vísa í Kyoto-bókunina, að við Íslendingar munum standa við skuldbindingar okkar gagnvart Kyoto. Það er algjörlega ljóst, hv. þingmaður. Það þýðir ekkert að koma hér í ræðustól hvað eftir annað eins og hv. þingmaður hefur gert hérna í dag og krefjast svara um eitthvað sem enginn veit hvað er. Ég er ekki sá spámaður, eins og hann þykist telja sig vera, að ég geti sagt nákvæmlega fyrir um hvernig þessi mál þróast og það getur enginn hér í þessum sal.

Skatttekjur af umferð.

[15:24]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Í nýlegu svari hæstv. samgönguráðherra við fyrirspurn frá mér sem var m.a. um heildarskatttekjur ríkissjóðs af umferð og bílainnflutningi síðastliðin 10 ár, kemur ýmislegt afar merkilegt í ljós, eins og t.d. þetta:

Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 eru hvorki meira né minna en rúmir 47 milljarðar kr. skattar af umferð og bílainnflutningi. Af þessum 47 milljörðum eru tæplega 9 milljarðar kr. áætlaðir í virðisaukaskattstekjur af rekstri einkabíla. Tekjur af bifreiðakaupum eru um 19,5 milljarðar kr. Tekjur af notkun ökutækja eru rétt tæpir 19 milljarðar kr. Virðulegi forseti. Í tíð núverandi ríkisstjórnarflokka hafa tekjur ríkissjóðs af ökutækjum aukist um hvorki meira né minna en 23 milljarða kr. á verðlagi síðustu áramóta. Og tekjur af ökutækjum sem hlutfall af landsframleiðslu hafa aukist á sama tíma úr 3,7% í 4,8%. Heildarfjárveiting til vegamála er hins vegar, virðulegi forseti, aðeins rétt tæpir 15 milljarðar kr. á árinu 2004, og að mig minnir svipuð tala árið 2005. Þetta þýðir, samkvæmt útreikningi, að u.þ.b. 32 milljarðar kr. hafa runnið beint í ríkissjóð og gagnast því ekki vegagerð eða rekstri og viðhaldi þjóðvega landsins.

Virðulegi forseti. Spurningin til hæstv. fjármálaráðherra er því þessi: Stendur til að lækka skatta ríkissjóðs af bifreiðanotkun landsmanna, t.d. bensíngjaldi eða olíugjaldi eða aðra stórskatta ríkisstjórnarinnar? Eða á að auka fé til framkvæmda á næstu árum? Þá er ég auðvitað að tala um annað en hina venjulegu 1–2 milljarða sem settir eru inn aukalega til vegagerðar á kosningaári. En eins og menn vita á að kjósa á næsta ári þannig að þá má vænta þess að inn komi 1–2 milljarðar. En ég spyr: Verður meira?

(**Forseti** (SP): Forseti verður að segja að hann telur of mikið ónæði hér í salnum af því hv. þingmenn eru hér að tala saman. Forseti biður hv. þingmenn að taka tillit til þess að hér eru menn að varpa fram fyrirspurnum til ráðherra.)

[15:27]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég verð nú í upphafi svarsins að lýsa yfir aðdáun minni á reikningskunnáttu hv. þingmanns og geri því skóna að það sé rétt reiknað í svari mínu. Það er auðvitað rétt hjá hv. þingmanni að tekjur hins opinbera af alls konar bifreiðum hafa aukist talsvert á undanförnum árum. Það er í takt við þá aukningu á tekjum sem orðið hefur hjá ríkissjóði vegna þess hversu vel hefur árað, hversu hagvöxtur hefur verið mikill og hversu kaupmáttur þjóðarinnar hefur aukist mikið að undanförnu.

Eins og lesa má um í langtímaáætlun í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir aukningu til vegamála á næsta ári en vegna hinna miklu þenslu sem hefur verið í hagkerfinu að undanförnu hefur verið minna svigrúm fyrir aðrar umsvifamiklar framkvæmdir í hagkerfinu. Þegar dregur úr þeirri þenslu er gert ráð fyrir að umsvif í vegaframkvæmdum muni aukast, eins og sjá má í langtímaáætluninni.

Aðrar ákvarðanir en þar er um að ræða hafa ekki verið teknar. Ef áætlanir ganga fram á ég ekki sérstaklega von á að breytingar verði þar á. Það eru heldur ekki uppi neinar sérstakar áætlanir um að gera breytingar á innheimtu þessara gjalda. En ég vil þó minna á að í dag er um að ræða tímabundna lækkun á olíugjaldinu sem kom til vegna þess að heimsmarkaðsverð á dísilolíu hefur verið óeðlilega hátt á undanförnum árum. Sú ákvörðun var tekin í sambandi við upptöku á nýju kerfi hvað varðar (Forseti hringir.) innheimtu af umferðinni.

[15:29]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég verð auðvitað líka taka undir að ég er sammála því að hæstv. fjármálaráðherra kann að reikna. Reikna upp skatta á landsmenn. Hann og hæstv. ráðherra og fyrrverandi fjármálaráðherra, núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, eru snillingar að reikna upp skatta, samanber það sem kemur hér fram. Skattahækkanir á umferð og bílainnflutningi sem hafa orðið síðastliðin 10 ár eru líklega heimsmet. Við höfum verið að ræða hér um aðra skatta á almenning í landinu, hvernig þeir hafa verið reiknaðir upp og hafa stórhækkað, sem hefur verið staðfest af prófessorum og öðrum og nýlega í Ríkisútvarpi allra landsmanna. Þó svo að hæstv. ráðherra hafi skrifað þeim og mótmælt því.

En virðulegi forseti. Þótt það komi hér fram hjá hæstv. ráðherra að kannski verði fjögurra krónu afsláttur af hverjum olíulítra vegna olíugjalds framlengdur þá spyr ég auð-

vitað um þessa ofurskatta vegna þess að þeir leggjast mjög misjafnt á fólk, t.d. er það ljóst að áður en þungaskattinum var breytt yfir í olíugjald þá hækkaði hann mjög mikið og olíugjaldið er líka svimandi hátt. Þetta leiðir til stórhækkunar flutningskostnaðar (Forseti hringir.) hér innan lands og ég hlýt að spyrja ráðherra hvort þetta komi ekki til tals vegna þess að það hefur verið rætt innan ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) að lækka þessa flutningsskatta af umferð.

[15:30]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það virðist vera með Samfylkinguna að þar séu ekki bara uppi tvær skoðanir á álmálinu heldur virðast líka vera uppi tvær skoðanir hvað varðar ríkisfjármálin. Önnur skoðunin er sú að þess sé ekki gætt nægjanlega vel að hafa aðhald í ríkisrekstrinum og hafa afganginn nægjanlega mikinn eða menn hafa áhyggjur af því að skattheimtan sé ekki nægjanleg. Svo er uppi hin skoðunin þar sem menn vilja bæði auka framkvæmdirnar og lækka skattana. Það virðist vera að hv. þm. Kristján Möller sé fulltrúi þeirrar skoðunar, a.m.k. miðað við það sem hann segir hér í dag. Það verður auðvitað svo að vera en ég held að við verðum almennt að gera kröfu til þess að menn séu með samræmi í málflutningi sínum, bæði einstaklingar og (Forseti hringir.) flokkar þegar verið er að fjalla um svo mikilvæg mál, frú forseti.

[15:32]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Það er sannarlega samræmi í málflutningi núverandi og fyrrverandi hæstv. fjármálaráðherra hvað það varðar að sækja tekjur ríkissjóðs og skattleggja eins og raun ber vitni um.

Virðulegi forseti. Ég spyr t.d. um það og hef ekki fengið svar við því, vegna þess að rætt var um það innan ríkisstjórnarinnar fyrir síðustu kosningar að lækka t.d. álögur á flutningskostnaði. Ég tók dæmi um þungaskattinn, ég tók dæmi um olíugjaldið. Það hefur verið fjallað um þetta innan ríkisstjórnarinnar, þrjú ráðuneyti voru látin skila skýrslu rétt fyrir kosningar. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur hins vegar sagt að hún hafi gefist upp á því að berjast fyrir lækkun flutningskostnaðar, svo ég taki bara það dæmi, vegna andstöðu Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórninni. (**Viðskrh.:** Ég hef aldrei sagt það.) Það hefur komið þar fram. Þess vegna er eðlilegt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra, sem er með ríkissjóð þar sem flæðir núna út úr af skatttekjum af umferð, þar með talið af flutningskostnaði, hvort ekki sé ráð að fara þá leið að lækka þessa skattheimtu og auðvelda þar með t.d. rekstrarskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni sem eiga mjög í vök að verjast núna út af þessum svimandi háu flutningsgjöldum. (Forseti hringir.) Auðvitað fer þetta líka beint út í verðlag til fólks.

[15:33]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Eins og kom fram í frammíkalli frá hæstv. viðskiptaráðherra fór hv. síðasti ræðumaður með rangt mál hér í ræðustólnum (**KLM:** Það er ekki rétt.) hvað varðar flutningskostnaðinn.

Hv. þingmaður nefndi áðan að sennilega væri um heimsmet að ræða í auknum álögum á umferðina. Ég get svo sem ekki fullyrt um það, (**KLM:** Enda dálítið ...) ég ætla hins vegar ekki að fullyrða um nein önnur heimsmet. Ég ætla hins vegar að fullyrða að það sé mjög erfitt, og hv. þingmaður þarf að leita um langan veg og sennilega jafnvel í langan tíma, til að finna aðra eins stöðu hvað varðar hagvöxt og kaupmáttaraukningu og þá sem hér hefur verið á undanförnum árum. Það er hún sem er að koma fram í hinum auknu tekjum hjá okkur. Við gerum hins vegar líka ráð fyrir því í langtímaáætlun í ríkisfjármálum að þessi mikli hagvöxtur verði ekki viðvarandi næstu árin og þá munum við þurfa á öllum okkar tekjum að halda plús það sem við höfum þegar lagt til hliðar til að halda uppi framkvæmdum á næstu árum til þess að geta (Forseti hringir.) haldið áfram að bæta kjör landsmanna.

Hlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 461. mál (EES-reglur, upplýsingaákvæði). — Þskj. 688, nál. 835.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Brtt. í nál. 835 samþ. með 42 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Einkahlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 462. mál (EES-reglur, upplýsingaákvæði). — Þskj. 689, nál. 836.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Brtt. í nál. 836 samþ. með 43 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 371. mál (lágmarksiðgjald og heimildir til fjárfestingar). — Þskj. 427, nál. 855, brtt. 856.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Brtt. 856,1 (ný 1. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 856,2 (ný 2. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 856,3 (3.–12. gr. falli brott) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 856,4 (ný 13. gr., verður 3. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 141. mál (hámark útsvarsheimildar). — Þskj. 141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 172. mál (rökstuðningur og miskabætur). — Þskj. 172.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vextir og verðtrygging, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ, 173. mál (verðtryggð útlán). — Þskj. 173.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fullvinnsla á fiski hérlendis, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjarn o.fl., 212. mál. — Þskj. 212.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Kynbundinn launamunur, frh. fyrri umr.

Þáltill. SF o.fl., 224. mál. — Þskj. 224.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. MÁ, 225. mál (fyrirspurnir til forseta). — Þskj. 225.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 235. mál (auglýsingar). — Þskj. 235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack, 238. mál. — Þskj. 238.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Samgönguminjar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack, 239. mál. — Þskj. 239.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Strandsiglingar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjarn o.fl., 251. mál (uppbygging). — Þskj. 251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Tannlækningar, frh. 1. umr.

Frv. JGunn o.fl., 252. mál (gjaldskrár). — Þskj. 252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Uppbygging héraðsvega, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjarn o.fl., 310. mál. — Þskj. 330.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Vatnalög, 2. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859.

[15:44]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til vatnalaga frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjöldann allan af aðilum úr samfélaginu sem þetta mál varðar á einn eða annan hátt og gerð er nánar grein fyrir í nefndaráliti þessu.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi vatnalög, nr. 15/1923, með síðari breytingum. Í athugasemdum með frumvarpinu er gerð ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem í því felast og ástæðum þess að talin var þörf á að endurskoða lögin.

Frumvarpið var lagt fram fyrst á 131. löggjafarþingi en var síðan endurskoðað. Þær breytingar sem gerðar hafa verið er aðallega að finna í 1., 15., 35. og 36. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í frumvarpinu byggjast breytingarnar í fyrsta lagi á athugasemdum sem bárust iðnaðarnefnd við fyrra frumvarpið, í öðru lagi samráði við umhverfisráðuneyti og undirstofnanir þess og í þriðja lagi athugasemdum ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur.

Í gildandi vatnalögum eru ítarleg ákvæði um ýmsa þætti vatnamála sem ekki er að finna í frumvarpinu. Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laganna hafa orðið miklar samfélagsbreytingar, tækniframfarir hafa orðið og vægi umhverfisverndar hefur aukist til muna. Frumvarpinu er ekki ætlað að taka til allra þátta sem lúta að vatni og vatnsnotum með sama hætti og núgildandi vatnalög enda er nú tekið á ýmsum þáttum vatnamála í öðrum lögum, m.a. á sviði umhverfis-, náttúru- og almannaréttar. Þá eru ýmis ákvæði í gildandi lögum einfölduð, m.a. í ljósi breyttra aðstæðna.

Algengt er að einstakar heimildir eða þættir eignarréttar yfir fasteignum teljist sérstök réttindi. Dæmi um það eru vatnsréttindi en einnig má nefna rekaréttindi, námuréttindi og veiðiréttindi. Vatnsréttindi fjalla um þær heimildir fasteignareiganda sem beinlínis lúta að umráðum og hagnýtingu vatns á landareign. Ein helsta breytingin sem frumvarpið gerir ráð fyrir og fjallað var ítarlega um í nefndinni er að vatnsréttindi fasteignareiganda verða nú skilgreind á annan hátt en í núgildandi vatnalögum. Fram að þessu hefur verið byggt á jákvæðri skilgreiningu sem gerir ráð fyrir að taldar séu upp allar heimildir eiganda sem í eignarrétti geta talist. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir neikvæðri skilgreiningu en hún tilgreinir ekki með upptalningu hvaða heimildir eigandinn hefur heldur er gengið út frá því að eigandinn njóti allra heimilda nema þeirra sem eru með beinum hætti undanskildar eignarráðum hans hvort sem það hefur gerst með lögum eða samningi.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að hér sé um formbreytingu að ræða en ekki efnislega breytingu á inntaki eignarráða fasteignareiganda yfir vatni. Í athugasemdum með frumvarpinu þar sem fjallað er um skilgreiningu eignarréttar er tekið svo til orða að hér sé „fyrst og fremst" um formbreytingu að ræða. Á fundi nefndarinnar með frumvarpshöfundum kom fram að orðin „fyrst og fremst" hefðu átt að falla brott við endurskoðun frumvarpsins.

Með setningu vatnalaga, nr. 15/1923, var tekið af skarið um það að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta það vatn sem á landareign þeirra finnst eða um hana rennur, þar með talinn orkunýtingarrétt. Réttarframkvæmdin hefur og til fulls viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar. Vatnsréttindi eru þannig þáttur í eignarrétti landeigenda og njóta verndar skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Landeigendur verða því ekki sviptir þessum rétti bótalaust. Til samræmis við það sem að framan segir hefur eignarnámi verið beitt samkvæmt vatnalögum eða öðrum sérstökum lögum þegar þurft hefur að afla í þágu virkjana vatnsréttinda í einkaeign.

Í nefndinni urðu nokkrar umræður um almannarétt. Við gerð frumvarpsins var farin sú leið að fella ákvæði um umferð almennings um vötn inn í náttúruverndarlög, nr. 44/1999, þar sem þau lög hafa að geyma almenn ákvæði um umferðarrétt almennings. Í III. kafla náttúruverndarlaga er jafnframt að finna almennar umgengnisreglur sem gilda í náttúrunni og ákveðnar takmarkanir á umferðarrétti, svo sem varðandi merkingar o.fl. Litið er svo á að þau ákvæði gildi einnig um umferð um vötn eftir því sem við getur átt.

Nokkrar umræður urðu einnig um skaðabótaábyrgð landeiganda ef vatn sem rennur um landareign hans veldur tjóni á landareign annars manns. Meiri hlutinn telur ólíklegt að skaðabótaábyrgð stofnist við slíkar aðstæður nema um sök sé að ræða, þ.e. landeigandi hefur með saknæmum hætti valdið því að tjón verður á landareign annars manns. Hlutlæg bótaábyrgð, þ.e. bótaábyrgð án sakar, á ekki við í slíkum tilvikum.

Þá urðu í nefndinni nokkrar umræður um 35. gr. frumvarpsins. Í greininni ræðir um skyldu til að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir í eða við vötn vegna vatnsnýtingar. Í 2. mgr. er hins vegar kveðið á um að ekki þurfi að tilkynna Orkustofnun sérstaklega um framkvæmdir er snerta veiðivötn í skilningi laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Slíkar framkvæmdir eru háðar leyfi samkvæmt

þeim lögum. Þegar sótt er um leyfi til framkvæmda skal senda Orkustofnun afrit af slíkum umsóknum. Meiri hlutinn telur mikilvægt að þeim sem fara með stjórn veiðimála verði ávallt tilkynnt um framkvæmdir í ám og vötnum sem áhrif hafa á fiskstofna og lífríki þeirra.

Í 5. mgr. 35. gr. frumvarpsins er síðan kveðið á um samráð við umhverfisráðuneytið vegna reglugerðarsetningar, m.a. um framkvæmd tilkynningarskyldu og önnur atriði sem mælt er fyrir um í greininni. Að mati meiri hlutans er samráð við umhverfisráðuneytið afar mikilvægt varðandi þessi atriði.

Samkvæmt frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á reglum um eignarnám og eignarnámsframkvæmd. Þar er fyrst og fremst um að ræða einföldun á þeim reglum sem gilda um mat á tjóni og ákvörðun um eignarnámsbætur. Þá er einnig m.a. lagt til að ákvörðunarvald um heimild til eignarnáms verði ávallt í höndum ráðherra. Þá er samkvæmt frumvarpinu lagt til að öll stjórnsýsla verði einfölduð en hún verður alfarið á hendi Orkustofnunar og iðnaðarráðherra sem hefur yfirstjórn mála á sinni hendi.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um forgangsröð að vatni. Í 3. mgr. kemur fram að sveitarfélög skuli hafa forgangsrétt til töku vatns til vatnsveitu innan sveitarfélags á eftir fasteignareigendum. Með orðunum „innan sveitarfélags“ er hugsunin ekki sú að setja einstökum sveitarfélögum staðbundin mörk um það hvar vatnstaka geti átt sér stað heldur er vísað til þess svæðis þar sem vatnsveitan starfar, þ.e. innan viðkomandi sveitarfélags. Í ljósi umræðu sem fram fór í nefndinni er lagt til að orðin „innan sveitarfélags“ falli brott.

2. Lögð er til breyting á 2. mgr. 35. gr. þar sem veiðimálastjóri heyrir nú undir Landbúnaðarstofnun.

3. Lögð er til málfarsbreyting á 2. mgr. 36. gr.

4. Lagt er til að í 4. mgr. 42. gr. verði starfandi vatnafélögum gefinn frestur til 1. janúar 2007 til að laga starfsemi sína að lögunum.

5. Vegna athugasemda sem bárust og í ljósi umræðu sem fram fór í nefndinni er lagt til að í stað orðanna „Sveitarfélög sjá um að leggja fráveitur eftir því sem þörf er á“ í 1. tölul. 43. gr. komi „Sveitarfélögum er heimilt að leggja fráveitur.“

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali, og ég hef hér nefnt að framan.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Birkir J. Jónsson, Kjartan Ólafsson, Einar Oddur Kristjánsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Gunnar Örlygsson.

Hæstv. forseti. Ég held að það sé rétt að gera í örfáum orðum grein fyrir því starfi sem fór fram innan nefndarinnar. Hér er um að ræða tímamótaendurskoðun á gildandi vatnalögum sem voru samin árið 1923 og hafa staðist tímans tönn býsna vel.

Frumvarpið var lagt fram fyrst á 131. löggjafarþingi og kom fram ákveðin gagnrýni á innihaldi þess og náði það ekki fram að ganga. Á milli 131. og 132. löggjafarþings fór fram samráð á milli iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis um ákveðnar breytingar á fyrra frumvarpi og tel ég að þær breytingar sem þá voru gerðar á frumvarpinu séu afar mikilvægar í þessu sambandi. Vil ég nefna hér örfáar þeirra.

Í fyrsta lagi er um 1. gr. að ræða, markmiðsgrein laganna, þar sem bætt er í 2. mgr. að við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal gæta þess að raska ekki vatni, farvegi þess og síðan bætist við: lífríki þess, vistkerfum eða landslagi, og tel ég að þetta sé gert að undirlagi undirstofnana umhverfisráðuneytisins til að styrkja markmiðsgrein laganna í þá veru að náttúruvernd sé gert hærra undir höfði en í fyrra frumvarpi. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er tekið fram að stofnunin fagnar sérstaklega þessari breytingu á markmiðsgrein laganna.

Jafnframt er gert ráð fyrir því í 35. gr. að samráð skuli haft við umhverfisráðuneytið, sem komi fram í reglugerðarsetningu um framkvæmd tilkynningarskyldra framkvæmda. Þannig er frumvarpið öðruvísi nú en hið fyrra frumvarp, nú geta undirstofnanir umhverfisráðuneytisins átt aðkomu að reglugerðarsetningu er snertir tilkynningarskyldar framkvæmdir. Það er mjög mikilvægur punktur og aðilar frá umhverfisráðuneytinu bentu á að það væri spor í rétta átt að undirstofnanir og umhverfisráðuneytið hafi aðkomu að þessum reglugerðarsmíðum.

Í umræðu á 131. löggjafarþingi komu jafnframt fram áhyggjur manna um að réttur almennings yrði skertur með einhverjum hætti hvað varðar aðgengi að vatni. Við því er brugðist í frumvarpinu sem við ræðum hér en í athugasemdum við 2. tölul. 43. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir að sá almannaréttur sem hingað til hefur gilt standi óbreyttur.“

Við hv. þingmenn meiri hluta nefndarinnar teljum að með þessu sé aðgengi og för fólks um vatnsauðlindina tryggt.

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra gerði svo ágætlega grein fyrir því er hún mælti fyrir frumvarpi til vatnalaga fyrr á þessum vetri hvernig endurskoðun vatnalaga hefur verið háttað og ég vil grípa inn í athugasemdir við frumvarpið, með leyfi hæstv. forseta:

„Endurskoðun vatnalaga hófst árið 2001 og var markmið hennar að samræma ákvæði vatnalaga annarri löggjöf sem sett hefur verið á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku laganna. Ljóst var að einstakir kaflar og einstök ákvæði laganna væru úrelt eða væri betur fyrir komið annars staðar í lögum. Þá var nauðsynlegt að taka stjórnsýslu vatnamála til endurskoðunar. Ráðherra fól Eyvindi G. Gunnarssyni hdl. að semja drög að frumvarpi til nýrra vatnalaga sem taka skyldu mið af þessum atriðum og leysa gildandi vatnalög af hólmi. Hinn 20. mars 2003 skipaði ráðherra svo nefnd sérfræðinga og hagsmunaaðila til þess að skila endanlegu frumvarpi til vatnalaga til ráðherra. Í nefndinni áttu sæti Karl Axelsson, hrl. og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Eyvindur G. Gunnarsson hdl., varaformaður, Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur, tilnefndur af Orkustofnun, Gunnar Sæmundsson bóndi, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, Hjörleifur B. Kvaran hrl., þáverandi borgarlögmaður en nú lögfræðingur Orkuveitu Reykjavíkur, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigrún Ágústsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af umhverfisráðuneytinu, og Örlygur Þórðarson hdl., tilnefndur af Samorku. Þá

starfaði með nefndinni Pétur Örn Sverrisson, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti. Afrakstur þeirrar vinnu var lagður fram í formi frumvarps til vatnalaga á 131. löggjafarþingi en það varð ekki útrætt," eins og ég hef farið yfir hér að framan.

Af framansögðu er ljóst að mikil vinna hefur verið lögð í að endurskoða gildandi vatnalög frá árinu 1923. Við höfum fengið fremstu sérfræðinga þjóðarinnar til að fara heildstætt yfir þennan lagabálk. Það var ljóst að sumir kaflar gildandi vatnalaga voru úreltir. Margs konar aðrir lagabálkar hafa verið settir frá árinu 1923, svo sem um frárennslismál sveitarfélaga, um náttúruvernd og fleira mætti nefna, þannig að það var ljóst að nauðsynlegt væri að endurskoða gildandi vatnalög og mikil vinna hefur verið lögð í það af hálfu þeirra sérfræðinga sem ég nefndi að framan. Ekki síst hefur hv. iðnaðarnefnd lagt gríðarlega mikla og góða vinnu í þetta mál, fyrst á 131. löggjafarþingi, en þá komu fjölmargir aðilar fyrir nefndina og við fengum fjöldann allan af umsögnum og svo núna á 132. löggjafarþingi þar sem farið hefur verið mjög ítarlega ofan í þennan lagabálk og það frumvarp sem ég ræði hér.

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. nefndarmönnum í iðnaðarnefnd fyrir ágætt samstarf og gott starf. Það er ekki vandalaust að fara ofan í svo viðamikið lagasafn sem vatnalögin eru. Það ber að gera það ítarlega og ég tel að hv. iðnaðarnefnd hafi staðið sig ágætlega að því leyti.

Hæstv. forseti. Í umræðum her fyrr í vetur sögðu margir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, sérstaklega Vinstri grænna, að ætlunin væri að einkavæða vatnið en vatnið ætti að vera sameign þjóðarinnar. Það er reyndar rétt, að átakapunkturinn í málinu er hvort vatnið eigi að vera sameign þjóðarinnar eða í höndum landeigenda rétt eins og gildandi vatnalög hafa gert ráð fyrir. Öll dómaframkvæmd gildandi vatnalaga hefur staðfest að landeigendur hafa eignarrétt yfir vatnsauðlindum. Það er óumdeilt og kom fram í störfum nefndarinnar. (Gripið fram í.)

Ef hv. þingmenn vilja ganga til baka og skilgreina vatnsauðlindina einungis með nýtingarrétt landeigenda er ljóst að við þrengjum með ákveðnum hætti réttindi landeigenda. Nýtingarrétturinn er einungis lítið mengi í stærra mengi eignarréttarins. Það kom skýrt fram á fundi nefndarinnar með Karli Axelssyni, reyndar átti meiri hluti iðnaðarnefndar sem átti þann fund með Karli Axelssyni. (**Gripið fram í:** Nú er það?) En það kom skýrt fram hjá Karli Axelssyni, lektor í Háskóla Íslands, sem er einn virtasti sérfræðingur þjóðarinnar á sviði eignarréttar, að slíkt mundi trúlega brjóta í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar, að þrengja skilgreiningu á eignarrétti með þeim hætti sem um var rætt af hálfu einstakra nefndarmanna.

Ég hef nú orðið var við það, í umræðum um stjórnarskrána, að við þingmenn teljum að við eigum að virða stjórnarskrána. Sjálfur treysti ég mér ekki til að stíga skref sem hugsanlega muni brjóta í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar í 72. gr. Einn virtasti fræðimaður á sviði eignarréttarins hefur staðfest við fulltrúa meiri hluta nefndarinnar að hætta verði á því ef menn skilgreina vatnsauðlindina sem nýtingarrétt viðkomandi landeigenda.

Hæstv. forseti. Það mátti líka greina, í umræðum um frumvarpið þegar hæstv. iðnaðarráðherra lagði það fram fyrr í vetur, að hugsanlega yrði skert aðgengi almennings að neysluvatni. Haldin var merkileg ráðstefna um málið, sem ég komst því miður ekki á. Þar komu aðilar vítt og breitt að úr samfélaginu, m.a. fulltrúar frá BSRB, Samtökum íslenskra bankamanna, Ungmennafélagi Íslands, Landssambandi eldri borgara, Kennarasambandi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands og fleiri aðila komu saman og tóku vatnsauðlindina fyrir. Menn ræddu þar um aðgengi almennings að vatni og hve mikla þýðingu það hefði í framtíðinni að aðgengi almennings að þeirri auðlind væri tryggt. Nú horfi ég til hv. þm. Ögmundar Jónassonar og þykist vita að hann geti vottað að þetta var megininntak þeirrar ráðstefnu sem haldin var á vegum þessara félagasamtaka. Ég tel að vangaveltur sem þessar í tengslum við umræðu um breytingu á þessum lögum séu á misskilningi byggðar.

Það er ljóst að í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu frá árinu 1998 er kveðið skýrt á um að sveitarfélög skuli hafa forgang að nýtingu grunnvatns vegna vatnsveitu viðkomandi sveitarfélags. Síðan eru í gildi lög um vatnsveitur sveitarfélaga þar sem sveitarfélögum í þéttbýli er gert skylt að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og fyrirtækja, þannig að hagsmunir almennings og fyrirtækja eru tryggðir með belti og axlaböndum í þessum efnum. Það er óumdeilt að mínu mati. Ég mundi vilja fá að heyra hvaða réttindi það frumvarp sem við ræðum mun skerða hvað varðar almannahagsmuni. Ég mundi vilja heyra þá röksemdafærslu þar sem sú umræða var áberandi þegar hæstv. iðnaðarráðherra mælti fyrir frumvarpi til vatnalaga.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum gera hér örstutt að umfjöllunarefni af hverju hv. þingmenn hafa ekki beðið eftir vatnatilskipun ESB og innleiðum frumvarp til vatnalaga samhliða henni. Því er til að svara að sú tilskipun varðar aðra þætti. Samkvæmt mínum upplýsingum mun ekkert í þeirri tilskipun stangast á við frumvarpið sem nú er til meðhöndlunar á Alþingi. Sú vatnatilskipun snertir aðra þætti, m.a. verndunarþætti vatnsins. En hér erum við að skilgreina stjórnsýslu vatnsins og í raun aðlaga það frumvarp sem hér um ræðir að annarri löggjöf á sviði vatnamála.

Ég hef áður komið inn á að með frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu var grunnvatnið skilgreint út frá eignarrétti landeigenda. Ég held að hv. þingmenn geti ekki mælt á móti því. Það var reyndar umdeilt á sínum tíma en hér er löggjöf á þessu sviði samræmd og ég tel að hv. iðnaðarnefnd hafi unnið ágætt starf að því leyti. Ég fór áðan yfir það að unnið hefur verið að málinu frá árinu 2001. Hv. iðnaðarnefnd hefur haft málið til umfjöllunar, bæði á 131. og 132. löggjafarþingi. Ég tel mikilvægt að við festum frumvarpið sem við ræðum hér í lög. Ég tel að vel hafi verið að verki staðið og vandað til umfjöllunar um málið. Ég tel að hv. þingmenn sem eiga sæti í iðnaðarnefnd geti vottað að við höfum fengið fjölda umsagnaraðila á okkar fund og rætt málin. Síðan geta menn eins og ég sagði áðan deilt um hvort vatnið eigi að heyra undir einkaeignarréttinn eða eigi að vera sameign þjóðarinnar.

Það er óumdeilt að frá árinu 1923 hefur vatnið verið skilgreint sem hluti af réttindum landeigenda. Það er ljóst að ef menn vilja ganga til baka og fara einhverja rússneska leið í þessum efnum þá gerir ríkið ekki slíka breytingu bótalaust. Það er ljóst að þá yrði gengið á réttindi bænda og

annarra landeigenda og það verður ekki gert bótalaust. Ég stórefa, hæstv. forseti, að íslenskur ríkissjóður, þótt hann standi nú vel, hafi efni á himinháum bótagreiðslum. Ég legg til að við vinnum áfram samkvæmt þeirri stefnu sem var mótuð árið 1923. Reyndar má fara aftar í söguna varðandi réttindi landeigenda að þessu leyti.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þetta frumvarp verði samþykkt enda hefur verið farið gaumgæfilega ofan í það í alla staði.

[16:08]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. formaður iðnaðarnefndar hélt athyglisverða ræðu í þessu máli áðan. Ég vildi spyrja hv. þingmann um og fá nánari skýringar á því hvers vegna vatn má ekki vera sameign. Í nágrannaríkjum okkar í Evrópu hefur tilhneigingin verið sú að skilgreina vatn sem sameign. Það kom fram í umfjöllun nefndarinnar, hjá þeim gestum sem þangað komu, að með því að setja vatn undir séreign færum við aðra leið en farin er í Evrópu.

Ég vil því gjarnan fá að heyra frá hv. þingmanni hvaða fyrirmyndir eru fyrir því að fara þessa blindu frjálshyggjuleið í fyrirkomulagi eignarréttar á vatninu. Ég vil gjarnan fá að heyra frá hv. þingmanni hvaða fyrirmyndir séu til í þeim efnum.

[16:10]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég rakti áðan koma átakapunktarnir af því hvort menn eru sameignarsinnar eða vilja virða þau réttindi sem landeigendur hafa haft síðustu áratugi. Það er mikilvægt að fulltrúi Samfylkingarinnar í þessari umræðu komi upp og staðfesti þann grun minn að Samfylkingin leggi til að vatnsréttindi landeigenda hér á landi verði bara tekin upp.

Hæstv. forseti. Árið 1923 tókust annars vegar á séreignarsinnar og sameignarsinnar. Það er ekki um það deilt hjá lagaspekingum landsins að séreignarsinnar unnu þann bardaga (Gripið fram í.) og dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur almennt verið á þann veg að réttindi landeigenda beri að virða með þessum hætti. En hér leggur Samfylkingin til eignaupptöku að mér heyrist.

[16:11]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er um dæmalausan útúrsnúning að ræða. Það er alveg ljóst að Samfylkingin vill halda málum óbreyttum, þ.e. að vatnið sé skilgreint sem sameign en engu að síður sé nýtingarrétturinn eign landeiganda.

Virðulegi forseti. Að mínu mati er hér á ferðinni ákveðin öfgastefna, þ.e. að færa vatnið undir skilgreinda séreign manna. Þetta hefur frjálshyggjan boðað áratugum saman. Þess vegna finnst mér svolítið sérkennilegt að sjá það núna að Framsóknarflokkurinn skuli leiða umræðuna inn á þessar brautir með vatnið líka.

Þessi öfgastefna hefur verið innleidd hér á landi hægt og rólega, bæði með auðlindir í sjó og auðlindir djúpt í jörðu. Síðan hefur Framsóknarflokkurinn lúffað varðandi háeffun á Ríkisútvarpinu og núna varðandi vatnið.

Virðulegi forseti. Ég verð, að segja að það kemur mér á óvart að Framsóknarflokkurinn skuli nú enn og aftur hafa tekið upp (Forseti hringir.) blinda trú frjálshyggjumanna á séreignina.

[16:12]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að taka upp trú frjálshyggjumanna á séreigninni, segir hv. þingmaður eins og hún sé hluti af kommúnistaflokki. Er þá rétt að taka þessi réttindi af landeigendum? Ég fór yfir það áðan að Karl Axelsson hefur farið yfir það (Gripið fram í.) að ef við skilgreinum þessi réttindi sem nýtingarrétt þá brjótum við hugsanlega í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta segir einn fremsti sérfræðingur þjóðarinnar á sviði eignarréttar.

Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hefur kannski aðra skoðun en lektor við Háskóla Íslands, sem hefur sérhæft sig á þessu sviði. En það er alveg á hreinu að Framsóknarflokkurinn mun ekki standa fyrir því og hefur aldrei staðið fyrir því að taka upp eignarréttindi landeigenda í landinu, fólks sem hefur keypt jarðir sínar og stundað þar búskap eða frístundir. Það kemur ekki til greina að þau réttindi verði tekin af landeigendum.

[16:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni Birki Jóni Jónssyni fyrir mjög fróðlega ræðu, þótt nokkuð væri hún öfgafull eins og margt sem kemur frá Framsóknarflokknum nú um stundir. En hann hittir naglann á höfuðið þegar hann sagði að tekist væri á um grundvallaratriði, annars vegar hvort líta beri á vatnið sem sameign þjóðarinnar eða á grundvelli eignarréttar einstaklinga. Þetta er grundvallarumræða og það er alveg rétt hjá hv. þingmanni.

Hitt er hins vegar rangt að menn hafi verið sammála um túlkun vatnalaganna frá 1923 hvað lýtur að stjórnarskrá og dómaniðurstöðum. Ég hvet hv. þingmann til að kynna sér álitsgerðir manna á borð við Bjarna Benediktsson og Ólaf Jóhannesson, fyrrverandi forsætisráðherra og formann Framsóknarflokksins, þegar að því kemur. Þetta munum við að sjálfsögðu ræða í umræðu um þetta mál sem ég sé fyrir mér, hæst. forseti, að verði mjög löng. Það er kallað eftir svörum og þau svör mun hv. þingmaður fá.

[16:15]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér sýnist orðið ljóst að hv. stjórnarandstaða sé sammála um að það eigi að taka þessi réttindi af landeigendum. Þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson vitnar í skrif Ólafs Jóhannessonar um þessi málefni, sem ég verð að viðurkenna að ég hef ekki lesið til hlítar, þá hef ég það eftir Karli Axelssyni, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, að Ólafur Jóhannesson hafi staðfest þennan rétt landeigenda og að allir fremstu lögspekingar Íslands á 20. öldinni hafi staðfest þessa skoðun sína á réttindum landeigenda. Dómafordæmi Hæstaréttar eru ótvíræð og ég bið þá hv. þm. Ögmund Jónasson að sýna mér fram á önnur dómafordæmi Hæstaréttar Íslands sem taki þessi réttindi af landeigendum sem skýrt er kveðið á um í lögunum frá 1923, vegna þess

að þar er öll hugsanleg notkun á vatni talin upp. Öll hugsanleg notkun á þeim tíma. Séreignarsinnar unnu þetta mál á sínum tíma og dómafordæmin staðfesta það.

[16:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við skulum fara yfir þetta lið fyrir lið í umræðunni og fara yfir álitsgerðir Bjarna Benediktssonar og Ólafs Jóhannessonar. En í þessu litla andsvari langar mig til að inna hv. þingmann nánar eftir einu. Það er um rússnesku leiðina sem hann nefnir svo og er þar að vísa til mannréttindabaráttu sem nú er háð víða um heim af hálfu verkalýðssamtaka, neytendasamtaka, Sameinuðu þjóðanna, um að líta beri á vatn sem mannréttindi sem allir hafi aðgang að og með áherslu á að tryggja vatnið sem sameign.

Ég ætlaði að sjálfsögðu að spyrja um miklu fleira, t.d. það hvað valdið hafi sinnaskiptum hjá Framsóknarflokknum, vegna þess að okkur var sagt að vatnafrumvarp áþekkt því sem lagt var fyrir þingið á síðasta ári yrði ekki lagt fyrir þetta þing. Þess vegna olli það bæði vonbrigðum og mikilli undrun (Forseti hringir.) þegar þetta frumvarp birtist í byrjun nóvembermánaðar á síðasta ári.

[16:17]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég taldi að í máli mínu áðan hefði ég gert ítarlega grein fyrir því að aðgengi almennings að vatni yrði ekki skert samkvæmt þessu frumvarpi. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kemur hér upp og lætur að því liggja að verið sé að skerða réttindi almennings hvað varðar aðgengi að vatni. Ég fór yfir það áðan, hæstv. forseti, hvert aðgengi almennings er að neysluvatni. Ég fór yfir það áðan hvaða breyting hefði verið gerð á frumvarpinu á milli 131. og 132. löggjafarþings. (**ÖJ:** Þær eru ekki miklar.) Ég fór yfir það. Þar er talað um það, hæstv. forseti, að almannaréttur standi óhaggaður hvað varðar aðgengi að vatni. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kemur hér upp og dylgjar um að hér sé hugsanlega verið að skerða réttindi almennings að vatni. Það er beinlínis rangt. Ég fór yfir það í upphafsorðum mínum og ég bið hv. þingmann í þeirri miklu umræðu sem fram undan er að sýna mér og þingheimi fram á það hvernig í ósköpunum verið er að skerða réttindi almennings hvað varðar aðgengi að vatni. (**ÖJ:** Alveg sjálfsagður hlutur.)

[16:18]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það væri reyndar hægt að hafa mörg andsvör við ræðu hv. þm. Birkis J. Jónssonar, formanns iðnaðarnefndar, um þetta afar skrýtna frumvarp til vatnalaga, og ég mun fara betur yfir það í ræðu minni á eftir. Við hefðum viljað sjá heildarsýn í vatnalögum, ekki ólíkt því sem var árið 1923, en í stað þess er litið mjög þröngt á vatn í þessu frumvarpi til vatnalaga. Það er skilgreint út frá hagsmunum iðnaðarins og það er það sorglega í þessu dæmi. Ég er búinn að upplýsa hér með bleiku á þessu nefndaráliti meiri hlutans: „Meiri hlutinn leggur áherslu á að hér sé um formbreytingu að ræða en ekki efnislega breytingu á inntaki eignarráða fasteignareiganda yfir vatni." (Forseti hringir.) Það er einmitt þetta sem ég vil gjarnan að hv. þingmaður útskýri betur fyrir mér.

[16:19]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð nú að biðjast afsökunar á því að þurfa að endurtaka mig, því að ég fæ að mörgu leyti sömu spurningarnar aftur og aftur. Árið 1923 tókust á tvö andstæð sjónarmið sameignarsinna og séreignarsinna. Dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur sýnt fram á með óyggjandi hætti að vatnsauðlindin er skilgreind sem eignarréttur viðkomandi landeiganda. Ótvírætt. Síðan kemur hv. þm. Hlynur Hallsson og talar um að hér sé um stefnubreytingu að ræða en ekki formbreytingu eins og við hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans höldum fram. Það er staðfest í dómaframkvæmd Hæstaréttar að vatnsauðlindin tilheyri viðkomandi fasteign og sé því háð eignarréttindum viðkomandi aðila. Skýrar get ég ekki talað, hæstv. forseti.

[16:20]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við fórum ítarlega yfir það í störfum nefndarinnar og við ræddum þetta mál einmitt mjög oft. Það var formaður Lögmannafélagsins, Jóhannes Rúnar Jóhannesson, (**Gripið fram í:** Formaður laganefndar.) formaður laganefndar Lögmannafélagsins, sem sagði okkur frá því þegar hann fékk þá beinu spurningu hvort ríkið yrði bótaskylt að einhverju leyti gagnvart landeigendum ef vatnið yrði skilgreint sem sameign þjóðarinnar. Formaðurinn sagði nei, hann væri mjög efins um það. Um þetta snýst málið að verulegu leyti, hvort hægt sé að segja að ríkið sé bótaskylt að einhverju leyti ef hlutirnar eru látnir vera eins og þeir hafa verið frá 1923 með þeim ágætu lögum sem þá voru samþykkt og hafa dugað okkur vel hingað til.

[16:22]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hlynur Hallsson sagði náttúrlega ekki nema hálfa söguna í þessu stutta andsvari sínu áðan. Með leyfi hæstv. forseta vil ég vitna í umsögn laganefndar:

„Laganefnd sýnist að vel hafi tekist til með frumvarpi þessu að ná yfirlýstu markmiði endurskoðunarinnar og gerir ekki aðrar athugasemdir en þær sem að neðan greinir." — Sem eru nú ekki stórvægilegar.

Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar vitnuðu mjög mikið í álit laganefndar á 131. löggjafarþingi vegna orðanna „fyrst og fremst". Nú er búið að leiðrétta þann misskilning og ég bið hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að vitna í umsögn laganefndar Lögmannafélagsins. Ég bendi á, hæstv. forseti, að formaður laganefndar tjáði sig ekki með afgerandi hætti líkt og hv. þm. Hlynur Hallsson sagði hér áðan. Það var ekki afgerandi svar, hann sagðist þurfa að skoða málið betur. Ég vitna enn og aftur í það álit sem Karl Axelsson lagði á borð fyrir okkur um að hugsanlega sé verið að brjóta í bága við stjórnarskrána ef við ætlum að þrengja þessi réttindi.

[16:23]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. formaður nefndarinnar vera að sveipa málið í einhverja þoku og vitleysisgang. Ég veit ekki til þess að neinn úr minni hlutanum hafi nokkurn tíma lagt það til að þrengt verði að réttindum þeirra sem hafa réttindi til vatns í landinu. Við höfum bara talað um að halda óbreyttum þeim réttindum sem menn hafa haft. Það sem verið er að gera með þessu þingmáli er að skilgreina vatnið upp á nýtt. Verið er að skilgreina eignarhald á vatni. (**Gripið fram í:** Það er ekki verið að því.) Það er aðalmarkmið frumvarpsins. Samkvæmt því sem þar stendur er aðalmarkmið frumvarpsins að skilgreina eignarhaldið upp á nýtt. Síðan koma menn hér upp og reyna að rökstyðja það að verið sé að taka réttindi af mönnum og það sé jafnvel stjórnarskrárbrot. Hefur það stjórnarskrárbrot þá staðið síðan 1923? Af hverju hafa menn ekki leitað réttar síns? Hvað er eiginlega á ferðinni og hver er þessi Karl Axelsson? Er þetta Karl Marx? Hvað er þetta eiginlega, hefur hv. þingmaður (Forseti hringir.) ekki sjálfstæðar skoðanir?

[16:24]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þessi málflutningur hv. þm. Jóhanns Ársælssonar dæmi sig að miklu leyti sjálfur. Hv. þingmaður talar um að hv. stjórnarandstæðingar hafi ekki talað um að skerða réttindi landeigenda. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir var rétt áðan í ræðustóli Alþingis og talaði um að gera þetta að sameign þjóðarinnar. Það er alveg ljóst samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar að hér er ekki um sameign þjóðarinnar að ræða. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, sem er reyndar í sama flokki og hv. þm. Jóhann Ársælsson, spurði hvers vegna ekki væri hægt að gera þetta að sameign þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Með því væri verið ganga á réttindi landeigenda og ég bið hv. þingmenn Samfylkingarinnar um að tala einni röddu a.m.k. kosti í einu máli hér á hv. Alþingi. (**KJúl:** Þetta er ósatt.)

[16:25]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fer fram á að menn tali um málið sem er á dagskrá. Það sem er á dagskrá er þetta þingmál. Það er aðalmarkmið þessa þingmáls að skilgreina eignarrétt á vatni samkvæmt lýsingu í málinu sjálfu, að skilgreina það upp á nýtt. Við erum á móti því að breyta þeirri skilgreiningu sem verið hefur og það eru hreinir útúrsnúningar frá hv. þingmanni ef hann er að finna sér einhver önnur tilefni til að ræða málið út frá. Mér finnst að hv. þingmaður, sem er formaður þessarar nefndar, verði að halda sig við það mál sem er á dagskránni. Það er mál ríkisstjórnarinnar. Málið snýst um það að breyta þessari skilgreiningu. Það er aðalmarkmið málsins samkvæmt því sem í frumvarpinu stendur.

[16:27]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur verið á dagskrá Alþingis síðastliðin tvö þing. Það er út af fyrir sig rétt hjá þeim hv. þingmanni sem mælti fyrir málinu sem formaður iðnaðarnefndar að málið hefur fengið þó nokkra umfjöllun. Það er hins vegar rangt hjá hv. þingmanni að það hafi hlotið nóga umfjöllun því það vantar mikið upp á það. Ég geri ráð fyrir að það eigi eftir að koma í ljós í umræðunni og menn muni rökstyðja það með skýrum hætti hvers vegna þau orð eru sögð hér.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um ný vatnalög. Frumvarpið var til meðferðar Alþingis á 131. löggjafarþingi og var þá afgreitt frá nefnd en náði ekki til lokaafgreiðslu. Þessu frumvarpi er ætlað að leysa af hólmi núgildandi vatnalög frá árinu 1923, en gildandi vatnalög, nr. 15 frá 1923, sem voru í raun heildarlög um vatnsréttindi, eru afar merkileg og hafa staðist tímans tönn mjög vel. Það er hins vegar ljóst að margs konar breytingar á lagaumhverfi og stjórnsýslu kalla á endurskoðun þeirra í náinni framtíð. Þó kom mjög skýrt fram á fundum nefndarinnar með umsagnaraðilum og sérfræðingum að ekki væru uppi sérstök vandamál sem gerðu það að verkum að hraða þyrfti endurskoðun þessara laga. Þvert á móti töldu margir sem á fund nefndarinnar komu að best væri að fara sér hægt í málinu en vanda þeim mun betur til verka. Rétt er að minna á, að það tók Alþingi sex ár á sínum tíma að fjalla um núgildandi vatnalög, lagabálk sem var upphaflega 155 greinar.

Í frumvarpinu eru vatnsréttindi skilgreind með neikvæðum hætti, þ.e. með almennri skilgreiningu, í stað þess að talin séu upp öll réttindi fasteignareigenda eins og gert er í núgildandi vatnalögum en það kallast jákvæð skilgreining réttinda. Í þessu gæti falist meiri breyting en ætla mætti af skýringum með málinu. Rétt er að nefna að upphaf þessarar umræðu segir einmitt svolítið um þann ágreining sem snýst um eignarhaldið á vatninu sjálfu og skilgreiningarnar á því og hvernig menn skilja það eignarhald hver með sínum hætti.

Í 1. gr. frumvarpsins segir:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, ..."

Minna má það nú ekki vera. Það verður að teljast vafasamt orðaval ef hér á fyrst og fremst að vera um formbreytingu að ræða, eins og sagði í athugasemdum með frumvarpinu. Þar var einnig sagt að í þessari nýju skilgreiningu á vatnsréttindum fælist í raun meginatriði frumvarpsins. En þó var sérstaklega áréttað að það væri „fyrst og fremst" um formbreytingu að ræða. Meginatriði frumvarpsins er sem sagt formbreyting samkvæmt því sem stendur í textanum.

Í athugasemdum frá laganefnd Lögmannafélags Íslands var sérstaklega fjallað um það orðalag og sagt að það væri til þess fallið að vekja vafa um markmið breytinganna og að mun skýrara væri að segja afdráttarlaust að hér væri einungis um formbreytingu að ræða.

Í sérstakri viðbótarumsögn Orkustofnunar sem nefndinni barst var tekið sérstaklega undir þessa athugasemd laganefndar Lögmannafélagsins. Meiri hluti nefndarinnar hefur lýst því yfir að þessi breyting sé einungis formbreyting en muni engin áhrif hafa á raunveruleg réttindi. Finnst mönnum ekki svolítið skrýtið að hlusta á hv. formann nefndarinnar, eftir svona yfirlýsingar um að þetta sé bara formbreyting, þegar hann gengur hér fram og ásakar menn um að ætla að taka einhver stórkostleg réttindi af mönnum,

ef gamla skilgreiningin verður látin gilda? Finnst mönnum það ekki undarlegt að hlusta á þennan sama mann halda því fram að breytingarnar sem eru í frumvarpinu séu bara formbreytingar?

Eftir stendur að skilningur þeirra sem sömdu frumvarpið var og er óumdeilanlega að aðalmarkmið þess sé „skýrt eignarhald á vatni". Það vekur óneitanlega tortryggni þegar því er haldið fram að aðalmarkmið lagasetningarinnar sé formbreyting eins og nú er orðin niðurstaða meiri hlutans.

Það að hér gangi mönnum annað til en umhyggja fyrir formi og samræmi sannaðist þegar aðalhöfundur þessarar lagasmíðar svaraði spurningum nefndarmanna, en hann var m.a. spurður hvort það gæti skapað skaðabótaábyrgð á hendur ríkinu ef ákvæði um vatn sem nú eru í lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu yrðu numin brott. Svarið var skorinort „já, án vafa" mundi það skapa skaðabótaskyldu. Hvernig skyldi standa á því að þessi ágæti maður sem mætti þarna fyrir nefndina skuli hafa þá skoðun að ef sú skilgreining sem þarna er inni yrði numin á brott mundi það varða skaðabótaskyldu frá hendi ríkisins, en að einungis formbreyting sé á ferðinni þegar menn tala um vatnalögin? Hvernig kemur þetta heim og saman? Það væri afar fróðlegt að hlusta á hv. formann nefndarinnar útskýra það svolítið nákvæmar. Hvernig þetta tvennt getur farið saman, að ef litið er til laganna um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sé um að ræða skaðabótaskyldu sem ríkið mundi skapa sér ef skilgreiningunni í þeim lögum yrði breytt. En ef skilgreiningin sem lagt er til að tekin verði hér upp verður að lögum, þá er bara um formbreytingu að ræða.

Hv. formaður nefndarinnar verður að fara vandlega yfir þetta og útskýra fyrir hv. þingheimi hvernig á því stendur að lagaklásúla í einum lögum hefur önnur áhrif en lagaklásúla í öðrum lögum, þ.e. lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu hafa öðruvísi áhrif en vatnalögin samkvæmt þessu. En það þarf ekki frekari vitnanna við. Ef sambærileg ákvæði laganna um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og þau sem hér um ræðir færa mönnum skaðabótarétt, verði gerð á þeim sú formbreyting að færa réttinn til fyrra horfs, hlýtur að mega gagnálykta á þann veg að í þeirri breytingu sem er í frumvarpinu felist breyting á réttarstöðu. Það er það sem menn eru að þræta fyrir. Verið er að þræta fyrir að hér sé á ferðinni breyting á réttarstöðu.

Sjá má af framlögðum gögnum og greinargerð með málinu að frumvarpinu ásamt frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum var ætlað að koma í stað vatnalaga. Síðarnefnda frumvarpið var einnig lagt fyrir á 131. löggjafarþingi (374. mál) og var til meðferðar í iðnaðarnefnd Alþingis en hlaut aldrei fullnaðarmeðferð og hefur ekki verið lagt fyrir Alþingi að nýju. Þess í stað flutti iðnaðarnefnd á 131. þingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, eins og frægt er orðið í sölum Alþingis. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins í iðnaðarnefnd tóku þátt í flutningi þess máls í þeim tilgangi að kostur gæfist á heildstæðari undirbúningi frumvarps til laga um jarðrænar auðlindir og boðaðs frumvarps sem byggt yrði á tilskipun Evrópusambandsins um aðgang að vatni sem gæti líka náð því að fá meðferð hjá Alþingi.

Fyrrnefnt frumvarp til laga um breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu náði ekki afgreiðslu á síðasta þingi en var endurflutt af iðnaðarráðherra á þessu þingi sem nú stendur og náði þá lokaafgreiðslu. Þegar ráðherra flutti málið á síðasta hausti hafði hún fellt út úr frumvarpinu bráðabirgðaákvæði um skipun nefndar til að móta reglur um framtíðarnýtingu auðlinda og meðferð umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi. Iðnaðarnefnd tók þá tillögu upp aftur og flutti auk þess breytingartillögur um þrengingu á heimildum ráðherra til að veita vilyrði fyrir nýtingarleyfum skv. 5 gr. laganna. Þetta mál, þ.e. breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, var afgreitt sem lög frá Alþingi á þessum vetri, eins og ég sagði áðan. En það er kannski ástæða til að gera því máli svolítið betur skil hér á eftir. Vegna þess að sá atbeini sem við lögðum til við meðferð þess máls var alltaf hugsaður sem möguleiki til að mynda svigrúm til að fjalla um þessi mál í heild og klára þá endurskoðun með myndarlegum hætti. En hv. þingmenn stjórnarflokkanna hafa svo sem ekki litið á það sem sáttarhönd með þeim hætti sem við vonuðumst til. Minni hlutinn vekur sérstaka athygli á því að þessi lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu eru einungis bráðabirgðalausn til mjög skamms tíma og að afar mikilvægt er að heildarmynd fáist á þá lagabálka sem eiga að koma í stað gildandi vatnalaga. Ekki verður mögulegt að ljúka umfjöllun um frumvarp um jarðrænar auðlindir fyrr en fyrir liggja tillögur þeirrar nefndar sem gert er ráð fyrir að fjalli um framtíð þjóðarauðlinda og meðferð þeirra ásamt því hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir rannsóknar- og nýtingarleyfum til orku- og auðlindanýtingar. Þá var einnig greint frá því í upphaflegum gögnum málsins að í umhverfisráðuneytinu hefðu verið gerð drög að frumvarpi til laga um vatnsvernd. Því frumvarpi er ætlað að koma til móts við tilskipun Evrópusambandsins um nýtingu og meðferð vatns og mun efni þess augljóslega koma í stað mikilvægra ákvæða vatnalaga frá 1923.

Þá er einnig rétt að geta þess að ýmis lög, t.d. á sviði umhverfisréttar, taka nú til mengunar vatna og einnig hafa verið sett sérlög, m.a. um vatnsveitur sveitarfélaga. Þróun lagasetningar á þessu sviði er því augljós. Þau mörgu og víðtæku ákvæði um vatn og rétt almennings og einstaklinga til að nýta það, sem fram að þessu hafa flest verið í hinum mikla lagabálki frá 1923 verða í framtíðinni í mörgum lagabálkum. Alþingi er sá mikli vandi á höndum að sjá til þess að þessi þróun geti orðið án þess að vandræði skapist. Það verður best tryggt með því að heildarendurskoðun vatnalaga fari saman við setningu allra þeirra laga sem eiga að taka við hlutverki þeirra. Um þetta ættu ekki að þurfa að vera deilur.

En ríkisstjórnarflokkarnir ætla sér ekki að standa þannig að málum. Alþingi er nú ætlað að ljúka umfjöllun um vatnalagafrumvarpið eitt og sér og fella vatnalögin frá 1923 úr gildi með samþykkt þess frumvarps sem hér liggur fyrir. Sú umfjöllun sem ég nefndi áðan er þar með slitin úr tengslum við aðra lagasetningu sem afnám vatnalaga frá 1923 kallar á. Það á við um áðurnefnt frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum sem ekki hefur komið fram á þessu þingi, eins og áður segir, og það á einnig við um boðað frumvarp á grunni vatnatilskipunar

Evrópusambandsins. Síðan þarf að hafa í huga að lokaniðurstaða þessara mála fæst svo ekki fyrr en pólitísk sátt er fundin um það hvernig ráðstafa beri auðlindum í þjóðareign, hvort og hvernig þeim verði fundinn staður í stjórnarskránni og hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir nýtingu þeirra auðlinda.

Minni hlutinn telur þess vegna að Alþingi eigi að taka sér nauðsynlegan tíma til að skoða þessi mál í heild og að ekki eigi að fella hinn mikla bálk vatnalaga úr gildi fyrr en öruggt er að önnur lög geti tekið við hlutverki hans.

Þau vinnubrögð sem hér er ætlunin að viðhafa eru þess vegna fráleit að mati minni hlutans, þ.e. afnám vatnalaga og setning nýrra laga sem þó koma ekki að fullu í þeirra stað. Þessum sjónarmiðum hefur minni hlutinn komið á framfæri í nefndarstarfinu en meiri hlutinn hefur ekki viljað taka tillit til þeirra og ákveðið að taka málið til afgreiðslu án þess að önnur mál sem þetta frumvarp er óumdeilanlega hluti af fái nauðsynlega umfjöllun. Þá er einnig rétt að benda á viðamiklar umsagnir og tillögur um breytingar á lagatextanum frá ýmsum umsagnaraðilum sem bera með sér að hér er illa að málum staðið. Undirstofnanir umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun, höfðu fjölmargt við málið að athuga á síðasta þingi og lögðust gegn frumvarpinu. Forstöðumenn þessara stofnana hafa sagt á fundum nefndarinnar að þeir standi við þær umsagnir. Þetta sannar með öðru sem hér hefur verið á bent að málið hefur ekki hlotið næga umfjöllun í stjórnkerfinu eða hjá Alþingi.

Samband íslenskra sveitarfélaga lagðist gegn samþykkt frumvarpsins á síðasta þingi og nefndi fyrir því tvær aðalástæður. Hin fyrri sneri að skertum möguleikum sveitarfélaga til eignarnáms en til móts við þær athugasemdir hefur verið komið nú. Þá virðast ákvæði frumvarpsins skerða verulega rétt sveitarfélaga til að nálgast vatn í löndum annarra sveitarfélaga eða um þau. Meiri hlutinn hefur ákveðið að flytja breytingartillögu sem færir sveitarfélögum sambærilegan rétt til að nálgast vatn í öðrum sveitarfélögum og þau hafa innan síns lögsagnarumdæmis, sé á slíku nauðsyn, og ber að fagna þeirri breytingu. Síðara atriðið sem Samband íslenskra sveitarfélaga nefndi í umsögn sinni á síðasta þingi var að í ákvæði 1. tölul. 43. gr. frumvarpsins fælist fortakslaus skylda sveitarfélaga til að leggja fráveitur og í umsögn Kópavogsbæjar kom það sama fram. Ef þessi skilningur umsagnaraðila er réttur væru með þessu lagðar nýjar skyldur á herðar sveitarfélögum, t.d. í frístundabyggðum og á óskipulögðum svæðum.

Nú hefur verið komið til móts við þessar athugasemdir af hálfu meiri hlutans en hann þverskallaðist við þeim reyndar á síðasta þingi.

Sérstaka athygli vekur hið mikla hlutverk Orkustofnunar við framkvæmd og eftirlit sem spretta mun af þessari lagasmíð, í ljósi þess að einungis tvær greinar frumvarpsins fjalla um orkunýtingu. Ýmsir sem komu á fund nefndarinnar gerðu athugasemdir við stjórnsýsluþátt frumvarpsins af þessum ástæðum.

Þau atriði sem hér hafa verið tilgreind frá umsagnaraðilum eru einungis tekin sem dæmi um athugasemdir þeirra og tillögur um breytingar. Þeim athugasemdum og tillögum verða gerð nánari skil við framhald umræðu um málið.

Minni hlutinn telur að í þessari greinargerð hafi verið færð fram góð rök fyrir því að þetta mál eigi ekki að ná fram að ganga.

Minni hlutinn leggur til að málinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Þar sem færð hafa verið gild rök fyrir því að:

a. með þeirri lagasetningu sem felst í frumvarpinu sé hróflað með óábyrgum og óvarlegum hætti við farsælli niðurstöðu Alþingis um nýtingarrétt á vatni frá 1923, sem fólst í setningu vatnalaga,

b. þessi lagasetning, og þar með afnám gildandi vatnalaga, sé ekki tímabær á meðan ekki liggja fyrir frumvarp um jarðrænar auðlindir og frumvarp á grundvelli vatnatilskipunar Evrópusambandsins, og

c. grundvöll skorti til allrar þessarar lagasetningar þar til pólitísk sátt er fundin um það hvernig ráðstafa beri auðlindum í þjóðareign, hvort og hvernig þeim verði fundinn staður í stjórnarskránni og hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir nýtingu þeirra, leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað frá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá.

Hlynur Hallsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Undir álitið skrifa hv. þingmenn Jóhann Ársælsson og Helgi Hjörvar.

Hæstv. forseti. Ég hef nú farið yfir þennan ritaða texta sem hér var dreift. Í honum var reyndar ákveðinn galli, eins og honum var dreift hér til að byrja með, sem kom upp vegna þess að sá sem hér stendur fékk ekki tækifæri að lesa yfir eftir að nefndasvið hafði fengist við málið. Nýju plaggi verður því dreift. Ég bið hv. þingmenn að taka tillit til þess þegar litið er á lokin á þeim texta sem var í greinargerðinni.

Við sem höfum setið í iðnaðarnefnd, bæði í fyrravetur og núna, erum búin að læra ýmislegt um aðdraganda þessa máls og ég tel mig vera farinn að skilja svolítið hvað er á ferðinni. Í upphafi átti ég dálítið erfitt með það. Mér fannst t.d. svolítið undarlegt að vera að hrófla við viðteknum venjum sem ekki höfðu valdið neinum sérstökum vandamálum og voru fólgnar í þeim skilgreiningum á vatni sem felast í vatnalögum frá 1923. Sú spurning hlýtur að vakna þegar ríkisstjórn kemst að þeirri niðurstöðu að það þurfi endilega að breyta skilgreiningu á máli eins og þessu, hvað búi þar að baki.

Mín niðurstaða er sú að að baki þessu búi hin undarlegu trúarbrögð sem eru fólgin í frjálshyggjuhugsjóninni. Það að menn skuli endilega vilja kalla vatnið eign landeigendanna er eiginlega dularfullt á margan hátt. Því þegar talað er um vatn sem eign er það mjög undarleg eign í þeim skilningi sem menn leggja í eignarrétt yfirleitt vegna þess að þessi eign, þ.e. vatnið, skiptir um eigendur án þess að nokkur viðskipti hafi farið fram. Gangi menn þessa götu áfram vaknar spurningin sem var lögð fram í nefndinni um það hvort þá þurfi ekki að skilgreina eignarhald á loftinu líka. Því loftið hefur að mörgu leyti svipaða eiginleika og vatnið. Það rennur fram hjá okkur yfir yfirborðið. Vatnið rennur líka yfir yfirborðið. Því skyldu menn ekki alveg eins hafa þá skoðun að loftið eigi að vera eign ef vatnið á að vera það? Það væri fínt að fá nánari útlistanir á því af hverju svo ætti ekki að vera. Verður þá vatnsdropinn sem í dag er undir þessari húseign og þar með eign Alþingis og almennings í landinu, eign Björgólfs í Landsbankanum á morgun vegna

þess að vatnið hefur sytrað þar undir? Engin viðskipti hafa þó farið fram milli ríkisvaldsins og höfðingjans í Landsbankanum í þetta skiptið, þótt þau hafi stundum farið fram áður.

Þetta eru auðvitað heimspekilegar vangaveltur sem þarfnast útskýringa hér í sölum Alþingis, hvers vegna menn þurfa að standa í slíku þegar farsæl niðurstaða fékkst á sínum tíma árið 1923 eftir sex ára meðferð þessara mála í Alþingi Íslendinga. Hvers vegna standa menn í þessum sporum núna? Hvers vegna taka menn upp sömu orðræðuna og fór fram þá? Það kann vel að vera að síðar í máli mínu rifji ég upp eitthvað lítils háttar af því sem menn sögðu á þeim árum þegar vatnalagafrumvarpið var til umræðu.

Það er þess vegna algjör fölsun í raun og veru að halda því fram að niðurstaðan með vatnalögum 1923 hafi verið sú að eignarhald á vatni í þeim skilningi sem menn eru núna að reyna að útlista í þessu þingmáli hafi orðið niðurstaðan í reyndinni. Í raun var niðurstaðan sú að menn skilgreindu rétt manna til að nýta þessa auðlind, töldu nákvæmlega upp hvað væri innifalið í nýtingarrétti manna á vatni. Sú skilgreining reyndist alveg prýðilega og hefur gert það fram á þennan dag. Í nefndarstarfinu höfum við reynt að spyrja út í hvort slík breyting gæti haft einhver áhrif á dómaframkvæmd í framtíðinni. Þeir sem hafa verið til viðræðu við okkur í nefndinni hafa reyndar flestir verið mjög jákvæðir út í þá breytingu sem hér er á ferðinni. Þeir hafa haldið því fram að það hafi engin áhrif á dómaframkvæmdina að breyta þessari skilgreiningu. Ég hef fyrir mitt leyti fyllst meiri og meiri tortryggni hvað varðar þennan þátt málsins eftir því sem ég hef fylgst meira með og hlustað meira á þá sem hafa verið að mæla með þessu máli. Þegar svo var komið að aðalhöfundur frumvarpsins, eins og ég nefndi hér fyrr í máli mínu, hélt því fram að það væri stórhættulegt að breyta skilgreiningu sem væri í lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu til baka yfir í þá gömlu sem hafði verið, það væri bara formbreyting sem ætti sér stað ef menn gerðu það sem meiningin er að gera í þessu frumvarpi hér, þá varð ég enn meira tortrygginn en ég hafði verið fyrr.

Ég er þess vegna á þeirri skoðun að Alþingi eigi alls ekki að samþykkja þetta frumvarp. Þá er ég eingöngu að tala út frá þeirri skilgreiningu sem hér er um að ræða og þessari breytingu sem menn hafa ákveðið að leggja til að yrði, þ.e. að skilgreina eignarhaldið á vatninu upp á nýtt. Það er jú aðalmarkmið þessa frumvarps að gera það, það stendur í frumvarpinu. Markmið þessara laga er skýrt, eignarhald á vatni. Við eigum víst að taka mark á því númer eitt hér í Alþingi hvað stendur í 1. gr. frumvarpa. En ég er auðvitað líka á móti þessu frumvarpi vegna þess að við hér í sölum Alþingis höfum ekki heildaryfirsýn yfir þær breytingar á lögum sem í raun og veru tengjast órjúfanlega allri þessari endurskoðun á vatnalögum. Reyndar er þessi lagasetning gríðarlega víðtæk. Hún hefur komið fram að töluverðu leyti á undanförnum árum en það vantar enn upp á að hægt sé að ljúka henni. Í sjálfu sér ætti ekki að þurfa að deila mikið um að grundvallarlögin, vatnalög frá 1923, ætti náttúrlega ekki að fella úr gildi fyrr en um leið og menn væru búnir að klára þessa heildarendurskoðun, það væri ástæða til að gera þá kröfu. Mér finnst að hv. þingmenn stjórnarliða hljóti að verða við þeirri ósk að útskýra það nákvæmlega hér í sölum Alþingis hvað rekur svona á eftir því að þetta lagafrumvarp um vatnalög verði afgreitt frá Alþingi núna. Ég hef ekki heyrt nein sérstök rök fyrir því í raun og veru. Það er ekkert vandamál uppi sem hefur verið bent á í nefndarstarfinu sem gerir það aðkallandi að þetta frumvarp verði gert að lögum. Að minnsta kosti hefur það ekki komið fram svo ég muni og ég tel þess vegna ástæðu til að biðja um að hér verði farið yfir það nákvæmlega hvað það er sem rekur menn áfram í málinu með þeim hætti að það þurfi að klára málið núna.

Það hlýtur að vera ástæða til að velta fyrir sér hvers vegna þau frumvörp sem ég hef talað hér um eru ekki komin fram. Frumvarpið um jarðrænar auðlindir lá þó fyrir Alþingi á síðasta vetri. Því var ekki dreift á Alþingi aftur. Hæstv. iðnaðarráðherra ákvað greinilega að það mál skyldi liggja áfram. Það er því miður til vitnis um að ríkisstjórnin og hæstv. iðnaðarráðherra hafi ekki haft neinn sérstakan áhuga á að ljúka heildarumfjöllun um þau mál sem hér um ræðir. Það er fleira sem bendir til að svona sé. Það sem ég nefndi fyrr í máli mínu, að hæstv. iðnaðarráðherra flutti frumvarp til breytinga á lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu í haust, án þess að í því frumvarpi væri gert ráð fyrir að skipa nefndina sem lagt var til að yrði sett á laggirnar þegar iðnaðarnefnd flutti málið á fyrra þingi, er auðvitað athyglisvert í þessu samhengi og bendir til að hæstv. iðnaðarráðherra hafi ekki haft neinn óskaplega mikinn áhuga á að menn endurskoðuðu þessi lög í heildina og kæmust til ráðs við málin í heild, þannig að hægt væri að afnema vatnalög um leið og önnur lagasetning tæki við.

Því miður er margt sem bendir til þess að áhuginn sé lítill og ekki til staðar. Ekki má ég gleyma að nefna þennan undarlega krók sem kom á þetta litla frumvarp iðnaðarnefndar frá því á síðastliðnum vetri þegar hæstv. iðnaðarráðherra hafði flutt það aftur inn í þingið án tillögunnar um nefndina. Í kjölfar þess fjallaði nefndin um málið hér og þá kom í ljós að hæstv. iðnaðarráðherra hafði einhvern undarlegan skilning á málinu sem við höfðum ekki áttað okkur á á síðasta vori. Það gekk út á að hæstv. ráðherra gæti veitt vilyrði fyrir nýtingarleyfum alveg eins og honum dytti í hug skv. 5. gr. þessara laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þessi skilningur hæstv. ráðherra og það að nefndarmenn höfðu spurnir af því að fjölmargir aðilar hefðu skyndilega komið til iðnaðarráðuneytisins með umsóknir um nýtingarleyfi varð til þess að hér á Alþingi áttu menn mjög langar umræður um þetta mál. Þær stóðu alveg fram að jólahléi þingmanna. En þegar málinu var loksins frestað fyrir jól vissu menn svo sem ekki hvaðan á þá stóð veðrið en milli jóla og nýárs kom yfirlýsing frá hæstv. iðnaðarráðherra. Sú yfirlýsing var um að hæstv. iðnaðarráðherra hefði misskilið þetta allt saman. Hæstv. iðnaðarráðherra hélt því reyndar fram að starfsmenn ráðuneytisins hefðu eiginlega valdið þessum misskilningi. Rétt var að starfsmenn ráðuneytisins mættu á fund iðnaðarnefndarinnar og á þeim fundi, fleiri en einum reyndar, kom skýrt fram að þeir hefðu sama skilning á þessu máli og ráðherrann, þ.e. að ráðherrann gæti nýtt sér 5. gr. laganna um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu til þess að lofa mönnum nýtingarleyfi, virkjunarleyfi í raun og veru inni í framtíðinni,

ef þeir sæktu um rannsóknarleyfi samkvæmt þessu frumvarpi.

Þessi umræða sannfærði mig um að Framsóknarflokkurinn með hæstv. ráðherra í broddi fylkingar hefur ekkert óskaplega mikinn áhuga á því að þessi mál nái niðurstöðu í heildina séð eins og við höfum hér verið að reyna að berjast fyrir heldur virðist eitthvað annað trufla hv. þingmenn og ráðherra Framsóknarflokksins og þeir virðast ekki hafa mikinn áhuga á því að ljúka heildarendurskoðun þessara mála. Við verðum þó alltaf að vona það besta og vona að menn sjái ljósið í því að vinna þessi verkefni með skynsamlegum og ábyrgum hætti í sölum Alþingis og þannig munum við auðvitað halda áfram að berjast fyrir skilningi okkar á þessum málum öllum.

Ég held að ástæða sé til þess að vekja athygli á ýmsum umsögnum sem hafa komið til nefndarinnar á undanförnum þingum tveimur. Um þær hefur nefndin fjallað svona tölulvert og ýmsir aðilar hafa komið á fund nefndarinnar. Ég tel að það sé hollt fyrir hv. þingmenn stjórnarflokkanna að taka þátt í umræðu um þessi mál og ná góðri yfirferð um það í *þeirri umræðu sem er núna fram undan.* Ég vonast til þess að þeir muni taka virkan þátt í þeirri umræðu og leiða okkur frá villu okkar vegar ef þeim finnst við vera á villigötum í þeim skilgreiningum og þeirri afstöðu sem við höfum og umfram allt með það í huga auðvitað að við setjum hér sem skynsamlegust lög um þessi efni. Við teljum mjög mikilvægt eins og ég hef margsagt hér að þau lög verði heildstæð, að tekið verði tillit til allra sjónarmiða sem eiga erindi í umræðuna og að öll lagasetning um þetta efni verði gerð með heildaryfirsýn á þau lög sem eru í gildi og eiga að taka við af vatnalögum.

Ég ætla að byrja á að fara yfir umsögn Landverndar. Sú umsögn er frá því 28. nóvember 2005. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Vísað er í bréf Alþingis dagsett 17. nóvember 2005 þar sem lýst er eftir umsögn um frumvarp að vatnalögum. Stjórn Landverndar hefur kynnt sér frumvarpið og óskar að koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

Það vekur athygli stjórnar Landverndar að frumvarpið beinist eingöngu að nýtingu vatns. Ekki er fjallað um varnir gegn mengun, hollustu, náttúruvernd, almannarétt og nýtingu lífrænna auðlinda sem allt eru allt afar mikilvæg atriði sem taka verður mið af við hvers konar nýtingu vatnsréttinda.

Í 1. gr. segir: Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er.

Stjórn Landverndar telur að þó þetta frumvarp beinist að nýtingu vatns en ekki verndun, verði að undirstrika mikilvægi verndunar með skýrari hætti en fram kemur í tillögunni. Stjórnin telur að þetta megi gera með því að tilgreina „að ekki megi spilla vatni að óþörfu". Þá er einnig gagnlegt að skýra betur hugtakið „nauðsynlegt" *með því að vísa til* „brýnna þarfa" sem þurfi að vera fyrir hendi. Stjórnin leggur því til að 2. mgr. 1. gr. verðið orðuð þannig:"

Hér kemur tillaga Landverndar, með leyfi forseta:

„Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að spilla ekki né raska að óþörfu vatni, farvegi þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er til að mæta brýnum þörfum fyrir neysluvatn, iðnaðarvatn, áveitu eða orku."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Þetta er grundvallarbreyting frá núgildandi lögum þar sem segir að „landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni sem á henni er, á þann hátt sem lög þessi heimila".

Stjórn Landverndar hefur lagt til við stjórnarskrárnefnd að hún geri tillögu að eftirfarandi ákvæði í stjórnarskrá Íslands:"

Svo kemur fyrirsögn, með leyfi forseta:

„Vistvæn nútíð — farsæl framtíð."

Svo segir, með leyfi forseta:

„„Heilnæmt vatn og loft, náttúran og fjölbreytni hennar, landslag, annað umhverfi og aðgengi að náttúru eru gæði sem allir bera ábyrgð á að nýtt séu með sjálfbærum hætti. Jafnframt skulu borgarar landsins sýna aðgát þannig að náttúru landsins og auðlindum sé ekki spillt. Stjórnvöldum ber að leggja sig fram um að tryggja öllum rétt til heilnæms vatns, lofts og annars umhverfis og aðgengis að náttúru. Allir skulu hafa aðgengi að upplýsingum og ákvörðunum er varða þessa þætti."

Stjórn Landverndar vill árétta það sem segir um vatn í sameiginlegri yfirlýsingu þjóðkirkjunnar og fjölmargra félagasamtaka, m.a. Landverndar:

„Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu-, fljótandi- og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn.""

Hæstv. forseti. Við höfum einmitt verið að ræða þessa hringrás vatnsins um heiminn svolítið í störfum nefndarinnar. Ég fór aðeins yfir það hérna áðan, þ.e. þessa undarlegu eiginleika vatnsins að vera aldrei á sama stað og hvernig í ósköpunum menn geta fundið það út að einhver eigandi sé að þessu vatni. Hv. þingmaður hlýtur að eiga vatnið sem hann hefur í glasi sínu. Enginn mun mótmæla því að hann megi eiga það. En hver skyldi nú eiga það þegar hann hefur skilað því frá sér?

Ég held að full ástæða sé til þess að menn velti því fyrir *sér í alvöru út á hvers konar braut menn eru komnir ef þeir* telja að eignarréttarhugtakið eigi að gilda um svona „eign" sem í raun er engin leið að átta sig á hver er á hverjum tíma. Það er hægt að velta mörgu fyrir sér hvað þetta varðar. Við erum ekkert betur fær um að skilgreina eignarhald á vatni en þeir sem stóðu í þessu húsi árið 1923 eða í sex árin þar á undan og komust að þeirri niðurstöðu eftir alla umfjöllun þeirra um þetta mál að rétt væri að skilgreina vatnið þannig að það skyldi skilgreina nýtinguna sem eign en ekki vatnið sjálft. Það var niðurstaðan. Þó hv. formaður nefndarinnar komi hér í ræðustól hvað eftir annað til þess að reyna að *halda öðru fram þá var það niðurstaða Alþingis* 1923 að skilgreina ætti nýtingarréttinn á vatninu en menn skyldu ekki skilgreina vatnið sem eign.

Það lá alveg fyrir að hér skiptust menn í tvo hópa. Sumir héldu því fram að það ætti að skilgreina vatnið sem eign. Aðrir héldu því fram að það ætti ekki að gera og það varð

niðurstaðan. Það er alveg sama þó að hv. þingmaður vitni hér miklu oftar í Karl Axelsson eða aðra lagaprófessora sem ég ber fulla virðingu fyrir. Það mun ekki breyta þeirri skoðun minni að þessi skilgreining á eignarhaldi á vatni sé fráleit og að full sé ástæða til þess að Alþingi vísi þessu máli frá eins og lagt er til og að menn taki nú til við þetta mál upp á nýtt, setji því nýjar forsendur, setji sér annað aðalmarkmið en skilgreiningu eignarhalds á vatni. Það gæti verið skýr nýtingarréttur á vatni. Þá gætu allir orðið sammála.

Það er í sjálfu sér algjör viðsnúningur, umsnúningur á því sem minni hlutinn hefur talað um í þessum málum, að halda því fram að við viljum taka einhver réttindi af mönnum sem þeir hafa fengið samkvæmt vatnalögum. Það er bara algjörlega fráleitt, enda er ekki minni hlutinn að leggja til breytingu á skilgreiningunni heldur meiri hlutinn. Ég bið um að menn snúi ekki rökunum öllum á haus í þessu máli heldur tali um málið eins og það er, eins og það liggur fyrir. Það liggur þannig fyrir að meiri hlutinn er að leggja til breytta skilgreiningu. Minni hlutinn vill að hún sé óbreytt. Meiri hlutinn getur þess vegna ekki haldið því fram að minni hlutinn vilji skerða réttindi manna. Það er algjörlega bara fráleitt. Mér finnst ekki boðlegt í umræðum í sölum Alþingis að sitja undir því. Mér finnst að hv. formaður nefndarinnar þurfi að vanda sig betur í þeim ræðum sem hann á eftir að halda hérna en hann gerði hér í upphafi með þeim útúrsnúningum sem hann hafði um þetta atriði málsins.

Síðan er ástæða til þess að þeir sem bera ábyrgð á ríkisstjórninni í þessu máli öllu saman útskýri hvers vegna í ósköpunum menn séu í sömu sporum enn þá gagnvart stöðu málsins um jarðrænar auðlindir og þeir voru á síðasta þingi þegar niðurstaðan var sú að láta það mál liggja. Hvernig stendur á því að hæstv. iðnaðarráðherra kemst upp með það á síðasta hausti að leggja fram frumvarpið sem ég nefndi áðan um breytingar á lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu án þess að gert væri ráð fyrir þeirri nefndarskipan sem iðnaðarnefnd lagði til á síðasta vori? Hvar var hv. formaður nefndarinnar þegar farið var yfir þetta frumvarp iðnaðarráðherrans í haust? Hvers vegna samþykkti formaður iðnaðarnefndar á þingflokksfundi Framsóknarflokksins að það mál skyldi lagt fram með þeim hætti sem hæstv. iðnaðarráðherra gerði? Ég held að það væri alveg ástæða til þess að hv. formaður nefndarinnar útskýrði það vegna þess að það var niðurstaða nefndarinnar að flytja þetta mál svona. En það kom inn með öðrum hætti í haust.

Þessi hluti ræðu minnar átti nú að fjalla um það líka að það er ekkert iðnaðarráðherra einn sem ber ábyrgð á þessum málum. Hv. formaður nefndarinnar bregst þarna í þessu atriði. Hann sér ekki til þess að niðurstaðan sem varð um að þessi nefnd yrði skipuð kæmi fram í frumvarpinu sem var flutt í haust. Hvernig stendur á því að þingmenn stjórnarflokkanna hafa ekki fylgt því eftir að það væri hægt að halda áfram endurskoðun á þessu máli, að hægt væri að vinna að því að frumvarpið um jarðrænar auðlindir gæti orðið að veruleika? Ég er ósammála þeim um skilgreininguna hér á vatni og því sem hér er á ferðinni. En ég er ekkert ósammála þeim um að það þurfi að endurskoða þessi lög. En hvers konar vinnubrögð eru þetta?

Á sama tíma situr hér nefnd um endurskoðun á stjórnarskránni þar sem verið er að vinna að því, vonandi og væntanlega, því að það er nú yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar og ég held allra þingflokka sem eiga þingmenn hér á Alþingi, að auðlindir í þjóðareign eigi að fara inn í stjórnarskrána. Auðvitað þarf þá á því að halda að sú vinna fari í gang sem ætlast er til að verði unnin til að hægt sé að velja þá sem fá að nýta auðlindir, með reglum sem styðjast við jafnræði en ekki handafl og að fyrir liggi hvers konar framtíðarstefnu menn samþykkja um nýtingu auðlinda í landinu. Allt á þetta að vera á könnu þeirrar nefndar sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur ekki enn skipað, en auðvitað hefði átt að tryggja að einhver slík nefnd hefði farið að vinna á síðasta vori. En hæstv. iðnaðarráðherra kaus að láta það vera, hann kaus að kippa þeirri tillögu út úr frumvarpinu sem iðnaðarnefnd flutti og hv. formaður nefndarinnar gerði enga athugasemd við á þingflokksfundi Framsóknarflokksins, eða hvað? Hv. þingmaður útskýrir það sjálfsagt fyrir okkur hér á eftir hvernig á þessu stóð.

Þetta er auðvitað allt til marks um hversu lítill áhugi manna á því að vinna heildstætt að þessum málum er, þ.e. að taka á málinu inni í stjórnarskrárnefnd, klára tillögurnar um hvernig eigi að umgangast auðlindir sem varða eignarhald og nýtingu á þeim, klára lagasetninguna um vatn, um vatnsvernd og þessi margræddu lög um jarðrænar auðlindir. Allt hefði þetta þurft að haldast í hendur og það er ekki séð fyrir endann á þessu máli enn þá, það er svo langt frá því, vegna þess að við stöndum í raun í sömu sporum og við gerðum hér fyrir ári síðan á Alþingi. Þá vorum við hér í þessum sal í 2. umr. um vatnalög og munurinn á þeim vatnalögum sem við erum að fjalla um núna og þeim sem við vorum að fjalla um í fyrra er ekki mjög mikill. Hv. þingmaður, formaður nefndarinnar, gerði grein fyrir þeim hér áðan og hefur fallist á að koma til móts við tvö, þrjú atriði sem menn voru með athugasemdir um í fyrra. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeim atriðum en munurinn á því sem Alþingi er að gera núna og var að gerast fyrir ári síðan er enginn. Við stöndum hér í sömu sporum. Það er vegna þess að menn hafa ekki staðið sig í stjórnarflokkunum því að það eru þeir sem stjórna hér verklaginu. Við höfum viljað vinna að þessu frumvarpi, hv. þingmaður hefur stjórnað vinnunni í nefndinni og ég kvarta ekkert undan því, það er svo sem búið að halda fundi og allt það. En það hefur ekki verið komið til móts við aðalhugmyndir okkar, þ.e. að hægt væri að fjalla um þessi mál í heilu lagi og að menn stefndu að heildarniðurstöðum. Þess vegna stöndum við í sömu sporum.

Ég held að í raun og veru eigi menn að horfast í augu við það að við erum í sömu sporum. Það er best gert með því að stöðva þetta mál núna, reyna að sjá til þess að niðurstöður nefndarinnar sem hæstv. iðnaðarráðherra skipar vonandi sem allra fyrst verði tilbúnar fyrir næsta haust og menn geti fjallað um þær á næsta þingvetri og að þá verði líka til, og það ætla ég sannarlega að vona, niðurstöður um tillögur frá nefndinni sem er að fjalla um endurskoðun á stjórnarskránni þannig að menn geti skoðað þetta allt saman í samhengi. Þetta er það sem okkur vantar, að Alþingi geti á næsta vetri fjallað um vatnalög, um lögin um jarðrænar

auðlindir, um lögin um vatnsvernd og um nýtt frumvarp um breytingu á stjórnarskránni. Allt þetta þarf að vera í höndum þingmanna til þess að menn geti gert sér grein fyrir því hvort þeir eru á réttri leið hvað varðar þessi gríðarlega mikilvægu mál sem við erum að tala hér um, sem er nýting auðlinda landsins til framtíðar. Á því berum við ábyrgð, hv. þingmenn, að í framtíðinni geti fólk hér í landi nýtt þessar auðlindir, að þeim verði ekki glutrað úr höndum þjóðarinnar, að þjóðarauðlindir og meðferð þeirra sé með ábyrgum hætti hvað varðar náttúruna, meðferð þeirra sé líka með ábyrgum hætti hvað varðar viðskipti og eðlilegast jafnræði til þess að nýta auðlindir, að meðferð þeirra sé með skynsamlegum, eðlilegum hætti eftir þeim leikreglum sem viðgangast almennt og eru viðurkenndar sem slíkar bæði í viðskiptum og meðferð réttinda almennings í landinu. Þetta er ekki hægt að gera öðruvísi en horfa yfir þetta heildstætt og vita hvert er verið að fara. Hæstv. iðnaðarráðherra mun sjálfsagt standa í þeim sporum á þessu ári að þurfa að svara því hvort hann eygi möguleika á að gefa mönnum einhvers konar starfsleyfi, (Gripið fram í.) rannsóknarleyfi.

Það er auðvitað umhugsunarefni hvort við höfum sama iðnaðarráðherra í haust og þann sem við höfum haft á undanförnum árum. Við sjáum að áhöfn skútunnar hjá framsókn breytist þessa dagana og hv. félagsmálaráðherra hefur ákveðið að fara til annarra starfa. Auðvitað vitum við svo sem ekkert hér í sölum Alþingis, eða a.m.k. ekki ég, hvort meiri breytingar eru fram undan hvað þetta varðar. En a.m.k. er full ástæða til þess að framsóknarmenn, sem bera ábyrgð á þessum málaflokki, hugsi svolítið sinn gang. Það er eiginlega ástæða til þess að velta því fyrir sér út frá fjölmörgum þáttum sem hafa verið uppi á borðinu undanfarin ár.

Það er t.d. þannig að hæstv. iðnaðarráðherra hefur lýst því yfir að í raun og veru sé engin þörf á að fara eftir Kyoto-bókuninni öðruvísi en með einhverjum nýjum reikningskúnstum. Það er allt í einu orðin niðurstaðan að menn eigi að reikna út meðaltal mengunarkvóta eins og hann var undirskrifaður í Kyoto-samkomulaginu og að meðaltal skuli reiknast yfir allt tímabilið. Þetta er í raun og veru niðurstaða sem segir okkur að Íslendingar geti tekið ákvarðanir um að byggja upp stóriðju í landinu sem fari langt fram yfir þau mörk sem eru í þessum loftslagssamningi eða geri það á síðustu árum samningsins og geti kært sig gjörsamlega kollótta um hvort það verði möguleiki að skrifa undir slíkan samning aftur eftir að samningstímabilinu lýkur árið 2012.

Ég er algjörlega ósammála þessu og tel að það sé full ástæða til að menn ræði það líka í þessu samhengi einfaldlega vegna þess að vatnalögin, lögin um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum og frumvarpið um jarðrænar auðlindar, sem ég hef verið að lýsa hér og reyna að rökstyðja og tel mig hafa gert það með fullnægjandi hætti, dregið öll saman, þau fjalla um auðlindanýtingu í landinu. Þau fjalla um auðlindir af ýmsum toga, öllum toga, og hvernig við förum með þær, hvernig stjórnvöld í landinu skapa reglur um meðferð og nýtingu þeirra. Það er þess vegna sem við getum og okkur ber skylda til að ræða þessi mál öll í samhengi.

Sú umræða sem hefur verið hér í gangi undanfarna daga er þessi skrýtni skilningur sem er allt í einu kominn upp hjá stjórnvöldum um að það þurfi bara ekkert að taka mark á Kyoto-bókuninni. Menn geti bara reiknað þetta að meðaltali vegna þess að það standi í bókuninni að þetta sé meðaltal. En það fer alveg eftir því hvaða gleraugu maður notar. Ef maður notar gleraugu sem segja að meðaltal á ári þýði bara meðaltal á ári, þá þýðir það innan árs. Ég held að þannig höfum við flest skilið þetta áður en nýi skilningurinn kom en með honum reiknast meðaltalið yfir allt tímabilið. Já, það er líka alveg hægt að skilja það svoleiðis ef við horfum bara á orðanna hljóðan. Ég get alveg fallist á að það sé hægt að skilja það svoleiðis. En þá skilur maður ekki framhaldið. Það er nefnilega ekki hægt að skilja framhaldið með þeim hætti.

Það var þess vegna sem ég var að reyna að spyrja hæstv. umhverfisráðherra í dag hvernig hún skildi framhaldið. Hún vildi ekki segja okkur hvernig hún skildi framhaldið, taldi að við værum að tala um eitthvað sem enginn vissi hvað yrði. (**Gripið fram í:** Iðnaðarráðherra veit hvernig þetta á að vera.) Iðnaðarráðherra veit alveg nákvæmlega hvernig á að skilja framhaldið. Iðnaðarráðherra segir okkur nefnilega, eða þannig hef ég a.m.k. skilið hæstv. iðnaðarráðherra, að hún telji þetta vera sjálfsagt mál. Það er búið að setja af stað viðræður um stækkun í Straumsvík og þegar niðurstaðan er fengin um það mál þá verður kvótinn búinn, þ.e. sá kvóti sem væri til staðar ef við notuðum eldri skilgreiningunna á málinu. Þá er í raun og veru hægt að nota bara nýju skilgreininguna og segja: Ja, það er nógur kvóti ef við bara reiknum þetta að meðaltali fyrir allt tímabilið. Þá getur álverið á Bakka líka farið af stað því það er til nógur kvóti á tímabilinu sjálfu. Svo er bara eitthvert nýtt tímabil og við vitum ekkert hvað verður þá.

Niðurstaðan er sem sagt sú að við Íslendingar berum enga ábyrgð á framhaldinu, okkur beri ekki að taka neina afstöðu til framhaldsins né að við þurfum að gera okkur klára í að vera tilbúnir til að taka þátt í einhverju samstarfi sem fælist t.d. í því að Íslendingar bættu ekki við mengun hjá sér frá því sem gert er ráð fyrir í þeirri bókun sem nú er í gildi. En ég held að flestum sanngjörnum mönnum fyndist eðlilegt að skilja þetta þannig að við þyrftum að gera ráð fyrir því að í versta falli gætum við þurft að skrifa undir bókunina óbreytta.

Ef við gefum okkur það að menn vilji nota þennan skilning þá þarf að velta því svolítið fyrir sér hvers vegna menn leggja þessa lykkju á leið sína til þess að koma slíkum skilningi á framfæri. Það segi ég vegna þess að mér sýnist ekki líklegt miðað við framkvæmdahugmyndir sem nú eru uppi að menn fari fram úr árs framleiðslunni fram til ársins 2012. Hvers vegna er þá nýr skilningur kominn upp? Líklega vegna þess að þeir sem vilja skapa þessum nýja skilningi gott andrúmsloft í landinu virðast vera að búa til þann möguleika að Íslendingar taki ákvarðanir sem verða til þess að mengunin frá landinu verði meiri en núverandi samkomulag gerir ráð fyrir, þ.e. eftir árið 2012, vegna þess að þeir séu hræddir um að það verði einhverjir sem haldi því fram að þeir megi ekki taka svona ákvarðanir sem valdi því að framleiðslugetan fari fram úr 1,6 milljónum tonna á ári í mengun.

Er þetta þá ábyrg afstaða? Það held ég ekki. Ég held að menn verði að horfast í augu við það að Íslendingar sem

þátttakendur í alþjóðasamstarfi af þessu tagi eru í raun að fara leið sem mundi eyðileggja alla möguleika á áframhaldandi samstarfi þeirra sem taka þátt í Kyoto-samkomulaginu. Því að ef menn höguðu sér almennt á þennan hátt í þeim hópi sem hefur tekið þátt í samkomulaginu væri engin von til þess að hægt yrði að skrifa undir nýtt samkomulag, það er alveg ljóst. Ef allir sem tóku þátt í samkomulaginu litu þannig á að þeir hefðu bara gert samkomulag til 2012 og gera þyrfti algjörlega nýtt samkomulag eftir 2012 sem menn þyrftu ekkert að miða við það samkomulag sem gert var til ársins 2012, þá væru menn komnir algjörlega á byrjunarreit og ekki líklegt að neitt samkomulag náist um framtíð loftslagssamninga í þessum heimi ef það yrði niðurstaðan að þjóðirnar litu þannig á að ekkert mark ætti að taka á gamla samkomulaginu. Það væri bara búið 2012 og þá byrjuðu menn upp á nýtt með einhvern allt annan grunn, Íslendingar með miklu hærra en 1,6 millj. tonn. (**Gripið fram í:** Það væri Framsóknarflokkurinn.) Það er framsóknarhugsunin í málinu.

Þetta er svo óábyrg hugsun að það er alveg með endemum að menn skuli láta sér detta þetta í hug. Og til hvers? Vita menn hvað langt er til 2012, hafa menn velt því fyrir sér? Samkvæmt útreikningi mínum, ég hef ekki fjármálaráðherra hérna til að bera þann reikning undir hann, en samkvæmt mínum reikningi eru sex ár til 2012. Er ekki fangið fullt bæði hjá iðnaðarráðherra og öllum öðrum í landinu fram að þeim tíma? Þurfa menn að fara að ráðstafa loftslagsheimildum fram yfir 1,6 millj. tonn á því tímabili sem er fram undan þangað til samningurinn rennur út? Ég sé ekki fyrir mér að þörf sé á því. (**Gripið fram í:** Hvað viltu gera?) Það eru sex ár fram undan og fyrir liggur að ríkisstjórnin er búin að sleppa af stað stækkun í Straumsvík, niðurstaðan af henni kemur um næstu áramót. Þegar hún liggur fyrir er búið að fylla þetta samkomulag. Það verður þá nóg að gera í byggingu álvera út það tímabil sem þarna er um að ræða.

Þetta eru auðvitað harðir kostir fyrir þá sem vilja byggja á Bakka. Samt er það þannig að Íslendingar gætu verið innan þessa samkomulags þó að líka yrði byggt á Bakka, en þá þyrftu menn að gera ráð fyrir því að fluttar yrðu inn heimildir fram yfir þær losunarheimildir sem eru í samkomulaginu, þ.e. að menn keyptu þá kvóta til þess að nýta sér.

Mjög athyglisvert var að þegar hæstv. iðnaðarráðherra skrifaði undir samkomulagið vestan hafs kom hvergi fram að Alcoa fyrirtækið ætti að bera ábyrgð á því að skaffa losunarheimildir ef á þyrfti að halda, það kom hvergi fram. Ég tel ástæðu til að hafa áhyggjur af því að það fyrirtæki, Alcoa, líti þannig á að þátttaka ríkisins í undirbúningi þessa máls og undirskriftina um samstarfið geti hugsanlega haft í för með sér að þeir líti þannig á að íslenska ríkisstjórnin beri ábyrgð á að skaffa þeim þær mengunarheimildir. Það er a.m.k. enginn fyrirvari og hefur hvergi komið fram að neinn fyrirvari hafi verið gerður um þessar loftslagsheimildir sem þarna þyrfti þá til viðbótar ef niðurstaðan yrði sú að stækkað yrði í Straumsvík því að með því yrði kvótinn búinn. Þetta er auðvitað eitthvað sem mér fyndist að væri full ástæða til að stjórnvöld settu mjög skýrt fram í sölum Alþingis, að menn fengju að vita hvert menn ætla sér með þetta. Er það niðurstaðan að landið sé bara galopið?

Hæstv. umhverfisráðherra sem svaraði fyrirspurn frá mér í dag kom sér undan að svara þeirri spurningu. Lögin um mat á umhverfisáhrifum eru þannig úr garði gerð að hæstv. umhverfisráðherra, hver sem hann nú verður, verður að gefa starfsleyfi ef öll skilyrði eru uppfyllt. Þess vegna væri alveg sama þó að menn mundu klára þennan samning fyrir norðan um Bakka, fluttar yrðu inn losunarheimildir til að nota vegna útblásturs þaðan og menn kæmu svo í kjölfarið með álver í Helguvík, umhverfisráðherra yrði líka að skrifa undir það ef losunarheimildir væru þar til staðar. Það er alveg sama hversu mörg slík fyrirtæki eru sett upp á Íslandi miðað við óbreytt lög, ef innflutningur á losunarheimildum verður til staðar þarf hæstv. umhverfisráðherra að veita starfsleyfi fyrir slíkum fyrirtækjum.

Þetta er að mínu viti algjörlega óviðunandi staða í þessum málum og að engin stefna skuli vera uppi í þessu máli frá hendi ríkisstjórnarinnar um hversu langt megi ganga er með miklum ólíkindum. Ég held ekki að neinn Íslendingur geti hugsað sér það að hingað snjói endalaust nýjum iðnaðarfyrirtækjum. Þó svo að margir hafi samúð með stóriðju í landinu held ég að enginn Íslendingur vilji ganga svo langt að það fari í sama farveg og þegar skuttogararnir voru fluttir til landsins, að eitt álver komi á hvern þann stað þar sem hægt er að afla orku á Íslandi.

Nú er það þannig að einkaaðilar og sjálfstæð fyrirtæki á Íslandi geta rannsakað orkumöguleika og gert samninga um að skaffa þá orku til fyrirtækja eins og þessara án þess að nokkurt ráð sé fyrir því gert að það verði stöðvað. Ég tel að full ástæða sé til að menn gefi þessari stöðu gaum og auðvitað þarf að vera hægt að kalla í fullri alvöru eftir stefnumörkun frá ríkisstjórn. Hvernig stendur á því að ekki er hægt að fá svör þegar spurt er um slíkt? Hvaða virðingu ber eiginlega stjórnarliðið fyrir fólkinu í landinu þegar verið er að spyrja spurninga um stefnumörkun? Ég get alveg sætt mig við að menn segist vilja gera eitthvað sem ég er á móti. En ég get ekki sætt mig við það að ríkisstjórn og stjórnmálamenn í landinu séu alltaf í felum með vilja sinn, hvað þeir ætla sér. Það er pólitík sem á ekki að vera hægt að bjóða upp á. Kannski er það hluti af vanda Framsóknarflokksins, þessi sífelldi reykur í kringum flokkinn, að hylja sig í reyk eins og þótti gott hérna áður fyrr þegar menn börðust á hafinu á skútum úr tré, þá var fínt að hylja sig í reyk til að andstæðingurinn hitti ekki því að kúlurnar voru oft á þrotum og það var ekki allt of mikið til um borð af skotfærunum. (**Gripið fram í:** Farðu nú nánar út í þetta.) Þess vegna tala menn um að hylja sig í reyk, það er komið frá þessu, komið úr bardagamáli á hafinu. Margar af skútunum sukku, sumar strönduðu. Mér finnst einhvern veginn eins og Framsóknarflokkurinn sé farinn að nálgast ískyggilega brotsjóina, skerin og landið. Því er nauðsynlegt fyrir menn þar um borð að velta því svolítið fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að breyta um stefnu, hætta að hylja sig í reyk og segja skýrt og satt hvert menn ætla. (**Gripið fram í:** Framsóknarskútan ...) Það er ástæða til að menn velti því fyrir sér.

Það er ekki eins og við séum að tala um einhver smámál. Við erum að tala um framtíðarauðlindanýtingu. Við erum tala um endurskoðun á stjórnarskránni, við erum að tala um endurskoðun á öllum lögum á því sviði sem við

fjöllum um sem vatnalögin voru stærsti hlutinn af hér áður, sem er núna að verða í mörgum hlutum, í mörgum lögum. Allt snýst þetta um gríðarlega mikilvæg réttindi, auðlindir sem fólkið í landinu á að nýta í framtíðinni og reglurnar um hvernig það verði gert. Auðvitað er ýmislegt óþægilegt, það er margt óþægilegt í lestinni á þessari skútu. Til dæmis hvernig farið hefur verið með þjóðarauðlindina í hafinu. Það þarf að taka afstöðu til þess líka. Menn komast ekki fram hjá því þegar talað er um að setja þjóðarauðlindir inn í stjórnarskrána, þá er stærsta þjóðarauðlindin þar með, þ.e. auðlindin í hafinu.

Það er einmitt frjálshyggjuskoðunin, eignarhaldsskoðunin á fiskinum í sjónum sem er okkar stærsta vandamál og hefur verið aðalvandamálið í umfjölluninni um fiskveiðistjórnina og sjávarútveginn í gegnum tíðina á undanförnum árum. Sá vandi hefur fyrst og fremst stafað af því gríðarlega ósamkomulagi um eignarhald á fiskstofnunum á Íslandi. Í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða stendur eins og allir vita að fiskstofnarnir séu sameign þjóðarinnar. En ríkisstjórnin sem situr hefur undir forustu Sjálfstæðisflokksins allan tímann haldið áfram að reyna að einkavæða, gjörsamlega einkavæða hvern einasta titt sem syndir í kringum landið. Ef þeir hafa fundið munaðarlausan fisktitt hafa þeir reynt að koma eignarhaldinu á hann. Ekkert má vera án eignarhalds að þeirra mati.

Framsóknarflokkurinn (**ÖS:** Sá góði flokkur.) hefur bara trillað með. Sjálfstæðisflokkurinn hefur stjórnað þessum málum allan tímann sem Framsóknarflokkurinn hefur setið við stjórnvölinn (Gripið fram í.) og þeir hafa látið þetta gott heita. Eini maðurinn sem hefur talað öðruvísi er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson (**GAK:** Og er skammaður fyrir.) og hann virðist ekki vera vinsælastur manna innan flokksins. (**Gripið fram í:** Þú ert góður.) Ég hef að vísu ekki séð neina vinsældakosningu innan þingflokksins en hún fór fram ekki á síðasta hausti heldur þar áður. Þá fór hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson svolítið illa út úr þeirri vinsældakosningu, fékk ekki neina nefnd og var settur út í kuldann. Svo var hann nú endurreistur og fékk einhverjar nefndir á síðasta hausti en samt sem áður virðist hann ekki vera mjög kátur með sinn flokk og hann hefur haft svolítið aðrar skoðanir á sjávarútvegsmálum en flokkurinn hefur haft.

Það er reyndar þannig að skoðanakannanir segja okkur að Framsóknarflokkurinn sé gjörsamlega í tvennu lagi. 50% af flokknum eru algjörlega andvíg því fyrirkomulagi sem er á kvótakerfinu, eignarhaldsfyrirkomulaginu þar, og langstærsti meiri hluti Sjálfstæðisflokksins er líka á móti því. Allir flokkar eru með stóran meiri hluta á móti þessu eignarhaldsfyrirkomulagi, allir nema Framsóknarflokkurinn, þar er helmingurinn á móti. Það er greinilegt að erfitt er að standa yfir þeirri línu í þeim flokki.

Ég er á þeirri skoðun að í þessari umræðu sé ástæða til að ræða þessi mál vítt og breitt, eins og hv. þingmenn heyra, enda eru þau þess eðlis að þau snerta svo gríðarlega margt. Ég kom að því áðan að hæstv. iðnaðarráðherra hefur núna t.d. það hlutverk að úthluta rannsóknarleyfum og nýtingarleyfum hvað varðar hitaveitur. Okkur tókst að ná samkomulagi við meiri hlutann í vetur þegar fjallað var um þetta fræga frumvarp sem ég nefndi áðan, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, þar sem niðurstaðan varð sú að þrengja þessa möguleika hæstv. ráðherra til að úthluta leyfum. Það var gert og nú hefur hæstv. ráðherra ekki möguleika á því að úthluta nýtingarleyfum með rannsóknarleyfunum nema þegar um er að ræða hitaveitur, annars er þetta slitið í sundur.

Það var ástæða fyrir því að Samfylkingin og stjórnarandstaðan tóku upp baráttu fyrir því að ná þessu fram til að hæstv. ráðherra hefði ekki frjálsar hendur í þessu, því að hæstv. ráðherra taldi sig sannarlega hafa það. Það kom mjög skýrt fram í umræðunni um þetta tiltekna mál í haust. Það hafa nefnilega komið fram fyrirtæki, eftir breytingar á lögum á raforkusviði, eftir þetta frelsi og samkeppnisumhverfi sem menn vilja kalla það á raforkusviðinu, sem óska eftir að taka þátt í einhvers konar samkeppni á þessu sviði. Menn eru farnir að leita eftir heimildum til að rannsaka hin ýmsu svæði, bæði ár og hitaorku sem gæti verið vænlegt að virkja fyrir ný álver eða í einhverjum öðrum tilgangi. Í iðnaðarráðuneytinu liggja núna fyrir umsóknir um rannsóknar- og nýtingarleyfi og virkjunarleyfi sem talin eru vera í vinnslu þar. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef sóttist Landsvirkjun t.d. eftir að rannsaka vatnasvið Skjálfandafljóts. Því var reyndar hafnað en hæstv. ráðherra taldi sig þá skorta lagaheimild. Nú telur hún sig sennilega ekki skorta þá lagaheimild lengur og þá er þetta mál að öllum líkindum aftur uppi á borðinu.

Vatnasvið Tunguár ofan Sigöldu, vatnasvið Þjórsár neðan við Búrfell, vatnasvið í efri hluta Skaftár, vatnasvið í vestari og austari Jökulsá í Skagafirði eru öll kunnugleg svæði. Landsvirkjun sækir um að skoða vatnasviðið á þessum fimm svæðum. En Landsvirkjun óskar líka eftir því að fá leitar- og rannsóknarleyfi í Brennisteinsfjöllum og leitar- og rannsóknarleyfi í Gjástykki og nágrenni þess. Landsvirkjun er þarna með sjö umsóknir til virkjunar í landinu eða í þeim tilgangi að leita að möguleikum til virkjunar.

Hitaveita Suðurnesja er með umsókn um rannsóknarleyfi á jarðhita á Reykjanesskaganum og ekki veitir henni af ef hún ætlar að skaffa raforku til þess að fóðra álver í Helguvík. Það liggur fyrir að menn hafa gert samkomulag um að leita þar leiða til að byggja álver. Hitaveita Suðurnesja hefur skrifað undir samkomulag um að skoða þessa möguleika til að skaffa raforku fyrir verksmiðju í Helguvík.

Orkuveita Reykjavíkur lætur ekki sitt eftir liggja. Hún hefur sótt eftir því að skoða háhitasvæðin í Reykjadölum og í Rangárþingi ytra og háhitasvæðið í Kerlingarfjöllum. Menn eru víst hættir að fara þangað á skíði, það hefur hlýnað svo í veðri, mikill hiti er í fjöllunum þarna og heitt í veðri líka þannig að skíðasvæði er þar ekki lengur til staðar. Því finnst þeim hjá Orkuveitunni náttúrlega alveg upplagt að fara þangað og virkja þetta allt saman og ná sér í góða orku til að fóðra einhvern nýjan stóriðnað í landinu. Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja hafa sameiginlega óskað eftir rannsóknarleyfi á háhitasvæðinu í Brennisteinsfjöllum og Rarik hefur síðan óskað eftir að fá að skoða vatnasviðið í Hólmsá í Skaftárhreppi.

Fyrirtæki sem heitir Héraðsvötn hf. vill skoða vatnasviðið í austari og vestari Jökulsá í Skagafirði. Ég er ekki alveg viss um hverjir eiga þetta fyrirtæki en kannski gæti einhver upplýst það í umræðunni á eftir. (**Gripið fram í:** Meðal annars Rarik.) Það er rétt, ég veit að Rarik á hluta í

þessu fyrirtæki en þetta eru auðvitað atriði sem sjálfsagt er að skoða. Ég bið menn að taka mín orð ekki þannig að ég sé á móti því að þetta sé skoðað. Ég er fyrst og fremst að gera grein fyrir því að það eru gríðarlega margir möguleikar uppi hjá fyrirtækjum í landinu hvað varðar rannsóknir á orkunýtingarmöguleikum. Þess vegna er ástæða til að alþingismenn horfi vel til þessara hluta og fari vel yfir hvaða reglur eiga að gilda hér á landi um það hvernig nálgast eigi rannsóknar- og nýtingarleyfi, að það verði ekki bara til hugmyndir sisvona um það hvernig fara eigi með slík mál. Finna þarf skynsamlega pólitíska niðurstöðu þar sem jafnræðis er gætt og þar sem tekið er tillit til þeirra sem eiga að hafa nýtinguna með höndum, tekið er tillit til neytendanna í landinu og til þjóðarinnar í þeim tilfellum sem hún á viðkomandi orkulindir. Allt þarf þetta að vegast og metast í ljósi þess hvaða reglur er eðlilegt að setja um samkeppni og jafnræði til að taka þátt í henni hér í landi.

Þeistareykir ehf. og virkjanir í Skjálfandafljóti, því hefur verið hafnað. Ekki veit ég af hvaða ástæðum, það kemur ekki fram í þeim gögnum sem ég hef. Sunnlensk orka hefur endurnýjað rannsóknarleyfi eða vill fá endurnýjun á rannsóknarleyfi í og við Grændal. Mér skilst að Grændalur sé mjög fallegur dalur þar sem menn vilja skoða möguleika á að nýta jarðhita í. Mörg af þessum svæðum hafa ekki verið grunnskoðuð, ekki fengið grunnskoðun frá hendi t.d. Náttúrufræðistofnunar sem á að kortleggja, skoða og gera grunnrannsóknir á þeim svæðum sem hér er um að ræða. Það er alveg óhætt að segja að þar hafa stjórnvöld staðið sig illa og hv. þingmenn stjórnarflokkanna ættu að taka eftir því að þegar komið er út í samkeppnina sem verið er að tala um að koma hér á þá er afar nauðsynlegt að stjórnvöld standi í lappirnar og standi sig. (**Gripið fram í:** Eru það ekki einhverjir smápeningar?) Það er í raun og veru um smápeninga að ræða hvað varðar grunnrannsóknirnar. (Gripið fram í.) Það hefur margoft komið fram að Náttúrufræðistofnun hefur sett fram tillögur og hugmyndir um það hvernig megi ljúka þessum grunnrannsóknum á fáum árum. Hún treystir sér til að klára þessar rannsóknir á kannski fjórum árum ef til þess fást nægilegir peningar. En miðað við þá fjármuni sem Alþingi hefur skammtað þessari stofnun til þess að gera þessa hluti þá tekur tólf ár að ljúka þeim nauðsynlegustu rannsóknum sem þarna er verið að tala um. Auðvitað er það ekki boðlegt þegar ekki er um að ræða meiri fjármuni í heildina en sem svarar 64—65 milljónum. Ég endurtek, hæstv. forseti, talið er að það kosti 64–65 milljónir að ljúka þeim rannsóknum sem ég nefndi, þessum grunnrannsóknum sem þurfa að vera til staðar til að hæstv. iðnaðarráðherra, sem hefur það hlutverk núna að úthluta þessum rannsóknarleyfum, geti í raun og veru byggt á einhverjum grunnrannsóknum þegar tekin verður afstaða til þess hvort láta eigi menn hafa svona leyfi til rannsókna.

Þá kem ég að því sem margoft kom fram í starfi nefndarinnar að þeir sem komu fyrir nefndina fyrir hönd fyrirtækjanna sem eru í bransanum eins og sagt er, orkufyrirtækjanna í landinu, gerðu ítrekað athugasemdir við það að hæstv. iðnaðarráðherra væri að véla um það hvort þeir fengju rannsóknarleyfi á þessu eða hinu svæðinu, að sá sami hæstv. iðnaðarráðherra sem er yfirmaður Rarik, er yfirmaður Orkubús Vestfjarða og yfirmaður Landsvirkjunar væri ekki mjög trúverðugur í því hlutverki að velja á milli Landsvirkjunar og Orkubús Vestfjarða og/eða Rariks og annarra fyrirtækja úti á hinum frjálsa raforkumarkaði þegar sóst væri eftir leyfum til að skoða möguleikana á því að nýta orkulindir. Það er alveg rétt. Auðvitað er þetta ekki viðunandi og auðvitað vita þingmenn stjórnarflokkanna það og hafa vitað lengi að þetta gengur ekki. En af hverju er ekki tekið á málinu? Hvers vegna er þetta haft svona áfram? Það getur víst enginn svarað því.

Þetta er bara dæmi um það hvernig menn forsóma skyldur sínar þó að þeir komi auga á þær og skilji þær. Auðvitað skilja menn að þetta á ekki að vera svona. Iðnaðarráðherra á ekki að vera margfaldur í sínu hlutverki. Hæstv. iðnaðarráðherra stendur í alls konar bardögum hér við að koma á t.d. stóriðju í landinu. Hún hefur haft sérstakan áhuga á því að koma á stóriðju á Norðurlandi og allt í lagi með það, hún er þingmaður á því svæði og hefur skyldur við það, en hún er líka iðnaðarráðherra og hún er iðnaðarráðherra alls landsins. Það er alveg auðséð að þessi hæstv. iðnaðarráðherra getur komist í alls konar vandræði þegar hún þarf að gera upp hug sinn gagnvart því að veita leyfi til rannsókna á orkunýtingarmöguleikum einmitt vegna þess hversu margföld hæstv. ráðherra er í roðinu eða hve margt hún hefur á sinni könnu vildi ég heldur orða það frekar en að nota roðið. Það er reyndar oft notað líka um fólk og á ekki að móðga neinn.

Landeigendur Reykjahlíðar ehf. hafa sóst eftir umsóknum um rannsóknaleyfi í jarðhitasvæðinu í Fremri-Námum. Svo eru umsóknir hérna líka um nýtingar- og virkjunarleyfi og þá erum við að tala um nýtingar- og virkjunarleyfi. Orkuveita Reykjavíkur er að sækjast eftir virkjunarleyfi í Farinu í Bláskógabyggð. Það getur vel staðið í ráðherranum að veita það leyfi. Ég veit það ekki. Það er margt sem hæstv. ráðherra afrekar og Farið í Bláskógabyggð gæti vel orðið eitt af þeim afrekum.

Hitaveita Suðurnesja sækist eftir virkjunarleyfi fyrir 100 megavatta virkjun, svokallaðri Reykjanesvirkjun. Að lokum ætla ég að lesa upp útgefin rannsóknar- eða nýtingarleyfi vegna jarðvarma, þ.e. sem búið er að fjalla um og veita:

Hitaveita Suðurnesja hefur rannsóknarleyfi í Tröllադyngju. Hún hefur líka rannsóknar- og nýtingarleyfi á Reykjanesskaganum. Orkuveita Reykjavíkur hefur rannsóknarleyfi á Hellisheiði og virkjunarleyfi á sama svæði. Landsvirkjun hefur rannsóknarleyfi á Kröflusvæði og líka í Köldukvíslarbotnum. Þeistareykir ehf. hefur rannsóknarleyfi á Þeistareykjum. Sunnlensk orka hefur rannsóknarleyfi á Reykjasvæði í Ölfusi. Það er reyndar útrunnið þannig að ég geri ráð fyrir að um það sé ekki að ræða nema að sótt verði um það aftur.

Það sem ég hef farið yfir segir okkur að gríðarlega mikið liggur af umsóknum um rannsóknir. Þótt ekki verði nema hluti þeirra umsókna sem hér um ræðir að veruleika sem virkjanir þá yrði af því gríðarleg orka. Þar fyrir utan eru, eins og þingmenn vita, fjölmargir aðilar farnir að huga að smærri virkjunum sem ég taldi ekki upp og um er fjallað með öðrum hætti.

Það er full ástæða til að menn geri sér grein fyrir því að umhverfisráðherra gæti staðið frammi fyrir því að innflutn-

ingur á mengunarkvótum verði gríðarlega mikill. Það er möguleiki. Ég held því ekki fram að hann verði það en ég tel að hann gæti orðið það. Álverð er gríðarlega hátt og það virðist mikill áhugi á nýjum álverum í heiminum, a.m.k. virðist hann mikill hvað varðar Ísland. Það kann vel að vera að það sé svolítið sérstakt vegna rafmagnsverðsins. En hins vegar er hægt að framleiða rafmagn með ekki síður hagstæðum hætti en gert er á Íslandi þó nokkuð víða í heiminum. Til eru möguleikar á vatnsaflsvirkjunum og alls konar öðrum virkjunarkostum. Það er ekki allt fengið þótt menn hafi fengið þau álver sem hér hafa verið í umræðunni.

Ósvarað er spurningunni um hver stefnan á að vera. Það liggur ekki fyrir af ríkisstjórnarinnar hálfu. Það er mjög nauðsynlegt að menn komist til ráðs með það og segi hvað þeir vilja í þessu. Ég held að niðurstaðan ætti að vera nokkuð ljós. Það er ekki hægt að bjóða upp á að ganga lengra á næstu sex árum en Kyoto-samkomulagið gerir ráð fyrir. Ég sé heldur ekki hvers vegna í ósköpunum menn ættu, á þeim skamma tíma sem er til loka Kyoto-samkomulagsins, að gera bindandi ráðstafanir fram yfir það tímabil. Hér eru menn með fangið fullt, í gríðarlegum framkvæmdum út allt þetta tímabil og meira en það. Hvers vegna ættu menn að stökkva til og gera bindandi ráðstafanir fram í tímann, fram yfir þetta tímabil?

Ég tel ekki skynsamlegt að setja af stað innflutning á mengunarkvótum þótt það megi. Menn eiga að stoppa, láta duga að nýta þá möguleika sem eru fólgnir í íslenska ákvæðinu og endurskoða stefnuna um leið og nýtt samkomulag liggur fyrir í loftslagsmálum. Þetta finnst mér vera skynsamleg leið og niðurstaða sem gæti orðið ágæt sátt um í landinu. Ríkisstjórnin setur þann möguleika í uppnám. Bakka-samkomulagið segir okkur að ómögulegt er að vita hvað ríkisstjórnin ætlar sér. Hæstv. umhverfisráðherra undirstrikaði það, að það á ekki að láta uppi hvað menn ætla sér. Þetta er óþolandi að fá ekki að vita hvað er fram undan og hvað menn ætla.

Mér finnst óábyrgt að láta það liggja í loftinu að Íslendingar ætli að taka ákvarðanir sem hugsanlega komi í veg fyrir að það sé hægt að framlengja Kyoto-samkomulagið að óbreyttu. Þeir láta það liggja í loftinu en af hverju segja menn ekki skýrt og skorinort: Við gerum fyrirvara um allar framkvæmdir sem hafa í för með sér að mengun aukist fram yfir Kyoto-samkomulagið og íslenska ákvæðið, þ.e. að gerist það verði viðkomandi fyrirtæki að flytja inn mengunarkvóta fyrir því. Það hefur ríkisstjórnin ekki heldur sagt. Það er óþolandi að svo skuli ekki gert. Það væri skárra ef menn segðu, þótt ég væri því algerlega ósammála, hvert menn ætla í þessu efni. Það væri skárra en að segja það ekki, láta það í veðri vaka að ríkisstjórnin ætli bara að taka sénsinn á að íslenska ákvæðið verði útvíkkað í næsta samkomulagi. Það á bara að taka sénsinn á því. Það finnst mér fráleitt fyrir utan að það er engin ástæða til þess. Það eru bara sex ár eftir af samkomulaginu og menn munu tala saman um það áður. Þannig er þetta pólitískt gjörsamlega óþolandi, að menn skuli ekki tala skýrt um þessi málefni.

Síðan er ástæða til að velta fyrir sér framhaldinu þegar kemur að samningum um Kyoto-samkomulagið. Ég er fyrir fram á þeirri skoðun að vafasamt sé fyrir Íslendinga að sækjast eftir útblástursheimildum fram yfir íslenska ákvæðið, með útvíkkun á því. Mér fyndist a.m.k. lágmarkið að koma því í umræðuna áður en menn setja mögulega í uppnám að Íslendingar geti skrifað undir samkomulagið aftur óbreytt. Það sem menn þurfa að hafa í huga þegar þeir velta fyrir sér hvort íslenska ákvæðið geti útvíkkast með einhverjum hætti er að allar líkur eru á því að fjöldi annarra þjóða komi inn á sviðið og bendi á möguleika sína til að nýta þetta ákvæði. Það eru til fleiri litlar þjóðir í heiminum en Íslendingar. Þeir eru fleiri sem framleiða ekkert óskaplega mikið af áli en Íslendingar. Þótt Íslendingum finnist framleiðslan býsna mikil þá er mengunin frá Íslandi aðeins á bilinu 0,03 eða 0,04%.

Mengunin frá Íslandi var 0,01 til 0,02% af menguninni þegar samkomulagið var gert. Það er ekki fyrr en á árinu 1995 eða 1996, þ.e. eftir stækkun á álverinu í Straumsvík, líklega með stækkuninni í 90.000 tonn í Hvalfirði að mengun frá stóriðju á Íslandi fór upp í að vera þriðji hluti þeirrar mengunar sem stígur til himna frá Íslandi. Einn þriðji, eða eitthvað svoleiðis eða innan við það. Íslenska ákvæðið sem gerir ráð fyrir því að við megum fara upp í 1,6 millj. tonna, sem þýðir líkast til að við áttföldum þá mengun sem kemur frá stóriðju á Íslandi, hefur þó ekki meiri áhrif en svo. Við erum áfram með mengun frá Íslandi sem er einhvers staðar á þessu bili 0,03–0,04% eða eitthvað svoleiðis.

Íslenska ákvæðið, sem Íslendingar kalla svo, gerir ráð fyrir að einungis þjóðir með undir 0,05% geti tilheyrt þessu ákvæði. En vel að merkja þá rúmast þó nokkur álframleiðsla á Íslandi ákvæðinu. Þannig gætu margar þjóðir og kannski tiltölulega stórar í álframleiðslu komist fyrir undir því ákvæði sem hér um ræðir. Þessu verðum við að reikna með þegar við veltum fyrir okkur hvort hægt sé að útvíkka íslenska ákvæðið og hvort við yrðum einir um að fá tækifæri undir því ákvæði. Hvort okkur hugnast að sækjast eftir útvíkkun eða ekki er svo önnur saga. Ég bendi á að það er ekki til einhlítt svar við því hvort menn fái möguleika á að útvíkka þetta ákvæði.

Hafa verður í huga að ál er undarlegur málmur. Fyrir liggja rannsóknir sem sýna að ál sem kemst í umferð til nýtingar í heiminum endist betur en allur annar málmur og annað efni sem er á ferðinni. Rannsóknir segja að 70% af öllu áli sem framleitt hefur verið í heiminum sé enn í umferð. Einungis 5% af framleiðslukostnaði áls fer í að endurvinna það. Sé framleiðslukostnaður nýs áls eða hrááls borinn saman við endurvinnslu á áli þá kostar endurvinnslan aðeins 5% vinnslu hrááls. Þess vegna ættu íslensk stjórnvöld auðvitað að leggja einhverja fjármuni í að skoða hver framtíð álframleiðslu er í heiminum. Getum við gert ráð fyrir að álverin gefi svo vel af sér sem þau hafa gert á undanförnum árum eða getur það breyst og Íslendingar standi þá frammi fyrir því að hagnaður af rekstri álveranna gufi upp að hluta eða þannig að einhverju máli skipti?

Ég veit ekki til þess að neinar rannsóknir séu til á Íslandi um þetta en það er full ástæða til að gefa gaum að því vegna þess að ál er að verða gríðarlega mikilvægt í þjóðhagslegu samhengi á Íslandi og álið er, eins og ég sagði áðan, sérstakt. Það að 70% af öllu áli skuli enn þá vera í umferð af því áli sem framleitt hefur verið í heiminum segir okkur að einhvern tíma geti komið að einhverjum mörkum og það geti gerst býsna hratt. Ég hef ekki séð neinar spár

um þetta en ég veit hins vegar að ástæða er til að skoða þessa hluti.

Það væri gaman að ræða margt í sambandi við álið og þá möguleika sem það gefur okkur. Ég er ekki á móti álverum og tek það sérstaklega fram ef menn skyldu halda það. Ég tel hins vegar að þau eigi að vera fá og stór, þau eigi að vera öflug og á heimsmælikvarða, samkeppnisfær. Það er það sem skiptir okkur máli. Þess vegna tel ég að þau eigi að vera fá og stór svo fyrirtækin hér á landi eigi möguleika á því að standa sig vel í heimskapphlaupinu. Það geta komið vondir tímar og munu gera það örugglega og þá þurfa þau fyrirtæki sem hér eru rekin að standa þá af sér.

Alcoa er ekkert smáfyrirtæki. Það er með 130–140 þús. manns í vinnu í heiminum í 43 löndum og er með gríðarlega fjölbreytta framleiðslu af áli af öllum mögulegum tegundum á sinni könnu fyrir utan að fóðra alls konar fyrirtæki sem nýta sér ál í hráefni. Ég var á fundi í Borgarfirði í vikunni. Þar var ágætur fulltrúi frá Alcoa sem sagði okkur frá fyrirtækinu. Ég spurði fulltrúann hvort fyrirtækið væri tilbúið til að liðsinna þeim sem hefðu áhuga á að skoða möguleikana á því að nýta sér hráefnið frá fyrirtækinu til að framleiða einhverja hluti, vera með einhvers konar úrvinnslu úr áli. Henni fannst ekki ólíklegt að fyrirtækið væri tilbúið til að veita upplýsingar og hafa samstarf við aðila um þau efni. Ég tel fulla ástæðu til þess að menn skoði þetta vegna þess að það er auðvitað ekki eðlilegt að við framleiðum eingöngu hráefni til álvinnslu en séum ekki, úr því að hér er svo gríðarlega mikið framleitt af áli, með úrvinnslu í landinu eins og möguleikarnir á því virðast vera líklegir til að geta verið til staðar.

Ég ætla ekki að ræða meira um álver í bili. Mér finnst samt full ástæða til að tala um álver vegna þess að þau tengjast málefnunum sem við ræðum. Ég er á þeirri skoðun að Alþingi eigi að ræða þessi mál í samhengi, hef komið því oft á framfæri og á sjálfsagt oft eftir að nefna það í umræðunni að þannig verði það að vera ef einhver skynsemi á að vera í umræðunni sem hér fer fram um vatnalög, að önnur lagasetning sem tengist vatnalögum sé öll undir í þeirri umræðu.

Ég er með í höndunum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október árið 2000, um vatn. Ég fékk þetta í hendurnar fyrir stuttu. Á það er skrifað kirfilega „Drög". Þýðingin er ekki tilbúin en tilskipunin var gefin út árið 2000 og okkur var sagt á síðasta þingvetri í iðnaðarnefnd að í umhverfisráðuneytinu lægi fyrir drög að frumvarpi á grundvelli málsins. Það bólar ekkert á því máli, það hefur ekki sést. Þó virðist ekki vanta plaggið og tilskipunin er orðin nógu gömul. Hún er frá því árið 2000. Samt er ekki búið að þýða hana þannig að hún sé tilbúin eins og stendur á plagginu.

Þetta er dæmi um að ekki hefur verið lögð næg vinna í málefni til að hægt sé að vinna í því á heildstæðan hátt. Þó er auðséð að tilskipunin er gríðarlega umfangsmikil. Í henni eru alls konar hlutir um meðferð vatns. Það er ekkert vafamál að hún getur haft veruleg áhrif til einhvers konar hömlunar að mínu viti á eignarrétti, umgangi eigenda um vatn. Það er full ástæða til að það sé a.m.k. borið til baka sem ég er að segja um það vegna þess að sagt hefur verið í umræðunni að þetta komi ekkert inn á vatnalögin, hafi ekkert að gera með skilgreiningu eignarhalds á vatni eða eitt eða neitt. Ég tel að það sé skylda Alþingis að kalla eftir frumvarpinu sem á að verða á grundvelli vatnatilskipunarinnar til að hægt sé að ganga úr skugga um hvort einhverjir hlutir komi til með að stangast á við það frumvarp til vatnalaga sem við fáumst við. Ég ætla ekki að fara nánar yfir málið núna. Ástæða kann að vera til að gera það síðar í umræðunni en Evrópusambandið hefur greinilega lagt gríðarlega mikla vinnu í vatnatilskipunina og það er kannski full ástæða til.

Við Íslendingar erum svo heppnir að búa á eyju. Við lendum ekki í einhverjum vandamálum út af landamærum við aðra hvað varðar vatnsrennslið. Stórár Evrópu renna um mörg lönd. Evrópubúar þurfa þess vegna að taka mikið tillit hver til annars hvað varðar umgang um vatn og reglur um hvernig með það allt skuli fara. Fjölmargir hlutir í vatnatilskipuninni eru örugglega hugsaðir út frá því að allir taki tillit til allra sem hlut eiga að máli ef um vatn er að ræða. Þess vegna er full ástæða til að halda að ýmislegt í vatnatilskipuninni geti hugsanlega rekist á við það sem menn ætla sér með endurskoðun á vatnalögunum sem hér eru eða þeim lögum sem gilda yfirleitt um vatn á Íslandi.

Það var eitt sem ég ætlaði að ræða um í umræðunni og tengist nýtingu á orkulindunum. Ég hef auðvitað gert það áður í sölum Alþingis og tel að ekki sé of oft kveðin sú vísa, þ.e. að ræða aðeins um eignarhald á fyrirtækjunum sem eru í orkuvinnslu og orkusölu í landinu og eru að langstærstum hluta til í höndum hins opinbera. Þau fyrirtæki eru komin í umhverfi sem á að verða einhvers konar samkeppnisumhverfi og það er ekki vel hægt að sjá að það sé trúverðugt. Það er ekki hægt að sjá að samkeppnisumhverfið geti orðið trúverðugt nema ríkisvaldið taki sér tak og búi hreinlega til samkeppnisumhverfi og sjái til þess að leikendurnir á því taflborði sem þarna verður séu það öflugir, nógu margir til að einhvers konar alvörusamkeppni verði. Það er ekki hægt að halda því fram að hún verði með þeim hætti að Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða verði sameinað í eitt fyrirtæki og síðan verði það fyrirtæki látið keppa við Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur. Eignarhaldið í þeim fyrirtækjum er allt saman þvers og kruss eins og allir vita og það er líka stærðarinnar vegna ómögulegt að sjá að það geti orðið skynsamleg samkeppni á milli fyrirtækjanna.

Ég hef þess vegna margoft sagt að taka eigi á þessum málum með þeim hætti að losa Reykjavíkurborg og Akureyri út úr Landsvirkjun og láta Rarik vera áfram sjálfstætt fyrirtæki á markaðnum. Það á að breyta um eignarhald á Rarik. Hið opinbera getur ráðið þessu öllu saman. Það má vel gera með því að gera sveitarfélögin að hluta til að eigendum Rariks. Rarik verður að hlutafélagi á næstunni og eignarhaldið á Rarik getur þess vegna orðið á eðlilegum markaði. Menn geta með þeim hætti búið til öflugt fyrirtæki sem keppir við Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja en leiðin er ekki sú að skella saman Landsvirkjun og hinum fyrirtækjunum.

Ég var satt að segja afar undrandi þegar ég heyrði af hugmyndinni á sínum tíma einfaldlega vegna þess að ég hélt að stjórnvöldum væri alvara í því að mynda alvörusamkeppnisumhverfi í raforkuframleiðslu og dreifingu í landinu

eða sölu. Ég var mjög hugsi þegar ég heyrði að til stæði að sameina fyrirtækin og hef ekki fengið staðfestingu á því hvers vegna menn vilja gera þetta. Ég tel reyndar líklegast að ástæðan sé sú að eigið fé Landsvirkjunar sé ekki alveg nógu mikið að mati þeirra sem um það hafa fjallað og þeir telji ástæðu til að steypa saman fyrirtækjum í eigu hins opinbera. Með því yrði til meira eigið fé í Landsvirkjun eða sameinaða fyrirtækinu. Þannig væri Landsvirkjun eftir fjárfestingarnar fyrir austan aftur orðið öflugra fyrirtæki en það væri annars. Ég held að þetta sé ástæðan. Ég trúi því ekki að þannig sé komið fyrir Landsvirkjun að það sé einhver nauðsyn á þessu. Ef svo er held ég að það hljóti að vera vegna þess að samningurinn um Kárahnjúkavirkjun sé ekki nógu góður, hann færi fyrirtækinu ekki nægilega miklar tekjur og hagnaðurinn sé ekki eins og menn höfðu ætlast til og vonað.

Þá er eins gott að það komist til umræðu og menn fái að sjá það ef þannig er. En á meðan það hefur ekki verið lagt á borðið að á því þurfi að halda tel ég að það eigi alls ekki að sameina fyrirtækin Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Rarik.

Ég gæti auðvitað farið yfir rökin fyrir því að sveitarfélögin eigi að eignast hlut í Rarik. Rökin eru fyrst og fremst þau að í ýmsum sveitarfélögum á landinu, þar sem Rarik hefur verið þjónustuaðili, hafa neytendur verið að byggja upp þá eign sem þarna hefur orðið, þ.e. eigið fé Rariks. Það er gríðarlega mikið, það er talið vera kannski 11 milljarðar eða þar um bil. Það er engin ástæða til þess að gleypa það hrátt að þetta eignarhald eigi eingöngu að vera í höndum ríkisins. Sveitarfélögin, þar sem þjónusta Rariks hefur orðið til þess að skapa þessa eign, eiga að mínu viti ekki síður að eiga þarna rétt en þau sveitarfélög sem voru svo heppin að vera með í Landsvirkjun á sínum tíma. Ef menn skoða eignamyndun Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun sjá menn að sú eignamyndun hefur orðið gríðarlega mikil og hún hefur orðið fyrst og fremst vegna nýtingar á þeim auðlindum sem þetta fyrirtæki hefur haft í sínum höndum og hún hefur orðið vegna viðskipta við einstaklinga og fyrirtæki sem hafa keypt raforkuna af Landsvirkjun.

Það er ekki með nokkru móti hægt að halda því fram að það eigið fé sem Reykjavíkurborg og Akureyri lögðu fram sé með þeim hætti að það gefi tilefni til þessarar gríðarlegu eignamyndunar heldur er það starfsemin sjálf sem hefur skilað þessu. Það er líka hægt að halda því fram að ríkisvaldið hafi ekki gætt hagsmuna landsmanna gagnvart öðrum eignaraðilum. Í rekstri Landsvirkjunar hefur þetta verið þannig að — ég ætla hér að vitna í svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn frá mér sem ég fékk fyrir einum fjórum, fimm árum, það mun hafa verið í desember árið 2000. Þar kemur í ljós að í upphafi var Landsvirkjun, hún er stofnuð 1. júlí 1965, í helmingseigu ríkisins og Reykjavíkurborgar og er það fram til 1. júlí 1983.

Í upphafi lögðu eigendur fram eftirfarandi eignir, þ.e. ríkið: eignarhlut í Sogsvirkjun ásamt vatnsréttindum og vatnsréttindi í Þjórsá og undirbúningskostnaðinn að Búrfellsvirkjun. Þessi vatnsréttindi í Þjórsá voru ekki skilgreind nákvæmar í þessu svari en þingmenn kannast nú við það að hér er til umfjöllunar mál þar sem ríkið er að leggja fram aftur eignarhlut sinn í þessu fyrirtæki, en talið var að gögnin um eignarhaldið hafi ekki verið rétt og að ríkið hafi í raun og veru ekki eignast þetta land heldur keypt það af aðilum sem ekki áttu það. Síðan voru þjóðlendulögin sett og þar með varð ríkið alveg óvefengjanlega eigandi og menn telja tryggara að leggja þá landið fram aftur með formlegum hætti í hendur fyrirtækisins þannig að ekki sé hægt að halda því fram að hér hafi ekki verið staðið eðlilega að málum. Það mál hefur auðvitað sinn gang og mun sjálfsagt verða afgreitt hér frá Alþingi, um það er ekki neinn ágreiningur svo ég viti.

Reykjavíkurborg lagði fram í Sogsvirkjun eignarhlut sinn ásamt vatnsréttindum þar og einhverfilsstöð borgarinnar við Elliðaár og spennistöð þar ásamt ýmsum tilheyrandi lóðum. Einnig lögðu þessir eigendur fram fé á árunum 1966, 1972, 1974, 1975, 1976, 1979 og 1980 til að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækisins.

Þann 1. júlí 1983 varð Akureyrarbær eignaraðili að Landsvirkjun og lagði fram eignarhlut sinn í Laxárvirkjun. Jafnframt lagði ríkið, sem átti 35% í Laxárvirkjun, sinn hluta til Landsvirkjunar. Á verðlagi í september árið 2000 nema uppsöfnuð og endurmetin eiginframlög 16,7 milljörðum kr. Þetta eru sem sagt endurmetin eiginframlög alveg fram til ársins 2000.

Nú voru menn að meta þetta fyrirtæki í vetur leið, þegar tekist var á um það hvort ríkið ætti að fá yfirtöku á þessu fyrirtæki, á 56 milljarða kr., ef ég man rétt, þannig að menn geta á því séð að hér hefur eiginfjárframlag skilað miklum arði. En það er líka ástæða til þess að menn hafi það í huga að þetta fyrirtæki hefur fengið án greiðslu í hendur bestu virkjunarkosti á hverjum tíma. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni með hvaða hætti þeir virkjunarkostir verða metnir þegar kemur að því að ákveða hver framtíð Landsvirkjunar verður.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst því yfir að hann vilji einkavæða Landsvirkjun. Það er nú ekki þannig að sú einkavæðing verði á næstunni en samt sem áður hljóta menn að þurfa að velta því fyrir sér með hvaða hætti verður farið með þær orkuauðlindir sem þessi fyrirtæki, sem hið opinbera á núna í orkugeiranum, hafa þegar og ef þær verða einkavæddar. Það er hluti af þessum heildarmálapakka sem ég er hér að tala um og þarf að leysa annars vegar með ákvörðun um að setja ákvæði í stjórnarskrána um þjóðarauðlindir og með því að nefndin, sem ég talaði um hér fyrr í ræðu minni, sem hæstv. iðnaðarráðherra á að skipa, geri tillögu um með hvaða hætti verði farið með þessar auðlindir, hvernig endurgjaldi verði háttað fyrir þær, hvernig jafnræðis verði gætt til þess að aðilar fái að nýta þessar auðlindir og hvernig verði t.d. gengið frá samningum við aðila sem fá að nýta auðlindirnar. Það er mikið verkefni sem þar þarf að leysa og ég geri ráð fyrir því að nefndin, sem vonandi kemst á laggirnar sem allra fyrst, komi með tillögur um þetta fyrir haustið.

Ég var farinn af stað í að rökstyðja hvers vegna ég tel að ríkisvaldið eigi að setja hluta af þessum eignum í hendur sveitarfélaganna. Ein af spurningunum sem ég lagði fram og fékk svar við árið 2000 hvað varðar eignarhlutina í Landsvirkjun var:

Hvaða greiðslur hefur Landsvirkjun innt af hendi til

eignaraðila? Tegundir greiðslna og upphæðir óskast tilgreindar.

Svarið er þetta:

„Landsvirkjun greiddi eigendum sínum árlega arð á árunum 1986–1991 og nema þær greiðslur á verðlagi í september sl. 675 millj. kr. Í samræmi við eigendasamkomulag frá 28. október 1996 skal eigendum reiknaður 5,5% árlegur arður af eigendaframlögum. Útreiknaður arður hefur á árunum 1997–2000 numið 3.884 millj. kr. Af þessari fjárhæð hafa verið greiddar út 959 millj. kr. en ógreiddum arði að fjárhæð 2.925 millj. kr. hefur verið bætt við eigendaframlög. Samtals nemur því útgreiddur arður á árunum 1986–2000 1.634 millj. kr."

Þetta segir svolítið um það hvernig kaupin hafa verið að gerast á eyrinni gagnvart Landsvirkjun. Landsvirkjun hefur á árunum 1988–2000 greitt eigendum sínum ábyrgðargjald vegna þeirra lána sem eigendur eru í ábyrgð fyrir og þetta gjald er greitt samkvæmt lögum til ríkisins en stjórn Landsvirkjunar ákvað að greiða Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ hliðstætt gjald enda eru allir eignaraðilar Landsvirkjunar ábyrgir fyrir skuldbindingum fyrirtækisins. Samtals hafa greiðslur ábyrgðargjaldsins numið 1,5 milljörðum á verðlagi í september sl.

Hafa eigendur Landsvirkjunar á einhvern hátt notið betri kjara en almennir viðskiptavinir og ef svo er í hvaða formi, og hver er heildarávinningur hvers eignaraðila á núvirði?

Svarið við þessu var:

„Að öðru leyti en því sem fram kemur í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar, hvað varðar arðgreiðslur og ábyrgðargjald, hafa eigendur Landsvirkjunar ekki notið betri kjara en aðrir viðskiptavinir fyrirtækisins."

Þetta er sjálfsagt alveg rétt. Það ber þó að hafa í huga að eignamyndunin í fyrirtækinu hefur orðið býsna mikil og að niðurstaðan sem varð af viðræðum milli Reykjavíkurborgar og ríkisstjórnar eða iðnaðarráðherra nú á síðasta vetri, um að ekki væri hægt að ganga frá samkomulagi um yfirtöku ríkisins vegna þess að ágreiningur væri um verð, bendir til þess að matið sem þá lá til grundvallar hafi kannski verið lægra en markaðsvirði fyrirtækisins mundi verða. Það er því ástæða til þess að halda að ríkið þurfi að borga verulega meiri fjármuni fyrir helmingshlutinn í Landsvirkjun en þær tölur gáfu til kynna sem var verið að ræða um.

Hæstv. forseti. Það er afar margt sem kemur til greina þegar við förum að ræða um þessi mál svona í heildinni og ég sé ástæðu til að ræða hér örlítið um auðlindanefndina sem skilaði af sér á árinu 2000. Ég tel það óásættanlegt að ekki skuli hafa verið meira gert með niðurstöður þeirrar nefndar. Í henni áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaafla í landinu, tillögur nefndarinnar voru heildstæðar og gríðarleg vinna var lögð í skýrslu sem var gerð. Tillögurnar fjölluðu um þjóðarauðlindir, þær fjölluðu um ný ákvæði í stjórnarskrána um þessar auðlindir, þær fjölluðu um það með hvaða hætti ætti að fara með þessar auðlindir og það var í raun og veru ástæða til að halda að þær gætu leitt stjórnmálamenn á Íslandi til einhvers konar niðurstöðu um gríðarlega merkileg mál og mikilvæg í samfélaginu, sem eru meðferð þessara þjóðarauðlinda.

Eitt af því sem auðlindanefndin lagði til var að tekið yrði nýtt ákvæði inn í stjórnarskrána. Ég vitna, með leyfi hæstv. forseta, í skýrsluna. með fyrirsögninni: Tillaga um nýtt stjórnarskrárákvæði.

„Í samræmi við það sem fram kemur hér að framan er lagt til að tekið verði upp nýtt ákvæði í VII. kafla stjórnarskrárinnar þar sem náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti verði lýstar þjóðareign. Ákvæðið verði svohljóðandi:

Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Handhafar löggjafar og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Þó má veita þeim heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum og réttindum gegn gjaldi, að því tilskildu að hún sé tímabundin eða henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slík heimild nýtur verndar sem óbein eignarréttindi.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt og á grundvelli sjálfbærrar þróunar og skal arði af þeim varið til þess að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim, svo og til hagsældar fyrir þjóðina að öðru leyti."

Þetta er það ákvæði sem auðlindanefndin lagði til að sett yrði inn í stjórnarskrána. Ég sé ástæðu til að rifja það ákvæði upp vegna þess að sú nefnd sem er að störfum núna við endurskoðun á stjórnarskránni virðist þurfa svolitla hvatningu til að árangur náist af starfi hennar. Mér finnst að það megi ekki gerast að því starfi verði ekki haldið fram með þeim hætti að fyrir þjóðina verði hægt að leggja tillögur um endurskoðaða stjórnarskrá í næstu alþingiskosningum. En til að svo megi verða þarf auðvitað nefndin, endurskoðunarnefnd stjórnarskrárinnar, að vinna hratt og örugglega að þeim málefnum sem á borði hennar liggja. Þau eru mjög tengd þeim málefnum sem ég hef verið að ræða um og eru í rauninni órjúfanlegur hluti þeirra. Eignarhald á vatni, eignarhald á auðlindum í jörðu eru auðvitað hluti af þessu, eignarhald á fiskinum í sjónum, eignarhald á sem sagt auðlindum eru í höndum endurskoðunarnefndarinnar. Það er mjög heppilegt að menn ljúki endurskoðun þeirra laga sem við erum að ræða um og þessa lagafrumvarps samhliða því sem niðurstaða liggur fyrir frá þeirri nefnd sem ég nefndi áðan og á að setja á laggirnar samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. En þetta ákvæði er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti þrír fulltrúar frá Samorku. Þá skal iðnaðarráðherra skipa tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. september 2006."

Það er ekki langur tími. En á svipuðum tíma og sú nefnd

á að skila tillögum sínum á nefndin sem endurskoðar stjórnarskrána að skila líka tillögum sínum. Alþingi ætti því að geta fjallað um þær tillögur sem þarna koma vonandi á næsta hausti og þá um leið ætti ríkisstjórnin að mínu viti að vera tilbúin með frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, sem lá fyrir iðnaðarnefnd á síðasta þingvetri en náði þá ekki fram að ganga vegna þess að það starf sem nefndin sem ég ræddi um áðan á að framkvæma lá ekki fyrir. Menn sáu að það gat auðvitað ekki gengið að samþykkja og gera að lögum frumvarp um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum og að í því ætti síðan, eins og þar var gert ráð fyrir, að vera nefndarskipan sem ætti að hafa þetta hlutverk sem ég var hér áðan að lýsa og einhvern tíma í framtíðinni kæmi síðan þessi niðurstaða. Meiri hlutinn féllst þó á að ekki væri grundvöllur fyrir því að ljúka umfjöllun um það frumvarp fyrr en niðurstaða nefndarinnar lægi fyrir og tillögur um hvernig ætti að ráðstafa umsóknum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum, rannsóknar- og nýtingarleyfi. Það var sú niðurstaða sem í raun varð, að ógerlegt væri að klára umfjöllun um þetta mál fyrr en þær tillögur lægju fyrir. Þess vegna er mjög undarlegt, eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, að hæstv. iðnaðarráðherra skyldi ekki flytja tillögu um að þessi nefnd yrði sett á laggirnar í haust þegar hún flutti tillögu sína um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem ég enn þá tek fram vegna þess að nöfn þessara lagafrumvarpa eru svo lík, var eingöngu bráðabirgðaráðstöfun hugsuð til að veita svigrúm til að hægt væri að undirbúa með sæmilega skynsamlegum hætti og fyllilega þetta frumvarp sem ég er að ræða um núna, um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum.

Ég þykist alveg viss um að þessi ræða mín sé ekki mjög skiljanleg því fólki sem á hana hefur hlustað og ekki hefur tekið þátt í starfi nefndarinnar því hér eru á ferðinni mörg mál og mörg atriði sem hafa komið inn í þessa umræðu. Þarna eru gríðarlegir hagsmunir í húfi sem ég hef komið inn á í máli mínu og mikil ástæða er til að ræða í sölum Alþingis. Það að stjórnarliðar skuli ekki hafa sinnt þessum málum með þeim hætti að heildstætt sé hægt að kalla það finnst mér óábyrgt og ég hef margoft sagt það og finnst ástæða til að nefna það nokkuð oft í umræðunni.

Hins vegar er því ekki að neita að þessi málefni hafa snert svo marga þætti og svo margs konar lög hafa verið endurskoðuð á undanförnum árum sem öll tengjast á vissan hátt hvað þessi mál varðar, að það þarf enginn að vera hissa á því þó einhver vandamál hafi komið upp við slíka endurskoðun. Ég er í sjálfu sér ekki að kvarta neitt yfir því. Það er bara eðlilegt að ágreiningur sé um margt í þessum málum og að eitthvað jafnvel mistekist.

Það væri við hæfi að við færum svolítið yfir það sem ég hef oft nefnt í máli núna mínu, þ.e. um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, því sú löggjöf er ekki nema frá árinu 1998. Gert er ráð fyrir að þegar lagafrumvarpið um jarðrænar auðlindir, sem ég hef líka oft nefnt og ég talaði um áðan, verður að lögum þá falli niður lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þegar þau lög voru fyrir Alþingi í frumvarpsformi hét það frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þessu heiti frumvarpsins var breytt í rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Skyldi það hafa verið einhver tilviljun? Ég held reyndar ekki vegna þess að í umræðunum um það frumvarp, sem voru þó nokkuð langar í Alþingi en hefðu gjarnan mátt vera miklu lengri, ég hef lesið þær og þær voru fróðlegar, kom fram að ágreiningur var um eignarhaldsinnihaldið. En því miður snerist umræðan ekki um eignarhald á vatni nema að örlitlu leyti.

Þegar menn fjölluðu um lögin sem nú gilda og heita rannsóknir á nýtingu á auðlindum í jörðu, tókust menn á fyrst og fremst um jarðhita og nýtingu hans og eignarhald á þeirri nýtingu. Mjög fáir sem tóku þátt í þeirri umræðu nefndu eignarhald á vatni, ég held ég fari rétt með að einungis einn eða tveir af þeim þingmönnum sem töluðu í málinu hafi nefnt að einhverju marki eignarhald á vatni. Það er mjög hæpið að mínu viti að halda því fram að menn hafi verið að skilgreina vatn sem eign upp á nýtt í þessari lagasetningu og þá með öðrum hætti en verið hefur í vatnalögunum fram að þessu vegna þess að umræðan um það efni varð óskaplega lítil.

Einnig er ástæða til að vekja athygli á að heiti laganna skyldi vera breytt úr því að vera um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu yfir í að vera um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Það frumvarp sem varð að lögum kallaði líka fram umræðuna um vatnalögin á sínum tíma einfaldlega vegna þess að lagaákvæði vatnalaganna giltu auðvitað um þau efni sem þar voru á ferðinni. Menn greindi þarna verulega á um hvernig ætti að taka á þessu. Átökin voru samt fyrst og fremst um hvort skilgreina bæri hluta af þessum réttindum til að nýta orku eða auðlindir í eignarlöndum manna sem fullkomin eignarréttindi, hvort líta ætti á þessi réttindi þannig að menn ættu tiltekið langt niður í jörðina eða hvort menn ættu að draga línuna við tiltekið dýpi, t, d. 300 metra dýpi, eða hvernig ætti að skilgreina þetta. Niðurstaðan varð sú í þeirri lagasetningu að þarna er í raun ekki skilgreining heldur má segja að niðurstaðan sé sú að landeigandi eigi réttinn til að nýta auðlindirnar undir sinni landareign eins langt niður og hann á möguleika á að nýta slík réttindi.

Við höfum fengið að heyra í nefndarstarfinu að með lagasetningunni hafi orðið grundvallarbreyting á skilgreiningu manna á eignarhaldi á vatni. Ég tel alls ekki að hægt sé að nota þann rökstuðning. Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni tel ég að þeir sem hafa mælt fyrir því að gera breytingar á vatnalögum með þeim hætti sem raun ber vitni og halda því fram að þær breytingar séu bara formbreyting geti ekki með trúverðugum hætti fullyrt að það megi ekki gera þá breytingu til baka sem þeir telja að hafi verið gerð þegar lögin voru sett um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem ég er að vitna til. Þess vegna eru það ekki haldbær rök að við þurfum að hafa einhverjar áhyggjur af því að einhver skaðabótamál verði á hendur ríkinu þó að heildarlög sem verða sett um þessi málefni, vonandi á næsta vetri, verði með þeirri skilgreiningu sem hefur fram að þessu verið í vatnalögum.

Ég held að affarasælast sé að menn hrófli ekki við þeirri gömlu skilgreiningu, þeirri gömlu sátt sem varð um þessi mikilvægu málefni árið 1923 eftir sex ára meðferð á vegum Alþingis. Þess vegna tel ég ástæðu til þess að stjórnarliðar hlusti á það sem við höfum sagt í minni hlutanum um þessi

málefni og snúi til baka með málið. Það er nógur tími, ekkert kallar á að við höldum áfram með málið núna, enginn rökstuðningur hefur komið fram um að það sé aðkallandi, að einhver vandamál séu uppi. Þvert á móti hefur komið fram í þeim fjölmörgu umsóknum sem nefndinni barst og hjá þeim sem komu til nefndarinnar og við ræddum við að engin sérstök vandamál hafi verið uppi hvað varðar vatnalögin á undanförnum árum og þau hafi staðist tímans tönn ótrúlega vel. Ég er þó ekki með því að segja að það eigi ekki að breyta þeim, endurskoða þau, heldur eigum við, eins og ég hef oft sagt, að taka á þessum málum heildstætt og halda okkur við gömlu upphaflegu skilgreininguna sem var og er í vatnalögunum. Það er engin ástæða til þess að gera á henni sérstakar breytingar.

Gaman væri að fjalla um margt sem fram kom hjá þeim aðilum sem sendu umsagnir sínar til nefndarinnar eða komu til hennar, því að málið er á áhugasviði mjög margra. Ég ætla að vitna t.d. í Landssamband veiðifélaga frá því 27. nóvember sl.

Þar stendur, með leyfi forseta:

„Í fyrirliggjandi frumvarpi til vatnalaga er margt til betri vegar fært frá núgildandi lögum að mati LV. Mat okkar er þó að verulega skorti á að skorður séu settar á heimildir fasteignareiganda til aðgerða í ám og vötnum sbr. VI og VII kafla frumvarpsins. Þetta á sérstaklega við þegar aðrir hagsmunir eru faldir í vatnasvæðinu s.s. veiðiréttur. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að núgildandi vatnalög eru að mestu óbreytt frá árinu 1923. Þá var löggjöf um veiði lítt mótuð en fyrstu lög um lax- og silungsveiði eru sett 9 árum síðar eða 1932. Það er fráleitt að mati LV að nú, þegar vatnalögin eru endurskoðuð, sé algjörlega skautað fram hjá stjórnsýslu veiðimála sem mótuð hefur verið undanfarna áratugi á grundvelli laganna um lax- og silungsveiði. Fram hjá því verður ekki litið að nútíminn kallar á að fleiri atriða verði gætt við lagasetninguna nú en var við setningu laganna á öndverðri síðustu öld.

LV gerir kröfu um aðkomu að stjórnsýslu veiðimála í lögum þessum, þar sem það á við, með vísan til núgildandi laga um lax- og silungsveiði.

Veiðifélög kunna að hafa almennra hagsmuna að gæta ef hróflað er við árfarvegi eða vatn tekið til nýtingar skv. frumvarpinu. Það er tillaga okkar að lögin kveði sérstaklega á um vörslu hagsmuna sem fólgnir eru í lífríki vatna t.d. með samþykki viðkomandi veiðifélags yfir framkvæmdum í vatni þar sem fyrir er stofn laxfiska og veiðifélag starfar að lögum. Þá telur LV nauðsynlegt að lögin taki af öll tvímæli um að hvers konar framkvæmdir í veiðivatni lúti einnig ákvæðum laganna um lax- og silungsveiði. Slíkt verði gert með sérstakri málsgrein í lögunum eða þeirri hugsun komið að í einstökum greinum frumvarpsins.

Nú stendur yfir heildarendurskoðun á lögunum um lax- og silungsveiði og þar kemur til álita lögsaga veiðifélaga yfir framkvæmdum í veiðivatni. Með vísan til skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ, um verðmæti sem fólgin eru í nýtingu veiði í ám og vötnum landsins, skal bent á þau gríðarlegu þjóðhagslegu verðmæti sem þar eru í húfi og mikilvægi greinarinnar í íslenskri ferðaþjónustu.

Þá ber þess að geta að með nýjum raforkulögum mun virkjunum fjölga. Nú þegar er vaxandi áhugi á smærri virkjunarkostum og í sumum tilfellum er um fallvötn að ræða sem í eru fiskstofnar. Í þeim tilvikum þarf augljóslega að huga að víðtækari hagsmunum en ráð er fyrir gert í frumvarpinu, s.s. leiðum göngufiska, seiðabúskap o.s.frv.

Við teljum óeðlilegt að framkvæmdir í veiðivatni, sem lúta að veiðiaðstöðu, fiskgengd og öðru sem bætt getur veiði, komi til álita í lögum þessum enda forræði slíkra mála ótvírætt hjá landbúnaðarráðherra og veiðimálastjóra eins og mælt fyrir um í gildandi lögum um lax- og silungsveiði.

Það er að okkar mati gagnrýnivert hversu almennar heimildir eru til vatnsnýtingar og framkvæmda samkvæmt frumvarpinu. Það að vera fasteignareigandi gefur slíkan rétt í viðkomandi vatni. Þarna virðist lagður að jöfnu réttur eiganda lögbýlis og eiganda lítillar sumarbústaðalóðar til hagnýtingar vatns eða framkvæmda og gerð mannvirkis við eða í vatni. Það er í hæsta máta óeðlilegt að litlar lóðir sem seldar eru undir frístundaafnot njóti svo víðtækra lögvarinna réttinda. Betur færi á að úr slíku væri leyst eftir atvikum hverju sinni ef ágreiningur rís."

Frá þeim eru líka tillögur um einstakar greinar sem ég ætla ekki að lesa upp. En þetta er einungis sýnishorn af þeim umsögnum sem við höfum fjallað um í nefndinni sem benda flestar til þess að gera megi betur.

Áður en ég held áfram með tilvitnanir í umsagnir frá einstökum aðilum tel ég rétt að hverfa aðeins aftur til upphafsins, sem ég nefndi fyrr í ræðu minni, til þess tíma þegar menn fjölluðu um vatnalögin frá 1923 og skilning manna á hinu svokallaða eignarhaldi á vatninu.

Í nefndaráliti minni hluta fossanefndar frá 1917–1919 segir, með leyfi forseta, og gefur smá innsýn í hvað menn voru að hugsa á þeim tíma:

„Áður en minst er á hinar einstöku greinar frumvarp þess, er hjer fer á eftir, vill minnihlutinn að lokum taka það fram, að hann telur ekkert unnið með því að rökræða hjer um það, hvort umráð þau er landeigandi hefir yfir vatni því, er rennur yfir land hans sje þannig, að rjett sje, að nefna þau eignarrjett."

Hv. formaður nefndarinnar hefur stundum vísað til þess að niðurstaða fossanefndar var sú að notfæra sér minnihlutaálit fossanefndar sem aðaluppistöðu í lagasetningunni (Gripið fram í.) vegna þess að minnihlutamenn sem voru svokallaðir eignarréttarmenn sömdu álit sitt út frá þeirri skilgreiningu sem hefur staðið í lögunum frá 1923. Hér er minnihlutinn að fjalla um þetta deiluefni. Hann telur ekkert unnið með því að rökræða um umráð sem landeigandi hefur yfir vatni sem rennur yfir land hans þannig að rétt sé að nefna þau eignarrétt.

„Eins og kunnugt er, hefir því verið haldið fram, að vatnið, að minsta kosti rennandi vatn, sje þess eðlis, svo hverfult, þar sem það er á sífeldu flugi, að ekki sje unt að hafa þann hemil á því, þau yfirráð, sem eru nauðsynleg til þess að um eignarrjett geti verið að ræða. Aftur eru aðrir þeirrar skoðunar, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að landeigandi hafi venjulegan eignarrjett yfir því vatni, er rennur um landareign hans, því að eignarrjetturinn nái til þess vatns, sem á hverri stundu er á landareigninni. Í sænska nefndaráliti frá 17. desember 1910 er um þetta efni farið svo feldum orðum á bls. 161: „Því er haldið fram, að rennandi

vatn geti auðveldlega verið háð eignarrjetti, að svo miklu leyti sem eignarrjetturinn þá að eins tekur til þess vatns, sem á hverri stundu er á ákveðnum stað í farveginum. Að vísu er það vatn að augnabliki liðnu runnið fram hjá, en þá eru aðrir vatnsdropar komnir í staðinn, en eins og áður er sagt, tekur eignarrjetturinn til þess vatns, sem á hverri stundu er á þeim stað í farveginum, sem um er að ræða. Það út af fyrir sig, að efnið, sem eignarrjetturinn tekur til, í sífellu endurnýjast, er því eigi til fyrirstöðu, að um eignarrjett sje að ræða.““

Þarna er vísað til Svía.

„Það er augljóst að deila má til dómsdags um þetta hreint theoretiska atriði, og það er því skiljanlegt, að hvorki Norðmenn nje Svíar hafa viljað byggja vatnalöggjöf sína á því, hvernig lögfræðingar hafa litið á það atriði, og hvernig sem íslenskir lögfræðingar nú kunna að líta á þetta, þá vill minnihlutinn benda á það, að hann hefir hjer að framan sýnt fram á, að frá landsnámstíð hefir verið litið á rjett landeiganda yfir vatni því, er rennr um land hans sem eignarrjett.

En annars er það í sjálfu sjer ekki aðalatriðið, hvað rjettur landeiganda yfir vatninu er kallaður, ef hann efti eðli sínu er jafn tryggur og nýtur að öllu leyti sömu verndar af löggjöf, rjettarvenju og rjettarmeðvitund sem eignarrjettur væri. Og undir öllum kringumstæðum er minnihlutinn í engum vafa um að svo sje.

Orðið eignarrjettur er ekki viðhaft í 2. gr. frumvarpsins, er hjer er greinilega tekið fram aðalinnihald rjettarins yfir vatninu, að rjetthafinn hefir öll umráð yfir því, getur selt það, veðsett, leigt, og hagnýtt sjer það til hvers, er vera skal, m.ö.o. ráðið yfir því á alla vegu eftir geðþótta þannig, að umráð annarra eru útilokuð, nema sjerstök heimild liggi fyrir, er takmarki yfirráð rjetthafa. Þetta telur minnihlutinn að sje einkenni og kjarni eignarrjettarins.“

Þetta segir minni hlutinn um þetta mál. Hann setur jafnframt fram tillögur og þær hafa verið í vatnalögunum frá upphafi, frá 1923. Það er mjög undarlegt að menn skuli núna leggjast í þann leiðangur í sölum Alþingis, eftir öll þessi ár, að fara gegn þeim niðurstöðum sem þessir menn komust að. Er hægt að halda því fram að við, sem viljum halda okkur við sömu skilgreiningu og varð niðurstaðan í vatnalögum frá 1923, séum að leggja til að tekin verði réttindi frá þeim mönnum sem hafa haft réttindi samkvæmt vatnalögum? Það er ekki aldeilis þannig. Það sem við viljum (**BJJ:** Voru þið ekki að tala um sameign þjóðarinnar?) er að skilgreiningin verði áfram eins og hún hefur verið. Ef hv. þingmaður hefur ekki tekið eftir því þá skal ég segja það einu sinni enn: Við viljum að skilgreiningin verði áfram eins og hún hefur verið.

Það er rétt sem sagt er í áliti fossanefndar, að þetta eru eiginlega trúarbrögð og teoretískt atriði hvað menn kalla þennan eignarrétt eða afnotarétt á vatninu, nýtingarrétt á vatninu. Hins vegar virðist menn hafa lagst í leiðangur sem þjónar þeim eina tilgangi að koma orðinu „eignarréttur“ inn í þessi lög. Fyrir það ætla menn að leggja á sig næstum hvað sem er. Framsóknarflokkurinn virðist hafa tekið þann poka á bak sér fyrir Sjálfstæðisflokkinn (Gripið fram í.) en í Sjálfstæðisflokknum hafa ráðið ríkjum á undanförnum árum menn sem hafa frjálshyggjuna að leiðarljósi. Framsóknarflokkurinn tekur á sig alls konar pinkla og fer í leiðangra fyrir menn sem virðast telja öllu máli skipta að koma eignarrétti fyrir á öllu sem hönd á festir í þessu samfélagi, einkaeignarrétti.

Fyrst ber að nefna fiskinn í sjónum, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur bókstaflega lagst í víking fyrir með þeim afleiðingum að ekki má synda munaðarlaust kvikindi í kringum landið, þ.e. að einhver eigi það ekki, að ekki sé hægt að halda því fram að einhver eigi það. Þetta hefur gengið svo langt að menn hafa stokkið til og sett kvóta og einkaeignarhald á fiskstofna og veiðirétt án þess að hafa sérstakan rökstuðning fyrir því. Án þess að hægt hafi verið að grípa til rökstuðnings af því tagi sem þó var áður gert, þ.e. að vernda þyrfti viðkomandi fiskstofna og nauðsyn á að setja á þá kvóta. Núna höfum við í sjávarútvegsnefnd frumvarp frá hæstv. sjávarútvegsráðherra. Þar hafa menn ekki lengur áhyggjur af því að verja fiskstofnana. Nú verja menn eignarhald á veiðiréttinum hinum megin frá, þ.e. vegna þess að það hefur verið léleg rækjuveiði og lágt verð á rækju.

Það hefur gengið illa að reka rækjuverksmiðjur og verið ódýrara að flytja inn rækju til að vinna í verksmiðjunum en að veiða hana á Íslandsmiðum. Þeir sem eiga rækjukvótana hafa lent í að geta ekki veitt 50% af veiðiréttindum sínum annað hvert ár eins og lög standa til. Þá koma þeir til ríkisins og óska eftir að lögunum verði breytt svo þeir missi ekki veiðiréttinn samkvæmt lögunum. Þá hleypur hæstv. sjávarútvegsráðherra til og hv. þingmaður, formaður iðnaðarnefndar sem hefur með þetta mál að gera, hefur sjálfsagt samþykkt það. Stjórnarflokkarnir hafa a.m.k. samþykkt þetta frumvarp sem ráðherra lagði fram. Þeir hlaupa til og nú skal sett á sú regla, að vísu til nokkurra ára í bili, að menn þurfi ekki að veiða rækju til að halda veiðiréttindum sínum. Samt sem áður skal öðrum, sem hugsanlega mundu vilja veiða rækju, meinaður aðgangur að rækjumiðunum. (**BJJ:** Við erum að tala um vatnalög.) Við erum að tala um eignarhald á auðlindum.

Ég tel fulla ástæðu til að tala um allt sem heitir eignarhald á auðlindum undir þessari umræðu. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur gengist undir þann poka hjá Sjálfstæðisflokknum að vera í fyrirsvari fyrir því að koma á svokölluðu eignarhaldi á vatni, gera þá breytingu á eignarhaldi á vatni sem hér er lögð til. Það er bara hluti af hinni endalausu vegferð Sjálfstæðisflokksins sem felst í að ekkert í þessu samfélagi sé ekki eign einstaklinga eða fyrirtækja í landinu.

Það er ekki nóg að menn hafi rétt til að nýta vatn heldur verður það að heita eign. Þess vegna er þetta fremur skylt trúarbrögðum en að það skipti endilega máli. Við vitum það ekki en við vitum hins vegar að sá sem samdi frumvarpið telur þetta skipta máli. Við vitum að úr því að hann telur svo vera þá standast ekki röksemdirnar í frumvarpinu sjálfu, að í 1. gr. frumvarpsins sé einungis formbreyting sem sé á ferðinni. Þá eru menn ekki hreinskilnir þegar þeir hafa talað um það. Það er rangt ef við gefum okkur að sá sem samdi frumvarpið hafi talað hreinskilnislega við okkur í nefndinni. Menn eru bara að fela sig í reyk, eins og ég hef stundum sagt, ef þeir segja að þetta sé bara formbreyting. Ég vil ekki bera ábyrgð á því, í sölum Alþingis, að taka þátt í að breyta svo mikilvægu atriði sem eignarhaldi á vatni, án

þess að vita hvaða áhrif það hefur í för með sér í framtíðinni.

Ég tel fulla ástæðu til að standa í pontunni, ræða þessi mál vítt og breitt og kalla eftir skoðunum stjórnarliða og þeirra sem bera ábyrgð á lagasetningunni sem við fjöllum hér um, að kalla eftir skoðunum þeirra (**BJJ:** Við þurfum þá að komast að.) með heildstæðum hætti. Það er nógur tími fram undan og kemur líka alltaf meiri tími. Hv. þingmaður þarf ekkert að kvarta yfir því. Vonandi á hann langa ævi eftir og getur staðið lengi við að útskýra mál sitt eftir að ég hef lokið mínu. Ég efast ekki um að hann gefi sér til þess tíma. En í þeim umræðum sem hafa farið fram um þessi mál, þótt til þess hafi gefist tími, hefur ekki verið hægt að fá botn í málin eða upplýsingar um hvað menn ætla sér. Við stjórnarandstæðingar verðum að ráða í hvað stjórnarliðar ætla sér.

Ég upplifði það sjálfur í dag. Ég spurði hæstv. iðnaðarráðherra um hvað hún ætlaði sér, hvort hún væri sátt við það sem biði hennar ef hún sæti áfram í þeim stól, að stimpla allar umsóknir manna um starfsleyfi fyrir iðjuver ef þeir hefðu mengunarkvóta í höndunum, þá mætti flytja hann endalaust inn til Íslands. Hæstv. ráðherra sneri út úr og svaraði engu um þetta. Hún sagði að ég gerði mér einhverjar hugmyndir um eitthvað sem enginn vissi hvort gerðist og gerðist örugglega aldrei, eða eitthvað svoleiðis. Ég hef það ekki orðrétt eftir hæstv. ráðherra, reyni það ekki. En mér fannst þetta meiningin í því sem hún sagði.

Þarna vantaði aldeilis á hreinskilnina sem þarf að vera til staðar. Við erum ekki að tala um smámál. Við erum að tala um hvort Íslendingar geti skrifað undir Kyoto-sáttmálann óbreyttan fyrir sína hönd og íslenska ákvæðið óbreytt eftir árið 2012. Manni finnst einhvern veginn eðlilegt að líta þannig á að að því eigi menn að stefna. Það getur vel verið að menn hafi mismunandi skoðanir á því en við höfum heyrt að ýmsir ráðherrar hafa haldið því fram að sækjast eigi eftir útvíkkun á íslenska ákvæðinu. Gott og vel. Ég hef aðra skoðun á því en mér fannst ég ekki eiga að þurfa að hafa skoðun á því að hægt væri að líta þannig á að íslenska ákvæðið yrði búið 2012 og þá mundu menn byrja upp á nýtt. Undirskriftin sem hefur verður í gildi fram til 2012 hefur þar með enga þýðingu. Menn mundu byrja upp á nýtt. Menn gætu þess vegna gengið þannig frá að 2 millj. tonna færu upp í loftið frá Íslandi árið 2013. Ráðherrar hafa lagt á sig undanfarið að halda því fram.

Hæstv. umhverfisráðherra sagði þó skýrt, við umræðuna í dag, að enginn vafi léki á því að menn ættu að nota meðaltal áranna sem þetta samkomulag hefur gilt. Menn áttu að nota meðaltalið. Til hvers skyldu menn ætla að nota meðaltalið? Það getur ekki verið í neinum öðrum tilgangi, vegna þess að það gengur ekkert upp öðruvísi, en þeim að halda opnum þeim möguleika að hægt verði að taka ákvarðanir um meiri framleiðslu á áli á Íslandi, sem búið væri að taka ákvörðun um eða setja af stað fyrir 2012. Það hefði í för með sér að framleiðsla á áli sendi mengun frá Íslandi sem yrði hærri en 1,6 millj. tonn eftir 2012. Þess vegna er full ástæða til að íslenskir ráðherrar svari þessu skýrt. Er það þetta sem þeir meina? Félagar okkar frá öðrum löndum sem koma að þessum alþjóðasamningum hljóta að verða svolítið skrýtnir á svipinn þegar Íslendingar líta ekki undirskrift sína merkilegri augum en svo að þeir vilji nota hundakúnstir til að lesa það sem stendur í samningnum með einhvers konar lögfræðigleraugum. Engum datt í hug að halda þessu fram fyrr en í haust. Þá var allt í einu kominn nýr skilningur.

Til hvers ættum við að gera þetta með sex ár eftir af þessu tímabili og við með fangið fullt? Væri ekki miklu nær að menn legðu af stað, þótt ég sé ekki sammála því, í að reyna að vinna þeim hugmyndum brautargengi að íslenska ákvæðið verði víkkað út og láti sér þann leiðangur nægja? (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseta leikur hugur á að vita hvort hv. þingmaður telur að hann eigi langt eftir af ræðu sinni.)

Hæstv. forseti. Það eru nokkrir kaflar í ræðu minni eftir sem ég hef ekki komist í vegna þess að mér hefur verið of mikið niðri fyrir í ýmsu því sem ég hef rætt um í dag. Ég á þess vegna nokkuð eftir af ræðu minni.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti biður hv. þingmann um að gera hlé á ræðu sinni. Forseti verður að fresta umræðunni til morguns enda var gert ráð fyrir að þingfundurinn mundi ekki standa lengur en fram undir kvöldmat í dag.)

Umræðu frestað.

[19:30]

Útbýting:

Mat á listnámi, 592. mál, fsp. KolH, þskj. 872.

Stjórn fiskveiða, 353. mál, nál. sjútvn., þskj. 868; nál. sjútvn., þskj. 873; brtt. sjútvn., þskj. 874.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 19:31.

---

78. FUNDUR

þriðjudaginn 7. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tilkynning frá ríkisstjórninni.
2. Greiðslur til foreldra langveikra barna, stjfrv., 389. mál, þskj. 471, nál. 846, brtt. 847. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859. — Frh. 2. umr.
4. Hlutafélög, stjfrv., 461. mál, þskj. 869. — 3. umr.
5. Einkahlutafélög, stjfrv., 462. mál, þskj. 870. — 3. umr.
6. Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, stjfrv.,

371. mál, þskj. 871, brtt. 875. — 3. umr.

7. Þjóðskrá og almannaskráning, stjfrv., 566. mál, þskj. 821. — 1. umr.

8. Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, stjfrv., 567. mál, þskj. 822. — 1. umr.

9. Lokafjárlög 2004, stjfrv., 575. mál, þskj. 833. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Breyting á ráðherraskipan.

[13:33]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Á ríkisráðsfundi í morgun voru gerðar breytingar á ríkisstjórninni. Árna Magnússyni var þá veitt lausn frá embætti félagsmálaráðherra en hann hefur ákveðið, sem kunnugt er, að víkja af vettvangi stjórnmálanna. Við þetta tækifæri vil ég færa Árna Magnússyni þakkir fyrir störf hans í ríkisstjórninni og hér á hinu háa Alþingi.

Árni hefur verið farsæll þingmaður og ráðherra og ég óska honum og hans fjölskyldu velfarnaðar í framtíðinni.

Á ríkisráðsfundinum var Jón Kristjánsson enn fremur skipaður félagsmálaráðherra og Siv Friðleifsdóttir skipuð heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Ég vildi, frú forseti, greina þingheimi frá þessu nú í upphafi þingfundar.

Afsal þingmennsku.

[13:35]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseta barst síðastliðinn sunnudag, þann 5. mars, svofellt bréf frá Árna Magnússyni félagsmálaráðherra, 11. þm. Reykv. n.:

„Ég undirritaður óska hér með lausnar frá störfum mínum sem alþingismaður frá og með þriðjudeginum 7. mars næstkomandi."

Við þingmennskuafsal Árna Magnússonar tekur Guðjón Ólafur Jónsson lögmaður sæti hans á Alþingi og verður 11. þingmaður Reykv. n.

Ég vil af þessu tilefni þakka Árna Magnússyni störf hans á Alþingi. Hann hefur frá því að hann settist á Alþingi eftir kosningar 2003 setið á ráðherrabekk og þingstörf hans mótast af því. Ég þakka honum góð kynni og óska honum og fjölskyldu hans alls hins besta á komandi árum.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:35]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseta hefur í dag borist bréf frá Guðjóni Ólafi Jónssyni:

„Þar sem ég dvelst erlendis næstu vikur við framhaldsnám og get því ekki sótt þingfund óska ég eftir því, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Reykv. n., Sæunn Stefánsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Sæunn Stefánsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á Alþingi að nýju.

[13:36]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki af þessu tilefni ræða sérstaklega þau pólitísku áhrif sem þessar breytingar á ríkisstjórninni gætu haft í för með sér en vil fyrir hönd Samfylkingarinnar þakka Árna Magnússyni fyrir samstarfið. Þó að okkur hafi oft greint á um stefnu og verk í hans ráðherratíð viljum við senda honum okkar bestu kveðjur og þakklæti fyrir samstarfið og óska honum velfarnaðar í nýju starfi.

Við viljum bjóða Siv Friðleifsdóttur velkomna í ríkisstjórnina og óskum eftir góðu samstarfi við hana sem heilbrigðisráðherra. Við óskum Jóni Kristjánssyni einnig velfarnaðar í nýju ráðuneyti og þökkum fyrir samstarfið í heilbrigðisráðuneytinu.

[13:37]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fyrst hin persónulegu skilaboð, síðan hin pólitísku skilaboð. Persónulega þykir mér eftirsjá að Árna Magnússyni úr stjórnmálum og óska honum alls góðs. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að segja að við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskum öllum hrókeruðum hæstv. ráðherrum og þingmönnum velfarnaðar í starfi og brottförnum að sama skapi.

Ég neita því ekki að ég varð hugsi þegar ég heyrði að fyrrv. hæstv. félagsmálaráðherra verði settur yfir fjárfestingar á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, eins og það mun hafa verið kallað, hjá einum af stærstu bönkum á Íslandi. Ég fæ ekki betur skilið en þetta sé annað heiti á raforkugeiranum og vek athygli á því að fyrir Alþingi liggja frumvörp frá ríkisstjórninni um að hlutafélagavæða og einkavæða raforkufyrirtækin í landinu. Þetta er þörf áminning til þingsins um að fjármálaheimurinn bíður spenntur eftir því að geta fengið almannaeignir til ráðstöfunar, almannaeignir sem Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn eru í þann mund að færa honum til ráðstöfunar. Það eru hin pólitísku skilaboð.

[13:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst það ótrúlega óviðeigandi af hv. þm. Ögmundi Jónassyni að flytja þá ræðu sem hann gerði hér nú. Það sem bíður fráfarandi félagsmálaráðherra í Íslandsbanka varðar allt annað en það sem hv. þingmaður talaði um í sinni ræðu og mér finnst það honum til minnk-

unar að halda þá ræðu sem hann hélt. (**Gripið fram í:** Þetta var mjög málefnalegt.)

[13:39]

Útbýting:

Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, 371. mál, þskj. 871; brtt. PHB, þskj. 875.

Einkahlutafélög, 462. mál, þskj. 870.

Hlutafélög, 461. mál, þskj. 869.

Greiðslur til foreldra langveikra barna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 471, nál. 846, brtt. 847.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:40]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega framfaraspor að festa á lögbókina greiðslu til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og því ber að fagna en foreldrar langveikra og mikið fatlaðra barna hafa beðið árum saman eftir slíkri löggjöf. Veigamiklir gallar eru þó á frumvarpinu, m.a. að greiðslur eru skammarlega lágar, gildissvið takmarkað og foreldrum sem búa við sambærilegar aðstæður mjög mismunað þannig að jaðrar við brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þrepainnleiðing á greiðslunum, sem ekki koma að fullu til framkvæmda fyrr en árið 2008, leiða m.a. til þess að á þessu og næsta ári fá foreldrar greiðslur í miklu skemmri tíma en foreldrar barna sem greinast á árinu 2008. Sem dæmi um þá mismunun sem þetta felur í sér getur foreldri alvarlega fatlaðs barns sem greinist í desember á þessu ári fengið greiðslur þremur mánuðum skemur en foreldrar barns sem greinist örfáum dögum seinna eða í byrjun árs 2007. Breytingartillögur sem við í Samfylkingunni flytjum, og fulltrúi Vinstri grænna í félagsmálanefnd, Ögmundur Jónasson, styður, miða að því að leiðrétta þetta ranglæti, láta frumvarpið í heild taka gildi strax, opna fyrir heimild í undantekningartilvikum, bæði að framlengja greiðslutímann og að greiðslur geti einnig komið til hjá börnum sem greinst hafa fyrir gildistöku laganna ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eins og að foreldrar verði að láta af störfum á vinnumarkaði. Einnig leggjum við til að greiðslufyrirkomulag verði það sama og í fæðingarorlofslögunum, þ.e. 80% af launum. Hjá Umhyggju, Félagi langveikra barna kom fram að ekki er munur á því að annast nýfætt barn eða alvarlega veikt barn auk þess sem í báðum tilvikum er um það að ræða að foreldrar verða að hverfa af vinnumarkaði — því er um vinnumarkaðstengdar greiðslur að ræða annars vegar í fæðingarorlofi og hins vegar vegna alvarlegra veikinda barna.

Jafnframt flytjum við breytingartillögu um að framkvæmd laganna verði í höndum Tryggingastofnunar ríkisins en ekki Vinnumálastofnunar vegna þess að um mjög viðkvæmar upplýsingar er að ræða sem Tryggingastofnun hefur þegar umsjón með vegna umönnunargreiðslna og algerlega tilefnislaust að svo viðkvæmar upplýsingar séu einnig í höndum Vinnumálastofnunar. Loks lúta breytingartillögur okkar að því að lífeyrisgreiðslur foreldranna skerðist ekki á greiðslutímabilinu, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og að tryggt sé að atvinnulausir og þeir sem eru á endurhæfingarlífeyri fái einnig þessar greiðslur, en ekki er kveðið á um það í frumvarpinu sjálfu.

[13:43]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það frumvarp sem við göngum senn til atkvæða um er mjög mikilvægt og fagnaðarefni að það skuli vera komið fram. Það hefur kostað áralanga baráttu aðstandenda langveikra barna að ná fram réttarbótum. Undir þær kröfur hafa samtök launafólks tekið og innan Alþingis hefur þessu máli margoft verið hreyft í áranna rás í alllangan tíma.

Á þessu frumvarpi eru hins vegar alvarlegar brotalamir og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem hefur á liðnum árum margoft hreyft þessu máli á Alþingi, ásamt okkur öðrum þingmönnum mörgum, hefur gert ágætlega grein fyrir þeim breytingartillögum sem við ásamt Samfylkingunni styðjum.

[13:44]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er mikið fagnaðarefni að þetta frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna skuli koma til atkvæðagreiðslu á hinu háa Alþingi. Ég er fulltrúi Frjálslynda flokksins í félagsmálanefnd og sat á fundi þar sem frumvarpið var til umfjöllunar. Ég missti hins vegar af fundi þegar þetta frumvarp var afgreitt úr nefndinni. Mig minnir að ég hafi verið upptekinn á fundi menntamálanefndar þar sem við vorum að ræða nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið. Þar af leiðandi erum við ekki með á breytingartillögum stjórnarandstöðunnar, þ.e. þeirri breytingartillögu sem þingmenn Samfylkingarinnar í nefndinni leggja fram. Ég kem hér upp, virðulegi forseti, til að lýsa heils hugar yfir stuðningi okkar í Frjálslynda flokknum við þær breytingartillögur sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa gert við þetta frumvarp. Þó að það sé að mörgu leyti ágætt þá er það ekki fullkomið eins og það liggur fyrir.

Að mínu mati ættu breytingartillögur þingmanna Samfylkingarinnar að fá samþykki hér í dag þannig að við öll gætum afgreitt þetta frumvarp með þeim sóma sem mér þykir viðeigandi í þessu tilfelli.

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HlH, ISG, ÍGP, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LMR, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÖJ.

18 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, MÞH, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Ég hef í atkvæðaskýringu lýst þeim breytingartillögum sem við í stjórnarandstöðunni ýmist flytjum eða styðjum í sjö töluliðum þar sem við leggjum megináherslu á hækkun á greiðslum í 4. tölulið og að felld verði brott þau ákvæði frumvarpsins sem mismuna foreldrum langveikra eða mikið fatlaðra barna sem búa við sambærilegar aðstæður. Hér er um að ræða breytingar í 3. tölulið b-lið og 6. og 7. tölulið breytingartillagna á þskj. 853. Við munum greiða atkvæði með þeim ákvæðum frumvarpsins sem við teljum til framfara horfa. Fari svo að breytingartillögur okkar verði felldar munum við sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þær greinar frumvarpsins sem ekki er fallist á að breyta samkvæmt okkar tillögum.

2.–4. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 853,1 felld með 27:19 atkv. og sögðu

já: AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ISG, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.

16 þm. (AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHj, GAK, HBl, JBjarn, JKÓ, KHG, KLM, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 853,2 kom ekki til atkv.

Brtt. 847,1 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.

19 þm. (AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 853,3 felld með 27:19 atkv. og sögðu

já: AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.

19 þm. (AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 853,4 felld með 27:19 atkv. og sögðu

já: AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 847,2 samþ. með 27:19 atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.

nei: AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.

19 þm. (AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 853,5 felld með 27:19 atkv. og sögðu

já: AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH,

GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.
19 þm. (AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 853,6 felld með 27:19 atkv. og sögðu
já: AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ.
nei: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.
19 þm. (AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

13.–18. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 853,7 kölluð aftur.

19. gr., 1. mgr., samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.
19 þm. (AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

19. gr., 2.–4. mgr., samþ. með 27:19 atkv. og sögðu
já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, SæS, VS.
nei: AKG, EMS, GÖg, HHj, HlH, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GAK, HBl, JBjarn, KHG, LB, SigurjÞ, SF, StB, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

20. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Vatnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859.

[13:55]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) (frh.):

Hæstv. forseti. Nú höldum við áfram umræðu um vatnalögin. Ég tók þátt í þeirri umræðu hér í gær og hafði ekki lokið ræðu minni þegar þingfundi lauk. Sú ræða var orðin í lengri kantinum, a.m.k. mun hún vera sú lengsta sem ég hef haldið hér, en henni er ekki lokið.

Ég held öðrum þræði svona langa ræðu til þess að mótmæla afgreiðslu þessa frumvarps um vatnalög. Ég tel, eins og ég hef reynt að rökstyðja í máli mínu, að hér hafi menn gengið fram með þeim hætti að ekki sé til fyrirmyndar og ekki heldur til farsældar. Hér ætla menn að taka skilgreiningu á vatni til endurskoðunar, skilgreiningu sem hefur verið farsæl frá því að hún varð niðurstaðan árið 1923. Það er ábyrgðarhluti að gera það og það er líka ábyrgðarhluti að leggja út á þá braut að ætla að skilgreina vatn sem eign vegna þess að það er eign sem er þá af allt öðru tagi en það sem menn hafa fram að þessu skilgreint sem eign. Næsti bærinn gæti t.d. verið að menn vildu skilgreina loftið sem eign.

Því hefur brugðið fyrir í frammíköllum og andsvörum hér að við vildum gera vatnið að sameign þjóðarinnar. Það er ekki mín skoðun að það eigi að gera. Vatnið er miklu frekar sameign þjóðanna, það er ekki eign eins eða neins. Það er sameign þjóðanna og á að vera það. Með því að halda því fram að skilgreiningin sem hefur legið að baki vatnalögum fram að þessu væri óbreytt höfum við haldið því fram að það eigi að vera sá háttur sem menn hafa á.

Það getur vel verið að þessi skilgreining vefjist fyrir fólki og ég get vel skilið það. Sú umræða sem fór fram snemma á síðustu öld gefur mönnum kannski innsýn inn í þetta. Ég ætla að vitna í þá umræðu vegna þess að hún segir okkur að við erum á sama stað og menn voru hér á árunum 1917–1923. Það er ekki vafi að ég er það. Ég tel fráleitt að leggja út á þá braut að endurskilgreina vatnið með þeim hætti sem stjórnarliðar gera með þessu frumvarpi og er algjörlega á móti því að menn haldi því fram að einhvers konar einkaeignarréttur á vatni geti yfirleitt verið til. Hins vegar er ég sannfærður um að við eigum að halda okkur við þær skilgreiningar sem hafa verið, sem eru þær að einkaeignarréttur á vatnsnotum eigi áfram að vera eins og hann hefur verið og fylgja landareign.

Það er greinilegt að frjálshyggjan ríður húsum í ríkisstjórninni og Framsóknarflokkurinn lætur það yfir sig

ganga — eða gerir hann það kannski ekki? Er það orðið þannig að Framsóknarflokkurinn hafi þessa skoðun, þar sé Frjálshyggjan orðin stefnan með stórum staf, að það sé ekki vegna þrýstings frá Sjálfstæðisflokknum að málið er með þeim hætti sem við sjáum það, heldur sé það vegna þess að Framsóknarflokkurinn sé orðinn sannfærður um að þannig eigi bara málin að vera? Maður gæti haldið það miðað við það sem hv. formaður nefndarinnar hefur látið frá sér fara um þessi efni, að hann tali þar fyrir munn allra framsóknarmanna.

Það er dálítið merkilegt að sjálfstæðismenn séu búnir að skipta um skoðun í málinu. Þá vísa ég til þess sem foringjar þeirra sögðu á sínum tíma um þessi málefni. Ég ætla að leyfa mér, þó að það sé kannski svolítið sérstakt, að vitna í ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur sem var haldin við 2. umr. árið 1998 á málinu Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu. Vegna þess að ég fann hvergi meirihlutaálit fossanefndar, en ég vitnaði í gær í ræðu minni í minnihlutaálit fossanefndar, fannst mér ástæða til þess að fá, með leyfi forseta, að vitna í ræðu hv. fyrrv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur því að hún hafði haft upp á gögnunum og vitnar í þau í ræðu sinni.

Hefst nú lesturinn:

„Í þessu frumvarpi er verið að festa í sessi leið séreignarstefnunnar sem gengur út á að færa landeiganda skýlausan einkaeignarrétt yfir þeim jarðhita sem undir jörð hans er.“

Ég endurtek að umræðurnar 1998 snerust öllu fremur um jarðhitann og aðrar auðlindir en vatnið. En vatnið kemur vissulega við sögu í ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur.

„Það eru ekki lítil verðmæti, herra forseti, sem þarna eru fest með lögum undir einkaeignarrétt landeiganda. En þetta frumvarp og þær hugmyndir sem í því felast koma í sjálfu sér ekki á óvart, því þær eru í takt við aðrar hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar um það hver skuli eiga auðlindir landsmanna. Það hefur leynt og ljóst verið stefna núverandi ríkisstjórnar að færa þau verðmæti sem land þetta býr yfir undir einkaeignarréttinn í stað þess að tryggja að afrakstur þeirra gangi til sameiginlegra sjóða landsmanna og nýtist þannig landsmönnum öllum. Því miður hefur Sjálfstæðisflokkurinn villst nokkuð af leið í auðlindaumræðunni frá því á árum áður þegar forverar ráðherra Sjálfstæðisflokksins héldu á lofti annarri pólitík en nú heyrist úr því horni. Einkum er fróðlegt að lesa um fossamálið svokallaða en ég rifjaði einmitt upp það mál og aðdraganda þess í ræðu minni á laugardaginn var um þjóðlendurnar. En í upphafi aldarinnar þegar menn voru að átta sig á verðmætunum sem felast í orku fallvatna var talað annars vegar um þá sem aðhylltust séreignarstefnu, þ.e. að auðlindir á og í landi skyldu tilheyra landeiganda, og hins vegar allsherjarstefnu sem fólst í því að hið rennandi vatn skyldi ekki vera undirorpið eignarrétti landeiganda heldur skuli það vera eign ríkis og sveitarfélaga eða þá að það sé óeignarhæft“ — ég vek athygli á því orði — „en lúti umráðum ríkisvaldsins. Þessar tvær stefnur birtast í raun í þeirri umræðu sem nú hin síðustu ár hefur átt sér stað meðal landsmanna. Ríkisstjórnin hefur aðhyllst séreignarstefnuna utan þjóðlendna þar sem allsherjarstefnan virðist hafa orðið ofan á í þeim herbúðum. Flokkarnir í stjórnarandstöðu hafa hins vegar byggt málstað sinn á allsherjarstefnu í einni eða annarri mynd.

Ég vil gera örlitla grein fyrir þessum tveimur stefnum í máli mínu. Ég tel það nauðsynlegt til útskýringar og til að tengja umræðuna við umræðu sem var mjög hávær fyrr á öldinni. Ekki síst fyrir þær sakir að mér skilst að þessi ágæta skýrsla, nefndarálit meiri hluta fossanefndar, sé uppurin og ófáanleg og sakar því ekki að festa það gagnmerka efni sem í henni er í þingtíðindi.“

Efnið er komið í þingtíðindin og ég er ekki að vitna í það til þess að það komist í þau. Ég ætla að vitna í þetta til þess að menn í sölum Alþingis eða þeir sem hlusta á mál mitt átti sig á því hvað menn ræddu um á þeim árum þegar vatnalögin urðu að veruleika. Ég tel að tilvitnunin eigi ekki síður heima nú en við umræðuna um frumvarpið um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

„Vatnalöggjöf sína hafa menn byggt á mjög ólíkum grundvelli. Eignarréttur að landi er almennt viðurkenndur í siðuðum löndum. En eignarrétt að landi hafa menn svo, — að minnsta kosti í orði — látið sum staðar ná til vatns þess sem á landinu liggur. Þá stefnu mætti nefna séreignarstefnuna. En þetta leiðir aftur til þess að landeigandi er talinn eiga slíkan eða svipaðan umráðarétt yfir vatninu á landi sínu sem yfir landinu sjálfu. Takmarkanir á rétti þessum yfir vatninu eru þó miklar gerðar. Jafnvel í löndum þar sem vatnalöggjöfin er berum orðum byggð á séreignarstefnunni, eins og í Noregi, verða landeigendur (eigendur vatnsbotns og vatnsbakka) t.d. að þola umferð um vatnið og viðarfleytingu í því, auðvitað gegn bótum fyrir spjöll á veiði eða landi. Enn fremur mega þeir eigi taka til orkunýtingar nema ákveðna tölu af hestorkum fallvatns, nema leyfi (sérleyfi) ríkisvaldsins komi til. Vatnsmiðlun mega menn eigi heldur gera nema leyfi komi til. Og margar fleiri takmarkanir eru gerðar á umráðarétti manna yfir vatni, sem löggjöfin segir í orði kveðnu eign landeiganda. Því er það — og eflaust líka vegna eðlis vatns, einkum rennandi vatns — að réttarfræðingar telja rétt þann sem landeiganda er fenginn yfir vatni á landi hans, jafnvel þar sem séreignarstefnunni er fylgt, eigi til eignarréttar í þeirri merkingu sem það orð er haft í hlutaréttinum.

Önnur stefna er sú er telur vatn eigi undirorpið eignarrétti landeiganda, heldur sé það eign ríkisins eða sveitarfélaga, að minnsta kosti öll þau vötn og vatnsföll sem nokkuð kveður að. Tekur þetta þá einkum til allra skipgengra og flotfærra vatna. En sum staðar tekur þetta þó til alls óvirkjaðs vatns. Í Prússlandi eru t.d. öll skipgeng vötn og flotfær ríkisvötn. Ríkið ákveður hver þau vötn eru og getur hvenær sem það vill breytt einkavatni í ríkisvatn með því að gera það skipgengt eða flotfært, enda verða landeigendur að sæta því endurgjaldslaust. Vötn sem þar á móti eru hvorki skipgeng né flotfær eru einkaeign.

Þriðja stefnan er sú, að óvirkjað vatn, að minnsta kosti rennandi vatn, sé alls kostar óeignarhæft, bæði ríkisvaldi og einstaklingum. Þeir, sem þeirri stefnu fylgja, líta líkt á vatnið og loft, haf og ljós. Loftið o.s.frv. er almenningsgagn og verður eigi eignarhæft, nema það takist að handsama það og hefta. Af þeirri skoðun leiðir að vatn getur almennt eigi verið eignarrétti undirorpið, hvorki einstakra manna né ríkisins. Hins vegar hafa einstaklingar rétt til að nota vatnið

eins og loftið, hafið og ljósið, meðan sú notkun fer eigi framar en samþýðast megi hagsmunum almennings eða ríkisins. En ríkisvaldið hefur þar ákvörðunarvaldið. Eðli málsins samkvæmt hlýtur hver landeigandi sérstaklega að nota vatn á landi sínu, alveg eins og hann notar loftið yfir landi sínu, sjóinn fyrir því — ef það liggur að sjó — og ljós sólarinnar sem á það fellur. Auk þess verður hann að þola að vatnið hvíli á og fari um land hans, og því er sanngjarnt að hann eigi nokkurn forgangsrétt til að nota það handa heimili sínu, til ræktunar á landi sínu og til atvinnu sinnar. Í Rómaveldi virðist eigi hafa verið viðurkenndur eignarréttur að vatni. Vötnum var þar að vísu skipt í tvennt: Almenningsvötn og einkavötn. En einkavötnin urðu fá, því að öll þau vötn sem eigi voru vön að þorna upp árlega voru almenningsvötn. Einkavötnin urðu þá aðallega þau vötn eða vatnsöfl sem til urðu í leysingum eða vatnavöxtum. Auðvitað máttu menn nota almenningsvötnin til þarfa sinna, ef botni þeirra eða bakka var eigi spillt, svo sem til að taka úr þeim neysluvatn og til jarðyrkju. Og máttu menn því veita vatni sem að fornu hafði verið, en eigi framar, nema leyfi ríkisvaldsins kæmi til. Það gilti ákveðin regla vorra laga, að vötn öll skuli svo renna sem að fornu hafa runnið. Lík meginregla sem í Rómaveldi gildir í Austurríki. Þar eru yfir höfuð öll vötn almenningsvötn.

Raunverulegur munur á því hvort vötn eru kölluð eign ríkisins og því að þau eru talin óhæf til eignar, heldur almenningsgagn sem ríki og héruð ráða yfir, að því leyti sem um yfirráð er að tefla, er lítill eða enginn. Báðar stefnurnar síðastnefndu hafa það sameiginlegt að vatnið sé og eigi almennt að vera undir forræði ríkisins (eða héraða), að því leyti sem þörf sé á að skipa fyrir um notkun þess, og að þeim, er til þess nái og þá sérstaklega þeim er land eiga undir því, skuli heimil not þess meðan þau fara eigi í bága við lögmæta hagsmuni annarra einstaklinga, eða almennings. Þessar tvær stefnur má því vel nefna einu nafni allsherjarstefnuna.

Þá er næst að athuga kosti og ókosti þessara stefna, séreignarstefnunnar og allsherjarstefnunnar. Virðist þá hentugast að taka til athugunar þær helstu tegundir vatnsnotkunar sem nú tíðkast og bera saman, hverju máli það skipti um hverja þeirra, hvort löggjöfin er byggð á séreignarstefnunni eða allsherjarstefnunni.

Fyrsta tegund vatnsnotkunar og gamalkunnust er notkun vatns til neyslu manna og dýra, notkun til heimilis og búsþarfa, eins og kalla mætti það. Séreignarstefnan, rökrétt tekin verður hér að halda því fram, að landeigandi eigi einkarétt til vatns á landi sínu í þessu skyni og að öðrum sé hún óheimil, nema landeigandi leyfi. Allsherjarstefnan viðurkennir að vísu, að notandi land þess sem vatnið liggur á, eigi fyrst að fá sínar þarfir fylltar. En ef vatn er afgangs þeim þörfum, þá telur allsherjarstefnan rétt að aðrir fái not þess, auðvitað gegn endurgjaldi fyrir landspjöll eða veiði, ef slík spjöll verða. En eftir séreignarstefnunni ætti landeigandi („vatnseigandi") eigi að þurfa að hlíta slíkri vatnstöku endurgjaldslaust, að minnsta kosti svo framarlega sem hann gæti bent á það að vatnið hefði eitthvert verðmæti í sér fólgið honum til handa, t.d. ef hann fengi notað það til áveitu á land sitt, til iðnaðar eða iðju o.s.frv. Eftir séreignarstefnunni á landeigandi eignarrétt eða einkanotkunarrétt á vatni því sem á landi hans er hverju sinni. Og afleiðingin er sú, að hann getur bægt öllum öðrum frá, nema löggjöfin setji sérstakar takmarkanir á þeim rétti hans. En slíkar takmarkanir hljóta eftir séreignarstefnunni að hafa í för með sér skaðabótaskyldu, ef viðkomandi getur bent á tjón af sjálfri vatnstökunni.

Þá er notkun vatns til iðnaðar og iðju án orkunýtingar vatnsins, t.d. fiskþvottar og ýmiss konar iðnaðar. Séreignarstefnan hlýtur hér að leiða til hins sama sem áður segir um neysluvatn. „Vatnseigandi" hlyti að eiga tilkall til endurgjalds fyrir vatnið, ef það væri frá eða af landi hans tekið, með sama hætti sem fyrr segir. Allsherjarstefnan gæti hér eigi lengra farið en svo að landeigandi ætti forgangsrétt til notkunar þess vatns sem á landi hans er til iðju og iðnaðar í þarfir þeirrar jarðar eða atvinnu sem beinlínis væri rekin í sambandi við hana eða ræktunar henni.

Sama sem sagt var um neysluvatn og iðjuvatn gildir um vatnsnotkun til jarðræktar. Séreignarstefnan, rökrétt tekin, telur landeiganda („vatnseiganda") hér sem annars eigi þurfa að hlíta notum annarra af vatni á landi sínu, jafnvel þótt afgangs verði sjálfs hans þörfum. Allsherjarstefnan viðurkennir að landeigandi skuli að jafnaði ganga fyrir um notkun vatns til ræktunar lands síns, er að vatninu liggur, af því að honum er venjulega auðveldara að nota það í því skyni en öðrum. En það vatn allt er afgangs verður þörfum landeiganda, þeim er taldar hafa verið, er öðrum frjálst endurgjaldslaust.

Þá er nýting vatnsorkunnar. Hér skiptir ágreiningur milli fylgismanna þessara tveggja stefna mestu máli. Síðan mönnum tókst að taka vatnsorkuna í þjónustu stóriðjunnar hafa landeigendur, sem talið hafa sig eiga orkuvötn, „selt" þau eða „leigt" einstökum mönnum eða félögum. „Kaupendur" þessir og „leigjendur" hafa síðan framselt og framleigt réttindin og svo hafa þau verið „framseld" eða „framleigð" koll af kolli. Fyrsti „seljandi" eða „leigjandi", sem venjulega er landeigandi, hefir venjulega, að minnsta kosti hér á landi, fengið smáræði fyrir „réttindin". Kaupgróðamennirnir hafa síðan haft þau og selt hver öðrum þar til þau hafa verið oft komin í geypiverð. Kaupgróðamennirnir hafa sjaldan aflað sér þessara réttinda í því skyni að virkja vötnin heldur til að láta réttindin aftur af hendi með meiri eða minni hagnaði.

Ef svo hefur til þess komið að vatnið yrði virkjað þá leggst kaupverð það er síðast var látið fyrir „réttindin" við virkjunarkostnaðinn. En orkuverðið er aftur háð öllum þeim kostnaði sem orkuframleiðslan hefur í för með sér. Andvirðið, sem goldið hefir verið síðast fyrir orkuvatnið, hlýtur því að auka það verð er framleiðandinn setur á orkuna, er hann selur öðrum, t.d. til hitunar, lýsingar, iðnaðar o.s.frv., ... Viðskiptamenn hans greiða þá að lokum, og einatt margfalt, verð það er hann hefur látið fyrir réttindin. Séreignarstefnan segir landeiganda einum auðvitað heimilt að „selja" eða „leigja" vatnsréttindi sín og þar á meðal orkunytjaréttinn við því verði sem hann getur fengið. Vatnið og vatnsorkan er eftir henni eign landeiganda, sem hann getur ráðstafað sem öðrum eignum sínum almennt. Vatn hans má enginn virkja nema samþykki hans komi til, eða það sé af honum tekið eða orkunýtingarrétturinn lögnámi samkvæmt lögum, ef almenningsþörf krefur, enda komi fullt verð fyrir.

Og sama rétt á, eftir séreignarstefnunni, hver sá sem „keypt" hefur eða „leigt" vatnsréttindi, ef hann leiðir heimild sína til landeiganda, hvort sem beint er — milliliðalaust — eða óbeint — um milliliði fleiri eða færri. — Allsherjarstefnan heldur því þar á móti fram að vatnið — þar á meðal orkugæft vatn — sé allsherjargagn. Þegar þörf ber til þá geti ríkisvaldið sjálft tekið óvirkjað vatn til virkjunar eða leyft einstökum mönnum eða félögum að virkja það í orkunýtingarskyni, án þess að endurgjald sé greitt fyrir vatnsnotin út af fyrir sig, heldur aðeins fyrir tjón á landi eða mannvirkjum sem virkjun vatnsins kann að hafa í för með sér. Hún telur með öllu fráleitt að kaupgróðamenn hafi vatnsorkuna að féþúfu í viðskiptabralli sínu og að viðskiptamenn orkuframleiðandans greiði svo þær fjárhæðir sem hann hefur greitt kaupgróðamönnunum er honum seldu. Munurinn á þessum tveimur stefnum verður því sá að notandinn þarf eigi að greiða fyrir náttúruaflið — vatnsorkuna — eftir allsherjarstefnunni, og afurðir þær sem orkan skapar eða hjálpar til að skapa verða því framleiðanda að skaðlausu ódýrari en ella mundi verða. Eftir séreignarstefnunni verður orkuframleiðandinn að greiða fyrir náttúruaflið þar sem kaupgróðamennirnir hafa selt það eða leigt og það verður eigi af þeim tekið nema fullt verð komi fyrir. Eftir því sem þarfir almennings á vatnsorku hafa aukist hafa menn séð þennan mun og hversu fráleitt það er að vatnsréttindin séu höfð að féþúfu af einstökum gróðabrallsmönnum eða félögum, og svo sé almenningur auðvitað látinn borga brúsann. Allsherjarstefnan heldur því auðvitað fram að enginn nema ríkisvaldið hafi heimild til að virkja vatn svo að nokkru verulegu nemi, t.d. fram yfir 50, 100, 150 o.s.frv. eðlishestorkur, án samþykkis ríkisvaldsins. Þetta leiðir bæði af því að ríkið á forræði á vötnunum og enn fremur af því að öll meiri háttar iðjufyrirtæki skipta miklu um almenningshagsmuni. Þau þurfa mörg eða flest traustan umbúnað til þess að þau valdi eigi slysum. Þau skipta máli um þjóðerni og tungu þar sem svo hagar til að mikinn erlendan vinnulýð þarf til að reka iðjuverin. Þau geta og kæft aðra atvinnuvegi í landinu með því að draga frá þeim verkalýð landsins o.s.frv. Einnig hlýtur það að leiða af allsherjarstefnunni að enginn má koma upp vatnsmiðlunum, í hverju skyni sem þær eru gerðar, nema með leyfi ríkisvaldsins, enda sé þeim kröfum fullnægt er ríkið setur um traustleik, viðhald og notkun slíkra mannvirkja. Séreignarstefnumenn fara í þessu efni sömu leiðir. ... Þá er rétt að athuga það sérstaklega hvort hagfelldara muni að byggja vatnalöggjöf Íslands á allsherjarstefnunni eða séreignarstefnunni. Um vatn til neyslu (til heimilisþarfa og bús) mun almennt vera svo ástatt hér á landi að hvert sveitaheimili hefur nóg af vatni. Þó eru undantekningar frá þessari reglu. Enn fremur er það alkunna að sumir kaupstaðir eða kauptún þurfa vatns af annarra manna löndum. Sem dæmi má nefna Reykjavíkurkaupstað og Akureyrarkaupstað. Eftir séreignarstefnunni mundu þeir sem land eiga undir vatni geta óheimilað vatnstöku í neysluskyni. Eftir stjórnarskránni, 50. gr., yrði sá er vatnið tekur að greiða fyrir vatnstökuna. Er hér eigi átt við veiðispjöll eða lands af vatnstökunni því að sjálfsagt er að bætur komi fyrir slíkt. Eftir allsherjarstefnunni kæmu bætur fyrir vatnstökuna sjálfa venjulega alls eigi til mála. Spjöll á landi eða mannvirkjum og annað óhagræði, sem vatnstakan hefði í för með sér, yrði bætt framar eigi. Líkt er um vatn til jarðræktar og iðnaðar og iðju án orkunýtingar að segja. Nú hagar hér svo til sums staðar að taka þarf vatn til jarðræktar og iðnaðar eða iðju af landi annarra manna. Eftir séreignarstefnunni þyrfti almennt að greiða endurgjald fyrir vatnstökuna, en eftir allsherjarstefnunni eigi. Skiptir þetta miklu máli því að vatnsgjaldið mundi einatt gera fyrirtækin kostnaðarsamari en ella mundi verða."

Síðar segir í skýrslu fossanefndar, með leyfi forseta: „Hér á landi má búast við því að menn skiptist í tvo flokka um notkun fallvatna. Annar flokkurinn mun vera því mótfallinn að orkuvötn landsins verði tekin til stóriðju að nokkru ráði í einu og því reyna að hamla því að sérleyfi verði veitt í því skyni. Sá flokkur telur verða að fara mjög varlega í þeim efnum vegna hættu er þjóðerni landsmanna og atvinnuvegum stafi af stóriðjunni. Þótt stóriðjuver yrði reist þá mundi sá flokkur manna varla hirða þótt þau yrðu skammæ fyrir það að vatnsréttindin hefðu verið dýru verði keypt. Aðeins mundu þeir harma það að orka til almenningsþarfa sem slík hver kynni að selja hér yrði svo eða svo miklu dýrari en ef þau hefðu fengið náttúruaflið, vatnsorkuna, ókeypis. Hinn flokkurinn, sem telur stóriðju hér hættulausa og landinu jafnvel til stórgagns, t.d. tekjulind handa ríkissjóði, hlyti þar á móti að telja það illa farið ef iðjuverin þyrftu að gjalda fyrir orkuna verðauka er stafaði af kaupum og sölum á vatnsréttindunum svo að niður kæmi á verði afurðanna. Og þetta hlyti að verða því varhugaverðara í þessara manna augum sem aðstaða stóriðju hér á landi er eigi glæsileg." Þannig var komið víða við í skýrslu fossanefndar og m.a. tekist á um stefnu hvað varðar stóriðjuna."

Eins og ég sagði hér fyrr í þessum upplestri þá töluðu menn í raun og veru um þrjár meginstefnur hvað varðar eignarhald á vatni en síðan er fjallað um þær stefnur eins og þær væru tvær. Það er töluvert mikill munur á þessari allsherjarstefnu eftir því hvort við erum að tala um eignarhald sem gæti verið í merkingunni þjóðareign eða eignarhald í þeirri merkingu að enginn eigi auðlindina. Þar er virkilega ástæða til að staldra við og ég vara menn við því að bera saman þennan rökstuðning án tillits til þessara raka. Það er í raun og veru verið að tala um allsherjarstefnuna og inni í þeirri skilgreiningu sem þar er eru báðar þessar stefnur sem ég var að tala hér um, og ég vil endurtaka það hér til þess að menn átti sig á því hvað ég er að fara. Þar er talað um séreignarstefnuna og síðan er talað um þá stefnu sem telur vatnið eigi undirorpið eignarrétti landeiganda heldur sé það eign ríkisins eða sveitarfélaga. Þriðja stefnan er sú að óvirkjað vatn, a.m.k. rennandi vatn, sé alls kostar óeignarhæft. Þessar báðar stefnur eru undir þegar menn tala í þessu áliti um allsherjarstefnu. Ég tel ástæðu til að vitna áfram í þetta gagn vegna þess að það er ýmislegt merkilega líkt í dag eins og var þá þó að munurinn á áliti manna á eignarhaldi hvað þetta varðar, sem ég nefndi hér áðan um orkunýtingarrétt og hagnýtingarrétt á auðlindunum í sjálfu sér, hafi breyst og hafi í raun og veru breyst vegna vatnalaganna frá því sem hér er fjallað um.

Það er augljóst að framfylgd vatnalaga og greinarnar í vatnalögunum sjálfum hafa verið hugsaðar út frá því að fasteignaeigendur og landeigendur ættu fyrst og fremst rétt til að nýta orku, til að nýta þær auðlindir sem eru á þeirra

landi. Samt sem áður er skilgreiningin á landinu undir allsherjarreglunni og þá í þeirri merkingu sem ég nefndi hér áðan, þ.e. að enginn eigi vatnið. Ég er á þeirri skoðun að það sé farsælasta skilgreiningin á vatninu, að við eigum að líta á vatnið og loftið sem sameign þjóðanna í þessum heimi og Íslendingar eigi svo sem ekkert frekar að eiga vatnið sem rennur um Ísland en aðrir eigi vatnið sem rennur um þeirra lönd. Í vatnatilskipun Evrópusambandsins er t.d. greinilega gert ráð fyrir því að þar sé engin séreign á vatni. Sú tilskipun fjallar fyrst og fremst um það hvernig menn fara með vatn, hvaða skyldur menn hafa við vatnið og hún er auðvitað hugsuð út frá því að vatnið er svo gríðarlega mikilvægt fyrir allar þjóðir heimsins, fyrir Evrópubúa alveg sérstaklega, og er horft til þess í vatnatilskipuninni.

Íslendingar ættu ekki að fletja út hugtakið þjóðareign með því að tala um þjóðareign hvað varðar vatnið sem slíkt, einfaldlega vegna þess að þjóðareign á auðvitað að gilda um auðlindir þjóðarinnar sem við ætlum að vernda til framtíðar sem sameign okkar og þeir sem nýta þær auðlindir þurfa þá að greiða fyrir það eitthvert endurgjald og það þarf auðvitað að velja á milli þeirra sem fá þær auðlindir til nýtingar með einhverjum jafnræðishætti. Það er ekki líklegt að það sé hægt að finna einhverja leið til þess að menn fari að láta ríkið veita mönnum einhvern sérstakan rétt til þess að nýta vatn og þaðan af síður það vatn sem er á þeirra eigin löndum, enda er allur rökstuðningurinn fyrir því, sem ég hef verið að fara hér yfir, í þá sömu átt að skynsamlegast og eðlilegast sé að líta á vatnið sem einskis manns eign eða sameign heimsþorpsins.

„Ágreiningurinn milli allsherjarstefnu og séreignarstefnu (eða meiri hluta og minni hluta nefndarinnar)" — en eins og kunnugt er þá klofnaði fossanefndin — „að því er snertir rétt almennings til vatnsafnota við orkuvinnslu er nú aðallega eða eingöngu um borgun fyrir vatnsafnotin. Vér viljum láta almenning hafa rétt til þessara vatnsnota eftir svipuðum reglum sem gilda fyrir umferðarnot, þ.e. venjulega án endurgjalds fyrir vatnið sjálft en gegn endurgjaldi fyrir spjöll á veiði, landi, mannvirkjum o.s.frv. En séreignarstefnumenn vilja auk þessa leyfa landeigendum og þeim sem eignast hafa og eignast kunna „vatnsréttindi" þeirra að taka borgun fyrir vatnið eða fyrir afnot þess til orkuvinnslu. Og um upphæð borgunarinnar vilja þeir láta gilda þá venjulegu aðalreglu fyrir kaupum og sölu að seljandinn má taka eins mikið og hann getur fengið kaupandann til að borga, en ef eigi semur og almenningur (ríkið, hérað) er kaupandinn, þó sé verðið ákveðið með mati, og matsverðið hlýtur þá, eins og venja er til, að miðast við það hvað aðrir kaupendur að áliti matsmanna mundu vilja gefa mest fyrir afnotaréttinn. Ef til vill sést einna best hvílík fjarstæða slík séreignarstefna væri hér í landi með því að hugsa sér að sams konar reglur ættu að gilda um hina aðra tegund almenningsnotkunar á vatni, umferðina. Vér skulum þá hugsa oss að sérhver landeigandi hefði rétt til að taka borgun fyrir umferð um vatn á landi hans. Komi maður að ferjuvatni verður hann, jafnvel þótt hann leggi sér sjálfur til ferjubát og fyrirhöfn, að semja við landeigandann um borgun fyrir að mega nota vatnið til þess að fleyta ferjunni yfir um á því; er þá auðséð að ef maðurinn á brýnt erindi yfir um getur landeigandi heimtað og fengið hátt gjald hjá honum, því hærra sem nauðsyn ferðamannsins til að komast leiðar sinnar er meiri. Vilji einhver sveit taka upp flutninga eftir vatni langleiðis þá verður fyrst að semja við landeigendur um borgun fyrir leyfi til að fara eftir vatninu.

Venjulega verður um það tvennt að velja fyrir notendurna, að borga landeigendum fyrir afnotaleyfið eða flytja landveg meðfram vatninu og þá gera þar veg fyrst. Auðséð er að landeigendur allir til samans geta heimtað og fengið svo háa borgun fyrir afnotarétt vatnsins að einungis verður hóti ódýrara að flytja eftir vatninu heldur en landinu meðfram því ef allur kostnaður er talinn. Verð afnotaréttarins ákvarðast eingöngu af þörf notandans en tilkostnaður seljanda kemur ekki til greina því að hann er enginn. Auðvitað hefur engin síðuð þjóð heimilað landeigendum að gera sér þarfir almennings á þennan hátt að féþúfu. En einmitt þetta sama vilja nú séreignarstefnumenn heimila hér á landi, að leyfa einstökum mönnum að gera sér þarfir almennings til ljóss, hita og vinnuafls að féþúfu. Og þótt í rauninni skipti litlu hverjir það eru eða verða sem eiga að fá þennan rétt til að taka fyrirhafnarlaust gjöld af almenningi þá er rétt að geta þess að fyrirsjáanlegt er nú þegar að það verða að mestu leyti erlendir eignamenn en að mjög litlu leyti sjálfir bakkabúarnir, þ.e. eigendur eða ábúendur vatnajarðanna sjálfra."

Eins og heyra má af þessum upplestri upp úr nefndaráliti meiri hluta fossanefndar, sem væri full ástæða til að lesa upp í heild sinni því að þar er margan fróðleik að finna, þá hefur verið hér frá því í upphafi aldarinnar tekist á um þessi grundvallaratriði þótt vissulega hafi áherslurnar breyst að nokkru leyti. Það var þannig að í upphafi aldarinnar voru það ekki bara vinstri sinnaðir stjórnmálaflokkar sem töluðu fyrir allsherjarstefnunni heldur þvert á móti. Ég get fyrir mína parta tekið undir orð eins mikilhæfs stjórnmálamanns sem var mjög afgerandi í umræðum um auðlindir landsmanna í upphafi aldarinnar þótt sú stjórnmálastefna sem hann stóð fyrir sé að öðru leyti ekki að mínu skapi.

Ég vil vitna í þennan stjórnmálamann. Orð hans eiga við enn í dag. Það kaldhæðnislega við þetta er að sá maður sem skráði sögu þessa stjórnmálamanns hefur verið einn helsti áróðurspenni sjálfstæðismanna og hefur barist gegn því að arðurinn af auðlindum þjóðarinnar renni til landsmanna allra. Penninn heitir Hannes Hólmsteinn Gissurarson og stjórnmálamaðurinn er Jón Þorláksson. Í ævisögu Jóns er komið inn á fossamálin. Þar segir m.a., en ég er að vitna í ræðu sem Bryndís Hlöðversdóttir fyrrverandi alþingismaður flutti, með leyfi forseta:

„Fossamálið var tekið fyrir á þinginu 1919 sem stóð frá júlíbyrjun til septemberloka og reyndu menn úr fossafélögunum tveimur óspart að hafa áhrif á þingmenn. Þeir Aall og Schelderup, stjórnarmenn í Titan-félaginu, komu báðir til landsins með konum sínum og töluðu við þingmenn ásamt Klemens Jónssyni, framkvæmdastjóra félagsins. Þingið ákvað hins vegar að fresta afgreiðslu málsins en samþykkti þingsályktunartillögu um að skora á landstjórnina að taka Sogsfossa eignarnámi. Jón Þorláksson andmælti þeirri tillögu opinberlega þar sem í henni fælist viðurkenning á því að fossar væru undirorpnir eignarrétti en meiri hluti fossanefndar hefði einmitt komist að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Þeir væru eins konar almenningur. Hins vegar

gætu árbotnar og annað land sem vatn rynni um vissulega verið eign einstaklinga. Minni hluti minnti Jón á að í áliti sínu hefði meiri hlutinn sagt „að það óvirkjað vatn sem landeign sú er það á eða rennur um, þarf eigi til sinna þarfa, skuli vera eins konar almenning undir umráðarétti ríkisins."

Miklar og harðar deilur urðu í blöðum um fossamálið árið 1919 og það var eitt helsta hitamál í kosningunum þá um haustið. Töldu menn ýmist eignarrétt á fossum í höndum bænda eða ráðstöfunarrétt á þeim hjá hinu opinbera en einnig skiptust menn í innilokunar- og opingáttarmenn, eins og það var kallað, eftir því hvort þeir voru með eða á móti útlendu fjármagni til virkjana og stóriðju. Heimastjórnarflokkurinn var hlynntur því að sérleyfi til virkjana yrði veitt öðru hvoru fossafélaginu enda hafði hann frá öndverðu talið rétt að fá erlent fjármagn inn í landið. Tíminn sem hafði þá nýlega hafið göngu sína og studdi Framsóknarflokkinn eindregið hafði ekki ákveðna skoðun á því máli en aðhylltist eignarrétt landeigenda á vatni. Taldi aðsópsmesti talsmaður flokksins, Jónas Jónsson frá Hriflu, að hann gæti notað fossamálið til að fylkja bændum undir merki flokksins. „Jónas frá Hriflu hugsaði sér gott til glóðarinnar að hamra á því að Bjarni frá Vogi og Einar Arnórsson væru vatnsránsmenn, eins og hann kallaði þá," segir Guðjón Friðriksson „og sá fram á að þetta yrði vatn á myllu flokkseiningarinnar þó að í raun og veru stríddi það gegn heildarsýn hans" — þ.e. Jónasar — „á framtíðarþjóðfélagið." Hóf Jónas harðar árásir á Einar og Bjarna sem báðir voru í framboði í kosningunum og féll Einar en Bjarni hélt þingsæti sínu. Sjálfstæðismenn vöruðu hins vegar flestir við opingáttarstefnu. Gerði Jakob Möller fossamálið að árásarefni á Jón Magnússon forsætisráðherra en Jakob bauð sig fram gegn honum í Reykjavík í þessum kosningum og felldi hann.

Hið nýkjörna þing kom aðeins saman í nokkra daga í ársbyrjun 1920 til þess að staðfesta nýja stjórnarskrá vegna fengins fullveldis. Skömmu áður en reglulegt þing skyldi koma saman í ársbyrjun 1921 og afgreiða ný vatnalög tók Verkfræðingafélag Íslands fossamálið til umræðu. Steingrímur Jónsson var frummælandi á fundi þess sem var haldinn 17. nóvember 1920 ..."

Á þeim fundi var m.a. Jón Þorláksson. Um hans þátt segir hér, með leyfi forseta:

„Jón kvað það misskilning að meiri hluti fossanefndarinnar hefði lagt til að ríkið ætti að eignast öll vötn. Meiri hlutinn hefði kveðið upp úr um það að vatn væri engum eignarrétti undirorpið, hvorki ríkisins né einkaaðila, heldur væri það res nullius, einskis manns eign. „Það sem við vildum reyna að hindra var það að ágóðinn sem skapaðist við það að þetta verðmæti hækkaði í verði, rynni í vasa einstaklinga sem ekkert hefðu til þess unnið," sagði Jón „enda verður mönnum nógu erfitt að virkja fallvötnin þó þeir þurfi ekki að kaupa þau „spekúlanta" verði"."

Á fundinum kvaðst „Þorvaldur Krabbe ekki gera sér ljóst hvað Jón Þorláksson vildi í raun og veru, hvort hann vildi hagnýta fossana eða ekki og hvort hann teldi ríkið eiga að gera það eða veita öðrum sérleyfi til þess. Guðmundur Hlíðdal deildi nokkuð á tillögur Jóns Þorlákssonar og annarra í meiri hluta fossanefndarinnar, taldi hann að hindra hefði mátt gróðabrall með fossaréttindi með því að banna kaup og sölu fallvatna nema með leyfi landsstjórnarinnar, þá sagði Guðmundur að ekki væri tímabært að setja sérstök sérleyfislög. Jón Þorláksson tók til máls seint á þessum fundi og sagði að eitt hið mikilvægasta í hugsanlegum virkjunum væri að járnbraut austur yfir fjall mundi fylgja í kaupbæti. Ólíkt Guðmundi Hlíðdal væri hann þeirrar skoðunar að fossalöggjöf væri nauðsynleg. „Við verðum að sjá að vatnsaflið sé nothæft í framtíðinni þegar svo er komið að almenningi þykir þörf að það komi til notkunar." Ekki hefði nægt að binda kaup og sölu fallvatna við samþykki landstjórnarinnar.

Þingið 1921 afgreiddi ekki vatnalög en samþykkti frumvarp um heimild fyrir landstjórnina til þess að láta rannsaka Sogsfossa og var Jón Þorláksson öflugur stuðningsmaður þess. Árið 1923 afgreiddi þingið loks vatnalög að frumkvæði Klemensar Jónssonar sem þá var orðinn ráðherra og var þá tekið meira tillit til álits minni hluta fossanefndarinnar en tillagna meiri hlutans. Lét Jón Þorláksson mjög til sín taka í umræðum um vatnalögin og tókst honum að smeygja inn í frumvarpið fyrirvörum svo réttur landeigenda yrði ekki óskoraður. Í umræðunum greip Jón aldrei þessu vant til skáldlegra samlíkinga:

„Það má líkja þessari ónotuðu orku vatnsfallanna hér á landi við heimasætu í föðurgarði. Þeir sem falast eftir orkunni til virkjunar koma fram sem heiðarlegir biðlar heimasætunnar og er sjálfsagt að taka þeim með fullri kurteisi og velvild jafnvel þótt rétt þyki af einhverjum ástæðum að synja þeim ráðahagsins. En braskararnir vilja það eitt að gerast friðlar þessarar heimasætu, hafa af henni stundarhagnað og skilja hana svo eftir spjallaða af verðhækkun og þar með svipta því helsta yndi sem hún hafði að bjóða heiðarlegum biðli."

Jón sagði að ýmsar hindranir hefðu hin síðari ár komið í veg fyrir að draumar sínir um notkun vatnsafls íslenskum almenningi í hag hefðu ræst. Í fyrsta lagi hefðu fossabraskarar tekið sérhagsmuni sína fram yfir almenningsþarfir. Í öðru lagi hefðu menn verið óþarflega hræddir við útlendinga, miklað málið fyrir sér, aldrei hefði verið ætlunin að reka mjög stór fyrirtæki eða fjölda útlendra verkamanna. Í þriðja lagi hefðu ýmsar vinnsluaðferðir orðið úreltar sakir tækniþróunar svo að í svip væri lítil eða engin eftirspurn eftir raforku til stóriðju frá Íslandi.

Í umræðunum um vatnalagafrumvarpið 1923 vísaði Jón Þorláksson þeirri röksemd á bug að eignarrétti manna á landi væri hætta búin væri eignarréttur á vatni ekki viðurkenndur. Hann kvaðst sjálfur ekki vera neinn sameignarmaður eins og þingmönnum væri vel kunnugt um. En þessi röksemd gæfi sér tilefni til að benda á eina hlið málsins. „Það hefur nefnilega frá öndverðu verið undirstaða vatnsréttarins að bakkabúar ættu einir þann rétt sem þeir einir gætu notað eða ættu miklu hægara með að nota en aðrir," sagði Jón. „En almenningur hefur á hinn bóginn frá öndverðu í öllum löndum átt rétt til þeirrar notkunar vatnsins sem allir höfðu jafna aðstöðu til." Til dæmis væri réttur almennings til að fleyta trjám eftir ám og sigla eftir vötnum víðast lögvarinn. Smávötn hefðu því gjarnan verið einkaeign og stór vötn almenningseign. Nú væru orðin aldahvörf. „Nú má veita orkunni svo langar leiðir að hún getur orðið í fyllsta mæli almenningseign og því er eigi nema eðlilegt að

sama aðstaða skapist um þá notkun sem um hina eldri, að almenningur fái rétt til þeirrar vatnsnotkunar sem hann þarfnast.“ Þá hafnaði Jón þeirri röksemd sem fram kom í áliti minni hluta fossanefndarinnar að réttur landeiganda til vatns væri fullur eignarréttur. Hann væri takmarkaður hlutaréttur, sagði Jón, réttur til notkunar, þegar sagt hefur verið á fornum bókum að maður ætti læk hefði hann átt rétt til þess að nota lækinn á tiltekinn hátt en hann hefði ekki átt vatnið í læknum í bókstaflegri merkingu.“

Þetta sagði nú Jón Þorláksson.

„Nú er fróðlegt þegar maður veltir vöngum yfir þessum ræðum og orðum Jóns Þorlákssonar að sjá á hvern hátt söguskýrandinn, túlkandinn, kýs að túlka orð þessa stjórnmálamanns. En nú er komið að Hannesarkafla Gissurarsonar en hér segir, með leyfi forseta“ — og það er Bryndís Hlöðversdóttir sem hélt þessa ræðu í sölum Alþingis.

„Hvað var hæft í þeim röksemdum sem Jón Þorláksson og aðrir í meiri hluta fossanefndarinnar báru fram fyrir allsherjarstefnunni svonefndu? Þeim varð starsýnt á þann mun sem er á vatni og ýmsum öðrum gæðum jarðar: Vatn er sífellt á hreyfingu, það rennur ófrosið úr greipum manna. Það virðist því ekki vera fastur hlutur í sama skilningi og jörð, hús eða hestvagn. Getur vatnið þá verið háð eignarrétti? Geta menn þá átt tilkall til þess eins og til jarðar, húss, eða hestvagns? Var ekki eðlilegra að líta á það sem almenningsgagn sem allir mættu hafa not af svo framarlega sem þeir sköðuðu ekki aðra? Þegar meiri hluti fossanefndar svaraði síðustu spurningunni játandi studdist hann við álit Einars Arnórssonar. En nú sjá menn það sem fossanefndin kom ekki auga á að Einar notaði rangar röksemdir til að komast að réttri niðurstöðu — eða niðurstöðu sem er að minnsta kosti ekki röng. Vitaskuld verður vatnsafl til raforkuvinnslu að vera undirorpið einhvers konar eignarrétti af þeirri einföldu ástæðu að það er verðmæti sem meiri eftirspurn er eftir en framboð á. Það rafmagn sem einn maður notar getur annar maður ekki notað, þar gildir lögmál skortsins. Andrúmsloftið er hins vegar ólíkt vatnsafli, þegar einn maður dregur andann tekur hann ekkert frá öðrum, allir geta andað um það gildir ekki lögmál skortsins.“

Það er Hannes sem hefur orðið.

„Hafið er einnig ólíkt því að því leyti, að það er nægilega rúmgott til þess að allir sem vilja sigla, geta það án þess að skaða hver annan, svo framarlega sem þeir virða almennar siglingarreglur, um siglingar á hafi gildir því ekki lögmál skortsins ...“ — Síðan segir Hannes:

„Jón Þorláksson hélt því fram, að réttindi landeiganda til vatns væru takmörkuð hlutaréttindi; þau væru afnotaréttindi, ekki eignarréttindi. Af því leiddi beint, að hugtakið fossaréttindi stóðst ekki. Fossafélögin, Ísland og Titan, höfðu verið að kaupa hlut sem ekki var til. Þetta kann að vera rétt. En spurningin er, hversu víðtæka ályktun má draga af því. Hvorki meiri hluti né minni hluti fossanefndarinnar gerði sér grein fyrir því að öll eignarréttindi eru í raun og veru takmörkuð hlutaréttindi, afnotaréttindi. Menn mega ekki fara með eignir sínar alveg eins og þeir vilja. Einstaklingur má til dæmis ekki leika hástöfum á flygil sinn á næturnar, ef hann býr nálægt öðru fólki.“

Það er Hannes sem hefur orðið enn. Það er ekki Hannes Hafstein. Ég held að þegar menn nú á dögum nefna Hannes og hafa ekki föðurnafnið með skilji flestir það þannig, ef verið er að ræða um pólitík, að Hannes Gissurarson sé á ferð. En það er hann sem hefur orðið. Hann sem sagt tilnefnir að einstaklingur sem leikur á flygil hástöfum á næturnar megi það ekki þótt hann eigi flygilinn.

„Eigandi hnífs má nota hann til þess að skera með brauð, en ekki til að skera með fólk (nema hann sé skurðlæknir), segir Hannes. Maður sem á veiðiréttindi í stöðuvatni á ekki nauðsynlega rétt á því að losa úrgang í vatnið eða taka það vatn til neyslu eða áveitu; því síður leiðir af veiðirétti hans að hann eigi sjálft stöðuvatnið.

„Deila fylgismanna „allsherjarstefnu“ og „séreignarstefnu“ árið 1919 virðist af þessum sökum til marks um misskilning“, segir sá sem skráir sögu Jóns Þorlákssonar.“

Hannes Gissurarson kemst sem sagt að þeirri niðurstöðu að Jón Þorláksson hefði misskilið þetta allt saman. Hann hafi bara gjörsamlega verið á valdi misskilningsins. Skyldi nú Jón Þorláksson, ef hann gæti nú lesið þessi orð, hafa verið hrifinn af söguskýringu þess manns sem hefur haldið nafni hans á lofti af öðrum ástæðum í landinu? Ég held ekki. (**Gripið fram í:** Það reyndist nú rétt að fossafélagið Titan keypti það sem það hafði rétt á að kaupa.) Já, það reyndist síðan vera niðurstaðan að hluta til af því sem fossafélagið eða Titan keypti lönd af bændum. (**Gripið fram í:** Má ekki skoða orð Hannesar í því ljósi?)

(**Forseti** (SP)**:** Hv. ræðumaður getur óskað eftir að komast á mælendaskrá ef hann hefur eitthvað fram að færa. En það er hv. þingmaður sem stendur í ræðustól sem hefur orðið.)

Hæstv. forseti. Ég held þá áfram ræðu minni. Já, þannig hefur sumt af því sem menn gerðu á þeim árum í trausti þess að bændur ættu eignarrétt á löndum sínum hefur reynst vera öðruvísi. Núna liggur einmitt mál til meðferðar hjá nefndum Alþingis þar sem verið er að ganga frá því að Landsvirkjun fái öruggt eignarhald á löndum sem voru keypt af einmitt þeim félögum sem hér var vitnað til. Það er ástæða til að velta þessum hlutum fyrir sér.

En ég ætla enn einu sinni að nefna að þegar talað er annars vegar um allsherjarstefnuna og hins vegar um séreignarstefnuna var í því plaggi sem ég vísaði til, þessari ræðu og tilvitnunum í meirihlutaálit fossanefndar, slegið saman allsherjarstefnunni og þá bæði átt við með því orði, þeirri stefnu, að sveitarfélögin og þjóðin ætti vatnið eða auðlindirnar og hins vegar því að enginn ætti, sem er í rauninni sú niðurstaða sem Alþingi komst að og hefur verið í gildi og full sátt verið um frá því lögin voru sett 1923. Það er í raun niðurstaðan og það er sú niðurstaða sem mér finnst vera mjög eðlileg. Ég held að einkaeignarréttarmenn, frjálshyggjupostular nútímans, þurfi að fara að horfast í augu við að ekki er miklu lengra komist í eignarhaldinu en nú þegar er. Það að ætla sér að slá einhvers konar séreignarrétti á vatnið bendir til þess að menn hljóti næst að gera það við loftið eða fugla himinsins. Mér finnst að þá sé séreignarhugtakið orðið svolítið skrýtið og ekki endilega víst að það yrði því hugtaki til framdráttar ef svo langt yrði farið sem menn stefna.

Það er æðimargt sem mætti nú ræða hér í sambandi við þetta mál. Ég hef leyft mér að tala um mál sem tengjast óvefengjanlega vatnalögunum en það er einmitt meðferð

alls konar auðlinda, bæði orkuauðlinda og jarðauðlinda. Allt er þetta tengt þeim málum og þeim hugmyndaátökum sem við erum þátttakendur í, þ.e. hvernig eigi að skipa auðlindum í landi okkar. Ég nefndi í gær og fór yfir það að verið er að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Inn í hana á að setja ákvæði um eignarhald á þjóðarauðlindum. Um það virðist vera pólitísk víðtæk sátt. Stefna allra stjórnmálaflokkanna er sú að þarna eigi að fara inn ákvæði um þjóðarauðlindir. Því er auðvitað ástæða til að fjalla um allar þær auðlindir í umræðunni vegna þess að ríkisstjórnin og stjórnarliðar á Alþingi virðast ætla að halda sínu striki og ljúka þessum hluta málsins án þess að ljúka undirbúningi að einhverri allsherjarniðurstöðu hvað þessi auðlindamálefni varðar. Því er full ástæða til að nota tímann í sölum Alþingis til að fara yfir þessi mál. Hluti af þeim auðlindum sem um er að ræða eru auðlindir vatnsins, en þær eru líka auðlindin andrúmsloft og hún tengist einmitt orkunýtingunni í landinu alveg gríðarlega. Umræða síðustu daga um stóriðju og ný stóriðjuáform gefur alveg tilefni til að farið sé svolítið yfir einmitt þennan hluta málsins.

Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í grein sem er mjög merkileg og var skrifuð í október árið 2003. Það er Aðalheiður Jóhannsdóttir, sem er þá aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands og stundaði um þær mundir doktorsnám í umhverfisrétti við Uppsalaháskóla, sem skrifar þessa grein. Ég held að hv. þingmenn hafi afskaplega gott af því að hlýða á það sem Aðalheiður hefur að segja í grein sinni. Og þó að einhverjir hafi lesið hana, þá gæti verið farið að fenna yfir það. Greinin birtist 12. október 2003. Aðalheiður hefur orðið og í inngangi máls hennar segir, með leyfi forseta:

„Í rúman áratug hefur verið rætt um alþjóðlegar skuldbindingar sem varða aðgerðir til þess að stemma stigu við gróðurhúsaáhrifum og loftslagsbreytingum. Nokkrum sinnum hefur verið vikið að úthlutun útstreymisheimilda og gjaldtöku, sköttun útstreymis og viðskiptum með útstreymisheimildir. Enn sem komið er hefur lítil almenn umræða farið fram um þessa þætti né virðist hafa verið litið til nágrannaþjóða okkar í þessu sambandi. Þetta er athyglisvert því að með ákvæðum Kyoto-bókunarinnar um magntakmarkanir, verður auðlindin andrúmsloft sem viðtaki fyrir gróðurhúsalofttegundir takmörkuð auðlind og grípa þarf til margs konar ráðstafana til þess að ná markmiðunum sem stefnt er að. Í eftirfarandi umfjöllun mun ég fjalla um alþjóðlega samninga sem fjalla um ofangreind vandamál, íslenska stefnumótun vegna aðildar að Kyoto-bókuninni, starfsleyfisskylda starfsemi sem losar gróðurhúsalofttegundir og viðbrögð Evrópusambandsins (ESB) og tveggja nágrannaríkja. Fyrst mun ég fjalla um helstu einkenni íslenskrar umhverfislöggjafar og nokkur almenn atriði sem varða auðlindir."

Hér kemur síðan kafli sem hefur yfirskriftina: Íslensk umhverfislöggjöf.

„Íslensk umhverfislöggjöf hefur þanist út undanfarinn áratug. Ástæður þessar eru þrjár: (1) aukin áhersla á umhverfismál, (2) aðild að EES-samningnum, og (3) aðild Íslands að alþjóðlegum samningum um umhverfismál en fjöldi þeirra hefur farið vaxandi í kjölfar aukinnar viðurkenningar alþjóðasamfélagsins á mikilvægi umhverfisverndar fyrir núlifandi og komandi kynslóðir. Helstu einkenni löggjafarinnar eru að hún byggist á reglum sem miða að því að fyrirbyggja að tjón verði á umhverfinu. Sú aðferð að boða og banna er enn sú sem mest kveður að. Minni gaumur hefur verið gefinn að margs konar úrræðum tengdum markaðinum sem hvetja stjórnendur fyrirtækja til þess að axla meiri ábyrgð á einstökum þáttum umhverfisverndar, vegna þess að það einfaldlega borgar sig til langs tíma litið. Annað einkenni á löggjöfinni er að hún er ósamhæfð, í mörgum lagabálkum og er framkvæmdin á ábyrgð nokkurra ráðherra. Skortur er á skýrum langtímamarkmiðum í löggjöfinni, m.a. í þeim málaflokki sem þessi grein fjallar um. Til dæmis hefur löggjafinn ekki enn fjallað um margar af helstu meginreglum réttarsviðsins og látið framkvæmdarvaldinu það eftir að fjalla um þessa þætti með reglugerðum ef þeir hafa yfir höfuð verið útfærðir. Þetta á að hluta til við um nokkur grundvallaratriði sem varða efni þessarar greinar."

Nú kemur yfirskriftin: Náttúruauðlindir.

„Eitt af því sem stuðlar að ábyrgari hegðun er að líta svo á að náttúruauðlindir og réttur til þess að nýta þær hafi verðgildi. Sú aðferð eykur virðingu fyrir viðkomandi auðlind og stuðlar að ábyrgari nýtingu hennar. Þetta á sérstaklega við ef auðlindin er af skornum skammti eða einungis tiltekinn fjöldi getur nýtt sér hana á ákveðnu tímabili án þess að skaða auðlindina varanlega. Jafnframt hvetur þetta fyrirtæki í þeirri viðleitni að fá fram hagkvæmni í rekstri og sparnaði."

Næsta yfirskrift er: Auðlindin andrúmsloft.

„Andrúmsloft er auðlind í tvennum skilningi: Hreint og ómengað andrúmsloft er forsenda heilbrigði og velferðar mannkyns. Ómengað andrúmsloft er einnig forsenda tiltekinna gæða annarra auðlinda, svo sem vatns, jarðvegs og lífríkis, t.d. lífríkis hafsins. Í annan stað er andrúmsloft auðlind í þeim skilningi að það tekur við útstreymi lofttegunda sem stafa frá ýmiss konar starfsemi. Miðað við þá tækni sem nú er þekkt er andrúmsloft oft nauðsynleg forsenda fjölbreyttrar iðnaðarstarfsemi og annarra athafna sem losa gróðurhúsalofttegundir. Ákvæði þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem ég mun gera grein fyrir miða öðrum þræði að því takmarka aðgang að auðlindinni andrúmslofti sem viðtaka fyrir gróðurhúsalofttegundir."

Sameiginlegt áhyggjuefni er yfirskrift næsta kafla.

„Styrkur nokkurra tiltekinna lofttegunda hefur aukist verulega í andrúmsloftinu undanfarin tvö hundruð ár. Aukningin veldur því að hið náttúrulega jafnvægi raskast sem leiðir til aukinnar upphitunar andrúmsloftsins og röskunar á veðurfari. Breytingarnar munu leiða af sér ýmis alvarleg umhverfisvandamál. Langlíklegast er að þær muni valda hlýnun. Samhliða henni mun meðalhæð yfirborðs sjávar hækka. Breytingunum munu fylgja þurrkar og hnignun líffræðilegs fjölbreytileika. Umhverfisvandamálin valda síðan öðrum vandamálum; minni lífsgæðum, efnahags- og félagslegum óstöðugleika og röskun á búsetu. Aukning gróðurhúsaáhrifa er afleiðing fólksfjölgunar, iðnvæðingar og ákveðins andvaraleysis. Nánar tiltekið stafar aukning gróðurhúsalofttegunda einkum af tvennu: (1) mikilli brennslu á kolefnisríkum jarðefnum (kol, olía og gas) sem losar koltvíoxíð, og tilteknum iðnaðarferlum sem losa að auki ýmsar aðrar gróðurhúsalofttegundir, og (2) aukinni

gróðureyðingu og breytingum á gróðurlendum. Litið er á þennan vanda sem sameiginlegt áhyggjuefni alls mannkyns.

Eins og oft áður brást alþjóðasamfélagið við aðsteðjandi vandamálum á þann hátt að setjast að samningsborðinu. Helstu alþjóðlegu skuldbindingarnar sem lúta að aðgerðum til þess að draga úr gróðurhúsaáhrifum eru í rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókuninni við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Rammasamningurinn tók gildi 21. mars 1994. Ísland gerðist aðili 16. júní 1993. Aðalmarkmið rammasamningsins er að ná jafnvægi gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu til að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af manna völdum. Í samningnum er við það miðað að tilteknir samningsaðilar, OECD ríki eða ríki á viðauka I, auki ekki útstreymi gróðurhúsalofttegunda og sleppi ekki út meira magni af þeim árið 2000 en þau gerðu árið 1990. Sambærileg skuldbinding er ekki lögð á aðra samningsaðila. Í öðru lagi er við það miðað að samningsaðilar geti uppfyllt skuldbindingar sínar einir eða í félagi með öðrum samningsaðilum. Í þriðja lagi inniheldur samningurinn margskonar ákvæði um samvinnu ríkja, t.d. aðstoð við þróunarríkin og önnur ríki, með yfirfærslu á þekkingu, tæknibúnaði o.fl. Í fjórða lagi eru yfirgripsmikil ákvæði um nánari samvinnu aðildarríkjanna, þing aðila, stofnanir og nefndir sérfræðinga o.fl.

Leiðirnar sem voru samþykktar með rammasamningnum fela í sér mismunandi skuldbindingar ríkja sem staðfestir að tilteknar þjóðir heims, þær sem mestu hafa sleppt út í andrúmsloftið í tímans rás, samþykkja að taka á sig meiri skyldur og takmarkanir en aðrir samningsaðilar. Þessi stefnumótun er síðan útfærð í Kyoto-bókuninni."

Þá er komið að Kyoto-bókuninni sjálfri:

„Hinn 11. desember 1997 var Kyoto-bókunin við rammasamninginn samþykkt. Bókunin hefur ekki enn tekið gildi." — Þ.e. þegar þessi grein var skrifuð. — „Gildistökuákvæði bókunarinnar er tvíþætt. Annars vegar þurfa a.m.k. 55 aðildarríki að hafa fullgilt hana og einnig þurfa ríkin að vera ábyrg fyrir a.m.k. 55% af heildarútstreymi koltvíoxíðs miðað við árið 1990. Þegar þetta er ritað vantar enn 10,8%. Lengi hefur verið búist við að Rússland gerðist aðili en þá næðist tilskilið hlutfall af heildarútstreyminu. Hins vegar hafa Bandaríkin ekki gerst aðilar að bókuninni. Þau bera ábyrgð á um 36% af öllu útstreymi gróðurhúsalofttegunda iðnríkjanna. Ísland gerðist aðili að bókuninni 23. maí 2002." — Nú er þetta auðvitað breytt og bókunin komin í gildi. Það er fagnaðarefni að svo skyldi fara að lokum.

Ég les áfram úr greininni, með leyfi forseta:

„Aðalmarkmið bókunarinnar felst í því að draga úr útstreymi tiltekinna gróðurhúsalofttegunda, þ.e. koltvíoxíðs, metans, nituroxíðs, vetnisflúorkolefnis, perflúorkolefnis og brennisteinshexaflúoríðs, sem nemur a.m.k. 5% miðað við losun árið 1990 og eru ríkin á viðauka I með rammasamningnum bundin af þessari skuldbindingu. Þessu markmiði á að ná á fyrsta skuldbindingartímabilinu sem er frá 2008–2012. Hins vegar eiga ríkin að hafa náð sýnilegum árangri árið 2005."

Ég vek athygli á því að hér og alls staðar þar sem menn fjalla um þessi mál er talað um fyrsta skuldbindingartímabilið. Hvað þýðir það? Það þýðir að með þátttöku þjóðanna í rammasamningi um andrúmsloftið munu löndin taka þátt í ferli sem er miklu lengra. Þetta er áfangi á þeirri leið sem nær fram til ársins 2012. En ráðherrar þessarar ríkisstjórnar tala eins og þessi loftslagssamningur sé búinn árið 2012 og þá geti menn byrjað upp á nýtt. Það er undarlegur skilningur sem ekki er ábyrgur og full ástæða til að fjalla um það í sölum Alþingis.

Yfirskrift næsta kafla í grein Aðalheiðar Jóhannsdóttur sem birtist í Morgunblaðinu 12. október 2003 er Siðferðileg afstaða – magntakmarkanir. Þar segir:

„Ákvæði alþjóðlegra samninga sem varða umhverfisvernd hafa í nokkurn tíma verið byggð á þeirri forsendu að taka bæri tillit til efnahags- og félagslegra aðstæðna samningsaðila. Alþjóðlegir samningar sem lúta að gróðurhúsaáhrifum og loftslagsbreytingum eru gott dæmi um þetta. Segja má að þeir byggist á þeirri meginreglu að ríki beri misjafna ábyrgð á þeim vanda sem við er að etja í ljósi sögulegra staðreynda. Með þessu hefur alþjóðasamfélagið jafnframt tekið siðferðilega afstöðu til vandamálsins. Kyoto-bókunin gengur einna lengst alþjóðlegra samninga í þessa átt. Einungis ríkin sem eru á viðauka I með rammasamningnum sæta magntakmörkunum samkvæmt viðauka B með Kyoto-bókuninni. Þar að auki taka þessi ríki innbyrðis á sig misjafnar skuldbindingar eða tilteknar magnbundnar takmarkanir.

Flest ríkin á viðauka I þurfa að minnka útstreymi um meira en 5%, t.d. öll ríki ESB. Evrópubandalagið sem slíkt þarf draga úr sem nemur 8% miðað við viðmiðunarárið 1990. Bandaríkin þurfa að draga úr sem nemur 7%. Nokkrum ríkjum er heimilt að halda sama hlutfalli, miðað við viðmiðunarárið 1990. Þetta eru Nýja-Sjáland, Úkraína og Rússland. Loks er nokkrum ríkjum heimilt að auka við útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Ísland er í þeim hópi og er heimilt að auka um 10%. Önnur ríki í þessum hópi eru Noregur 1% og Ástralía 8%. Þetta eru þó ekki einu ríkin sem geta aukið útstreymið í raun því innan EB geta einstök aðildarríki sambandsins aukið losun verulega, en önnur ríki verða að draga úr að sama skapi.

Hvernig verða skuldbindingarnar uppfylltar? Aðilar bókunarinnar geta beitt nokkrum aðferðum til þess að uppfylla samningsskuldbindingarnar. Jafnframt geta þeir bundið kolefni með ræktun, t.d. skógrækt, sem heimilt er að telja til tekna en kolefnisbinding dregur úr gróðurhúsaáhrifum. Ákvæði Kyoto-bókunarinnar um heimildir samningsaðila á viðauka I til að losa gróðurhúsalofttegundir felur ekki í sér rétt til þess að einungis losa gróðurhúsategundir heldur verða samningsaðilar að grípa til tiltekinna aðgerða innan lands til þess að draga úr heildarlosun. Samkvæmt þessu er það ekki í samræmi við bókunina að afla sér einungis viðbótarheimilda frá öðrum ríkjum eða standa sameiginlega að því að uppfylla skuldbindingarnar. Aðildarríkin verða að sýna fram á að slíkar heimildir séu til viðbótar aðgerðum sem gripið er til innan tiltekins aðildarríkis."

Næsti kafli heitir: Samvinna – einstök verkefni.

„Mögulegt er að uppfylla skuldbindingarnar með því að takast á hendur einstök verkefni með öðrum aðilum á við-

auka I. Verkefnin verða að uppfylla ákveðin skilyrði. Mörg verkefni hafa þegar verið framkvæmd og hafa lögaðilar borið ábyrgð á þeim. Verkefnin hafa t.d. falist í þróun á tæknibúnaði fyrir almenningsvagna sem veldur minna útstreymi gróðurhúsalofttegunda og í langtímaskógræktarverkefnum. Framkvæmdin hefur verið með þeim hætti að lögaðilar í einu ríki hafa með yfirfærslu á fjármunum og þekkingu staðið fyrir framkvæmd verkefnanna í öðrum ríkjum og báðir aðilar hafa notið góðs af.

Önnur aðferð við að uppfylla samningsskuldbindingar er samningsbundið samstarf tveggja eða fleiri aðila á viðauka I með rammasamningnum. Ríkin bera þá sameiginlega ábyrgð á því að standa við skuldbindingar sínar. Takist það hins vegar ekki ber hvert ríki ábyrgð fyrir sig í samræmi við viðauka B. Augljósasta dæmið er samvinna ESB-ríkjanna og er oft vísað til ESB-bólunnar eða „EU bubble" í þessu sambandi. Segja má að þessi tilhögun sé sniðin að þörfum ESB og aðildarríkja þess. Ekkert stendur þó í vegi fyrir því að önnur ríki á viðauka I uppfylli skuldbindingar sínar með þessum hætti og semji þau svo um, t.d. Ísland og Rússland.

Gert er ráð fyrir að samningsaðilar sem ekki eru á viðauka I með rammasamningnum njóti margþáttaðrar aðstoðar ríkja sem eru á viðauka I, m.a. við að tileinka sér kerfi um hreina þróun sem lið í því að koma á sjálfbærri þróun og til að ná lokamarkmiði samningsins. Í þessu felst að ríki sem ekki eru á viðauka I, njóta góðs af tilteknum aðgerðum í tengslum við verkefni sem leiða til minnkunar útstreymis gróðurhúsalofttegunda og ríki sem eru á viðauka I geta nýtt sér ávinninginn til þess að standa við sinn hluta af skuldbindingunum samkvæmt bókuninni.

Frá því að rammasamningurinn var samþykktur hefur legið ljóst fyrir að alþjóðleg viðskipti með útstreymisheimildir gætu átt sér stað að einhverju marki. Kyoto-bókunin gerir beinlínis ráð fyrir þessu fyrirkomulagi. Ríkin sem eru á viðauka B, ríki sem sæta magntakmörkunum, geta tekið þátt í viðskiptum með útstreymisheimildir. Viðskiptin eru bundin því skilyrði að þau verða að koma til viðbótar öðrum aðgerðum sem gripið er til innan lands. Með öðrum orðum: ekki er hægt að uppfylla skuldbindingar bókunarinnar einungis með því að afla útstreymisheimilda frá öðrum samningsaðilum.

Framkvæmd viðskiptanna lýtur ákveðnum reglum sem enn eru í mótun. Meðal annars ber sérhverjum samningsaðila að halda eftir tilteknu magni af úthlutaðri heimild sem er fundið út samkvæmt ákveðnum reiknireglum.

Skrá verður öll viðskipti sem eiga sér stað, og allar útstreymisheimildir sem samningsaðilar afla sér með bindingu kolefnis með ræktun, með samvinnuverkefnum og loks með þátttöku í hreinni tækni. Samningsaðilum ber að koma á laggirnar og reka sérstakt landsskráningarkerfi. Ljóst er að viðskipti með losunarheimildir geta farið fram á milli ríkja sem slíkra og einnig beint á milli lögaðila án milligöngu ríkja."

Þá er komið að Íslenska ákvæðinu:

„Íslensk stjórnvöld töldu ekki mögulegt að uppfylla markmið rammasamningsins og Kyoto-bókunarinnar enda er uppbygging þessa alþjóðlega regluverks illa sniðin að þörfum smærri ríkja sem þó eru iðnvædd. Lögð var á það áhersla að fá viðurkennda sérstöðu Íslands. Það tókst, og á fundi samningsaðila í Marrakesh síðla árs 2001 var samþykkt sérstök ákvörðun 14/CP.7, sem gerði Íslandi mögulegt að gerast aðili að bókuninni. Ákvörðunin ber yfirskriftina: Áhrif einstakra verkefna á útstreymi á skuldbindingartímabilinu. Í stórum dráttum er ákvörðunin þess efnis að heimilt er að halda tilteknu magni koltvíoxíðs „fyrir utan kerfið" og gera grein fyrir því sérstaklega. Magnið má ekki fara yfir 1,6 milljónir tonna koltvíoxíðs á fyrsta skuldbindingartímabilinu ..." — Það er 2008–2012.

„Framkvæmdin er bundin nokkrum skilyrðum og þau helstu eru:

að um einstakt verkefni sé að ræða sem sé skilgreint sem starfsstöð til iðnaðarvinnslu sem hefur verið tekin í notkun eftir 1990."

Það virðist því vera og það er þannig í þessum samningi að það þarf að vera sérstakur áfangi sem nær þeirri stærð sem þarna er um að ræða til að þetta fáist viðurkennt sem sérstakt verkefni.

„að útstreymi koltvíoxíðs frá viðkomandi samningsaðila hafi verið minna en 0,05% af heildarútstreymi árið 1990."

Ég fór yfir það í ræðu minni í gær hvaða grundvallarreglur væru lagðar til í þessum samningi Íslands eða á bak við íslenska ákvæðið.

„að notuð sé endurnýjanleg orka,

að notuð sé besta framkvæmd með tilliti til til umhverfisins og besta fáanlega tækni, og loks

er óheimilt framselja þessar heimildir til annarra ríkja."

Þetta var um íslenska ákvæðið og þá kemur að því sem höfundur kallar Íslensk stefnumörkun.

„Stefnt er að margs konar aðgerðum hér á landi til þess að draga úr áhrifum af völdum útstreymis gróðurhúsalofttegunda. Stefnumörkunin birtist m.a. í fylgiskjali með tillögu til þingsályktunar um aðild að Kyoto-bókuninni: Stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar. Stefnumörkunin tekur mið af úthlutuðum útstreymisheimildum Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni og ákvörðun 14/CP.7. Útstreymi Íslands skal ekki aukast meira en sem nemur 10% miðað við árið 1990 og á að vera innan við 3,2 milljónir tonna koltvíoxíðígilda á ári að meðaltali, á tímabilinu 2008–2012 ..."

Ég endurtek það sem þessi ágæti fræðimaður skrifar hér um stefnumörkun Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni:

„Stefnt er að margs konar aðgerðum hér á landi til þess að draga úr áhrifum af völdum útstreymis gróðurhúsalofttegunda. Stefnumörkunin birtist m.a. í fylgiskjali með tillögu til þingsályktunar um aðild að Kyoto-bókuninni: Stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar." — Ég tek það svo, en ég hef ekki það plagg hér undir höndum nú en mun að sjálfsögðu afla mér þess, að hér sé orðrétt vitnað í það fylgiskjal sem ég nefndi áðan og fylgdi þegar verið var að staðfesta þessa bókun í sölum Alþingis. Þar stendur samkvæmt þessu: — „Stefnumörkunin tekur mið af úthlutuðum útstreymisheimildum Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni og ákvörðun 14/CP.7. Útstreymi Íslands skal ekki aukast meira en sem nemur 10% miðað við árið 1990 og á að vera innan við 3,2 milljónir

tonna koltvíoxíðígilda á ári að meðaltali, á tímabilinu 2008–2012 þ.e. á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar."

Það er auðséð á framsetningunni allri að hér hefur þessi ágæti fræðimaður gengið út frá því sem ég sagði áðan að við værum að tala um meðaltal á ári og það er nokkuð ljóst að sá nýi skilningur sem ráðherrarnir hafa lagt í málið, og hæstv. umhverfisráðherra hefur staðfest að hún hefur líka, er nýtilkominn og hefur ekki litið dagsins ljós fyrr en eftir að ráðherrarnir ákváðu þessa nýju skilgreiningu frá sinni hendi.

„Í öðru lagi skal koltvíoxíðútstreymi frá nýrri stóriðju sem fellur undir íslenska ákvæðið ekki vera meira en 1,6 milljónir tonna á ári að meðaltali á sama tímabili. Áætlað er að þetta nægi fyrir núverandi og þeirri stóriðju sem er fyrirhuguð hér á landi í náinni framtíð. Aðrar aðgerðir lúta m.a. að samgöngum, fiskiskipaflotanum, aðhaldsaðgerðum til þess að halda útstreymi flúorkolefna (PFC) innan tiltekinna marka, meðhöndlun úrgangs, bindingu kolefnis með landgræðslu og skógrækt, rannsóknum og þróun, fræðslu og upplýsingagjöf til almennings o.fl.

Aðrar ákvarðanir.

Aðrar mikilvægar stefnumarkandi ákvarðanir lúta að grundvallaratriðum sem varða þá hugsun sem Kyoto-bókunin byggist á. Meðal annars segir þar: „Kyoto-bókunin felur einnig í sér ákvæði um viðskipti milli landa með útstreymisheimildir. Útfærsla íslenska ákvæðisins takmarkar hins vegar þessi viðskipti þannig að Ísland getur ekki selt frá sér útstreymisheimildir. Ríkjum er í sjálfsvald sett hvort þau takmarki útstreymi innan lands með úthlutun útstreymisheimilda og viðskiptum (sic) með þær. Að athuguðu máli er ekki talin ástæða til þess að fara þá leið hér á landi."

Tvennt vekur hér athygli: Rýr rökstuðningur að baki þeirri ákvörðun að fara ekki þá leið sem Kyoto-bókunin byggist á, þ.e. sveigjanleika, t.d. með því að eiga viðskipti með útstreymisheimildir á markaði innan lands eða í alþjóðlegu samhengi. Í öðru lagi sú fullyrðing að Íslandi sé óheimilt að selja frá sér útstreymisheimildir. Þetta á samkvæmt orðanna hljóðan einungis við um viðskipti (sölu) á milli landa með þær útstreymisheimildir sem ákvörðun nr. 14/CP.7 tekur til. Ákvörðunin takmarkar hins vegar ekki innanlandsviðskipti með viðbótarheimildirnar né önnur viðskipti með útstreymisheimildir sem Ísland mun hafa í samræmi við Kyoto-bókunina. Því má velta fyrir sér hvort milliríkjaviðskipti með úthlutuðu heimildina, séu samrýmanleg markmiðum Kyoto-bókunarinnar að teknu tilliti til viðbótarheimildarinnar í ákvörðun 14/CP.7. Að minnsta kosti var það skilningur samningamanna þegar viðbótarheimildin sem ákvörðunin 14/CP.7 gildir um var undirbúin að ekki ætti að vera mögulegt að selja úthlutuðu útstreymisheimildirnar á alþjóðlegum markaði, þ.e. sala umfram kaup á heimildum. Hins vegar ber texti ákvörðunar 14/CP.7 þennan skilning ekki með sér. Við þetta má bæta að þótt Íslandi hafi verið úthlutað útstreymisheimildum felst í úthlutuninni í raun takmörkun á réttindum Íslands, þ.e. takmörkun á því að nýta auðlindina andrúmsloft sem viðtaka fyrir tiltekna starfsemi innan íslenskrar lögsögu. Samkvæmt almennum skýringarreglum þjóðaréttarins bæri að túlka slíkar takmarkanir Íslandi í hag."

Þetta er mjög athyglisvert sem sá sem þetta ritar setur hér fram og leiðir auðvitað hugann að því að kannski hafa ýmsir haft þá skoðun, a.m.k. hef ég haft hana, að möguleikar væru fyrir hendi til að leyfa innflutning á losunarheimildum til landsins. Hins vegar hafa engar reglur verið settar um slíkt í landinu og er ástæða til að velta því fyrir sér hvort slíkt sé þá í raun og veru heimilt og kannski má segja að það sé þá ljóst að stjórnvöld í landinu hafi tekið þá ákvörðun að ekki ætti að notfæra sér möguleikana til þess fram til ársins 2012. Þetta hefur þó hvergi verið rætt opinberlega þannig að maður getur ekki gert sér fulla grein fyrir því hvað stjórnvöld hugsa í þessu efni. Kannski skýrist vandræðagangurinn í þessu máli öllu að einhverju leyti með því að þarna séu einhver vandamál uppi sem stjórnvöld telja sig ekki geta leyst á einfaldan hátt.

„Áhrifaríkt stýritæki.

Úthlutun útstreymisheimilda og viðskipti með þær eykur út af fyrir sig ekki umhverfisvernd. Þessi aðferð hvetur hins vegar til þess að losunin fari fram þar sem kostnaðurinn er lægstur. Aðferðin er einnig áhrifaríkt stýritæki stjórnvalda í þeim málaflokki sem hér um ræðir því fyrirsjáanlegt er að draga þurfi enn meira úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir lok fyrsta skuldbindingartímabils Kyoto-bókunarinnar 2008–2012. Loks dregur úr beinum afskiptum ríkisvaldsins en oft og tíðum hefur verið gagnrýnd sú miðstýrða nálgun sem lengi hefur tíðkast við stjórn umhverfismála, m.a. hér á landi.

Gjöld fyrir nýtingu auðlinda.

Aðgangi að auðlindum sjávar er stýrt með ákveðnu regluverki og gjöld fyrir nýtingu auðlinda þekkjast hérlendis, samanber veiðigjald á veiðiheimildir sem tekur gildi 1. september 2004 í samræmi við V. kafla laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Til grundvallar gjaldinu skal m.a. leggja aflaverðmæti að frádregnum ýmsum kostnaðarliðum, þar með talið liðum sem tengjast rekstri. Auk almenns veiðileyfis, sem er nauðsynleg forsenda fiskveiða í atvinnuskyni, er aflahlutdeildarkerfi (kvótakerfi) við lýði í samræmi við ákvæði ofangreindra laga og helst aflahlutdeild skips óbreytt milli ára. Aflamark hvers skips á hverju veiðitímabili ræðst hins vegar af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar fisks og hlutdeildar skips í þeim heildarafla. Í 1. gr. laga nr. 38/1990 er sérstaklega tekið fram að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Auk þessa eru ítarlegar reglur í lögunum um hámarksaflahlutdeild, eða þak, einstakra fiskiskipa í eigu einstakra aðila, tilkynningar þegar fyrirsjánlegt er að aðilar fari umfram þau mörk sem sett eru um hámarksaflahlutdeild og fleiri atriði þessum skyld. Loks er ljóst að úthlutað aflamark er mögulegt að flytja á milli skipa og ber að tilkynna um slíkan flutning. Ekki hefur verið talin ástæða til þess að fara neinar slíkar sambærilegar leiðir þegar losun gróðurhúsalofttegunda á í hlut hérlendis og fyrir liggur stefnumarkandi ákvörðun þess efnis að úthluta ekki útstreymisheimildum og að viðskipti með þær fari ekki fram hér á landi eins og ég kom að, án þess þó að fyrir liggi gagnsær, skýr eða ítarlegur rökstuðningur að baki þeirri ákvörðun."

Það er allt saman mikið umhugsunarefni sem hér hefur verið farið yfir og segir okkur í raun og veru svolítið um

það af hverju ríkisstjórnin er í þeim vandræðum sem hún virðist vera hvað varðar útstreymi gróðurhúsalofttegunda og ákvarðanir eða skuldbindingar gagnvart nýjum virkjanakostum eða framleiðslu í stóriðju í landinu.

„Mengunarvarnir.

Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er meginlöggjöfin sem gildir um þá staðbundnu starfsemi sem sleppir út gróðurhúsalofttegundum hér á landi og fellur undir gildissvið Kyoto-bókunarinnar. Lögin gilda einnig um útblástur frá bifreiðum (dreifð eða hreyfanleg uppspretta) og um útblásturinn gilda sérstakar reglur þar sem fram koma viðmiðunarmörk. Aðrar dreifðar uppsprettur gróðurhúsalofttegunda, t.d. rekstur flugvéla og skipa, lúta ekki sérstökum reglum hvað útstreymi gróðurhúsalofttegunda varðar. Alls stafa 56% af útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi frá dreifðum uppsprettum: frá samgöngum 30% og fiskveiðum 26%. Aðrar uppsprettur gróðurhúsalofttegunda eru iðnaðarstarfsemi 32%, landbúnaður 10%, og 2% stafa frá úrgangi."

Þær tölur sem hér eru nefndar eru frá árinu 2003.

„Starfsleyfisskylda.

Sú staðbundna starfsemi hér á landi sem sleppir út gróðurhúsalofttegundum er starfsleyfisskyld í samræmi við lög nr. 7/1998 og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Gróflega má skipta þessari starfsemi í tvo flokka:

1. Starfsemi sem losar gróðurhúsalofttegundir og meginlosunin er til komin vegna aðferða og efna sem notuð eru í viðkomandi framleiðsluferlum eða rotnunar sem á sér stað við ákveðnar aðstæður. Í þennan flokk falla t.d. álverið í Straumsvík, álverið á Grundartanga, svo og Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Staðbundin starfsemi sem losar gróðurhúsalofttegundir vegna rotnunar eru t.d. urðunarstaðir og landbúnaður. Almennur landbúnaður er ekki starfsleyfisskyldur, einungis umfangsmikil svína- og alifuglarækt.

2. Starfsemi sem knúin er af orkugjöfum, svo sem olíu, sem losa gróðurhúsalofttegundir, t.d. Kísiliðjan við Mývatn, Sementsverksmiðjan og fiskimjölsverksmiðjur."

Þá komum við að efni starfsleyfanna og útstreymisheimildum en í greininni segir, með leyfi forseta:

„Nauðsynleg forsenda viðskipta með útstreymisheimildir er að starfsleyfishafi eða aðrir sem losa gróðurhúsalofttegundir hafi nægar heimildir til þess að ráðstafa þeim. Hins vegar er spurning hvort hægt sé að líta svo á að gilt starfsleyfi fyrir tiltekna staðbundna starfsemi sem losar m.a. gróðurhúsalofttegundir feli í sér úthlutun á útstreymisheimildum, þ.e. heimild til þess að losa tiltekin tonn af gróðurhúsategundum á ákveðnu tímabili. Mín niðurstaða er sú að starfsleyfi í núverandi mynd veiti ekki slíkan sérgreindan rétt enda eru útstreymisheimildir ekki aðgreindar í starfsleyfunum og eru í raun ekki til samkvæmt íslenskum rétti. Starfsleyfi eru eins og orðið bendir til fyrst og fremst heimild til þess að reka tiltekna mengandi starfsemi á fyrir fram ákveðnum stað sem í ákveðnum tilvikum sleppir út í andrúmsloftið gróðurhúsalofttegundum. Hafa ber þó í huga að mögulegt er að framselja starfsleyfi, þ.e. starfsemina í heild sinni að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Nýlega var samþykkt tilskipun ... sem hefur í för með sér að ESB-ríkin verða innan skamms að taka upp úthlutunarkerfi fyrir útstreymisheimildir ... og úthluta þeim til tiltekinnar starfsemi sem losar gróðurhúsalofttegundir. Þetta er gert í því skyni að uppfylla skuldbindingar Kyotobókunarinnar á sem hagkvæmastan hátt. Tímabilið frá 2005 til 2007 verður eins konar reynslutími áður en fyrsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar hefst árið 2008. Eftir það verður kerfið rekið í fimm ára tímabilum.

Ein af meginröksemdunum fyrir því að taka upp slíkt kerfi innan EB er sú að opna möguleika á að nýta sér ákveðinn efnahagslegan ávinning, þ.e. losun gróðurhúsalofttegunda mun fara fram þar sem kostnaðurinn er lægstur, rekstraraðilar geta nýtt sér tiltekinn sveigjanleika. Viðurkennt er að með úthlutun útstreymisheimilda sé tekið í notkun öflugt stýritæki til þess að ná markmiðum Kyotobókunarinnar. Kerfið og einstakir þættir þess eru jafnframt útfærsla á greiðslureglunni sem umhverfisstefna EB byggist á.

Starfsemi sem losar gróðurhúsalofttegundir verður að afla sér sérstaks leyfis til þess að losa gróðurhúsalofttegundir ... hjá lögbæru stjórnvaldi í aðildarríkinu, og einnig er þeim sem ábyrgð bera á slíkri starfsemi úthlutað útstreymisheimildum. Fyrra leyfið er starfsleyfi í eðli sínu og er bundið viðkomandi starfsemi og starfsstöðinni. Það seinna er hins vegar ávísun á tilteknar útstreymisheimildir sem unnt er að eiga viðskipti með. Á tímabilinu 2005–2007 ber aðildarríkjunum að úthluta a.m.k. 95% útstreymisheimilda án endurgjalds. Eftir 2008 skal úthluta a.m.k. 90% án endurgjalds.

Úthlutunin á að vera í samræmi við tiltekin, fyrir fram ákveðin og sameiginleg viðmið, m.a. til þess að koma í veg fyrir röskun á samkeppni. Úthlutun útstreymisheimilda á að byggjast á landsáætlun þar að lútandi. Í henni á að koma fram heildarmagn þeirra útstreymisheimilda sem viðkomandi ríki hyggst úthluta. Taka ber mið af athugasemdum almennings við gerð slíkra áætlana. Framkvæmdastjórn EB getur hafnað áætluninni ef hún er ekki í samræmi við viðmiðin. Rekstraraðilar sem losa meira magn af gróðurhúsalofttegundum en útstreymisheimildir þeirra standa fyrir verða sektaðir af aðildarríkjunum. Sektir verða 40 evrur á tonn á tímabilinu 2005–2007, en frá 2008 verða það 100 evrur.

Einungis tilteknir flokkar staðbundinnar starfsemi verða með í EB-kerfinu til þess að byrja með. Aðildarríkin geta hins vegar óskað þess að fleiri gróðurhúsalofttegundir verði teknar inn í kerfið og fjölbreyttari starfsemi. Jafnframt er þeim heimilt að nota kerfið fyrir starfsemi sem er undir stærðarmörkum þeim sem koma fram í viðauka I með tilskipuninni. Mögulegt verður að tengjast EB-kerfinu, gagnkvæm viðurkenning, þótt viðkomandi ríki sé ekki í sambandinu.

Nýja tilskipunin mun verða hluti af EES-samningnum. Mögulegt er að óska eftir tímabundnum undanþágum til 31. desember 2007. Einungis stærri fiskimjölsverksmiðjur hér á landi falla beinlínis undir gildissvið tilskipunarinnar og e.t.v. Járnblendiverksmiðjan og álverin. Verði nýja tilskipunin tekinn inn í EES-samninginn án fyrirvara af Íslands hálfu ber að taka hérlendis upp úthlutun útstreymisheimilda, a.m.k. hvað varðar þá starfsemi sem beinlínis fellur

undir gildissvið tilskipunarinnar.

Flest nágrannaríkin eru að undirbúa gildistöku Kyoto-bókunarinnar. Bæði í Noregi og Svíþjóð stendur nú yfir undirbúningur og ætla bæði ríkin að úthluta útstreymisheimildum. Norðmenn stefna að því að gera landskerfið þannig úr garði að það uppfylli bæði kröfur EB-kerfisins og ákvæði Kyoto-bókunarinnar. Að öllum líkindum munu Norðmenn úthluta útstreymisheimildum til fjölbreyttari starfsemi en EB-regluverkið gerir ráð fyrir og hugsanlega til þeirra sem bera ábyrgð á tiltekinni losun frá dreifðum og hreyfanlegum uppsprettum. Bæði Noregur og Svíþjóð munu breyta eitthvað fyrirkomulagi koltvíoxíðskatts sem nú er lagður á ýmsa mengandi starfsemi. Eitthvað verður dregið úr skattskyldu en í stað hennar verður úthlutað útstreymisheimildum. Einnig er mögulegt að hluti útstreymisheimildanna verði seldur eða boðinn upp m.a. til þess að brúa það bil sem verður vegna breytinga á koltvíoxíðskatti."

Þá er komið að lokaorðum þessarar merkilegu greinar, með leyfi forseta:

„Ég hef nú fjallað um ýmis atriði sem varða alþjóðlegar skuldbindingar sem hafa að markmiði að draga úr gróðurhúsaáhrifum og loftslagsbreytingum. Ég vék að nokkrum stefnumarkandi ákvörðunum sem hafa verið teknar hér á landi og varða þennan málaflokk og rökstuðningnum að baki þeirri ákvörðun að fara ekki þá leið sem Kyoto-bókunin beinlínis hvetur til. Að mínu mati er sá rökstuðningur ófullnægjandi, sérstaklega í ljósi þess sem nú er í undirbúningi í nágrannaríkjunum og innan ESB, og síðast en ekki síst með tilliti til eðlis Kyoto-bókunarinnar og þess sveigjanleika sem hún gefur möguleika á og getur komið sér vel fyrir þá starfsemi sem losar mest af gróðurhúsalofttegundum. Jafnframt kann þessi ákvörðun að einhverju leyti að vera byggð á misskilningi. Loks lýsti ég nokkrum þáttum sem lúta að nýjum reglum sem taka munu gildi á öllu EES-svæðinu í fyllingu tímans.

Ef ákveðið yrði að hefja úthlutun útstreymisheimilda hér á landi í því augnamiði að eiga viðskipti með þær á markaði þarf augljóslega nýja löggjöf. Auk annars þyrfti að taka afstöðu til þess hvort einungis eigi að úthluta heimildum til tiltekinnar, staðbundinnar, mengandi starfsemi eða einnig til þeirra sem losa umtalsvert magn gróðurhúsalofttegunda þótt frá dreifðum uppsprettum sé. Ekki yrði vandalaust að úthluta útstreymisheimildum, m.a. með tilliti til jafnræðisreglu, fyrri starfsemi o.fl. Hins vegar eru sambærileg kerfi ekki nýlunda hér á landi eins og ég kom að.

Ég hef látið hjá liggja að velta fyrir mér ýmsum atriðum, t.d. atriðum sem koma inn á samkeppni á EES-svæðinu og ég hef ekki vikið að hugsanlegum núningsflötum vegna alþjóðlegra viðskipta með útstreymisheimildir samkvæmt Kyoto-bókuninni og regluverks Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Því má velta fyrir sér hvort Ísland hafi átt að gerast aðili að rammasamningnum í upphafi og síðar Kyoto-bókuninni. Eins og þetta alþjóðlega regluverk hefur þróast er ljóst að það fellur ekki vel að efnahagslegri uppbyggingu smærri ríkja eins og efni ákvörðunar 14/CP.7 ber með sér og hafa verður í huga að útstreymisheimildir Íslands eru afar takmarkandi.

Hins vegar verður ekki hjá því komist að benda á þá staðreynd að e.t.v. er mögulegt að fara aðrar og fjölbreyttari leiðir við að uppfylla samningsskuldbindingarnar en fyrirsjáanlegar eru hér á landi. Hvað varðar EES-samninginn er ljóst að ekki er mögulegt að samþykkja nýju tilskipunina nema með fyrirvara, það er að segja ef íslensk stjórnvöld halda stefnu sinni í þessum málaflokki til streitu.

Umhverfisréttur þróast hratt. Ýmsar leiðir eru að ryðja sér til rúms, leiðir sem í senn draga úr miðstýringu og veita rekstraraðilum meira svigrúm, en eru samtímis öflug stýritæki til þess að ná umhverfismarkmiðum. Úthlutun útstreymisheimilda og viðskipti með þær er ein slík aðferð.

Grein þessi byggist á rannsókn sem birtast mun í riti Lagastofnunar Háskóla Íslands innan skamms. Sú grein ber heitið: Alþjóðlegar skuldbindingar um loftslagsbreytingar og íslenskur réttur: umfjöllun með áherslu á útstreymisheimildir og viðskipti með þær."

Ég hef lokið lestri á grein Aðalheiðar Jóhannsdóttur, hæstv. forseti, og tel fulla ástæðu til að vekja athygli hv. alþingismanna og þeirra sem á mál mitt hlýða á henni. Grein hennar hefur a.m.k. orðið til þess að ég hef áttað mig á því að íslensk stjórnvöld hafa í raun ekki möguleika til þess, nema með nýrri lagasetningu, að leyfa uppbyggingu stóriðju á Íslandi fram yfir íslenska ákvæðið svokallaða. Ég tel þess vegna fulla ástæðu til þess að á Alþingi ræði menn þessa stöðu nákvæmar en gert hefur verið. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að staðfesting Íslands á Kyoto-bókuninni hefði þetta gildi. En samkvæmt henni verður ekki með neinu móti bætt við útblæstri á lofttegundum að óbreyttu. En það er mikil ástæða til að menn ræði það í góðu tómi hér í Alþingi og ég vil að menn skoði þau mál nánar.

Ég hef svo sem ekki sérstaka ástæðu til að halda mikið lengur áfram ræðu minni. Ég veit að margir bíða eftir því að taka til máls. Hér eru margir á mælendaskrá sem vilja ræða þau málefni sem hér eru á dagskrá. Þau eru mikilvæg. Ég ákvað að nota tíma minn í ræðustól í dag til að fara yfir þessi tvö merkilegu plögg sem ég hef farið yfir. Annars vegar var það tilvitnun í ræðu fyrrverandi þingmanns Bryndísar Hlöðversdóttur. Hins vegar las ég upp merkilega grein sem ég tel að ætti að vera skyldulesning háttvirtra alþingismanna. Ég geri ráð fyrir því að við höldum áfram þessari umræðu fram eftir deginum. Ég hlakka til að hlusta á forsvarsmenn ríkisstjórnarflokkanna í framhaldi af ræðu minni. Ég veit að þeir hafa einhverjir ætlað í andsvör við mig þótt ég sjái þá ekki í salnum núna. En ég geri ráð fyrir því að þeir mæti í þau andsvör sem þeir ætluðu að veita.

Áður en ég fer úr þessum ræðustóli langar mig til að létta mönnum örlítið lundina með lítilli tilvitnun. En eftir áramótin varð mönnum ljóst að í umræðunni um rannsóknir á auðlindum í jörðu sem Alþingi fjallaði um löngum stundum fyrir áramótin hafði iðnaðarráðherra verið haldin einhverjum gríðarlegum misskilningi hvað þetta mál varðar. Ég hafði hugsað mér að fara svolítið yfir það mál hér en ég ætla að stytta það. En vegna þess í hve ámátlega stöðu hæstv. iðnaðarráðherra kom sér í í því máli, datt mér í hug kvæði sem ég hef oft lesið og er eftir Guðmund Böðvarsson. Þetta kvæði er í bókinni Saltkorn í mold eftir þann snilling.

Hæstv. forseti. Nú er einmitt formaður iðnaðarnefndar mættur í salinn (**Gripið fram í:** Þú verður að fylgjast með.) og ég get þess vegna hafið þessa tilvitnun sem mér finnst mikilvægt að hv. þingmaður hlusti á. Mér þykir fyrir því, en ég hef heyrt að Þórhallur miðill sé hættur að útvarpa sínum frægu þáttum. (**Gripið fram í:** Það er ekki gott.) Það er auðvitað ekki gott. Hann sér bæði aftur í tímann og fram í tímann. Það virðist sem Guðmundur Böðvarsson hafi séð fram í tímann þegar hann orti þetta kvæði sem ég ætla að vitna í því að hann, eins og Þórhallur, nefnir bókstaflega nöfn og staði í þessu kvæði. Þetta kvæði fjallar um afrek tiltekinnar konu. Kvæðið er svona, með leyfi hæstv. forseta:

Vallhumall vex í þúfu
Völku gömlu frá Tjörnum.
Stóð sú við sætingu og rakstur
sjaldan á engjateigi,
fornleg um þykkju og þel.
Langtímis fór hún á fjalli
að fé, með toppmjóa húfu,
gagnkunnug hálendishagans
holtum, móum og dýjum,
Einbúa og Útbrúnir þekkti,
Illasund, Háamel,
því hún rak á hverjum degi
hreppstjórans ær úr kvíum,
með sér að morgni tók hún
mal sinn, og blöndulegil,
staf sinn, og stytti sig vel.

Valka var vel að manni,
í vextinum stutt og digur,
ótæpt var í hana spunnið
andanum til að duga,
og ófremdin sárt henni sveið,
oft vó hún upp stórgrýti í vörður
og vann þar lofsverðan sigur,
en oflangt frá alfaraleið,
því henni brann það í huga
að hafa sér nokkuð unnið
til frægðar fyrri en væri
fram hjá í markleysu runnið
örfleygt ævinnar skeið.

Kristfinnur Kortsson af Skaga
var kaupamaður á Tjörnum,
kattliðugt kvikindi var hann
og kækti leikandi báðum
hælunum aftur fyrir haus,
list sína löngum á kvöldum
hann lék fyrir krakkaskarann
og hélt sínum frækleik til haga
hreykinn af sínum dáðum,
galandi gort og raus,
kallandi kalls til Völku:
— klofstutt og rasssíð er Valka,
brauðstirð og liðalaus.

Það var á aftni einum
að örfáar gamalrollur
kreikuðu heim undir kvíar,
komnar án hunds og smala,
margs var þá spurt, — og spáð
að ef til vill álfasollur,
iðkandi brellur nýjar,
villt hefði um fyrir Völku,
var þá með nokkrum kala
munuð mörg þeirra dáð,
en ekki var um að tala:
afi var sendur að leita.
Drjúg eru reynds manns ráð.

Afi á Refsstaða-Rauðku
reið nú skætinginn glaðan,
margur var brekkubollinn,
Berjadalinn og Flatann
leitaði hann inn og út,
og vestur við Vatnsmýrarpollinn
Völku fann hann að lokum,
og dauðskelfdur datt hann af baki
og drottin um liðsinni bað hann,
því illa var ástatt um Völku:
öðrum stuttfæti sínum
krækt hafði hún yfir kollinn
og kom honum ekki þaðan,
allt var í hörðum hnút.

En Valka mín, — okkur öllum
sem ætluðum stórt að gera,
skal endast til hugarhægðar
í hjásetu á lífsins fjöllum,
sú lífsreynsla mín og margra,
að misheppnan afreksverksins —
fékk manni nokkurrar frægðar,
og fráleitt er því að bera
frá tapinu sorg og sút.

(**Gripið fram í:** Er þetta búið?)

[15:50]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur nú talað hér síðan um miðjan dag í gær með örstuttu hléi. Hann hefur farið víða um þetta frumvarp til vatnalaga sem við ræðum hér. Mig langaði fyrst og fremst að biðja hv. þingmann að fara yfir eitt mál, eða reyndar tvö. Það fyrra er varðandi *eignarréttinn sem honum var tíðrætt um í ræðu sinni.* Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fasteigninni, jörðinni, landinu, fylgi eignarréttur á vatninu og mig langar því að spyrja hv. þingmann einmitt vegna þess: Ef sú leið væri farin sem hann telur að eigi að fara, hvernig væri þá með aðila sem bæði nýta kalt vatn á jörð sinni og selja það til nota annars staðar? Sama á við með heitt vatn sem verið er að virkja og nota. Við getum nefnt fyrirtæki eins og Orkuveitu Reykjavíkur sem keypti á sínum tíma land á Nesjavöllum í Grafningi sem þá var. Hún hefur nú keypt land á Hellisheiði. Hvernig fer með eignarréttinn sem þessi fyrirtæki nýta og eru að nota sér til handa? Það eru jafnframt til virkjanir sem nota gas sem kemur úr jörðu, koltvísýring, nota hann og selja af jörðunum í iðnað og til annarrar atvinnustarfsemi.

Telur ekki hv. þingmaður að ríkið væri skaðabótaskylt ef farið yrði að ráðum hans?

[15:52]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem við höfum í raun og veru verið að segja er að við viljum að skilgreiningarnar verði óbreyttar. Það skapast væntanlega ekki nein skaðabótaskylda við það. Ég tel það svolítið undarlegt að menn skuli líta þannig á afstöðu okkar að hún hafi í för með sér einhverjar breytingar frá því sem verið hefur. Vatnalögin sem hafa verið í gildi eru skilgreind með þeim hætti sem við viljum halda í. Það sem verið er að fjalla um í þessu frumvarpi er að breyta skilgreiningunni og kalla hana eignarrétt í stað þess að hún er raunverulega skilgreind sem afnotaréttur í vatnalögunum sem slíkum. Þetta er munurinn á afstöðu okkar. (**KÓ:** Nei, ...) Öll not af vatni eru því áfram með sama hætti og verið hefur ef við breytum ekki skilgreiningunni. Hins vegar er að mínu viti alveg ljóst að menn geta ekki með neinu móti spáð um hver breytingin verður í framtíðinni. Reynslan ein getur sýnt okkur til hvers breytingin af þeirri lagabreytingu sem hér er verið að ræða mun leiða. Það veit enginn.

Það er verið að nota annað orð, nota orðið eignarréttur um vatnið sem ekki hefur verið gert fram til þessa. Það á eftir að sýna sig hvað þetta þýðir. Ef marka má svör þess manns sem samdi þetta frumvarp, að það mundi kosta einhvers konar skaðabætur ef við breyttum skilgreiningunni sem er í lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu núna, þá held ég að menn þurfi að huga vel að þessu máli, hvort menn ætla að taka það inn í heildarlagabálkinn í staðinn fyrir vatnalögin.

[15:54]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við höfum orðið vitni að langri og yfirgripsmikilli ræðu hjá hv. þingmanni. Samt sem áður er ekki ljóst hvað talsmaður Samfylkingarinnar vill í þessu máli. Mér finnst það vera alveg klárt eftir að hafa tekið þátt í störfum nefndarinnar hvar Vinstri grænir eru á þessum kanti. Mér fannst svar hv. þingmanns og málflutningur hans í þessari löngu ræðu vera mjög misvísandi. Það verður fróðlegt að fylgjast með umræðunni áfram og heyra hvað aðrir talsmenn Samfylkingarinnar munu segja um þetta tiltekna mál sem er eignarrétturinn þegar verið er að taka vatn, heitt vatn, gufu, kalt vatn og aðrar auðlindir og selja til þriðja aðila. Mér finnst af og frá að hv. þingmaður hafi skýrt nákvæmlega út hvað hann á við eftir þá miklu umfjöllun sem þó hefur átt sér stað um málið.

[15:56]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að einhverjum finnist þetta flókið. Mönnum hefur fundist þetta flókið býsna lengi. Það er þó að mínu viti algjörlega skýrt að við viljum ekki að þetta eignarréttarhugtak, séreign, verði notað um vatnið, við teljum það ekki henta yfir þessa auðlind. Ég er á þeirri skoðun að menn ættu nokkurn veginn að geta skilið hvað við erum að fara. Við viljum að skilgreiningin sem verið hefur í vatnalögunum fram að þessu verði látin gilda. Það er aðalniðurstaðan. Ef það er voðalega óskýrt þá kann ég ekki að útskýra mjög vel fyrir mönnum hvað við er átt. Þá þurfa menn, a.m.k. þeir sem hér tala, að útskýra fyrir mér hvað þeir eiga við. Hvað er það sem þeir telja að breytist með þessari lagasetningu? Það hefur komið fram að þeir halda því fram að hér sé einungis formbreyting á ferðinni. Það ætti þá ekki að vera mikil fórn af þeirra hálfu ef það yrði til samkomulag að við höldum okkur við fyrri skilgreiningu en það virðist vera svo óskaplega mikilvægt fyrir stjórnarliða að þessi formbreyting fari fram. Ef þetta er bara formbreyting og hefur engin áhrif, hvers vegna ganga menn þá fram með þessum hætti og gera það að aðalatriði þess máls sem hér um ræðir að breyta forminu hvað þetta varðar? Hvernig stendur á því? Ég held að það þurfi að koma fram í þeirri umræðu sem eftir er og menn hafa nógan tíma til að útskýra það.

[15:57]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur haldið fimm klukkustunda langa ræðu um það málefni sem við fjöllum hér um, frumvarp til nýrra vatnalaga og heildarendurskoðun á þeim lögum. Hv. þingmaður hefur haldið því fram í þessari umræðu og í sinni löngu ræðu að Framsóknarflokkurinn væri á einhverri frjálshyggjuleið í þessum efnum. Ég fór yfir það í ræðu minni við upphaf þessarar umræðu, 2. umr. um þetta mál, að hér er ekki um neina stefnubreytingu að ræða. Framsóknarflokkurinn hefur staðið vörð um réttindi landeigenda áratugum saman, allt frá stofnun hans. Það hefur ekkert breyst og engin stefnubreyting á sér stað með því frumvarpi sem hér um ræðir enda þótt hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar vilji gefa annað í skyn.

Ég hef farið yfir álit Karls Axelssonar, að hér sé einungis um formbreytingu að ræða en ekki stefnubreytingu. Ég get vitnað hér í rit Þorgeirs Örlygssonar um eignarhald á landi og náttúruauðlindum þar sem segir á bls. 585 í því riti, þar sem hann fer yfir 49. gr. núgildandi vatnalaga sem ég ætla svo sem ekki að fara nánar í, með leyfi forseta:

„Réttarframkvæmdin hefur og til fulls viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar, og dómstólar hafa talið landeigendur eiga eignarrétt að vatni á landi sínu."

Áfram heldur Þorgeir Örlygsson:

„Þegar til þess er litið sem að framan segir er ljóst að við setningu vatnalaga 1923 var með ótvíræðum hætti tekið af skarið um það að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta orku þeirra vatna sem um landareignir þeirra renna. Vatnsréttindi eru samkvæmt því með sama hætti og jarðefni og jarðhiti undir yfirborði eignarlanda þáttur í eignarrétti landeigenda sem verndar nýtur skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar."

Að þessari niðurstöðu hafa flestallir sérfræðingar á þessu sviði komist á 20. öldinni, alveg sama (Forseti hringir.) hvað hv. stjórnarandstaða heldur fram í fimm tíma löngum ræðum hér á Alþingi, hæstv. forseti. (Forseti hringir.)

[16:00]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vatnalögin gengu út frá þeirri skilgreiningu sem ég vitnaði til áðan. Allar greinar vatnalaga sem um þetta hafa gilt hafa orðið til þess að ákveðin framkvæmd hefur komið og staðist tímans tönn. Sú framkvæmd er öll á þann veg að landeigendur hafi möguleika og rétt til að hagnýta sér orkulindir, hagnýta sér vatnið og þau gæði sem á landi þeirra eru. Það er engin þræta um þetta.

Hins vegar stendur hvergi í vatnalögum og var frá upphafi ákveðið að ekki skyldi vera þar, að landeigendur ættu vatnið. Þeir sem vilja ráða hér í pólitík nú á dögum telja allt í einu að það sé svo óskaplega mikilvægt að vatnið skuli vera séreign en ekki hagnýtingarrétturinn á vatninu. Um það snýst deilan og hún kann að virka mjög ankannalega í augum margra.

Ég tel hins vegar mjög óvarlegt að breyta skilgreiningunni. Ég er ekki á þeirri skoðun að það sé augljóst hvað af því leiðir. Hins vegar er ástæða til þess að velta því t.d. fyrir sér hvort sá sem á allt vatnið sem er á hans landi geti ekki farið að mótmæla því að settar séu á það þær hömlur sem eru í lögum núna. Það er nefnilega munur á að eiga eða eiga hagnýtingarrétt. Það kann vel að vera að það að breyta lögunum og skilgreiningunni með þessum hætti muni hafa afleiðingar sem enginn sér fyrir í dag.

[16:02]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum rakið það, hv. stjórnarliðar, að það er að meginefni til sameiginleg niðurstaða sérfræðinga í eignarrétti á 20. öldinni að vatnsauðlindin er skilgreind sem eignarréttindi landeigenda. Hv. stjórnarandstæðingar hafa ekki sýnt fram á neitt annað en að þetta sé álit sérfræðinga þjóðarinnar á 20. öldinni, og ég bíð eftir því að fá þann rökstuðning.

Við erum að samræma löggjöf til samræmis við lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu frá árinu 1998 þar sem skilgreiningin er fyrir hendi. Ég held að það sé ágætt að samræma löggjöfina og ég get ekki séð að landið hafi farið á annan endann þrátt fyrir að þeim lögum hafi verið breytt frá 1998 enda er engin efnisleg breyting. (**MÁ:** Hvaða máli skiptir þetta þá?)

Ég velti því fyrir mér, hæstv. forseti, þegar hv. þm. Jóhann Ársælsson segir að vatnið eigi að vera eign þjóðanna, þetta sé ekkert endilega eign okkar Íslendinga, eins og hv. þingmaður nefndi í fimm tíma langri ræðu sinni áðan. Er það þá þannig, skil ég hv. þingmann rétt að hann telji að vatnsauðlind Íslendinga eigi ekki að vera í eigu Íslendinga heldur þjóðanna í heiminum? Ef hann telur að vatnsréttindi landeigenda og Íslendinga eigi að heyra undir önnur þjóðríki og önnur lönd þannig að Bandaríkjamenn gætu farið að sigla hingað og tekið vatn í stór skip og annað slíkt. Ef hann heldur því fram erum við gjörsamlega á andstæðri skoðun.

Því miður virkar málflutningur Samfylkingarinnar út og suður í málinu og því miður náði hv. þingmaður ekki í fimm tíma langri ræðu sinni að skýra stefnu Samfylkingarinnar í þessum málaflokki.

[16:04]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst þetta afar undarleg ræða. Ég hef ekki haldið því fram að búa ætti til einhver sérstök hugtök um hver ætti vatnið. Aðalatriðið er að vatn er ekki í eigu neins. Hagnýtingarrétturinn er í eigu þeirra sem hann hafa, eru eigendur að landi. Það er mjög fáránlegt að halda því fram að einhverjir geti komið til Íslands af því að Samfylkingin haldi því fram að vatnið sé ekki séreign. Vatn er ekki séreign og hefur ekki verið það í lögunum. Hvernig í ósköpunum geta menn haldið því fram að séreignarstefnan hafi orðið ofan á þegar niðurstaðan varð önnur? Niðurstaðan í lögunum 1923 var sú að séreignarstefnan yrði ekki ofan á. Þó svo einhverjir hafi þá skoðun í dag að séreignarstefnan hafi orðið ofan á af því að dómaframkvæmd hafi sýnt þetta eða hitt er bara ekki rétt. Niðurstaðan er sú árið 1923 að séreignarstefnan verður undir.

Hins vegar er ljóst að niðurstaðan er sú að hagnýting eignaraðila á löndum er varin. Menn geta nýtt sér vatnið, menn geta nýtt sér auðlindirnar í sínu landi, um það eru ekki deilur. Hins vegar er engin ástæða til þess að breyta skilgreiningunni á vatni yfir í eignarhald frekar en bara loftinu eða fuglunum sem fljúga yfir landareignunum.

[16:06]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir yfirgripsmikla og góða ræðu um þetta mikilvæga mál sem liggur fyrir þinginu, frumvarp til vatnalaga. Til þess að það sé á hreinu þá leggjum við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að frumvarpinu verði vísað frá enda er það meingallað. Bara það að það skuli heita Frumvarp til vatnalaga er misskilningur vegna þess að frumvarpið er augljóslega samið í iðnaðarráðuneytinu og með hagsmuni virkjanasinna að leiðarljósi.

Strax í markmiðslýsingu, 1. gr., segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns."

Reyndar má fjalla um það í löngu máli hvernig ríkisstjórnarflokkarnir skilgreina sjálfbæra nýtingu vatns.

Það sem vantar í þessu frumvarpi til vatnalaga — sem er auðvitað ekki frumvarp til vatnalaga — er að aðeins er talað um nýtingu á vatni í mjög þröngum skilningi. Það er ekki verið að tala um verndun á vatni, það er ekki verið að hugsa um náttúruna í frumvarpinu. Miðað er við virkjanir.

Þetta er mjög mikilvægt mál, vatn. Vatn er eitthvað sem snertir okkur öll á einn eða annan hátt. Vatn er sennilega eitt mikilvægasta efni jarðarinnar. Þetta er ekkert venjulegt efni sem við fjöllum um. Það hefur margoft verið ítrekað að þetta er sameiginleg arfleifð mannkyns og það er afar mikilvægt að við hugsum fyrst og fremst um verndunarsjónarmið þegar við fjöllum um vatn. Því hefur jafnvel verið haldið fram að vatn sé margfalt mikilvægara efni en t.d. olía. Stríð síðustu ára, áratuga og alda hafa verið háð út af völdum og auðvitað út af olíu og jafnvel má búast við því að stríð framtíðarinnar verði háð út af vatni.

Við Íslendingar búum svo vel að við eigum nóg af

hreinu vatni en hversu lengi vitum við ekki. Hins vegar er það árátta hjá núverandi ríkisstjórn að einkavæða allt og þetta er liður í þeirri áráttu, að vatn tilheyri einhverjum ákveðnum og einhver eigi vatnið, ekki bara vatnið í jörðinni undir landinu heldur líka vatnið sem rennur hjá. Ef á rennur í gegnum landareign þá á eigandi landsins, samkvæmt vatnalögunum, vatnið sem rennur fram hjá. Hann eignast það um leið og það kemur í landið og síðan á hann það ekki lengur þegar það rennur út úr landinu.

Þetta kemur skýrt fram í 2. grein um gildissvið:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

Jafnvel í loftkenndu formi. Þá getur maður velt fyrir sér: andrúmsloftið er auðvitað að stórum hluta vatn, gufa. Á þá eigandi jarðarinnar andrúmsloftið? Þetta er afar furðuleg og einkennileg nálgun.

Í haust var haldin merkileg ráðstefna sem bar yfirskriftina „Vatn fyrir alla". Fjölmörg samtök komu að þeirri ráðstefnu, Landvernd, þjóðkirkjan, BSRB, Menningar- og fræðslusamband íslenskra kvenna, Kennarasamband Íslands, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og Náttúruverndarsamtök Íslands.

Mig langar til að lesa aðeins upp úr sameiginlegri yfirlýsingu ráðstefnunnar, með leyfi forseta:

„Undirrituð samtök vilja með sameiginlegri yfirlýsingu þessari vekja athygli ríkisstjórnar, sveitarstjórna, stofnana, fyrirtækja og almennings á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum. Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hugsa verður til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi.

Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn. Undirrituð samtök telja að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi, eins og kveðið er á um í samþykktum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur undirgengist. Sérhver maður á því rétt á aðgengi að hreinu drykkjarvatni og vatni til hreinlætis og heimilishalds.

Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru.

Nýting vatns skal vera sjálfbær og aðgengi að því tryggt með lögum fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Það er skylda stjórnvalda að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar."

Svo kemur grein um að vatnsveitur verði reknar á félagslegum grunni:

„Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja verndun vatns sem náttúruverðmæta sem og að tryggja hollustu og dreifingu vatns til allra þjóðfélagsþegna með fjárfestingu í mannvirkjum og mengunarvörnum. Vatnsveitur verði því reknar á félagslegum grunni, taki mið af almannahagsmunum og tryggi rétt einstaklinga til nægilegs hreins vatns til drykkjar og hreinlætis á viðráðanlegu verði. Það er jafnframt hlutverk stjórnvalda að tryggja að við nýtingu vatns verði öðrum náttúruverðmætum ekki spillt.

Stjórnvöldum ber að tryggja almenningi aðgengi að öllum upplýsingum er varða verndun og nýtingu vatns og stuðla að aukinni virkni almennings og meðvitund um mikilvægi vatns, náttúru og réttrar umgengni við landið.

Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns sem og lögum er varða verndun vatns og náttúru.

Til að tryggja skilvirka verndun og nýtingu vatns ber stjórnvöldum að skipuleggja stjórnsýslu þannig að eðlilegt jafnvægi sé á milli þessara þátta og réttar einstaklinga til aðgengis að vatni."

Þetta er einmitt grundvallaratriðið, að allir eiga rétt á vatni og landeigendur eiga að hafa að sjálfsögðu nýtingarrétt á vatni en það er hins vegar spurning hvort þeir eigi að eiga vatnið. (Gripið fram í.)

Það er dálítið skemmtilegt að Morgunblaðið fjallaði um þessa ráðstefnu í nokkuð ítarlegu máli og meira að segja var leiðari skrifaður í Morgunblaðinu um þetta.

Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Tilgangur einkavæðingar er fyrst og fremst að tryggja neytendum betri þjónustu og kjör með tilstuðlan samkeppni, ekki að færa einokun frá einni hendi yfir á aðra. En það hlýtur einnig að vera mikið álitamál hvort hægt sé að einkavæða auðlind á borð við vatn og má yfirfæra þá umræðu yfir á umræðuna um auðlindir hafsins og spyrja hvort ekki sé rétt að líta á vatn sem þjóðareign. Nú stendur yfir nefndarstarf um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Rétt er að við þá endurskoðun verði áskorunin, sem kemur fram í yfirlýsingu félagasamtakanna fyrir helgi" — og ég las hérna upp áðan — „um vatn fyrir alla, tekin til alvarlegrar skoðunar. Þótt á Íslandi sé gnægð vatns verða Íslendingar að sýna að þeir kunni að umgangast þessa mikilvægu auðlind af virðingu og alúð."

Ég fagna því að sjálft Morgunblaðið tekur í sama streng og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og þessi fjölmörgu samtök sem stóðu fyrir ráðstefnunni um Vatn fyrir alla.

Iðnaðarnefnd bárust fjölmargar athugasemdir frá hinum og þessum sem ég tel rétt að fara yfir í nokkru máli vegna þess að þar kom fram mjög skýr gagnrýni á frumvarpið. Ég ætla að byrja á því að fara yfir umsögn frá hópi samtakanna, Vatn fyrir alla. Þar kemur afstaða þeirra mjög skýrt fram.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Efni: Umsögn um frumvarp til vatnalaga, þskj. 281.

Eftirfarandi samtökum, BSRB, þjóðkirkjunni, Kennarasambandi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, Unifem á Íslandi, Mannréttindaskrifstofu Íslands, MFÍK, Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Náttúruverndarsamtökum Ís-

lands, Landssambandi eldri borgara, SÍB – Samtökum starfsfólks fjármálafyrirtækja, UMFÍ og Landvernd sem hafa skrifað upp á meðfylgjandi yfirlýsingu „Vatn fyrir alla“ hefur borist til umsagnar frumvarp til vatnalaga, lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006. Ekki vannst tími til að leggja fram sameiginlega umsögn um frumvarp til vatnalaga frá öllum samtökunum sökum þess hve stuttur tími var gefinn til umsagnar, auk þess sem einhver samtakanna munu væntanlega skila eigin umsögn. Eftirfarandi samtök standa sameiginlega að þessari umsögn um frumvarp til vatnalaga; BSRB, SÍB – Samtök starfsfólks fjármálafyrirtækja, UMFÍ – Ungmennafélag Íslands, Landssamband eldri borgara, KÍ – Kennarasamband Íslands, MFÍK, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Öryrkjabandalag Íslands og Náttúruverndarsamtök Íslands.

Í eftirfarandi sameiginlegri yfirlýsingu kemur fram meginafstaða samtaka þeirra sem að þessari umsögn standa til vatns og hvernig beri að skipa málum er vatn snerta. Ber að líta á efni yfirlýsingarinnar sem hluta af umsögn samtakanna um frumvarp til vatnalaga.“

Síðan kemur yfirlýsing um Vatn fyrir alla, en þar á eftir kemur umsögnin og nánari athugasemdir.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi til vatnalaga er sú meginbreyting gerð að rétti til umráða og hagnýtingar á því vatni sem á landareign finnst, er umbreytt í óskoraðan eignarrétt.“ — Þetta er einmitt það sem við höfum verið að benda á en stjórnarflokkarnir og meiri hlutinn í iðnaðarnefnd kallar formbreytingu. — „Um leið er skilgreiningu á vatni breytt, frá því að vera vatn í almennri merkingu (ár, lækir, stöðuvötn) yfir í mun víðtækari merkingu, sbr. 2. gr. frumvarpsins: „Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.“ Samtökin fallast ekki á þá túlkun að þessi breyting sé einvörðungu formsatriði og hafi enga efnislega þýðingu. Mótmæla samtökin þessari breytingu og leggja til að ákvæði 2. gr. vatnalaga frá 1923 standi óbreytt, enda er breytingin í andstöðu við þá skipan vatnsmála sem fram kemur í sameiginlegri yfirlýsingu samtakanna og byggð er á samþykkt Sameinuðu þjóðanna frá 2002, sem Ísland hefur undirgengist. Þar segir m.a. að líta skuli á vatn fyrst og fremst sem menningarleg og félagsleg gæði en ekki sem efnahagsleg gæði.“

Þess má geta að Sameinuðu þjóðirnar útnefndu áratuginn 2005–2015 sem áratug vatnsins. Það væri dálítið sorglegt að í upphafi þessa áratugar værum við á Íslandi að samþykkja lög sem færa eignarhald á vatni til einhverra einstaklinga. Þetta er í algjörri andstöðu við það sem Sameinuðu þjóðirnar stefna að og nágrannalönd okkar hafa verið að gera á síðustu árum og Evrópusambandið hefur líka verið að færa inn í samþykktir sínar.

„Samtökin gera athugasemdir við eftirfarandi atriði.

1. Athugasemd við ætluð markmið lagafrumvarpsins.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir að markmið endurskoðunar vatnalaga hafi hafist 2001 og hafi verið að samræma ákvæði vatnalaga annarri löggjöf sem sett hefur verið á gildistíma laganna, þ.e. frá 1923. Hér verður að hafa í huga að ein meginbreytingin sem nýtt frumvarp ber með sér, er breyting á afnota- og umráðarétti landeiganda yfir í hreinan eignarrétt.

(a) Þá ber að athuga í fyrsta lagi hvaða lög hafa verið sett á þeim tíma – sem og undir hvaða alþjóðlega sáttmála hefur verið skrifað sem hafa mátt samræma eða stýra þeirri lagasetningu, t.d. samþykkt Sameinuðu þjóðanna um að líta beri á aðgang að vatni sem mannréttindi en ekki hverja aðra verslunarvöru og hvort að það hefur alltaf verið til staðar frá 1923 eitthvað innra samræmi í lagasetningunni sem nú er verið að fella ný vatnalög að. Ef slíkt innra samhengi hefur ekki verið til staðar þá er ekki hægt að tala um verið sé að „samræma“ ný vatnalög einhverju, þá er ekkert einsleitt til að færa lagasetningu í samræmi við. Og ef að það eru uppi mismunandi áherslur í lagasetningunni, t.d. í lögum um náttúruvernd (sem snertir vatn) og svo aftur á móti í lögum um auðlindir í jörðu, eða í lagasetningu um vatnsveitur sem setja þær undir félagsmálaráðuneyti og svo í lögum um t.d. Norðurorku, sem færa vatnsveitur undir iðnaðarráðuneyti, þá er ljóst að það „samræmi“ sem talað er um í athugasemdunum er ekki til staðar. Þá hlýtur samræmingin sem stefnt er að að miða við að vatnalög verði í samræmi við ákveðna þætti í völdum lögum eða ákveðna valda lagabálka.“

Hérna kemur síðan mjög mikilvægur þáttur, sem dálítið hefur verið fjallað um og mikið fjallað um í iðnaðarnefnd.

„(b) Þá er það hlutleysis og faglega yfirbragð sem gefið er í skyn með því að aðeins sé verið að vinna að samræmingu við aðra löggjöf falskt. Þá má ljóst vera að markmiðin eru önnur og ákveðnari og sett annaðhvort í pólitísku skyni eða til að koma til móts við ákveðna hagsmuni, sem ekki eru taldir hafa verið nægilega tryggðir hingað til. Þá er spurningin hverra hagsmuni er þarna verið að gæta.

(c) Fróðlegt er í því sambandi að sjá hvaða hagsmunaaðila ráðherra taldi rétt að kalla að lagasmíðinni, en það voru m.a.“ — og takið nú vel eftir — „fulltrúi Bændasamtaka Íslands, fulltrúi Orkustofnunar, lögfræðingur Orkuveitunnar sem fulltrúi Sambands sveitarfélaga, auk fulltrúa Samorku. Ekki var leitað til annarra samtaka sem hafa hér augljósra hagsmuna að gæta, hvort sem eru náttúruverndarsamtök, mannréttindasamtök, neytendasamtök, verkalýðssamtök eða önnur þau samtök og aðilar sem gæta almannahagsmuna.“

Þetta er nú dálítið áhugavert. Það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar var að þetta lagafrumvarp er greinilega samið með hagsmuni iðnaðarráðherra í huga fyrst og fremst. Það er nú dálítið skrýtið að hvorki skuli vera talsmenn neytenda eða Neytendasamtök eða mannréttindasamtök höfð með í ráðum þegar er verið að semja lagafrumvarpið. Þeim er auðvitað gefinn eftir á kostur á að koma með athugasemdir en síðan er ekkert hlustað á þær athugasemdir eins og við sjáum, ekki hlustað á þær að neinu leyti.

Síðan eru gerðar athugasemdir við eignarréttarákvæði:

„Í II. kafla, 4. gr. segir: „Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur.“ Vatn er endurskilgreint með mjög víðtækum hætti sbr. 2. gr. frumvarpsins: „Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi ...“

(a) Með því að breyta umráðarétti og hagnýtingarrétti á vatni í kláran eignarrétt er stigið skref í þá átt að skilgreina vatn sem einkaeign viðkomandi landeiganda, hvort sem um er að ræða bændur, einkaaðila eða fyrirtæki stór eða smá. Að sumra mati kann það skref að vera óafturkræft, þó um það megi deila. Samkvæmt skilgreiningu á eignarrétti í víðtækustu merkingu, samanber Björn Þ. Guðmundsson, er átt við að „rétthafinn hafi einn heimild til umráða og ráðstöfunar verðmæta". (Björn Þ. Guðmundsson, Lögbókin þín, bls. 93.)

(b) Í 1. gr. vatnatilskipunar Evrópusambandsins, sem til stendur að taka upp (a.m.k. að hluta) hér á landi innan skamms, segir: „Vatn er ekki eins og hver önnur verslunarvara, heldur öllu frekar sameiginleg arfleifð, sem verður að vernda, verja og meðhöndla sem slíka." Ofangreind breyting á eignarrétti á vatni gengur augljóslega þvert gegn vatnatilskipun Evrópusambandsins sem leggur áherslu á að vatn sé sameiginleg arfleifð en ekki einkaeign tiltekinna einstaklinga, hópa eða fyrirtækja.

(c) Í athugasemdum við frumvarpið er mikil áhersla lögð á rökfærslu fyrir því að samkvæmt vatnalögum 1923 sé umráð og hagnýtingarréttur á vatni jafngildur hefðbundnum eignarrétti og því sé hér um formbreytingu að ræða en ekki efnislega. Segir í athugasemdum við nýju vatnalögin að algengt sé að telja einstakar heimildir eða þætti eignarréttar yfir fasteignum sem sérstök réttindi, t.d. vatnsréttindi eða rekaréttindi. Af því leiðir að vatnsréttindi séu flokkuð sem sérstök eignarréttindi að fasteign. Hér má spyrja hvort ekki sé frekar um að ræða takmörkuð afnotaréttindi byggð á eignarrétti á landinu sem eðli málsins samkvæmt skapar ýmis afnot. Það er ekkert því til fyrirstöðu að sá skilningur sé hafður uppi þegar vatnalögin eru lesin, sem og ef vatn er talið og skilgreint sem sérstakt fyrirbæri, t.d. samkvæmt stjórnarskrá, alþjóðasáttmálum eða samkvæmt skilningi löggjafans á þeim tíma sem lög voru sett. Og við lagasetninguna var tekist á um tvö meginsjónarmið, annars vegar hvort líta ætti á vatn sem einkaeign, hins vegar hvort það ætti að vera í þjóðareign, með afnotum fyrir einstaklinga.

(d) Rökin sem eru notuð í athugasemdunum eru m.a. þau að „um sé að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir á vatni sem máli skipta, þar með talinn rétt til orkuvinnslu sbr. 49. gr." ... og er vitnað í hana með eftirfarandi hætti: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ?" Í athugasemdunum er hins vegar sleppt þeim skilyrðum sem koma í beinu framhaldi í sömu setningu, sem hljóta að teljast vera á skjön við almenna skilgreiningu á eignarrétti. Þessar takmarkanir eru m.a. að „enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, (III. kafli fjallar um vatnsnotkun til heimilis og bústarfa og IV. kafli um áveitur) né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi."

Þá segir í upphaflegu lögunum í gr. 49 lið 2. „Eigi má umráðamaður vatnsréttinda virkja hluta af fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl, nema leyfi ráðherra komi til, og í þriðja lagi má binda leyfi þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkja, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni, þar á meðal sérstaklega það, að unnt verði seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í héraði því eða landshluta, sem orkuverið eða veitan er í. Enn fremur má setja skilyrði um það, að almenningi í nágrenni við veituna sé veittur kostur á orku úr henni.""

Þetta er nú dálítið athyglisvert úr þessum gömlu góðu lögum frá 1923. Svo segir, með leyfi forseta:

„Hér er augljóst að almannahagsmunir voru hafðir í huga við setningu laganna 1923 sem afmarka mjög það sem kalla mætti eignarrétt í hefðbundnum skilningi." — Og þetta verða nú fulltrúar meiri hlutans að viðurkenna. — „Það sem er kannski meira um vert er að þessi tilvitnaði liður var felldur út úr vatnalögum og færður undir raforkulög. Með öðrum orðum þá er raforkuþáttur vatnsréttinda talinn það sértækur að um hann hafa verið samin sérstök lög þar sem kveðið er á um rétt landeiganda og annarra til að reisa orkuver að fengnu leyfi ráðherra. Því má segja að það séu ekki vatnalög sem segi til um þennan afmarkaða hagnýtingarrétt á vatni, heldur raforkulög. Það er því varla hægt að finna í þessari grein vatnalaga réttlætingu á því að telja megi afnotarétt landeiganda að vatni fullgildan eignarrétt.

(e) Í athugasemdum við frumvarpið er sagt að vatnsréttindi fasteignaeiganda takmarkist af efni vatnalaganna sjálfra og þar sé „ekki að finna almenna reglu um það hver hafi heimild til þeirra vatnaafnota sem fasteignaeigandi ber ekki." Hér er í fyrsta lagi viðurkennt að fasteignaeigandi ber ekki full afnot af vatni sem á landi hans er. Í öðru lagi segir í athugasemdunum sjálfum að „vatnsréttindi ríkisins [séu] að því leyti víðtækari en vatnsréttindi annarra að þau taka til allra vatnsnota sem engum öðrum eru heimiluð." Það er því rökrétt að álykta að í fyrsta lagi er afnotaréttur landeiganda að vatni takmarkaður og þar með vatnsréttindi hans og í öðru lagi að sá réttur sem út af stendur, hvort sem er varðandi vatnsréttindi landeiganda sjálfs, en einnig á landareignum sem ekki eru háðar eignarrétti lögaðila (einskismannslandi), sem og á þjóðlendum, að sá réttur er í hendi ríkisins, þjóðarinnar. Vatn er því sameign þjóðarinnar. Hér má einnig benda á 11. gr. vatnalaga en þar segir: „Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús, þar sem landeiganda er meinlaust, svo og að nota vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, enda fari það eigi í bága við lög, samþykktir eða annað lögmætt skipulag." Hvernig fellur þetta að skilgreiningunni á eignarrétti sem segir að rétthafinn hafi einn heimild til umráða og ráðstöfunar verðmæta? Í lögunum frá 1923 er landsmönnum veittur réttur til afnota af vatni, sem eigandi lands með vatnsréttindum getur ekki selt eða ráðstafað.

(f) Sú aðgerð að færa vatn úr sameign yfir í einkaeign er líkleg til að gera vatnsvernd erfiðari þar sem opinbert inngrip í nýtingu og meðferð vatns kann að stangast á við eignarrétt sem er varinn í stjórnarskrá. Rétt er þó að minna á að helgi eignarréttar er ekki takmarkalaus. Í 72. gr. stjórnarskrá segir: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf

krefji.“ Sérhver aðgerð sem kann að gera náttúruvernd erfiðari verður að vera rökstudd mjög vel. Í greinargerð með frumvarpinu er m.a. rætt um að vatnalög taki eðlilega bæði til allsherjarréttar og einkaréttar:

Lögin [frá 1923] tóku jafnt til einkaréttarlegra hagsmuna eigenda vatnsréttinda og almannahagsmuna. Þannig falla lögin bæði innan sviðs allsherjarréttar og einkaréttar. Reglur allsherjarréttarins eru fyrst og fremst settar til verndar hagsmunum samfélagsins í heild, t.d. náttúruvernd, en reglur einkaréttarins eru settar til verndar tilteknum einstaklingshagsmunum, þótt engan veginn sé flokkun þessi einhlít.

Sú stefnubreyting sem boðuð er með núverandi frumvarpi gengur út á að gera einkarétt á vatni hærra undir höfði en allsherjarrétti, þ.e. að setja hagsmuni einkaaðila ofar almannahagsmunum. Það er skoðun samtakanna að í tilviki vatns sé slík forgangsröðun óásættanleg, þegar vatn sé annars vegar skipti almannahagsmunir meira máli en einkahagsmunir.“ — Ég hélt að þetta væri nú eitthvað sem við gætum öll verið sammála um. — „Þessi afstaða endurspeglast í vatnatilskipun Evrópusambandsins og í mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

(g) Eignarréttarákvæði í II. kafla, 4. gr. virðist ekki vera í samræmi við aðrar greinar í kaflanum. Þannig segir t.d. í 5. gr.: „Fasteignaeigendur sem hafa aðgang að sama vatni eiga sama rétt til þess í hlutfalli við þá nýtingu sem er gerleg á eða fyrir landi þeirra. Ef ekki verður samkomulag um nýtingu skal skera úr með mati dómkvaddra matsmanna.“ Hér virðist gert ráð fyrir nýtingarrétti á vatni frekar en eignarrétti. Ef eignarréttarákvæðið í 4. gr. ætti að ráða ferðinni væri eflaust nær að tala um hlutfallslega eign frekar en gerlega nýtingu. Svipaða sögu er að segja um aðrar greinar II. hluta. Því virðist ávinningur þess að setja eignarréttarákvæði í 4. gr. óljós þótt ekki sé litið til annars en annarra greina frumvarpsins.

(h) Mjög óljós ávinningur er af því að færa vatn úr sameign í einkaeign og því er breytingin ekki rökstudd með fullnægjandi hætti. Af ofangreindu er ljóst að sú staðhæfing í rökstuðningi með frumvarpinu að „leggja [verði] áherslu á að hér [þ.e. með breytingu á eignarréttarákvæðinu] er um formbreytingu að ræða en ekki efnislega breytingu á inntaki eignarráða fasteignaeiganda yfir vatni“ fæst ekki staðist. Breytingin er miklu meira en formbreyting.

(i) Þó að það megi augljóslega deila um túlkun á vatnalögunum frá 1923, þá er það ljóst að verði orðið við kröfu þeirra samtaka sem að yfirlýsingunni „Vatn fyrir alla“ stóðu, um að ákvæði er varða vatn sem mannréttindi, að lög um vatnsnýtingu hljóti að taka mið af lögum um vatnsvernd sem og að vatnsveitur verði reknar á félagslegum grunni verði sett í stjórnarskrá, þá hlýtur að koma til heildstæð endurskoðun á lögum um vatn í heild sinni. Það hlýtur því að vera krafa að endurskoðun vatnalaganna feli í sér aukna áherslu á almannarétt og að horfið verði frá því að vatn teljist einkaeign þeirra landeiganda sem það finnst á.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafa haldið því fram að ríkið verði þar með skaðabótaskylt að einhverju leyti. En sumir lögfræðingar sem komu fyrir nefndina töldu svo ekki vera.

Svo segja samtökin sem stóðu að yfirlýsingunni Vatn fyrir alla eftirfarandi um stjórnsýslulega stöðu laganna. Ég ætla aðeins að fara yfir það, með leyfi forseta:

„Samtökin gera athugasemd við að vatnalög, þ.e. einu heildarlögin um vatn, falli undir iðnaðarráðuneytið en ekki umhverfisráðuneytið.

Í I. kafla, 1. gr. segir: „Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns. Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er.“

Af 1. gr. má sjá að lögin taka ekki bara til nýtingar á vatni í atvinnuskyni heldur til „hvers kyns nýtingar.“ Einnig segir að markmið laganna sé sjálfbær nýting vatns. Í IX. kafla, 34. gr. sem fjallar um stjórnsýslulega stöðu laganna segir svo:

„Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til iðnaðarráðherra. Um meðferð máls fer samkvæmt stjórnsýslulögum.“

Í 35. grein segir svo:

„Skylt er að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir í eða við vötn vegna vatnsnýtingar, þar á meðal framkvæmdir sem ekki eru leyfisskyldar samkvæmt þessum lögum eða öðrum. ...

Orkustofnun er heimilt að setja skilyrði fyrir framkvæmdum og starfsemi sem taldar eru nauðsynlegar af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að framkvæmdir eða starfsemi geti spillt þeirri nýtingu sem fram fer í vatni eða möguleikum á að nýta vatn síðar. Heimild Orkustofnunar til þess að setja slík skilyrði nær þó ekki til framkvæmda og starfsemi á friðlýstum svæðum sem háðar eru leyfi Umhverfisstofnunar.“

Með því að fella einu heildarlögin um vatn undir iðnaðarráðherra og gera Orkustofnun að helsta eftirlitsaðila með þeim er lögð áhersla á nýtingu vatns frekar en verndun. Verndunarþátturinn, t.d. það sem lýtur að friðlýstum svæðum, kemur inn sem undantekning frá þeirri meginreglu að vatn sé auðlind sem beri að nýta.

Samtökin telja eðlilegra að verndunarsjónarmið standi nýtingarsjónarmiðum framar. Þar með væri eðlilegt að vatnalög heyrðu undir umhverfisráðuneytið og að Umhverfisstofnun væri helsti eftirlitsaðili með lögunum. Það er í raun mjög sérkennilegt að Orkustofnun, sem er sérfræðistofnun á sviði orkumála, skuli eiga að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, þar sem þær framkvæmdir sem líklegar eru til að spilla vatnakerfum hafa oft ekkert með orkumál að gera. Nærtækast er að nefna framræsingu mýra í þessu sambandi.“

Í iðnaðarnefnd var talað um að það kæmu kannski bara seinna einhver lög um verndun vatns, þau mundu þá falla undir umhverfisráðuneytið. Við spurðum á móti: Er þá ekki eðlilegt að þessi lög séu öll tekin fyrir á sama tíma eða er einhver ástæða til þess að klippa þetta í sundur? Vatnalögin frá 1923 tóku yfir þetta allt saman og það er mjög eðlilegt að halda því þannig áfram.

Svo gera samtökin athugasemd við samningu laganna og það er mikilvægt að fara aðeins betur ofan í þá hluti:

„Samtökin átelja hversu skammur tími hefur verið gefinn til umsagnar um frumvarp til vatnalaga, auk þess sem samtökin gera alvarlegar athugasemdir við hversu þröngur hópur hagsmunaaðila var kallaður að samningu frumvarpsins. Það er alls ekki um það deilt að Orkustofnun er fagaðili á sviði tiltekinnar vatnsnýtingar eða að Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samorka eigi augljósra hagsmuna að gæta.

a. Þess ber að gæta að frumvarpið er grundvallarfrumvarp er fjallar um grundvallarforsendu lífs á jörðunni, vatn og aðgang að vatni sem Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint sem grundvallarmannréttindi og því telja undirrituð samtök ámælisvert að ekki skuli hafa verið leitað til annarra aðila sem einnig hafa hér augljósra hagsmuna að gæta, hvort sem er náttúruverndarsamtök, mannréttindasamtök, neytendasamtök, verkalýðssamtök eða önnur þau samtök og aðilar sem gæta almannahagsmuna.

b. Samtökin telja ámælisvert að lög, sem færa mikilsverðar auðlindir úr sameign í einkaeign, skuli ekki samin með aðkomu stærri og margbreytilegri hóps. Ekki er hægt að skilja vinnulagið við samningu frumvarpsins öðruvísi en svo að litið sé á að hagsmunaaðilar séu fyrst og fremst þeir sem séu líklegir til að gera vatn að verslunarvöru eða hafa eftirlit með stórfelldri nýtingu vatns. Enn virðast því verndunarsjónarmið og hagsmunir almennings víkja fyrir nýtingarsjónarmiðum og sérhagsmunum. Samtökin telja slíka mismunum óásættanlega en sérstaklega átelja þau að slík mismunun sé ekki einungis útkoma úr vinnu við frumvarpið heldur hafi verið gert ráð fyrir henni frá upphafi. Þetta þýðir að þeim, sem er mismunað, var ekki gefinn sanngjarn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Þess vegna telja samtökin ekki einasta að niðurstaðan, þ.e. frumvarpið, sé óréttlát, heldur hafi málsmeðferðin, ferlið við samningu frumvarpsins verið óréttlát."

Að lokum segir í þessari greinargerð þessar fjölmörgu samtaka:

„Að teknu tilliti til þessara athugasemda leiðir að forsendur framlagningar frumvarps um vatnalög í óbreyttu formi eru brostnar og leggja undirrituð samtök því til að frumvarpið verði dregið til baka. Frekari ástæður fyrir þeirri kröfu má leiða af efni yfirlýsingar samtakanna, en þar er farið fram á heildstæða og samræmda framsetningu laga er snerta vatn, og áhersla er lögð á að lög um nýtingu vatns, eins og frumvarpið um vatnalög er dæmi um, verði ávallt að taka mið af lögum um vatnsvernd. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja að aðgangur að vatni verði tryggður fyrir komandi kynslóðir sem grundvallarmannréttindi og forsenda annarra mannréttinda, eins og fjallað er um í ítarlegu máli í samþykkt Sameinuðu þjóðanna.

Hér er verið að setja lög um vatnsnýtingu sem tryggir einkaeignarrétt á vatni, sem er sameiginleg arfleifð mannkyns og grundvallarmannréttindi og hefur Ísland staðfest það með samþykkt sinni að yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Því er augljóslega verið að byrja á röngum enda í lagasetningu og festa í sessi skipan sem er öndverð þeirri sem sett er fram í yfirlýsingu undirritaðra samtaka.

Samtökin telja að engin frambærileg rök hafi komið fram um hvers vegna sé nauðsynlegt að leggja fram þetta frumvarp um vatnalög á þessum tímapunkti og sjá því enga ástæðu sem gangi gegn því að þau verði dregin til baka nú." — Það liggur sem sagt ekkert á.

„Undirrituð samtök telja því einsýnt að frumvarpið um vatnalög verði dregið til baka og að öll lög sem snerta vatn, hvort sem um er að ræða lög um vatnsveitur eða jarðrænar auðlindir verði tekin til heildstæðrar endurskoðunar, þar sem efni yfirlýsingarinnar „Vatn fyrir alla" sé haft til hliðsjónar. Enn fremur lýsa samtökin þeirri skoðun sinni að óhjákvæmilega verði að leita til fleiri aðila við þá endurskoðun, en þeirra sem haft var samráð við um samningu frumvarpsins um vatnalög."

Þetta var sem sagt úr umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands, Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna, Kennarasambands Íslands, Landssambands eldri borgara, Ungmennafélags Íslands, Samtaka starfsfólks fjármálafyrirtækja og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það voru reyndar miklu fleiri samtök sem áttu aðild að yfirlýsingunni um „Vatn fyrir alla" en það var afar skammur tími til að gefa umsagnir, eins og er oft um svona umsagnir, og þess vegna gafst ekki tími til að kalla öll samtökin aftur að borðinu.

Fleiri umsagnir voru mjög gagnrýnar á þetta frumvarp. Mig langar til að fara aðeins yfir t.d. umsögn Umhverfisstofnunar og aðeins um forsöguna þar.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Líkt og iðnaðarnefnd er vel kunnugt hafa verið mjög skiptar skoðanir um nefnt frumvarp" — þ.e. frumvarp til vatnalaga — „og Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun gerðu fjölmargar athugasemdir við fyrra frumvarp um sama efni er það var til umfjöllunar Alþingis á síðasta löggjafarþingi.

Við vinnslu fyrirliggjandi frumvarps virðist nefndin sem vann drögin ekki hafa sent þau út í því skyni að leita með formlegum hætti eftir viðbrögðum annarra aðila og taka rökstudda afstöðu til innsendra athugasemda sem lagðar yrðu fyrir ráðherra ásamt frumvarpinu. Umhverfisstofnun vill raunar halda því til haga að fulltrúi nefndarinnar leitaði óformlega til stofnunarinnar á sínum tíma um tiltekin atriði um almannarétt er snerta vatn. Umhverfisstofnun telur það verklag, sem því miður er ekkert einsdæmi, að nefndir skili frumvarpstexta til ráðherra án þess að hafa sjálfar leitað eftir viðbrögðum með formlegum hætti úti í samfélaginu sé mjög vandmeðfarið. Slíkt á einkanlega við þegar verið er að leggja til breytingar á löggjöf sem kunna að snerta eða skarast á við verkefni sem aðrir aðilar innan stjórnsýslunnar eru að sinna. Þegar þannig háttar og eftir að frumvarpið hefur verið lagt fram má reikna með að umræður um efni þess fari eingöngu fram á Alþingi. Hætt er við að umræðan verði mun harðari en hún þyrfti að vera ef ekki er búið að ræða framkvæmdar- og tækniatriði þess á fyrri stigum og sem flest sjónarmið þess liggja fyrir. Umhverfisstofnun telur að umrætt frumvarp til vatnalaga hafi goldið þessa verklags.

Umhverfisstofnun fer m.a. með framkvæmd náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, og laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í þessum lögum er m.a. kveðið á um almannarétt, umsagnir um mat á umhverfisáhrifum, leyfisveitingar til mengandi starfsemi og verndun vatns. Þegar Umhverfisstofnun veitir umsagnir horfir hún til

þeirra verkefna sem henni eru falin og þegar frumvarpið kom fram taldi hún nauðsynlegt að gera við það verulegar athugasemdir. Í umræðum sem fylgdu framlagningu frumvarpsins á síðasta þingi var það nefnt að Umhverfisstofnun hefði verið að tjá sig um pólitísk atriði. Umhverfisstofnun er stjórnsýslustofnun og hún harmar að hafa dregist inn í atburðarás með þeim hætti sem var sl. vor. Markmið stofnunarinnar er að standa vörð um þá málaflokka sem henni er trúað fyrir og leiðbeina löggjafanum þegar fjallað er um mál er hana varða út frá faglegu sjónarmiði. Það var ekki og er ekki ætlun stofnunarinnar að taka þátt í pólitískri umræðu sem kjörnir fulltrúar sjá um. Umhverfisstofnun hefur farið yfir málin með umhverfisráðuneytinu og fellst á að sumt af því sem kemur fram í umsögninni, einkum í fylgiskjölum með umsögninni, megi skilja þannig að stofnunin væri að taka pólitíska afstöðu varðandi eignarrétt á vatni og hefði orðalag þeirra mátt vera öðruvísi. Í ljósi þessa telur Umhverfisstofnun mikilvægt að árétta hin faglegu sjónarmið sem hún telur nauðsynlegt að löggjafinn þekki áður en hann tekur ákvörðun um lagasetningu.

Þegar Alþingi var frestað sl. vor hafði Umhverfisstofnun að eigin frumkvæði samband við Orkustofnun og gerði tillögu að nokkrum atriðum sem mundu koma verulega til móts við sjónarmið stofnunarinnar. Efnislega voru það þrjú meginatriði sem Umhverfisstofnun lagði til í þeirri umræðu.

1. Betur verði hugað að almannarétti.

2. Leyfisveitanda bæri að horfa til umhverfissjónarmiða við leyfisveitingu á sama hátt og Umhverfisstofnun er skylt að gera við sínar leyfisveitingar.

3. Heimild yrði sett til leyfisveitenda að beita þvingunarúrræðum ef framkvæmdaraðili uppfyllti ekki skilyrði sem sett voru varðandi leyfi.

Jafnframt var því haldið til haga í þeim umræðum að Umhverfisstofnun gerði fyrirvara við heiti frumvarpsins. Þá hafði hún efasemdir um að skilgreining á því til hvaða hluta vatnseignarrétturinn næði og að eignarrétturinn væri mismunandi eftir því hvar í náttúrunni eða hringrásinni vatnið væri skýrði viðfangsefni betur en sú framsetning sem er í gildandi lögum. Loks taldi Umhverfisstofnun eðlilegt að leggja fram og afgreiða samtímis ofangreint frumvarp og frumvarp um lögleiðingu vatnatilskipunarinnar. Hins vegar var það samdóma álit stofnunarinnar að þær umræður væru ekki viðfangsefni milli þessara aðila í viðræðunum.

Í framhaldi af þeim umræðum fór forstjóri Umhverfisstofnunar þann 29. september sl. á fund með fulltrúum umhverfis- og iðnaðarráðuneyta þar sem þessar tillögur voru ræddar. Á fundinum var ákveðið að Umhverfisstofnun kæmi tillögum sínum óformlega til umhverfisráðuneytis og síðan hefðu ráðuneytin samráð sín á milli. Eftir þessu ferli var farið og afraksturinn er eins og fram kemur í framlögðu frumvarpi."

Í umsögn Umhverfisstofnunar, niðurstöðukafla, segir, með leyfi forseta:

„Umhverfisstofnun telur að þeir meginþættir sem eru í umræðu um fyrirliggjandi frumvarp snúi að því að:

verið er að breyta gömlum heildarlögum og láta þau fjalla um afmarkaðan þátt fyrri laga, en undir sama heiti,

skilgreiningu á eignarrétti er breytt, en á sama tíma eru felld niður ákvæði er varða almannarétt,

von er á frumvarpi þar sem ætlunin er að innleiða hluta af svokallaðri vatnatilskipun sem gengur út á að mynda rammalöggjöf um sameiginlega nýtingu vatns, aðgengi almennings að vatni og verndun. Helsta leiðarljós vatnatilskipunarinnar er að vatn er ekki verslunarvara heldur sameiginleg arfleifð sem beri að varðveita sem slíka.

Umhverfisstofnun telur þær breytingar sem orðið hafa á frumvarpinu frá fyrra þingi vera til bóta en að enn standi eftir nokkur mikilvæg atriði. Eftirfarandi athugasemdir verða að skoðast í ljósi þess að enn hefur frumvarp um lögleiðingu vatnatilskipunarinnar ekki komið fram og því ekki búið að samræma löggjöf um nýtingu og verndun vatns.

Hvað varðar aðra liði í umsögn Umhverfisstofnunar, að frátöldum fylgiskjölunum, telur Umhverfisstofnun rétt að þeim sé haldið til haga og þeir verði teknir inn í umræðuna eins og við á. Eins og bent er á í fyrri umsögn stofnunarinnar liggur fyrir að margar af athugasemdum stofnunarinnar yrðu með öðrum hætti ef þetta frumvarp og frumvarpið um lögleiðingu vatnatilskipunarinnar væru lögð fram og afgreidd samhliða.

Umhverfisstofnun gerir meginathugasemdir við sjö eftirfarandi atriði og leggur til að:

1. frumvarp um lögleiðingu vatnatilskipunarinnar verði lagt fram um leið og frumvarp um vatnalög," — það hefur því miður ekki verið gert.

„2. heiti frumvarpsins verði breytt þannig að það gefi betur til kynna efni þess." — Þ.e. að þetta séu ekki vatnalög heldur vatnsnýtingarlög. Það hefur því miður ekki heldur verið gert.

„3. í markmiðskaflann verði sett nánari leiðsögn til leyfisveitanda um að taka skuli mið af umhverfissjónarmiðum,

4. tryggt verði að almannaréttur veikist ekki,

5. telji Alþingi að einungis sé um formbreytingu að ræða varðandi skilgreiningu á eignarhaldi, og sé það ætlun þess að svo verði, telur Umhverfisstofnun að skilgreining sem byggir á orðalagi gildandi laga sé skýrari út frá sjónarmiði náttúrufræða og valdi minni óvissu í túlkun á almannarétti,

6. hugað verði að samræmingu í notkun orðanna landareign og fasteign milli laga þar sem nýting vatns kemur fyrir." — Að lokum gerir Umhverfisstofnun tillögu um breytingu á 35. gr.

Í greinargerð Umhverfisstofnunar er það fyrsti punkturinn að löggjöf til að innleiða vatnatilskipunina hefur ekki verið lögð fram, með leyfi forseta:

„Að mati Umhverfisstofnunar er þessi staðreynd ein helsta ástæða athugasemda stofnunarinnar. Líkt og iðnaðarnefnd er kunnugt er tilskipunin mjög víðfeðm og er ætlað að yfirtaka margháttaðar eldri tilskipanir ásamt því að mynda ramma um heildarnýtingu vatns. Í fylgiskjali er skematísk mynd yfir það sem rammatilskipunin tekur til og nokkur lykilatriða hennar. Umhverfisstofnun telur liggja fyrir að væntanleg rammalöggjöf um vatn og lög sem fjalla um eignarhald og sjálfbæra nýtingu vatns hljóti að taka mið af hvoru öðru."

Annar liðurinn í greinargerðinni hljóðar svo:

„Heiti frumvarpsins gefur til kynna víðfeðmari efni en þar er að finna. Nafngiftin vatnalög vísar til eldri heildar-

laga þar sem fór saman nýting og umgengnisréttur. Framlagt frumvarp inniheldur afmarkaðan þátt fyrri laga og það veldur misskilningi að slík lög beri eldra nafnið. Umhverfisstofnun leggur til að nafninu verði breytt t.d. í:

Lög um eignarhald, skynsamlega og hagkvæma stjórnun vatnamála og sjálfbæra nýtingu vatns,

lög um eignarhald og sjálfbæra nýtingu vatns,

lög um eignarhald og stjórnun vatnamála."

Því miður hefur ekki verið tekið tillit til þessara ábendinga Umhverfisstofnunar í meðförum nefndarinnar og meiri hlutinn hafði engan áhuga á því.

Í þriðja lið greinargerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að þeir sem starfa samkvæmt lögunum hafi skýra leiðbeiningu um þau atriði sem hafa beri í huga við framkvæmd þeirra. Í tilfellum þegar framkvæmdir teljast minni háttar, og sem slíkar undanskildar lögum um mat á umhverfisáhrifum, geta þær engu að síður valdið verulegum skaða á umhverfi. Umhverfisstofnun leggur til meðfylgjandi breytingu á 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Fyrri hlutinn er eins og hann var í upphaflegu frumvarpi og feitletraði textinn er eins og Umhverfisstofnun lagði til í sumar:

„Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að valda ekki að óþörfu mengun vatns eða farvegs þess." — Og þá kemur feitletraði textinn: „Þá skal þess jafnframt gætt að raska ekki lífríki, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er."

Þarna er þetta sem sagt ítrekað.

Hér er svo tillaga um að tryggt verði að almannaréttur veikist ekki. Vitnað er í greinargerð frumvarpsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„„Við endurskoðun vatnalaga þykir eðlilegt að fella ákvæði um umferð almennings um vötn inn í náttúruverndarlög þar sem þau lög hafa að geyma almenn ákvæði um umferðarrétt almennings. Gert er ráð fyrir að sá almannaréttur sem hingað til hefur gilt standi óbreyttur, sbr. t.d. 11. gr. og XII. kafla gildandi vatnalaga. Í III. kafla náttúruverndarlaga er jafnframt að finna almennar umgengnisreglur sem gilda í náttúrunni og ákveðnar takmarkanir á umferðarrétti, svo sem varðandi merkingar o.fl. Litið er svo á að þau ákvæði gildi einnig um umferð um vötn eftir því sem við getur átt."

Umhverfisstofnun er sammála því að færa það sem snýr að almannarétti yfir í lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, og telur æskilegt að það hefði verið gert til meiri fullnustu en gert er í frumvarpinu. Í ljósi þess sem stendur í greinargerð og vísað er til hér að framan beinir Umhverfisstofnun því til þess bærra aðila að endurskoða ákvæði um almannarétt þegar frumvarp um vatnatilskipunina er lagt fram."

Í 5. lið greinargerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Stofnunin hefur efasemdir um að skilgreining til hvaða hlutar vatns eignarréttur landeiganda nær yfir sé skýrari en í gildandi lögum. Það er óumdeilt að nýtingarréttur er stærsti hluti eiginlegs eignarréttar og því er breyting á nýtingarrétti, ásamt þeirri dómaframkvæmd sem verið hefur, yfir í eignarrétt formbreyting frá sjónarmiði lögfræðinnar. Það sem hins vegar skekkir myndina er að í frumvarpinu er um leið verið að skilgreina til hvers eignarrétturinn tekur, þ.e. til hvaða hluta vatns hann nær, enda segir í 2. gr. frumvarpsins:

„Lög þessi taka til alls rennandi vatns eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

Og síðan segir í 4. gr.:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni er eða undir henni er eða um hana rennur."

Þar virðist vera um verulega efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum þar sem segir:

„2. gr. Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila."

Á hinn bóginn engan veginn ljóst að breytt skilgreining skýri betur hvað við er átt.

Það hefur margsinnis komið fram í þessari umræðu að vatn og andrúmsloft dreifast eftir lögmálum náttúrunnar og virða ekki landamæri. Auk þess er vatnið á stöðugri hringrás og form þess er síbreytilegt. Ofangreind skilgreining inniber að eignarréttur landeiganda nær til vatnsins meðan það rennur um landareignina, til þokunnar sem snertir jörðina en ekki þeirrar sem er í lofti, rétturinn nær til slyddu og snævar sem snertir jörðina og liggur á henni en ekki þeirrar úrkomu sem er að falla. Hann nær til vatnsins sem vellur upp úr hvernum en ekki til gufustróksins meðan hann er á lofti. Ekki er ljóst hvort rétturinn nær til framburðar vatnsfallsins sem getur verið upphrærður eða runnið fram sem botnskrið. Þá vaknar spurning um hvernig tekið er á eignarrétti á vatni sem leitt er í gegnum fasteign í farvegi, göngum, leiðslum t.d. frá lóni að stöðvarhúsi, eða vegna annarra framkvæmda. Í ljósi þessa hefur Umhverfisstofnun efasemdir um að umrædd breyting sé til þess fallin að gera viðfangsefnið skýrara út frá sjónarmiði náttúrufræða auk þess sem hún getur valdið óvissu í túlkun á almannarétti."

Þetta er dálítið athyglisverður punktur vegna þess að það er alltaf talað um að þessi lög skilgreini þetta allt betur en óvissan verður um leið áfram til staðar þó verið sé að færa hér út skilgreiningu á vatni til muna. Nú er það ekki þannig að rennandi vatn sé í einkaeign. Vatnið rennur um jörðina.

Í sjötta lagi segir hér í greinargerð Umhverfisstofnunar, með leyfi forseta:

„Samræming í notkun orðanna landareign og fasteign í lögum þar sem nýting vatns kemur fyrir. Í greinargerð með frumvarpsdrögum til nýrra laga um lax- og silungsveiði segir m.a. í skýringum um 5. gr.:

„Hugtakið fasteign hefur ekki algilda merkingu í íslenskum lögum. Almennt hefur þó verið lagt til grundvallar í íslensku lagamáli um langa hríð að hugtakið fasteign merki afmarkaðan hluta lands ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirkjum sem varanlega er við landið skeytt. Á þessari skilgreiningu er byggt í ákvæðum nokkurra laga, sem sett hafa verið á seinni árum, t.d. í lögum um fasteignamat og fasteignakaup, og er á því byggt í 9. tölul. í 3. gr. frumvarps þessa.

Þrátt fyrir framangreinda hugtakaskilgreiningu er rétt að hafa í huga að til eru ýmsir flokkar fasteigna, sem haft geta

mismunandi réttarstöðu. Fyrsta og nærtækasta dæmið er sú aðgreining í löggjöf sem byggir á því að til séu annars vegar eignarlönd og hins vegar þjóðlendur. Annars konar afbrigði er lóð í þéttbýli ásamt mannvirkjum en hún telst ein tegund fasteigna. Sama á við um útskipta lóð undir frístundahús í dreifbýli. Þriðja tilbrigði fasteignar er jörð samkvæmt jarða- og ábúðalögum og hugtökin lögbýli og eyðibýli hafa sérstaka merkingu. Þessi mismunandi réttaráhrif birtast með glöggum hætti í lax- og silungsveiðilögum. Meðan meginreglan er sú að öllum fasteignum sem land eiga að veiðivötnum tilheyri veiðiréttur eru það aðeins jarðeigendur eða ábúendur jarðar sem fara með atkvæðisrétt í veiðifélagi."

Í frumvarpsdrögum að lögum um lax- og silungsveiði er ætíð, þegar fjallað er um afmörkun lands og tengingar við réttindi, vísað til landareignar, ekki fasteignar, ellegar greint milli þessara hugtaka.

Vísast hér m.a. til eftirtalinna greina í frumvarpsdrögunum, þ.e. 3. töluliðar 3. gr.:

„Almenningur í stöðuvatni: Sá hluti stöðuvatns sem er fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra sem að vatninu liggja."

Í 1. mgr. 5. gr. segir: „Eignarlandi hverju fylgir veiðiréttur í vatni á eða fyrir því landi, enda sé ekki mælt fyrir um aðra skipan í lögum."

Í 1. mgr. 6. gr. segir: „Fasteignaeigendum er land eiga að stöðuvatni er einum heimil veiði í almenningi vatnsins."

Framangreind dæmi eru í samræmi við fyrri athugasemdir og skoðun Umhverfisstofnunar frá 23. mars síðastliðinn. Umhverfisstofnun mælir með að þetta fari sömu leið í frumvarpi til vatnalaga."

Þarna studdist ég við umsögn Umhverfisstofnunar. Ég ætla líka að fara aðeins yfir umsögn Landverndar frá 28. nóvember síðastliðnum en Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar, skrifar undir þá umsögn.

„Vísað er í bréf Alþingis dagsett 17. nóvember 2005 þar sem lýst er eftir umsögn um frumvarp að vatnalögum. Stjórn Landverndar hefur kynnt sér frumvarpið og óskar að koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

Það vekur athygli stjórnar Landverndar að frumvarpið beinist eingöngu að nýtingu vatns. Ekki er fjallað um varnir gegn mengun, hollustu, náttúruvernd, almannarétt og nýtingu lífrænna auðlinda sem allt eru afar mikilvæg atriði sem taka verður mið af við hverskonar nýtingu vatnsréttinda.

Í 1. gr. segir: „Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er."

Stjórn Landverndar telur að þó þetta frumvarp beinist að nýtingu vatns en ekki verndun, verði að undirstrika mikilvægi verndunar með skýrari hætti en fram kemur í tillögunni. Stjórnin telur að þetta megi gera með því að tilgreina „að ekki megi spilla vatni að óþörfu". Þá er einnig gagnlegt að skýra betur hugtakið „nauðsynlegt" með því að vísa til „brýnna þarfa" sem þurfi að vera fyrir hendi. Stjórnin leggur því til að 2. mgr. 1. gr. verði orðuð þannig:

„Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að spilla ekki né raska að óþörfu vatni, farvegi þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er til að mæta brýnum þörfum fyrir neysluvatn, iðnaðarvatn, áveitu eða orku."

Í 4. gr. er fjallað um eignarrétt á vatni og þar segir að hverri fasteign, þar með talið þjóðlendum, fylgi eignarréttur á því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur.

Þetta er grundvallarbreyting frá núgildandi lögum þar sem segir að „landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni sem á henni er, á þann hátt sem lög þessi heimila".

Stjórn Landverndar hefur lagt til við stjórnarskrárnefnd að hún geri tillögu að eftirfarandi ákvæði í stjórnarskrá Íslands:

„Heilnæmt vatn og loft, náttúran og fjölbreytni hennar, landslag, annað umhverfi og aðgengi að náttúru eru gæði sem allir bera ábyrgð á að nýtt séu með sjálfbærum hætti. Jafnframt skulu borgarar landsins sýna aðgát þannig að náttúru landsins og auðlindum sé ekki spillt. Stjórnvöldum ber að leggja sig fram um að tryggja öllum rétt til heilnæms vatns, lofts og annars umhverfis og aðgengis að náttúru. Allir skulu hafa aðgengi að upplýsingum og ákvörðunum er varða þessa þætti.?

Stjórn Landverndar vill árétta það sem segir um vatn í sameiginlegri yfirlýsingu þjóðkirkjunnar og fjölmargra félagasamtaka, m.a. Landverndar:

„Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrlega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn."

Vatn er afar margbreytilegt og á stöðugri hringrás. Það fellur ekki undir almennan skilning á því sem telst einkaeign. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að líta til umræðu um þetta málefni á alþjóðavettvangi, innan Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar en mikilvægi aðgengis að heilnæmu vatni er áréttað í fjölmörgum samþykktum. Stjórn Landverndar leggur áherslu á að óháð því hvernig eignarhald á vatn verði tilgreint í lögunum verði þau þannig úr garði gerð að það fari aldrei á milli mála að öllum sé tryggður aðgangur að heilnæmu vatni til heimilishalds og búsþarfa.

Ég ætla aðeins að fara yfir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Það er Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar, sem skrifar undir þá umsögn. Hann kom reyndar einnig fyrir nefndina og skýrði mál sitt. Einnig var brugðist skjótt við á þeim bænum og vísað til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, sem var dagsett 17. nóvember 2005, og óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til vatnalaga. Þessi umsögn er dagsett tæpri viku síðar, 23. nóvember 2005. Í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er nú lagt fram í annað sinn örlítið breytt. Náttúrufræðistofnun gerði athugasemdir við frumvarpið eins og það lá fyrir á síðasta löggjafarþingi samanber bréf dagsett 3. mars 2005.

Náttúrufræðistofnun Íslands fagnar þeirri breytingu sem gerð hefur verið á 1. gr. frumvarpsins og lýtur að því að framkvæmdir raski ekki lífríki vatns, vistkerfum eða landslagi. Að öðru leyti stendur umsögn stofnunarinnar frá 2.

mars. 2005 og er vísað tii hennar hér með."

Ég ætti kannski að fara aðeins yfir þá umsögn.

„Í 2. gr. frumvarpsins er gildissvið fyrirhugaðra laga skilgreint sem allt rennandi eða kyrrstætt vatn í hvaða formi sem er á yfirborði jarðar eða neðan jarðar í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi.

Í 3. gr., 9. tölulið, frumvarps til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum er þessi víðtæka skilgreining á vatni felld undir hugtakið „jarðræn auðlind". Þess vegna þarf að skoða þessi tvö frumvörp í samhengi.

Í umsögn um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum lagðist Náttúrufræðistofnun eindregið gegn þeirri fyrirætlun að skilgreina vatn, í hvaða formi sem er, sem jarðræna auðlind og fela umsjón þess iðnaðarráðuneyti og Orkustofnun. Vatn er í grundvallaratriðum frábrugðið öðrum jarðefnum að því leyti að það finnst náttúrulega í þrenns konar formi, þ.e. í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn. Stofnunin lagði áherslu á að þótt vatn geti verið orkugjafi og þar með verslunarvara þá sé það fyrst og fremst lífsnauðsynlegt efni öllum mönnum og öllum lífverum. Forgangsröðun varðandi umsjón með og vöktun vatns er þess vegna hollustuhættir, umhverfi og orkunýting en ekki öfugt.

Vatn er lífsnauðsynleg auðlind og arfleifð alls mannkyns og alls lífríkis á jörðinni. Þessi hugsun er ráðandi í lagabálkum í nágrannalöndum okkar og kemur vel fram í vatnatilskipun ESB frá 2000 sem segir efnislega að vatn sé ekki söluvara heldur sameiginlegur arfur mannkyns sem beri að varðveita, vernda og umgangast í samræmi við það. Nú er unnið að lögleiðingu vatnatilskipunar ESB hér á landi í heildstæðri löggjöf um vernd og nýtingu vatns. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að sértæk lög um eignarhald og umsýslu með vatni séu lögfest áður en fyrir liggur hvernig vatnatilskipunin verður innleidd.

Eignarrétti á vatni og öðrum jarðrænum auðlindum er gert hátt undir höfði í nefndum lagafrumvörpum. Nær væri, að mati Náttúrufræðistofnunar, að styrkja almannarétt gagnvart auðlindum landsins og þá sérstaklega gagnvart vatni í öllum þess formum, samanber t.d. ofangreint ákvæði í vatnatilskipun ESB og ákvæði 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar.

Verði frumvarpið að lögum fær Orkustofnun umfangsmikið stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk með vatni sem eðlilegra væri að Umhverfisstofnun færi með samkvæmt áðurnefndri forgangsröð. Hlutverk Orkustofnunar er fyrst og fremst að hafa umsjón með orkulindum landsins og öflun vatnsorku og jarðhitaorku til iðnaðar og heimilisnota. Orkustofnun hefur að mati Náttúrufræðistofnunar ekki nægilega þekkingu til að gæta réttmætra hollustu- og umhverfissjónarmiða við stjórnsýslu varðandi vernd og nýtingu vatns. Grunnvatn hefur verið umkomulaust í stjórnkerfinu fram að þessu og nauðsynlegt að setja lög um verndun þess og vöktun. Þar væri eðlilegt að fela Umhverfisstofnun stjórnsýsluhlutverkið en Náttúrufræðistofnun Íslands að annast nauðsynlega vöktun og rannsóknir á þessari mikilvægustu auðlind landsins.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að frumvarp þetta verði dregið til baka og að beðið verði með sérstaka löggjöf um eignarhald og nýtingu vatns þar til fyrir liggur heildstæð rammalöggjöf um verndun og vöktun vatns í anda vatnatilskipunar."

Hér segir síðan:

„Náttúrufræðistofnun er fús til að mæta á fund iðnaðarnefndar, verði þess óskað, til að útskýra frekar þau sjónarmið sem hér eru sett fram."

Þeim varð sem betur fer að ósk sinni. Sem betur fer var málið dregið til baka á síðasta þingi. Það vekur þess vegna furðu að málið skuli aftur komið til meðhöndlunar á þinginu, lítið sem ekkert breytt. Nú ætla ég að vísa í umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 23. nóvember 2005:

„Náttúrufræðistofnun vill nota tækifærið og árétta að vatn er lífsnauðsynlegt efni fyrir manninn og lífríki jarðarinnar. Það er á sífelldri hringrás um heiminn og því í grundvallaratriðum ólíkt öðrum jarðrænum auðlindum. Stofnunin er eindregið þeirrar skoðunar að forgangsröðun varðandi lagasetningu um vatn og umsýslu með því, sé hollustuhættir, umhverfi og orkunýting og því beri að bíða með sérstaka lagasetningu um eignarhald og nýtingu vatns þar til vatnatilskipun EB frá 2000 hefur verið lögleidd hér á landi, en þar eru hollustuhættir og umhverfisvernd í fyrirrúmi. Enn fremur telur stofnunin rétt í ljósi samfélagsumræðu um eignarhald á vatni annars vegar og almannarétt og náttúruvernd hins vegar, sem verið hefur frá því frumvarpið kom fyrst fram frá Alþingi, að íhuga alvarlega að halda ákvæði um eignarhald eða nýtingarrétt, í 2. gr., óbreyttu frá því sem er í gildandi lögum, þ.e. efnislega: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er á þann hátt sem lög þessi heimila. Þetta orðalag hefur reynst farsælt í tímans rás og ekki ástæða til að breyta því „formsins" vegna."

Um þetta höfum við tekist á, bæði í hv. iðnaðarnefnd og svo í umræðunni í dag, m.a. í andsvörum við ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, formanns iðnaðarnefndar. Hv. þm. Jóhann Ársælsson kom mjög ítarlega inn á þessi mál í ræðu sinni á undan.

Ég held þá áfram að lesa úr umsögn Náttúrufræðistofnunar:

„Á fundi með iðnaðarnefnd Alþingis á síðasta þingi, 131. löggjafarþingi, rakti forstjóri Náttúrufræðistofnunar athugasemdir stofnunarinnar við einstakar greinar frumvarpsins en þær er ekki að finna í umsögninni. Óski nefndin eftir því að þessar athugasemdir verði endurteknar verður fúslega orðið við þeirri beiðni.

Náttúrufræðistofnun hefur borist greinargerð sem unnin er af Orkustofnun og fjallar m.a. um umsögn Náttúrufræðistofnunar um frumvarp til laga, um vatnalög frá 2. mars 2005. Í þessari greinargerð eru settar fram villandi upplýsingar og þess vegna óskar Náttúrufræðistofnun eftir að ræða þetta bréf við iðnaðarefnd hafi hún í hyggju að nota plagg Orkustofnunar við afgreiðslu frumvarpsins."

Hér er nokkuð hvasst að orði kveðið en sennilega er það fyllilega réttmætt. Forstjóri stofnunarinnar kom á fund okkar í iðnaðarnefnd og gerði í fyrsta lagi athugasemdir við að fá alls ekki að sjá nýja frumvarpið en eiga samt að gera athugasemdir við það. Hann varaði mjög við því að iðnaðar-

og orkugeirinn fái alger yfirráð yfir vatninu. Hann lagði áherslu á að gefin yrði út heildstæð löggjöf en ekki þetta frumvarp, sem miðast mjög við hugmyndir hæstv. iðnaðarráðherra um hvernig fara beri með vatn.

Það var líka ítrekað að Umhverfisstofnun ætti að hafa eftirlit samkvæmt vatnalögum en ekki Orkustofnun. Gerðar voru athugasemdir við orðalag, við eins konar orðskrípi, eins og hann orðaði það, t.d. að talað væri um vatnsleg þar sem ætti að tala um farveg. Auðvitað tala allir um farveg í daglegu tali en þetta segir okkur dálítið um það hvernig iðnaðarráðuneytið lítur á málin. Það er talað um vatnsleg. Ég sé fyrir mér tilbúinn farveg enda hættir mönnum þar á bæ til að líta fyrst og fremst á vatn sem nýtanlegt til að virkja það.

Ég vil ítreka það að ég tek heils hugar undir yfirlýsingu samtakanna sem undirrituðu yfirlýsinguna um „Vatn fyrir alla“ Það er mikilvægt að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða, sjónarmiða neytenda, Umhverfisstofnunar og náttúruverndarsamtaka en ekki bara tekið tillit til sjónarmiða orkugeirans.

Í nefndaráliti frá minni hluta iðnaðarnefndar er farið vel yfir athugasemdir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð á áheyrnarfulltrúa að iðnaðarnefnd en því miður ekki fullgildan fulltrúa í nefndinni. En við tökum heils hugar undir álit hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og Helga Hjörvars. Í nefndaráliti minni hlutans eru ótal fylgiskjöl þar sem farið er vel yfir þetta mál. Það væri ástæða til að fara aðeins betur í það. Ég mun hugsanlega gera það í seinni ræðu minni í dag, þ.e. komist ég aftur að í dag. Ég sé til með það.

Ég ítreka að vatn er ekkert venjulegt efni. Þetta er efni sem snertir okkur öll. Þetta snýst auðvitað um náttúrulögmálin auk þess að margar alþjóðastofnanir hafa ítrekað hve mikilvægt vatnið er fyrir okkur. Við erum heppin, Íslendingar, að eiga svona mikið af hreinu vatni. En við megum alls ekki sofna á verðinum og við verðum að hugsa vel um þessa auðlind okkar. Það er afar mikilvægt. Þess vegna hlýtur það að vera í forgangi að vernda vatnið, halda því óspilltu og halda náttúru okkar hreinni. Þau sjónarmið ættu að verða númer eitt en ekki það hvernig sé hægt að græða á vatninu. Jafnvel leiðarahöfundur Morgunblaðsins er sammála okkur um að vatn er ekki nein venjuleg verslunarvara. Við erum ekki að tala um venjulegan hlut sem gengið getur kaupum og sölum heldur er vatn þess eðlis að það snertir okkur öll og því er mikilvægt að það sé í almannaeign. Á hinn bóginn væri hægt að úthluta nýtingarrétti á vatni.

[17:41]

Útbýting:

Evrópsk samvinnufélög, 594. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 878.

Viðbúnaður við áföllum í fjármálakerfinu, 593. mál, fsp. JóhS, þskj. 876.

[17:41]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Þessi umræða hefur að mörgu leyti verið áhugaverð en einnig ákaflega sérstök. Hér hefur verið farið um víðan völl í umfjöllun um frumvarpið og sumir hv. þingmenn hafa kosið að lesa upp úr umsögnum sem borist hafa og jafnvel vitnað í ljóð og fleira, enda erum við að ræða um vatnalögin og ég heyri á mörgum hv. þingmönnum að málið og kjarni þess er mikið tilfinningamál fyrir þá.

Þegar við ræðum um vatnalög og lítum yfir söguna hvað varðar eignarhald á landi og náttúruauðlindum er þetta það svið í löggjafarstarfinu sem hvað mest hefur verið fjallað um og vegna hvers hvað merkasta löggjafarstarfið hefur átt sér stað, á síðustu öld leyfi ég mér að segja.

Ef maður reynir að draga saman í upphafi aðalatriðin í þeim ágreiningi sem uppi er, annars vegar milli þingmanna stjórnarflokkanna og hins vegar fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna, tel ég að grundvallarágreiningurinn snúist um það hvort þetta frumvarp til vatnalaga sem við ræðum hér feli í sér formbreytingu eða efnisbreytingu á réttarástandinu eins og það er núna samkvæmt gildandi vatnalögum, nr. 15/1923. Við sem myndum meiri hluta í hv. iðnaðarnefnd og erum fulltrúar stjórnarflokkanna erum þeirrar skoðunar og höfum haldið því fram að í þessu frumvarpi felist ekki nein formbreyting, það sé ekki verið að gera neina breytingu á inntaki eignarréttarins eins og hann er skilgreindur í núgildandi vatnalögum.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, fór yfir það nefndarálit sem við höfum skilað af okkur en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Með setningu vatnalaga, nr. 15/1923, var tekið af skarið um það að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta það vatn sem á landareign þeirra finnst eða um hana rennur, þar með talinn orkunýtingarrétt. Réttarframkvæmdin hefur og til fulls viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar. Vatnsréttindi eru þannig þáttur í eignarrétti landeigenda og njóta verndar skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Landeigendur verða því ekki sviptir þessum rétti bótalaust.“

Í ræðu hv. þingmanns, formanns iðnaðarnefndar, kom skýrt fram að löggjöfin væri með þessum hætti. Vatnsréttindin væru undirorpin eignarrétti, einkaeignarrétti eins og hann hefur verið skilgreindur, og það kæmi fram í íslenskri löggjöf, bæði í vatnalögum og öðrum lögum, og sömuleiðis hefði sá skilningur og sú túlkun komið fram í fræðiskrifum um þetta mál og dómaframkvæmd eins og hún hefur þróast allt frá því að vatnalögin voru sett árið 1923.

Þetta er sá málflutningur sem við höfum haldið uppi hér varðandi eignarréttinn. Ég ætla nú aðallega að fjalla um hann í ræðu minni. Stjórnarandstaðan hefur á hinn bóginn haldið því fram — það hefur komið skýrast fram í andsvörum og sérstaklega andsvari hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem er talsmaður Samfylkingarinnar í iðnaðarnefnd og talsmaður Samfylkingarinnar í þessu máli. Ég lít þannig á að þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið í ræðustól Alþingis endurspegli stefnu Samfylkingarinnar í málinu. Hann sagði m.a. hér í andsvari:

„Við viljum að eignarréttarhugtakið í núgildandi vatnalögum verði látið gilda, þ.e. að ekki sé um séreign að ræða.“

Ég held að þetta lýsi þeirri skoðun sem Samfylkingin, og að sínu leyti stjórnarandstaðan, hefur haldið á lofti í umræðunni. Mér hefur borist í hendur yfirlýsing frá þingflokki Samfylkingarinnar sem styður þessa skoðun mína en þar segir, með leyfi forseta:

„Er það skoðun þingflokks Samfylkingarinnar að vatn eigi að skilgreina sem sameiginlega auðlind alls mannkyns."

Það er ljóst að Samfylkingin telur að skilgreina beri vatnið sem sameiginlega auðlind alls mannkyns, hún eigi ekki að vera bundin við Ísland og Íslendinga. Jafnframt segir í yfirlýsingunni að Samfylkingin lýsi sig andvíga því að einkaeignarréttur á vatni verði festur í lög eins og gert er í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til nýrra vatnalaga og síðan segir, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherrann og ríkisstjórnin hafa hins vegar valið þá leið að afhenda landeigendum, gömlum og nýjum, óskorað eignarhald á sameiginlegum verðmætum þjóðarinnar."

Í þessu hlýtur að felast að hv. þm. Jóhann Ársælsson og Samfylkingin telji að eins og núgildandi vatnalög hafa verið túlkuð felist ekki í þeim einkaeignarréttur á vatnsréttindum eins og við hinir höfum haldið fram. Alls ekki. Að vatnið sé ekki undirorpið einkaeignarrétti. Það er alveg ljóst og það kom fram í ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Hann sagði í umræðunni að það væri engin séreign á vatni, Ísland ætti ekki einu sinni vatnið. Það ætti að líta á vatnið sem einskis manns eign eða eign alls mannkyns. Hann sagði: „Aðalatriðið er að vatnið er ekki í eigu neins" í andsvari við hv. þm. Birki Jón Jónsson. Hann bætti síðan við: „Við viljum að eignarréttarhugtakið í núgildandi vatnalögum verði látið gilda, þ.e. að ekki sé um séreign að ræða."

Um þetta snýst náttúrlega ágreiningur þessa máls og ég ætla að fjalla um þetta. Ég ætla að fjalla um það hvernig eignarréttur á vatni hefur verið skilgreindur samkvæmt núgildandi vatnalögum. Með því stendur og fellur sú niðurstaða hvort um formbreytingu eða efnisbreytingu er að ræða í þessum lögum. Eins og ég sagði áðan höfum við, stjórnarliðar, m.a. ég og hv. þm. Birkir Jón Jónsson, bæði í störfum iðnaðarnefndar og sömuleiðis í umræðum á þingi, haldið því fram að með setningu vatnalaga, nr. 15/1923, hafi þessi einkaeignarréttur verið tryggður. Nú er það þannig að við verðum kannski að gera skýran greinarmun á því hvað er greining á gildandi rétti eða löggjöf og hverjar eru pólitískar skoðanir manna. Ég heyri t.d. á ræðu hv. þm. Hlyns Hallssonar að hann er þeirrar skoðunar að þjóðin eigi að eiga vatnið og vatnsréttindin og ég get ekki betur skilið hv. þm. Jóhann Ársælsson og aðra fulltrúa Samfylkingarinnar en svo að þeir séu þeirrar skoðunar að vatnið og vatnsréttindin eigi að vera í sameign þjóðarinnar. Í minnihlutaáliti sem hv. þm. Jóhann Ársælsson og Helgi Hjörvar rita undir segir, með leyfi forseta, að enn skuli minnt á að „grundvöll skorti til allrar þessarar lagasetningar þar til pólitísk sátt er fundin um það hvernig ráðstafa beri auðlindum í þjóðareign, hvort og hvernig þeim verði fundinn staður í stjórnarskránni og hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir nýtingu þeirra". — Hérna er talað um að koma þessu í þjóðareign. Ég skil ekki hv. þingmann öðruvísi en svo að hann sé þeirrar skoðunar að vatnið eigi að vera í sameign þjóðarinnar eins og hefur verið stefna hans varðandi margar aðrar náttúruauðlindir. Við hinir erum þeirrar pólitísku skoðunar að einkaeignarrétturinn eigi að gilda um þessi réttindi og hafi gert það allt frá árinu 1923 þegar núgildandi vatnalög voru sett.

Ég og hv. þm. Birkir J. Jónsson höfum reynt að skýra þetta sjónarmið okkar í umræðum í þinginu og sömuleiðis í hv. iðnaðarnefnd en hv. þm. Jóhann Ársælsson og aðrir fulltrúar minni hlutans hafa ekki fallist á skýringar okkar. Þeir fallast ekki á það sem við höfum haldið fram varðandi inntak eignarréttarins, að vatnsréttindi séu undirorpin einstaklingseignarrétti. Á það hafa þeir ekki fallist og þeir hafa margoft bent á það í störfum nefndarinnar. Þeir hafa leyft sér að efast um að vatnalögin, eins og þau eru nú, feli í sér einkaeignarrétt yfir vatni og vatnsréttindum. (**JÁ:** Vatn ?) Yfir vatni og vatnsréttindum, þetta er nú nokkurn veginn sami hluturinn, hv. þingmaður.

Úr því að þeir hafa ekki viljað fallast á sjónarmið okkar veltir maður fyrir sér hvert maður geti leitað til að reyna að greina hvað felist í núgildandi vatnalögum. Hv. þingmenn vilja ekki hlusta á okkur og aðra stjórnarþingmenn þannig að við hljótum að leita í fræðin. Eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson fór yfir í sinni fimm tíma löngu ræðu var unnið hér gríðarlegt löggjafarstarf snemma á síðustu öld sem leiddi til þess að vatnalögin, eins og þau eru núna, urðu að lögum. Frá þeim tíma hafa eignarréttindi samkvæmt vatnalögunum verið skýrð í fræðiskrifum, í dómaframkvæmd og í öðrum lögum. Þá liggur beinast við að fara yfir það hvað okkar helstu fræðimenn á sviðum eignarréttarins á síðustu öld hafa talið að felist í eignarréttinum, fasteignaréttinum, vatnsréttindum og hver eigi vatnið. Allt þetta hangir saman.

Víkjum þá að því hvernig Þorgeir Örlygsson, sem er einhver helsti fræðimaður á síðari hluta aldarinnar á sviði eignarréttar, hefur litið á eignarhald á landi og náttúruauðlindum. Árið 1994 skrifaði Þorgeir Örlygsson, sem þá var farsæll prófessor í eignarrétti við Háskóla Íslands og deildarforseti lagadeildar, grein í afmælisrit Gauks Jörundssonar, sem varð sextugur þann 24. september það ár, sem ber yfirskriftina: Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum. Þetta er lykilgrein um það hvað felst í eignarréttinum, hvað telst vera fasteign og, ekki síður, hvernig hagnýtingu náttúruauðlinda í eignarlöndum skuli háttað og hver eigi þau réttindi sem þar eru. Í grein sinni segir Þorgeir Örlygsson — og nú beini ég orðum mínum fyrst og fremst til hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem hefur fjallað mikið um þetta mál, lagt úr frá 1. gr. frumvarpsins og talið að þau orð sem þar koma fram: „Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni", sem er í raun og veru það sama og menn ætluðu sér að gera þegar þeir settu vatnalögin 1923, þ.e. að skýra eignarhald á vatni — um hugtakið eignarrétt, með leyfi forseta:

„Í norrænni lögfræði, þar með talinni íslenskri, er á því byggt, að í eignarrétti felist heimildir til hvers konar umráða og ráðstafana yfir hlut, að svo miklu leyti sem ekki eru sérstakar takmarkanir á því gerðar. Er í því sambandi mestu máli talið skipta, að heimildirnar séu fyrir hendi, ef færi gefst til nýtingar og ráðstafana með nýjum hætti, og að heimildirnar víkki að því marki sem takmarkanir falli niður." (Forseti hringir.)

Já, mér þætti vænt um það, frú forseti, ef þaggað yrði niður í hv. þingmönnum sem trufla ræðuflutning.

Ég held nú áfram. „Í þessu felst m.a., að þegar afnotaréttí tiltekins aðila yfir eign lýkur eða sá réttur þrengist, rýmkast eignarréttur eigandans að sama skapi, og þegar lög falla úr gildi, sem hafa takmarkað nýtingu eigandans með

einhverjum hætti, víkkar eignarréttur eigandans að sama skapi, enda komi ekki nýjar takmarkanir í stað hinna fyrri.

Samkvæmt þessu er eignarréttur skilgreindur á þá leið, að um sé að ræða einkarétt ákveðins aðila (eigandans), til að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut innan þeirra marka, sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum eignarréttindum annarra aðila, sem stofnað hefur verið til yfir hlutnum." — *Þetta er sú skilgreining sem aðrir fræðimenn á* sviði eignarréttar, eins og dr. Gaukur Jörundsson heitinn, einhver allra mesti sérfræðingur á þessu sviði, hafa komist að. Þetta er sem sé skilgreining á hugtakinu eignarrétti.

Það hefur verið tekist á um það í störfum nefndarinnar hvort rétt sé að skilgreina eignarréttinn með jákvæðum hætti eða neikvæðum. Það er eitt af því sem við erum að *fara yfir í þessari löggjöf. Það sem við erum að gera og* stjórnarandstaðan hefur gert ágreining um er að við erum að breyta eignarréttarhugtakinu þannig að við hverfum frá hinni jákvæðari skilgreiningu eignarréttarins og yfir í þá neikvæðu. Úr þessu hefur stjórnarandstaðan gert mikið veður.

Sigurður Líndal skrifaði einmitt grein um þessar skilgreiningar *í afmælisrit Davíðs Oddssonar sem kom út þann* 17. janúar 1998, grein sem heitir Nytjastofnar á Íslandsmiðum, sameign þjóðarinnar. Þar fjallar hann um skilgreiningu á eignarrétti. Mér finnst rétt að víkja að henni vegna þess að hún er dálítið upplýsandi um það hvort rétt sé að taka upp hina jákvæðu skilgreiningu á eignarrétti eða hina neikvæðu. Um þetta hafa verið miklar umræður í nefndinni og m.a. *taldi formaður laganefndar Lögmannafélagsins rétt að taka* upp neikvæðu skilgreininguna vegna þess að hún væri í samræmi við góðar lagasetningaheföir, gegn reyndar andmælum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem hefur farið mikinn í þessu máli. Sigurður Líndal segir um þessar skilgreiningar, með leyfi forseta:

„Tvær leiðir má fara til að skilgreina eignarrétt. Hin *fyrri er sú að telja upp allar heimildir sem eignarrétti fylgja.* Sú upptalning verður þó aldrei tæmandi og þar af leiðandi allt of viðamikil, jafnvel villandi. Þetta er stundum kölluð jákvæð skilgreining. Sú síðari felur í sér að gengið er að því vísu að eigandinn njóti allra heimilda annarra en þeirra sem eru berum orðum undan skildar eignarráðum hans, hvort heldur það gerist með lögum eða samningi. Þetta er kölluð *neikvæð skilgreining. Samkvæmt henni felur hugtakið í sér* einkarétt ákveðins aðila, eiganda, til þess að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut innan þeirra marka sem þeim rétti er sett með lögum og stofnun takmarkaðra (óbeinna) eignarréttinda annarra manna yfir hlutnum.

Þetta felur í sér að réttur eiganda rýmkar að sama skapi sem ákvæði laga eða samninga falla úr gildi sem setja þessum rétti skorður, enda verði ekki settar á nýjar takmarkanir í stað hinna fyrri.

Þótt eignarréttur sé skilgreindur neikvætt er almenn samstaða um að mikilvægustu heimildirnar séu þessar:

1. Umráðaréttur, nánar tiltekið réttur til að ráða yfir eign.

2. Hagnýtingarréttur, réttur eiganda til að hagnýta sér eignina.

3. Ráðstöfunarréttur, réttur til að ráðstafa eign með löggerningi, t.d. við kaup og sölu.

4. Skuldfestingarréttur, *réttur til að nota eign sem grund*völl lánstrausts, þar á meðal réttur til að veðsetja eign.

5. Réttur til að láta eign ganga að erfðum.

6. Réttur til að leita fulltingis almannavalds til verndar eigninni."

Með þessum hætti hafa menn skilgreint eignarréttinn og ég tel að það sé mjög mikilvægt að það komi fram áður en *við förum að fara yfir vatnsréttindin og eignarhald á vatni.*

Í þessu sambandi ber líka, þegar við reynum að greina hvað felst í gömlu vatnalögunum og meta hvort um formbreytingu eða efnisbreytingu er að ræða með hinu nýja frumvarpi, að skoða eignarréttinn í tengslum við fasteignarhugtakið eins og það er skilgreint í eignarrétti. Þorgeir Örlygsson, þáverandi prófessor í eignarrétti við lagadeild Háskóla Íslands, segir *í grein sinni, Um eignarhald á landi og* náttúruauðlindum:

„Í fræðiritum er hugtakið fasteign venjulega skilgreint á þá leið, að fasteign sé afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólífrænum, og þeim mannvirkjum, sem varanlega eru við landið skeytt."

Í þessu felst náttúrlega að vatnsréttindi eru hluti af fast*eign, vatnið sem á því er. Ég kem nánar að því á eftir og* vitna þá enn og aftur til þessarar merku ritgerðar Þorgeirs Örlygssonar.

Í grein sinni fjallar Þorgeir Örlygsson um hagnýtingu náttúruauðlinda í eignarlöndum. Eignarlönd eru ein tegund þeirra fasteigna sem til eru í íslenskum rétti og hann víkur að hugtakinu eignarlönd í riti sínu og segir, með leyfi forseta:

„Eignarlönd eru landsvæði, sem lúta einstaklingseignarrétti tiltekins aðila, og getur þar verið um að ræða sérhvern þann aðila, sem samkvæmt íslenskri réttarskipan getur átt réttindi eða borið skyldur, þar með talið ríkið sjálft."

Þorgeir fjallar í kaflanum Hagnýting náttúruauðlinda í eignarlöndum í fyrsta lagi um þau meginviðhorf sem komið *hafa fram varðandi efnið. Hann fjallar líka sérstaklega um* hagnýtingu jarðhita, hagnýtingu grunnvatns og hagnýtingu orku fallvatna. Allt tengist þetta náttúrlega eignarréttinum og hugtakinu fasteign og hann túlkar það út frá gildandi rétti sem eru núgildandi vatnalög. Eins og ég sagði áðan skiptir þetta verulegu máli þegar við erum að greina það hvort um formbreytingu er að ræða eða efnisbreytingu í fyrirliggjandi frumvarpi. Þorgeir Örlygsson segir, með leyfi forseta, það „meginviðhorf ríkjandi í íslenskum rétti, að heimildin til að ráðstafa og hagnýta náttúruauðlindir í jörðu fer saman við heimildina til ráðstöfunar og hagnýtingar þeirrar fasteignar, þar sem auðlindina er að finna." — Það er af þessum ástæðum sem ég taldi rétt að víkja að fasteignarhugtakinu vegna þess að það verður ekki slitið frá vatnsréttindum eða eignarhaldi á vatni. Og áfram segir hann: „Í þessu felst, að sá, sem á eignarrétt að tilteknu landi, hefur jafnframt heimild til þess að hagnýta þær náttúruauðlindir, sem þar er að finna og ráðstafa þeim til annarra, með þeim takmörkunum, sem leiðir af löggjöf á hverjum tíma. Er hugtakið náttúruauðlind hér notað um jarðefni, jarðhita, vatn og orku fallvatna, en veiði og veiðiréttindum að mestu leyti haldið utan við umfjöllunina." Þetta vitum við. Sett hafa verið sérstök lög um veiði eins og lax- og silungsveiðina. Menn ættu að skoða þetta meginviðhorf í ljósi þess

sem hv. þm. Hlynur Hallsson hélt fram í ræðu sinni sem stangaðist algjörlega á við þetta meginviðhorf í íslenskum rétti varðandi túlkun á vatnalögum. Þorgeir heldur áfram:

„Það er sammerkt þeim náttúruauðlindum, sem svo eru kallaðar hér, að þær eru þáttur" — ég endurtek, þær eru þáttur — „í eignarrétti landeiganda, og njóta verndar eignarnámsákvæðis stjórnarskrárinnar. Er við það miðað í löggjöf, að eignarnám þurfi til að koma, ef afla þarf slíkra réttinda í þágu almannahagsmuna."

Það getur ekki verið miklu skýrara hver meginviðhorf í íslenskum rétti eru varðandi hagnýtingu náttúruauðlinda í eignarlöndum. Það er alveg ljóst að þau eru samkvæmt þessu undirorpin einkaeignarrétti landeiganda. Það er alveg ljóst.

Í umfjöllun sinni vík ur Þorgeir Örlygsson að hagnýtingu jarðhita og segir:

„Um eignar- og umráðarétt jarðhita gilda svipaðar reglur og um vatnsorku." — Það segir einnig í greininni að „landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, en með þeim takmörkunum þó, sem lögin tilgreina." Það kemur einnig fram í greininni að landeigandi hefur „rétt til að hagnýta sér jarðhita eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar". Enn fremur: „Þá mælir ákvæðið fyrir um rétt hans til mannvirkjagerðar í því skyni að hagnýta megi jarðhitann, og loks er tekið fram, að landeiganda sé rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota."

Þorgeir Örlygsson vitnar til umfjöllunar Ólafs Jóhannessonar, annars gamals prófessors í lögfræði og fyrrum forsætisráðherra. Ólafur Jóhannesson fjallaði um hagnýtingu jarðhita í fræðaskrifum sínum. Þorgeir Örlygsson segir, með leyfi forseta:

„Niðurstaða Ólafs Jóhannessonar um það, hversu langt niður réttur landeigenda næði, var sú, að jarðhiti, hvort heldur sem væri í náttúrulegum hverum og laugum eða undir yfirborði jarðar, fylgdi landareign þeirri, sem hann væri í. Eins og lögum væri háttað, yrði réttur landeigenda til jarðhitans ekki takmarkaður við tiltekið dýpi, heldur yrði að meta það í hverju falli, ef á reyndi, með hliðsjón af réttmætri þörf landeigenda, almannahagsmunum og vandkvæðum þeim, sem væru á því að skipta jarðhita, sem djúpt liggur, á milli fleiri eigenda. Í þessu sambandi skal minnt á það sjónarmið Sigurðar Líndals, sem áður er getið, að ekki verði séð, að landeigendum verði meinað að hagnýta sér jarðhita djúpt í jörðu.

Jarðhitaréttindi eru samkvæmt framansögðu þáttur í eignarrétti landeiganda, sem nýtur verndar eignarnámsákvæðis stjórnarskrárinnar, og þarf eignarnám til að koma, ef afla þarf slíkra réttinda í þágu almannahagsmuna."

Það er alveg ljóst að samkvæmt meginviðhorfum fræðimanna felst hagnýting jarðhita og grunnvatns í eignarréttarákvæðinu sem tengt er fasteignarhugtakinu. Það er algjörlega skýrt.

Þorgeir Örlygsson fjallar líka, eins og reyndar fleiri fræðimenn hafa gert, eins og dr. Gaukur Jörundsson heitinn, um hagnýtingu grunnvatns. Ólafur Lárusson hefur reyndar gert það líka og þá held ég að ég sé búinn að telja upp eiginlega alla spekinga okkar sem uppi voru á síðustu öld og létu sig þetta réttarsvið varða. Allir hafa komist að sömu niðurstöðu sem er algjörlega þvert á þær túlkanir sem komið hafa fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar í dag og í gær.

Þorgeir Örlygsson, þá prófessor í eignarrétti, fjallar í grein sinni um hagnýtingu grunnvatns og mér finnst rétt að fara yfir það. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Vatnsréttindi hafa eigi að síður frá öndverðu verið talin fylgja landareign. Í Hrd. 1963.173 (Öndverðarnesdómur) sagði, að það væri forn regla í íslenskum rétti, að hver maður ætti vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kapítula Landsleigubálks Jónsbókar. Hefði sú regla síðar verið staðfest með ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923, og laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957." — Þetta er ekki beinlínis í samræmi við þær túlkanir sem fram hafa komið hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Þetta er algjörlega þvert á það sem hann hefur sagt hér. Þá segir Þorgeir Örlygsson áfram:

„Um rétt til grunnvatns er ekki berum orðum fjallað í vatnalögum, nr. 15/1923. Af því hefur hins vegar ekki þótt fært að draga þá ályktun, að grunnvatn lúti öðrum lögmálum en jarðargæði almennt. Hefur samkvæmt því verið litið svo á, að grunnvatn tilheyri þeirri fasteign, þar sem það er að finna og sé þáttur í verðmætum þeirrar fasteignar. Þannig benti Ólafur Lárusson á það, að í norrænum rétti væri mest talið, að vatnsréttindi fylgdu landareignum, og á þeim grundvelli hvíldu vatnalög Noregs og Svíþjóðar. Hann taldi, að af ákvæðum Grágásar og Jónsbókar mætti ráða, að vatnsréttindi hefðu yfirleitt fylgt landareign, enda væri það í bestu samræmi við það, að eignarréttur einstaklings að fasteignum verði lítt takmarkaður." — Með öðrum orðum, einkaeignarréttur landeigenda yfir því vatni sem um fasteign þeirra fer hefur ekki einungis verið skilgreindur með slíkum hætti frá setningu vatnalaga 1923 heldur má leiða hann allt til Grágásarlaga og Jónsbókarákvæða. Þetta er réttarsagan eins og okkar færustu fræðimenn hafa túlkað hana. Ég ætla að láta mér nægja að vísa í Ólaf Lárusson að þessu leyti en ég gæti svo sem haldið áfram lengi að vísa í Ólaf Lárusson sem ég hygg að hafi verið okkar fyrsti sérfræðingur á sviði eignarréttarins og prófessor í Háskóla Íslands á því sviði á fyrri hluta síðustu aldar. Hann komst að þessari niðurstöðu. Í grein sinni segir Þorgeir Örlygsson jafnframt:

„Með hliðsjón af framansögðu verður að telja grunnvatn þátt í eignarrétti landeiganda." — Ég ætla að endurtaka þetta sérstaklega fyrir hv. þm. Jóhann Ársælsson: „Með hliðsjón af framansögðu verður að telja grunnvatn þátt í eignarrétti landeiganda. Landeigandi hefur samkvæmt því einn rétt til hagnýtingar grunnvatns á landareign sinni, eftir því sem hann hefur fjárhagslegt bolmagn til, innan þeirra marka, sem lög og grenndarreglur setja, sbr. 12. gr. vatnalaga, nr. 15/1923." — Þetta verður ekki miklu skýrara. Þetta verður ekki í miklu meiri andstöðu við þær fullyrðingar sem fram komu hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni.

Að lokum fjallar Þorgeir Örlygsson prófessor um hagnýtingu á orku fallvatna í ritgerð sinni sem ég hef vísað til, Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum, sem birt var árið 1994 í afmælisriti Gauks Jörundssonar.

Úr því að hv. þm. Jóhann Ársælsson vék að þeirri undirbúningsvinnu sem unnin var við setningu vatnalaga tel ég

rétt að gera smáathugasemdir við þær niðurstöður áður en ég kem að heimildinni til hagnýtingar á orku fallvatna. Ég hlýt að gera athugasemdir við þær ályktanir sem hv. þingmaður dró af því löggjafarstarfi sem átti sér þar stað vegna þess að hann taldi, og lýsti því yfir í ræðu sinni, að þau sjónarmið sem meiri hluti fossanefndarinnar komst að um að vatnsréttindi ættu að vera ríkiseign eru algjörlega rangar. (**JÁ:** Einskis manns eign.) Eða einskis manns eign. Það skiptir engu máli. Ekki bætir það ástandið á hv. þm. Jóhanni Ársælssyni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu.

Ég ætla aðeins að fara yfir það hvað dr. Gaukur Jörundsson og Þorgeir Örlygsson hafa um þetta mál að segja og niðurstöður fossanefndar og hvað felst í inntaki vatnalaga. Í grein Þorgeirs segir:

„Í fossanefndinni kom fljótlega upp ágreiningur um það atriði, hvort vatnsréttindi almennt væru eða ættu að vera í eigu einstaklinga, sem eignarrétt ættu að landinu undir vatninu, eða hvort vatnsréttindi væru að öllu leyti ríkiseign og einstaklingum aðeins heimil þau afnot, sem lög leyfðu sérstaklega. Ágreiningur þessi varð til þess, að nefndin klofnaði í meiri hluta og minni hluta. Meiri hlutinn" — sem hv. þm. Jóhanni Ársælssyni er svo annt um — „taldi öll vatnsréttindi vera ríkiseign, en minni hlutinn taldi hins vegar vatnsréttindi vera háð eignarumráðum landeigenda.

Bæði meiri og minni hluti fossanefndar sömdu hver fyrir sig frumvörp til vatnalaga, sem lögð voru fyrir Alþingi árið 1919, en hvorugt frumvarpið varð að lögum. Sama er að segja um frumvarp til vatnalaga, sem ríkisstjórnin lagði fram á Alþingi árið 1920. Varð þetta til þess, að Einari Arnórssyni, prófessor, var falið að semja nýtt frumvarp til vatnalaga. Var frumvarp hans lagt fram á Alþingi árið 1921, en það varð ekki að lögum fyrr en árið 1923, þ.e. vatnalög nr. 15/1923.

Við samningu frumvarps síns" — sem gekk á þeim tíma undir nafninu Bræðingurinn vegna þess að Einar Arnórsson nýtti sér bæði frumvörp meiri hluta og minni hluta við samningu síns frumvarps — „studdist Einar Arnórsson að mestu leyti við frumvarp meiri hluta fossanefndar frá 1919. En þó svo, að fræðilega sé á því byggt í vatnalögunum, að landeigendur hafi aðeins þau vatnsréttindi, sem lög heimila sérstaklega, er eigi að síður í lögunum gengið svo til móts við álit minni hluta fossanefndar" — og nú bið ég hv. þm. Jóhann Ársælsson að leggja vel við hlustir vegna þess að Þorgeir Örlygsson segir hérna áfram — „að í raun má segja, að stefna minni hlutans hafi sigrað, og hefur ekki verið um það fræðilegur ágreiningur í íslenskum rétti."

Þó hefur einn sjálfskipaður fræðimaður gert ágreining um þessa niðurstöðu. Hann heitir Jóhann Ársælsson og er hv. þingmaður Samfylkingarinnar og helsti talsmaður flokksins í þessu máli. Það kom skýrt fram í (Gripið fram í.) langri ræðu hans hér á þingi.

„Segir í 2 gr. vatnalaga, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni og stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimili. Fela lögin í sér upptalningu á því, hverjar hagnýtingarheimildir fylgja eignarrétti eða landareign, þegar um stærri vötn er að ræða. Þar er á hinn bóginn um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir, sem máli geta skipt, þar á meðal heimild til orkuvinnslu.

Meginreglan um rétt landeigenda til nýtingar orku vatns kemur fram í 49. gr. vatnalaga, en þar segir m.a. svo:" — Þetta er nú meginreglan.

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja ..."

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti minnir hv. þingmann á að biðja um leyfi forseta þegar hann les upp orðrétt.)

Já, ég bið hæstv. forseta velvirðingar á að hafa ekki óskað eftir leyfi til að lesa beint upp úr ritinu. Ég geri það hér með, með leyfi forseta:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur til að vinna úr því orku ..."

Síðan segir Þorgeir, með leyfi forseta:

„Réttarframkvæmdin hefur og til fulls viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar, og dómstólar hafa talið landeigendur eiga eignarrétt að vatni á landi sínu." Ég ætla að endurtaka þetta, með leyfi forseta:

„... og dómstólar hafa talið landeigendur eiga eignarrétt að vatni á landi sínu." — Þetta er ekki í samræmi við þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni en eru engu að síður óumdeild í íslenskum rétti. Ég er ekki að segja hér mína skoðun. Ég er að reifa þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá fræðimönnum á þessu sviði. Við hljótum að leita til þeirra þegar við reynum að greina hvað felst í núgildandi löggjöf.

Að lokum segir Þorgeir Örlygsson í sinni grein, með leyfi forseta:

„Þegar til þess er litið, sem að framan segir, er ljóst, að við setningu vatnalaga, nr. 15/1923, var með ótvíræðum hætti tekið af skarið um það, að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta orku þeirra vatna, sem um landareignir þeirra renna. Vatnsréttindi eru samkvæmt því, með sama hætti og jarðefni og jarðhiti undir yfirborði eignarlanda, þáttur í eignarrétti landeigenda, sem verndar nýtur samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar" sem nú er 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Ég vil ítreka enn og aftur það sem Þorgeir Örlygsson prófessor segir í grein sinni svo að ég fái, með leyfi forseta, að vitna enn og aftur í það sem fram kemur í greininni, að „dómstólar hafa talið landeigendur eiga eignarrétt að vatni á landi sínu". Það er vísað í hæstaréttardóm frá 1955, bls. 431. Þetta getur ekki verið miklu skýrara. Þetta er alveg ljóst. Það er alveg ljóst að vatn og vatnsréttindi hafa í íslenskum lögum frá setningu vatnalaganna 1923 verið undirorpin einkaeignarrétti fasteignareigenda. Ef menn geta skilið þau fræðiskrif sem ég hef vísað hér til með einhverjum öðrum hætti ganga þeir ekki heilir til skógar, leyfi ég mér að fullyrða. Dr. Gaukur Jörundsson fjallar líka í eignarrétti sínum frá 1982 um vatnsréttindi landeigenda. Hann segir, með leyfi forseta:

„Hefur landeigandi samkvæmt þeim einkaheimild til hagnýtingar vatns til heimilisþarfa, til bústarfa, til iðnaðar og iðju án orkunýtingar, til áveitu, til orkuvinnslu, til ítöku á vatni til mannvirkjagerðar sem er nauðsynleg vegna ofangreindra vatnsnota, til mannvirkjagerðar á landi sínu til varnar landi eða landsnytjum gegn ágangi vatns og til að þurrka land og loks til að ráðstafa til þriðja manns þeim heimildum sem taldar hafa verið." — Þetta er ekki einungis rétturinn til þess að nýta vatnið, nýta réttindin, heldur líka

til þess að selja.

Ég taldi rétt, frú forseti, að víkja að þessum atriðum, þessum viðteknu sjónarmiðum okkar helstu fræðimanna á sviði eignarréttarins sem fram hafa komið á síðustu öld vegna þeirrar umfjöllunar og fullyrðinga sem fram hafa komið hjá hv. þingmanni og helsta talsmanni Samfylkingarinnar í þessum málefnum, hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Í ljósi þess hlýt ég að vitna aftur til yfirlýsingar frá þingflokki Samfylkingarinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherrann og ríkisstjórnin hafa hins vegar valið þá leið að afhenda landeigendum, gömlum og nýjum, óskorað eignarhald á sameiginlegum verðmætum þjóðarinnar."

Í þessu hlýtur að felast að Samfylkingin telur, sem og minni hluti iðnaðarnefndar, stjórnarandstaðan, að með frumvarpi til vatnalaga sé verið að breyta efnislega þeim eignarréttindum sem núgildandi vatnalög kveða á um en ekki sé um formbreytingu að ræða. Þetta er sá ágreiningur sem ég ætlaði að fjalla um.

Nú hef ég farið yfir það hvernig menn hafa skilgreint eignarrétt sinn, fasteignarhugtakið, og hvað felst í núgildandi vatnalögum. Ég hef vísað til þess sem Ólafur Lárusson, Ólafur Jóhannesson, Sigurður Líndal, Þorgeir Örlygsson og dr. Gaukur Jörundsson hafa haft um þetta mál að segja. Þá er von að maður spyrji: Hvernig í ósköpunum komast hv. þingmaður og minni hluti hv. þingmanna í iðnaðarnefnd, í ljósi þeirra meginviðhorfa sem óumdeild eru í íslenskum rétti, að þeirri niðurstöðu að hér sé um efnisbreytingu að ræða? Það er alveg ljóst af þeirri umfjöllun sem ég hef farið hér ítarlega yfir að vatn og vatnsréttindi hafa í íslenskri löggjöf, ekki bara frá því að vatnalögin voru sett árið 1923, heldur frá tímum Grágásar og Jónsbókar, verið talin til einkaeignarréttinda landeigenda. Það er alveg skýrt. Ég legg til að þeir sem fylgjast með þessari umræðu vegi nú og meti hvort í frumvarpinu felist einhverjar efnisbreytingar, þ.e. breyting á eignarréttinum. Ég fæ ekki betur séð af þeim tilvitnunum sem ég hef verið með hér í fræðiskrif, sem eru ekki mín og lýsa ekkert mínum skoðunum þótt ég sé sammála þeim, að nein efnisbreyting felist í þessu frumvarpi.

Í ljósi þessa hlýtur maður að gera þá kröfu til hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, helsta talsmanns Samfylkingarinnar í þessum málaflokki, að áður en hann kemur hér upp í ræðustól og talar um þessi málefni í fimm klukkutíma kynni hann sér þau meginviðhorf sem uppi hafa verið hjá helstu fræðimönnum á sviði eignarréttar hvað þetta varðar. Það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir Samfylkinguna ef talsmaður hennar hefur ekki meira fram að færa í umræðunni en tóman misskilning á grundvallarhugtökum í eignarrétti eins og þau hafa verið skýrð á síðustu öld. Allir fræðimenn sem að málinu hafa komið eru sammála um þau. Það er ekki einn sem gerir ágreining um inntak vatnsréttinda og eignarréttarins í íslenskri lögfræði. Ekki einn.

Ef framlag hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um þessi mál er framlag Samfylkingarinnar held ég að ástæða sé til að sá ágæti flokkur fari í stefnumótun hvað þennan málaflokk varðar. Það stóð ekki steinn yfir steini í málflutningi þingmannsins þrátt fyrir að hann stæði hér í fimm klukkutíma. Það hljóta allir að sjá. Það er nánast ekki neitt sem hægt er að finna stað í vatnalögunum eða þeirri umfjöllun sem fyrir liggur í Íslandssögunni um þessi réttindi. Hv. þm. Jóhann Ársælsson, talsmaður Samfylkingarinnar, er á öndverðum meiði við alla þá sem gert hafa rannsóknir á inntaki vatnsréttinda og eignarréttinda fasteigna. Það er nú ekki björgulegur málflutningur sem þar var á ferðinni. (**JÁ:** Bíddu, hvað var það?) Það var þinn málflutningur, hv. þingmaður. Ég var að fara yfir það, meðan þú varst í símanum, hv. þm. Jóhann Ársælsson, að það er ekki hægt að bjóða hinu háa Alþingi upp á þann málflutning sem hér fór fram af þinni hálfu, hv. þm. Jóhann Ársælsson. Hann er ekki í nokkru samræmi við neitt af því sem menn hafa fjallað um á þessu sviði á síðustu öld.

Frú forseti. Þegar ég kom upp í ræðustól Alþingis gerði ég grein fyrir því að auðvitað geta menn haft sínar skoðanir á því hvernig við eigum að haga vatnalögum, vatnsréttindum og eignarhaldi á vatni. Það eru pólitískar skoðanir. Sumir eru þeirrar skoðunar að vatnið eigi að vera í sameign þjóðarinnar, jafnvel sameign mannkynsins eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur vikið að. Það eru alveg sjónarmið út af fyrir sig og það er rétt kannski að geta þess, af því að hv. þm. Jóhann Ársælsson er svo hrifinn af meirihlutaáliti fossanefndar, að hugtakið sameign þjóðarinnar kom fyrst inn í stjórnarskrá, held ég, árið 1917 þegar stjórnarskrá Sovétríkjanna var samin og samþykkt þar í landi. Þetta er auðvitað sjónarmið. Þjóðnýting á vatnsréttindum eða öðrum náttúruauðlindum er náttúrlega sjónarmið en ég er bara ósammála því. (**Gripið fram í:** Stalín er ekki hér.) Stalín er ekki hér, en það virðist vera sem einhver Stalín búi í hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, eða að minnsta kosti einhver alræðissinni. Þetta er sjónarmið. Ég er hins vegar mótfallinn þessu sjónarmiði. Ég er þeirra skoðunar að einkaeignarréttarinn eigi að ráða í þessum málum eins og öðrum. En þetta eru pólitísk viðfangsefni. Það sem menn hafa hins vegar verið að gera á síðustu öld, og ég hef hér rakið, er að menn hafa í miklum fræðiskrifum greint gildandi rétt og inntak hans, inntak eignarréttarins, vatns og þeirra vatnsréttinda sem fasteign fylgja, og þeir hafa allir komist að sömu niðurstöðu. Hún er sú að vatnið og vatnsréttindin eru undirorpin einkaeignarrétti landeigenda. Það er alveg ljóst, ég las það hér upp áðan, hv. þm. Jóhann Ársælsson, og ég tel að ég hafi fært rök fyrir því með tilvitnun í fimm af okkar helstu sérfræðingum á þessu sviði.

Það er einn maður sem hefur gert ágreining um þetta, að minnsta kosti opinberlega. Hann heitir Jóhann Ársælsson og er hv. þingmaður. Þegar hins vegar fræðin eru skoðuð og meginviðhorf í íslenskum rétti hvað þetta mál varðar kemur í ljós að ekki stendur steinn yfir steini í málflutningi hv. þingmanns. Hann getur ekki stutt fullyrðingar sínar við nein þau gögn sem til eru nema meirihlutaálit fossanefndarinnar frá 1923. Eins og ég fór yfir hér áðan, (Gripið fram í.) og bæði Þorgeir Örlygsson prófessor og Gaukur Jörundsson hafa staðfest, urðu sjónarmið minni hluta fossanefndarinnar ofan á. Ef hv. þingmaður hefur ekki heyrt þá tilvitnun mína skal ég endurtaka hana svona að lokum honum til skemmtunar.

Gaukur Jörundsson segir í eignarrétti sínum sem kom út árið 1982, með leyfi forseta:

„Fór svo árið 1921 og 1923 að lagt var fyrir Alþingi nýtt

frumvarp til vatnalaga, sem var byggt á meginsjónarmiðum minni hluta fossanefndar um tilhögun vatnsréttinda."

Hið sama segir Þorgeir Örlygsson. Ég ætla nú að vísa aftur til þess sem ég fór yfir áðan af því að það virðist hafa farið fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Þorgeir segir, með leyfi forseta, að í raun megi „segja, að stefna minni hlutans hafi sigrað, og hefur ekki verið um það fræðilegur ágreiningur í íslenskum rétti". — Niðurstaðan er sú að þar segir — og ég ætla að gera þau að mínum lokaorðum í þessari ræðu — Þorgeir Örlygsson prófessor, með leyfi forseta:

„Réttarframkvæmdin hefur og til fulls viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar, og dómstólar hafa talið landeigendur eiga eignarrétt að vatni á landi sínu." — Það er vísað í dóm frá 1955 hvað þetta varðar. Auðvitað geta menn haldið áfram að rembast eins og rjúpan við staurinn að reyna að komast að einhverri annarri niðurstöðu og reyna að túlka niðurstöður fræðimanna og fossanefndarinnar með einhverjum öðrum hætti. Ef menn ætla að gera það er það allt í lagi. Þá er ekkert hægt að ræða við slíka menn. Það er bara eins og að rökræða við menn um það hvort himinninn sé blár eða jörðin kringlótt. Þetta er niðurstaðan. Þetta er sú regla sem menn komust að við setningu vatnalaganna. Þannig er það og um það hefur ekki verið neinn ágreiningur.

Ég vænti þess að hv. þm. Jóhann Ársælsson muni í seinni ræðu sinni fallast á þetta sjónarmið. Hann væri maður að meiri ef hann gerði það. Ég hlakka til að sjá hv. þingmann stíga hérna upp í pontu og fallast á þessi sjónarmið sem ég hef hér reifað, sem líka hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur gert og allir þeir fræðimenn sem ég hef vísað til í þessari ræðu. Það mundi greiða mjög fyrir þingstörfum ef við gerðum þennan ágreining að engu vegna þess ef menn fallast á þessi sjónarmið fallast þeir á að í nýju frumvarpi til vatnalaga felist engin efnisbreyting, heldur einungis formbreyting.

(**Forseti** (JBjart)**:** *Forseti vill minna hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson á að beina orðum sínum til forseta en ekki til hv. þingmanna í þingsal.*)

[18:37]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður fór yfir álit fræðimanna til að reyna að afsanna mál mitt. Flest af því sem hann vitnaði í sneri að málefnum sem við höfum ekki verið með neinn ágreining um, þ.e. um hagnýtingu náttúruauðlinda og réttindi á landi manna. Við höfum ekki verið með neinn ágreining um það. Við höfum haldið því fram að sú skilgreining sem er í vatnalögum ætti að gilda áfram. Við teljum ekki rétt að setja inn þá nýju skilgreiningu að vatn sé séreign. Það felur ekki í sér neitt af því tagi sem hv. þingmaður hefur haldið fram um að við viljum taka einhver réttindi af mönnum. (Gripið fram í.)

Mér finnst mjög undarlegt, og ég ætla að leiðrétta hv. þingmann með það, að hann sagði að meiri hluti fossanefndar hefði viljað að réttindin yrðu eign ríkisins. Í plöggum sem ég hef segir að á fundi Verkfræðingafélags Íslands, sem fram fór rétt áður en þinghald hófst árið 1921, hafi Jón Þorlákssson haldið ræðu þar sem kom fram, með leyfi forseta:

„Jón kvað það misskilning að meiri hluti fossanefndar hefði lagt til að ríkið eignaðist öll vötn. Meiri hlutinn hefði kveðið upp úr um það að vatn væri engum eignarrétti undirorpið, hvorki ríkisins né einkaaðila."

Þetta sagði Jón Þorlákssson sem hefur lengi verið hafður mjög uppi sem ... (Gripið fram í.) Ég tel ástæðu til að menn taki eftir þessu. (Forseti hringir.)

[18:39]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er nákvæmlega þetta sem ég vísaði til áðan að ég geri þá kröfu til hv. þingmanna að þeir kynni sér málin áður en þeir fullyrða um þau í ræðustóli. Það er alveg ljóst, og um það hefur margoft verið skrifað og hv. þm. Jóhann Ársælsson getur lesið um það í fræðiskrifum og sömuleiðis í álitum minni hluta og meiri hluta fossanefndar, að meiri hlutinn taldi að öll vatnsréttindi ættu að vera ríkiseign en minni hlutinn taldi að vatnsréttindin skyldu vera háð eignarumráðum landeigenda.

Þetta er alveg ljóst. Þetta kemur meira að segja fram í grein Þorgeirs Örlygssonar, prófessors í eignarrétti, og dr. Gaukur Jörundsson fjallar líka um þetta í riti sínu um eignarrétt frá 1982. Um þetta hefur ekki verið neinn ágreiningur. Það þýðir ekki að vitna í einhverja eina ræðu sem haldin var á fundi Verkfræðingafélags Íslands um hver niðurstaðan var. Niðurstaðan var sú að meiri hlutinn vildi að vatnsréttindi væru ríkiseign. Minni hlutinn var ekki þeirrar skoðunar. Einar Arnórsson var fenginn til að semja frumvarpið sem varð að vatnalögum og þar, eins og Þorgeir Örlygsson benti á og ég fór nákvæmlega yfir í ræðu minni, urðu sjónarmið minni hlutans ofan á. Það var ekki fallist á að vatnsréttindi yrðu ríkiseign.

Sá málflutningur hv. þingmanns vekur líka furðu að ég sé að fara rangt með hvernig hann og flokkur hans vilji *haga eignarréttindum á vatnsréttindum. Það er alveg ljóst* að hv. þingmaður telur að þær eigi ekki að vera háðar einkaeignarrétti eins og allir fræðimenn telja að vatnalögin hafi kveðið á um. Það sem er furðulegt er að (Forseti hringir.) Samfylkingin telur að Íslendingar eigi ekki einu sinni vatnið.

[18:41]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er venja í sölum Alþingis þegar menn eru í vondum málum að grípa til einhvers konar útúrsnúninga. Við höfum sagt að við erum á móti endurskilgreiningunni á því hugtaki sem menn vilja nota núna, einkaeignarréttur á vatni. Þeir sem hafa talað fyrir því halda því fram að þetta sé einungis formbreyting. Samt vilja þeir leggja allt á sig til að formbreytingin nái fram að ganga. Hvernig stendur á því að þetta er svona mikið mál? Þetta er aðalatriði frumvarpsins sem um ræðir og kallað aðalmarkmið frumvarpsins að ná fram þeirri formbreytingu. Það skiptir engu máli þegar verið er ræða þetta mál, þá er þetta er bara formbreyting.

Ég held að full ástæða sé til að tortryggja að þetta sé bara formbreyting. Ég vitna til þess sem ég hef áður látið koma fram, að sá sem samdi frumvarpið hélt því fram að ef þeirri skilgreiningu sem er í lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu yrði breytt mundi það skapa skaðabótaskyldu. Er þetta þá bara formbreyting? Ég frábið mér að menn séu með sífelldan útúrsnúning. Við höldum því fram að sú skilgreining á vatni sem hefur verið í gildi fram að þessu eigi að vera það áfram. Hún þýðir að enginn eigi vatnið. Menn eigi réttindin til að nýta það, menn eigi orkuna, menn eigi möguleikana til að virkja orku og annað slíkt og fara með vatn á sínu landi. En þeir eigi ekki vatnsdropana sem um landið renna enda er erfitt að finna út skilgreiningu sem getur sagt mönnum að þeir geti átt vatn. Ekki ættu menn síður að geta átt vindinn sem blæs yfir löndum þeirra en vatnið sem rennur þar um.

[18:43]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er nánast vonlaust að ræða þetta mál við hv. þingmann. Ég reyndi að koma honum í skilning um að vatnið og vatnsréttindin væru háð einkaeignarrétti. Það er ekki bara mín skoðun. Sú fræðilega niðurstaða hefur komið fram í greiningu Ólafs Lárussonar, prófessors við Háskóla Íslands, Þorgeirs Örlygssonar, prófessors í eignarrétti og deildarforseta við Háskóla Íslands, dr. Gauks Jörundssonar og annarra fræðimanna sem um málið hafa fjallað.

Hv. þingmaður segir: Við viljum að eignarréttarhugtakið í núgildandi vatnalögum verði látið gilda. Gallinn er hins vegar sá að hv. þingmaður misskilur gjörsamlega inntak eignarréttarins eins og það hefur verið túlkað í vatnalögum. Hann er á algjörlega öndverðum meiði við þau sjónarmið sem hafa verið ríkjandi allt frá setningu vatnalaga frá 1923 og reyndar frá Grágásarlögunum og Jónsbókarlögunum og ég hef farið yfir. Þetta er enginn útúrsnúningur hv. þingmaður, en þingmaðurinn talar með þeim hætti að það er ekki hægt að ræða við hann. Rökræður við hv. þingmann (Gripið fram í.) eru með þeim hætti að hann væri tilbúinn til að gera ágreining um að himinninn væri blár, 2+2 væru 4 og jörðin kringlótt.

Ef hv. þingmaður er ekki tilbúinn til að fallast á þau sjónarmið sem ég hef reifað þá er þetta ekki til neins. Hann er gjörsamlega (Forseti hringir.) forfallinn. Misskilningurinn er hans.

[18:46]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var ágæt grein hjá Þorgeiri Örlygssyni. Það er full ástæða til að óska hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni hjartanlega til hamingju með þessa stund í dag. Það er greinilegt að hann er glaður þar sem hann stendur í ræðustólnum eftir að hafa svo listilega beitt Framsóknarflokknum fyrir frjálshyggjuvagn sinn sem raun ber vitni. Það veit þingheimur og þjóðin að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er einn af einörðustu talsmönnum einkaeignarréttarins á Íslandi og hefur trúlega verið frá blautu barnsbeini, sterkur hægri maður og kemur ekkert á óvart í málflutningi hans í dag.

Þeim hefur verið lagið sjálfstæðismönnum að beita Framsóknarflokknum fyrir vagn sinn við að einkavæða fiskinn í hafinu, auðlindirnar í jörðinni og nú jafnvel vatnið. Á morgun kannski loftið og sólina. En við hljótum að spyrja hv. þingmann: Ef þetta er engin breyting, að lýsa vatnið einkaeignarrétt landeigenda eða fjárfesta, hvers vegna sækir stjórnin það svo fast að hún kemur með það inn þriðja árið í röð og ætlar að fara með það í umræður þar sem hún veit að veruleg andstaða er við málið og að það mun tefja mjög fyrir öllu þinghaldi? Auðvitað vegna þess að það skiptir stjórnina máli, vegna þess að í frumvarpinu, ólíkt því sem hv. þingmaður heldur fram, er efnislegt innihald. Í því felst breyting, eins og hv. þingmaður sagði, til að skýra eignarheimildir, þ.e. til að treysta séreignarréttindi yfir vatni.

Ég vil spyrja hv. þingmann, vegna þess að hann vísaði til greinar Sigurðar Líndals: Hvaða atriði í hinni jákvæðu skilgreiningu á einkaeignarréttinum láðist að telja upp í gildandi vatnalögum og hvaða annmarkar eru á þeirri jákvæðu skilgreiningu sem knýja hann til þess að setja fram þær breytingar sem hann fylgir í dag?

[18:48]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spurði hvers vegna stjórnin sækti svo fast að koma lögunum í gegn. Það er einfalt mál. Núgildandi vatnalög eru, eins og hv. þingmaður veit, orðin gömul. Þau eru farin að láta á sjá og ýmislegt hefur verið tínt úr þeim frá því að þau voru sett árið 1923. Margir telja ástæðu til þess að gera á þeim breytingar. Jóhannes Rúnar Jóhannesson, formaður laganefndar Lögmannafélagsins, sagði í umræðum fyrir nefndinni að rétt væri að gera þessa breytingu á skilgreiningu eignarréttarins, færa hana úr hinni jákvæðu skilgreiningu í hina neikvæðu. Það væri í samræmi við, og ég held að ég hafi það orðrétt eftir honum, góða lagasetningarhætti.

Sigurður Líndal segir í grein sinni að fara megi tvær leiðir til að skilgreina eignarrétt. Hin fyrri er sú að telja upp allar heimildir sem eignarrétti fylgja. Sú upptalning verði þó aldrei tæmandi og þar af leiðandi allt of viðamikil, jafnvel villandi. Er það sú leið sem við viljum fara í lagasetningu okkar? Ég get ekki bent á eitthvað eitt sem vantar í hina jákvæðu skilgreiningu. Við höfum hins vegar farið þá leið í öðrum lögum að notast við neikvæðar skilgreiningar. Ég bendi hv. þingmanni á að tímarnir kunna að breytast. Það getur vel verið að upp komi sú staða að nauðsynlegt og rétt verði að skilgreina réttindin með þeim hætti. Það er niðurstaða Sigurðar Líndals, sem ég veit að hv. þingmaður hefur miklar mætur á. Það hefur verið niðurstaða löggjafans í annarri lagasetningu og (Forseti hringir.) er í samræmi við góða lagasetningarhætti.

[18:50]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér bauð í grun að svona mundi fara. Það er rétt að í nefndri grein Sigurðar Líndals bendir hann á annmarka á því að telja upp þau réttindi sem fylgi eign, að sú upptalning geti ekki orðið tæmandi. En það sýnir sig að eftir að vatnalögin hafa gilt í 82 ár, nærfellt heila öld, og gengið í gegnum gríðarlegar þjóðfélagsbreytingar

og þurft að skera úr um mikilvæg hagsmunamál á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins, m.a. á einhverjum erfiðustu og flóknustu sviðum þjóðlífsins sem lúta að orkuiðnaðinum og þeim hagsmunum sem þar eru, sameign manna á veiðiréttindum o.s.frv., þá hafa menn ekki fundið neitt það atriði sem á skorti í upptalningunni frá árinu 1923. Slík völundarsmíð voru vatnalögin að þau skilgreindu með jákvæðum hætti nýtingarrétt þann sem landeigendur hefðu af vatni án þess að gera vatnið að séreign þeirra um aldur og ævi og alla nýtingarmöguleika þess.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gat ekki tilfært eitt vandamál, eina ástæðu, til þess að gera breytingu á lagaskilgreiningu um eignarhald á vatni aðra en þá sem við öll þekkjum, þá bjargföstu pólitísku sannfæringu hægri mannanna í Sjálfstæðisflokknum að allt undir sólinni skuli vera séreign manna og ekkert sameign eða almannaeign. (Forseti hringir.) Hitt hlýtur að koma okkur á óvart að það sé Framsóknarflokkurinn sem gangi þeirra erinda (Forseti hringir.) fyrir unga sjálfstæðismenn á Alþingi í dag.

[18:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér afar umdeilt frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra um vatnalög. Það er ekkert skrýtið að þingmenn stjórnarandstöðunnar telji sig þurfa talsvert langan tíma til að gera grein fyrir sínum málum í ræðustól Alþingis. Svo harkaleg ummæli hefur hæstv. iðnaðarráðherra látið falla úr þessum stól, sem hvetur auðvitað stjórnarandstöðuþingmenn til að miðla af þeirri vissu og kunnáttu sem þeir hafa eftir að málið hefur hlotið meðferð í iðnaðarnefnd Alþingis.

Margt hangir á spýtunni. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur ekki einungis lent í erfiðleikum með að koma þessu frumvarpi í gegnum þingið — sú barátta hennar hefur staðið í á annað ár — heldur er um að ræða fleiri lagafrumvörp sem hæstv. ráðherra bisar við að koma í gegn og gengur harla illa. Þar nefni ég frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum og fylgifisk þess, frumvarp sem fór í gegn fyrir skemmstu, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Öll frumvörpin bera þess glögg merki að hæstv. iðnaðarráðherra ætli sér stóra hluti í auðlindaumsýslu þjóðarinnar þar sem vatn er annars vegar.

Eitt af því sem mér finnst kalla sterkt til mín þegar ég hlusta á hæstv. iðnaðarráðherra fjalla um þessi mál sín, les frumvörpin og greinargerðir með þeim, er krafa hæstv. ráðherra, hennar æðsta bón og krafa sem hljóðar í eyrum mínum eitthvað á þessa leið: Allt vald yfir auðlindum Íslands, vatnsauðlindum Íslands, til iðnaðarráðherra. Ég verð að segja að það eru alvarleg skilaboð sem hæstv. iðnaðarráðherra sendir út í umhverfið með því hvernig hún kemur fram, hve óbilgjörn hún er í málflutningi sínum í þessum málum og hve mikið vald hún ætlar sér eða komandi iðnaðarráðherrum og stofnunum iðnaðarráðuneytisins yfir umsýslu með vatn.

Hæstv. iðnaðarráðherra lætur eins og auðlindin vatn komi einungis iðnaðarráðherra við. Við stjórnarandstöðuþingmenn höfum kvartað undan því að hæstv. umhverfisráðherra sé ekki viðstaddur umræðurnar og kvartað undan því að stofnanir umhverfisráðuneytisins hafi ekki verið hafðar með í ráðum. Við höfum sagt að auðvitað ætti að flytja frumvarp til vatnsverndarlaga samhliða þeim frumvörpum sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur talað fyrir. Hvað segir hæstv. iðnaðarráðherra þá? Hún kveinkar sér undan því að stjórnarandstaðan kalli á umhverfisráðherrann og segir: Það vill svo til að ég er iðnaðarráðherra en ekki umhverfisráðherra. Hún neitar síðan að ræða þá þætti málsins sem lúta að umhverfinu, verndarþættinum og hinni sjálfsögðu vatnsvernd, sem eðlilegt væri að taka með í þessari spyrðu.

Mér finnst þetta bera vott um mikinn hroka, frú forseti, og ótrúlegt skilningsleysi á því sjónarmiði sem hefur rutt sér til rúms um allan heim á síðustu árum og áratug, að fara þurfi með gát þegar umsýsla þjóða með vatnsauðlindina er ákveðin af löggjafarsamkundu. Við sem erum í þessum sal og höfum hlustað á ræður hv. þingmanna sem talað hafa á undan mér, talsmanna stjórnarandstöðunnar í iðnaðarnefnd, vitum að það tók sex ár að semja vatnalögin á sínum tíma. Þau tóku gildi 1923. Sex ár tók að semja vatnalögin. Það tók þrjá mannsaldra fyrir Norðmenn að endurnýja vatnalög sín, sem upphafi þessa áratugar sem nú stendur yfir, árið 2001, fóru í gegnum norska þingið. Þeir voru ekkert að kinoka sér við það. Þeir kveinkuðu sér ekki undan því að taka þrjá mannsaldra sem þurfti til að endurnýja löggjöfina um vatn.

Inn í þá vinnu voru lagðar ótal skýrslur og afrakstur ótal málþinga og ráðstefna sem haldnar höfðu verið í Noregi í aðdraganda þess að lögin voru opin til skoðunar. Þar var farið að öllu með gát, þori ég að fullyrða. Ferlið var umdeilt á sínum tíma og deilt um margt í Noregi á meðan á lagasetningin stóð. En Norðmenn báru gæfu til að hafa vinnuna opna, hleypa öllum sem vildu að henni koma komast að henni, drógu fram ólík sjónarmið, leyfðu fólki að takast á um þau. Tekist var á um þau pólitískt, og á endanum var náð skynsamlegri lendingu. Hvernig var niðurstaða Norðmanna? Hún var sú að byggja á meginskilgreiningum hugmyndafræðinnar um sjálfbæra þróun. Hún byggir líka á meginreglum umhverfisréttar sem samþykktar voru í Ríó árið 1992 og varúðarreglunni sem enn hafa ekki verið lögfestar í íslenskri löggjöf, sem mikið hefur verið kvartað undan.

Þess er skemmst að minnast að ríkisendurskoðandi gaf út skýrslu þar sem deilt var á íslensk stjórnvöld fyrir að hafa ekki enn lufsast til að skilgreina hugtakið „sjálfbær þróun“ í löggjöf. Menn nota þessi hugtök, bæði í lagatexta og í greinargerðum, algerlega skilgreiningalaust án þess að nokkur maður viti um hvað er talað. Þetta er auðvitað ámælisvert og til vansa fyrir íslensk stjórnvöld að þau skuli leyfa sér að leggja fram mál af því tagi, sem varða hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og koma við meginreglur umhverfisréttar. En þar komum við að tómum kofanum. Hæstv. iðnaðarráðherra gerir lítið úr því að stjórnarandstaðan skuli draga þau sjónarmið í umræðuna. Eins og hennar er vani gefur hún þingmönnum einkunnir fyrir ræður sínar. Þær eru ævinlega mjög lágar og fremur snautleg einkunnagjöf hæstv. ráðherra til okkar þingmanna stjórnarandstöðunnar.

Ég fullyrði, frú forseti, að hæstv. iðnaðarráðherra fer hér afar vitlaust að og mér finnst mikil synd að hún skuli studd

af allri ríkisstjórninni í þessu brölti sínu. En það segir bara eitt, það segir hvernig núverandi ríkisstjórn er innstillt þegar um er að ræða auðlind á borð við vatn, auðlind sem á auðvitað að vera sameign allrar þjóðarinnar, auðlind sem er vandmeðfarin, auðlind sem þjóðir heims hafa lent i vandræðum með að skilgreina, og hæstv. iðnaðarráðherra Íslands, Valgerður Sverrisdóttir, verður að átta sig á því að hún þarf að fara að með gát, hún þarf að fara að á annan hátt en hún hefur gert í þessum málum.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lesa hér allar umsagnirnar sem komu til iðnaðarnefndar út af þessu máli af því að talsmenn stjórnarandstöðunnar í iðnaðarnefnd, hv. þingmenn Jóhann Ársælsson og Hlynur Hallsson hafa farið vel yfir þær. Þó er óhjákvæmilegt að geta þess að þessar umsagnir eru mjög efnismiklar og með afar alvarlegum varnaðarorðum til ríkisstjórnarinnar, svo ekki sé meira sagt. Þær umsagnir sem mér kemur örugglega til með að verða tíðrætt um í ræðu minni nú koma frá Umhverfisstofnun, sem sendi nefndinni mjög ítarlega umsögn sem skiptist upp í eina sjö kafla, umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands, sem er sömuleiðis afar harðorð og alvarleg, og loks vil ég nefna umsögnina frá Landvernd og reyndar umsögnina frá BSRB. Það eru margar umsagnir hér sem eru virkilega þess virði að farið sé ítarlega yfir þær. Það er því ekki forsvaranlegt, frú forseti, að ríkisstjórn landsins og hæstv. iðnaðarráðherra skuli leyfa sér að vera fjarverandi í þessari umræðu og svara ekki þingheimi þeim áfirðingum sem koma fram í þessum umsögnum. Ég á eftir að heyra svörin sem hæstv. ríkisstjórn hefur fram að færa hvað varðar áfirðingarnar sem koma fram í umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Þá skulum við, frú forseti, aðeins átta okkur á því hvers vegna þessi löggjöf, vatnalögin, er jafnumdeild og raun ber vitni, hvers vegna þingmenn stjórnarandstöðunnar sjá sig knúna til að standa í ræðustóli klukkutímum saman við það að reyna að gera þjóðinni og fjölmiðlum grein fyrir á hvern hátt verið er að véla hér með sameign þjóðarinnar sem fólgin er í vatninu. Þannig hafa menn rifjað hér upp í löngu máli hvernig vatnalögin urðu til í upphafi, menn hafa fjallað um fossanefndina frægu og Fossafélagið Títan, stórhuga menn sem á sínum tíma þurftu að takast á við það að skilgreina hluti eins og við erum að skilgreina hér í dag, þurftu að fjalla um einkarétt og einkaeignarrétt, um nýtingarrétt og hagnýtingarrétt, þurftu að fjalla um alla þessa hluti en höfðu þá ekki jafnmarga bókstafi til að vitna í á þeim tíma eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gat vitnað til í máli sínu áðan þar sem hann fór yfir ritgerðir lærðra manna, síðari tíma lögfræðinga sem hafa túlkað gjörðir þessara eldri heiðursmanna sem á undan okkur komu og lögðu grunninn að vatnalögunum.

Hvers vegna hefur það verið svona viðurhlutamikið hjá þingmönnum í gegnum tíðina og þeim sem um þetta hafa vélað að skilgreina þennan eignarrétt og þennan hagnýtingarrétt? Mér þykir tilefni til að rifja það upp hér sem fyrst kemur upp í huga minn í þeim efnum, frú forseti. En þegar augu mín opnuðust fyrst fyrir því hvernig þessi mál hafa þróast í gegnum aldirnar, ég var þá ung kona, þá var mér sögð sagan af indíánunum í nýja heiminum sem tóku á móti Spánverjunum, ofurhugunum sem byggðu sér skip sem gátu siglt yfir úthafið stóra. Spánverjarnir námu land í nýja heiminum í Suður-Ameríku og hittu þar fyrir frumbyggjana, indíána, og komust þar í kynni við þjóðir sem bjuggu á löndum sem bjuggu yfir miklum auðlindum. Það var vatnsauðlindin, uppspretta vatnsins var náttúrlega gríðarleg, fjöllótt lönd og hálend og mikið vatn sem rann þar til sjávar, en í jörðinni var auðlindin sem Spánverjarnir ágirntust kannski öðrum fremur og það var gullið. Indíánarnir höfðu lært að hagnýta sér gullið og unnu gull óspart úr jörðu. Spánverjar komust þarna heldur betur í feitt. og hvert var fyrsta viðbragð þeirra til þess að reyna að koma höndum yfir auðlindir indíánanna, gullið? Nema hvað? Að eignast landið. Og Spánverjarnir fóru á fjörurnar við indíánana og gerðu tilkall til landsins og óskuðu eftir því að fá að kaupa landið af indíánunum. Hver voru viðbrögð indíánanna? Indíánarnir brugðust ókvæða við, komu af fjöllum, og spurðu Spánverjana hvort þeir væru ekki með öllum mjalla því hvernig ættu þeir, indíánarnir, sem byggju á landinu að geta selt landið? Og hvernig ættu gestirnir, Spánverjarnir, sem væru komnir þvert yfir hafið að geta keypt landið? Auðvitað ætti enginn landið, enginn gæti átt land.

Þær eru ekki svo ýkja margar aldirnar, frú forseti, síðan þessi skilgreining indíánanna var sannleikurinn. Í frumstæðum samfélögum var það bara sannleikurinn að mennirnir áttu ekki landið heldur átti alvaldið landið. Mennirnir höfðu hins vegar ábúðarrétt á landinu og gátu nýtt sér auðlindir þess svo fremi að ekki væri gengið á þær auðlindir, svo fremi að þær auðlindir gengju ekki til þurrðar. Á þeim tíma má því segja að sjálfbær þróun hafi verið mönnum í blóð borin og indíánarnir, í þeim samfélögum sem við í dag köllum frumstæð, sem tóku á móti Spánverjunum á 17. öld þegar þeir sigldu yfir hafið til þess að nema land í nýja heiminum voru með það alveg á hreinu hvernig menn gætu nytjað landið án þess að ganga um of á auðlindir þess. Nákvæmlega eins og Jón Þorláksson, sá merki maður, hélt fram á sinni tíð að vatnið væri og ætti að vera einskis manns eign. Enda stendur í vatnalögunum frá 1923 að „landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt sem þessi lög heimila". Það eru síðari tíma útskýringar lögmanna, lögfræðinga, að þessi hagnýtingarréttur sé skilgreindur sem einkaeignarréttur. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fór afar vel yfir það í máli sínu áðan á hvern hátt síðari tíma lögfræðingar hafa skilgreint þennan hagnýtingarrétt eða umráðarétt, hann er skilgreindur sem einkaeignarréttur. En ég fullyrði, frú forseti, að það eru mannanna verk að breyta þeim hagnýtingarrétti, sem hefur legið í lögunum frá 1923, í einkaeignarrétt sem er í mínum huga, og margra þeirra sem gefa umsagnir um þetta mál til iðnaðarnefndar, mun þrengri skilgreining.

Þetta finnst mér vera mergurinn málsins. Mér finnst mergurinn málsins vera fólginn í svo einföldum hlut eins og þeim að það geti enginn átt vatnið því að vatnsdropinn er eðli málsins samkvæmt aldrei kyrr á sama stað. Og þó að landeigandi eða jarðeigandi geti samkvæmt skilningi okkar í dag átt bújörð sína eða átt jörð sína getur hann aldrei átt þann vatnsdropa sem um landareign hans fer. Hann getur hins vegar haft rétt samkvæmt einhvers konar lagaskilgreiningu til að hagnýta sér það vatn sem um landareignina

rennur en hann getur ekki slegið eign sinni á vatnið. Það er ekki hægt. Vatnið gufar upp, vatnið rennur í gegnum landið, vatnið á sér uppsprettur annars staðar en á landareign viðkomandi. Hringrás vatnsins er alheimshringrás sem við þekkjum og hún lýtur ekki einkaeignarrétti þeim sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fræddi okkur svo mikið um í ræðu sinni hér áðan. Það gerir hún bara ekki. Vatnið er þess vegna sameign mannkyns og mér er alveg sama þó að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson tali um það í einhverjum háðungartóni að hér standi stjórnarandstaðan og rausi eitthvað um það að vatnið eigi að vera eign mannkyns. Mér finnst það bera vott um skammsýni hv. þingmanns að hann skuli ekki hafa þá víðsýni og þá hugmyndaauðgi til að bera og það opna hjarta í sjálfu sér að átta sig á því að málið snýst um þessi grundvallaratriði.

Hvernig er svo alheimspólitíkin í kringum vatnið í dag? Víða í veröldinni er tekist á um vatn þessa dagana, frú forseti. Það er sannarlega ekki bara á Íslandi. Það er sannarlega víða í veröldinni verið að fjalla um vatnsauðlindina, þessa auðlind veraldarinnar, auðlind sem tilheyrir öllu mannkyni, auðlind sem á að vera opin öllu mannkyni og að það þjóni ekki hagsmunum mannkynsins að fólki eða fyrirtækjum sé heimilað að slá á vatnið einhvers konar eignarböndum. Hvers vegna er slík pólitík í gangi vítt og breitt um veröldina? Það er vegna þess að þær hugmyndir hafa kviknað hjá stórfyrirtækjum veraldarinnar að nú sé tími til kominn að setja einkaeignarrétt á vatnið og eignarbönd á vatnið. Og það er ekki bara svo að hugmyndin hafi kviknað í hugum stjórnenda stórfyrirtækja heldur hafa menn farið af stað og gert formlega tilkall til þess að eignast og eiga vatnið og geta selt að því aðgang. Þessi umræða á auðvitað ekki að vera okkur í þessum sal framandi. Og okkur í þessum sal á heldur ekki að finnast langsótt að þetta sé dregið inn í umræðuna þegar við erum að ganga frá jafnviðamikilli löggjöf og hér um ræðir, við eigum ekki að kveinka okkur undan því að þurfa að líta á málin heildstætt og skoða á hvern hátt alþjóðasamfélagið fjallar um nákvæmlega sömu mál.

Nú er það svo að stórfyrirtækin, sem eru farin að færa sig heldur betur upp á skaftið í þessum efnum, eru komin með klær sínar á vatnið á þann hátt að til mikils vansa er fyrir stórfyrirtækin sjálf, tel ég, og hið kapítalíska hagkerfi sem hefur alið þau. Ég nefni Bólivíu sem dæmi. Bólivía er dæmið sem hræðir okkur sem höfum fylgst með umræðunni á alþjóðavettvangi um vatn, hræðir okkur og skelfir svoleiðis að það jaðrar við martröð þó svo að nú hafi þjóðin yfirunnið vald stórfyrirtækisins sem var búið að sölsa undir sig einkaeignarrétt á vatni í Bólivíu og var farið að selja þjóðinni aðgang að vatninu dýrum dómum. Það var svo komið að fátæk þjóð gat ekki lengur svalað þorsta sínum nema með því að borga stórfyrirtækinu Bechtel óheyrilegar upphæðir, upphæðir sem fólk átti ekki til vegna þess að fólk á vart málungi matar á stórum landsvæðum í því samfélagi. Það var því gerð uppreisn gegn þeim áformum sem spillt ríkisstjórn í Bólivíu hafði hrint í framkvæmd og uppreisnin sem átti sér stað í samfélaginu Cocabamba varð til þess að fyrirtækið Bechtel, sem eins og ég sagði áðan hafði sölsað undir sig eða komist yfir einkaeignarrétt á vatni í Bólivíu, varð að hrökklast í burtu frá landinu.

Þetta nafn, Bechtel, hljómar kannski kunnuglega í eyrum einhverra. Þetta er einmitt sama stórfyrirtækið og er að byggja álver fyrir Alcoa austur í Fjarðarbyggð. Það er sem sagt þetta risastóra verktakafyrirtæki sem starfar um allan heim og var svo ljónheppið, mundi einhver segja, að fá, eftir því sem ég veit, útboðslaust að annast alla uppbygginguna í Írak sem Bandaríkjastjórn er að fjárfesta í núna. Þetta sýnir að fyrirtækið teygir anga sína afar víða. Það var sem sagt fyrirtækið Bechtel sem fékk hina einkavæddur vatnsveitur í Bólivíu og ekki nóg með það heldur slógu þeir eign sinni á rigningarvatnið líka því fólki var jafnframt bannað að safna rigningarvatni til svala þorsta sínum. Foreldrum sem voru að reyna að svala þorsta barna sinna var beinlínis bannað að safna rigningarvatninu því Bechtel átti einkarétt á því.

Síðan var gerð uppreisn í Bólivíu. Hún er búin að standa nokkuð lengi þessi barátta í Bólivíu. Það er talað um vatnsuppreisnina árið 2000 sem var í raun alþjóðleg uppreisn þó hún hafi byrjað heima fyrir. Hún endaði sem sagt með því, eins og ég sagði áðan, að Bechtel var gert burtrækt úr Bólivíu. Þeir þóttust náttúrlega þurfa að fá skaðabætur en létu sér loks segjast þegar þeir voru búnir að standa í stappi við fá skaðabætur sem þeir gerðu kröfu um. Þeir gerðu kröfu um 50 milljóna dollara í skaðabætur frá bólivísku þjóðinni. Þeir fengu það nú ekki heldur fóru þeir víst burtu á endanum með tvö silfurslegin eða skínandi sent frá þjóðinni sem munu hafa verið jafnvirði 30 bandaríkjasenta. Uppreisnin í Bólivíu gegn þessum áformum öllum um einkavæðingu vatnsins endaði sem sagt á þann veg að eitt og öflugasta verktakafyrirtæki og stórfyrirtæki í víðri veröld var sigrað. Það varð að lúta í lægra haldi fyrir þjóðinni, fyrir þeim borgurum landsins sem fannst á sér brotið og reyndar voru studdir af borgurum vítt og breitt um veröldina sem létu í ljósi skoðanir sínar. Stórfyrirtækið varð að gefast upp og þetta er kannski fyrsta stóra uppgjöfin í þeirri baráttu sem stendur yfir núna þar sem stórfyrirtæki eru að sölsa undir sig almannaþjónustu t.d. vítt og breitt um veröldina, í fátækum þjóðríkjum. Það stendur nú svo að verulega mikið er tekist á t.d., má segja, í öllum þróunarlöndum um þessi meginsjónarmið öllsömul, um hvort spilltum ríkisstjórnum eigi að vera heimilt að einkavæða almannaþjónustuna og ekki síst vatnsveiturnar eins og gert var í Bólivíu.

Þjóðin í Bólivíu sigraði stórfyrirtækið. Nú hafa þeir þegnar Bólivíu sem áttu allt sitt undir þessu fyrirtæki fyrir stuttu síðan endurheimt aftur rétt sinn til að nýta þessa auðlind, njóta þessara auðlindar á þann hátt sem eðlilegt getur talist, þ.e. auðlindin er og verður sameign þjóðarinnar. Það er sannarlega ástæða til að fagna því að þessi sigur skyldi hafa unnist því hann er auðvitað fordæmisgefandi fyrir þau fyrirtæki önnur sem fara inn á sömu braut. Samkvæmt mínum heimildum þá óttast menn sem hafa verið að fylgjast með þessu að á einum 200 stöðum á jarðríki sé verið að undirbúa núna einhvers konar yfirtöku sambærilega við þá í Bólivíu á vatnsauðlindum tiltekinna samfélaga.

Ein ástæðan fyrir því að menn fylkja sér bak réttindum þjóða til að hafa óheftan aðgang að vatnsauðlind sinni er einmitt þessi uppreisn og barátta sem hefur staðið yfir í Bólivíu. Fréttir af þeirri uppreisn og baráttu hafa borist til Íslandi upp á síðkastið. Vil ég nefna sérstaklega ráðstefnu sem BSRB átti frumkvæði að að gengist var fyrir á Grand

Hóteli þann 29. október síðastliðinn. Sú ráðstefna fjallaði um vatnið sem auðlind og var hin athyglisverðasta í alla staði. Frumkvæði að henni áttu BSRB, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra bankamanna, Náttúruverndarsamtök Íslands, Landvernd, Öryrkjabandalag Íslands, UMFÍ, Mannréttindaskrifstofa Íslands, UNIFEM, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, MFÍK, Menningar- og friðarhreyfing íslenskra kvenna, Landssambandi eldri borgara og þjóðkirkjan. Þessi félagasamtök höfðu skrifað upp á yfirlýsingu sem samþykkt var á ráðstefnunni. Nú hafa fleiri félagasamtök bæst í hópinn og ritað undir yfirlýsinguna um vatn sem búið er að gera grein fyrir í löngu máli í ræðum þeirra þingmanna sem talað hafa á undan mér. Sú yfirlýsing er líka aðgengileg á heimasíðu BSRB og sennilega á heimasíðum þessara félagasamtaka vítt og breitt um vefinn.

Stór hluti samtakanna hafa skrifað undir sameiginlega umsögn um frumvarp til vatnalaga sem við erum hér að fjalla um. Ég ætla að leyfa mér að nefna hin samtökin sem komin eru með í hópinn. Það má segja að mikill meiri hluti verkalýðshreyfingarinnar hafi skrifað upp á yfirlýsinguna, helstu umhverfissamtök landsins, mannréttindasamtök og samtök tengd Sameinuðu þjóðunum. Alþýðusamband Íslands ákvað þann 5. desember 2005 að fylgja þeim 14 samtökum sem undir yfirlýsinguna hafa skrifað þannig að ég tel að vart sé hægt að hugsa sér öflugri hóp undir yfirlýsingu ráðstefnunnar frá 29. október. Yfirlýsinguna getur að líta í umsögn sem þessi samtök sendu iðnaðarnefnd, sem er að finna í umsagnarbunkanum. Yfirlýsingin hefur yfirskriftina „Vatn fyrir alla" og lýtur fyrst og fremst að því að áðurnefnd samtök, sem í eru þúsund ef ekki tugþúsund einstaklinga. Þau vilja með yfirlýsingu sinni vekja athygli íslensku ríkisstjórnarinnar, allra sveitarstjórna á Íslandi og stofnana, fyrirtækja og almennings sem láta sig málið varða, á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land og þjóð og lífríki. Þetta gera þessi samtök þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi og staðan hér önnur en víðast hvar í heiminum. Þau segja líka í yfirlýsingunni að gnótt vatns gefi alls ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Þar er líka lögð áhersla á að hugsa til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruhagsmuni að leiðarljósi.

Það kann að vera óþarfi að fara yfir alla þessa yfirlýsingu, frú forseti, en ég vil þó ítreka að ríkisstjórn Íslands verður að skoða það með opnum huga sem í þessari yfirlýsingu stendur. Þar er kjarni málsins, finnst mér, í málflutningi stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Við lítum á vatnið sem takmarkaða auðlind og lítum á vatn sem almannagæði. Við lítum á vatn sem undirstöðu alls lífs á jörðinni. Við lítum á vatn sem undirstöðu heilbrigðis þjóðarinnar. Þess vegna viljum við meina að vatn sé frábrugðið öðrum efnum og öðrum auðlindum að því leyti að það er hægt að finna það í ýmsu formi, eins og getið er um í þessu frumvarpi. Okkur finnst í hæsta máta óeðlilegt að hæstv. iðnaðarráðherra geti sölsað undir sig og stofnanir ráðuneytis síns alla umsýslu með slíkri auðlind. Jafnt að morgni sem kvöldi og um miðjan dag neitar hún að horfast í augu við að margir aðrir hagsmunir eru í húfi en hagnýtingarsjónarmiðin sem hæstv. iðnaðarráðherra talar fyrir.

Hæstv iðnaðarráðherra lokar algerlega augum sínum fyrir náttúruverndarsjónarmiðum í þessu máli og lokar algerlega augum sínum fyrir því að vatnið sé annars konar auðlind en svo að hana megi hagnýta með tilliti til orkuframleiðslu. Hér eigum við því langt í land með að opna augu hæstv. iðnaðarráðherra.

Ég var að tala um ráðstefnuna „Vatn fyrir alla", sem haldin var 29. október síðastliðinn. Mig langar að minna hv. þingmenn sem hér sitja á að það væri ekki úr vegi að rifja upp ákveðin atriði úr þeim erindum sem flutt voru á ráðstefnunni. Þau koma málinu við. En af því hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson var hér á afar lagalegum nótum á undan mér þá langar mig að fara örlítið út á aðrar brautir, þ.e. hinar skáldlegu brautir og tilfinningalegu, sem lúta að þessu máli. Ég vildi vitna til orða Péturs Gunnarssonar rithöfundar, sem flutti á þessari ráðstefnu erindi sem hann kallaði „Lifandi vatnið", sem er að finna á heimasíðu BSRB. Erindi Péturs Gunnarssonar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Árið 1974 kom út skáldsagan Lifandi vatnið eftir Jakobínu Sigurðardóttur. Lifandi vatn? Hvað skyldi vera átt við með því? Efnafræðin segir okkur reyndar að vatn sé óvenju lifandi fyrirbæri: mólekúl þess óð og uppvæg að sameinast öðrum. Vatnsglas sem okkur sýnist pollrólegt er iðandi og ólgandi af samruna.

Bókartitill Jakobínu kom mér í hug þar sem ég var staddur í almenningsgarði í evrópskri höfuðborg þar sem höfðu verið búnir til lækir og líka svolítill foss úr kranavatni en farvegirnir voru forhannaðir og kletturinn sem fossinn steyptist fram af úr hrærðri steypu. Allt var tilbúið og vatnið ugglaust líka, þ.e. margnotað og vandlega merkt „ódrykkjarhæft".

Sá merkimiði þykir nú orðið svo sjálfsagður að það er óþarfi að taka hann fram hvarvetna þar sem vatn rennur á víðavangi í flestum velmegunarlöndum. Heilu árnar streyma lífvana af því að þær hafa tekið í sig slík ókjör spilliefna, ekki bara frá stóriðju, heldur einnig frá landbúnaði sem reyndar er víðast rekinn sem stóriðja: eiturefni úr áburði, skordýraeitur, fyrir utan seyruna sem svína- og kjúklingabúin leggja til.

Ferskt vatn fæst þar fyrir borgun á flöskum tappað úr sérstökum uppsprettum, á meðan skáldsögupersóna Jakobínu þurfti ekki annað en fara niður á BSÍ og taka rútuna heim í sveitina sína til að ná fundum við lifandi vatn.

Lifandi vatn var þar í merkingunni vatn komið úr skauti náttúrunnar. En þar sem að persónan í sögunni, verkamaðurinn Pétur, hefur misst fótanna í lífi sínu og finnur því ekki lengur tilgang er þrá hans eftir lifandi vatni væntanlega annarrar merkingar einnig, nefnilega þeirrar sem Kristur ljær því í Jóhannesarguðspjalli þegar hann tekur tali vatnsburðarkonuna við brunninn og gefur henni fyrirheit um lifandi vatn sem hafi þá eðliskosti að sá sem neytir þess muni ekki aftur þyrsta."

(**Forseti** (SP)**:** Forseti hyggst gera matarhlé á næstu tveimur mínútum eða svo og gerir varla ráð fyrir að hv. þingmaður ljúki máli sínu á þeim tíma. Forseti spyr hvort hv. ræðumaður treysti sér til að finna hentugan stað í ræðu sinni til að fresta henni innan tveggja mínútna.)

Það er sjálfsagt, frú forseti. Ég leyfi mér bara að klára tilvitnunina sem Pétur Gunnarsson er kominn að í erindi sínu. Það er tilvitnun í ekki ómerkari mann en Jesús sjálfan. Pétur vitnar til orða hans sem eru svohljóðandi:

„Hvern þann sem drekkur af þessu vatni, mun aftur þyrsta, en hvern þann sem drekkur af vatninu sem ég mun gefa honum mun aldrei að eilífu þyrsta heldur mun vatnið sem ég mun gefa honum verða í honum að lind er sprettur upp til eilífs lífs."

Tel ég, frú forseti, að hér sé viðeigandi staður til að gera hlé á ræðu minni. Fara að næra líkamann og gera hlé á því að næra sálina.

[Fundarhlé. — 19:30]

[20:02]

Kolbrún Halldórsdóttir (frh.):

Frú forseti. Ég var þar stödd í ræðu minni þar sem ég var að vitna í erindi Péturs Gunnarssonar rithöfundar á ráðstefnu sem BSRB gekkst fyrir í félagi við nokkur önnur félagasamtök þann 29. október sl. undir heitinu Vatn fyrir alla. Pétur Gunnarsson hefur erindi sitt á því að vitna til bókarinnar Lifandi vatnið eftir Jakobínu Sigurðardóttur. Ég var þar í erindi mínu þar sem persónan í sögunni, verkamaðurinn Pétur hafði misst fótanna í lífinu og farið að ræða um hvernig Kristur talar um sig sem vatn. Ég lauk þarna fyrir hlé á tilvitnun í orð Jesús sjálfs.

„Óneitanlega hraustlega mælt í landi þar sem hitinn fer iðulega yfir 40°, og eyðimörkin allt um kring.

Sex hundruð árum áður en Kristur var á dögum var annar spekingur uppi austur í Kína sem notaði vatn óspart í líkingamáli sínu. Í Bókinni um veginn segir hann um taó (sem þýðandinn íslenski kallar Alvaldið):

„Alvaldið er óþrotlegt eins og sírennandi lind ..." og: „Hin æðsta dyggð er eins og vatnið. Á allan hátt er það nytsamt. Án baráttu sest það þar að sem auvirðilegast þykir. Þannig er Alvaldið."

Enn fremur: „Ekkert er mýkra og gljúpara í heimi en vatnið, en ekkert kemst til jafns við það í því að eyða hinu harða og sterka; — að því leyti ber það af öllu."

Taóistinn Halldór Laxness gerir vatni hátt undir höfði í trúarriti sínu hinu mikla, Kristnihaldi undir jökli. Á einum stað takast þeir á kenningasmiðurinn og grillufangarinn Goodman Sýngmann og séra Jón prímus. Þegar sá fyrrnefndi hefur útlistað kenningu sína um vísindalega lífmögnum milli stjarna og rakið frumþætti epagókíkurinnar og epígenetíkurinnar, eiga eftirfarandi orðaskipti sér stað:

Séra Jón: „Ég hef bara eina teóríu Mundi minn.

Dr. Sýngmann: Þó það! kanski hún eigi eftir að frelsa heiminn.

Séra Jón: Hún er að minstakosti ekki lakari en aðrar teoríur.

Dr. Sýngmann: Kondu með hana John!

Séra Jón: Ég hef þá teóríu að vatn sé gott.

Dr. Sýngmann: Við kvefi eða hvað?

Séra Jón: Skilmálalaust. Þarf ekki einusinni að fara eftir minni teóríu nema maður sé þyrstur..."

Og í annarri rökræðu, að þessu sinni við umboðsmann biskups, Umba, dregur séra Jón væntingar sínar og afstöðu til lífsins saman í fjögur orð:

„Kalt vatn handa mér".

Þannig er vatnið, undraefni, ekki bara í eðlisfræðilegum skilningi heldur í sköpunarmætti sínum til að búa til merkingu og tákn sem dugi til að réttlæta gervalla tilveruna.

Vatn hefur líka frá alda öðli verið mælikvarði á velmegun samfélaga. Veldi Kína í fornöld birtist í risavöxnum stíflum og áveitum. Og vatnsleiðslur Rómverja eru enn í dag stórbrotin minnismerki um mekt þeirra og ekki fyrr en á okkar dögum sem menn hafa komist með hælana þar sem þeir höfðu tærnar í vatnsneyslu. Táknrænt þegar Vandalar tóku í sundur leiðsluna miklu fyrir norðan Róm og skrúfuðu fyrir vatnið og felldu þar með Rómarveldi um koll.

Á okkar dögum þykir vatnsneysla mælikvarði á velmegun á líkan hátt og þjóðarframleiðsla. Meðaldagskammtur af neysluvatni í Bandaríkjunum mun vera yfir 300 lítrar á mann, en 100–200 lítrar í Evrópu. Fáeinir lítrar á mann í vanþróunarlöndunum.

Og margt bendir til að vatn eigi eftir að skipa æ stærri sess í lífi komandi kynslóða. Því á meðan vatnsmagn jarðar er föst stærð sem hvorki vex né minnkar heldur breytir aðeins um búning fjölgar mannkyninu með veldisvaxtarhraða. Áætlaður mannfjöldi hnattarins við lok ísaldar og upphaf nútíma er 5–10 milljónir, við upphaf landafunda um 1500 er hann á bilinu 300–500 milljónir, við upphaf 20. aldar nálgaðist mannkyn tvo milljarða og við upphaf yfirstandandi aldar stappar það nær sex milljörðum og stefnir í 12 milljarða á dögum þeirra sem voru að fæðast í morgun.

En vatnsþörfin eykst jafnvel enn hraðar en fólksfjölgunin, á síðastliðinni hálfri öld hefur hún fjórfaldast á meðan mannfjöldinn hefur tvöfaldast. Og á sama tíma skortir mjög á umgengni mannsins við þessa auðlind.

Í Gerplu Halldórs Laxness er skaðræðisgripur, maður að nafni Butraldi Brúsason, sem ferðast um Vestfirði og mígur í brunna manna. Svívirðilegt athæfi. En hvað á þá að segja um allan þann úrgang sem síast frá okkur út í ár, vötn og höf. Til dæmis að taka var það svo seint sem árið 1982 sem fáein ríki bundust samkomulagi um að hætta að varpa kjarnorkuúrgangi í höfin. Og enn leið áratugur áður en Rússar treystu sér til að setja stafina sína undir samninginn. Er þá ógetið slysa á borð við Tjernobyl eða þegar rússneskur kjarnorkukafbátur sökk við Noregsstrendur árið 1989 þar sem hann liggur á 1695 metra dýpi og spurning hvenær hann spýr eitri sínu út í hafstraumana. Eða liðónýt skip sem sigla með olíufarma, skráð í einhverjum afturúrríkjum þar sem engin lög gilda. En tekst náttúrlega ekki að sniðganga lög eðlisfræðinnar, þar duga hvorki mútur né undanbrögð, og ýmist sökkva eða stranda með langdrægum afleiðingum.

En það þarf ekki að leita til stórslysa, sjálfir lífnaðarhættir okkar eru vel liðtækir líka. Um þá er kannski ískyggilegast hve fáir njóta þeirra. Þessa dagana horfum við upp á örvæntingarfulla Afríkubúa henda sér á gaddavírsgirðingarnar sem eiga að stía þeim frá allsnægtum Evrópu. En Kínverjar og Indverjar hafa aftur á móti tekið til sinna ráða með efnahagsuppbyggingu sem miðar að því að hver fjölskylda eignist sinn ísskáp og sinn einkabíl. Þegar það er orðið mun olía jarðhnattarins verða gengin til þurrðar og ósonlagið líka.

Ýmis teikn eru nú á lofti um að hamfaraþáttur náttúrunnar sé hafinn. Og sjaldan hefur verið eins ríkulegt framboð af heimsendaspám. Ekki bætir úr skák að tungumálið gerir okkur þá glennu að tala um hlýnun andrúmsloftsins án þess að rúma afleiðinguna sem er kólnun vegna yfirvofandi röskunar hafstraumanna sem hlýnunin leiðir af sér.

Hvert er svo hlutskipti Íslands í þessari heimsslitamynd? Að vísu munum við ekki þurfa um sárt að binda ef golfstraumurinn raskast, en að honum gefnum er vatnsbúskapur okkar með ólíkindum.

Ísland er annars alveg dæmalaust. Þetta harðbýla land þegar upphlaðinn for-landnámsforðinn var upp urinn. Og mannfólkið margsinnis nær því dó út á þessum berangri, skjálfandi úr kulda, tálgað af hungri. Þjóðin líkt og strandaglópur á eyðiskeri.

Síðar kom á daginn að þetta sama land var allan tímann með fullar hendur allsnægta sem stóðu þjóðinni til boða, ef hún bara kunni að bera sig eftir þeim. Ekki einasta gátum við hitað húsin okkar með jarðhitanum, heldur lýst þau upp með því að virkja bæjarlækinn og látið í leiðinni rafmagnið sækja fyrir okkur vatnið heim í hús. Síðar tóku stærri vatnsföll að framleiða orku sem tók af okkur ómakið alls staðar þar sem aflsmuna þurfti við.

Þetta var þarna allan tímann, aðeins beið það eftir því að við kveiktum á því.

Og nú er fyrirsjáanlegt að öll þau ókjör af vatni sem streyma úr undirdjúpum, flæða ofan jarðar eða falla af himni þessarar eyju eigi eftir að verða að auðlind nýbyrjaðrar aldar. Ef marka má könnun sem Sameinuðu þjóðirnar létu gera verður vatn á næstu 50 árum verðmeira en olía. Er þá ekki örgrannt um að aftur komi upp í hugann ljóðlínan úr Aldasöng Bjarna skálds, ortum fyrir um 400 árum: „er skráð í annáls letri / Ísland var Noreg betri".

Nema okkur takist enn eina ferðina að finna upp fyrirkomulag þar sem almannaeign verður séreign fáeinna sem mylji fyrir okkur gullið gegn því að við fáum molana sem kunna að hrjóta af kvótakvörninni.

En aftur að skáldskapnum. Það íslenskt skáld sem mest og best hefur ort um vatnið í öllum þess myndum er án efa Ólafur Jóhann Sigurðsson. Svo vikið sé við orðum annars skálds má segja að hvar sem maður fletti ljóðum hans ólgi og syngi uppsprettulindir landsins.

Mig langar til að ljúka máli mínu með ljóðinu Bæn úr bókinni Að Laufferjum.

Úr djúpum brunnum himinsins
fellur skúr eftir skúr
á þyrsta vorfrjóa jörð
– skúr eftir skúr á tún bóndans
og laufkvik heimkynni þrastarins
á bert andlit öræfalands
og hár lítilla barna.

Þér guðir sem ráðið brunnum og geislum:
ég kýs ekki að glóa og leiftra
þrái ekki að líkjast sólum yðar
logandi hjólum á óendanlegum blávegum
né tunglum yðar í náttfölri kyrrð
né stjörnum yðar
titrandi sindri í hljóðum geimhvelfingum.

Þér guðir sem ráðið brunnum og geislum:
megi líf mitt líkjast þessu niðandi regni
tæru og svölu
þessum smáu dropum sem brynna vorfrjóum dal
og laufkvikum hlíðum
falla á tún bóndans
væta bert andlit öræfalands
og glitra um stund í hári lítilla barna."

Frú forseti. Þetta var erindi Péturs Gunnarssonar, Lifandi vatnið, sem hann hélt á ráðstefnunni Vatn fyrir alla, 29. október sl. og mér fannst tilefni til að flytja þetta erindi hér vegna þess að það kemur svo víða við í þeim farvegi sem ég vil að þessi umræða sé, þ.e. Pétur Gunnarsson lítur til hins stóra samhengis. Hann lítur til Íslands fyrr og nú. Hann lítur til veraldarinnar allrar. Hann horfir á vatnið með skáldlegum augum, með augum skáldanna okkar og sýnir okkur í þessu erindi fram á það að auðlindin vatn er sameign mannkynsins. Mér finnst viðeigandi að við hér á hinu háa Alþingi, þegar við fjöllum um vatnalagafrumvarp iðnaðarráðherra, lítum okkur örlítið nær í þessum efnum.

Ég gagnrýni hæstv. iðnaðarráðherra fyrir að vilja gína yfir öllu sem lýtur að vatni í þessari löggjöf okkar. Ég gagnrýni hana fyrir að sniðganga umhverfisráðuneytið. Ég gagnrýni umhverfisráðherra fyrir að heimila iðnaðarráðherra að sniðganga sig og sínar stofnanir. Ég gagnrýni ríkisstjórnina alla fyrir að fara fram með því harðfylgi í þessum frumvarpaflutningi hæstv. iðnaðarráðherra þar sem hún flytur nú í kippum lög sem eiga að heimila henni sem iðnaðarráðherra og þeim iðnaðarráðherrum sem á eftir koma, og stofnunum iðnaðarráðherrans, alla umsýslu með þessari auðlind. Það er í hæsta máta óeðlilegt og rökin eru við hvert fótmál.

Nú langar mig aðeins að vitna til þeirrar röksemda sem koma fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands til iðnaðarnefndar. Það má í framhjáhlaupi gagnrýna að þetta mál skuli ekki vera sent fleiri nefndum þingsins. Ég hefði gjarnan viljað sjá umhverfisnefnd sitja á rökstólum með iðnaðarnefnd þegar umfjöllun átti sér stað um þetta mál. Hefði gjarnan viljað fá tækifæri sem umhverfisnefndarmaður til að spyrja þá gesti iðnaðarnefndar sem höfðu þar fram að færa ákveðinn boðskap út úr um sjónarmið í þessum efnum. Ég óskaði svo sem eftir því við 1. umr. málsins og hér á fyrri stigum að þetta væri mál af því tagi að það ætti að fara til fleiri nefnda en iðnaðarnefndar. En við því er daufheyrst af því vilji ríkisstjórnarinnar í þessum efnum er einn og bara einn. Það á að skófla þessu máli hér í gegn samkvæmt vilja iðnaðarráðherra burt séð frá því hvað öðrum sjónarmiðum líður.

Í bréfi Náttúrufræðistofnunar Íslands til iðnaðarnefndar, sem dagsett er 23. nóvember sl., er því fagnað að eilitlar breytingar hafi orðið á 1. gr. frumvarpsins frá því sem var á síðasta ári, 131. löggjafarþingi, þegar það var flutt en þar hefur markmiðsgreinin, þ.e. 1. gr., fengið viðbót sem Náttúrufræðistofnun lagði til á síðasta þingi þannig að núna ber markmið frumvarpsins þess merki að líta eigi til annars en upphaflega var ráð fyrir gert við vatnsnýtingu eða nýtingu vatnsréttinda. Þannig er 2. mgr. 1. gr. svohljóðandi í frum-

varpinu, með leyfi forseta:

„Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er.“

Náttúrufræðistofnun fékk því áorkað að „lífríki þess, vistkerfum eða landslagi“ var bætt inn í 2. mgr. Er það sannarlega vel og tek ég undir jákvæðar undirtektir Náttúrufræðistofnunar í þessum efnum. Maður skyldi ætla, þegar þessi breyting er orðið sýnileg, að þeim sem um stjórnvölinn halda í þessu tilliti sé ekki alls varnað. En þar með er það í raun og veru upp talið af þeim af þeim ábendingum sem komu frá Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun á síðasta þingi. Þetta er faktískt það eina sem tekið hefur verið mið af og hefur leitt til breytinga á frumvarpinu. Þess vegna getur Náttúrufræðistofnun Íslands sagt með sanni að að öðru leyti en því hvað þessa breytingu varðar standi stofnunin við umsögnina frá 2. mars 2005, þ.e. frá síðasta vori, og sendir hana reyndar til þingnefndar ásamt nýju umsögninni sem ég er að vitna til.

Náttúrufræðistofnun vill auðvitað árétta það sem ég hef sagt hér, hversu lífsnauðsynlegt vatn er fyrir manninn, hversu lífsnauðsynlegt efni það er fyrir manninn og lífríki jarðarinnar. Náttúrufræðistofnun ræðir um hina sífelldu hringrás vatnsins um heiminn og á hvern hátt það er í grundvallaratriðum ólíkt öðrum jarðrænum auðlindum. Í framhaldi af því segist stofnunin eindregið vera þeirrar skoðunar að forgangsröðin varðandi lagasetningu um vatn og umsýslu með því eigi að vera eftirfarandi: Í fyrsta lagi hollustuhættir, í öðru lagi umhverfi og í þriðja lagi orkunýting. Náttúrufræðistofnun Íslands tekur allsendis undir með þeim stjórnarandstæðingum sem hér hafa tjáð sig og okkur sem höfum rætt hér hvert á fætur öðru um þetta mál þar sem við höfum verið á einu máli um að nýtingarþátturinn og verndarþátturinn eigi að fylgjast að. Við höfum gert kröfu um það sem Náttúrufræðistofnun tekur undir að það eigi að bíða með þessa lagasetningu, bíða með sértæka lagasetningu um eignarhald og nýtingu vatns þangað til vatnatilskipun Evrópusambandsins kemur til með að verða lögleidd hér á landi en þar er einmitt sama forgangsröðun og Náttúrufræðistofnun Íslands vill hafa á hlutunum, þ.e. hollustuhættir í fyrirrúmi, umhverfið þar á eftir og orkunýtingin í þriðja og síðasta lagi. En við höfum rætt það hér að vatnatilskipunin mun vera í þýðingu í umhverfisráðuneytinu og að í undirbúningi mun vera einhvers konar frumvarp sem byggir á henni, vatnsverndarfrumvarp eins og greint er frá í greinargerð með því frumvarpi sem við hér ræðum. En ég spyr hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra í henni, iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra: Hversu lengi eigum við að þurfa að bíða eftir því að sjá lagafrumvarp sem byggir á vatnatilskipun Evrópusambandsins? Er það að öllu leyti forsvaranlegt þegar krafan er jafnhávær frá fagstofnunum og raun ber vitni, því að Umhverfisstofnun tekur að sjálfsögðu undir þessi sjónarmið, að hunsa þessi sjónarmið, sniðganga þennan vilja þeirra sem sýsla með þessi mál í kerfinu og láta eins og menn séu ekki segja þetta, skella skollaeyrum við því.

Frú forseti. Mér finnst þetta fyllilega ótækt og mér finnst eins og ríkisstjórnin sýni þessum stofnunum, sem eru höfuðstofnanir á sviði umhverfisverndar, verulega lítilsvirðingu með því að láta ekki svo lítið að svara þessum ávirðingum og þessum rökum eða þessu ákalli Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar er heldur ekki svarað að neinu marki í nefndaráliti meiri hlutans sem við höfum hér á þingskjali. Hér er því verið að sniðganga verulega alvarlegar ábendingar og fullkomlega eðlilegar ábendingar sem þessar stofnanir setja fram.

Í ljósi þess hvernig samfélagsumræðan hefur þróast þá vill Náttúrufræðistofnun Íslands vekja athygli á því að við höfum annars vegar talað um eignarhald á vatni og hins vegar um almannarétt og náttúruvernd frá því að þetta frumvarp kom fram á Alþingi. Náttúrufræðistofnun Íslands hvetur okkur til að íhuga alvarlega að halda ákvæðinu um eignarhaldið eða nýtingarréttinn, sem getið er í 2. gr., óbreyttu frá því sem er í gildandi lögum. Þar með ætti ákvæðið að vera efnislega eitthvað á þessa leið: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt sem lög þessi heimila“, en þetta orðalag hefur reynst farsælt í tímans rás segir Náttúrufræðistofnun Íslands og telur ekki ástæðu til að breyta því formsins vegna. En eitt af því sem hefur verið gagnrýnt hér hástöfum er það að hæstv. iðnaðarráðherra segir að hér sé einungis um formbreytingu að ræða en ekki efnisbreytingu en þar eru menn ósammála eins og kemur fram í umsögnum til nefndarinnar.

Náttúrufræðistofnun gerir líka að umtalsefni greinargerð þá sem Orkustofnun sendi inn til nefndarinnar og segir okkur beinlínis að í greinargerð Orkustofnunar, sem meiri hluti iðnaðarnefndar virðist taka ansi mikið mark á, séu settar fram villandi upplýsingar. Mér finnst auðvitað ábyrgðarhluti að slíkt skuli gerast að Orkustofnun skuli setja fram villandi upplýsingar út frá sjónarmiðum þeirra sem sýsla með náttúruverndarmál innan okkar kerfis. Það segir og undirstrikar kannski líka enn betur þá hættu, sem ég hef bent á, að setja öll þessi mál undir Orkustofnun án þess að taka tillit til þeirra stofnana sem sýsla með málin á umhverfisverndarsviðinu. Það sem Náttúrufræðistofnun og fulltrúar hennar á fundi iðnaðarnefndar bentu á m.a. og leggja mikla áherslu á í umsögnum sínum er að skilgreiningarnar í frumvarpinu séu út úr öllu korti þar sem verið er að skilgreina hugtök eins og grunnvatn og jarðhita. Þetta er langur listi en hér eru hugtök eins og rennsli, stöðuvatn, vatnsból, vatnsfall, vatnsflæði, vatnsleg, vatnsnýting, vatnsveita, vatnsvirki og þjóðlenda. Stór hluti af þessum hugtökum er þannig skilgreindur að höfuðstofnanir okkar á sviði náttúruverndar og umhverfisverndar gera alvarlegar athugasemdir við það. Við því er í engu brugðist af meiri hluta iðnaðarnefndar.

Sömuleiðis gagnrýna stofnanir okkar á sviði umhverfismála eignarréttarákvæðin í frumvarpinu. Þau gagnrýna á harðorðan hátt eftirlitið, telja að hér sé verið að koma upp tvöföldu eftirliti, og gagnrýna að sjálfsögðu skort á samráði við þessar stofnanir á sviði umhverfisnefndar og náttúruverndar. Það hefur verið fullyrt hér í ræðustóli, frú forseti, að haft hafi verið samráð við stofnanir umhverfisráðuneytisins og gott ef þess er ekki getið í greinargerð frumvarpsins. Heimildir mínar, sem ég tel afar áreiðanlegar í þessum

efnum, eru þess eðlis að samráðið við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands hafi verið í skötulíki. Það mun hafa verið þannig að umhverfisráðuneytið hafði samband við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands og kallaði forstöðumenn þessara stofnana á sinn fund áður en frumvarpið var lagt fram í þessum nýja búningi. Umhverfisráðuneytið ætlaði að leggja frumvarpið fram eða drög að þessu frumvarpi á þeim fundi en þegar forstöðumennirnir komu til fundarins kom í ljós að umhverfisráðuneytið hafði ekki fengið leyfi til að sýna þessum aðilum frumvarpið þannig að forstöðumenn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands fengu ekki að sjá frumvarpið í þeim búningi sem átti að leggja það fram og sem það á endanum var lagt fram í í nóvember sl. Svo leyfir hæstv. iðnaðarráðherra sér að fullyrða það oftar en einu sinni í ræðustóli að haft hafi verið samráð. Við komumst að öðru í umfjöllun iðnaðarnefndar um málið og nú krefst ég þess að hæstv. iðnaðarráðherra geri hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum og svari til saka fyrir það að hafa haldið Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands frá málinu á öllum stigum þess. Það var ekki fyrr en málið var komið fram og er orðið opinbert plagg sem þessir aðilar höfðu einhvern aðgang að því. Það er auðvitað algerlega óforsvaranlegt að vinnu sé svona háttað við mál af þessu tagi þar sem það er viðurkennt í greinargerðinni að líta þurfi til fleiri þátta en nýtingarþáttarins þar sem beinlínis er gerð grein fyrir því að vatnsverndarfrumvarp sé í burðarliðnum og að unnið sé að lögleiðingu vatnatilskipunarinnar hér á landi og það er tekið fram að tilskipunin taki til vatnafars og vatnsbúskapar í víðasta skilningi þar sem lögð er áhersla á umhverfi og verndun þess.

Það hlýtur að verða að fást svar við þeirri spurningu, frú forseti, hvers vegna í ósköpunum hæstv. iðnaðarráðherra leggst gegn því að vatnsverndarlög fari í gegnum þingið samferða því frumvarpi sem við ræðum hér. Enn er ekki komið neitt vitrænt svar við þeirri spurningu. Það er búið að spyrja bæði beint og óbeint aftur og aftur í umfjöllun um þetta mál og því er ekki svarað. Það er ekki skrýtið þó að stjórnarandstaðan sé orðin ansi pirruð og gagnrýni iðnaðarráðherra fyrir það hvernig farið er með spurningar okkar og hversu lítið er gert úr málflutningi okkar því að í hverri umræðunni á fætur annarri er ekki komið til móts við sjálfsagðar spurningar okkar og þær gagnrýnisraddir sem við höfum fært fram og eru studdar verulega málefnalegum rökum þeirra stofnana sem láta sig umhverfismál og náttúruverndarmál skipta og eru til þess bærar að lögum að sýsla með þann þátt.

Um vatnatilskipun Evrópusambandsins er það annars að segja að ég held að segja megi að öll Evrópusambandslöndin séu búin að taka hana í sín lög en eftir því sem ég best veit munu Noregur og Liechtenstein hafa gert kröfur um aðlögun að tilskipuninni. Það kemur reyndar fram í greinargerðinni að Noregur og Liechtenstein hafi gert slíka kröfu og haldi því fram að ákveðinn hluti hennar falli alls ekki undir EES-samninginn og að þau atriði sem liggja utan EES-samningsins varði náttúruvernd, dýravernd, auðlindastjórnun og gjaldtöku eða skattlagningu fyrir vatnsnotkun en eins og segir í greinargerðinni munu nú standa yfir viðræður um aðlögunartexta milli framkvæmdastjórnar ESB og EFTA-skrifstofunnar og reiknað er með því að þeim viðræðum muni ljúka fljótlega eftir áramótin 2006. Nú er fullt tilefni, frú forseti, til að spyrja, og það liggur við að ég segi að ég geri mér grein fyrir því að ekki sé hlýtt á mál mitt af hæstv. ríkisstjórn, en sú spurning verður í öllu falli að koma hér fram: Hvað líður viðræðum Noregs, Liechtensteins og Íslands á þessum vettvangi? Hvernig hefur þessum viðræðum lyktað? Eru þær búnar og hvað hefur komið út úr þeim?

Í greinargerð með frumvarpinu segir líka að gangi kröfur EFTA-landanna þriggja eftir muni lögleiðing tilskipunarinnar taka til notkunar og meðhöndlunar á vatni sem kann að leiða til mengunar eða rýrt getur gæði vatns og umhverfi þess. Þarf þar að kveða á um stjórn vatnsnotkunar, rannsóknir og vöktun á vatnsgæðum og vatnafari til að stuðla að vernd vatns og sjálfbærri notkun. Þannig þarf að leiða í lög hér á landi stjórn vatnsverndar og liggur þegar fyrir í drögum frumvarp þess efnis sem unnið var á vegum starfshóps umhverfisráðuneytisins sem starfar að lögleiðingu áðurnefndrar tilskipunar og í eiga sæti fulltrúar umhverfisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar. Þess er getið að sú löggjöf sem um ræðir muni falla undir umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun en tryggt verði náið samráð við iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun. Svo er fullyrt hér, og það er auðvitað ein af þeim spurningum sem hafa komið fram í umræðunni aftur og aftur varðandi þá fullyrðingu sem er í greinargerðinni, að frumvarp það sem hér er lagt fram, þ.e. vatnsverndarfrumvarpið, eigi í engu að skarast við væntanlegt frumvarp stjórn vatnsverndar. Og ég spyr: Hvers vegna fáum við þá ekki að sjá a.m.k. drög að þessu frumvarpi um vatnsvernd áður en þetta frumvarp fer í gegnum Alþingi?

Það er sem sagt við það miðað að vatnsverndarfrumvarpið muni ekki stangast á við það frumvarp sem við ræðum hér og það er líka sagt í greinargerðinni að þetta frumvarp um vatnalög skarist ekki við tilskipun Evrópusambandsins um verndun vatna. Einnig segir að reglurnar, sem eru af umhverfisréttarlegum toga, skipti meira máli en áður, ekki einungis vegna áhrifa Evrópuréttar heldur einnig í skuldbindingum af alþjóðlegum toga og eru nefndir sérstaklega til sögunnar Ríó-sáttmálinn, samningurinn um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Rio de Janeiro 5. júní 1992 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 11. desember 1994. Í Ríó-sáttmálanum, eða Ríó-yfirlýsingunni eins og hún er venjulega kölluð, hafa líffræðilegur fjölbreytileiki og sjálfbær þróun öðlast sess sem meginreglur við nútímaauðlindastjórnun. Það er mikill skaði, frú forseti, að þessari ríkisstjórn, sem setið hefur allt of lengi við völd, skuli aldrei hafa lánast að leiða í lög meginreglur umhverfisréttar og ég hef hvað eftir annað spurt út í hverju það sæti að t.d. varúðarreglan svokallaða hafi ekki verið leidd í lög á Íslandi. Hún er nefnd í lögunum um mat á umhverfisáhrifum, ef ég man rétt, og jafnvel fleiri lögum.

En það er ágætt að segja frá því hér að oftar en einu sinni var á síðasta áratug lögð fyrir Alþingi tillaga eða frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar þar sem gert var ráð fyrir því að þessar meginreglur yrðu að vera til staðar í lögum til að tryggt yrði að þeirra gætti t.d. í framkvæmdum hér á landi. Markmiðssetning þess frumvarps

sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi 1997–1998 var svohljóðandi, í frumvarpi á þskj. 1339 frá því ári, með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að tryggja að meginreglna umhverfisréttar verði ávallt gætt við framkvæmd og skýringu laga er varða umhverfið. Markmiðið er að vernda umhverfið og stuðla að því að einstaklingar sem og komandi kynslóðir fái notið þeirra gæða sem felast í heilnæmu umhverfi og náttúruauðlindum. Við framkvæmd laga skal hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi. Leggja skal áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir til verndar umhverfinu og að umhverfisvandamál verða best leyst á þeim stað þar sem þau eiga upptök sín."

Reglurnar, sem lagt er til í frumvarpinu að verði leiddar í lög, eru varúðarreglan, mengunarbótareglan og sömuleiðis að sett verði lög um mat á umhverfisáhrifum, sem var nú gert en enn er ekki búið að lögleiða varúðarregluna. En í frumvarpinu, sem ég vitna til, er greinin um hana svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ef hætta er talin á alvarlegu eða óbætanlegu umhverfistjóni má ekki beita fyrir sig skorti á vísindalegri fullvissu sem rökum fyrir því að fresta aðgerðum er koma í veg fyrir hugsanlegt tjón."

Mér þykir svolítill fengur að því að hafa þetta frumvarp í höndunum og hef margoft hugleitt það hvort ekki sé tímabært að endurflytja það. Ég hefði gaman af því að tala fyrir svona máli í þessum sal. Ég hef haldið að mér höndum, kannski vegna þess að þetta frumvarp var samið af framsóknarráðherranum Guðmundi Bjarnasyni á sínum tíma og talað fyrir því af honum. Ég veit ekki hvort ég yrði sökuð um ritstuld ef ég endurflytti þetta frumvarp óbreytt þó ég mundi geta höfundarins. En það sem mér finnst skipta verulegu máli í þessu sambandi, og þess vegna orða ég þetta hér við þessa umræðu um vatnalög, er að horfa heildstætt á hlutina. Eitt af því sem Ríó-samningurinn gerði var einmitt það, hann horfði heildstætt til allra þátta sem lúta að umhverfismálum, allrar auðlindanýtingar, þar með taldrar vatnsnýtingar. Það má segja að undir réttarsvið umhverfisréttarins falli reglur sem leitast við að lýsa æskilegri og óæskilegri hegðun manna og hafa ýmist að markmiði að vernda, stýra eða bæta umhverfið. Með þessum reglum umhverfisréttarins skal stefnt að því að vernda umhverfið til lengri tíma en ekki láta skammtímahagsmuni einstaklinga af því að nýta sér gæði náttúrunnar ráða ferðinni. En það eru einmitt þeir hagsmunir sem hæstv. iðnaðarráðherra ber fyrir brjósti í þessu frumvarpi og þeim frumvörpum öðrum sem hún hefur verið að flytja hér á síðustu mánuðum, þ.e. skammtímahagsmuni þeirra einstaklinga sem vilja nýta sér gæði náttúrunnar, t.d. til orkuframleiðslu.

Þessar meginreglur umhverfisréttar, sem ég geri að umtalsefni, hafa öðlast viðurkenningu, bæði í alþjóðarétti og í landsrétti þjóða. Lönd hafa verið samviskusöm. Vesturlönd hafa af mikilli samviskusemi verið að innleiða þessar reglur frá því að Ríó-sáttmálinn var gerður eða samningarnir í Ríó og Ríó-yfirlýsingin undirrituð. Þær hafa ýmist verið settar fram sem stjórnvaldsfyrirmæli eða í landslögum og í alþjóðasáttmálum, sem lönd eru skuldbundin til að fara eftir, en eiga þó fyrst og fremst uppruna sinn í alþjóðasamvinnu ríkja um umhverfismál sem hófst, má segja, með stofnun Sameinuðu þjóðanna um miðja síðustu öld.

Það er sárgrætilegt hversu sjaldan sú ríkisstjórn sem við búum við hér uppi á Íslandi áttar sig á því að hún er hluti af þessari heild, af þjóðabandalaginu sem stendur að baki samningunum sem gerðir voru í Ríó og endurnýjuðum yfirlýsingum sem gerðar hafa verið eftir það, t.d. Jóhannesarborgaryfirlýsingunni frá 2002. Maður heldur stundum að þessi ríkisstjórn telji sig geta undirritað alþjóðasamninga út um allar trissur en þegar heim er komið telji hún sig ekki bundna af þeim eða geti látið vera að innleiða í lög þau ákvæði sem samningarnir mæla fyrir um. Það er verulegt áhyggjuefni, frú forseti. Það er áhyggjuefni að ríkisstjórnin skuli ekki enn hafa áttað sig á því að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er ekki eitthvert fyrirbæri sem hún getur túlkað eftir eigin höfði eins og hún gerir í ritinu Velferð til framtíðar, ritinu sem hún hefur verið skylduð til að gefa út vegna þessa ferlis sem við stöndum að með hinum Sameinuðu þjóðum. Í því riti, Velferð til framtíðar, skilgreinir ríkisstjórnin hugtakið um sjálfbæra þróun eins og hún hafi lesið regluna með gleraugum þess í neðra því það er svo langt í frá að tekið sé á sannleikanum í því máli.

Sömuleiðis má segja að ríkisstjórnin sé að svíkja það sem hún hefur undirritað á norrænum vettvangi. Það er kannski ekki eins algengt að maður geti gagnrýnt þessa ríkisstjórn fyrir það að hún svíkist undan merkjum Norðurlandanna. Það er kannski algengara að hún geri það þegar um alþjóðasamninga er að ræða en í nóvember 1998 samþykktu forsætisráðherrar Norðurlandanna og pólitískir leiðtogar sjálfstjórnarsvæðanna yfirlýsingu um sjálfbær Norðurlönd. Sú yfirlýsing var undirrituð í Ósló 9. nóvember 1998 og var síðan gefin út í viðamikilli bók sem fjallar um þessa stefnu, Sjálfbær Norðurlönd. Mig langar til að vitna til þessar yfirlýsingar, með leyfi forseta, en þar segir:

„Við, forsætisráðherrar frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, lögmaður Færeyinga, formaður landsstjórnar Grænlands og oddviti landsstjórnarinnar á Álandseyjum erum sammála um að vinnan að sjálfbærri þróun sé eitt mikilvægasta verkefnið í upphafi fyrstu aldar þriðja árþúsundsins.

Okkur er ljóst mikilvægi hins nýja Amsterdam-sáttmála og niðurstöðu af fundi Evrópuráðsins í Cardiff í júní 1998 um sjálfbæra þróun í Evrópusambandinu, starfs sem miðar að „norðlægri vídd" í stefnu Evrópusambandsins, Dagskrár 21 fyrir Eystrasaltssvæðið (Baltic 21), starfsins í AEPS (nú Norðurheimskautsráðið), Barents-yfirlýsingarinnar og samvinnu sem fylgir í kjölfar sameiginlegrar yfirlýsingar okkar í Björgvin um sjálfbæran orkubúskap kringum Eystrasalt.

Við erum sammála um að eftirfarandi markmið eigi að hafa að leiðarljósi við þróun sjálfbærra Norðurlanda og sjálfbæra þróun á grannsvæðum okkar.

1. Tryggja skal núlifandi og komandi kynslóðum öruggt og heilbrigt líf." — Frú forseti, munum eftir því hvernig Náttúrufræðistofnun vildi forgangsraða í sambandi við vatnsmálin. Í fyrsta sæti var heilbrigðisþátturinn, hollustuþættirnir. Það er í 1. tölulið þessarar yfirlýsingar Norðurlandaráðherranna að tryggja skuli núlifandi og komandi kynslóðum öruggt og heilbrigt líf.

„2. Sjálfbært samfélag verður að byggja á lýðræði, gagnsæi og þátttöku í stað- og svæðisbundnu samstarfi og

samstarfi ríkja í milli.

3. Varðveita skal líffræðilega fjölbreytni og framlegð vistkerfa.

4. Losun mengandi efna sem berast í loft, jörð og vatn má ekki vera yfir mörkum þess sem náttúran þolir.“ — Losun á mengandi efnum sem berast í loft, jörð og vatn má ekki vera yfir þolmörkum náttúrunnar. Þarna er aftur fjallað um vatnið.

„5. Nýta verður endurnýjanlegar auðlindir og vernda þær markvisst innan ramma endurnýjunargetu þeirra.“ — Þetta er auðvitað afar mikilvægur punktur, frú forseti. Og áfram skal haldið:

„6. Óendurnýjanlegar auðlindir á að nýta þannig að náttúruleg hringrás haldist og þróa skal og styðja endurnýjanlega valkosti.

7. Skapa verður sterka vitund í samfélaginu um þær ráðstafanir og þau ferli sem leiða til sjálfbærrar þróunar.

8. Áfram ber að vinna að því að samþætta grundvallarreglur sjálfbærrar þróunar í starfi allra geira samfélagsins.

9. Vekja ber athygli á hlutverki frumbyggja í því að koma á sjálfbærri þróun.

10. Stefna skal að því að efni, sem eru framandi í umhverfinu og skaðleg mönnum og náttúru, hverfi í framtíðinni.

11. Nauðsynleg nýsköpun á að hvetja til markvissari notkunar orku og náttúruauðlinda en nú er.“

Svo segir, með leyfi forseta, áfram:

„Við felum Norrænu ráðherranefndinni, með ofangreind markmið að leiðarljósi, að móta áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndunum og grannsvæðum þeirra, áætlunin skal byggja á samþættingu margra geira. Leggja ber áherslu á þau svið þar sem Norðurlöndin eiga sameiginlega hagsmuni og þar sem þau hafa sérlega góðar forsendur til að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar og þar sem norrænt samstarf skapar virðisauka. Vinnunni skal vera lokið árið 2000.“

Frú forseti. Árið 2000 kom út skýrsla frá þessum norrænu ráðherrum sem gekk í gildi árið 2001. Í þessari áætlun kveður á um markmið og verkefni sem á að vinna að á tímabilinu 2001–2004 og sömuleiðis er getið um langtímamarkmið — nú verð ég að biðja um aðstoð, frú forseti, því þetta glas lekur, nei, nú er komið annað hérna undir, ég er búin að bjarga þessu. Það má kannski segja að stefna íslensku ríkisstjórnarinnar í málefnum sjálfbærrar þróunar sé jafnhriplek og þetta glas sem ég var að hella vatninu mínu í. Mér finnst það svolítið táknrænt að þetta skuli gerast akkúrat í ræðustóli hér þar sem ég er að reyna að brýna ríkisstjórnina og benda henni á nauðsyn þess að hún fari að þeim samþykktum sem hún hefur sjálf undirritað á erlendri grund, og það skiptir verulegu máli að ríkisstjórnin fari eftir þessum 11 punktum sem norrænu ráðherrarnir hafa samþykkt og margir þeirra varða nýtingu náttúruauðlinda á borð við vatnið. Við erum hér skuldbundin til að fara öðruvísi að en ríkisstjórnin gerir með hæstv. iðnaðarráðherra í broddi fylkingar.

Það er síðan að frétta af þessari áætlun um sjálfbær Norðurlönd, frú forseti, að hún rann sitt skeið, fyrsta tímasetta markmiðsáætlunin sem gilti frá 2001–2004. Nú hefur litið ljós endurskoðuð útgáfa með markmiðum og verkefnum sem eiga að gilda fyrir árin 2005–2008 og það er afar mikilvægt að markmiðum þeim sem þar eru sett fram sé fylgt, þau séu kynnt og gerð heyrinkunn því að það skiptir máli að þjóðin, og allir þeir sem vinna á vettvangi orku- eða auðlindanýtingar á Íslandi, viti hvað í þessu felst. Um er að ræða skuldbindingar sem okkur öllum er gert að standa við.

Í endurskoðuðu áætluninni, frú forseti, er m.a. bent á ýmis ný markmið og verkefni sem fara á í á tímabilinu 2005–2008 án þess að á nokkurn hátt sé hróflað við langtímamarkmiðum áætlunarinnar. Sérstaklega er komið inn á aðgerðir sem varða sjálfbæra framleiðslu og neyslu en norrænu ráðherrarnir segja þetta vera í samræmi við framkvæmdaáætlun leiðtogafundarins um sjálfbæra þróun, sem haldinn var í Jóhannesarborg 2002 og ég nefndi til sögunnar áðan.

Í stefnumörkuninni er kafli um félagslegu víddina þar sem sérstök áhersla á lögð á lýðþróun, lýðheilsu, menntun og vísindi. Þess var síðan getið að áætlunin hafi verið send um 120 frjálsum félagasamtökum á Norðurlöndum til umsagnar og mikilvægt sé að komið verði til móts við sjónarmið frjálsra félagasamtaka. Norrænu ráðherrarnir segjast hafa skilning á því að frjálsu félagasamtökin séu mikilvægur liður í að ná þessum markmiðum áætlunarinnar. Þessi áætlun um sjálfbæra þróun felur í sér umræðupunkta fyrir breytingar sem eiga að leiða okkur í átt að sjálfbærri þróun í norrænu ríkjunum og í norrænu samstarfi. Síðan er talað um að norrænar framkvæmda- og starfsáætlanir byggi á þessari áætlun og hún fylgi þeirri forgangsröðun sem er í norrænu samstarfi. Lögð er áhersla á að samþætta regluna um sjálfbæra þróun á öllum sviðum þjóðfélagsins og að markmið yfirlýsingarinnar séu skilgreind nánar í þverfaglegri áætlun um sjálfbæra þróun. Aðgerðirnar sem getið er um eru á sjö þverfaglegum sviðum en þau eru, með leyfi forseta:

„Sjálfbær framleiðsla og neysla; félagslega víddin; loftslag; líffræðileg fjölbreytni; hafið; íðefni, og matvælaöryggi. Þessi svið eru sérstaklega hentug til að undirstrika aðalatriðin í yfirlýsingu forsætisráðherra. En þau eru: Líffræðileg fjölbreytni, mengun lofts jarðar og vatns, nýting endurnýjanlegra og óendurnýjanlegra auðlinda og að hætt verði að nota efni sem eru hættuleg umhverfinu og heilsu fólks. Síðar í skýrslunni, frú forseti, er getið um að á þverfaglegu sviðunum bíði fjöldinn allur af verkefnum lausnar sem varða umhverfið, verkefni sem varða heilsu fólks og ýmsa félagslega og efnahagslega þætti þar sem samþætting sjónarmiða sjálfbærrar þróunar í þverfaglegum verkefnum sé forsenda þess að árangur náist. Því má segja að öxull áætlunarinnar sé að hafist verði handa við að samþætta umhverfissjónarmið og sjálfbæra þróun á útvöldum sviðum. Þessi útvöldu svið sem nefnd eru til sögunnar eru orkumál, samgöngur, landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar. Meginreglan í norrænu samstarfi að sjálfbærri þróun í þessari áætlun og þeirri fyrri er að það ríki sem mestan metnað hefur verði í fararbroddi en þannig reynist norrænt samstarf lyftistöng bæði í ríkjunum og á alþjóðavettvangi.

Ég vildi sannarlega, frú forseti, að íslensk ríkisstjórn væri í fararbroddi, t.d. hvað varðar auðlindanýtingu. En það getum við ekki sagt. Það stefnir í óefni á Íslandi hvað varðar orkumál og öll þessi langtímamarkmið sem getið er um í

áætluninni sjálfbær Norðurlönd virðast ætla að fara fyrir lítið hjá ríkisstjórninni sem hefur setið á Íslandi allt of lengi og hefur stefnt í þann farveg sem raun ber vitni. Við erum skuldbundin, samkvæmt norrænu áætluninni, til að nýta orkulindirnar okkar á skilvirkan hátt við að efla atvinnutækifæri og efnahag. En okkur er ekki heimilt að gera það á þann hátt sem íslenska ríkisstjórnin er að gera, þ.e. þar sem ekki er tekið tillit til umhverfisins. Orkukerfið okkar á að stuðla að því að minnka losun á gróðurhúsalofttegundum og aðra loftmengun í heiminum og það á að sjá til að aukin nýting verði á endurnýjanlegri orku.

Ég hef fært að því rök oftar en einu sinni í ræðustól, frú forseti, að virkjanir á borð við Kárahnjúkavirkjun og fleiri virkjanir sem ríkisstjórnin áformar í jökulvötnum með stórum uppistöðulónum geta ekki flokkast undir að vera sjálfbærar. Þær eyðileggja um langan aldur náttúruleg auðæfi sem hafa ekki síður gildi en aðrir hagsmunir sem líta ber til í þessum efnum, þ.e. atvinnuhagsmunir þjóðarinnar.

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill biðja um að það sé aðeins einn fundur hér í salnum.)

Takk, frú forseti.

Kannski er ekki tilefni til að fara mikið nánar í markmið norrænu ráðherranna hvað varðar sjálfbæra þróun. En ég heyri að það er vilji fyrir því í salnum að ég fari nánar yfir þann kafla, þ.e. 9. kafla sem varðar orkumálin. Ég skal þá tæpa hér á þeim verkefnum sem norrænu ráðherrarnir hafa orðið sammála um, og nota bene íslenskir ráðherrar eru líka í hópi þeirra ráðherra sem hafa samþykkt þessi markmið. En þar segir:

Norðurlöndin munu auka nýtingu og samræmingu á hagnýtum stjórnunartækjum til að þróa sjálfbæran orkuiðnað og minnka álag orkuneyslu á Norðurlöndunum á umhverfið. Með skilvirkum og umhverfisvænum markaðsaðstæðum verður að mestu leyti hægt að fela aðilum orkumarkaðarins að koma á sjálfstæðari háttum í orkuiðnaðinum. Norðurlöndin munu starfa saman að orkuviðskiptum, uppbyggingu, uppbyggingu aðstöðu og þarfagreiningu á aðgerðum til að tryggja orkuveitu á Norðurlöndum til langframa. Norðurlöndin halda áfram svæðisbundnu samstarfi, hagnýtri skilvirkni og umhverfisvænni uppbyggingu á aðstöðu á Norðurlöndunum og við Eystrasalt. Það krefst annars vegar svæðisbundins samstarfs yfirvalda og hins vegar yfirvalda og orkuframleiðenda.

Norðurlöndin styðja þá þróun sem á sér stað innan ramma BASREC, samstarfs á sviði orkumála í baltnesku löndunum. Norðurlöndin munu minnka losun gróðurhúsalofttegunda svo um nemur fram til 2010 og verði Eystrasaltssvæðið þar í fararbroddi. Þetta samstarf er nú orðið formlegt með sameiginlegum rammasamningi. Hans er getið í sviga í textanum, frú forseti, sem „Testing ground agreement", innan ramma sveigjanleikaákvæðis Kyotobókunarinnar. Testing Ground Facility sjóðurinn hefur verið stofnaður til að fjármagna sameiginleg verkefni við Eystrasalt.

Norðurlöndin munu starfa saman að þróun stefnu, stjórnunartækja og tækni til að auka skilvirkni orkunnar. Þróun á vetnisgasi sem orkubera og aukinni notkun á endurnýjanlegum orkulindum á svæðinu. Norðurlöndin munu leggja áherslu á að gera ramma um höndlun koltvísýrings í iðjuverum sem byggir á jarðefnaeldsneyti og annarri punktlosun. Norðurlöndin munu halda áfram norrænu samstarfi um rannsóknir í orkumálum sem fer fram á vegum norrænna orkurannsókna. Markmið norrænna orkurannsókna er að skapa forsendur sem byggjast á þekkingu á arðsamri minnkun orkuneyslu til langs tíma litið og þróun á nýjum endurnýjanlegum orkulindum og umhverfisvænni orkutækni.

Að síðustu munu Norðurlöndin vilja breikka samstarfið til að efla hnattræna nýtingu endurnýjanlegrar og skilvirkari orku í öllum heiminum, efla samstöðu ríkja sem eru á sama máli og sem hittust á leiðtogafundinum í Jóhannesarborg og framkvæma niðurstöður Bonn-ráðstefnunnar.

Á sama tíma og íslenskir ráðherrar undirrita þessi markmið, frú forseti, eru þeir á harðahlaupum á eftir stórum álhringum vítt og breitt um veröldina og bjóða þeim upp á gósenland, orku sem þeir segja að sé framleidd úr endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er ekki rétt vegna þess að það er ekki hægt að tala um endurnýjanlega orkugjafa þegar gengið er á náttúruauðlindirnar á þeim nótum sem íslensk stjórnvöld gera núna. Unnin eru varanleg náttúruspjöll sem eru óafturkræf, lífríkinu er eytt, líffræðilegum fjölbreytileika er teflt í tvísýnu og svo mætti lengi telja. Hér er því ekki um sjálfbæra nýtingu auðlindanna að ræða.

Ef við værum hins vegar að tala um rennslisvirkjanir þar sem ár væru virkjaðar í farvegi sínum væri allt annað uppi á teningnum. En þannig virkjanir getum við ekki boðið risastórum álfyrirtækjum. Þegar hæstv. forsætisráðherra kemur hvað eftir annað í ræðustól og segir að ríkisstjórnin hafi hnattrænan ávinning í huga að þá verður að minna hæstv. forsætisráðherra og iðnaðarráðherra á að sá hnattræni ávinningur er svo sáralítill í hnattrænu samhengi að ekki er orð á því gerandi.

Þegar hæstv. forsætisráðherra fjallar um að við fórnum vatnsauðlindum okkar á altari stóriðjunnar til að draga úr hnattrænni losun, því að ef við mundum ekki reisa þessar álverksmiðjur og afla orku til þeirra með vatnsauðlindum þá yrðu reist orkuver sem mundu brenna kolum, þá segi ég, frú forseti, að ég fullyrði og staðhæfi að í dag eru ekki reist nein orkuver sem brenna kolum til álframleiðslu. Hins vegar er fjöldi álvera reistur vítt og breitt um heiminn en þau orkuver sem sjá þeim verksmiðjum fyrir orku eru flest í vatnsafli. Hér hefur verið í fréttum oftar en einu sinni í fjölmiðlum, þriggja gljúfra stíflan í Kína sem fer að stórum hluta í risaálbræðslur í Kína. Hæstv. forsætisráðherra getur ekki talað úr ræðustól líkt og aðrar álbræðslur sem verið er að reisa í veröldinni séu allar knúnar með orku frá kolaverum. Það er ekki svo.

Þegar íslensk ríkisstjórn leyfir sér, eins og núverandi ríkisstjórn hefur gert, að auglýsa land okkar sem stóriðjuparadís, þar sem hægt er að kaupa orku á útsöluverði, „lowest energy prices" stendur utan á bæklingnum sem markaðsskrifstofa Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins sendi frá sér árið 1995, og hefur verið endurútgefin í örlítið hófstilltari útgáfu, sem heitir „Locate in Iceland – Resources for growth", þ.e. komið ykkur fyrir á Íslandi, þar eru auðlindir sem þið getið nýtt ykkur til vaxtar. Nú heitir markaðsskrifstofan ekki lengur markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar eins og hún hét, heldur heitir

hún upp á ensku, ég hef hvergi séð þann titil íslenskaðan. Mér sýnist sú skrifstofa alls staðar nefnd á ensku, í öllum gögnum sem ég finn „Invest in Iceland", þ.e. með því að snara því þá er þetta umboðsskrifstofa fyrir þá sem vilja fjárfesta á Íslandi.

Hvað eru íslensk stjórnvöld að markaðssetja í þessum nýja bæklingi? Þar getur að líta fyrst og fremst umhverfi sem gagnast getur orkufrekum iðnaði. Hér eru myndir af jarðvarmavirkjunum okkar og risastíflumannvirkjum sem verið er að reisa. Hér eru örfáar myndir sem lúta að hátækniiðnaði. Að öðru leyti er hér áherslan á stóriðju og stóriðju eingöngu. Hráefnin í náttúrunni okkar, fiskurinn og landbúnaðurinn og vatnið, er fjallað um með hástemmdum lýsingarorðum, m.a. hvernig ferskvatn á Íslandi sé óviðjafnanlegt á heimsmælikvarða að öllu leyti. Því er lýst hvernig uppspretturnar okkar bjóða upp á vatn sem hægt er að flytja út og nýta í alls kyns drykkjarvörur, hvar sem er í heiminum. Í þessum bæklingi er fjallað um vatnið sem ríka auðlind, miklu ódýrari en nokkurs staðar annars staðar í Evrópu.

Heyr á endemi, frú forseti. Þetta segir ríkisstjórnin við umheiminn: Komið hingað því hér getið þið fengið allt fyrir ekkert, orkuna okkar, tæru uppspretturnar okkar. Gjörið svo vel. Menn eru sendir til að fara á hnén fyrir erlenda álauðhringa og koma svo hingað færandi hendi með loforð um að nú eigi að fara í viðræður um álverksmiðjur hér og álverksmiðjur þar. Það er mál að linni, frú forseti. Þessi ríkisstjórn verður að fara að átta sig á því að auðlindin sem við fjöllum hérna um, vatnið okkar og möguleikar vatnsins, eru aðrir heldur en að framleiða úr henni ódýra orku fyrir risastóra erlenda auðhringa.

Ég tók með mér, frú forseti, af því að mér finnst það athyglisvert í þessari umræðu allri, álitsgerð auðlindanefndar sem skilaði af sér skýrslu í september árið 2000. Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi hana til sögunnar í efnismikilli ræðu sinni í gær og fyrradag. Það er auðvitað eðlilegt að við drögum fram þessa skýrslu og við köllum eftir því að hún sé oftar uppi á borðum þingmanna og menn hafi hliðsjón af þeirri álitsgerð þegar vélað er um auðlindir okkar, t.d. vatnsauðlindina, í frumvarpinu sem við ræðum um hér. Það er heillangur kafli um nýtingu vatnsorkunnar í auðlindaálitsgerðinni. Þar er bæði farið yfir íslenska raforkumarkaðinn með tilliti til sögunnar og einnig skoðuð hin sögulega framvinda. Sömuleiðis er eignarhaldsins getið í heilum kafla. Fjallað er um auðlindarentu í vatnsaflsvirkjunum og möguleika á auðlindagjaldi. Eins er fjallað um vatnsafl í þjóðareign, sem er eitt af því sem ég hef gert að umtalsefni. Þar er talað um skipulag raforkumála og ýmsa þætti sem að því lúta.

Það skiptir verulegu máli, frú forseti, þegar við vinnum álitsgerðir af þessu tagi að oftar sé litið til þeirra en raun ber vitni. Þessi álitsgerð er nánast týnd og tröllum gefin og ríkisstjórnin hefur hana greinilega ekki til hliðsjónar þegar hún setur fram mál af því tagi sem hér er til umfjöllunar, sem er stefnumarkandi um langa framtíð. Oft hvarflar að manni að ríkisstjórninni finnist orka fallvatnanna bara vera skammvinn auðlind sem megi fórna á altari stórfyrirtækjanna í eitt skipti fyrir öll, gera samninga til að allt að 40 ára eins og dæmi eru um og láta sér vel líka. Ég er allsendis ósátt við þetta ráðslag og hef bent á það á hvern hátt ég tel ríkisstjórnina fara hér á svig við þá samninga sem hún hefur gert á alþjóðavettvangi. Ég hef rökstutt mál mitt með því að vitna til nokkurra slíkra.

Við sem störfum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum oft sett fram bæði þingmál og stefnumörkun sem lýtur að því á hvern hátt eigi að nýta þessa auðlind okkar, vatnsauðlindina, með tilliti til orkunýtingar þá fyrst og fremst. Við höfum í fórum okkar hugmyndir um sjálfbæra orkustefnu þar sem lagst er gegn stóriðju og stórvirkjunum í þágu mengandi iðnaðar og lagt til að farnar verði aðrar leiðir. Við teljum mjög mikilvægt að það verði tryggt að orkan frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi stig af stigi innflutta orku af hólmi jafnhliða því sem verði dregið úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda. Við teljum smávirkjanir og rennslisvirkjanir eins og ég nefndi áðan í mörgum tilfellum vera vænlegan kost til staðbundinna nota og ég hefði gjarnan viljað sjá á borði ríkisstjórnarinnar einhvers konar áætlun um slíkt. En því er ekki að heilsa, það er ekki einu sinni til áætlun um stóriðjubrjálæðið því að þessi ríkisstjórn hefur bara farið blindandi út á þessa braut og sést ekki fyrir í þeim efnum, kappkostar að koma Íslandi á kortið sem víðast á sölulista stórfyrirtækjanna sem þau telja að eigi að fá heimildir til að kaupa hér orku á útsöluverði til að bræða ál.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum hins vegar að það verði við orkuöflunina og orkunýtinguna að taka ríkulegt tillit til náttúruverndarinnar og til umhverfisins. Við teljum að skoða eigi þá þætti fyrst áður en nýtingarkostirnir yrðu settir upp. Á þeim nótum hefur málflutningur okkar verið varðandi rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Fyrst skulum við meta landið og ákveða hvað sé þess virði að vernda og síðan skulum við skoða hug okkar um það sem eftir er með tilliti til orkunýtingar. Þá skulum við líka setja hlutina í forgang, fara fyrst í að reyna að losa okkur við jarðefnaeldsneytið og hætta að flytja inn olíur og bensín til orkunota. Förum nú í broddi fylkingar fyrir þeirri hugmyndafræði að vetnið geti verið orkuberi í framtíðinni. Setjum allt okkar afl í það en eyðum ekki öllum þeim fjármunum sem við erum að eyða í að lokka stóriðjuna hingað til Íslands því að þeim peningum er á glæ kastað. Þeim peningum erum við að kasta fyrir auðjöfra veraldarinnar. Og hverju fórnum við? Við fórnum náttúruverðmætum. Við fórnum okkar dýrmætu ósnortnu náttúru sem við gætum verið að nýta á allt annan hátt. Ísland gæti verið í fararbroddi ríkja í veröldinni hvað þetta varðar ef við kæmum áfram þessu vetnisverkefni okkar af alvöru en notuðum það ekki bara eins og einhverja rós í hnappagatið til að punta okkur með á tyllidögum til að sjá í raun til þess að þeir sem sækja okkur heim eða skoða hér aðstæður átti sig ekki á því hvert við stefnum í sambandi við stóriðjumálin, hvernig við erum í raun og sann að fara með náttúruauðlindir okkar.

Ég hefði viljað sjá og við Vinstri græn höfum lagt fram um það þingmál þar sem við gerum ráð fyrir að ekki verði farið út í fleiri virkjanir fyrir stóriðju og ekki út í neinar stórvirkjanir fyrr en niðurstöður rammaáætlunar liggja fyrir. Nú er verið að vinna með báðar hendur fyrir aftan bak síðari hluta eða annan hluta rammaáætlunarinnar og ljóst að

afskaplega margt er eftir að gera með tilliti til ýmissa þátta sem komu fram í fyrri hlutanum, þ.e. í fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Það eru verkefni sem beinlínis blasir við að þarf að fara í. Fara þarf í gegnum ákveðið mat t.d. á landslagi og ákveðnum þáttum í náttúrunni okkar þar sem við þurfum að vega og meta og búa til ákveðna skala um hvað er dýrmætara öðru. Það er ekki fyrr en við erum búin að fara af alvöru í gegnum þá vinnu sem við getum í sjálfu sér sagt að fyrsta áfanganum sé lokið. Annar áfanginn er, eins og ég sagði áðan, í vinnslu en á allt öðrum forsendum en sá fyrri og færri menn sem koma þar að og greinilega miklu minna í lagt. Og svo virðist, eins og ég hef staðhæft hér í þessum ræðustóli oftar en einu sinni, ekki eiga að gera neitt með þetta á endanum.

Þetta eru ástæðurnar, frú forseti, fyrir því að ég hefði talið að við hefðum átt að sjá hér fyrst á borðum okkar öfluga löggjöf um vatnsvernd áður en iðnaðarráðherra yrði hleypt lausri í þennan frumvarpaflutning sem ég hef gagnrýnt. Mér finnst skipta mestu máli að við tryggjum vernd náttúrunnar, vernd hálendisins með heildstæðu skipulagi og stofnum þjóðgarða á heimsmælikvarða og friðlönd sem sómi verður að en ekki eftir á, eins og ríkisstjórnin er nú að gera í tilfelli Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem vissulega glæsilegur þjóðgarður kemur til með að geta orðið til en það sér hvert mannsbarn að fleininnn sem rekinn hefur verið í hjarta þess þjóðgarðs, þ.e. Hálslón og Kárahnjúkavirkjun, er auðvitað svartur blettur sem við komum aldrei til með að geta máð af slíkum þjóðgarði. Þarna var forgangsröðunin röng alveg á sama máta og forgangsröðunin hér í þessum frumvarpaflutningi er röng. Við þurfum að tryggja það til langs tíma að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir orku. Við þurfum að gera áætlun um á hvern hátt við ætlum að fullnægja þessum þörfum okkar með sjálfbærum innlendum orkugjöfum án þess að náttúra landsins og umhverfi þess bíði af því óafturkræfan skaða. Slíka áætlun erum við ekki að gera, því miður, við erum að rasa um ráð fram í þessum efnum.

Við þurfum að mínu mati að koma í veg fyrir orkusóun og mér finnst líka í þessum töluðu orðum eðlilegt, af því að við höfum rætt hér mikið um raforkuverð til íslenskra fyrirtækja og raforkuverð á innanlandsmarkaði, að eðlilegt væri að ríkisstjórnin fari að gera hreint fyrir sínum dyrum hvað varðar raforkuverðið, sérstaklega eftir þær breytingar sem iðnaðarráðherra hefur gengist fyrir á raforkumarkaði og allt stefnir í óefni í þeim efnum þar sem fyrirtæki eru farin að kvarta sáran undan því hversu hátt raforkuverðið er orðið og menn eru komnir á fremsta hlunn með að flýja land bara undan raforkuverðinu einu saman. Á sama tíma er stóriðjan að borga núll komma ekki neitt fyrir kílóvattstundina þannig að virkjun eins og Kárahnjúkavirkjun, risavirkjun, er með arðsemi sem fjöldi hagfræðinga hefur gefið yfirlýsingu um að sé óásættanleg.

Það er alveg ljóst að Ísland á og hefur átt möguleika — mér finnst þeir nú vera að minnka með ári hverju, eftir því sem núverandi ríkisstjórn situr lengur eru möguleikarnir að veikjast — á að vera gildur aðili og virkur samstarfsaðili í alþjóðasamstarfinu til verndar loftslagi gegn mengun andrúmsloftsins af völdum orkunotkunar. Mér finnst eitt það sorglegasta sem hefur yfir okkur dunið á síðustu vikum vera þessar yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra um að hann ætli sér í þann leiðangur eða senda umhverfisráðherra í þann leiðangur að afla frekari losunarheimilda fyrir koltvísýringsheimildirnar á vettvangi Kyoto-bókunarinnar núna þegar samningaviðræður um annað losunartímabil eða skuldbindingartímabil bókunarinnar er að hefjast.

Þessi hæstv. forsætisráðherra er ekki með það á hreinu hvað hann hefur verið að undirrita í útlöndum varðandi sjálfbæra þróun eða sýn til 21. aldarinnar í þeim efnum. Hann er ekki þess umkominn að fara fyrir hönd Íslands með samningsumboð í þessum málum. Ég hef staðið hér og gagnrýnt þennan hæstv. forætisráðherra og samráðherra hans í þessum efnum í nokkur ár samfleytt og það virðist ekkert hrína á þessu fólki. Það linnir ekki áætlunum og fyrirhyggjuleysið er alveg jafnmikið núna og það var fyrir sex eða sjö árum þegar ég flutti fyrstu ræður mínar úr þessum ræðustóli.

Eða hvers vegna er ekki búið að útfæra áætlanir og kynna þær á Alþingi um hvernig vetnissamfélag Íslendingar geta rekið? Og af hverju er ekki búið að leggja fram einhvers konar hugmyndir um að við gætum nýtt vetni sem orkubera í framtíðinni í samfélagi okkar? Fiskiskipafloti okkar gæti farið yfir á vetni innan margra ára ef það yrði bara gerð um það áætlun og fjármunir settir í það. Það hefur ekki verið vilji til þess alveg á sama hátt og ekki hefur verið vilji til þess að ljúka rammaáætluninni um nýtingu vatnsafls og jarðvarma svo sómi væri að.

Frú forseti. Ég hef vikið að því hvernig vatnið er auðlind sem erfitt er að henda reiður á vegna þess hvernig eðli hennar er, hvernig vatnsdropinn rennur um landareign landeigandans til sjávar og gufar þaðan upp og þéttist og verður að skýi og rigningu og vökvar jarðargróður og rennur síðan aftur gegnum jarðvatnið út í árnar og hringrásin er endalaus. Við teljum okkur eiga á Íslandi gjöfular uppsprettur í þessum efnum. Ég tel að þjóðin öll átti sig alveg á því hversu mikil verðmæti eru fólgin í þessum auðlindum okkar. En við erum kannski aldrei nógu oft, vegna þess hversu heppin við erum, minnt á það að í dag er áætlað að rúmlega milljarður manna eða með öðrum orðum einn sjötti hluti mannkynsins hafi takmarkaðan eða jafnvel engan aðgang að hreinu drykkjarvatni. Talið er að um 2,5 milljarða manna skorti vatn til að geta þvegið sér og gætt hreinlætis í lífi sínu. Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið það út að verði ekki gripið til einhverra aðgerða muni rúmlega 1,5 milljarðar manna bætast við þann fjölda, við þessa 2,5 milljarða sem ég gat um áðan, til ársins 2015 og það jafnvel á svæðum sem eru auðug af vatni eins og Vesturlönd. Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið það út að nú sé farið að bera á því að það fari að skorta hreint vatn á Vesturlöndum. Hvar erum við þá stödd uppi á Íslandi með okkar hreinu og tæru orkulindir að vera að nýta þær á þann hátt og á þeim nótum sem við erum að gera? Og hvar erum við stödd að vera að heimila hæstv. iðnaðarráðherra að leiða í lög að nýtingarsjónarmið og hagsmunir orkuframleiðenda séu númer eitt, tvö og þrjú, alfa og ómega í umsýslu vatns á Íslandi?

Þetta er ekki forsvaranlegt, frú forseti, það þarf að fara að með öðrum hætti, fara að með meiri gát en verið er að gera og þess vegna er alveg óþarfi fyrir hæstv. iðnaðarráðherra að kveinka sér eitthvað undan þessari gagnrýni því að

hún á sér svo djúpar rætur þegar maður horfir á þetta frá sjónarmiði veraldarinnar allrar. Rétt er að minna líka á að aðeins örfáir dagar eru í að blásið verði til baráttu í nafni vatnsins um veröld alla því að 22. mars verður haldinn má segja vatnsdagur, alþjóðlegi vatnsdagurinn, þar sem frjáls félagasamtök koma til með að vera mjög áberandi í því að setja fram kröfur um m.a. að vatnsveitur og vatn verði aðgengilegt fyrir alla íbúa jarðarinnar. Og eitt af því sem hefur heyrst frá Evrópu er að — ég hef frétt það frá Evrópusambandinu, starfsfólki í almannaþjónustu — að áhersla muni verða lögð á það á þessum alþjóðlega vatnsverndardegi, 22. mars, að fá vatn undanskilið þjónustutilskipun Evrópusambandsins, sem hefur verið umdeild á undanförnum missirum en það dró til tíðinda í þeim efnum á Evrópuþinginu 16. febrúar sl. en þá voru greidd atkvæði um þá tilskipun, þjónustutilskipun, og hún afgreidd upp á næsta þrep sitt í því ferli sem hún er í núna. Það er verulega mikil andstaða við þessa tilskipun í heild sinni innan Evrópusambandsins og ekki hvað síst þá þætti hennar sem varða vatn og þjónustu vatnsveitnanna í löndum Evrópusambandsins.

Það er líka athyglisvert, frú forseti, að í síðasta mánuði, 21. febrúar, var samþykkt á 9. heimsþingi Alkirkjuráðsins ályktun sem snýr að nýtingu vatnsauðlinda, en eins og ég gat um fyrr í máli mínu er þjóðkirkjan meðal þeirra stofnana sem stóðu að vatnsverndarráðstefnunni sem haldin var 29. október á Grand Hóteli. Alkirkjuráðið hefur verið mjög virkt í baráttunni fyrir vernd vatnsins og vatnsauðlindarinnar í heiminum á alþjóðavettvangi. Í þessari nýju ályktun Alkirkjuráðsins eru kirkjur hvattar til að beita sér fyrir því að öllum sé tryggður aðgangur til vatns og þess sé gætt að vatnslindir séu ekki gerðar að markaðsvöru. En hvað erum við að innleiða hér, frú forseti? Við erum að innleiða hugmyndafræði sem gerir ráð fyrir því að vatnið sé fyrst og síðast markaðsvara, markaðsvara kvölds, morgna og um miðjan dag. Það eru sjónarmið viðskiptaráðherrans, sem líka situr í sæti hæstv. iðnaðarráðherra, að svo skuli vera og vatnsverndarsjónarmiðin komist ekki að. — Nú er þetta vatn enn að pirra mig, frú forseti. Hér leka glösin fleiri en eitt en blessað vatnið er nauðsynlegt fyrir ræðumenn í ræðustóli Alþingis þegar langar ræður eru fluttar. Ég held að ég mundi ekki hafa mikið úthald í að flytja langar ræður ef ég hefði ekki blessað vatnið.

Mig langar, frú forseti, að vitna örlítið til þessarar ályktunar Alkirkjuráðsins sem gerð var á 9. heimsþingi Alkirkjuráðsins, eins og ég sagði áðan. Það var haldið 14.–23. febrúar sl. Segja má að í nokkrum liðum sé lagt til að farið verði í ákveðna íhugun og framkvæmdir varðandi málefni vatnsins, bæði svæðisbundið og alþjóðlega. Með leyfi forseta, segir í ályktuninni:

„Lagt er til eftirfarandi:

9. heimsþing Alkirkjuráðsins 14.-23. febrúar 2006 í Porto Alegre:

a) tekur undir yfirlýsinguna um Vatn til að lifa og kallar kirkjur og samkirkjuleg ráð til að vinna saman með það markmið í huga:

b) að auka vitund um og grípa til nauðsynlegra aðgerða til viðhalds og verndunar vatnslinda gegn ofnýtingu og mengun sem þætti í réttinum til lífs;

c) að beita sér fyrir átaki til að þróa lagaleg úrræði til að tryggja að rétturinn til vatns verði talinn grundvallarmannréttindi á landsvísu, á meðal þjóða og þjóðarheilda;

d) að stuðla að samvinnu kirkna og hjálparsamtaka í málefnum er varða vatn, með þátttöku í samtökunum Ecumenical Water Network;

e) að styðja félagsleg frumkvæði sem hafa það að markmiði að gera heimamönnum mögulegt að hafa umsjón með og stjórna vatnslindum og varna ofnýtingu í viðskiptalegum tilgangi;

f) að hvetja ríkisstjórnir og alþjóðleg hjálparsamtök til að setja í forgang að koma á fót fullnægjandi sjóðum og öðrum aðferðum til að tryggja aðgang og fullnægjandi framboð á vatni til samfélaga og einnig stuðla að þróun hreinlætiskerfa og taka með í reikninginn þarfir fatlaðra til að hafa aðgang að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu;

g) að fylgjast með samþykktum sem varða vatnslindir og upptökusvæði áa til að tryggja að slíkar samþykktir innihaldi nákvæm og skýr fyrirmæli til að koma í veg fyrir átök.“

Þetta er meðal þess sem samþykkt var í Porto Alegre á 9. heimsþingi Alkirkjuráðsins sem haldið var í síðasta mánuði undir yfirskriftinni Vatn til að lifa. Að sjálfsögðu fjalla þessir andans menn í löngu máli um á hvern hátt vatn er tákn lífsins, ekki ólíkt því sem Pétur Gunnarsson gerði í erindi sínu á ráðstefnunni hér heima og Jakobína Sigurðardóttir gerði í sögu sinni Lifandi vatnið.

Það er ekki að ófyrirsynju að rétt er að hafa þessi stóru samtök og þetta stóra samhengi í huga þegar við skoðum það frumvarp sem við ræðum. Eins og Landvernd getur um í umsögn sinni til iðnaðarnefndar er mikilvægt að mati Landverndar — og það hafa fleiri náttúruverndarsamtök tekið undir og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt það til í þeirri vinnu sem nú fer fram varðandi stjórnarskrána — að ákvæði verði sett inn í stjórnarskrána sem tryggir að vatn verði skilgreint sem mannréttindi. Stjórn Landverndar segir í umsögn sinni til iðnaðarnefndar að hún hafi lagt til við stjórnarskrárnefnd eftirfarandi tillögu að ákvæði í stjórnarskrá Íslands, með leyfi forseta:

„Heilnæmt vatn og loft, náttúran og fjölbreytni hennar, landslag, annað umhverfi og aðgengi að náttúru eru gæði sem allir bera ábyrgð á að nýtt séu með sjálfbærum hætti. Jafnframt skulu borgarar landsins sýna aðgát þannig að náttúru landsins og auðlindum sé ekki spillt. Stjórnvöldum ber að leggja sig fram um að tryggja öllum rétt til heilnæms vatns, lofts og annars umhverfis og aðgengis að náttúru. Allir skulu hafa aðgengi að upplýsingum og ákvörðunum er varða þessa þætti.“

Þetta er tillaga stjórnar Landverndar að kafla í stjórnarskrána sem lýtur að því að vatn sé mannréttindi alveg á sama hátt og það eru mannréttindi að eiga aðgang að heilnæmu lofti, þá sé það mannréttindamál að eiga aðgang að heilnæmu og hreinu vatni.

Stjórn Landverndar ítrekar reyndar líka í umsögn sinni það sem segir um vatn í sameiginlegri yfirlýsingu þjóðkirkjunnar og fjölmargra félagasamtaka sem ég hef nefnt fyrr í máli mínu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu, fljót-

andi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn."

En eins og við vitum er hæstv. iðnaðarráðherra að gera tilkall til vatnsins í öllu þessu ólíka formi hvort sem er fljótandi eða í formi gufuafls. Við þekkjum þau frumvarp sem hún hefur verið að leggja fram um jarðrænar auðlindir þar sem allt er gert út frá forsendum nýtingar þvert á hugmyndir um vatnsvernd í veröldinni sem ég hef getið um í máli mínu. Stofnunin sem síðan á að fara með allt þetta vatn í hvaða formi sem það blessaða vatn er er Orkustofnun en stofnanir umhverfisráðuneytisins sniðgengnar í þessum efnum.

Samkvæmt umsögn Landverndar sem ég hef vitnað til sem iðnaðarnefnd Alþingis fékk senda 28. nóvember 2005 segir í niðurlagi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu er vatn afar margbreytilegt og á stöðugri hringrás þannig að það fellur ekki undir almennan skilning á því hvað getur talist einkaeign. Í þessu sambandi er einnig nauðsynlegt að líta til umræðu um þetta málefni á alþjóðavettvangi, innan Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, þar sem mikilvægi aðgengis að heilnæmu vatni er áréttað í fjölmörgum samþykktum. Stjórn Landverndar leggur því áherslu á að óháð því hvernig eignarhald á vatni verður tilgreint í lögunum þá verði lögin þannig úr garði gerð að það fari aldrei á milli mála að öllum sé tryggður aðgangur að heilnæmu vatni til heimilishalds og búsþarfa."

Hvers vegna skyldi Landvernd vera að árétta þetta í niðurlagi umsagnar sinnar? Vegna þess, frú forseti, að stjórn Landverndar telur þessa ekki gætt í því frumvarpi sem hér er rætt. Það má sannarlega til sanns vegar færa eins og farið hefur verið yfir að þeirra hluta er ekki gætt í frumvarpinu og hefur verið farið meira af kappi en forsjá í að koma þessum hlutum öllum niður og nægir að geta, af því að ég segi að hér hafi verið kastað til höndum og málin ekki verið unnin í eðlilegu samhengi, þá rek ég augun í það að 3. liðurinn í skilgreiningunum varðandi búsþarfir eru skilgreindar sem búsþarfir til kvikfjárræktar eingöngu. Varðandi búsþarfirnar og vatnsnýtingu til bústarfa, það er eingöngu vatnsnýting sem kemur til vegna kvikfjárræktar. Eitt dæmið um hvernig frumvarp þetta er úr garði gert, hversu vanmáttugt það er til að taka á því sem það á að fjalla um.

Þegar öllu er á botninn hvolft fjallar frumvarpið ekki um það sem það ætti að fjalla um að hluta til, þ.e. hollustu, náttúruvernd, almannarétt og sjálfbæra nýtingu auðlindanna sem eru allt mikilvæg atriði sem verður að taka tillit til í sambandi við skilgreiningar í þessum efnum.

Frú forseti. Mér hefur orðið tíðrætt um hið stóra samhengi í máli mínu. Ég hef vitnað til allsherjarsamninga í ræðu minni og farið vel yfir það sem rætt hefur verið á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi um vatn upp á síðkastið, þessa lífsnauðsynlegu auðlind veraldarinnar sem ég vil meina að sé sameign mannkyns og eigi að vera sameign mannkyns og falli þess vegna ekki undir þær skilgreiningar sem gerðar eru í frumvarpinu. Ég tel afar alvarlegt að ríkisstjórnin skuli leggja þetta afl í að ýta frumvarpinu í gegn og þeim frumvörpum sem við þetta frumvarp hanga í ljósi þess sem ég hef sagt.

Mig langar til að ljúka máli mínu með því að vitna í erindi sem haldið var á vatnsráðstefnu BSRB og fleiri fyrir áramótin, 29. október, þar sem Páll Hannesson, starfsmaður BSRB, fulltrúi á skrifstofu BSRB, rekur á hvern hátt reynslan af einkavæðingu vatns hefur verið slæm og fer þar yfir hluti eins og ég nefndi áðan um það sem gerðist í Bólivíu. Páll Hannesson er afar fróður um þessi mál og fór í erindi sínu vítt og breitt yfir sviðið í þeim efnum en hann lauk máli sínu á því að geta þess frumvarps sem hér um ræðir, þ.e. vatnalagafrumvarps hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur. Ég vil fá að bera niður í erindi Páls Hannessonar þar sem hann fjallar um breytingar í átt til markaðsvæðingar í opinberum rekstri og hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel að allar breytingar í átt til markaðsvæðingar á opinberum rekstri auki hættuna á þeirri túlkun að sá rekstur muni falla undir áhrifasvið GATS-samningsins. Hér má taka sem dæmi ný lög um vatnsveitur. Þau lög ýta undir eðlisbreytingu á því hvernig vatnsveitur hafa starfað á Íslandi og færa þann rekstur í átt til markaðsgilda og í raun frá þeirri hugsun að vatn sé fyrir alla. Ég veit ekki hvort allir hafi gert sér grein fyrir að sveitarfélögin sem höfðu skyldu til að starfrækja vatnsveitur og höfðu til þess einkarétt samkvæmt eldri lögum mega nú framselja þann einkarétt ótímabundið til hlutafélags og selja allar eigur vatnsveitunnar í hendur þess. Ég vil m.a. eigna það þrýstingi BSRB sem átti í viðræðum við félagsmálaráðuneytið áður en frumvarpið var lagt fram að það skilyrði var sett að slíkt fyrirtæki yrði að vera að meiri hluta í eigu opinberra aðila. BSRB vildi ganga lengra og fella orðin „að meiri hluta" út. Á það var ekki fallist og því var greinilegur vilji hjá stjórnvöldum til að hleypa einkafyrirtækjum að rekstri vatnsveitna. Og við vitum að aðili í hlutafélagi þarf ekki endilega að ráða yfir meiri hluta hlutafjár til að geta stýrt því sem hann vill. Þá er vert að vekja athygli á að vatnsveitur heyra undir félagsmálaráðuneyti, en iðnaðarráðuneytið hefur verið að setja sérlög um orkufyrirtæki og þar með fellt vatnsveitur undir sig.

Frumvarpið um vatnalögin gerir ráð fyrir að umráðaréttur landeiganda á vatni breytist í kláran eignarrétt og frumvarp um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, þar með talið vatni, gerir ráð fyrir að eignarlandi fylgi eignarréttur á þeim auðlindum sem þar finnast. Eigandi auðlindarinnar þarf ekki leyfi Orkustofnunar til rannsókna, en hafi hann rannsóknarleyfi fær hann forgangsrétt á nýtingarleyfi." — Það er að vísu breytt, frú forseti, í meðförum þingsins og var sú eina breyting sem fékkst í gegn á því frumvarpi sem mikið var deilt um fyrir skemmstu.

Páll Hannesson segir áfram í erindi sínu:

„Þessar breytingar, sem og önnur lög er snerta vatn, virðast því ýta undir það sjónarmið að vatn sé einkaeign og að það sé markaðsvara. Því sé eðlilegt að mikilvægir hlutar þessa málaflokks heyri undir iðnaðarráðuneyti fremur en umhverfisráðuneyti eða félagsmálaráðuneyti. Hér virðist líka opnað á möguleika að menn og fyrirtæki geti eignast jarðeignir og nýtt sér vatnið sem uppsprettu auðs.

BSRB hefur í umsögnum sínum um vatnsveitulögin, í erindi sínu til stjórnarskrárnefndar þar sem lagt var til að fest yrði í stjórnarskrá að litið verði á vatn sem mannréttindi og með því að eiga þátt í þessari ráðstefnu andæft

þessu sjónarmiði og viljað efla samstöðu um þetta mikilvæga mál. Það er í ljósi þessarar þróunar og vegna þess að við viljum hafa áhrif á hvert stefnir, að þessi sameiginlega yfirlýsing fundarins er svo mikilvæg. Hún snýst um það hvaða sýn við höfum á vatn, hún snýst um það hvaða sýn við höfum á samfélagið og manninn. Viljum við að börnin okkar fæðist inn í samfélag þar sem frelsi ríkir svo lengi sem þau hafa efni á því – eða viljum við að þeim séu tryggð ákveðin mannréttindi og frelsi samkvæmt því?"

Páll lýkur síðan máli sínu á að segja, frú forseti:

„Það mun hafa tekið sex ár að semja vatnalögin sem tóku gildi 1923. Ég segi því, flýtum okkur hægt, vöndum til verka og fylgjum ábendingum yfirlýsingarinnar Vatn fyrir alla!"

Þetta eru sannarlega orð í tíma töluð og eiga við í ræðustól Alþingis í miðri 2. umr. um vatnalagafrumvarp hæstv. iðnaðarráðherra. Niðurstaða mín er sú að vatnið er ekki eins og hver önnur auðlind og því má ekki umgangast það eins og hæstv. iðnaðarráðherra gerir í frumvarpi sínu, þ.e. fyrst og síðast sem markaðsvöru. Fjölbreytileiki íslensku vatnsauðlindarinnar er gríðarlega mikill. Við eigum vatnavistkerfi sem eru engu lík. Að þeim steðja ýmsar hættur og vandamál sem þarf að vera á varðbergi gagnvart. Ein af hættunum stafar frá hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórninni sem ógnar vatnafræðilegum fjölbreytileika landsins og sérstöðu auðlinda okkar með því að fara offari í virkjanaáætlunum fyrir stóriðju sem rekin er af erlendum auðhringum. Allt finnst mér þetta hið versta ráðslag, frú forseti, og finnst ríkisstjórnin fara á svig við grundvallarhugsunina í gömlu vatnalögunum, sem samþykkt voru á Alþingi og tóku gildi 1923.

Ég nefni sem dæmi setningu úr 7. gr. þessara laga. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið."

Þessi setning er svo sem tekin upp í frumvarp iðnaðarráðherra og er látin halda sér. En hvað þýðir hún? Lætur ríkisstjórnin öll vötn renna svo sem þau hafa runnið? Ó nei. Er þessi ríkisstjórn þar með að brjóta gildandi vatnalög og ætlar hún að halda því áfram? Ó já, frú forseti, svo virðist vera. Hvað á að segja annað en að verið sé að brjóta 7. gr. núgildandi vatnalaga með því að flytja heilt jökulvatn úr farvegi sínum, eins og er verið að gera við Jökulsá á Dal og níðast á berginu undir Þrælahálsi og Fljótsdalsheiði til að koma því gríðarlega jökulfljóti yfir í farveg Jökulsár á Fljótsdal. Er vötnum þar heimilað að renna svo sem að fornu hafa runnið? Ó nei. Hvers vegna í ósköpunum gerir hæstv. ráðherra ekki að tillögu sinni að þessi setning fari út úr frumvarpinu? Ætlar hún að halda áfram að nota þetta til skrauts, upp á punt og algjörlega merkingarlaust? Svo virðist vera, frú forseti. Það er mjög miður.

Stundum hefur verið notuð líkingin af fílnum í postulínsversluninni. Þegar ég sé hvernig ríkisstjórnin gengur um náttúruauðlindina vatnið og náttúruauðlindina ósnortna náttúru og hvernig farið er með virkar og hugvitsamlegar og mikilvægar setningar í lögum sem hafa gilt nánast alla síðustu öld, eins og í þessu tilfelli að vötn öll skuli renna sem að fornu hafa runnið þá spyr ég: Hefur ríkisstjórnin bara enga samvisku gagnvart því að vera að fara svona á svig við þessi lög? Hvernig rökstyður hæstv. iðnaðarráðherra að hún skuli heimila þessari setningu að halda áfram og lengja lífdaga hennar í frumvarpi til vatnalaga þegar það er ekki nokkur snefill af ætlun hjá henni að fara eftir henni?

Nei, frú forseti, allt finnst mér málið dapurlegt. Það ber allt að sama brunni. Ríkisstjórnin hefur ekki borið gæfu til að opna augu sín fyrir því hvers konar auðlind vatnið okkar er heldur hefur hún kappkostað og lagt sig í líma við að skilgreina auðlindina sem fyrirbæri sem hægt er að breyta í markaðsvöru, verðleggja og selja. Það er til vansa fyrir ríkisstjórnina og það er sárt að þjóðin skuli enn sitja uppi með slíka ríkisstjórn. Eftir allt sem á undan er gengið fylgir yfirgangurinn og frekjan í frumvarpi til vatnalaga, í frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum og frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Ég gæti talið fleiri lög sem hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir hefur reynt að breyta í þágu stóriðjustefnu þessarar ríkisstjórnar.

Frú forseti. Með þessum orðum lýk ég fyrri ræðu minni við 2. umr. Mér finnst þýðingarmikið að stjórnarandstaðan komi fram með öll þau gildu rök sem mæla gegn því að frumvarpið verði samþykkt. Ég lýsi yfir fullum stuðningi við þá tillögu sem fram kemur í nefndaráliti minni hluta iðnaðarnefndar, að þessu máli verði í heild sinni vísað frá og Alþingi Íslendinga forðað frá því að greiða atkvæði um þessa vitleysu.

[21:36]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við ræðum um frumvarp til vatnalaga. Ég sit fyrir hönd Frjálslynda flokksins í iðnaðarnefnd þingsins og einnig í umhverfisnefnd þingsins sem áheyrnarfulltrúi. Það vekur athygli mína að hér er eingöngu rætt um vatn út frá nýtingarstefnunni. Það er eins og það sé bara valtað algjörlega yfir öll umhverfissjónarmið hvað þetta varðar.

Það segir nokkuð um hve góð tök annar stjórnarflokkurinn hefur á þessum málaflokki að hann getur ýtt Sjálfstæðisflokknum algjörlega til hliðar. Formaður iðnaðaðarnefndar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, leiðir málið áfram fyrir hönd hæstv. iðnaðarráðherra og valtar yfir öll umhverfissjónarmið. Það kemur greinilega fram í umsögnum með frumvarpinu. Helstu stofnanir í umhverfismálum, svo sem Umhverfisstofnun, gefa þessu frumvarpi mjög lága einkunn. Ekki nóg með það heldur liggur fyrir að við Íslendingar þurfum að löggilda vatnatilskipun Evrópusambandsins. Ef allt væri með felldu horfðu menn yfir sviðið og reyndu að gæta jafnvægis. En það er ekki gert, alls ekki.

En ég ætlaði ekki að gera umhverfismálin að meginefni ræðu minnar. Þeim hafa verið gerð mjög góð skil í fyrri ræðum. Einnig hefur verið farið mjög rækilega yfir réttarfarslega sögu þessa máls. Ég vil hrósa þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls, bæði hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, sem fór yfir sín sjónarmið, og ekki síður hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, en þeir fóru yfir tilurð laganna sem til stendur að breyta með þessu frumvarpi, sem eru frá árinu 1923. Það má vera að megininntak frumvarpsins sem við ræðum um hér sé ákveðin formbreyting. Ég hefði þá talið að við ættum að sýna þeim sem stóðu að þeim lögum sem sett voru árið 1923 þá virðingu, frú forseti, að vinna þær breytingar almennilega. Ég er á því að stjórnarmeirihlutinn

hefði átt að gera það.

Við í minni hlutanum erum að reyna að hafa vit fyrir meiri hlutanum og koma í veg fyrir að þjóðþingið þurfi að hafa skömm af slíkum lagabreytingum. Ég bendi á það eins og ég gerði í 1. umr. og í nefndarstarfinu að ýmislegt í þessu frumvarpi er einfaldlega illa gert. Mér finnst mjög sárt að þurfa aftur við 2. umr. að nefna sömu þætti. Ég hefði helst viljað komast hjá því að fara yfir skilgreiningarnar í frumvarpinu. Ég minntist á það hér við 1. umr. að þær eru með ólíkindum, t.d. hvernig grunnvatn er skilgreint. Sú skilgreining er svohljóðandi:

„Allt vatn neðan jarðar í samfelldu vatnslagi í gegnmettuðum jarðlögum, kyrrstætt eða rennandi, sem er í beinni snertingu við jarðlögin."

Ég vil bara að fólk íhugi hvernig þetta má vera öðruvísi, að vatn sem er neðan jarðar sé ekki í beinni snertingu við jarðlög. Ég átta mig ekki á því. Þetta hefur verið bent á, bæði við 1. umr., í nefndarstarfi o.s.frv., að það þurfi að fara yfir þessa löggjöf. Nei, ekki skal hlustað á eitt eða neitt. Það er ekki hlustað á bunka athugasemda, sem ég ætla ekki að fara yfir nema að litlu leyti. Mér finnst það mjög sérstakt, í ljósi þess að við erum að breyta lögum sem eru komin til ára sinna og var vandað virkilega til, að við eigum þá að kasta til höndum við lagabreytingarnar. Mér finnst það mjög undarlegt þótt það komi í sjálfu sér ekki á óvart miðað við aðra lagasetningu sem ágætur hæstv. iðnaðarráðherra hefur staðið fyrir.

Fyrir þingið hafa verið lögð frumvörp sem hæstv. ráðherra hefur bara misskilið við frekari umræðu. Síðan hefur hún haldið því fram, t.d. varðandi raforkulög að rafmagn mundi ekki hækka nema lítillega, um hundraðkalla. En þær hækkanir hafa því miður valdið búsifjum í iðnaði og hjá fólki á landsbyggðinni. Þetta er því ekkert einsdæmi. Ég furða mig samt á Sjálfstæðisflokknum að láta teyma sig í þessar ógöngur. Auðvitað sjá þeir að Framsóknarflokkurinn á bágt og vilja að einhverju leyti standa með flokknum þessa dagana. En að ganga svo langt að fara að breyta gömlum lögum með þessum óskapnaði sem við erum að ræða hér finnst mér undarlegt.

Það má vera, frú forseti, að þetta sé að mestu formbreyting sem hér um ræðir og að minna leyti efnisbreyting. Það sem hefur verið deilt um í dag er einkum hvort í breytingunni felist að eignarhald á vatni komist í lög í stað þess sem áður var, þ.e. eignarhalds á vatnsréttindum samkvæmt gildandi lögum. Hversu mikil breyting er það? Það er deiluefnið hér í dag og hefur verið undanfarna daga. Annars vegar er eignarhald á vatnsréttindum og hins vegar eignarhald á vatni, svo að við reynum að kristalla þann ágreining sem verið hefur í þessu máli. Það má vera að munurinn sé óverulegur en við verðum samt sem áður að skoða það í því ljósi að ríkisstjórnin sem hefur verið við völd hefur staðið í ýmsum óhæfuverkum, vil ég segja, frú forseti, t.d. að gera auðlindina í sjónum, fiskimiðin, að einkaeign. Það verður að skoða það í þessu ljósi.

Hér ganga menn þó hreint til verks og segja að þetta eigi að vera einkaeign þeirra sem eiga landskika. Það ber að virða að menn koma þar hreint til dyranna. En hvað varðar fiskveiðiauðlindina er sagt að þetta sé sameign þjóðarinnar þótt báðir flokkarnir, kvótaflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, vinni skipulega að því að færa þá sameign þjóðarinnar í hendur á einkaaðilum. Ég tel að hefðu þeir komið hreint til dyranna þá hefði þjóðin einfaldlega hafnað þessum flokkum. Ég vona að í næstu kosningum verði þessum flokkum refsað verulega og ég á satt að segja ekki von á öðru.

Ég vil einnig vekja athygli á því að hv. formaður iðnaðarnefndar hefur staðið fyrir ómálefnalegri umræðu. Í staðinn fyrir að ræða þann mun sem er á því annars vegar að vatn sé skilgreint sem einkaeign og hvort vatnsréttindi séu einkaeign hefur hann talað um að þeir sem efist um að eingöngu sé um formbreytingu að ræða heldur ákveðna efnisbreytingu séu jafnvel kommúnistar og ætli að standa fyrir eignaupptöku. Það er náttúrlega af og frá að þeir sem vilja standa fyrir sömu, ég vil segja, íhaldssemi að vatnsréttindi séu skilgreind með sama hætti og gert hefur verið, standi í svona málflutningi. Þetta er ómálefnalegt. Jafnvel hefur verið látið í veðri vaka að það sé verið að ganga á einhvern rétt bænda í landinu.

Ég vil vekja athygli hv. formanns iðnaðarnefndar á því hvað hann hefur gert með umsögn frá bændum, frá Bændasamtökum Íslands. Ég ætla að lesa það. Það er ein af þeim fáu umsögnum sem ég tel vert að vekja athygli á hér í þessari ræðu vegna þess að látið hefur verið í veðri vaka að verið sé að taka eitthvað af bændum. Í umsögn Bændasamtakanna segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið hefur nú verið yfirfarið á nýjan leik og kemur í ljós að athugasemdir Bændasamtakanna hafa verið að engu hafðar. Þær eru því sendar á ný og nefndin vinsamlegast beðin um að íhuga þær vandlega. Sumar athugasemdirnar eru nánast sjálfsagðar, svo sem um skilgreiningu búsþarfa í 3. gr. Það er auðvitað fráleitt í dag að búsþarfir séu einskorðaðar við kvikfjárrækt."

Hvað gerir fulltrúi Framsóknarflokksins við athugasemdir frá Bændasamtökum Íslands? Það verður að segjast eins og er að hann gerir nákvæmlega ekki neitt með þær. Það hefur ekkert verið gert með það, sem bændur telja algjörlega sjálfsagt, að einskorða ekki skilgreiningu á búsþörfum við kvikfjárrækt. Mér finnst það athyglisvert. Það sýnir að flokkurinn er á rangri leið í stefnu sinni. Hann hefur alla vega algjörlega yfirgefið öll sjónarmið bænda í þessu frumvarpi. Það kemur skýrt fram.

Fleira má nefna hvað þetta varðar. Flokkurinn virðist ekkert gera með sjónarmið dreifbýlisins og bænda. Ég vil nota tækifærið hér og vekja athygli á því, vegna þess að menn hafa verið að tala um einhverja eignaupptöku, að hér hefur verið til umræðu ákveðin eignaupptaka sem Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa staðið fyrir og er á mörkum þess að standast stjórnarskrá, ég efast um að það standist stjórnarskrá, þ.e. að svipta bændur útræðisrétti sínum. Mér finnst það ákveðin kokhreysti að geta komið í þennan ræðustól og sakað þá sem vilja hafa óbreytta skipan um að ætla að standa fyrir einhverri eignaupptöku og vera síðan sjálfir að svipta bændur útræðisrétti sínum frá strandjörðum sem þeir hafa haft frá ómunatíð. Það mátti lesa mjög fróðlega grein um það málefni í Morgunblaðinu á sunnudaginn eftir Ómar Antonsson frá Horni. Mér finnst það mjög athyglisvert að menn treysti sér til að fullyrða þessa hluti þegar menn eru í svo slæmri stöðu sem

raun ber vitni.

Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því að þegar ég spurði þann hæstv. ráðherra sem kvaddi hér í dag, Árna Magnússon, um það hvort virða ætti útræðisréttinn þá vafðist honum tunga um tönn. Það var aðallega vegna þess að kvótakerfið virðist svo heilagt hjá Framsóknarflokknum að ef minnsti grunur er um að verið sé að raska því kerfi verða menn mjög hvumsa og fara allir í vörn. Það er ef til vill vegna þess að hæstv. forsætisráðherra virðist eiga einhverra hagsmuna að gæta, hann er enda guðfaðir kerfisins og vill vernda það í einu og öllu, festa það í sessi og helst að flytja það til annarra landa.

Bændasamtök Íslands gera fleiri athugasemdir við þetta frumvarp. Það var ekki eingöngu hve búsþörf er þröngt skilgreind heldur telja bændur að meiri hlutinn á þingi, sem stendur fyrir þessari lagasetningu, sé eitthvað að breyta netlögum. Það er þá liðurinn í því að finna út þennan útræðisrétt strandjarða. Bændur telja líka að meiri hlutinn á þingi skilgreini heimilisþarfir allt of þröngt. Einnig má nefna að menn telja það meginatriði að frumvarpið taki ekki tillit til neins er varðar vatnsmiðlun. Þetta var allt rætt í iðnaðarnefndinni en eftir vandlega íhugun hefur meiri hlutinn í iðnaðarnefnd greinilega komist að því að ekki eigi að gera nokkurn skapaðan hlut með sjónarmið bænda. Mér finnst það athyglisvert. Það vakti athygli mína, sérstaklega í ljósi þess að hv. formaður nefndarinnar var, eins og áður sagði, að væna aðra um kommúnisma og einhverja eignaupptöku.

Ég fullyrti hér að frumvarpið væri mjög illa unnið. Einu rök þeirra sem hafa verið með því að breyta þessum lögum hafa verið þau að verið væri að nútímavæða þennan málaflokk. Jú, ég er tilbúinn að breyta hlutunum til nútímans en ég hefði viljað fá einhver rök þar að baki. Við ræddum það margoft í iðnaðarnefndinni að ef verið væri að nútímavæða þennan lagabálk hefðu menn gefið kost á því að styðjast við hnitakerfi í 11. gr. í stað þess að tala um landamerki með mjög sérkennilegu orðalagi, ég efast um að margir botni í hvað verið er að fara í þeirri grein. Við erum komin fram í árið 2006 og menn eru farnir að merkja hnit mjög nákvæmlega á kort, jafnvel upp á millimetra. Þannig að maður hefði talið að ef verið væri að nútímavæða eitthvað gamalt ætti ekki að sjást setning eins og í 11. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði og fylgir vatnsbotn þá landi sem þurrt land væri. Ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni fylgja þeim netlög sem áður segir. Nú á maður eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns og er sundið mjórra en 230 metrar og ræður þá miðlína sundsins merkjum. Jafnan skal miða við lágflæði í vatni.“

Þetta er texti sem ég er viss um að margir eiga erfitt með að klóra sig fram úr. Það hefði verið miklu nær að gefa kost á því að nota einfaldlega hnit til að ákveða landamerki. Það er fleira sem kom upp í hugann og menn voru að ræða, vegna þess að það var verið að tína eitt og annað til sem ég ætla kannski ekki að fara mjög nákvæmlega yfir en ég vil t.d. nefna þessar skilgreiningar á mannvirki: Hvers konar manngerð tilfæring, t.d. hús, brú eða virkjun.

Hvað er manngerð tilfæring? Það er nú hús, brú eða virkjun. Mér finnst þetta mjög sérstakt orðlag. Ég hefði talið að þegar menn væru að fara yfir rúmlega áttræð lög ættu þau betra skilið en svona skilgreiningu.

Það hefði þurft að ganga betur frá lausum endum og fara rækilega yfir þetta og segja okkur hvaða vandamál verið væri að leysa. Það hefur ekkert komið fram um það hvers vegna fara þurfi í þessar breytingar. Mér hefði þótt vænt um ef það hefði komið fram. Einu svörin eru: Það er verið að nútímavæða. En nútíminn virðist ekki vera kominn inn í 11. gr. frumvarpsins um landamerki í stöðuvötnum þó svo að hægur vandi hefði verið að setja hnit þar inn. Mönnum liggur svo á að hvorki er hægt að taka tillit til bænda né leiðrétta skilgreiningar sem allir sjá að eru til vansa.

En eins og áður segir virðist þetta frumvarp fyrst og fremst vera nýtingarfrumvarp og ekki taka tillit í einu né neinu til umhverfisins. Þar ræður ríkjum hæstv. iðnaðarráðherra. Það kemur greinilega fram í VII. kafla frumvarpsins að í öllum greinum virðist það vera markmiðið að ef einhver vill ekki nýta vatn, t.d. fara í einhverja virkjun sem hæstv. iðnaðarráðherra er mjög annt um að farið sé í, þá er það viðkvæðið að hæstv. iðnaðarráðherra geti þvingað slíkt fram. Ég get lesið hér til fróðleiks 20. gr., með leyfi forseta:

„Nú vill eigandi annars vatnsbakka merkivatns gera mannvirki í vatni til vatnsnýtingar og þarf að nota til þess land hinum megin og skal hann þá bjóða eiganda þess lands að gera mannvirki með sér og nota vatnið að réttri tiltölu. Nú verða þeir sammála um framangreint, en greinir á um framkvæmd verksins, skiptingu kostnaðar eða vatnsnot, og skal þá skera úr með mati dómkvaddra matsmanna.“

Síðan segir:

„Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í mannvirkjagerð og getur ráðherra þá heimilað eignarnám til afnota af landi hans til að framkvæma verkið.“

Ef einhverjum dettur í hug að framkvæma eitthvað og meðeigandinn, eða sá sem deilir með honum landi eða landamerkjum, er ekki alveg á því þá er í hverri greininni á fætur annarri kveðið á um að hæstv. iðnaðarráðherra geti kreist mannvirkið fram. Þetta er greinilega allt sniðið að því að iðnaðarráðherra hafi lokaorðið. Það er sem sagt kveðið á um að hægt sé að ná því fram að fara út í framkvæmdir þó svo að eigandinn vilji það ekki. Menn tala um að þetta snúist eingöngu um eitthvert eignarhald og að menn hafi meira sjálfræði en það er ekki svo. Þetta snýst frekar um það að sá sem vill nýta eða virkja hafi lokaorðið en ekki sá sem á land og vill eiga það ósnortið, hann verður samkvæmt þessu frumvarpi alltaf að lúta vilja hæstv. iðnaðarráðherra sem við vitum að er mjög áfram um virkjanir. Það kom hér fram. Hún auglýsir m.a. rafmagn á lægsta verði út um allan heim, þ.e. ef það er til stóriðju. En iðnaðurinn í landinu og íbúar landsbyggðarinnar fá því miður, verð ég að segja, rafmagn á öðrum kjörum en áliðnaðurinn. Það er ákveðið umhugsunarefni.

Fleira má nefna sem mér finnst vert að fara yfir í því frumvarpi sem við ræðum. Ég vil gera að umtalsefni vatnafélögin sem eru að mínu viti algerlega óútfylltur víxill og maður veit í rauninni ekkert hvað þýða. Ég furða mig á því að menn skuli vera með vatnafélög. Það eru fleiri en ég sem furða sig á því vegna þess að fram kom hjá veiðimálastjóra að honum þykja þessi vatnafélög vera mjög laus í reipunum og virðast ekki vera í neinum tengslum við veiðifélög sem ná yfir ákveðið vatnasvið.

Ekki er heldur skylda að vera í þessum vatnafélögum og eftir að hafa farið í gegnum VIII. kafla er ég á því að ef vel ætti að vera ætti að fella hann algerlega úr lögunum. Það má færa mörg rök fyrir því. Meðal annars kemur fram að ekki er ljóst hvert atkvæðamagn þarf að vera og hvort menn fái að vera í félögum. Þetta er allt mjög laust í reipunum og ég verð að segja að það færi miklu betur á því að þessi vatnafélög yrðu bara felld út vegna þess að hlutverk þeirra er mjög illa skilgreint og tengsl þeirra við þau félög sem eru starfandi fyrir í ánum. Þá á ég við veiðifélögin. En í umsögn frá veiðimálastjóra segir, með leyfi forseta:

„Eins og vikið er að í umsögn Landssambands veiðifélaga er nauðsynlegt að skýra frekar lögsögu vatnafélaga, þegar þau starfa innan félagssvæðis veiðifélags og nauðsynlega samráðsskyldu við veiðifélagið."

Þetta er náttúrlega með ólíkindum að menn skuli ekki hafa tekið tillit til þess í neinu. Reyndar var þetta kannski það eina sem einn af þeim sem voru í stjórnarmeirihlutanum sýndi áhuga, þ.e. laxveiði í tengslum við frumvarpið. Maður hefði haldið að menn hefðu að einhverju leyti tekið tillit til þess áhuga. En það eina sem vikið er að í nefndarálitinu er ein setning:

„Meiri hlutinn telur mikilvægt að þeim sem fara með stjórn veiðimála verði ávallt tilkynnt um framkvæmdir í ám og vötnum sem áhrif hafa á fiskstofna og lífríki þeirra."

Annað er það ekki.

Greina má í þeim umsögnum sem eru með frumvarpinu að menn hafa virkilegar áhyggjur af þessu og það kemur víða fram. Meðal annars er gerð athugasemd við 18. gr. frumvarpsins þar sem segir:

„Orkunýtingarréttur fasteignareiganda takmarkast við það að enginn sé sviptur vatnsnotum skv. 15. gr. né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun né vatni sem nota þarf með þeim hætti spillt fyrir neinum svo að til verulegra óþæginda horfi."

Hér gerir veiðimálastjóri mjög veigamiklar athugasemdir að ekki skuli vera í einu né neinu vikið að því sem varðar fiskigengd og lífríki ánna. Við megum ekki gleyma því að þetta eru auðlindir eins og aðrar og búa til mikinn auð fyrir þjóðina. Það eru þeir veiðimenn sem koma í árnar og veiða lax og skilja eftir sig mikinn gjaldeyri, en þau sjónarmið eiga að víkja, frú forseti, og eingöngu að vera orkunýtingin í þessu frumvarpi.

Við megum ekki gleyma því heldur að frumvarpið er mjög víðtækt og það kemur fram í 2. gr. þess að það á ekki eingöngu að ná til vatns eins og við skiljum það, heldur einnig í föstu formi þannig að þetta nær til jökla. Þetta nær einnig til loftkennds forms og maður veit ekki hvort þetta nái þá til skýjanna sem fara yfir viðkomandi landsvæði, eða hvað vakir fyrir frumvarpshöfundum með því að hafa þetta svo. En greinilegt er að markmiðið með þessu er að menn vilja ná alveg örugglega öllu og engu á að sleppa. Það er greinilega markmiðið þó að það sé mjög sérstakt að tilgreina eitthvað sem vart kemur málinu við.

Að lokum hefði ég talið fróðlegt fyrir umræðuna í dag að hv. formaður iðnaðarnefndar hefði verið til svara í meiri mæli. Til dæmis komu frá hv. ræðumanni sem talaði á undan mér mjög athyglisverðar athugasemdir þar sem vakin var athygli á að grunur léki á að frumvarpið stangaðist á við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og var vitnað m.a. í samþykkt norrænna ráðherra. Það hefði verið fróðlegt ef hv. þingmaður og formaður iðnaðarnefndar, Birkir Jón Jónsson, brygðist að einhverju leyti við þeim athugasemdum. Það hefði verið fróðlegt að vita það og ef hann hefur ekki kynnt sér það að það kæmi þá fram síðar í umræðunni hvort svo væri eða ekki, og afstaða hans, því að það er náttúrlega rétt að svara því þegar verið er að afgreiða frumvarp hvort menn séu að einhverju leyti að fara á svig við alþjóðaskuldbindingar, frú forseti. Mér finnst í rauninni ekki hægt að láta málið frá sér að öðru leyti en svara þeim athugasemdum sem komu hér fyrr í kvöld frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Það er fleira sem vekur athygli og vafi leikur á sem kom fram reyndar í nefndarstarfinu. Það er umsögn um frumvarpið frá fjármálaráðuneytinu sem hefur ekki verið til umræðu í dag eða fyrr í umræðunni sem mér finnst rétt að vekja athygli á, sérstaklega fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Það er lokasetningin á þessu 46 blaðsíðna skjali:

„Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð."

Menn þurfa ekkert að velkjast í vafa um það að frumvarpið mun hafa verulegan kostnað í för með sér fyrir Orkustofnun. Hún er að fá viðamikið hlutverk í þessum málaflokki, eftirlitshlutverk og stjórnsýsluhlutverk. Allt kostar þetta og mun örugglega verða liður í því að þenja enn frekar út ríkisútgjöldin sem hafa þanist alveg gríðarlega á síðustu árum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið við völd með Framsóknarflokknum. Það er eins og þeir magni upp eyðslufíknina hjá hvor öðrum, ef svo má að orði komast, en ríkisútgjöld hafa hækkað um 120 milljarða á föstu verðlagi sem eru gríðarlega háar upphæðir. Mér finnst í rauninni að fjármálaráðuneytið ætti að vinna betur þegar verið er að fara með svona frumvarp í gegn, og ekki í fyrsta sinn, þetta er í annað sinn sem reynt er að koma frumvarpinu í gegnum þingið. Síðast sáu menn að sér og maður vonast til að menn sjái að sér enn á ný og hlusti á stjórnarandstöðuna þó svo þeir séu greinilega orðnir of stórir karlar til að hlusta á forustumenn bænda, stjórnarflokkarnir, framsóknar- og sjálfstæðismenn, að þeir taka í engu tillit til athugasemda þeirra, taka í engu tilliti til athugasemda veiðimanna, taka í engu tillit til athugasemda stofnana umhverfisins, taka í engu tilliti til, ég vil segja neinna athugasemda. Ég veit í rauninni ekki hvað þeim gengur til, hvers vegna menn eru þá að óska eftir því að menn sendi inn athugasemdir og gera síðan ekkert með þær. Mér finnst það vera umhugsunarefni.

Frú forseti. Þegar menn fara í gegnum svona lagasetningu væri sanngjarnt gagnvart þeim sem senda inn umsagnir að stjórnarmeirihlutinn færi í gegnum þær að einhverju leyti og segði okkur hvers vegna ekki er tekið tillit til bænda, umhverfisins og laxveiðimanna. Það hefði verið fróðlegt í umræðunni. Það er í rauninni, ég vil segja ákveðin kurteisi fólgin í því að vera ekki að óska eftir því að menn sendi inn umsagnir og taka síðan í engu tillit til þeirra og gera í rauninni ekkert með þær. En það er aldrei að vita. Menn verða að treysta á að menn sjái að sér. Það gerðist um jólin að menn tóku tillit til þess sem stjórnarandstaðan hafði fram að færa og það er aldrei að vita nema hæstv. iðn-

aðarráðherra sjái enn á ný að sér. Ég vonast til að bændur og laxveiðimenn þrýsti á um að svo verði því hér er í raun-inni verið að setja lög sem eru illa úr garði gerð, þ.e. frum-varpið.

Ég er á því að við skuldum þeim sem settu þau lög sem hafa staðist tímans tönn betri vinnubrögð og einnig mála-flokknum. Vatn er auðlind sem er ekki hægt að virða til fjár vil ég segja og sem betur fer búum við svo vel að nægilegt er af henni. Ég vonast til þess að menn hugsi málið betur, taki tillit til þeirra umsagna sem hafa fram komið og breyti þessu frumvarpi að minnsta kosti, frú forseti.

[22:12]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég held að ekki hafi farið fram hjá nein-um að við ræðum vatnalög og er sú umræða orðin talsvert löng. Reyndar á þetta frumvarp sér langa sögu. Það er verið að endurskoða heilan lagabálk frá 1923, vatnalögin voru sett þá, og menn hafa í umræðu um frumvarpið iðulega skírskotað til þeirrar umræðu sem þá fór fram. Það sem mér hefur þótt einkenna umræðuna er spurningin um hvað í grundvallaratriðum felist í þessu nýja frumvarpi og að hvaða leyti það kunni að vera frábrugðið lagasmíðinni frá 1923. Þá er það tvennt sem menn nefna og kannski eitt fyrst og fremst. Það er með tilvísan til eignarréttar, hvort eignar-réttur á vatni sé einvörðungu að breytast að formi til með frumvarpinu eða hvort breytingin taki að einhverju leyti til innihalds. Inn í þetta hefur síðan fléttast umræða um vörn sem stjórnarskráin veitir eignarréttinum, að hvaða marki löggjafinn hafi heimildir og möguleika til að breyta lögum án þess að brjóta í bága við stjórnarskrá landsins.

Ég hef velt fyrir mér þegar ég hef hlýtt á umræðuna hvað hefði gerst ef hæstv. iðnaðarráðherra hefði verið á for-setastóli í Bandaríkjunum þegar Abraham Lincoln fór þar með völd og þrælastríðið geisaði og tekist var á um hvort afnema ætti þrælahald í Bandaríkjunum. Þá voru höfð þau rök uppi að þrælahald væri innmúrað í lög og gott ef ekki stjórnarskrá og það var iðulega skírskotað til efnahagslegra hagsmuna sem mætti ekki raska við.

Er það virkilega svo að ef eitthvað sem lýtur að eignar-rétti manna hefur einhvern tímann verið fest í lög eða stjórnarskrá þá sé það óumbreytanlegt um aldur og ævi? Ég tel afar vafasamt að fylgja slíkri hugsun. Í þessari umræðu, bæði nú og við 1. umræðu í nóvember, fannst mér tvennt koma fram frá hæstv. iðnaðarráðherra, hv. formanni iðnað-arnefndar og öðrum talsmönnunum þessara lagabreytinga, sem mér fannst svolítið í mótsögn. Annars vegar var sagt: Við erum í reynd ekki að gera neitt. Við erum í reynd ekki að breyta neinu, a.m.k. ekki neinu í grundvallaratriðum. Síðan var bætt við að tímarnir væru breyttir frá því á önd-verðri 20. öldinni og við værum knúin til þess sökum breyt-inga í tíðarandanum, þjóðhátta almennt og viðhorfa, að breyta þessum lögum.

Mér finnst eðlilegt að taka þurfi þessi lög upp, breyta þeim og laga þau að samtímanum í ýmsu tilliti. En þá er spurningin: Kalli hverra ættum við að hlíta? Á hvaða raddir ætlum við að hlusta? Til hvaða sjónarmiða og viðhorfa vilj-um við horfa við þessar breytingar? Er það svo að við vilj-um treysta eignarréttarákvæðinu þegar vatnið er annars vegar, einkaeignina? Eða er kominn tími til að losa um ákvæði sem er að finna í lögum og lúta að eignarrétti ein-staklinga á vatni? Ættum við fremur að hlusta á þær raddir sem nú heyrast með vaxandi þunga frá almannasamtökum víðs vegar um heiminn? Þær segja: Vatnið á að skilgreina sem mannréttindi og nokkuð sem snertir almannahag og af þeim sökum eigum við að skilgreina vatnið sem almanna-eign. Slíkt kall hefur m.a. borist frá Sameinuðu þjóðunum. Þetta kall kemur frá verkalýðshreyfingum víðs vegar um heiminn og frá kirkju og trúarsamfélögum víðs vegar um heim. Þetta kall berst frá öllum þessum aðilum, verkalýðs-hreyfingu, trúarhreyfingum, mannréttindasamtökum, nátt-úruverndarsamtökum. Slíkt kall hefur borist frá Menningar- og friðarsamtökum kvenna, svo ég vísi í samþykktir sem hafa verið gerðar hér á landi. En öll þessi samtök sem ég nefndi sameinuðust síðastliðið haust í ályktun undir yfir-skriftinni „Vatn fyrir alla“. Þar voru þessar áherslur uppi. Þetta finnst mér valið sem við stöndum frammi fyrir.

Eins og ég kem að síðar hafa menn velt þessum grund-vallarforsendum fyrir sér í umræðunni í langan tíma. Það gerðu menn í umræðu um auðlindalöggjöfina 1998, sem er að mínu mati einhver afdrifaríkasta lagasmíð sem gerð hef-ur verið á Alþingi á síðustu árum. Þar var langt gengið í að treysta og auka eignarréttarákvæði einstaklinga yfir auð-lindum í jörðu. Þá fór vissulega fram mikil umræða í þing-inu en ég hef trú á að margir sem samþykktu þau lög vilji heldur að þeir hefðu látið það ógert. Ég held það. Ég held að margir telji nú að þar hafi ekki verið hyggileg lagasetn-ing. Eins og ég mun koma að síðar vísuðu menn þar aftur í tímann til fyrri alda, allt aftur til Jónsbókar og til dóma, laga og hefða sem mynduðust á Íslandi í aldanna rás. Menn vísuðu einnig í lögspekinga á þessari öld, Bjarna Bene-diktsson og Ólaf Jóhannesson, sem fjölluðu um almannarétt gagnvart eignarrétti einstaklinga.

Þetta frumvarp kom fram í fyrra á vorþingi og olli strax mjög miklum deilum. Bæði innan þings en einnig utan veggja þingsins. Það var sent til umsagnar mjög víða og fékk almennt mjög slæmar undirtektir. Þegar frumvarpið birtist aftur í haust bjuggust þingmenn við öðru en því sem hafnaði á borðinu fyrir framan þá. Hvers vegna? Forsvars-menn Framsóknarflokksins höfðu sagt að vatnalögin mundu ekki birtast þinginu aftur nema í verulega breyttri mynd. Þessu var m.a. lýst yfir á ráðstefnu sem samtökin sjö sem stóðu að yfirlýsingunni „Vatn fyrir alla“ héldu á Grand Hóteli í Reykjavík. Ég man ekki dagsetninguna nákvæm-lega en það var undir lok októbermánaðar. Þá var þessu lýst yfir. En skömmu síðar, í byrjun nóvember, birtist þetta frumvarp sem er til umfjöllunar. Mjög litlar breytingar höfðu verið gerðar á frumvarpinu frá því það var fyrir þing-inu vorið áður.

Menn hafa staðnæmst við ýmsar greinar í frumvarpinu, m.a. við markmiðssetningu laganna. Í 1. gr. segir t.d., með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns.“

Það þurfti enginn að velkjast í vafa sem hlustaði á fram-söguræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, formanns iðnaðar-nefndar. Hann gerði mjög skilmerkilega grein fyrir frum-

varpinu og allri þeirri hugsun sem það hvílir á. Með því segi ég ekki að ég sé sammála honum í einu og öllu um túlkun þessara laga eða hvernig hann lagði út af þeim. En hann fór ekki í grafgötur um hvert hann teldi að frumvarpið stefndi. Hann sagði mjög skýrt að tekist væri á um eignarrétt á vatni, hvort hann ætti að vera hjá einstaklingum eða hvort hann ætti að vera í almannaeign. Þetta væru tvö ólík pólitísk sjónarmið. Ég skildi það svo að þetta frumvarp væri fyrst og fremst hugsað til að skýra eignarhald einstaklinga á vatni.

Gott og vel. Þetta er pólitískt átakamál sem ég hefði haldið að Framsóknarflokkurinn mundi skipa sér öðruvísi í afstöðu til en hann hefur gert. Sú var tíðin að Framsóknarflokkurinn var mjög félagslega sinnaður flokkur. Hann var að sönnu bændaflokkur, átti rætur í sveitum landsins. Að því leyti sem hann vildi hugsa um hag bændanna og eignarrétt þeirra á vatni í þeirra landi þá voru það sjónarmið sem voru mjög skiljanleg á sínum tíma. En eins og talsmenn flokksins hafa hamrað á eru breyttir tímar og ástæða til að velta því fyrir sér í hverju þær breytingar eru fólgnar. Þær eru fólgnar í því að við lifum í mjög breyttum heimi þegar kemur að nýtingu vatns og þeim sem vilja nýta sér vatnið.

Fyrrum voru það einstaklingarnir til sveita og síðan sveitarfélögin sem fóru að búa til vatnsveitur. Það gerðist um alla Evrópu í litlum mæli á 18. öld og í meiri mæli og vaxandi eftir því sem leið á 19. öld og svo að sjálfsögðu á 20. öld. Undir lok 20. aldar og á þeim tíma sem við lifum nú eru fyrirtæki og auðhringar farnir að að ásælast vatnið til að hagnast á því. Til þess að þeir komist yfir vatnið, nái að slá eign sinni á það, og réttinn til að nýta það og selja sem hverja aðra markaðsvöru, þarf að vinna ákveðna grunnvinnu. Í fyrsta lagi þarf að treysta rétt þeirra til eignar á vatninu. Þetta er að mínu mati einn liður í þá veru, enda hamrað á því við kynningu frumvarpsins að frumvarpið miðaði að því að skýra eignarhald á vatni, eins og fram kemur í 1. grein laganna sem ég vék að áðan.

Aðrar greinar í frumvarpinu snúa að eignarrétti. Þar er t.d. 4. gr. en hún segir, með leyfi forseta:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur."

Fleiri ákvæði lúta að eignarréttinum. Í 15. gr. svo dæmi sé tekið og í 18 gr. laganna er vísað í takmarkanir á nýtingarrétti. En í skýringum með frumvarpinu, m.a. með þeirri grein, segir að það séu ekki lögð nein sérstök bönd á fasteignareigendur hvað varðar nýtingu og ráðstöfun vatnsréttinda nema að því leyti sem greinir í þessi lagaákvæði.

Með frumvarpinu fylgja athugasemdir í allítarlegu máli. Ég ætla að víkja að nokkrum atriðum sem þar koma fram. Sagt er að frumvarpið sé samið að tilhlutan iðnaðarráðherra. Fram kemur að því sé ætlað að leysa af hólmi vatnalögin frá árinu 1923. Það er nokkuð sem vert væri að staldra við og velta vöngum yfir, hvers vegna grunnlöggjöfin um vatn og vatnsréttindi skuli hvíla hjá iðnaðarráðuneytinu en ekki hjá umhverfisráðuneyti eins og við höfum mælst til af hálfu stjórnarandstöðunnar.

Þess er getið að endurskoðun vatnalaga hafi hafist árið 2001 og að markmið þeirrar endurskoðunar hafi verið að samræma ákvæði vatnalaga annarri löggjöf sem sett hafi verið á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku laganna. Það er alveg rétt að búið er að setja ýmis lög á undanförnum árum sem lýsa á einn eða annan hátt eða eiga upphaf í vatnalögin frá 1923. Það má t.d. þar nefna lögin um vatnsveitur, nefna má auðlindalöggjöfina og nefna má ýmis lög sem lúta að sérstökum frumvörpum, sérstökum lögum sem snúa að vatnsréttindum.

Ég vísaði til þeirrar nefndar sem var falið árið 2001 að hefja endurskoðun á vatnalögunum. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram hverjir það eru sem skipuðu þá nefnd. Fram kemur að ráðherra hafi falið hæstaréttarlögmanni, Eyvindi G. Gunnarssyni, að semja drög að frumvarpi til nýrra vatnalaga sem taka skyldu mið af þessum atriðum og leysa gildandi vatnalög af hólmi. Hinn 20. mars árið 2003 skipaði ráðherra síðan nefnd sérfræðinga og hagsmunaaðila til að skila endanlegu frumvarpi til vatnalaga til ráðherra. Í þeirri nefnd áttu sæti Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður og lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Hann var formaður nefndarinnar. Eyvindur G. Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður, sá hinn sami og áður hafði verið falið að semja frumvarpsdrög, Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur, tilnefndur af Orkustofnun, Gunnar Sæmundsson bóndi, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, Hjörleifur B. Kvaran hæstaréttarlögmaður, þáverandi borgarlögmaður en nú lögfræðingur Orkuveitu Reykjavíkur, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigrún Ágústsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af umhverfisráðuneytinu og Örlygur Þórðarson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Samorku.

Það vekur athygli að það eru fyrst og fremst þeir aðilar sem eiga hagsmuna að gæta í eignarrétti að styrkja hann sem eru tilnefndir í nefndina en ekki ... (**BJJ:** Ekki alveg.) ekki alveg, það er rétt hjá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, ekki alveg, og það má til sanns vegar færa að hagur talsmanna Orkuveitunnar liggi í því að treysta almannarétt svo lengi sem orkugeirinn er í almannaeign en það er nokkuð sem er mjög að breytast og raddir heyrast innan úr þeim geira sem taka undir með ráðherrum og talsmönnum Framsóknarflokksins sem vilja koma þessu öllu saman á markað sem allra fyrst og með eins miklu hraði og hugsast getur. En þetta eru sjónarmiðin sem eru kölluð til. (Gripið fram í.) Þetta eru þau sjónarmið sem eru kölluð til, þ.e. úr orkugeiranum en síðan er það eignarréttarhugmyndin.

Þetta er ekki alveg úr lausu lofti gripið og reyndar alls ekki, enda væri ég þá ekki að nefna þetta því að það kemur fram þegar farið er að skoða umræður þessara fulltrúa á sínum heimavettvangi hvað þeir telja hafa verið verkefni sitt í nefndinni. Mig langar til að vitna í ummæli fulltrúa Bændasamtakanna í nefndinni. Hvað skyldi fulltrúi Bændasamtakanna hafa sagt fyrir réttu ári á búnaðarþingi? Og vísa ég í ummæli Gunnars Sæmundssonar í fundargerðum Bændasamtakanna frá búnaðarþinginu fyrir réttu ári, í marsmánuði árið 2005. Ég vitna, með leyfi forseta:

„Gunnar Sæmundsson sagðist hafa setið í nefnd sem vann ný drög að vatnalögum. Hans vinna hefði fyrst og fremst snúið að því að skerpa eignaraðild að vötnum. Hann sagðist hafa fallist á vald Orkustofnunar þar sem á stundum hefði honum fundist ákvarðanir ráðherra vera teknar af geðþótta."

„Að skerpa eignaraðild að vötnum.“ Þetta leit hann á sem hlutverk sitt í þeirri nefnd sem hæstv. iðnaðarráðherra hafði skipað til að ganga frá endanlegu frumvarpi til vatnalaga til ráðherra. „Að skerpa eignaraðild að vötnum.“ Þetta eru orð fulltrúa Bændasamtakanna í þeirri nefnd sem iðnaðarráðherra skipaði árið 2003 til að semja þetta frumvarp. *Aðrir sem sátu í nefndinni voru fulltrúar orkugeirans, meira* að segja fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga er núna starfandi hjá Orkuveitu Reykjavíkur, var áður lögmaður Reykjavíkurborgar en heldur áfram sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni. Ég spyr: Hvar voru fulltrúar ASÍ? Hvar voru fulltrúar BSRB? Hvar voru fulltrúar Kennarasambands Íslands? Hvar voru fulltrúar Sambands bankamanna? Hvar voru fulltrúar þjóðkirkjunnar? Hvar voru fulltrúar Náttúruverndarsamtakanna? Hvar voru fulltrúar Landverndar? Hvar voru fulltrúar Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna?

Hvers vegna nefni ég þessi samtök? Vegna þess að þau samtök hafa látið þessi mál til sín taka, hafa komið saman til funda, efnt til ráðstefna, sent frá sér ályktanir og álitsgerðir. Hvers vegna var ekki hlustað á þetta fólk? Hvers vegna voru einvörðungu kallaðir til fulltrúar frá Samorku, Orkuveitu Reykjavíkur og Bændasamtökum Íslands sem vitað er að horfðu fyrst og fremst til þess að treysta eignarrétt bænda á vatni í sínu landi en ekki til annarra aðila? Þarna var að vísu, eins og ég gat um áðan og það skal áréttað, fulltrúi frá umhverfisráðuneytinu í nefndinni, væntanlega til að horfa til sjónarmiða sem undir það ráðuneyti heyra. En það er síðan saga út af fyrir sig að fylgjast með hvernig farið var með ábendingar úr umhverfisgeiranum. Þegar frumvarpið kemur fyrst fram og óskað er eftir álitsgerðum er Orkustofnun fengin til að gefa þessum aðilum einkunn. Hún fer yfir álitsgerðirnar sem fram koma og gefur þeim einkunn. Sumir falla, sumir dúxa og brillera en aðrir falla á prófinu. Eða hvað segja menn t.d. um orðalag á borð við þetta, með leyfi forseta?

„Orkustofnun telur það Umhverfisstofnun til verulegs vansa að láta frá sér fara aðra eins umfjöllun og raun ber vitni um lögfræðileg atriði.“

*Þetta er ekki út álitsgerð Umhverfisstofnunar, að sjálf*sögðu ekki. Þetta er ekki úr álitsgerð meiri hlutans á þinginu. Þetta er úr álitsgerð og einkunnabók Orkustofnunar sem er að fella dóma á umsagnir annarra aðila um vatnalögin.

Það er annað sem kemur fram í þessari einkunnagjöf Orkustofnunar. Það er höfnun á því að einhver skörun sé á milli þessa lagafrumvarps og annarrar lagasmíðar sem snertir vatnið þegar kemur að einhverju sem heitir umhverfisvernd, almannaréttur eða umhverfisvernd. Svo ég vitni aftur í einkunnabók frá Orkustofnun að þessu sinni um umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, með leyfi forseta:

„Þau mál eru hérlendis á forræði umhverfisráðuneytis og í umsjón Umhverfisstofnunar og gerir frumvarp til vatnalaga ekki ráð fyrir breytingum á þeirri skipan. Frumvarp til vatnalaga fjallar um aðrar hliðar vatnamála en ekki um vatnsverndun og vatnsgæði og er því hér ekki um skörun að ræða. Orkustofnun telur athugasemd þessa ekki eiga við hér og því beri að hafna henni.“

Burt með álit Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þetta er mergurinn málsins í gagnrýni okkar, stjórnarandstöðunnar, á frumvarpið, að hluta til alla vega. Við höfum sagt: Löggjöf um vatn á að skoða heildstætt, skoða á löggjöfina heildstætt og við höfum líka sagt hvar eigi að byrja. Ef við lítum svo á og tökum þar undir með almannasamtökum í landinu og tökum þar undir með ályktunum Sameinuðu þjóðanna og tökum þar undir með verkalýðshreyfingu og fjöldasamtökum um allan heim, ef við lítum svo á að vatn séu mannréttindi og eigi að vera almannaeign, þá eigum við að sjálfsögðu að byrja á þeim enda. Við eigum að byrja á því að horfa til umhverfisins og vatnsverndar og að horfa til þess hvernig við getum tryggt almenningi yfirráð yfir þessari ómetanlegu auðlind. Þeir sem þekkja til skorts á vatni vita að vatnið er ómetanleg auðlind. Það þekkja menn á þurrkasvæðum heimsins. Það þekkja menn á átakasvæðum heimsins þar sem stríðsaðilar kappkosta að hafa vatnið og vatnsbólin af andstæðingum sínum því þeir vita að þar með hafi þeir svipt þá lífsbjörginni.

Þetta var um þá nefnd sem skipuð var til að ganga frá frumvarpi fyrir iðnaðarráðuneytið á sínum tíma. Eins og við síðan fengum að kynnast var afrakstur þeirrar vinnu lagður fram í formi frumvarps til vatnalaga á 131. löggjafarþingi án þess að verða þar útrætt. Eins og hér hefur komið fram voru gerðar einhverjar lítils háttar breytingar á frumvarpinu en afar smáar í sniðum eins og mönnum er kunnugt.

Í athugasemdum með lagafrumvarpinu er greint frá því hvers vegna þörf hafi verið talin á endurskoðun vatnalaga frá 1923. Hér segir, með leyfi forseta:

„Vatnalög, nr. 15/1923, hafa um árabil verið helsta réttarheimildin um vatnsréttindi hér á landi. Í ýmsum öðrum lögum er þó minnst á vatnsréttindi með einum eða öðrum hætti. Tiltölulega fáar breytingar hafa verið gerðar á lögunum á þeim tíma sem liðinn er frá setningu þeirra. Má segja að lögin hafi staðist vel tímans tönn enda þótt þau séu komin nokkuð til ára sinna. Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu vatnalaga hafa hins vegar orðið miklar samfélagsbreytingar, tækniframfarir hafa orðið og vægi umhverfisverndar hefur aukist til muna svo fátt eitt sé nefnt. Þá miða *vatnalögin að ýmsu leyti að því að leysa önnur vandamál en* þau sem eru efst á baugi nú á dögum. Má því segja að tímabært hafi verið að endurskoða lögin.“

Undir þetta tek ég að sjálfsögðu. Enda benti ég á það áðan að þótt Framsóknarflokkurinn kunni að hafa haft ástæðu til þess fyrr á tíð og sú afstaða hans hafi verið skiljanleg fyrir nokkrum áratugum, að vilja treysta eignarrétt bænda yfir vatni á landareignum þeirra, þá eru aðrir tímar núna. Við lifum á öld einkavæðingar, á tímum þar sem fjármagn, ekki síst alþjóðlegt fjármagn, ásælist ýmislegt sem áður var í eigu samfélagsins og á þess vegum. Veiturnar, vatnsveiturnar og raforkuveitur, jafnvel skolpið, allt vilja þessir aðilar komast yfir. (Gripið fram í.) Skolpið, þeir vilja hagnast á því líka. Hér er þetta tilgreint í greinargerð með frumvarpinu enda kemur fram að menn þurfi í ríkara mæli en áður að horfa til umhverfisins og umhverfisþátta. Okkur sé nauðsyn á slíku.

Í greinargerðinni segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Hafa verður í huga að vatnalögin voru á sínum tíma heildarlöggjöf um vatnsréttindi. Lögin tóku jafnt til einka-

réttarlegra hagsmuna eigenda vatnsréttinda og almannahagsmuna. Þannig falla lögin bæði innan sviðs allsherjarréttar og einkaréttar. Reglur allsherjarréttarins eru fyrst og fremst settar til verndar hagsmunum samfélagsins í heild, t.d. náttúruvernd, en reglur einkaréttarins eru settar til verndar tilteknum einstaklingshagsmunum, þótt engan veginn sé flokkun þessi einhlít. Við samningu frumvarps þessa hefur verið tekið tillit til þess að sett hefur verið ýmiss konar löggjöf á sviði allsherjarréttar sem tekur til vatns. Sem dæmi má nefna að lög og reglugerðir á sviði umhverfisréttar taka nú til óhreinkunar vatna. Þá eru sérstök lög um vatnsveitur sveitarfélaga. Einnig má eðlilegt teljast að um holræsi sé mælt fyrir í öðrum lögum en vatnalögum. Við samningu þessa frumvarps hefur þessum þáttum verið haldið fyrir utan. Engu að síður er ljóst að vatnalög geta ekki einungis tekið til einkaréttarlegra hagsmuna heldur hljóta opinberir hagsmunir einnig að koma þar við sögu. Hagsmunir samfélagsins af hagkvæmri nýtingu vatns og skynsamlegri stjórn þeirrar auðlindar sem felst í vatni eru miklir."

Hér segir síðan, með leyfi forseta:

„Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var tekin ákvörðun um að lögleiða í íslenskan rétt hluta af rétti Evrópusambandsins. Sem stendur er unnið að lögleiðingu vatnatilskipunar ESB frá 2000 ... hér á landi. Tilskipunin tekur til vatnafars og vatnabúskapar í víðasta skilningi þar sem lögð er áhersla á umhverfið og verndun þess."

Bíðum við. Hvað er eiginlega verið að segja hér? Í fyrsta lagi er okkur sagt að lögin frá 1923 hafi verið afar víðfeðm og hafi tekið til einkaréttarlegra hagsmuna eigenda vatnsréttinda annars vegar, vegna þess að það er áherslan í vatnalögunum frá 1923. Hins vegar segir að þau hafi tekið til almannahagsmuna. Síðan segja frumvarpshöfundar og greinargerðarsmiðir að í öðrum lagabálkum horfi menn til þess sem snúi að almannahag, m.a. sé í smíðum reglugerð á vegum Evrópusambandsins og á grunni hennar eigi að setja lög sem snúa að þessu. Ég ítreka að við tölum einnig fyrir því að horft sé heildstætt á málin en byrjum á hinum endanum. Við bíðum með breytingu á þessum lögum þar til að við höfum fengið lögin um vatnsréttinn.

Í greinargerð er jafnframt vísað í aðra lagasmíð sem snýr að vatninu, þ.e. lög um vatnsveitur sveitarfélaga. Það var ekki svo lítið tekist á um það frumvarp í þingsölum á sínum tíma. Eins og frumvarpið var upphaflega var gert ráð fyrir því að vatnsveitur í landinu mætti hlutafélagavæða og þar með einkavæða. En því var snúið eftir mikið þref og mikinn þrýsting bæði innan þings og ekki síður utan — nokkuð sem ég þekki vel til vegna þess að samtök sem ég kem að málum hjá, BSRB, hafa lagt ríka áherslu á að varðveita eignarrétt og umsjá opinberra aðila yfir grunnþjónustu á borð við veiturnar í landinu, þar á meðal vatnið. BSRB lagði hart að stjórnvöldum með að setja inn í lögin ákvæði sem kæmu í veg fyrir að einkaaðilar kæmust yfir vatnið. Fyrst var reynt að koma í veg fyrir að vatnsveitur yrðu hreinlega gerðar að hlutafélögum, að við nýttum okkur ekki það form varðandi vatnið. Við töluðum fyrir því að lagaumgjörðin heimilaði einvörðungu opinbert eignarhald á þessari auðlind og nýtingu hennar. En niðurstaðan varð sú að farið var bil beggja. Í lögunum var heimiluð hlutafélagavæðing vatnsveitna með því skilyrði að hlutafélögin væru í meirihlutaeign sveitarfélaga. Reyndar geta málin skipast þannig vegna eignarsamsetningarinnar að einkaaðilar nái þar lykilstöðu en þetta varð niðurstaðan.

Þetta er nokkuð sem tekist er á um í heiminum öllum þegar vatn og vatnsveitur eru annars vegar. Menn berjast á mismunandi forsendum vestan hafs og austan. Í Evrópu hafa verkalýðssamtökin og almannasamtök reynt að koma í veg fyrir að vatnsveiturnar yrðu einkavæddar. Þar hafa menn orðið undir víða en þó eru hjólin farin að snúast með gæslumönnum almannahags, skulum við kalla það. Reynslan af einkavæðingu vatnsveitna hefur verið slæm. Vatnið hefur orðið dýrara. Vatnsveiturnar reknar með það að leiðarljósi fyrst og fremst að skapa eigendum sínum arð. Menn eru farnir að sjá í gegnum þetta og snúast öndverðir gegn þeim breytingum. En þar hefur áherslan sem sagt verið sú að reyna að koma í veg fyrir að vatnið yrði einkavætt.

Vestan hafs, þar sem hin frjálsu lögmál markaðar hafa síður verið heft frá gamalli tíð, hafa menn farið í aðra átt og reynt að setja markaðnum skorður. Þar er talað um reglugerðarskorður, „regulation", að regúlera markaðinn. Eitt af því sem gert hefur verið í því skyni að hafa hemil á markaðnum er að festa í reglugerðir ákvæði þess efnis að aðeins sé heimilt að taka arð upp að tilteknu hlutfalli út úr þessum stofnunum. Þetta hefur reyndar einnig verið uppi á borði hjá okkur og er, ef ég man rétt, inni í lögunum um vatnsveitur sveitarfélaga. Það er nokkuð sem við tókumst á um í þinginu á sínum tíma.

Athugasemdirnar í greinargerðinni með frumvarpinu urðu mér tilefni til þessara vangaveltna. Hér er, eins og ég gat um áðan, annars vegar vísað í einkaréttinn og hins vegar í allsherjarrétt, sem það mun vera kallað er lýtur að almannahagsmunum. En það er allur gangur á því hvernig tekið hefur verið á þessum málum í lagasmíð á undanförnum árum. Hrikalegasta dæmið þar um er að sjálfsögðu auðlindalöggjöfin frá árinu 1998, sem er eiginlega mesta afturför í lagasmíð sem hér hefur orðið um langt árabil.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um inntak vatnsréttinda samkvæmt vatnalögunum frá 1923. Þar kem ég að deilunni sem menn hafa viðrað í tengslum við þetta frumvarp. Annars vegar er það sjónarmið að einvörðungu sé verið að breyta forminu á réttindum sem kveðið er á um í lögunum en ekki inntakinu. Hins vegar eru sjónarmið þeirra sem segja að svo sé í reynd, að inntaki laganna verði breytt og eignarréttarákvæðin treyst í sessi. Það er ekki að undra að farið sé nokkuð ítarlega í þetta í greinargerð með frumvarpinu. En hér segir, með leyfi forseta:

„Algengt er að telja einstakar heimildir eða þætti eignarréttar yfir fasteignum sem sérstök réttindi. Eitt dæmi þess eru vatnsréttindi en einnig má nefna námuréttindi, veiðiréttindi, rekaréttindi o.fl. Slíkt haggar því þó ekki að umrædd réttindi eru hluti tiltekinnar fasteignar og nýting þeirra og ráðstöfun því þáttur í ráðstöfun og nýtingu fasteignarréttinda nema réttindin hafi löglega verið skilin frá fasteigninni og fengin öðrum aðila í hendur."

Það er umhugsunarvert sem hér er sagt, nokkuð sem ég vík að síðar í ræðu minni þegar ég fer að rifja upp umræðu sem varð í þingsölum árið 1998 um auðlindalöggjöfina þar

sem einmitt var verið að fjalla um réttindi versus fasteign og eignarhald á henni. Í greinargerðinni segir í framhaldinu, með leyfi forseta:

„Samkvæmt framansögðu eru vatnsréttindi flokkuð sem sérstök eignarréttindi að fasteignum. Þau fjalla um þær heimildir fasteignareiganda sem beinlínis lúta að umráðum og hagnýtingu vatns á landareign. Sú meginregla kemur fram í 2. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimila."

Þar er hins vegar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir sem máli skipta, þar á meðal réttinn til orkuvinnslu samkvæmt 49. gr. laganna. Sú afmörkun á inntaki eignarráða vatnsréttinda fasteignareigenda, sem birtist í meginreglu þessari, hefur mikla sérstöðu í samanburði við almenna skilgreiningu eignarréttarhugtaksins. Ástæðan er sú að hér er á jákvæðan og tæmandi hátt kveðið á um hvað felist í tilteknum heimildum eignarréttar að vatni. Skal nú nánar að þessu vikið.

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að lesa áfram úr þessari greinargerð því þetta er lykilatriði í þeirri deilu sem stendur um þetta frumvarp, þ.e. skilgreiningin á eignarréttarhugtakinu, með tilvísun í vatn. Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Hugtakið eignarréttur hefur almennt verið skilgreint svo í síðari tíma lögfræði að um sé að ræða einkarétt ákveðins aðila, eigandans, til þess að ráða yfir tilteknu verðmæti, innan þeirra marka, sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum eignarréttindum annarra manna, sem stofnað hefur verið til yfir verðmætinu. Hér er um að ræða svokallaða neikvæða skilgreiningu, þ.e. hún tilgreinir ekki með upptalningu hverjar heimildir eigandinn hefur yfir verðmætinu heldur er gengið út frá því að eigandinn njóti allra heimilda nema þeirra sem eru með beinum hætti undanskildar eignarráðum hans, hvort heldur sem það hefur gerst með lögum eða samningi."

Ástæða þess að fremur er stuðst við neikvæða skilgreiningu á hugtakinu eignarréttur er sú að jákvæð skilgreining, þ.e. skilgreining þar sem taldar eru upp allar heimildir eiganda, sem í eignarrétti geta falist, yrði of viðamikil og sennilega aldrei tæmandi og því í eðli sínu ófullkomin. Í íslenskum lögum er víða byggt á því grundvallarsjónarmiði að á bak við eignarrétt búi heimildir til hvers konar nýtingar og ráðstafana nema sérstakar takmarkanir séu á því gerðar. Kemur þetta einkum fram í löggjöf sem mælir fyrir um hagnýtingu tiltekinna réttinda sem tengjast fasteignum og svo í ákvæðum friðunarlöggjafar af ýmsu tagi, sbr. t.d. 3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Þess eru fá dæmi að í lögum sé á jákvæðan og tæmandi hátt kveðið á um það hvað felist í tilteknum heimildum eignarréttar en glöggt dæmi þess eru þó vatnsréttindi, sbr. 2. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, en þar segir að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimila. Þar er á hinn bóginn um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir sem máli skipta, þar með talinn rétturinn til orkuvinnslu.

Ég er hér með lögin frá 1923 og þar á meðal þessa 2. gr. þar sem kveðið er á um skilgreiningu á réttindum landeiganda. Ég ætla ekki að fara að lengja mál mitt með því að vísa óþarflega mikið í þessi lög en vildi vekja athygli þingsins á þessum þætti umræðunnar. Því eins og ég skil það hér þá er breytingin sú að í gömlu lögunum frá 1923 er kveðið á um það sem frumvarpshöfundar kalla jákvæðan eignarrétt eða jákvæð ákvæði. En í þeim lögum sem við höfum fyrir framan okkur núna er þessi réttur þá neikvæður, það er stuðst við neikvæða skilgreiningu á hugtakinu eignarréttur, að hann taki til alls nema þess sem skilgreint er að hann eigi ekki við um. En í gamla frumvarpinu er tilgreint til hvaða þátta eignarrétturinn tekur.

Síðan er mjög fróðlegur kafli í athugasemdunum um bakgrunn hinnar jákvæðu skilgreiningar á vatnsréttindum fasteignareigenda skv. 2. gr. vatnalaganna frá 1923 sem hér var vikið að. Í athugasemdum með frumvarpinu er spurt hver hafi verið ástæða þess að vatnsréttindi fasteignareigenda hafi verið skilgreind með jákvæðum hætti en ekki neikvæðum eins og almennt tíðkast í löggjöf sem mælir fyrir um hagnýtingu eignarréttinda sem tengjast fasteignum. Frumvarpshöfundar segja ástæðuna hafa verið sögulegs eðlis og hafi átt rætur sínar að rekja til ágreinings, bæði af stjórnmálalegum og lagalegum toga. Þar segir að allt fram til 20. aldar hafi verið byggt á reglum Jónsbókar um vatnsréttindi. Þegar tekist hafði að vinna raforku út vatnsafli hafi komið til sögunnar ný og mikilvæg afnot af rennandi vatni og skilyrðin til að gera það arðberandi. Hafi það leitt til að um og upp úr aldamótunum 1900 hafi áhugi ýmissa manna, bæði innlendra og erlendra, vaknað á því að kaupa eða leigja vatnsréttindi hér á landi. Þá hafi margir tekið að óttast að þessi auðlind þjóðarinnar gæti glatast, þ.e. ef menn færu ekki varlega.

Með samþykkt svokallaðra fossalaga á Alþingi 1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum o.fl., átti að koma í veg fyrir að útlendingar næðu yfirráðum yfir vatnsaflinu hér á landi. Fossalögin frá 1907 byggðust á þeirri forsendu að fasteignareigandi ætti vatnsafl þeirra vatna sem féllu á lendu hans. Þau voru fyrsti þýðingarmikli lagabálkurinn sem bannaði að meginstefnu eignar- og afnotarétt útlendinga á íslenskum fossum. Samkvæmt fossalögunum frá 1907 skyldi konungur eða umboðsmaður hans veita undanþágu eða leyfi þar sem þess væri þörf.

Ítarlegar er fjallað um fossalögin í álitsgerð með frumvarpinu en síðan vikið að því að í lok janúar árið 1919 hafi komið upp djúpstæður ágreiningur í fossanefndinni og hljóp ég þar yfir þann sögulega þátt að á árunum fyrir 1920 var ráðist í að smíða nýja löggjöf, löggjöf um vatnsréttindi, vatnalög, og skipuð sérstök nefnd til að annast það verk, nefnd sem var kölluð fossanefndin. Og það sem ég var byrjaður að nefna, að í lok janúar árið 1919 hafi komið upp djúpstæður ágreiningur í þessari nefnd um hvort vatnsréttindi almennt væru eða ættu að vera í eigu þeirra einstaklinga sem eignarrétt ættu á landinu undir vatninu eða hvort vatnsréttindi væru að öllu leyti ríkiseign og einstaklingum aðeins heimil þau afnot sem lög leyfðu sérstaklega.

Frá því er skemmst að segja að þessi nefnd klofnaði í meiri hluta og minni hluta. Meiri hlutinn taldi öll vatnsréttindi vera ríkiseign, lagði áherslu á almannaeign, en minni hlutinn hafi hins vegar talið að vatnsréttindi ættu að vera háð eignarumráðum landeigenda.

Í greinargerð með frumvarpinu segir á þá leið að sjónarmið bæði meiri og minni hluta fossanefndar hafi átt rætur að rekja til mismunandi stjórnmálaviðhorfa og hafi verið lagaleg rök sótt til íslenskra laga að fornu og nýju. Megi því segja að deilan í fossanefndinni hafi verið ágreiningur bæði af stjórnmálalegum og lagalegum toga, en aðallega þó af stjórnmálalegum toga.

Í frumvarpi meiri hluta fossanefndar til vatnalaga var lagt til grundvallar að mælt yrði fyrir um yfirráð ríkisins yfir vatni og nytjum þess. Ríkið skyldi hafa umráð yfir öllu vatni, bæði straumvatni og stöðuvatni, að undanskildu eftirfarandi: a) vatn skyldi landeigendum frjálst til heimilis, jarðræktar og smáiðnaðar, b) yfir minni háttar vatni skyldu heimiluð sérstök yfirráð landeigenda, svo sem yfir lindarvatni, tjörnum, leysinga- og dýjavatni o.s.frv., c) til landsgæða skyldu teljast laugar, hverir og ölkeldur, eða d) vatn sem hefði verið virkjað eða veitt úr farvegi til notkunar samkvæmt heimild í lögum eða samkvæmt löglegu leyfi eða sérleyfi skyldi teljast í einkaumráðum, enda væri það ekki komið aftur í eðlilegan farveg.

Frumvarp minni hluta fossanefndar byggðist á því að landi hverju fylgdi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni sem á því væri, hvort sem það væri rennandi eða kyrrt, með þeim takmörkunum sem lög, venjur eða aðrar heimildir hefðu í för með sér. Í því frumvarpi var ekkert ákvæði um ríkisumráð yfir vatni.

Þessi nefnd náði ekki samkomulagi og þar sem útséð þótti að Alþingi gæti sjálft samið lög sem nytu stuðnings meiri hluta þingmanna var Einari Arnórssyni prófessor falið að semja nýtt frumvarp til vatnalaga og var frumvarp hans var lagt fram á Alþingi árið 1921 en varð ekki að lögum fyrr en tveimur árum síðar, þ.e. vatnalögum, nr. 15/1923.

Síðan ganga rökin út á það að hann, Einar Arnórsson prófessor, hafi stuðst við álit minni hlutans sem hafði lagt áherslu á einkaréttarsjónarmiðin en ekki við meiri hluta nefndarinnar sem lagði áherslu almannaeign á vatni. Þess vegna segja frumvarpshöfundar nú að þegar þeir sem tala fyrir þessu frumvarpi leggi áherslu á eignarrétt einstaklinganna þá séu þeir ekki í neinu að hverfa frá þeim sjónarmiðum sem komu fram í frumvarpinu frá 1923.

En þá ítreka ég, hæstv. forseti, að þetta er nú ekki alveg svona augljóst. Vegna þess að eftir þennan tíma hafa komið fram önnur sjónarmið. Þessi sjónarmið voru ítarlega reifuð í umræðu um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu sem fram fór hér á Alþingi 1998. En áður en ég vík að þeirri umræðu vil ég fjalla bæði um meirihlutaálit og minnihlutaálit.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill fara þess á leit við hv. þingmann að hann geri hlé á ræðu sinni enda ætlar forseti nú að eiga stuttan fund með formönnum þingflokka þar sem nærveru hv. þingmanns er óskað. Fundi er frestað í hálfa klukkustund til kl. korter í tólf.)

[Fundarhlé. — 23:16]

[23:46]

Ögmundur Jónasson (frh.)**:**

Hæstv. forseti. Við fjöllum hér um vatnalög, sennilega eitt umdeildasta og óvinsælasta frumvarp sem frá ríkisstjórninni hefur komið í seinni tíð. Þetta er í þriðja skipti sem frumvarpið er lagt fyrir Alþingi. Lítils háttar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því að það upphaflega kom fram en alltaf og ekki síður nú en í fyrri skiptin tvö hefur það sætt mikilli gagnrýni, bæði utan veggja þingsins og innan þingsins einnig. Ljóst er að í þessu máli stendur stjórnarandstaðan sameinuð um að reyna að koma í veg fyrir að lagafrumvarpið nái fram að ganga.

Í fyrri hluta ræðu minnar fjallaði ég um frumvarpið almennt og þau ágreiningsefni sem einkum hafa sett svip á umræðurnar. Menn takast á um grundvallaratriði, eignarhald á vatni, en stjórnarmeirihlutinn heldur því fram að í frumvarpinu, sem um margt byggir á lögunum frá 1923, vatnalögunum sem svo eru nefnd, felist ekki neinar breytingar að innihaldi til, einvörðungu sé verið að gera breytingu á forminu sem lagafrumvarpið er sett fram í.

Við hins vegar höldum því fram í stjórnarandstöðunni að með því sé verið að styrkja eignarréttarákvæði og eignarhald á vatni. Það er skýrt kveðið á um þetta í 1. gr. frumvarpsins þar sem segir að markmið þess sé að skapa skýrt eignarhald á vatni.

Í fyrri hluta ræðu minnar áður en hlé var gert á henni — ég tek eftir því að það er eitthvert ólag hlaupið í klukkuna sem er hér í borði hjá mér og er hún farin að hraða sér um of, sýnist mér, nokkuð sem ætti ekki að trufla mig vegna þess að tíminn sem ég hef til þessarar umræðu er ekki takmörkunum háður. — Í fyrri hluta minnar ræðu rakti ég nokkuð athugasemdir sem fylgja lagafrumvarpinu frá stjórnarmeirihlutanum og var að því kominn að víkja að áliti minni hluta iðnaðarnefndar en meiri hlutinn rökstyður fyrst og fremst í framhaldsáliti sínu minni háttar breytingar sem verið er að gera á upphaflegu frumvarpi.

Í áliti minni hluta iðnaðarnefndar segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu eru vatnsréttindi skilgreind með neikvæðum hætti, þ.e. með almennri skilgreiningu, í stað þess að talin séu upp öll réttindi fasteignareigenda eins og gert er í núgildandi vatnalögum en það kallast jákvæð skilgreining réttinda. Í þessu gæti falist meiri breyting en ætla mætti af skýringum með málinu.“

Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í 1. gr. frumvarpsins segir: „Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni.“ Það verður að telja vafasamt orðaval ef hér á fyrst og fremst að vera um formbreytingu að ræða eins og sagði í athugasemdum með frumvarpinu. Þar var einnig sagt að í þessari nýju skilgreiningu á vatnsréttindum fælist í raun meginatriði frumvarpsins en þó var sérstaklega áréttað að þar væri „fyrst og fremst“ um formbreytingu að ræða. Meginatriði frumvarpsins var sem sagt formbreyting samkvæmt þeim skilningi sem fram kom í athugasemdum með því á síðasta þingi. Í athugasemdum frá laganefnd Lögmannafélags Íslands var sérstaklega fjallað um það orðalag og sagt að það væri til þess fallið að vekja vafa um markmið breytinganna og að mun skýrara væri að segja afdráttarlaust að hér væri einungis um formbreytingu

að ræða.“

Reyndar er vikið að þessu í álitsgerð frá meiri hluta iðnaðarnefndar því að þar segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að hér sé um formbreytingu að ræða en ekki efnislega breytingu á inntaki eignarráða fasteignareiganda yfir vatni. Í athugasemdum með frumvarpinu þar sem fjallað er um skilgreiningu eignarréttar er tekið svo til orða að hér sé „fyrst og fremst“ um formbreytingu að ræða. Á fundi nefndarinnar með frumvarpshöfundum kom fram að orðin „fyrst og fremst“ hefðu átt að falla brott við endurskoðun frumvarpsins.“

Það er því á þessu tekið í áliti meiri hluta iðnaðarnefndar.

Áfram segir í áliti minni hlutans, með leyfi forseta:

„Í sérstakri viðbótarumsögn Orkustofnunar sem nefndinni barst var tekið sérstaklega undir þessa athugasemd laganefndar Lögmannafélagsins. Meiri hluti nefndarinnar hefur lýst því yfir að þessi breyting sé einungis formbreyting en muni engin áhrif hafa á raunveruleg réttindi. Höfundar frumvarpsins hafa ítrekað fullyrt að engin ný réttindi muni skapast eða glatast verði það að lögum. Eftir stendur að skilningur þeirra sem sömdu frumvarpið var og er óumdeilanlega að aðalmarkmið þess sé „skýrt eignarhald á vatni“. Það vekur óneitanlega tortryggni þegar því er haldið fram að aðalmarkmið lagasetningarinnar sé formbreyting eins og nú er orðin niðurstaða meiri hlutans.“ — Eins og ég gat um þegar ég vísaði í álit meiri hlutans hér fyrir stundu.

Áfram segir í áliti minni hluta iðnaðarnefndar, með leyfi forseta:

„Það að hér gangi mönnum annað til en umhyggja fyrir formi og samræmi sannaðist þegar aðalhöfundur þessarar lagasmíðar svaraði spurningum nefndarmanna, en hann var m.a. spurður hvort það gæti skapað skaðabótaábyrgð á hendur ríkinu ef ákvæði um vatn sem nú eru í lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu yrðu numin brott. Svarið var skorinort „já, án vafa“. Höfundar frumvarpsins höfðu ítrekað vísað til þessara ákvæða um vatn sem sambærilegra við þau sem deilt er um í þessu máli. Þarf frekari vitna við? Ef sambærileg ákvæði laganna um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og þau sem hér um ræðir færa mönnum skaðabótarétt verði gerð á þeim sú formbreyting að færa réttindin til fyrra horfs hlýtur að mega gagnálykta á þann veg um þá breytingu sem felst í frumvarpinu að í henni felist breyting á réttarstöðu.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Sjá má af framlögðum gögnum og greinargerð með þessu máli að frumvarpinu ásamt frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum var ætlað að koma í stað gildandi vatnalaga. Síðarnefnda frumvarpið var einnig lagt fyrir á 131. löggjafarþingi og var til meðferðar í iðnaðarnefnd Alþingis en hlaut aldrei fullnaðarmeðferð og hefur ekki verið lagt fyrir Alþingi að nýju. Þess í stað flutti iðnaðarnefnd á 131. þingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins í iðnaðarnefnd tóku þátt í flutningi þess máls í þeim tilgangi að kostur gæfist á heildstæðari undirbúningi frumvarps til laga um jarðrænar auðlindir og boðaðs frumvarps sem byggt yrði á tilskipun Evrópusambandsins um aðgang að vatni. Fyrrnefnt frumvarp til laga um breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu náði ekki afgreiðslu á síðasta þingi en var endurflutt af iðnaðarráðherra á þessu þingi. Ráðherra hafði þá fellt út úr því bráðabirgðaákvæði um skipan nefndar til að móta reglur um framtíðarnýtingu auðlinda og meðferð umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi. Iðnaðarnefnd tók þá tillögu upp aftur og flutti auk þess breytingartillögur um þrengingu á heimildum ráðherra til að veita vilyrði fyrir nýtingarleyfum skv. 5 gr. laganna. Þetta mál, þ.e. breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, var afgreitt sem lög frá Alþingi á þessum vetri.“

Um það frumvarp og þá afgreiðslu urðu miklar deilur í þinginu. Í áliti minni hlutans er vikið að þeim deilum en sem kunnugt er stóð Vinstri hreyfingin – grænt framboð eða þingmenn hreyfingarinnar mjög einarðlega gegn samþykkt þess frumvarps á ýmsum forsendum sem þá voru rækilega tíundaðar.

Ég ætla ekki að rekja þessa álitsgerð frekar í smáatriðum. Hér er verið að vísa í aðrar lagasmíðar og aðra lagabálka. Vísað er í lög á sviði umhverfisréttar og áréttað það sjónarmið okkar stjórnarandstöðunnar að skoða eigi þessi mál heildstætt og byrja á hinum endanum, ef svo má að orði komast, skilgreina hinn umhverfislega þátt og rétt almennings til eignar á vatni og síðan eigi að feta sig út í nýtingarákvæðin.

Í umsögn frá minni hlutanum sem er undirrituð af þeim hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og Helga Hjörvar en með samþykki hv. þm. Hlyns Hallssonar, sem er áheyrnarfulltrúi af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í nefndinni, er vakin athygli á því mikla hlutverki sem Orkustofnun er ætlað við framkvæmd og eftirlit sem sprettur af þessari lagasmíð.

Í lok álitsgerðarinnar er sett fram tillaga um að þessu máli verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá, sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Þar sem færð hafa verið gild rök fyrir því að:

a. með þeirri lagasetningu sem felst í frumvarpinu sé hróflað með óábyrgum og óvarlegum hætti við farsælli niðurstöðu Alþingis um nýtingarrétt á vatni frá 1923, sem fólst í setningu vatnalaga,

b. þessi lagasetning, og þar með afnám gildandi vatnalaga, sé ekki tímabær á meðan ekki liggja fyrir frumvarp um jarðrænar auðlindir og frumvarp á grundvelli vatnatilskipunar Evrópusambandsins, og

c. grundvöll skorti til allrar þessarar lagasetningar þar til pólitísk sátt er fundin um það hvernig ráðstafa beri auðlindum í þjóðareign, hvort og hvernig þeim verði fundinn staður í stjórnarskránni og hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir nýtingu þeirra, leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað frá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá.“

Sem áður segir undirrita þetta hv. þingmenn Helgi Hjörvar og Jóhann Ársælsson, sem var framsögumaður í þessu máli, en hv. þm. Hlynur Hallsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur þessari málsmeðferð.

Áður en ég lýk máli mínu langar mig til að vísa aðeins í umræðu sem var hér á þinginu í tengslum við lögin um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu árið 1998. Þetta

er að mörgu leyti mjög fróðleg umræða sem kemur inn á efnisþætti þessa frumvarps og þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram. Þá gerðist það, líkt og gerðist í þessari umræðu, að þáv. iðnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson, hafði framsögu með svipuðum hætti og hv. þm. Birkir Jón Jónsson gerði núna, lagði áherslu á eignarréttarákvæðin í lögunum, þá í lögum um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, nú í vatnalögunum.

Hæstv. þáv. iðnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson, sagði m.a., með leyfi forseta:

„Grundvallarforsenda þess að koma megi á samræmdu skipulagi í nýtingu auðlinda er að kveða skýrt á um eignarrétt á þeim."

Þetta sagði hæstv. þáv. iðnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson, og þetta var grunntónninn í ræðu hv. formanns iðnaðarnefndar, Birkis Jóns Jónssonar, í sinni framsöguræðu.

Finnur Ingólfsson, hæstv. þáv. ráðherra, sagði reyndar að rétt væri að geta þess að umræða og meðferð þessara mála á fyrri hluta og fram á miðja þessa öld hefði farið fram við allt aðrar kringumstæður en nú, m.a. með tilliti til réttarframkvæmda, nýtingarmöguleika og tækni til nýtingar. Þetta er allt saman mikið rétt. En sem sagt, þetta er áherslan sem hann leggur í upphafi síns máls, að treysta eignarrétt á í þessu tilviki auðlindum í jörðu, sem var þá vatn neðan jarðar.

Hann segir að þetta hafi reyndar verið svo um aldir en með lögum um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu sé nauðsynlegt að kveða skýrar á um þessi ákvæði.

Nú taka aðrir menn til máls í þessari umræðu, þarna í febrúar fyrst, 1998, og fara að efast um þessar fullyrðingar hæstv. þáv. iðnaðarráðherra, Finns Ingólfssonar, um að eignarrétturinn hafi verið eins skýr og hann vilji vera láta og m.a. er vísað í greinargerðir eftir Bjarna Benediktsson frá 1945 og í greinargerð eftir prófessor Ólaf Jóhannesson frá 1956 en þar hafi komið fram að hægt væri að setja nýtingu í jarðhita, þótt á eignarlandi væri, almenn takmörk án þess að það varðaði bótarétt eða rækist á við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, hin sömu og eru í gildi í dag.

Þetta kemur fram aftur og ítrekað í þessari umræðu og hér segir hv. þm., sem þá var, Hjörleifur Guttormsson:

„Frumvarp þetta er borið fram af stjórnmálaflokkum sem fyrir nokkrum áratugum lutu forustu manna eins og Ólafs Jóhannessonar og Bjarna Benediktssonar, virtra fræðimanna í lögum. Þeir stóðu fyrir og vörðu allt önnur sjónarmið í þessum málum, þau sjónarmið að eðlilegt gæti talist að slíkar auðlindir væru lýstar almannaeign, þ.e. sameign þjóðarinnar eða takmörk væru sett varðandi nýtingu þeirra með tilliti til bótaréttar. Þeir hefðu ekki talið að lögfesting slíkra viðhorfa þyrfti að stangast á við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar."

Þetta kemur fram í máli hvers stjórnarandstæðingsins á fætur öðrum í þessari umræðu.

Hæstv. þáv. iðnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson, hamrar hins vegar á eignarréttinum og mikilvægi hans og segir hér, með leyfi forseta, á einum stað:

„Eins og komið hefur fram við umræðuna er hér um að ræða mikilvægt mál sem snýst um eignarhald og eignarréttindi og þarf því ekki að koma á óvart þó pólitískur ágreiningur sé um það mál. Í raun ætti stjórnmálaumræðan að snúast um þessi atriði."

Í raun ætti stjórnmálaumræðan að snúast um þessi atriði, um eignarhald og eignarréttindi. Það er þungamiðjan í umræðunni núna. Þess vegna eru menn þess mjög meðvitaðir að hér er um að ræða mjög mikilvægt mál sem kemur til með að hafa áhrif langt inn í framtíðina.

Hæstv. forseti. Ég tel að ein merkasta ræðan sem flutt var við þessar umræður árið 1998, sem fram fóru fyrst í febrúarmánuði og síðan undir vorið í maí, hafi verið flutt af hv. þm. Ragnari Arnalds því að hann fór mjög gaumgæfilega og rækilega yfir sögu þessara mála. Hann segir í upphafi síns máls, með leyfi forseta:

„Ég vil taka það skýrt fram í öndverðu að ég er alls ekki að reyna að hafa rétt af landeigendum. Ég tel að bændum veiti ekkert af því að halda þeim rétti sem þeir hafa haft á liðnum öldum og fram á þennan dag, m.a. í netlögum. En það á ekki að gefa mönnum eitthvað sem þeir hafa ekki átt og það á ekki að láta menn fá miklu meiri rétt en þeir hafa nokkru sinni haft en það er verið að gera með þessum lögum. Í dag er bændum heimilt að leggja net til fiskiveiða, t.d. silungsveiða eða grásleppuveiða í sínum netlögum en hún er ekki í dag nema niður á tæplega þriggja metra dýpi. Þessum rétti eiga bændur að sjálfsögðu að halda og ég hef t.d. lagt mig í líma við það á Alþingi að koma í veg fyrir að verið sé að þrengja kost bænda því að eins og menn vita, þá hefur það verið gert hvað eftir annað með hagsmuni laxveiðibænda inn til dala og fjær sjó í huga, að réttur bænda sem eiga land að sjó hefur verið rýrður og þeim gerðir þrengri kostir en áður fyrr var. Þetta tel ég vera réttarskerðingu og hef oft á Alþingi einmitt tekið hagsmuni þeirra upp."

Hér er ég að vitna í hv. þm. Ragnar Arnalds þar sem hann var að ræða um lög um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þar sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, er nýgenginn í salinn vil ég rifja það upp að ég er að vísa í umræðuna sem þarna átti sér stað um önnur lög en tengd, um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, þar sem menn voru að takast á um sömu atriði og við erum að ræða núna, um eignarhald á auðlindum, við erum að ræða núna eignarhald á vatni. Þáv. hæstv. ráðherra, sem hafði framsögu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, hamrar ítrekað á því í fyrsta lagi að grundvallarforsenda þess að koma megi á samræmdu skipulagi á viðkomandi sviði sé að kveða skýrt á um eignarrétt á þeim.

Síðan segir hann, og það kemur honum ekkert á óvart að það skuli vera mikil umræða um þetta, að við séum að ræða mikilvægt mál sem snúist um eignarhald og eignarréttindi og það þurfi ekki að koma neinum á óvart þó pólitískur ágreiningur sé um það mál og í raun ætti stjórnmálaumræðan fyrst og fremst að snúast um þessi atriði.

Mikið rétt, ég tek undir þetta. Síðan eru menn að vefengja að þessi skilningur ráðherrans hafi að öllu leyti verið réttur þegar vísað er til fortíðarinnar. Reyndar segir hæstv. ráðherra að tímarnir séu að breytast og aðstæður taki breytingum en hann er engu að síður að vísa aftur í aldir.

Þá eru menn að færa rök fyrir því við þessa umræðu, hver á fætur öðrum, að forverar eða forveri hæstv. iðnaðarráðherra, Ólafur Jóhannesson prófessor, hafi í raun talað fyrir öðrum sjónarmiðum og einnig Bjarni Benediktsson,

sem gegndi ráðherrastöðu og var formaður Sjálfstæðisflokksins um langan tíma, en þeir hafi talað fyrir almannaeignarsjónarmiðinu og það ætti ekki að stangast á við stjórnarskrá að setja almennar reglur sem tryggðu almenningi rétt, að auðlindir væru lýstar almannaeign.

Síðan er ég kominn að ræðu sem var grundvallandi við þessa umræðu, það var ræða hv. þm. Ragnars Arnalds, og ég var þar kominn, hv. þingmaður, að ég vísaði í upphafsorð hans þar sem hann segir að hann hafi ekki viljað á nokkurn hátt taka réttindi af bændum.

Síðan segir hann, með leyfi forseta:

„Ég tel það aftur á móti jafnmikla nauðsyn að tryggja að réttur landeigenda sem eiga land að sjó verði ekki miklu meiri en hann hefur verið í gegnum aldirnar og fram á þennan dag eins og felst í þessum lögum. Svo ég víki fyrst að netlögunum áframhaldandi sem ég hef nokkuð minnst á, þá er það svo að réttarheimildir um netlög er fyrst og fremst í dag að finna í hinni fornu og ágætu Jónsbók sem enn er í gildi á Íslandi hvað þetta varðar þó að kannski hafi ekki margir gert sér grein fyrir því. Í 2. kapítula rekabálks Jónsbókar segir, með leyfi hæstv. forseta ...“

Ég ætla ekki að fara að lesa það neitt nánar en inntakið er það að þessi réttindi séu réttindi sem ekki séu bundin í eignarrétt. Hann vísar í margvísleg önnur réttindi, rétt til beititekju, en að allt séu þetta óbein eigarréttindi. Ég vitna áfram í hv. þm. Ragnar Arnalds:

„Þetta eru réttindi ábúanda jarðar sem á ekki svæðið sem er innan netlaga heldur á hann einungis óbeinan eignarrétt. Hann á nytjarétt, hann á afnotarétt, rétt til þess að nýta tiltekin hlunnindi á þessu svæði án þess að eiga sjóinn innan þessara marka eða eiga hafsbotninn sem þarna er undir.“

Þetta eru rökin og þetta er ástæðan fyrir því að hann vitnar þarna í Jónsbók, hann er að tala um þessi réttindi, óbeinan eignarrétt. Síðan rekur hann sig í gegnum aldirnar og ég ætla að vísa aftur í ræðu hv. þingmanns, með leyfi forseta:

„Nú ætla ég að koma nánar að vatninu sem líka er verið að einkavæða í þessari löggjöf. Ég vil minna á það hér að vatnsnot eru frá fornu fari almannaréttur á Íslandi, almenningseign. Kalt vatn var aldrei eign nokkurs manns, hvort sem það var rennandi vatn eða stöðuvatn. Kalt vatn var einungis undirorpið eignarrétti á þann hátt að það mátti veiða á vatninu eða í vatninu en vatnið sjálft var aldrei undirorpið einkaeignarrétti. Það er eftirtektarvert, ef skoðuð eru gögn frá fyrri tíð, að heitt vatn og jarðgufa var ævinlega talin almenningseign á Íslandi. Að vísu eru ekki bein lagafyrirmæli um þetta atriði, hvorki í Grágás né Jónsbók. Hins vegar er auðvelt að sjá það af fornum heimildum að svo hafi verið litið á að það væri svo sjálfsagður réttur almennings að eiga frjálsan aðgang að jarðhita á Íslandi að ekki hefur verið talin þörf á því að taka það fram.“

Þarna er sem sagt verið að leggja áherslu á að frá fornu fari hafi hér verið um að ræða almannarétt. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Það er til að mynda ljóst af fjöldamörgum heimildum í Sturlungu að heitar laugar voru almenningsbaðstaðir og raunar meira en það, þær voru samkomustaðir landsmanna. Ef litið er á þá kafla þar sem laugar koma fyrir, sem eru fjöldamargir staðir í Sturlungu, þá rekur maður t.d. augun í Vallalaug í Skagafirði. Hún er nokkuð oft nefnd og gæti ég vissulega farið í að lesa þær tilvitnanir allar en tímans vegna mun ég þó sleppa því.“ — Segir Ragnar Arnalds á sínum tíma.

Hann vísar síðan í Sælingsdalslaug, Reykjalaug í Miðfirði, Laug í Reykjadal í Dölum, Skíðastaðalaug og fleiri laugar sem hafi verið samkomustaðir almennings og alveg ótvírætt í almenningseign. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Ef við færum okkur nær nútímanum og komum yfir á 18. öldina, þegar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ferðuðust um landið, þá lýsa þeir jarðgufuböðum sem heilsulind almennings og það er yfirleitt alltaf tengt því að ferðamenn máttu staldra þar við og laugast. Þannig er t.d. greint frá því í ferðabók þeirra að ferðamenn á leið til Alþingis notuðu Reykjalaug, sem er skammt frá Lundarreykjadal, og ekki þarf að segja mönnum af lauginni í Laugardal, þar sem kristnir menn voru skírðir eftir að kristni var lögtekin á Íslandi. Kristnir menn á Íslandi höfðu það fram yfir trúbræður sína í öllum öðrum löndum að þeim þóknaðist að lauga sig í heitu vatni, en annars staðar var mönnum dýft í kalt vatn.“

Síðar segir í þessari ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds, með leyfi forseta:

„Það er líka eftirtektarvert að í hinu mikla verki Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Jarðabókinni, sem var samin 1702–1712, og fjallar um eignarréttindi, fjallar um eignarrétt á landi. Það er verið að gera grein fyrir dýrleika jarða, það er verið að gera grein fyrir því hvaða rétt bændurnir eiga. Þar er hvergi minnst á lauga- eða heitavatnsréttindi, hvergi í allri bókinni er minnst á slík réttindi vegna þess að það var auðvitað ekki litið á það sem réttindi viðkomandi jarða eða bænda. Einkaeignarréttindi yfir þessum gæðum höfðu alls ekki verið stofnuð á þessum tíma “

Og síðar, með leyfi forseta:

„En jarðhitaréttindi, þ.e. réttur almennings til vatns og lands fyrir sundlaugar, þ.e. þessi klassíski yfirborðshiti eða lághiti, var gerður undirorpinn einkaeignarrétti árið 1923.“

Hann nefnir það reyndar annars staðar að þá hafi vissulega verið farið að herða á þessum einkaeignarréttindum í lögum, og aftur minni ég á að verkefni okkar á þá að vera að reyna að losa um þau bönd en ekki herða á þeim eins og gert er í frumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Hér segir enn, með leyfi forseta:

„... í Íslandslýsingu Odds Einarssonar, sem rituð er 1593, er á athyglisverðan hátt fjallað um almannaréttinn hvað varðar heita vatnið, og vil ég leyfa mér að lesa örstuttan kafla eftir Odd í þýðingu Jakobs Benediktssonar því að þetta var ritað á latínu, með leyfi herra forseta:“ — Og hér hefst lestur úr því:

„Fjölmargir á þessum slóðum fullyrða það nefnilega sem sannreynt, að þetta svitabað hafi allt frá fornu fari ekki aðeins læknað kláða og útbrot, heldur líka eytt mörgum öðrum sjúkdómum eða a.m.k. linað þá tíma og tíma. Menn álíta reyndar einnig, að önnur böð og heitar laugar á Íslandi hafi þessa náttúru að leggja fjölmargt til viðhalds heilsunni. Að vísu segja kerlingabækur, að þetta stafi frá einhverjum guðum og vissum mönnum, sem einhvern tíma hafi blessað hina og þessa staði. En vér látum slíkt bull lönd og leið og

vitum, að oss bera að játa með tilhlýðilegri þakklátssemi, að hin óeigingjarna náttúra hefur með þessum hætti lagt oss til einstök hlunnindi og mikið djásn.“

Ég endurtek: „... hin óeigingjarna náttúra hefur með þessum hætti lagt oss til einstök hlunnindi og mikið djásn.“ Hv. þm. Ragnar Arnalds les áfram og vekur sérstaklega athygli á eftirfarandi lokasetningu, sem ég ætla að vitna í, með leyfi forseta:

„Því fullvel veit ég, að ef afnot slíkra heilsulinda væru á valdi einhverra fjárplógsmanna, væru þeir ekki lengi að auka við inntektir sínar.“

Þegar á þessum tíma, 1593, hafa þeir verið til sem vildu auðgast og bæta hag sinn og er greinilegt á þessari ívitnun að biskupinn, Oddur Einarsson, telur það jafnast á við fjárplógsstarfsemi að fara að selja afnot af jarðhita á Íslandi.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að vitna nánar í ræðu fyrrverandi hv. þm. Ragnars Arnalds við umræðuna 1998, um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, en mér finnst hún um margt vera afar fróðleg. Mér finnst hún tengjast þeirri umræðu sem fram hefur farið hér í dag um eignarréttinn því að annars vegar — eins og ég skil þetta og er tilbúinn að taka rökum ef menn vilja sannfæra mig um annað — erum við með þessi gömlu lög frá 1923 sem enginn deilir um að voru heldur að herða á eignarréttarákvæðum frá því sem áður hafði verið, menn höfðu verið að smíða löggjöf, fyrst fossalögin 1907 og síðan þessa löggjöf, fossalögin til að sporna gegn ásælni erlendra manna í íslenskar orkulindir og hins vegar að skjóta lagastoð undir vatnsréttindi almennt. Það deilir enginn um að menn voru heldur að herða á þessum réttindum frá því sem tíðkast hafði frá fornu fari en í þessum lagabálki er vísað til réttarins, nýtingarréttarins fremur en til eignarhaldsins, og þar sem kveðið er á um þetta er það gert á jákvæðan hátt þannig að tilgreind eru þau réttindi sem viðkomandi á að njóta.

Í frumvarpinu sem núna liggur fyrir er hins vegar vísað í eignarréttinn og það er gert á neikvæðan hátt sem kallað er, eignarrétturinn skal vera altækur nema með vissum undantekningum og skilyrðum, og þau eru þá tilgreind í lögunum. Það er þarna sem við höldum fram að verið sé að herða á þessum eignarréttarákvæðum í lögum.

Það er líka fróðlegt að hafa til viðmiðunar umræðuna sem fram fór 1998 því að líka þá sögðust menn ekki vera að breyta neinu frá fyrri tíð, menn sögðust í rauninni ekki vera að breyta neinu frá fyrri tíð. En þegar farið er að gaumgæfa málin, rýna í þessi mál og skoða þau ofan í kjölinn kemur einfaldlega annað í ljós.

Hæstv. forseti. Það er komið vel fram yfir miðnætti og enn eru margir á mælendaskrá í þessu máli. Ég á þess enn kost að taka til máls í annarri ræðu við 2. umr. málsins og síðan er 3. umr. eftir. Ég hef ákveðið að ljúka máli mínu með þessum orðum, vitandi að enn á ég eftir að komast að til að fjalla um þetta mjög svo mikilvæga mál.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–9. mál.

Fundi slitið kl. 00:28.

---

79. FUNDUR

miðvikudaginn 8. mars,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Auglýsingar hins opinbera í héraðsfréttablöðum, fsp. MÞH, 534. mál, þskj. 781.
2. Fjármál stjórnmálaflokka og frambjóðenda í prófkjörum, fsp. JóhS, 551. mál, þskj. 799.

Til menntamálaráðherra:

3. Jafn réttur til tónlistarnáms, fsp. KolH og JBjarn, 264. mál, þskj. 277.
4. Brottfall úr framhaldsskólum, fsp. ÁMöl, 369. mál, þskj. 425.
5. Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, fsp. BJJ, 510. mál, þskj. 747.
6. Ástand Þjóðleikhússins, fsp. MÞH, 533. mál, þskj. 780.

Til félagsmálaráðherra:

7. Styrkir til kjörforeldra ættleiddra barna, fsp. HlH, 522. mál, þskj. 764.

Til sjávarútvegsráðherra:

8. Áhrif veiða á erfðagerð þorsksins, fsp. ÖS, 184. mál, þskj. 184.
9. Styrkir til sjávarútvegs, fsp. SigurjÞ, 414. mál, þskj. 592.
10. Útræðisréttur strandjarða, fsp. SigurjÞ, 491. mál, þskj. 723.
11. Hrefnuveiðar, fsp. MÞH, 512. mál, þskj. 749.
12. Ákvörðun loðnukvóta, fsp. MÞH, 525. mál, þskj. 767.
13. Innlausn fiskveiðiheimilda, fsp. SigurjÞ, 536. mál, þskj. 783.

Til umhverfisráðherra:

14. Malarnám í Ingólfsfjalli, fsp. MÞH, 532. mál, þskj. 779.
15. Losunarkvóti á gróðurhúsalofttegundir, fsp. SigurjÞ, 570. mál, þskj. 825.

Til viðskiptaráðherra:

16. Starfsemi og hæfi stjórnenda Kauphallarinnar, fsp. JóhS, 552. mál, þskj. 800.
17. Upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu, fsp. SigurjÞ, 571. mál, þskj. 826.

Til landbúnaðarráðherra:

18. Viðhald sauðfjárveikivarnagirðinga, fsp. JÁ, 582. mál, þskj. 844.

[12:01]

Útbýting:

Boð til heyrnarskertra um viðvarandi hættuástand, 598. mál, fsp. MÞH, þskj. 882.

Jarðskjálftaupplýsingar í Ríkisútvarpinu, 603. mál, fsp. MÞH, þskj. 887.

Kostnaður við meðferð langveikra barna erlendis, 602.

mál, fsp. VF, þskj. 886.

Kvennaskólinn á Blönduósi, 605. mál, fsp. JBjarn, þskj. 889.

Menntun fiskvinnslufólks, 600. mál, fsp. JKÓ, þskj. 884.

Merkingar á erfðabreyttum matvælum, 606. mál, fsp. KJúl, þskj. 890.

Pláss á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða, 597. mál, fsp. JKÓ, þskj. 881.

Tekjutenging bóta frá Tryggingastofnun, 604. mál, fsp. JKÓ, þskj. 888.

Upplýsingar ef meiri háttar slys eða hamfarir verða, 599. mál, fsp. MÞH, þskj. 883.

Viðarnýtingarnefnd, 601. mál, fsp. ÍGP, þskj. 885.

Auglýsingar hins opinbera í héraðsfréttablöðum.

Fsp. MÞH, 534. mál. — Þskj. 781.

[12:02]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Er í gildi einhver stefna varðandi auglýsingar hins opinbera í héraðs- og fréttablöðum?"

Af hverju skyldi ég bera þessa spurningu fram? Ég tel að bæjar- og héraðsfréttablöð hér á landi gegni mjög mikilvægu hlutverki í okkar samfélagi og ég hygg að allir hljóti að vera sammála mér í því, þeir sem á annað borð lesa þessi blöð og fylgjast með þeim. Ég er sjálfur áskrifandi að þeim flestum, held ég, og ég verð að segja að þessi blöð eru alveg ómissandi. Þau gefa manni, ef svo má segja, miklu betri upplýsingar um það sem er að gerast úti á landsbyggðinni heldur en hinir fjölmiðlarnir á Íslandi sem eru gefnir út á höfuðborgarsvæðinu. Það er svo sem ekkert undarlegt því að þessi blöð eru úti á landi og eru skrifuð af fólki sem býr úti á landi og það þarf því ekki að koma neinum á óvart.

Ég sat í fjölmiðlanefndinni svokölluðu sem skilaði af sér skýrslu fyrir rétt um ári síðan. Þar er einmitt að finna kafla um þessi blöð. Í skýrslunni kemur fram að árið 2004 voru hér gefin út 23 staðbundin fréttablöð á einum 17 þéttbýlisstöðum víða um land. Í skýrslunni segir að þýðing þessara blaða fyrir staðbundna umræðu verði vart dregin í efa. Þau þjóna því náttúrlega að vera tengiliður milli íbúa, almannavalds og atvinnulífs á þessum stöðum og þau eru mikilvægur staðbundinn umræðuvettvangur. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessi blöð eru mjög mikilvægur vettvangur fyrir tjáningarfrelsið í landinu, að fólk úti á landi geti tjáð sig í einhverjum fjölmiðlum, ekki síst í heimabyggð.

Hins vegar er það þannig, virðulegi forseti, að mörg þessara blaða berjast í bökkum og rekstur þeirra er mjög erfiður. Mörg þeirra hafa því miður lognast út af. Maður heyrir, þegar maður talar við ritstjóra þessara blaða, að starfsemin er erfið og oft og tíðum er nánast um eins konar hugsjónamennsku að ræða. Þeir sem standa að útgáfu þessara blaða gera sér grein fyrir því hversu mikilvæg þau eru fyrir viðkomandi samfélag, hversu mikilvæg þau eru út frá byggða- og menningarsjónarmiðum og ekki síst með tilliti til tjáningarfrelsis.

Hér á Íslandi er ekki neinn opinber stuðningur við útgáfu blaða af þessu tagi. Það má spyrja hvort ekki sé kominn tími til að skoða hvort slíkt væri réttlætanlegt. En hið opinbera gæti hjálpað til með öðrum hætti. Það gæti til að mynda hjálpað til með því að viðhalda einhverri markvissri stefnu um það að hið opinbera auglýsi í þessum fjölmiðlum þegar um er að ræða auglýsingar sem varða fólk sem býr á þessum stöðum og les þessi blöð. Það er kannski meginástæðan fyrir því að ég kem upp í dag og ber fram þessa fyrirspurn.

[12:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Samkvæmt 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er skylt að auglýsa opinberlega laus störf í þjónustu ríkisins. Þetta ákvæði er nánar útskýrt í reglugerð um auglýsingar á lausum störfum, nr. 464/1996, með síðari breytingum. Það er í valdi hvers ráðuneytis og ríkisstofnunar að móta nánari stefnu um auglýsingar ef ástæða þykir til.

Með bréfi dagsettu 21. febrúar sl. óskaði forsætisráðuneytið eftir upplýsingum frá öllum ráðuneytum um það hvort ráðuneytin hafi sett sér stefnu um birtingar á auglýsingum, þar með talið í héraðsfréttablöðum. Af svörunum má ráða að ekkert þeirra hefur sett sér stefnu um birtingar auglýsinga umfram það sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum. Hins vegar er það metið í hverju tilviki fyrir sig hvort ráðuneytið auglýsi í héraðsfréttablöðum eða ekki og er þá m.a. farið eftir því hvort um er að ræða mál sem tengjast sérstaklega viðkomandi svæði eða byggðarlagi, svo sem vegna funda eða fyrirlestra á viðkomandi svæði.

Ráðuneyti og ríkisstofnanir auglýsa nær undantekningarlaust laus störf á vefsvæðinu starfatorg.is og flestallar aðrar auglýsingar eru birtar á vefsvæðum þeirra. Samkvæmt þessu er reynt að tryggja sem best að mikilvægar upplýsingar frá ráðuneytum og ríkisstofnunum berist þeim sem málið varðar hverju sinni. Ég tek undir það sem hv. þingmaður segir um mikilvægi héraðsfréttablaðanna. Mér hefur alltaf fundist þau vera mjög mikilvæg. Það var sú tíð að þau hlutu ákveðinn stuðning, a.m.k. þau héraðsfréttablöð sem voru gefin út á vegum stjórnmálaflokkanna en það var síðan lagt af. Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að ráðuneytin auglýsi í þessum blöðum ef um er að ræða mál sem varða sérstaklega þessi svæði enda er ég viss um að það er besta leiðin til að koma upplýsingum á framfæri því að í flestum tilvikum eru þessi blöð mikið lesin og útbreidd á þeim stöðum þar sem þau eru gefin út.

[12:08]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Ég vil leggja áherslu á þessa fyrirspurn. Ég tel hana mjög þarfa og ég vil minna á héraðsfréttablöð. Ég er hér í Suðvesturkjördæmi sem nær yfir Mosfellsbæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Garðabæ og Seltjarnarnes. Á sumum þessara staða eru gefin út blöð vikulega, í Hafnarfirði eru t.d. tvö blöð gefin út vikulega. Ég teldi það mikinn styrk ef hægt væri að fá auglýsingar frá hinu opinbera nokkuð fast í

þessi blöð. Ég veit að frá sumum sýslumannsembættum í nágrenni Suðvesturkjördæmis berast fastar auglýsingar í þessi héraðsfréttablöð en ég álykta að það þyrfti að vera samræmi í þessu á milli t.d. sýslumannsembætta á landinu.

[12:09]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Héraðsfréttablöð víða um land eru mikilvægur þáttur í lýðræðis- og mannlífskeðjunni, eru ákveðin kjölfesta og miðja í mörgum samfélaganna úti á landi, segja fréttir og flytja frásagnir af lífinu þar og mannlífinu, fréttir sem eðlilega birtast ekki í landsmálablöðunum. Þau blöð sinna öðrum hlutverkum og það er ekki pláss fyrir slíkar fréttir og ekki afl til að sinna þeim.

Ég er á þeirri skoðun að einhvers konar opinberir styrkir eigi að koma til, annaðhvort í formi auglýsinga eða með öðrum og beinum hætti til héraðsblaða sem þessara ef þau uppfylla tiltekin skilyrði sem við setjum, t.d. um hlutfall auglýsinga og efnis, um sölu eða frídreifingu o.s.frv., þannig að tryggt verði að ekki sé um einhverja auglýsingapésa að ræða heldur máttug héraðsfréttablöð sem bera uppi ákveðna frétta- og mannlífsfrásagnarþjónustu. Slík blöð eru mikilvægur þáttur í því að styrkja lýðræðið og fjölmiðlun í landinu.

[12:11]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna umræðunni sem hér fer fram og árétta mikilvægi héraðsfréttablaða í landinu. Við höfum rætt þetta mál ítrekað, m.a. í fjárlaganefnd Alþingis, hvernig hægt sé að koma til móts við þá útgáfu sem þarna um ræðir. Við vitum að þau 23 héraðsfréttablöð sem hv. fyrirspyrjandi nefndi í upphafi máls síns berjast mörg hver í bökkum og rekstrarskilyrði þeirra eru misgóð. Mér hefur fundist koma til greina að koma til móts við til að mynda flutningskostnað og dreifingu þessara blaða sem er íþyngjandi í rekstri en ég legg mikla áherslu á þau byggða- og menningarsjónarmið sem fylgja útgáfu þessara blaða. Ég tel að stofnun eins og Byggðastofnun eða aðrar slíkar stofnanir, sem hafa um að sýsla byggðamál í landinu, ættu að láta sig þessi mál varða og skoða hvort koma ætti til móts við rekstrarsjónarmið þessara útgáfufyrirtækja.

[12:12]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin og fagna því að þingmenn annarra stjórnmálaflokka skuli koma upp og lýsa því yfir að þeir skilji þýðingu þessara blaða fyrir fjölmiðlun í landinu.

Ég hef aðeins verið að skoða þessa hluti. Hér á Íslandi eru skilyrði þessara blaða afskaplega slæm, sérstaklega ef við berum okkur saman við nágrannalöndin. Ég hef til að mynda kannað hvernig þetta er í Noregi. Þar er enginn virðisaukaskattur á blöðum. Hér er virðisaukaskatturinn 14%. Norðmenn eru með beina fjárstyrki til útgáfu blaða sem uppfylla ákveðin skilyrði og þeir skammast sín ekkert fyrir það. Árið 2005 greiddi norska ríkið út 2,5 milljarða íslenskra króna til 138 blaða í Noregi. Þetta eru tæplega 20 millj. kr. á hvert blað að meðaltali. Það er vegna þess að Norðmenn viðurkenna hreinlega að útgáfa blaða af þessu tagi sé það mikilvæg fyrir þjóðina út frá byggðasjónarmiðum og út frá menningarsjónarmiðum en ekki síst fyrir tjáningarfrelsið. Það er því markviss stefna þar að styðja við bakið á útgáfu af þessu tagi því að hún skiptir svo miklu máli fyrir þjóðarheildina.

Ég held að það sé fullkomlega kominn tími til að við sem sitjum á hinu háa Alþingi förum aðeins að hugsa okkar gang hvað þetta varðar, hvort ekki sé kominn tími til þess að hér verði mörkuð einhver skýr stefna varðandi það að styðja við bakið á slíkri útgáfu — við eigum ekki að þurfa að skammast okkur neitt fyrir það — og taka jafnvel aftur upp eins konar opinberar styrkveitingar til þessara blaða. Þau skipta einfaldlega það miklu máli. Við eigum ekki að láta það gerast að þessi blöð deyi drottni sínum eitt af öðru.

Umræðu lokið.

Fjármál stjórnmálaflokka og frambjóðenda í prófkjörum.

Fsp. JóhS, 551. mál. — Þskj. 799.

[12:14]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ég beini spurningum til forsætisráðherra um störf nefndar sem vinnur að því að fjalla um lagalega umgerð stjórnmálastarfsemi á Íslandi eins og það er orðað í skipunarbréfi nefndarinnar. Þessi nefnd var skipuð í sumar í kjölfar umræðu á Alþingi um skýrslu forsætisráðherra um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi. Í skýrslu forsætisráðherra kom fram að nefndin mundi skila tillögum sínum fyrir lok árs 2005 og það eru meira en tveir mánuðir síðan niðurstaða átti að liggja fyrir. Því vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort þess megi vænta að niðurstöður úr starfi nefndarinnar, og þá væntanlega lagafrumvarp sem því fylgdi um setningu laga um fjármál stjórnmálaflokka, liggi fyrir fljótlega þannig að málið kæmi þá til kasta þingsins með það góðum fyrirvara að hægt væri að lögfesta frumvarp um fjármál stjórnmálaflokkanna áður en þessu þingi lýkur.

Það eru tvennar kosningar fram undan, bæði til sveitarstjórna og Alþingis, á þessu og næsta ári, og afar brýnt að stjórnmálaflokkarnir manni sig upp í lagasetningu um fjárreiður stjórnmálaflokkanna sem taki gildi áður en kosningarnar bresta á þannig að fjármál stjórnmálaflokkanna og styrkveitingar til þeirra verði gegnsæ og opin í þeim kosningum. Það hefur vitaskuld dregist allt of lengi að setja lög um fjármál stjórnmálaflokka eins og tíðkast hjá öllum siðmenntuðum þjóðum. Ísland er sennilega eina landið í Vestur-Evrópu fyrir utan Sviss sem ekki hefur sett slík lög. Rúmur áratugur er nú síðan Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, skipaði nefnd í þetta mál. Þá voru uppi áform um lagasetningu um fjármál flokkanna í kjölfar þess að á árinu 1993 samþykkti Alþingi að framlög lögaðila til stjórnmálaflokka væru frádráttarbær frá skatti og það var forsenda margra þingmanna fyrir þeirri lagasetningu að í kjölfarið fylgdu lög um opnar fjárreiður stjórnmálaflokka.

Ótækt er líka hve mikil leynd hefur hvílt yfir þessum framlögum og útilokað hefur verið, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, að fá fram gegnum skattagögn hve há þessi fjárhæð er til stjórnmálaflokkanna en þessi fjárhæð er falin inni í heildarfrádráttarliðum sem ýmsir aðilar í samfélaginu, eins og ýmis líknarfélög, fá líka. Samkvæmt mínum upplýsingum er hæglega hægt að keyra út úr skattagögnum hve mikið hefur verið veitt í frádrátt til lögaðila vegna stuðnings þeirra við stjórnmálaflokka ef vilji væri til þess. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir því að skattyfirvöld geti gefið upp hve háar fjárhæðir lögaðilar hafa dregið frá skatti vegna framlaga til stjórnmálastarfsemi og það verði hægt að fá upplýsingar um það í framtíðinni.

Brýnt er líka að í þeirri lagasetningu sem væntanlega mun koma fyrir þingið um opnar fjárreiður stjórnmálaflokkanna komi fram að frambjóðendur í prófkjöri upplýsi um útgjöld vegna prófkjörsbaráttu og einhverjar reglur verði líka að setja um upplýsingaskyldu þegar um stærri framlög er að ræða hjá einstöku frambjóðendum, en um það er hæstv. ráðherra líka spurður.

[12:17]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda þá skipaði ég nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka í júlí 2005 til að fjalla um lagalega umgjörð stjórnmálastarfseminnar. Sú nefndarskipun kom í kjölfar skýrslu sem ég lagði fram á Alþingi í apríl 2005 um fjármál stjórnmálaflokkanna sem hv. fyrirspyrjandi óskaði eftir. Nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka er enn að störfum og hefur fundað reglulega um það efni sem henni var falið til umfjöllunar.

Í fyrrnefndri skýrslu sem var lögð fyrir Alþingi í apríl 2005 kom fram sú von að niðurstaða úr starfi nefndarinnar gæti legið fyrir, fyrir lok árs 2005. En þar sem ekki náðist að skipa í nefndina fyrr en í júlímánuði, m.a. vegna þess hvað tilnefningar bárust seint, var alltaf ljóst að tíminn væri naumt skammtaður. Í lok árs 2005 varð endanlega ljóst að ekki næðist að ljúka nefndarstörfum innan þeirra marka. Ástæða þess er helst sú að nefndin hefur lagt í mikla upplýsingaöflun og mikið magn gagna verið lagt fyrir nefndina til umfjöllunar og úrvinnslu. Þá hafa verið greindir helstu þættir regluvefs um þetta efni í nálægum löndum. Nefndin var einhuga um að óska þess að fá frekari tíma til að fjalla um málið í lok síðasta árs og var orðið við þeirri ósk af hálfu ráðuneytisins. Ég vil minna á að starf nefndarinnar er á forræði nefndarmanna sjálfra sem allir eru fulltrúar stjórnmálaflokkanna í landinu. Nefndin fundar reglulega og vinnur að málinu með skilvirkum hætti með aðstoð fulltrúa forsætisráðuneytisins.

Af þessum ástæðum tel ég ekki eðlilegt að setja nefndarstarfinu einhver tímamörk eða úrslitakosti enda væntanlega vænlegast til árangurs að gefa nefndinni ráðrúm til að vinna að málinu eins og vilji og samkomulag innan hennar stendur til. Ekki síst með tilliti til samsetningar nefndarinnar.

Hvað varðar að öðru leyti þær spurningar sem hv. fyrirspyrjandi beindi til mín vil ég minna á þá afstöðu sem fram kom í fyrrnefndri skýrslu forsætisráðherra um málefnið, að mikilvægt sé að samstaða sé milli stjórnmálaflokkanna um meginreglur um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfis stjórnmálaflokkanna. Af þeirri ástæðu er það mitt mat að forræði á stefnumörkun um starfsumhverfi stjórnmálaflokka eigi að vera á vettvangi fulltrúa flokkanna sjálfra enda væri annað verklag beinlínis varhugavert út frá lýðræðislegum meginreglum.

Í ljósi þess að nefnd fulltrúa stjórnmálaflokkanna er nú að fjalla um þessi mál tel ég óeðlilegt að gefa yfirlýsingar um afmarkaða þætti þeirra umfram það sem kom fram í þeirri skýrslu sem ég lagði fram á Alþingi í apríl 2005. Eðlilegast og æskilegast hlýtur að vera að nefnd fulltrúa flokkanna fái ráðrúm til komast að niðurstöðu og skila tillögum sem allir nefndarmenn hafa orðið ásáttir um.

[12:21]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það má alveg túlka svör hæstv. forsætisráðherra þannig að það sé enginn raunverulegur vilji til slíkrar lagasetningar um fjárræði stjórnmálaflokkanna. Að slíka löggjöf skorti varpar skugga á stjórnmálalífið og elur á alls konar tortryggni um starfsemi flokkanna hvort sem hún á við rök að styðjast eða ekki. En síðast en ekki síst er mjög mikilvægt að setja reglur um þetta. Það væri mjög gagnlegt að fá yfirlýsingar frá hæstv. forsætisráðherra um viðhorf hans til þeirra hluta, þar sem tekið væri til frambjóðenda í prófkjörum og birtir reikningar og framlög til frambjóðendanna. Ég held að fjárausturinn og auglýsingaflóðið á undanförnum mánuðum og missirum í prófkjörum til borgarstjórnar og Alþingis hafi orðið til að mörgum blöskrar. Það má fullyrða að aðgöngumiðinn að sæmilega öruggu sæti í borgarstjórn og á þingi kosti oft og tíðum 4–8 millj. kr.

Þá má nú spyrja um jafnræði þeirra sem hafa aðgengi að peningunum eða búa yfir fjármunum eða þeirra sem hafa það ekki þegar (Forseti hringir.) kostar svo mikið að taka þátt í lýðræðinu.

[12:23]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Maður verður alltaf jafn hissa þegar þessi umræða kemur upp hvers vegna í ósköpunum það tekur svona langan tíma fyrir stjórnmálaflokkana að fallast á að birta reikninga sína. Ég get ekki ímyndað mér að þetta þurfi að vera svona flókið. Við í Frjálslynda flokknum höfum birt reikninga okkar allt frá upphafi og ætlum að gera það áfram og vilji einhverjir spyrja nánar út í hvernig þeir eru, eða hvaða greiðslur standa á bak við einstakar fjárhæðir þar, þá er ekkert vandamál að hafa samband við framkvæmdastjóra flokksins og fá þær upplýsingar.

Það er alveg rétt sem kemur fram hér, það er orðið mjög mikið umhugsunarefni þegar maður sér hvað aðgöngumiðinn að þátttöku í stjórnmálum í sveitarstjórnum, borgarstjórn eða hér inni á hinu háa Alþingi, virðist oft og tíðum orðinn dýr. Miklu dýrari en svo að nokkur einstaklingur geti staðið þar á bak við. Það hlýtur að vera sjálfsögð og eðlileg krafa að frambjóðendur sem fara út í dýrar og viðamiklar kosningabaráttur geri jafnframt grein fyrir hvaðan peningarnir koma sem standa þarna að baki.

[12:24]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að stjórnmálaflokkarnir séu að vinna að því að samræma reglur um fjármál stjórnmálaflokka hér á landi. Samfylkingin tekur þátt í því verkefni eins og aðrir flokkar í þeirri nefnd sem hæstv. forsætisráðherra skipaði.

Reyndar finnst mér samt merkilegt að hlusta á hv. þingmenn Samfylkingarinnar tala um að menn séu að eyða miklum peningum í prófkjör og að menn eigi að birta reikninga sína og annað slíkt, þegar Samfylkingin sjálf er með allt niður um sig í þeim efnum. Samfylkingin birtir ekki framlög einstaklinga eða fyrirtækja sem eru undir ákveðnum mörkum. Frambjóðendur Samfylkingarinnar í Reykjavík gáfu ekki upp hverjir styrktu þá fyrir prófkjörið sem þar fór fram. Var það þó eitt dýrasta prófkjör sem hefur farið fram fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Ég hvet því hv. þingmenn Samfylkingarinnar til að taka til í eigin ranni í þessum efnum áður en þeir gera sig heilaga hér í ræðustóli á hv. Alþingi. Það er mikilvægt að stjórnmálaflokkarnir komi sér saman um samræmdar reglur og að því er unnið.

[12:25]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Ég vil bara segja nokkur orð. Ef fjármagn eða peningar ráða ferðinni í hverjir eru fulltrúar þjóðarinnar, þá er lýðræðinu illa farið.

[12:26]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil bara árétta að hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er alltaf gerð nákvæm grein fyrir kostnaði hvað varðar rekstur flokksins, flokksdeilda, og öðru því er lýtur að pólitísku starfi flokksins og framboðsmálum. Við teljum þetta eiginlega hornstein lýðræðisins að þetta sé allt saman á hreinu, gagnvart öllum almenningi, bæði innan flokks og utan. Okkur finnst það dapurt að enn skuli þvælast fyrir stjórnmálaflokkum að ganga hér hreint til verks og vera með skýrar reglur svo ekki þurfi að vera uppi neinar getgátur um hvernig fjármögnun er. (Forseti hringir.) Lýðræðið er í húfi að þetta sé allt á hreinu. (Forseti hringir.)

[12:27]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Það er auðvitað til vansa hve lengi stjórnmálaflokkarnir hafa verið að væflast með þetta mál sín á milli eins og heita kartöflu án þess að ná fram nokkurri niðurstöðu um lagasetningu. Forsætisráðherra segir að nefndin sé í gagnasöfnun. Ég vil minna á að nefnd Davíðs Oddssonar starfaði í þrjú, fjögur ár og var í eilífri gagnasöfnun. Það tók tvö eða þrjú ár að svara skýrslu sem ég bað um eftir að nefnd Davíðs Oddssonar skilaði af sér. Hún var tvö, þrjú ár að afla gagna í þá skýrslu áður en hægt var að leggja hana fyrir þingið. Nú er enn þá verið að safna gögnum. Það liggja fyrir allar upplýsingar í þessu máli varðandi gögnin. Bæði í úttekt Davíðs Oddssonar sem var gerð á sínum tíma og í skýrslunni.

Mér finnst, og ég hef af því alvarlegar áhyggjur, hvað hæstv. ráðherra er skoðanalaus í þessu máli. Telur hann enga ástæðu til að setja nefndinni ákveðinn tímaramma? Finnst hæstv. forsætisráðherra það engu máli skipta að þessi mál séu komin á hreint fyrir næstu kosningar svo ákveðnar samræmdar reglur gildi milli flokkanna um að birta reikninga kosningabaráttunnar? Ég spyr hæstv. ráðherra um það. Er ekki ástæða til að gefa nefndinni ákveðinn tímaramma í þessu efni?

Almenningur gerir kröfu um gegnsæi og sýnileika í stjórnsýslunni til að koma í veg fyrir spillingu og stuðla að góðum stjórnsýsluháttum. Flokkarnir hafa dagað uppi sem nátttröll í þeirri breytingu sem orðið hefur í opnun í stjórnsýslunni. Það á greinilega að reyna að halda þessu máli áfram með þeim hætti sem gert hefur verið, að draga lappirnar í þessu og það er alveg einsýnt að menn muni ekki skila af sér neinni niðurstöðu þannig að hægt sé að lögfesta hér lög um starfsemi stjórnmálaflokkanna áður en þessu þingi lýkur. En þá gætu sveitarstjórnarkosningar tekið mið af því.

Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra, hvers vegna hann telur sig t.d. ekki geta svarað lið tvö og þrjú í þessari fyrirspurn, sem eru beinar fyrirspurnir til ráðherra um hans skoðun á þessu máli.

[12:29]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég vil nú hvetja fulltrúa stjórnmálaflokkanna hér á Alþingi til að ræða við nefndarmenn viðkomandi flokka í þessari nefnd. Ég vil spyrja á móti: Er ekki mikilvægt að ná samstöðu um þessi mál? (**JóhS:** Ég hef rætt við fulltrúa flokksins og þess vegna hef ég áhyggjur.) Það getur vel verið að einhverjir þingmenn hér á hv. Alþingi séu ekki fulltrúar neins flokks. Það eru alveg nýjar fréttir fyrir mér.

En ég hef litið svo á að það væri nauðsynlegt að vinna að samstöðu í þessu máli. Ég hef sagt það mjög skýrt að ég tel nauðsynlegt að setja reglur í þessu sambandi. Að við setjum löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokkanna. En ég tel algjörlega nauðsynlegt að vinna að því með fulltrúum allra flokka á Alþingi.

Ef einhverjir hv. þingmenn vilja vinna það með einhverjum öðrum hætti þá er mikilvægt að fá það fram. Ef hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir telur ekki nauðsynlegt að Samfylkingin taki þátt í þessu máli og það sé hægt að vinna að málinu án Samfylkingarinnar, þá er það skoðun út af fyrir sig. Ég hef talið nauðsynlegt að það væri hægt að ná samstöðu líka með þeim flokki. Enda á hann marga fulltrúa hér á Alþingi. Ég hvet hv. þingmann til að ræða þetta innan síns flokks. Því ég veit ekki betur en hún starfi innan hans. Að hve miklu leyti hún ber ábyrgð á starfinu þar veit ég ekki. En ég hef haldið hingað til að hún starfaði að fullu innan flokksins.

Umræðu lokið.

Jafn réttur til tónlistarnáms.

Fsp. KolH og JBjarn, 264. mál. — Þskj. 277.

[12:31]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Við hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, ég og Jón Bjarnason, höfum leyft okkur að beina til hæstv. menntamálaráðherra fyrirspurn um jafnan rétt fólks til tónlistarnáms. Ég vil í upphafi máls míns leyfa mér að vitna til orða Sigurðar Flosasonar tónlistarmanns og aðstoðarskólastjóra Tónlistarskóla FÍH.

Hann segir í Morgunblaðsgrein föstudaginn 17. febrúar, með leyfi forseta:

„Málefni íslenskra tónlistarskóla eru komin í þvílíkt öngþveiti að ég fæ ekki lengur orða bundist. Árangur skólanna lofa allir sem til þekkja og þegar svo ber undir vilja allir Lilju kveðið hafa. Framkoma stjórnmálamanna í garð þessara menntastofnana er hins vegar með öllu óskiljanleg. Reyndar er háttalag þeirra ekki síður slæmt gagnvart nemendum skólanna, aðstandendum þeirra, kennurum skólanna og stjórnendum. Vegna aðgerða stjórnvalda hefur skapast óvissa um ýmsa þætti starfseminnar, óásættanlegt ástand sem getur af sér óöryggi og óánægju allra sem í skólunum starfa. Og til hvers höfum við þá gengið götuna sem dr. Gylfi Þ. Gíslason fyrrverandi menntamálaráðherra ruddi árið 1963? Er það til að upplifa þann glundroða og þá niðurlægingu sem nú blasir við okkur?“ segir Sigurður Flosason í Morgunblaðsgrein, frú forseti.

Nú er það svo að stjórnvöld, hið opinbera, ríki og borg og lítil sveitarfélög hafa deilt um kostnaðarskiptingu í nokkurn tíma. Enn eru í fullu gildi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samkvæmt þeim kemur skýrt fram að menntamálaráðherra ber ábyrgð á hinum faglega þætti tónlistarskólanna, þ.e. viðurkenningu nýrra tónlistarskóla og gerð samræmdrar námskrár fyrir tónlistarfræðslu á öllum skólastigum. Hins vegar hafa, eins og ég sagði áðan, verið deildar meiningar varðandi kostnaðarskiptingu þessa náms og síðan vorið 2003 fór Samband íslenskra sveitarfélaga formlega fram á það við hæstv. menntamálaráðherra að kostnaðarskipting á fyrirkomulagi tónlistarkennslu yrði endurskoðuð, sérstaklega þó á framhaldsskólastigi. Samkvæmt svörum sem ég fékk frá fyrrverandi hæstv. menntamálaráðherra, herra Tómasi Inga Olrich, í október 2003, var stofnuð nefnd í júní það ár sem í voru fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytisins og í umboði þeirrar nefndar kom það fram að henni væri ætlað að fjalla um kostnaðarskiptinguna og fyrirkomulag tónlistarkennslu á framhaldsskólastigi. Nú skilst mér að það sé komið samkomulag um þá skiptingu sem lýtur þó eingöngu að þreyttum einingum til stúdentsprófs og þykir mér það nokkurt umhugsunarefni.

Svo hefur verið starfandi nefnd um endurskoðun laga um þennan fjárhagslega stuðning síðan vorið 2004 eftir því sem ég best veit. Þar hefur allt staðið fast og nú stefnir í það óefni sem Sigurður Flosason lýsir. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að við þessir þingmenn höfum beint fyrirliggjandi spurningu um jafnrétti fólks til tónlistarnáms til hæstv. menntamálaráðherra.

[12:35]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Áður en ég fer í það að svara spurningu fyrirspyrjanda, hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, finnst mér rétt að segja frá því sem hún kom í rauninni inn á áðan, að lögin um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eru frá árinu 1985 en samkvæmt þeim greiða sveitarfélög sem reka tónlistarskóla launakostnað kennara og skólastjóra. Einkareknir tónlistarskólar sem hlotið hafa samþykki sveitarstjórnar, þá iðulega í formi þjónustusamnings, og sérstakt samþykki menntamálaráðuneytisins geta fengið greiddan launakostnað kennara og skólastjóra úr sveitarsjóði.

Á móti þessum fjárstuðningi sveitarfélaga er tónlistarskólum ætlað að innheimta skólagjöld sem standa undir öðrum rekstrarkostnaði en launum kennara og skólastjóra. Hlutverk ráðuneytis menntamála samkvæmt lögunum er annars vegar að veita tónlistarskólunum sérstakt samþykki og hins vegar að hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu í landinu.

Ráðuneytið hefur því samkvæmt þessu gefið út aðalnámskrá tónlistarskóla árið 2000 sem er gefin út í tíu heftum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og níu einstaka greinahluta. Eftirlitshlutverki ráðuneytisins er einkum sinnt með tvennum hætti: Í fyrsta lagi er sérstök prófnefnd tónlistarskóla sem starfar á vegum Sambands tónlistarskólastjóra, Félags tónlistarskólakennara og Félags íslenskra hljómlistarmanna með fjárstuðningi menntamálaráðuneytis og annast sú nefnd samræmt og hlutlaust mat á áfangaprófum í tónlistarskólum í samræmi við aðalnámskrána. Einnig safnar ráðuneytið upplýsingum um starfsemi tónlistarskóla og skipar samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar sem fjallar m.a. um námskrárgerð, námsgagnagerð, þróunarstarf, mat á skólastarfi og fleiri þætti.

Ef við förum í a-lið spurningar hv. þingmanns: „Hvernig hyggst ráðherra tryggja að nemendur alls staðar á landinu hafi jafna möguleika til tónlistarnáms?“ þá er eins og ég hef þegar sagt, rekstur og fjárhagslegur stuðningur við tónlistarskóla á hendi sveitarfélaga og sú skipan er í samræmi við lög og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og mundi þá ekki breyta lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Tónlistarfræðslan er þó ekki meðal skylduverkefna sveitarfélaga, samkvæmt lögunum, heldur er hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvort það ákveður að veita fjármuni til þessa málaflokks og forgangsraða ráðstöfun fjárins í samræmi við stefnu sína í tónlistarfræðslumálum, sem sagt sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga. Það væri því í andstöðu við 78. gr. stjórnarskrárinnar um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga að menntamálaráðherra mundi beita sér fyrir því að öll sveitarfélög í landinu veittu nemendum jafna möguleika til tónlistarnáms.

Hins vegar og þrátt fyrir þetta hef ég engu að síður beitt mér fyrir því að leitast við að jafna aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum til tónlistarnáms, þrátt fyrir enga lagaskyldu, með því að taka þátt í kennslukostnaði tónlistarskóla vegna framhaldsskólanemenda sem stunda tónlistarnám á tónlistarkjörsviði listnámsbrauta framhaldsskóla eða fá síðan tónlistarnám sitt metið til eininga sem hluta af lokaprófi til framhaldsskóla.

Í þessu skyni var einmitt gert þetta samkomulag sem hv. þingmaður talaði um milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytisins og gilti fyrir skólaárið 2004–2005. Að undanförnu hafa staðið yfir viðræður milli ráðuneytisins og sambandsins um með hvaða hætti væri unnt að framlengja þetta samkomulag en ég dreg ekki dul á að mér hugnast ekki vel að leysa þessi mál til eins árs í senn, fyrst og fremst með það í huga að það er ekki stöðugleiki fyrir íslenska tónlistarnemendur að hið opinbera, þá á ég ekki síst við að sveitarfélögin og ríkið, skuli ekki leysa þessi mál til langs tíma.

Ég vil líka undirstrika það að á þessum fundum með Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en þau hafa komið nokkuð mörgum sinnum í ráðuneytið að undanförnu til þess að fara yfir mál tónlistarskólanna, þá hef ég reynt að stuðla að lausn sem væri lausn til framtíðar og þá er ég líka að líta til skólakerfisins eins og það lítur út núna í dag að grunnskólinn og leikskólinn eru á forræði sveitarfélaga og síðan framhaldsskólinn á forræði ríkisins. Ég held að þetta sé þáttur sem við eigum sérstaklega að huga að. Það hafa orðið breytingar á tónlistarnáminu, eins og hv. þingmaður veit, það er grunnstig, miðstig og síðan framhaldsstigið og ég er nokkuð sannfærð um að það er þáttur sem við eigum sérstaklega að fara yfir. Þetta mundi auðvitað þýða einhverjar tilfærslur á fjármunum frá sveitarfélögum yfir til ríkisins en ég tel að það væri eðlilegt og í samræmi við heildarsamhengið í skólakerfið að ríki og sveitarfélög mundu komast að þessari niðurstöðu, að allt listnám væri skipulagt með þessum hætti, þetta væri einfalt og gegnsætt fyrir tónlistarnemendur eða aðra listnámsnemendur. Menn vissu hver bæri ábyrgðina á hverju stigi. Að þessu hef ég verið að vinna og við skulum bíða og sjá hvað setur, enn eru samræður á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins hvað þetta varðar.

[12:40]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Tónlistarnám, tónlistarkennsla er eitt af metnaðarmálum í mörgum sveitarfélögum úti um land, þar sem víða er lögð mikil áhersla á öflugt tónlistarlíf. Þegar þessir nemendur verða síðan að fara frá heimabyggðum sínum í framhaldsskóla til Reykjavíkur, Akureyrar eða annað, verður brot á tónlistarnámi þeirra vegna þess að þau eiga ekki sama aðgang að tónlistarnámi þar eins og í heimabyggð sinni. Ráðherrann segir: Bíðum og sjáum. Enn hefur samningurinn milli sveitarfélaganna og ríkisins varðandi kostnað við tónlistarnám í framhaldsskólunum ekki verið endurnýjaður, ekki frá síðustu áramótum. Börnin líða fyrir þetta, það er tónlistarnáminu sem blæðir og þó að hæstv. ráðherra og forustumenn sveitarfélaga geti verið að togast á um þessa peninga þá eru þetta í fyrsta lagi ekki háar upphæðir en í öðru lagi er þetta veruleg skerðing á réttindum þessa unga fólks (Forseti hringir.) og sérstaklega vil ég nefna ungt fólk utan af landi sem verður að fara heiman til náms, frú forseti.

[12:41]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Þetta svar var með því rýrara sem komið hefur frá hæstv. menntamálaráðherra. Það ríkir ákveðinn glundroði og ákveðið ófremdarástand í málefnum tónlistarskólanna, það er öllum morgunljóst og hefur verið ofarlega í umræðu núna um nokkurra missira skeið. Í þessu ástandi miðju við þessari ágætu og málefnalegu fyrirspurn kemur hæstv. menntamálaráðherra hér upp, víkur sér undan ábyrgð og skilar auðu, þegar veruleikinn er sá að það er brotinn réttur á mörgum börnum og mörgum nemendum í tónlistarskólunum út af þessu ófremdarástandi. Út af hverju sem það er og út af hverju sem það hefur skapast ber hæstv. menntamálaráðherra fullkomna pólitíska ábyrgð á því að starfsemi tónlistarskólanna sé bærilega hnökralaus og gangi þannig fyrir sig að ástandið sé ekki til skammar og ekki ríki sá glundroði í málefnum tónlistarskólanna sem uppi er og hefur verið uppi núna um nokkurra missira skeið. Þar er ábyrgðin skýr, þar er ábyrgðin menntamálaráðherra og það er hennar að gangast við þeirri ábyrgð en ekki að víkjast undan henni með svörum eins og fram komu hérna áðan.

[12:42]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Málefni tónlistarskólanna eru óviðunandi og við í Frjálslynda flokknum höfum verið að skoða þau mál og setja niður fyrir okkur hvað við viljum gera og í nýútkominni málefnahandbók okkar er sérstakur kafli um málefni tónlistarskóla, sem fólk getur lesið. Við teljum að ríkissjóður eigi að kosta tónlistarnám nemenda á framhaldsstigi í tónlistarskólum á sama hátt og annað nám sem er stundað í framhaldsskólum landsins og þeir fjármunir sem sveitarfélögin fá eða verja til niðurgreiðslu á tónlistarnámi barna og unglinga eiga að gagnast öllum jafnt og engum skal mismunað. Menntamálaráðuneytið á síðan að gera námskrá fyrir kennaramenntun í tónlist og setja reglur um réttindi og skyldur tónlistarkennara og síðan eiga lengra komnir nemendur í tónlist að fá námið að fullu metið sem einingar til stúdentsprófs. Það hlýtur að vera skylda stjórnvalda að sjá til þess að tónlistarnám á Íslandi sé metið eins og allt annað nám, það hlýtur að vera sjálfsögð og eðlileg krafa og það hlýtur að vera sjálfsögð og eðlileg krafa að málefni tónlistarskólanna verði lagfærð ekki seinna en strax.

[12:44]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra svörin sem gefa auðvitað til kynna að þetta mál er ekki í forgangi innan menntamálaráðuneytisins og það er afar miður. Auðvitað er það svo að ástæðu þess ástands sem nú ríkir má að hluta til rekja til þeirra aðstæðna sem Reykjavíkurborg hefur gripið til til þess að knýja fram endurskoðun laganna á fjárhagslegri skiptingu, eða með fjárhagslegum stuðningi við tónlistarskóla og þær aðgerðir hafa valdið nemendum verulegum baga, bæði nemendum sem eiga lögheimili í Reykjavíkurborg sem og nemendum sem eiga lögheimili úti á landi. Það skiptir máli að ekki sé farið á svig við ákvæði laga um einkakennslu í aðalnámsgrein. Þetta er eitt af því sem hæstv. menntamálaráðherra ber ábyrgð á og svaraði ekki áðan.

Það tíðkast orðið í auknum mæli að sveitarfélög knýi

tónlistarskólana til að breyta kennslutilhögun í sparnaðarskyni úr einkatímum í hóptíma. Þetta á t.d. við um kennslu á hljóðfæri þar sem dæmi eru um að nokkrir nemendur séu saman í tíma en greiði námsgjöld eins og um einkatíma væri að ræða. Mismunurinn er þá notaður til launagreiðslna en það er andstætt 10. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Ofan í þetta atriði verður hæstv. menntamálaráðherra að fara og það er gríðarlega mikilvægt að tónlistarskólunum úti um allt land sé gerð grein fyrir því hver hugur hæstv. menntamálaráðherra er í þessum efnum. Til þess að það komi í ljós þarf hæstv. menntamálaráðherra að setja kraft í þá vinnu sem er í gangi og sjá til þess að jafnrétti fólks til tónlistarnáms verði tryggt.

Síðan vil ég segja varðandi framhaldsskólamálin: Ég er ekki sátt við það að menntamálaráðherra eða ríkið greiði eingöngu fyrir þreyttar einingar þeirra barna sem eru ... (**Menntmrh.:** Á framhaldsstiginu.) Nú? Hæstv. ráðherra grípur fram í og ef það er vilji hæstv. ráðherra að greiða allt framhaldsstigið í tónlist þá fagna ég, ef það er yfirlýsing ráðherrans hér í þessum sal, þá eru það tíðindi því það þýðir þá að sveitarfélögin verða eingöngu ábyrg fyrir grunnstiginu og miðstiginu og það er veruleg framför frá því sem verið hefur.

[12:46]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er hreint út sagt hjákátlegt að hlusta á þetta glundroðatal þegar hv. þingmaður er einmitt fulltrúi þess flokks sem skapaði þennan glundroða með því að segja einhliða upp ábyrgð sinni, eins og fulltrúar Reykjavíkurborgar gerðu gagnvart tónlistarnemum í landinu. Það er fyrst og fremst Reykjavíkurborg með Samfylkinguna í broddi fylkingar sem leiddi til þess glundroða sem nú ríkir meðal tónlistarnema. Það er algerlega óásættanlegt hvernig þetta ástand er. Það verður bara að segjast eins og er. Ríkið ber ekki þá ábyrgð. Ég fór vel yfir hvert hlutverk ríkisins er. Hins vegar hef ég engu að síður beitt mér fyrir því að reyna að leysa þetta mál. Það þarf að gera það. Þess vegna sagði ég hér áðan að við þurfum að skoða skólakerfið heildstætt.

Við þurfum að segja: Grunnskólinn er á forræði sveitarfélaga og framhaldsskólinn á forræði ríkisins. En ég hef líka rætt það sérstaklega, og hvet þá hv. þingmenn sem eru fulltrúar þeirra flokka sem koma að sveitarstjórnum hér á landi, að við förum sérstaklega yfir hvort æskilegt sé að sveitarfélögin beri ábyrgð og grunn- og miðstigi og ríkisvaldið beri síðan ábyrgð á framhaldsstiginu. Það þýðir að sjálfsögðu töluverðan kostnað af hendi ríkisins sem ætti að vera hægt að millifæra í kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það verður bara að leysast. Að mínu mati er þetta tæknilegt atriði.

En ég vil sérstaklega undirstrika að ég hef beitt mér fyrir því að fundin verði lausn á þessu máli. Ástandið í dag er óásættanlegt og það ástand er fyrst og fremst tilkomið vegna ábyrgðarleysis, stefnuleysis Samfylkingarinnar í tónlistarmálum hér í borginni. Ákvörðun sem sprengdi upp þetta annars ágæta ástand sem var á tónlistarmálum. En gott og vel. Við verðum bara að bíta í það súra epli og horfa á aðstæðurnar eins og þær eru í dag og reyna að leysa þær fyrir hönd tónlistarnema í landinu.

Umræðu lokið.

Brottfall úr framhaldsskólum.

Fsp. ÁMöl, 369. mál. — Þskj. 425.

[12:48]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég varpa eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra: Hvert hefur verið hlutfallslegt brottfall nemenda úr framhaldsskólum að meðaltali síðustu fimm ár, skipt eftir skólaárum?

Rót þessarar fyrirspurnar er samtal sem ég átti fyrir nokkru við framhaldsskólakennara hér í borg. Þar kom fram að í umsjónarbekk hans hefði orðið mikil fækkun nemenda milli þriðja og fjórða skólaárs, mun meiri en milli fyrri ára í sama bekk. Að hans mati er það námsleiði sem grípur nemendur á þessu stigi í námi sem gerir að verkum að þeir falla brott úr námi.

Mér fannst þetta athyglisverð skýring og taldi rétt að afla upplýsinga sem annaðhvort renndi stoðum undir þessa kenningu eða hrekti hana. Þá hafði ég m.a. í huga þá umræðu sem átt hefur sér stað um endurskipulagningu á námi til stúdentsprófs sem m.a. getur falið í sér styttingu náms um eitt ár, úr fjórum í þrjú ár.

Margoft hefur verið rætt um brottfall úr framhaldsskólum hér á hinu háa Alþingi út frá ýmsum sjónarhornum. Ýmsar upplýsingar liggja þegar fyrir, m.a. að brottfall úr dagskóla er mun meira en meðal nemenda sem eru í hlutanámi utan skóla eða í fjarnámi. Þá er brottfall meðal karla ívið meira en kvenna og er meira í starfsnámi en bóknámi.

Í upplýsingahefti frá Hagstofu Íslands frá ágúst 2004 kemur fram að brottfall framhaldsskólanema hefur farið minnkandi á síðustu árum, en það er mest í upphafi náms. Á hinn bóginn er ekki mikill munur á brottfalli nemenda eftir aldri til 19 ára aldurs samkvæmt könnun sem náði til áranna 2002 og 2003, eða á bilinu 12–15% en hækkar verulega eftir það. Þar kemur jafnframt fram að rúmlega helmingur þeirra sem hætta námi hefur nám að nýju innan fimm ára og rúmlega fjórðungur hópsins tekur sér aðeins árs hlé.

Virðulegi forseti. Það er ljóst að brottfall nemenda er meira og vinna með námi er algengari hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Þá liggur fyrir að Ísland er eina landið á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem almennt bóknám miðast við fjögur ár en ekki þrjú ár. Í þessu sambandi er einnig vert að hafa í huga þær upplýsingar sem komu nýverið fram í fyrirspurnatíma hér á hinu háa Alþingi, að framhaldsskólanemendur eru að meðaltali tæplega fimm ár að ljúka námi til stúdentsprófs þótt munur sé milli menntabrauta. Þess ber að geta að í þeim tölum er námshlé innifalið, sem hefur einhver áhrif til hækkunar.

Virðulegi forseti. Með hliðsjón af því sem ég hef hér sagt er eðlilegt að velta fyrir sér að hve miklu leyti skipulag náms til stúdentsprófs, eins og það er í dag, skýri meira brottfall úr framhaldsskólum hér á landi en annars staðar.

Einnig hvort hátt hlutfall þeirra sem taka sér hlé frá námi bendi til hins sama, þ.e. námsleiða. Þá má velta fyrir sér hvort og þá hvaða áhrif stytting náms til stúdentsprófs hafi á ástundun náms og hvort það leiði til að nemendur ljúki fremur námi eftir samfellt nám en taki sér síðan ef til vill námshlé milli skólastiga. Slíkt fyrirkomulag nýtist bæði þeim betur og er hagkvæmara fyrir samfélagið í heild.

[12:51]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það má skilgreina brottfall á marga vegu og menn hafa mismunandi tækni við að útfæra það. Það má t.d. sjá þegar farið er yfir tölur frá öðrum löndum.

Þær tölfræðiupplýsingar um brottfall sem ég mun fara hér yfir eru að hluta til unnar af Hagstofu Íslands og sýna hlutfall þeirra nemenda í framhaldsskólum sem hurfu frá námi á milli skólaáranna 2000–2001, 2001–2002, 2002–2003 og fram til 2005. Sú vinnuaðferð sem notuð er hér miðar við skráða framhaldsskólanemendur í dagskóla samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands 15. október og þeir bornir síðan saman við nemendur í öllum skólum innan lands 15. október ári síðar.

Þeir nemendur sem ekki útskrifuðust á þessu tímabili og voru ekki skráðir í skóla næsta haust á eftir teljast samkvæmt þessari skilgreiningu brottfallnir. En inn í þetta er ekki tekin endurkoma sem þyrfti að gera sérstaklega, en er farið gera nú, og það lækkar í rauninni hið raunverulega brottfall verulega. Nemendur á námssamningi eru taldir með skólanemendum eftir því sem upplýsingar liggja fyrir um þá, þ.e. þeir koma ekki fram sem brottfallsnemendur.

Hér er frú forseti, einungis um að ræða eina leið af mörgum til að skilgreina brottfallið. En samkvæmt þessu eru tölurnar 2000–2001 16,6%, 2001–2002 15,7%, 2002–2003 15,1% og 2004–2005 16,9%. Það verður að gera fyrirvara á að telja alla þessa nemendur brottfallsnemendur eins og ég gat um áðan enda ljóst að brottfall er oft tímabundið og margir þessara nemenda hefja nám að nýju og oft innan ársins.

Oft er um að ræða nemendur sem af eðlilegum ástæðum kjósa að hverfa frá námi um tíma og hæpið er því að telja alla þessa nemendur brottfallsnemendur. Ljóst er einnig að atvinnuástand hér á landi hefur áhrif á skólasókn, það er mikil fylgni þar á milli. Þegar mikil þensla er á vinnumarkaði þá sjáum við samkvæmt tölunum að minni ásókn er inn í skólana.

Aðstæður á vinnumarkaði erlendis eru víða gjörólíkar aðstæðum hér á landi. Langvarandi hátt atvinnuleysi í mörgum Evrópulöndum veldur því að stjórnvöld reka þá stefnu að halda nemendum í skóla eins lengi og unnt er og samanburður milli landa getur því verið varasamur.

Hér verður því einnig gerð grein fyrir hve hátt hlutfall þeirra nemenda sem samkvæmt fyrrgreindri skilgreiningu töldust brottfallnir á þessu árabili. Af þeim sem töldust brottfallnir 2000–2001 höfðu samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands tæplega 60% hafið nám að nýju á árabilinu 2002–2005. Af þeim sem voru brottfallnir 2001–2002 höfðu 54% hafið nám að nýju á tímabilinu 2003–2005. Það ánægjulega er því að endurkoma þeirra sem hverfa frá námi af einhverjum ástæðum er mikil.

Það er ljóst, og nýjustu tölur sýna að brottfallið er lægra meðal 16 ára nema en þeirra sem eldri eru, sérstaklega á síðustu árum framhaldsskóla. Brottfallið fer hækkandi meðal þeirra sem eldri eru og menn hafa m.a. rakið það til þess að námslengdin er þetta mikil.

Ég vil hins vegar líka velta því fyrir mér, frú forseti, hvort þarna geti ekki legið ýmsar aðrar ástæður að baki og með það í huga mun ég beita mér sérstaklega fyrir því að skoða lesblindu. Á næstu mánuðum verður skoðað hvaða áhrif lesblinda hefur á skólakerfið og þar verður athygli beint að nemendum á öllum skólastigum, í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, í þeim tilgangi að þeir sem þurfa á aðstoð að halda varðandi lesblindu fái hana fyrr í skólakerfinu. Við höfum fengið ábendingar um að oft og tíðum uppgötvast lesblinda allt of seint, oft ekki fyrr en í framhaldsskóla. Þetta þarf að skoða sérstaklega því þetta eru eflaust atriði sem leiða til að fólk hættir fyrr í námi en það hefði annars ástæðu til.

[12:56]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að heyra að það er verið að vinna að því í menntamálaráðuneytinu að skoða brottfall nemenda og vinna bug á því. Og ánægjulegt að heyra að þrátt fyrir háar tölur um brottfall þá komi margir þeirra nemenda aftur.

Það sem mér fannst hins vegar dálítið einkennilegt í máli fyrirspyrjanda, hv. þm. Ástu Möller, var að það virtist skína í gegn að stytting framhaldsskólans, þ.e. að stytta hann úr fjórum árum í þrjú, yrði til þess að draga úr brottfalli þar sem nemendur væru komnir með einhvern námsleiða eftir þrjú ár í skólanum. Nú er það staðreynd að flestir nemendur hætta á fyrsta ári. Það er alveg út í hött að halda því fram, og það hafa einmitt verið færð góð rök fyrir því að brottfall muni einmitt aukast við skerðingu framhaldsskólans. (Forseti hringir.) Nemendur mótmæltu þessu kröftuglega á (Forseti hringir.) Austurvelli. Ég hefði óskað þess að hv. þingmenn hefðu verið þar og hlustað á mál nemenda.

(**Forseti** (SP): Forseti minnir hv. þingmann á að virða ræðutíma.)

[12:57]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Mig langar að minnast á tvö, þrjú atriði. Samkvæmt tölum úr nýjum skýrslum eru stúlkur í háskólum landsins 60% nemenda. Maður veltir því fyrir sér hver ástæða þess sé. Það væri gaman ef hugrenningar hæstv. menntamálaráðherra kæmu fram um það mál.

Hæstv. menntamálaráðherra minntist á lesblindu. Eftir upplýsingum sem ég hef virðist lesblinda hafa þau áhrif á pilta að þeim gengur erfiðlega með lestur. En lesblinda hjá stúlkum hefur áhrif á stærðfræði. Þetta er mjög athyglisvert en mér er vel kunnugt um þetta. Ég vil beina því sérstaklega til hæstv. menntamálaráðherra að hún skoði þetta mál.

[12:58]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin og

hv. þingmönnum þátttöku í umræðunni. Það er rétt að það kom fram í fyrri ræðu minni að rót fyrirspurnar minnar var akkúrat hvort það væri námsleiði sem gripi krakkana þegar líða tekur á námið. Það er náttúrlega það sem ég vildi skoða í tengslum þá við þessar hugmyndir um styttingu náms til stúdentsprófs.

En ég benti líka á í fyrri ræðu minni að Ísland er eina landið innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem almennt bóknám í framhaldsskóla til stúdentsprófs er fjögur ár en ekki þrjú ár. Það er ljóst að brottfall úr framhaldsskólum er meira hér á landi en annars staðar. Það blasir við að það er meiri hætta á að nemendur hætti námi eða geri hlé á því eftir því sem námið er lengra og námslok eru lengra undan.

En það voru mjög ánægjuleg svör sem ég fékk frá hæstv. ráðherra og margt af því skýrði umræðuna, m.a. það sem ég hafði ekki alveg gert mér grein fyrir að þrátt fyrir mýtuna um að brottfall sé mest á fyrsta ári þá kemur í ljós að brottfall er minnst meðal 16 ára nemenda. Þannig að þetta passar ekki alveg saman. Spurning er hvort þessi gamla mýta sé eitthvað að breytast.

En það sem athyglisverðast í þessu er að hversu algengt það er að framhaldsskólanemendur geri hlé á námi sínu tímabundið. Í framhaldi af því má líka velta fyrir sér tengingunni við að krakkar eru fimm ár að ljúka námi til stúdentsprófs.

Tilgangur minn með að koma hingað upp var m.a. að benda á að stór hluti ungra krakka sem hætta námi koma til náms á ný, rúmlega 60%. En mér fannst full ástæða til að draga þetta inn (Forseti hringir.) í umræðuna varðandi styttingu náms til stúdentsprófs.

[13:01]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Aðeins varðandi réttu námsskipunina þá er þar ekkert samhengi á milli breytts námstíma og skerðingar náms. Við verðum iðulega að huga að inntaki námsins og ég bendi m.a. á að það stúdentspróf sem var veitt fyrir 15 til 20 árum er að mínu mati jafngilt þótt námstími þeirra sem þeim luku hafi verið eitthvað skemmri en þeirra sem nú eru að útskrifast. Þetta snýst alltaf um inntak námsins og við verðum að nýta þær breytingar sem við höfum gert á skólakerfinu á undanförnum árum til hagsbóta fyrir nemendur og samfélagið.

Það er líka ljóst að ef tekið er tillit til endurkomu nemenda, ef svo má að orði komast, inn í framhaldsskólann er brottfallið frá 16 ára til 19 ára aldurs 7,5%, að teknu tilliti til þessara endurkomunemenda, en tæplega 8%, það hækkar og eykst, ef tekið er tillit til 20 ára aldurs, 16–20 ára.

Síðan vil ég undirstrika það sem ég sagði áðan að það eru fleiri þættir sem við þurfum að skoða og þá sérstaklega þessa þætti sem snúa að lesblindunni, við þurfum að fara gaumgæfilega yfir þá þætti til þess að auðvelda íslenskum ungmennum sem eiga við lesblindu að stríða að komast á nokkuð eðlilegan hátt í gegnum skólakerfið, auðvelda þeim þá göngu.

Umræðu lokið.

Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð.

Fsp. BJJ, 510. mál. — Þskj. 747.

[13:02]

Fyrirspyrjandi (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Þau gleðilegu tíðindi bárust fyrir nokkrum vikum að hæstv. menntamálaráðherra hefði ákveðið að hefja athugun á því hvort stofnsetja ætti framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Við hv. þingmenn Norðausturkjördæmis, og reyndar þingmenn úr þingflokkum allra flokka sem eiga sæti á Alþingi, höfum nú í tvígang lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis að stofnsetja beri framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Rökin fyrir því hreinlega kæfa mann, hæstv. forseti.

Við utanverðan Eyjafjörð búa hátt í 4.500 manns. Trúlega finnum við hvergi á landinu jafnfjölmennan byggðakjarna eftir að göng opnast á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, 4.500 manns sem hafa ekki aðgengi að framhaldsnámi. Sjálfræðisaldurinn hefur verið hækkaður í 18 ár úr 16 þannig að fólki á þessum stöðum er nauðugur sá kostur að senda ósjálfráða unglinga burt frá sínum heimilum til þess að hefja nám í framhaldsskóla. Við vitum hvernig skólastigin hafa þróast á umliðnum áratugum, framhaldsskólaprófið í dag er eins og grunnskólaprófið var í gamla daga þannig að hér er um sjálfsögð mannréttindi að ræða fyrir fólkið og unglingana á viðkomandi stöðum, að stofnsettur verði framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð. Sveitarfélögin í Dalvíkurbyggð, Ólafsfirði og Siglufirði hafa beitt sér mikið í þessu máli og veit ég að aðilar á vegum þessara sveitarfélaga hafa m.a. hitt hæstv. menntamálaráðherra og tekið þetta málefni upp við hana sem og okkur þingmenn kjördæmisins. Það liggur mjög þungt á forustumönnum og íbúum þessara sveitarfélaga að framhaldsskóli verði stofnsettur á svæðinu. Á haustin tæmast þessi byggðarlög af ungu fólki sem neyðist til þess að flytjast að heiman til þess að öðlast þau sjálfsögðu réttindi að nema áfram, fyrst í framhaldsskóla og síðar í háskóla. Þess vegna var það fagnaðarefni, hæstv. forseti, að hæstv. menntamálaráðherra skyldi hefja athugun á því sem nú stendur yfir hvort stofnsetja bæri framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.

Því hef ég beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra vegna athugunar á stofnun þessa framhaldsskóla:

1. Verður haft formlegt samráð við heimamenn þegar metnir verða kostir þess að stofna framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð?

Það ferli stendur yfir, að ég tel, og þar á ég við forustumenn þeirra sveitarfélaga.

2. Telur ráðherra forsendur fyrir því að stofnsetja framhaldsskóla þar? Ef svo er, hvenær telur ráðherra að af því gæti orðið?

[13:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Samkvæmt 37. gr. laga um framhaldsskóla geta hvort heldur ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, haft frumkvæði að stofnun framhaldsskóla. Komi til stofnunar slíks skóla verður það einungis gert með samþykki Alþingis. Einstaklingar geta, samkvæmt 41. gr. sömu laga, stofnað

framhaldsskóla án aðkomu löggjafarvaldsins. Slíkir skólar eiga þá ekki sjálfkrafa kröfu til slíks af almannafé.

Ég hef nýverið skipað starfshóp til þess að fara yfir og meta fýsileika þeirra kosta sem fyrir hendi eru varðandi byggingu nýrra framhaldsskóla. Ég tel mikilvægt að skoða þessi mál heildstætt en engu að síður, í ljósi þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað að undanförnu, að líta til ákveðinna svæða eins og m.a. við utanverðan Eyjafjörð.

Að jafnaði liggja fyrir ráðuneytinu margar hugmyndir og óskir sveitarfélaga og annarra um nýja skóla eða stækkun þeirra sem fyrir eru. Skipan starfshópsins er til marks um minn vilja og ráðuneytisins til þess að meta fyrirliggjandi hugmyndir á hlutlægum og almennum forsendum sem ég tel afar brýnt áður en kemur að nýrri ákvörðun í þessum efnum. Þá er m.a. átt við íbúafjölda og íbúaþróun, dreifingu skóla sem fyrir eru, þróun kennsluhátta, svo sem fjarkennslu, byggðasjónarmið, rekstrarframlög samkvæmt núgildandi reglum auk hugsanlegra áhrifa nýrra skóla á námsframboð og rekstur þeirra skóla sem fyrir eru á svæðinu.

Öllum sem koma að þessum málaflokki er ljóst að stofnun og rekstur þeirra framhaldsskóla sem fyrir eru á landinu hefur verið viðkomandi byggðarlögum lyftistöng í margvíslegu tilliti. Margir hinna smærri skóla úti um allt land mundu þó ekki standast sem rekstrareiningar nema vegna þess að til þeirra er greitt uppbótarfé miðað við stærri einingar í þéttbýli. Hagkvæmni í rekstri skóla er að auki ekki eingöngu fólgin í eða mæld á fjárhagslega kvarða heldur ekki síður í faglegum burðum skóla til þess að halda uppi sérhæfðri kennslu sem stenst gæðakröfur. Þetta er að jafnaði þeim mun erfiðara sem færri kennslustundir falla til í hverri námsgrein. Hvort tveggja er gert með hagsmuni nemenda í huga, að þeim sé ekki mismunað hvað varðar möguleika á námi og í gæðum kennslunnar.

Víða um land er þegar hafið náið samstarf grunn- og framhaldsskóla á mörkum þessara skólastiga og vil ég sérstaklega geta þess samstarfs sem er á milli grunnskólans á Akureyri og Menntaskólans á Akureyri. Nálægð framhaldsskóla er þar með styrkur samfellu í skólastarfi og skólagöngu sem eftirsóknarvert er að aukist, m.a. með tilliti til þriggja ára framhaldsskóla. Ljóst er að forgangsröðun nýrra skóla með tilliti til þessara þátta og innan markmiða ríkisstjórnarinnar um framvindu málaflokksins er ekki einfalt mál. Þeim mun ríkari ástæða er til að vanda til verka og hafa náið samráð við heimamenn hvarvetna þegar kemur að nýjum ákvörðunum, hafa samráð við heimamenn.

Utanverður Eyjafjörður er sérstaklega nefndur meðal álitaefna starfshópsins sem tekið hefur til starfa og á að skila áliti fyrir 1. maí nk. Það er að sjálfsögðu til marks um að þar eru ýmsar forsendur fyrir framhaldsskóla, m.a. íbúafjöldi á hugsanlegu upptökusvæði og þá sérstaklega eftir göng, eins og hv. þingmaður bendir á.

Það mat sem felst í athugun ráðuneytisins væri hins vegar óþarft ef nú þegar væri unnt að svara spurningu hv. þingmanns til fulls eða hvenær nákvæmlega af einstökum skólastofnunum geti orðið. Hv. þingmaður verður því að sýna mér ákveðna þolinmæði og ég verð þá jafnframt að sýna vinnuhópnum ákveðna þolinmæði fram til 1. maí og bíða þess mats sem unnið er á vegum hópsins, tillagna byggðra á því og síðan ákvörðunar þingsins þegar þar að kemur.

Eftir að hafa m.a. farið yfir hvernig Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur þróast, hvernig hann hefur gjörbreytt því samfélagi sem þar er, hvernig við sjáum fram á þróun framhaldsskólans í framtíðinni með tilliti til ýmissa breytinga sem eru fram undan er alveg ljóst, það er mín persónulega skoðun, að kröfur munu aukast af hálfu sveitarfélaga um að stofnaður verði framhaldsskóli á ákveðnu upptökusvæði. Ég sé það fyrir mér að það upptökusvæði sem hv. þingmaður hefur sérstaklega í huga við utanverðan Eyjafjörð er ákjósanlegt og afar fýsilegt til þess að þar verði komið á fót framhaldsskóla. Að sjálfsögðu verður að taka tillit til þess sem verið er að undirstrika í æ ríkari mæli gæða náms og þeirra krafna sem gerðar eru til rekstrar skóla. Þá þætti verður að hafa í huga til þess að slíkir skólar verði samkeppnishæfir við það besta sem við viljum ávallt miða okkur við. Ég sé í rauninni ekkert því til fyrirstöðu að við skoðum þennan kost gaumgæfilega en vil engu að síður veita hópnum sem er að fara heildstætt yfir hugsanlegar stofnanir á framhaldsskólum á landinu svigrúm og tækifæri til þess að fara vel yfir þau atriði sem skipta máli. Það eru fleiri svæði sem kalla á framhaldsskóla, ekki síst það fjölmenna svæði sem við erum stödd á hér í dag.

[13:11]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Ég tek heils hugar undir þessa fyrirspurn og eins þessa framkvæmd við Eyjafjörð. En ég get ekki látið hjá líða að minnast á stærsta sveitarfélag landsins sem hefur ekki framhaldsskóla, það er Mosfellsbær. Þar eru yfir sjö þúsund íbúar og þeir hafa verið að knýja mjög á um framhaldsskóla. Þar er einn versti og hættulegasti vegur á landinu, Vesturlandsvegur, fyrir þá unglinga sem þurfa að sækja skóla til Reykjavíkur. Ég vil hvetja hæstv. menntamálaráðherra til að stuðla að og beita sér fyrir því að framhaldsskóli komi sem fyrst í Mosfellsbæ.

[13:11]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Þetta er afar athyglisverð og góðra gjalda verð fyrirspurn frá hv. þm. Birki J. Jónssyni og sérstaklega í ljósi þess að árið 1999 bar hv. þm. Jón Bjarnason mjög svipaða fyrirspurn fram til menntamálaráðherra. Og hvar erum við stödd sjö árum seinna, árið 2006? Einmitt í sömu sporum. Það er einhver nefnd sem er að skoða málið en á sem betur fer að skila niðurstöðu þann 1. maí og ég ætla rétt að vona, og auðvitað er allt sem bendir til þess, að sú niðurstaða verði jákvæð. (**Menntmrh.:** Ertu fylgjandi göngum?) Að sjálfsögðu er ég fylgjandi göngum en við erum ekki að tala um göng hér, hæstv. menntamálaráðherra, þó að þau skipti miklu máli og undirstriki þessa þörf á skólanum.

Ég tek einnig undir það að gera þarf átak í því að byggja framhaldsskóla á landinu, það er hárrétt. Í síðustu viku var einmitt lögð fram þingsályktunartillaga um stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

[13:13]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Framhaldsskólanám er nú orðið hluti af hinu

almenna námi. Okkur þótti nokkurs konar viðburður á sínum tíma þegar skólaskyldan var lengd til 16 ára aldurs. Núna er sjálfræðisaldurinn kominn í 18 ár og því mjög eðlilegt að fræðsluskyldan sé lengd að 18 ára aldri. Framhaldsskólinn ætti í rauninni að vera hluti af hinu almenna grunnnámi og ætti þess vegna að vera í hverri heimabyggð.

Stefna Vinstri grænna er alveg klár. Hún er sú að nemendur eiga að eiga kost á því að sækja framhaldsskólanám heiman að frá sér svo fremi nokkur kostur sé. Það er dýrt að fara að heiman til náms og þetta brýtur upp félagslegar einingar samfélagsins. Brýnt er að framhaldsskóli verði við utanverðan Eyjafjörð og allir þingmenn kjördæmisins hafa nú flutt það mál þannig að ég skil ekki hvað hv. þingmaður þarf að spyrja hæstv. ráðherra. Allir þingmenn allra flokka í Norðausturkjördæmi hafa flutt þetta mál.

Vinstri grænir hafa flutt mál um framhaldsskóla í Mosfellsbæ en það gengur ansi hægt að koma því máli áfram. Ég held að við þurfum bara að fá Vinstri græna í stól menntamálaráðherra, frú forseti.

[13:15]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð er sjálfsagt mál. Að sjálfsögðu á að stofna framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Hér er einmitt mál í þinginu sem varðar þetta og einn af þingmönnum Frjálslynda flokksins, Sigurjón Þórðarson, er meðal flutningsmanna þess máls. Ég tel að þetta sé eitt af því sem gera þarf til að reyna að sporna við þeirri ískyggilegu þróun sem við sjáum allt of víða á landsbyggðinni þar sem fólki fækkar hratt að unga fólkið fer fyrst. Meðalaldur í byggðunum hækkar, fæðingartíðni lækkar. Þetta er viðvarandi og alvarlegt vandamál við norðanverðan Eyjafjörð, til að mynda á Siglufirði.

Að sjálfsögðu eru fleiri þættir sem taka þarf að tillit til eins og t.d. það að réttur þessara byggða til að nýta náttúruauðlindir sínar, sem eru fiskimiðin, hefur verið tekinn frá þeim. Mér þætti það ánægjuefni ef hv. þm. Birkir Jón Jónsson kæmi hér upp á eftir og lýsti því yfir að gera þyrfti ákveðnar endurbætur á þessu blessaða fiskveiðistjórnarkerfi líka (Forseti hringir.) svo við gætum snúið þessari þróun við.

[13:16]

Fyrirspyrjandi (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu. Ég tel það nú algjöran óþarfa af hv. þingmönnum að hnýta eitthvað í hæstv. menntamálaráðherra sem sagði áðan að það væri ákjósanlegt og fýsilegt að stofna framhaldsskóla á þessu svæði. Hæstv. ráðherra er að láta inna af hendi mikla vinnu við þetta mál og ég vil segja hæstv. ráðherra, vegna þess að ég tel mig hafa dálitlar tengingar norður, að því miður hefur umræddur starfshópur, sem hæstv. ráðherra setti af stað í góðri meiningu, ekki haft formlegt samráð enn þá við heimamenn. Þar sem starfshópurinn á að ljúka störfum 1. maí og í dag er 8. mars tel ég mikilvægt að starfshópurinn setji sig í samband við heimamenn og að fram fari mikil og vönduð vinna á næsta einum og hálfa mánuði eða svo til að meta kosti og galla þess að setja á fót framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.

Hæstv. ráðherra nefndi gott dæmi um þau áhrif sem Fjölbrautaskóli Snæfellinga í Grundarfirði hefur haft á byggðirnar á Snæfellsnesi. Byggingar rísa nú á Grundarfirði og bjartsýni ríkir enda er framhaldsskólinn staðsettur þar. Ég vil benda hæstv. ráðherra og þingmönnum á að fulltrúar sveitarfélaganna þriggja við utanverðan Eyjafjörð hafa farið til Grundarfjarðar og kynnt sér þá miklu starfsemi sem þar fer fram. Þar hefur nemendafjöldi farið fram úr björtustu vonum. Á þriðja hundrað nemendur stunda nú nám við skólann. Og það er ekki einungis unga fólkið, það er fólkið í atvinnulífinu á svæðinu sem nýtir sér þar símenntun sem allt venjulegt fólk gerir kröfur til í dag að geta stundað samhliða störfum sínum á viðkomandi svæðum.

Því fagna ég þeim jákvæðu skilaboðum sem ég greini frá hæstv. ráðherra í þessari umræðu og hvet hana til góðra verka í þessum efnum.

[13:18]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það sem ég held að við verðum að hafa í huga er að auðvelda fólki aðgang að framhaldsskólum. Þess vegna vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég spái því að kröfur sveitarfélaga eigi eftir að verða ríkari í þá veru að fá framhaldsskóla inn á sín svæði. Það er því að mörgu leyti skiljanlegt þegar litið er til Fjölbrautaskóla Snæfellinga hvað sá skóli eða stofnun hans hefur haft gríðarlega jákvæðar breytingar á það samfélag.

Vissulega er það rétt að okkar björtustu vonir voru að mig minnir 120 nemendur en nú eru á þriðja hundrað nemendur í þeim ágæta skóla. Við erum að ná inn í skólakerfið, framhaldsskólastigið, ekki aðeins nýnemum heldur líka fólki sem ella hefði ekki farið í skóla. Það er afar mikilvægt.

Ég vil líka undirstrika þann kost sem að mínu mati sem felst í því að landið allt er eitt framhaldsskólasvæði. Við erum að sjá til að mynda fólk á norðaustanverðu landinu fara til Húsavíkur, að Laugum og til Egilsstaða af því að það hefur þessa valkosti. Ég tel ákjósanlegt að ríki og sveitarfélög hafi með sér þá ágætu samvinnu sem þau hafa haft fram til þessa, að sveitarfélögin sýna oft og tíðum frumkvæðið að stofnun og koma síðan að því með setu í skólanefndum að halda áfram rekstri skólans í samvinnu við ríkið.

Ég vil líka benda á menntaskóla sem fyrirhugaður er og mun að mínu mati stuðla að svipuðum áhrifum og Fjölbrautaskóli Snæfellinga. Það er menntaskóli Borgarfjarðar en heimamenn hafa lagt ríka áherslu á að stofnaður verði menntaskóli þar. Við munum væntanlega sjá til þess að hann verði stofnaður á næsta ári og munu bæði einkaaðilar og sveitarfélög standa að rekstri hans.

Engu að síður skiptir máli og ég tek undir það að sá vinnuhópur á vegum ráðuneytisins sem er að fara heildstætt yfir framhaldsskóla og stofnun þeirra hugsanlega víðs vegar um landið, hafi gott samráð við (Forseti hringir.) heima-

menn, hvort heldur það er við utanverðan Eyjafjörð eða annars staðar.

Umræðu lokið.

Ástand Þjóðleikhússins.

Fsp. MÞH, 533. mál. — Þskj. 780.

[13:20]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um ástand Þjóðleikhússins. Ég tel að ástand Þjóðleikhússins sé okkur öllum sem þjóð hreinlega til háborinnar skammar. Við getum ekki látið það viðgangast lengur að þetta merka hús, sem var byggt af miklum metnaði á sínum tíma, skuli vera látið drabbast svona niður ár eftir ár.

Ég sit í menntamálanefnd Alþingis sem áheyrnarfulltrúi fyrir hönd míns flokks, Frjálslynda flokksins, og ég man vel þegar Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri kom á fund nefndarinnar í haust þegar við ræddum fjárlögin fyrir árið 2006, þ.e. þá þætti fjárlaganna sem viðkoma þeim málaflokkum sem heyra undir menntamálanefnd, eins og nefndir þingsins gera oft. Á fundi nefndarinnar lýsti hún ástandi hússins fyrir okkur og gerði okkur skýrt og skilmerkilega grein fyrir því að þarna væri í raun og veru að skapast mjög alvarlegt ástand.

Maður þarf raunar ekki annað en að ganga í kringum húsið og virða það fyrir sér til að sjá að það er orðið mjög illa farið. Maður sér líka þegar maður kemur inn í húsið að þar er kominn tími á viðhald í ansi mörgu þó að eflaust sjái maður aðeins toppinn á ísjakanum, bæði þegar maður skoðar húsið að utan og kemur inn í það.

Ég kem því upp, virðulegi forseti, eins og ég sagði áðan til að bera fram eftirfarandi þrjár spurningar til hæstv. menntamálaráðherra:

1. Hefur verið gerð úttekt á ástandi Þjóðleikhússbyggingarinnar? Ef svo er væri gott að fá að vita hvenær sú úttekt var gerð?

2. Hver er áætlaður kostnaður við viðgerð hússins eins og það er núna?

3. Eru áform um að húsið verði lagfært þannig að fullur sómi verði að.

Ég held að þetta sé aðeins spurning um vilja. Það eru til peningar til að gera þetta. Það voru til peningar til að lagfæra Þjóðminjasafnið. Það voru til peningar í Þjóðmenningarhúsið. Og ef við lítum hér til lofts og til veggja sjáum við að í Alþingishúsinu hefur nánast verið gert kraftaverk á örfáum árum. Ég man hvernig húsið var þegar ég kom hingað fyrst sem þingmaður árið 2003. Þá var pússningin að hrynja hér úr loftinu en núna er húsið eins og nýtt, bæði að innan og utan. Eins og ég segi, vilji er allt sem þarf, og ég spyr: Er þessi vilji fyrir hendi hjá ríkisstjórninni?

[13:23]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson spyr í fyrsta lagi: „Hefur verið gerð úttekt á ástandi Þjóðleikhússbyggingarinnar“

Úttektir hafa verið gerðar á ástandi Þjóðleikhússbyggingarinnar m.a. í tengslum við fjárlagagerð. Síðastliðið haust vann Gunnar Torfason ráðgjafarverkfræðingur skýrslu sem ber heitið Lauslegt yfirlit yfir ástand Þjóðleikhússins og stöðu og þróun. Jafnhliða hefur Þjóðleikhúsið einnig ráðið til sín þýskt ráðgjafarfyrirtæki um tæknilega og faglega úttekt og þarfagreiningu. Áætlað er að það skili skýrslu í apríl.

Í öðru lagi: „Hver er áætlaður kostnaður við viðgerð hússins?“

Samkvæmt stöðuúttekt Gunnars Torfasonar ráðgjafarverkfræðings síðastliðið haust er áætlaður viðgerðarkostnaður um 1.600 millj. kr.

Í þriðja lagi: „Eru áform um að húsið verði lagfært svo fullur sómi verði að.“

Stefnt er að því að gera við Þjóðleikhúsið. Í fjáraukalögum 2005 voru veittar sérstaklega 250 millj. kr. til viðhalds og stefnt er að því að ljúka viðhaldi utan húss á Þjóðleikhúsinu. Í framhaldinu verður einnig unnið að öryggismálum og öðrum viðhaldsverkefnum innan húss eftir því sem fjárveitingar heimila hverju sinni.

Ég get að mörgu leyti, frú forseti, tekið undir orð hv. þingmanns áðan. Ég tel ástand hússins til vansa. Við verðum líka að hafa í huga sögu endurbyggingar þeirra húsa sem hv. þingmaður kom líka inn á, að það er einfaldlega svo að þessu hefur verið forgangsraðað með ákveðnum hætti. Farið var í endurbætur á Þjóðminjasafninu og nú er því lokið. Einnig var farið í endurbætur á Þjóðmenningarhúsinu og því er lokið. En það er alveg ljóst í mínum huga að Þjóðleikhúsið á að verða næst í röðinni og það þarf að gera það vel og sómasamlega. Hins vegar eru líka uppi mjög metnaðarfullar hugmyndir af hálfu núverandi þjóðleikhússtjóra um m.a. viðbyggingu við Þjóðleikhúsið.

Eins og ég gat um áðan, frú forseti, er áætlaður kostnaður við viðgerð hússins 1.600 millj. kr. en áætlaður kostnaður við hugsanlega viðbyggingu er upp á 1,5–2 milljarða kr. Við erum því ekki að tala um neina smápeninga ef við ætlum að horfa á heildarmyndina og meta það svo að rétt sé að byggja við Þjóðleikhúsið. Menn geta síðan hafa skiptar skoðanir á því hvort það sé rétt. En þetta er engu að síður mikilvægur þáttur sem ég tel nauðsynlegt að fara yfir í samhengi við viðgerðina sem mun eiga sér stað. Búið er að tryggja 250 millj. og í ráðuneytunum stendur núna yfir undirbúningur við fjárlagagerð. Við munum að sjálfsögðu líta sérstaklega til þess sem er brýnt og það er brýnt að gera við Þjóðleikhúsið. Það er öllum ljóst, sérstaklega þeim sem ganga bæði um húsið og fyrir framan húsið

[13:26]

Jón Kr. Óskarsson:

Virðulegi forseti. Frá æskuminningu minnist ég þess að á stríðsárunum voru sandpokar allt í kringum Þjóðleikhúsið. Ég minnist þess líka, skömmu eftir stríð, þegar Þjóðleik-

húsið var opnað og hversu stoltur maður var að fara inn í þetta hús. Maður var gagntekinn af tilfinningu um hvað það væri stórkostlegt að upplifa þetta hús og manni sárnar því hvernig komið er fyrir Þjóðleikhúsinu í dag. Þess vegna hvet ég hæstv. menntamálaráðherra til að gera almennilega úttekt á þessum málum og framkvæma þá viðgerð sem nauðsynleg er.

[13:27]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. menntamálaráðherra að hún telji að nú sé röðin komin að Þjóðleikhúsinu. Ég er alveg hjartanlega sammála.

Síðasti ræðumaður, hv. þm. Jón Kr. Óskarsson, fór í raun og veru mjög vel yfir hvað þessi merka bygging þýðir fyrir þjóðina. Hvað hún hefur þýtt fyrir þjóðina, bæði á veg hennar til sjálfstæðis en líka eftir að hún öðlaðist fullveldi. Við ættum alls ekki að gera lítið úr því að þetta hús skipar mjög ríkan og mikilvægan sess í þjóðlífinu, ekki bara í menningarlífinu heldur í sjálfri þjóðarvitundinni.

Því tel ég að fara ætti strax í að útbúa áætlun um hvernig þetta hús verði gert upp svo fullur sómi verði að. Hvort reisa eigi einhverja viðbyggingu upp á 1,5–2 milljarða er svo aftur allt annað mál og eflaust má setja einhver spurningarmerki við það, því að ég veit ekki betur en að fara eigi í að reisa mikla menningarhöll á hafnarbakkanum í Reykjavík aðeins steinsnar frá Þjóðleikhússbyggingunni.

Ég tel brýnast að farið verði í að gera við Þjóðleikhúsið þannig að það fái á ný þá reisn sem það á skilið og að við gerum það almennilega. Að við hættum slíkum smáskammtalækningum að setja í það einhverjar smáupphæðir á fjárlögum hvers árs, heldur verði þetta einfaldlega verkefni sem farið verði í með skipulegum hætti, með ákveðnum tímaramma með svipuðum hætti og gert var með Alþingishúsið, Þjóðmenningarhúsið og Þjóðminjasafnið.

Látum vera þó að það kosti einhverja peninga. Látum vera þó að það kosti 1,5–2 milljarða að gera þetta. Stundum er það bara þannig að það kostar peninga að vera fullvalda þjóð.

Umræðu lokið.

Styrkir til kjörforeldra ættleiddra barna.

Fsp. HlH, 522. mál. — Þskj. 764.

[13:30]

Fyrirspyrjandi (Hlynur Hallsson):

Frú forseti. Ég beindi fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra um styrki til kjörforeldra ættleiddra barna frá útlöndum. Nú er rúmlega mánuður síðan ég lagði þá fyrirspurn fram og hafa ýmsir hlutir gerst í millitíðinni og reyndar mjög ánægjulegir hlutir.

Fyrst ber að telja framlagningu þingsályktunartillögu hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur og átta annarra þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Framsóknarflokks. Reyndar var það í þriðja skiptið sem sú þingsályktunartillaga var lögð fram þinginu og í þetta skipti var henni beint til hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Síðan komu ánægjuleg tíðindi úr félagsmálaráðuneytinu þar sem fyrrverandi hæstv. félagsmálaráðherra lagði fram tillögu um stuðning við kjörforeldra ættleiddra barna frá útlöndum á ríkisstjórnarfundi. Það er hins vegar full ástæða til að fá þessa umræðu inn í þingið.

Síðustu breytingarnar eru auðvitað þær að stólaskipti urðu innan ríkisstjórnarinnar og vil ég óska nýjum hæstv. félagsmálaráðherra til hamingju með nýtt starf og nýtt hlutverk. Er ágætt að hæstv. félagsmálaráðherra fái þá að svara þessari fyrirspurn og fara yfir það hvernig standi til að styrkja kjörforeldra ættleiddra barna frá útlöndum, hvort hann geti nefnt einhverjar upphæðir í þeim efnum, hvort við eigum að miða okkur við Norðurlöndin að þessu leyti og hversu langt þessi undirbúningsvinna er komin í ráðuneytinu.

Það hlýtur að teljast sanngjarnt og eðlilegt að íslenska ríkið styrki kjörforeldra til samræmis við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Bent hefur verið á að það að ættleiða barn frá útlöndum kosti á bilinu 1–1,5 millj. kr. Alls staðar annars staðar á Norðurlöndunum styrkir ríkið foreldra til þess að þeir eigi jafnan kost á að geta ættleitt börn vegna þess að 1–1,5 millj. kr. er há upphæð og auðvitað ekki á færi tekjulágra foreldra.

Þetta mál virðist vera í nokkuð góðum farvegi en mér þætti vænt um að fá svör frá hæstv. félagsmálaráðherra við þessum spurningum.

[13:33]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa frumkvæði að því að taka þetta mál upp. Fyrirspurnin er tvíþætt og lýtur annars vegar að því hver sé afstaða félagsmálaráðherra til þess hvort styrkja beri kjörforeldra ættleiddra barna frá útlöndum líkt og gert er annars staðar á Norðurlöndum og hins vegar hvort athugun og undirbúningsvinna hafi farið fram í félagsmálaráðuneytinu um málið.

Ég kýs að svara í einu lagi og greina frá því eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda að ríkisstjórnin samþykkti það á fundi sínum þann 17. febrúar sl. að hefja undirbúning að útfærslu greiðslna til foreldra barna sem ættleitt hafa börn erlendis frá. Fráfarandi félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, lagði tillögu þess efnis fram í ríkisstjórn eftir að farið hafði verið yfir málið og menn höfðu komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að vista það í félagsmálaráðuneytinu.

Ég vil jafnframt geta þess að ég eins og aðrir hv. alþingismenn hef að sjálfsögðu kynnt mér fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar um styrki til foreldra til að ættleiða börn frá útlöndum sem þingmenn margra flokka standa sameiginlega að. Við getum verið sammála um að hér er um mikið réttlætismál að ræða. Það snýst um grundvallaratriði í samfélagi okkar, einkum að tvennu leyti: Annars vegar að því sem varðar jöfnuð milli foreldra og barna á Íslandi og hins vegar að því sem varðar réttinn til fjölskyldulífs.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni voru á árunum 1996–2004 alls frumættleidd 180 börn eða að meðaltali um

20 börn árlega. Eins og fram hefur komið, m.a. í greinargerð með fyrirliggjandi þingsályktunartillögu, má áætla að það kosti hverja fjölskyldu eða einstakling um 1 millj. kr. að ættleiða barn frá útlöndum. Fyrir liggur að önnur Norðurlönd hafa til lengri eða skemmri tíma greitt styrki vegna slíkra ættleiðinga og hefur nýlega verið farið yfir það með hvaða hætti þær greiðslur eru. Samkvæmt þeim upplýsingum eru styrkirnir mismunandi á milli landa, allt frá því að vera 144 þús. kr. til þess að nema um 474 þús. kr. vegna einnar ættleiðingar.

Áætlað hefur verið hver kostnaður ríkissjóðs gæti orðið á ársgrundvelli miðað við að árlega yrðu greiddir styrkir vegna ættleiðingar 20 barna frá útlöndum en leiða má líkum að því að ættleiðingum fjölgaði ef væntanlegir kjörforeldrar ættu kost á styrkjum. Það liggur fyrir ef við miðum við hæsta og lægsta styrk á öðrum Norðurlöndum að þá gæti kostnaður ríkissjóðs numið allt frá 2 til tæplega 10 millj. kr. árlega.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, hæstv. forseti, heldur lýsa því yfir að ég tel það mikið réttlætismál að við fylgjum öðrum Norðurlöndum í þessu efni og ríkissjóður greiði árlega ættleiðingarstyrk eins og ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt að gert verði. Ég hef þegar undirbúið skipun fimm manna starfshóps er útfæri í lögum eða reglugerð reglur um styrkina. Starfshópurinn skal fyrir 1. maí nk. leggja fyrir mig tillögu um með hvaða hætti slíkar reglur verði útfærðar, hver verði skilyrði greiðslna og hvar framkvæmd verkefnisins verði best fyrirkomið. Eitt af því sem til skoðunar gæti komið í því sambandi er hvort rétt sé að sams konar reglur gildi um stjórnsýsluna og gilda nú um fæðingarstyrki samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Er miðað við að greiðslur hefjist frá 1. janúar 2007.

Ég mun leggja áherslu á að starfshópurinn líti við útfærslu á framkvæmd m.a. til niðurstöðu fjölskyldunefndar forsætisráðuneytisins sem hefur haft þetta mál til umfjöllunar.

Ég vil ljúka máli mínu með því að ítreka að mér finnst þetta réttlætismál sem varðar jöfnun á rétti til fjölskyldulífs. Hér á meðal okkar á hv. Alþingi og um allt land eru foreldrar og börn sem hafa notið mikillar gleði í kjölfar þeirrar stóru ákvörðunar sem liggur að baki því að leggja land undir fót um langan veg til að ættleiða börn. Við megum ekki gleyma því að við erum jafnframt að færa þessum börnum mjög gott líf til frambúðar. Það finnst mér skipta máli í umræðu um þessi mál þar sem við Íslendingar erum fulltrúar í samfélagi þjóða. Við höfum sýnt það og við viljum sýna það með margvíslegum hætti.

[13:38]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér til að segja frá því að þetta mál var til umræðu í þinginu fyrir ekki mjög löngu síðan. Ef ég man rétt voru það nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar sem voru með þingmál. Ég kom þá upp í ræðustól og lýsti yfir stuðningi við það mál fyrir hönd míns flokks, Frjálslynda flokksins. Nokkru síðar kom þessi frétt um að ríkisstjórnin hefði ákveðið að veita fjármagn í þetta þannig að kjörforeldrar ættleiddra barna gætu fengið greiddan að einhverju leyti þann kostnað sem þeir þurfa að leggja út vegna ættleiðinga. Að sjálfsögðu er hér um að ræða réttlætismál sem hefði átt að vera búið að laga fyrir löngu. Þess vegna vil ég nú, virðulegi forseti, koma hér upp og lýsa því yfir að við í Frjálslynda flokknum fögnum því að þessi ákvörðun hafi verið tekin af ríkisstjórninni og mætti þetta verða fyrirmynd þess að ríkisstjórnin fari að taka fleiri skynsamlegar ákvarðanir, ekki síst hvað varðar félagslegar umbætur í landinu.

[13:39]

Fyrirspyrjandi (Hlynur Hallsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir skýr og greinargóð svör og tek undir með hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að það væri auðvitað óskandi að fleiri þingmannamál hefðu þau áhrif að ríkisstjórnin tæki góðar ákvarðanir, sérstaklega á sviði félagsmála sem ekki veitir af að taka aðeins til í. Öldrunarmálin eru þar t.d. eitt af mjög brýnum málum.

Því miður er það svo að tillögur stjórnarandstöðuþingmanna ná ekki alltaf eyrum stjórnarflokkanna eða hæstvirtra ráðherra en þetta mál er sem betur fer jákvæð undantekning. Hæstv. ráðherra fór ágætlega yfir það hversu mikið réttlætis- og jafnréttismál það er fyrir foreldra ættleiddra barna að njóta einhverra styrkja vegna þess að á sama tíma er verið að spara upphæðir í heilbrigðiskerfinu. Það kostar heilbrigðiskerfið heilmikið að koma með nýjan einstakling í heiminn. Það má til sanns vegar færa að þær upphæðir sparist hér, en auðvitað snýst þetta ekki um tölur, þetta snýst miklu meira um tilfinningar og mannlega hluti og þess vegna er ánægjulegt að þetta mál skuli vera komið í höfn. Ég fagna því og fagna því sérstaklega að tillögur eigi að vera komnar fyrir 1. maí og við getum þá séð fram á bjartari tíma fyrir foreldra ættleiddra barna hér á landi.

[13:41]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem verið hefur um þetta mál og hef í rauninni ekki miklu við svar mitt að bæta. Það var ljóst að höggva þurfti á þann hnút hvar þetta mál ætti að vistast í stjórnkerfinu. Það var gert með góðu samkomulagi ráðherra að vista það undir félagsmálaráðuneytinu og þegar sú ákvörðun var tekin var málið borið fram í ríkisstjórn.

Það er sem betur fer ekkert einsdæmi að ríkisstjórnin taki góðar ákvarðanir og þetta er ein af þeim. Sannleikurinn er sá að það er alltaf verið að taka ákvarðanir á vettvangi ríkisstjórnarinnar sem miða að betra velferðarkerfi í landinu en það er það sem við viljum hafa. Ég veit að í þeim tveimur ráðuneytum sem ég hef verið í, þó að ég hafi ekki verið í öðru þeirra nema einn dag, er stöðugt verið að vinna að tillögum til að bæta það velferðarkerfi sem við búum við og það er vel.

Umræðu lokið.

Styrkir til sjávarútvegs.

Fsp. SigurjÞ, 414. mál. — Þskj. 592.

[13:43]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Það sem ég ætla að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra um varðar opinberan stuðning stjórnvalda við sjávarútveginn. Í fyrra kom út skýrsla sem Hagfræðistofnun háskólans gaf út þar sem kom fram að stuðningur við sjávarútveginn á Íslandi er mjög víðtækur. Það er ekki óalgengt að stjórnvöld taki saman hver stuðningur er við hinar ýmsu atvinnugreinar, t.d. sjávarútveginn. Það mátti t.d. lesa í skýrslu sem Tony Blair gaf út á dögunum að hann mat stuðning breskra stjórnvalda á um 13 milljarða kr. árlega á meðan hagnaður greinarinnar var um 17 milljarðar í Bretlandi.

Það eru mjög athyglisverðar niðurstöður í þessari skýrslu sem kom út í fyrra en þar kemur fram að þegar allur stuðningurinn er metinn þá er hann á bilinu 30 til rúmlega 57 milljarðar kr. Þetta eru gífurlega háar upphæðir. Það er ekki kastað til hendinni í þessum niðurstöðum heldur er unnið þar eftir samræmdum alþjóðlegum reglum sem koma alla leið frá Róm, frá Alþjóðamatvælastofnuninni sem hefur aðsetur þar. Hér er um mjög áhugaverðar niðurstöður að ræða og væri fróðlegt að fá viðbrögð hæstv. ráðherra við þeim og hvort hann sé sammála niðurstöðunum.

En það sem er einkar áhugavert við þessar niðurstöður er það að hæsta upphæðin í kostnaði íslenska ríkisins sem er metin á 22–52 milljarða kr. árlega, eða árið 2002 sem skýrslan tekur til, er úthlutun á veiðiheimildum. Og það sem er líka mjög áhugavert við þetta er að það kemur fram að hagnaður greinarinnar sjálfrar af þessum mikla kostnaði sem ríkið hefur af henni er ekki nema brot af þessu. Hann er um 10% af tekjutapi ríkisins. Hagnaður greinarinnar er metinn á 2,4–4 milljarða meðan kostnaður ríkisins af þessum ókeypis úthlutunum er 24–52 milljarðar. Þetta er mjög sláandi og ég er á því að ef farið væri gaumgæfilega ofan í þessa skýrslu mætti eflaust segja að greinin sjálf beri einnig tjón af þessari úthlutun vegna þess að þetta hefur leitt til aukinnar skuldasöfnunar þannig að allir eru að tapa vegna stuðningsins við greinina árið 2002.

[13:47]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt að ríkisstyrkir í sjávarútvegi eru víða mjög mikið vandamál og við Íslendingar höfum fengið að kenna á því í samkeppni við margar þjóðir sem styrkja sjávarútveg sinn með beinum hætti í ýmsu formi. Við þekkjum þetta bæði frá nágrannalöndum okkar og einnig víða annars staðar frá. Þetta veldur okkur vanda á samkeppnismörkuðum okkar. Við vitum líka að ríkisstyrkir af þessu taginu draga almennt talað úr hagkvæmni og við þekkjum fjölmörg dæmi um það, m.a. hafa Færeyingar vakið athygli mína á þessu að t.d. hafa ríkisstyrkir til sjávarútvegs í nágrannalöndum þeirrar eyþjóðar valdið óeðlilegri sókn í ýmsar sjávarauðlindir sem væri ekki hægt að stunda nema vegna þess að þau fyrirtæki sem hafa notið ríkisstyrks fengu þá meðgjöf frá hinu opinbera.

Það er ekki þannig á Íslandi, íslenskur sjávarútvegur er ekki ríkisstyrktur. Þvert á móti er sjávarútvegurinn burðarásinn í efnahagslífi okkar og hefur dregið vagninn í þeirri efnahagslegu sókn sem hefur átt sér stað alla síðustu öld og það sem af er þessari öld. Eitt af stóru verkefnunum okkar er að standa vörð um fiskveiðiauðlindina og það gerum við með ýmsum hætti. Við greiðum tiltekinn kostnað eins og við sjáum í fjárlögum ár hvert og mér hefur fundist og orðið var við að mikill stuðningur hefur verið við það hér á Alþingi að auka fremur þessar tilfærslur. Menn hafa kallað eftir frekari fjárframlögum til ýmissa ríkisstofnana sem má segja að séu hluti af innviðum sjávarútvegsins, þar á ég m.a. við stofnun á borð við Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og eflaust mætti áfram telja.

Ég tel að hér sé klárlega um að ræða eðlilega innviði samfélagsins og ekki eigi að líta á að þetta séu ríkisstyrkir. Við tökum þátt í að afla upplýsinga fyrir OECD sem reynir að halda utan um þessa hluti þar sem verið er að reyna að átta sig á hver eru framlög til einstakra atvinnugreina og hver kostnaðarþátttaka einstakra atvinnugreina er í rekstri innviða sinna. Samkvæmt þeim reglum sem þar gilda er t.d. tíundað hver upphæðin er vegna sjómannaafsláttarins. Ég hins vegar hafna því algjörlega að um sé að ræða ríkisstyrk til sjávarútvegsins, hér er bara eingöngu um að ræða eðlilegan hluta af skattkerfi okkar. Við greiðum dagpeninga til þeirra sem eru fjarri heimilum sínum og við greiðum sjómannaafslátt til sjómanna.

Sama er ég að segja varðandi ríkisstofnanir sem eru hluti af innviðum sjávarútvegsins. Það er mjög eðlilegt að hið opinbera taki verulegan þátt í þeim rekstri. Við innheimtum að vísu sértekjur líka í gegnum þennan rekstur sem greinin borgar sjálf. Síðan má ekki gleyma því að við vorum með veiðieftirlitsgjald og vorum með þróunarsjóð og ákváðum síðan, eins og menn vita, að taka upp svokallað veiðigjald sem rennur í ríkissjóð sem er sérstakur skattur sem eingöngu er innheimtur af sjávarútveginum en ekki öðrum atvinnugreinum í landinu.

Til viðbótar get ég líka nefnt að við höfum verið á undanförum árum að reyna að auka þróunar- og rannsóknarstarfsemi í landinu, t.d. með styrkjum til hins svokallaða AVS-sjóðs. Ég er alveg sannfærður um að það er mjög skynsamleg ráðstöfun og hef ekki orðið var við annað en að um það sé almenn samstaða í landinu.

Hv. þingmaður kom aðeins inn á það í máli sínu að veiðirétturinn væri ígildi ríkisstyrks. Ég er ekki sammála því, ég lít ekki þannig á að veiðirétturinn sé ígildi ríkisstyrks. Þá gætum við alveg eins sagt sem svo að fullt frelsi til veiða væri líka ómetanlegt og mætti kannski reyna að reikna það líka til ríkisstyrks ef menn vilja á annað borð fara í slíkar æfingar. En ef menn vilja halda sig við þessa skilgreiningu, sem ég er einfaldlega ósammála, þá hljóta menn að líta ævinlega á í fyrsta lagi að veiðiréttur sé þá ríkisstyrkur og beri þá að líta á það sömu sugum hvort sem um er að ræða magnbundinn veiðirétt eða dagabundinn veiðirétt, svo við vísum til annars einstaklingsbundins veiðiréttar. Ég lít ekki þannig á að þetta sé ríkisstyrkur nema síður sé. Þetta er einfaldlega aðferð við að stjórna aðgangi að auðlind okkar og ekki er hægt að líta á það sem ríkisstyrk.

Við mundum líka líta þannig á að ef sú staða væri uppi í rauninni að við gætum leyft ótakmarkaða sókn í einhverja

eða alla veiðistofna yrði að meta það líka til verðmætis því að frelsið til veiðanna væri þá jafnframt, séð út frá þeim sjónarhóli, verðmæti sem mætti reikna út upp á krónur og aura, en ég hafna sem sagt þeirri nálgun.

[13:52]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Oft er talað um að íslenskur sjávarútvegur njóti ekki ríkisstyrkja. Já, er það? Ég held nú að íslenskur sjávarútvegur eða mörg íslensk sjávarútvegsfyrirtæki njóti mjög mikilla styrkja, kannski ekki beint úr ríkissjóði. Þessir styrkir eru hirtir af fátækum leiguliðum sem róa víða um land, mönnum sem búa við fátækt en þurfa að greiða stóran part af tekjum sínum til þeirra sem eiga veiðiheimildirnar. Þessir menn þurfa að hætta lífi, limum, eignum sínum, bátum, veiðarfærum og öðru, oft til að standa skil á skuldbindingum, til að mynda við bankastofnanir, ráða til sín menn, en í landi sitja hinir sem eiga kvótana og hirða af þeim aurinn um leið og þeir koma í land.

Þetta eru ríkisstyrkirnir í íslenskum sjávarútvegi og þetta er stóri smánarbletturinn á íslenskum sjávarútvegi. Þetta er ekkert annað en glæpur.

[13:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það eru margs konar ríkisstyrkir í gangi. Það er auðvitað svo að stofnanir á vegum ríkisins eins og Hafrannsóknastofnun og önnur starfsemi sem er tengd því að hægt sé að gera hér út er meira og minna kostuð af ríkissjóði. Útgerðin í landinu borgar einungis lítinn hluta af þeim kostnaði.

Veiðirétti er líka úthlutað með ýmsum hætti, t.d. vegna þess að einhver byggðarlög hafa farið illa út úr aflasamdrætti. Síðan er aðalaflaheimildunum í landinu úthlutað á þann veg að þau veita þeim forskot sem eru í útgerð gagnvart hinum sem vilja komast þar inn og gefa þeim möguleika á að selja aðgang að auðlindinni. Þarna eru gríðarlegir fjármunir á ferðinni og með því fyrirkomulagi hafa menn lokað greininni þannig að mjög óeðlilegt ástand er og í sjálfu sér er það gjörsamlega óverjandi fyrirkomulag sem ríkisvaldið hefur komið á í landinu.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Það er náttúrlega athyglisvert að hlusta á hæstv. sjávarútvegsráðherra hafna algjörlega alþjóðlegum aðferðum til að bera saman styrki til sjávarútvegs og maður undrar sig á því hvernig hann ætli þá að bera saman styrki, sérstaklega í ljósi þess að Íslendingar eru alltaf að kvarta undan því að aðrar þjóðir styrki sjávarútveg.

Það sem er áhugavert við niðurstöðu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og þessarar skýrslu er að þetta eru gífurlega háar upphæðir og mikill kostnaður sem stjórnvöld hafa af þessu, 57 milljarðar kr. Þetta er eitthvað sem menn verða að ræða. Þessi ókeypis úthlutun er metin á 52 milljarða bara árið 2002, en hún gagnast greininni afar lítið samkvæmt þessu. Segja má að margir þeir sem starfa í greininni, eins og kom fram m.a. hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni, beri kostnað af þessu. Þetta er einfaldlega orðið greininni fjötur um fót og er farið að koma í veg fyrir alla nýliðun í atvinnugreininni og er ráðherra hæstv. til skammar að ætla að ýta því út af borðinu og segja að þetta sé ekki vert að ræða.

Þetta er vandamálið, sérstaklega fyrir vestan. Ungir menn komast ekki inn í greinina vegna þess að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks veitti greininni ekki svo mikinn stuðning heldur þeim aðilum sem voru á ákveðnum tíma starfandi í greininni þannig að engir aðrir komast inn í hana. Þetta er áhugavert. Menn verða að komast til botns í þessu vegna þess að ekki er hægt að búa við þetta lengur.

Þegar aðrar þjóðir eru að meta styrk sinn þá er allt talið með, t.d. kostnaður við að stýra veiðum. Í því kerfi sem hæstv. sjávarútvegsráðherra stendur vörð um hvað fastast er kostnaðurinn alltaf að hækka og hækka við að fylgja eftir þessu ónýta kerfi. (Forseti hringir.) Ég held að það sé komið hátt í milljarð (Forseti hringir.) og það kallast styrkur erlendis við að framfylgja fiskveiðistjórn og atvinnugreininni, frú forseti.

(**Forseti** (DrH)**:** Forseti áminnir hv. þingmann að virða ræðutíma.)

[13:57]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Menn reyna að halda því fram að veiðirétturinn, (Gripið fram í.) eins og honum er úthlutað sé í sjálfu sér ríkisstyrkur. Nú skulum við aðeins velta fyrir okkur samhengi þessara hluta.

Útflutningsverðmæti í sjávarútvegi er í kringum 120–140 milljarðar kr. en veltur auðvitað töluvert á því hvernig gengið er skráð hverju sinni. Síðan eru menn hér að veifa tölum um að það sé til einhver ríkisstyrkur hér á landi sem er upp á nærri helminginn af þessari tölu. Menn sjá auðvitað hversu fáránlegur slíkur samanburður er þegar við höfum það í huga að sjávarútvegurinn er í rauninni að standa undir svo stórum hluta af lífskjörum okkar og þrátt fyrir mikla uppbyggingu á öðrum sviðum er sjávarútvegurinn algjörlega ráðandi í útflutningstekjum okkar þjóðar með ríflegan meiri hluta af heildarvöruútflutningstekjum þjóðarinnar. Við sjáum því að þetta getur ekki gengið upp og þetta stenst auðvitað ekki neina rökræna skoðun.

Menn vissulega velta fyrir sér hvort veiðirétturinn sé styrkur og alveg eðlilegt að við tökum þá umræðu. Við skulum þá reyna aðeins að átta okur á því hvernig menn reikna þetta. Það er þannig að eftir því sem veiðarnar eru hagkvæmari, eftir því sem talið er eftirsóknarverðara að taka þátt í þessum veiðum eykst væntanlega kostnaðurinn við kvótana eða sóknareiningarnar — mér finnst miklu eðlilegra að tala um þetta almennt sem sóknareiningar en endilega kvóta. Þá getum við líka velt fyrir okkur, er það þá þannig að í kerfi sem er mjög óhagkvæmt, þar sem lítil eftirsókn er eftir því að komast inn í útveginn verði þessi styrkur sem því nemur minni? Það er ekki hægt að stunda útgerð t.d. frá Bretlandi nema með beinum ríkisstyrkjum. (**SigurjÞ:** Það er ekki rétt.) Það þýðir einfaldlega að útvegurinn er þá óhagkvæmari og þýðir væntanlega að áhugi manna á að borga fyrir þann rétt með einhverjum hætti verður minni. Þýðir það þá að reikna eigi þennan ríkisstyrk

lægri, þá eigi að meta það þannig að ríkisstyrkurinn sé lægri eftir því sem atvinnugreinin er óhagkvæmari og (Forseti hringir.) minni áhugi á því að starfa innan hennar?

Umræðu lokið.

Áhrif veiða á erfðagerð þorsksins.

Fsp. ÖS, 184. mál. — Þskj. 184.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Lengi hafa verið kenningar um að mikið fiskveiðiálag, sem beinist sérstaklega að fiskum af ákveðinni stærð, geti haft óheillavænleg áhrif á arfgerð þeirra fiska sem verið er að nytja. Þessi kenning byggir á þeirri staðreynd að þegar t.d. Íslendingar veiða þorsk hefur í áranna rás veiðinni fyrst og fremst verið beint að þeim þorski sem er dýrastur og það er sá þorskur sem er stærstur. Það er hins vegar líka sá þorskur sem býr yfir genum sem stýra síðbúnum kynþroska og háum aldri og nokkuð hröðum vexti. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að fyrir utan að þessi fiskur er langverðmætastur í aflanum er hann einnig gríðarlega mikilvægur fyrir nýliðun stofnsins. Stórar hrygnur og gamlar framleiða stærri hrogn og lífvænleiki þeirra er meiri. Rannsóknir hafa sýnt það á öðrum tegundum að stórar hrygnur fæða af sér afsprengi sem eru 3,5 sinnum líklegri til að lifa af og vaxa þrisvar sinnum meira en smærri. Þetta liggur fyrir í vísindalegum textum.

Nú er margt sem bendir til þess að hugsanlega hafi veiðar áhrif á erfðasamsetningu þorksins. Veiðarnar hafa á síðustu áratugum orðið miklu þyngri en áður og fiskveiðiálagið, sérstaklega á stærri hluta þorksins, hefur orðið meira en ella. Í þessu felst í reynd að það á sér stað ákveðið val. Flotinn er í reynd að fjarlægja með veiðum sínum hlutfallslega meira magn af fiski sem býr yfir genum sem leiða til síðbúins kynþroska og stórra fiska en eftir er skilinn fiskur sem hefur samkvæmt genasamsetningu eðli til þess að verða smærri og líka til að fæða af sér smærri hrogn og þar með ungviði sem er ekki eins líklegt til þess að komist á legg. Ef rétt er, ef þessi þróun er í gangi eru áhrifin á afrakstur stofnanna líkleg til þess að verða með tvenns konar hætti neikvæð.

Í fyrsta lagi, þegar fram í sækir munum við veiða fisk sem er smærri og verður kynþroska fyrr og lifir skemur. Jafnframt erum við að fjarlægja þann stóra fisk sem hefur lengt hrygningartímabilið og þar af leiðandi gert það líklegra að hrygningin nái árangri. Í þriðja lagi erum við að framleiða fisk sem býr til lélegri undanælingja.

Því hef ég spurt hæstv. ráðherra hvort hann telji að vísbendingar séu (Forseti hringir.) um að veiðarnar á þorski hafi hugsanlega breytt erfðum stofnanna þannig að fiskur verði kynþroska fyrr en áður (Forseti hringir.) og vaxi hægar. Ef svo er, hvort hann telji að það hafi áhrif á afrakstur stofnanna til frambúðar.

[14:03]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 1. þm. Reykv. n. fyrir ákaflega athyglisverðar og mikilvægar spurningar og enn fremur fyrir ræðuna þar sem hann fylgdi spurningum sínum úr hlaði. Ég held að ýmsar af þeim vangaveltum sem hv. þingmaður var hér með eigi mikið erindi inn í umræðuna, sem er svo mikilvæg og menn hafa verið að taka upp með ýmsum hætti nú nýlega m.a. í viðtali við Jónas Bjarnason í Morgunblaðinu fyrir skemmstu.

Það er hins vegar mjög erfitt að greina á milli áhrifa umhverfis og erfða á vöxt og kynþroska fiska. Á síðari árum benda rannsóknir til að erfðabreytingar í þorski hafi orðið vegna veiða í stofnum sem hafa verið ofnýttir og hrunið, eins og við austurströnd Kanada. Veiðiálag hefur mikið að segja um hvort og þá hversu hratt slíkar breytingar verða. Það er ljóst að við Ísland hefur veiðiálag verið mun minna en til að mynda við Kanada við Norðursjó og því minni líkur á að slíkar breytingar hafi átt sér stað. Samt sem áður hafa þess sést merki í stofnmælingu botnfiska undanfarin ár að þorskur verði kynþroska nokkru yngri en áður var en vöxtur virðist ekki hafa minnkað að sama skapi. Auk þess hafa erfðafræðirannsóknir bent til þess að íslenski þorskstofninn sé ekki eins einsleitur og áður var talið sem gerir erfiðara að draga alveg einhlítar ályktanir.

Hafrannsóknastofnun hefur hafið átaksverkefni þar sem ætlunin er að skoða söguleg gögn til að meta áhrif veiða á íslenska þorskstofninn. Auk þess er stofnunin að skoða áhrif loðnuframboðs á vöxt þorsks. Jafnframt er unnið að doktorsverkefni við Háskóla Íslands þar sem rannsakaðar eru breytingar í erfðaefni þorsks frá því um 1950. Niðurstöðu þessara verkefna er að vænta á næstu þremur árum og þá liggja væntanlega fyrir ítarlegri svör við ofangreindri spurningu.

Hv. þingmaður spurði enn fremur:

„Ef svo er, hvaða áhrif gæti það haft á afrakstur stofnanna til frambúðar?“

Ef veiðarnar hafa þau þróunarfræðilegu eða erfðafræðilegu áhrif að þorskur vaxi hægar og verði kynþroska fyrr gæti það leitt til minnkaðrar afrakstursgetu stofnsins. Hægari vöxtur leiðir til minni meðalþyngdar við gefinn aldur, sem þýðir að fleiri þorskar fari yfir hvert tonn vegna þess að það verður minnkandi afrakstur á hvern nýliða. Lækkun á kynþroskaaldri leiðir til þess að fleiri þorskar hrygna en áður miðað við sama veiðimynstur en líklega verður afrakstur þeirrar hrygningar minni en hjá stórvaxnari stofni sökum þess að rannsóknir Hafrannsóknastofnunar hafa sýnt að stærri hrygnur hrygna ekki einungis fleiri eggjum heldur einnig lífvænlegri afkvæmum. Þetta er það sem hv. þingmaður lagði einmitt áherslu á í ræðu sinni hér áðan og er algjört lykilatriði

Þannig má gera ráð fyrir að framangreind áhrif gætu einnig leitt til minni nýliðunar og á heildina litið gætu slíkar breytingar því leitt til minni afrakstursgetu þorskstofnsins. Ég undirstrika það að þetta mál og þetta samhengi skiptir auðvitað gríðarlega miklu máli. Á undanförnum missirum og fáeinum árum hefur verið reynt að bregðast við þessu. Við sem höfum setið í sjávarútvegsnefnd Alþingis og fengið reglulega fyrirlestra um ýmis mál tengd þessu frá ýmsum

aðilum, ekki síst frá Hafrannsóknastofnun, höfum séð það sem er algerlega óyggjandi: Hvaða skoðun sem menn hafa annars á því hvort eðlilegt hefði verið að auka eða minnka veiðiálagið frá því sem verið hefur undanfarin ár þá er alveg ljóst að við höfum gengið allt of nærri stærsta þorskinum. Það blasir við þegar við skoðum þetta í tiltölulega stuttu eða löngu sögulega samhengi, við höfum gengið of nærri stærsta þorskinum.

Menn hafa gripið til ýmissa ráða, bæði til hrygningarstopps eins og menn þekkja og ekki síst hefur reglunum um hámarksmöskvastærð verið breytt og hún minnkuð. Það hefur auðvitað dregið úr sókninni í stærsta þorskinn. Ég bendi á að formaður Sjómannasambands Íslands fjallar um þessi mál, reyndar af allt öðru tilefni og í öðru samhengi, í nýjustu Fiskifréttum og vekur einmitt athygli á því að sóknin í þennan stærsta þorsk hafi minnkað á undanförnum vertíðum, getum við sagt, einni eða tveimur vertíðum, vegna þessara ákvarðana sem þegar hafa verið teknar. Ég tel þetta skynsamlegt. Ég mun halda því áfram að beita þessum reglum um hámarksmöskvastærðina, m.a. sem lið í því að bregðast við þessu máli sem ég tel að skipti mjög miklu.

Það skiptir líka miklu fyrir okkur að við leggjum aukna áherslu á þessa erfðafræðilegu þætti. Við höfum verið að byggja upp í landinu mikla erfðafræðilega þekkingu, bæði innan Hafrannsóknastofnunar og síðan hjá ýmsum sjálfstæðum fyrirtækjum eins og t.d. Íslenskri erfðagreiningu og Procaria, svo ég nefni bara tvö dæmi um fyrirtæki sem hafa aflað sér mikillar þekkingar á þessu sviði. Það væri ekki óeðlilegt að við reyndum að kalla eftir viðhorfum þeirra til þessara mála og ég t.d. vænti þess að þær hugmyndir sem ég ætla að hrinda í framkvæmd á næstu vikum, um auknar rannsóknir utan Hafrannsóknastofnunar, geti m.a. beinst að þessu.

[14:08]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég er á því að þessi umræða um erfðafræðina sé á algerum villigötum. Ég segi það vegna þess að menn hafa séð að þorskur í Breiðafirðinum hefur verið hægvaxta en þegar honum hefur síðan verið gefið að éta og hann hefur verið settur í fiskeldisker hefur nánast mátt horfa á hann stækka þannig að ekki hafa erfðirnar verið að þvælast fyrir honum þar.

Hins vegar verða hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn að íhuga þversögnina sem felst í því að stærstu hrygnurnar komi alltaf á legg lífvænlegustu hrygnunum. Hvað ætti það að þýða í erfðafræðilegu samhengi? Við ættum ekki að hafa áhyggjur af þessu vegna þess að þær stóru sem hrygna munu auðvitað hafa árangur sem erfiði og koma sínum afkvæmum á legg á meðan minni ná ekki árangri.

Hins vegar verða menn að gæta að því að þegar og áður en fiskur kemur inn í veiðarnar þá virka aðrir þættir, þá virka náttúruleg afföll. Áður en fiskur kemur inn í veiðarnar virka þau eingöngu og ekki veiðarnar. Þá er ekkert stærðarval.

[14:09]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér fannst svar hæstv. sjávarútvegsráðherra bera merki um það að í þessum efnum er endalaust blaðrað en ekkert gert. Við höfum gengið of nærri stærsta þorskinum, það er að vísu alveg rétt. En hverjir skyldu það hafa verið sem bera ábyrgð á því? Það eru sjávarútvegsráðherrar Sjálfstæðisflokksins. Forveri núverandi ráðherra lét veiða niður hrygningarstofn þorsksins, fletja hann út í saltfisk og troða honum ofan í kavíartúbur. Það er það sem gerðist og það eru ekki mörg ár síðan. Fyrir það reisti sá ráðherra sér ævarandi níðstöng. Loksins þegar okkur tókst að byggja upp hrygningarstofn þorsksins fóru þeir af stað í taumlausri græðgi og stútuðu honum. Síðan hefur hann verið í sárum og verður það sjálfsagt áfram.

Mér finnst þetta ekkert voðalega flókið. Fiskurinn verður kynþroska fyrr vegna þess að honum líður illa, hann hefur ekki nógu mikið æti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hlýtur að vita það eins og ég og hann veit það. Ég veit að hann veit að þegar dýrum líður illa sjá þau fram á að þau muni ekki lifa neitt voðalega lengi og hvað gera þau þá? Þau ákveða að reyna að fjölga sér til að koma genunum áfram og það er nákvæmlega þetta sem er að gerast.

[14:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér hafa menn talað töluvert um netaveiðarnar í því samhengi að þar hafi verið tekið eitthvað á málum. Nú hefur dregið verulega mikið úr netaveiðum við landið þannig að áhrifin af því að nota aðra möskvastærð í netaveiðum eru minni en þau hafa verið áður. Við vitum líka af því að mat á því á hvaða veiðislóðum fiskiskipin eru hefur verið mjög glöggt á undanförnum árum og stóru útgerðarfyrirtækin og kannski þau smærri líka hafa sent stóru fiskiskipin norðaustur af landinu til að hirða upp stærsta fiskinn þar þannig að það er ekki lát á sókn í stærsta fiskinn við landið þó svo menn hafi loksins komið auga á að breyta ætti möskvastærðinni. En það hafði verið talað um það á bryggjunum í tíu ár áður en það rann upp fyrir mönnum í stjórnkerfinu að það yrði að gera eitthvað í málunum. Ég ætla að vona að hæstv. sjávarútvegsráðherra láti náttúruna njóta vafans og bíði ekki endalaust eftir rannsóknum heldur reyni að gera eitthvað í málunum sem allra fyrst.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra: Við höfum gengið allt of nærri stærsta fiskinum. Það var líka efnislegt inntak þess sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði hér áðan.

Það skiptir miklu máli varðandi nýliðun að hafa góða aldurs- og stærðardreifingu í þorskinum vegna þess að mismunandi gamlir og stórir þorskar hrygna á mismunandi tímum og því eru meiri líkur á að við fáum góða dreifingu í hrygningunni og einhver hluti hennar falli að æskilegum blóma í hafinu þannig að nýliðunin verði góð.

Hæstv. ráðherra sagði að það hefði komið fram í gögnum Hafró að kynþroskahlutfallið hefði farið lækkandi og það er staðreynd og það er áhyggjuefni. Það hefur gerst út um allt Norður-Atlantshaf. En hann sagði líka að af þeim gögnum mætti ætla að vöxtur hefði ekki orðið hægari. Ég veit ekki hvað ég vil segja um það en í skýrslu nefndar um

líffræðilega stjórnun fiskveiða, sem var gefin út deginum fyrir afmælisdaginn minn árið 2004, segir svart á hvítu að meðalaldur og meðalþyngd einstaklinga í afla hafi farið lækkandi. Þar er það svo staðfest sem við sögðum báðir að jafnframt hefur orðið veruleg fækkun í elstu aldurshópum hrygningarstofns. Þetta skiptir mjög miklu máli. Orð hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar voru auðvitað ekki út í loftið en það er hins vegar rangt hjá honum að nálgast þetta einungis út frá umhverfisaðstæðum, þ.e. framboð á fæðu. Þetta ræðst af tvennu: Af erfðum og umhverfisaðstæðum. Ef við erum að breyta öðru, þ.e. erfðum, hefur það einhvers konar afleiðingar. Ef við erum að fjarlægja úr stofninum þau gen sem stýra síðbúnum kynþroska og hröðum vexti og skilja eftir gen sem stýra snemmbúnum kynþroska og hægum vexti þá erum við að búa til stofn sem fjölgar sér ekki nægilega og gefur þar að auki miklu minna af sér á hvern veiddan fisk en áður. Þetta er hættan.

[14:14]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég er satt að segja ekki viss um hvort ég bæti mikið umræðuna þó ég reyni að kveða upp úr um það hvor hafi betur í þessari umræðu, erfðafræðingar eða einhverjir aðrir. Ég held hins vegar að það blasi einfaldlega við það sem ég var að segja. Það er augljóst mál að við gengum of nærri þessum stærsta fiski í sókninni. Það er hins vegar fortíð. Núna erum við að reyna að stýra veiðunum og draga úr þessari sókn með ýmsum hætti.

Það er hins vegar algerlega hárrétt, sem hv. 2. þm. Norðvest. sagði áðan, að við megum ekki eingöngu einblína á netaveiðarnar. Netaveiðarnar hafa minnkað mjög mikið á undanförnum árum af ýmsum ástæðum og það er enginn vafi á því að nýjustu ákvarðanir okkar um það að draga úr hámarksmöskvastærð hafa líka þau áhrif að netaveiðarnar verða erfiðari. Það sjáum við m.a. allar tölur um.

Það er ekki rétt að það sé ekkert lát á sókn í stærsta fiskinn. Það hefur dregið úr því. Það sjáum við bara á tölum og það heyrum við líka á ummælum þeirra sem fylgjast með þessum málum frá degi til dags. Hins vegar þýðir það ekki að við eigum ekki að hyggja að öðrum málum, t.d. eins og fæðuframboðinu sem ég hygg að við ræðum á eftir. Þó að við reynum að hafa áhrif á sókn í stærsta fiskinn þýðir það ekki að við eigum ekkert að hyggja að fæðuframboðinu. Við þurfum að hafa í huga mjög fjölþætt atriði þegar við ræðum fiskveiðistjórnarmál, sóknarmynstrið, sóknargetuna, sóknarþungann, hvernig við göngum um auðlindina gagnvart smæsta fiskinum, hvernig við gerum það gagnvart stærri fiskinum og hvernig við tryggjum að fæðuframboðið sé sem stöðugast og jafnast þannig að fiskurinn hafi nægilegt að éta og viðhaldi sér þannig.

Umræðu lokið.

Útræðisréttur strandjarða.

Fsp. SigurjÞ, 491. mál. — Þskj. 723.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég hreyfi hér við máli sem skiptir landsbyggðina og bændur landsins mjög miklu og ég hef áður spurt hæstv. landbúnaðarráðherra þessara spurninga. Hann brást hinn versti við og vildi vísa málinu frá sér, vísaði m.a. á hæstv. sjávarútvegsráðherra og jafnvel fjármálaráðherra. Svo heit kartafla var þetta að hann vildi alls ekki koma nálægt henni.

Þetta er spurning sem varðar hvort virða ætti útræðisrétt strandjarða. Ef allt væri með felldu þá væri þetta spurning sem sjálfstæðismönnum væri annt um að svara, þ.e. hvort virða ætti eignarréttinn. Það er verið að böðlast við að færa eignarrétt á hinum og þessum hlutum, m.a. á vatni og meira að segja í föstu og fljótandi formi, en ég vil spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra: Hyggst hann virða útræðisrétt, beita sér fyrir því að útræðisréttur strandjarða verði virtur á ný? Ef þessari spurningu yrði svarað játandi yrði það örugglega lyftistöng fyrir margar byggðir landsins og ég tala ekki um í okkar ágæta kjördæmi, Norðvesturkjördæminu og menn mundu taka því fagnandi ef svarið yrði já. Ég býst ekkert endilega við að fá skýrt svar. Það verður örugglega út og suður eins og hæstv. ráðherra er oft tamt að svara. Það koma sjaldnast skýr svör þegar verið er að ræða um erfðafræðina eða styrki, samanber umræðu sem fram fór í dag. En það má reyna hvaða svör við fáum.

Það mátti lesa athyglisverða grein um málið á síðum eins dagblaðanna í vikunni, á sunnudaginn eftir Ómar Antonsson, þar sem hann líkti þessu ástandi sem nú ríkir við algera eignaupptöku, að með kvótalögunum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið vörð um hafi eignarrétturinn verið tekinn af bændum. Ég vil fá skýr svör um hvort menn ætla að láta hér við sitja eða hvort virða eigi eignarrétt bænda í þessum málum. Mér finnst að menn ættu að sjá sóma sinn í því.

Ég er á því að þetta sé ekki mál sem mundi raska kvótakerfinu svo mjög, þessu kerfi sem kvótaflokkunum er svo annt um, en þó virðast þeir vera hræddir við einhverjar glufur ef menn fái að sækja þorsk eða hrognkelsi í fjöruborðið hjá sér þá geti það mögulega orðið sú þúfa sem velti úr sessi þessu óréttláta kerfi. Ég segi bara að farið hefur fé betra, ef sú verður raunin.

[14:19]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr mig spurningar:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að útræðisréttur strandjarða verði virtur að nýju?“

Í umræðu um þessi mál er því stundum haldið fram að með lögum um stjórn fiskveiða frá 1984 hafi strandjarðir verið sviptar rétti umfram aðra. Það er hins vegar vafasöm fullyrðing. Frá upphafi byggðar hér á landi voru veiðar utan netlaga öllum heimilar. Þegar ákveðið var í upphafi árs 1984 að taka upp nýja skipan við stjórn fiskveiða var ákveðið hér á Alþingi að veiðiheimildir skyldu bundnar við fiskiskip en ekki jarðeignir, hafnir eða byggðarlög. Hafi

jarðeigendur gert út báta á þeim tíma sem lagður var til grundvallar við úthlutun veiðiheimilda þá hafa þeir fengið úthlutun í samræmi við aflareynslu báta sinna. Ekkert er því til fyrirstöðu að bændur rói frá jörðum sínum og það viðurkennt að þeir einir geti stundað veiðar innan netlaga jarða sinna, hafi þeir til þess nauðsynlegar veiðiheimildir eða fiskveiðirétt að öðru leyti. Annað mál er að hér virðist ekki ljóst hver netlög séu þegar til fiskveiða koma. Það hafa gengið dómar sem gera það að verkum að spurningin um hver þessi netlög séu er enn þá uppi að því er mér sýnist og þegar ég fer yfir ræðu hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar þá er mér alls ekki ljóst nákvæmlega hvaða útræðisrétt hv. þingmaður er að tala um. Er hann að tala almennt um að eigendur strandjarða hafi sérstakan fiskveiðirétt í landi okkar eða er hv. þingmaður að tala um að þessi fiskveiðiréttur nái eingöngu til veiða innan netlaga?

Það er alveg ljóst að þeir sem hafa gagnrýnt þessi mál út frá sjónarhóli eigenda sjávarjarða hafa beitt tvenns konar rökum. Það hefur m.a. komið fram í málflutningi tiltekinna lögfræðinga að þeir hafa haft uppi algerlega tvö sjónarmið í þessum efnum. Annars vegar eru þeir sem hafa sagt sem svo: Það er þannig að þeir sem eru eigendur strandjarða eða sjávarjarða eiga rétt til veiða innan netlaga sinna alveg án tillits til þess hvort þeir eru með grásleppuleyfi eða hvort þeir eru með kvóta eða annan fiskveiðirétt. Svo eru aðrir sem halda því fram að núverandi fyrirkomulag sé brot á mannréttindum og að þetta sé eignaupptaka vegna þess að bændur á sjávarjörðum eigi miklu víðtækari atvinnuréttindi en sem þessu nemur. Þetta er það sjónarmið sem mér sýnist menn halda mjög fram núna, þ.e. að eigendur sjávarjarða í landinu eigi almennan fiskveiðirétt út frá jörðum sínum og það sé þá ekki bundið við netlögin. Þetta er auðvitað miklu stærra mál sem gæti haft veruleg áhrif, eins og hv. þingmaður sagði áðan, ef menn gætu átt sjálfstæðan rétt langt umfram fiskveiðirétt innan netlaga sinna.

Það var hins vegar athyglisvert að hv. þingmaður talaði um eignarrétt í þessu sambandi og hann lítur greinilega þannig á að rétturinn til fiskveiða sé þar með eignarréttur. Hann er ekki að tala um atvinnuréttindi, eins og til að mynda prófessor Sigurður Líndal hefur talað um í þessu sambandi. Hann er að tala um miklu víðtækari réttindi. Hv. þingmaður talaði algerlega fortakslaust og án þess að hafa neina fyrirvara á því að um eignarrétt í þessu sambandi (**SigurjÞ:** Ætlarðu að svara þessu eða ekki?) og ég hef verið að svara spurningunni, hv. þingmaður. Hv. þingmaður telur hins vegar að líki honum ekki svarið og sé ekki sammála því þá sé það ekki svar. En hv. þingmaður verður að átta sig á því að það kunna að vera uppi álitamál í þessum efnum og ég var einfaldlega að rukka hv. þingmann um að hann reyndi t.d. að útskýra fyrir mér þessa einföldu spurningu sem ég hélt a.m.k. að menn ættu að geta gengið út frá að væri forsendan í umræðunni, hvort við værum að tala um fiskveiðirétt sem hv. þingmaður talar algerlega undanbragðalaust um sem eignarrétt, en það eru nokkur tíðindi í þessari umræðu að eignarrétturinn, sem hann kallar svo, nái ekki bara til veiða í netlögum heldur sé líka hinn almenni veiðiréttur ef menn eiga sjávarjarðir. Ég tel því að það sé ekki ástæða til að breyta þeirri framkvæmd sem hefur verið og svarið verður þá væntanlega mjög skýrt, er það ekki, hv. þingmaður? Ég tel að þau lög sem núna gilda geri það að verkum að þeir sem séu eigendur sjávarjarða hafi ekki sjálfstæðan fiskveiðirétt umfram það sem almenn lög og reglur kveða á um.

[14:24]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Réttur strandjarða til að nýta fiskveiðihlunnindi fyrir löndum jarðanna hefur verið til staðar öldum saman og búskapur og búseta í landi hefur byggst jöfnum höndum á lands- og sjávargæðum. Ég tel að ekkert eigi að vera því til fyrirstöðu að strandjarðir fái viðurkenndar veiðiheimildir sem séu bundnar við jörðina, bundnar við búsetu á jörðinni, nýttar af þeim sem þar búa, óframseljanlegar. Séu þær ekki nýttar af viðkomandi ábúanda sofni sá réttur og bíði þangað til annar komi. Það er útilokað að hugsa sér að þarna sé um einhvern framseljanlegan rétt að ræða. Mér finnst þetta vera hinn eðlilegi réttur, að sá sem býr á jörðinni megi stunda sjóinn upp að einhverju ákveðnu marki, (Forseti hringir.) ákveðin aflahlutdeild en óframseljanleg, frú forseti.

[14:25]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég var hissa á að heyra þetta afdráttarlausa svar hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra. Þetta virðist opinbera enn einn ágreininginn innan ríkisstjórnarinnar vegna þess að Framsóknarflokkurinn hefur tekið alveg afdráttarlaust af skarið í þessum efnum. Hann telur að það eigi að virða útræðisrétt strandjarða.

Ég er þeirrar skoðunar líka. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða fornan rétt sem menn hafi nýtt sér og hann eigi að vera bundinn við þessar jarðir. Hann á að vera bundin við búsetu og hann á ekki að vera framseljanlegur. Þetta finnst mér. Mér finnst jafnframt að það komi vel til greina að setja einhvers konar takmarkanir á það hvers konar útvegur er stundaður frá slíkum jörðum og hversu aflmikill hann er en rétturinn er fyrir hendi. Hann var tekinn af mönnum með kvótakerfinu og ég tel að hægt sé að færa full rök fyrir því að þar hafi eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar verið brotið. Það þyrfti ég að gera í miklu lengra máli. En ég tel sem sagt að þennan rétt, útræðisrétt strandjarðanna, eigi að virða.

[14:26]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Á leið minni til þings í morgun ók ég í gegnum jörðina þar sem ég ólst upp að stórum hluta, þar sem afi minn og amma bjuggu en frændfólk mitt byggir í dag. Þetta er Innri-Hólmur í Innri-Akraneshreppi við norðanverðan Hvalfjörð, jörðin þar sem Hvalfjarðargöngin koma upp. Í fjörusteinunum voru tvær trillur að veiða, stórar trillur, ein stór netatrilla og síðan ein línutrilla að mér sýndist. Þá varð mér hugsað til þess hvers vegna ættingjar mínir ættu ekki neinn rétt til að nýta þessa náttúruauðlind. Það hefur flætt fiskur inn í Hvalfjörð á undanförnum árum. Hvar er til að mynda frumbyggjarétturinn í þessu öllu saman? Af hverju má fólk sem á sjávarjarðir, jarðir sem liggja að sjó og þá jafnframt oft og tíðum að fiskimiðum, ekki fá

rétt til að nýta þessar náttúruauðlindir?

Auðvitað var þetta ekkert annað en eignaupptaka og þjófnaður sem átti sér stað þegar kvótalögin voru samþykkt á sínum tíma. Þessi eignaupptaka og þjófnaður hefur verið færður í verk kerfisbundið allar götur síðan þá en að sjálfsögðu er kominn tími til að hnekkja þessu og virða hin fornu réttindi. Að sjálfsögðu. Og það verður gert um leið og við verðum búin að sparka núverandi ríkisstjórn frá völdum.

[14:27]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér áður áttu stórbændur útræðið. Nú eiga sjóbændur útræðið. Rétturinn var tekinn af öllum öðrum. Hann var tekinn af þeim sem eiga sjávarjarðir en hann var líka tekin af þeim sem búa við ströndina og höfðu haft rétt til að stunda sjóinn í gegnum tíðina frá því að stórbændaveldinu var hnekkt á sínum tíma. Að stjórnvöld á Íslandi skyldu ekki gæta jafnræðis þegar þessu fiskveiðikerfi var komið á verður mönnum ævinlega til skammar í sölum Alþingis. Það er það sem vantar inn í þetta fiskveiðistjórnarkerfi, að koma á einhverju jafnræði til að nýta þessa auðlind og þá eiga þeir sem búa við ströndina, eiga sjávarjarðir og vilja nýta sjósóknina að fá að sitja við sama borð til að nýta hana, en ekki að búa við slíkt lokað einokunarkerfi sem lokar fyrir alla nýliðun eins og við búum núna við.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Það er að mörgu leyti sorglegt að heyra fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, hæstv. ráðherra taka hér til máls, flokks sem einhvern tíma kenndi sig við einkaframtak að hann skuli vera hér í þeim sporum að meina mönnum að bjarga sér, meina mönnum að róa út frá jörðum sínum og reyna að koma í veg fyrir að þeir nýti eignarlönd sín.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að þessu máli má skipta í tvennt: Annars vegar réttinn til að nýta eignarlöndin, 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði og síðan rétt til að sækja enn lengra, frá fornu fari. Ég er á því að það sé lágmarkið að Sjálfstæðisflokkurinn virði að bændur geti veitt í fjöruborðinu hjá sér. Mér finnst það vera alveg út úr öllu korti að menn séu að bera við einhverju kerfi, kvótakerfi, einhverju haftakerfi til þess að meina mönnum að nýta eignarlönd sín. Mér finnst það með ólíkindum. Þetta kerfi var fundið upp til fiskverndar og til að byggja upp fiskstofna en raunin hefur verið önnur. Niðurstaðan er sú að þorskaflinn er helmingi minni nú en fyrir daga kerfisins þannig að árangurinn er enginn og það á að nota þetta kerfi sem afsökun í að berja á fólki sem vill bjarga sér í hinum dreifðu byggðum landsins. Mér finnst það vera ömurlegt spor sem hæstv. ráðherra er í.

Hann nefnir hér að kvótinn hafi verið bundinn á fiskiskip. Þetta er alveg með ólíkindum og það má velta því upp vegna þess að við erum að ræða landbúnaðarmál hvort kvótinn í landbúnaði eigi að vera bundinn traktorum. Eigum við ekki að fara að tala um þessi mál af einhverri skynsemi og reyna að finna einhverja lausn á þessu í stað þess að vera bundinn í kvóta bæði á höndum og fótum?

[14:31]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það getur vel verið að útræðisrétturinn yrði bundinn við traktorana á jörðunum. En þessi umræða hefur að mínu mati varpað ljósi á það, þegar menn ræða málið án upphrópana og sleggjudóma, að jafnvel þeir sem tala um þennan útræðisrétt séu ekki alveg vissir í sinni sök þegar kemur að því að reyna að ræða þetta út í hörgul.

Fyrst töluðu menn þannig að þetta væri tiltölulega einfalt mál, útræðisrétt án hliðsjónar af því hvort við værum að tala um útræðisrétt innan netlaga eða hvort við værum að tala almennt um fiskveiðirétt út frá jörðum. Þannig gæti t.d. maður, sem ætti fyrirtækið Lífsval, keypt jörð sem lægi vel við sjó. Hann fengi þar með rétt til almennra fiskveiða í landinu. Auðvitað kom það í hug hv. þingmanna sem hér voru að tala að slíkt mundi ekki geta gengið heldur yrði að setja inn einhverjar aðrar reglur sem gerðu það að verkum að útræðisrétturinn yrði þegar í stað takmarkaður. Það sem hv. þingmenn voru að tala um var mjög takmarkaður fiskveiðiréttur, fiskveiðiréttur eins og hv. þm. Jón Bjarnason var að tala um, sem væri bundinn við búsetuna, bundinn við tiltekna sókn eða, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði, bundinn við veiðarfæri eða aðra hluti.

Um leið og við förum að ræða þessi mál af alvöru, sem við þurfum auðvitað að gera. Þegar til umfjöllunar eru stórmál sem lúta bæði að eignarréttinum og atvinnuréttinum og stöðu einstakra jarða þá verðum við að gera þær kröfur til hv. þingmanna að þeir leggi á sig að hugsa þessi mál til enda, þótt ég viti að stundum er það erfitt fyrir menn sem gera fyrst og fremst út á það í stjórnmálum, að tala með gaspurslegum hætti og vilja ekki koma að kjarna málsins.

En það sem blasir við og stendur upp úr (**SigurjÞ:** Þú vilt engu breyta.) er að hv. þingmenn (Forseti hringir.) Sigurjón Þórðarson, Jón Bjarnason og Össur Skarphéðinsson hafa allir litið þannig á að (Forseti hringir.) fiskveiðiréttur sé eignarréttur. Það eru hin stóru pólitísku tíðindi í þessari umræðu. Ég tók hins vegar eftir því að hv. þm. Jóhann Ársælsson skautaði fram hjá því, sem von var.

Umræðu lokið.

Hrefnuveiðar.

Fsp. MÞH, 512. mál. — Þskj. 749.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól til að bera fram fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra. Hún fjallar um hrefnuveiðar. Veiðar á hrefnu, þessum smáhval, voru stundaðar á litlum vélbátum við landið nánast alla síðustu öld. Þetta voru, hvað eigum við að segja, nánast frumbyggjaveiðar, eins og við töluðum um áðan í tengslum við útræðisrétt sjávarjarða. Fólkið sem bjó við ströndina nytjaði að sjálfsögðu þennan dýrastofn, þessa náttúruauðlind, sjálfum sér og sínum til framfærslu. Veiðarnar voru tiltölulega smáar í sniðum, aðeins nokkrir tugir dýra á ári og það virtist ganga mjög vel. Það var markaður fyrir afurðirnar innan

lands og jafnvel erlendis líka. Nokkrir menn sem höfðu af þessu þokkalegar tekjur og allt virtist í sóma.

En þá dundi ógæfan yfir. Alþjóðahvalveiðiráðið, sá óskapnaður, ákvað veiðikvóta árið 1977 ef ég man rétt. Þeir tóku að úthluta kvóta til Íslendinga. Þetta var upphafið að ferli sem lyktaði með því að veiðar voru stöðvaðar árið 1986, ef ég fer rétt með. Þetta átti að vera tímabundin stöðvun á veiðum í atvinnuskyni.

Við Íslendingar vorum svo víðáttuvitlausir að gangast inn á þetta og samþykkja á sínum tíma. Síðan hafa vart verið stundaðar stórhvalaveiðar né hrefnuveiðar, sennilega sjálfum okkur til stórtjóns. Við brutum eina af grundvallarreglunum í auðlindanýtingu, sérstaklega á auðlindum sjávar, þ.e. að okkur ber að sjálfsögðu að reyna að nýta alla hlekki vistkeðjunnar með sem skynsamlegustum hætti. En þarna var þessi toppur á fæðukeðjunni næstum alveg friðaður.

Ég vil bera fram spurningar til ráðherra um hvort hann hyggist beita sér fyrir því að hér við land verði hafnar hrefnuveiðar í atvinnuskyni á sumri komanda, þ.e. eftir nokkrar vikur. Síðan spyr ég hvort þess sé að vænta að kynntar verði niðurstöður rannsókna sem fram hafa farið í tengslum við vísindaveiðar á hrefnu undanfarin sumur og þá hvenær og með hvaða hætti?

Við Íslendingar höfum lítið stundað vísindaveiðar á undanförnum sumrum, skotið örfá dýr í vísindaskyni. Afurðirnar hafa verið seldar og næg eftirspurn eftir þeim. En hvað er að frétta af þeim rannsóknum?

[14:37]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir að spyrja þessara spurninga varðandi hrefnuveiðarnar. Hér er líka um að ræða mjög mikilvægt mál, sem við höfum oft rætt á Alþingi en seint verður of mikið rætt um.

Hv. þingmaður spyr hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að hafnar verði hrefnuveiðar í atvinnuskyni hér við land strax næsta sumar.

Svar mitt er: Ákvörðun um slíkt hefur ekki verið tekin enn þá. Hins vegar er stefnt að því að hefja að nýju hvalveiðar í atvinnuskyni. Ætlunin er að halda áfram vísindaveiðunum í sumar enda er það forsenda fyrir því að fá upplýsingar þær sem hv. þingmaður var að öðru leyti að kalla eftir.

Þá kem ég að síðari spurningu hv. þingmanns sem er svona:

„Er þess að vænta að kynntar verði niðurstöður rannsókna sem farið hafa fram í tengslum við vísindaveiðar á hrefnu undanfarin sumur, og þá hvenær og með hvaða hætti?“

Ég þarf að hafa að svari mínu dálítinn aðdraganda.

Árið 2003 fól sjávarútvegsráðherra Hafrannsóknastofnuninni að gera tillögur að stórauknum rannsóknum á stofnum nytjahvala við Ísland. Í framhaldi af því lagði stofnunin fram áætlun um víðtækar rannsóknir á langreyði, sandreyði og hrefnu. Verkefnið var kynnt í vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins sumarið 2003 og hlaut þar ítarlega umfjöllun. Upphaflega var gert ráð fyrir að í verkefninu fælust veiðar á 200 langreyðum, 100 sandreyðum og 200 hrefnum og að gagnasöfnun tæki tvö ár.

Í ágúst 2003 ákvað sjávarútvegsráðherra að hrinda í framkvæmd þeim hluta verkefnisins sem snýr að hrefnu en fara hægar í sakirnar varðandi gagnasöfnun enda var slíkt ekki talið hindra að öll helstu markmið hrefnurannsókna næðust. Á tímabilinu 2003–2005 voru veiddar 100 hrefnur vegna verkefnisins og er gagnasöfnun því hálfnuð.

Meginmarkmið verkefnisins er að afla upplýsinga um fæðuvistkerfi hrefnu við landið með rannsóknum á samsetningu magainnihalds, efnainnihalds í vefjum og fæðu, orkubúskap, árstíðabundnum breytileika í útbreiðslu og smíði fjölstofnalíkans. Auk þess lúta rannsóknir m.a. að stofngerð, heilsufari, lífssöguþáttum, lífeðlisfræði og uppsöfnun mengunarefna í vefjum.

Verkefnið er unnið í samvinnu við sérfræðinga á RF, Iðntæknistofnun, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði, Geislavörnum ríkisins og Landspítala, auk erlendra rannsóknastofnana og var framvinda hrefnuverkefnisins kynnt á ársfundi vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins í júní í fyrra.

Samkvæmt vísindaáætlun skal gagnasöfnun dreift á níu staði umhverfis landið í samræmi við útbreiðslu hrefnu á íslenska landgrunninu. En einnig er gert ráð fyrir að veiðunum sé dreift yfir sumarið til að fá sem besta mynd af fæðusamsetningu í tíma og rúmi.

Eins og áður sagði er gagnasöfnunin núna hálfnuð. Það leiðir af sjálfu sér að lokaniðurstöður verkefnisins munu ekki liggja fyrir fyrr en nokkru eftir að gagnaöflun lýkur að fullu. Úrvinnsla sýna hefur þó farið fram jafnóðum fyrir ýmsa verkþætti en úrvinnslu annarra hefur verið frestað af hagkvæmnisástæðum. Hafrannsóknastofnun hefur boðað að frumniðurstöður úr fyrri helmingi nokkurra verkþátta verði kynntar á næsta ársfundi vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins í júní 2006.

Einnig mun sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar kynna stöðu rannsóknanna og frumniðurstöður þeirra á ársfundi Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins, NAMMCO, sem verður haldin hér á landi á Selfossi á þriðjudaginn kemur. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að verkefnið er skipulagt sem ein heild og varhugavert að draga of sterkar ályktanir í miðri rannsókn.

Hrefnan er ein algengasta hvalategundin við Ísland en samkvæmt talningu frá árinu 2001 voru um 44 þús. hrefnur á íslenska landgrunninu. Þrátt fyrir það er þekking okkar á líffræði og vistfræði þessarar mikilvægu tegundar af skornum skammti. Þar sem um er að ræða frumrannsóknir á mörgum þeim þáttum sem rannsóknir taka til var í upphaflegri áætlun gert ráð fyrir að sýnatökuáætlunin yrði endurskoðuð þegar sýnatakan væri hálfnuð. Sú endurskoðun stendur yfir í ljósi ofangreindra frumniðurstaðna og ekki enn ljóst hvort hún muni leiða til breytinga á upphaflegri áætlun.

Mig langar að víkja aftur að fyrri spurningunni, þ.e. um atvinnuveiðarnar. Ég ítreka að sú ákvörðun hefur ekki verið tekin. Hins vegar erum við í þeirri stöðu að við gengum á sínum tíma inn í Alþjóðahvalveiðiráðið. Ástæðan fyrir að við gerðum það að nýju var að það var talin forsenda fyrir því að við gætum átt einhverja möguleika á að selja afurðir

okkar til Japans. Þetta var umdeilanleg ákvörðun en hún var að mínu mati algerlega rétt þegar við tókum hana, öðruvísi var talið að við gætum ekki flutt afurðir okkar til Japans. Innganga okkar var með ákveðnum fyrirvara, þ.e. þeim að við mundum ekki hefja atvinnuhvalveiðar fyrr en í fyrsta lagi árið 2006. Nú er það ár runnið upp. Ég segi þetta til að undirstrika að þetta mál er í raun í okkar höndum. Það er í okkar valdi núna að taka þessa ákvörðun. Þetta er þýðingarmikil pólitísk ákvörðun og að henni verður ekki hrapað. En menn þekkja hug minn í þessum efnum.

[14:42]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Það er talað um að þorskinn vanti æti. Loðnan minnkar. En hvað étur hvalurinn mikið af loðnu? Við eigum að mínu mati að hefja hvalveiðar nú þegar. Reyndar átti að gera það fyrir löngu. 60% af útflutningstekjum okkar eru af sjávarútvegi og svo verður sennilega áfram um ókomin ár.

Við eigum ekki að láta náttúruverndarsamtök, öfgasamtök, ráða okkar ferð. Við eigum þetta land. Við byggðum þetta land og eigum að stjórna þessu sjálf.

[14:43]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það var að heyra á hæstv. ráðherra að hann yrði seint leiður á að ræða þetta mál í þingsölum. En mér finnst kominn tími til aðgerða. Ég er á því að hæstv. ráðherra verði að gera sér grein fyrir því að það er ekki nóg að tala bara um hlutina. Hann verður að láta hendur standa fram úr ermum og gera eitthvað.

Við höfum séð það ítrekað að hann hefur alltaf rætt um að breyta hinu og þessu. Fyrir einhverjar kosningar sagðist hann ekki ætla að styðja ríkisstjórn sem hefði óbreytt kvótakerfi. Síðan sagðist hann ætla að standa vörð um þorskaflahámarkið. Allt þetta hefur verið svikið, og eins með því að afleggja sóknardagakerfið og fleira. Nú hefur hann margsinnis rætt um að taka upp hvalveiðar. Hvað ætlar maðurinn að gera? Ætlar hann bara að standa hér og blaðra?

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Málið er í okkar höndum, sagði hæstv. sjávarútvegsráðherra og benti á að einmitt á þessu ári kynni að vera runnin upp stundin þar sem við þyrftum ekki að hafa áhyggjur af neinum skuldbindingum, að núna gætum við hafið atvinnuveiðar á hrefnu eða á hvölum á nýjan leik. Þá eigum við að sjálfsögðu að gera það. Við eigum að sjálfsögðu að gera það. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Það er sannað mál að nóg er til af hrefnu. Í landinu er fyrir hendi veiðiþekking og annað, búnaður, til að stunda þessar veiðar. Ég veit ekki betur en að einnig sé fyrir hendi markaður, að hrefnukjöti hafi verið tekið vel af landsmönnum og vonandi er líka hægt að flytja afurðirnar út. Það bíður mjög stór markaður í Japan.

Ég held að það sé ekki eftir neinu að bíða og ég tel heldur ekki neitt að óttast. Það er ekkert að óttast. Sjáum hvað Norðmenn, frændur okkar, hafa verið að gera. Þeir byrjuðu á vísindaveiðum en hófu síðan atvinnuveiðar. Núna veiða þeir 1000 dýr á ári á meðan við tökum 30–40, logandi hræddir um að einhverjir fari að mótmæla því. Það er ekkert að óttast. Norðmenn hafa ekki lent í vandræðum með sínar veiðar.

Það er mjög gaman að fylgjast með þeim dugnaði og því þori sem stjórnvöld Norðmanna, norska ríkisstjórnin á hverjum tíma, sýna við að tefla þessa skák af miklum klókindum. Þau hafa gert það mjög vel. Norðmenn sjálfir, sem stunda þessar veiðar, skammast sín ekki fyrir að stunda þær. Það er t.d. hægt að fara inn á netið núna, inn á vefsíðu Aftenposten í Noregi, stærsta dagblaðs Noregs. Þar eru auglýsingar sem blikka. Maður klikkar á þær og fær upplýsingar af því hvernig á að matreiða hrefnukjöt. Menn geta meira að segja horft á vídeóupptökur á netinu, í gegnum Aftenposten, af því hvernig Norðmenn stunda þessar veiðar, hvernig þeir verka hvalinn og annað þess háttar. Þetta þykir hið besta mál og enginn mótmælir.

Við hvað er íslenska ríkisstjórnin eiginlega svona hrædd? Við hvað er hún hrædd?

[14:46]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Þetta er einhver jákvæðasta umræða sem fram hefur farið í þinginu upp á síðkastið, um hvalveiðimálin. Sannleikurinn er sá að þótt við sem tökum þátt í þessari umræðu séum býsna einhuga um að eðlilegt sé að hefja hvalveiðar þá hefur þessi tónn ekki alltaf verið sleginn af jafnmikilli jákvæðni á Alþingi.

Ég minnist þess að þegar við hófum vísindaveiðar á sínum tíma var reynt, m.a. í sölum Alþingis, að gera þá ákvörðun eins tortryggilega og hægt var, með ýmiss konar málflutningi. Ég kynntist þessu býsna vel sjálfur því á þeim tíma var ég formaður Ferðamálaráðs Íslands. Auðvitað var reynt að beina spjótunum gagnvart ferðaþjónustunni og gera sem mest úr því að sú ákvörðun gæti haft neikvæð áhrif fyrir ferðaþjónustuna.

Sannleikurinn er hins vegar sá, og það er rétt sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði áðan, að áhrifin voru ekki neikvæð eins og um hafði verið talað. Það er enginn hræddur í þessum efnum. Það er ekki það sem um að ræða. Þessar veiðar hófust á ný með vísindaveiðunum fyrir þremur árum. Þeim verður haldið áfram á þessu ári, ekki af minni krafti en gert hefur hingað til. Jafnframt er hitt, sem ég var að segja, við höfum réttinn í höndum okkar varðandi atvinnuveiðarnar.

Það liggur ekki fyrir hin pólitíska ákvörðun um það hvenær þessar veiðar verða hafnar. Ég sagði hins vegar áðan að stefnt væri að því að hefja að nýju hvalveiðar í atvinnuskyni. Það hef ég áður sagt.

Það skiptir einnig máli í þessu sambandi að vinna að því að við höfum markaðsaðgang fyrir afurðir okkar ef við hefjum slíkar veiðar af fullum krafti. Þennan markaðsaðgang verðum við að tryggja okkur erlendis. Að því erum við m.a. að vinna.

Það er hins vegar athyglisvert að hvalaafurðum hefur verið tekið ákaflega vel hér á landi, gagnstætt því sem víða hefur verið haldið fram. Því var m.a. haldið fram í sölum Alþingis. Margir sögðu að þessi tími væri liðinn í okkar

sögu, að menn borðuðu hvalkjöt. Hið gagnstæða hefur komið fram. Neysla á þessu kjöti hefur farið vaxandi og með góðri markaðssetningu á síðasta ári tókst ákaflega vel til í þeim efnum.

Umræðu lokið.

Ákvörðun loðnukvóta.

Fsp. MÞH, 525. mál. — Þskj. 767.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Við höldum áfram umræðu um sjávarútvegsmál og í sjálfu sér ekki nema gott eitt um það að segja. Hér kemur loksins hv. formaður sjávarútvegsnefndar í salinn. Ég býð hann velkominn til sætis. Það er fagnaðarefni að hann skuli sjá sér fært að vera viðstaddur umræðuna. Vonandi mun hann taka þátt í henni.

Ég vildi fá að ræða aðeins um ákvörðun um loðnukvóta í ár. Ég hef bæði sent inn þessa fyrirspurn, með ósk um munnlegt svar en ég hef líka sent inn fyrirspurn með ósk um skriflegt svar. Ég hef fengið skriflegt svar við þeirri fyrirspurn og vil að það komi fram að ég er ákaflega óánægður með það svar. Þar fara menn eins og kettir í kringum heitan graut og svara ekki því sem spurt er um. Ég vildi fá að vita niðurstöður allra loðnumælinga frá fyrstu vikum þessa árs. Þetta voru einar sjö mælingar. En einhvern veginn skjóta menn sér undan því að svara og gefa bara upp niðurstöður úr þeirri mælingu sem var grundvöllur sjálfrar kvótaráðgjafarinnar en þegja um hinar mælingarnar. Þetta mun að sjálfsögðu leiða til þess að ég sendi nýja fyrirspurn til hæstv. ráðherra sem hann þarf þá að svara.

En spurningar mínar til ráðherra núna eru hins vegar um hvort tekið hafi verið mið af því við ákvörðun loðnukvóta í ár að sökum hlýnandi sjávar kunni fæðuþörf botnfiska við landið að verða meiri en í meðalári eða á kuldaskeiðum. Svo ég útskýri það aðeins þá vísa ég til þess að við vitum að sjórinn hefur verið að hlýna umhverfis landið. Þeir sem þekkja til fiskalífeðlisfræði vita að fiskar eru með kalt blóð og ef hitastigið hækkar verður fæðuþörfin meiri, sem því nemur. Fram á þetta hefur margoft verið sýnt og sannað með rannsóknum.

Önnur spurning mín er um hvort það hafi verið rannsakað hvort umfangsmiklar loðnuveiðar um áratugaskeið séu farnar að hafa áhrif til hins verra á vistkerfið á landgrunninu, þ.e. fæðuframboð fyrir hina verðmætu botnfiskstofna. Ef maður les gamlar bækur, til að mynda klassíska litteratúr eftir okkar merkasta fiskifræðing fyrr og síðar, Bjarna Sæmundsson, þá verður maður þess fljótt áskynja að menn hafa lengi vitað að loðnan er mikilvæg fæða fyrir þorskinn þótt ríkisstjórnir undanfarinn aldarfjórðung hafi alls ekki gert sér grein fyrir því. Það ber að harma. Kannski er kominn tími til að menn með innsýn í líffræði fiskstofna umhverfis landið fái að eiga hlut í pólitískum ákvarðanatökum um fiskveiðistjórn hér við land.

Síðasta spurningin er sú hvort ráðherra hafi tekið mið af því við ákvörðun um loðnukvóta að sennilega verði hlutfallslega mikil afföll af loðnuhrognum nú þegar mikið er af ýsu á grunnslóð umhverfis landið. Hér komum við enn og aftur að vistfræðinni.

[14:52]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir spurningarnar sem eru í fyrsta lagi:

„Hefur verið tekið mið af því við ákvörðun loðnukvóta nú að sökum hlýnandi sjávar kann fæðuþörf botnfiska hér við land að vera mun meiri en í meðalári eða á kuldaskeiðum?“

Svarið er að ekki hefur sérstaklega verið tekið mið af hlýnun sjávar við ákvörðun loðnukvóta. En það er rétt, sem hv. þingmaður sagði, að hugsanlega er fæðuþörf fiska meiri við hátt hitastig en lágt. Þegar aflaregla fyrir loðnu var ákveðin árið 1980 var ákveðið að ekki skyldi taka meira úr stofninum en svo að eftir yrðu að lágmarki 400.000 tonn til að hrygna. Ákvörðun um að skilja eftir 400.000 tonn byggir ekki á þekktu sambandi stærðar hrygningarstofns og nýliðunar enda var það ekki þekkt þegar þessi aflaregla kom til sögunnar. Þeirri stefnu að tryggja lágmarksstærð hrygningarstofnsins með þessum hætti til að stuðla að öruggri nýliðun var hins vegar einnig ætlað að taka tillit til afráns úr loðnustofninum og þar með talið breytilegu afráni vegna breytilegra umhverfisþátta.

Það hefur sýnt sig að lágmarksstærð hrygningarstofns hefur yfirleitt gefið af sér góða nýliðun síðasta áratug, eins og menn sjá af þeim tölum sem við höfum um veiðina ár eftir ár. Ég vek athygli á því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur bent á í þessu samhengi.

Jafnframt er rétt að minna á að samhliða breytingum á ástandi sjávar á undanförnum árum hefur orðið breyting á útbreiðslu loðnunnar að sumri og hausti við Ísland. Niðurstöður hafa sýnt að þorskurinn hefur verið nokkuð rýr á síðustu árum. Meðalþyngd aldursflokka hefur verið lægri en ætla mætti með tilliti til stærðar loðnustofnsins. Sumir hafa viljað kenna óhæfilegum loðnuveiðum um þetta. En einnig má leiða rök að öðru.

Við hlýnun síðustu ára hefur það gerst að hrygningartími loðnunnar hefur færst fram í tímann og rekbrautir loðnuseiða hafa breyst. Afleiðingarnar eru m.a. þær að loðna hefur ekki alist upp við norðanvert landið síðustu þrjú til fjögur árin. Hrygningarloðnan kemur seint til baka af ætissvæðum norður í hafi og hefur þess utan gengið dýpra fyrir Norðausturland og Austfirði en áður. Vegna þess að fullorðni þorskurinn eltir hrygningarloðnuna ekki út fyrir landgrunnskantinn á þeim slóðum gefur auga leið að hann hefur einnig haft mjög skertan aðgang að feitri og fullorðinni loðnu, miðað við það sem áður var. Smærri þorskur hefur nær enga smáloðnu fengið þann tíma.

Með þessum hætti hefur því aðgengi að loðnunni, sem fæðu fyrir aðra nytjastofna, verið skert til muna. Ég vil jafnframt bæta við þetta og segja að athyglisvert er að göngumynstur loðnunnar á þessari vertíð hefur verið nokkuð annað. Við vitum að við mældum mun minni loðnustofn en undanfarin ár. En göngumynstrið hefur hins vegar verið öðruvísi. Ég vil ekki endilega fullyrða að það sé vegna þess að ég tók ákvörðun, eins og menn vita, varðandi flottrollið.

Ýmsir halda því fram að það sé ástæðan fyrir því að göngumynstrið hafi breyst. En það er hins vegar athyglisvert að loðnan hefur gengið inn á Faxaflóa og jafnvel inn á Breiðafjörð.

Í annan stað spurði hv. þingmaður:

„Hefur verið rannsakað hvort umfangsmiklar loðnuveiðar um áratuga skeið séu farnar að hafa áhrif til hins verra á vistkerfið á landgrunninu og þá fæðuframboð fyrir hina verðmætu botnfiskstofna?“

Hér er um að ræða margslungna spurningu. Í sjálfu sér verður henni seint svarað til fullnustu. Skynsamleg nýting loðnustofnsins er þó afar mikilvægt málefni og um þessar mundir er unnið að rannsóknum á samspili þessara tegunda. En þeim er ekki lokið. Þótt eflaust megi nálgast spurningu fyrirspyrjanda með slíkum rannsóknum verður erfitt að meta með vissu áhrif veiðanna. Fyrir því liggja ýmsar ástæður svo sem takmörkuð gögn um magn loðnunnar áður en veiðar hófust. Því er erfitt að bera saman nútímann og fyrri tíma.

Í starfsáætlun Hafrannsóknastofnunar á þessu ári eru slíkar rannsóknir settar í forgang, m.a. vegna þess að við lögðum til aukið fjármagn til stofnunarinnar í þessum tilgangi. Það verður m.a. gert með gagngerðu átaki í rannsóknum á vistkerfi Íslands af ætisslóð loðnu.

Þriðja spurningin sem hv. þingmaður spurði var:

„Hefur ráðherra tekið mið af því við ákvörðun loðnukvóta að sennilega verða hlutfallslega mjög mikil afföll á loðnuhrognum nú þegar mikið er af ýsu á grunnslóðinni umhverfis landið?“

Það hefur ekki verið tekið mið af magni ýsu við úthlutun loðnukvóta. Eins og ég svaraði áðan þegar ég var að fjalla um fyrstu spurninguna þá var gert ráð fyrir að 400.000 tonn væru skilin eftir til hrygningar. Ég vek athygli á að undanfarin fjögur eða fimm ár höfum við að jafnaði skilið eftir um 530 þús. tonn, miðað við þær mælingar sem við gerðum og miðað við þær upplýsingar sem við höfum. Talið er að þetta magn, þ.e. 400.000 tonnin, hafi tryggt nægilegt mikið magn hrogna og seiða til að viðhalda stofninum eins og ég sagði áðan.

Um hlutfall loðnuhrogna sem fæðu ýsu og annarra nytjastofna er því miður lítið vitað. Því er ógjörningur að fullyrða hvort sérstakrar aðgæslu sé þörf. Til að það yrði hægt þyrfti að rannsaka það mál sérstaklega, m.a. með því að sinna fæðurannsóknum fyrir Suður- og Vesturlandi í apríl og maí, á þeim tíma sem hrogn loðnunnar eru botnföst.

[14:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að menn hafi tekið upp umræðu um nýtingarstefnu á loðnunni. Það er full ástæða til að hvetja hæstv. sjávarútvegsráðherra til að fylgja því fast eftir að menn skoði öll gögn sem til staðar eru og safni nýjum gögnum eins og mögulegt er. Að mínu viti skiptir miklu máli að skoða þau gögn sem til staðar eru um nýtingu loðnustofnsins á undanförnum árum. Ég trúi því að í þeim gögnum megi finna vísbendingar um áhrif nýtingarinnar á aðra stofna. Með þeim gögnum má jafnvel svara spurningunni um hvort ekki verði að snúa til baka og draga verulega úr loðnuveiðum í framtíðinni til þess að tryggja betri afrakstur af nytjastofnunum en orðið hefur á undanförnum árum.

Ég dreg í efa, eins og ég hef oft sagt í sölum Alþingis, að mælingar á þessum stofni séu þannig að menn eigi að trúa tölunum. Niðurstaðan er sú að (Forseti hringir.) hrygningar hafa gengið bærilega en mælingaraðferðirnar eru brotakenndar.

[14:58]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er velt upp mjög mikilvægum spurningum um orkuflæðið í vistkerfinu. Það er nauðsynlegt að við veltum þessum spurningum fyrir okkur. Stundum virðist mér sem menn ofmeti áhrif mannsins og veiða á vistkerfið. Leiddar hafa verið líkur að því að veiðar séu einn tíundi til einn tuttugasti af því sem fuglar og önnur spendýr hafsins taka úr lífríkinu. Þess vegna eru þetta mikilvægar spurningar.

Varðandi samspil dýrategunda hefur komið fram sú kenning að ástæðan fyrir loðnubrestinum sé ekki eingöngu veiðar heldur mikil fiskgengd á uppeldissvæðum loðnunnar, að hún hafi einfaldlega verið étin upp af öðrum dýrastofnunum. Þetta er einn möguleiki sem þarf að kanna og fara rækilega yfir í nýtingarstefnu (Forseti hringir.) okkar Íslendinga.

[14:59]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Þetta er náttúrlega tengt fyrri fyrirspurn. En ég velti því fyrir mér, og veit að margir sjómenn og útgerðarmenn hafa velt því fyrir sér í mörg ár, hvort ekki séu tengsl á milli stækkunar á hvalastofnum og minnkandi loðnuveiða. Ég held að það gæti vel verið. Sjómenn vita kannski best hvernig þeir hlutir eru.

[15:00]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Auðvitað voru það vonbrigði hvað loðnustofninn mældist lítill í ár en það er rétt sem kemur fram hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að í tillögum Hafró eru 400 þús. tonn skilin eftir til hrygningar og það er líka rétt að það eru 530 þús. tonn sem hafa staðið eftir sl. fimm ár.

Hvað varðar þorskinn þá er alveg ljóst að göngumunstur sl. ára hefur verið með öðrum hætti, en vonandi fer að draga til tíðinda og loðnan að skila sér aftur á sömu slóðir. Þetta hefur eðlilega mikil áhrif á þorskinn.

Hvað varðar flottrollið þá er mjög gott að taka umræðu um það, eins og við höfum oft gert hér í þessum sal, og ég tel að það eigi ekki að leyfa flottrollsveiðarnar aftur fyrr en rannsóknir liggi fyrir. Þær eru í gangi og það er mjög mikilvægt að það liggi fyrir því að það eru margir sem halda því fram að þær hafi mikil áhrif á þorskinn.

Í áranna rás hafa loðnuveiðar dottið alfarið niður í eitt ár — á tíu til ellefu ára fresti — en stofninn hefur alltaf komið upp aftur.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég held að þessi umræða sé mjög þörf og hún mætti gjarnan fara fram oftar. Við þurfum að ræða breyttar áherslur í fiskveiðistjórninni, við þurfum að fara að tala meira um vistfræði og hætta að fara hér í ræðustól eins og biluð vélmenni romsandi upp einhverjum ótal tölum sem menn hafa fengið handskrifaðar á blaði sem þeim hefur verið rétt inni á Hafrannsóknastofnun og standa síðan hér og lesa þessar tölur upp og láta síðan eins og þetta sé einhver heilagur sannleikur, þessar tölur sem vísindamenn hafa komist að, tölur um einhverjar stofnstærðir, 400 þús. tonn hér og 500 þús. tonn þar og þannig mætti lengi telja.

Þessi vísindi eru ekkert heilög og þau eru ekkert sérstaklega nákvæm. Ég veit nú ýmislegt um það, sjálfur menntaður í þessum fræðum, og menn eiga ekki að taka þessar tölur jafnhátíðlega og hér virðist vera gert. Það er alveg ótrúlegt hvað sérstaklega þingmenn Sjálfstæðisflokksins og ráðherrar eru miklir kerfiskallar þegar kemur að fiskveiðistjórninni, hvað þeir eru ofboðslega miklir kerfiskallar. Þeir einblína sig blinda á tölur og aftur tölur, trúa þeim öllum eins og nýju neti, halda að þetta sé allt saman heilagur sannleikur sem þeir sjá fyrir framan sig og síðan eru aðgerðirnar eftir því. Það getur ekki farið öðruvísi en illa þegar menn ætla sér að fara að nýta náttúruna með þessum hætti, það getur ekki endað öðruvísi en með skelfingu.

Það sem ég legg til að verði gert er það að menn fari nú að hugsa, beita fyrir sig því sem kallað er heilbrigð skynsemi, svipuð skynsemi og góðir bændur beita fyrir sig. Þeir nota hyggjuvit sitt og treysta því. Að menn fari nú að gera það, en hætti þeim vitleysisgangi sem hér hefur verið stundaður allt of lengi.

Það er mín skoðun, virðulegi forseti, að ekki hafi átt að leyfa loðnuveiðar nú í ár einmitt vegna þeirra vistfræðilegu orsaka sem koma fram í þeim spurningum sem ég hef borið fram hér. Það hefði frekar átt að beina flotanum í aðrar tegundir, til að mynda síld. Það verður mjög góð síldveiðivertíð nú í sumar, góð kolmunnavertíð er fram undan (Forseti hringir.) og á heildina litið hefði það ekki þurft að vera svo mikið högg fyrir þjóðarbúið þó að við hefðum sleppt því að veiða loðnu í ár.

[15:03]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég er nú ekki sammála hv. þingmanni um að þessi umræða hafi ekki farið hér fram og menn hafi ekki reynt að nálgast hana út frá sínu eigin hyggjuviti. Það er auðvitað þannig þegar hv. þingmaður spyr mikilvægra spurninga hér þá leitar sjávarútvegsráðherra hverju sinni eftir bestu tiltæku upplýsingum og færir þær inn í umræðuna. En ég veit ekki annað en ég hafi haft mínar skoðanir á þessum efnum og við hv. þingmaður höfum rætt þetta oftar en einu sinni, ég veit ekki betur en hv. þingmanni hafi legið svo mikið á að geta rætt þessi mál við mig að hann hljóp fram úr í röðinni um það hvenær hægt væri að fara af stað með umræður utan dagskrár og hóf hana svona með sínum hætti og ekki var ég að gera athugasemd við það. Mér fannst það bara gott að hann gerði það með því að beina þessu undir liðinn um störf þingsins eða fundarstjórn forseta eða hvað það nú var, og mér fannst það gott vegna þess að ég er sammála hv. þingmanni um að við þurfum að ræða loðnumálin. Hv. þingmaður veitti mér nokkur ráð í þessari umræðu en þau voru ekki alltaf hin sömu. Í eitt skipti sagði hv. þingmaður að það mætti hefja loðnuveiðarnar, í annað skipti var hann farinn að draga í land en nú segir hv. þingmaður, sem er hans skoðun, að við hefðum ekki átt að leyfa loðnuveiðar.

Ég tel að sú ákvörðun sem ég stóð fyrir og veitti kvóta til um loðnuveiðarnar hafi verið gerð á varfærnislegum forsendum og að þær upplýsingar sem ég hafði hafi gefið mér tilefni til þess að gefa út þennan kvóta. Ég vek athygli á því, af því að hv. þingmaður segir að menn eigi ekki bara að horfa á tölur frá vísindamönnum heldur líka að hlusta á sjómennina, þá hlýtur hv. þingmaður líka að hlusta á þá sjómenn sem stunda loðnuveiðarnar og töldu að það hefði átt að veiða meiri loðnu eins og t.d. skipstjórinn sem var viðtal við núna í Fiskifréttum, sem taldi að það hefði átt að veiða a.m.k. 400 þús. tonnum meira af loðnu en gert var í þetta skipti eða 400 þús. tonn, ég man ekki hvort heldur var.

Ég fór ekki að þeim ráðum vegna þess að ég taldi að við ættum að fara varlega. Ég beitti veiðarfæratakmörkunum til þess líka að koma til móts við þessi varfærnissjónarmið. (Forseti hringir.) Þess vegna held ég að það sé ekki rétt hjá hv. þingmanni að menn hafi ekki reynt að nálgast þetta með því að kalla eftir upplýsingum (Forseti hringir.) sem víðast, það var sannarlega gert.

Umræðu lokið.

Malarnám í Ingólfsfjalli.

Fsp. MÞH, 532. mál. — Þskj. 779.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem hér til að bera upp spurningu sem mér finnst að hæstv. umhverfisráðherra ætti að gefa okkur öllum svar við og þó fyrr hefði verið. Þetta er fyrirspurn um malarnám í Ingólfsfjalli. Þetta er í raun og veru mjög einföld spurning sem ég held að flestir, bæði Íslendingar og líka erlendir ferðamenn, sem eiga leið um þjóðveginn fram hjá Ingólfsfjalli og hafa átt leið þar um um margra missira skeið, hljóti að spyrja sig þegar þeir sjá hvernig búið er að fara með fjallið með stórvirkum vinnuvélum.

Spurningin er þessi:

Hafa stjórnvöld einhver úrræði til að stöðva malarnám í Ingólfsfjalli eða sjá til þess að það fari þannig fram að ásýnd fjallsins verði ekki eyðilögð frekar?

Er ekki hægt að stöðva þessa vitleysu? Er ekki hægt að stöðva þennan hernað gegn landinu? Ég er hérna með ágæta samantekt sem Guðmundur Kristinsson, ágætur heiðursmaður, rithöfundur á Selfossi, tók saman og sendi okkur þingmönnum, að ég held öllum þingmönnum Suðurkjördæmis, með ljósmyndum og greinum um þetta. Þar kemur fram með mjög skýrum hætti hvernig fjallið hefur hreinlega verið heflað niður svo allt of lengi, hvernig fjallið lítur út í

dag. Hér eru litljósmyndir sem sýna hvernig það lítur út í dag, sárið á fjallinu blasir við langa vegu.

Það er eins og stjórnvöld hafi nánast staðið ráðþrota og horft á þetta gerast. Þetta er svo sem ekki eini staðurinn því að ég veit líka um annað malarnám sem er mjög slæmt en það er malarnámið í Esjubergi við Kollafjörð sem stendur þar rétt við þjóðveginn og hefur margoft valdið miklu tjóni á bílum og er enn þá opið. Það er að sjálfsögðu efni í aðra fyrirspurn hvort ekki sé kominn tími til að því malarnámi verði hreinlega lokað áður en meiri slysahætta hlýst af því. Það er ekki að sjá að sú náma sé neitt notuð, ég ek þar fram hjá tvisvar á hverjum einasta degi.

Áfram um malarnámið í Ingólfsfjalli. Eins og ég sagði áðan: Hvernig í ósköpunum stendur á því að það er ekki hægt að stoppa þennan hroðalega gjörning?

[15:09]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Í úrskurði umhverfisráðuneytisins frá 10. desember 2004 um efnistöku í Ingólfsfjalli var komist að þeirri niðurstöðu að áframhaldandi efnistaka væri tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Í kjölfar úrskurðarins tilkynnti framkvæmdaraðili efnistökunnar til Skipulagsstofnunar sem komst að þeirri niðurstöðu að hún skyldi háð mati á umhverfisáhrifum. Vinnsla þess mats er nú í fullum gangi. Frummatsskýrsla hefur verið kynnt almenningi og umsagnaraðilum og höfðu þessir aðilar frest til febrúarloka til að skila inn athugasemdum. Athugasemdir og umsagnir eru nú til skoðunar hjá framkvæmdaraðila sem mun í kjölfarið senda endanlega matsskýrslu til Skipulagsstofnunar. Matsferlinu lýkur með því að Skipulagsstofnun gefur rökstutt álit sitt á því hvort skýrslan uppfylli skilyrði laga um mat á umhverfisáhrifum og reglugerðar settrar samkvæmt þeim og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Skipulagsstofnun getur í áliti sínu sett framkvæmdinni skilyrði eða kveðið á um mótvægisaðgerðir til að draga úr áhrifum efnistökunnar á umhverfið. Álit Skipulagsstofnunar felur ekki í sér leyfi fyrir framkvæmdinni heldur þarf að sækja um framkvæmdarleyfi til viðkomandi sveitarfélags á grundvelli laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Sveitarfélagið, í þessu tilviki sveitarfélagið Ölfus, skal kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Framkvæmdarleyfi vegna efnistöku skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Sveitarstjórn getur síðan bundið framkvæmdarleyfið þeim skilyrðum er fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar, t.d. í því skyni að minnka sjónræn áhrif efnistökunnar eða önnur umhverfisáhrif hennar.

Telji sveitarstjórn að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu óásættanleg getur hún synjað um veitingu framkvæmdarleyfis. Hugsanleg stöðvun efnistöku í Ingólfsfjalli eða veiting framkvæmdarleyfis með skilyrðum og eftirlit með því að eftir þeim sé farið er því í höndum viðkomandi sveitarfélags.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum er landið allt skipulagsskylt og er aðalskipulagsgerð og deiliskipulagsgerð í höndum sveitarfélaga. Samkvæmt lögunum, samanber og skipulagsreglugerð, skal gera grein fyrir efnistökusvæðum í aðal- og deiliskipulagi. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir þeirri efnistöku sem fram hefur farið eða er fyrirhuguð á svæðinu og öðru sem þurfa þykir, svo sem landslagi, efnismagni og vinnslutíma, landmótun og frágangi svæðis að lokinni vinnslu og fyrirhuguðum eða mögulegum síðari notum svæðisins. Við gerð skipulagsáætlana tekur sveitarstjórn ákvörðun um landnotkun innan sveitarfélagsins. Skipulagsáætlanir eru því tæki sem sveitarfélög geta notað til að hafa áhrif á efnistöku og ákveða hvar og með hvaða hætti hún skal fara fram. Sveitarfélag getur ávallt tekið þá ákvörðun að taka efnistökusvæði út af skipulagi eða ákveða aðra landnotkun á svæðum sem ekki hafa verið skipulögð áður. Það getur hins vegar leitt til þess að landeigandi eigi rétt á bótum úr hendi sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga.

Samkvæmt því sem ég hef hér rakið eru þau úrræði sem tiltæk eru í lögum til að stýra framkvæmd efnistöku, í höndum sveitarfélaganna að gefnu áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum slíkra framkvæmda.

[15:13]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Dapurlegt var svarið hjá hæstv. ráðherra umhverfismála. Við malarnám síðustu ára hefur ásýnd Ingólfsfjalls gjörbreyst. Það er í sjálfu sér bæði rannsóknarefni og hneykslanlegt að stjórnvöld hafi látið námið viðgangast með þessum hætti án þess að grípa fyrr í taumana, án þess að grípa fyrr til mótvægisaðgerða til að varðveita ásýnd fjallsins sem er merkilegt fjall og kennileiti Suðurlands alls og kennt við Ingólf sjálfan. Því er grátlegt að horfa upp á aðgerðaleysi umhverfisyfirvalda í málinu og ástæða til að spyrja hæstv. umhverfisráðherra hvort farið hafi fram á hennar vegum raunveruleg athugun á öðrum kostum og öðrum námasvæðum af því að auðvitað þarf að finna námur sem standa undir uppbyggingu á svæðinu sem ekki er of langt í burtu og það er alltaf hægt að finna bilið á milli þess að ganga svo nærri náttúrunni eða nýta hana af skynsemi og með hófsemd að augnamiði. (Forseti hringir.) Framkvæmd umhverfisyfirvalda er rannsóknarefni í sjálfu sér í þessu máli.

[15:14]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Hér hefur verið lögð fram fyrirspurn um malarnám í Ingólfsfjalli. Þetta er svona eins og fréttaskot fréttastjóra Frjálslynda flokksins, líkt og með jarðskjálftann um daginn. Mér er spurn hverju menn eru í raun að leita eftir. Við verðum að líta á þá staðreynd að þetta efni vantar á svæðið. Íbúar í Ölfusi og Árborg og reyndar á stærra svæði þurfa á þessu efni að halda. Það er talið að það kosti hálfa til eina millj. kr. ef þetta efni verður sótt í Lambafellið. Það er sá aukni kostnaður sem hver íbúðareigandi í Árborg verður fyrir, þ.e. skuldir heimilanna í Árborg hækka

upp undir milljón krónur í byggingarkostnaði, og við verðum að komast að niðurstöðu um að þetta efni þarf að fást og (Forseti hringir.) fást sem ódýrast.

[15:16]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst miður að heyra fulltrúa Sjálfstæðisflokksins gera svo lítið úr sjónarmiðum umhverfismála. Í rauninni er verið að gera lítið úr málaflokknum yfir höfðuð að talað skuli vera um þetta sem einhvern popúlisma þegar er verið að spyrja um afstöðu hæstv. ráðherra til málaflokksins. Þetta eru umhverfismál sem skipta fjölmarga máli og ekki síst þá sem búa í Suðurkjördæminu. Ég verð að lýsa yfir mjög mikilli furðu á því sem kom fram í ræðu hv. þm. Sjálfstæðisflokksins, Kjartans Ólafssonar. Það væri fróðlegt að fá viðbrögð hæstv. ráðherra við svona umræðum, að lýst sé yfir einhverjum popúlisma þegar verið er að ræða hennar málaflokk.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Afskaplega fannst mér sorglegt að heyra einn þingmann Suðurkjördæmis, hv. þm. Kjartan Ólafsson, gera svo lítið úr því þegar ég var að tala um að upplýsingagjöf til almennings hefði mátt vera betri vegna jarðskjálftans sem varð í Krýsuvík. Þetta er þingmaður Suðurkjördæmis, kjördæmis sem varð mjög illa úti í jarðskjálftum árið 2000. Þeir jarðskjálftar sitja enn í mörgu fólki sem býr á þessu svæði, fólk varð fyrir mjög alvarlegum áföllum og mér finnst það hreinlega sorglegt þegar einn af þingmönnum Suðurkjördæmis kemur svo hér og hæðir mig fyrir að ég skuli hafa reynt að gæta þess að það yrði virt að fólk, sem hefur orðið fyrir slíkum náttúruhamförum eins og jarðskjálftum, fengi upplýsingar um hvað væri á seyði. Nóg um það, hv. þingmaður getur átt þetta við sjálfan sig.

Hann kom hins vegar hér upp til að gagnrýna að ég væri að spyrja um Ingólfsfjall. Já, já, hann má gagnrýna það, en ég vil minna á að hann er fyrrverandi steypustöðvarstjóri og á ítök í þessari steypustöð enn, að ég best veit, og að sjálfsögðu er hann að reyna að verja hagsmuni steypustöðvarinnar eða steypubransans í nágrenni Selfoss. Hann um það.

Svör hæstv. umhverfisráðherra voru afskaplega dapurleg og sýna í raun og veru hversu kerfið er svifaseint. Ég held að þegar afkomendur okkar líta á Ingólfsfjall og spyrja sig þeirrar spurningar hvernig þetta hafi getað gerst að fólk sem var uppi á fyrri hluta 21. aldar skuli hafa látið þetta viðgangast, þá muni þeir ekkert óska eftir svona svari, einhverri svona moðsuðu. Þá mun verða spurt: Hvers vegna var þetta ekki stöðvað? Hvers vegna í ósköpunum létu þau það viðgangast (Forseti hringir.) að eyðileggja landið með þessum hætti?

[15:19]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Það sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson gleymdi í ræðu sinni hér rétt áðan var að skipulagsvaldið er í höndum sveitarfélagsins og framkvæmdarleyfið er líka í höndum sveitarfélagsins. Hins vegar stendur nú yfir mat á umhverfisáhrifum í kjölfar úrskurðar umhverfisráðuneytisins og er það komið á lokastig. Það er miður að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson skuli ekki vera hér í salnum til þess að hlusta á þessi svör.

Ég vil líka geta þess að núna er til umfjöllunar í umhverfisnefndinni frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999 og þar er lagt til að um gamlar námur gildi sömu reglur og um nýjar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það er því sannarlega verið að vinna að því á vettvangi umhverfisráðuneytisins að koma böndum á þessi mál þannig að þau verði í sem bestu lagi. Mér þykir því í raun og veru afskaplega undarlegt að þingmaðurinn skuli ekki hafa kynnt sér stöðu þessara mála betur en raun ber vitni.

Umræðu lokið.

Losunarkvóti á gróðurhúsalofttegundir.

Fsp. SigurjÞ, 570. mál. — Þskj. 825.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég ætla að spyrja hæstv. umhverfisráðherra um losunarkvóta á gróðurhúsalofttegundir og hvað líður því að hann verði reiknaður út fyrir þau álver sem eru í undirbúningi og einnig fyrir næsta losunartímabil eftir 2012 og hver stefna stjórnvalda sé, því þetta mál og þessi fyrirspurn snýst um stefnu stjórnvalda. Er það svo sem manni virðist raunin af að fylgjast með athöfnum stjórnvalda, að hæstv. iðnaðarráðherra sé að lofa stækkun álvera hér og þar á landinu og jafnvel fjölgun þeirra, eitt á Húsavík og jafnvel annað á Suðurnesjum, án þess að Umhverfisstofnun sé búin að reikna út hvort þetta standist alþjóðlegar skuldbindingar? Þetta er spurning sem hæstv. umhverfisráðherra verður að svara hér, hvort menn séu virkilega að æða áfram án þess að vita hverju þeir eru í rauninni að lofa. Það væri þá ekki í fyrsta sinn sem Framsóknarflokkurinn væri að lofa einhverju sem hann getur ekki staðið við.

Ég man að fyrir sveitarstjórnarkosningar fyrir átta árum var lofað olíuhreinsunarstöð í Skagafirði sem ekkert varð úr. Það skiptir verulega miklu máli að menn fái á hreint hvort búið sé að reikna þetta. Ég hef það fyrir víst frá yfirmanni í Umhverfisstofnun að það sé búið og niðurstöður liggi í ráðuneytinu og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún ætli ekki að fara að birta þær. Ég gekk á eftir þeim áður en ég lagði fram þessa fyrirspurn, ég hafði samband við umhverfisráðuneytið og talaði þar við sérfræðing, Huga Ólafsson. Það komu ýmsar vöflur á hann þegar ég ætlaði að fá þessa útreikninga, þetta virtust vera einhver vinnuskjöl og ég fékk sendar einhverjar eldgamlar upplýsingar. Hvers vegna eru ekki uppi á borðinu þessi losunarmörk fyrir fyrirhuguð álver sem stjórnvöld eru að boða nánast í hverjum landshluta? Ég hefði talið að stjórnvöldum væri í lófa lagið að birta þetta og í rauninni er vafasamt að ekki skuli vera búið að því vegna þess að ef til vill er verið að vekja einhverjar vonir hjá fólki um álver eða einhverjar framkvæmdir víða um land en síðan þegar menn eru búnir að skoða út-

reikninga þá er kannski ekki innstæða fyrir slíku. Það verður mjög fróðlegt að heyra svör hæstv. umhverfisráðherra við þessari fyrirspurn vegna þess að ég hef það fyrir víst að þessir útreikningar liggi fyrir.

[15:24]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Í fyrirspurninni er spurt hvort ráðuneytið reikni út losunarkvóta á gróðurhúsalofttegundir og hver sú niðurstaða sé, liggi hún fyrir. Því er til að svara að ekki hefur verið sett upp slíkt kvótakerfi fyrir útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi en ég reikna hins vegar með að fyrirspyrjandi vilji vita eða vilji fá upplýsingar um hver losun gróðurhúsalofttegunda muni verða á Íslandi í nánustu framtíð og hvort væntanleg losun rúmist þá innan þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur tekið á sig samkvæmt Kyotobókuninni. Ég hef þess vegna undirbúið svar mitt samkvæmt þeim skilningi á fyrirspurninni.

Umhverfisstofnun annast útstreymisspá fyrir Ísland og nú er verið að leggja lokahönd á nýja útstreymisspá í stað þeirrar sem gerð var árið 2002. Þessi spá verður birt í fjórðu skýrslu Íslands til skrifstofu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna sem fljótlega verður send skrifstofunni. Nú þegar hefur verið gengið frá þeim hluta útstreymisspár sem byggir á eldsneytisspá en ný eldsneytisspá sem unnin er undir umsjá Orkustofnunar var gerð fyrir skömmu. Ofan á þetta þarf svo að bæta upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðjuverkefnum sem nú er verið að vinna að eða eru líkleg til að hafa áhrif á næstu árum. Við teljum að rétt sé að gefa út fleiri en eina spá með mismunandi forsendum um umfang og tímasetningu stóriðjuverkefna því þau eru mjög mislangt á veg komin. Sum eru í framkvæmd eins og Fjarðarál á Reyðarfirði, önnur hafa starfsleyfi en framkvæmdir eru ekki hafnar og óvíst með tímasetningar í því samhengi svo sem um stækkun álversins í Straumsvík. Enn önnur eru á könnunar- og viðræðustigi. Sum þessara mála hafa verið að skýrast á allra síðustu dögum eins og alþjóð veit en óvissan er engu að síður mjög mikil.

Umhverfisstofnun er nú að vinna að útreikningum samkvæmt nýjustu upplýsingum með það að leiðarljósi að gefa nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar eins og unnt er til skrifstofu loftslagssamningsins. Ég hef ekki enn þá fengið þessar upplýsingar frá Umhverfisstofnun í hendur. Það þarf að vanda til slíkra útreikninga og setja tölurnar í samhengi við ákvæði Kyoto-bókunarinnar en útreikningarnir eru flóknari en kann að virðast við fyrstu sýn. Það er tiltölulega einfalt að reikna út losun koltvíoxíðs frá álverum en það er sú losun sem fellur undir sérstakt heimildarákvæði innan Kyoto-bókunarinnar og tekur til nýrra álvera. Það er hins vegar flóknara að reikna út losun flúorkolefna sem eru gróðurhúsalofttegundir sem myndast við álvinnslu og falla undir almennar losunarheimildir. Þessi losun er yfirleitt mest í upphafi starfstíma álvera, minnkar svo hratt og kemst í jafnvægi en það er hægt að hafa töluverð áhrif á losunina með tækni og starfsaðferðum. Hér á Íslandi hefur náðst ágætur árangur við að lágmarka útstreymi flúorkolefna í álverunum í Straumsvík og á Grundartanga og það skiptir miklu máli að það takist einnig í nýjum verkefnum. Nú er verið að reikna út útstreymi þessara efna út frá nýjum upplýsingum um líklega losun frá nýju álveri Fjarðaráls í Reyðarfirði.

Annað atriði sem taka þarf tillit til er að nýjum framkvæmdum fylgir aukin losun gróðurhúsalofttegunda vegna vinnuvéla og samgangna sem er merkjanleg aukning í litlu samfélagi eins og Íslandi. Það hefur því verið óskað eftir útreikningum sem taka tillit til aukinna framkvæmda sem mundu fylgja nýjum hugsanlegum stóriðjuverkefnum. Ég á von á því að ný útstreymisspá Umhverfisstofnunar, sem tekur tillit til þessara atriða og sýnir mismunandi sviðsmyndir út frá mismunandi forsendum, líti dagsins ljós á allra næstu dögum og ég mun kynna hana þegar hún liggur fyrir og við höfum farið yfir alla útreikninga að baki hennar svo að það sé tryggt að hún sé eins nákvæm og áreiðanleg og völ er á þannig að þingmenn þurfa ekki að bíða lengi eftir því að fá þessar upplýsingar í hendur.

[15:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í fylgiskjali 3 með þingsályktun sem ríkisstjórnin lagði fram hér í Alþingi þegar stefnumörkun hennar var kynnt með Kyoto-bókuninni stendur, með leyfi forseta:

„Ríkjum er í sjálfsvald sett hvort þau takmarki útstreymi innan lands með úthlutun útstreymisheimilda og viðskiptum með þær. Að athuguðu máli er ekki talin ástæða til þess að fara þá leið hér á landi.“

Hefur hæstv. ráðherra þá skoðun að þessi niðurstaða hafi verið skynsamleg og í ljósi þeirra hugmynda sem nú eru uppi um viðbótarframkvæmdir hvað varðar stóriðju í landinu? Er þá ekki ástæða til þess að endurskoða þá afstöðu ríkisstjórnarinnar? Finnst hæstv. ráðherra það ásættanleg staða fyrir ráðuneyti sitt og ráðherraembætti að þurfa að skrifa undir starfsleyfi fyrir hvaða útblástur sem er hér á landi?

[15:30]

Mörður Árnason:

Forseti. Mér finnst mikilvægt að umhverfisráðherra upplýsi það fyrr en síðar, vegna þess að ráðherrann hæstv. gerði það ekki í óundirbúnum fyrirspurnum um daginn, við hvað hún ætlar að miða þegar fyrsta Kyoto-tímabilið er metið. Uppi eru deilur um það núna, eða það virðist vera álitamál innan ríkisstjórnarinnar, hvort heldur beri að miða við að túlka Kyoto-sáttmálann þannig að það sé á fimmta gildisári hans sem menn nái hámarkinu eða hvort taka eigi öll gildisárin og deila í þau með fimm og standa þannig uppi á síðasta ári með miklu meiri mengun, miklu meiri losunarkvóta en í raun og veru er gert ráð fyrir að meðaltali. Það mundi þýða að fyrsta árið eftir þetta fyrsta Kyoto-tímabil þyrftu menn annaðhvort að skera niður eða þá (Forseti hringir.) að afla sér leyfis með einhverjum hætti fyrir kvótanum með því að kaupa hann eða semja um hann upp á nýtt. Þetta verður (Forseti hringir.) umhverfisráðherra að upplýsa fyrr en síðar.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra

fyrir að hafa lagt rétta merkingu í fyrirspurn mína. En mér fannst samt svör hæstv. ráðherra segja að þetta snúist um spenning hjá okkur þingmönnum fyrir því að fá þessi svör og þessa útreikninga. Það er kannski ekki málið. Og það að ekki sé búið að reikna þetta út eins og ráðherrann segir þá hef ég mínar heimildir fyrir því að Umhverfisstofnun hafi lokið þessum útreikningum og það væri þá fróðlegt ef hæstv. ráðherra ber það til baka að hún hafi fengið útreikningana frá Umhverfisstofnun. Mér finnst það allsérstakt, vegna þess að það var bæði að skilja á Stefáni Einarssyni, sérfræðingi Umhverfisstofnunar, og Huga Ólafssyni, að þessi gögn væru komin í ráðuneytið. Það væri ágætt að hæstv. ráðherra upplýsti um það.

En þetta leiðir hugann að stefnumótun. Lofa menn bara framkvæmdum út og suður án þess að það sé fyrirséð hvort menn hafi innstæðu til að lofa slíku? Leitt hefur verið getum að því að verði af bæði stækkun í Straumsvík og álveri á Húsavík sé þessi heimild sprungin og við komin fram yfir heimildir okkar til losunar á gróðurhúsalofttegundum. Þetta snýst ekki um einhvern spenning í þingmönnum, þetta hlýtur að snúast um stefnu stjórnvalda. Fara menn bara utan og lofa og skrifa undir samninga í Bandaríkjunum án þess að vita í rauninni hvort þeir hafa einhverja innstæðu fyrir þessum loforðum? Eða er þetta bara einhver skrautsýning, herra forseti?

[15:33]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Það er auðvitað skylda okkar Íslendinga að skila upplýsingum til loftslagsskrifstofu Sameinuðu þjóðanna. Að því er einmitt unnið í umhverfisráðuneytinu. Við erum að undirbúa það að skila upplýsingum þangað. Ég hef ekki fengið þær upplýsingar í hendur, það er enn verið að ganga frá þeim í Umhverfisstofnun áður en þær verða sendar til ráðuneytisins.

Hvað snertir það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði um, þá höfum við ekki ákveðið að breyta afstöðu okkar enn sem komið er. Ég skal ekki fortaka fyrir að það geti orðið einhverjar breytingar í framtíðinni en engin slík ákvörðun hefur verið tekin. Það er ekki kvótakerfi á Íslandi, við höfum ekki úthlutað kvóta á fyrirtæki. Staðreyndir málsins eru líka þær að miðað við aðstæður í dag erum við mjög vel innan allra marka. En ég þarf ekkert að rifja það upp fyrir þingmönnum að eins og umræðan hefur verið að undanförnu og þær hugmyndir sem uppi hafa verið um byggingu nýrra álvera að þá er augljóst að skoða þarf þau mál öll mjög vel.

Það er hins vegar alveg ljóst að hægt er að jafna þessum 1.600 þúsund tonnum á ári á allt tímabilið þannig að það skiptir máli hvenær álver kemur inn. En það er líka deginum ljósara að ef álver kemur seint inn á tímabilinu og þakið verður sprungið þegar því lýkur þá blasir við að menn þurfa að kaupa kvóta. (**JÁ:** Hefur verið gerður fyrirvari um það?)

Umræðu lokið.

Starfsemi og hæfi stjórnenda Kauphallarinnar.

Fsp. JóhS, 552. mál. — Þskj. 800.

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Nýlega kom fram í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn minni um lánveitingar til stjórnenda bankastofnana að á árunum 2003–2004 hefðu bankarnir þrír veitt lán til stjórnenda bankanna samtals að fjárhæð yfir 8,2 milljarða kr. Athygli vekur að í stjórn Kauphallarinnar sem veitti ráðherra svörin við fyrirspurninni sitja m.a. lykilstjórnendur í bönkunum sem fyrirspurnin beindist að sem vekur vissulega upp tortryggni og spurningu um hagsmunaárekstra. Svörin vekja ekki síst tortryggni þar sem ýmsir þeirra sem sitja í stjórn Kauphallarinnar tengjast viðskiptum við hana og ýmsir þeirra, m.a. stjórnarformaðurinn, er umfangsmikill og mjög virkur í viðskiptum með hlutabréf í þeirri lánastofnun sem hann stýrir og því í hæsta máta óeðlilegt að ráðandi fjármálafyrirtæki eða stærstu lífeyrissjóðirnir setji stjórnendur fyrirtækja sinna í stjórn Kauphallarinnar. Það hlýtur að vekja upp spurningar um hvort seta þeirra geti ekki valdið hagsmunaárekstrum og dregið úr trúverðugleika markaðarins.

Sömuleiðis vaknar eðlilega sú spurning hvort ekki sé rétt að í stjórn Kauphallarinnar eigi sæti óháðir aðilar og óheimilt verði að lykilstjórnendur þeirra félaga sem skráð eru í Kauphöllinni eigi sæti í stjórn, en um það er spurt í þeirri fyrirspurn sem ég beini til ráðherra. Óháðir aðilar sitja t.d. í stjórn dönsku og norsku kauphallanna, m.a. fólk úr seðlabönkunum og háskólunum.

Gagnrýni á þessa setu stjórnenda í stjórn Kauphallarinnar hefur stjórnarformaður hennar svarað með því að stjórnarseta þeirra sé fullkomlega eðlileg þar sem stjórn Kauphallarinnar hafi framselt ákvörðunarvald til forstjóra í eftirlitsmálum, m.a. beitingu viðurlaga vegna brota á reglum Kauphallarinnar. Þessi röksemd heldur ekki í ljósi ófrávíkjanlegra reglna laga um valdsvið félagsstjórnar og framkvæmdastjóra í hlutafélögum svo og ráðningarsambands forstjóra Kauphallarinnar við stjórnina og boðvald hennar yfir forstjóra.

Áslaug Björgvinsdóttir, dósent í félagsfræði, fjallaði m.a. um þetta í Morgunblaðinu fyrir rúmum tveimur árum og niðurstaða hennar er að stjórninni beri að lögum að taka ákvarðanir á sviði eftirlits Kauphallarinnar, m.a. viðurlagaákvarðanir sem hljóta að teljast mikilvægar ákvarðanir og þar sem forstjórinn er settur undir stjórnina og á m.a. starf sitt og launakjör undir henni sé þessi skipan ekki til þess fallin að auka traust. Um það er því spurt hver sé skoðun ráðherra á þessu framsali á valdheimild stjórnar til forstjóra í eftirlitsmálum og hver sé afstaða Fjármálaeftirlitsins til þessa? Mín skoðun er sú að þetta standist ekki lög.

Loks er spurt hvort ráðherra muni í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins leggja til að ákvörðunarvald um opinbera skráningu og viðurlagaheimildir færist frá Kauphöllinni til Fjármálaeftirlitsins. En af hálfu Evrópusambandsins hefur verið unnið að því að draga úr hlutverki kauphalla á sviði yfirstjórnar og reglusetningar á (Forseti hringir.) sviði opinberrar skráningar, m.a. vegna hættunnar á vandamálum (Forseti hringir.) vegna hagsmunaárekstra.

[15:39]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Íslensk löggjöf um verðbréfaviðskipti og starfsemi skipulegra verðbréfamarkaða hefur mótast fyrst og fremst af löggjöf nágrannaríkjanna og löggjöf Evrópusambandsins. Nú stendur yfir heildarendurskoðun löggjafar Evrópusambandsins um fjármagnsmarkaði samkvæmt aðgerðaáætluninni frá 1999. Í þessum nýju evrópsku reglum er hvergi að finna bann við að stjórnendur fjármálastofnana og lífeyrissjóða sitji í stjórn kauphalla. Ráðuneytinu er heldur ekki kunnugt um reglur í öðrum ríkjum sem banna slíka stjórnarsetu. Þvert á móti er í flestum kauphöllum, hvort sem er á Norðurlöndunum eða í Bandaríkjunum, lögð áhersla á að hluti af stjórnarmönnum komi frá fjármálafyrirtækjum annars vegar og skráðum félögum hins vegar. Þannig er tryggt að í stjórn kauphalla sé til staðar víðtæk þekking og þar komi fram sjónarmið ólíkra hagsmunaaðila þannig að ákveðið valdajafnvægi ríki. Stjórn, framkvæmdastjóri, starfsmenn og eigendur virkra eignarhluta verða hins vegar að uppfylla hæfisskilyrði sem sett eru fram í kauphallarlögum. Jafnframt eru gerðar ríkar kröfur til þess að um viðskipti kauphallar gildi gagnsæjar reglur þar sem fyllsta jafnræðis sé gætt. Ákvæði stjórnsýslulaga geta ekki átt við um starfsmenn kauphalla þar sem kauphallir eru fyrirtæki í einkaeigu.

Eftir að hinar nýju reglur Evrópusambandsins verða að fullu innleiddar munu kauphallir ekki sinna neinum opinberum verkefnum þar sem þau flytjast í hendur Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt framansögðu tel ég ekki ástæðu til að gera breytingar hvað þetta varðar á kauphallarlögum. Könnuð var afstaða Fjármálaeftirlitsins og er hún á sama veg. Hagsmunaárekstrar kunna vissulega að koma upp í starfsemi kauphalla eins og á fleiri sviðum. Þá reynir á að í starfseminni sé farið að lögum og reglum þannig að komið sé í veg fyrir að þeir hagsmunaárekstrar hafi áhrif á starfsemina.

Framsal stjórnar Kauphallarinnar á ákvörðunarvaldi til forstjóra í eftirlitsmálum vegna brota á reglum Kauphallarinnar er ráðstöfun sem er til þess fallin að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar sem kunna að koma upp hafi áhrif á starfsemina. Ekki er því efni til að gera athugasemdir við það fyrirkomulag. Til greina kemur að Kauphöllin setji á fót sérstakar aganefndir í sama tilgangi en ekki hefur verið rætt um að gera slíkt fyrirkomulag að lagaskyldu.

Í tilskipun ESB, nr. 2003/71, um lýsingar þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegan verðbréfamarkað, eru samræmdar kröfur um samningu, staðfestingu og dreifingu útboðs og skráningarlýsinga. Hluti tilskipunarinnar var innleiddur með lögum nr. 31/2005, um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti. Á grundvelli þeirra laga verða á næstunni settar reglugerðir um lýsingar og með þeim verður lokið við að innleiða tilskipunina.

Samkvæmt tilskipuninni skulu lögbær yfirvöld njóta sjálfstæðis. Hér á landi er það Fjármálaeftirlitið sem er falið það hlutverk að vera lögbært yfirvald. Kauphöll mun því ekki fara með opinbert vald. Hins vegar mun eftir sem áður hvíla á Kauphöll að hafa ákveðið eftirlit með útgefendum og viðskiptum í Kauphöll og beita agavaldi sem byggist á samningssambandi við útgefendur og kauphallaraðila. Tilskipunin hefur þau áhrif að umsjón með staðfestingu á lýsingum vegna skráningar verðbréfa í Kauphöll færist til Fjármálaeftirlitsins. Með staðfestingu er átt við athugun á því hvort lýsing sé fullnægjandi, þar með talið hvort upplýsingar í lýsingu séu samræmdar og skýrar. Hins vegar er í tilskipuninni tímabundin heimild til ársins 2011 fyrir lögbær yfirvöld að fela skipulegum verðbréfamörkuðum með samningi að annast staðfestingu á lýsingu. Slíkur samningur hefur verið gerður hér á landi milli Fjármálaeftirlits og Kauphallar.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa furðu á þessari afstöðu hæstv. ráðherra og að hæstv. ráðherra skuli ekki sjá þá hagsmunaárekstra sem hér geta verið, að í stjórn Kauphallarinnar skuli sitja stjórnendur stórra fjármálastofnana, sem skráð eru í Kauphöllinni, og lífeyrissjóða. Það er alveg ljóst að þarna hljóta að verða hagsmunaárekstrar og er mjög óeðlilegt að t.d. sömu stjórnarmenn sitji í stjórn Kauphallar og einnig í Verðbréfaskráningu.

Finnst hæstv. ráðherra þetta eðlilegt og telur hæstv. ráðherra ekki eðlilegt að skilja þar á milli því ekki er hægt að horfa fram hjá því að núverandi eignar-, stjórnunar- og rekstrartengsl eru afar óeðlilegt. Það hefur komið fram opinberlega án þess að ráðherra hafi talið ástæðu til að taka á þessu máli.

Samkvæmt tilskipun í reglugerð Evrópusambandsins verður sú krafa sett fram til aðildarríkjanna að hin lögbæru yfirvöld innan þeirra séu stjórnvöld og njóta þau algers sjálfstæðis gagnvart aðilum markaðarins til að forðast megi hagsmunaárekstra. Ætlar hæstv. ráðherra ekki að fara að þessari tilskipun? Ég spyr líka: Telur ráðherra virkilega að hægt sé að framselja valdheimildir stjórna hlutafélaga yfir til forstjóra? Ég vil vitna til þess að Áslaug Björgvinsdóttir, dósent í félagsfræði, hefur í grein í Morgunblaðinu einmitt haldið því fram að í ljósi ófrávíkjanlegra reglna laga um valdsvið félagsstjórna og framkvæmdastjóra í hlutafélögum svo og ráðningarsambands forstjóra Kauphallar við stjórnina og boðvalds hennar yfir forstjóra sé mjög vafasamt að þetta standist lög.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún hafi skoðað þetta alvarlega? Þarna eru á ferðinni hreinir hagsmunaárekstrar og mjög óeðlilegt að þetta fyrirkomulag sé til staðar með þeim hætti sem það er. Ég vísa aftur til dönsku og norsku kauphallanna þar sem ekki eru í stjórn aðilar (Forseti hringir.) sem eru í stjórnum fyrirtækja sem aðild eiga að Kauphöllinni.

[15:45]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta sem ég sagði hér áðan í ítarlegu svari mínu til hv. þingmanns. (**JóhS:** Var þetta svar búið til af stjórnarformanni Kauphallarinnar?) Hvers lags aðdróttanir eru þetta nú?

Eins og kom fram í svari mínu er aldrei hægt að fullyrða að það geti ekki átt sér stað einhverjir hagsmunaárekstrar, það er nú bara þannig í lífinu að slíkt getur komið upp og ekki bara þarna heldur miklu, miklu víðar.

Og eins og ég sagði þá fær Fjármálaeftirlitið aukið opinbert vald með tilskipunum Evrópusambandsins sem flyst að verulegu leyti frá Kauphöllinni til Fjármálaeftirltisins og það er hið lögbæra yfirvald, það er Fjármálaeftirlitið. Þetta er því að mínu mati ekki eins og hv. þingmaður vildi vera láta í máli sínu.

Hvað varðar danska og norska kauphöll eða kauphallir, þó að mér sé ekki nákvæmlega kunnugt um hverjir sitja þar í stjórnum, þá er a.m.k. ljóst að það er ekki á grundvelli laga sem þar eru ekki forstjórar fyrir fjármálafyrirtækjum, við höfum farið yfir það að hvorki Evrópusambandið né þau lönd sem við berum okkur helst saman við í sambandi við löggjöf okkar, sem eru nú ekki síst Norðurlöndin, hafa sett í lög ákvæði sem gera það ólöglegt að forstjórar fjármálafyrirtækja (**JóhS:** Má stjórn framselja valdheimildir sínar til forstjóra?) sitji í stjórn. Ég held því þess vegna fram að það sé ekkert óeðlilegt á ferðinni í (**JóhS:** Ég bið ráðherra að svara því.) sambandi við Kauphöllina — hæstv. forseti, ég held að ég hafi orðið enn þá — það er ekkert óeðlilegt í þessu sambandi, eins og fram hefur komið í máli mínu.

Umræðu lokið.

Upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu.

Fsp. SigurjÞ, 571. mál. — Þskj. 826.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra:

Hver er afstaða ráðherra til þess að Fjármálaeftirlitið neitar að veita alþingismanni upplýsingar um hverjar urðu lyktir kærumáls sem upp kom í ágúst 2003, þegar hlutabréf ríkisins í Íslenskum aðalverktökum voru seld?

Við verðum að hafa í huga að hér var verið að selja ríkiseigur og því má teljast eðlilegt að fulltrúi almennings ætti rétt á því að fá að vita hverjar lyktir kærumála sem komu upp í kjölfar sölunnar yrðu. En það virðist vera mat Fjármálaeftirlitsins að neita fulltrúa almennings um slíkar upplýsingar. Ég tel það óeðlilegt og algerlega óverjandi að standa í slíku leynimakki. Þetta tengist með beinum hætti hæstv. forsætisráðherra vegna þess að á þeim tíma var hann utanríkisráðherra, var yfirmaður og sá m.a. um söluna. Það er líka undarleg tilviljun að það voru einmitt aðilar tengdir flokknum sem keyptu fyrirtækið, sem er ekki eina dæmið um að aðilar tengdir Framsóknarflokknum fái að kaupa eigur ríkisins. Síðan má enginn fá að vita hvorki hvernig þau kaup fóru fram né hverjar urðu lyktir kærumála. Þetta er alveg með ólíkindum.

Það verður fróðlegt að vita hvernig hæstv. viðskiptaráðherra reynir að verja þessa vitleysu, að reyna að vera í einhverju leynimakki hér og fela lyktir kærumála á sölu eigna almennings. Þetta er alveg með ólíkindum og ekki Framsóknarflokknum til framdráttar. Það er skömm að því að menn skuli ekki sjá til þess að svona upplýsingar liggi frammi og það þarf að fara fram alger skoðun á einkavinaveðingarferli eða söluferli Framsóknarflokksins til tengdra aðila, ekki bara í þessu máli heldur ekki síður í sölunni á Búnaðarbanka Íslands sem virðist hafa farið fram með mjög umdeilanlegum hætti. Þar var dreginn inn í þýskur banki sem gufaði síðan upp og hér kom sannarlega upp kærumál og enginn má vita hvernig því lyktaði.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð nú vegna þess að ég bíð spenntur eftir svörum hæstv. viðskiptaráðherra hvort hún ætli að standa í þessum feluleik áfram.

[15:51]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Einn mikilvægasti hornsteinn í starfsemi eftirlitsaðila eins og Fjármálaeftirlitsins er að viðkomandi aðila sé treyst til þess að fara með upplýsingar um þá sem lúta eftirliti. Þeir sem samþykkt hafa þau lög sem um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gilda, hafa gert sér fulla grein fyrir því enda eru í þeim lögum ströng ákvæði um þagnarskyldu stjórnar, forstjóra og starfsmanna eftirlitsins.

Í 13. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi segir, með leyfi forseta:

„Þeir" — þ.e. stjórn, forstjóri og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins — „mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt."

Síðar í sömu grein segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Opinber umfjöllun af hálfu þess aðila sem þagnarskyldunni er ætlað að vernda um trúnaðarupplýsingar veitir starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins eða sérfræðingum sem starfa eða starfað hafa á vegum þess ekki heimild til að láta af hendi trúnaðarupplýsingar."

Þessi ákvæði eru rifjuð upp hér vegna fyrirspurnar hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér barst munnleg beiðni frá starfsmanni Alþingis til Fjármálaeftirlitsins þar sem óskað var eftir upplýsingum um tiltekið kvörtunarmál sem kom inn á borð eftirlitsins fyrir nokkrum árum. Starfsmanni Alþingis mun hafa verið gerð efnislega grein fyrir þeim ákvæðum sem um þagnarskyldu gilda og rakin voru hér að framan.

Eins og oftlega hefur þurft að gera grein fyrir í þessum ræðustól er Fjármálaeftirlitið sjálfstæð ríkisstofnun sem á hvílir þagnarskylda lögum samkvæmt. Alþingismenn eiga ekki ríkari rétt til að aðgangs að upplýsingum og gögnum Fjármálaeftirlitsins en aðrir. Viðskiptaráðherra segir Fjármálaeftirlitinu ekki fyrir verkum og ætlast til að stofnunin starfi eftir þeim lögum sem Alþingi hefur samþykkt.

Þess má þó geta að vorið 2005 voru gerðar breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti sem fela í sér að Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita meiri upplýsingar um niðurstöðu mála á verðbréfamarkaði en áður. Umræddar lagabreytingar, sem tóku gildi þann 1. júlí 2005, gilda þó eingöngu um mál sem tekin voru til athugunar eftir umrædda lagabreytingu.

[15:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það kemur upp hvað eftir annað í umræðum hér á hv. Alþingi að hæstv. ráðherra skýtur sér á bak við að Fjármálaeftirlitið sé ósnertanlegt alþingismönnum. Það sem við erum að tala hér um er einkavæðing fyrirtækja sem eru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Hæstv. ráðherra hefur sagt það áður að enginn geti í raun og veru skipað þessu embætti fyrir með það, ef enginn kærir til þess. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að verja það að enginn skuli gæta hagsmuna almennings fyrir hönd hans þegar verið er að fjalla um sölu á ríkisfyrirtækjum og einkavæðingu? Það er alveg með eindæmum að menn skuli fá slík svör sem þessi hér í sölum Alþingis. Ef það er ekki hægt samkvæmt þeim lögum sem nú gilda þá hljóta menn að þurfa að finna aðra leið til þess. Það verður að vera einhver leið til þess að óska eftir því að (Forseti hringir.) Fjármálaeftirlitið fáist við málefni eins og þessi þegar um er að ræða (Forseti hringir.) beina hagsmuni almennings.

[15:55]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það kemur ekkert á óvart að illa gangi að fá upplýsingar um einhver mál sem varða hluti sem tengjast embættisfærslu hæstv. viðskiptaráðherra. Ég er sjálfur með tvö svona mál í gangi. Ég bað um upplýsingar um ársreikninga fiskeldisfyrirtækis norður í landi sem fór á hausinn og var sett yfir á Nýsköpunarsjóð og tapaði tugum ef ekki hundruðum milljóna af peningum skattborgara. Ég sendi fyrst þrjár beiðnir til Nýsköpunarsjóðs en fékk ekki einu sinni svar. Síðan hef ég beðið ríkisendurskoðanda um að fara í málið og hann hefur ekki enn þá náð neinum árangri í því og er þó búinn að vera með málið á skrifborði sínu í fleiri mánuði.

Annað mál sem ég get nefnt er að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson mætti í viðtal á Útvarpi Sögu einhvern tíma fyrir jól og kom þar með mjög alvarlegar ásakanir eða upplýsingar um starfshætti sem tengdust fyrrverandi forstjóra Byggðastofnunar. Ég sendi að sjálfsögðu bréf til ríkislögreglustjóra og bað hann um að athuga það. Síðan eru liðnir margir mánuðir en ekkert hefur heyrst frá ríkislögreglustjóra enn. Þetta er alveg með ólíkindum, það er eins og alltaf sé einhver stífla í kerfinu þegar hæstv. (Forseti hringir.) viðskiptaráðherra er annars vegar.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Það er mjög sorglegt að verða vitni að svörum hæstv. ráðherra hér. Hún les upp úr lagatexta og talar um traust. Þessi viðbrögð eru einfaldlega ekki traustvekjandi þegar verið er að spyrja út í sölu á eignum almennings. Við sem erum fulltrúar almennings hér á þjóðþinginu erum jafnvel sagðir vera óviðkomandi aðilar, eða látið er að því liggja.

Það er nú einu sinni þannig, herra forseti, að salan sem þarna fór fram er mjög umdeilanleg og Framsóknarflokkurinn situr uppi með það að núverandi formaður flokksins, hæstv. forsætisráðherra, stóð í því að selja m.a. flokksbróður sínum eigur ríkisins. Sá var formaður einkavæðingarnefndar og þetta er auðvitað eitthvað sem er ekki hægt að líða í nokkru þjóðþingi. Og koma síðan hérna og vera að lesa upp úr einhverjum lagatexta, mér finnst ömurlegt að horfa upp á þetta, herra forseti.

Ég er á því að Framsóknarflokkurinn komist ekkert áfram með þessa umræðu, að vera hér með þennan feluleik. Það verður farið ofan í þetta einkavæðingarferli, þetta tengist greinilega flokkskl íkunni, ekki bara í þessu máli heldur einnig í Búnaðarbankamálinu og það er ekki hægt að ganga svona sóðalega um eigur almennings, það er einfaldlega ekki hægt. Við getum ekki setið undir því á þjóðþinginu að ráðherrar komi hér og lesi upp úr einhverjum lagatexta þegar spillingarlykt er af málinu.

[15:59]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er nú eiginlega alveg orðlaus eftir að hafa hlustað á hv. þingmenn sem virðast ekki gera sér nokkra grein fyrir því hvernig kerfið er upp byggt hjá okkur, (**SigurjÞ:** Það er bara lokað.) að við séum með eftirlitsstofnanir í landinu sem starfa sjálfstætt. Ef þær störfuðu ekki sjálfstætt þá væri það þannig að viðskiptaráðherra stjórnaði því hvaða fyrirtæki væru skoðuð og hvaða fyrirtæki væru yfirleitt til meðferðar hjá eftirlitsstofnunum. (**SigurjÞ:** Það væri kannski ekki framlagt mál af forsætisráðherranum.) Þetta er nú ekki svaravert.

Ég segi bara að ég geri þá kröfu til hv. þingmanna að þeir kynni sér þessi mál betur, hv. fyrirspyrjandi, (**SigurjÞ:** Það er ekki hægt.) a.m.k. löggjöfina, áður en hann kemur hér í pontu með þvílík gífuryrði sem hann hefur haft hér uppi. Ég held að það hafi bara ekkert veitt af því að lesa lagagreinina fyrir hv. þingmann því að hann virðist ekki gera sér nokkra grein fyrir því að alþingismenn njóta engra sérkjara eða sérréttinda hvað þetta varðar þegar um upplýsingaöflun er að ræða eða þagnarskyldu starfsmanna í viðkomandi eftirlitsstofnun, þó að hv. þingmaður meti það að sjálfsögðu mikils að vera alþingismaður, ég heyri það, og það er alveg ástæða til þess. En alþingismenn hafa engin sérréttindi á þessu sviði, það er nú bara einu sinni þannig.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá voru tekin 13. og 18. mál.

Fundi slitið kl. 16:01.

80. FUNDUR

miðvikudaginn 8. mars,
kl. 6 síðdegis.

Dagskrá:

Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[18:01]

Útbýting:

Norðurlandasamningur um almannaskráningu, 609. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 893.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, 610. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 894.

Athugasemdir um störf þingsins.

Boðun þingfundar.

[18:02]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að halda því til haga og mótmæla því að hér sé settur nýr fundur klukkan sex síðdegis til að ræða það frumvarp sem hefur verið rætt og eru miklar deilur um, vatnalög. Ég vil segja, virðulegi forseti, máli mínu til stuðnings, að á fundi með forseta og þingflokksformönnum á mánudaginn þar sem rædd var vikuáætlun var gert ráð fyrir einum kvöldfundi, sem var í gær, og ekki talað um þennan fund nú.

Ég legg mikla áherslu á, virðulegi forseti, að bæði starfsáætlun og vikuáætlun sem settar eru fram séu haldnar og þingmenn geti treyst því sem þar er sett fram. Þingmenn hafa jú ýmsum öðrum skyldum að gegna og þurfa að ráðstafa sér til ýmissa annarra starfa, svo sem til funda í kjördæmum og annað slíkt. Þess vegna verða þingmenn að geta treyst á þau atriði.

Hér er hins vegar verið að setja nýjan fund á miðvikudegi klukkan sex að loknum þingflokksfundum til þess að ræða það frumvarp sem hér er sett á dagskrá, vatnalög. Ég vil, virðulegi forseti, að það komi fram að við í stjórnarandstöðunni mótmælum þessum fundi og því ráðslagi sem hér er og viljum þá um leið spyrja virðulegan forseta hvað það eigi þá að halda lengi áfram á þessu kvöldi með þetta mál. Það er nauðsynlegt að við vitum tímaáætlun og hvað á að halda lengi áfram.

[18:04]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er augljóst að frumvarp ríkisstjórnarinnar um vatnalög er farið að trufla stórlega þinghaldið, setja þinghaldið úr skorðum, og sá fundur sem hér er að hefjast að boði hæstv. forseta þingsins er dæmi um það. Til hans er boðað gegn mótmælum allrar stjórnarandstöðunnar. Við höfum komið okkar mótmælum á framfæri á fundi þingflokksformanna með forseta þingsins og þau mótmæli eru hér með ítrekuð.

[18:05]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég varð satt best að segja svolítið hissa þegar ég varð þess áskynja að hér hefði aftur verið boðað til þingfundar klukkan sex. Við höfum þingfund í dag klukkan tólf og höfum verið hér í ati í allan dag. Ég átti ekki von á því að þessi fundur yrði núna því að á fundi formanna þingflokkanna á mánudag var hvergi minnst á möguleikann á því að hér yrði kvöldfundur á miðvikudegi.

Þingmenn Frjálslynda flokksins hafa bókað sig í kvöld á fund á vegum borgarstjórnarframboðs Frjálslynda flokksins hér í Reykjavík. Nú er það allt saman í uppnámi, óvíst um hvort við getum tekið þátt í þeim fundi, sem þó var mikilvægur, en við verðum bara að sjá til, sjá hvað setur. Um leið er rétt að koma á framfæri líka fyrir hönd þingflokks Frjálslynda flokksins mótmælum gegn því að boðað sé til kvöldfundar með svo skömmum fyrirvara. Að lokum, virðulegi forseti, væri líka dýrmætt að fá að vita hver áætlunin er þá fram á kvöldið. Á að vera fundur hér í allt kvöld? Er verið að hugsa um að fara eitthvað inn í nóttina eða hvað vakir fyrir hæstv. forseta? Því enn og aftur, eins og ég sagði, ber þetta mjög brátt að og mörg eigum við að sjálfsögðu skyldum að gegna. Hér er fjölskyldufólk með ung börn og og það kemur sér því bagalega að vera hér í kvöld. En ef það þarf að vera svo þá er ég tilbúinn í slaginn hvenær sem er.

[18:07]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að jafnan þegar ágreiningur kemur upp í einhverjum tilteknum málum og umræða dregst eitthvað þá skal ætíð sett á einhvers konar vakta- eða vertíðarstemmning til þess að ljúka málum, eins og hér sé mikil vá fyrir dyrum sökum þess að tekist sé á málefnalega í þinginu og þá grípi yfirstjórn þingsins til þeirra ráða að setja á fundi í þinginu hvenær sem er til þess eins að ljúka umræðu, til þess eins að geta keyrt málin áfram. Þetta eru afar óheppileg vinnubrögð og afar óvönduð.

Ég hlýt að spyrja eins og margir, sökum þess að hér er verið að hverfa frá áætlun sem lá fyrir á mánudag: Hvert er vandamálið? Hvað er það í lagasetningu sem þarf að breyta? Nú hafa vatnalög, sem nú eru undir, staðið í rúmlega 80 ár. Þarf að setja á einhverja sérstaka kvöldfundi til þess að ljúka eða reyna að ljúka umræðu um þessi tilteknu mál?

Ef váin er svo stórkostleg að það kalli á að menn þurfi að haga skipulagi þingsins með þessum hætti væri þá ekki a.m.k. lágmark að hæstv. iðnaðarráðherra væri þá á vettvangi til þess eins að upplýsa okkur um það hvert vandamálið sé, í hverju váin er fólgin og hvernig eigi að greiða úr þeim mikla vanda sem uppi er. Í þinginu er hugsanlega

málefnalegur ágreiningur um lagasetningu og þá er gripið til þess — ég verð að leyfa mér að kalla það svo, virðulegi forseti — ofbeldis að keyra fundi langt fram á nótt, sem er í engum takti eða í samræmi við þær áætlanir sem lágu fyrir í upphafi vikunnar. Ég vil því leyfa mér eins og aðrir hér (Forseti hringir.) að mótmæla þessum vinnubrögðum harðlega, virðulegur forseti.

[18:09]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill mótmæla því sérstaklega að hv. þingmaður tali um „ofbeldi“ í þessu sambandi og minnir á að í 63. gr. þingskapa stendur að forseti ákveði dagskrá hvers fundar o.s.frv. Hv. þingmenn geta kynnt sér það.

[18:10]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vildi þá gjarnan fá ræðutíma hv. þm. Drífu Hjartardóttur úr því að hún dró sig til baka. (**Gripið fram í:** ... rauðu ljósi ...) Það er rétt að ég tilkynni formlega að ég hyggst nota þann rétt sem ég hef til þess að taka þátt í þessari umræðu um störf þingsins.

Það er auðvitað svo að forseti hefur allan þann rétt sem 63. gr. og fleiri greinar gera ráð fyrir. En það er líka þannig að ef forseti þingsins ætlar að sinna starfi sínu af alúð og gætni leitast forsetinn við að hafa hlutina með skaplegu móti í þinginu og hafa þingmenn með sér en ekki á móti, bæði þingmenn stjórnarinnar og þingmenn stjórnarandstöðunnar. Forseta, með hvaða atkvæðum sem hann er nú kjörinn, ber að mínu áliti, og ég held fleiri, að líta á sig sem forseta alls þingsins. Nú vill til að sá forseti sem nú situr er sérstakur áhugamaður um breytingar á störfum þingsins og á heimasíðu Alþingis var sett hinn 3. mars sl. frétt um för forseta Alþingis ásamt tveimur varaforsetum til New York á þing kvenþingforseta í heiminum.

Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á fundinum ræddu þingforsetarnir hvernig breyta mætti starfsháttum þinga til að stuðla að auknu jafnrétti. Forseti Alþingis sagði frá áherslum sínum, m.a. á nauðsyn þess að vinnutími þingmanna yrði fjölskylduvænni og að stuðlað yrði að jafnari dreifingu vinnuálags á hverju löggjafarþingi.“

Ég spyr: Nú er 8. mars, nú eru fimm dagar liðnir og það er 8. mars, sem er nú ekki hvaða dagur sem er heldur einmitt mikill fjölskyldudagur eða a.m.k. mikill kvennadagur. Hefur forseti Alþingis skipt um skoðun í þessu efni frá því að hún flutti ræðuna á fundi kvenþingforseta í New York hinn 3. mars sl.?

[18:12]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti láta þess getið að frumvarpi til vatnalaga var útbýtt 3. nóvember sl. Fyrsta umræða fór fram dagana 7. og 14. nóvember, tók tæpar sex klukkustundir. Nefndaráliti meiri hluta var útbýtt þann 3. mars, 2. umr. hófst 6. mars og var haldið áfram 7. mars. Í henni hafa hingað til talað sjö ræðumenn og 2. umr. staðið í heild með andsvörum í rúmlega 13 klukkustundir samtals þannig að nú þegar hefur þetta mál verið rætt hér í þinginu í 19 klukkustundir og enn eru 11 á mælendaskrá í 2. umr.

Forseti bauðst til þess að semja um framhald málsins á þann veg að það yrði ekki rætt meira í þessari viku á kvöld- og næturfundum heldur yrði umræðunni haldið áfram á mánudag og, ef þyrfti, lokið á þriðjudag í næstu viku. Forseta fannst fara vel á því að um þetta mikilvæga mál yrði ekki rætt á kvöld- og næturfundum heldur á daginn. Jafnframt telur forseti að það sé ekki fjölskylduvænt að vera með þingfundi á kvöldin og næturnar, eins og raunar hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson minntist á í ræðu sinni áðan þar sem sumir hv. þingmenn eru með ung börn.

Varðandi það sem hv. þm. Mörður Árnason tók hér sérstaklega til umræðu út af fundarhöldum mínum í New York með öðrum forsetum þjóðþinga þá er það svo sannarlega minn ásetningur, og vonandi næst gott samkomulag um það við hv. þingmenn, að draga úr þessu vinnulagi, þessu vertíðarfyrirkomulagi sem hefur verið hér á þingfundum. En því miður náðist ekki samkomulag um þessa málsmeðferð á fundi sem forseti hélt með þingflokksformönnum í hádeginu í dag. Forseti átti raunar líka fund með þingflokksformönnum seint í gærkvöldi.

Niðurstaðan er því sú að þar sem þetta mál er mál sem stjórnarflokkarnir leggja áherslu á að ljúka og ljóst er að hv. stjórnarandstöðuþingmönnum liggur mikið á hjarta hyggst forseti halda áfram fundi svo að ljúka megi 2. umr. um málið.

[18:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er algjörlega sammála því sem hæstv. forseti sagði hér áðan, þetta er mjög mikilvægt mál og á auðvitað að ræða hér að degi til. Það er fráleitt að málið sé tekið á dagskrá bara sisvona. Þetta mál var ekki á dagskrá þessa dags og þeir sem hafa ætlað að fylgjast hér með eða taka þátt í umræðunni hafa þess vegna ekki gert ráð fyrir því að málið yrði hér rætt á þessum degi.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst hæstv. forseti ekkert geta kvartað undan því þó að þingflokksformenn hafi ekki treyst sér til að semja um einhver endalok í þessu máli. Það er ekkert hægt að semja fyrir þingmenn um það vegna þess að fjölmargir þingmenn eiga eftir að tjá sig um þetta mál og eiga örugglega eftir að tala um það mjög lengi. Þingið verður bara að gefa sér tíma til að fara yfir málið því að því tengjast svo mörg og mikilvæg atriði að það er að mínu viti ekki neitt annað meira aðkallandi í störfum Alþingis en að ræða þetta mál. Það eru svo fjölmörg atriði sem menn þurfa að fara yfir í sambandi við nýtingu á auðlindum, um það hvernig við lítum á vatnið, eignarhald í þeim skilningi sem hér er sett fram, nýja skilgreiningu á eignarhaldi vatns, það er ekkert minna, og síðan alla auðlindapólitíkina sem hangir saman við þetta mál og þá lagasetningu sem ætti að fylgjast að í gegnum Alþingi.

Til þessa þurfa menn bara að gefa sér tíma og ég tel að hæstv. forseti muni auðvitað gefa þingmönnum allan þann tíma sem þeir kjósa að taka sér til þess og muni ekki þrengja að þingflokksformönnum með einhverjum samningatilboðum (Forseti hringir.) um það að menn hætti hér umræðum.

[18:17]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil bara koma því hér að að mér þykir

góð ráðstöfun hjá hæstv. forseta að leyfa þessa umræðu í kvöld. Ég var sjálf á forsetastóli í gær og hlustaði á ræðurnar. Mér þóttu þær heldur einkennilegar þar sem lesið var endalaust upp úr umsögnum. Lítil efnisleg umræða má segja að hafi verið um málið nema hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni sem mér þótti afskaplega gott að hlusta á. (Gripið fram í.) Ég held að þingmenn ættu þá bara að fagna því að fá að tala endalaust um þetta mál. Sumir hafa talað hér í fimm klukkutíma, aðrir einn og hálfan til þrjá og margir eru enn á mælendaskrá og aldrei að vita nema við önnur setjum okkur á mælendaskrá ef við teljum að við komumst einhvern tímann að. En stjórnarandstaðan ætlar að einoka þennan ræðutíma algjörlega með því að halda hér maraþonræður (**Gripið fram í:** ... þingflokkana.) sem ég held að hv. þingmenn (Gripið fram í.) græði ekki mikið á, að tala í fimm klukkutíma og halda uppi málþófi.

Ég held að þetta hafi verið góð ráðstöfun hjá forseta og tel að það sé gott að þeir sem vilja ræða þetta mál geti bara rætt það hér út í nóttina. Verði þeim að góðu. (**SigurjÞ:** Farin heim?)

[18:19]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er svolítið sérkennilegt að hlýða hér á einkunnagjöf sem stjórnarliðar (**DrH:** Það gerið þið aldrei.) telja sig umkomna að veita okkur í stjórnarandstöðunni um þetta mál. Hér eru málin sett upp eins og það sé okkur eitthvert sérstakt kappsmál að tala mikið og lengi í þessu máli.

Okkur er það kappsmál að þessu þingmáli verði vísað frá og að við stöðvum þetta mál.

Við höfum engan áhuga á að tala mikið og lengi um ný vatnalög. Við viljum að málinu verði vísað frá í þinginu og stjórnarandstaðan hefur sameinast um tillögu þess efnis. Þetta er okkar krafa. Málflutningur okkar gengur út á að fá þessu framgengt. Það er á þeirri forsendu sem við höfum ekki viljað semja um málalyktir í þessu máli. Þetta er ástæðan. Við erum að sjálfsögðu á þeirri skoðun að það eigi að virða vinnutíma hér í þinginu og viðhafa skynsamleg vinnubrögð. Við erum því fylgjandi en við erum ekki tilbúin að kokgleypa þetta frumvarp sem er sett fram í óþökk mjög margra og fjölmennra félagasamtaka í landinu, aðila sem starfa að umhverfisvernd, verkalýðssamtakanna og ýmissa almannasamtaka. Út á þetta gengur barátta okkar hér í þinginu.

Ég get fyrir mitt leyti staðfest það sem kom fram í máli hæstv. forseta þingsins. En menn verða líka að virða hvað það er sem fyrir okkur vakir í þessu efni. Við viljum burt með þetta frumvarp.

Vatnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859.

[18:22]

Mörður Árnason:

Forseti. Þær umræður sem hér fóru fram áðan um störf þingsins voru fróðlegar, kannski einkum það sem kom fram í máli forseta um að sú ráðstöfun að efna hér til fundar klukkan sex á miðvikudegi, fundar sem á samkvæmt orðum hv. þm. Drífu Hjartardóttur að standa út í nóttina, sé til komin vegna þess að stjórnarflokkarnir eða ríkisstjórnin, ég man ekki hvort var, leggi sérstaka áherslu á að þetta mál klárist.

Nú er það svo, forseti, að í dag er 8. mars eins og fram kom í umræðunni. Það er alþjóðadagur kvenna þó að það komi þessu máli ekki einkum við en sá dagur er hvergi nærri þinglokum þeim sem áætluð voru í starfsáætlun þingsins. Ég hygg að lokadagur þingsins að þessu sinni sé í fyrstu viku maí, að ég hygg 5. maí, þó man ég það ekki mjög vel. Þess má reyndar geta að ef það er 5. maí er hann líka merkur dagur, nefnilega m.a. afmælisdagur Karls Marx sem kemur að vísu þessu máli jafnlítið við og 8. mars.

Sé það ætlun ríkisstjórnarinnar að klára málið, keyra það í gegn og gera það á þessu þingi, hefur hún einfaldlega nógan tíma til þess. Það eru tæpir tveir mánuðir þangað til þingi á að ljúka samkvæmt þeirri starfsáætlun sem kynnt hefur verið og fyrir lá í haust. Ég verð að segja, andstæðingur þessa frumvarps sem ég er, að ef stjórnarflokkarnir standa saman um það og ekki verða brotthlaup úr flokkunum tel ég allar líkur á því að ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum takist að koma þessu máli í gegn á þeim tæpu tveimur mánuðum sem eftir standa af þinginu. Þess vegna skil ég ekki þessa röksemd hæstv. forseta hér í umræðunum og tel að gæfulegra hefði verið fyrir hann og fyrir störf þingsins að sleppa þeim fundi sem hér er settur á klukkan sex á miðvikudegi og funda um málið með venjulegum hætti þegar tími gefst til síðar í vikunni, eða síðar í mánuðinum því að þessi vika mun nú vera ásett, einn þingdagur eftir auk þess dags sem hér líður og hann er ætlaður umræðum um störf alþjóðanefnda.

Ég verð svo að segja það líka, bæta því við, forseti, að ég tel það ekki vera í raun og veru áferðarfögur rök sem forseti þingsins viðhefur, að hann hagi sér eftir því sem stjórnarflokkarnir eða ríkisstjórnin eða forsætisráðherra vill. Vissulega hlýtur forseti þingsins að miða við að klára þá dagskrá sem fyrir höndum er en hann á að gera það að mínu áliti í samræmi við góðar venjur á þinginu og í sem mestu samráði og samstarfi við alla þingmenn sem til næst og við forustu þeirra hópa sem þingmennirnir skipa sér í, nefnilega þingflokkana.

Þetta vekur svo athygli mína, líka fleiri þingmanna og þeirra sem fylgjast hér með störfum okkar, á þeim krafti, að ég segi ekki á því forsi, sem notaður er til að þrýsta þessu máli í gegn. Um það er rétt að fara nokkrum orðum. Það er auðvitað þannig, forseti, að ýmsar ástæður leggjast saman í því. Ein ástæðan er sjálfsagt sú að þetta sé nánast persónulegt metnaðarmál þess ráðherra sem flutti frumvarpið, nefnilega hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, því að hún flutti þetta sama frumvarp í fyrra og þá varð það ekki útrætt og var raunar fórnað með nokkrum hætti þegar kom að þinglokum og önnur mál tekin fram fyrir það. Iðnaðarráðherra tókst að nota þann tíma sem henni var með því veittur til þess að bæta frumvarpið í nokkrum lítilvægum — ja, ekki lítilvægum, ég tek það orð aftur — í nokkrum tiltölulega smáum atriðum, en mikilvægum, því að allt þetta

frumvarp er auðvitað mjög mikilvægt. Hún kom síðan aftur með það hér en hafði ekkert annað lært og starfsmenn hennar á þeim fresti sem til gafst með þinghléi í sumar en þessi nokkru smáu atriði. Þó var tíminn notaður til þess að reyna að berja niður nokkra af umsagnaraðilum málsins og það má sjá á t.d. umsögn frá Umhverfisstofnun að hún hefur átt í nokkru stríði vegna umsagnar sinnar um fyrra frumvarp. Þó hefur meira að segja það ætlunarverk ekki gengið nógu vel því að Umhverfisstofnun telur sig standa við sitt og nánast, eins og hún segir að lokum umsagnar sinnar, að jörðin snúist nú samt, þrátt fyrir þær afsökunarbeiðnir sem hún var látin fara með í frumvarpinu.

Einn þáttur í þessari keyrslu er sjálfsagt einfalt metnaðarmál hæstv. iðnaðarráðherra sem satt að segja hefur ekki gengið allt of vel núna þennan þingvetur og ekki hinn fyrri við að koma málum sínum með þokkalegum hætti í gegnum þingið. Hún hefur ekki staðið sig mjög vel í því að mæla fyrir málunum eða verja þau þegar að er fundið og þau gagnrýnd.

Í öðru lagi kann að vera að hér sé um að ræða einhvers konar metnaðarmál Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. forsætisráðherra. Fyrir utan það að hann taki tillit til metnaðar samflokksmanns síns í stóli iðnaðarráðherra má ætla af þeim sögum sem borist hafa af yfirlýsingum hans um þetta mál að hann líti svo á að það sé sérstakt heiðursmál fyrir ríkisstjórnina að koma þessu hratt og vel í gegn.

Það má líka vera að það sé í einhverju sambandi við gengi forsætisráðherrans og ríkisstjórnar hans, þá reyndar ekki einkum hér í þinginu þar sem við erum auðvitað í minni hluta og sú aðalregla lýðræðisins nær að sjálfsögðu fram að ganga að það sem meiri hlutinn er samstæður um er samþykkt. Þetta er frekar í samfélaginu öllu og á fjölmiðlavettvangi sérstaklega þar sem forsætisráðherranum hefur illa tekist að skapa byr sinni ríkisstjórn og frægja sjálfan sig sem þó var ætlunarverk hans og Framsóknarflokksins með þeim ráðagerðum sem ákveðnar voru við myndun síðustu ríkisstjórnar þar sem títtnefndur ráðherra sem hann þá var gat knúið það fram vegna fylgislækkunar hjá Sjálfstæðisflokki að hann færi með ráðuneytið að lokum þótt flokkur hans fengi rétt rúm 16% og þar með minna fylgi en Framsóknarflokkurinn hafði fengið frá stofnun með undantekningu sem ég held að eigi við um stofnárið og síðan annarri sem á við um kosningarnar 1956. Þá bauð Framsóknarflokkurinn fram í félagi við Alþýðuflokkinn í svokölluðu hræðslubandalagi og fékk þess vegna í staðtölunum minna fylgi en var í raun og veru. Alþýðuflokkurinn hafði það hlutverk í þeim kosningum að taka við fylgi í bæjunum, í þéttbýlinu, en Framsóknarflokkurinn í sveitunum.

Þó finnst mér þetta ekki að öllu leyti skýra þennan gang sem hér er hafður á. Maður hlýtur því að leita skýringar annars staðar en í persónulegum metnaði manna og einhvers konar óefnislegum ákvörðunum. Það er auðvitað ekkert skrýtið að Sjálfstæðisflokkurinn skuli standa að þessu frumvarpi og styðja það með ráðum og dáð. Einkum er fátt furðulegt við það að sjálfstæðismenn á borð við Sigurð Kára Kristjánsson sem er sá eini sem hefur tekið þátt í þessari umræðu af hálfu þess flokks skuli vera áfram um þetta frumvarp og það sem í því felst vegna þess að það er gömul stefna Sjálfstæðisflokksins, a.m.k. hægri arms hans og í síðari tíð hins nýlíberalíska arms, að gera allt samfélagið að einum stórum markaði. Þeir segja sem svo að úr því að markaðurinn getur leyst ýmis þau mál sem þarf að leysa í atvinnulífinu og í efnahagskerfinu eigi markaðurinn líka að leysa öll mál önnur. Hinn eðlilegi markaður sé samkvæmt skólabókinni einhvers konar leikvöllur þar sem hver einstaklingur fer með ákveðinn hlut, honum er útdeilt ákveðnum verðmætum í upphafi og síðan á hin ósýnilega hönd að sjá um afganginn. Það er sem sé trúin á hina ósýnilegu hönd sem Adam Smith nefndi fyrstur í hagfræðilegum skilningi en mun vera sótt í sjálfan Shakespeare eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur rakið í fróðlegum pistlum sem ég hygg að finna megi á heimasíðu hans ef djúpt er farið og veitt á ytri miðum.

Þessi stefna Sjálfstæðisflokksins, hægri-nýlíberalísk stefna, er að sjálfsögðu bakgrunnur þess að sem allra flest auðæfi eða verðmæti á þessu landi, og reyndar öðrum, séu tekin úr einhvers konar sameiginlegri eigu eða umsjón og afhent einstaklingum eða samtökum eða félagi þeirra í fyrirtækjum til að síðan skapist með þau markaðshagkerfi. Stefna Sjálfstæðisflokksins undanfarin má segja 20 ár, allt frá því að fulltrúar frjálshyggjunnar tóku við af Geir Hallgrímssyni, formanni flokksins, á sínum tíma hefur mótað stjórn Sjálfstæðisflokksins og orðræðu hans. Hún náði yfir auðlindir lands og hafs en einnig yfir þau verðmæti sem samfélagið sjálft hefur búið til. Menn hafa skapað í sameiningu t.d. þau verðmæti sem felast í menntastofnunum og þeirri hefð sem stendur þeim að baki. Einnig hefur verið um rætt að markaðslögmálin eigi við í þeirri velferðarþjónustu sem við höfum komið okkur upp hér á Íslandi og sjálfstæðismenn aðrir en hægri armur flokksins hafa tekið þátt í að móta. Í Sjálfstæðisflokknum hafa heyrst kröfur um að heilbrigðiskerfið verði tekið og skipt í sundur og sett líka á markað. Það verður hins vegar að segjast eins og er að þessar raddir um heilbrigðiskerfið einkum hafa heldur hljóðnað að undanförnu, hvort sem það er af þeim ástæðum að hægri armurinn og nýlíberalistarnir hafi gefist upp á kenningasmíð um þau efni eða vegna þess að það teljist ekki taktvíst, það sé ekki talið vænlegt til árangurs að halda fram slíkum kenningum þar sem heilbrigðisþjónustan er þrátt fyrir allt eitt af því sem okkur er hjartfólgnast í því samfélagi sem við lifum nú í. (**JÁ:** ... lóðaúthlutanir.)

Svo eru lóðaúthlutanir, já. Svo kemur fyrir Sjálfstæðisflokkinn í heild sinni, af því að hv. þm. Jóhann Ársælsson minnist á það, að hverfa gjörsamlega frá hinum nýlíberalísku kenningum sínum og leita í annan fornan streng í þeim flokki sem er auðvitað það að halda verndarhendi yfir ýmiss konar fylgifiskum flokksins, eða leiðtogum eftir því hvernig maður lítur á hlutina, og standa fyrir úthlutun gæða á opinberum vegum til manna sem þykja hafa sérstaklega unnið fyrir því með starfi í þágu flokksins eða vinskap manns, eins og segir í gömlum kvæðum. Stundum er eins og Sjálfstæðisflokkurinn sviptist til á milli þessara tveggja hefða, ef það orð má nota í fleirtölu, í flokkssögunni. Auðvitað er svo til fleira í flokknum. Þar á meðal hefur fram á þennan dag verið örlítill hægri sósíaldemókratískur armur eða hópur í flokknum. Ég hygg að hann hafi reyndar yfirgefið þingflokk Sjálfstæðisflokksins þegar Katrín Fjeldsted

fór úr honum við síðustu kosningar.

Þetta var sagt, forseti, til að sýna fram á að það er ekkert óeðlilegt við að Sjálfstæðisflokkurinn standi hér að baki. Út af fyrir sig er hið eina furðulega við framkomu Sjálfstæðisflokksins það að hann skuli pressa svona á að þetta frumvarp verði að veruleika, ef hann þá gerir það. Eins og sagt var hér áðan er eini fulltrúi hans í þessari umræðu hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Við höfum ekki heyrt í öðrum sjálfstæðismönnum hér og vitum í sjálfu sér ekki hvort þeir eru drifkraftur í þessu efni eða hvaða frumkvæði þeir hafa sýnt í því að þrýsta þessu hér í gegnum þingið. Forseti Alþingis er auðvitað sjálfstæðismaður en ég hygg að þrátt fyrir að ég kunni að hafa vikið að henni ekki eins vinsamlega og mér þætti sjálfum gott að gera standi forseti Alþingis ekki í sjálfu sér að baki þessari aðferð sem hér er beitt við að ræða frumvarp í byrjun mars, tæpum tveimur mánuðum fyrir væntanleg þinglok.

Kemur þá að hlut Framsóknarflokksins í þessu spili. Sá er munur á Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum hvað þetta frumvarp varðar að það eru menn úr Framsóknarflokknum sem keyra það áfram, sem standa að baki því. Þar er auðvitað hæstv. iðnaðarráðherra fremst í flokki, Valgerður Sverrisdóttir, sem flytur þetta frumvarp lítt breytt eftir ófarirnar á fyrra þingi. Þar er hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson sem mun hafa beitt sér sérstaklega fyrir því að þetta frumvarp yrði keyrt hér áfram. Síðan er það hv. formaður iðnaðarnefndar Birkir Jón Jónsson sem hér hefur fylgt málinu eftir nauðugur viljugur, ég veit ekki hvort, viljugur sjálfsagt því að hann er ungur og ákafur þingmaður, eins og honum sæmir og er sagt í góðri meiningu en ekki honum til lasts. Hann hefur verið fulltrúi Framsóknarflokksins í þessari umræðu og lagt á það mikla áherslu að þetta frumvarp fari í gegn. Hann mun hafa þrýst því líka áfram innan iðnaðarnefndar — ég á þar ekki sæti en hef auðvitað heyrt af vinnubrögðum þar — gegn mótbárum þeirra sem þar sitja af hálfu stjórnarandstöðunnar sem þótti málið ekki nógu þroskað til að fara hér í 2. umr.

Sá er líka munur á þessum tveimur flokkum, Framsóknarflokki annars vegar og Sjálfstæðisflokki hins vegar, að upphaflegur hugmyndagrunnur þeirra er ólíkur. Framsóknarflokkurinn sem stofnaður er árið 1916 og var samsettur hér á Alþingi, var ekki stofnaður í einhverjum sal eða á einhverjum velli í bænum heldur er búinn til af fulltrúum hér á Alþingi. Hann var stofnaður af bændum árið 1916, sem voru allar götur frá 1845, frá því að Alþingi hið nýja var sett á fót, sterkt stjórnmálaafl á landinu. Framsóknarflokkurinn var lengi vel fyrst og fremst fulltrúi þeirra hagsmuna sem bændur almennt höfðu í stjórnmálum. Þá háttaði þannig til að nokkru áður en Framsóknarflokkurinn var stofnaður lauk leiguliðaskipulagi hér á landi þannig að bændur voru mjög burðug stétt og merkileg, íslenskir bændur, í sögulegu ljósi að ég hygg þegar litið er til grannlanda, að minnsta kosti til Evrópu. Þeir eiga sér auðvitað hliðstæðu í sterkri bændastétt í norrænu ríkjunum. Bændur lögðu áherslu á tiltekin mál. Það má kannski segja að þeir hafi á sínum tíma orðið, við vaxandi stéttaskiptingu þegar íslenska iðnbyltingin stóð yfir, mjög sterkur millihópur sem tókst að ná ákveðinni forustu á fyrri hluta aldarinnar í íslensku þjóðfélagi. Það má segja að Framsóknarflokkurinn hafi verið burðarflokkur þangað til Sjálfstæðisflokkurinn tók við og var það langt fram á fjórða áratuginn.

Þótt bændaflokkurinn Framsóknarflokkur liti auðvitað til vinstri og hægri í senn má í heildina segja að Framsóknarflokkurinn hafi skipað sér vinstra megin við miðju í hinu pólitíska litrófi og í hinum stóru spurningum á þessum tíma. Um það ber vitni t.d. stjórn hinna vinnandi stétta og ekki síður stjórnmálaskoðanir og stjórnmálaverk eins af helstu leiðtogum hans frá þessum tíma, Jónasar Jónssonar frá Hriflu, sem hafði þann draum, og þótti þá alls ekki fráleitur og margir í raun og veru höfðu, að það tækist þrátt fyrir vaxandi þéttbýli og síeflt iðnsamfélag að halda á Íslandi samfélagi sem bæri svip fornra tíma með þeim hætti að það væri mannlíf, sterkt atvinnulíf og verðmætauppspretta í sveitum landsins, í dreifbýli, og að kraftur dreifbýlisins gæti með nokkrum hætti haldið hinum verri áhrifum þéttbýlisins í skefjum.

Jónas frá Hriflu skoðaði þetta auðvitað þannig að Framsóknarflokkurinn ætti, sem fulltrúi bændastéttarinnar og dreifbýlisins, að vera í samvinnu við öfl í þéttbýlinu sem gætu kallað fram það einhvers konar ástand sem honum hentaði, þ.e. Framsóknarflokknum og bændum í sveitunum. Jónas og Framsóknarflokkurinn tóku þess vegna upp samstarf við vaxandi hreyfingu verkalýðs í þéttbýlinu. Það var undir þeim fánum sem mynduð var á sínum tíma stjórn hinna vinnandi stétta sem ég rakti hér áðan.

Það má segja að þrátt fyrir ýmiss konar viðburði í sögu 20. aldar sem hjálpaði mönnum á Íslandi ekki frekar en annars staðar til að ná markmiðum sínum í stjórnmálum hafði Framsóknarflokkurinn að mestu verið hallur undir vinstri sjónarmið, a.m.k. tók hann þátt í uppbyggingu velferðarkerfisins, uppbyggingu almannatrygginga hér á landi og ýmsum þeim framfaramálum sem menn komu af stað og kláruðu á árunum milli stríða.

Það má svo hins vegar segja, úr því að við erum stödd hér á þessum tíma og erum að tala um Framsóknarflokkinn, að andstaðan milli Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins sem var hinn heppilegi samstarfsmaður kristallaðist í því að Alþýðuflokkurinn, og reyndar Kommúnistaflokkurinn þegar hann var til, taldi að leggja bæri áherslu á iðnvæðingu í borgunum til að efla þar atvinnu og kannski til að þróa hér upp kapítalískt samfélag sem menn höfðu þá kenningar um að væri nauðsynlegur undanfari hinnar miklu sósíalísku byltingar. En þetta vildi Framsóknarflokkurinn síður og lagði áherslu á að atvinnuuppbyggingin færi fram í sveitunum og leit lengi á þéttbýlið, þá sérstaklega Reykjavík, sem nánast neikvætt fyrirbæri sem bæri að halda í skefjum. Það er kannski við hæfi að rifja upp að það höfðu bændur auðvitað lengi haldið og er kannski það neikvæða, af því að ég er búinn að hrósa bændastéttinni, að þeir höfðu haldið þéttbýlinu í skefjum, ekki bara á þessum tíma, í upphafi 20. aldar eða á milli stríða þar sem það var nú orðið vonlaust verk, heldur í raun og veru aldirnar áður með ákvæðum sem þrengdu að þurrabúðum og með lagaákvæðum um vistarband sem varin voru með því að ekki færi fólk á flakk og yrði göngumenn. Sagnfræðingar nú á tímum telja að það hafi fyrst og fremst beinst gegn því að hér mynduðust kaupstaðir á fyrri öldum til þess að halda völdum bænda, í upphafi sennilega kannski frekar stór-

bænda eða lágaðals, á landinu og tökum þeirra á auðæfum þess, ekki síst auðæfum sjávar. Sjálfstæðir smábændur en þó einkum stórbændur og lágaðall höfðu þá auðlind í sínum höndum að mestu, eins og við þekkjum úr Íslandssögunni og sögu einstakra héraða, t.d. hér á suðvesturhorninu því að hér voru miklar verstöðvar eins og allir vita.

Bændur á Íslandi eru að ég hygg merkilegir umfram bændur í grannlöndunum, ekki minnst vegna þess að þeir áttu hér hlut að feikilega öflugri og gagnmerkri hreyfingu sem þeir auðvitað fengu að utan eins og eðlilegt er nú um Íslendinga, en þeim tókst að skapa íslenskt form. Ég á að sjálfsögðu við samvinnuhreyfinguna. Hún á upptök sín í Þingeyjarsýslum. Það er vert að minnast þess af því að Þingeyingar eru nú töluvert í fréttunum. Kannski má segja að íslensk samvinnuhreyfing hafi kviknað einmitt þar vegna þess að þar voru sjálfstæðir smábændur algengastir og höfðu verið frá því á öndverðri 19. öld en lítið um stórbændur. Það háttar einfaldlega þannig til í Þingeyjarsýslum. Síðan koma þessir straumar í Þingeyjarsýslur frá útlöndum sem Þingeyingar tóku beint inn, m.a. vegna þess að um það leyti voru hér Norðmenn að veiða síld og hval. Á þeim stöðum sem þeir bjuggu um sig á landinu höfðu íbúarnir bein tengsl við útlönd og það þurfti sem sé ekki að láta miðla sér þekkingu um t.d. Reykjavík, eða aðrar miðstöðvar.

Þetta var auðvitað merkilegt vegna þess að það hittist svo á á þessum tímum að einmitt Norðmenn, umfram Dani, voru bæði efnahagslegt og menningarlegt stórveldi. Þess vegna var mikið gagn að tengslum manna við Norðmenn. Það má segja í framhjáhlaupi að ég held að við höfum ekki viðurkennt þau tengsl og ekki virt þau sem bæri. Þau eru margs konar og ég held að samvinnuhreyfingin og bókmenntir í Þingeyjarsýslu séu aðeins eitt formið.

Annað er raunar viðurkennt á síðari tímum, tengt frumþróun í húsagerðarlist þar sem tréhúsin og bárujárnshúsin og Schweitzerstíllinn eru í raun og veru komin frá Noregi þó að þau eigi sér auðvitað víðari rætur, samanber það listsögulega hugtak sem um þau er notað og ég nefndi áðan, þ.e. kennd við Sviss.

Samvinnuhreyfingin var merkilegt fyrirbrigði og upphafsár hennar voru auðvitað liður í íslenskri sjálfstæðisbaráttu með ýmsum hætti. Ég ætla ekki að rekja þá sögu í smáatriðum enda hygg ég að það hafi verið gert fyrr á tímum úr þessum stól, nægilega, en ég legg áherslu á að hún var á sínum tíma jákvætt fyrirbrigði. Hún beindist að kaupmönnum sem oft voru af erlendri rót. Sú draumsýn var uppi í samvinnuhreyfingunni hvað verslun varðaði að hægt væri að skipuleggja verslun til hagsbóta þeim framleiðendum sem til hennar þurftu að leggja samkvæmt hinum fornu verslunarviðskiptum landsmanna sem lögðu til kaupmannanna vöru sína úr sveitum og fengu í staðinn þá matvöru og aðrar nauðsynjar og auðvitað munaðarvöru sem ekki gat komið annars staðar að en að utan.

Eins var auðvitað með fiskinn. Útvegsbændur lögðu hann líka inn í þessa verslun og það var sem sagt draumur þeirra að skapa verslunarfyrirkomulag sem væri þeim til hagsbóta.

Sorgarsögu samvinnuhreyfingarinnar hygg ég að allir þekki sem á mig hlýða. Lok samvinnuhreyfingarinnar eru mönnum í fersku minni, þeim sem eru komnir af unglingsaldri. Það má segja, svona stuttlega, að samvinnuhreyfingin og Framsóknarflokkurinn hafi vafist saman á heldur óheppilegan hátt. Það er satt að segja sérkennilegt en þó satt að að ýmsu leyti á saga samvinnuhreyfingarinnar nokkuð skylt við sögu Sovétríkjanna. Það er gráglettin tilviljun að samvinnuhreyfingin eða Samband íslenskra samvinnufélaga gaf upp öndina á mjög svipuðum tíma og Sovétríkin sálugu. Það er glannalegt að halda fram svona samlíkingum og þær ná auðvitað ekki lengra en þær ná, en það má segja að í upphafi hafi staðið í báðum þessum fyrirbrigðum hugsjónamenn sem litu svo á að þeir væru að gera sér og þó einkum samfélagi sínu og þeim málstað sem þeir stóðu fyrir og því fólki sem þeir unnu fyrir mikið gagn. Síðan trénuðust hugsjónirnar í hinum erfiða praxís lífsbaráttunnar og að lokum urðu það örlög þessara ákaflega ólíku, að sjálfsögðu, fyrirbrigða að þau fóru að ganga fyrir sjálfum sér og þeir sem völdust þar til forustu fóru smátt og smátt að líta svo á að þeir væru ríkið, ríkið væri rekið í þeirra þágu, og þá kom upp sú staða sem George Orwell lýsir vel í Dýrabæ sínum að sumir urðu jafnari en aðrir.

Framsóknarflokkurinn lenti í því, a.m.k. eftir stríð, að standa einkum vörð um hagsmuni fyrirtækis eða fyrirtækjasamsteypu sem hét Samband íslenskra samvinnufélaga. Við það að standa vörð um hagsmuni fyrirtækjasamsteypunnar virðist mörgum framsóknarmönnum hafa gleymst að upphaflega stóð til að standa vörð um hagsmuni samvinnuhreyfingarinnar sjálfrar og um það mannlíf sem menn töldu að hún gæti auðgað og gert ríkara, um hagsmuni bændastéttarinnar og hagsmuni fólks í dreifbýlinu. Þetta úrkynjaðist sem sé, kannski ekki á ósvipaðan hátt og lýst er í bók Orwells, í það að Framsóknarflokkurinn fór að hugsa um hagsmuni fyrirtækisins sjálfs, standa vörð um þá og myndaði bandalög vegna þeirra hagsmuna, bæði reyndar til vinstri og hægri en einkum var það þannig að hagsmunir Sambands íslenskra samvinnufélaga urðu annar póllinn í fyrirtækjaveldi á Íslandi. Hinn var svo samtvinnað veldi auðmanna og kaupsýslumanna sem sameinuðust í Sjálfstæðisflokknum.

Á ýmsu gekk í samskiptum þessum en þegar ljóst varð, u.þ.b. á 9. áratugnum, að Samband íslenskra samvinnufélaga riðaði til falls á svipuðum tíma og fóru að sjást merki um það að Sovétríkin stæðu ekki traustum fótum lengur á sinni jörðu, að vísu aðeins hjá hinum framsýnustu mönnum, varð líka vart þeirrar tilhneigingar hjá Framsóknarflokknum og í forustu Sambands íslenskra samvinnufélaga að í raun væri verkefnið ekki að bjarga Sambandinu, sem þá var í raun og veru sjálffallið, ekki að fremja hagsmuni samvinnuhreyfingarinnar sem menn töldu vera sögulega dauða, ekki að bæta hag bændastéttar eða reyna að koma dreifbýli til vegs og virðingar með nýjum hætti, heldur að verja hagsmuni forustunnar í þessum félögum, þessum fyrirtækjum sem Samband íslenskra samvinnufélaga hafði komið sér upp og samanstóð af og myndaði það fyrirbæri.

Í Sovétríkjunum var þessi hópur kallaður nómenklatúra sem er eitt af nokkrum orðum í rússnesku sem hafa orðið alþjóðamál. Einstakir menn úr hinni gömlu nómenklatúru Sovétríkjanna féllu að sjálfsögðu með því ríki, jafnvel þeir sem hefðu kannski helst átt að bjargast, svo sem Gorbat-

sjov, félagi Íslendinga sem er á leiðinni hingað til lands seinna á árinu. Í heildina hefur það gerst sem fræðimenn um Rússland og Sovétríkin benda á, að flestir úr þessari nómenklatúru hafa bjargast úr þeim atburðum sem þar hafa orðið, og meira en bjargast, þeir eru jafnráðandi nú og þeir voru þá. Sögulegt hlutverk Jeltsíns og Pútíns varð það, að öðrum gjörðum þeirra ólöstuðum, a.m.k. óræddum, að koma þessari gömlu nómenklatúru úr Sovétskipaninni fyrir í nýju ríki, í nýju rússnesku stórveldi, sem að vísu var algjör andstæða hins gamla að því leyti að þar voru teknir upp hreinir hrákapítalískir hættir svo að helst minnti á skrípamyndir úr upphafi kapítalismans á 19. öld. Í stórum dráttum hélst þó sú stéttaskipting eða hópaskipting sem við lýði var í gömlu Sovétríkjunum.

Það er svo önugt í þessari samlíkingu að í raun og veru, þótt ég vilji nú engum gera það að líkja honum við klíkuna í Sovétríkjunum, urðu afdrif Framsóknarflokksins og Sambandshópsins svipuð. Vissulega er samvinnuhreyfingin fallin og samvinnuhugsjónirnar dauðar, a.m.k. í Framsóknarflokknum ... (**BJJ:** Framsókn lifir.) Ég kem að því síðar hvernig geti staðið á því að hún gerir það. En nómenklatúran úr Sambandinu og úr Framsóknarflokknum hefur bjargast. Þetta hefur Framsóknarflokknum tekist að gera.

Það var um tíma, áður en þeir viðburðir urðu sem ég var hér að tala um, kannski á milli 1980 og 1990, á þeim áratug, kannski nokkru fyrr, sem Framsóknarflokkurinn stóð frammi fyrir því — og nú er ég að tala um tímabilið áður en ljóst var að samvinnuhreyfingin mundi falla — að hann þurfti að bregðast við nýjum aðstæðum í samfélaginu, í ljósi þess ósköp einfaldlega að dreifbýlið var ekki lengur sá mikli atkvæðaakur og valdsuppspretta sem það hafði verið fyrr á tímum. Það var ljóst að Framsóknarflokkurinn varð, ef hann ætlaði að halda lífi, að koma sér fyrir í þéttbýlinu með einhverjum hætti og höfða til annarra hópa en þeirra sem mynduðu samvinnuhreyfinguna og ýmist unnu í sveitum, á býlunum, eða tóku þátt í fyrirtækjum samvinnuhreyfingarinnar í héraðslægu þéttbýli. Við sem þá vorum ungir að íhuga stjórnmál töldum að ef Framsóknarflokknum tækist vel til kynni hann að eiga sér framtíð — þetta var nú ekki frumlegt — svipaðir og ámóta flokkar í öðrum löndum. Við horfðum auðvitað til annarra norrænna ríkja í því efni. Við töldum að flokkurinn gæti orðið með einhverjum hætti líkur Miðflokknum í Svíþjóð eða í Noregi, Centerpartiet heitir það í Svíþjóð og Senterpartiet að ég hygg í Noregi, flokkur sem vissulega á kjarnafylgi sitt á landsbyggðinni — sem er skár stödd þar en hér á margan hátt, í Svíþjóð og Noregi, a.m.k. í Noregi, það er erfiðara að mæla stöðu landsbyggðarinnar víða í Svíþjóð — með þeim hætti að Framsóknarflokkurinn sneri sér að öfgalausri miðvinstristefnu, höfðaði til ýmissa millihópa í þéttbýli, kannski þeirra hópa sem höfðu lent út undan, má segja, milli áherslu stóra hægri flokksins á sitt fólk þar sem meginstillitið var tekið til stórfyrirtækja og stóreignamanna á annan bóginn, og svo verkalýðsflokkanna á hinn bóginn til þeirra sem ekki fundu sig á þeim tímum í verkalýðsflokkunum tveimur sem hér voru við lýði. Menn litu á það sem kost fyrir Framsóknarflokkinn að samsama sig með einhverjum hætti þeirri umhverfishreyfingu sem þá var á æskudögum, að Framsóknarflokkurinn yrði einhvers konar viðtaki hennar þannig að talað sé nú umhverfisfagsslangur.

Þetta auðvitað reyndi Framsóknarflokkurinn. Það má segja að þetta hafi verið pólitísk meginlína formanns hans, Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra mörgum sinnum og nú eins þeirra sem standa í forustu náttúruverndar og umhverfishreyfingar, að færa flokkinn frá fortíð sinni í samvinnuhreyfingu og dreifbýli yfir í þetta. Ég hygg að Steingrímur, sem myndaði ýmsar stjórnir og varð auðvitað að haga seglum eftir vindi eins og menn þurfa að gera í stjórnmálum, hafi verið einlægur í því þegar hann hafði eftir föður sínum að allt væri betra en íhaldið og að þrátt fyrir breytingarnar hafi hann fylgt fram þeirri grunnstefnu Framsóknarflokksins að vera vinstri flokkur í hinum almennu átökum milli vinstri og hægri þar sem áherslan er annars vegar á sem mesta markaðsvæðingu í samfélaginu og hins vegar á það að við byggjum hér velferðarþjónustu og setjum markaðnum ramma og leikreglur þannig að hann sé notaður sem þjónn en ekki hafður að húsbónda.

Steingrímur Hermannsson átti kannski hvað glæstasta stund á sínum ágæta ferli sem stjórnmálamaður, sem kjörinn fulltrúi, í síðustu ríkisstjórn sinni þegar hann var forsætisráðherra ríkisstjórnarinnar frá 1988 til 1991 og má um þá ríkisstjórn töluvert tala. Til þess að sýna fram á það hver meginlínan var í flokkshugmynd Steingríms Hermannssonar undirbjó sú ríkisstjórn, Steingrímur Hermannsson í félagi við forustu Alþýðuflokksins, Jón Baldvin Hannibalsson o.fl., forustu Alþýðubandalagsins, Ólaf Ragnar Grímsson o.fl., og reyndar frjálslyndan flokk sem hér var uppi, hægra megin í pólitísku litrófi og hét Borgaraflokkurinn, m.a. það að hömlum yrði létt af fjármagnsflutningum sem þá höfðu lengi staðið, undirbjó inngönguna á Evrópska efnahagssvæðið og tengslin við Evrópusambandið. Þrátt fyrir að Steingrímur sjálfur legðist reyndar gegn því sambandi síðar meir er þetta engu að síður staðreynd. Sú ríkisstjórn lagði einnig grunninn að þjóðarsáttarsamningunum 1990, fyrst við samtök opinberra starfsmanna, þ.e. fyrst gerði ríkið samninga við opinbera starfsmenn, og síðar tókust þjóðarsáttarsamningarnir á almennum vinnumarkaði í framhaldi af því. Ég segi að hún hafi lagt grunninn að því og er þá ekki með neinum hætti að taka heiðurinn af þeirri sáttargjörð frá þeim sem eiga hann svo sannarlega skilinn, sem var þáverandi forusta í verkalýðshreyfingunni annars vegar og samtökum atvinnurekenda hins vegar.

Þarna var rekin í félagi þeirra Steingríms, Ólafs Ragnars og Jóns Baldvins, það sem ég kallaði áðan öfgalausa vinstri stefnu. Um hinn græna lit Steingríms Hermannssonar efast enginn. Ég man ekki hvort það var í hans tíð, það kann að hafa verið áður, sem merki Framsóknarflokksins var hannað en það er sem kunnugt er grænt. Þetta benti til þess sem menn höfðu haldið í kringum 1980 að yrði framtíð Framsóknarflokksins. Það gekk að vísu á ýmsu með fylgi hans í könnunum en hins vegar má segja að þegar þessi ríkisstjórn hætti störfum og Framsóknarflokkurinn komst í stjórnarandstöðu hafi þessari stefnu verið snúið og að bylting sú sem fram fór gegn Steingrími Hermannssyni á þessum tíma og leiddi til þess að hann hætti störfum hafi haldið áfram á stjórnarandstöðutímabilinu 1991–1995.

Þá komst að völdum Halldór Ásgrímsson og ég hygg að hann hafi verið, sjálfrátt eða ósjálfrátt, fulltrúi þeirrar stefnu

sem við tók, sem var sú í fyrsta lagi að tryggja nómenklatúrunni í Sambandinu framhaldslíf í nýjum fyrirtækjum og í öðru lagi að snúa frá hinni öfgalausu vinstri stefnu og að þynna hinn græna lit af Framsóknarflokknum, snúa frá þeim áherslum á umhverfismál sem upp höfðu komist í tíð Steingríms Hermannssonar og virtust ætla að verða þar miklu sterkari en þau voru þó orðin. Ætli sagnfræðingar þeir sem síðar munu fást við þessa sögu komist ekki að því að lokum að Halldóri Ásgrímssyni og félögum hans í forustu Framsóknarflokksins hafi verið bein þörf á því að taka upp samvinnu við Sjálfstæðisflokkinn árið 1995 og jafnvel fyrr? Þeir hafi í raun og veru litið á það árið 1995, fyrir utan að flokkakerfið var ekki þannig að það væri sjálfsagt að mynda ríkisstjórn með vinstri öflunum, sem fullkomlega eðlilegt að mynda stjórn með Sjálfstæðisflokknum vegna þess að einmitt í slíkri stjórn gæti hinn nýi Framsóknarflokkur orðið til og skapast? Það voru sem sé sameiginlegir hagsmunir sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn höfðu á þessum tíma, það skipti máli að koma nómenklatúrunni annars vegar og hins vegar gömlu fyrirtækjunum fyrir í nýjum heimi sem ég held að öll stjórnmálaöfl á Íslandi hafi átt sinn þátt í að skapa — ég skal þó ekki tala hér fyrir munn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs — nýjum heimi í fjármálum og nýjum heimi í atvinnulífinu og það hafi verið mjög nauðsynlegt fyrir Framsóknarflokkinn að eiga þau helmingaskipti við Sjálfstæðisflokkinn sem raunin varð. Með öðrum hætti hefði það ætlunarverk mistekist að koma nómenklatúrunni úr Sambandinu og úr flokknum fyrir í hinu nýja samfélagi. Fyrirtækin stóðu einfaldlega fremur höllum fæti og hefðu sennilega meira og minna horfið, a.m.k. sem eitthvert afl eða stærð, ef ekki hefði verið hægt að beita þessu pólitíska vopni sem Framsóknarflokkurinn varð þeim á þessum tíma.

Þetta kristallast auðvitað — ég tek fram, forseti, að ég tel mig ekki vera með neinar persónuárásir eins og alltaf er sagt ef um það er rætt — í tveimur af forustumönnum Framsóknarflokksins, annars vegar Halldóri Ásgrímssyni sem sjálfur er stóreignamaður og hefur átt þess von allan tímann og menn hafa spurt eðlilega um það ástand vegna þess að hann hefur sjálfur sem stjórnmálamaður staðið fyrir ýmsum breytingum sem hafa gert hans hlut betri og ættmenna hans, og hins vegar í Finni Ingólfssyni sem hér var talinn á sínum tíma væntanlegur arftaki Halldórs en valdi viðskiptavettvanginn fram fyrir það, a.m.k. að sinni. Nú hefur það orðið til tíðinda síðustu dagana að kallað er aftur til Finns Ingólfssonar eftir síðustu vandræði Framsóknarflokksins í forustumálunum, krónprinsakreppuna sem svo er kölluð. Það er sjálfur Styrmir Gunnarsson af öllum mönnum sem kallar eftir Finni til nýrra áhrifa og forustu í Framsóknarflokknum. Ritstjóra Morgunblaðsins, sjálfstæðismanninum Styrmi Gunnarssyni, finnst eðlilegt að Finnur Ingólfsson sé kallaður aftur eftir að hann er orðinn milljónamæringur á verkum Framsóknarflokksins, eftir að hann sem fulltrúi nómenklatúrunnar er búinn að koma sér fyrir, þ.e. Framsóknarflokkurinn er búinn að koma honum fyrir, í kerfi auðs og valda í góðu samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Það sé svo lítil osmósa á milli þessara tveggja arma Framsóknarflokksins, hins pólitíska arms og hins viðskiptalega, að það sé eðlilegt að menn skiptist á.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem stendur hér í dyrunum, leyfði sér um daginn, sjálfsagt með ófyrirleitni og ókurteisi, ég efa það ekki, að minnast á þetta þegar kvaddur var Árni Magnússon, góður drengur reyndar. Hann fékk nú að heyra það, þannig að ég tali hér venjulega íslensku, en í raun vakti hv. þingmaður ekki athygli á öðru en því að það er eins um ýmsar skæruliðahreyfingar og -samtök sem við höfum fyrir augunum dag hvern úti í löndum að tveir armar eru í þessari hreyfingu. Annar er viðskiptalegur og hinn er pólitískur.

Niðurstaða mín er sú að Framsóknarflokkurinn sé hreinlega kominn með nýja hagsmuni, að hann sé hættur, hafi gefist upp á því að vera fulltrúi bænda eða dreifbýlis, hann hafi ekki fundið neina þá millihópa í þéttbýlinu sem Senterpartiet í Noregi tókst. Hann hafi ekki átt þess kost vegna stærðar og styrks Sjálfstæðisflokksins og vegna þess að hægri flokknum hér á landi hefur tekist að vera sú breiðfylking sem raun ber vitni, a.m.k. fram að tímum Davíðs Oddssonar. Framsóknarflokknum hefur mistekist að fara leið systurflokksins í Danmörku, þ.e. flokksins Venstre sem á svipaða fortíð og Framsóknarflokkurinn, að verða annar hægri flokkur þó að það sé kannski það sem vakti fyrir Halldóri Ásgrímssyni og flokksforustunni milli 1991 og 1995. Flokkurinn bregst þannig við að helstu hagsmunir sem honum tengjast eru hagsmunir þessarar gömlu nómenklatúru, hagsmunir þeirra fyrirtækja sem nú standa í hinum viðskiptalega armi hreyfingarinnar og þá ver hann í botn.

Síðan hafa menn spurt á undanförnum dögum: Hvað er Framsóknarflokkurinn? Svar sem hér var veitt frammi á göngum var eiginlega það að Framsóknarflokkurinn væri, fyrir utan það að vera þessi hagsmunasamtök, einkum vinnumiðlun. Hinum pólitíska armi þyrfti að halda uppi og það þyrfti að gerast í pólitísku samstarfi, eins og nú væri, við stóran flokk, við höfuðból sem gæti veitt hjáleigunni ýmis gæði. Síðan væri Framsóknarflokkurinn í raun og veru vinnumiðlun þar sem efnilegir menn gætu gengið að störfum, þingstörfum og pólitískum störfum en einnig störfum í hinum viðskiptalega armi þegar mönnum þætti svo við horfa. Kannski er það rétt að Framsóknarflokkurinn nú sé annars vegar hagsmunasamtök og hins vegar vinnumiðlun með ágæt tengsl við auglýsingastofur og gangi þannig áfram hér að vera þetta undarlega pólitíska fyrirbrigði, að bæta sér upp skort á baklandi með því að taka sér eins konar viðskiptalega stöðu í stjórnmálum.

Það er í samræmi við þetta, forseti, þannig að ég komi að frumvarpi um vatnalög sem hér eru til umræðu, hvaða hagsmunir tengjast þeim lögum og þeirri skipan sem við höfum haft í þeim efnum. Árið 1923 eða þar um kring komust menn að niðurstöðu um að best væri að lokum að fela landeigendum umráð yfir vatni. Þetta hafði, eins og áður hefur verið rakið hér, verið mikið deiluefni í landinu og það er kannski rétt að fara aðeins yfir það af hverju það var deiluefni. Það var ekki með þeim hætti eins og hæstv. iðnaðarráðherra gaf í skyn í 1. umr. um málið, að hér hefði hið gamla bændasamfélag með einhverjum hætti haft skipan sem það hefði svo framlengt — í hinu gamla bændasamfélagi giltu ákvæði Jónsbókar, sum þeirra með stoð í Grágás, og gekk vel — heldur spratt deilan af því að Ísland var þá í

árdaga iðnbyltingar og kapítalisma og kaupsýslumenn og iðnjöfrar sem þá voru uppi eða a.m.k. ætluðu sér að vera uppi — iðjuhöldur er það nefnt í vatnalögunum frá 1923 — fóru hér um landið í byrjun aldarinnar og gerðu tilraun til þess að kaupa upp vatnsföll til að nýta þau síðan ein og sér síðar meir. Þetta vakti upp andstöðu, ótta og megnan óvilja, ekki síst í sveitum landsins, þar sem ljóst var að þessir iðjuhöldar og kaupsýslumenn hefðu ekki áhuga á öðru en því að láta vatnsföllin sjálf ganga kaupum og sölum, þeim í hag sem ...

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill inna hv. þingmann eftir því hvort hann hyggist ljúka máli sínu von bráðar þar sem forseti hefur í hyggju að gera hér matarhlé milli klukkan hálfátta og átta.)

Forseti. Ég hyggst ekki ljúka máli mínu alveg strax, á örlítið eftir af því, en er mjög sáttur við boðað matarhlé.

[Fundarhlé. — 19:31]

[20:01]

Mörður Árnason (frh.)**:**

Forseti. Ég lauk máli mínu áðan þar sem ég var í miðjum klíðum að lýsa samfélagsbreytingum sem orðið höfðu á landinu eftir nokkrar hugleiðingar um Framsóknarflokkinn þar sem ég komst að því að hvernig sem skaplyndi og sköpulagi manna í Framsóknarflokknum væri núna háttað, metnaði og sárindum, þá væri sennilega helsta ástæða þess að þetta mál er hér á dagskrá að Framsóknarflokkurinn lítur á það sem hagsmuni sína og þeirra aðila sem hann telur sig vera að verja og sækja fyrir á landinu, að þetta frumvarp verði sem fyrst að lögum.

Fyrir matarhlé var ég að lýsa því hvernig hagsmunir og ólík framtíðarsýn tókust á á fyrstu áratugum aldarinnar og þannig varð til forsaga þeirra laga sem nú á að reyna að breyta. Við könnumst við að skipuð var svokölluð fossanefnd, sem skiptist að lokum í meiri hluta og minni hluta, og hv. þm. Jóhann Ársælsson, framsögumaður minni hluta iðnaðarnefndar, lýsti í góðu máli afstöðu meiri hluta og minni hluta þeirrar nefndar í ræðu sinni á mánudag, síðan aftur þriðjudag. En niðurstöður nefndarinnar voru lagðar fyrir þingið í tvennu lagi, hygg ég 1919. Menn náðu svo ekki saman um þetta og Einari Arnórssyni var falið að semja nýtt frumvarp að lögum sem síðan varð að þessum vatnalögum.

Menn hafa velt þessum lögum töluvert fyrir sér. Einkum hafa þau verið viðfangsefni í lagadeild Háskóla Íslands og ekki að ósekju. Ég hygg að hinn pólitíski veruleiki að baki lögunum sé sá að fulltrúar þeirra stefna sem tókust á á þessum tíma í vatnamálum, allsherjarstefnunnar annars vegar og sameignarstefnunnar hins vegar, hafi náð málamiðlun þar sem tryggt var að vatnsföll landsins, þar með talin einstök náttúrufyrirbrigði þess, gengju ekki kaupum og sölum á markaði innan lands, sem var ekki stór, né heldur í kauphöllum erlendis eða meðal þeirra fyrirtækja sem þarna voru upp á sitt besta á milli stríða, rétt eftir heimsstyrjöldina fyrri. Þeir hafi komist að niðurstöðu um að best væri að tengja vatnsréttindin við landeign og það á sér auðvitað þá forsendu að þessum tíma var yfirgnæfandi meiri hluti landeiganda á Íslandi utan þéttbýlis bændur. Bændur voru einfaldlega í þeirri stöðu og höfðu þau pólitísku áhrif og þau pólitísku stefnumið að á þessum tíma var þeim vel treystandi til þess að halda á þessum vatnsréttindum nánast fyrir hönd þjóðarinnar, eins og ég kem inn á síðar, með hinni jákvæðu skilgreiningu sem er að finna í vatnalögunum. Það sem við þurfum að líta á núna er auðvitað það að býli og land í sveitum eru í sífellt í meira mæli að hverfa úr höndum bændastéttarinnar sem heildar og í hendur fasteignaeigenda og kaupsýslumanna sem eignast land til annars en ætla að búa á því.

Þetta er nú er ósköp einfaldlega viðurkennd staðreynd og menn hafa lýst því með talnadæmum og í prósentum sem fram hafa komið á þinginu þó að upplýsingar um þetta liggi ekki fyrir frá degi til dags og hafi, held ég, verið erfitt að ná í þær.

Forsendur laganna eru að þessu leyti breyttar en hins vegar má segja að hin jákvæða skilgreining reynist vel vegna þess að skilyrði þess að hægt sé að verða sér úti um vatnsréttindi er sú að eignast líka landið sem þeim fylgir. Það verður þess vegna erfiðara að mynda markað um vatnsréttindin ein.

Bakgrunnur þessa máls, eins og það er komið fyrir þingið, er svo sá að undanfarinn áratug og jafnvel tvo áratugi hefur, í þeim samfélagsbreytingum sem við höfum verið undirorpin og fögnum sumum en erum minna hrifin af öðrum, staðið yfir kapphlaup um auðlindirnar í landinu. Þetta höfum við auðvitað séð skýrast á auðlindum hafsins sem voru kvótasettar árið 1983 án verulegrar andstöðu enda töldu menn að verið væri að bregðast við minnkandi afla og verið væri að búa í haginn fyrir betri stjórnun auðlindarinnar á umhverfisvænan hátt. Við þekkjum þá sögu. Í kringum 1990 var stór áfangi þar sem leyft var framsal hlutdeildar í þessum afla en menn friðaðir með því að ákvæði um þjóðareign var sett inn í lögin um fiskveiðistjórn og þetta hefur þróast þannig að nú, 23 árum eftir setningu þessara laga, eru útgerðarmenn að ræða það í alvöru að hlutdeild þeirra flokkist undir einkaeignarrétt og sumir hafa jafnvel hótað því að hefja mál fyrir dómstólum til að staðfesta þann skilning sinn.

Annað dæmi um þetta eru auðvitað lög sem vitnað hefur verið til óspart í þessari umræðu, lögin um auðlindir í jörðu, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem samþykkt voru árið 1998 sem ég hygg að hafi verið óhappaskref í sögu þings og þjóðar. Þar voru enn á ný sameiginleg verðmæti gerð undirorpin einkaeignarrétti, jafnvel þannig að túlka má lögin svo að sá sem kaupir land á Íslandi eignist það eftir þessum lögum niður að miðju jarðar, þar sem eðlilegt hefði verið að fasteign í formi lands fylgdi eins hvers konar réttur nokkra tugi metra niður á við og trygging fyrir því að menn héldu landinu svona nokkurn veginn eins og menn hafa litið á það hingað til í Íslandssögunni.

Það má minna á að þegar þetta gerðist og ljóst var að lögin voru samþykkt með þeim hætti að sá sem land ætti gæti t.d. borað eftir heitu vatni, nýtt það og ætti það sem kæmi upp í sinni landareign með þeim einum skilyrðum sem varða landareignina við hliðina, þá var spurt hvort hann væri þá líka ábyrgur fyrir því ef upp kæmi úr þessari

holu eldur og yrði að jarðeldi, hvort landeigandinn væri þá jafnframt ábyrgur fyrir því tjóni sem sá jarðeldur mundi valda. Svarið hefur ekki fengist enn þá en þetta skref frá 1998 er annað dæmi um þá sókn í auðlindakapphlaupinu sem séreignarstefnumenn hafa staðið fyrir. Í þessum lögum frá 1998 voru líka sett ákvæði um vatn sem ég tel að hafi verið ákaflega óheppileg og eru nú notuð sem eins konar röksemd fyrir því að hér sé í raun og veru ekki verið að gera neitt með því að breyta vatnalögum. Nú má ræða það lengi hvaða áhrif þessi ákvæði um vatnið hafi, einkum um grunnvatnið í lögum um rannsóknir á nýtingu á auðlindum í jörðu. Mér er það ekki ljóst og ég er ekki tilbúinn að viðurkenna það með fullu að sá eignarréttur sem áskilinn er í 3. gr. þeirra laga eigi við grunnvatnið. Ég tel að grunnvatnið sé þess eðlis að einkaeignarréttur geti ekki átt við það og að í raun og veru sé þetta ákvæði með ýmsum hætti tómt hvað eignarrétt varðar þótt ég efist ekki um að nýtingarákvæðin í VII. kafla í 14. gr. og reyndar þeirri 15. einnig haldi.

Það er mikilvægt að í þeirri heildarendurskoðun sem verið er að hefja á þessum ákvæðum, og verður vonandi viðfangsefni okkar næstu ár, og líka í heildarendurskoðun sem er að hefjast í tengslum við lög sem við samþykktum á þinginu, að þar verði farið yfir grunnvatnsákvæðin í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og litið á hvort hægt sé að draga úr þeim og snúa þeim við þannig að ekki sé um neins konar eignarrétt þar að ræða, eins og vissulega má lesa út úr lögunum með ákveðnum lestrarhætti. Síðan þarf að skoða hvaða skaðabótaskylda kynni að fylgja þessu því það er haft eftir frumvarpshöfundi þess plaggs sem við ræðum nú að um skaðabótaskyldu sé að ræða eða kunni að vera að ræða ef hreyft er við grunnvatnsákvæðum laga um rannsókn á nýtingu á auðlindum í jörðu. Um það hef ég ekki meiri heimildir en þær sem ég hef heyrt frá iðnaðarnefnd en það hefur líka verið bent á þetta vegna þess að um leið er athugunarefni hvaða skaðabótarétt menn eru nú að færa landeigendum með því að breyta skilgreiningunni í vatnalögunum með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í þessari umræðu og hinni fyrstu hafa menn tekist nokkuð á um hvað breytingin úr hinni jákvæðu skilgreiningu á umráðum yfir vatni yfir í hina neikvæðu sem jafngildir hreinum einkaeignarrétti, feli í sér. Það eru hér menn, frumvarpsflytjandinn, hæstv. iðnaðarráðherra og síðan þeir tveir sem tekið hafa þátt í 2. umr. af hálfu stjórnarliða, hv. þm. Birkir Jón Jónsson frá Framsóknarflokknum og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson frá Sjálfstæðisflokki, sem hafa haldið því fram að þetta skipti engu máli. Í greinargerð með frumvarpinu segir að um formbreytingu sé að ræða. Reyndar var þetta tvítekið í greinargerðinni sem um er að ræða. Annars vegar var sagt að um formbreytingu væri að ræða og hins vegar sagt að það væri „fyrst og fremst“ um formbreytingu að ræða en nú hefur það hins vegar verið leiðrétt af hálfu frumvarpsflytjandans, að í seinna skiptið eigi að taka út orðin „fyrst og fremst“ þannig að aðeins standi að um formbreytingu sé að ræða.

Þetta á sér þá sögu, forseti, að í frumvarpinu í fyrra var þetta á báðum stöðunum, a.m.k. á hliðstæðum stöðum í greinargerð þess frumvarps sem er nánast óbreytt og breyttist nánast ekkert við hvíldina í sumar, þó að góðu einu það litla sem var. Þar stóð að þetta væri fyrst og fremst formbreyting. Við það gerði m.a. laganefnd Lögfræðingafélags Íslands athugasemd og sagði að ef það væri álit frumvarpsflytjandans að hér væri eingöngu um formbreytingu að ræða ætti hann að taka það fram til að lögmenn hefðu hreinni línur í störfum sínum og þar með dómarar en laganefndin tók enga efnislega afstöðu til málsins, enda eru umsagnir laganefndar fyrst og fremst tæknilegs eðlis þar sem Lögfræðingafélag Íslands tekur yfirleitt ekki pólitíska afstöðu til einstakra frumvarpa nema þau varði þá störf lögfræðinga með skýrum og beinum hætti. Rétt er að taka það fram vegna þess að stjórnarsinnar hafa gumað nokkuð af umsögn laganefndarinnar og talið hana benda til þess að Lögfræðingafélagið og laganefnd þess sé með einhverjum hætti með pólitískar stuðningsyfirlýsingar við frumvarpsflytjandann og meiningar hans en það hygg ég að sé ekki.

Um þetta er nokkuð deilt og ég hef áður og aðrir í mínu liði hér, við samfylkingarmenn og stjórnarandstæðingar, höfum talið að hér sé ekki eingöngu um formbreytingu að ræða. Mér finnst furðulegt að kannast ekki við það að þetta kunni að vera meira en einföld formbreyting og finnst undarlegt að jafnskýr piltur og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson skuli hafa haldið langa ræðu í gær um það efni eitt að hér sé eingöngu um formbreytingu að ræða. Ég veit ekki, forseti, hvort nokkurs staðar er til skilgreining á því hvað formbreyting er. Út frá heilbrigðri skynsemi má segja að formbreyting sé eitthvað sem ekki er efnisbreyting en oft er það svo með form og innihald að það hangir með ýmsum hætti saman. Ég hygg að þó að þetta hafi gefið okkur ákveðin verkfæri til að flokka atburði í veruleikanum þá séu vandfundin skýr dæmi um formbreytingu sem ekki hefur áhrif á það efni eða innihald sem um er að ræða á sama hátt og efnisbreyting hlýtur að kalla á formbreytingu. En þetta eru almennar leikmannsathugasemdir um þessi orð.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hélt í gær langa ræðu sem var prýðilega flutt og þingmanninum í sjálfu sér til sóma þar sem hann sýndi fram á að hann kann ýmislegt fyrir sér í lögspeki og leiddi fram lögspekinga sem með ýmsu orðalagi hefðu að dómi ræðumanns staðfest þann skilning hans að í rauninni væri um eignarrétt að ræða, í raun og veru hefðu landeigendur eignarrétt á vatni í landi sínu samkvæmt vatnalögunum, nr. 15/1923. Í þeim er reyndar aldrei nefndur eignarréttur nema á einum stað þar sem um er að ræða almennan eignarrétt á landi en það er aldrei talað um eignarrétt á vatni. Og þegar við þekkjum tildrög þessara laga þá vitum við af hverju það er, það er vegna þess að lögin voru málamiðlun og partur af þeirri málamiðlun var sá að ekki var að ég hygg, andstætt hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, um að ræða að menn ætluðu að setja vatnið í eignarrétt.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson leiddi fram held ég fjóra eða fimm spekinga en ég hef ekki átt þess kost að líta á þau gögn, þær bækur eða rit sem hann las hér úr. Ég tók hins vegar eftir því að afdráttarlausast í þágu ræðumanns var vitnað í Þorgeir Örlygsson en aðrir spekingar þeir sem vitnað var í og ýmsir menn sem njóta virðingar sem lögmenn voru að mér heyrðist ekki jafnafdráttarlausir og prófessor Þorgeir Örlygsson, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kallaði hann honum til virðingar og hróss sem

ég hygg að sé verðskuldað.

Það sem ég hygg að lögspekingarnir séu nú að gera er að í lagadeild Háskóla Íslands eru þessi vatnalög, tildrög þeirra vinsælt umræðu- og kennsluefni kannski einmitt vegna þess að eignarréttur er ekki í þeim nefndur og þess vegna þurfa menn sem vanastir eru því að glíma við ýmsan eignarrétt í störfum sínum og fræðum að finna út með hvaða hætti ákvæði vatnalaganna samsvara eignarrétti. Það sem flestir hafa fundið út er það að þau nýtingarréttarákvæði sem felast í vatnalögunum samsvari með ýmsum hætti eignarrétti þegar þröngt er talað eins og viðurkennt er með ýmis atvinnuréttindi þar sem eignarréttur fylgir ekki. Þannig skapist væntanlega skaðabótaskylda ef á þeim nýtingarrétti er troðið og ef Alþingi ætlaði að takmarka nýtingarréttinn eða breyta honum þyrfti þingið eða stjórnvöld að huga að því að það gæti valdið útlátum af ríkisins hálfu eins og um eignarrétt væri að ræða í þröngum skilningi. Þessi athugun lögspekinganna og annarra fræðimanna í háskólanum hygg ég að beinist fyrst og fremst að praktískum úrlausnarefnum sem lögmenn og dómarar mæta í störfum sínum frá degi til dags. En án þess að vera þessu kunnugur og hafa lesið þetta held ég að menn hafi ekki fjallað um þetta mál frá öðru sjónarmiði en þessu. Ég held líka að það sjónarmið að hin jákvæða skilgreining vatnalaganna hafði orðið að neikvæðri skilgreiningu í áranna rás, en það kom fram hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, standist ekki eða illa.

Hvaða máli skiptir það? geta menn spurt. Jákvæð skilgreining þessa svokallaða eignarréttar sem menn tala um í vatnalögunum þýðir að landeiganda eru heimil umráð um vatn í landeign sinni með þeim hætti sem rakinn er í lögunum og þeim hætti einum. Þar er að vísu löng upptalning og menn hafa sagt sem svo að litlu muni að taldar séu upp allar þekktar eða hagnýtar nýtingaraðferðir og þess vegna sé þetta hið sama. En það er mikill munur á hinni jákvæðu skilgreiningu og hinni neikvæðu vegna þess að hin neikvæða skilgreining er þannig að gengið er út frá eignarréttinum og skilgreint það eitt sem hann skerðir. Þetta þýðir auðvitað það að ef til koma nýir nýtingarhættir sem ekki eru áður kunnir þá eru þeir í neikvæðri skilgreiningu eignarréttar sjálfsagðir og eftirlátnir handhafar eignarréttarins. Til þess að breyta því þurfa þá stjórnvöld að skipta sér af því með lagasmíð og hætta á að verða fyrir skaðabótakröfum ef lagasmíðin nær fram að ganga og skerðir þá hinn neikvæða eignarrétt, eignarrétt með neikvæðri skilgreiningu sem þessu nemur.

Hin jákvæða skilgreining gerir hins vegar ekki ráð fyrir því í raun og veru að menn eigi hlutinn nema að því leyti sem þeir geti nýtt hann eftir upptalningunni sem í lögunum er að finna. Nýr nýtingarháttur er eigandanum eða rétthafanum, þeim sem nýtingarréttinn hefur eða á, ekki sjálfsagður. Fyrsti og eðlilegasti skilningurinn ef upp kemur tilvik um nýjan nýtingarhátt er sá að það þurfi sérstaklega að veita rétthafanum hann með sérstökum lögum. Hugsanlegt er að með lögjöfnun megi finna að hinn nýi nýtingarháttur samsvari algerlega einhverjum þeim sem eldri er og þannig nái nýtingarréttarákvæðin yfir hann en þá er hann ekki nýr með þeim hætti sem ég var að tala um.

Um vatnalögin er það svo þar að auki að segja að breytingin á þeim núna gerir ráð fyrir því að grunnvatn sé fært inn í vatnalögin, en það var ekki á sínum tíma. Síðan er gert ráð fyrir í vatnalagafrumvarpinu nú að alls kyns form vatns, sem ekki var rætt um í vatnalögunum 1923, falli enn fremur undir þennan eignarrétt sem vandlega er tekinn fram í frumvarpinu.

Í 2. gr. vatnalaganna frá 1923, þeirra ágætu laga, segir, með leyfi forseta:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila."

Þessi kafli þar sem 2. gr. er 1. gr. í, kaflinn hefst sem sé á 2. gr., heitir: Almenn ákvæði um vatnsréttindi.

Í vatnalagafrumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra er hins vegar fjallað um þetta líka í 2. gr. og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

Munurinn er sá að í vatnalögunum sem enn gilda er talað um straumvatn eða stöðuvatn sem er á landareigninni en í frumvarpi til vatnalaga er sannarlega búið að víkka þetta út. Það er sem sé straumvatn eða stöðuvatn sem nú er kallað rennandi eða kyrrstætt vatn, hið fyrra orðalag er kannski hentugra og skemmtilegra, en þar er líka talað um að það sé neðan jarðar og það er talað um að það geti verið í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Vatn í föstu formi er kallað ís, jökull ef vatnið hefur verið í föstu formi nógu lengi til að taka á sig það eðli sem jökulís fylgir, og í loftkenndu formi er vatn oftast kallað gufa. Á það hefur reyndar verið bent og ég hygg að viðkomandi á eftir, þegar ég fer yfir umsókn frá Umhverfisstofnun, að í raun er ekki gerð nein sérstök grein fyrir því í þessu frumvarpi með hvaða hætti eignarrétturinn á að gilda um hið loftkennda form og hið fasta form. Ég held reyndar að þetta sé nefnt í umsögninni frá Náttúrufræðistofnun sem ég fjalla líka eilítið um síðar í ræðu minni.

Þetta þýðir auðvitað að sá réttur sem fylgir lögunum annars vegar og hins vegar frumvarpi til laga á ekki við sama andlagið því annars vegar er talað um straumvatn og stöðuvatn og hins vegar um vatn í hvers konar hugsanlegu formi. Það er því verið að ganga miklu lengra en það að hér sé um formbreytingu að ræða. Á þetta hefur verið bent í umfjöllun um þetta mál. Það er a.m.k. þrennt sem um er að ræða hér, og skapar mótbárur við þeirri fullyrðingu að einungis sé um formbreytingu að ræða, og það er sem sé form vatnsins sjálfs, það er grunnvatnið og það er nýr nýtingarháttur vatns.

Því er svo við þetta að bæta, þessa ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, sem var að því leyti sem ég heyrði hana, ég heyrði hana ekki alla, skemmtileg og margt glettilega sagt í henni, að lögmaðurinn og þingmaðurinn fór með himinskautum án þess að festa sig við jörðu. Það litla sem ég hef fylgst með í lögfræðiumræðu síðari ára þá fannst mér vanta greinargerð fyrir því hvaða fræðilega sjónarhorni hann beitti á þá speki sem fram kom í umræðunni um stjórnarskrá og sérstaklega þegar hér var sem mest rætt um málskotsákvæði forseta fyrir nokkrum missirum. Sú um-

ræða er sem betur fer að mestu hætt um málskotsréttinn. Þá kom fram gáfaður og vel metinn lögfræðingur af gömlum skóla, Þór Vilhjálmsson, og hélt fram um málskotsréttinn kenningu sem byggðist á því að hann væri ekki til. Sú aðferð sem hann beitti við að komast að því að hann væri ekki til var eins konar hreinlestrarstefna laganna sem gerði ráð fyrir því að ekki bæri að lesa lögin í neins konar samhengi. Það væri ekki hægt að beita lögskýringargögnum til að túlka lögin heldur yrði að lesa þau ein og sér án þess að bera þau saman við greinargerðir eða ræður á þinginu til að reyna að finna út vilja löggjafans, hvað þá almenna umræðu eða umfjöllun um málið.

Mér þótti þetta fróðlegt vegna þess að þegar ég var í íslenskunámi mínu í háskólanum var svipuð kenning í tísku á þeim slóðum, þ.e. nýkrítik eða nýgagnrýni, new criticism á ensku. Sú kenning fól í sér viðbrögð við fyrri túlkunaraðferðum bókmenntafræðinga, svo sem ævisöguaðferðinni og samfélagslegri aðferð með einhverjum hætti, raunsæislegum, marxískum eða hverjum sem vera skyldi og síðan kannski þeirri aðferð sem við tók, sem voru ýmsar aðferðir sem byggðu á textasamhengi og nýgagnrýnendur afneituðu með sama hætti öllu öðru en textanum sjálfum. Það er textinn hreinn og klár sem átti að gilda og menn áttu að túlka hann einan og ekki að skoða höfund hans eða það samhengi sem hann var í, þá tíma sem höfðu á hann kallað, eða velta fyrir sér samhengi hans við einhverja aðra texta eða einhverjar kenningar sem uppi hefðu verið og haft áhrif á höfundinn eða textann sjálfan. Þetta var heillandi kenning. Mér þótti gaman að því að fara í gegnum þessi fræði vegna þess að óneitanlega hreinsaðist ýmis texti fyrir þessar sakir þar sem hann stóð einn og sjálfur fram og varð að standa undir sér án þess að fyrir honum færi hinn frægi höfundur eða sú samtíð sem hann gylltist af og stundum var það að textanum tókst að standa einum á þennan hátt. Það skipti ekki máli hver höfundurinn var og skipti ekki máli hvert samhengi hans var, þótti manni. Á öðrum stundum urðu textarnir að engu, voru lítils virði án þess að samhengið væri ljóst og án þess að höfundurinn væri klár og án þess að við vissum hvar hann stæði á æviferli sínum eða í stjórnmálum eða kenningakerfi og hvaða tengsl textinn hefði við aðra texta. Nú er yfirleitt litið svo á að nýgagnrýnin hafi verið hollt steypibað, hundahreinsun fyrir bókmenntafræðina og bókmenntafræðingana, og ég hygg að fáir aðhyllist þessa stefnu í sínu fagra formi lengur. En af þessum sökum þóttist ég kannast við hreinlestrarstefnu Þórs Vilhjálmssonar og gat bæði metið hana í jákvæðu ljósi og líka skilið þá gagnrýni sett var fram á hana.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson — ég hef það á tilfinningunni með mitt óglögga minni að þingmaðurinn hafi í umræðunni um stjórnarskrána og málskotsákvæðið tekið þessari kenningu fagnandi, að Þór Vilhjálmsson væri með þessari kenningu að skýra stjórnarskrána og komast að þeim sömu skoðunum sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og félagar hans ýmsir höfðu komist að með öðrum hætti. Þess vegna er athyglisvert að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson notaði ekki þessa aðferð í skýringu sinni á vatnalögunum. Hann kaus að vísu að líta fram hjá hinum augljósustu lögskýringargögnum, þeim sem finna má í greinargerð fyrir lögum, umræðum um lögin á þinginu og í þeirri almennu forsögu málsins sem menn hljóta að taka tillit til ef vafi leikur á um eitthvað í lögum og þarf að túlka þau. En þeim mun sterkar gekk hann fram í túlkunum seinni tíma manna á lögunum, tók þá meira tillit til aðstæðna þeirra, samhengis þess sem sú umræða fer fram í og á höfundi túlkananna, e.t.v. vegna þess að honum þótti að þær styddu sinn eigin skilning á eðli mála, eðli þess réttar sem við erum að ræða.

Það er kannski líka rétt að segja frá því í framhjáhlaupi að mér þótti fróðleg ræða Sigurðar Kára vegna þess að undanfarin ár og áratugi hafa verið töluverðar umræður í hópi lögfræðinga og við leikmenn fengið svona, hvað heitir það, reykinn af réttunum um það að hve miklu leyti dómstólarnir eiga að þróa lögin, að beita þeim með nýjum hætti vegna þess að uppi séu nýir tímar og aðrar aðstæður en þær sem lögin áttu við þegar þau voru sett. Allir eru sammála um að það eigi að fara varlega í þessu, dómarar eru dómarar en ekki löggjafar en hins vegar hafa verið deilur um það, bæði hér og ytra, að ég hygg kannski náð hámarki í Bandaríkjunum, að hve miklu leyti dómstólar hefðu rétt til þess arna. Í Bandaríkjunum hafa þessar deilur tekið á sig pólitíska mynd sem þar er algeng að repúblikanar, sem nú eru valdaflokkur þar vestra, hafa haldið á lofti flestir einni skoðun og demókratar annarri. Þetta mundi á okkar kvarða jafnast á við vinstri menn og hægri menn nokkurn veginn. Það vill svo til að vestra hafa menn tengdir Bush forseta og forustu repúblikana haldið því mjög eindregið fram að dómstólar ættu ekki að gera þetta, dómstólum bæri ekki að þróa lögin, að breyta lögunum eins og þeir taka til orða. Þeir ætluðu að halda sig við hinn upphaflega bókstaf og ef fyrir kæmu einhver tilvik í nútímanum þar sem freistandi væri að fella yfir hin gömlu ákvæði þá áttu dómarar að stilla sig um það og láta þar við sitja að benda löggjafanum á að um þetta tilvik væru engin lög. Demókratarnir hafa á hinn bóginn sagt að dómstólunum beri að leggja þá túlkun í lögin sem þeir telja að löggjafinn mundi hafa haft ef hann hefði vitað af því atviki eða vandamálum sem um væri að ræða á síðari tímum. Ekki ætla ég að skera úr um þetta, ég hallast kannski frekar að demókrataskilningnum á þessu en þó þannig að dómarar hafi ekki rétt til að breyta lögum og eigi ekki að túlka þau um of.

Það sem mína athygli vekur er að mér hefur heyrst að meðal lögmanna hér sé e.t.v. svipuð flokkaskipting uppi og í Bandaríkjunum, að þeir sem aðhyllast hægri stefnu í stjórnmálum, svo sem Björn Bjarnason, hæstv. dómsmálaráðherra, haldi fram svipuðum skilningi og repúblikanar í Bandaríkjunum en oft færi það saman að vera fremur frjálslyndur í stjórnmálum og að telja að dómstólar hafi ákveðinn rétt til að teygja greinar og ákvæði gamalla laga yfir á nýja atburði eftir því sem þeim þóknast.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson virðist í þessu dæmi ósammála skilningi repúblikana og Björns Bjarnasonar. Hann telur að ekki eigi að leggja áherslu á bókstafsfestu, að ekki eigi að líta á það sem menn hafi meint eða aðeins það sem þeir hafi meint í vatnalögunum frá 1923 heldur beri að túlka þau nokkuð frjálslega, að því er mér þykir, í ljósi þeirra viðfangsefna sem þeim hefur verið beitt á. Viðfangsefnin fara þá í raun að stjórna með nokkrum hætti túlkun manna á anda laganna og samhengi þeirra. Hin meinta

dómaframkvæmd sem ég hef lýst áður og snýr að praktískum verkefnum, þar sem auðvelt er að bera saman venjulegan einkaeignarrétt og tiltekið nýtingarréttarform, breytir að því leyti þeim forsendum sem lögin byggja á, ekki síst ef Þorgeir Örlygsson eða aðrir lögskýrendur hafa komist vel að orði í ritgerðum sínum um þetta efni. Þetta voru athugasemdir mínar í framhjáhlaupi.

Ég vona að þær viti ekki á það að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, vörpulegur maður og þéttur á velli, hagi seglum eftir vindi í lagatúlkunum sínum og skilningi á lögunum. En mér þótti rétt að koma þessum athugasemdum á framfæri við hann. Hann getur auðvitað svarað þeim í umræðunni ef hann vill, enda á hann eftir síðari ræðu sína.

Forseti. Deilt hefur verið um formbreytingu og efnisbreytingu. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeirri deilu. Hún skiptir verulegu máli. En að baki þeirri deilu er auðvitað pólitísk deila sem nú um stundir stendur annars vegar á milli þeirra tveggja flokka sem ég varði nokkrum tíma í upphafi til að lýsa og greina, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem fara með landsstjórnina, og hins vegar okkar í Samfylkingunni og annarra stjórnarandstæðinga, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins. Sú pólitíska deila er auðvitað áberandi í samfélaginu líka.

Í því kapphlaupi sem staðið hefur yfir í tvo áratugi eða svo má segja að síðarnefndu flokkarnir hafi verið fulltrúar allsherjarstefnunnar, ef talað er mál fossanefndarinnar frá fyrstu áratugum aldarinnar. En hinir hafa verið fulltrúar séreignastefnunnar. Ég tel hollt og gott fyrir okkur að ræða þau átakamál sem við eigum við á þeim grunni en leggjast ekki of djúpt í formsatriði þótt þau skipti að sjálfsögðu miklu máli.

Við allsherjarstefnumenn 21. aldarinnar höfum tekið undir þau rök feðra okkar frá upphafi 20. aldar að okkur beri að eiga sameiginlega auðlindir af ákveðnu tagi og hafa á þeim tiltekna gerð eignarhalds, sem er kölluð þjóðareign. Við teljum að aðrar auðlindir séu þannig vaxnar, séu gæddar því eðli, að falla líka undir allsherjarstefnuna þótt um eiginlegan eignarrétt sé kannski ekki að tala. Við höfum kallað það þjóðarforsjá. Ég held með Jóni Þorlákssyni, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson rakti hér. Ég held að vatn sé óeignarréttarlegt fyrirbæri. Ég tel ákaflega erfitt að koma hefðbundnum eignarrétti á vatn vegna þess hvers eðlis það er. Mér þykir í raun sem tilraunir til þess í frumvarpi til vatnalaga séu heldur vandræðalegar. Vatn kemur ósköp einfaldlega af himnum ofan og það rennur í burt frá mönnum. Á fundi í Verkfræðingafélaginu, sem hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fannst mjög ómerkilegur vettvangur — ég get fullvissað hann um að á árunum kringum 1920 var Verkfræðingafélagið það ekki og ég hygg að það sé enn mjög merkilegur vettvangur fyrir alls kyns mál — sagði Jón Þorláksson að vatn væri í eðli sínu einskis eign, væri res nullius eins og það er kallað á lagalatínu, res nullius annars vegar og res communes eða sameign. Ég hygg að þessi hugtök megi rekja til Rómaveldis þar sem ákveðinn munur sé á eðli eignar og því hvernig fara skuli með hana. Í raun fellur hvort tveggja undir allsherjarstefnuna og á því er ekki mikill munur þegar um lagaskilgreiningar er að ræða.

Þó má segja að með res communes, sameign, eða auðlind sem er í sameign, sé gert ráð fyrir einhvers konar gjaldi gegn nýtingu. En um einskis eign sem er í þjóðarforsjá væri síður hægt að tala um gjald. Þegar við ræðum um vatn kemur þetta vel í ljós. Þjóðarforsjáin felst, fremur en að heimta einhvers konar gjald af vatni sem ekki hefur staðið til af almennum vatnsnotum, í að þjóðin beri sameiginlega ábyrgð á því að nóg sé af vatninu, því sé skynsamlega skipt og ekki spillt með neinum hætti.

Á þinginu höfum við orðið vör við að stjórnarsinnar, hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar og þingmenn í stjórnarliðinu, koma stundum af fjöllum þegar rætt er um önnur hugtök á sviði eignarréttar, jafnvel þeir sem löglærðir eru, en einkaeignarréttinn. Hann er eina form eignarréttar eða eignarumráða sem menn virðast þekkja. Þeir geta ekki um annað rætt og telja að önnur umráð eða form eignarréttar séu vart til. Menn geta að vísu viðurkennt að ríki eða sveitarfélag, í fyrsta lagi félag, geti haft svipaðan eignarrétt og einstaklingur eða fjölskylda, að sveitarfélag eða ríki geti átt eitthvað en þó þannig að sá eignarréttur sé sams konar og eignarréttur einstaklings. Það er auðvitað rétt að eignarréttur ríkis eða sveitarfélags getur verið nánast sams konar og eignarréttur einstaklings. Það er enginn réttarfarslegur munur á því að ég eigi bíl, að ég hafi eignarréttarleg umráð yfir bíl, eða að ríkið hafi þau. Ég get selt bílinn og ríkið getur það líka. Ég get keypt mér annan og það getur ríkið líka. Ég get látið gera við bílinn og það getur ríkið líka o.s.frv. Það er nákvæmlega eins. En auðvitað er til önnur ríkiseign eða sveitarfélagaeign, og þá nota ég þessi hugtök, sem er annars konar vegna þess að hún hlítir ekki sömu lögmálum og að ég eigi bíl og ríkið eigi líka sams konar bíl. Þar má til dæmis nefna vegi, gangstéttir, veitukerfi og annað sem eðlilegt er að ríkið eigi. En ríkið hefur ekki réttinn til ráðstöfunar eða eyðileggingar eins og t.d. í því dæmi sem ég nefndi áðan í tengslum við bifreiðareign.

Ég ætla að lesa þrjá texta um eignarrétt. Það eru aðrir textar en þeir sem Sigurður Kári Kristjánsson las upp. Í fyrsta lagi er um að ræða kafla um eignarhald úr skýrslu auðlindanefndar. Í öðru lagi er kafli um svipað efni úr niðurstöðum starfshóps sem Samfylkingin setti af stað fyrir skömmu. Í þriðja lagi er kafli um svipað efni eftir Þorstein Gylfason sem lést fyrir aldur fram, í lok síðasta árs að mig minnir. Ég hygg að þegar við höfum farið í gegnum þessa texta sjáum við að málið er ekki eins einfalt og ýmsir þingmenn virðast telja í fullri alvöru.

Auðlindanefnd var skipuð eftir mikið japl, jaml og fuður til að reyna að ná viti í umræðuna, sem mönnum þótti vera farið úr henni í tengslum við deiluna um kvóta og eignarhald á auðæfum hafsins. Eins og menn muna settust í nefnd fulltrúar flestra flokka og komust að niðurstöðu sem ýmsir fögnuðu en hefur því miður ekki orðið forsenda frekari vinnu eða grundvöllur ákvarðana um auðlindir. Sú niðurstaða er nokkrar síður og ég bið þingheim að vera þolinmóðan meðan ég fer yfir þær. Í þeim niðurstöðum er sérstaklega fjallað um eignarhald á náttúruauðlindum, í 5. þætti II. kafla skýrslunnar. Ég hef lestur þar sem auðlindanefndin hefur sett fyrirsögnina „Yfirlit“, með leyfi forseta:

„Eignarhald á náttúruauðlindum hefur verið með ólíkum hætti samkvæmt íslenskum rétti.

Áður fyrr tíðkaðist að flokka landsvæði á Íslandi í eign-

arlönd, afrétti og almenninga eftir því hvernig eignarhaldi var háttað á þeim. Á þeirri skipan var gerð breyting með lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur, þar sem íslensku landi er að meginstefnu til skipt í eignarlönd og þjóðlendur. Í 1. gr. laganna er eignarland skilgreint sem landsvæði sem háð er einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Þjóðlenda er landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Í 2. gr. laganna kemur fram að íslenska ríkið er eigandi hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Samkvæmt þessu eru sumar náttúruauðlindir á landi háðar einkaeignarrétti en aðrar eignarrétti ríkisins sem sérstaklega er kveðið á um í lögum. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er eignarréttur að auðlindum í eignarlöndum, þar með töldum innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, í höndum landeigenda. Hins vegar er lýst yfir eignarrétti ríkisins á auðlindum í jörðu utan eignarlanda og nær sá réttur m.a. til jarðefna, jarðhita og grunnvatns. Í 2. gr. vatnalaga, nr. 15/1923" — sem við þingmenn þekkjum vel, enda þau til umræðu hér — „segir að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni og stöðuvatni, sem á henni er. Þessi réttur eiganda nær til nýtingar á vatnsorku, sbr. 49. gr. laganna. Þá er það meginregla samkvæmt íslenskum rétti að landeigandi á einkarétt til veiða á landi sínu, þar með talið í ám og vötnum, þótt frá þeirri reglu séu gerðar nokkrar undantekningar í lögum.

Í lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, er því slegið föstu að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum, utan netlaga, og svo langt til hafs sem fullveldisréttur íslenska ríkisins nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Áður fyrr nutu landsmenn réttar til þess að veiða í svonefndum hafalmenningum, þ.e. í sjó, utan netlaga. Þessi réttur til veiða byggðist ekki á einkaeignarrétti heldur var um að ræða almennan rétt hvers og eins. Á síðari árum hafa veiðar verið takmarkaðar með ýmsu móti, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í 1. gr. þeirra laga segir að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Merking þessa ákvæðis er ekki skýr en nærlægast er að telja að það feli í sér almenna markmiðsyfirlýsingu og jafnframt áréttingu hinnar fornu reglu um heimild manna til veiða í hafalmenningum innan þeirra takmarka sem lög setja. Þá er það einnig óljóst hvers eðlis sá réttur nákvæmlega er sem fólginn er í veiðiheimildum er úthlutað hefur verið á grundvelli laga nr. 38/1990.

Samkvæmt framansögðu má segja að form á eiginlegum eignarráðum að náttúruauðlindum sé í meginatriðum tvenns konar að íslenskum rétti. Í fyrsta lagi er um að ræða séreignarrétt einstaklinga eða lögaðila sem hér að framan hefur verið nefndur einkaeignarréttur. Segja má að sérstök sameign sé eitt afbrigði af því eignarformi. Þeir sem njóta eignarréttar af þessu tagi fara með rétt til hvers konar umráða og ráðstöfunar auðlindanna, að svo miklu leyti sem þeim rétti eru ekki settar skorður í lögum eða vegna réttinda annarra. Í öðru lagi verður líklega að telja eignarrétt ríkisins sem því hefur verið fenginn með einstökum fyrirmælum í lögum sérstakt form á eignarráðum. Það sem skilur að þennan rétt ríkisins og einkaeignarrétt, sem ríkið getur verið aðili að eins og hver annar lögaðili," — forseti, hér er komið að mismunandi ríkiseign sem ég reifaði áðan — „er að ríkinu hefur verið fenginn hinn sérstaki eignarréttur í skjóli þess að engir aðrir einstaklingar eða lögaðilar geti sannað eignarrétt sinn að þeim eignum sem um er að ræða. Dæmi um þetta er eignarréttur ríkisins að auðlindum í jörðu, utan eignarlanda, eignarréttur þess að auðlindum hafsbotnsins, utan netlaga, og eignarréttur þess að þjóðlendum. Í tveimur fyrri tilvikunum eru eignarráðum ríkisins ekki sett nein takmörk en hins vegar eru settar tilteknar skorður við þeim að því er varðar þjóðlendur. Þannig er gengið út frá því í þjóðlendulögum að ekki verði afsalað með varanlegum hætti til einstaklinga eða lögaðila eignarrétti að landi sem er innan marka þjóðlendna. Hins vegar má veita slíkum aðilum heimild til hagnýtingar lands og annarra réttinda á þjóðlendum, sbr. 3. og 4. gr. laganna.

Segja má að þriðja form eignarráða sé almannaréttur, þar sem allir landsmenn hafa rétt til hagnýtingar á tiltekinni eign, innan lögmæltra marka, án þess þó að honum fylgi hefðbundinn einkaeignarréttur. Réttur sá sem fyrir er mælt í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, verður líklega felldur undir þessa tegund eignarráða. Við almannarétt sem eitt afbrigði eignarráða verður hins vegar að gera þann fyrirvara, í ljósi dómsniðurstaðna, að hann sem slíkur nýtur að öllum líkindum ekki neinnar verndar sem eignarréttur í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar en öðru máli gegnir um atvinnuréttindi sem honum tengjast."

Þarna rekur nefndin það fyrir okkur að í núgildandi rétti sé einkum um þrenns konar eignarrétt að ræða. Í fyrsta lagi séreignarrétt einstaklinga, einkaeignarrétt þeirra eða lögaðila, í öðru lagi eignarrétt ríkisins, en ekki þann að ríkið eigi bíl eins og hver annar heldur hafi því verið afhentur réttur í skjóli þess að engir aðrir geti sannað eignarrétt sinn af eigninni, eða að ríkið sé eins og kóngurinn var í gamla daga, hinn eðlilegi yfirráðandi þeirra rétta sem allir eiga hlut í. Þriðja formið er almannaréttur sem hefur ákveðnar lögfræðiréttarlegar takmarkanir en kann að skapa atvinnuréttindi, þeim sem tengjast honum.

Næsti kafli fjallar um þjóðareignarrétt og er vel við hæfi að lesa hann þar sem einmitt er fjallað um þá tegund eignar. Hann er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ef það er virt sem að framan er rakið er ljóst að mismunandi reglur gilda að íslenskum rétti um eignarhald á þeim náttúruauðlindum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti. Á hinn bóginn er í senn eðlilegt og æskilegt að sömu reglur gildi um það efni, enda verður ekki séð að neitt réttlæti það í sjálfu sér að gerður sé greinarmunur í lögum á aðkomu ríkisins að þjóðlendum, auðlindum í jörðu, hafsbotninum og nytjastofnum í sjó. Enn fremur er brýnt að bundinn verði endi á þá réttaróvissu sem ríkt hefur um rétt þeirra sem fengið hafa leyfi til veiða á grundvelli laga um stjórn fiskveiða.

Í því skyni að eyða þessari réttaróvissu og samræma um leið reglur um eignarhald á þeim náttúruauðlindum sem ekki eru undirorpnar einkaeignarrétti er lagt til að tekið verði upp nýtt form á eignarrétti til hliðar við hinn hefð-

bundna séreignarrétt einstaklinga og lögaðila. Það heiti sem orðið hefur fyrir valinu er þjóðareignarréttur, þ.e. eignarréttur íslensku þjóðarinnar á þeim náttúruauðlindum sem ekki eru þegar háðar einkaeignarrétti. Segja má að fyrirmyndin að þessu heiti og þeirri hugsun sem að baki býr sé fengin frá 4. gr. laga nr. 59/1928, um friðun Þingvalla" — sem við höfum numið úr gildi með nýjum lögum — „þar sem því er lýst yfir að hið friðlýsta svæði skuli vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar.

Í sjálfu sér má segja að þessu nýja formi á eignarrétti fylgi sömu heimildir og talið hefur verið að felist í fullveldisrétti ríkisins. Sá er þó munurinn að ofangreindar náttúruauðlindir eru lýstar eign þjóðarinnar og þar með girt fyrir að aðrir aðilar geti eignast beinan eignarrétt að þeim, t.d. fyrir hefð. Vegna þess að þjóðin er ekki lögaðili og þar með bær til að vera eiginlegur eigandi að lögum með sama hætti og ríkið er nauðsynlegt að kveða nákvæmlega á um það að handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds, þ.e. Alþingi og stjórnvöld, fari með allar þær eignarréttarheimildir sem í hinu nýja eignarformi felast í umboði þjóðarinnar. Að öðrum kosti yrði eignarréttur þjóðarinnar merkingarlaus. Að þessu gefnu liggur ljóst fyrir og verður ekki vefengt að heimilt er, eftir því sem kveðið kann að vera á um í lögum, að veita einstaklingum og lögaðilum heimild til afnota eða hagnýtingar á auðlindum í þjóðareign sem njóti stjórnarskrárvarinnar verndar sem óbein eignarréttindi."

Í 3. undirkafla, fimmta þáttar II. kafla þessara niðurstaðna er fjallað um auðlindir án eiginlegs eignarréttar. Það er kafli sem okkur varðar mjög, í ljósi ummæla Jóns Torfasonar á hinum fræga fundi í Verkfræðingafélagi Íslands sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson taldi vera ómerkan og ekki mikils virði. En þessi kafli heitir „Auðlindir án eiginlegs eignarréttar" og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hér að framan hefur hugtakið „náttúruauðlindir" verið einskorðað við þau verðmæti eða náttúrugæði sem eru þess eðlis að þau geta verið undirorpin einkaeignarrétti. Það fer hins vegar eftir stjórnarskrá og almennum lögum á hverjum tíma hvernig eignarráðum að þessum auðlindum er skipað. Fyrir utan náttúruauðlindir í þessari þrengri merkingu eru fyrir hendi margvísleg náttúrugæði sem telja má til náttúruauðlinda í víðtækustu merkingu þess orðs. Þessi gæði eru hins vegar þess eðlis að þau hafa, a.m.k. ekki til þessa, verið talin hæft andlag eiginlegs eignarréttar.

Latneska hugtakið res communes merkir það sem er öllum sameiginlegt. Í eignarrétti hefur það hugtak fyrst og fremst verið notað um ákveðin gæði og/eða eftir atvikum svæði sem eru utan lögsögu einstakra ríkja og öllum frjáls til umferðar og nota. Talið er að yfir gæðum þessum og svæðum sé ekki unnt að viðurkenna neinn eignarrétt í hefðbundnum skilningi, hvorki einkaeignarrétt né eignarrétt ríkja. Þetta helgast af því að umrædd gæði eru með þeim hætti að segja má að ótakmörkuð afnot þeirra séu óhjákvæmileg til eðlilegra lágmarkslífsskilyrða og til frjálsrar þróunar og afkomu einstaklinga og mannkyns alls. Þá er og til þess að líta að sum þessara gæða eru ekki talin hæft andlag eignarréttar, svo sem andrúmsloftið, sólarljósið, vindur og fleiri sambærileg náttúruöfl.

Í þessu samhengi má nefna úthafið, þ.e. hafsvæði það sem er utan lögsögu ríkja. Úthafið er öllum ríkjum frjálst til umferðar og nota. Ekkert ríki getur slegið eign sinni á hluta þess eða áunnið sér forréttindi þar umfram önnur ríki, með hefð eða á annan eignarréttarlegan hátt. Að baki grundvallarreglunni um frelsi úthafsins liggur aldagömul þjóðréttarhefð en um nánari útfærslu skyldna og réttinda vísast til Genfarsamningsins um úthafið frá 1958, hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 og úthafsveiðisamnings Sameinuðu þjóðanna frá 4. ágúst 1995. Hafið milli ytri marka netlaga og að ytri mörkum efnahagslögsögunnar lýtur ekki eignarrétti í hefðbundnum skilningi þess orðs en á hinn bóginn hefur auðlindum á því svæði og nýtingu þeirra verið ráðstafað að fullu af löggjafans hálfu.

Réttarstaða geimsins, þ.e. svæðisins utan lofthelgi einstakra ríkja, er ábekk réttarstöðu úthafsins. Hér er um að ræða svæði sem ekkert ríki getur helgað sér eða lagt undir sig en er öllum frjálst til umferðar og friðsamlegra nota. Um réttarstöðu geimsins vísast til þjóðréttarsamnings um rannsóknir og not ríkja af himingeimnum, tungli og stjörnum frá 10. október 1967," — rétt áður en Bandaríkjamenn sendu fyrstu fulltrúa mannsins til tunglsins — „samnings um björgun geimfara, framsal geimfara og skil á hlutum sem skotið hefur verið út í geiminn frá 19. desember 1967 og samningsins um tunglið og aðra hnetti frá 5. desember 1979." — Ég hygg að nærstaddur hv. þm. Jóhann Ársælsson þekki vel, eins og aðra slíka alþjóðasamninga um gæði himins og jarðar.

„Þótt umrædd gæði og svæði geti ekki lotið einkaeignarrétti verður að gera tvenns konar fyrirvara við þá meginniðurstöðu.

Í fyrsta lagi er það svo að einstakir hlutar þeirra geta orðið eign í venjulegri merkingu þegar þeir eru teknir frá og afmarkaðir nægilega, t.d. ef hafrannsóknamenn taka sýnishorn af sjó til vísindalegra rannsókna eða ef orka eða önnur ákveðin og áþreifanleg verðmæti eru unnin úr andrúmslofti og sólarljósi. Þess konar taka, sem ekki skerðir rétt almennings til að njóta þessara gæða og svæða, er talin hverjum manni frjáls. Vegna breyttrar tækni geta þannig orðið til verðmæti sem áður voru ókunn og eru þess eðlis að þau geta orðið hæft andlag eignarréttar. Nýlegt dæmi eru rafsegulbylgjur til fjarskipta, en væntanlega er ekkert því til fyrirstöðu að rétthafi ákveðinnar senditíðni njóti verndar að eignarrétti eftir því sem mælt kann að verða fyrir um í lögum."

Þetta er merkilegur kafli. Hér er gert ráð fyrir því að skapast geti nýir nýtingarhættir sem áðan var rætt um varðandi vatnið. Því er ekki sjálfgert og sjálfsagt að breyting sem kölluð er formsbreyting, þ.e. því er haldið fram að formsbreytingin sem haldið er fram að hafi enga þýðingu nema textalega í lögbókum, hafi ekki ýmsar afleiðingar sem við þekkjum ekki nú. Það er ekki gerlegt fyrir okkur á þessari stundu, árið 2006, að vita hvaða nýtingarhættir verða viðhafðir í framtíðinni. Ágæt dæmi um það eru nefnd hér. Menn gátu ekki gert sér grein fyrir því fyrr á tímum að hægt yrði að vinna verðmæti, m.a. orku, beint úr sólarljósi. Þótt menn hafi gert sér grein fyrir því að sólarljósið var uppspretta lífs og orku, hvað þá að menn gerðu sér grein fyrir því fyrir 100 eða 150 árum að bylgjur í andrúmsloftinu gætu talist til verðmæta og þyrfti að hafa áhyggjur af útdeilingu þeirra og umráðum yfir þeim.

Í framhaldi af þessu má hugsa sér að til yrði einhver sú nýting vatns sem við þekkjum ekki núna. Hvernig færi með hana samkvæmt vatnalögum frá 1923? Löggjafinn þyrfti að hafa af henni afskipti, þ.e. sé ekki hægt að lögjafna þeim nýtingarhætti við nokkuð sem okkur er tamt að tala um. En með hinum nýju lögum mundi ríkið engin afskipti af því hafa öðruvísi en þau að hætta skapaðist á skaðabótaskyldu. Þau afskipti hlytu að felast í því að stjórnvöld, í þessu dæmi Alþingi, skertu eignarrétt manna á vatni með hinni neikvæðu skilgreiningu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ég held áfram örlítið lengra í niðurstöðum auðlindanefndar, með leyfi forseta:

„Hvað sem líður eignarréttarlegum heimildum að gæðum á borð við andrúmsloftið og sólarljósið eða svæðum eins og úthafinu, þá er það í öðru lagi svo að ráðstöfun, nýting og meðferð umræddra gæða og svæða er ýmsum takmörkunum háð. Ríki heims hafa t.d. gert með sér alþjóðlega sáttmála þar sem þau hafa tekist á hendur margvíslegar þjóðréttarlegar skuldbindingar til þess að vernda þau óheftu og óspilltu not sem um var fjallað hér að framan og tryggja þar með sjálfbæra þróun mannkynsins. Í krafti fullveldisréttar síns hafa síðan einstök ríki, þar á meðal íslenska ríkið, sett reglur í þessu skyni innan lögsögu sinnar. Að íslenskum rétti gilda t.d. fjölþættar reglur um andrúmsloftið þar sem m.a. eru settar skorður við nýtingu þess. Þá sætir orkunýting takmörkunum samkvæmt lögum og næðu þær t.d. til nýtingar vinds til raforkuvinnslu. Að þessu virtu er ljóst að umrædd náttúrugæði lúta yfirráðum einstakra ríkja á grundvelli fullveldisréttar þeirra og falla jafnframt undir þjóðréttarlegar skuldbindingar þeirra. Umfjöllun um réttarreglur af þessu tagi fellur undir umhverfisrétt sem er nýtt og sjálfstætt réttarsvið óháð en þó náskylt hinum hefðbundna eignarrétti."

Þarna kynnum við að vera komin að rótum þess vanda hvers vegna jafnvel hinir lögfróðustu menn hér á þinginu eru eins og ekki með í umræðu um umráð og ýmiss konar eignarrétt þegar hann er komin út fyrir hin venjulegu afskipti lögfræðinga í dómstólum.

Auðlindanefndin lagði til í framhaldi af þessu nýtt stjórnarskrárákvæði og það er fróðlegt að fara yfir það. Hún leggur til að það sé sett í VII. kafla stjórnarskrárinnar og svo vill til, forseti, að einmitt núna er verið að endurskoða stjórnarskrána í sérstakri nefnd sem skipuð var fyrir skömmu og ýmsir merkilegir menn eiga sæti í og ég hygg að fyrir þeirri nefnd liggi einmitt tillögur væntanlega frá auðlindanefndinni og frá öðrum um það að sett sé ákvæði um náttúruauðlindir og afstöðu þjóðarinnar til þeirra í stjórnarskrá. Auðlindanefndin vill hafa þetta ákvæði svona og setja það í VII. kafla og lýsa með því þær náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti þjóðareign. Ákvæðið á að vera svona, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar."

Ég vek athygli á því að nefndin orðar þetta svona, að handhafarnir fari með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt, og ég hygg að þetta sé vegna þess að ekki er endilega um allt þetta þrennt að ræða í einu um það sem hér er kallað þjóðareign. Ég held áfram, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Þó má veita þeim heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum og réttindum gegn gjaldi, að því tilskildu að hún sé tímabundin eða henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slík heimild nýtur verndar sem óbein eignarréttindi.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt og á grundvelli sjálfbærrar þróunar og skal arði af þeim varið til þess að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim, svo og til hagsældar fyrir þjóðina að öðru leyti."

Auðlindanefndin skýrir þetta ákvæði svo, með leyfi forseta:

„Í 1. mgr. er því lýst yfir að þær náttúruauðlindir og réttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti séu þjóðareign sem handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds, þ.e. Alþingi og stjórnvöld," — þetta er að vísu ekki heppilegt orðalag því að Alþingi er auðvitað hluti stjórnvalda, væntanlega er átt við Alþingi og ríkisstjórn — „fari með forsjá fyrir, varðveiti og geti jafnframt ráðstafað í umboði þjóðarinnar skv. 2. mgr.

Vegna þess m.a. að aðstæður og viðhorf geta breyst í tímans rás er ekki gert ráð fyrir að náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign verði skilgreind í sjálfri stjórnarskránni heldur verði það gert í almennum lögum. Þó er gengið út frá því að land, landsréttindi, auðlindir og hlunnindi í þjóðlendum, sem ekki hafa verið háð einkaeignarrétti, verði þjóðareignir, sbr. lög nr. 58/1998, um þjóðlendur, og lög nr. 57/1998, um rannsóknir á nýtingu á auðlindum í jörðu. Sömuleiðis nytjastofnar á Íslandsmiðum, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og auðlindir sem eru á, í eða undir hafsbotninum, utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær, sbr. lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Ákvæði þessara laga þyrfti að laga að hinu nýja stjórnarskrárákvæði.

Samkvæmt framansögðu er ekkert því til fyrirstöðu að löggjafinn felli fleiri eignir en þær sem að framan greinir undir þjóðareignarhugtakið. Segja má að það hafi þegar verið gert með lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla. Á sama hátt væri með einfaldri lagabreytingu unnt að gera einhverjar af umræddum eignum háðar einkaeignarrétti í stað þjóðareignarréttar.

Í 2. mgr. er því lýst yfir að náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi til annarra aðila. Þó er gert ráð fyrir að stjórnvöld geti veitt öðrum aðilum heimild til afnota eða hagnýtingar á slíkum eigum með tilteknum skilyrðum og að teknu tilliti til þeirra markmiða sem frá greinir í 3. mgr. Með heimild til afnota eða hagnýtingar í 2. mgr. er átt við heimild til afnota eða hagnýtingar sem sérstakt leyfi þarf til þannig að aðrir en leyfishafar geti ekki haft þau sömu not. Þar með fellur almannaréttur, svo sem réttur til umferðar um land, ekki undir þetta hugtak. Kveðið er á um það í niðurlagi 2. mgr., til þess að taka af allan vafa, að heimild til afnota eða hagnýtingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar sem óbein

eignarréttindi á borð við hefðbundin leigu-, afnota- og ítaksréttindi."

Síðan fjallar auðlindanefndin, að þessu sögðu, um samræmda stjórn á nýtingu náttúruauðlinda og telur að þörf sé á samræmdri stefnu og stjórn á nýtingu náttúruauðlinda og hún þurfi að byggjast á þeim meginatriðum að komið sé á heilsteyptum lagaramma um hlutverk og ábyrgð ríkisins á ráðstöfun og nýtingu náttúruauðlinda og hins vegar að menn beiti hagrænum stjórntækjum á grundvelli vel skilgreinds eignar- eða afnotaréttar þar sem því verður við komið ásamt leiðréttandi sköttum og uppbótum þar sem það á við. Væri fróðlegt að lesa þann kafla síðar í áliti auðlindanefndar.

Það er merkilegt að auðlindanefndin, auk þess að fjalla um *náttúruvernd í þjóðareign, fjallar um auðlindir sem ekki* eru háðar eignarrétti í þessum 6. þætti II. kafla og segir um þær auðlindir, með leyfi forseta:

„Ýmsar mikilvægar náttúruauðlindir eða náttúrugæði hafa ekki verið talin undirorpin beinum eignarrétti. Má hér nefna andrúmsloftið, sólarljós, vindorku og rafsegulbylgjur til fjarskipta. Nefndin telur æskilegt að forsjárhlutverk samfélagsins gagnvart slíkum náttúrugæðum verði í framtíðinni skýrt skilgreint í heildarlöggjöf um náttúruauðlindir og umhverfismál þótt ekki séu gerðar nánari tillögur um efni slíkrar löggjafar hér. Rétt er hins vegar að benda á að hugsanlegt sé að sumar þeirra auðlinda sem hér um ræðir verði lýstar þjóðareign í framtíðinni, má þar t.d. nefna rafsegulbylgjur til fjarskipta, lofthelgi Íslands og vindorku. Framangreind stjórnarskrárákvæði um náttúruauðlindir í þjóðareign mundu þá gilda um nýtingu þeirra."

Ég ætla ekki að lesa meira úr áliti eða skýrslu auðlindanefndar eins og hún er fróðleg en tel að menn séu nokkru nær um ýmsar gerðir eignarumráða og forsjár eftir þessa skýrslu.

Ég ætla næst, eins og ég hét áðan að ræða nokkuð niðurstöðu starfshóps sem starfaði í Samfylkingunni og vék að þessum efnum. Starfshópurinn var skipaður um efnið „Umhverfisvernd andspænis auðlindanýtingu" og erindisbréf hans var með þessum hætti, með leyfi forseta:

„a. Hvaða auðlindir eiga að vera þjóðareign og hvernig á að skilgreina þá eign í stjórnarskrá og lögum?

b. Á að breyta einkaeign í þjóðareign, hvernig er það hægt — aðferðir, vandamál?

c. Hver má nýta þjóðareign og hvernig á að úthluta réttinum til nýtingar — á sama aðferðafræðin við í öllum tilvikum?

d. Hvernig á að meta arðsemi náttúrunnar andspænis arðbærri nýtingu náttúruauðlinda?

e. Hvaða aðferðafræði er hægt að viðhafa til að minnka átök milli þeirra sem leggja áherslu á náttúruverndarsjónarmið og hinna sem leggja áherslu á nýframkvæmdir og atvinnusköpun?"

Sú spurning og svörin við henni liggja utan við það umfjöllunarefni sem hér er til umræðu eða a.m.k. í jaðri þeirra.

Það er fróðlegt að fara í gegnum þessa samantekt og ég ætla fyrst að fjalla um niðurstöður þessa hóps um greiningu *á náttúrugæðum. Þar segir, með leyfi forseta:*

„Gæði náttúrunnar eru fjölþætt, svo sem loft, vatn, gróður og stjörnur himinsins. Þegar náttúrugæði eru nýtt í efnahagslegu samhengi kallast þau náttúruauðlind. Náttúran eða náttúrugæðin verða náttúruauðlind þegar náttúran eða náttúrugæðin verða hluti af efnahagsstarfseminni, þegar má hafa af náttúrunni tekjur eða annan notaávinning, beint eða óbeint, nú eða í framtíðinni. Af þessum sökum lítur hópurinn á náttúruvernd sem eina aðferð við nýtingu náttúruauðlinda. Í mörgum tilvikum er ávinningur af auðlindanýtingu mælanlegur í krónum og aurum. Í öðrum tilvikum kann það að vera erfitt eða jafnvel ómögulegt, jafnvel þó færa megi sannfærandi rök fyrir því að hann sé til staðar. Í mörgum tilvikum útilokar ein notkun auðlindarinnar aðra. Ef erfitt er að meta ávinning getur verið erfitt eða jafnvel ómögulegt að bera saman hagkvæmni ólíkra nýtingarmöguleika fyrir samfélagið. Ákvörðun um auðlindanýtingu verður því *aldrei eingöngu hagrænt viðfangsefni. Yfirráðaréttur yfir* náttúrugæðum er skilgreindur með ákvörðun hvers samfélags fyrir sig eða í samstarfi ríkja. Í vissum tilvikum getur yfirráðarétturinn verið óljós og þá er talað um almannaeign eða almenning.

Einkaeignarrétturinn er þó eina eignarformið sem tilgreint er í stjórnarskránni. Eignarréttarhafar geta verið einstaklingar, lögaðilar, ríki og sveitarfélög. Þannig er ríkiseign eitt form einkaeignar. Ríkisvaldið getur takmarkað heimildir eigenda til að ráðstafa eignum sínum ef það er gert með almennum reglum. Í sumum tilvikum kann að þurfa að bæta viðkomandi aðilum það fjárhagstjón sem slíkar takmarkanir valda."

Næst er fjallað um nýtingu auðlinda og sjálfbærni og inngangurinn að þeim kafla er með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Algildur mælikvarði til að meta sjálfbærni er ekki til. Í almennum viðurkenndum skilgreiningum segir að við mat á sjálfbærni beri að líta til umhverfisverndar, efnahagsþróunar og samfélagslegra þátta. Ganga má út frá því að tilgangur auðlindanýtingar sé að auka velferð þeirra sem í hlut eiga. Ef aukin auðlindanýting eykur velferð einhverra án þess að skaða velferð annarra er hún í eðli sínu sjálfbær. Það er áleitin og erfið siðferðileg spurning hvernig á að skilgreina „aðra". „Aðrir" geta verið nágrannar, næsta kynslóð, fólk í fjarlægum löndum eða aðrar lífverur sem eiga sér búsetustað á jörðinni svo eitthvað sé nefnt. Að mati vinnuhópsins gæti verið gagnlegt að greina sjálfbærni auðlindanýtingar með því að líta til eftirfarandi viðmiða:" — og síðan koma fjögur viðmið. Eitt þeirra er endingartími og endurnýjanleiki auðlindar, annað er ytri áhrif eða áhrif notkunar, þriðja er nýtni og það fjórða er samfélagslegur jöfnuður.

Um endingartíma og endurnýjanleika auðlindar segir þetta, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi þarf að greina hvort nýting skaði möguleika til að viðhalda auðlindinni til langs tíma þannig að hún verði nýtanleg fyrir komandi kynslóðir. Ef ekki er um endurnýtanlega auðlind að ræða verður málið öllu flóknara. Nýting á óendurnýjanlegri auðlind í dag leiðir óhjákvæmilega til þess að minna verður eftir fyrir þær kynslóðir sem á eftir koma. Mælistika sjálfbærni gæti þá miðast við hvort gengið sé óeðlilega hratt á auðlindina og hvort vel sé farið með hana (góð nýtni). Malarnám er dæmi um takmarkaða auðlind sem mætti skoða frá þessu sjónarhorni. Einnig má

líta til þess hvort verið sé að ganga á eignir, þ.e. hvort eyðing auðlindarinnar leiði til eignamyndunar af öðru tagi sem bæti forsendur fyrir áframhaldandi velsæld eftir að auðlindina þrýtur.

Olíusjóður Norðmanna er dæmi um fyrirkomulag þar sem reynt er að tryggja að nýting óendurnýjanlegrar auðlindar skapi varanlegar forsendur fyrir velsæld. Það má því segja að ef nýting endanlegra náttúruauðlinda leiðir ekki til þess að heildareignir samfélagsins rýrni þá sé nýting sjálfbær."

Og þá er ekki horft á það hvort hún er heppileg eða ekki eða rétt eða ekki, heldur að hún sé sjálfbær, þ.e. að eftir verði svipuð verðmæti og áður þegar hafist var handa.

Um ytri áhrif og áhrif notkunar segir, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi þarf að greina hvort notkun á einni auðlind valdi skaða á annarri. Dæmi: notkun á kolefnaeldsneyti skaðar andrúmsloftið. Jafnframt þarf að leggja mat á það hvort notkun eins á auðlindinni verði til þess að möguleikar annarra til að nýta aðra auðlind takmarkist. Dæmi: malarnám í Ingólfsfjalli takmarkar möguleika göngufólks til fjallgöngu og umbreytir landslagi."

Þriðja viðmiðið til að greina sjálfbærni auðlindanýtingar er svo nýtni og um það segir, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi getur nýtni verið gagnleg viðmiðun til að meta sjálfbærni. Er auðlindin notuð með góða nýtni í huga? Er bestu tækni beitt til að brenna eldsneytið þannig að sem mest orka fáist fyrir hverja einingu? Er malarnám skipulagt með þeim hætti að efni séu flokkuð eftir gæðum, lífrænn jarðvegur settur til hliðar til að nota við frágang og fé lagt á sjóð til að tryggja að innstæða sé fyrir frágangi þegar námuvinnslu lýkur?"

Fjórða og síðasta atriðið til að greina sjálfbærni auðlindanýtingar er samfélagslegur jöfnuður og um það segir svo, með leyfi forseta:

„Í fjórða lagi má líta á samfélagslegar aðstæður. Viðheldur nýting auðlindar ójöfnuði í samfélaginu eða leiðir ávinningurinn af notkun hennar til almennrar velsældar?"

Síðar í niðurstöðum þessarar vinnu, þessu lokaplaggi nefndarinnar um umhverfisvernd andspænis auðlindanýtingu er svo svarað spurningunum sem spurt var í upphafi og ég ætla stuttlega að fara yfir fjögur svör af þeim fimm sem gefin eru.

Fyrsta spurningin er: „Hvaða auðlindir eiga að vera þjóðareign og hvernig á að skilgreina þá eign í stjórnarskrá og lögum?" Svar hefst svo, með leyfi forseta:

„Það er rík ástæða til að nýta skilvirkni markaðshagskerfsins eins vel og kostur er til ábata fyrir samfélagið allt. Einn hornsteinn markaðshagkerfisins er að eignarhald sé skýrt og óvefengjanlegt." — Og það kemur okkur mikið við í þessari umræðu sem nú stendur yfir.

„Um auðlindir í einkaeign ríkir samkomulag um eignaheimildir og eignaforráð. Ríkisvaldið getur þó takmarkað heimildir eigenda til að ráðstafa eignum sínum ef það er gert með almennum reglum. Í hagfræðilegu samhengi skiptir meira máli að eignarhald sé skýrt fremur en hver sé löglegur eigandi viðkomandi auðlindar. Óskýrt eignarhald getur leitt til þess að viðkomandi auðlind sé ekki nýtt, henni sé spillt og hún skili samfélaginu ekki þeim ávinningi sem annars hefði getað orðið. Það er breytilegt frá einum tíma til annars hvað í náttúrunni telst vera auðlind. Almennt séð virðist sem sífellt fleiri fyrirbrigði í náttúrunni fái stöðu náttúruauðlinda. Margt í náttúrunni er ekki í hefðbundinni einkaeign heldur telst vera almenningur eða almannaeign. Dæmi eru um sérstaka skilgreiningu í lögum svo sem um þjóðgarðinn á Þingvöllum, lifandi auðlindir hafsins, þjóðlendur og efni á og undir hafsbotni. Ríkisvaldið fer með eignarráð á þessum gæðum, en nokkuð skortir á að það sé í öllum tilfellum vel skýrt lagalega. Á næstu árum má búast við að fleiri þættir í náttúrunni geti fengið áþekka stöðu, svo sem aðgangur fyrir rafsegulbylgjur í andrúmsloftinu og heimildir til að losa mengun út í andrúmsloftið.

Með því að skilgreina tiltekin náttúrugæði eða auðlindir, sem í dag er almennt litið á sem almenning, sem þjóðareign, má koma í veg fyrir að eignarhald á auðlindum safnist á fárra hendur, vegna tilviljunar, í krafti auðs eða vegna sögulegra nytja. Því er t.d. mikilvægt að skilgreina réttinn til að losa úrgang í andrúmsloftið sem þjóðareign áður en sögulegar nytjar leiða til þess að sá réttur færist í einkaeign."

Þessi umfjöllun á einkar vel við daginn í dag þegar umhverfisráðherra hefur svarað því í fyrsta sinn af sinni hálfu að skilningur sinn á Kyoto-ákvæðinu sé sá að Íslendingar geti reiknað mengunarkvóta sinn þar að meðaltali á fimm árum og setið þá uppi í lok Kyoto-tímabilsins með miklu meiri mengunarkvóta en leyfilegur er á því ári einu saman. Þannig standi menn frammi fyrir því á fyrsta ári næsta tímabils að vera með allt of mikla losun og þurfi þá að leysa það mál með einhverjum hætti. Umhverfisráðherra hafði ráð við því, það væri að kaupa kvóta og það væri í fyrsta sinn sem Íslendingar gerðu það. Þá er auðvitað spurning, hver á að kaupa þann kvóta? Eiga þeir sem losa nú að gera það? Og af því að við erum að ræða um íslenska ákvæðið, svonefnda, í Kyoto-bókuninni, er þá átt við að næsta álver eigi að gera það eða eiga öll iðjuverin að gera það sem hér eru komin, líka það sem hér var stofnað til á miðjum 7. áratugnum og hefur ekki frekar en önnur þau sem á eftir komu haft í sínum samningum að það þurfi að kaupa kvóta, eða ætlar íslenska ríkið að gera þetta fyrir þau? Eða öðlast þau hugsanlega þá stöðu sem hér er talað um, að þau hafi haft sögulegar nytjar af andrúmsloftinu og sá réttur þeirra verði þá með einhverjum hætti einkaeign á meðan aðrir þurfa að borga? Þetta eru málefni dagsins í íslenskum stjórnmálum.

Ég held áfram í þessu góða plaggi, með leyfi forseta:

„Með því að veita tímabundinn nytjarétt á þessum sömu auðlindum, nytjarétt sem hefur stöðu einkaeignar, má stuðla að skilvirkri nýtingu þeirra á grundvelli markaðshagkerfis. Þeim sem nytja viðkomandi auðlind bæri þá að skila hluta eða allri auðlindarentunni til „þjóðarinnar" í formi afnotagjalds.

Þá má einnig hugsa sér, í ákveðnum tilvikum, þegar ekki virðast forsendur fyrir afnotagreiðslu, að gerð sé krafa um að nýtingarrétturinn falli til baka til þjóðarinnar eftir tiltekinn tíma.

Breyta má þjóðareign í einkaeign. Réttlæta má slíka ráðstöfun ef sýna má fram á að það leiði til bættrar umgengni um viðkomandi auðlind. Forsenda fyrir flutningi á þjóðareign yfir í einkaeign er að yfirfærslan hafi ekki umtalsverð

áhrif á dreifingu eigna á milli samfélagsþegnanna eða á milli kynslóða. Mikil óvissa er tengd verðmæti náttúruauðlinda.

Náttúruauðlind sem virðist fela í sér lítil verðmæti nú gæti orðið verðmæt síðar. Ef ríkið ákveður að yfirfæra ótímabundið tiltekna náttúruauðlind sem skilgreina má sem almenning yfir í einkaeign, kann samfélagið að afsala möguleika til að afla tekna til samfélagsverkefna í framtíðinni. Því kann að vera heppilegra að breyta ekki þjóðareign í einkaeign heldur veita tímabundinn afnotarétt af viðkomandi auðlind."

Að breyttu breytanda eiga þessi orð þessa hóps á vegum Samfylkingarinnar, á vegum framtíðarnefndar, mjög vel við í þessari umræðu þar sem verið er að breyta þjóðareign, þjóðarforsjá með vatni samkvæmt lögunum frá 1923, yfir í einkaeign og tekin sú áhætta að samfélagið sé þar með að afsala sér möguleikum til að hafa ný not af vatni í framtíðinni eða missa forsjá sína yfir vatninu í hendur hinna nýju eigenda þess með einhverjum hætti.

Þessu lýkur svo, með leyfi forseta:

„Af framansögðu má ráða að með því að skilgreina auðlindir í þjóðareign og nota skilvirkni hagkerfisins til að nytja þær, þó með þeim hætti að hluti afraksturs (auðlindarentunnar) renni til samfélagsins, er stuðlað að hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu auðlinda og jöfnuði í samfélaginu."

Í næsta kafla er fjallað um það hvenær eigi að breyta einkaeign í þjóðareign, hvernig það sé hægt, um aðferðir til þess og vandamál sem upp koma í sambandi við það og þar segir, með leyfi forseta:

„Einkaeign á auðlindum virðist eingöngu vera bundin við auðlindir á landi. Auðlindir í hafinu og andrúmsloftinu virðast ekki undirorpnar einkaeign og því ætti að vera einfalt að tilgreina þær sem þjóðareign. Hafsbotninn hefur verið úrskurðaður sem ríkiseign.

Eignarhald á landi var lengi vel flokkað sem eignarlönd, afréttur og almenningur. Með lögum um þjóðlendur, sem sett voru 1998 var gerð breyting á þessu og nú er eign á landi ýmist í einkaeign eða þjóðlenda. Eignarland er landsvæði sem háð er einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Þjóðlenda er landsvæði utan eignarlands þó einstaklingar eða lögaðilar kunna að eiga þar takmörkuð réttindi. Íslenska ríkið fer með hvers konar landsréttindi og hlunnindi í þjóðlendum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti.

Í lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins er tilgreint að ríkið eigi allar auðlindir í eða undir hafsbotni utan netalagna og svo langt út sem tilgreint er í alþjóðlegum samningum. Í lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, er ríkið lýst eigandi kolvetnis hér við land en kolvetni merkir í þeim lögum jarðolía, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

Samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu er eignarréttur að auðlindum í eignarlöndum í höndum landeigenda og nær þessi réttur til jarðefna, jarðhita og grunnvatns. Í vatnalögum er tilgreint að landeigandi eigi rétt til umráða og hagnýtingar á vatni, sem á landinu er og nær þessi réttur til nýtingar vatnsorku.

Löng hefð er komin á nýtingu vatnsafls og hefur rétturinn til þess gengið kaupum og sölum. Þá hafa jarðhitaréttindi gengið kaupum og sölum og hið sama má segja um jarðefni.

Helstu álitamál um eignarrétt á landi tengjast ákvæðum um að hann nái til auðlinda sem eru undir yfirborði jarðar, þ.e. jarðhita, grunnvatni og hugsanlega málma og olíu. Ekki er vitað til þess að réttindi til grunnvatns, olíu og góðmálma hafi verið skilgreind sem verðmæti í viðskiptum hér á landi.

Niðurstaða: Ekki verður séð að hægt sé að afnema einkaeignarrétt [yfirfæra til ríkisins eða tilgreina sem þjóðareign] á vatnsréttindum," — þ.e. nýtingarrétti — „hefðbundnum jarðhita og jarðefnum án þess að til komi bætur sem samsvari rýrnun viðkomandi einkaeignar. Öðru máli kann að gegna um auðlindir sem ekki hafa verið nýttar fram að þessu. Hugsanlega mætti breyta lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu með þeim hætti að eignarréttur yrði bundinn tilteknum auðlindum en litið væri á aðrar sem þjóðareign, svo sem jarðvarma undir tiltekinni dýpt, málma og grunnvatn."

Ég ætla að láta þetta nægja úr niðurstöðum þessa ágæta hóps um umhverfisvernd andspænis auðlindanýtingu en hér er, eins og í auðlindanefndinni sem þessi starfshópur er nokkuð sammála, fjallað um ýmis eignarform og sýnir sú umfjöllun að auðvitað er ekki um það eitt að ræða að til sé aðeins einn eignarréttur sem sé sá sami hvort sem einstaklingur, ríkið eða þjóðin á hlutinn.

Ég ætla að lokum þessara tilvitnana að tilfæra kafla úr merkilegri ritgerð eftir Þorstein Gylfason. Ritgerðin er frá síðari hluta síðasta áratugar og heitir Fiskur, eignir og ranglæti. Menn kannast við hana úr þeim fræðilegu orðaskiptum sem urðu um eignarhald á auðæfum hafsins, á fiskimiðunum og auðæfum hafsins þegar deilurnar um kvótafyrirkomulagið stóðu sem hæst á síðari hluta 10. áratugar síðustu aldar. Það hefur lygnt síðan í bili hvernig sem framtíðin verður. Þorsteinn fjallar um eignina á kvótanum og í því samhengi kemur hann einmitt að þjóðareigninni. Það er merkilegt við þá ritgerð, sem ég tek aðeins út einn kaflann, að þar er Þorsteinn m.a. í samræðu við Þorgeir Örlygsson, lögfræðing, lögmann og prófessor sem nefndur var í þessari ræðu áðan og þó einkum í ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar í gær.

Annar kafli ritgerðar Þorsteins Gylfasonar um Fisk, eignir og ranglæti heitir Eign og þjóðareign og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver á kvótann? Í 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, segir:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Samkvæmt þessari grein á þjóðin kvótann. Hann er þjóðareign.

En hér er ekki allt sem sýnist ef trúa má Þorgeiri Örlygssyni. Hann tekur undir þau ummæli Sigurðar Líndals

að orðalagið „sameign íslensku þjóðarinnar“ í lagagreininni sé villandi. Þorgeir segir að þetta orðalag geti ekki gefið til kynna „hefðbundinn einstaklingseignarrétt þjóðarinnar yfir þessum verðmætum. Þau verðmæti sem hér um ræðir geta ekki verið í eign almennings eða þjóðarinnar sem slíkrar í hefðbundinni merkingu eignarréttarhugtaksins ...“

Þessa kenningu má kalla markleysiskenninguna um þjóðareign.

Þorgeir rekur markleysiskenninguna nánar á víð og dreif í ritgerð sinni,“ — þar er átt við ritgerðina Hver á kvótann? í Tímariti lögfræðinga, 1. hefti, 48. árgangs, febrúar 1998 — „og hnykkir síðan á með því að túlka þjóðareignarákvæðið í fyrstu grein laga um stjórn fiskveiða sem einbera viljayfirlýsingu Alþingis. Geymum þessa meintu viljayfirlýsingu og hyggjum fyrst að markleysiskenningunni sjálfri. Meginatriðin virðast vera þessi. Eignarréttur, í skilningi stjórnarskrárinnar sem verndar þennan rétt og lögfræðinnar sem leggur hann út, er einstaklingsbundinn einkaréttur. Þegar af þessum sökum getur almenningur eða þjóðin „ekki verið eigandi í hefðbundnum lögfræðilegum skilningi þess hugtaks“. Aftur á móti kemur fram að ríkið geti vel verið eigandi verðmæta sem þjóð getur með engu móti átt. Hefðbundnum lögfræðilegum skilningi á eignarrétti lýsir Þorgeir í sex tölusettum liðum. Liðirnir kveða á um hluti eins og umráð yfir eign og heimildir til hagnýtingar á henni, ráðstöfun hennar og veðsetningar. Loks er það að sögn Þorgeirs „staðreynd, að enginn getur helgað sér hafsvæðin umhverfis landið, hvort heldur sem er úthafið eða hafalmenninganna, sem eign sína og þaðan af síður fiska eða önnur dýr, sem þar kunna að finnast. Slík verðmæti geta því bæði vegna sérstaks eðlis síns og vegna fjarlægðarinnar við réttháfann tæpast verið séreign neins einstaks manns og þannig undirorpin eignarrétti hans.“

Um þetta síðasta atriði, hið sérstaka eðli hafs og fisks sem veldur því að þau geta ekki orðið eignir, mætti eitt og annað segja. Tökum til að mynda eftir því að ef Þorgeir er tekinn á orðinu gengur þessi staðhæfing hans þvert gegn skoðun þeirra sem berjast fyrir því að fiskstofnanir verði einmitt einkaeign einstaklinga. En alveg rakalaust. Kannski það eigi að heita rök í þessu efni að í almenningum, eftir hefðbundnum skilningi á þeim, sé engum eignarrétti til að dreifa, heldur aðeins afnotarétti. Um almenninga fjallar Þorgeir í löngu máli. En almenningar eru mannasetningar — reglur sem menn hafa sett sér — og koma engu eðli fiskjar og sjávar við. Auk þess er enginn almenningur við lýði lengur á þeim fiskimiðum sem Íslendingar hafa lögsögu yfir. Hvers vegna skyldu þá hefðbundin viðhorf til almenninga skipta máli? Loks má nefna að Þorgeir segir sjálfur að í „Svíþjóð og Finnlandi [nái] eignarréttur fasteignareiganda, sem land á að sjó, til sjávar og sjávarbotns nokkur hundruð metra út frá ströndinni“. Þýðir þetta að Svíar og Finnar séu blindir á hið sérstaka eðli þessara verðmæta? Hvert í ósköpunum er þetta eðli? Hvers vegna getur silungur í læk og tjörn verið einkaeign en fiskur í sjó ekki? Ég ætla ekki að staldra frekar við séreðlishugmynd Þorgeirs, né heldur við skilning hans á hinum meinlega margræðu orðum sínum „... enginn getur helgað sér hafsvæðin ...“ Hvort tveggja er óljóst, og hvorugt er í ritgerð hans stutt umtalsverðum rökum.

Um afganginn af markleysiskenningunni er þrennt að segja. Í fyrsta lagi er til ýmis annar eignarréttur en sá sem Þorgeir lýsir í sex tölusettum liðum sínum. Í öðru lagi er greinarmunur hans á marklausri þjóðareign og marktækri ríkiseign afar tortryggilegur. Í þriðja lagi eru þegar til tvímælalausar þjóðareignir. Þorgeir nefnir meira að segja eina, Þingvelli við Öxará, án þess að hún verði honum tilefni til neinna efasemda um málflutninginn sem hann hefur uppi gegn sjálfri hugmyndinni um þjóðareign. Í 4. grein laga nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, stendur að sögn Þorgeirs „að hið friðlýsa svæði á Þingvöllum skuli vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það megi aldrei selja eða veðsetja.“ Mundi Þorgeir vilja segja að þetta sé marklaust eignarákvæði og einber viljayfirlýsing Alþingis því að íslenska þjóðin sem slík geti ekkert átt? Hver var þá vilji þingsins um Þingvelli ef hann gat ekki verið sá að þeir væru þjóðareign?

Hyggjum nú lítillega að afbrigðilegum eignarrétti. Ég kalla hann afbrigðilegan miðað við hinn hefðbundna lögfræðilega skilning Þorgeirs á slíkum rétti. Hér eru tvö dæmi. Hið fyrra er eignarréttur manns yfir líkama sínum. Í einu kvæði Megasar segir: „Ég á mig sjálf / en Mammaboba / starfrækir mig.“

Hver maður á augun í höfði sér, en hann getur ekki veðsett þau í banka. Og hætt er við að ýmis ljón yrðu í veginum, þar á meðal lagaákvæði, ef hann vildi selja þau fyrir ógrynni fjár arabískum fursta sem vantaði einmitt svona augu í sjálfan sig eða safn sitt. Síðara dæmið er höfundarréttur. Eitt af því sem gerir hann að afbrigðilegum eignarrétti er að hann er öðrum þræði sæmdarréttur sem venjulegur eignarréttur er ekki. Og sæmdarrétturinn er ekki framseljanlegur. Ég get ekki látið öðrum manni eftir sæmd eða vansæmd af bók sem ég hef skrifað eins og ég get selt honum þann rétt að hann hafi full umráð yfir bókinni og fái allar tekjur af henni. Látum þessi dæmi duga. En þess má geta til viðbótar að Þorgeir nefnir ýmis afbrigðileg eignarréttindi í ritgerð sinni og segir að löng hefð sé fyrir því hjá íslenskum dómstólum, að minnsta kosti frá 1916, að telja slík réttindi varin af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. En þetta vekur engar efasemdir hjá honum um málflutninginn gegn þjóðareignarhugmyndinni.

Næst er það greinarmunurinn á þjóð og ríki. Svo er að skilja á Þorgeiri að ekkert sé við það að athuga að íslenska ríkið slái eign sinni á auðlindir hafsbotnsins í lögsögu þess, eins og það gerði með lögum nr. 73/1990. Á hinn bóginn á það að vera markleysa þegar íslenska þjóðin, fyrir munn Alþingis, slær eign sinni á fiskinn fyrir ofan þennan hafsbotn. Hvaða vit er í þessu? Auðvitað má gera margvíslegan greinarmun á þjóð og ríki. Þjóð er fólk og ríki er stofnun. Ýmsir kynnu að vilja segja að þjóðin eigi ríkið. Að minnsta kosti er þaultryggt að ríkið á ekki þjóðina.

Tökum heldur dæmi af afmarkaðara fyrirbæri en ríkinu í heild sinni. Hver á ríkissjóð Íslands? Segjum að það sé íslenska ríkið. En nú er þessi sjóður oftar en ekki nefndur sameiginlegur sjóður allra landsmanna. Þá á þjóðin hann. Þar með er ekki sagt að ríki og þjóð ættu að bítast um þetta. Í dæmi eins og þessu virðist mega segja að ríkiseign og þjóðareign komi alveg út á eitt. Ef íslenska ríkið legðist niður eftir innrás ofbeldismanna, ríkissjóður væri lagður á

bankareikning innrásarmannanna í Zürich og þjóðinni stökkt á flótta, gæti farið svo að afkomendur Íslendinga í Ástralíu gerðu tilkall til innstæðunnar í Sviss á þeim forsendum að hún sé þeirra sjóður. Viðurkenning á næsta sambærilegu tilkalli gyðinga til fjár í svissneskum bönkum hefur nýlega orðið að samkomulagi. Dæmið af ríkissjóði dugir til að sýna að greinarmunur þjóðar og ríkis er flókinn. Það sýnir líka að hann er afar hæpinn í samhenginu sem Þorgeir hefur fyrir sér.

Lítum loks á þjóðareignir út af fyrir sig. Sem fyrr er getið nefnir Þorgeir dæmið af Þingvöllum. En hann staldrar ekki við það þótt hann hafi rétt sleppt orðinu um að „þjóðin sem slík geti ekki verið aðili eignarréttinda í hefðbundnum lögfræðilegum skilningi." Einhver mundi segja að það sé verra fyrir hinn hefðbundna lögfræðilega skilning Þorgeirs en þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Íslendingar eiga fleiri þjóðareignir en Þingvelli. Hér eru tvö skýlaus dæmi. Einar Jónsson myndhöggvari arfleiddi íslensku þjóðina — ekki íslenska ríkið eða Listasafn Íslands — að lífsstarfi sínu, listasafni og listaverkum. Árið 1965 keyptu íslensku bankarnir íslenskt handrit, Skarðsbók, dýrum dómum á uppboði í London, en þar í landi hafði það verið í einkaeign langa hríð. Bankarnir gáfu íslensku þjóðinni handritið. Svo að hér eru að minnsta kosti þrjár eignir sem íslenska þjóðin á: Þingvellir, Hnitbjörg og Skarðsbók.

Dæmið af Skarðsbók vekur spurninguna um hver eigi þau íslensku handrit sem Danir afhentu Íslendingum á árunum 1971–1996 og eru varðveitt í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Þar er fróðlega sögu að segja. Ég rek aðeins ágrip af henni. Í lögum danska þjóðþingsins um afhendingu handritanna frá 1961 er hvergi minnst á eignarrétt yfir handritunum, og ekki heldur í samningi ríkjanna tveggja sem gerður var 1965 á grundvelli laganna. Í samningnum segir m.a. að Danakonungur og forseti Íslands óski þess „af heilum hug að gera þvílíka skipun varðandi handrit þau af íslenskum uppruna, sem nú eru í Danmörku, að orðið sé við óskum íslensku þjóðarinnar að hafa sjálf umráð þessara þjóðlegu minja".

Tökum eftir að það er íslenska þjóðin en ekki íslenska ríkið eða Háskóli Íslands, sem ætlað er að hafa umráð handritanna. En umráð eru annað en eign. Jónas Kristjánsson segir í bók sinni „Heimkoma handritanna" að „samkvæmt hinum dönsku handritalögum liggi það á milli hluta hver eigi handritin ..." Þetta sést á ræðu menntamálaráðherra Dana, Helge Larsen, þegar hann á síðasta vetrardag 1971 afhenti fyrstu tvö handritin, Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða. Þar minnist hann hvergi á hver eigi hvað. Hitt tekur hann vandlega fram að Íslendingar eða íslenska þjóðin eru viðtakandi handritanna.

Það má giska á að þessi línudans fram hjá eignarréttinum hafi átt sér góðar og gildar afsakanir í Danmörku. Samkvæmt erfðaskrá Árna Magnússonar var Hafnarháskóli lögmætur eigandi meginhluta handritanna. Háskólinn krafðist því ógildingar handritalaganna en að öðrum kosti skaðabóta af danska ríkinu ef lög og samningar gengju í gildi. Ríkið vann það mál fyrir hæstarétti Danmerkur. Málflutningur lögmanna háskóla og ríkis fyrir hæstarétti og dómsorð réttarins kunna að varpa ljósi á eignarréttinn yfir handritunum frá dönsku sjónarmiði. Ég hef ekki séð þær heimildir og veit ekki til að um þær hafi verið fjallað frá íslensku sjónarmiði. Tíu árum eftir heimkomu fyrstu handritanna segir Jónas Kristjánsson í bókarkafla um þetta efni: „Væri athugandi þegar málið hefur verið fullkomlega til lykta leitt og handritin eru komin heim, hvort þá sé eigi tímabært að kveða skýrt á um eignarréttinn yfir þeim."

Ef farið væri að tillögu Jónasar kynni ein réttarheimild að skipta máli til viðbótar við þær sem ég hef nefnt. Við afhendingu fyrstu handritanna flutti utanríkisráðherra Dana, Poul Hartling sem síðar varð forsætisráðherra, ávarp þar sem hann fer ekki eins varlega og menntamálaráðherrann Helge Larsen hafði gert. Hann segir um handritin:

„Við skilum þeim nú til Íslands, ekki vegna þjóðréttarlegra ákvæða, heldur sem gjöf."

Ef þau voru gjöf eru þau væntanlega upp frá því eign þess sem þáði. Ef við getum tekið Poul Hartling á orðinu eru íslensku handritin í Kaupmannahöfn þjóðareign eins og Skarðsbók. Því að það er hafið yfir vafa að íslenska þjóðin var sá aðili sem hlaut umráðin yfir þeim. Eða þáði gjöfina.

Ugglaust eru þjóðareignir fleiri en þær sem ég hef nefnt. Þegar ég bý þessa ritgerð til prentunar veiti ég því athygli að samkvæmt áletrun á stalli Leifsstyttunnar á Hallgrímstorgi var styttan gjöf Bandaríkja Ameríku árið 1930 til íslensku þjóðarinnar. En ég vildi aðeins nefna þrjú tvímælalaus dæmi, segir Þorsteinn, og bætti síðan einu við sem er ekki tvímælalaust. Tvímælalausu dæmin sýna, svo að ekki verður um villst, að markleysiskenningin er fráleit. Hugmyndin um þjóðareign á fullan rétt á sér af þeirri einföldu ástæðu að við höfum fyrir okkur ótvíræð og óumdeild dæmi um þjóðareignir. Þar fyrir má að sjálfsögðu vel vera að þjóðareignarréttur sé margvíslega frábrugðinn öðrum eignarrétti. Til dæmis um framsal. Engri íslenskri ríkisstjórn mundi líðast að gefa forseta Rússlands Skarðsbók eða frummynd Einars Jónssonar af Öldu aldanna, sama hver hugur forsetans væri til þeirra og hversu miklir hagsmunir íslenskra fisksölufyrirtækja á rússneskum markaði væru í húfi. „Þetta eru þjóðareignir," mundum við segja. „Við getum því miður ekki gefið þær." Jafnvel þótt 95% þjóðarinnar samþykktu í atkvæðagreiðslu að gefa gjafirnar mætti segja: „Það væri ekki bara þjóðin sem nú byggir landið sem gjafirnar fékk, heldur líka sú þjóð sem byggir það eftir 100 ár og um alla ókomna tíð. Þess vegna getur þjóðin um aldamótin 2000 ekki gefið slíkar gjafir. En afbrigðilegur eignarréttur, í þessu tilfelli án framsalsheimildar, kemur ekki á óvart vegna þess að slíkur réttur er allt í kringum okkur í ýmsum myndum.

Hyggjum sem snöggvast að því sem Þorgeir Örlygsson vill setja í stað þjóðareignarréttar. Þjóðareignarákvæðið er marklaust sem slíkt hjá Þorgeiri. Í staðinn vill hann lesa út úr því áréttingu ákvæða í fornum lögbókum, sem svo vill til að eru líka marklaus af því að þau varða almenninga sem eru ekki lengur við lýði á hafinu, og svo „almenna markmiðsyfirlýsingu". Eins og fram er komið lítur hann á þjóðareignarákvæðið sem viljayfirlýsingu Alþingis. Þorgeir skrifar:

„Fyrst svo er, að fiskstofnarnir geta ekki verið undirorpnir einstaklingseignarrétti, hvorki einstaklinga né þjóðarinnar sem slíkrar, er eðlilegt að spurt sé, hver sé á raunveruleg merking þeirra orða 1. gr. laganna um stjórn fisk-

veiða, að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Nærlægast er að telja, að þessi ummæli feli í sér almenna markmiðsyfirlýsingu og jafnframt áréttingu hinnar fornu reglu Grágásar og Jónsbókar um heimildir manna til veiða í hafalmenningum við Ísland innan þeirra takmarka, sem löggjafinn ákvarðar hverju sinni á grundvelli valdheimilda þeirra sem honum eru fengnar í hendur."

Hvert skyldi nú markmiðið vera sem Alþingi hefur fólgið í þjóðarréttarákvæðinu sem það meinti ekkert með? Það les Þorgeir út úr athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins þegar það var lagt fyrir Alþingi.

Túlkun Þorgeirs á greinargerðinni er undarleg. Í greinargerðinni segir:

„Það verður að vera ákvörðunarefni löggjafans á hverjum tíma, hvaða skipulag telst best henta til að nýta þessa sameign þjóðarinnar með hagsmuni þjóðarheildarinnar að leiðarljósi."

Í þessum málslið er gengið að sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum vísri, meira að segja með berum orðum, og lýst yfir að það sé Alþingis, ef að líkum lætur sem þjóðkjörins löggjafarþings, að setja lög um skipulagið og nýtingu þeirra. Væntanlega hefði líka mátt hugsa sér að þetta verk væri falið fiskiþingi eða Hafrannsóknastofnun. Við þetta bætist að í þessari greinargerð með fyrstu grein frumvarpsins er vikið vandlega að forræði þjóðarinnar yfir fiskimiðunum gagnvart öðrum þjóðum og áratuga baráttu hennar fyrir fiskveiðilögsögu sinni. Þar kemur fram að með þjóðareignarákvæðinu í greininni „er minnt á mikilvægi þess að varðveita fullt forræði Íslendinga yfir þessari auðlind. Þorgeir hefur kafla um landhelgina í ritgerð sinni, en hann minnist ekki einu orði á sambandið milli þjóðareignar á fiskstofnum og forræðis yfir fiskveiðilögsögu. Ekki svo að skilja að þetta sé mjög ljóst hjá höfundum greinargerðarinnar. Lögsaga og eignarhald eru að sjálfsögðu sitt hvað, og nógu ólík til þess að sambandið á milli þeirra er fjarri því að liggja í augum uppi. Ég ætla ekki að fara út í það. En ef menn vilja velta vöngum um túlkun laga og greinargerða verða þeir að takast á við þann vanda."

Þetta er kannski ágætlega sagt hjá Þorsteini. Ég held að það sem við getum lært af þessari grein hans, fyrir utan það hvað hún er skemmtileg, er að málefni einkaréttar og eignarumráða, lögsögu og forsjár eru ekki jafneinföld og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson vill halda fram. Með dæmum sem flest eru úr samanburði einstakra nýtingarréttartilvika eru skoðuð svipuð lagaáhrif og ef um einkarétt væri að ræða. Ég held mig við Þorstein til þeirra loka sem ég ætlaði honum, með leyfi forseta:

„Þorgeir sér ekkert af þessu. Hann sér ekki annað en eina saman tilvísunina til hagsmuna þjóðarheildarinnar og segir:

„Með lagasetningunni er ríkisvaldið fyrst og fremst að leitast við að gegna þeirri skyldu sinni að reyna að tryggja, að nýting auðlindarinnar komi þjóðarheildinni mest til góðs."

Að fá þetta eitt úr löngu máli um landhelgi, sameign og hlutverk löggjafans kann að vera góð og gild lögfræði en það er ekki heilbrigði skynsemi.

Í fæstum orðum er ekkert athugavert við hugmyndina um þjóðareign. Þjóð getur átt eignir alveg eins og einstaklingar og stofnanir og ef það eru einhver rök fyrir því að fiskstofnar innan lögsögu þjóðar séu þess sérstaka eðlis að þeir geti ekki verið þjóðareign — eins og þjóðgarðar, hús, handrit og höggmyndir — þá koma þau rök hvergi fram hjá Þorgeiri. Ég þarf ekki að leggja frekari stund á lögfræði en orðið er. Til dæmis þarf ég ekki að reyna að rekja nein frumatriði í þjóðareignarrétti. En ég vek athygli á einu frumatriði um fastan eignarrétt sem hér virðist fara fram hjá Þorgeiri.

Eignarréttur er settur eða upp fundinn réttur. Menn hafa búið hann til. Langflest eignarréttindi eru mannasetningar. Höfundarréttur var búinn til og honum hafði verið komið á með ærinni fyrirhöfn á síðustu 200 árum á Vesturlöndum. Við erum enn að því. Fyrst við vikum að handritamálinu má til viðbótar við höfundarréttinn nefna hugtakið „kultureje" eða „menningareign". Þetta hugtak bjó hinn frægi lögfræðingur Alf Ross til, er mér sagt, þegar hann samdi lagafrumvarpið um afhendingu íslensku handritanna handa dönsku stjórninni. Samkvæmt þessum lögum eru þau handrit sem afhent voru Íslendingum „íslensk menningareign". Menningareign er öðruvísi en venjuleg eign sem mátti einmitt ekki koma við sögu í frumvarpinu. Enn má nefna eignarrétt á upplýsingum, t.d. eignarrétt þjóðar á upplýsingum um sjálfa sig sem sumir hafa fært í tal í skoðanaskiptum sem geisa sumarið 1998 um gagnagrunn fyrir heilbrigðiskerfið. Svo virðist mörgum, með ýmsum rökum, að þjóðareignarrétti á auðlindum eins og jarðhita og fallvötnum þurfi að koma á. Óbyggðir eru nú þjóðlendur eftir nýjum íslenskum lögum frá vorinu 1998. Þar koma meðal annars til náttúruverndarsjónarmið. Fullskapaður þjóðareignarréttur kostar trúlega viðlíka fyrirhöfn og baráttu og höfundarrétturinn hefur gert í tvær aldir. Það ætti að vera heillandi viðfangsefni fyrir fræðimenn í lögfræði að leggja þar eitthvað af mörkum."

Hér lauk tilvitnun í grein Þorsteins Gylfasonar þar sem hann fjallar um eignarrétt með ýmsum hætti og mótmælir þeirri einstrengingslegu túlkun á honum sem fram kom í grein Þorgeirs Örlygssonar um kvótamálið. Ég held að þessir þrír lestrar hafi sýnt okkur að ekki dugir, þegar við ræðum um umráð yfir auðlindum, að vitna í sérstaka dómaframkvæmd í einstökum málum þar sem nýtingarréttaratvikum er jafnað til atvika sem varða eignarrétt. Ég held að þessir textar sem ég hef hér rakið sýni að umráðahugtakið er miklu miklu víðara og á sér ekki eingöngu lögfræðilegar forsendur heldur og heimspekilegar, af því að ég las upp Þorstein Gylfason. Forsendurnar eru að sjálfsögðu einnig pólitískar. Eins og ég hef áður sagt í ræðu minni erum við að ræða pólitískt efni.

Ég fagna því tækifæri, forseti, sem ég hef fengið hér til að lesa úr þessum textum. Í upphafi ætlaði ég mér alls ekki að hafa þá svona langa. Reyndar hef ég stytt sérstaklega í hinum fyrri lestrum, miðlestrinum, eins og ég gat. En ég fagna því tækifæri sem mér hefur gefist til að hafa þessa texta svona langa og það tækifæri var veitt hér í kvöld þegar forseti Alþingis setti óvænt fund til þess að við gætum rætt þetta betur, nánast eins og hver við annan, því að það eru fáir hér að fylgjast með af hálfu almennings og mest allur þingheimur mun vera staddur annars staðar.

Dæmi eru reyndar um að fólk, sem ætlaði að taka þátt í

umræðunni í kvöld og var á undan mér á mælendaskrá, gat ekki komið því við að taka þátt í þessari umræðu vegna þess að fundurinn sem forseti setti á var ákveðinn með ákaflega stuttum fyrirvara. Menn höfðu bundið sig annars staðar þetta kvöld, enda benti ekkert til að hér yrði kvöldfundur um það efni sem reyndin varð. Þannig að fátt er svo með öllu illt að ekki hafi í för með sér nokkuð gott. Hér hefur þetta orðið til þess að tilvitnanir mínar í texta auðlindanefndar, ritgerð Þorsteins Gylfasonar og niðurstöður starfshóps Samfylkingarinnar um umhverfisvernd og auðlindir, hafa fengið að hljóma hér í salnum og komast í þingtíðindi í meira mæli en ætlað var.

Það er auðvitað galli að í þessum þremur textum er ekki fjallað sérstaklega um vatn og ekki lýst því séreðli þess sem ætti að veita því sérstaka meðferð í lögum eða stjórnarskrá. Þó kemst auðlindanefndin nokkuð nærri því þegar hún fjallar um auðlindir sem eru án eiginlegs eignarréttar eða eru ekki háðar eignarrétti. Við samfylkingarmenn teljum að um vatn gildi í raun og veru að það sé „res nullius“ eða „res communes“, á lagalatínu, og sé í eðli sínu auðlind sem ekki á við eignarréttinn nema að litlu leyti og að miklu betra sé að gera það sem gert var í vatnalögunum 1923, að skilgreina umráð vatnsauðlindarinnar með jákvæðum hætti, þ.e. að tiltaka hvaða réttindi menn hafa, þeir sem eiga land sem vatnið snertir, og gera það endanlega þannig að þeir hafi þau réttindi og ekki fleiri og þar sé gert ráð fyrir að til geti komið ófyrirséðir hlutir og þar sé líka tekið tillit til eðliseinkenna vatnsins.

Af hverju ætti þetta að vera? má spyrja. Nú verð ég að viðurkenna að ég er auðvitað ekki eins vel undirbúinn og t.d. Jóhann Ársælsson, að ég tali ekki um hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, og veit ekki hvort sú allsherjarstefna sem Jón Þorláksson og þeir félagar í meiri hluta fossanefndarinnar, hvort þar var haft í frammi það nokkuð snarpa sjónarmið að landeigendur ættu engan rétt að eiga á vatni sínu. Hvernig sem því kann að hafa verið háttað fyrir nærfellt 90 árum þá get ég mjög vel fallist á þau rök að landeigendur hljóti að hafa rétt til vatnsnýtingar þó ekki væri nema vegna þess að vatnið snertir land þeirra. Það getur með ýmsum hætti breytt landinu, það getur skert landið þegar um vatnsföll er að ræða eða stöðuvötn og valdið óskunda. Ekki er því óeðlilegt að landeigendur fái þar með ákveðinn nýtingarrétt til vatnsins, skilgreindan nýtingarrétt svo sem eins og til réttlætis að þessu leyti. Ég hygg að sá réttur sé viðurkenndur á flestum réttarsvæðum í fjarlægð og í tíma og rúmi. Væri fróðlegt að fara yfir það en ég ætla nú ekki að lesa hér upp úr áliti meiri hlutans.

Um þetta eðli vatns er ágætlega fjallað í sameiginlegri yfirlýsingu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þjóðkirkjunnar, að ég hygg, ég man ekki hvort hún stóð að yfirlýsingunni eða hvort hún kom að málinu með öðrum hætti, Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna, Landverndar, Kennarasambands Íslands, Samtaka starfsfólks fjármálafyrirtækja og Náttúruverndarsamtaka Íslands. En þessi samtök gáfu frá sér yfirlýsingu í tengslum við ráðstefnu á Grand Hóteli í Reykjavík, laugardaginn 29. október 2005. Ég var reyndar á þessari ráðstefnu, sat og hlýddi á erindi sem þar komu fram og var síðan í pallborði, m.a. með Hjálmari Árnasyni, hv. þingmanni, sem því miður er hér fjarri — og við sendum auðvitað góðar kveðjur — sem hafði það að segja þegar hann var spurður um vatnalagafrumvarp að það yrði allt öðruvísi þegar það kæmi fram á því þingi sem þá var nýhafið, en það var á fyrra ári. Það varð að vísu ekki en Framsóknarflokkurinn virðist sem sé hafa talið það á tímabili að eitthvað annað væri í pípunum hjá hæstv. iðnaðarráðherra en reyndist.

Yfirlýsing þessara samtaka er svona, með leyfi forseta, og lýsir ágætlega eðli vatnsins, síðar í yfirlýsingunni er fjallað um atriði sem ekki snerta eðli vatnsins en er ágætt að hafa með:

„Undirrituð samtök vilja með sameiginlegri yfirlýsingu þessari vekja athygli ríkisstjórnar, sveitarstjórna, stofnana, fyrirtækja og almennings á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum. Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að fær lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hugsa verður til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi.“

Síðan segir í yfirlýsingunni, með leyfi forseta:

„Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn.

Undirrituð samtök telja að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi, eins og kveðið er á um í samþykktum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur undirgengist. Sérhver maður á því rétt að aðgengi að hreinu drykkjarvatni og vatni til hreinlætis og heimilishalds.

Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru.

Nýting vatns skal vera sjálfbær og aðgengi að því tryggt með lögum fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Það er skylda stjórnvalda að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar.

Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja verndun vatns sem náttúruverðmæta sem og að tryggja hollustu og dreifingu vatns til allra þjóðfélagsþegna með fjárfestingu í mannvirkjum og mengunarvörnum. Vatnsveitur verði því reknar á félagslegum grunni, taki mið af almannahagsmunum og tryggi rétt einstaklinga til nægilegs hreins vatns til drykkjar og hreinlætis á viðráðanlegu verði. Það er jafnframt hlutverk stjórnvalda að tryggja að við nýtingu vatns verði öðrum náttúruverðmætum ekki spillt.

Stjórnvöldum ber að tryggja almenningi aðgengi að öllum upplýsingum er varða verndun og nýtingu vatns og stuðla að aukinni virkni almennings og meðvitund um mikilvægi vatns, náttúru og réttrar umgengni við landið.

Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns

sem og lögum sem varða verndun vatns og náttúru.

Til að tryggja skilvirka verndun og nýtingu vatns ber stjórnvöldum að skipuleggja stjórnsýslu sína þannig að eðlilegt jafnvægi sé á milli þessara þátta og réttar einstaklinga til aðgengis að vatni.“

Undir þetta skrifa þau samtök sem ég áður taldi.

Þessi sérstaða vatns liggur líka til grundvallar tilkynningu sem við úr þingflokki Samfylkingarinnar sendum frá okkur í gær og ég veit ekki til að hér hafi beinlínis verið kynnt, þó að hún lýsi auðvitað í stuttu máli niðurstöðum af umræðu okkar samfylkingarmanna og að ég hygg fleiri í stjórnarandstöðunni í þessari umræðu og hinum fyrri um þetta mál.

Ég ætla að ljúka meginmáli mínu á því að lesa þessa yfirlýsingu. Fyrirsögn hennar er sú að vatn sé sameiginleg auðlind og sjálf tilkynningin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skilgreining, eignarhald, nýting og varðveisla náttúruauðlinda eru meðal mikilvægustu viðfangsefna stjórnmálanna á okkar dögum. Vatn er ein mikilvægasta auðlind jarðar og því er það skoðun þingflokks Samfylkingarinnar að vatn eigi að skilgreina sem sameiginlega auðlind mannkyns. Þingflokkurinn telur að rétt sé að endurskoða lög sem varða vatn, vernd þess og nýtingu með það að markmiði að staðfesta þjóðarforsjá vatnsauðlindarinnar, sem felur í sér ábyrgð samfélagsins á vatnsgæðum og sjálfbærri nýtingu vatns.

Samfylkingin telur það heppilega meginreglu að landeigendur hafi nýtingarrétt til vatns, eins og gert er ráð fyrir í gildandi vatnalögum frá 1923, en lýsir sig andvíga því að einkaeignarréttur á vatni verði festur í lög eins og gert er í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til nýrra vatnalaga. Ógerlegt er að spá fyrir um réttaráhrif breytingarinnar, en líklegt er að með samþykkt frumvarpsins yrði ríkið skaðabótaskylt gagnvart vatnseigendunum ef Alþingi vildi síðar auka aftur almannarétt. Annars konar nýting vatns en nú er stunduð yrði eigendum í sjálfsvald sett án lagabreytinga, og grunnvatn í landinu yrði endanlega gert að einkaeign

Frumvarpið er í mótsögn við Evrópulöggjöf um vatn. Í rammatilskipun sambandsins um vatn segir m.a.: „Vatn er ekki eins og hver önnur verslunarvara heldur arfleifð sem ber að vernda, standa vörð um og fara með sem slíka.“ (2000/60/EB frá 23. október 2000.)

Þingflokkurinn bendir á að andi laganna frá 1923 var sá að bændum væri best treystandi til að varðveita landið og nytja með skynsamlegum hætti. Því var ákveðið að binda nýtingarréttinn við landeign í stað þess að vatnsföllin sjálf gengju kaupum og sölum. Þessi skipan hefur reynst allvel í rúma átta áratugi. Mikið kapphlaup er hafið um eignar- og nýtingarrétt á auðlindum og landeignir í sveitum færast í síauknum mæli úr höndum bændastéttar, sem nytjaði landið sér og sínum til lífsviðurværis, til einstakra fjárfesta. Við endurskoðun vatnalaga er eðlilegt að taka mið af þessum breytingum og skilyrða betur nýtingarréttinn. Iðnaðarráðherrann og ríkisstjórnin hafa hins vegar valið þá leið að afhenda landeigendum, gömlum og nýjum, óskorað eignarhald á sameiginlegum verðmætum þjóðarinnar.

Vatnalagafrumvarp iðnaðarráðherra er nú komið úr nefnd til 2. umr. á Alþingi. Þingflokkurinn telur að ekki eigi að ljúka afgreiðslu þessa máls á þinginu nú og hafa þingmenn flokksins í iðnaðarnefnd lagt til að því verði vísað frá. Auk þess að ofan greinir leggja þingmennirnir áherslu á að ekki sé ráðist í heildarendurskoðun vatnalaganna þar til fyrir liggja öll frumvörp að lögum sem eiga að taka við hlutverki þeirra.

Hér er einkum átt við lög sem leyst geta af hólmi lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en nýtt frumvarp á því sviði bíður álits nefndar sem iðnaðarráðherra hefur ekki enn skipað. Sú nefnd á að fjalla um framtíð þjóðarauðlinda og meðferð þeirra ásamt því hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir rannsóknar- og nýtingarleyfum til orku og auðlindanýtingar. Einnig er nauðsynlegt að frumvarp um vatnsvernd liggi fyrir af hálfu umhverfisráðherra en því er ætlað að koma til móts við tilskipun Evrópusambandsins um nýtingu og meðferð vatns og mun efni þess augljóslega koma í stað mikilvægra ákvæða vatnalaga frá 1923.

Samfylkingin á Alþingi beitir sér því gegn frumvarpi iðnaðarráðherra um einkaeignarrétt á vatni. Flokkurinn lýsir sig hins vegar reiðubúinn til að taka þátt í að skapa pólitíska sátt um samræmda stefnu og stjórn á nýtingu náttúruauðlinda sem byggist á heilsteyptum lagaramma um hlutverk og ábyrgð ríkisins á ráðstöfun og nýtingu þeirra. Liður í því er að vinna tillögu um hvernig ákvæðum um sameign auðlinda og þjóðarforsjá með auðlindum utan einkaeignarréttar verði best fyrir komið í stjórnarskrá Íslands.“

Forseti. Ég hyggst ljúka máli mínu innan skamms. Ég hef notið þess að vera hér í stólnum þennan tíma, bæði fyrir matarhlé og eftir, en hef nú ekki komið öllu því í verk sem ég ætlaði mér. Það er kannski þannig að þegar vanda á verkið verður stundum sitthvað út undan. Ég hef t.d. ekki farið yfir þær umsagnir sem ég hét þingheimi að gera, yfir umsögn Umhverfisstofnunar og yfir umsögn Náttúrufræðistofnunar, en þar er ýmislegt bitastætt að finna einmitt um þetta átakaefni, hvort um form- eða efnisbreytingu sé að ræða, og væri fróðlegt að líta betur á það. Á hinn bóginn hef ég ekki fjallað um þau önnur frumvörp sem við þyrftum að hafa fyrir framan okkur ef vel væri og ef við værum í alvöru, með þjóðarhagsmuni að leiðarljósi, að fjalla um það í raun og veru að endurskoða löggjöf um vatn og vatnsvernd.

Sem betur fer á þessi umræða eftir að halda áfram, ekki bara hér í kvöld og nótt heldur einhverja næstu þingdaga og m.a.s. er ein umræða í viðbót, sem er 3. umr., og tekur væntanlega nokkurn tíma líka, einkum ef stjórnarmeirihlutinn hér á þinginu ætlar að knýja þetta mál fram með þeim hætti sem hann hefur gert sig líklegan til nú að undanförnu, og fjallað var um í upphafi ræðu minnar og andsvörum hér fyrr í kvöld. Menn hafa spurt, forseti, um hvað sé hér að ræða. Stjórnarliðar sumir hafa gert sér upp undrun á því hvað við séum að vilja hér í ræðustólinn og hvaða leiðindi þetta séu í stjórnarandstöðunni, hún sé með einhvers konar upphlaup eða að vekja á sér athygli, eins og orðalagið er hjá stjórnarliðum og ráðherrum hæstv. um stjórnarandstöðuna oft og tíðum, og þeir hafa auðvitað rétt til sinna orða. Það er auðvitað þannig að ekkert í samþykkt þessa frumvarps hér gerist á næstu vikum eða mánuðum sem verði þjóðinni til mikils voða í þessum efnum, ég vona a.m.k. að það verði ekki. Hins vegar er um grundvallaratriði að ræða og ég tel að í ræðu minni hafi verið sýnt fram á það hversu ófyrirsjá-

anlegar afleiðingarnar af þessu geta orðið fyrir þjóðina og fyrir ríkið og fjárhag ríkisins að vaða í þessar breytingar hér með þeim bláeygu sjónarmiðum, hvort sem þau eru nú mælt fram í alvöru eða ekki, að einungis sé um formbreytingu að ræða, að þetta stríð hafi verið unnið árið 1998 eða að það hafi unnist smám saman í dómaframkvæmdum eins og ég fjallaði hér um áður.

Það eru alvarlegir hlutir sem hér hafa átt sér stað undanfarna áratugi og leitt til þess að auðlindir okkar, þær sem eiga að vera okkur sameiginlegar eða eiga að vera í okkar forsjá, hafa smátt og smátt verið togaðar yfir í markaðsskipulag þar sem ekki stendur til að beita markaðnum sem þjóni til þess að framkalla ákveðið ástand, hvetja menn til sérstakrar hegðunar en hafa utan um þann ramma sem samfélagið setur og telur hyggilegt. Þessar breytingar hafa tekið til auðæfanna í hafinu, til auðæfanna á landi og undir því og nú er sem sé í þriðja lagi verið að leiðrétta þennan sögulega misskilning um vatnið þannig að orð stjórnarliða þeirra sem hér hafa tekið þátt í umræðunni séu túlkuð.

Ég vara við þessu frumvarpi, forseti, og ég vara líka við þeim vinnubrögðum sem að baki standa. Ég tel að í raun og veru hafi ríkisstjórn, jafnvel með nokkuð góðan þingmeirihluta, ekki siðferðilegt leyfi til þess að ráðstafa gæðum þjóðarinnar allrar með þessum hætti. Hún verði að leita miklu víðari samstöðu í samfélaginu og meðal stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka þegar um er að véla þau mál sem snerta alla þjóðina og rétt hennar, eins og sagði hér í einum textanum, ekki bara í þessari kynslóð heldur í öllum þeim kynslóðum sem eftir eiga að koma, þegar hún leggur það til eða íhugar það að skapa með lagasetningu af því tagi sem hér er um að ræða skaðabótarétt sem enginn veit hver kynni að verða fram í tímann vegna þess að fært hafi verið yfir í einkaeignarrétt einstaklingum og fyrirtækjum til handa það sem sannarlega á að vera í forsjá eða eigu þjóðarinnar. Ég tel að þetta sé alvörumál og þó ekki væri til annars en að vekja athygli á því held ég að þessum nokkru mínútum mínum hér í ræðustól Alþingis hafi verið vel varið.

[22:38]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til vatnalaga sem er hér til 2. umr., frumvarp sem er eitt skrefið enn af hálfu þessarar ríkisstjórnar í einkavæðingu á auðlindum þjóðarinnar. Í þessu máli takast á grundvallarsjónarmið, annars vegar sjónarmið ríkisstjórnar einkavæðingar, ríkisstjórnar græðginnar, ríkisstjórnar sem vill gína yfir öllu á stundinni, ríkisstjórnar sem telur að hún beri enga ábyrgð gagnvart framtíðinni og hins vegar þau sjónarmið sem við stöndum fyrir, m.a. Vinstri hreyfingin — grænt framboð, að við séum aðeins tímabundnir gestir í umgengni við auðlindir okkar og höfum engan rétt til þess að framselja þær eða telja þær einstaklingum eða fyrirtækjum, og ekki einu sinni hverri kynslóð, til eignar.

Í þessu sambandi er hægt að vitna til góðs kvæðis, sem eitt af góðskáldum okkar, Tómas Guðmundsson, orti, og heitir Hótel Jörð. Ég vil vitna í upphafserindi þess, en þar stendur, með leyfi forseta:

Tilvera okkar er undarlegt ferðalag.
Við erum gestir og hótel okkar er jörðin.
Einir fara og aðrir koma í dag
því alltaf bætast nýir hópar í skörðin.

Þannig er með okkar tilveru hér að við erum aðeins gestir. Þá skiptir máli hvernig við göngum um það hótel sem við gistum. Við vonumst til þess að við getum, og okkur ber skylda til þess, búið svo í haginn að aðrir gestir komi og enn aðrir um ókomin ár, aldir og þúsundir ára, fólk sem kemur og gistir þessa jörð. Við megum á engan hátt skerða möguleika þessara gesta né heldur dýnamikina eða þann lífskraft sem ber lífið áfram hér á jörðinni og reyndar í geimnum öllum, og þar er vatnið einmitt lykilatriði.

Þó svo að þessi ríkisstjórn og sérstaklega þeir málaflokkar sem heyra undir Framsóknarflokkinn — og það eru furðuleg örlög iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins að koma hér inn með hvert frumvarpið á fætur öðru sem lýtur að því að slá eign sinni á auðlindir þjóðarinnar, auðlindir heimsins, tímabundna eign, til þess að geta síðan einkavætt þær og gert þær að framseljanlegum gæðum. Það frumvarp sem við erum hér að fjalla um snýst einmitt um einkavæðingu á vatni, einkavæðingu á auðlindinni vatn, snýst um það að skilgreina hana sem framseljanlega eign sem hægt sé að einkavæða og láta ganga kaupum og sölum.

Þetta er að vísu liður í hugmyndafræði ríkisstjórnarinnar og sérstaklega þá Framsóknarflokksins sem er látinn draga einkavæðingarvagninn. Við tókumst fyrr í vetur á um frumvarp sem laut að jarðrænum auðlindum þar sem ráðherra Framsóknarflokksins vildi fá að gera rannsóknar- og virkjunarleyfi í vötnum landsins framseljanleg. Hér liggur einnig fyrir þinginu frumvarp um að hlutafélagavæða Rarik, sem er undanfari þess að selja þau orkufyrirtæki, og áfram er það Framsóknarflokkurinn sem látinn er draga einkavæðingarvagninn.

Við vitum líka af fyrirætlunum og yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar, bæði hæstv. iðnaðarráðherra og reyndar fleiri ráðherra, um áhuga á því að einkavæða Landsvirkjun, sem sagt orkufyrirtækin. Einn liður í því til að geta látið þetta ganga sem best fyrir sig að þeirra mati er að geta einkavætt líka vatnsauðlindina þannig að þetta geti allt fylgt saman, orkuverin, vatnsauðlindin og síðan þá salan á rafmagninu. Þetta er liður í þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur og aftur er það Framsóknarflokkurinn sem dregur þann vagninn að hér skuli atvinnulífið byggjast á erlendri stóriðju, á álverum. Og til að tryggja að orkan fari nú til þeirra fyrirtækja er þetta einmitt liðurinn í því, að markaðsvæða auðlindina vatn.

Ég verð að segja, frú forseti, að þetta er mjög dapurt hlutskipti finnst mér fyrir stjórnmálaflokk eins og t.d. Framsóknarflokkinn sem sprottinn er upp úr félagshyggju og sprottinn upp úr því að bera virðingu fyrir samfélagi og náttúru landsins, að hann skuli umturnast svona með þessum hætti að nú skuli engu eirt, einkavæða á orkukerfið og vatnið, og þetta skuli vera þau mál sem sá flokkur berst hvað harðast fyrir á Alþingi. Maður veltir fyrir sér hvort það sé einhver þrýstingur, eins og við heyrðum í fréttum núna fyrir nokkrum dögum, frá einhverjum öðrum aðilum, erlendum aðilum, einhverjum stórrisum á íslenska ríkis-

stjórn sem geri það að verkum að hún sé að bogna fyrir tilteknum kröfum, eins og t.d. þegar álrisinn Alcan var með í hótunum við íslensk stjórnvöld að ef þeir fengju ekki að stækka álverið í Straumsvík mundu þeir bara fara. Ef þeir fengju ekki sinn hluta í orkuauðlindum landsins, ef þeir fengju ekki sinn hluta í svokölluðum mengunarkvóta sem landið hefur þá mundu þeir bara fara.

Fyrir ráðherra sem hefur svo ofboðslega gaman af því að fara út að borða með þessum mönnum, eins og hæstv. iðnaðarráðherra sagði á síðu sinni varðandi stjórnarmenn og eigendur Alcoa, það væri svo gaman að fara út að borða með þeim og heimsækja þá jafnvel til New York til að borða með þeim, þá gerir maður sér grein fyrir hvers konar tak erlendir aðilar eru búnir að fá á íslenskum stjórnvöldum. Er það kannski að birtast núna í þessum nýjum vatnalögum sem hér liggja fyrir þinginu? Það er a.m.k. skrýtið og sérkennilegt að þetta mál skuli vera borið fram af iðnaðarráðherra en ekki umhverfisráðherra. Margur mundi nú halda að vatn sem auðlind ætti frekar að heyra undir umhverfisráðherra sem ætti þá að fara með hina umhverfislegu þætti auðlindarinnar til lengri tíma. Undir iðnaðarráðherra ætti kannski fyrst og fremst að heyra tímabundin notkun og ráðstöfun á ákveðnum þáttum auðlindarinnar til einstakra atvinnugreina. En hér virðist það vera iðnaðarráðherra sem sest á umhverfisráðherrann og hér er keyrt fram frumvarp til vatnalaga án þess að liggi fyrir t.d. frumvarp um vatnsvernd sem þó hefur verið boðað að sé væntanlegt og var boðað meira að segja á síðasta ári að væri væntanlegt en bólar ekkert á enn. Því er augljóst hver ræður þarna ferð varðandi þessi mál.

Í 1. gr. frumvarpsins er mjög furðulegt orðalag og væri fróðlegt að heyra lögskýringu á því.

Hér stendur, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns."

Skynsamleg vatnsnýting, já. Það eru aldeilis mjög skýr orð í lagatexta. Við vitum sem þekkjum áhuga og áherslur ríkisstjórnarinnar, ég tala nú ekki um áherslur iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins, hvað er skynsamleg vatnsnýting í huga hennar, það eru bara virkjanir og aftur virkjanir. Stíflun áa og fljóta, virkjanir og aftur virkjanir. Það er það sem sá hæstv. ráðherra hefur lagt í og kallar vafalaust þetta sem hér stendur skynsamlegt, sem ég er þó algjörlega ósammála. En að setja í lagatexta orð sem hefur enga í rauninni lagatæknilega þýðingu eins og „skynsamleg vatnsnýting", finnst mér vera með ólíkindum og sýnir hvers konar vinnubrögð eru hér að baki.

Þarna stendur áfram:

„Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi" — og svo kemur, frú forseti: „umfram það sem nauðsynlegt er."

Drottinn minn dýri, þvílíkt orðalag, svona fullkomlega matskennt orðalag á meginmarkmiðum uppsettra laga. Þó að ég sé ekki lögfróður hlýtur maður að velta því fyrir sér að ef upp kemur lagalegur ágreiningur um túlkun þessara laga, um einhver atriði sem koma upp varðandi meðferð á lögunum, þá á að koma með úrskurð á grundvelli einhvers matskennds orðalags eins og hér er, „skynsamleg vatnsnýting", eða að ekki megi raska „vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er." Að mati hverra? Og hver setur saman svona lagatexta? Ég er alveg hissa á því að ekki skuli þá bara standa hérna berum orðum, eins og þetta þýðir í munni eða í verki hjá núverandi ríkisstjórn og þá sérstaklega af hálfu Framsóknarflokksins, að það standi bara: Það skal virkja allt sem hægt er að virkja. Það er í rauninni það sem verið er að segja. Þetta matskennda orðalag er alveg furðulegt í lagatexta.

Við skulum segja að ef væri nú búið að skipta um iðnaðarráðherra, sem við vonum að verði sem allra fyrst, og það kæmi iðnaðarráðherra úr flokki Vinstri grænna. (**VF:** Ætlarðu að bjóða þig fram?) Já, það er hárrétt hjá hv. þm. Valdimari Friðrikssyni, ég væri alveg reiðubúinn að taka við iðnaðarráðuneytinu af núverandi iðnaðarráðherra og því fyrr því betra. En dettur einhverjum í hug að ég mundi leggja sama skilning í hvað væri skynsamleg vatnsnýting og núverandi hæstv. iðnaðarráðherra? Nei, ég get bara alveg fullvissað ykkur um það að þar væri alveg himinn og haf á milli. En við ættum að fara eftir þessum sama lagatexta ef þetta yrði að lögum. Bara þessi upphafsgrein lagafrumvarpsins er alveg með ólíkindum lagatæknilegt klúður, finnst mér.

Eins og komið hefur ítarlega fram í umræðunni um lagafrumvarpið er verið að breyta lagaákvæðum núgildandi vatnalaga þannig að hægt er að eignfæra auðlindina og gera hana framseljanlega. Þetta er alveg þveröfugt við það sem margur annar er að berjast fyrir. Áður en ég kem að nefndaráliti minni hluta iðnaðarnefndar um málið — en hv. þm. Hlynur Hallsson hefur hina síðari viku setið sem fulltrúi Vinstri grænna í iðnaðarnefnd og þótt hann sé áheyrnarfulltrúi er hann aðili að því nefndaráliti sem hérna liggur fyrir af hálfu minni hlutans, ég kem að því seinna — langar mig til að rifja upp og vitna til forustugreinar Morgunblaðsins frá 1. nóvember 2005 einmitt þegar frumvarpið var lagt fram og sýnir kannski örlítið í hnotskurn sjónarmið þess blaðs, a.m.k. á þeim tíma, í þeim skrifum varðandi málið.

Með leyfi forseta, yfirskriftin er Rétturinn til vatns:

„Það kann að virðast lítil þörf fyrir því að ræða sérstaklega um aðgang að vatni á Íslandi." — Ég er að vitna í forustugrein Morgunblaðsins, frú forseti. — „Staðreyndin er hins vegar sú að um þriðjungur mannkyns býr um þessar mundir við vatnsskort og nýtur því samkvæmt skilgreiningu ekki grundvallarmannréttinda. Um helgina var haldin ráðstefna undir yfirskriftinni Vatn fyrir alla. Samhliða ráðstefnunni gáfu samtökin BSRB, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Kennarasamband Íslands og SÍB út sameiginlega yfirlýsingu til að vekja athygli á mikilvægi vatns og sérstöðu. „Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum," segir í yfirlýsingunni. „Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þvílíkan búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar.""

Takið eftir, þarna er lögð áhersla á að vatnsverndin komi á undan vatnsnýtingunni, ég vek athygli á því. Hérna

er verið að vitna í leiðara Morgunblaðsins:

„Leggja samtökin til að sett verði í stjórnarskrá ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings, sem taki til réttinda, verndunar og nýtingu vatns.

Sagði Nigel Dower, kennari í þróunarsiðfræði við Háskólann á Akureyri, á ráðstefnunni að aðgangurinn að vatni væri lykilatriði í réttinum til lífs. Rétturinn til vatns tæki til þess, sem þyrfti til að tryggja heilbrigt líf og mannlega reisn."

Í þessu frumvarpi til vatnalaga er iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins ekki aldeilis að ganga inn á þessar brautir heldur er lagt til að vatnið verði einkavætt svo hægt verði að selja það og taka vatnið úr almannaumsjá.

Áfram segir í forustugrein Morgunblaðsins um málið, með leyfi forseta:

„Alþjóðaheilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna áætlaði árið 2002 að 1,7 milljarða manna skorti aðgang að hreinu vatni og um 2,3 milljarðar manna þjáðust af sjúkdómum, sem rekja mátti annars vegar til óhreins vatns og hins vegar hárrar verðlagningar á vatni. Seinna vandamálið hefur farið vaxandi, ekki síst vegna einkavæðingar á vatnsveitum í löndum á borð við Indland. Páll H. Hannesson, alþjóðafulltrúi BSRB, sagði í fyrirlestri sínum á ráðstefnunni um helgina að rannsóknir sýndu að reynslan af einkavæðingu vatns í þróunarlöndunum hefði yfirleitt verið slæm. Skort hefði á samkeppni og fyrirtæki hefðu ekki fjárfest eins mikið og búist hefði verið við í nývirkjum og viðhaldi auk þess sem verð á vatni hefði hækkað.

„Tvö ríki, Úrúgvæ og Holland, eru nú í þann mund að banna einkavæðingu vatns með lögum." — Ég held að við ættum að senda iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins til Úrúgvæ til að kynna sér hvað þeir eru að gera þar. Þeir ætla að banna einkavæðingu vatns með lögum. Hvað erum við að gera hér samkvæmt frumvarpi iðnaðarráðherra? Hér á að fara að einkavæða vatn með lögum. — „Í báðum tilfellum er ekki aðeins kveðið á um að ekki megi einkavæða vatnsveitur, heldur einnig að ekki megi fela einkaaðilum rekstur vatnsbóla.

Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst 2005 til 2015 áratug alþjóðlegra aðgerða til að tryggja vatn til lífsviðurværis. Í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 2004 er það markmið sett að fækka þeim um helming, sem ekki hafa aðgang að eða efni á öruggu drykkjarvatni."

Frú forseti. Þó að við teljum okkur hafa nóg af vatni á þessu augnabliki erum við samt aðilar að alþjóðlegu starfi, við erum aðilar að Sameinuðu þjóðunum og þar af leiðandi erum við líka aðilar að baráttunni fyrir því að tryggja öllum jafnan rétt til vatns og við erum þá líka aðilar að þeirri ákvörðun Sameinuðu þjóðanna að lýsa ár 2005 til 2015 áratug alþjóðlegra aðgerða til að tryggja vatn til lífsviðurværis. Hvað erum við að gera hér? Þveröfugt. Þetta frumvarp iðnaðarráðherra gengur í þveröfuga átt við yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Hér á að fara að einkavæða vatn, taka það úr almannaforsjá sem gengur þvert á það sem Sameinuðu þjóðirnar leggja til.

Frú forseti. Stundum koma nú góðir sprettir í Morgunblaðinu þó að það geti að öðru leyti litið út undan sér og haldið fram sjónarmiðum sem ekki eru til að hæla. Í þessu tilfelli er það svo, en í leiðara Morgunblaðsins frá 1. nóv. 2005 segir áfram, með leyfi forseta:

„Tilgangur einkavæðingar er fyrst og fremst að tryggja neytendum betri þjónustu og kjör með tilstuðlan samkeppni, ekki að færa einokun frá einni hendi yfir á aðra. En það hlýtur einnig að vera mikið álitamál hvort hægt sé að einkavæða auðlind á borð við vatn og má yfirfæra þá umræðu yfir á umræðuna um auðlindir hafsins og spyrja hvort ekki sé rétt að líta á vatn sem þjóðareign. Nú stendur yfir nefndarstarf um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Rétt er að við þá endurskoðun verði áskorunin sem kemur fram í yfirlýsingu félagasamtakanna fyrir helgi um vatn fyrir alla tekin til alvarlegrar skoðunar. Þótt á Íslandi sé gnægð vatns verða Íslendingar að sýna að þeir kunni að umgangast þessa mikilvægu auðlind af virðingu og alúð."

Þetta segir í forustugrein Morgunblaðsins frá 1. nóv. 2005. Ég get ekki séð að það frumvarp til vatnalaga sem við erum að fjalla um sé í þeim anda sem hér er verið að skrifa og segja og leggja áherslu á og ég tek heils hugar undir að á að skoða nú þegar í gangi er nefndarstarf um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þar kemur einmitt sterklega til álita, og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt það afdráttarlaust til, rétturinn á vatni fyrir alla og að vatn sé í rauninni þjóðareign, ekki þjóðarinnar á hverjum tíma heldur sé vatnið í rauninni eign lífsins á jörðinni og ætti þess vegna að vera bundið í stjórnarskrá að enginn einn fari með einkaeignarrétt á vatni, en þetta frumvarp stangast einmitt á við það.

Hví ekki að ljúka þessari vinnu við stjórnarskrána áður en slíkt frumvarp er lagt fram? Ég skora hér á Morgunblaðið, sem oft hefur einmitt eins og hér haft mótandi áhrif á umræðuna og jafnvel líka á þá niðurstöðu sem orðið getur af umræðunni, að fylgja þessum skoðunum sínum eftir og taka þátt í þeirri baráttu sem við stöndum fyrir, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og einnig Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, um að stöðva þetta frumvarp uns búið er að ljúka stjórnarskrárvinnunni, eins og lagt er til hér í leiðara Morgunblaðsins, og leggja fram og afgreiða frumvarp um vatnsvernd sem réttilega er bent á í forustugreininni að eigi að koma á undan nýtingarlögunum. Ég mátti því til með, frú forseti, að grípa þennan leiðara Morgunblaðsins til stuðnings þeirri kröfu sem við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum lagt hér til, að þessu máli verði vísað frá, og er einmitt í fullu samræmi við þessa forustugrein Morgunblaðsins sem ég var að vitna til.

Það er mjög fróðlegt að vitna í það sem verið er að skrifa um þessi mál. Hér er grein sem birtist í Blaðinu 19. nóv. 2005 og fjallar einmitt um vatn. Hún er í fréttaskýringadálki sem Þórður S. Júlíusson skrifar þar sem fyrirsögnin er „Evrópa næsti markaður vatnsfyrirtækja". Þar segir:

„Einkavæðing er umdeilanleg og sitt sýnist hverjum um kosti þeirrar aðferðafræði. Hér á Íslandi hefur hún verið talin vel heppnuð að mörgu leyti og búið er að einkavæða nánast allt sem hægt er utan hornsteina almannaþjónustunnar. Þjónustuliðir eins og rafmagns- og vatnsveitur hafa þó verið einkavæddir víða um heim með afar misjöfnum árangri. Blaðið kynnti sér árangurinn, ástæður þess að farið hefur verið út í slíkar rekstrarbreytingar og hvað mundi gerast á Íslandi ef þær verða að veruleika hér á landi."

Frú forseti. Ég vek athygli á því að markaðsvæðing rafmagns er komin á fullt og við höfum rætt ítarlega í vetur afleiðingar markaðsvæðingar rafmagnsins, nýju raforkulögin sem iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins keyrði í gegn og hafa leitt til mikillar heildarhækkunar á rafmagni þrátt fyrir að allt öðru væri lofað. Næsta skrefið er að einkavæða orkuveiturnar, Rarik. Vafalaust kemur bráðlega inn í þingið til 2. umr. frumvarp til laga um einkavæðingu á Rarik og að undirbúa Rarik til sölu. En þegar raforkulögin voru til umræðu á Alþingi fyrir rúmum tveimur árum var þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eini stjórnmálaflokkurinn sem benti á allar þessar hættur við einkavæðingu og markaðsvæðingu rafmagnsins, sem hefur síðan allt komið á daginn.

Í þessari ágætu grein, sem ég ætla að leyfa mér að vitna til áfram, frú forseti, segir:

„Alþjóðabankinn hefur alltaf staðhæft" — Alþjóðabankinn er nefnilega gríðarlegt veldi í heiminum, skipar þjóðum og ríkisstjórnum fyrir, þetta byrjar nú allt eitthvað á Al, var það ekki Alcan eða eitthvert svoleiðis fyrirtæki sem var að skipa forsætisráðherra Íslands fyrir? Það skyldu þó ekki vera tengsl milli Alcan og Alþjóðabankans? Alla vega geta þeir skipað fyrir — „að hann neyði ekki einkavæðingu upp á þau lönd sem hjá honum hljóta lán. Rannsóknir ICI (International Consortium of Investigative Journalists)" — þetta er stofnun sem rannsakar alþjóðlegar fjárfestingar — „sem gerðar voru í samstarfi við bankann sýna þó að einkavæðing er að verða stærri og stærri hluti af skilyrtri lánastefnu bankans. Gögn frá Alþjóðabankanum sýndu að frá árunum 1990 til loka árs 2002 hafi bankinn veitt 276 lán undir heitinu „Water Supply Loans", — eða lán til að koma á vatnsveitum — „og fólu í sér breytingar eða einhvers konar áhrif á vatnsaðgengi viðkomandi landa. Í einu af hverjum þremur lánum sem bankinn veitti undir þessum formerkjum þá var þess krafist að viðkomandi land mundi einkavæða vatnsveitur sínar að einhverju eða öllu leyti áður en að lánin voru veitt. Þessi lán falla undir hatt svokallaðra fjárfestingarlána, en það eru langtímalán sem bankinn veitir til 5–10 ára í senn." — Bíðum við, er hér kannski eitthvað svoleiðis á ferðinni? Er það þess vegna sem ríkisstjórnin liggur hundflöt fyrir einkavæðingaráætlunum eins og þeim að einkavæða vatnið? Eru það kannski kröfur frá einhverjum stofnunum sem byrja á Al, annaðhvort Alþjóðabanki eða eitthvað annað? — „Því virðist augljóst að Alþjóðabankinn hafi vissulega lagt sín lóð á vogarskálar einkavæðingar á opinberri þjónustu. Þótt öll lán bankans séu ekki bundin slíkum einkavæðingarskilyrðum þá er stór hluti þeirra það klárlega."

Áfram segir í þessari grein:

„David Hall er prófessor og forstöðumaður deildar við háskólann í Greenwich sem hefur sérhæft sig í rannsóknum á mismunandi rekstrarformum innan almannaþjónustu. Hann hélt erindi á Íslandi í gær þar sem hann talaði um afleiðingar einkavæðingar vatns. Í máli hans kom fram að þau fyrirtæki sem hafa tekið yfir rekstur vatnsveitna í þróunarlöndum sem hafa gengist undir einkavæðingarskuldbindingar vegna lána og annars konar þrýstings alþjóðastofnana vilji flestöll losna út úr þessum rekstri.

Auk þess standa þau mörg hver í dómsmálum vegna þess að þau hafa ekki getað grætt eins mikið og þau bjuggust við." — Bíðum við, er sú frumþörf mannkynsins, vatn, eitthvað sem á að vera gróðavegur? Jú, Alþjóðabankinn lítur svo á. — „Í Argentínu einni saman eru t.d. 42 slík mál í gangi þar sem alþjóðleg einkafyrirtæki eru að krefja ríkisstjórnir um skaðabætur fyrir skort á gróða. Þessum málum hefur nú verið vísað til alþjóðlegra gerðardóma og verður niðurstaða þeirra án efa athyglisverð og fordæmisgefandi."

Frú forseti. Svo erum við hér eða réttara sagt Framsóknarflokkurinn að fara hér fram á eða krefjast þess að við einkavæðum líka vatnsveiturnar og vatnsauðlindirnar okkar sem margar aðrar þjóðir eru núna að reyna að komast út úr.

Hér stendur áfram:

„Áhugaverðasta dæmið um einkavæðingu sem er farin að súrna sem David Hall talaði um er líklega staða Jakarta, höfuðborgar Indónesíu. Þar voru vatnsveiturnar einkavæddar og seldar tveimur alþjóðlegum vatnsrisum, franska fyrirtækinu Suez og Thames Water Utilities sem er upprunnið í Bretlandi.

Í dag vilja bæði þessi fyrirtæki komast undan skuldbindingum sínum og skila vatnsveitum til stjórnvalda vegna þess að þær eru ekki nægilega arðbærar. Fyrirtækin vilja hins vegar að stjórnvöld segi upp samningum við þau svo þau geti síðan krafist skaðabóta vegna uppsagnarinnar. Stjórnvöld vilja á sama tíma þjóðnýta vatnið að nýju en telja sig ekki geta sagt upp samningum við einkafyrirtækin vegna þess að þau hafa ekki efni á því að borga þeim skaðabæturnar sem þau mundu þá sækja. Báðir aðilar eru því sammála um að þjóðnýta eigi vatnið að nýju en það er samt ekki hægt vegna mögulegra skaðabótakrafna. Þarna hefur því skapast algjört sjálfskaparvíti."

Frú forseti. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins hefur kynnt sér þetta. Þarna í Indónesíu vilja menn þjóðnýta vatnsauðlindina aftur, taka hana aftur til baka úr einkavæðingunni. Hér er iðnaðarráðherra að flytja frumvarp um einkavæðingu vatnsins þegar aðrar þjóðir, sem hafa brennt sig svo illilega, eru að reyna að þjóðnýta það á ný. En vegna þess að þau voru búin að einkavæða það og framselja réttinn þá telja þau sig ekki hafa almennilega efni á því að þjóðnýta það og standa undir þeim skaðabótakröfum sem gætu verið lagðar fram.

Í þessari ágætu grein, sem birtist í Blaðinu, undir liðnum Fréttaskýring, og höfundur er Þórður S. Júlíusson, segir áfram:

„David segir að þessi vatnsfyrirtæki séu í sífauknum mæli að horfa til Evrópu í seinni tíð" — þá ættu þau nú að vita hvað iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins er að gera hér — „eftir að hafa að stærstum hluta mistekist í þróunarlöndunum. Þetta er fyrst og fremst vegna þess að það þrífst mun meiri pólitískur stöðugleiki hér en í þróunarheiminum og efnahagslegar forsendur eru allt aðrar. „Þau hafa enn fulla trú á því að einkavæðing vatns geti verið arðbær iðnaður," segir David." — Þess vegna vilja þau snúa sér til Evrópu.

„David nefnir þreifingar sem hafa átt sér stað í Rússlandi því til stuðnings. Hann segir það klárt mál að þessi fyrirtæki horfi hýrum augum til hinnar stöðugu Evrópu velsældar og allsnægta þegar þau eru að skoða viðskiptatækifæri framtíðarinnar. „Öll pólitískt stöðug ríki í Evrópu sem

eru efnahagslega farsæl eru þess vegna skotmörk þessarar einkavæðingar."" — Einkavæðingar á vatni.

Það er kannski þess vegna sem Ísland er nú komið í skotlínuna varðandi einkavæðingu á vatni að þessi stórfyrirtæki sjái að hér sé hægt að komast yfir vatnsauðlindirnar og hafa út úr þeim nægilegan arð eins og þeir kalla það.

Áfram segir hér:

„David segir að þetta sé helst vegna þess að lagakerfi Evrópulanda mundi án efa viðurkenna rétt fyrirtækjanna til skaðabóta því að eignarréttur er nánast án undantekninga gífurlega vel varinn innan lagabálka þeirra."

Það sé þess vegna lítil áhætta í því að koma og fjárfesta í einkavæddum vatnsauðlindum í Evrópu vegna þess hve eignarrétturinn er vel varinn eftir að búið er að skilgreina auðlindina sem slíka. En aukinn kostnaður lendir á þegnunum.

Áfram segir í þessari ágætu grein í Blaðinu frá 19. nóv. 2005, með leyfi forseta:

„Sem pólitískt stöðugt og efnahagslega farsælt land hlýtur Ísland að vera eitt þessara ríkja. Hér á landi er eignarréttur landeigenda líka niðurnegldur í auðlindalögunum, hér ríkir því algjör eignarréttur á vatni. Það þýðir að aðgengi að vatni hér er ekki tryggt heldur er vatn eign einstaklinga eða stofnana. Vissulega eru vatnsveitur enn sem komið er í eigu sveitarfélaga á Íslandi en það er ekkert því til fyrirstöðu að þær verði seldar einkaaðilum í framtíðinni. Reyndar virðist það vera yfirlýst stefna núverandi stjórnvalda að halda áfram með það einkavæðingarferli sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og ef heilbrigðis- og menntamál eru undanskilin virðist fátt vera eftir til að einkavæða utan þeirrar almannaþjónustu sem sér landanum fyrir rafmagni, hita og auðvitað vatni."

Áfram segir í þessari góðu grein, sem ég ætla að vitna áfram til, með leyfi forseta:

„Raunar sagði Geir H. Haarde í ræðu sinni á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í síðasta mánuði að honum þætti „mikilvægt að gefa einkarekstrinum tækifæri til að koma víðar að þeirri þjónustu sem er fjármögnuð af hinu opinbera," og kom þar fram að hann hafi einna helst horft í átt til Landsvirkjunar í þeim efnum." — Reyndar alveg eins og iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins sem hefur einmitt lýst yfir sama áhuga á að einkavæða og selja Landsvirkjun. „Ef Landsvirkjun er gjaldgeng til einkavæðingar virðist fátt því til fyrirstöðu að hægt sé líka að einkavæða vatnið," segir í þessari grein.

Og áfram segir:

„Iðnaðarráðherra hefur vissulega leyfi samkvæmt auðlindalögum til að nýta auðlindir hvar sem þær finnast og eftir hentugleika samkvæmt auðlindalögum frá 1998. Þessi nýting er hins vegar háð því að ríkið nái samkomulagi við jarðeigendur um greiðslu fyrir ómakið eða sérstakri skaðabótagreiðslu til hans ef slíkir samningar nást ekki. Það er því ljóst að það fylgir því aukinn kostnaður fyrir ríkið að tryggja aðgengi þegna sinna að vatni ef það getur mögulega verið skilgreint sem markaðsvara og einkavæðingarhugsjónir ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga. Það mætti ætla að sá kostnaður mundi aukast eftir því sem vatn verður mikilvægara sem verslunarvara. Þar sem þegnarnir eru þeir sem standa straum af kostnaði við ríkisreksturinn er ljóst að sá aukni kostnaður mundi lenda á okkur. Því er krafa BSRB og annarra félagasamtaka um að eignaraðild á neysluvatni til almennings verði gert félagslegt í stað þess að vera sértækt og réttur þegnanna til aðgengis að því verði settur í stjórnarskrá afar skiljanleg. Ef svo verður ekki er alltaf vafamál hvort þjóðinni verði tryggt nægilegt framboð, öryggi og aðgengi að vatni á hóflegu verði."

Frú forseti. Í þessari grein, sem ég hef vitnað í, hafa verið raktar tilvitnanir frá öðrum löndum sem hafa lent í einkavæðingu á vatnsauðlindinni og eru núna að reyna að ná henni aftur til baka. Hér er einnig bent á þann þrýsting sem Alþjóðabankinn hefur beitt þjóðir til að einkavæða grunnþjónustu sína, til að einkavæða auðlindina, sem eru náttúrlega alveg forkastanleg vinnubrögð af þeirri stofnun. Einhvern veginn, eins og hér er ýjað að, virðist einhver slíkur þrýstingur vera kominn á stjórnvöld hér að einkavæða vatn og að vatn verði gert að markaðsvöru þannig að þessi alþjóðlegu fyrirtæki sem hafa áhuga á að græða á vatnsauðlindinni sem slíkri komist hér inn.

Á ráðstefnu, sem haldin var nú í haust, um aðgang að vatni — það eru fleiri sem hafa fjallað um hana. Mig langar hér að vitna í nokkur erindi sem voru haldin þar. Hér hefur áður verið lesin yfirlýsingin sem þessi samtök birtu.

Í umfjöllun Morgunblaðsins 31. október árið 2005, í fréttayfirliti eftir Svavar Knút Kristinsson, undir fyrirsögninni: Aðgangur að vatni eru grundvallarmannréttindi, segir svo, með leyfi forseta:

„Rannsóknir sýna að reynslan af einkavæðingu vatns í þróunarlöndum hefur yfirleitt verið slæm. Skortur hefur verið á samkeppni, bæði sökum þess að um vatn gildir svokölluð „náttúruleg einokun" og einnig vegna þess að stórfyrirtæki á markaðinum eru mjög fá. Þá hafa fyrirtæki ekki fjárfest eins mikið og við var búist í nývirkjum og viðhaldi og vatnsverð hefur farið hækkandi í takt við auknar arðsemiskröfur fyrirtækja."

„Á ráðstefnu sem haldin var á Grand Hóteli síðasta laugardag" — þetta er mánudaginn 31. október — „komu fram fulltrúar kirkjunnar, vísindasamfélagsins, hins opinbera og almennings, auk þess sem Nigel Dower, kennari í þróunarsiðfræði við Háskólann á Akureyri, flutti erindi um þá siðfræði sem snýr að aðgangi almennings að hreinu neysluvatni. Sneru erindin að hinum ólíkustu hliðum vatns, allt frá vatninu í náttúru Íslands til brunnabygginga Hjálparstofnunar kirkjunnar í Afríku og þýðingu þess fyrir konur og börn í álfunni."

Áfram er vitnað í þessari frétt Morgunblaðsins, og kemur næsta millifyrirsögn: Mótstaða við einkavæðingu:

„Í máli Páls" — Hannessonar, alþjóðafulltrúa BSRB — „kom enn fremur fram að verðið á vatni í Manilla á Filippseyjum hefur hækkað um 600% í höndum einkafyrirtækja frá árinu 2001. Segir Páll áherslur Alþjóðabankans" — ég ætlaði að fara að segja Alcan, en þetta er Alþjóðabankans, allt sem byrjar á Al getur haft þrýsting á stjórnvöld — „og annarra alþjóðastofnana á markaðsvæðingu vatnsveitna nú mæta vaxandi andstöðu fólks í þróunarlöndum og einnig á Vesturlöndum."

Já, hér er líka andstaða gagnvart einkavæðingu vatns. Það er þess vegna sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þingmenn Samfylkingarinnar og þing-

menn Frjálslynda flokksins sameinast hér um og gera þá kröfu að það frumvarp sem hér liggur fyrir, um einkavæðingu auðlindarinnar vatns, sem keyrt er áfram af iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins og af ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, verði stöðvað einmitt af þeim ástæðum sem ég hef hér rakið.

Í umfjöllun Morgunblaðsins segir áfram, með leyfi forseta:

„Þá sé það athugavert að Alþjóðabankinn sem og aðrir þróunarbankar og styrkveitendur séu hins vegar tregir til að veita vatnsfyrirtækjum í opinberri eigu nokkurn stuðning, þrátt fyrir að opinber fyrirtæki beri ábyrgð á meira en 90% af vatnsveitum og skólplögnum í heiminum."

Ja, hugsið þið ykkur. Að alþjóðabankar og þróunarbankar, sem þykjast standa fyrir því, og er falinn sá trúnaður, að byggja upp og veita stuðning til uppbyggingar á almannaþjónustu, uppbyggingar á atvinnulífi í þróunarríkjunum, skuli þverskallast eða veigra sér við því að veita opinberum aðilum lán til þess að koma upp vatnsfyrirtækjum í opinberri eigu. Nei, einkavæðingin er það sem rekur það lið áfram.

„Í erindi sínu sagði Páll það kröfu PSI, alþjóðasamtaka starfsmanna í almannaþjónustu, sem BSRB er aðili að, að leggja áherslu á hágæða almannaþjónustu sem lið í bættri velferð. Kvað Páll einnig GATS-samninginn, almennt samkomulag um viðskipti með þjónustu, fela í sér hættur, enda snerti hann stjórnvaldsaðgerðir allra stjórnvalda á öllum stigum. Þá séu þær skuldbindingar sem hvert ríki undirgengst við undirritun GATS-samningsins og þegar það fellir einstaka geira þjónustu undir hann, nánast óafturkræfar."

Í fréttaskýringu Morgunblaðsins er áfram fjallað um þessi sjónarmið og Páll segir, með leyfi forseta:

„Ef engir fyrirvarar eru gerðir, t.d. á sviði umhverfisþjónustu, þá má túlka samninginn þannig að hið opinbera megi ekki lengur veita fé í opinbera þjónustu á því sviði, vilji erlendur aðili hefja þar samkeppnisrekstur."

Já, ef við gerumst aðilar að þessu samkomulagi og búin að einkavæða vatnið, ef við gerumst aðilar að þessu ferli öllu sem iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins er að keyra út í þá getur hið opinbera ekki heldur komið að því að leggja í fjárfestingar í opinberri þjónustu á vatni vegna þess að þeir eru búnir að framselja það frá sér með því að skrifa undir slíka samninga og samþykkja lög um einkavæðingu á vatni. Á hvers konar vegferð erum við? Maður fer að halda að því fólki sem stendur að þessum hermdarverkum einkavæðingar á vatni sé ekki sjálfrátt, enda eru þetta kannski kröfur frá einhverjum aðila eins og Alþjóðabanka eða einhverju sem heitir Al- um að komast yfir vatnsréttindin. Ég kem að því seinna í ræðu minni, frú forseti. Kannski er það einmitt þetta Al sem stendur á bak við þetta, hvort það heitir Alcan, Alcoa eða hvað. Eða Alþjóðabankinn. Ætli skeggið sé ekki skylt hökunni í þeim efnum?

Með einkavæðingu á vatnsauðlindinni og vatninu er það um leið orðin markaðsvara og þá getur sá keypt sem hefur kannski bæði pólitíska stöðu og fjármagn til þess. Gæti það ekki verið þægilegt fyrir fyrirtæki eins og Alcan? Sem hótaði blessuðum forætisráðherra okkar og hæstv. forsætisráðherra vitnaði til hér á dögunum að hefði verið beittur hótunum um að ef þeir fengju ekki að stækka álverið sitt í Straumsvík mundu þeir fara. Kannski væri það ekki svo slæmt fyrir Alcan að kaupa eitt stykki fljót, eitt stykki virkjun, eitt stykki vatnsauðlind í einu héraði, því að allt verður þetta orðin markaðsvara ef þetta frumvarp nær fram að ganga. Þetta er ekki hægt í dag.

Frú forseti. Hægt er að kaupa virkjunarréttinn, það er rétt, en auðlindina sjálfa, vatn sem þar er, er ekki enn hægt að kaupa, ekki auðlindina sjálfa. Það er hægt að fá með sérstökum ákvæðum nýtingarrétt til ákveðinna þátta. (**BJJ:** Það fylgir fasteignarréttinum.) Það fylgir fasteignarréttinum nýtingarréttur, já, en ekki auðlindin sjálf. Þar er nefnilega hugsanafeillinn eða viljandi feill, því að eins og núna er verður að skilgreina nýtingarformið. En með þessum lögum verður eignarrétturinn skilgreindur og hann verður sjálfstæð verslunarvara á auðlindinni sem slíkri. Kannski kristallaðist í frammíkalli hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar þarna einmitt kannski viljandi misskilningur (**KolH:** Eða leiða þjóðina í gildru.) Eða leiða þjóðina í gildru. Og kannski er það Alþjóðabankinn sem er að krefjast þess. Kannski eru það kröfur frá einhverjum slíkum alþjóðastofnunum sem kalla sig alþjóðastofnanir sem eru að bera fram slíkar kröfur.

Ég ætla aðeins frekar að fjalla um vatnið af því að við erum að takast á um grunnatriði. Við erum að takast á um hvort vatnið sé auðlind, hvort hægt sé fyrir einhverja tímabundna kynslóð að slá eign sinni á það eða hvort vatnið er í rauninni bara eign lífsins, lífsdýnamíkurinnar á jörðinni og það megi enginn í raun slá eign sinni á það sem slíkt.

Eitt ágætt erindi var flutt á ráðstefnunni Vatn fyrir alla sem mig langar til að vitna til. Það var erindi sem Ingibjörg Björnsdóttir umhverfisfræðingur flutti. Ég held að það sé þarft fyrir einmitt hv. þm. Birki Jón Jónsson, sem er formaður iðnaðarnefndar og virðist í rauninni ekki enn hafa skilið í hverju málið er fólgið og hvað er verið að takast á um. Við erum að takast á um grunnatriði. Ég vitnaði áðan í ræðu minni til hvernig t.d. Jakarta í Indónesíu hafði einkavætt vatnsauðlindina og vill núna þjóðnýta hana til baka en stendur þá frammi fyrir skaðabótakröfum.

Ég vitna í erindi sem Ingibjörg Björnsdóttir flutti á ráðstefnunni Vatn fyrir alla sem haldin var á Grand Hóteli 29. október sl. Í þessu ágæta erindi Ingibjargar, sem ég held að sé mjög þarft að fá hér inn í umræðuna segir svo, með leyfi forseta:

„Vatn er auðlind á hverfanda hveli. Aðeins 0,5 prósent af vatnsforða jarðar er ferskvatn og nú þegar búa mörg lönd eins og t.d. Ísrael og Egyptaland við viðvarandi vatnsskort. Vatnsskortur er skilgreindur þegar minna en 1000 rúmmetrar af vatni eru til ráðstöfunar á hvern íbúa á ári.

Vatn er ekki auðlind í venjulegum skilningi þess orðs. Allt líf á jörðinni er háð vatni. Við notum vatn til ræktunar, til orkuframleiðslu og til þess að framleiða vörur og afurðir. Samfélög komast af án rafmagns og hita en ekkert samfélag getur lifað án vatns. Vatnið er því órjúfanlegur hluti af menningu okkar, hugarheimi og trúarbrögðum.

Aðgangur að vatni telst til grundvallarmannréttinda samkvæmt samþykkt Sameinuðu þjóðanna."

Grundvallarmannaréttinda. Já, frú forseti. Á að einkavæða þau, grundvallarmannréttindi samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna? Jú, það er það sem hér er verið að leggja til.

Áfram segir í erindi Ingibjargar, með leyfi forseta:

„Sérhver maður skal eiga rétt á drykkjarvatni á hóflegu verði. Ríkjum ber þannig að tryggja að dreifing vatns og fjárfestingar í vatni tryggi öllum þegnum þjóðfélagsins aðgang að drykkjarvatni án tillits til stöðu eða efnahags.

Ónægar vatnsbirgðir eru bæði orsök og afleiðing fátæktar. Þeir sem ekki hafa aðgang að hreinu vatni eru jafnframt fátækustu íbúar jarðar. Þeir hafa ekki efni á því að kaupa vatn á frjálsum markaði. Það að tryggja þessum hópi nauðsynlegt drykkjarvatn verður að teljast til grundvallarmannréttinda.

Mörgum virðist sem samfélög nútímans séu ekki í tengslum við hið náttúrulega umhverfi. Flestir halda að vatn flæði bara úr krananum og hugsa lítið út í það hvaðan vatnið kemur eða hvert vatnið fer.

Spyrja má hvort að við séum í þessu tengslaleysi okkar búin að glata virðingunni fyrir hinum villtu fossum og vatnsföllum landsins sem áður voru hluti af þjóðararfi okkar og þjóðtrú. Höfum við gleymt að bera virðingu fyrir hinum tæru næringarsnauðu íslensku vötnum og því sérstaka lífríki sem þar lifir? Hvernig mun því lífríki farnast ef andrúmsloftið hlýnar enn meira en nú er? Í hugum flestra er vatn bara dauð auðlind“ — að minnsta kosti í augum hæstv. iðnaðarráðherra — „sem hægt er að stífla, veita eða nota til mannlegrar neyslu. Þetta er mikill misskilningur því að vatn er það sem ég vil kalla lifandi auðlind.

Vatnið er lifandi á margan hátt. Það flæðir fram, skapar fossa og flúðir. Það nærir allt líf á jörðinni og er í stöðugri hringrás. Þegar við hugsum um vatnið þurfum við að læra að hugsa í hring í stað þess að hugsa áfram í beinni línu tækniþróunar.

Við gleymum því oft í pólitískri umræðu að samfélög okkar eru ekki lokaðar samfélagslegar einingar heldur háðar þjónustu náttúrunnar eða því sem kallað er á enska tungu „environmental services“.

Við gerum alltaf ráð fyrir því að náttúran veiti okkur gnægtir af ókeypis vatni. Vatn fellur jú af himnum ofan og í hugum flestra er nóg til af því.

Heimspeki ráðamanna og viðhorf þeirra til vatnsauðlindarinnar hefur fram að þessu einkennst af botnlausri nytjahyggju.

Við höfum verið fljót að ákveða að vatn sé auðlind sem við eigum að nota til hins ýtrasta en við höfum verið seinni til að átta okkur á að vatn og vatnakerfi eru auðlindir sem þarf að vernda til framtíðar. Vatnið er grundvöllur lífsins og hvernig við förum með vatnsauðlindir okkar mun ákvarða lífsgæði okkar íslenska samfélags í framtíðinni.

Það er ekki rétt að nálgast vatnsauðlindina einungis frá nytjasjónarmiði.“ — Eins og hér er verið að gera, frú forseti, í þessu vatnalagafrumvarpi sem við erum hér að fjalla um. — „Líta verður svo á að bæði fólk og vatn séu hluti af hinu stóra vistkerfi náttúrunnar. Við þurfum að spyrja þeirrar spurningar hvernig við getum mætt vatnsþörfum manna án þess að eyðileggja umhverfið og ganga nærri vatnsföllum og vatnakerfum. Heimspekingurinn Arne Naess hefur margoft bent á að náttúran á rétt á því að vera til í sjálfu sér, þ.e. vatnið og fossarnir eiga sinn eigin tilvistarrétt án tillits til mannlegra þarfa.“

Ég vil undirstrika að lífið á sinn eigin rétt og vatnið er undirstaða lífs á jörðinni og hins síkvika endurnýjunarkrafts náttúru heimsins og á þess vegna sinn eigin tilvistarrétt. Við, hin tímabundna kynslóð sem gistum bara eina nótt á Hótel Jörð, höfum þess vegna engan rétt til þess að fara að slá eign okkar á vatn sem framseljanlegrar auðlindar. Þetta voru mín innskot.

Áfram segir í ágætri ræðu Ingibjargar:

„Verðmæti og gildi miðast þannig ekki einvörðungu við mannlegar þarfir — maðurinn er ekki miðpunktur sköpunarverksins heldur verkamaðurinn í víngarðinum sem á að passa upp á uppskeruna. Í mínum huga er enginn efi um að verndun vatnsauðlindarinnar, verndun grunnvatns, fossa og vatnsfalla er eitt það hagkvæmasta og skynsamlegasta sem við getum gert í dag.

Innan fáeinna ára munu þjóðir jarðar keppa á efnahagslegum forsendum um aðgang að hreinu drykkjarvatni, einkum í Afríku og Asíu. Nefna má að Boudros Boudros Ghali, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sagði eitthvert sinn að ef Egyptar færu einhvern tímann í stríð þá yrði það vegna deilna um vatnið í Níl. Reikna má með því að gerðir verði samningar milli þjóða um vatnsauðlindir m.a. til þess að afstýra átökum.

Andspænis þessum nýja veruleika vaxandi vatnsskorts í heiminum má búast við því að vatnið á Íslandi verði verðmætara og eftirsóknarverðara en áður.

Ef vatnsauðlindir Íslands verða hins vegar einkavæddar skapast sú hætta að þær verði seldar erlendum aðilum sem búa kannski við vaxandi vatnsskort í sínum heimalöndum. Þannig gætu t.d. Egyptar freistast til þess að kaupa Gvendarbrunna eða Hollendingar óskað eftir því að eignast hlut í íslenskum vatnsfyrirtækjum. Hvað gerum við þá?

Ríkisstjórnir heimsins og Heimsbankinn (World Bank) þurfa að fara að líta á vatn sem takmarkaða auðlind sem þarf að vernda og skipta jafnt á milli íbúa jarðar. Það er siðferðilega óásættanlegt að 1,2 milljarðar manna geti ekki drukkið vatn án þess að eiga á hættu að fá alvarlega, jafnvel banvæna sjúkdóma. Ástæða þessa er því miður ekki skortur á hreinu vatni heldur vöntun á pólitískum vilja og vilja alþjóðasamfélagsins til að grípa til nauðsynlegra aðgerða. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að einungis þarf 4% af þeim peningum sem fara í hergagnaframleiðslu heimsins á ári hverju til þess að gefa öllu mannkyni það sem það mest vantar — aðgang að hreinu drykkjarvatni og fullnægjandi fráveitukerfi.

Af því að rigningin fellur af himnum höfum við lengi staðið í þeirri barnslegu trú að vatnsauðlindin væri endalaus. En núna vitum við að þessi auðlind er viðkvæm og þarfnast verndar. Við þurfum að læra að hugsa í hring og koma á jafnvægi á milli samfélaga okkar og náttúrunnar. Við þurfum að tryggja aðgang allra íbúa jarðar að hreinu drykkjarvatni. Og við þurfum einnig að gæta þess að vatnsauðlindir Íslands komist ekki á fárra hendur.

Á 13. öld helgaði Guðmundur Arason Hólabiskup vatnsuppsprettur um land allt. Hann hafði fullan skilning á mikilvægi þessarar auðlindar. Við skulum taka hann okkur til fyrirmyndar.“

Þetta voru lokaorð Ingibjargar Björnsdóttur. Við skulum helga lífinu vatnsauðlindirnar.

Ég rifjaði upp við 1. umr. um vatnalög heimsókn mína

og nokkurra fleiri Íslendinga til Palestínu fyrir um ári. Það var mjög lærdómsríkt og eftirminnilegt. Ég ætla að rifja það aftur upp en maður áttaði sig á hinni gríðarlegu þýðingu vatnsins og þeim átökum sem standa um vatn þegar við ferðuðumst um Palestínu, ég og hæstv. forseti sem nú stýrir fundi. Við komum m.a. til Jórsalaborgar og höfum stundum kallað okkur Jórsalafara af því tilefni, án þess að við viljum bera okkur saman við Björn Jórsalafara. En þetta var mjög eftirminnileg ferð og góður hópur þar á ferð.

Í Palestínu var okkur bent á að stríðið hefði staðið um vatn. Ísraelsmenn, sem hertóku það land, hertóku fyrst og fremst svæðin þar sem vatnið féll. Þar sem rigningin féll og vatn safnaðist fyrir. Ísraelsmenn lögðu kapp á að hernema þau svæði. Með því að ná yfirráðum yfir vatninu náðu þeir tökum á þjóðinni. Síðan gátu þeir sem herraþjóð deilt og drottnað. Þeir gátu ráðið hvenær Palestínumenn fengu vatn. Þeirra herbragð var, ef þeir vildu refsa íbúum Palestínu, að taka af þeim neysluvatnið. Þess vegna sáum við uppi á húsþökum palestínsku fjölskyldnanna tanka til að safna regnvatni.

Þegar við komum upp í Gólanhæðir þá gilti hið sama. Þar er afar þurrt. Þar var vatnið skammtað af hálfu Ísraelsmanna til palestínskra íbúa á Gólanhæðum. Þeir fóru einnig að safna regnvatni til að geta notað til heimilisnota og til vökvunar á görðum sínum. Þá komu Ísraelsmenn og sögðu: Nei, við eigum líka rigninguna. Ef þið safnið regnvatni þá safnið þið rigningunni okkar. Ef hún hefði fallið á jörðina hefði hún runnið ofan í þetta vatn og þá hefðum við átt það. Þeir vildu því líka skattleggja rigningarvatnið hjá þessu fólki. (**BJJ:** Þetta er ekki hægt hér.) Með þessu frumvarpi er þetta einmitt hægt.

Hvað stendur í þessu frumvarpi? Jú. Frumvarpið nær til vatns í öllum þess formum, í föstu, fljótandi og loftkenndu formi. Þannig er ekki einungis lögð til að einkavæðing á vatni í föstu eða fljótandi formi. Nei, líka í loftkenndu formi. Ég er hissa á að hv. formaður iðnaðarnefndar skuli ekki hafa lesið frumvarpið.

En þegar maður stendur frammi fyrir slíkum átökum um vatn sem ég hef lýst þá áttar maður sig á hversu gríðarlega þýðingu vatn hefur fyrir fólkið á jörðinni. Þá skilur maður það að mörg þjóðlönd sem knúin hafa verið til að einkavæða vatnsauðlindir sínar skuli reyna að ná þeim til baka. Hvers vegna skyldum við þá fara þá götu að einkavæða vatnsauðlindina, þvert gegn yfirlýsingu og vilja Sameinuðu þjóðanna, þvert gegn því átaki sem heimsbyggðin er nú að takast á við? Heimsbyggðin er að hverfa frá einkavæðingu á vatni, hverfa frá því að hægt sé að slá eign sinni á vatn og gera það að framseljanlegri verslunarvöru. (**BJJ:** Hvað með þjóðlendur, hv. þingmaður?)

Hv. þingmaður veltir fyrir sér þjóðlendum. Án þess að draga það með inn í umræðuna finnst mér að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn ættu að ræða svolítið um framkvæmd þjóðlendulaganna. Það eru þeir sem fara með ráðin. Fjármálaráðherra fer um með lagatæknilegum atriðum, flokkar land sem þjóðlendur en aðrir berjast á móti. Stefnuleysi þessarar ríkisstjórnar í þjóðlendumálum er bara hneisa og skandall út af fyrir sig. (Gripið fram í.) En það er annað mál.

Þetta frumvarp hér, sem lýtur að einkavæðingu á vatni, er liður í þessari einkavæðingarferð ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, sem dreginn er af ráðherrum Framsóknarflokksins, flokki sem einu sinni kenndi sig við félagshyggju. Flokkur sem einu sinni bar umhyggju fyrir auðlindum landsins og menningarverðmætum keyrir nú hvað harðast fram í alþjóðahyggju einkavæðingar náttúruauðlinda.

Ég ætla, frú forseti, að leyfa mér, undir lok fyrri ræðu minnar, að árétta þá kröfu stjórnarandstöðuflokkanna og krefjast þess að frumvarpinu verði öllu saman vísað frá.

Hví skyldum við fara þá leið sem aðrir reyna að hverfa frá? Mér er spurn. Getur kannski formaður hv. iðnaðarnefndar, sem fær það erfiða hlutverk að bera þetta mál fram fyrir hönd iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins, skýrt fyrir mér hvers vegna slíkt ofurkapp er lagt á að einkavæða vatnsauðlindina, vatn í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi? Hvers vegna er lagt slíkt ofurkapp á þetta nú? Hvað rekur þar á eftir?

Sé farið yfir nefndarálitið sem hér er eru einmitt mjög ákveðnar athugasemdir við þetta framferði. Ég vil t.d. að við lítum á umsögn Umhverfisstofnunar, frá 131. löggjafarþingi, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Vísað til erindis iðnaðarnefndar, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til vatnalaga, 413. mál.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að vatnalög, nr. 15 frá 1923, hafi um árabil verið helsta réttarheimildin hér á landi, og tiltölulega fáar breytingar hafi verið gerðar á lögunum á þeim tíma sem liðinn er frá setningu þeirra. Þá er sú skoðun sett fram í greinargerðinni að tímabært hafi verið að endurskoða lögin vegna þess að miklar tækniframfarir hafi orðið frá því að þau voru sett samhliða miklum samfélagsbreytingum. Tekið er dæmi um að vægi umhverfisverndar hafi aukist til muna frá því að lögin voru sett. Enn fremur er bent á að setja þurfi skýrar niður í löggjöf vægi einkaréttar, almannaréttar og opinberra hagsmuna með það í huga hve miklir hagsmunir eru af hagkvæmri nýtingu vatns og skynsamlegri stjórnun þessarar auðlindar.

Umhverfisstofnun telur að framlagt frumvarp til vatnalaga sé háð verulegum annmörkum þar sem það lýtur aðeins að hluta þeirra sjónarmiða sem sett eru fram í tilvísaðri greinargerð ... Umhverfisstofnun bendir á, að frumvarpinu virðist að grunni til vera ætlað að líta á orkunýtingu vatns sem er mjög afmarkaður þáttur þessa málaflokks sem lýtur að vatni, vatnabúskap, nýtingu og verndun vatns.

Umhverfisstofnun telur á hinn bóginn að frumvarpið taki nánast ekkert til umhverfismála, „vatnafars og vatnabúskapar í víðasta skilningi þar sem lögð er áhersla á umhverfið og verndun þess“ eins og segir í greinargerðinni og er þar rakin sem ein meginástæða fyrir því að ráðist er í endurskoðun laganna.“

Þetta er umsögn um frumvarpið eins og það var lagt fram á síðasta þingi en það hefur í sjálfu sér ekki breytt um eðli síðan.

„Umhverfisstofnun telur að framlag frumvarps stangist á við alþjóðlegar viðmiðanir og skuldbindingar Íslands og leiði til réttaróvissu á fjölmörgum sviðum umhverfismála, almannaréttar og vatnsnýtingar.“

Þessar athugasemdir gerir Umhverfisstofnun. Ég spyr

aftur: Hvers vegna er ekki fyrst komið hér fram með frumvarp um vatnsvernd? Hvers vegna er alltaf farið aftan að hlutunum, og fyrst sett fram frumvarp um nýtingu á vatni sem er samkvæmt skilgreiningu núverandi iðnaðarráðherra nánast alfarið til virkjunar? Við upplifðum það t.d. í umræðunni fyrr í vetur varðandi frumvarp um virkjana- og rannsóknaleyfi að nýtingin ætti að hafa forgang í rannsóknum á vötnum umfram allt annað. Enn hefur engu verið svarað til um hvers vegna ekki er fyrst lagt fram vatnsverndarfrumvarp á þinginu.

Umsögn Umhverfisstofnunar frá 21. mars 2005 er um margt ágæt. Þar segir áfram:

„Að meginefni gerir Umhverfisstofnun athugasemdir við þrjá höfuðþætti frumvarpsins: ákvæði um einkaeignarrétt á vatni, eyðingu mikilvægra ákvæða um rétt og hagsmuni almennings sem er að finna í núgildandi lögum og um fyrirhugaða stöðu Orkustofnunar sem yfirstjórnar vatnsmála út fyrir skilgreint hlutverk stofnunarinnar ?"

Megináherslur Umhverfisstofnunar lúta að því að ekki skuli tekið á raunverulegum umhverfisþáttum áður en farið væri að tala um nýtingu.

Það er líka fróðlegt að skoða umsögn frá Náttúrufræðistofnun varðandi frumvarpið. Bæði umsögn sem kom um frumvarpið í fyrra og aftur í ár. En í umsögn frá Náttúrufræðistofnun um þetta frumvarp, frá 2. mars 2005, segir með leyfi forseta:

„Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis dags. 10. febrúar 2005 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til vatnalaga sem iðnaðarráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Einnig er vísað til bréfs Náttúrufræðistofnunar til iðnaðarnefndar dags. 31. janúar sl. með umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, en þar er að finna atriði sem málið varða.

Í 2. gr. frumvarpsins er gildissvið fyrirhugaðra laga skilgreint sem „allt rennandi eða kyrrstætt vatn í hvaða formi sem er á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi". Í 3. gr., 9. tölulið, frumvarps til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum er þessi víðtæka skilgreining á vatni felld undir hugtakið „jarðræn auðlind". Þess vegna þarf að skoða þessi tvö frumvörp í samhengi." — Hér er bent á það.

„Í umsögn um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum lagðist Náttúrufræðistofnun eindregið gegn þeirri fyrirætlun að skilgreina vatn (í hvaða formi sem er) sem jarðræna auðlind og fela umsjón þess iðnaðarráðuneyti og Orkustofnun. Vatn er í grundvallaratriðum frábrugðið öðrum jarðefnum að því leyti að það finnst náttúrulega í þrenns konar formi, þ.e. í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn. Stofnunin lagði áherslu á að þótt vatn geti verið orkugjafi, og þar með verslunarvara, þá sé það fyrst og fremst lífsnauðsynlegt efni öllum mönnum og öllum lífverum. Forgangsröðin varðandi umsjón með og vöktun vatns er þess vegna hollustuhættir, umhverfi og orkunýting en ekki öfugt."

Áfram segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar frá því í fyrravetur:

„Vatn er lífsnauðsynleg auðlind og arfleifð alls mannkyns og alls lífríkis á jörðinni." — Í þessu frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra er þessu sýnd fullkomin vanvirðing, þessu mikla hlutverki vatns, grundvallarhlutverki. — „Þessi hugsun er ráðandi í lagabálkum í nágrannalöndum okkar og kemur vel fram í vatnatilskipun ESB frá 2000 (2000/60/EC) sem segir efnislega að vatn sé ekki söluvara heldur sameiginlegur arfur mannkyns sem beri að varðveita, vernda og umgangast í samræmi við það. Nú er unnið að lögleiðingu vatnatilskipunar ESB hér á landi í heildstæðri löggjöf um vernd og nýtingu vatns. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að sértæk lög um eignarhald og umsýslu með vatni séu lögfest áður en fyrir liggur hvernig vatnatilskipunin verður innleidd.

Eignarrétti yfir vatni og öðrum jarðrænum auðlindum er gert hátt undir höfði í nefndum lagafrumvörpum. Nær væri, að mati Náttúrufræðistofnunar, að styrkja almannarétt gagnvart auðlindum landsins og þá sérstaklega gagnvart vatni í öllum þess formum (samanber t.d. ofangreint ákvæði í vatnatilskipun ESB og ákvæði 1. gr. laga 38/1990, um stjórn fiskveiða, um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar)." — Þessi umsögn Náttúrufræðistofnunar er reyndar um frumvarpið eins og það var lagt fram í fyrra en á því hefur ekki orðið nein efnisleg breyting.

Hér segir áfram:

„Verði frumvarpið að lögum fær Orkustofnun umfangsmikið stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk með vatni sem eðlilegra væri að Umhverfisstofnun færi með samkvæmt áðurnefndri forgangsröð. Hlutverk Orkustofnunar er fyrst og fremst að hafa umsjón með orkulindum landsins og öflun vatnsorku og jarðhitaorku til iðnaðar- og heimilisnota. Orkustofnun hefur að mati Náttúrufræðistofnunar ekki nægilega þekkingu til að gæta réttmætra hollustu- og umhverfissjónarmiða við stjórnsýslu varðandi vernd og nýtingu vatns. Grunnvatn hefur verið umkomulaust í stjórnkerfinu fram að þessu og nauðsynlegt að setja lög um verndun þess og vöktun. Þar væri eðlilegt að fela Umhverfisstofnun stjórnsýsluhlutverkið en Náttúrufræðistofnun Íslands að annast nauðsynlega vöktun og rannsóknir á þessari mikilvægustu auðlind landsins.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að frumvarp þetta verði dregið til baka og að beðið verði með sértæka löggjöf um eignarhald og nýtingu vatns þar til fyrir liggur heildstæð rammalöggjöf um verndun og vöktun vatn í anda vatnatilskipunarinnar."

Ég vek athygli á því að þetta er umsögn sem barst í fyrra um frumvarpið þá og hér er lagt til að fyrst liggi fyrir lög um verndun vatns, rammalöggjöf um verndun vatns. Það var líka til umtals í fyrra að það yrði gert en hvað er svo gert? Nú kemur aftur fram frumvarp til vatnalaga og enn bólar ekkert á verndunarfrumvarpinu.

Þegar við lesum, frú forseti, þessar umsagnir og síðan 1. gr. þessa lagafrumvarps þar sem stendur eins og ég vitnaði til áðan:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns."

Dettur einhverjum í hug að forstöðumaður Náttúru-

fræðistofnunar og hæstv. iðnaðarráðherra leggi sama skilning í það hvað sé skynsamleg vatnsnýting? Nei, það þarf enginn að láta sér detta það hug. Þessi orðanotkun í 1. gr. frumvarpsins er því að mínu viti bara fullkomlega ótæk. (**Gripið fram í:** Það er búið að breyta henni.) Hvernig er búið að breyta henni? (**Gripið fram í:** ... í 2. mgr.) Þetta er í 1. mgr. (**Gripið fram í:** Þú ert að tala um markmiðsgreinina.) Ég er að tala um fyrsta markmiðið hér. Ég er með frumvarpið, er einhver breytingartillaga við þetta hjá þér? (Gripið fram í.) Nei, en liggja fyrir einhverjar breytingartillögur við 2. umr.? (**Gripið fram í:** Þetta breyttist á nýju þingi.) Ég er að vitna til frumvarpsins. (**Gripið fram í:** ... umsagnirnar.) (**Gripið fram í:** Náttúrufræðistofnun lýsti því yfir að umsögnin frá í fyrra gilti, væri í fullu gildi.) En ég er hér að vitna til frumvarpsins og mér kemur á óvart ef hv. þingmaður hefur ekki lesið 1. gr. þess þar sem stendur þetta matskennda orðalag „skynsamleg vatnsnýting". Hvaða lagatæknilega orðskýring er það? Og hér stendur áfram:

„Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er."

Hvers konar lagatexti er þetta? Ef við berum þetta saman við umsagnir þessara stofnana og annarra sem eru að reyna að túlka markmið og tilgang þessara laga þá er himinn og haf á milli sjónarmiða þeirra og þess skilnings sem iðnaðarráðherra leggur í hvað sé skynsamlegt eða hvað sé ekki umfram það sem nauðsynlegt er.

Við vitum að sjónarmið iðnaðarráðherra er spurningin um hvernig hægt sé að virkja þetta. Eins og ég sagði áðan, frú forseti, þá ég er handviss um að ef ég væri iðnaðarráðherra legði ég allt annan skilning í hvað væri skynsamlegt og hvað mætti ekki gera umfram það sem nauðsynlegt væri heldur en núverandi iðnaðarráðherra. Í höndum þess ráðherra er þetta frumvarp algert geðþóttamál, sem mér finnst lagatæknilega ófært. Væri því fróðlegt að heyra hjá einhverjum lögspekingum sem hafa próf í lögfræði hvað þeim finnst um slíkt orðalag, að þetta sé fullkomið matsatriði. Þetta væri eins og ef einhver gerðist þjófur og það væri bara matskennt, hann ætlaði nú ekki að stela, greyið, eða: hann stal nú ekki umfram það sem nauðsynlegt var. Við gætum sett það hérna inn í textann: Hann stal ekki umfram það sem nauðsynlegt var. (**Gripið fram í:** Og með skynsamlegum hætti.) Og með skynsamlegum hætti, já. Svo ættum við að dæma hann eftir því. Ja, þetta var tiltölulega skynsamlegur þjófnaður og hann stal ekki miklu umfram það sem nauðsynlegt var. Hvernig væri hægt að dæma mann fyrir þjófnað á slíkum lagaforsendum? En þetta er nákvæmlega það sem stendur í þessum texta. Iðnaðarráðherra getur framið þjófnað gagnvart náttúrunni á þessum forsendum, farið fram með yfirgang gagnvart náttúrunni á þeim forsendum að hún steli ekki, taki ekki, rústi ekki eða raski ekki vatni og farvegi þess, lífríki eða vistkerfum, umfram það sem að hennar mati er nauðsynlegt. Það er það sem stendur í þessu frumvarpi. Hvers konar lagatæknileg orð eru þetta, frú forseti?

Eins og þetta frumvarp liggur fyrir mega menn bara þakka fyrir að geta kallað það til baka til að verða sér ekki lagatæknilega til skammar ef frumvarpið yrði að lögum. Ég vildi heyra hvernig dómari færi að því að dæma brot á þessum lögum, að dæma ráðherra fyrir brot á þessum lögum, því að sá ráðherra mundi auðvitað segja: Nei, nei, ég gerði ekkert umfram það sem nauðsynlegt var. Hvernig færu menn að því að sækja rétt sinn gagnvart lögum sem hafa slíka orðatúlkun? Mér þætti fróðlegt að heyra um það frá einhverjum lögspekingum. (Gripið fram í.) Hann stal ekki meiru en nauðsynlegt var, hann stal bara því sem skynsamlegt var. Við hljótum að taka það til greina í þjófnaði eða yfirgangi gagnvart náttúrunni.

Frú forseti. Ég hlýt þess vegna undir lok ræðu minnar að taka undir þau orð sem ég vitnaði til áður í leiðara Morgunblaðsins frá 1. nóvember sl. þar sem eftirfarandi er afdráttarlaust lagt til:

„Nú stendur yfir nefndarstarf um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Rétt er að við þá endurskoðun verði áskorunin, sem kemur fram í yfirlýsingu félagasamtakanna fyrir helgi um vatn fyrir alla, tekin til alvarlegrar skoðunar. Þótt á Íslandi sé gnægð vatns verða Íslendingar að sýna að þeir kunni að umgangast þessa mikilvægu auðlind af virðingu og alúð."

Áður sagði í leiðara þessum:

„En það hlýtur einnig að vera mikið álitamál hvort hægt sé að einkavæða auðlind á borð við vatn og má yfirfæra þá umræðu yfir á umræðuna um auðlindir hafsins og spyrja hvort ekki sé rétt að líta á vatn sem þjóðareign."

Þessi áskorun er í leiðara Morgunblaðsins. Og þrátt fyrir að Morgunblaðið hafi ekki alltaf rétt fyrir sér, eins og ég hef áður sagt, þá eru Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Morgunblaðið sammála hér um að þessu máli eigi að fresta og taka inn í umræðuna um stjórnarskrána hver verði réttur til vatns og setja þar inn. Þess vegna leggjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og raunar öll stjórnarandstaðan, til að þessu máli verði vísað frá. Ég held að það væri sannarlega öllum fyrir bestu og ekki síst upphafsmönnum þessa frumvarps, iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins og öðrum framsóknarþingmönnum og ráðherrum sem hér ganga svo þvert gegn uppruna síns flokks sem var félagshyggja, samhygð og umhyggja fyrir náttúrunni. En nú skal böðlast á henni.

Við skulum vísa þessu máli frá, frú forseti, og ef nauðsyn krefur kem ég hér með aðra ræðu til að fylgja þeirri kröfu eftir.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 00:16.

81. FUNDUR

fimmtudaginn 9. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Norræna ráðherranefndin 2005, skýrsla, 565. mál, þskj. 820 og 820. — Ein umr.
2. Norrænt samstarf 2005, skýrsla, 574. mál, þskj. 832 og 832. — Ein umr.
3. Vestnorræna ráðið 2005, skýrsla, 577. mál, þskj. 838 og 838. — Ein umr.
4. Norðurskautsmál 2005, skýrsla, 576. mál, þskj. 837. — Ein umr.
5. ÖSE-þingið 2005, skýrsla, 557. mál, þskj. 811 og 811. — Ein umr.
6. Fríverslunarsamtök Evrópu 2005, skýrsla, 558. mál, þskj. 812 og 812. — Ein umr.
7. Alþjóðaþingmannasambandið 2005, skýrsla, 584. mál, þskj. 848 og 848. — Ein umr.
8. NATO-þingið 2005, skýrsla, 585. mál, þskj. 860 og 860. — Ein umr.
9. VES-þingið 2005, skýrsla, 586. mál, þskj. 861 og 861. — Ein umr.
10. Evrópuráðsþingið 2005, skýrsla, 588. mál, þskj. 863 og 863. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Mannabreytingar í nefndum.

[10:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá varaformanni þingflokks framsóknarmanna, Magnúsi Stefánssyni, um mannabreytingar í nefndum, dagsett 8. mars:

„Þingflokkur framsóknarmanna hefur ákveðið í samræmi við 16. gr. þingskapa að eftirfarandi breytingar verði á skipan þingmanna flokksins í fastanefndum:

Dagný Jónsdóttir tekur sæti Sivjar Friðleifsdóttur í félagsmálanefnd.

Jónína Bjartmarz tekur sæti Sivjar Friðleifsdóttur í efnahags- og viðskiptanefnd.

Guðjón Ólafur Jónsson tekur sæti Sivjar Friðleifsdóttur í heilbrigðis- og trygginganefnd.

Guðjón Ólafur Jónsson tekur sæti Dagnýjar Jónsdóttur í landbúnaðarnefnd.

Magnús Stefánsson tekur sæti Sivjar Friðleifsdóttur í utanríkismálanefnd.

Jafnframt verður sú breyting að Kristinn H. Gunnarsson tekur sæti Sivjar Friðleifsdóttur í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Birkir J. Jónsson tekur sæti Kristins H. Gunnarssonar í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA.

Dagný Jónsdóttir tekur sæti Birkis J. Jónssonar sem varamaður í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA.

Jónína Bjartmarz tekur sæti Birkis J. Jónssonar sem varamaður í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.“

[10:32]

Útbýting:

Alþjóðleg útboð, 608. mál, fsp. JKÓ, þskj. 892.

Greiðslur til foreldra langveikra barna, 389. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 896.

Leiguverð fiskveiðiheimilda, 611. mál, fsp. VF, þskj. 895.

Athugasemdir um störf þingsins.

Framtíð Listdansskóla Íslands.

[10:33]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna þeirra frétta sem berast nú frá foreldrafélagi Listdansskóla Íslands. Reyndar náðist því miður ekki í hæstv. menntamálaráðherra áður en þessi fundur hófst. Hún er því ekki viðstödd til að svara þeim spurningum sem ég hefði gjarnan viljað leggja fyrir hana en ég vil engu að síður vekja athygli þingheims á því sem er að gerast í Listdansskóla Íslands og þeirri óánægju sem ríkir nú hjá foreldrafélagi skólans í ljósi þess sem hér hefur verið sagt úr þessum ræðustóli og hæstv. menntamálaráðherra hefur haldið fram varðandi þær breytingar sem nú eru fyrirhugaðar á skólanum.

Eins og menn rekur minni til var ekki gert ráð fyrir fjármunum til Listdansskólans á fjárlögum þessa árs nema til að klára þetta skólaár. Hæstv. ráðherra hefur í hyggju að einkavæða skólann, var búin að fá til þess fyrirtæki sem heitir Dansmennt ehf. en nú fullyrðir foreldrafélag Listdansskóla Íslands að frá áramótum hafi ekkert gerst og ekkert gengið eftir af yfirlýsingum hæstv. ráðherra um að ekki sé fyrirhugað að skerða námið, ekkert gengið eftir af því samtali sem átti að fara fram milli foreldrafélagsins og hæstv. ráðherra eða ráðuneytisfólks þannig að nú er orðið ljóst að áform ráðherrans hafa öll verið í skötulíki.

Það er auðvitað mjög miður, frú forseti, að ráðherrar og ríkisstjórnin skuli fara svona að, taka ákvarðanir sem eru jafnafdrifaríkar um framtíð fólks eins og hér um ræðir án nokkurs samráðs. Þegar skaðinn er skeður, ákvarðanirnar teknar, er heldur ekkert gert í framhaldinu til að tryggja að sátt ríki um áformin. Svona fer maður ekki að, frú forseti, og það er mjög miður að heyra þessar óánægjuraddir frá foreldrafélaginu. Við hv. alþingismenn þurfum að veita ríkisstjórninni meira aðhald greinilega til að fleiri axarsköft séu ekki framkvæmd, til að fleiri skemmdarverk séu ekki framin, vil ég segja, á námi og þá sérstaklega listnámi því

það er ekki eingöngu listdansinn sem hér um ræðir og við höfum verið að gagnrýna hæstv. menntamálaráðherra fyrir. Ég nefni tónlistarnám og get svo sem nefnt fleira.

[10:35]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er óheppileg tilviljun að Listdansskóli Íslands er ekki stofnaður með lögum, um hann eru ekki lög þannig að hann tilheyrir menntamálaráðuneytinu svo sem eins og hver önnur hjáleiga og menntamálaráðherra telur sig vera einvald yfir þeim skóla og ráða örlögum hans algerlega sjálf. Það veldur m.a. því að þingmenn eiga erfitt með að veita ráðherranum aðhald í þessum efnum sem þó er skylda þeirra að landslögum og við höfum þurft að ræða um málefni Listdansskólans og málefni listdansnáms í landinu utan hjá í umræðum um störf þingsins eins og nú eða í miðri fjárlagaumræðu sem fjallar um margt annað eins og menn vita. Það er kannski kominn tími til í tilefni af þessari ályktun foreldra að taka sérstaka umræðu um Listdansskólann þegar hæstv. menntamálaráðherra má vera að því fyrir miklum ferðum og önnum í starfi sínu fyrir ráðuneyti sitt og önnur ráðuneyti og stjórnsýsluna í landinu.

Ég tek undir með síðasta hv. ræðumanni að svo virðist vera að menntamálaráðherra hafi ekki tekist að standa við sín eigin fyrirheit sem hún gaf um að þessi mál væru í góðu lagi og þetta væri allt á fínum vegi sem er hið eilífa og stöðuga svar við spurningum um Listdansskólann og að samningar hennar til að einkavæða þetta nám í landinu hafa ekki tekist. Það sjáum við af ályktun foreldranna og það er illt að þurfa að segja frá því vegna þess að eitt af hinum brýnu vandamálum í þessu var auðvitað það að tryggja nemendum þann rétt sem þeir eiga skilið og það á ekki að hverfa í upphlaupi menntamálaráðherra í þessu efni.

[10:37]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ef ég man rétt var það í ágústmánuði síðasta haust á fyrsta starfsmannafundi haustsins í Listdansskóla Íslands að fulltrúar úr menntamálaráðuneytinu voru gerðir út með þann boðskap hæstv. menntamálaráðherra að til stæði að leggja Listdansskólann niður og einkavæða starfsemina, þ.e. að því marki sem hún yrði til. Eitthvað af starfseminni átti að hverfa inn í aðra skóla en öll áform voru hins vegar í skötulíki eins og nú er að koma á daginn.

Þegar farið var að gaumgæfa þessi mál, ræða þau m.a. á Alþingi og varpa ljósi á líklegar afleiðingar þeirrar ákvörðunar, varð flestum ljóst í hvert óefni stefndi og nú hefur það komið á daginn. Ég tel mjög mikilvægt að það verði tekið til mjög alvarlegrar skoðunar í ríkisstjórninni að endurskoða fyrri áform, að hætta við einkavæðingu Listdansskólans og láta hann starfa áfram í því formi sem áður var við lýði og efla þá starfsemi í stað þess að brjóta hana niður.

[10:39]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil minna á að við afgreiðslu fjárlaga í haust fyrir þetta ár gagnrýndum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs mjög harðlega niðurskurð til Listdansskólans og það að ætlað væri að leggja hann niður. Við fluttum tillögu á Alþingi um fjárveitingu til Listdansskólans til að tryggja starf hans út allt þetta ár. Sú tillaga var felld á þinginu og nú sjáum við hvert stefnir. Það stefnir í fullkomið óefni með þann skóla. Ekki aðeins að vilyrði og yfirlýsingar hæstv. menntamálaráðherra um að framtíð hans yrði tryggð með einkavæðingunni reynist bara haldlaust spjall heldur stendur listdansnámið einnig uppi skipulags- og fjárvana.

Ég tek undir þá eindregnu áskorun sem hérna hefur komið fram frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að þetta mál verði þegar í stað tekið upp í ríkisstjórn. Ég tel þetta eitt brýnasta málið fyrir ríkisstjórnina að leysa, fresta öllu einkavæðingartali og einkavæðingu og taka á málum Listdansskólans svo að sómi sé að og tryggja framtíð hans.

[10:41]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki nógu gott. Þær upplýsingar sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom með í upphafi máls síns ollu mér satt að segja nokkrum vonbrigðum. Ég man ekki betur en hæstv. menntamálaráðherra hafi reynt a.m.k. að fullvissa þingið um að þessi mál væru í góðum farvegi þegar við vorum að ganga frá afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót. Þá voru þessi mál til umræðu. Ég verð að segja að ég ákvað að taka þann pól í hæðina og við í Frjálslynda flokknum að taka orð hæstv. menntamálaráðherra trúanleg. Núna kemur síðan yfirlýsing frá foreldrafélagi Listadansskóla Íslands um að ekkert hafi gerst í þessum málum og það veldur mér vonbrigðum.

Það veldur mér líka ákveðnum vonbrigðum að við skulum ekki vera upplýst um hvað valdi því að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki hafa séð sér fært að vera hér til staðar til að standa fyrir máli sínu. Það eru líka ákveðin vonbrigði að mér sýnist að allir þingmenn stjórnarliðsins ætli ekki taka þátt í þessari umræðu. — Jú, þar bankar hv. þm. Birgir Ármannsson í borðið og vill kveðja sér hljóðs um málið. En hvað um t.d. framsóknarþingmennina? Hér er formaður fjárlaganefndar, hv. þm. Magnús Stefánsson. Áhugavert væri að heyra skoðun þeirra á málinu.

Ég hefði líka viljað sjá formann menntamálanefndar, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson. Ég lá á gægjum í gluggunum og bjóst við að sjá þann vaska svein koma hlaupandi yfir Austurvöll þegar þessi umræða væri hafin en það bólaði ekkert á honum síðast þegar ég gáði út um gluggann. Þetta finnst mér frekar dapurlegt. Mér finnst að stjórnarliðar þurfi að skýra mál sitt og gefa okkur skýringar á hvernig á því stendur að ekkert hafi gerst í þessum hlutum því eins og ég sagði í upphafi máls míns, hæstv. ráðherra reyndi að fullvissa þingið um að þetta væri í góðum farvegi fyrir örfáum vikum.

[10:44]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Af hverju treystir hæstv. menntamálaráðherra sér ekki til að koma til þessarar umræðu? Hún var látin vita af henni en hún getur ekki komið hingað til að standa fyrir máli sínu. Það er því miður að verða venja hjá hæstv. ráðherra að hún flýr af hólmi í hvert einasta skipti

sem hún þarf að standa andspænis þeim klúðrum sem hún veldur sjálf.

Í þessu máli, frú forseti, er verið að fjalla um eitt mikilvægt grundvallaratriði og það er þetta: Er hægt að treysta orðum ráðherra? Hæstv. menntamálaráðherra gaf yfirlýsingar úr þessum stóli um ákveðna úrlausn. Ráðherrann lofaði foreldrasamtökum ákveðinni lausn á málinu og það blasir einfaldlega við að hún hefur ekki staðið við þau orð. Því miður er það að verða þannig með þennan ráðherra að ekki er alltaf hægt að treysta orðum hennar og ekki bara í þessu máli.

[10:45]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að taka undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Það er orðið mjög erfitt að treysta því sem hæstv. menntamálaráðherra lætur frá sér fara. Hún hefur ítrekað gefið yfirlýsingar um að framtíð þessa skóla væri tryggð en síðan virðist annað vera uppi á teningnum og menn þurfa að vera að ýta á eftir málinu, ýta á eftir því að hún standi við gefin loforð.

Maður fer að velta fyrir sér hvað valdi. Það er erfitt að átta sig á því hvað það er en það eru fleiri dæmi um að Sjálfstæðisflokkurinn er á furðulegri vegferð í menntamálum. Við verðum að horfa til þess að Sjálfstæðisflokkurinn með alla þessa lögfræðinga í stól menntamálaráðherra hefur lagt niður nám t.d. í fiskvinnsluskólum, það er búið að leggja það af. Á sama tíma er búið að koma á námi á fjórum stöðum á landinu í lögfræði. Þetta eru áherslurnar. Ég veit ekki betur en hv. þm. Birgir Ármannsson komi í stólinn hér á eftir og e.t.v. tilkynnir hann okkur að enn ríkari áhersla verði lögð á lögfræðimenntun, ég veit það ekki. En ég er á því að þetta sýni firringu hjá Sjálfstæðisflokknum. Það fær ekkert að vera í friði, ekki einu sinni listnám. Nám í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar er lagt niður og síðan er þeim stöðum fjölgað þar sem lögfræði er kennd. Þetta er alveg með ólíkindum.

[10:47]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Mér var ekki ljóst hvaða nám nákvæmlega hv. þm. Sigurjón Þórðarson var að ræða um, hvort hann var að ræða um listnám, fiskvinnslunám eða lögfræðinám. (**SigurjÞ:** ... hvort tveggja?) Ég hygg að hv. þingmanni hafi sjálfum ekki verið það ljóst þegar hann fór í pontu og er það nokkuð dæmigert fyrir umræðuna í dag sem hefur verið með hreinum ólíkindum.

Nú er það svo að þingsköp heimila þingmönnum að ræða við upphaf þingfundar þau mál sem á þeim brenna og er ekkert sem hindrar menn í því að taka upp umræðu um málefni Listdansskólans eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði. Það er ekkert sem hindrar hana í því. Á hinn bóginn hlýt ég að vekja athygli á því, vegna þeirra árása sem hér hafa átt sér stað á hendur hæstv. menntamálaráðherra, að málefni listdansnáms voru ekki á dagskrá í dag. Hér stendur til að ræða skýrslur alþjóðanefnda og mér vitanlega var ekki ljóst að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ætlaði að taka þessa umræðu upp fyrr en örstuttu fyrir þingfund. Ég held því að hv. þingmenn ættu að spara sér stóru orðin um hæstv. menntamálaráðherra þegar ásakanir eru hafðar uppi um að hún þori ekki að mæta til umræðu eða víki sér undan því. Það er þannig að þingmenn geta tekið upp þau mál sem þeir vilja en hins vegar er ekki venja að menn geti með örstuttum fyrirvara, örfárra mínútna fyrirvara, kallað ráðherra til svara. Þingsköpin heimila þingmönnum að taka upp mál af þessu tagi undir fjölmörgum öðrum dagskrárliðum þingsins, t.d. í undirbúnum og óundirbúnum fyrirspurnum, og ekkert sem segir að hæstv. menntamálaráðherra hefði ekki verið tilbúin til að koma í þá umræðu. Og ég verð að segja að þó ég geri enga athugasemd við það að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir taki þetta mál upp þá eru svigurmæli einstakra þingmanna í garð hæstv. menntamálaráðherra fullkomlega tilefnislaus.

[10:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Af þessu tilefni og vegna orða hv. þingmanns sem hér talaði síðastur vil ég eingöngu segja að það var ekki langur fyrirvari á því að ég tók þessa ákvörðun þannig að ég hafði ekki neinar hástemmdar yfirlýsingar um það í upphafi máls míns að ráðherra væri ekki viðstaddur. Það hefði hins vegar verið heppilegra en svo var ekki.

Það sem mér finnst skipta máli í þessu er það að foreldrafélag Listdansskóla Íslands biður okkur sem hér sitjum, eða tekur öllu heldur tekur undir það ákall sem við höfum hér úr þessum ræðustóli áður fært fram, um að þessum áformum hæstv. menntamálaráðherra verði frestað.

Nú er það svo að Dansmennt ehf., sem gert er ráð fyrir að taki við forræði í þessu námi, hefur ekki enn þá fengið neitt húsnæði til starfseminnar. Námskráin sem liggur fyrir — hún var samin í hasti rétt fyrir áramót og varðar bara framhaldsskólastigið — vekur mikla óánægju, hún er talin mjög ófullkomin og ná mjög skammt. Námskrá vegna grunnskólastigsins er ekki tilbúin. Það er hins vegar ekki búið að segja starfsmönnum upp og því tel ég einboðið að hæstv. ráðherra gefi yfirlýsingu um það sem allra fyrst að áformum um þessa einkavæðingu verði frestað, hún verði sett á ís. Það er margt sem styrkir mál okkar í þeim efnum, m.a. það að nú hafa borist ýmsar fréttir um það af Norðurlöndunum hver staðan er í samstarfi hinna opinberu listdansskóla. Listdansskóli Íslands hefur sinnt miklu samstarfi fyrir okkar hönd og hefur alltaf komið afskaplega vel út. Hinir opinberu listdansskólar standa miklu meira en feti framar, þeir standa mun framar en allir einkaskólarnir á Norðurlöndunum ná að gera. Ég fullyrði úr þessum ræðustóli að með einkavæðingaráformum sínum er hæstv. ráðherra að gjaldfella nám í listdansi sem hefur staðið styrkum fótum hér á Íslandi.

Reynum að vitkast og hvetjum hæstv. ráðherra í sameiningu til að taka aftur þessi áform sín en efla hins vegar listdansnámið innan Listdansskóla Íslands.

[10:51]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég er hreint undrandi á þeim ásökunum á hendur menntamálaráðherra sem hafa komið fram í þessari umræðu og mér finnst það umhugsunarefni að þingmenn kjósi að taka þessi mál til umræðu að menntamálaráðherra

fjarstaddri og tryggja það ekki að hún geti verið til andsvara. Ég treysti menntamálaráðherra fullkomlega til að ljúka þessu máli með sóma eins og hún hefur reyndar lýst yfir á þinginu. Hún hefur sýnt það í störfum sínum að hún er þess trausts verð, hefur verið að leysa mjög mörg erfið mál. Ég undrast það svo sannarlega og skil ekki af hverju þingmenn vilja vera að ræða þessi mál með þeim ásökunum sem hér eru uppi að menntamálaráðherra fjarstaddri.

[10:52]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skil það svo sem ágætlega að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir taki málið upp enda verðum við að hlusta á áhyggjur foreldrafélags skólans og mér þykir að hv. þingmaður hafi í fyrri ræðu sinni farið varfærnislega í málið vegna þess að hún vissi að hæstv. ráðherra væri ekki hér.

Mér finnst hins vegar mjög ósmekklegt, það sem nokkrir hv. þingmenn hafa gert, að ráðast á hæstv. menntamálaráðherra fyrir að vera fjarverandi. Hæstv. ráðherra vissi ekki af því að það ætti að taka þetta mál upp og ég efast ekki um að hún hefur gildar ástæður fyrir því að koma ekki hingað í þingsal núna. Eins og kom fram hjá hv. þm. Birgi Ármannssyni geta þingmenn að sjálfsögðu tekið mál upp án þess að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir en ég held að við ættum að bíða róleg eftir því að hæstv. menntamálaráðherra gefist færi á því að skýra frá stöðu mála. Ég efast ekki um að hún hefur góðar og gildar skýringar á því hver staðan er. Ég veit að hæstv. ráðherra mun ekki skorast undan því, hún hefur ekki gert það hingað til. Ég vil því ítreka að mér finnst ósmekklegt að ráðast á hæstv. menntamálaráðherra með þessum hætti að henni fjarstaddri.

[10:54]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. menntamálaráðherra er ekki hér, það er staðreynd. Þótt í þingsköpum standi að menn eigi að sækja alla fundi þá hefur einkum ráðherrum liðist að gera það ekki nema þeir eigi hér sérstakt erindi. Ég geri ráð fyrir því að menntamálaráðherra hafi haft einhverjum gagnlegri hlutum að sinna en þeim að standa fyrir sínu máli og skýra út fyrir okkur hvers vegna foreldrar nemenda í Listdansskólanum eru í þeim vanda sem þeir eru.

Ég held að við gerum ekki annað hér, sem höfum áhyggjur af þessu ásamt foreldrunum, en að taka málið upp aftur við fyrsta mögulegt tækifæri þegar hæstv. menntamálaráðherra þóknast að vera í salnum vegna þess að það er ekki við neinn annan að tala um þetta. Málið virðist ekki vera á áhuga- eða þekkingarsviði þeirra þingmanna sem styðja menntamálaráðherra með því að veita honum stuðning sinn innan þingsins. Hér komu upp þrír slíkir þingmenn, hæstv. umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, hv. þm. Dagný Jónsdóttir og hv. þm. Birgir Ármannsson, og kusu að eyða máli sínu í það að skamma hér einn eða tvo ræðumenn fyrir að hafa harmað það að menntamálaráðherra væri ekki á staðnum, en sögðu ekki orð um það mál sem vakti þessar umræður.

Málefni Listdansskólans virðast vera í klúðri langt umfram það sem heitið var af hálfu hæstv. menntamálaráðherra, þá sjaldan hann hefur fengist til að ræða þetta á þinginu — þetta kemur þinginu sem sagt formlega ekki við. Þeirri spurningu hefur ekki heldur verið svarað hvað gerðist með hinn hlutann af nemendum þessa skóla, þann sem átti að koma inn í grunnskólana en síðast þegar ég vissi hafði ekki verið talað eitt orð við grunnskólana um það mál.

[10:56]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Birgis Ármannssonar að hann skildi ekki alveg ræðu mína, hvert ég væri að fara. Ég verð því að nota tækifærið á ný og fara yfir það. Ég var að ræða um menntamálastefnu ráðherra Sjálfstæðisflokksins. En þar sem margir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins, sem hafa gegnt embætti menntamálaráðherra, hafa verið lögfræðingar þá hafa þeir lagt alla áherslu á lögfræði og gleymt undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Það er það sem er vert að ræða hér. Á fjórum stöðum á landinu er verið að kenna lögfræði. Þetta finnst okkur vel í lagt miðað við að það er búið að leggja niður allt nám í fiskvinnslu, undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, og nú stefnir í — og það er tengingin við þetta mál, frú forseti — að annað nám verði lagt af og þá er það spurningin hvort Sjálfstæðisflokkurinn ætli að auka enn kennslu í lögum. Mér finnst svolítið vel í lagt og mér finnst það bera vott um hálfgerða firringu hjá Sjálfstæðisflokknum að leggja alla áherslu á að kenna lögfræði en ekkert í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Þetta er alveg stórundarlegt (Gripið fram í.) og ég heyri að hv. formaður landbúnaðarnefndar hefur vissar áhyggjur af þessu líka, ef ég skil hennar frammíköll rétt. Mér finnst að þjóðin eigi að fara yfir þessa hluti með gagnrýnum hætti. Okkur í Frjálslynda flokknum finnst þetta alla vega sérkennileg menntastefna.

[10:58]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Það eru oft æðiskondnar umræður sem verða hér og ég vil taka það fram að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir var mjög „loyal" í sinni umræðu áðan gagnvart ráðherra. En síðan komu hér aðrir þingmenn og hv. 1. þm. Reykv. n., Össur Skarphéðinsson, fór hörðum orðum um hæstv. menntamálaráðherra sem hefur þó sannarlega sýnt að hún er að vinna að mörgum góðum verkefnum í sínu ráðuneyti. Hæstv. menntamálaráðherra hefur aldrei nokkurn tíma skorast undan því að koma í umræðu á hv. Alþingi þegar beðið hefur verið um það. Það náðist ekki í hana í morgun og hún er örugglega löglega forfölluð.

Að heyra í hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni, hvernig hann gasprar hér úr þessum ræðustól hvern einasta dag talandi um lögfræðinám á Íslandi. Er það ekki lögmálið um framboð og eftirspurn sem skýrir fjölgun í lögfræðinámi? (Gripið fram í.) Sjálfstæðisflokkurinn stýrir því ekki. Sjálfstæðisflokkurinn styður við þá menntun sem fólk vill. (**Gripið fram í:** ... framboð ...) Það er mikið framboð. Hvar í heiminum haldið þið í 300 þúsund manna þjóðfélagi sé eins mikið framboð af námi og hér á Íslandi? (Gripið fram í.) Hvergi nokkurs staðar. Hv. þingmaður getur stofnað sinn eigin fiskvinnsluskóla og reynt að ná sér í nemendur. Ég

hvet hann til þess og ég held að hann væri ágætur í því. (**SigurjÞ:** ... Sjálfstæðisflokkurinn á að gera það.) Sjálfstæðisflokkurinn gerir það ekki, hann skapar umhverfið, lagaumhverfið og eðlilegt umhverfi í þjóðfélaginu fyrir verslun og viðskipti og ekki síst fyrir skólana. Ég vil benda hv. þingmanni á að það er nýbúið að stofna glæsilegan skóla, landbúnaðarháskóla. Það eru glæsilegir skólar um allt land og ekki síst Háskólinn á Akureyri sem hefur gert þann bæ miklu betri en hann var áður.

Norræna ráðherranefndin 2005, ein umr.

Skýrsla samstrh., 565. mál. — Þskj. 820.

[11:00]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir skýrslu samstarfsráðherra um störf norrænu ráðherranefndarinnar árið 2005. Skýrsla þessi er að venju unnin í samvinnu allra ráðuneyta og gefur hún gott yfirlit yfir það gróskumikla starf sem við Íslendingar eigum aðild að á vettvangi ráðherranefndarinnar. Til að starfsemi stofnunar á borð við ráðherranefndina standi undir væntingum er bæði áríðandi að setja henni langtímamarkmið og gefa henni afl og ráðrúm til að takast á við ný verkefni.

Með þessar kröfur að leiðarljósi var starfsemi ráðherranefndarinnar tekin til endurskoðunar á starfsárinu. Það leiddi til að ráðherranefndartillaga um nýskipan á starfseminni var lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í lok október 2005 og samþykkt. Meginefni tillögunnar var að fækka fagráðherranefndunum úr 18 í 11. Samstarf um flestalla málaflokka ráðherranefndanna, sem lagðar voru niður sem formlegar ráðherranefndir, verður annaðhvort fellt undir einhverra þeirra ráðherranefnda sem starfa áfram óbreyttar að formi eða því verður haldið áfram sem óformlegu samstarfi viðkomandi ráðherra eða embættismanna.

Í framhaldi af þessari nýskipan á störfum ráðherranna hefur nú verið hafist handa við að endurskoða norrænu fjárlagagerðina með það að markmiði að á hverju ári verði nægilegt fjármagn laust til að sinna þeim málum sem brenna á hverju sinni, án þess þó að gengið verði á það fjármagn sem nauðsynlegt er til langtímaverkefna. Einnig er ætlunin að stytta fjárlagaferlið og koma því í þann farveg að Norðurlandaráð komi með sterkum hætti að mótun pólitískrar meginstefnu þegar við upphaf fjárlagavinnunnar. Niðurstöður eiga að liggja fyrir um mitt þetta ár.

Meðal allra mikilvægustu langtímaverkefna sem Norræna ráðherranefndin sinnir er að fækka stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum. Á starfsárinu náðist sá árangur að opna sérstaka norræna skattagátt, sem skattyfirvöld á Norðurlöndum standa að. Þar eru allar upplýsingar um skattamál aðgengilegar almenningi og fyrirspurnum svarað á netinu. Þá er unnið að samnorrænni vinnumiðlun á netinu, sem í upphafi snýr að Eyrarsundssvæðinu en sem á að taka til fleiri svæða með tímanum. Ætlunin er að nýr samningur um almannaskráningu, sem undirritaður var í árslok 2004, taki gildi á árinu 2006. Hann mun einfalda mjög úthlutun kennitalna til þeirra sem flytjast frá einu norrænu ríki til annars.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um breytingu á lögum um tilkynningar aðsetursskipta sem er forsenda þess að Ísland geti staðfest samninginn. Hér er gott dæmi um árangur í norrænu samstarfi sem fjölmargir Norðurlandabúar munu fljótlega verða áþreifanlega varir við.

Á starfsárinu var einnig opnuð sérstök viðskiptavefgátt fyrir atvinnulífið sem er sniðin að þörfum minni og meðalstórra fyrirtækja í norrænni útrás. Fleiri verkefni sem snúa að atvinnulífinu eru í vinnslu.

Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, sem hefur verið sérstakur umboðsmaður samstarfsráðherranna á þessum vettvangi síðan í byrjun árs 2003 lét af störfum við síðustu áramót. Norðmenn, sem nú fara með formennsku í ráðherranefndinni, eru að íhuga hvernig best verði unnið áfram að markmiðum um landamæralaus Norðurlönd og stefna að því að leggja tillögur sínar fyrir næsta fund samstarfsráðherranna.

Ákveðin þáttaskil urðu á árinu í þeirri aðlögun norræns samstarfs að nýju pólitísku umhverfi í Norður-Evrópu, sem hófst þegar ljóst var að Eystrasaltsríkin mundu ganga í Evrópusambandið. Síðan í ársbyrjun 2006 fer samstarfið við Eistland, Lettland og Litháen fram á jafnréttisgrundvelli. Ekki er í gildi sérstök samstarfsáætlun lengur heldur er ætlunin að fagráðherranefndirnar sinni samstarfinu við Eystrasaltslöndin á sama hátt og samstarfi innan Norðurlanda og kosti það af fjárveitingum til fagsviðanna. Frá sama tíma munu samstarfsaðilar í Eystrasaltsríkjunum standa að ákvörðunum og fjárframlögum um samstarfsverkefni til jafns við norræna samstarfsaðila.

Markvisst var unnið að því að styrkja samstarfið við Rússland og sérstök Rússlandsáætlun tók gildi um síðustu áramót. Þar verður í fyrirrúmi starfsemi sem fellur að markmiðum Norðlægu víddarinnar, þar á meðal þekkingaruppbygging, starfsemi sem snýr að lýðræðisþróun og samstarf við frjáls félagasamtök.

Í lok ársins var undirritað samkomulag við rússnesk stjórnvöld um norræna upplýsingaskrifstofu í Kaliningrad. Með opnun skrifstofunnar stefnum við að því að ráðherranefndin geti orðið brautryðjandi fyrir annað alþjóðlegt samstarf í Kaliningrad á sama hátt og raunin var þegar upplýsingaskrifstofa var opnuð í Pétursborg fyrir rúmum tíu árum. Málefni Norðurskautssvæðisins hafa hægt og bítandi fengið meira vægi í samstarfi Norðurlanda. Síðan fyrsta áætlun um samstarf um málefni Norðurskautssvæðisins var gerð árið 1996, sama ár og Norðurskautsráðið var stofnað, hafa fjárframlög til málaflokksins meira en tvöfaldast. Ný Norðurskautsáætlun hefur verið gerð fyrir tímabilið 2006–2008. Í starfseminni er lögð rík áhersla á markvissa verkaskiptingu og samráð við aðrar fjölþjóðlegar stofnanir, aðallega Norðurskautsráðið en einnig Evrópusambandið og Barentsráðið.

Samstarfið við Evrópusambandið hefur verið eflt jafnt og þétt á undanförnum árum. Norræna ráðherranefndin tók til dæmis virkan þátt í að undirbúa nýja framkvæmdaáætlun sambandsins fyrir Norðlægu víddina, sem tók gildi um áramótin 2004/2005. Ég vil sérstaklega nefna tvö mikilvæg verkefni sem unnin eru í samstarfi við Evrópusambandið. Þau beinast annars vegar að því að styrkja landamærasamstarf á ytri landamærum Evrópusambandsins og hins vegar

að því að fjármagna háskóla sem í daglegu tali er nefndur EHU-háskólinn, sem er skammstöfun á European Humanities University. Stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi sviptu hann starfsleyfi árið 2004 og gerðu hann brottrækan úr húsnæði sínu. En hann er nú starfræktur í útlegð í Vilnius í Litháen með stuðningi frá Norrænu ráðherranefndinni og Evrópusambandinu og nokkrum fleiri aðilum. Bæði kennarar og nemendur koma frá Hvíta-Rússlandi. Með því að styðja þessa starfsemi gefst fágætt tækifæri til að stuðla að lýðræðisþróun og tengslum við íbúa Hvíta-Rússlands sem við vonum að framhald geti orðið á. Ráðherranefndin vinnur einnig ötullega á fjölmörgum sviðum að markmiðum Norðlægu víddarinnar.

Á árinu var unnið að umfangsmiklum breytingum á norrænu menningarsamstarfi. Meginmarkmið þeirra er að einfalda kerfið og losa fjármuni til að efla sveigjanleika og pólitískt vægi starfseminnar. Tvær fastanefndir um menningarsamskipti voru lagðar niður við nýliðin áramót og við áramótin 2006/2007 verða enn frekari breytingar þegar sjö nefndir og stofnanir á menningarsviði verða lagðar niður

Í lok febrúar sl. var kallað til fyrsta norræna menningarþingsins, sem ætlað er að verða nýr breiður vettvangur fyrir ráðgjöf og umræðu um norræn menningarmál, en þangað verða boðaðir nýir aðilar sem ekki hafa fyrr komið að samstarfinu.

Í upphafi árs 2005 tók til starfa ný stofnun, NordForsk, eða Norræna rannsóknaráðið, með aðsetur í Ósló. Frá sama tíma var Norræna stofnunin um vísindamenntun og Norræna vísindastefnuráðið lagt niður. Stofnun NordForsk kemur í kjölfar stofnunar Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar, sem tók til starfa í byrjun árs 2004, einnig í Ósló. Þessar stofnanir eiga að hafa með sér náið samstarf. Mikilvægasta markmið breytinganna er að styrkja samlegðaráhrif á sviði vísinda og nýsköpunar á Norðurlöndum og efla þannig samkeppnishæfni landanna út á við.

Eins og fram kom í fyrri skýrslu kynntu Norðurlönd sig sem eitt svæði á heimssýningunni í Aichi í Japan, en hún stóð yfir frá 25. mars til 25. september. Löndin voru því með sameiginlegan sýningarskála þar sem einkenni þjóðanna voru dregin fram og túlkuð með ýmsum hætti. Ráðherranefndin styrkti verkefnið með 5 millj. danskra króna og lagði auk þess til skrifstofuaðstöðu í húsakynnum sínum í Kaupmannahöfn fyrir framkvæmdastjóra og annað sameiginlegt starfslið.

Það er ljóst að miklir fjármunir spöruðust með þessu samstarfi landanna auk þess sem því fylgja ákveðin samlegðaráhrif að kynna Norðurlönd sameiginlega í svo fjarlægu landi sem Japan er. Samstarfsráðherrarnir ákváðu í lok ársins, að frumkvæði Færeyinga, að láta fara fram hlutlausa úttekt á stöðu Færeyja, Grænlands og Álandseyja í samstarfinu í Norrænu ráðherranefndinni. Þegar niðurstöður liggja fyrir, sem áætlað er að verði í júní í ár, tökum við ákvörðun um hvort mögulegt sé að ráðast í breytingar sem bæta stöðu sjálfsstjórnarsvæðanna innan norræna samstarfsins. Norðurlandaráði verður gefinn kostur á að fylgjast með þessu starfi.

Þing Norðurlandaráðs, sem háð var á Hótel Nordica í Reykjavík 25.–27. október, þótti takast með ágætum, bæði hvað varðar pólitíska umræðu og ytra skipulag. Ríkisstjórn Íslands bauð, eins og venja er, öllum þingfulltrúum og starfsmönnum þingsins til kvöldverðar sem haldinn var í Perlunni. Skömmu fyrir þingið átti ég sem samstarfsráðherra gagnlegan fund með Íslandsdeild Norðurlandaráðs þar sem við fórum yfir helstu áherslumál og ræddum stöðuna í samstarfinu. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem kosin var forseti Norðurlandaráðs á þingi ráðsins í Stokkhólmi í október 2004, gegndi því embætti með miklum sóma árið 2005. Ég vil fyrir hönd ríkisstjórnarinnar færa henni þakkir fyrir mikilvægt framlag til norræna samstarfsins sem forseti Norðurlandaráðs.

Frú forseti. Skipulagsbreytingar sem snúa að því að einfalda kerfið, taka á nýjum verkefnum af krafti og nýta fjármuni og tíma þátttakenda sem best hafa einkennt starfsemi ráðherranefndarinnar á starfsárinu. Þær voru ekki allar sársaukalausar þótt bærileg sátt næðist um þær áður en yfir lauk. Ég tel að þær hafi verið nauðsynlegar og geri ráðherranefndina betur í stakk búna til að svara kalli tímans.

Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, gegndi embætti samstarfsráðherra til 29. september, en við brotthvarf Davíðs Oddssonar úr ríkisstjórn og þær breytingar á ráðherraembættum sem fylgdu í kjölfarið tók ég við embætti samstarfsráðherra. Mér þykir afar vænt um norræna samstarfið og tel það mjög mikilvægt í alþjóðlegu samstarfi okkar Íslendinga. Ég mun leggja rækt við að eiga sem mest og best samstarf við Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Þar skiptir öllu máli að við séum samhent um að koma áleiðis þeim málum sem mestu varða fyrir land og þjóð og Norðurlöndin öll sem heild.

[11:14]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa greinargerð og skýrslu sem liggur fyrir þinginu. Þetta er yfirgripsmikil og mjög skilmerkilega framsett skýrsla. Við eigum eftir að ræða betur aðkomu íslenskra þingmanna að Norðurlandasamstarfinu þegar gerð verður grein fyrir starfi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf.

En ég kem hér fyrst og fremst upp til að þakka fyrir skýrsluna og lýsa mig sammála, og okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, við þann tón og þær áherslur sem fram koma hjá hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra gerir grein fyrir þeim skipulagsbreytingum sem eru í farvatninu til að gera allt stjórnkerfið skilvirkara og einfaldara þannig að það þjóni betur þeim tilgangi sem norrænu samstarfi er ætlað.

Mér leikur forvitni á að heyra hugmyndir ráðherrans um hvert hún telji stefna í norrænu samstarfi. Frá því um miðja síðustu öld hefur þungamiðjan í erlendu samstarfi Íslands verið hið norræna samstarf en við vitum að sú þungamiðja hefur verið að færast til. Færast frá norrænu höfuðborgunum til Brussel og það er nokkuð sem ég þekki á öðrum vettvangi sem ég kem einnig að, þ.e. samstarfi launafólks. Ég hef sem formaður BSRB átt aðkomu að norrænu verkalýðssamtökunum NFS sem funda reglulega þar sem menn koma saman og bera saman bækur sínar. Við finnum á þeim vettvangi hvernig áherslurnar eru að færast sífellt nær Evrópu. Þessir fundir hafa því í auknum mæli orðið undirbúningsfundir fyrir samstarf á evrópskum vettvangi. Ekki bara evr-

ópskum, heldur fjölþjóðlegum og alþjóðlegum. Menn horfa til samninga sem verið er að gera á heimsvísu að vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og fleiri alþjóðastofnana sem við eigum aðild að. Mér þætti því fróðlegt að heyra álit ráðherrans um framtíðina, framtíðarhorfurnar.

Af skýrslunni að dæma fer fram líflegt starf á vegum Norðurlandaráðs. En hvert telur ráðherrann stefna í því samstarfi? Nú heyrum við frá Norðurlöndum að þar sé jafnvel dvínandi áhugi á norrænu samstarfi. Mér heyrist tónninn ekki vera sá frá ríkisstjórn Íslands og ég hef ekki trú á að alþingismenn almennt vilji draga úr því samstarfi. Í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er tvímælalaust áhugi á að viðhalda norrænu samstarfi og jafnvel efla það enn. En við viljum að sjálfsögðu einnig vera raunsæ og það er mjög mikilvægt að norrænt samstarf og norrænum stofnunum takist að aðlaga sig að breyttum háttum og áherslum.

Í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum við átt samstarf á norrænum grundvelli við systurflokka okkar. Þetta nefnist vinstri græna samstarfið. Það eru vinstri sinnaðir stjórnmálaflokkar og stjórnmálaflokkar sem leggja ríka áherslu á umhverfisvernd sem mynda eina blokk í þessu norræna samstarfi. (**ÖS:** ... ríkisstjórn í Noregi?) Við erum með ríkisstjórn í Noregi, til svara við hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Þá er það alveg rétt að þar hefur verið mynduð samsteypustjórn sósíaldemókrata og vinstri flokksins þar sem er systurflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, nokkuð sem ég get mjög vel hugsað mér (**ÖS:** ... til Afganistans?) að yrði uppi hér að loknum næstu kosningum.

Ég heyrði ekki Afganistanspurningu hv. þingmanns en fróðlegt væri að hann kæmi þá í ræðustól og gerði grein fyrir Afganistanáherslum flokks síns. En það mun án efa verða gert við umræðu síðar í dag þegar NATO-mál ber á góma. Því ef ég man rétt er hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, formaður NATO-nefndar Íslands. Öðruvísi mér áður brá þegar menn voru á róttækum klæðum fyrir 10–20 árum og þá hefði nú fæstum dottið í hug að sá ágæti hv. þm. Össur Skarphéðinsson færi fyrir NATO-nefnd Íslands. En fróðlegt verður að heyra hann ræða þau málefni þegar þar að kemur.

En ég ætla ekki að fara út í aðra sálma. Mér finnst þetta vera alvarlegt og mjög mikilvægt málefni sem við erum að fjalla um og þætti vænt um, áður en umræðunni lýkur, að hæstv. ráðherra leggi sitt mat á horfurnar í norrænu samstarfi á komandi árum.

[11:20]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það tengist nú ekki því efni sem ég ætla að ræða hér. En spurningin sem ég varpaði fram til hv. þm. Ögmundar Jónassonar þegar hann greindi frá því glaður í bragði að hann og félagar hans sætu í ríkisstjórn í Noregi var þessi: Voruð þið ekki að senda þotur til Afganistans? Muni ég rétt var það einmitt ríkisstjórn sem VG á aðild að í Noregi sem hefur tekið ákvörðun um að senda eina af þremur þotuherdeildum Norðmanna til Afganistans? Það hlýtur þá að vera með samþykki ráðherra Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Noregi.

En það er nú ekki efni málsins sem ég ætlaði að ræða hér en get þess jafnframt að það hefur verið mér mikil ánægja að taka þátt í starfi þingmannsambands NATO. Þar sitja líka málvinir hv. þingmanns, Rússar og fleiri góðir menn. Fátt sem ég hef tekið þátt í í alþjóðlegu samstarfi á vegum þingsins hefur verið jafnupplýsandi og fróðlegt og einmitt það.

Frú forseti. Þetta var nú fyrir utan það sem ég ætlaði að ræða. Fyrir nokkrum missirum tók ég hér upp í þinginu hvaða möguleika Íslendingar ættu til að styðja óskir að minnsta kosti sumra Færeyinga til aukinna áhrifa í norrænu samstarfi. Það gladdi mig þess vegna þegar hæstv. ráðherra sagði hérna áðan að skýrslu væri að vænta um það mál síðar á þessu ári. Ég vissi ekki að slík vinna væri í gangi og hafði svo sem ekkert lagt mig frekar eftir því. En þetta vekur eftirtekt mína og forvitni. Ég er þeirrar skoðunar að þau sæði sem hæstv. ráðherra kallaði sjálfsstjórnarsvæðin á Norðurlöndum eigi að hefja mjög til vegs og virðingar. Ég er þeirrar skoðunar að okkur beri sem gamalli sjálfstæðisbaráttuþjóð að ýta með öllum hætti eða aðstoða eftir megni Færeyinga til að fá aukna stjórn fyrir sínum málum. Við getum það með margvíslegum hætti, t.d. með því að efla samstarf við þá og með því að veita þeim ráðgjöf og líka þiggja af þeim ráðgjöf á ýmsum sviðum.

Ég er t.d. þeirrar skoðunar að ákaflega miklu máli skipti fyrir okkur Íslendinga að hafa gott samstarf við Færeyinga varðandi þróun fiskveiða á næstu árum. Þá er ég sérstaklega að hugsa til þess að norsk-íslenski síldarstofninn er að stóraukast. Stærsti árgangur er að koma þar fram sem sést hefur, stærri en árgangurinn 1953 sem var uppistaðan að hinu mikla síldarævintýri sem var á 7. áratugnum. En mig fýsir að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún gæti greint okkur frá því með hvaða hætti menn sjá fyrir sér framtíð eða stöðu Færeyinga í norrænu samstarfi og hvort séu komnar einhverjar handtækar tillögur þar að lútandi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það ekki þannig að Íslendingar styðja þær óskir sem Færeyingar sjálfir hafa flutt fyrir auknum áhrifum sínum innan hins norræna samstarfs?

Ég vil svo segja það alveg skýrt að ég tel, hvað sem mönnum finnst annars staðar á Norðurlöndum, tek svo til orða, frú forseti, vegna þess að ég hjó eftir því að hv. þm. Ögmundur Jónasson leiddi getum að því að á Norðurlöndum væri dvínandi áhugi á norrænu samstarfi. Nú er það svo, þó að ég hafi tekið drjúgan þátt í alþjóðlegu samstarfi fyrir Alþingi, hef ég aldrei verið á norrænum vettvangi nema sem umhverfisráðherra einu sinni. Ég get ekki dæmt um þessa þróun. Ég kemst hins vegar ekki hjá því að finna sem einn af forustumönnum í Samfylkingunni og í nokkrum tengslum við norræna kollega okkar jafnaðarmanna, þann mikla áhuga sem þeir hafa á Íslandi og þann mikla vilja sem þeir hafa greinilega til að skapa okkur stöðu. Við þurfum á því að halda.

Eins og hæstv. ráðherra gat réttilega um í máli sínu áðan hefur norrænt samstarf að töluverðu leyti þróast í átt að því að verða samræmingarmiðstöð fyrir stefnu Norðurlandanna gagnvart Evrópusambandinu. Við erum í vaxandi mæli háð Evrópusambandinu og það kom fram hjá hæstv. ráðherra að norrænu ráðherrarnir leggja sín ráð bæði fyrir og eftir mikilvæga fundi innan Evrópusambandsins. Ég hef orðið þess áskynja í starfi mínu að þessi farvegur inn í höfuðstöðvar

sambandsins eru mjög mikilvægur. Hann er reyndar eitt af því sem gerir það að verkum að okkur tekst enn að lifa með EES-samninginn þrátt fyrir heldur óhagstæða þróun og innra gangvirki Evrópusambandsins varðandi möguleika okkar til að hafa áhrif á ákvarðanir. Íslendingar eru snillingar að finna leiðir fram hjá vandamálum og finna leiðir sem eru óhefðbundnar og kannski ekki klappaðar í stein laganna. En við höfum t.d. með ýmsum óformlegum hætti getað haft töluvert rík áhrif á þróun ýmissa mála er varða beinlínis þrönga hagsmuni Íslendinga í gegnum þetta. Það ber að þakka.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hins vegar eftir því hvort hún telji ekki að þróunin sé með þeim hætti að hugsanlega þyrftum við frekar að slá tjöldum okkar innan Evrópusambandsins en utan. Ég spyr nú að gefnu tilefni. Fram hefur komið hér á allra síðustu dögum að einstakir ráðherrar í ríkisstjórninni tala um það opinskátt og á merkum heimasíðum sínum að íslenska myntin sé svo veikburða og hún sé svo flöktandi og sveiflukennd að við hana verði hugsanlega ekki búið til frambúðar. Þess vegna komi til greina að taka upp hinn sameiginlega gjaldmiðil evruna eða gerast aðili að myntbandalaginu án þess að ganga í Evrópusambandið. Ég hef ekki enn þá hitt nokkurn einasta hagfræðing sem telur þetta mögulegt. En ég ætla ekki að deila við hæstv. ráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, sem ekki er hér stödd, sem lét þetta út úr sér.

En mig langar af þessu tilefni að spyrja hæstv. samstarfsráðherra Norðurlandanna um afstöðu hennar til þessa. Telur hún að það sé hugsanlega mögulegt að efla samstarf Norðurlandanna um að Íslendingar færu þá leið sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur talað um? Að við gerðumst aðilar að myntbandalaginu og færðumst þar með enn nær Norðurlöndunum og hefðum sameiginlega þá enn meiri slagkraft inn í þessa sameiginlegu ákvarðanamótun innan sambandsins sem fer fram m.a. fyrir okkar hönd.

Þriðja atriðið sem mig langar til að drepa á er samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Ég átti fyrir hönd íslenska þingsins töluverð samskipti við þau lönd í gegnum EFTA-nefndina þegar ég sat þar og fór m.a. með þáverandi formanni EFTA-nefndarinnar, hv. þm. Gunnari Birgissyni, í ferð um öll þau lönd og ræddi við utanríkismálanefndir þeirra þriggja þinga sem þar eru. Það var eftirtektarvert að í öllum þessum löndum virtist vera mjög ríkur vilji til að flétta sig enn frekar saman við Norðurlöndin heldur en hingað til hefur verið. Í samtölum okkar við utanríkismálanefndir og viðskiptanefndir allra þessara þriggja þinga kom fram ákveðinn vilji til þess að Eystrasaltslöndin yrðu með formlegum hætti hluti af Norðurlöndunum. Þau tækju með öðrum orðum þátt í starfi Norðurlandaráðs, ég ætti frekar að orða það þannig, að þau yrðu formlegur hluti af Norðurlandaráði. Mér finnst þetta vera jákvæð og framsýn hugsun.

Ég horfi til þess að Íslendingar munu einhvern tíma í framtíðinni ganga í Evrópusambandið. Ég veit að þetta gleður ekki hv. þm. Ögmund Jónasson, sem af einhvers konar guðfræðilegri innlifun er á móti Evrópusambandinu. En ég er nú þeirrar skoðunar, hvort sem það verður innan skamms tíma eða langs tíma, að Íslendingar muni ganga í Evrópusambandið. Í öllu falli er rétt af íslenskum stjórnvöldum að gera ráð fyrir að af því geti orðið. Við þurfum þess vegna að treysta stöðu okkar eins og hægt er með tilliti til þess, ef af því yrði.

Í rannsóknum, m.a. íslenskra fræðimanna, hefur komið glöggt fram að smáríki sem vinna saman og hjálpa hvert öðru eru ansi ötul og árangursrík í að verja og ná fram hagsmunum hvers annars. Norðurlöndin öll má væntanlega flokka sem smáríki. Saman eru við hins vegar giska stór. En þegar við mundi bætast náin tengsl við Eystrasaltsríkin líka, þegar þessi lönd eru þar með orðin átta samtals, ef þau væru öll saman innan Evrópusambandsins yrðu þau farin að slaga að atkvæðatölu við það borð þar sem ákvörðunum er ráðið til lykta upp í stærstu ríki Evrópusambandsins, þá er það alveg ljóst að við munum hafa mikið afl.

Mig langar þess vegna að spyrja hæstv. samstarfsráðherra Norðurlanda hvernig umræður eiga sér stað meðal ráðherranna varðandi þessar óskir sem að minnsta kosti með óformlegum hætti koma títt fram frá Eystrasaltsríkjunum gagnvart okkur þingmönnum. Í öðru lagi, hvert er viðhorf hennar til þess? Í þriðja lagi, þó að ég geri mér algjörlega grein fyrir að hæstv. ráðherra er mér ósammála um Evrópusambandið, hvort hún teldi ekki að það fælist í því ákveðinn undirbúningur að inngöngu Íslands ef af henni yrði að treysta böndin við Eystrasaltið með þeim hætti að ríkin þrjú sem þar yrðu mundu í framtíðinni verða partur af hinu formlega Norðurlandaráði.

[11:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Aðeins til að bæta fáeinum atriðum við frá fyrri ræðu minni. Þá staldraði ég við greinargerð um fjárfestingarsjóði og banka sem eru reknir á vegum Norðurlandanna og gerð er grein fyrir hér í skýrslunni, lánasjóð Vestur-Norðurlanda sem hefur á árinu greitt lán að upphæð samtals 27 millj. d. kr. Síðan er það Norræni þróunarsjóðurinn en markmið hans er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. En fram kemur í skýrslunni að til standi að leggja þennan sjóð niður. Það hafi verið fengnir til þess ráðgjafar að leggja drög að því. Nokkuð sem hlýtur að verða okkur umhugsunarefni. Svo og hitt þegar talað er um samstarf við alþjóðastofnanir. Í greinargerðinni er Alþjóðabankinn í Washington fyrstur talinn sem stofnun sem ráðgjöf er sótt til. Nú þekkja menn hvaða skilyrði sú stofnun hefur sett fátækum ríkjum við lánveitingar og hefur þar haft náið samstarf við systurstofnun sína Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Þau skilyrði hafa verið á þann veg að fátækum ríkjum hefur verið gert að taka grunnþjónustu samfélagsins og iðulega verðmætar eignir, á borð við námur og annað af því tagi, og einkavæða þær. Oft var vísað til þessara skilyrða sem Structural Adjustment Programs, og fólst í því sú hugsun að krafist væri grundvallarbreytinga á samfélagsgerðinni sem gekk mjög í þessa veru. Því miður hefur það verið svo að fulltrúar Norðurlandanna á vettvangi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa samræmt sinn málatilbúnað og sínar áherslur á fundum þessara sjóða og þær hafa gengið mjög í þessa veru. Ég hef kynnt mér rækilega þær ræður sem íslenskir ráðherrar hafa flutt á þessum fundum. Man sérstaklega eftir fundi, held ég hafi verið, Alþjóðagjaldeyr-

issjóðsins í Hong Kong fyrir fáeinum árum þar sem hæstv. núverandi forsætisráðherra og þáverandi utanríkisráðherra hvatti beinlínis til einkavæðingar í þessum fátækustu ríkjum heimsins. Get ég gert nánari grein fyrir því hér í þingsal ef þess er óskað, en það gerði ég reyndar á sínum tíma. Þannig að ég velti svolítið fyrir mér þessum samstarfsaðilum Norræna þróunarsjóðsins og tel að ráðgjöf frá Alþjóðabankanum í Washington sé ekki bestur vegvísir í þessum efnum nema síður sé.

Hins vegar verður mér það umhugsunarefni að Norðurlöndin ætli að leggja niður þann sjóð sem var settur á laggirnar til að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjum heimsins. Ekki þykir mér það vera framfaraspor nema síður sé þó að ég leggi áherslu á að ég sé svolítið blendinn hvað varðar þessa ráðgjöf því hún hefur ekki leitt til góðs. Þessi Structural Adjustment Programs urðu fyrir mikilli gagnrýni fyrir nokkrum árum og hefur henni verið haldið mjög á loft núna á undanförnum árum, og svo mjög að Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reyndu að gangast undir eins konar fegrunaraðgerð, pólitíska fegrunaraðgerð, og nú heita þessi prógrömm Poverty Reduction Programs, ef ég man rétt. Prógrömm eða áætlanir til að draga úr fátækt. Þetta á að hljóma betur. En að innihaldi og uppistöðu eru þetta nákvæmlega sömu áherslurnar og áður var. En þetta er sem sagt Norræni þróunarsjóðurinn sem samkvæmt skýrslunni stendur til að leggja niður.

Síðan er það Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn sem er settur á laggirnar til að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi eins og það heitir í skýrslunni. Þar er m.a. talað um lán til alþjóðaviðingar. Það væri fróðlegt að heyra á hvaða forsendum slíkar lánveitingar eru.

Síðan eru það sjóðir sem eru settir á laggirnar með umhverfistengsl einhvers konar. Það er Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, sem var sett á stofn fyrir 15 árum, en fram kemur í skýrslunni að því átaki hafi verið beint að Mið- og Austur-Evrópu og í seinni tíð að Eystrasaltslöndunum. En hér kemur fram að það sé lögð áhersla á arðsemi þess að leysa mengunarvandamál svæðisbundið og hafa í því sambandi verið kynntir útreikningar sem sýna að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði og það þykja mér mjög athyglisverðar áherslur og upplýsingar.

Við erum síðan með Norræna fjárfestingarbankann og þar er reyndar einnig vikið að umhverfisþættinum á nokkuð umhugsunarverðan og athyglisverðan hátt. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna hér í skýrsluna:

„Í starfsemi NIB á Íslandi hefur jafnan verið lögð áhersla á náið samstarf við íslenska banka í útlánum til einstakra verkefna, sér í lagi til einkafyrirtækja. Í því skyni hafa verið veittir sérstakir lánarammar til íslenskra banka. Tilgangurinn með þessum lánarömmum er að beina útlánum bankans til smárra og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi. Skilyrði lánveitinga er að verkefni feli í sér norræna hagsmuni. Með þessu móti getur fjármögnun bankans nýst fleiri fyrirtækjum og verkefnin þar með orðið fjölbreyttari. Á þessu ári var undirritaður lánasamningur við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis að upphæð 1,1 milljarða kr. (15 millj. evra). Í samstarfi við íslenska banka hefur verið lögð áhersla á umhverfisstefnu NIB með kynningu á henni samhliða því sem bankarnir hafa tekið umhverfismál á dagskrá í tengslum við sínar eigin lánveitingar."

Þetta er allt hið besta mál. Bæði áherslan á smá og meðalstór fyrirtæki og þessar umhverfisáherslur einnig. Hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Á árinu voru greidd út lán til Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja sem samþykkt voru á árinu 2004. Lánin voru veitt til fjármögnunar jarðvarmavirkjana á Hellisheiði og Reykjanesi. Mikil áhersla var lögð á að fylgja eftir þessum stóru orkuframkvæmdum, og ekki síst lánveitingu til Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar, sér í lagi mati bankans á umhverfisáhrifum þeirra. Þá hafa umhverfisáhrif fyrirhugaðra fjárfestinga í orkugeiranum verið athuguð. Bankinn er mjög mikilvægur þátttakandi í fjármögnun orkuframkvæmda á Íslandi og hlutdeild hans í fjármögnun jarðvarmavirkjana er til að mynda um 50%."

Ég er ekki jafnhrifinn af þeim áherslum sem hér koma fram. Mér finnst ekki rétt fram sett að þessi lán séu sérstaklega hugsuð sem umhverfisvæn. Hér er verið að tala um lán til orkuframkvæmda og það er hið rétta í málinu. En að fara að sveipa þetta einhverjum umhverfisáherslum, ég tala nú ekki um þegar um er að ræða Kárahnjúkavirkjun, sem er einmitt mjög umdeild á þeim forsendum. Við getum haft skiptar skoðanir á því hvað er rétt og rangt í því efni. En það eru skiptar skoðanir og menn telja margir að það sé verið að valda miklum spjöllum á íslenskri náttúru og íslensku umhverfi með þeirri framkvæmd. Það eru þær áherslur sem koma frá umhverfisverndarsamtökum á Íslandi og um heim allan. Þess vegna finnst mér það skjóta skökku við að orða hlutina með þessum hætti. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar frá hæstv. ráðherra um þær reglur og þau grundvallarsjónarmið sem hér er byggt á. Hvernig eru hin umhverfisvænu lán skilgreind? Við þurfum að fá nánari upplýsingar um þetta. Því hér er ein millifyrirsögnin í umfjöllun um þetta efni: Umhverfislán. Síðan kemur önnur fyrirsögn þar sem vísað er í Norræna fjárfestingarbankann á Íslandi og þar er sú tilvitnun sem ég vísaði til. En það er engu að síður verið að tala um lán vegna Kárahnjúkavirkjunar og lán til Landsvirkjunar sem er að fara fram á mjög umdeildan hátt gagnvart náttúru Íslands og í andstöðu við það sem umhverfisverndarsamtök í landinu segja og óska eftir. Menn leyfa sér síðan að tala um stuðning við þá sömu stofnun, Landsvirkjun, sem sérstakar ívilnanir og aðstoð og hjálp á sviði umhverfismála. Ég held að hæstv. umhverfisráðherra, sem jafnframt er samstarfsráðherra Norðurlanda, geri okkur betur grein fyrir þessu orðalagi og þessari framsetningu. Ég óska eftir því að fá að heyra hvaða reglur eru í gildi hjá þessum stofnunum sem eru settar á laggirnar sérstaklega til að sinna umhverfisvernd og niðurstöðurnar síðan með þeim hætti sem fram kemur í þessari skýrslu.

Ég hef vikið að þeim sjóðum flestum, gott ef ég gleymdi ekki Norræna umhverfisþróunarsjóðnum, en hann mun hafa verið stofnaður, og kemur það reyndar fram hér, árið 1996, í því skyni að veita lán ýmist á hagstæðum kjörum eða í formi styrkja til ýmissa umhverfisbætandi verkefna í Austur-Evrópu sem ekki uppfylli þær kröfur sem gerðar hafa

verið um fjárhagslegar forsendur.

Hæstv. forseti. Til að enda þessa gagnrýni mína, því þetta er mjög eindregin gagnrýni af minni hálfu, (Gripið fram í.) á jákvæðum forsendum. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er enn í Afganistan og við herflutninga þar. En við komum að því síðar, ég skal lofa honum því að þegar NATO-skýrslan verður tekin hér til umfjöllunar þá gefst tilefni til að ræða um áherslur og framgöngu þess hernaðarbandalags á heimsvísu, og þar á meðal í Afganistan.

Ég vil ljúka máli mínu á þeirri jákvæðu nótu sem fram kemur í þessari skýrslu, að það hafi komið í ljós að í vinnu Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins hafi niðurstöður sýnt að það hafi verið allt að tíu sinnum ódýrara að taka á umhverfisvanda en að láta slíkt ógert.

[11:46]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum skýrslu um störf Norrænu ráðherranefndarinnar á síðasta ári, 2005. Þetta er sú fyrsta af mörgum skýrslum sem við ætlum að taka til umfjöllunar á hinu háa Alþingi í dag. Sumar af skýrslunum sem við munum ræða seinna í dag koma kannski á vissan hátt inn á hluta af því efni sem er í þeirri skýrslu sem við tölum um núna. En nóg um það að sinni.

Skýrslan sem hér liggur fyrir er allítarleg og ágætisplagg. Þetta er náttúrlega útlistun á því sem hefur verið gert og lítið í raun um það að hér sé að finna einhvers konar pólitískar stefnumótanir eða annað þess háttar. Þó getur maður reynt að lesa hana og skoða á milli línanna og að sjálfsögðu er komið inn á marga þætti sem vekja mann til nánari umhugsunar er varða norrænt samstarf. Ég hef t.d. rekið augun í kaflann um byggðamál, sem er á síðu 33, þar sem kemur fram að gerðar hafi verið ákveðnar breytingar frá síðustu áramótum. Byggðamálin eru að sjálfsögðu mjög mikilvæg fyrir Norðurlöndin öll, kannski ekki síst fyrir lönd eins og Ísland, Noreg, Svíþjóð og Finnland, sem eru víðfeðm lönd, stór lönd miðað við mannfjölda og eiga það öll sameiginlegt að þurfa að glíma við vandamál ef svo má segja á landsbyggðinni, þurfa að glíma við það að reyna að viðhalda byggð á stöðum sem eiga kannski af mörgum ástæðum undir högg að sækja.

Ég tek eftir því, virðulegi forseti, að þær breytingar sem voru gerðar í upphafi þessa árs eru þær að sérstök ráðherranefnd um byggðamál hefur núna hætt sem slík sem sjálfstæð ráðherranefnd og búið að færa þann málaflokk ásamt atvinnumálum og orkumálum undir eina ráðherranefnd. Mér datt í hug hvort það gæti verið að þetta væri að undirlagi okkar Íslendinga því að eins og kunnugt er heyra byggðamál undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra á Íslandi, atvinnumál gera það að sjálfsögðu hér á landi líka og orkumál einnig. Þetta er svolítið keimlíkt. Mér fannst þetta svolítið áhugavert, sérstaklega í ljósi þess að við á Íslandi, a.m.k. stjórnarandstaðan, höfum fengið okkur fullsödd af því að byggðamálin séu undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra og viljum færa þau aftur undir embætti forsætisráðuneytisins. Það væri áhugavert að fá að heyra svör við því hjá hæstv. samstarfsráðherra Norðurlanda hvort það hafi verið að undirlagi okkar Íslendinga að gera þessar breytingar.

Ég sé þó að norræna embættismannanefndin mun starfa áfram um byggðamál og er kannski ekki nema gott eitt um það að segja. Varðandi byggðamál vekur það athygli mína að hér er einmitt rætt um svæðasamstarf, Vestur-Norðurlönd og hlutverk Norðurlanda í ESB. Hvað varðar svæðasamstarf hef ég oft reynt, þegar ég hef verið að skoða og hugleiða byggðamál á Íslandi, að horfa til nágrannalandanna og skoða hvernig nágrannar okkar haga byggðastefnu sinni, byggðapólitík sinni, til að mynda þeir sem kannski næst okkur standa af þeim löndum sem ég nefndi áðan, Noreg, Svíþjóð og Finnland, þ.e. Norðmenn. Ég hygg að við Íslendingar ættum að leggja meiri áherslu á að fylgjast með því sem þessi lönd eru að gera og þá sérstaklega Norðmenn, hvernig þeir haga pólitík sinni og útfærslu á henni. Ég sakna þess oft í umræðunni á Íslandi, kannski einmitt í upplýsingagjöf til Íslendinga um hvað nágrannar okkar annars staðar á Norðurlöndunum eru að gera, hvaða aðferðum þeir beita.

Ég hef verið að lesa skýrslur og kynna mér efni um það hver reynsla þeirra hefur til að mynda verið af því að flytja opinberar stofnanir út á land. Það verður að segjast eins og er að t.d. Norðmenn eru komnir miklu lengra en við í því og ég var síðast fyrir tveim vikum að lesa norska skýrslu þar sem var tekin saman reynsla Norðmanna af því að færa opinber störf út á land. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að sú skýrsla var fyrir margt mjög áhugaverð því að hún bæði útlistaði reynsluna af því að gera þetta en benti líka á ýmis vandkvæði sem hefðu skapast við það að fara út í svona aðgerðir. Ég hygg að við Íslendingar gætum mikið lært af því að skoða reynslu nágranna okkar í þessum efnum til að forðast að lenda í sömu vandamálum, gera sömu mistök ef svo má segja og þeir hafa verið að gera þegar þetta hefur verið til umfjöllunar. Ég veit svo sem ekki hvort íslenskir embættismenn sem starfa innan Norðurlanda hafa skoðað þetta svo mjög en það væri gaman og áhugavert að fá að heyra eitthvað um það frá hæstv. ráðherra, ekki bara varðandi flutning á opinberum störfum heldur ýmsa aðra þætti varðandi byggðastefnu, byggðaáætlanir og útfærslu á þeim í nágrannalöndunum. Þetta væri kannski meira að segja efni í einhvers konar ráðstefnu eða semínar dagpart eða einn dag, að fjalla um þessa hluti á Íslandi þar sem við Íslendingar fengjum að heyra það á íslensku hvernig nágrannar okkar hafa farið í að leysa þessi mál. Ég tel að byggðamálin séu í raun eitt stærsta pólitíska viðfangsefni á Íslandi og er mikill áhugamaður um að við reynum að viðhalda sem best byggð í landinu okkar til framtíðar.

Ég hef rekið augun í fleiri þætti í skýrslunni. Ég sé að Danir hafa farið með formennsku í byggðamálunum á árinu 2005 og eins og ég sagði áðan hafa þeir lagt áherslu á Vestur-Norðurlönd. Ég ætla svo sem ekki að koma svo mikið inn á það hér og nú, við munum síðar í dag ræða um skýrslu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og ég ætla að geyma það sem ég hef um það að segja og vestnorræna samvinnu, sem ég tel mjög mikilvæga, ekki síst eftir að þrjár af Norðurlandaþjóðunum eru nú komnar inn í Evrópusambandið, að meiri áhersla verði lögð á samstarf Vestur-Norðurlanda, en meira um það síðar, virðulegi forseti. Einnig getum við skoðað þá hlutverk Norðurlanda í Evrópusambandinu.

Við skulum líta á annan þátt — ég sé að tíminn líður

hratt — sem eru málefni er varða norðursvæðin. Norræna ráðherranefndin er með ágæta heimasíðu þar sem má finna oft og tíðum athyglisverðar fréttir af stjórnmálum Norðurlanda og því sem er að gerast innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Nú er það svo að Norðmenn hafa formennsku í þessum efnum. Ég tók eftir því um daginn að fundur hafi verið haldinn í Kaupmannahöfn þar sem norrænu samstarfsráðherrarnir funduðu í fyrsta sinn og ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, hafi þá verið á þeim fundi. Það barst einmitt frétt af þeim fundi að Heidi Grande Røys, sá norski ráðherra sem nú er formaður, hefði komið inn á hvað Norðmenn legðu áherslu á að ætti að verða hlutverk Norðurlanda á norðursvæðum Evrópu. Þar kemur fram að Norðmenn leggja áherslu á að horfa til norðurs, ef svo má segja, líta til norðursvæðanna. Þá erum við í rauninni að tala um svæðin norður af Íslandi, norður af Noregi, ég vil a.m.k. túlka það þannig. Þarna eru nefnilega mjög stór pólitísk úrlausnarefni sem bíða okkar, úrlausnarefni sem gætu hugsanlega ógnað norrænu samstarfi í framtíðinni. Hér er ég að sjálfsögðu að tala um Svalbarðasvæðið og auðlindanýtingu á Svalbarðasvæðinu. Þarna er óleyst deila.

Mér sýnist að Norðmenn séu nú markvisst að reyna að ganga frá lausum endum í þessu máli eins vel og þeir geta, sennilega til að búa í haginn undir það að leggja þessi svæði undir sig. Í síðasta mánuði komust Norðmenn að samkomulagi við Dani um að skipta á milli sín hafsvæðinu milli Svalbarða og Grænlands. Íslendingar hafa ekki átt neina aðkomu að því máli þó að þarna sé um að ræða hafsvæði norður af Íslandi. Norðmenn og Danir eru núna búnir að skipta á milli sín mjög stóru svæði sem nær yfir 150 þúsund ferkílómetra, hvorki meira né minna, landgrunn og hafsvæði á milli Svalbarða og Grænlands. Þetta er að mér sýnist eins konar miðlínusamkomulag sem þeir hafa þarna gengið frá.

Eftir liggur, virðulegi forseti, stóra málið sem er deilan um yfirráðin yfir Svalbarðasvæðinu og Svalbarða í raun og veru í heild sinni. Þarna held ég, og hef sagt það margoft í þessum ræðustól, að liggi kannski eitt stærsta utanríkispólitíska úrlausnarefni fyrir ekki bara Norðmenn og Íslendinga heldur Norðurlandaþjóðirnar í heild sinni og þá væri ef til vill hægt að nota þennan vettvang, norrænt samstarf til að reyna að finna einhverja lausn á því máli. Norðmenn hafa undanfarið verið með yfirlýsingar um að réttast sé að taka allt hafsvæðið út að miðlínum eða 200 sjómílum út frá eyjaklasanum Svalbarða og vilja lýsa því yfir að það sé í raun og veru ekkert annað en norsk efnahagslögsaga. Þetta er að sjálfsögðu grafalvarlegt mál, stórmál þjóðréttarlegs og hafréttarlegs eðlis og mjög alvarlegt mál ef Norðmenn eiga að komast upp með að gera þetta.

Við Íslendingar höfum margoft lýst því yfir að við séum ósammála þeirri túlkun Norðmanna að þeir hafi rétt til þess að lýsa yfir svokölluðu fiskverndarsvæði umhverfis Svalbarða. Sú deila er nú í skoðun. Ég veit ekki alveg hvar það mál er statt núna hjá íslenskum stjórnvöldum, þau voru að láta kanna það hver væri réttarlega staða okkar í þessum efnum. Ég er með fyrirspurn til munnlegs svars fyrirliggjandi núna til hæstv. utanríkisráðherra sem ég vænti að hann geti svarað á næstunni. Þó virðist sú vinna vera komin þó nokkuð langt á veg, a.m.k. svo langt á veg að ekki var annað að sjá í norskum fjölmiðlum fyrir ekki svo mörgum dögum en að Landssamband íslenskra útvegsmanna væri búið að lesa einhverja skýrslu sem sérfræðingur hefði verið að vinna fyrir íslensk stjórnvöld, sem mér skilst að sé nánast ríkisleyndarmál, a.m.k. hefur mér heyrst það á ræðum utanríkisráðherra þegar ég hef verið að spyrja eftir þessari skýrslu þegar við höfum verið að ræða skýrslu utanríkisráðherra hér í þinginu tvö undanfarin ár. En þá virðist það þó vera að Landssamband íslenskra útvegsmanna hafi komist í þessa skýrslu ef marka má yfirlýsingar framkvæmdastjóra LÍÚ í Fiskaren nýverið þar sem hann lýsti því yfir að staða Íslendinga í þessu máli væri mjög sterk og ekki annað að sjá en að hann hefði komist yfir þessi gögn. Það er í sjálfu sér ámælisvert ef rétt er að hagsmunasamtök úti í bæ skuli komast yfir svona upplýsingar, ég tala nú ekki um áður en sjálft þingið hefur fengið að vita hvar fiskur liggur þarna undir steini, ef svo má segja.

Virðulegi forseti. Það mun að sjálfsögðu gefast tækifæri til að ræða þetta við hæstv. utanríkisráðherra þegar hann svarar fyrirspurn minni. Ég sé að tími minn er á þrotum. Ég reikna með að ég þurfi að koma hér aftur upp öðru sinni til að halda áfram að ræða hafréttarmálin, til að ræða um Svalbarðamálið og einnig til að ræða um sjávarútvegsmálin sem er kafli á blaðsíðu 45.

Ég verð að segja norrænu samstarfi til hróss að einmitt í sjávarútvegsmálum hefur Norræna ráðherranefndin staðið fyrir að mörgu leyti mjög góðu og lofsverðu starfi sem ég hygg að hafi skilað okkur Íslendingum miklu, ekki bara Íslendingum heldur öðrum Norðurlandaþjóðum. Ég mun ræða frekar um það í seinni ræðu minni, virðulegi forseti.

[12:01]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Dagurinn í dag er lagður undir umræður um skýrslur alþjóðanefnda og á vaðið ríður hæstv. samstarfsráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, með skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar. Að þessu sinni á ég það erindi upp í þennan ræðustól að þakka samstarfsráðherra kærlega fyrir mjög góða skýrslu sem hún hefur lagt hér fram um störf Norrænu ráðherranefndarinnar og fyrir ágæta ræðu hennar þar sem hún dró fram helstu áherslur í norræna samstarfinu og jafnframt þær breytingar sem standa fyrir dyrum innan nefndarinnar.

Eins og hæstv. ráðherra kom inn á er verið að fækka ráðherranefndum. Það er verið að gera töluvert miklar breytingar þar á. Hún nefndi líka aukna aðkomu Norðurlandaráðs að fjárlagagerðinni og ég ætla að taka undir það með ráðherranum að áherslurnar í þessu öllu saman, af því að menn tala stundum neikvætt um norrænt samstarf, Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina, eru á því að einfalda þetta kerfi, auka sveigjanleikann, nýta fjármagn betur, enn betur en menn hafa þó gert, og eins nýta tíma þátttakenda. Auðvitað hafa þessar breytingar ekki verið sársaukalausar. Við þekkjum það vel þegar svona skipulagsbreytingar eru gerðar, hvort sem það er á norrænum vettvangi eða bara hér innan lands, að það eru alltaf einhver átök um það. En almennt vil ég halda því fram að mikil ánægja sé með þessar breytingar og innan Norðurlandaráðs er stuðn-

ingur við þær þó að í einstökum málaflokkum hafi menn, eins og hvað varðar neytendamálin og núna varðandi menningarsamstarfið, kannski fleiri spurningar en svör.

Það sem vakti sérstaklega áhuga minn og athygli í þessari umræðu — af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson beindi mörgum spurningum til hæstv. samstarfsráðherra, Sigríðar Önnu Þórðardóttur, um framtíð norræna samstarfsins með tilliti til aðildar hinna norrænu þjóðanna að Evrópusambandinu, varpaði þeirri spurningu fram hvort norræna samstarfinu stæði ógn af því hve þungamiðjan væri orðin mikil í Brussel og spurði í rauninni hvert stefndi. Það sem gladdi mig var að finna þennan mikla áhuga hér í þingsal hjá málsmetandi forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna á þessu samstarfi. Það ber þess glöggt merki að þeir hv. þingmenn, forustumenn allra stjórnarandstöðuflokkanna, hafa sýnt norrænu samstarfi mikinn áhuga og borið umhyggju fyrir því. Það er sérstakt gleðiefni og gefur okkur ástæðu til að ætla að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af norrænu samstarfi til lengri tíma litið.

Þá finnst mér ástæða til að geta þess líka að uppi eru ýmsar hugmyndir um breytingar á starfinu hjá Norðurlandaráði og meðal annars sú að mikil áhersla er nú lögð á að fá á næsta Norðurlandaráðsþingi sem flesta formenn eða aðra forustumenn stjórnarandstöðuflokka á Norðurlöndunum, ekki bara til að taka þátt í þinginu heldur líka til að taka virkan þátt í umræðunni sem þar fer fram. Ég ætla að þeim hafi þá þegar verið boðið til þessa fundar tímanlega til að tryggja að þeir forgangsraði dagskrá sinni þannig.

Mig langaði að nefna annað í þessu samhengi en það er það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson, minnir mig, vakti máls á, það var sjálfstæðari staða Færeyinga eða sjálfstjórnarsvæðanna að Norðurlandaráði. Nú háttar svo til að við í Íslandsdeildinni erum sjö en öll hin Norðurlöndin eiga 20 fulltrúa á Norðurlandaráðsþingi og Færeyingar og Grænlendingar eiga tvo fulltrúa hvor af 20 manna sendinefnd Dana. Sama er með Álandseyjarnar. Þeir eiga þar sína tvo fulltrúa af þeirri stóru sendinefnd. Færeyingar hafa óskað eftir sjálfstæðari stöðu og ef ég svara af hálfu okkar sem sitjum í Íslandsdeild Norðurlandaráðsins þá höfum við stutt það mjög að það verði skoðað gaumgæfilega. En það háttar svo til að áður en menn fara að taka pólitískar ákvarðanir um þetta verður að horfa til þess að í byrjun er fyrst og fremst um lagalegt úrlausnarefni að ræða því þarna þarf annars vegar að skoða dönsku stjórnarskrána og svo hins vegar Helsinki-sáttmálann. Sú vinna er nú í höndum lögspekinga í ágætu samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Þegar niðurstaða er komin í það mál setjast menn niður þar sem Danir eru náttúrlega prímus mótor og taka þá ákvarðanir og hafa skoðanir á því hvernig styrkja megi sjálfstæða aðild sjálfstjórnarsvæðanna, hugsanlega allra, að Norðurlandaráði og auka vægi þeirra í samstarfinu.

Frú forseti. Orð varaformanns Samfylkingarinnar, að mig minnir, um Eystrasaltsþjóðirnar og aukna aðkomu þeirra að starfi Norðurlandaráðs vöktu líka athygli mína. Fyrir ekki svo löngu höfðu sumir jafnvel hugmyndir í þá veru að Eystrasaltsþjóðirnar yrðu aðilar að Norðurlandaráði og stæðu þar jafnfætis Norðurlandaþjóðunum fimm. Ákveðið skref var stigið og þeir eru núna aðilar að Norræna fjárfestingarbankanum. Mikil ánægja er með það og það hefur eflt bankann og starfsemi hans. En ég er ekki viss um að Eystrasaltsþjóðirnar hafi svo mikinn áhuga á því að koma nánar inn í starf Norðurlandaráðs þó þær hafi vænti ég áfram mikinn áhuga á nánu samstarfi við norrænu þjóðirnar. Nýjar þjóðir í Evrópusambandinu þurfa að einbeita sér að því að byggja upp stjórnsýslu sína, flokkakerfi sitt og ýmislegt fleira. En ég held að það sé ríkur vilji innan Norðurlandaráðs, eins og innan Norrænu ráðherranefndarinnar, til að hafa mjög gott samstarf og öflugt einmitt við þessar þjóðir. En þar sem tíu ár og rúmlega það eru nú liðin frá því að þær fengu sjálfstæði og þær eru orðnar aðili að Evrópusamstarfinu þá er líka vaxandi áhugi og samstaða um að færa áherslur í norrænu samstarfi meira til Rússlands frá Eystrasaltsþjóðunum og þess sjást glögglega merki í starfsáætlun Norðurlandaráðs.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson vék sérstaklega að vestnorræna samstarfinu. Ég vil árétta að við Íslendingar og Norðmenn höfum sérstaklega reynt að draga þann vagn innan norræna samstarfsins sem ákveðið mótvægi gegn þeim áherslum sem hafa verið hjá Svíum og Finnum á samstarfi við Eystrasaltsþjóðirnar. Það er sérstök áætlun um samstarf í vestur sem upphaflega var hleypt af stað fyrir tilstilli miðjuhópsins í Norðurlandaráði og hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason var sá sem mest og best dró þann vagn í upphafi. En við reynum að halda þessu jafnvægi milli samstarfsins í austur og vestur. Íslenskir fulltrúar í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, ekki síst sem forseti á síðasta ári, hafa sérstaklega lagt áherslu á að draga þessa tvo vagna, annars vegar að halda á lofti gildi og áherslum samstarfsins í vestur og hins vegar höfum við stutt að sjálfsstjórnarsvæðin séu skoðuð sérstaklega og aukin aðild þeirra að Norðurlandaráði.

En eins og ég, frú forseti, sagði og segi aftur: Hann gleður mig alveg sérstaklega hinn mikli áhugi forustumanna stjórnarandstöðuflokkanna á norrænu samstarfi, og það veit á gott. Þær skipulagsbreytingar sem hæstv. ráðherra greindi okkur frá hér áðan eru ætlaðar til að tryggja aukna dýnamík í starfi Norðurlandaráðs. Það sýnir okkur að það er alls ekki rétt, sem haldið hefur verið fram, að stöðnun sé í þeirri starfsemi, hvorki hjá Norrænu ráðherranefndinni né innan Norðurlandaráðs. Ég held að augu fleiri og fleiri séu að opnast fyrir því að þetta skiptir okkur óskaplega miklu máli í okkar alþjóðastarfi yfirleitt, ekki síst með tilliti til starfsins innan Evrópusambandsins.

Þar vil ég taka undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að mig minnir, ég eigna honum þau orð að minnsta kosti, að það skiptir afskaplega miklu máli fyrir smáþjóðir að starfa saman innan Evrópusamstarfsins og innan stærri heildar í það heila.

[12:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jónína Bjartmarz talaði á þann veg að hún teldi að áhugi á Norðurlandasamstarfinu færi vaxandi. Það er alveg rétt hjá henni. Ég var löngum ekki þeirrar skoðunar að vægi þess samstarfs væri mjög mikið í framtíðinni og það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að fyrr á árum var það nokkur lenska, þrátt fyrir alþjóðleg tengsl okkar

jafnaðarmanna, að draga heldur úr því. Til að mynda var einn þekktur forustumaður í Alþýðuflokknum sem mjög talaði á þann veg. En ég er sem sagt kominn að þeirri niðurstöðu að Norðurlandasamstarfið verði í framtíðinni ein af þremur þungamiðjum í utanríkismálastefnu Íslendinga og vægi þess fari vaxandi fremur en hitt. Fyrir því eru svo sem margar ástæður en sérstaklega tel ég að það skipti miklu máli að sú greining sem er orðin á Norðurlandaþjóðunum, þar sem tvær standa utan Evrópusambandsins en þrjár standa innan þess, ráði miklu um að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að nota vettvang Norðurlandaráðs til að samræma stefnu gagnvart ýmsum miklum hagsmunamálum sem eru ráðin til lykta innan Evrópusambandsins.

Ég tók mjög vel eftir því, þegar ég var að hefja minn stjórnmálaferil, og sumar þessara þjóða voru að ganga í Evrópusambandið, að áhugi þeirra á Norðurlandasamstarfinu dvínaði um skeið. Atgervi þeirra og orka beindist fyrst og fremst að ESB. Nú finnst mér að það sé allt annað viðhorf uppi. Það er gagnkvæmur áhugi á þessu og ég er þeirrar skoðunar að það sé Íslendingum mjög til heilla að leggja mikla áherslu á þetta. Ég held líka að Norðurlandaráð hafi tekið sér tak og það sé að verða miklu hnitmiðaðra og straumlínulagaðra en áður.

[12:13]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er innilega sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Ég held að það hafi orðið svolítil viðhorfsbreyting til norræns samstarfs á síðustu árum. Ég kannast við það og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem hefur lengri þingreynslu en ég, og þekkir þessa hluti lengra aftur í tímann, veit að menn töluðu norræna samstarfið svolítið niður, að það hefði ekki það gildi sem það hefði haft eftir að Norðurlandaþjóðirnar þrjár gengu í Evrópusambandið. En menn eru farnir að sjá það æ betur að vegna þess þurfum við meira hvert á öðru að halda og auðvitað er ríkur áhugi á því hjá þessum þremur Norðurlandaþjóðum að Ísland og Noregur gangi sömu leið. Ég spái því, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að það verði í framtíðinni. Ég treysti mér ekki til að setja niður einhverjar dagsetningar eða ár í þeirri spá minni en hvort sem af því verður eða ekki þá skiptir þetta samstarf okkur óskaplega miklu máli vegna þess hve EES-samningurinn hefur mikil áhrif hér á landi.

Svo get ég líka nefnt öryggisráðið í þessu samhengi. Við erum nú í fyrsta skipti að taka þátt í þeim hring og njótum fyrst og fremst til þess stuðnings hinna Norðurlandaþjóðanna. Þegar maður fer síðan að velta því fyrir sér hvernig þetta horfir við — það er nefnilega oft þannig að við höfum svolítið gengið út frá þeim árangri sem norrænt samstarf skilar sem sjálfgefnum, en við vildum ekki vera án alls þess *á nokkurn hátt*. Ég nefni sem dæmi alla Íslendingana sem stunda nám á hinum Norðurlöndunum, ekki síst í Danmörku, og útrás íslenskra fyrirtækja. Ekkert af þessu er sjálfgefið. Þetta er árangur af því mikla samstarfi sem við höfum átt við hinar Norðurlandaþjóðirnar á liðnum árum. Ég vænti þess að áframhald verði á því og menn fari að viðurkenna mikilvægi norræns samstarfs miklu víðtækar en ég og hv. þingmaður gerum hér nú.

[12:15]

Útbýting:

Eldi vatnafiska, 595. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 879.

Fiskrækt, 613. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 898.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 614. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 899.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, 616. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 901.

Varnir gegn fisksjúkdómum, 596. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 880.

Vegabréf, 615. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 900.

Veiðimálastofnun, 612. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 897.

Þýðingar kjarasamninga á erlend tungumál, 617. mál, fsp. VF, þskj. 902.

[12:16]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum skýrslu Sigríðar Önnu Þórðardóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda, um störf Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2005. Ég vil eins og aðrir þingmenn hafa gert áður þakka fyrir mjög ítarlega skýrslu um þá fjölbreyttu þætti sem Norðurlöndin eiga formlegt samstarf um og er í gangi undir hatti Norrænu ráðherranefndarinnar.

Ég tel mjög mikilvægt fyrir Íslendinga, og reyndar alla íbúa á Norðurlöndum og í sjálfu sér fyrir alþjóðasamfélagið, að þær þjóðir sem eiga svo margt sameiginlegt, sameiginlegan menningararf og aðra þætti, skuli eiga með sér náið samstarf og geti stillt saman krafta sína, bæði innan og milli samstarfslandanna, en einnig sem öflugir samstarfsaðilar út á við. Ég árétta það og árétta um stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hvað það varðar, að leggja áherslu á öflugt samstarf Norðurlandaþjóðanna og þeirra þjóða sem hafa gerst aðilar að því samstarfi og tengst því.

Ég leyfi mér að mæla gegn öllum hugmyndum um að veikja slíkt samstarf eða veikja stöðu Norðurlandaráðs bæði á vettvangi þess og á alþjóðavettvangi. Ég held að styrkurinn sé einmitt í því að vinna þar saman og finna sem flesta samstarfsfleti.

Það eru örfá atriði sem mig langar að minnast á og spyrja hæstv. umhverfisráðherra út í. Það er í sambandi við kaflann um umhverfismál, sem er kafli 9 og byrjar á bls. 28 og heldur síðan þar áfram. Það væri forvitnilegt að heyra hvernig ákveðin atriði eigi að standa. Á bls. 29 er minnst á kjarnorkuendurvinnslustöðina í Sellafield og þar stendur, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherra Íslands hélt starfsfélögum sínum upplýstum um þann leka sem átti sér stað í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield á árinu og var ákveðið að Ísland héldi áfram að fylgjast með framvindu mála. Einnig ákváðu ráðherrarnir að taka málið til frekari skoðunar ef tilefni gæfust til og ræða hugsanlegar sameiginlegar aðgerðir til að sporna við geislavirkri mengun frá Sellafield."

Nú finnst mér að hafi borist af og til skilaboð um að til stæði að loka þessari endurvinnslustöð og jafnframt herða á reglum varðandi mengunarhættu frá stöðinni í Sellafield. Eins og ég segi voru hugmyndir um að henni yrði lokað. En ég hef ekki alveg á hreinu hvernig þessi umræða stendur og vildi gjarnan heyra það hjá hæstv. ráðherra. Við vitum að

það hefur verið mikið baráttu- og hagsmunamál fyrir þjóðirnar á norðurslóðum að þeirri stöð væri lokað, það stafaði af henni svo mikil mengunarhætta út í hafsvæðin á norðurslóð að óverjandi væri að stöðin væri rekin áfram með þeim hætti sem verið hefur.

Þetta hafa íslensk stjórnvöld verið öll sammála um og hvað eftir annað borið fram mótmæli gegn starfsemi þessarar stöðvar og því væri mjög fróðlegt að heyra í hvaða farvegi þau mál eru þessa stundina.

Það er líka mjög fróðlegt að sjá á bls. 31 þar sem fjallað er um nefnd um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Verkefni nefndarinnar eru á sviði líffræðilegrar fjölbreytni þar með talið erfðaauðlinda, landslags, menningarminja og útivistar. Árið 2005 er upphafsár nýrrar umhverfisáætlunar fyrir tímabilið 2005–2008 og hefur starfsárið mótast af því. Nefndin mun leggja áherslu á að fækka verkefnum en hafa þau í staðinn viðameiri. Lögð verður áhersla á verkefni sem tengjast því að stöðva tap á líffræðilegri fjölbreytni og á verkefni um samspil náttúruverndar, útivistar og heilsu almennings, sérstaklega barna."

Síðan er minnst á verkefni sem hafa verið í gangi á vegum Hafrannsóknastofnunar um áhrif botnvörpuveiða á líffríki og menningarminjar í hafinu. En það sem ég ætlaði fyrst og fremst að spyrja hæstv. ráðherra út í er: Hvar stendur þessi nýja umhverfisáætlun og framkvæmdaatriði varðandi hana? Það má vel vera, frú forseti, að ég sé að spyrja um atriði sem ég ætti að vita. En það verður þá að hafa það.

Umhverfisáætlun og sameiginlegt umhverfisátak á milli þessara landa, ég tel þau mjög mikilvæg. Það skiptir miklu máli að forsendur, markmið, áætlanir og sú vinna sem þar er unnin sé gerð á mjög trúverðugan hátt. Okkur sem leggjum áherslu á umhverfismál og umhverfisþætti finnst allt of smá spor stigin, allt of veik og alltaf of mikil undanlátssemi sé fyrir aðilum sem vilja á grundvelli einhverrar arðsemiseða fjármögnunarsjónarmiða ganga á rétt umhverfisins. Ég kem að því aðeins seinna. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Hvar standa þessar áherslur núna sem eiga að vera þættir í nýrri umhverfisáætlun fyrir árið 2005–2008 og lúta einmitt að líffræðilegum fjölbreytileika og fleira í því sambandi? Því það verður að segjast eins og er að þær stefnur og áherslur ríkisstjórnarinnar, að minnsta kosti af hálfu Framsóknarflokksins, og stóriðjustefna Framsóknarflokksins þar sem ráðast á í stórvirkjanir, hvort sem það eru vatnsaflsvirkjanir eða einstæð hverasvæði, að ráðast eigi á þessi náttúruvætti, getur náttúrlega engan veginn samræmst þeirri stefnumörkun sem hér er lagt upp með, þ.e. að vernda erfðaauðlindir landslags, menningarminjar, útivistir og líffræðilegan fjölbreytileika vitandi það að sú stefna gengur fullkomlega í berhögg við þær áherslur sem hér eru lagðar fram, áherslur í umhverfismálum sem ég er alveg sammála.

Síðan er á bls. 32 minnst á neytendamál og samstarfsnefnd um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Nefndin er þverfaglegur samstarfsvettvangur aðila sem starfa að umhverfismálum, neytendamálum og málefnum atvinnulífsins. Aðalmarkmiðið með starfi nefndarinnar er að draga úr neikvæðum áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Þetta á að gera m.a. með því að huga að umhverfisþáttum í öllum framleiðsluþáttum og nýta auðlindir á eins sjálfbæran hátt og unnt er. Meðal grunnþátta í starfi nefndarinnar eru verkefni sem varða umhverfisupplýsingar til neytenda og opinber vistvæn innkaup. Nefndin hefur fylgst náið með og unnið að umhverfisstöðlum á alþjóðlegum vettvangi. Nefndin gegnir mikilvægu hlutverki í því starfi á sviði sjálfbærrar framleiðslu og neyslu."

Síðan eru þessi atriði rakin áfram. Allt eru þetta atriði sem eru mjög mikilvæg. En mér þætti gaman ef hæstv. ráðherra gæti bent á hvar þeirra sjái stað í íslenskri löggjöf, íslensku regluverki eða íslenskum áherslum í raun. Ég vil nefna eitt dæmi um hvað lítið gerist varðandi notkun á erfðabreyttum matvörum, erfðabreyttu fóðri o.s.frv. og um innflutning á slíku til Íslands eru engar reglur og engir staðlar til. Þó að, ég held bara öll önnur lönd í Evrópu hafi sett sér mjög ákveðnar reglur og staðla þar um eru engir staðlar hér til. Landið stendur alveg opið fyrir hvers kyns innflutningi af því tagi, sem er í sjálfu sér afar gagnrýnisvert. Þetta á við hvort sem það er innflutningur á fóðri til dýra í svína-, hænsna-, eða kjúklingaeldi og eggjaframleiðslu. Þetta á líka við um beinan innflutning á matvörum. Það er engin þjóð í Vestur-Evrópu sem hefur þetta með sama hætti og hér er. Það er einmitt minnst á að þetta sé eitt af verkefnum nefndarinnar, að vinna staðla sem lúta að málefnum neytenda hvað þetta varðar. Hérna stendur: „... á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna." Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvernig þessu mál standa varðandi einmitt þessa þætti.

Ég get ekki látið hjá líða í lokin að koma inn á sömu þætti og hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á. Það var um starf Norræna fjárfestingarbankans og það að hann skuli vera að lána hingað sérstaklega til umhverfisþátta og taka það fram í texta þar sem stendur á bls. 81, með leyfi forseta:

„Á þessu ári var undirritaður lánasamningur við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis að upphæð 1,1 milljarða kr. Í samstarfi við íslenska banka hefur verið lögð áhersla á umhverfisstefnu NIB" — þ.e. Norræna fjárfestingarbankans — „með kynningu á henni samhliða því sem bankarnir hafa tekið umhverfismál á dagskrá í tengslum við sínar eigin lánveitingar."

Hvernig getur hæstv. ráðherra staðhæft að aðrir bankar hafi tekið upp einhverja umhverfisstefnu? Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum heimsótt núna banka hér á landi og við höfum spurt um umhverfisstefnu þeirra. Svarið hefur verið að hún sé ekki til. Mér finnst þarna verið nokkuð djúpt í árinni tekið. Það væri þá líka fróðlegt að heyra stefnu Norræna fjárfestingarbankans í umhverfismálum og hvernig hann getur rökstutt að hafa lánað til Kárahnjúkavirkjunar sem fékk fall í umhverfismati. Sem var hafnað af umhverfisástæðum. Síðan var tekin pólitísk ákvörðun, ráðherraákvörðun, en í öllu umhverfismatsferlinu í kringum Kárahnjúkavirkjun var virkjuninni hafnað. Öll umhverfissamtök, a.m.k. flestöll, sem í rauninni geta staðið undir því nafni að tengjast umhverfismálum hafa mótmælt Kárahnjúkavirkjun harðlega og þeim gríðarlegu náttúruspjöllum þar. Bæði hér á landi og erlendis.

Ég er með ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar

var verið að fjalla um þetta 26. febrúar árið 2003. Þá spyr hann hvernig Norræni fjárfestingarbankinn ætli að lána til Kárahnjúkavirkjunar. Hvernig getur hann gert það á grundvelli þeirrar umhverfisstefnu sem gengur þvert á slíkt? Ef einhver umhverfisframkvæmd eða framkvæmd hefur brotið allar reglur, öll matsferli umhverfismála þá er það Kárahnjúkavirkjun. En samt stendur í textanum að Norræni fjárfestingarbankinn láni til verkefnisins sem sérstakra umhverfisþátta. (Forseti hringir.)

Frú forseti. Ég vil fá að heyra hvernig þessu er háttað og treysti því að umhverfisráðherra sem ber ábyrgð á umhverfismálum upplýsi okkur um það, frú forseti.

[12:31]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmönnum þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram um skýrslu samstarfsráðherra. Menn hafa komið mjög víða við og ég veit ekki hvort mér vinnst tími til að svara öllu því sem fram kom í umræðunni en þingmenn verða þá að virða mér það til vorkunnar að tíminn er takmarkaður. Mér fannst gott að heyra ...

(**Forseti** (JBjart)**:** *Svo háttar til, hæstv. ráðherra, að það* eru margar spurningar sem ráðherra þarf að svara og tíminn er stuttur, en það mundi henta betur upp á þinghaldið ef ráðherra gerði hlé á ræðu sinni núna og héldi henni áfram eftir matarhlé.)

Það er sjálfsagt mál.

[Fundarhlé. — 12:35]

[13:02]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég lauk fyrri ræðu minni fyrir hádegi þar sem ég var kominn að þætti í norrænu samstarfi, ekki minnst innan þess samstarfs sem á sér stað innan Norrænu ráðherranefndarinnar, sem eru sjávarútvegsmálin. Áður hafði ég aðeins talað um byggðamál en nú er komið að sjávarútvegsmálum.

Sjávarútvegsmálin eru að sjálfsögðu byggðamál í eðli sínu og skyldi engan undra, því að sjávarútvegurinn er mikilvæg atvinnugrein og rétt eins og landbúnaður og skógrækt og mörg önnur matvælamál, auðlindanýting. Þessi mál skipta mjög miklu máli fyrir hinar dreifðu byggðir, ekki aðeins á Íslandi heldur líka á hinum Norðurlöndunum. Það er m.a. ástæðan fyrir því að minn flokkur, Frjálslyndi flokkurinn, leggur svo mikla áherslu á sjávarútvegsmálin að við teljum að þar séum við öðrum þræði að tala um lykilþátt í byggðamálunum sem við teljum að sé ákaflega mikilvægur.

Ég minntist á það í lok fyrri ræðu minnar að margt af því starfi sem unnið hefur verið innan Norrænu ráðherranefndarinnar hvað varðar sjávarútveg hefði verið til mikillar fyrirmyndar. Ég hygg að ég tali þar jafnvel af smáþekkingu. Ég hef fylgst með því um þó nokkuð margra ára skeið og sótti ráðstefnur meðan ég starfaði sem blaðamaður fyrir norskt blað í sjávarútvegsgeiranum. Þá var ég oft settur í það að fylgjast einmitt með því sem verið var að vinna innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Það gleður mig að sjá að þetta þróttmikla starf heldur áfram. Þó svo að umfjöllunin um sjávarútvegsmálin sé kannski frekar stutt í skýrslunni, aðeins ein síða, bls. 45, þá sést þegar grafið er aðeins ofan í það og skoðað að verið er að vinna að mörgu sem mér finnst mjög mikilvægt, til að mynda skipulagi fiskveiða, bæði með tilliti til efnahagslegra atriða og vistkerfisnálgunar. Ég tel að það hafi vantað í stjórn fiskveiða, kannski ekki síst á Íslandi, að beitt væri einhvers konar vistfræðilegri nálgun, að við hugsuðum meira um vistfræðina þegar við værum að tala um nýtingu þessarar mikilvægu náttúruauðlindar.

Í gær voru hér áhugaverðar umræður á milli nokkurra stjórnarandstöðuþingmanna og hæstv. sjávarútvegsráðherra um þessa vistfræðilegu þætti. Ég tel að þetta skipti mjög miklu máli. Ég hef fylgst mjög vel með þessari umræðu og tel að augu manna séu að opnast mjög fyrir þessu á öðrum Norðurlöndum, ekki síst norður í Barentshafi, þar sem Norðmenn hafa dregið vagninn og Rússar líka. Einnig í Færeyjum þar sem menn hafa verið að ná mjög svo áhugaverðum árangri í fiskveiðistjórn. Færeyingar hafa staðið þar vel að málum og með ábyrgum hætti. Þrátt fyrir að margir hafi talið að þeir færu rangt að hlutunum er ekki að sjá að svo sé með neinum hætti, því að afrakstur bolfiskstofna þar er með ágætum. Að sjálfsögðu gengur það í bylgjum eins og gengur en þegar á heildina er litið gengur þeim mjög vel með sitt kerfi þó svo að þeir hafi valið að stýra nýtingunni þar með öðrum aðferðum en til að mynda við höfum gert umhverfis Ísland eða í Norðursjó og síðan norður í Barentshafi.

Innan norræns samstarfs tel ég að einmitt þarna sé í raun og veru mjög mikið fyrir okkur Íslendinga að sækja til frænda okkar og vina á Norðurlöndunum. Kynnast því hvað þeir eru að hugsa, hvaða rannsóknir þeir eru að stunda, vinna að rannsóknum í samstarfi við þá og reyna þannig að betrumbæta það sem við erum að gera hér heima umhverfis Ísland.

Ég verð að fá að koma því að, virðulegi forseti, að afdrif þingsályktunartillögu sem ég flutti í haust, um að við Íslendingar skipuðum nefnd til að skoða með hlutlausum hætti reynslu Færeyinga af sinni fiskveiðistjórn, hafa valdið mér mjög miklum vonbrigðum. Skipa nefnd óháðra aðila til að skoða reynslu þeirra og skila um það skýrslu svo við Íslendingar gætum lært hugsanlega eitthvað af því. Ég mælti fyrir þessari þingsályktunartillaga í þinginu, hún fór síðan til sjávarútvegsnefndar og þar hefur hún því miður verið stöðvuð og fæst ekki afgreidd út úr nefndinni. Formaður nefndarinnar, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, hefur stöðvað það, hann hefur reyndar þóst bjóða upp á það að málið yrði afgreitt úr nefndinni og sent beint til ríkisstjórnarinnar. En ég sem flutningsmaður hef hafnað því alfarið, því að ég veit af sárri og biturri reynslu þegar ég hef lesið gömul þingtíðindi að það að senda þingsályktunartillögur til ríkisstjórnarinnar er svona álíka og að senda þær beint á bálið. Þær fara til ríkisstjórnarinnar og síðan verður fátt eða ekkert úr þeim. Ég get talið upp nokkur dæmi um góð mál sem hafa hlotið þessi örlög.

Þetta voru örlög fyrri þingsályktunartillögu um að skoða færeyska fiskveiðistjórnarkerfið sem hv. þm. Hjálmar Árnason flutti á Alþingi. Hún var send ríkisstjórninni og hefur ekki sést síðan, hvorki heyrst af henni né spurst. Þá

fór þingsályktunartillaga nokkurra stjórnarþingmanna og núverandi ráðherra um endurreisn Þingvallaurriðans til ríkisstjórnarinnar og hvarf þar sjónum manna og hefur ekki sést síðan þar til ég fann hana og kom með fyrirspurn um hana í þinginu. Henni var eytt. Hún fór beint í pappírstætarann í Stjórnarráðinu. Síðan fór þingsályktunartillaga um að skoða kosti þess að koma upp sædýrasafni á Íslandi líka beint í þennan virðulega pappírstætara sem ég hygg að sé staðsettur í Stjórnarráðinu. En sá gráðugi tætari mun ekki fá, ef ég fæ einhverju um það ráðið, að komast í tæri við þingsályktunartillöguna sem við í Frjálslynda flokkunum og Jón Gunnarsson, hv. þm. Samfylkingarinnar, mæltum fyrir í haust. Þá skal hún frekar fá að daga uppi í sjávarútvegsnefnd stjórnarmeirihlutanum til skammar og háðungar. En nóg um það, virðulegi forseti.

Þó að slík pólitík sé iðkuð á Íslandi í dag að stjórnvöld vilji ekki reyna að draga lærdóm af því sem frændur okkar og vinir gera vel í nágrannalöndunum vegna þess að stjórnvöld hér eru í einhverri einkennilegri hagsmunagæslu þar sem þjóðarheild er ekki látin ganga fyrir heldur hagsmunir hinna fáu, sem að sjálfsögðu ber að harma, þá verður bara svo að vera. Ég minni einungis á að nú er aðeins rétt rúmlega ár eftir af þessu kjörtímabili og í maí árið 2007 munu vonandi renna upp bjartari og betri tímar.

Ég sagði áðan að ég ætlaði að tala aðeins meira um Svalbarðamálið og þá deilu. Það er afdráttarlaus afstaða okkar í Frjálslynda flokknum að okkur beri að láta hart mæta hörðu í því máli. (**Gripið fram í:** Eins og í kanínumálinu?) Já, eins og í kanínumálinu, segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson, en hann er mikill áhugamaður um kanínur í Vestmannaeyjum eins og sá sem hér stendur. En það er eindregin skoðun okkar að það eigi að láta hart mæta hörðu í Svalbarðamálinu, að það sé kominn tími til að láta á það reyna fyrir alþjóðadómstól hvort Norðmenn hafi rétt til að lýsa yfir þeim yfirráðum sem þeir hafa talið sig hafa á þessu hafsvæði.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson minnist einmitt á það í ræðu sinni áðan að norsk-íslenski síldarstofninn væri í örum vexti. Þetta er deilistofn, flökkustofn sem skiptist á milli Norðurlandaþjóða. Norðmenn eiga sína hlutdeild, við Íslendingar eigum hlutdeild, Færeyingar eiga hlutdeild og síðan bæði Danir og Svíar sem nýta þennan stofn í gegnum Evrópusambandið. Þessi stofn er að hluta til á þessu umdeilda svæði við Svalbarða. Þarna hygg ég að muni reyna mjög á samstarf Norðurlandaþjóðanna þegar kemur að nýtingu á þessum mjög svo mikilvæga og verðmæta flökkustofni. Þarna mun virkilega reyna á samstarf okkar því að ég óttast að deilur verði um skiptingu, veiðar og nýtingu á þessum fiskstofni, ekki síst vegna óbilgirni Norðmanna í norðurhöfum, á Svalbarðasvæðinu, þar sem þeir telja sig hafa rétt til að ákveða hversu mikið aðrar þjóðir megi veiða úr þessum stofni þegar hann er inni á þessu veiðisvæði. Ákvarðanir sem eru gersamlega án nokkurs rökstuðnings. Það eru engin fiskifræðileg rök fyrir því að vera með þessa stæla, ef ég má orða það svo, virðulegi forseti, heldur er þetta eingöngu óbilgirni og yfirgangur af hálfu Norðmanna.

Það má segja að Norðmenn séu á vissan hátt að ganga á lagið, því að við Íslendingar höfum fram til þessa verið allt of veikgeðja í þessum málum. Íslenska ríkisstjórnin hefur ekki staðið nógu fast á rétti okkar Íslendinga þegar kemur að þessum málum, því miður. Norðmenn eru bæði snjallir pólitíkusar og snjallir diplómatar og þeir eru miklir tækifærissinnar. Þegar þetta brennt fer saman er kannski ekki góðs að vænta í samskiptum við þá. Ég hygg að það verði heldur ekki svo í framtíðinni. Norðmenn hafa t.d. markvisst verið að vígbúast, ef svo má segja, í þessari deilu. Þeir hafa byggt upp mjög fullkominn strandgæsluskipaflota. Ég hygg að engin þjóð í norðurhöfum hafi yfir að ráða jafnfullkomnum flota og þeir. Þeir eiga fjölmörg glæný og stórglæsileg skip sem eru afskaplega vel útbúin, með fallbyssum, radarkerfum og þyrlum um borð. Þarna eru Norðmenn að leggja mjög mikla áherslu á varnaraðgerðir sínar, að verja einmitt hagsmuni sína í norðurhöfum.

Þess vegna kemur það alls ekki á óvart að fyrsta yfirlýsing formanns Norrænu ráðherranefndarinnar skuli einmitt hafa verið sú að formennskulandið Noregur horfi til norðurs. Þarna verðum við Íslendingar að halda vöku okkar. Ég hvet hæstv. samstarfsráðherra okkar Íslendinga, Sigríði Önnu Þórðardóttur, til að láta Norðmenn ekki plata sig til að koma með einhverjar yfirlýsingar sem gætu komið okkur Íslendingum illa því að Norðmenn eru mjög slóttugir. Þeir vilja núna reyna að draga yfirlýsingar upp úr íslenskum ráðherrum, t.d. að fá þá til að viðurkenna með einhverjum hætti að Norðmenn hafi rétt á þessum svæðum. Íslenskir ráðherrar verða að halda vöku sinni og árvekni og gæta sín á að rétta ekki Norðmönnum gagnleg spil upp í hendurnar algerlega að óþörfu. Bæði eru norskir stjórnmálamenn mjög á verði í þessum málum en líka norskir fjölmiðlar. Íslenskir ráðherrar verða að gæta mjög orða sinna á erlendum vettvangi. Ég taldi það til að mynda ámælisvert þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra var í Noregi á dögunum og hélt þar ræðu og var með yfirlýsingar í fjölmiðlum, mjög glannalegar yfirlýsingar, bæði varðandi rétt Norðmanna í norðurhöfum og síðan skiptingu norsk-íslenska síldarstofnsins. Það er alveg óþarfi þegar maður spilar póker við þjóð eins og Norðmenn að sýna þeim spilin sín eða rétta þeim góð spil yfir borðið nánast óumbeðið.

Mig langaði svo aðeins að lokum, virðulegi forseti, að benda á að ég sakna þess að ekki skuli vera neinn kafli í þessari skýrslu sem fjallar um varnarmál. Líklega á það pólitískar skýringar. Norðurlandaþjóðirnar hafa ekki lagt neina áherslu á samvinnu í varnarmálum, enda eru a.m.k. þrjár þeirra í NATO, tvær í Evrópusambandinu og þrjár utan þess. Þetta gerir það náttúrlega að verkum að hlutirnir verða svolítið flóknir þegar kemur að jafnviðkvæmum málum og varnarmálum en ég hygg að þarna gæti einmitt verið ákveðið sóknarfæri fyrir Norðurlandaþjóðirnar til að reyna að stilla saman strengi sína í varnar- og öryggismálum á norðursvæðunum í Norður-Atlantshafi. Þarna gætum við Íslendingar hugsanlega eignast einhver sóknarfæri í ljósi þess að lega okkar í miðju Norður-Atlantshafi gefur okkur ákveðin spil á hendi. Einnig í tengslum við samvinnu á sviði björgunarmála. Ég sé reyndar að í skýrslunni er talað um að það sé fyrir hendi samvinna í þeim svo mjög mikilvæga málaflokki og því ber að fagna. En um leið má spyrja hvort þarna séu ekki líka hugsanleg sóknarfæri fyrir okkur Íslendinga til að leita samstarfs, að íslenska landhelgisgæslan geti til að mynda náð fram samstarfi við aðrar Norður-

landaþjóðir þegar kemur að björgunar- og öryggismálum.

Læt ég þar með lokið umræðu minni um þessa skýrslu.

[13:18]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Mér þótti merkilegur, þegar ég skoðaði skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2005, hæstv. samstarfsráðherra Sigríðar Önnu Þórðardóttur, kafli sem þar er um byggðamál. Það sem þar er sett fram vakti athygli mína rétt eins og hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar. Þarna er verið að gera breytingar, þ.e. ákveðið að ráðherranefndin um byggðamál hætti sem sjálfstæð ráðherranefnd við áramótin síðustu. Frá ársbyrjun 2006 heyra því byggðamál ásamt atvinnumálum og orkumálum undir eina ráðherranefnd. Ég verð að viðurkenna að ég heyrði ekki alla framsöguræðu hæstv. ráðherra áðan en mig langar að heyra frá hæstv. ráðherra skilgreiningu á því hvað þarna liggur á bak við og hvað er verið að gera.

Það fara að blikka aðvörunarljós þegar þessi breyting er gerð og málefnið fært undir þennan lið, atvinnumál og orkumál. Þá hugsar maður heim til Íslands, þar sem byggðamál eru vistuð í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Fjölmargir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa andmælt því og lagt fram tillögu um að breyta því og færa byggðamálin frá iðnaðar- og viðskiptaráðherra yfir í forsætisráðuneytið á ný. Það er vegna þess að okkur hefur ekki fundist málin ganga nógu vel í iðnaðarráðuneytinu fram til þessa. Ég ætlaði ekki að fara út í langa umræðu um það en vísa þó til skýrslu hæstv. iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar, sem rædd var hér fyrir hálfum mánuði eða mánuði. Það reyndist uppprentuð skýrsla sem birt hafði verið tveimur þingum áður. Það er kannski daprasti vitnisburðurinn um hvernig það mál hefur gengið fyrir sig í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu fram til þessa. En það er rétt að hafa í huga að innan ríkisstjórnarflokkanna var samkomulag um að byggðamál færu frá forsætisráðuneytinu til iðnaðarráðuneytisins. Í staðinn fóru málefni Seðlabankans úr viðskiptaráðuneyti til forsætisráðuneytis. Þetta var verk fyrrverandi forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar.

Aðvörunarljósin eru farin að blikka. Hvað á að gera í þessu norræna samstarfi? Af hverju er ráðherranefndin um byggðamál að hætta sem sjálfstæð ráðherranefnd? Af hverju er verið að færa málaflokkinn undir þennan lið?

Eins og hér kemur fram mun þó, samkvæmt samþykkt samstarfsráðherranna, norræna embættismannanefndin um byggðamál starfa áfram sem sjálfstæð embættisnefnd. Eins og hér kemur fram, með leyfi forseta:

„Þegar þetta er skrifað er ekki fullkomlega ljóst hvert endanlegt fyrirkomulag verður varðandi samstarf embættismannanefndanna þriggja, um atvinnumál, byggðamál og orkumál. Mun það væntanlega skýrast á árinu 2006."

Ég vildi gjarnan heyra það líka frá hæstv. ráðherra hér á eftir hvort eitthvað hafi verið gert með þetta og hvort það hafi komið leiðarlýsing af því hvernig þetta á að vera.

Eins og kunnugt er hafði norræna ráðherranefndin um byggðamál yfirumsjón með norrænu samstarfi á sviði byggðamála en framkvæmdin var í höndum embættismannanefndar um byggðamál, sem er samstarfsvettvangur embættismanna þeirra ráðuneyta norrænu landanna sem fara með byggðamál. Starfið á árinu byggðist á samstarfsáætlun sem gildir fyrir árin 2005–2008 og samþykkt var í formennskutíð Íslands árið 2004.

Þarna eru tvö ár eftir, 2007 og 2008, og skrýtið hvernig þetta skiptist. En það kemur væntanlega fram í andsvari hæstv. ráðherra á eftir hvað liggur þar að baki.

Samstarf Norðurlanda í byggðamálum tekur að sjálfsögðu breytingum með breyttri heimsmynd og sú staðreynd að þrjú norrænu landanna eru aðilar að ESB hefur vissulega áhrif á starfið í embættismannanefndinni. Þau eru sennilega með þá byggðaáætlun og byggðakerfi Evrópusambandsins hjá sér, sem sagt Finnar, Svíar og Danir.

Það er afar athyglisvert, virðulegi forseti, sem fram kom í fylgigögnum með nýrri byggðaáætlun sem rædd var um daginn og nú er í vinnslu í hæstv. iðnaðarnefnd, að þar var töluvert útlistað hvernig hinar norrænu frændþjóðir okkar framkvæma byggðamál. Það er öðruvísi en við gerum á Íslandi. Það má líka segja um þjóðina sem er ekki í ESB, Noreg, að þegar Evrópusambandsaðild var hafnað hjá þeim á sínum tíma þá stigu þeir skref í byggðamálum. Norðmenn tóku töluvert af Evrópusambandsstefnunni í byggðamálum til sín.

Við höfum rætt það á hinu háa Alþingi, virðulegi forseti, í sambandi við verksmiðju sem fyrirhugað var að reisa í Mývatnssveit, hvernig norskir byggðastyrkir, það módel sem þeir tóku upp eftir fyrirmynd Evrópusambandsins, virkaði til að lokka til sín tilraunaverksmiðju. Það endaði því miður á þann hátt að af þessu varð ekki á Íslandi. Þetta átti að koma í Mývatnssveit í staðinn fyrir kísilverksmiðjuna. Fyrirtækið dagaði uppi af ýmsum öðrum ástæðum líka, tengdum fjárhag og fór á hausinn. En engu að síður er rétt að hafa í huga að Norðmönnum tókst að lokka það til sín vegna byggðastyrkjanna.

Því segi ég þetta, virðulegi forseti? Jú, Ég hef kannski sagt það einu sinni eða tvisvar áður, að til eru mjög góðar forskriftir að því hvernig norrænu þjóðirnar vinna í byggðamálum. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson fjallaði um að í skýrslu sem hann hefur lesið hefði komið fram hvernig til hefði tekist hjá norrænu þjóðunum við að flytja stofnanir út á land. Af höfuðborgarsvæðinu og út á land. Skoðum þá hrakfallasögu á Íslandi. Þá er nánast ekkert hægt að gera annað en að gefa íslenskum stjórnvöldum núll í einkunn fyrir það sem gert hefur verið þótt eitthvað hafi tekist. Nærtækast er að nefna stofnun Háskólans á Akureyri sem eina merkustu aðgerð sem gerð hefur verið í byggðamálum. Taka mætti nokkrar stofnanir sem hafa verið fluttar á land. Margar hverjar hafa hins vegar, vegna stjórnvalda, verið heftar í starfsemi sinni eftir það, t.d. Byggðastofnun sem ég held að sé leynt og ljóst stefnt að því að hálfdrepa.

En í þessari skýrslu þar sem fjallað er um byggðamálakaflann væri full þörf að skoða málin betur á Íslandi. Það eru til forskriftir sem taka þarf upp. Það eru til hugmyndir, en það vantar til viljann hér heima.

Ég tók líka eftir því, virðulegi forseti, að embættismannanefndin hélt aðeins fimm reglulega fundi á árinu. Haldinn var einn fundur ráðherra byggðamála. Ég hef svo sem ekki svo kynnt mér hvernig störfin gengu fyrir sig á árum áður, en er þetta er eðlilegt fundaplan, að ráðherrar hitt-

ist einu sinni? Væntanlega hefur þá ráðherra byggðamála á Íslandi setið þann fund. Gaman væri að heyra hæstv. samstarfsráðherra segja okkur frá því hvort svo hafi verið, hvað hafi komið út úr því og hvort þetta sé venjan, að aðeins einn ráðherrafundur sé haldinn um byggðamál. Eða er þetta í takt við þann minnkandi áhuga Evrópusambandsþjóðanna í Norðurlandasamstarfinu á að vinna að slíku í norrænu samstarfi og starfið hafi snúist meira að því sem hér er talað um, þ.e. Norrænu Atlantshafsnefndina, NORA?

Virðulegi forseti. Sú nefnd sem þar er í gangi og sagt er frá hér er ansi athyglisverð. Þar segir t.d. að Byggðastofnun sjái um þetta fyrir Íslands hönd. Það er ekkert nema gott eitt um það að segja en ég veit hins vegar ekki nákvæmlega hve mikið er unnið með það eða hver árangurinn er. Ég tek þó eftir því að á árinu bárust NORA 37 umsóknir og ákveðið var að styrkja 20 ný verkefni og framhaldsverkefni um alls 3,77 millj. danskra kr. Íslendingar eru þátttakendur í 16 þeirra en þau voru á sviðum auðlinda sjávar, ferðaþjónustu, upplýsingatækni, samgangna og orkumála. Mér er ekki vel kunnugt um þessi 16 verkefni eða hvernig þau hafa gengið. En ég sé að að ég get séð um þau fjallað á heimasíðu Byggðastofnunar, þar er yfirlit yfir eldri og nýrri norræn verkefni. Ég verð þó að játa að ég fer ákaflega sjaldan inn á heimasíðu Byggðastofnunar. Ég hætti því reyndar fyrir töluvert mörgum árum en það er annar handleggur sem ég ætla ekki að gera að umtalsefni.

Virðulegi forseti. Ég hef sett fram nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra sem flutt hefur þessa skýrslu, Sigríðar Önnu Þórðardóttur. Ég mundi gjarnan vilja heyra svör hennar við þeim á eftir þegar umræðu lýkur. Ég spurði um frekari skilgreiningu á þeirri breytingu sem gera á, sem ég gerði að umtalsefni í upphafi máls míns.

[13:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í upphafi máls míns vil ég þakka fyrir þessa skýrslu, sem að mestu leyti er mjög fróðleg, og þær umræður sem hér hafa verið ásamt innleiðingu hæstv. ráðherra um málið.

Hvað varðar samstarf Norðurlandanna á ýmsum sviðum vildi ég helst gera að umræðuefni starf sem snýr að hluta til að umhverfismálum, og tengist þar af leiðandi hæstv. ráðherra sem umhverfisráðherra, en einnig að því er varðar samstarf Norðurlandanna og framtíðarhagsmuni ríkja við Norður-Atlantshaf. Þetta snýr, eins og ég lít á málið og vil reifa það hér, að lofti og hafi, að veðurkerfi veraldar, kannski hægt að orða það í einu orði, að veðurkerfinu.

Eins og kemur fram á bls. 32 í skýrslunni starfa vinnuhópar, m.a. samstarfsnefnd um loftslagsmál, á vegum umhverfis- og orkumálaráðuneytanna. Það kemur víða fram í skýrslunni, m.a. á bls. 30 er minnst á vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts og um verkefni sem snúa að slíkum málum.

Á bls. 29 segir, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherrar lögðu einnig áherslu á að norrænt innlegg komi inn í tillögur ESB um heildstæða stefnumótun um málefni hafsins."

Þetta málefni skiptir okkur Íslendinga afar miklu máli og reyndar allar þjóðir við norðanvert Atlantshaf. Samspil lofts og lagar hefur mikil áhrif á veðurkerfi og þar með búsetuskilyrði á norrænum slóðum. Við búum að því, Íslendingar, ásamt norrænu þjóðunum, að Golfstraumurinn fellur hér að landinu sem heitur yfirborðsstraumur og vermir þar af leiðandi landið okkar og gerir það að verkum að veðurkerfi okkar er eins og það er. Hið sama á við um Færeyjar, Noreg, Danmörku og Norðvestur-Rússland, ásamt Grænlandi, því að hluti af straumnum gengur þangað yfir, að þessi straumur hefur veruleg áhrif á búsetuskilyrði í norðanverðri veröldinni og þar með á veðurkerfið allt og á umhverfismál, eins og þau koma fyrir í heilu lagi.

Það hefur verið orðað svo að hjarta þessa mikla straums, Golfstraumsins, væri hér norður af Íslandi þar sem hinn hlýi sjávarmassi sykki til botns þegar straumurinn kólnaði og gengi síðan til suðurs, breytti algjörlega um stefnu sem djúpstraumur með botninum, annars vegar í Grænlandssundi milli Íslands og Grænlands og hins vegar austan Íslands sem djúpstraumur milli Íslands og Færeyja og svo aftur á milli Færeyja og Hjaltlandseyja. Þetta straumakerfi gengur svo suður allt Atlantshaf og þaðan suður fyrir Afríku og yfir í Indlandshaf o.s.frv., leitar síðan aftur til yfirborðsins og kemur sem heitur straumur til baka. Þetta er hið mikla kerfi Golfstraumsins sem gerir það að verkum að við búum hér við okkar aðstæður.

Ég var á síðastliðnu hausti viðstaddur stutta ráðstefnu vestur á Ísafirði þar sem verið var að kynna hugmynd að því að stofna til markverðra rannsókna á breytingum á veðurkerfi veraldarinnar, þ.e. samspili strauma og varmaskiptingu lofts og lagar. Ég tek þetta hér upp, hæstv. forseti, vegna þess að vikið er að þeim málum í þessari skýrslu og það vill svo til að hæstv. samstarfsráðherra Norðurlanda er jafnframt umhverfisráðherra hér á okkar landi og hefur vafalaust mikinn áhuga á þessum málum heildstætt eins og þau eru nú til umræðu í veröldinni.

Því var hreyft á þessum fundi vestur á Ísafirði að þar sem Vestfirðirnir eru nánast eins nálægt Golfstraumnum og hægt væri, annars vegar þegar hann fellur til norðurs sem hlýr sjór og hins vegar þegar hann fellur sem straumfoss með botninum suður Grænlandssund, væri upplagt að efna til rannsóknastarfs sem gæti átt höfuðstöðvar sínar í því byggðarlagi, Ísafirði. Þaðan væri mjög heppilegt að stunda rannsóknir m.a. í Grænlandssundinu og við ströndina á streymi straumsins, breytingum hans og einkanlega hreyfingu djúpsjávarins sem menn vita ákaflega lítið um.

Sjálfsagt má leiða líkur að því að hin voldugu veldi í veröldinni, eins og Bandaríkjamenn og Sovétmenn, viti talsvert mikið um þennan straum í gegnum rannsóknir sínar, sem snúa þá að stríðstækni þeirra, þ.e. hvernig kafbátar nýta sér djúpstrauma til að ferðast um heimshöfin o.s.frv. Vafalaust er mikil þekking til þó hún sé ekki opin og aðgengileg. En það kann nú að vera að það opnist á næstu árum ef áfram verður friðvænlegt hér á norðurslóðum.

Ég tek þetta hér upp og orða þetta við hæstv. ráðherra og spyr að hverju menn hafi verið að vinna, sérstaklega í þessum málum. Sérstaklega spyr ég hæstv. ráðherra að því hvort hann vildi taka þessi mál upp eins og ég hef verið að nefna þau, m.a. til að styðja við það að slíkri rannsóknastofnun yrði hugsanlega komið á fót á Vestfjörðum í samstarfi við Norðurlöndin og þar mætti leita eftir fjármagni og

stuðningi við slíkt verkefni. Þetta snýr að því sem talið er hér upp á bls. 28 í kaflanum um umhverfismál, þar sem talað er um fjögur meginefni, þar sem talað er um hafið, verndun náttúrunnar, sjálfbæra framleiðslu o.s.frv.

Þetta tengist auðvitað málunum á mörgum sviðum. En fyrst og fremst finnst mér það skipta miklu máli fyrir okkur sem þjóð, að gera okkur gild í þessari umræðu og þessari vísindaöflun. Ég tel að það væri hægt að stuðla að því með því að setja slíka stofnun á fót, leita eftir því við önnur Norðurlönd að þau væru tilbúin að styðja slíka stefnumótun og slíka rannsóknarmiðstöð þar sem Norðurlöndin sameinuðust um að reyna að efla rannsóknir á þessum mikla straumi, Golfstraumnum, sem ég tel, og auðvitað fjöldamargir aðrir sem hafa miklu meiri þekkingu en ég, að sé einn meginkrafturinn í veðurkerfi veraldarinnar.

Mér fannst það mjög áhugavert, hæstv. forseti, að hlusta á þetta erindi vestur á Ísafirði og vildi þess vegna koma hér upp við þessa fróðlegu umræðu, sem farið hefur fram í morgun um þessa ágætu skýrslu, og beina nokkrum orðum til hæstv. ráðherra. Ég óska eftir því að hún fari nokkrum orðum um það sem ég hef nefnt hér, að efla rannsóknir á þessu sviði hér á landi. Ég spyr hvort ráðherrann mundi þá taka undir tillöguna sem reifuð var vestur á Ísafirði á síðastliðnu hausti, að þar væri tilvalið að leggja upp með slíkt starf og byggja það upp sem alþjóðastarf sem önnur ríki kæmu að og aðrar stofnanir tengdust. Ekki yrði um einkaframtak okkar Íslendinga að ræða heldur byðum við fram þessa staðsetningu og þann vilja stjórnvalda að vinna að þessum málum, vilja til þess að reisa hér slíkt útver rannsókna sem sneri að því að rannsaka þennan þátt í veðurkerfi veraldarinnar. Ég held að það skipti nú ekki litlu máli fyrir framtíðina hvernig okkur tekst að afla vitneskju um það hvað muni fylgja þeim breytingum sem við vissulega sjáum varðandi hitafar jarðar. Menn tala um bráðnun Grænlandsjökuls o.s.frv, hækkandi sjávarborð, öðruvísi straumkerfi, jafnvel að Golfstraumurinn muni stöðvast eða verða mjög veikur hingað norður eftir, eins og breskir vísindamenn hafa sett fram.

Ég óska sérstaklega eftir því að hæstv. ráðherra hugleiði þessi mál og taki þau upp á sína arma og leggi þeim sérstakt lið til að við getum gert okkur gildandi í þessum verkefnum í framtíðinni.

[13:42]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það voru örfá atriði sem ég kom ekki að tímans vegna í fyrri ræðu minni um skýrslu Sigríðar Önnu Þórðardóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda, um störf Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2005. Það er í fyrsta lagi í framhaldi af því sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kom hér inn á um rannsóknir á norðurslóðum þar sem hann minntist á umræður og hugmyndir sem hafa verið uppi og komið fram um sérstakt hlutverk rannsóknaseturs á sviði norðurslóðarannsókna á Ísafirði. Hann vakti þá einmitt máls á því að um Grænlandssundið fer jú Golfstraumurinn, fara þeir hafstraumar fyrir norðan land sem í rauninni stýra að stórum hluta veður- og hitafari og lífríki sjávar á norðurslóðum.

Það er einmitt á þessum sviðum sem alvarlegir atburðir gætu verið að gerast. Vegna hlýnunar loftsins, vegna bráðnunar jöklanna, vegna bráðnunar Grænlandsjökuls — er talin hætta á að þær miklu breytingar sem eru að verða á loftslagshita og hitastigi sjávar og bráðnun íss geti haft áhrif á hafstraumana.

Við erum í rauninni afar illa í stakk búin til að takast á við að rannsaka þetta og fylgjast með því hvað þarna er að gerast. Það er alveg upplagt að slíkt verkefni verði á Ísafirði og það gæti orðið góður grunnur sem rannsóknarverkefni sjálfstæðs háskóla og rannsóknaseturs á Ísafirði.

Í því sambandi vil ég einmitt spyrja hæstv. ráðherra um stöðu Norðurslóðaáætlunarinnar, eða Northern Periphery, sem Ísland er aðili að, en á bls. 35 undir 5. lið, Starfsnefndir, í þessari ágætu skýrslu er vikið að þeim þætti, með leyfi forseta:

„Nokkrar tímabundnar starfsnefndir voru að störfum á árinu. Fyrst er að geta nefndar um framtíð INTERREG-áætlana ESB. Núverandi áætlanatímabili lýkur um áramót 2006/2007. Þær hugmyndir sem uppi eru og snerta okkur Íslendinga mest snúast um að sameina í eina INTERREG-áætlun Norðurslóðaáætlunina, Northern Periphery, sem Ísland er aðili að, og Eystrasaltsáætlunina sem nær til svæðisins umhverfis Eystrasaltið. Öll norrænu löndin eru andvíg þessari hugmynd og hafa komið þeim sjónarmiðum á framfæri við ráðherraráðið í Brussel. Hefur nefndin um framtíð INTERREG fylgst gaumgæfilega með þróun mála og hafa fulltrúar þeirra landa sem aðild eiga að ESB upplýst fulltrúa þeirra landa sem utan standa, jafnframt því sem afstaða til tillagna ESB hefur verið samræmd eftir því sem kostur er.

Nefnd sem fylgjast á með endurskoðun á ríkisstyrkjum hjá ESB hefur sömuleiðis haldið starfi sínu áfram en nú stendur yfir endurskoðun á reglum sambandsins um slíka styrki. Hefur nefndin gert athugasemdir og komið ábendingum á framfæri við ráðherraráðið í Brussel, til dæmis varðandi skilgreiningu á hvað teljist til heimskautasvæða, en hugmyndir voru uppi um að einungis þau svæði sem eru norðan heimskautsbaugs teljist til heimskautasvæða. Hefur að því best er vitað verið horfið frá slíkum skilgreiningum innan ESB."

Ég hefði gjarnan viljað heyra hjá hæstv. ráðherra hvernig þessi mál standa. Því þótt við séum blessunarlega ekki aðilar að Evrópusambandinu, og verðum vonandi aldrei, þá erum við, því miður, í gegnum aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu bundin af ákveðnum samningum sem lúta að skilgreiningum á þessum svæðum, heimskautasvæðunum, t.d. hvað varðar opinbera þátttöku í stuðningi við atvinnulíf, búsetu o.s.frv. Innan Evrópska efnahagssvæðisins hafa verið skilgreindar heimildir til slíkra inngripa á búsetusvæðum sem flokkast undir heimskautasvæði eða svæði sem eru norðan ákveðinnar breiddargráðu. Þess vegna skiptir máli hvort hér sé eitthvað á ferðinni varðandi þær skilgreiningar, hvort þetta hafi áhrif á sértækt samstarf og sértækar áherslur varðandi rannsóknir á norðurskautssvæðinu, sem að mínu viti, og eins og kemur fram í þessum texta, er lögð áhersla á að fái að njóta algerrar sérstöðu og því ekki tengdar eða blandað saman við einhverjar rannsóknaráætlanir eða sérstakar áætlanir á Eystrasaltssvæðinu. Það er mikilvægt að þessu sé haldið algerlega aðskildu.

Ég vildi því spyrja ráðherrann hvort í gangi séu ein-

hverjar breytingar á skilgreiningum á þessum svæðum hvað varðar innra samstarf og framlag til rannsókna, til búsetumála, til opinberra inngripa í atvinnulíf o.s.frv.

Ég vil líka koma hér að einu atriði til. Á bls. 53 er minnst á Norræna lýðheilsuháskólann, það er mjög jákvæður og góður texti um hann en ég hefði viljað heyra ráðherrann geta aðeins nákvæmar um aðild okkar að þessum Norræna lýðheilsuháskóla. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Norræni lýðheilsuháskólinn er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir í heilbrigðisfræði. Háskólinn er staðsettur í Gautaborg í Svíþjóð og starfar samkvæmt sérstökum samningi við Norrænu ráðherranefndina sem gerður er til þriggja ára í senn. Megináherslan er á nám til meistara- eða doktorsgráðu í lýðheilsufræðum en einnig er hægt að sækja þar einstök námskeið.

Námskrá skólans er í sífelldri endurskoðun og eru alltaf fleiri umsækjendur frá Íslandi sem sækja um að komast í nám við skólann en komast þar að. Ísland hefur þar sérstöðu því heldur dregur úr umsóknum frá öðrum norrænum löndum. Meginskýringin er trúlega sú að ekki er hægt að stunda sambærilegt nám hér á landi.

Ísland forgangsraðar sjálft umsóknum svo námsplássin nýtist heilbrigðisþjónustunni á Íslandi sem best."

Það er svo sem ágætt sem þarna er sagt, að Íslendingar sæki þennan skóla. Ég hefði gjarnan viljað heyra það í tölum hve margir Íslendingar sækja um nám þarna og hverjum er hafnað inngöngu í hann, hverjar séu fjárhagslegar skuldbindingar af hálfu íslenska ríkisins í þessu sambandi, hvaða fríðinda íslenskir nemendur njóti í þessum skóla og hvernig unnið sé af hálfu ráðuneytisins að forgangsröðun þeirra sem sækja um inngöngu í þennan skóla. Mér finnst þetta bæði forvitnilegt og áhugavert og væri þess vegna fróðlegt að heyra aðeins um ytri ramma þessa starfs.

Frú forseti. Það er aðeins einn þáttur enn sem ég á eftir að minnast á frekar og ég kom inn á áðan en átti eftir að ljúka. Það var um aðkomu Norræna fjárfestingarbankans að Kárahnjúkavirkjun, lánveitingar til hennar, sem flokkuð er undir sérstök verkefni í umhverfismálum af hálfu Norræna fjárfestingarbankans og sem kemur líka fram að hafi sett sér sérstaklega og mjög ströng umhverfisviðmið og þá veltir maður fyrir sér hvernig þau eru unnin.

Ég vil leyfa mér að vitna hér aðeins í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem hann hélt á Alþingi, 26. febrúar 2003, í umræðunni um fjármögnun á fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun. Með leyfi forseta, segir í þeirri ræðu:

„... sem Landsvirkjun hefur áður verið að leita til um stór fjárútboð, eins og Merill Lynch," — sem núna er í fréttum hér fyrir að gefa umsögn um íslensku bankana — eins og Ambro, eins og Sumitomo Mitsui Banking Corporation"— og hann tilgreinir síðan ýmsa fleiri banka — „Segjum nú að þetta sé ekki ólíkleg tilgáta, að það eigi að leita ekki síst kannski hófanna hjá NIB, sem oft hefur lánað til svipaðra verkefna hér, og Evrópska fjárfestingarbankans.

Og þá vil ég spyrja:" — spyr Steingrímur og ég vitna áfram í ræðu hans, frú forseti — „Er búið að fara yfir það að þessir bankar fáist til að lána út á svona verkefni vegna umhverfisáhrifanna? Hvernig er það með þessa banka? Hafa þeir ekki einhver viðmið og einhvern standard í þessum efnum? Jú. Það vill svo til a.m.k. að ég veit að Norræni fjárfestingarbankinn hefur það og stærir sig nú ekki lítið af því stundum hversu umhverfisvænn hann sé orðinn, og það er vel. Því er mjög haldið fram að Norræni fjárfestingarbankinn sé að fjármagna verkefni á sviði umhverfismála í t.d. Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi, og það er vel."

Áfram segir í ræðu Steingríms J. Sigfússonar:

„En Norræni fjárfestingarbankinn er auðvitað líka að fjármagna ýmiss konar uppbyggingu og mannvirkjagerð og framkvæmdir. Og þá setur hann ákveðnar kröfur og hefur reglur um mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda og það er ekki veitt lán nema þar séu tilteknir hlutir uppfylltir og í lagi. Norræni fjárfestingarbankinn hefur sett sér strangar vinnureglur í þessum efnum, það eru sem sagt umhverfisreglur eða umhverfisvinnureglur, „miljörutiner" heitir það á sænsku, hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Framkvæmdirnar eru flokkaðar eftir umhverfisáhrifum, hversu mikil þau verði, í A-, B- og C-flokk. Í A-flokknum eru þá þær framkvæmdir sem hafa umtalsverð umhverfisáhrif eða framkvæmdir þeirrar tegundar sem ætla má að stærðar sinnar vegna eða eðlis hafi umtalsverð umhverfisáhrif. Flokkur A er þá sem sagt sá sem mest áhrifin hefur að þessu leyti, hefur „omfattande potentiella miljökonsekvenser", ef ég má sletta því, með leyfi forseta, sem sagt umfangsmikil möguleg eða „potentiell" umhverfisáhrif. Og hvers konar framkvæmdir eru það nú sem þar eru taldar upp efst á listanum? Jú, það eru orkuver sem byggja á kolum, olíu, torfi eða gasi, og það eru vatnsaflsvirkjanir „vattenkraftverk". Reyndar eru líka stíflubyggingar, skurðir, stór jarðgöng, olíuhreinsunarstöðvar og ýmislegt fleira talið þarna upp. Það er sem sagt bara þannig að sjálfkrafa fara stór vatnsaflsorkuver í þennan fyrsta flokk hjá NIB. Og þá skal fara fram mat á umhverfisáhrifum. Gögnin eru tekin, þeim er safnað saman hjá bankanum sjálfum og þau eru lögð fyrir stjórn og þau eru hluti af grundvelli afgreiðslu lána."

Svo segir áfram og ég er alveg að ljúka tilvitnun í ræðu Steingríms:

„Er alveg öruggt að Norræni fjárfestingarbankinn eða Evrópski fjárfestingarbankinn hafi áhuga á því að lána í framkvæmd sem féll í umhverfismati? Gleymum því ekki að hún féll í umhverfismati. Úrskurður Skipulagsstofnunar var sá að þessi framkvæmd hefði svo umfangsmikil neikvæð og óafturkræf umhverfisáhrif í för með sér að ekki væri hægt að réttlæta hana. Ég er ekkert viss um að þessir bankar taki það endilega sem gilt að svo komi pólitískur svokallaður umhverfisráðherra og snúi því við með handafli, vegna þess að það er yfirleitt ekki þannig sem hlutirnir ganga fyrir sig í þessum löndum. Það er sérílenskt fyrirbæri að hægt sé að fara þannig með málin. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum mjög víða hefði úrskurður skipulagsstjóra verið endanlegur.

Ég leyfi mér að efast um að það verði almenn gleði t.d. í hópi sænskra, norskra og finnskra stjórnarmanna í Norræna fjárfestingarbankanum með að fjármagna þetta umdeilda verkefni. Það gæti gerst líka með evrópska bankann. Þeir kunna að hafa frétt af því t.d. að sænsk verktakafyrirtæki flúðu af hólmi vegna þess að þau höfðu ekki áhuga á því að láta draga sig inn í umhverfissóðaskap af því tagi sem hér um ræðir." — Segir í ræðu Steingríms.

Síðan stendur hér að það sé eitt af stærstu viðfangsefnum Norræna fjárfestingarbankans að lána til framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og það sé hluti af umhverfisvænum verkefnum á vegum bankans. (**Gripið fram í:** Hvaða Steingrímur er þetta?) Ég hef getið þess þrisvar í ræðu minni en nafns Steingríms J. Sigfússonar, hv. þingmanns og formanns Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, er aldrei of oft getið en hann flutti hér afbragðs góða ræðu (Forseti hringir.) og einmitt varðandi þátttöku Norræna fjárfestingarbankans sem (Forseti hringir.) ég geri hér að umtalsefni og spyr ráðherra út í.

[13:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður hefur rætt vítt og breitt um skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar og er það vel. Hann hefur á undanförnum dögum rætt ýmis mál í ansi löngu máli og mig hefur oft langað að fara í andsvar við hann en ekki getað vegna þess að ég vissi ekki hvenær ræðan yrði búin. Núna vissi ég að hún stæði ekki lengur en í 15 mínútur svo ég ákvað að fara í andsvar.

Mig langar að spyrja hv. þingmann, þar sem hann er að ræða um lán til Kárahnjúka og alls konar eignir og svoleiðis, hvað hann telji vera sína verðmætustu eign.

[13:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður kemur nú flatt upp á mig í umræðunni, ég hef ekki verið að ræða persónulegar eignir mínar. Flestum þykir nú vænt um líf sitt og að hafa fæðst og þá ábyrgð sem því fylgir. Mér þykir vænt um að fá að vera til.

Varðandi önnur atriði sem hv. þingmaður ætlaði greinilega að spyrja um, þ.e. um hlut Norræna fjárfestingarbankans í byggingu Kárahnjúkavirkjunar, þá var ég einmitt að draga það fram að Norræni fjárfestingarbankinn hefur sett sér mjög ströng umhverfisviðmið til hvaða verkefna hann lánar út á. Þess vegna kom það mjög flatt upp á mig að sjá hér í texta að lán til Kárahnjúkavirkjunar skuli vera flokkað undir eitt af umhverfisverkefnum Norræna fjárfestingarbankans, verkefni sem hefur hvergi fengið stuðning, hvorki hjá Umhverfisstofnun né Skipulagsstofnun eða öðrum aðilum sem hafa verið að fjalla um þessa virkjun. Við getum deilt um hana á annan hátt en umhverfislega séð hefur hún fengið þann stimpil að vera stórkostleg umhverfisspjöll. Er því furðulegt að bankinn skuli lána til hennar á þeim forsendum.

[14:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður kom nokkuð nærri þessari heimspekilega spurningu. Sumir meta bíla, húsnæði eða hlutabréf eða eitthvað slíkt sem sínar verðmætustu eignir. Aðrir meta heilsuna mikils, börn og fjölskyldu. Hv. þingmaður kom þarna með æðra gildi sem er lífið. En það skyldi þó ekki vera að tíminn sé verðmætasta eign hvers manns? Hv. þingmanns, mín, allra hv. þingmanna og allrar þjóðarinnar. Tíminn er verðmætasta eignin og hún minnkar á hverjum degi.

Tíminn sem við höfum í dag er 24 tímum minni heldur en á sama tíma í gær. Þessi tími minnkar og minnkar og það þarf að fara vel með hann. Þetta ætla ég að spyrja hv. þingmann út í: Getur það verið að stjórnarandstaðan sé í málþófi, sé að eyða tíma þingsins, þingmanna, starfsmanna þingsins og áhorfenda í málþóf? Getur verið að hún fari illa með þessa verðmætustu eign sem hverjum manni er gefin?

[14:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég á erfitt með að setja mig inn í persónulegar hræringar hv. þingmanns. Hann þarf að eiga þær við sjálfan sig. Tíminn er mjög afstætt hugtak, þúsund ár sem dagur o.s.frv. Það má velta því fyrir sér hvort þetta sé umræðuefnið. Það má vel vera að hæstv. samstarfsráðherra Norðurlanda finnist málefnið vert til að fjalla um. Þá kemur ráðherra af því.

Ég hef hins vegar spurt út í mál er lúta að þessari skýrslu og ákveðnum atriðum sem eru mjög fróðleg. Þetta er mikilvægur þáttur í starfi þjóðanna, þ.e. norrænt samstarf. Ég tel mjög mikilvægt að vera sem best upplýstur um hvað þar er á ferðinni. Ég held mig a.m.k. við þau málefni, frú forseti, en læt hv. þingmanni eftir aðrar lífsspekilegar vangaveltur. Hv. þingmaður verður að leysa þær með sjálfum sér.

[14:02]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) (frh.):

Frú forseti. Ég held áfram ræðu minni frá því fyrir hádegisverðarhlé. Ég ítreka þakkir mínar til þingmanna fyrir málefnalega umræðu um skýrslu samstarfsráðherra. Það er ánægjulegt að heyra hve mikinn áhuga hv. þingmenn hafa á norrænu samstarfi.

Áhugi þingmanna og stjórnmálamanna á norrænu samstarfi fer síður en svo dvínandi, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði um fyrr í umræðunni og fór fram á að ég, sem samstarfsráðherra, færi yfir þau mál. Ég tek undir það með hv. þingmönnum, sem hafa talað af svo miklum áhuga sem raun ber vitni um norræn málefni, að ég tel vaxandi áhuga hjá stjórnmálamönnum á Norðurlöndum á norrænu samstarfi. Við verðum að horfast í augu við að þegar Finnland og Svíþjóð gerðust aðilar að Evrópusambandinu fyrir um 10–11 árum fylgdi í kjölfarið minni áhugi á norrænu samstarfi en áður hafði verið. En nú hefur þetta breyst og mjög gott til þess að vita.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði að umtalsefni starfsemi norrænna lánastofnana. Ég vildi aðeins bregðast við þeirri umfjöllun. Þingmanninum hefur orðið tíðrætt um Norræna fjárfestingarbankann en ég vildi einmitt nefna hann sem eitt best heppnaða verkefnið í norræna samstarfinu. Hann er gríðarlega öflug stofnun sem skilað hefur miklum árangri. Ég tel líka að það sé dæmi um hvernig okkur hefur tekist að vinna með Eystrasaltslöndunum, að þau skuli nú orðnir fullgildir aðilar að Norræna fjárfestingarbankanum. Þau starfa þar á jafnréttisgrundvelli með Norðurlöndunum, leggja inn í það samstarf fjármuni á jafnréttisgrundvelli við hin Norðurlöndin og axla jafnframt þær skyldur sem því fylgja.

Það hefur verið gert að sérstöku umtalsefni af þing-

mönnum Vinstri grænna, bæði hv. þm. Ögmundi Jónassyni og Jóni Bjarnasyni, að hér er fjallað um lán til Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og síðan Landsvirkjunar. Ég tel um einhvern misskilning að ræða í umfjöllun þeirra um þessi mál. Ég hef skilið þessa umfjöllun svo að sérstaklega hafi verið lánað til vinnu Landsvirkjunar við mat á umhverfisáhrifum. Ég tel að átt hafi verið við það í þessari umfjöllun. Lánið sem fjallað er um í þessum kafla, þar sem er fjallað sérstaklega um lán Norræna fjárfestingarbankans til Íslendinga, er ekki flokkað undir umhverfislán. Það er önnur umfjöllun hér í skýrslunni um umhverfislán. Þar er t.d. nefnt mikilvægt verkefni, þ.e. fráveitustöð í Pétursborg sem gegnir miklu hlutverki við að bæta umhverfið í Eystrasaltinu. Mengunin þar hefur lengi verið mikið vandamál og þau mál hafa heilmikið verið til umfjöllunar, bæði á vettvangi umhverfisráðherranna og samstarfsráðherranna að undanförnu. Ég sótti einmitt sérstakan fund um þau mál í Svíþjóð á síðasta hausti þar sem umhverfisráðherrar landa sem eiga aðild að Eystrasaltsráðinu fjölluðu um þessi mál á óformlegum fundi.

Síðan nefndi hv. þm. Ögmundur Jónasson ýmislegt fleira tengt lánastofnunum Norðurlanda. Ég vildi þá sérstaklega nefna Nopef. Nopef veitir lán til forverkefna, þegar norræn fyrirtæki hyggjast færa út kvíarnar og þá eru veitt áhættulán sem eru talin skipta miklu máli. Bankar eru ekki alltaf tilbúnir í slíka lánastarfsemi. Í þessu sambandi er líka lögð áhersla á lítil og meðalstór fyrirtæki.

Hv. þingmaður nefndi líka Norræna þróunarsjóðinn. Það hefur einfaldlega ekki náðst samstaða meðal Norðurlandanna um að halda þeirri starfsemi áfram. Tekin var um það ákvörðun að ekki yrði lagt meira stofnfé til sjóðsins. Þessi ákvörðun var tekin í ljósi afstöðu danskra stjórnvalda, þ.e. að taka ekki þátt í endurfjármögnun. Í framhaldi af því hóf stjórnin undirbúning að því að starfsemin yrði lögð niður. Hún fól ráðgjafarfyrirtæki að gera úttekt á stöðu sjóðsins og leggja fram hugmyndir um hvernig væri best að standa að þessu verki. Það er ekkert launungarmál að Ísland hefði viljað halda þessu starfi áfram. Ég vil að það komi skýrt fram af minni hálfu.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi nokkur atriði og varpaði til mín veigamiklum spurningum. Ein var um stöðu sjálfsstjórnarsvæðanna. Ég tek undir það með honum að auðvitað ber að styrkja stöðu sjálfsstjórnarsvæða innan norræna samstarfsins. Það stendur yfir úttekt á stöðu þeirra sem ljúka mun um mitt árið. Við skulum sjá hvað kemur út úr því og hvað hægt er að gera. Það er t.d. ljóst af Færeyinga hálfu að þeir hafa talað mjög skýrt um að þeir vilji borga inn í norræna samstarfið í samræmi við það sem eðlilegt væri af þeirra hálfu. Þeir hafa lagt mikla áherslu á þessi mál.

Síðan nefndi hv. þm. Össur Skarphéðinsson stöðu norræna samstarfsins gagnvart Evrópusambandinu. Staðan er einfaldlega sú að það er ekki á dagskrá ríkisstjórnar Íslands að sækja um inngöngu í Evrópusambandið. Þannig standa málin. Það er heldur ekki á dagskrá hjá norsku ríkisstjórninni sem tók við síðasta haust. Það kom síðast skýrt fram í máli utanríkisráðherra Norðmanna í útvarpi í gær að ekki væri stefnt að því á vettvangi norsku ríkisstjórnarinnar. Það eru staðreyndir þessa máls en hins vegar spennandi umræða, að velta fyrir sér hver þróun þeirra mála verður til framtíðar.

Samstarfið við Eystrasaltslöndin hefur verið mjög ofarlega í norræna samstarfinu frá því að þau fengu sitt frelsi. Norðurlöndin hafa forgangsraðað því samstarfi en það er auðvitað deginum ljósara, eins og kom skýrt fram í ræðu minni og í skýrslunni, að orðið hefur heilmikil breyting á því við inngöngu þeirra í Evrópusambandið. Nú er því samstarfið á jafnréttisgrundvelli og Eystrasaltslöndin þurfa að leggja fjármuni á móti þeim verkefnum sem Norðurlöndin og Eystrasaltslöndin vilja vinna að saman. Áherslan af hálfu Norðurlandaráðs hefur því færst til Rússlands og Hvíta-Rússlands. Svo höfum við líka áherslur til vesturs.

Hv. þingmaður Magnús Þór Hafsteinsson gerði byggðamálin að umtalsefni og velti fyrir sér hvort þær breytingar sem þar hafa orðið væru að frumkvæði okkar Íslendinga. Ég fullvissa hann um að svo er ekki. Það er ekki þannig að þær breytingar hafi verið að okkar frumkvæði. Þær eru hluti af breytingunum sem verið er að gera á norræna samstarfinu með því að fækka ráðherranefndunum, fækka embættismannanefndunum, gera starfið skilvirkara og nýta fjármuni betur til að við höfum meira svigrúm í verkefni sem koma borgurum Norðurlanda að gagni. Við viljum að fjármunirnir fari meira út í samfélögin. Þetta hefur að mörgu leyti verið of flókið og of dýrt kerfi til að halda utan um þetta.

Ég vildi nefna annað í þessu samhengi. Þegar gerðar voru breytingar á Norðurlandaráði í kringum 1995 og svo aftur nýlega kom gagnrýni á ráðherranefndina, af því tagi að hún breytti ekki neinu hjá sér í kjölfar breytinganna upp úr 1995. Það má segja að nú hafi einmitt orðið slíkar breytingar. Ég tel að þetta séu góðar breytingar og mér finnst gott að heyra hvað þingmenn hafa tekið jákvætt í þær í dag. Að sjálfsögðu ætla menn að gera starfið skilvirkara, sveigjanlegra og nýta fjármuni betur. Það verður auðveldara að forgangsraða verkefnum í stað þess að binda allt í klafa nefnda og stofnana. Þetta finnst mér aðalatriðið í þessum efnum.

Ég vildi nefna í þessu samhengi, af því að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson gerði sjávarútvegsmálin að umtalsefni, að þar höfum við dæmi um ráðherranefnd sem heldur utan um nokkra málaflokka. Sama ráðherranefndin fjallar um sjávarútvegsmál, landbúnað, skógrækt og matvæli. Þannig vill til að ég á sæti í þeirri ráðherranefnd og starfa þar með mjög mörgum ráðherrum. Þessum málum er auðvitað skipað með ólíkum hætti innan ríkisstjórna hvers lands um sig. Það er ekki einu sinni svo að það sé eins hjá okkur öllum á Norðurlöndunum. Við þurfum líka að taka tillit til þess. Ég vildi greina frá því í þessu samhengi að haldin verður ráðstefna í Noregi um vistvæna nýtingu lifandi sjávarauðlinda nú í júní.

Óformlegt samstarf um byggðamál heldur áfram. Áfram verður starfandi sérstök embættismannanefnd um byggðamál, sem hv. þm. Kristján L. Möller spurði um. Hún verður starfandi áfram og er komin niðurstaða í það mál. En orkumálin falla hins vegar undir embættismannanefnd um iðnaðarmál. Þannig endaði það mál.

Það líður á tímann. Ég vildi nefna varnarmálin. Skýringin á því að þau eru ekki í skýrslunni er að ekki er formlegt samstarf milli Norðurlandanna á því sviði. Það helgast að

sjálfsögðu af því að við höfum valið að skipa málum innan hvers lands með ólíkum hætti.

En ég get ekki haft þessi orð fleiri. Ég ítreka þakkir fyrir mjög góðar, fjörugar (Forseti hringir.) og málefnalegar umræður í dag.

[14:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. umhverfisráðherra og Norðurlandamálaráðherra fyrir svörin og útskýringar m.a. á því sem ég bar hér fram. Það var komið inn á lánveitingar af hálfu Norræna fjárfestingarbankans og einkum það sem snýr að umhverfismálum. Nú er mér kunnugt um, og það hefur komið fram hér í umræðunni, að Norræni fjárfestingarbankinn hefur stært sig af því að vera umhverfisvænn og setur upp ákveðnar reglur í þeim efnum.

En ástæðan fyrir því að ég spurði hér áðan var orðalagið í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar, sem hér er til umfjöllunar, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Mikil áhersla var lögð á að fylgja eftir þessum stórum orkuframkvæmdum," — þar er vísað í lánveitingar til Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja — „og ekki síst lánveitingu til Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar, sér í lagi mati bankans á umhverfisáhrifum þeirra. Þá hafa umhverfisáhrif fyrirhugaðra fjárfestinga í orkugeiranum verið athuguð."

Nú er spurningin þessi: Gengu lánveitingarnar til Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar einvörðungu út á mat á umhverfisáhrifum?

Það er nú ekkert sérstaklega góð fjárfesting fyrir tvær sakir. Samkvæmt stöðlum fjárfestingarbankans lendir Kárahnjúkavirkjun í lakasta flokki, þeim flokki sem hefur mest og verst umhverfisáhrif, og í annan stað þá féll Landsvirkjun á prófinu þegar kom að umhverfismatinu. Framkvæmdin stóðst ekki umhverfismatið. En spurningin er þessi: Er hæstv. ráðherra kunnugt um það hvort það hafi verið einvörðungu (Forseti hringir.) til mats á umhverfisáhrifum? Ég get þó ekki ætlast til þess að ráðherrann hafi svör um þetta á reiðum höndum. (Forseti hringir.) En svona almennt séð vildi ég vekja athygli á þessu.

[14:20]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef ekki svar við þessari spurningu og tel ef að hv. þm. Ögmundur Jónasson vill fá svar við henni þá sé eðlilegt að snúa sér bara beint til bankans um það. En ég sá það hins vegar þegar ég rýndi í þennan texta að hann var ekki mjög skýr.

[14:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér finnst þau fullnægjandi og skiljanleg og eðlilegt að við snúum okkur til bankans um nánari skýringar á þessu.

[14:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þá ágætu ræðu sem hún flutti. Hún svaraði öllum þeim spurningum sem fyrir hana voru lagðar nokkuð skilmerkilega. Sömuleiðis á hún lof skilið fyrir það að hafa tekist að skýra það nokkuð vel hvernig menn eru að breyta Norðurlandasamstarfinu með þeim hætti að það verði skilvirkara og hnitmiðaðra.

Ég spurði hæstv. ráðherra um afstöðu hennar til Evrópusambandsins með svona tiltölulega breiðri spurningu. Hæstv. ráðherra svaraði og kom ekki á óvart að það væri ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Mig langar þá að spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi verið rætt í ríkisstjórninni að Ísland tæki upp hinn sameiginlega evrópska gjaldmiðil, annaðhvort með því að ganga í myntbandalagið eða einhliða. Tilefni spurningarinnar er auðvitað skýrt. Þetta teygir anga sína inn í norrænt samstarf. Við erum í miklu samstarfi við þjóðir sem eru í þessu bandalagi. Og einn hæstv. ráðherra hefur nú reifað þann möguleika að við ráðumst í þetta. Það kom sömuleiðis fram í hádegisfréttum í dag að nú væri beðið svars frá höfuðstöðvum Evrópusambandsins í Brussel um hvort slíkt sé mögulegt.

Því spyr ég: Hefur þetta verið rætt á vettvangi ríkisstjórnarinnar, formlega eða óformlega?

[14:23]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það mál sem hv. þingmaður kýs að gera að umtalsefni er auðvitað hápólitískt og um það geta líka verið skiptar skoðanir innan stjórnmálaflokkanna. Það er ekki eins og það sé svo að eining sé innan stjórnmálaflokkanna, hvorki innan hans flokks, hv. þingmanns sem spurði, né innan míns flokks, þar sem skoðanir eru skiptar í Sjálfstæðisflokknum.

Ákveðinn hópur í Sjálfstæðisflokknum hefur kannski lýst því að hann telji að við ættum að ganga í Evrópusambandið en það var nú sérstaklega hér á árum áður. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og skoðanir manna hafa að mörgu leyti breyst. Ég tel að það sé miklu meiri eining um það í dag að okkur vegni ágætlega með samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og það sé ekkert sem knýr okkur til að sækja um aðild. Ef við lítum á þau tvö Norðurlönd sem eru utan Evrópusambandsins, Noreg og Ísland, þá sjáum við auðvitað að þau tróna á toppnum í öllum alþjóðlegum samanburði. Það má eiginlega segja hvert sem litið er, ekki síst í efnahagsmálum. Það er þess vegna sem þau hafa kosið að standa utan við sambandið og hvað snertir myntbandalagið og evruna þá hefur það ekkert breyst, ekki svo ég viti til. Til þess að þjóð geti orðið aðili að myntbandalaginu þarf hún jafnframt að vera aðili að Evrópusambandinu.

[14:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra er skyggn og sér inn í framtíðina. Hún svaraði spurningunni sem ég ætlaði að bera fram í seinna andsvari mínu. Ég ætlaði sem sagt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún teldi að það væri hægt að taka

upp hinn sameiginlega gjaldmiðil Evrópusambandsins án þess að vera innan ESB. Hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að það sé ekki hægt. Ég hallast að því að hæstv. ráðherra hafi rétt fyrir sér í því efni.

Það liggur þá alveg ljóst fyrir að innan ríkisstjórnarinnar eru greinilega skiptar skoðanir á því hvort slíkt er mögulegt. Hæstv. viðskiptaráðherra hefur lýst sinni skoðun á heimasíðu sinni. Hún telur að þetta sé æskilegt. Hæstv. umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda telur að það sé ekki mögulegt. Hugsanlega leiðir þetta að þeirri niðurstöðu að ríkisstjórnin ætti nú að ræða svona mál áður en einstakir partar hennar vaða út á völlinn með hugmyndir sem aðrir ráðherrar telja óframkvæmanlegar. (Gripið fram í.)

Það er eftirtektarvert að hæstv. viðskiptaráðherra virðist hafa farið á tauginni yfir þeim sviptingum sem verið hafa í fjármálalífinu. Að minnsta kosti er það mjög undarlegt, svo ekki sé meira sagt, og ekki til þess fallið að draga úr óróleika að um leið og einhvers skjálfta verður vart í efnahagsmálum talar hæstv. viðskiptaráðherra strax á þá lund að krónan sé ómöguleg og grípa þurfi til þess örþrifaráðs að reyna að tengja myntina við Evrópumyntina án þess að ganga í Evrópusambandið.

Það, frú forseti, tel ég taugaveiklun á tiltölulega háu stigi að reyna að grípa í fótinn á því sem óframkvæmanlegt er til að leiðrétta raunveruleikann þó hann kunni að fara í taugarnar á viðkomandi ráðherra. Hæstv. samstarfsráðherra Norðurlandanna á hins vegar hrós skilið fyrir að halda ró sinni og sjá hlutina með köldum og yfirveguðum hætti.

Umræðu lokið.

Norrænt samstarf 2005, ein umr.

Skýrsla ÍNR, 574. mál. — Þskj. 832.

[14:28]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Sem formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðsins kynni ég skýrslu Íslandsdeildarinnar um norrænt samstarf fyrir árið 2005. Mig langar að öðru leyti að vísa til skýrslunnar sem finnst í heild á þskj. 832 og þar er mjög ítarlega fjallað um störf Íslandsdeildarinnar.

Í skýrslunni er líka fjallað um starfsemi nefnda Norðurlandaráðs, fundi ráðsins, sameiginlega fundi með Eystrasaltsráðinu á Norðurlandaráðsþinginu og um skipan ráðsins og fyrirkomulag um starfsemi og samstarf ráðsins og ráðherranefndarinnar. En því starfi hefur núna hæstv. samstarfsráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, gert grein fyrir.

Í upphafi ársins 2005 skipuðu Íslandsdeildina, auk þeirrar sem hér stendur, sem var formaður, hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir varaformaður, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Sigurður Kári Kristjánsson. Síðan var kosin ný Íslandsdeild í byrjun október við upphaf 132. þings og þá var eina breytingin sem varð á skipan aðalmanna sú að Kjartan Ólafsson tók við af Sigurði Kára Kristjánssyni. Um varamenn í Íslandsdeild, bæði þá og síðar, vísa ég til skýrslunnar.

Á fundi Íslandsdeildar 5. október var sú sem hér stendur kosin formaður aftur, hv. þm. Drífa Hjartardóttir var kosin varaformaður og Stígur Stefánsson alþjóðaritari hefur gegnt starfi ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á því starfsári sem hér er til umræðu.

Íslandsdeildin kom saman til fundar fjórum sinnum á árinu og að venju var þátttaka okkar í fundum á þingi Norðurlandaráðs undirbúin á þeim fundum. Auk þess voru fjölmörg mál á dagskrá og svo fór þar auðvitað fram gagnkvæm upplýsingamiðlun meðlima Íslandsdeildar um stöðu mála í einstökum nefndum og vinnuhópum Norðurlandaráðs.

Á þessum fundum var líka rætt ítarlega um undirbúning og skipulag 57. þings Norðurlandaráðs sem fram fór í Reykjavík 25.–27. október, en samkvæmt venju og hefð er Norðurlandaráðsþing haldið hér á landi fimmta hvert ár. Við ræddum síðan töluvert um eftirfylgni við tilmæli Norðurlandaráðs, sem er nýtt, en eftir breytingarnar sem gerðar voru á skipulagi ráðsins 2002 hefur verið lögð aukin áhersla á nánari tengsl milli þjóðþinga ríkjanna og á hlutverk landsdeilda við að fylgja tilmælum Norðurlandaráðs eftir heima í héraði. Við tókum upp það nýmæli á þessu starfsári að þýða tilmæli Norðurlandaráðs á íslensku og senda þau fastanefndum Alþingis en hugmyndin á bak við þá ráðstöfun er sú að fastanefndirnar fái tilmælin, ef þær vilja, sér til upplýsingar um það starf sem fram fer á Norðurlandaráðsþinginu. Með þessu er fastanefndunum, hverri á sínu málefnasviði, jafnframt gefinn kostur á að fylgja eftir þeim málum sem rædd eru og unnið er að á vettvangi Norðurlandaráðs.

Íslandsdeildin hélt einn fund með Sigríði Önnu Þórðardóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda, og fór hann fram í október á síðasta ári. Við héldum þann fund í aðdraganda Norðurlandaráðsþingsins í Reykjavík. Þar var fyrst og fremst verið að ræða þingið sjálft, dagskrá þingsins, skipulag og helstu umræðuefni.

Íslandsdeildin fundaði líka með upplýsingaskrifstofu Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndinni þar sem farið var yfir skipulag fjölmiðlamála á þinginu í Reykjavík. Þar var m.a. rætt hvernig vekja mætti athygli fjölmiðla og tryggja í tengslum við þingið sem mesta og besta umfjöllun um norræn málefni í það heila.

Mig langar, frú forseti, að víkja nokkrum orðum að nefndum Norðurlandaráðs og segja stuttlega frá starfi forsætisnefndar, sem er sú nefnd sem ég á sæti í, og mig langar líka af því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir er utan þings að fjalla í nokkrum orðum um störf forseta Norðurlandaráðs á árinu. Hvað varðar störf annarra nefnda vísa ég í skýrsluna og jafnframt geri ég ráð fyrir að þeir hv. þingmenn sem eiga sæti í þeim nefndum, en málefnanefndirnar eru fimm, komi hér á eftir og fjalli um starfið innan þeirra.

Kosið var í embætti og hinar fimm málefnanefndir fyrir starfsárið 2005 árið áður, eða á 56. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í nóvember 2004. Á þeim tímapunkti var hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kosin forseti Norðurlandaráðs og sú sem hér stendur varaforseti og við höfum síðan átt sæti í forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Í efnahags- og viðskiptanefnd sátu Drífa Hjartardóttir sem formaður og Steingrímur J. Sigfússon sem varaformaður, í velferðarnefnd Arnbjörg Sveinsdóttir, í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Sigurður Kári Kristjánsson, en hann átti sæti í borgara- og neytendanefnd og einnig í eftirlitsnefnd. Með því að Kjartan Ólafsson kom inn í Íslandsdeild Norðurlandaráðs í stað Sigurðar Kára Kristjánssonar tók hann sæti í þeim nefndum sem Sigurður Kári Kristjánsson hafði setið í.

Starfið fer fram víðar en í þessum málefnanefndum Norðurlandaráðs en auk nefndarsetu þar áttu meðlimir Íslandsdeildar sæti í vinnuhópum á vegum þess auk þess sem þingmenn hafa setið í stjórnum stofnana og ráða sem þeir eru tilnefndir í af Norðurlandaráði. Rannveig Guðmundsdóttir gegndi þannig stöðu áheyrnarfulltrúa Norðurlandaráðs hjá þingmannanefnd um norðurskautsmál, ég gegndi formennsku í stjórn Norræna menningarsjóðsins, Þuríður Backman sat í stjórn norrænnar samstarfsmiðstöðvar um málefni fatlaðra og Steingrímur J. Sigfússon átti sæti í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem kosnir eru á þingi Norðurlandaráðs hverju sinni. Allar landsdeildirnar og allir flokkahóparnir eiga fulltrúa í forsætisnefnd, en hlutverk forsætisnefndar er öðru fremur að annast víðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni og hún hefur yfirumsjón með öllum málum í sambandi við þing ráðsins.

Forsætisnefnd hélt sjö fundi á árinu en auk þess fóru fram sameiginlegir fundir forsætisnefndar og ýmissa annarra aðila, m.a. hefðbundnir fundir nefndarinnar með norrænu forsætisráðherrunum og utanríkisráðherrunum á þingi Norðurlandaráðs. Rannveig Guðmundsdóttir stýrði starfi á öllum þessum fundum og jafnframt stýrði hún fundum nefndarinnar sem forseti Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd fundaði hér á landi 7.–8. mars á síðastliðnu ári í boði Íslandsdeildar, samkvæmt þeirri venju að forsætisnefnd haldi marsfund sinn í því landi sem fer með embætti forseta hverju sinni. Auk þess var gengist fyrir málstofu um jafnréttismál á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, sem er eins og við vitum 8. mars, en hún var haldin að frumkvæði íslensku fulltrúanna, þ.e. okkar í Íslandsdeild Norðurlandaráð. Á henni var fjallað um þrjú þemu frá norrænum sjónarhóli: Konur og atvinnulíf, konur og stjórnmálin, og karla og jafnréttisbaráttuna.

Af helstu málum er forsætisnefnd fjallaði um á árinu fyrir utan hefðbundin störf langar mig að nefna það sem á vissan hátt bar nokkuð hátt og það voru viðræður við forseta norrænu þjóðþinganna um stöðu og framtíð norræns samstarfs en þær umræður höfðu staðið yfir frá því í maí árið 2004. Í þessum viðræðum var ýmislegt rætt um það hvernig hægt væri að styrkja norrænt samstarf. Þar var m.a. rætt um að efla tenginguna milli starfsins sem fer fram í Norðurlandaráði og þess starfs sem fer fram í hverju þjóðþinganna. Þá voru ræddar leiðir til að tryggja skilvirkni í starfi Norðurlandaráðs auk þess sem hlutverk ráðsins í þingmannastarfi í Norður-Evrópu var skoðað og komist að niðurstöðu um hvert það skyldi vera.

Til að efla tengslin við þingin var ákveðið að bjóða forsetum þjóðþinganna til árlegra viðræðna um forgangsröðun í starfi ráðsins til að tryggja betur samhæfingu. Jafnframt var ákveðið að fulltrúum þingnefnda þjóðþinganna yrði boðið á nefndarfundi á vegum Norðurlandaráðs þegar hægt væri að koma því við og þegar tilefni þætti til en samhliða þeirri ákvörðun var ákveðið að fækka hinum stóru sameiginlegu fundum sem áður höfðu verið.

Loks var ákveðið að leitast við að tryggja að nefndarseta þingmanna í Norðurlandaráði svari til nefndarsetu þeirra í þjóðþingunum, sem getur verið mjög erfitt í framkvæmd því að þar þurfa menn fyrst og fremst að horfa til þess hvernig menn skiptast eftir flokkahópum, eftir pólitík, eftir landsdeildum og síðan þarf að taka tillit til kynjahlutfallsins. Því til viðbótar er reynt að hafa þetta þannig að menn sitji í nokkuð sambærilegum nefndum á vettvangi Norðurlandaráðs og þeir gera á sínu eigin þjóðþingi.

Í janúar voru flóðin í Suðaustur-Asíu, sem urðu í lok árs 2004, til umræðu á fundum forsætisnefndar. Það var niðurstaða nefndarinnar að reynslan af þeim náttúruhamförum sýndi að hægt væri með betra skipulagi að bæta norræna samvinnu um neyðarhjálp þegar hamfarir verða annars staðar í heiminum og hættuástand skapast. Það er litið svo á að þetta muni gagnast Norðurlandabúum hvar sem er í hinum stóra heimi og geri jafnframt aðgerðir á hamfarasvæðum skilvirkari. Á vegum forsætisnefndar starfaði jafnframt ákveðinn vinnuhópur um samfélagsöryggi á breiðum grunni sem ég átti sæti í.

Á árinu vann sameiginlegur vinnuhópur forsætisnefndar Norðurlandaráðs og forsætisnefndar Eystrasaltsþingsins að skýrslu um framtíð og skipulag samstarfs þessara tveggja samtaka í ljósi breyttrar pólitískrar stöðu við Eystrasaltið eftir stækkun ESB og NATO til austurs. Lokaskýrsla þessa hóps var síðan lögð fyrir sameiginlegan fund ráðanna tveggja, þ.e. Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins. Í þeirri skýrslu er m.a. byggt á því að löndin eigi ýmsa sameiginlega hagsmuni innan ESB/EES-samstarfsins og að þau geti nýtt samtakamátt sinn til að halda þeim sameiginlegu hagsmunum á lofti.

Á árinu 2005 tók forsætisnefnd málefni sem varða stöðu sjálfstjórnarsvæðanna í norrænu samstarfi til sérstakrar umræðu. Í dag hefur þegar farið fram nokkur umræða um þessa áherslu. Rótin að þessari umfjöllun forsætisnefndar var ósk Færeyinga um fulla aðild að ráðinu en þeir settu þá ósk sína fram á árinu 2003. Segja má að þessi umræða og athyglin á henni hafi gosið upp í kjölfar heimsóknar Anders Fogh Rasmussens, forsætisráðherra Danmerkur, til Færeyja í ágústmánuði á síðasta ári.

Málefni sjálfstjórnarsvæðanna var tekið upp á árlegum fundi með forsætisráðherrum á þingi Norðurlandaráðs og síðan þróaðist málið þannig að forsætisráðherrarnir fólu norrænu samstarfsráðherrunum að gera úttekt á því hvernig efla mætti hlutverk sjálfstjórnarsvæðanna í norrænu samstarfi. Það er í rauninni lagaleg úttekt og menn horfa til þess annars vegar hvað heimilt er innan Helsinki-sáttmálans eins og hann er og hins vegar með tilliti til stjórnarskrár Dana. Í kjölfarið er svo gert ráð fyrir pólitískri ákvarðanatöku og umræðu um málið.

Á liðnu starfsári, 2005, gegndi Rannveig Guðmundsdóttir, hv. 2. þm. Suðvest., starfi forseta Norðurlandaráðs og sú sem hér stendur var varaforseti. Hlutverk forseta er

einkum að leiða og samhæfa störf forsætisnefndar, stjórna fundum nefndarinnar og ekki síst að koma fram fyrir hönd Norðurlandaráðs gagnvart öðrum alþjóðastofnunum. Forsetinn hefur jafnframt mikilvægu hlutverki að gegna varðandi stefnumótun í málefnum skrifstofu Norðurlandaráðs, auk þess að vinna mjög náið með framkvæmdastjóra skrifstofunnar.

Mér finnst við hæfi, frú forseti, að geta þess sérstaklega í þessari umræðu að Rannveig Guðmundsdóttir gegndi starfi sínu sem forseti Norðurlandaráðs mjög vel og af miklum sóma og með skörulegum hætti. Ég vil nota tækifærið og þakka henni fyrir sérlega vel unnin störf. Meðal þeirra verkefna sem hún tók að sér og stóð að á árinu má nefna að hún hélt þrívegis til Pétursborgar í Rússlandi. Fyrst til að taka þátt í þingi Samveldis sjálfstæðra ríkja, sem er samráðsvettvangur þingmanna frá fyrrum ríkjum Sovétríkjanna. Þá sótti hún alþjóðlegan fund um efnahagsmál sem helgaður var efnahagsþróun á norðurslóðum. Og loks tók hún þátt í ráðstefnunni Konur og lýðræði þar sem hún flutti lokaræðu ráðstefnunnar og ræddi þar m.a. um aðgerðir gegn mansali kvenna og fjallaði nokkuð ítarlega um fæðingarorlofslögin sem sérstakt tæki í jafnréttisbaráttunni. Auk þess kom hún sem forseti Norðurlandaráðs fram fyrir hönd ráðsins á ársfundi Vestnorræna ráðsins sem fram fór á Ísafirði og að sjálfsögðu á Norðurlandaráðsþinginu. Ég vildi láta þessa getið og hef þó látið margt annað ótalið sem Rannveig Guðmundsdóttir starfaði að með miklum sóma sem forseti Norðurlandaráðs á síðastliðnu starfsári.

Norðurlandaráðsþingið var haldið í Reykjavík dagana 25.–27. október 2005. Þing Norðurlandaráðs er mjög fjölmenn samkoma en þátttakendur á þessu þingi eru um 800, þar af er 41 norrænn ráðherra, 87 norrænir þingmenn, sem eiga sæti í Norðurlandaráði, auk 20 þingmanna frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi. Íslandsdeild Norðurlandaráðs og alþjóðasvið Alþingis höfðu veg og vanda af skipulagningu þingsins í samstarfi við fjölmarga starfsmenn skrifstofu Alþingis og fleiri. Skemmst er frá því að segja að allt skipulag og framkvæmd þingsins tókst með eindæmum vel og var Alþingi og frábæru starfsfólki þess til mikils sóma.

Of langt er að rekja atburði þingsins hér, ég stikla aðeins á helstu málum þess en vísa að öðru leyti til skýrslunnar á þskj. 832. Af umræðum og málum þingsins má nefna umræðu um endurnýjun norræns samstarfs þar sem rætt var um fyrirliggjandi skipulagsbreytingar á Norrænu ráðherranefndinni og fækkun ráðherranefnda úr 18 í 11, umræðu um samstarf á norðurslóðum þar sem samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautsmál var lögð fram og umræðu um jafnréttis- og mannréttindamál þar sem rætt var um tillögu að norrænni samstarfsáætlun í jafnréttismálum 2006–2010. Þá voru á dagskrá þings Norðurlandaráðs rannsóknir og nýsköpun þar sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, mælti fyrir tillögu að norrænni samstarfsáætlun í iðnaðar- og atvinnumálum fyrir sama tímabil, 2006–2010. Markmið þessarar áætlunar er að Norðurlönd haldi stöðu sinni sem leiðandi svæði á heimsvísu hvað varðar hagvöxt og samkeppnishæfni.

Frú forseti. Í starfsáætlun Norðurlandaráðs fyrir árið 2006 er lögð meginhersla á fjögur svið. Í fyrsta lagi á áframhaldandi starf að afnámi landamærahindrana á Norðurlöndum. Í öðru lagi á þróun norræns samstarfs og nánari tengsl Norðurlandaráðs við norrænu þjóðþingin. Í þriðja lagi á alþjóðlegt samstarf sem m.a. beinist að því að efla tengslin við Rússland. Og í fjórða lagi að halda málefnum norðurskautsins á lofti. Síðan hafa málefnanefndirnar fimm að sjálfsögðu hver sínar sérstöku meginmálefnaáherslur í sínu starfi.

Samstarfið á vettvangi Norðurlandaráðs er mikilvægt fyrir hagsmunagæslu Íslendinga og stuðlar að áframhaldandi farsæld íslenskrar þjóðar. Það er því ánægjulegt að forusta Íslands í Norðurlandaráði og framkvæmd Norðurlandaráðsþingsins hér á landi á síðasta ári hafi farist okkur jafn vel úr hendi og raun ber vitni. Við óskum þess öll að það verði liður í að festa norrænt samstarf enn frekar í sessi, það er einn mikilvægasti vettvangur okkar í utanríkismálum.

Við eigum, frú forseti, mikla samleið í Evrópumálum, svo ég nefni þau sérstaklega, með hinum Norðurlöndunum. Stækkun Evrópusambandsins eykur þörfina á að Norðurlöndin hafi samráð um hagsmunamál sín í Evrópusamstarfinu og það á jafnt við um norrænu ESB-löndin og Ísland og Noreg sem hafa valið að tengjast Evrópu með öðrum hætti. Samstarf Evrópuríkjanna bæði breikkar og dýpkar þegar hin tíu nýju aðildarríki eru gengin í ESB. En við skulum líka horfa til þess að stækkun Evrópusambandsins felur í sér ný tækifæri fyrir Norðurlönd. Flest bendir til að samstarf ríkjahópa með sameiginleg gildi og hagsmuni muni aukast til mikilla muna innan Evrópusambandsins eins og þróunin hefur verið og verður fyrirsjáanlega.

Við höfum, frú forseti, valið ólíkar leiðir til þátttöku í yfirstandandi samruna þjóða í Evrópu og vert er að geta þess að Norðurlöndin hafa líka valið ólíkar leiðir til þátttöku innan ESB, t.d. hvað varðar evruna. En hvað sem því líður er Evrópurétturinn mjög fyrirferðarmikill í löggjöf allra Norðurlandanna, bæði þeirra ríkja sem taka þátt í að móta hann og hinna sem standa fyrir utan eiginlega ákvarðanatöku um evrópska löggjöf.

Þrátt fyrir að við höfum valið ólíkar leiðir á ýmsum sviðum þá breytir það ekki því að við höfum mjög svipaða hagsmuni og lífsgildi. Við teljum að þessi lönd geti miklu betur staðið fyrir þeim lífsgildum í sameiningu. Við erum öflug heild sem oft og tíðum hefur haft forustu um breytingar og við höfum líka orðið öðrum fyrirmynd að svæðisbundnu samstarfi.

Ég tel, frú forseti, að með því að vera fyrirmynd hvað varðar þjóðfélagsuppbyggingu, en þannig er nú horft til Norðurlandanna, og fyrirmynd að samstarfi milli þjóða hafi Norðurlönd sem ríkjahópur mjög sterka stöðu til að hafa áhrif á alþjóðavettvangi, bæði ein og sér og líka í samstarfi sín á milli. Þetta norræna samstarf hefur verið okkur einkar happadrjúgt á liðnum árum þó það sé ekki staður eða stund hér til að tíunda margvíslegan ávinning okkar af því.

En svona í samantekt, frú forseti, vil ég fá að segja að þetta samstarf mun eftir sem áður vera okkar mikilvægasti pólitíski samráðsvettvangur í Evrópumálum og jafnframt brú okkar til Evrópu, hvernig sem við kjósum að haga tengslum okkar við Evrópu að öðru leyti.

[14:49]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir góða yfirferð og hina fróðlegu skýrslu um starf Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á síðasta ári. Fjölmörg atriði í þessari skýrslu eru áhugaverð og augljóst að um er að ræða áhugaverðan vettvang fyrir okkur að starfa á.

Í inngangi skýrslunnar kemur fram að á árlegum þingfundi Norðurlandaráðs sé fjallað um framkomnar tillögur og þingið sendi frá sér tilmæli til ríkisstjórna landanna eða Norrænu ráðherranefndarinnar. Fjallað er um þau tilmæli á ýmsum stöðum í skýrslunni. Nú hlýtur, og það hefur komið fram í umræðum um málið sem var á dagskrá hér á undan, aðild Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands að Evrópusambandinu að einhverju leyti að hafa áhrif á starfið innan Norðurlandaráðs. Nú gjörþekkir hv. þm. Jónína Bjartmarz þetta samstarf. Ég hef því áhuga á að heyra frá henni hvaða áhrif slík tilmæli hafa í raun og veru. Er einhver munur hvað það varðar á þeim ríkjum sem eru í Evrópusambandinu og hinum sem eru utan þess, Íslands og Noregs?

Ég veit nefnilega, og ég sé það hér í skýrslunni, að þessum tilmælum hefur verið komið í ákveðinn formlegan farveg hér á landi fyrir tilstuðlan hv. þm. Jónínu Bjartmarz og hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Því hef ég áhuga á að heyra hvernig því er fyrir komið í öðrum þjóðþingum og hvort hv. þingmaður metur það svo að þar sé munur á.

[14:51]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir spyr svo stórt að ég veit ekki hvort mér vinnst tími til að svara henni í þessu stutta andsvari. Hvað varðar þá breytingu sem við gerðum á starfstilhögun Íslandsdeildar Norðurlandaráðsins þá ákváðum við að taka þátt í því að samhæfa betur starfið sem fer fram á vettvangi Norðurlandaráðs og starfið í þjóðþingunum. Liður í því er að senda tilmælin, sem samþykkt eru á Norðurlandaráðsþingi, til viðkomandi fastanefnda. Það gerðum við eitt árið. Síðan uppgötvuðum við að það væri óeðlilegt að senda þau á öðru máli en íslensku svo að næsta ár var ráðist í að þýða tilmælin og senda þau viðkomandi fagnefndum hér í þinginu. Síðan er það eftir atvikum hvort þeir sem sitja í Íslandsdeildinni sitja í fagnefndum hér í þinginu.

Á fundi Íslandsdeildarinnar í janúar ákváðum við að leitast við að taka þetta í fóstur, eftir því sem við átti og eftir því í hvaða fagnefndum menn sitja hér á Alþingi. Við erum svona á fósturstiginu núna að skoða hvernig við getum fylgt þessu eftir.

En áhugi hv. þingmanns á norræna samstarfinu gleður mig mikið. Hún lét þess ekki getið tímans vegna að hún hefur m.a. verið varamaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Þess vegna gleður áhugi hennar mig enn meira og einnig vegna þess hve hv. þingmaður er ung, bæði hér á þingi og í aldri. Ég hef svolitlar áhyggjur af norrænu samstarfi gagnvart yngra fólki en er orðin vonbetri en áður.

Ég get upplýst hv. þingmann um að tilmælunum er ýmist beint til Norrænu ráðherranefndarinnar til úrvinnslu á vettvangi hennar eða til viðkomandi ríkisstjórna. En það er enginn munur á því hvernig með þau tilmæli er farið í ríkjunum þremur innan Evrópusambandsins eða í ríkjunum tveimur sem standa utan þess, Íslandi og Noregi. Ég hef ekki fundið nokkurn mun á því hvernig farið er með þessi tilmæli eða hvernig þeim er tekið á milli þessara ríkja.

Þegar lesið er í gegnum tilmælin sést að þau eru mjög margbreytileg á mjög mismunandi málefnasviði. Sumum er beint til ráðherranefndarinnar og síðan er gert grein fyrir þeim á næsta Norðurlandaráðsþingi. Önnur fara hér inn í vinnslu og þingmenn hafa það í sumum tilvikum í hendi sér að fylgja þeim eftir.

[14:54]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa ágætu yfirferð þó stutt væri. En það er rétt hjá hv. þingmanni að ég er nýorðin varamaður í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. En ég hef ekki fengið það tækifæri að fara á fundi Norðurlandaráðs enn þá svo ég hef ekki getað kynnt mér þetta af eigin raun. Mér finnst áhugavert að velta því fyrir sér hvaða áhrif svona tilmæli hafa sem send eru frá Norðurlandaráði til ríkisstjórna landanna sem þar eiga aðild. Það hlýtur að vera einhver skörun við starfið sem á sér stað innan Evrópusambandsins og það er áhugavert að fá upplýsingar um slíkt.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz sagði í ræðu sinni hér áðan að út af samstarfinu við Evrópu væri Norðurlandaráð orðið ágætur samráðsvettvangur Norðurlandanna í málefnum sem snúa að Evrópusambandinu. Því hlýt ég að fá að velta því hér upp við hv. þingmann og biðja hana um að gefa mér einhverja mynd af því, þó að hún hafi stuttan tíma til þess í andsvari, hvort ekki sé hætt við því, og bið hana um að vera algjörlega heiðarlega með það, að við séum einstaka sinnum utanveltu í Norðurlandaráði. Og þá hversu mikil vigt sé í því og hversu mikið samstarf þessar þrjár þjóðir hafi umfram kannski þetta klassíska Norðurlandaráðssamstarf, þessar þrjár þjóðir sem eru í Evrópusambandinu, og hvort hv. þingmaður finni fyrir því í störfum sínum innan Norðurlandaráðs.

[14:56]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Aldrei hefur annað staðið til en að vera fullkomlega heiðarleg við hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur um Norðurlandaráðssamstarf og ýmislegt annað.

Ég vil byrja á að fullvissa hv. þingmann um að við finnum ekki að nokkru leyti fyrir því að vera utanveltu í norrænu samstarfi. Það eru Íslendingar ekki. Ég býst við að spurningar hv. þingmanns stafi af því að hún hefur ekki tekið þátt í starfi ráðsins enn þá, áttar sig kannski ekki alveg á því út á hvað tilmælin ganga. En þau tilmæli sem samþykkt eru eru alltaf í sátt allra landanna. Þau snúa yfirleitt ekki að Evrópumálum sem slíkum. Þau geta t.d. snúið að einhverjum tilteknum fagmálefnum, einhverjum málefnum sem eru á sviði tiltekinna þingnefnda í þessu landi.

Þannig kemur aldrei til þess að þjóðir finni til þess, Ísland og Noregur, að þær séu utanveltu vegna þess að þær standi utan Evrópusamstarfsins. En hins vegar er það nú svo að utanríkismál innan Norðurlandaráðs eru á vettvangi forsætisnefndarinnar og þar sitja fulltrúar allra flokkahópa

og allra landa. Þannig að þar erum við svo vissulega að vinna í takt.

En aðeins varðandi það hvort væri einhver skörun þá koma auðvitað upp málefni á vettvangi Norðurlandaráðs, í viðkomandi fagnefndum, sem menn hafa ólíka sýn á, bæði karlar og konur. Ég get t.d. nefnt mansal og vændi, Danir hafa t.d. aðra sýn á þau mál en Svíar og einhver hluti íslensku fulltrúanna. Það er því munur á afstöðu manna í tilteknum málum.

En tilmælin eru alla jafna samþykkt í sátt allra aðila og oftar en ekki byggist niðurstaðan á t.d. upplýsingaöflun eða upplýsingum sem fengnar eru frá ráðuneytum allra aðildarlandanna. Út frá því reynum við að móta tiltekna norræna stefnu innan Norðurlandaráðsins sem tekst í sumum málum, (Forseti hringir.) öðrum ekki.

[14:58]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegur forseti. Það er afskaplega ánægjulegt hve mikil umræða hefur verið hér í allan dag um norrænt samstarf og er það vel. Það er ekki alltaf sem svo er þegar verið er að fara yfir skýrslur á þessum vettvangi svo það er mjög ánægjulegt hve margir taka þátt í þessari umræðu og ég vil fagna því sérstaklega.

En sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs vil ég koma inn í umræðuna og hafa nokkur orð um starf nefndarinnar á síðasta ári.

Efnahags- og viðskiptanefnd annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni. Umfang þeirra verkefna sem nefndin hefur á sinni könnu er mikið og það er afskaplega skemmtilegt að fá það tækifæri að vera formaður í þessari nefnd.

Á starfsárinu 2005 beindi nefndin sjónum að afnámi landamærahindrana í atvinnulífi Norðurlanda og fjallaði um málefni sem varða opinn hugbúnað og opna hugbúnaðarstaðla, vinnumarkaðssamstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, útvistun og vestnorræna samgöngu- og byggðastefnu. Þá vann vinnuhópur, sem Steingrímur J. Sigfússon átti sæti í, tillögu um tilhögun evrópsks hugbúnaðareinkaleyfis.

Efnahags- og viðskiptanefnd Norðurlandaráðs gekkst í maí fyrir ráðstefnu um útvistun og innvistun í Kaupmannahöfn í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina og Norrænu nýsköpunarmiðstöðina. Rætt var um aukna útvistun norrænna fyrirtækja á framleiðslu sinni til landa eins og Eystrasaltsríkjanna, Kína og Indlands. Eins og allir vita er launakostnaður þar lægri en á Norðurlöndum. Rætt var um hvernig það styrkti samkeppnisstöðu fyrirtækjanna á heimsmarkaði. Jafnframt var rætt um hvernig Norðurlönd gætu laðað til sín auknar fjárfestingar og möguleika þess að þær stofnanir sem vinna að því að laða að fjárfestingar í einstökum löndum gætu unnið saman að því að markaðssetja Norðurlönd sem fjárfestingarsvæði. Áhersla var lögð á að samkeppnin nú snerist ekki lengur einungis um ódýrara vinnuafl heldur í vaxandi mæli um háskólamenntað fólk sem Asíuríki væru sérstaklega dugleg að mennta, t.d. hönnuði, hugbúnaðarfólk, verkfræðinga o.s.frv. Þess vegna yrði að leggja ofuráherslu á rannsóknir og menntun á Norðurlöndum því samkeppnisstaða þeirra stæði og félli með því að löndin haldi sessi sínum sem háþróuð þekkingarsamfélög í fremstu röð.

Í samræmi við áherslur Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar á málefni Vestur-Norðurlanda árið 2004 hóf efnahags- og viðskiptanefnd að kynna sér vestnorræn samgöngu- og byggðamál.

Mig langar að geta þess að árið áður hóf nefndin starf sitt á sumarfundi í Færeyjum. Þar hittum við færeyska þingmenn, áttum viðtöl við ýmsar stofnanir í Færeyjum og síðan tókum við Norrænu til Seyðisfjarðar og fórum um allt Norðurland. Við fórum með nefndina á Kárahnjúkasvæðið og skoðuðum allar þær miklu framkvæmdir sem voru í fullum gangi. Haldnir voru fundir á Akureyri, bæði með háskólanum þar og fleiri aðilum.

Á síðasta ári var sumarfundur nefndarinnar einnig helgaður sömu málefnum. Fyrst var fundað í Reykjavík og síðan farið til Grænlands. Sumarferðin var farin dagana 15.–19. ágúst. Átti nefndin fundi með rekstrarfélagi ferjunnar Norrænu, Flugfélagi Íslands, Grænlandsflugi og óháðum sérfræðingum. Á Grænlandi kynnti nefndin sér stöðu ferðaþjónustu og framtíðarhorfur í greininni, m.a. möguleika á nánari samvinnu ferðaþjónustuaðila á Íslandi og Grænlandi á þeim stöðum þar sem boðið er upp á beint flug á milli landanna. Þá heimsótti nefndin bóndabæi. Það var afskaplega skemmtilegt að hitta þá bændur því að þeir höfðu numið sín fræði á Íslandi. Það er til marks um hve miklu máli það skiptir, hið góða samstarf milli Grænlands, Íslands og Færeyja.

Við ræddum við fulltrúa landbúnaðarstofnunar heimastjórnarinnar um stöðu landbúnaðar á Grænlandi. Í Qaqortoq, stærsta bæ Suður-Grænlands, átti nefndin fund með bæjaryfirvöldum og heimsótti fiskmarkað, fiskvinnslu og verslunarskóla bæjarins auk skinnavinnslu Great Greenland.

Við áttum þess einnig kost að hitta hreindýrabóndann stóra, sem er stór í orðsins fyllstu merkingu og einnig með stóran hreindýrabúgarð. Með honum fórum við í siglingu. Það er ánægjulegt að hitta Íslendinga sem gera það gott. Eins hittum við íslenska konu sem rekur veitingahús í Qaqortoq, þar sem er framreiddur skemmtilegur grænlenskur matur og sagðar skemmtilegar sögur meðan á borðhaldi stendur.

Á árinu 2005 sótti ég ásamt Steingrími J. Sigfússyni nokkrar ráðstefnur fyrir hönd efnahags- og viðskiptanefndar. Við fórum, sem formaður og varaformaður nefndarinnar, fyrir sendinefnd í vinnuheimsókn til Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, í París og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, í Genf í mars. Þá sótti ég ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um veikindafjarveru frá vinnustöðum, í Kaupmannahöfn í apríl, 14. Eystrasaltsráðstefnuna í Vilníus í ágúst, og fund WTO í Hong Kong í desember.

Virðulegi forseti. Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir starfi efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs á síðasta ári. Hið góða starf sem þar er unnið stuðlar að samkeppnishæfni og góðri efnahagsstöðu Norðurlanda og

glæðir útflutning þaðan.

Ég vil nota tækifærið til að þakka varaformanni nefndarinnar, Steingrími J. Sigfússyni, fyrir afskaplega gott samstarf. Eins vil ég nota tækifærið og þakka ritara okkar, hinum danska Jesper Schwarz og Stíg Stefánssyni fyrir frábært samstarf og góða vinnu fyrir nefndina.

[15:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hér hafa verið fluttar athyglisverðar ræður um samstarf okkar á vettvangi Norðurlandaráðs. Eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir og Jónína Bjartmarz hafa gert grein fyrir þá er ánægjulegt hve mikil endurnýjun virðist hafa orðið í hinu norræna samstarfi. Áhuginn er mikill. Það er talsvert af nýjum þingmönnum að koma til liðs við Norðurlandaráð og líkt og að menn hafi endurnýjað ákveðin grundvallaratriði. Fólk gengur í endurnýjun lífdaga, merkir maður, sem styrkir stólpana undir þetta norræna samstarf. Fólk er t.d. að átta sig á því á hvern hátt norrænu félögin og grasrótin þarf að koma til liðs.

Ég átti kost á að sitja sem varamaður Steingríms J. Sigfússonar á síðasta fundi nefndanna í Ósló fyrir skemmstu. Ég varð vör við að fólk er að átta sig betur á því hve marga þarf til að halda þessu samstarfi úti og hve mikilvægt það er. Af orðum forsætisráðherra Noregs, sem ávarpaði okkur á þessum fundum í Ósló, mátti skilja að hann er sama sinnis og við Íslendingar. En við Íslendingar höfum oft haft áhyggjur af því að stærri þjóðirnar í Norðurlandasamstarfinu hafi ekki áttað sig jafn vel á því og við hve þýðingarmikið þetta er eða ekki lagt jafnmikið í að sinna samstarfinu eins og við hefðum gjarnan viljað.

Þótt ég sé ný í þessu samstarfi hef ég tekið eftir aukinni orku sem ég held að sé til þess fallin að endurnýja stoðirnar, efla þær og tryggja að við náum til framtíðar að styrkja þetta samstarf jafnvel þótt Evrópusamstarfið sé til staðar og annað samstarf þessara þjóða við önnur ríki.

Eins og ég gat um hef ég komið inn í þetta starf á undanförnum vikum sem varamaður Steingríms J. Sigfússonar. Mig langaði að gera grein fyrir þeirri sérstöðu sem mér hefur fundist vinstriflokkagrúppan í Norðurlandaráði hafa, vinstri sósíalíska og græna grúppan.

Mig langar t.d. að geta þess að þegar við hittumst á Norðurlandaráðsþinginu, sem haldið var í Reykjavík 25. til 27. október síðastliðinn, þá voru nokkuð margir málaflokkar teknir til skoðunar og umræðu. Þá fluttu forsætisráðherrarnir Halldór Ásgrímsson og Anders Fogh Rasmussen fluttu sínar skýrslur. Norski samstarfsráðherrann gerði síðan grein fyrir formennskuáætlun Norðmanna í Norrænu ráðherranefndinni fyrir þetta ár, 2006.

Kynningin á áætluninni fór ekki þegjandi og hljóðalaust fram. Þó ég hafi þá trú að þjóðirnar hafi í auknum mæli áttað sig á að endurnýja þurfi kraftinn í þessu samstarfi þá töluðu mínir kollegar í samstarfinu milli vinstri sósíalista og grænna um að meginátherslurnar í áætlun Norðmanna mættu vera metnaðarfyllri að sumu leyti. Að hluta má nefna að framlögin til norræna samstarfsins hefðu mátt aukast meira en raun ber vitni. Þau hafa ekki aukist í samræmi við verðlagsbreytingar og aukningu þjóðarframleiðslu á Norðurlöndunum undanfarin 10–15 ár. Þó má segja, í því sambandi, að það varð ákveðinn sparnaður og hagræði af flutningi skrifstofunnar á sínum tíma. En ég held samt að stjórnmálamenn á Norðurlöndum verði að átta sig á því að þetta öfluga samstarf þarf ákveðið eldsneyti og aukna fjármuni. Við þurfum alltaf að endurskoða fjárhagsáætlanir okkar. En það hefur viljað brenna við að menn standi á bremsunni hvað varðar fjárveitingarnar. Ég held að við þurfum að horfa til þess á jákvæðan hátt. En þótt ákveðinn sparnaður hafi orðið og hagræði í starfseminni á undanförnum árum þá verðum við að passa okkur á að hefta ekki svo fjárstreymið inn í samstarfið að það gjaldi þess.

Ég tek undir orð hv. þm. Jónínu Bjartmarz sem ræddi um óskir varðandi Færeyinga, að þeir fái fulla aðild að Norðurlandaráði. Við þá kröfu hefur ævinlega verið lýst stuðningi og talsvert frumkvæði verið haft í þeim efnum úr flokkahópi vinstri sósíalista og grænna. Ég vil bara undirstrika að við erum því fylgjandi að Færeyingar fái fullgilda aðild að Norðurlandaráði. Ég held að það gæti jafnvel breytt ýmsu í samstarfinu og gert samstarf okkar á norðurslóðum enn öflugra en raun ber vitni. Er það þó öflugt fyrir.

Átökin sem átt hafa sér stað varðandi form- og skipulagsbreytingar á norræna samstarfinu hafa vakið talsverðar spurningar. Breytingarnar hafa vakið alvarlegar spurningar sem ég held að við komust ekki hjá að svara, spurningarnar um hvort fækka í ráðherra- og embættismannanefndunum og varðandi tilfærslu á norrænum stofnunum yfir til einstakra ríkja þá er eðlilegt að við setjum spurningarmerki við ákveðna þætti í þessum breytingum.

Ég held að það sé full ástæða til að nefna að hugmyndir um aukið samstarf við Skotland og Kanada, milli Norðurlandanna, Skotlands og Kanada. Þeim hefur verið haldið frammi á þessum vettvangi. Það er auðvitað umhugsunarvert að í Kanada búa fleiri en í öllum norrænu ríkjunum samanlagt. En þar býr fólk engu að síður við aðstæður sem minna um margt á Norðurlönd. Kannski má segja að vestnorræna samstarfið hafi í auknum mæli opnað okkur á norðurslóðum innsýn í lífið í Kanada, sem á vissulega marga snertifleti við Norðurlöndin.

Mér hefur líka fundist afar athyglisvert að skoða, í umræðunum á Norðurlandaráðsþinginu sem ég sat í Reykjavík og fundi í Ósló fyrir skemmstu, þættir og tillögur er varða þá viðleitni okkar að reyna að sporna gegn ólöglegu vinnuafli. Við í vinstri sósíalista og græna flokkahópnum höfum flutt um það tillögur á vettvangi Norðurlandaráðs að bregðast þurfi við því ólöglega vinnuafli sem kemur til Norðurlandanna og nýtur alls ekki sömu launa og réttinda og innlent vinnuafl. Í borgara- og neytendanefndinni hefur talsverð umræða farið fram um þessi mál. Nefndin hefur til sérstakrar umfjöllunar hugmynd eða tillögu frá vinstri flokka hópnum sem lýtur að þessum málum. Ég held að það skipti verulegu máli að þessi atriði séu tekin föstum tökum. Eins og við á Íslandi þekkjum er þessi straumur vinnuafls úr Austur-Evrópu ekkert að stöðvast. Þvert á móti. Ég held að það sér veruleg þörf á að norrænir þingmenn standi saman í að finna leiðir til að tryggja að verkamenn sem koma til okkar landa til starfa njóti þar a.m.k. fullra réttinda. Annað er auðvitað ekki forsvaranlegt.

Mig langar líka að geta hér í nokkru, virðulegi forseti, þeirrar vinnu sem á sér stað á vettvangi Norðurlandaráðsins

sem lýtur að baráttunni gegn mansali. Í máli hv. þm. Jónínu Bjartmarz kom fram að á dagskrá nefndanna í Norðurlandaráði sé samræming aðgerða í baráttunni gegn mansali á Norðurlöndunum og ályktun frá síðasta Norðurlandaráðsþingi sem krefur ríkisstjórnir norrænu landanna um að utanríkisráðherrar gefi út skýrslu á næsta þingi Norðurlandaráðs árið 2006 um þátttöku í starfshópnum sem stofnað var til á sínum tíma um baráttu gegn mansali á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Hún er auðvitað sjálfsögð. En við hefðum viljað sjá í vinstri sósíalíska og græna flokkahópnum heldur lengra gengið í þessum efnum.

Í því sambandi má nefna að við fluttum um það tillögu á sínum tíma á 57. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík að Norðurlandaráð beindi tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að taka ákveðið frumkvæði í rannsókn á því hvaða áhrif framlenging á dvalarleyfi fórnarlamba mansals í móttökulandinu hefði á frekari rannsóknir á þeirri glæpastarfsemi sem að baki liggur. Ástæðan fyrir því að við höfum viljað að þetta yrði skoðað sérstaklega á vettvangi Norðurlandaráðs er fyrst og fremst sú að við teljum að fórnarlömb mansals sem uppgötvast ólögleg í viðkomandi löndum, þ.e. í okkar löndum, að þau þurfi á mikilli hjálp að halda, bæði félagslegri hjálp, fjárhagslegri og lögfræðilegri og ekki kannski bara eins og hefur verið gert núna, einblínt á að þessi fórnarlömb geti leitt okkur að uppsprettu glæpastarfseminnar, þ.e. til glæpamannanna sjálfra sem stunda að selja konur og börn á milli landanna okkar til kynlífsþrælkunar og annars konar þrælkunar, heldur teljum við að það sé meginatriði og aðalatriðið og eigi að vera forgangsmál, að endurreisa líf þessara fórnarlamba. Það er ekki fyrr en hægt er að segja að því marki sé náð að fórnarlömbin geti í sjálfu sér hugsanlega verið í stakk búin til að vitna gegn þeim glæpamönnum sem unnið hafa þeim mein í gegnum þessa glæpastarfsemi.

Hingað til hefur fókusinn ævinlega verið á það að fá fórnarlömbin til að vitna og hjálpin hefur ekki staðið þeim til boða nema að þau séu fús til slíks samstarfs við lögreglu. En við höfum viljað, eins og raunar hefur komið fram í þingmálum okkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á löggjafarþinginu, breyta fókusnum í þessum efnum.

Vinstri græna flokkagrúppan í Norðurlandaráði telur líka að beina þurfi sjónum að ákveðnum þáttum í þessari baráttu við mansalið sem ekki hefur verið nægilega vel hugað að. Þá erum við að tala um miðlun upplýsinga á milli landanna og miðlun reynslu um hvaða aðferðir hafi reynst best í viðleitninni við að hafa uppi á fórnarlömbum mansals. Sömuleiðis höfum við viljað leggja áherslu á að við þurfum að þróa aðferðir til að bera kennsl á og meta hvernig þau tilboð um vernd sem standa fórnarlömbunum til boða hafa reynst, þar með talið möguleika fórnarlambanna á vernd óháð landamærum.

Eins og vinstri flokka grúppan skilaði hugmyndum sínum upphaflega til 57. þings Norðurlandaráðs má segja að hún fór ekki óbreytt í gegn. En hún vakti fólk til umhugsunar um þessa þætti. Ég tel að þetta sé dæmi um mál sem fær áframhaldandi umræðu á vettvangi Norðurlandaráðs og komi á endanum til með að ná í gegn þó svo það hafi ekki komist alla leið í fyrstu tilraun.

En það er verulega mikilvægt, virðulegi forseti, að öll sú umræða sem á sér stað á vettvangi Norðurlandaráðs um mannréttindamál og jafnréttismálin almennt hefur verið þeirrar náttúru að þar er verið að brydda upp á nýjum hugmyndum og ég er full bjartsýni á að þingmenn á vettvangi Norðurlandaráðs eigi að geta tekið forustu í ýmsum málum sem Norðurlandaráð hefur verið að fjalla um hreinlega á heimsvísu. Þar vil ég nefna mannréttindamál sérstaklega. Mér sýnist full þörf á að þessi sterki þjóðahópur taki sig saman og tali einni röddu og röddin sem komi þá sameinuð úr norðri verði rödd hinnar meðvituðu mannréttindastefnu sem tryggi að það séu raunhæfar aðferðir notaðar í löndum okkar til að vinna gegn þeim mannréttindabrotum sem við horfum upp á.

[15:21]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Þar sem sá er hér stendur er varaþingmaður Rannveigar Guðmundsdóttur get ég ekki látið hjá líða að vekja athygli þingheims á því hversu hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir skilaði frábæru starfi sem forseti Norðurlandaráðs. Það starf er rómað um öll Norðurlönd og er það sérstaklega ánægjulegt fyrir þingmenn og sérstaklega jafnaðarmenn, samfylkingarfólk, hversu frábæru starfi hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir skilaði sem forseti Norðurlandaráðs.

[15:22]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við ræðum skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2005. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir góða og yfirgripsmikla ræðu um þetta samstarf. Það skal aldrei ofmetið hversu mikilvægt Íslendingum Norðurlandasamstarf er. Við sem lítil þjóð erum þarna fullgildir þátttakendur. Vonandi verður hægt að efla þetta samstarf frekar en hitt. En því miður hefur tilhneigingin verið sú á síðustu árum að talað er um að þetta sé það kostnaðarsamt, mikið og flókið batterí að frekar ætti að draga úr samstarfinu. En við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum einmitt lagt áherslu á að Norðurlandasamstarfið sé mjög af hinu góða og það beri að efla frekar en hitt.

Í skýrslunni er sagt frá störfum menningar- og menntamálanefndar, ég ætla aðeins að fara yfir það. Því miður átti Ísland ekki fulltrúa í þeim hópi. Menningar- og menntamálanefnd annast málefni sem varða menningu og listir á Norðurlöndum og á alþjóðavísu, fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál, íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannaskipti. Þetta er sem sagt yfirgripsmikill hópur og stórt svið og leitt að Íslendingar hafi ekki átt fulltrúa í nefndinni.

Málefni nefndarinnar voru m.a. á síðasta ári þau er varða fjárhættuspil, happdrætti og spilafíkn. Það hefði verið gott að hafa t.d. hv. þm. Ögmund Jónasson í þeirri nefnd því þetta eru einmitt málefni sem hann hefur lagt mikla áherslu á hér í þinginu.

Verðlauna Norðurlandaráðs er sérstaklega getið í 4. kafla skýrslunnar. Nú sem stendur eru verðlaun Norður-

landaráðs fern. Það eru bókmenntaverðlaunin, tónlistarverðlaunin, náttúru- og umhverfisverðlaun. Það eru um tíu ár síðan farið var að veita þau verðlaun fyrst. Það var einmitt samþykkt á Norðurlandaráðsþingi á Íslandi 1995 að efna til þessara verðlauna. Og nýjustu verðlaunin eru kvikmyndaverðlaunin sem voru fyrst veitt held ég árið 2002.

Bókmenntaverðlaunin eru elst þessara verðlauna og var fyrst úthlutað 1962. Það var náttúrlega sérstaklega ánægjulegt að á síðasta ári var það einmitt Sjón sem hlaut þessi verðlaun. Ég ætla aðeins að lesa upp úr skýrslunni, með leyfi forseta, þar sem textinn er svo fallegur þar sem sagt er frá þessum verðlaunum.

„Sjón (Sigurjón Birgir Sigurðsson) hlaut verðlaunin árið 2005 fyrir Skugga-Baldur en verkið er rómantísk skáldsaga sem gerist á Íslandi um miðja 19. öld. Í rökstuðningi dómnefndar segir m.a. að í Skugga-Baldri þræði Sjón einstigið milli ljóðs og prósa. Í skáldsögunni séu ofin saman minni úr íslenskum þjóðsögum, rómantísk frásögn og heillandi saga þar sem siðfræðilegar spurningar nútímans skjóti upp kollinum."

Við höfum öll tekið eftir því hversu mikla athygli þessi bókmenntaverðlaun hafa vakið, og vakið jafnframt verðskuldaða athygli á skáldinu Sjón. Nú verða bækur hans gefnar út annars staðar á Norðurlöndunum. Útgefendur keppast þar um að fá að gefa út bókina. Ég hef tekið eftir því að Skugga-Baldur hefur verið ofarlega á metsölulistum á Íslandi og má þakka það fyrrgreindum verðlaunum að verulegu leyti.

Hins vegar hefur líka verið fjallað um að þeir sem eru tilnefndir til verðlaunanna á Norðurlöndunum mættu kannski fá meiri umfjöllun á Íslandi. Að vísu hefur Jórunn Sigurðardóttir hjá Ríkisútvarpinu, á Rás 1, gert hinum rithöfundunum nokkuð góð skil. En talað hefur verið um að annars staðar á Norðurlöndunum sé umfjöllunin um þessa rithöfunda mun meiri og ítarlegri. Þetta er eitthvað sem íslenskir fjölmiðlar gætu tekið upp hjá sjálfum sér að fjalla betur um bókmenntir hinna Norðurlandanna, þessar afbragðs bókmenntir. Ég er viss um að það mundi vekja meiri athygli á þessum sameiginlega arfi okkar, bókmenntaarfinum.

Ég minntist aðeins áðan á hin árlegu náttúru- og umhverfisverðlaun og var sérstaklega ánægjulegt að það var norski líffræðingurinn Ann-Cecilie Norderhaug sem hlaut verðlaunin á síðasta ári fyrir framlag sitt til verndunar menningarlandslags á Norðurlöndum. Verðlaunin eru alltaf veitt einstaklingi sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum, eða hópi fólks, samtökum, jafnvel fjölmiðlum og fyrirtækjum sem hafa í störfum sínum tekist að sýna náttúrunni tillitssemi.

Maður getur velt fyrir sér tilgangi svona verðlauna. Þau eru auðvitað viðurkenning fyrir þá sem hljóta þau en ekki síður vekja þau athygli fjölmiðla og íbúa á Norðurlöndunum á þeim hlutum, fá oftast heilmikla fjölmiðlaathygli. Það er mjög af hinu góða. Það er sérstaklega ánægjulegt að þessi verðlaun Norðurlandaráðs eru ekki bara blómvöndur og nafnið eitt heldur eru þau mjög vegleg. Þau nema 350.000 dönskum krónum sem kemur sér heldur betur vel fyrir þá sem þau hljóta og athyglin sem þessi verðlaun vekja geta verið margföld á við þá upphæð.

Norðurlandasamstarfið er með ýmsu sniði. Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi að fá að taka þátt í Norðurlandasamstarfi strax á unga aldri þegar ég fór á vegum Nordjobb til Danmerkur í sumarvinnu. Það var mér ómetanleg lífsreynsla. Maður lærði tungumálið aðeins betur. Ég gat notað skóladönskuna mína og hef eiginlega búið að því síðan að geta talað þokkalega dönsku. Þegar maður getur bjargað sér á dönsku getur maður reyndar einnig bjargað sér ágætlega á sænsku og norsku. Finnskan er hins vegar aðeins erfiðari. Þetta varð m.a. til þess að ég fór sem gestanemi til Noregs og gat þar fylgst nokkuð vel með námsefninu á norsku.

Nú er sem betur fer verið að efla þetta á ýmsum sviðum. Ég veit að heilu bekkirnir úr grunnskólum á Akureyri fara og heimsækja grunnskóla í Skandinavíu. Síðan er það endurgoldið með heimsóknum aftur til Akureyrar. Skrifstofa þessa menningarsamstarfs á Norðurlöndunum er einmitt á Akureyri. Það er mjög virkt og skemmtilegt að fylgjast með því hve mikill áhugi er á þessu samstarfi, sérstaklega meðal grunnskólanema. Ég held að það skipti okkur sérstaklega miklu máli að halda við slíkum tengslum Norðurlanda.

Við vitum að ensk áhrif eru mikil, ekki síst á tungumálið okkar. Hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa ekki farið varhluta af því. Danir sletta manna mest á ensku af Norðurlandaþjóðunum. En einmitt í því tilliti er mjög mikilvægt að halda uppi góðu samstarfi milli Norðurlandanna. Það dugir ekki bara að lesa og læra dönskuna í bókum heldur skipta þessi beinu tengsl, að nota tungumálið í reynd, miklu meira máli. Það situr fastar í fólki. Í daglegu lífi heyrum við meira af ensku og amerísku en öðrum Norðurlandatungumálum. Þess vegna er þetta afar mikilvægt.

Samstarf á sviði leiklistar hefur verið þó nokkuð við aðrar Norðurlandaþjóðir. Ég þekki það frá heimabæ mínum Akureyri, að þar hefur leikklúbburinn Saga, sem er reyndar elsti starfandi unglingaleikklúbbur í landinu, haft mjög mikið samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar í um 15 ár og farið reglulega í ferðir. Þar hefur verið samstarf við allar hinar þjóðirnar. Þetta er ekki bara heimsókn í annað land til að setja upp leikrit heldur hafa ungmenni frá þessum löndum hist og jafnvel búið til leikverk saman. Þemað er þessi innbyrðis tengsl, skyldleiki tungumálanna og efling þeirra. Ég man eftir því að stundum var talað um að þegar allir þyrftu að tala saman væri það gert á ensku. Því var auðvitað kippt í liðinn. Ákveðið var að nú skyldu allir tala einhvers konar blöndu af skandinavísku. Ef Svíar tala nógu hægt og rólega þá skilja Danir og Norðmenn þá ágætlega. Margir Finnar skilja líka sænskuna. Við skiljum Færeyinga og Færeyingar skilja okkur og þannig á þetta í raun ekki að vera flókið.

Hins vegar hefur það verið einhvers konar tíska að tala ensku eða að menn haldi að þeir mætist á jafnréttisgrundvelli. En auðvitað á það að vera metnaðarmál allra að reyna að tala skandinavísku svo hana megi efla og sameiginlegar rætur okkar fái að vaxa og dafna.

Síðasta haust var haldið Norðurlandaráðsþing í Reykjavík, dagana 21. til 27. október. Í skýrslunni segir frá því að forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, hafi sett þingið, boðið þátttakendur velkomna til Íslands og hún minnst á kvennaverkfallið, sem fór einmitt fram daginn áður til að fagna 30 ára afmælis kvennafrídagsins mikla árið 1975. Hún sagðist

vona að sem flestir þingfulltrúar hefðu orði vitni að þessari samstöðu kvenna, og reyndar karla. Auðvitað tóku líka margir karlar þátt í verkfallinu.

Svo að ég vitni í þessa skýrslu þá sagði forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, að verkfallið hefði verið þörf áminning um að enn væri margt óunnið í jafnréttismálum hér á Norðurlöndum. Forsetinn lagði enn fremur áherslu á að litið væri á norrænt samstarf sem einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu og að þrátt fyrir ýmsar breytingar á skipulagi og inntaki samstarfsins undanfarin ár væri sú skoðun óbreytt. Mig langar í lokin að fagna þessum ummælum sérstaklega.

[15:37]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram mjög fróðleg umræða sem endurspeglar áhuga Alþingis á málefnum Norðurlandaráðs. Við ræddum fyrst skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem farið var yfir ýmsa þætti Norðurlandasamstarfsins. Hér er til umfjöllunar skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs þar sem tíunduð hefur verið aðkoma íslenskra þingmanna að þessu starfi.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur komið að norrænu samstarfi eins og ég gat um í ræðu minni um skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar. Innan okkar raða er mikill áhugi á að efla norrænt samstarf í hvívetna. Það er staðreynd að uppi eru mismunandi sjónarmið hvað það snertir en þessar skýrslur bera þess vott að í Norðurlandasamstarfinu er tekið á mörgum þeim málum sem brenna á okkar samtíð.

Hér hefur verið farið yfir ýmsa þætti starfsins. Ég ætla að staðnæmast örlítið við starf efnahags- og viðskiptanefndar sem hefur lotið formennsku hv. þm. Drífu Hjartardóttur, en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gegndi varaformennsku í þeirri nefnd.

Í skýrslunni kemur fram að nefndin hafi látið til sín taka á ýmsum sviðum enda annast hún málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni. Í umræðum í þinginu hefur komið fram á hvern hátt Norðurlöndin auka á samskipti við Eystrasaltsþjóðirnar.

Í skýrslunni sem hér er til umræðu er að því vikið að nefndin hafi beint sjónum að afnámi landamærahindrana í atvinnulífi Norðurlanda og fjallað um málefni sem varða opinn hugbúnað og opna hugbúnaðarstaðla, vinnumarkaðssamstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, útvistun og vestnorræna samgöngu- og byggðastefnu. Þá vann vinnuhópur, sem Steingrímur J. Sigfússon átti sæti í, tillögu um tilhögun evrópsks hugbúnaðareinkaleyfis.

Eitt af þeim málefnum sem nefndin lét til sín taka var aukin útvistun norrænna fyrirtækja á framleiðslu sinni til landa eins og Kína og Indlands þar sem framleiðslukostnaður er mun lægri en á Norðurlöndum. Rætt var um hvernig það styrkti samkeppnisstöðu fyrirtækjanna á heimsmarkaði. Þetta er nokkuð sem ríki í okkar heimshluta þekkja vel, að starfsemin er flutt til landa og svæða þar sem skilyrði eru hagstæðari. Við þekkjum þetta hér á landi. Fyrirtæki í hátækniiðnaði flýja land vegna þess að ytri skilyrði fara versnandi. Við höfum rakið það til stefnu ríkisstjórnarinnar, ekki síst hinnar öfgafullu stefnu sem Framsóknarflokkurinn fylgir í stóriðjumálum. Hann vill að stóriðja verði þriðjungur af efnahagsstarfsemi á Íslandi og að ál nemi allt að 40% af útflutningi frá Íslandi þegar upp verði staðið eftir fáein ár.

Allt þetta hefur orðið þess valdandi, þær framkvæmdir sem nú eru í gangi og ekki síður yfirlýsingar um hvað er á döfinni, að gjaldmiðillinn hefur styrkst. Ríkisstjórnin hefur í reynd gefið út yfirlýsingu um að það verði mikil eftirspurn eftir íslensku krónunni á komandi árum. Áhættufjárfestar, sem hafa pumpað inn sennilega um 200 milljörðum kr. til að hagnast á vaxtamun í bankakerfinu, vita að nái þetta fram að ganga, verði þessari stefnu fylgt, sé einskis að óttast af þeirra hálfu. Sú áhætta sem þeir taka er að gjaldmiðillinn taki dýfu og peningar þeirra rýrni meðan þeir staðnæmast í íslensku hagkerfi. Þarna er samhengi á milli, stefnu ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum og efnahagsmálum annars vegar og flótta hátæknifyrirtækja úr landi hins vegar.

Það var athyglisvert að heyra seðlabankastjórann Davíð Oddsson ræða um þessi mál í gær í fjölmiðlum. Hann sagði að stjórnin mætti passa sig og ætti að sýna varkárni í efnahagsmálum. Hann líkti henni saman við það þegar hann á unga aldri hefði farið í afmælisveislu og lagst í mikið kökuát og orðið illt af. Þarna var augljós samlíking á milli óþroskaðs barns sem langaði í stóra köku og mikla og borða hana alla í hvelli og ríkisstjórnar Íslands sem vill gera okkur að einu allsherjarálframleiðsluríki innan skamms.

Þetta datt mér í hug þegar ég sá í skýrslu efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs fjallað um útvistun norrænna fyrirtækja á framleiðslu sinni til landa þar sem framleiðslukostnaður lægri en hér er. Hér eru það stjórnvaldsaðgerðir sem þessu valda, hár vaxtakostnaður sem einnig tengist að hluta stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar og síðan gengi krónunnar sem nánast öllum ber saman um að endurspegli ekki framleiðslugetu íslensks efnahags- og atvinnulífs.

Einnig er fjallað um það í skýrslunni að það sé ekki einvörðungu hinn ódýri vinnukraftur sem þróunarríkin bjóði upp á, þ.e. ómenntað og ósérhæft starfsfólk, heldur einnig háskólamennað fólk og langskólagengið fólk. Þar er talað um hönnuði, hugbúnaðarfólk, verkfræðinga o.s.frv. og hvatt til þess jafnframt að Norðurlandaþjóðirnar leggi meira af mörkum til rannsókna og mennta til að treysta samkeppnisstöðu sína gagnvart öðrum hlutum heimsins. Inn í þetta koma að sjálfsögðu önnur álitamál. Ég sá að á ráðstefnu sem haldin var í gær var ályktað í þá veru að við virtum þau próf og réttindi sem langskólagengið fólk og sérmenntað fólk hefði aflað sér í sínu heimalandi, að við virtum þessi réttindi þegar hingað væri komið. Þar er vísað til hjúkrunarmenntunar og annarrar menntunar af því tagi.

Á þessu eru vissulega fleiri hliðar en ein. Auðvitað skilur maður það út frá sjónarhóli einstaklingsins, sem hefur aflað sér starfsréttinda og menntunar, að hann vilji að sér sé vel tekið alls staðar í heiminum. Það er nokkuð sem við hljótum að hafa skilning á. En hitt sem þessu fylgir er að

þróunarríkin mennta fólk til heilbrigðisþjónustu og annarrar sérhæfðrar vinnu en að námi fólksins loknu fer það úr landi. Það er umhugsunarefni að á sjúkrahúsum í Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar í Evrópu er mjög stór hluti vinnuaflsins af erlendu bergi brotinn og þá iðulega kominn frá þessum fátæku ríkjum heimsins sem eru síðan sjálf með tómar heilbrigðisstofnanir.

Það eru því margar hliðar á þessum málum. En það er athyglisvert að í efnahags- og viðskiptanefnd Norðurlandaráðs hafa menn verið að fara í saumana á þessari umræðu allri og hvetja til þess að Norðurlöndin stefni að því að halda sessi sínum sem háþróuð þekkingarsamfélög í fremstu röð, eins og segir í skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri um þessa skýrslu. Ég ítreka það sjónarmið sem hér hefur komið fram af minni hálfu og annarra sem tekið hafa þátt í umræðunni að það er mjög mikilvægt að við hlúum að norrænu samstarfi og eflum það í hvívetna. Ég er alveg sannfærður um að það eru hagsmunir Íslands að svo verði gert.

[15:50]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég held áfram með þráðinn þar sem honum sleppti í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar áðan þar sem hann sagði eitthvað á þá leið að hann tryði því að það væru hagsmunir Íslands að samstarf Norðurlandanna yrði eflt eða væri með styrkum hætti.

Ég er alveg hjartanlega sammála þessu og við í Frjálslynda flokknum tökum heils hugar undir þetta. Það er enginn vafi að Ísland á mjög sterk menningarleg, tungumálaleg og söguleg tengsl við Norðurlöndin og okkur ber að efla samvinnu milli landanna á sem flestum sviðum. Þar held ég að Ísland hafi einmitt mikið að vinna.

Það er fest niður í stefnuskrá míns flokks, Frjálslynda flokksins, að flokkurinn er sérstaklega hlynntur aukinni samvinnu milli Noregs, Íslands, Færeyja og Grænlands, ekki síst varðandi sameiginlega nýtingu hafsins, ferðaþjónustu og markaðssetningu hennar, en að sjálfsögðu erum við líka mjög hlynnt því að við höldum uppi öflugu samstarfi við öll Norðurlöndin, virðulegi forseti.

Því miður er það svo, og ég verð að lýsa yfir harmi mínum með það, að Frjálslyndi flokkurinn á ekki neina aðild að starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Mér þykir það mjög leitt af því að ég er sjálfur mikill áhugamaður um norrænt samstarf og hefði gjarnan viljað að minn flokkur ætti aðild að þessu starfi. Við eigum hins vegar aðild að Vestnorrænu þingmannanefndinni eða Vestnorræna ráðinu sem kallað er, en að sjálfsögðu hefði ég viljað að Frjálslyndi flokkurinn ætti líka aðild að Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Mér finnst það í raun mjög slæmt að þingflokkar á hinu háa Alþingi fái ekki að taka þátt í þessu samstarfi smæðar sinnar vegna. Ég tel að það væri hið besta mál ef liðkað yrði fyrir því að allir flokkar sem á annað borð væru með þingmenn á Alþingi gætu fengið að koma að þessu samstarfi okkar Íslendinga, sem mér finnst vera veigamikill hluti af samstarfi okkar við þjóðir á erlendum vettvangi, mikilvægur hluti af utanríkismálum okkar, utanríkisstefnu og utanríkispólitík.

Oft hefur það verið gagnrýnt að Norðurlandaráð og sú starfsemi sem þar fer fram sé óþörf eða jafnvel aflóga, úr sér gengin og gamaldags stefna. Þetta eigi ekki við lengur í dag, þrjú Norðurlandanna séu komin inn í Evrópusambandið, hagsmunirnir séu ólíkir, áherslurnar séu ólíkar og annað þar fram eftir götunum og þetta sé því bæði eyðsla á peningum og tíma fólks. Ég er alls ekki sammála því. Vissulega má kannski taka undir það að starfsemi Norðurlandaráðs hefði á margan hátt mátt vera markvissari og ákveðnari. Ég held að þjóðirnar sjálfar eigi að hluta til einhverja sök á því, að þjóðirnar sjálfar hafi ekki verið nógu vakandi, ríkisstjórnir þessara fimm þjóða á hverjum tíma hafi kannski ekki verið nægilega vakandi fyrir þeim möguleikum sem geta falist í norrænu samstarfi. Við höfum kannski ekki, Norðurlandaþjóðirnar, verið nógu dugleg að notfæra okkur möguleikana til að efla hag okkar allra með því að reyna að ganga í takt eða leggjast saman á árarnar, eða að standa saman þegar bjátar á.

Nefna má gott dæmi um það þar sem mér þótti samstaða Norðurlandaþjóðanna nánast bregðast. Ég nefni nýlegt dæmi, dæmi sem í raun og veru stendur enn þá yfir. Það var þegar teikningarnar birtust í Jótlandspóstinum og allt fárið sem varð vegna þeirra. Þá urðu Danir illa úti og áttu mjög undir högg að sækja, bara fyrir örfáum dögum síðan. Norðmenn líka þar sem þeim var að hluta til ruglað saman við Dani. Danir lentu í mjög miklum vandræðum. Þá varð ég ekki var við að önnur Norðurlönd styddu þá. Það var eins og hin Norðurlöndin reyndu frekar að láta lítið á sér bera, láta lítið fyrir sér fara, og reyndu ekki á neinn hátt, a.m.k. að því er séð varð opinberlega, í fjölmiðlum eða annars staðar, að koma Dönum til hjálpar í þessari erfiðu stöðu.

Nú er ég alls ekki að reyna að réttlæta birtingu þessara mynda á neinn hátt. Ég tel að þetta hafi verið ákaflega heimskulegt af þessu tiltekna dagblaði. Þó að blaðið hafi að sjálfsögðu haft fullan rétt á að gera þetta í nafni tjáningarfrelsis þá var þetta óþarfi og í raun og veru afskaplega heimskulegt. En þar fyrir utan held ég að hinar Norðurlandaþjóðirnar hefðu átt að reyna að sýna svolítið meiri lit, og þar á meðal ríkisstjórn Íslands, í því að sýna Dönum einhvern stuðning í þessu máli, t.d. í því að halda fram þessu sjónarmiði. Að minnsta kosti hefði ég gert það. Ef ég hefði verið í þeirri aðstöðu að rétta Dönum hjálparhönd á einhvern hátt hefði ég reynt að halda því fram að Danir hefðu þrátt fyrir allt mátt gera þetta í nafni tjáningarfrelsis þó að þetta hefði vissulega verið heimskuleg aðgerð af hálfu þessa tiltekna dagblaðs.

Þetta varð náttúrlega mikið írafár á margan hátt og fáránleg staða sem upp kom og spurning hvort þetta hafi ekki að hluta til verið magnað upp af stjórnvöldum í löndum múslima. Að sjálfsögðu var þetta líka undirliggjandi spenna, viðvarandi spenna milli kristinna manna og múslima eða Vesturlanda og landanna í Austurlöndum nær, sem þarna kom upp á yfirborðið með þessum hætti. Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Ekki þarf nema lítinn neista til að kveikja mikið bál. Þetta er að sjálfsögðu hluti af skýringunni á því hvernig þetta mál fór allt fór út böndunum. En nóg um það, virðulegi forseti.

Ég hef lesið þá skýrslu sem hér liggur frammi. Hún er í sjálfu sér ágæt og svo sem ekki mikið um hana að segja

efnislega. Þetta er upptalning á því sem gert hefur verið og allt er með hefðbundnum hætti. En eins og alltaf þegar maður les slíkar skýrslur er ýmislegt sem fær mann til að hugsa um ýmsa þætti sem varða þetta samstarf. Eins og kannski kom fram í báðum ræðum mínum áðan er ég mikill áhugamaður um pólitík á norðursvæðunum, á heimskautasvæðunum í norðurhöfum, um auðlindastefnu og auðlindanýtingu á þessum svæðum. Ég sé hér að haldin hefur verið sérstök Barentsráðstefna þingmanna í júní í fyrra, í Bodø í Norður-Noregi, skipulögð í samstarfi norska Stórþingsins og Norðurlandaráðs. Því miður gátum við í þingflokki Frjálslynda flokksins ekki tekið þátt í þessari ráðstefnu, ekki nema með því að greiða fyrir það sjálfir úr eigin vasa. Við tókum ekki þátt í henni af því við erum ekki aðilar að Norðurlandasamstarfinu, eins og ég nefndi áðan. Þarna voru yfir 300 þátttakendur, þingmenn frá Norðurlöndunum og Rússlandi, sveitarstjórnarmenn og fylkisþingmenn frá nyrstu héruðum, fulltrúar samtaka frumbyggja og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta í þessu.

Virðulegi forseti. Mér hefur oft fundist að okkur Íslendinga, íslensk stjórnvöld, ríkisstjórnina, skorti heildstæða stefnu í því hvernig við ætlum að halda á spilunum þegar um er að ræða baráttu fyrir rétti okkar á hafsvæðunum norðaustur af Íslandi. Þá er ég ekki bara að tala um Íshafið beint norður af okkur, heldur hafsvæðið umhverfis Svalbarða og jafnvel norður í Barentshafi. Hvernig ætlum við, eyja í miðju Atlantshafi, að halda stöðu okkar í þeim efnum, halda utan um hagsmuni okkar, utan um tengsl okkar ekki bara við Noreg, norðurhluta Svíþjóðar, Norður-Finnland, heldur líka Norðvestur-Rússland? Hvað með Grænland og jafnvel Kanada? Mér finnst skorta algerlega heildstæða stefnu í þessum málum.

Ég hef oft verið að velta því fyrir mér og sérstaklega nú í vetur hvort ekki væri rétt að íslenska ríkisstjórnin, hver sem hún verður eftir næstu kosningar, ýtti úr vör einhverri vinnu til að svo mætti verða. Ég tel að það sé borin von að sú ríkisstjórn sem nú er muni gera nokkuð í þessum málum, ég tel að hún hafi ekki sýnt þeim mikinn áhuga þótt hér sé um að ræða gríðarleg hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga til framtíðar. En kannski gæti næsta ríkisstjórn sett slíka vinnu í gang.

Ég hef m.a. verið að skoða það sem ríkisstjórn Norðmanna hefur verið að gera í þessum efnum og mér finnst það mjög lofsvert. Þar hafa á undanförnum árum komið út tvær viðamiklar skýrslur sem hafa verið teknar saman af færustu sérfræðingum þeirra á sviði auðlindanýtingar, milliríkjastjórnmála, stjórnmála heimskautasvæðanna og norðurhéraðanna, sérfræðinga á ýmsum sviðum, landfræðinga, jarðfræðinga, sérfræðinga í olíuvinnslu, gasvinnslu og í sjávarútvegi. Allir þessir aðilar hafa komið saman og skilað mjög góðu verki. Afskaplega góðum og vel unnum skýrslum þar sem farið er yfir þessi mál. Þar er lagt fram hvaða möguleika Norðmenn hafa í þessum efnum.

Þarna er allt dregið inn, virðulegi forseti. Mér finnst slík vinnubrögð vera til fyrirmyndar og ég sakna þess að hafa ekki séð svona vinnubrögð af hálfu íslenskra stjórnvalda, því þarna tel ég að mjög mikið sé í húfi. Núna eru t.d. að verða ákveðnar breytingar í umhverfi, við erum að fara inn í hlýskeið. Það má deila um hvers vegna það gerist, hvað sé hér á ferðinni, hvort þetta sé af mannavöldum eða hvort einungis sé um náttúrulegar eðlilegar sveiflur að ræða. En um það verður ekki deilt að við erum að fara inn í hlýskeið. Þetta mun leiða til þess að mörg ný tækifæri munu opnast, t.d. á sviði samgangna. Þá er ég fyrst og fremst að hugsa um skipaumferð. Það munu líka opnast ný tækifæri með tilliti til olíuvinnslu og gasvinnslu á Svalbarða, það er ekki nokkur vafi á því að þar eru olíulindir, gaslindir. Við vitum að þar er mikið af kolum. Þetta er ævafornt landsvæði, þarna var einu sinni frumskógur og hafa meira að segja fundist spor eftir risaeðlur. Þarna eru mikil auðæfi fólgin í jörðu en við getum líka talað um hinar lifandi auðlindir, t.d. fiskstofnana. Þarna eru mörg tækifæri og við Íslendingar verðum hreinlega að halda vöku okkar í þessum efnum.

Ég tel að samstarfið innan Norðurlandanna geti hjálpað okkur á margan hátt. Þótt minn flokkur sé ekki aðili að Norðurlandasamstarfinu þá höfum við eftir fremsta megni reynt að hoppa á vagninn þegar tækifæri hefur gefist. Ég sat til að mynda þing Norðurlandaráðs síðastliðið haust, gerðist boðflenna þar. Það var mjög gagnlegt, bara til að hitta fólk frá Norðurlöndunum, kynnast kollegum og skiptast á skoðunum, rabba við þá og heyra sjónarmið þeirra. Mynda þessi félagslegu tengsl, þessi mannlegu tengsl sem verða ekki til öðruvísi en þegar maður hittir mann, þau eru afskaplega mikilvæg og þetta er kannski sá þáttur Norðurlandasamstarfs, þ.e. mannleg tengsl sem myndast milli stjórnmálamanna og embættismanna, sem er mest vanmetinn í öllu þessu starfi og sá þáttur sem alls ekki kemur fram í skýrslu eins og þessari. En þau skyldi alls ekki vanmeta, virðulegi forseti.

Að lokum vil ég svo segja, virðulegi forseti, ég sé að nú blikkar á mig klukkan, að ég tel að við Íslendingar ættum að sýna frumkvæði í að berjast fyrir því að vinir okkar og frændur í Færeyjum fái fulla aðild að Norðurlandaráði. Það er sjálfsögð og réttmæt krafa sem við ættum að beita okkur fyrir.

Umræðu lokið.

Vestnorræna ráðið 2005, ein umr.

Skýrsla ÍVN, 577. mál. — Þskj. 838.

[16:05]

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Í ræðu minni ætla ég að fjalla um skýrslu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins um störf þess síðastliðið ár. En skýrslan liggur fyrir í heild sinni á þskj. 838.

Meginmarkmið Vestnorræna ráðsins er, eins og flestum er kunnugt, að starfa að hagsmunum grannríkjanna þriggja, Færeyja, Grænlands og Íslands. Samskipti landanna og þjóða þeirra eiga sér langa og merkilega sögu, allt frá því á landsnámsöld og gegnir Vestnorræna ráðið mikilvægu hlutverki við að styrkja sambönd þjóðanna til frambúðar. Ráðinu er ætlað að gæta auðlinda, velferðar og menningar þjóðanna á sem víðtækastan hátt. Vestnorræna ráðið rekur sérstaka skrifstofu sem er við hlið alþjóðasviðs Alþingis.

Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við

að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna landsstjórna með virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samstarfi við aðra aðila og samtök á Vestur-Norðurlöndum og skipulagningu á ráðstefnum og öðrum verkefnum

Ég vík nú, frú forseti, að skipan og störfum Íslandsdeildar á liðnu ári. Í upphafi árs 2005 skipuðu Íslandsdeild þess eftirtaldir þingmenn:

Birgir Ármannsson formaður, Hjálmar Árnason varaformaður, Guðrún Ögmundsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, og Kjartan Ólafsson. Varamenn voru Gunnar Birgisson, Einar Már Sigurðarson, Helgi Hjörvar, Magnús Stefánsson, Sigurjón Þórðarson, og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Við upphaf 132. þings voru eftirtaldir menn kjörnir í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:

Halldór Blöndal formaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason, sem var endurkjörin varaformaður, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, og Sigurjón Þórðarson. Eftirfarandi menn voru kjörnir varamenn: Pétur H. Blöndal, Helgi Hjörvar, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Magnús Þór Hafsteinsson. Arna Gerður Bang gegndi starfi ritara Íslandsdeildar.

Á fyrri hluta árs bar hæst í starfi Íslandsdeildar skipulagning ársfundar Vestnorræna ráðsins sem haldinn var á Ísafirði í ágúst sl. Íslandsdeildin ákvað einnig að endurskipa íslensku dómnefndina sem starfað hefur undanfarin ár í tengslum við barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins. Auk þess tók til starfa nýr framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins í febrúar, Þórður Þórarinsson.

Í desember 2005 voru tilkynntar tilnefningar til Barna- og unglingabókaverðlauna Vestnorræna ráðsins. Dómnefndir landanna þriggja tilnefna eina bók hver frá sínu landi. Verðlaunin sem veitt eru annað hvort ár verða veitt í tengslum við ársfund ráðsins síðar á þessu ári.

Íslenska dómnefndin um barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins tilnefndi til verðlaunanna árið 2006 skáldsöguna Frosnu tærnar eftir Sigrúnu Eldjárn.

Dagana 15. og 16. júní var þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um sjávarútvegsmál og sameiginlega stefnu Vestur-Norðurlanda gagnvart Evrópusambandinu haldin í Þórshöfn. Á ráðstefnunni var sjónum beint að fiskveiðimálum Grænlands, Færeyja og Íslands og leitað var leiða til aukinnar samvinnu landanna. Markmið ráðstefnunnar var að komast að samkomulagi um atriði sem varða sameiginlega stefnu landanna í sjávarútvegsmálum og byggja á þann hátt undirstöðu sem getur nýst þeim í samskiptum þeirra við umheiminn. Áhugi á sameiginlegri stefnu í sjávarútvegsmálum gagnvart Evrópusambandinu er ljós, en ráðstefnuna sóttu um sextíu aðilar frá Vestur-Norðurlöndum og Noregi. Meðal þeirra voru þingmenn, ráðherrar og sérfræðingar auk fulltrúa ESB og hagsmunasamtaka sem tengjast sjávarútvegsmálum.

Ekkert vestnorrænu landanna er aðili að Evrópusambandinu og þau hafa enga sameiginlega stefnu gagnvart Evrópusambandinu í sjávarútvegsmálum. Ákvarðanir Evrópusambandsins um sjávarútvegsmál hafa engu að síður víðfeðmar afleiðingar fyrir Vestur-Norðurlönd. Með því að standa saman og tala einni röddu auka löndin möguleika sína á að hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins. Að öðrum kosti geta þau átt á hættu að áhrif þeirra á sjávarútvegsmál minnki í framtíðinni.

Dagana 22.–24. ágúst 2005 var ársfundur Vestnorræna ráðsins haldinn á Ísafirði. Meðal efna á dagskrá fundarins voru vestnorrænt samstarf í sjávarútvegsmálum og Evrópusambandið, samgöngu- og ferðamannamál á Vestur-Norðurlöndum og samstarf á sviði orkumála, loftslags-, umhverfis- og heilbrigðismála.

Á fundinum var Henrik Old frá Færeyjum kosinn formaður forsætisnefndarinnar, Jonathan Motzfeldt frá Grænlandi varaformaður og Birgir Ármannsson annar varaformaður. Ákveðið var að þemaráðstefna starfsársins 2006 yrði tileinkuð ferðamálum og haldin á Grænlandi. Óskaði ráðið eftir því við ríkisstjórnir Íslands og Grænlands að þær styddu áfram flugsamgöngur milli Reykjavíkur og Narsarsuaq, en þriggja ára samningur um stuðning við þessar flugsamgöngur rann út í lok árs 2005. Niðurstaða virðist nú vera fengin í það mál og munu tvö flugfélög sjá um sumarflug milli Íslands og Grænlands.

Þrjár ályktanir voru samþykktar á fundinum. Fyrst er að nefna ályktun um að styrkja námskeið fyrir vestnorræna rithöfunda. Einnig var samþykkt ályktun um að stuðla að því að Norður-Atlantshafssvæðið verði frumkvöðlasvæði á sviði náttúruverndar og notkunar á náttúruvænum orkugjöfum. Í þriðju ályktuninni var lagt til að samstarf á sviði talningar á hvölum í Norður-Atlantshafi yrði aukið. Ályktanir fundarins voru samþykktar einróma. Þær hafa nú verið lagðar fram sem þingsályktunartillögur hér á Alþingi og hefur utanríkisnefnd þær til athugunar.

Fjölbreytt verkefni bíða Vestnorræna ráðsins á árinu 2006 en ársfundur þess verður haldinn í Færeyjum í ágúst og þemaráðstefna á Grænlandi í júní. Auk þess hefur grænlenska landsþingið boðið til vestnorrænnar kvennaráðstefnu í lok maí.

Frú forseti. Það er ljóst að margvísleg málefni eru á döfinni hjá Vestnorræna ráðinu og samstarf Alþingis við þing þessara miklu vinaþjóða okkar er mikilvægt fyrir áframhaldandi tengsl þeirra. Það er því von mín og annarra meðlima Íslandsdeildarinnar að málefni Vestnorræna ráðsins verði áfram sýndur áhugi hér á Alþingi.

[16:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hérna ræðum við skýrslu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2005. Þetta er sennilega eina alþjóðaráðið þar sem Ísland getur litið á sig sem stórveldi. Hvers vegna segi ég það? Jú, vegna þess að í þessu ráði erum við með þjóðum sem eru minni en við, Færeyingum og Grænlendingum. Þarna er Ísland stóri bróðirinn í félagsskap þriggja bræðra- eða systraþjóða.

Ég hef nokkra reynslu af því að starfa í Vestnorræna ráðinu, ekki mikla, en ég hef þó verið þar frá því ég settist á þing vorið 2003. Veru minni í ráðinu lauk síðastliðið haust eftir að hafa setið ársfund ráðsins sem var haldinn á Ísafirði seinni hluta ágúst, ef ég man rétt. Síðan tók félagi minn Sigurjón Þórðarson, hv. þingmaður Frjálslynda flokksins, við. Ekki vegna þess að ég væri neitt leiður á því að vera

þarna, síður en svo, virðulegi forseti, því það var mjög ánægjulegt að starfa í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins. En við í þingflokki Frjálslynda flokksins teljum hins vegar að þetta starf sé svo mikilvægt og dýrmætt að eðlilegt sé að fleiri þingmenn þingflokksins fái að taka þátt í því og ekki síst að mynda tengsl við þingmenn frá bæði Færeyjum og Grænlandi, það er mjög dýrmætt.

Í inngangi skýrslunnar segir að í starfi í Vestnorræna ráðsins leitist þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna að sjálfsögðu, að taka þátt í hinu norræna samstarfi, og þetta er mjög gefandi starf.

Hv. þm. Halldór Blöndal, formaður okkar Íslendinga í þessu starfi, greindi frá því að rætt hefði verið um flugsamgöngur á milli Reykjavíkur og Narsarsuaq. Það mál brennur mjög á frændum okkar á Grænlandi, þ.e. flugsamgöngur milli Íslands og Grænlands. Flugsamgöngur skipta Grænlendinga afskaplega miklu máli og ég tel að þar sé á ferðinni mjög mikilvægt mál, þ.e. hvernig ætlum við að haga góðum, skilvirkum og öruggum samgöngum á milli Íslands og Grænlands.

Það er nefnilega þannig, virðulegi forseti, að þótt ekki sé langt á milli Íslands og Grænlands í kílómetrum talið þá er fjarlægðin eins og milli heimsálfa þegar kemur að samgöngum. Það er erfitt og dýrt að fara á milli Íslands og Grænlands. Þetta er á margan hátt mikið vandamál sem kemur sér illa, tel ég, fyrir okkur Íslendinga. Það kemur sér líka illa fyrir Grænlendinga. Hér er talað um að þriggja ára samningur um stuðning við þessar flugsamgöngur hafi runnið út í lok ársins 2005 en síðan virðist hafa fengist niðurstaða í þetta mál og tvö flugfélög munu sjá um sumarflug milli Íslands og Grænlands.

Mig langar að nota tækifærið, virðulegi forseti, og spyrja út á hvað þessi samningur gangi. Tvö flugfélög eiga að sjá um sumarflug milli Íslands og Grænlands. Hver verður tíðnin á þessu flugi? Um hvaða mánuði erum við að tala og var skoðað hvort einhver grundvöllur væri fyrir flugi milli Íslands og Grænlands yfir vetrarmánuðina einnig? Ég tel að það ætti að vera markmiðið, að hér væru fastar áætlunarferðir allan ársins hring á milli Íslands og Grænlands.

Bent hefur verið á að vestnorrænu þjóðirnar, eins og hinn ágæti færeyski þingmaður Henrik Old sem er núna formaður Vestnorræna ráðsins hefur lagt áherslu á, ættu að standa saman og reyni að tala saman einni röddu og ganga í takt til að vinna saman að sameiginlegum hagsmunamálum. Þetta kemur reyndar fram í þeim ályktunum sem þingmenn Vestnorræna ráðsins hafa lagt fram. Hér var talað um þingsályktunartillögu, t.d. varðandi tengsl þjóðanna við Evrópusambandið og mikla hagsmuni sem þessar þrjár þjóðir eiga gagnvart Evrópusambandinu í fiskveiðimálum, sem er réttmæt ábending. Ég fór yfir það í ræðu um daginn, þegar hv. þm. Halldór Blöndal mælti fyrir þessari þingsályktunartillögu, að þar eru miklir hagsmunir og mikilvægt að þessum þremur þjóðum takist að stilla betur saman strengi sína gagnvart Evrópusambandinu.

Eins hefur verið rætt um aukið samstarf á sviði talningar á hvölum í Norður-Atlantshafi. Hér erum við að tala um rannsóknir. Grænlendingar og Færeyingar stunda hvalveiðar án þess að verða fyrir aðkasti á alþjóðavettvangi. Það gera Norðmenn sömuleiðis. Við Íslendingar hins vegar heykjumst á að hefja aftur hvalveiðar í atvinnuskyni. Því ber þó að fagna að hæstv. sjávarútvegsráðherra gaf það í skyn eftir fyrirspurn frá þeim sem hér stendur, að íslensk stjórnvöld væru að undirbúa hvalveiðar á ný í atvinnuskyni. Hann vildi ekki gefa upp hvenær það yrði en ég vona sannarlega að svo verði strax í sumar. Þarna hafa þessar þrjár þjóðir lagst á eitt með að stunda saman rannsóknir á hvölum sem er hið besta mál.

Umhverfisvænir orkugjafar og náttúruvernd skipta þjóðirnar einnig máli. Við Íslendingar búum yfir mikilli þekkingu á því að virkja vatns- og gufuaflið. Færeyingar hafa gert athyglisverðar tilraunir á sviði vindorku. Grænlendingar eiga hins vegar við stöðugan vanda að stríða vegna orkuöflunar. Lítið er um fallvötn á Grænlandi. Þar er ekkert gufuafl, enginn jarðhiti og lítil vindorka. Ég hygg að við Íslendingar, jafnvel Færeyingar líka, gætum lagt nokkuð að mörkum við að aðstoða Grænlendinga í sambandi við vistvæna orkuöflun. Ég held að í dag reiði Grænlendingar sig að mestu á brennslu eldsneytis, þ.e. kolefnaeldsneytis, olíu og kola. Þarna gæti hugsanlega verið sóknarfæri fyrir þá til að taka upp vistvænni orkugjafa.

Ég held að það hafi verið fyrir tveimur árum síðan, suður í Svartsengi, að haldin var svokölluð þemaráðstefna á vegum Vestnorrænna ráðsins. Þar vorum við einmitt að tala um orkumál. Það var afskaplega fróðleg og góð ráðstefna þar sem komið var inn á alla þessa þætti.

Það kemur fram í skýrslunni að forseti norska þingsins var á ársfundinum sem haldinn var á Ísafirði 22.– 24. ágúst, Lodve Solholm, þingmaður norska Framfaraflokksins. Norska Stórþingið hefur sýnt Vestnorræna ráðinu mikla virðingu, virðulegi forseti, á mörgum undanförnum árum. Allan þann tíma sem ég var í Vestnorræna ráðinu þá komu þangað forsetar norska Stórþingsins þegar við héldum ársfundi. Jørgen Kosmo kom 2003, Inge Lønning kom árið 2004 og svo kom Lodve Solholm í fyrra.

Hvers vegna skyldu Norðmenn gera þetta? Það er á margan hátt athyglisverð spurning sem vert er að velta fyrir sér. Hvers vegna sýna Norðmenn Vestnorræna ráðinu svona mikla athygli og svo mikla virðingu? Hvers vegna sendir norska þingið forseta sína á ársfundi Vestnorræna ráðsins? Ég notaði tækifærið til að spjalla við alla þessa þrjá forseta á þeim ársfundum sem ég var á. Ég spurði þá alla þessarar spurningar. Í máli þeirra kom mjög skýrt fram að Norðmenn sýna Vestnorræna ráðinu áhuga vegna þess að þar sjá þeir fyrir sér möguleika á samstarfi.

Við skulum aðeins skoða hvernig landakortið lítur út. Norðmenn eru ekki í Evrópusambandinu. Íslendingar eru ekki í Evrópusambandinu. Hinar Norðurlandaþjóðirnar eru í Evrópusambandinu. Norðmönnum finnst þeir á margan hátt svolítið afskiptir í Norðurlandaráði vegna þess að Norðurlandaráð hefur beint athygli sinni mjög mikið í austur til Eystrasaltslandanna og jafnvel til Evrópu vegna þess að Finnar, Danir og Svíar ráða för. Norðmenn hafa að sjálfsögðu líka áhuga á Evrópusambandinu og Eystrasaltslöndunum en samt finnst þeim þeir hafa verið svolítið afskiptir.

Norðmenn eru strandþjóð með ríka menningu á sviði landbúnaðar, fiskveiða og veiða almennt. Sú menning er rík

í Norðmönnum enn þann dag í dag. Þeir sjá í hendi sér að þeir eiga margt sameiginlegt með Íslendingum, Grænlendingum og Færeyingum. Þeir eiga líka land að norðaustanverðu Atlantshafi eins og löndin í Vestnorræna ráðinu. Margir hagsmunir okkar fara fara saman. Ég held ég hafi sagt það áður í þessum ræðustól, hafi ég ekki gert það geri ég það í fyrsta skipti: Ég hef lagt til að Norðmönnum verði boðin full þátttaka í Vestnorræna ráðinu. Ég veit að Norðmenn hafa áhuga á því. Þeir hafa áhuga á því. Málið var tekið upp í norska þinginu á sínum tíma. En þá strandaði málið á því að aldrei hafði borist formlegt boð frá þjóðunum í Vestnorræna ráðinu til Noregs um að verða fullgildur aðili að ráðinu.

Ég hvet þá íslensku þingmenn sem eru í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins til að taka þetta til athugunar, ræða sín á milli og skoða hvort ekki sé þess virði að leggja fram formlega tillögu frá Íslandi á næsta ársfundi Vestnorræna ráðsins, að Norðmönnum verði boðin full aðild og þátttaka að Vestnorræna ráðinu.

Þar hugsa ég sérstaklega um strandhéruð Noregs, um miðbik Noregs og norðanverðan Noreg. Ég bjó sjálfur í Norður-Noregi um nokkurra ára skeið og í mörg ár í Vestur-Noregi. Ég veit að við eigum afskaplega mikið sameiginlegt, a.m.k. við Íslendingar og að sjálfsögðu Færeyingar og Grænlendingar, með fólkinu sem býr í þessum héruðum.

En því miður er það þannig, virðulegi forseti, að tengslin á milli okkar og síðan fólksins sem býr í þessum héruðum Noregs eru skammarlega lítil, allt of lítil. Við höfum alls ekki verið nógu dugleg við að rækta þessi tengsl. Norður-Norðmenn og Íslendingar eiga afskaplega mikið sameiginlegt. Lífsbaráttan er mjög svipuð. Við getum sagt að einkenni fólks sem býr í Norður-Noregi og okkar Íslendinga séu á margan hátt svipuð. Við hugsum með svipuðum hætti og skopskynið er svipað. Það þarf kannski ekki að koma á óvart því að við erum öll mörkuð af umhverfi okkar og þeirri náttúru sem við búum við. Þar á milli er mjög margt líkt.

Ég tel að við ættum að skoða þetta í fullri alvöru. Það mundi styrkja Vestnorræna ráðið verulega ef Norðmenn kæmu þar inn. Þetta þyrfti ekki að hafa í för með sér að Norðurlandaráð sem slíkt mundi veikjast, alls ekki. En við mundum standa betur saman til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum og líka ná betur saman í viðleitni okkar við að greiða úr ágreiningsmálum, sem ég hef farið yfir í fyrri ræðum mínum, t.d. Svalbarðamálinu, fiskveiðimálunum og öðrum ágreiningsmálum. Við þurfum að sjálfsögðu að leita leiða til að leysa þau og ég hygg að þetta væri afskaplega góð hugmynd. Ég vil hafa það lokaorð mín í þessari ræðu að þeir íslensku þingmenn sem nú eru í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins beri fram þessa tillögu, vinni henni brautargengi og sjái til að Norðmenn verði sem fyrst fullgildir aðilar að ráðinu.

[16:27]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þingmanns hygg ég að ekki sé um formlegan samning um flugsamgöngur að tefla á milli landanna. Á hinn bóginn styður íslenska ríkisstjórnin Flugfélag Íslands til að fljúga til Narsarsuaq.

[16:28]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er kunnugt um að Flugfélag Íslands flýgur á milli Íslands og Grænlands en mér hefði nú þótt forvitnilegt að heyra nánar um hvað liggur í upplýsingum á bls. 4 í skýrslunni, þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta, varðandi flugsamgöngur á milli Reykjavíkur og Narsarsuaq:

„Niðurstaða virðist nú vera fengin í það mál og munu tvö flugfélög sjá um sumarflug milli Íslands og Grænlands."

Hvaða flugfélög eru þetta? Um hvaða tíma er talað og hver verður tíðnin á þeim samgöngum? Hversu oft verður t.d. flogið í hverri viku, í hverjum mánuði? Er verið að tala um tímabilið frá maí til loka ágúst eða eitthvað þess háttar?

Svo þætti mér fróðlegt að fá að vita hvort hv. þm. Halldór Blöndal hafi myndað sér skoðun á því sem ég talaði um í lok ræðu minnar, þ.e. á því hvort ekki sé rétt að leggja til að Norðmönnum verið boðin full aðild að Vestnorræna ráðinu.

[16:29]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég skil þetta mál er það grænlenskt flugfélag sem flýgur á milli Kulusuk og Íslands en aftur Flugfélag Íslands á milli Íslands og Narsarsuaq. Stuðningur við flugsamgöngur á milli landanna á sér nokkra sögu og hygg ég að formlegt samstarf um flugið hafi verið tekið upp árið 1991, skömmu eftir að ég varð samgönguráðherra, á milli Íslands og Grænlands. Það var síðar látið ná til Færeyja sem þriðja landsins og tengdi þannig þessi þrjú lönd saman.

Ég er mikill aðdáandi Heimskringlu og man eftir hinu norska konungdæmi, sem náði til þessara landa þriggja: Færeyja, Íslands og Grænlands. En ég er ekki viss um að það eigi endilega að vera okkur fyrirmynd 1000 árum síðar. En auðvitað hlýtur að koma til athugunar á hverjum tíma hvort rétt sé að færa út samstarfið, til Norðmanna. Því fylgja mörg rök. Það hefur verið rætt innan Vestnorræna ráðsins en niðurstaðan orðið sú að halda sig við löndin þrjú.

[16:31]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á mjög mikilvægan þátt. Það eru hin menningarlegu tengsl milli þessara landa sem eru náttúrlega ákaflega sterk. Það er kannski að hluta til ástæðan fyrir því að Norðmenn horfa nú svo mjög í vestur. Þeir eru ekkert á leiðinni inn í Evrópusambandið, Norðmenn, það er alveg á hreinu. Þeir munu ekkert fara þangað í fyrirsjáanlegri framtíð og það munum við Íslendingar ekki gera heldur. Það skal alveg vera klárt mál, gegn því skal barist með oddi og egg.

Mér finnst að menn eigi hreinlega að spila úr þessari pólitísku stöðu og reyna að gera sem best úr henni, þessi lönd eigi að stilla saman strengi sína. Við skulum skoða landakortið. Ef þessi lönd, Grænland, Færeyjar, Ísland og Noregur, stilla saman strengi sína þá er hér komið stórveldi. Hvers vegna segi ég það? Jú, ég segi það vegna þess að þessi lönd ráða yfir gríðarlegum náttúruauðlindum. Þau

ráða yfir gríðarlega stórum landsvæðum, þau ráða yfir gríðarlega stórum hafsvæðum — hafsvæðum og landsvæðum á mjög mikilvægum stað á hnettinum. Þetta eru engir stórveldisdraumar, þetta eru bara staðreyndir sem við sjáum fyrir okkur ef við skoðum landakortið, þetta er ekkert flókið mál. Ég tel að þarna séu fyrir hendi mjög miklir möguleikar, mjög miklir og spennandi möguleikar á sviði stjórnmála.

Ég hygg og er í raun og veru alveg sannfærður um að grundvöllurinn til að koma á nánara samstarfi á milli þessara fjögurra þjóða, sem saman geta myndað þó nokkurt afl sem aðrar þjóðir verða að taka tillit til, sé einmitt falinn í Vestnorræna ráðinu.

[16:33]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson orðaði það sem svo hér áðan að það mætti líta á Ísland sem stóra bróður í samstarfi Vestnorrænu ríkjanna. Það má vissulega segja það en kannski mætti enn frekar segja að Ísland væri stóra systirin í þessu sambandi. Það var hlutverk eldri systra í systkinahóp hér á árum áður að passa litlu systkini sín og miðla af reynslu sinni og umhyggju og það er einmitt þannig sem við Íslendingar getum oft beitt okkur í samstarfi við vestnorrænu þjóðirnar, Grænland og Færeyjar.

Þegar maður fer að kynnast aðstæðum í þessum löndum, og þó einkum og sér í lagi á Grænlandi, verður allur vandi sem við hér á Íslandi þekkjum agnarsmár. Manni verður stundum á að spyrja sig: Hvernig er þetta eiginlega hægt eða hvað er hægt að gera? Það er sama hvort litið er á stærð landsins, strjálbýlið sem þar er, ógnardýrar samgöngur, litlar orkulindir, mjög alvarlegan heilsufarsvanda, fábreytt atvinnulíf og mikinn vanda og óhamingju á stórum svæðum landsins sem má beinlínis rekja til þess. Ég gæti örugglega talið margt fleira upp. Öll vandamál á Íslandi verða lítil í þessum samanburði.

Það er ákaflega gaman að kynnast þessum löndum, kynnast því hvað þau eru að sumu leyti lík en að öðru leyti gjörólík. Færeyingar, sem búa svona nálægt okkur, eru að mörgu leyti býsna líkir okkur Íslendingum. Það er líka gaman að verða vitni að því hversu sterk tengsl eru í raun á milli Dana, Grænlendinga og Íslendinga sem má rekja til fiskveiðisögunnar í gegnum áratugi ef ekki lengur. Svo eru íbúar þessara landa líka gjörólíkir okkur. Ég hugsa t.d. að við mundum seint upplifa það á Íslandi að opinberar veislur hæfust með borðbænum en þannig er það gjarnan í Færeyjum. Þeir eru mjög trúaðir og mér fannst skemmtilegt að fá að kynnast því hvernig þeir halda í sína siði.

Þó að vandamálin séu stór í þessum löndum er þó ýmislegt sem vel er hægt að taka höndum saman um og þarf ekki allt að vera stórt. Fiskveiðistjórnarkerfið og samstarfið um fiskveiðimál er ákaflega stórt og ekki einfalt að taka utan um þau mál enda skildist mér nú á þemaráðstefnunni í Færeyjum síðast að það málefni væri búið að ræða árum saman án þess að nokkur niðurstaða væri í það komin eða nokkuð sýnt um að árangur næðist í þeim efnum. Þetta kann að vera óþarfa svartsýni og tíminn mun leiða í ljós hvort við getum tekið höndum saman í þessu máli svo að einhverju gagni skili okkur.

Málaflokkar sem við getum mjög vel starfað saman að eru t.d. heilbrigðismál og ferðamál. Fyrir tveimur árum var haldin þemaráðstefna í Ilulissat um heilbrigðismál og þar kom fram að 80% Grænlendinga, 14 ára og eldri, reykja. Reykingar eru taldar meginorsök heilbrigðisvanda á Grænlandi og skal engan undra. Þarna tel ég t.d. að við Íslendingar gætum mjög vel miðlað Grænlendingum því að við höfum náð árangri í reykingavörnum.

Ég tel líka að við ættum að beina kröftum okkar að því að efla forvarnir og starf með ungu fólki. Við höfum reyndar séð mjög gott dæmi um jákvætt starf í því efni þar sem Skákfélagið Hrókurinn er. Þar er nú bara einkaframtak að starfi þannig að íslenska og færeyska ríkinu ætti ekki að verða skotaskuld úr því að koma til aðstoðar.

Ég talaði um það áðan að á vissum svæðum landsins væri við mikinn vanda og óhamingju að ræða, m.a. vegna þess hve lítil uppbygging er og lítil framtíðarsýn er fyrir fólk á þessum svæðum varðandi atvinnulíf. Sjálfsmorðstíðni ungmenna er t.d. mjög há í Grænlandi þannig að manni hnykkir við þegar maður sér tölurnar. En þá fyrst bregður manni í brún þegar maður sér tölurnar frá austurströnd Grænlands. Ef við gætum á einhvern hátt komið til aðstoðar þannig að lífið yrði fólkinu bærilegra tel ég að það væri vel þess virði að reyna.

Við höfum reyndar reynslu af að takast á við nákvæmlega þess konar vandamál sem ég var hér að lýsa, því að meðan sem allra mest svartnætti var í atvinnumálum Austfirðinga glímdu þeir við svipað vandamál þó að í mun minna mæli væri, sem betur fer. Þar var sett af stað forvarnastarf og það forvarnastarf skilaði árangri þannig að við höfum kunnáttu í því efni líka.

Það er augljóst að við Íslendingar getum átt gott samstarf við Færeyinga í ferðamálum og við ættum líka að geta átt samstarf við þá í viðskiptum. En allir þeir þættir, sem ég taldi upp hér áðan, og öll samskipti kristallast í betri samgöngum. Samgöngur eru ekki nógu góðar á milli þessara landa.

Hv. þm. Halldór Blöndal, formaður Vestnorræna ráðsins, tiltók hér áðan að það væri búið að ganga frá flugsamgöngum á milli Íslands og Grænlands fyrir næsta sumar. En þar er aðeins verið að tala um samgöngur að sumarlagi og einungis samgöngur við austurströnd Grænlands. (**HBl:** Suðurströnd Grænlands.) Já, suður- og suðausturströndina. Það vantar alveg samgöngur á vesturströndina og t.d. eru engar samgöngur við Nuuk nema í gegnum Kaupmannahöfn. Ef við eigum að geta komið á einhverjum almennilegum samskiptum og samstarfi á milli þessara landa þurfa samgöngur að vera greiðari en nú er og þær þurfa líka að vera ódýrari. Það kostar svo mikið að fara þarna á milli að það er ekki nema einstaka manni fært.

Á milli ungs fólks hefur líka verið samstarf á menningarsviðinu, t.d. var haldið námskeið í kvikmyndagerð hér á Íslandi. Ég hef séð afraksturinn af þeirri vinnu. Á aðalfundi ráðsins á Ísafirði síðasta haust var sýnd kvikmynd og það var ákaflega skemmtilegt. Ég held að slíkt samstarf hafi mikla þýðingu í því að skapa skilning á milli þessara þjóða.

Vestnorrænu barnabókaverðlaunin eiga sér orðið nokkra sögu og eru ákaflega gott framtak að mínum dómi. Hins vegar þarf að gæta þess að reyna að markaðssetja verð-

launabækurnar í öllum löndunum og það væri ákaflega ánægjulegt ef hægt væri að gefa líka út þær bækur sem tilnefndar eru frá hinum vestnorrænu ríkjunum, þ.e. frá Færeyjum og Grænlandi.

Mér hefur orðið tíðrætt, frú forseti, um Grænland í þessu efni. Það er kannski vegna þess að mér finnst vandamálin og verkefnin í Færeyjum og á Íslandi smá miðað við það sem fyrir hendi er á Grænlandi. En kynning og samstarf þessara landa er dýrmætt, þessar þjóðir hafa þekkst mjög lengi, sérstaklega fyrir tilverknað fiskimiðanna í kringum löndum. Íbúar þessara þriggja landa hafa sótt þau mið og þá kynnst íbúum þeirra landa sem þeir hafa verið að fiska við hverju sinni. En þetta starf er ákaflega skemmtilegt, fróðlegt og gefandi og ég hlakka til að taka þátt í því áfram.

[16:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð á ekki aðild að Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, fulltrúi okkar á ekki sæti í Íslandsdeildinni. En við fylgjumst með starfi hennar að sjálfsögðu, bæði í utanríkismálanefnd Alþingis og síðan einnig þegar þessi mál bera á góma á Alþingi.

Vestnorræna ráðið hefur starfað í yfir tvo áratugi. Það var sett á laggirnar árið 1985 og gekk fyrst undir heitinu Vestnorræna þingmannaráðið þar til nafngiftinni var breytt árið 1997 í Vestnorræna ráðið. Markmið ráðsins eru að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna landanna og vera þingræðislegur tengiliður milli vestnorrænna samstarfsaðila, en á þessa leið segir í skýrslu Íslandsdeildarinnar.

Í skýrslunni er vísað í þá málaflokka sem ráðið hefur beitt sér í og kemur fram að fiskveiðimál ber hátt að sjálfsögðu, menningarmálin einnig. Á það er minnt að ekkert þessara landa á aðild að Evrópusambandinu. Engu að síður hefur Vestnorræna ráðið beint sjónum sínum að Evrópusambandinu vegna þess að stefna Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum skiptir öll þessi lönd máli og vakin athygli á því að mikilvægt sé að þessi lönd reyni að standa saman og tala einni röddu og hafa þannig áhrif á málefni Evrópusambandsins.

Hér var sú hugmynd reifuð að leitað yrði eftir aðild Noregs að þessu samstarfi. Ég þori ekki að hafa miklar skoðanir á því, hef ekki hugsað það mál til hlítar en vil minna á að það eru fleiri aðilar sem hafa horft til samstarfs á þessum slóðum og nefni Skotland í því sambandi. Íslenskir alþingismenn, undir forustu þáverandi hæstv. forseta Alþingis, Halldórs Blöndals, fóru til Skotlands í boði skoska þingsins í fyrravor og þar fundum við fyrir mjög miklum hlýhug af hálfu Skota í Íslands garð og við hittum þar marga þingmenn. Eins og heyra má átti ég sæti í þeirri nefnd sem fór til Skotlands og margir þingmenn skoskir sem reifuðu hugmyndir um nánara samstarf Íslands og Noregs þó að ekki væri sérstaklega horft til þessa vettvangs.

Hæstv. forseti. Ég kom ekki hingað upp til þess að hafa langt mál um skýrsluna, fyrst og fremst lýsa ánægju okkar í Vinstri hreyfingunni — grænu framboði með þetta samstarf á norðurslóðum milli Grænlendinga, Færeyinga og Íslendinga en jafnframt vekja athygli á því að ástæða er til að horfa til annarra þjóða einnig, Norðmanna, og þá ekki síður Skota sem hafa sýnt samstarfi við Íslendinga mikinn áhuga.

[16:50]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil lýsa því yfir að við í Frjálslynda flokknum leggjum mjög mikla áherslu á samstarf vestnorrænna þjóða. Ég vil nota tækifærið og þakka fráfarandi formanni Íslandsdeildarinnar fyrir gott samstarf og vænti þess að það verði ekki síðra með nýjum formanni, hv. þm. Halldóri Blöndal, og vænti þess að við fáum jafnvel breyttar áherslur í starfinu með honum, það fylgir gjarnan með nýjum mönnum, og verður fróðlegt að sjá hverjar þær verða.

Það er margt ólíkt með þessum löndum og ég vil kannski ekki í ræðu minni leggja áherslu á að við séum eitthvað miklu stærri, heldur vil ég nota þetta tækifæri í ráðinu til að læra af þeim þjóðum. Ég er sannfærður um að við getum lært mjög margt af þeim og hagnýtt okkur slíkt samstarf öllum til góða.

Ég vil einnig taka undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að rétt er að horfa til fleiri átta en eingöngu Norðmanna til að útvíkka samstarfið. Ég veit að Skotar eru nokkuð áhugasamir um að auka samstarf við Íslendinga. Ég hef átt mjög gott og farsælt samstarf við lögþingsmenn í Færeyjum þar sem við höfum m.a. farið og kynnt færeyska fiskveiðistjórnarkerfið og hið íslenska, ókosti þess, fyrir Skotum.

Ein af þeim ráðstefnum sem ég sótti á síðasta sumri og var á vegum þessa samstarfs var þemaráðstefna um sjávarútvegsmál og var hún haldin um miðjan júní síðasta sumar. Það verður að segjast eins og er að margt er mjög ólíkt með þessum þjóðum, t.d. hvernig þær halda á sjávarútvegsmálum sínum og stýra þeim. Menn eru svolítið að tipla í kringum ákveðna hluti, sérstaklega á það við um Íslendinga, og fátt sem er sameiginlegt. Það eina sem er nánast sameiginlegt er að við höfum sameiginlegra hagsmuna að gæta gagnvart Evrópusambandinu. En ég er á því að við ættum að leggja meiri áherslu á að læra af Færeyingum, hvernig þeim hefur tekist virkilega vel að stýra fiskveiðum sínum. Þar virðast fiskveiðar ganga sinn vanagang. Það eru sveiflur og þeir fylgja sveiflunum í náttúrunni. En hér eru menn með þetta kvótakerfi sem skilar mjög litlu og mjög áhugavert að sjá hvort hin nýi formaður Íslandsdeildarinnar, Halldór Blöndal, muni leggja áherslu á að við lærðum af Færeyingum að stýra fiskveiðum farsællega.

Fyrir liggja í þinginu þingsályktunartillögur um að gera úttekt á færeyska kerfinu og þar gæti formaðurinn beitt sínu mikla afli í Íslandsdeildinni og haft þau áhrif að menn færu í þessa vinnu og farið væri í gegnum bæði kosti og galla þannig að menn þyrftu ekki að fara í grafgötur með það. Ég er sannfærður um að færeyska kerfið er miklum mun betra en hið íslenska að öllu leyti. Það hefur einfaldlega sannast.

Hvað varðar Grænland getum við, og báðar þjóðirnar, örugglega haft mjög gott af samstarfi og það er mjög áhugavert. Grænland er svo sannarlega land tækifæranna, þó svo að ákveðin vandamál séu þar uppi sem fyrri ræðumenn hafa að einhverju leyti tæpt á, þá er þarna land sem er

gífurlega stórt og er gífurlega auðugt af náttúruauðlindum. Sumar hverjar eru undir ís og það á einfaldlega eftir að uppgötva þær og nýta. Þarna getum við Íslendingar örugglega aðstoðað nágranna okkar í því að það fari ágætlega og jafnvel haft einhvern hag af.

Fleira má nefna. Grænland er gífurlega fallegt land og þar eru einnig tækifæri hvað varðar ferðaþjónustu. Ég er sannfærður um að ef við reynum að samtvinna ferðaþjónustu þessara landa, Grænlands, Færeyja og Íslands, jafnvel Skotlands, mun það verða öllum þessum löndum til góðs.

Í þriðja lagi það sem ég ætla að nefna og við getum lært af Grænlendingum er að þeir eru í nánari tengslum við náttúruna en mörg okkar hér á Íslandi og fylgja þeim sveiflum sem þar eru. Þess vegna er mjög gott að geta farið þangað og leitað til þeirra hvað varðar það að finna hve þessi þjóð er í nánum tengslum við náttúru sína og kann að nýta náttúruauðlindirnar þegar þær gefa.

Að lokum, ég ætla ekki að hafa þessa tölu miklu lengri en vænti þess að þetta samstarf verði Íslendingum til góðs og að sjálfsögðu okkar ágætu nágrönnum, Færeyingum, Grænlendingum og það er aldrei að vita nema við fáum þá aðrar þjóðir með okkur, svo sem Skota og Norðmenn.

Umræðu lokið.

Norðurskautsmál 2005, ein umr.

Skýrsla ÍNSM, 576. mál. — Þskj. 837.

[16:56]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla að fara yfir þá skýrslu sem lögð hefur verið fram á hinu háa Alþingi sem stafar frá Íslandsdeild þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2005.

Áður en ég fer yfir meginatriði skýrslunnar vil ég geta þess, úr því að það kemur fram á bls. 7 í skýrslunni, að ég rita undir hana sem formaður Íslandsdeildar, ásamt varaformanninum hv. þingmönnum Magnúsi Stefánssyni og Björgvini G. Sigurðssyni, að ég tók við sem formaður Íslandsdeildarinnar þann 3. október 2005 en skýrslan varðar starfsárið 2005. Það er kannski rétt að taka það fram að sem formaður þessarar Íslandsdeildar hef ég enn sem komið er ekki sótt neinn fund hjá þingmannaráðstefnunni og yfirferðin mun að sjálfsögðu markast dálítið af því að ég er nýtekinn við formennsku af hv. þingmanni og hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einari K. Guðfinnssyni, sem gegndi þessu starfi á undan mér. Í þessari umræðu ætla ég því, ef svo má segja, að skauta yfir skýrslu Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2005 en mun ekki gera grein fyrir einstökum fundum sem haldnir voru. Gerð er ítarleg grein fyrir þeim í skýrslunni og eins og ég mun koma að í máli mínu á eftir vísa ég til þeirrar umfjöllunar.

Frú forseti. Fyrsta ráðstefna þingmanna og fulltrúa norðurskautssvæða var haldin í Reykjavík árið 1993, en takmörkuð samvinna norðurskautsríkja hafði hafist nokkru áður þegar samþykkt var áætlun um umhverfisvernd á norðurslóðum í Rovaniemi í Finnlandi árið 1991. Ráðstefnan í Reykjavík árið 1993 markaði hins vegar upphafið að stofnun þingmannanefndar um norðurskautsmál sem sett var á laggirnar árið 1994. Nefndin er stjórnarnefnd þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er á tveggja ára fresti. Næsta ráðstefna verður haldin árið 2006. Á ráðstefnunni kemur saman stór hópur þingmanna frá ríkjunum við norðurskaut, sem og sérfræðingar frá ríkisstjórnum, háskólastofnunum og félagasamtökum er láta sig málefni norðursins varða. Eitt meginviðfangsefni þingmannanefndarinnar er að fylgja eftir samþykktum ráðstefnunnar og eins að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins. Þingmannanefndin fundar að jafnaði þrisvar á ári og einn þingmaður frá hverju aðildarríki situr í nefndinni. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlanda eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa. Almennt má segja að helstu verkefni í norðurskautssamstarfi lúti að sjálfbærri þróun og umhverfismálum. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla einnig verið lögð á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta þeirra þjóðflokka er byggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð og velmegun íbúa norðursins.

Í fyrstu sneru verkefni þingmannanefndarinnar aðallega að ýmsum málum sem við komu stofnun Norðurskautsráðsins árið 1996, en ráðið byggist á sameiginlegri yfirlýsingu og samstarfi ríkisstjórna aðildarríkjanna átta. Nokkur samtök frumbyggja og ólíkra þjóðarbrota á norðurslóðum eiga fasta fulltrúa í ráðinu. Auk þess eiga ýmis ríki, alþjóðasamtök og frjáls félagasamtök áheyrnaraðild að ráðinu. Jafnvel þótt samstarf norðurskautsríkja eigi sér fremur stutta sögu hefur það fætt af sér margvísleg sameiginleg verkefni og stofnanir. Eftirlit með og mat á umhverfi norðurskautssvæðanna hefur frá byrjun verið forgangsverkefni ráðsins. Fjölmargar vandaðar vísindalegar rannsóknir hafa verið gerðar á vegum vinnuhópa ráðsins, m.a. um mengunarhættu, áhrif mengunar á vistkerfi norðurslóða og varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Á síðari missirum hefur Norðurskautsráðið í auknum mæli sinnt verkefnum sem miða ekki eingöngu að því að vega og meta mengunarhættu, heldur leita leiða við að draga úr mengun á norðurslóðum. Þingmannanefndin hefur á undanförnum árum lagt sérstakan metnað sinn í að hafa frumkvæði að mismunandi verkefnum sem hægt er að leggja fyrir Norðurskautsráðið til framkvæmda.

Íslandsdeild þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál var fyrri hluta árs 2005 skipuð þeim hæstv. sjávarútvegsráðherra Einari K. Guðfinnssyni, sem þá var þingmaður og formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, en hann var formaður deildarinnar, hv. þm. Magnúsi Stefánssyni varaformanni, og hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, sem sat í Íslandsdeildinni fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar. Varamenn voru sá sem hér stendur ásamt hv. þingmönnum Guðrúnu Ögmundsdóttur og Dagnýju Jónsdóttur. Þann 3. október 2005 voru gerðar breytingar á Íslandsdeildinni og þá tók ég við formennsku í deildinni en ásamt mér sátu þar hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson og Magnús Stefánsson, sem jafnframt var varaformaður deildarinnar. Varamenn voru kjörnir hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Valdimar L. Friðriksson og Dagný Jónsdóttir. Á fyrsta fundi nefndarinnar á 132. þingi var sá sem hér stendur kjörinn

formaður og Magnús Stefánsson varaformaður. Formaður situr fyrir hönd Íslandsdeildar í þingmannanefndinni, en í forföllum hans situr varaformaður fundi nefndarinnar. Öll Íslandsdeildin sækir ráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti. Íslandsdeild kemur saman eftir þörfum og þá gerir formaður grein fyrir starfi þingmannanefndarinnar og fær hún jafnframt upplýsingar um starf Norðurskautsráðsins. Ritari Íslandsdeildar var Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóðaritari. Ritari Íslandsdeildar sá einnig um allan skrifstofurekstur og framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar á árinu.

Ef við víkjum þá að helstu áherslum í málefnastarfi og helstu verkefnum þingmannanefndar um norðurskautsmál á árinu 2005 þá er það að segja, frú forseti, að þingmannanefnd um norðurskautsmál hefur lagt áherslu á að fylgja eftir skýrslu um loftslagsbreytingar á norðurslóðum sem birt var á fundi Norðurskautsráðsins í nóvember árið 2004. Skýrslan er fyrsta svæðisbundna allsherjarrannsókn á loftslagsbreytingum sem birt hefur verið eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður. Í skýrslunni kemur fram að miklar loftslagsbreytingar hafa orðið á norðurskautssvæðum síðustu áratugi og að loftslag fer ört hlýnandi. Spáð er enn örari þróun í þessa átt á næstu áratugum og stórfelldum áhrifum á náttúru, dýralíf og mannlíf. Norðurslóðir einkennast af viðkvæmum vistkerfum og ljóst þykir að þróunin við norðurskaut sé eins konar fyrirboði þess sem mun gerast annars staðar í heiminum. Í sameiginlegri yfirlýsingu ráðherra Norðurskautsráðsins sem birt var í nóvember 2004 var því lýst yfir að loftslagsbreytingar hefðu í för með sér margvíslega vá fyrir lífshætti og viðurværi íbúa norðurslóða, sem og hættu fyrir tilteknar dýra- og gróðurtegundir. Í sérstöku stefnumótunarskjali skuldbundu ráðherrar sig til að framfylgja tilteknum aðgerðum til að stemma stigu við frekari loftslagsbreytingum. Ráðherrarnir skuldbundu sig einnig til að aðstoða íbúa norðurslóða með skipulögðum hætti við að aðlagast þessum breytingum og leita leiða til að þróa og nýta endurnýtanlega orkugjafa, svo sem vetni. Þingmannanefndin hefur fylgst vel með þróun þessara mála og eftirfylgni við yfirlýsingu ráðherra Norðurskautsráðsins.

Nefndin hefur unnið undirbúningsvinnu við að kanna möguleikana á lagalegum sáttmála um umhverfi og náttúru norðurskauts, í svipuðum anda og suðurskautssáttmálinn sem um árabil hefur verið í gildi. Sáttmáli um umhverfi og náttúru norðurskauts er mun flóknara fyrirbæri en suðurskautssáttmálinn, en hugmyndin að slíkum sáttmála er að hluta til komin vegna spurninga um hversu litlar kvaðir skuldbindingar og samþykktir Norðurskautsráðsins leggja á aðildarríkin. Ýmsir vilja mun strangari reglur um eftirfylgni og framkvæmd ályktana, en erfitt getur reynst að koma slíku í gegn þar eð öll aðildarríkin verða að samþykkja framfylgd ályktana. Með því að leggja vinnu í að kanna möguleikann á gerð norðurskautssáttmála er þingmannanefndin því að hreyfa við nokkuð viðkvæmu málefni innan norðurskautssamstarfsins, sem vakið hefur eftirtekt. Einnig hefur mikið verið rætt um olíuboranir á norðurslóðum, en ljóst er að nýting olíu- og gasauðlinda á norðurslóðum mun margfaldast í komandi framtíð, sérstaklega í Norður-Rússlandi. Ýmsir hafa áhyggjur af þeim umhverfisspjöllum og mengun sem þetta kann að hafa í för með sér, og hefur þingmannanefndin stutt gerð skýrslu um þessi mál sem kanna á mismunandi áhrif slíkra umleitana á vistkerfi norðurslóða.

Meðal annarra mála sem komið hafa til umræðu á fundum þingmannanefndarinnar er áframhaldandi eftirfylgni við skýrslu um sjálfbæra mannlífsþróun á norðurslóðum sem birt var í nóvember árið 2004, en nefndin átti ríkan þátt í að því verkefni var hrint af stað á sínum tíma. Einnig hafa málefni sem tengjast upplýsingatækni á norðurskautssvæðum, þar á meðal fjarkennsla og fjarlækningar, verið tekin fyrir, en nefndin hefur um langa hríð verið því fylgjandi að Norðurskautsráðið geri úttekt á þeim málum. Mikill sigur vannst í þeim málaflokki þegar upplýsingatækni var gerð að einu af forgangsverkefnum Norðurskautsráðsins undir formennsku Íslands 2002–2004. Háskóli norðurslóða fangaði einnig athygli þingmannanefndarinnar á árinu. Nefndarmenn hafa hvatt til eindregins stuðnings norðurskautsríkjanna við skólann og unnið að því að fjárhagslegur rekstur skólans til lengri tíma verði tryggður. Þá hefur nefndin unnið að undirbúningi að þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin verður í Kiruna í Svíþjóð í byrjun ágúst 2006.

Eins og fram kemur í skýrslunni hélt þingmannanefndin þrjá fundi á árinu 2005. Hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson sat fyrir hönd Íslandsdeildar fund nefndarinnar í Washington í Bandaríkjunum í byrjun mars og í Pétursborg um miðjan júní. Magnús Stefánsson sótti fund nefndarinnar fyrir hönd Íslandsdeildar í Ósló í lok september. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, ritari nefndarinnar, sótti fundina ásamt þingmönnunum. Í skýrslunni gerð nokkuð ítarleg grein fyrir þeim þremur fundum þar sem þingmannanefndin öll kom saman á árinu, en auk þessara funda voru haldnir vinnuhópafundar um tiltekin málefni. Fyrrverandi formaður nefndarinnar, Einar K. Guðfinnson, og ritari nefndarinnar sóttu einnig ráðstefnur og héldu erindi fyrir hönd þingmannanefndarinnar á alþjóðlegum vettvangi.

Eins og áður segir er gerð nákvæm grein fyrir því sem fram fór á þessum fundum á bls. 3–7 í þessari skýrslu. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það nákvæmlega. Þeir hv. þingmenn sem hafa áhuga á því geta kynnt sér það í skýrslunni sem liggur fyrir.

Þess ber að geta að Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, ritari nefndarinnar, lét af því starfi fyrir skömmu og vil ég fyrir hönd þeirra sem í nefndinni sitja þakka henni fyrir störf hennar í þágu Íslandsdeildarinnar sem hafa verið afar góð. Hún hefur staðið sig geysilega vel í störfum sínum. Sömuleiðis hlakka ég til samstarfs við nýjan ritara nefndarinnar, Tómas Brynjólfsson, sem nýverið tók til starfa á alþjóðasviði þingsins og mun starfa fyrir Íslandsdeild þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál í náinni framtíð og ég veit að aðrir nefndarmenn, hv. þingmenn Magnús Stefánsson og Björgvin G. Sigurðsson, munu geta tekið undir þessi orð mín.

Frú forseti. Að svo mæltu læt ég að lokið umfjöllun minni um skýrslu Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2005. Eins og ég sagði í upphafi kaus ég að skauta yfir skýrsluna í stuttu máli en ég taldi mér skylt að gera það úr því að ég hef tekið við formennsku

í deildinni. Öll umfjöllun um störf deildarinnar og þingmannaráðstefnunnar af minni hálfu er náttúrlega þeim annmörkum háð, eins og kom fram í upphafi máls míns, að ég tók við formennsku í nefndinni þann 3. október 2005, þ.e. í lok þess starfsárs sem skýrslan gerir grein fyrir. Ég hef ekki sótt neinn fund á vegum Íslandsdeildarinnar fram til þessa en á því verður breyting í lok þessa mánaðar þegar fundur verður haldinn í Ottawa í Kanada.

[17:12]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við fjöllum hér um skýrslu Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál. Í skýrslunni er saga þessara mála rakin nokkuð og vísað til þess að fyrsta ráðstefna þingmanna og fulltrúa norðurskautssvæða hafi verið haldin í Reykjavík árið 1993 en að takmörkuð samvinna norðurskautsríkja hafi hins vegar hafist nokkru áður þegar samþykkt hafi verið áætlun um umhverfisvernd á norðurslóðum í Finnlandi árið 1991. Það er vísað til þess að ráðstefnan í Reykjavík árið 1993 hafi markað upphafið að stofnun þingmannanefndar um norðurskautsmál. Hún hafi verið sett á laggirnar 1994 en þar sé á ferðinni stjórnarnefnd þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin sé reglulega eða á tveggja ára fresti. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlanda eiga fulltrúa í nefndinni auk þess sem Evrópuþingið eigi fastan fulltrúa.

Síðan er, án þess að ég ætli að rekja það nákvæmlega, vísað í starfið og þær áherslur sem uppi eru. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að fara mjög rækilega í saumana á þessum málum því staðreyndin er sú að menn eru farnir að beina sjónum sínum í ríkari mæli en áður var bæði til auðlinda á þessum slóðum og þeirra miklu breytinga sem eiga sér stað í loftslaginu og hafa áhrif á veðurfar á norðurslóðum. Vísað er í þær áherslur sem eru uppi núna í umhverfismálum og sagt að um það sé einhugur, t.d. í Alaska, að taka tillit til umhverfismála og náttúruverndar, a.m.k. meira tillit til slíkra þátta en áður hafi verið gert. Svo er vísað í erindi, ég ætla ekki að vitna í þetta orðrétt, sem flutt var á vettvangi nefndarinnar þar sem fyrirlesari hafi sagt að nú ríkti einhugur í Alaska um auðlindanýtingu og að hún yrði að fara fram á sjálfbærum grunni.

Það er fróðlegt, ef það er rétt, að tekist hafi að skapa einhug um þetta í ljósi þess að ríkisstjórn Bush hefur farið fram af miklu offorsi einmitt á þessum slóðum í þágu olíufélaganna sem hvergi eira og hafa verið sökuð um að taka ekki tillit til umhverfissjónarmiða. En þetta er einn þáttur af mörgum sem vikið er að í skýrslunni og væri þess virði að ræða mjög rækilega. Hins vegar finnst mér jákvæður tónn sem hér kemur fram um áherslur í starfi nefndarinnar og þeirra sem koma að þessari vinnu, að í stað þess að beina kröftunum að rannsóknum á því hvort um mengun og vaxandi mengun sé að ræða þá beini menn kröftunum að úrbótum. Það deilir með öðrum orðum enginn um það að mengunarhætta er mikil og mengun er raunveruleiki en nú þurfi að hafa frumkvæði að mismunandi verkefnum sem hægt sé að leggja út í.

Þetta leiðir hugann að því hvernig Íslendingar eigi að láta til sín taka í samstarfi á alþjóðavettvangi. Ég tel það þjóna okkar hagsmunum sem íbúa á þessu svæði, alla vega á jaðri þess, að stuðla að rannsóknum og taka þátt í starfi til þess að koma í veg fyrir mengun. Ég held líka að við getum lagt ýmislegt af mörkum á slíkum sviðum, sem minnir okkur illyrmislega á þá staðreynd að við erum í þann veginn að fara að henda mörg hundruð milljónum króna í fáfengilegt áróðursstríð fyrir að fá sæti um stundarsakir í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það væri góðra gjalda vert ef við teldum að Íslendingar gætu látið verulega gott og mikið af sér leiða á þeim pósti en ef við ætlum að halda fram þeirri stefnu sem við höfum gert á undanförnum árum þá bið ég fyrir okkur vegna þess að þar kemur fram fullkomin þjónkun við stórveldin, og þá sérstaklega Bandaríkin og Bretland, og ég vildi ekki sjá okkur framfylgja þeirri stefnu með atkvæði okkar í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Ef við hins vegar hefðum burði til að sýna sjálfstæði svipað því sem Svíar gerðu á árum fyrr undir forustu Olofs Palmes, þar sem var á ferðinni sjálfstæð og gagnrýnin rödd í heimspólitíkinni, þá væri það okkur að sjálfsögðu til sóma.

Ég vek athygli á þessu í þessu sambandi vegna þess að hæstv. utanríkisráðherra hefur verið að tjá sig um það í fjölmiðlum, reyndar í tengslum við erindi sem hann hélt hjá Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, að nú væri þörf á því að kynna okkar starf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Gott og vel, það er hið besta mál en hann vill líka upplýsa um áróðursátak ríkisstjórnarinnar um að koma okkur inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, nokkuð sem er hugðarefni núverandi hæstv. forsætisráðherra sem hóf það starf við mismikla hrifningu á Alþingi og einnig innan stjórnarflokkanna eins og allir þekkja sem hafa kynnt sér. Hér er haft eftir hæstv. utanríkisráðherra, Geir H. Haarde, í Fréttablaðinu í dag um þetta efni, með leyfi forseta:

„Geir telur að áhugi almennings sé ekki mikill á málinu“ — og hér er vísað í umsókn um að komast í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna — „og margir setji fyrir sig kostnaðinn sem veru í ráðinu fylgdi. Hann segir það þægilegt að láta aðra leysa vandamálin og Íslendingar hafi verið á þeirri línu nema þegar um sé að ræða hagsmunamál þeirra sjálfra. Geir sér fyrir sér að Ísland beiti sér á vettvangi ráðsins með því að halda á lofti friði, réttlæti og auknu lýðræði.“

Skyldi það vera innrásin í Írak, það réttlætismál, sú réttlætisbarátta sem Íslendingar ætla að halda á lofti? Eða innrásin og árásin á Afganistan eða þjónkun við Bandaríkjastjórn Bush sem er uppvís að því að stunda hryllilegar pyntingar á föngum og halda fólki utan dóms og laga án þess að bandalagsþjóðir og samstarfsmenn í alþjóðasamstarfi láti frá sér heyra á þann hátt að eftir sé tekið? Íslenska ríkisstjórnin segist hafa mótmælt. Það eru mótmæli í kyrrþey sem kalla má. Það hefur afskaplega lítið farið fyrir þessum umræðum, sennilega málinu hreyft einhvern tíma yfir kaffisopa með starfsmönnum sendiráða en mikið meira hefur það ekki verið. En mér finnst verðugt að ræða það hvernig Íslendingar verja fjármunum á alþjóðavettvangi og ég segi: Hér er komið dæmi um verkefni þar sem Íslendingar eiga að láta til sín taka á hressilegan hátt.

Annað verkefni sem Íslendingar eiga að sinna og hafa reyndar sinnt í nokkrum mæli en gætu gert miklu betur er á sviði hafsbotnsrannsókna. Slíkar rannsóknir fara nú fram á skipulegan hátt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Íslendingar, eins og ég sagði, hafa látið nokkra fjármuni til þeirra

en ... (**Gripið fram í:** Gríðarlega mikið.) Gríðarlega fjármuni, ég þekki ekki hvað upphæðirnar eru miklar. Þær eru talsverðar en mættu vera miklu meiri. Ég held að við getum þannig hvort tveggja í senn látið gott af okkur leiða og samhliða látið peningana gagnast okkar hagsmunum, og það er ekkert syndsamlegt við það. Ég held t.d. að fjármagn sem varið væri til vísindarannsókna sem t.d. tengjast norðurslóðum, mengun á norðurslóðum og leiðir til að bæta þar úr auk hafsbotnsrannsókna og annað því tengt — ef fjármunum yrði beint til háskóla og rannsóknarstofnana til að efla slíkt, ef hundruðum milljóna væri beint inn í slíkar rannsóknir mundi það efla vísindarannsóknir og hugsanlega hátækniiðnað, sem kæmi til með að tengjast þessu, og mundi gagnast miklu betur bæði Íslendingum og heiminum öllum. Við værum með þessu móti að láta gott af okkur leiða sem ég óttast að við munum ekki gera með því að hlassa okkur niður á þetta sæti í öryggisráðinu og sitja þar í 2–3 ár, ég man ekki hvort kjörtímabilið er tvö eða þrjú ár. Það væri hins vegar góðra gjalda vert, ég ítreka það, ef við fylgdum stefnu sem sómi væri að en ég þarf að sannfærast um það áður. Við þurfum að setja okkur markmiðin áður en ég styddi slíkt. Við eigum fyrst að setja okkur markmiðin, hvað það er sem við viljum gera ef við á annað borð ætlum inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.

Hæstv. forseti. Ég er að ræða þetta í þessu samhengi, starf okkar sem lýtur að norðurskautsmálum, aðkomu þingmanna að því starfi og tengi það því að Íslendingar eigi að leggja meira af mörkum og beina kröftum sínum að þessu starfi í stað þess að láta peninga í starf sem tengist hernaðarsamvinnu hvort sem er á vettvangi NATO eða í beinu samstarfi við Bandaríkjamenn eina, og þar er ég að sjálfsögðu að vísa til Afganistans, ég er að vísa til Íraks og annarra ámóta verkefna.

[17:26]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum skýrslu Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2005 og það er margt afar athyglisvert sem kemur fram í þeirri skýrslu.

Eins og getið er um í inngangínum heldur hún þingmannaráðstefnur á tveggja ára fresti um norðurskautsmál þar sem saman kemur hópur þingmanna frá ríkjum við norðurskaut sem og sérfræðingar frá ríkisstjórnum, háskólastofnunum og félagasamtökum er láta sig málefni norðursins varða. Eins og sendur hér í inngangínum:

„Eitt meginviðfangsefni þingmannanefndarinnar er að fylgja eftir samþykktum ráðstefnunnar og eins að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins. Þingmannanefndin fundar að jafnaði þrisvar á ári og einn þingmaður frá hverju aðildarríki situr í nefndinni. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlanda eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa."

Eins og hefur komið fram lúta helstu verkefni þessa norðurskautssamstarfs að sjálfbærri þróun og umhverfismálum og einnig að varðveislu menningararfleifðar og lífshátta þeirra þjóðflokka er byggja landsvæðið við norðurskaut sem og að aukinni efnahagslegri og félagslegri velferð og velmegun íbúa norðursins, og þar á meðal líka Norðurlands og í Eyjafirði. Eins og kom fram hjá hv. framsögumanni, Sigurði Kára Kristjánssyni, þá er hann nýtekinn við þessu starfi sem fulltrúi þingmanna Sjálfstæðisflokksins í þessari nefnd.

Ég ætlaði einmitt að vekja athygli á því hve ógnarstór mál þetta ráð fjallar um, þá stóru atburði sem eru að gerast á norðurslóðum og skipta ekki bara lífríki norðursins heldur heimsins alls gríðarlega miklu máli. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kom inn á það, skautaði yfir það eins og hv. þingmaður orðaði það sjálfur í sinni ræðu.

Gríðarlegar loftslagsbreytingar eru að gerast á norðurslóð sem íbúar, vísindamenn og stjórnmálamenn standa agndofa gagnvart. Ég get vitnað í blaðagrein eftir Árna Finnsson þar sem sagt er frá loftslagsþingi í Montreal og birtist í Morgunblaðinu 3. desember árið 2005. Þar fjallar Árni Finnsson um loftslagsbreytingar undir yfirsögninni: „Nýleg yfirlýsing utanríkisráðherra á Alþingi um hugsanlegar loftslagsbreytingar bendir til að stjórnvöld hyggist enn um sinn dvelja undir sama feldi og Bush forseti."

Í upphafsorðum greinarinnar segir, með leyfi forseta:

„Verði ekki gripið til raunhæfra aðgerða strax kann brátt að verða um seinan að stöðva loftslagsbreytingar. Nýlegar rannsóknir rússneskra vísindamanna benda til að sífrerinn í Norður-Rússlandi og Síberíu sé tekinn að þiðna. Við það losnar umtalsvert magn af metangasi sem er áhrifamikil gróðurhúsalofttegund. Haldi svo áfram stigmagnast gróðurhúsaáhrifin og í kjölfarið hlýnun andrúmsloftsins. Tímasprengjan liggur enn frosin í túndrunni."

Þetta var bara upphafsgreinin. En það er mjög fróðlegt að lesa á bls. 2 í skýrslunni, þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Í skýrslunni kemur fram að miklar loftslagsbreytingar hafa orðið á norðurskautssvæðum síðustu áratugi og að loftslag fer ört hlýnandi. Spáð er enn örari þróun í þessa átt á næstu áratugum og stórfelldum áhrifum á náttúru, dýralíf og mannlíf. Norðurslóðir einkennast af viðkvæmum vistkerfum og ljóst þykir að þróunin við norðurskaut sé eins konar fyrirboði þess sem mun gerast annars staðar í heiminum. Í sameiginlegri yfirlýsingu ráðherra Norðurskautsráðsins sem birt var í nóvember 2004 var því lýst yfir að loftslagsbreytingar hefðu í för með sér margvíslega vá fyrir lífshætti og viðurværi íbúa norðurslóða, sem og hættu fyrir tilteknar dýra- og gróðurtegundir. Í sérstöku stefnumótunarskjali skuldbundu ráðherrar sig til að framfylgja tilteknum aðgerðum til að stemma stigu við frekari loftslagsbreytingum. Ráðherrarnir skuldbundu sig einnig til að aðstoða íbúa norðurslóða með skipulögðum hætti við að aðlagast þessum breytingum og leita leiða til að þróa og nýta endurnýtanlega orkugjafa, svo sem vetni."

Hér er verið að undirstrika þessar yfirlýsingar. En þegar kemur aftar í skýrslunni er þess getið að svo virðist vera að engir hafi áhuga á að standa við þær yfirlýsingar. Á bls. 4 er talað um að fjölmörg lönd sem skrifað hafa undir sáttmálann, þá er verið að tala um Kyoto-bókunina, sem er ein af undirrótum þess sem þarna er að gerast, þ.e. gróðurhúsaáhrifin, standa ekki við hann og Bandaríkin koma ekki nálægt þeim skuldbindingum. „Önnur ríki virtust hins vegar ekki eiga í erfiðleikum með að skrifa" — eins og stendur í skýrslunni — „stöðugt undir sáttmála sem þau ætluðu síðan greinilega engan veginn að framfylgja, því væri öðrum

stundum nær að líta í eigin barm. Nokkur hiti var í fundarmönnum þegar þetta var rætt og sitt sýndist hverjum. Það er hins vegar ljóst að mikil vinna er í gangi innan bandarísku þingsins sem snýr að lagaumhverfi og samhæfðum viðbrögðum við loftslagsbreytingum, ...“

Herra forseti. Það er því ljóst að þau efni sem fjallað er um í skýrslunni eru alveg gríðarlega stór og alveg gríðarlega mikilvæg. En hins vegar upplifum við hliðstætt orðalag og umræðu á Alþingi. Á bls. 4 er minnst á sérfræðing á sviði olíuborana, Drue Pearce. Það gæti verið sérfræðingur á sviði vatnsaflsvirkjana ef sama orð væri notað. Þar segir, með leyfi forseta:

„Drue Pearce, sérfræðingur á sviði olíuborana, tók því næst til máls og gerði grein fyrir áhrifum olíuborana í Alaska, nýjustu tækni og erfiðustu átakapunktum í umræðunni um lögmæti olíuborana á viðkvæmum landsvæðum. Pearce sagði margt hafa breyst í þessum efnum á undanförnum árum og að langtum meira tillit væri tekið til umhverfismála og náttúruverndar heldur en áður.“ — Er þetta ekki nákvæmlega sama orðalag og við mundum heyra frá sérfræðingi t.d. Landsvirkjunar eða iðnaðarráðuneytis? — „Hún sagði að nú ríkti einhugur í Alaska um að auðlindanýting yrði að fara fram á sjálfbærum grunni, ...“ — já mikil ósköp. Það ríkir líka einhugur á Íslandi um slíkt. — „en að málin væru oft einfölduð í öfgakenndum málflutningi bæði af hálfu umhverfissinna sem og þeirra sem vilja opna ný svæði ...“

Þekkjum við ekki svona málflutning? Áfram segir, með leyfi forseta:

„Mikil umræða hefur á undanförnum árum átt sér stað innan bandarísku þingsins um hvort opna eigi stórt friðland í Alaska fyrir olíuborunum og hefur málið vakið feiknahörð viðbrögð úr ýmsum áttum. Pearce“ — þessi sérfræðingur Landsvirkjunar þarna í Alaska — „sagði mikinn meiri hluta Alaskabúa vera fylgjandi frekari olíuborunum á sem flestum stöðum til eflingar lífsskilyrðum, og staðhæfði að ný tækni við olíuboranir gerði öll umhverfisspjöll langtum takmarkaðri en áður.“ — Er þetta ekki eins og álræður iðnaðarráðherra hér? — „Þar að auki væri mun meira lagt upp úr nánu samráði við alla íbúa þess svæðis þar sem bora á eftir olíu og um leið væri meira fjármagn veitt í að rannsaka og þróa endurnýtanlega orku.“

Ég segi þetta vegna þess að ég veit að þetta er rangt. Ég veit að það er engin sátt í Alaska um þessar olíuboranir. Ég veit að þessar framkvæmdir sem Landsvirkjun eða Bush-stjórn þeirra í Alaska er nú að leggja í, ryðst núna áfram gegnum skóga Alaska með vegi og lagnir til að undirbúa þessar olíuboranir. Ég veit það af því þannig er að einn Íslendingur sem ég þekki vel er einmitt staddur á þessum svæðum og hefur sent reglulega tölvufréttabréf til landsins um hvað þarna er að gerast. Hún segir að veiðidýrin og íbúarnir þarna hrökkvi undan yfirgangi olíufyrirtækjanna. En þegar sagt er frá þessu á fínni ráðstefnu þá kemur „sérfræðingur“ þessa olíuborunarfyrirtækis og segir að mikill einhugur sé í Alaska um að ráðast í þessar olíuboranir.

Svona er nú sannleikurinn. Staðreyndin er sú, ef fram fer sem horfir, að verið er að fremja gríðarleg umhverfisspjöll í Alaska. Er það furða þó standi á bls. 5 að ríkin virðast reiðubúin að skrifa undir alls konar sáttmála hvað þetta varðar en telja sig ekki reiðubúin að standa við þær skuldbindingar sem þau hafa skrifað undir. Er þetta nákvæmlega sama umræðan og við erum að taka um Kyoto-bókunina þegar við heyrum íslensk stjórnvöld segja að þessa Kyoto-samþykkt sé hægt að umgangast til kl. 12 og síðan taki eitthvað annað við?

Frú forseti. Ég verð að minnast á þetta vegna þess að hér um svo stór mál að ræða. Hérna er t.d. önnur frétt í Morgunblaðinu frá 1. október 2005. „Ísbráðnun vex með hverju ári. Nýjar gervihnattamælingar sýna, að íshellan á norðurheimskauti minnkar hraðar en áður var talið enda hefur hitastigið þar hækkað verulega.“

Ég er með aðra grein, einnig mjög góða, sem fjallar um þá miklu vá sem þarna er að gerast með bráðnun norðurskautsíssins.

Ég er ekki viss um, herra forseti, að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson geti eftir 100 eða 200 ár skautað yfir norðurskautsísinn því hann verður bráðnaður ef fram fer sem horfir. Í grein sem Ingibjörg Elsa Björnsdóttir skrifaði í Morgunblaðið föstudaginn 4. nóvember 2005 segir, með leyfi forseta:

„Rannsóknir sem gerðar voru á norðurskautsísnum árið 2002 á vegum NASA benda til þess að heimskautaísinn sé að bráðna um 9% á hverjum áratug. Útbreiðsla heimskautaíssins náði sögulegu lágmarki árið 2002 og árið 2003 var svipað.

Vísindamenn telja að bráðnun heimskautaíssins orsakist að hluta af loftslagsbreytingum af mannavöldum og hins vegar af breyttum loftþrýstingi og breytingum í vindafari yfir norðurskautinu.“

Í greininni er síðan rakið hvaða afleiðingar þetta getur haft fyrir lífríkið á norðurslóðum og reyndar fyrir heiminn allan.

Þess vegna er fyllilega ástæða til að þetta samstarf sem verið er að greina frá, samstarf um norðurkautsmál, sé í rauninni tekið alvarlega og það sé gert meira en að sitja yfir kaffibollum og skrifa undir einhverjar yfirlýsingar sem, eins og segir í skýrslunni, greinilega er engan veginn ætlunin að framfylgja. Þetta eru alvarleg mál sem við stöndum frammi fyrir hvað er að gerast á norðurkautsslóðum og okkur ber að axla ábyrgð og ekki af neinni léttúð (Forseti hringir.) sem íslensk stjórnvöld gera því miður.

[17:41]

Útbýting:

Almenn hegningarlög o.fl., 619. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 905.

Lax- og silungsveiði, 607. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 891.

Lækkun raforkuverðs, 618. mál, fsp. GAK, þskj. 903.

Mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn, 620. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 906.

[17:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja í upphafi máls míns að taka undir þau orð sem hv. þm. Jón Bjarnason lét falla hér í lok ræðu sinnar þar sem hann benti réttilega á að sú þróun sem gæti vera að gerast á norðurslóðum mundi geta haft mjög

alvarlegar afleiðingar fyrir umhverfi okkar, líf okkar, atvinnuhætti, nýtingarstefnu okkar á auðlindum Íslands og hegðunarmunstur margra af helstu nytjafiskstofnum okkar. Ásamt auðvitað breytingu á lífríkinu almennt við ströndina.

Það var algjörlega rétt sem hv. þingmanns sagði áðan að við gætum verið að standa frammi fyrir mjög miklum breytingum í lífríki norðurhafa og bara öllu umhverfi sem snýr að norðurhöfunum. Þó að menn hafi, eins og sagt er í skýrslunni á bls. 2, verið að velta því fyrir sér að gera samning um norðurhafið, norðurskautið, eitthvað í líkingu við það sem menn gerðu um suðurskautið á sínum tíma og umgengni þar og nýtingu, þá er umhverfi norðurhluta jarðarinnar allt annað að þessu leyti.

Við erum að tala um svæði þar sem löndin eru byggð umhverfis norðurskautið, þar sem norðurskautið er svo til landlukt að öðru leyti en því að frá því eru nokkur sund, eins og Beringssundið. Sundin vestan við Grænland, þröng sund milli eyjaklasanna þar. Sundið milli Íslands og Grænlands. Sundið milli Íslands og Færeyja og síðan milli Færeyja og Noregs.

Eins og ég vék að fyrr í dag hagar svo til að sá hafstraumur, Golfstraumurinn, sem gerir okkur yfirleitt kleift að lifa á norðlægum slóðum á norðurhluta jarðarinnar færir okkur yl norður í höfin og þar af leiðandi hlýrra loftslag en ella væri sem gerir lífið á norðurslóðum í rauninni mögulegt, eins og við höfum upplifað það í árhundruð.

Nú kunna hins vegar að vera á ferðinni þær breytingar sem við sjáum ekki fyrir. Því miður eru sífellt að koma fleiri vísbendingar um að loftslagsbreytingarnar hafi haft miklu hraðari, fljótvirkari og örari áhrif en menn gerðu ráð fyrir, t.d. bráðnun Grænlandsjökuls og hlýnun í hafinu. Við erum búin að upplifa það hér í nokkur ár við Ísland að hafið norður af landinu hefur verið mun heitara á undanförnum vetrum og árum en við höfum átt að venjast. Það hefur m.a. alveg örugglega breytt loðnugöngum hér við land og einnig hafa útbreiðslu- og uppvaxtarsvæði ýsunnar tvöfaldast, miðað við það sem áður var meðan ýsan ólst að mestu leyti upp við Suður- og Vesturland. Ýsan lifir núna í miklu magni allt í kringum land sem m.a. hefur orðið til þess að rækjuveiðar hafa breyst stórkostlega. Það hefur síðan haft þau áhrif og mun gera í framtíðinni að þorskurinn hagar sér öðruvísi hér við land en hann hefur gert á sl. áratugum, hæstv. forseti. Þetta er auðvitað það sem snýr næst okkur Íslendingum, þar sem við sjáum breytingarnar sem verða innan tiltölulega stutts tíma.

Það eru auðvitað þeir sem nytja náttúruna mest, eins og t.d. íslenskir fiskimenn, sem verða þessa mest varir ásamt þeim einstaklingum sem stunda rannsóknir umhverfis landið. Þá kem ég reyndar að því sem ég hef sagt áður og vil víkja að nú í umræðu um norðurskautið en það er að okkur er falin mikil ábyrgð og við eigum að stunda miklar rannsóknir á þessum breytingartímum og við eigum alls ekki að draga úr þeim heldur akkúrat að auka þær. Ég tel t.d. að skipaáætlun Hafrannsóknastofnunar, þ.e. að halda skipunum úti í tiltölulega fáa daga yfir árið sé algjörlega öfug stefna miðað við það sem við ættum að halda uppi. Við ættum að auka rannsóknir og umferð hafrannsóknaskipanna um hafsvæðin og auka vöktunina með breytingum sem eru að verða umhverfis landið og í hegðun fiskstofna okkar. Þetta er það sem er næst okkur, þ.e. vegna okkar eigin náttúrunýtingar og atvinnuhátta.

Hitt er svo annað mál að það er hægt að rannsaka miklu fleira en við gerum í dag. Ég benti á það í umræðunni í morgun að það væri mjög áhugavert að Íslendingar tækju aukinn þátt í rannsóknum á norðurslóðum, m.a. með því að fylgja Golfstraumnum eftir norður í höf og skoða vandlega það sem gerist fyrir norðan Ísland, sem kallað hefur verið hjarta straumakerfisins í veröldinni, þ.e. hinna stóru strauma. Golfstraumurinn fer norður og heiti sjórinn sekkur hér norður í höfum og verður að botnstraumi og gengur síðan suður og viðheldur því straumakerfisbelti sem gengur um öll heimshöf. Þetta er í raun og veru gríðarlega mikill áhrifavaldur um veðurfar á jörðinni allri. Þetta er því mjög áhugavert og það er nauðsynlegt að við gerum okkur gildandi í því og þess vegna vék ég að því í morgun þegar fyrsta skýrsla þessa dags var kynnt.

Ég legg mikla áherslu á, hæstv. forseti, að hér verði vel staðið að því að auka rannsóknir á hafsvæðunum norðan Íslands. Við munum sjá það á næstu árum ef svo heldur fram sem horfir að stór hafsvæði verða hér íslaus og það eru miklar líkur á að nytjastofnar okkar leiti í ætisleit á sumrum mun lengra norður í höfin en við höfum séð á undanförnum árum og þá einnig á hafsvæði sem ekki eru innan lögsögu okkar. Við gætum hæglega horft fram á það að þorskstofn okkar yrði ekki eingöngu nýttur af okkur Íslendingum og við stjórnuðum því, heldur gætu aðrar þjóðir einnig farið að stunda veiðar norður og norðvestur af Íslandi. Þar værum við vissulega að upplifa algjörlega nýtt munstur miðað við það sem hefur verið á undanförnum áratugum. Þess vegna hvet ég alveg sérstaklega til þess að allt alþjóðastarf og svæðisbundin störf á vegum Norðurskautsráðsins, eins og við erum að ræða í dag, að þeir þingmenn sem starfa að þeim málum séu mjög á vaktinni fyrir því hvar við getum staðið að því að efla rannsóknir á breytingum norðurhjarans vegna þess að það mun skipta okkur miklu máli í framtíðinni hvernig þar verður að staðið. Ég tel að við þurfum í raun og veru að taka upp meiri eftirfylgni og vöktun á svæðunum norður af Íslandi, einkum hvað varðar meginstrauma í hafinu því það ferli allt saman ræður miklu um allt líf á norðurslóðum.

Það er ekki saman að jafna, eins og ég nefndi áðan, norðurheimsskautinu og norðurslóðunum umhverfis norðurpólinn og hins vegar suðurskautinu og umhverfinu umhverfis suðurpólinn. Aðstæður okkar eru mjög ólíkar aðstæður. Við sem búum hér á norðurhjaranum höfum þær skyldur að taka á í þeim efnum þegar við sjáum umhverfi okkar breytast og með þeim hraða sem við hefðum engan veginn gert okkur grein fyrir. Spádómar manna um hvað geti gerst með bráðnun Grænlandsjökuls og hækkandi sjávarborði eru auðvitað þannig að það getur haft veruleg áhrif á komandi áratugum hér á landi hvað varðar atvinnuhætti okkar.

Það er nú aðallega þetta, hæstv. forseti, sem ég vildi draga hér inn í umræðuna og ég hvet þá hv. þingmenn sem hér eiga aðild að og fjalla um norðurskautsmálin fyrir Íslands hönd að vera mjög á vaktinni og leggja því lið að auka hér rannsóknir. Við þurfum sjálf að taka til í okkar ranni varðandi fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar og

öllu er snýr að hafrannsóknum og efla þær alveg sérstaklega. Við þurfum að efla vöktun á hafsvæðunum umhverfis Ísland að því er varðar hitafar og strauma, bráðnun og hegðun fiskstofnanna. Það er það sem snýr næst okkur í umhverfinu ásamt því að taka upp og auka þá vöktun sem snýr að gerð hafsins, seltuinnihaldi og innstreymi hlýsjávar annars vegar og hins vegar suðurstreymi kaldsjávarins og hvernig hlutfall ferskvatns mun breytast í Norðurhöfum með aukinni bráðnun.

Ég held að aldrei sé lögð of mikil áhersla á þetta, hæstv. forseti. Við erum greinilega að upplifa mikla breytingatíma og breytingarnar eru hraðari en við höfðum kannski gert okkur grein fyrir. Þó að margir hafi auðvitað áttað sig á því að umhverfi okkar er að breytast þá held ég að menn hafi ekki áttað sig á því að það gæti verið að breytast jafnhratt og dæmi eru um og vísindamenn hafa verið að sýna fram á með ýmsum ábendingum. Þótt vissulega sé ekki búið að færa sönnur á sumar af þessum spám og m.a. viðvörun um að kerfi golfstraumsins muni stoppa, eins og breskir vísindamenn hafa bent á, fyrir þessu er ekki búið að færa neinar sönnur og vonandi hafa þeir háttvirtu vísindamenn algjörlega rangt fyrir sér því þá yrði nú aldeilis breyting hér í norðurhöfum ef golfstraumurinn breytti algjörlega um farveg og kæmi ekki upp að Íslandsströndum og norður fyrir landið. Þá yrði kólnunin hér hjá okkur yrði veruleg og margt mundi breytast þó að hlýnunin væri kannski einhvers staðar annars staðar í veröldinni. Ég held að veðurkerfin mundu mjög breytast og þess vegna held ég að menn þurfi að taka upp samstarf veðurfræðinga, haffræðinga og líffræðinga um að taka upp mikla vöktun á veðurkerfum veraldar og við Íslendingar erum þannig í veröldina settir að við eigum mikið erindi til að taka þátt í slíkum rannsóknum.

[17:55]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi skýrsla Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2005 er að ýmsu leyti merkileg. Það sem ég ætlaði að draga athyglina að og ræða aðeins um er fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál sem var haldinn í Washington, dagana 1. og 2. mars 2005.

Ég sé þegar ég les fundargerð þessa fundar að þar stendur á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Að loknum fundi nefndarinnar fóru fram fundir í kanadíska sendiráðinu þar sem fjölmargir fulltrúar bandaríska þingsins gerðu grein fyrir vinnu innan þingsins sem varðar loftslagsbreytingar. Þeir sögðu að villandi væri að einblína eingöngu á Kyoto-sáttmálann. Fjölmörg lönd sem skrifað hefðu undir sáttmálann stæðu ekki við hann og tilgangslaust væri að gagnrýna stöðugt Bandaríkin fyrir að vilja ekki skrifa undir það sem fólk vissi að þau gætu ekki staðið við. Önnur ríki virtust hins vegar ekki eiga í erfiðleikum með að skrifa stöðugt undir sáttmála sem þau ætluðu síðan greinilega engan veginn að framfylgja, því væri öðrum stundum nær að líta í eigin barm. Nokkur hiti var í fundarmönnum þegar þetta var rætt og sitt sýndist hverjum."

Þetta er athyglisverð fundargerð og það væri kannski ástæða til þess að fá það fram hvort Íslendingar hefðu verið nefndir í þessu sambandi sem hluti af þeim þjóðum sem skrifa undir sáttmála án þess að ætla sér að standa við þá. Nú veit ég ekkert hvort menn hafi haft einhverjar upplýsingar um hvernig staðið er að málum af þessu tagi hér á Íslandi en það er að koma í ljós núna að íslenska ríkisstjórnin og stjórnvöld í landinu hafa alls ekki staðið sig gagnvart Kyoto-sáttmálanum. Undanfarnar vikur hafa ráðherrar verið að kynna nýja aðferð við að lesa sáttmálann, þ.e. íslenska ákvæðið. Nú er sagt að íslenska ákvæðið þýði að frá landinu megi fara útblástur sem svarar til 1,6 milljóna tonna af CO_2 á hverju ári, þ.e. að meðaltali yfir það tímabil sem um er að ræða.

Þegar málin eru svo athuguð nánar þá standa þau þannig að íslenska ríkisstjórnin gaf yfirlýsingu þegar Kyoto-bókunin var staðfest hér á Alþingi um að það stæði ekki til að nýta sér möguleika til að gefa út heimildir fyrir losun eða versla með slíkar heimildir innan lands eða milli landa hvað Ísland varðar. Þetta er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar og að hún ætlaði sér sem sagt ekki að gefa út neinar heimildir fyrir losun. Þetta þýðir á einföldu máli að fyrirtæki sem ætla að fara að framleiða ál hér á landi eða einhverjar aðrar vörur sem valda CO_2 útblæstri þurfa ekki á neins konar leyfi að halda til þess að blása því upp í himinhvolfið. Og það sem verra er er að í reglum eða lögum hér í landinu eru hvergi neinar hömlur á því hversu mikið þetta getur orðið. Hinn nýi skilningur um hver mörkin í sáttmálanum séu, þ.e. eins og ríkisstjórnin eða a.m.k. sumir ráðherrarnir lesa hann núna, að meðaltalið sé yfir allt tímabilið, þýðir þá að mörkin séu bundin við að heildarútblástur verði ekki meiri en þetta að meðaltali.

Ef við gæfum okkur að slíkur útblástur sem færi fram yfir þetta færi af stað frá landinu, ef fyrirtæki sem fengju starfsleyfi hér á landi og hæfu rekstur innan þess tímabils sem hér um ræðir menguðu meira en þetta að meðaltali, þá hefði ríkisstjórninni tekist þannig til að ekkert væri hægt að gera í málinu. Það er sem sagt leyfilegt að blása meiru út í andrúmsloftið miðað við lög og reglur sem gilda í landinu en þessi samningur gerir ráð fyrir. Þó að ég geri ekki ráð fyrir að það gerist, einfaldlega vegna þess að það stefnir ekki í það, liggur það hins vegar í augum uppi að frágangurinn á málinu er með þeim hætti að ríkisstjórnin getur auðveldlega, og í það stefnir vissulega, staðið frammi fyrir því að það verði búið að taka ákvarðanir og að óbreyttum lögum verði ráðherrarnir að stimpla starfsleyfin fyrir fyrirtæki sem munu, þegar komið fram á árið 2012 og tímabilið er liðið, blása miklu meiru upp í loftið en 1,6 milljónum tonna á ári. Það eru engar reglur í gildi um það að þessi fyrirtæki þurfi á einhverju leyfi að halda fyrir þessu þannig að ríkisstjórnin stendur frammi fyrir því að vera bókstaflega með allt saman niður um sig í þessum málum hvað varðar framhaldið. Hver á að bera ábyrgð á þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið um útblástur sem fer fram yfir þessi 1,6 milljón tonn þegar þetta tímabil er liðið?

Ríkisstjórnin virðist standa frammi fyrir því að ef hún getur ekki fengið útvíkkun á íslenska ákvæðinu þá geti farið svo að íslensk stjórnvöld sitji uppi með ábyrgðina á því að skaffa þessar losunarheimildir og þær munu ekki fást fyrir ekki neitt. Þær eru nú þegar orðnar dýrar í verslun

milli aðila í Evrópu. Ég tel fulla ástæðu til að hvetja ríkisstjórnarflokkana til að fara yfir málið og átta sig á hvar menn eru staddir. Afsökunin fyrir því að þetta mál er svona hlýtur að vera sú að menn hafi ekki látið sér detta í hug að íslenska ákvæðið mundi ekki duga út tímabilið. En enginn getur verið viss um að það náist alþjóðlegt samkomulag um að íslenska ákvæðið verði víkkað út. Ef menn ætla sér að láta fyrirtækin skaffa þessar losunarheimildir hlýtur að þurfa að ganga frá því máli þegar fyrirtækin taka ákvarðanir um hefja framleiðslu í landinu. Það eru engir fyrirvarar um slíkt af hálfu stjórnvalda í landinu.

Þetta er algjörlega óábyrg stjórnsýsla sem þarna er á ferðinni. Þetta er miklu stærra mál en svo að menn geti þagað í sölum Alþingis þegar rætt er um það. Ég tel ástæðu til að ræða það undir þessum lið vegna þess að það er alveg hárrétt sem bandarísku fulltrúarnir sögðu. Það er greinilega fullt af ríkjum sem skrifa undir Kyoto-sáttmálann, og þar á meðal Íslendingar, sem ganga þannig frá sínum málum að það lítur greinilega út fyrir að ekki standi til að standa við hann. Þegar litið er til þess að þetta er fyrsta tímabil Kyoto-sáttmálans og að gert er ráð fyrir því í öllu samningsferlinu að nýtt tímabil verði til og að þeir sem séu með í ferlinu taki þátt í því þá er það algjörlega óviðunandi að Íslendingar ætli að taka áhættuna af því að þeir geti ekki skrifað undir óbreytt íslenskt ákvæði fyrir árið 2013 og þar á eftir, en það er gert með þessum hætti. Og ekki bara það heldur stefnir í að óbreyttu að víkka þurfi íslenska ákvæðið verulega mikið út. Ég tel að fara þurfi að svara því í sölum Alþingis hver beri ábyrgðina á þeim viðbótarlosunarheimildum sem þarna er greinilega farið að glitta í vegna þess að það liggur fyrir að verði álver byggt á Bakka og ef af stækkuninni verður í Straumsvík þá eru það ekki 1,6 milljón tonn sem fara upp í loftið árið 2013 heldur 2 milljónir tonna og þá þarf að bæta því við. Og ef búið verður að gera samninginn um Helguvík á þessu tímabili þá vantar fyrir þeirri viðbót líka að óbreyttum lögum. Við verðum þá kannski komin í 2,3 –2,5 milljónir tonna sem færu upp í loftið á ári í staðinn fyrir 1,6 tonn. Til þess þurfa menn heimildir með einhverjum hætti.

Ég veit reyndar ekki hvað Ameríkumenn hafa haft fyrir sér í því að menn hafi skrifað undir Kyoto-sáttmálann og ætluðu sér ekki að standa við hann, en það er greinilegt að menn þurfa að líta aðeins í eigin barm hér á Íslandi hvað þetta varðar. Og það er ekki bara það, ég tel fulla ástæðu til að ítreka að það þarf að fást á hreint hvort ekki sé nauðsynlegt að bregðast við nú þegar til að íslenska ríkið sitji ekki uppi með ábyrgð á því að skaffa þessar losunarheimildir, af því að engir fyrirvarar hafa verið gerðir við þessi fyrirtæki um að þau beri ábyrgð á þeim viðbótarheimildum sem þurfa munu. Ekki verður hægt að koma slíkum reglum á nema með því að breyta lögum. Breyta þarf lögum þannig að menn geti ekki fengið starfsleyfi nema þeir skaffi þá losunarheimildir. Gefa þarf út losunarheimildir til fyrirtækjanna í landinu til að hægt sé að taka á þessu máli. Um það eru engar reglur og á meðan þær eru ekki til eru menn bara á sóknarmarkinu, öllu heldur engu marki. Það er bara frítt spil.

Ég held að íslensk stjórnvöld þurfi að fara yfir þetta. Mér finnst satt að segja, eftir að hafa nefnt þetta nokkrum sinnum í sölum Alþingis, að það hljóti að fara að koma tími á það að menn svari fyrir þetta og segi hvert þeir ætla sér. Talað er í fullri alvöru um að auka losunarheimildir sem svarar líklega upp undir 2,3–2,4 milljón tonn á ári í staðinn fyrir 1,6 að meðaltali á ári, þegar þær hugmyndir sem verið er að tala um eru komnar til framkvæmda. Ætlar ríkisstjórnin að sitja uppi með þann vanda að fyrirtækin hafi bara farið af stað í góðri trú um að þau þyrftu ekki að skaffa neinar losunarheimildir af því að reglurnar á Íslandi segja það? Það á ekkert að úthluta losunarheimildir samkvæmt þessum reglum.

Þetta er ekki boðlegt. Það er í raun og veru algjör nauðsyn að menn bregðist við nú þegar í þessu máli og það er ekki einu sinni víst að það dugi til gagnvart hugmyndinni um annaðhvort álverið á Bakka eða stækkunina í Straumsvík, eftir því hvort verður á undan. Það gæti kostað gríðarlega fjármuni að útvega þessar losunarheimildir ef íslenska ákvæðið verður ekki víkkað út. Og þegar menn fara að velta því fyrir sér hvort Íslendingar fái útvíkkun á sínu ákvæði þá kemur ýmislegt til greina sem menn hafa ekki rætt hér, m.a. það að fjölmörg önnur ríki í heiminum geta framleitt ál með ódýrri orku og gætu notfært sér það að geta úthlutað losunarheimildum. Það er mjög líklegt að mörg þeirra hafi áttað sig á þessu eftir að íslenska ákvæðið varð til og séu tilbúin til að bjóða upp á eitthvað í sínum löndum. Spurningin er þá sú: Er einhver möguleiki á því að Íslendingar fái útvíkkun á sínu ákvæði? Svo þarf að svara hinni spurningunni: Vilja menn á Íslandi bæta við enn þá meiri losunarheimildum en eru komnar? Því hefur ekki verið svarað en ég geri ráð fyrir að stjórnvöld í landinu séu að því leyti til búin að svara því að þau hafa staðið að undirbúningi og skoðun á verkefnum sem valda viðbótarlosun í framtíðinni sem er langt fram yfir íslenska ákvæðið. Það hlýtur að þurfa að finna losunarheimildir fyrir því með einhverju móti, annaðhvort með því að kaupa þær til landsins eða útvíkka íslenska ákvæðið. En eitt er alveg ljóst að menn geta ekki flotið svona áfram eins og ríkisstjórnin gerir núna í þessu máli. Ég tel fulla ástæðu til að hvetja menn til að leiða hugann að þessu í stjórnvaldi landsins.

[18:10]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara undir þessum dagskrárlið í almenna umræðu við hv. þm. Jóhann Ársælsson um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu eða um Kyoto-sáttmálann og það sem að honum lýtur. Ég leyfi mér hins vegar að gera athugasemd við þann inngang sem hann notaði að þessari ræðu sinni um þau efni vegna þess að hann vísar til orða í skýrslunni sem hér er til umræðu um fund sem var haldinn í Washington í byrjun mars á síðasta ári. Það vill svo til að ég sat þann fund ásamt hv. þingmönnum Einari K. Guðfinnssyni og Rannveigu Guðmundsdóttur. Ég sat þar sem fulltrúi Vestnorræna ráðsins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fyrir hönd Norðurlandaráðs. Ég get því upplýst hv. þm. Jóhann Ársælsson um það að Ísland var ekki til umræðu að því leyti sem hann vísar til. Það er hins vegar vitað að fjölmörg ríki sem undirritað hafa Kyoto-sáttmálann hafa ekki gert minnstu tilraun til að fara eftir ákvæðum hans og það var það sem þeir bandarísku

þingmenn og embættismenn sem þarna töluðu voru að vísa til. Það er því að mínu mati afar villandi, og þó að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi vissulega haft fyrirvara á orðum sínum þá er mikilvægt að þessi ummæli í skýrslunni verði ekki skilin á þann hátt að þar hafi á nokkurn hátt verið vikið til Íslands, enda hafa Íslendingar ekki átt í vandræðum með að uppfylla þá skilmála sem fram koma í Kyoto-sáttmálanum. Það er ljóst að sá sáttmáli og yfirlýsingar sem Íslendingar hafa gefið í sambandi við hann eru meðal þess sem ræður því hvernig og í hvaða röð og með hvaða hætti ráðist verður í frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi.

[18:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst hv. þingmaður gefa sér það að undirskrift Kyoto-sáttmálans réði því með hvaða hætti menn tækju við nýjum orkufrekum iðnaði inn í landið. Það sem ég var að benda á var að að óbreyttum lögum og að óbreyttum fyrirætlunum sem þegar hafa komið fram, mjög eindregnar, um að byggja nýjan orkufrekan iðnað í landinu er a.m.k. ljóst að það verður ekki hægt að skrifa undir Kyoto-bókunina eða íslenska ákvæðið óbreytt. Ég hef ekki fengið nein svör við því hér, engin andmæli við því sem ég hef fullyrt hérna eftir að hafa skoðað þau lög sem eru í gildi. Þau þýða, að mínu mati, að ráðherrar verða að gefa starfsleyfi fyrir þessum fyrirtækjum að óbreyttum lögum og það er ekki neinn fyrirvari um að útvega þurfi útblástursheimildir vegna fyrirtækjanna þó svo að komið verði fram yfir þann útblásturskvóta sem þar er á ferðinni.

Síðan ætla ég að segja það einu sinni enn að mér finnst það óábyrgt að þannig skuli frá málum gengið, eins og ég held fram að gert sé, að ekki sé hægt að mæta til viðræðna við þessar þjóðir fyrir hönd Íslendinga í þeirri stöðu að geta framlengt sama samning áfram eins og hann hefur verið. Mér finnst það óboðleg staða fyrir Íslendinga og óþörf líka vegna þess að það eru aðeins sex ár eftir af þessum sáttmála.

[18:15]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mikilvægt í þessari umræðu að átta sig á að þótt ríkisstjórn Íslands og íslenskir aðilar eigi í viðræðum við erlenda aðila um frekari uppbyggingu stóriðju og orkufreks iðnaðar á landinu þá hafa engar ákvarðanir verið teknar í þeim efnum, hvorki um framkvæmdir, í hvaða röð eða á hvaða árabili þær framkvæmdir muni eiga sér stað. Það er hins vegar rétt að núverandi ríkisstjórn hefur lýst áhuga á áframhaldandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu. Sú stefna liggur fyrir. Núverandi stjórnarflokkar hafa áhuga á að nýta auðlindir Íslands til að skapa betri lífskjör á komandi árum. Sú stefna er alveg klár.

Það er hins vegar rétt að það komi fram, varðandi einstök verkefni og tímasetningu þeirra, að eðlilega hafa verið gerðir ýmsir fyrirvarar varðandi orkuöflun, varðandi þann ramma sem við þurfum að starfa innan, varðandi umhverfismál og eins varðandi áhrif á efnahagslífið. Menn hafa sett ákveðna fyrirvara þótt ákveðið hafi verið að efna til viðræðna og kanna möguleikana.

Hins vegar verð ég að segja að það kemur mér nokkuð á óvart hvernig Samfylkingin hefur snúist í þessum málum á síðustu dögum og vikum. Löngum hafa innan Samfylkingarinnar verið uppi tvenns konar sjónarmið í þessum efnum, annars vegar sjónarmið þeirra sem vilja nýta auðlindir landsins til uppbyggingar orkufreks iðnaðar og hins vegar þeirra sem hafa sett sig upp á móti öllum slíkum áformum. Nú er eins og andstæðingar iðnaðaruppbyggingarinnar hafi náð öllum tökum á málflutningi Samfylkingarinnar.

[18:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel þetta bara hreina útúrsnúninga. Ég studdi t.d. Kárahnjúkavirkjun í sölum Alþingis og enginn getur vænt mig um að hafa ekki viljað standa við bakið á iðnaði í landinu. Ég held því hins vegar fram að það sé gjörsamlega óþolandi að stjórnvöld standi að málum líkt og ég ræddi um, að það skuli vera þannig. Við erum að tala um sjálfstæð fyrirtæki í samningaviðræðum um að koma upp stóriðju og íslensk stjórnvöld hafa ekkert í höndunum til að stöðva þá hluti. Þeir þurfa þá að fara sem eigendur inn í Landsvirkjun og koma í veg fyrir að gerðir verði samningar eða eitthvað slíkt. Varla gera þeir það varðandi álverið sem menn tala um að byggja í Helguvík.

Ég bendi á að taka þarf ábyrga afstöðu til þess hvernig eigi að skaffa heimildir til losunar. Það þarf að láta fyrirtækin sem vilja koma til landsins taka ábyrgð á því að skaffa slíkar heimildir. Eins og málin standa sé ég ekki betur en að íslensk stjórnvöld taki sjálf ábyrgð á að skaffa losunarheimildir. Það gæti kostað skildinginn ef þannig er í pottinn búið. Íslensk stjórnvöld geta ekki mætt á alþjóðavettvangi sæmilega bein í baki nema með því að standa við þennan samning þannig að hugsanlegt sé að framlengja hann, þ.e. í loftslagsmálunum. Það stefnir hins vegar í að það verði ekki hægt.

Hvers vegna liggur mönnum svo óskaplega á þegar einungis sex ár eru eftir af samningnum? Menn eru með fangið fullt út þessi sex ár. Ég bara kalla eftir því að menn klári mál sín fyrir hönd stjórnvaldsins í landinu með þeim hætti að það sé á hreinu hvert menn ætla. Mér finnst að menn eigi líka að standa í fæturna gagnvart áframhaldandi samningum í loftslagsmálum.

[18:19]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum skýrslu Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2005. Hér er á ferðinni deild sem er á margan hátt afskaplega merkileg. Mér finnst að það komi vel fram í þessari skýrslu þótt hún sé ekki löng, einungis sjö síður. Nefndin er skipuð þingmönnum, fulltrúum frá þjóðþingum Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands, Norðurlandanna og frá Evrópuþinginu. Nefndin sinnir afskaplega mikilvægum og merkum verkefnum, ekki síst á sviði umhverfismála. Þetta eru jú þjóðir sem umlykja, ef svo má segja, norðurskautið hringinn í kring. Að sjálfsögðu er eðlilegt mál að umhverfismál séu í brennidepli í umræðum um þetta viðkvæma svæði jarðarinnar, þar sem náttúran er afskaplega viðkvæm fyrir utanaðkomandi áhrifum, ekki síst áhrifum af völdum manna.

Það kemur fram í skýrslunni að þingmannanefndin hafi

staðið fyrir fjölmörgum vísindalegum rannsóknum. Frá þeim var greint í góðri og vel upp settri skýrslu sem kom út árið 2004, ef ég man rétt. Hún fjallaði um loftslagsbreytingar. En vinnuhópar á vegum þingmannanefndarinnar hafa líka fjallað um hluti eins og hættu af völdum mengunar, áhrif mengunar á vistkerfi á norðurslóðum og það að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika. Einnig hefur verið skoðað hvernig draga megi úr hættu á mengun á norðurslóðum. Þetta er allt saman, virðulegi forseti, afskaplega þarft, ekki síst kannski nú á tímum þegar runnið er upp hlýskeið, ísinn er að hopa og nýjar aðstæður skapast, t.d. til að leita að olíu og gasi á norðurslóðum. Við sjáum að menn ásælast olíu- og gaslindir, t.d. í Norður-Rússlandi, við Norður-Noreg í Barentshafi og víðar. Við Grænland er olíu leitað og jafnvel við Kanada. Hættan á mengun og umhverfisslysum hefur af þeim sökum aukist mjög verulega. En það er gleðiefni að menn hafi viðurkennt að olíuboranir á norðurslóðum og nýtingu á olíu- og gaslindum á þeim slóðum er staðreynd. Menn eru farnir að vinna í að ákveða hvernig fara skuli í þá auðlindanýtingu án þess að viðkvæm vistkerfi bíði of mikinn skaða af þannig að fórnarkostnaðurinn verði ekki of mikill. Ég hef af lestri þessarar skýrslu orðið þess áskynja að menn hafa tekið hlutverk sitt hvað þetta varðar mjög alvarlega, sem er gott.

Aðrir hlutir hafa einnig verið í brennidepli, t.d. upplýsingatækni á norðurslóðum, þar sem ég hygg að við Íslendingar ættum að geta átt sóknarfæri. Ég sá í skýrslunni að fyrirhuguð er ráðstefna á þessu ári og þar verða einmitt skoðaðir nánar hlutir eins og upplýsingatækni á norðurslóðum, lagalegur alþjóðlegur sáttmáli um málefni norðurskautsins og þáttur sem mér finnst mjög athyglisverður og spennandi fyrir okkur Íslendinga, þ.e. opnun siglingaleiða í norðurhöfum.

Þeir sem eru góðir í landafræði og þekkja umræðuna kannast við hugtakið „norðausturleiðin". Þetta er siglingaleið sem farin er á skipum þegar siglt er frá Asíu, þ.e. Austur-Rússlandi og í gengum Beringssundið, vestur um Síberíuhaf og farið hjá Severnaja Zemlja og síðan norður fyrir Novaja Zemlja. Þetta eru eyjaklasar norður af Síberíu. Síðan er farið norður fyrir Norðurhöfða í Noregi, suður fyrir Jan Mayen inn á Grænlandssund, norður fyrir Ísland — nú eða suður fyrir, fram hjá Austfjörðum og með suðurströnd Íslands — og fyrir Horn á Grænlandi til Kanada, Bandaríkjanna eða annarra Ameríkuríkja, hvað sem verða vill. Þetta er þessi svokallaða norðausturleið. Hún er spennandi og hlýtur að verða mjög spennandi ef ísinn hopar, við skulum gera ráð fyrir að hann hopi. Þá verður þessi leið spennandi til siglinga. Ef við Íslendingar höldum rétt á spilunum hlýtur hún að geta opnað fyrir okkur ákveðin tækifæri til viðskipta. Ísland er jú mjög stór eyja í miðju Norður-Atlantshafi og ætti að geta orðið sjálfsögð og eðlileg viðkomuhöfn fyrir siglingar svona skipa.

Mig langar að vekja athygli á góðri grein sem Ólafur Snævar Ögmundsson yfirvélstjóri, sem hefur starfað yfir 20 ár sem vélstjóri á íslenskum fiskiskipum og erlendum farskipum, skrifaði og birtist á vef Bæjarins besta í október. Þar veltir hann upp þeim möguleikum sem við Íslendingar gætum átt með því að notfæra okkur þessa siglingaleið. Hann bendir á hlutverk Íslands og er hugleikið það hlutverk sem Vestfirðir gætu hugsanlega fengið í slíkum flutningum. Hann bendir á að Ísafjarðardjúp gæti orðið mjög góð höfn fyrir stór skip, t.d. olíuskip eða önnur skip sem þyrftu á leguplássi eða þjónustu að halda á ferð sinni um svokallaða norðausturleið. Það mætti hugsa sér aðra staði umhverfis Ísland sem gætu gagnast fyrir svona skip en eins og Ólafur bendir á ætti Ísafjarðardjúp, vegna þess hve stórt það er, breitt og djúpt, að henta mjög vel fyrir stærstu skipin.

Ég er svo sem enginn sérfræðingur í þessu en verð að segja, virðulegi forseti, að þetta opnar mjög spennandi möguleika. Við Íslendingar hljótum að vera vakandi yfir þessum möguleikum. Ég veit að fram fór vinna á vegum nefndar sem ég held að samgönguráðherra hafi skipað. Hún skilaði af sér ágætri skýrslu fyrir um ári síðan um þessa möguleika. Menn geta a.m.k. ekki kvartað yfir því að þetta hafi ekki verið skoðað. Við ættum að hafa varann á okkur varðandi þessa möguleika.

Annað sem mig langaði að minnast á er umhverfisvöktun sem þingmannahópur norðurskautslandanna stendur með ýmiss konar rannsóknarvinnu, umhverfisvöktun sem er ákaflega mikilvæg. Við vitum að þungmálmar geta orðið mjög alvarlegt vandamál á norðurslóðum, safnast upp í lífkeðjunni og valdið tjóni á lífríki. Við vitum að ísbirnir hafa átt undir högg að sækja vegna þungmálmamengunar, hvalir sömuleiðis og það er að sjálfsögðu hlutur sem við verðum að gæta vel að, fylgjast grannt með og reyna að koma í veg fyrir að dýrin verði fyrir skaða af þessum völdum. Efnin safnast upp í fæðukerfinu og geta orðið mjög skeinuhætt.

Norðurheimsskautslöndin, ef við skoðum hnöttinn sjáum við það, eru náttúrlega allt í kringum skautið og þar eru dýrastofnar sem eru á miklu flakki og virða engin landamæri. Ísbirni og hvali nefndi ég áðan en við getum líka talað um aðra dýrastofna. Þá er ég sérstaklega að hugsa um fiskstofna. Við sjáum að með breytingu í loftslagi, með hlýnun loftslags, verða mikilvægar breytingar í vistkerfinu. Við sjáum göngumynstur fisks breytist og útbreiðsla hans, vegna hlýnunar sjávar. Við sjáum að sumir fiskstofnar sækja í sig veðrið og aðrir hopa. Á norðurslóðum eru víðfeðm opin hafsvæði og þar eru fiskstofnar sem gæddir eru miklu flökkueðli, fara mikið um og virða engin landamæri frekar en hvalir og ísbirnirnir. Þetta hlýtur allt að gera kröfu til þess að á það reyni að þjóðir sem eiga þessar lendur og hafsvæði beri gæfa til að vinna saman að umhverfismálum, að umhverfisvöktun og rannsóknum.

Ég hygg, virðulegi forseti, ef við reynum svolítið að skyggnast inn í framtíðina, að ef eitthvað er muni vægi þessa samstarfs aukast. Mikilvægi þess mun aukast vegna risavaxinna verkefna í umhverfismálum sem fram undan eru. Við hljótum að nýta okkur slíka þingmannanefnd til að takast á við þau verkefni sem bíða okkar. Áhugi minn á þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál, sem haldin er á tveggja ára fresti, hefur fengið byr undir báða vængi. Ég vil að lokaorð mín verði að ég mun fylgjast grannt með starfseminni á komandi árum, lesa skýrslurnar sem koma þaðan með eftirvæntingu og fylgjast með því ágæta starfi sem mér virðist innt af hendi á þingmannaráðstefnunni um norðurskautsmál.

[18:32]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Sú skýrsla sem hér er frá Íslandsdeild þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2005 er mjög vel gerð, mjög gagnleg fyrir lýsingar á þeim fundum sem Íslandsdeildin hefur starfað á og fyrir það vil ég sérstaklega þakka. Mér finnst þetta mjög vel fram sett. Hér er rakið hvernig rætt er um mál sem við ættum að láta okkur miklu varða og þyrftu því miður að vera aðalatriði, þ.e. loftslagsmál — en einnig er rætt um ýmis önnur mál.

En áður en lengra er haldið, virðulegi forseti, vil ég spyrjast fyrir um það hvort formaður Íslandsdeildarinnar, Sigurður Kári Kristjánsson, sem flutti framsögu um málið, er í húsinu. Það væri gott ef hann gæti verið hér, ég hyggst leggja fyrir hann eina eða tvær spurningar út frá þessari ágætu skýrslu um fund sem hann var á.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti mun kanna hvar formaður Íslandsdeildarinnar er staddur og gera honum grein fyrir ósk hv. þingmanns.)

Meðan það er kannað, virðulegi forseti, vil ég nefna að hér í innganginum er fjallað um þau þjóðlönd sem starfa á þessum vettvangi. Þar eru talin upp þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlandanna. Þá vaknar upp spurning um Bandaríkjamenn þarna. Síðar í skýrslunni er fjallað um það og menn voru greinilega, þingmenn og aðrir sem sátu fundinn í Washington dagana 1.–2. mars sl., að rifna úr kæti yfir því að komið hefði fulltrúi frá Bandaríkjunum, Lisa Murkowski, sem lét sjá sig eftir mikinn þrýsting og ítrekaðar beiðnir um að hún kæmi inn sem fulltrúi Bandaríkjamanna. Það kemur líka fram í skýrslunni, virðulegi forseti, að Bandaríkjamenn höfðu ekki sinnt þessu starfi lengi þar á undan.

Oft er talað um hina stóru og miklu þjóð, Bandaríkjamenn, sem telja sig standa framar öllum öðrum í heiminum, leiðandi afl á öllum sviðum. Það er því merkilegt að sjá það í þessari skýrslu hvernig þeir hunsa ýmsar alþjóðanefndir og alþjóðasamtök og vilja helst ekkert vita af þeim og nægir þar auðvitað að tala um Kyoto-sáttmálann þar sem þeir hafa ekki verið með. En í skýrslunni segir, með leyfi forseta, að fulltrúar Bandaríkjamanna hafi sagt að: „... tilgangslaust væri að gagnrýna stöðugt Bandaríkin fyrir að vilja ekki skrifa undir það sem fólk vissi að þau gætu ekki staðið við.“

Þetta er auðvitað mjög merkilegt. Lisa Murkowski, sem fulltrúi Bandaríkjamanna, virðist hafa mikið fram að færa og ekki spillir fyrir að hún kemur frá Alaskasvæðinu sem ég hygg að sé mikilsvert. En hvort hugur fylgir máli hjá Bandaríkjunum, með því að manna loksins nefndina, veit maður ekki. Í sjálfu sér hefur það engan tilgang ef einungis er um að ræða enn einn til þess að tala um hlutina en ekki fylgir einlægur ásetningur um að standa vaktina og taka þátt í starfi nefndarinnar og láta ákvarðanir hennar taka gildi en vera ekki einungis á umræðustiginu. — Mundi ég nú vilja, virðulegi forseti, fá að vita hvort hv. formaður nefndarinnar verður hér í húsi og getur hlustað á spurningu mína áður en tími minn verður búinn.

(**Forseti** (BÁ)**:** Samkvæmt upplýsingum sem forseti hefur fengið þurfti hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson að bregða sér af bæ af persónulegum ástæðum sem hann gat ekki breytt. Hann mun vera væntanlegur í húsið innan skamms en hins vegar þorir forseti ekki að ábyrgjast hvenær það nákvæmlega verður. Eins og hv. þingmanni er ljóst hefur dagskráin gengið nokkuð hægar fyrir sig en ráð var fyrir gert þegar þingfundur hófst hér í morgun.)

Nú veit ég ekki um það, virðulegi forseti, hvaða tímaáætlanir hafa verið settar upp. Ég hef verið á nokkrum fundum með forseta þingsins þar sem rætt hefur verið um framvindu mála. Aldrei hef ég nú séð einhverja tímasetta áætlun um hvernig dagskrá dagsins mundi reiða fram. En ég vil ítreka að ég tel mjög mikilvægt að þeir sem eru í þessum nefndum, ég tala nú ekki um þá sem flytja okkur skýrslur eins og þá sem hér er, sitji við umræðuna og svari þeim spurningum sem þingmenn vilja leggja fram. (**PHB:** Hann hefur skyldur við fjölskyldu sína.) Ég heyrði ekki, virðulegi forseti, hvað hv. þm. Pétur Blöndal kallaði fram í. (**PHB:** Fjölskylduskyldur.) Fjölskylduskyldur? Já, ég hef þær nú líka en það get ég ekki skilið að fjölskylduskyldur séu þannig að þingmenn geti ekki sótt fundi. Það hlýtur þá að koma að því að fundi verði frestað, ég tala nú ekki um ef stjórnarmeirihlutinn getur ekki verið hér. En við höfum tekið eftir því að það eru ekki margir stjórnarþingmenn hér í dag.

Virðulegi forseti. Ég sný mér þá að öðru sem hér er. Skýrslan sem hér er sett fram er yfirgripsmikil og góð, eins og ég sagði áðan, og í henni er fjallað um margt. Ég tek eftir því t.d. að í formennskutíð okkar Íslendinga í þessari nefnd var mikið rætt um það, eins og hér segir, með leyfi forseta: „... að styrkja enn frekar stoðir efnahagslegra, menningarlegra og félagslegra þátta í starfi Norðurskautsráðsins, í stað þess að einblína á umhverfismál eingöngu“.

Ég stoppaði hér við, virðulegi forseti. Þeir þættir sem hér eru nefndir eru vissulega allir góðra gjalda verðir en þessi orð þarna í skýrslunni, í stað þess að einblína á umhverfismál eingöngu, vekja mann til umhugsunar. Ég sagði hér áðan um þessa þingmannanefnd um norðurskautsmál að eðli málsins samkvæmt, og miðað við það sem er að gerast núna, hljóti loftslagsmál alltaf að vera mikilvægust. Ég tek eftir því í þessum skýrslum hjá frummælendum og öðrum sem hafa komið til fundar við nefndina að töluvert margir ræða um loftslagsmál og t.d. mengunarmál vegna olíuborana, bæði í Alaska og norðanverðu Rússlandi, og þá hættu sem þar er. Síðan er það auðvitað Kyoto-sáttmálinn sem þarna er rætt um og önnur atriði.

En ég vil árétta, virðulegi forseti, að það hlýtur að vera svo að þessi þingmannanefnd, sem er skipuð fulltrúum þessara þjóðþinga, taki þau mál miklu fastari tökum en gert er ráð fyrir hér. Ég leyfi mér að efast um að það sé rétt að þessi mikilvæga nefnd fundi aðeins annað hvert ár. Ég held að full þörf sé á að hún komi oftar saman.

Virðulegi forseti. Þar sem hv. þingmaður og formaður nefndarinnar, Sigurður Kári Kristjánsson, er ekki enn þá kominn í hús tel ég ekki ástæðu til þess að teygja lopann í þeirri von að hann komi í hús á þeim sex mínútum sem ég á eftir. Ég vil þá frekar koma upp aftur þegar formaðurinn mætir í hús.

Umræðu lokið.

ÖSE-þingið 2005, ein umr.

Skýrsla ÍÖSE, 557. mál. — Þskj. 811.

[18:41]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég mæli fyrir skýrslu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2005. Ég ætla ekki að lesa skýrsluna, hún liggur fyrir á þingskjali og ég treysti því að hv. þingmenn geti þá kynnt sér efni hennar í hörgul. Ég vil byrja á því að geta þess að í henni er villa. Það stendur að ársfundurinn hafi verið haldinn í Edinborg en hann var haldinn í Washington, þannig að það komi fram.

Ég ætla rétt aðeins að stikla á stóru, gera mun á ÖSE-stofnuninni sjálfri og ÖSE-þinginu. ÖSE-stofnunin var stofnuð á grundvelli Helsinkisamkomulagsins frá 1974 og vinnur að framgangi öryggismála í Evrópu. Henni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar. Í ÖSE eru 55 ríki og ná þau allt frá Norður-Ameríku, Kanada og Bandaríkjunum og austur til Kákasus, Rússlands og Kirkistans o.s.frv. og eru víðfeðmustu samtök á þessu sviði. Sem dæmi um starfsemi ÖSE má nefna afvopnunarmál, fyrirbyggjandi erindrekstur o.s.frv., og stofnunin gætir að mannréttindum og lýðræðisþróun og hagrænu öryggi og umhverfisöryggi.

ÖSE-stofnunin sjálf er með um 3.000 manns sem starfa úti á sviðinu við að gæta að þessum atriðum sem um er rætt. Það má segja að ÖSE hafi fengið sérstakt verkefni þegar átökunum á Balkanskaga lauk en þá fékk stofnunin það hlutverk að stuðla að uppbyggingu þess svæðis. Auk þess berst ÖSE-stofnunin gegn mansali, eiturlyfjasmygli og vopnasmygli. ÖSE-þingið er hins vegar tilnefnt af þjóðþingum og starfar til hliðar við ÖSE-stofnunina og ályktanir ÖSE-þingsins eru svo kynntar fyrir ÖSE-stofnuninni og þannig hefur það áhrif.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins skipa hv. þingmenn Pétur H. Blöndal formaður, Dagný Jónsdóttir varaformaður og Jóhanna Sigurðardóttir. Ritarar Íslandsdeildarinnar voru Andri Lúthersson, sem var ritari til 1. september, og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, sem þá tók við. Ég vil nota tækifærið og þakka báðum riturunum fyrir sérstaklega gott og ánægjulegt samstarf og líka þeim þingmönnum sem störfuðu með mér í þessari deild.

Starfsemi ÖSE-þingsins fer fram á þremur fundum. Það er fastur fundur í Vín á hverjum vetri, í febrúar, og síðan eru fundir víðs vegar í aðildarlöndunum, síðast í Washington nú síðasta sumar. Einnig var haldinn fundur í Sveti Stefan í Svartfjallalandi sem formaður deildarinnar sótti.

Eftirminnilegast úr starfi Íslandsdeildarinnar er að að frumkvæði formanns deildarinnar var stofnuð sérnefnd í ÖSE-þinginu um fjármál ÖSE, sem átti að kanna þau fyrir tveimur árum. Því miður hefur ekki orðið sá árangur af því starfi sem vænst var en nefndinni var ætlað að kanna og hafa áhrif á fjárlög ÖSE-stofnunarinnar á svipaðan hátt og fjárlaganefndir þjóðþinga gera, þ.e. hafa eftirlit og ákveða fjárlög viðkomandi stjórna. Af því hefur því miður ekki orðið en áfram er unnið að því.

Ég hef áður gagnrýnt það í starfi ÖSE-þingsins að mér finnst þessar stofnanir farnar að snúast dálítið mikið um sjálfar sig. Það var mikið rætt um ráðningu framkvæmdastjóra sem starfað hafði hjá ÖSE-þinginu frá upphafi, þegar þurfti að framlengja það. Einnig hefur mikið verið rætt um ýmsar ályktanir og breytingar á reglum. Hins vegar finnst mér að ÖSE-þingið þurfi að hafa skarpari markmið, ekki bara að samþykkja ályktanir heldur líka hafa áhrif, eins og í öðrum þingum, á hvað ÖSE-stofnunin gerir. Henni þarf að setja reglur og einnig, eins og þing aðildarríkjanna gera, setja framkvæmdarvaldinu lög til að fara eftir. Eins finnst mér að hún eigi að koma nálægt fjármálunum. Þess vegna var þessi nefnd skipuð.

Ég ætla ekki að fara nánar í skýrsluna sem slíka en mig langar rétt aðeins til, eins og ég hef gert áður, að ræða um tilgang alþjóðasamstarfsins.

Alþjóðasamstarfið beinist að því að berjast gegn glæpastarfsemi, mansali, jafnvel þrælasölu, eiturlyfjasmygli, vopnasmygli og peningaþvætti. Síðan er tekist á við faraldra, stóráföll, jarðskjálfta, eldgos og þvílíkt. Unnið er að því að stuðla að lýðræðisþróun og gæta mannréttinda. Ýmsar alþjóðastofnanir sinna kosningaeftirliti þar sem þingmenn frá lýðræðisríkjum eru sendir til að fylgjast með kosningum og kanna hvort þær fari lýðræðislega fram, þ.e. hvort kosningarnar séu leynilegar og ekki undir hótunum, farið sé rétt með kjörgögn og annað slíkt. Þetta hefur sýnt sig sem mikilvægur þáttur í starfsemi ÖSE sem og annarra alþjóðastofnana.

Ég held að Íslendingar geti ekki skirrst við að taka þátt í alþjóðastarfi. Við erum jú háð því að friður sé á jörðinni og hafður hemill á alþjóðlegri glæpastarfsemi. Þáttur í því að stuðla að friði er einmitt að stuðla að lýðréttindum og gæta mannréttinda. Fyrir utan það segir réttlætiskenndin, herra forseti, manni að gæta mannréttinda, ekki bara hér á landi heldur líka erlendis.

Þegar rætt er um alþjóðastofnanir sem standa í eftirliti, t.d. kosningaeftirliti þá má bæði nefna Evrópuráðið og ÖSE. Svo erum við líka með NATO, sem eru alþjóðasamtök. Þessi samtök hafa flest gengið í gegnum ákveðna tilvistarkreppu. Hjá NATO hvarf óvinurinn sem þau voru stofnuð til að verjast, sem voru Sovétríkin. En nýir óvinir taka við, segja sumir, þ.e. hryðjuverkamenn. En hættan er sú að þessi samtök fari að lifa sjálfstæðu lífi. Starfsmenn þeirra hafa lifibrauð sitt af starfseminni og þingmenn sem að málunum starfa hafa ákveðinn hag af því að ástandið sé óbreytt. Þess vegna er mikilvægt að menn velti fyrir sér á hverjum tíma hlutverki samtakanna, hvort starfið sé rétt á þennan hátt eða annan. Ég hef sagt að ÖSE-þingið þurfi að fá stærra hlutverk en bara við kosningaeftirlit og slíkt. Það ætti í raun eitthvað að hafa með fjárveitingavald ÖSE-stofnunarinnar að segja, þar sem lítið eftirlit er með fjárveitingum. Það ætti jafnvel að hafa ákveðið reglugerðarvald og eitthvað um það að segja hvað skuli gera, t.d. í baráttu gegn mansali, eiturlyfjasmygli, vopnasmygli eða peningaþvætti.

Ég hef bent á það hjá ÖSE að lækka mætti kostnaðinn með að taka upp fjarfundi í auknum mæli. Það er miklu ódýrara form en þá var því svarað til að mörg viðkomandi landa hefðu ekki þá tækni sem til þarf. En hún mun örugglega koma innan ekki langs tíma. Það hefur verið kappkostað að hafa stutta fjarveru frá þinginu og eru ekki teknir inn

varamenn vegna nefndarmanna. Það kostar þingið mjög mikið og þingmönnum hefur verið uppálagt varðandi starf sem fram fer í nefndum Alþingis, að þeir fái þá samflokksmenn sína til að sinna því á meðan. Svo hafa menn fengið dagpeninga. Þannig hefur þetta gengið.

Af hverju nefni ég þetta, herra forseti? Jú, nýverið hefur komið upp umræða um ferðir til Tævans í boði ríkisstjórnarinnar þar. Mér finnst eðlilegt að menn spyrji hvort eitthvað sé á bak við það og hvort það sé eðlilegt. Það á alltaf að spyrja að hvort gerðir manna séu réttar eða rangar. Ég tók þátt í svona ferð sjálfur, herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvort það væri rétt eða rangt og taldi eftir smáumhugsun að það væri rétt að fara og kynna mér mál þessa heimshluta. Ferðin var ekki farin á vegum Alþingis vegna þess að það er ekki stjórnmálasamband á milli þessara eyja. Þessi ferð kostaði Alþingi ekki dagpeninga og kostaði ekki að teknir væru inn varamenn því að hún stóð ekki það lengi.

Ég tel að bæði fyrir og eftir þessa ferð skuldi ég ríkisstjórn Tævans ekki neitt heldur hafi ég farið þarna til að kynna mér mál og þetta var virkilega fróðleg ferð. Hún var fróðleg og varpaði ljósi á erfiða og frosna stöðu í þessum heimshluta. Ég hugsa að margar þær ferðir sem ég hef farið á vegum Alþingis, ég held að ég hafi alltaf verið á vegum Alþingis fram að umræddri ferð, hafi jafnvel haft minni tilgang en sú sem ég fór til Tævans.

Þar er staðan sú að eftir heimsstyrjöldina síðari, á fyrri hluta síðustu aldar, myndaðist ákveðið ástand sem er mjög til baga. Það hefur haft ótrúlegar hremmingar í för með sér fyrir almenning á öllu því svæði. Ég vil nefna afkomendur Japana sem réðu eyjunni í 50 ár og voru síðan allt að því flokkaðir sem landráðamenn í landinu. Síðan nefni ég afkomendur Kínverja sem flúðu þar yfir á sínum tíma og gátu ekki hitt fjölskyldur sínar í 40 ár. Ég veit ekki hvort Íslendingar geri sér almennt grein fyrir hvað það þýðir að hitta t.d. ekki konu og börn í 40 ár. Það er óskaplegt. En þetta er því miður, herra forseti, allt of algengt.

Alþjóðastofnanir þurfa síðan að takast á við fyrirbæri sem ekki virða landamæri, t.d. alls konar faraldra, t.d. fuglaflensu, ef hún skyldi koma upp. Flensan væri ekkert að spyrja að því hvernig pólitíska staðan er í Tævan ef hún skyldi stinga sér þar niður. En þá vill svo til að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur tilnefnt Kína sem fulltrúa sinn í Tævan. En þangað hafa þeir ekki komið í 50 ár. Það getur orðið mjög bagalegt og allt að hættulegt fyrir heimsbyggðina að Tævan sé ekki tekið inn í Alþjóðaheilbrigðisstofnunina eins og maður hefði talið eðlilegt.

Þetta er mjög vandasamt mál, herra forseti. Ég ætla ekkert að gera lítið úr því að þarna er ákveðin deila í gangi og maður þarf að skilja sjónarmið beggja aðila. Ég geri að vissulega. Ég held því ekki fram að annar aðilinn hafi rétt fyrir sér og hinn rangt. Langt í frá. En þarna er skrýtin staða sem við þurfum að átta okkur á og mér fannst ég fá mikla fræðslu, herra forseti, um vandamál þessa heimshluta í ferðinni, sem tók fimm daga. Þar af voru, ef ég man rétt, þrír þingdagar.

Við þurfum líka að átta okkur á því að í Kína, í þessu mannflesta ríki heimsins, er að verða ein mesta breyting sem í gangi er á jörðinni. Það er mikilvægt að við fylgjumst með þeirri breytingu. Við höfum fengið marga góða gesti frá Kína til Íslands sem hafa kynnt okkur sín sjónarmið. Við höfum heyrt af Íslendingum sem hafa farið til Kína og við erum með sendiráð í Kína. Þau samskipti eru mjög góð. Við þurfum að átta okkur á þeim vandamálum sem eru í gangi í þeim heimshluta, m.a. vandamálum sem tengjast Tævan. Ég endurtek að ég ætla ekki að gera lítið úr þeim vandamálum sem þar eru. Ég ætla ekki að segja að þau séu auðleyst. Þau eru ekki auðleyst.

Mikilvægast er náttúrlega að menn þekki stöðuna. Ég tel því að mjög rangt hafi verið af mönnum að deila á þessa ferð. Ég læt engan segja mér hvert ég fer sem stjórnmálamaður. Ég fer ekkert eftir ákveðnum fyrir fram gefnum formúlum til ákveðinna funda heldur vil ég hafa frelsi til að skoða mál þar sem þau koma upp. Þessi ferð var farin af því tilefni.

Ég tel hins vegar að umræðan um þetta eigi rétt á sér. Menn eiga alltaf að spyrja hvort það sé rétt að taka þátt í þessu eða hinu samstarfinu erlendis. Eins og ég gat um held ég að Íslendingar geti ekkert fríað sig því að taka þátt í erlendu samstarfi.

Umræðu lokið.

Fríverslunarsamtök Evrópu 2005, ein umr.

Skýrsla ÞEFTA, 558. mál. — Þskj. 812.

[18:58]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að kynna skýrslu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2005. Það er vel við hæfi að fara með inngangsorð skýrslunnar. Þar segir á þá leið að nú, 150 árum eftir að Ísland fékk verslunarfrelsi, verða utanríkisviðskipti sífellt mikilvægari fyrir íslenska hagkerfið. Við þurftum að berjast fyrir verslunarfrelsinu, eins og þekkt er. Þótt við tökum það sem sjálfsögð gæði, sem vonandi verða um alla tíð, þá er hollt fyrir okkur að leiða hugann að því hve mikilvægt er fyrir afkomu okkar sem útflutningsþjóðar að búa við verslunarfrelsi.

Það er ekki nokkur vafi á því að lífskjör væru ekki jafngóð og við búum við ef við byggjum ekki við slíkt viðskipta- og verslunarfrelsi. Ef okkur tekst að auka það frelsi mun hagur okkar vænkast og hið sama á við um önnur ríki.

Við eigum auðvitað að hafa það í huga, virðulegi forseti, þegar við beitum okkur á þeim vettvangi þar sem tekist er á um alþjóðleg viðskiptamál, ef við ætlum að hjálpa okkar minni bræðrum — þá vísa ég í lönd sem nefnd hafa verið þróunarlönd. Við aðstoðum þau helst með því að gefa þeim aðgang að mörkuðum okkar með vörur sínar. Við Íslendingar vorum talin fátækasta þjóð Evrópu um aldamótin 1900 og ein ástæðan fyrir því að um síðustu aldamót, í kringum 2000 vorum við talin ein auðugasta þjóð álfunnar er sú að við búum við viðskiptafrelsi. Við eigum að beita okkur fyrir því, virðulegi forseti að fleiri búi við slíkt frelsi og geti komið vörum sínum á bestu markaðina.

Almennt um þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES. Í EFTA eru fjögur ríki. Auk okkar Íslendinga eru Noregur, Sviss og Liechtenstein. Sviss hefur ákveðna

sérstöðu þar sem þeir eru ekki aðilar að EES-samningnum sem gerir það að verkum að nefndin er í orði kveðnu tvískipt, annars vegar þingmannanefnd EFTA og hins vegar þingmannanefnd EES. Í þingmannanefnd EES eiga Svisslendingar ekki aðild nema áheyrnaraðild þannig að þegar menn koma að þessu starfi fyrst virkar þetta nokkuð ruglingslegt. Í reyndinni hefur þetta gengið afskaplega vel og samstarfið er gott. Við í Íslandsdeildinni erum heppin að því leytinu til að við höfum verið með frábæran starfsmann sem heitir Arna Bang sem hefur staðið sig afskaplega vel við að undirbúa fundi og aðstoða okkur. Þar áður var Belinda Theriault sem ekki var síðri og það hjálpar okkur mjög mikið. Samstarf við aðrar aðildarþjóðir hefur því verið einstaklega gott.

Við tökum þátt í þingmannanefnd EES og í þeirri þingmannanefnd eru 24 þingmenn, tólf frá EFTA-ríkjunum og tólf frá ESB. Síðan er framkvæmdastjórn EES, þar eru sex þingmenn, þrír frá EFTA-ríkjunum og þrír frá ESB.

Mikið var um fundi á árinu 2005 eins og tíðkast á vettvangi þingmannanefndarinnar og ætla ég ekki að rekja þá alla hér, en þetta hefur verið lærdómsríkt af mörgum ástæðum. Árið 2005 var fyrsta heila árið þar sem stækkun Evrópusambandsins, og þar af leiðandi EES-samningsins, kom að fullu til framkvæmda þegar nýju aðildarríkin komu inn í Evrópusambandið. Einnig er fyrirhuguð frekari stækkun hjá Evrópusambandinu og hafa menn á þeim bænum raðað löndunum í þá röð að fyrst komi Búlgaría og Rúmenía og síðan Króatía og jafnvel fleiri ríki á Balkanskaganum. Einnig hafa verið uppi aðildarviðræður um langa hríð við Tyrkland. Þetta kemur okkur Íslendingum við sem aðilum að EFTA og EES vegna þess að þegar þær þjóðir ganga inn í Evrópusambandið þýðir það það að þær verða sömuleiðis aðilar að EES-samningnum. Í rauninni er það svo að ýmislegt sem gerist innan Evrópusambandsins tengist okkur með einum eða öðrum hætti þar sem við erum í miklum viðskiptum og samskiptum við þennan nágranna okkar, ef við getum komist þannig að orði.

Á þessum vettvangi hefur mikið verið rætt. Ýmis mál hafa verið tekin fyrir en einstaklega mikið hefur verið rætt um frelsi í þjónustuviðskiptum, þ.e. Lissabon-ferlið eða áætlun Evrópusambandsins, sem ber alla jafna heitið Lissabon-áætlunin. Þar settu menn sér fyrir nokkrum árum það markmið að verða, ef ég man rétt, virðulegi forseti, samkeppnishæfasta markaðssvæðið árið 2010 og ýmsar áætlanir settar fram til að það megi ná fram að ganga. En það verður að segjast að það hefur ekki gengið vel og við höfum heyrt það frá aðilum innan ESB sem hafa farið yfir þessi mál með okkur að menn hafa miklar áhyggjur af þessu máli. Menn hafa áhyggjur af ýmsum málum innan Evrópusambandsins, samkeppnishæfni ber þar hæst og sömuleiðis sjá menn fram á að stærstu aðildarríkin og þau öflugustu horfa fram á mikinn vanda sem tengist því að álfan, í það minnsta það sem er stundum kölluð gamla Evrópa, er að eldast nokkuð hratt, ef þannig má að orði komast. Mjög mikill fjöldi fólks er að komast á lífeyrisaldur, stærri hópar en áður hefur verið og vandinn felst í því að þar eru ekki sjóðir eins og við þekkjum á Íslandi, þ.e. ekki hafa verið uppsafnaðir sjóðir fyrir þetta fólk heldur hefur verið um að ræða gegnumstreymiskerfi sem þýðir að þeir sem eru vinnandi nú og í framtíðinni þurfa að halda uppi lífeyrisréttindum þess fólks og það dæmi mun illa ganga upp miðað við núverandi forsendur. Þetta eru mál sem menn ræða mikið á vettvangi Evrópusambandsins ásamt öðrum verkefnum sem verður að taka á ef menn ætla að ná því markmiði sem sett er, að verða samkeppnishæf við önnur markaðssvæði og eru menn þá að hugsa um svæði eins og Bandaríkin, Japan, Kína, Indland og jafnvel önnur. Það er því mjög lærdómsríkt fyrir okkur sem sitjum í nefndinni og á fundum með þessu fólki að heyra viðhorf þess og áhyggjur. Umræðan á þessum vettvangi er oft og tíðum svolítið önnur en við þekkjum hér á Íslandi þegar slík Evrópumál koma upp.

Áherslurnar innan EFTA-þingmannanefndarinnar hafa sömuleiðis verið mjög mikið á fríverslunarsamninga. Ég held ég fari rétt með, virðulegi forseti, að á undanförnum árum eða missirum hafi verið gerðir 14 nýir fríverslunarsamningar af hálfu EFTA, en áherslan hefur verið á það að ná sem flestum fríverslunarsamningum og þá er það eðli málsins samkvæmt mesti hagur þessara ríkja, EFTA-ríkjanna, að ná samningum við sem stærst markaðssvæði og hafa menn litið á Bandaríkin og Kanada sérstaklega í því samhengi. Sömuleiðis hafa menn reynt að ná samningum við Kína og Japan. Nýverið var gerður samningur við Suður-Kóreu og sá samningur liggur nú hér fyrir þinginu. En eins og staðan er í dag eru einungis Íslendingar í samningaviðræðum við Kínverja en ekki EFTA sem heild. Japan hefur verið frekar tregt til þess að koma að samningaborðinu en mikill hugur er í þeim aðilum sem sitja núna í þingmannanefndinni, held ég að ég geti fullyrt, að reyna að ná þessum samningum sem fyrst og við sem flesta.

Við höfum notað tækifærið og reynt að hitta ávallt á forusturíki Evrópusambandsins. Í Evrópusambandinu er sá háttur hafður á eins og kunnugt er að hvert forusturíki fer með forustu í sambandinu í sex mánuði. Síðast hittum við forustumenn Breta og voru þeir fundir mjög gagnlegir. Núna fara Austurríkismenn með forustuna og hefur þingmannanefndin enn sem komið er ekki haft tækifæri til að hitta þá aðila. Einnig hefur verið fundað á Íslandi með forustumönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga, þeim sem stýra Evrópumálum á þeim bæ, með samstarf við þá aðila í huga þannig að þetta verði jafnskilvirkt og það getur verið. Því að eins og menn þekkja tengist sú löggjöf sem við höfum tekið hér upp, þær tilskipanir sem við tökum upp í tengslum við Evrópska efnahagssvæðið, oft og tíðum sveitarfélögunum. Það skiptir því miklu máli, virðulegi forseti, að sveitarfélögin hafi beinan aðgang að þeim tækjum sem við höfum til að hafa áhrif á gang samningsins því að þvert á það sem margir halda geta Íslendingar haft mikil áhrif á þær tilskipanir sem við síðan tökum upp í formi laga. Það skiptir hins vegar miklu máli að vinna það skipulega og gera það þá í tíma. Þar þurfa eðli málsins samkvæmt, ef einhver kostur er, forustumenn sveitarfélaganna að koma að og þess vegna funduðum við með forustumönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og lýstum því yfir að við hefðum fullan hug á að reyna að vinna með þeim og ég vonast til að það samstarf verði sem blómlegast.

EFTA-ríkin eru kannski ekki stór hvert um sig en þetta eru hins vegar öflug ríki sem hægt er að segja að búi við

góð lífskjör, samanborið við önnur ríki í heiminum, og búa við stöðugan efnahag. Ef við berum okkur saman við Evrópusambandið standa þau mun betur en flest og nær öll ríki Evrópusambandsins. Menn eru hugsanlega að keppa við Lúxemborg þegar þeir bera sig saman við kennitölur. Þrátt fyrir að fjölmenni í þessum löndum sé ekki gríðarlega mikið eru þetta hins vegar eftirsóknarverðir markaðir og það er auðvitað eitthvað sem gerir það að verkum að oft og tíðum er auðveldara að fá aðila að samningaborðinu.

Ýmsir samningar eru á borðinu. Búið er að samþykkja 14 samninga og sá nýjasti er samningur við Túnis og sömuleiðis hefur verið gerður samningur við Líbanon, svo ég taki þá nýjustu, og ég nefndi Suður-Kóreu og suður-afríska tollasambandið. Ég get farið, virðulegi forseti, nákvæmar yfir það, ef menn hafa áhuga á því, hver staðan er á hverjum samningi fyrir sig miðað við nýjustu upplýsingar sem ég hef hvað þetta varðar.

Ég tel, virðulegi forseti, að framtíð EFTA sé mjög björt. EFTA hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina en ég held að það skipti gríðarlega miklu máli fyrir okkur að nýta þetta tæki sem við höfum og þetta góða samstarf sem við eigum með þjóðum þar til að auka viðskiptafrelsi okkar og það gerum við eðli málsins samkvæmt með fríverslunarsamningum. Ég nefndi að mikilvægt er að ná samningum við sem flesta aðila og þá sérstaklega kannski þessi stóru markaðssvæði og horfi ég sérstaklega á Bandaríkin og Kanada í því samhengi. Að vísu eru búnar að vera samningaviðræður eða samningur á borðinu um mjög langa hríð við Kanada sem strandar á deilu Kanadamanna og Norðmanna um skipasmíðar. Það er auðvitað mjög óþægilegt að svo skuli vera og margoft hefur verið reynt að ýta á eftir þeim samningi og ég vonast til þess að hann náist í gegn fyrr en seinna þó að ég geti því miður, virðulegi forseti, ekki lofað því.

Á sama hátt skiptir afskaplega miklu máli að ná betri samningum við Bandaríkin, það mikilvæga viðskiptaland, en við höfum nú þegar gert. Einnig væri auðvitað mjög æskilegt, þó að það sé ekki gert á vettvangi EFTA, að við næðum samningum við Kínverja og þau öflugu ríki sem eru alltaf að verða meiri og stærri leikendur í alþjóðlega viðskiptamarkaðnum, ef þannig má að orði komast.

Ég held sömuleiðis að við ættum að vera mjög vel vakandi núna því að Evrópusambandið er í ákveðinni kreppu hvað varðar stækkunaráform sín. Eins og allir vita hefur Evrópusambandið lent í ýmsum hremmingum, t.d. hafa ríki eins og Holland og Frakkland verið að fella evrópsku stjórnarskrána. Það mál er í lausu lofti ef þannig má að orði komast.

Menn hafa verið mjög hræddir við að fara út í frekari stækkanir og ég held að það hljóti að koma til greina að skoða hvort þessi samningur sem hefur reynst svo vel, þ.e. samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, gæti verið liður í því að opna og bæta lífskjör í þessum löndum þó að að sjálfsögðu séu líka tækifæri fyrir okkur hvað það varðar. Ég held að við eigum að skoða það.

Ég ligg svo sem ekkert á þeirri skoðun minni að mér fyndist það vel koma til greina að þau ríki sem núna eru að bíða eftir að komast inn í Evrópusambandið, og ég nefni hér Búlgaríu, Rúmeníu og Króatíu, geti vel átt heima í EFTA, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, og orðið þannig aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég held að við eigum að vera opnir fyrir því að fá fleiri ríki inn í EFTA og sömuleiðis að vinna áfram að því að stækka og fjölga fríverslunarsamningum við þriðju ríkin, eins og þau eru kölluð og ég var að vitna hér í áðan.

Á sama hátt held ég að við eigum að vera mjög einörð, EFTA-ríkin, í að liðka til og gera það sem við getum til að koma á samningum hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Það er auðvitað æskilegasta formið að Alþjóðaviðskiptastofnunin, þ.e. nokkurn veginn öll ríki heimsins, sé með sem stærstu viðskiptasamningana, sem minnstar hindranir á milli landa. Það er hins vegar ekki einfalt verk eins og við þekkjum og það er erfitt að meta stöðuna á þeim vettvangi núna, hvort menn geta verið bjartsýnir eða svartsýnir. En ég tel, og ég hef margoft lýst því yfir, að við Íslendingar ættum að skilgreina betur markmið okkar með stuðningi við landbúnaðinn. Þá er ég að vísa í innflutningsstuðning, hvað við viljum vernda og þá hvers vegna. Ég sé að það væri hægt að ná samstöðu um að styrkja, og þá m.a. út frá menningarforsendum, heftbundna sauðfjárrækt og nautgriparækt. En hins vegar sé ég enga sérstaka ástæðu til að vernda með tollum eða öðru slíku landbúnað eins og alifuglarækt, svínarækt og annað slíkt sem er að mörgu leyti líkari iðnaði en landbúnaði.

Ég geri mér ljóst að aðilar í þeirri grein þyrftu aðlögun ef við færum út í róttækar breytingar hvað það varðar. En ég hef ekki fengið nógu veigamikil rök fyrir því að halda þeim hlutum eins og raun ber vitni, þeirri verndarstefnu sem við erum með hvað það varðar. Ég held að íslenskur landbúnaður geti átt framtíð fyrir sér en þá fyrst og fremst með ákveðinni sérstöðu, ákveðnum gæðum. Það er ekkert óeðlilegt við það að við viljum halda í þá menningararfleifð sem landbúnaðinum fylgir en menn þurfa að mínu áliti að skilgreina það betur hvar línan liggur.

Ég vek athygli á að það er hagur okkar allra að hafa eins mikið viðskiptafrelsi og mögulegt er, svona almennt talað. Að mínu áliti er það sannarlega verkefni okkar og að mörgu leyti höfum við staðið okkur mjög vel í því. Við erum hér með mikinn innflutning og litla vernd á ýmsum landbúnaðarafurðum sem við alla jafna tölum ekki um sem landbúnaðarafurðir, á ég þá við hrísgrjón, ávexti og ýmislegt slíkt. En betur má ef duga skal. Við skulum heldur ekki gleyma því að ef við opnum fyrir þessar vörur sköpum við líka tækifæri fyrir fólk víðs vegar í heiminum, á ýmsum fátækum svæðum, þó það sé ekki algilt. Á mörgum fátækum svæðum er framleiðsla á þessum vörum og við gefum því fólki tækifæri til að bæta lífskjör sín og töpum ekkert á því þegar heilt er talið. Þvert á móti gerir það það að verkum að hér verður ódýrara að lifa, eins og það er kallað á mannamáli.

En í stuttu máli, virðulegi forseti, get ég svarað hér spurningum um það sem að þessari skýrslu lýtur. Það er engum vafa undirorpið að EES-samningurinn hefur reynst okkur afskaplega vel. Það var mikið heillaspor, bæði að ganga í EFTA og sömuleiðis að samþykkja EES-samninginn. Ég held að enginn, alla vega ekki margir — ég hef ekki heyrt raddir um það lengi — velkist í vafa um að það hafi verið heillaspor og gott fyrir þjóðina.

Ég tel, virðulegi forseti, að EFTA geti átt bjarta framtíð fyrir sér. Það veltur að vísu á því að þær þjóðir sem þar eru inni sjái þau sóknarfæri sem EFTA hefur, sem það hefur svo sannarlega. Þá er ég að vísa bæði í samninga við þriðju ríkin sem við þurfum að setja meiri kraft í en hefur verið núna. Á sama hátt tel ég, virðulegi forseti, að við eigum að skoða það sérstaklega — í ljósi þeirra aðstæðna að það er langt frá því sjálfgefið að Evrópusambandið hleypi á næstunni inn nýjum aðildarþjóðum — að stækka EFTA-hópinn, að sjálfsögðu að uppfylltum þeim skilyrðum sem eru í tengslum við slíkt. Mér finnst ekki einu sinni sjálfgefið að EFTA þurfi að vera bundið við Evrópu. Ég tel að menn eigi að ræða það af fullri alvöru að stækka EFTA og hleypa fleiri þjóðum inn í þann samning. Ég tel einnig að við eigum að gera hvað við getum til að ýta undir að samningar náist á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Þar þurfum við Íslendingar að líta í eigin barm og endurmeta stöðu okkar varðandi það hvað við viljum vernda á íslenskum markaði. Menn horfa kannski fyrst og fremst á landbúnaðinn enda sé ég í rauninni ekki, virðulegi forseti, margt annað, marga aðra framleiðslu, sem — við ættum auðvitað að skilgreina okkar viðskiptastefnu sem er mikilvægt — við þyrftum sérstaklega að vernda. Ég held að það sé hagur okkar allra að hafa hér sem frjálsust viðskipti. Það snýr ekki eingöngu að okkur sem hér búum, að við getum keypt ódýrari vörur. Þetta snýr líka að því, og þá kannski jafnvel frekar, að ýta verslun inn til landsins. Því það er þannig að íslensk verslun er í samkeppni við útlenda verslun. Það er ódýrt að fljúga milli landa, ódýrara en nokkurn tímann hefur verið. Fólk ber eðli málsins samkvæmt saman verð á vöru á Íslandi og í þeim löndum sem fólk ferðast mest til. Það er eðlilegt. Við þurfum að standast þá samkeppni.

Stjórnvöld geta gert það, m.a. með því að lækka tollaeða vörugjöld. Sum þessara gjalda eru tilkomin af öðrum ástæðum en vernd. Vísa ég þá t.d. í bæði áfengisgjöld og gjöld á bifreiðum. Þar liggja aðrar forsendur að baki. En ef við tökum svona venjulegt dæmi þá er t.d. erfitt að átta sig á því af hverju þetta svokallaða iPod, græja sem tröllríður nú öllu og er mikið tískufyrirbæri, og ég geri engar athugasemdir við það í sjálfu sér, er jafndýrt og raun ber vitni. Það er engin sérstök ástæða til að ýta þeirri verslun út úr landinu og sjá til þess að það fólk sem hefur áhuga á að kaupa slíkt geri það eingöngu í útlöndum. Við getum stjórnað því með þeim tolla- og vörugjaldaflokkum sem slíkar vörur eru settar í. Þetta er auðvitað bara eitt einstakt dæmi en það má örugglega tilgreina ýmislegt fleira.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég legg áherslu á að framtíð EFTA er björt. Við eigum að róa að því öllum árum að auka viðskiptafrelsi okkar og EFTA er mjög gott tæki til þess.

[19:25]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir ágæta ræðu og ágæta skýrslu um starf EFTA-nefndarinnar. Aðeins örfá orð af minni hálfu.

Fyrst það sem ég greip upp í lok ræðu hv. þingmanns um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Þar tel ég að við eigum að setja ákveðna fyrirvara og ákveðnar undanþágur, sem Evrópusambandið gerði reyndar í tengslum við samninga við Alþjóðaviðskiptastofnunina, þ.e. að undanskilja velferðarþjónustu. Reyndar er Evrópusambandið ekki alveg sjálfu sér samkvæmt í því efni sem ýmsu öðru. Það hefur verið að reisa kröfur á önnur ríki, t.d. um að gera vatnsbólin að söluvöru, að markaðsvöru, en fyrir sína hönd hefur Evrópusambandið gert ákveðna fyrirvara, almenna fyrirvara, um velferðarsviðið, velferðarþjónustuna, en spilar síðan út einstökum efnisþáttum inn í samningaviðræðurnar sem eru, eins og menn vita, á bak við luktar dyr. Menn fá ekki upplýsingar um hvað er verið að gera á þeim bænum. Í Evrópusambandinu er þetta náttúrlega mjög miðstýrt því öll aðildarríki þess hafa afsalað sér samningsumboði í hendur framkvæmdanefndar sambandsins sem fer með samningsumboðið fyrir þeirra hönd. Ekki beint lýðræðisleg vinnubrögð.

Annað varðandi íslenska landbúnaðinn, athyglisverðar hugmyndir hv. þingmanns um að gera greinarmun milli annars vegar hefðbundins landbúnaðar og landbúnaðar sem á meira sammerkt með verksmiðjuframleiðslu, sjónarmið sem er vert íhugunar. Hann nefndi tollapólitík varðandi landbúnaðarvöruna. Þá er það nú svo að Íslendingar eru miklu vænni, ef svo má segja, gagnvart þriðja heiminum og þróunarríkjunum en t.d. Evrópusambandið. Hér eru engir tollar á þær vörur sem harðast er deilt á Evrópusambandið fyrir að tolla gegn þróunarríkjunum. Við erum ekki með tolla á sykur, á kaffi, á te, á það sem einhvern tímann var kallað nýlenduvörur vegna þess að þær komu frá ríkjum sem áður voru nýlendur Evrópuríkjanna.

Aðeins varðandi EES-samninginn. Ég er ekki sammála hv. þingmanni um að hann hafi verið til góðs. Ég tel nefnilega að hann hafi ýmsa ókosti sem Evrópusambandið hefur sjálft, þ.e. þessi endalausa miðstýringarárátta Evrópusambandsins. Ég tel hins vegar að það hefði verið æskilegri þróun að þróa EFTA-samstarfið áfram vegna þess að þar eru ekki skuldbindingar um skipulagsbreytingar á samfélaginu. Það er það sem ég hef helst við þennan samning að athuga og reyndar aðild að Evrópusambandinu. Ég tel þær skuldbindingar skerða vald okkar og möguleika til að hafa áhrif á gerð okkar samfélags.

Hins vegar er ég alveg sammála hv. þingmanni að auðvitað er það okkur keppikefli að auðvelda viðskipti við erlend ríki og að grípa til ýmissa ráðstafana til að gera þau smurðari, ef svo má segja. Þegar menn hafa verið að tala um alla þá löggjöf sem við tökum frá Brussel og tala þá í prósentum, að það sé hátt hlutfall af lagasmíð á Íslandi sem komi frá Brussel, þá vilja menn gleyma því að flestar þessar reglugerðarlagasmíðir eru mjög smávægilegar, unnar af embættismönnum þess vegna og þegar þær koma hér fyrir þingið er fullkomin samstaða um það. Það er alls kyns stöðlun og annað af því tagi sem við gætum vel gert án þess að eiga aðild að Evrópusambandinu og er nokkuð sem við eigum að sjálfsögðu að horfa til annarra ríkja um einnig. Þar á að sjálfsögðu allur heimurinn að vera undir.

Þetta eru svona almennar vangaveltur. Eitt vildi ég kannski gera athugasemd við en þegar vísað er í Lissabonferlið í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Lissabon-ferlið, um vöxt, framtíð og samkeppnishæfni hagkerfis Evrópusambandsins, og hugmyndir um aukið

frelsi í þjónustuviðskiptum voru mikið til umræðu hjá þingmannanefnd EFTA og EES árið 2005."

Þetta er eðlilegt, þetta er náttúrlega það sem hefur verið efst á döfinni hjá Evrópusambandinu á síðustu missirum og árum, mikil átök um Lissabon-ferlið og hluti af því er þjónustutilskipunin svonefnda sem Evrópuþingið gekk til atkvæða um fyrir um tíu dögum með mjög óljósri niðurstöðu. Frumvarpið sem kom frá þinginu er mjög óljóst og fer núna til ráðherranefndarinnar. En Lissabon-ferlið er í mínum huga heldur víðtækara, eða sá grunnur sem það ferli byggir á er víðtækari en vísað er til hér í skýrslunni, því eins og hv. þingmaður lýsti réttilega þá settu menn sér það í Lissabon, höfuðborg Portúgals árið 2000, að stefna að því að Evrópusambandið yrði kraftmesta markaðseining í heiminum innan einhvers tiltekins tíma, ársins 2010 minnir mig. Ferlið skyldi reist á þremur póstum, þremur grunnstoðum, sjálfbærri þróun, markaðsviðskiptum og hinum félagslega þætti einnig, nokkuð sem verkalýðshreyfingin hefur lagt mjög ríka áherslu á. Það sem hefur verið gagnrýnt í þessari umræðu undanfarna mánuði og missiri er að sá þáttur, þ.e. hinn félagslegi þáttur, hafi verið vanræktur. Menn hafi horft fyrst og fremst á markaðshliðina en vanrækt félagslega þáttinn.

Að lokum vil ég segja að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði áttum á sínum tíma aðild að þingmannanefnd EFTA og sat ég í nefndinni fyrir okkar hönd. Eftir síðustu alþingiskosningar misstum við sæti okkar í nefndinni þar sem við töpuðum einum þingmanni í kosningunum, eins og menn eflaust rekur minni til. Ég tel það vera mjög miður, ekki bara fyrir okkur sem gjarna vildum fylgjast með þessu starfi heldur einnig fyrir nefndina sem slíka á þeirri forsendu að það er mjög mikilvægt að öll sjónarmið komist að umræðunni. Í þessu tilviki er okkar flokkur með sérstöðu að ýmsu leyti í afstöðunni til Evrópusambandsins, EFTA og EES-samkomulagsins. Ég tel því að við eigum að reyna að tryggja að öll sjónarmið komist að í þessu starfi, hvernig sem við höldum á málum til að svo verði, en þetta var sjónarmið sem ég vildi gjarnan að kæmi fram hér við þessa umræðu.

[19:35]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil bara nota tækifærið og þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir málefnalega og góða ræðu. Ég er sammála hv. þingmanni um margt en ósammála honum um annað, en það er hins vegar gaman að taka þátt í umræðu og skiptast á skoðunum þegar menn gera það með jafn málefnalegum hætti og hér var gert og mér þótti gaman að sjá að hann var ekki að blása út af borðinu hugmyndir mínar um að breyta einhverju um vernd og stefnu varðandi iðnaðarlandbúnað og kannski náum við saman um það, það er ómögulegt að segja til um það.

Ég er sammála ýmsu sem kom fram hjá hv. þingmanni varðandi ESB þó svo að ég sé ekki sammála niðurstöðu hans um Evrópska efnahagssvæðið, ég held að það hafi verið mikið heillaspor fyrir okkur, eins og ég nefndi. Það er mín skoðun eftir að hafa skoðað þetta að við getum haft ansi mikil áhrif á þær tilskipanir og þá hluti sem hv. þingmaður nefndi réttilega. Eins og hann nefndi er frekar um svona tæknilega hluti að ræða en eitthvað annað, oft á tíðum kannski ekki stór atriði en þau renna frekar ljúft hér í gegnum þingið. Ég held að við eigum að vera mjög vel vakandi og hafa áhrif á slíkt þegar við getum það og það er mögulegt með þessu tæki sem EES-samningurinn er, við hljótum að vera sammála um það, ég og hv. þingmaður.

Virðulegi forseti. Ég er líka sammála hv. þingmanni um að Evrópusambandið er oft ansi miðstýrt og það er kannski áhugavert að átta sig á því að síðustu tíu, ellefu árin hafa endurskoðendur Evrópusambandsins ekki treyst sér til þess að skrifa upp á reikninga sambandsins. Eitthvað mundi nú gerast hér á þessu háa Alþingi ef það sama yrði upp á teningnum hér.

Umræðu lokið.

Alþjóðaþingmannasambandið 2005, ein umr.

Skýrsla ÍAÞ, 584. mál. — Þskj. 848.

[19:37]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir skýrslu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2005.

Hlutverk Alþjóðaþingmannasambandsins er að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum, hlúa að samstarfi þeirra og auka skilning milli þjóða. 143 þjóðþing mynda samtökin en sjö svæðisbundin þingmannasamtök eiga aukaaðild að sambandinu.

Þing Alþjóðaþingmannasambandsins tekur pólitískar ákvarðanir og ályktar um alþjóðamál. Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins, sem í eiga sæti þrír fulltrúar frá hverri landsdeild, markar stefnu samtakanna og hefur umsjón með starfi nefnda og vinnuhópa. Sautján manna framkvæmdastjórn hefur m.a. umsjón með daglegum rekstri samtakanna, undirbýr fundi ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum þess.

Nokkur mannaskipti urðu í Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins á síðasta ári. Einar K. Guðfinnsson, Sjálfstæðisflokki, gegndi formennsku í nefndinni til 1. október sl. er hann tók sæti í ríkisstjórn sem sjávarútvegsráðherra en þá tók sú er hér stendur við formennsku og er fulltrúi sama flokks. Aðrir í nefndinni voru Hjálmar Árnason varaformaður, þingflokki framsóknarmanna, og Kristján L. Möller, þingflokki Samfylkingarinnar. Í upphafi ársins 2005 voru varamenn Bjarni Benediktsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Jóhann Ársælsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki framsóknarmanna. Í upphafi 132. þings var og Jóhanna Sigurðardóttir kjörin varamaður í stað Jóhanns Ársælssonar. Ritari Íslandsdeildar var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs, og eru henni þökkuð störf í þágu nefndarinnar sem unnin eru af þeirri alúð og metnaði sem einkennir Belindu. Íslandsdeildin hélt fimm fundi á árinu.

Virðulegi forseti. Íslandsdeildin hefur verið ákaflega virk í starfi sambandsins og hefur sótt fundi og ráðstefnur á vegum þess. Alþjóðaþingmannasambandið heldur tvö þing á ári, eitt stærra þing að vori sem haldið er í einu af aðildarríkjum sambandsins. Vorþingið var haldið í apríl 2005 í

Manila á Filippseyjum. Haustþingið er minna í sniðum og hefur á síðustu árum verið haldið í Genf. Auk þess heldur sambandið nokkrar alþjóðlegar ráðstefnur og málstofur á ári hverju, oftast um málefni sem eru efst á baugi innan Sameinuðu þjóðanna hverju sinni og þá gjarnan í tengslum við tiltekna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Alþjóðaþingmannasambandið gefur reglulega út bækur, tímarit, handbækur og skýrslur sem nálgast má á skrifstofu Íslandsdeildarinnar og á vefsíðu sambandsins.

Á síðustu árum hefur vakið sérstaka athygli árleg samantekt samtakanna á stöðu kvenna í þjóðþingum og er iðulega vitnað til þess í umræðum og í fjölmiðlum. Sú áhersla og mikla vinna sem Alþjóðaþingmannasambandið leggur í að styðja við og styrkja hlut kvenna í stjórnmálum með ráðstefnum, fundum og útgáfu handbóka og skýrslna svo og með ýmsum formlegum og óformlegum hætti er aðdáunarverð.

Á haustfundi samtakanna sem haldinn var í Genf, eins og ég sagði áðan, var kjörinn nýr formaður Alþjóðaþingmannasambandsins. Það var Pier Ferdinando Casini, forseti ítalska þingsins, kjörinn í stað Sergio Paez Verdugo frá Chile. Á starfsárinu var einnig lögð mikil vinna í áframhaldandi endurskipulagningu á starfi samtakanna sem snýr að skipulagi þeirra, starfi þingmanna og starfsmanna samtakanna, upplýsingamiðlun og tengsl við þjóðþing, Sameinuðu þjóðirnar, stofnanir Sameinuðu þjóðanna og önnur alþjóðasamtök.

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins tilheyrir svokölluðum tólfplús-hópi, sem eru samtök vestrænna lýðræðisþjóða. Hópurinn hittist daglega þegar þing sambandsins eru haldin til að samræma afstöðu og ræða málefni sem eru til umræðu á þingunum. Þess ber að geta að sú sem hér talar, formaður nefndarinnar, var valin fyrir hönd tólfplúshópsins til að vera skýrsluhöfundur og undirbúa umræðu um samstarf þjóðþinga og Sameinuðu þjóðanna til að stuðla að heimsfriði, sérstaklega með tilliti til baráttunnar gegn hryðjuverkum á haustfundi samtakanna 2006. Íslandsdeildin tekur jafnframt þátt í formlegu samstarfi landsdeilda Norðurlandaþjóða til að samræma afstöðu Norðurlanda. Tveir slíkir fundir voru haldnir á árinu.

Þrjár fastanefndir starfa innan Alþjóðaþingmannasambandsins, í fyrsta lagi friðar- og öryggismálanefnd og hefur Hjálmar Árnason sérstaklega einbeitt sér að störfum þeirrar nefndar. Í öðru lagi er nefnd um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál og var Einar K. Guðfinnsson formaður þeirrar nefndar á síðasta starfsári og stjórnaði hann öllum fundum nefndarinnar á vorþingi Alþjóðaþingmannasambandsins í apríl 2005. Ásta Möller tók þátt í störfum nefndarinnar á haustfundi samtakanna. Í þriðja lagi er nefnd um lýðræði og mannréttindamál en þar hefur Kristján L. Möller tekið sérstaklega þátt og Jóhanna Sigurðardóttir á haustfundi samtakanna sem haldinn var í Genf í október sl.

Auk þeirra tveggja þinga Alþjóðaþingmannasambandsins tók Íslandsdeild þátt í þingmannafundi IPU, sem stendur fyrir Inter-Parliamentary Union, um málefni Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem haldinn var í tengslum við ráðherrafund hennar í Hong Kong. Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, starfandi ritari Íslandsdeildar IPU, sóttu þann fund í desembermánuði sl. Þingmennirnir voru jafnframt hluti af opinberri sendinefnd Íslands á ráðherrafundinum og gafst þeim þannig tækifæri til að fylgjast með störfum framkvæmdarvaldsins í þeim mikilvægu hagsmunamálum sem til umfjöllunar voru og koma áherslum sínum á framfæri. Þessi fundur er dæmi um breyttar áherslur Alþjóðaþingmannasambandsins um að taka upp formlegt samstarf við alþjóðastofnanir með það að markmiði að halda utan um þingmannasamstarf á þeim vettvangi.

Virðulegi forseti. Fyrir þinginu liggur ítarleg skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sem gerir frekari grein fyrir þeim umræðum og ályktunum sem hafa farið fram á vettvangi þess, m.a. áherslum nefndarmanna í umræðum á fundum þess. Alþjóðaþingmannasambandið er mikilvægur vettvangur fyrir þingmenn þjóða til að eiga samskipti og ræða mál sem skipta miklu í alþjóðlegum samskiptum þjóða. Þingmenn mætast á jafnréttisgrunni og þar gefst fulltrúum lítilla þjóða ómetanlegt tækifæri til að koma áherslum sínum á framfæri milliliðalaust í formlegum og óformlegum umræðum.

Ég lýk þá máli mínu og undir skýrsluna rita auk mín, framsögumanns, Hjálmar Árnason, varaformaður og Kristján L. Möller.

Umræðu lokið.

NATO-þingið 2005, ein umr.

Skýrsla ÍNATO, 585. mál. — Þskj. 860.

[19:44]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir skýrslu Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 2005. Ég hef setið skamma stund í þessari nefnd en vil segja það strax í upphafi, ekki síst með tilliti til umræðna sem urðu hér fyrr í morgun um afskipti mín af Atlantshafsbandalaginu af hálfu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að ég hygg að það sé engin nefnd sem ég hef komið að sem starfar á alþjóðlega vísu fyrir þingið þar sem hefur verið jafnfróðlegt að starfa og einmitt þarna.

Segja má að starfsemi NATO-þingsins hafi markast af því á síðasta ári að upp kom krytur og erfiðleikar í samstarfi Atlantshafsbandalagsþjóðanna í kjölfar Íraksstríðsins. Um þann meiningarmun hafa staðið töluverðar umræður, á köflum harkalegar, á þeim þingum sem við fulltrúarnir höfum verið á. Sömuleiðis hefur starfið líka markast af því að hlutverk Atlantshafsbandalagsins hefur verið að breytast og það má segja að það svið viðfangsefna sem það sinnir hafi breyst og það hefur haslað sér völl í verkefnum víða utan hefðbundins athafnasvæðis bandalagsins.

Við höfum, fulltrúar Íslendinga á þinginu, sótt alla þá fundi sem haldnir hafa verið á vegum NATO-þingsins á þessu ári og tekið virkan þátt í umræðum þar. Ég er viss um að það er forvitnilegt fyrir hv. þm. Ögmund Jónasson að vita það og heyra frá mínum munni að ég hef sennilega hvergi á mínum ferli, þ.e. í starfi á alþjóðlega vísu fyrir Alþingi Íslendinga, tekið þátt í jafnhreinskilnum og opinská-

um umræðum og einmitt innan ýmissa stofnana NATO-þingsins.

Til að mynda er á hverju ári haldið í Washington svokallað Transatlantic Forum þar sem koma fulltrúar hinna ýmsu deilda sem að þinginu standa og eiga þess kost að eiga skoðanaskipti við ýmsa þá sem eru að móta stefnuna af hálfu Atlantshafsbandalagsins. Ég get þess sérstaklega að þegar ég var staddur á þeim fundi í Washington í desember síðastliðnum þá spurði ég nokkuð harðra og nærgöngulla spurninga um afstöðu Bandaríkjamanna til ýmissa þátta. Ég t.d. rifja það hér upp að ég innti sérstaklega eftir því hver yrðu viðbrögð Bandaríkjamanna ef Íranar héldu áfram að þráast við að fara að tilmælum Alþjóðakjarnorkueftirlitsstofnunarinnar. Ég spurði út í hvort það kæmi til greina að Bandaríkjamenn gripu til hernaðarlegra viðbragða. Það var ákaflega merkilegt að fulltrúi beint úr miðju stjórnkerfisins, frá sjálfu Pentagon, sem varð fyrir svörum sagði það alveg skýrt og skorinort að það væri viðbragð sem þeir mundu ekki afskrifa.

Ég átti þess jafnframt kost að varpa fram spurningum í kjölfar hádegisverðarfundar með manni sem nýlega hafði þá látið af störfum sem yfirmaður herforingjaráðs Bandaríkjastjórnar og ég spurði hann sömu spurningar. Það var athyglisvert að sá fyrrverandi yfirmaður Bandaríkjahers sagði alveg skýrt og skorinort að þó að hernaðarleg íhlutun í málefni Írana væru ekki ofarlega á dagskrá væri hún eitt af þeim meðulum sem menn íhuguðu.

Ég nefni þetta sérstaklega hér til að undirstrika það að innan vébanda þingsins eiga fulltrúar kost á að fá upplýsingar frá fyrstu hendi og spyrja harðra spurninga og fá svör sem a.m.k. vöktu undrun mína fyrir hreinskilni þeirra.

Ég er t.d. viss um að það hefði verið nokkurt nýnæmi fyrir hv. þm. Ögmund Jónasson að eiga þess kost að varpa fram svipuðum spurningum og ég gerði til fulltrúa bandarískra stjórnvalda í Washington. Ég spurði þá t.d. um möguleikana á að þeir töpuðu stríðinu í Írak og það kom alveg skýrt fram af hálfu þeirra að þeir töldu að á því væru möguleikar. Svipuð viðhorf hafði ég ekki heyrt af vörum fulltrúa ýmissa annarra, viljugra þjóða. Ég á þá við, frú forseti, íslensku ríkisstjórnina.

En það sem er fróðlegt við þessi þing er að þarna eiga ákaflega víðfeðm sjónarmið fulltrúa. Þarna eiga t.d. flestöll ríki sem á sínum tíma voru talin til áhrifasvæðis hinna föllnu Sovétríkja fulltrúa. Þarna sitja Rússar. Ég átti þess sérstakan kost, af því ég er formaður Íslandsdeildarinnar, að sitja fund formanna deilda úr hinum ýmsu þjóðþingum, sem haldinn var í aðdraganda síðasta ársfundar í Kaupmannahöfn, með Rússum sérstaklega til að ræða ýmis ágreiningsmál þar. Það voru töluvert hreinskilnar umræður. Þar var m.a. reifuð sú staðreynd að mörgum sem fylgjast með tengslum Rússa og Bandaríkjamanna á alþjóðlega vísu finnst eins og heldur sé hlaupin stirfni og kuldi í þau samskipti. Það var hart deilt á Rússa sem svöruðu fullum hálsi og bentu á að það væri fullkomlega eðlilegt af þeirra hálfu að rísa aðeins upp á tærnar þegar horft væri til þeirrar staðreyndar að Bandaríkjamenn séu núna, þrátt fyrir þá stefnu sem við Íslendingar finnum á eigin skinni, að draga úr herstöðvum víðs vegar um heiminn, að setja niður herstöðvar í ýmsum af hinum gömlu gervihnöttum Sovétríkjanna, þ.e. nálægt landamærum Rússlands. Þetta, sögðu Rússar, er ástæðan fyrir því að það hefur svona heldur brostið á með frera í stað þess funa sem ríkti á tímum perestrojku um nokkurt skeið í samskiptum risaveldanna tveggja.

Það var ákaflega fróðlegt að fylgjast með þessum skoðanaskiptum á millum fulltrúa stórveldanna tveggja og verða þess áskynja hvað menn voru hreinskilnir. Þarna ræddu menn það alveg hreint út að í sumum héruðum lýðveldanna sem eru á Kákasussvæðinu, og áður tengdust Rússum með formlegum hætti í gegnum Sovétríkin, hafa t.d. Bandaríkjamenn verið að styðja ýmiss konar aðskilnaðarhreyfingar, eins og t.d. í Abkasíu þaðan sem Stalín fékk sín góðu vín, svo ég rifji það nú upp fyrir hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem, eins og ég, er áhugamaður um sögu og þar með líka um smekk hinna fornu ráðamanna í Sovétríkjunum.

Þetta hefur auðvitað verið þyrnir í augum ýmissa sem vildu gjarnan sjá hlutina með öðrum hætti. En slík smáatriði sem koma fram — smáatriði segi ég, frú forseti, og ætti auðvitað að draga þá athugasemd til baka því auðvitað eru þetta ekki smáatriði fyrir þá sem á þessum svæðum búa — eru partur af veruleika sem við sjáum ekki oft í fjölmiðlum okkar hér heima. Við gerum okkur ekki grein fyrir því hvað það er sem veldur því að stórveldi yfast við og reisa hár sitt á feldunum og jafnvel stinga við fótunum stundum. Það er vegna þess að þó allt virðist með felldu ríkir samt undarleg togstreita oft og tíðum á milli þeirra þar sem annað stórveldanna reynir með einhverjum hætti að tryggja stöðu sína og hitt svarar með því að gera slíkt hið sama annars staðar.

Á því ári sem liðið er hefur það gerst í sögu þessarar nefndar, að á einu ári voru þrír formenn kjörnir. Árið byrjaði með því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson var kjörinn formaður nefndarinnar en þegar leið á árið var kjörinn nýr formaður. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lét af því starfi og núverandi sendiherra okkar í Stokkhólmi tók við því og á síðastliðnu hausti var ég síðan kjörinn formaður nefndarinnar. Samvinna innan nefndarinnar hefur auðvitað verið með miklum ágætum og sannarlega má vona að sá friður sem ríkir innan nefndarinnar smiti nokkuð út til þeirra svæða sem Atlantshafsbandalagið, eða a.m.k. þingmannasamkunda þess, lætur til sín taka með einhverjum hætti.

Aðeins í lokin, frú forseti, fyrir utan það að ég er í nefndinni ásamt hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, varaformanni, þá er hv. þm. Magnús Stefánsson einnig í nefndinni.

Þingmannasamkundan er dálítið sérkennileg að því leyti til að þegar sambandið var stofnað, Atlantshafsbandalagið, 1949, þá var það ekki partur af neinni formlegri stofnun. Það var ekki fyrr en 1954 sem þingmannasamkundan var sett á stofn. Hún var upphaflega til að samræma viðhorf og ræða það sem var á döfinni hjá bandalaginu sjálfu. Á seinni árum er hún fyrst og fremst vettvangur skoðanaskipta og í vaxandi mæli hafa alls konar viðhorf komið þar fram og fulltrúar margvíslegra viðhorfa átt það sæti. Ég hef þegar nefnt þau ríki sem voru áður á áhrifasvæði hinna gömlu Sovétríkja. Rússar láta þarna töluvert til sín taka. Á síðustu árum hafa líka löndin við Miðjarðarhaf í vaxandi mæli sótt í að komast inn á þetta þing og eiga þar fulltrúa sína. Það hefur góðfúslega verið heimilað. Þannig að núna eiga þarna ýmis Norður-Afríkuríki fulltrúa sem tjá mjög merkileg við-

horf, ekki síst á þessum síðustu tímum og kannski verstu þegar segja má að komnir séu upp á yfirborðið ákveðnir árekstrar á milli mismunandi trúarviðhorfa í heiminum. Það er mjög fróðlegt að vera viðstaddur slíkar umræður.

Frú forseti. Í lokin vil ég geta þess að auk mín skrifa þeir hv. þingmenn Einar Oddur Kristjánsson og Magnús Stefánsson undir þessa skýrslu.

[19:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að mér öðru hvoru í ræðu sinni langar mig til að gjalda í líku. Ég fagna því að hv. þingmaður hafi átt hreinskilnislegar viðræður yfir hádegisverði með fulltrúum Pentagon og er þá væntanlega að vísa í fund í McNair-virkinu í Washington sem vísað er til í skýrslunni. Þar voru rædd samkvæmt skýrslunni ýmis málefni sem NATO hefur haft afskipti af, Íran, Afganistan, innrásin í Írak o.fl. Þetta verður mér allt umhugsunarefni þegar aðild Íslands að þessu hernaðarbandalagi er annars vegar.

Mig langar að beina þeirri spurningu til hv. þingmanns, jafnaðarmannsins Össurar Skarphéðinssonar, hvort hann telji það vera heppilegt fyrir Íslendinga að þróa þetta samstarf innan hernaðarbandalagsins NATO áfram. Þá hef ég einnig í huga þá breytingu sem orðið hefur á því bandalagi með auknum áhrifum Bandaríkjamanna innan bandalagsins. Annars vegar hef ég það í huga og hins vegar þá valkosti sem bjóðast. Við ræddum áðan, eða hér var öllu heldur kynnt skýrsla frá ÖSE, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, sem einnig á grundvelli þingmannasamstarfs er miklu víðtækara samstarf en sem nemur því sem gerist á evrópskri grundu. Hvort hann telji ekki heppilegra að við beinum kröftum okkar inn á þann vettvang í stað þess að leggja þá rækt sem við gerum við samskiptin (Forseti hringir.) við hernaðarbandalagið NATO.

[19:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sé ekki að annað útiloki hitt og ég tel að þó við leggjum rækt við þátttöku okkar og starf innan NATO-þingsins og þess sambands þá útiloki það alls ekki að við tækjum í ríkari mæli þátt í starfsemi ÖSE. Það hefur reyndar margsinnis komið upp í þessum umræðum.

En ég skal vera alveg hreinskilinn við hv. þingmann. Ég el þá von í brjósti að Atlantshafsbandalagið breytist og það verði ekki, eins og hv. þingmaður gjarnan lýsir því, árásarbandalag. Ég held að það sé það ekki í dag. Það þurfti ekki Atlantshafsbandalagið til þess að t.d. íslenska ríkisstjórnin lýsti stuðningi sínum við innrásina í Írak.

Í reynd er það þannig að enda þótt Atlantshafsbandalagið sé í vaxandi mæli að taka að sér aðgerðir, t.d. í Afganistan, þá var Atlantshafsbandalagið ekki formlega aðilinn sem hóf þær aðgerðir sem þar var gripið til. Það eru einstök ríki sem taka þar þátt, og eins og ég rifjaði upp fyrr í dag þá er það svo að Vinstri hreyfingin – grænt framboð á aðild að ríkisstjórn í Noregi, eins og reyndar Samfylkingin í gegnum systurflokk sinn þar. Sú ríkisstjórn hefur t.d. nýlega, væntanlega samkvæmt einhvers konar óskum frá Atlantshafsbandalaginu og ríkjum þar innan, sent þotur til Afganistans. Ég veit ekki hvað hv. þingmaður mundi gera ef það væri beinlínis svo að íslenska ríkisstjórnin mundi, hugsanlega með samþykki Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, senda herfylki til Afganistans. Nú veit ég að hv. þingmaður er andsnúinn því sem við höfum þegar gert þar. En í hnotskurn er svar mitt það að þátttaka í öðru útilokar ekki þátttöku og þróun á þátttöku í (Forseti hringir.) hinu.

[20:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það svo að það hefur verið uppi ágreiningur innan norsku ríkisstjórnarinnar um utanríkisstefnuna sem varð þess m.a. valdandi að utanríkisráðherrann gekk á fund bandarískra sendiherrans í Osló, ef ég man rétt, til að segja að áherslur vinstri flokksins í Íraksmálum, eða ég man ekki nákvæmlega hvað það var, væru ekki stefna ríkisstjórnarinnar. Þar fyrir utan mundi ég ekki treysta mér til að samþykkja allt sem frá norsku ríkisstjórninni kemur hversu góð sem hún er með bundið fyrir augun. Þannig að ég er ekki tilbúinn að skrifa upp á allt sem hún gerir.

NATO kunni að breytast. NATO hefur verið að breytast og á mjög slæman hátt. Það stendur í grunnsáttmála NATO að árás á eitt ríki jafngildi árás á önnur. Það sem hefur verið að breytast í áherslum NATO á 10. áratugnum, og mjög ákveðið eftir samþykkt í Washington 1999 og síðan í framhaldinu í Prag og áfram, er að menn fara að leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir. Ógn við eitt ríki er ógn við annað. Það er stutt yfir í árás á annað ef það er samþykkt fyrir því að bregðast við ógninni á fyrirbyggjandi hátt. Á sama tíma var lögð áhersla á hreyfanlegar hersveitir. Á sama tíma var lögð áhersla á heiminn allan. Hann var allur undir. Við horfðum ekki bara á okkar þröngu landamæri.

Hver er það sem líklegastur er til að verða fyrir ógn? Það er sá sem ógnar öðrum. Það eru Bandaríkin. Og aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu NATO er af þeim sökum orðin Íslendingum mjög hættuleg. Besta skrefið sem við gætum stigið til að verja okkur og treysta öryggi okkar er að ganga úr NATO (Forseti hringir.) og hafa eins mikla fjarlægð og mögulegt er á milli okkar og haukanna í Washington.

[20:02]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er svo hjartanlega ósammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að Ísland eigi að ganga úr Atlantshafsbandalaginu. Ég held miklu frekar að við eigum að beita áhrifum okkar til að þróa það í þá átt sem ég tel að það sé að þróast. Ég er alveg ósammála hv. þingmanni um að þessi samþykkt sem hann vísar til 1999 hafi leitt til þess að eðli NATO hafi breyst og versnað. Þvert á móti er ég dálítið hlynntur þeirri hugsun að Atlantshafsbandalagið hafi heiminn undir varðandi t.d. ákveðnar aðgerðir.

Það sem ég á við er t.d.: (Gripið fram í.) Tökum Afríku. Ég hefði fagnað því, segi ég núna, þó ég hafi ekki haft hugsun á því að segja þá skoðun upphátt meðan á því stóð, ef Atlantshafsbandalagið hefði t.d. með einhverjum hætti reynt að stilla til friðar þegar átökin og þjóðarmorðið varð í Rúanda. Ég tel einfaldlega að það hefði þurft að kosta öllu til til að koma í veg fyrir það. Hvað gerðist í staðinn? Jú,

heimurinn stóð átekta og beið og gerði ekki neitt. Þetta var svarta Afríka, og heimurinn skeytti einskis. Við höfum lesið lýsingar og bækur um það sem gerðist þar og hversu fullkomlega áhrifalaust það fámenna lið var sem þar var sett af hálfu Sameinuðu þjóðanna til að stilla til friðar. Ég tek þetta sem dæmi. Ég gæti tekið fleiri dæmi í Afríku. Ég ætla að taka eitt til viðbótar.

Ég tel það meira en einnar messu virði að hafa freistað þess að senda t.d. lið frá Atlantshafsbandalaginu til þess að reyna að bjarga þeim sem verið er að drepa, limlesta og nauðga í Darfúr í Súdan. Því miður. Ef engar aðrar leiðir eru færar en þessi þá vel ég hana. Ef spurningin er um það að bjarga mannslífum þá vel ég hana.

Ég rifja það upp sem formaður Alþýðubandalagsins gamall sagði einu sinni úr þessum ræðustól. Ég el þá von í brjósti mér að Atlantshafsbandalagið breytist í friðarbandalag. Við vitum báðir hver það var sem mælti þau orð.

[20:04]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að hafa langt mál þó fullt tilefni sé til að fara í langa og mikla umræðu um þetta efni. Ég get alveg tekið undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni varðandi þá hörmulegu atburði sem áttu sér stað í Rúanda á sínum tíma. Hann nefnir einnig Darfúr, að þar hafi verið og sé enn nauðsyn til staðar því að þar sé ástandið enn þá mjög alvarlegt og mjög slæmt. En á sínum tíma í Rúanda hefði hugsanlega verið hægt að koma í veg fyrir þau hryllilegu fjöldamorð sem þá voru framin ef um það hefði myndast samstaða. Það mætti nefna mörg önnur dæmi. Það má t.d. nefna Tsjetsjeníu þar sem Rússar hafa farið með ofbeldi og fjöldamorðum miðstýrðum frá Moskvu, þar sem ekki hafa verið framin minni ódæðisverk en þar sem verst gerist.

En hvers vegna hreyfir enginn andmælum svo eftir verði tekið? Það er vegna þess að Tsjetsjenía er á áhrifasvæði stórveldis. Ég tel að heimurinn þurfi að komast undan því ægivaldi sem stórveldin hafa yfir öðrum þjóðum.

Það var mér mjög lærdómsríkt þegar ég á sínum tíma átti þess kost að vera á þingi Sameinuðu þjóðanna í hálfan mánuð árið 1997 og fylgjast með starfi innan veggja þeirra samtaka. Það sem mér þótti mest sláandi var hvernig ríki heimsins mynduðu blokkir. Það voru ríku vestrænu iðnaðarþjóðirnar sem ekki eru allar vestrænar. Þar var Ástralía líka innan borðs og þau ríki sem áttu samleið í efnahagslegu og pólitísku tilliti. Síðan voru fátæk ríki þriðja heimsins svokallaða. Áður hafði austurblokkin verið til, kommúnistablokkin sem er svo til hrunin. En innan þessara vébanda tóku menn sínar ákvarðanir og réðu sínum ráðum, og það er enginn Olof Palme lengur í Evrópu. Þær raddir eru þagnaðar sem voru sjálfstæðar.

Það sem ég vildi sagt hafa, ég er að reyna koma þessu út úr mér á tiltölulega óskipulegan hátt, er að við eigum að brjótast undan ægivaldi stórveldanna, út úr þessum gömlu hernaðarblokkum og reyna að fara að tala máli samvisku okkar, sjálfstætt. Það eiga Íslendingar að gera. Forsenda þess er að ganga úr hernaðarbandalaginu NATO. Ég tel að það væri til góðs. Ég held að það væri heiminum til góðs að sundra því bandalagi.

Það er ekki þar með sagt að ég vilji ekki hafa einhver tæki til að taka á einræðisherrum og sporna gegn ofbeldi þegar það er uppi. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að slíkir möguleikar þurfa að vera fyrir hendi. Það er á þeirri forsendu sem ég nefndi ÖSE hér áðan. Ég minnist þess að á Balkanskaganum á sínum tíma var verið að leggja grunninn að eftirlitskerfi á vegum ÖSE þegar Bandaríkjamenn slógu í borðið og ákváðu að fara sínu fram.

Það sem þeir síðan hafa gert aftur og ítrekað er að beita NATO. Það hafa þeir gert í Afganistan. Það hefur verið rætt um slíkt í Írak. Og í Miðausturlöndum hefur verið talað um að setja sveitir á vegum NATO inn á herteknu svæðin. (**Gripið fram í:** Arafat talaði um það.) Það teldi ég ekki vera til góðs. Arafat talaði um það. Ég kannast ekki við það. Það má vera að það sé rétt hjá hv. þingmanni.

Ég man hitt að fyrir fáeinum mánuðum var haldin ráðstefna, ég held að hún hafi verið í Egyptalandi, þar sem fjallað var um þessar hugmyndir NATO. Það var boðað til fundar. Sumum var boðið, öðrum ekki. Þar var valið úr. Ég man að ég skrifaði um þetta grein og hefði gjarnan viljað rifja hana upp núna. (**Gripið fram í:** Hún er á heimasíðunni ogmundur.is.) Hana er að finna á heimasíðunni minni, það er alveg rétt, þar er sagt frá þessum fundi og framgöngu NATO, þar sem alla vega róttæk öfl og frelsissinnuð öfl á þessum slóðum frábuðu sér aðkomu hernaðarbandalagsins NATO sem menn sjá fyrst og fremst sem framlengingu á Bandaríkjunum og sterkustu herveldunum í Evrópu og þá ekki síst Bretlandi sem hefur fylgt Bandaríkjastjórn mjög að málum í þeim voðaverkum sem hún er ábyrg fyrir á síðustu árum.

[20:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég minnist þess að ég spurði sjálfur á fundi þar sem framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins var hvort það kæmi til greina, án þess að taka afstöðu til þess, að Atlantshafsbandalagið tæki að sér friðargæsluhlutverk í Palestínu. Tilefni þess var að þær vangaveltur komu fram meðal Palestínumanna sjálfra, meðal Al Fata. Það var tilefni til þeirrar umræðu. Ekki treysti ég mér nú til að fullyrða það nákvæmlega hverjir tóku undir það hér á landi. En það voru ýmsir sem komu mér á óvart.

Til marks um það hvað það er oft erfitt að taka ákvarðanir þegar um líf og dauða er að tefla þá nefni ég það atvik sem hv. þingmaður nefndi hér, þegar loftárásirnar voru gerðar á Kosovo. Ég minnist þess t.d. í umræðum í útvarpi að ég tók undir þær. Ég hef margsinnis verið atyrtur fyrir það. Á þessum tíma var um það að ræða að menn urðu að taka afstöðu. Hvað átti að gera? Það var verið að drepa þúsundir manna nákvæmlega þann dag sem ráðist var í þessar aðgerðir. Það var ráðist í loftárásirnar til að stilla til friðar. Reka frá þá heri eða þær sveitir sem lutu forustu manna sem núna er verið að draga til dóms fyrir stríðsglæpi í Haag.

Það kann að vera að þetta hafi verið röng ákvörðun. En á þeim tíma urðu þjóðir heimsins með einhverjum hætti að bregðast við. Þetta var ákvörðun sem var tekin, rétt eða röng, við þær aðstæður að enn eitt þjóðarmorðið var í uppsiglingu á Balkanskaga. Það var verið að drepa þúsundir

manna, konur, börn og karla, þann dag.

Til marks um það líka hvað það er oft erfitt að taka ákvarðanir nefni ég að hv. þingmaður tilheyrir alþjóðlegri hreyfingu sem á fulltrúa í ríkisstjórn Noregs sem hefur setið áfram þó að ríkisstjórnin hafi tekið þátt í aðgerðum NATO í Afganistan með því að senda þangað eina af þremur flugþotnaherdeildum. (Forseti hringir.) Það sýnir bara hvað það er vandlifað í þessum heimi. Ekki hafa þeir góðu herrar sem hv. þingmaður styður farið úr ríkisstjórninni í mótmælaskyni. Mundi hann gera það hér á Íslandi? (Forseti hringir.) Ég skal svara fyrir hans hönd. Ég held að hann mundi gera það.

[20:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er vandlifað í þessum heimi. Það er alveg rétt. Varðandi árásirnar á Balkanskaganum á sínum tíma þá er það nú staðreynd, sem kom í ljós eftir að þær árásir voru gerðar, að fjöldamorðin og ódæðisverkin voru einkum framin eftir að þær árásir hófust. Það er mat þeirra sem ég alla vega hef kynnt mér málin hjá að þær árásir hafi orðið til að kveikja elda sem ella hefði verið hægt að slökkva.

Alla vega var búið að setja málin í farveg þar sem ÖSE gegndi lykilhlutverki en það voru málalyktir sem Bandaríkjastjórn og ráðandi öfl í NATO vildu ekki sætta sig við.

Ég ætla að heita hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni því að sýna honum bók eða jafnvel gefa honum bók um aðdragandann að þessum atburðum þar sem fréttamenn frá öllum helstu fjölmiðlum heimsins, vestanhafs og austan, BBC, Daily Telegraph, bandarískum sjónvarpsstöðvum, frönskum, þýskum, ræða þessi mál og sýna fram á þær lygar sem beitt var í aðdraganda stríðsins.

Það er nokkuð sem minnir okkur einnig á lygarnar og ósannindin sem árásin á Írak var á sínum tíma réttlætt með. Þannig að að þessu leyti er einnig vandlifað í þessum heimi og oft þegar við töldum okkur vera að samþykkja erfiðar ákvarðanir á grundvelli þess að við værum að forða fólki frá mikilli ógæfu og hörmungum þá hefur sagan leitt í ljós að við (Forseti hringir.) höfum allt of oft verið blekkt.

[20:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það voru rangar upplýsingar sem leiddu til ákvörðunar íslensku ríkisstjórnarinnar um stuðninginn við Írak. Það kom t.d. fram í viðtali sem hæstv. forsætisráðherra veitti í Blaðinu hér á haustdögum. Hann sagði þá að ef hann hefði vitað það sem hann vissi síðar hefði hann ekki veitt stuðning þeirri ákvörðun sem tekin var.

Þegar menn hins vegar tóku á sínum tíma ákvarðanir um loftárásir á Kosovo, og ég sagði áðan hreinskilnislega við hv. þingmann að á þeim tíma studdi ég það, á þeim degi sem í það var ráðist, var fyrirvarinn allur annar. Það er hugsanlegt að þar hafi verið einhverjar blekkingar líka. Á þeim tíma setti ég mig í spor þeirra sem höfðu yfir vígbúnaðartækjum og mannafla að ráða og stóð andspænis því að þeir að minnsta kosti töldu, og ég held að það hafi ekki verið nein vitleysa, að þá dagana væri verið að drepa þúsundir manna, þúsundir Evrópubúa annars staðar í álfu okkar.

Hvað átti að gera þar? Balkanskaginn logaði í ófriði og þau miklu hrannmorð sem upplýst hefur orðið um áttu sér flest, hygg ég, eða hin alvarlegustu, stað áður en þetta varð. Það er hugsanlegt að það sé rangminni mitt. Ég sé að hv. þingmaður hristir höfuðið. En ég set mig í spor þessa fólks sem tekur ákvarðanir og ég hugsa að ég hefði tekið slíka ákvörðun sjálfur. Þess vegna hef ég alltaf gengist við því að ég sagði þetta á þeim tíma og hef aldrei hopað frá því. Þetta var miðað við bestu vitneskju og þær upplýsingar sem lágu fyrir í fjölmiðlum þá, ekki bara á Íslandi heldur annars staðar líka.

En ég tek eftir því að hv. þingmaður svaraði því í engu, í fjórða skiptið sem ég nefni það, að ágætir skoðanabræður hans og systur eiga aðild að ríkisstjórn sem t.d. tekur í miklu ríkari mæli en Íslendingar þátt í því sem er að gerast í Afganistan. (Forseti hringir.)

[20:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það er rétt að ríkisstjórn Noregs er að taka þátt í stríðinu í Afganistan eða Írak og það með stuðningi vinstri hreyfingarinnar eða vinstri flokksins, sem ég held að sé ekki, þá finnst mér það vera ámælisvert, vissulega. (**Gripið fram í:** Hún situr í ríkisstjórninni.) Hún situr í ríkisstjórninni sem gerir það, já, já, og mér finnst það vera ámælisvert ef svo er.

Hins vegar held ég að þetta sé svolítið málum blandið þó að ég kunni ekki allar staðreyndir málsins, alls ekki, og treysti mér ekki til að ræða það þess vegna nánar. En eftir því sem ég best veit hefur verið uppi ágreiningur um áherslur í ríkisstjórninni hvað þetta varðar og svo mikill varð hann að það leiddi til þess að efnt var til sérstaks fundar með sendiherra Bandaríkjastjórnar af hálfu norska utanríkisráðherrans til að skýra afstöðu norsku stjórnarinnar þrátt fyrir þessi mótmæli og þrátt fyrir afstöðu vinstri flokksins. En þetta er mál sem ég einfaldlega mun kynna mér nánar.

Ef það er rétt að hæstv. forsætisráðherra og fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra iðrist þess að hafa stutt innrásina í Írak og heitið stuðningi Íslendinga með því að gera okkur eina af viljugu þjóðum heimsins í því efni, ber honum að sjálfsögðu skylda til að koma hér á Alþingi og lýsa þessu yfir vegna þess að við höfum margoft krafið hann um það, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sá sem hér stendur og fleiri þingmenn úr okkar flokkum. Það er því eðlilegt að hann geri hreint fyrir sínum dyrum.

Varðandi ástand mála (Forseti hringir.) á Balkanskaga á sínum tíma er það langt og flókið (Forseti hringir.) mál sem þyrfti lengri umræðu við til að eitthvert gagn yrði að.

Umræðu lokið.

VES-þingið 2005, ein umr.

Skýrsla VES, 586. mál. — Þskj. 861.

[20:19]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég flyt skýrslu Íslandsdeildar VES-

þingsins fyrir árið 2005.

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Stofnun Atlantshafsbandalagsins (NATO) árið 1949 skyggði nokkuð á starfsemi VES en með breyttri skipan öryggis- og varnarmála í kjölfar endaloka kalda stríðsins jókst mikilvægi stofnunarinnar til muna. Með Maastricht-sáttmálanum árið 1991 var VES falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins (ESB). Næstu ár efldist VES verulega og gegndi æ stærra hlutverki í öryggismálum Evrópu. Auk þess sem sambandinu var ætlað að annast framkvæmd á fyrirhuguðum varnarmálahluta ESB átti það að gegna hlutverki Evrópustoðar NATO. Af þessum sökum var litið á VES sem hlekkinn á milli NATO og utanríkis- og varnarmála ESB.

Frá því á leiðtogafundi Bretlands og Frakklands í St. Malo í desember árið 1998 hefur Evrópusambandið tekið að sér stærra hlutverk á sviði öryggismála álfunnar. Þar var ákveðið að ESB kæmi sér upp sjálfstæðum hernaðarmætti og í framhaldinu var ákveðið á leiðtogafundum ESB í Köln árið 1999 að stefna bæri að því að ESB tæki við flestum verkefnum VES fyrir árslok árið 2000. Nú er svo komið að utanríkismálastjóri ESB gegnir einnig stöðu framkvæmdastjóra VES og í fastaráði VES sitja fulltrúar í stjórnmála- og öryggismálanefnd ESB.

Árið 2000 staðfestu leiðtogar ESB einnig að NATO yrði áfram grundvöllur sameiginlegra varna ríkja sambandsins, en jafnframt að nauðsynlegt væri að koma á nýjum pólitískum og hernaðarlegum stofnunum er gerðu Evrópuríkjunum kleift að efna til hernaðaraðgerða undir forustu ESB þegar bregðast þyrfti við alþjóðlegum vanda. Samkvæmt ákvörðunum leiðtoga aðildarríkja ESB hefur nauðsynlegum stofnunum þegar verið komið á fót innan „annarrar stoðar" ESB.

Virðulegi forseti. Þróunin í átt að sjálfstæðum hernaðarmætti ESB hefur gert það að verkum að hlutverk VES í öryggis- og varnarmálum álfunnar hefur minnkað verulega. Jafnframt var í yfirlýsingu leiðtogafundar NATO kveðið á um mikilvægi þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB í öryggis- og varnarsamstarfi á vegum ESB og að NATO-ríkin utan ESB fengju aðgang að búnaði NATO.

VES-þingið var stofnað árið 1954 og kom fyrst saman ári síðar þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Á VES-þinginu koma saman alls 370 þjóðkjörnir þingmenn. Stór hluti þeirra, eða 115 þingmenn, er frá stofnaðildarríkjum VES sem eru alls tíu talsins, Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland. Sambandsaðild eiga átta ný ESB-ríki, Pólland, Tékkland, Ungverjaland, Slóvakía, Litháen, Eistland, Lettland og Slóvenía. Aukaaðild að þinginu eiga þau þrjú evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, þ.e. Ísland, Noregur og Tyrkland. Sambandsaukaaðild að VES-þinginu eiga Rúmenía og Búlgaría. Áheyrnaraðild eiga þau ESB-ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum, auk Danmerkur. Þá hafa tvö ný ESB-ríki stöðuna sambandsáheyrnaraðili, þ.e. Malta og Kýpur. Króatía hefur samstarfssamning við VES-þingið og fulltrúar þjóðþinga Albaníu, Makedóníu, Bosníu og Hersegóvínu og Serbíu og Svartfjallalands hafa stöðu sérlegra gesta. Loks hafa fulltrúar rússneska þingsins og úkraínska þingsins stöðu fastagesta.

VES-þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðs VES og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Á þinginu starfa, auk málefnanefnda, forsætisnefnd og stjórnarnefnd. Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, tíu varaforsetar þess (einn frá hverju aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda alla jafna 4–5 fundi á ári utan þingfundanna.

Starfsemi og umræður á VES-þinginu má greina í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er þingið vettvangur þingmannaviddar Vestur-Evrópusambandsins og skv. 9. gr. endurskoðaða Brussel-sáttmálans frá 1954 er VES-þingið ráðherraráði VES innan handar og ráðgefandi. VES-þingið hefur eftirlit með framkvæmd sameiginlegra varnarskuldbindinga sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í 9. gr. sáttmálans kemur fram að „ráðherraráð Vestur-Evrópusambandsins skal birta árlega skýrslu um starfsemi sína [...] til þingmannasamkundu sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkja Brussel-sáttmálans [...]". Starfsemi VES-þingsins er þannig bundin í milliríkjasáttmála og er það því ein þriggja evrópskra þingmannasamkundna sem slíkt á við um. Hinar tvær eru Evrópuráðsþingið og Evrópuþingið. Í öðru lagi hefur VES-þingið haft það hlutverk, í kjölfar yfirtöku Evrópusambandsins á verkefnum VES árið 2000, að vera tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu og vettvangur þinglegrar meðferðar á sameiginlegri stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Í þriðja lagi hefur VES-þingið eftirlit með milliríkjasamstarfi á sviði hergagnaframleiðslu og rannsókna- og þróunarstarfs í hergögnum sem sinnt er af WEAG og WEAO, tveimur fjölþjóðastofnunum sem starfa undir væng Vestur-Evrópusambandsins.

VES-þingið hefur verið afgerandi þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. VES-þingið hefur lagt til að komið verði á fót öryggis- og varnarmálaþingi Evrópu þar sem þjóðkjörnir þingmenn hefðu eftirlit með starfsemi stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Annað væri ótækt þar eð mál er lúti að beitingu herafla og útgjalda til öryggis- og varnarmála væru bundin við þjóðríkin, þau

þyrftu að njóta samþykkis þjóðþinga og þar af leiðandi væri það hlutverk fjölþjóðlegrar þingmannasamkundu sem í sætu fulltrúar þjóðþinganna að ræða slík mál.

Hin sameiginlega öryggis- og varnarmálastefna ESB lýtur ekki stefnu framkvæmdastjórnar bandalagsins sem slíks heldur er um milliríkjamálefni að ræða. Er þetta grundvallaratriði og hafa fulltrúar VES-þingsins því lagt ofuráherslu á að það séu þjóðþing aðildarríkjanna sem hafi eftirlit með þessum málaflokki en ekki Evrópuþingið. Það sé grundvallaratriði að fjölþjóðlegar þingmannasamkundur sem hafa bein tengsl við umbjóðendur, þ.e. kjósendur í aðildarríkjunum, endurspegli mikilvæg milliríkjamálefni. Reynslan af slíkum þingmannasamkundum hafi verið afar farsæl og nægi þar að nefna, auk VES-þingsins, NATO-þingið, Evrópuráðsþingið og þingmannasamkundu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Hins vegar er staðan sú að hvorki VES-þinginu né Evrópuþinginu hefur verið gefinn kostur á að tryggja nægilega hið þinglega eftirlit með starfsemi ESB á sviði öryggis- og varnarmála sem getið er um í endurskoðaða Brusselsáttmálanum. Þar með er talin sú grundvallarskylda ráðherraráðs VES að birta þinginu ársskýrslu um starfsemina og að svara ályktunum þingsins og fyrirspurnum þingmanna.

Þrátt fyrir umfangsmiklar stofnana- og skipulagsbreytingar í Evrópu á undanförnum árum er VES-þingið enn sem komið er eina evrópska þingmannasamkundan sem gefur þjóðkjörnum þingmönnum færi á að fylgjast með og ræða sameiginleg öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið er vettvangur sem leiðtogar Evrópuríkja nýta til að skýra frá stefnumiðum sínum. Þá viðheldur VES-þingið nánum tengslum við rússnesku dúmuna og býður jafnframt þingmönnum frá Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Serbíu og Svartfjallalandi, Makedóníu og Úkraínu til funda.

Á árinu jók stjórnarnefnd VES-þingsins við réttindi þeirra sem ekki hafa fulla aðild að þinginu og hafa allir nú fullt málfrelsi á þingfundum.

Á árinu 2005 varð áframhald á lífseigri umræðu um framtíðarhorfur VES-þingsins og um stofnanatengsl Vestur-Evrópusambandsins við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið en sem kunnugt er hafa miklar og örar breytingar átt sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu síðustu ár. Þessi umræða varð sérstaklega hávær í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslur Frakka og Hollendinga um nýja stjórnarskrá ESB, sem báðar þjóðirnar höfnuðu. Stjórnarskráin hefði haft þó nokkur áhrif á stöðu varnar- og öryggismála innan ESB en samkvæmt stjórnarskrárdrögunum var staða þjóðþinganna veik, t.d. á sviði öryggis- og varnarmála. Eftir að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslnanna í Frakklandi og Hollandi lá fyrir ákváðu leiðtogar Evrópusambandsins að fresta frekari ákvörðunartöku varðandi stjórnarskrána og taka sér umhugsunartíma um framtíð sambandsins. Austurríkismenn lýstu því yfir við upphaf forsetatíðar sinnar í ESB í ársbyrjun 2006 að þeir hefðu áhuga á að endurvekja stjórnarskrárferlið en lítill áhugi virðist vera á því innan sambandsins.

Ljóst er að ESB taldi útkomuna vera mikið áfall fyrir pólitíska þróun sambandsins og á fundinum kom glögglega fram að framhaldið væri að mestu óráðið. Á hinn bóginn mátti einnig greina að menn töldu að þessi nýja staða væri til þess fallin að greiða fyrir því að niðurstaða í helstu baráttumálum VES-þingsins undanfarin ár og missiri, þ.e. aukin þátttaka og hlutur þjóðþinga í lýðræðislegu eftirliti með öryggis- og varnarmálastefnu ESB, yrði farsælli en ella.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið ríkan þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæða- eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Fulltrúar aukaaðildarríkja hafa ekki heldur rétt til að tala á móðurmáli sínu á fundum þingsins. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum og gera breytingartillögur. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

Í upphafi árs 2005 voru aðalmenn Íslandsdeildar Bjarni Benediktsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðjón Hjörleifsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Drífa Hjartardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar.

Hinn 3. október 2005 voru eftirfarandi þingmenn kosnir til setu í Íslandsdeild: Guðjón Hjörleifsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Einar Már Sigurðarson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Gunnar Örlygsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Eftirfarandi þingmenn voru kosnir til vara: Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Björgvin G. Sigurðsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Á fundi Íslandsdeildar 5. október 2005 var Guðjón Hjörleifsson kjörinn formaður og Gunnar Örlygsson varaformaður. Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildar VES-þingsins til 2. september þegar Stígur Stefánsson tók við starfinu. — Ég vil sérstaklega þakka Andra Lútherssyni fyrir gott starf og gott samstarf við okkur VES-þingsfulltrúa í áranna rás og óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Þá geri ég grein fyrir þátttöku Íslandsdeildar í starfsemi VES-þingsins á árinu. VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeild þátt í báðum hlutum þingfundarins.

Dagana 6.–8. júní var fyrri hluti 51. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Bjarni Benediktsson formaður, Guðjón Hjörleifsson varaformaður og Þórunn Sveinbjarnardóttir, í fjarveru Bryndísar Hlöðversdóttur, auk Andra Lútherssonar ritara. Umræður um framkvæmd evrópsku öryggismálaáætlunarinnar, samskipti ESB og ríkja í austurvegi, varnarþætti baráttunnar gegn hryðjuverkastarfsemi, og afstöðu þjóðþinga aðildarríkja Evrópusambandsins til stjórnarskrár ESB voru öðrum málum fyrirferðarmeiri á júnífundinum. Þá er óhætt

að segja að umræður um þessi mál og fleiri sem og ávörp hinna ýmsu tignargesta sem fundinn sóttu hafi tekið mið af tíðindunum af þjóðaratkvæðagreiðslunum í Frakklandi og Hollandi um stjórnarskrá ESB. Ljóst er að ESB taldi útkomuna mikið áfall fyrir pólitíska þróun sambandsins og á fundinum kom glögglega fram að framhaldið væri að mestu óráðið. Á hinn bóginn mátti einnig greina að menn töldu að þessi nýja staða væri til þess fallin að greiða fyrir því að niðurstaða í helstu baráttumálum VES-þingsins undanfarin ár og missiri, þ.e. aukin þátttaka og hlutur þjóðþinga í lýðræðislegu eftirliti með öryggis- og varnarmálastefnu ESB, yrði farsælli en ella.

Fundurinn hófst á því að forseti VES-þingsins, belgíski þingmaðurinn Stef Goris, ávarpaði þingheim. Í ræðu sinni sagði Goris að nýleg tíðindi frá Frakklandi og Hollandi og ákvörðun þýsku stjórnarinnar um að flýta kosningum hefðu þau áhrif að ESB væri í nokkurri tilvistarkreppu sem gæti veikt Evrópusamvinnuna til lengri tíma litið. Sagði hann að VES-þingið hefði ákveðnar áhyggjur af þessari þróun mála, ekki síst í ljósi aðstæðna og viðvarandi ógna á alþjóðavettvangi. Nefndi hann þar á meðal stöðuna í Miðausturlöndum og Darfúr-héraði þessu til stuðnings, auk baráttunnar gegn hryðjuverkum. Sagði hann enn fremur að menn yrðu að fylgjast afar náið með þróuninni næstu missirin og hvaða áhrif hún hefði á framþróun evrópsku öryggis- og varnarmálastefnunnar og verkefni á hennar vegum, sérstaklega með tilliti til þess hver útkoman yrði í sambandi við ákvæði Brussel-sáttmálans um sameiginlegar varnir.

Luc Frieden, varnarmálaráðherra Lúxemborgar, sem fór með formennsku í ESB fyrri hluta ársins, flutti ávarp á fyrsta degi þingsins og sagði þar m.a. að það væri ábyrgðarlaust af leiðtogum ESB-ríkjanna að hunsa útkomuna úr þjóðaratkvæðagreiðslunum um stjórnarskrána í Frakklandi og Hollandi en að sama skapi væri vandasamt að bregðast við án þess að skaða Evrópusamvinnuna. Það sem Evrópa kallaði eftir á þessum tímapunkti væru betri og fyllri skýringar, aukin samskipti og aukin orðræða um málefni álfunnar milli borgara í ESB-ríkjunum. Menn yrðu að flýta sér hægar en gert hefði verið hingað til og virða skoðanir grasrótarinnar. Hvað öryggismálaþáttinn varðaði væri ljóst að Evrópubúar byggju við sama umhverfi nú og fyrir hálfu ári eða ári síðan. Ógnir á borð við hryðjuverk og gereyðingarvopn væru viðvarandi og aldrei fyrr hefði ytra öryggi verið jafnnátengt innra öryggi ríkja. Ekkert eitt ESB-ríki gæti tekist á við aðsteðjandi ógnir eitt síns liðs og því væri fullljóst að samvinna á þessu sviði mundi síst minnka þrátt fyrir stjórnarskrárkosningarnar. Hins vegar væri það forgangsverkefni hinnar pólitísku forustu ESB að koma verkefnum af hugmyndastigi og til framkvæmda. Þetta hefði verið forgangsmál Lúxemborgar í formennskutíð sinni hjá ESB og slíkt yrði áfram að vera. Þá sagði Frieden frá helstu verkefnum á vegum evrópsku öryggis- og varnarmálastefnunnar síðustu mánuði og nefndi dæmi frá Bosníu og Hersegóvínu, lýðveldinu Kongó og samstarfi ESB og NATO í málefnum Súdans. Að endingu vék ráðherrann að starfi VES-þingsins og sagðist vonast til að hið mikilvæga starf sem þar færi fram yrði Evrópu til heilla hér eftir sem hingað til. Ljóst væri að öryggis- og varnarmálastefna ESB væri innantóm ef hún nyti ekki stuðnings þjóðþinga ESB-ríkjanna.

Að venju ávörpuðu sérfræðingar og ráðamenn fundinn og svöruðu spurningum þingmanna. Luc Frieden, varnarmálaráðherra og fjármálaráðherra Lúxemborgar, ávarpaði fundinn. En Lúxemborg fór með formennsku fyrri hluta ársins 2005. Aðrir sem ávörpuðu fundinn voru Stjepan Mesic, forseti Króatíu, Yuliya Tymoshenko, forsætisráðherra Úkraínu, og Goshvar Bakhshaliyeva, fyrsti varaforseti þings Aserbaídsjans. Þá flutti John Holmes, sendiherra Bretlands í París, ávarp fyrir hönd Jacks Straws, utanríkisráðherra Bretlands, en Bretar fóru með formennsku í ESB síðari hluta ársins 2005. Auk þess ávörpuðu fundinn þeir François Roelants du Vivier, formaður utanríkis- og varnarmálanefndar belgíska þingsins, og Frank Asbeck, forstöðumaður gervihnattamiðstöðvar ESB í Torrejón.

Bjarni Benediktsson, formaður Íslandsdeildar, flutti ræðu í umræðum um skýrslu þýska þingmannsins Berts Höfers um framkvæmd evrópsku öryggis- og varnarmálastefnunnar. Í ræðu sinni rifjaði Bjarni upp atburði síðustu tveggja vikna og hvernig niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Frakklandi og Hollandi hefði vakið upp áleitnar spurningar um stöðu Evrópusambandsins og framtíðarþróun þess. Leiðtogar ESB-ríkjanna væru enn að reyna að átta sig á stöðunni. Sagði Bjarni að sannleikurinn væri sá að Evrópusambandið hefði færst of mikið í fang á of skömmum tíma og farið þannig fram úr pólitískum vilja grasrótarinnar, kjósenda í ESB-ríkjunum. Á hinn bóginn væri það bersýnilega jákvætt hve mikinn áhuga Evrópubúar hefðu á málefnum ESB. Það væri því á ábyrgð pólitískra leiðtoga sambandsins að nýta þennan aukna áhuga almennings og haga viðbrögðum ESB til samræmis við almannaviljann. Niðurstaða slíks ferlis yrði mun farsælla Evrópusamband. Bjarni sagði að niðurstöður atkvæðagreiðslnanna hefðu áhrif á alla þætti ESB, þar með talinn öryggis- og varnarmálaþáttinn og tók undir með skýrsluhöfundi að evrópska öryggisáætlunin væri afar metnaðarfullt skjal. Margt af því sem þar kæmi fram lýsti ríkum vilja ESB til að láta að sér kveða á alþjóðavettvangi og sagðist Bjarni sammála flestum þeim markmiðum og leiðum sem þar væru boðaðar. Hins vegar hefði hann fyrirvara á þeirri tilhneigingu höfunda skjalsins að vega að Atlantshafsbandalaginu. NATO væri og hefði ávallt verið meginvettvangur öryggis- og varnarmálaumræðu ríkja Atlantshafssamfélagsins og á sama tíma og hann fagnaði auknum vilja og metnaði ESB á þessu sviði varaði hann við tilraunum til að veikja NATO.

Í lokin ræddi Bjarni um tiltekin efnisatriði skýrslunnar, til að mynda væri nauðsyn á að skilgreina betur hvað höfundar evrópsku öryggismálaáætlunarinnar ættu við með „fyrirbyggjandi aðgerðum“ og einnig að skortur væri á skýrri sýn um hlutverk þjóðþinga í áætluninni. Að lokum beindi Bjarni máli sínu að útbreiðslu gereyðingarvopna sem væri, auk alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi, mesta ógn samtímans.

Dagana 5.–7. desember fór seinni hluti 50. fundar VES-þingsins fram í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðjón Hjörleifsson formaður, Gunnar Örn Örlygsson varaformaður og Einar Már Sigurðarson varaformaður, auk Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur, starfandi ritara.

Helstu skýrslur sem fyrir þinginu lágu að þessu sinni fjölluðu um lýðræðislegt eftirlit með evrópsku öryggis- og

varnarstefnunni, þinglegar umræður og almenningsálit í tengslum við aukna samþættingu Evrópusambandsríkja, friðargæslu í Afríku sunnan Sahara og evrópskan markað fyrir varnarútbúnað. Auk þess var skýrsla um eftirlit á hafsvæðum og strandlengjum Evrópuríkja rædd og farið yfir hvernig hægt væri að auka samstarf Evrópuríkja á því sviði. Auk þess var rædd skýrsla um Althea-verkefni Evrópusambandsins á Balkanskaga. Óvissan í kjölfar þess að Frakkar og Hollendingar höfnuðu stjórnarskrá Evrópusambandsins hafði mikil áhrif á allar umræður á fundinum og var ítrekað lögð áhersla á að sameiginleg utanríkis- og öryggisstefna sambandsins gæti ýtt ferlinu af stað að nýju auk þess sem áframhaldandi þróun hennar þyrfti ekki að stöðvast þótt ný stjórnarskrá tæki ekki gildi.

Fundurinn hófst á því að fráfarandi forseti VES-þingsins, belgíski þingmaðurinn Stef Goris, ávarpaði þingheim. Goris kallaði m.a. eftir því að stofnaður yrði í Brussel varanlegur vettvangur fyrir þingmenn á þjóðþingum Evrópusambandsins til að ræða m.a. öryggis- og varnarmál. Goris sagði einnig að þótt öryggis- og varnarmál yrðu færð formlega undir stjórn Evrópusambandsins mundu þingmenn á þjóðþingum aðildarríkjanna samt sem áður vilja koma að þeim málum.

Günther Platter, varnarmálaráðherra Austurríkis, flutti einnig ávarp á fyrsta degi fundarins en Austurríkismenn tóku við formennsku í ESB um áramótin. Platter lagði höfuðáherslu á að dýpka yrði samvinnu hernaðarlegra og borgaralegra stofnana, sérstaklega í tengslum við viðbrögð við náttúruhamförum. Í þessu sambandi benti hann á að um 600 hermenn hefðu verið sendir til flóðasvæðanna í Suðaustur-Asíu en varla hefði verið tekið eftir þeim vegna skorts á samvinnu Evrópuríkjanna.

Auk þess flutti sendiherra Breta í París, John Holmes, ræðu fyrir hönd Jacks Straws, utanríkisráðherra Breta, sem fóru með formennsku í ESB seinni hluta ársins 2005. Í ræðu breska utanríkisráðherrans var lögð áhersla á útvíkkun öryggis- og varnarstefnu Evrópusambandsins í formennskutíð Breta þrátt fyrir þau vandamál sem upp komu í tengslum við stjórnarskrá ESB. Sveitir á vegum ESB eru nú ekki aðeins að störfum á Balkanskaga heldur einnig í Kongó, á landamærum heimastjórnarsvæðis Palestínumanna og Egyptalands og í Aceh-héraði á Indónesíu.

Undir skýrsluna rita, 21. febr. 2006, Guðjón Hjörleifsson formaður, Gunnar Örlygsson varaformaður og Einar Már Sigurðarson.

Umræðu lokið.

Evrópuráðsþingið 2005, ein umr.

Skýrsla ÍÞER, 588. mál. — Þskj. 863.

[20:41]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hefur í 27. sinn lagt skýrslu fyrir Alþingi. Skýrslan er nokkuð viðamikil um störf Íslandsdeildarinnar á árinu 2005. Hún er á þskj. 863. Ég vil fylgja henni úr hlaði með nokkrum orðum.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um hugsjónir aðildarríkjanna um mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið fyrir sig samningum og bindandi fjölþjóðasáttmálum á ýmsum sviðum.

Ályktanir Evrópuráðsins og fjölþjóðasáttmálar sem þar eru samþykktir hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru taldir mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem koma á lýðræðisfyrirkomulagi og réttarríki en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og -samtök. Í því sambandi ber hæst mannréttindasáttmála Evrópu.

Evrópuráðsþingið er vettvangur fulltrúa þjóðþinga 46 aðildarríkja Evrópuráðsins og gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi þess, enda er þingið hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja 315 fulltrúar og jafnmargir til vara. Ólíkt ráðherranefnd Evrópuráðsins, þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði, fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Mikilvægi þingsins felst einkum í:

Að eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum og tilmælum til ráðherranefndarinnar,

Að hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir.

Að vera samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna og efla þannig tengsl þjóðþinganna.

Á árinu 2005 bar í störfum þingsins hæst framtíð Evrópuráðsins sjálfs. Þriðji leiðtogafundur Evrópuráðsins var haldinn í Varsjá í Póllandi dagana 16.–17. maí, en Pólverjar fóru með formennsku í Evrópuráðinu fyrri part árs. Á fundinum var rætt um hvernig skilgreina bæri framtíðarhlutverk Evrópuráðsins og var lögð áhersla á að skýra hlutverk og starfssvið þess í samhengi, m.a. við Evrópusambandið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Þá undirrituðu þjóðarleiðtogar Evrópuráðsríkjanna þrjá nýja sáttmála um peningaþvætti, mansal og baráttu gegn hryðjuverkum.

Enn fremur var samþykkt á fundinum framkvæmdaáætlun Evrópuráðsins fyrir næstu árin. Þar er lögð áhersla á að standa vörð um sameiginleg grundvallargildi mannréttinda, reglur réttarríkis og lýðræðis og að stuðla að auknu öryggi Evrópubúa, uppbyggingu mannúðlegs samfélags og aukinni samvinnu við aðrar evrópskar stofnanir og samtök.

Starfsemi Evrópuráðsþingsins var víðfeðm á árinu og málaflokkarnir sem til umræðu voru á þinginu sjálfu og í nefndum þess voru fjölmargir. Ég mun ekki fara yfir einstaka fundi Evrópuráðsþingsins en vil nefna helstu mál sem til umræðu komu. Rætt var um sambúð Evrópu og Bandaríkjanna, flóðahamfarir í Asíu og framlag Evrópuráðsríkja til uppbyggingar eftir hörmungarnar, friðarhorfur í Miðausturlöndum, drög að sáttmála um varnir gegn hryðjuverkum, kjarnorkuáætlanir Írana og viðbrögð alþjóðasamfélagsins við þeim. Loks var fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn fuglaflensu.

Nokkur mál vöktu sérstaka athygli í fjölmiðlum og má þar nefna skýrslu um aðstæður fanga Bandaríkjastjórnar í Guantanamó-herstöðinni. Í þeirri skýrslu var Bandaríkjastjórn gagnrýnd harðlega fyrir meðferð á föngum sem haldið hefur verið um árabil í herstöðinni. Á þinginu var einnig rætt mikið um það hvernig Rússum gengur að uppfylla skyldur sínar sem aðildarríki að Evrópuráðinu en framferði

rússneskra yfirvalda, einkum í Kákasus, var mjög gagnrýnd. Lögð var áhersla á að taka yrði á vandamálum sem ógnuðu stöðugleika í landinu með lausnum sem samrýmdust grundvallargildum Evrópuráðsins og voru lagðar fram ýmsar tillögur til úrbóta.

Konur og trúarbrögð í Evrópu voru einnig mikið til umræðu og hvatti Evrópuráðsþingið aðildarríki ráðsins til að beita sér fyrir því að þau veittu öllum konum búsettum í ríkjum ráðsins fulla vernd gegn brotum á rétti sínum sem rekja má til trúarskoðana.

Málefni er standa Íslendingum afar nærri voru tekin til umræðu, svo sem orkumál og endurnýjanlegir orkugjafar.

Íslandsdeildin tók að venju virkan þátt í þingstörfunum og sótti nefndarfundi í viðkomandi nefndum. Að öðru leyti um þessa starfsemi vísa ég til fyrirliggjandi skýrslu sem veitir greinargóða lýsingu á störfum þingsins og þátttöku Íslandsdeildar í mikilvægum málaflokkum.

Dagana 12.–13. september 2005 hélt jafnréttisnefnd Evrópuráðsþingsins fund í Reykjavík og var Íslandsdeild gestgjafi hans. Fundurinn fór fram á Hótel Loftleiðum og voru þátttakendur um 50, þingmenn, starfsmenn þjóðþinga aðildarríkjanna ásamt sérfræðingum.

Af tíu málefnanefndum Evrópuráðsþingsins er jafnréttisnefndin yngst, stofnuð árið 1998. Frá upphafi hefur nefndin fjallað um jafnréttismál í víðum skilningi, kvenréttindi og baráttuna gegn ofbeldi á konum. Nefndin hefur barist fyrir aukinni þátttöku kvenna á öllum sviðum þjóðlífsins. Á síðustu tveimur árum hefur hún beitt sér mjög í málefnum er lúta að mansali og vændi.

Meðal efnis á fundi jafnréttisnefndarinnar í Reykjavík var samþætting vinnu og fjölskyldulífs og skýrsla um konur og trúarbrögð í Evrópu sem mikil umræða skapaðist um. Einnig áttu sér stað skoðanaskipti milli íslenskra þingmanna og nefndarmanna um ýmis mál. Vöktu lög Íslendinga um fæðingarorlof mikla athygli, auk mikillar þátttöku kvenna í stjórnmálum hér á landi. Umræður voru gagnlegar og góðar og var áhugi nefndarmanna mikill. Þess má geta að fundurinn var framlengdur vegna þessa. Hluti fundarins var að þessu sinni helgaður hlutverki karla í jafnréttisverkefnum. Þar héldu ávörp meðal annarra Árni Magnússon, fyrrverandi félagsmálaráðherra og Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs.

Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundinn þingmennirnir Sólveig Pétursdóttir formaður, Siv Friðleifsdóttir varaformaður, sem jafnframt var formaður félagsmálanefndar Alþingis og Margrét Frímannsdóttir. Aðrir þingmenn sem sóttu fundinn voru Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður félagsmálanefndar Alþingis, Kolbrún Halldórsdóttir, Katrín Júlíusdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Hæstv. forseti. Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins heimsótti Alþingi hinn 5. júlí 2005. Á móti fulltrúanum tók Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, Sólveig Pétursdóttir formaður, Siv Friðleifsdóttir varaformaður og Össur Skarphéðinsson, ásamt Belindu Theriault, starfandi ritara. Var mannréttindafulltrúanum boðið til hádegisverðar þar sem staða mannréttindamála á Íslandi var rædd. Þá var rætt almennt um starf mannréttindafulltrúans og taldi Íslandsdeildin mikilvægt að auka sýnileika hans á Evrópuráðsþinginu. Mikið gleðiefni fyrir Íslandsdeildina var að fulltrúar Evrópuráðsþingsins í jafnréttisnefnd og mannréttindafulltrúinn skyldu koma hingað til lands og kynna sér þessa mikilvægu málaflokka og það sem áunnist hefur í jafnréttismálum hér á landi.

Á undaförnum árum hefur verið lögð ríkari áhersla á alþjóðlegt samstarf en áður. Það skiptir miklu máli þar sem samfélag þjóðanna hefur breyst mikið. Jafnréttisnefnd Evrópuráðsþingsins heimsótti okkur á síðasta ári en þess má geta að fundir nefnda Evrópuráðsþingsins eru fjölmargir á hverju ári en á þinginu starfa tíu málefnanefndir og 24 undirnefndir þeirra. Sé tekið dæmi um þann fjölda funda sem fyrirhugaðir eru á þessu ári frá deginum í dag og til ársloka eru þeir samtals 63 í fyrrnefndum nefndum þingsins.

Það liggur í augum uppi að þingmenn í Íslandsdeildinni eiga þess ekki kost að sækja alla þá nefndarfundi sem boðið er upp á því að það mundi kosta of miklar fjarvistir frá störfum Alþingis. Í dag skipta hv. þingmenn í Íslandsdeildinni með sér verkum og starfar hver í sínum nefndum Evrópuráðsþingsins og einbeita sér enn fremur að sumum þeirra fremur en öðrum. Á árinu 2005 má einkum nefna störf fulltrúa Íslandsdeildarinnar í stjórnarnefnd, efnahagsnefnd og umhverfis- og landbúnaðarnefnd. Af hálfu Íslandsdeildar voru á árinu 2005 samtals sóttir sex nefndarfundir utan hefðbundinna þingfunda Evrópuráðsins, en eins og áður kom fram fara nefndarfundir jafnframt fram á þeim fjórum þingtímabilum sem Evrópuráðsþingið starfar á.

Ég vil að lokum gera grein fyrir því að nokkrar breytingar urðu á skipun í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins á síðasta ári. Fram til 1. október 2005 voru aðalmenn Íslandsdeildar þau Sólveig Pétursdóttir formaður, frá Sjálfstæðisflokki, Siv Friðleifsdóttir varaformaður, frá Framsóknarflokki og Össur Skarphéðinsson, frá Samfylkingu. Varamenn voru sá sem hér stendur fyrir Sjálfstæðisflokk, Birkir J. Jónsson fyrir Framsóknarflokk og Margrét Frímannsdóttir fyrir Samfylkingu.

Í upphafi 132. löggjafarþings voru í Íslandsdeild aðalmenn sá sem hér stendur fyrir Sjálfstæðisflokk, Siv Friðleifsdóttir var áfram varaformaður fyrir Framsóknarflokk og Margrét Frímannsdóttir tók við sæti aðalmanns fyrir hönd Samfylkingar. Varamenn voru kjörnir Einar Oddur Kristjánsson frá Sjálfstæðisflokki, Birkir J. Jónsson frá Framsóknarflokki og Guðrún Ögmundsdóttir frá Samfylkingu. Ritari Íslandsdeildar var Andri Lúthersson fram eftir ári en 1. september 2005 tók Arna Gerður Bang alþjóðaritari við því starfi.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, þakka Íslandsdeildarmönnum gott samstarf á þessum mikilvæga vettvangi sem og fastafulltrúa Íslands hjá Evrópuráðinu sem hefur verið þingmannanefndinni innan handar um margvíslega hluti.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 20:53.

82. FUNDUR

föstudaginn 10. mars,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.

Athugasemdir um störf þingsins.

Framhald umræðu um frumvarp til vatnalaga.

[10:02]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Staðið hafa miklar deilur um það vatnalagafrumvarp sem hér hefur verið til umræðu. Ein helsta krafa stjórnarandstöðunnar um málsmeðferð hefur verið sú að lög um eignarhald og nýtingu á vatni séu ekki tekin út úr heldur verði rædd saman heildstæð löggjöf um vatnsvernd. Stjórnarandstaðan hefur sérstaklega óskað eftir því að hér komi inn frumvarp sem byggist á vatnatilskipun Evrópusambandsins. Ríkisstjórnin hefur ekki viljað gera það og beitt þeim rökum að þar sem ýmis atriði í þeirri tilskipun falla ekki undir EES-samninginn þá sé ólokið samningum á milli annars vegar Noregs, Íslands og Liechtensteins og hins vegar Evrópusambandsins um það hvað eigi að vera í slíku frumvarpi sem yrði lagt fram t.d. hér.

Fregnir hafa borist af því á síðustu dögum að búið sé að ljúka samningunum, búið sé að ná sátt um þá. Þá tel ég, frú forseti, að staða málsins sé gerbreytt. Þá getur ríkisstjórnin, ef hún vill, náð sátt um þessi mál í þinginu með því að fresta umræðu um málið sem við höfum verið að takast á um og bíða með hana þangað til hægt er að leggja fram nýja heildstæða löggjöf sem tekur í senn til nýtingar vatns en líka til vatnsverndar. Með því er hægt að ná sátt um þetta erfiða mál. Það er heldur ekkert sem hvatar því að það frumvarp sem við ræðum verði samþykkt.

Ég vil því spyrja hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hvort það sé rétt að þessum samningum sé lokið og hvort hún sé ekki reiðubúin í sáttaskyni að bíða með afgreiðslu frumvarpsins þangað til hægt sé að ræða þá heildstæðu löggjöf sem yrði þá líka á grundvelli vatnatilskipunarinnar.

[10:04]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Það sem við horfum á og erum búin að horfa á undanfarna daga er að blygðunarlaust hefur stjórnarandstaðan beitt skipulegu málþófi til að hindra að meirihlutavilji Alþingis nái fram að ganga. Það er ekkert nýtt að stjórnarandstaðan sé ósammála stjórnarmeirihlutanum og ég vek athygli á því að stjórnarandstaðan hefur fullan rétt á því að hafa rangt fyrir sér og ég er alveg til í að leggja mikið á mig til að verja þann rétt. En það er algerlega fráleitt og samræmist engum lýðræðishugmyndum að menn geri hvað þeir geti við að beita hreinlega ofbeldi til að koma í veg fyrir að mál sem þeir eru ósammála og eru í minni hluta með komist í gegn. Það er nákvæmlega það sem hér hefur verið á ferðinni. Þetta snýst ekkert um efni máls. Allt hefur komið fram í umræðunni sem þarf að koma fram en áfram er haldið og menn hafa ekki farið dult með það að þeir ætla að stoppa þetta með því að vera með skipulagt málþóf.

Virðulegi forseti. Ég spyr: Hvar í þeim lýðræðisríkjum sem við berum okkur saman við sem er það látið viðgangast að minni hlutinn geti hreinlega kúgað meiri hlutann eins og menn eru að reyna að gera? Þetta er fyrir neðan allar hellur og ég hvet stjórnarandstöðuna til að hugsa málið til enda í stærra samhengi því hér er um að ræða hvort lýðræðislegur vilji nái fram að ganga eða ekki. Þetta snýst ekki um efni máls. Þetta snýst um það hvort lýðræðislegur vilji eigi að ná fram að ganga eða ekki.

[10:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla að leyfa mér að leiða hjá mér þann málflutning sem viðhafður var af hv. síðasta ræðumanni í ræðustóli. Auðvitað hafa þingmenn fullan rétt á því að vera í ójafnvægi endrum og sinnum. Það er bara þannig. (Gripið fram í.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom í ræðustól með afar málefnalegt innlegg í málið til hæstv. forseta varðandi það að nú sé ný staða komin upp í málinu. Staðan er sú að það hafa náðst samningar milli þjóðanna þriggja, Noregs, Íslands og Liechtensteins um það hvaða vatnatilskipun Evrópusambandsins eigi að fara í lög viðkomandi landa.

Við höfum barist fyrir því stjórnarandstaðan á fullkomlega málefnalegum grunni að vatnatilskipunin verði innleidd áður en þau atriði sem hér á að fara að leiða í lög verða innleidd. Þetta er málefnalegt innlegg og nú sjáum við í nýrri stöðu leið til sátta í málinu. Við biðjum hæstv. forseta í mestu vinsemd að líta á þá nýju stöðu málsins og athuga hvort hér sé ekki komið tækifæri fyrir okkur til að skapa sátt í málinu. Ég held að bæði stjórnarandstaða og stjórnarþingmenn á þingi vilji sátt um málið. Ég er sannfærð um það, frú forseti.

Ég tel því að hér sé um fullkomlega málefnalegt innlegg að ræða sem hæstv. forseti þyrfti að taka afstöðu til og auðvitað sem fyrst, helst bara núna þannig að við getum verið laus við að standa í einhverju þrefi eða stappi við stjórnarþingmenn sem við vitum að er ekki skapandi, skapar ekki lausn í málið. Nú skulum við reyna að vera skynsöm. Viðurkennum að ný staða er uppi í málinu, setjumst yfir það og náum skynsamlegri niðurstöðu.

[10:08]

Magnús Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé engin ástæða til að

fresta umræðunni. Ég met innleggið sem fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem trikk til að drepa málinu á dreif, tefja það og helst drepa.

Umræðan um málið hefur staðið lengi og hæstv. forseti hefur lagt sig mjög fram um að ná samkomulagi um umræðuna og hvernig á að ljúka henni. Hins vegar hafa ekki komið nein viðbrögð við því frá stjórnarandstöðunni og mér þykir það mjög miður. Mönnum liggur mikið á hjarta og ég held að það sé fullkomlega eðlilegt að forseti setji á þingfund í dag til að gefa mönnum kost á að ræða málið. Ég sé að einstakir hv. þingmenn eru komnir með heilu bókasöfnin á borð sín þannig að það er mikið fram undan í umræðunni og forseti er af alúð sinni að gefa þeim hv. þingmönnum kost á að flytja mál sitt.

Ég lít svo á að um skipulagt málþóf sé að ræða, það liggur fyrir. Ég held því að rétt sé að halda þingfund í dag og halda áfram umræðunni og ég sé enga ástæðu til að verða við óskum sem hér hafa komið fram um að fresta málinu.

Ég vil hins vegar leyfa mér það, virðulegi forseti, að hvetja hv. stjórnarandstöðu til þess að koma til móts við forseta og svara tilboðum hans um samkomulag um umræðuna. Ég held að það sé sá bragur á þinghaldinu sem við þurfum, ekki þann hornaskap sem birst hefur í dag.

[10:10]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þau mál sem tekist er á um í þingsalnum þessa dagana og er ástæða þeirra miklu ræðuhalda sem hér fara fram eru auðlindamál og þetta er ekki í fyrsta sinn sem við tökumst á um auðlindamál í þingsalnum. Við tökumst á um eignarhald, nýtingarrétt og verndun auðlinda. Það hefur margsinnis farið fram umræða í þinginu um slík mál og stundum hefur auðvitað stjórnarandstaðan, því miður, þurft að láta í minni pokann. Það þurfti hún að gera 1998 þegar auðlindalögin voru sett sem að mörgu leyti eru mjög gölluð.

Fyrir og eftir síðustu jól stóð yfir mikil umræða um þau lög og breytingar á þeim lögum sem hæstv. iðnaðarráðherra lagði til. Við komum þá í veg fyrir að frumvarp iðnaðarráðherra, eins meingallað og það var, næði fram að ganga. Þau mistök náðum við að leiðrétta hér með svokölluðu málþófi eins og stjórnarþingmenn kjósa að kalla það. Ráðherrann kom eftir jól og viðurkenndi að þetta hefði verið meingallað frumvarp sem hún lagði fram og sátt náðist í málinu. Sem betur fer náðist sátt og stundum þarf einfaldlega stjórnarandstaðan að tala til að stjórnarliðarnir nái að hugsa og skilja og átta sig á því hvað þeir eru að gera. Núna er eina ferðina enn verið að gera alvarleg mistök með frumvarpi til vatnalaga sem hér liggur fyrir. Verið er að afmarka einkaeignarréttinn, setja orkunýtingarlög sem lúta að vatninu án þess að almannarétturinn og umhverfisrétturinn sé skilgreindur og það er þessi almannaréttur og þessi umhverfisréttur sem er skilgreindur í vatnatilskipun Evrópusambandsins sem lögtaka þarf um leið og kveðið er á um nýtinguna eins og gert er í vatnalögunum.

Þess vegna spyr hv. þm. Össur Skarphéðinsson hvað líður frumvarpi í þeim efnum nú þegar náðst hefur eftir því sem okkur skilst niðurstaða um hvað eigi að fara af tilskipuninni í íslenskan rétt.

[10:12]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér þykir mjög leitt að þurfa að segja það að allt sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði áðan er rangt. Frumvarpið til vatnalaga sem hér er til umfjöllunar er ekki efnisbreyting á þeim lögum sem eru í gildi frá 1923 heldur formbreyting. (Gripið fram í.) Þetta er staðfest af Lögmannafélagi Íslands t.d. Hægt er að halda endalaust áfram að strögglа um að við séum að skerða almenningsrétt, skerða umhverfisrétt og hvaðeina. Þetta er ekki þannig og ég hef grun um að hv. þingmenn viti það en kjósi að halda öðru fram vegna þess að þeir trúa því að þetta sé eitthvað sem gangi í almenning og þjóðina. (Gripið fram í.) Þetta er svo ómerkilegur málflutningur að það tekur engu tali.

Mikill tvískinnungur er í umræðunni. Annars vegar finnst þingmönnum að ríkið haldi of fast við kröfur sínar um eignaryfirráð yfir þjóðlendum. Þá prísa menn þá kosti sem fylgja eignarrétti landeigenda, fasteignaeigenda og bænda, en nú bregður hins vegar svo við að menn sjá rautt þegar flutt er frumvarp sem felur nákvæmlega í sér að eignarréttur landeigenda, þar með bænda, sé virtur. Annars vegar (**ÖS:** Viltu svara fyrirspurninni?) þykjast því hv. þingmenn standa með almenningi í sambandi við vatnalagafrumvarpið en í þjóðlendumálinu kemur hins vegar upp þessi gríðarlega samúð með bændum, landeigendum og fasteignaeigendum. Það stendur því ekki steinn yfir steini í málflutningnum og því fyrr sem hv. þingmenn leggja niður þetta málþóf þeim mun betra.

[10:15]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Úrslit síðustu alþingiskosninga ættu að vera öllum ljós og kunnug. Ég get mjög vel skilið að þeim sem lenda í stjórnarandstöðu þyki það sárt og leiðinlegt. Ég hef fullan skilning á því. Mér mundi eflaust leiðast líka ef ég væri í stjórnarandstöðunni. Ég skil þetta því mætavel hvernig komið er núna.

Almennt er ég þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að því færri mál sem Alþingi samþykkir á hverju ári þeim mun betra. Frá mínum sjónarhóli sé ég ekki að neinn skaði sé skeður þó að við duddum í þessu fram yfir páska.

[10:16]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á að samkvæmt starfsáætlun þingsins fyrir árið 2005–2006 var ekki gert ráð fyrir fundi í dag. Í öðru lagi varðandi starfsáætlun fyrir vikuna sem birt var sl. mánudag var ekki gert ráð fyrir fundi í dag.

Venjan er sú að dagskrá er haldin nema einhver veruleg náttúruvá, slys eða hryllilegar hörmungar gangi yfir til að breyta þurfi dagskrá skyndilega með svo litlum fyrirvara. Hvað er það þá sem rekur á eftir því að breyta hér dagskrá? Jú, það er einn liðurinn í einkavæðingaræði Framsóknarflokksins. Það þarf að einkavæða vatnið. Það getur verið

hættulegt að láta það bíða fram yfir helgi að hæstv. iðnaðarráðherra fái það samþykkt hér að fá tækifæri til að einkavæða vatnsauðlindina. Auðlindina vatn.

Frú forseti. Það stendur ekki á þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs né öðrum hér að ræða þetta mál. En við viljum eðlilega halda okkur við fundardagskrá. Ég spyr forseta: Hvaða ofboðslega vá er fyrir dyrum? Ég get ekki séð annað séð en heilsa hæstv. iðnaðarráðherra sé með þeim hætti að þess vegna ætti að vera allt í lagi að fresta málinu fram yfir helgi til að ræða það frekar þá. Er heilsa hæstv. ráðherra í húfi?

Þetta er valdníðsla gagnvart þinginu þegar verið er að keyra mál sem er alls ekki svo brýnt að ljúka umræðu um, eins og hér er gert. Óttast ráðherra Framsóknarflokksins að vatnið verði allt runnið burt áður en hún fær tækifæri til að einkavæða það?

Nei, frú forseti. Ég mótmæli því að við séum að halda fundi á Alþingi um geðþóttamál hæstv. iðnaðarráðherra á degi sem allir aðrir hafa (Forseti hringir.) ráðstafað í eitthvað annað.

[10:18]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú ræða sem hv. þm. Jón Bjarnason flutti rétt áðan endurspeglar að miklu leyti þá umræðu sem farið hefur fram um vatnalagafrumvarp sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. Hæstv. þingmenn Vinstri grænna vilja þjóðnýta vatnsauðlindina. Vilja gera upptæk réttindi landeigenda hringinn í kringum landið og þjóðnýta auðlindina eins og í Sovétríkjunum sálugu.

Og Samfylkingin druslast á eftir vinstri grænum sem hafa það að stefnumarkmiði að þjóðnýta þessa auðlind. (Gripið fram í.) Samfylkingin veit hreinlega ekkert og skilur hvorki upp né niður í málflutningi sínum hér í þingsal. (Gripið fram í.)

Stjórnarliðar, með leyfi forseta, ná að hugsa og skilja, sagði hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ég held að Samfylkingin ætti að fara á fyrirlestur í Háskóla Íslands sem verður í hádeginu í dag, þar sem sérfræðingar á sviði eignarréttar hér á landi munu fara yfir vatnalagafrumvarpið. Við hv. þingmenn stjórnarliðsins höfum farið yfir hvað sérfræðingar á sviði eignarréttar á 20. öldinni hafa lagt fram í þessu máli. (Gripið fram í.) Hér er ekki um neina stefnubreytingu að ræða. Hér er um formbreytingu að ræða. Sérfræðingar á sviði eignarréttar á 20. öldinni hafa staðfest það. En þingmenn Samfylkingarinnar elta Vinstri græna í þeim efnum að það eigi að fara að þjóðnýta auðlindina. (Gripið fram í.)

Enda sé ég að hv. þingmenn Vinstri grænna í salnum brosa út að eyrum. En ég fullyrði að bændum landsins og öðrum landeigendum er ekki skemmt yfir þeim málflutningi sem hér hefur farið fram alla þessa viku.

Það er eins gott, hæstv. forseti, að þeir þjóðnýtingarsinnar, með vinstri græna í forustu, komist ekki að völdum eftir næstu alþingiskosningar. Ég óska ekki landeigendum og bændum þess. (**Gripið fram í:** Hvað eru mannréttindi, hv. þingmaður?)

[10:20]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er mjög áhugavert að heyra að Framsóknarflokkurinn er allt í einu farinn að tala um að virða beri eignarrétt bænda. Þeir hafa ekki gert það varðandi bændur á sjávarjörðum. Þar fór fram stórkostleg eignaupptaka þegar kvótalögin voru sett á sínum tíma. Það voru lög sem áttu bara að vara í eitt ár. En hvernig er staðan núna þegar fiskimiðin hafa verið einkavædd? Hver hefði trúað því fyrir 30 árum þegar þau lög voru sett að við mundum í dag árið 2006 búa við þau fiskveiðistjórnarlög sem við búum við í dag og þá stórkostlegu eignaupptöku og þá stórkostlegu mannréttindaskerðingu sem þar hefur átt sér stað? Hver hefði trúað því?

Nú stöndum við frammi fyrir því að fyrir þinginu liggur frumvarp til vatnalaga. Ég held að nafn frumvarpsins rugli fólk svolítið í ríminu. Það áttar sig ekki á hvað við erum að fjalla um. Við erum ekki að tala um stöðuvötn. Við erum að tala um grundvallarmál. Við erum að tala um vatnið. Við erum að tala um eignarrétt á vatni. Þetta er vökvi lífsins. Án þessa vökva væri ekkert líf. Við erum að tala um að einkavæða það.

Í 1. gr. laganna stendur: „Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, ...“

Þetta er grundvallarbreyting frá gömlu lögunum. Þar er talað um nýtingarrétt en hér er talað um eignarrétt á vatni. (**Gripið fram í:** Lestu ...) Fyrr skal ég dauður liggja en að standa að því að samþykkja í þessum sal lög um að vatn verði einkaeign hér á landi. Vatn er mannréttindi og svo skal það vera.

Ég óttast dóm sögunnar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Ég óttast dóm sögunnar að ef þessi lög verða afgreidd hér á þingi verður það okkur öllum til háðungar. Það er okkar heilaga skylda í stjórnarandstöðunni að standa í vegi fyrir því að þetta lagafrumvarp verði samþykkt. Með öllum okkar tiltæku ráðum munum við gera það. Það munum við gera. Við munum standa fast á því. Þið skuluð bara að fá að vita það í stjórnarliðinu, að við munum standa fast á því. Ég er reiðubúinn til að heyja þá orustu til síðasta blóðdropa um vatnsdropana í þessu landi.

[10:22]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er algengt að pólitískar samstöðuaðgerðir birtist á Austurvelli hinum megin við þessa glugga hér á bak við mig en fátíðara að menn efni til pólitískra samstöðuaðgerða í sjálfum þingsalnum. Þó kemur það fyrir og gaman að sjá þegar sjálfstæðismenn og framsóknarmenn fallast í faðma og sjálfstæðismenn hafa látið undan þeirri kröfu forsætisráðherra og iðnaðarráðherra hæstvirtra, að lýsa yfir stuðningi við þá í þessu máli, því þeir hafa hingað til staðið nokkuð einir uppi í því. Einkum er það ánægjulegt að sjá kappa eins og hv. þm. Einar Odd Kristjánsson koma hér og taka sér stöðu við hliðina á félögum sínum, Birki Jóni Jónssyni og öðrum jafningjum hans í þessu máli.

Þessi umræða hófst hins vegar með því að hv. 1. þingmaður Reykjavíkurkjördæmis norður spurði ráðherra tvo, annar var hér staddur, hinn er nú kominn í salinn, að því hvernig háttaði til með Evróputilskipun um vatn. Hvort bú-

ið væri að semja um hana innan EES sem fréttir hafa borist af og hvað liði þá því frumvarpi sem í greinargerð með vatnalagafrumvarpinu í fyrra var sagt liggja fyrir í drögum í umhverfisráðuneytinu. Í greinargerð með vatnalagafrumvarpinu núna er líka sagt að það liggi fyrir í drögum í umhverfisráðuneytinu.

Af hverju er þetta frumvarp ekki komið fram? Hvað stendur í vegi fyrir því? Er það hæstv. iðnaðarráðherra og menn hennar og þeir sem á bak við hana standa sem standa í vegi fyrir því að hæstv. umhverfisráðherra geti flutt það frumvarp sem hefur legið fyrir í drögum í umhverfisráðuneytinu í að minnsta kosti tvö ár?

Nú er kominn tími til að ráðherrarnir svari því og hagi sér ekki eins og hæstv. iðnaðarráðherra gerði áðan þegar hún stóð hér föl og fá í stólnum og fjargviðraðist um þjóðlendur sem hún hefur greinilega meiri áhyggjur af en vatninu, heldur eiga umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra að svara þessari spurningu.

[10:25]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Nú er liðinn sá tími sem ætlaður var til að ræða störf þingsins. Samkvæmt þingsköpum eru það 20 mínútur. En það eru fjölmargir hv. þingmenn sem eru á mælendaskrá og komast því miður ekki að í þessari umræðu.

Að gefnu tilefni vill forseti rifja það upp að frumvarp til vatnalaga var lagt fram á síðasta þingi og var lagt fram að nýju á þessu þingi þann 3. nóvember sl.

1. umr. um málið á þessu þingi tók samtals sex klukkustundir og fór fram dagana 7. og 14. nóvember. Iðnaðarnefnd hefur haft málið til meðferðar síðan þá og skilað áliti, meiri hlutinn þann 3. mars en minni hlutinn nokkru síðar. Forseta er ekki kunnugt um að ágreiningur hafi verið um málsmeðferðina og að það færi frá nefndinni sem fullrætt og fullreifað þótt efniságreiningur væri í málinu.

2. umr. hefur nú staðið í rúmar 18 klukkustundir og farið fram á þremur fundum í vikunni, mánudaginn 6. mars, þriðjudaginn 7. mars og miðvikudaginn 8. mars. Við 2. umr. hafa nú talað aðeins níu ræðumenn. Framsögumaður minni hlutans gerði grein fyrir áliti sínu á fimm klukkustundum og samflokksmaður hans talaði í tæpar fjórar klukkustundir svo ætla má að sjónarmið minni hlutans hafi komið skýrlega fram.

Aðrir ræðumenn hafa einnig flutt langt mál. Eigi að síður eru 15 þingmenn á mælendaskrá þegar þessi orð eru töluð. (Gripið fram í.) Forseti hefur lagt sig fram á mörgum fundum með formönnum þingflokka að undanförnu við að reyna að ná samkomulagi um hvenær 2. umr. um málið geti lokið.

Í þeim samtölum hefur forseti lagt áherslu á að koma í veg fyrir langa kvöldfundi, hvað þá fundi fram á nótt. Slíkt vinnulag væri engum til sóma og á að heyra fortíðinni til. (**MÁ:** Svo sannarlega.) Það er ekki sú ásýnd sem við viljum að Alþingi hafi. Það er heldur ekki vinnubrögð sem venjulegt fólk með heimili og börn getur búið við.

Forseti hefur m.a. boðið að málið yrði rætt og 2. umr. lokið á mánudag í næstu viku eða jafnvel á þriðjudag en samkomulag hefur því miður ekki tekist á þeim grundvelli.

Forseti hefur því ekki átt annan kost en að boða til þessa þingfundar í dag þótt ekki hafi hann verið ráðgerður fundardagur í starfsáætlun þingsins. En að því hlýtur að koma að þingið fái að taka afstöðu til málsins með atkvæðagreiðslu við lok 2. umr. Mál þetta er flutt af ríkisstjórninni. Fyrir því er traustur og öruggur meiri hluti í þinginu og það er vilji meiri hlutans (Gripið fram í.) að það mál verði afgreitt. (Gripið fram í.) Það er auðvitað skylda forseta að sjá til þess að svo geti orðið og jafnframt því að eðlilegar umræður eigi sér stað um málið. (**Gripið fram í:** ... dónaskapur.)

Í áliti minni hlutans er tillaga sem mun koma til afgreiðslu í atkvæðagreiðslunni við lok 2. umr. um að málinu verði vísað frá. Það er mikilvægt að þingið geti tekið afstöðu til þeirrar tillögu. Örlög málsins ráðast í þeirri atkvæðagreiðslu. Það er gangur lýðræðisins.

Um fundarstjórn.

Frumvarp um vatnatilskipun ESB.

[10:28]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Auðvitað er það svo að forseti ræður. Ég hlýði forseta jafnan. Ég hins vegar hef minn fulla rétt á því að vera ósammála því hvernig hún hagar fundarstjórn þingsins. Ég mundi nú ráðleggja hæstv. forseta að tala ekki mikið um fjölskyldur og fjölskylduvænt þing. Ekki hefur það nú miðað mjög fram á veg undir stjórn þessa forseta, eins og við höfum séð í þessari viku og samkvæmt þeim áætlunum sem hæstv. forseti er að leggja hér fram.

En, frú forseti, yfirleitt er það nú svo þegar menn koma hér upp og varpa fram fyrirspurnum til forseta eða hæstv. ráðherra að þeir fá að fylgja því eftir með því að tala aftur. Ég geri engar sérstakar athugasemdir við að hæstv. forseti leyfði mér sem málshefjanda ekki að taka aftur til máls. Hæstv. forseti verður að ráða það við sjálfa sig hvernig hún stýrir þinginu.

Ég kom hingað hins vegar til að varpa fram spurningu til tveggja ráðherra. Annar var mættur. Þessi spurning var svona: Er það rétt að samningar hafi náðst á millum EFTA-ríkjanna annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar um hvað á að vera innihald í því frumvarpi sem hér á að leggja fram samkvæmt EES-samningnum á grundvelli vatnatilskipunarinnar?

Hvers vegna varpa ég fram þeirri spurningu? Vegna þess að ríkisstjórnin hefur sagt að ekki sé hægt að leggja fram slíkt frumvarp samhliða því frumvarpi um nýtingu á eignarhaldi á vatni sem hér liggur fyrir af því að samkomulag sé ekki í höfn. Það var auðvitað ljóst öllum sem hlýddu á hæstv. iðnaðarráðherra hérna áðan, að hún vék sér undan því að svara þessu. Ég tel að þingið eigi heimtingu á að fá svar við þessu. Ég tel, og vísa í fyrri úrskurð hæstv. forseta Alþingis, að ráðherrum beri að svara fyrirspurnum þingmanna.

Þetta hefur áður komið upp. Ég hef áður spurt hæstv. forseta, Sólveigu Pétursdóttur, sérstaklega eftir því hvort þeim beri ekki að svara. Og úrskurður forsetans liggur alveg skýr fyrir þó að forseti þingsins hafi ekki séð ástæðu til þess núna að óska eftir því sérstaklega að hæstv. iðnaðar-

ráðherra svari þessu. (**Iðnrh.:** Þetta er ekki minn málaflokkur.)

Frú forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra kallar fram í að þetta sé ekki hennar málaflokkur. Ég hafði óskað eftir því að bæði hún og hæstv. umhverfisráðherra yrðu viðstaddar. Ég sá hæstv. umhverfisráðherra bregða fyrir, eins og svipi af nýjum degi hérna áðan, en nú er hún horfin. En það er mikilvægt að svör fáist í þessu.

Ef þetta er raunin er kominn grundvöllur til ákveðinna sátta um meðferð málsins. Það er ekkert sem knýr á um að þetta lagafrumvarp verði samþykkt með þessu hraði. Hvað er það eiginlega? Ég hef ekki séð þær nauðir sem reka á eftir því. Ef hægt væri að leggja hérna fram heildstæða löggjöf sem núna á að vera hægt samkvæmt þessum upplýsingum, þá er menn búnir að ná sátt a.m.k. um meðferð málsins.

[10:31]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Því er haldið fram að spurningar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar séu málefnalegt innlegg í umræðuna. Það getur vel verið að svo sé, ég ætla ekki að leggja dóm á það. En er þá ekki eðlilegast að umræðan hefjist og hv. þingmaður komi þá því málefnalega innleggi á framfæri í umræðunni um frumvarpið og fái þá svör um það þar?

Talsvert hefur verið rætt að undanförnu um virðingu þingsins og komið fram mælingar í skoðanakönnunum um það. Ekki ætla ég að gera slíkum mælingum of hátt undir höfði en því hefur verið haldið fram hér í þingsölum í dag að málþóf sé í gangi eða í undirbúningi. Ekki vil ég nú ásaka hv. þingmenn um það en í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur um virðingu þingsins tel ég að við þurfum síst á því að halda að svo líti út gagnvart umheiminum að hér sé málþóf í gangi og að þingmenn séu að undirbúa sig undir að standa í slíku. Slíku vil ég ekki trúa á hv. þingmenn að þeir vilji að þannig sé horft til málanna.

Ég held líka að það sé mjög ómaklega sneitt að hæstv. forseta sem hefur lagt sig fram um að ná fram niðurstöðu í þessu máli þannig að bæði vilji meiri hlutans gangi eftir og minni hlutinn fái að koma fram sínum sjónarmiðum í umræðunni, eins og vera ber í lýðræðislegu þjóðfélagi. Ég held því að það sé skynsamlegast að við förum að ráðum forseta, hefjum umræðuna á málefnalegan hátt, þar verði svarað því málefnalega innleggi sem fyrir hendi er og síðan reynum við að ljúka umræðunni í friði og ganga til þess að greiða atkvæði.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur greinilega eitthvað misskilið hvernig við leiðum mál til lykta hér á hv. Alþingi, það heyrist á ræðum hans í dag. Það er ekki þannig að menn eigi að liggja eftir dauðir, það gerist í einhverjum vopnaviðureignum. Hér á Alþingi leiðum við málin til lykta með atkvæðagreiðslu og þar þarf enginn að liggja dauður eftir.

[10:34]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ekki alls fyrir löngu áttum við hér í orðaskaki út af öðru frumvarpi frá hæstv. iðnaðarráðherra sem ég ætla að rifja hér aðeins upp. Með leyfi forseta ætla ég að grípa hér niður í ræðu hæstv. iðnaðarráðherra varðandi það mál.

Þar sagði hæstv. iðnaðarráðherra:

„Hæstv. forseti. Umræða um mál þetta hefur farið í óheppilegan farveg og ég á minn þátt í því. Við þinglega meðferð málsins hafa komið fram athugasemdir sem ég tel vert að skoða nánar og með þetta í huga óska ég þess að málið verði aftur tekið upp í hv. iðnaðarnefnd og vonast til þess að það geti orðið gott samstarf um málið."

Virðulegi forseti. Ég átti þess kost að sitja á fundi með forseta Alþingis þegar þetta mál var leitt til lykta. Það var gert inni hjá forseta. Það að vísu bætti ekki málið að hæstv. iðnaðarráðherra sat þar inni. En hvað gerðist í því máli? Málið var tekið aftur, farið með það í iðnaðarnefnd og rætt þar og þar kom niðurstaða sem leiddi til lykta þess máls.

Hvað gerðist svo í viðbót, virðulegi forseti? Iðnaðarráðherra skrifar þingflokkum bréf og biður um tilnefningu í nefnd í framhaldi af þessu. Tveir þingmenn í þingflokki Samfylkingarinnar, hv. þingmenn Jóhann Ársælsson og Mörður Árnason, sem héldu utan um það mál fyrir okkar hönd, bentu á villu sem var í því bréfi sem leiddi til þess að þingflokksformaður okkar, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, skrifaði iðnaðarráðuneyti bréf með spurningu um það, og hvað gerðist? Jú, það kom bréf frá iðnaðarráðuneytinu þar sem skilningur okkar var staðfestur og enn einu sinni var beðist velvirðingar á mistökum sem leiddi svo til þess að málið var leitt til lykta og skipað í nefndina.

Virðulegi forseti. Ég held að full ástæða sé til að kippa í spottann enn einu sinni í máli frá hæstv. iðnaðarráðherra og það skoðað hvort hér sé ekki í gangi enn einn flumbrugangurinn í viðbót. Miðað við þá lýsingu sem ég hef sett fram á þessu máli, sem var síðasta deiluefni hæstv. iðnaðarráðherra, held ég að full ástæða sé til að skoða það.

Ég vek líka athygli á því, virðulegi forseti, að þeim málefnalega flutningi sem hér kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og spurningum til hæstv. iðnaðarráðherra hefur engu verið svarað. Hér kom hins vegar hæstv. iðnaðarráðherra upp og var með tóman skæting í garð okkar þingmanna eins og hennar er von og vísa. Ef það er einhver hér inni, virðulegi forseti, sem ætti að skammast sín væri það hæstv. iðnaðarráðherra á þessari stundu.

[10:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að hv. þingmaður mun nota það gegn mér alla tíð að ég skuli hafa viðurkennt mistök. Ég tel mig meiri mann að því að hafa gert það. (**Gripið fram í:** Haltu því þá bara áfram.) Ég gerði mistök í sambandi við það frumvarp sem var hér fyrir jól og viðurkenndi það fyrir þinginu og það mál var leiðrétt.

Það sem við erum að fjalla um hér er hins vegar mál sem er þaulrætt og það var afgreitt með friði úr nefnd. Þegar það svo kemur inn í þingið hefst það sem ekki er hægt að nota neitt annað orð um en málþóf. Það á að reyna að villa um fyrir fólki út á hvað þetta mál gengur.

Ég held að hv. þingmenn ættu að taka tillit til þess að ef þeir gætu takmarkað mál sitt og komið í stuttu máli á framfæri því sem þeim finnst — sem er allt annað en hvað mér finnst — þá held ég að það væru meiri líkur á að þeir kæmu

í gegn þeim hugsunum sem bærast í höfði þeirra. Það að tala hér í fimm klukkutíma verður til þess að enginn tekur eftir því hvað hv. þingmenn eru að segja. Það eina sem er tekið eftir úti í þjóðfélaginu er að það er málþóf á Alþingi. (Gripið fram í.) Það sem er verst við þetta málþóf er að þetta byggist allt á misskilningi eða þá að fólk er að reyna, eins og ég sagði áðan, að koma á framfæri einhverju allt öðru en stendur í frumvarpinu. Þetta er ekki efnisbreyting. Það er verið að nútímavæða, skulum við segja, lög frá 1923 og að hinn mikli nútímaflokkur, sem Samfylkingin vill vera, skuli geta verið að beita sér gegn því að lög frá 1923 séu færð til nútímahorfs, það er ótrúlegt.

Hvað varðar vatnatilskipunina er það bara mál sem ég fer ekki með. Það er þannig í ríkisstjórn Íslands að einungis einn ráðherra fer með hvern málaflokk og ég fer ekki með þann málaflokk sem varðar vatnatilskipun Evrópusambandsins. Þess vegna get ég ekki svarað neinu um það. Ég held því fram, og ég veit að hæstv. umhverfisráðherra er mér sammála um það, að það mál sé ekki skylt því máli sem við fjöllum um núna að því marki að það þurfi að fara að bíða eftir þeirri tilskipun. Það er alltaf þannig, það kemur fram í ríkum mæli hjá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar, að það á að bíða eftir einhverju öðru, það er þessi — ég veit ekki hvort það er beint leti — en það er einhver undarlegur hugsunarháttur hjá hv. þingmönnum að það þurfi alltaf að bíða eftir einhverju. Núna má ekki funda á föstudegi. Ég meina, erum við ekki í vinnunni í dag? Þetta er ótrúlegt og auðvitað fundum við bara þangað til þetta mál er útrætt og síðan verða greidd atkvæði, eins og hæstv. forseti hefur sagt, og þá kemur í ljós hver stuðningurinn er við málið.

Mér leiðist mjög að þurfa að segja þetta en ég get ekki annað en sagt að hv. þingmenn eru ekki þinginu til sóma með þessari framkomu.

[10:40]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að menn ættu að spara stóru orðin og reyna að lægja svolítið sitt málfar, það er með ólíkindum hvernig fólk getur talað. Það er ómaklega vegið að forseta Alþingis vegna þess að hún hefur reynt að koma til móts við þingmenn hvað eftir annað, reynt að koma í veg fyrir að það væru kvöldfundir og svo eru menn að kvarta hér undan því að vinna á föstudegi. Ég hef nú aldrei heyrt annað eins.

Málið hefur komið tvisvar fram á Alþingi, tvisvar sinnum hefur það verið sett aftur í nefnd til að koma til móts við stjórnarandstöðuna. Hv. stjórnarandstaða verður að átta sig á því að meiri hlutinn hlýtur að fá að ráða. Það getur ekki gengið svo endalaust að það sé hægt að fara svona með málið. Þetta ætti hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir allra manna best að vita, sem hefur verið í meiri hluta, og ég er alveg sannfærð um að hún hefur ekki verið svo liðleg við minni hlutann í Reykjavíkurborg að láta öll þau mál ganga eftir sem hún hefði að sjálfsögðu átt að gera.

Svo finnst mér nú allra skondnast í þessari umræðu með Vinstri græna. Þeir eru á móti Evrópusambandinu en nú hrópa þeir á Evrópusambandið og vilja lúta þeirra lögum í einu og öllu í þessu máli. Það er af sem áður var. Núna hrópa þeir á Evrópusambandið og nú eru þeir gengnir í eina sæng með Samfylkingunni og vilja ganga í Evrópusambandið.

[10:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla að leiða hjá mér þennan pirring hv. þm. Drífu Hjartardóttur um Evrópusambandið og Vinstri græna, get svarað því á öðrum vettvangi. En mig langar til þess að svara hæstv. forseta vegna þess að við erum hér að ræða fundarstjórn forseta.

Hæstv. forseti segir að hún hafi ekki átt annan kost en að halda þessum fundum til streitu eins og raun ber vitni og láta okkur vinna óundirbúið á þessum föstudegi, sem er ekki, nota bene, vinnufundur á starfsáætlun þingsins. Þingmenn eru búnir að skipuleggja daginn með það fyrir augum að hér sé ekki þingfundur og búnir að bóka sig á fundi, ráðstefnur og málþing úti um allan bæ, m.a. málþing um vatnalög í Háskóla Íslands sem hefst kortér yfir tólf.

Hæstv. forseti segir að traustur og öruggur meiri hluti sé fyrir þessu máli og þau sjónarmið koma sömuleiðis fram í máli hv. þm. Drífu Hjartardóttur að hér eigi minni hlutinn bara að hafa sig hægan og vera ekki með þessa vitleysu, vera ekki að þessu málþófi eins og fólk kallar það. Ég spyr: Hefur hæstv. forseti kannað hvort það er traustur og öruggur meiri hluti fyrir málinu? Er það algjörlega ljóst að allt það sem við höfum fært fram í stjórnarandstöðunni í þessu máli hafi ekkert hreyft við fólki hér? Hefur hæstv. umhverfisráðherra ekki hugleitt þau mál sem við erum að bera hér fram?

Ég vil minna hæstv. umhverfisráðherra á það sem fært var hér fram í umræðuna fyrir ekki margt löngu um ummæli hæstv. iðnaðarráðherra í garð hæstv. umhverfisráðherra á fundi norður í landi. Hefur hæstv. umhverfisráðherra ekki séð ástæðu til þess að vera hér viðstaddur til þess að hlusta á þá málefnalegu umræðu sem hér hefur átt sér stað og vera hér til andsvara, koma hér í ræðustól að loknum ræðum þingmanna til þess að svara þeim spurningum sem hæstv. ráðherrar eru hér í orði kveðnu að láta eins og þeir vilji gera? Hvaða ráðherrar hafa verið viðstaddir þá umræðu sem hefur farið fram þann hluta 2. umr. sem er búinn? Engir, frú forseti. Ráðherrarnir hafa ekki verið til viðtals við minni hlutann í þessu máli í 2. umr. og það er sannleikur málsins og það er ámælisvert. Það er ástæða til þess að segja við þessa hæstv. ráðherra: Lýðræðið byggist á því að minni hlutinn geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri. En það er ekki nóg að við getum talað hér út í loftið tómt, við þurfum að fá díalóg við stjórnarþingmenn og ráðherrana um þau sjónarmið sem við færum fram, sem hafa verið fullkomlega málefnaleg. Það hefur ekki verið erfitt fyrir þessa hv. þingmenn að komast að því að hér hefur verið bil á milli allra ræðna, allir þingmenn hafa borið fram spurningar sem við þurfum að fá svör við.

Enn situr hæstv. umhverfisráðherra, þegir þunnu hljóði og svarar ekki þeim spurningum sem hafa verið lagðar fyrir hana beinlínis hér á þessum morgni undir liðnum um störf þingsins og undir liðnum um fundarstjórn forseta. Er nema von að við séum — við reynum að vera seinþreytt til vandræða, minni hlutinn — orðin nokkuð langeyg eftir svörum

við þessum meiri háttar spurningum, þessum stóru spurningum sem við höfum fært hér fram? Málið er afgreitt í friði úr út nefndinni, segja hv. stjórnarþingmenn og hæstv. forseti. Það er málum blandið. (Forseti hringir.) Það var ekki afgreitt með meiri friði en svo að vitað var að þessi umræða yrði löng og alvarleg.

[10:45]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að síðasti hv. þingmaður sem var í ræðustól ætlaði að leiða hjá sér pirring og svo verður hver og einn að meta hvernig það gekk.

Undir þessum lið, um fundarstjórn forseta, hafa menn komið hér upp eins og gert var líka í fyrri ræðum og ásakað forseta um valdníðslu gagnvart þinginu, eins og hv. þm. Jón Bjarnason sagði. Ég vek athygli á að þessi talsmaður Vinstri grænna sagði að dagskrá þingsins yrði ekki breytt nema hér væri um að ræða náttúruvá eða skelfilegir sjúkdómar herjuðu.

Virðulegi forseti. Ég held að þessi ræða hv. þingmanns segi allt sem segja þarf um hvernig staðan í þessu máli er. Hér eru menn blygðunarlaust að reyna að stoppa mál með málþófi og ég bið hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að hugsa þetta mál örlítið lengra.

Hér minntist hv. þm. Drífa Hjartardóttir á að sumir þingmenn hafi starfað á öðrum lýðræðislegum vettvangi og vísaði í borgarstjórn Reykjavíkur. Þar hef ég starfað líka. Þar starfaði ég með formanni Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, og slatta af vinstri grænum ef út í það er farið. Ég held að það hafi ekki hvarflað að neinum manni þar hvorki meiri né minni hluta að sjálfsagt væri og eðlilegt að minni hlutinn mundi stoppa mál — og nóg var af vitlausum málum þar eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir þekkir manna best — með málþófi. Er það virkilega svo, og það er grundvallarspurning, að mönnum þyki það eðlilegt og rétt að minni hlutinn geti stoppað mál með alls konar uppákomum og með því tala nógu lengi? Ég spyr, virðulegi forseti: Hvaða lýðræðishugmyndir eru það? Hvaða lýðræðishugmyndir eru það að eftir kosningar séum við með meiri hluta í þinginu en megum sitja uppi með það að hann geti talað út í það óendanlega og stoppað mál ef minni hlutanum sýnist svo?

Við erum ósammála í þessum sal og ég er ekkert að biðja hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar um að vera sammála okkur í einstaka málum. En ég bið þá áður en þeir halda áfram þessu skipulagða málþófi sem þeir svo sannarlega hafa gert að hugsa þetta aðeins lengra því þetta hefur eðli málsins samkvæmt fordæmi og ef menn eru þeirrar skoðunar að minni hlutinn eigi að geta stoppað mál þá þurfum við að fara að hugsa þetta lýðræðisfyrirkomulag okkar eitthvað upp á nýtt, því miður.

[10:49]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég heyri að hæstv. forseti hefur fengið nóg af ræðu síðasta hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar sem talaði alls ekki um fundarstjórn forseta. Það var alveg hárrétt hjá forseta að koma með þá áherslu.

Ég ætla að tala um fundarstjórn forseta. Ég ætla að benda og minna hæstv. forseta á að samkvæmt starfsáætlun þingsins fyrir árin 2005–2006 var ekki gert ráð fyrir þingfundi á þessum degi. Sömuleiðis var í dagskrá þingsins sem var sett á mánudag var ekki heldur gert ráð fyrir fundi á þessum föstudegi.

Þótt sumir þingmenn eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir haldi að það sé ekkert að gera nema þegar hún er stödd í þinginu, og þá held ég að hún geri nú ekki mikið, a.m.k. ekki á köflum, þá eru störf þingmanna margvíslegri en bara sitja hér og taka þátt í umræðum sem ég geri að sjálfsögðu. Ég sá einmitt góða mynd í Morgunblaðinu í gær sem sýndi hver sat við og fylgdist með þingfundum, frú forseti.

Ég hef líka öðrum skyldum að gegna og er þingmaður utan af landi og ég skipulegg líka ferðir mínar, fundi og þátttöku í samfélagslífinu þar. Fólk heldur að þetta snúist allt um Reykjavík en það er ekki svo. Ég var búinn að skipuleggja þennan dag í annað, í þágu starfs míns sem þingmaður — og hv. þm. Magnús Stefánsson kannski líka sem labbaði hér fyrir. Það fara að verða afar ríkar ástæður til að forseti breyti dagskrá þingsins því að (**Gripið fram í:** Náttúruvá.) náttúruvá, grípur hv. þingmaður fram í. Já, ég held að hæstv. iðnaðarráðherra sé mesta náttúruvá landsins því hingað kemur inn hvert frumvarpið á fætur öðru um einkavæðingu á öllum náttúruauðlindum, um rétt ráðherra til að ráðast í að virkja jökulvötn vítt og breitt um landið og hér er frumvarp um einkavæðingu á vatni sem iðnaðarráðherra rekur á eftir og auðlindin er vatn. Auðvitað er þetta náttúruvá.

En aftur að fundarstjórn forseta. Ég tel, þó að iðnaðarráðherra sé þessi náttúruvá, samt ekki tilefni til að forseti láti undan og keyri áfram umræður á föstudegi, degi sem alls ekki hafði verið ætlaður undir þetta mál og ekkert sem ætti að hindra að það gæti ekki verið rætt mjög ítarlega eftir helgi eins og dagskrá þingsins segir til um.

[10:52]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni biðja hv. þingmann og hv. þingmenn almennt um að gæta orða sinna ... (Gripið fram í.) ef hv. þingmaður vill hlusta á orð forseta, að gæta orða sinna og þá á ég við ummæli hans um hæstv. iðnaðarráðherra.

Að öðru leyti vil ég benda hv. þingmanni á ákvæði þingskapa, m.a. 63. gr., um að forseti getur ákveðið dagskrá hvers fundar o.s.frv. Eins eru líka ákvæði um að hv. þingmönnum beri skylda til að sækja þingfundi. Að sjálfsögðu er ákveðin starfsáætlun í gildi og forseti reynir að halda góðu samkomulagi um hvernig hátta eigi þingfundum en ef nauðsyn krefur verða boðaðir þingfundir þótt þeir séu ekki á starfsáætlun. Slíkur er gangur lýðræðisins.

[10:53]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla að ræða um fundarstjórn forseta vegna þess að ég tel að nákvæmlega ekki neitt sé bogið við hana ólíkt því sem hv. þm. Jóni Bjarnasyni finnst, sem kvartar mjög yfir því að þurfa að vera hér við vinnu sína á föstudegi. Hann verður að eiga það við sig. Ég tel ekkert óeðlilegt við það að við ræðum þetta mál og að við höldum

áfram að ræða málið í dag og í kvöld og á laugardaginn og þess vegna á sunnudaginn ef þess þarf með.

Frumvarp það sem lagt hefur verið fram til vatnalaga er fullburða og er hægt að ræða eitt og sér. Vatnatilskipun Evrópusambandsins breytir engu þar um, frú forseti.

Ég vil líka segja að mér hefur þótt dálítið kyndugt að sjá fulltrúa stjórnarandstöðunnar koma hingað upp í ræðustól Alþingis og láta eins og þeir séu hvítþvegnir englar og tala fyrir því að það sé einhver sáttatónn, hugsanlega sé hægt að ná einhverjum sáttum í málinu með því að fresta því. Auðvitað er það ekki svo.

Ég minnist þess að hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sagði í fjölmiðlum að það væri krafa stjórnarandstöðunnar að fá þessu máli vísað frá, koma því út úr þinghúsinu. Menn eru ekki að tala um að fresta málinu til að reyna að ná einhverjum sáttum. Það er engin sátt í spilunum, a.m.k. ekki hjá stjórnarandstöðunni. Ég held að hæstv. forseti hafi lýst því hvernig samskipti hennar við hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni hafa verið og þau voru ekki beinlínis til þess fallin að ná fram sátt.

Ég held að hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni ættu að fagna því að málið verði rætt. Nú ræðum við málið áfram, það hefur verið gert núna í um það bil 20 tíma. Stjórnarandstöðunni liggur mikið á hjarta og ég held að ein besta sönnun þess hafi verið ræða hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar sem gersamlega hrökk af hjörunum í ræðustól Alþingis áðan og nánast sprakk í loft upp. Ég held að hann ætti að fagna því að fá að ræða þetta mál frekar. Ég veit að þingmenn bæði stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar hlakka til að fylgjast áfram með umræðunum. Margir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa eytt löngu máli í að flytja ræður annarra, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson þegar hann flutti ræðu Bryndísar Hlöðversdóttur sem farin er af þingi. Það sama má segja um hv. þm. Ögmund Jónasson sem flutti ræðu Ragnars Arnalds þegar hann fékk tækifæri til að ræða málið. Þjóðin bíður öll eftir því að fá að heyra efnislegt innlegg þessara þingmanna í þessu vatnamáli. Ég hlakka mikið til að fá að heyra hvað þeir sjálfir hafa að segja um þetta mál. Ég mun gera það í dag og á morgun og vonandi næstu daga.

Frú forseti. Ég fagna því að við fáum tækifæri til að halda áfram að ræða þetta mál á hinu háa Alþingi. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu verður ...)

[10:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Síðasti ræðumaður flutti mál annarra manna þó nokkuð í ræðu sinni þannig að það eru ekki undantekningar á því í þeim ræðuhöldum sem fara hér fram.

Ég ætla fyrst að mótmæla því sem hæstv. iðnaðarráðherra sagði að friður hefði verið um að þetta mál væri afgreitt úr iðnaðarnefnd. Þvílíkt og annað eins. Við erum búin að halda því fram í umræðum um þessi mál alveg frá upphafi að ekki sé hægt að klára þau nema heildstætt og ekki liggur fyrir að hægt sé að taka á málunum sem fylgja.

Frumvarpið um jarðrænar auðlindir sem lá fyrir þinginu í fyrravetur kom ekki fram aftur núna og ekki verður hægt að klára það fyrr en nefnd iðnaðarráðherra, sem á að skipa núna, hefur lokið störfum.

Frumvarpið um vatnsvernd hefur ekki komið fram en hefur verið boðað. Fyrir liggur að nú er búið að ná samkomulagi um hvað eigi að vera í því. Það verður ekki tilbúið fyrr en á næsta hausti.

Það er starf í gangi við endurskoðun stjórnarskrárinnar sem er hluti af þessum auðlindamálum öllum sem hanga saman í þessari löggjöf sem verið er að fjalla um. Þetta þarf allt saman að sjást í samhengi til að menn geti tekið afstöðu til þessara mála sem hér eru á ferðinni.

Mér finnst að hæstv. forseti ætti að velta þessum málum efnislega fyrir sér og hvort einhver skynsemi sé í því að keyra mál í gegn sem ekki ein einasta röksemd hefur komið fram fyrir að liggi á að ljúka. Það er enginn vandi á ferðum neins staðar sem bent hefur verið á sem knýr á að ljúka þurfi þessu máli.

Hæstv. forseti ætti fyrst og fremst að beita sér fyrir því að menn klári þessa endurskoðun í heilu lagi. Við getum svo tekist á um það sem skiptir máli hvað varðar skilgreiningu á eignarréttinum. Það er ágreiningur í málinu um það. En mér finnst að hæstv. forseti eigi að beita sér fyrir því að menn vinni skipulega og af skynsemi að því að afgreiða mál í þinginu. Það er ekki hægt að halda því fram að það skuli gert með þessum hætti. Þetta mál þarf að vinna í heildina og ég legg áherslu á að hæstv. forseti láti ekki etja sér í foraðið með því að láta þingmenn standa hér yfir máli sem engin einasta röksemd hefur komið fram fyrir að liggi á að fari í gegnum þingið. Hvað er það sem rekur svo eftir? Ekki neitt. Það var spurt eftir því í allri umræðunni um þetta mál í nefndinni. Það er búið að hlusta grannt eftir því hvað menn segja hér í löngum ræðum, þeir sem hafa tekið til máls. Það hefur ekkert komið fram um það hvað liggi á. Lög sem hafa verið í gildi síðan 1923, allir sammála um að þau hafi verið mjög farsæl, allt verið í fína lagi með þessi lög, einhver bestu lög sem hafa verið sett. Svo koma menn núna og ætla að rusla þeim í gegn.

[10:59]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég kem í pontu til að ræða fundarstjórn forseta. Ég vil styðja forseta í því að hafa vikið frá starfsáætlun Alþingis og halda fund í dag. Ég held að Íslendingar séu vanir því þegar mikill afli berst að landi eða hey liggja undir skemmdum og kemur væta að það sé unnið almennilega og ég vorkenni þingmönnum ekkert að vinna á föstudegi og ef nauðsyn krefur, frú forseti, þá ættum við að ræða þetta líka á morgun, á laugardegi og á sunnudag því það er mikill afli sem berst að landi, það er mikið af löngum ræðum.

Hins vegar, frú forseti, ef um er að ræða málþóf þá finnst mér það ekki lengur vera sniðugt vegna þess að þá er minni hlutinn að beita meiri hlutann ofbeldi til að ná fram markmiðum sínum og það er brot á lýðræði, frú forseti. Og ég vil styðja forseta í því að koma í veg fyrir slíkt. Minni hlutinn verður að sætta sig við niðurstöðu kosninga. Hann verður að sætta sig við að meiri hlutinn taki ákvarðanir.

En það er annað, frú forseti, sem leiðir af þessum löngu ræðum. Umræðan verður ómálefnaleg. Þegar einhver stendur í ræðustól og ég veit ekki hvort hann ætlar að tala í 5

mínútur eða 5 tíma, þá er erfitt fyrir mig að fara í andsvar við hann og það er erfitt fyrir mig að svara honum og það liggur allt óljóst fyrir. Þess vegna vil ég leggja til, af því að við erum að ræða fundarstjórn forseta, að forseti komi því að hjá þingmönnum og biðji þá um að tilkynna þegar þeir stíga í ræðustól hversu lengi þeir ætla að tala þannig að málefnaleg umræða geti myndast.

Svo vil ég benda hv. þingmönnum á það, þeim sem ekki hafa verið kennarar, að athygli hlustenda dofnar yfirleitt eftir svona 10 mínútur til korter og það er eiginlega vonlaust að tala mikið lengur, þannig að öll umræða eftir það gefur ekkert. Auk þess vil ég benda mönnum á að það er miklu erfiðara að halda stutta ræðu og segja margt en halda langa ræðu og segja ekki neitt. En það er því miður niðurstaðan af því sem hér fer fram og er þáttur í því að virðing Alþingis er ekki eins mikil og skyldi.

Að síðustu vil ég ræða, frú forseti, um tímann. Tíminn er verðmætasta eign hvers manns. Bílar, hús, verðbréf, vinir, fjölskylda, heilsa, allt saman er verðlaust ef menn hafa ekki tíma og það fólk sem veit að maðurinn er ekki ódauðlegur veit að tíminn er verðmætur. Við eigum öll 24 klukkustundum styttri tíma eftir en á sama tíma í gær og sá tími rennur og minnkar á hverjum einasta degi, minn tími og ykkar tími og við eigum að fara vel með hann. Það er kannski rétt að benda á að samhengi er á milli tímans og vatnsins, eins og mörg skáld hafa bent á, hvort tveggja rennur í burt og kemur ekki aftur.

[11:03]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst ég knúin til þess að koma upp vegna ummæla hæstv. iðnaðarráðherra hér áðan, en hæstv. iðnaðarráðherra, virðulegi forseti, var hér í ræðustóli Alþingis að firra sig allri ábyrgð á lögleiðingu vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Mér þykir undarlegt og hæstv. ráðherra alls ekki til sóma, svo að notuð séu hennar eigin orð hér áðan, að gera svo vegna þess að í greinargerð með þessu frumvarpi til vatnalaga segir, með leyfi forseta, að það sé unnið „á vegum starfshóps umhverfisráðuneytisins sem starfar að lögleiðingu áðurnefndrar tilskipunar og í eiga sæti fulltrúar umhverfisráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar. Sú löggjöf mun falla undir umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun en tryggt verður náið samráð við iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun."

Ég er að velta fyrir mér, virðulegur forseti, hvort þetta þurfi að endurtaka og fá hæstv. iðnaðarráðherra hingað í salinn til að hlusta á þessi orð sem koma upp úr greinargerð með frumvarpinu til vatnalaga sem hæstv. iðnaðarráðherra leggur hér fram. Það að látið sé viðgangast að hún geti staðið hér í ræðustóli Alþingis og firrt sig ábyrgð á málinu með þessum hætti er algjörlega fyrir neðan allar hellur.

Virðulegi forseti. Vegna ummæla líka um að hér hafi málið verið þaulrætt í hv. iðnaðarnefnd vil ég segja að það er hárrétt. Ég sit í þeirri nefnd og tók þátt í þeirri vinnu. Miðað við það sem kom út úr nefndinni verð ég að segja að það er eitt orð sem mér dettur í hug varðandi þá vinnu og sérstaklega það fyrirkall á fjöldanum öllum af þeim umsagnaraðilum sem sendu okkur erindi. Orðið er sýndarmennska. Það var varla tekið tillit til nokkurra af þeim gagnrýnu umsögnum sem fram komu frá fjölmörgum aðilum, hagsmunasamtökum og félögum úti í samfélagi okkar og stofnunum, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og fleiri. Mun ég fara yfir það í ræðu minni hér á eftir. Það að segja að málið hafi komið þaulrætt út úr nefnd og sé rætt getur vel verið skilningur ráðherrans en það verður að taka fram að ástæða þessarar umræðu hér er sú að það var ekki tekið tillit til (Forseti hringir.) fjölda þeirra umsagna sem fram komu.

[11:06]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Ef hv. þingmaður var að beina orðum sínum til forseta vill forseti láta það koma fram að á fundum sínum með þingflokksformönnum hefur ekki komið fram neinn ágreiningur um það að þetta mál var afgreitt út úr iðnaðarnefnd og ekki heldur að það hafi ekki verið fullunnið þar.

[11:06]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að í gegnum tíðina hafi landsmenn ekki gert sér rellu út af því að menn hafi þurft að bjarga verðmætum, og einkanlega á vertíðum voru menn tilbúnir að leggja á sig hvaða vinnu sem var til þess að bjarga verðmætum ef til að mynda landburður var af fiski. Maður veltir fyrir sér í þessari umræðu hvers vegna hér sé verið að setja á vertíð í að bjarga þessu frumvarpi. Hver eru þau verðmæti sem liggja undir skemmdum? Hver er hættan? Hvað er það sem gerir það að verkum að það þarf að breyta áætlunum, jafnvel setja fundi um helgar til þess að keyra þetta mál áfram? Hvaða verðmæti liggja undir skemmdum?

Þetta verður enn undarlegra, virðulegi forseti, þegar haft er í huga að hæstv. iðnaðarráðherra lýsti því yfir hér áðan að þetta væri engin efnisbreyting, þetta væri ekki neitt neitt. Hvers vegna er þá verið að setja allt þingið til verka úr öllum takti við þær áætlanir sem settar hafa verið eða jafnvel um helgar, kvöldin og á næturnar, ég tala nú ekki um í ljósi þess að núverandi forusta þingsins hefur lýst því yfir að afar mikilvægt sé að breyta vinnubrögðum í þinginu og samræma þau venjulegu fjölskyldufólki?

Mér finnst einhvern veginn vanta svarið við þessari spurningu: Hver eru þau verðmæti sem verið er að takast á um og verið að reyna að bjarga? Hvað er það sem rekur okkur svona áfram? Við þessari spurningu verður að fást svar áður en við leggjum í þessa kvöld- og helgarvinnu. Ef svörin liggja fyrir er nauðsynlegt að þau komi fram.

Ég get heldur ekki orða bundist, virðulegi forseti, vegna orða sem hér hafa fallið um m.a. niðurstöðu alþingiskosninga 2003 og að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar verði að sætta sig við þá niðurstöðu. Væntanlega felst það í þessum orðum að þingmenn stjórnarandstöðunnar skuli taka öllu því sem frá ríkisstjórninni kemur og vera þá ekki að gera miklar athugasemdir við það. Hafi einhver athugasemdir skulu þær vera í lágmarki, a.m.k. skal þeim ekki haldið svo hátt að hætta sé á að störf þingsins teygist eitthvað á langinn vegna þeirra. Ef þetta eru lýðræðishugmyndir meiri hlutans stafar vá að hinu háa Alþingi, þá er

ógn sem að okkur steðjar. Þetta eru hugmyndir sem eru að minni hyggju hættulegar.

Það er afar mikilvægt að stjórnarandstaðan og minni hlutinn á hverjum tíma komi sjónarmiðum sínum á framfæri, og meiri hlutinn (Forseti hringir.) á ekki að skammta minni hlutanum tíma til þess að koma þeim á framfæri.

[11:09]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar er auðvitað rétt að vekja athygli á því að til þessa fundar í dag og væntanlega annarra funda sem ekki voru inni á starfsáætluninni er einmitt boðað til þess að gefa hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þannig að eitthvað er hann að snúa málinu á hvolf ef hann heldur að af hálfu forustu þingsins annars vegar eða stjórnarmeirihlutans hins vegar sé með einhverjum hætti verið að koma í veg fyrir að stjórnarandstaðan komi þeim á framfæri. Það er einmitt verið að bregðast við því að stjórnarandstæðingum er mikið mál að tala í þessu máli með því að efna til funda að kvöldi til á þessum föstudegi, á morgun og hugsanlega aukafunda í næstu viku. Það er verið að skapa svigrúm þannig að stjórnarandstaðan geti talað hér og komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Það sem menn eiga hins vegar við er það að það er ekki í anda lýðræðis að stjórnarandstaða geti með málþófi komið í veg fyrir að mál sem lögð eru fram af hálfu stjórnarmeirihlutans á Alþingi fái hér framgang. Það liggur fyrir í þessu máli að þetta frumvarp nýtur stuðnings ríkisstjórnarflokkanna og þar af leiðandi meiri hluta hér á þingi. Það liggur fyrir, það er vitað fyrir fram hvernig atkvæðagreiðslan muni fara ef að líkum lætur. (**MÁ:** ... ræða málin?) Stjórnarandstaðan hins vegar? Auðvitað, hv. þm. Mörður Árnason spyr hvort það eigi ekki að ræða málin. Auðvitað á að ræða málin, það er verið að ræða málin og auðvitað tökumst við á um mismunandi sjónarmið í þessum efnum. Til þess eru þessar umræður, til þess er verið að boða aukafundi þannig að menn hafi tíma til þessa. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður bendir á að ég hafi ekki talað. Það hefur verið erfitt að komast að á mælendaskrá í þessu máli í ljósi þess að hér hafa þingmenn komið upp og haldið fimm klukkutíma ræður, þriggja klukkutíma ræður, fjögurra klukkutíma ræður, (Gripið fram í.) þannig að það hefur verið harla erfitt fyrir aðra en helstu talsmenn stjórnarandstöðunnar í þessu máli að komast að. Hins vegar getur vel verið að ég komi á mælendaskrá í næstu viku þegar þetta mál verður enn til umræðu.

Aðalatriðið er þetta: Menn fá að sjálfsögðu tækifæri til að skiptast málefnalega á sjónarmiðum í þessum efnum. Það liggur fyrir, til þess er verið að boða til aukafunda. Það er hins vegar ekki ásættanlegt fyrir þingmenn stjórnarmeirihlutans að una því að með málþófi sé hægt að koma í veg fyrir að mál sem þeir ætla sér að klára verði klárað. Það er einfaldlega ekki lýðræðislegt. Það er ekki lýðræðislegt þegar umræðurnar eru komnar út fyrir eðlileg mörk, þegar markmið umræðnanna er ekki lengur að koma málefnalegum sjónarmiðum á framfæri, heldur bara tefja fyrir, að það ráði lyktum í svona máli.

[11:13]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram hefur komið hjá hæstv. forseta að forseti hefur gert þingflokksformönnum tilboð varðandi það hvernig staðið er að þessari umræðu. Hæstv. forseti leitaði eftir því við þingflokksformenn að þessari umræðu gæti hugsanlega lokið á mánudegi eða þriðjudegi, þ.e. 2. umr. um málið. 3. umr. er öll eftir.

Það eru 15 manns á mælendaskrá. Af þeirri forsendu einni saman varð ekki séð að hægt væri, miðað við að farið væri að starfsáætlun Alþingis, ekki þingfundir í dag eða á morgun, að segja það fyrir fram að hér lyki umræðu á þriðjudegi. Þingflokksformenn taka að sjálfsögðu tillit til þess hversu margir hv. þingmenn úr þingflokkunum eiga hér eftir að tala, flytja mál sitt, en eru ekki að skerða þá lýðræðisreglu sem felst í þingsköpunum, að hér sé ótakmarkaður ræðutími. Sem betur fer kveða þingsköp skýrt á um þær vinnureglur sem við eigum að fara eftir.

Hæstv. ráðherrar hafa heldur ekki verið viðstaddir umræðuna. Hér hafa komið fram spurningar sem bíða svara frá hæstv. ráðherrum. Við höfum farið fram á það að hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. umhverfisráðherra séu á staðnum. Nú í morgun hafa komið fram spurningar sem enn er ósvarað. Ég hlýt, hæstv. forseti, að beina því til forseta að hún beiti sér fyrir því að hér mæti hæstv. umhverfisráðherra í salinn og svari spurningum hv. þingmanna. Það fellur undir fundarstjórn hæstv. forseta, þ.e. að sjá til þess að hv. þingmenn fái svör.

Mér er kunnugt um að hæstv. iðnaðarráðherra getur ekki verið hér í dag, hefur boðað lögmæt forföll og mun ekki ? (**Gripið fram í:** ... einn í einu.) Hæstv. iðnaðarráðherra getur ekki af eðlilegum orsökum verið hér í dag og hefur farið fram á að það sé virt. Ég tel það eðlilegt. En við höfum farið fram á að hún verði við umræðuna og þess vegna er ríkari ástæða til þess að umræðunni verði frestað fram á mánudag þar til hæstv. ráðherra getur verið með okkur.

Það kom líka fram hjá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, sem er formaður iðnaðarnefndar, að hann hvatti þingmenn til að fara á málþing sem er uppi í háskóla núna í hádeginu um vatnalögin þar sem löglært fólk á m.a. að fjalla um þetta frumvarp og þau lög sem í gildi eru. Ég tek eindregið undir þá ósk hv. þingmanns að þingmenn fari á þetta málþing, það er innlegg í málið. Ég fer því fram á það við hæstv. forseta og hef til þess örugglega stuðning formanns iðnaðarnefndar að þinghaldi verði frestað á meðan málþingið stendur yfir.

[11:16]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni benda hv. þingmönnum á að þingfundir á Alþingi ganga fyrir öðrum fundum úti í bæ.

[11:16]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Starfandi þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, vísaði í ræðu sinni áðan til starfa hinum megin við Vonarstrætið í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar gegndi ég sem kunnugt er forsetaembætti um nokkurra ára skeið þegar hann var borgar-

fulltrúi. Það er mér bæði ánægja og ekki nema sjálfsagt að staðfesta það hér að á þeim vettvangi talaði hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson bæði stutt og sjaldan. Ef einhver ber það upp á hv. þingmann að hann hafi neytt allra þeirra heimilda sem hann hafði þeim megin götunnar til að varna því að augljós mistök ráðamanna í Reykjavíkurborg næðu fram að ganga, þá mundi ég segja að sá maður færi með rangt mál.

Undir þann anda sem hér hefur verið í ræðum stjórnarliða *má um margt taka*. Það fer best á því að stjórnarandstæðingar séu bæði fáorðir og geðlitlir. (Gripið fram í.) Þannig mun auðvitað ganga best og skilvirkast að afgreiða stjórnarfrumvörp án þess að á þeim þurfi að verða neinar breytingar í meðförum þingsins.

Ég vil þvert á það sem ýmsir aðrir hafa haft hér til mála að leggja þakka hæstv. forseta sérstaklega fyrir að efna til þessa fundar í dag, vegna þess að þannig háttar um mína hagi að ég þarf að vera í leyfi frá störfum þingsins frá mánudegi til fimmtudags, þó maður eigi kannski ekki að segja frá því opinberlega, eins og menn hafa orðið varir við undanfarið. Þess vegna leit út fyrir að mér gæfist ekki færi á því að halda ræðu í málinu undir 2. umr. En ég fæ sem sagt tækifæri til þess að gera það í dag og þakka hæstv. forseta fyrir.

Ég geri hins vegar athugasemd við þann skilning að hér hafi ríkt friður í nefnd um afgreiðslu máls þar sem minni hlutinn leggur til að málinu sé vísað frá. Þannig finnst mér ekki að hæstv. forseti og hæstv. iðnaðarráðherra geti fjallað um störf þingnefnda. Ég geri athugasemd við þau ummæli hæstv. forseta í fullri vinsemd og með djúpri virðingu fyrir störfum hans, að þingmeirihluti sé fyrir málinu og þess vegna sé ástæða til að fjalla um hversu lengi menn ræða um það. Ég vona að við höfum þá afstöðu til Alþingis og umræðu okkar hér að þær fari fram til að gera megi breytingar og lagfæringar og jafnvel vísa málum frá ef illa er til þeirra vandað, eins og sannarlega hefur verið um sum mál iðnaðarráðherra hér í vetur og við þekkjum öll af fenginni reynslu, því miður, vinnubrögð í því ráðuneyti.

Ég vona að það sé afstaða hæstv. forseta Alþingis (Forseti hringir.) að hér séu umræður til gagns.

[11:19]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti fagnar því að gagnkvæm virðing ríki milli forseta þingsins og hv. alþingismanna og treystir því að þeim sé báðum jafnkunnugt um hvaða leikreglur gilda varðandi þingræðið hér á landi.

[11:20]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að það á að vera meira en sjálfsagt að hæstv. ráðherrar, bæði iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra séu viðstaddir þessar umræður. Mér var ekki kunnugt um að hæstv. iðnaðarráðherra hefði boðað lögmæt forföll þegar ég sá á bak henni hér úr þinghúsinu fyrir rúmum hálftíma eða svo.

En ég kveð mér hér hljóðs til að vekja athygli hv. þingmanna meiri hlutans á því að lýðræðið er ekki skömmtunarkerfi þar sem meiri hlutinn skammtar minni hlutanum gæði, svigrúm og völd. Ef hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins halda það, þá er verr komið fyrir lýðræðinu á Íslandi en mig hafði grunað. Það er með hreinum ólíkindum að menn skuli koma hér upp og tala um að minni hlutinn fái nú að tala. Minni hlutinn megi hafa rangt fyrir sér. Minni hlutinn si og svo, frú forseti.

Það vill þannig til að við störfum eftir lögum sem heita þingsköp. Á meðan þeim hefur ekki verið breytt þá gilda þau lög hér um umræður á Alþingi að við 2. umr. er ræðutíminn ótakmarkaður. Það má vel vera að hæstv. forseta finnist það við hæfi að lesa hér upp hversu lengi hefur verið talað í tilteknum umræðum. Það er kannski ágætt að halda því til haga. Ég held hins vegar að þeir sem hér hafa verið við 2. umr. þessa máls viti fullvel hverjir hafa talað og um hvað. Og hafi þá kannski einhvern skilning á efni málsins.

En það er einfaldlega þannig að þetta eru reglurnar sem við störfum eftir og þeim hefur ekki verið breytt. En sé vilji til að breyta þeim þá þarf auðvitað að tala um það hér og ná um það samkomulagi, væntanlega.

Lýðræði þýðir ekki að minni hlutinn hafi engin völd. Ef það þýðir það þá er meiri hlutinn alráður. Þá getur meiri hlutinn hér á hinu háa Alþingi farið að kenna sig við alræði sem ríkir annars staðar í heiminum, í öðrum ríkjum. Og er væntanlega fullsæmdur af því. Lýðræðið á að tryggja að allar skoðanir komi fram. Það á að tryggja að tekið sé tillit til mismunandi skoðana og þær fái það vægi í umræðunni sem þær eiga að fá. Síðan þegar kemur að afgreiðslu málsins, þegar búið er að fara að þingsköpum og þeim lögum og reglum sem hér gilda þá kemur í ljós hvar málið liggur og hvernig það liggur eftir (Forseti hringir.) umræðuna.

[11:23]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að ræða fundarstjórn forseta og til að gera þá tillögu að þingfundi verði frestað eftir að þessari umræðu um fundarstjórn forseta lýkur og að við tökum síðan aftur til við þingfundi á mánudag kl. 15, eins og áætlun gerir ráð fyrir.

Mig langar líka svolítið til að útskýra um hvað þetta mál snýst. Það liggur hér fyrir ágætt nefndarálit frá minni hluta iðnaðarnefndar þar sem lagt er til að málinu verði vísað frá. Það er með ólíkindum að hlusta á málflutning sumra stjórnarliða sem láta eins og það sem hafi vakað fyrir stjórnarandstöðunni hafi verið að steindrepa það að hér verði búið til nýtt frumvarp um vatnalög. Þetta er grundvallarmisskilningur. Þeir eru að reyna að læða þessum misskilningi inn í þjóðarsálina. Reyna að telja fólki sem er að fylgjast með störfum Alþingis trú um að hér eigi að fara að fremja eitthvað ofbeldisverk í þingsalnum. Þetta er alrangt. Við erum að leggja til að málinu verði vísað frá. Hvers vegna er það gert? Það er gert vegna þess að ef maður les þetta frumvarp og skoðar það vandlega og þær umsagnir sem hafa komið um það frá mörgum af okkar virtustu stofnunum þá sér maður að þetta frumvarp er meingallað. Menn eiga að taka þetta frumvarp, leggja það til hliðar, nota næstu mánuði til að fara vel yfir þær umsagnir sem hafa komið og til að lesa frumvarpið aftur. Og koma síðan með nýtt frumvarp næsta haust þar sem tillit yrði tekið til nokkurra af þeim mjög svo

góðu og málefnalegu ábendingum sem hafa komið um nauðsynlegar úrbætur á þessu frumvarpi.

Ég skil ekki hvað gerir það að verkum hvílík ósköp liggja á að koma frumvarpinu í gegn núna. Ég skil það ekki. Ég hef ekki heyrt eina einustu röksemd fyrir því hjá stjórnarliðum Hvað gerir það að verkum að það þarf að afgreiða þetta nú á vorþingi?

Virðulegi forseti. Ég vil líka fá að spyrja að því: Er hæstv. forsætisráðherra með fjarvistir í dag?

(**Forseti** (SP)**:** Forseta er ekki kunnugt um það. Hins vegar er forseta kunnugt um að staðið hefur yfir fundur í ríkisstjórn í morgun. Það má vera að honum sé lokið. Forseta er ekki kunnugt um það. Það hafa allmargir hæstv. ráðherrar komið hér í þingsalinn en forseti getur kannað hvernig stendur á með hæstv. forsætisráðherra. Bendir þó á að þetta frumvarp sem er sér á dagskrá í dag heyrir undir svið iðnaðarráðherra.)

Þá vil ég mælast til að hæstv. forsætisráðherra verði kallaður til þingfundar og hann komi hér og útskýri fyrir þingheimi hvað gerir það að verkum að svo mikið liggi á að þetta frumvarp um vatnalög, sem snýst um eignarhald á vatni, verði afgreitt hér á vorþingi. Við verðum að fá að heyra skýringar á því.

[11:27]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða um fundarstjórn forseta. Ég verð að segja að ég get ekki áttað mig á hvað er athugavert við fundarstjórn forseta.

Það er rétt að rifja það upp um þetta mál að það hefur legið lengi fyrir iðnaðarnefnd þingsins. Það var mikil umræða um það á síðasta þingi og aftur núna á þessu þingi.

Ég vil halda því til haga, virðulegi forseti, að séð var til þess að allir þeir sem beðið var um af nefndarinnar hálfu að kæmu til nefndarinnar, komu til nefndarinnar. Fjöldi manna kom, mikill her sérfræðinga og lögspekinga og fór yfir þetta. Við kölluðum á alla, eða flesta þá lögmenn sem mest hafa tekið þátt í umræðu um eignarrétt og fórum í gegnum þetta. Lögmannafélagið skilaði mjög mikilli greinargerð um málið.

Þegar við lukum þessari umræðu var enginn ágreiningur um að taka málið út, eins og segir hér. Í iðnaðarnefnd var enginn ágreiningur um að umræðu þar væri lokið.

Það er rétt að halda því til haga, virðulegi forseti, að þau sjónarmið sem komu fram í nefndinni frá þingflokknum Vinstri grænum voru mjög skýr. (Gripið fram í.) Eða Vinstra grænt framboð, ég biðst afsökunar, virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Þeirra sjónarmið komu mjög skýrt fram. Við sem höfum verið hér á þinginu nokkuð lengi þekkjum þau öllsömul, virðulegi forseti. Það er þessi 100 ára gamla tímaskekkja. Þeir eru sósíalistar og vilja þjóðnýta hlutina. Það var alveg skýrt. Það fór ekkert á milli mála.

Hins vegar verð ég líka að segja, virðulegi forseti, að mér var aldrei ljóst, og er það ekki ljóst enn þá, í hverju ágreiningur okkar, þ.e. þingmanna stjórnarinnar, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, var fólginn. Ég hef bara ekki náð því enn. Mér er það alveg hulin ráðgáta hvers vegna við erum að deila um þessa hluti, við þessa aðila. Ég skil það ekki og það verður að vera þannig. Ég skal, virðulegi forseti, leggja mig fram um að hlusta á hv. þm. Jóhann Ársælsson í nokkra klukkutíma í viðbót. En ég er alveg viss um að ég mun ekki nálgast skilninginn á sjónarmiðum hans með því.

Það er rétt að menn geri sér grein fyrir að þetta er komið hér til þingsins vegna þess að umræðu í nefndinni var lokið, ágreiningslaust. Það er rangt sem hefur komið fram, virðulegi forseti, að ég hafi látið liggja að því að mér finnist óeðlilegt að stjórnarandstaðan hafi hér uppi málflutning. Ég hef einmitt sagt að mér finnst það eðlilegt að þeir eyði í það jafnmiklum tíma og þeir telja rétt. Hvort sem menn verða í þessari umræðu fram að páskum eða lengur, þá er það bara eðlilegt. Þeir kjósa (Forseti hringir.) það og við tökum því.

[11:30]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það er merkilegt að í þessum umræðum er alltaf annað slagið tekið fram að hér skuli rætt um fundarstjórn forseta en síðan fara þingmenn stjórnarflokkanna út um víðan völl, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði hér í ræðu sinni. Reyndar stóð hún ekki nema rétt rúmar þrjár mínútur. En það var greinilegt af þeirri ræðu að hv. þingmaður hefur ekki verið viðstaddur umræðurnar fram að þessu. Við höfum einmitt farið um það mörgum orðum og gert ítarlega grein fyrir afstöðu okkar í þessu máli. Ég gerði það í fyrri ræðu minni en verð greinilega að gera það aftur og vona þá að hv. þingmaður, þótt hann verði ekki viðstaddur, leggi a.m.k. við hlustir. Það hlýtur að vera það minnsta sem maður fer fram á.

Frú forseti. Ég ætlaði alls ekki að ræða þetta. Ég ætlaði að ræða fundarstjórn forseta. Þannig er það að hæstv. forseti þingsins er forseti alls þingsins, ekki bara forseti stjórnarflokkanna, eins og hefur mátt greina hér í umræðum frá einstaka þingmönnum Sjálfstæðisflokks sérstaklega, einnig Framsóknarflokks. Víða í þjóðþingum, t.d. annars staðar á Norðurlöndunum, er það þannig að forseti þingsins getur alveg eins komið úr hópi stjórnarandstöðunnar. Hlutverk forseta í þinginu er að gæta hlutleysis, miðla málum og gæta þess að þingsköp séu í heiðri höfð. Hins vegar hafa einstaka þingmenn hér í dag hótað kvöldfundum endalaust, helgarfundum, og reynt að læða því að hjá þjóðinni að þetta þing geri ekkert annað og hafi ekkert betra að gera en að vera hér á föstudegi, það sé nú það minnsta, að mönnum sé ekki vorkunn að vinna vinnuna sína á föstudegi. Talandi um virðingu þingsins, frú forseti, veit t.d. hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson ekki að þingmenn hafa auðvitað mörgum öðrum störfum að gegna? Þessi föstudagur var ekki ætlaður í þingfundi. Menn eru búnir að bóka sig úti um allt á öðrum fundum.

Hæstv. forseti segir að þessir þingfundir hafi forgang og eigi að vera í fyrirrúmi. Þess vegna spyr ég mig: Hvar eru ráðherrarnir? Það er t.d. enginn ráðherra viðstaddur þessar umræður núna, (Forseti hringir.) herra forseti.

[11:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt sem hér hefur verið sagt, það frumvarp sem hér er til umræðu og á að fara að taka á dagskrá aftur lýtur að einkavæðingu á auðlindinni

vatni. (Gripið fram í.) Það er alveg hárrétt. Um það eru mjög skiptar skoðanir, þ.e. um einkavæðingu á auðlindinni vatni. Hæstv. forseti fann að því þegar ég sagði að gjörðir iðnaðarráðherra væru kannski ein mesta náttúruvá sem núna blasir við þjóðinni. Ég er þeirrar skoðunar að frumvörpin sem koma nú frá iðnaðarráðherra, og gjörðir hvað þau varða, séu það.

Ég vil minna á einkavæðinguna á vatninu. Ég vil minna á stóriðjustefnuna. Ég vil minna á stóru vatnsaflsvirkjanirnar úti um allt land sem eru gríðarleg náttúruvá. Því skal til haga haldið hér.

Varðandi fundarstjórn forseta hef ég ekki margt við hana að athuga almennt. Í dag var þó ekki gert ráð fyrir þingfundi. Við þingmenn höfum störfum að gegna sem þingmenn, vítt og breitt um landið, t.d. úti í kjördæmunum. Ég var búinn að ráðstafa mér þar í dag. Ég tel ekki maklegt, þó að einstakir þingmenn hafi vitnað til þess og sagt að menn ættu að sinna vinnuskyldunni og vera hér í þinginu, að bera mér á brýn vinnuleti. Ég veit ekki betur en — ég ætla ekki að fara að setja út á aðra þingmenn en ég tel mig sinna mjög vel þingskyldum, eins og ég mögulega get, í þinginu og mun ekki taka við ákúrum af þessu tagi.

Varðandi síðan þetta mál er það svo að það eru fleiri en við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem teljum að stöðva eigi þetta mál, að það sé náttúruvá. Þetta er vá fyrir framtíðina ef á að fara að einkavæða vatnsauðlindina. Meðal annars segir í forustugrein í Morgunblaðinu 1. nóvember, til upplýsingar fyrir sjálfstæðismenn, með leyfi forseta:

„En það hlýtur einnig að vera mikið álitamál hvort hægt sé að einkavæða auðlind á borð við vatn og má yfirfæra þá umræðu yfir á umræðuna um auðlindir hafsins og spyrja hvort ekki sé rétt að líta á vatn sem þjóðareign. Nú stendur yfir nefndastarf um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Rétt er að við þá endurskoðun verði áskorunin, sem kemur fram í yfirlýsingu félagasamtakanna fyrir helgi um vatn fyrir alla, tekin til alvarlegrar skoðunar."

Er ekki (Forseti hringir.) rétt að þetta mál sé tekið þar inn? Ég er þeirrar skoðunar líka, herra forseti.

[11:37]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég ætla að gera hér að umtalsefni starfsáætlun þingsins og annað sem hér hefur aðeins verið komið inn á.

Í 72. gr. þingskapa stendur, með leyfi forseta:

„Forseti skal hafa reglulega samráð við formenn þingflokka, eða fulltrúa þeirra, um skipulag þingstarfa og leggja fyrir þá til umfjöllunar starfsáætlun þingsins og áætlanir um þingstörf hverrar viku."

Þetta hefur verið gert. Starfsáætlun þingsins er sett fram í byrjun. Henni hefur að vísu töluvert mikið verið breytt. Nefndadagar hafa tvisvar verið færðir til að ósk forseta og stjórnarliðsins, og hvers vegna? Jú, virðulegi forseti, vegna þess að stjórnarfrumvörp hefur vantað inn í nefndir. Þess vegna hafa menn þurft að færa dagana til.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, er hér fjallað um áætlanir um þingstörf hverrar viku. Það var gert síðasta mánudag. Ég hlustaði á formann þingflokks sem sagði frá því hvernig vikuáætlun lægi fyrir og að hún hefði verið prentuð og væri öllum sýnileg á vef Alþingis. Henni hefur verið gjörbreytt. Ég hef margoft sagt það á fundum þar sem ég hef leyst formann minn af að ég virði að sjálfsögðu að forseti setur þessa dagskrá. Mér finnst óeðlilegt að því sé breytt eins og hér á miðvikudegi þar sem settur er nýr fundur og síðan kvöldfundur á fimmtudag og svo fundur á föstudag sem ekki stóð til.

Ég mundi aldrei mótmæla því ef forseti kæmi næsta mánudag með vikuplan þar sem hún boðar kvöldfundi, fundi á föstudegi o.s.frv. með fyrirvara. Forseti Alþingis verður að taka tillit til þess að við þingmenn ráðstöfum tíma okkar til funda líka, eins og við landsbyggðarmenn úti á landi. En það er ekki gert.

Virðulegi forseti. Mér finnst oft og tíðum að forseti Alþingis hafi verið með dálítil liðlegheit við stjórnarandstöðu og miðlað málum. Ég tók dæmi fyrr í morgun sem kom í veg fyrir slys við lagasetningu frumvarps frá iðnaðarráðherra. Núna er það þannig að það eru aðeins fjögur stjórnarfrumvörp sem bíða 1. umr. og aðeins fjögur mál sem bíða 2. umr. og fjögur mál sem bíða 3. umr. Það er allt og sumt.

Virðulegi forseti. Ég gagnrýni það og mér finnst það miður og ég verð að segja að því hefur verið mótmælt á fundi þingflokksformanna með forseta að setja þessa kvöldfundi á og þennan fund í dag og þá hótun sem er um fund á morgun. En ég tek það skýrt fram að ég virði þær tilkynningar um áætlanir sem koma á mánudegi hjá forseta þingsins fyrir alla vikuna. En það var ekki gert ráð fyrir þessum vitleysisgangi í þessari viku.

Þetta vildi ég láta koma hér fram vegna þess að mér finnst miður hvernig forseti gengur fram með þessu offorsi í þessari viku. Mér hefur fundist sem forseti vildi (Forseti hringir.) hafa gott samstarf um þessi mál.

[11:40]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er hart deilt á hæstv. forseta og fundarstjórn hans hér í ræðupúlti á hv. Alþingi og hefur reyndar verið gert áður í þessari viku. Hafa orð eins og ofbeldi hæstv. forseta heyrst í þeim efnum sem ég tek að sjálfsögðu ekki undir. Ég fagna því að hæstv. forseti vilji greiða fyrir þeirri umræðu sem hér hefur farið fram. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa haldið hér fimm tíma langar ræður sem dæmi og þriggja tíma langar ræður. (**ÖS:** Hér er um ofurafl að ræða.) Hér kemur frammíkall frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem er ekki skemmt hér yfir framgangi mála enda er Samfylkingin og stjórnarandstaðan í miklum vandræðum með málið. Það einkenndist kannski í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar hér áðan þar sem hann talaði í 100. skipti um einkavæðingu vatnsins. Um einkavæðingu vatnsins. (Gripið fram í.) Ég vil spyrja, hæstv. forseti: Hvar hefur hv. þm. Jón Bjarnason verið frá árinu 1923? Þá voru sett lög hér á Alþingi, svokölluð vatnalög, og dómafordæmi frá árinu 1923 hafa verið á þá leið að eignarréttur landeigenda hefur verið geirnegldur í bak og fyrir. Það er ósköp eðlilegt að við spyrjum hér: Hvar hefur hv. þm. Jón Bjarnason verið frá árinu 1923?

Hefur hv. þingmaður ekki kynnt sér þá dómaframkvæmd og þau álit sem allir helstu sérfræðingar á sviði

eignarréttar á 20. öldinni hafa haft á þessu máli? Hér er um formbreytingu að ræða, ekki efnisbreytingu. Öll stjórnarandstaðan er sameinuð gegn prófessorum við Háskóla Íslands sem hafa sérhæft sig hvað mest í einkaeignarrétti.

Hæstv. forseti. Ég vil hér út af umræðum um störf nefndarinnar taka fram að engin beiðni kom um að kalla fyrir fleiri gesti á fundi nefndarinnar. Málið var afgreitt í friði og sátt með þeim hætti. Hins vegar var það ljóst í nefndarstarfinu að menn væru ekki á eitt sáttir. Sumir vilja fara leið Vinstri grænna og taka þessi réttindi af landeigendum. Satt best að segja veit ég ekki, hæstv. forseti, hvar Samfylkingin er stödd á þeirri vegferð, hvort hún fylgi Vinstri grænum í þessu.

En ég legg til í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram — hér er greinilega búið að mynda kosningabandalag Vinstri grænna og Samfylkingar þar sem Vinstri grænir hafa forustu og Samfylkingin druslast á eftir — ég beini því til hv. þingmanna þessara flokka (Gripið fram í.) að forsætisráðherraefni þessa bandalags verði úr röðum Vinstri grænna (Gripið fram í.) og mér finnst Jón Bjarnason koma vel til greina í það hlutverk. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[11:43]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti beinir því til hv. þingmanna að halda sig nær umræðuefninu, fundarstjórn forseta.

[11:43]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Síðasti hv. ræðumaður vék eilítið frá umræðuefninu um fundarstjórn forseta og fór að tala um söguleg kosningabandalög sem væru jafnvel í uppsiglingu. Ein 3–5 eru nú í uppsiglingu eða fram komin hjá flokkum okkar, Samfylkingu og Framsókn, í sveitarstjórnarkosningum og ræddum við þau mál sérstaklega hér fyrr í vikunni, ég og hv. þingmaður, þar sem við fögnuðum því mjög að vera komnir í bandalag saman, félagarnir. Gladdi það sérstaklega hv. þingmann að frétta af þessu bandalagi, fyrst hann vék nú umræðunni að kosningabandalögum, væntanlegum, verðandi og núverandi.

En svona aðeins til að ræða um fundarstjórn forseta upphófst þessi umræða í morgun, fyrir um tveimur klukkutímum, á því að stjórnarandstaðan rétti út sáttarhönd. Stjórnarandstaðan bauðst til að draga hv. ríkisstjórnina að landi, rétti fram sáttarhönd sem fælist í því að fengjust menn til að fresta málinu, taka það út af dagskrá, ræða það ásamt og með væntanlegri vatnsverndarlöggjöf sem er væntanleg sem tilskipun frá Evrópusambandinu væri hægt að ná samningum um málið, sátt á milli stjórnar og stjórnarandstöðu og einhvers konar sátt gæti hugsanlega verið í augsýn ef málinu væri frestað og vatnsvernd og vatnsnýting rædd samhliða þegar það mál kemur fram frá hæstv. umhverfisráðherra.

Svo brá við, hæstv. forseti, og því vil ég beina til hæstv. forseta, að umhverfisráðherra svaraði þessu í engu, þessu sögulega sáttatilboði frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, um að ná lendingu í málinu, hugsanlega, með því að ræða hér samhliða um nýtingu og vernd vatnsins. Á þessa sáttarhönd hv. þingmanns og þetta sáttatilboð stjórnarandstöðunnar var í raun slegið með þögninni. Talsmenn stjórnarinnar streymdu hér upp hver á eftir öðrum í miklu móðursýkiskasti, hver öðrum verri, þar sem þeir ruddu úr sér fúkyrðunum um einstaka hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar eða málflutning þeirra. Mátti ekki á milli sjá hvar taugaveiklunin var meiri, í þingliði Framsóknar- eða Sjálfstæðisflokks, hjá hv. þingflokksformanni sjálfstæðismanna Guðlaugi Þór Þórðarsyni eða hæstv. iðnaðarráðherra sem fór hér á áður óþekktum kostum með neikvæðum formerkjum, allt út af því að stjórnarandstaðan rétti fram sáttarhönd í hörðum deilum, pólitískum, um það að stjórnvöld ætli að einkavæða eitt af frumefnunum, vatnið. Þetta er ein af stærri umræðum sem hafa komið inn í þingið lengi og ég held að hv. þingmenn stjórnarliðsins ættu að líta til fjölmiðlamálsins og þess hve langar umræður, eða málþóf eins og þeir kalla það, (Forseti hringir.) skiluðu þegar þeir björguðu þjóðinni frá þeim (Forseti hringir.) stórundarlegu hugmyndum (Forseti hringir.) þáverandi forsætisráðherra um að setja þessi fjölmiðlalög.

[11:47]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mig þyrstir, það er best að fá sér vatn. Á meðan það er enn þá í almannaeigu og ókeypis er rétt að njóta þess.

Virðulegi forseti. Ég kem hér öðru sinni til að ræða um fundarstjórn forseta vegna þess að ég kom ekki að í fyrra máli mínu andmælum okkar í þingflokki Frjálslynda flokksins við því að boðað yrði til þingfundar í dag, á föstudegi. Sá fundur var ekki á dagskrá. Við vorum allir þrír, þingmenn Frjálslynda flokksins, búnir að ráðstafa tíma okkar. Formaður flokksins hefur t.d. ekki getað verið viðstaddur hér í morgun af þeirri einföldu ástæðu að borgarstjórnarframboð Frjálslynda flokksins tilkynnti um framboð sitt á blaðamannafundi sem haldinn var hér í Reykjavík klukkan tíu í morgun og kynnti um leið efstu frambjóðendur á lista. Ég vil bara að þetta komi fram því að ég býst við að ýmsir spyrji sig þeirrar spurningar hvar formaður Frjálslynda flokksins sé nú. Hann er að sjálfsögðu væntanlegur hingað seinna í dag ef hæstv. forseti vill ekki verða við þeirri tillögu minni að þingfundi verði frestað þegar við höfum lokið umræðum um fundarstjórn forseta.

Ég lauk máli mínu áðan með því að mælast til þess að hæstv. forsætisráðherra yrði boðaður hingað til þingfundar ef þingfundur héldi áfram og ég stend enn fast við þá ósk mína. Ég tel mjög mikilvægt að hann komi hingað og útskýri það fyrir þingheimi hvers vegna svo mikið liggur á að þetta frumvarp verði að lögum. Þó að þetta frumvarp um eignarrétt á vatni heyri ekki undir hans ráðuneyti beinlínis þá er hann forsætisráðherra, hann fer fyrir ríkisstjórninni. Eins og ég sagði áðan tel ég að það væri miklu betra ef málinu yrði slegið á frest og það kæmi svo endurskoðað til þingsins næsta haust.

Ég vil svo minna á að önnur verkefni, sem við getum farið að snúa okkur að, eru ærin. Hér er til að mynda búið að dreifa einum fimm frumvörpum frá hæstv. landbúnaðarráðherra, frumvarpi um Veiðimálastofnun, vernd gegn fisksjúkdómum, um fiskrækt og eldi vatnafiska og síðan nýju

frumvarpi um lax- og silungsveiði sem er hvorki meira né minna en 200 blaðsíður með fylgiskjölum. Þetta eru verkefnin sem bíða okkar hér í þinginu og okkur væri nær að fara að vinna að þessum lagasetningum en hætta að reyna að bera fram hér handónýtt frumvarp um eignarrétt á vatni.

[11:50]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tek undir þau orð forseta og nokkurra þingmanna að menn eigi að spara sér stóryrði í umræðunni. Það á auðvitað ekki að tala um valdníðslu forseta nema rökstyðja það vel. Það á heldur ekki að tala um ofbeldi hjá þingmönnum sem gera það eitt að fara að þingskapalögum. Það er rétt hjá forseta, sem var reyndar annar en sá sem nú situr, að vísa til 63. gr. um að hann hefur fullan rétt til þess að ákveða dagskrá hvers fundar og breyta röðinni á málum, taka mál út af dagskrá o.s.frv. Hann getur boðað til fundar hvenær sem hann vill, þannig eru þingsköpin. Forseti minntist hins vegar ekki á að til er önnur grein í lögunum, sem er 55. gr., sem kveður á um ræðutíma við umræður um frumvörp, og öllum þingmönnum er rétt að tala tvisvar sinnum í 2. umr. um lagafrumvarp, það hygg ég að forseti geti staðfest hér á eftir, og sá ræðutími er ekki takmarkaður með neinum hætti. Þessar greinar kunna að vega nokkuð hvor á móti annarri og það er auðvitað æskilegast að forseti stjórni þinginu þannig að hvorugur beiti um of sínum rétti heldur fari þingstörfin fram með sæmilegum og ánægjulegum hætti.

Af því að forseti, sá sem úr stól er genginn, var með tölulegt yfirlit eins konar og nánast einkunnir um frammistöðu manna í þessari 2. umr. þá væri auðvitað rétt að forseti liti líka á það og gæfi okkur tölulegt yfirlit yfir það hvernig þingstörf hafa gengið hér í vetur. Ég hygg að forseti hafi yfir engu að kvarta um þau hvað stjórnarandstöðuna varðar. Það er frekar að forustumenn hennar hafi verið gagnrýndir fyrir að vera leiðitamir og eftirlátir forseta í því að hér hafa verið fjöldamargir fundir á dögum sem ekki eru venjulegir þingfundardagar. Hér hefur verið talað fram á kvöld þegar forseti hefur viljað. Starfsáætlun hefur verið breytt vegna þess að hann hefur með einhverjum hætti talið það vera hagsmuni sína og ríkisstjórnarinnar eins og hv. þm. Kristján Möller rakti hér áðan. Það hefur verið breytt til innan viku og forustumenn stjórnarandstöðunnar samþykkt það þannig að hann hefur yfir engu að kvarta í þessu efni og ég óska þess við forseta að hann staðfesti það með svipuðu tölulegu yfirliti og hann þuldi hér áðan um þátttöku í þessari umræðu.

Það hefur hins vegar gerst að komið hefur fram nýr flötur á málinu sem gæti orðið til sátta við meðferð þess. Það er það sem forseti á að hyggja að núna þannig að (Forseti hringir.) ég ljúki máli mínu eins og ég hóf það, með því að ræða um fundarstjórn forseta.

[11:53]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla, eins og fleiri í stjórnarandstöðunni, að leggja til að þessu máli verði frestað. Ég legg það m.a. til grundvallar að það er eðlilegt að ræða vatnsvernd í samhengi við þetta mál, eins og margir hafa bent á. Það er alveg stórundarlegt að það skuli ekki hafa verið gert.

Í öðru lagi vil ég nefna að svo virðist sem okkar ágæti formaður iðnaðarnefndar sé margsaga. Hann segir í öðru orðinu að einungis sé um að ræða formbreytingu en ekki efnisbreytingu. En þeir sem standa í vegi fyrir formbreytingunni eru síðan kallaðir ónefnum og jafnvel sakaðir um kommúnisma og eignaupptöku. Það fer ekki saman að segja annars vegar að um enga efnisbreytingu sé að ræða heldur einungis formbreytingu og hins vegar að kalla þá sem standa á móti þeirri formbreytingu, sem ekkert er, öllum ónefnum sem upp koma í huga hv. þingmanns þegar hann stendur hér í þessum ræðustól.

Hv. þingmaður virðist líka að einhverju leyti yfirfæra hlutverk Framsóknarflokksins í þessu máli á stjórnarandstöðuna, sem er af og frá. Ég er á því að við í stjórnarandstöðunni höfum flutt hér málefnalegar ástæður fyrir því að fresta þessu máli. Hann talar um að Vinstri grænir séu að drusla öðrum flokki áfram í þessu máli. Kannski má heimfæra það upp á ástand mála í ríkisstjórninni. Ef til vill er Framsóknarflokkurinn, með hæstv. iðnaðarráðherra í fararbroddi, að drösla og drusla Sjálfstæðisflokknum áfram í þessu máli, herra forseti, það skyldi þó aldrei vera? Síðan er hv. þingmaður með eitthvert háð þegar er verið að ræða fundarstjórn forseta og nefnir það að einn ágætur hv. þingmaður muni þá í því kosningabandalagi sem myndað yrði verða forsætisráðherra. Það átti að vera eitthvert háð.

Ég verð að segja það, ég fór að hugsa þetta þegar hann hafði þessi orð hér uppi, að ég er á því að hv. þm. Jón Bjarnason væri þó miklu betur kominn í því embætti en sá sem nú er í því. Hann hefur farið mjög illa með völd sín undanfarin tíu ár, herra forseti. Hann hefur verið að sölsa undir sig og sínar flokksklíkur ríkiseigur og mér finnst það mjög ámælisvert hvernig hann hefur starfað. Mér finnst það í rauninni ekkert aðhlátursefni að vera að hæðast hér að mönnum. Ef stjórnarandstaðan kæmi hér og tæki yfir vérum við ekki með svona mál uppi, alls ekki. Og vera að tala um eignaupptöku þegar þessir sömu flokkar hafa ráðist að bændum þessa lands, sem þeir segjast í frumvarpinu vera að verja, og meinað þeim að nýta sín eignarlönd í fjöruborðinu, þetta fer ekki saman. Ég er á því að hæstv. forseti (Forseti hringir.) eigi að sjá að sér og draga þetta mál af dagskrá.

[11:56]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti kemst ekki hjá því að gera athugasemdir við þau ummæli hv. þingmanns að forsætisráðherra sé að sölsa undir sig eignir ríkisins eða þjóðarinnar og biður hv. þingmann um að gæta orða sinna í þessu sambandi.

[11:57]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Ég vil ítreka óskir mínar til hæstv. forseta um að fundi verði frestað og þetta mál verði tekið út af dagskrá. Við sjáum öll í hvers konar óefni þetta er komið og þetta er greinilega farið að hafa veruleg áhrif á störf þingsins. Við í stjórnarandstöðunni erum sökuð um að teygja hér hluti og breyta málum og stofna til kvöld- og helgarfunda en það er auðvitað alls ekki þannig. Við erum bara að nýta

okkar rétt til málfrelsis og það er hæstv. forseti sem ræður dagskránni. Það er hæstv. forseti þingsins sem ákveður að haldnir séu margir kvöldfundir í viku og jafnvel talað um að það eigi að funda alla helgina.

Þetta kemur okkur sem eigum ung börn ekkert sérstaklega vel og það var nú einmitt talað um það í upphafi þessa löggjafarþings að taka ætti meira tillit til fjölskyldufólks og laga störf þingsins að því. Ég vildi gjarnan sjá fjögurra mánaða dóttur mína miklu oftar en ég hef getað síðustu vikur. En hæstv. forseti setur á kvöldfundi aftur og aftur og nú er því jafnvel hótað að við eigum að vera hér alla helgina.

Ég fer fram á það í allri auðmýkt að hæstv. forseti endurskoði þessa stefnu sína og taki tillit til þarfa þingmanna og verji þar með álit þingsins. Ég fer fram á að þetta mál verði tekið út af dagskrá og þessir hlutir skoðaðir í ró og næði. Eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson mælist ég til þess að ekki verði slegið á útrétta sáttarhönd stjórnarandstöðunnar í þessu máli, sem ríkisstjórnin og meiri hlutinn hér á Alþingi virðist ætla að gera.

[11:59]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. n., Össur Skarphéðinsson, hóf umræðuna hér fyrir nákvæmlega tveimur klukkustundum, klukkan er núna á slaginu tólf, með því að rétta fram sáttarhönd að stjórnarliðinu. Hann bauð upp á hugsanlegar sættir í málinu, í það minnsta að málinu yrði frestað þar til hægt yrði að ræða vatnsvernd og vatnsnýtingu samhliða — það mál er tilbúið hjá hæstv. umhverfisráðherra og á að geta komið fram. Því miður var þessu í engu svarað og því hefur umræðan haldið áfram með þeim hætti sem hér hefur verið. Sérstaklega hefur verið, virðulegi forseti, og ég vildi taka það upp við þig, rætt með mjög neikvæðum og undarlegum hætti um rétt stjórnarandstöðunnar til að ræða í ótakmarkaðan tíma stórmál sem hún telur að ræða þurfi, svokallað málþóf. Eins og hæstv. forseti veit, þar sem hann fékk sína eldskírn sem forseti þingsins á sínum tíma í fjölmiðlalögunum svokölluðu, skilaði það málþóf, sá lýðræðislegi réttur Alþingis að ræða málin þar til þingmenn sjálfir telja þau útrædd, okkur því einfaldlega að hin hörmulegu og meingölluðu og sértæku fjölmiðlalög, sem átti að setja hér á Íslandi til að knésetja eitt sérstakt fjölmiðlaveldi eða fyrirtækjasamsteypu, voru aldrei sett. Það lagafrumvarp var vont af því að það var sértækt. Á sínum tíma skiluðu þær löngu umræður okkur því þannig að það skal tala af virðingu og hófsemi um þann rétt sem við höfum til að ræða málin eins ítarlega og lengi og okkur finnst við þurfa.

Hitt sem ég vildi taka upp sérstaklega við hæstv. forseta, og náði ekki að gera hér áðan í umræðunum um fundarstjórn forseta, voru upphrópanir hv. starfandi þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins um að stjórnarandstaðan beitti kúgun, ofbeldi og einhvers konar andlýðræðislegri framgöngu, hann notaði sérstaklega orðin kúgun og ofbeldi. Ég vil spyrja virðulegan forseta hvort hann sjái ekki ástæðu til að gera athugasemd við þessi ummæli hv. þingmanns. Mér þóttu þau ósmekkleg, ósæmileg og sóðaleg í öllu tilliti. Því vildi ég beina því til hæstv. forseta hvort hann sjái ekki ástæðu til að finna að því við hv. þingmann eða hreinlega víta hann fyrir ummælin, svo ósmekkleg voru þau.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti var nú ekki í forsetastól þegar þessi ummæli féllu en hefði ekki vítt hv. þingmann fyrir það frekar en aðra þingmenn sem hafa notað svo litskrúðugt orðalag um deilur manna hér í þinginu. Ummæli af þessu tagi má finna í röðum allra þingflokka. Forseti hefur ekki gert athugasemdir við það og hvað þá vítt.)

Ég harma þau viðbrögð virðulegs forseta að hann ætli ekki að víta hv. starfandi formann þingflokks sjálfstæðismanna, Guðlaug Þór Þórðarson, sem gekk hér fram með fráleitum hætti, með miklum stóryrðum og upphrópunum. Hann notaði orð eins og kúgun og ofbeldi, sem eru jafnfáránleg og orð hv. formanns iðnaðarnefndar þegar hann brigslaði mönnum um kommúnisma, það er rétt eins og ég mundi brigsla honum um fasisma. (Forseti hringir.) Mér finnst að hæstv. forseti eigi að finna að við þessa hv. þingmenn báða, Birki Jón Jónsson og Guðlaug Þór Þórðarson, (Forseti hringir.) sem hér hafa gengið fram með skætingi og stóryrðum, brigslað mönnum um kúgun (Forseti hringir.) ofbeldi og kommúnisma og það á hæstv. forseti ekki að líða.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti verður jafnan að meta það hverju sinni hvaða ummæli gerðar eru athugasemdir við og hvað þá vítt fyrir, sem er alvarlegasta athugasemd sem forseti getur gefið vegna ummæla þingmanna í ræðustól. Það er háð mati hverju sinni.)

[12:04]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil af þessu tilefni spyrja hvers vegna forseta dettur aldrei í hug að gera athugasemdir nema þegar stjórnarandstöðuþingmenn tala. Hv. síðasti ræðumaður hefur rakið ýmis dæmi þess að stjórnarþingmenn hafa kannski hagað sér þannig í þessum stól að ekki er með öllu móti sæmandi. Ég ætla hins vegar að ræða fundarstjórn forseta. Ég kom því ekki öllu að áðan sem ég ætlaði að segja.

Það er auðvitað svo, eins og allir sjá, að hér í morgun hefur verið eins konar herkvaðning meðal stjórnarþingmanna. Það mættu m.a.s. nokkrir ráðherrar. Að vísu ekki þeir sem við vildum helst tala við, umhverfisráðherra og forsætisráðherra, en hæstv. iðnaðarráðherra mætti. Hún svaraði að vísu ekki þeim spurningum sem við átti vegna þess að herkvaðningin var á þann veg að hér átti að vera táknræn aðgerð til að sýna stjórnarandstöðunni, og væntanlega þjóðinni líka, í tvo heimana. Þetta frumvarp færi í gegn.

Það er leitt að forseti þingsins virðist hafa verið einhvers konar partur af þeirri herkvaðningu. Öðruvísi verður það ekki skilið að hann skuli ekki hafa sýnt því nein viðbrögð þegar hv. 1. þm. Reykv. n., Össur Skarphéðinsson, benti á leið til þess að greiða för hér í þinginu til að önnur mál kæmust að en það sem nú er margrætt. Hann spurði hvort þær fréttir væru réttar að samningum EFTA-ríkjanna við Evrópusambandið um vatnatilskipunina væri lokið þannig að ekkert væri því til fyrirstöðu að frumvarp það sem legið hefur fyrir í drögum, eins og ég benti á áðan, og sagt er frá í greinargerð með vatnalagafrumvarpinu núna og vatnalagafrumvarpinu síðast, sæist hér á þinginu. Ef sú væri raunin værum við tilbúin að bíða eftir því frumvarpi og ræða þetta

með skynsamlegum og eðlilegum hætti hvort tveggja saman.

Ríkisstjórnin verður auðvitað í sínum sérkennilega skilningi á lýðræðisathöfnum — að ég tali nú ekki um þingræðisathafnir, en það orð viðhafði forseti hér áðan um allt annað en það sem það á við um — að finna eitthvað út úr því að hún getur ekki bæði farið samráðsleið við stjórnarandstöðu og hagsmunahópa, eins og stendur til að gera í nefnd sem skipuð er samkvæmt lögum um jarðrænar auðlindir og í stjórnarskrárnefndinni, og um leið keyrt mál í gegnum þingið á forsendum meirihlutavalds. Þetta gengur ekki hvort tveggja í senn. Við bíðum enn, þingmenn, eftir viðbrögðum forseta við þeirri ábendingu Össurar Skarphéðinssonar hv. þingmanns, míns manns, að hægt sé að (Forseti hringir.) ræða þetta mál í sátt og samlyndi.

[12:07]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að gera athugasemd við fundarstjórn herra forseta. Gerðar voru athugasemdir við orð mín hér, að ég hefði að einhverju leyti talað óvarlega. Mér finnst það ekki fyllilega sanngjarnt að við í stjórnarandstöðu fáum ekki sambærilega meðferð og stjórnarliðar. Ég notaði hér það orðalag, og ég býst við að það hafi farið fyrir brjóstið á hæstv. forseta, að hæstv. forsætisráðherra hefði sölsað undir sig ríkiseigur. Það má vera að ég hafi gengið eilítið of langt. Ég er þó ekki sannfærður um það, sérstaklega ekki ef ég ber þau orð saman við það sem stjórnarliðar hafa brigslað okkur í stjórnarandstöðunni um. Þeir hafa brigslað okkur um kúgun og ofbeldi. Það er deginum ljósara að okkar ágæti hæstv. forsætisráðherra hefur stuðlað að sölu ríkiseigna með þeim hætti að það er mjög umdeilanlegt. Ekki einungis við í stjórnarandstöðunni höfum farið í sérstaka athugun á því, það er meira að segja enn verið að skoða þau mál. Það hafa t.d. komið upp mál sem varða söluna á Búnaðarbankanum. Þrátt fyrir að ríkisendurskoðandi hafi farið einu sinni yfir það mál hafa komið upp tilefni til að hann fari enn og aftur yfir það, og hann er kominn með ný gögn í hendurnar. Ég get því ekki fyllilega fallist á þessa athugasemd þó að ég hafi tekið svona til orða — að sölsa undir sig er að komast yfir eins og það er skýrt í orðabókum. Hann komst yfir ríkiseignir og það eru bara staðreyndir sem ekki er hægt að komast hjá að ræða.

Við vitum um fleiri dæmi, sem eru mjög umdeilanleg, síðan okkar ágæti hæstv. forsætisráðherra var hæstv. utanríkisráðherra, þegar Íslenskir aðalverktakar voru seldir. Þá var hér til umræðu í þinginu síðastliðinn miðvikudag í fyrirspurnatíma — þá komu upp álitaefni sem voru kærð til Fjármálaeftirlitsins. Þegar sá sem hér stendur vildi fá að vita hverjar lyktir þess máls hefðu orðið fengust engin svör.

Ég er á því að þetta sé eitthvað sem við verðum að fara yfir hér í þinginu. Við eigum að tala tæpitungulaust. Það á að tala um hlutina eins og þeir eru, þarna er verið að selja eigur þjóðarinnar. Það er ef til vill rétt metið hjá hæstv. forseta að við eigum kannski ekki að vera stóryrt en það á að fara gaumgæfilega yfir þessi mál, herra forseti.

[12:10]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti tekur undir orð hv. þingmanns um að jafnan beri að fara varlega í umræðum um þessi efni og er sammála því að það eigi ekki að koma í veg fyrir að mál séu rædd.

[12:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hvar hafa dagar lífs þíns lit sínum glatað? Þessi orð skáldsins komu mér í hug þegar ég hlýddi á svar hæstv. forseta áðan. Hæstv. forseti er þeirrar skoðunar að þingmönnum sé frjálst að velja litskrúðugt orðaval. Ég er sammála hæstv. forseta. Ég er ekki haldinn neinni sérstakri refsigleði. Ég vil ekki að menn séu dregnir hér sérstaklega til ávítunar fyrir óvarlegt orðalag.

En ég velti því fyrir mér hvort það hafi flögrað að hæstv. forseta að það kunni stundum að vera gerður mannamunur í þeim efnum. Er t.d. einhver munur á því að segja um tiltekinn verknað ríkisstjórnarinnar, eins og Íraksstríðið, að hann sé siðlaus eða hinu að segja, eins og hv. þingmenn gerðu hér í dag, að framferði stjórnarandstöðunnar sé kúgun og ofbeldi? Í fyrra tilvikinu gall bjalla forseta við og að minnsta kosti var skotið viðvörunarskoti en í síðara tilvikinu var látið kyrrt liggja.

Er einhver munur á því að tala um að innrásin í Írak og atbeini íslenskra stjórnvalda hafi verið siðlaus eða hinu sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson sagði hér áðan, að tiltekinn hæstv. ráðherra hefði sölsað undir sig eignir ríkisins og var átölulaust látið. Án þess að ég vilji túlka það svo að í því hafi falist viðurkenning á verknaðinum af hálfu hæstv. forseta.

Herra forseti. Ég vil hins vegar gera athugasemdir við það hvernig þinginu er stjórnað á fundum hér. Í upphafi þessa þings ræddi forseti þingsins, hæstv. Sólveig Pétursdóttir, sérstaklega um að nú yrðu breytt vinnubrögð. Tekið yrði tillit til þess að sumir þingmenn – eins og ég og hv. þm. Hlynur Hallsson og þeir ágætu þingmenn sem standa hér í gættinni, hv. þingmenn Helgi Hjörvar og Björgvin Sigurðsson — ættu ung börn. Þurfum við ekki líka að fá frelsi til að sinna þeim? Höfum við ekki líka skyldur gagnvart þeim? Ég mundi ekki tala svona nema vegna þess að það voru gefin fyrirheit af hálfu hæstv. forseta.

En eftir þessa viku, þar sem hringlað hefur verið fram og til baka með starfsáætlun þingsins, verð ég að segja að ég man ekki eftir forseta sem hefur af jafnmikilli ónærgætni komið fram við fjölskyldufólk í þinginu eins og hæstv. forseti Sólveig Pétursdóttir. Þetta hlýt ég að segja eftir að það liggur fyrir að hér er mál sem engin nauður rekur til lykta en hæstv. forseti setur hér á kvöldfundi án þess að gert hafi verið ráð fyrir því í skipulagi. Setur á fund á föstudegi þegar þingmenn hafa ráðstafað tíma sínum með öðrum hætti — ég hafði t.d. boðað fjölda manns til fundar milli 2 og 3 af því að í starfsáætlun var gert ráð fyrir að ég gæti það.

Síðan liggur fyrir hótun um ofbeldi af hálfu hæstv. forseta Sólveigar Pétursdóttur, sem felst í því að halda fund á morgun þegar fjölskyldufólk hefur einfaldlega öðrum skyldum að gegna.

Ég geri athugasemd við þetta og ég vona að hæstv. for-

seti virði mér það til vorkunnar þó ég noti litskrúðugt orðalag.

[12:14]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti hefur áður sýnt umburðarlyndi gagnvart litskrúðugu orðalagi.

[12:14]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil bara koma hér upp og lýsa því yfir að ég hef engar athugasemdir við fundarstjórn forseta. Ég hef áður farið yfir það á þessum morgni. (**Gripið fram í:** Hvað ertu þá að gera upp?)

Ég sé mig hins vegar knúinn til — ef ég fæ frið, virðulegi forseti, fyrir frammíköllum — að koma hér upp og gera athugasemdir við ræðu hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar, sem enn og aftur gerir sér far um að rægja hæstv. forsætisráðherra persónulega. Hann kemur hér með aðdróttanir um ósæmilegt athæfi af hans hálfu. Það eru dylgjur sem styðjast ekki við rök. Ég hvet hv. þingmann til að láta af þessum hætti.

Ég vil einnig koma inn á það sem kom fram í máli hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur hér fyrr í morgun. Hún hélt því fram að hæstv. iðnaðarráðherra hefði firrt sig ábyrgð á því að ræða hér um og svara fyrir tiltekið mál, EES-mál. Ég vil benda á, og hæstv. ráðherra benti á það líka, að þetta mál fellur ekki undir hennar verksvið. Það er annar hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni sem hefur annað ráðuneyti og þetta mál fellur undir hennar verksvið. Þannig að þetta orðaval, að hæstv. iðnaðarráðherra hafi firrt sig ábyrgð á þessu máli, er bara ekki rétt. Ég hélt að hv. þingmaður og aðrir þekktu hvernig ráðherrar ríkisstjórnarinnar skipta með sér verkum svo þetta kemur mjög á óvart.

[12:15]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti ítrekar það sem áður hefur komið fram að hann mælist til þess að menn haldi sig við umræður um fundarstjórn forseta undir þessum lið.

[12:16]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Já, það er nú akkúrat það sem ég ætla að ræða við hæstv. forseta, hvernig hann ætlar að haga þessum fundi hér í dag. Eftir því sem ég best veit, og ég vona að hæstv. forseti viti það einnig, þá er árshátíð starfsmanna þingsins í kvöld. Ég held að það hafi verið venja hér að taka tillit til starfsmanna þingsins. Ég spyr því hversu lengi forseti hyggist halda þessum fundi fram í dag. Frá því að ég kom inn á þing, eftir því sem ég man til, held ég að aðeins einu sinni hafi verið fundað hér til klukkan tvö eða þrjú á degi þegar staðið hefur til að þingmenn eða starfsmenn þingsins haldi sína árshátíð. Það hefur ekki verið venja að halda hér fram kvöldfundum, hvað þá heldur að boða til fundar á laugardögum eftir slíkar samkomur.

Ég vildi vekja athygli á þessu, þetta snýr að fundarstjórninni og þeirri vinnu sem fyrirhuguð er í dag. Það er auðvitað búið að ræða hér oft og mikið um það hvernig starfsáætlun þingsins hafi verið í þessari viku og við vitum það. Ef ég hef tekið rétt eftir í morgun þá lýsti 1. forseti Alþingis því yfir að hér yrði unnið fram á kvöld. Ég verð að segja að ég er afar undrandi ef þannig á að standa að verki ofan á það sem á undan er gengið í þessari viku. Ég hygg að málum muni ekki þoka mikið fram í umræðum um efni málsins ef standa á að verki eins og verið hefur. Ég hygg að hæstv. forseti hljóti að hafa séð það hér í morgun að það gengur ákaflega hægt að þoka umræðunni fram á við ef það er gert í algjöru ósætti við stjórnarandstöðuna, eins og vinnulagið hefur reyndar verið.

Ég mælist því til þess að hæstv. forseti, sem nú situr á forsetastóli, geri hlé á þessum fundi og það verði rætt hvernig þinghaldið á að fara fram í dag og hversu lengi það eigi að standa. Ég get ekki séð að það verði neitt framhald á þessum fundi annað en það að við munum halda áfram að gera athugasemdir við vinnulagið hér í hv. Alþingi. Það getur ekki verið sú verkstjórn sem forseti vill leiða fram.

[12:19]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Af þessu tilefni vill forseti taka fram að áform eru uppi um að taka á dagskrá vatnalög að lokinni umræðu um fundarstjórn forseta. Ætlunin er að halda þeirri umræðu áfram fram eftir degi, en ekki eru áform um að eyðileggja árshátíð starfsmanna þó að fundur haldi hér áfram.

[12:19]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og mælast til þess að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að þessum fundi ljúki þegar í stað, í það minnsta verði gert á honum hlé og menn ræði málin. Þingfundurinn er haldinn þvert á vilja stjórnarandstöðunnar og reyndar gegn mjög eindregnum mótmælum hennar. Þau mótmæli komu fram í gær þegar ákveðið var að boða til fundarins. Stjórnarandstaðan vill að við höldum okkur við starfsáætlun þingsins. Það var ekki gert ráð fyrir þingfundi í dag, hvað þá á morgun. Þetta kom einnig fram í upphafi vikunnar þegar vinnuáætlun var lögð fyrir þingflokksformenn.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að samkvæmt þingskapalögum er það á valdi hæstv. forseta þingsins að ákveða um þinghaldið. Engu að síður vil ég ítreka, og aftur taka undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, að þingið verður ekki rekið í ósætti við stjórnarandstöðuna. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni sem setur þinghaldið í fullkomið uppnám með óbilgirni sinni.

[12:22]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúna til þess að koma hér upp eftir ummæli hv. þm. Magnúsar Stefánssonar áðan. Ég ítreka það sem ég sagði í athugasemd minni fyrr í dag: Ég furða mig á því að hæstv. iðnaðarráðherra skuli hér í ræðustóli Alþingis firra sig ábyrgð á vatnatilskipun Evrópusambandsins. Þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók það mál upp hér í morgun um störf þingsins, að það þyrfti að ræða vatnatilskipunina og lögleiðingu hennar í íslenska löggjöf

samhliða þessu máli hér, var hæstv. umhverfisráðherra ekki í húsi. Hæstv. iðnaðarráðherra kemur mjög svo að þessu máli og ætla ég að fara yfir það aftur. Það er greinilega þörf á því vegna þess að hv. þm. Magnús Stefánsson virðist ekki hafa náð því hver aðkoma iðnaðarráðherra er að lögleiðingu vatnatilskipunar Evrópusambandsins í íslensk lög. Hann virðist ekki hafa náð því að hæstv. iðnaðarráðherra og iðnaðarráðuneytið koma mikið að því máli.

Ég ætla því að fara yfir það aftur að í þessum texta, í greinargerð með frumvarpi til vatnalega, er sagt skýrt að beðið sé eftir samningi, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson greindi frá að væri nú kominn, milli ríkjanna Noregs, Íslands og Liechtensteins. Kveðið er á um þennan samning hér, þ.e. að á honum sé von, í þessari greinargerð með frumvarpi iðnaðarráðherra.

Þar segir, virðulegi forseti, skýrt og skorinort, með leyfi forseta:

„Þannig þarf að leiða í lög hér á landi stjórn vatnsverndar og liggur þegar fyrir í drögum frumvarp þess efnis sem unnið var á vegum starfshóps umhverfisráðuneytisins sem starfar að lögleiðingu áðurnefndrar tilskipunar og í eiga sæti“ — og ég vona að hv. þm. Magnús Stefánsson hlusti núna — „fulltrúar umhverfisráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar. Sú löggjöf mun falla undir umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun en tryggt verður náið samráð við iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun.“

Virðulegi forseti. Skýrara verður það ekki og því er það mín skoðun að hæstv. forseti hefði átt að kalla eftir því að hæstv. ráðherra iðnaðarmála, Valgerður Sverrisdóttir, svaraði þessari spurningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Sú spurning skiptir máli og hún tengist þessu máli klárlega. Því getur hæstv. iðnaðarráðherra ekki staðið hér í ræðustóli þingsins og firrt sig ábyrgð á málinu. Slík vinnubrögð ganga ekki upp og við þingmenn, og forseti fyrir okkar hönd, hljótum að krefjast þess að þessu máli verði svarað áður en umræðan heldur áfram. Því var ekkert óeðlilegt við að þeirri fyrirspurn (Forseti hringir.) væri beint til iðnaðarráðherra.

[12:25]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég kom hér með málefnalegar ábendingar til hæstv. forseta um það hvernig yrði staðið að þinghaldinu fram eftir degi. Ég sakna þess að hafa ekki fengið nein svör um það, önnur en þau að fundi verði fram haldið eins og þörf verður á fram eftir deginum. Það er heldur ekki orðið við þeim sjálfsögðu tilmælum mínum að fundi verði frestað og málið rætt. Nú er búið að halda fund í þinghúsinu í tvo og hálfan klukkutíma án þess að nokkuð hafi þokast í málinu frá því að við skildum við það í gær. Ég furða mig á því að hæstv. forseti skuli ekki vilja taka í neinu þeim tilmælum mínum að gert verði hlé á þessum fundi og menn ræði saman um það hvernig standa eigi að þessu þinghaldi.

Ég held að minni mitt bresti ekki þegar ég segi að einu sinni hafi verið haldinn hér fundur rétt fram yfir klukkan tvö á degi þegar starfsmenn þingsins hafa ætlað að halda árshátíð. Þess vegna spyr ég: Stendur til að breyta út af þeirri venju að þegar starfsmenn þingsins eða alþingismenn halda sína árshátíð sé hlé gert á störfum þingsins? Fólk sem hér starfar og vinnur undir þeirri verkstjórn sem hefur verið kvöld eftir kvöld þarf, eins og starfsmenn annarra vinnustaða, að geta gert ráð fyrir frítíma þegar árshátíð er haldin. Í mörgum fyrirtækjum er það boðað með sérstakri tilkynningu að fyrirtæki séu lokuð í þrjá daga, frá föstudegi og fram að hádegi á mánudag, þegar menn halda árshátíðir starfsmanna. Það hefur nú ekki verið venjan hér, en ég minnist þess aldrei að það hafi verið haldinn þingfundur eftir árshátíð alþingismanna eða starfsmanna. Ég tel að við þingmenn eigum rétt á því að fara að fá svör um það hvernig eigi að haga vinnunni hér í dag. Ég fer vinsamlega fram á það við hæstv. forseta að hann gefi ráðrúm til þess að þingflokksformenn fái að ræða við forseta þingsins um framhaldið á þessum degi.

[12:28]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vísar til þess sem áður hefur komið fram að ætlunin er að halda hér áfram umræðum um vatnalög fram eftir degi en ekki verður komið í veg fyrir að starfsmenn þingsins geti haldið árshátíð sína.

[12:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við sættum okkur ekki við þessi svör, að þinghaldi verði haldið áfram eitthvað fram eftir degi. Hvað þýðir það? Við þekkjum það frá fyrri tíð að talað hefur verið um kvöldfund sem síðan stendur til fjögur eða fimm að morgni. Það hefur verið talað um að halda áfram eitthvað fram eftir kvöldinu og jafnvel eitthvað inn í nóttina. Þegar upp er staðið eru menn að ræða málin hér fram undir morgun. Við sættum okkur ekki við svona óljós svör og ég held að þeir sem fylgjast með þessu þófi, því að þeir kunna að vera þó nokkrir, hljóti að furða sig á þeirri verkstjórn sem hér er uppi. Þegar spurt er eðlilegra spurninga um það hve lengi þingfundur eigi að standa sé svarað nánast út í hött eða spurningunni vísað frá, hún leidd hjá sér, og sagt að það verði haldið áfram eitthvað fram eftir degi.

Hæstv. forseti. Ég ítreka þá kröfu sem hér hefur komið fram að það verði gert hlé á þessum fundi þannig að við getum fengið skýr og afdráttarlaus svör um það hve lengi sé gert ráð fyrir að þessi þingfundur standi.

[12:30]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti mun ekki gera hlé á þessum fundi að svo stöddu heldur taka fyrir dagskrárefnið.

Vatnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859.

[12:30]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns fá að leita eftir því að hæstv. iðnaðarráðherra verði kölluð hér í salinn

svo hún geti verið við ræðu mína enda frumvarpið undan hennar rótum runnið sem kunnugt er og varðar algjörlega mál hennar á því sviði í ríkisstjórninni og þær spurningar sem um málið eru uppi.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti mun grafast fyrir um hvernig aðstæðum hæstv. iðnaðarráðherra er háttað og gefa þingmanninum svör þegar það liggur fyrir.)

Já, hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir það og mun ekki fara lengra í máli mínu meðan forseti gerir þær ráðstafanir enda út af fyrir sig tilgangslaust að ræða frumvarp til vatnalaga frá iðnaðar- og viðskiptaráðherra ríkisstjórnar Íslands ef hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra er ekki mætt í salinn. En ég treysti því að hún sé hér einhvers staðar í húsinu.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti hefur fengið upplýsingar um að hæstv. iðnaðarráðherra hafi af persónulegum ástæðum þurft að fara úr bænum en hér er í þinginu formaður hv. iðnaðarnefndar sem hefur forræði á málinu þegar það er komið til 2. umr. og forseti mun láta hann vita að hv. þingmaður hafi hafið ræðu sína svo hann eigi þess kost á að hlusta á ræðuna og bregðast við eftir því sem hann telur þörf.)

Virðulegur forseti. Nú skil ég vanda virðulegs forseta, að hæstv. iðnaðarráðherra er ekki hér á staðnum en hafi af persónulegum ástæðum þurft að fara úr bænum. Ég efa ekki að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hlýtur að hafa ríkar ástæður til að hafa þurft að gera það.

En ég undra mig, virðulegur forseti, á því satt að segja, að hæstv. forseti Alþingis sem hér ræður dagskrá efni til sérstaks aukafundar og krefji okkur almenna þingmenn um að gera breytingar á dagskrám okkar til að ræða mál frá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem fyrir liggur að getur ekki verið við umræðuna.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að meginmál ræðu minnar er við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og ég skil þess vegna ekki hvers vegna boðað er til þessa fundar í dag ef hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra getur ekki verið viðstödd málið.

Ég þurfti skömmu fyrir jól sem kunnugt er að eiga nokkurn orðastað við hæstv. ráðherra um annað frumvarp sem frá henni hafði komið. Í ljós kom eftir þær gagnlegu samræður að hæstv. ráðherrann hafði í því tilfelli misskilið eigið frumvarp og það var mjög mikilvægt í umfjöllun þingsins að sú samræða gat farið fram og hægt var að leiðrétta misskilninginn.

En ég hlýt að mótmæla því harðlega, virðulegur forseti, að sú krafa sé gerð á þingmenn stjórnarandstöðunnar að þeir bregði áætlunum sínum á þann veg að þeir aflýsi þeim skuldbindingum sem þeir hafa stofnað til á öðrum vettvangi til að koma hér til þings til að ræða mál við ráðherra sem ekki getur verið viðstaddur fundinn.

Ég geri engan ágreining um það, hæstv. forseti, að forseti Alþingis getur hvenær sem er gert það tilkall á mig að ég mæti til þingfundar að fjalla um mál. Það eru starfsskyldur mínar. En þegar forseti Alþingis gerir mér boð um að mæta til hins háa Alþingis að ræða mikilvæg lagafrumvörp frá einstökum ráðherrum ríkisstjórnarinnar þá treysti ég því að gengið hafi verið frá því að þeir geti verið til staðar sjálfir. Og þegar ég sinni starfsskyldum mínum hér hafi ég við einhvern að ræða, því til einskis er ræða mín, virðulegur forseti, ef ég get ekki við ráðherra rætt.

Það er ekki skilningur minn að lýðræðið snúist um það að efnt sé til kvöld- og helgarfunda til að ég og aðrir þeir sem hafa sterkar skoðanir á málinu geti talað einir. Það er ekki slík umræða sem hér þarf að fara fram. Þingræðið hlýtur að grundvallast á því að fram fari umræður milli manna. Mér segja þeir sem lengri þingreynslu hafa en ég að sú hafi verið tíðin að forseti Alþingis hafi ekki boðið upp á að umræður væru þar sem ráðherrar gætu ekki verið viðstaddir og þeir jafnvel teknir upp úr rúmum sínum um miðjar nætur til að mæta og vera við umræður.

Ég ítreka, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hlýtur að hafa ríkar ástæður til að vera annars staðar, en þá er þessi fundur þarfleysa, virðulegur forseti. Hann er algjör þarfleysa því erindi mitt er við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og ég verð því miður að flytja stærstan hluta máls míns væntanlega þá við 3. umr. málsins. Ég árétta að ég skil ekki hvers vegna mér hefur verið gert boð um að koma til þessa fundar þegar fyrir liggur að flutningsmaður málsins er ekki við, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem mælti fyrir því við 1. umr. og sannarlega skilaði því til nefndar og var við þá umræðu eftir því sem ég best veit. Þegar settur er á sérstakur aukafundur er auðvitað mikilvægt að báðir aðilar þeirrar deilu sem ræða á og útkljá geti verið viðstaddir.

Með fullri virðingu fyrir formanni iðnaðarnefndar sem ég þekki af góðu einu í samskiptum í þingstörfunum þá er hann ekki forustumaður fyrir ríkisstjórn Íslands um að flytja frumvarpið eða í þingflokki Framsóknarflokksins. Þó að hann sé fullgildur alþingismaður og formaður nefndar og njóti fullrar virðingar minnar eru ýmsar spurningar sem ég tel að hann geti ekki svarað því það eru pólitískar spurningar sem snúa að iðnaðar- og viðskiptaráðherra sérstaklega.

En fyrst svona er mun ég ekki gera þetta út af fyrir sig að lengra umfjöllunarefni, virðulegur forseti, og ég skil vanda þess forseta sem fundinum stýrir. En ég mótmæli því hins vegar harðlega, og ég tel að mér sem alþingismanni sé ekki sýnd tilhlýðileg virðing, að forseti Alþingis boði mig til aukafundar um málefni þegar fyrir liggur að sá ráðherra sem um málaflokkinn fer getur ekki sjálf sinnt því fundarboði. Ég hefði talið það vera tilhlýðilega virðingu, sem ég satt að segja eftir nærri þriggja ára störf á Alþingi á nú ekki von á að mér verði sýnd. En ég hefði talið það tilhlýðilega virðingu fyrst þannig háttar til að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra getur ekki verið á fundinum þá væri frá þessum fundi fallið og efnt til annars fundar þegar bæði þeir sem vilja ræða málið af hálfu stjórnarandstöðunnar og formaður iðnaðarnefndar að sjálfsögðu og auðvitað hæstv. iðnaðarráðherra geta verið við umræðuna.

Ég hlýt þá að láta meginefni máls míns bíða til 3. umr. um málið enda held ég að engum tilgangi þjóni að hafa hér löng ræðuhöld að hæstv. iðnaðarráðherra fjarstaddri.

Ég vil taka fram vegna orða hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrr á fundinum að ég tel að Alþingi sé mikill sómi að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, þó að hún hafi kosið að lýsa því yfir að við ákveðnir þingmenn sem hefðum ákveðna skoðun og gengjum fram með ákveðnum hætti værum þinginu ekki til sóma. En til að við getum verið þinginu til sóma þurfum

við náttúrlega að haga fundum okkar þannig að við getum bæði verið við þá fundi, hvort öðru til sóma, virðulegur forseti.

Hvernig haldið hefur verið á þessu máli af hálfu hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og stjórnarmeirihlutans í þinginu og ef til vill að einhverju leyti okkur í stjórnarandstöðunni — ég skal ekki firra sjálfan mig neinni ábyrgð í því, gott máltæki segir að sjaldan eigi einn sök þá tveir deila — og hvernig málum er nú komið með það frumvarp sem hér er rætt eigi að vera okkur öllum nokkurt umhugsunarefni og þær miklu og löngu umræður sem fram fóru í morgun. Því ég held að hvort sem menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu geti þeir verið því sammála að þessi vika í störfum þingsins hafi ekki verið þinginu til sóma, eins og við þingmenn og ráðherrar viljum gjarnan vera. Þó að hv. þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu kunni kannski að greina á um hvorum er þar um að kenna þá er ég kannski ekki endilega viss um að það sé merkileg umræða að finna sökudólginn. Ég held að menn þurfi einfaldlega að horfast í augu við það að hér hafa menn í samstarfi stjórnar og stjórnarandstöðu á Alþingi Íslendinga augljóslega siglt í strand.

Ég vil eindregið hvetja forustu þingsins til að ræða það atriði og mál af fullri einurð og hreinskilni við þingflokksforustuna í þinginu og reyna að takast á við þann vanda sem þar er og reyna að leysa úr þeim vonda hnút sem nú er. Enginn sómi er að því að setja á aukafundi á aukafundi ofan og láta þingmenn eins og mig standa uppi frammi fyrir því að eiga að fara með mál sitt fyrir ráðherralausum bekk og eiga orðastað við tómið sjálft. Það er ekki mér til sóma og sýnir mér ekki þann sóma sem mér ber. Við erum ekki í störfum okkar með því að sýna Alþingi þann sóma sem vert er.

Ég held að hvernig þessu máli hefur farnast kalli einfaldlega á að menn ræði talsvert saman um með hvaða hætti þeir skilja hugmyndina um lýðræði og þingræði. Að ekki verði sæmilega farsæl störf á Alþingi nema menn hafi nokkuð mikinn samhljóm í því með hvaða hætti þeir skilja leikreglurnar sjálfar. Því það er augljóst að bæði stjórn og stjórnarandstöðu þykir orðið að hinn aðilinn hafi gengið lengra en góðu hófi gegnir og ekki virt leikreglurnar.

Ég vil þess vegna, virðulegur forseti, þó það varði ekki greinar frumvarpsins sjálfs sem ég augljóslega neyðist til að ræða við hæstv. iðnaðarráðherra við annað tækifæri, aðeins fjalla um og fara yfir það frá mínum sjónarhóli hvernig þessi blindgata sem ég held að þingið sé í með þetta mál horfir við mér. Mér finnst sem alþingismanni og hefur í vaxandi mæli þótt á undanförnum árum að það sjónarmið, þ.e. ef meiri hluti er fyrir máli sem kynnt er á Alþingi, þá sé það fyrst og fremst verkefni Alþingis að afgreiða það mál með meiri hluta atkvæða, verða æ sterkara og virðing þingsins um sumt og sjálfstæði þess fara minnkandi. Og að kröfur manna til mála og málatilbúnaðar í nefndum þingsins hafi farið dvínandi og metnaður til að fara með gagnrýnum hætti yfir það sem hér er fyrir.

Það er einatt viðkvæði að fyrir þessu máli sé skýr meiri hluti og það þurfi ekkert að ræða það mikið lengur. Sjónarmið séu komin fram og hér liggi svo sem ekki mikið annað fyrir en að afgreiða þau.

Ég hef t.d. hlýtt með stakri athygli á málflutning hv. þm. Péturs H. Blöndals á ýmsum vettvangi, sem hefur talið allt of lítið af því gert að Alþingi sjálft hafi forræði mála og að nefndir þingsins m.a. flytji frumvörp til laga og þingmenn eigi ekki að kalla eftir því að framkvæmdarvaldið semji lögin fyrir þá heldur eigi þeir að hafa metnað til að gera það sjálfir. Ég verð að segja að enda þótt við hv. þm. Pétur H. Blöndal séum ekki flokksbræður þá hef ég fundið mikinn samhljóm í því sem hann segir um þetta. Mér finnst hann hafa mjög rétt fyrir sér í þessu. Ég held þess vegna að þingið eigi að gera talsverðar kröfur til málatilbúnaðar.

Ég held að það hafi því miður sýnt sig í málum sem komið hafa frá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, nú síðast í desember og jafnvel aftur eftir það, að þar hafi ekki verið haldið nægilega vel á málum og ekki nægilega vandað til lagafrumvarpa sem kynnt hafa verið. Það sýndi sig þá að í mikilvægu frumvarpi var uppi grundvallarmisskilningur um efni málsins af hálfu ráðuneytisins sem sjálft lagði frumvarpið fram og var algjörlega nauðsynlegt að laga það og leiðrétta. Þess vegna gefa þau mál sem þaðan hafa komið kannski sérstakt tilefni til að menn fari vel og vandlega yfir þau.

Ég held að þetta sé kannski ekki bara spurningin um sjálfstæði þingsins og að það sé gagnrýni í vinnubrögðum. Ég skynja það a.m.k. þannig að þetta séu eilítið ólíkar hugmyndir um lýðræðið sjálft og um rétt meiri hlutans og rétt minni hlutans. Sumir hafa viljað halda því fram að sá réttur meiri hlutans til að afgreiða mál sé ótvíræður og takmarkalaus, að ef hér sé naumur meiri hluti á þingi fyrir einstöku máli megi keyra það í gegn og afgreiða það, hvað sem öðrum sjónarmiðum líður.

Við þetta sjónarmið hef ég talsverðar athugasemdir. Ég tel að menn þurfi að hafa ýmislegt í huga þegar þeir ætla að ákveða að ljúka máli þannig með naumum eða einföldum meiri hluta. Það verður þá fyrst að gera þá kröfu að vel sé vandað til lagasetningarinnar. Það hefur komið fram í umfjöllun um þetta mál að ekki hafi enn verið ákveðið með hvaða hætti á að innleiða vatnatilskipun Evrópusambandsins, sem er leiðarvísirinn um löggjöf um vatn á Evrópska efnahagssvæðinu. Augljóslega ganga ýmis atriði í allt aðra átt í þeirri löggjöf en þeirri sem hér er verið að mæla fyrir á Íslandi sem ætlar sér þó að vera hluti af þessu réttarumhverfi. Þannig er lögð rík áhersla á það í 1. gr. vatnatilskipunar Evrópusambandsins að vatnið sé ekki eins og hver önnur verslunarvara heldur sé það þvert á móti sameiginleg arfleifð mannkynsins. Þau ákvæði sem þar er að finna lúta síðan fyrst og fremst að því að auka og styrkja almannarétt og aðgengi og umhverfissjónarmiðin í málinu en í 1. gr. þessa frumvarps er þvert á móti sérstaklega lagt í þann leiðangur að styrkja einkaeignarréttarsjónarmiðið sem uppi hefur verið og í raun og veru er allur andi laganna þvert gegn þeim lögum sem við þurfum þó að taka upp í okkar rétt.

Ég held þess vegna að það sé fyllilega málefnaleg krafa, virðulegur forseti, af hálfu stjórnarandstöðunnar að sú tilskipun sem gilda á á Íslandi á þessu sviði komi til umfjöllunar jafnhliða sérstakri lagasetningu um vatn. Ég held að það sé ekki annað en krafa um vönduð vinnubrögð og að þingmenn úr öllum flokkum eigi að gera kröfu um vönduð vinnubrögð. Löggjöfin sem við erum að fjalla um, vatna-

lögin sjálf, hefur nú haldið í liðlega 83 ár.

Vatnatilskipun Evrópusambandsins liggur fyrir í drögum í íslenskri þýðingu og búið er að ná samkomulagi, ef skilja mátti rétt umræðuna í morgun, um það hvernig standa eigi að því að taka hana upp í EFTA-stoðinni á Evrópska efnahagssvæðinu. Ég held þess vegna að allir þingmenn geti samþykkt, ef þeir horfa með sanngjörnum hætti á þessa stöðu mála, að vilji menn vanda vel til löggjafar um vatn væri affarasælast að afgreiða þessi álitaefni í samhengi þannig að hægri höndin viti hvað sú vinstri gjörir. Ég held að þingmenn stjórnarflokkanna ættu að hlusta á starfsbræður sína í stjórnarandstöðunni þegar þeir benda á þetta, vegna þess að ég held að það sé sannarlega af málefnalegum rótum runnið sem allir geti viðurkennt ef menn hafa þrótt í sér til þess hér í þingræðinu að hefja sig aðeins upp yfir flokkadrætti um stund.

Hitt atriðið, virðulegur forseti, sem í mínu hjarta skiptir miklu máli um gang lýðræðisins og leikreglurnar er að það er ekki fyllilega sama hvað verið er að afgreiða. Ég tel að réttur meiri hluta þingsins til að ákveða t.d. ákveðna fjárveitingu til einstaks aðila sé alveg ótvíræður og réttur minn sé í sjálfu sér ekki annar en að greiða atkvæði á annan hátt ef ég hef aðra skoðun. Ég tel hins vegar að þegar grundvallaratriði í samfélaginu, að ég tali ekki um í veröldinni og sögu mannkynsins, eru annars vegar, sé það lýðræðisleg skylda meiri hlutans að leitast við að skapa sem víðtækasta og besta samstöðu um grundvallaratriðin og grundvallarafstöðuna í samfélagsgerð okkar allra. Vatnið, vindurinn og sólin eru nú einu sinni grundvallaratriði í mannlegri tilveru sem ég held að við teljum okkur öll eiga nokkuð í, alveg óháð því hvað einstakir lögmenn á sviði einkaeignarréttar telja sig geta sagt um það atriði. Ég tel þess vegna að við eigum öll nokkuð ríkt tilkall til þess að á sjónarmið okkar um þessi grundvallaratriði í mannlegri tilveru sé hlustað. Ég tel að það geti ekki verið annað en neyðarúrræði fyrir sitjandi meiri hluta að keyra fram með litlum meiri hluta sjónarmið, sem tæplega helmingnum eru ákaflega andstæð, um það sem við eigum, að mínu viti óumdeilanlega saman eins og vatnið.

Stundum er sagt að lýðræðið gangi í gegnum þroskaskeið á fyrsta stigi lýðræðisins og hinu frumstæðasta. Þá hafi menn uppi þau viðhorf og venju að afl meiri hlutans skuli ráða og sjónarmið minni hlutans engu og þar eigi sigurvegarinn úr einum kosningum að taka allt, ef svo má segja. Ég held að þar sem menn hafa borið gæfu til að þróa og þroska lýðræðishugmyndir sínar, eins og vonandi í okkar ágæta landi og í nágrannalöndum okkar, hafi menn almennt tamið sér aðrar hugmyndir, m.a. þær að um grundvallaratriði í samfélaginu og samfélagsgerðinni sé mikilvægt að hlustað sé á sjónarmið minni hlutans og reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu um það hvernig við skiljum grundvallaratriðin, af því að tilgangurinn með þeirri löggjafarsamkomu sem hér er er skapa leikreglur um það hvernig við ætlum að vera öll saman í einu félagi. Það félag köllum við samfélag. Til þess að við getum með farsælum hætti verið öll saman í einu félagi er mikilvægt að leitast við eftir fremsta megni að við höfum einhvern sameiginlegan skilning á grundvallaratriðum í samfélaginu.

Mér hefur ekki fundist góður bragur að því að hér væru gefnar út yfirlýsingar um að einstakir hv. þingmenn, nafngreindir meira að segja, byggju með Stalín innra með sér, þó að þeir hafi haft hér önnur sjónarmið um hvernig skilgreina eigi vatn í lögum landsins en aðrir þingmenn. Ég held að við ættum að láta samjöfnuð við slíkar persónur og ýmis öfgasjónarmið eiga sig.

Ég held að það séu einfaldlega málefnaleg sjónarmið af hálfu stjórnarandstöðunnar að hin jákvæða skilgreining á eignarrétti á vatni, þ.e. skilgreiningin um að landeigendur eigi nýtingarréttinn, hafi verið farsæl um 83 ára skeið og það sé sjónarmið sem hafi talsvert til síns máls. Enda held ég að menn séu almennt nokkuð sammála um að staðið hafi verið af geysilegri framsýni að lagasetningunni um vatnið árið 1923 og í raun og veru ótrúlegt að löggjöf sem sett var í nánast torfkofasamfélagi skuli hafa haldið í gegnum allar þær gríðarlegu samfélagsbreytingar og dugað til að skera úr um í flóknum hagsmunamálum sem varða mikil verðmæti, eins og t.d. í orkuvinnslu og aðgangi að vatni og öðru slíku. Þó að það sé almennt rétt að notuð sé neikvæð skilgreining á eignarrétti þá hygg ég að það blandist engum hugur um að vatn er auðvitað ákaflega sérstakt fyrirbæri og ýmis málefnaleg rök sem hníga að því að skilgreina beri það með öðrum hætti í lögum en aðrar eigur manna, m.a. vegna þess að það getur einfaldlega runnið af landareignum manna og raunar gufað upp, og vegna þess hversu ríkur þáttur það er af lífi á jörðinni. Ég held að meiri hlutanum hafi enn ekki auðnast að benda á neinar ríkar ástæður sem geti legið til þess að breyta úr þessari jákvæðu skilgreiningu, sem í rúm 83 ár hefur verið góð samstaða um í íslensku samfélagi, og yfir í þessa skilgreiningu.

Virðulegi forseti. Ég lofa því að ég ætla ekki að halda hér uppi neinu málþófi og verð, eins og ég segi, að geyma meginmál míns erindis til annars tækifæris þegar hægt er að ræða það við hæstv. ráðherra.

Ég held að farsælast væri að menn kæmust að niðurstöðu um að fjalla um vatnatilskipunina og vatnalögin á sama tíma í þinginu þannig að við höfum þar bæði málin undir og menn reyni til þrautar að ná sameiginlegum skilningi á því hvernig við ætlum að skilgreina vatn í lögum. Auðvitað er það síðan á endanum réttur meiri hlutans ef hann telur að mikið liggi við og útilokað sé að ná samstöðu um málið. Þá hefur hann ákveðinn neyðarrétt til að ljúka málinu og koma því í gegn. Ég tel, virðulegur forseti, eftir að hafa setið í iðnaðarnefnd Alþingis, að þar sé sannarlega ekki fullreynt. Ég held að það hafi komið fram í umræðunum í dag, m.a. hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að þegar hv. nefndarmenn í iðnaðarnefnd Alþingis átta sig ekki á hvað um er deilt þá sé kannski tilefni til að menn reyni að skilja hverjir aðra. Ég hygg að við getum verið sammála um það, hv. alþingismenn, að almennt gildi það um þingmenn að þeir geti nokkuð vel gert grein fyrir máli sínu og sett fram sjónarmið sín. Ef við hlustum eftir því sem hinir hafa að segja þá ættum við að geta náð einhverri niðurstöðu.

Þetta eru í meginatriðum þau áhyggjuefni, virðulegur forseti, sem ég get miðlað og lúta í raun langmest að störfum þingsins. Ég held að full ástæða sé til að hafa áhyggjur af störfum þingsins þegar svo er komið. Ég hvet til þess, virðulegur forseti, að háttvirtum alþingismönnum sé sýnd

sú virðing að þessum aukafundi verði hætt í ljósi þess að hæstv. iðnaðarráðherra er ekki unnt að vera viðstaddur. Við eigum í raun ekki kost á því að ræða málið efnislega við hæstv. ráðherra. Ég tel að það færi langsamlega best á því.

Ég fæ með engu móti séð hvaða nauðsyn rekur menn áfram í þessum leiðangri. Enginn hv. þingmaður, mér vitanlega, hefur getað bent á eitt tilefni þess að nauðsynlegt sé að skýra með öðrum og breyttum hætti eignarheimildir á vatni. Ekkert það ágreiningsmál hafa menn getað nefnt fyrir dómstólum, engin þau þrætumál milli landeigenda og raunar ekkert ósætti á síðustu 83 árum sem við höfum verið að reka saman samfélag sem kallar á að menn breyti þessari skilgreiningu.

Ég játa, virðulegi forseti, að ég aðhyllist þá sýn á störf þessarar samkomu að hún eigi ekki að ráðast í lagasetningu, eða löggleði sem stundum er kölluð, á sviðum þar sem ekki er þörf á. Þar sem þörfin er ekki fyrir hendi er ekki ástæða fyrir þingið til að hlutast til um mál. Þá mundi þingið ekki gegna því landsföðurlega hlutverki sem það á að gegna, að leiða samfélagið og setja niður deilur í samfélaginu, heldur skapar það vanda, líkt og það hefur núna gert, með því að taka upp málefni sem fullkominn friður hefur ríkt um áratugum saman í íslensku samfélagi. Í óþreyju sinni eftir því að fá að setja lög og kveða á um breytingar gengur Alþingi fram fyrir skjöldu og segir í sundur friðinn um mikilvægt málasvið. Málið kemst í uppnám og ég hef enn engin tilefni heyrt til þess að ráðast í slíkar breytingar þótt ég ætli á engan hátt að gera lítið úr þeim sjónarmiðum að heppilegra væri að hafa neikvæðan eignarrétt á vatni.

Ég hugsa að út frá lögfræðilegum sjónarmiðum hafi ýmsir lögmenn sem því hafa haldið fram haft talsvert til síns máls. En það er einu sinni þannig, virðulegi forseti, að vatn er annað og meira heldur en lögfræði. Vatn er einfaldlega undirstaða lífs okkar, bæði í þessum sal og samfélaginu. Þess vegna eru auðvitað uppi margvísleg sjónarmið í málinu sem fólk hefur sett fram og fólk varðar um. Við eigum öll ansi mikið tilkall til þess með hvaða hætti þetta atriði er skilið.

Ég sé hins vegar að hv. þm. Pétur H. Blöndal er að verða óþreyjufullur eftir því að fá að eiga orðaskipti við mig. Hann hefur kvartað undan því fyrr í umræðunni að honum hafi ekki gefist kostur á að fara í andsvör við menn vegna þess að þeir hafi verið svo málglaðir. Ég vil sannarlega gera mitt, virðulegi forseti, til að umræðan geti hér eftir sem hingað til verið málefnaleg og gefið færi á skoðanaskiptum. Ég ætla þess vegna að láta lokið umfjöllun minni um frumvarpið, sem auðvitað er þeim annmörkum háð að ég hef ekki getað rætt við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og farið yfir málið sem veldur svo miklum deilum í þinginu. Ég árétta þá hvatningu mína til forseta Alþingis að þingmönnum sé sýnd sú virðing að þessum fundi verði hætt og skotið á fundi hvenær sem vera skal aftur þegar hæstv. iðnaðarráðherra getur verið til andsvara.

[13:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Við ræðum um vatnalög, stjórnarfrumvarp, mál 268 en við ræðum líka nefndarálit á þskj. 281. Við ræðum hér um tillögur meiri og minni hluta og það er aðalatriði þessarar umræðu. Þess vegna hnaut ég um það sem hv. þingmaður sagði. Hann krafðist þess að hæstv. ráðherra væri viðstödd umræðuna. Málið er ekki lengur á forræði ráðherra. Hann flutti framsöguræðu um málið við 1. umr. og þá gátu menn spurt hana allra spurninga. Nú er málið á forræði nefndarinnar, hún flytur meirihluta- og minnihlutaálit og ég vil ekki gera svo lítið úr þeim þingmönnum sem undirrita það nefndarálit að þeir séu ekki menn til að svara fyrir það. Mér finnst hv. þingmaður gera of lítið úr löggjafarsamkundunni og gera of mikið úr framkvæmdarvaldinu með því að kalla ráðherra til ábyrgðar og svara í þessu máli, sem er komið úr höndum hæstv. ráðherra í hendur Alþingis.

Svo vil ég gera athugasemd við það sem hv. þingmaður kallar aukafund Alþingis. Ég veit ekki betur en þessi fundur sé venjulega boðaður, venjulegur fundur á föstudegi. Mér finnst sjálfsagt að ræða þetta mál í hörgul.

Hv. þingmaður sagði að stjórnarmeirihlutinn ætti að hlusta á málefnaleg rök stjórnarandstæðinga. Ég er hjartanlega sammála því en til þess þarf maður að vita hvenær ræður eru búnar. Maður þarf að vita hvenær maður á að koma inn í umræðuna. Ég bað um andsvar í von um að ræðu þingmanns lyki innan fimm tíma. Ég vissi ekki hvort henni mundi ljúka eftir fimm tíma eða fimm mínútur. Henni lauk eftir rúman hálftíma. En ég skora á hv. þingmenn sem tala á eftir að tilkynna í byrjun ræðunnar hve lengi þeir muni tala svo hægt sé fara í málefnalega umræðu.

[13:08]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil gjarnan vitna um að hv. þm. Pétur H. Blöndal er gjarnan viðstaddur umræður og tekur virkan þátt í umræðum. Það er virðingarvert og sérstaklega þegar stjórnarþingmaður á í hlut.

Ég tek skýrt fram að ég ber fulla virðingu fyrir nefndarmönnum iðnaðarnefndar, ekki síst hv. formanni iðnaðarnefndar. Í máli mínu vildi ég ekki á nokkurn hátt halla á þá. Ég taldi nauðsynlegt að ræða við ráðherrann, handhafa framkvæmdarvaldsins eins og hv. þingmaður bendir réttilega á, um tilefni málatilbúnaðarins. Það eru einfaldlega spurningar sem ég tel ekki hægt að ætlast til af formanni iðnaðarnefndar Alþingis að hann svari. Málið er ekki undan hans rótum runnið og ég tel að hann geti ekki staðið skil á tilefnum þess að það er flutt. Af þeim ástæðum taldi ég að eiga þyrfti orðastað við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra um málið. Ég vona að hv. þingmaður sé ekki ósammála mér um að þingmenn eiga kröfu til að ráðherrar í þeim málaflokkum sem undir eru á hverjum tíma séu viðstaddir mál manna, óski þeir þess og sérstaklega ef um það standa miklar deilur.

Ég árétta að það var ekki meining mín að gera lítið úr nefndarmönnum iðnaðarnefndar þótt ekki verði fram hjá því horft að ráðherra í málaflokknum mun hafa mikið um þá afgreiðslu að segja sem málið fær í þinginu. Hann situr jafnframt í þingflokki annars stjórnarflokkanna og þeir hafa, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal veit, talsvert um málalyktir að segja. Í því felst ekki virðingarleysi fyrir þinginu heldur þvert á móti, hv. þingmaður.

[13:10]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum að ræða nefndarálit meiri hlutans, sem undirritað er af hv. þm. Birki J. Jónssyni, Kjartani Ólafssyni, Einari Oddi Kristjánssyni, Sigurði Kára Kristjánssyni og Gunnari Örlygssyni. Við ræðum jafnframt nefndarálit minni hlutans sem undirritað er af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og Helga Hjörvar. Ég tel að þessir menn hafi unnið ágætis starf. Ég vona það a.m.k. En hafi þeir ekki gert það ber að gera athugasemd við það, að þeir hafi ekki hlustað á sjónarmið gesta, ekki boðað menn til fundar og hafi ekki kynnt sér málið í hörgul. Við erum að fjalla um þessi nefndarálit í dag.

1. umr. um málið með ráðherra er lokið. Þá var hægt að spyrja hana um þau sjónarmið sem fram komu. Síðan tekur nefndin við og í ljós kemur að meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með ákveðnum breytingum. Við erum að ræða um það í dag. Hafi menn efasemdir um að hv. þingmenn í iðnaðarnefnd séu óháðir og geti ekki unnið sjálfstætt þá eiga þeir að spyrja viðkomandi þingmenn. Þeir ættu að spyrja þá: Eruð þið háðir ráðherranum? Getið þið ekki tekið sjálfstæðar ákvarðanir? En menn eiga ekki að kalla ráðherra upp á dekk og spyrja hana um álit nefndarinnar. Með því er gert lítið úr iðnaðarnefnd.

Ég bið hv. þingmann að sýna nefndarstarfinu þá virðingu að ræða um þetta frumvarp við nefndarmenn, um þessi nefndarálit sem komu frá henni. Ég treysti því að hún hafi hlustað á alla gesti og tekið málefnalega afstöðu í málinu. Ég treysti því að þessi nefndarálit séu rétt unnin og breytingartillögurnar séu að bestra manna yfirsýn, líka sú tillaga sem lögð er til um að vísa málinu frá. Mér finnst hún eiga rétt á sér líka. Við eigum að skoða hana og ganga til atkvæða um tillögurnar sem allra fyrst.

[13:12]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður virðist telja að ég geri lítið úr þingmönnum eða iðnaðarnefnd. Ég get bara áréttað fyrri orð mín um að svo er alls ekki. Enda farið lofsamlegum orðum um nefndina í ræðu minni.

Hv. þingmaður veit að ráðherrarnir mæta ekki fyrir nefndir. Þegar fjallað er um mál í nefnd, eins og ég hef gert, koma fram margvíslegar upplýsingar, sjónarmið og atriði, m.a. við þá málefnalegu umfjöllun sem hv. formaður iðnaðarnefndar hefur staðið fyrir um þetta mál. Það hefur gert að verkum að ég hef ýmislegt við hæstv. iðnaðarráðherra að ræða sem ég hafði ekki við 1. umr. málsins. Ég held að hv. þingmaður viti að það er ekki annað en sanngjarnt að ég geri kröfu til að ráðherrann sé viðstaddur umræðu um jafnumdeilt mál.

Andsvör hv. þingmanns afhjúpa það sem ég hef spurt um, þ.e. að enginn maður á Íslandi veit af hverju ríkisstjórnin ákvað að hleypa upp þinghaldinu og gera ágreining um grundvallarmál eins og vatnið. Enginn hefur getað bent á annað en að sú löggjöf sem í gildi er hafi, með skilgreiningu sinni á eignarhaldi, þjónað góðum tilgangi í 83 ár og reynst farsæl við að skera úr deilumálum manna. Þess vegna virðist mér sem algerlega tilefnislaust hafi friðurinn verið rofinn um þetta atriði. Mér finnst það benda til þess, virðulegur forseti, að þingið og stjórnarmeirihlutinn sé á rangri leið. Lái mér hver sem vill.

[13:15]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur komið fram að þingmenn vilja að hæstv. iðnaðarráðherra sé viðstaddur þessa umræðu. Nú hef ég heyrt að hæstv. iðnaðarráðherra sé fjarri af persónulegum ástæðum sem ég vil sýna fulla virðingu. Svo getur verið og ég er alls ekki að gagnrýna fjarveru hennar af þeim sökum en ég gagnrýni stjórn þingsins fyrir að halda þá þessum fundi áfram og taka ekki tillit til slíkra aðstæðna og þeirra óska sem komið hafa fram frá stjórnarandstöðunni um að við héldum okkur við þá dagskrá sem boðuð hafði verið í upphafi þings. Samkvæmt áætlun þingsins var ekki gert ráð fyrir fundi þingsins í dag.

Það er í sjálfu sér mjög fróðlegt að verja matartímanum í að hlýða á fyrirlestra frá hv. þm. Pétri H. Blöndal um þingsköp og störf þingsins, það er alltaf gaman að sækja kennslustundir hjá honum um þau efni. En ég vil beina spurningu til hæstv. forseta: Hverju sætir það að ekki er gefið hádegishlé á þessum fundi eins og venja er til? Það er boðað til þessa fundar í dag eins og um sé að ræða venjulegan hefðbundinn þingdag og þá tíðkast að gera hlé á störfum þingsins milli kl. eitt og hálftvö og ég spyr: Hvenær stendur til að gefa hádegishlé á þessum fundi?

[13:16]

Forseti (Drífa Hjartardóttir):

Forseti vill geta þess að hv. 5. þm. Reykv. n., Helgi Hjörvar, hefur nýlokið ræðu sinni og andsvörin hafa staðið til kl. 13.14. Forseti mun nú gera matarhlé í hálftíma.

[Fundarhlé. — 13:17]

[13:45]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur átt sér stað athyglisverð umræða um frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra til vatnalaga. Ég vil í upphafi máls míns taka undir með þeim sem hafa gagnrýnt það að við séum kölluð til þessa aukafundar um þetta mikilvæga mál sem mér finnst brýnt og fagna því í raun að við fáum svo gott tækifæri til að ræða. En að við séum kölluð til þessa fundar án þess að hæstv. iðnaðarráðherra sé á staðnum og líka að það hafi verið vitað með góðum fyrirvara að hæstv. iðnaðarráðherra yrði ekki hér í húsi við umræðuna, það þykir mér miður vegna þess að ég hefði viljað eiga samtal við hæstv. iðnaðarráðherra um þessi mál þar sem frumvarpið er frá henni komið og einnig vegna þess að það eru fjölmörg álitaefni sem ég hefði viljað heyra svör hennar við og skýringar hennar á því stóra máli sem nú er til umræðu.

Hv. þingmenn hafa í góðum ræðum að undanförnu flutt mál sitt vel og mál okkar stjórnarandstöðunnar í þessu stóra grundvallarmáli snýst um eignarhald á vatni. Vatn er ekki einhver venjulegur hlutur heldur er vatn grundvöllur lífs. Mikilvægi vatns fyrir heimsbyggðina hefur komið skýrt fram í umræðum á alþjóðavettvangi. Einnig hefur komið

fram á alþjóðavettvangi, og það tel ég allra mikilvægast á því sviði, að vatn hefur frá árinu 2002 verið skilgreint sem grundvallarmannréttindi. Það eitt og sér tel ég vera þess eðlis að þetta mál mun þurfa meiri og betri umfjöllun en hæstv. ríkisstjórn vill leyfa málinu að fá. Mér þykir miður að hv. þingmenn stjórnarliðsins séu ekki í salnum fyrir utan hv. þm. Birki J. Jónsson, sem ég fagna að sé hér og hefur reyndar setið undir umræðunni. Ég sakna hins vegar að aðrir þingmenn séu ekki í salnum til að hlýða á umræðuna vegna þess að ég tel afstöðu þeirra til málsins illa ígrundaða. Ég tel að áður en þessir hv. þingmenn stjórnarliðsins fara að greiða atkvæði um þetta mikilvæga mál sýni þeir okkur, sem höfum og munum tala í málinu, þá virðingu að hlýða á mál okkar. En þessir hv. þingmenn hafa þess í stað kappkostað að koma upp í umræðum um störf þingsins og líka um fundarstjórn forseta til halda því fram að við værum í málþófi og værum að níðast á þinginu, þ.e. við stjórnarandstaðan vegna þess að við ræddum þetta mál svo ítarlega sem raun ber vitni.

Þessu vil ég hafna alfarið vegna þess að ég hef setið hér og hlýtt á alla þessa umræðu sem hefur að öllu leyti verið efnisleg hjá þeim sem um málið hafa fjallað. Því vil ég hafna þessum aðdróttunum og mér þykir það leitt að menn skuli kalla ítarlega umræðu málþóf eða níðslu á meiri hluta þingsins, ég hafna því algerlega.

Virðulegi forseti. Ég vil líka í upphafi máls míns gagnrýna það hvernig þetta mál hefur verið unnið í þinginu. Málið hefur verið umdeilt frá upphafi. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem það er lagt fram, það hefur verið umdeilt frá upphafi og ekki bara innan þessara veggja heldur hafa fjölmargir hópar í samfélaginu gagnrýnt málið harðlega. Fjölmörg samtök og stofnanir hafa gagnrýnt málið harðlega og hafa einnig gagnrýnt vinnubrögðin og það hversu þröngur hópur kom að samningu frumvarpsins. Mér þykir þessi gagnrýni réttmæt vegna þess að þegar um svona lagasetningu er að ræða verður að kalla fleiri til en þá sem hafa hugsanlega beinna hagsmuna að gæta, þ.e. varðandi eignarhaldið sem er stærsta málið og stærsta ágreiningsefnið í frumvarpinu.

Mikið hefur verið rætt um vatnalögin frá 1923. Mér þykir rétt að hér komi fram að þegar þau lög voru í vinnslu var sett á laggirnar sér þingnefnd á Alþingi til að öll sjónarmið kæmust að í þeirri umræðu og sú umræða tók ein sex ár. Svo viðamikið var málið. Þegar ég blaða í umfjöllun frá þeim tíma má glögglega sjá að mjög mikið af þeirri umræðu á vel við í dag vegna þess að gildi vatnsins var auðvitað það sama á þeim tíma og fjölmargir áttuðu sig á gildi vatnsins og mikilvægi þess vegna þess að það er, eins og ég hef komið inn á, undirstaða alls lífs.

Virðulegi forseti. Vatn er undirstaða alls lífs og mun ég koma ítarlega inn á það á eftir. Fjölmargir hafa bent á það og þannig er fjallað um vatn t.d. innan Sameinuðu þjóðanna. Vil ég í upphafi til gamans benda á að vísindin gera sér grein fyrir því vegna þess að ekki er t.d. farið að leita að lífi á öðrum plánetum nema vitað sé að þar sé mögulega vatn að finna. Því þykir mér gaman að taka hér upp frétt sem ég fann á mbl.is þar sem fram kemur að vísindamenn hafi fundið vísbendingar um fljótandi vatn á tungli Satúrnusar og þar af leiðandi leiddar að því líkur að þetta kunni að þýða að líf leynist á tunglinu. Í fréttinni kemur fram að vísindamenn segja að þetta þýði að bæta eigi Enkeladusi, sem er þetta ágæta tungl við Satúrnus, á lista yfir þá fáu staði sem vitað er um í sólkerfinu utan jarðarinnar þar sem hugsanlega sé að finna líf. Ég vildi koma inn á þetta til að undirstrika þessa umræðu um mikilvægi vatnsins fyrir lífið.

Virðulegi forseti. Það sem ég hef verið að reyna að átta mig á í máli þeirra þingmanna stjórnarliðsins sem hér hafa talað í málinu, sem eru ekki margir en það eru hv. framsögumaður Birkir Jón Jónsson og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, er hvers vegna hæstv. iðnaðarráðherra sem leggur málið fram liggur svona óskaplega á að koma málinu í gegn að hún er tilbúin að beita sér þannig innan þingsins að settir eru á fundir eftir fundi til að hraða málinu. Ég hef ekki náð utan um hvað það er nákvæmlega sem veldur því að hæstv. ríkisstjórn þurfi að beita svo miklu afli við að koma málinu í gegn.

Það sem ég vil líka nefna í þessu sambandi, af því að ég var að tala um vinnubrögð þingsins áðan, að fjölmargir umsagnir bárust hv. iðnaðarnefnd eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson veit, enda kinkar hann hér kolli. Í öllum þeim umsögnum voru sett fram afar góð rök með eða móti ákveðnum ákvæðum í frumvarpinu. En það sem aðallega var gagnrýnt var að nú ætti að lögfesta eignarhald á vatni. Við höfum í nefndinni mætt á fund eftir fund til að ræða þessi mál og ekki síst þykir mér það miður að við höfum verið að kalla til gesti héðan og hvaðan úr samfélaginu, frá hinum ýmsu samtökum og stofnunum, kallað til gesti sem hafa unnið mjög ítarlegar, góðar og vel rökstuddar umsagnir um málið en síðan hafi ekki verið tekið tillit til þeirra í niðurstöðu nefndarinnar að neinu marki. Þessi vinna nefndarinnar sem hér hefur verið haldið fram af stjórnarliðum að hafi verið unnin og málin útrædd þar er að miklu leyti einungis sýndarmennska. Þetta veit ég vegna þess að ég var viðstödd þá vinnu sem nefndarmaður í iðnaðarnefnd. Þykir mér það miður gagnvart þeim aðilum sem við fengum til að vinna fyrir okkur ítarlegar umsagnir og koma með athugasemdir við frumvarpið að það hafi nánast verið gert til málamynda. Vegna þess að augljóst var frá upphafi að ekki átti að hlýða eða taka tillit til þeirra athugasemda við áframhald á vinnslu málsins. Það sjáum við á þeim örfáu breytingartillögum sem komu frá meiri hluta iðnaðarnefndar. Þetta þykir mér miður vegna þess að við getum ekki aftur og aftur í málinu verið að kalla fólk til og síðan er ekki tekið tillit til þeirra athugasemda. Þá fer slík vinna að missa marks að mínu viti. Það tel ég afar slæmt varðandi framtíðarvinnu innan nefnda ef svo verður.

Virðulegi forseti. Það sem mér þykir mikilvægt í málinu, svo ég haldi áfram að ræða vinnubrögðin, er að þegar svo stórt mál er á ferðinni verði litið heildstætt á allt umhverfið. Fram hefur komið, m.a. í góðri ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að í vinnslu er lögleiðing á vatnatilskipun Evrópusambandsins. Sömuleiðis kom fram í máli hans að líta þyrfti einnig til vatnsverndar og sömuleiðis til lagasetningar um jarðrænar auðlindir. Þetta, virðulegi forseti, tel ég afar mikilvægt og þessu hafa hv. þingmenn í stjórnarmeirihlutanum ákveðið að líta fram hjá og líta ekki heildstætt á málin. Ég tel það ekki vera gott. Bent hefur verið á í

umsögnum og einnig í heimsóknum innan nefndarinnar að affarasælast hefði verið að taka þessi mál til heildstæðrar skoðunar vegna þess að einnig hafa komið fram góð rök fyrir því í nokkrum umsögnum, sem ég mun fara yfir á eftir, að frumvarpið sé ekki þess eðlis eins og heiti þess þ.e. frumvarp til vatnalaga, gefur til kynna, það sé ekki þess eðlis að þetta séu heildarlög heldur taki þetta eingöngu til nýtingarþáttar en ekki til verndunar og almannaréttar eins og vel hefur verið rökstutt í umsögnum. Þess vegna tel ég sjálfsagt og eðlilegt að þessi mál hefðu verið tekin til umfjöllunar samtímis og litið hefði verið yfir öll málin heildstætt, því ef það verður ekki gert þarf hæstv. ríkisstjórn að láta breyta heiti frumvarpsins.

Virðulegi forseti. Ég hef verið að kalla eftir því, ég gerði það í andsvari við hv. þm. Birki Jón Jónsson fyrr í vikunni, að menn skýri hvað liggur á, hvers vegna það liggur svo á að gera þessa breytingu, þ.e. að breyta lagatextanum þannig að lögfestur sé eignarréttur á vatni.

Eða eins og segir, virðulegur forseti, í frumvarpstextanum í 1. gr., með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni."

Í 2. gr., með leyfi forseta, stendur:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

Síðan segir, virðulegi forseti, í 4. gr. þessa frumvarps:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur."

Þetta, virðulegur forseti, er að mínu mati grundvallarbreyting og ekki bara mínu mati heldur okkar í stjórnarandstöðunni, grundvallarbreyting á lögum um vatn, þ.e. vatnalögum. Þarna er það skýrt skilgreint og það segir líka, eins og ég tók fram áðan, að það er skýrt markmið þessara laga að skýra eignarhald á vatni. Það á að skýra eignarhaldið í þá átt að séreign landeigenda á vatni verði lögfest.

Í ljósi þess að hér er um að ræða svo viðamikla grundvallarbreytingu á því hvernig við nálgumst málið í lögum, þ.e. þessa skilgreiningu, tel ég að þetta mál hefði þurft að skoðast í miklu betra samhengi en gert hefur verið. Í því ljósi langar mig að grípa hér aðeins niður í nefndarálit minni hlutans um þessi mál sem snúa að því hvernig þetta mál er unnið.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Þróun lagasetningar á þessu sviði er því augljós. Þau mörgu og víðtæku ákvæði um vatn og rétt almennings og einstaklinga til að nýta það, sem fram að þessu hafa flest verið í hinum mikla lagabálki frá 1923, verða í nokkrum lagabálkum. Alþingi er sá mikli vandi á höndum að sjá til þess að þessi þróun geti orðið án þess að vandræði skapist. Það verður best tryggt með því að heildarendurskoðun vatnalaga fari saman við setningu allra þeirra laga sem eiga að taka við hlutverki þeirra. Um þetta ættu ekki að þurfa að vera deilur."

Áfram segir, með leyfi forseta:

„En ríkisstjórnarflokkarnir ætla sér ekki að standa þannig að málum. Alþingi er nú ætlað að ljúka umfjöllun um vatnalagafrumvarpið eitt og sér og fella vatnalögin úr gildi með samþykkt þess. Sú umfjöllun er þar með slitin úr tengslum við aðra lagasetningu sem afnám vatnalaga frá 1923 kallar á. Það á við um áðurnefnt frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum sem ekki hefur komið fram á þessu þingi, eins og áður segir, og það á einnig við um boðað frumvarp á grunni vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Lokaniðurstaða þessara mála fæst svo ekki fyrr en pólitísk sátt er fundin um það hvernig ráðstafa beri auðlindum í þjóðareign, hvort og hvernig þeim verði fundinn staður í stjórnarskránni og hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir nýtingu þeirra.

Minni hlutinn telur þess vegna að Alþingi eigi að taka sér nauðsynlegan tíma til að skoða þessi mál í heild og að ekki eigi að fella hinn mikla bálk vatnalaga úr gildi fyrr en öruggt er að önnur lög geti tekið við hlutverki hans."

Virðulegi forseti. Þarna kemur þetta skýrt fram í nefndaráliti minni hlutans og ég, virðulegi forseti, verð að segja að ég átta mig ekki alveg á á hvaða ferðalagi hæstv. ríkisstjórn er og meiri hlutinn hér á þingi með því að fara svona í málin. Eins og fram kom hér fyrr í dag, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á, er nú komin upp nokkuð ný staða í málinu vegna þess að nú loksins hafa Ísland, Noregur og Liechtenstein náð samkomulagi um innleiðingu vatnatilskipunarinnar, þ.e. hvernig það mál skuli framkvæmt. Það þykir mér, virðulegi forseti, einnig vera þess eðlis að við gætum beðið með að ljúka þessu máli þar til það frumvarp sem vatnatilskipun Evrópusambandsins mun geta af sér hér á landi liggur fyrir.

Virðulegi forseti. Hvað varðar hraðann í þessu máli langar mig til að grípa aðeins niður í nefndarálit minni hlutans aftur.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Það er hins vegar ljóst að margs konar breytingar á lagaumhverfi og stjórnsýslu kalla á endurskoðun þeirra í náinni framtíð. Þó kom mjög skýrt fram á fundum nefndarinnar með umsagnaraðilum og sérfræðingum að ekki væru uppi sérstök vandamál sem gerðu það að verkum að hraða þyrfti endurskoðun laganna. Þvert á móti töldu margir sem á fund nefndarinnar komu að best væri að fara sér hægt í málinu en vanda þeim mun betur til verka."

Á þetta hlýddi meiri hluti nefndarinnar ekki og því erum við í þeirri stöðu sem við erum í í dag, að standa hér í deilum um þetta mál.

Virðulegi forseti. Það er að mínu mati alveg skýrt að hér er verið að gera grundvallarbreytingu á skilgreiningunni á eignarhaldi á vatni. Fram að þessu hefur það verið alveg skýrt að um hefur verið að ræða nýtingarrétt á vatni á jörðum sem vatn rennur um. En með þessu frumvarpi á að lögfesta eignarhald á vatninu sjálfu, sem er að mínu viti galin hugmynd ef menn hugleiða það hvernig, ef þeir horfa inn í framtíðina, þetta á að fara fram. Eðli vatns er slíkt að það er ekki hægt og sömuleiðis mikilvægi þess fyrir jarðarkringluna og íbúa hennar. (**BJJ:** Hvað segja lögfræðingar?)

Virðulegur forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson grípur hér fram í og spyr mig hvað lögfræðingar segi um þetta mál. Ég vil á móti spyrja hv. þingmann hvers vegna ekki er hlustað á þá sem segja að við eigum að taka okkur lengri tíma í að skoða þessa hluti, að við eigum að skoða hugsanleg áhrif til framtíðar. Vatn er uppspretta lífs og hefur verið

skilgreint sem grundvallarmannréttindi af Sameinuðu þjóðunum, sem við erum aðilar að. Það er gert vegna þess að heimsbyggðin hefur ekki öll aðgang að vatni. Víða í heiminum er að verða skortur á vatni og við getum ekki lokað augunum fyrir því að við erum hluti af þessari heild. Vatninu rignir ekki bara niður hér á landi heldur víða annars staðar og við erum rík af vatni hér og því er þeim mun mikilvægara að fara að öllu með gát í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Ég hef reifað það hér að við teljum að þetta mál eigi að koma til umræðu innan stjórnarskrárnefndar, eigi að vera hluti af grundvallarmannréttindum og fjalla eigi um það í stjórnarskrá. Í framhaldi af því vil ég benda á prýðilega ritstjórnargrein sem birt var í Morgunblaðinu þann 1. nóvember sl. Ástæða þess að þessi ritstjórnargrein er birt er sú að fjölmargir aðilar, Hjálparstarf kirkjunnar og fleiri, bundust samtökum undir yfirskriftinni Vatn fyrir alla og héldu merkilega ráðstefnu þar að lútandi. Af þessari góðu ritstjórnargrein Morgunblaðsins, sem margir vilja meina að sé málgagn hægri manna hér í landi eða sjálfstæðismanna, er alveg ljóst að þar á bæ líta menn öðrum augum á málin en gert er hér. Mig langar að lesa þessa ritstjórnargrein fyrir hv. þm. Birki Jón Jónsson vegna þess að ég tel að hún eigi mikið erindi inn í þessa umræðu.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Það kann að virðast lítil þörf fyrir því að ræða sérstaklega um aðgang að vatni á Íslandi. Staðreyndin er hins vegar sú að um þriðjungur mannkyns býr um þessar mundir við vatnsskort og nýtur því samkvæmt skilgreiningu ekki grundvallarmannréttinda. Um helgina var haldin ráðstefna undir yfirskriftinni Vatn fyrir alla.“ — Ég vil, virðulegi forseti, taka fram að þessi ritstjórnargrein er skrifuð 1. nóvember og ráðstefnan var 29. október sl. — „Samhliða ráðstefnunni gáfu samtökin BSRB, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Kennarasamband Íslands og SÍB út sameiginlega yfirlýsingu til að vekja athygli á mikilvægi vatns og sérstöðu. „Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum,“ segir í yfirlýsingunni. „Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þvílíkan búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar.“ Leggja samtökin til að sett verði í stjórnarskrá ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings, sem taki til réttinda, verndunar og nýtingar vatns.“

Áfram segir í þessari ritstjórnargrein:

„Sagði Nigel Dower, kennari í þróunarsiðfræði við Háskólann á Akureyri, á ráðstefnunni að aðgangurinn að vatni væri lykilatriði í réttinum til lífs. Rétturinn til vatns tæki til þess, sem þyrfti til að tryggja heilbrigt líf og mannlega reisn.

Alþjóðaheilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna áætlaði árið 2002 að 1,7 milljarða manna skorti aðgang að hreinu vatni og um 2,3 milljarðar manna þjáðust af sjúkdómum, sem rekja mætti annars vegar til óhreins vatns og hins vegar hárrar verðlagningar á vatni. Seinna vandamálið hefur farið vaxandi, ekki síst vegna einkavæðingar á vatnsveitum í löndum á borð við Indland. Páll H. Hannesson, alþjóðafulltrúi BSRB, sagði í fyrirlestri sínum á ráðstefnunni um helgina að rannsóknir sýndu að reynslan af einkavæðingu vatns í þróunarlöndunum hefði yfirleitt verið slæm. Skort hefði á samkeppni og fyrirtæki hefðu ekki fjárfest eins mikið og búist hefði verið við í nývirkjum og viðhaldi auk þess sem verð á vatni hefði hækkað.

Tvö ríki, Úrúgvæ og Holland, eru nú í þann mund að banna einkavæðingu vatns með lögum. Í báðum tilfellum er ekki aðeins kveðið á um að ekki megi einkavæða vatnsveitur, heldur einnig að ekki megi fela einkaaðilum rekstur vatnsbóla.

Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst 2005 til 2015 áratug alþjóðlegra aðgerða til að tryggja vatn til lífsviðurværis. Í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 2004 er það markmið sett að fækka þeim um helming sem ekki hafa aðgang að eða efni á öruggu drykkjarvatni.

Tilgangur einkavæðingar er fyrst og fremst að tryggja neytendum betri þjónustu og kjör með tilstuðlan samkeppni, ekki að færa einokun frá einni hendi yfir á aðra. En það hlýtur einnig að vera mikið álitamál hvort hægt sé að einkavæða auðlind á borð við vatn og má yfirfæra þá umræðu yfir á umræðuna um auðlindir hafsins og spyrja hvort ekki sé rétt að líta á vatn sem þjóðareign.“

Virðulegi forseti. Í lok þessarar ritstjórnargreinar segir, og þetta þykir mér afar áhugavert:

„Nú stendur yfir nefndarstarf um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Rétt er að við þá endurskoðun verði áskorunin, sem kemur fram í yfirlýsingu félagasamtakanna fyrir helgi um vatn fyrir alla, tekin til alvarlegrar skoðunar.“

Þar segir, og get ég tekið undir þá síðustu setningu í þessari ritstjórnargrein:

„Þótt á Íslandi sé gnægð vatns verða Íslendingar að sýna að þeir kunni að umgangast þessa mikilvægu auðlind af virðingu og alúð.“

Þetta eru lokaorðin í ritstjórnargrein Morgunblaðsins frá þriðjudeginum 1. nóvember. Þessi ritstjórnargrein segir töluvert mikið um málið. Þarna er dregin fram staðan í heiminum og mikilvægi vatnsins og sú skoðun ritstjórnar Morgunblaðsins að við endurskoðun stjórnarskrárinnar beri að taka tillit til þessarar áskorunar um að vatn og vernd þess verði tekin inn í stjórnarskrána. Þetta þykir mér afar mikilvægt og mér þykir þetta mjög merkileg grein fyrir margra hluta sakir, sérstaklega í ljósi þess að oft og tíðum hafa ritstjórnargreinar Morgunblaðsins verið vilhallar ríkisstjórninni og sérstaklega sjálfstæðismönnum og í ljósi sögu blaðsins og tengsla þess við Sjálfstæðisflokkinn þykir mér þetta merkileg grein. Hún ýtir líka undir undrun mína á því hvers vegna mönnum liggur svona á, hvers vegna má ekki ræða hlutina í samhengi, þ.e. hvers vegna má ekki taka fyrir lög um jarðrænar auðlindir, stjórnarskrána og lög um vatnavernd og vatnatilskipun Evrópusambandsins. Það er klárlega samhengi þarna á milli auk þess, eins og dregið er fram í þessari ritstjórnargrein, sem það er alveg klárt að vatn hefur verið skilgreint sem grundvallarmannréttindi og aðgengi að því. Það hefur verið gert vegna þess að vatn er takmörkuð auðlind. Því þykir mér þetta undarlegur leiðangur sem hæstv. ríkisstjórn er í hér að ætla að fara að einkavæða vatnið með þessum hætti.

Í þessari umræðu hafa okkur í stjórnarandstöðunni verið lögð orð í munn, sagt að við viljum fara út í einhverja þjóð-

nýtingu og annað slíkt. Ég vísa því á bug. Í nefndaráliti sem hér liggur fyrir og allir geta lesið kemur afstaða okkar skýrt fram. En til að taka af allan vafa um hvar við stöndum í þessu máli vil ég einnig lesa hér ágæta samþykkt frá þingflokki Samfylkingarinnar undir yfirskriftinni Vatn er sameiginleg auðlind.

Virðulegi forseti, þar segir:

„Skilgreining, eignarhald, nýting og varðveisla náttúruauðlinda eru meðal mikilvægustu viðfangsefna stjórnmálanna í dag. Vatn er ein mikilvægasta auðlind jarðar og því er það skoðun þingflokks Samfylkingarinnar að vatn eigi að skilgreina sem sameiginlega auðlind mannkyns."

Sem sameiginlega auðlind mannkyns.

Áfram segir:

„Þingflokkurinn telur að rétt sé að endurskoða lög sem varða vatn, vernd þess og nýtingu með það að markmiði að staðfesta þjóðarforsjá vatnsauðlindarinnar, sem felur í sér ábyrgð samfélagsins á vatnsgæðum og sjálfbærri nýtingu vatns. Samfylkingin telur það heppilega meginreglu að landeigendur hafi nýtingarrétt til vatns, eins og gert er ráð fyrir í gildandi vatnalögum frá 1923 en lýsir sig andvíga því að einkaeignarréttur á vatni verði festur í lög eins og gert er í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til nýrra vatnalaga. Ógerlegt er að spá fyrir um réttaráhrif breytingarinnar, en líklegt er að með samþykkt frumvarpsins yrði ríkið skaðabótaskylt gagnvart vatnseigendum ef Alþingi vildi síðar auka aftur almannarétt. Annars konar nýting vatns en nú er stunduð yrði eigendum í sjálfsvald sett án lagabreytinga, og grunnvatn í landinu yrði endanlega gert að einkaeign."

Virðulegi forseti. Áfram segir:

„Frumvarpið er í mótsögn við Evrópulöggjöf um vatn. Í rammatilskipun sambandsins um vatn segir m.a.: „Vatn er ekki eins og hver önnur verslunarvara heldur arfleifð sem ber að vernda, standa vörð um og fara með sem slíka." Þingflokkurinn bendir á að andi laganna frá 1923 var sá að bændum væri best treystandi til að varðveita landið og nytja með skynsamlegum hætti. Því var ákveðið að binda nýtingarréttinn við landeign í stað þess að vatnsföllin sjálf gengju kaupum og sölum. Þessi skipan hefur reynst allvel í rúma átta áratugi. Mikið kapphlaup er hafið um eignar- og nýtingarrétt á auðlindum og landeignir í sveitum færast í síauknum mæli úr höndum bændastéttar, sem nytjaði landið sér og sínum til lífsviðurværis, til einstakra fjárfesta. Við endurskoðun vatnalaga er eðlilegt að taka mið af þessum breytingum og skilyrða betur nýtingarréttinn. Iðnaðarráðherrann og ríkisstjórnin hafa hins vegar valið þá leið að afhenda landeigendum — gömlum og nýjum — óskorað eignarhald á sameiginlegum verðmætum þjóðarinnar. Vatnalagafrumvarp iðnaðarráðherra er nú komið úr nefnd til 2. umr. á Alþingi. Þingflokkurinn telur að ekki eigi að ljúka afgreiðslu þessa máls á þinginu nú, og hafa þingmenn flokksins í iðnaðarnefnd lagt til að því verði vísað frá. Auk þess sem að ofan greinir leggja þingmennirnir áherslu á að ekki sé ráðist í heildarendurskoðun vatnalaganna þar til fyrir liggja öll frumvörp að lögum sem eiga að taka við hlutverki þeirra. Hér er einkum átt við lög sem leyst geta af hólmi lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en nýtt frumvarp á því sviði bíður álits nefndar sem iðnaðarráðherra hefur ekki enn skipað. Sú nefnd á að fjalla um framtíð þjóðarauðlinda og meðferð þeirra ásamt því hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir rannsóknar- og nýtingarleyfum til orku- og auðlindanýtingar. Einnig er nauðsynlegt að frumvarp um vatnsvernd liggi fyrir af hálfu umhverfisráðherra en því er ætlað að koma til móts við tilskipun Evrópusambandsins um nýtingu og meðferð vatns og mun efni þess augljóslega koma í stað mikilvægra ákvæða vatnalaga frá 1923."

Einnig kemur fram, virðulegi forseti, að flokkurinn lýsir sig reiðubúinn til að taka þátt í að skapa pólitíska sátt um samræmda stefnu og stjórn á nýtingu náttúruauðlinda sem byggi þá á heildstæðum lagaramma um hlutverk og ábyrgð ríkisins á ráðstöfun og nýtingu þeirra. Liður í því er, eins og segir hér:

„Liður í því er að vinna tillögu um hvernig ákvæðum um sameign auðlinda og þjóðarforsjá með auðlindum utan einkaeignarréttar verði best fyrir komið í stjórnarskrá Íslands."

Virðulegi forseti. Það er augljóst hvar okkar áherslur liggja í þessum efnum. Við viljum vandaðri vinnubrögð og við viljum að málin séu skoðuð heildstætt. Einnig, eins og fram hefur komið, viljum við að fjallað verði um þetta í stjórnarskrárnefndinni sem nú er að störfum. Eins og fram kom í ritstjórnargrein Morgunblaðsins og einnig frá þeim samtökum sem stóðu að ráðstefnunni Vatn fyrir alla taka þeir aðilar undir þann málflutning að það verði skoðað í þeirri vinnu.

Virðulegi forseti. Í tengslum við þessa umræðu um vatnatilskipun Evrópusambandsins fannst mér með hreinum ólíkindum að þann skamma tíma sem hæstv. iðnaðarráðherra gaf sér til að vera við umræðuna hér í dag skyldi hún ekki svara þeim spurningum sem fram komu um vatnatilskipun Evrópusambandsins og þá samninga sem nú hafa náðst milli Íslands, Noregs og Liechtensteins. Ég átta mig ekki á hvers vegna, þessi umræða hlýtur öll að fara saman. Ég vil skora á hv. þm. Birki Jón Jónsson — ég vona að hann sé að hlusta þó að hann sé ekki hér í salnum — að koma hér upp í eitt skipti fyrir öll og segja okkur hvað það er sem knýr á um svo hraða meðferð í þessu stóra máli og hvers vegna ekki er hlustað á þá fjölmörgu aðila sem hafa beðið um það og talið það skynsamlegast að þessi mál yrðu rædd saman og í samhengi. Mér finnst kominn tími á það í þessari umræðu að það komi hér fram í eitt skipti fyrir öll hvað það er sem knýr á.

Hv. þm. Helgi Hjörvar fór ágætlega yfir það í ræðu sinni hér áðan að svo vitað sé knýr ekkert á. Engar deilur eru uppi, ekkert dómsmál í gangi eða nokkuð annað sem krefst þess að málið fari hér í gegn svo illa unnið og illa ígrundað sem raun ber vitni. Það er helst að manni detti í hug að það séu bara orðin einhvers konar trúarbrögð að færa allar auðlindir í einkaeign. Það kemur mér svo sem ekki á óvart með Sjálfstæðisflokkinn, hann er að mestu leyti samkvæmur sjálfum sér í þessu frumvarpi. Í því birtist nefnilega tiltölulega öfgafull hægri stefna og frjálshyggjustefna, þ.e. að það eigi að reyna að selja allt á markaði sem mögulegt er og reyna að ná utan um alla skapaða hluti og gera úr þeim vöru.

Ég get verið sammála þeim í mörgum tilfellum en ekki í þessu. Ekki þegar verið er að tala um vatn sem er grund-

völlur lífs, að það eigi að gefa grunnvatnið okkar. Það kemur mér hins vegar á óvart að Framsóknarflokkurinn skuli leiða þessa gjörð hér í þinginu og það eina sem kemur upp í huga manns er að framsóknarmenn hafi tekið trú sjálfstæðismanna. Ég hefði viljað, og mér fyndist það sanngjarnt gagnvart okkur sem höfum verið að fjalla um þessi mál nú síðustu daga, að hv. þingmenn stjórnarliðanna kæmu hér upp í eitt skipti fyrir öll og segðu okkur hvers vegna það þurfi að hafa þennan hraða, sérstaklega í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið að þessi lög taki til mun þrengra sviðs en gömlu vatnalögin, eða lögin sem nú eru í gildi, og fleiri lagasetningar en þessa þurfi til að leysa þau af hólmi. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Pétur Blöndal kvartar hér yfir því að fá ekki að komast að. Ef hann er á mælendaskrá, sem ég bara veit ekki vegna þess að ég hef hana ekki fyrir framan mig, þá hlakka ég til að hlýða á mál hans þar sem hann boðar það hér að vilja komast að með eitthvað. (Gripið fram í.) Ég mun reyna að gera mitt besta til þess að hann komist hér að og geti hugsanlega varpað einhverju ljósi á þau atriði sem ég hef kallað eftir og við höfum verið að kalla eftir hér síðustu daga.

Virðulegi forseti. Ég vildi gera þátt Sameinuðu þjóðanna að umræðuefni og ástæður þess að vatn hefur verið skilgreint sem grundvallarmannréttindi. Það er alveg klárt og við ættum að vita það flest að vatn er frumforsenda þess að menn haldi lífi. Þess vegna hefur verið ákveðið að aðgangur að vatni skuli tilheyra almennum mannréttindum. Sameinuðu þjóðirnar skýrðu það skilmerkilega árið 2002.

Mig langar að fara aðeins yfir þá samþykkt. Ég fann ágæta lýsingu á henni á vef BSRB. Þar segir m.a. að Sameinuðu þjóðirnar skilgreini vatn sem grundvallarmannréttindi. Ég sé að hv. þm. Birkir Jón Jónsson er genginn í salinn (**BJJ:** Til að hlusta á mál þitt.) að hlusta á mál mitt. Það gleður mig mjög. Hann mun væntanlega koma upp, eftir að ég hef lokið máli mínu, og segja okkur í eitt skipti fyrir öll hvers vegna liggur á í þessu máli. Hvers vegna ekki megi skoða þetta í samhengi við aðra löggjöf. Ég fagna því að þurfa ekki að fara yfir það aftur af því hann hefur augljóslega hlustað skýrt og skilmerkilega.

Virðulegi forseti. Nefnd um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem hefur hist reglulega síðan 1987 í þeim tilgangi að gefa út nánari túlkun á alþjóðlega sáttmálanum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, samþykkti 26. nóvember árið 2002 skilgreiningu á réttinum til vatns. Það gerði hún með því að skoða og skilgreina 11 gr. sáttmálans, sem er greinin um rétt til matar og sömuleiðis 12 gr., sem er um rétt til heilbrigðis í áðurnefndum sáttmála, um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Þessa grein er hægt að lesa á vef BSRB. Þar segir, með leyfi forseta:

„Aðgangur að vatni telst til grundvallarmannréttinda samkvæmt samþykkt Sameinuðu þjóðanna. Sérhver maður skal þess vegna eiga rétt á og vera tryggður nægilegur og öruggur aðgangur að hreinu drykkjarvatni á hóflegu verði, auk vatns til hreinlætis og heimilishalds. Þegar rætt er um „nægjanlegan aðgang að drykkjarvatni" er gengið út frá hugmyndinni um mannlega reisn, en ekki notuð þröng tæknileg skilgreining með tilvísun í lítrafjölda eða tækni. Ekki á heldur að líta á vatn sem hverja aðra verslunarvöru. Sameinuðu þjóðirnar hafa einnig ítrekað brýna skyldu ríkja að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar án tafar. Ríkjum ber að tryggja að dreifing vatnsauðlindarinnar og fjárfestingar í vatni tryggi öllum þegnum þjóðfélagsins aðgang að drykkjarvatni."

Virðulegi forseti. Það er alveg skýrt hvert Sameinuðu þjóðirnar vilja fara með þessu. Þetta er ekki gert eitthvað út í bláinn, að skilgreina vatnið þannig. Það er gert vegna þess að fjölmargir, um 1,2 milljarðar manna, hafa ekki aðgang að nægu drykkjarvatni. Því er spáð að á næstu árum muni þessi tala fara upp í 1,5 milljarða. Það er skýrt. Við erum aðilar að sáttmála Sameinuðu þjóðanna og hljótum að taka tillit til þessa. Ég get ekki orðað það betur en gert var í áðurnefndri ritstjórnargrein á Morgunblaðinu, að þótt á Íslandi sé gnægð vatns verði Íslendingar að sýna að þeir kunna að umgangast þessa mikilvægu auðlind með virðingu og af alúð. (**BJJ:** Við gerum það.) Í ljósi þess tel ég að þetta mál hefði átt að fá miklu vandaðri umfjöllun Ég tel að menn ættu að líta á það í samhengi, horfa út fyrir landsteinana og til þeirra þjóða þar sem vatnsskortur ríkir. Við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér, virðulegi forseti. Við erum hluti af hinu alþjóðlega samfélagi og mér finnst það fullkomin þversögn að gera lífsréttinn, þar sem vatnið er undirstaðan, að verslunarvöru eins og þetta frumvarp getur haft í för með sér.

Virðulegi forseti. Mig langar líka — og legg til að hv. þm. Birkir Jón Jónsson, sem ég hef gaman af að tala til í dag þar sem hann er eini stjórnarliðinn í salnum, geri hið sama — að lesa góðan bækling sem WHO, eða Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gaf út um réttindi vatns. Þar er margt mjög fróðlegt að finna. Okkur hættir svolítið til að hugsa aðeins út frá eigin nafla, Íslendingum. Það gengur ekki til framtíðar litið. Í þessum bæklingi er fjölmargt áhugavert dregið fram og mikið af mikilvægum staðreyndum sem ég tel að eigi erindi í umræðuna. Þessi bæklingur er á ensku en ég ætla að reyna að snara honum eftir því sem ég get svo að hv. þingmenn fái a.m.k. að heyra ákveðna punkta sem skipta mjög miklu máli.

En þar segir að vatn sé grundvöllur lífs og mannlegrar reisnar. Þetta segir í inngangi þessa bæklings, sem ritaður er af Gro Harlem Brundtland, sem fer fyrir þessari stofnun. Sömuleiðis ritar innganginn Sergio Vieira de Mello, sem fer með mannréttindamál innan Sameinuðu þjóðanna. Þarna er jafnframt vitnað í Kofi Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, sem segir í bæklingnum að aðgangur að öruggu vatni sé grundvallarþörf manna og þess vegna grundvallarréttur manna.

Í bæklingnum kemur fram að skortur á hreinu vatni víða á jörðinni valdi veikindum og sjúkleika sem leiði um tvær milljónir manna til dauða á hverju ári. Einnig er farið vel yfir ástæður þess að nefndin sem fjallar um félags-, menningar- og efnahagsmál í sáttmála Sameinuðu þjóðanna komst að þessari niðurstöðu árið 2002, að skilgreina vatn sem grundvallarmannréttindi. Þarna kemur líka skýrt fram að ferskt vatn eigi að vera réttur manna vegna mikilvægis þess við að viðhalda lífi þeirra. Aðgengi að því er því fyrst og fremst réttur manna fremur en að það sé réttur manna að selja það.

Mér þykir líka merkilegt að við skulum ræða um að lögfesta eignarrétt á vatni í lögum þegar við höfum dæmi um það frá ýmsum stöðum, sem ég kem betur inn á á eftir, hvernig verð hefur hækkað víða þar sem það hefur verið gert. Það bitnar helst á hinum fátæku í heiminum. Í þessum bæklingi kemur fram að samkvæmt nýlegum áætlunum borga hinir fátækari að meðaltali 12 sinnum meira á lítra af vatni en þeir sem hafa meira á milli handanna, hinir ríkari.

Þetta er auðvitað, virðulegi forseti, alvarlegt mál, sérstaklega þar sem um er að ræða takmarkaða auðlind sem ekki er hægt að ganga í eins og hér á Íslandi. Í hana hefur verið hægt að ganga hvar sem er í okkar nánasta nágrenni en sú er ekki staðan í öðrum ríkjum.

Virðulegi forseti. Í þessum bæklingi er líka farið vandlega yfir skyldur ríkisstjórna til að veita almenningi aðgengi að góðu og hreinu vatni. Ég hvet hv. þm. Birki Jón Jónsson til að skoða þennan bækling vandlega til að fá tilfinningu fyrir því. Ég held því ekki fram að menn ætli sér að brjóta mannréttindi eða eitthvað slíkt. En ég tel skorta á að menn hafi tilfinningu fyrir mikilvægi vatnsins og átti sig á mikilvægi þess og að það er undirstaða lífs. Það er mikilvægt að menn horfi út fyrir naflann á sjálfum sér og átti sig á að við erum hluti af vistkerfi heimsins og að vatnið skiptir þar miklu máli.

Virðulegi forseti. Áður en lengra er haldið langar mig að greina frá þessari merkilegri yfirlýsingu sem ég hef nokkrum sinnum nefnt í ræðu minni á undan, þ.e. frá fjölda samtaka í landinu. Ég tel að sú yfirlýsing, sem ritstjórnargrein Morgunblaðsins vísar til, ætti að koma til skoðunar í stjórnarskrárnefnd. Áskorun þessa og yfirlýsingu ætti að taka upp í stjórnarskrárnefnd og taka til alvarlegrar athugunar.

Mig langar, virðulegi forseti, áður en lengra er haldið að lesa hana svo að hv. þingmenn og aðrir sem á hlýða hafi hana bak við eyrað í umfjöllun um þetta mál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Undirrituð samtök vilja með sameiginlegri yfirlýsingu þessari vekja athygli ríkisstjórnar, sveitarstjórna, stofnana, fyrirtækja og almennings á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum. Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hugsa verður til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi.

Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn.

Undirrituð samtök telja að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi, eins og kveðið er á um í samþykktum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur undirgengist. Sérhver maður á því rétt á aðgengi að hreinu drykkjarvatni og vatni til hreinlætis og heimilishalds.

Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru.

Nýting vatns skal vera sjálfbær og aðgengi að því tryggt með lögum fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Það er skylda stjórnvalda að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar.

Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja verndun vatns sem náttúruverðmæta sem og að tryggja hollustu og dreifingu vatns til allra þjóðfélagsþegna með fjárfestingu í mannvirkjum og mengunarvörnum. Vatnsveitur verði því reknar á félagslegum grunni, taki mið af almannahagsmunum og tryggi rétt einstaklinga til nægilegs hreins vatns til drykkjar og hreinlætis á viðráðanlegu verði. Það er jafnframt hlutverk stjórnvalda að tryggja að við nýtingu vatns verði öðrum náttúruverðmætum ekki spillt.

Stjórnvöldum ber að tryggja almenningi aðgengi að öllum upplýsingum er varða verndun og nýtingu vatns og stuðla að aukinni virkni almennings og meðvitund um mikilvægi vatns, náttúru og réttrar umgengni við landið.

Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns sem og lögum er varða verndun vatns og náttúru.

Til að tryggja skilvirka verndun og nýtingu vatns ber stjórnvöldum að skipuleggja stjórnsýslu þannig að eðlilegt jafnvægi sé á milli þessara þátta og réttar einstaklinga til aðgengis að vatni."

Undir þessa yfirlýsingu rita fjölmörg samtök sem koma mjög víða að og eru frá mismunandi sviðum samfélagsins. Þau samtök auk fleiri aðila eru: Kennarasamband Íslands, BSRB, Landvernd, MFÍK, Náttúruverndarsamtök Íslands, SÍB, þjóðkirkjan, Ungmennafélag Íslands, UNIFEM á Íslandi, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Öryrkjabandalag Íslands, Landssamband eldri borgara og ASÍ.

Virðulegi forseti. Allir þessir aðilar hafa farið í gegnum það mjög skýrt og greinilega og hafa tilfinningu fyrir því að verndun vatns sé eitt mikilvægasta verkefnið okkar á næstu árum og áratugum og til framtíðar litið og vilja gæta að því að aðgengi að því sé tryggt.

Ég gagnrýndi það talsvert í máli mínu áðan að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra fjölmörgu athugasemda sem bárust hv. iðnaðarnefnd um frumvarpið sem við ræðum, frumvarp til vatnalaga, sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur lagt fram. Fjölmargar athugasemdir hafa borist og það sem meira er og mest um vert er að víða er mjög samdóma álit að finna. Mér finnst það ekki síður vera ástæða til þess að tekið sé tillit til athugasemdanna þegar um svo veigamikið atriði og veigamikið mál er að ræða. Augljóst er að hv. stjórnarþingmenn eru búnir að samræma málflutning sinn á þann veg að hér sé einungis um formbreytingu að ræða, það kemur reyndar líka fram í greinargerð frumvarpsins en á þessu er hamrað hér. Þeir hafa sagt, þó ekki með berum orðum en gefið það í skyn, að þeir aðilar sem haldi því fram að svo sé ekki hafi ekki skilning á fræðum laganna eða lögfræðinni.

Þetta er ótrúlegur málflutningur vegna þess að með því

er gert afar lítið úr þeim virtu og fjölmörgu aðilum sem hafa lýst yfir áhyggjum af eignarhaldi á vatni hér á landi til framtíðar, verði frumvarpið að lögum. Fleiri hlutir koma nefnilega til en eingöngu tæknileg atriði lögfræðinnar, því við erum ekki að tala um hvern annan hlut. Við erum að tala um vatn, sem er undirstaða lífs, og við erum að tala um vatn sem er aldrei á sínum stað, er á sífelldri hringrás um heiminn í gegnum kerfi okkar og er að finna í náttúrunni. Þess vegna hefur mér fundist málflutningurinn ofsalega grunnur og vera hluti af því að menn ætla, án þess að þurfa að svara mörgum spurningum, að koma frumvarpinu í gegn sama hvað. Málflutningurinn segir manni það, því menn vilja ekki skýra hvers vegna það liggi á málinu og hvert vandamálið sé sem þurfi að leysa með frumvarpinu. Þeir hafa heldur ekki viljað fara í umræðu við okkur um hvaða mögulegu áhrif þetta geti haft til langs tíma og hvaða mögulegu áhrif þetta geti haft á þá samninga sem við erum aðilar að og þær yfirlýsingar og sáttmála sem við höfum undirritað.

Ég hef kallað eftir því í umræðunni og gerði það í andsvari við hv. þm. Birki J. Jónsson, að hann komi og gefi okkur fyrirmyndir af því hvaða ríki sem við erum í samstarfi við á alþjóðavettvangi hafi farið þá leið að lögfesta skýran eignarrétt á vatni. Við þekkjum dæmi frá Bólivíu þar sem þetta var gert sem fór illa, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fór vel yfir í umræðum fyrr í vikunni. Af því að verið er að binda eign á vatni við landareignir er verið að gefa vatnið, mikilvægustu auðlind jarðar, til landeigenda. Ég tel að þessu þurfi menn að svara og segja okkur hvað liggi þar að baki annað en blind trú á einkaeignarrétt á öllum sköpuðum hlutum.

Virðulegi forseti. Þar sem umsagnirnar náðu ekki athygli þeirra sem eru í meiri hluta nefndarinnar meira en svo að ekki er tekið tillit til þeirra í breytingartillögum eða við meðhöndlun málsins langar mig að fara aðeins yfir nokkrar þeirra svo að þeir sem á hlýða glöggvi sig á um hvað sé aðallega verið að fjalla í þeim. Þar sem við höfum vísað talsvert til umsagnanna finnst mér rétt að menn þekki innihald þeirra.

Landssamband eldri borgara sendi inn ágæta umsögn um frumvarp til vatnalaga. Þar er komið inn á nokkra þætti, m.a. segir þar að vatn sé í ríkum mæli sú auðlind sem sé undirstaða lífsviðurværis og lífsgæða íslensku þjóðarinnar. Að um 70% hreinnar orkuframleiðslu landsmanna byggist á vatnsafli, hvort sem er í fersku vatni í ám, vötnum eða jarðvarma. Einnig segir þar að aðgengi að þessum auðlindum hafi til þessa í aðalatriðum verið í höndum landsmanna og vatnsdreifing til neytenda geti aldrei farið fram í samkeppni milli tveggja eða fleiri aðila þar sem vatnsveitur búa við eitt dreifikerfi. Vatnsdreifing sé því í eðli sínu einokun.

Í niðurlagi umsagnarinnar kemur fram að Landssamband eldri borgara geti tekið undir það sjónarmið, að vegna mikilvægis vatns fyrir íslenskt samfélag og lífríki landsins sé nauðsynlegt að festa í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Því skuli lög og reglugerðir um nýtingu vatns taka mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns sem og lögum er varða verndun vatns og náttúru.

Ég tel umsögn Landssambands eldri borgara mikilvægt innlegg í umræðuna. Þar er að finna fólk með mun meiri reynslu af umgengni við náttúru landsins en mörg okkar höfum hér.

Hér er einnig mjög góð umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Þar er komið inn á fjölmarga þætti, m.a. inn á vatnatilskipunina sem ég hef fjallað um í máli mínu, og vil ég grípa niður á nokkrum stöðum, með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun vill nota tækifærið og árétta að vatn er lífsnauðsynlegt efni fyrir manninn og lífríki jarðarinnar. Það er á sífelldri hringrás um heiminn og því í grundvallaratriðum ólíkt öðrum jarðrænum auðlindum. Stofnunin er eindregið þeirrar skoðunar að forgangsröðun varðandi lagasetningu um vatn og umsýslu með því, sé hollustuhættir, umhverfi og orkunýting, og því beri að bíða með sértæka lagasetningu um eignarhald og nýtingu vatns þar til vatnatilskipun ESB frá 2000 (2000/60/EC) hefur verið lögleidd hér á landi, en þar eru hollustuhættir og umhverfisvernd í fyrirrúmi. Enn fremur telur stofnunin rétt, í ljósi samfélagsumræðu um eignarhald á vatni annars vegar og almannarétt og náttúruvernd hins vegar, sem verið hefur frá því frumvarpið kom fyrst fram á Alþingi, að íhuga alvarlega að halda ákvæði um eignarhald/nýtingarrétt (2. gr.) óbreyttu frá því sem er í gildandi lögum, þ.e. efnislega: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.“ Þetta orðalag hefur reynst farsælt í tímans rás og ekki ástæða til að breyta því „formsins“ vegna.“

Virðulegi forseti. Þetta eru orð sem ég gæti gert að mínum, að menn séu að keyra í gegnum þingið svo umdeilt mál sem getur skipt miklum sköpum fyrir framtíðina og halda því fram að þetta sé formsatriði, að eingöngu sé verið að gera formbreytingar. Ég get tekið undir það sem þarna kemur fram og höfum við sagt það í umræðunni, m.a. hv. þm. Jóhann Ársælsson, að við sjáum ekki ástæðuna fyrir því af hverju gera þarf þá formbreytingu sem kveðið er á um í greinargerðinni og haldið hefur verið fram í umræðunni, hvers vegna menn eru í hálfgerðri krossferð fyrir því að lögfesta einkaeignarréttinn á vatni ef eingöngu er um formbreytingu að ræða sem ætti ekki að skipta sköpum fyrir þá stöðu sem við búum við.

Náttúrufræðistofnun Íslands hafði sent inn þann 2. mars 2005 umsögn um frumvarp til vatnalaga þegar þetta sama mál var hér til umræðu áður. Í þeirri umsögn segir að í 2. gr. frumvarpsins sé gildissvið fyrirhugaðra laga skilgreint sem „allt rennandi eða kyrrstætt vatn í hvaða formi sem er á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi“. Þá segir áfram að í 3. gr., 9. tölulið frumvarps til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum sé þessi víðtæka skilgreining á vatni felld undir hugtakið „jarðræn auðlind“ og þess vegna þurfi að skoða þessi tvö frumvörp í samhengi.

Þarna er bent á, virðulegi forseti, eins og ég kom inn á áðan, eina ástæðu þess hvernig skilgreiningar eru mismunandi milli frumvarpa og mála sem ítreka þá mikilvægi þess að þessi mál séu öll skoðuð í samhengi.

Einnig kemur fram í sömu umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands, með leyfi forseta:

„Vatn er í grundvallaratriðum frábrugðið öðrum jarðefnum að því leyti að það finnst náttúrlega í þrenns konar formi, þ.e. í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn. Stofnunin lagði áherslu á að þótt vatn geti verið orkugjafi, og þar með verslunarvara, þá sé það fyrst og fremst lífsnauðsynlegt efni öllum mönnum og öllum lífverum."

Þetta er í anda þess sem ég las hér upp áðan og snarþýddi úr bæklingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna um að vatn eigi fyrst og fremst að vera aðgengilegt mönnum til að geta haldið lífi, en ekki verslunarvara. Þetta er í þeim anda.

Virðulegi forseti. Í þessari góðu umsögn kemur einnig fram, með leyfi forseta:

„Vatn er lífsnauðsynleg auðlind og arfleifð alls mannkyns og alls lífríkis á jörðinni. Þessi hugsun er ráðandi í lagabálkum í nágrannalöndum okkar og kemur vel fram í vatnatilskipun Evrópusambandsins frá árinu 2000 sem segir efnislega að vatn sé ekki söluvara, heldur sameiginlegur arfur mannkyns sem beri að varðveita, vernda og umgangast í samræmi við það. Nú er unnið að lögleiðingu vatnatilskipunar Evrópusambandsins hér á landi í heildstæðri löggjöf um vernd og nýtingu vatns. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að sértæk lög um eignarhald og umsýslu með vatni séu lögfest áður en fyrir liggur hvernig vatnatilskipunin verður innleidd."

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur er þarna vísað í 1. tölulið í formála vatnatilskipunar Evrópusambandsins þar sem segir að vatn sé ekki söluvara heldur sameiginlegur arfur mannkyns sem beri að varðveita, vernda og umgangast í samræmi við það. Þetta finnst mér afar mikilvægur þáttur vegna þess að það er skoðun mín að verði þetta frumvarp til vatnalaga lögfest og þar með einkaeignarrétturinn þá séum við að nálgast málið hinum megin frá, þ.e. að vatn sé fyrst og fremst söluvara. Það er sú nálgun sem við erum að mótmæla í þessari umræðu en slíkri nálgun viljum við ekki beita í lagasetningu um vatn. Vegna þess að það gengur gegn alþjóðasamþykktum og það gengur gegn allri almennri skynsemi, að mínu mati.

En virðulegi forseti. Það eru fleiri atriði í þessari góðu umsögn sem ég vil fara hér yfir. Þar segir aftur, með leyfi forseta:

„Eignarrétti yfir vatni og öðrum jarðrænum auðlindum er gert hátt undir höfði í nefndum lagafrumvörpum. Nær væri, að mati Náttúrufræðistofnunar, að styrkja almannarétt gagnvart auðlindum landsins og þá sérstaklega gagnvart vatni í öllum þess formum, samanber t.d. ákvæði í vatnatilskipun ESB og ákvæði 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar."

Virðulegi forseti. Frumvarpið sem lagt var fram í fyrra er lagt hér fram aftur nánast óbreytt. Náttúrufræðistofnun sagði í umsögn sinni að hún legði til að frumvarp þetta verði dregið til baka og að beðið verði með sértæka löggjöf um eignarhald og nýtingu vatns þar til fyrir liggi heildstæð rammalöggjöf um verndun og vöktun vatns í anda vatnatilskipunarinnar. Á þessa umsögn hefur ekki verið hlustað og þetta er ekki sú eina.

Virðulegi forseti. Það eru fleiri en við í Samfylkingunni og stjórnarandstöðunni sem viljum meina að með nálguninni varðandi eignarréttinn í frumvarpinu sem fyrir liggur sé um grundvallarbreytingu að ræða. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa sendi einnig inn umsögn til iðnaðarnefndar. Þar kemur fram með skýrum orðum, virðulegi forseti:

„Í frumvarpinu kemur fram grundvallarbreyting á því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur í gildandi lögum er varðar eignarhald á vatni."

Það eru því fleiri en við sem líta þannig á að svo sé. Það hefur komið fram í þessum umsögnum að það eru fleiri en við sem álíta að hér sé verið að gera grundvallarbreytingu á nálgun lagasetningarinnar.

Ég kom inn á það áðan að það hafi verið gagnrýnt í umsögnum að frumvarpið sé sértækt, í því tilliti að það taki ekki utan um jafnmarga þætti og það ætti að gera, þ.e. að þetta séu ekki heildarlög um vatn. Það sem styður þá skoðun okkar er að fjölmargir aðilar hafa bent á einmitt þennan þátt. Það kom fram að í Náttúrufræðistofnun voru þetta kölluð sértæk lög um nýtingu. Hér í þessari umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa er lagt til að nafni frumvarpsins verði breytt í „lög um nýtingu vatnsauðlinda" ellegar verði frumvarpið endurskoðað með tilliti til tilskipunar Evrópusambandsins um vatnastjórnun þannig að í vatnalögum komi fram skýr ákvæði um kröfur og réttindi er varða vatnsgæði og stjórnskipulag vatnsverndar.

Virðulegi forseti. Þarna er önnur umsögn sem tekur á þessu. Í umsögn félagsins segir jafnframt að það sé mat félagsins að ekki sé nægjanlega gætt að náttúruvernd þar sem meginreglan virðist vera sú að nýta megi þá eign sem vatnsrétturinn er og þennan þátt þurfi að skýra betur í frumvarpinu.

Virðulegi forseti. Það kom einnig fram mjög merkileg umsögn frá Umhverfisstofnun þar sem komið er inn á fjölmarga þætti. Mér þykir afar athyglisvert að í þeirri umsögn er farið dálítið yfir forsögu málsins. Í umsögninni er það verklag sem við er haft við vinnslu þessa máls gagnrýnt nokkuð. Þannig að enn og aftur eru fleiri en stjórnarandstaðan hér á þingi sem telja að þetta mál hafi ekki fengið rétta og nægjanlega umfjöllun. Vil ég grípa niður í þessari umsögn þar sem segir:

„Við vinnslu fyrirliggjandi frumvarps virðist nefndin sem vann drögin ekki hafa sent þau út í því skyni að leita með formlegum hætti eftir viðbrögðum annarra aðila og taka rökstudda afstöðu til innsendra athugasemda sem lagðar yrðu fyrir ráðherra ásamt frumvarpinu. Umhverfisstofnun vill raunar halda því til haga að fulltrúi nefndarinnar leitaði óformlega til stofnunarinnar á sínum tíma um tiltekin atriði um almannarétt er snertir vatn. Umhverfisstofnun telur það verklag, sem því miður er ekkert einsdæmi, að nefndir skili frumvarpstexta til ráðherra án þess að hafa sjálfar leitað eftir viðbrögðum með formlegum hætti úti í samfélaginu, sé mjög vandmeðfarið. Slíkt á einkanlega við þegar verið er að leggja til breytingar á löggjöf sem kann að snerta eða skarast á við verkefni sem aðrir aðilar innan stjórnsýslunnar eru að sinna. Þegar þannig háttar, og eftir að frumvarpið hefur verið lagt fram, má reikna með að umræðan um efni þess fari eingöngu fram á Alþingi. Hætt er við að umræðan verði mun harðari en hún þyrfti að vera ef

ekki er búið að ræða framkvæmdar- og tækniatriði þess á fyrri stigum og sem flest sjónarmið liggja fyrir. Umhverfisstofnun telur að umrætt frumvarp til vatnalaga hafi goldið þessa verklags.“

Virðulegi forseti. Hér er virt stofnun eins og Umhverfisstofnun, sem að sjálfsögðu hefði átt að koma að þessu máli, að er að segja okkur að undirbúningurinn undir þessa frumvarpssmíð hafi ekki verið nægjanlegur og að ekki hafi verið búið að ræða framkvæmdar- og tækniatriði þess á frumstigum málsins. Þetta er enn ein vísbendingin, virðulegi forseti, um að eitthvað búi að baki þessari lagasmíð og þeim flýti á að koma málinu í gegn sem verður að skýra hér í þessum sal.

Virðulegi forseti. Það er mér mikið áhyggjuefni ef stofnun eins og Umhverfisstofnun telur að ekki hafi verið farið nægjanlega vel yfir ákveðin framkvæmdar- og tækniatriði á fyrri stigum við undirbúning þessa máls því eins og ég hef áður sagt er það gríðarlega mikilvægt. Við erum að fjalla um auðlind sem er sameign mannkyns og hún er takmörkuð.

Virðulegi forseti. Í þessari umsögn segir sömuleiðis að þegar Alþingi hafi verið frestað í vor hafi Umhverfisstofnun að eigin frumkvæði haft samband við Orkustofnun og gert tillögu að nokkrum atriðum sem mundu koma verulega til móts við sjónarmið stofnunarinnar. Efnislega voru það þrjú meginatriði sem Umhverfisstofnun lagði til í þeirri umræðu. Þar er fyrsti punkturinn að betur verði hugað að almannarétti. Það er ekki bara Umhverfisstofnun sem kemur inn á þennan þátt heldur mun fleiri og fyrir nefndinni voru fleiri sem nefndu þetta, að ekki væri nægilega vel hugað að almannarétti í frumvarpinu og honum þyrfti að gera hærra undir höfði og hann þyrfti að skýra.

En virðulegi forseti. Ég vil grípa hérna niður í fleiri atriði sem koma fram í umsögn Umhverfisstofnunar. Stofnunin telur að meginþættirnir í umræðum um fyrirliggjandi frumvarp snúi að eftirfarandi atriðum: Í fyrsta lagi að verið sé að breyta gömlum heildarlögum og láta þau fjalla um afmarkaðan þátt fyrri laga en undir sama heiti. Í öðru lagi að verið sé að breyta skilgreiningu á eignarrétti á sama tíma og felld eru niður ákvæði er varða almannarétt. Í þriðja lagi segir í umsögninni að von sé á frumvarpi þar sem ætlunin sé að innleiða hluta af svokallaðri vatnatilskipun sem gengur út á mynda rammalöggjöf um sameiginlega nýtingu vatns, aðgengi almennings að vatni og verndun. En helsta leiðarljós vatnatilskipunarinnar er að vatn sé ekki verslunarvara, heldur sameiginleg arfleifð sem beri að vernda sem slíka.

Virðulegi forseti. Þarna kann að hljóma eins og ég sé farin að endurtaka mig en það er bara staðreynd að fleiri en einn af þessum umsagnaraðilum benda á þessa mikilvægu hluti, þ.e. að huga verði betur að almannarétti og sömuleiðis séu þessi lög að fjalla um afmarkaðan þátt fyrri laga þó undir sama heiti sé. Þar kemur jafnframt fram að skilgreiningum á eignarrétti sé breytt.

Virðulegi forseti. Það er fleira mikilvægt sem kemur fram í þessari umsögn og þar eru meginathugasemdir Umhverfisstofnunar þær að lagt er til að frumvarp um lögleiðingu vatnatilskipunarinnar verði lagt fram um leið og frumvarp um vatnalög og heiti frumvarpsins verði breytt þannig að það gefi betur til kynna efni þess.

Virðulegi forseti. Fjórða meginathugasemdin lýtur að því að almannaréttur veikist ekki. Síðan fjallar Umhverfisstofnun um formbreytingarumræðuna. Þar segir í fimmtu meginathugasemd að telji „Alþingi að einungis sé um formbreytingu að ræða varðandi skilgreiningu á eignarhaldi og sé það ætlun þess að svo verði telur Umhverfisstofnun að skilgreining sem byggir á orðalagi gildandi laga sé skýrari út frá sjónarmiði náttúrufræða og valdi minni óvissu í túlkun á almannarétti.“

Í greinargerð með umræddri umsögn segir að löggjöf til að innleiða vatnatilskipunina hafi ekki verið lögð fram og það er gagnrýnt að menn hafi ekki viljað fara yfir þessi mál á heildrænan hátt og jafnframt gagnrýnt í greinargerðinni að heiti frumvarpsins sé mun víðfeðmara en efnið sem þar er að finna.

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að fara yfir þessa makalausu umræðu um formbreytinguna. Þannig er, virðulegi forseti, að því er haldið fram í frumvarpi til vatnalaga að eingöngu sé um formbreytingu að ræða. Í greinargerðinni á síðu 21, segir, með leyfi forseta:

„Í 4. gr. kemur fram að fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgi eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur. Eins og að framan greinir er þar um að ræða eina helstu breytinguna frá gildandi rétti. Þó skal áréttað að þar er fyrst og fremst um formbreytingu að ræða, ekki efnisbreytingu.“

Virðulegi forseti. Þetta þykir mér afar merkilegt fyrir margra hluta sakir og þykir mér mikilvægt að ræða það og þá líka út frá öðrum sjónarhornum en eingöngu hinni lagatæknilegu, eins og menn hafa verið að gera hér með því að vísa í dómaframkvæmdir og annað. Vil ég í því sambandi nefna að mér hefur þótt afar sérkennilegt í umræðunni að hv. þm. Birkir Jón Jónsson og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafa báðir komið hér upp og farið með þuluna um að eingöngu sé um formbreytingu að ræða en hafa síðan í næstu setningu farið að tala í þeim anda að verið sé að bjarga okkur Íslendingum frá einhverju Sovétskipulagi. Þetta hefur mér þótt svolítið sérkennileg umræða og oft og tíðum hefur hún líka verið býsna ósanngjörn af þeirra hálfu. Ég vona að þegar þeir koma aftur í umræðu um þessi mál verði þeir nú ögn dýpri í umfjöllun sinni en svo að afgreiða málin með svo einföldum hætti. Mér finnst líka svolítið sérkennilegt að ef hv. þingmenn vilja meina að eingöngu sé um formbreytingu að ræða, hvernig stendur þá á því að lesa má úr orðum þeirra að þeir séu með nýju frumvarpi til vatnalaga, þessari nýju skilgreiningu á eignarréttinum, að frelsa okkur, frelsa þjóðina frá ánauð einhvers Sovétskipulags? Þetta þykir mér afar undarlegur málflutningur, sérstaklega í ljósi þess að einungis er um lagatæknilega formbreytingu að ræða. Það sem hefur skinið út úr málflutningi þeirra, sem hefur af mörgum oft verið fyrir neðan allar hellur, er að þeirra bjargfasta trú er að koma eigi öllum sköpuðum hlutum í einkaeign og þá skiptir engu máli hvort það er vatnið — sem eins og fram hefur komið er í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og erfitt að ná utan um — eða eitthvað annað.

Ég fór aðeins yfir það hvernig Umhverfisstofnun lítur á þessi ummæli um formbreytinguna en einnig er farið yfir

þetta í nefndaráliti minni hlutans. Fjallað er ágætlega um það að þetta sé eingöngu einhver lagatæknileg formbreyting. Því langar mig að bera niður í nefndaráliti minni hlutans um þessi mál þar sem segir, með leyfi forseta.

„Í 1. gr. frumvarpsins segir: „Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni.“ Það verður að telja vafasamt orðaval ef hér á fyrst og fremst að vera um formbreytingu að ræða eins og sagði í athugasemdum með frumvarpinu. Þar var einnig sagt að í þessari nýju skilgreiningu á vatnsréttindum fælist í raun meginatriði frumvarpsins en þó var sérstaklega áréttað að þar væri „fyrst og fremst“ um formbreytingu að ræða. Meginatriði frumvarpsins var sem sagt formbreyting samkvæmt þeim skilningi sem fram kom í athugasemdum með því á síðasta þingi.“

Virðulegi forseti. Í nefndarálitinu er einnig sagt örlítið síðar, með leyfi forseta:

„Höfundar frumvarpsins hafa ítrekað fullyrt að engin ný réttindi muni skapast eða glatast verði það að lögum. Eftir stendur að skilningur þeirra sem sömdu frumvarpið var og er óumdeilanlega að aðalmarkmið þess sé „skýrt eignarhald á vatni“.“

Örlítið síðar segir jafnframt, virðulegi forseti:

„Það að hér gangi mönnum annað til en umhyggja fyrir formi og samræmi sannaðist þegar aðalhöfundur þessarar lagasmíðar svaraði spurningum nefndarmanna, en hann var m.a. spurður hvort það gæti skapað skaðabótaábyrgð á hendur ríkinu ef ákvæði um vatn sem nú eru í lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu yrðu numin brott. Svarið var skorinort „já, án vafa“.“

Þá segir einnig:

„Ef sambærileg ákvæði laganna um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og þau sem hér um ræðir færa mönnum skaðabótarétt verði gerð á þeim sú formbreyting að færa réttindin til fyrra horfs hlýtur að mega gagnálykta á þann veg um þá breytingu sem felst í frumvarpinu að í henni felist breyting á réttarstöðu.“

Þetta, virðulegi forseti, þykir mér áhugaverður punktur í nefndarálitinu og fannst rétt að hann kæmi hér fram.

Virðulegi forseti. Ég mundi vilja koma inn á fjölmargt til viðbótar í þessu ljósi en það sem mig langar til að fara yfir næst er umræðan um vatnalögin. Hér hefur mikið verið rætt af hálfu stjórnarliða og sömuleiðis stjórnarandstæðinga um vatnalögin frá 1923, tilkomu þeirra og þau vinnubrögð sem viðhöfð voru á þeim tíma og jafnframt hvernig dómatúlkun hefur átt sér stað út frá þeim lögum og hvernig dómaframkvæmd hefur verið. Hér hafa menn að mínu mati farið býsna misvel yfir og mér finnst rétt að í því ljósi verði Jóni Þorlákssyni heitnum og fyrrverandi þingmanni Sjálfstæðisflokksins gefið orðið Hann var alþingismaður frá árinu 1921–1934 fyrir Sjálfstæðisflokkinn, hann sat því á þingi þegar þessi mál voru hér til umræðu. Sömuleiðis var hann fjármálaráðherra 1924–1926 og forsætis- og fjármálaráðherra 1926–1927. Hann sat í þingnefndinni sem ég nefndi áðan, sem var sett á laggirnar til að fjalla um fyrirkomulag þessara mála á sínum tíma og spilaði þar nokkuð stóra rullu. Mér finnst rétt að gefa honum orðið með því að lesa hérna góða grein sem hann birti til þess að menn átti sig á hugsun hans frá þeim tíma um þessi mál, vegna þess að hér hefur verið vitnað til þess tíma á ýmsa vegu. Mér þykir því rétt að fara með þessa Morgunblaðsgrein, eða þetta eru tvær Morgunblaðsgreinar, birtar í Morgunblaðinu 16. og 18. september 1919 þegar þessi mál voru í hámæli og fossanefndin þar sem hann átti sæti, þ.e. þingmannanefnd um vatnamál starfaði 1918–1920. Þessar greinar eru birtar 1919 þegar umræðan er þá í hámarki.

Vil ég hér, virðulegi forseti, fara með þetta svo menn heyri það frá honum sjálfum, sjálfstæðismanninum Jóni Þorlákssyni, aðila að fossanefndinni, hvernig litið var á málin vegna þess að mér finnst það skipta máli varðandi framhald þessarar umræðu. Þegar menn eru að vitna til þess hvernig málum var háttað á þeim tíma er rétt að hafa það beint frá þeim sem um það fjölluðu. Þetta er bók sem heitir Jón Þorláksson, ræður og ritgerðir, Gunnar Thoroddsen samdi inngang og Hannes Hólmsteinn Gissurarson sá um útgáfuna. Hún var gefin út af Stofnun Jóns Þorlákssonar árið 1985.

Þessi grein fjallar um þingsályktunartillögu um vatnsorku Sogsins.

Þar segir, með leyfi forseta:

„I. Meiri hluti vatnamálanefndar Alþingis hefur borið fram tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina m.a. að slá eign sinni á „alla vatnsorku í Soginu“ án neinna bóta, og ef slíkt verður talið ólögmætt, þá að ná handa ríkinu gegn bótum fullum umráðum á notarétti á vatnorku Sogsfossanna og er tillagan prentuð í Morgunblaðinu 14. september.

Tillaga þessi ber þess ljósan vott að háttvirtir nefndarmenn hafa ekki enn þá kynnt sér þetta flókna mál svo, að þeir séu færir um að bera fram tillögur í því.

Fyrsti liður tillögunnar hljóðar svo:

„1. Til þess að dómstólaúrskurður fáist um hvort ríkið eða einstaklingar eigi vatnsorku landsins, — skorar Alþingi á landsstjórnina að slá eign sinni á alla vatnsorku í Soginu, allt frá upptökum þess og þar til er það fellur í Hvítá, án þess að neinar bætur komi fyrir til einstaklinga eða félaga, er talið hafa sér eignarrétt á henni. Taka þessi skal þó eigi ná til þess af vatninu er býlum verður metið nauðsynlegt til heimilis og búsþarfa.“

Hér er talað um að slá „eign“ sinni á vatnorku og um „eignarrétt“ á henni. En nú er vatnorka ekki „hlutur“, og því þegar af þeirri ástæðu efasamt hvort hún getur verið „eign“ eða eignarrétti undirorpin. En verði svo litið á að hún sé eða geti verið eignarrétti undirorpin, þá er það víst og viðurkennt af öllum, að sú eign og eignarréttur verður að ná til þeirra tveggja „hluta“ sem orka hins fallandi vatns í árfarveginum er bundin við, en þessir tveir „hlutir“ eru:

a. Landið, sem halli sá er á, er myndar fallhæð vatnsins, þ.e. árfarvegurinn, meðan ræður um orku óvirkjaðs vatns.

b) Vatnið sem um farveginn rennur.

Að eignarrétt þurfi á þessum tveim hlutum, falllandinu og vatninu, leiðir beint að því að vatnorkan er margfald (pródúkt) af fallhæðinni og vatnsmagninu, orkan talin í nýtilegum hestöflum, sama sem metratala fallhæðarinnar margfölduð með teningsmetratölu vatns þess er fram rennur á hverri sekúndu og útkoman margfölduð með 100.

Ef ekki er hallandi land undir vatninu verður vatnorkan engin. Ef ekkert vatn er á hinu hallandi landi verður þar ekki heldur nein vatnorka. Ef einn á landið og annar vatnið,

verður vatnorkan annaðhvort hvorugs þeirra eign, eða sameign þeirra beggja."

Þarna segir, virðulegi forseti, að ef einn á landið og annar vatnið verði vatnsorkan annaðhvort hvorugs þeirra eign eða sameign þeirra beggja. Áfram segir í greininni, virðulegi forseti:

„Nú fer tillagan fram á það, að ríkið slái eign sinni endurgjaldslaust á alla vatn(s)orku Sogsins. Þar í felst óhjákvæmilega að taka af landeigendum endurgjaldslaust eignarréttinn að þeim hluta landareignanna sem Sogið liggur á. En þetta er algjör fjarstæða, beint brot á stjórnarskránni, og ástæðan er sennilega sú að flytjendur tillögunnar hafa ekki verið búnir að átta sig á því, að í eign eða eignarrétti á vatnorku fallvatns, sem látið er kyrrt í farvegi sínum felst óhjákvæmilega eignarréttur á vatnsbotninum.

Ef til vill hefur einhver mjög óljós hugmynd um þetta vakað fyrir tillögumönnum. Því að síðast í umræddum 1. lið segir:

„Taka þessi skal þó ekki ná til þess af vatninu er býlum verði metin nauðsynleg til heimilis og húsþarfa."

Eða er meiningin með þessu virkilega sú sem liðurinn er lesinn í heild segir, sem sé, að ríkið skuli endurgjaldslaust slá eign sinni á allan farveg Sogsins, en einungis nokkuð af vatninu í því?

Þessi liður tillögunnar fer algjörlega í bága við álit meiri hluta fossanefndarinnar um það mál, sem hér ræðir um. Meiri hlutinn viðurkennir fullkomlega eignarrétt landeigenda að árfarvegum, vatnsbotni fallvatna. En sá eignarréttur út af fyrir sig er ekki nógur til að skapa eignarrétt á vatnorkunni. Ef annars er hægt að tala um eignarrétt á vatnorkunni, þá þarf að minnsta kosti eitthvað meira það til, sem sé eignarrétt eða útilokandi afnotarétt af vatninu. Rúmið leyfir ekki að gera fulla grein fyrir áliti meiri hlutans um það atriði en í megindráttunum er það á þessa leið:

Rennandi vatn í eðlilegum vatnsfarvegum, einkum þar sem saman er komið vatn, aðrunnið af fleiri landareignum, er ekki undirorpið eignarrétti neins farvegseiganda, hvorki samkvæmt eldri og nýrri íslenskri löggjöf, né eftir eðlilegri hugsun. Meðal annars er sérhverjum landeiganda samkvæmt fornum og nýjum lögum óheimilt að veita vatninu úr eðlilegum farvegi nema til komi sérstök heimild samkvæmt lögum; ákvæðið „vötn öll skulu svo renna, sem runnið hafa að fornu" hefir ávallt verið í lögum hér. En löggjafinn hefur jafnan heimilað bæði landsstjórninni og öðrum þær undanþágur frá þessari almennu reglu, sem honum þótti þurfa. Með lögum eru sett ákvæði sem heimila farvegseigendum og öðrum að veita vatni úr eðlilegum farvegi til þarflegra nota. Hingað til hefur löggjafinn aldrei heimilað farvegseigendum sem neðar eru við vatnsfall það, sem vatn er tekið úr eða vatni er veitt í, bætur fyrir minnkun eða aukningu á vatninu í vatnsfarvegum þeirra, er leiðir af lögleyfðri úrveitu eða íveitu á löndum þeirra eða fyrir ofan þau, nema spjöll leiði af vatnsmagnsbreytingunni á veiði, landi, mannvirkjum eða neysluvatni; þau spjöll ber að bæta og annað ekki.

Öll notkun vatns til orkuvinnslu útheimtir nú fyrst og fremst að vatnið sé tekið út úr eðlilegum farvegi sínum. Meiri hluti fossanefndar heldur því nú fram, og vill taka fyrir allan efa þar um með lagasetningu, að ríkinu sé heimilt að taka vatn úr eðlilegum farvegi til slíkra nota, og heimilt að leyfa öðrum að gera það. Bótarétt fyrir vatnsmissi þeirra, sem farveg eiga fyrir neðan úrveituna, vill meiri hlutinn viðurkenna allan þann sem nefndur var og hingað til hefur verið viðurkenndur, sem sé fyrir spjöll á veiði, landi, mannvirkjum og neysluvatni. Og auk þessa vill meiri hlutinn lögleiða bótarétt fyrir afnotamissi vatns til heimilis- og húsþarfa á jörðum þeim, sem farveg eiga fyrir neðan úrveituna, víðtækari miklu en bótarétt þann fyrir spjöll á neysluvatni sem byggður verður á í gildandi löggjöf."

Virðulegi forseti. Hér kemur að umfjöllun um 2. lið tillögunnar. Þar segir með leyfi forseta:

„Annar liður þingsályktunartillögunnar hljóðar svo:

„Falli hæstaréttardómur í væntanlegu máli út af vatnsorkunáminu á þann veg, að einstaklingar eigi vatnsorku þá, er þeir hafa talið sér, en eigi ríkið — að gera ráðstafanir að ríkið þá engu að síður nái, gegn bótum, fullum umráðum og notarétti af vatnsorku Sogsfossanna."

Það atriði, hver sé eigandi orkunnar í því vatni, sem rennur óvirkjað og ónotað fram um farveg Sogsins, er gersamlega þýðingarlaust, því að orkan í þessu vatni er alls einskisvirði, af þeirri einföldu ástæðu að hún getur aldrei gefið neinn arð af sér neinum til handa.

Það er því blátt áfram hlægilegt að þingnefnd í vatnsmálum skuli láta það verða sitt fyrsta verk, að bera fram tillögu um að vekja deilur um það atriði, heimta af landsstjórninni að hún fremji skýlaust stjórnarskrárbrot og fái það staðfest með hæstaréttardómi. Það sem gildir fyrir verðmæti er um vatnsorku Sogsins og annarra fallvatna ræðir, er rétturinn til að taka vatnið úr hinum eðlilega farvegi og nota það til orkuvinnslu.

Segjum nú að Hæstiréttur komist að þeirri fyrir fram vitanlegu niðurstöðu, að ríkið geti ekki „slegið eign sinni á" vatnsorku Sogsins, meðan vatnið rennur eftir farveginum en ríkið er ekki eigandi farvegsins. Hverju væru menn eiginlega nær um það, hvort ríkið hefir rétt til að taka vatnið úr farveginum?

Segjum jafnvel að Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að orka hins ónotaða vatns í farveginum sé eign farvegseiganda, þótt ólíklegt sé að rétturinn fái tilefni til að fella dóm um slíkt algerlega theóretiskt atriði, sem eitt út af fyrir sig getur naumast snert hagsmuni nokkurs manns. Eru menn þá nokkru nær um það, hver hafi réttinn til að taka vatnið úr farveginum? Það eitt mun viðurkennt af öllum, vegna ótvíræðra lagafyrirmæla þar um, að enginn einstakur landeigandi hefur þann rétt.

Að skoðun meiri hluta fossanefndarinnar horfir þessu atriði þannig við, að löggjafarvaldið hefur rétt til að heimila landsstjórn eða öðrum að taka vatnið úr eðlilegum farvegi. En sá sem vill nota það vatn, hvort heldur er ríkið eða einstaklingar, verður að öðlast, með kaupum, eignarnámi eða leigu, eignarrétt eða afnotarétt af landi því sem hann þarf undir hinn nýja vatnsfarveg, skurði, pípur, jarðgöng og önnur mannvirki. Ríkið á ekki fremur en aðrir rétt til slíks lands eða landsafnota án endurgjalds. En þegar ríkið eða annar aðili hefur fengið réttinn til að veita vatninu úr farveginum, fengið land undir veitutækin og önnur mannvirki, og hleypt vatninu í veitutæki sín og þannig tekið það til notkunar, t.d. orkuvinnslu, þá hefir hann einkaumráðarétt

sem gjarnan má kalla eignarrétt ef menn vilja, yfir því vatni sem um veitutæki hans fer og hann hefur leyfi til að taka úr farveginum uns hann sleppir því aftur út í hinn fyrri eða annan eðlilegan farveg.

Þegar eignarnám þarf fram að fara vegna vatnstöku til orkuvinnslu, verður því um borgun eða bætur að ræða fyrir tvennt:

a. Land, ef til vill með einhverjum mannvirkjum sem fyrir eru, undir veitutæki og önnur mannvirki sem fara til orkuvinnslunnar.

b. Bætur fyrir vatnsmissi til þeirra sem missa vatn úr farvegi á landi sínu.

Þetta er þá það sem þarf að borga til að ná „fullum umráðum og notarétti á vatnsorku" sem þingnefndin nefnir.

Nú hafa ekki verið gerðar neinar mælingar, uppdrættir, áætlanir né tillögur um það, hvernig skuli hagað mannvirkjum til orkunýtingar Sogsins. Hvernig hugsar hin háttvirta þingnefnd sér að unnt muni verða að ná „gegn bótum" landi undir stíflur, vatnsfarvegi, hús og önnur mannvirki sem enginn veit hvar eiga að vera, því síður hve mikið land muni undir þurfa? Ætlast hún til að keyptar verði allar jarðirnar meðfram Soginu? Nú skyldi niðurstaðan verða sú að verkfræðingar vildu stífla Sogið „að ósi" við Þingvallavatn og hækka allt Þingvallavatn að staðaldri eða nokkurn tíma ársins. Á landsstjórnin að kaupa Þingvallasveitina með, svona til vonar og vara? Og bætur til þeirra sem vatn kunna að missa úr farvegi sínum, hvernig á að ákvarða þær fyrr en ráðið er hvar vatnið verður tekið úr farveginum og hvar í hann hleypt aftur?

Nefndinni hefur ekki verið ljóst það sem annars nokkuð margir vita, að þess konar eignarnám, sem hér um ræðir, er ekki unnt að framkvæma fyrr en búið er að ákveða tilhögun mannvirkjanna. En að landsstjórn hefur heimild til slíks eignarnáms, þegar þar að kemur, um það efast nefndin sjáanlega ekki, því að vita mun hún, að ef þá heimild brestur, verður ekki úr því bætt með „þingsályktun".

Lítilræði er það í þessu sambandi, að nefndin vill láta allar „ráðstafanir" ná til vatnsorku „Sogsfossanna" en ekki Sogsins alls. Fallhæð fossanna „að meðtöldum hávöðum þeim sem eru næst hverjum þeirra bæði fyrir ofan og neðan" er 54 metrar, en Sogsins alls 80,06 metrar niður að Markalækjarósi" — vísað er til nefndarálits meiri hluta fossanefndar „og nokkru meira niður að ármótum.

Tillögumenn tala um það í báðum liðum tillögunnar, að einstaklingar eða félög hafi talið sér eignarrétt á vatnorku Sogsins. Hverjir hafa gert það? Engir skjallega svo ég viti. Í leigusamningi þeim sem fossafélagið Ísland leiðir heimild sína frá, og prentaður er í nefndaráliti meiri hluta fossanefndar ... selja landeigendur á leigu „allan vatnsrétt fyrir landi nefndra jarða", þ.e. eignarjarða þeirra. Hvorki leigusalinn né leigutakinn nefnir þá, þ.e. 1908, neinn „eignarrétt" á vatni og því síður á vatnorku. Væntanlega upplýsir nefndin á hverju hún byggir þetta tal sitt.

Annað höfuðatriði er mjög varhugavert í þingsályktunartillögunni, sem sé að svo virðist sem með henni sé tilraun gerð til að láta dómstólana taka ákvörðun um mál, sem réttilega heyrir undir löggjafarvaldið, og skal reynt að gera grein fyrir þessu.

Núgildandi íslensk löggjöf um notkun vatns til orkuvinnslu er af eðlilegum ástæðum mjög ófullkomin. Einstöku lög og lagaatriði að vísu eru til, sem beint lúta að þessu, en yfirleitt yrði hver sá dómur, sem nú yrði felldur um rétt einstaklinga og almennings til slíkrar vatnsnotkunar að byggjast að mestu leyti á því, hvað samræmilegt væri að skoðun dómarans við rétt manna til þeirrar vatnsnotkunar sem fyllri lagaákvæði eru til um, svo sem um rétt manna til að nota vatn til neyslu og áveitu. En þau lagaákvæði eru vitanlega sett með allt annað en orkuvinnslu fyrir augum, og því ekki líkur til að núverandi löggjöf eða dómsniðurstaðan verði að neinu leyti í samræmi við almenningsþörfina á þessu sviði.

Nú er það skýlaus skylda löggjafarvaldsins að setja þau lög, sem almenningsþörfin krefur. Aðaltilgangurinn með skipun fossanefndarinnar var sá, að undirbúa nýja vatnsorkulöggjöf og þar með var þá viðurkennt af þessu sama þingi sem nú situr, að almenningsþörfin krefðist slíkrar löggjafar.

Þingsályktunartillagan fer nú fram á, að áður en löggjafarvaldið setur hina nýju vatnsorkulöggjöf, sem vitanlega verður að koma, sé dómstólaúrskurður fenginn um eitt talsvert mikilvægt atriði á því sviði, sem sé um réttarafstöðu landeiganda annars vegar gagnvart hinu opinbera eða almenningi hins vegar þegar til þess kemur að taka vatn úr farvegi til orkuvinnslu. Ég geri sem sé ráð fyrir að þetta vaki fyrir tillögumönnum þótt þeim hafi ekki tekist að orða tillögur sínar þannig að þetta felist í þeim.

Nú virðist ekki geta verið nein skynsamleg ástæða til að leggja út í málarekstur um þetta, nema meiningin sé sú, að taka niðurstöðu þá, sem dómarinn kemst að, upp í hina væntanlegu vatnorkulöggjöf, skoða dóminn sem bindandi fyrir löggjafarvaldið.

Þá verður gangur þess máls þannig: Eftir mjög ófullkominni og sundurlausri löggjöf, sem ekkert tillit tekur til almenningsþarfa í vatnorkumálum, eftir því sem þeim horfir nú við, eiga dómstólarnir að draga takmörkin milli réttar nokkurra einstaklinga og réttar almennings. Þessi takmörk tekur löggjafarvaldið svo gild, án þess að rannsaka hvort þau séu samrýmanleg við almenningshagsmuni."

Þá segir í millifyrirsögn er fjallar um skyldu löggjafarvaldsins:

„Verði þannig farið að, svíkst löggjafarvaldið undan skýlausri skyldu sinni. Það er skylda þess, að meta almenningsþörfina og setja lög samkvæmt henni. Löggjafarvaldið er sjálft hæstiréttur um það, hvaða löggjöf almenningsþörfin útheimti, en dómstólarnir hafa ekkert atkvæði þar um, verða í dómum sínum að fara eftir gildandi löggjöf, hvort sem hún er fullkomin eða ófullkomin, hvort sem hún er almenningi hagkvæm eða ekki.

Ef til vill kann einhver hugsun að hafa vakað fyrir tillögumönnum í þá átt, að ákvörðun takmarkanna milli réttar einstaklinga og réttar almennings í þessu máli sé þann veg sérstaks eðlis, að hana verði að undanþiggja frá afskiptum löggjafarvaldsins. Um önnur atriði vatnorkumála megi setja lög eftir því sem almenningsþörfin krefur, en um þetta atriði ekki. Hafi þessi hugsun upp komið, þá er hún röng. Nægir í þessu efni að benda á, að í öðrum löndum er löggjafarvaldið stöðugt að breyta þessum takmörkum milli réttar einstaklinga og almennings (ríkis; sveitarfélaga) á

þessu sviði. Í þeim löndum, sem viðurkenna eignarrétt bæði á landi og rennandi vatni, er þetta gert með takmörkunum á hvorumtveggja eignarréttinum, í þeim löndum, sem viðurkenna einungis eignarrétt að landinu, en ekki að straumvatninu, er hið sama gert með takmörkunum á eignarréttinum að landinu og með breytingum á notkunarrétti vatnsins. — Og loks eru eigi allfá dæmi þess, að sú breyting er á ger, að vatn, sem áður var viðurkend einstaklingseign, hættir að vera það, að tilhlutun löggjafarvaldsins, og það bótalaust, enda þá eigi talið að verða almennings- eða ríkiseign, heldur almenningsgagn, öllum eignarrétti undanþegið. Og löggjöf vor hefir hingað til leyft sér alveg samskonar breytingar á réttarafstöðu einstaklinga annars vegar og almennings hins vegar, bæði í vatnamálinu og á öðrum sviðum, svo sem lesa má um í ritgerð prófessors Einars Arnórssonar, er fylgir nál. meiri hluta fossanefndarinnar. Sem dæmi, lesendum blaðsins til skýringar, má nefna, að fyrir nokkrum árum bannaði löggjöfin þeim landeigendum, sem höfðu hrís og mel á landi sínu, að rífa þetta; höfðu þó sumir haft miklar tekjur af melrifi (til reiðinga) en fengu vitanlega engar bætur fyrir; ástæðan var almenningsþörf sú, að taka fyrir uppblástur lands og sandfok, sem af hrís- og melrifinu leiddi.

Löggjafarvaldinu er þess vegna alveg óhætt að snúa sér að því atriði, hver takmörk þurfi að setja milli réttar einstaklinga og almennings í vatnorkumálum vegna nauðsynja eða hagsmuna almennings, og láta málaferli um þetta bíða að minsta kosti þangað til það hefir sjálft áttað sig á vilja sínum í því efni, og helst þangað til að því kæmi, að einhverjum þætti gengið of nærri rétti sínum, ef það yrði þá nokkurn tíma."

Virðulegi forseti. Nú er einungis síða eftir af þessum lestri. Síðasti kaflinn ber yfirskriftina „Almenningsheill, notkunarréttur og eignarréttur":

„Í nefndaráliti meiri hluta fossnefndarinnar eru færð rök fyrir því, að almenningsheill krefjist þess, eftir því sem vatnorkumálum er nú komið, að ekki sé viðurkendur í löggjöfinni eignarréttur landeigenda að sjálfu hinu rennandi vatni, heldur einungis notkunarréttur. Þar er alls ekki farið fram á að lögleiddur verði eignarréttur á þessu vatni ríkinu til handa, heldur sú grein fyrir gerð (sjá athugasemdir við frv. til vatnalaga A. bls. 61 í nál. meiri hluta) „að það óvirkjað vatn, sem landareign sú, er það er á eða rennur um, þarf eigi til sinna þarfa, skuli vera einskonar almenning, undir umráðarétti ríkisins, frjálst til notkunar þeim er þurfa, ef eigi fer í bága við hagsmuni ríkisins, almennings eða annarra einstaklinga, eftir nánari ákvæðum löggjafarvaldsins." Og meiri hluti gerir grein fyrir því, að löggjöfin um þetta atriði er hingað til mjög óljós, og kemst að þeirri niðurstöðu, að hún sé a.m.k. ekki því til fyrirstöðu, að þetta verði leitt í lög.

Það er nú skýlaus skylda löggjafarvaldsins að taka þær ástæður, sem meiri hluti ber fram, til yfirvegunar. Og ef Alþingi viðurkennir ástæður þessar (höfuðástæðan er nauðsynin á því að hindra það, að ónotað vatn eða réttur að ónotuðu vatni komist í höndum „spekúlanta" upp í geypiverð), þá er því skylt að taka til yfirvegunar, hvort það vill fara þá leið, sem meiri hluti stingur upp á, eða einhverja aðra. En að byrja á því að biðja dómstólana að binda hendur sínar um þetta mál, það er fjarstæða ein, því að leiðirnar, sem um verður að velja, munu ekki reynast of margar þegar til kostanna kemur.

Rúmið leyfir ekki að fara lengra út í þetta að sinni, en sjálfsagt verður tækifæri til að minnast á þessi mál seinna. Og skal ég að endingu taka það fram, að ég álít enga ástæðu til að áfellast háttvirta þingmenn, þótt þeir hafi ekki enn aflað sér nægilegs skilnings á máli þessu, því að til þess hafa þeir haft allt of nauman tíma, en til hins verður óneitanlega að ætlast af þeim, að þeir láti ályktanir og tillögur bíða þangað til þeir sjálfir hafi áttað sig sómasamlega á málinu. Mundi jafnvel ekki úr vegi, að leyfður væri tími til að halda uppi nokkrum opinberum umræðum um málið utan þings, í blöðum og á mannfundum, áður en þingið fer að gera ályktanir um það. Flas er ekki til fagnaðar í þessu máli fremur en öðrum."

Virðulegi forseti. Þessi lokaorð, flas er ekki til fagnaðar í þessu máli fremur en öðrum, eiga svo sannarlega við hér. Í umsögnum sem ég hef farið yfir er það gagnrýnt hvernig málið ber að og það er gagnrýnt að ekki skuli tekið tillit til annarra lagasetninga vegna þess að þessi telst sértæk, þ.e. að þetta séu ekki heildarlög eins og vatnalögin voru þegar þau voru sett 1923 heldur sértæk lög sem fjalli um þrengra svið en þá var gert. Á þetta tel ég að mönnum beri að hlusta.

Ég hyggst ljúka máli mínu núna þó að það sé fjölmargt annað sem ég mundi vilja koma inn á, en ég hef tækifæri til þess síðar í umræðunni þar sem henni er ekki lokið auk þess sem 3. umr. er eftir. Ég vona svo sannarlega að á milli 2. og 3. umr. muni nefndin taka málið inn til sín og ræða þetta í alvöru samhliða lögleiðingu á vatnatilskipuninni ásamt annarri löggjöf sem að vatni snýr.

Virðulegi forseti. Málið þykir mér gríðarlega stórt. Eins og ég kom inn á áðan hefur því verið spáð innan Sameinuðu þjóðanna að innan eða eftir um 50 ár verði vatn orðið verðmætara en olía. Lærðar greinar hafa verið skrifaðar um það að stríð framtíðarinnar verði háð út af vatni. Hér er um þannig mál að ræða, þetta er takmörkuð auðlind, að við getum ekki farið frjálslega með það, eins og bent er á í ritstjórnargrein Morgunblaðsins sem ég fjallaði um fyrr í ræðu minni. Því tel ég að ríkisstjórnin og meiri hlutinn eigi að koma til móts við stjórnarandstöðuna og þá fjölmörgu aðila sem hafa gagnrýnt málið, setjast að samningaborði og fara yfir málin í sameiningu.

Við getum ekki rætt þessa mikilvægu auðlind, vatn, eins og verið hefur þar sem við skiptumst í tvær stríðandi fylkingar vegna þess að þetta eru grundvallarmannréttindi, það er um grundvallarmannréttindi að ræða, vatn er grundvöllur þess að fólk geti lifað með reisn á þessari jörð og skiptir öllu máli til framtíðar litið. Við eigum að ræða málið í því ljósi og við eigum ekki að slá slíka umræðu út af borðinu. Þó svo að menn telji að þeir séu í einhverjum lagatæknilegum leiðangri og einhverjum formbreytingum þá verða menn að líta líka til þessara mála vegna þess að það er í alvöru verið að benda á þau um allan heim.

Mér finnst líka mikilvægt að líta til þess að við á Íslandi virðumst með lagasetningunni vera að fara aðrar leiðir en þau ríki sem við störfum með á alþjóðavettvangi. Það er ekki hægt að slíta vatn og vatnsnotkun úr samhengi við aðr-

ar þjóðir vegna þess að þetta snýst ekki eingöngu um okkur. Við getum ekki horft bara út frá naflanum á okkur á þessi mál. Því tel ég mjög mikilvægt að málið verði, eins og við höfum lagt til í stjórnarandstöðunni, dregið til baka, því verði vísað frá og að menn setjist niður og ræði þessi mál í sameiningu og ræði við aðila í þeim samtökum og hagsmunahópum sem hafa gagnrýnt málið harðlega og ekki hefur verið tekið tillit til.

Ég bið hv. þingmenn stjórnarliða að hafa í huga nú þegar við horfum fram á að afgreiða málið, að taka tillit. Þetta eru alvöru athugasemdir sem er verið að gera, það er ekki hægt að blása þær út af borðinu sem eitthvað sem komi málinu ekki við af því að hér sé eingöngu verið að gera smávægilega formbreytingu. Það er ekki hægt að blása þær áhyggjur manna út af borðinu með þeim hætti. Þess vegna tel ég að menn ættu og ég bið um það að í þessu máli, þó að fordæmin séu ekki endilega fyrir hendi hjá núverandi ríkisstjórn, þá verði tekið tillit, þá verði rætt við fólk, einhverja fleiri en einungis þá sem þeim hentar að ræða við, að rætt verði við fólk sem hefur komið með mikilvægar athugasemdir í málinu og menn setjist að borðinu og geri þetta aftur í samstarfi við sem flesta svo að það verði farsæl lausn á málinu til framtíðar.

Alþingi skipaði fossanefnd á sínum tíma sem mér finnst vera vinnubrögð sem við getum tekið til fyrirmyndar og eins að kallaðir verði að borðinu þeir aðilar sem hafa sent inn umsagnir.

[15:58]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Af því að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir vék orðum að mér í ræðu sinni langar mig til að bregðast aðeins við ræðu hennar og varpa fram a.m.k. þremur spurningum. Í umræðunni er um það deilt af hálfu stjórnarliða og stjórnarandstæðinga hvort í frumvarpinu felist efnisbreyting eða formbreyting hvað varðar inntak eignarréttar á vatni og vatnsréttindum.

Laganefnd Lögmannafélagsins skilaði frá sér umsögn sem ég veit að hv. þingmanni er að góðu kunn. Lokasetningin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í ítarlegri útlistun frumvarpshöfunda er hér ekki um efnislega breytingu að ræða á inntaki eignarráða fasteignareiganda heldur um formbreytingu."

Það er því á það fallist af hálfu formanns laganefndar Lögmannafélagsins, Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar.

Mig langar til að spyrja hvort hv. þingmaður sé ósammála túlkun formanns laganefndar á inntaki eignarréttinda.

Ég heyrði ekki betur en hv. þingmaður gerði ágreining um að vatn og vatnsréttindi væru samkvæmt núgildandi vatnalögum frá 1923 undirorpin einkaeignarrétti. Það skýtur svolítið skökku við og er ekki í takt við túlkun helstu fræðimanna Íslendinga á sviði eignarréttar á ákvæðum vatnalaga. Ég leyfi mér að nefna grein Þorgeirs Örlygssonar, prófessors í eignarrétti og fyrrum deildarforseta lagadeildar. Greinin heitir Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.

Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Réttarframkvæmdin hefur og til fulls viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar, og dómstólar hafa talið landeigendur eiga eignarrétt að vatni á landi sínu."

Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann hvort hún telji að (Forseti hringir.) prófessor Þorgeir Örlygsson hafi rangt fyrir sér og hafi eitthvað mislesið réttarframkvæmdina þegar hann lét þessi orð falla.

[16:01]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er augljóst að hv. þingmaður hefur ekki hlustað á alla ræðu mína vegna þess að í henni fór ég yfir þann fjölda af umsögnum sem borist hafa hv. iðnaðarnefnd um þetta mál. Ég fór líka yfir skrif sem eru tengjast þessu máli og erindi á ráðstefnum. Ég talaði ekki um dómaframkvæmd, ég var ekki að efast um eitt eða neitt í þeim eða hvernig þær hafi verið. (Gripið fram í.) Ég talaði um að hér hefði mikið verið farið yfir þá. Þess vegna ákvað ég að lesa þetta svo menn fengju hér tíðaranda þess tíma sem lögin voru sett, til þess að við fengjum það beint í æð, þar sem þið hafið rætt mikið um dómaframkvæmd frá þessum tíma. Ég sagði ekkert um það hvort hún væri rétt eða röng. Það var því ekki rétt heyrt. Ég taldi rétt að fara yfir þetta svo menn fengju hér andann beint í æð um það hvernig Jón Þorlákssson, sem var uppi á þessum tíma og sat í fossanefndinni o.fl., hugsaði málin. Því taldi ég rétt að lesa þennan valda kafla upp.

Virðulegi forseti. Það sem mér finnst vera lykilatriði þegar við nálgumst lagasetningu af þessu tagi er að við lítum fyrst og fremst til þess að vatn er grundvallarmannréttindi og að við höfum það að leiðarljósi við lagasetninguna. Þar kemur skýrt fram að ekki eigi að líta á vatn sem hverja aðra verslunarvöru heldur sé það hluti af réttinum til lífs. Það er skoðun mín að við eigum að nálgast málið þannig þegar við setjum þessi lög og með þekkingu á því að vatn er takmörkuð auðlind, með þekkingu á því að 1,2 milljónir manna hafa ekki aðgengi að almennilegu neysluvatni hér á jörðinni og þeirri staðreynd að menn telja að eftir 50 ár verði vatn orðið verðmætari auðlind en olía. (Forseti hringir.) Við eigum að umgangast það út frá slíku.

[16:02]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður svaraði ekki spurningum mínum sem voru einfaldar. Þess vegna ætla ég að varpa fram tveimur spurningum til hv. þingmanns og bið þingmanninn um að hlusta á mig.

Þorgeir Örlygsson, einhver merkasti fræðimaður á sviði íslenskrar löggjafar, hefur túlkað eignarrétt yfir vatni og vatnsréttindum. Það gerði hann í grein sinni frá 1994 um eignarhald á landi og náttúruauðlindum. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Réttarframkvæmdin hefur og til fulls viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar, og dómstólar hafa talið landeigendur eiga eignarrétt að vatni á landi sínu."

Þessu til stuðning vísar Þorgeir til hæstaréttardóms 1955, bls. 431, svokallaðan Kífsárdóm.

Mig langar að spyrja hv. þingmann að því í ljósi þeirrar ræðu sem hún hélt: Er hv. þingmaður sammála túlkun okk-

ar helsta prófessors í eignarrétti um inntak eignarréttarins hvað varðar vatn og vatnsréttindi eða er hún ósammála þessu?

Síðan langar mig að spyrja hv. þingmann, af því að hún vék hér að því löggjafarstarfi sem átti sér stað fyrir árið 1923 og vitnaði þar fyrst og fremst til þess sem nefndarmenn í minni hluta fossanefndar fjölluðu um, hvort er hún þeirrar skoðunar að minni hlutinn eða meiri hlutinn hafi orðið ofan á á endanum þegar bræðingurinn svokallaði varð að vatnalögum?

Það segir hér í grein Þorgeirs:

„Meiri hlutinn taldi öll vatnsréttindi vera ríkiseign en minni hlutinn taldi hins vegar vatnsréttindi vera háð eignarumráðum landeigenda."

Síðan segir Þorgeir Örlygsson í grein sinni: „ ... í raun má segja að stefna minni hlutans hafi sigrað, og hefur ekki verið um það fræðilegur ágreiningur í íslenskum rétti." (Forseti hringir.)

Að sömu niðurstöðu kemst dr. Gaukur Jörundsson í eignarrétti sínum (Forseti hringir.) frá 1982. Mig langar til að spyrja hv. þingmann að því (Forseti hringir.) hvaða sjónarmið telur hún að hafi orðið ofan á í þessu löggjafarstarfi?

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil biðja hv. ræðumann að virða ræðutímann.)

[16:05]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég tel að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafi þarna í tilvitnun sinni í Þorgeir Örlygsson einmitt hitt naglann á höfuðið, vegna þess að þar var talað um eignarrétt á landi. (**Gripið fram í:** Á vatni.) Já, á vatni á landi. Það orðalag þykir mér vera grundvallaratriði vegna þess að ég tel að þarna sé verið að tala um yfirborðsvatn, þ.e. það vatn sem rennur á landi landeiganda, en að ekki sé verið taka til grunnvatnsins ... (**Gripið fram í:** Jú, það ...) Virðulegi forseti. Ef ég má klára, ég hef ekki lesið þessa (Gripið fram í.) grein en miðað við það sem hv. þingmaður las hér upp þá var um að ræða það vatn sem rennur á landi.

Virðulegi forseti. Það er sem er alvarlegast í þessari umræðu er að við búum einmitt við það í dag að það er nýtingarréttur á vatni, í því formi er ákveðin gerð eignarréttar, en hér er hins vegar verið að tala um allt rennandi vatn og grunnvatn, í loftkenndu, fljótandi eða föstu formi sem fer um landareign (Gripið fram í.) og grunnvatn er lykilatriðið í þessu.

Virðulegi forseti. Ef ég mætti fá að klára mál mitt þá þætti mér vænt um það. Við getum hist hérna frammi og rætt um þetta ef hv. þingmaður getur ekki klárað að hlýða á mál mitt hér. Þar getum við rætt þetta í samtali.

Virðulegi forseti. Það sem mér þykir mikilvægt er að við erum að ræða hér um að einkavæða grunnvatnið, þ.e. það vatnakerfi sem flýtur undir öllu landi og mér þykir, virðulegi forseti, leiðinlegt að hafa þurft að eyða tíma mínum í þetta þar sem ég hefði gjarnan viljað ræða við hv. þingmann um meiri- og minnihlutaálit fossanefndar og hvort þeirra hefði orðið undir eða ofan á vegna þess að ég tel að þarna hafi orðið (Forseti hringir.) ákveðin málamiðlun þar sem báðir aðilar (Forseti hringir.) fengu sitt fram. En við verðum að ræða það síðar.

[16:07]

Útbýting:

Greiðslur til foreldra langveikra barna, 389. mál, þskj. 877.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál, nál. iðnn., þskj. 912; brtt. iðnn., þskj. 913; brtt. JÁ o.fl., þskj. 914.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 16:09.

---

83. FUNDUR

laugardaginn 11. mars,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Sigurrós Þorgrímsdóttir, 3. þm. Suðvest.

Athugasemdir um störf þingsins.

Breytingar í nýjum vatnalögum.

[11:02]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við heyrðum í kvöldfréttum útvarpsins í gær að höfundar frumvarps ríkisstjórnarinnar um vatnalögin telja að í frumvarpinu felist engin efnisbreyting, aðeins sé um að ræða breytingu á formi. Í sjálfu sér er ekkert undarlegt að höfundurinn reyni að verja afkvæmi sitt á þennan hátt enda hefur þessu verið haldið fram í umræðunni af hálfu stjórnarmeirihlutans. Hins vegar er ég þessu algerlega ósammála og við í stjórnarandstöðunni höfum fært fyrir því ítarleg rök að svo sé.

Ég sé ástæðu til þess að kveðja mér hljóðs hér í upphafi fundar til að vekja athygli Alþingis á því að á markaði líta fjárfestar öðruvísi á þessi mál. Vísa ég þar í ummæli eins af þeim fjárfestum sem verulega hafa hagnast á einkavæðingu Framsóknarflokksins og þeirri stefnu sem sá flokkur fylgir. Þar er ég að vísa í ummæli Ólafs Ólafssonar sem í byrjun janúar lýsti því yfir að hann hygðist selja Olíufélagið sem

hann var aðaleigandi að. Hann sagði þá í fjölmiðlum að tilvonandi kaupendur gætu hagnast á því að fjárfesta í raforkugeiranum og í vatni.

Ég ætla að vitna í þessi ummæli, með leyfi forseta:

„Núna metum við það svo að ástandið á íslenska markaðnum, efnahagsástandið, sé afar hagstætt og verði það vonandi næstu árin, jafnframt að Olíufélagið sé til þess búið að fara í frekari verkefni hér heima, svo sem í orkugeiranum, hvort sem það er í vatni eða rafmagni (Forseti hringir.) og skapa sér nýja stöðu þar eða í smásölu eða heildsölu. (Forseti hringir.) Við teljum að nú sé áhugaverður tímapunktur fyrir nýja aðila að gefa sig fram."

Þetta er hið pólitíska (Forseti hringir.) og fjármálalega samhengi hlutanna og Framsóknarflokkurinn á Alþingi verður að horfast í augu við það.

[11:06]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er náttúrlega um makalausar dylgjur að ræða af hálfu hv. þm. Ögmundar Jónassonar og í raun og veru staðfestir sá málflutningur sem hv. þingmaður viðhafði hér úr ræðustól Alþingis málefnafátækt stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Það er ósköp eðlilegt að hv. stjórnarandstaða hafi verið dálítið uggandi eftir sex-fréttirnar í gær þar sem Karl Axelsson, einn virtasti sérfræðingur á sviði eignarréttar í landinu, kom fram (Gripið fram í.) og færði rök fyrir sínu máli. (**ÖJ:** Höfundur frumvarpsins.) Við hv. þingmenn höfum vitnað hér í alla helstu sérfræðinga á sviði eignarréttar 20. aldarinnar, Ólaf Lárusson, Þorgeir Örlygsson, við höfum vitnað í Ólaf Jóhannesson og Sigurð Líndal. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa ekki getað vitnað í sérfræðinga á sviði eignarréttar á 20. öldinni. (**ÖJ:** Við höfum vitnað í Ólaf Jóhannesson, Bjarna Benediktsson.)

Það sem má marka af málflutningi hv. stjórnarandstöðu — við höfum farið fram á það í umræðum hér á Alþingi að stjórnarandstaðan rökstyðji málflutning sinn. Rannsóknir og fræðigreinar þessara fræðimanna staðfesta þá túlkun okkar í stjórnarliðinu að hér sé um formbreytingu að ræða en ekki efnisbreytingu. (Gripið fram í.) Það er alveg sama hvað hv. stjórnarandstæðingar tala í þessu máli. Fræðimennirnir hafa fellt sinn dóm hvað þetta varðar.

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en sagt það þegar hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar tala um að hér liggi mikið á að það er margsinnis búið að leggja þetta mál fyrir þingið. Það er búið að vinna að þessu máli meðal þessara fræðimanna frá árinu 2001. Nú er árið 2006, hæstv. forseti, þannig að það er búið að vinna mjög gaumgæfilega að þessu máli og allur málflutningur stjórnarandstöðunnar hér hefur einkennst af málþófi þar sem hv. þingmenn hafa lesið upp ljóð, farið yfir sögu heilu stjórnmálaflokkanna á 20. öldinni sem kemur þessu máli hreint ekki neitt við. Hæstv. forseti. Við skulum virða Alþingi og bera þá virðingu fyrir Alþingi að umræða um vatnalög skuli vera málefnaleg hér eftir en ekki einkennast af málþófi eins og hefur einkennt alla umræðu af hálfu hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar.

[11:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er verið að vitna í einn af verktökunum sem sömdu þetta frumvarp og það er munurinn á því hvernig menn fara með vatnalög á Alþingi á þessu ári þegar borið er saman við hvernig menn tóku á þeim á sínum tíma, í kringum 1920. Þá var sett nefnd þingsins til þess að semja vatnalagafrumvarp. Hún klofnaði og það var síðan þingið sem náði samstöðu um að búa til þann bræðing sem vatnalögin eru. Það varð pólitísk samstaða Alþingis um niðurstöðuna.

Nú setja menn verktakana í málið. Svo eiga menn að taka mark á verktökunum þegar þeir koma og segja að þetta sé fínt hjá þeim, góð niðurstaða. Svo er vitnað í fræðimenn út og suður. Hvað voru þessir fræðimenn að fjalla um? Hvert var raunverulega inntakið sem var farið yfir? Það snerist allt saman um hagnýtingarréttinn (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) á vatninu (**Gripið fram í:** Bara rangt.) en ekki eignarhaldið. Það er fáránlegt að halda þessu fram.

Síðan er ástæða til að veita athygli orðum þess manns sem hér hefur verið vitnað í, Karls Axelssonar, á fundinum í gær. Hann sagði þar og tók sem dæmi að það væri ástæða til að breyta réttarstöðunni vegna þess að það hefði getað komið upp vandamál, t.d. við virkjun eins og Kárahnjúkavirkjun. Það hefur aldrei komið fram á fundum nefndarinnar að þetta gæti breytt réttarstöðunni. Ég krefst þess að nefndin komi saman og að menn verði kallaðir þar til til að útskýra hvort slíkar framkvæmdir hafi aðra réttarstöðu eftir að þessi lög hafa verið samþykkt en fyrir. Ég krefst þess að hv. formaður nefndarinnar geri það, hann sjái til þess að við fáum útskýringar á orðum þessa verktaka sem samdi þetta frumvarp. (**Gripið fram í:** Já, verktaka.)

[11:09]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég verð að játa það að ég skil ekki afstöðu stjórnarandstöðunnar í þessu máli. (**Gripið fram í:** Þú hefur heldur ekki verið viðstaddur þessa umræðu.) Ég hef hlustað nægilega vel til þess að botna lítið í því. Hér er á ferðinni eðlileg og sjálfsögð breyting á vatnalögum sem voru sett 1923 í takt við tímann, í takt við hæstaréttardóma sem virtustu lögfræðingar landsins hafa komið að og eru á einu máli um að hér sé fyrst og fremst um formbreytingu að ræða en ekki efnisbreytingu. (**MÁ:** Fyrst og fremst.) Stjórnarandstaðan finnur sér þann aðaltilgang í lífinu á Alþingi að koma í veg fyrir að þetta gerist, að koma í veg fyrir að réttkjörinn meiri hluti á Alþingi geti afgreitt þetta mál á sína ábyrgð. Ýmislegt hefur gerst hér á Alþingi í gegnum tíðina en mér finnst að aldrei hafi verið gengið svona langt.

Ég var að líta yfir þingskjölin. (**ÖS:** ... Framsóknarflokkinn ...) Ég sé enga breytingartillögu frá stjórnarandstöðunni, enga. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Frú forseti. Hef ég orðið?

(**Forseti** (SP)**:** Hæstv. forsætisráðherra er að tala í ræðustóli.)

Það er greinilegt að hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar líður afskaplega illa yfir þessu. Þeir geta ekki einu sinni unnt ræðumönnum þess að tala hér á Alþingi. (Gripið fram í.) Menn sem tala tímunum saman, þrjá og fjóra og

fimm klukkutíma, hrópa hér úti í sal, geta ekki hamið sig. (**ÖJ:** Af hverju ...?) Hvers konar ástand er þetta hjá hv. þingmönnum? (**Gripið fram í:** Hvers konar ... er þetta?) Geta hv. þingmenn ekki unnt meiri hlutanum á Alþingi að bera ábyrgð á sínum málum? (**Gripið fram í:** Það er löngu komið rautt ljós.)

[11:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það atriði sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vakti hér á athygli í ræðu sinni er engar dylgjur. Þarna kom hann einmitt að kjarna málsins. Auðmenn þessa lands hafa gert sér grein fyrir því að í íslensku vatni eru falin stórkostleg viðskiptatækifæri til framtíðar. Það er það sem hefur gerst og þess vegna fáum við þessi lög núna. Og af hverju fáum við þessi lög núna með þessum hætti? Hvernig stendur á því að þeir vilja núna allt í einu taka gömlu vatnalögin til endurskoðunar og setja inn í þau skýr ákvæði um eignarhald á vatni? Jú, það er vegna þess að þeir hafa lært af reynslunni. Þeir lærðu af reynslunni þegar lögin um stjórn fiskveiða voru sett því að þá voru einmitt einhverjir þingmenn sem hugsuðu heila hugsun og sáu til þess að í 1. gr. laga um fiskveiðar var sett ein setning. Sú setning hljómar svo, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar."

Hún hefur allar götur síðan verið mikill þyrnir í augum þessara manna, þessi litla setning, vegna þess að hún hefur staðið í vegi fyrir því að þeir gætu lýst því yfir að fiskurinn í hafinu umhverfis Ísland væri einkaeign þeirra. En núna ætla þeir að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann, núna ætla þeir að setja þessi lög áður en þjóðin áttar sig á því hvað hér er að gerast, áður en jafnvel Alþingi áttar sig á því hvað hér er að gerast. Þeir ætla núna að búa þannig um hnútana að það verði búið að tryggja eignarhaldið á vatninu áður en vatnið verður að þeirri stórkostlegu auðlind, peningaauðlind sem það mun verða í framtíðinni. Flóknara er nú málið ekki og þetta ætti fólk að fara að skoða.

[11:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er ekki auðvelt að tala um þetta mál hér vegna þess að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, eins og hv. síðasti ræðumaður, koma með svo fáránlegar yfirlýsingar að ég á ekki eitt einasta orð. Ég veit ekki hvernig á að vinda ofan af þessu bara fyrir hönd hv. Alþingis. (**Gripið fram í:** Þú kemst ekkert upp með að plata þjóðina.) Hvernig eigum við að vinda ofan af þessu fyrir hönd hv. Alþingis? Við getum ekki haldið svona áfram endalaust. Þetta er svo vitlaust. Þetta er svo vitlaust sem hv. þingmenn eru að reyna að segja þjóðinni. (Gripið fram í.) Ef ég skil það sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar eru að segja þá eru þeir að tala um stórkostlega eignaupptöku. Er það ekki það? (Gripið fram í.) Er það eitthvað annað sem verið er að tala um? Hvað kostar þá að kaupa öll þessi réttindi af bændum og af landeigendum? Eru hv. þingmenn búnir að reikna það út?

En það sem ég ætla að segja hér fyrst og fremst er — af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson hóf þessa umræðu og vitnaði í orð ákveðins manns í viðskiptalífinu — að það er ekkert að marka það sem þessir þingmenn Vinstri grænna koma hér fram með og vitna í ummæli manna og þingmanna og ráðherra. (Gripið fram í.) Ég er með sönnun þess að þeir hafa reynt að falsa það sem ég hef sagt. (**Gripið fram í:** Hefur þú rök fyrir því?)

Það er þannig að ég kem í Kastljóssþátt fyrir alllöngu þegar undirrituð var viljayfirlýsing vegna kaupa ríkisins á eignarhlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Þeir hafa tvisvar sinnum sagt rangt frá því sem ég sagði. Þeir eru með þetta í fæl þannig að ég veit ekkert nema þeir safni bara í fæl fölsuðum ummælum. (Gripið fram í.) Þegar ég er spurð hvort þetta sé fyrsta skrefið í einkavæðingu Landsvirkjunar segja þeir að ég hafi sagt: „Já, það eru uppi áform um að breyta þessu fyrirtæki sem verður til í hlutafélag" o.s.frv. Ég er búin að fá þennan þátt og er búin að horfa á þetta og ég segi: „Ja, ég er að hugsa mig um" og segi svo: „Það eru uppi áform um að breyta síðan þessu fyrirtæki sem verður til í hlutafélag." Þetta er hikorð, ja, og síðan held ég áfram og segi: „Það eru uppi áform um þetta."

Þannig er búið að segja hér tvisvar sinnum að ég hafi sagt já, og það er falsað. Þeir eru með þetta í fæl og ég fór til hv. þingmanns til að vita hvort (Forseti hringir.) þetta væri bein útskrift af Fjölmiðlavaktinni. Nei, það er búið að pikka þetta upp aftur og breyta því. (Forseti hringir.) Þetta eru Vinstri grænir á Alþingi.

[11:17]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er svo einfalt að það frumvarp til laga sem hér er verið að leggja fram fjalli um að færa eignarrétt á vatni frá þjóðinni til einkaaðila sem meira að segja ríkisstjórnin geti ráðstafað þar sem við á. Eins og þetta er nú er sértækur nýtingarréttur bundinn við landeigendur. Þetta vitum við.

Hæstv. forsætisráðherra segir að þetta sé alveg eðlileg og sjálfsögð breyting. Það má vel vera í hans huga. Ekki síst í ljósi þeirra orða sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vitnaði hér til, þar sem hann vitnaði til orða Ólafs Ólafssonar sem var að selja Olíufélagið. Ég skal endurtaka það, með leyfi forseta:

„Núna metum við það svo að efnahagsástandið á íslenska markaðnum sé afar hagstætt og verður það vonandi næstu árin. Jafnframt að Olíufélagið sé tilbúið til að fara í frekari verkefni hér heima, svo sem í orkugeiranum, hvort sem það er í vatni eða rafmagni, og skapa sér nýja stöðu þar eða í smásölu eða heildsölu."

Ég spyr forsætisráðherra: Hvers virði væru þessi orð þessa mikla athafnamanns ef lögunum verður ekki breytt? Þá er ekki hægt að selja honum vatnið. Þarna stendur einmitt hnífurinn í kúnni.

Ég leyfi mér ítrekað að spyrja forsætisráðherra: Ef þetta er engin breyting af hans hálfu, eða hann leggur þann skilning í þessar lagabreytingar að það séu engar breytingar í þeim, hvers vegna þá keyra þær hér fram í gegnum þingið á laugardegi, eins og hér sé eitthvert yfirvofandi hættuástand? Eru það kannski einhver loforð sem búið er að gefa einhverjum viðskiptamönnum? Er það hættuástandið?

[11:20]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að nota tækifærið og óska hæstv. forseta til hamingju með afmælið. En svo vil ég líka halda áfram og óska hæstv. forsætisráðherra til hamingju með það hversu farsællega honum hefur tekist að gleyma sinni eigin framgöngu hér veturinn 1993–1994 þegar verið var að ræða EES-samninginn. Ég man ekki betur en hæstv. forsætisráðherra hafi þá verið í fylkingarbrjósti þeirra sem töluðu hér látlaust vegna þess að þeir höfðu einlæga sannfæringu fyrir því að það mál sem þá var rætt væri ekki jákvætt þó að reynslan hafi sýnt annað.

Mér finnst það líka heldur umhendis þegar hæstv. forsætisráðherra kemur hér og segir að hann skilji ekki mál hv. þingmanna þegar hann hefur ekki setið undir ræðunum. Enda kom það glögglega í ljós að hann gerir sér enga grein fyrir því að hér hefur verið lögð fram frávísunartillaga af hálfu stjórnarandstöðunnar. (Gripið fram í.)

En frú forseti. Ég segi það eitt að þær upplýsingar sem fram komu í gær í máli Karls Axelssonar í Ríkisútvarpinu sýna að þingið hefur verið blekkt. Talsmenn stjórnarliðsins hafa sagt að þetta frumvarp feli enga breytingu í sér. En hann sagði í gær að þetta hefði hugsanlega í för með sér breytta réttarstöðu þegar kemur að stórvirkjunum. Þess vegna tek ég undir kröfu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um að iðnaðarnefnd verði kölluð saman og umræðu verði frestað til að við getum fengið þessar upplýsingar.

Það er auðvitað hv. þm. Birkir Jón Jónsson sem ber ábyrgð á þessu. Hann stýrir för málsins hér í gegnum þingið og það er bersýnilegt að hann og aðrir hafa haldið svo á málum að þetta lykilatriði hefur ekki verið upplýst. Það er til stórkostlegra vansa fyrir ríkisstjórnina að þetta skuli koma fram núna og það liggur alveg ljóst fyrir að hún er að blekkja þingið og þjóðina.

[11:22]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Hv. þingmönnum hefur orðið tíðrætt við umfjöllun um þetta mál um aðlögun EFTA-landanna að vatnatilskipun Evrópusambandsins. Niðurstaða er komin í það mál. Það verður gengið frá því formlega á fundi núna í maí eða júní. Það er unnið að lagafrumvarpi um þetta mál í umhverfisráðuneytinu sem verður lagt fram hér á Alþingi í haust.

Frumvarp það sem hér er til umræðu á í engu að skarast á við væntanlegt frumvarp um stjórn vatnsverndar. Það hefur verið þannig að þingmönnum hefur verið fullkunnugt um það. Þess er getið í greinargerð með frumvarpi um vatnalög sem hér hefur verið til umræðu.

[11:23]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að við skulum koma hér til fundar á laugardegi í einhvers konar neyðarástandi til að breyta lögum, sem stjórnarliðið talar um að sé aðeins formbreyting. Það liggur svo mikið á að það þarf að funda á kvöldin og það þarf að funda um helgar.

Ekki það að við mætum ekki til fundar, heldur hitt að það er mikilvægt að þingið sé upplýst um það neyðarástand sem nú ríkir hvað varðar vatnsmál Íslendinga. Því það getur ekki verið annað en neyð og neyðarréttur sem gerir þá kröfu að þingið komi saman flest kvöld og um helgar til að ræða það mál sem okkur er kynnt sem formbreyting. Þetta mál er kynnt okkur sem formbreyting og okkur er sagt að Hæstiréttur hafi komist að niðurstöðu í nokkrum málum á öldinni og það sé gríðarlega mikilvægt að breyta þessu í sama farveg og niðurstöður Hæstaréttar kveða á um. Annar dómurinn er reyndar frá 1956 en seinni er nýrri.

Þannig að það er afar mikilvægt að við verðum upplýst um það hættuástand sem hér er uppi og þá kannski myndi stjórnarandstaðan skynja þetta betur. En á hinn bóginn kom fram í máli Karls Axelssonar, sem hér hefur verið vitnað til, á fundi í gær að hugsanlegt væri að ef lögunum yrði ekki breytt kynni það að skapa óvissu við Kárahnjúkavirkjun. Það kynni að skapa óvissu við tilfærslu á vatni sem þar er verið að vinna með. Ef þetta er það ástand sem menn eru að takast á við finnst mér sanngjarnt og eðlilegt að þingið sé upplýst um það. Það er lykilatriðið. Því tek ég undir kröfu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um að iðnaðarnefnd komi saman og fari yfir þessar fullyrðingar, fari yfir það hvort þarna liggur hin raunverulega ástæða fyrir því (Forseti hringir.) að þingið er kallað saman öll kvöld og núna um helgi.

[11:25]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra lýsti því yfir áðan að um væri að ræða eðlilega og sjálfsagða breytingu. Þá kom einnig fram í máli hans ýmislegt sem benti til að hann hefði ekki setið undir þessari umræðu hér og fylgst með undanfarna daga. Fjöldinn allur af félagasamtökum og aðilum og stofnunum úti í samfélaginu hefur mótmælt þessari ráðstöfun og telur að hér sé ekki um eðlilega og sjálfsagða breytingu að ræða.

Þessir aðilar eru, virðulegi forseti: BSRB, þjóðkirkjan, Landvernd, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Félag eldri borgara, o.s.frv.

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að þessir aðilar hafa lagt mál sitt fram með mjög skýrum hætti í umsögnum og ekkert tillit hefur verið tekið til þeirra finnst mér a.m.k. að við eigum að tala um málið í réttu samhengi. Við getum ekki lýst því yfir hér að fjöldinn allur af fólki hafi verið dreginn að borðinu og staðið að samningu þessa frumvarps og hér sé eingöngu um eðlilega og sjálfsagða breytingu að ræða.

Virðulegi forseti. Mér finnst lítið fara fyrir því sjónarmiði, þegar hæstv. ráðherrar segja að hér sé eingöngu um formbreytingu að ræða, að Sameinuðu þjóðirnar samþykktu árið 2002 að vatn yrði skilgreint sem mannréttindi, þ.e. aðgengi að vatni, og skilgreindu þennan áratug sem áratug vatnsins. Ekkert af nágrannaríkjum okkar eða Evrópuríkjum eru að fara þessa leið, þ.e. að þar sé skýrt eignarhald á vatni. Því erum við að fara aðra leið en þau ríki sem við erum í samstarfi við á alþjóðavettvangi. Við tökum ekki þátt í þessari umræðu um vatnið á áratug vatnsins, sem svo er skilgreindur af Sameinuðu þjóðunum. Mér finnst það skylda okkar að við tökum þá umræðu inn í (Forseti hringir.) þetta mál og lítum ekki eingöngu á tæknilegar lagahliðar á málinu eins og ríkisstjórnin virðist ætla að gera.

[11:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnaðar- og bankamálaráðherra var með mjög alvarlegar yfirlýsingar hér áðan og vændi mig um að hafa falsað ummæli sín. Ég skal segja það hér, hæstv. forseti, að þetta er ekki það síðasta sem verður sagt um þetta mál því ég ætlast til þess að hæstv. ráðherra finni orðum sínum stað. Hún talar jafnframt um það að við höldum fæla, eins og hún orðaði það, og að við höfum falsað þessa fæla. Ég er í fyrsta lagi að vísa hér í ummæli Ólafs Ólafssonar frá 10. janúar sl. sem ég fjallaði um á heimasíðu minni daginn eftir. Í annan stað eru þeir fælar, sem ráðherrann nefnir svo, samsöfnun á ummælum og mótsagnakenndum ummælum ráðherra Framsóknarflokksins í ýmsum málum, einnig á heimasíðu minni. Í fyrsta lagi um Íraksmálið, í öðru lagi um Ríkisútvarpið og í þriðja lagi um einkavæðingu á raforkugeiranum. Það sem ég gerði var að færa ummæli hæstv. ráðamanna og talsmanna Framsóknarflokksins orðrétt og nákvæmlega eins frá útskrift frá Ríkisútvarpinu yfir á heimasíðu mína.

Það er ekki einvörðungu þetta ja, já sem um er að ræða heldur efnisinnihald ummæla hæstv. ráðherra. Þar var ekkert um að villast hvað vakti fyrir ráðherranum, að verið væri að opna á einkavæðingu raforkugeirans, og við skulum fara yfir það aftur.

Síðan eru það hin makalausu ummæli forsætisráðherra sem segist ekki botna upp né niður í því sem hér sé að gerast. Það er ekkert undarlegt. Maðurinn hefur verið fjarri þessari umræðu. Hann segir að nú eigi að svara kalli tímans við endurskoðun á lögum sem sett voru á öndverðri 20. öld. Eigum við þá bara ekki að gera það? Eigum við ekki að svara kalli tímans (Forseti hringir.) og hlusta á hvað almannasamtök á Íslandi eru að segja og hvers þau eru að óska eftir við (Forseti hringir.) endurskoðun þessara laga?

(**Forseti** (SP)**:** *Sá tími er nú liðinn fyrir allnokkru sem ætlaður var til að ræða störf þingsins samkvæmt þingsköpum.* Það eru nokkrir aðrir hv. þingmenn á mælendaskrá sem komast ekki að.)

Um fundarstjórn.

Framhald umræðu um frumvarp til vatnalaga.

[11:31]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég vildi kveðja mér hljóðs um fundarstjórn forseta út af tveimur atriðum. Í gær kom hv. þm. Helgi Hjörvar upp í umræðunni um vatnalög sem eru líka á dagskrá í dag — ég sé að hann er ekki mættur — og kvartaði yfir því að hæstv. iðnaðarráðherra væri ekki viðstaddur umræðuna. Mér finnst að forseti eigi að benda hv. þingmanni á það að við vorum ekki að ræða framsögu iðnaðarráðherra. Hún var búin að flytja þá framsögu við 1. umr. Við vorum að ræða nefndarálit hv. iðnaðarnefndar og formaður hennar sat í salnum. Ég vil, frú forseti, ekki taka upp þykkjuna fyrir hv. formann iðnaðarnefndar því að ég held að hann sé alveg fullfær um það og ég treysti honum fullkomlega til þess að svara fyrir nefndarálit meiri hlutans og þær breytingartillögur sem gera átti. Ég treysti líka fulltrúum stjórnarandstöðunnar í hv. iðnaðarnefnd fullkomlega til að svara fyrir sig. Það er því engin þörf á að framkvæmdarvaldið komi hér inn í löggjafarvaldið eins og ákallið hljóðaði.

Þá vildi ég líka, frú forseti, ítreka og árétta það sem ég stakk upp á í gær að hv. þingmenn lýstu því yfir þegar þeir kæmu í ræðustól hversu lengi þeir mundu tala. Af hverju bað ég um það, frú forseti? Það var til þess að umræðan gæti orðið málefnaleg. Það er ekki hægt að fara í andsvar við hv. þingmann sem maður veit ekki hvort mun tala í 10 mínútur eða í fjóra tíma nema maður sitji alla fjóra tímana í þingsal. Ég er þannig gerður að athyglin hjá mér er farin eftir korter og þannig er nú háttað með flest fólk. Það þekkja þeir sem kenna og þess vegna þarf alltaf að brjóta upp kennsluna á 10 mínútna fresti, en það gerist ekki hér í ræðupúlti Alþingis.

Ef menn vilja fá fram málefnalega umræðu ætla ég að biðja forseta að fara fram á það við hv. þingmenn, hún hlýtur að geta það, að þeir tilkynni í byrjun ræðu sinnar hve lengi þeir muni tala. Það er til þess að umræðan geti orðið málefnaleg. Hún verður ekki málefnaleg með því að menn haldi svona ræður. Ég spurði hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur að því í gær áður en hún fór í ræðustólinn hversu lengi hún mundi tala. Hún sagði mér að það yrðu einn til þrír tímar. Það reyndist vera svo því að hún hóf ræðu sína kl. 13:45 og lauk henni kl. 15:58.

Þetta kemur í veg fyrir alla málefnalega umræðu. Ég vil líka geta þess að það er mikill vandi að forma hugsun sína í stuttu máli en það er enginn vandi að tala lengi og segja ekki neitt.

Ég ætla að vona að hér sé ekki málþóf í gangi. Ég ætla að vona það, frú forseti, því að það væri ofbeldi minni hlutans gegn meiri hlutanum sem þjóðin hefur kosið á Alþingi og gegn lýðræðinu.

[11:34]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Það eru nokkuð margir hv. þingmenn sem vilja ræða um fundarstjórn forseta en af þessu tilefni vill forseti rifja það upp að hún sá einhvern tímann ummæli í þingtíðindum þar sem forseti hafði einmitt verið að grennslast eftir því við þingmanninn hvenær hann héldi að hann lyki ræðu sinni. Þá sagði þingmaðurinn eitthvað á þá leið: Ja, frú forseti, ég get eiginlega ekki sagt til um það hve mikið er eftir af ræðu minni fyrr en hún er búin.

[11:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hef áður beint þeim tilmælum til hæstv. forseta að hún velti því fyrir sér hvort skynsamlegt sé að halda þessari umræðu áfram. Hvort hér hafi verið staðið nógu vel að málum til að verjandi sé að eyða tíma Alþingis með þeim hætti sem hér er gert. Mér finnst ástæða til að endurtaka þetta í tilefni af orðum hæstv. umhverfisráðherra áðan sem lýsti því skilmerkilega yfir, og ég þakka fyrir það, að nú séu þau málefni sem beðið var eftir í sambandi við vatnatilskipun Evrópusambandsins tilbúin og að frumvarpið liggi fyrir í drögum í ráðuneytinu, það eigi eftir að ganga frá því og hægt sé að gera það í sumar. Hæstv. ráðherra sagði að vísu að ekki þyrfti að binda það við þetta

mál en ég vil vitna hér í umsögn aðalundirstofnunar umhverfisráðuneytisins hvað þetta varðar, annarrar aðalundirstofnunarinnar. Það stendur hér í umsögn Umhverfisstofnunar:

„Umhverfisstofnun gerir meginathugasemdir við eftirfarandi atriði og leggur til að ...“ o.s.frv.

Það fyrsta sem Umhverfisstofnun tiltekur í þessari upptalningu er að frumvarp um lögleiðingu Vatnatilskipunarinnar verði lagt fram um leið og frumvarp um vatnalög. Það er fyrsta atriðið í umsögn Umhverfisstofnunar um hvað þurfi að vera til staðar til að hægt sé að ganga frá þessum málum. Mér finnst hæstv. umhverfisráðherra vera góður liðsmaður í ríkisstjórninni að leggja það á sig að halda því fram að það sem aðalundirstofnun ráðuneytisins segir hér skipti ekki máli, þ.e. að hafa þurfi þetta hvort tveggja fyrir augunum til að geta borið saman þær niðurstöður sem menn hafa komist að um hvað standa eigi í þessum lagabálki.

Þess vegna geri ég þá tillögu til hæstv. forseta að hún velti því fyrir sér hvort ekki sé rétt að doka nú við og að hæstv. forseti skoði það líka hvort hún ætti ekki að beita sér fyrir því að menn taki á vatnalögunum með svipuðum hætti og gert var þegar samkomulag náðist í öllu þinginu um „bræðinginn“ sem vatnalögin voru kölluð á þeim tíma en það var samkomulag Alþingis um niðurstöðuna. Nú er sú sátt rofin. Hæstv. iðnaðarráðherra kemur hér með frumvarp sem samið er úti í bæ, ekki með aðkomu neinna annarra en þeirra sem hæstv. iðnaðarráðherra réð til verksins. Ekki er verið að leita að pólitískri sátt um eitthvert mesta deilumál sögunnar í íslenskum stjórnmálum. Nei, nei, það skal fara bara í verktöku úti í bæ og svo eru verktakarnir spurðir hvort þetta sé ekki fínt hjá þeim. (Gripið fram í.) Auðvitað er niðurstaðan sú að þetta sé óskaplega fínt hjá þeim.

[11:38]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Allítarleg umræða hefur verið í morgun um það málefni sem hér um ræðir og er ljóst að menn greinir á, stjórn og stjórnarliða, um túlkun á því frumvarpi sem við ræðum.

Málið var á sínum tíma tekið út úr iðnaðarnefnd ágreiningslaust að ég tel. (Gripið fram í.) Það var búið að fara mjög ítarlega yfir málið og senda það til umsagnar, bæði á síðasta löggjafarþingi og á því löggjafarþingi sem nú stendur yfir. Umsagnaraðilar voru allir kallaðir fyrir nefndina og þar var farið mjög ítarlega yfir málið og stjórnarandstaðan kom ekki með kröfu um að fleiri aðilar yrðu kallaðir fyrir nefndina. Málið var því útrætt en það var alveg ljóst í störfum nefndarinnar að menn greindi á í þessu máli. Það lá fyrir allan tímann.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson kom hér upp í gær og vitnað í ummæli Karls Axelssonar og hefur komið með beiðni um að kalla hann fyrir nefndina og fjalla um málið, og reyndar fleiri hv. þingmenn. Mér finnst sjálfsagt að iðnaðarnefnd taki málið fyrir og hitti Karl Axelsson. Mér finnst mikilvægt að við klárum 2. umr. og köllum svo Karl Axelsson fyrir eftir hana. Það eru þrjár umræður um hvert mál á hv. Alþingi. Málið verður ekki afgreitt fyrr en að lokinni 3. umr.

Ég tel, hæstv. forseti, að það mundi liðka fyrir störfum þingsins að við kláruðum 2. umr. og verðum svo við þeirri sjálfsögðu ósk að kalla Karl Axelsson fyrir nefndina og spyrja þann fræðimann út úr hvað varðar þetta vatnalagafrumvarp. Ég tel að við ættum að einbeita okkur að því að klára 2. umr. um málið og kalla síðan Karl Axelsson fyrir nefndina. Mér finnst það venjulegur framgangur í málinu og tel að við ættum að stefna að því að ljúka 2. umr. fljótlega og ræða því næst við Karl Axelsson í nefndinni.

[11:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tel að fresta eigi þessum fundi núna og kalla iðnaðarnefnd saman þegar í stað. Okkur dugir ekki að láta 2. umr. fara fram og kalla nefndina síðan saman. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. forseta þingsins hvað standi til að halda þessum þingfundi lengi áfram. Þetta eru mjög óvenjulegar aðstæður. Ríkisstjórnin lítur greinilega svo að svo mikið liggi við að koma þessu máli í gegnum þingið, að lögfesta einkaeignarhald á vatni, að kalla verði þingið saman á föstudegi og laugardegi þótt dagskrá þingsins hafi verið á allt annan veg. Þessi fundur er haldinn gegn vilja stjórnarandstöðunnar og við höfum mótmælt því mjög harðlega að til þessa fundar skyldi boðað. Nú óskum við eftir því að fá upplýsingar um hve lengi standi til að halda fundinum áfram.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal kom hér upp og vildi fá að vita hve lengi menn ætli að tala í þessu máli. Ég minnist þess ekki að hann hafi nokkurn tímann skýrt þingheimi frá því hve lengi hann ætlaði að halda sínum ræðum áfram og hve langar þær yrðu. Þetta er því mjög óvenjuleg ósk.

Hitt er venjuleg ósk og eðlileg að þingið vilji vita frá hæstv. forseta hve lengi standi til að þingfundur standi. Er til of mikils mælst að við fáum upplýsingar um hve lengi standi til að halda þessum fundi áfram?

[11:42]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti segja að til þessa fundar í dag er boðað vegna þess að óvenjulangar umræður hafa orðið um það mál sem er hér á dagskrá og enn eru 15 þingmenn eftir á mælendaskrá. Forseti var þó að vona, með hliðsjón af því að umræður um málið hafa nú staðið yfir í meira en 30 klukkustundir, að þingmenn styttu mál sitt og skýrðu afstöðu sína á skorinorðan hátt. Fari svo þarf þessi fundur ekki að standa lengi og þá getur þingið tekið afstöðu til málsins í atkvæðagreiðslu og ákveðið hvort það gengur til 3. umr. Forseti mun sjá hvernig umræðum vindur fram og ræða við forustumenn þingflokkanna þegar mál skýrast.

[11:43]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér kom fram sú spurning hvort skynsamlegt væri að halda áfram umræðunni um vatnalögin sem nú eru á dagskrá og ég held að við ættum að vinda okkur í að ræða það mál.

Það er skylda forseta að koma því svo fyrir að tjáningarfrelsi þingmanna fái að njóta sín og í þessu tilfelli að stærstu leyti stjórnarandstöðunnar að því er virðist (Gripið

fram í.) því að stjórnarþingmenn hafa frekar getað stytt mál sitt. Það er mjög nauðsynlegt að tjáningarfrelsi þingmanna fái að njóta sín í þingsal. Mér finnst að halda eigi fundum áfram þangað til stjórnarandstaðan hefur tjáð sig nægilega um málið. Ég held að við eigum ekki að gera neitt annað.

Hv. formaður iðnaðarnefndar hefur tilkynnt að hann muni kalla nefndina saman á milli 2. og 3. umr. til að ræða þau mál sem væntanlega hefur komið fram í máli þingmanna að þurfi að skoða betur. Þetta er alveg eðlilegur framgangur máls í þinginu. Forseti hefur haldið mjög vel á þessu máli og ég treysti því að svo verði áfram, eins og alltaf undir hennar stjórn, að menn fái að njóta sín í þingsalnum og ræði svo málið í nefndum og málið fái sinn lýðræðislega framgang í þinginu. Ég trúi því varla að þingmenn stjórnarandstöðunnar séu að fara fram á neitt annað en að þeir fái sinn tíma í þinginu til að ræða málið. Það er eðlilegur framgangur málsins.

[11:45]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum að einn hv. þingmaður, Pétur Blöndal, fari fram á að menn tímasetji eða gefi upp þann tíma sem þeir ætla sér hér til umræðu einfaldlega vegna þess að hann heldur ekki athygli í meira en 15 mínútur. Mörgum hefur reynst vel að skrifa niður minnispunkta. Hér er fjöldi starfsfólks og er hægt, virðulegi forseti, að óska eftir því að það taki niður minnispunkta fyrir hv. þingmann á meðan menn eru í ræðustól.

Hv. þingmaður sagði líka að það hefði verið óeðlileg ósk frá hv. þm. Helga Hjörvar hér í gær að óska eftir að iðnaðarráðherra væri á staðnum og að málinu yrði frestað þar til iðnaðarráðherra hefði komið til þingfundar. Ég sagði hér í gær að hæstv. ráðherra hafði eðlileg forföll en að það var ekki öllum þingmönnum ljóst. Hins vegar hefði verið eðlilegt að fresta umræðunni. Þó nefndin sé búin að fjalla um málið og hér sé hv. formaður iðnaðarnefndar til að svara þeim spurningum sem nefndarmenn leggja fyrir hann og lúta að vinnu meiri hlutans þá er það rétt sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan — Hún ber ábyrgð á málinu — og í nefndarstarfinu vöknuðu spurningar þess eðlis að hæstv. ráðherra þarf að svara þeim fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að fara fram á að hæstv. ráðherra sé á staðnum.

Hér hafa komið fram óskir um að þingfundi verði frestað og nefndin kölluð saman nú þegar. Í 15. gr. þingskapa segir, með leyfi forseta:

„Formanni nefndar er skylt að boða til fundar ef ósk berst um það frá a.m.k. þriðjungi nefndarmanna og taka á dagskrá þau mál sem tilgreind eru. Sama gildir um ósk frá þeim nefndarmanni sem falið hefur verið að vinna að athugun máls, ...“

Í 20. gr. segir, með leyfi forseta:

„Nefndarfundi skal ekki halda þegar þingfundur stendur yfir. Frá þessu má þó víkja ef nefndarmenn samþykkja og forseti hreyfir ekki andmælum.“

Nú er þessi fundur í dag ekki á starfsáætlun Alþingis. Það er löngu ljóst og mikið hefur verið rætt um það hér. Það er eðlilegt að verða við þeim óskum sem fram hafa komið, ekki frá þriðjungi nefndarmanna heldur fleirum, um að fresta þingfundi og kalla nefndina saman og taka til umræðu þær ábendingar sem hér hafa komið fram. Það eru fullkomlega eðlileg vinnubrögð að þannig verði staðið að verki í dag.

Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að þingflokksformenn verði kallaðir til fundar og við ræðum um framhald þessa máls.

[11:48]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að ræða fundarstjórn forseta og vil aftur fá að endurtaka ósk mína frá því í gær — hún er jafngild í dag og hún var þá — ósk mína um að eftir að þessari umræðu um fundarstjórn forseta lýkur þá verði fundi slitið, við tökum síðan upp þráðinn aftur á mánudaginn kl. 15 með þingfundi og förum þá að ræða einhver önnur mál, önnur frumvörp heldur en þetta frumvarp um vatnalög.

Ég legg síðan til að sjálfsögðu að álit minni hlutans verði tekið til greina og þetta mál látið niður falla, það komi síðan aftur inn í þingið næsta haust eftir að hæstv. iðnaðarráðherra hefur hugsað sinn gang og fengið til borðsins á nýjan leik hæfustu menn og konur til að endurskoða frumvarpið og taka tillit til athugasemda sem hafa borist um það bæði frá umsagnaraðilum en líka frá hv. þingmönnum sem hafa tekið til máls nú við 2. umr. Þetta væri langskynsamlegasta lausnin á málunum eins og þau líta í dag.

Ég sakna þess, virðulegi forseti, að hafa ekki enn fengið að heyra neinn efnislegan rökstuðning, hvorki frá hæstv. iðnaðarráðherra sem talaði hér áðan né frá hæstv. forsætisráðherra sem líka tók til máls en er nú horfinn úr salnum, efnisleg rök fyrir því hvað gerir það að verkum að svo mikið liggur á að koma þessu frumvarpi í gegnum þingið nú á þessu vorþingi. Þessi rök hefur þingheimur ekki fengið að heyra.

Ég vil því mælast til þess, virðulegi forseti, að það verði óskað eftir því við þessa tvo hæstv. ráðherra að þau komi hér upp í ræðustól og upplýsi þingheim um hver ástæðan sé fyrir því að það liggi svo mikið á núna að hér þurfi að halda bæði kvöldfundi, nánast næturfundi, það þurfi að kalla saman þing á föstudegi og laugardegi og nú síðast gefa það sterklega í skyn að hér skuli áfram haldið nánast hvað sem það kostar.

Ég ætla svo sem ekkert að kinoka mér undan því að taka þátt í þeirri umræðu. Ég er reiðubúinn í hana, mjög vel undirbúinn og mun hér tala eins lengi og mig lystir. Ég skammast mín ekkert fyrir það. Það er hlutverk okkar í stjórnarandstöðunni að koma athugasemdum okkar á framfæri. Það er líka hlutverk okkar í stjórnarandstöðunni að vara þjóðina við þegar meiri hlutinn er svo augljóslega að leiða þjóðina út í ógöngur. Þá er það einfaldlega okkar skylda. Að sjálfsögðu notum við okkar lagalega rétt til að gera það með tilvísun einmitt í greinar laga um þingsköp. (Forseti hringir.)

[11:52]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill af þessu tilefni rifja það upp sem hann hefur sagt hér áður í umræðum um fundarstjórn forseta varðandi þetta mál, að frumvarp til vatnalaga kom fyrst fram til um-

ræðu hér á hinu háa Alþingi í byrjun nóvember á síðasta ári og hefur verið alllengi til umfjöllunar í iðnaðarnefnd. Það hefur enginn hv. þingmaður komið á framfæri mótmælum við forseta þingsins um að þetta mál yrði afgreitt úr iðnaðarnefnd (Gripið fram í.) með þeim rökum að það væri ekki fullunnið þar. (**Gripið fram í:** Það hafa komið nýjar upplýsingar.) Hins vegar eru skiptar skoðanir milli hv. þingmanna um málið og það er ljóst að það eru álit bæði frá meiri hluta og minni hluta.

Forseti vill að þetta komi hér skýrt fram.

[11:53]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Það er svolítið sérkennilegt að koma inn á Alþingi um stundarsakir á nýjan leik. Þingfundirnir undanfarna daga minna í raun miklu frekar á málfundaræfingu en umræðu í þjóðþingi.

Hinn ástsæli söngvari íslensku þjóðarinnar Guðmundur Jónsson söng einhvern tíma texta sem er eitthvað þessa leið: „Það er eins og gerst hafi í gær." Ómur gærdagsins hljómar hér í dag. Ef við rifjum upp undanfarna daga erum við alltaf í sama farinu. (Gripið fram í.)

Spurningin er þessi: Er um málþóf að ræða eða ekki? Menn hafa sagt jafnvel að þeir skyldu frekar dauðir liggja heldur en samþykkja þetta frumvarp. (Gripið fram í.) Þá er spurningin, forseti, hvort hér sé um skapandi tregðu að ræða, hvort þetta sé skapandi tregða eða hvort þetta sé bara tregðulögmál. Til eru stjórnunarhugtök eins og hv. þingmaður hugsanlega veit sem gjammar hér fram í ræðu mína. Ég hlustaði ákaflega vel á ræðu Jóhanns Ársælssonar hér á dögunum þegar hann fjallaði um vatnalögin en ég var engu nær þannig að þetta var (Gripið fram í.) ekki skapandi tregða heldur bara tregðulögmál. (Gripið fram í.)

[11:54]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Þetta var afar athyglisverð ræða um fundarstjórn forseta og örugglega til þess fallin að efla virðingu fólks fyrir hinu háa Alþingi.

Frú forseti. Ég legg til að þessum fundi verði nú slitið. Það er greinilegt að þetta mál er farið að hafa slík áhrif á störf þingsins að það er alls ekki til bóta. Ofurkapp hæstv. iðnaðarráðherra og jafnvel hæstv. forsætisráðherra einnig á að þröngva þessu máli hér í gegnum þingið hefur komið berlega í ljós.

Í umræðum í gær, frú forseti, komu nokkrir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hér upp og töldu að það væri nú ekki mikið mál að mæta hér á föstudegi, laugardegi, alla helgina jafnvel til að ræða þetta mál og við skyldum bara ræða það sem mest. Þeir höfðu varla sleppt orðinu, þessir þingmenn, þegar þeir sjálfir hlupu auðvitað úr þinghúsinu. Ég er hér með útprent af stimpilklukku þingsins. Það er tekið kl. 15:13 í gær. Hér sést að aðeins einn þingmaður stjórnarflokkanna var viðstaddur umræðuna. Það var hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður iðnaðarnefndar. Allir hinir þingmenn stjórnarflokkanna voru merktir bláir með fjarveru. (Gripið fram í.) Hvaða vitleysa? Ég er með þetta hérna skjalfest. Hérna er þetta. Þetta er nú áhugi hv. þingmanna sem sögðu að það væri nú alveg sjálfsagt mál að taka þessa umræðu bara hérna.

Er þetta lýðræði? Er það skilningur stjórnarmeirihlutans að lýðræði felist í því að leyfa stjórnarandstöðunni að tala og tala en hlusta ekki á hana, taka ekki orð mark á því sem við höfum að segja vegna þess að þeir eru búnir að ákveða sig og það skipta engin rök máli lengur? Það á bara að vaða áfram, leyfa stjórnarandstöðunni að tala en, auðvitað ekki að taka orð mark á henni, loka eyrunum, fara heim, fara á einhverja aðra fundi.

Ég vil minna á að hæstv. forseti sagði hér í gær að þingfundir hefðu forgang á aðra fundi. Þingmenn stjórnarflokkanna taka ekki mark á þessum orðum hæstv. forseta og það þykir mér mjög miður.

[11:57]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Það voru ýmsar skoðanir sem komu hér fram frá hv. þingmönnum, m.a. frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar, um að fresta þingfundi vegna funda úti í bæ, svo því sé haldið til haga.

[11:58]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því áðan að í ræðu formanns þingflokks Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, lagði hún mikið upp úr því að við mundum virða tjáningarfrelsið og að við gætum komið okkar sjónarmiðum á framfæri á fundum Alþingis og tek ég alveg heils hugar undir það. Mér þykir hins vegar miður að það sé aðeins hægt að nota kvöld eða helgar í að koma þessum sjónarmiðum á framfæri, en að sjálfsögðu mun ég nýta mér þann kost.

Mér þykir einnig miður að hin nýja fjölskyldustefna hæstv. forseta þingsins skuli þá um leið ekki fá samræmst þeim vilja hv. þingmanns að tjáningarfrelsið fái notið sín. Er miður að þetta skuli ekki geta farið saman.

Ég fagna ummælum formanns iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, um mikilvægi þess að nefndin komi saman. Í þeim ummælum felst að sjálfsögðu það að fram hafa komið nýjar upplýsingar sem nauðsynlegt er að ræða. Annars þyrfti ekki að kalla nefndina sérstaklega saman. Það felst í þessum orðum.

Ég hlýt að spyrja hæstv. forseta hvort hún telji ekki eðlilegt, þar sem fyrir liggur að nýjar upplýsingar hafa komið fram og að fyrir liggur vilji hv. formanns iðnaðarnefndar um að kalla nefndina saman, að rétt sé að þessar upplýsingar liggi fyrir á meðan 2. umr. fer fram. Það er mikilvægt að þessar upplýsingar liggi fyrir svo umræðan fari fram á réttum forsendum.

Ég held að þetta sé eðlileg krafa og því er afar eðlilegt að við gerum hlé á þessari umræðu núna og að þessi fundur í iðnaðarnefnd verði haldinn, menn fari þar yfir þau álitaefni, sjónarmið og upplýsingar sem fram hafa komið til að umræðan geti farið fram á réttum forsendum. Annars þjónar hún ekki þeim tilgangi að hún fari fram og þá kannski fær tjáningarfrelsið ekki notið sín eins og það ella mundi gera ef umræðan færi fram á réttum (**Gripið fram í:** Mun betur.) forsendum. Ég heyri að hv. þingmaður kallar fram í „mun betur" og ég tek undir það. Auðvitað væri umræðan

mun betri ef allar upplýsingar lægju fyrir þegar hún fer fram. (**Gripið fram í:** Milli 2. og 3. umr.)

Rétt að lokum, vegna þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal hóf nú þessa umræðu um störf þingsins, þá held ég að rétt sé að rifja það upp, af því að hv. þingmaður er formaður efnahags- og viðskiptanefndar, að hv. þingmaður leitar ætíð til viðkomandi fagráðherra ef einhverjar breytingar þarf að gera eða tillögur um einhverjar breytingar á frumvörpum sem eru í nefnd. Þess vegna held ég að hv. þingmaður — því miður ... jú, hv. þingmaður er kominn í salinn — þá ætti hv. þingmaður að skilja það mjög vel að það sé eðlilegt að stjórnarandstaðan geri kröfu til þess að viðkomandi fagráðherra sitji undir þeirri umræðu sem (Forseti hringir.) fram fer þegar verið er að ræða þeirra mál.

[12:01]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Eins og forseti hefur áður greint frá verður þingfundur hér í dag um það mál sem er á dagskrá. Þegar umræðu um fundarstjórn forseta lýkur og umræður hefjast um málið sjálft hyggst forseti eiga fund með formönnum þingflokka og ræða framvindu málsins.

Um þá ósk að haldinn verði fundur í iðnaðarnefnd vísar forseti til þeirra svara sem formaður nefndarinnar veitti áðan við þeirri ósk.

[12:02]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil nú vekja athygli forseta á 60. gr. þingskapa Alþingis þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill."

Það er því ekkert hér sem hindrar að forseti beiti nú þegar skynsamlegu valdi sínu til þess að stöðva þessa umræðu og kalla málið til baka.

Í þessu sambandi vil ég inna hæstv. forseta eftir því hvort honum hafi verið gert ljóst að Alþingi gæti hafa verið leynt upplýsingum varðandi þetta mál, mikilvægum grundvallarupplýsingum. Það kom fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, sem sat á fundi og hlýddi á mál eins höfundar verktaka við samningu frumvarpsins, að samþykkt frumvarpsins væri nauðsynleg til þess að hægt væri að halda áfram með Kárahnjúkavirkjun eða til að þar skapaðist ekki réttaróvissa eða eitthvað í þá veru, varðandi framkvæmd við virkjunina.

Þetta hefur aldrei verið nefnt hér í umræðunni. Hæstv. forsætisráðherra hefur sagt að þetta skipti engu máli, þetta væri smámál, hæstv. iðnaðarráðherra hefur sagt að hér væri bara um formbreytingar að ræða. Ef þetta skapar réttaróvissu við Kárahnjúkavirkjun skapar þetta þá ekki sömu réttaróvissu við úthlutanir iðnaðarráðherra á öllum öðrum virkjunarleyfum? Er hér ekki um einn stærsta hluta málsins að ræða? (Gripið fram í.) Þetta er um fundarstjórn forseta því að ég tel að forseti beri ábyrgð á því að mál komi vel unnin inn í þingið og a.m.k. þegar vitneskja eins og sú sem barst okkur í dag, að þingið hafi jafnvel verið leynt mikilvægum grundvallaratriðum í málinu sem ganga þvert á yfirlýsingar ráðherra varðandi mikilvæga stöðu þess máls, þá finnst mér að forseti eigi þegar í stað að ganga úr skugga um hvort þingið hafi verið leynt grundvallarupplýsingum í málinu. Bara af þeirri ástæðu einni saman ætti forseti að fresta fundi og ganga úr skugga um hvernig þeim málum er háttað, því að ég ætla hæstv. forseta það ekki, sem stýrir fundi á margan hátt mjög vel, að ætlast til þess að þingið fjalli um mál þegar mikilvægum upplýsingum varðandi það hefur verið haldið utan þings.

[12:05]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs meðan hv. þm. Pétur Blöndal flutti ræðu sína um fundarstjórn forseta. Þar vitnaði hv. þingmaður í samtal sem við áttum, mjög huggulegt samtal yfir salatbarnum hérna frammi í gær og mig langaði til að nefna það hér áður en ég fer yfir önnur atriði að menn skyldu gæta sín á því hvað þeir segja yfir salatbarnum hérna frammi fyrst menn eru farnir að vitna í það sem opinber samtöl í ræðustóli Alþingis.

Virðulegi forseti. Sömuleiðis langar mig til að spyrja hæstv. forseta hvort hann hafi skilið orð hv. þm. Péturs H. Blöndals eins og ég, að hv. þingmaður væri að fara fram á eða leggja til að þingsköpum Alþingis yrði breytt til samræmis við athyglisgáfu hans, en þannig skildi ég það. Hann hafði skilgreint hana um 15 mínútur en ég vil benda á að í skólum landsins er börnum treyst til þess að sitja í kennslustund í 40 mínútur og Pétur H. Blöndal ætti því ekki að eiga í erfiðleikum með að sitja í a.m.k. 40 mínútur undir ræðum þingmanna hér eins og börn í skólum landsins.

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur verið farið fram á, þ.e. að gert verði hlé á þessari umræðu og að iðnaðarnefnd verði kölluð saman, vegna þess að þó svo að málið hafi verið tekið út úr hv. iðnaðarnefnd, þar sem ég sit, var alveg ljóst að um það var ekki sátt og við lögðum til að málinu yrði vísað frá. Í millitíðinni hafa komið fram nýjar upplýsingar sem skipta mjög miklu máli fyrir framgang málsins. Þar er annars vegar mál sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi og tók upp í gær, þ.e. að náðst hefði samkomulag milli Noregs, Íslands og Liechtensteins um það hvernig beri að standa að lögleiðingu vatnatilskipunarinnar og það nægir mér ekki sem þingmanni og sem aðila sem á sæti í hv. iðnaðarnefnd að umhverfisráðherra hæstv. komi hér upp og segi okkur að þessi mál séu alls óskyld. Það nægir mér bara ekki og það er skylda mín sem þingmanns að fá að ganga úr skugga um það sjálf hvort svo sé og því tel ég eðlilegt að nefndin komi saman og fari yfir það samkomulag sem gert var í ljósi umræðunnar hér.

Því tel ég okkur ekki geta haldið þessari umræðu áfram með þeim hætti sem verið hefur og því verði iðnaðarnefnd að koma saman. Þá vil ég líka taka undir í öðru lagi að það verði að fara yfir orð Karls Axelssonar sem komu fram í fjölmiðlum í gær varðandi tengsl þessa máls við atriði tengd Kárahnjúkavirkjun.

[12:08]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tel að þrennt hafi komið fram í dag sem veldur því að þessum fundi ætti að hætta eða fresta og gefa

ráðrúm til þess að ræða saman í iðnaðarnefnd og víðar. Í fyrsta lagi hafa hv. þingmenn sem hér hafa talað nefnt það og einnig sagði hæstv. umhverfisráðherra — sem er nú gengin úr salnum sem og aðrir ráðherrar — að lokum frá því, eftir þráspurningar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að niðurstöðu í vatnsverndarmálinu væri náð. Lagafrumvarp hefur legið fyrir í drögum í umhverfisráðuneytinu nú í tvö ár hygg ég samkvæmt upplýsingum og greinargerðum vatnalagafrumvarpsins, frá því í vetur og frá því í fyrravetur, og það er ekkert því til fyrirstöðu lengur að leggja það frumvarp fram. Eins og menn vita er hægt að leggja slík frumvörp fram hvenær sem er. Ef það þarf að bíða er eðlilegt að þetta máli bíði með því.

Ég endurtek það og ítreka að því miður er ekki hægt að treysta þeim upplýsingum sem koma frá ráðherranum um það að þessi frumvörp stangist ekki á eða skarist ekki með nokkrum hætti og ákaflega ólíklegt að þau geri það ekki vegna þess að frumvarpið að hinum nýju vatnalögum tekur beinlínis til vatnsnýtingar og vatnsverndar með nokkrum hætti.

Í öðru lagi kom fram í fréttum í gær og á þeim fyrirlestri eða fundi sem ég átti ekki kost á að sækja í gærdag, enda stóð þá yfir þingfundur, þó að ég hafi þurft að bregða mér annað á löngu boðaðan fund á skrifstofu minni, að Kárahnjúkavirkjun og árfarvegaskipti í tengslum við hana virðast vera einhvers konar undirstaða þessa máls og ekki hafa fengist skýr svör sem ég hef heyrt, við því frá höfundi frumvarpsins, Karli Axelssyni lögfræðingi, með hvaða hætti það er. Það er eins og hann hafi ekki mótað það til frásagnar hvað þar veldur. En við höfum verið að spyrja mikið að því hvernig standi á því að það þurfi að flýta sér svona með þetta frumvarp og þetta virðist þá vera ein ástæðan eða sú eina sem komin er, fyrir utan metnaðarmál einstakra ráðherra og þingmanna.

Í þriðja lagi hefur svo komið í ljós að hæstv. forsætisráðherra virðist ekki vera ljóst hvernig stendur á þessu frumvarpi, a.m.k. kom hann hér upp í stólinn áðan og talaði um að það væri fyrst og fremst um formbreytingu að ræða, og ég vil fá það skýrt frá forsætisráðherra hvað annað felst þá í því en formbreyting vegna þess að um þetta höfum við verið að ræða og m.a. einkum þetta orðalag „fyrst og fremst um formbreytingu að ræða". Þegar sjálfur forsætisráðherra tekur svo til orða hljótum við að eiga rétt á að vita hvað hann meinar með því.

[12:11]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Það er spurt að því hér hvort skynsamlegt væri að halda umræðu um þetta málefni áfram eftir ítarlega umræðu í marga daga, en ekki að sama skapi málefnalega að því leyti til að það hafa ekki farið fram nein skoðanaskipti á milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga (**Gripið fram í:** ... þeir eru ekki í salnum.) vegna þess að hér eru 15 menn á mælendaskrá, þeir eru allir frá stjórnarandstöðunni og þess vegna er ekki hægt að hér fari fram eðlileg skoðanaskipti, fyrir utan einn hv. stjórnarþingmann. (Gripið fram í.)

Ég kem hér upp til að styðja hv. formann iðnaðarnefndar Birki Jón Jónsson, sem hefur staðið hér vaktina alla daga, hvern einasta tíma. Hann hefur sinnt starfi sínu afskaplega vel. Hann afgreiddi málið úr nefndinni en þaðan komu tvö álit. Það er ekkert nýtt hér á hv. Alþingi að fram komi fleiri en eitt álit úr nefndum, stundum eru þau tvö og stundum eru þau þrjú eða jafnvel fleiri. Það er bara ósköp eðlilegt þegar menn eru ekki sammála í öllum málum og þannig er nú einu sinni þetta lýðræði.

Umræðan hefur nú farið fram í meira en 30 tíma og þetta er auðvitað ekkert annað en málþóf. Þegar verið er að tala um viðveru þingmanna, sem mér finnst nú alltaf mjög lágkúrulegt, þá er það bara þannig að þegar hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa haldið hér þriggja til fimm tíma ræður þá hefur yfirleitt enginn verið í þingsalnum, hvorki stjórnarliðar né stjórnarandstæðingar vegna þess að þetta er alveg steingeld umræða, algjörlega steingeld. Það er ekki lýðræðinu til sóma að halda uppi svona málþófi.

Þetta er ekki til bóta, sagði hv. þm. Hlynur Hallsson, ég er algjörlega sammála. Nú ráðlegg ég mönnum að fara að stytta mál sitt, ljúkum þessu í dag. Við getum lokið umræðunni fyrir klukkan fjögur og síðan, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson bauð, að málið yrði tekið inn milli 2. og 3. umr. og þá fengnir til nefndarinnar til þess bærir menn. Ég legg til að hv. þingmenn verði nú einu sinni skynsamir, stytti mál sitt og ljúki málinu fyrir fjögur í dag.

[12:14]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir er nú eldri en tvævetur og hún, eins og hæstv. forseti, hafa verið hér mörg ár. Þær vita það alveg eins og hverjir aðrir sem hafa setið hér lengi að þingið gengur eftir ákveðnum brautum. Það er einfaldlega þannig að þegar stjórnarandstaðan reynir það á skinni sínu að vera beitt einhverju því sem stappar nærri ofbeldi við stjórn funda og ásetningu funda hér, þá er því svarað með svipaðri harðneskju. Ég get alveg upplýst hæstv. forseta og hv. þm. Drífu Hjartardóttur um það að ég þarf að segja mikið um þetta mál, ég hef þaulskoðað það og brotið til mergjar frá mínum sjónarhóli og ég hef í hyggju að leyfa hv. þm. Drífu Hjartardóttur að njóta þeirra ávaxta í ræðum í vikunni.

Ég hins vegar, eins og menn vita, er heldur óánægður með það hvernig hæstv. forseti hringlar með starfsáætlun þingmanna eins og það skipti engu máli með litlum fyrirvara að setja á kvöldfundi, látum það vera, en t.d. fundi sem á starfsáætlun þingsins eru beinlínis ætlaðir til annarra hluta og tala síðan um, eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir hefur gert hér áður, að þingmönnum sé ekki of gott að vera á fundum á föstudögum og laugardögum. Okkur er það svo sem ekkert of gott. Í sumum tilvikum er það þannig að menn hafa setið á fundum með löngum fyrirvara, eins og ég í gær. Í öðrum tilvikum er það þannig að menn hafa ákveðnum skyldum að gegna gagnvart fjölskyldum sínum, eins og ég í dag. Þannig er það bara.

Það var þessi forseti sem hér af miklum skörungsskap talaði um að hún ætlaði að beita sér fyrir því að þingið yrði fjölskylduvænni vinnustaður. Þarna úti í horni situr þingmaður sem á fjögurra mánaða gamalt barn sem hann hefur varla séð í vikunni. Er það fjölskylduvænleiki sem hæstv. forseti, Sólveig Pétursdóttir, er að ryðja hér til rúms?

(Gripið fram í.) Ég ætla ekki að hafa sterkari orð um það. (Gripið fram í.) Ég ætla að spyrja hæstv. forseta með tilliti til orða hennar um að reyna að gera þetta að fjölskylduvænum vinnustað: Hvað ætlar hún að halda þessum fundi áfram lengi í dag? Tilefni þess er einfaldlega það að ég sem fjölskyldufaðir hef gefið ákveðnar skuldbindingar litlum stelpum sem ég vildi gjarnan fá að standa við og reyna að haga vinnudegi mínum með tilliti til þess. Ég get upplýst hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson um að ég hafði lofað því að fara á alþjóðlegt skákmót í dag (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** ... hættu þá að tala ...) af því að litla dóttir mín hefur áhuga á skák og það var svo sem ýmislegt fleira sem ég ætlaði að gera.

Virðulegi forseti. Hér hef ég varpað spurningu um framhald þinghaldsins og síðan vil ég ítreka að hv. þingmenn stjórnarliðsins hafa blekkt þingheim. Þeir hafa sagt að hér sé um formbreytingu að ræða þegar höfundur sköpunarverksins segir að þetta geti breytt réttarstöðu stórvirkjana. (Forseti hringir.) Ef það eru ekki blekkingar þá veit ég ekki hvað það orð þýðir.

[12:18]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill af þessu gefna tilefni segja að hann hefur ítrekað svarað spurningum hv. þingmanna og forseti hefur ítrekað haldið fundi með formönnum þingflokka og boðið fram samninga um málsmeðferð í þessu máli. Þeim tilboðum hefur einfaldlega öllum verið hafnað. (Gripið fram í.) Við svona kringumstæður hefur forseti ekki neitt annað ráð en að halda áfram fundum á Alþingi. Forseti vill taka það skýrt fram við hv. þingmann að honum finnst ekki rétt að blanda saman umræðum um fjölskyldustefnu eða fjölskyldumál við þingskapareglur hér á hinu háa Alþingi.

[12:18]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hafa verið fluttar athyglisverðar smáræður í nokkuð langan tíma og þar á meðal flutti hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason þinginu hjartnæma hugvekju þar sem hann vitnaði í gamlan dægurlagatexta: Það er eins og gerst hefði í gær.

Þetta ætti að verða okkur tilefni til að láta hugann reika aftur í tímann t.d. til þess tíma þegar ákveðið var hér á þingi að stofna umhverfisráðuneyti. Það væri fróðlegt að vita hve langar ræðurnar voru fluttar af hálfu Sjálfstæðisflokksins, þingmanna hans, sem voru mjög andvígir því að hér yrði stofnað umhverfisráðuneyti í ríkisstjórninni. (**Gripið fram í:** Það var lesið upp úr bókum.) Það var lesið upp úr bókum og hugverkum, (Gripið fram í.) og ég man ekki betur en að einn þingmaður hafi talað í um tíu tíma svo vikið sé að ummælum hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur um tjáningarfrelsið og virðingu fyrir því, þá hefur það nú áður fyrr verið í hávegum haft hér á Alþingi og þá ekki síst af hálfu Sjálfstæðisflokksins, þingmanna hans, (Gripið fram í.) sem hafa flutt hér langar ræður.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur um að guð forði okkur frá því að fara að laga þingskapalög að athyglisgáfu hv. þm. Péturs H. Blöndals sem hefur lýst því yfir að hann orki ekki að hlusta á ræðu lengur en tíu til fimmtán mínútur, þá tapi hann þræðinum og athyglisgáfan bresti hjá hv. þingmanni. Ég held að þetta sé undantekning á því sem almennt gerist. En hann hefur hvíslað því í eyra mér — af því að hann er vanur að vitna í prívatsamtöl á göngum í þinginu — að fræðimenn segi að þetta sé algengt að börn geti ekki hlustað lengur en í tíu, fimmtán mínútur án þess að athyglin bresti.

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að inna hæstv. forseta eftir því hve lengi standi til að halda þessum þingfundi áfram í dag og að því leyti tek ég undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal að það er eðlilegt að þingheimur viti hve lengi þingfundir eigi að standa. Við óskum eftir því að fá upplýsingar um hve lengi þessi fundur eigi að standa því að það getur vel verið að eitthvert samhengi sé á milli þeirrar umræðu sem á sér stað hér um stjórn fundarins og (**Gripið fram í:** Og kosninganna í vor.) hins hve lengi þessi fundur yfirleitt stendur. Gætum við fengið upplýsingar um hvaða áform eru uppi í því efni?

[12:22]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti hefur áður svarað því til: því styttri ræður hjá hv. þingmönnum þeim mun styttri þingfundur, svo það komi alveg skýrt fram.

Forseti lét þess líka getið hér fyrr í máli sínu að hann hefði hug á því að funda með formönnum þingflokka eftir að umræðum um fundarstjórn er lokið og áður en málefnaleg umræða hefst um eina málið sem er á dagskrá.

[12:22]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég vil segja það í upphafi, af því að við erum að ræða um störf þingsins, fundarstjórn forseta og hugmyndir um það hvort vísa eigi máli þessu til iðnaðarnefndar eða fresta hér fundi, að það er mín skoðun að hvorki sé ástæða til að fresta þessum umræðum né að vísa málinu til iðnaðarnefndar. Sjálfur á ég sæti í iðnaðarnefnd og fylgdist mjög vel með og tók þátt í meðferð málsins í nefndinni. Þar var öllum spurningum svarað, öllum spurningum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar var þar svarað. Nefndarstarfið fór þannig fram að allir gestir sem óskað var eftir voru kallaðir fyrir nefndina, þeir spurðir spjörunum úr og það lá ekkert fyrir eftir nefndarstarfið. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður bað ekki um fleiri gesti fyrir nefndina til að spyrja.

Síðan þegar málið er tekið úr nefndinni bregst stjórnarandstaðan við með því, frú forseti, að grípa hér til málþófs vegna þess að stjórnarandstaðan hefur nákvæmlega ekkert efnislegt haft fram að færa um þetta mál. Ekkert. Hv. þm. Jóhann Ársælsson er þar engin undantekning. Hér hafa menn lesið ræður gamalla þingmanna, lesið upp úr bókum, og hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur t.d. flutt hér ljóð. Þetta hefur verið framlag Samfylkingarinnar til þessa máls. Það er ekki merkilegt að mínu mati.

Ég ætla reyndar að varpa ljósi á alla vitleysuna í málflutningi Samfylkingarinnar fyrir forseta til að sýna honum fram á hvers lags þvæla hefur verið hér í gangi. Menn hafa tekist á um það hvort vatn og vatnsréttindi séu undirorpin einkaeignarrétti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hrökk af hjörunum í gær og sagðist fyrr dauður liggja en að vatnið

yrði einkavætt. Það var reyndar gert árið 1923, (Gripið fram í.) fyrir 83 árum, þannig að hv. þingmaður er frekar seint á ferðinni með ræðuhöld sín. Um það hefur ekki verið fræðilegur ágreiningur, hvorki fyrir Hæstarétti né í íslenskum rétti, að vatnið sé undirorpið einkaeignarrétti.

Það sem vekur hins vegar athygli, frú forseti, og það sýnir þvæluna og málþófið er að hv. þingmenn eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hafa tekið til máls í öðrum málum sem eru skyld þessu, þjóðlendumálinu. Hvar stendur Samfylkingin og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir í þeirri ræðu, og hv. þm. Jón Bjarnason? Standa menn með fjármálaráðherra þegar hann gerir kröfugerð um að ná eignarrétti í þjóðlendum? Nei, auðvitað ekki. Menn hafa staðið þar með landeigendum, og staðið þar vörð um einkaeignarréttinn, þar á meðal vatnið og (Forseti hringir.) vatnsréttindin þannig að menn tala hér í algjöran kross. Hér er á ferðinni málþóf, ekkert efnislegt framlag til umræðunnar. Ef þeir vilja halda þessu áfram (Forseti hringir.) verði þeim að því. Ég hvet forseta til að halda fundi áfram.

[12:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki alveg hvort þessi síðasta ræða var undir liðnum Um fundarstjórn eða átti við um hana. Hvað um það, hæstv. forseti. Ég vil gera það að tillögu til hæstv. forseta að í matarhléi sem væntanlega verður kl. eitt fari forseti fram á það, vinsamlega, við formann iðnaðarnefndar, hv. þm. Birki J. Jónsson, að iðnaðarnefndin verði kölluð saman og orðið verði við þeim tilmælum þingmanna sem hafa óskað eftir að farið verði yfir málið, m.a. með þeim lögmanni sem flutti um það erindi í gær, og nefndinni tjáð það sem eftir honum hefur verið haft. Deilan gengur út á það að menn ræði formbreytingu eingöngu og skilningur manna á því er greinilega algjörlega hvor í sína áttina. Ég held að fullt tilefni sé til þess, hæstv. forseti, að breyta vinnubrögðum. Það hefur ekkert gengið í þessu máli undanfarna daga og það er alveg sýnilegt að með sama lagi mun ekkert ganga í málinu.

Ég held þess vegna að mjög eðlilegt sé að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að meðan á matarhléinu stendur verði iðnaðarnefnd gefið tækifæri á að hittast og skýra þessi ummæli Karls Axelssonar lögmanns. (**BJJ:** Fáum við ekkert að borða?) Þú hefur nú hingað til getað fengið mat á nefndasviði Alþingis, ef ég veit rétt, hv. þingmaður, a.m.k. þegar ég hef setið með þér fundi.

Ég held að þetta vinnulag sem við upplifum hér færi okkur ekki neitt áfram í málinu, hæstv. forseti, og þá sé eðlilegt að hæstv. forseti taki þessa umræðu annars vegar við þingflokksformenn, um framhald þinghaldsins, á meðan fundi verður haldið uppi í iðnaðarnefnd og svör fengin um það sem menn greindi á um í morgun. Það gæti e.t.v. orðið til þess að umræðan gengi betur á eftir og að mál skýrðust eitthvað. Það er alveg sýnilegt að þessi tilbúningur málsins sem hér hefur átt sér stað, að reyna að keyra það áfram í ósátt, þjónar engum tilgangi í málinu, ekki nokkrum. Ef eitthvað er mun sú vinna sem hér er sett af stað í þessari viku, þvert ofan í starfsáætlun þingsins, aðeins verða til þess að málið taki enn lengri tíma, það verði enn ríkari meiningar og meira ósætti en verið hefur.

Þetta geri ég að tillögu minni, hæstv. forseti, og vonast til þess að við henni verði orðið.

[12:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér hefur gengið svo hægt að fá orðið í þessari umræðu að ég stend hér og búið er að skipta um hæstv. forseta í forsetastólnum á meðan. Ég ætlaði einmitt að spyrja hæstv. forseta, og nú kemur það á þann sem við tók í stólnum að svara, vegna þess að ég verð að upplýsa fáfræði mína. Það kom fram nefnilega hjá hæstv. forseta í yfirlýsingu áðan að það hefði ekki verið kvartað við hæstv. forseta frá iðnaðarnefnd um að verið væri að taka það mál út sem ekki væri fullunnið. Ég kannast ekki við það og verð að viðurkenna fáfræði mína í því að við þingmenn höfum möguleika á að bera okkur upp við forseta og getum með því komið í veg fyrir að vitlaus mál séu tekin úr nefndum.

Ég óska eindregið eftir því að hæstv. forseti útskýri það því að auðvitað mundi ég vilja notfæra mér það í framtíðinni þó að ég hafi misst af því í fortíðinni að ræða slíkt við forseta að stöðva að mál verði tekin út ef í óefni stefnir. Það er nefnilega þannig að í þessu máli hefur það legið fyrir og ég held betur en í flestöllum öðrum málum að við værum gjörsamlega andvíg afgreiðslu málsins. Það var fjallað um þetta mál í allan fyrravetur, það er búið að fjalla um þetta mál í allan vetur og það er engin leið að gera breytingartillögur við málið öðruvísi en að flytja nýtt frumvarp. Það er verið að snúa gjörsamlega við vatnalögunum með þessu frumvarpi og það er ekki hægt að flytja breytingartillögur við það. Það verður að flytja nýtt frumvarp til að klára málið með einhverjum skynsamlegum hætti. Við höfum lagt áherslu á, og þess vegna höfum við ekki flutt slíkt frumvarp, að þau mál fái að fylgjast að, endurskoðun vatnalaga, lög um vatnsvernd og lög um jarðrænar auðlindir sem hefur staðið til að setja hérna. Þess vegna höfum við sífellt lagt það til að menn fengjust við þessi mál og reyndu að afgreiða þau í samhengi og öll í einu. Það er ekki hægt fyrr en næsta vetur því að það er ekki fyrr en í haust sem nefnd iðnaðarráðherra á að skila af sér um það hvernig eigi að fást við t.d. úthlutun á rannsóknarleyfum og að afgreiða það hvernig aðilar fá að nálgast auðlindir landsins og framtíðarstefnu hvað þessi málefni varðar. Það stendur yfir endurskoðun stjórnarskrárinnar sem er hluti af þessu. Inn í hana á að fara ákvæði um auðlindir í þjóðareign. Allt þetta hangir saman og þarf að ræðast í heilu lagi.

Hér vaða menn fram og hefðu átt að læra af sögunni, skoða hvernig menn tóku á málum hér fyrr á öldinni, síðustu öld, þegar menn báru gæfu til þess að ná samstöðu um það hvernig ætti að afgreiða þetta stóra mál um vatnið. (Forseti hringir.) En nú er sko önnur öldin hér, hæstv. forseti.

[12:32]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er eins og gerst hafi í gær. Ég hef meðan þessari umræðu hefur undið fram verið að glugga einmitt í Alþingistíðindi frá 1923, 83ja ára gamlar umræður þeirra þingmanna sem þá voru hér í þessum sal að ræða gamla frumvarpið um vatnalögin. Þá kemur einmitt greini-

lega fram að menn stóðu fyrir mjög erfiðri lagasetningu en þar skilur á milli þeirra þingmanna sem báru ábyrgð og voru þá við stjórn landsins og þeirra þingmanna sem nú bera ábyrgð og eru við stjórn landsins. Þá vissu menn um ábyrgð sína og menn voru staðráðnir í því að vanda sig — og gengur þá formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, úr salnum. Þá voru menn staðráðnir í því að vanda til verka. Þá kom frumvarpið fyrst til umræðu 1917 og það var rætt á hverju einasta þingi fimm sinnum með undantekningu frá árinu 1918, vegna þess að menn voru að reyna að ná niðurstöðu.

Hér erum við í stjórnarandstöðunni með þá einlægu og frómu ósk að þessu máli verði vísað frá og það verði tekið aftur til endurskoðunar og við fáum síðan nýtt frumvarp aftur í haust. Mér finnst þetta eðlileg og sanngjörn krafa. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á hér áðan að það þarf að koma með nýtt frumvarp. Þær breytingar sem liggja núna fyrir í hinu nýja frumvarpi um vatnalög, ég vil frekar kalla þetta frumvarp um vatnsréttindi eða vatnsnýtingu, en gott og vel, þær breytingar sem nú liggja fyrir samanborið við gömlu lögin eru grundvallarbreytingar. Ég kaupi það einfaldlega ekki þegar menn eru að segja, jafnvel þó að löglærðir séu, nú er ég ekki lögfræðingur, en ég kaupi það hreinlega ekki þegar menn koma hér og eru að reyna að sannfæra mig og aðra, já, þjóðina alla um að þetta sé bara einhver formbreyting. Það er ekkert þannig. Ef maður les lagatextann af skynsemi og yfirvegun og dregur svo sínar ályktanir þá er ómögulegt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að hér sé um grundvallarbreytingar að ræða, hér sé verið að taka mjög afdrifaríkar ákvarðanir varðandi eignarrétt á þessu efni sem er vatn, sem er grundvöllur alls lífs og skiptir höfuðmáli. Án vatns væri ekkert líf.

Svo vil ég benda á það að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafði rangt eftir mér hér áðan. Ég sagði í gær að fyrr skyldi ég dauður liggja en að taka þátt í því að samþykkja svona lög. (Forseti hringir.) Ég mun að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi eins og það lítur út. (**Gripið fram í:** ... standa við orð sín.)

[12:36]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Það virðist vera að sami hlutur sé að endurtaka sig og gerðist hér í gær að við komumst ekkert áfram með þinghaldið vegna þess að hæstv. forseti stendur fast á því að halda áfram umræðu á þessum laugardegi. Ég vil benda á af því að alltaf er verið að kenna stjórnarandstöðunni um að hér þurfi að fara fram kvöldfundir og að við þurfum að víkja út frá settri dagskrá, vikudagskrá, og funda hér á tímum sem ekki höfðu verið skipulagðir sem þingfundatímar, að það er auðvitað hæstv. forseti sem ákveður hvenær við eigum að hittast og funda hér. Það er gert þrátt fyrir andstöðu formanna þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna og settir eru hér aftur og aftur á þingfundir með stuttum fyrirvara jafnvel, eins og gerðist sl. miðvikudag. Þá var haldið áfram á fundi að loknum þingflokksfundum. Þetta er auðvitað furðulegt mál.

Síðan koma hv. þingmenn stjórnarflokkanna hér upp og tala eins og það sé einhver glæpur að lesa upp ljóð hér á Alþingi, alltaf talað um það með mikilli fyrirlitningu að menn hafi jafnvel verið að lesa upp ljóð. Aðrir þingmenn hafa jafnvel stungið upp á að við kæmum hér upp og segðum hvað við ætlum að tala lengi. Afar furðulegt að fara fram á það við þingmenn að þeir gefi einhverja skýrslu um það áður en þeir hefja mál sitt hversu lengi þeir ætli að tala. Ég hef aldrei heyrt annað eins. Ekki hef ég orðið vitni að því að hv. þm. Pétur Blöndal komi hér upp og segi alltaf: Ja, nú ætla ég að tala í 30 mínútur, nú ætla ég að tala í fimm mínútur.

Það hefur verið farið fram á það, frú forseti, að gefið verði upp hversu lengi á að halda áfram í dag. Svörin sem við höfum fengið um það hafa alls ekki verið skýr. Það hefur verið sagt að það færi eftir því hversu langar ræður þingmenn muni halda. Nú vitum við það öll að það eru 15 þingmenn á mælendaskrá og það er augljóst að okkur tekst ekki að ljúka málinu á þessum þingfundi hér í dag, það er alveg bara á hreinu.

Aðeins um það, frú forseti, að eitthvað lágkúrulegt sé að tala um hversu illa þingmenn stjórnarflokkanna mæta hér til þings, þá var ég aðeins að vitna til þess að nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins töluðu um að við værum nú ekkert of góð að mæta hér á (Forseti hringir.) föstudegi og laugardegi og tala (Forseti hringir.) en síðan eru þeir auðvitað farnir sjálfir. Það var það sem ég var að benda á, frú forseti.

[12:39]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég er nokkuð hissa á því hvernig hæstv. forseti í raun þvælist fyrir þinghaldinu. Það liggur fyrir að hæstv. forseti Sólveig Pétursdóttir hefur boðað að hún ætli að halda fund með formönnum þingflokka. Hvers vegna í ósköpunum er það ekki gert strax? Ég átta mig ekki á því (Gripið fram í.) hvað er í gangi hérna. Það liggur fyrir að búið er að ákveða að boða eigi fund. Það eru ný rök í málinu sem komu fram í gær sem ég er á að þurfi að ræða vegna þess að ég, sem sit í iðnaðarnefnd þingsins, hef hlýtt á rök stjórnarsinna og tekið þau svona mátulega trúanleg en haft mínar efasemdir vissulega um að þetta sé eingöngu formbreyting en ekki efnisbreyting. Síðan kemur fram á fundi, sem ég því miður missti af í gær, að frumvarpshöfundur staðfestir að um efnisbreytingu sé að ræða. Ég er á því að þetta séu algjörlega nýjar upplýsingar fyrir okkur í iðnaðarnefnd.

Við verðum að gæta að því að frumvarpshöfundur, Karl Axelsson, var einn af hugmyndafræðingum á bak við annað frumvarp sem var hér mjög til umræðu, og vil ég minnast á fjölmiðlalögin. Hann sat í fjölmiðlanefnd og það mál kom fyrir þingnefndina og olli mjög miklum deilum, ekki eingöngu hér í þinginu heldur í þjóðfélaginu. Eftir að búið var að ræða það mál og þrefa um, ekki bara hér heldur úti um allt þjóðfélagið, sá meiri hlutinn að sér og dró þau lög til baka. Það er aldrei að vita nema menn sjái að sér í stjórnarmeirihlutanum, ekki einungis með fjölmiðlalögin eins og þeir gerðu og sáu að sér og sáu eftir greinilega, heldur einnig með þessi lög. Við höfum ekki fengið réttar upplýsingar.

Ég lýsi yfir algjörri furðu á svona stjórn sem fram kem-

ur eins og hjá hæstv. forseta, að vera búin að boða að ætla að halda fund en segir ekkert hvenær hún ætli að halda hann. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Ég átta mig í rauninni ekkert á því hvað vakir fyrir hæstv. forseta. Hún boðaði hér breytingar á þinghaldinu, fjölskylduvænt þing og síðan er hún að boða fund einhvern tíma og einhvern tíma, ljúka þessum þingfundi en hún vill ekki gefa það upp. Mér finnast þetta vera mjög einkennileg vinnubrögð, frú forseti, og það væri mjög áhugavert að fá afstöðu þess forseta sem situr nú í stóli hvað þetta eigi að þýða, hvort hún vilji í rauninni taka þátt í þessari dellu sem hér á sér stað.

[12:42]

Katrín Júlíusdóttir:

Frú forseti. Ég vil koma hér upp og ítreka þá ósk mína að iðnaðarnefnd verði kölluð saman. Þetta geri ég vegna þess að þau tvö atriði sem ég nefndi í athugasemd minni áðan, þ.e. að búið sé að ná samkomulagi um lögleiðingu og innleiðingu vatnatilskipunar Evrópusambandsins, milli Noregs, Íslands og Liechtensteins. Það atriði finnst mér skipta miklu máli, og ég sem þingmaður og aðili að nefndinni óska eftir því og ég skil ekki hvers vegna ekki er hægt að verða við því, í ljósi þess að þessir samningar og þetta samkomulag hafi náðst, að fá að fara yfir það mál áður en umræðan heldur áfram. Þetta er ekki ósanngjörn krafa vegna þess að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun, þessar tvær meginstofnanir á sviði umhverfis- og náttúruverndar í landi okkar, nefndu báðar í umsögnum sínum að mikilvægt væri að frumvarp um lögleiðingu vatnatilskipunarinnar verði lagt fram á sama tíma og frumvarp til vatnalaga.

Hæstv. umhverfisráðherra kemur hér upp í dag og heldur því fram að þessi mál skarist ekki en, virðulegi forseti, það hlýtur að vera að löggjafinn eigi að fá að skera úr um það sjálfur, ekki láta segja sér það af hæstv. umhverfisráðherra, sem er hluti af framkvæmdarvaldinu, úr þessum stól í einni setningu, heldur er það krafa okkar að fá að leggjast yfir það mál sjálf. Það er skylda löggjafans að gera það.

Ég skil ekki hvers vegna við megum ekki, hvaða meinbugir eru á því að nefndin fái, í ljósi þess að höfundur frumvarpsins hefur lýst nýrri skoðun sem skiptir máli fyrir þetta mál, að setjast niður með honum, þótt ekki væri nema í klukkustund til að fara yfir málið.

Mér finnst þingið setja verulega niður vegna þessara vinnubragða. Mér finnst þetta þinginu verulega til vansa og ekki skapa þá traustu ásýnd sem hér á að vera. Vinnubrögð hér eiga að vera góð. Hér á ekki að hraða málum þannig í gegn að þingmenn fái ekki tækifæri — og það er þess vegna sem við biðjum um þetta — við viljum fá tækifæri til að skoða þessi mál sjálf, ekki láta segja okkur það hér af ráðherrum að hlutirnir skarist ekki.

[12:45]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það skýrðist ýmislegt fyrir mér í umræðum áðan þegar greint var frá því að sjálfstæðismenn hefðu lagst mjög hart gegn stofnun umhverfisráðuneytisins og að þá hefðu mjög langar ræður verið haldnar. Var mjög nefnt að einn þingmaður hefði meira að segja talað í yfir 10 tíma, ef það er rétt, gegn stofnun umhverfisráðuneytisins. Og nú hafa þá þessir tveir flokkar náð saman, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, gegn umhverfinu.

Ég velti fyrir mér, frú forseti: Eru sjálfstæðismenn áfram á móti umhverfisráðuneytinu? Þeir voru það þegar það var stofnað og mér virðast þeir vera það enn. Það hefði a.m.k. verið eðlilegt, ef þeir hefðu staðið með umhverfisráðuneytinu og staðið með umhverfisráðherranum, að þá fengjum við fyrst fram hér lög um vatnsvernd áður en Framsóknarflokkurinn, iðnaðarráðherrann, fengi að koma fram með frumvarp um einkavæðinguna á vatninu. Í stað þess situr Sjálfstæðisflokkurinn með Framsóknarflokknum á umhverfisráðuneytinu og bannar, að því er virðist, umhverfisráðherra að koma fram með frumvarp til laga um vatnsvernd. Þeir hafa alltaf verið á móti umhverfisráðuneytinu. Mér fannst þetta mjög athyglisvert og spyr hvort svo sé enn.

Einnig fyndist mér mjög fróðlegt ef forseti upplýsti okkur í þessari umræðu um hvernig Ísland hefur hugsað sér að verða þátttakandi í áskorun Sameinuðu þjóðanna um að árin 2005–2015 verði yfirlýstur áratugurinn fyrir „Action: Water for Life" eins og stendur í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, „Vatn til lífsins". Hvaða afstöðu hefur þingið hér til vatnsins, forseti sem ber ábyrgð á því gagnvart m.a. Sameinuðu þjóðunum? Hvaða afstöðu höfum við gefið til þessarar yfirlýsingar frá Sameinuðu þjóðunum? Jú, í reynd að ganga þvert gegn yfirlýsingu og áskorun Sameinuðu þjóðanna með því að flytja hér frumvarp um einkavæðingu á vatni sem gengur þvert gegn áskorun Sameinuðu þjóðanna.

Ég vil því spyrja forseta þingsins hér og krefst þess að þingið verði upplýst um það hvort þetta sé hið eina svar sem íslenska þjóðin á, í gegnum íslenska þingið, gegnum yfirgang meiri hluta hér á Alþingi, að gefa Sameinuðu þjóðunum við áskorun um að næsti áratugur verði áratugur vatnsins, þ.e. að einkavæða vatnið. Er það eina svarið sem hefur verið sent? Ég mótmæli því, ég krefst þess að við stöndum með Sameinuðu þjóðunum um (Forseti hringir.) kröfuna „vatn fyrir alla" en ekki bara fyrir suma (Forseti hringir.) eins og hér er lagt til af ráðherrum (Forseti hringir.) Framsóknarflokksins.

[12:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vék að því í máli mínu áðan hvort ekki væri hægt að liðka fyrir þingstörfum með því að iðnaðarnefnd yrði kölluð saman og menn færu yfir þau orð sem menn hafa borið hér á milli í umræðum í morgun þannig að kannað yrði hvort rétt væri farið með það sem eignað er þeim sem tóku að sér að semja frumvarpið og komið hefur hér fram. Það breytir mjög efni málsins.

Hér hafa stjórnarliðar sérstaklega talað um það að eingöngu væri um formbreytingu að ræða. Það getur náttúrlega engan veginn verið formbreyting ef ummælin sem höfð eru eftir Karli Axelssyni eru rétt og þess vegna ítreka ég ábendingar mínar um að tíminn í matarhléi sem væntanlega verður klukkan eitt samkvæmt venju verði þá notaður til þess að iðnaðarnefndin hittist og leitað verði eftir því hvort umræddur höfundur frumvarpsins geti komið til við-

ræðu við nefndina. Það held ég að yrði til að liðka fyrir þingstörfum og koma þeim væntanlega betur áfram en verið hefur undanfarna daga.

Síðan mundi ég spyrja núverandi sitjandi forseta hvort hún hafi hugmynd um það hvenær áætlað er að þingfundi á þessum degi ljúki. Þannig stendur á fyrir þeim sem hér er að eitt af 12 barnabörnum mínum á afmæli í dag og ég hafði hugsað mér að reyna að vera þar. Það væri fróðlegt fyrir mig að vita hvort til stendur að vera hér fram á kvöld. Ég mundi þá láta vita af því að ég mundi ekki mæta í veislu na og veita forseta þá ánægju að vera hér viðstaddur áfram. Er kannski annars hugsanlegt að þessum fundi ljúki klukkan þrjú eða fjögur? Þetta er bara spurning út frá mínu hjarta, hæstv. forseti, (Gripið fram í.) og mér þætti vænt um að forseti gæti upplýst þann sem hér stendur um það hvað þessum fundi muni fram líða.

[12:51]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að ítreka þessa spurningu: Hvað ætla menn að halda þessu þinghaldi lengi fram í dag? Á að vera fram á kvöldið? Ég spyr vegna þess að ég ætlaði að vera farinn norður í Skagafjörð heim til mín en þessi skyndilega fundarboðun kom mér nokkuð á óvart. Mér finnst bara sjálfsögð kurteisi við þingmenn að menn segi hvernig þinghaldi muni fram halda og hvað forseti hafi hugsað sér. Einnig fýsir mig að vita hvort boða eigi fund í iðnaðarnefnd þingsins. Mér finnst það vera eitt af því sem ætti að gera. Ég skil í raun ekkert í hæstv. forseta, Sólveigu Pétursdóttur. Hún er búin að boða það að ætla að halda fund með þingflokksformönnum og hvers vegna í ósköpunum kemur hún þá ekki einfaldlega þeim fundi á? Í staðinn er þinghaldinu haldið hér áfram í algjörri óvissu. Mér finnst það mjög sérkennilegt.

Það er komið fram hjá einum frumvarpshöfundi að það muni breyta réttarstöðu vatnsaflsvirkjana. Þar af leiðandi hefur iðnaðarnefndin verið ranglega upplýst um frumvarpið. Það var sagt hér við nefndarmenn að þetta breytti í engu efni og réttarstöðu mála hvað varðar eignarrétt, heldur væri eingöngu formbreyting. Það þarf einfaldlega að koma þessu á hreint, sérstaklega í ljósi þess að nú um stundir situr hæstv. forsætisráðherra sem hefur verið staðinn að ýmsum umdeildum stjórnarathöfnum. Til dæmis var fyrir nokkrum árum, um tveimur áratugum, farið í fiskverndarkerfi sem síðan breyttist í að verða að einhvers konar peningakerfi og svo einkennilega vildi til að sjálfur hæstv. forsætisráðherra auðgaðist á þessu kerfi sem hann bjó til. Þetta gerir m.a. að verkum að fólk hefur vara á sér hvað varðar það frumvarp sem við erum að ræða hér. Þess vegna finnst mér ofureðlileg og kurteisleg krafa til forseta að hún greiði úr þessu máli sem allra fyrst, sérstaklega þegar komið er upp vafamál um frumvarpið, þ.e. hvort það sé í raun efnisleg breyting eða eingöngu formbreyting eins og sagt hefur verið.

Fleira umdeilanlegt má nefna um hæstv. forsætisráðherra sem stýrir þessari stjórn, s.s. einkavæðingu. Hún leiddi til þeirrar niðurstöðu, svo einkennilegt sem það nú er, að mörgum af helstu eigum ríkisins var stýrt, og ekki fyrir tilviljun vil ég segja, (Forseti hringir.) í hendurnar á framsóknarmönnum.

[12:55]

Forseti (Drífa Hjartardóttir):

Forseti vill geta þess að það kom fram í máli hæstv. forseta Sólveigar Pétursdóttur hér í dag að hún muni halda fund með formönnum þingflokka þegar þessum dagskrárliðum er lokið. Enn eru tveir á mælendaskrá svo að það verður að bíða eftir að hún tæmist.

[12:55]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég hef lýst því áður hér í dag að ég get alveg beðið. Ég get beðið eins lengi og ég þarf úr því sem komið er til að halda ræður mínar til þess að reyna að upplífga heldur myrkvaðar sálir ákveðinna hv. þingmanna stjórnarliðsins sem virðast ekki sjá ljós þótt ljós sé borið fyrir þá í kerjum.

Frú forseti. Það eru fordæmi fyrir því þegar nýjar upplýsingar koma fram sem skipta máli fyrir framvindu umræðunnar að henni sé frestað í miðri 2. umr. til að gefa viðkomandi nefnd færi á að ræða hinar nýju upplýsingar. Þetta gerðist fyrir nokkrum vikum þegar við ræddum hér um jarðrænar auðlindir, e.t.v. frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Ég er ekki í hv. iðnaðarnefnd og man heitið ekki svo gjörla. Þá óskaði ég eftir því, í ljósi þess að nýjar upplýsingar komu fram, að umræðu yrði frestað á þeim grundvelli að ný gögn lægju fyrir sem þyrfti að skoða. Hæstv. forseti varð við þeirri bón og frestaði umræðu. Fundur var haldinn í nefndinni og málið leystist.

Hugsanlega er einhver von til þess í þessu máli. Í öllu falli liggur alveg ljóst fyrir að hér hafa þingmenn stjórnarliðsins hver um annan þveran haldið því fram að í þessu frumvarpi fælist engin efnisbreyting. Það hefur hv. formaður iðnaðarnefndar ítrekað í hverri einustu ræðu sem hann hefur haldið, og hann hefur haldið u.þ.b. 15 ræður í andsvörum í þessari umræðu. Nú kemur í ljós að hv. formaður iðnaðarnefndar hefur ekki verið upplýstur um hið rétta innihald frumvarpsins. Það kemur í ljós að sá maður sem hv. formaður iðnaðarnefndar hefur margsinnis hafið til skýjanna sem einn virtasta lögspeking þjóðarinnar — ber að virða það álit hans — segir á opinberum fundi í gær að þetta frumvarp hafi í för með sér áhrif á réttarstöðu aðila gagnvart stórvirkjunum. Er tekist á um eitthvað annað harkalegar en stórvirkjanir í þessu samfélagi? Nei. Þegar þetta liggur fyrir frá höfundi frumvarpsins er eðlileg krafa að þingmenn óski eftir því að fá að ræða við hann um þessar nýju upplýsingar, þennan nýja skilning. Það hlýtur að skipta máli ef hér er verið að samþykkja lög sem hafa áhrif á þessi umdeildu átakamál að þingmenn eigi heimtingu á að fá það til umræðu.

Að lokum, frú forseti, ítreka ég spurningu mína með tilliti til fjölskyldustefnu forsetadæmisins: Hvað á að halda þessum fundi lengi áfram í dag?

[12:58]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég verð að segja að þessi umræða hér um fundarstjórn verður alltaf einkennilegri og einkennilegri. Hún er til marks um það að stjórnarandstaðan er hér komin í (**Gripið fram í:** Ógöngur.) mjög yfirgripsmikið málþóf og

ætlar ekki að gefa sig. Samt er sagt í hinu orðinu að það sé ófært að hér séu haldnir fundir og menn eru orðnir svo meyrir og tilfinningaríkir í ræðustól Alþingis, þ.e. hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, að þeir eru farnir að bera fyrir sig ýmis barnaafmæli og taflmót gegn því að halda fundi hér á hinu háa Alþingi. Þetta eru afsakanir sem ég tel vera ansi slappar, lélegar afsakanir manna sem mig grunar að nenni ekki að vinna vinnuna sína. Það verður að segjast eins og er að það hefur komið mér dálítið á óvart að hv. þingmenn eins og Jón Bjarnason, (Gripið fram í.) sem hefur talið sig vera talsmann hinna vinnandi stétta (Gripið fram í.) og hins almenna launamanns, skuli kvarta yfir því að við þingmenn séum að vinna hér á föstudegi og öðru hverju á laugardögum.

Þetta finnst mér málflutningur sem er ekki boðlegur, frú forseti, og ég legg til að við höldum hér bara áfram og þess vegna inn í nóttina ef með þarf. Við erum að ræða hér mikilvæg atriði sem varða eignarrétt (**JBjarn:** Það er ósatt.) og grundvallaratriði (**JBjarn:** Þetta er bara ósatt.) í eignarrétti. (Gripið fram í.) (**JBjarn:** ... að hafa rétt mál.) Frú forseti. (**JBjarn:** Ég hef ekki haft ... að það skuli ekki vinna hér á föstudegi.) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (DrH)**:** Ég bið hv. þingmenn að gæta stillingar. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur orðið.)

Þakka þér fyrir. (**HlH:** Þú ferð með fleipur úr ræðustól.) Ja, ég sagði, hv. þingmaður, að það hvarflaði að mér að það væru einhverjar aðrar ástæður en þær sem nefndar hafa verið fyrir því að menn treysta sér ekki til að vera hér í vinnunni á laugardögum og á föstudegi.

Hvað ætli stjórnarandstaðan mundi segja ef stjórnarmeirihlutinn notaði meirihlutavald sitt til að banna minni hlutanum að tala? Hvernig ætli þeir töluðu þá? (Gripið fram í.)

Nei, frú forseti ... (**Gripið fram í:** Er þetta hótun?) Þetta er engin hótun, hv. þingmaður. Ég ætlaði bara að koma þeim sjónarmiðum á framfæri að ég legg til að við höldum hér áfram og þess vegna inn í nóttina til þess að klára þetta mál, og hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar (Forseti hringir.) verða bara að þola það að hlusta á vitleysuna hver í öðrum. (**GAK:** Ég vil fá að bera af mér sakir, hæstv. forseti.)

[Fundarhlé. — 13:02]

Vatnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859.

[13:31]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Við höldum áfram umræðu um frumvarp til vatnalaga. Ég kom inn á það í fyrri ræðu minni að nafnið á þessu frumvarpi er reginmisskilningur. Þarna er verið að höfða til gamalla laga sem sett voru árið 1923 og voru mun víðtækari en það frumvarp sem hér er lagt fram. Ég fór einmitt yfir það í fyrri ræðu minni að komið hafa nokkrar tillögur um breytingu á nafninu á þessu lagafrumvarpi.

Það er mjög skýrt að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í iðnaðarnefnd leggja til að frumvarpinu verði vísað frá. Það er að mörgu leyti meingallað. Í 1. gr. stendur: „Markmið þessara laga er skýrt eignarhald á vatni.“

Í rauninni er þetta fyrsta skrefið að því að einkavæða vatn á Íslandi og það er í fullkominni andstöðu við það sem Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst yfir að stefnt skuli að. Sameinuðu þjóðirnar tilnefndu heilan áratug, áratuginn 2005–2015 sem áratug vatnsins. Þess vegna er dálítið furðulegt að hæstv. iðnaðarráðherra skuli á öðru ári þessa áratugar leggja fram þetta frumvarp til vatnalaga sem er í augljósri andstöðu við yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna sem við Íslendingar höfum undirgengist. Og ég hélt reyndar að við værum stolt af þeim yfirlýsingum. Það skal því engan undra þó fjölmörg félagasamtök geri athugasemdir við frumvarpið og leggi til að það nái ekki fram að ganga.

Nokkur samtök stóðu fyrir ráðstefnu sem bar yfirskriftina Vatn fyrir alla og fór fram síðastliðið haust. Það var mjög merkileg ráðstefna og hefur verið fjallað dálítið um hana í fyrri ræðum og er ástæða til að ítreka að þetta eru samtök á mjög breiðum grunni. Þarna voru t.d. þjóðkirkjan, BSRB, Náttúruverndarsamtökin, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, svo ég nefni einhver, Mannréttindaskrifstofan, Unifem á Íslandi, Öryrkjabandalagið, Landvernd o.fl. Í tilefni af þessu er kannski ástæða til að árétta að af þessu tilefni var skrifaður leiðari í Morgunblaðið þann 1. nóvember 2005 og yfirskrift hans var Rétturinn til vatns. Með leyfi forseta ætla ég að lesa þennan leiðara:

„Það kann að virðast lítil þörf fyrir því að ræða sérstaklega um aðgang að vatni á Íslandi. Staðreyndin er hins vegar sú að um þriðjungur mannkyns býr um þessar mundir við vatnsskort og nýtur því samkvæmt skilgreiningu ekki grundvallarmannréttinda. Um helgina var haldin ráðstefna undir yfirskriftinni Vatn fyrir alla. Samhliða ráðstefnunni gáfu samtökin BSRB, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Kennarasamband Íslands og SÍB út sameiginlega yfirlýsingu til að vekja athygli á mikilvægi vatns og sérstöðu. „Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum,“ segir í yfirlýsingunni. „Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þvílíkan búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar.“ Leggja samtökin til að sett verði í stjórnarskrá ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings, sem taki til réttinda, verndunar og nýtingu vatns.

Nigel Dower, kennari í þróunarsiðfræði við Háskólann á Akureyri, sagði á ráðstefnunni að aðgangurinn að vatni væri lykilatriði í réttinum til lífs. Rétturinn til vatns tæki til þess, sem þyrfti til að tryggja heilbrigt líf og mannlega reisn.

Alþjóðaheilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna áætlaði árið 2002 að 1,7 milljarða manna skorti aðgang að hreinu vatni og um 2,3 milljarðar manna þjáðust af sjúkdómum, sem rekja mátti annars vegar til óhreins vatns og hins vegar hárrar verðlagningar á vatni. Seinna vandamálið hefur farið vaxandi, ekki síst vegna einkavæðingar á vatnsveitum í löndum á borð við Indland. Páll H. Hannesson, alþjóðafulltrúi BSRB, sagði í fyrirlestri sínum á ráðstefnunni um helg-

ina að rannsóknir sýndu að reynslan af einkavæðingu vatns í þróunarlöndunum hefði yfirleitt verið slæm. Skort hefði á samkeppni og fyrirtæki hefðu ekki fjárfest eins mikið og búist hefði verið við í nývirkjum og viðhaldi auk þess sem verð á vatni hefði hækkað.

Tvö ríki, Úrúgvæ og Holland, eru nú í þann mund að banna einkavæðingu vatns með lögum. Í báðum tilfellum er ekki aðeins kveðið á um að ekki megi einkavæða vatnsveitur, heldur einnig að ekki megi fela einkaaðilum rekstur vatnsbóla.

Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst 2005 til 2015 áratug alþjóðlegra aðgerða til að tryggja vatn til lífsviðurværis. Í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 2004 er það markmið sett að fækka þeim um helming, sem ekki hafa aðgang að eða efni á öruggu drykkjarvatni.

Tilgangur einkavæðingar er fyrst og fremst að tryggja neytendum betri þjónustu og kjör með tilstuðlan samkeppni, ekki að færa einokun frá einni hendi yfir á aðra. En það hlýtur einnig að vera mikið álitamál hvort hægt sé að einkavæða auðlind á borð við vatn og má yfirfæra þá umræðu yfir á umræðuna um auðlindir hafsins og spyrja hvort ekki sé rétt að líta á vatn sem þjóðareign. Nú stendur yfir nefndarstarf um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Rétt er að við þá endurskoðun verði áskorunin, sem kemur fram í yfirlýsingu félagasamtakanna fyrir helgi um vatn fyrir alla, tekin til alvarlegrar skoðunar. Þótt á Íslandi sé gnægð vatns verða Íslendingar að sýna að þeir kunni að umgangast þessa mikilvægu auðlind af virðingu og alúð."

Þetta var, frú forseti, úr leiðara Morgunblaðsins hinn 1. nóvember 2005. Ég held að það væri meira við hæfi að hér á hinu háa Alþingi mundum við feta í fótspor Hollendinga og Úrúgvæ og banna einkavæðingu á vatni með lögum. Það held ég að væri mun skynsamlegri nálgun en þetta frumvarp til vatnalaga sem hér liggur fyrir og við ræðum.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og reyndar þingmenn Samfylkingar og Frjálslynda flokksins einnig höfum bent á að ef þörf er á að endurskoða þessi ágætu lög, vatnalögin sem gilda nú í dag og eru að grunninum til frá árinu 1923, þá beri að gera heildarendurskoðun en ekki að einungis þetta frumvarp sem samið er uppi í iðnaðarráðuneyti með hagsmuni virkjana, stórvirkjana sennilega, að leiðarljósi, sé haft til hliðsjónar. Í forgangi ætti auðvitað að vera að fyrst sé fjallað um vatnsvernd og væri eðlilegt að umhverfisráðuneytið mundi taka það að sér og að eftirlit með þessum nýju lögum verði á hendi Umhverfisstofnunar. En í þessum lögum er gert ráð fyrir að eftirlitið og umsjón með þessu verði á hendi Orkustofnunar. Það segir okkur auðvitað hver hugurinn og tilgangurinn með þessum vatnalögum er. Þau eru greinilega miðuð við þessar þarfir. Í umræðunni í dag og í gær á ráðstefnu sem haldin var sérstaklega um þetta kom m.a. fram að spurning er hvort þetta frumvarp breytir réttarstöðu t.d. við Kárahnjúka. Það kann að vera skýringin á því hversu mikið liggur á að koma þessu frumvarpi í gegnum þingið að settir eru á kvöldfundir kvöld eftir kvöld og á tímum sem ekki voru ætlaðir til þingfunda. Þess vegna erum við hér á laugardegi, laugardagseftirmiðdegi, að ræða þetta frumvarp til vatnalaga. Mikið hlýtur að liggja á og maður hefur verið að velta því fyrir sér af hverju liggi svo á. Af hverju liggur hæstv. iðnaðarráðherra svona mikið á að frumvarpið þeysist í gegnum þingið?

Það hefur verið farið fram á að iðnaðarnefnd verði kölluð saman vegna þess að það eru fleiri upplýsingar sem hafa komið fram sem ætti að taka tillit til en við þeim óskum hefur því miður ekki verið orðið.

Það hefur fleira verið rætt og skrifað um þessa ráðstefnu Vatn fyrir alla sem fjölmörg samtök stóðu fyrir og ber að þakka það að þau tóku þetta mál upp og gerðu því góð skil. Ég er sjálfur sannfærður um að meiri hluti þjóðarinnar vill ekki að vatn á Íslandi verði einkavætt.

Í fréttaskýringu sem Þórður S. Júlíusson skrifar í Blaðið þann 19. nóvember sl. og ber yfirskriftina Evrópa næsti markaður vatnsfyrirtækja segir, með leyfi forseta:

„Einkavæðing er umdeilanleg og sitt sýnist hverjum um kosti þeirrar aðferðarfræði. Hér á Íslandi hefur hún verið talin vel heppnuð að mörgu leyti og búið er að einkavæða nánast allt sem hægt er utan hornsteina almannaþjónustunnar. Þjónustuliðir eins og rafmagns- og vatnsveitur hafa þó verið einkavæddar víða um heim með afar misjöfnum árangri. Blaðið kynnti sér árangurinn, ástæður þess að farið hefur verið út í slíkar rekstrarbreytingar og hvað mundi gerast á Íslandi ef þær verða að veruleika hér á landi.

Alþjóðabankinn hefur alltaf staðhæft að hann neyði ekki einkavæðingu upp á þau lönd sem hjá honum hljóta lán. Rannsóknir ICIJ (International Consortium of Investigative Journalists), sem gerðar voru í samstarfi við bankann, sýna þó að einkavæðing er að verða stærri og stærri hluti af skilyrtri lánastefnu bankans. Gögn frá Alþjóðabankanum sýndu að á árunum 1990 til loka árs 2002 hafi bankinn veitt 276 lán undir heitinu Water Supply Loans og fól í sér breytingar eða einhvers konar áhrif á vatnsaðgengi viðkomandi landa. Í einu af hverjum þrem lánum sem bankinn veitti undir þessum formerkjum var þess krafist að viðkomandi land mundi einkavæða vatnsveitur sínar að einhverju eða öllu leyti áður en lánin voru veitt. Þessi lán falla undir hatt svokallaðra fjárfestingarlána en það eru langtímalán sem bankinn veitir til 5–10 ára í senn.

Alþjóðabankinn veitir einnig svokölluð aðlögunarlán sem eru til skemmri tíma eða 1–3 ára í senn. Á tímabilinu 1996–1999 voru 193 slík lán veitt. Af þeim voru 112, eða 58% þeirra, bundin einhvers konar skilyrðum sem fólu í sér einkavæðingarskyldu á opinberum þjónustufyrirtækjum. Því virðist augljóst að Alþjóðabankinn hafi vissulega lagt sín lóð á vogarskálar einkavæðingar á opinberri þjónustu. Þótt öll lán bankans séu ekki bundin slíkum einkavæðingarskilyrðum þá er stór hluti þeirra það klárlega.

David Hall er prófessor og forstöðumaður deildar við Háskólann í Greenwich sem hefur sérhæft sig í rannsóknum á mismunandi rekstrarformum innan almannaþjónustu. Hann hélt erindi á Íslandi í gær," — sem hefur verið sem sagt 18. nóvember — „þar sem hann talaði um afleiðingar einkavæðingar vatns. Í máli hans kom fram að þau fyrirtæki sem hafa tekið yfir rekstur vatnsveitna í þróunarlöndum sem hafa gengist undir einkavæðingarskuldbindingar vegna lána og annars konar þrýstings alþjóðastofnana vilji flestöll losna út úr þessum rekstri. Auk þess standa þau mörg hver í dómsmálum vegna þess að þau hafa ekki grætt eins mikið og þau bjuggust við. Í Argentínu einni eru t.d. 42 slík mál í

gangi þar sem alþjóðleg einkafyrirtæki eru að krefja ríkisstjórnir um skaðabætur fyrir skort á gróða. Þessum málum hefur nú verið vísað til alþjóðlegra gerðardóma og verður niðurstaða þeirra án efa athyglisverð og fordæmisgefandi.

Áhugaverðasta dæmi um einkavæðingu sem er farin að súrna sem David Hall talaði um er líklega staða Jakarta, höfuðborgar Indónesíu. Þar voru vatnsveiturnar einkavæddar og seldar tveimur alþjóðlegum vatnsrisum, franska fyrirtækinu Suez og Thames Water Utilities sem er upprunnið í Bretlandi. Í dag vilja bæði þessi fyrirtæki komast undan skuldbindingum sínum og skila vatnsveitum til stjórnvalda vegna þess að þær eru ekki nægilega arðbærar. Fyrirtækin vilja hins vegar að stjórnvöld segi upp samningum við þau svo þau geti síðan krafist skaðabóta vegna uppsagnarinnar. Stjórnvöld vilja á sama tíma þjóðnýta vatnið að nýju en telja sig ekki geta sagt upp samningum við einkafyrirtækin vegna þess að þau hafa ekki efni á því að borga þeim skaðabæturnar sem þau mundu þá sækja. Báðir aðilar eru því sammála um að þjóðnýta eigi vatnið að nýju en það er samt ekki hægt vegna mögulegra skaðabótakrafna. Þarna hefur því skapast algert sjálfskaparvíti." — Í tengslum við þetta er vert að minna á að þingmenn Framsóknarflokksins hafa talað af mikilli fyrirlitningu um þjóðnýtingu en þetta er einmitt reynsla þjóða sem hafa farið út í algera einkavæðingu á vatnslindum.

Áfram segir í fréttaskýringu Þórðar S. Júlíussonar í Blaðinu þann 19. nóvember, með leyfi forseta:

„David Hall segir að þessi vatnsfyrirtæki séu í síauknum mæli að horfa til Evrópu í seinni tíð eftir að hafa að stærstum hluta mistekist í þróunarlöndunum. Þetta er fyrst og fremst vegna þess að það þrífst mun meiri pólitískur stöðugleiki í Evrópu en í þróunarheiminum og efnahagslegar forsendur eru allt aðrar. „Þau hafa enn fulla trú á því að einkavæðing vatns geti verið arðbær iðnaður," segir David og nefnir þreifingar sem hafa þegar átt sér stað í Rússlandi því til stuðnings. Hann segir það klárt mál að þessi fyrirtæki horfi hýrum augum til hinnar stöðugu Evrópu velsældar og allsnægta þegar þau eru að skoða viðskiptatækifæri framtíðarinnar. „Öll pólitískt stöðug ríki í Evrópu sem eru efnahagslega farsæl eru skotmörk þessarar einkavæðingar." David segir að þetta sé helst vegna þess að lagakerfi Evrópulanda mundu án efa viðurkenna rétt fyrirtækjanna til skaðabóta því eignarréttur er nánast án undantekninga gífurlega vel varinn innan lagabálka þeirra.

Sem pólitískt stöðugt og efnahagslega farsælt land hlýtur Ísland að vera eitt þessara ríkja. Hér á landi er eignarréttur landeigenda líka niðurnegldur í auðlindalögum, hér ríkir því alger eignarréttur á vatni. Það þýðir að aðgengi að vatni er ekki tryggt heldur er vatn eign einstaklinga eða stofnana. Vissulega eru vatnsveitur enn sem komið er í eigu sveitarfélaga á Íslandi en það er ekkert því til fyrirstöðu að þær verði seldar einkaaðilum í framtíðinni. Reyndar virðist það vera yfirlýst stefna núverandi stjórnvalda að halda áfram með það einkavæðingarferli sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og ef heilbrigðis- og menntamál eru undanskilin þá virðist fátt vera eftir til að einkavæða utan þeirrar almannaþjónustu sem sér landanum fyrir rafmagni, hita og auðvitað vatni. Raunar sagði Geir H. Haarde í ræðu sinni á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í síðasta mánuði," — þ.e. í október 2005 — „að honum þætti „mikilvægt að gefa einkarekstrinum tækifæri til að koma víðar að þeirri þjónustu sem er fjármögnuð af hinu opinbera," og kom þar fram að hann hafi einna helst horft í átt til Landsvirkjunar í þeim efnum.

Ef Landsvirkjun er gjaldgeng til einkavæðingar þá virðist fátt því til fyrirstöðu að hægt verði að einkavæða vatn líka. Iðnaðarráðherra hefur vissulega leyfi samkvæmt auðlindalögum til að nýta auðlindir hvar sem þær finnast og eftir hentugleika samkvæmt auðlindalögum frá 1998. Þessi nýting er hins vegar háð því að ríkið nái samkomulagi við jarðeigendur um greiðslu fyrir ómakið eða sérstakri skaðabótagreiðslu til hans ef slíkir samningar nást ekki. Það er því ljóst að það fylgir því aukinn kostnaður fyrir ríkið að tryggja aðgengi þegna sinna að vatni ef það getur mögulega verið skilgreint sem markaðsvara og einkavæðingarhugsjónir ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga. Það mætti ætla að sá kostnaður mundi aukast eftir því sem vatn verður mikilvægara sem verslunarvara. Þar sem þegnarnir eru þeir sem standa straum af kostnaði ríkisrekstrarins er ljóst að sá aukni kostnaður mundi lenda á okkur. Því er krafa BSRB og annarra félagasamtaka um að eignarhald á neysluvatni til almennings verði gert félagslegt í stað þess að vera sértækt og réttur þegnanna til aðgengis á því verði settur í stjórnarskrá afar skiljanleg. Ef svo verður ekki þá er alltaf vafamál hvort þjóðinni verði tryggt nægjanlegt framboð, öryggi og aðgengi að vatni á hóflegu verði."

Þetta var úr fréttaskýringu Blaðsins frá því 19. nóvember 2005. Þórður S. Júlíusson skrifaði hana.

Lokaorðin eru afar mikilvæg og sú staðreynd að nefndin sem fjallar um endurskoðun á stjórnarskránni er einmitt að fjalla um þessi mál núna, segir okkur að það liggur alls ekkert á og gæti jafnvel skaðað þá vinnu að samþykkja eða hleypa í gegn þessum lögum sem iðnaðarráðuneytið kallar frumvarp til vatnalaga. Það er reyndar mjög mikilvægt að velta þessu fyrir sér í miklu stærra samhengi. Áhrif vatns á okkur öll og mikilvægi vatns — og það er ítrekað í umsögn þessara fjölmörgu samtaka að vatn er ekkert venjulegt efni. Í þessu frumvarpi segir að sá sem eigi landið eigi ekki einungis yfirborðsvatn eða grunnvatn heldur einnig vatn sem rennur fram hjá. Þetta er nýr skilningur í vatnalögum. Þetta eru mun víðtækari heimildir og skilgreiningar en við höfum hingað til búið við.

Inn í þessa umræðu hafa blandast vangaveltur um aðra hluti sem eru að gerast í þjóðfélaginu, þ.e. risavirkjunina uppi á Kárahnjúkum, álverin sem verið er að reisa, stækka eða reisa ný. Á því ágæta vefriti Múrnum birtist mjög áhugaverð grein eftir Steinþór Heiðarsson hinn 14. ágúst 2004 þar sem hann fjallar aðeins um vatnsmál í Bólivíu og það tengist einmitt því fyrirtæki sem er að reisa álverið á Reyðarfirði, nefnilega fyrirtækinu Bechtel. Ég ætla að lesa aðeins úr þessari grein. Hún heitir Úr afrekaskrá Bechtel, Vatnið í Bólivíu. Hér segir, með leyfi forseta:

„Forusta samtaka fjármálafyrirtækja á Íslandi grætur nú sárar en nokkru sinni yfir því að enn eimi örlítið eftir af félagslegri hugsun í húsnæðismálum landsmanna þar sem Íbúðalánasjóður er. Kæra sem samtökin sendu Eftirlitsstofnun Fríverslunarbandalags Evrópu (ESA) skilaði ekki tilætlaðri niðurstöðu en fjármálafyrirtækin munu líkast til

halda málarekstri áfram. Þau eru enda búin með Ísland, allir fjárfestingarmöguleikar eru uppurnir. Vöxturinn getur ekki allur orðið í áhættufjárfestingum erlendis og þá er ekki um annað að ræða en að brjóta sér leið inn í almannaþjónustu.

Fyrir skömmu voru stigin fyrstu skrefin í átt að því að færa vatnsveitur á Íslandi frá almenningi yfir í einkaeigu. Líkt og með fleira sem til vandræða horfir í veröldinni þrýsta Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn á um slíka breytingu þar sem því verður við komið. Þau lönd sem eiga erfitt með að standa í skilum hafa mörg hver verið neydd til að einkavæða vatnsveitur eins og ýmsa aðra almannaþjónustu.

Sumarið 1999 fór ríkisstjórn Bólivíu að „ráðum" Alþjóðabankans og hóf að einkavæða vatnsveitur í landinu. Íslandsvinirnir í Bechtel brugðust skjótt við og stofnuðu fyrirtækið Aguas de Tunari ásamt nokkrum öðrum kapítalistum. Það keypti upp allar vatnsveitur í Cochabamba," — ég vona að ég beri þetta rétt fram. Ég er nú ekki sleipur í spænsku. — „þriðju stærstu borg Bólivíu, og fékk einkarétt á vatnsdreifingu þar. Það þýddi að m.a.s. þeir sem áttu brunna við sín eigin hús urðu annaðhvort að eyðileggja þá eða borga Aguas de Tunari fyrir að nýta brunnana.

Þegar þessari fullkomnu einokunaraðstöðu var náð hófst vinna við að tryggja hinum nýju eigendum umsaminn 16% arð af vatnsveitunni ár hvert. Gjald fyrir neysluvatn hækkaði um allt að 400% þar sem fólk varð harðast úti. Sums staðar kom þó ekki dropi úr krönunum nema í tvo klukkutíma á dag. Engu að síður sýndu reikningar frá fyrirtækinu mjög aukna vatnsnotkun hjá öllum almenningi og voru upphæðirnar í samræmi við það.

Nútímavæðing vatnsveitukerfisins í Bólivíu leiddi til gríðarlegra fjöldamótmæla sem náðu hámarki 28. desember þegar óeirðalögregla var send á vettvang til að dreifa mannfjöldanum með táragasi. Það var í fyrsta sinn í 18 ár sem táragas var notað gegn almenningi í landinu. En mótmælin héldu áfram og yfirvöld neyddust til að gefa eftir. Gefið var opinbert loforð um að endurskoða lög um vatnsveitur til að koma til móts við kröfur almennings.

Svo lítið var um efndirnar að fólk hætti að borga reikningana frá Aguas de Tunari og í byrjun febrúar kom aftur til mótmæla. Þegar þrjátíu þúsund manns höfðu lagt undir sig miðbæ Cochabamba kom lögreglan á vettvang og hóf að skjóta á mannfjöldann. Þar með hófust götubardagar sem stóðu í tvo daga.

Málalok urðu þau að Bechtel og félagar yfirgáfu Bólivíu með skottið á milli lappanna. En það gerðist auðvitað ekki fyrr en allt hafði verið reynt til að vernda hagsmuni Aguas de Tunari í landinu. Búið var að setja herlög í landinu og reyna að beita hernum gegn mótmælendum en allt kom fyrir ekki."

Þessi grein eftir Steinþór Heiðarsson segir okkur dálítið um ástandið í Bólivíu og það er áhugavert að einmitt nú skuli nágrannaland Bólivíu, Úrúgvæ, vera að setja lög sem banna einkavæðingu á vatninu, og er það auðvitað mjög skiljanlegt í ljósi ástandsins sem skapaðist í Bólivíu. Það er allrosalegt þegar lönd þar sem vatnsskortur er lenda í því að einhver alþjóðabanki knýr þau til þess að einkavæða einkavæðingarinnar vegna og síðan fer allt í kaldakol.

Við höfum aðeins rætt það hér að vatn sé sameiginleg arfleifð okkar og kveðið er á um það í vatnatilskipun Evrópusambandsins. Um þá sameiginlegu arfleifð er sagt í bókinni Alternatives to economic globalization. A better world is possible:

„Til er sameiginleg arfleifð sem varðar sameiginlegan tilverurétt allra tegunda. Greina má þrjá flokka sameiginlegrar arfleifðar:

1. Vatn, land, loft, skógar og fiskimið sem líf allra er háð."

Þetta eru einmitt þessi náttúrulegu efni, loftið sem við lifum á og vatnið ekki síður og nota bene fiskimiðin. Það er dálítið merkilegt og í þessari umræðu hefur margoft verið bent á það að vatnið er sameiginleg auðlind okkar ekki síður en fiskurinn í sjónum ætti að vera.

„2. Menning og þekking sem er sameiginleg sköpun allra.

3. Nýrri sameiginleg arfleifð, almannaþjónusta sem stjórnvöld bera ábyrgð á í þágu alls almennings til að mæta þörfum, svo sem heilbrigðismál, menntun, öryggi almennings, félagslegt öryggi o.s.frv. Allri þessari sameiginlegu arfleifð er ógnað af stórfyrirtækjum sem sækjast eftir einkavæðingu hennar í því skyni að geta verslað með hana og hagnast á henni.

Saman mynda þessir þrír flokkar grundvöll alls virkilegs auðs. Þegar allt kemur til alls er hvorki líf né siðmenning án þeirra. Mikilvægt er að viðurkenna framlag einstaklinga til aukins afraksturs auðlinda og sameiginlegs sjóðs menningar og þekkingar en jafnframt er nauðsynlegt að horfast í augu við að enginn einstaklingur hefur skapað náttúrulegan auð jarðarinnar eða undirstöðu hinnar sameiginlegu þekkingar. Nýting þessarar sameiginlegu arfleifðar felur í sér ábyrgð gagnvart henni." — Það skyldi því ekki gera lítið úr þessu hlutverki okkar, þetta er sameiginleg ábyrgð okkar allra.

Bent hefur verið á að vatn verður í framtíðinni svo mikilvægt efni að sennilega verða stríð 21. aldarinnar háð út af því en ekki olíu eins og við höfum dæmi um. Persaflóastríðið er t.d. augljóst dæmi um stríð sem er háð út af yfirráðum yfir náttúruauðlindum, náttúruauðlindum sem eru til í mjög ríkum mæli í Írak. Bandaríkjamenn vildu ná yfirráðum yfir þessari náttúruauðlind vegna þess að þeir þurfa á mikilli olíu að halda. Þó að þeir framleiði sjálfir eða dæli upp mjög mikilli olíu þá dugar það hvergi til fyrir þá sjálfa. Það var því mjög mikilvægt fyrir þá að ná yfirráðum yfir þessum auðlindum.

Nú þegar er vatnið líka farið að skipta máli. Við þekkjum það t.d. að Ísraelsmenn neita t.d. Palestínumönnum um aðgang að hreinu vatni. Það er vissulega alvarlegt brot á mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna vegna þess að Sameinuðu þjóðirnar skilgreina vatn sem mannréttindi.

Í tilefni þessara orða ætla ég að vitna aðeins í Nóbelsverðlaunahafann Harold Pinter og ræðu sem hann flutti við móttöku bókmenntaverðlauna Nóbels árið 2005. Það var Silja Aðalsteinsdóttir sem þýddi ræðuna. Yfirskrift ræðu Harolds Pinters er List, sannleikur og stjórnmál. Harold Pinter segir, með leyfi forseta:

„Árið 1958 skrifaði ég eftirfarandi: „Það eru engin skörp skil milli þess sem er raunverulegt og þess sem er óraunverulegt. Ekkert er endilega annaðhvort satt eða logið;

það getur verið hvort tveggja."

Ég held að enn sé vit í þessum fullyrðingum og þær séru enn nothæfar við rannsókn á veruleikanum gegnum listina. Ég get því staðið við þær sem rithöfundur, en ekki sem þjóðfélagsþegn. Sem þegn hlýt ég að spyrja: Hvað er satt? Hvað er logið?

Sannleikurin hörfar sífellt undan í dramatískum texta. Maður finnur hann aldrei fyrir víst en verður að leita hans. Leitin knýr leikinn áfram. Leitin er ykkar verk. Oftar en ekki rekist þið á sannleikann í myrkrinu, dettið um hann eða sjáið í sjónhending ímynd eða skuggamynd sem virðist samsvara sannleikanum, oft án þess að átta ykkur á því. En sannleikurinn er sá að sannleikurinn er aldrei einn og einhlítur í dramatísku verki. Hann er margur. Þessir sannleikar bjóða hver öðrum byrginn, hrökkva hver undan öðrum, spegla hver annan, hundsa hver annan, stríða hver öðrum og eru blindir hver á annan. Stundum finnst ykkur við hafa gripið sannleika augnabliksins, svo rennur hann milli fingra ykkar og týnist.

Ég hef oft verið spurður hvernig leikritin mín verða til. Ég get ekki sagt. Ekki get ég heldur tekið verk mín saman efnislega, bara rakið atburðarásina. Þetta sögðu þau. Þetta gerðu þau.

Flest leikritin verða til út frá setningu, orði eða mynd. Gefnu orði fylgir iðulega mynd. Ég skal nefna tvö dæmi um setningar sem skaut niður í huga minn, svo fylgdi mynd, svo ég sjálfur.

Leikritin eru Heimkoman og Liðin tíð. Fyrsta setningin í Heimkomunni er „Hvað gerðirðu við skærin?" Fyrsta línan í Liðinni tíð er „Dökkt". Í báðum tilvikum hafði ég engar frekari upplýsingar.

Í fyrra tilvikinu var einhver greinilega að leita að skærum og spurði einhvern annan um þau sem hann grunaði um að hafa stolið þeim. En ég vissi að sá sem var ávarpaður hafði engan áhuga á þessum skærum og ekki heldur á þeim sem spurði um þau.

„Dökkt" hélt ég að ætti við hárið á einhverjum, líklega konu, og væri svar við spurningu. Í báðum tilfellum varð ég að rannsaka málið. Það gerðist sjónrænt, mjög hægt, úr skugga yfir í birtu.

Ég byrja alltaf á því að nefna persónurnar A, B og C.

Í leikritinu sem varð Heimkoman sá ég mann ganga inn í tómlegt herbergi og spyrja yngri mann þessarar spurningar þar sem hann sat í ljótum sófa og las blað um veiðreiðar. Einhvern veginn grunaði mig að A væri faðir og B sonur hans, en ég hafði enga sönnun fyrir því. Hún kom skömmu seinna þegar B (sem seinna varð Lenny) segir við A (sem seinna varð Max): „Er þér sama þótt ég skipti um umræðuefni, pabbi? Ég þarf að spyrja þig að dálitlu. Hvað heitir maturinn sem við fengum, hvað kallarðu hann? Af hverju kaupirðu ekki hundaket. Þú er hundlélegur kokkur. Alveg satt. Þú heldur að þú sért að elda fyrir hunda." Úr því að B kallar A „pabba" virðist einsýnt að líta á þá sem feðga. A var líka greinilega kokkur en ekki var eldamennska hans mikils metin. Þýddi þetta að þarna væri engin mamma? Ég vissi það ekki. En, eins og ég sagði við sjálfan mig, þá vitum við ekki endinn í byrjun.

„Dökkt." Stór gluggi. Kvöldhiminn. Maður, A (sem seinna varð Deely) og kona, B (sem seinna varð Kate), sitja og staupa sig. „Feit eða mögur?" spyr maðurinn. Hvern eru þau að tala um? Þá sé ég konu, C (sem seinna varð Anna) standa við gluggann í öðru ljósi, snúa baki í þau, dökkhærð.

Það er einkennilegt augnablik þegar persónur fæðast sem fram að því hafa ekki verið til. Það sem fylgir er slitrótt, ótryggt, minnir jafnvel á ofsjónir þó að stundum geti það verið óstöðvandi snjóflóð. Staða höfundarins er einkennileg. Að sumu leyti taka persónurnar honum illa. Þær streitast á móti honum, þær eru ekki auðveldar í sambúð, það er engin leið að skilgreina þær. Maður getur sannarlega ekki skipað þeim fyrir. Að sumu leyti er maður í endalausum leik við þær, leik kattarins að músinni, skollaleik, feluleik. En að lokum er maður kominn með fólk af holdi og blóði í hendurnar, fólk með vilja og einstaklingsbundnar tilfinningar, sett saman úr einingum sem maður getur ekki breytt, fiktað við eða afskræmt.

Tungumál listarinnar er afar margslungið, kviksyndi, trampólín, tjörn lögð ísi sem gæti látið undan þunga höfundarins hvenær sem er.

En eins og ég sagði linnir aldrei leitinni að sannleikanum. Og henni er engin leið að slá á frest. Það verður að horfast í augu við hana hér og nú.

Allt önnur vandamál fylgja pólitísku leikhúsi. Þar verður umfram allt að forðast predikanir. Hlutlægni er nauðsyn. Persónurnar verða að fá að draga andann sjálfar. Höfundurinn getur ekki takmarkað þær og þrengt að þeim til að laga þær að eigin smekk, geðslagi eða fordómum. Hann verður að geta nálgast þær frá ýmsum sjónarhornum, jafnvel komið þeim á óvart við og við, en gefið þeim samt frelsi til að fara þangað sem þær vilja fara. Þetta tekst ekki alltaf. Og pólitískar háðsádeilur hirða ekki um neina af þessum reglum, ganga reyndar þvert á þær eins og vera ber.

Í leikriti mínu Afmælisveislunni held ég að ég leyfi mörgum möguleikum að reyna sig í þéttum skógi tækifæra áður en ég einbeiti mér að kúgunarþættinum.

Mountain Language þykist ekki gefa neina valmöguleika, það er grimmt, stutt og ljótt verk. En hermennirnir í því fá nokkra skemmtun út úr því. Manni gleymist stundum hvað pyndingamönnum fer fljótt að leiðast. Þeir þurfa svolítið grín til að halda í góða skapið. Þetta kom í ljós í Abu Ghraib fangelsinu í Bagdad. Mountain Language tekur aðeins 20 mínútur en það væri hægt að leika það klukkutímum saman, áfram og áfram með því að endurtaka sama munstrið aftur og aftur, áfram og áfram, klukkutíma eftir klukkutíma.

Ashes to Ashes gerist hins vegar ofan í vatni, held ég. Kona er að drukkna, hönd er rétt upp úr öldunum, svo hverfur hún aftur, teygir sig eftir öðrum en finnur engan, hvorki fyrir ofan né neðan vatnsyfirborðið, bara skugga, speglanir á floti. Konan er týnd vera í drekkjandi landslagi, kemst ekki hjá dómi sem virtist aðeins eiga við aðra.

En eins og þeir dóu hlýtur hún að deyja líka.

Pólitískt málfar eins og stjórnmálamenn beita því hættir sér ekki inn á þessi svið vegna þess að meiri hluti stjórnmálamanna hefur, eftir því sem heimildir okkar sýna, engan áhuga á sannleikanum heldur á völdum og varðveislu þeirra. Ef halda á völdum er nauðsynlegt að halda fólki fáfróðu, láta það lifa óvitandi um sannleikann, jafnvel sannleika eigin lífs. Þess vegna erum við umkringd miklu neti af

lygum sem við nærumst á.

Eins og hver einasta manneskja hér veit voru rökin fyrir því að ráðast inn í Írak þau að Saddam Hussein réði yfir háskalegum gereyðingarvopnum sem jafnvel mætti beita með 45 mínútn fyrirvara og valda ómældum skaða. Við vorum fullvissuð um sannleiksgildi þessa. Þetta var ósatt. Okkur var líka sagt að Írak ætti samskipti við Al Qaeda og bæri hluta af ábyrgðinni á hryðjuverkunum í New York 11. september 2001. Við vorum fullvissuð um sannleiksgildi þessa. Þetta var ósatt. Okkur var sagt að Írak ógnaði öryggi heimsins. Við vorum fullvissuð um sannleiksgildi þessa. Þetta var ósatt.

Sannleikurinn er allt annar. Sannleikurinn snertir skilning Bandaríkjanna á hlutverki sínu í heiminum og hvernig þau kjósa að rækja það.

En áður en ég sný mér aftur að nútíðinni langar mig til að líta á nýliðna fortíð, nefnilega utanríkisstefnu Bandaríkjanna frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Ég tel brýnt að skoða þetta tímabil þó ekki sé nema lauslega, enda leyfir tíminn ekki meira.

Allir vita hvað gerðist í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu eftir stríð: kerfibundið ofbeldið, víðtæk grimmdarverkin, miskunnarlaus kúgun á sjálfstæðri hugsun. Allt þetta hefur verið skráð og sannað.

En ég vil halda því fram hér að glæpir Bandaríkjanna á þessu sama tímabili hafi ekki verið kannaðir nema yfirborðslega, hvað þá skjalfestir, hvað þá viðurkenndir, hvað þá taldir til glæpa yfirleitt. Ég tel að þetta þurfi að ræða og sannleikurinn hafi verulega mikið að segja fyrir ástandið í heiminum eins og það er. Þó að Sovétríkin héldu að nokkru leyti aftur af Bandaríkjunum þá hefur framferði Bandaríkjanna um allan heim sýnt það glögglega að þeim fannst þau geta gert það sem þeim sýndist.

Það hefur reyndar aldrei verið eftirlætisaðferð Bandaríkjanna að ráðast beint inn í fullvalda ríki. Yfirleitt hafa þau fremur kosið „minni háttar átök". Það þýðir að þúsundir manna deyja en ekki eins hratt og ef sprengju væri varpað á þá beint. Það þýðir að hjarta landsins er sýkt, illkynja æxli er komið fyrir og svo er fylgst með drepinu breiða úr sér. Þegar þjóðin hefur verið kúguð — eða barin til dauðs — það kemur út á eitt — og einkavinir manns, herinn og stórfyrirtækin, sitja í makindum við völd, þá stillir maður sér upp fyrir framan myndavélarnar og segir að lýðræðið hafi sigrað. Þetta var algengt í utanríkispólitík Bandaríkjanna á árunum sem ég er að tala um.

Harmleikurinn í Nikaragva er stórmál í þessu samhengi. Ég legg það fram hér sem áhrifamikið dæmi um sýn Bandaríkjanna á hlutverk sitt í heiminum, bæði þá og nú.

Ég sótti fund í bandaríska sendiráðinu í London seint á núnda áratugnum.

Bandaríkjaþing var í þann veginn að ákveða hvort það ætti að veita Kontraskæruliðum meiri fjárstuðning til að berjast gegn stjórninni í Nikaragva Ég var í sendinefnd á vegum stjórnar Nikaragva en fremstur í þeim flokki var séra John Metcalf. Fyrirliði nefndar Bandaríkjastjórnar var Raymond Seitz (þá varasendiherra, síðar sendiherra). Séra Metcalf sagði: „Herra minn, prestakall mitt er í Norður-Nikaragva. Sóknarbörn mín reistu skóla, heilsuverndarstöð, menningarmiðstöð. Við höfum lifað í friði. Fyrir nokkrum mánuðum réðist flokkur Kontraskæruliða á héraðið. Þeir eyðilögðu allt, skólann, heilsuverndarstöðina, menningarmiðstöðina. Þeir nauðguðu hjúkrunarkonum og kennurum, drápu lækna með hinum svívirðilegustu aðferðum. Þeir höguðu sér eins og villimenn. Vinsamlegast biðjið Bandaríkjastjórn að hætta að styðja þessa hryðjuverkamenn."

Raymond Seitz hafði orð fyrir að vera skynsamur, ábyrgur og afar fágaður maður. Hann naut mikillar virðingar í utanríkisþjónustunni. Hann hlustaði, þagði við en sagði síðan með nokkrum þunga: „Faðir", sagði hann, „leyfið mér að segja yður nokkuð. Í stríði þjást hinir saklausu ævinlega." Þögnin var ísköld. Við störðum á hann. Hann deplaði ekki auga.

Hinir saklausu þjást vissulega, alltaf.

Loks sagði einhver: „En í þessu tilfelli eru hinir saklausu fórnarlömb grimmdar sem stjórn yðar styrkir, og meðal margra slíkra. Ef þingið veitir Kontraskæruliðum meira fé verða fleiri slík grimmdarverk framin. Er það ekki rétt? Er þá ekki stjórn yðar sek um að styðja morð og tortímingu þegna í fullvalda ríki?"

Seitz var óhagganlegur. „Ég samþykki ekki að staðreyndirnar styðji fullyrðingar yðar," sagði hann.

Þegar við vorum að fara út úr sendiráðinu sagði starfsmaður þess að hann héldi upp á leikritin mín. Ég ansaði ekki.

Ég ætti að minna á að á þessum tíma gaf Reagen forseti eftirfarandi yfirlýsingu: „Kontraskæruliðar eru siðferðileg hliðstæða við feður Bandaríkjanna, okkar Founding Fathers."

Bandaríkjastjórn studdi grimmdarstjórn einræðisherrans Somoza í Nikaragva í yfir 40 ár. Þjóðin steypti ógnarstjórninni árið 1979 í grasrótarbyltingu sem Sandinistar leiddu.

Sandinistar voru ekki fullkomnir. Þeir áttu til sinn hroka, og stjórnmálaheimspeki þeirra var þversagnakennd. En þeir voru greindir, skynsamir og siðmenntaðir. Þeir hófust handa við að skapa tryggt, gott og fjölbreytilegt samfélag. Dauðarefsing var afnumin. Hundruðum þúsunda fátækra bænda var bjargað frá bana. Yfir hundrað þúsund fjölskyldum var gefið land. Tvö þúsund skólar voru byggðir. Merkileg lestrarherferð minnkaði ólæsi í landinu í einn sjöunda. Menntun varð ókeypis og heilsugæsla líka. Barnadauði minnkaði um þriðjung. Lömunarveiki var útrýmt.

Bandaríkin fordæmdu þennan árangur sem marxísk-lenínískan niðurrifsstarfsemi. Í augum Bandaríkjastjórnar var verið að gefa háskalegt fordæmi. Ef Nikaragva yrði leyft að koma á lágmarksréttlæti í félagslegu og efnahagslegu tilliti, ef þjóðinni yrði leyft að bæta heilsufar og menntun og koma á félagslegri eindrægni og almennri sjálfsvirðingu þá mundu nágrannaríkin spyrja sömu spurninga og gera eins. Á þessum tíma var auðvitað mikil ólga í El Salvador.

Ég nefndi áðan lyganetið sem umlykur okkar. Reagan forseti lýsti Nikaragva opinberlega sem dýflissu alræðisins. Þetta þótti flestum fjölmiðlum og bresku ríkisstjórninni nákvæm og sanngjörn lýsing. En það eru engar skýrslur til um dauðasveitir Sandinistastjórnar. Engar skýrslur um pyndingar. Engar skýrslur um kerfisbundið ofbeldi hersins. Engir prestar voru myrtir í Nikaragva. Reyndar voru þrír prestar í stjórninni, tveir Jesúítar og Maryknoll-trúboði. Dýflissur alræðisins voru á næstu bæjum, El Salvador og Gvatemala.

Bandaríkin höfðu steypt lýðræðislega kosinni stjórn í Gvatemala 1954 og talið er að yfir 200.000 manns hafi orðið herforingjastjórninni að bráð þar síðan.

Sex fremstu Jesúítar í heimi voru myrtir á grimmilegan hátt í Miðameríska háskólanum í San Salvador 1989 af flokki úr Alcatl-hersveitinni sem var þjálfuð í Fort Benning í Georgíu í Bandaríkjunum. Sá hugrakki maður Romero erkibiskup var myrtur meðan hann söng messu. Talið er að 75.000 manns hafi dáið. Af hverju var þetta fólk drepið? Það var drepið af því það trúði að það gæti öðlast betra líf. Þessi trú gerði það umsvifalaust að kommúnistum. Það dó af því það þorði að andmæla ástandinu, endalausri fátækt, sjúkdómum, niðurlægingu og kúgun sem það hafði þurft að þola frá fæðingu.

Bandaríkin komu stjórn Sandinista frá að lokum. Það tók nokkur ár og talsverða mótspyrnu en hlífðarlausar efnahagsþvinganir og 30.000 lík drógu að lokum kraftinn úr þjóð Nikaragva. Hún var buguð og örsnauð á ný. Spilavítin fluttust inn í landið aftur. Ókeypis heilsugæsla og menntun heyrðu sögunni til. Stórfyrirtækin komu aftur og létu til sín taka. „Lýðræðið" hafði sigrað.

Þessi stefna var hreint ekki bundin við Mið-Ameríku. Henni var fylgt um allan heim. Hún var endalaus. Þó var eins og hún hefði aldrei verið til.

Bandaríkin studdu og komu iðulega á hægri sinnuðum herforingjastjórnum víðs vegar um heim eftir síðari heimsstyrjöld. Þá er ég að vísa til Indónesíu, Grikklands og Úrúgvæ, Brasilíu, Paragvæ, Haíti, Tyrklands Filippseyja, Gvatemala, El Salvador og Chile — síðast en ekki síst. Hryllingurinn sem Bandaríkjamenn kölluðu yfir Chile árið 1973 verður aldrei afmáður og aldrei fyrirgefinn.

Hundruð þúsunda manna dóu í þessum löndum. Dó það fólk í raun og veru? Og er hægt að kenna utanríkisstefnu Bandaríkjanna um allan þann dauða? Svarið er já, þetta fólk dó og utanríkisstefnu Bandaríkjanna er um að kenna. En það er ekki von að þið vitið það.

Þetta gerðist aldrei. Ekkert gerðist. Jafnvel meðan það gerðist þá gerðist það ekki. Það skipti ekki máli. Það var ekki áhugavert. Glæpir Bandaríkjanna hafa verið kerfisbundnir, stöðugir, grimmilegir, miskunnarlausir, en sárafáir hafa talað um þá. Við verðum að gefa Bandaríkjunum það. Þau hafa beitt valdi sína af kulda um allan heim um leið og þau hafa leikið hin góðu öfl. Þau hafa dáleitt heiminn af mikilli snerpu og jafnvel snilld.

Ég sting upp á því við okkur að Bandaríkin reki flottasta sjóið sem í boði er. Grimmt, tilfinningalaust, fullt fyrirlitningar og miskunnarlaust er það ef til vill, en það er líka rosalega sniðugt. Í sölumennsku kemst enginn í hálfkvisti við Bandaríkin og vinsælasta söluvaran er sjálfselska. Hún slær í gegn. Hlustið á alla Bandaríkjaforseta segja „fólkið í Ameríku" í sjónvarpið, til dæmis í setningunni „ég segi við fólkið í Ameríku að nú er tími til að biðja og verja rétt bandarískra þegna og ég bið fólkið í Ameríku að treysta forseta sínum og þeim aðgerðum sem hann er í þann mund að grípa til á vegum fólksins í Ameríku."

Þetta er æðislega snjallt bragð. Tungumálið er beinlínis notað til að halda hugsuninni í skefjum. Orðin „fólkið í Ameríku" búa til ótrúlega loftmikinn huggunarkodda. Þú þarft ekkert að hugsa. Hallaðu þér bara aftur á koddann. Koddinn kæfir kannski alla skynsemi þína og gagnrýna hugsun en hann er afskaplega þægilegur. Að vísu á þetta ekki við um þær 40 milljónir sem lifa undir fátæktarmörkum og þær tvær milljónir karla og kvenna sem gista hið víðáttumikla gúlag fangelsa sem teygir sig um Bandaríkin þver og endilöng.

Bandaríkin hirða ekki lengur um að halda átökum í lágmarki. Þau sjá enga ástæðu til að halda sig til hlés né vera út undir sig. Þau leggja spil sín á borðið án þess að skeyta um skömm eða heiður. Þeim er fjandans sama um Sameinuðu þjóðirnar, alþjóðalög eða gagnrýnin andmæli sem þau líta á sem ástæðulaus og gagnslaus. Svo eiga þau líka sitt eigið litla lamb sem þau teyma á eftir sér, hið auma og framtakslausa Stóra-Bretland.

Hvað er orðið um siðferðiskennd okkar? Höfum við hana einhvern tíma? Hvað þýðir þetta orð? Vísar það til hugtaks sem afar sjaldan heyrist nú um stundir — samvisku? Samvisku nær ekki aðeins til okkar eigin gerða heldur samábyrgðar okkar með gerðum annarra? Er þetta allt dautt? Sjáið Gvantanamoflóann. Hundruðum manna haldið án ákæru í rúm þrjú ár, enga lögfræðiaðstoð fá þeir né aðra eðlilega málsmeðferð, tæknilega í haldi til eilífðarnóns. Þessum fullkomlega ólögmætu aðgerðum er haldið áfram þvert á Genfarsáttmálann. Það er ekki aðeins þolað heldur lítur hið svokallaða „alþjóðasamfélag" nánast algerlega fram hjá því. Þetta óhæfuverk er framið af þjóð sem kallar sig „leiðtoga hins frjálsa heims". Hugsum við um mennina í Gvantanamoflóa? Hvað segja fjölmiðlar um þá? Einstaka sinnum skjóta þeir upp kollinum — smáfrétt á síðu sex. Þeim hefur verið komið fyrir á einskismannslandi og þaðan komast þeir kannski aldrei aftur. Á þessari stundu eru margir í hungurverkfalli og fæðunni er neytt ofan í þá, þeirra á meðal eru breskir þegnar. Það er ekkert verið að vanda sig við að troða ofan í þá. Engin róandi lyf eða deyfing. Slöngunni er einfaldlega troðið ofan í nefið á manni ofan í hálsinn. Þú ælir blóði. Þetta eru pyndingar. Hvað hefur utanríkisráðherra Breta sagt um þetta? Ekkert. Hvað hefur forsætisráðherra Breta sagt um þetta? Ekkert. Hvers vegna ekki? Af því að Bandaríkin hafa sagt: Að gagnrýna hegðun okkar við Gvantanamoflóa jafngildir fjandskap. Þeir eruð annaðhvort með okkur eða móti okkur. Svo Blair heldur kjafti.

Innrásin í Írak var glæpsamleg, blygðunarlaust hryðjuverk ríkis sem gaf skít í hugtakið alþjóðalög. Innrásin var hernaðarleg geðþóttaaðferð, fædd af lygum á lygar ofan og grófri misbeitingu fjölmiðla og þar af leiðandi almennings. Aðgerð sem ætlað var að sameina hernaðarleg og efnahagsleg yfirráð Bandaríkjanna yfir Miðausturlöndum undir fölsku flaggi frelsunar — þegar öll önnur ráð til að réttlæta hana höfðu brugðist. Gríðarleg beiting hernaðarvalds sem leiddi til dauða og limlestingar þúsunda og aftur þúsunda saklausra manna.

Við höfum fært Írökum pyndingar, klasasprengjur, skert úran, óteljandi tilviljanakenndar morðárásir, eymd, niðurlægingu og dauða, og köllum það „að flytja frelsi og lýðræði til Miðausturlanda".

Hvað þarf maður að drepa marga áður en hægt er að kalla mann fjöldamorðingja og stríðsglæpamann? Hundrað þúsund? Það teldi ég meira en nóg. Því er réttlátt að Bush

og Blair verði leiddir fyrir Alþjóðastríðsglæpadómstólinn. En Bush er snjall. Hann hefur ekki viðurkennt Alþjóðastríðsglæpadómstólinn. Því er það að ef bandarískur hermaður eða jafnvel stjórnmálamaður er leiddur fyrir rétt þá hótar Bush að senda sjóherinn á vettvang. En Tony Blair hefur viðurkennt dómstólinn og þess vegna má kæra hann. Við getum gefið dómstólnum heimilisfangið hans ef hann vill. Það er Downingstræti númer 10 í London.

Dauðinn skiptir ekki máli í þessu sambandi. Bæði Bush og Blair ýta dauðanum vandlega frá sér. Að minnsta kosti 100.000 Írakar voru drepnir af amerískum sprengjum og flugskeytum áður en uppreisnin hófst. Það fólk skiptir engu máli. Dauði þeirra var aldrei. Það er eyða. Það eru ekki einu sinni til skýrslur um dauða þeirra. „Við teljum ekki lík," sagði bandarískri hershöfðinginn Tommy Franks.

Fljótlega eftir innrásina birtist framan á bresku dagblaði mynd af Tony Blair að kyssa lítinn írakskan dreng á kinnina. „Þakklátt barn," sagði í myndartexta. Nokkrum dögum seinna var saga með mynd inni í blaði af öðrum fjögurra ára dreng með enga handleggi. Fjölskylda hans hafði verið sprengd í loft upp af flugskeyti. Hann einn lifði af. „Hvenær fæ ég handleggina mína aftur?" spurði hann. Það varð ekki framhald á sögunni. Nú, Tony Blair hélt ekki á honum í fanginu, né neinu öðru limlestu barni, né nokkru blóðugu líki. Blóð er óhreint. Það óhreinkar skyrtuna þína og bindið þitt meðan þú flytur hjartnæma ræðu í sjónvarpið.

Bandaríkjamennirnir 2.000 sem hafa látist eru feimnismál. Þeir eru lagðir í gröf sína í myrkri. Jarðarfarirnar eru haldnar í kyrrþey og á afskekktum stöðum. Hinir limlestu rotna í rúmum sínum, sumir alla ævi. Þannig að þeir dauðu og þeir limlestu rotna báðir, hvor í sinni gröf, þótt ólíkar séu.

Mig langar núna til að vitna í ljóð eftir Pablo Neruda sem heitir [í íslenskri þýðingu Ingibjargar Haraldsdóttur] „Nokkur atriði útskýrð":

Og morgun einn logaði allt
og morgun einn stóðu bálin
út úr jörðinni
og gleyptu fólkið
og síðan eldur
púður síðan þá
og síðan blóð.
Stigamenn með flugvélar og Mára,
stigamenn með fingurgull og greifynjur,
stigamenn með svartmunka blessandi
fóru um himininn að drepa börn,
og blóð barnanna rann um strætin,
einfaldlega, eins og barnablóð.

Sjakalar fyrirlitnir af sjakölum,
steinar sem þurr þistillinn skyrpir út úr sér,
nöðrur hataðar af nöðrum!
Andspænis ykkur hef ég séð blóð
Spánar rísa
að drekkja ykkur í einni bylgju
af stolti og hnífum!

Hershöfðingjar
svikarar:
Lítið á dautt hús mitt,
lítið á brotinn Spán.
En úr hverju dauðu húsi kemur logandi málmur
í stað blóma,
og úr hverju Spánarbroti
kemur Spánn,
og úr hverju dauðu barni kemur riffill með augu
og hver glæpur fæðir byssukúlur
sem með tíð og tíma hæfa ykkur
í hjartastað.

Þið munuð spyrja: Hví fjalla ekki ljóð hans
um drauminn, um laufið,
um eldfjöllin miklu í landi hans?

Komið og sjáið blóðið á götunum
komið og sjáið
blóðið á götunum
komið og sjáið blóðið
á götunum!

Leyfið mér að gera alveg ljóst að þegar ég vitna í ljóð Neruda þá er ég alls ekki að bera saman lýðveldið Spán og Írak undir stjórn Saddams Husseins. Ég vitna í Neruda af því að ég hef hvergi lesið eins magnaða myndræna lýsingu á því þegar sprengjum er kastað á almenna borgara.

Ég sagði áðan að Bandaríkin séu nú órög við að leggja spil sín á borðið. Það er satt. Yfirlýst stefna þeirra er alger yfirráð — „full spectrum dominance". Það eru ekki mín orð heldur þeirra. Alger yfirráð þýðir yfirráð yfir landi, sjó, lofti og himingeimi, gögnum öllum og gæðum.

Bandaríkin halda nú úti 702 hernaðarlegum stöðvum í 132 löndum um allan heim, með Svíþjóð sem virðulega undantekningu, að sjálfsögðu. Við vitum ekki hvernig þeir fóru að þessu en þeim tókst það.

Bandaríkin eiga 8.000 virka kjarnaodda. Tvö þúsund þeirra eru í viðbragðsstöðu, þeim má skjóta með 15 mínútna fyrirvara. Bandaríkin eru að þróa nýtt kerfi kjarnavopna sem gengur undir nafninu „bunker busters" af því þau komast að skotmörkum ofan í jörðinni og springa þar. Bretar, ævinlega samvinnuþýðir, ætla að skipta út sínum eigin kjarnavopnum, Trident. Hvern skyldu þeir hafa í sigti? Osama bin Laden? Þig? Mig? Jóa Jóns? Kína? París? Hver veit? Það sem við vitum er að þessi barnaskapur og brjálsemi — að ráða fyrir kjarnavopnum og að hóta að nota þau — eru meginatriði bandarískrar stjórnmálaheimspeki. Við verðum að minna okkur á að Bandaríkin eru sífellt í árásarhug og ekkert útlit fyrir að því linni.

Þúsundir — ef ekki milljónir — Bandaríkjamanna eru miður sín, skömmustufullir og reiðir framferði stjórnar sinnar, en eins og er mynda þeir ekki samhent pólitískt afl — ekki enn. En kvíðinn, öryggisleysið og óttinn sem við sjáum vaxa dag frá degi í Bandaríkjunum, er kominn til að vera.

Ég veit að Bush hefur marga prýðilega ræðuhöfunda, þó langar mig til að bjóða mig fram í starfið. Ég sting upp á eftirfarandi ávarpi sem hann gæti flutt þjóð sinni í sjónvarpi. Ég sé hann fyrir mér alvarlegan, vandlega greiddan, alúðlegan, einlægan, oft tælandi, stundum brosandi beisklega, sérkennilega aðlaðandi, karlmann karlmanna.

„Guð er góður. Guð er mikill. Guð er góður. Guð minn er góður. Guð bin Ladens er vondur. Guð hans er vondur. Guð Saddams var vondur nema hvað hann átti aldrei neinn. Hann var villimaður. Við erum ekki villimenn. Við höggvum ekki hausinn af fólki. Við trúum á frelsið. Það gerir Guð líka. Ég er ekki villimaður. Ég er lýðræðislega kosinn leiðtogi frelsiselskandi lýðveldis. Við erum samúðarfull þjóð. Við gefum samúðarfull raflost og samúðarfullar banvænar sprautur. Við erum mikil þjóð. Ég er ekki einræðisherra. Hann er það. Ég er ekki villimaður. Hann er það. Og hann er það. Þeir eru það allir. Ég hef siðferðislegt vald. Sérðu þennan hnefa? Þetta er siðferðislegt vald mitt. Og því skaltu ekki gleyma."

Líf rithöfundar er afar viðkvæmt, svo að segja berskjaldað. Óþarfi að skæla yfir því. Rithöfundur velur og stendur við val sitt. En það er satt að hann er óvarinn gegn öllum vindum, og sumir þeirra eru ískaldir. Maður er á eigin vegum, á ystu brún. Það er ekkert skjól, engin vörn — nema maður ljúgi — og þá hefur maður auðvitað skapað sér sína eigin vörn og gæti, hugsanlega, orðið stjórnmálamaður.

Ég hef talað nokkrum sinnum um dauðann í kvöld. Nú ætla ég að lesa ljóð eftir sjálfan mig, sem heitir „Dauði". [Það er Harold Pinter sem yrkir.]

Hvar fannst líkið?
Hver fann líkið?
Var líkið liðið þegar það fannst?
Hvernig fannst líkið?

Hver var hinn dauði?

Hver var faðir eða dóttir eða bróðir
eða frændi eða systir eða móðir eða sonur
líksins liðna og yfirgefna?

Var líkið liðið þegar það var yfirgefið?
Var líkið yfirgefið?
Hver hafði yfirgefið það?

Var líkið nakið eða búið til ferðar?

Hver vegna lýstirðu yfir að líkið væri liðið?
Lýstirðu yfir að líkið væri liðið?
Hve vel þekktirðu líkið?
Hvernig vissirðu að líkið var liðið lík?
Þvoðirðu líkið?
Lokaðirðu báðum augum þess?
Grófstu líkið?
Yfirgafstu það?
Kysstirðu líkið?

Þegar við horfum í spegil þá höldum við að myndin í honum sé nákvæm. En örlítil hreyfing breytir henni. Í raun og veru erum við að horfa á endalausa röð spegilmynda. En stundum verður rithöfundur að brjóta spegilinn — því það er handan spegilsins sem sannleikurinn starir á okkur.

Ég trúi því að þrátt fyrir gríðarlegan aflsmun sé það grundvallarskylda okkar sem manna að sameinast um óhagganlega, staðfasta, eldheita, vitsmunalega ákvörðun um að skilgreina raunverulegan sannleika lífs okkar og samfélags. Það er í raun og veru kvöð á okkur.

Ef slík ákvörðun verður ekki hluti af pólitískri sýn okkar þá er engin von til að við getum endurheimt það sem nú er nærri því glatað — mannlega reisn."

Þetta var ræða Harolds Pinters sem hann flutti við móttöku bókmenntaverðlauna Nóbels 2005. Silja Aðalsteinsdóttir þýddi ræðuna. Ljóðið eftir Pablo Neruda á íslensku er að finna í heild sinni í Ljóðum Ingibjargar Haraldsdóttur frá 1991. Þessi ræða Harolds Pinters birtist í tímariti Máls og menningar. Og hún á heldur betur erindi, sérstaklega kannski við stjórnarliða á þinginu. Ekki bara fyrir það að hún sé snilldarvel skrifuð heldur er hún afar gagnrýnin á þátttöku Breta, sem er auðvitað líka þátttaka okkar, í stríðinu um olíuna. En eins og ég minntist á áðan er það einmitt þannig að stríð 21. aldarinnar verða sennilega háð um vatn en ekki olíu.

Í þessu frumvarpi til vatnalaga hefur verið farið nokkuð vel yfir fjölmargar umsagnir sem hv. iðnaðarnefnd bárust. Margar þeirra voru mjög gagnrýnar á frumvarpið. Við í stjórnarandstöðunni tökum undir þessar umsagnir og förum fram á að frumvarpinu verði vísað frá.

Í yfirlýsingu fjölmargra samtaka, eins og þjóðkirkjunnar, BSRB, Kennarasambandsins og Öryrkjabandalagsins, UNIFEM á Íslandi, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna, Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Náttúruverndarsamtaka Íslands, Landssambands eldri borgara, Samtaka starfsfólks fjármálafyrirtækja, Ungmennafélags Íslands og Landverndar, sem hafa skrifað upp á yfirlýsinguna Vatn fyrir alla, segir, með leyfi forseta:

„Undirrituð samtök vilja með sameiginlegri yfirlýsingu þessari vekja athygli ríkisstjórnar, sveitarstjórna, stofnana, fyrirtækja og almennings á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum. Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hugsa verður til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi.

Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn.

Undirrituð samtök telja að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi, eins og kveðið er á um í samþykktum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur undirgengist. Sérhver maður á því rétt á aðgengi að hreinu drykkjarvatni og vatni til hreinlætis og heimilishalds.

Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru.

Nýting vatns skal vera sjálfbær og aðgengi að því tryggt með lögum fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Það er skylda stjórnvalda að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar.

Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja verndun vatns sem náttúruverðmæta sem og að tryggja hollustu og dreif-

ingu vatns til allra þjóðfélagsþegna með fjárfestingu í mannvirkjum og mengunarvörnum. Vatnsveitur verði því reknar á félagslegum grunni, taki mið af almannahagsmunum og tryggi rétt einstaklinga til nægilegs hreins vatns til drykkjar og hreinlætis á viðráðanlegu verði. Það er jafnframt hlutverk stjórnvalda að tryggja að við nýtingu vatns verði öðrum náttúruverðmætum ekki spillt.

Stjórnvöldum ber að tryggja almenningi aðgengi að öllum upplýsingum er varða verndun og nýtingu vatns og stuðla að aukinni virkni almennings og meðvitund um mikilvægi vatns, náttúru og réttrar umgengni við landið.

Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns sem og lögum er varða verndun vatns og náttúru.

Til að tryggja skilvirka verndun og nýtingu vatns ber stjórnvöldum að skipuleggja stjórnsýslu þannig að eðlilegt jafnvægi sé á milli þessara þátta og réttar einstaklinga til aðgengis að vatni."

Hér hefur aðeins verið fjallað um að hin svokölluðu vatnalög hafi yfirbragð hlutleysis og fagmennsku, gefið er í skyn að verið sé að samræma þau annarri löggjöf. Þetta er mjög falskt. Það er alveg augljóst að markmiðin eru önnur og ákveðnari og þau eru sett annaðhvort í pólitísku skyni eða til að koma til móts við ákveðna hagsmuni sem ekki eru taldir hafa verið nægilega vel tryggðir hingað til. Þá getur maður velt því fyrir sér hvaða hagsmunir það eru.

Það hefur komið fram í umræðunum í dag að á ráðstefnu sem haldin var í gær hefði komið fram að e.t.v. skipti lagaleg staða uppi við Kárahnjúka þarna máli. Þegar slíkar upplýsingar koma fram hjá einum höfunda frumvarpsins, Karli Axelssyni, sem hv. formaður iðnaðarnefndar hefur vitnað til sem eins mesta lagasérfræðings á sviði eignarréttar í landinu, — það væri einkennilegt ef hann mundi ekki verja sitt frumvarp — er mikilvægt að farið verði yfir þetta mál. Það er reyndar dálítið sorglegt að ekki hafi verið fallist á það að iðnaðarnefnd kæmi saman og fengi til viðtals lögfræðinga til að spyrja sérstaklega út í þessa hluti vegna þess að þeir skipta grundvallarmáli. Því hefur jafnvel verið haldið fram að hér sé um blekkingar að ræða og hv. formaður iðnaðarnefndar hefur sagt að það væri ekki hans vilji að ætla að blekkja þingið vísvitandi. Ég tek orð hans fullkomlega trúanleg en þetta verður að skoða mjög nákvæmlega og fara ofan í það áður en lengra er haldið.

Það er reyndar fróðlegt að skoða þá sérfræðinga sem fengnir voru til að semja þetta frumvarp. Karl Axelsson var einn þeirra, eins og komið hefur fram, en þar voru einnig fulltrúi Bændasamtaka Íslands, fulltrúi Orkustofnunar, lögfræðingur Orkuveitunnar, sem fulltrúi Sambands sveitarfélaga, og fulltrúi frá Samorku. En það er enn þá mikilvægara að skoða hverjir voru ekki kallaðir til skrafs og ráðagerða, það er nú dálítið mikilvægt í þessu samhengi.

Enginn fulltrúi var t.d. kallaður til frá náttúruverndar- eða mannréttindasamtökum. Þó hélt ég að það væri nú alveg augljós skilningur, líka ríkisstjórnarinnar, að vatn væri mannréttindi eins og segir í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og við höfum skrifað undir. En einhvern veginn þóttu fulltrúar orkugeirans miklu mikilvægari og ekki bara einn þeirra heldur margir. Neytendur voru heldur ekki kallaðir til við þessa lagasmíð, ekki fulltrúi Neytendasamtakanna, ekki neinn fulltrúi almannasamtaka eins og verkalýðssamtaka. Þessum aðilum er síðan gert kleift að gera athugasemdir við frumvarpið og þeir gera alvarlegar athugasemdir við marga liði þess og gera góða grein fyrir þeim. Þó að ekki hafi verið mikill tími til stefnu þá brugðust þessir aðilar mjög skjótt við og skrifuðu athugasemdir. En hvað kemur síðan í ljós? Ekkert tillit er tekið til þeirra athugasemda.

Því væri auðvitað rétt að þetta frumvarp til svokallaðra vatnalaga yrði dregið til baka og byrjað yrði upp á nýtt, því fyrr því betra. Þessi mál yrðu skoðuð í samhengi, ekki yrði sett fram eitthvert iðnaðarráðuneytisfrumvarp án þess að fjalla um vatnsvernd og án þess að fjalla um hlutina út frá sjónarmiðum náttúruverndarsamtaka. (**LB:** Að vatn sé forsenda lífs.) Og að vatn sé forsenda lífs, bendir hv. þm. Lúðvík Bergvinsson á. Það er einmitt málið. Vatn er ekki bara eitthvert efni sem hægt er að virkja til þess að búa til orku. Vatn er svo miklu meira.

Í fréttum í gær var sagt frá því að menn teldu sig hafa fundið einhver ummerki um vatn á Júpíter. Það væru þá fyrstu merkin um að einhvern tíma hefði verið líf á þeirri plánetu, þá er grundvallaratriði að þar hafi verið vatn.

Það hefur verið fjallað dálítið um þetta eignarréttarákvæði. Í II. kafla í frumvarpinu, 4. grein, segir:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur."

Vatn er endurskilgreint með mjög víðtækum hætti, samanber 2. gr. frumvarpsins og þetta er einmitt mál sem við höfum verið að ræða hér:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi."

Í athugasemdum frá þeim samtökum sem skrifa undir yfirlýsinguna Vatn fyrir alla kemur fram að með því að breyta umráðarétti og hagnýtingarrétti á vatni í kláran eignarrétt er stigið skref í átt til að skilgreina vatn sem einkaeign viðkomandi landeiganda, hvort sem átt er við bændur, einkaaðila eða fyrirtæki, stór eða smá. Þeim er alltaf að fjölga sem ásælast jarðir út um hvippinn og hvappinn. Það gæti verið að einhverjir sjái von í því að hagnast á vatnsréttindum í framtíðinni, það er kannski þess vegna sem menn eru tilbúnir til að borga háar upphæðir og eru að sölsa undir sig landareignir úti um allt land. Það eru kannski framsýnir menn sem sjá fyrir sér að eftir einhverja tugi ára geti vatnsréttindin orðið einkaeign. Ef það næst fram, sem er greinilega tilgangur ríkisstjórnarflokkanna, að skýra þetta eignarhald á vatni þannig að það tilheyri landeigendum algjörlega, er það auðvitað fyrsta skrefið í einkavæðingu á þessari auðlind.

Í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Að sumra mati kann það skref" — að gera þetta að einkaeign — „að vera óafturkræft, þó um það megi deila. Samkvæmt skilgreiningu á eignarrétti í víðtækasta skilningi sbr. Björn Þ. Guðmundsson, er átt við að „rétthafinn hafi einn heimild til umráða og ráðstöfunar verðmæta.""

Svo er bent á að í 1. gr. vatnatilskipunar Evrópusambandsins — nú er búið að staðfesta að samningar hafi náðst um að hún verði tekin upp hér á landi, það á að funda um það einhvern tímann í sumar — segir:

„Vatn er ekki eins og hver önnur verslunarvara, heldur öllu frekar sameiginleg arfleifð sem verður að vernda, verja og meðhöndla sem slíka."

Hv. formaður iðnaðarnefndar gerði mikið grín að því að því hefði verið haldið hér fram að vatn sé sameiginleg arfleifð mannkyns. Það er nú ekki neitt til að hlæja að. Ég er ekki að segja að vatnatilskipun Evrópusambandsins sé einhver stóri dómur eða Biblía í þessu efni en ég er sannfærður um að fólki finnst þetta almennt. Vatn er einn af þeim grundvallarþáttum sem eiga ekki að vera í einkaeign einhvers eins.

Ríkisstjórnarflokkarnir segja: Bíðið nú við. Er stjórnarandstaðan að reyna að koma í veg fyrir að réttkjörinn meiri hluti hér á Alþingi komi sínum málum í gegn? Nú vitum við öll að það er kosið á fjögurra ára fresti og stundum koma upp mál sem meiri hluti þjóðarinnar er alls ekki sammála. Ríkisstjórnarflokkunum um. Ég er t.d. ekki viss um að kjósendur hafi fyrir næstum þremur árum greitt stjórnarflokkunum atkvæði sitt vegna þess að þeir ætluðu að einkavæða vatnið. Ég efast stórlega um það.

Þannig er reyndar um fleiri mál, t.d. þátttöku okkar í stríði. Það hlýtur því að vera eðlilegt að stjórnarandstaðan slái alla varnagla við vafasöm frumvörp og þessi ríkisstjórn hefur fengið á sig dóma í Hæstarétti fyrir lög sem hún hefur samið. Og það fleiri en einn. Þannig að hún er ekki alvitur jafnvel þótt hún hafi meiri hluta hér á þingi.

Áfram segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Í athugasemdum við frumvarpið er mikil áhersla lögð á rökfærslu fyrir því að skv. vatnalögum 1923 sé umráða- og hagnýtingarréttur á vatni jafngildur hefðbundnum eignarrétti — og því sé hér um formbreytingu að ræða en ekki efnislega. Segir í athugasemdum við nýju vatnalögin að algengt sé að telja einstakar heimildir eða þætti eignarréttar yfir fasteignum sem sérstök réttindi, t.d. vatnsréttindi eða rekaréttindi. Af því leiðir að vatnsréttindi séu flokkuð sem sérstök eignarréttindi að fasteign. Hér má spyrja hvort ekki sé frekar um að ræða takmörkuð afnotaréttindi byggð á eignarrétti á landinu — sem eðli málsins samkvæmt skapar ýmis afnot. Það er ekkert því til fyrirstöðu að sá skilningur sé hafður uppi þegar vatnalögin eru lesin, sem og ef vatn er talið og skilgreint sem sérstakt fyrirbæri, t.d. skv. stjórnarskrá, alþjóðasáttmálum eða samkvæmt skilningi löggjafans á þeim tíma sem lög voru sett. Og við lagasetninguna var tekist á um tvö meginsjónarmið — annars vegar hvort líta ætti á vatn sem einkaeign — hins vegar hvort það ætti að vera í þjóðareign, með afnotum fyrir einstaklinga.

Rökin sem eru notuð í athugasemdunum eru m.a. þau að „um sé að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir á vatni sem máli skipta, þar með talinn rétt til orkuvinnslu, sbr. 49. gr.", og er vitnað í hana með eftirfarandi hætti: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ?". Í athugasemdunum er hins vegar sleppt þeim skilyrðum sem koma í beinu framhaldi í sömu setningu sem hljóta að teljast vera á skjön við almenna skilgreiningu á eignarrétti. Þessar takmarkanir eru m.a. að „enda sé engin fyrir það sviptur því vatni sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla (III. kafli fjallar um vatnsnotkun til heimilis og búsþarfa og IV. kaflinn um áveitur) né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, sem nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo til verulegra óþæginda horfi."

Þá segir í upphaflegu lögunum í 49. gr., 2. lið: „Eigi má umráðamaður vatnsréttinda virkja hluta af fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl, nema leyfi ráðherra komi til, og í þriðja lagi má binda leyfi þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkja, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni, þar á meðal sérstaklega það, að unnt verði seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í héraði því eða landshluta, sem orkuverið eða veitan er í. Enn fremur má setja skilyrði um það, að almenningi í nágrenni við veituna sé veittur kostur á orku úr henni."

Hér er augljóst að almannahagsmunir voru hafðir í huga við setningu laganna 1923 sem afmarka mjög það sem kalla mætti eignarrétt í hefðbundnum skilningi. Það sem er kannski meira um vert er að þessi tilvitnaði liður var felldur út úr vatnalögum og færður undir raforkulög. Með öðrum orðum þá er raforkuþáttur vatnsréttinda talinn það sértækur að um hann hafa verið samin sérstök lög þar sem kveðið er á um rétt landeiganda og annarra til að reisa orkuver að fengnu leyfi ráðherra. Því má segja að það séu ekki vatnalög sem segi til um þennan afmarkaða hagnýtingarrétt á vatni, heldur raforkulög. Það er því varla hægt að finna í þessari grein vatnalaga réttlætingu á því að telja megi afnotarétt landeiganda að vatni fullgildan eignarrétt."

Það er auðvitað dálítið merkilegt að með tilliti til þessa ættu hin svokölluðu vatnalög að heita lög um orkunýtingarrétt á vatni eða eitthvað slíkt.

Ég held að það hafi verið Umhverfisstofnun sem var einmitt með ágætistillögur að nafni á þessi lög. Þeim þótti skjóta skökku við að hið gamla nafn, Vatnalög, skyldi notað um svo sértæk lög sem hér væri verið að fjalla um. Hér eru þrjár tillögur um heiti frumvarpsins. Það gæti t.d. heitið:

„Lög um eignarhald, skynsamlega og hagkvæma stjórnun vatnamála og sjálfbæra nýtingu vatns,

Lög um eignarhald og sjálfbæra nýtingu vatns,

Lög um eignarhald og stjórnun vatnsmála."

Ég held að það síðasttalda væri nú eiginlega besta nafnið á þessum lögum. En langsniðugast væri að sleppa þessum lögum algjörlega og fara í heildarvinnunna, vera ekki að grípa fram fyrir hendur stjórnarskrárnefndar og horfa fram hjá því að á sama tíma hljóta að koma fram lög um verndun vatns. Sumir hafa nú sagt að það sé einmitt miklu mikilvægara mál. Ef ekki er hægt að fjalla um þessi mál samtímis ættu þau lög auðvitað að koma fyrst.

En uppi í iðnaðarráðuneyti liggur mönnum mikið á og ef til vill er það út af einhverjum lagalegum óvissuþáttum uppi við Kárahnjúka og öllum þeim stóru inngripum í náttúruna sem þar eiga sér stað. Þar eru menn að flytja til jökulár og jökulvötn, leiða í stokkum fram og aftur, sem er kannski ástæðan fyrir því að frumvarpið kemur fram aftur núna lítið breytt frá því í fyrra og ofuráhersla er lögð á að

það sé kýlt gegnum þingið.

Ég vitnaði áður í vefritið Múrinn sem er alveg ágætissíða. Þar er skemmtileg grein eftir sagnfræðinginn Stefán Pálsson sem hefur fjallað heilmikið um vísindasagnfræði, gott ef hann er ekki starfsmaður hjá Orkuveitunni. Þar fjallar hann um vatn og vatnsveitumál frá því fyrir um rúmlega 100 árum síðan. Þetta er grein sem birtist fyrir nokkrum árum á Múrnum og heitir Verkfræðilegt þrekvirki sem ekki má gleymast. Þar segir, með leyfi forseta:

„Traustur og stöðugur aðgangur að góðu neysluvatni er forsenda þess að samfélag fólks geti þrifist. Þessi sannindi hafa verið mönnum kunn um aldir og árþúsund, eins og mannvistalandafræðin kennir okkur. Í lok nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu tóku skipuleggjendur íslenskra bæja og þorpa að gera sér grein fyrir því að ekki yrði mikið lengur við það unað að sækja vatn í brunna, sem oftar en ekki stóðu óvarðir fyrir yfirborðsmengun — meðal annars af völdum úrgangs manna og dýra. Þess í stað væri það ein af frumskyldum hvers bæjarfélags að koma upp öflugri vatnsveitu, þannig að hvert heimili hefði aðgang að rennandi vatni.

Í vatnsveitumálum, eins og á svo mörgum öðrum sviðum, voru Hafnfirðingar í fararbroddi í upphafi síðustu aldar. Árið 1904 var Vatnsveitufélag Hafnarfjarðar stofnað af nokkrum framtakssömum einstaklingum í bænum, með héraðslækninn fremstan í flokki. Lét félagið grafa brunn við svonefnt Kaldadý í Jófríðarstaðaholtinu og leggja þaðan vatnsleiðslur um bæinn. Þótti framtak þetta hið besta og göfugasta, en fljótlega varð ljóst að betur mætti ef duga skyldi.

Eflaust kemur einhverjum á óvart að þessi fyrsti vísir að vatnsveitu fyrir stóran hluta bæjarfélags hafi verið framkvæmd af einkaaðilum en ekki bæjarstjórninni. Þetta munstur má þó oft sjá í tæknisögu áranna í kringum aldamót. Afar oft kom frumkvæðið að meiri háttar framkvæmdum frá einkaaðilum sem með því vildu sýna fram á að verkið væri framkvæmanlegt og jafnvel arðbært, með það fyrir augum að ýta við opinberum aðilum að fylgja í kjölfarið. Þannig voru fyrstu vatnsveitur, rafveitur og símakerfi landsins iðulega í höndum einkaaðila, en um leið og tæknin hafði unnið sér þegnrétt þótti rétt að til kasta samfélagsins kæmi.

Vatnsveitufélag Hafnarfjarðar varð ekki langlíft fyrirtæki. Árið 1909 kaus bæjarstjórnin nefnd til að vinna að gerð stærri vatnsveitu sem þjóna skyldi öllum bæjarbúum, en ekki bara þeim er bjuggu út frá Strandgötunni. Varð úr að Hafnfirðingar keyptu rör til framkvæmdanna í félagi við Reykvíkinga sem um svipað leyti unnu að framkvæmdum við sína vatnsveitu. Ákvað nefndin að vænlegast væri að taka vatnið úr Lækjarbotnum, en þar eru upptök Hamarkotslækjar. Í Hamarkotslæk var einmitt fyrsta vatnsaflsvirkjunin sett upp árið 1904 á vegum Jóhannesar Reykdal, þess merka frumkvöðuls.

Haustið 1909 lauk framkvæmdum við Lækjarbotnaæðina. Var hún einungis þriggja tommu breið og flutningsgetan því takmörkuð. Var hún enda orðin of lítil innan fárra ára. Var þá gripið til ýmissa bráðabirgðaráðstafana, svo sem byggingu vatnsgeymis og lagningu nýrra aðfærsluæða, en ekki var þar tjaldað til margra nátta.

Strax árið 1916 fengu Hafnfirðingar augastað á Kaldá sem framtíðarvatnsbóli bæjarins og ári síðar ákvað bæjarstjórnin að freista þess að veita vatni úr Kaldá yfir á Lækjarbotnasvæðið, með það að markmiði að tryggja vatnsveitunni og vatnsaflsvirkjuninni í Hamarkotslæknum nægilegt vatn. Hér var um geysimetnaðarfullt verkefni að ræða, en það var Jón Ísleifsson verkfræðingur sem átti heiðurinn að tillögunum.

Jón lagði til að veitt yrði 400 sekúndulítrum af vatni úr Kaldá, frá þeim stutta kafla sem hún rennur ofan jarðar (Kaldá rennur að mestu undir hrauni til sjávar). Skyldi vatnið leitt eftir trérennu, eins og hálfs kílómetra leið, til Setbergshlíðar þremur kílómetrum sunnan við Lækjarbotnalindina. Þar yrði vatninu sleppt og það látið renna eftir hraunlögum á áfangastað. Töldu sumir að með áætlun þessari væri djarft spilað, enda var þekking manna á jarðlögum á svæðinu takmörkuð, en þegar framkvæmdum lauk haustið 1918 kom í ljós að áætlanir verkfræðingsins stóðust fullkomlega.

Í Morgunblaðinu, fimmtudaginn 20. desember 2001, er frá því greint að sex verktækninemar við Iðnskólann í Hafnarfirði hafi ásamt kennara sínum farið þess á leit við bæjarstjórn Hafnarfjarðar að vatnsveitustokkurinn frá 1918 verði endurbyggður. Nemendurnir benda á það í rökstuðningi sínum að sennilega finnist þess ekki önnur dæmi í veröldinni að vatn hafi verið leitt að hraunjaðri með þessum hætti og þess svo beðið að það kæmi fram aftur nokkrum kílómetrum neðar. Ber framkvæmdin öll og undirbúningur hennar vitni um mikla verkfræðilega snilli sem rétt og skylt er að halda til haga.

Sjálfsagt er að taka undir tillögur iðnskólanemanna í máli þessu. Íslensk tæknisaga og þá sérstaklega saga íslenskra vatnsveitna er ekki svo rík af minjum að verjandi sé að láta slíkt tækifæri ganga sér úr greipum. Hafnfirðingar eiga að standa myndarlega að varðveislu vatnsveitumannvirkjanna í Kaldárbotnum, jafnvel í samvinnu við granna sína Garðbæinga, og gera sitt besta til að miðla sögunni til gesta og gangandi. Hún er svo sannarlega þess virði að hún sé rifjuð upp."

Þetta var úr grein á Múrnum sem Stefán Pálsson skrifaði.

Ef við færum okkur út í heim þá skrifaði Steinþór Heiðarsson líka mjög áhugaverða grein á Múrnum, um vatnsveitu í Argentínu og í Kanada. Greinin heitir „Þó líði ár og öld". Hún birtist 29. nóvember 2005.

„Fyrir 125 árum var ráðist í gerð vatnsveitu í Winnipegbæ í Manitobafylki í Kanada. Þar sem bæjarsjóður stóð heldur illa var ákveðið að semja við einkafyrirtæki að nafni Winnipeg Water Works um að koma veitunni á laggirnar og reka hana fyrstu 20 árin í skiptum fyrir einokunaraðstöðu. Samningurinn hljóðaði upp á tæpan helming þess vatns sem bæjarbúar þurftu á að halda og ekki þurfti að bíða lengi eftir margvíslegum vandræðum sem af því hlutust. En bæjarstjórnin hafði samið svo rækilega af sér að hún gat einungis valið á milli þess að kaupa fyrirtækið upp eða greiða því aukalega fyrir hvern lítra sem Winnipeg Water Works léti í té til viðbótar því sem um var samið. Þess vegna kaus hún að gera ekkert í málinu og bíða eftir að samningurinn rynni út.

Fyrir um það bil 10 árum tók einkafyrirtækið Aguas Argentinas við bæði vatnsveitu og skolpveitukerfi í Santa Fe-fylki í Argentínu en þar býr rétt um ein milljón manna. Franska fyrirtækið Suez á stærstan hlut í Aguas Argentinas, tæplega 40 prósent, en það hafði tveimur árum áður hrammsað til sín vatnsveituna í höfuðborginni Buenos Aires. Á þeim tíma var það langstærsta vatnsveita sem nokkurn tíma hafði verið einkavædd í heiminum en ríkisstjórn Carlos Saúl Menem, sem gegndi forsetaembættinu 1989–1999, var iðin við að setja heimsmet í einkavæðingu á almannaþjónustu samkvæmt forskrift Alþjóðabankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fleiri lánastofnana.

Helstu rökin fyrir því að selja vatnsveitufyrirtæki frá almenningi til einkaaðila hafa í seinni tíð verið þau að einkafyrirtækin búi yfir tækni, stjórnunarreynslu, verkþekkingu og fjármagni sem skorti svo tilfinnanlega í opinberu fyrirtækjunum að þau séu ófær um að standa sig í stykkinu. Svipaðar fullyrðingar eru nær daglega hafðar í frammi af fólki sem trúir því að einkavæðing sé nokkurs konar guðlegt verkfæri sem mannkyninu hafi verið fært til að takast á við flest viðfangsefni samfélagsins.

Nú hefur Suez sent frá sér yfirlýsingu um að fyrirtækið hyggist draga sig út úr vatnsveiturekstri í Argentínu þótt aðeins séu liðin 10 ár af 30 ára samningstíma. Ástæðan er einföld: Eftir að pesóinn hríðféll gagnvart dollaranum er arðurinn of lítill til að eigendurnir hafi áhuga á að halda rekstrinum áfram.

Reyndar er það svo að enginn vill kaupa vatnsveituna í Buenos Aires af Suez eða hlut þess í Aguas Argentinas. En stjórnendur Suez virðast ekki ætla að láta það stöðva sig heldur pakka saman og fara fyrir jól, burt séð frá gerðum samningum.

Það er í fullu samræmi við efndir Suez á samningunum til þessa. Þar var meðal annars kveðið á um fjárfestingu upp á fjóra milljarða dollara í vatnsveitu og skolphreinsikerfi Buenos Aires á samningstímanum en ekkert slíkt hefur enn sést. Þegar kom að innheimtu reikninga var frammistaðan mun betri enda leiddu gjaldskrárhækkanir fljótlega til þess að lokað var fyrir vatnið hjá fjölda fátækra borgarbúa. Um 95% af öllu skolpi sem til fellur í höfuðborginni fer óhreinsað í Plata-fljótið.

Ein milljón Argentínumanna í Santa Fe lifir í óvissu um hvort nokkurt vatn kemur úr krönunum þegar dagur rís. En þótt einkavæddar vatnsveitur hafi gefist jafnilla í Argentínu, Bólivíu, Tansaníu, á Puerto Rico og Filippseyjum undir lok 20. aldar og raunin varð í Kanada hundrað árum fyrr, sofna frjálshyggjumennirnir á kvöldin jafnsannfærðir um að einkaaðilarnir geri allt betur en opinberu fyrirtækin, alltaf og alls staðar. Það hefur lengi verið vitað að sumir þurfa lengri tíma en aðrir til að læra — jafnvel einföldustu hluti.“

Þetta sagði Steinþór Heiðarsson í grein á Múrnum.

Auðvitað er hægt að telja ýmislegt fleira til og benda á að einkavæðing á vatni er ekki skynsamleg ákvörðun og þá staðreynd að þetta frumvarp er því miður svo gallað að best væri að vísa því frá í heild sinni. En þar sem ég vil ekki þreyta hv. þingmenn og áheyrendur um of — og ég er nú sennilega búinn að missa hv. þm. Pétur Blöndal úr athyglishópnum vegna þess að ræða mín hefur verið aðeins meira en 15 mínútur — þá held ég að hér komið sé að því að ég pakki saman þó að ég gæti auðvitað haldið lengi áfram og var búinn að undirbúa mig ágætlega til þess. Ég vona að ég verði ekki skammaður fyrir að lesa upp ljóð í ræðustól eftir Pablo Neruda eða hina miklu og góðu ræðu Harolds Pinters. Ég segi þetta þá gott í bili, frú forseti.

[15:44]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram mikil umræða í dag um frumvarp til vatnalaga, sem er umdeilt mál á hv. Alþingi. Komið hafa fram mjög einarðar óskir frá stjórnarandstæðingum um að fá svör við ákveðnum álitaefnum sem vaknað hafa á undanförnum dögum. Ég tel í ljósi þeirra óska rétt að kalla iðnaðarnefnd saman næstkomandi mánudag klukkan tíu og fá svör við þeim álitaefnum sem vaknað hafa við þessa umræðu og greiða þannig fyrir störfum þingsins að leiða þessar upplýsingar í ljós. Vænti ég þess að gott samstarf verði í nefndinni næstkomandi mánudag og óska eftir því við hæstv. forseta að hlé verði gert á umræðum um þetta málefni í ljósi þessara aðstæðna.

[15:45]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Þar sem samkomulag hefur tekist milli allra flokka um að fresta þessari umræðu nú verður forseti við því og er umræðu um þetta dagskrármál frestað. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 15:47.

84. FUNDUR

mánudaginn 13. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 8. þm. Reykv. s.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ögmundi Jónassyni, dagsett þann 13. mars sl.:

„Þar sem Hlynur Hallsson, varamaður Steingríms J. Sigfússonar, 5. þm. Norðaust., getur ekki lengur setið á Alþingi óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. þingskapa, að 2. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðausturkjördæmi, Bjarkey Gunnarsdóttir, Ólafsfirði, taki sæti á Alþingi í hans stað frá og með deginum í dag sem varamaður í veikindaforföllum Steingríms J. Sigfússonar."

Bjarkey Gunnarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á Alþingi að nýju.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skortur á hágæsluþjónustu á barnaspítalanum.

[15:04]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Nú hefur sú staðreynd legið fyrir í talsverðan tíma að það vantar sárlega hágæsluherbergi á Barnaspítala Hringsins og hafa hv. þingmenn eins og Margrét Frímannsdóttir og Gunnar Örlygsson veitt þessu máli verðskuldaða athygli með heimsóknum og fyrirspurn.

Vegalengdin milli barnaspítalans og gjörgæsludeildarinnar á Landspítalanum er löng. Þess finnast jafnvel sorgleg dæmi að þessi vegalengd hafi reynst of löng enda geta mínútur og jafnvel sekúndur skipt sköpum. Það verður að hefja rekstur á sérstöku hágæsluherbergi á barnaspítalanum og auka þannig öryggi og þjónustustig spítalans. Plássið er fyrir hendi og kostnaðurinn af slíkri deild er ekki mikill, sérstaklega í ljósi þeirra gríðarlegu hagsmuna sem eru í húfi. Þessi hágæsluþjónusta innan barnaspítalans mundi kosta um 60–80 millj. kr. á ári. Landspítalinn kostar hins vegar 30 þús. millj. kr. á hverju ári. Við erum því aðeins að tala um 0,2% af heildarrekstrarkostnaði spítalans, 0,2% fyrir þjónustu sem getur reynst lífsnauðsynleg.

Í umræðunni fyrir jól um fjárlög þessa árs fyrir aðeins um fjórum mánuðum lögðum við fram beina tillögu á Alþingi um að þessari viðbótarfjárhæð yrði veitt til Landspítalans svo að hægt væri að starfrækja svona hágæsluþjónustu á barnaspítalanum. Tillagan var því miður felld. Nýr hæstv. heilbrigðisráðherra sagði í fréttum nýlega að Ísland hefði besta heilbrigðiskerfi í heimi. En á meðan þessi alvarlega brotalöm er á kerfinu, á meðan börn og fjölskyldur þeirra búa ekki við hámarksöryggi finnst mér ekki hægt að halda því fram að hér sé til staðar besta heilbrigðiskerfi í heimi þrátt fyrir mjög hæft starfsfólk.

Ég skora því á nýjan heilbrigðisráðherra að sýna þann vilja að kippa þessu máli strax í liðinn. Það væri glæsilegt upphaf hjá henni sem nýjum heilbrigðisráðherra.

Frú forseti. Hér vantar eingöngu pólitískan vilja, gerum rétt og náum þverpólitískri samstöðu í dag og afgreiðum þetta hratt og vel.

[15:06]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Fyrir stuttu var fyrirspurn sama efnis svarað á Alþingi, það eru u.þ.b. sex vikur síðan, og það svar sem þá var gefið er á mjög svipuðum nótum og ég hef að segja hér í dag. Heilbrigðisþjónusta okkar er framúrskarandi og hv. þingmaður nefndi það einmitt áðan. Við erum með lægsta ungbarnadauða á Íslandi miðað við önnur ríki. Næsta ríki sem kemur á eftir okkur er Svíþjóð. Þetta er sá mælikvarði sem menn hafa helst miðað við þegar verið er að skoða hvort heilbrigðisþjónustan er góð eða ekki milli landa.

Það er alveg ljóst að hér er þjónustan framúrskarandi góð og það er m.a. að þakka því hæfa starfsfólki sem vinnur á barnaspítalanum en auðvitað líka miklu fleiri þáttum, svo sem ungbarnavernd, við fylgjumst með mæðrum á meðgöngu o.s.frv. Staðan er því afskaplega góð. Að sjálfsögðu lýkur aldrei uppbyggingu innan heilbrigðisþjónustunnar og þó að staðan sé góð eru mörg verkefni fram undan. Það verkefni sem hér er til umræðu er gjörgæsla eða það sem kallast hágæsla á barnaspítalanum. Nú þegar er fyrir gjörgæsla á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, mjög öflug gjörgæsla, en hún er ekki í sama húsi og barnaspítalinn, fara þarf um nokkurn veg eins og sýnt var fram á í þætti í gær og hefur verið til umræðu um nokkurt skeið.

Landspítalinn þarf auðvitað að forgangsraða sínum beiðnum. Ég vil nefna að hágæsla var ekki í forgangi í beiðnum á síðasta ári en við munum að sjálfsgöðu skoða þetta mál eins og önnur mál sem (Forseti hringir.) brýnt er að skoða innan heilbrigðisþjónustunnar.

[15:09]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Í Kompássþætti Stöðvar 2 í gærkvöldi rakti fréttamaðurinn Jóhannes Kr. Kristjánsson þá stöðu mála sem ríkir í hágæslumálum innan Barnaspítala Hringsins. Í þessum fréttaskýringaþætti voru tekin viðtöl við foreldra sem lýstu reynslu sinni með ótrúlegum styrk og mikilli ósérhlífni þar sem hlaupa þurfti langar vegalengdir með fár-

sjúkt barn eða frá barnaspítalanum yfir á gjörgæsludeild Landspítalans.

Á síðasta ári vakti ég athygli á málinu með fyrirspurn sem ég lagði fyrir þáverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson. Ég túlka svar ráðherrans við fyrirspurn minni á þann veg að umræddur vandi innan barnaspítalans sé fyllilega viðurkenndur og að unnið sé að því innan ráðuneytisins og yfirstjórnar Landspítala – háskólasjúkrahúss að finna lausn sem allir geta unað sáttir við.

Frú forseti. Til að fyrirbyggja að slíkir atburðir endurtaki sig er afar mikilvægt að nýskipaður hæstv. heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, taki nú af skarið ásamt yfirstjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss og ljúki verki forvera síns með því að tryggja strax á þessu ári sólarhringsrekstur á hágæslueiningu innan Barnaspítala Hringsins. Hér í þinginu virðist vera að myndast þverpólitísk samstaða um þetta mikilvæga mál og því ekki eftir neinu að bíða. Yngstu og veikustu börnin eiga sér engan málsvara, ekkert félag og engin skipuleg starfsemi fer fram þar sem barist er fyrir rétti barnanna í málum sem þessum. Það er því skylda okkar, löggjafans, að taka upp málið og fleyta því alla leið í heimahöfn.

[15:10]

Sæunn Stefánsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu mál sem lagt var fram áður í skriflegri fyrirspurn eins og kom fram í máli hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og auðvitað í kjölfar þess þáttar sem þingmenn fylgdust með í gærkvöldi. Mér fannst koma skýrt fram í máli ráðherrans að auðvitað er þetta mál til skoðunar sem og önnur mál, en það er ýmislegt sem menn verða að hafa í huga varðandi þetta, aðstaðan sem fyrir er á spítalanum, um hve mörg börn er að ræða. Þá veltir maður fyrir sér hvort um nógu mörg börn sé að ræða til þess að starfsfólk haldi sér í vissri þjálfun því að slík starfsemi útheimtir auðvitað mikla sérþekkingu. Þetta er eitt af þeim atriðum sem ég velti fyrir mér og menn hljóta að skoða.

Mér finnst þetta líka sýna enn á ný nauðsyn þess að byggja upp nýjan, sameinaðan spítala við Hringbrautina, sem auðvitað öll plön og áform gera ráð fyrir, þar sem sameina á allar bráðamóttökur spítalans á einn stað. Það er engin tilviljun að Barnaspítali Hringsins skuli hafa verið byggður einmitt á þessum stað því að í framtíðinni verður væntanlega gott aðgengi þarna á milli.

En eins og ráðherrann benti á höfum við mjög gott heilbrigðiskerfi hér á landi sem Landspítalinn og aðrar stofnanir kerfisins og auðvitað starfsmenn taka þátt í og eiga þakkir skildar fyrir. Hér var bent á ýmsar samanburðartölur sem styðja þetta en það er allt sem bendir til þess og það er ekki nóg að burðarmálsdauði styðji þá fullyrðingu heldur einnig lífslíkur og aðrar samanburðartölur sem menn nota til þess að bera saman góð heilbrigðiskerfi.

[15:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér mjög alvarlegt mál sem er vöntun á hágæsluaðstöðu fyrir veikustu börnin á Barnaspítala Hringsins en þingflokkur Samfylkingarinnar hefur látið sig mál þetta mjög varða. Við fórum öll og skoðuðum aðstæður á barnaspítalanum en Margrét Frímannsdóttir hefur tekið þetta mál upp og síðan Gunnar Örlygsson. Mig langar til að vitna aðeins í svar sem hv. þm. Gunnar Örlygsson fékk við fyrirspurn um þetta mál og spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra, sem ný er komin til ráðherrastarfa, hvernig hún muni bregðast við, því að í svarinu til hv. þingmanns segir fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra:

„Stjórnendur Landspítalans hafa nú til skoðunar með hvaða hætti mætti þróa og koma fyrir hágæsluaðstöðu á Barnaspítala Hringsins og reka hana með sem hagkvæmustum hætti. Er gert ráð fyrir að tillögur stjórnenda komi til skoðunar ráðherra áður en langt um líður.“

Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Hvenær býst hún við að fá þessar tillögur og hvernig mun hún fylgja þeim eftir því að hér segir að ráðherra muni taka næstu skref í samráði við stjórnendur Landspítala – háskólasjúkrahúss? Það kom fram á fundum með þingflokknum fyrir jól að það væri mjög mikilvægt að hafa þessa aðstöðu. Hún kostar ekki nema 60 millj. kr. en það er upphæð sem við lögðum til við fjárlagagerðina síðast en náði ekki fram að ganga. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún sé tilbúin að leggja það fjármagn fram t.d. af ráðstöfunarfé ráðherra þangað til þetta verður samþykkt í þinginu, því að mér heyrist á þeim sem hér hafa talað að það sé þverpólitísk samstaða um að koma þessari aðstöðu á því að fullkominn barnaspítali þarf hágæslu og það hefur sýnt sig á undanförnum mánuðum.

[15:15]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það er ekki auðvelt að taka þátt í umræðu á hinu háa Alþingi um hágæsludeild á barnaspítala Landspítalans í kjölfar þáttarins sem sýndur var í gærkvöldi á sjónvarpsstöðinni NFS. Fáir geta sett sig í stöðu foreldra sem missa barn sitt nema þeir sem reynt hafa.

Í nýjum barnaspítala er húsnæði og aðstaða fyrir hágæsludeild fyrir börn og þar geta allt að sex börn verið inniliggjandi á hverjum tíma. Deildina er hægt að opna með litlum fyrirvara eins og var gert fyrir réttu ári síðan þegar svæsin lungnasýkingarfaraldur tók sig upp og lagðist þungt á börn. Þegar mest var lágu fjögur börn á deildinni.

Aðstaða fyrir hágæsludeild er á sömu hæð og nýburagjörgæslan sem er í almennu tali kölluð vökudeild Barnaspítala Hringsins. Vökudeildin er þekkt fyrir afburða þjónustu og árangur. Vandinn sem stjórnendur Landspítalans standa hins vegar frammi fyrir er að ekki er þörf á að halda hágæsludeild gangandi allt árið, hágæsludeild fyrir börn. Þörfin er tilfallandi en ekki viðvarandi. Því þarf að leita raunhæfra leiða til að leysa vandann. Börn sem þurfa á hágæslu að halda fá meðferð á gjörgæsludeild spítalans sem er í aðalbyggingu sjúkrahússins en þar starfar sérhæft starfsfólk m.a. á sviði gjörgæslu barna. Hins vegar eru nú í gangi skipulagsbreytingar á legudeild barnaspítalans sem fela í sér að styrkja mönnun deildanna þannig að þær geti betur sinnt börnum sem þurfa á hágæslu að halda. Þannig er hægt að samnýta fagfólk á legudeild og vökudeild sem myndar grunn að hágæsluþjónustu fyrir börn innan veggja spítalans.

Ljóst er að íslenskt fagfólk í heilbrigðisþjónustu er mjög

fært. Það hefur þekkingu og þjálfun til að takast á við bráðatilvik eins og hjartastopp og öndunarnauð og neyðarteymi er starfandi á spítalanum sem kemur þegar kallað er. Þannig verður ekki annað sagt en að starfsfólk sé ávallt reiðubúið að takast á við erfiðustu aðstæður.

[15:17]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þau orð sem komu frá hv. þm. Ástu Möller að ekki er auðvelt að ræða þessi mál eftir að hafa horft á þáttinn Kompás í gærkvöldi. Hins vegar var þar eingöngu verið að fjalla um þær staðreyndir, þann vanda sem ungir foreldrar með veik börn sín, mjög veik eiga við að glíma. Og það er á okkar ábyrgð, vegna þess að fjárveitingavaldið er hjá Alþingi, að mynda þverpólitíska samstöðu og veita fjármagn til Landspítala – háskólasjúkrahúss þannig að hægt sé að reka hágæsluherbergi sem þegar er til staðar. Eins og kemur fram í svari fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar er tækjabúnaðurinn að mestu til staðar og við hönnun spítalans var gert ráð fyrir því að það væri um hágæslu að ræða á barnaspítalanum. Hvers vegna? Vegna þess að það væri ekki þörf á því? Af því að það er gjörgæsla fyrir á spítalanum? Nei. Við hönnun var tekið tillit til þessara þarfa og það er rétt sem hæstv. ráðherra segir. Við höfum góða heilbrigðisþjónustu á Íslandi. En framúrskarandi verður hún ekki fyrr en búið er að leysa það vandamál sem við er að etja á barnaspítalanum. Að hágæsluherbergið og þau tæki sem þar eru til staðar sé hægt að nýta í þágu þeirra barna sem á þurfa að halda.

Vissulega er það svo að þörfin er ekki viðvarandi, það er tilfallandi þörf. En við þurfum að sjá til þess að henni sé mætt í hvert eitt sinn. Af hverju? Vegna þess að líf hvers einstaklings sem bjargað er í hágæsluherbergi verður aldrei metið til fjár. Það vitum við. Við vitum líka að fjárveitingarnar til LSH eru á okkar ábyrgð og starfsemin þar með.

[15:19]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Ástu Möller sem nefndi það réttilega að þetta er erfitt mál og ekki auðvelt að taka þátt í þeirri umræðu í ljósi þeirra atburða sem urðu kannski tilefni þess sjónvarpsþáttar sem vitnað hefur verið til í umræðunni í dag. Eins og komið hefur fram vakti hv. þm. Gunnar Örlygsson athygli á þessu máli fyrir löngu síðan og hefur fylgt því eftir. Ég vil, með leyfi forseta, lesa úr svari hæstv. heilbrigðisráðherra við fyrirspurn hans sem var fyrir nokkru, en þar segir í niðurlagi, virðulegi forseti:

„Stjórnendur Landspítalans hafa nú til skoðunar með hvaða hætti mætti þróa og koma fyrir hágæsluaðstöðu á Barnaspítala Hringsins og reka hana með sem hagkvæmustum hætti. Er gert ráð fyrir að tillögur stjórnenda komi til skoðunar ráðherra áður en langt um líður. Að fengnum tillögum stjórnenda Landspítala – háskólasjúkrahúss um fyrirkomulag hágæslueiningar mun ráðherra taka ákvörðun um næstu skref í samráði við stjórnendur LSH."

Virðulegi forseti. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þetta mál. Ég held að það sé vilji okkar sem hér erum inni sem og allra annarra sem hér búa að hafa sem allra besta þjónustu og þá kannski sérstaklega fyrir ung börn og öryggið sé þar í fyrirrúmi.

Virðulegi forseti. Ég treysti hæstv. heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttur, fullkomlega til að hafa forustu um þetta mál og finna því góðan farveg því ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi þess að sjá til að bæta þjónustuna á þessu sviði og auka öryggi ungra barna.

[15:21]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Það er ánægjulegt að hér er að myndast þverpólitísk samstaða um að kippa þessu í liðinn. En ég vil hins vegar lýsa talsverðri óánægju með svör hæstv. heilbrigðisráðherra sem gerði lítið annað en vitna í sex vikna gamalt svar fyrrverandi heilbrigðisráðherra hvað þetta varðar.

Ég held að við stöndum frammi fyrir einstöku tækifæri til að mynda þverpólitíska samstöðu til að afgreiða þetta mál hratt og vel, eins og hv. þm. Gunnar Örlygsson benti á og kallaði eftir. Þetta snýst auðvitað um forgang hjá stjórnvöldum. Það er þessi salur sem hefur fjárveitingavaldið og ábyrgðin liggur hjá stjórnvöldum. Við getum kippt þessu í liðinn ef við viljum. Við stóðum til dæmis frammi fyrir því vali um síðustu jól. Þess vegna langar mig að kalla eftir skýrari vilja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hún muni beita sér fyrir þessari þjónustu. Mun hún tryggja fjármagn hratt og vel? Því tíminn skiptir auðvitað máli í þessu. Mun hún bíða eftir afgreiðslu næstu fjárlaga eða mun hún beita sér fyrir að þetta komist inn á fjáraukalög? Hvaða leið sér hún fyrir sér í þessu máli? Ef hún ætlar að beita sér fyrir þessari þjónustu hvenær má vænta þess?

Við eigum einfaldlega að gera þá kröfu að hér séu bestu mögulegu aðstæður fyrir landsmenn, ekki síst börn og eldri borgara. Sömuleiðis að gera kröfu um að sú þjónusta standi öllum til boða án tillits til efnahags en þær raddir heyrast í umræðunni að þeir efnameiri eigi að geta keypt sig fram fyrir aðra í heilbrigðiskerfinu. Samfylkingin hafnar slíkri leið svo það fari ekki milli mála og fleiri flokkar hafa gert það. Það veit ég. En Samfylkingin vill bæði öruggt og aðgengilegt heilbrigðskerfi en hérna stöndum við frammi fyrir því að það verður að auka öryggi á barnaspítalanum og það er hægt að gera með litlum tilkostnaði.

Frú forseti. Eitt tilfelli er einu tilfelli of mikið. Það eina sem vantar er hinn pólitíska vilja því kostnaðurinn er ekki það mikill og eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir benti á eru þessir hagsmunir ekki metnir til fjár.

[15:23]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hefur farið fram í þessum sal við mjög sérstakar aðstæður. Mér finnst hv. þingmenn hafa verið mjög yfirvegaðir í umræðunni og sýna málinu skilning og virðingu. Ég vil því sérstaklega þakka fyrir það. En það er þannig að Landspítali – háskólasjúkrahús vill hlúa vel að börnum og hefur gert það. Ég hef dregið fram að við erum með þar framúrskarandi þjónustu. Við skörum fram úr ef við miðum

okkur við aðra og því má ekki gleyma. Landspítalinn hefur staðið sig mjög vel og barnaspítalinn hefur verið þar fremstur í flokki varðandi þjónustu við veik börn.

Hér hefur verið rætt um tilfallandi þjónustu og það er rétt að það þarf að skoða hvernig henni er best fyrir komið. Það er alveg ljóst að við munum gera það með Landspítalanum eins og með önnur verkefni sem efla heilbrigðisþjónustu okkar. Það er því alveg klárt mál að þetta verður til skoðunar.

Ég vil hins vegar benda á að Landspítalinn setti ekki þessa gjörgæslu, þessa hágæslu barna, á sinn lista fyrir yfirstandandi fjárlagaár. Hvað segir það okkur? Þeir sem sýsla með þessi mál dagsdaglega og eru að forgangsraða innan sjúkrahússins, sem er auðvitað gerð krafa til að nýti fé skattborgaranna sem best, settu ekki þessa beiðni á forgangslistann fyrir yfirstandandi fjárlagaár. En vissulega munum við skoða þessi mál í framhaldinu, það er algerlega ljóst.

Ég vil taka fram að lokum sem er ótengt mál en hv. þingmaður kaus að taka hér inn og varðar það að borgað sé fram fyrir biðraðir, þá er alveg ljóst að Framsóknarflokkurinn hefur það ekki á stefnuskrá sinni.

Um fundarstjórn.

Þingmenn bera af sér sakir.

[15:26]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að fá að bera af mér sakir. Tilefnið er ummæli hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, síðastliðinn laugardag þar sem hún bar mig persónulega þeim sökum, svo og aðra þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að hafa falsað ummæli sín úr fjölmiðlum og notað við umræðu hér á Alþingi. Tilgreindi hæstv. ráðherra tiltekið dæmi um meintar falsanir.

Í umræðunni á Alþingi síðastliðinn laugardag stóð fullyrðing gegn fullyrðingu. Ég hef nú farið gaumgæfilega yfir öll frumgögn í þessu máli sem ég hef aflað með hjálp starfsmanna Alþingis og hefur komið í ljós, eins og ég reyndar var sannfærður um, að ásakanir hæstv. ráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, eru staðlausir stafir. Þessi gögn hafa nú verið lögð á borð allra alþingismanna. Hæstv. ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, hlýtur að eiga það við sjálfa sig hvort hún biðst afsökunar á því að bera þingmenn röngum sökum en hitt er alveg ljóst að í ljósi þeirra gagna sem nú hefur verið aflað hlýtur hún að draga ummæli sín til baka.

[15:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þeir eru vinnusamir hv. þingmenn Vinstri grænna og afrakstur helgarinnar er heil bók um mig og ég þakka kærlega fyrir það að mér skuli vera sýndur sá heiður. En ég verð hins vegar að hryggja hv. þingmann með því að það sem ég sagði á laugardaginn stendur. Það kemur fram í bókinni, þetta svar mitt að ég hafi sagt „já, það eru uppi áform um það," þegar ég er spurð um hvort það sé fyrsta skrefið í að einkavæða Landsvirkjun, vegna þess að ég hef hlýtt á þáttinn og ég segi bara alls ekki já. Það er málið og það var það sem ég bar upp á hv. þingmann að hann hefði falsað þessi ummæli mín um að ég hefði sagt já þegar ég var spurð að því hvort þarna sé fyrsta skref í einkavæðingu.

Þetta er það sem ég hef að segja við hv. þingmann. Svo á ég eftir að lesa þessa bók og fara yfir ýmislegt sem ég hef sagt um þessi mál. En það er þetta, ég gekk til hv. þingmanns þegar hann sagði þetta í fyrsta sinn í þinginu, sem hefur verið sagt oftar en einu sinni, af því að ég vildi sjá hvort hann væri með útskrift frá Fjölmiðlavaktinni og þá sá ég að það var ekki, heldur hafði hann sjálfur ritað þetta upp eða einhver á hans vegum og þá var þarna komið já. Þetta er það sem ég hef að segja við hv. þingmann.

[15:29]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég hvet menn til að kynna sér gögnin.

[15:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Á fundi Alþingis síðastliðinn laugardag óskaði sá sem hér stendur eftir því við hæstv. forseta, sem þá sat á stóli forseta, að fá að bera af sér sakir skv. 55. gr. þingskapa, sem segir að þingmanni sé heimilt að gera stutta athugasemd til þess að bera af sér sakir. Sá sem hér stendur vill ekki una því að þurfa að sitja uppi með þau ummæli hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar að ég nenni ekki að vinna vinnuna mína. Ég mótmæli því og mun mótmæla því áfram eins og mér finnst ástæða til ef þau ummæli verða um mig höfð.

Mér finnst hins vegar leitt og vil taka það fram og tilkynna, hæstv. forseti, að það var óvarlegt af mér, jafnþungum manni og ég er, að snerta við vinstri öxl hv. þingmanns og mun ég frekar horfa í aðrar áttir í framtíðinni og nota orðalag til að svara hv. þingmanni. Ég mun hins vegar minnast orða hans og þau verða síðar rifjuð upp við hentugt tækifæri, hv. þingmaður. Ég uni ekki ummælum þínum að ég vinni ekki vinnuna mína.

Um fundarstjórn.

Fundur iðnaðarnefndar um vatnalögin.

[15:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel ástæðu til að nefna það enn einu sinni við hæstv. forseta að hún fari nú vandlega yfir stöðu þessa máls, vatnalagafrumvarpsins, og velti því fyrir sér hvort hún eigi ekki að beita sér fyrir því að málið verði tekið til baka og skoðað vandlega með það fyrir augum að það náist á ný sátt í málinu því að hún er brotin með þeirri framkomu sem hér hefur verið viðhöfð.

Við vorum á fundi í iðnaðarnefnd í morgun og ég þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir að kalla nefndina saman til að fá skýringar á ýmsum hlutum sem hér hafa gerst undanfarna daga. Þær fengust heldur dauflegar sumar en það komu líka upp mál á þeim fundi sem vert er að vekja athygli á. Meðal annars virðist vera ástæða til að spyrja hvort

sá kafli í þessu frumvarpi sem fjallar um eignarnám muni breyta réttarstöðu þeirra sem hlut eiga að máli hvað eignarnámið varðar. Það er líka ástæða til að velta því fyrir sér hvort ástæðan fyrir þeim gassagangi sem er hér á ferðinni við að troða þessu máli í gegn sé að einhverju leyti sú að menn eigi í einhverjum vandamálum viðkomandi þeim framkvæmdum sem núna eiga sér stað austur á fjörðum. Ef svo er finnst mér að menn eigi að tala hreinskilnislega um þá hluti. Við höfum ekki fengið neinar skýringar á því hvers vegna svo hart er gengið fram.

Það er ástæða til að muna eftir þessu vegna þess að í núgildandi lögum segir að „vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið" og það á að standa áfram í lögum samkvæmt frumvarpinu. En í lögunum segir einnig: „Nú verður breyting á farvegi eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að, sem land eiga að, og skal þeim þá rétt að færa vatnið í samt lag, ..."

Það stendur í lögunum í dag að verði þeim mein að sem land eiga að, skuli rétt að færa vatnið í samt lag.

Nú eru engar eignarnámsheimildir í lögunum sem samþykkt voru um Kárahnjúkavirkjun og því þarf að spyrja og fá greið svör við því hvort ástæða sé til að halda að þar sé réttarstaðan önnur vegna þess að okkur hefur verið sagt að öll sú lagasetning sem hér er á ferðinni lúti að formi en ekki breytingu á réttarstöðu.

Ég tel að full ástæða sé til þess að hæstv. forseti fari að huga að því að þetta mál verði tekið til heildarendurskoðunar með það fyrir augum að menn skilji hvað er hér á ferðinni. (Forseti hringir.) Það er a.m.k. ekki ljóst samkvæmt þeim svörum sem við fengum í morgun.

[15:35]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill árétta það að verið er að ræða um fundarstjórn forseta og biður hv. þingmenn um að halda sér við formhlið málsins en ekki efnishlið.

[15:35]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Vegna þess fundar sem haldinn var í hv. iðnaðarnefnd finnst mér rétt af því að við ræðum hér um fundarstjórn forseta að rifja aðeins upp það sem fram fór á fundi nefndarinnar vegna þessa máls. Eins og við höfum tekið eftir sem höfum fylgst með þessari umræðu hefur deilan um vatnalagafrumvarpið snúist um það m.a. hvort um formbreytingu eða efnisbreytingu sé að ræða í þessu frumvarpi. Menn hefur greint á um það. Við í stjórnarliðinu höfum haldið því fram að einungis sé um formbreytingu að ræða varðandi það hvað felst í eignarrétti landeigenda og teljum að vatn og vatnsréttindi séu undirorpin eignarrétti þeirra. Það var staðfest á fundi nefndarinnar í morgun, og ég veit ekki betur en að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, fulltrúi Samfylkingarinnar, sem kom á þann fund hafi tekið undir það, að menn hafi í íslenskri lögfræði, bæði dómstólar og fræðimenn, verið sammála um þetta inntak vatnalaganna síðustu 80 ár. Ef hv. þingmaður vill leiðrétta þennan skilning minn á því sem kom fram á fundinum þá gerir hann það.

Ég lít svo á að við höfum náð saman um það á fundi nefndarinnar að hér væri einungis um formbreytingu en ekki efnisbreytingu að ræða. Við urðum líka sammála um að sú meginbreyting sem fram kemur í þessum lögum varðar stjórnsýslu vatnamála en ekki efnisbreytingu á inntaki eignarréttarins.

Í þessari umræðu, frú forseti, hefur líka verið kvartað yfir því að vatnalagafrumvarpið sé ekki tekið til umræðu samhliða því að fjalla um vatnatilskipun ESB. Það kom fram á fundi nefndarinnar í morgun hjá embættismanni úr umhverfisráðuneytinu, sem var mjög upplýsandi, að vatnatilskipun ESB mun, þegar hún verður lögleidd í íslenskan rétt sem verður líklega á árunum 2018–2019, ekki innihalda atriði sem varða náttúruvernd, dýravernd, auðlindastjórnun eða stjórn fiskveiða. Menn hafa talað mikið um það á hinu háa Alþingi að rétt sé að fjalla um frumvarp til vatnalaga ásamt vatnatilskipuninni af þeirri ástæðu að rétt sé að taka umræðu um náttúruvernd samhliða vatnalögunum sem slíkum. En það var sem sagt upplýst að þegar þessi tilskipun verður innleidd í íslenskan rétt mun hún ekki fjalla um náttúruvernd. Ég tel rétt að þetta komi fram hér vegna þess að ég tel (Forseti hringir.) að þetta sé mikilvægt atriði og ætti að greiða fyrir frekari umræðu um þetta mál.

(**Forseti** (SP)**:** Enn og aftur verður forseti að árétta það við hv. þingmenn að þeir ræði um formhlið þessa máls en ekki efnishlið.)

[15:39]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði áðan að höfundar frumvarpsins eru enn sömu skoðunar og þeir voru og mér er bæði ljúft og skylt að viðurkenna að það kom fram á fundi í morgun að höfundar frumvarpsins, sem rituðu einnig greinargerð sem fylgir frumvarpinu, eru sömu skoðunar í dag og þeir voru þegar þeir skrifuðu greinargerðina. Mér er bæði ljúft og skylt að staðfesta þetta.

Það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson benti hins vegar á hér í upphafi var að á fundinum kom fram að vatnalögin og sú hugsun sem bjó að baki þeim var fyrst og fremst um það ástand sem var, þ.e. þá tækni sem þá var uppi og þá möguleika sem menn höfðu til að mynda til að færa árfarvegi, vatn og annað slíkt á milli svæða. Hugmyndafræðin var kannski sú, eins og einn höfundur rakti, að þetta væru fyrst og fremst árfarvegir sem mætti breyta með skóflum og haka, eins og hann orðaði það. Aðspurður um þá miklu vatnaflutninga sem fyrirhugaðir eru austur á landi kom vitaskuld skýrt fram að vatnalögin voru ekki hugsuð til að takast á við slíkt. Þess vegna vöknuðu upp spurningar um hvort eignarnámsheimildir gildandi vatnalaga dygðu til að takast á við nauðsynlegt eignarnám vegna þessara miklu vatnaflutninga og í raun og veru komu engin skýr svör fram við því nema að vitaskuld muni þau lög gilda sem verða í gildi þegar ráðist verður í þetta eignarnám. Og eignarnámsheimildir í því vatnalagafrumvarpi sem nú er verið að ræða eru ólíkt víðfeðmari en þær heimildir sem eru í gildandi vatnalögum.

Við vildum fá svör við þessu og m.a. vegna þess, virðulegi forseti, að við höfum fjallað um það hér hvaða nauðsyn sé á því að reka málið á hinu háa Alþingi eins og raun ber

vitni. Í hverju felst sú nauðsyn og af hverju er allur þessi asi? Við höfum reynt að kalla þetta fram og vitaskuld vaknaði upp sú spurning hvort svo kunni að vera að það sé nauðsynlegt að festa þessar eignarnámsheimildir í lög til þess að framkvæmdir fyrir austan geti haldið áfram án tafar. Mér finnst mikilvægt, ef sú er raunin, sem lesa mátti úr fundi iðnaðarnefndar í morgun, að Alþingi viti af því svo menn séu ekki að kúldrast með svona hugmyndir neðan jarðar í þeirri miklu umræðu sem hér fer fram um vatnalögin. Ég kalla eftir skýringu á þessu atriði, virðulegi forseti.

[15:42]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér fór fram mikil umræða í síðustu viku um fundarstjórn forseta. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar óskuðu eftir tilteknum upplýsingum og gerð var krafa um að hv. iðnaðarnefnd kæmi saman til þess að svara þeim spurningum sem bornar voru upp úr ræðustól Alþingis. Ég sá enga fyrirstöðu í því að greiða fyrir umræðu um málið með því að kalla á þá gesti sem komu fyrir nefndina í morgun. Þar komu fram ákveðnar útleggingar á máli Karls Axelssonar í Háskóla Íslands sl. föstudag í fyrirlestri sem hann hélt þar um frumvarpið sem við ræðum hér. Ákveðins misskilnings gætti og ákveðinnar túlkunar á orðum hans sem hann leiðrétti í morgun. Það fór ekkert á milli mála hjá Karli Axelssyni að það breytir engu um stórvirkjanir eða virkjunarframkvæmdirnar á Austurlandi hvort í gildi eru núgildandi vatnalög eða það frumvarp sem við ræðum hér. Þetta kom skýrt fram á fundi nefndarinnar í morgun. Ef menn vilja reyna að afbaka það eitthvað meira þá er mönnum einfaldlega ekki viðbjargandi í þessari umræðu.

Að öðru leyti komu fram fyrirspurnir um hver væri staða vatnatilskipunar Evrópusambandsins og tenging vatnatilskipunarinnar og þess frumvarps sem við ræðum hér en hv. þm. Össur Skarphéðinsson óskaði eftir því að farið yrði nánar ofan í það mál. Farið var ofan í það mál á fundi nefndarinnar í morgun með embættismanni úr umhverfisráðuneytinu og fulltrúa frá Umhverfisstofnun. Það komu fram mjög afdráttarlausar skoðanir hjá fulltrúa umhverfisráðuneytisins um að vatnatilskipun Evrópusambandsins skarist ekki í neinu við það frumvarp sem við ræðum hér og það sé ekkert því til fyrirstöðu að halda áfram að ræða frumvarpið og afgreiða það með lögum frá Alþingi í vor.

Þetta var beiðni stjórnarandstöðunnar í síðustu viku og mér fannst nauðsynlegt að greiða fyrir þeirri umræðu og fá svör við þessum spurningum. Við stjórnarliðar höfum sannfæringu fyrir því að hér sé um góða lagasetningarvenju að ræða. Við styðjumst við álit allra helstu sérfræðinga á sviði eignarréttar á 20. og 21. öldinni. Hér er ekki um neina stefnubreytingu að ræða, hæstv. forseti, og við stöndum fast á því, hv. stjórnarliðar, að þetta frumvarp eigi að verða að lögum, enda höfum við álit allra helstu sérfræðinga á sviði eignarréttar á 20. og 21. öldinni eins og áður sagði. Ég vona að fundur iðnaðarnefndar í morgun greiði fyrir þeirri umræðu sem fram undan er um það frumvarp sem við ræðum hér.

[15:45]

Einar Oddur Kristjánsson:

Frú forseti. Það var einlægur vilji formanns iðnaðarnefndar þegar ákveðið var að taka þetta mál fyrir á aukafundi í dag að reyna að stuðla að einhvers konar sáttum. Það var farið yfir þetta alveg eins og beðið var um, mjög gaumgæfilega. Ég gat ekki ætlað annað en að allir fengju þau svör sem þeir vildu. En það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að þetta mál er á góðri leið með að verða okkur öllum til töluverðra vandræða.

Þetta byrjaði ekki vel og við höfum ekki tekið þetta út með neinu offorsi. Þetta byrjaði í fyrra. Þá áttum við mikla fundi og langa. Þá lentum við í því að upp kom heilmikil valdastreita í stjórnkerfinu sem olli okkur vandræðum. Hún var um það hverjir ættu að ráða, hver væri hver, hvar hvers ráðuneyti væri o.s.frv. Það fór langur tími í að leiðrétta þetta, langur tími og mikil fyrirhöfn hjá iðnaðarnefndinni. Núna hafa menn miklar áhyggjur af því hvort við séum að herða eignarréttarákvæðið, hvort neikvæður eignarréttur sé öðruvísi skilgreindur eða skýrari en jákvæður o.s.frv. Mér sýnist, virðulegi forseti, að menn séu komnir allir dálítið of langt. Það kemst enginn til baka. Stjórnarliðarnir geta ekki bakkað, geta ekki látið stjórnarandstöðuna stjórna sér. Stjórnarandstaðan er búin að segja svo mikið að hún getur ekki bakkað heldur.

Niðurstaðan af efnislegri umfjöllun í nefndinni, að mínum dómi, virðulegi forseti, var sú að ágreiningurinn er nú mun minni en menn vilja vera láta. Það mætti jafnvel halda að yrði þetta frumvarp samþykkt og að lögum mundi fátt breytast. Einnig hitt að verði það ekki að lögum muni ekkert breytast heldur.

Hér er þingið komið í töluverðan vanda. (Gripið fram í.) Ég verð þá að segja, virðulegi forseti, að ég held að það væri mjög gott ef forustumenn þeirra stjórnmálaflokka sem sitja hérna hugleiddu þetta og reyndu að átta sig á því hvort nokkur möguleiki væri, þingsins vegna, að koma okkur út úr þessum vandræðum án þess að menn teldu sig bera af því stóran skaða. Það er mjög óheppilegt þegar menn festast í deilum um nánast ekki neitt, eins og hér standa málin. Það er mjög óheppilegt fyrir alla, ekkert síður okkur stjórnarliðana en stjórnarandstöðuna.

Þess vegna bið ég, virðulegi forseti, menn að hugleiða þetta bara í rólegheitum og vera afslappaðir. Er ekki einhver leið út úr þessu? Að vísu er ég búinn að segja að menn geti snuddað hérna fram að páskum. Ég sagði það fyrir helgina. Kannski var það rétt hjá mér en ég hef samt dálitlar áhyggjur af því að menn verði orðnir leiðir þegar kemur fram á pálmasunnudag.

Ég bið menn að hugleiða þetta í rólegheitunum. Deilurnar eru minni en menn vilja vera láta.

[15:48]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um það að stundum er gott og hyggilegt að fara sér hægt. Þegar Alþingi setur lög um grundvallarmál á að fara sér hægt. Mér hefur stundum orðið hugsað til þess varðandi lagasetningu sem tengist þessari og lýtur að auðlindum í jörðu — lög sem voru sett á Alþingi 1998 — þá

hefðum við betur farið hægar í sakirnar og gefið okkur lengri tíma til að íhuga málið. Við erum nefnilega að fjalla um grundvallaratriði.

Þegar vatnalögin voru sett árið 1923 tók það Alþingi ein fjögur ár að gaumgæfa ýmsa þætti sem að málinu lúta. Okkar tillaga í stjórnarandstöðunni er sú að við gerum einmitt þetta, að við förum okkur hægt.

Þessi dagskrárliður fjallar um stjórn fundarins. Nú vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forseta þingsins: Hvernig ætlar forsetinn að stýra þessum fundi? Hve lengi á hann að standa? Og hvað með þinghaldið fram undan? Hér brenna ýmis mál á þinginu og úti í þjóðfélaginu. Við höfum sett fram óskir um utandagskrárumræður. Við fáum engin svör við því hvort hægt sé að taka málin upp, um það t.d. hvort eigi að heimila efnafólki að kaupa sig fram fyrir í biðröðum á heilbrigðisstofnunum landsins. Þetta eru málefni sem við viljum ræða enda hafa ríkisstjórnin og fulltrúar hennar hvatt til að efnt verði til umræðu um mál af þessu tagi.

Ekkert getur hins vegar komist að vegna þeirrar þrjósku ríkisstjórnarinnar að halda þessu umdeilda frumvarpi til streitu. Að því leyti tek ég undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Sýnum nú skynsemi og förum okkur hægt. Víkjum þessu máli til hliðar. Gefum okkur betri tíma og könnum hvort við getum náð um það þverpólitískri sátt.

[15:51]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseta ber að stýra þingfundum samkvæmt þingsköpum og hyggst gera það. Að öðru leyti fer hann eftir mælendaskrá. Mér telst til að einir níu hv. þingmenn óski eftir að ræða um fundarstjórn forseta. Svo er líka löng mælendaskrá með því máli sem er á dagskrá þingsins.

[15:51]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég held að ræða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sé þess eðlis að við ættum aðeins að staldra við inntak hennar. Þó svo að við tökumst á í stjórnmálum og tökumst á hér inni eru samt sem áður stærri hagsmunir í húfi. Það er ekkert nýtt að okkur greini á. Það er ekkert nýtt að við notum þau orð að hér sé um grundvallaratriði að ræða, það skipti ekki máli þó að viðkomandi mál nái fram. Oft og tíðum — þó er ég ekki búinn að vera hérna lengi — hefur maður heyrt að upplýsingar séu ónógar og allt milli himins og jarðar flýgur hér úr ræðustóli.

Ef við erum komin í þá stöðu, ég ætla ekkert að leggja dóm á það enda held ég að það sé ekki hollt að segja hverjum er um að kenna, að við getum ekki komið hér málum í gegn sem meiri hluti er fyrir í þinginu með nokkuð eðlilegum hætti, þegar öll sjónarmið eru komin fram, snýst það um miklu meira en eitt einstakt mál, eða eitt einstakt þing ef út í það er farið. Það snýst, virðulegi forseti, bara um hvernig lýðræðið virkar í þessu landi. Það snýst ekkert bara um þessa stofnun hér því að svo sannarlega erum við með fleiri lýðræðislegar stofnanir sem við höfum mörg hver starfað í. Nú hafa menn alveg frelsi til að hafa allar skoðanir hver á öðrum hér inni og stjórnmálaöflum og fyrir hvað þau standa og hvað þau eru að gera en við hljótum að vera sammála um að það sé okkar hlutverk hér inni að halda virðingu þessarar stofnunar og sjá til þess að við festumst ekki í einhverju öngstræti með mál, sama hvert það er. Við getum ekki bara komið okkur í þá stöðu að ekki sé hægt að ná neinni lendingu. Þess vegna held ég að það væri afskaplega hollt ef menn mundu fara að tillögu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, að forustumenn flokkanna settust niður og skoðuðu hvort hægt væri að finna einhvern flöt á því að lenda þessum málum þannig að allir gætu gengið uppréttir frá því.

Ég held að virðing okkar góða vinnustaðar sem er afskaplega mikilvæg — ég þarf ekki að fara yfir það, æðsta valdastofnun landsins — muni ekki aukast ef við höldum áfram eins og búið er að halda áfram hér undanfarna daga. Við skulum hafa í huga að þessi stofnun stendur fyrir stærri hluti og lýðræðið stendur fyrir stærri hluti, ef þannig má að orði komast, en einstaka mál.

[15:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil segja í upphafi að ég dáist að forseta Alþingis og þeirri yfirvegun sem hún sýnir hér í þessari stjórn á fundum. Það hefur gengið á ýmsu hjá okkur, það er óhætt að segja það. Kannski hef ég líka látið orð falla sem hafa verið óþarflega sterk. Það er ekki útilokað.

Ég er að velta því fyrir mér með hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að nú verða þeir líka að hugsa það að þeir geti lent í ríkisstjórn. Það er bókstaflega hægt að hugsa sér að það gerist eftir ár. (Gripið fram í.) Það er ekki útilokað. Ég útiloka ekkert. Ég er að hugsa það núna: Ef þetta fer í gegn, þetta frumvarp, og þessari skilgreiningu verður breytt úr jákvæðri yfir í neikvæða hvað varðar eignarréttinn, eru hv. þingmenn tilbúnir að segja það núna að þeir mundu fara í lagabreytingu og breyta aftur yfir í jákvæðu nálgunina? Ég efast um það. (Gripið fram í.) Það skiptir svo sem ekki máli. En ef hv. þingmenn eru sammála mér um að það skipti ekki máli færu þeir varla að standa í slíku þó að þeir væru komnir hér með völdin og meiri hlutann á hv. Alþingi. Þetta er akkúrat formið en ekki efnið sem hér er um að ræða.

Svo vil ég líka fá að segja, af því að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var að velta fyrir sér hvort þetta gæti haft áhrif í sambandi við stórframkvæmdir fyrir austan, að svo er ekki. Ég er búin að kynna mér það og það eru allir sammála um það. Það var skipuð nefnd sem er að fara yfir vatnsréttindin hvað varðar sjálfar framkvæmdirnar á heiðinni. Þau lög sem eru í gildi í dag skipta ekki máli. Það skiptir ekki máli hvort þau eru í gildi eða að frumvarpið verði orðið að lögum. (Gripið fram í.) Hið sama gildir niðri í Fljótsdalnum þar sem augljóslega verður meira vatn sem rennur eftir að eitt fljót hefur verið flutt. Þá er það spurning um skaðabótamál sem bændur í Fljótsdal færu hugsanlega í. Það verður bara að hafa sinn gang samkvæmt lögum. Þetta frumvarp er ekki sett hér fram í tengslum við stórframkvæmdir fyrir austan. Ég vil að það sé alveg klárt.

Svo vil ég segja að síðustu: Hver getur ekki tekið undir það að við viljum að allir geti haft aðgang að vatni út af þessari yfirskrift og ráðstefnu sem haldin var, „Vatn fyrir alla“? Við erum öll sammála um það. Við Íslendingar þurfum ekki að óttast að við förum út á einhverjar hættulegar

brautir í sambandi við þessa miklu yfirskrift, „Vatn fyrir alla“, þótt þetta frumvarp verði að lögum. Það breytir engu um það.

Ég er að vonast til að hv. þingmenn velti því fyrir sér hvort við getum ekki einhvern veginn klárað þetta. Því miður er ekki til neinn millivegur. Þetta er annaðhvort jákvæð skilgreining eða neikvæð. Það er nokkuð ljóst að (Forseti hringir.) stjórnarmeirihlutinn getur ekki dregið þetta frumvarp til baka. (**Gripið fram í:** Nú?) (**Gripið fram í:** Af hverju ekki?)

[15:58]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er engu líkara en að gervallur þingheimur hafi farið í messu í gær, það svífur svo mikill friðarvilji yfir vötnum. Að sjálfsögðu er það þannig að stjórnarandstaðan er reiðubúin til að láta lýðræðið hafa sinn framgang. Það er einfaldlega þannig að lýðræðið krefst þess líka að mál sem eru samþykkt séu rannsökuð út í hörgul.

Ég ætla að byrja á því að þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, formanni iðnaðarnefndar, fyrir að hafa sýnt stjórnarandstöðunni þá virðingu að boða til fundar í iðnaðarnefnd til að ræða ákveðnar spurningar sem komu fram í umræðunni fyrir helgi. Því miður er það þó alger grundvallarforsenda að menn viti á hvaða forsendum málin eru rædd. Hér koma hv. stjórnarliðar og segja að þetta sé engin breyting, þetta sé bara formbreyting, engin eðlisbreyting. Við þurfum að ganga úr skugga um það og þau orð sem aðalhöfundur frumvarpsins hefur látið falla eru ekki sérlega heppileg til að draga úr efasemdum okkar.

Ég sat ekki fund iðnaðarnefndar í morgun en ég hef hér í höndum óformlegt plagg sem aðalhöfundurinn, Karl Axelsson, lét eftir í nefndinni. Í því má sjá viðhorf hans. Það gefur til kynna að ákveðin réttaróvissa sé uppi í framkvæmdum eystra sem verið sé að leysa með þessu frumvarpi. Ef það er svo er stjórnarandstaðan hugsanlega til viðræðu um það en það verður þá að skýra málið út í hörgul.

Í plagginu sem ég hef í höndunum, því sem Karl Axelsson lét af höndum að því er mínir fulltrúar í nefndinni sögðu mér í morgun, segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Við erum búin að sjá forsmekkinn að þessu vegna Kárahnjúkavirkjunar þar sem Jökulsá á Dal er flutt úr farvegi sínum og kemur til með að renna um farveg annars fljóts, þ.e. Jökulsár á Fljótsdal og Lagarfljóts, til sjávar.

Miklar vangaveltur og spurningar hafa þegar vaknað, annars vegar um réttarstöðu fasteignareigenda við Jökulsá á Dal sem sviptir verða vatni og vatnsréttindum, og svo hins vegar um réttarstöðu fasteignareigenda við Jökulsá á Fljótsdal og Lagarfljót þar sem bæta mun í vatn.“

Frú forseti. Hvað er aðalhöfundurinn að segja hérna? Hann segir að réttaróvissa ríki í tengslum við framkvæmdirnar fyrir austan. Gott og vel, leysum sameiginlega úr því, ef þarf, með lögum en við þurfum hins vegar að vita hvort þetta sé hluti af því sem rekur svona fast á eftir að þetta mál sé keyrt í gegn með þessum asa. Ég skil ekki hvers vegna það er svona mikill þrýstingur á mál sem hæstv. ráðherra segir að skipti í sjálfu sér engu máli. Er það þetta, er það einhver óvissa varðandi framkvæmdir við Kárahnjúka eða við nýjar Þjórsárvirkjanir sem tengjast þessu máli? Það þurfum við að vita.

[16:01]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Til að upplýsa hæstv. forseta frekar um það sem gerðist á fundi iðnaðarnefndar í morgun tel ég rétt að geta þess að gögn þau sem kallað var eftir af hv. 1. þm. Reykv. n. á fundi hér á föstudaginn voru lögð fram í nefndinni en þau voru einungis lögð fram á því tungumáli sem sýslað er með í kommissjón Evrópusambandsins, þ.e. á ensku. Frá því fyrir helgi hefur verið vitað að óskað yrði eftir að þessi gögn yrðu lögð fram. Það kemur í ljós að gögnin eru undirrituð eða gerð 7. nóvember 2005 og enn liggja þau ekki fyrir í íslenskri þýðingu. Það hlýtur að teljast ámælisvert og á fundi nefndarinnar óskaði ég eftir því við starfsmenn umhverfisráðuneytisins að þýðingu á gögnunum yrði flýtt þannig að við ættum í þessari umræðu auðveldara með að sýsla með þau.

Ég vil að hæstv. forseti viti þetta og tryggi að rekið verði á eftir því að gögnin verði þýdd þannig að hægt sé að sýsla með þau á því tungumáli sem við notum í þessum ræðustóli og á þann hátt sem eðlilegur getur talist.

Það kemur nefnilega í ljós að Ísland hefur skorið sig frá Liechtenstein og Noregi og er með sérbókun varðandi málið. Sú sérbókun er í mínum augum nokkuð flókin þó að ég teljist skilja ensku. Ég varð ekki vör við að það næðist sameiginlegur skilningur á ummælum fulltrúa umhverfisráðuneytisins í nefndinni í morgun. Það var ljóst að fulltrúi Umhverfisstofnunar á fundinum hélt fast við umsögn Umhverfisstofnunar. Hún stríðir þvert gegn ummælum starfsmanns umhverfisráðuneytisins, sem að sjálfsögðu er trúr stefnu síns umhverfisráðherra. Umhverfisráðuneytið er búið að taka afstöðu í þessu máli. Sú afstaða helgast af afstöðu iðnaðarráðherra og afstöðu ríkisstjórnarinnar, þannig að það er eðlilegt að fulltrúi umhverfisráðuneytisins tali fyrir hönd umhverfisráðherra. En stofnanirnar sem sýsla með þessi mál úti í samfélaginu hafa ekki breytt sínu áliti þannig að enn stendur orð gegn orði hvað varðar megingrundvöll þessa máls. Það er enn nokkuð í land með að skýra þau gögn sem komu til okkar í morgun.

Varðandi það sem er að gerast fyrir austan og eignarnámsákvæðin vil ég segja að ég lít svo á að í morgun hafi skilningur minn í þessum efnum verið staðfestur sem er svohljóðandi: Ég tel að löggjöf okkar í dag ráði ekki við þau eignarréttarlegu álitamál sem eru af þeirri stærðargráðu sem upp hafa komið þarna fyrir austan og eru óleyst og við erum að glíma við. (Forseti hringir.) Að mínu mati var skilningur minn að þessu leyti staðfestur.

[16:04]

Útbýting:

Íbúaþróun á Austurlandi, 540. mál, svar félmrh., þskj. 904.

Lífeyrissjóður bænda, 622. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 915.

Samræmd lokapróf í grunnskóla, 621. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 907.

Tekjuskattur, 623. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 916.

Virðisaukaskattur, 624. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 917.

[16:05]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér hafa komið fram óskir um að formenn stjórnmálaflokkanna komi saman og ræði þá stöðu sem uppi er hvað varðar þinghaldið. Ég óska eftir því, frú forseti, að orðið verði við þeirri ósk sem hefur m.a. komið frá tveimur hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Mér finnst sjálfsagt að fara fram á það við hæstv. forseta að hún geri einfaldlega hlé nú þegar á störfum þingsins til að kanna hvort hægt sé að ráða fram úr málum hér með því að halda stuttan fund.

Það hefur komið fram í máli manna í iðnaðarnefnd að fundurinn í nefndinni hafi verið mjög góður. Ég get tekið undir það að hann hafi verið gagnlegur fyrir skilning á málinu. Ég verð nú samt að segja að ég fór fram á að ákveðinn sérfræðingur í þessum málum kæmi á fund nefndarinnar til þess að fá fram kjarna málsins. En hv. formaður iðnaðarnefndar fékk ekki þau boð frá mér. Hann svaraði ekki síma í gær þegar ég reyndi að ná í hann. Ég sendi honum tölvuskeyti og því miður var hann upptekinn við að sinna Framsóknarfélaginu á Siglufirði og komst ekki í tölvuna sína í allan morgun. Ég er á því að ef við fáum fram öll gögn málsins gæti það orðið til þess að að einhverju leyti geti náðst niðurstaða í þetta mál.

Ég vil leiðrétta eitt sem fram kom hér undir þessum lið þó að það heyri kannski ekki algjörlega undir fundarstjórn forseta, og ég vona að hæstv. forseti virði það við mig. Það kom fram hér mjög ómerkileg lýsing hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni á því sem fram fór á þessum ágæta fundi. Þar sagði hann í rauninni eingöngu frá annarri hlið málsins þegar hann var að segja frá því hvort vatnatilskipunin hefði einhver áhrif á ákveðna málaflokka. Menn voru ekki sáttir í þeirri nefnd og það var ekki ein mynd sem þar var dregin upp. Það kom fram, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi, að fulltrúi umhverfisráðuneytisins sagði að þetta kæmi náttúruvernd ekkert við. En sérfræðingurinn sem kom frá Umhverfisstofnun var algjörlega ósammála því

Ef við ætlum að koma þessu máli hér áfram og halda virðingu þingsins þá finnst mér að menn eigi að segja satt og rétt frá því sem gerist á nefndarfundum. Annað er ósæmilegt og ég er á því að það sé hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni ekki til framdráttar að draga upp villandi mynd af því sem fram fer á nefndarfundum.

[16:08]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að ræða aðeins um fundarstjórn forseta vegna þess að ég tel að það beri að greina forseta frá því sem gerðist í störfum iðnaðarnefndar í morgun. Það er rétt að það verði dregið hér fram að við í stjórnarandstöðunni höfðum beðið um fleiri gesti inn á fundinn en boðaðir voru. Þar vil ég sérstaklega nefna gesti sem við vildum heyra álit frá í tengslum við vatnatilskipun Evrópusambandsins. Við höfðum t.d. beðið um að fulltrúar Náttúrufræðistofnunar Íslands kæmu á fundinn þar sem Náttúrufræðistofnun hafði sent inn umsögn sem lýsti því að þeir teldu, eins og Umhverfisstofnun, að það þyrfti að leggja þessi frumvörp, þ.e. frumvarp um lögleiðingu vatnatilskipunar og frumvarp um vatnalög, fram samhliða. Því tel ég að það hefði verið mikilvægt að fá þau sjónarmið eins og við báðum Umhverfisstofnun um, þ.e. hvort þau stæðu við umsögn sína um að það bæri að leggja þessi tvö frumvörp saman. Við þessu var ekki orðið og verð ég að lýsa því hér að mér þykir það mjög miður vegna þess að þetta skiptir verulegu máli. Eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði réttilega þá fullyrti fulltrúi umhverfisráðuneytisins að ekki væri fjallað um náttúruvernd í niðurstöðu þeirri sem lögð verður fram í frumvarpi um lögleiðingu vatnatilskipunarinnar, þannig að mér hefði þótt mikilvægt að fá þau sjónarmið fram.

Það var annað mjög merkilegt sem kom fram í þessari umfjöllun nefndarinnar. Það kom fram hjá einum af höfundum frumvarpsins að hvergi eða óvíða í heiminum væri gengið jafnlangt við lagasetningu í átt til séreignarréttar og hér á landi. Þetta finnst mér dálítið merkilegt að heyra og ég tel að hæstv. ríkisstjórn og þeir sem að þessu máli standa þurfi að rökstyðja það miklu, miklu betur en gert hefur verið hvers vegna við erum að ganga svo langt í aðra átt en nágrannaríki okkar og þau ríki sem við viljum vera í takti við.

Og bara svo að menn átti sig á því hver andinn innan Evrópusambandsins er þá segir í vatnatilskipun þess:

„Vatn er ekki eins og hver önnur verslunarvara heldur arfleifð sem ber að vernda, standa vörð um og fara með sem slíka."

Þetta er sá andi sem er innan Evrópusambandsins í viðhorfum gagnvart vatninu og ég tel mjög mikilvægt að við ræðum þetta í samhengi, að við séum að taka kúrsinn svo langt frá þeim ríkjum sem við berum okkur saman við sem hafa öll haldið vatninu fyrir utan séreign. (Forseti hringir.) Mér finnst að það verði að útskýra það miklu betur hvers vegna við erum að fara í aðrar áttir.

[16:11]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Enn og aftur verður forseti að áminna hv. þingmenn um að ræða um formhlið málsins, ekki efnishlið.

[16:12]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég velti því fyrir mér hvort virðulegur hæstv. forseti fylgist ekki með því sem sagt er hér varðandi meðferð málsins í þinginu. Það hefur komið fram að það er mikill ágreiningur um málsmeðferðina, það er líka ágreiningur um efnisinnihaldið. Fulltrúar meiri hlutans fullyrða að þetta frumvarp feli ekki í sér neina breytingu frá gildandi lögum og m.a.s. hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem á að ég held líka sæti í iðnaðarnefnd, sagði að það skipti engu máli hvort það yrði samþykkt eða tekið burt. Mér finnst þetta mjög athyglisverð ummæli, frú forseti.

Ég vil svo benda á að hér er tekist á um grundvallaratriði, þ.e. um stöðu vatns, hvort það eigi að einkavæða vatn, það verði háð einkaréttindum, eða hvort vatnið sé í grunninn í eigu allra, í eigu almennings, í eigu þjóðarinnar, í eigu framtíðarinnar, tekist er á um það.

Þetta var líka deiluefni á árunum 1921–1924 og þá bar þingið gæfu til þess að skipa þingnefnd, nefnd þingmanna, um málið. Sú nefnd kom fram með tillögur sem voru sam-

þykktar af þinginu. Nú búum við við það að hér er verktaki sem vinnur frumvarp til laga og síðan er það keyrt inn í þingið og þar hótar bara meiri hlutinn: Ja, við erum með meiri hluta og við skulum sjá til þess að það verði samþykkt. Þetta eru allt önnur vinnubrögð en þá voru viðhöfð. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom inn á það hér áðan hvort það væri ekki hægt að taka upp einhver skynsamlegri vinnubrögð varðandi þetta mál. Þá bar þingið, undir stjórn vafalaust góðs forseta, gæfu til þess að leggja það til að þingið sjálft skipaði nefnd til að fjalla um þessi grundvallaratriði.

Ég vil hér, frú forseti, beina því til hæstv. forseta að taka sér þáverandi forseta, á árunum 1921–1923, til fyrirmyndar og að hér verði skipuð þingnefnd, nefnd þingmanna, til að vinna frumvarp um þetta grundvallarmál um stöðu vatnsins. Það væru hin réttu og eðlilegu vinnubrögð í því lýðræðislega samfélagi sem við viljum hafa.

[16:15]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla að reyna að ræða hér um fundarstjórn forseta. En bið forseta samt velvirðingar á því að þótt ég ætli að ræða hér fyrst og fremst um formið þá verður form og inntak ekki alltaf svo auðveldlega aðskilið, eins og við sjáum annars vel í frumvarpi til vatnalaga.

Því hefur verið haldið fram af stjórnarliðunum að hér sé einvörðungu um formbreytingu að ræða en enga efnisbreytingu. Við sem erum í stjórnarandstöðunni erum sannfærð um og sjáum það á orðanna hljóðan í þessu frumvarpi að það er verið að færa nýtingarrétt yfir í lögformlegan eignarrétt. Það er verið að lögbinda einkaeignarréttinn á vatni og stjórnarliðar segja að með þessu sé verið að færa þetta til samræmis við réttarþróun sem verið hafi hér síðan 1923.

Það kann vel að vera að réttarþróunin hafi verið í þessa veru á undanförnum árum. En við erum pólitískt ósammála því og við tökumst á um málið pólitískt hér á þingi rétt eins og menn gerðu 1923. Það er auðvitað okkar hér að ákveða hvað við viljum festa í lög af þessum hlutum.

Ef þetta frumvarp nær fram að ganga þá er farið úr jákvæðri skilgreiningu á eignarrétti yfir í neikvæða. Það er ekki bara formbreyting. Það er efnisbreyting og lýtur ekki síst að framtíðinni. Við þurfum kannski ekki að hafa allar áhyggjur af því í dag en það er framtíðin sem við erum að hugsa um í þessu sambandi.

En telji stjórnarliðar nú að á þessu sé bitamunur en ekki fjár þá er auðvitað algjörlega útlátalaust af þeirra hálfu að koma til móts við stjórnarandstöðuna í þessu máli. Hér hefur heyrst nokkur sáttatónn í ýmsum stjórnarliðum í þinginu í dag, m.a. í formanni og varaformanni iðnaðarnefndar. Ég vil því leggja það til við hæstv. forseta að hún beiti sér fyrir því að kalla saman forustu stjórnmálaflokkanna hér á þingi til að ræða hvort ekki megi halda í þá skilgreiningu sem nú er í vatnalögum. Gera ekki þessa breytingu sem stjórnarliðar segja hvort eð er að sé bara formbreyting en ekki efnisbreyting. Það er ekki þar með sagt að við næðum endilega saman um þetta frumvarp. En ég er sannfærð um að það mundi liðka fyrir þingstörfum ef menn gætu brotið þar odd af oflæti sínu og komið þarna til móts við stjórnarandstöðuna.

Ég hvet því forseta til að beita sér fyrir þessu.

[16:17]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Ég hef fylgst með þeirri umræðu sem farið hefur fram hér undanfarna daga, að hluta til úr fjarlægð og ekki tekið þátt í henni. Þetta eru því fyrstu afskipti mín af henni. Ég verð að segja eins og er, frú forseti, að mér þykir mikils um vert að hér sé rætt um fundarstjórn forseta.

Ég vil líka segja að umræðan í dag er öðruvísi en hún var fyrir helgi. Það er gjörólíkur tónn í ýmsum þingmönnum og ég vil vekja sérstaka athygli á því sem kom fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, varaformanni iðnaðarnefndar, og hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, varaþingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins. Þar er í rauninni áskorun til hæstv. forseta um að málið verði nú sett í örlitla kælingu, eins og við gerum nú gjarnan við vatnið, það er ekki hægt að skilja það öðruvísi.

Að farið yrði eftir tilmælum þessara hv. þingmanna yrði málinu ábyggilega til góðs og framvindu þess hér á þingi. Ég tel að hæstv. forseti hafi ýmsa möguleika til þess að auka virðingu Alþingis með slíkum vinnubrögðum. Það er rétt hjá hæstv. forseta að forseta ber að fara eftir þingsköpum. Forseti hefur vald til að boða til þingfunda hvenær sem forseti telur þörf á slíku.

En það vald sem hæstv. forseta er falið er líka á stundum vandmeðfarið. Ég held að hæstv. forseti ætti að íhuga það mjög vandlega hvort sé ekki betur farið með það vald með því að verða við þeim áskorunum sem hér hafa komið fram, m.a. frá tveimur hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að forustumenn stjórnmálaflokkanna hér á Alþingi verði kallaðir saman til fundar til að athuga hvort ekki sé hægt að koma þessu máli í annan farveg en við höfum þurft að horfa upp á að undanförnu.

Ég ætla ekki að gerast dómari í málinu og taka undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um að allir hafi farið of langt í málinu. Ég get hins vegar fullyrt að margir hafa farið of langt í málinu. Hv. þingmaður sagði líka að það mundi engu breyta hvort þau lög sem nú eru í gildi stæðu áfram eða frumvarpið sem nú liggur fyrir yrði að lögum. Þá kemur eðlilega upp sú sjálfsagða spurning: Hvað er það sem liggur þá á?

Ég held, frú forseti, að það hljóti að vera hægt að upplýsa, að minnsta kosti á fundi með forustumönnum stjórnmálaflokkanna, hvað það er sem liggur á. Hver vandinn er og kanna hvort ekki sé hægt að leysa þann vanda, ef hann er einhver, í slíkum hópi ef ástæður eru þær að það er ekki hægt að upplýsa þær hér í þingsal sem er auðvitað afar sérkennilegt.

En frú forseti. Það eru mín lokaorð að hæstv. forseti íhugi mjög alvarlega þær ábendingar sem m.a. hafa hér komið frá tveimur hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í dag.

[16:21]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Við erum í umræðu undir liðnum um fundarstjórn forseta sem auðvitað er um hvernig þingstörf skuli fara fram. Það gerðist á fundi með forseta í dag að það

var ekki hægt að leggja fram vikuáætlun. Það var bara dagsáætlun. Er það auðvitað miður.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram. Við getum sagt að fram hafi komið ákveðinn sáttatónn frá stjórnarliðum. Þó svo það geti vel verið að eitt hafi verið eftir, þ.e. einhver þvergirðingsháttur hæstv. iðnaðarráðherra að geta ekki fallist á eða viðurkennt að enn eitt frumvarp frá henni verði tekið til baka. Það er kannski vandi þingsins. Það er kannski vandamálið sem við stöndum frammi fyrir að stjórnarliðar hafa séð að þetta frumvarp er meingallað. Stjórnarandstæðingar eru ekki sammála því að vatnið, þessi auðlind, verði tekin og sett á braskmarkað framtíðarinnar. Við vitum að iðnaðarráðherra hefur talað ógætilega um einkavæðingu Landsvirkjunar o.s.frv., það er þessi einkavæðingarárátta Framsóknarflokksins. Þetta skyldi þó ekki vera hluti af því sem að minnsta kosti tveir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa talað um, annar þeirra varaformaður iðnaðarnefndar, að kannski væri full ástæða til að taka þetta til baka og skoða þetta örlítið betur.

Virðulegi forseti. Ég hef stundum átt þess kost að sitja sem varaformaður þingflokks inni á fundum með forseta Alþingis þar sem vikuáætlun og störf þingsins eru rædd. Frumvarpið um jarðrænar auðlindir kemur aftur upp í huga minn en stjórnarandstæðingar héldu hér mikilli umræðu um það og bentu á hversu meingallað það frumvarp var. Ég ætla að gera það fyrir hæstv. iðnaðarráðherra að rifja ekki upp þau ummæli sem þar fóru fram þar hæstv. ráðherra baðst afsökunar á að hafa misskilið sitt eigið frumvarp. Nóg um það. Það var rétt, hún varð manneskja að meiri við það.

En er það kannski vandamálið okkar hér nú, virðulegi forseti, að það sé ekki hægt að gera þetta aftur? Er það vandamálið? Þess vegna skulu það vera mín lokaorð að ég tel að forseti Alþingis eigi að beita sér fyrir því að taka þetta mál út af dagskrá og láta skoða það betur en hér er verið að gera. Annars heldur þessi umræða svona áfram vegna þess að hér er himinn og haf á milli.

Virðulegi forseti. Það má eiginlega spyrja hvort ekki væri ástæða til að taka vatnið og kæla það. Gefa mönnum tóm til að fara í gegnum þetta. Það er svo margt sem hefur komið í frumvörpum frá hæstv. iðnaðarráðherra sem hefur þurft að skoða betur og ég held að hér sé enn eitt frumvarpið af því tagi. Forseti Alþingis verður að taka á því vegna þess að ekki gerir ráðherrann það, hún getur greinilega ekki gert þetta tvisvar.

[16:24]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst af öllu upplýsa það að ég hef setið fundi með hæstv. forseta og með formönnum annarra þingflokka. Ég get vottað að hæstv. forseti hefur lagt sig í líma við að skapa sátt um málsmeðferð hér á þingi og lagt fram mörg útspil í þá átt að skapa sátt hér á hv. Alþingi. Því miður hefur sú sátt ekki náðst. (**KLM:** Það skiptir ekki máli ...)

Ég taldi, hæstv. forseti, að það væri leið til sátta að kalla saman iðnaðarnefnd og fá svör við þeim spurningum sem stjórnarandstæðingar lögðu hér fram í umræðu í síðustu viku. Ég taldi það.

Reyndar finnst mér, að umræðan sé nú heldur að dempast og ég fagna því. En ég get ekki tekið undir, og ég mótmæli harðlega orðum hv. þm. Kristjáns Möller um hæstv. iðnaðarráðherra. Að málið sé hér í gíslingu vegna þess að hæstv. iðnaðarráðherra vilji ekki draga það til baka. Hæstv. iðnaðarráðherra, ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hér á þingi standa ekkert ein í þessu máli. Álit Lögmannafélags Íslands, laganefndar Lögmannafélagsins staðfestir að hér sé um góða lagasetningarvenju að ræða. (Gripið fram í.) Við höfum farið yfir það að allir lögspekingar á sviði eignarréttar á 20. öldinni standa með hæstv. ríkisstjórn í þessu máli. (**KolH:** Ekki ... spekingar.) Standa með hæstv. ríkisstjórn í þessu máli og stjórnarmeirihlutanum. Og stjórnarmeirihlutinn stendur hér keikur.

En hæstv. forseti. Ég kom hér upp til að bregðast við ummælum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að það frumvarp sem við ræðum hér sé gert til að mæta réttaróvissu við Kárahnjúkavirkjun. Ég vil leiðrétta þann misskilning. Það kom fram í starfi nefndarinnar í morgun, í ummælum Karls Axelssonar að það muni í engu breyta hvað réttaróvissu varðar um framkvæmdir á Kárahnjúkasvæðinu hvort núverandi vatnalög væru í gildi eða það frumvarp sem við ræðum hér. Engu breyta. Þetta sagði Karl Axelsson skýrt fyrir iðnaðarnefnd í morgun.

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir því að hér deila menn og hér eru ólík sjónarmið. En hv. formaður Samfylkingar lýsti því áðan yfir að hún teldi að hér væri um efnisbreytingu að ræða. Það er rétt að stjórnarandstaðan er ósammála stjórnarliðum í þessu efni. En er líka ósammála öllum fremstu sérfræðingum á sviði eignarréttar, 20. og 21. aldarinnar, hvað þetta varðar. Svo skal hver dæma fyrir sig hver hefur rétt fyrir sér í þessum efnum. Hér er einungis um formbreytingu að ræða og ég tel mikilvægt að við förum að ljúka þessari umræðu og tek undir þann sáttatón sem ég hef heyrt í máli margra hv. þingmanna í dag.

[16:27]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Í umræðunni í dag hafa orðið pólitísk tíðindi, það sem gerðist nú við upphaf þingfundar, og um það vil ég ræða sérstaklega við hæstv. forseta. Samstaða stjórnarflokkanna um málið er greinilega að bresta. Það var ekki hægt að skilja orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar öðruvísi en að Sjálfstæðisflokkur væri að falla frá stuðningi við málið. (**Gripið fram í:** Nei, ...) Sjálfstæðisflokkurinn rétti upp hvíta flaggið og óskaði eftir að ná sáttum við stjórnarandstöðuna um málið og þau orð er aldrei hægt að túlka öðruvísi en þannig að það fallið væri frá inntaki málsins og því sem deilt er um með einhverjum hætti.

Hér er hart deilt um grundvallaratriði. Hér er hart deilt um einhverja róttækustu einkavæðingarhugmynd sem fram hefur komið, sem jafnvel virtustu frjálshyggjumenn hefði ekki dreymt um að kæmi fram í formi frumvarps hér á Alþingi og sérstaklega ekki borið fram af hv. þingmönnum framsóknarmanna. Það undarlega við þetta mál í dag er að Sjálfstæðisflokkurinn er að verða deigur í málinu og virðist vera að falla frá stuðningi við það. Samstaða virðist vera að bresta á meðal stjórnarflokkanna. En uppi situr Framsóknarflokkurinn með málið í fanginu, borið uppi af hæstv. iðn-

aðarráðherra og hv. þm. og formanni iðnaðarnefndar, Birki Jóni Jónssyni, sem annars hefur staðið sig merkilega vel í þessu dauðadæmda máli. Þetta mál er dæmt til að farast hér í þinginu af því hér er um grundvallarbreytingu að ræða, einkavæðingu á vatninu til framtíðar, sem er aldrei hægt að ná annarri samstöðu um við stjórnarandstöðuna en þá að fallið verði frá því ákvæði frumvarpsins sem harðast er deilt um.

Það blasir við og gefur augaleið og þess vegna er ekki hægt að túlka ræður hv. þingmanna öðruvísi en þannig. Þegar hv. formaður þingflokks sjálfstæðismanna, Guðlaugur Þór Þórðarson — starfandi formaður síðustu viku alla vega — tók undir það með afdráttarlausum og yfirveguðum hætti hérna áðan, þá hlýtur að mega túlka það sem skilaboð frá stóra flokknum í stjórnarsamstarfinu um að Sjálfstæðisflokkurinn ætli ekki að spilla meiru í þessu máli enda hefur málið stórskaðað ímynd ríkisstjórnarinnar nú þegar.

Mjög umdeilt mál og ekkert undarlegt að samstaðan um það sé að bresta. Út frá því hljóta menn að ræða um framtíð málsins hér í þingsalnum. Út frá því, virðulegi forseti, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur óskað eftir því í gegnum tvo af talsmönnum sínum í málinu að reynt verði að ná sátt við stjórnarandstöðuna í málinu. Þetta hljóta að vera ákveðin straumhvörf í málinu, ákveðin vatnaskil og hvernig umræðunni vindur fram í málinu hlýtur að þurfa að skoðast sérstaklega út frá nokkuð afdráttarlausum yfirlýsingum þessara tveggja forustumanna í Sjálfstæðisflokknum um að samstaða stjórnarflokkanna sé að bresta í málinu.

[16:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Mér fannst á tímabili í þessari umræðu aðeins meiri (Gripið fram í.) sáttatónn um að koma málinu áfram þannig að hugsanlega mundi hilla undir það í þessari viku að málið kæmist í einhvern farveg. Ég tel ástæðu til að hafa orð á því að ég tel að það hafi verið vel til fundið hjá hv. formanni iðnaðarnefndar að halda fund í nefndinni og fara yfir málið og mér heyrist á mönnum að enda þótt þeir séu ekki alveg sammála um það sem þar fór fram hafi þetta þó orðið til þess að aðeins hafi þokast saman með fólki.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um að reynt verði að leita leiða til að finna farveg fyrir þetta mál. Ég held að það sé ekkert sérstaklega gæfulegt að við ræðum það hér út alla þessa viku sem stefnir í eins og málið liggur fyrir, og held að það væri kannski málinu til framdráttar að við reyndum að finna á því flöt ef hægt er. Þetta er skrýtið mál, stjórnarliðar segja að þetta sé ekki nein breyting og síðan kemur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og segir að það skipti engu máli hvort frumvarpið fari í gegn eða ekki, ástandið sé það sama, og loks koma sérfræðingar fyrir iðnaðarnefnd og lýsa því yfir að engin efnisbreyting verði á lögunum eftir því sem mér heyrðist á formanni iðnaðarnefndar en aðrir nefndarmenn hafa skilið þetta öðruvísi.

Hæstv. forseti. Ég held að rétt væri að staldra við og kanna hvort hægt sé að finna einhvern flöt á málinu og ég hygg að það yrði málinu til framdráttar. Í öllum erfiðum málum er til einn flötur og hér er hann er einfaldlega sá að ef það er eindreginn vilji ríkisstjórnarinnar að fara með þetta mál í gegn þá gætu menn gert það en látið gildistökuákvæðin koma til framkvæmda á árinu 2007. Þá reynir á það hvort málið hefur einhvern framgang eða hvort þetta er bara deila um keisarans skegg.

[16:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál, sem snýst um munaðarleysi regndropanna sem menn hafa svo miklar áhyggjur af í stjórnarliðinu að þurfi að eignast foreldra eða eigendur, á upphaf sitt með þeim hætti, eins og okkur var sagt frá á fundi í iðnaðarnefnd í morgun, að Eyvindur G. Gunnarsson settist niður með Þorgeiri Örlygssyni, en Eyvindur G. Gunnarsson er höfundur þessa frumvarps, og þar kom tali þeirra að það væri líklega rétt að breyta þessari skilgreiningu. Þetta var okkur sagt í morgun. En þegar leið á fundinn kom fleira fram og ég tel ástæðu til að vekja aftur athygli á því að ekki fengust svör við því hvaða réttarstaða gæti hugsanlega breyst í sambandi við eignarnám. Það er full ástæða til þess að menn fari yfir það. Það er alfarið rangt að komið hafi fram skýr svör við því hvort réttarstaðan í sambandi við eignarnámið muni breytast. Ef maður ber saman lagafrumvarpið sem við erum með í höndunum og gömlu lögin þá er ástæða til þess að gera ráð fyrir að það sé hugsanlegt. Ég fór yfir það áðan og það verður örugglega farið betur yfir það í umræðunni.

Síðan hefur það komið fram hjá tveimur þingmönnum stjórnarliðanna, tveimur sjálfstæðismönnum, að þeir telji ástæðu til að menn fari sér hægar í þessu máli, velti því fyrir sér hvort þar séu einhverjir sáttamöguleikar. Bent hefur verið á að formenn flokkanna ættu að ræða málið. Ég tel ástæðu til þess að menn geri það. Það er alveg hugsanlegt að á Alþingi hafi menn álíka reisn og menn höfðu hér 1923 og að hægt sé að ná saman um það að skilgreina hvað menn eiga og hvað menn mega og að út úr því verði sú niðurstaða að menn klári lagasetningu. Ég útiloka það ekki. Ef menn taka sér tíma til þess er alveg sjálfsagt að skoða það. Ég skora á hæstv. forseta að beita sér fyrir því að þannig verði farið að, enda margbúið að lýsa yfir að engin vá sé fyrir dyrum og hér sé aðeins um formbreytingu að ræða frá hendi stjórnarliða í málinu. Við höfum hins vegar miklar áhyggjur af því að hér sé fleira á ferðinni. Hvers vegna væri það svo mikil fórn, hæstv. forseti, að koma til móts við okkur sem höfum áhyggjur ef hinir sem eru áhyggjulausir eru sannfærðir um að ekkert breytist? Hvað er þá að? Hvers vegna eru menn þá ekki tilbúnir til að ganga til móts við okkur?

Við höfum ekki fengið nein svör við því en við höfum hins vegar fengið upp fleiri spurningarmerki eftir fundinn í morgun, m.a. um eignarnám og breytingu á réttarstöðu aðila vegna eignarnámsins.

[16:36]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hér fer fram mikil umræða um fundarstjórn forseta varðandi það mál sem hér er á dagskrá í dag og kannski ekki undarlegt að menn velti fyrir sér hver staðan sé í málinu því að margir vilja taka þátt í efnislegri umræðu um það. Eins og allir vita hefur umræðan um þetta mál tek-

ið langan tíma og þrátt fyrir að menn hafi verið lengi á mælendaskrá hafa þeir ekki komist að í efnislega umræðu vegna þess hve ítarlega menn hafa þurft að fara yfir málið í ræðum sínum.

Það er svolítið erfitt að átta sig á stöðunni sem uppi er þegar maður hlustar á hv. stjórnarliða koma hér í ræðustólinn og lýsa því yfir að í raun sé nánast engin breyting í frumvarpinu frá gildandi lögum, þetta sé í raun og veru eingöngu formbreyting og þar af leiðandi skipti það engu hvort þetta sé samþykkt eða ekki. Þegar maður hlustar á þann málflutning þá veltir maður fyrir sér hver vegna verið sé að keyra þetta með þeirri hörku og þvergirðingshætti sem hér er verið að gera. Getur verið að það sé eingöngu vegna vana, að það sé eingöngu vegna þess að þannig hefur og vill stjórnarmeirihlutinn keyra sín mál áfram eða liggur eitthvað annað þar á bak við?

Það er ekki alltaf auðvelt að átta sig á hvað hæstv. iðnaðarráðherra er að meina þegar ráðherrann tjáir sig um hin ýmsu mál. Ég held að hin góða greinargerð sem hv. þm. Ögmundur Jónasson lagði hér fram fyrr í dag sýni okkur það að ekki er alltaf auðvelt að átta sig á hvort hæstv. ráðherra er að segja já eða segja nei þegar verið er að ræða ákveðin mál og erfitt að komast að skoðun hæstv. ráðherra.

Frú forseti. Niðurstöðu hljótum við að þurfa að ná, við þurfum að halda þingstörfum áfram og koma málum þingsins áfram. En maður hlýtur að velta því fyrir sér, eftir að hv. varaformaður iðnaðarnefndar, Einar Oddur Kristjánsson, kom hér upp og síðan hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, og lýsa í raun, að mér finnst, breyttri stöðu í afstöðu sinni til málsins, að það sé kannski ekki eins brýnt af hálfu stjórnarliðsins að klára málið og áður virtist vera og láta það trufla þingstörfin með þeim hætti sem það gerir. Því hlýtur maður að velta fyrir sér hvort hæstv. forseti ætti ekki að kanna hvernig málið stendur í þingsalnum, hver sé vilji meiri hluta þingmanna varðandi málið. Á að halda áfram á þann hátt sem nú er gert, á halda áfram að láta þetta mál trufla þingstörfin eins og það er búið að gera eða ætla menn að skoða hvort ekki væri rétt að virða meirihlutavilja þingmanna, sem kallað er eftir, því að mér heyrist meiri hluti þingmanna vilja að málið verði (Forseti hringir.) kæft eða lagt í salt.

[16:39]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég get ekki skilið umræðuna og afstöðu hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar það sem af er þessum degi öðruvísi en svo að öldurnar í þessu máli hafi lægt nokkuð. En eins og ég kom að í fyrri ræðu minni um fundarstjórn forseta (Gripið fram í.) var það upplýst á fundi hv. iðnaðarnefndar að vatnatilskipunin, sem mönnum hefur orðið mjög tíðrætt um í umræðunni og kvartað yfir að ekki væri rædd samhliða frumvarpinu, fjallar ekki um náttúruvernd, dýravernd eða auðlindastjórnun og að það frumvarp sem unnið verður á næstu mánuðum eða árum muni ekki taka til þessara atriða. Ég lít því þannig á að við getum lagt þann ágreining í málinu algjörlega til hliðar. (Gripið fram í.)

Síðan virðast aðrir hlutir sem fram komu á þessum fundi iðnaðarnefndar hafa farið eitthvað öfugt ofan í menn, t.d. hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem reyndar var ekki á fundinum. Hann fjallaði hér um Kárahnjúka og spurði hvort þessu frumvarpi til vatnalaga, sem við höfum verið að ræða hér, sé ætlað að leysa einhverja réttaróvissu um Kárahnjúka. Auðvitað er það ekki svo. Þrátt fyrir að Karl Axelsson hafi minnst á Kárahnjúka í fyrirlestri sínum í Háskóla Íslands þá var það gert í allt öðru samhengi.

Mig langar til þess að biðja hv. þm. Össur Skarphéðinsson að athuga það að um Kárahnjúkavirkjun gilda sérlög og að öllu lögmæltu ferli varðandi Kárahnjúka er lokið. Eins og sjá má af 2. gr. þessa frumvarps ganga sérlög framar almennum lögum, sem frumvarp til vatnalaga er, og þar af leiðandi hefur þetta frumvarp enga þýðingu varðandi Kárahnjúkavirkjun og núgildandi vatnalög ekki heldur. Þetta kom mjög skýrt fram á fundi iðnaðarnefndar í morgun þannig að þetta eru allt saman útúrsnúningar og hátoganir.

Varðandi það að við sjálfstæðismenn séum að falla frá stuðningi við þetta mál þá er það algjör misskilningur hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni. (Gripið fram í.) Ég vil líka taka fram að ekki er verið að fjalla um það í þessu frumvarpi að einkavæða vatn en ef hv. þingmaður fengi að ráða yrðu vatnsréttindin, sem eru séreign landeigenda samkvæmt gildandi lögum, þjóðnýtt. (Forseti hringir.) Og ég veit ekki hvað landeigendur í Gnúpverjahreppi mundu segja ef hv. þingmaður stæði fyrir því að vatnsréttindi þeirra yrðu hirt af þeim.

[16:42]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er erfitt að ræða þetta mál meðan menn eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson ræðir um þjóðnýtingu sem stefnu þeirra sem aðhyllast allsherjarstefnuna frá fyrstu áratugum aldarinnar. (Gripið fram í.) Það er sérkennilegt vegna þess að þjóðnýting í huga og munni þess þingmanns sem þar talaði og félaga hans þýðir það sama og kommúnismi og það orð hefur reyndar heyrst hér í ræðum um okkur stjórnarandstæðinga sem erum að reyna að stilla svo til að þjóðin hafi enn þá forsjá, hafi eins og ákveðið var 1923, með vatninu en það ekki allt fært í einkaeign, eins og stendur í 4. gr. þess frumvarps sem verið er að ræða í þessu efni. (Gripið fram í.) Það skýrasta í því er kannski það: Af hverju, ef ekki er um formbreytingu að ræða, getur þá ekki 2. gr. í núgildandi lögum orðið að 4. gr. í núverandi frumvarpi? Ef svo væri, ef menn geta svarað því, ef menn eru reiðubúnir til þess þá væri kannski kominn tími hér til sátta.

Ég verð svo að segja í tilefni af því sem síðustu hv. ræðumenn hafa sagt að það er auðvitað alls ekki svo að fréttirnar úr iðnaðarnefnd í morgun hafi með einhverjum hætti vikið vatnatilskipun Evrópusambandsins til hliðar í málinu. Það hefur alls ekki gerst. Það hefur að vísu verið upplýst að í samningunum sem fóru fram 20. febrúar, ef mig misminnir ekki, og hefur ekki verið sagt frá í fréttum eða fréttatilkynningum og reynt nánast að gæta þess að komi ekki inn í þingið, séu ákveðnir hlutir undanteknir. Það er rétt en það er hins vegar þannig að það breytir því ekki að eðlilegt er að fjalla um þetta tvennt í einu.

Við höfum ekki ástæðu til þess að treysta iðnaðarráðherra hæstv. eða ríkisstjórninni hæstv. í þessum málum. Við viljum fá að sjá pappírana hér á borðum. Ég hef áður sagt það hér, tvisvar, þrisvar eða fjórum sinnum, að í grein-

argerð frumvarpsins nú og frumvarpsins í fyrra hefur verið sagt að frumvarp liggi fyrir tilbúið í drögum í umhverfisráðuneytinu. Komi það frumvarp hér inn.

Ég verð svo að segja, forseti, að ég held að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi, eftir því sem mér skilst á endursögn, komið hér með einhvers konar millilendingu í málinu, að gert verði gert hlé og gengið til hinna hefðbundnu venjulegu þingstarfa meðan formenn flokka leggist yfir þessi mál, ekki síst auðvitað Kárahnjúkavinkilinn sem ég þarf að ræða um síðar í þessum umræðum um fundarstjórn forseta, og reyna að finna út úr því hvernig þetta mál á að leysast hér í þinginu. Það er farið að hafa allt önnur áhrif á störf þingsins en menn ætluðu í byrjun og það er ekki sök þeirra sem reynt hafa að leggjast gegn þessari vitleysu, lagt sjálfa sig í veginn gegn þessari vitleysu, heldur þeirra sem fara hér af stað með vanbúið mál og styðja það án þess að skilja það og án þess að hafa á því mikið vit.

[16:46]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég bar upp spurningu fyrr í umræðunni um fundarstjórn forseta, hvort hæstv. forseti ætlaði að fresta fundum til þess að orðið væri við þeirri ósk sem fram hefur komið í máli margra hvað varðar að halda fund með formönnum stjórnmálaflokkanna til að greiða megi fyrir þingstörfum. Það væri fróðlegt að fá að vita hvort hæstv. forseti ætlar að taka afstöðu til þeirrar óskar.

Það virðist ekki vera. En ég ætla ekki eingöngu að gera fundarstjórn forseta að umtalsefni heldur einnig það sem hefur komið fram í máli manna hér, sem að mínu mati hafa farið nokkuð vítt og breitt og ef til vil rangtúlkað það sem kom fram á fundi iðnaðarnefndar þingsins í morgun. Ég vil fyrst nefna ódýran málflutning hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar þegar hann greinir frá því að upplýst hafi verið að það sem fram kemur í þessari ágætu vatnatilskipun komi málinu ekki við. En ríkisstjórnin vill samt ekki fyrir nokkra muni leiða umrædda vatnatilskipun fram og gera að lögum fyrr en einhvern tíma síðar. Að vatnatilskipunin komi málinu ekki við er einfaldlega ekki rétt hjá hv. þingmanni, um það mál hefur komið fram mikill ágreiningur.

Það var vísu sérfræðingur ráðuneytisins sem hélt þessu fram en hann er auðvitað undir hælnum á hæstv. umhverfisráðherra. Hjá sérfræðingi á vegum Umhverfisstofnunar kom það hins vegar skýrt og skorinort fram að þeir hefðu í engu breytt afstöðu sinni til þess að vatnatilskipunin komi málinu við. Enda hvernig má annað vera þar sem vatnatilskipunin fjallar um mengunarvarnir og verndun lífríkisins? Og að heyra hv. þm. eins og Sigurð Kára Kristjánsson koma hér og segja að mengunarvarnir og verndun vistkerfisins komi náttúruvernd ekkert við. Ég veit ekki hvernig menn ætla að hártoga hlutina en mér finnst þetta vera mjög ódýr málflutningur og lýsa í hnotskurn hvernig búið er um hnútana í þessu máli.

Í umræðunni fyrr í dag kom fram að menn hafi verið sakaðir um falsanir. Ég vil minna á að þetta frumvarp sem við erum að ræða hér — og ég legg eindregið til við hæstv. forseta að hann taki það af dagskrá — var lagt fram á fölskum forsendum. Þegar það var lagt fram var sagt að það væri í samráði við stofnanir umhverfisins. Það er alrangt. Það hefur komið fram í gögnum. Þeir einu sem virðast vera nokkuð sáttir við þetta frumvarp eru úr orkugeiranum. Alls ekki bændur. Það ætti að vera íhugunarefni fyrir Framsóknarflokkinn og hv. þm. Birki Jón Jónsson, formann iðnaðarnefndar. Það er margt sem bendir til að þetta frumvarp (Forseti hringir.) gangi algerlega á rétt bænda til að nýta veiði í ám (Forseti hringir.) og að verið sé að útþynna netlög, eins og fram kemur í umsögn bænda um frumvarpið. (Forseti hringir.)

[16:49]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúna til að koma hér upp og greina hæstv. forseta frá því, undir fundarstjórn forseta, að það er alls ekki rétt sem fram kom í máli hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar hér áðan, að hægt sé að afgreiða þann hlut sem snýr að vatnatilskipun Evrópusambandsins. Mér fannst þetta ansi ódýr málflutningur og algjör þvæla, ef ég má orða það þannig, með leyfi forseta, vegna þess að það var ákveðin matreiðsla í gangi af hálfu fulltrúa umhverfisráðuneytisins sem sagði okkur að þetta skaraðist í engu, en fulltrúi Umhverfisstofnunar var því ósammála. Þannig að umsögn Umhverfisstofnunar þar sem lagt er til að frumvarp um lögleiðingu vatnatilskipunar verði lagt fram um leið og frumvarp um vatnalög stendur.

Í öðru lagi verð ég að endurtaka það nú að við lögðum til og óskuðum eftir því að fulltrúi Náttúrufræðistofnunar kæmi einnig á fund nefndarinnar þar sem við vildum inna hann eftir hvort Náttúrufræðistofnun væri enn þeirrar skoðunar að það ætti að ræða þessi frumvörp samhliða. En við því var ekki orðið. Spurningin er því enn þá mjög svo lifandi í umræðunni og mjög mikilvægt að hún verði leidd til lykta. Mér þykir því svolítið sérkennilegt og mér finnst ekki nóg að fulltrúi umhverfisráðuneytisins komi og segi okkur að þetta skarist ekki af því að náttúruverndin verði fyrir utan í þessu frumvarpi. Ég verð að fá að sjá með eigin augum hvernig hægt er að aðskilja vatnsvernd og náttúruvernd. Það er eitthvað sem hefur ekki verið leitt til lykta og okkur hefur ekki verið sýnt hvernig það eigi að fara fram.

Síðan vil ég einnig nefna að hér hefur verið sagt að Lögmannafélagið sé sammála málinu og stjórnarliðar vitna ítrekað til umsagna Lögmannafélagsins máli sínu til stuðnings, þá finnst mér rétt að halda því til haga að langflestar aðrar umsóknir voru í andstöðu við málið. Þetta er eina umsögnin sem er svona jákvæð. Langflestar aðrar voru í andstöðu við málið. Þannig að það er ekki hægt að vísa til þessa og þá á pólitískum forsendum og hugsanlega með áhyggjur af framtíðarskipun þessara mála hér í landi. Það verður að halda því til haga að langflestar aðrar umsagnir voru í andstöðu við málið. (Forseti hringir.)

[16:52]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hann er nokkuð sérkennilegur flóttinn sem er rekinn af sjálfstæðismönnum í þessu máli. Nú þegar farið er að ræða að þeir séu að hverfa frá stuðningi við að einkavæða vatnið og hið umdeilda ákvæði í frumvarpi til laga sem hér um er rætt, þá bresta þeir á með því að stilla því þannig upp að annaðhvort vilji menn þjóðnýta hér allt

og alla eða einkavæða allt og alla. Þetta er náttúrlega fráleitur málflutningur af hálfu hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

En það kom mjög skýrt fram í ummælum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar að þeir vilja draga það umdeildasta í málinu til baka og leita leiða til að ná sátt við stjórnarandstöðuna. Ég veit ekki hvernig þeir ætla að ná sátt við samstarfsflokkinn í málinu en þeir vilja a.m.k. ná sátt við stjórnarandstöðuna um að komast einhvern veginn klakklaust út úr málinu. Ríkisstjórnin er komin í ógöngur með málið. Það er farið að valda þeim verulegum erfiðleikum. Það vita allir að mikil andstaða við málið er að rísa upp úti í samfélaginu. Þetta blandast að sjálfsögðu umræðu um yfirgripsmikla einkavæðingu á liðnum árum í ýmsum geirum samfélagsins, sumar eiga fullkomlega rétt á sér en aðrar ekki.

Þess vegna hljótum við að kalla eftir því að virðulegur forseti skoði að fresta hérna fundi og leiti leiða til að vinna úr þessum friðarumleitunum sjálfstæðismannanna, þessu hvíta flaggi sem sjálfstæðisþingmennirnir tveir hv. ráku upp fyrr í umræðunni og var engin leið að skilja öðruvísi en svo að þeir vildu leita leiða til að falla frá þessu umdeilda ákvæði í lagafrumvarpinu sem er ekki hægt að túlka öðruvísi en svo að verið sé að einkavæða vatn á jörðu.

Að stilla því þannig upp að menn vilji þjóðnýta allt við það eitt að vilja halda því ákvæði sem nú er í lögunum hvað þetta varðar er náttúrlega fráleitur málflutningur og svarar sér sjálfur. Þessum málum er ágætlega fyrir komið eins og þau eru nú hvað þetta varðar og engin ástæða til að breyta þessu. En í þessu hræða sporin að sjálfsögðu hvað varðar aðrar auðlindir sem hér hefur verið unnið að á liðnum árum. Eitt af grundvallaratriðunum er að tryggja þjóðareign á helstu auðlindum, fisknum í sjónum, fallvötnunum, vatninu (**Gripið fram í:** Þjóðlendunum) og þjóðlendunum vissulega en ekki eignarjörðum bænda sem Sjálfstæðisflokkurinn var að reyna að gera upptækar hér með fráleitum hætti og á ekkert skylt við þessa umræðu að öðru leyti en því að það er Sjálfstæðisflokknum til jafnmikillar skammar og þetta mál er. Og þess vegna vildi ég hjálpa þeim út úr málinu með að draga fram þá sáttaumleitan sem hv. þingmenn svo greinilega höfðu hér uppi áðan og vildu draga málið til baka, (Forseti hringir.) til að reyna að fá sátt um málið.

[16:56]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil ítreka spurningar sem hafa komið fram til hæstv. forseta um hversu lengi er ætlað að halda fram þingfundi í dag.

Hæstv. forseti var spurður að þessu og hefur ekki svarað því og það er náttúrlega lágmarkskrafa að það sé kynnt hversu lengi ætlunin sé að halda þingfundi áfram.

Einnig hefur okkur verið tjáð af formönnum þingflokka sem sátu fund með forseta að ekki fáist tekin önnur mál á dagskrá í vikunni né rætt um hvenær eigi að taka önnur mál á dagskrá vegna þess að þinghaldið sé í uppnámi vegna stjórnar forseta á þinginu.

Ég spyr hæstv. forseta: Hvenær á þessu að linna, hvenær fáum við upplýsingar um hvenær fundi á að ljúka í dag og hvenær verður tekið upp eðlilegt þinghald?

Ég vil líka ítreka það sem þegar hefur verið bent á, að þegar vatnamálin voru til umræðu á árunum 1921–1923 þá var nefnd kosin af þinginu, þingmannanefnd, sem undirbjó lögin og lagði þau fram. Það var ekki gert með þeim gerræðislega hætti að verktakar taki að sér að semja lagafrumvarp fyrir ríkisstjórnina, iðnaðarráðherra, sem síðan er keyrt áfram í þinginu eins og nú. Slíkt eru engin vinnubrögð.

Einnig hefur verið bent á það hér að þetta lúti ekki einungis að einkavæðingu á vatninu heldur einnig að hugsanlegum eignarnámsbótum, t.d. varðandi Kárahnjúkavirkjun. Það hafi komið fram í máli Karls Axelssonar sem er annar höfundur þessa frumvarps. Hangir kannski fleira á spýtunni? Er kannski ekki hægt að úthluta virkjunarleyfum í Skjálfandafljóti vegna þess að þar á líka að færa til vatn þegar þar verður virkjað? Eða í Þjórsá? Eða í Skaftá? Er eitthvað slíkt sem hangir á spýtunni, að hæstv. iðnaðarráðherra geti ekki úthlutað rannsóknum á virkjunarleyfi vegna þess að hún þurfi að geta úthlutað eignarhaldinu á vatnslindinni um leið? Mér er spurn. Úr því hér er talað um hinn mikla vanda við Kárahnjúka, hvað þá um fyrirætlanir iðnaðarráðherra? Er verið að smeygja lagafrumvarpi inn í þingið sem sumir segja að sé bara formbreyting, til að komast aftan að þessum málum og heimila iðnaðarráðherra að gera auðveldara að úthluta rannsóknar- og virkjunarleyfum í vatnsföllum landsins sem eru mjög umdeild og við erum á móti? Það skyldi þó ekki vera.

Frú forseti. Mér finnst mikilvægt að öll þessi mál komist hér á hreint áður en lengra er haldið. Þannig að hér sé ekki enn á ný verið að þræla lagafrumvarpi í gegnum þingið vegna einhvers misskilnings iðnaðarráðherra. (Forseti hringir.)

[16:59]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið nokkuð merkilegar umræður hér um fundarstjórn forseta. Ég ætla að halda mig við það að ræða hér aðeins um fundarstjórn forseta og ítreka þá ósk sem ég lagði fram þegar við ræddum þetta mál sl. laugardag. Að þetta mál yrði hreinlega tekið og lagt til hliðar, sett á ís eða í salt, eins og hv. þm. Jón Gunnarsson orðaði það svo skemmtilega hér áðan.

Ég geri að tillögu minni að þetta verði gert. Því málið er einfaldlega svo vanbúið og stórgallað, það hefur komið svo greinilega fram í umræðum hér. Það eru svo margar spurningar sem hafa vaknað að ég tel að engin önnur leið sé fær. Mér finnst það góð hugmynd að formenn stjórnmálaflokkanna komi nú saman, setjist niður, ræði málið og fari yfir það. Mér þætti það heldur ekki slæm hugmynd að málið í heild sinni yrði tekið og skipuð sérstök nefnd um þessa lagasmíð með fulltrúum allra þingflokka, með svipuðum hætti og við gerðum með fjölmiðlamálin. Að það yrði skipuð slík nefnd og sett í gang vinna til að fara yfir þessa hluti aftur, alveg frá upphafi, og síðan kæmi hér nýtt frumvarp inn í þingið í haust sem allir flokkar gætu staðið að. Ég held að alveg væri hægt að ná lendingu í því máli.

Ég fór yfir afstöðu mína til þessa frumvarps í ræðu sem ég flutti þegar málið var hér til 1. umr. og ég ítreka að ég er ekki á móti því að gömlu lögin frá 1923 séu endurskoðuð. Ég get líka skoðað hluti varðandi nýtingarrétt. En ég get

ekki fallist á ákvæði um eignarrétt. Það skal vera alveg á hreinu. Gömlu lögin hafa dugað vel fram til þessa og ég hygg að það sé alveg hægt að ná landi í þessu erfiða máli.

Ég talaði áðan um að mjög alvarlegar spurningar hefðu vaknað. Og af því að formaður landbúnaðarnefndar, hv. þm. Drífa Hjartardóttir, er hér og vegna þess að formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur líka minnst á að hann beri hag bænda mjög fyrir brjósti, þá vil ég leyfa mér að benda á að það liggja fyrir umsagnir frá Bændasamtökunum þar sem gerðar eru mjög alvarlegar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir núna. Þar er talið að það skerði mjög rétt bænda. Þetta stendur í umsögnum sem eru fylgiskjöl með frumvarpinu. Þar eru líka mjög alvarlegar umsagnir frá Landssambandi veiðifélaga. Ég minni líka á að fyrir þinginu liggja frumvörp sem varða mjög hag bænda en komast nú ekki til 1. umr.

Það eru fleiri slík frumvörp sem liggja fyrir, t.d. frumvarp til laga um lax- og silungsveiði og alls konar lög í kringum þau varðandi tilhögun veiðimála. Við erum líka með frumvarp um breytingu á lögum um lífeyrissjóð bænda sem bíður 1. umr. og að komast í nefnd.

Væri nú ekki nær að við legðum þetta mál til hliðar og færum að ræða mál sem við þurfum að ræða og þurfa að komast til nefndar? Tíminn er að hlaupa frá okkur en ef við færum þessa leið (Forseti hringir.) þá næðum við e.t.v. landi í þessu erfiða máli.

[17:02]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Við erum líklegast búin að ræða um fundarstjórn forseta í einn og hálfan tíma hér í dag og annað eins var það fyrir helgi. Ég hélt að menn væru aðeins farnir að róast í þessari umræðu og við gætum farið að ljúka þessu máli.

Það kom mjög skýrt fram í máli hæstv. umhverfisráðherra fyrir helgina að frumvarp hæstv. umhverfisráðherra og frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra skarast ekki á nokkurn hátt. Ég treysti orðum hæstv. umhverfisráðherra í því.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson talaði um að verið væri að ganga á eignarrétt bænda varðandi lax- og silungsveiði. Það er alrangt. Um lax- og silungsveiði gilda sérlög. Það frumvarp sem liggur fyrir þinginu væri hægt að fara að ræða ef hv. þingmenn færu að stytta mál sitt og ljúka því. Ekki hefur umræðan verið svo málefnaleg. Hv. þm. Jón Gunnarsson sagði áðan að menn kæmust ekki að vegna þess að umræðan væri svo málefnaleg. Ég veit ekki hvað umræða um leikrit Harolds Pinters kemur vatnalögunum við og eitt og annað sem maður hefur verið að hlusta á hér undanfarna daga. Umræður um að það sé verið að taka vatn af fólki eru náttúrlega alveg út í hött, að hv. þingmenn skuli láta það út úr sér að verið sé að taka vatnið af fólki. Það er bara ekki þannig.

Það kom hvergi fram í máli hv. þingmanna Einars Odds Kristjánssonar og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar að þeir vildu draga þetta mál til baka. Hvergi nokkurn tíma. Það er mikil oftúlkun. Ég held svei mér þá að hv. þingmaður hafi ekki verið hér í salnum meðan þeir ræddu þessi mál. Það er mikil oftúlkun. Þeir vildu kæla málið en ekki að draga það til baka. Það hefur hvergi komið fram hjá ríkisstjórnarflokkunum að við vildum draga málið til baka.

Ég vildi þá gjarnan heyra hvort stjórnarandstaðan vildi ekki fara að draga andstöðu sína til baka. (**MÁ:** Hvað vilt þú gera?) Þetta er lagahreinsun, breytir ekki neinu um réttarstöðuna og það er um að gera að við ræðum þetta mál til að komast til botns í því hvað stjórnarandstaðan vill.

[17:05]

Mörður Árnason:

Forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir hefur tileinkað sér mjög sérstæðan ræðustíl sem felst í því annars vegar að gefa ræðum annarra þingmanna einkunn, hvort þær hafi verið langar, hvort þær hafi verið gagnlegar, hvort þær hafi verið vel fluttar eða ekki, og hins vegar að túlka ræður samherja sinna á þinginu, m.a. Einars Odds hv. Kristjánssonar og Guðlaugs Þórs hv. Þórðarsonar. Það túlkar hún þannig að þeir hafi ekki talað um að draga frumvarpið til baka, enda er það kannski ekki þeirra mál og það hefur enginn haldið því fram að þeir hafi gert það. Ég hef ekki heyrt það hér í salnum síðan ég kom að þeir hafi haldið því fram en að þeir hafi þó viljað kæla það. Ég kallaði svo fram í, forseti, eins og heyra mátti, hvað hv. þm. Drífa Hjartardóttir vildi í þessu en hún kom ekki með sína eigin skoðun. Hennar erindi hér í ræðustólinn var sem sé ekki að flytja eigin skoðanir heldur annars vegar að dæma þingræður annarra og hins vegar að túlka orð samherja sinna án þess þó að taka afstöðu til þeirra.

Við höfum því hér í þessari umræðu um fundarstjórn forseta fengið þrjár skoðanir frá sjálfstæðismönnum. Þeir hafa sem sé verið út, þ.e. Einar Oddur Kristjánsson og Guðlaugur Þór Þórðarson, hv. þingmenn, sem vilja kæla málið, fresta fundum um það og taka það til nánari skoðunar í samráði við ríkisstjórnina. (Gripið fram í.) Síðan er Sigurður Kári Kristjánsson, hann er suður, hinir voru út. Hann er suður. Hann vill halda málinu áfram og láta tala um það þar til yfir lýkur. Svo er ein á milli og kemur svífandi ofan úr loftinu alveg á miðpunktinum. Það er hv. þm. Drífa Hjartardóttir sem hefur enga skoðun á því heldur lætur sér nægja að túlka skoðanir annarra og (Gripið fram í.) dæma ræður eins og á hverri annarri hrútasýningu. (Gripið fram í.)

En þó þetta sé nú stundum kallað leikhús þjóðarinnar hér á Alþingi við Austurvöll þá er þetta ekki enn orðin hrútasýning þjóðarinnar, sem má sjá af þátttöku ýmissa hér í umræðunni sem ekki eru nú hrútar, væru þá frekar laglegar gimbrar ef eitthvað væri.

Þannig að ég komi að erindi mínu í ræðustólinn þá vil ég taka undir með þeim Einari Oddi Kristjánssyni og Guðlaugi Þór Þórðarsyni, hv. þingmönnum. Ég held að það sé ástæða til að kæla þetta mál. Ég held að það sé ekki vegna þess að það sé sá hiti á því að það komi í veg fyrir umræðu hér heldur vegna þess að fram hafa komið nýir hlutir, ný atriði sem þarf að skýra. Stærst af þeim er auðvitað þessi tenging við Kárahnjúkavirkjun og við virkjunarferlið sem kann að vera ástæðan fyrir því að þetta mál er flutt hér og keyrt svona hratt í gegn.

Við erum ekkert að segja það hér, stjórnarandstæðingar, að við séum á móti því að slík ákvæði séu endurskoðuð. En við viljum að þegar þau eru endurskoðuð liggi það á borðinu að það séu þau sem verið er að endurskoða, þess

(Forseti hringir.) vegna sé verið að flytja málið.

[17:08]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til að koma hér upp öðru sinni til að rökstyðja frekar þá ósk mín að þetta mál verði hreinlega sett til hliðar eins og það liggur fyrir núna. Ég nefndi hér áðan atriði varðandi hagsmuni bænda. Ég verð að vísa á bug þeim andmælum sem formaður landbúnaðarnefndar, hv. þm. Drífa Hjartardóttir, kom með varðandi fullyrðingar hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar, félaga míns í Frjálslynda flokknum.

Það kemur nefnilega fram hér í fylgiskjölum með nefndaráliti minni hluta iðnaðarnefndar, sem eru umsagnir, að bændur til að mynda hafa miklar áhyggjur af réttindum sínum, veiðirétti. Ég hef hér t.d. umsögn frá Landssambandi veiðifélaga, dags. 27. nóvember sl., þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Mat okkar er þó að verulega skorti á að skorður séu settar á heimildir fasteignareiganda til aðgerða í ám og vötnum, sbr. VI. og VII. kafla frumvarpsins. Þetta á sérstaklega við þegar aðrir hagsmunir eru faldir í vatnasvæðinu, svo sem veiðiréttur."

Svo segir hérna síðast:

„Landssamband veiðifélaga gerir kröfu um aðkomu að stjórnsýslu veiðimála í lögum þessum, þar sem það á við, með vísan til núgildandi laga um lax- og silungsveiði."

Bændasamtök Íslands eru líka með mjög alvarlegar athugasemdir. Kannski þá alvarlegustu. Hún víkur að skilgreiningum. Það er svo illa vandað til þessa frumvarps að menn hafa ekki einu sinni sinnt því að ganga almennilega frá skilgreiningum. Hér er hugtakið búsþarfir skilgreint sem búsþarfir til kvikfjárræktar. Bændasamtökin benda réttilega á að þetta ætti frekar að vera búsþarfir til landbúnaðar. Nú tók ég þátt í að vinna að nýjum búnaðarlögum fyrir örfáum missirum og þá var hv. þm. Drífa Hjartardóttir einmitt formaður landbúnaðarnefndar. Hún veit jafn vel og ég hvað hugtakið landbúnaður merkir. Hugtakið landbúnaður þýðir: „Hvers konar varsla, verndun, nýting og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðsla og þjónusta er tengist slíkri starfsemi."

(**DrH:** Við víkkuðum þetta út.) Já, við víkkuðum þetta út. Það var mjög vel gert af okkur.

En í frumvarpinu til vatnalaga er eingöngu talað um að búsþarfir, vatnsnotkun til búsþarfar, sé til kvikfjárræktar, ekki til landbúnaðar. Bara þetta eitt ætti í mínum huga að duga til að allt frumvarpið yrði tekið aftur til gagngerrar endurskoðunar. Það stenst hreinlega ekki skoðun. Það rýrir mjög réttindi bænda. Ég er einn af þeim sem vilja standa vörð um réttindi bænda, að sjálfsögðu. (**BJJ:** Heyr, heyr.) Já, heyr, heyr, segir formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Þá vil ég mælast til að hann einmitt leggist á árarnar með mér og okkur í Frjálslynda flokknum um að endurskoða þetta frumvarp til vatnalaga svo það geti komið hér aftur inn í þingið í haust í fullri sátt allra þingflokka sem nú eru á Alþingi. (Forseti hringir.) Það væri vel að verki staðið.

[17:11]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú er búið að tala hér alllengi um fundarstjórn forseta. Rétt er að vekja athygli þeirra sem kunna að hlýða á þessa umræðu, eða fylgjast með henni á einhvern hátt, að þetta er mjög óvenjulegt. Venjulega ganga þingstörf á Alþingi mjög greiðlega fyrir sig. Menn skiptast á upplýsingum og skoðunum. Í sumum tilvikum eru menn ósammála um einstaka mál og það eru þau mál sem yfirleitt komast í fréttir og umræðu, þar sem pólitískur ágreiningur er uppi. Stundum er meira að segja mikill ágreiningur uppi og þá lengjast umræðurnar. En það er hins vegar mjög óvenjulegt að umræðan nánast stöðvist. Það sýnir okkur hver andstaða er við þetta frumvarp hér í þinginu. Ég vek athygli á að þetta umdeilda frumvarp um vatnalög ríkisstjórnarinnar hefur þegar sett allt þinghald úr skorðum.

Hlýtur stjórnarmeirihlutinn ekki að draga réttar ályktanir af því og spyrja sjálfan sig að því hvort það geti verið að á þessu frumvarpi og á þessari lagasmíð séu einhverjar brotalamir sem þurfi að hyggja nánar að? Ýjað hefur verið að því í umræðunni fyrr í dag, um fundarstjórn forseta, hvort svo kunni að vera að aðilar þurfi að bakka. Þá horfum við fyrst og fremst til þess aðilans sem valdið hefur. Vegna þess að það er örlagaríkt að setja löggjöf sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar þegar um er að ræða grundvallaratriði í samfélaginu. Þetta er staðreynd.

Ef það fer svo að við heröum á einkaeignarréttarákvæðum í lögum um vatn, sem við í stjórnarandstöðunni teljum að þetta frumvarp geri, þá eru menn að skapa sér skaðabótaskyldu ef menn ætla á annað borð að snúa þessum lögum síðar til baka. Þannig að þetta getur reynst afdrifaríkt.

Ég ítreka því fyrri óskir okkar og kröfur úr stjórnarandstöðunni um að ákveðið verði að víkja þessu máli hreinlega til hliðar svo að við getum tekið til við önnur störf þingsins.

En að lokum þetta, hæstv. forseti. Ég legg til að við gerum hlé á fundinum um kl. sjö, efnt verði til fundar (Forseti hringir.) með formönnum þingflokka samhliða matarhléi. En ég ítreka að við gerum hlé á þessum fundi kl. sjö.

[17:15]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér fyrst og fremst til að taka undir þá ósk sem komið hefur fram hjá formanni þingflokks Vinstri grænna, hv. þm. Ögmundi Jónassyni, um að fundinum verði frestað klukkan sjö og formenn þingflokka og flokka hittist og ræði um framhald þessa máls. Sú umræða sem hér hefur verið frá því þinghald hófst sýnir að um málið er gífurlegur ágreiningur. Hins vegar bíða mjög mörg mál eftir að verða tekin á dagskrá sem eru samkomulagsmál, mál sem Alþingi getur afgreitt héðan með tiltölulega lítilli umræðu. Ég sé ekki ástæðu til að öll mál önnur sem Alþingi hefur til umfjöllunar eða beiðnir um utandagskrárumræður, fyrirspurnir og annað séu látin líða fyrir þann ágreining sem er um þetta mál og hefur verið öllum ljós frá því að það var afgreitt úr nefnd. Þó að það væri unnið þar og afgreitt eins og menn hafa sagt í friði vegna þess að það var fullrætt í nefndinni, þá varð ekki komist lengra með málið og var öllum ljóst að um það yrði mjög mikil umræða í þingsölum.

Virðulegi forseti. Ég styð því eindregið þá ósk eða þá kröfu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur sett fram um að gert verði fundarhlé klukkan sjö og formenn þingflokka og flokka hittist, eins og hér hefur komið fram áður reyndar, til að ræða um framhald málsins og þá um leið þinghaldið.

Vatnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859.

[17:17]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er ekki oft sem ég þakka hæstv. forseta sérstaklega fyrir að fá orðið en ég verð að segja að mér var orðið nokkuð mál, ég held ég sé búinn að vera á mælendaskrá og bíða eftir að fá að tala allar götur síðan einhvern tíma í síðustu viku.

Pólitík snýst oft og tíðum upp í hörð átök um auðlindir. Auðlindir hafa alltaf verið umdeildar og nýting auðlinda felur í sér möguleika til mikillar verðmætasköpunar. Þess vegna er ekki óeðlilegt þó að tekist sé á um auðlindir. Þegar við horfum aftur í okkar eigin sögu blasir við að oft hafa orðið harkaleg átök á millum pólitískra flokka sem snúast um auðlindir. Átök okkar við aðrar þjóðir, frú forseti, hafa líka öðru fremur snúist um auðlindir. Sjálfstæðisbarátta okkar við Dani var öðrum þræði ekki bara helguð viðleitninni til að vernda menningararfleifð, tungu, bókmenntir og sjálfstæða þjóðarsál, heldur ekki síst að fá tækifæri til þess að beita hugviti okkar, þrótti og framtaki til að nýta þær auðlindir sem við Íslendingar töldum að við ættum yfir að búa í landhelginni og á landinu sjálfu. Má rifja það upp að harkalegustu átök sem Íslendingar hafa lent í við aðrar þjóðir, a.m.k. frá því að ég eignaðist barnsminni og síðan minni fullorðins manns, eru átök við Breta. Landhelgisstríðin sem við unnum snerust að sjálfsögðu ekki um neitt annað en auðlindir, auðlindir okkar.

Vert er að rifja það líka upp, frú forseti, að þegar við erum í þessum sal að tala hugsanlega um breytingar á stöðu Íslands gagnvart öðrum þjóðum, gagnvart Evrópusambandinu, þá snýst sú deila að verulegu marki, ekki öllu en að verulegu marki um auðlindir og yfirráð okkar yfir auðlindum. Það er nú einfaldlega þannig. Þegar ég og aðrir, sem eru tiltölulega frjálslyndir gagnvart Evrópusambandinu, segja að Íslendingar eigi að láta á reyna hvað þeim gæti tekist að fá fram með umsókn að aðild snúast mótrökin sem ýmsir hv. þingmenn tefla fram, t.d. hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og auðvitað hins þjóðernissinnaða, í góðri merkingu, flokks sjálfstæðismanna, alltaf um auðlindir og yfirráð okkar yfir auðlindum í hafinu. Pólitísk átök á Íslandi snúast því um auðlindir og hafa gert mjög lengi.

Ég steig fyrst inn á þing sem nýkjörinn alþingismaður á vordögum 1991. Eina málið sem ég minnist að menn hafi þá reist hér á hinu háa Alþingi fyrir utan mjög merkar breytingar sem gerðar voru á þinginu þegar það var gert að einni málstofu, snerust einmitt um auðlindir. Þau átök sem ég hef tekið þátt í sem alþingismaður harðast frá því að ég var kjörinn á þing hafa snúist um auðlindirnar. Hörðustu átök síðustu áratuga hafa snúist um auðlindina í hafinu. Og, frú forseti, um hvað hafa þau átök öðru fremur teygt sig og snúist um? Um nýtingarrétt á auðlind og hvort breyta eigi henni yfir í séreignarrétt.

Þegar ég tek afstöðu til þessa máls, sem t.d. hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, formanni iðnaðarnefndar, finnst snúast um léttvæg málefni, er ég ekki bara að hugsa um þessa auðlind, vatnið, sem í dag hefur ekki náð því mikla verðmæti sem spáð er að hún nái á næstu öld. Ég er hugsa m.a. um það fordæmi.

Í dag er það þannig að landeigendurnir, sem hv. formaður iðnaðarnefndar og fleiri þingmenn telja sig vera að verja, hafa nýtingarrétt á þessari auðlind. Breytingin sem við sjáum að verið er að gera beinlínis varðar það að þeim nýtingarrétti er verið að breyta yfir í séreignarrétt. Ég óttast það auðvitað, frú forseti, og hika ekki við að opinbera þann ótta minn því að það er að verulegu leyti undirstaðan í minni hörðu andstöðu við málið, ég óttast vissulega að þetta sé fordæmi sem muni verða beitt til að taka aðrar auðlindir úr lendum nýtingarréttar yfir á kjörlendi séreignarréttarins. Þetta er það sem ég óttast.

Þetta er öðrum þræði baráttan á milli frjálshyggju annars vegar og félagslegra viðhorfa hins vegar. Ég fylgi félagslegum viðhorfum og í æ ríkari mæli eftir því sem aldurinn færist yfir mig. Ég veit að hv. þm. Birkir Jón Jónsson meinar ekki illa en ég er ekki viss um að hann hafi algjörlega gert sér grein fyrir því hvað er verið að takast á um. Í dag segja menn: Það er engu verið að breyta, þetta er bara formbreyting, þetta er breyting sem engu skiptir. En breytingin er samt sem áður sú að þeir sem hafa haft nýtingarrétt að auðlindinni munu núna fá séreignarrétt að henni.

Ef hv. fylgjendur frumvarpsins og þeim sem er virkilega blásin í brjóst ástríða fyrir framgangi þess, ef þeir mundu t.d. kynna sér hvernig menn sem velta fyrir sér auðæfasköpun framtíðarinnar sjá vatnið, þá ættu menn eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, að lesa nýlegt eintak, tölublað af tímaritinu Fortune. Tímaritið Fortune eins og hið enska nafn gefur til kynna snýst um auð og verðmæti. Þar eru menn að spá í framtíðina og velta fyrir sér: Hvar liggur verðmætasköpun framtíðarinnar? Ástæðan er sú að lesendur tímaritsins eru jafnan menn sem vilja festa fé sitt í einhverju sem skilar miklum arði þegar til framtíðar kemur. Þar er, hv. formaður iðnaðarnefndar, nýlega skrifað að vatn muni á 21. öldinni ná sömu verðmætum og olía á þessari öld. Það liggur því alveg ljóst fyrir, frú forseti, að þeir sem eru að velta fyrir sér hvernig menn muni skapa auð í framtíðinni horfa til vatnsins. Þegar við sem erum hér í þessum sal veltum fyrir okkur hverjir möguleikarnir eru, þá er rétt að við skoðum þær breytingar sem eru að verða á okkar alþjóðlega umhverfi.

Hv. þm. Jón Bjarnason las hérna um daginn ákafleg fróðlega grein úr íslensku dagblaði þar sem vel lesinn og þekkingarfróður blaðmaður hafði skrifað mikinn bálk um það hvernig vatnsmálin eru að þróast í heiminum. Það var tvennt sem stóð upp úr þar. Í fyrsta lagi að svo virðist sem frjálshyggjumenn, þeir stjórnmálamenn víðs vegar um heiminn sem telja sig sérstakan málsvara frjálshyggjunnar

— sem núna eru að vísu á undanhaldi — og með Alþjóðabankann í brjósti fylkingar virðast hafa gert það að einhvers konar sérstöku markmiði að einkavæða vatn. Hv. þm. Jón Bjarnason rakti mörg dæmi um það og hvernig það hefði reyndar í ýmsum löndum þriðja heimsins, þróunarríkjanna, þar sem vatn er af skornum skammti leitt hörmungar yfir fólk. Það hefði leitt til þess jafnvel að ríkisstjórnirnar hefðu þurft að skerast í leikinn. Og það sem var fróðlegt var að vatnsfyrirtækin sem hv. þingmaður nefndi, t.d. fyrirtækin Suez og Thames Authority Water Management, hefðu reynt að koma sér út úr þeim samningum sem þau höfðu gert, m.a. vegna þess að komin var svo mikil andstaða meðal íbúanna í þeim ríkjum þar sem þetta var, t.d. í Úrúgvæ, að það lá við borð að uppreisn yrði gerð gegn þessum fyrirtækjum. Þá reyndu þau auðvitað að koma sér út úr samningunum með þeim hætti, knýja ríkisstjórnir þessara landa til þess að reka sig út. Hvers vegna? Til þess að fá skaðabætur.

Þetta ber að lesa í tengslum við það og skoða. Það er ekki langt síðan, hvort það var á síðasta hausti, a.m.k. á síðasta ári, að á Íslandi var haldin mikil ráðstefna frjálshyggjumanna. Ég minnist þess að ég sá hinn vaska svein, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, mæta þar og sitja framarlega á bekk og í fjölmiðlum var sýnt að hann og ýmsir ágætir upprennandi frjálshyggjumenn í liði Sjálfstæðisflokksins voru mættir. Hver var boðskapurinn sem þeir voru að nema þarna m.a.? Jú, á því þingi var talað um öðru fremur að ganga yrði lengra í þá átt að einkavæða þjónustu sem ríkið innir af höndum gagnvart íbúunum. Það var talið, minnist ég, sérstaklega af einum bandarískum fræðimanni, að það yrði mjög erfitt sökum þjóðfélagsgerðar á Vesturlöndum og ekki síst á Íslandi að ráðast í að einkavæða t.d. heilbrigðiskerfi eða skólakerfi. En á það var bent að það væri ýmislegt annað í innviðum ríkisins sem hægt væri enn þá að færa á lendur einkamarkaðarins, þ.e. þjónustufyrirtæki á borð við vatnsveitur. Ég spyr sjálfan mig, frú forseti: Gæti þetta verið ástæðan fyrir því að efnilegur ungur stjórnmálamaður í borgarstjórnarmálum í Reykjavík, Gísli Marteinn Baldursson, missti það út úr sér í aðdraganda prófkjörsbaráttu sinnar að honum fyndist til greina koma að einkavæða Orkuveitu Reykjavíkur? Getur verið að þetta sé sami þráðurinn sem þarna er verið að spinna og teygir sig frá höfuðstöðvum og höfuðvígi hugsunar frjálshyggjunnar, sem liggur nú a.m.k. með hálfan búkinn innan Alþjóðabankans eða gerði það, og teygir sig hingað til lands með sérstakri ráðstefnu og læðist alla leið inn í huga ungra og upprennandi stjórnmálamanna eins og þessa tilvonandi borgarfulltrúa?

Ég rifja það líka upp, frú forseti, að þegar hinn nýi formaður Sjálfstæðisflokksins, Geir Hilmar Haarde, hélt sína fyrstu ræðu á landsfundi Sjálfstæðisflokksins um daginn og ávarpaði flokk sinn, þá bar hann auðvitað fram þau mál sem hann hyggst berjast fyrir sem formaður Sjálfstæðisflokksins. Eitt af því sem hann sagði var einmitt að nauðsynlegt væri að beita sér fyrir frekari einkavæðingu. Ef menn taka frá heilbrigðiskerfið og skólakerfið er ekki mikið eftir. Þá er eftir dreifikerfi fyrir raforku, Landsvirkjun er eftir og orkuöflun innan vébanda ríkisins og það eru eftir vatnsveitur. Höfum við ekki þegar stigið skref að því? Að sjálfsögðu. Við tengjum þetta allt saman.

Ég sagði hérna áðan, sérstaklega til upprifjunar fyrir hv. þm. Birki Jón Jónsson, að tímaritið Fortune hefði sérstaklega getið þess nýlega í grein að vatn væri auðlind 21. aldarinnar — og ég veit að þetta er fróðlegt fyrir hv. þm. Mörð Árnason sem nú gengur í salinn, skínandi af áhuga á þessu máli:

„Vatn" — segir Fortune — „verður á 21. öldinni verðmætari auðlind en olía var á 20. öldinni."

Frú forseti. Láir einhver mér þá þó að ég staldri við, þegar ég sit í huga mér heima í stofunni á Vesturgötu 73 og er að lesa Morgunblaðið að morgni 10. janúar sl.? Þá rennur fyrir augum mér grein eftir mann sem er forustumaður í athafnalífi Íslendinga, einn af þeim sem hafa staðið fyrir svolitlum anga útrásarinnar, og er nátengdur forustu Framsóknarflokksins. Þessi mikli auðjöfur, sem núna þessa dagana er töluvert í fréttum vegna fyrirætlana sinna um fjárfestingar, segir í þessari grein 10. janúar að nú sé kominn tími fyrir það fyrirtæki sem hann veitti þá forstöðu að láta af höndum fyrirtæki sem var í samsteypunni, þ.e. Olíufélagið hf., vegna þess að aðstæður væru að skapast sem væru heppilegar fyrir olíufélögin að hasla sér völl í orkuframleiðslu, t.d. í vatni.

Maður veltir því fyrir sér, frú forseti, af því að við sumir sem höfum setið hér lengi, og erum orðnir eldri en tvævetur, kunnum að leggja saman tvo og tvo og stundum birtist fyrir augum okkar munstur sem reynslan sýnir að hefur tilhneigingu til að koma gleggra fram með framvindu tímans og verða partur af raunveruleikanum. Gæti verið að sá miklu asi sem er á bak við það að koma þessu máli í gegn tengist með einhverjum hætti þeim tveimur, þremur staðreyndum sem ég hef hér talið upp? Í fyrsta lagi að alþjóðlega er litið á vatn sem auðlind þessarar aldar, jafnvel dýrmætara en olían var á síðustu öld. Í öðru lagi að því er sérstaklega prýst fram af talsmönnum frjálshyggjunnar vítt um lönd að það eigi að ganga lengra í þá átt að einkavæða almannaþjónustu. Í þriðja lagi að borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins hefur sagt opinberlega að það kunni að koma til greina að einkavæða Orkuveituna. Í fjórða lagi að formaður Sjálfstæðisflokksins lýsir því yfir í fyrstu ræðu sem hann heldur sem formaður Sjálfstæðisflokksins að leggja verði meiri áherslu á einkavæðingu. Og í fimmta lagi að ákafamaður í athafnalífi þjóðarinnar, sem tengist Framsóknarflokknum, talar um að olíufélögin eigi nú að hasla sér völl í vatni.

Frú forseti. Eru þetta allt saman tilviljanir? Hugsanlega. En ég velti því samt fyrir mér hvort verið að það renni einhver silfur- ef ekki gulllitaður leyniþráður á millum allra þessara staðreynda. Í öllu falli er það mér óskiljanlegt hversu þungt er haldið og fast á þessu máli af hálfu hv. þingmanna stjórnarliðsins.

Hæstv. forseti hefur lýst því mörgum sinnum yfir hér, og undir það hafa þingmenn tekið, að hún hafi beitt sér fyrir sáttum í þessu máli. Ekki dreg ég það í efa eitt einasta augnablik. Ég veit ekki í hverju þær sáttaumleitanir felast. Hugsanlega í því að sefa stjórnarandstöðuna og reyna að fá hana til þess að dragast á það að ljúka þessari umræðu fyrr en seinna. Það er hlutverk forseta að reyna slíkt. En það sem mér finnst skipta máli er líka að sanngirni sé beitt gagnvart stjórnarandstöðunni. Reynsla mín, sem hef nú tek-

ið þátt í ýmiss konar átökum á hinu háa Alþingi, bæði sem alþingismaður sem styður stjórn og stjórnarandstæðingur, er sú að ef stjórnarandstöðunni er sýnd sanngirni sýnir hún sanngirni á móti. Til þess að stjórnarandstaðan geti litið svo á að hér sé ekki með harðnesju og offorsi farið fram þarf hún t.d. að fá tóm til þess að brjóta mál sem rædd eru á þinginu til mergjar. Hún þarf að geta rætt þau til þrautar, skoðað út í hörgul.

Það mál sem hér hefur verið til umræðu síðustu vikuna var tekið út úr hv. iðnaðarnefnd í andstöðu við þingmenn stjórnarandstöðunnar. Iðnaðarnefndarmenn Samfylkingarinnar, Frjálslynda flokksins og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vildu fá að skoða þetta mál betur vegna þess, eins og hér hefur margsinnis komið fram, að menn voru einfaldlega ósáttir við þessa hörku og þennan hraða. Menn skildu ekki hvaða nauður rak til flýtisins.

Hv. þingmenn stjórnarliðsins hafa sagt það aftur og aftur, hæstv. iðnaðarráðherra tönnlast á því í hvert einasta skipti sem hún kemur upp til að ræða málin, hv. formaður iðnaðarnefndar, Birkir Jón Jónsson, hefur þrástagast á því í hverri einustu af þeim 30 ræðum sem hann hefur haldið hér síðustu viku, að breytingin sé formbreyting, hún sé ekki eðlisbreyting. Þá veltir maður fyrir sér, frú forseti, að vilji menn ná sátt í málinu þá byrja þeir á því að sýna stjórnarandstöðunni sanngirni. Og er það ekki ósanngirni að hleypa í slíkan hnút máli sem stjórnarliðar sjálfir segja að skipti í reynd ekki máli og sé bara formbreyting?

Það er alltaf gott fyrir öll lið að hafa innan sinna raða einhvern sem má líta á sem gamlan og vitran Lappa, einhvern sem er reiðubúinn til að meta stöðuna ískalt, helst undan öðru sjónarhorni en gerist og gengur í þessum sölum og úr meiri fjarlægð. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er kannski sá sem næst kemst því í röðum Sjálfstæðisflokksins að falla undir skilgreininguna á hinum gamla og vitra Lappa. Oft hefur hv. þingmaður komið og nálgast málin með öðrum hætti en aðrir þingmenn og oft hefur hann verið býsna glúrinn í að finna lausnir á ýmsu. Og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður iðnaðarnefndar, muni ég rétt, kom hér í dag og hvatti menn til sátta. Hann sagði það hreint út í þessum ræðustól að samþykkt þessa frumvarps breytti engu til eða frá.

Frú forseti. Ef það er þannig að stjórnarliðið telur af einlægni að samþykkt frumvarpsins skipti engu til eða frá, hvers vegna kæla menn þá ekki málið, eins og Einar Oddur Kristjánsson, hv. þingmaður Flateyringa og annarra góðra Vestfirðinga, lagði til í dag? Hvernig kæla menn málið? Þeir taka það úr umræðu eins og hér, taka það úr svona harkalegri umræðu eins og hér hefur staðið og setja það í ískalt vatn, þ.e. láta það aðeins bíða.

Frú forseti. Hvað mundi það kosta hæstv. stjórnarlið? Ekki neitt. Þeir hafa sjálfir lýst því yfir, hver og einn einasti, að málið feli ekki í sér eðlisbreytingu. Við tölum hins vegar út úr pokanum í stjórnarandstöðunni og við erum ekkert að fela það að okkur grunar að hér sé farið með lævi. Við teljum okkur hafa ástæðu til þess að ætla að hér sé ekki um jafneinfalda formbreytingu að ræða og menn vilja vera láta. Við teljum a.m.k. að það sé ástæða til þess að skoða hvort þetta mál kynni hugsanlega að vera rekið svona hratt af því að upp hafi komið óleyst vandamál t.d. við Þjórsárvirkjanirnar, sem nú á senn að fara að ráðast í, eða jafnvel við ýmsa þætti hinna viðamiklu og flóknu framkvæmda við Kárahnjúka. Gæti það hugsast?

Frú forseti. Aðalhöfundur þessa frumvarps heitir Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður. Við þekkjum hann ekki bara af afspurn heldur á okkar eigin skinni, við sem í stjórnarandstöðunni erum. Hann er jafnan kallaður til þegar leysa þarf erfið vandamál fyrir hæstv. ríkisstjórn, þegar hún þarf að smokra málum í gegn, stundum með heldur ótraustum rökum. Þetta er sami góði lögmaðurinn og var fenginn til að stýra starfi fjölmiðlanefndarinnar. Og ekki bara það, þetta er sami lögmaðurinn og fenginn var til að búa til rök handa ríkisstjórninni um að hægt væri að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um fjölmiðlalögin á sínum tíma, eftir að forseti synjaði staðfestingar, einungis að þeirri forsendu uppfylltri að búið væri að setja einhvers konar skilyrði um hlutfall og þátttöku í atkvæðagreiðslunni. Með öðrum orðum er þessi maður fyrir ríkisstjórnina, svo ég leyfi mér að grípa til engilsaxnesku, „trouble shooter“. Hann er sá sem kemur með fallstykki sitt og skýtur niður erfiðar hindranir sem verða á vegi ríkisstjórnarinnar. Gæti verið að það séu einhvers konar hindranir núna á vegi ríkisstjórnarinnar í þeim málum sem hún ber mest fyrir brjósti og að þessi ágæti hæstaréttarlögmaður sé fenginn til þess að skjóta þær niður? En Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður er heiðarlegur og ærlegur maður, það veit ég. Ég hef bæði lent í sennum við hann í allsherjarnefnd í tengslum við fjölmiðlalögin og reyndar með vissum hætti á vettvangi stjórnarskrárnefndar. Það er mín reynsla af honum að hann segi satt og rétt frá.

Á föstudaginn var upplýst hér í þinginu að Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður hefði deginum áður, á ráðstefnu í Háskóla Íslands um vatnalagafrumvarpið, rætt, aðspurður, hvort samþykkt þessa frumvarps mundi hugsanlega breyta einhverju varðandi stórvirkjanir. Karl Axelsson svaraði því til að það væri hugsanlegt að samþykkt vatnalagafrumvarpsins hefði áhrif á réttarstöðu sem tengdist afskiptum og eignarhaldi eigenda að Kárahnjúkum, þ.e. landsvæðinu sem tengist virkjunum þar. Þetta er auðvitað töluvert annað, frú forseti, en okkur hefur verið sagt. Ef svo er, er ekki lengur hægt að halda því fram með nokkrum rökum að hér sé um formbreytingu að ræða en ekki raunverulega eðlisbreytingu.

Við óskuðum þá eftir því, ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson og reyndar fleiri, að gert yrði hlé á umræðunni og henni ekki haldið fram fyrr en búið væri að fá tóm til þess að ræða málið í iðnaðarnefnd og spyrja aðalhöfund frumvarpsins út í þessi orð. Og það verð ég að segja hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, formanni iðnaðarnefndar, til hróss að hann varð við þessari bón. Að vísu tók hálfan dag að þræla því út úr honum að fallast á það en hann gerði það að lokum og hafi hann hrós fyrir það.

Þessi fundur var síðan haldinn í dag. Þar kom þessi ágæti hæstaréttarlögmaður og sat fyrir svörum, maðurinn sem samdi frumvarpið upp úr drögum sem hann fékk frá Eyvindi Gunnarssyni, öðrum lögmanni. Þessi ágæti lögmaður skildi eftir bréf í iðnaðarnefnd, ég nefni það sérstaklega vegna þess að ég er ekki í iðnaðarnefnd, sit ekki í henni, hafði einungis spurnir af fundi nefndarinnar í gegnum félaga mína þar, en hv. þingmenn létu mér í té lítið skjal

sem lögmaðurinn skildi eftir þar sem allt þetta sem ég er að segja kemur beinlínis fram. Þar skrifar Karl Axelsson svohljóðandi texta, sem hann tjáði fulltrúum okkar að væri í rauninni viðhorf hans til þeirrar spurningar sem kom upp í framhaldi af ræðu hans í Háskóla Íslands, og ég leyfi mér að lesa upp úr honum, með leyfi forseta:

„Tækni nútímans gerir það mögulegt að flytja stærstu fljót landsins úr náttúrulegum farvegum sínum og óraleið um aðra farvegi til sjávar. Slíkar stórframkvæmdir geta varðað gríðarlegan fjölda fasteigna og vatnsréttindi þeirra. Við erum búin að sjá forsmekkinn af þessu vegna Kárahnjúkavirkjunar þar sem Jökulsá á Dal er flutt úr farvegi sínum og kemur til með að renna um farveg annars fljóts, þ.e. Jökulsár á Fljótsdal og Lagarfljóts til sjávar."

Síðan, frú forseti, kemur þessi setning, sem svarar í reynd spurningum okkar, og hún kemur úr tölvu aðalhöfundar frumvarpsins sem við erum að ræða. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Miklar vangaveltur og spurningar hafa þegar vaknað, annars vegar um réttarstöðu fasteignareigenda við Jökulsá á Dal, sem sviptir verða vatni og vatnsréttindum, og svo hins vegar um réttarstöðu fasteignareigenda við Jökulsá á Fljótsdal og Lagarfljót þar sem bæta mun í vatn."

Frú forseti. Hér er aðalhöfundur frumvarpsins til vatnalaga að segja svart á hvítu að það hafi vaknað spurningar, sem ósvarað sé, um réttaráhrif vegna framkvæmdanna fyrir austan. Þess vegna er það eðlilegt að við í stjórnarandstöðunni spyrjum þá sem fara með þetta mál fram: Er það svo að vatnalagafrumvarpinu sé ætlað að skjóta byttu undir þá leka sem komu á þetta mál þegar menn samþykktu lögin um Kárahnjúka? Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem gefur sig út fyrir það að vera sérstakur spekingur varðandi eignarrétt og hefur haldið hér langar ræður um það, kom hér upp í dag og sagði skýrt og skorinort að það þyrfti engin ný lög og engar sérstakar lagaskýringar til þess að hafa allt á hreinu varðandi framkvæmdir eystra vegna þess að það hefði verið samþykkt — þetta sagði lögmaðurinn og þingmaðurinn — með lögum um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Frú forseti. Ég er með þessi lög hér í höndunum. Það er ekkert sem þar er að finna sem varðar eignarnám og heimildir til eignarnáms eða bætur. Aðalhöfundur frumvarpsins, Karl Axelsson, hefur sjálfur sagt — ég er hér með útskrift, frú forseti, úr viðtali við hann sem tekið var af Speglinum — að þessar breytingar á farvegum fljótanna, sem leiði til þess að það hverfur á einum stað en gefur í á öðrum stað, geti leitt til þess að á báðum stöðum kunni skaðabótaskylda ríkisstjórnarinnar að aukast. En hann er ekki viss, málið er óljóst. Þess vegna er það fullkomlega eðlilegt að við spyrjum um það svart á hvítu hvort tilgangur þessa frumvarps sé að svara spurningum um það.

Við erum ekki einir um að spyrja um það, frú forseti. Hér sat einu sinni alþingismaður, Árni Gunnarsson, sem var sérstakur sérfræðingur síns flokks á sviði auðlinda. Hann spurði um það í umræðuþætti sem var hér á mánudaginn í einum ljósvakamiðlinum, í fréttaviku Þorfinns Ómarssonar á NFS, þar sem hann er að ræða um vatnalagafrumvarpið, og ég vitna, með leyfi forseta:

„Hver er grunnurinn? Af hverju er farið af stað með þessar breytingar? Er það vegna þess að stjórnvöld vilji gera sér auðveldara um virkjunarframkvæmdir? Er þetta gert fyrir Landsvirkjun? Nú er bara að velta þessari spurningu fyrir okkur: Af hverju er farið af stað núna?"

Þessi fyrrverandi alþingismaður bendir á aðra tengingu sem líka er rétt að hafa í huga:

„Ég vil líka benda á annað. Þau miklu jarðakaup sem hafa átt sér stað hjá efnamönnum hér undanfarin missiri og ár eru ekki bara til þess að ná mjólkurkvóta og ærkvóta. Þau eru líka vegna þess að þeir vissu að það var verið að breyta þessum lögum."

Frú forseti. Þetta vita allir. Í frétt í Morgunblaðinu í þessari viku kom fram að verð á jörðum hefur hækkað alveg gríðarlega. Ástæðan er sú að menn eru að fjárfesta í þessum eignum. Vegna hvers? Morgunblaðið svaraði þeirri spurningu. Til þess að verða sér úti um aukin hlunnindi. Þetta eru auðvitað margvísleg hlunnindi. En vatnsréttindi eru ein af þeim hlunnindum sem menn eru helst að sækjast eftir í dag. Það eru vatnsréttindi til skemmri tíma til raforkuframleiðslu af því að frelsi til þess að framleiða raforku og dreifa henni er miklu meira en áður og fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi leiða til þess að enn auðveldara verður að skapa sér auð með þeim hætti. En menn eru líka að hugsa til þess, sem ég rakti hér fyrr í ræðu minni, að vatn verður auðlind sem verður miklu dýrari þegar líður fram á þessa öld. Enn vitna ég til tímaritsins Fortune þar sem þau merku orð voru skrifuð að auðlind 21. aldarinnar yrði vatn — það sem hér er, í glasinu — og yrði dýrara en olía á þessari öld. Svo ég velti því nú fyrir mér hvort hér sé ekki samhengi á milli.

Ég tek það skýrt fram að ég held ekki að þeir þingmenn sem hafa verið að verja þetta þingmál hafi gert sér grein fyrir því, a.m.k. ekki hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, sem á auðvitað að vera hér og hlusta á mitt mál en er einhvers staðar víðs fjarri. Honum finnst erfitt að sitja undir því að hlusta á þessar tölur um það sem okkur finnst verulega að við þetta frumvarp. En gæti verið að hv. þm. Birkir Jón Jónsson hafi ekki gert sér grein fyrir því hvað er að gerast hérna?

Ég sagði áðan, frú forseti, að við aðstæður eins og þessar þar sem svona vargöld ríkir um málið í þinginu hlytu menn með einhverjum hætti að reyna að ná einhvers konar sátt um þetta mál þó ekki væri nema framvindu þess. Afstaða Samfylkingarinnar liggur alveg skýr fyrir. Við erum þeirrar skoðunar að það eigi ekki að setja lög sem flytja nýtingarréttinn yfir í hendur landeigenda og búa til séreignarrétt. En við getum alveg fallist á að það verði sett sérstök lög um nýtingarréttinn með þeim takmörkunum sem að sjálfsögðu ber að setja á auðlindir af því tagi. Var það ekki nákvæmlega hugsun hinna gömlu landsfeðra sem fyrst settu fossalögin 1907 og síðan fossalögin 1923? Um hvað var tekist á þá? Það var tekist á um nákvæmlega þetta. Það var tekist á um það hvort réttindin í vatninu ættu að vera séreignarréttindi eða hvort þau ættu að vera það sem þeir kölluðu því frábæra orði „landsgæði". Það er það sem við í Samfylkingunni teljum.

Grunnvatnið á að vera landsgæði. Fiskurinn í sjónum á að vera landsgæði. Rafsegulsviðin í ljósvakanum eiga að vera landsgæði. Og heimildir til þess að losa gróðurhúsa-

lofttegundir út í andrúmsloftið eiga að vera landsgæði. Við teljum að það sé ekki hægt að færa þetta yfir í hendur neins eins aðila sem hafi séreignarrétt að þessu en við erum reiðubúin til þess að setja lög um útfærslu á nýtingarrétti. Um þetta standa átökin í þessu máli alveg eins og í öðrum málum þar sem alltaf hefur verið tekist harkalega á um það hver á auðlindina.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði hér að fyrr skyldi hann dauður liggja en að hann féllist á að vatn yrði gert að séreign einhvers einstaks aðila. Hvað ætli hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi oft kveðið fast að orði um fiskinn í sjónum? Allt hans pólitíska líf hefur snúist um nákvæmlega þau átök, um það að koma í veg fyrir að auðlind sem frá fornu hefur verið í höndum þjóðarinnar sameiginlega sé færð sem eign í hendur annarra, einhverra tiltekinna fárra. Um það hefur barátta hv. þm. Jóhanns Ársælssonar snúist ár og síð frá því að ég kynntist honum fyrst fyrir mörgum árum og um þetta hafa átök á Alþingi Íslendinga snúist. Það eru átök um gæði, um það hver á að eiga hlutina.

Það er auðvitað skiljanlegt að einhverjir menn sem eru aldir upp undir frjálshyggjutrúboði stuttbuxnadeildarinnar í Heimdalli og Sambandi ungra sjálfstæðismanna séu svo forhertir af því trúboði að þeir sjái ekkert nema það að einkavæða hlutina, helst allt sem hreyfist. Ég geri svo sem engar athugasemdir við það að hv. þm. Sigurður Kári skuli fara hér með miklum gassagangi og tala um nauðsyn þess að einkavæða vatn. En, frú forseti, það hryggir mig þegar ég sé góða og væna uppvaxandi framsóknardrengi haldna sömu firrunni. Það hryggir mig þegar ég sé einn af arftökum Jónasar frá Hriflu renna í sömu slóð og stuttbuxnaíhaldið í Sjálfstæðisflokknum. Það hryggir mig þegar ég sé ungan mann að norðan, — eins og Jónas frá Hriflu var þegar hann kom fyrst til borgarinnar og haslaði sér völl í stjórnmálum og brá sér reyndar til útlanda til vefaranna í Rochester til þess að ná inn í blóð sitt samvinnuhugsjóninni — hv. þm. Birki Jón Jónsson, koma aftur og aftur í þau 30 skipti sem hann hefur talað hér í þessari umræðu eða um fundarstjórn forseta og taka undir með Sigurði Kára. Hann velur þeim sem eru honum andstæðir hin háðulegustu orð. Hann hefur nánast gengið svo langt að kalla þingmenn Samfylkingarinnar druslur. Hann orðaði það með þeim hætti að þeir drusluðust á eftir Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í þessu máli. Hv. þingmanni þótti þetta svo sniðugt hjá sér, af því að einhvers staðar leynist í sálardjúpum hans lítill húmoristi sem bíður eftir því að brjótast út, að hann notaði þetta aftur og aftur.

Ég geri engar athugasemdir við það þó að köpuryrði séu send að mér frá Framsóknarflokknum í þessu máli. En það breytir ekki hinu að hugsjón Framsóknarflokksins var í upphafi allt annars eðlis. Hv. þingmaður telur að hann sé að verja rétt bænda. Þetta snýst ekki um það. Við í Samfylkingunni erum svo sannarlega reiðubúin til þess að semja um útfærslu á nýtingarrétti sem geri bændum kleift að nota vatnið með nákvæmlega sömu takmörkunum og hv. þm. Birkir Jón Jónsson setur þeim í þessu frumvarpi. Það er nefnilega svo að það frumvarp sem hv. þingmaður er hér að verja setur líka landbúnaðinum takmörk.

Má ég benda hv. þingmanni á 3. gr. frumvarpsins þar sem eru skilgreiningar, mig minnir að það sé liður 7. Þar er verið að tala um búsþarfir. Jú, bændur í dag mega verða sér úti um vatn og hvað sem gerist með vatnsréttindi á jörðum þeirra þá verður alltaf að tryggja að það sé vatn til búsþarfa. Hvernig hefur hv. þm. Birkir Jón Jónsson skilgreint búsþarfir? Kvikfjárrækt. Það er þessi hefðbundni búsmali. En hv. þingmaður tekur undan suma bændur. Hann setur ákveðnar takmarkanir á nýtingarrétt bændanna sem hann er að verja. Þeir mega ekki nota þetta vatn nákvæmlega eins og þeim sýnist við ákveðnar aðstæður til ylræktar. Þeir mega ekki nota það til fiskeldis. Og hvað veldur því? (**Gripið fram í:** Ha!) Þeir mega ekki nota það til fiskeldis og ef hv. þingmaður les frumvarpið kemst hann að því að þegar verið er að skilgreina búsþarfir er fiskeldi undanskilið, skógrækt er undanskilin, ylrækt er undanskilin. Og hvers vegna skyldi þetta vera undanskilið? Væntanlega vegna þess að þetta eru svo vatnsfrekar iðjur. Það er vel skiljanlegt. En það er ekki orðað með þeim hætti í frumvarpinu. Það er sagt að þetta séu ekki hefðbundnar landbúnaðarnytjar.

Mig langar, frú forseti, að spyrja hv. þm. Birki Jón Jónsson: Hvað þarf maður að vera margar aldir í Framsóknarflokknum til þess að teljast vera hefðbundinn framsóknarmaður? Veit hv. þingmaður hversu lengi skógrækt hefur verið sinnt hér á landi? Hann þarf ekki annað en að ganga hér handan ráðherrabekkjarins, svipta frá tjöldunum, horfa út um gluggann og þá sér hann tré sem Schierbeck landlæknir gróðursetti fyrir tveimur öldum og hóf skógrækt á Íslandi. Hv. þingmaður gæti farið vítt um sitt kjördæmi, sem er fallegt og gróðursælt, og þar sér hann leifar skógarins sem þakti Ísland samkvæmt Íslendingasögunum — sem ég trúi eins og Biblíunni — milli fjalls og fjöru. Skógrækt hefur auðvitað staðið lengi á Íslandi. Hvað með ylræktina? Hvernig stendur á því að menn vilja ekki skilgreina ylrækt með þessum hætti vegna þess að hér er verið að gera takmarkanir?

Ég nefni þetta hér sérstaklega vegna þess að þetta takmarkar not þeirra sem eiga land til þess að nýta við vissar aðstæður vatn, og grunnvatn sérstaklega, eins og þá lystir. Með öðrum orðum, eignarrétti þeirra eru sett takmörk. (Gripið fram í.) Og hvað varðar fiskeldi — ég nefndi það sérstaklega vegna þess að við tveir þingmenn hér, ég og hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson, erum sérstakir áhugamenn um það, og höfum reyndar varið nokkrum hluta af ævi okkar til að sinna þróun þeirrar iðngreinar. Það er kannski ekki hægt að kalla það hefðbundna atvinnugrein á Íslandi.

Ég vil þó vísa hv. þm. Birki Jóni Jónssyni aftur í aldir, aftur t.d. til þess tíma þegar Ísland var numið. Það er sagt frá því í Íslendingasögum að í kjördæmi hv. þm. Jóhanns Ársælssonar tóku menn fiska úr vötnum og settu í fiskileysu og þar er lækur sem enn í dag heitir Fiskilækur en heitir í landnámi Alifiskalækur. Þannig að vilji menn fara langt aftur gætu þeir hugsanlega fundið margt sem mælir gegn þessari sérkennilegu skilgreiningu Framsóknarflokksins, sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson ber hér fram, á því hvað séu búsþarfir og hvað séu hefðbundnar atvinnugreinar.

Það eru aukaatriði í málinu. Aðalatriðið er að þarna eru eignarréttindin skert með ákveðnum takmörkunum. Við í Samfylkingunni og stjórnarandstöðunni viljum skilgreina

vatnið sem sameign þjóðarinnar, sem framtíðarauðlind sem við getum í framtíðinni nýtt með þarfir heildarinnar í huga. En við erum reiðubúin til að semja um lagalega útfærslu á nýtingarrétti með nákvæmlega sama hætti og hv. þingmaður er að gera gagnvart bændunum sem hann ber svo fyrir brjósti.

Herra forseti. Ég hef áður í þessari ræðu vakið máls á þeirri þverstæðu sem hefur komið fram í máli formanns iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar. Hann hefur sagt — og ég ætla að segja það aftur af því að nú er hann kominn í salinn — að þetta sé bara formbreyting og það skipti engu máli fyrir réttarstöðu eins eða neins hvort hún verði gerð eða ekki. (**BJJ:** Er þetta að hafa eftir mér?) Ég er efnislega að vísa til þess sem hv. þingmaður segir að hér sé um formbreytingu að ræða en ekki eðlisbreytingu. Ef ekki er um eðlisbreytingu að ræða þá getur ekki verið að hún hafi áhrif á réttindi eins eða neins. Hv. þingmaður hefur líka sagt í umræðunni að hér sé verið að hnýta réttindin sömu hnútum og gert er í lögunum sem samþykkt voru 1998 um auðlindir í jörðu. Ég man ekki alveg heiti þeirra laga, (Gripið fram í.) lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. En hann segir hins vegar að ef þau réttindi yrðu tekin af mundi það baka ríkinu mikla skaðabótaskyldu. Þetta stenst auðvitað ekki. Ekki er bæði hægt að segja að ef réttindin yrðu tekin í burtu yrði það svo mikil svipting eigna að það bakaði ríkinu skaðabótaskyldu og hins vegar að þetta sé engin formbreyting. Þetta gengur ekki upp samkvæmt einföldustu lögmálum rökfræði. En ég veit að ég þarf ekki að kenna hv. þingmönnum Framsóknarflokksins neina rökfræði og allra síst hæstv. iðnaðarráðherra, sem sýnir okkur þann heiður núna, stjórnarandstæðingum, að ganga í salinn og gægjast um gættina. Ég vildi gjarnan að hæstv. iðnaðarráðherra kæmi hér og svaraði þeim spurningum sem til hennar var beint í dag um hvað skýringar hæstaréttarlögmannsins og aðalhöfundar frumvarpsins um réttaráhrif þýða.

En auðvitað er það makalaust, herra forseti, þó ég ætli ekki að gera mikið mál úr því af því að ég er í eðli mínu friðarins maður eins og hæstv. forseti, að hæstv. iðnaðarráðherra leggur bara á flótta. Skýst hér inn eins og mús og hleypur út aftur eins og köttur sé á eftir henni. Það sýnir auðvitað að hæstv. ráðherra er hugsanlega í þeirri stöðu sem hún lenti í hér fyrr í vetur að hún skilur ekki sitt eigið frumvarp.

Það er óhjákvæmilegt að rifja það upp fyrir hæstv. forseta og þingheimi. (Gripið fram í.) að fyrr í vetur lá fyrir þinginu frumvarp um leyfisveitingar til rannsókna og auðlindanýtingar og þingið reif sig niður í rass fyrir jól um þetta mál. Hæstv. iðnaðarráðherra átti engin orð yfir því hve stjórnarandstaðan væri óforskömmuð og yfir því hve stjórnarandstaðan, eins og hún orðaði það á sínum tíma, væri óbilgjörn, því að þetta væri svo gott mál. En það var hv. þm. Jóhann Ársælsson, sem hafði átt nokkurn þátt að því máli, sem benti á að skilningurinn sem ráðherrann lagði í málið í framsögu sinni og bardaga sínum fyrir málinu í þinginu stæðist ekki frumvarpsgreinarnar sjálfar. Það var hv. þm. Birkir Jón Jónsson sem barðist hvað harðast fyrir því máli en hörð andstaða stjórnarandstöðunnar leiddi til þess að málinu var frestað. Því var frestað fram yfir jól. Þá var aftur tekið til við óspillt málin að reyna að þröngva því frumvarpi gegn.

Þá gerðist það að ráðuneytisstjórinn kom frá útlöndum og hlustaði á hæstv. ráðherra og það rann upp fyrir honum að stjórnarandstaðan hafði rétt fyrir sér. Það rann upp fyrir embættismönnum ráðuneytisins að hæstv. iðnaðarráðherra fór bara með bull og vitleysu. Hún hafði misskilið frumvarpið. Og það sem verra var, hv. formaður iðnaðarnefndar, Birkir Jón Jónsson, lét etja sér út í það að reyna að ryðja þessu vitlausa frumvarpi brautina í gegnum þingið.

Ég spyr nú þann unga mann: Hefur hann lært af reynslunni? Ljóst er að hæstv. iðnaðarráðherra hefur ekkert lært af reynslunni. Það er ekki hlutur sem ég ætla að ræða mikið um en það er hins vegar sameiginlegt vandamál okkar sem sitjum í þessum sal og veltum þessum málum fyrir okkur. Við höfum einfaldlega reynsluna af því að hæstv. iðnaðarráðherra er gjarnt að misskilja mál. Hér hefur það komið fyrir nokkrum sinnum, a.m.k. einu sinni í alvarlegu máli, að hæstv. iðnaðarráðherra skilur ekki sín eigin frumvörp. Þegar það blasir við núna að yfirlýsingar sem koma frá einum af höfundum frumvarpsins benda til þess að vatnalagafrumvarpið kunni að hafa meiri og dýpri áhrif en hæstv. iðnaðarráðherra segir þá hugsa menn auðvitað: Hún hefur áður haft rangt fyrir sér.

Auðvitað má segja að við ættum að hafa skjöld og hlíf í hv. formanni iðnaðarnefndar, Birki Jóni Jónssyni. Hlutverk hans er að brjóta málin til mergjar sem koma til nefndarinnar. Á herðum hans hvílir rannsóknarskylda. Hv. þingmaður er vænn piltur og efnilegur, og ég dreg ekkert úr gæðum hans sem formanns, en það blasir hins vegar við að hann er laminn áfram af hæstv. iðnaðarráðherra sem eirir engu þegar hún er komin í þann haminn.

Nú er hæstv. iðnaðarráðherra komin í þá stöðu að á henni standa mörg spjót. Ritstjóri Morgunblaðsins, Styrmir Gunnarsson, gerir hróp og hí að henni og segir að hún kunni ekki einu sinni lágmarksreglur Evrópusambandsins. Ég er sammála ritstjóra Morgunblaðsins um það. Hún er rekin til baka með frumvarpið mikla sem hún ætlaði sér heldur betur að hrósa sér af fyrir jólin. Og nú kemur hún hingað með frumvarp og enginn skilur af hverju hún vill kýla það af slíkum krafti í gegnum þingið vegna þess að hún segir sjálf að það skipti í reynd engu. Hinn gamli og vitri Lappi, sá sem sér hlutina eins og þeir raunverulega eru, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, kemur bara hingað ganske pent, svo ég leyfi mér að sletta dönsku, hæstv. forseti, og segir að það skipti engu til eða frá hvort þetta frumvarp sé samþykkt.

Sá ágæti forseti sem situr á forsetastóli núna er friðarins maður, og eins og ég hef greint frá í mínum litla örmiðli tel ég að hann sé bæði kurteis og vitur, fyrir utan að vera skemmtilegur á köflum, en hann hefur líka, þrátt fyrir skamma setu á þingi, sem ég vona að verði miklu lengri, fengið nasasjón af því hvernig hlutirnir ganga fyrir sig hér. Hv. þingmaður hefur oft sýnt það, bæði meðan ég var á vistum með honum í efnahags- og viðskiptanefnd og hér sem forseti, að hann kann stundum að bera klæði á vopnin. Ég held að hæstv. forseti ætti að beita sér fyrir því að þetta mál verði skoðað betur. Ég segi þetta sérstaklega með hliðsjón af því að félagar hans í Sjálfstæðisflokknum hafa sagt

hér í dag að rétt sé að kæla málið. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, sem ég held að eigi sæti í iðnaðarnefnd, talaði hér eins og verulega vitiborinn maður, ég vil nú ekki segja í fyrsta skipti, í dag, en hann gerði það og benti á að menn ættu að reyna að komast að sátt í málinu. Og ég vísa aftur til orða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar.

Ef það er svo að þingmenn Sjálfstæðisflokksins séu þeirrar skoðunar, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafði orð fyrir þeim í dag, að samþykkt frumvarpsins breyti engu til eða frá, er það þá ekki þannig, herra forseti, að þetta mál snúist bara um hégóma hæstv. iðnaðarráðherra? Það niðurstaða mín. Ég tel það, vegna þess að hæstv. iðnaðarráðherra, eins og ég held bara allir sem hér hafa talað um málið af hálfu stjórnarliðsins, eru þeirrar skoðunar að þetta sé bara formbreyting, að þetta sé engin eðlisbreyting. Þetta er okkur sagt. Ef það er svo, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði, að það skipti engu máli til eða frá hvort þetta er samþykkt eða ekki þá eiga menn auðvitað að bera klæði á vopnin með þeim hætti að hlusta á það sem stjórnarandstaðan vill í málinu og athuga hvort þeir komist að þeirri niðurstöðu að hægt sé að ná einhvers konar lendingu um framhald málsins.

Við höfum sagt alveg skýrt að við teljum að hér sé um eðlisbreytingu að ræða og að við teljum að hér sé verið að gera vatn að séreign. Ef það er svo að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telji að það sé mögulegt að lifa með þeirri staðreynd að vatn sé einungis undirorpið nýtingarrétti og enginn beri neinn skaða af því fyrirkomulagi þá er hugsanlegt að við getum náð einhvers konar samkomulagi til framtíðar. En við höfum líka sagt, þingmenn stjórnarandstöðunnar, að það sé ýmislegt annað við þetta að athuga. Við teljum að hér sé vernd vatns, vernd náttúru, lífríkis og vistkerfis, alls ekki gætt sem skyldi. Ég er viss um að hæstv. forseti, Birgir Ármannsson, er fyrir löngu búinn að lesa þetta frumvarp og komast vel niður í því. Þess vegna veit hann eins og ég að hvergi í frumvarpinu er ótvírætt sagt að hafa beri samráð við Umhverfisstofnun varðandi lífríkið, vistkerfið eða vatnsfarvegi utan á einum stað.

Þegar maður les frumvarpið, ég tala nú ekki um þegar gamall umhverfisráðherra og falleraður líffræðingur leyfir sér að skoða það út frá sjónarhóli vistfræði og líffræði, rekur mann auðvitað í rogastans því að í því eru engir sérstakir varnaglar gagnvart lífríkisröskun, gagnvart því að vatnsvegir séu skemmdir. Í stjórnsýslukafla laganna þar sem Orkustofnun er fært allt vald, og dreg ég ekki úr gæðum þeirrar stofnunar, er sagt af mikilli náð og miskunn gagnvart þeim sem hafa sporð og hreistur og synda um legi vatnsins að þar skuli haft samráð við veiðimálastjóra. Veiðimálastjóri hefur gert sterkar athugasemdir við hversu lítil áhrif hann getur haft um þetta. Ef sótt er um framkvæmdir beint samkvæmt sérstökum lögum til veiðimálastjóra ber honum samkvæmt frumvarpi þessu að senda afrit af því til Orkustofnunar, en það virkar ekki öfugt. Það virkar ekki þannig. Þegar Orkustofnun fær einhvers konar óskir um framkvæmdaleyfi og annað sem tengist fiskvegum er það undir hælinn lagt og vilja hennar hvort málið er sent Veiðimálastjóra til umsagnar.

Þetta er auðvitað algerlega af og frá, herra forseti. Þegar ég tala um möguleika á sátt eða lendingu í þessu máli er ég auðvitað að tala um að menn kæli það aðeins, út frá því sem hér hefur komið fram að málið breyti engu og það skipti engu í reynd hvort það sé samþykkt vegna þess að hér sé bara um breytingu á formi að ræða en ekki eðli. Ég er að hugsa um það en ég er líka að hugsa um annað.

Okkur í stjórnarandstöðunni hefur verið það mikill þyrnir í augum að þetta mál skuli ekki rætt samhliða öðrum málum sem tengjast vatnsvernd. Við höfum lagt þunga áherslu á það ásamt Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun að frumvarp til vatnalaga verði rætt ásamt öðrum bálkum sem því tengjast. Við höfum talað um að vatnamálin þurfi að ræða heildstætt. Þá höfum við auðvitað vísað sérstaklega til þess að Evrópusambandið hefur gefið út sérstaka tilskipun um vötn og vatnsvernd sem við munum þurfa að taka upp að hluta. En vegna þess að við erum aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru ákveðnir hlutar undanþegnir, t.d. samningar um búsvæði, ákveðnir samningar um náttúruvernd og ýmislegt annað. Þess vegna stóðu deilur, það er kannski of fast að orði kveðið, en tekist var á um það milli EES-ríkjanna og Evrópusambandsins hvað ætti að vera í lögum sem byggð væru á vatnatilskipuninni. Þar var a.m.k. vík á milli vina. Í sjálfu sér er ekki hægt að gera sérstakar athugasemdir við það. Þannig eru samskipti ríkja á alþjóðavettvangi, menn hafa mismunandi sjónarhorn og reyna að semja.

Ástæðuna fyrir því að frumvarp til vatnalaga er ekki rætt samhliða vatnsverndarfrumvarpi, eins og stjórnarandstaðan hefur óskað eftir, segja stjórnarliðar þá að niðurstaða sé ekki komin í samningaferlið á millum annars vegar Evrópusambandsins og hins vegar Íslands, Noregs og Liechtensteins. Þess vegna hefur ríkisstjórnin, sérstaklega hæstv. iðnaðarráðherra, sagt að þetta geri að verkum að ekki sé hægt að leggja það frumvarp til. Þó hefur komið fram, mér til nokkurrar furðu, að drög að því frumvarpi séu þegar til í umhverfisráðuneytinu. Reyndar er gengið svo langt að fullyrða að frumvarpið sjálft sé þegar til í ráðuneytinu. Það kemur t.d. fram í greinargerð með vatnalagafrumvarpinu. En þetta hefur verið helsta röksemd ríkisstjórnarinnar gegn því að hægt yrði að ræða saman nýju vatnalögin, vatnsverndarlög og hugsanlega ýmsa aðra lagabálka sem þarft væri að setja með.

Ég spurði á föstudaginn hæstv. umhverfisráðherra hvort það væri rétt sem mér hefði borist til eyrna, en ekki hafði komið fram í fjölmiðlum, að nokkrum dögum fyrr hefði náðst niðurstaða í samningaferlinu innan þessara tveggja stoða Evrópska efnahagssvæðisins. Það var eftirtektarvert að svo vildi til að þegar ég varpaði fram þessari spurningu kom hæstv. umhverfisráðherra í salinn en hafði hratt á hæli og fór. Hún svaraði ekki fyrr en á laugardaginn. Ég geri engar athugasemdir við það. Það hefur margsinnis komið fram að ég hef gott álit á hæstv. umhverfisráðherra. Yfirleitt svarar hún skýrt og vel og lætur menn ekki komast upp með óþarfa moðreyk ef svo ber undir. Ég kann vel við slíka ráðherra. Hún er heldur ekki að fela skoðanir sínar.

Hæstv. ráðherra sagði á laugardaginn, sem svar við spurningu minni frá því deginum áður, að það væri rétt, það væri komin niðurstaða. Þá spyr ég, herra forseti: Ef það er svo að komin er niðurstaða í þessar deilur á milli stoðanna tveggja sem að Evrópska efnahagssvæðinu standa um

vatnatilskipunina og hvers konar lög eigi að byggja á henni, þegar haft er í huga að menn segja að engar sérstakar nauður reki til að vatnalögin sem við ræðum um í dag séu rekin í gegnum þingið, er þá ekki flötur á samkomulagi? Er þá ekki mögulegt að ná sátt um að láta vatnalagafrumvarpið bíða, að beðið verði, eftir atvikum fram á vorið eða næsta haust, eftir því að vatnsverndarfrumvarpið, a.m.k. burðargrind þess, verði til í umhverfisráðuneytinu, verði fullbúið og þessi frumvörp lögð fram saman fyrir þingið? Um það hefur stjórnarandstaðan beðið. Þá væri vísast líka hægt að ganga frekar úr skugga um hvað raunverulega liggur í orðum aðalhöfundar frumvarpsins þegar hann talar um að samþykkt þess kunni að hafa áhrif á réttarstöðu.

Auðvitað grunar okkur í stjórnarandstöðunni að fiskur liggi undir stein, í versta falli, en í besta falli að sé enn einn misskilningur hæstv. iðnaðarráðherra á ferðinni. Það hefur náttúrlega áður gerst að mál hafa farið af misskilningi í gegnum þingið. En úr því sem komið er mun sennilega erfitt fyrir hæstv. iðnaðarráðherra að eta ofan í sig stolt sitt og láta reka sig til baka með þetta mál. En þá eiga sniðugir menn eins og hæstv. forseti Birgir Ármannsson og aðrir ágætir forsetar, að reyna að finna leiðir til þess að bjarga hæstv. iðnaðarráðherra úr þessum bölvuðum vanda sem hún hefur enn einu sinni komið sjálfri sér í. Ég geri mér grein fyrir því að það er erfitt. Staða Framsóknarflokksins er erfið og staða ráðherra er erfið. Líkast til meinar stolt hæstv. iðnaðarráðherra henni að verða við tilmælum stjórnarandstöðunnar um að taka þetta mál til baka og bíða með það þangað til við höfum heildstæða sýn með því að fá líka vatnsverndarfrumvarpið fram.

Það er ekki vansalaust, herra forseti, hvernig menn ganga fram í þessu máli. Frumvarpið kom fram í fyrra og það var ótrúlegt að lesa viðhorfin sem fram komu í umsögnum hjá þeim eftirlitsstofnunum sem við Íslendingar höfum treyst til að vakta og gæta auðlinda okkar. Þar nefni ég helst til sögunnar tvær burðarstofnanir, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun.

Umhverfisstofnun er ný stofnun. Hún hefur ekki starfað mjög lengi en hún hefur starfað vel. En sú hefur heldur betur fengið að finna til tevatnsins. Sú stofnun hefur verið lamin eins og fiskur af hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar hafa sameinast um að fara með offorsi og harðneskju á hendur henni og reyna að berja hana til hlýðni. Hvers vegna, herra forseti? Búum við ekki í landi frjálsra skoðana og skoðanaskipta? Jú, Umhverfisstofnun er veitt forusta af fólki sem er faglegt og bersýnilega gætt nægilegri hreinskilni og sannleiksást til að segja hlutina eins og þeir eru.

Hver var niðurstaða Umhverfisstofnunar þegar hún samþykkti og sendi umsögn sína til iðnaðarnefndar er frumvarpið kom fram fyrra sinnið? Það var 15–20 síðna plagg þar sem farið var yfir 25 greinar. Nú hef ég, herra forseti, ekki haft fyrir því að telja nákvæmlega saman hvort þær voru 25 eða 30. En þær voru fjölmargar greinarnar sem Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við. En hún rakti síðan lið fyrir lið hversu hraksmánarlega frumvarpið var samsett og niðurstaðan var ekki fögur. Mig langar að veita hæstv. forseta þá ánægju og upplýsingu að lesa upp fyrir hann niðurstöðu Umhverfisstofnunar. Þar segir í sex línum, með leyfi hæstv. forseta:

„Samantekið telur Umhverfisstofnun að hvað varði fyrirhugaðan rétt landeigenda sé frumvarpið í andstöðu við alþjóðlegar viðmiðanir og skuldbindingar, löggjöf í nágrannalöndum, óhagstætt hagsmunum almennings og íslenska ríkisins. Ekki er tekið tillit til líffræðilegs og samfélagslegs mikilvægis vatns og nægu aðgengi að því. Leggst stofnunin því alfarið gegn því að þessi leið verði farin."

Herra forseti. Ég man ekki eftir því á öllum mínum ferli að nokkur opinber stofnun hafi með viðlíka hætti ráðist jafnharkalega fram gegn stefnu ríkisstjórnar. Hvaða ríkisstjórn er það sem vill láta telja sig faglega en heldur áfram með slíkt frumvarp eftir að hafa fengið þvílíka umsögn? Þarna er beinlínis sagt að frumvarpið stríði gegn hagsmunum íslenska ríkisins, gegn hagsmunum almennings, gegn alþjóðlegum samningum og gegn öllum alþjóðlegum viðmiðunum og skuldbindingum. Þarna kemur líka fram, sem er svo merkilegt, að þetta er allt öðruvísi en löggjöfin í nágrannalöndunum. Ég spyr hæstv. forseta, sem af visku síns hjarta svarar því ábyggilega í huga sínum en þarf ekki að gera það úr ræðustól: Hver er metnaður þeirrar ríkisstjórnar sem ætlar sér með krafti og hörku að keyra í gegn frumvarp sem fær ekki bara falleinkunn heldur algjöra falleinkunn hjá mikilvægustu eftirlitsstofnun hins opinbera á sviði umhverfisverndar? Ég hugsa að það sé ekki hægt að hugsa sér forkastanlegri vinnubrögð en þetta.

Því miður, herra forseti, var athugasemdum Umhverfisstofnunar í engu sinnt. En starfsmenn stofnunarinnar hafa greinilega verið teknir í bakaríið. Það kemur fram þegar lesin er umsögn um frumvarpið þegar það kemur fram í hið síðara skipti, þ.e. í vetur, að þá er búið að skamma embættismennina með þeim hætti að þeir eru látnir gera yfirbót. *En sem betur fer gera þeir það, eins og á Kópvogsfundinum*, grátandi. Þegar tárin hrjóta niður síðurnar getur maður ekki annað en skilið hlutskipti þeirra. Þeir vita að þeir þurfa að hlýða einhvers konar skipunum ráðherra sem bersýnilega lyftir vendi sínum og hótar tyftun. Þar er dæmi um ráðherraræðið enn einu sinni. En það kemur samt sem áður fram hjá þeim að þeir geri þetta grátandi og þeir eiga heiður skilinn fyrir það.

Herra forseti. Í umsögninni frá Umhverfisstofnun 1. september síðastliðinn segja þeir að stofnunin standi við öll þau faglegu aðfinnsluatriði sem hún hafi sett fram árinu fyrr. Það er frekar að þeir gefi í varðandi tæknilegar úrbætur sem þeir telja nauðsynlegt að gera á frumvarpinu. En síðan segja vesalings embættismennirnir, sem hafa greinilega lent í reiðum ráðherrum sem ekki una því að sitja undir því að embættismenn segi sannleikann — við vitum nú hæstv. forseti, að þegar hæstv. viðskiptaráðherra rennur í skap þá er hún illvíg ... (**Gripið fram í:** Styrmir veit það.) En í umsögninni segir að þegar Umhverfisstofnun hafi veitt umsagnir hafi hún náttúrlega horft til þeirra verkefna sem stofnuninni eru falin og þegar frumvarpið hafi komið fram hafi hún talið óhjákvæmilegt að gera við það verulegar athugasemdir á faglegum grunni.

Seinna í umsögninni segja embættismennirnir að í umræðunum sem fylgdu framlagningu frumvarpsins á síðasta þingi hafi verið nefnt — við munum hvernig hæstv. ráðherra nefndi það á sínum tíma — að Umhverfisstofnun hafi verið að tjá sig um pólitísk atriði. Umhverfisstofnun er

stjórnsýslustofnun og harmar að hafa dregist inn í atburðarás með þeim hætti sem stofnunin lýsir, frá síðasta vetri.

Síðan segir stofnunin, með leyfi forseta:

„Markmið stofnunarinnar er að standa vörð um þá málaflokka sem henni er trúað fyrir, og leiðbeina löggjafanum þegar fjallað eru um mál er hana varðar út frá faglegu sjónarmiði. Það var ekki og er ekki ætlun stofnunarinnar að taka þátt í pólitískri umræðu sem kjörnir fulltrúar sjá um."

Svo kemur þetta óborganlega. Þarna er lýsing á dulmáli á því þegar embættismenn og æðstu yfirmenn Umhverfisstofnunar eru teknir á hvalbeinið hjá hæstv. umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra. Þarna segir, með leyfi forseta:

„Umhverfisstofnun hefur farið yfir málin með umhverfisráðuneytinu, og fellst á að sumt af því sem kemur fram í umsögninni, einkum í fylgiskjölum með umsögninni, megi skilja þannig að stofnunin væri að taka pólitíska afstöðu varðandi eignarrétt á vatni og hefði orðalag þeirra mátt vera öðruvísi."

Þetta heitir víst að bjóða embættismönnum gleðileg jól, er það ekki hæstv. forseti, á því máli sem hefð hefur skapast fyrir í tengslum við umræðu um umhverfismál? En í öllu falli, svo allri kátínu sé sleppt og erfið söguleg atriði séu ekki rifjuð hér upp á þessari stundu, þá er alveg ljóst að hæstv. umhverfisráðherra hefur látið taka yfirmenn Umhverfisstofnunar á beinið. Þeir eru látnir lýsa því yfir með vöndinn dynjandi á bakinu að þeir hefðu nú mátt orða þetta öðruvísi. Jú, og þeir biðjast í reynd afsökunar á því að kannski hefði ekki átt að orða þetta með hinum og þessum hætti. Það væri kannski ekki úr vegi, herra forseti, að rifja aðeins upp hvað þessi ágæta stofnun sagði.

Frú forseti. Ég finn það nú ekki alveg í fljótu bragði. Einhvers staðar er það í þessum bunka. En það skiptir ekki máli. (**PHB:** Því miður.) Hv. þm. Pétur Blöndal gleðst yfir þessu. (**Gripið fram í:** Nei. Hann ...) Ég misskildi hv. þingmann eitt augnablik og hélt að hann væri að gleðjast yfir því að embættismennirnir hefðu með þessum hætti verið teknir á beinið. Ég gleðst ekki yfir því. Ég sé hins vegar í þessu ákveðna þróun sem hér hefur átt sér stað síðastliðin tíu, tólf ár sem ég hef kallað ráðherraræði og felst í að ráðherrarnir ráða því sem þeir vilja. Þeir koma því fram með hvaða hætti sem það er. Hvort sem það er í gegnum þingið eða ekki þá taka þeir þingmann eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal og bara kúska hann og beygja hann ef svo ber undir eins og við höfum margsinnis séð, með hina miklu staðfestu hv. þingmanns, eða þeir taka embættismennina og kúska þá líka til eins og hér kemur alveg skýrt fram. (**PHB:** Það er miður að þú skulir ekki finna það.) Það kemur í leitirnar, herra forseti, þegar að því kemur. Ég hef ekki alveg lokið ræðu minni þannig að hugsanlegt er að þetta komi fram seinna.

Í öllu falli ætlaði ég að rifja það hér upp að fyrir utan það að við í stjórnarandstöðunni erum þeirrar skoðunar að það ætti að ræða vatnalagabálkinn samhliða vatnsverndarlagaramma þá skiptir líka annað máli sem ég held að hæstv. stjórnarlið ætti líka að hugsa sig aðeins um út af, þ.e. sú staðreynd að núna er í gangi sérstök vinna við að endurskoða stjórnarskrána. Eitt af því sem menn hafa orðið sammála um hér í þessum sölum, þó það sé ekki til þrautar rætt í stjórnarskrárnefndinni, er að festa í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á sameiginlegum auðlindum. Þetta er mál sem hér hefur verið töluvert mikið rætt. Það hefur t.d. komið fram bæði hjá fulltrúum Samfylkingarinnar, fulltrúum Framsóknarflokksins og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að það ætti að fella slíkt ákvæði inn í stjórnarskrá. En ekki bara það, herra forseti. Í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar kemur alveg skýrt fram að þessi ríkisstjórn stefnir að því að festa í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindin í hafinu sé sameign þjóðarinnar. Nú er það ekkert launungarmál. Það hefur komið fram í umræðum síðar, m.a. hjá öðrum hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins og forkólfum Sjálfstæðisflokksins að þeir telja eðlilega að það sé umhendis að setja slíkt ákvæði um eina auðlind. Þeir hafa sagt að það verði að láta sams konar umhverfi ríkja um allar auðlindir. Ég er því sammála. Ég held ég megi segja það alveg skýrt og skorinort að það er ekki bara ég sem er því sammála af hálfu þingmanna Samfylkingarinnar. Samfylkingin telur að það eigi að setja slíkt ákvæði í stjórnarskrána þar sem beinlínis er í gadda slegið að auðlindir verði í þjóðareign.

Nú hafa verið miklar umræður einmitt af þessu tilefni um vatn. Hópur samtaka hefur lýst skoðun og komið fram með hana í rökstuddu áliti sem þingmenn hafa fengið. Hún hefur m.a. borist bæði hv. iðnaðarnefnd og eins stjórnarskrárnefndinni sem við hæstv. forseti, sem nú situr hér fyrir aftan mig sitjum báðir í. Þar er þess óskað að vatn verði hluti þeirra landsgæða sem stjórnarskrá mælir fyrir um að sé sameign. Nú hefur hæstv. forsætisráðherra sem setti á stofn stjórnarskrárnefndina, reyndar að frumkvæði fyrrverandi forsætisráðherra Davíðs Oddssonar, sagt að æskilegt sé að um endurskoðun stjórnarskrárinnar ríki eins mikil sátt og hægt er.

Er það þá ekki dálítið umhendis að rétt í þann mund sem alvarleg umræða er að byrja um að endurskoða stjórnarskrána með þeim hætti að festa í henni ákvæði um sameign á ýmsum auðlindum þjóðarinnar skuli menn ráðast í það hér að taka eina tiltekna auðlind, vatn, og búa þannig um hnúta að það verður erfiðara, þó það sé auðvitað ekki óframkvæmanlegt, að fá hana samþykkta sem hluta af þeim landsgæðum sem ættu samkvæmt stjórnarskránni að vera í sameign þjóðarinnar? Auðvitað væri það réttast núna að menn slepptu slíkum verknaði og gæfu stjórnarskrárnefndinni tóm en hún á hvort sem er að skila af sér þegar líður fram á þetta ár til forsætisráðherra sé miðað við upphaflegt verklag sem mátti finna í erindisbréfi stjórnarskrárnefndarinnar. Ég held að það hefði verið ráðlegt.

Þess vegna skilur maður ekki alveg þessi vinnubrögð og þennan hraða og þennan asa sem eru á öllum málum hér varðandi þetta frumvarp. Af hverju má ekki bíða með það og leyfa stjórnarskrárnefndinni að komast að niðurstöðu um það hvort vatn eigi að vera partur af hinu nýja ákvæði sem hugsanlega næst samstaða um að verði um sameign á þjóðarauðlindum? Það getur vel verið að aðrir flokkar séu ósammála því þó ég og aðrir þingmenn í stjórnarandstöðunni telji að svo eigi að vera og að fari vel á því og sérstaklega eftir að hafa séð og orðið vitni að ásælni ríkisstjórnarinnar í vatnið. Í öllu falli væri lýðræðislegt að búa þannig um hnúta.

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal kvartaði undan því,

heyrði ég, áðan með frammíköllum og alls konar gleðilegu látbragði að mér skyldi ekki hafa tekist að finna það orðalag sem var í bréfi og umsögn Umhverfisstofnunar til hv. iðnaðarnefndar vegna vatnalagafrumvarpsins. Svo vill til að *ég hef það núna fyrir framan mig.* Þar kemur t.d. fram í bréfi sem er dags. 21. mars 2005, með leyfi forseta:

„Umhverfisstofnun telur að framlagt frumvarp til vatnalaga sé háð verulegum annmörkum þar sem það lýtur aðeins að hluta þeirra sjónarmiða sem sett eru fram í tilvísaðri greinargerð sem rök fyrir því að breyta þurfi núgildandi vatnalögum."

„Umhverfisstofnun telur á hinn bóginn að frumvarpið taki nánast ekkert til umhverfismála, „vatnafars og vatnsbúskapar í víðasta skilningi þar sem lögð er áhersla á umhverfið og verndun þess" ..."

Þarna er sem sagt rakið að Umhverfisstofnun telur að þetta frumvarp stangist á við alþjóðlegar viðmiðanir og skuldbindingar Íslands, og það sem meira er, þessi stofnun sem er hinn faglegi umsagnaraðili umhverfisráðuneytisins telur einfaldlega ef þetta frumvarp verði samþykkt að þá leiði það til réttaróvissu á fjölmörgum sviðum umhverfismála, almannaréttar og vatnsnýtingar.

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi heyrt þetta eða hvort ég þurfi að endurtaka það. En er hann ekki undrandi á að eftirlitsstofnun sem þessi skuli láta slíkt frá sér fara? Hv. þingmaður er undrandi á því. Ég ímynda mér það vegna þess að hv. þingmaður *hefur að baki langa vísindamenntun og veit að þeir* sprenglærðu sérfræðingar sem er að finna hjá þessari stofnun byggja að sjálfsögðu umsögn sína einungis á grundvelli faglegrar þekkingar. Hvernig gera þeir það? Þeir skoða alþjóðlega samninga. Þeir skoða þær skuldbindingar sem Ísland hefur axlað og bera þær saman við frumvarpið. Og þeir komast að því að þarna stangast sitthvað á í frumvarpinu við það sem er að finna í hinum alþjóðlegu samningum. Þess vegna leyfa þeir sér að gera hv. þm. Pétur H. Blöndal undrandi, alveg eins og ég er sem deildi undrun hv. þingmanns þegar ég las þetta. Þeir komast að þeirri niðurstöðu að samþykkt þessa frumvarps leiði til réttaróvissu á fjölmörgum sviðum.

Herra trúr, síðan hvenær var það hlutverk hæstv. ráðherra að þröngva með afli og offorsi og vondum rökum, nánast engum, í gegnum þingið frumvarpi sem, ef að lögum verður, er líklegt til að skapa réttaróvissu? Og hvað felst í réttaróvissu? Hugsanlega það að reisa þurfi mál fyrir dómi, þá jafnvel alþjóðlegum dómstólum. Og hver veit til hvers það leiðir? Það getur hugsanlega leitt til að sökum þeirra skafanka sem er finna á þessu frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra þá bakist skaðabótaábyrgð, reyndar alveg eins og má lesa út úr hugsun hv. formanns iðnaðarnefndar Birkis Jóns *Jónssonar sem sést ekki í þessum sal þó hann sé formaður* iðnaðarnefndar. Hann hefur ekki meiri áhuga á málinu en svo að hann sést ekki í salnum. En látum það vera. Ekki ætla ég að biðja hæstv. forseta að fara með vagn spenntan tólf klárum fyrir og draga hann hingað nauðugan ef hv. þingmaður hefur ekki meiri virðingu fyrir hlutverki sínu sem formaður iðnaðarnefndar en að híma einhvers staðar í afkima þingsins þegar verið er að reyna að spyrja hann spurninga.

Ég vil hins vegar lýsa sérstöku lofi á hv. þm. Pétur H. Blöndal fyrir að vera hér við umræðuna og sýna þennan mikla áhuga, en líka fyrir að deila með mér þeirri undrun sem vaknaði í brjósti mér þegar ég sá þessi hrikalegu ummæli Umhverfisstofnunar um sína yfirmenn. Það þarf kjark til að embættismenn taki svona sterkt til orða um ráðherrana sem eru yfir þeim. Enda létu hæstv. ráðherrarnir greinilega þessa embættismenn finna til tevatnsins vegna þess að þeir voru látnir koma fram fyrir iðnaðarnefnd aftur með nýju bréfi þar sem þeir að vísu undirstrika niðurstöðu sína úr hinu fyrra skjali, en þeir koma samt sem áður á hnjánum og biðjast fyrirgefningar og gráta. En það var eins og á Kópavogsfundinum sem ég minntist á áðan, að þau tár hrjóta sem hagl af síðum þessa álits og við skiljum auðvitað hvað að baki býr. Embættismenn eru hræddir við sína ráðherra og þeir hafa heldur betur verið látnir finna til þess að ef þeir með einhverjum hætti segðu það ekki að orðalagið hefði verið óheppilegt ... (**PHB:** Sagði fyrrverandi ráðherra.) (**Gripið fram í:** Ha?) Sem hvað? (**Gripið fram í:** Sagði fyrrverandi ráðherra.) Sagði fyrrverandi ráðherra sem hér hefur m.a. í þessari umræðu sagt að þetta væri kannski í anda ákveðinnar hefðar sem fyrr á tíð varð upphaf nokkurrar orðræðu. En allt var það á rangindum byggt eins og hér hefur reyndar komið fram mörgum sinnum. En hv. þingmanni er alveg fúst og frjálst að ræða það hérna eins og hann vill enda skemmti ég mér alveg feikilega undir þessum umræðum við hv. þingmann hér sem fljúga hér í gegn *með vissum hætti í gegnum andsvör og annað.*

Herra forseti. Það gleður mig mjög að sjá hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson koma hingað. (**Gripið fram í:** Á að vara mig við?) Nú er það svo að ég er einungis rétt að hefja ræðu mína og ég hef viljandi beðið eftir því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson kæmi í salinn af því að ég þarf að fara í gegnum nokkrar frumvarpsgreinar með hv. þingmanni. Herra forseti. Nú ætla ég aðeins á þessum stað í ræðu minni að leyfa mér að varpa fram þeirri frómu ósk eða spyrja hæstv. forseta hvort það komi til greina, af því að ég veit að hann ætlar að fresta fundi hér einhvern tíma í kvöld til að gefa matarhlé, að fresta fundi klukkan sjö vegna þess að ég þarf að fara. Ég verð að halda fund með Soroptimista-klúbbnum í Kópavogi.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill geta þess að stefnt er að því að gert verði matarhlé um klukkan sjö og þá mun forseti eiga fund með formönnum þingflokka eftir því sem áætlanir gera ráð fyrir.)

Ég vil til endurgjalds, hæstv. forseti, lofa því að þegar ég hef ræðu mína aftur eftir kvöldmat mun ég verða miklu skemur en ég ella hefði verið af því að hæstv. forseti tekur með mildi á fundarstjórn og ég virði það.

En hvernig er það, herra forseti, væri hægt með einhverjum hætti að fá hv. formann iðnaðarnefndar, Birki Jón Jónsson hingað í salinn? Ástæðan er sú að mig langar til þess að varpa nokkrum spurningum til hans. Ég ætla ekki að vera neitt vondur við hv. þingmann því að ég veit að hann vill vel og gerir ýmsa hluti vel en það er nú samt þannig að ég þarf að spyrja hv. þingmann nokkurra spurninga.

Þangað til vil ég segja það að eitt af því sem undrar mig í þessu frumvarpi er hversu langt er gengið til þess að gera

vatn að séreign. Ég velti því fyrir mér hvort hér sé verið að fylgja fordæmi einhverra annarra ríkja. Ég tók mig til og skoðaði t.d. hvernig þessum málum er háttað hjá ýmsum öðrum þjóðum sem við berum okkur oft saman við eins og t.d. Norðurlöndin, og a.m.k. eins og ég skildi þá lagabálka er það svo að í Noregi og Svíþjóð er farið með vatn eins og almannagæði. Þau eru skilgreind eins og nefndin góða sem vann vatnalögin 1923 skilgreindi slík gæði, sem landsgæði. Ég hef ekki fundið neitt í neinum þeim lögum sem ég hef leitað í og reynt að skoða þetta sem gengur jafnlangt og þetta íslenska frumvarp sem við erum hérna að ræða. Þetta var eitt af því sem ég ætlaði að spyrja hv. þm. Birki J. Jónsson um.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að í þessu frumvarpi birtast í reynd átökin milli frjálshyggjunnar, sem hefur farið eins og logi yfir akur síðustu tvo áratugi í Evrópu og á Vesturlöndum, og hins vegar félagslegra sjónarmiða. Ég er þeirra skoðunar að hér sé í reynd verið að stíga skref að því að einkavæða vatn. Hér á Íslandi og reyndar erlendis hefur vatn verið skilgreint sem samfélagsleg gæði af þeirri ástæðu einni að enginn getur verið án þess fremur en loftsins. Og þó að það sé svo að það séu til lífverur sem geta verið án lofts er engin lífvera til sem getur verið án vatns. Þetta gerir það að verkum að vatn er í reynd alveg einstakt efni og það er þess vegna sem menn hafa fært rök að því að vatn eigi sökum þessa sérstaka eðlis að vera skilgreint sem landsgæði, sem sameiginleg gögn allrar þjóðarinnar.

Ég tek alveg fyllilega undir með þeim sem segja: þessi lög munu ekki valda stökkbreytingu í dag. En þau skipta kannski máli eftir hálfa öld, eftir heila öld, eftir tvær aldir þegar vatn verður hugsanlega orðið að miklu dýrmætari auðlind en hún er í dag. Þá mun þetta skipta máli alveg eins og í dag skiptir kvótakerfið alveg gríðarlega miklu máli varðandi dreifingu og skiptingu auðæfa í íslensku samfélagi en menn sáu það ekki fyrir þegar þeir samþykktu þau lög árið 1984. Fyrir mér er það sem ég hef kallað ásælni frjálshyggjunnar í vatnið af sama toga og ásælni hennar í fiskinn sem við áttum einu sinni öll sameiginlega þó frjálshyggjan hafi enn ekki náð að koma fram vilja sínum til séreignarréttar á auðlindum í hafinu að fullu leyti.

Andstaða mín við vatnalagafrumvarpið er ekki síst sprottin af sama toga og þessi sífellda viðleitni sterkra hópa á Íslandi til þess að leggja viðjar lögbundins eignarréttar á fiskinn í sjónum. Fyrir mér er auðvitað megininntak vatnalagafrumvarpsins að verið er að færa nýtingarrétt yfir á lendur séreignarréttarins. Þess vegna er þetta enn eitt skrefið til þess að færa sameiginlegar auðlindir okkar allra, fiskinn í sjónum, fjarskiptarásir í lofti, djúphita, orku fallvatnanna og takmarkaðar heimildir til þess að losa gróðurhúsalofttegundir yfir á þann völl sem búið er að marka innan véa séreignarréttarins. Ég skil ekki af hverju er verið að gera þetta.

Þeir sem ekki skilja þetta, skilja ekki hvert er hið raunverulega inntak í þessu frumvarpi, eiga að hugsa þetta af sjónarhóli fisksins í sjónum og þannig er mjög auðvelt að skilja þetta. Í dag hafa útgerðarmenn einungis nýtingarrétt á fiskstofnunum. Þeir sækja hins vegar fast og stöðugt á að fá lögbundinn einkaeignarrétt á auðlindinni í hafinu, en lögin segja enn þá a.m.k. að þjóðin eigi þrátt fyrir allt fiskinn sameiginlega. Vatnalagafrumvarpið gengur út á sömu baráttu, það gengur út á sama andóf gegn vilja manna til þess að breyta nýtingarrétti í séreignarrétt. Ef mönnum tekst þetta með vatnið eins og aðrar jarðrænar auðlindir, hvenær sölsa þeir þá líka undir sig formlegan eignarrétt að fiskinum í hafinu? Ég spyr eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson sem kristallaði í raun kjarna umræðunnar í eftirfarandi spurningum: Hvenær einkavæða þeir loftið? Það má kannski segja að það sé með vissum hætti búið að gera það líka því eins og mál eru að þróast í okkar heimshluta þá er loftið orðin takmörkuð auðlind að því leyti til að það er ekki hægt að hleypa nema ákveðnu magni af mengandi lofttegundum út í það og heimildirnar til þess eru takmarkaðar á Vesturlöndum og það er þess vegna sem menn sækja hingað og fá þessar heimildir án þess að greiða fyrir þær á sama tíma og réttur er að þróast með þeim hætti á Vesturlöndum að stórfyrirtækin þurfa að borga fyrir það þar. Með öðrum orðum, íslenska ríkið, án þess að spyrja kóng eða prest, stendur andspænis því að til hefur orðið ný auðlind eins og ég skilgreini auðlindir, þ.e. heimildir til þess að losa mengandi loft út í andrúmsloftið og þessa auðlind veitir íslenska ríkið án þess að spyrja kóng eða prest stórfyrirtækjunum.

Nú er það svo að þetta er auðvitað ný þróun, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson veit, á allra síðustu árum og menn hafa kannski ekki náð tökum á því að klára nákvæmlega hvernig eigi að skipa réttindum af þessum toga. Það er þess vegna, herra forseti, sem við í Samfylkingunni og í stjórnarandstöðunni höfum verið að segja að það þarf að taka heildstætt á þessum málum. Það er ekki hægt að vera að kroppa í þetta, kroppa í eina auðlind núna og aðra síðar. Við þurfum að hafa heildstætt regluverk sem tekur á þessu öllu, sem tekur líka á því þegar nýjar auðlindir verða allt í einu til fyrir tilverknað framsækinnar og nýrrar tækni. Við getum séð að það eru kannski tvenns konar auðlindir sem með þeim hætti eru að verða til. Ein er fjarskiptarásin í lofti sem er orðin til fyrir tilstilli nýrrar stafrænnar tækni, fyrir tilstilli framsóknar mannsandans, uppfinninga. Allt í einu stöndum við andspænis nýrri tilvist þar sem segja má að til séu orðnir möguleikar sem hægt væri að skilgreina sem almannagæði og hugsanlega að verðleggja í krafti markaðslögmála ef verkast vill til hagsbóta fyrir almenning. Það fer hins vegar eftir aðstæðum hvort slíkt er gert.

Hið sama gildir auðvitað um hina nýju auðlindina sem er að verða til, þ.e. losunarheimildir. Eins og heimurinn er að þróast er alveg ljóst að losunarheimildir munu verða ákaflega verðmætar. Við stöndum frammi fyrir því a.m.k. á meðan léttmelmi eins og ál er jafn gríðarlega nauðsynlegt í framleiðslutækni okkar tíma eins og raun ber vitni að þá verður það stöðugt dýrmætara í heimi, þar sem viðsjár af sjónarhóli mengunar eru alltaf meiri og meiri, að fá heimildir til þess að losa eins og t.d. gróðurhúsalofttegundir og annað sem fellur til við framleiðslu á t.d. áli. Það er kannski þess vegna sem stórfyrirtæki sækja hingað til Íslands ekki bara til að fá ódýra orku heldur líka það sem er að verða svo takmarkandi erlendis, að fá möguleika til þess að losa þessar skaðlegu lofttegundir út í andrúmsloftið.

Mig langar að spyrja hv. þm. Birki Jón Jónsson, sem hefur náttúrlega lagt þessi mál niður fyrir sér: Telur hann ekki að það sé miklu skynsamlegra að taka heildstætt á

þessum málum þannig að settar séu almennar reglur um hvernig eigi að útdeila takmörkuðum gæðum og þá með hvaða aðferðum eigi að taka afgjald fyrir þannig að allir sem eiga þær, þ.e. viðkomandi þjóð, fái afgjaldsins notið? Ég er ekki að segja að það sé skilyrði að það þurfi alltaf að taka einhvers konar afgjald fyrir notin en það ætti að vera meginregla. Hugsanlega þegar ný tækni er að búa til nýja auðlind eins og fjarskiptarásir, og við höfum ekki enn reynt hana til þrautar, þá er kannski hægt að sjá margvísleg rök sem hníga að því að svo sé ekki í upphafi. Hæstv. samgönguráðherra tók ákvörðun um það þegar hér var verið að bjóða út um árið, að nota frekar aðferð fegurðarsamkeppni en útboðs og allt gott um það að segja. En sérstaklega varðandi t.d. losunarheimildir og varðandi fisk finnst mér ekki annað koma til greina en að slíkar reglur séu settar.

Mig langar þess vegna til þess að hæstv. — háttvirtur, vegna þess að Birkir J. Jónsson er ekki enn þá orðinn ráðherra þó að ég sé þess fullviss að ef hann hefur elju og staðfestu til og ef Framsóknarflokkurinn lifir þá muni hann verða það í tímans rás — en mig langar til þess að spyrja hv. þingmann hvort hann sé ekki þeirrar skoðunar að það sé rétt að ráðast í þetta mál heildstætt þannig að það séu settar almennar reglur en að ekki sé verið að gera þetta eins og hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gera síðustu árin að taka fyrir eina auðlind og svo aðra og það er engin yfirsýn yfir málið allt saman.

Ég veit að hv. þingmaður mun ekki svara mér um það, en mig langar svo ósköp mikið til þess að vita hvernig stendur á því að flokkurinn, sem einu sinni var að berjast fyrir lítilmagnann, sem einu sinni var að berjast fyrir aukinni dreifingu eða bættri dreifingu tekna og auðæfa og verðmæta í samfélaginu, að hann skuli drattast svona eins og botnlangi aftan í Sjálfstæðisflokknum og láta þröngva sér til hvers hervirkisins á fætur öðru. Hvernig stendur á þessu, herra forseti? Ég ætla ekki að biðja hv. þingmann endilega um að svara því.

Þegar við höfum rætt hér um vatnið ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill grennslast fyrir um það hvort hv. þingmaður eigi mikið eftir af ræðu sinni.)

Já, virðulegi forseti, ég á töluvert eftir af henni.

(**Forseti** (BÁ): Þá verður forseti að fara þess á leit við hv. 1. þm. Reykv. n. að hann geri hlé á ræðu sinni meðan gefið er kvöldmatarhlé í hálfa klukkustund og fundi er þá frestað og hlé gert á ræðu hv. þingmanns.)

[Fundarhlé. — 19:01]

[19:32]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég hafði einmitt ætlað mér að ræða fundarstjórn forseta og spyrja hann að því hve lengi yrði haldið áfram í kvöld. Við höfum ýmsu að sinna, við þingmenn, þar á meðal á kvöldin eins og sannast á hv. 1. þm. Reykv. n., og þess vegna væri gott að vita hvenær hér lýkur störfum og hvernig maður eigi að haga sér ef maður skreppur frá, hvernig maður eigi þá að haga sér með það að koma aftur og hvað maður geti verið lengi fjarri.

Síðan vil ég alveg sérstaklega ræða við forseta um það að þegar málefni eru talin svo mikilvæg að forseti hefur svo mikið við án þess að tilkynna það fyrir fram að halda um málin fundi eins og nú háttar til að kvöldi eða á dögum sem ekki hafa verið á starfsáætlun þingsins sjái forseti til þess að þingmenn séu allir mættir, og ráðherrar, þeir sem málið á við, þegar þetta gerist. Það hlýtur að vera svo að þegar forseti ákveður að halda slíka fundi séu málin svo mikilvæg að menn séu í raun og veru að bregðast kjósendum sínum og starfsskyldum ef þeir eru ekki viðstaddir umræðuna nema þeir hafi þá lögleg forföll og hafi tilkynnt þau, samanber nýlega umræðu um mætingar þingmanna á þingfundi, þeir hafi tilkynnt þau í svokallaða fjarvistaskrá. Ég ætlast til þess að forseti láti hringja út þá þingmenn og ráðherra, sérstaklega hæstv. iðnaðarráðherra auðvitað og síðan hæstv. umhverfisráðherra sem þarf að vera við þessa umræðu, og tilkynni það að hér standi yfir umræða um svo mikilvægt mál að ekki sé hægt að hafa annan hátt á en að ræða um það á þessu mánudagskvöldi og segja þeim frá því að þeir þingmenn sem hér eru í húsi óski þess að félagar þeirra á þinginu séu einnig viðstaddir umræðuna. Þetta er mjög eðlilegt og ég vil minna forseta á að í þingsköpum okkar, að mig minnir í 53. gr., er öllum þingmönnum skylt að sækja fundi og mér þykir raunar skaði hvað forsetar þingsins eru slakir við að halda það ákvæði í heiðri.

Það má segja að þegar um er að ræða fundi sem eru á útsendri dagskrá og fari fram á venjulegum þingfundatíma hafi menn það sér til afsökunar að þeir hafi a.m.k. kynnt sér málið, viti að þessi fundur sé haldinn, að tiltekin mál séu á dagskrá og menn líti þá svo á að þeir vilji vera þar fjarverandi og standi þannig frammi fyrir kjósendum sínum með það en hér háttar sem sagt alveg (Forseti hringir.) sérstaklega til og þess vegna ber að beita sérstökum aðferðum.

[19:35]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Í tilefni af ummælum hv. þingmanns vill forseti geta þess að það hefur legið fyrir í allan dag að efnt yrði til kvöldfundar. Forseti getur ekki upplýst á þessari stundu hvenær kvöldfundi lýkur en það hefur legið fyrir og komið fram á fundum forseta með þingflokksformönnum í dag, að ég hygg a.m.k. tvívegis.

Varðandi það atriði sem hv. þingmaður nefndi til viðbótar vill forseti geta þess að öllum hv. þingmönnum á að vera ljóst að fundur stendur yfir.

[19:36]

Einar Már Sigurðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er full ástæða til að spyrja hæstv. forseta hvort nú standi ekki yfir fundur forseta með formönnum þingflokka.

(**Forseti** (BÁ): Forseti taldi sig hafa upplýsingar um að þeim fundi væri lokið, a.m.k. fékk forseti ekki önnur skilaboð en þau að það ætti að halda við þá áætlun að hefja fund aftur kl. 19.30.)

Herra forseti. Það væri æskilegra að við hefðum einhverjar fréttir af þeim fundi því að ég trúi því að sá fundur hafi verið ætlaður til að koma einhverju lagi á það skipulag sem hér hefur verið viðhaft og hæstv. forseti tilkynnti að nú hefði verið boðaður kvöldfundur. Ef hæstv. forseti hefur ekki aðrar upplýsingar en þær að fundurinn sé væntanlega

búinn og engin niðurstaða hafi orðið af fundinum er eiginlega lágmark, herra forseti, að við fáum nákvæma skilgreiningu á því hvað kvöldfundur þýði þetta kvöldið. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti getur upplýst að kvöldfundir vilja dragast á langinn á hinu háa Alþingi.)

Hæstv. forseti. Ber að skilja þessa túlkun svo að kvöldfundur gæti þá þýtt næturfundur? Er það rétt skilið, hæstv. forseti?

(**Forseti** (BÁ)**:** Eins og áður hefur komið fram getur forseti ekki tjáð sig um það hvenær kvöldfundi muni ljúka en ætlun forseta er að halda áfram fundi hér og gefa ræðumönnum sem eru á mælendaskrá í málinu tækifæri til að tjá skoðanir sínar. Forseti vonast til þess að umræður um fundarstjórn forseta verði ekki það langar að það dragist úr hófi.)

Hæstv. forseti. Ég þakka svörin þó að þau hafi ekki verið skýr en það er augljóst af þessu að ekki er búið að ganga frá neinu skipulagi á þingstörfum. Því má gera ráð fyrir að hér verði ekki aðeins kvöldfundur, heldur næturfundur. Það er eiginlega alveg nauðsynlegt að virðulegur forseti tali skýrt út um það að ætlunin sé að hér verði næturfundur því að í dag hefur margoft komið fram að mjög skilmerkilega hefur verið spurt hvaða fyrirkomulag sé væntanlegt.

Ég sé að þingflokksformönnum hefur fjölgað mjög í salnum þannig að ég geri ráð fyrir að skýringar muni koma á því hvað gerðist á fundi forseta með þingflokksformönnum þannig að það sé hugsanlegt að ræða málið örlítið út frá niðurstöðu þess fundar. Ég vænti þess, miðað við þau orð sem hér féllu í dag, að þar hafi komið fram a.m.k. beiðni og vonandi vilji meiri hluta þingflokksformanna til að þetta mál yrði skoðað sérstaklega. Ég trúi því ekki, virðulegur forseti, að gengið sé fram hjá mjög skýrum óskum varaformanns iðnaðarnefndar og varaformanns þingflokks Sjálfstæðisflokksins um að sest verði yfir þetta mál til að leita leiða (Forseti hringir.) til að koma skikki á umræðuna.

[19:39]

Jón Gunnarsson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Enn tölum við um fundarstjórn forseta og veltum fyrir okkur, eins og ræðumenn á undan mér, hve lengi fram eftir kvöldi þessi fundur muni standa. Ég áttaði mig á því að það er erfitt hjá hæstv. forseta að gefa um það einhverjar vísbendingar þar sem svo virðist sem stjórn þingsins treysti sér ekki til að setja upp starfsáætlun sem við þingmenn vitum að gildi, getum skipulagt okkur eftir og hagað störfum okkar í samræmi við.

Ég varð svolítið undrandi í morgun þegar ég heyrði það eftir fund þingflokksformanna að ekki lægi fyrir starfsáætlun þingsins fyrir þessa viku. Ég velti fyrir mér hvort það væri í alvöru ætlun hæstv. forseta að vera hér með starfsáætlun frá degi til dags en setja ekki upp, eins og gert hefur verið hingað til, starfsáætlun þingsins fyrir hverja viku þannig að okkur þingmönnum gefist kostur á því að skipuleggja með hvaða hætti við rækjum störf okkar í kjördæmum og getum með einhverju móti skipulagt vinnu okkar og sett niður fundi með kjósendum í kjördæmi eða þeim fjölda hagsmunaaðila sem sækjast oft og iðulega eftir fundum með þingmönnum hverju sinni. (Gripið fram í.)

Starfsáætlun þingsins fyrir hverja viku eins og hún hefur verið gefin út hefur einmitt hjálpað okkur þingmönnum í þessu og auðveldað okkur, eins og ég segi, bæði að rækja skyldur okkar í kjördæmi og kannski ekki síður að ákveða með hvaða hætti við getum skipulagt tíma okkar í þingsalnum, tíma okkar á skrifstofunni sem við höfum úti í Austurstræti og síðan, eins og fram hefur komið hér og menn vonuðu að eitthvað væri að marka, að hæstv. aðalforseti þingsins væri með fjölskyldumál og fjölskyldustefnu það hátt á dagskrá sinni að, eins og sagt var hér þegar hæstv. forseti tók við störfum og var kjörin hér sem forseti Alþingis, unnið yrði að því mjög ötullega á þinginu að breyta akkúrat því sem við erum að horfa fram á núna, herra forseti, maraþonkvöld- og -næturfundum og oft og tíðum án þess að þingmenn gætu á nokkurn hátt séð það fyrir að þeir yrðu að vera hér í húsi og taka þátt í umræðum um mál fram eftir kvöldum, fram eftir nóttum og um helgar. Ekki það að ég víki mér neitt undan því og ég vil sérstaklega taka fram að ég vona að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson átti sig á því að ekki er leti um að kenna að ég stend hér og nefni þetta, heldur hinu að við viljum geta skipulagt störf okkar en það getum við ekki meðan stjórn þingsins er með þessum hætti.

[19:43]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt að fundi þingflokksformanna með forseta þingsins er nýlokið. Af þeim fundi varð í sjálfu sér engin önnur niðurstaða en sú að halda áfram með fyrirliggjandi mælendaskrá um frumvarp til vatnalaga sem ég held að um 18 manns séu á. Ég sakna þess auðvitað eins og aðrir hér að ekki skuli vera vikuplan til að vinna eftir en eins og útlitið er í dag munum við ræða um frumvarp til vatnalaga þessa viku, næstu og þarnæstu, a.m.k. miðað við þá mælendaskrá sem er til staðar og þá sem enn eiga eftir að setja sig á hana eða hafa boðað að ýmislegt sé órætt í þeim efnum.

Sem sagt, ekkert samkomulag var gert, hvorki af hálfu forseta né þingflokksformanna, um framhaldið. Hér höldum við áfram að ræða þetta mikilvæga mál og göngum á mælendaskrána sem reyndar hefur lengst og mun líklega gera það, sýnist mér, eftir því sem lengra dregur á umræðuna.

[19:44]

Sigurjón Þórðarson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég ætla ekki að þráspyrja hæstv. forseta um það hvenær þessum fundi ljúki vegna þess að ég hef vissa samúð með hæstv. forsetum þingsins, að þurfa að standa í að stýra fundum hér. Þeir virðast vera settir í þá stöðu að reyna að reka á eftir málum sem eru algjörlega vonlaus, koma frá hæstv. ráðherrum jafnvel, svo sem eins og Valgerði Sverrisdóttur, hæstv. iðnaðarráðherra, sem hefur misskilið frumvörp, kemur síðan hér með frumvarp sem er algjörlega handónýtt, gengur þvert gegn hagsmunum bænda. Þeir senda frá sér æ ofan í æ bréf og umsagnir um þetta frumvarp þar sem þeir kvarta sáran yfir því að ekkert tillit sé tekið til sjónarmiða þeirra.

Það er von að hv. þingmaður, formaður landbúnaðarnefndar, standi upp og ég vonast til þess að þessi orð verði til þess að hún bregðist við og fari gaumgæfilega yfir um-

sagnir bænda í þessu máli. Þetta er með ólíkindum.

Einnig er furðulegt að þegar málefnaleg umræða er á Alþingi brigsli hæstv. ráðherra þingmönnum um falsanir. Það þarf að dreifa hér gögnum sem sýna að ekkert er hæft í svona ásökunum sem hæstv. ráðherrar bera á þingmenn. (**Gripið fram í:** Fundarstjórn forseta.) Mér finnst þetta alveg með ólíkindum. Fundarstjórn, kallar hér formaður þingflokks Framsóknarflokksins og það er greinilegt að hv. þingmanni er orðið um og ó þegar verið er að fjalla um verk hæstv. ráðherra Framsóknarflokksins en þess ber að geta að ég var að fjalla um það að hæstv. forsetar eru í erfiðri stöðu og maður hefur auðvitað samúð með þeim, að þurfa að stýra fundum og keyra í gegn mál þannig að ég ætla að segja við þingheim: Við skulum ekki ganga of hart að þessum forsetum undir þessum lið, við verðum að sýna þeim samúð, þeir gegna vissulega erfiðum störfum, að stýra hér fundum með gífurlega vond mál, rosalega vond mál. Þetta er ömurleg staða sem virðulegir forsetar þingsins eru í, að þurfa að vera í þessum verkum.

Herra forseti. Ég vonast til þess að hæstv. ríkisstjórn hvísli því að þér og veiti þér það umboð að upplýsa okkur þingmenn um það hvenær þessum fundi ljúki á að giska. Það er varla hægt að bjóða fólki upp á svona vinnubrögð, að vera það með í einhverri leynd hvenær eigi að ljúka vinnudegi. Mér finnst það alveg með ólíkindum og sérstaklega að þjóðþing skuli leyna því fyrir (Forseti hringir.) þingheimi hvenær eigi að ljúka fundum. Það er alveg stórundarlegt, herra forseti.

[19:47]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að hann fylgist að sjálfsögðu með framgangi umræðna og metur það hvernig störfum vindur fram.

[19:47]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. forseti hafi fylgst með fréttum í kvöld þar sem var viðtal við forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, (Gripið fram í.) hæstvirtan. Hann var nú ekki hæstvirtur í sjónvarpinu, ekki nefndur svo. (**Gripið fram í:** Hér er hann hæstvirtur.) Já, en hann er ekki viðstaddur. (Gripið fram í.) Þar sagði forsætisráðherra að þetta mál sem væri hér til umfjöllunar væri í rauninni ekki neitt neitt, þetta væri bara formbreyting, bara verið að laga málið að einhverjum hæstaréttardómi. (**SigurjÞ:** Kvótakerfið.) Svo var hann spurður, hæstv. forsætisráðherrann: Heyrðu, að hvaða hæstaréttardómi ertu þá að laga þetta mál, úr því að þetta er svona stórmál? Segðu okkur þá hvaða hæstaréttardómur þetta er sem setur þingið allt á annan endann til að laga lögin að hæstaréttardómi. Það væri fróðlegt að heyra lögskýringu frá lögfræðingi um hvort það eigi að laga lögin að hæstaréttardómi.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill hvetja hv. þingmenn til að ræða fundarstjórn forseta þegar þeir taka til máls undir þessum dagskrárlið.)

Ég var einmitt að fara að árétta það hvort forseti hefði hlýtt á þetta, að hér væri verið að láta þingið, undir stjórn forseta, ræða mál sem að mati forsætisráðherra skiptir engu máli. Hvers konar vinnulag er þetta? Svo er ekki einu sinni hægt að gefa upp hvenær forseti vill ljúka þessu. Síðan getur forsætisráðherra úti í bæ, hæstvirtur, verið með meiningar um það að þingið ræði hér mál sem engu máli skipti. Mér finnst að forseti ætti að kalla forsætisráðherra inn í þing og láta hann frekar svara gagnvart þinginu hvers vegna verið sé að ræða mál með svona miklum yfirgangi eins og hér er gert af hálfu stjórnarliða ef það skiptir engu máli, ef það á bara að vera til að staðfesta einhvern hæstaréttardóm sem forsætisráðherra gat ekki einu sinni nefnt hver væri.

Mér finnst að forseti beri miklu meiri ábyrgð en svo að geta látið forsætisráðherra komast upp með það að tala svona úti í bæ. (Gripið fram í.) Hann á að kalla hann hingað inn og hér getur hann þá verið til svara en ekki láta hann vera að leiksoppast ... (**BJJ:** Bölvaður útlendingur.) (Gripið fram í.) (**KÓ:** Þeir gera það í útlöndum.) (**DrH:** ... úti í bæ.) Ja, ég hef talið að forsætisráðherra ætti að taka mark á honum og þá er eins gott að hæstv. forsætisráðherra komi hér inn í þing og tjái þinginu að þetta mál sem hér er rætt skipti engu máli, herra forseti.

[19:51]

Bjarkey Gunnarsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég velti núna fyrir mér stöðu minni þar sem ég kem inn fyrir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og á undan mér var hv. þm. Hlynur Hallsson sem var búinn að tala tvisvar í 2. umr. um vatnalögin. Ég velti fyrir mér hvort ég hafi leyfi til að tjá mig um vatnalögin þar sem þingmaðurinn er búinn að tala tvisvar eða hvort ég geti einungis þennan tíma sem ég kannski verð á þingi talað um fundarstjórn. Ég sé ekki alveg fyrir mér þingsetu mína þannig og velti fyrir mér hvernig ég eigi að rækja störf mín á þingi ef ég má ekki fara á mælendaskrá af því að 5. þingmaður Norðaust. er þegar búinn að tala tvisvar um vatnalögin.

Fyrirspurn mín til forseta varðar að sjálfsögðu fundarstjórnina, þ.e. hvernig ég geti rækt störf mín á þingi ef þessi vatnalög fá óendanlegan tíma.

[19:52]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess í tilefni af þessari fyrirspurn hv. þingmanns að þetta er athyglisverð spurning sem forseti mun að sjálfsögðu leita svara við. Ég hygg að þingsköpin svari því ekki samkvæmt orðanna hljóðan þannig að áður en forseti gefur út úrskurð um þetta vill forseti fá örlítið ráðrúm til að íhuga svarið.

[19:53]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Þetta er áhugaverð spurning hjá hv. 5. þingmanni Norðaust. Ég hygg að ekki verði hægt að svara henni öðruvísi en svo að þingmaðurinn hafi rétt til þess að tala hér og það tvisvar því að hún ... (**EMS:** Skipta inn á bara?) en það getur auðvitað leitt til þess að hér verði hugsanlega einhverjar fleiri útskiptingar til að varaþingmenn fái að tjá sig um þetta mál eins og þá lystir. Við bíðum spennt eftir að sjá hvernig forseti úrskurðar um þetta.

Að öllu gamni slepptu vil ég taka undir með hv. þm.

Sigurjóni Þórðarsyni að forsetar eru ekki öfundsverðir í þessu máli. Kannski höfum við gengið fullhart að þeim, hv. þingmenn hér, ýmsir í salnum, vegna þess að þeir eru líka að reyna að rækja störf sín í samræmi við hina fjölskylduvænu stefnu hins kjörna forseta þingsins. Við vitum að þeir þurfa daglega, forsetarnir og einkum þó aðalforsetinn, að mæta hér skipunum og ógnunum, vil ég segja, frá forustumönnum ríkisstjórnarinnar, hæstv. iðnaðarráðherra og þó einkum hæstv. forsætisráðherra sem hefur gert það að einhvers konar metnaðarmáli að keyra þetta mál hér í gegn þó að í eina skiptið sem hann kom í stólinn um þetta mál, á laugardaginn, hafi komið í ljós að hann hafði ekki alveg fylgst með uppfærslunni í málinu. Hann talaði um að í frumvarpinu fælist fyrst og fremst formbreyting. Það er ekki rétt orðað hjá forsætisráðherra vegna þess að hann er á útgáfu 1.0 í þessu efni en hefur ekki fengið útgáfu 2.0 sem gekk svo hér á eftir. Í fyrra var nefnilega útgáfa 1.0, svo var útgáfa 2.0 í vetur og þá stóð sum sé annars vegar formbreyting — þá var búið að taka út „fyrst og fremst" frá fyrra frumvarpi — en í síðari greinargerðinni stóð „fyrst og fremst". Forsætisráðherra er með þetta „fyrst og fremst" sem við veltum mikið fyrir okkur hvort hefðu verið mistök eða hvernig stæði á en nú hefur komið í ljós að það hefur verið með ráðum gert því að menn hafa álitið það að hér væri fyrst og fremst um svokallaða formbreytingu að ræða. Þó væri þetta þannig að efnisbreytingin næði a.m.k. til þeirra eignarnámsheimilda, að manni skilst helst, sem valda enn vandræðum við Kárahnjúka og koma til með að valda vandræðum við Þjórsá og fleiri virkjanir. Þetta er auðvitað eitt af því sem þarf að komast á hreint áður en þessari umræðu verður haldið áfram, annars vegar vatnatilskipun (Forseti hringir.) sem við erum að fá hér inn og hins vegar þarf að koma þessu máli á hreint sem ekki hefur gerst.

[19:56]

Jón Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Undir þessum lið var hreyft afskaplega athyglisverðri spurningu. Hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir spurði hver réttur hennar væri hér til að taka þátt í umræðum um þetta mál sem hefur verið hér á dagskrá, þ.e. frumvarp til vatnalaga. Þetta hlýtur að skipta ansi miklu máli, bæði fyrir okkur sem störfum hér á þinginu, hver úrskurður forseta verður í þessu efni, ekki síður fyrir þá varaþingmenn sem eiga von á því að koma hér inn á næstunni og enn fremur í framtíðinni. Eins og búið er að stilla upp dagskrá þingsins fyrir þessa viku er allt heldur óljóst, þ.e. við vitum hvað á að vera á dagskrá fram til kvöldsins í kvöld en við vitum ekkert hvað á að vera á dagskrá á morgun. Við höfum heyrt um það að jafnvel verði ekki fyrirspurnafundur á miðvikudaginn þannig að hér er verið að umbylta öllu þingstarfinu vegna þvermóðsku og þrjósku þeirra sem keyra þessi vatnalög í gegn.

Hv. varaþingmaður sem kemur til starfa á Alþingi og hefur hér starfstíma upp á tvær vikur horfir þá fram á það, svo lengi sem þessi ríkisstjórn situr og beitir þessum aðferðum til að koma málum hér í gegn, getur setið hér í hálfan mánuð án þess að fá að taka þátt í einni einustu umræðu. (**Gripið fram í:** Um fundarstjórn forseta.) Það eru ekki utandagskrárumræður vegna þess að það hentar ekki hæstv. forseta (**Gripið fram í:** Fundarstjórn forseta.) — það er um fundarstjórn forseta þegar búið er að fella niður fyrirspurnafundi jafnvel á miðvikudögum, reglulega fyrirspurnafundi, og það er um fundarstjórn forseta, hv. þingmaður, þegar við vitum ekki einu sinni í dag, klukkan orðin átta eftir kvöldmat, hvað verður á dagskrá þingsins á morgun. Það er um fundarstjórn forseta. Þetta er síður þegar hv. varaþingmenn koma hér og geta horft fram á það í hálfan mánuð að þeir geti tekið þátt í umræðum um fundarstjórn forseta og ekkert annað, (**Gripið fram í:** Jú, borið af sér sakir.) einfaldlega vegna þess að hæstv. forsetar eru búnir að ákveða það að fyrirspurnafundur sé ekki, utandagskrárumræður séu ekki og hér skuli menn standa og sitja og ræða vatnalög þangað til tekst að koma þeim í gegn. (**Iðnrh.:** Það er það sem þið viljið.) Mér leikur forvitni á að vita hvort hæstv. forseti geti sagt mér hvort hér verður kvöldfundur á fimmtudaginn í næstu viku. (**SigurjÞ:** Já.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vildi gjarnan geta svarað þeirri spurningu en treystir sér ekki til þess á þessari stundu.)

Ég harma það að vita ekki hvort þingfundur verður fram á kvöld á fimmtudaginn í næstu viku vegna þess að fram undan hjá mér eru mjög áríðandi fjölskyldumálefni og ég hélt satt að segja, eftir þá áherslu sem (Forseti hringir.) nýr forseti setti á fjölskyldumál (Forseti hringir.) að maður gæti vitað það viku fram í tímann, (Forseti hringir.) herra forseti, hvort það yrði kvöldfundur.

[19:59]

Einar Már Sigurðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er afskaplega miður að ekki skuli hafa fengist einhver niðurstaða á fundi þingflokksformanna og forseta þingsins, sérstaklega í ljósi þess sem margítrekað hefur verið hér að það var sérstök ósk a.m.k. tveggja hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins að þessu máli yrði gefinn tími þannig að forustumenn þingflokka gætu sest niður og farið yfir málið nákvæmlega og það er alveg ljóst að ef slíkur fundur er haldinn undir þeirri pressu að aðeins sé 30 mínútna hlé á þingfundi og fólk sé skikkað til að ljúka málinu á þessum 30 mínútum er út af fyrir sig ekki von til þess að menn finni varanlega lausn á málinu.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt þegar við veltum því ástandi fyrir okkur sem nú er að við skoðum aðeins hvert hlutverk forseta þingsins er. Það hlýtur að vera annað en það, eins og nokkrir hv. þingmenn hafa hér gefið í skyn, að sitja undir járnhæl hæstv. ráðherra. Ég trúi ekki að svo sé og tek þess vegna ekki undir með annars ágætum hv. þm., Sigurjóni Þórðarsyni og Merði Árnasyni, að forsetar séu ekki öfundsverðir af hlutverki sínu. Ég vil meina, herra forseti, að forsetar séu einmitt öfundsverðir af hlutverki sínu vegna þess að hæstv. forsetar hafa það í hendi sér að skipuleggja dagskrána. Þeir eiga að horfa til þingheims alls en ekki bara einhverra ráðherrabekkja. Hæstv. ráðherrar hafa að sjálfsögðu ekkert meira um það að segja hvernig hæstv. forsetar skipuleggja þingið en aðrir hv. þingmenn. Það ber að horfa til alls þingheims.

Það er alveg skelfilegt ef það er staðreyndin að hæstv. forsetar líti svo á að það sé hlutverk þeirra að ganga erinda einstakra hæstv. ráðherra. Slíkt má bara ekki vera því að auðvitað eru hæstv. forsetar sjálfstæðir gagnvart fram-

kvæmdarvaldinu og eiga að vera það. Ég trúi ekki öðru en að svo sé. Þess vegna er það sérstakt áhyggjuefni að hæstv. forseti skuli ekki skipuleggja þinghaldið með þeim hætti sem venja er hér til, þ.e. að á mánudegi liggi fyrir a.m.k. gróf vikuáætlun um það hvernig þinghaldinu muni vinda fram en að því sé ekki stillt svo upp að eitt mál sé á dagskrá og þannig muni það væntanlega vera þar til umræðum um málið lýkur.

Þess vegna er eðlilegt að spurt sé, eins og oft hefur verið spurt: Á hverju liggur svo mikið? Hver þingmaðurinn á fætur öðrum úr liði stjórnarliða hefur sagt að hér sé aðeins um formbreytingu að ræða, það skipti raunverulega ekki máli hvort það verði samþykkt eða ekki samþykkt, það muni engu breyta. Hvað ræður þá þessari för, hæstv. forseti? Það væri forvitnilegt að fá að heyra a.m.k. (Forseti hringir.) eina skýringu á því.

[20:03]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þessi langa umræða um fundarstjórn forseta endurspeglar enn og aftur óánægju stjórnarandstöðunnar á Alþingi með ráðslag ríkisstjórnar og stjórnarmeirihluta, að reyna að keyra þetta óvinsæla lagafrumvarp í gegnum þingið og gera það að lögum fyrir vorið.

Hér hafa verið haldnar langar ítarlegar ræður, sumar mjög efnismiklar og fróðlegar en síðan endurspeglast eða kristallast umræðan og viðhorfin í þessum örræðum sem haldnar eru um fundarstjórn forseta. Það er svolítið merkilegur málflutningur sem þar kemur fram. Í athugasemdum við fundarstjórn forseta eða af öðru tilefni hafa fulltrúar ríkisstjórnarinnar komið fram, þar á meðal hæstv. forsætisráðherra sem segir að hér sé á ferðinni smámál, nokkuð sem hann ítrekaði í fjölmiðlum í kvöld, en þar sagði hann eitthvað á þá leið að verið væri að laga gamla löggjöf að dómapraxís, hæstaréttardómum sem fallið hefðu á liðnum áratugum. En þegar gengið var eftir því við hæstv. ráðherra hvaða dóma hann ætti sérstaklega við þá varð fátt um svör enda í samræmi við yfirlýsingar sem hæstv. ráðherra gaf í þessum stól, að hann botnaði hvorki upp né niður í þeim málatilbúnaði sem tengdist þessu frumvarpi. Annars vegar koma fram slík sjónarmið að hér sé á ferðinni smámál og menn botni ekkert í þessari andstöðu stjórnarandstöðunnar og hins vegar koma hér fram alltaf annað veifið í máli manna ágreiningsefni sem snúa að grunnatriðum, að eignarrétti á vatni og þá blasir það við okkur að hér erum við að fjalla um löggjöf sem skiptir Íslendinga mjög miklu máli til allrar framtíðar. Og ég vildi óska þess að við bærum gæfu til þess á Alþingi þegar fest eru í lög frumvörp af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir, að fara varlegar í sakirnar og ég ítreka hliðstæðu frá 1998 þegar lögin um auðlindir í jörðu voru lögfest, illu heilli.

Ég ítreka, hæstv. forseti, förum varlega og við hvetjum stjórnarmeirihlutann til að endurskoða afstöðu sína í málinu.

[20:06]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hef orðið áhyggjur af fundarstjórn forseta. Ég hef áhyggjur af því að forseti virðir á engan hátt eindregnar beiðnir þingmanna um að gefa upp hvernig ætlunin sé að haga dagskrá hér. Við heyrum hæstv. forsætisráðherra úti í bæ hafa hin og þessi orð um þau störf sem fara fram inni á þingi, um málflutning manna þar og hvað sé verið að takast á um þar, sem hann gerir lítið úr, þetta sé bara formbreyting.

Ég spyr hæstv. forseta: Af hverju kallar forseti ekki hæstv. forsætisráðherra hingað inn í þing og lætur hann eiga orðaskipti við þingmenn þar en ekki úti í bæ? Ef þetta er svona lítið mál eins og ráðherrann vill vera láta í fjölmiðlum þá ætti hann að koma inn á þingið og gera forseta þingsins grein fyrir því að þetta sé svo lítið mál að það sé ástæðulaust að vera að halda þessum málum áfram.

Ég bendi forseta þingsins á að hann er forseti allra þingmanna. (**MS:** Á að banna honum að tala úti í bæ? Er forsætisráðherra ...?) (Gripið fram í.) Jú, hv. formaður þingflokks Framsóknarflokksins, hæstv. forsætisráðherra má tala úti í bæ. En það er mjög óeðlilegt að hann sé þar að gefa einkunnir málum sem eru til umræðu inni á þingi og vera að tala um þau mál án þess að koma hingað og taka sjálfur þátt í umræðunum, (Gripið fram í.) þannig að ég bendi forseta á að hann er forseti alls þingsins en ekki bara erindreki ríkisstjórnarinnar.

Úr því hæstv. forseti getur ekki upplýst hvað þingfundur verður lengi í kvöld né hvaða mál verða tekin fyrir á morgun, gæti hæstv. forseti þá upplýst hvort treysta megi að páskafrí hefjist miðvikudaginn 12. apríl? En samkvæmt dagskránni á páskafrí að hefjast þann dag. (Gripið fram í.) Það sér hver heilvita maður hvers konar óefni stjórn þingsins er komin í með þessu háttalagi og ég bið hæstv. forseta að hugleiða nú stöðu forsetaembættis þingsins í því framferði sem hér fer fram að það er ekki einu sinni hægt að gefa upp hvenær fundi á að ljúka né heldur hvenær fundur á að byrja á morgun og hvað þar á að vera á dagskrá.

[20:09]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski svolítið seint í rassinn gripið að ætla að taka upp málflutning um þær spurningar sem hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir kom með hér áðan en mér finnst þær hins vegar vera þess eðlis að við hljótum að leita svara. Ef varamaður tekur sæti á Alþingi í fjarveru þingmanns þá ber þeim varamanni sem þá verður hv. þingmaður, að taka sæti í þeim nefndum sem viðkomandi hv. þingmaður hefur átt sæti í áður, sem hann er að leysa af. Þegar um er að ræða langan tíma og langvarandi veikindi eða eins og í þessu tilviki eftir slys, og þar sem búist er við langri fjarveru þá getur verið mjög hæpið að hægt sé að fá einn og sama varamanninn til að gegna allan tímann, ég held að við hljótum öll að horfast í augu við það. Ef það á að verða til þess að viðkomandi sem kemur hér inn sem varamaður nr. tvö er sviptur málfrelsi í máli eins og þessu þar sem er alveg ljóst að við eigum eftir að ræða allra næstu daga, þá getur það undir engum kringumstæðum komið til greina vegna þess að viðkomandi hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir kemur til með að þurfa að sinna nefndarstörfum sínum í iðnaðarnefnd ef hún verður til þess kölluð. Þar af leiðandi hlýtur það að vera þannig að þingið geti ekki komið í veg fyrir að hún fái að tjá sig um það mál. Það er alveg

ljóst. Það er ekkert í þingsköpunum sem í raun og veru bannar eða festir málfrelsið við þann þingmann eða fimmta þingmann þessa eða hins kjördæmisins. Það er ekkert þannig. Það er ekkert í þingsköpum sem segir það. Við hljótum að líta þannig á að þeim hv. þingmanni sem hér er kominn inn til þess að vinna sé gert kleift að vinna sína vinnu og koma skoðunum sínum hér á framfæri. Annað væri fullkomlega óeðlilegt.

Ég held að það sé ástæða til þess fyrir hæstv. forseta að svara þessu á fundi í kvöld, ég leita eftir svörum og ef hæstv. forseti getur ekki svarað úr stól að fá þá lögfróða menn til að skoða þetta, vegna þess að varamaður þessi hefur ákveðnum skyldum að gegna á Alþingi en það lítur þannig út að hugsanlegt sé að hægt sé að koma í veg fyrir að hún geti rækt þær að fullu og það getum við auðvitað ekki tekið í mál. Ef svo er verðum við að taka það upp í umræðunni um þingsköpin, endurskoðun á þingsköpum sem nú stendur yfir.

En varðandi það að hér hefur ítrekað verið rætt að við vitum ekki hvað er fram undan þá er það alveg ljóst að fram undan er kvöldfundur og það eru margir á mælendaskrá og fram undan eru fundir um vatnalögin næstu vikur.

[20:13]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti ítrekar það sem kom fram í máli hans áðan að hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir vakti athygli á áhugaverðu máli sem forseti mun ekki úrskurða um að svo stöddu. Forseti vekur athygli á því að sennilega eru um 17 þingmenn á mælendaskrá þannig að ljóst er að hvaða afstaða sem tekin verður til þessarar spurningar varðandi hv. þm. Bjarkeyju Gunnarsdóttur, þá mun hún ekki komast að í kvöld ef að líkum lætur.

[20:13]

Valdimar L. Friðriksson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að sem nýliða kemur mér það töluvert á óvart að hér á hinu háa Alþingi skuli ríkja svona mikil óvissa um fundartíma. Okkur eru ætluð ýmis önnur verkefni en einungis að vera hér í þingsal og átti sá er hér stendur að vera á pólitískum fundi í kvöld í Mosfellsbæ en ég varð því miður að afboða mig vegna þess að hér er rætt um að það eigi að vera kvöldfundur.

Menn hafa verið að spyrja, herra forseti, hvernig verði með næstu viku og ég verð að viðurkenna að ég velti því líka fyrir mér. Ég velti strax fyrir mér næsta fimmtudegi, þá á ég að vera á fundum með framsöguerindi og velti því fyrir mér hvort ég þurfi að vera hér, þ.e. verður kvöldfundur eða ekki?

Ég var mjög ánægður með þá nýbreytni sem nýr þingforseti tók upp í haust að fara að gefa út dagskrá fyrir nokkra daga í senn og jafnvel heila viku. Þetta er betra en í þau skipti sem ég hef komið hér inn sem varamaður. Því verð ég að viðurkenna að það kemur mér töluvert á óvart að menn skuli síðan snúa þessu aftur núna og ekki halda sig við þetta vikuplan en það hefur komið skýrt fram að það er forsetinn sem ræður. Það er búið að spyrja hversu lengi fundur verði í kvöld en það er ljóst að forsetinn hefur völd til að boða fund í kvöld, en halda mætti að kvöldfundi ætti að ljúka um miðnætti.

[20:16]

Sigurjón Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í umræðunni um fundarstjórn forseta benti ég á að hæstv. forseti væri ekki öfundsverður af að þurfa að stjórna fundum undir leiðsögn hæstv. ríkisstjórnar. Síðan kom hv. þm. Einar Már Sigurðarson og leiðrétti mig hvað það varðar, að þeir væru öfundsverðir. En þótt forseti þingsins ætti að stýra fundum af myndugleik þá virðist mér raunin önnur. Það virðast koma fyrirmæli utan úr bæ hvað þetta varðar. Það er í raun ekki gott fyrir nýjan hæstv. forseta þingsins, sem hóf störf á þessum þingvetri, að byrja á að taka við fyrirmælum, að því er virðist, frá ríkisstjórn um að keyra í gegn algerlega vonlaus frumvörp.

Ég vil benda hæstv. forseta Sólveigu Pétursdóttur á að gerð hafa verið mistök við fundarstjórn. Nefna mætti að þegar rætt var um byggðamál fór hæstv. iðnaðarráðherra alveg á límingunum í umræðunni. Þá var fundi slitið skyndilega en það var ekki í samræmi við þingsköp. Hæstv. forseti baðst einfaldlega afsökunar á því í það skiptið. Ég er á því að hann hafi öðlast meiri virðingu fyrir vikið. Ég er á því að hæstv. forseti Sólveig Pétursdóttir ætti að taka stjórn þingsins í eigin hendur í stað þess að fara að, að því er virðist, fyrirmælum, jafnvel frá forsætisráðherra, sem segir að þingið eigi að ræða þetta frumvarp fram á kvöld. Það að segja hvenær þingfundum eigi að ljúka skiptir engu máli. Ef þetta skiptir svona litlu máli er mjög undarlegt að hæstv. forseti þingsins skuli keyra málið áfram með þessum hætti. Það skyldi þó aldrei vera að þetta mál sem um er að ræða skipti miklu máli?

Bent hefur verið á að frumvarpið sem við erum að ræða hér sé jafnvel undanfari einkavæðingar. Það hefur komið fram að málið sem hér er keyrt áfram af hörku snerti jafnvel hóp sem fékk að kaupa Búnaðarbankann fyrir mjög lítið og hefur tengsl inn í innsta kjarna Framsóknarflokksins. Ég sé það á svip hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar að honum er vel kunnugt um þetta.

[20:19]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti áréttar tilmæli sín til háttvirtra þingmanna um að ræða um fundarstjórn forseta þegar þeir taka til máls undir þessum dagskrárlið.

[20:19]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. Bjarkeyju Gunnarsdóttur, varaþingmanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að það er mikilvægt að hún fái úr því skorið hvort hún hafi til þess heimild samkvæmt þingskapalögum að taka þátt í 2. umr. um þetta þingmál. Annar varaþingmaður hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem hér hefur verið, Hlynur Hallsson, hefur þegar tekið þátt í umræðunni og þá er spurningin: Er heimildin bundin við þingsætið eða við persónuna?

Hæstv. forseti segist þurfa ráðrúm til að íhuga málið. Ég hef fullan skilning á því. Hér hefur einnig verið bent á að samkvæmt þingskapalögum virðist ekkert standa í vegi fyr-

ir því að hv. þingmaður geti tekið þátt í umræðunni. Ég held að það deili enginn um að hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir og hv. þm. Hlynur Hallsson eru ekki ein og sama persónan. Hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir er t.d. ekki með bindi, það var Hlynur Hallsson hins vegar þótt hann væri ekki sérstaklega ánægður með þá ráðstöfun.

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs um stjórn fundarins til að ganga eftir því við hæstv. forseta hve lengi sé ráðgert að þessi fundur standi. Það er alveg augljóst hvað hér er að gerast. Þessi kvöldfundur er haldinn í fullkominni andstöðu við stjórnarandstöðuna á Alþingi, sameinaða stjórnarandstöðu á Alþingi. (**Gripið fram í:** Þið viljið ekki ræða málið.) Viljum við ekki ræða málið? Við erum að benda á að þetta mál eigi að taka út af dagskrá og það eigi að fá meiri og vandaðri umfjöllun áður en það er keyrt í gegnum þingið og gert að lögum fyrir Ísland. Á það höfum við bent.

Frumvarpið felur í sér mjög afdrifaríkar ákvarðanir og við vörum við því. Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir það slys sem yrði ef vatnalögin yrðu lögfest í vor. Það vakir fyrir okkur hér. En ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn standa í vegi fyrir þessu, staðráðin í að knýja þetta í gegnum þingið hvað sem tautar og raular. Við höfum hér yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra úr fjölmiðlum í kvöld þar sem hann segir ekkert annað en formbreytingu á ferðinni. Þegar hann er spurður um þá dóma sem að hans sögn er verið að laga lögin að þá stendur hæstv. ráðherra á gati.

[20:23]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að ítreka þá skoðun mína að þessu frumvarpi eigi einfaldlega að vísa frá. Ég geri að tillögu minni, virðulegi forseti, að formenn flokkanna sem nú eru á þingi, þ.e. Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Samfylkingar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins, haldi saman fund. Það er mín fróma ósk að sá fundur leiði til þeirrar niðurstöðu að þetta mál verði tekið út af dagskrá.

Ég legg til að skipuð verði nefnd fulltrúa allra þingflokka undir forustu óháðs lögspekings, gjarnan Karls Axelssonar sem ég þekki að góðu einu. Hann var formaður fjölmiðlanefndarinnar sem ég sat í á sínum tíma sem skilaði af sér í mars í fyrra. Hann skilaði þar afskaplega góðu starfi. Hann er mikill heiðursmaður og ég treysti honum fyllilega til þess að standa að starfi stjórnmálaflokkanna til að ná sáttum í þessu máli á sama hátt og hann leiddi starf fjölmiðlanefndarinnar á sínum tíma.

Síðan mundi ég vilja sjá koma inn í þingið endurskoðað frumvarp til vatnalaga, þótt ég telji reyndar að það nafn, frumvarp til vatnalaga, sé á margan hátt rangnefni fyrir frumvarpið. En það yrði lagt fyrir í haust og afgreitt. Ég get fallist á þau sjónarmið að endurskoða þurfi gömlu lögin frá 1923, að færa gömlu lögin fram til nútímans. Ég er í sjálfu sér sammála því sem fram kemur í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar, sem liggur fyrir þinginu ásamt frumvarpinu til vatnalaga sem við höfum verið að ræða í marga daga. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta, í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar:

„Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laganna hafa orðið miklar samfélagsbreytingar, tækniframfarir hafa orðið og vægi umhverfisverndar hefur aukist til muna. Frumvarpinu er ekki ætlað að taka til allra þátta sem lúta að vatni og vatnsnotum með sama hætti og núgildandi vatnalög enda er nú tekið á ýmsum þáttum vatnamála í öðrum lögum, m.a. á sviði umhverfis-, náttúru- og almannaréttar. Þá eru ýmis ákvæði í gildandi lögum einfölduð, m.a. í ljósi breyttra aðstæðna.“

Þessi orð get ég í sjálfu sér tekið undir. Ég hef lýst afstöðu minni til þessa máls í ræðu minni sem ég flutti á Alþingi þegar málið kom til 1. umr. Ég flutti um það ræðu, 14. nóvember árið 2005 og lýsti því yfir að ég mundi ekki geta samþykkt þetta frumvarp eins og það lægi fyrir vegna ákvæða í því um eignarrétt. Ég er hins vegar alveg reiðubúinn að skoða ákvæðið varðandi nýtingarréttinn og hvernig hugsanlega megi skilgreina hann betur. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að landeigendur á hverjum tíma hafi nýtingarrétt að vatni á lendum sínum. Ég tel að það megi skilgreina það með slíkri lagasetningu. Ég sé ekkert að því í að menn geti haft umráðarétt, nýtingarrétt yfir vatnslindum, og t.d. notað til að framleiða vatn sem söluvöru. Það er hið besta mál ef menn sjá leiðir til að hagnast á slíkum rekstri.

Mér líst hins vegar ekki á að þetta sé fært inn í eignarréttarákvæði. Ég tel mikinn mun á því sem stendur í lögunum varðandi nýtingarréttinn og því sem fram kemur í nýja frumvarpinu, þar sem við erum að tala mjög ákveðið um eignarrétt eins og segir í 1. gr. frumvarpsins. Markmið þessara laga er skýrt eignarhald á vatni. Í upphafi II. kafla í 4. gr. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur.“

Þetta eru atriði sem ég get ekki fallist á og hyggst fara svolítið yfir það, reyna að styðja með rökum hvers vegna ég get ekki fallist á þetta. Ég hef svo sem komið inn á það áður, í ræðum undanfarna daga, þar sem ég hef sagt að vatn sé mannréttindi og við séum að tala um grundvallarmál. Það er einu sinni þannig að vatn er grunnþörf og algert grundvallarmál.

Hvað er vatn? Jú, vatn er efni einfalt að uppbyggingu og hefur ávallt skipt mjög miklu máli enda liggur það í hlutarins eðli. Það væri ekkert líf án vatns. Þetta er vökvi lífsins. Án vatns væri ekkert líf á jörðinni. Í gamla daga, áður en menn beittu efnafræðirannsóknum, þá var vatn skilgreint, ég held að Forn-Grikkir hafi gert það, sem eitt af fjórum grunnefnum jarðar. Þessi fjögur grunnefni jarðar voru vatn, eldur, loft og jörð, gott ef Aristóteles sjálfur varpaði ekki sjálfur fram þessari kenningu. Allt frá örófi alda og fram til loka 18. aldar litu menn á vatnið sem eitt af þessum fjórum höfuðefnum. En síðan fóru menn að rannsaka efni með aðferðum efnafræði. Þá fundu menn það út að vatn væri í raun 88,8% súrefni og 11,19% vetni. Það er samsetningin á vatni.

Hvers vegna skyldi vatn vera svona mikilvægt fyrir allt líf? Já, það má spyrja að því. Jú, vatn er svona mikilvægt fyrir allt líf vegna þess að það er svo stór hluti í rauninni af öllum lífverum. Það er meira að segja mjög stór hluti af bergi og jarðvegi. Það er alls staðar, það er í loftinu, það er

í jörðinni, það er í öllum lífverum sem lifa á þessari plánetu. Þrír fjórðu hlutar yfirborðs jarðarinnar eru huldir vatni, ef við lítum til þess að sjór sé vatn, sem hann náttúrlega er, blandaður ýmiss konar efnum sem gerir það að verkum að hann er saltur og kallast því sjór, ekki hreint vatn, en vatn engu að síður. Þetta er ástæðan fyrir því að jörðin er oft kölluð blái hnötturinn, það er út af öllu þessu vatni sem á henni er. (**EMS:** Er ekki rétt að formaður iðnaðarnefndar hlýði á mál þitt?) Hv. formaður iðnaðarnefndar hefði gott af því að hlýða á mál mitt og fá einmitt smáfróðleiksfyrirlestur um það hvað vatn sé og um hvað málið snýst. Ég hygg að við höfum gleymt því svolítið í umræðunni og kominn sé tími til að flutt sé a.m.k. ein ræða um hvað vatn sé í raun og veru.

En áfram skal haldið. Vatnið finnst í ám, vötnum og jöklum. Það finnst líka niðri í jörðinni sem svokallað grunnvatn. Eins og ég sagði áðan eru lifandi plöntur og öll dýr að stærstum hluta vatn, 60–70% af okkur þingmönnum eru vatn. Mannslíkaminn er 60–70% vatn. Ég held að engum þurfi að leynast hversu mikilvægur þessi vökvi er fyrir okkur öll.

Vatnið er í eilífri hringrás á jörðinni. Það finnst sem vökvi í ám, stöðuvötnum og í hafinu en það finnst líka í loftinu því að vatnið gufar upp og myndar þá ský, þéttist, verður að rigningu og þannig er hringrás vatnsins endalaus. Það fellur á jörðu og skolast til sjávar ásamt ýmsum efnum, efnasamböndum og gufar síðan aftur upp og þannig er hringrásin endalaus. Á þessari hringrás er vatnið að sjálfsögðu, eins og ég sagði áðan, algjör lykill að öllu lífi jarðar.

Á Íslandi erum við Íslendingar mjög rík þjóð hvað vatn varðar. Hér er mikið af fersku vatni. Við Íslendingar höfum stundað vatnarannsóknir um nokkuð langt árabil, bæði vegna þess að vatnið skiptir okkur að sjálfsögðu mjög miklu máli sem drykkjarvatn en það er líka mjög mikilvægt í orkuframleiðslu. Það eru mörg ár síðan við fórum skipulega yfir öll okkar vötn, bæði stöðuvötn og fallvötn, og skilgreindum þau eftir ákveðnum reglum. Við tölum oft um að íslensk vötn séu greind í bergvötn og jökulvötn. Jökulvötnin innihalda yfirleitt lítið af lífi, enda eru þau mjög gruggug og köld. Það kemur í veg fyrir ljóstillífun, þ.e. lífmyndun, að grænþörungar í vatninu eru ekki til staðar vegna birtuleysis og framleiða því lítið af lífrænum efnum ef svo má segja og súrefni.

Bergvötnin eru hins vegar allt önnur. Það eru ekki jökulvötn heldur eru þau þessi hreinu bláu vötn okkar. Þau skipta miklu máli líffræðilega séð, mjög miklu máli. Við erum með kalt vatn á því sem við köllum móbergssvæði, við erum með kalt vatn af blágrýtissvæðum og síðan erum við með heita vatnið okkar. Það er einmitt berggrunnurinn, landið okkar, og sá tími sem vatnið er að fara í gegnum berggrunninn, og hitastigið líka, sem ákvarðar hvernig efnasamsetningin á vatni er á hverjum tíma hér á landi. Þarna skiptir náttúrlega miklu máli í gegnum hvaða ferli vatnið rennur í gegnum vatnakerfin á leið til sjávar, hversu langan tíma vatnið er á leiðinni til sjávar og hversu mikil lífræn framleiðsla er á hverjum tíma. Þessi lífræna framleiðsla er einkum háð því að sólin nái að skína en það eru líka næringarefni í vatninu og stærð yfirborðsflatar vatnsins sem skiptir miklu máli, og viðstöðutími sem hefur mikil áhrif á það hvernig samsetningin er.

Eins og ég nefndi áðan, virðulegi forseti, höfum við flokkað vatnakerfin okkar í ákveðna flokka. Fræðimenn hafa skilað ákaflega góðu verki í þeim efnum. Við erum með vötn á þessum svokölluðu móbergssvæðum sem eru lindarvötn á yngri hlutum landsins, ef svo má segja. Við tölum um lindarvötn sem vötn sem eru upprunnin í lindum, og það vatn er þá tiltölulega auðugt af steinefnum og næringarefnum. Lindarvötnin eru ríkjandi á þremur landsvæðum og eru oft flokkuð eftir því. Við erum með þau á Suðvesturlandi, Suðurlandi og Norðausturlandi. Síðan höfum við stöðuvötn sem eru mjög mörg og margvísleg. Mörg þeirra eru einstakar auðlindir, við getum nefnt Þingvallavatn sem ég tel hiklaust eitt merkasta vatn á landinu. Ég mun ræða nánar um það síðar í ræðu minni sérstaklega. Við erum líka með mörg önnur vötn, grunnvötn, og þar get ég bent á Mývatn sem einnig er ákaflega merkilegt og Víkingavatn, Apavatn og Laugarvatn á Suðurlandi. Þetta eru allt saman grunnvötn og annars eðlis en Þingvallavatn.

Árnar okkar eru margar hverjar mjög merkilegar. Við getum þar nefnt lindár eins og Sogið sem fellur úr Þingvallavatni, Elliðaárnar, Laxá í Aðaldal og fleiri ár sem falla úr þessum stóru vötnum og eru mjög miklar auðlindir í sjálfum sér. Margar af þessum ám hafa verið virkjaðar en ég hygg líka að mörg sóknarfæri bíði okkar í mörgum þessum ám, þ.e. með tilliti til vatnsnýtingar. Þar erum við kannski komin inn á þetta sem við höfum verið að ræða hér sem er svo viðkvæmt mál vegna þess að vatnið skiptir svo miklu máli fyrir allt líf, þ.e. þetta hlutverk vatnsins fyrir okkur öll, til neyslu er ég þá aðallega að hugsa um.

Önnur vötn sem við getum talað um eru svokölluð dragvötn á móbergssvæðum. Þau eru nokkru öðruvísi en þau lindarvötn sem ég nefndi áðan. Öll þessi vötn okkar eru, eins og ég sagði áðan, mjög mikilvæg og merkar auðlindir. Það er afskaplega mikilvægt að þessi vötn séu vernduð, að við stundum markvissa umhverfisvernd í þeim til að verja þau gegn mengun. Þar má segja að vatnalögin frá 1923, gömlu lögin sem við ætlum núna að fara að fella úr gildi — ef þetta frumvarp sem nú liggur fyrir þinginu verður að lögum munu þau lög taka við — séu að mörgu leyti afskaplega merkileg lög. Þau voru sett af mikilli framsýni og má segja að þau séu kannski ein fyrstu lög sem sett voru hér á landi sem fjalla um umhverfisvernd. Menn voru svo framsýnir að þeir sáu fyrir sér að mjög nauðsynlegt væri að verja þessi vötn og þessar ár. Ég hygg að einmitt sú framsýni þeirra ágætu manna sem voru hér fyrir 83 árum að ræða gömlu vatnalögin hafi gagnast þjóðinni ákaflega vel, enda vekur rökstuðningur stjórnarliða í umræðunni upp margar og alvarlegar spurningar, þ.e. að ekki sé um neina eðlisbreytingu að ræða heldur aðeins formbreytingu.

Ég hlýt að spyrja, og við í stjórnarandstöðunni höfum spurt en ekki fengið nein svör við því, hvað gerir það að verkum að svona mikið liggi á að breyta þessum gömlu lögum, 83 ára gömlu lögum, sem hafa þó dugað svona vel. Hvað gerir það að verkum að hér þurfi að hleypa þinginu í uppnám, leggja fram vont frumvarp, meingallað og hleypa hér öllu í uppnám? Hvað veldur því að svona ofboðslega mikið liggur á þegar við höfum haft þessi lög sem hafa lýst svona mikilli framsýni og við höfum haft svona lengi? Þau

hafa dugað okkur vel og hvers vegna í ósköpunum geta þau ekki dugað hálft ár í viðbót þannig að hægt væri að fara eftir tilmælum mínum í þessu máli a.m.k. og skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka og fara yfir málið og koma með nýtt frumvarp að hausti?

Þetta finnst mér, virðulegi forseti, algjörlega óskiljanlegt. Ég botna hreinlega alls ekki í þessu. Ef við komum aðeins nánar inn á þetta finnst mér svolítið skorta á skilninginn á því hjá stjórnarliðum hvernig standi á því að þetta er svona viðkvæmt mál. Af hverju skyldi þetta vera svona viðkvæmt mál? Jú, þetta er svona viðkvæmt vegna þess að við erum að tala um vatn. Við erum að tala um algert grundvallaratriði. Það verður ekki tíundað nógu vel hversu mikilvægt mál við erum að tala um, hversu mikilvægt grundvallarmál við erum að tala um. Vatn hefur ávallt skipt okkur Íslendinga mjög miklu máli, ekki bara sem vatn til neyslu eða vatn til áveitu í tengslum við landbúnað, heldur höfum við líka í gegnum aldirnar háð marga hildina við þetta efni í landi okkar, landi vatns, elds og ísa, eins og við segjum oft. Þetta hefur í raun markað og meitlað þjóðarsálina, þessi barátta okkar við hið mikla náttúruafl sem vatnið er. Þess vegna er það þannig, virðulegi forseti, að allir Íslendingar hafa mjög sterk tengsl við vatn. Það hefur í gegnum aldirnar verið þvílíkur lífgjafi fyrir þjóðina en líka hættulegur óvinur sem við höfum óttast oft og tíðum. Þetta ætti enginn að vanmeta. Það hafa allir skoðun á vatni. Það má eiginlega segja að þetta sé á margan hátt mikilvægara mál að vissu leyti en til að mynda deilurnar um fiskinn í sjónum. Það snýst um mat og auðlindanýtingu en þetta snýst um lífið sjálft. (Gripið fram í.)

Mig langar til að nota tækifærið einmitt til að lesa smákafla sem mér finnst lýsa því ákaflega vel hvernig stendur á því að vatnið er svo meitlað inn í þjóðarsálina. Þetta er frásögn af ferðalagi sem var rituð á ferðalagi þekkts íslensks rithöfundar um kjördæmi mitt, Suðurkjördæmi, Skaftafellssýslur fyrir mörgum árum. Ég er að tala um rithöfundinn Þórberg Þórðarson. Það vill svo til, virðulegi forseti, að þinghald er hér allt í uppnámi og við vitum ekki hvenær við þurfum að mæta til þings og hvenær ekki, hvenær við getum sinnt skyldum okkar sem þingmenn í kjördæmum okkar eða farið á fundi og ráðstefnur eins og við gerum oft þegar ekki er þinghald við Austurvöll. Við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér en ég vil koma því að, þar sem við erum að tala um skáldið Þórberg, að ég sem einn af þingmönnum Suðurkjördæmis hef verið boðinn til fundar, einmitt til að ræða um Þórberg og hið svokallaða Þórbergssetur í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands næstkomandi föstudag milli kl. tvö og fjögur og mér þætti vænt um að ekki yrði þingfundur á þeim tíma svo við þingmenn Suðurkjördæmis, a.m.k. ég, kæmumst á þennan fund því að þarna verður okkur greint frá því hvað til standi að gera með Þórbergssetur sem er afskaplega merkilegt menningarsetur sem verið er að opna á Hala í Suðursveit, það verður opnað nú í lok júní. Á föstudaginn eigum við þingmenn Suðurkjördæmis að fá upplýsingar um hvað stendur til að gera á þessu merka setri.

Þórbergur Þórðarson var á miklu ferðalagi á heimaslóðum sínum árið 1933 og þá lenti hann í merkilegum hrakningum þar sem hann þurfti að glíma við þetta náttúruafl, vatnið. Hann skrifaði síðar afskaplega skemmtilega og kjarnyrta stutta ritgerð sem heitir Vatnadagurinn mikli og kom út í bók sem heitir Frásagnir og var gefin út í Reykjavík árið 1977. Þarna lýsir Þórbergur ferðalagi sem hann átti með Margréti konu sinni og fylgdarmönnum yfir vötnin miklu í Skaftafellssýslum. Mig langar að lesa þessa frásögn því að mér finnst hún lýsa svo vel hvernig við Íslendingar höfum þurft að glíma við slík náttúruöfl í gegnum aldirnar. Frásögnin heitir Vatnadagurinn mikli og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sumarið 1933 var hér sunnanlands eitthvert mesta vætusumar, sem elztu menn muna. Í Austur-Skaftafellssýslu rigndi meira eða minna í tuttugu daga í ágústmánuði, og fyrstu tíu dagana í september féll þar í átta daga regn úr lofti, oftast helliregn.

Þetta regngráa og sólarlitla sumar vorum við Margrét kona mín á ferð um Austur-Skaftafellssýslu frá 12. júlí til 10. september. Við fórum sjóðleiðina austur, en ætluðum landveginn til baka, því að ferðir okkar hafði aldrei borið um þær slóðir áður.

Miðvikudaginn 30. ágúst, 28 mínútum eftir hádegi, hófum við ferðina vesturá bóginn frá Hala í Suðursveit. Þann dag héldum við útyfir Breiðamerkursand og náðum að Fagurhólsmýri í Öræfum klukkan níu um kvöldið. Þar héldum við kyrru fyrir í fjóra daga hjá Ara hreppstjóra Hálfdánarsyni, merkum manni og margfróðum. Og það var rautt septembertungl yfir sjónum á kvöldin. Frá Fagurhólsmýri var ferðinni heitið að Svínafelli í Öræfum. Það mun vera um þriggja tíma lestagangur. En þaðan var gert ráð fyrir að við fengjum hesta og fylgdarmann vesturyfir Skeiðarársand.

Við lögðum af stað frá Fagurhólsmýri mánudaginn 4. september klukkan hálfeitt. Ari hreppstjóri léði okkur hesta innað Svínafelli og Helgi sonur hans varð til að fylgja okkur. Þennan dag var þykkt loft, kafið skuggalegum haustþunga, og var sýnilegt, að hann var að draga sig í langæja stórrigningu. Mestallan daginn gekk á skúrum, ýmist í logni eða með vestan andvara. Það hafði rignt um nóttina og daginn áður frá klukkan fjögur, og allir lækir og minniháttar ár í Öræfum höfðu vaxið að sýnilegum mun, en stærri vatnsföll leyna lengur vexti, sem kunnugt er.

Það bar ekkert við öðru hærra á leið okkar innað Svínafelli fyrren við komum að svonefndri eystri Virkisá, sem rennur fyrir austan Svínafell, milli þess og Sandfells. Það rigndi alltaf öðruhverju. Útlitið varð æ þungbúnara eftir því sem á daginn leið. Fjöllin stóðu vatnsgrá uppí þokusvakkann. Og það kom ekki yfir mig neinn hærri fögnuður, þegar mér varð hugsað til ferðalagsins, sem við áttum fyrir höndum yfir Skeiðará og Skeiðarársandinn.

Virkisá eystri hafði vaxið einsog önnur smærri vatnsföll. Hún féll í nokkrum halla, í niðurgröfnum, staksteinóttum skorningi, þar sem við komum að henni, kolmórauð, hólótt og straumþung. Fyrir augum Öræfings, sem glímt hefur við stórár frá blautu barnsbeini, hefur þessi spræna þó sennilega ekki verið öllu tilkomumeiri en glaðvær bæjarlækur.

Mér kom það þessvegna ekki á óvart, þó að Helgi legði útí ána formálalaust, þar sem okkur bar að henni. Hesturinn, sem hann reið, fetaði sig gætilega niður snarbrattan urðarbakkann, og rétt í sömu svifum var hann kominn út í beljandi árstrauminn.

Mér leizt undireins ískyggilega á þetta ferðalag, sýndist botninn óhugnanlega stórgrýttur, straumurinn snarpur og bakkarnir niðurað og uppúr ánni helzt til óvenjulegir hestavegir. Ég kalla því til Margrétar, sem reið á undan mér, og bið hana að hinkra við, meðan Helgi sé að komast yfir. En sakir flaumgnýsins í ánni mun hún ekki hafa heyrt til mín, og áður en ég fengi frekar að gert, sé ég afturendann á hesti hennar standa næstum beint uppí loftið, um leið og hann rennur með möl og grjóti niður bakkann. Nú var allt um seinan.

Ég gerði nú stanz á hesti mínum uppiá bakkanum og horfði til ferða þeirra. Hestur Helga þreifaði sig áfram yfir botngrýtið, blindmiðaði fótunum milli hnullunganna, mjakaði sér lengra og lengra gegnum hvissandi strauminn og brauzt svo í rykkjum upp urðarstálið vestanmegin.

Þegar hestur Helga er í þann veginn að losa sig upp úr ánni, er Margrét komin um það bil útí hana miðja. Hestur hennar fálmaði sig varlega, hægt og hægt lengra í áttina yfirum, með straumþungann hvílandi á sér uppundir miðja síðu. En rétt í því, er hann hefur klöngrazt rúmlega hálfa breidd árinnar, þá rekur hann annan framfótinn í einn botnhnullunginn og stingst samstundis á hausinn niðurí straumkastið. Margrét fýkur einsog tuskudúkka niðureftir faxi hestsins, en tekst með eldingarviðbragði að stöðva sig frammiá miðjum makka með því að slöngva handleggjunum undir háls hestinum, hann rykkir sér á fætur og rífur sig uppúr ánni og upp vesturbakkann með Margréti liggjandi rennblauta frammiá makkanum með báðar hendur spenntar dauðahaldi yfirum hálsinn.

Þessi sena stóð aðeins þrjú til fjögur andartök. En það er þó sá leikur, er ég vildi sízt sjá leikinn í annað sinn af öllu, sem fyrir augu mín hefur borið. Ef Margréti hefði ekki tekizt að stöðva sig á makka hestsins — og þar munaði mjóu — eru litlar líkur til, að hún hefði farið fleiri ferðir yfir fallvötn þessa heims."

Virðulegi forseti. Á þennan hátt lýsir skáldið Þórbergur viðureign sinni og Margrétar eiginkonu sinnar ásamt leiðsögumönnum yfir vötnin miklu í Skaftafellssýslum. Þetta er frábær texti í þessari litlu ritgerð, afskaplega skemmtileg ferðasaga. Ég ætla ekki að lesa hana alla. (**KÓ:** Af hverju ekki?) Ja, ég heyri að hv. þm. Kjartani Ólafssyni líkar lesturinn, enda er hann hestamaður. Ég get vel lesið áfram honum til gleði og ánægju. Hann skemmtir sér eflaust við þessar lýsingar því að þær eru mjög skemmtilegar á því þegar fólk ferðast um landið okkar, einmitt á hestbaki. Ég skal lesa aðeins meira, honum til ánægju, með leyfi forseta:

„Þetta fall dró á eftir sér uggvænlegar sálarverkanir og þær því uggvænlegri, að sextán dögum áður hafði Margréti hent það óhapp austurí Hellisholtsvatni á Mýrum, að hestur hennar lenti í bleytu og brauzt um nokkuð, svo að reiðtygin runnu með hana afturaf reiðskjótanum og hún sat holdvot á hnakknum niðurí vatnsaganum, þegar að henni var komið. Þá vildi henni það til lífs, að hún var komin langleiðina að landi og vatnið lygnt og ekki dýpra en milli hnés og hófskeggs. En nú áttum við eftir að ríða yfir nafnfrægasta vatnsfall landsins, eitt hið mesta, straumharðasta og illræmdasta stórfljót á Íslandi, Skeiðará á Skeiðarársandi.

Ég sneri nú hesti mínum svo sem tveggja til þriggja mínútna leið niðurmeð ánni. Þar var hún straumléttari, breiddi meira úr sér og var betri í botninn.

Við Margrét fengum gistingu í Austurbænum í Svínafelli, en Helgi sneri heimleiðis með hestana. Daginn eftir ætluðum við að halda vesturyfir Skeiðarársand. Við höfðum fengið okkur til fylgdar yfir sandinn þaulvanan vatna- og ferðamann, Runólf Jónsson bónda í Vesturbænum í Svínafelli. En þennan dag, sem var þriðjudagurinn 5. september, gekk á með hellirigningu næstum óslitið allan daginn, loftið var korgþykkt og ábúðarmikið og ýmist gola eða kaldi á suðaustan. Þá mátti búast við stinningsvindi útiá Skeiðarársandi. Í Svínafelli er oftast lygnt og blítt í veðri, þóað vindar gnýi eystra og vestra. Við hreyfðum okkur ekki frá Svínafelli þennan dag.

Daginn eftir var loft ennþá þungbúið og vætugróið, og leit út fyrir, að hann dytti á hverri stundu á með stórrigningu. Af því varð þó ekki. Hann hékk uppi þurr til klukkan fjögur, síðan gekk á hægum skúrum til klukkan átta, en eftir það var aftur þurrt í veðri. Veðurútlitið framanaf degi dró úr áhuga okkar að leggja á Skeiðarársand þann daginn. Og uppúr því snerist ferðalagið þannveg fyrir okkur, að við afréðum að bíða í Svínafelli, þartil póstur kæmi að austan og verða honum samferða vesturyfir sandinn. Seint myndi mannsliðinu verða ofaukið yfir Skeiðará.

Við notuðum þetta uppþot til þess að skoða okkur svolítið um í Svínafelli. Á svona fornu höfuðbóli tekur það langan tíma að stilla eyrað á hinn fjölraddaða eftireym kynslóðanna, ekki sízt þegar alltaf rignir og maður á eftir að fara yfir Skeiðará. Við urðum þessvegna að gera okkur að góðu að takmarka athygli okkar við hinar fátæklegu skuggamyndir hversdagsleikans.

Bæirnir, fjórir að tölu, standa undir dásamlega fagurri fjallshlíð, sem öll er grasi og skógi þakin uppá efstu brúnir. Niður hlíðina ganga nokkur hlýleg gil og giljadrög, gróin stórvöxnum skógi og fögrum jurtum, og niður gilin renna silfurtærir lækir. En svo að segja fast uppvið vesturútjaðra þessarar myndar fellur Svínafellsjökull niðurá láglendið um slakka í fjallinu, leirgrár og sundursprunginn varla lengra en fimm mínútna gang frá bæjarhúsunum. Á þeirri jörð, sem jökulhrönnin liggur nú yfir, segja fornar sagnir, að staðið hafi bærinn Freysnes, er lagðist í eyði í jökulhlaupinu mikla á fjórtándu öld. Þá tók af um 40 bæi í Litlahéraði, einu af blómlegustu sveitum landsins. Eftir þá tortímingu hlaut það nafnið Öræfi.

Þegar horft er heimanfrá Svínafelli í suðurátt, sér yfir haga og engi svo langt sem auga eygir. En í vestri og suðvestri blasir við Skeiðarársandur, og bak við hann, lengst í vestri, rís Lómagnúpur uppúr þessari miklu auðn dauðans, lóðrétt einsog bergkastali frjálsrar þjóðar.

Ef það skyldi eiga fyrir þér að liggja að halda heimað Svínafelli úr austurátt á björtum sumardegi, í fyrsta sinn á ævi þinni, mætir augum þínum mynd, sem er ólík öllu öðru, sem þú hefur nokkurntíma augum litið hér á landi. Áður en þú rámkar við þér, ertu farinn að spyrja sjálfan þig: Hvað er þetta? Hvert er ég kominn? Er ég á leið inní fjallaþorp suðurí Sviss? Eða er þetta hugarburður, sem einhverntíma hefur borið fyrir sjónir mínar í draumi? Eða er ég að hverfa inná land lifenda, sem ég hef lesið um í helgum bókum? Og þessi mynd vekur með þér sáran trega alla ævi síðan, hvenær sem þú leitar eftir náttúrufegurð í veröldinni.

Skeiðará sýndist ekki kvíðvænlegur farartálmi tvo fyrstu dagana okkar í Svínafelli. Ekkert nema örmjóar, dauðalegar lækjarlænur, sem lyppuðust í ánalegum hlykkjum vesturí sandauðninni, einsog þær nenntu varla að dragnast áfram hina löngu leið til sjávar. Hvernig gat manni komið til hugar, að þarna vesturfrá, þar sem allt virtist dautt og hreyfingarlaust, leyndist eitt af ægilegustu vatnsföllum landsins? En á þriðja degi tók hann að herða rigninguna, og eftir því sem lengur rigndi, hillti lænurnar vesturí auðninni hærra og hærra og breiddu meira og meira úr sér.

Hingað til höfðu viðræður okkar við fólkið hnigið að stjórnmálum, lífsfílósófí og sögu sveitarinnar. En nú fór Skeiðará að flóa yfir víðara og víðara rúm í huganum og þenja sig yfir stærra og stærra svæði af umtalsefninu. Skyldi hún verða blaut í botninn? Staksteinótt? Straumhörð? Djúp? Breið? Hyljótt? Falla vel?

Það varð um engar smugur framhjá því komizt, hvernig sem við leituðumst við, að Skeiðará var allt önnur nú á dögum en í fornöld, þegar ekki fór meira fyrir henni en svo, að rétta mátti vefjarskeið yfir hana, einsog sagan segir, að hún hafi hlotið nafn sitt af. Skeiðará vorra daga er geysilegt vatnsfall, straumhörð, vatnsmikil, stórvirk og kenjótt. Hún gat breytt um farveg á skömmum tíma. Brot, sem var reitt þessa stundina, gat verið umhverft í ófæru eftir fáa stundarfjórðunga. Hún var að vísu ekki stórgrýtt. En hún átti það til að vera hyljótt og blaut í botninn. Hestar gátu brotizt um í henni og reiðtygin runnið afturaf þeim, ef maður hélt sér ekki vel í faxið. Og ekki var fólki liðið það ennþá úr minni, að hestur með manni á, hafði horfið í skyndilegri svipan á bólakaf niðurí einn vatnspyttinn, þegar hann var að þreifa sig áfram í kolmórauðu jökulvatninu yfir ána. Hún óx auðvitað í rigningum, og í miklum rigningum gat hún orðið svo stórfengleg, að heimanfrá Svínafelli sýndist ein vatnsbreiða allar götur vestureftir Skeiðarársandi. Hún bætti líka í sig í hitum, einsog önnur jökulvötn, og dagana, sem við dvöldumst í Svínafelli, var alltaf hlýtt í veðri auk óveðursins, sem hlaut að gera öll vötn mikil. Margir höfðu komizt í hann krappan við Skeiðará. Stundum höfðu menn verið margar klukkustundir að svamla yfir hana. Dæmi fundust einnig þess, að varla hafði munað hársbreidd, að hún sópaði ferðamönnum útí hafsauga, ef þeir voru staddir á sandinum, þegar hin feiknlegu Skeiðarárhlaup brutust fram undan Skeiðarárjökli.

Svona ræddum við um Skeiðará dag eftir dag frá öllum hliðum og sjónarmiðum. Þó að við hvörfluðum að öðrum umtalsefnum stund og stund, soguðumst við áðuren minnst varði aftur inní straumgný þessarar ferlegu móðu. Vatnaþekking Austur-Skaftfellinga er heil fræðigrein, sem seint verður lærð til hlítar. Og hver ný ræða um Skeiðará flutti okkur einhverja nýja þekkingu.

En þrátt fyrir allan ægileik Skeiðarár báru þessar sprettiræður okkur alltaf að einni huggun. Í Skeiðará hafði aldrei maður drukknað. Jú-ú! Einhver gömul sögn var ennþá á reiki í Svínafelli um mann, sem hafði drukknað í ánni. En þar með var allt talið. Hinsvegar kunnu menn nokkur dæmi um drukknanir í Jökulsá á Breiðamerkursandi.

Hvernig stóð á því, að Jökulsá skyldi hafa orðið fengsælli á mannslífin en Skeiðará?

Jökulsá rann alltaf í einni breiðu og hafði grafið sér fastan og djúpan farveg niður í sandinn. Auk þess var hún meira vatnsfall og ennþá straumharðara en Skeiðará. Skeiðará flæddi yfir breiðara svæði, rann venjulega í mörgum álum og féll að öllum jafnaði á sæmilegum brotum.

Næsta dag, fimmtudaginn 7. september, var regnúði framað klukkan sjö um kvöldið, en þá gekk hann í bullandi óveður og rigndi í sífellu alla nóttina. Daginn eftir hellti úr lofti þrotlaust og alla næstu nótt. Regnið dundi á húsþökunum og streymdi í lækjum niður þakrennurnar. Lækjarhjalið í giljunum var að breytast í þungan árnið. Grösin og skógurinn í brekkunni hníptu litverp. Grasmaðkarnir flúðu unnvörpum uppúr jörðinni og engdust innum gluggann á svefnherberginu okkar — hann var niðurundir jörð uppað brekkunni — og leituðu sér athvarfs niðurí rúmunum og nutu þar óafvitandi gestrisni, þartil maður fann þá skríða við sig beran. Og við töluðum mestallan daginn um Skeiðará, sem nú þandi sig yfir meiri og meiri víðáttu vesturá sandinum.

Dimmgrátt loft, regndynur, niðandi vatnagnýr, tún, hlöð og garðar á floti í vatnssvakka, — þetta var stemmning laugardagsmorgunsins. Við vissum að pósturinn myndi koma austanað á laugardagskvöldið og halda vesturyfir Skeiðarársand á sunnudaginn, hvað sem á dyndi. Og við byrjuðum morguninn með fræðilegum samræðum um Skeiðará. Regninu hellti ennþá niðurúr hreyfingarlausum skýjamekkinum. Hvert sem litið var, grámaði fyrir pollum, ám og lækjum, og vatnagnýrinn var orðinn fastur í eyrunum á okkur, einsog við hefðum fæðzt með hann.

Skyldi nú Skeiðará ekki vera orðin ófær?

Ja, það fer nú að verða á takmörkum.

Ekki vil ég nú segja það. Ennþá meiri sýndist hún vera hérna um árið, þegar hann Sigfús Johnsen fór yfir hana. Þá flóði hún vestureftir öllum sandi, næstum eins langt og við sáum héðan að heiman.

Fékk hann hana ekki djúpa?

Ekki ákaflega. Hún getur verið grynnri í miklum rigningum en í þurrkatíð. Þegar hún er í miklum vexti, ryður hún undir sig möl og sandi og flákar sig útyfir breitt svæði, og þá er síður hætt við bleytum, því að straumþunginn þjappar niður vatnsbotninum. Hún er stundum dýpri í þurrkum. Þá hættir henni við að grafa sig niður í mjórri ála.

Svo er.

Svona gat huggunin leynt sér lengi austurí Öræfum.

Vatnið hélt áfram að streyma úr loftinu stanzlaust þartil framundir miðmunda. Himinn og hauður sýndust runnin saman í einn gráan vatnsmökk. En rétt fyrir miðmunda rauf hann loksins gat á skýjakafið í norðvestri, svoað sá dimmbláan heiðglugga yfir Skaftafellsfjöllunum. Dimmblá heiðríkja er fyrirboði þerris. Undir kvöldið var vatnagnýrinn farinn að fá aukahreim af fjallátt. Ennþá var þó loftið mjög skýjað. Glugganum í norðvestri gekk illa að stækka. Við töluðum um það, hvort það myndi setja niður í Skeiðará í nótt.

Svo kom sunnudagsmorgunninn. Loftið einsog í fornum annálum fyrir mikla mannskaða: Hvergi skýhnoðri á himni, — hægur norðauastan fjallablær, glitrandi sólskin og heitt í veðri. Það hafði sett svolítið niður í vötnunum. Og nú fyrst lagði það af tilviljun í eyru okkar, að fólkið í Svínafelli hefði verið farið að verða hrætt um, að jarðvegurinn í

brekkunni yfir bæjunum myndi fljóta með alltsaman niðurá jafnsléttu í ósköpunum. Svona kurteisir menn eru Öræfingar.

Fimmtán mínútum eftir miðjan morgun riðum við úr hlaði í Svínafelli undir dimmbláum himni í glaðasólskini, öll á þaulvönum vatnahestum, pósturinn, Runólfur Jónsson, Margrét og ég. Fólkið stóð útiá stéttinni og horfði á eftir okkur, og ég raulaði þessa vísu fyrir munni mér:

Ó, hve tíminn er að sjá
undarlega skaptur.
Hvað mun dagur heita sá,
nær hingað kem ég aftur?

Og nú áttum við von á fimmta manni í hópinn. Það var Runólfur Bjarnason í Skaftafelli, einn mesti Skeiðarárfræðingur í Öræfum. Hann hafði verið beðinn símleiðis að fylgja okkur yfir Skeiðará, þegar augsýnilegt þótti heima í Svínafelli, að hún væri komin í algleyming, og hann hafði lofað að koma í veg fyrir okkur á sandinum niðriundan Skaftafelli.

Við létum hestana rölta út aurana fyrir vestan Svínafell og töluðum um rigninguna og vötnin, og svo byrjuðum við að þegja. Framundan breiddist út Skeiðarársandur og niðandi vatnaflákar, en bakvið sandinn skyggði Lómagnúp vesturí fjarsta heiði.

Á aurunum nokkurn spöl fyrir vestan Svínafell komum við að fyrsta vatnsfalli þessa ógleymanlega vatnadags. Það var Svínafellsá, sem fellur undan Svínafellsjökli, all-mikið vatnsfall, kolmórautt, straumhart, stórgrýtt og beljandi. Hún var sjómikil, en nú var farið að fara hana fjær jöklinum en áður tíðkaðist, og þar var straumurinn ekki eins stríður og botninn jafnari.

Svo létum við hestana tölta áfram vesturá bóginn alllanga leið, þartil við komum að öðru vatnsfalli sýnu meira og breiðara en Svínafellsá. Það var Skaftafellsá, sem kemur undan Skaftafellsjökli, skriðjökli, sem gengur fram milli Skaftafells og Svínafellsjökuls. Hún var líka mjög vatnsmikil, en féll á góðu broti og flákaði sig sæmilega og var þó á miðjar síður, straumþung og mórauð, en ekki slæm í botninn. Nokkurn kipp fyrir vestan hana kom Runólfur í Skaftafelli til móts við okkur. Hann var karlmannlegur og vatnareifur, á stórum og sterklegum hesti þarna í morgunsólinni. Mér fannst Skeiðará minnka, þegar ég horfði á hann.

Er ekki Skeiðará mikil?

Jú, það er anzi mikið í henni.

Ég leit til Margrétar. Ég vissi, að „anzi mikið" á máli Öræfinga þýðir nokkurnveginn sama og „andskotans ósköp" í málfari okkar hér í Reykjavík. Nú fór leiðin að styttast. Við þögðum öll, og þögn okkar féll öll til vesturs. Ég rauf þennan óhugnanlega hljóðleik með því að brýna ennþá einu sinni fyrir Margréti vatnaboðorðin. Þau voru fjögur: Haltu ekki fast í tauminn! Stattu ekki í ístöðunum! Haltu annarri hendi af öllu afli í faxið, ekki í hnakkinn! Horfðu ekki niðurí vatnið, heldur skaltu einblína útí sjóndeildarhringinn eða á Lómagnúp!

Vatnsgnýrinn varð þyngri og þyngri. Hvert hófatak bar okkur nær og nær. Og áður en minnst varði vorum við fimm veikburða manneskjur komnar framá austurströnd hinnar miklu móðu. Ég þreif úrið uppúr vasa mínum. Það vantaði tíu mínútur í átta. Halt' þér fast í faxið! Statt' ekki-í ... Svo kafnaði allt, sem á eftir kom, í straumgnýnum. Þetta var mikið fljót, og það var einsog straumþunginn væri hér af sterkari kynstofni en í öðrum vötnum, sem við höfðum riðið þetta rigningasumar, en þau voru hartnær þrjátíu.

Hér urðu samt engar vomur. Runólfur í Skaftafelli hleypti hestinum undireins niðurí kolmórautt straumkastið. Hvernig veit maðurinn, að þetta sé fært? Svo fóru þeir Runólfur í Svínafelli og pósturinn með Margréti á milli sín. Ég lagði útí síðastur. Hestarnir óðu hægt og íhugandi og höfðu sér lítið eitt á strauminn. Vatnið var þó ekki nema uppá miðjar síður. Margrét hélt sér í faxið. Þetta gekk allt einsog í beztu sögu.

Örstuttu vestar brunaði fram á leið okkar annað fljót, álíka strítt og vatnsmikið sem hið fyrra. Við mjökuðumst yfir það í sömu röð og áður. Vatnið var ívið grynnra.

Þá tók við dálítil sandspilda, og vestanmegin hennar, bakvið fláandi malarbakka, beljaði áfram þriðja fljótið, mikið vatnsfall og ófrýnilegt. Runólfur í Skaftafelli setti hestinn ennþá útí næstum beint af augum, svo Runólfur í Svínafelli og pósturinn með Margréti á milli sín og síðast ég. Hestarnir þverskáru straumbreiðuna, sem braut á þeim ofanhallt við miðjar síður, og eftir 40 til 50 hálfsvimandi augnablik höfðum við þessa ljótu móðu að baki okkar.

Hestarnir frísuðu, og ískalt jökulvatnið rann niðurúr þeim. En nú sýndist Skeiðará líka vera búin. Framundan blasti við vatnslaus eyðimörk með Lómagnúp að baki og Skeiðarárjökul leirgráan og sprunginn nokkra kílómetra í burtu til hægri handar.

Jæja, sjáum skinnið! sagði ég við sjálfan mig, þar sem ég lét hestinn ráða ferðinni í humátt á eftir samferðafólki mínu. Skeiðará er þá ekki eins stórkostlegt vatnsfall og maður hefur heyrt talað um. Mér virtist sex dögum síðar, að þessir þrír álar hefðu verið álíka vatnsmiklir og þrjú Markarfljót í rigningartíð. Við létum hestana skokka vestur sandinn, og allir þögðu. Hversvegna þegja allir? Það skyldi þó vera, að Skeiðará sé búin.

Eftir tæpa tveggja mínútna reið tók að skráma fyrir augum mér sýn, sem ég hef aldrei getað losnað við síðan. Uppfyrir gráa auröldu nokkurn spöl fyrir framan okkur glampaði í sólskininu á mórauða vatnshóla, stróka og boðaföll, sem ýmist hófust eða duttu niður eða þeyttust hvítfyssandi áfram á fleygiferð. Í þessari sýn, sem stakk svo í stúf við dauða eyðimörkina, var eitthvað ægilega tryllt og dularfullt. Þegar við komum lítið eitt nær, var þetta ekki ósvipað til að sjá endalausri þvögu af úlfaldalestum á þeysihlaupum niður sandinn.

Það skipti svo að segja engum togum. Við erum áður en minnst varir komin framá bakka á vatnsbreiðu, sem líkist meira hafi en nokkru vatnsfalli, sem ég hefði áður séð. Mér hefur aldrei brugðið eins í brún. Þessi hafsjór er áreiðanlega engum fær, hugsaði ég ósjálfrátt upp aftur og aftur. Við hljótum að verða að snúa við. Allt yfirborð þessarar tröllauknu, leirmórauðu hafrastar þaut framhjá okkur með flughraða, hófst hér og þar í háa bunka, féll svo niðurí djúpa dali, vafði sig í hendingskasti í risavaxna strönglа, sem byltust um í hvítfyssandi boðaföll, hringsnerist í sogandi iðusveipi og skrúfaðist upp í dryli og stróka, en gnýr-

inn af hamförum þessarar brimrastar var svo mikill, að við áttum fullt í fangi með að heyra hvert til annars. Og þegar ég leit augunum kringum mig af vatnsfluginu, sýndist allt umhverfið hringsnúast einsog voldugt karúsel.

Það var undireins sýnilegt, að þessi ókjör voru engum hesti fær, þar sem við komum að þeim. Þeir Runólfur í Skaftafelli og pósturinn tóku sig því úr hópnum og riðu nokkra leið niðurmeð flaumbreiðunni, ef hugsazt gæti, að einhversstaðar mótaði fyrir broti. Það gekk alveg framaf mér, að nokkrum óbrjáluðum manni skyldi geta dottið í hug að leita að broti á þessu hafsævi. Við hin fórum af baki og horfðum á eftir þeim. Hestarnir lygndu þunglyndislega aftur augunum einsog þeir fyndu á sér, að nú væri ekki skemmtilegt í vændum. Snertikipp fyrirneðan okkur lögðu þeir Runólfur og póstur útí straumhafið. En þeir voru varla lausir við land, þegar hestarnir undir þeim voru að stingast á sökkvandi kaf og snarsneru til sama lands aftur.

En þeir gáfust samt ekki upp við svo búið, létu hestana eigra lestaganginn ennþá all-langan veg niðurmeð ánni og sýndust aldrei hafa augun af straumfallinu. Loks námu þeir staðar nokkur augnablik og horfðu vesturyfir. Því næst beindu þeir hestunum að vatninu og settu þá útí. En þarna fór allt á sömu leið og áður, hestarnir á bólakaf og sneru í einu vetfangi aftur til sama lands. Auk þess fór að verða meiri hætta á sandbleytum eftir því sem lengra dró niðureftir. Þarna sneru þeir við og héldu aftur uppmeð ánni þangað sem við biðum með augun límd við hverja hreyfingu þeirra. Þetta leit ekki glæsilega út. Ekki fýsilegt að verða að snúa aftur í þessu einmuna veðri og máski kominn úrhellingsslökkvandi í fyrramálið. Þetta var rigningartíð. Og við stödd milli tveggja höfuðsanda og stórvötn á báða vegu."

Ég ætla ekki að lesa lengra í hinni mergjuðu frásögn hjá meistara Þórbergi en mér finnst þessi frásögn, sem er að finna í bókinni Frásagnir, lýsa því afskaplega vel hvernig við Íslendingar höfum þurft að glíma við hið mikla náttúruafl sem er vatnið og vötnin.

Ég vil bara segja að eftir að meistaranum hafði tekist að komast klakklaust yfir þessa miklu sanda og þessi miklu fljót hafði hann þetta sem lokaorð í ritgerð sinni, og lýk ég þar með lestrinum, með leyfi forseta:

„Ég gekk fram og aftur um sandölduna og orti hjartnæmasta ástarkvæði, sem ort hefur verið á íslenzka tungu. Það hefur aldrei verið birt á prenti.

En það er verið að kompónera lag við það vesturí Ameríku."

(**Gripið fram í:** Hvaða kvæði er það?) Það hefur ekki komið fram, ég veit ekki hvaða kvæði meistarinn er þarna að skrifa um. Sennilega hefur hann geymt það með sjálfum sér en hann lifði það af að skrifa þessa skemmtilegu ritgerð.

Af hverju er ég að lesa þetta? Jú, ég er að lesa þetta vegna þess að ég er að reyna að bregða ljósi á það hvernig á því standi að frumvarp þetta, sem heitir frumvarp til vatnalaga, veldur svona mikilli ólgu. Hvað er það sem snertir strenginn í íslensku þjóðarsálinni sem er að gera allt vitlaust? Hvernig stendur á því að þingið fer nánast á hliðina þegar frumvarp þetta er lagt fram? Hvernig stendur á því að fólk bregst harkalega við, það fólk sem ég hef heyrt í og hitt, sem hefur gert sér grein fyrir því hvað meiri hlutinn á Alþingi ætlar sér að gera, þ.e. að færa eignarrétt yfir vatninu á Íslandi, vötnunum, meira að segja fallvötnunum, þessari miklu ógn sem okkur þykir öllum svo vænt um, og gera þetta allt að einkaeign einhverra fárra útvalinna? Þetta veldur miklum tilfinningastormi hjá mörgum Íslendingum. Ég hygg að það sé einmitt vegna þess að vatnið (Gripið fram í.) er alveg eins og hafið, inngróið í þjóðarsálina. (**Gripið fram í:** Samvinnuhugsjónir ...) Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að ég legg svo mikla áherslu á að þegar við endurskoðum vatnalögin frá 1923 vöndum við til verka. Enn og aftur ítreka ég að ég get alveg tekið undir að þau lög má endurskoða, en ég legg ofuráherslu á að við vöndum okkur þegar við endurskoðum þau lög og pössum okkur á því að gera engin mistök sem við eigum eftir að sjá eftir síðar meir.

Við höfum komið víða við í þeim stuttu ræðum sem við stjórnarandstæðingar höfum flutt gegn frumvarpinu. Við höfum bent á ýmsa galla. Það hefur verið með höppum og glöppum en einungis þeir ræðumenn sem hafa fengið tækifæri til að tala til þessa hafa getað farið nokkuð skipulega í gegnum þetta og bent á það sem þeim finnst vera gallar við frumvarpið.

Með nefndaráliti minni hluta iðnaðarnefndar fylgir mikið safn af umsögnum sem hafa borist um frumvarpið. Þegar maður les frumvarpið og skoðar síðan umsagnirnar sér maður að frumvarpið er svo gallað að það verður að vísa því til baka. Það þarf að vinna málið miklu betur. Það er mjög mikilvægt og aðkallandi að það verði gert. Ég á reyndar ekki sæti í minni hluta iðnaðarnefndar en félagi minn, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, sem er fulltrúi Frjálslynda flokksins í iðnaðarnefnd á sæti þar. Ég hef því ekki setið þá fundi en hef hins vegar rennt yfir nefndarálitið og skoðað umsagnirnar. Mér finnst koma í ljós að minni hluti nefndarinnar er sammála mér um að það sé alveg borðleggjandi að endurskoða þurfi gömlu vatnalögin. Ég held að allir séu sammála um það.

Nefndin segir hér að margir sem hafi komið á fund hennar hafi einmitt sagt að það væri best að fara sér hægt í þessu máli og vanda frekar til verka. Það eru þau tilmæli sem mér finnst að stjórnarliðar ættu að taka til athugunar.

Ég ætla svo sem ekki að fara neitt ítarlega yfir þetta nefndarálit. Ég veit að stjórnarandstæðingar sem eru í iðnaðarnefnd hafa gert það og munu gera það, en mig langar aðeins til að koma svolítið inn á nokkurn hluta þeirra umsagna sem hafa borist um málið.

Hér er umsögn frá Umhverfisstofnun sem er dagsett 1. desember 2005. Þar nefnir þessi mikilvæga stofnun þá staðreynd að mjög skiptar skoðanir hafa verið um þetta frumvarp sem kemur hér fyrir þingið í annað skiptið, ef ég man rétt. Það var líka fyrir þinginu í fyrra en nú er það að koma í annað sinn. Umhverfisstofnun gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarpið, gerði það í fyrra og gerir það aftur núna. Bent er á að ekki hafi verið leitað til stofnunarinnar með neinum formlegum hætti þegar frumvarpið var í smíðum og stofnunin segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Umhverfisstofnun telur það verklag, sem því miður er ekkert einsdæmi, að nefndir skili frumvarpstexta til ráðherra án þess að hafa sjálfar leitað eftir viðbrögðum með formlegum hætti úti í samfélaginu, sé mjög vandmeðfarið. Slíkt á einkanlega við þegar verið er að leggja til breytingar á löggjöf sem kann að snerta eða skarast á við verkefni sem

aðrir aðilar innan stjórnsýslunnar eru að sinna. Þegar þannig háttar, og eftir að frumvarpið hefur verið lagt fram, má reikna með að umræðan um efni þess fari eingöngu fram á Alþingi. Hætt er við að umræðan verði mun harðari en hún þyrfti að vera ef ekki er búið að ræða framkvæmdar- og tækniatriði þess á fyrri stigum og sem flest sjónarmið liggja fyrir. Umhverfisstofnun telur að umrætt frumvarp til vatnalaga hafi goldið þessa verklags."

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir þetta þegar ég les frumvarpið, það er á margan hátt alveg meingallað. Það er alls ekki tækt til laga. Það þarf að vinna það miklu betur. Það þarf að leyfa þessu máli að þroskast í meðförum þingmanna, (Gripið fram í.) í umræðum á hinu háa Alþingi, í iðnaðarnefnd og jafnvel fleiri þingnefndum áður en það getur orðið að lögum.

Ég vil leyfa mér að benda á að í niðurstöðu umsagnar Umhverfisstofnunar frá 1. desember í fyrra bendir Umhverfisstofnun á að verið sé að breyta hérna gömlum heildarlögum og láta þau fjalla um afmarkaðan þátt fyrri laga en undir sama heiti, þ.e. nýja frumvarpið ber sama heiti og gömlu lögin sem mér finnst á margan hátt vera ámælisvert. Ef ég man rétt gerir Umhverfisstofnun tillögu um að þessi lög verði látin heita annað. Ég er alveg sammála því. Umhverfisstofnun leggur til að skilgreiningu á eignarréttinum verði breytt og jafnframt er bent á að von sé á frumvarpi þar sem til standi að innleiða þessa svokölluðu vatnatilskipun sem gangi þá út á að mynda rammalöggjöf um sameiginlega nýtingu vatns, aðgengi almennings að vatni og verndun. Helsta markmið eða leiðarljós þessarar vatnatilskipunar sem mér sýnist ríkisstjórnarmeirihlutinn mjög hræddur við og vilji helst ekki vita af er, samkvæmt því sem Umhverfisstofnun segir, einmitt að vatn sé ekki verslunarvara heldur sameiginleg arfleifð og það beri að varðveita vatnið sem slíka arfleifð. Þetta finnst mér vera mjög athyglisverður punktur og ég fæ ekki skilið hvers vegna í ósköpunum ekki er hægt að bíða eftir þessari vatnatilskipun.

Stjórnarliðar hafa hvergi nokkurs staðar í öllum sínum málflutningi, í öllu því þrefi sem hefur staðið yfir á þingi, getað komið með efnislega röksemd að mínu mati fyrir því hvað það er sem gerir það að verkum að afgreiða verði þetta frumvarp sem lög frá hinu háa Alþingi áður en þingi lýkur í vor. Það er engin röksemd komin fyrir því. Og maður getur velt fyrir sér hverjar ástæðurnar fyrir því eru, hvers vegna svona mikið liggur á.

Ég hef sjálfur kallað eftir því að hæstv. forsætisráðherra kæmi í þingsal, í ræðustólinn, og útskýrði fyrir þingheimi í ræðu hvað gerir það að verkum að hann vilji koma þessu máli í gegn. Ég hef öruggar heimildir fyrir því að það sé einmitt hæstv. forsætisráðherra sem leggi mesta áherslu af öllum á það að þetta verði afgreitt héðan sem lög í vor. Ég hef beðið um að hann kæmi hingað og útskýrði fyrir okkur þingmönnum hvers vegna, en hann hefur því miður ekki séð sér fært að gera það. Ég hef sterkan grun um að hann hafi ekki einu sinni fylgst með umræðunum sem hafa átt sér hér stað, a.m.k. benda þær fáu ræður sem hann hefur haldið til þess að hann hafi ekki haft mikla hugmynd, því miður, um það sem hefur átt sér stað í þingsalnum fram til þessa þegar þetta frumvarp er annars vegar.

En nóg um það, virðulegi forseti.

Lítum áfram á umsögn Umhverfisstofnunar. Hún segir að þrátt fyrir að einhverjar breytingar hafi verið gerðar á þessu frumvarpi frá því í fyrra standi enn eftir nokkur atriði sem Umhverfisstofnun finnst mikilvæg, til að mynda þetta með lögleiðingu vatnatilskipunarinnar og síðan það að ekki sé enn búið að samræma löggjöf um nýtingu og verndun vatns. Í þessu sambandi langar mig til að benda á eitt sem ég hef gert mér grein fyrir bara á undanförnum dögum og það er að hæstv. landbúnaðarráðherra hefur lagt fram í þinginu mikla lagabálka sem varða lax- og silungsveiði og aðra þætti er varða nýtingu ferskvatnsfiska hér á landi, frumvörp um fisksjúkdóma, Veiðimálastofnun og annað. Mig minnir að þetta séu ein sex frumvörp þegar allt er tekið saman, miklir lagabálkar. Þeir hafa enn þá ekki komist í gegnum 1. umr. en ég hef grun um að þeir tengist á margan hátt efnisinnihaldi þessa frumvarps hér, frumvarps til vatnalaga. Ég mun koma aðeins að því síðar í ræðu minni en þar eru einmitt þættir varðandi nýtingu á auðlindum í ferskvatni, þá ekki síst fiskstofnum. Eins og kunnugt er eru einmitt fiskstofnar í ferskvatni hér á landi ákaflega dýrmætir, ekki vegna þess að þeir skili svo miklum afla í tonnum talið, heldur er mjög mikill og arðbær iðnaður rekinn í kringum nýtingu á laxfiskum hér á landi. Þá er ég að tala um sölu á sportveiðileyfum.

Þetta mun ég koma inn á aðeins síðar í ræðu minni, virðulegi forseti, en mig langar að lokum í umfjöllun minni um þessa umsögn frá Umhverfisstofnun sem ég tel ákaflega mikilvæga vekja athygli á því að Umhverfisstofnun — og hérna er ég alveg sammála — leggur til að frumvarp um lögleiðingu vatnatilskipunarinnar verði lagt fram um leið og frumvarpið um vatnalögin, þ.e. það frumvarp sem við erum að ræða um núna.

Síðan segir Umhverfisstofnun að breyta beri heiti þessa frumvarps þannig að það gefi betur til kynna efni þess. Þarna er ég alveg sammála. Mér finnst það í raun vera blekking og kasta ryki í augu fólks að þetta frumvarp skuli heita frumvarp til vatnalaga. Ég hygg að margir séu ósjálfrátt þeirrar skoðunar þegar þeir heyra þetta nafn að hér sé á ferðinni eitthvert frumvarp um lög varðandi stöðuvötn, eitthvað þess háttar. Þarna er markvisst verið að kasta ryki í augu fólks, blekkja að ég tel vera. Það er ljótur leikur að reyna að sigla frumvarpi í gegnum þingið undir fölsku flaggi. Fyrst þegar ég heyrði af frumvarpinu hélt ég að þetta væri meinlaust frumvarp sem fjallaði eitthvað um stöðuvötn eða eitthvað þess háttar og veitti því í sjálfu sér ekki mikla athygli, ekki fyrr en það kom hér inn og 1. umr. hófst um málið. Þá sá ég, strax og ég fór að lesa frumvarpið, hvað hér var á ferðinni en fram að þeim tíma gerði ég mér alls ekki grein fyrir því að hér væri um svona alvarlega hluti að ræða, einmitt vegna þess að nafnið á frumvarpinu blekkti mig.

Umhverfisstofnun segir að það sé mikilvægt að almannaréttur skerðist ekki og það verði tryggt með þessum lögum. Hér segir orðrétt, með leyfi forseta, að „telji Alþingi að einungis sé um formbreytingu að ræða varðandi skilgreiningu á eignarhaldi, og sé það ætlun þess að svo verði, telur Umhverfisstofnun að skilgreining sem byggir á orðalagi gildandi laga sé skýrari út frá sjónarmiði náttúrufræða

og valdi minni óvissu í túlkun á almannarétti".

Hér verð ég að segja, virðulegi forseti, að ég túlka þetta með þeim hætti að ekki einu sinni Umhverfisstofnun láti blekkjast af þeim fagurgala stjórnvalda í þessu frumvarpi að hér sé bara formbreyting á ferð. Davíð Egilson forstjóri sem skrifar undir þetta og Helgi Jensson forstöðumaður sjá að hér er svikinn héri á ferð og að hér verði að staldra við og bæta um betur.

Umhverfisstofnun skilar ágætri greinargerð með þessari umsögn sem fylgir hér með sem fylgiskjal í minnihlutaáliti iðnaðarnefndar og ég ætla svo sem ekkert að fara mikið í það en bendi þó á að Umhverfisstofnun leggur til að þessi lög verði látin heita Lög um eignarhald, skynsamlega og hagkvæma stjórnun vatnamála og sjálfbæra nýtingu vatns eða Lög um eignarhald og sjálfbæra nýtingu vatns eða hreinlega Lög um eignarhald og stjórnun vatnamála. Þarna er ég alveg hjartanlega sammála. Það hefði verið miklu heiðarlegra að gera þetta með þessum hætti. Það á að gefa hlutunum rétt nöfn. Það á ekki að koma með lög inn á hið háa Alþingi og reyna að blekkja fólk með því að skíra þau einhverjum heitum sem ekki gefa til kynna hvert innihaldið er. Það er einfaldlega ekki góð lexía að mínu mati, alls ekki til fyrirmyndar og þinginu hreinlega til vansa.

Annað í þessari umsögn Umhverfisstofnunar. Stofnunin bendir á að hún hafi efasemdir um skilgreininguna, hún „hefur efasemdir um að skilgreining til hvaða hlutar vatns eignarréttur landeiganda nær yfir sé skýrari en í gildandi lögum". Hún bendir á að nýtingarréttur sé stærsti hluti eiginlegs eignarréttar og því sé breyting á nýtingarrétti, ásamt þessari dómaframkvæmd sem við höfum haft, yfir í eignarrétt formbreyting frá sjónarmiði lögfræðinnar. Stofnunin bendir hins vegar á að það skekki myndina að í frumvarpinu sé verið að skilgreina til hvers eignarrétturinn taki, þ.e. til hvaða hluta vatns hann nái. Við sjáum í 2. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

Þetta finnst mér afskaplega víðtæk skilgreining á gildissviði laganna. Ég mun koma að því nánar á eftir en síðan er í 4. gr. hnykkt á þessum eignarrétti og sagt:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur."

Þarna á milli er himinn og haf, þ.e. milli 2. gr. sem talar um gildissviðið og síðan 4. gr. sem talar um eignarrétt á vatni og gömlu laganna. 2. gr. gömlu laganna hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila."

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég fæ engan veginn skilið að ekki sé um efnisbreytingu að ræða, ekki sé hér um algera grundvallarbreytingu að ræða. Nú skal það svo sem vel viðurkennt að sá sem hér stendur kann að vera takmarkaður að því leyti að ég er ekki lögfræðimenntaður maður. Ég er bara ósköp lítill og vesæll fiskifræðingur og hef aldrei stúderað lög og lagatexta af neinu viti þannig að það má vel vera að það geri mig, hvað eigum við að segja, hálfvangefinn í þessum efnum. Ég hef kannski ekki þá innsýn og þá mikilvægu þekkingu sem þarf til til að skilja hvað hér er á ferðinni en ég verð hins vegar að segja það og vil að það sé fært til bókar að ég er sæmilega læs og reyni að beita mínu takmarkaða hyggjuviti til að skilja þessa lagatexta sem liggja fyrir okkur á hverjum tíma og beita síðan þessu hyggjuviti til að reyna að draga réttar ályktanir af því sem ég les. Ég er uppalinn við það að maður skuli trúa laganna hljóðan eins og hún stendur á pappírnum, reyna a.m.k. að hafa það að einhvers konar leiðarsnúru í öllum þeim lagafrumskógi sem við glímum við. Ég fæ engan veginn séð að hér sé um neitt annað að ræða en grundvallarbreytingu frá gömlu lögunum og ég kemst hreinlega ekki yfir það. Menn verða að virða það við mig að ég skuli ekki geta skilið það sem hæstv. forsætisráðherra og nokkrir af fulltrúum stjórnarliða í hv. iðnaðarnefnd hafa verið að reyna að troða í þingið ásamt hæstv. iðnaðarráðherra, þ.e. að hér sé ekki um neina efnisbreytingu að ræða, hér sé aðeins verið að breyta um form til að fullnægja einhverjum lagalegum tækniatriðum, dómaframkvæmd eða öðru þess háttar. Ég fæ ekki skilið það og eins og ég segi verða menn bara að virða það við mig.

Mér finnst Umhverfisstofnun benda á svolítið athyglisverðan punkt í umsögn sinni um það sem segir í 2. gr. um gildissvið þar sem segir, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

Umhverfisstofnun bendir á það sem ég sagði í upphafi máls míns, að vatnið sé á stöðugri hringrás í náttúrunni í formi vatns, gufu, raka og annars þess háttar. Hún bendir einnig á að skilgreiningin samkvæmt laganna hljóðan feli í sér að eignarréttur landeiganda nái til vatnsins á meðan það rennur um jörðina en að eignarrétturinn nái þá líka til þokunnar sem snertir jörðina, þ.e. á meðan þokan snerti jörðina sé hún samkvæmt þessum lögum eign landeigandans, en um leið og þokan er komin í loftið og snertir ekki lengur jörðu er hún ekki lengur eign, því að þoka er náttúrlega ekkert annað en raki sem hefur þést og myndar þoku, ekki satt? Ég skyldi halda það. Eignarréttur á vatninu samkvæmt því frumvarpi sem nú liggur fyrir mundi þá ná til slyddu, krapa og snævar sem liggur á jörðinni en ekki til úrkomunnar á meðan hún fellur, þ.e. menn eiga ekki regnið meðan það fellur en um leið og regndropinn snertir jörðina eiga menn regndropann. Þetta eru skrýtin lög. Mér finnst þetta skrýtið og alveg stórmerkilegt. Svo er bent á að spurning vakni um hvernig tekið sé á eignarrétti á vatni sem leitt er í gegnum fasteign í farvegi, göngum, leiðslum frá lóni að stöðvarhúsi, og öðrum tæknilegum atriðum.

Svona undarleg atriði fá mann til að staldra við og velta fyrir sér hvort þetta frumvarp sé í raun og veru tækt til að verða að lögum. Þetta er einn af mörgum þáttum í þessu frumvarpi sem gerir það að verkum að maður fyllist mjög miklum efasemdum og verður, svo maður tali hreina íslensku, nánast skíthræddur við að eiga nokkurn þátt í því að þetta frumvarp verði að lögum, ef það verður að lögum. Mér finnst það vera svo illa hugsað og vitlaust að við verð-

um að skoða það betur. Við verðum að hugsa þetta svolítið betur og átta okkur aðeins á hvert við erum að fara ef við ætlum að innleiða þessi eignarhalds- og eignarréttarákvæði í þetta frumvarp til vatnalaga, sem ég mun aldrei nokkurn tíma samþykkja, eða að það fari í gegn með þessum eignarréttarákvæðum. Mér finnst þetta alveg víðáttuvitlaust og mun aldrei nokkurn tíma segja já við þessu, aldrei. Fyrr skal ég dauður liggja, eins og ég sagði hér um daginn.

Umhverfisstofnun bendir líka réttilega á, og þar komum við að því sem ég nefndi áðan, að það virðist vanta samræmingu í mikilvægum hugtökum eins og landareign og fasteign í lögum þar sem nýting vatns kemur fyrir. Stofnunin bendir á að hugtakið fasteign virðist á einhvern hátt vera öðruvísi skilgreint í því frumvarpi sem nú hefur verið dreift í þinginu um lax- og silungsveiði sem ég nefndi áðan. Þarna tel ég, virðulegi forseti, að við þurfum að lesa saman lagatextana og skoða hvort hér reki sig ekki hvert á annars horn, þ.e. hið svokallaða frumvarp til vatnalaga og síðan þessi frumvörp eða lagabálkar sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur loksins skilað af sér inn í þingið og okkur gefst vonandi tími til að ræða í 1. umr. þegar okkur hefur tekist að komast að samkomulagi um að því frumvarpi sem við ræðum núna verði vísað frá til betri meðferðar.

Ég læt umfjöllun minni um umsögn Umhverfisstofnunar lokið, virðulegi forseti. Hér eru fleiri umsagnir, til að mynda umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands og þar eru líka skynsamir menn sem sjá augljósa meinbugi á þessu. Þar er t.d. bent á þá miklu sérstöðu vatnsins að það sé á sífelldri hringrás um heiminn eins og ég benti á áðan, á sífelldri hringrás um bláa hnöttinn, og þar af leiðandi algjörlega ólíkt öllum öðrum jarðrænum auðlindum. — Nú gengur hv. formaður iðnaðarnefndar í salinn og ég harma það að hann skuli ekki hafa hlustað áðan á stórmerkan fyrirlestur minn um efnafræði vatns og gildi þess í náttúru Íslands og fyrir jörðina alla. (**BJJ:** Ég fæ útskrift.) En við getum kannski lesið saman síðar, ég og hann, söguna af bláa hnettinum. Þar er ágætisumfjöllun um ... (**Gripið fram í:** Það er spurning um að endurtaka það.) Það er spurning um að endurtaka það og byrja upp á nýtt.

Landvernd, þau merku samtök eru líka með ágæta umsögn um frumvarpið og benda á að í því er ekkert fjallað um mengunarvarnir, hollustu, náttúruvernd, almannarétt og nýtingu lífrænna auðlinda. Það er að sjálfsögðu fjallað um það í öðrum frumvörpum, eins og hinu nýja um lax- og silungsveiði, en ég ítreka enn og aftur að ég tel að það sé mjög mikilvægt að þessi lög séu öll lesin saman. Ég hefði gjarnan viljað sjá að þessi frumvörp færu í gegnum þingið samtímis, þ.e. frumvarp til vatnalaga og öll þau frumvörp sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur lagt fram.

Stjórn Landverndar leggur áherslu á að óháð því hvernig eignarhald á vatni verði skilgreint í þessum lögum — sem er stóra deilumálið hjá okkur núna — verði að gera þau þannig úr garði að aldrei fari á milli mála að öllum sé tryggður aðgangur að heilnæmu vatni til heimilishalds og bústarfa. Þar stendur aftur hnífurinn í kúnni og mun ég koma að því aðeins síðar þegar við skoðum umsagnir frá Bændasamtökunum. Þeir benda einmitt á mjög alvarlegan galla við þetta frumvarp eins og það lítur út í dag.

Veiðimálastjóri, Árni Ísaksson, bendir líka á að í þessu frumvarpi virðist alveg skorta eða að lítið sé fjallað um hvaða áhrif vatnsveitur og virkjanir hafi á lífríki og fisktegundir. Þarna erum við enn og aftur komin að atriði sem vekur upp spurningar um hvernig það frumvarp sem hér liggur fyrir samræmist frumvarpi hæstv. landbúnaðarráðherra, nýju frumvarpi um lax- og silungsveiði. Fyrst hv. formaður iðnaðarnefndar er í salnum væri kannski ekki úr vegi að spyrja hann að því hvort hann hafi lesið þessi frumvörp saman og athugað hvort þau skarist á einhvern hátt eða hvort meinbugir séu á þessu frumvarpi í samanburði við frumvarpið um lax- og silungsveiði, eða hvort einhverjir aðrir hafi kannað þann möguleika. Ég er ekki viss um að svo sé vegna þess að ég held að alls óháðir aðilar hafi komið að samningu nýja frumvarpsins um lax- og silungsveiði og aðrir að samningu nýja frumvarpsins svokallaða um vatnalög. En þetta mun væntanlega koma í ljós, jafnvel nú á vordögum því eins og ég sagði áðan vona ég að við munum frekar fyrr en síðar geta farið að fjalla um nýja frumvarpið um lax- og silungsveiði. Kem ég þá einmitt að umsögn Landssambands veiðifélaga sem dagsett er 27. nóvember 2005. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er fráleitt að mati LV að nú, þegar vatnalögin eru endurskoðuð, sé algjörlega skautað fram hjá stjórnsýslu veiðimála sem mótuð hefur verið undanfarna áratugi á grundvelli laganna um lax- og silungsveiði.“

Síðan segir svo:

„LV gerir kröfu um aðkomu að stjórnsýslu veiðimála í lögum þessum, þar sem það á við, með vísan til núgildandi laga um lax- og silungsveiði.“

Kem ég þá að umsögn Bændasamtaka Íslands. Þau hafa farið yfir frumvarpið öðru sinni, skiluðu líka umsögn í mars í fyrra en þessi umsögn er dagsett 28. nóvember 2005. Bændasamtökin gera alvarlegar athugasemdir við nokkra þætti þessa frumvarps. Sú sem ég hnýt strax um er búsþarfir, af því að ég er áheyrnarfulltrúi í landbúnaðarnefnd og hef verið það undanfarin ár og tók þátt í að semja ný búnaðarlög og við skilgreindum m.a. hvað hugtakið landbúnaður þýðir. Það var rætt mjög ítarlega í landbúnaðarnefnd á sínum tíma, ég man eftir að við sátum á fundum og skilgreindum það og við komumst að því að hugtakið landbúnaður merkti — í þeim lögum sem við vorum að tala um, jarðalögum, nr. 81/2004 — „hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi“.

Hér er talað um í frumvarpi til vatnalaga að hugtakið búsþarfir, sem kemur fram í lögunum, þýði búsþarfir til kvikfjárræktar. Bændasamtökin eru að sjálfsögðu ósátt við þetta og vilja miklu frekar að hugtakið búsþarfir verði skilgreint sem búsþarfir til landbúnaðar og þá með vísan til þeirrar skilgreiningar sem er að finna í jarðalögum. Ég er alveg sammála þessu. Mér finnst þetta mjög mikilvægt atriði. Hér má ekki ganga á rétt bænda og þar af leiðandi tel ég að hugtakið búsþarfir í þessu frumvarpi eigi þá einmitt að vera skilgreint sem búsþarfir til landbúnaðar. Um þetta á ekki að vera nein spurning. Það er alveg út í hött að hér sé eingöngu talað um þarfir til kvikfjárræktar því að við vitum að landbúnaður er svo miklu meira en bara kvikfjárrækt í dag. Þessu verður að breyta, það er ekki spurning. Það er

alveg sama hvaða form þessi lög fá, þegar upp verður staðið verður að breyta þessu.

Hér er svo bent á marga aðra þætti, t.d. netlög, hvað er stöðuvatn og vatnsmiðlun og talað um forgang að vatni, landamerki í stöðuvötnum, — miklar athugasemdir eru gerðar við þetta allt í frumvarpinu — mannvirkjagerð og tilkynningarskyldu til Orkustofnunar. Bændasamtökin hafa greinilega farið mjög ítarlega yfir þetta frumvarp enda miklir hagsmunir bænda í húfi. Þeir benda á ótal atriði en kvarta síðan yfir því í bréfi sem fylgir að athugasemdir þeirra hafi að engu verið hafðar og því sendi þeir þær aftur. Athugasemdir Bændasamtakanna, sem voru sendar inn í fyrra, hafa að engu verið hafðar.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst alveg með ólíkindum að hafa ítrekað heyrt framsóknarþingmanninn Birki Jón Jónsson, sem einnig er formaður iðnaðarnefndar, reyna að beita því fyrir sig, sem höfuðrökum eða réttlætingu fyrir því að þetta frumvarp með eignarréttarákvæðinu fari í gegnum þingið sem lög, að hér sé verið að verja hagsmuni íslenskra bænda sem Framsóknarflokkurinn ber svo mjög fyrir brjósti. Svo kemur það í ljós, virðulegi forseti, þegar við lesum umsögnina frá Bændasamtökum Íslands, að það hefur ekkert verið hlustað á bændur í þessu frumvarpi. Þær athugasemdir sem komu í fyrra hafa verið virtar að vettugi.

Hér er enn og aftur verið að leika mjög ljótan leik. Það verður að segjast eins og er að þetta er Framsóknarflokknum ekki til mikils sóma. Það er heldur ekki til mikils sóma að formaður landbúnaðarnefndar, hv. þm. Drífa Hjartardóttir, skuli heldur ekki rísa upp og mótmæla. Ég veit að hún, sjálf bóndakonan, ber hag bænda mjög fyrir brjósti. Ég þekki það sjálfur úr landbúnaðarnefnd þar sem ég hef unnið með henni undanfarin tvö ár að hún ber hag bændastéttarinnar fyrir brjósti. Mér finnst það alveg með ólíkindum að hún skuli ekki rísa upp og mótmæla því að hér skulum við vera með frumvarp sem varðar mjög hagsmuni íslenskra bænda en á að fara í gegn án þess að hlustað hafi verið á athugasemdir Bændasamtaka Íslands. Það hreinlega gengur ekki. Við getum ekki sett lög af þessu tagi án þess að hlusta að neinu leyti á mjög svo réttmætar athugasemdir Bændasamtakanna.

Umsögn frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins er, ef maður flettir umsögnunum þarna í bunkanum, fyrsta umsögnin sem er jákvæð og það finnst mér svolítið merkilegt. Það vakti athygli mína að bæði Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins eru sammála þeirri stefnu sem fram kemur í frumvarpinu og tryggir eignarrétt landeigenda á vatnsauðlindinni á sama hátt og gildir um aðrar auðlindir. Tökum eftir þessu. Tryggir eignarrétt landeigenda á vatnsauðlindinni, segja Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins. Er hægt að segja þetta skýrar? Hvernig geta stjórnarþingmenn komið hér aftur og aftur, meira að segja hæstv. forsætisráðherra, og þrætt fyrir það að hér sé breyting á ferð þegar Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins segja þetta með svo skýrum hætti og segjast vera sammála þeirri stefnu sem fram kemur í frumvarpinu? Ef þeir segjast vera sammála þeirri stefnu sem fram kemur í frumvarpinu er þá ekki um að ræða nýja stefnu sem er ólík því sem kom fram í gamla frumvarpinu? Liggur það ekki í orðanna hljóðan að Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins viðurkenna hreinlega, og það meira að segja fúslega, að hér sé um ákveðna stefnubreytingu að ræða í nýju lagafrumvarpi sem þeir vonast til, ég fæ ekki betur séð á orðanna hljóðan í þeirra umsögn, að verði að lögum sem allra fyrst. Þau eru sammála þessu og þetta tryggir eignarrétt landeigenda á vatnsauðlindinni á sama hátt og gildir um aðrar auðlindir og í því sambandi er bent á lög um auðlindir frá 1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. — Mér er tjáð að það frumvarp hafi verið samþykkt frá hinu háa Alþingi og verði að teljast mjög alvarleg mistök að það skuli hafa náð í gegn á sínum tíma. — Ég skal svo sem ekki segja meira um það en ég vænti þess að aðrir stjórnarandstöðuþingmenn komi hér upp og greini nánar frá því hvað liggi í því frumvarpi. Ég er alveg sannfærður um að fleiri þingmenn eiga eftir að hnjóta mjög um þessa umsögn frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins því það verður að segjast eins og er að þar kemur strákurinn Tumi upp um sig. Það hefði verið afskaplega fróðlegt að hafa hér í salnum bæði hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. forsætisráðherra til að gefa okkur nánari skýringar á því hvað þessi tvö samtök eru að fara í sinni sameiginlegu umsögn sem er dagsett 28. nóvember sl.

Hér er, virðulegi forseti, kominn enn einn punkturinn sem gerir það að verkum að það er hreinlega ekki hægt að fallast á að þetta frumvarp fari í gegnum þingið. Það er ekki hægt. Ég hef sagt það áður og ég segi það enn: Það er okkar heilaga skylda í stjórnarandstöðunni að benda á þessa miklu meinbugi. Það er líka okkar heilaga skylda að sjá til þess að þau skilaboð komist með óyggjandi hætti út í þjóðfélagið til fólksins í landinu, til þjóðarinnar sem hefur kosið okkur til trúnaðarstarfa á hinu háa Alþingi. Það er okkar heilaga skylda að sjá til þess að þeim boðskap sé komið út til fólksins að verið sé að vinna mjög svo vafasaman verknað með því að keyra þetta frumvarp í gegnum þingið.

Ef við höldum áfram að skoða umsagnir — þetta er mikill bunki og langt mál að fara í gegnum. Ég ætla ekki að fara í gegnum það sem eftir er í smáatriðum, ég veit að aðrir stjórnarþingmenn, ef ég man rétt eru einir 15 stjórnarandstöðuþingmenn á mælendaskrá, munu fara yfir þessar umsagnir og benda á margt annað sem mér hefur kannski yfirsést. Það er af nógu að taka í gagnrýni á þetta frumvarp. Aðrir þingmenn munu benda á aðra ágalla sem ég tala ekki um.

Ég hnýt um erindi eða umsögn frá Orkustofnun sem mun fá mikilvægt hlutverk verði þetta frumvarp að lögum. Orkustofnun mun fá það hlutverk m.a. að viðhalda og reka gagnasafn sem verið er að undirbúa um vatnsból og vatnsöflunarsvæði. Það þarf að halda utan um þetta allt saman, allar þessar upplýsingar. Það þarf að halda utan um leyfi til framkvæmda, taka við tilkynningum um framkvæmdir, tilkynningum um rekstur á mannvirkjum, hvort reksturinn verði stöðvaður eða hvernig sem það er. Það þarf að halda utan um þetta allt saman. Mér finnst svolítið skrýtið að þetta muni einungis kosta um 3,5 millj. kr. á ári að mati Orkustofnunar. Ég hefði haldið að þetta yrði nokkuð dýrara en það. En þeir segja þetta. Hákon Aðalsteinsson skrifar undir og fullyrðir þetta og maður verður þá að taka það trúanlegt svo langt sem það nær.

Ég held að þetta dugi í bili. Þetta er fyrri ræða mín í þessu máli þannig að ég hef nógan tíma til að fara betur yfir þessar umsagnir síðar meir. Ég vil vekja athygli á umsögn frá Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa en þar er bent á að það eigi að breyta nafni frumvarpsins. Félagið leggur til að það verði kallað Lög um nýtingu vatnsauðlinda. Það má líka fallast á það því eins og ég sagði áðan þá er það nafn sem nú er á frumvarpinu mjög svo blekkjandi. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa fellst á, það sem er einnig mín skoðun, að hér sé á ferðinni grundvallarbreyting á því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur í gildandi lögum varðandi eignarhald á vatni. Félagið er með það alveg á hreinu að hér sé verið að tala um að settur verði eignarréttur á vatnið og þetta sé grundvallarbreyting frá gömlu lögunum þar sem eingöngu var talað um nýtingarrétt. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Umrædd breyting getur haft þýðingu þar sem þar með eru vatnsréttindi orðin eign sem eins og aðrar eignir er hægt að selja, óháð annarri fasteign, s.s. landi og búi. Því getur komið upp sú staða að annar eigandi eða eigendur séu að landi og híbýlum en að vatnsréttindum á sama svæði og gæti það mögulega leitt til skerðingar á nýtingu vatns á svæðinu fyrir íbúa og búfé. Í frumvarpinu er kveðið á um að reynt sé að tryggja vatnsréttindi við skiptingu sameignarlands og þegar framseldur er hluti fasteignar sem liggur að vatni eða á. Kjósi eigandi vatnsréttar hins vegar í því tilviki, er vatnsréttur hefur verið seldur óháður sameign, að veita vatni annað eða krefjast hárrar gjaldtöku fyrir vatnsrétt af íbúum á fasteign gæti það leitt til skerðingar á þeim grundvallarmannréttindum að eiga aðgang að fersku vatni. Ákvæði sem miða að því að tryggja rétt fasteignareiganda til vatnstöku þarf að styrkja til að koma í veg fyrir þá hættu. Að mati félagsins væri eðlilegra að fasteignareigandi ætti eins og áður rétt til vatnstöku og nýtingu, ekki eignarrétt."

Ég er alveg hjartanlega sammála þessu og ég vil halda áfram, með leyfi forseta. Hér segir:

„Þá hlýtur eignarréttur á vatni sem um fasteign rennur að hafa í för með sér aukna ábyrgð eiganda vatnsins. Þar sem vatnsföll og grunnvatnsstraumar liggja oft um margar landareignir getur skaði sem einn fasteignareigandi veldur á sinni fasteign haft umtalsverð áhrif á vatn á eign annarra. Óhófleg vatnstaka, spilling vatns með mengun, bæði örveru- og efnamengun eða breyting á farvegi áar á einum stað getur valdið skaða á eignum fjölda aðila. Ákvæði laganna ná ekki að marka ábyrgð eiganda vatnsréttinda í slíkum tilvikum. Hér gæti einn aðili sem á land við upptök vatnsfalls gert vatnstöku annarra eigenda sama vatnsfalls ómögulega. Skýra þarf skaðabótaskyldu viðkomandi vatnsréttareiganda í slíkum tilvikum, enda ætti hann sem eigandi vatnsins hér fulla ábyrgð."

Ég spyr: Þarf að segja þetta eitthvað skýrar? Ég held ekki. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa er félagsskapur fólks sem hefur mikið vit á vatni ef svo má segja, fólks sem hefur atvinnu sína af því m.a. að fylgjast með því að vatnið sem við drekkum sé í lagi. Þetta er hámenntað fólk. Ég hygg að þetta fólk viti hvað það er að tala um og mér finnst þessi umsögn afskaplega áhugaverð.

Þá er einnig fjallað um fráveitur, að gert sé ráð fyrir í þessu frumvarpi að fráveitur séu í höndum sveitarfélaga. Það séu grundvallarbreytingar á gildandi reglum því að þær geri ráð fyrir að eigandi fasteignar sem fráveita sveitarfélags nær ekki til sé skyldugur til að setja niður rotþró með siturlögn. Hér er talað um sveitabýli, sumarhús og litla byggðarkjarna. Ég er enginn sérfræðingur í ræsismálum og hlýt að taka þetta trúanlegt eins og það kemur fram á pappírnum og læt þar með lokið athugun minni á umsögn heilbrigðisfulltrúanna.

Hér er einnig umsögn frá BSRB og Samtökum starfsfólks fjármálafyrirtækja; Ungmennafélagi Íslands, Landssambandi eldri borgara, Kennarasambandi Íslands, Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Öryrkjabandalaginu. Þessi samtök lögðu fram sameiginlega yfirlýsingu sem var m.a. til umfjöllunar á ráðstefnu sem haldin var í lok október. Ég tók þátt sem fulltrúi Frjálslynda flokksins í þeirri ráðstefnu, þ.e. „Vatn fyrir alla". Þessi sameiginlega yfirlýsing hefur verið lesin upp áður í ræðustól. Ég ætla svo sem ekki að þreyta þingheim með því að lesa hana upp líka. Það er afskaplega skýr og skorinorð yfirlýsing. Ef ég man rétt hefur Alþýðusamband Íslands líka undirritað þessa yfirlýsingu.

Þetta er hálfgerð mannréttindayfirlýsing um mikilvægi vatnsins. (**SigurjÞ:** Þeir gera ekkert með þetta.) Nei, þeir gera ekkert með þetta þótt á ferðinni séu mjög fjölmenn félagasamtök á Íslandi sem sendu frá sér þessa yfirlýsingu. Það er eins og það skipti engu máli og lítið er gert úr því. Þessi fjölmennu félagasamtök eru lítilsvirt með sama hætti og Bændasamtökin og ekkert mark tekið á því sem frá þeim kemur. Það er að sjálfsögðu mjög alvarlegt að ekki skuli hlustað á þetta. Það eitt og sér, að stjórnarliðar skuli hunsa þetta, er fullt tilefni til þess að við erum nánast komin í algert stríð í sölum Alþingis út af þessu máli. En það er svo sem allt í lagi. Ég er klár í það og ætla ekkert að draga neitt af mér í því. Ég hef nægt úthald til að standa keikur í þeim slag.

Ég mun kannski koma nánar að þætti áðurnefndra félagasamtaka í seinni ræðu minni. En eins og ég sagði áðan var ég á þessari ráðstefnu. Þar lýsti ég því yfir að ég teldi að í raun ætti að innleiða þetta í stjórnarskrá, að vatnið væri sameiginleg auðlind allrar þjóðarinnar samkvæmt stjórnarskrá. Ég mun reyna að leggja til að þetta verði hreinlega tekið fyrir í stjórnarskrárnefndinni, sem nú er að störfum, að sett verði inn ákvæði í stjórnarskrá um það að vatnið verði þjóðarauðlind, með svipuðum hætti og þær hugmyndir sem hafa verið uppi um að sett verði í stjórnarskrá að fiskimiðin séu í raun sameign þjóðarinnar.

Ég man ekki betur en hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson, sem leggur á það ofuráherslu að þetta frumvarp til vatnalaga fari í gegnum þingið og verði að lögum, hafi sjálfur lýst því yfir að hann mundi sjálfur nánast prívat og persónulega, eða flokkur hans, beita sér fyrir því að slíkt ákvæði yrði í stjórnarskrá, um það að fiskimiðin væru sameign þjóðarinnar. En það virðist gilda eitthvað annað um vatnið þó að vatnið sé í raun á margan hátt miklu mikilvægara fyrir okkur Íslendinga en fiskurinn í sjónum, að því leyti að ef það væri ekkert vatn þá gætum við ekki lifað. Við gætum kannski dregið fram lífið án þess að hafa fiskinn þannig lagað séð en án vatns er ekkert líf. Flóknara er

það ekki.

Ég hef, virðulegi forseti, lokið við það að skauta yfir þessar umsagnir, a.m.k. í bili. Þetta með eignarréttinn hefur komið til umræðu í nokkrum af þessum umsögnum. Það kemur eins og ég benti á mjög skýrt fram og kannski einna skýrast fram einmitt í umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins. Þeir eru með það á hreinu að hér er um að ræða grundvallarstefnubreytingu varðandi vatnið, nýtingu þess og ekki síst eignarhald á því. Það er einmitt fróðlegt að velta fyrir sér eignarhaldinu og eignarréttinum og eign á vatni.

Fluttar hafa verið margar lærðar ræður um eignarrétt og eignarhald á hinu og þessu í gegnum tíðina. Ég hef skemmt mér við að lesa svolítið merkilegt rit sem heitir Samfélagssáttmálinn og er eftir franska heimspekinginn Jean-Jacques Rousseau sem var uppi á 18. öld. Þetta er grundvallarrit í pólitík, eitt af þessum smáritum sem Hið íslenska bókmenntafélag hefur gefið út nokkra undanfarna áratugi af miklum myndarskap í afskaplega vönduðum þýðingum. Mörg þeirra eru skemmtileg aflestrar og góð í smáskömmtum. Þetta getur verið hálftyrfinn texti, heimspekirit, rit um pólitík og annað þess háttar. Rousseau skrifaði svolítið um eignarréttinn og um eignir. Af því að ég ætla að fjalla svolítið um það og hvað hér geti hugsanlega legið að baki, sérstaklega í ljósi umsagna frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, langar mig að lesa stuttan texta úr þessu riti, Samfélagssáttmálanum eftir Rousseau, 9. kafla sem ber nafnið „Um eignir". Hann hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sérhver meðlimur samfélagsins gefur sig því á vald um leið og það myndast. Hann gefur sjálfan sig eins og hann er á þeirri stundu, með öllum mætti sínum og eignum, sem raunar eru hluti máttarins. Að vísu er því ekki svo farið að við þessa athöfn breyti eignir um eðli, skipti um hendur og verði eign fullveldisins. En líkt og máttur borgríkis er ólíkt meiri en máttur einstaklings eru eignir hins opinbera í raun miklu sterkari og tryggari í sessi án þess þó að vera lögmætari, að minnsta kosti í augum útlendinga. Vegna samfélagssáttmálans ræður ríkið yfir öllum eignum þegna sinna, enda er hann undirstaða allra réttinda í ríkinu. Gagnvart öðrum ríkjum hefur ríkið þó ekki slík yfirráð yfir eignum þegnanna nema í krafti þess sem kemur fyrstur á vettvang; og þann rétt þiggur ríkið af einstaklingum.

Réttur þess sem kemur fyrstur á vettvang á meiri stoð í raunveruleikanum en réttur hins sterka, en verður samt ekki sannur réttur fyrr en stofnað hefur verið til eignarréttar. Sérhver maður hefur af náttúrunnar hendi rétt til alls þess sem hann vanhagar um, en athöfnin sem gerir hann að eiganda einhvers og útilokar hann frá því að eiga nokkuð annað. Hlutur hans hefur verið ákvarðaður og honum ber að einskorða sig við hann. Hann á ekki lengur kröfu til neins gagnvart samfélaginu. Af þessum sökum er réttur þess sem fyrst kemur máttvana í ríki náttúrunnar, en virðingarverður í augum siðmenntaðra manna. Virðingin sem honum hlotnast á einkum rætur að rekja til þess sem ekki tilheyrir manni sjálfum, fremur en til þess sem tilheyrir öðrum.

Almennt verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði, eigi að vera hægt, á tilteknu svæði, að heimila rétt þess sem kemur fyrstur. Í fyrsta lagi má enginn vera fyrir á svæðinu; í öðru lagi má ekki eigna sér meira en það sem maður hefur þörf fyrir til að lifa af; í þriðja lagi verður að helga sér eignina með vinnu og ræktun, en ekki með hégómlegri athöfn. Skorti lagalegar heimildir eru vinna og ræktun einu merki eignar sem öðrum ber að virða.

Er annars hægt að komast lengra með rétt þess sem kemur fyrstur en að láta þörf og vinnu ráða? Verður komist hjá því að setja honum mörk? Nægir að stíga fæti á sameiginlegt svæði og segjast þar með ráða yfir því. Ráði maður yfir þeim styrk sem þarf til að fæla aðra menn frá nægir það þá til þess að réttur þeirra til svæðisins sé að eilífu frá þeim numinn? Er það ekki refsivert eignarnám þegar maður eða þjóð tekur til sín gríðarlegt landsvæði eða sviptir mannkynið öllum rétti til þess ef aðgerðin girðir fyrir það að aðrir menn fái notið dvalar eða næringar sem náttúran gefur öllum sameiginlega?"

Er það ekki refsivert eignarnám þegar maður eða þjóð tekur til sín gríðarlegt landsvæði og sviptir mannkynið öllum rétti til þess ef aðgerðin girðir fyrir að aðrir menn fái notið dvalar og næringar sem náttúran gefur öllum sameiginlega? Já, þetta var skrifað í Frakklandi um miðja 18. öld. Þetta rit hefur alla tíð verið álitið eitt af klassískum ritum í stjórnmálafræði og heimspeki. Það er á margan hátt mjög merkileg ritgerð og áhugavert að lesa bókina á síðkvöldum, þegar maður er að ná sér niður eftir erfiðan dag í þinginu.

Eignarhaldið á þessari náttúruauðlind, vatni. Getum við leyft okkur að skilgreina með þeim hætti sem liggur fyrir í frumvarpi þessu, eignarhald á vatni? Það var til umræðu á hinu háa Alþingi þegar vatnalögin voru sett. Ég hef gluggað svolítið í ræður þingmanna frá þeim tíma, þ.e. árinu 1923, rétt áður en það frumvarp varð að lögum. Þá var hér þingmaður sem hét Sveinn Ólafsson, fæddur í Firði í Mjóafirði árið 1863, hann lést sumarið 1949. Hann var bóndi en hafði m.a. stundað nám í Noregi, á Möðruvöllum og einnig í Danmörku. Hann var þingmaður um margra ára skeið, þ.e. frá 1916–1933. Hann var meira að segja varaforseti Sameinaðs þings 1920–1923, einmitt þegar vatnalögin sem eru í gildi voru samþykkt. Hann var líka í hinni svokölluðu fossanefnd sem mér skilst að hafi unnið mjög að þessu gamla frumvarpi sem enn er í fullu gildi og hefur dugað okkur vel í 83 ár. En hann sagði þá m.a. á þingfundi, fimmtudaginn 3. maí, í neðri deild að ég hygg, 1923, með leyfi forseta:

„Það má með sanni segja að vatnamálið sé gamall gestur á þingi. Það hefur gist hvert þing frá 1917 að einu undanskildu, þinginu 1918. Ekkert annað mál hefur verið hér jafnþaulsætið, ekkert mál jafnþungt í vöfum og vandhæfismikið enda er meðferð þess orðin dýrari en nokkurs annars máls á þessu tímabili. Ég hygg að ég fari rétt með þegar ég giska á að meðferð þessa máls hafi kostað 90–100 þús. kr. fram að þessu. Það mun ekki misminni hjá mér að störf milliþinganefndarinnar" — þ.e. fossanefndar, sem hann var í" — og utanför hennar hafi kostað 60–70 þús. kr. Ekki mun of mikið í lagt að meta kostnaðinn og alla fyrirhöfn við þetta mál á þeim fimm þingum sem það hefur legið fyrir 20 þús. kr.

Vitaskuld er þetta mál fyrirferðarmikið og margþætt og margs að gæta við afgreiðslu þess. Svo hefur líka farið í öllum nágrannalöndunum, að svipuð vatnalöggjöf hefur tekið

langan tíma. Hér hefur drátturinn á afgreiðslu þessa máls ekki stafað svo mjög af þeim erfiðleikum sem þar hafa tafið því frá öndverðu höfðum vér fyrirmyndir í löggjöf nágrannaþjóðanna. Þess vegna gat starfið orðið auðveldara hér að styðjast mátti við lög þeirra í þessu efni.“

Hér bendir þáverandi þingmaður, Sveinn Ólafsson, sem var þá þingmaður Framsóknarflokksins, á að tekið hefði langan tíma fyrir Alþingi að setja þessi lög. Vatnamálið var þá þegar gamall gestur á þingi. Fimm sinnum tók þingið það til meðferðar, að einu ári undanskildu, árinu 1918 sem var mikið harðindaár. Þá geisaði spánska veikin og vera má að þeir erfiðleikar hafi að einhverju leyti haft þau áhrif að málið væri ekki tekið til umræðu en ég bendi á, með því að vitna í þessi gömlu ummæli, að þarna höfðu þingmenn augljóslega vit á því að vanda sig. Þeir voru ekki að flýta sér of mikið. Þeir vönduðu sig enda vissu þeir að lögin yrðu mikilvæg. Þeir þurftu að kljást við grundvallarspurningar, t.d. varðandi nýtingarrétt og eignarrétt. Þeir veltu því mjög vandlega fyrir sér hvernig þeir gætu komið þessu saman í lagabálk sem einhver sæmileg sátt gæti ríkt um í þjóðfélaginu. Þetta tók allan þennan tíma og mér finnst þess vegna með ólíkindum að við sem erum á þingi árið 2006 skulum ekki bera gæfa til þess að vanda okkur betur en frumvarpið sem hér liggur fyrir ber vitni.

Ég hygg að við ættum að hafa gömlu þingmennina okkur til fyrirmyndar í þessu efni eins og í mörgu öðru. Þegar ég les þessar gömlu þingræður, manna sem allir eru löngu liðnir, dáist ég að því hvað þeir hafa oft getað séð fram úr erfiðum álitamálum og hvað þeir hafa verið skynsamir á margan hátt. Mér finnst að við ættum að taka vinnubrögð þessara þingmanna til fyrirmyndar. Þrátt fyrir að liðin séu 83 ár og við höfum haft vatnalögin í gildi síðan þá hafa þau dugað okkur afskaplega vel. Samt sem áður megum við enn kljást við grundvallarspurningar, grundvallarspurningar sem ég hef farið yfir áður í ræðu minni og koma fram í frumvarpi til vatnalaga, eins og það er lagt fyrir þingið núna varðandi þætti eins og eignarréttinn.

Í framhaldi af öllu þessu hlýtur maður að velta því fyrir sér, virðulegi forseti, hvers vegna í ósköpunum eru menn að koma fram með þetta frumvarp núna, útbúa það með þeim hætti sem hér liggur fyrir, innleiða þessi markmið í lögunum um skýrt eignarhald á vatni og segja síðan orðrétt eins og segir í 4. gr. „Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur.“ Af hverju eru menn að þessu? Af hverju er ekki hægt að hafa þetta með svipuðum hætti og var í gömlu lögunum þar sem talað var um nýtingarrétt? Já, maður hlýtur að velta því fyrir sér en þegar maður fer að skoða þetta og hugsa þetta betur og lesa sér til um það hvernig þessum málum er háttað ekki bara hér á landi heldur líka úti í heimi þá rennur fljótlega upp fyrir manni ljós. Maður gerir sér grein fyrir því að þótt við Íslendingar séum vön að líta á vatnið sem sjálfsagðan og eðlilegan hlut, þá er það ekki svo úti í heimi.

Úti í heimi er víða skortur á vatni. Þetta rann upp fyrir mér með mjög svo sláandi hætti einmitt fyrir ári síðan, nánast upp á dag, þegar ég var staddur í Ísrael og Palestínu ásamt hópi annarra þingmanna héðan á Alþingi. Þar sáum við óyggjandi dæmi þess hversu mikilvæg auðlind vatnið er. Við fórum í dagsferð einn daginn frá Jerúsalem til Gólanhæða en Gólanhæðir eru fjallahéruð sem Ísraelsmenn lögðu undir sig, ef ég man rétt í Yom Kippur stríðinu árið 1973, landsvæði sem þeir tóku frá Sýrlandi og hafa haldið síðan. Ég skrifaði nokkra ferðapistla meðan ég var á ferðalaginu í Palestínu og Ísrael sem birtust á heimasíðu minni og á vef Frjálslynda flokksins, xf.is. Ég skrifaði þá yfirleitt á kvöldin þegar ég kom aftur til Jerúsalem, þá gekk ég frá hótelinu þar sem við bjuggum, hóteli í eigu Vatíkansins, yfir götuna og inn fyrir gömlu borgarmúrana í Jerúsalem, inn í gömlu borgina í Jerúsalem sem er á margan hátt nútímavædd þó að hún sé ævaforn og margra alda gömul og húsin og göturnar eftir því, en þá er hún nútímavædd á þann hátt að það var til að mynda hægt að komast í tölvur og þar var netkaffi svo hægt var að setjast niður og skrifa. Ég skrifaði pistlana á kvöldin og lagði beint út á netið heima á Íslandi, ferðasögur frá því að við vorum þarna. Ein grein, skrifuð 24. mars á síðasta ári, ber titilinn „Rigningarskattur hernámsþjóðar, dansað undir mannaveiðum og vegakerfi herraþjóðar“ en þar segir, með leyfi forseta:

„Við heimsóttum Gólanhæðirnar í gær, miðvikudag, og sáum rústirnar. Í bænum Mjdal shams, sem er þétt upp við sýrlensku landamærin eins og þau hafa verið þarna síðan 1973, hittum við fulltrúa fólksins sem hefur búið í Gólanhæðum frá örófi alda. Þetta fólk er af þjóðflokki drúsa, en það eru bændur og hirðingjar. Það lítur á sig sem Sýrlendinga og hafnar allri viðleitni Ísraelsmanna til innlimunar í ísraelska ríkið. Drúsarnir hafa þurft að þola marga raun síðan ógæfan dundi yfir árið 1967. Þá voru þeir um 130.000 í Gólanhæðum. Alls voru um 140 þorp og bæir á þessu svæði. Nú eru drúsarnir í Gólanhæðum aðeins um 20.000 talsins. Einungis fjögur þorp og bæir eru eftir, öll í grennd við sýrlensku landamærin.

Drúsarnir sögðu okkur að Ísraelsmenn hefðu jafnað öll þorp og býli þeirra við jörðu eftir sex daga stríðið. Íbúarnir voru hraktir á brott og flúðu flestir til Sýrlands. Í staðinn komu ísraelskir hermenn. Reynt var að fá ísraelska „landnema“ til að setjast að í Gólanhæðum en það mistókst herfilega, þeir höfðu ekki áhuga. Kannski af hræðslu við að Gólanhæðir verði afhentar Sýrlandi á nýjan leik sem skiptimynt í samningaviðræðum um varanlegan frið. Mikilvæg ástæða er einnig sú að Gólanhæða mun hvergi vera getið í Biblíunni. Það hefur einmitt verið notað sem röksemd eða réttlæting fyrir „landnámi“ Ísraelsmanna í landsvæðum Palestínumanna. Biblían nefnir stóra hluta Palestínu og það túlka ísraelskir ofsatrúarmenn á þann hátt að þarna sé land sem þeir hafi rétt á. Að þeir hafi undir höndum eins konar þinglýsingarskjal undirritað af Guði sem segi að þeir hafi rétt til að setjast að á þessu landi og eigna sér það og öll þess gæði. Þessi réttlæting dugar ekki í Gólanhæðum og því má spyrja sig hvers vegna Ísraelsmenn haldi þessu svæði sem með réttu tilheyrir aröbum, þ.e. Sýrlendingum og Jórdönum.

Sennileg skýring er að Gólanhæðir er mikilvægt úrkomusvæði þar sem snjór og rigning útvega vatn fyrir landsvæðin í Ísrael og Palestínu. Vatn er dýrmætasta auðlind Miðausturlanda og grundvöllur alls lífs. Þetta endurspeglaðist vel í því sem við sáum þegar við fórum um héruð drúsa sem eru flinkir bændur. Ísraelsmenn settu hömlur á

vatnsnotkun þeirra til jarðyrkju og þá tóku þeir til sinna ráða, settu upp stór opin ker vítt og breitt um land sitt og í þau safna þeir rigningarvatni sem síðan er veitt á akurlöndin. Sagan segir að Ísraelsmenn hafi rekið upp stór augu. Þeirra viðbrögð voru að krefja drúsana um borgun fyrir regnið sem féll af himnum. Drúsarnir sem eru staðfastir og búa yfir mikilli samheldni sögðu hernámsþjóðinni að hoppa upp í þá líkamshluta á sjálfri sér þar sem sólin aldrei skín og fyrr skyldu þeir dauðir liggja en að fara að borga fyrir úrkomuna af himnum ofan." — Þarna verð ég að skjóta inn að orðalagið er svona — ja, sumir kannast kannski við það enda var það sá sem hér stendur sem skrifaði textann, en áfram skal haldið. — „Þar við situr. Vatnstankarnir bera hins vegar enn númer sem Ísraelsmenn krotuðu á þá til skráningar þegar þeir voru að undirbúa rigningartollinn.

Drúsarnir tóku okkur með kostum og kynjum. Þetta er aðdáunarvert fólk sem að hluta til býr innan um jarðsprengjur sem plantað hefur verið nánast ofan í húsagarða þess. Ísraelsmenn eru ávallt viðbúnir gegn innrás frá Sýrlandi og grunur leikur á að þeir geymi kjarnorkusprengjur í fjöllunum í Gólanhæðum sem hægt verði að hleypa af komi til stríðs. Mér þykir það frekar ólíklegt því þar með myndu þeir eyðileggja vatnsbirgðir sínar og geislavirkt vatn flæddi niður á láglendið þar sem Ísrael og Palestína liggja. En hver veit svo sem hvaða brjálæði hægt er að finna upp á hér?"

Þennan texta skrifaði ég um kvöldið þegar ég kom aftur til Jórsala, borgarinnar helgu, og var að reyna að tína saman þau áhrif sem ég hafði orðið fyrir í heimsókn okkar íslensku þingmannanna til drúsanna í Gólanhæðum. Þarna rann það í raun og veru upp fyrir mér með mjög svo óyggjandi og á vissan hátt átakanlegum hætti hvað það er í raun og veru sem gerir það að verkum að þessi mikli ófriður er alltaf fyrir botni Miðjarðarhafs. Jú, ófriðurinn stafar að verulegu leyti af því að menn eru að berjast um yfirráðin yfir vatni. Þarna kom það mjög glöggt fram hvernig hernámsþjóðin, þ.e. Ísraelsmenn höfðu lagt undir sig fjallahéruðin í Gólanhæðum þar sem úrkoman kemur niður, fellur úr skýjunum, regnið og snjórinn fellur niður, bráðnar og fer síðan í lækjum og ám niður á láglendið, til að mynda í ána Jórdan, hina heilögu á Jórdan sem markar landamærin á milli þess sem kallaður er Vesturbakkinn, sem er í raun og veru Palestína, og síðan landsins Jórdan sem er austan megin. Ísraelsmenn höfðu lagt þessi fjallahéruð undir sig einmitt til að tryggja að óvinir þeirra í Sýrlandi gætu ekki veitt vatninu sem rann úr hlíðum Gólanhæða niður á undirlendið fyrir neðan eitthvað annað og þar með tekið vatnið frá Ísrael. Þetta er meginástæðan fyrir því að Ísraelsmenn eru þar enn og eru ekkert á förum, eru enn hernámsþjóð ekki bara í Palestínu á Vesturbakka Jórdanar heldur líka á gömlum landsvæðum Sýrlendinga í Gólanhæðum. Það er baráttan um vatnið og ekkert annað sem gerir það að verkum að þarna er viðvarandi ófriðarástand sem í raun og veru er ekkert annað en púðurtunna sem hugsanlega verður kveikjan að næstu stórstyrjöld, ég ætla ekki að segja heimsstyrjöld, en næstu stórstyrjöld sem gæti orðið fyrir botni Miðjarðarhafs og það má spyrja sig að því hvort einmitt mörg þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir í Austurlöndum nær eigi ekki einmitt rætur að rekja til einmitt þessa, þ.e. hernámsins á Vesturbakka Jórdanar eða í Palestínu og síðan í Gólanhæðum.

En þarna sáum við hvernig þjóð sem taldi sig eiga vatnið, eða öfl sem töldu sig eiga vatnið hvað þau voru reiðubúin til að ganga langt til þess að innheimta tekjur, innheimta skatta. Þarna gengu Ísraelsmenn svo langt að þeir innheimtu skatta af rigningunni sem féll á jörðina þar sem þeir töldu sig eiga vatnsréttindin. Þá getum við farið að ímynda okkur, virðulegi forseti, hvert þetta frumvarp sem hér liggur fyrir getur í rauninni leitt okkur. Það eru einmitt svona hlutir sem gera það að verkum að ég er svo hræddur við þetta frumvarp. Það er nefnilega réttilega bent á að rigningin sem fellur til jarðar verður eign landeigandans þegar hún hefur snert jörðina. Dalalæðan sem liggur eftir landinu er eign landeigandans á meðan hún hefur snertingu við landið hans og við getum rétt reynt að ímynda okkur hvers konar villigötur eða ógöngur við Íslendingar getum ratað í ef við innleiðum þessi eignarréttarákvæði á vatninu. Mér virðist sú átakanlega reynsla sem við urðum vitni að þennan dag í Gólanhæðum geta vakið okkur til umhugsunar, hún vakti a.m.k. þann sem hér stendur til alvarlegrar umhugsunar. Við sáum líka önnur dæmi, okkur var sagt frá öðrum dæmum þarna í Palestínu um hvernig baráttan um vatnið er háð. Ísraelsmenn settu landnemabyggðir yfir staði þar sem þeir vissu að grunnvatn væri í jörðu, annaðhvort beint undir eða í nágrenninu, og reyndu síðan að beita ýmiss konar aðferðum, klækjum til þess að ná þessu grunnvatni til sín þannig að Palestínumenn gætu ekki notfært sér það. Palestínumenn þurftu að búa við viðvarandi vatnsskort. Þeir gátu búist við því hvenær sem var að Ísraelsmenn sem töldu sig eiga forgangsrétt á öllu vatni, mundu skrúfa fyrir vatnið hjá þeim án nokkurrar aðvörunar. Þetta var m.a. skýring á því að við sáum að búið var að setja vatnstanka á öll þök húsa í Palestínu. Þeir eru til að safna þar birgðum ef einhvers konar tímabil kæmi þar sem Ísraelsmenn þyrftu á miklu vatni að halda, kannski þurrkatímabil eða annað, þá þyrftu Palestínumenn að vera viðbúnir því að skrúfað væri fyrir vatnið hjá þeim í þeirra eigin landi vegna þess að herraþjóðin þyrfti vatn og þá yrðu Palestínumenn að reiða sig á vatnsskömmtun og vatnið sem þeim hefði þá tekist að safna í vatnstankana á þökum húsa sinna. Þetta er staðan þarna, virðulegi forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa mörg orð um það hvernig ástandið hlýtur þá að vera í mörgum öðrum löndum sem búa við viðvarandi vatnsskort.

Við vitum að vatnið er mjög víða afskaplega takmörkuð auðlind. Það er vatnsskortur mjög víða. Einungis 0,5% af vatnsforða jarðarinnar er ferskvatn. Það er ekki alltaf að við Íslendingar gerum okkur grein fyrir því. Aðeins 0,5% af vatnsforða jarðarinnar er ferskvatn og nú þegar búa fjölmörg lönd við viðvarandi skort á vatni. Þetta er staðreynd og er víða mjög mikið vandamál.

Aðrar þjóðir í nágrenni okkar hafa gert sér grein fyrir þessu. Ekki bara aðrar þjóðir heldur líka Sameinuðu þjóðirnar sem hafa skilgreint vatn þannig að aðgangurinn að því teljist hreinlega til grundvallarmannréttinda. Sameinuðu þjóðirnar hafa ályktað eða sagt sem svo að hver maður skuli eiga rétt á drykkjarvatni, en markaðsöflin eru dregin inn því þar er sagt drykkjarvatni á hóflegu verði. Enda er það þannig víða í mörgum löndum að vatn er takmörkuð auðlind og vatn er söluvara. Okkur Íslendingum kann að

þykja þetta svolítið skrýtið en þannig er þetta.

Sameinuðu þjóðirnar lýstu því yfir árið 2003 að það ár væri ár vatnsins. Ég man ekki eftir því að lögð hafi verið sérstaklega mikil áhersla á það á Íslandi að árið 2003 væri ár vatnsins. En við Íslendingar hefðum kannski átt að leggja áherslu á það og einmitt beina athyglinni að því að við búum hér yfir afskaplega mikilvægri og dýrmætri auðlind sem er vatnið okkar.

Í dag býr rúmlega 1 milljarður manna við að hafa ekki góðan aðgang að drykkjarvatni. Þetta er viðvarandi og mikið vandamál, sérstaklega hjá hinum fátækustu. En þetta hefur líka leitt til þess að erlend stórfyrirtæki og auðhringir hafa notfært sér þá stöðu til að nánast arðræna fátækt fólk einmitt í þeim löndum sem búa við vatnsskort.

Það er nefnilega þannig að þeir sem hafa ekki aðgang að hreinu vatni í dag eru líka þeir sem eru fátækastir á jörðu. Fátækustu íbúar jarðar búa við viðvarandi vatnsskort. Þetta fólk hefur því miður alls ekki efni á að kaupa vatnið á frjálsum markaði og þarna eru fyrir hendi nú þegar í dag mikil og alvarleg vandamál. Talið er að tugþúsundir barna að minnsta kosti deyi á hverju ári vegna þess að þau fá ekki aðgang að hreinu vatni og þetta veldur þá allt of mörgum ótímabærum dauðsföllum.

Þetta var líka vandamál hjá okkur Íslendingum allt fram að upphafi síðustu aldar. Dæmi eru um að íslensk börn hafi við upphaf síðustu aldar eða á síðustu öld látist langt fyrir aldur fram vegna þess að heimili þeirra höfðu ekki aðgang að nógu góðu vatni. Börnin drukku vatn sem var sýkt, þau fengu t.d. taugaveiki og annað þess háttar. Fólk missti börnin sín hér á landi vegna þess að ekki var alls staðar aðgangur að nógu góðu og hreinu vatni. Þetta er sem betur fer ekki lengur vandamál hjá okkur, en því miður er þetta vandamál sérstaklega í þróunarlöndunum.

Við Íslendingar erum þannig í dag að við höldum að rigningin falli bara endalaust af himnum ofan og þetta sé endalaus auðlind. En það er ekki svo. Þetta er viðkvæm auðlind og við þurfum að vernda hana og þurfum að tryggja að hér hafi að sjálfsögðu allir aðgang að vatni, hreinu og góðu vatni, helst ókeypis eða því sem næst.

Ég minntist aðeins á það áðan hvernig erlend stórfyrirtæki hafa á margan hátt notfært sér neyð fólks. Dæmi eru um það, t.d. á Indlandi. Ég er hér með heimildir frá ráðstefnu þar sem norskur fyrirlesari hélt erindi einmitt um þetta. Kókakólafyrirtæki á Indlandi notaði svo mikið af vatni í ríkinu Kerala að á ákveðnum svæðum þar varð hreinlega vatnsskortur. Gosdrykkjaframleiðandinn tók allt grunnvatnið sem fólkið átti að hafa og mengaði síðan restina sem skapaði mikil vandamál. Önnur vandamál hafa komið upp í grennd við Las Vegas í Bandaríkjunum þar sem borgin notar svo mikið vatn við Nevada-eyðimörkina að Colorado-áin er nánast þurrkuð upp áður en hún nær landamærunum að Mexíkó, sem hefur síðan alvarlegar afleiðingar fyrir fólkið sem býr þeim megin landamæranna. Það er alveg augljóst að þegar svona vatnsskortur er úti í heimi þá geta styrjaldir hlotist af slíku og jafnvel af minna tilefni.

Sameinuðu þjóðirnar hafa gert það að markmiði að fyrir árið 2015 verði þeim fækkað um helming sem nú búa við vatnsskort í heiminum. Nú skal ég svo sem ekki segja til um hvort það gangi eftir en það er þó að minnsta kosti verið að reyna. Það er þá líka oft reynt þannig að vatnið er gert að markaðsvöru. Ef fólk vill fá vatn verður það að borga fyrir það. En þetta gerir það að verkum að það bitnar á þeim fátækustu því að þeir hafa ekki peninga til að kaupa vatn. Flóknara er það nú ekki.

Við Íslendingar og Norðmenn búum við svo stórkostleg auðæfi að við gætum sennilega séð um vatnsþörf heimsins eða að stórum hluta. Norðmenn segja að svo mikið sé af ferskvatni í Noregi að þeir geti í raun fullnægt eftirspurninni í heiminum fyrir drykkjarvatn. Þeir hafi svo mikið af ferskvatni að þeir geti fullnægt þeirri eftirspurn, þ.e. fimm lítrum á hverja persónu en talað er um að fimm lítra þurfi á hverja manneskju á hverjum degi. Ef talan er sex milljarðar manna þá hafi þeir nóg vatn til að geta gert þetta. Ég skal svo sem ekki segja til um hvort þetta sé rétt.

En ég hygg að hér á landi hafi menn í rauninni komið auga á að vatnið á Íslandi er mikilvæg auðlind og hægt sé að þéna á henni góðar fjárhæðir, vænar fúlgur fjár í framtíðinni. Það má til að mynda minna á, og það er ekkert leyndarmál, menn geta bara séð það með því að fara út á næstu bensínstöð að þar er verið að selja vatn í hálfslítra flöskum á rúmlega hundrað krónur. Fyrir hálfan lítra. Tvöhundruð kall fyrir lítrann og rúmlega það. Þetta segir manni að vatnið sem selt er á íslenskum bensínstöðvum í dag er helmingi dýrara en bensín. Það er helmingi dýrara en bensín, vatnið sem selt er á Íslandi, í landinu þar sem allt er fljótandi í vatni. Það að fólk á Íslandi sé reiðubúið að borga svona mikið fyrir vatn hlýtur að segja manni að ofboðsleg viðskiptatækifæri liggja einmitt í því að selja vatn. Ef hægt er að selja Íslendingum vatn, sem er svona svipað og selja eskimóum ís, og láta þá borga hundrað kall og rúmlega það fyrir hálfan lítra, rúmlega tvöhundruð kall fyrir lítrann, þá getur maður rétt ímyndað sér hvaða tækifæri hljóta að liggja í því ef hægt væri að koma á viðskiptasamböndum úti í hinum stóra heimi, fyrir íslenskt vatn.

Þarna hygg ég, virðulegi forseti, að hundurinn liggi kannski grafinn í því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Og Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins hafi svona með vissum hætti kjaftað af sér í umsögnum sem þau sendu inn með frumvarpinu, þar sem þau segjast vera sammála þeirri stefnu sem fram kemur í frumvarpinu og það tryggi eignarrétt landeigenda á vatnsauðlindinni á sama hátt og gildir um aðrar auðlindir, samanber lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þarna liggur hundurinn grafinn. Menn eru einfaldlega að slægjast eftir því að geta slegið eign sinni á vatnið. Slegið eign sinni á vatnið á Íslandi. Menn sjá þarna viðskiptatækifæri. Ég hygg og sagði það í ræðu á laugardag að menn væru í raun og veru að reyna að byrgja brunninn áður en barnið dytti ofan í hann, ef svo má segja, að setja strax lög um skýrt eignarhald á vatni áður en það rynni upp fyrir fleirum að hér er um stórkostlega auðlind að ræða.

Ég er búinn að vera þingmaður frá árinu 2003. Ég man enn vel eftir því að inn á borð þingsins kom einmitt frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasvið þess, ágætt frumvarp að mörgu leyti. Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi. Mér þótti þetta frumvarp svo merkilegt að ég hef varðveitt það í fórum mínum allar götur

síðan þá og geymt það vel. Þarna voru menn strax veturinn 2003/2004 að setja lög um að vernda Þingvallavatn. Það lýsir á margan hátt mikilli framsýni að menn skyldu hafa gert þetta því að Þingvallavatn er mjög merkileg auðlind.

Með frumvarpinu fylgdi greinargerð sem dr. Pétur M. Jónasson skrifaði og heitir Um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Ég er með frumvarpið sem lagt var fram á 131. löggjafarþingi 2004/2005. Þá var það samþykkt loksins, ef ég man rétt. En í greinargerðinni sem dr. Pétur M. Jónasson skrifaði segir á síðu 15, með leyfi forseta, en millifyrirsögnin er Framtíðarvatnsból þjóðarinnar.

„Vatnasvið Þingvallavatns býr yfir miklu meiri auðlind en nokkurn hafði órað fyrir. Þannig er vatnið úr Vellankötlu frá miðöldum eða jafnvel miklu eldra. Eitt stærsta háhitasvæði Íslands er Hengilssvæðið sem liggur á barmi Þingvallavatns og fær vatn alla leið úr Langjökli. Vatnasvið Þingvallavatns hefur að geyma um fjórðung af öllu grunnvatni í byggð á Íslandi."

Hugsið ykkur. Vatnasvið Þingvallavatns hefur að geyma um fjórðung af öllu grunnvatni í byggð á Íslandi. Þetta er stórkostleg auðlind, Þingvallavatn. Höldum áfram, með leyfi forseta:

„Það er því fagnaðarefni að ríkisstjórnin leggur fram frumvarp á Alþingi til þess að vernda vatnasvið Þingvallavatns, allt frá vatnaskilum í Hengli inn í Langjökul, því að þar liggur framtíðarvatnsból þeirra 70% þjóðarinnar sem búa á suðvesturhorni landsins. Það er höfuðnauðsyn að halda þessu vatni ómenguðu þegar Gvendarbrunna þrýtur en sú stund nálgast með þeirri þróun sem er á svæðinu."

(Gripið fram í.) Þetta er dr. Pétur M. Jónasson, prófessor í Kaupmannahöfn, afskaplega merkur fræðimaður. (**Gripið fram í:** Hvenær skrifaði hann þetta?) Þetta skrifar maðurinn á síðasta ári. Þetta er skrifað á síðasta ári af okkar fremsta sérfræðingi í ferskvatnslíffræði, maður sem hefur rannsakað Þingvallavatn um áratugaskeið.

Pétur M. Jónasson segir áfram, með leyfi forseta:

„Auk hinnar miklu náttúrufegurðar er Þingvallasvæðið ein mesta auðlind íslensku þjóðarinnar. Hér voru byggð með fyrstu og öruggustu vatnsorkuverum landsins.

Hengilssvæðið, sem er meðal stærstu háhitasvæða á landinu, mun tryggja hita um langan aldur fyrir Reykjavíkursvæðið. Sýnt hefur verið fram á að vatn Nesjavallavirkjunar kemur alla leið úr Langjökli."

Svo stendur hér, virðulegi forseti, og hlustum nú vel:

„Vatnasvið Þingvallavatns, sem er um 1.300 ferkílómetrar að stærð, geymir stærstu neysluvatnslind í byggð á Íslandi. Það gefur af sér 100 rúmmetra á sekúndu í Sogið við útfall úr Þingvallavatni eða 25% af öllu grunnvatni í byggð.

Vatnsforði á höfuðborgarsvæðinu er takmarkaður en aðeins hluti hans verður nýttur áður en hann rennur til sjávar. Hið frábæra vatn Þingvallavatnasviðsins tryggir því neysluog nytjavatn fyrir Reykjavík og Reykjanesskagann til langframa. Á Reykjanessvæðinu frá Selfossi að austan og að Kjalarnesi að vestan búa 70% þjóðarinnar eða 205.000 manns (Hagstofa Íslands, desember 2002). Enn fremur er rétt að minna á að yfir 90% af fólksfjölgun í landinu verður á þessu svæði. Fólksfjölgun á svæðinu var 30.000 undanfarin 10 ár. Vatnsnotkun fimmtíufaldaðist í Reykjavík frá 1903 til 1983 úr 18 í 900 lítra á mann á dag en mun vera minni í dag vegna endurbóta á leiðslum. Hagkvæmast og styst fyrir Suðvesturland mun vera að taka neysluvatn úr Kaldár- og Miðfellsstraumi sem báðir renna af austursvæði vatnasviðsins frá Lyngdalsheiði og vestur en Miðfellsstraumur er þriðjungur grunnvatns sem rennur að norðan til Þingvallavatns eða um 25 rúmmetrar á sekúndu."

Virðulegi forseti. Þarna er sagt með mjög óyggjandi hætti hvers konar stórkostleg auðlind Þingvallavatn eitt og sér er og hlýtur að vera fyrir þjóðina til framtíðar.

Ef þetta frumvarp verður að lögum vil ég fá að heyra hvernig eignarhaldi á vatninu úr Þingvallavatni yrði háttað? Það væri nú fróðlegt að fá að heyra svör frá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni við því hvort iðnaðarnefnd hafi skoðað hvað verður með eignarréttinn á vatninu sem fellur úr Þingvallavatni? Þessi stórkostlega auðlind, stærsta neysluvatnslind í byggð á Íslandi — ég held að það finnist ekki nokkuð sem hægt er að líkja við þetta hér á norðurhveli jarðar. Vatnið sem er í Þingvallavatni á upptök sín á Miðhálendinu, ekki síst frá Langjökli. Þetta er vatn sem bráðnar þar eða fellur af himnum ofan sem regn, seytlar ofan í jörðina og kemur síðan inn í Þingvallavatn sem grunnvatn, seytlar gegnum jörðina og upp í gegnum sprungur í botninum.

Því er mjög vel lýst í bókinni Þingvallavatn – Undraheimur í mótun, sem var ritstýrt af Páli Hersteinssyni og einmitt nefndum Pétri M. Jónassyni, og kom úr fyrir nokkrum árum, hvernig þessi mikla vatnsauðlind verður til. Þarna er mikið af mjög góðu, hreinu vatni. Ef þetta frumvarp verður að lögum sé ég það fyrir mér að þeir sem munu eignast eignarréttinn á vatninu sem fellur úr Þingvallavatni, landeigendur þá í kringum Sogið og þar — þarna verði hægt að koma á eignarrétti á þessari auðlind og hugsanlega fara að stunda stórtæka sölu á vatni úr Þingvallavatni, bæði til fólks sem býr hér á höfuðborgarsvæðinu og til fólks á suðvesturhorninu en hugsanlega til útflutnings.

Mér finnst að menn ættu að skoða þetta mjög gaumgæfilega. Áður en áfram verður haldið þarf að skoða þetta mjög gaumgæfilega. Þetta er ein af þeim ástæðum sem ég vil tilgreina sem rök fyrir því að þessu frumvarpi verði hreinlega vísað frá og það komi síðan aftur eftir gaumgæfilega skoðun inn í þingið næsta haust eftir að nefnd fulltrúa úr öllum flokkum hefur skoðað þessa hluti mjög vandlega. Það þarf einmitt að skoða svona álitamál. Við getum ekki búið til eignarrétt á þeirri stórkostlegu auðlind sem Þingvallavatn er og vatnið í Þingvallavatni. Við getum ekki gert það í hugsunarleysi eitthvað út í loftið. Við þurfum að skoða þetta mjög vandlega.

Það er líka annað sem gerir það að verkum að maður hefur mjög varann á sér. Það er náttúrlega það að menn hafa verið með yfirlýsingar um að þeir sjái tækifæri í vatni. Hér er nóg að minna á ummæli Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns, sem var, Olíufélagsins, umsvifamikill viðskiptajöfur sem hefur tengst inn í innstu hringi Framsóknarflokksins. Hann sagði orðrétt í viðtali á mbl.is í janúar sl., með leyfi forseta:

„Fyrir einu og hálfu ári ákváðum við að efla fjárfestingar okkar utan Íslands og fara í frekari útrás en við þegar höfum verið í á undanförnum árum. Núna metum við það svo að ástandið á íslenska markaðnum, efnahagsástandið,

sé afar hagstætt og verði það vonandi næstu árin. Jafnframt að Olíufélagið sé til þess búið að fara í frekari verkefni hér heima, s.s. í orkugeiranum, hvort sem það er í vatni eða rafmagni, og skapa sér nýja stöðu þar eða í smásölu eða heildsölu.“

Síðan hefur þessi aðili selt sig út úr Olíufélaginu, en ég hygg að áhugi hans á vatni og landvinningum þar sé enn til staðar.

Maður hlýtur að velta því fyrir sér, og mér er alveg sama þótt framsóknarmenn komi hér upp bláir af reiði og segi að þetta séu dylgjur, hvort þetta ofurkapp sem forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins leggur á að frumvarp um eignarhald á vatni verði nú að lögum geti tengst því að verið sé að búa til hagstætt lagaumhverfi fyrir einhverja vini og vandamenn í Framsóknarflokknum.

Maður hlýtur að velta því fyrir sér, það er fullkomlega eðlilegt að spyrja þeirrar spurningar, og mér er alveg sama þó menn fyrtist við og móðgist þó það sé gert. Ég held nefnilega að menn bíði þarna úti eftir því að þessi lög verði samþykkt og það verði gengið með skýrum hætti, eins og stendur í frumvarpinu, frá eignarhaldi á vatni til þess að það sé alveg á hreinu að þessir menn eigi vatnsauðlindina, að þeir hafi slegið eign sinni á hana. Í þessu sambandi má líka benda á að auðmenn Íslands hafa verið mjög stórtækir á undanförnum missirum við að kaupa upp til að mynda jarðir.

Hér er ég með Frjálsa verslun sem var að koma út. Þar er annars vegar talað um eignatengsl í íslensku atvinnulífi og þar er m.a. nefndur til sögunnar umræddur Ólafur Ólafsson í Samskipum. En hér er líka grein sem fjallar um að efnafólk sé að kaupa jarðir í sveitinni. Það eru svo oft og tíðum jarðir sem eru með aðgang að vatni. Í blaðinu eru taldar upp ýmsar jarðir. Ég hvet þingmenn til að verða sér úti um þetta blað og lesa það.

En hér eru taldar upp ýmsar jarðir sem hafa komist að undanförnu í eigu ýmissa auðmanna. Þetta eru oftar en ekki jarðar sem liggja til að mynda að straumvötnum, laxveiðiám. Menn eru núna að tala um lax. Hér er talað um Urriðaá á Mýrum í Borgarfirði í eigu Magnúsar Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Kapital og áður formanns VSÍ og fleiri félaga. Þetta eru einhverjir menn sem ég kannast ekkert við. Ég er ekkert í þessum kreðsum. Ég veit ekkert hverjir þessir menn eru en þeir heita þessum nöfnum. Hér er talað um Langárfoss á Mýrum í eigu samnefnds einkahlutafélags og fyrir því fer Pálmi Haraldsson, löngum kenndur við Feng. Ég veit ekki hvað hér er, Hvítsstaðir og Árbær við Langá á Mýrum eru í eigu nokkurra úr hópi stjórnenda KB-banka. Lundur í Þverárhlíð, ég veit ekki hvort það er vatn þar, er í eigu hjónanna Kristínar Ingólfsdóttur, rektors Háskóla Íslands, og Einars Sigurðssonar, framkvæmdastjóra IMG Gallup. Já, já. Nefndur Ólafur Ólafsson, kenndur við Samskip, á jarðirnar Miðhraun I og Borg í Eyja- og Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi. Innri Kóngsbakki á Snæfellsnesi er í eigu einkahlutafélags ýmissa þekktra athafnamanna, svo sem Finns Ingólfssonar, forstjóra VÍS, Tryggva Pálssonar í Seðlabankanum og Hrólfs Jónssonar, sviðsstjóra hjá Reykjavíkurborg og áður slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjórar eru nú fundvísir á vatn. Er það ekki? (**Gripið fram í:** Eru þetta ekki bara veiðiáhugamenn?) Þeir hafa nef fyrir vatni. Þar sem er veiði er líka vatn. Fiskur þrífst ekki nema í vatni.

Framsóknarmenn munu örugglega kalla þetta dylgjur. En ég veit það ekki. Mér finnst gaman að skoða þennan lista því hann er nokkuð áhugaverður. Að sjá hvað þessir menn hafa verið að bralla.

Össur Kristinsson, stofnandi Össurar, á jörð og glæsilegt hús við Vatnsfjörð skammt frá Flókalundi. Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, á kirkjujörðina Saurbæ á Rauðasandi. (**Gripið fram í:** Er vatn þar?) Ég veit það ekki. Ég veit ekki hvort það er vatn þar. Ég veit ekki hvort það er vatn á þessum stöðum. Þetta eru veiðijarðir. Hér er Andri Teitsson verkfræðingur, áður framkvæmdastjóri KEA, sem á jarðir í Húnaþingi vestra. Það eru Fremri-Fitjar í Miðfirði, Hnúk í Vesturárdal, Galtarnes og Auðunarstaði í Víðidal og Litlu-Borg í Vesturhópi. Hann er að safna jörðum.

Óttar Yngvason lögmaður á Króksstaði í Miðfirði og þrjár samliggjandi jarðir á vesturbakka Víðidalsár, þ.e. Árnes, Laufás og Refsteinsstaði. Þarna er laxveiðivatn. Þingeyrar við Hóp eru í eigu Ingimundar Sigfússonar, fyrrum sendiherra og áður forstjóra Heklu. Steinunn Jónsdóttir arkitekt keypti í fyrra Bæ við Höfðavatn rétt norðan við Hofsós og stendur þar í framkvæmdum. Faðir hennar Jón Helgi Guðmundsson í Byko á Neskot í Fljótum og sonur hans og bróðir Steinunnar, Guðmundur Halldór, á aðra samliggjandi jörð, Krakavelli.

Síðan er það Fljótshlíðin. Margir kunnir athafnamenn eiga þar jarðir. Hér eru tvær jarðir sem bera nafnið Lækur. Á Lambalæk eru þeir Hörður Sigurgeirsson, áður forstjóri Eimskips, Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, Stefán Pétur Eggertsson, stjórnarformaður Árvakurs, og Bakkavararbræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á Kvoslæk, (**Gripið fram í:** Hvað segirðu?) Kvoslæk í Fljótshlíð. Það hlýtur að vera lækur þar. Það er vatn þar. (**Gripið fram í:** Er hann ekki hæstv. dómsmálaráðherra?) Hæstv. dómsmálaráðherra, afsakið. Ég biðst forláts.

Þetta er svona listi sem þeir eru að skemmta sér við að birta í Frjálsri verslun. Það er svo sem allt í lagi. Ég get alveg unnt þessum mönnum að eiga jarðir. Það er ekki það. Það er bara hollt og gaman og gott að búa í sveitinni. En maður hlýtur að velta fyrir sér — hugsanlega fylgja þessum jörðum einhver vatnsréttindi, ég skal ekki segja til um það. En þetta eru hlutir sem ég tel að sé mjög mikilvægt að skoða áður en þetta frumvarp hugsanlega verður að lögum, sem ég vona svo sannarlega að verði ekki.

Við þurfum að fara aðeins yfir hvaða vatnsauðlindir þetta eru, ferskvatnsauðlindir. Hvar liggja helstu ferskvatnsauðlindir Íslendinga? Með hvaða hætti væri hugsanlega hægt að koma þeim í verð? Gæti til að mynda hugsast að fátæk sveitarfélög mundu neyðast til að selja vatnsveiturnar sínar til að eiga fyrir skuldum? Við vitum að mörg sveitarfélög standa höllum fæti. Vatnsveiturnar kæmust þá í eigu einhverra stórfyrirtækja sem síðan mundu mata krókinn á því að selja fólki sem býr á viðkomandi stöðum vatn.

Nú gengur hv. formaður iðnaðarnefndar í salinn. Mér þætti nú gaman að fá að vita hjá honum hvort hann hefði

velt þessu fyrir sér, hvort hann hafi heyrt orð mín og ábendingar um Þingvallavatn og þá miklu vatnsauðlind sem þar er og hvernig eignarhaldi á þeirri auðlind yrði hugsanlega háttað ef þetta frumvarp yrði að lögum. (**Gripið fram í:** ... fara yfir það ...)

Hv. formaður getur lesið ræðu mína. En við erum að spyrja mjög mikilvægra spurninga sem við verðum að fá svör við. Við getum ekki leyft okkur að halda áfram að afgreiða þetta mál með þeim hætti sem við höfum verið að gera núna án þess að þetta sé skoðað mjög gaumgæfilega. Að landeigendur skuli á hverjum tíma sjálfkrafa verða eigendur vatns um leið og það kemur og snertir land þeirra í formi þoku eða um leið og regndropinn fellur á jörðina. Það eru hlutir sem við þurfum líka að skoða nánar.

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé nú orðið ágætt hjá mér í fyrri ræðu minni, ég held ég fari að reyna að ná lendingu í þessu. Ég hef farið um víðan völl, talað um vatnið sjálft og hvers konar auðlind það er. Talað um gildi vatnsins fyrir okkur Íslendinga sem þjóð, bæði efnislega sem neysluvatn og kannski líka svolítið tilfinningalega því ég tel að hún standi þjóðarsálinni mjög nærri þessi auðlind. Nú er ég orðinn vatnslaus þannig að einhver þarf að fara og ná í vatn.

Ég hef líka farið yfir þær umsagnir sem hafa borist um þetta frumvarp og rætt þær svolítið í þaula, sumar þeirra. Nokkrar þeirra vekja mjög athygli mína. Ég bendi á umsögn Umhverfisstofnunar, ég bendi á umsagnir sem hafa komið frá Landssambandi veiðifélaga og Bændasamtökunum og ég bendi á umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, sem eru mjög merkilegar, og einnig bendi ég á umsögn frá Félagi heilbrigðisfulltrúa. Ég hef líka notað ræðu mína til að minnast sérstaklega á Þingvallavatn og farið yfir það hvers konar gríðarleg auðlind þar er og hefur verið bent á það. Þar er búið að ganga frá frumvarpi um verndun Þingvallavatns og kannski var það liður í þessu plotti, ég skal ekki segja til um það.

Það er alltaf þannig þegar maður fer í svona langar ræður að maður gleymir einhverju en ég man skyndilega eftir því að ég ætlaði að nefna einn hlut sem hugsanlega kann að skipta einhverju máli. Það er að það liggur núna fyrir þinginu frumvarp. Við höfum þegar talað um Kárahnjúka og hugsanleg áhrif þessa frumvarps á þær framkvæmdir. En ég vil leyfa mér að nota síðustu mínútur mínar til að vekja athygli á að það liggur hér fyrir þinginu, það er búið að fara gegnum 1. umr., frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar. Þetta er svolítið áhugavert mál sem ég legg ríka áherslu á að menn láti ekki fara fram hjá sér.

Hvað verður um þetta frumvarp og hvað verður um þau eignarréttindi sem er verið að tala um þar? Á ríkið að afsala þeim til Landsvirkjunar fyrir ekki neitt, bæði landi og vatnsréttindum í Þjórsá? Hvaða áhrif mun þetta frumvarp sem hér liggur fyrir þinginu, frumvarp til vatnalaga, hafa varðandi þetta? Því þarf að svara. Það er einkennileg tilviljun að þetta skuli vera hér til umfjöllunar á sama tíma og frumvarpið til vatnalaga.

Nú verður að leggja höfuðið í bleyti, hv. þingmenn, og skoða þessa hluti alla saman mjög vandlega og reyna að skapa okkur heildstæða mynd af því hvað er hér í gangi. Hvað er hér í gangi? Hvað vakir fyrir mönnum? Hvernig stendur á því að stjórnarmeirihlutinn er að reyna að keyra þetta mál hér í gegnum þingið með þvílíku offorsi um eignarhald á vatni? Hvernig stendur á því að við fáum engar skýringar á því hvað það er sem gerir það að verkum að það liggur svona ofboðslega mikið á? Hvernig stendur á því að Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins segjast hér vera sammála þeirri stefnu sem fram kemur í frumvarpinu og tryggi eignarrétt landeigenda á vatnsauðlindinni á sama hátt og gildir um aðrar auðlindir, sbr. lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu? (Gripið fram í.) Hvernig stendur á því að Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins, sem eru með heilan her af lögfræðingum innan sinna vébanda, senda frá sér þessa umsögn? Mér þætti gaman að fá svar við því.

Drekk ég þar með vatnsglas mitt í botn og segi máli mínu lokið í þessari fyrri ræðu minni en ég mun að sjálfsögðu koma aftur því það eru ótal atriði sem mér hefur ekki gefist tími til að fjalla um og hef ég þó talað núna í tæpa þrjá tíma. (Gripið fram í.)

[23:04]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til vatnalaga. Þessi umræða hefur tekið dágóðan tíma því að hún hófst, ef ég man rétt, fyrir rúmri viku og hefur með örfáum undantekningum staðið nær linnulaust síðan. Þetta er umræða sem er afar óvenjuleg á þessum tíma þinghalds. Það hlýtur að vera okkur verulegt umhugsunarefni hver ástæðan er fyrir því að umræða um þetta frumvarp skuli hafa dregist svo mjög á langinn og að hér skuli haldnir fundir mér liggur við að segja dag og nótt, jafnt virka daga sem helga, og að ekki skuli nást neitt form á þá umræðu og að þannig sé ástandið í dag, sem er þó venja til að á mánudegi liggi fyrir ákveðið form a.m.k. um næstu daga, þ.e. þá viku sem hefst í dag. Við hljótum því að horfa til þess að hér sé eitthvað óvenjulegt á ferðinni.

Það verður að segjast eins og er að því miður virðist eins og málið hafi þróast í þá átt að stöðugt breikki bilið á milli þess sem yfirstjórn þingsins vill ná fram og svo stjórnarandstaðan. Þetta er ástand sem í rauninni er ekki líðandi og á ekki að þurfa að gerast á hinu háa Alþingi. Við getum rifjað það upp og farið líklega nokkra áratugi aftur í tímann að hugsanlega hafi slíkt ástand verið hér þá að þingheimur hafi ekki vitað hvað dagurinn bæri í skauti sér, hvað þá heldur næstu dagar. Við þekkjum auðvitað ýmsar sögur og ýmis átök á vinnumarkaði þar sem svipað var ástatt, þ.e. að svo langt var á milli deiluaðila að ekki var ræðst við og það endaði með miklum átökum.

Ég hélt, virðulegi forseti, að þetta væri liðin tíð og þetta hefði verið lagt til hliðar nær alls staðar í samfélaginu. Þess vegna er afskaplega slæmt að það skuli ekki vera svo hjá yfirstjórn Alþingis að búið sé að leggja slíkt til hliðar. Ég hélt í raun og sann að allir hefðu lært af þessum tímum og sú lexía hefði verið að forðast skyldi að deilur lentu í slíkum hnút að aðilar sæju ekki til lands.

Það kom mér þess vegna ekki á óvart að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði þetta sérstaklega að umtalsefni í dag þegar við ræddum fundarstjórn forseta, þar sem hv.

þingmaður benti á að trúlega væru allir komnir of langt, eins og hann orðaði það. Þess vegna þyrfti að finna leið út úr vandanum og hann kallaði til þess forms að forustumenn flokkanna hittust og reyndu að ræða málin svo finna mætti einhverja lendingu þannig að eðlilegt þinghald gæti átt sér stað. Ég tók líka eftir að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður þingflokks sjálfstæðismanna, og sá sem í raun og veru sinnti störfum þingflokksformanns þá viku sem þessi umræða hefur staðið, tók undir þessi orð. Ég held því að það blasi við að áhugi á að reyna að finna lendingu í þessu máli, þ.e. reyna að koma þinghaldinu í eðlilegan farveg, sé mjög víða í þingflokkum á Alþingi.

Þess vegna urðu það mér mikil vonbrigði að dagurinn í dag skuli ekki hafa nýst til þess og að fundur sem haldinn var um kvöldmatarleytið, þ.e. á milli klukkan sjö og hálfátta, milli forseta og þingflokksformanna, skuli ekki hafa komist að niðurstöðu í þessa veru. Ég benti á það áður, í umræðum um fundarstjórn forseta, að það væri ansi knappt að gefa aðeins 30 mínútur til slíkra fundarhalda og má segja að að hafi ekki verið líklegt til árangurs þegar hann var haldinn undir slíkri pressu. Það er ljóst að formlegir fundir eru ekki eina formið sem hægt er að fara í til að finna einhvern flöt á slíku máli. Ég vona að kvöldið hafi verið nýtt til óformlegra funda þannig að búið sé að þreifa á því hvort ekki sé hægt að finna einhverja lausn sem nýtist okkur í þessu máli, vegna þess að hér er ekki um venjulegt mál að ræða sem eðlilegt er að þingmeirihluti keyri algjörlega þvert á þingminnihlutann hverju sinni. Þannig var það 1923, eða árin þar á undan, að þingið komst að þeirri niðurstöðu að þetta mál væri af þeirri stærðargráðu að eðlilegt væri að ná um það víðtækari samstöðu en svo að það væri keyrt í gegnum þingið með einföldum meiri hluta. Það er mjög nauðsynlegt þegar fjallað er um slík stórmál að menn leiti eftir að samstaða sé meiri um þau en önnur vegna þess að það er þannig hjá okkur að oft er skipt um ríkisstjórnir. Stjórnarmeirihlutar breytast. Því er auðvitað eðlilegt, ég tala nú ekki um þegar við höfum dæmi fyrir okkur um að lög á þessu sviði standa mjög lengi, að leitað sé eftir víðtækari samstöðu.

Þegar grannt er hlustað blasir við að það er ekki endilega svo ýkjalangt á milli aðila í málinu. Stjórnarandstaðan hefur ítrekað spurt: Hvað liggur á? Hvað er að sem kallar á þennan hraða? (**Gripið fram í:** Hvaða hraða?) Þann hraða, hv. þingmaður, að ekki skuli vera hægt að ræða neitt annað mál á Alþingi en þetta og það skuli rætt þar til yfir lýkur og að það sé ekki möguleiki t.d. núna að ræða utandagskrárumræðuefni sem mörg hver eru afskaplega brýn.

Ætli samfélagið í dag hafi ekki snúist að miklu leyti um það hver sé staðan í efnahagsmálum Íslendinga. Hvernig stendur á því að ekki er hægt að fá slík mikilvæg mál dagsins í dag rædd á Alþingi af þeirri einföldu ástæðu að yfirstjórn þingsins hefur tekið ákvörðun um það, einhliða að sjálfsögðu, að stjórnarandstaðan skuli ekki komast upp með neitt múður og skuli bara ræða frumvarp til vatnalaga þar til umræðunni lýkur? Annað skuli ekki rætt. (Gripið fram í.) Svona vinnubrögð, hv. þingmaður, eru auðvitað ekki vinnubrögð sem við eigum að líða á Alþingi. Það er lágmarkskrafa til okkar allra að við getum náð saman um vinnulag. Það er enginn að fara fram á að við eigum að vera sammála um allt, þó ekki væri. Vegna þess að það er hluti af lýðræðinu að við ræðum málin út frá mismunandi sjónarhornum, að við skiptumst á skoðunum og reynum að komast að sem bestri niðurstöðu. Því miður virðist það ekki eiga að vera svo, heldur virðist meiri hlutinn á Alþingi vera búinn að komast að einhverri niðurstöðu sem ekki megi á nokkurn hátt breyta. Ég held að orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sé einmitt vísbending um að svo sé þó ekki hjá öllum þingmönnum stjórnarliðsins að menn séu búnir að gefa sér að hér megi engu breyta og að ekki sé hægt að finna einhverja niðurstöðu.

Ég var, hæstv. forseti, að ræða um að sú stóra spurning sem hér hefur hvað eftir annað komið fram, af hverju liggi svona á, þegar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kom hér og endurtók hvað lægi á. Ég gaf honum örlitla skýringu á því hvað átt væri við með þessari spurningu. En það verður því miður að segjast að engin svör hafa borist við spurningunni: Af hverju liggur svona mikið á? Það er enn erfiðara að skilja hvað liggi svona mikið á þegar höfð eru í huga ummæli fjölmargra þingmanna stjórnarliðsins að þessi lagasetning breyti engu, hún breyti nákvæmlega engu.

Svo ég haldi áfram að vitna í hv. þm. Einar Odd Kristjánsson þá fullyrti hv. þingmaður að það breytti engu hvort frumvarpið yrði að lögum eða ekki. (Gripið fram í.) Ef við nálgumst þetta mál eins og hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson segir, að forðast beri að setja lög ef ekki er þörf á því, eins og ýmsir hv. þingmenn úr stjórnarliðinu hafa margoft sagt, þá held ég að það hljóti að vera miklu nær lagi að láta þetta kyrrt liggja. Eða að samþykkja þá tillögu sem minni hluti iðnaðarnefndar hefur lagt fram, að málinu sé vísað frá þannig að betri tími gefist til þess að fara yfir frumvarpið sem slíkt, ég tala nú ekki um að skoða ýmis önnur álitamál sem tengjast þessu máli, t.d. taka vatnalögin frá 1923 til fleiri þátta og ýmsir hafa bent á það í umsögnum sínum að eðlilegt sé að horfa til þeirra um leið.

Það er m.a. athyglisvert að starfsmaður einnar af meginundirstofnunum umhverfisráðuneytisins, þ.e. Umhverfisstofnunar, sem kom til fundar í iðnaðarnefnd í morgun, staðfesti að fyrri umsögn hennar um að eðlilegt sé að skoða þetta lagafrumvarp í tengslum við vatnatilskipun ESB standi enn og þrátt fyrir að komin sé fram niðurstaða um hvað í henni eigi að vera breyti það hins vegar engu þrátt fyrir að fulltrúi umhverfisráðuneytisins á sama fundi hafi sagt allt annað. Sést þá hvernig niðurstaða getur orðið þegar hið pólitíska vald og hinar faglegu stofnanir leggja mismunandi mat á málið.

Það er athyglisvert að Umhverfisstofnun skuli enn halda við þessa skoðun af þeirri einföldu ástæðu að fram hefur komið að yfirmenn og ákveðnir starfsmenn eða hæstv. ráðherra, hygg ég, hafi á stundum sett ofan í við stofnunina um að stofnunin væri jafnvel komin út fyrir sitt svið að mati hæstv. ráðherra. En stofnunin stendur enn við þá niðurstöðu sína og telur enga ástæðu til að breyta henni.

Herra forseti. Það er líka athyglisvert að fram hefur komið að sú leið sem valin er í þessu frumvarpi sé nær einstök í heiminum, þ.e. að það séu afar fá lönd sem hafi gengið jafnlangt og þetta frumvarp gerir ráð fyrir varðandi eignarréttinn á vatninu. Þetta er mjög athyglisvert. Enginn sérstakur rökstuðningur hefur komið fram fyrir því af hverju

sérstaða okkar er svona mikil. Ég tala nú ekki um þegar við horfum aftur til orða margra hv. stjórnarþingmanna um að lagasetningin muni engu breyta, enda sé hér eingöngu um formbreytingu að ræða. Þrátt fyrir að í frumvarpinu segi, ef ég man rétt, að fyrst og fremst sé um formbreytingu að ræða, eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu, og ekkert annað, þá verður þetta auðvitað allt saman enn þá sérkennilegra.

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að fjalla örlítið meira, áður en ég fer í efnislega umfjöllun um frumvarpið, um þann tíma og það ástand sem við höfum þurft að horfa upp á og nú ríkir í þinginu. Ég vil aðeins fara betur í þá umræðu sem við höfum nokkrum sinnum rætt undir fundarstjórn forseta, hvaða hugmyndir við höfum og eigum að hafa um störf forseta þingsins. Hæstv. forseti þingsins hlýtur að eiga að vera, svo það sé endurtekið, forseti allra þingmanna. Það gengur ekki að stór hluti hv. þingmanna hafi það á tilfinningunni að hæstv. forseti gangi fyrst og fremst erinda einstakra hæstv. ráðherra. Slíkt gengur ekki. Fyrr í kvöld gerði ég það að umræðuefni í framhaldi af því sem nokkrir hv. þingmenn sögðu, að ég tryði því ekki að málið væri þannig.

En það er auðvitað umhugsunarefni fyrir hæstv. forseta ef fjöldi þingmanna hefur það á tilfinningunni að forseti virði ekki óskir hv. þingmanna til jafns við óskir hæstv. ráðherra. Sú staða sem við sitjum nú uppi með á þinginu bendir auðvitað til þess og því hafa margir hv. þingmenn haft það á orði að hæstv. forsetar séu ekki öfundsverðir af þeirri stöðu að þurfa að keyra mál áfram í krafti þess að hæstv. ráðherrar hafi farið fram á slíkt. Það gengur náttúrlega ekki að þetta séu viðhorf einstakra þingmanna. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt fyrir virðulegan forseta að koma fram á þann hátt að þingmenn séu vissir um að svona séu mál ekki keyrð áfram.

Ég verð, virðulegi forseti, að segja að það ástand sem nú ríkir er afskaplega óvanalegt á þessum tíma árs. Við þekkjum það að slíkt ástand hefur skapast oft rétt fyrir þinglok þegar mikil pressa er komin og verið er að reyna að hafa áhrif á hvaða mál komast í gegn fyrir þinglok eða fyrir jólaleyfi. En ég held að þetta sé nær einstakt að svona ástand komi upp um miðjan vetur. Það er enn þá sérkennilegra í ljósi þess að hæstv. forseti boðaði það í stefnuræðu sinni við upphaf þings þegar hæstv. forseti tók við embætti, að nú skyldi sérstaklega horft til þess að vinnubrögð Alþingis yrðu meira í takt við nútímann en verið hefur.

Ég held, virðulegi forseti, að flestir hv. þingmenn hafi fagnað alveg sérstaklega þessari yfirlýsingu og búist við að nú yrði breyting á. Ég held ég geti fullyrt að enginn hv. þingmaður hafi látið sér detta í hug að fyrstu einkenni breytinga á yfirstjórn þingsins yrðu þær að hér yrði slíkt ástand sem verið hefur síðustu viku eða undanfarna daga. Að boðað væri til funda með afskaplega skömmum fyrirvara og ekki lægi fyrir nein áætlun um hvernig þinghald yrði næstu daga. Boðað væri til þingfunda jafnt að kveldi sem helga daga og vonlaust væri fyrir hv. þingmenn að gera nokkrar áætlanir um vinnu sína.

Virðulegi forseti. Ég held að slíkt þekkist varla neins staðar í nútímasamfélagi að nokkrum séu búin slík vinnuskilyrði að geta ekki gert neinar áætlanir um tíma sinn vegna þess að algert skipulagsleysi sé um vinnutíma. Og að hv. þingmenn hafi enga möguleika á að skipuleggja vinnutíma sinn, ég tala nú ekki um í starfi eins og okkar hv. þingmanna sem er afskaplega fjölbreytt. Við þurfum að sinna margvíslegum störfum utan hinna hefðbundnu þingstarfa og þurfum að taka tillit til ótal þátta, svo ég tali nú ekki um þegar horft er til hinnar miklu áherslu sem hæstv. forseti lagði á að gera vinnustaðinn fjölskylduvænni.

Ég held að það sé nokkuð ljóst að þessir síðustu dagar eru líklega eins langt frá því að vera fjölskylduvænir og þeir geta verið. Af þeirri einföldu ástæðu að hér hefur verið, eins og ég sagði áðan, boðað til þingfunda með mjög skömmum fyrirvara. Ég minnist þess t.d. síðastliðinn miðvikudag þegar boð kom líklega á milli kl. 15 og 16 um að þingfundur mundi hefjast kl. 18 síðdegis, þ.e. að loknum þingflokksfundum, og það yrði haldið áfram en hversu lengi vissi ekki nokkur maður, að því er virtist vera.

Fimmtudagurinn var reyndar samkvæmt starfsáætlun. Síðan kom föstudagurinn, boðaður líka seint og um síðir, og hið sama má segja um laugardaginn. Síðan gerist það í dag, að ekkert liggur fyrir um þinghald þessarar viku annað en að þetta frumvarp til vatnalaga verði rætt svo lengi sem einhverjir hv. þingmenn séu á mælendaskrá.

Svona vinnubrögð, eins og ég sagði áðan, eru ekki til þess fallin að færa þinghaldið í átt til nútímans. Fyrir liggur að verið er að fara marga áratugi aftur í tímann í vinnubrögðum og að missa mér liggur við að segja svo einfalda hluti, virðulegi forseti, eins og að halda lágmarkssamkomulagi um vinnulag hér á þinginu í þann hnút sem gerst hefur að undanförnu, er með ólíkindum og hlýtur að verða okkur öllum mikið umhugsunarefni hvernig slíkt getur í rauninni gerst.

Það er síðan alveg sérstakur kapítuli út af fyrir sig að skoða hvað ýmsir hæstv. ráðherrar hafa verið að segja við fjölmiðla að undanförnu. Það nýjasta eru yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra sem voru afskaplega athyglisverðar á hinum mánaðarlega blaðamannafundi hæstv. ráðherra sem haldinn var í morgun. Þar er hæstv. ráðherra spurður út í þetta frumvarp til vatnalaga. Og hæstv. ráðherra telur fulla ástæðu til að tilgreina sérstaklega að hann átti sig nú engan veginn á því hvað stjórnarandstaðan sé að fara og botni ekki neitt í þeim málflutningi. Þegar fréttamaður spyr í hvaða nauðir reki varðandi frumvarpið og hvað það sé, þá er farið yfir það að það séu alls konar vandkvæði og ýmis mál sem sýni það og sanni. Þegar fréttamaðurinn spyr síðan þeirrar eðlilegu spurningar hvaða dæmi þarna sé um að ræða, þá verður hæstv. forsætisráðherra orða vant og getur engin dæmi nefnt. Ekki eitt einasta dæmi.

Þetta fellur því í sama farveg og ég nefndi áðan, að þegar spurt er af hverju liggi svona á hvað varðar þetta mál verður fátt um svör, því engar skýringar hafa komið fram varðandi það.

Það var sérstaklega athyglisvert að hæstv. forsætisráðherra reyndi síðan að eyða þessari spurningu og fór að tala um annað mál, þjóðlendumálið, sem vissulega er ljóst að ríkisstjórnin hefur lent í ákveðnum vanda með. En það sýnir, og er alþekkt dæmi, að þegar menn eru komnir í vanda með svör vilja þeir helst tala um eitthvað allt annað. Þetta dæmi frá því í morgun sýnir það býsna vel að hæstv. forsætisráðherra var í miklum vanda við að svara svo einfaldri

spurningu sem maður hefði nú talið að væri ekki vandsvarað miðað við hversu mikið virðist liggja við að koma þessu máli í gegnum þingið. Þá hefði átt að vera hægur vandi að færa almennileg rök fyrir því en augljóst var að meira að segja hæstv. forsætisráðherra réði ekki við það. Við höfum verið nokkuð hissa á að ýmsir hv. þingmenn, sem hér hafa verið fótgönguliðar ríkisstjórnarinnar í þessu máli, hafa átt í erfiðleikum með að útskýra þetta fyrir okkur. Við sáum það í morgun þegar hæstv. forsætisráðherra gat það ekki einu sinni, þá er það skiljanlegt að einstakir hv. þingmenn skuli eiga í erfiðleikum með slíkt.

En virðulegi forseti. Við hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum þess vegna verið að velta því fyrir okkur hvað það geti verið sem valdi þessu. Er einhver skýring sem hæstv. ráðherrar hafa af ýmsum ástæðum ekki viljað gefa á því af hverju liggi svona mikið á þessu? Það er eðlilegt að nokkrir hv. þingmenn hafi velt fyrir sér stórframkvæmdum austur á landi sem tengdar eru Kárahnjúkavirkjun. Getur verið að það sé eitthvað þar að gerast sem kallar á að breyta þurfi þessum lögum? Það var eðlilega spurt um þetta í dag. Hæstv. iðnaðarráðherra kom í þennan ræðustól í morgun og fullyrti að svo væri ekki. Að sjálfsögðu treystum við því að hæstv. ráðherra gefi ekki slíkar yfirlýsingar nema niðurstaðan sé rétt. Þá getum við ýtt því til hliðar og sagt að það væri þá ekki út af því.

Það eru gífurlegir vatnaflutningar sem við vissum ekki til að væru nein vandkvæði á og þetta staðfestir hæstv. ráðherra að er ekki. Við gerum þar af leiðandi ráð fyrir að svo sé ekki. Enda hefði þá væntanlega verið tekið á þeim vandamálum, ef einhver hefðu verið, í þeim sérlögum sem gilda um þær framkvæmdir. Svo var ekki. Við getum þá ekki horft til þeirra.

Þá eðlilega fara menn að velta fyrir sér: Hvað getur það þá annað verið? Ræddar hafa verið ýmsar virkjanir í Þjórsá. Getur verið að þar séu einhver vandkvæði? Ég gat ekki í dag, virðulegi forseti, fylgst með hverri einustu ræðu sem hér var haldin. En ég minnist þess ekki að því hafi verið svarað hreinlega, að minnsta kosti ekki af hæstv. ráðherra, að slíkt væri ekki. Þannig að hugsanlegt er að þar séu einhver vandkvæði. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ef svo er, þá er nauðsynlegt að það komi fram við umræðuna. Að einhver skýring komi á því hvers vegna verið er að keyra frumvarpið í gegnum þingið með þessum hraða. Hvað liggur á? Svar við því, virðulegi forseti, hefur ekki komið enn, því miður, og við bíðum eftir að slíkt svar komi.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan í ræðu minni að það hefði valdið mér miklum vonbrigðum að sá fundur sem haldinn var hér í kvöldmatarhléi með formönnum þingflokka og hæstv. forseta skyldi ekki hafa skilað árangri. Maður veltir því fyrir sér hvernig standi á því vegna þess að eftir því var tekið fyrr í dag að tveir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem tengjast þessu máli á ákveðinn hátt lögðu sérstaklega til að reynt yrði að finna einhvern flöt á að koma þinghaldinu í eðlilegan farveg. Ég sagði að þessir hv. þingmenn tengdust þessu máli á ákveðinn hátt. Það er eðlilegt að skýra það örlítið. Annars vegar var um varaformann iðnaðarnefndar að ræða sem hefur þar af leiðandi leitt með væntanlega formanni iðnaðarnefndar málið í (**Gripið fram í:** Oddviti stóra flokksins.) nefndinni og er oddviti stóra flokksins í stjórnarsamstarfinu í málinu. Ekki bara það heldur hefur hv. þingmaður mikla reynslu af því að láta mál ekki fara í slíkan hnút eins og þetta mál hefur farið í. Ég rifjaði það upp fyrir stuttu síðan í ræðu minni að hv. þingmaður kom að þjóðarsáttarsamningunum svokölluðu. Þar var brotið blað í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Ég taldi að af því hefðu allir lært sína lexíu. Þess vegna er það afskaplega alvarlegt að yfirstjórn þingsins skuli ekki hafa numið þessi fræði.

Ég held að það verði að líta á þessa ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar í þessu samhengi. Hv. þingmaður var að gefa ákveðin skilaboð til þingheims og vegna þess frammíkalls sem hér átti sér stað um að væntanlega hafi þetta verið ákveðin vísbending til litla flokksins í stjórnarsamstarfinu þá held ég að það geti vel verið og það sé eðlilegt að sá flokkur íhugi hvort ekki sé kominn tími til að hægja örlítið á þannig að við getum komið þinghaldinu aftur í eðlilegan farveg. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lét sér ekki nægja að benda á þetta heldur fullyrti að það mundi engu breyta hvort þetta frumvarp yrði að lögum eða ekki. (**Gripið fram í:** Þessi þingmaður hafði forustu um að ... í vetur.)

Hæstv. forseti. Þetta frammíkall er afskaplega gefandi inn í þessa umræðu. Af þeirri (Gripið fram í.) einföldu ástæðu að hér skiptir auðvitað máli hver er að tala. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að varaformaður iðnaðarnefndar hefur áður komið með svipuð skilaboð til þingheims. Það er mikilvægt að skoða þetta í þessu samhengi einnig vegna þess að þar var ekkert venjulegt mál á ferðinni. Þar var verið að bjarga klúðri. Það gerðist m.a. í þessum ræðustól að hæstv. iðnaðarráðherra kom hér og baðst afsökunar á því að hafa misskilið eigið frumvarp. Þetta skiptir gífurlegu máli vegna þess að þetta varð til þess að iðnaðarnefnd þingsins kom hér með tillögu sem leysti í raun og veru það mál. Ég er alveg viss um það, hæstv. forseti, að ef þetta mál fer með svipuðum formerkjum til iðnaðarnefndar þá væri hugsanlega hægt að finna flöt sem gæti tryggt að þingstörf yrðu í eðlilegum farvegi. Þetta tel ég að hafi verið skilaboð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, þ.e. að það mætti finna flöt á málinu ef menn nálguðust það með því markmiði.

Virðulegi forseti. Annar þingmaður kom einnig og tók undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Það var Guðlaugur Þór Þórðarson, sem við skulum ekki gleyma (Gripið fram í.) að hefur verið starfandi þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, þ.e. stóra flokksins í stjórnarsamstarfinu alla síðustu viku eða megnið af henni. (**LB:** Og annálaður friðarins maður.) Hárrétt, hv. þingmaður. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur oft farið með friði hér í þingsölum þó svo að einstaka sinnum hafi hv. þingmaður sýnt á sér aðra hlið þegar hv. þingmaður hefur talið væntanlega að það væri einhverju máli til framdráttar.

Ég tók eftir því að fyrir helgi, (**Gripið fram í:** Það er óljóst hvenær ...) kom hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson með allt aðra nálgun á málið heldur en í dag. Þá kom hv. þingmaður hér og talaði með allt öðrum hætti og eiginlega vildi, ef maður vill skilja það þannig, spilla friði. (**LB:** Kom aldrei inn á ...) Það er að vísu töluvert afrek hjá hv. þingmanni að hafa komist hjá því og verður það að segjast að

það virðist benda til að hv. þingmaður Guðlaugur Þór Þórðarson sé nú að stíga afskaplega mikilvæg skref í þá átt að einbeita sér að þingstörfum og gleyma störfum sínum í Ráðhúsinu sem er mjög mikilvægt að gerist. (**SKK:** Hvað kemur þetta ... það upplýst.) Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er að verða nokkuð órólegur hæstv. forseti. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti hefur veitt því athygli að þingmenn eru nokkuð órólegir sumir í salnum og biður forseti þá að gefa hv. 7. þm. Norðausturkjördæmis tækifæri til að halda áfram ræðu sinni.)

Ég þakka það að virðulegur forseti aðstoðar mig við að róa hv. þingmenn. Mér þætti vænt um, virðulegi forseti, af því ég sé að afspyrnulítið er af vatni í ræðupúlti hvort möguleiki sé að bjarga því. Ég sé líka að klukkan er orðin rúmlega hálftólf og því væri kannski gott að fá að vita hvort hæstv. forseti hafi einhverja hugmynd um hvenær fundi (Gripið fram í.) muni hugsanlega ljúka á þessu ágæta kvöldi?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti getur upplýst að ætlunin er að halda áfram fundi enn um sinn en um nákvæmar tímasetningar getur forseti ekki gefið upplýsingar á þessari stundu.)

Virðulegi forseti. Auðvitað er ekki hægt að ætlast til að hæstv. forseti svari þessu nákvæmlega. En ég vona að hér sé verið að undirbúa (**Gripið fram í:** Vatnsburð.) vatnsburð. (**Gripið fram í:** ... pening?) Hv. þingmaður, sem betur fer er nú ekki frumvarpið orðið að lögum. Ég geri ráð fyrir að hér sé ég að fá vatn sem er í okkar allra eigu og ég hefði því rétt á að fá þann skammt (**Gripið fram í:** Enn um sinn.) sem mér þóknast enn um sinn. Vona ég að enn um sinn sé í þeirri merkingu nokkuð langur tími þó svo að enn um sinn í ummælum hæstv. forseta sé hins vegar frekar styttri tími en í hinu tilfellinu.

Virðulegi forseti. Þar sem hæstv. forseti getur ekki svarað spurningu minni um hversu lengi megi búast við að þessi fundur muni standa er ástæða til þess að upplýsa hæstv. forseta um að klukkan hálfníu í fyrramálið er iðnaðarnefnd kölluð til fundar. Þá er á dagskrá nefndarinnar afskaplega mikilvægt mál, nefnilega byggðaáætlun. Svo vill til að sá sem hér stendur þarf að sinna störfum í iðnaðarnefnd í fyrramálið þar sem hv. þm. Helgi Hjörvar er fjarstaddur. Mér þætti vænt um ef hæstv. forseti gæti svarað mér til um hvort það væri ekki tryggt að ég fengi svona um það bil átta klukkustunda hvíld fyrir þann mikilvæga nefndarfund, *ég tala nú ekki um þar sem að ég tók þetta ekki að* mér fyrr en seinni partinn í dag og var þá að undirbúa þessa ræðu mína. Þess vegna hef ég ekki lokið því að undirbúa mig fyrir þennan nefndarfund í fyrramálið. Mér þætti því vænt um að vita hvort hæstv. forseti muni ekki tryggja að ég fái að minnsta kosti átta tíma hvíld fyrir nefndarfundinn sem hefst, eins og ég sagði áðan, klukkan hálfníu í fyrramálið.

Ég get bætt við þessa spurningu, svo hæstv. forseti fái örlítinn umhugsunarfrest, því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson formaður iðnaðarnefndar hefur þurft að standa hér vakt býsna mikið að undanförnu og ég held að það sé alveg ljóst að hv. þingmaður — ég held ég taki nú ekki sterkara til orða en það — hefði gott af því að fá örlitla hvíld fyrir nefndarfundinn á morgun þannig að það væri tryggt (Gripið fram í.) að nefndarfundurinn yrði árangursríkur um það mikilvæga mál sem þar á að fjalla um. Ég tel, þó ég undirskilji sjálfan mig þrátt fyrir að ég mundi þiggja átta klukkustunda hvíldina, að hv. formaður iðnaðarnefndar mundi væntanlega þiggja átta klukkustunda hvíld eins (Gripið fram í.) og yfirleitt er gert ráð fyrir svona við alvarleg störf sem ég tel að verði sinnt í iðnaðarnefnd með morgni.

Telur virðulegi forseti að hægt sé að fá svör við þessari spurningu, ef ekki nú þá kannski um miðnætti? (Gripið fram í.) Virðulegur forseti. Þú áttaðir þig á spurningu minni?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti veltir fyrir sér hvort hv. þingmaður hafi lokið ræðu sinni?)

Virðulegur forseti. Nei, það er ekki svo. En það eru ákveðin kaflaskipti í ræðu minni nú svo það væri ágætt þegar ég skipulegg þennan kafla minn að vita hvað langur tími hugsanlega sé til fundarloka þannig að hægt væri að hafa annaðhvort styttri eða lengri útgáfu á þessum kafla.

(**Forseti** (BÁ)**:** *Forseti hefur áður sagt að ætlunin er* að halda áfram fundi enn um sinn (**ÖS:** Hvernig skilgreinir hann enn um sinn?) og verður hv. þingmaður að una því svari að svo stöddu.)

Virðulegi forseti. Ég þakka enn á ný svör hæstv. forseta. Ég tel að hæstv. forseti þurfi annaðhvort að ráðfæra sig við einhverja eða gefa sér örlítið meiri umhugsunartíma áður en hann ákveður hvenær þessum fundi ljúki. Ég vek athygli hæstv. forseta á því að það er nefndarfundur klukkan hálfníu í fyrramálið í iðnaðarnefnd sem er sú nefnd sem fjallar um það mál sem er hér til umfjöllunar. Það verður að gera ráð fyrir því að flestir ef ekki allir, hv. þingmenn sem sitja í þeirri nefnd fylgist með þessari umræðu og telji það nær skyldu sína að vera hér ætíð viðbúnir þátttöku í umræðum ef ástæða þykir til og eru hugsanlega einhverjir á mælendaskrá eða í þeim stellingum að vilja fara í andsvör við ræðumenn. Ég vil því í mestu vinsemd benda hæstv. forseta á að það væri, held ég, leið að minnsta kosti í þá átt að greiða frekar fyrir þingstörfum ef það lægi fyrir að allir hv. þingmenn sem þurfa að taka þátt í nefndarstörfum klukkan hálfníu í fyrramálið gætu verið vissir um að þeir fengju í hið minnsta átta klukkustunda hvíld. Ég þori ekki að fullyrða, virðulegur forseti, að það sé algjör regla hér í þinginu að slíkt sé tryggt. En ég trúi því að það hafi að minnsta kosti fram að þessu verið reynt að tryggja að ekki væri mál til umræðu í þinginu sem tilheyrðu ákveðinni nefnd óðruvísi *en að gengið væri út frá að hv. þingmenn sem í viðkomandi* nefnd starfa hefðu að minnsta kosti átta klukkustunda hvíld fyrir nefndarfund, ég tala nú ekki um þegar umræður eru búnar að standa jafnlengi og raun ber vitni í þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég mun þá snúa mér að næsta kafla í ræðu minni þar sem ég tel þörf á að rifja upp ýmislegt sem fram hefur komið í þessari umræðu og er eiginlega grundvöllur hennar fyrst og fremst, þ.e. nefndarálitið sem minni hluti iðnaðarnefndar lagði fyrir þingið. Það má segja að í því nefndaráliti komi fram það sem meginmáli skiptir. Í áliti minni hlutans er t.d. bent á að á fundum nefndarinnar hafi það komið mjög skýrt fram hjá ýmsum umsagnaraðilum og sérfræðingum að ekki væri nauðsyn á þeirri breytingu sem var lögð til og engin sérstök vandamál gerðu það að verkum að hraða þyrfti endurskoðun laganna. Þá þarf

ekki umsagnaraðila eða sérfræðinga til þess. Hv. þingmenn stjórnarliðanna hafa heldur ekki bent á að neitt kallaði á að hraða þyrfti þessu sérstaklega í gegnum þingið eða að endurskoða þyrfti þessi lög, ég tala nú ekki um að taka þau út úr þeirri heildarskoðun sem bent hefur verið á að væri nauðsynlegt að fara í og ég veit ekki betur en að allir hafi lýst yfir að þeir væru reiðubúnir að gera. En af einhverjum ástæðum hefur þótt ástæða til að taka þetta mál alveg sérstaklega út úr í þessu samhengi.

Í nefndarálitinu er rifjað upp að fara þurfi hægt í málið og vanda betur til verka. Það er eðlilegt að minna á að það tók Alþingi sex ár að fjalla um og semja núgildandi vatnalög. Við vitum að þau eru býsna vönduð smíði. Það var farin ákveðin leið til að semja lögin en svo virðist sem meiri hlutinn, sem nú situr á þingi, hafi ekki áhuga á að fara slíka samráðsleið og fá sem mesta samstöðu um málið. Nei, nú er öldin önnur, skal ganga hart fram í að keyra málið í gegn og setja þinghaldið í uppnám. Þannig virðist mikið liggja við þrátt fyrir að engar skýringar komi á því hvað á liggur.

Í nefndaráliti er vakin sérstök athygli á því sem segir í 1. gr. frumvarpsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni ...“ og í nefndarálitinu segir síðan, með leyfi forseta:

„Það verður að telja vafasamt orðaval ef hér á fyrst og fremst að vera um formbreytingu að ræða eins og sagði í athugasemdum með frumvarpinu. Þar var einnig sagt að í þessari nýju skilgreiningu á vatnsréttindum fælist í raun meginatriði frumvarpsins en þó var sérstaklega áréttað að þar væri „fyrst og fremst“ um formbreytingu að ræða.“

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert hvernig þetta er orðað. Þetta tal um formbreytingu er rauði þráðurinn í öllum málflutningi hv. þingmanna stjórnarmeirihlutans, að eingöngu sé um formbreytingu að ræða og ekkert annað. Þrátt fyrir það segir að fyrst og fremst sé um formbreytingu að ræða, sem samkvæmt orðanna hljóðan þýðir að eitthvað meira er á ferðinni en formbreyting, þótt hún sé aðalatriðið að mati höfunda laganna, sem hefur verið upplýst að eru lögfræðingar, verktakar sem hafa verið fengnir til að semja það.

Í nefndaráliti minni hluta iðnaðarnefndar segir, með leyfi forseta:

„Í athugasemdum frá laganefnd Lögmannafélags Íslands var sérstaklega fjallað um það orðalag og sagt að það væri til þess fallið að vekja vafa um markmið breytinganna og að mun skýrara væri að segja afdráttarlaust að hér væri einungis um formbreytingu að ræða.“

Á því varð engin breyting þrátt fyrir þessa ábendingu. Í þessu ágæta minnihlutaáliti er einnig bent á eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í sérstakri viðbótarumsögn Orkustofnunar sem nefndinni barst var tekið sérstaklega undir þessa athugasemd laganefndar Lögmannafélagsins. Meiri hluti nefndarinnar hefur lýst því yfir að þessi breyting sé einungis formbreyting en muni engin áhrif hafa á raunveruleg réttindi. Höfundar frumvarpsins hafa ítrekað fullyrt að engin ný réttindi muni skapast eða glatast verði það að lögum. Eftir stendur að skilningur þeirra sem sömdu frumvarpið var og er óumdeilanlega að aðalmarkmið þess sé „skýrt eignarhald á vatni“. Það vekur óneitanlega tortryggni þegar því er haldið fram að aðalmarkmið lagasetningarinnar sé formbreyting eins og nú er orðin niðurstaða meiri hlutans.

Það að hér gangi mönnum annað til en umhyggja fyrir formi og samræmi sannaðist þegar aðalhöfundur þessarar lagasmíðar svaraði spurningum nefndarmanna, en hann var m.a. spurður hvort það gæti skapað skaðabótaábyrgð á hendur ríkinu ef ákvæði um vatn sem nú eru í lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu yrðu numin brott. Svarið var skorinort „já, án vafa“. Höfundar frumvarpsins höfðu ítrekað vísað til þessara ákvæða um vatn sem sambærilegra við þau sem deilt er um í þessu máli. Þarf frekari vitna við? Ef sambærileg ákvæði laganna um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og þau sem hér um ræðir færa mönnum skaðabótarétt verði gerð á þeim sú formbreyting að færa réttindin til fyrra horfs hlýtur að mega gagnálykta á þann veg um þá breytingu sem felst í frumvarpinu að í henni felist breyting á réttarstöðu.“

Virðulegi forseti. Ég hef ekki orðið var við það í umræðunni, í einstaka innskotum hv. þingmanna stjórnarliðanna, að þessi gagnályktun hafi verið hrakin. Ég hef ekki orðið var við það þannig að við hljótum að halda okkur við það þar til okkur verður a.m.k. sýnt fram á annað Það er með ólíkindum að heill þingmeirihluti skuli dag eftir dag halda því fram að aðeins sé um formbreytingu að ræða og að lagafrumvarpið muni engar breytingar hafa í för með sér. En samt liggur svo mikið við að koma frumvarpinu í gegnum þingið að önnur mál er ekki hægt að ræða á Alþingi Íslendinga. (**ÖS:** Þeir skilja ekki íslensku.) Gæti verið vandinn, hv. þingmaður.

Það væri ekki vandamál fyrir þingheim að taka örlítinn tíma í það, þar sem við höfum menntaða menn á því sviði, til að fara yfir íslenskukunnáttuna ef það er vandamálið. Er það enn ein vísbendingin um að gefa þurfi sér betri tíma til að fara yfir málið. Það er rétt sem hv. þingmaður bendir á með frammíkalli sínu, að það hefur hvarflað að okkur trekk í trekk að einhver misbrestur sé á að allir hv. þingmenn skilji íslenskuna eins. (**ÖS:** Heldur þú að það sé greindarskortur?) Ekki vil ég fullyrða það, hv. þingmaður. Ég held fremur að menn skilji ekki á sama hátt orðið formbreyting og geri það viljandi. (**Gripið fram í:** Láta greindarmæla formann iðnaðarnefndar.) Ekki held ég að það sé þörf á því, hv. þingmaður. Ef hv. þingmaður formaður iðnaðarnefndar fær a.m.k. átta klukkustunda svefn í nótt er ég viss um að hv. þingmaður kemur af fullum krafti til starfa í iðnaðarnefnd í fyrramálið þar sem til stendur að ræða mikilvægt mál, þ.e. byggðaáætlun næstu ára. Ekki veitir af að allir nefndarmenn hafi fulla athygli á því máli. (**ÖS:** Svíkja það eins og allt annað.) Því trúi ég ekki, hv. þingmaður, að hæstv. forseti sjái ekki til að iðnaðarnefnd verði fullfær til þeirra (Gripið fram í.) mikilvægu starfa að morgni.

Að gefnu tilefni, vegna þessa frammíkalls, tel ég rétt að minna hæstv. forseta á að það er fundur í iðnaðarnefnd kl. 8:30 í fyrramálið. Ég bendi á það svo að hæstv. forseti, sem ég trúi að sé farinn að þreytast örlítið líka, haldi fullri athygli við að íhuga hvenær eðlilegt geti talist að þessum fundi ljúki. Ég tala ekki um í ljósi þess að kl. 8:30 í fyrramálið kemur iðnaðarnefnd saman og fjallar um það mikilvæga mál sem ég hef áður nefnt, byggðaáætlun til næstu ára. Það er auðvitað nauðsynlegt að nefndin sé að minnsta

kosti þokkalega úthvíld til að taka á því máli.

Við gætum auðvitað, virðulegi forseti, ef það bætti við rökstuðninginn fyrir því hve nauðsynlegt er að nefndin sé þokkalega úthvíld, rifjað upp hvernig byggðaáætlanir síðustu ára hafa skilað sér. Bara til að leggja áherslu á hve mikilvægt er að iðnaðarnefnd sé þokkalega hvíld þegar hún tekur þau mál fyrir. Það verður því miður að segjast að byggðaáætlanir, allt of langt aftur í tímann, hafa ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt. Þar er væntanlega ýmsu um að kenna. En ég held að það sé mikilvægt að iðnaðarnefnd fái tækifæri til og þokkalega hvíld til að fara yfir reynslu sögunnar svo við þurfum ekki að gera sömu mistök og gerð hafa verið fram að þessu svo bæta megi úr því sem misfarist hefur á undanförnum árum.

Það var áðan rifjað upp að iðnaðarnefnd tók að sér að bæta frumvarp sem kom fram, ef ég man rétt, þá í annað sinn. Það voru breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það var býsna þarft verk af iðnaðarnefnd að koma með þær breytingar sem tryggðu ákveðinn frið og framgang málsins. Ég get endurtekið það, því ég sé hv. formann iðnaðarnefndar koma dauðlúinn í salinn. Ég sé að hv. þm. Birkir Jón Jónsson er algjörlega sammála mér um að æskilegt væri að allir hv. þingmenn í iðnaðarnefnd fari að hvílast örlítið svo þeir verði ferskir í morgunsárið til að taka fyrir það mikilvæga mál sem er á dagskrá nefndarinnar.

Ég held, virðulegi forseti, að full ástæða sé til að taka tillit til hv. þingmanns formanns iðnaðarnefndar. (**BJJ:** Þú lest mig eins og opna bók.) Þakka þér fyrir, hv. þingmaður, að staðfesta tilgátu mína um það sem fram fer í höfði þér. Það blasti við mér að hv. þingmaður væri einmitt að hugsa til þess að undirbúa þyrfti mikilvægan fund í iðnaðarnefnd með morgni. Það er mikilvægt að þá séu menn þokkalega hvíldir og fara megi yfir þau mál, bæði líta til fortíðar og framtíðar, sem er enn þá mikilvægara, þótt við getum ýmislegt lært af fortíðinni. Ég trúi því að hv. þingmaður sé sammála mér um að mikilvægt er að vel takist í umfjöllun iðnaðarnefndar varðandi væntanlega byggðaáætlun. Þar er um mikilvæg mál að ræða og í raun ekki hægt að bjóða hv. þingmönnum í iðnaðarnefnd upp á að geta ekki verið með fulla starfsorku þegar svo mikilvægt mál er á dagskrá nefndarinnar.

Ég endurtek að það er ekki síður mikilvægt að sá sem leiðir fund nefndarinnar sé þokkalega hvíldur og geti einbeitt sér að þeim störfum án þess að þreytan trufli. (**BJJ:** Það er mikilvægt að fara yfir það hvort landsbyggðin fái minni aðgang að vatni eða ekki.) Já, hv. þingmaður. Það er hárrétt að þannig mætti tengja þessi tvö mál. (**LB:** Ef menn verða hálfsofandi þá gæti eitthvað farið fram hjá mönnum.) Já, það er mikil hætta á því og ekki síður að ýmislegt annað gæti farið fram hjá hv. þingmönnum í nefndinni, séu þeir illa sofnir og þreyttir. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að tryggja þeim hvíld. Mér finnst það hlutverk virðulegs forseta að tryggja að hv. þingmenn fái nægilega hvíld til að störf þingsins, sem ég trúi að allir hv. þingmenn hafi áhuga á, séu sem vönduðust. (**Gripið fram í:** Á maður ekki rétt á 11 tíma hvíld.) Ég veit ekki hv. þingmaður hvort 11 tíma hvíld sé endilega nauðsynleg, en ég hef verið afskaplega hógvær. (**SigurjÞ:** Sýnir þetta ekki bara viðhorf Framsóknarflokksins til byggðaáætlunar?)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill eins og í ræðu hv. 7. þm. Norðaust. biðja aðra hv. þingmenn að gefa þingmanni tækifæri að flytja ræðu sína ótruflaður.)

Hæstv. forseti. (**Gripið fram í:** Þingmaður hefur ekkert kvartað.) Það er ánægjulegt að hæstv. forseti sýnir mér tillitssemi og vilji helst hlífa mér við frammíköllum. En, virðulegi forseti, þau frammíköll sem ég hef fengið fram að þessu hafa ekki truflað mig sérstaklega og hafa kannski fremur verið upplýsandi. En ég vona að hæstv. forseti sýni svipaða umhyggju gagnvart væntanlegum fundi í iðnaðarnefnd sem, eins og margoft hefur komið fram, hefst kl. 8:30 í fyrramálið, þ.e. eftir rétt rúmlega átta og hálfa klukkustund. Ég trúi að hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, verði stundvís eins og hann er vanur og setji fundinn stundvíslega kl. 8.30.

Ég veit auðvitað ekki, virðulegi forseti, hvernig umferðarmálum borgarinnar er nú háttað, en ég trúi að ýmsir hv. þingmenn eigi töluverða leið til svefnstaðar og það gæti tekið a.m.k. suma hv. þingmenn 30 mínútur að komast í svefnstað og eftir svo ítarlegar og erfiðar umræður gæti verið að einhverjir þyrftu töluverðan tíma til þess, eins og sumir hafa orðað það, að ná sér niður til að geta fest svefn. Ég held að það sé því ráðlegt, virðulegi forseti, nú þegar komið er miðnætti að virðulegur forseti íhugi alvarlega hvort ekki fari að styttast í að rétt sé að fresta fundi. Nú er hafinn nýr dagur, miðað við þá klukku sem hér er í þingsal, og því held ég að virðulegur forseti gæti kannski gefið mér örlitlar vísbendingar, ef þær liggja fyrir, um það hvenær megi vænta þess að fundi verði frestað. Það mundi auðvelda mér mjög skipulag á ræðu minni þar sem ég á nokkurt efni eftir. (**Gripið fram í:** ... jafnmikið leyndarmál og tilgangur frumvarpsins?)

Já, sú áleitna spurning leitar stöðugt á mig, hv. þingmaður, hvort það sé að verða regla hér að ekki fáist skýr svör við neinum spurningum. Við höfum margoft spurt þessarar einföldu spurningar: Hver er tilgangur frumvarpsins? Hvað liggur á við afgreiðslu frumvarpsins? Hvað má vænta að fundir standi lengi? Má vænta þess að hv. þingmenn fái hvíld til þess að sinna nefndarstörfum? Því miður, virðulegur forseti, hefur staðið á svörum við öllum þessum einföldu spurningum. Ég held að í tilefni þess að klukkan er farin að ganga eitt verði ég enn á ný að kanna hvort virðulegur forseti hafi skýrari svör nú en fram að þessu, því að það eru vissulega ætíð tímamót þegar nýr sólarhringur hefst og ég vona að virðulegur forseti hafi fengið einhverjar fréttir, hugsanlega eftir samráð eða hafi fengið nægilegan tíma til að íhuga þær spurningar sem ég hef hér reitt fram nokkrum sinnum en fram að þessu fengið afar óljós svör. Ég vil því gefa hæstv. forseta enn á ný tækifæri til þess að gefa skýr svör. (**MÁ:** Annars þarf að ljúka inngangi og hefja meginmál.)

Já, virðulegur forseti, það er nú þannig statt í ræðu minni að ég gæti annars vegar gert hlé á á henni nú eða hafið nýjan kafla sem ég gæti út af fyrir sig hagað nokkuð lengdinni á eftir því hvort virðulegur forseti hefur áhuga á að ljúka fundi hér á einhverjum tíma, þá gæti ég tekið mið af því. Það sem ég á hér eftir er þess eðlis að ég gæti trúlega hagað máli mínu nokkuð í samræmi við það að koma

til móts við óskir virðulegs forseta t.d. gæti ég stytt mál mitt ef við hefðum eitthvert viðmið, virðulegi forseti, og ég vil bjóða upp á það nú á þessari stundu. Virðulegur forseti áttar sig kannski ekki alveg á hvað ég er að fara en það sem ég er að segja er að ég reiðubúinn til þess, ef það gæti greitt fyrir þingstörfum, að stilla ræðu mína nokkuð af miðað við það hvað virðulegur forseti gerir ráð fyrir að fundur standi hér lengi. (**HHj:** Jafnvel gera hlé.) Hárrétt hjá hv. þingmanni, ég er jafnvel reiðubúinn til þess að gera hlé á máli mínu en ég gæti þess vegna lokið máli mínu innan ákveðinna tímamarka ef virðulegur forseti hefði einhver viðmið þar um.

Ég get endurtekið spurningar mínar ef virðulegur forseti þarf meiri umhugsunartíma en ég get líka endurtekið rökstuðning minn við því að óska eftir ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti þakkar hv. þingmanni fyrir að gefa forseta orðið hvað eftir annað í þessari umræðu. Forseti vill nú sjá aðeins hvernig framvindan verður í ræðu hv. þingmanns. Skilur forseti það rétt að hv. þingmaður sé að ljúka máli sínu?)

Virðulegur forseti. Þannig að allir hv. þingmenn skilji, þá var ég að bjóðast til þess að stytta mál mitt ef það mundi flýta eða greiða fyrir þingstörfum. Ég gæti jafnvel gert hlé á ræðu minni ef það mundi greiða fyrir þingstörfum, þannig að ég er eiginlega að leggja hér inn afskaplega opið tilboð til virðulegs forseta um að við gætum hugsanlega mæst einhvers staðar í því að ljúka þessum þingfundi.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti telur almennt að ef hv. þingmaður getur stytt mál sitt muni það greiða fyrir störfum þingsins og telur að það megi ná markmiðum um að stytta þennan fund ef hv. þingmaður getur stytt mál sitt.)

Virðulegi forseti. Bara þannig að það sé enginn misskilningur hér á ferðum, skil ég það rétt að ræðulengd mín ráði því hvenær þessum fundi ljúki? Er það svo að ég sé að greiða fyrir lokum eða frestun þessa fundar með því að stytta mál mitt eða hefur það ekkert að segja um lengd fundarins, virðulegi forseti, bara þannig að hér sé enginn misskilningur? Það er stutt á milli okkar hér þannig að ef virðulegur forseti á við það að fundi verði frestað að lokinni minni ræðu þá mun ég að sjálfsögðu taka tillit til þess.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti telur að einhver slík niðurstaða geti náðst ef hv. þingmaður getur mögulega stytt ræðu sína eitthvað.)

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég mig geta stytt ræðu mína þó nokkuð. Ég gæti að vísu haldið töluvert lengi áfram því eins og sjá má hef ég aðeins fært örlítinn hluta af þeim pappírum sem ég er með hér í ræðustól til hliðar. (**Gripið fram í:** Við viljum hlusta á þig.) Háttvirtu þingmenn. Ég hef lagt gífurlega áherslu á að í fyrramálið klukkan 8:30 hefst fundur í iðnaðarnefnd. (**BJJ:** Stundvíslega.) Stundvíslega klukkan 8:30 segir hv. þm. og formaður iðnaðarnefndar, sem leggur mikið upp úr stundvísi. (Gripið fram í.) Hárrétt, hv. þingmaður. Ég hef tekið eftir því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson er afskaplega þreytulegur og það er auðvitað eðlilegt. Hv. þingmaður hefur lagt sig verulega fram um að vera hér viðstaddur langar og erfiðar umræður og hefur væntanlega móttekið gífurlegan fróðleik um það mál sem hér er á dagskrá. (Gripið fram í.) Ja, það er ýmislegt sem bendir til þess, hv. þingmaður, að það sé býsna erfitt starf hjá formanni iðnaðarnefndar hvað það varðar að vera eins og milli steins og sleggju.

Ég legg gífurlega mikið upp úr því að hv. þingmaður sem formaður iðnaðarnefndar verði býsna vel úthvíldur þegar iðnaðarnefnd kemur saman í fyrramálið til þess að ræða byggðaáætlun. Þess vegna, virðulegi forseti, mun ég nú í þeim anda sem ég hef hér boðað, þ.e. að nauðsynlegt sé að a.m.k. átta klukkustunda hvíld sé tryggð þar til iðnaðarnefndarfundur hefst, ljúka ræðu minni á eins skömmum tíma og mér er framast unnt. Það er auðvitað allt saman gert vegna þess mildileika sem virðulegur forseti hefur hér sýnt af forsetastóli um að þess megi vænta að fundi verði frestað að lokinni ræðu minni. Ég vil því að sjálfsögðu koma til móts við virðulegan forseta og reyna að flýta ræðu minni sem mest má vera. Þetta skapar mér auðvitað svigrúm þar sem ég á eftir aðra ræðu og get þá reynt að fara nákvæmar í gegnum þá pappíra sem ég hef hér.

Virðulegi forseti. Þar sem ég sé að klukkan er nú nokkuð gengin í eitt og ég veit að nokkrir hv. þingmenn eiga töluverða leið heim til sín og þurfa að mæta hér á nefndarfundi í fyrramálið mun ég ljúka ræðu minni hér og nú og segi það aðeins, virðulegi forseti, að þetta mun þó aðeins líta út eins og hlé á ræðu minni því að ég mun um leið og ég lýk máli mínu nú óska eftir því að verða skráður aftur á mælendaskrá.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 00:11.

---

85. FUNDUR

þriðjudaginn 14. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Helgi Hjörvar, 5. þm. Reykv. n.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

[13:32]

Útbýting:

Álver og stórvirkjanir á Norðurlandi, 626. mál, fsp. JBjarn, þskj. 919.

Efni frá svæðisdeildum á vef Ríkisútvarpsins, 625. mál, fsp. KLM, þskj. 918.

Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ, 628. mál, fsp. VF, þskj. 921.

Meðferð mála hjá Samkeppniseftirlitinu, 627. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 920.

Störf hjá ríkinu, 459. mál, svar fjmrh., þskj. 910.

Upplýsingar í ökuskírteini um vilja til líffæragjafar, 629. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 922.

Athugasemdir um störf þingsins.

Íbúðalánasjóður.

[13:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Ég vil spyrja nýjan félagsmálaráðherra, um leið og ég óska honum velfarnaðar í starfi, hvort einhver stefnubreyting hafi orðið varðandi afstöðuna til Íbúðalánasjóðs en athyglisvert er að hæstv. forsætisráðherra notaði ráðherraskiptin til að biðja hæstv. ráðherra að hraða endurskoðun á Íbúðalánasjóði. Fyrrverandi félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, upplýsti nýlega á Alþingi að hugsanlegar breytingar á hlutverki sjóðsins tækju tíma og ekki væri að vænta lagabreytinga í því efni á yfirstandandi þingi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Stendur það að menn muni taka sér þann tíma sem þarf og hafa víðtækt samráð við fjölda aðila, m.a. samtök launafólks, neytenda, námsmanna og lífeyrisþega um málið og frumvarp verði ekki lagt fram um það á þessu þingi?

Greinilegt er að vilji hæstv. forsætisráðherra er að breyta Íbúðalánasjóði í heildsölubanka. Ég spyr: Er hæstv. félagsmálaráðherra sammála því?

Það er auðvitað nokkuð kaldhæðnislegt að fórna eigi Íbúðalánasjóði og hann eigi að bjarga bönkunum úr þeirri stöðu sem þeir eru sjálfir búnir að koma sér í með óábyrgri útlánastarfsemi. Telur ráðherra það t.d. ekki vera áhyggjuefni að verðbréfafyrirtækið Merrill Lynch segir í nýrri skýrslu að bankarnir geti ekki reiknað með hagnaði af íbúðalánastarfsemi fyrr en framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóðs hafi verið ákveðið. Á mannamáli er verið að segja að skapa þurfi bönkunum svigrúm til að geta hækkað vexti á íbúðalánum með því að koma Íbúðalánasjóði út af markaðnum. Er það hvatinn sem rekur forsætisráðherra til yfirlýsinga sem í raun eru um að það eigi að jarða Íbúðalánasjóð?

Ég spyr líka hæstv. ráðherra hvort hann muni framfylgja því sem var í skoðun hjá fyrrverandi ráðherra um að breyta viðmiðun við brunabótamat og hækka hámarkslán Íbúðalánasjóðs en með því að stjórnvöld hafa setið á eðlilegum breytingum á hámarksláni og miða við brunabótamat hafa þau auðvitað meðvitað verið að svelta Íbúðalánasjóð út af markaðnum.

[13:35]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil gera grein fyrir málum Íbúðalánasjóðs eins og þau standa núna. Það er kunnara en frá þurfi að segja að innkoma bankanna á íbúðalánamarkaðinn og mikill vöxtur þeirra á undanförnum árum gefur tilefni til þess að ætla að þeir séu tilbúnir að bjóða íbúðalán til frambúðar og við þær aðstæður þarf að huga að því hvernig best verði hagað aðkomu hins opinbera að íbúðalánakerfinu.

Félagsmálaráðherra skipaði starfshóp í samráði við stjórn Íbúðalánasjóðs sem var falið að fara yfir stöðu mála og skila tillögum. Starfshópurinn taldi, ef horft yrði til frekari breytinga, að eðlilegt þætti að kanna til hlítar hvort rétt væri að þróa hlutverk Íbúðalánasjóðs í átt til heildsölubanka og lagði áherslu á að ef ákvörðun yrði tekin um að ráðist yrði í frekari breytingu á húsnæðiskerfinu yrði það gert með víðtæku samráði við þá sem málið varðar. Það samráð stendur nú yfir. Starfshópurinn vinnur af miklum krafti í þessu máli. Ég vil ekkert segja um hvenær frumvarp verður lagt fram. Ég á von á þeim tillögum starfshópsins inn á borð til mín.

En ég vil leggja áherslu á að það er númer eitt í mínum huga að Íbúðalánasjóður þjóni öllum landsmönnum. Tryggð sé, hverjar sem breytingarnar verða, íbúðalánaþjónusta við alla landsmenn og fólki sem tekur íbúðalán séu tryggð viðunandi kjör. Það er það sem við göngum út frá og við erum í samráði við alla þessa aðila sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi og það samráð stendur yfir þessa dagana.

[13:37]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að nýr hæstv. félagsmálaráðherra lýsir því yfir að horft verði til þess að allt landið sitji við sama borð hvað varðar íbúðalán. Sjálfstæðisflokkurinn vill gera sem flestum kleift að búa í eigin húsnæði, það treystir fjárhagslegt sjálfstæði manna og eykur ábyrgðartilfinningu gagnvart verðmætum. Það er þjóðhagslega hagkvæmt að sem flestir geti eignast þak yfir höfuðið og eftirsóknarvert út frá hagsmunum einstaklinga og fjölskyldna.

Íbúðalánasjóður og þar áður Húsnæðisstofnun ríkisins hafa gegnt miklu hlutverki á íslenskum húsnæðismarkaði. Við höfum upplifað þá ánægjulegu breytingu að viðskiptabankakerfið hefur nú komið inn á íbúðalánamarkaðinn. Það breytir ekki þeirri staðreynd að viðskiptabankarnir munu væntanlega seint sinna íbúðalánamarkaðnum í dreifðum byggðum landsins. Því hefur Íbúðalánasjóður enn þá mikið hlutverk og nauðsynlegt þar sem íbúðamarkaðurinn er ekki jafnfjörugur og á höfuðborgarsvæðinu.

Það er augljóst mál að ekki verða dramatískar breytingar á Íbúðalánasjóði nema lausnir finnist á því hvernig landsbyggðinni verður sinnt. Þegar farið verður að íhuga breytingar á Íbúðalánasjóði verður að huga að þeim veruleika sem landsbyggðin býr við og því fagna ég orðum hæstv. félagsmálaráðherra hvað þetta varðar.

[13:39]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég held að það sé landsmönnum mikið áhyggjuefni að heyra síðustu fréttir af ríkisstjórnarheimilinu þar sem það á að vera forgangsatriði að afhenda viðskiptabönkunum Íbúðalánasjóð. Fyrsta skrefið í að einkavæða Íbúðalánasjóð. Menn skulu hugleiða að það er ekki bara gagnvart íbúum landsbyggðarinnar, heldur líka gagnvart íbúum alls landsins, einnig í þéttbýlinu, sem Íbúðalánasjóður hefur gegnt því lykilhlutverki að veita lán til húsnæðis- og íbúðakaupa eða íbúða í byggingu á sem hagkvæmustu kjörum. Það er ein meginástæðan fyrir því að svo stór hluti af húsnæði hér á landi er í eigu þess fólks sem býr þar. Ef þetta á að verða hlutur Framsóknarflokksins, þess gamla félagshyggjuflokks, að vera beitt fyrir einkavæðingarvagninn enn á ný af hálfu Sjálfstæðisflokksins og að fela bönkunum Íbúðalánasjóð, þá finnst mér það dapurt, frú forseti.

Ég bendi á varnaðarorð sem ágætur fasteignasali birti í viðtali um miðjan nóvember sl., Ingibjörg Þórðardóttir, hjá Híbýlum, þar sem hún sagði að þeir sem minna mega sín og hafa lægri tekjur verði að njóta ívilnunar og það er það sem Íbúðalánasjóður hefur tryggt. En verði hann afhentur bönkunum eins og hér er verið að ýja að í stefnu ríkisstjórnarinnar þá verður þetta ekki þannig.

Ég bið, frú forseti, og skora á félagshyggjuflokkinn gamla, Framsóknarflokkinn, að standa vörð um Íbúðalánasjóð, láta hann ekki fara inn í einkavæðingarvagninn, frú forseti.

[13:41]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Mikið hefur verið fjallað um frumvarp til vatnalaga hér á þingi á síðustu dögum. Á fundi iðnaðarnefndar í morgun var tekið fyrir erindi frá Birni B. Jónssyni, formanni UMFÍ, sem er stílað á formann iðnaðarnefndar Alþingis og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna fréttar í Morgunblaðinu í dag 13. mars á blaðsíðu 6 undir fyrirsögninni „Vatnalagafrumvarp verði dregið til baka" vill undirritaður taka fram:

Ungmennafélag Íslands stóð að yfirlýsingu „Vatn fyrir alla" ásamt fjölda annarra samtaka á Íslandi síðastliðið haust. Auglýsingar birtust í fjölmiðlum í kjölfarið sem voru byggðar á fyrrgreindri yfirlýsingu.

Hins vegar er umsögn sem send var inn til iðnaðarnefndar Alþingis af hálfu BSRB þann 28. nóvember sl. er varðar frumvarp til vatnalaga, þingskjal 281, UMFÍ óviðkomandi. Undirritaður sá ekki umsögn BSRB fyrr en eftir að hún var send inn til nefndasviðs Alþingis og auk þess ekki efnislega sammála því sem þar stendur og getur þar af leiðandi ekki tekið ábyrgð á innihaldi umsagnarinnar, enda kom Ungmennafélag Íslands ekki á neinn hátt að smíði hennar né hefur samþykkt hana fyrir sitt leyti.

Selfossi mánudaginn 13. mars 2006.

Björn B. Jónsson, formaður UMFÍ."

(**Gripið fram í:** Í hvaða flokki er hann?)

Hæstv. forseti. Við hljótum að harma þá villandi umræðu sem hefur verið í ræðustóli hv. Alþingis og í fjölmiðlaumfjöllun síðustu daga að nafn Ungmennafélags Íslands hafi síendurtekið verið nefnt í andstöðu við það frumvarp sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. (Gripið fram í.) Ég, hæstv. forseti, sem formaður nefndarinnar harma þessar rangfærslur og vona svo sannarlega að hér sé einungis um mistök (Gripið fram í.) að ræða sem ekki megi endurtaka sig aftur í löggjafarstarfi á hv. Alþingi.

[13:43]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Þetta eru merkileg tíðindi sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, ber á borð fyrir okkur. Það hefur komið í ljós að þau samtök sem tilnefnd eru sem undirskriftaraðilar að þeirri umsögn sem stjórnarandstaðan hefur hvað mest flaggað í umræðunni um vatnalagafrumvarpið standa ekki að þeirri umsögn. Það segir hér að formaður UMFÍ hafi ekki séð umsögn BSRB fyrr en eftir að hún var send inn á nefndasvið Alþingis og auk þess sé hann ekki efnislega sammála því sem þar stendur og þar af leiðandi innihaldi umsagnarinnar.

Frú forseti. Auðvitað varpar þetta mjög mikilli rýrð á það sem kemur fram í þeirri umsögn og vekur náttúrlega upp alvarlegar spurningar um hvernig þau samtök sem þar eru talin upp, þ.e. Samtök starfsfólks fjármálafyrirtækja, Landssamband eldri borgara, Kennarasamband Íslands, Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, Náttúruverndarsamtök Íslands, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Öryrkjabandalag Íslands voru fengin til að skrifa undir þessa umsögn.

Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem er formaður þeirra samtaka, sem var forsprakkinn að því að leiða þessa aðila saman, a.m.k. innan gæsalappa vegna þess að ljóst er að ekki var öllum þeim aðilum sem tilnefndir eru og tilgreindir í þessari umsögn heimilað að sjá umsögnina áður en þeirra var getið á henni. Auðvitað hlýtur hv. þingmaður sem jafnframt er formaður BSRB að svara því af sinni hálfu og sambandsins hvernig að þessu var staðið. Við hljótum að gera þá kröfu til þingsins og forsætisnefndar þingsins að það verði rannsakað nákvæmlega hvernig að þessu máli var staðið. (**Gripið fram í:** ... rannsóknarnefnd.) Þetta mál er ekki fullklárað, frú forseti.

[13:46]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að víkja að tvennu. Í fyrsta lagi vil ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að vekja athygli á málefnum Íbúðalánasjóðs og í öðru lagi að lýsa ásetningi okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um nauðsyn þess að slá skjaldborg um þessa stofnun sem bankarnir og Sjálfstæðisflokkurinn vilja nú feiga.

Varðandi þær yfirlýsingar sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson kom hér með um afstöðu UMFÍ þá þykir mér leitt að UMFÍ skuli hafa sagt sig frá sameiginlegri umsögn verkalýðssamtaka og almannasamtaka um vatnalögin. Þessi afstaða kemur mér nokkuð á óvart því að hún hefur aldrei komið fram fyrr enda þótt UMFÍ hafi haft þessa umsögn til umfjöllunar frá því í lok nóvembermánaðar. Fyrir fáeinum dögum lýsti UMFÍ og formaður þeirra samtaka, ég er með skeyti þar um því til staðfestingar, samþykki yfir því hvernig staðið yrði að kynningu í iðnaðarnefnd Alþingis á þessari umfjöllun og umsögn sem UMFÍ hefur átt aðild að.

Ég get náttúrlega ekki borið ábyrgð á því þótt forsvarsmenn UMFÍ lesi ekki póstinn sinn eða fari ekki yfir þau gögn sem þessum samtökum berast. (Gripið fram í.) Ef hins vegar hefur verið um misskilning að ræða, sem ég geri fastlega ráð fyrir að hafi verið í þessu efni, þá þykir mér það leitt og ekkert annað en sjálfsagt að taka því vel og fá það staðfest að UMFÍ segi sig frá þessari sameiginlegu umsögn.

Ef menn hafa einhverjar efasemdir um heilindi annarra aðila sem standa að þessari umsögn þá er ekki annað að gera en að snúa sér til þeirra, Kennarasambandsins, Sambands bankamanna, Öryrkjabandalagsins, Landssambands eldri borgara og Náttúruverndarsamtakanna og annarra samtaka sem standa að þessari umsögn. Við skulum gæta okkar á því (Forseti hringir.) að láta Framsóknarflokkinn ekki reyna að slá ryki í augu hvorki þingsins né þjóðarinnar í (Forseti hringir.) þessu efni.

[13:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þetta var skrýtin ræða. Hv. þm. Ögmundur Jónasson segir hér ef UMFÍ vill segja sig frá málinu. Það kemur fram í bréfi að þeir hafa aldrei fengið að sjá umsögnina, (**ÖJ:** Það er bara ekki rétt.) aldrei fengið að sjá hana. Ég fylgdist ágætlega með umræðunni „Vatn fyrir alla". Það voru yfirlýsingar sem allir gátu tekið undir.

En það sem er að gerast hér, virðulegi forseti, er að menn reyna hvað eftir annað að láta hlutina líta út fyrir að vera eitthvað allt öðruvísi en þeir eru. Það er ágætt að taka þessi tvö mál, virðulegi forseti, forustumaður Vinstri grænna kemur hér og fleiri en einn og segir að verið sé að einkavæða Íbúðalánasjóð (**Gripið fram í:** Og vatnið.) og vatnið. Það var gott að hv. þingmaður hjálpaði mér með það í ræðunni (Gripið fram í.) því að hér eru menn hreinlega að fara með rangfærslur. Ef menn skilja ekki hvað heildsölubanki er, ef menn skilja það ekki eiga þeir að (Gripið fram í.) kynna sér málið, hv. þingmaður. Þeir eiga ekki að koma hér upp og segja að verið sé að einkavæða Íbúðalánasjóð þegar menn eru að skoða hugmyndir sem hafa verið í umræðunni, og hefur ekki verið mótmælt af stjórnarandstöðunni fram til þessa, um að breyta fyrirkomulaginu í breyttu umhverfi á lánamarkaði og gera úr honum heildsölubanka í staðinn fyrir þá starfsemi sem hann er í nákvæmlega núna. Það er ekki einkavæðing. (Gripið fram í.) Og það á heldur ekki við um vatnið en hér reyna menn að láta það líta svo út að ef við fengjum okkur að drekka úr fjallalæk kæmi einhver bóndi á eftir og rukkaði okkur í kjölfarið. Þetta eru allt saman ósannindi. Það eru hrein og klár ósannindi að hér sé verið að einkavæða vatn og breyta fyrirkomulagi frá því sem nú er.

En hér koma menn og endurtaka sömu ósannindin hvað eftir annað og meira að segja þegar sendar eru inn umsagnir frá aðilum sem hafa ekki séð (Forseti hringir.) umsagnirnar, þá segja menn bara að þeir séu að segja sig frá þeim.

[13:50]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst þær upplýsingar sem hér hafa komið fram töluverð tíðindi og verð að segja að mér finnst sá málflutningur sem stjórnarandstaðan hefur haft í frammi í vatnalagamálinu verða æðiótrúverðugur þegar upplýsingar af þessu tagi eru lagðar fram. Mér finnst raunar að allur málflutningur stjórnarandstöðunnar hafi verið með nokkrum ólíkindum í þessu máli vegna þess að einkum er byggt á misskilningi á núgildandi réttarstöðu og síðan rangtúlkunum á því sem fram kemur í lagatextanum. Það er því kannski ekki að furða að þessi flötur verði nokkuð einkennilegur líka.

Varðandi hitt málið sem er til umræðu þá held ég að allir hljóti að átta sig á því að umhverfið á húsnæðislánamarkaði hefur gerbreyst á tiltölulega fáum missirum. Hér hafa orðið gerbreytingar á aðkomu banka og annarra lánastofnana að þessum markaði og það hlýtur að kalla á endurskoðun á Íbúðalánasjóði sem til þessa hefur verið helsti aðilinn. Nú eru nýir aðilar komnir inn og auðvitað er eðlilegt að hlutverk og starfshættir Íbúðalánasjóðs séu endurskoðaðir í því ljósi. Ekki er hægt að láta eins og ekkert hafi gerst. Þegar menn velta fyrir sér hver framtíðin á að vera þá er það nokkuð ljóst í mínum huga að ástæðulaust sé fyrir okkur að hafa til frambúðar ríkisbanka sem rekur almenna lánastarfsemi á þessu sviði.

Hins vegar geta menn velt því fyrir sér hvernig hægt er að mæta kröfum um að komið sé til móts við þá hópa sem ekki passa inn í almenna húsnæðislánakerfið með sama hætti og þorri íbúðalántakenda gerir. Ég þykist vita að það sé á þeim nótum sem vinna af hálfu hæstv. félagsmálaráðherra fer fram (Forseti hringir.) að þessu leyti.

[13:53]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Það var ekki mikill sannfæringarkraftur í máli hæstv. félagsmálaráðherra áðan og ekki að sjá að hann ætli að standa í ístaðinu gagnvart íhaldinu eins og fyrirrennari hans gerði. Ég sé ekki betur en að hæstv. ráðherra ætli að fylgja forsætisráðherra og íhaldinu í því að koma á heildsölubanka. Með hvaða afleiðingum? Hvað hefur eitt verðbréfafyrirtæki sagt nýlega í skýrslu sinni? Að það þurfi að skapa bönkunum svigrúm til að geta hækkað vexti á íbúðalánum með því að koma sjóðnum út af markaðnum. Mér heyrist að einu áhyggjurnar sem ráðherrann hefur sé landsbyggðin og það er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af landsbyggðinni ef Íbúðalánasjóður fer út af markaðnum. En það er líka ástæða til að hafa áhyggjur af félagslega hluta íbúðalánakerfisins, það er líka ástæða til að ætla að þetta geti minnkað þjónustu við íbúðakaupendur og það er líka ástæða til að ætla, eins og þetta matsfyrirtæki segir, að það vextir muni hækka í kjölfarið og þjónustugjöld. (**Gripið fram í:** Hver var félagsmálaráðherra þegar Byggingarsjóður verkamanna fór á hausinn?)

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra getur ekki einu sinni kveðið upp úr með það að ekki verði lagt fram frumvarp á þessu þingi. Það er ekki langt sem lifir af því. Hæstv. fyrrverandi félagsmálaráðherra fullvissaði okkur þó um að það yrði ekki gert en hæstv. ráðherra getur ekki einu sinni sagt það hér.

Hér vantar skýrslu Ríkisendurskoðunar sem er að gera stjórnsýslulega úttekt á endurskoðunarbeiðni félagsmálanefndar. Ég veit að sú skýrsla mun ekki liggja fyrir, eftir þeim upplýsingum sem ég hef, áður en þing fer heim í vor.

Ég spyr: Mun hæstv. ráðherra bíða eftir þeirri skýrslu? Það er auðvitað grundvallaratriði að það sé gert.

Það eina sem hæstv. ráðherra segir er að hann muni jú hafa samráð við viðkomandi aðila og hann muni vernda landsbyggðina. En það vantar miklu meira til. Þetta vekur auðvitað upp spurningar um það hvort forsætisráðherra telji að nýr félagsmálaráðherra verði auðveldari viðureignar en fyrrverandi félagsmálaráðherra og hann verði líka bandamaður með honum með íhaldinu að koma Íbúðalánasjóði út af markaðnum.

[13:55]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Mér finnst vera nokkur tilfinningahiti í þessari umræðu. Hér koma hv. þingmenn og segja að það eigi að einkavæða Íbúðalánasjóð sem er auðvitað alrangt og hefur verið farið í gegnum það hér. Það hefur heldur ekki verið ákveðið hvernig Íbúðalánasjóður verður rekinn í framtíðinni en það er alveg ljóst að það verður í breyttri mynd. Við þurfum að fá á borðið tillögur til að geta metið þetta mál og sú vinna er í gangi og það samráð er í gangi. Það er alveg sama hvað hv. þingmenn hrópa hátt um það, þau gögn verða fengin inn á borð í félagsmálaráðuneytinu og þar verða þau metin. Þetta er mikil vinna sem verður hraðað eins og forsætisráðherra nefndi hér í gær. Það er alveg ljóst.

Hvað varðar lánsupphæð og veð sjóðsins varðandi lóðir að þá eru þær tillögur á mínu borði líka og ég hef verið að skoða þær, ég hef fengið þær inn á mitt borð og hef verið að líta yfir það mál jafnframt því sem endurskoðun á málefnum sjóðsins stendur yfir. Mér er alveg ljóst að það eru óþægindi af því fyrir sjóðinn að fá ekki þessar reglugerðarbreytingar inn en ég er að skoða þau mál og hef það á mínu borði.

Ég endurtek að aðalatriðið í þessu máli er að tryggja þjónustu við landsmenn um íbúðalán, alla landsmenn án tillits til þess hvar þeir eru búsettir á landinu. (Forseti hringir.) Það eru hin pólitísku markmið í þessu máli.

Um fundarstjórn.

Framhald umræðu um frumvarp til vatnalaga.

[13:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek til máls undir þessum lið vegna þess að það fellur undir fundarstjórn forseta hvernig haldið er á málflutningi úr þessum ræðustól og gefa mönnum áminningu þegar þeir fara með óvarleg orð.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnaðarnefnd hafa ekki verið með ótrúverðugan málflutning þó að hér hafi verið upplýst af hv. formanni nefndarinnar að UMFÍ, sem við höfum talið að hafi staðið að einni umsögninni, hafi dregið það til baka að þeir séu aðilar að umsögn. Það gerir ekki málflutning fulltrúa Samfylkingarinnar í þessum sal, fulltrúa okkar sem eru í iðnaðarnefnd, ótrúverðugan þegar umsagnir berast til nefndar og farið er eftir þeim og þær birtar sem fylgiskjöl. Það gerir ekki málflutning þeirra þingmanna sem starfa í nefndinni ótrúverðugan.

Virðulegi forseti. Fyrir hönd Samfylkingarinnar mótmæli ég því að hv. þingmenn Samfylkingarinnar í iðnaðarnefnd hafi verið með ótrúverðugan málflutning. Þegar send eru út mál til umsagnar og umsagnir berast þá er það ekki endilega þeirra að fylgjast með því eða fylgja því eftir við forustumenn þeirra félagasamtaka eða annarra sem senda umsagnir hvort þær séu rétt eftir hafðar eða samþykki félagasamtakanna standi á bak við þær. Málflutningur Samfylkingarinnar í þessari umræðu um vatnalögin hefur ekki verið ótrúverðugur, svo mikið er víst.

[14:00]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Mér leið undir umræðunni áðan eins og ég væri staddur á vegamótum á Jónsmessunótt. Eins og hæstv. forseti veit er það á Jónsmessunótt að kýrnar fá mál og hingað streymdu allir kálfar Sjálfstæðisflokksins og bauluðu. Sá sem baulaði hæst, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, hefur nú runnið undan og er hvergi sjáanlegur. (Gripið fram í.) Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason kallar fram í. Ég saknaði hans úr umræðunni áðan, um Íbúðalánasjóð, alveg eins og ég sakna núna hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Á dauða mínum hélt ég að ég ætti von, frú forseti, en að hv. þingmaður færi að tala fyrir ríkisvæddum heildsölubanka. (Gripið fram í.) Annars vegar talaði hv. þingmaður um að ríkisvæða Íbúðalánasjóð en hins vegar um að einkavæða vatn.

Frú forseti. Ég kem upp af sömu ástæðu og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, til að mótmæla þeim ásökunum sem hér komu fram á hendur þingmönnum Samfylkingarinnar og stjórnarandstöðunnar vegna þess að einhver misskilningur er af hálfu einhverra um umsagnir. Ég kem til að mótmæla því sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði, að stjórnarandstaðan hefði byggt allt sitt á umsögninni sem hann vísaði til. Ég byggði ræðu mína ekki á henni. Ég hélt að mínu viti gagnmerka ræðu sem ég reyndi að haga þannig í gær að hún upplýsti hv. þingmenn stjórnarliðsins um þær rangfærslur sem þeir hafa staðið fyrir og þar vísaði ég aðeins í eina umsögn. Það var umsögnin sem kom frá einni mikilvægustu eftirlitsstofnun okkar á sviði umhverfismála, Umhverfisstofnun, stofnun hv. umhverfisráðherra, sem sagði um frumvarpið, sem hér hefur verið deilt um síðustu daga, að það bryti í bága við flesta alþjóðlega samninga, væri í andstöðu við hagsmuni almennings og skapaði réttaróvissu. Hvað segir hæstv. umhverfisráðherra við því að fá slíka einkunn frá embættismönnum sínum? Það er það sem við vorum að tala um í gær.

Þeir sem hafa verið með rangfærslur eru hvorki þeir sem stóðu fyrir átakinu Vatn fyrir alla né Ungmennafélag Íslands heldur fyrst og fremst málsvarar þessa frumvarps. Þar fer fremstur í flokki hv. þm. Birkir Jón Jónsson sem hefur haft uppi staðhæfingar sem ekki standast próf veruleikans. Sá hv. þingmaður ætti að koma hingað. Ég ætla ekki að biðja hann um að skammast sín, því að ég efast um að hann kunni það eftir þessa umræðu, en að hann ætti a.m.k. að biðjast afsökunar á því að hafa aftur og aftur sagt að hér væri aðeins um formbreytingu að ræða (Forseti hringir.) þegar fyrir liggja yfirlýsingar frá aðalhöfundum frumvarpsins sem gefa allt annað til kynna.

[14:03]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Eins og oft hefur komið fram á síðustu vikum er ég nýr á þingi og þekki kannski ekki þá hegðun sem menn sýna almennt í þingsal en mikið afskaplega finnst mér hv. þm. Birkir Jón Jónsson leggjast lágt varðandi vatnalagafrumvarpið, að sverta hér UMFÍ.

Það vill þannig til að ég er í stjórnum aðildarfélags, bæði að UMFÍ og BSRB og til er póstur það ... (**Iðnrh.:** Hann las bara upp bréf.) (**BJJ:** Ég las upp bréf ...) Hvernig skyldi það bréf hafa orðið til, hv. þingmaður? Það er nefnilega spurningin.

Það er skýrt að Ungmennafélag Íslands stendur að yfirlýsingunni Vatn fyrir alla, sem er grunnurinn að umsögninni. Það er alveg skýrt, sama þótt hæstv. iðnaðarráðherra jánki, að þessi umsögn fór fyrir UMFÍ. Það eru til margir tölvupóstar til vitnis um það.

Hvað skyldi hafa gerst í gær? Hver skammaði formann UMFÍ? Hver í ósköpunum dró hann inn í þessa umræðu? Hver í ósköpunum stendur fyrir því að sverta nafn UMFÍ? Til hvers? (**BJJ:** Hvers lags málflutningur er þetta?) Þetta er alveg skýrt og mun allt verða sannað. (Gripið fram í.) Það er skýrt að UMFÍ vissi nákvæmlega um þessa umsögn og hafði hana til umfjöllunar. Það er alveg skýrt. (**Gripið fram í:** Hann kann að skammast sín.) Ég velti því fyrir mér hve lágt ætla menn að leggjast við að reyna að troða þessu vatnalagafrumvarpi hér í gegn. Á hvaða framsóknarmanni skyldi flokkurinn snúa upp á hendurnar næst til að senda svona yfirlýsingar? (**BJJ:** Þetta er með ólíkindum.) Þetta er ekkert með ólíkindum (**Gripið fram í:** Jú.) Nei. Þetta eru nákvæmlega ykkar vinnubrögð. Það sem hv. þingmaður (Forseti hringir.) þolir ekki er að einhver skuli koma (Forseti hringir.) upp til að staðfesta það.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill biðja alla hv. þingmenn um að gæta stillingar við umræðuna. Hér um fundarstjórn forseta að ræða. Það er heldur ekki rétt af hv. þingmönnum að vera að ávarpa hver annan úti í þingsal. Það á að ávarpa forseta.)

Það var að vísu ekki mitt frumkvæði, hæstv. forseti, að hver skyldi ávarpa annan. En mér finnst þetta mjög alvarlegt mál, frú forseti. Ég er að tala um vatnalagamálið sem verið hefur á dagskrá í tíu daga og verður greinilega í tíu daga eða meira í viðbót, ég tala nú ekki um ef það á að draga fram fleiri félagasamtök inn í málið, einungis til að níða þau niður í svaðið. Það er ekkert annað sem hv. þingmaður hefur gert, nákvæmlega ekkert annað. Það sýnir náttúrlega hve tæpt flutningsmenn þessa máls standa. Þetta er svívirða.

[14:06]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti endurtekur tilmæli sín um að hv. þingmenn sýni stillingu í ræðustól við þessa umræðu.

[14:06]

Mörður Árnason:

Forseti. Stilling er mikilsverð í umræðu og málflutningi af öllu tagi. Það er rétt að forseti hafi það í huga þegar hér koma í stólinn þeir Rip, Rap og Rup, hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins Sigurður Kári Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Birgir Ármannsson. Nú vantar bara þann fjórða í fjögurra manna klíkuna, nefnilega stjórnarformann Essó sem er fjarverandi, við skyldustörf á þeim vettvangi væntanlega. (**DrH:** Er þetta um fundarstjórn forseta?) Þetta er um fundarstjórn forseta. Það er rétt að forseti hlusti betur á þegar þessir menn tala en vera virðist. Allar áminningar forseta og öll hans ræðuhöld um stíl og orðfæri í ræðum við þessa umræðu, sem ég hef hér verið viðstaddur, beinast að stjórnarandstæðingum. Það er sérkennilegt að þær skuli alltaf beinast að stjórnarandstæðingum.

Það sem við höfum gert í þessari umræðu, við stjórnarandstæðingar, er að sýna fram á veikleika málsins. Við höfum lýst í gegnum það þannig að almenningi er að verða ljóst að hér er ekki fyrst og fremst um formbreytingar að ræða líkt og forsætisráðherra og aðrir félagar hans, m.a. hæstv. iðnaðarráherra sem enn situr í salnum, hafa haldið fram. Við höfum lýst eftir vatnsverndarlögunum í framhaldi af vatnatilskipun Evrópusambandsins. Það mál er augljóslega veikur punktur á stjórnarliðinu. Við höfum spurt eftir því af hverju Karl Axelsson, aðalhöfundur frumvarpsins, hafi borið því við að Kárahnjúkavirkjun og aðrar virkjunarframkvæmdir þyrftu á þessum lögum að halda. Við höfum spurt: Hvaða efnisbreytingar verða þeirra vegna?

Þannig höfum við í öllu þessu máli sótt á stjórnarliða. Við gerðum það í fyrra og gerum það núna líka. Hvernig svara stjórnarliðar? Jú, þeir svara með vanstillingu. Þeir stilla sig ekki, forseti. Þeir koma í stólinn og segja: ofbeldi, málþóf, kommúnismi, kúgun. Þeir koma hér í líki hæstv. iðnaðarráðherra og bera fölsun upp á einn hv. þingmann í salnum, Ögmund Jónasson. Nú koma þeir aftur með bréf frá UMFÍ og kalla blekkingar vegna þess að orðið hefur einhver misskilningur með þau samtök. Þau draga sig frá umsögn, sem þeim er fullkomlega heimilt.

Ef einhver sýnir hér að hann er ekki stilltur þá eru það þingmenn stjórnarliðsins, forustumenn stjórnarinnar og hinn frægi og frábæri hv. formaður iðnaðarnefndar Birkir Jón Jónsson, sem hefur staðið fyrir þessu öllu á annarra vegum.

[14:09]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það gerðust merk tíðindi í dag. Hér kom upp ábúðarfullur formaður iðnaðarnefndar og las upp bréf. Síðan komu ungir liðsmenn Sjálfstæðisflokksins og tóku undir að það væri forkastanlegt og töldu jafnvel í framhaldinu að allur málflutningur stjórnarandstöðunnar mundi falla, með þessu eina bréfi frá Ungmennafélagi Íslands. Það var eins og þeim væri létt.

En það gerðist fleira en að þeim virtist létta við þetta, að allur málflutningur stjórnarandstöðunnar mundi falla út af bréfi frá UMFÍ. Þeir heimtuðu líka rannsókn. Ég gat ekki heyrt betur en að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson heimtaði rannsókn á öllum umsögnum. Ég er á því að það yrði málinu bara til framdráttar, vegna þess að hér hafa fallið stór orð, að fram færi rannsókn á því hvort þessar umsagnir eigi við rök að styðjast.

Ég er á því að hæstv. forseti ætti að fresta málinu þar til rannsóknin, sem liðsmaður Sjálfstæðisflokksins í iðnaðar-

nefnd hefur farið fram á, hefur farið fram og öll gögn málsins verði könnuð til hlítar.

Þessi ágæti liðsmaður iðnaðarnefndar Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hefur einnig efast um að umsögn Bændasamtakanna eigi við rök að styðjast. Ég vildi að menn gengju úr skugga um það þannig að menn fari ekki í grafgötur með það hvort umsagnir eigi við rök að styðjast. Það væri fróðlegt að fá viðbrögð hæstv. forseta við þessari ósk minni, hvort hann muni fresta málinu þar til kannað hefur verið hvort þessar umsagnir séu settar fram á réttum forsendum. (Gripið fram í.) Það kom fram að mjög miklar efasemdir væru um viðhorf bænda. Ég heyri á bændum víða um land að þeir hafa verið að styrkjast í efasemdum um þetta frumvarp. Það hefur komið fram að þeir efast um að frumvarpið þjóni hagsmunum þeirra. Fram hafa komið vangaveltur um að auðveldara verði að svipta þá eignum sínum í kjölfarið á þessu frumvarpi, að það verði léttara að koma á eignarnámi á jörðum þeirra. Þessu hafa bændur áhyggjur af. Í þeirra umsögn kemur einnig fram að með því sé verið að þynna út netlög.

Það væri fróðlegt að fá viðbrögð hæstv. forseta við þessari ósk þingmanns Sjálfstæðisflokksins um að fram fari rannsókn á umsögnum um frumvarpið.

[14:12]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Hér varð merkileg uppákoma áðan, að sjá hv. þm. Birgi Ármannsson og hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson, sem ég veit ekki til að hafi tekið þátt í umræðunni sem hér hefur átt sér stað um vatnalögin, koma hér upp með fullyrðingar. Í fyrsta lagi fullyrðir hv. þm. Birgir Ármannsson að þetta bréf frá formanni UMFÍ, þar sem hann segir sig frá umsögn um vatnalögin, geri málflutning stjórnarandstöðunnar ótrúverðugan. Síðan segir hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson að við höfum byggt málflutning okkar á þessari umsögn. Aðra eins dellu hef ég ekki heyrt.

Frú forseti. Mér þykir það alvarlegt þegar menn standa og gaspra af miklu þekkingarleysi um málið þegar það er alveg ljóst að sendar voru inn sjálfstæðar umsagnir á vegum Landssambands eldri borgara, Félags umhverfis- og heilbrigðisfulltrúa, Umhverfisstofnunar, Landverndar og Náttúrufræðistofnunar, svo að eitthvað sé talið. Þegar menn fjalla um málið með þessum hætti og grípa einhvers konar fána á lofti til að kasta rýrð á umsagnir þessara aðila þá finnst mér það fyrir neðan allar hellur. Þetta voru vandaðar umsagnir og vel ígrundaðar og algjörlega óþarft að fjalla þannig um þau mál sem liggja fyrir þinginu. Þessi gögn liggja fyrir og ég hvet menn til að kynna sér þau áður en þeir koma upp með aðrar eins yfirlýsingar.

Það er alveg augljóst, virðulegi forseti, á þessum málflutningi að menn eru í töluverðum vandræðum. Hv. þm. Mörður Árnason fór ágætlega yfir að við höfum sýnt fram á, bæði stjórnarandstaðan, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun og fleiri aðilar sem sendu inn umsögn, verulega veikleika í málflutningi stjórnarliða og veikleika í málinu sem slíku.

Ég tel að við ættum að sýna stillingu og fara ekki að ræða um umsagnaraðila eins og gert var fyrr í dag. Menn ættu að setjast niður og fara vel yfir þessar umsagnir og lesa og sjá hvað þær hafa raunverulega um málið að segja. Það skiptir mestu máli. Það eru gerðar alvarlegar athugasemdir við efni þessa frumvarps og á það hefur ekki verið hlustað, hvorki í meðförum nefndarinnar né í þinginu. Ég held að áður en menn koma með aðrar eins fullyrðingar og settar voru fram áðan ættu menn að kynna sér efni málsins.

[14:15]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Framganga hv. þingmanna Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks í dag og síðustu daga þar sem gengið hefur á með svívirðingum, ávirðingum og brigslum um hvers kyns framgöngumáta, stuðning við helstefnur og manndrápsstefnur og ég veit ekki hvað og hvað er með algerum ólíkindum og hlýtur að vera með dapurlegri stundum í þinginu um langt árabil. Til dæmis bera menn við að brigsla um kommúnisma og aðra slíka óáran hér í þinginu og látið óátalið. Nú síðast flýja þeir í skjól Ungmennafélagsins, reyna að draga það inn í hringiðu umræðunnar og deilunnar, allt til að drepa málinu og umræðunni um vatnalögin á dreif og víkja frá kjarna málsins, virðulegi forseti, sem snýst um eignarhald á auðlindum.

Það er það sem Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkurinn vilja ekki ræða og þora ekki að ræða. Eftir að dregið var skýrar fram út á hvað málið gengur, hver pólitískur tilgangur málsins er hefur gengið hér á með þessari framgöngu stjórnarliðanna í þinginu dag eftir dag, virðulegur forseti. Nú síðast endaði það þannig að einn helsti forustumaður sjálfstæðismanna í málinu, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, óskaði eftir sérstakri rannsókn þingsins á því hvernig ein umsagnanna sem fyrir þinginu liggja og liggja umræðunni til grundvallar væri til komin. Það er sjálfsagt mál að hæstv. forseti skoði það sérstaklega hvort ekki verði farið yfir þetta mál og hvernig það kom til að Ungmennafélagið var fengið til að víkja frá stuðningi sínum eða segja sig frá honum með einhverjum hætti og fara yfir málið í heild sinni. Það er sjálfsagt mál fyrst hv. þingmaður, forustumaður og talsmaður sjálfstæðismanna í iðnaðarnefnd fór sérstaklega fram á það áðan.

Þess vegna vildi ég ræða það undir liðnum Um fundarstjórn hvort hæstv. forseti sæi ekki flöt á því að fresta þessum fundi og fara yfir málið þar sem framganga stjórnarliðanna við upphaf þingfunda var með þeim hætti að mjög óvarlegt er að halda umræðunni áfram án þess að það sé skýrt og sérstaklega vegna þess hvernig þeir drógu umsögnina frá Ungmennafélagi Íslands inn í þetta bara til að drepa málinu á dreif, víkja frá kjarna málsins af því að um er að ræða prinsippmál sem er eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sínum, algert grundvallar- og prinsippmál sem hér er reynt að drepa á dreif með brigslyrðum, ávirðingum og svívirðingum hvers konar sem er þeim sjálfum síst til sóma og málinu örugglega ekki til framdráttar, enda ekkert annað en pólitískar brunarústir eftir framgöngu stjórnarliðanna í dag og síðustu daga.

[14:18]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég er sammála þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið til máls og hafa mælst til þess að menn ræði

þetta mál af stillingu. Ég held að þeir áhorfendur sem hafa horft á þær umræður sem hér hafa farið fram geti vottað að það á jafnframt við um stjórnarandstöðu og stjórnarliða, ekki síður jafnvel.

Hæstv. forseti. Ég átti ekki von á þessari umræðu. Ég kom hér upp áðan og gerði grein fyrir bréfi sem barst iðnaðarnefnd Alþingis. Umsögn UMFÍ hefur legið fyrir í þingskjölum og mér finnst sjálfsagt sem formanni nefndarinnar að það komi þá fram í umræðum á Alþingi að hér hafi verið um mistök eða misskilning að ræða. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér er verulega brugðið við ræðu hv. þm. Valdimars Leós um að ég sé að sverta Ungmennafélag Íslands. (**Gripið fram í:** Þú varst að því.) (Gripið fram í.) Ég á ekki til orð, hæstv. forseti, yfir þá ræðu sem hv. þingmaður hélt hér áðan. Ég er að gera skyldu mína, hæstv. forseti, sem formaður nefndarinnar að koma þeim sjónarmiðum á framfæri. Að gefa það í skyn að einhver hafi verið beygður í þessu máli lýsir miklu fremur hugsunarhætti hv. stjórnarandstæðinga en stjórnarliða.

Hæstv. forseti. Ég kom ekki hér upp til að efna til ófriðar. (Gripið fram í.) Ef hv. þingmenn vilja gera athugasemd (Gripið fram í.) við það að ég komi þessum sjónarmiðum formanns UMFÍ á framfæri, sem ég tel að mér sé skylt, þá eru það bara ákveðin sjónarmið og ég er ekki sammála þeim sjónarmiðum.

Síðan mótmæli ég því, hæstv. forseti, þó að það hafi ekki verið borið á mig beint að ég hafi sakað hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar í hv. iðnaðarnefnd um einhvern misskilning eða annað slíkt, það gerði ég ekki í upphafsorðum mínum og það er mjög langt seilst ef hv. þingmenn vilja túlka orð mín með þeim hætti, en mér fannst skylda mín sem formaður nefndarinnar að koma þessum sjónarmiðum á framfæri og það eru engar annarlegar hugsanir eða annarlegir hagsmunir þar á bak við og því tel ég, hæstv. forseti, að við ættum nú að reyna að dempa þessa umræðu og ég fullvissa hæstv. forseta og annan hv. þingheim um það að á bak við ræðu mína hér áðan voru engin annarleg sjónarmið.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill minna á að það ber að ávarpa aðra hv. þingmenn með fullu nafni.)

[14:22]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nokkur orð um þann misskilning sem greinilega er uppi annars vegar á milli UMFÍ og annarra aðila sem stóðu og standa sameiginlega að álitsgerð um vatnalagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Það ber að virða ef UMFÍ segir sig frá þessari umsögn en jafnframt að harma ef um hefur verið að ræða misskilning sem upp hefur komið og þá er það nokkuð sem einfaldlega þarf að leiðrétta.

Samkvæmt þeim gögnum sem ég hef séð um málið og sem ég tel vera áreiðanleg fékk UMFÍ umsögnina í hendur í lok nóvembermánaðar, hinn 27. nóvember að því er ég tel og síðan hefur hún gengið á milli aðila og síðast 30. janúar staðfestu samtökin fyrir sitt leyti á hvern hátt málið yrði kynnt fyrir iðnaðarnefnd, sameiginlega af hálfu þessara samtaka.

Ég held að misskilningurinn liggi í því að þessi aðili hafi ekki kynnt sér umsögnina og talið hugsanlega að þar væri eitthvað annað á ferðinni þó hann hefði haft hana undir höndum. Ég vil leggja þann besta skilning mögulegan í þetta mál og tel að svo geti hugsanlega verið og ef um slíkt er að ræða hefur það einfaldlega verið leiðrétt og UMFÍ sagt sig frá þessari umsögn. Rétt skal vera rétt en þá líka gagnvart öllum aðilum. Menn skulu fara varlega í ásökunum á hendur þeim aðilum öðrum sem standa einhuga að baki þessari álitsgerð og leggja mjög ríka áherslu á að því mér er kunnugt að hún verði tekin til alvarlegrar umfjöllunar á Alþingi eins og reyndar hefur verið gert. Þar er um að ræða BSRB, Samband íslenskra bankamanna, sem áður hét, er starfsfólk í bönkum og verðbréfafyrirtækjum, Landssamband eldri borgara, MFÍK, Öryrkjabandalag Íslands og Náttúruverndarsamtök Íslands. Mér er kunnugt um að öll þessi samtök hafa lagt mjög mikla vinnu í þetta mál og að baki umsögn þeirra er mjög mikil alvara og menn eiga að virða það.

[14:25]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta og hvet hæstv. forseta til að halda málinu áfram. Ég tel það mjög mikilvægt að sjónarmið þeirra þingmanna sem enn eru á mælendaskrá fái að koma fram. Ég teldi það vera mjög miður fyrir lýðræðið ef menn mættu ekki tala hér um málið áfram og eins lengi og þeir vilja og þó að nóttin yrði tekin til þess. Það er að sjálfsögðu tilhlýðileg virðing við hv. þingmenn.

Í gærkvöldi sat ég heima og hlýddi á umræður og sérstaklega milli kl. 11 og 12 en þá talaði hv. þm. Einar Már Sigurðarson og einhvern veginn náði ég ekki dýpt þeirrar ræðu. En það liggur örugglega að mér. En hins vegar tók ég eftir því að hv. þm. óskaði a.m.k. þrisvar eða fjórum sinnum eftir því að forseti mundi slíta fundi. Það þótti mér miður gagnvart þeim mönnum sem áttu eftir að koma á eftir hv. þingmanni og ræða málin.

Hann ræddi líka um Kárahnjúka. Það er dálítið merkileg umræða. Það er búið að skrifa undir allt varðandi Kárahnjúka. Það er byrjað að framkvæma meira að segja, ég sá stífluna. Það er búið að grafa heilmikil göng og það vill svo til að á Íslandi er réttarríki og lög virka ekki aftur fyrir sig þannig að þau lög sem gilda um Kárahnjúka eru núgildandi lög, ekki þau lög sem til stendur að setja hér. Það er fráleitt að vera að blanda því saman vegna þess að það lagafrumvarp sem verið er að ræða fjallar um framtíðina frá og með deginum í dag. Búið er að skrifa undir allt varðandi Kárahnjúka. Það getur ekki breytt neinu þar um réttarstöðuna. (**Gripið fram í:** Líka eignarnámið?)

Síðan langar mig til að ræða um umsögn BSRB, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Við mig hefur haft samband einn opinber starfsmaður og hann hefur kvartað undan því að hann er ekki sammála þeirri pólitík sem þau samtök eru að breiða út. Hann er á móti þeirri pólitísku skoðun sem samtökin koma fram með og hann er neyddur til að borga. Samkvæmt lögum ber honum að greiða í félag opinberra starfsmanna hvort hann vill eða ekki og hann telur að það sé brot á tjáningarfrelsi sínu að hann þurfi að borga áróður gegn sjálfum sér.

Reyndar hefur hv. þm. Ögmundur Jónasson, og ég verð að segja honum það til hróss, farið mjög listilega með þessa

fínu línu á milli háttvirts þingmanns Ögmundar Jónassonar og Ögmundar Jónassonar, formanns BSRB, og hann hefur ekki notað sér aðstöðu sína hérna á þingi í því skyni. En það verður ekki fram hjá því horft að BSRB hafa í lengri tíma boðað til ráðstefna og alls konar funda varðandi vatnalögin einmitt vegna þess að það er pólitísk stefna hv. þingmanns.

[14:28]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég var á fundi iðnaðarnefndar í morgun og þar kom þetta bréf á borð nefndarmanna frá formanni Ungmennafélags Íslands. Ég taldi að það hefði verið niðurstaðan að kannað yrði hvernig þessir hlutir væru og menn mundu svo sem ekkert vera að gefa sér eitthvað sérstakt um það fyrr en sú niðurstaða væri fengin hvort þarna hefði verið misskilningur eða eitthvað slíkt á ferð. Það er mjög óvanalegt að svona bréf komi og okkur fannst full ástæða til að farið yrði yfir það. Það kom mér þess vegna á óvart að málið skyldi komið hér inn í sali Alþingis með þeim hætti sem gerðist og ég ætla ekki að segja að það hafi verið af einhverjum annarlegum ástæðum þó það orð hafi verið notað. Ég taldi að við mundum fá þetta mál betur upplýst áður en lengra yrði haldið með það og menn mundu fá tækifæri til að velta því fyrir sér hvort eitthvað væri athugavert við þann misskilning sem greinilega hefur komið upp.

Svo var hitt, hæstv. forseti, af því að hv. þm. Pétur Blöndal talaði um að lög giltu ekki aftur fyrir sig og vatnalagafrumvarpið mundi ekki gilda að neinu leyti um Kárahnjúkavirkjun. Ég skal ekki fullyrða um það. En verði búið að setja þessi lög þá munu þau gilda um það eignarnám sem á eftir að fara fram hvort sem það er vegna Kárahnjúkavirkjunar eða einhverra annarra framkvæmda. Þau lög sem verið er að tala um að setja hér geta gilt að einhverju leyti um verkefnin þarna fyrir austan. Það er alveg greinilegt að það ferli sem þar er á ferðinni er öðruvísi en er í vatnalögunum. Hvort réttarstaðan verður betri eða verri fyrir bændur ætla ég ekki að segja. En það verður þó alla vega yfirlýsing frá þeim sem sömdu vatnalagafrumvarpið og kom alveg skýrt fram hjá þeim að þeir töldu að þetta hefði m.a. verið vandinn í vatnalögunum að eignarnámsheimildunum væri ekki nógu haganlega fyrir komið, erfitt að beita þeim og erfitt að eiga við þau. Orðalagið sem um það var haft var torf eða eitthvað slíkt, að komast í gegnum það hvernig það virkar allt saman á grundvelli vatnalaganna. Réttarstaða manna getur vel breyst hvað varðar eignarnám og það eignarnám hefur ekki farið fram sem viðkemur Kárahnjúkavirkjun. Það er alveg á hreinu. Menn vita að það standa yfir umleitanir og það hafa komið yfirlýsingar fram frá bæði þeim sem eru að fá vatn á sig og þeim sem eru að missa það frá sér, þannig að við vitum svo sem ekkert hvað er þarna fram undan. Ég bið hv. þingmann að hafa þetta í huga þegar hann veltir því fyrir sér hvort vatnalögin gildi um Kárahnjúkavirkjun.

[14:31]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég fékk því miður ekkert upp um það hvort hæstv. forseti ætlaði að taka tillit til þeirrar óskar minnar að fresta fundum þar til sú rannsókn sem fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd fór fram á hefur farið fram. Mér finnst bara sjálfsagt að hæstv. forseti geri grein fyrir afstöðu sinni til þess máls en hún virðist vera vant við látin við annað en að svara mér. Ég ætla því að gera stutta athugasemd við það að hv. formaður iðnaðarnefndar sé að draga Ungmennafélag Íslands inn í viðkvæma pólitíska umræðu. Mér er mjög annt um þetta ungmennafélag vegna þess að ég hef starfað innan Ungmennasambands Skagafjarðar. Mér finnst í rauninni ekki við hæfi að verið sé að draga Ungmennafélag Íslands inn í þessa umræðu, það er mjög vafasamt.

Einnig væri fróðlegt að fá það fram, vegna þess að sjálfstæðismenn hafa komið hver um annan þveran upp í ræðustólinn og heimtað rannsókn og efast um þetta og hitt varðandi umsagnir, hvort hv. formaður iðnaðarnefndar efist um umsögn Bændasamtakanna? (**BJJ:** Ég má ekki fara upp aftur.) Það væri þá fróðlegt að heyra það þegar færi gefst hvort hann efist um hana. Mér finnst það vera áhyggjuefni að Framsóknarflokkurinn skuli leggja fram frumvarp þar sem hann tekur ekki í einu né neinu tillit til bænda. Einhvern tímann hefðu það þótt tíðindi að umsögn bærist frá Bændasamtökunum þar sem segði:

„Frumvarpið hefur nú verið yfirfarið á nýjan leik og kemur þá í ljós að athugasemdir Bændasamtakanna hafa verið að engu hafðar."

Þetta fyndist mér vera áhyggjuefni ef ég ætlaði mér að vinna á einhvern hátt að framgangi bænda, en það er ekkert gert með þetta. (Gripið fram í.) Ég er að gera það. Það er verið að gera athugasemd við frumvarp sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn leggja fram og það er eins og þetta hafi farið fram hjá fulltrúum sjálfstæðismanna. Mér finnst það með ólíkindum að fólk skuli koma hér upp og segja að umsagnir séu falsaðar og óski eftir rannsókn en síðan þegar stjórnarandstæðingar vilja leggja því lið að rannsókn fari fram heyrist hvorki hósti né stuna frá hæstv. forseta um það hvort hún ætli að taka afstöðu til þess eða ekki.

Mér finnst vera kominn tími til að hæstv. forseti svari því hvort (Forseti hringir.) hún ætli að taka tillit til þeirrar óskar eða ekki.

[14:35]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill benda hv. þingmanni á að kynna sér ákvæði þingskapa þar sem stendur í 2. mgr. 55. gr.:

„Jafnan er heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um fundarstjórn forseta og til þess að bera af sér sakir."

Hv. þingmanni ber hér að ræða um formhlið málsins en ekki efnishlið. Forseti vill beina þeim tilmælum til allra hv. þingmanna sem taka þátt í þessari umræðu.

[14:35]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Ég held að þessi umræða um fundarstjórn forseta enn og aftur sýni hversu mikilvægt er að ná einhverri sátt um þinghaldið. Það er augljóst að pirrings er farið að gæta mjög víða hjá hv. þingmönnum. Við sjáum það sérstaklega í ræðum tveggja hv. þingmanna Sjálfstæðis-

flokksins varðandi bréf það sem formaður UMFÍ sendi til iðnaðarnefndar og kynnt var hér af formanni iðnaðarnefndar. Út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt við það að formaður iðnaðarnefndar kynni bréf sem sent er til nefndarinnar vegna þingskjals sem hér liggur fyrir, en það voru viðbrögð hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, a.m.k. tveggja, sem voru sérstaklega sérkennileg. Eins og margoft hefur verið bent á voru allir þingmenn stjórnarandstöðunnar sakaðir um að hafa nýtt sér þetta plagg til að byggja allan sinn málflutning á og með því að eitt bréf hefði borist vegna þessarar umsagnar væri þar með búið að jarða allan þann rökstuðning. Þetta er auðvitað algjörlega út í hött, virðulegi forseti, en ekki síður sú sérkennilega beiðni sem kom frá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni um að hæstv. forseti léti fara fram sérstaka rannsókn, það mátti skilja það svo, á yfirleitt öllum umsögnum sem bærust til nefnda þingsins. Ég held að slíkt væri ógerningur. Það verður auðvitað að treysta því að umsagnir séu vel unnar. Mér sýnist, eins og komið hefur fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að hér hafi einhver mistök átt sér stað og að ekki sé ástæða til að gera mikið meira úr því en orðið er.

En það er auðvitað ýmislegt athyglisvert í því bréfi sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson las hér fyrir þingheim, vegna þess að í bréfinu, sem skrifað var í gær, kemur fram að sá sem það undirritar virðist hafa vitað af þessum umsögnum um þó nokkurn tíma, því að viðkomandi segir þar að hann hafi ekki vitað af því fyrr en þær hafi verið komnar til iðnaðarnefndar en ekki að hann hafi ekki vitað af því fyrr en í gær. Það er auðvitað afar sérkennilegt ef sá sem undirritar bréfið hefur vitað af þessu mjög lengi gerir ekki athugasemdir strax og viðkomandi vissi af þessu.

En það er annað, virðulegi forseti, sem er einnig athyglisvert í þessu bréfi og það er að í því segir að þessi umsögn hafi verið send til iðnaðarnefndar af hálfu BSRB. Þegar við skoðum hins vegar umsögnina sjáum við að BSRB er aðeins eitt af átta félagasamtökum, þegar UMFÍ er undanskilið, sem undir hana rita. Þetta bréf er því sérkennilegt ýmissa hluta vegna.

[14:38]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég tel mjög mikilvægt að forseti þingsins setji sig mjög vandlega ofan í málatilbúnaðinn um vatnalagafrumvarpið sem verið er að ræða hér í þinginu, setji sig vandlega ofan í það hvernig það er til komið, hvernig það er unnið og hvaða tilgangi það eigi að þjóna, hvert sé verkefni þess og hvers vegna verið er að koma því inn á þing, af því að það er grundvallarágreiningur á milli stjórnar og stjórnarandstöðu um tilgang þessa lagafrumvarps og hvert sé inntak þess. Ég tel að hæstv. forseta beri skylda til að fara ofan í það mál. Forsætisráðherra segir að þetta sé smámál og formsatriði. Einn af höfundum frumvarpsins, Karl Axelsson lögfræðingur, segir að þarna sé verið að taka á grundvallarréttaróvissu í tilteknum málum. Í upphafsgrein frumvarpsins stendur að þetta snúist um eignarrétt á vatni, eignarrétt á auðlindinni vatn. Þarna koma því fram mjög misvísandi atriði.

(**Forseti** (SP)**:** Ætlar hv. þingmaður að ræða hér um fundarstjórn forseta eða efnislega um þetta mál? Það gefst tækifæri til þess á eftir þar sem þetta mál er á dagskrá.)

Frú forseti. Ég vona að hæstv. forseti hlýði á mál mitt. Ég er að spyrja forseta hvort hún hafi sett sig inn í þær miklu andstæður sem eru varðandi málatilbúnaðinn. Ég hef líka áður spurt forseta: Hvar er t.d. aðild okkar að samþykktum Sameinuðu þjóðanna um Vatn fyrir alla? Við höfum undirgengist það eða ég geri ráð fyrir því. Eða höfum við ekki samþykkt yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um Vatn fyrir alla og að áratugurinn 2005–2015 sé áratugur vatnsins í heiminum, Vatn fyrir alla, sem gengur í gegn einkavæðingu á vatni?

Ég spyr: Hefur hæstv. forseti ekkert sett sig inn í það mál og hvernig við höfum tekið afstöðu til þess? Hér er verið að tala um að hinar og þessar umsagnir séu ekki rétt til komnar. Ég vil minna á að ég er félagi í ungmennafélaginu og ég er stoltur af því að Ungmennafélag Íslands á aðild að þeim yfirlýsingum sem hér eru. (Gripið fram í.)

Hvar eru samþykktir Sameinuðu þjóðanna? Hver er aðild okkar að þeim? Ég krefst þess frú forseti að fá að vita hvort Ísland er aðili að yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um Vatn fyrir all, sem gengur gegn einkavæðingu á vatni. (Forseti hringir.) Ég krefst þess, frú forseti, að forseti upplýsi (Forseti hringir.) það hvort við séum aðilar (Forseti hringir.) að samtökum Sameinuðu þjóðanna um Vatn fyrir alla.

[14:42]

Mörður Árnason:

Forseti. Hafi ég skilið hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson rétt áðan, þegar hann fór hér fram með nokkrum skorti á stillingu, þá var hann að krefjast þess í umræðu um fundarstjórn forseta að sérstaklega væri tekin til rannsóknar sú umsögn sem barst frá Ungmennafélagi Íslands. (**ArnbS:** Það var um störf þingsins.) Þetta er um störf þingsins. Nú veit ég ekki, forseti, hvernig þetta er í Tævan, hvernig störf þingsins eru rædd á því þjóðþingi, eða hvernig fundarsköpin eru í þeirri undirnefnd sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir hefur lofað forseta Tævan að stofna hér á Alþingi Íslendinga og ekki enn þá skýrt út fyrir þingmönnum, en hér á þessu þingi er umræða um fundarstjórn forseta. Ég hóf mál mitt á því að rekja hvað Sigurður Kári Kristjánsson hefði sagt um það efni og held því áfram.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson minntist á það í umræðu um fundarstjórn forseta, að gefnu tilefni, að það kynnu að vera fleiri umsagnir sem þyrfti að fara í gegnum í þeirri rannsókn. Hann talaði sérstaklega um umsögn Bændasamtakanna. Ég skal viðurkenna að ég hef ekki kynnt mér hana náið en það kann vel að vera að þar sé sitthvað sem þarf að fara í gegnum í þessu samhengi. Ég skil ekki af hverju hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur rétt umfram hv. þm. Sigurjón Þórðarson að ræða um þessar umsagnir í umræðu um fundarstjórn forseta. En það gerðist enn einu sinni, sem ég hef vakið athygli á, að eftir að Sigurjón Þórðarson hélt ræðu sína stóð forseti upp og taldi að hann væri með einhverjum hætti ekki á réttri leið í þessu.

Ég vil svo bæta við, ef fara á að rannsaka hlutina, forseti, að þá er kannski rétt að taka líka umsagnir Umhverfisstofnunar til rannsóknar, þá fyrri og síðari, því að þar er augljóst að komið hafa að aðilar sem ekki eiga heima í Um-

hverfisstofnun sjálfri og reynt að hafa áhrif á þá umsögn. Það kemur fram í síðari umsögninni að sest hafi verið niður, eins og ég hygg að því sé lýst þar, með fulltrúum úr umhverfisráðuneytinu, þ.e. starfsmönnum ráðherra sem hér situr á þinginu, hæstv. ráðherra Sigríðar Önnu Þórðardóttur, sem reyndu að hafa áhrif á þá umsögn og tókst það að einhverju leyti. En Umhverfisstofnun stóð að vísu í lappirnar að lokum og sagðist hafa haft rétt fyrir sér. Það að óskyldir, kannski ekki óskyldir en óréttmætir aðilar séu að reyna að hafa áhrif á umsagnir einstakra stofnana í stjórnkerfi okkar um mál sem koma fyrir þingið er alvarlegt umræðuefni. Miklu alvarlegra en þau mistök, skulum við kalla það, sem virðast hafa orðið í samskiptum UMFÍ við hin félagasamtökin sem sendu þá umsögn sem hér er um rætt.

[14:45]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Pétur Blöndal hefði í ræðu sinni áðan verið að finna að fundarstjórn forseta í gærkvöldi. Hv. þm. gat þess sérstaklega að hann hefði setið heima við sjónvarpið — þegar einhver hefði nú haldið að það væri kannski betra fyrir hann að vera hér — til að fylgjast með umræðum. Hann skoraði á menn sem hér tala í dag um fundarstjórn forseta að leyfa hinni lýðræðislegu umræðu að þróast áfram, leyfa mönnum að tala. Það má svo sem taka undir það með hv. þm. Pétri H. Blöndal.

Ég taldi að þetta hefði borið vott um sáttfýsi af hálfu hæstv. forseta í gær og að menn væru aftur að taka hér upp nokkra virðingu fyrir eðlilegum starfsháttum í þinginu að fresta fundi upp úr miðnætti með hliðsjón af því að þá var fyrirhugaður fundur iðnaðarnefndar klukkan hálfníu í morgun. Þó að menn takist hér harkalega á og deili þá hljóta menn samt sem áður að viðhafa svona þokkaleg vinnubrögð við stjórn fundanna eins og hæstv. forseti gerði í gær. Hér eru menn hvorki sveltir né barðir til hlýðni og ég vona að réttur til svefns og hvíldar verði ekki tekinn af þingmönnum þó að menn takist harkalega á um grundvallarmál, þ.e. auðlindir.

Vegna orða hv. þm. Péturs H. Blöndals og óska um að umræðunni gæti undið fram verður að rifja það upp að það var þingmaður stjórnarliðsins, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, sem kom hér upp eins og hann hefði fundið einhvern sérstakan nýjan sannleika sem gjörbreytti öllu. Hugsið ykkur, sagði hv. þm. Birkir Jón Jónsson, það er komið bréf frá Ungmennafélagi Íslands. Og vegna þess að það er einhver misskilningur á ferðinni þá fannst hv. þingmanni sem hér hefðu gerst stórkostlegir atburðir.

Hv. þingmaður á ekki að láta etja sér á foraðið. Við verðum að gæta að okkur með hvaða hætti þessi umræða þróast fram. Við í stjórnarandstöðunni höfum beðið um útskrift á ummælum hv. þingmanns. Ég ætla ekki að rekja það nákvæmlega sem mér fannst hann segja frá orði til orðs, en efnislega var þessu beint að einum tilteknum þingmanni. Það var reynt að veikja stöðu hans í þinginu, það var talað sérstaklega þannig að samtök sem hann gegnir forustu fyrir væru að beita blekkingum.

Maður gæti látið þetta sem vind um eyru þjóta ef þetta væri eitt einstakt dæmi. Hæstv. iðnaðarráðherra beitir sömu brögðum. Flokkssystir hv. þingmanns hefur komið hér áður og ásakað þennan sama þingmann um að falsa hluti. Þetta, frú forseti, eru ekki vinnubrögð sem nokkrum stjórnmálaflokki eru til sæmdar eða fremdarauka. Það er nú það eina sem ég vil segja um það mál og háttsemi Framsóknarflokksins og hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar á þessu stigi en ég bíð eftir tækifæri til þess að ræða þau ummæli hans frekar þegar ég hef fengið af þeim útskrift.

[14:48]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég hef ákveðið að taka áskorun frá hv. þm. Pétri H. Blöndal um að tala hér — þeirri áskorun til forseta Alþingis að leyfa mönnum að tala um þetta mál. Ég sakna þess að vísu að hv. þingmaður er farinn úr salnum ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP): Forseti spyr hvort hv. þingmaður sé ekki hér að tjá sig um fundarstjórn forseta.)

Jú, ef ég fæ frið til þess mun ég gera það, virðulegi forseti.

(**Forseti** (SP): Hvað á hv. þingmaður við?)

Ef ég fæ að halda máli mínu áfram eins og aðrir þingmenn.

(**Forseti** (SP): Ef hv. þingmaður ræðir um fundarstjórn forseta fær hann frið til þess.)

Að sjálfsögðu. Það þarf stundum að hafa aðdraganda að því sem maður vill segja, virðulegi forseti.

Það er líka svo að hér hefur verið farið upp um störf þingsins og rætt um fundarstjórn forseta af stjórnarþingmönnum. Hv. þm. Birkir J. Jónsson hóf umræðuna með því að lesa bréf sem kom frá Selfossi í dag eins og þar væri einhver stóri sannleikur á ferð sem mundi gjörbreyta málinu. (**Gripið fram í:** Hver sagði það?) Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því að svo sé.

Það er rétt að hafa það í huga að í ályktun ráðstefnunnar Vatn fyrir alla, sem m.a. UMFÍ skrifar upp á segir, með leyfi forseta:

„Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ...“

Virðulegi forseti. Sem betur fer hefur þetta ekki verið dregið til baka. Þetta er auðvitað aðalatriði málsins sem kemur frá UMFÍ. Það er rétt, virðulegi forseti, að halda því til haga að þessi ummæli og þessi samþykkt hefur ekki verið dregin til baka frá hendi UMFÍ. Auðvitað er það miður að UMFÍ skuli láta blanda sér inn í þann pólitíska slag sem er nú á Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég vil líka geta þess hér — vegna þess að það kom fram í umræðunni um þetta mál, að því er mér finnst til þess að reyna að gera það ótrúverðugt, þetta einkavæðingarmál stjórnarsinna á vatni, að setja vatnsauðlindina á braskmarkað, færa auðlindina í einkaeigu einhverra, sem hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði hér um gagnvart Kárahnjúkavirkjun. Hann talaði eins og allt væri þar klappað og klárt. Virðulegi forseti. Ég má til með, og það er erindi mitt hér til að ræða um fundarstjórn forseta, það verður að koma fram — ef hv. þingmaður hefur ekki verið í þinghúsinu í

gær og tekið eftir því — að hæstv. iðnaðarráðherra talaði í gær um tvær nefndir sem væru að störfum vegna Kárahnjúkaframkvæmda fyrir austan sem lyti að flutningi vatns milli svæða og hugsanlega eignarnámsbóta.

Virðulegur forseti. Þetta er auðvitað grundvallaratriði. Vatn milli svæða fyrir austan verður ekki flutt fyrr en næsta vor. Og þegar það kemur til eignarnámsbóta þegar þeir vatnsflutningar hefjast verða þeir út af þeim lögum sem þá verða í gildi, ekki lögum sem eru núna í gildi. Það er, virðulegi forseti, sennilega ástæðan fyrir þessu óðagoti (Forseti hringir.) stjórnarsinna um þessi nýju vatnalög.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti heyrði ekki að hv. ræðumaður væri að tala hér um fundarstjórn forseta og brýnir fyrir þeim ræðumönnum sem ætla að taka til máls undir þeim dagskrárlið að ræða um fundarstjórn forseta.)

[14:52]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það sem ég vildi ræða um fundarstjórn forseta var í tengslum við upphlaup hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar hér fyrr í dag þar sem hann óð upp með því sem í versta falli mætti kalla pólitískan subbuskap en í besta falli bráðræðisleg mistök, taugaveiklun og bráðræði. Ég finn í raun og veru til með hv. þingmanni út af þeirri stöðu sem hann setti málið í og með hvaða hætti hann dró Ungmennafélag Íslands inn í þessa umræðu.

Nú vill svo óheppilega til að formaður þess, Björn B. Jónsson, er varabæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Árborg, mikill sómamaður og mér þykir það leitt hvernig hv. formaður iðnaðarnefndar dró þann góða mann og þessi merkilegu og gömlu samtök, Ungmennafélagið, inn í það pólitíska gjörningaveður sem hér geisar í átökum um vatnalögin, sem eru átök um grundvallarmál og er hér reynt að drepa á dreif og út um allar trissur með því að draga inn hluti eins og hv. þingmaður gerði hér í morgun.

Ég vona, virðulegur forseti, að hv. formaður iðnaðarnefndar sjái sóma sinn í því að biðja formann Ungmennafélagsins afsökunar á því úr ræðustól þingsins að hafa með þessum hætti dregið Ungmennafélagið og viðkomandi mann inn í þessa pólitísku umræðu, inn í þessu hörðu átök með þeim óheppilega og smekklausa hætti sem hann gerði hér í morgun. En ég vil leyfa hv. formanni iðnaðarnefndar að njóta vafans og tel að hann hafi gert bráðræðisleg mistök, eins og ég sagði. Hafi þetta verið gert af ásetningi væri það pólitískur sóðaskapur en ég lít svo á að hann hafi gert hér bráðræðisleg mistök og vildi óska eftir því við hæstv. forseta að hann gefi hv. formanni iðnaðarnefndar tóm til þess, sæi hann glufu til þess í þingsköpum, að koma hér upp og skýra mál sitt betur þannig að ávirðingunum sé létt af Ungmennafélagi Íslands (Forseti hringir.) og formanni þess sem hér var dreginn inn í málið áðan.

(**Forseti** (JóhS)**:** Enn einu sinni áminnir forseti ræðumenn sem tala vilja undir fundarstjórn forseta að ræða um fundarstjórn forseta. Ýmsir þeir sem hafa talað hér undir þessum lið, fundarstjórn forseta, eru á mælendaskrá í því dagskrármáli sem er á dagskrá. Þar hafa þeir ótakmarkaðan ræðutíma til þess að ræða um þennan lið þannig að forseti brýnir enn fyrir þeim sem eftir eru á mælendaskrá að ræða um fundarstjórn forseta.)

[14:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við heyrum að hæstv. forseta þingsins þykir sú umræða, sem fram fer undir þessum dagskrárlið um fundarstjórn forseta, vera harla ómarkviss. En ég beini þeirri spurningu til hæstv. forseta þingsins hvaða skýringu hún kunni á því að þessi umræða dregst svo á langinn. Hver er ástæðan fyrir því að menn kveðja sér hljóðs, hver á fætur öðrum, klukkutíma eftir klukkutíma, undir þessum dagskrárlið eða öðrum um störf þingsins?

Það er einfaldlega vegna þess, frú forseti, að þinghaldið er allt komið í uppnám. Og hvernig stendur á því að þinghaldið er komið í uppnám og við hvern er að sakast í því efni? Það er við ríkisstjórnina og stjórnarmeirihlutann að sakast, ríkisstjórnina sem er svo ákveðin í því að koma hinu umdeilda vatnalagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar í gegnum þingið að hún er reiðubúin að setja öll önnur mál til hliðar.

Formönnum þingflokkanna hér á Alþingi var skýrt frá því í gær að ekki standi til að hafa hefðbundinn fyrirspurnatíma í þinginu á morgun eins og venja stendur til vegna þess að allt á að víkja til hliðar fyrir vatnalögum ríkisstjórnarinnar. Þetta er ástæðan fyrir því, frú forseti, að menn kveðja sér hljóðs hér undir þessum dagskrárlið í og með til að mótmæla þessu fyrirkomulagi. Við krefjumst þess að fá nú skýr svör um framhald þingsins og hvernig á því standi að stjórn þingsins lætur undan kröfum ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans í þessu efni. Við svo búið má ekki vænta nokkurs samstarfs af hálfu stjórnarandstöðunnar í þessu máli eða öðrum. Við verðum að koma þessum málum og starfsemi þingsins í eðlilegan farveg að nýju. Fyrr en það verður gert má búast við löngum umræðum, markvissum og ómarkvissum, undir þessum dagskrárlið um stjórn fundarins og um störf þingsins.

[14:57]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti ætlar ekki að hafa skoðun á því af hverju þessar umræður dragast á langinn en hefur fullan skilning á því að ræðumenn, bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar, þurfa að ræða ítarlega þetta viðfangsefni. En það gefur þingmönnum engan rétt á því að ræða um annað en fundarstjórn forseta undir liðnum fundarstjórn forseta.

[14:57]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það er líklega það eina sem ég get a.m.k. tjáð mig um í bili, það er fundarstjórn forseta. Ég verð nú að segja það, af því að hún talaði um að þingmenn hefðu hér ómældan tíma á eftir til þess að ræða um vatnalögin sem eru á dagskrá, þá hef ég í það minnsta ekki fengið staðfestingu á því enn þá að ég hafi nokkurn tíma.

En varðandi það mál sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson opnaði á verð ég að segja það að á fundi iðnaðarnefndar í morgun taldi ég að menn hefðu sammælst um að leita álits á og ritari nefndarinnar hefði verið beðinn um að kanna stöðu þessara umsagna. Því fannst mér og finnst mér mjög undarlegt, og skil eiginlega ekki alveg tilganginn og nauðsyn þess, að þetta bréf hafi verið lesið hér í dag. Mér fannst eiginlega engin ástæða til þess að upplýsa þingheim sér-

staklega um það. Nefndin var meðvituð um þetta og ritaranum var falið að kanna þetta nánar. Að halda því fram að stjórnarandstaðan sé einvörðungu að byggja mál sitt, eins og þingmenn nokkrir hafa nefnt, á þessari umsögn er eiginlega hjákátlegt. Að sjálfsögðu liggja hér margar umsagnir að baki og ég er rétt að byrja að kynna mér þær, var að lesa þær eftir fundinn í morgun og í hádeginu. Ég get ekki annað séð en að þetta hafi ekki verið eitthvert málefni sem nauðsynlegt var að setja hér inn á þing í dag, að lesa hér upp. Mér finnst eins og öðrum að þessu væri varpað hér fram til að kasta rýrð á málflutning tiltekins þingmanns.

[14:59]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er auðvitað ljóst að umræða um fundarstjórn forseta fer nokkuð víða þegar undir þeim lið er rætt dag eftir dag og það er fyrst og fremst af þeirri ástæðu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um hér áðan. Á meðan ekki fást skýr svör um það hvert skipulag á að vera á þinghaldinu, hvernig fundarstjórn forseta verður háttað, þ.e. hversu langur fundur verður í dag, hvað verður á dagskrá næstu daga o.s.frv. — sem betur fer hefur það nú verið venjan hér í þinginu að um slíkt hefur ríkt þokkalegt samkomulag — þá er auðvitað ljóst að þinghaldið er allt úr skorðum gengið. Það væri nær að nýta þann tíma sem fer í þennan dagskrárlið til að reyna að ná lausn í því máli. Það er hlutverk stjórnar þingsins að sinna því verki en á meðan höfum við, virðulegir þingmenn, ekki aðra leið en að reyna að hafa áhrif og óska eftir upplýsingum með því að fara hér upp um fundarstjórn forseta.

Frú forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um ræðu mína hér í gærkvöldi og kvartaði yfir því að hann hefði ekki náð dýptinni í ræðunni. Hv. þingmaður hefur að vísu nokkrum sinnum gefið það út að hann missi allan þráð þegar menn hafa rætt lengur en svona u.þ.b. 15 mínútur. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (JóhS)**:** Nú er hv. ræðumaður farinn að ræða um annað en fundarstjórn forseta og forseti getur ekki unað því að það sé rætt um annað undir þessum lið en fundarstjórn forseta.)

Frú forseti. Ég furða mig nokkuð á því að það skuli gilda hér mjög misjafnar reglur. Hv. þm. Pétur H. Blöndal fjallaði um ræðu mína undir liðnum fundarstjórn forseta. Ég er að reyna að svara því sem hv. þingmaður ræddi um undir þeim dagskrárlið. Ég kannast ekki við að ég hafi aðra möguleika á því fyrr en eftir marga, marga sólarhringa að svara því sem hv. þingmaður sagði. Og það tengist að sjálfsögðu fundarstjórn forseta vegna þess að ég heyrði ekki betur en hv. þingmaður hefði í ræðu sinni verið ýmist að hæla fundarstjórn forseta eða finna að, ég áttaði mig ekki á því. Ég ætlaði hér í minni ræðu, í svari við ræðu hv. þingmanns, að ganga í lið með hæstv. forseta, sem hér var og sýndi mikinn lipurleik um miðnætti í gær — hæstv. forseti, sem þá var hér við störf, taldi það vera eðlilega fundarstjórn að ljúka fundi um miðnætti vegna þess m.a. að ég benti á að fundur væri í iðnaðarnefnd kl. 8.30 að morgni og hv. þm. Birkir J. Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, var hér örþreyttur eðlilega um miðnætti í gær.

Ég vil því, virðulegi forseta, segja að ég tel það falla undir fundarstjórn forseta að fara hér í vörn fyrir virðulegan forseta sem sat hér á forsetastóli um miðnætti í gær. Og ég vil endurtaka það að ég held að sá hæstv. forseti hafi sýnt mikla lipurð og raunverulega gengið í lið með þeim sem telja að nú sé nóg komið af upplausn í þinghaldinu.

(**Forseti** (JóhS)**:** Það er ekki hlutverk forseta að ganga í lið með einum eða neinum.)

[15:02]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég beini því til forseta hvort hann hafi veitt því athygli þegar hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sem nú er flúinn úr salnum hengdi aftan í sig skítadreifarann og puðraði yfir formann iðnaðarnefndar með þvílíku orðavali (**Gripið fram í:** ... orðalaginu.) að það er ekki honum sæmandi, þegar hv. formaður iðnaðarnefndar kom hér, sem er skylda hans, (Forseti hringir.) til að upplýsa þingheim um það hvaða gögn hafa borist iðnaðarnefnd. Er það ekki skilningur hæstv. forseta ...?

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja þann ræðumann sem stendur í stólnum að gæta orða sinna, og líka hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson ef hann hefur sagt eitthvað óvarlega sem hefur farið fram hjá forseta. Það gefur þó hv. þingmanni ekki rétt til að viðhafa óvarleg orð í ræðustól.)

Rétt. Ég biðst velvirðingar, virðulegi forseti, og skal verða við ábendingu. Ég vil einungis beina því til forseta hvort það eru ekki rétt vinnubrögð af hálfu formanns nefndar að koma hér fyrir þingheim þegar mál eru til umræðu og ný gögn og nýjar upplýsingar hafa borist þingnefnd og gera grein fyrir þeim. Hér hefur hv. formaður nefndarinnar verið sakaður um ýmislegt í því sambandi þegar hann kemur hér með góðum hug og er að sinna skyldum sínum og upplýsa þingheim um nýjar upplýsingar, og er ekki rétt og skylt af honum að gera það? Hér hafa einstakir þingmenn sakað hann um ýmislegt í þessu sambandi sem er þeim ekki sæmandi.

[15:04]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég hef orðið áhyggjur af stjórn þingsins og vinnubrögðum hæstv. forseta. Ég leyfi mér því að spyrja: Hversu lengi á dagskrá fundar að standa í dag? Á að vera kvöldfundur eða á að vera næturfundur? Það hefur ekkert verið tilkynnt um það, að því er ég best veit, a.m.k. hef ég þá ekki heyrt hvernig forseti ætlar að haga þinghaldi í dag.

Það hefur heldur ekkert verið gefið út um morgundaginn sem er miðvikudagur, hefðbundinn fyrirspurnadagur. Venjan er sú að haft er samband við þingmenn um þetta leyti, um hádegisbilið, varðandi fyrirspurnir sem taka á fyrir á miðvikudegi og hvaða fyrirspurnir komast þá á dagskrá. Ekkert slíkt hefur verið boðað í dag þannig að ég leyfi mér að spyrja hæstv. forseta: Er þetta þing að verða stjórnlaust?

(**Forseti** (JóhS)**:** Samkvæmt þingsköpum er það forseti sem ákveður dagskrá hvers fundar. Á dagskrá fundarins í dag eru vatnalögin, stjórnarfrumvarp. Það hefur enn ekki komist á dagskrá þar sem þingmenn ræða fundarstjórn forseta. Þeim forseta sem nú stýrir fundi er ekki kunnugt um það hvenær eigi að ljúka þessum fundi og hvort hann eigi að vera í kvöld eða ekki. Það ræðst væntanlega af því hvort

eitthvert samkomulag næst milli forseta og formanna þingflokka, en forseta sem hér stendur er ekki kunnugt um hvort eitthvað slíkt sé í gangi eða hvort vænta megi þess að eitthvert samkomulag náist á þessum degi eða sólarhring. En meðan ekki hefur náðst samkomulag höldum við áfram umræðu um vatnalögin þegar þau komast á dagskrá, og eftir atvikum um fundarstjórn forseta.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir mjög skilmerkileg svör að því marki sem virðulegur forseti er fær um að gefa þau. Ég hlýt að skora á forseta að þetta mál verði tekið upp nú þegar í forsætisnefnd og tekin ákvörðun um það hvernig menn ætla að haga þinghaldinu í dag.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. forseta hvernig þinghaldi verði háttað á morgun. Ég er með starfsáætlun þingsins sem hefur verið gefin út og samþykkt af öllum þingflokkum, það ég best veit, og þar stendur að á morgun sé fundur og þá er gert ráð fyrir fyrirspurnatíma, eins og jafnan á miðvikudögum. Það er mjög miður ef það er eitthvað á reiki og ég velti fyrir mér hver taki eiginlega ákvörðun um það. Þó að hæstv. forseti segi að forseti ráði dagskrá þarf meira til til að raska öllum hefðbundnum dagskrárliðum án nokkurs samráðs við aðra þingflokka. Ég leyfi mér að spyrja ítrekað virðulegan forseta um dagskrá á morgun: Má ekki treysta því að á morgun verði hefðbundinn fyrirspurnatími eins og gert er ráð fyrir í starfsáætlun og að þingið hafi þá samband við þá aðila sem eiga fyrirspurnir um að geta tekið þær á dagskrá með eðlilegum hætti? Ég á fyrirspurnir inni sem ég vildi gjarnan að yrðu teknar á dagskrá. Það er óviðunandi ef eitt mál á að raska hér öllum öðrum þingstörfum, ekki síst fyrir það hvernig það er búið inn til þingsins. Ég leyfi mér ítrekað að spyrja hæstv. forseta hvernig dagskrá verði háttað á morgun varðandi fyrirspurnir.

(**Forseti** (JóhS)**:** Það hefur ekki farið fram hjá neinum að þinghaldið er í nokkurri óvissu þessa dagana. Það er m.a. skýringin á því að ekki liggur fyrir hefðbundin dagskrá út þessa viku eins og vaninn er, en forseti væntir þess og það er ósk forseta að samkomulag náist um þinghaldið þannig að það geti farið í eðlilegt horf. Sá forseti sem hér stendur ræður því ekki einn en vonar svo sannarlega að hægt verði að ná einhverju samkomulagi með formönnum þingflokka og forseta um áframhaldið á þinginu. Það er vissulega óvissa um fyrirspurnatímann á morgun. Frekari svör hefur forseti ekki við því.)

Frú forseti. Ég þakka fyrir þau svör sem hæstv. sitjandi forseti getur gefið en ég hvet forseta til að gera hlé á fundinum og kalla til fundar forsætisnefndar þannig að það megi skýrast, þinghaldið, næstu klukkutíma og næstu daga og láta ekki þetta mál sem snýst um einkavæðingu á vatni og hæstv. forsætisráðherra segir að sé ekki neitt, það sé bara formbreyting, hleypa öllu í uppnám. Burt með þetta einkavæðingarfrumvarp.

[15:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því að þeir sem ræða um fundarstjórn forseta hafi kannski mestar áhyggjur af því að það mál sem er til umræðu hérna, vatnalagafrumvarpið og það sem fylgir því í umræðunni, setji allt þingstarf úr skorðum. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að forsetadæmið hjá Alþingi þurfi bara að hugsa sinn eigin gang. Hvernig stendur á því að hæstv. forseti, aðalforseti og forsetadæmið með honum, hefur ekki farið yfir og horfst í augu við það að þetta eru ótæk vinnubrögð á Alþingi? Alþingi er haldið hér í úlfakreppu í kringum mál sem stjórnarliðar koma hver eftir annan upp í ræðustól og segja að skipti engu máli. Önnur mál bíða öll úrlausnar á meðan og forsetadæmið situr bara og stjórnar fundum endalaust út af þessu máli sem engu máli skiptir, samkvæmt þessari skilgreiningu. Við höfum aðra skoðun á málinu og munum auðvitað standa í ræðustól og ræða um okkar skoðun á málinu þar til yfir lýkur.

Forsetadæmið hlýtur að þurfa að skoða hvort það tekur mark á okkur eða þeim sem segja okkur það í sölum Alþingis að þetta sé bara formbreyting og skipti engu máli. Ef forsetadæmið tekur mark á því hlýtur það að velta því fyrir sér hvort ekki sé nær að Alþingi fáist við önnur mál en þetta. Þurfa menn ekki aðeins að velta því fyrir sér hvað er fram undan hér? Ábyrgðin á stjórn þingsins verður ekki tekin frá forsetum Alþingis. Þeir bera ábyrgð á henni og þeir eru forsetar Alþingis, ekki bara forsetar ríkisstjórnarflokkanna. Þeir hljóta að þurfa að velta því fyrir sér hvort hér sé rétt að málum staðið og hvort það sé skynsamlegt að halda þessari umræðu áfram með þessum hætti.

Ég segi það alveg eins og er að mér finnst full ástæða til að þessi umræða fái aðeins kælingu. Það væri bara ráð til hæstv. forseta að þeir frestuðu þessari umræðu, leyfðu mönnum að velta þessu aðeins fyrir sér, héldu svo áfram með þinghaldið með eðlilegum hætti næstu daga og tækju þá þetta mál aftur á dagskrá ef þeir sæju að hægt væri að vinna að því af einhverri skynsemi. Það er alveg greinilegt að hér er allt fast. Það er ekki bara ég sem óska eftir þessu. Hér hafa komið upp fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, tveir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins óskuðu eftir því að formenn stjórnmálaflokkanna ræddu þessi mál sín á milli vegna þess að þau væru í sjálfheldu. En forsetar Alþingis halda áfram að stjórna fundum sem ekkert gengur með.

[15:13]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hv. þingmaður var sannarlega að ræða um fundarstjórn forseta. Forsætisnefnd hefur vitaskuld tekið til umræðu á fundum sínum þá stöðu sem upp er komin í þinginu en hv. síðasti ræðumaður er það gamalreyndur að hann veit að þegar mál eru komin í þessa stöðu verða þau ekki leyst nema í samkomulagi milli forseta og formanna þingflokka og það samkomulag er enn ekki til staðar. Á meðan verðum við að halda áfram þessari umræðu en forseti mun sannarlega koma því á framfæri við aðra forseta sem hér hefur komið fram.

[15:14]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í umræðunni um fundarstjórn forseta að þessu sinni en verð þó að koma hér upp og taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni þar sem hann beinir því til og skorar á forsetadæmið, eins og hann orðaði það svo skemmtilega, að taka á þeim vanda og þeirri óvissu sem hér er uppi á Alþingi. Eftir

því sem ég best veit hljóta hæstv. forsetar Alþingis að vera í því hlutverki að skipuleggja þingstörfin með þeim hætti að þau gangi sem greiðast. Að mörgu leyti má segja að fundarstjórn forseta á þinginu sé svipaðs eðlis og hlutverk flugumferðarstjóra í kringum flugvelli þar sem mikil umferð er, þ.e. að greiða fyrir umferðinni eins og hægt er þannig að allir þeir sem þurfa að nýta flugvöllinn og komast að komist að með þeim hætti sem gert er ráð fyrir.

Allir sem setið hafa í flugvél á enda flugbrautar og beðið eftir því að komast í loftið vita hversu leiðinlegt það er þegar tilkynning kemur um að það sé löng röð á undan og að ekki hafi tekist að skipuleggja starfið á flugvellinum með þeim hætti að flugvélin komist í loftið á réttum tíma, eingöngu vegna þess að ekki hefur tekist að ná stjórn á þeirri starfsemi sem fram fer á flugvellinum. Að mörgu leyti er þetta það sama hér þar sem við bíðum í röðinni eftir því að það takist að ná stjórn aftur á störfum þingsins.

Það hlýtur eitthvað mikið að vera að þegar hefðbundin störf og dagskrá þingsins raskast eins og nú er. Hv. þm. Jón Bjarnason fór yfir það að hefðbundinn fyrirspurnafundur sem á að vera á morgun verður væntanlega ekki vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram. Okkur var tilkynnt það á þingflokksfundum að utandagskrárumræður sem eru hefðbundnar á þinginu og eiga hér sinn sess yrðu ekki meðan á þessari vatnalagaumræðu stæði. Með öðrum orðum er öllum hefðbundnum störfum þingsins vikið til hliðar meðan verið er að reyna að koma þessari flugvél í loftið sem er vatnalagafrumvarpið. Allir aðrir eiga að bíða á meðan, alveg sama hve stór tappi myndast, vegna þeirrar þvermóðsku sem uppi er. Ég held að við verðum núna að reyna á allan hátt, bæði þingmenn og hæstv. forsetar, að ná niðurstöðu um framhaldið með hvaða hætti sem það verður. Ég held að það sé þá rétt að hv. stjórnarliðar gæti að því með hvaða hætti þeir koma í umræðuna og með hvaða hætti þeir greiða fyrir eða greiða ekki fyrir þingstörfum því að ég verð að segja sem er, frú forseti, að ekki hafa þeir stjórnarliðar sem tekið hafa þátt í umræðum greitt fyrir þingstörfum í dag.

[15:17]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Það er óhætt að segja að vatnið sé nú virkilega farið að sjóða hér í þingsölum.

Mig langar vegna nýliðabreks hér áðan að biðja virðulegan forseta afsökunar á gífuryrðum sem fuku í hita leiksins. Að vísu hefur komið fram, eftir að ég tjáði mig, frá hv. þm. Bjarkeyju Gunnarsdóttur, að þegar það bréf sem var lesið upp hér í morgun hafi komið fyrir nefndina hafi nefndin ætlað sér að hafa samband við umsagnaraðila og kanna þessa yfirlýsingu. Það hefði verið heppilegra að mínu mati að það hefði verið gert, áður en hún var lesin hér upp. Mér er annt um þessi 99 ára gömlu samtök og vil jafnframt nota þetta tækifæri til að biðja hv. þm. Birki Jón Jónsson afsökunar ef ég hef gengið of langt hér í morgun, sem ég líkast til gerði.

Svona er þetta akkúrat í dag í þessu gífurlega mikla hitamáli sem hér er orðið. Vatnið er, eins og ég segi, virkilega farið að sjóða en það var alls ekki ætlunin að ráðast á hv. þingmann, sem að mínu áliti hefur að mörgu leyti starfað hér vel. Þetta voru afskaplega óheppileg ummæli og ég bið hv. þingmann enn og aftur afsökunar.

[15:19]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Af því það hefur komið fram í umræðunni að menn hafa kallað eftir vinnu við samkomulag um áframhald umræðunnar, þá vil ég að komi hér fram að hæstv. forseti, Sólveig Pétursdóttir, er á áríðandi fundi annars staðar. Strax þegar hæstv. forseti kemur hér aftur til starfa höldum við auðvitað áfram að ræða um framgang þingstarfa á næstu klukkutímum að minnsta kosti. Þó við komumst ekki mikið lengra en það.

En það er fullur vilji, eins og margoft hefur komið fram hjá forseta, að reyna að ná um það samkomulagi við formenn þingflokka hvernig þingstörfum er háttað.

Vatnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859.

[15:20]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Við ræðum um vatnalög og höfum gert það nú síðustu dægrin. Ég hef ýmislegt við þetta lagafrumvarp að athuga og undra mig ekki á þeirri miklu umræðu sem hér hefur farið fram. Ég hefði nú helst viljað að menn hefðu tekið mark á þessum umræðum og athugasemdum og hreinlega dregið frumvarpið til baka. Þau lög sem fyrir eru, og eru orðin rúmlega 80 ára gömul, hafa staðist tímans tönn og það hefur ekki verið rökfest hér nægilega vel af hverju ætti að breyta þeim.

Frú forseti. Mig langar nú að koma nokkuð víða við en ætla að nefna það hér strax að vegna ákvæða í frumvarpinu þá hef ég áhyggjur af fiskeldi í framtíðinni. Það hefur ekki verið tekið upp í umræðunum áður nema að litlu leyti. En það sem veldur mér mestum áhyggjum varðandi fiskeldið er að hér segir í 3. gr. frumvarps til vatnalaga, með leyfi forseta:

„Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir: ... 3. Búsþarfir: Búsþarfir til kvikfjárræktar."

Þetta er breyting frá því sem er í lögunum. Hér er ekki talað um ylrækt. Hér er ekki talað um fiskeldi. Þeir sem hafa komið nálægt fiskeldi trúa því að í framtíðinni verði það ein af aðalatvinnugreinum Íslands og menn hafa löngum heyrt talað um að gengið sé hart á fiskstofna og verður að teljast mjög líklegt að fiskurinn, rétt eins og aðrar skepnur, verði alinn upp í framtíðinni á þessu landi til manneldis.

Ég hef, frú forseti, áhyggjur af því að þetta frumvarp skerði möguleika bænda og annarra sem vilja hafa fiskeldi sem landbúnað. Það kemur jafnframt hér fram varðandi aðgangsröð að vatni í 15. gr. að vatnstaka til heimilis og búsþarfa gengur fyrir annarri vatnsnýtingu. Þar af gengur heimilisþörf fyrir búsþörf, þ.e. það er búið að strika fiskeldi gjörsamlega út. En því er nú þannig háttað að til að geta verið með eldi laxfiska hér á Íslandi þarf að ala upp seiði á landi í seiðaeldisstöðvum og til þess þarf mikið rennandi

vatn. Það þarf að vera öruggt vatn. Ég reikna með að flestir sem hér eru inni hafi heyrt í fréttum að vatnsveita hafi brugðist og orðið mikið tjón í fiskeldisstöðvum.

Ég get ekki séð, frú forseti, annað en að þetta séu töluverðir meinbugir á þessu frumvarpi og þurfi að taka það sérstaklega fyrir. Það væri rétt að taka þessi frumvörp saman, þ.e. þessi mörgu frumvörp sem koma frá hæstv. landbúnaðarráðherra, frumvarp til laga um eldi vatnafiska og frumvarp til laga um fiskrækt m.a., enda kemur hér fram í 2. gr. frumvarps um fiskrækt varðandi gildissvið, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til allrar fiskræktar, ... sem fram fer í ferskvatni á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um eldi vatnafiska og laga um varnir gegn fisksjúkdómum."

En það þarf í raun að taka líka tillit til vatnalaga, þ.e. ef þeim verður breytt, þar sem fiskeldið mun ekki lengur, miðað við 3. gr. frumvarps til vatnalaga, njóta neins forgangs. Í frumvarpinu er ekki litið á það sem landbúnað og því er nauðsynleg vatnsnotkun til seiðaeldis ekki tryggð.

Í frumvarpi til laga um eldi vatnafiska segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til uppbyggingar eldis vatnafisks og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu."

Ég get ekki séð að þetta markmið sé raunhæft, frú forseti, miðað við þau ákvæði er ég hef bent á í frumvarpinu um vatnalög og sé því ekki alveg að hægt sé samþykkja þetta frumvarp til laga um eldi vatnafiska ef frumvarp til laga um vatn fer óbreytt í gegn.

Hér segir, frú forseti, í 8. gr. í frumvarpi um eldi vatnafiska, með leyfi forseta:

„Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjenda rekstrarleyfis á viðkomandi sviði, stærð stöðvar, framleiðslumagn hennar, eldistegundir og eldisaðferðir, matsskyldu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Umsókn skulu fylgja skilríki um heimild til afnota lands, vatns og sjávar."

Ég spyr: Mun þetta ganga upp verði vatnalagafrumvarpið að lögum? Ég get ekki séð að það geti gerst því frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu varðandi vatnsrennsli. Í 14. gr. í frumvarpi til vatnalaga segir, með leyfi forseta:

„Heimild til að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Nú breytist farvegur af náttúrulegum ástæðum og er þá fasteignareiganda hverjum sem bagi verður að breytingunni rétt að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag."

Hér áður var ekki einungis talað um að farvegur breyttist af náttúrulegum ástæðum heldur og af hendi þriðja aðila. Því spyr ég, frú forseti: Getur 14. gr. í frumvarpi til vatnalaga virkilega þýtt að þriðji aðili geti breytt farvegi ár og þar með komið í veg fyrir að fiskeldisstöð á svæðinu fái það vatn sem nauðsynlegt er til að eldið geti þrifist?

Við erum ekki að tala um langan tíma, við erum kannski að tala um einhverjar klukkustundir sem liðið geta frá því að vatnsskortur verður í seiðaeldisstöð og þar til seiðin fara að drepast. Mér finnst því eðlilegt, frú forseti, að iðnaðarnefnd og landbúnaðarnefnd skoði þessi frumvörp saman því að ég get ekki betur séð en að þau rekist á og að fiskeldi á Íslandi sé í raun í algjöru uppnámi.

Þar að auki segir um rekstrarleyfi í 10. gr. frumvarps um eldi vatnafiska, með leyfi forseta:

„Telji Landbúnaðarstofnun að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til tíu ára í senn."

Ég spyr: Er hægt, eins og ég las upp úr 8. gr. áðan um að umsókn þurfi að fylgja skilríki um heimild til afnota á vatni samkvæmt þessu nýja frumvarpi um eldi vatnafiska, verði það samþykkt, að gefa út rekstrarleyfi til tíu ára, miðað við skilning minn á frumvarpi til vatnalaga, ef þriðji aðili getur nánast hvenær sem er breytt farvegi ár sem veldur því að fiskeldisstöðin fái ekki það vatn sem hún þarf á að halda til að geta haldið áfram starfsemi?

Frú forseti. Einhverra hluta vegna hafa þessi atriði varðandi ylrækt og fiskeldi ekki komið upp í umræðunni en eiga væntanlega eftir að gera það héðan í frá því að þetta frumvarp til vatnalaga, verði það að lögum, getur sett allt seiðaeldi á Íslandi í algjört uppnám.

Munurinn á seiðaeldi og svokölluðu matfiskeldi er að seiðaeldi, t.d. á laxi, fer fram í ferskvatni í þar til búnum kerjum í fiskeldisstöðvum og þegar laxinn hefur náð ákveðinni stærð er hann ýmist settur út í stærri ker eða hreinlega í sjókvíar. Hins vegar eru bleikjan og regnbogasilungurinn alin upp í ferskvatni á Íslandi. Mér sýnist miðað við vatnalagafrumvarpið að það geti þýtt að aðgangur fiskeldisfyrirtækja að vatni sé ekki tryggður í framtíðinni. Fyrst og fremst byggi ég það á þeirri ábendingu sem ég kom með strax í upphafi máls míns að í 3. gr. vatnalagafrumvarpsins þegar talað er um búsþarfir þá er einungis átt við kvikfjárrækt. Það er hvorki talað um fiskeldi né um ylrækt. Því hefur verið kippt út. Ég velti því fyrir mér hvort þeir sem málið varðar fyrst og fremst, Landssamtök fiskeldis- og hafbeitarstöðva, geri sér grein fyrir hvað hér er að gerast en ef ég man rétt, og ég mun koma að því á eftir, hafa Bændasamtökin væntanlega gert athugasemd við þessa grein varðandi búsþarfir eða fiskeldi. — Jú, það kemur hér fram, frú forseti, í umsögn sem Bændasamtök Íslands sendu hv. iðnaðarnefnd um vatnalagafrumvarpið að taka þurfi tillit til annarra búsþarfa en einungis kvikfjárræktar. Ég mun fara nánar yfir það síðar.

Eins og ég hef sagt, frú forseti, tel ég að hvort tveggja frumvarpanna, frumvarp til laga um eldi vatnafiska og frumvarp til laga um fiskirækt, séu í uppnámi vegna þessa frumvarps til vatnalaga. Það getur ekki verið ætlunin hjá hv. iðnaðarnefnd eða hæstv. iðnaðarráðherra að loka svona snögglega á fiskeldið með því að setja í uppnám möguleika fiskeldisstöðva og fiskræktenda til að hafa fullan og frjálsan aðgang að vatni.

Það segir hér í öðru þessara frumvarpa, um eldi vatnafiska, í umsögn frá fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um

Veiðimálastofnun, frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um fiskrækt og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði ...“

Ég hefði talið heppilegra, frú forseti, að þetta frumvarp hefði verið flutt samhliða frumvarpi til vatnalaga, því að án vatnsins er ekkert fiskeldi. Og þrátt fyrir að ekki hafi gengið vel í fiskeldinu hjá þjóðinni síðustu 15 árin þá er það á ákveðinni þróunarbraut. Hvert einasta ár er dýrmætt. Menn þurfa að huga að því að finna rétta stofninn til að ala upp, finna réttu verkfærin til að vinna þessi verk og hentugustu aðstæðurnar. Og hvað varðar kvíaeldið, þ.e. eldi fiska upp í matfiskstærð í netum úti í sjó, þá þarf að huga að umhverfinu, að möguleikum á því að þar frjósi, að vindhraða og öðru slíku. Ég ítreka það enn og aftur, frú forseti, að ég get ekki séð að fiskeldisfyrirtæki geti uppfyllt skilyrði 8. gr. í frumvarpi til laga um eldi vatnafiska þar sem stendur að umsögn skulu fylgja skilríki um heimild til afnota vatns, verði frumvarp til vatnalaga að lögum. Ég er að sjálfsögðu að tala hér um það versta sem gæti gerst.

Í 15. gr. frumvarps til vatnalaga segir um forgang að vatni, með leyfi forseta:

„Vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gengur fyrir annarri vatnsnýtingu. Heimilisþörf gengur fyrir búsþörf.“

Jafnframt segir þar:

„Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til töku vatns til vatnsveitu innan sveitarfélags á eftir heimilis- og búsþörfum fasteignareigenda.“

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Nái sveitarfélag ekki samkomulagi við fasteignareigenda um töku vatns í landi hans til vatnsveitu, eða um önnur atriði sem nauðsynleg má telja í því sambandi, getur iðnaðarráðherra heimilað að nauðsynlegt land, mannvirki og aðstaða til nýtingar og töku vatnsins og lagningar vatnsveitu, sem og önnur réttindi fasteignareiganda, verði tekin eignarnámi.“

Hvað þýðir þetta nákvæmlega? Ég sé ekki betur en að hér halli enn og aftur á fiskeldisfyrirtækin.

Það er nokkuð greinilegt af því sem ég hef farið hér yfir, frú forseti, að skoða þarf öll þessi lög saman. Það er ekkert óeðlilegt við það þegar eldri lög eru tekin upp, eins og t.d. lög um lax- og silungsveiði, að taka þurfi upp fleiri lög og að gera þurfi það samhliða. Ég tel að í þessu tilfelli þurfi menn að lesa saman með vatnalagafrumvarpinu frumvarp til laga um eldi vatnafiska, um fiskirækt og jafnvel varnir gegn fisksjúkdómum.

Eins og ég hef vikið að, frú forseti, væri jafnvel hægt að halda því fram að frumvarp til vatnalaga setji fiskeldisfyrirtæki á Íslandi í uppnám. Fiskeldisfyrirtækin eru, eins og menn vita væntanlega, víða um land og sú stefna var rekin hér á landi í kringum 1984, ef ég man rétt, að aðstoða bændur við að setja upp seiðaeldisfyrirtæki víða um land sem atvinnuveg. Þar átti seiðaeldið, sem skapaði nokkur störf og verðmæti, að sinna þörf veiðifélaga og landeigenda til að rækta upp fisk í ánum til að gera þær veiðilegri og á þessum árum, 1987–1989, var útflutningur á seiðum til Írlands og Skotlands. Ríkisstjórnin aðstoðaði bændur við að koma upp seiðaeldisstöðvum sem voru í sjálfu sér kannski ekki stórfyrirtæki, miklu minni umfangs en matfiskseldisstöðvarnar, en byggðu á þeirri nauðsyn að hafa góðan aðgang að köldu vatni og helst að hitaveitu til að geta hitað vatnið upp í kjörhita.

Í umsögn frá Bændasamtökum Íslands kemur einmitt fram það sem ég hef verið að benda á, með leyfi forseta:

„Frumvarpið hefur nú verið yfirfarið á nýjan leik, og kemur þá í ljós að athugasemdir Bændasamtakanna hafa verið að engu hafðar. Þær eru því sendar á ný og nefndin vinsamlegast beðin um að íhuga þær vandlega. Sumar athugasemdirnar eru nánast sjálfsagðar, svo sem um skilgreiningu búsþarfa í 3. grein. Það er auðvitað fráleitt í dag að búsþarfir séu einskorðaðar við kvikfjárrækt.“

Ég furða mig svolítið á því að þetta hafi ekki verið nefnt við þessa 30 klukkustunda umræðu, sá möguleiki að fiskeldi sé hreinlega í uppnámi vegna vatnalagafrumvarpsins. Ég ætla að venda kvæði mínu í kross, frú forseti. Það má vera að þegar fjölgar aftur í salnum fari ég betur yfir áhrifin á fiskeldið, þ.e. að ég tel að fiskeldi á Íslandi gæti verið í uppnámi verði frumvarpið samþykkt.

Menn hafa rætt mikið og vel um vatn að undanförnu. Að sjálfsögðu er vatnið lífsnauðsyn og víða úti í heimi höggva menn mann og annan fyrir vatnið. Ég hlýddi á viðtal í gærkvöldi, frú forseti, í Kastljósi ríkissjónvarpsins þar sem Ingibjörg Elsa Björnsdóttir umhverfisfræðingur var spurð álits á frumvarpi til vatnalaga. Hún kom inn á að helsta breytingin yrði, sagði hún nánast orðrétt, að eignarréttur landeigenda yrði skýr og þetta væri ekki lengur nýtingarréttur. Landeigandinn, yrði frumvarpið að lögum, ætti vatnið rétt eins og farveginn og gæti þar af leiðandi framselt vatnið öðrum aðila.

Þetta fer að minna svolítið á þegar í desember 1983 voru sett lög um kvótakerfi á íslenska fiskstofna. Mönnum fannst misjafnlega um það en tíu árum síðar var bætt í betur og kvótaeigendum gert heimilt að framselja kvótann. Í máli umhverfisfræðingsins í gær kom fram að með vatnalagafrumvarpinu gæti sá er færður er eignarréttur á vatninu framselt vatnið öðrum. Þá yrðu stofnuð sérstök vatnsfyrirtæki sem keyptu vatnið. Mögulega yrði það selt erlendum vatnsfyrirtækjum, sem ég mun koma nánar inn á hér á eftir. Að sögn Ingibjargar væri hægt að selja erlendum aðilum vatnið og selja þeim land með, þ.e. jarðir með vatni á þannig að erlendir aðilar gætu keypt vatnsréttindi með því að kaupa hreinlega land. Það er ákveðin þróun í þá átt að ákveðnir aðilar kaupa upp jarðir víða um land. Við skulum reikna með að það sé í jákvæðum tilgangi en hitt er ljóst að þeir eiga möguleika, verði þetta frumvarp að lögum, að framselja vatnið öðrum aðilum, t.d. útlenskum fyrirtækjum. Hvar er þá þjóðin stödd?

Það er á hreinu að vatnsskortur er víða í heiminum og hefur frekar aukist en hitt. Eins og kom fram í máli Ingibjargar umhverfisfræðings í Kastljósi í gærkvöldi mun vatnið, þegar menn leysa flutningsvandann í framtíðinni, það er dýrt að flytja vatnið út í dag, verður vatnið að sjálfsögðu verðmætara, vatnsauðlindin verðmætari. Maður upplifir það í þessari umræðu, frú forseti, að verið er að búa til vatnskvóta sem mun síðan safnast á fáar hendur. Það er sem sagt, frú forseti, verið að einkavæða vatnið. Við í Samfylkingunni höfum bent á það síðustu daga en einhverra hluta vegna virðast stjórnarliðar ekki vilja hlusta á það og reyna einfaldlega að beita lagaklækjum. Staðreyndin er,

eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur margoft bent á, að lögin eru góð eins og þau eru í dag. Ég veit að hv. þm. Kjartan Ólafsson, sem nú gengur í salinn mér til mikillar gleði, mundi líka taka undir það ef honum væri tungan ekki bundin.

Ætlunin er að gera tilraun til að breyta vatnalögum, úr jákvæðri skilgreiningu í neikvæða. Ég mun rétt bráðum fara yfir mjög merkilegan fyrirlestur sem David Hall hélt á Íslandi um rannsókn sína á áhrifum einkavæðingar vatns í heiminum. Þetta er afskaplega merkilegur fyrirlestur sem allir hefðu gott af að hlýða á og ég hef undir höndum eintak af honum og mun fara yfir hann á eftir.

Í Kastljósi í gær urðu jafnframt orðaskipti milli þáttastjórnanda og hæstv. iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur. Mig langar aðeins að fara yfir það, með leyfi forseta, þar sem þáttastjórnandinn spyr Valgerði um réttindi eiganda vatns: „Hann má þá gera allt sem hann vill nema sérstaklega það sem honum er meinað að gera?" Svarið hjá hæstv. viðskiptaráðherra var skýrt já, þ.e. sá sem eignast vatnið getur selt það erlendu vatnsfyrirtæki. Það hefur ekki reynst vel alls staðar eins og ég mun víkja að á eftir.

Áður var kveðið fast á um nýtingarrétt landeigendanna en nú er eins og hér hefur margoft komið fram er verið að einkavæða það. Vatnið á að sjálfsögðu að vera sameiginleg auðlind allrar þjóðarinnar en í Kastljósi í gær var hæstv. viðskiptaráðherra jafnframt spurð af þáttastjórnanda hvort menn gætu hreinlega bara keypt upp jarðirnar. Hæstv. iðnaðarráðherra svaraði því til að ekki væri hægt að koma í veg fyrir það. Áfram hélt síðan þáttastjórnandinn, með leyfi forseta:

„Og einhver gæti eignast mjög veruleg vatnsréttindi í landinu?" — Svar hæstv. iðnaðarráðherra var skýrt. Já.

Þetta kemur inn á, virðulegur forseti, það sem við hjá Samfylkingunni höfum einna mestar áhyggjur af, að búa eigi til kvóta sem síðan verði úthlutað, að í framtíðinni muni vatnið ganga kaupum og sölum hér á Íslandi og að sjálfsögðu hafa menn þá áhyggjur af aðgangi almennings að vatni, að drykkjarvatni og eins hvað varðar fiskeldi, eins og ég kom inn á áðan.

Ég minntist á fyrirlestur sem haldinn var í vetur af prófessor David Hall frá Greenwich-háskólanum í London. Hann veitir þar forstöðu deild sem kallast Public Services International Research Unit, sem sérhæfir sig í rannsóknum á ýmsum þáttum almannaþjónustunnar.

Hans sérsvið er hvort tveggja rafmagn og vatn. Hann hefur rannsakað ýmislegt sem lýtur að heilbrigðiskerfinu og öðrum grunnþáttum almannaþjónustu. Hann á að baki langan feril sem fræðimaður og rannsakandi. Hann starfaði í 25 ár áður en hann kom til Greenwich fyrir háskóla og fyrir verkalýðshreyfinguna

Hann hefur einnig starfað fyrir aðra aðila og er núna stjórnandi rannsóknarverkefnis sem heitir Water Time Project og er fjármagnað af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Þetta rannsóknaverkefni, sem hófst árið 2002, og er ætlað að standa í þrjú ár, byggir á samstarfi fimm stofnana og háskóla víðs vegar um Evrópu og rannsakar vatnsbúskap í borgum og sögu hans.

David Hall er eftirsóttur fyrirlesari. Við sem hlýddum á hann urðum nokkuð áhyggjufull af því að vatnið á Íslandi yrði ekki fyrir alla. Ég held að það sé réttast, frú forseti, að ég lesi fyrirlesturinn bara nákvæmlega eins og hann kom fyrir þannig að engar rangtúlkanir verði. Hefst nú yfirferðin, með leyfi forseta:

„Í þessum fyrirlestri mun ég varpa ljósi á hvernig vatnsveitur hafa þróast á opinberum og einkavæddum markaði í alþjóðlegu samhengi. Ég mun beina sjónum mínum fyrst og fremst að Evrópu en mun auk þess horfa til sögunnar og þróunarinnar annars staðar, t.d. í Norður-Ameríku og þróunarlöndunum, því reynslan er svipuð hvar sem er í heiminum.

Í erindi mínu mun ég taka fyrir fjögur meginviðfangsefni. Fyrst sögulega þróun vatnsþjónustu á annars vegar opinberum og hins vegar einkavæddum markaði. Í öðru lagi sitthvað um vatn í hagfræðilegum eða efnahagslegum skilningi en þar hefur vatnsgeirinn ákveðna sérstöðu. Í þriðja lagi mun ég taka fyrir vinnubrögð einkarekinna fyrirtækja sem starfa innan greinarinnar og þau áhrif sem þau hafa og að síðustu mun ég fjalla um vatnið og pólitík. Svo mun ég reyna að taka fyrir alla þessa þætti út frá alþjóðlegu og evrópsku sjónarhorni."

Þetta eru einmitt þeir hlutir, frú forseti, sem við erum að fjalla um í dag og höfum rætt um síðustu daga. Áfram segir, með leyfi forseta:

„Fyrst er það hin söguleg þróun. Það er greinilegt samræmi í sögu vatnsveitna í borgum Evrópu og í öðrum heimsálfum. Í OECD-löndunum, þróuðu löndunum, má rekja upphaf vatnsveitna á 19. öld til einkarekinna fyrirtækja sem uppgötvuðu að markaðstækifærin væru hjá nýrri miðstétt og þróuðu því vatnslagnir fyrir miðstéttarheimilin sem höfðu efni á að borga fyrir slíka þjónustu.

Þegar leið á öldina sagði iðnbyltingin meira til sín og hagvöxtur jókst. Stækkaði þá sá hópur sífellt sem gerði kröfu um sömu þjónustu. Með heilbrigði fyrir alla að leiðarljósi kom krafan um að allir ættu sama rétt á hreinu vatni óháð efnahag. Reynslan varð sú að það var erfitt að fá einkageirann til að fjárfesta í slíkri útvíkkun kerfisins, því eðli máls samkvæmt var það óarðbært fyrir fyrirtækin að fjárfesta fyrir almenning sem ekki gat borgað fullt verð fyrir þjónustuna.

Því varð þróunin sú í byrjun 20. aldar um alla Evrópu og Norður-Ameríku og öllum þróuðum ríkjum að bæjar- og sveitarstjórnir tóku yfir einkareksturinn og var almannaþjónustan yfirleitt fjármögnuð með almennri skattlagningu."

Það er athyglisvert, frú forseti, að áður hafa menn reynt að einkavæða vatnið, en hér kemur skýrt fram að ekki gekk það þá. En síðan segir, með leyfi forseta:

„Staðan í heiminum í dag er afleiðing þessarar sögulegu þróunar. Á heimsvísu eru vatnsveitukerfi sem eru fjármögnuð með einkarekstri um 5% af heildinni en 95% af vatnsveitum eru í almannaþjónustu. Undantekningin frá þessu er Evrópa og Bandaríkin, en þar er talsverður einkarekstur; í Evrópusambandinu um 25%. Í Bandaríkjunum, þar sem yfirleitt er meira um einkarekstur en annars staðar, er staðan svipuð. Um 85% vatns í Bandaríkjunum er miðlað til fólks af sveitarfélögum með almannaþjónustu. Ef horft er á heiminn heildrænt þá blasir við að vatnsveitur eru yfirgnæfandi í eigu opinberra aðila."

Ég verð að segja, frú forseti, að það hryggir mig að hv. stjórnarliðar skuli ekki koma hér í salinn og hlýða á mál mitt því hér er ég að fara yfir afskaplega merkilegan fyrirlestur sem er skrifaður eftir mikla rannsóknarvinnu um reynslu af einkavæðingu vatns. En áfram segir, með leyfi forseta:

„Innan þessa heildarramma má síðan finna nokkurn mun á milli einstakra landa og sértæk kerfi sem hafa þróast. Sennilega er algengasta fyrirkomulagið stofnun fyrirtækja í eigu sveitarfélaga. Við sjáum þetta í löndum Mið- og Norður-Evrópu, t.d. í Þýskalandi, Hollandi og Belgíu. Þessa þróun er einnig að finna í dreifingu rafmagns, sorphirðu og almenningssamgöngum. Þessi fyrirtæki, sem eru alfarið í eigu sveitarfélaganna, eru rekin m.a. á þeim grundvelli að sveitarfélagið getur velt fjármunum á milli þeirra eftir því hvernig reksturinn gengur. Þessi fyrirtæki geta því stutt hvert við annað enda öll í eigu sama sveitarfélagsins. Til dæmis er hefð fyrir því að Þjóðverjar noti hagnaðinn af vatns- og rafmagnsfyrirtækjum til að niðurgreiða almenningssamgöngur sem ekki skiluðu hagnaði."

Þetta er mjög athyglisverð uppgötvun, frú forseti. Ég endurtek hér, með leyfi forseta:

„Til dæmis er hefð fyrir því að Þjóðverjar noti hagnaðinn af vatns- og rafmagnsfyrirtækjum til að niðurgreiða almenningssamgöngur sem ekki skiluðu hagnaði."

Og áfram segir, með leyfi forseta:

„Þetta kerfi var því hugsað til að ná fram sem hagkvæmustum rekstri hjá sveitarfélaginu í heild. Þessi almenningsþjónustufyrirtæki eru sveigjanleg og opin fyrir nýjungum. Í Hollandi og Belgíu hefur þróunin orðið sú að samliggjandi sveitarfélög hafa tekið höndum saman og skapað sameiginlegt vatnsveitukerfi og síðan hafa fyrirtæki sveitarfélaganna gert samstarfssamninga um frekari uppbyggingu kerfisins þar sem það hefur þótt skila árangri. Svo þarna er komið sveigjanlegt og áhugavert kerfi innan almenningsþjónustunnar."

Síðan segir um þróunina í Frakklandi og Bretlandi, með leyfi forseta:

„Í tveimur löndum hefur þróunin orðið á annan veg. Það er í Frakklandi og Bretlandi og það er einmitt í þessum löndum sem einkareksturinn í dreifingu vatns ræður ríkjum. Þau eru ekki dæmigerð, en með sitt hvorum hættinum. Í Frakklandi gerðist það að einkafyrirtækin, sem voru stofnuð í borgum, t.d. París og Lyon, á miðri 19. öld lifðu af. Í flestum borgum Evrópu liðu einkafyrirtækin undir lok en ekki í Frakklandi. Ein af ástæðunum fyrir því er að sveitarstjórnarvaldið hefur alltaf verið veikt í Frakklandi. Þannig að þegar komið var undir lok 20. aldar var Frakkland, nánast fyrir sögulega tilviljun, eina landið í heiminum með öflug einkafyrirtæki sem sáu um dreifingu vatns þangað til sú þjónusta var einkavædd í Bretlandi.

Hitt dæmið um sérstæða þróun kemur frá Bretlandi. Á 19. öldinni og stærstum hluta 20. aldar var Bretland á svipuðu róli og önnur lönd Evrópu. Vatnsveitukerfi í opinberri eigu þróaðist þar mjög snemma og var í eigu sveitarfélaga til ársins 1974 þegar það var þjóðnýtt. Það var þá í raun tekið úr höndum sveitarfélaganna og sett undir stjórn ríkisins og breytt í níu stór svæðisbundin vatnsveitufélög. Það voru þessi félög sem svo voru einkavædd 15 árum seinna. Aftur var hér um að ræða afleiðingar af sögulegri tilviljun. Ef vatnið hefði ekki verið þjóðnýtt í Bretlandi og stór svæðisbundin fyrirtæki stofnsett, hefði ríkisstjórnin ekki haft möguleika á að einkavæða þau eins og hún gerði, því annars hefðu verið til staðar hundruð minni fyrirtækja í eigu sveitarfélaganna eins og er annars staðar í Evrópu. Þannig eru það sögulegar tilviljanir sem skapa tveimur ríkjum í Evrópu þá sérstöðu að vera með einkavætt vatn og nokkur fyrirtæki sem hafa áhuga á að færa út kvíarnar um allan heim."

Ég vek athygli á því, frú forseti, að það eru til vatnsfyrirtæki, eins og hér kemur skýrt fram, sem hafa áhuga á að færa út kvíarnar. Maður veltir því fyrir sér miðað við þær umræður sem hér hafa verið um frumvarp til vatnalaga hvort við séum næst. Hér muni koma einkafyrirtæki, kaupa upp vatnsréttindi eða landareignir og hvað gerist í framhaldi af því? Ekki mun fyrirtækið ætla að reka sig með halla.

En við höldum hér áfram með fyrirlestur Davids Halls. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„En það eru frávik á öðrum sviðum líka og mun ég nefna dæmi um það. Það er greiðslufyrirkomulag vatns hjá sveitarstjórnum. Upphaflega var það gert með skattlagningu þar sem miðað var við skattstofn til eignarskatts, en nú er að mestu leyti farið að mæla hversu mikið vatn fólk notar. Þó eru undantekningar á þessu, t.d. á Írlandi þar sem ekki er greitt fyrir vatn sérstaklega, heldur er það greitt með almennri skattlagningu. Undarlegt en satt þá er England einnig undantekning hvað þetta varðar því að á miklum meiri hluta enskra heimila eru engir mælar sem mæla vatnsnotkun og því er ekki vitað hversu mikið vatn heimilin nota. Á reikningunum sem heimilin fá kemur ekki fram hversu mikil vatnsnotkunin er. Hún er óþekkt vegna mælaskorts. Upphæðin fer eftir verðmæti íbúðarinnar. Með öðrum orðum, um skattlagningu er að ræða. Svo þrátt fyrir að breska kerfið sé einkavætt og rekið af einkafyrirtækjum í hagnaðarskyni þá er gjaldið sem þau innheimta í raun skattur en ekki söluþóknun. Ég nefni þetta til að sýna ykkur muninn á þróuninni í ýmsum löndum og þá sérstöðu sem getur skapast og því skulum við ekki draga neinar ályktanir um það hvað er eðlilegt eða stöðugt. Það eru þessi mjög skýru sögulegu sérkenni sem hafa áhrif á þróunina."

Síðan segir hér áfram, með leyfi forseta, varðandi söguna í þróunarlöndunum:

„Þá eru það nokkur orð um sögu vatnsins í þróunarlöndunum. Þar er miklu einfaldara mynstur. Fram að því að nýlendur urðu sjálfstæðar var vatnsveitukerfið þróað til hagsbóta fyrir miðstéttirnar úr röðum nýlenduherranna en ekki fyrir alla íbúana. Þegar kom að sjálfstæði hinna ýmsu nýlendna um 1950–1960 var mikið lagt upp úr þróun almenningsþjónustu, þar með talið vatnsveitna. Sjálfstæðinu fylgdi breyting í efnahagsmálum og uppbygging opinberrar þjónustu. Aftur fáum við dæmin um að það er opinberi geirinn sem byggir upp almannaþjónustuna. Ég þekki engin dæmi þess að fyrirtæki á almennum markaði í þróunarlöndunum hafi byggt upp frá grunni vatnsveitukerfin eftir að löndin urðu sjálfstæð.

Ég vil bæta aðeins við um mynstrið í opinbera og einkageiranum í Evrópu. Það má skipta löndum Evrópusam-

bandsins í fjóra hópa. Í fyrsta lagi Frakkland og Bretland sem leiða einkavæðinguna en hjá þeim eru um 83% einkavædd. Í öðru lagi hópur Miðjarðarhafslanda, Portúgal, Spánn, Grikkland og Ítalía, sem höfðu frekar bágborin vatnsveitukerfi og gæði vatnsins ekki mikil. Þar er þriðjungur af þjónustunni einkavæddur. Það eru mismunandi form á einkavæðingunni í þessum löndum og má segja að þau hafi þróast sem viðbrögð við ákveðnum brotalömum sem menn hafa talið vera á þjónustunni. Í þriðja lagi er hópur nýrra ríkja Evrópusambandsins en það eru fyrrum kommúnistaríkin Tékkland, Ungverjaland, Pólland, Slóvakía, Slóvenía o.s.frv. Um 17% vatnsveitna þar eru einkavæddar, þó í mjög mismiklum mæli eftir löndum. Í Tékklandi markaðssettu frönsk fyrirtæki í einkaeigu sig t.d. af miklum ákafa og með góðum árangri snemma á tíunda áratugnum skömmu eftir fall kommúnista. Í Tékklandi eru nú um 75% veitukerfisins einkavædd. Í Póllandi var vatnsveita Gdansk einkavædd snemma eða 1992. Engin önnur borg í Póllandi hefur einkavætt vatnsveitukerfið. Hinar borgirnar kynntu sér kerfið í Gdansk og tóku síðan þá ákvörðun að gera ekki eins. Svo staðan hvað varðar einkavæðingu í Póllandi er að 3–5% vatnsveitna eru einkavæddar og stendur Gdansk fyrir því.

Að lokum koma þau lönd sem hafa hefð fyrir miklum vatnsgæðum og góðu vatnsveitukerfi. Það eru í grófum dráttum lönd Mið-Evrópu og Norðurlöndin þar sem lítið er um einkavæðingu. Einkavæðing í þessum löndum er álitin vera um 8% og er mjög staðbundin, t.d. í Berlín þar sem mjög sérstakar ástæður ollu einkavæðingu á tíunda áratug tuttugustu aldar."

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Undanfarin þrjú ár höfum við unnið skipulega að rannsóknarverkefni sem kallast Water Time Project og er nú komið að lokum þess. Einn þáttur verkefnisins var að rannsaka sögulega þróun vatnsveitukerfa í 29 borgum í 13 mismunandi ríkjum. Eins og sjá má hér til hliðar eru löndin sem við höfum rannsakað dreifð um alla Evrópu, að nýju aðildarlöndunum í Mið- og Austur-Evrópu meðtöldum. Ýmis mynstur eru greinileg en rannsóknin staðfesti á ýmsan hátt að vatnsveitur höfðu einkum þróast í þá átt að vera í eigu sveitarfélaga og á ábyrgð þeirra en uppbygging þeirra er mismunandi og sveigjanleg."

Frú forseti. Hér bendir höfundur á nokkur lönd varðandi fyrirkomulag vatnsveitna. Hér er um að ræða 13 ríki. Þetta er mjög athyglisvert og mun ég hér renna yfir það, með leyfi forseta:

Í Svíþjóð og Finnlandi er vatnsveitan á vegum sveitarfélaga en aðföng og þjónusta frá einkaaðilum. Samstarf sveitarfélaga og sameiginlegt veitukerfi, þ.e. vatn og skolp. Norður-Írland og Skotland, svæðisbundið opinbert fyrirtæki. England, einkafyrirtæki, háð opinberum reglugerðum. Holland, sjálfstæð svæðisbundin opinber fyrirtæki, sameiginlegt veitukerfi, þ.e. vatn og skolp. Þýskaland, ríkisrekstur en í eigu sveitarfélaga, vatn og skolp aðskilið. Frakkland, einkaframkvæmd en í eigu sveitarfélaga. Spánn, í eigu sveitarfélaga en sameiginlegt veitukerfi, þ.e. vatn og skolp. Ítalía, vatnsveitan í eigu sveitarfélaga, nokkrir einkaaðilar líka, fer vaxandi. Í Rúmeníu fór vatnsveitan til sveitarfélaganna eftir lok kommúnismans en sérleyfi í Búkarest. Ungverjaland, til sveitarfélaganna eftir lok kommúnismans, sameiginlegt veitukerfi, þ.e. vatn og skolp. Pólland, fært aftur til sveitarfélaga en nokkrir einkaaðilar líka enn starfandi. Eistland og Litháen, vatnsveitan færð aftur til sveitarfélaga eftir að löndin öðluðust sjálfstæði en einkaaðili í Tallinn. Sameiginlegt veitukerfi, þ.e. vatn og skolp að mestu leyti.

Frú forseti. Hér segir síðan áfram í ræðu Davids Halls varðandi vatn í efnahagslegu ljósi, með leyfi forseta:

„Þetta er hin söguleg mynd af vatni í umsjá hins opinbera og einkageirans. Nú víkjum við að efnahagslegu hliðinni því það er þar sem umræðan er skörpust. Rök þeirra sem tala fyrir einkavæðingu vatnsveitukerfa eru iðulega að einkavæðing sé efnahagslega hagkvæmari.

Upphafspunktur minn varðandi fjárhagshliðina á vatni er nokkuð óvenjulegur en fjárhagslegi þátturinn er mun meira grundvallaratriði en áður hefur verið talið í þessu samhengi. Í fyrsta lagi er það spurningin um einokun. Það er staðreynd að vatnsveitukerfi í borgum, bæjum og í stærri þorpum falla undir það sem kallað er náttúruleg einokun. Með náttúrulegri einokun á ég ekki við að þar sem vatn sé ómissandi þáttur lífs sé eðlilegt að það sé í einokun, heldur að vatn sem er leitt í gegnum vatnsveitukerfi lýtur náttúrulegri einokun. Ástæðan fyrir þessu er augljós. Það er fjárhagslega óhagkvæmt og vitlaust að leggja tvær leiðslur hlið við hlið í samkeppni um að veita vatni í sama húsið. Enda eru slík tvöföld kerfi aldrei lögð. Þess vegna munum við alltaf hafa aðeins eitt vatnsveitukerfi í borgum og bæjum og þess vegna, þar sem um opinberan rekstur er að ræða, mun alltaf verða einokun á dreifingu vatns. Þessi einfalda staðreynd að vatnsveitukerfi eru alltaf í einokunarrekstri, vekur þá grundvallarspurningu hvað einkafyrirtæki gera þegar þau eru farin að stjórna einokuninni."

Frú forseti. Þetta er einmitt eitt af þeim atriðum sem við í Samfylkingunni höfum miklar áhyggjur af þar sem svo virðist sem stjórnarmeirihlutinn sé óður og uppvægur í þeim áformum sínum að einkavæða vatnið. En síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Það er greinileg hætta á og augljósir möguleikar fyrir fyrirtækin að notfæra sér aðstöðu sína, ofrukka notendur um gjöld og draga að sér einokunargróða. Þannig að þegar kemur að hagfræðilegu umræðunni er þetta meginröksemdin fyrir því að starfsemi sem fellur undir náttúrulega einokun verður að vera á vegum hins opinbera, þar sem opinberir aðilar leitast ekki við, eða ættu ekki að reyna, að hámarka gróðann af sölunni."

Frú forseti. Þetta eru afskaplega athyglisverð atriði sem prófessor David Hall kemur hér inn á og að sjálfsögðu til þess fallin að maður hafi miklar áhyggjur af þeim tilburðum sem hér er haldið frammi um að einkavæða vatnið. En síðan segir um fjármagnskostnað hjá hinu opinbera, með leyfi forseta:

„Annað hagfræðilegt grundvallaratriði í sambandi við vatn, er að mínu mati, að vatn sem veitt er til borga er efnahagsleg framleiðsla og efnahagsleg starfsemi. Eins og með aðra framleiðslu má skipta henni upp í þrjá meginþætti, fjármagn, vinnu og náttúrulegar auðlindir. Allir þessir þættir eru mikilvægir varðandi vatnið hver á sinn hátt. Fjármagnið er mjög mikilvægt því vatnsnýting er mjög fjárfrek.

Hlutfall kostnaðar við byggingu og viðhald á vatnsveitum er mjög hátt. Búast má við að um 70% af kostnaði við evrópskar vatnsvirkjanir sé fjármagnskostnaður. Þegar opinberir aðilar og einkaaðilar eru bornir saman er það grundvallarstaðreynd þegar kemur að fjármagni, að opinberir aðilar geta ávallt útvegað ódýrara fjármagn en einkaaðilar. Með öðrum orðum hið opinbera fær hagstæðari kjör og borgar alltaf hlutfallslega lægri vexti en einkafyrirtæki. Þetta er staðreynd um allan heim, jafnvel í þróunarlöndunum. Ríkisstjórnir í löndum eins og Filippseyjum, Brasilíu og Bólivíu borga hlutfallslega lægri vexti heldur en jafnvel dótturfyrirtæki alþjóðafyrirtækja. Ástæðan fyrir því er einföld og enn og aftur er hér um að ræða grundvallaratriði í hagfræði. Ríkisstjórnir ábyrgjast opinberar fjárfestingar, svo frá sjónarhóli bankamanna og fjárfesta er það öruggasta fjárfestingin fyrir þá og þeir eru því tilbúnir að bjóða lægstu vexti. Það að hið opinbera fær hagstæðari lán en einkageirinn, er eitt þeirra efnahagslegu lykilatriða varðandi það að hið opinbera hefur forskot á einkageirann þegar kemur að rekstri og uppbyggingu vatnsveitna."

Þetta eru athyglisverðar ábendingar, frú forseti, og til þess fallnar að auka enn á áhyggjur okkar í stjórnarandstöðunni, að hér skuli vera reynt með miklum látum að troða í gegn frumvarpi til vatnalaga þar sem menn deila um hvort breytingin sé efnisleg eða formbreyting. Margur trúir því að í þessu frumvarpi felist einfalt mál, þ.e. einkaeignarréttur á vatni. En þar sem landeigendur eru ekki bændur í öllum tilfellum í dag, margir auðmenn hafa nú þegar víða keypt upp jarðir, þá óttast menn að í framtíðinni sé hætta á að nýting á vatni gangi kaupum og sölum. Þá er spurning hversu mikinn aðgang almenningur hefur að vatni og hvaða verð hann þyrfti greiða fyrir þann aðgang.

En áfram heldur David Hall og talar um að gæði vinnu rýrni við einkavæðingu, með leyfi forseta:

„Við lítum á vinnuna sem einn þátt framleiðslunnar. Vinnuþátturinn er að sjálfsögðu mikilvægur en ég vil nefna sérstaklega eina hlið á hlutverki vinnuþáttarins í tengslum við vatnsveitur en það er spurningin um þjálfun og verkkunnáttu. Við höfum tekið eftir því að í einkavæddum stoðkerfum, kerfum sem hafa verið markaðsvædd, og það á ekki bara við vatnsveitur heldur einnig orku- og gasfyrirtæki, að þar er tilhneiging til að auka hlut undirverktaka í t.d. viðhaldi. Ástæðan fyrir fjölgun undirverktaka er að einkafyrirtækin sjá það sem leið til að draga úr kostnaði og auka hagnað fyrirtækisins með því að hvetja undirverktakann til að bjóða sem lægst í verkið.

Það sem gerist við þær aðstæður er að samningsaðili sem er að bjóða í viðhaldsvinnu á vatnsveitukerfi eða rafmagnskerfum reynir að halda kostnaði eins langt niðri og hægt er með því að útrýma öllum óþarfa útgjöldum, ef kostur er. Einn þeirra kosta sem undirverktakinn á völ á, er að draga úr kostnaði við þjálfun. Fyrir tveimur árum var gefin út skýrsla um stöðuna í þjálfun og sífræðslu hjá öllum vatns-, gas- og rafmagnsfyrirtækjunum sem höfðu verið einkavædd í Bretlandi. Þá kom í ljós að gæði og umfang þjálfunar höfðu rýrnað verulega í kjölfar fjölgunar undirverktaka.

Víða í Evrópu og í öllum löndum Evrópusambandsins þar sem umsýsla rafmagns hefur verið markaðsvædd og að hluta til einkavædd fyrir nokkrum árum, sjáum við það sama gerast. Það er því mikið áhyggjuefni um alla Evrópu að raforkuiðnaðurinn notar undirverktaka og þjálfar því mjög fáa rafiðnaðarmenn. Þetta er vegna þrýstings á að hagnaðurinn aukist."

Frú forseti. Þetta er einmitt einn af þungu punktunum, þ.e. að ef vatnsveitur verða allar einkavæddar þá muni menn skera við nögl allt er varðar viðhald o.s.frv. Hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Það er mikilvægt að hafa þetta í huga varðandi færni og þjálfun starfsfólks í vatnsgeiranum. Þar skiptir það miklu máli hvort vatnið er í höndum hins opinbera eða í höndum einkageirans.

Þriðji þáttur framleiðslu sem byggir á náttúruauðlind, er í þessu tilfelli auðvitað vatnið sjálft. Það er til margs að horfa þegar kemur að verndun vatnsauðlinda. Þegar einkavæðingin kemur að þessum þætti getur ýmislegt gerst, hún hefur áhrif á hvernig við stjórnum og verndum vatnsauðlindir. Ég ætla að nefna eitt dæmi um það: Bandaríska raforkufyrirtækið Enron varð frægt að endemum fyrir „skapandi" bókhaldsaðferðir og síðar hrun fyrirtækisins. Fyrirtækið vildi á ákveðnum tímapunkti færa sig yfir í vatnsgeirann. Eitt af því sem stjórnendur fyrirtækisins gerðu var að kaupa stórt landsvæði í Kaliforníu með ríkulegum vatnsforða neðan jarðar. Enron útskýrði fyrir hluthöfum sínum að þetta væri góð fjárfesting vegna þess að það stæði til að selja 80% af vatninu með langtímasamningum til sveitarstjórna og sjá þeim þannig fyrir öruggum vatnsbirgðum. Þau 20% sem eftir stóðu var ætlunin að geyma til mögru áranna þegar þurrkar og vatnsskortur ríkti. Þá væri hægt að selja vatnið miklu dýrara og hagnast þeim mun meira. Það átti beinlínis að hertaka auðlindina til þess að geta grætt á henni seinna þegar þörf almennings væri mest. Þegar aðferðum einkaframtaksins er beitt á þennan hátt geta komið upp vandamál er varða auðlindirnar sjálfar."

Frú forseti. Þetta rökstyður einmitt þann málflutning sem við í Samfylkingunni höfum verið með hér síðustu daga. Það er sú bölvun sem getur fylgt því að einkavæða vatnið. Síðan segir hér áfram í fyrirlestri Davids Halls, með leyfi forseta:

„Skilvirkni einkageirans ekki meiri. Nú langar mig að velta fyrir mér spurningunni um skilvirkni því það er útbreidd skoðun að einkavæddur rekstur sé skilvirkari eða afkastameiri en opinber rekstur. Sú skoðun er jafnvel útbreidd meðal þeirra sem eru á móti einkavæðingu af öðrum ástæðum. Það undarlega er að þegar byggt er á vísindalegum rannsóknum kemur í ljós að þessi skoðun stenst ekki. Í raun benda niðurstöður til að enginn markverður munur sé á afköstum hjá opinbera og almenna geiranum. Þetta er staðreynd sem gildir almennt, eins og kemur fram í skýrslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en sú stofnun er yfirleitt mjög hlynnt einkavæðingu. Þar eru dregnar saman niðurstöður um samanburð á skilvirkni í almenna og einkarekna geiranum og komist að þeirri niðurstöðu að kenningin um yfirburði einkageirans sé vafasöm og hinar vísindalegu sannanir málum blandnar. Með öðrum orðum, þá kemst Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að því að það eru engir kerfisbundnir yfirburðir einkageirans til staðar þegar kemur að

skilvirkni. Fyrir nokkrum árum var gerð nákvæm vísindarannsókn í Bretlandi á afleiðingum einkavæðingarinnar á öllum sviðum og niðurstöðurnar gefnar út. Þar kemur í ljós á grundvelli nákvæmra gagna að enginn merkjanlegur munur væri á framleiðniaukningu í Bretlandi vegna einkavæðingarinnar. Með öðrum orðum þá hefur iðnaðurinn ekki sýnt meiri afköst en við hefði mátt búast, hefði hann áfram verið í almannaeigu sem þjóðnýttur iðnaður.

Ef til vill er enn athyglisverðari sú niðurstaða sem birtist á síðasta ári frá framkvæmdanefnd Evrópusambandsins sem rannsakaði ýmsar atvinnugreinar innan ESB sem höfðu verið markaðsvæddar. Þar hefði mátt búast við samkeppni og þess vegna umtalsverðum árangri í aukinni skilvirkni af þeim sökum. Hér er á það að líta enn og aftur að samkeppni getur ekki orðið í vatnsveitum. Í öðrum geirum má a.m.k. reyna það. Það kom í ljós að það virtist ekki vera um að ræða neina viðvarandi framleiðniaukningu eftir að þessar greinar höfðu verið markaðsvæddar.

Ef við skoðum vatnsgeirann sérstaklega eru vísbendingarnar enn athyglisverðari, meira afgerandi og sértækari. Í skýrslu sem Alþjóðabankinn gaf út fyrr á þessu ári (2005) eru rannsóknir teknar saman og réttilega dregnar þær ályktanir að rannsóknarniðurstöðum beri saman um að það er enginn verulegur munur á skilvirkni. Þetta var ekki álit Alþjóðabankans fyrir fimm árum, en hann heldur þessu fram núna. Við höfum allnákvæmar rannsóknir frá rómönsku Ameríku, jafnvel frá Afríku og Asíu og Bandaríkjunum sem sýna að hvað varðar fjölbreyttar lykilbreytur þá er enginn markverður frammistöðumunur á vatnsveitum í opinberum höndum og einkageiranum. Svo hvað sem aðrar röksemdir segja um opinbera geirann og almannageirann, þá er rangt að gefa sér þær forsendur að einkageirinn hafi forskot hvað varðar skilvirkni og afköst.

Ef litið er á verð, þá eru tvenns konar væntingar um verð í einkageiranum. Annars vegar er það afstaða fólks sem styður einkavæðingu, að einkaaðilarnir, jafnvel þótt þeir séu ekki afkastameiri, sýni viðskiptavinum meiri áhuga eða umhyggju en hið opinbera gerir og þess vegna ætti viðskiptavinurinn að fá betri kjör frá þeim. Hins vegar eru hinar hefðbundnu væntingar sem eru byggðar á þeirri staðreynd að um sé að ræða náttúrulega einokun og að einkageirinn krefjist hærra verðs til að geta grætt á einokuninni.

Samanburður í Frakklandi. Í einu landi Evrópu er hægt að bera saman einkavædda þjónustu og opinbera þjónustu í framkvæmd, en það er í Frakklandi. Þar eru nægilega margar vatnsveitur í eigu sveitarfélaga til að bera saman við þær einkareknu. Þetta línurit sýnir hlutfallslegan samanburð á verði í borgum þar sem vatn er einkarekið og þar sem það er á vegum hins opinbera. Eins og sjá má nær samanburðurinn yfir allmörg ár og alltaf er verðið um 15% hærra þar sem vatnsveiturnar eru í einkaeigu. Þetta er í samræmi við það sem mátti búast við miðað við þá staðreynd að þetta er náttúruleg einokun og að gróðasækinn einkarekstur reynir að hagnast á einokuninni. Það er líka önnur leið til að skoða þessi gögn frá Frakklandi og það er að skoða einstaka borgir og raða þeim eftir verði hvers rúmmetra af vatni. Það er eins með þessi gögn og þau hér á undan að það eru margir mismunandi þættir sem hafa áhrif á verð á vatni. Náttúrulegar aðstæður skipta augljóslega máli og hve auðvelt er að gera vatnið drykkjarhæft með eða án meðferðar á því, en spurningin stendur eftir: Hefur eignarhaldið, þ.e. hvort vatnsveitan er í eigu einkaaðila eða hins opinbera, merkjanleg áhrif á verðið til hækkunar eða lækkunar?

Þessar staðreyndir frá Frakklandi benda til þess að einkarekið vatn sé kerfisbundið dýrara fyrir notendur en það sem opinberir aðilar sjá um."

David Hall heldur áfram og ræðir um Bretland og Argentínu eftir einkavæðingu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ef við horfum til Bretlands getum við ekki borið saman einkarekstur og opinberan rekstur á sama hátt og í Frakklandi, en við getum skoðað hvað gerðist eftir að vatnið var einkavætt í Bretlandi. Þá sjáum við að á fyrstu níu árunum eftir einkavæðingu hækkaði vatnsreikningurinn að meðaltali um 102% ..."

Frú forseti. Ég sé ástæðu til að bakka hér og lesa þetta aftur.

„Ef við horfum til Bretlands getum við ekki borið saman einkarekstur og opinberan rekstur á sama hátt og í Frakklandi, en við getum skoðað hvað gerðist eftir að vatnið var einkavætt í Bretlandi. Þá sjáum við að á fyrstu níu árunum eftir einkavæðingu hækkaði vatnsreikningurinn að meðaltali um 102%, þ.e. verð á vatni tvöfaldaðist í Englandi og á Wales á níu árum. Gróði fyrirtækja fyrir skatta hækkaði jafnvel enn meira eða um 150%. Kaup forstjóranna hækkaði um 136% á tíma þar sem smásöluverð í Bretlandi hækkaði um 38% að meðaltali." — Þetta eru athyglisverðar tölur, frú forseti, sem nauðsynlegt er að taka með í umræðunni um frumvarp til vatnalaga. Áfram heldur David Hall: — „Það voru ýmsar ástæður fyrir því að verð á vatni hefði hækkað hvort sem var á tíunda áratug tuttugustu aldar. Eins og annars staðar í Evrópu hækkuðu gæðakröfurnar á vatni í Bretlandi í takt við auknar gæðakröfur frá ESB og má rekja hluta af verðhækkununum til þess. Þrátt fyrir það eru það tölurnar sem varða gróða og laun forstjóranna sem skipta mestu máli og þær benda ákveðið til þess að stór hluti hækkananna, um 100%, sé til kominn vegna þess að einkareknu fyrirtækin voru að hámarka gróða sinn.

Svo þegar við tölum um verð almennt, þá sjáum við að einkareknu fyrirtækin gera nákvæmlega það sem við mátti búast af þeim í einokunaraðstöðu."

Frú forseti. Hér fylgir fyrirlestrinum skýringamynd um þróun vatnsreikninga frá einkavæddum vatnsveitum í Argentínu 1993–2002. Þessi skýringamynd segir okkur að við fáum svipaða niðurstöðu í Bretlandi.

„Verðið rauk upp og ágóðinn sömuleiðis. Á þessu tímabili" — þ.e. 1993–2002 — „keypti Aguas Argentinas í Buenos Aires vatnsfyrirtæki og náði út úr þeirri fjárfestingu tvöföldum arði á við arðsemi annarra fyrirtækja í Argentínu að meðaltali."

Frú forseti. Einkavæðing á vatni, á vatnsveitum o.s.frv. snýst öll um gróðafíkn. (**Gripið fram í:** ... vatnið í krönum?) Ja, það er spurning.

Áfram segir í þessum mjög svo merkilega fyrirlestri Davids Halls, þar sem hann lýsir áhyggjum af einkavæðingu vatns og hér fer hann að tala um leka og eykst nú spennan, með leyfi forseta:

„Þegar við nú höfum skoðað almenna skilvirkni og litið á verðið, skulum við skoða aðra hlið í frammistöðu vatns-

fyrirtækja. Vatnsleki, eða hversu mikið vatn glatast eftir að það er komið inn í kerfið, skiptir rekstur vatnsveitna miklu máli. Hann skiptir einnig miklu máli þegar litið er til verndunar þeirrar takmörkuðu náttúruauðlindar sem vatn er. Leki er flókið fyrirbæri og haldbær tölfræði liggur ekki alltaf á lausu, en ef við skoðum tölur og gögn fyrir stærri löndin í Evrópu, sjáum við að það er frekar hátt lekastig í Frakklandi og Bretlandi, en að leki er mun minni í Þýskalandi, Hollandi og Belgíu sem eru með vatnsveitur í opinberum rekstri. Lekastigið er svo lágt í Þýskalandi að Alþjóðabankinn, eftir að hafa skoðað ástandið þar, brást við og skrifaði skýrslu um að leki væri of lítill og þar með fjárhagslega óhagkvæmur og var svo að skilja að mælst væri til að Þýskaland hækkaði lekastigið í vatnskerfum sínum! Þessi skýrsla var um margt mjög athyglisverð því Alþjóðabankinn sagði einnig að margt benti til að fyrirkomulagið í gömlu austantjaldslöndunum, með héraðsvatnsveitum í eigu ríkisins, væri skilvirkara en kerfi sveitarstjórnavatnsveitnanna í Vestur-Þýskalandi."

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Hvað leka varðar, þá höfum við hér að minnsta kosti vísbendingu um að einkageirinn sé ekki líklegri til að leysa þau vandamál og aftur má segja að það sé önnur niðurstaða en mörgum er tamt að gefa sér. Fyrir tveimur árum" — þ.e. 2003 — „var mikil vatnsráðstefna í Kyoto, World Water Forum. Ég var á fundi með Jamal Saghir framkvæmdastjóra þeirrar deildar Alþjóðabankans sem sinnir stoðkerfum (infrastructure). Hann sagði að nokkrar borgir í þróunarlöndunum töpuðu 40% eða meira af vatni út úr kerfum sínum. Hann taldi það óþolandi ástand og að alvarlega þyrfti að íhuga að fá fjölþjóða vatnsfyrirtæki til að glíma við lekavandamálið."

Frú forseti. Eitt af því sem menn hafa áhyggjur af er einmitt umgengni um þessa miklu auðlind, vatnið. Hér kemur skýrt fram í rannsóknum prófessors Davids Halls að einkafyrirtæki hugsa ekki mikið um að vanda umgengnina við vatnið heldur fyrst og fremst hvernig hægt er að græða sem mest á hinu einkavædda vatni.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Það kaldhæðnislega við þetta er að ég kem frá London, sem er ekki borg í þróunarlandi, en þar er lekastigið 40%. Vatnsfyrirtækið sem ber ábyrgð á því er Thames Water og það fjölþjóðlega fyrirtæki býður fram þjónustu sína í indverskum borgum eins og Bangalore sem er með 35% lekastig, eða betra en í London. Þrátt fyrir það þykist félagið Thames Water geta leyst úr lekavandamálum annarra þjóða! Í þessu felst mikil mótsögn og aftur, þvert á allar væntingar, benda tölurnar ekki til þess að einkageirinn eigi eitthvað auðveldara með að leysa vandamálið."

Frú forseti. Þetta eru hryggilegar staðreyndir úr rannsóknarvinnu hvernig vatn fer hressilega til spillis þegar það hefur verið einkavætt, þar sem þeir sem eiga vatnið hugsa fyrst og fremst um hvernig hægt sé að græða á því. Við erum að tala um vatnsleka, 30%, 35%, 40%. Þvílík sóun.

En áfram segir David Hall í fyrirlestri sínum, með leyfi forseta:

„Mig langar að gera nokkrar almennar athugasemdir um framferði fyrirtækja. Sumt af því sem ég hef þegar sagt, á við um hegðun einkarekinna vatnsfyrirtækja sem eru í einokunaraðstöðu og hvernig hún hefur áhrif á hlutina. Ástæðan fyrir því að við einbeitum okkur að þeim, er að lítið er um þetta talað af talsmönnum einkavæðingar og þar af leiðir að þegar fólk frá þróunarlöndum og löndum í Evrópu talar um væntanlega kosti einkavæðingar, virðist umræðan fara fram á þeim ætluðu forsendum að við séum öll sammála um markmiðin með rekstri almannaþjónustu. Sumu fólki finnst, einhverra hluta vegna, að einkageirinn geti betur náð þessum markmiðum og því ætti hann að sjá um málið. En það sem skiptir meginmáli hér er að einkageirinn hefur önnur markmið en opinber almannaþjónusta. Einkageirinn getur aðeins haft það markmið að auka sinn eigin gróða. Í raun og veru er það eina markmið einkafyrirtækis. Þegar einkarekstur er innleiddur leysast öfl úr læðingi, átök á milli þess tilgangs og hagsmuna einkarekstursins að hámarka gróða og þess að hafa hagsmuni almennings í fyrirrúmi. Þessir hagsmunir geta rekist á eða farið saman, en það er augljóst að þetta tvennt mun takast á."

Í þessu sambandi, frú forseti, er kannski engin furða þó að hér í dag og síðustu daga hafi menn tekist allharkalega á um frumvarp til væntanlegra breytinga á vatnalögum. Almenningur hræðist einkavæðingu á vatni þar sem markmið einkafyrirtækja snúast, eins og allir vita og geta viðurkennt, nánast undantekningarlaust um að hámarka hagnað sinn. Einkavæðing á vatni snýst ekki um að þjónusta almenning sem best. Þess vegna hlýtur það að valda okkur öllum miklum áhyggjum að sá möguleiki sé að opnast hér á hinu háa Alþingi að sett verði í lög einkaeign fárra manna á vatni sem — miðað við orð Ingibjargar Elsu Björnsdóttur umhverfisfræðings er ég vitnaði í áðan — getur jafnvel þýtt að sá sem fengi úthlutað þessu einkaleyfi hefði jafnframt framsalsrétt, þ.e. menn gætu farið að braska með vatnið líkt og menn hafa síðan 1990 braskað með fiskikvótann.

En það er langt komið í þessum mjög svo merkilega fyrirlestri, frú forseti. Það er nú svo með þann er hér stendur að honum finnst hver blaðsíða jafnathyglisverð og því meira sem maður fer yfir og rýnir í fyrirlestur Davids Halls, því meiri áhyggjur hefur maður af því að vatnið í framtíðinni sé ekki vatn fyrir alla.

En David Hall segir áfram, með leyfi forseta:

„Nú langar mig að vekja athygli á nokkrum þeim einkennum sem hægt er að merkja um þessa hegðun einkageirans. Fyrst sjáum við að í vatnsgeiranum ríkir mjög lítil skilvirk samkeppni. Þar ríkir náttúruleg einokun en einnig vegna þeirra sögulegu staðreynda sem ég útskýrði hér á undan, þá ráða örfá stórfyrirtæki heimsmarkaðinum. Þessi geiri er mjög sérstakur, því um 75% af öllum einkareknum vatnsveitum í heiminum eru reknar af tveimur frönskum fyrirtækjum, Suez og Veolia. Það fyrirfinnst enginn annar framleiðslumarkaður í heiminum sem líkist vatnsmarkaðinum. Olíufélögin eru t.d. mun fleiri og þar ríkir miklu meiri samkeppni en á vatnsmarkaðinum."

Frú forseti. Það fer hreinlega hrollur um mann. En áfram segir, með leyfi forseta.

„Það eru því fá fyrirtæki á vatnsmarkaðinum, en dæmigerð hegðun fyrir þau er að mynda sameiginleg dótturfélög eða komast að einhvers konar samkomulagi sem minnkar samkeppni þeirra í milli. Þetta er m.a. gert með því að skipta upp borgum á milli fyrirtækjanna og hef ég kosið að

kalla slíkt fyrirkomulag samráðsborgir. Í staðinn fyrir að keppa hvort við annað um yfirráð yfir borginni er höfð samvinna og borginni skipt milli fyrirtækjanna.“

Þetta þekkjum við, frú forseti, frá olíufélögunum hér á Íslandi þar sem nú er í gangi dómsmál varðandi meint samráð olíufyrirtækjanna þar sem því er haldið fram að fyrirtækin hafi hreinlega skipt markaðnum á milli sín. Hér hef ég verið að nefna dæmi þar sem sama hefur gerst varðandi sölu á vatni þar sem tvö fyrirtæki skipta á milli sín markaðnum. Skipta hreinlega á milli sín borgunum. Þetta er ekki samkeppni. Er það þetta sem við viljum innleiða á Íslandi ef allt fer á versta veg? Menn hafa spáð að í kjölfar þessara vatnalaga, þ.e. ef nýja frumvarpið til vatnalaga verður að veruleika, skapist þeir möguleikar, eins og ég hef áður komið hér inn á, að vatnsréttindin safnist á fárra manna hendur, að ákveðnir aðilar, innlendir eða erlendir, kaupi sér vatnsréttindi og selji síðan almenningi til neyslu og fiskeldisfyrirtækjum til að geta starfað, fyrir offjár. Og haldið þá mögulega uppi verðinu með samráði.

Þessi möguleiki er fyrir hendi, frú forseti, og áhyggjur okkar í Samfylkingunni eru þær að þetta gæti gerst á Íslandi og sjáum í raun engan tilgang í að gera þessa breytingu á vatnalögum sem deilt er um hvort sé formbreyting eða efnisbreyting. En áhyggjur okkar snúast að því að með því að gera þessa breytingu varðandi rétt til nýtingar á vatninu, færa hann yfir í einkaeign, þá gæti það því miður, frú forseti, orðið þróunin að vatnið safnist á hendur fárra aðila sem síðan seldu almenningi það dýrum dómum.

Það er ekkert grín þegar um að ræða eins og í þessu tilfelli, lífsnauðsyn. Við lifum ekki af án vatns og það er svolítið sérstakt fyrir þann er hér stendur, og hefur verið meinað að kallast nýliði öllu lengur, að upplifa þau gífurlegu átök sem fara fram hér í þingsal um hvort eigi að heimila einkaeignarrétt á vatni.

Það hefur margoft verið spurt að því hvað liggi svona mikið á, hvers vegna menn taki sér ekki tíma og jafnvel nokkur ár í að fara yfir frumvarpið og koma með skynsamlega og ásættanlega lausn sem allir flokkar gætu sætt sig við.

Á sínum tíma, eins og hér hefur margoft komið fram, m.a. í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, tók lagasetningin á sínum tíma sex ár. Það var árið 1923 sem henni lauk, mjög svo giftusamlega. Vatnalögin hafa staðist tímans tönn og eru þeim sem sömdu frumvarp til vatnalaga fyrir rúmum 80 árum til mikils sóma. Þess vegna veltir maður fyrir sér hvers vegna í ósköpunum liggur svona mikið á að afgreiða lög sem hafa staðist svona lengi. Þrátt fyrir hávær mótmæli og ýmsar athugasemdir vilja menn, þ.e. stjórnarmeirihlutinn halda áfram, og eins og haft hefur verið á orði, nánast keyra málið í gegn.

Það klingja bjöllur, frú forseti, bæði utan dyra og í höfði mínu um að eitthvað slæmt gæti verið hér á ferðinni og þess vegna er ég að fara yfir mjög svo merkilegan fyrirlestur Davids Halls sem hefur rannsakað einkavæðingu á vatni.

Ég sé enga ástæðu til að flytja bara útdrátt úr fyrirlestri Davids Halls því að hver blaðsíða er þar annarri merkilegri og þessi fyrirlestur verður gefinn út af samtökunum sem stóðu að ráðstefnunni „Vatn fyrir alla“. Nú þori ég ekki að fullyrða hvort öll samtökin standi á bak við þetta, miðað við þau orðaskipti sem áttu sér stað hér fyrr í dag. Ég vil engan særa í því sambandi en ég veit a.m.k. að BSRB mun í næstu viku, ásamt fleirum, gefa út fyrirlesturinn sem ég hef lesið úr.

Frú forseti. Ég held að sú mikla vitneskja, þær staðreyndir og niðurstöður sem koma fram í þessum fyrirlestri, væru öllum þingmönnum holl lesning. Í sjálfu sér væri ekkert að því að fresta hreinlega umræðunni um frumvarp til vatnalaga og þannig að menn geti næstu helgi lesið í rólegheitum yfir þennan mjög svo merka fyrirlestur, þ.e. þeir sem ekki hafa gefið sér tíma til að hlusta á yfirferð mína hér. Þessi fyrirlestur er afskaplega merkilegur og dregur fram margar grjótharðar ábendingar um hvað gæti gerst ef menn einkavæddu vatnið.

Ég held því áfram lestrinum þaðan sem frá var horfið, í fyrirlestri Davids Halls, með leyfi forseta, um vatnsfyrirtækjageirann:

„Þessi geiri er mjög sérstakur, því um 75% af öllum einkareknum vatnsveitum í heiminum eru reknar af tveimur frönskum fyrirtækjum, Suez og Veolia. Það fyrirfinnst enginn annar framleiðslumarkaður í heiminum sem líkist vatnsmarkaðnum. Olíufélögin eru t.d. mun fleiri og þar ríkir miklu meiri samkeppni en á vatns markaðnum. Það eru því fá fyrirtæki á vatnsmarkaðnum, en dæmigerð hegðun fyrir þau er að mynda sameiginleg dótturfélög eða komast að einhvers konar samkomulagi sem minnkar samkeppni þeirra í milli. Þetta er m.a. gert með því að skipta upp borgum á milli fyrirtækjanna og hef ég kosið að kalla slíkt fyrirkomulag samráðsborgir. Í staðinn fyrir að keppa hvort við annað um yfirráð yfir borginni er höfð samvinna og borginni skipt milli fyrirtækjanna. Þannig ræður Veolia París á norðurbakka Signu, en Suez suðurbakkanum. Í Marseilles, sem er önnur stærsta borg Frakklands, stjórnar eitt fyrirtæki allri vatnsveitu borgarinnar en það einkarekna fyrirtæki er í sameiginlegri eigu Suez og Veolia. Í staðinn fyrir að keppa hvort við annað hafa þessi fyrirtæki stofnað dótturfyrirtæki til að gæta hagsmuna sinna og til að komast hjá samkeppni.“

Frú forseti. Enn er ástæða til að staldra við. Þetta eru grjótharðar staðreyndir um einkarekið vatn, hvernig vatnsfyrirtækin safna vatnsréttindum og fara síðan í samráð sín á milli til að geta hagnast sem mest á almenningi. Í þessu dæmi, varðandi vatnsveitufyrirtækin, ganga menn meira að segja það langt að í stað þess að keppa hvort við annað þá stofna þau sameiginlegt dótturfyrirtæki. Þannig kemur hvort fyrirtækið um sig í veg fyrir að tapa á samkeppni. Ég er ekki að segja að þetta þurfi alls staðar að vera eins en þetta er staðreynd. Þannig er það í dag á vatnsmarkaðnum. Önnur dæmi höfum við ekki. Þess vegna er ástæða til að staldra við þær staðreyndir sem fram koma í rannsókn Davids Halls. Í fyrirlestri hans segir, með leyfi forseta:

„Þannig er þetta einnig í Berlín. Þar reka sameiginlegt dótturfélag fyrirtækin Veolia og RWE-Thames, sem er þriðja stærsta vatnsfyrirtæki í heimi. Í Búdapest er öðruvísi skipting. Þar er einn samningur fyrir vatn og annar fyrir frárennsli og sér annað frönsku fyrirtækjanna um vatnið og hitt um skolpið. Hvort fyrirtæki er svo í sameignarfélagi með RWE-Thames. Þetta sama fyrirkomulag sjáum við svo endurtekið um allan heim, í mismunandi útfærslum eftir

löndum. Í Buenos Aires var vatnið t.d. einkavætt til fyrirtækjasamsteypu í eigu Suez, Veolia, Anglian Water og Agua de Barcelona."

Hér setur David síðan fram töflu yfir þau vatnsfyrirtæki sem stærstu fjölþjóðafyrirtækin eru í samkrulli með. Frú forseti, ég get því miður ekki sýnt öllum í þingsal þessa töflu en þar er hægt að sjá hvernig fyrirtækin starfa saman í stað þess að keppa hvert við annað. Þetta eru dæmi um hvernig farið er með einkavætt vatn í dag. Þetta er mjög átakanlegur lestur, frú forseti, og sýnir skýrt að fyrirtækin hafa ekki einu sinni fyrir því að skipta með sér borgunum heldur búa til dótturfyrirtæki og reka þannig saman einokun í sölu vatns til almennings.

Síðan kemur að merkilegum kafla í fyrirlestrinum, með leyfi forseta, um mútur og spillingu. Í fyrirlestrinum segir, með leyfi forseta:

„Samkeppnin er því tiltölulega lítil. Við verðum einnig vör við spillingu en það er viðbúið því venjulegur samningur um vatnsréttindi er langtímasamningur ..."

Hér komum við, frú forseti, að enn einu stóratriðinu varðandi einkavæðingu á vatni. Hversu lengi munu þeir sem eignast vatnið eiga það? Væntanlega mundi sá landeigandi sem eignast vatnið, ef nýja vatnalagafrumvarpið yrði að lögum, eiga vatnið til eilífðar nema hann kæmi því í verð. Hvernig í ósköpunum ættu menn að láta slíka hluti ganga til baka ef svo illa skyldi fara sem fram kemur í þessum fyrirlestri?

„Samkeppnin er því tiltölulega lítil. Við verðum einnig vör við spillingu en það er viðbúið því venjulegur samningur um vatnsréttindi er langtímasamningur til 20–30 ára sem byggir á sérleyfisveitingu, sem þýðir að fyrirtækið getur búist við gróða frá langtímasamningi. Þetta þýðir að miklar fjárfúlgur eru í húfi fyrir viðkomandi fyrirtæki þegar gengið er frá slíkum samningum. Fyrirtækið reynir því með öllum ráðum að ná samningnum því næstu 30 árin verður engin samkeppni í gangi."

Frú forseti. Hér er mikið talað um mútur og spillingu. Ekki ætla ég okkur Íslendingum að fara að taka þátt í slíku. Ég ætla því einfaldlega að sleppa þessum kafla í fyrirlestrinum. Ég get ekki hugsað til þess að mútur og spilling fari að blandast í átökin um vatnið á Íslandi. Ég stekk því yfir þennan kafla, frú forseti, þótt ekki sé nema fyrir sjálfan mig.

Síðar segir, í fyrirlestri Davids Halls, með leyfi forseta:

„Það er athyglisvert að sjá hvað gerðist í Bretlandi þar sem er til staðar einn opinber eftirlitsaðili, regulator, sem er tiltölulega öflugur miðað við eftirlitsstofnanir í öðrum löndum. Þessi eftirlitsaðili ákvarðar hámarksverð vatnsfyrirtækjanna fjögur til fimm ár fram í tímann og er það hámarksverð fundið út frá uppgefnum áætlunum um fjárfestingar fyrirtækjanna næstu fjögur til fimm árin. Svo þýðingarmesti þátturinn þegar verðið er ákvarðað er framtíðarspá fyrirtækjanna varðandi fjárfestingar."

Höfundur birtir síðan línurit þar sem hann útskýrir það hvernig vatnsfyrirtæki í Bretlandi gera fyrst áætlanir um fjárfestingar í framtíðinni og ákveða síðan verðið eftir því. En þegar er litið á þetta eins og David Hall gerði þá kemur í ljós að verðið á vatni í Bretlandi var í raun mun hærra en fjárfestingaráætlanir gáfu til kynna. Þar af leiðandi gátu fyrirtækin, eins og hér segir, með leyfi forseta:

„... lagt til hliðar mun meiri gróða en eftirlitsstofnunin hafði gert ráð fyrir. Þetta gerðu fyrirtækin um leið og eftirlitsstofnunin hafði ákvarðað þeim hámarksgjaldtökurétt. Áætlað verð til næstu fjögurra til fimm ára var gefið út af eftirlitsstofnuninni í byrjun árs 1995 og í apríl sama ár, þegar félögin gáfu út ársfjórðungsuppgjör, upplýstu þau að þau hefðu uppgötvað það sem þau kölluðu „skilvirka nýtingu fjármagns" og greiddu þess vegna út tugi milljóna punda í aukinn arð til hluthafa. Þetta gerðist aftur árið 1999 þegar fyrirtækin ýktu aftur áætlaða fjárfestingarþörf. Þarna hófst því leikur sem fólst í að fyrirtækin gáfu vísvitandi eftirlitsstofnuninni rangar upplýsingar til að blekkja. Þessi leikur skilaði fyrirtækjunum gríðarlegum aukahagnaði á kostnað almennings."

Frú forseti. Ef stjórnarmeirihlutinn ætlar að einkavæða vatnið, eins og lesa má úr frumvarpi til vatnalaga, munu næstu kynslóðir glíma við þá hræðilegu staðreynd að aðgangur að vatni takmarkast. Ég hef líka minnst á hið mikla lekavandamál hjá vatnsfyrirtækjum úti í heimi sem segir okkur hversu lítið einkaeigendum vatnsins í Bretlandi og öðrum erlendum löndum er umhugað um að ganga vel um þá gífurlega merkilegu auðlind sem vatnið er. Það þarf í sjálfu sér ekkert að ítreka það að vatnið er okkur öllum lífsnauðsynlegt. Þegar menn láta sér til hugar koma að einkavæða hið rennandi vatn er eðlilegt að átök hefjist. Menn velta ýmsu fyrir sér varðandi framtíðina. Ég hef farið hér yfir mjög svo merkilegan fyrirlestur sem David Hall hélt á fundi í haust í upphafi formannafundar BSRB. Þessi fyrirlestur var tengdur ráðstefnunni Vatn fyrir alla.

Ég rakti síðast, frú forseti, þær staðreyndir sem blöstu við David Hall varðandi gróðafíkn þeirra fyrirtækja sem eiga vatnið, eiga vatnsréttindin, ekki einungis nýtingarrétt heldur hreinlega eiga vatnsréttindin í áratugi. Mér þykir ástæða til að hafa miklar áhyggjur af því ef þetta stjórnarfrumvarp nær fram að ganga. Ekki er hægt að skilja það á annan hátt en svo að menn ætli sér að einkavæða vatnið og hefta þannig aðgang almennings að því í framtíðinni nema fyrir háar fjárhæðir. Það er líka ástæða til að hafa áhyggjur af því, eins og hefur komið fram hér í máli mínu, að umgengni um vatnið hjá vatnsfyrirtækjum í heiminum er mjög slök. Lekinn er 30, 35 og jafnvel 40% og það segir okkur að þetta er ekki góð stefna, frú forseti.

Ég ætla að grípa aftur niður í fyrirlestur Davids Halls þar sem hann segir varðandi uppgjör vatnsfyrirtækja og verðmyndun á vatni:

„Þessi leikur skilaði fyrirtækjunum gríðarlegum aukahagnaði á kostnað almennings. Upplýsingar láku í fyrra" — þ.e. árið 2004 — „frá fyrrum starfsmanni eins þessara vatnsfyrirtækja í Bretlandi, Seven Trent. Hann sagðist hafa verið ábyrgur fyrir fimm manna deild sem hafði þann starfa einan að koma á framfæri upplýsingum um ýmsar ýktar fjárhagslegar forsendur til eftirlitsstofnunarinnar."

Frú forseti. Ég ætla að lesa þetta aftur, þetta er alveg svakalega slæmur og neikvæður punktur og neikvætt fyrir ímynd vatnsfyrirtækja eins og staðan er í dag. Hér segir um starfsmann fyrirtækis í Bretlandi sem heitir Seven Trent, með leyfi forseta:

„Hann sagðist hafa verið ábyrgur fyrir fimm manna

deild sem hafði þann starfa einan að koma á framfæri upplýsingum um ýmsar yktar fjárhagslegar forsendur til eftirlitsstofnunarinnar. Eitt af því var t.d. að ýkja verulega þann fjölda fólks sem ekki borgaði vatnsreikningana sína, því þá hækkuðu gjaldtökuheimildir fyrirtækjanna. Svo að þetta eru engin tæknileg mistök sem má leiðrétta sem slík. Þetta leiðir af þeirri stöðu sem einkafyrirtækin og eftirlitsstofnunin eru í gagnvart hvert öðru og því samspili sem þar skapast í millum."

Áfram segir í fyrirlestrinum, með leyfi forseta:

„Sterk samningsstaða einkageirans. Annað sem einkennir framferði einkaaðila í vatnsgeiranum helgast af því að einkageirinn er í sterkri stöðu til að ákveða hvenær hann riftir samningum og hvenær ekki. Fyrirtæki geta auðveldlega horfið frá samningum ef þeir eru ekki arðvænlegir. Það er engin leið að knýja einkafyrirtæki til að standa við gerðan samning ef það sér sér ekki hag í því. Eitt áhrifamesta dæmið um þetta var hjá franska fyrirtækinu SAUR í Mósambík. Vatnið hafði verið einkavætt til fyrirtækis sem var rekið af SAUR, þegar flóð eyðilögðu lagnakerfið sem kallaði að sjálfsögðu á miklar viðgerðir. Þetta er einmitt atburðarás þar sem maður getur ímyndað sér að það kæmi fátæku landi eins og Mósambík vel að vera í samstarfi við fjölþjóðafyrirtæki. SAUR endurskoðaði útreikninga sína og komst að því að reksturinn skilaði ekki hagnaði lengur og lét Mósambík um að lagfæra skemmdirnar og bera þann kostnað. Síðan snýst staðan við þegar kemur að því að vernda gróða: Einkafyrirtæki nota alls konar kænskubrögð til að verja fjárfestingar sínar þegar þær eru arðsamar. Í Bretlandi hafa þau gert þetta með mjög einföldum en sérstökum hætti. Þar tókst vatnsfyrirtækjum að sannfæra eftirlitsstofnunina um að það væri nauðsynlegt að vernda sérleyfin sem fyrirtækin höfðu með 25 ára uppsagnarfyrirvara. Það þýðir með öðrum orðum að ef t.d. ríkisstjórn er kosin til valda sem vill færa vatnsveiturnar aftur undir stjórn hins opinbera þá verða þeir að koma að máli við fyrirtækin og segja: „Við erum að hugsa um að segja samningnum upp eftir 25 ár.""

Ég er ekki að segja, frú forseti, að samningar varðandi vatnið hér yrðu nákvæmlega eins og hér um ræðir. Ég rek hér einfaldlega staðreyndir sem liggja fyrir eftir nokkurra ára rannsóknarvinnu sem David Hall prófessor vann að í stofnuninni Public Service International Research Unit. Hann rannsakaði vatnið og rafmagnið og ýmislegt er lýtur að heilbrigðiskerfinu og öðrum grunnþáttum almannaþjónustunnar. Hann er fræðimaður sem hefur yfir 25 ár að baki sem rannsakandi og er virtur á sínu sviði. Ég verð að segja það, frú forseti, að sú mynd sem hann dregur upp af einkareknum vatnsfyrirtækjum í heiminum hræðir mann. Það ætti að vera okkur öllum umhugsunarefni hvort einhver hagur sé í því fólginn fyrir íslensku þjóðina að einkavæða vatn.

Ég var að rekja það sem David hefur skrifað um það að segja upp samningum sem vatnsveitufyrirtækin hafa varðandi vatnið. Hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Og fyrirtækin geta farið fram á skaðabætur fyrir ætlaðan hagnað og annað, ef ríkisstjórnin vill rifta samningum innan skemmri tíma. Það er furðulegt að það skuli vera hægt að gera samninga með þessum hætti. Þetta er nokkuð sem framkvæmdastjórn ESB ætti að rannsaka og athuga hvort þetta sé ekki eitthvað örlítið andstætt samkeppnishugsuninni — meira að segja eru frönsku fyrirtækin verulega öfundsjúk út í bresku fyrirtækin út af þessu fyrirkomulagi."

Eins og ég nefndi hér, frú forseti, er ekki þar með sagt að nákvæmlega þetta fyrirkomulag, hvað varðar langtímasamninga, réttindi og skaðabótaskyldu o.s.frv. til vatnsfyrirtækja í einkareknum heimi vatnsins, eigi að gilda hér á Íslandi en það er hætta á því.

Hér segir áfram í fyrirlestrinum, með leyfi forseta:

„Í Barcelona er þetta jafnvel enn makalausara því vatnið þar var einkavætt fyrir 136 árum og hefur verið rekið af einkafyrirtæki sem kallast Agua de Barcelona sem hefur síðan þá verið hluti af Suez-samsteypunni, með stuttri undantekningu á árum spönsku lýðveldisstjórnarinnar upp úr 1930. Vegna þess að fyrirtækið hefur sérleyfi má segja að vatnsveitukerfið sé í eigu einkafyrirtækisins. Það hefur aldrei á þessum 136 árum farið fram útboð og verður sennilega aldrei gert. Ég heyrði eitt sinn framkvæmdastjóra Agua de Barcelona segja: „Enginn getur borgað skaðabætur fyrir allar okkar fjárfestingar sl. 136 ár." Það var einmitt tilfellið í annarri spænskri borg, Valencia, þar sem vatnið hafði verið einkavætt í 99 ár og engin samkeppni verið allan þann tíma. Reynt var að setja það í útboð og fyrirtækið sem rak vatnsveituna sagði: „Ef einhver er með hagstæðara tilboð en við verður sá hinn sami að greiða okkur 56 milljónir evra fyrir fjárfestingu okkar sl. 99 ár í vatnsveitunni." Þannig að þegar tilboðin streymdu inn var tilboð þeirra sjálfra að sjálfsögðu lægst því allir aðrir þurftu að bæta 56 milljónum evra ofan á sín tilboð. Svo þarna er langtímakerfi sett til að vernda stöðu fyrirtækisins."

Frú forseti. Þetta var enn einn punkturinn sem við á hinu háa Alþingi þurfum að leiða hugann að. Það er um fyrirtæki sem fá einkaleyfi til að nýta vatnið, vatnsveitur sem hafa einkarétt á að nýta og selja almenningi vatn og leggja út í alls konar tilkostnað þess vegna, og ef reyna á að breyta þeirri stöðu og koma öðrum inn á markaðinn þá er það ekki hægt, eins og kemur skýrt fram í þessu hrikalega dæmi frá Spáni þar sem vatnið hafði verið einkavætt í 99 ár og engin samkeppni, það er ekki hægt að koma slíku fyrirtæki, einokunarfyrirtæki, út af markaðnum öðruvísi en að greiða því skaðabætur upp á 56 milljónir evra. Þetta eru langtímakerfin sem vatnsfyrirtækin setja upp til að vernda stöðu sína.

Í þessum mjög svo merkilega fyrirlestri Davids Halls, sem er fullur af dæmum, fullur af staðreyndum frá Evrópu og víðar og ætti að vera varnaðarorð öllum þeim sem hafa hugann mest við að einkavæða vatn á Íslandi, segir um pólitísk átakamál, með leyfi forseta:

„Að lokum nokkur orð um stjórnmálin. Miðað við það sem ég nefndi áður varðandi söguna, ætti að vera augljóst að ríkisstjórnir og sveitarstjórnir eru lykilaðilar í vatnsgeiranum. Drifkrafturinn í vatnsgeiranum hefur ekki verið í höndum einkaaðila síðan á 19. öld. Í öðru lagi snýst þetta um pólitík, þetta er pólitískt mál þar sem pólitísk hugmyndafræði er ábyrg fyrir breyttum áherslum."

Frú forseti. Þetta er einmitt það sem við erum að ræða. Allt varðandi vatnið og einkavæðingu þess snýst um pólitísk áhersluatriði og sem betur fer eru ekki allir stjórnmála-

flokkar á Íslandi í dag sammála um að fara út í þá aðgerð að einkavæða vatnið. Þetta snýst um pólitík, um pólitískan vilja, og því miður eru pólitíkusar oft drifnir áfram af öðrum sem standa utan þings án þess að ég ætli nokkrum illt.

Áfram heldur David Hall varðandi pólitísk átakamál:

„Uppbygging og rekstur vatnsveitna í höndum sveitarfélaga seint á 19. öld og í upphafi þeirrar 20. helst í hendur við þróun félagshyggju þar sem sveitarstjórnum var ætlað stórt hlutverk, og tengist hugmyndinni um að almannaþjónusta sé órjúfanlegur hluti opinbera geirans. Eins er augljóst að einkavæðing síðustu 15–20 ára hefur tengst pólitískri hugmyndafræði, þeirri frjálshyggjuhugmyndafræði sem trúir því að einkavæðing sé leiðin fram á við."

Frú forseti. Enn og aftur erum við komin að staðreynd í þessum fyrirlestri sem bendir á þær áherslur eða þau atriði sem hafa verið nefnd í umræðunni um vatn og einkavæðingu á vatni hér á Alþingi en það er þessi frjálshyggjuhugmyndafræði sem, eins og David Hall segir svo réttilega, trúir því að einkavæðingin sé leiðin fram á við. Það er alveg ljóst að í ákveðnum tilfellum getur einkavæðing verið til góðs varðandi rekstur stofnana eða fyrirtækja en það er ekki hægt að telja okkur öllum trú um að einkavæðing á vatninu sjálfu sé leiðin fram á við. Þarna er frjálshyggjuhugmyndafræðin komin mjög langt og ég held, eins og margoft hefur komið fram í umræðunni, að hér ættu menn að staldra aðeins við og gera hlé á þessari málsmeðferð á frumvarpi til vatnalaga og fara vel yfir það með öllum þeim aðilum sem hafa mælt því mót, hvort sem um er að ræða okkur í núverandi stjórnarandstöðu, ég segi núverandi, frú forseti, því að það styttist væntanlega í það að við í Samfylkingunni förum í stjórnarmeirihluta. (Gripið fram í.) Og þá mundi ég taka hv. þm. Mörð Árnason með í þá gleði, og þá gæfist að sjálfsögðu sá möguleiki að skera burtu þessi æxli frjálshyggjuhugmyndafræðinnar sem eru víða farin að grassera í skjóli mjög langþreyttra valdhafa í ríkisstjórninni. Það hlýtur ávallt að koma að því þegar menn sitja lengi — rétt eins og sá sem hér stendur og hefur staðið lengi og þá þreytast menn — að það komi valdaþreyta í menn og ég ætla ekki segja, nei, ég ætla ekki að ganga svo langt, en menn hreinlega gleyma sér. Menn gleyma markmiðunum, menn gleyma tilganginum, menn gleyma, frú forseti, fyrir hvern verið er að vinna. Meiri hlutinn á jafnt sem minni hlutinn að hafa hag almennings, allrar þjóðarinnar að leiðarljósi í hverju því máli sem tekið er fyrir hér.

Nóg af frjálshyggjuhugmyndafræði í bili. En þessi fyrirlestur sem ég er að vitna hér af og til í, frú forseti, er einfaldlega það áhugaverður, það er svo mikið líf í honum, það flæðir svo mikil orka í honum að það er erfitt að lesa nema nokkrar línur án þess að maður æsist allur upp og þurfi að fara að diskútera það sem þar kemur fram. En þar sem skyndilega hefur fjölgað í salnum er rétt að taka fram, frú forseti, að ég er hér að mestu leyti að fara yfir mjög svo merkan fyrirlestur sem prófessor David Hall flutti í fyrra. (**Gripið fram í:** Er ekki svolítið eftir enn?) Jú, jú, en ég er nú mest farinn að spá í hvað sé í kvöldmatinn. Í því sambandi væri að sjálfsögðu mjög athyglisvert ef ríkisstjórnin þægi bara kvöldverðarboð með David Hall og ræddi þessi mál aðeins á rólegum nótum.

Ég var kominn þar í fyrirlestrinum þegar ég fór á brun niður ána þar sem David Hall sagði svo eftirminnilega, með leyfi forseta:

„Eins er augljóst að einkavæðing síðustu 15–20 ára hefur tengst pólitískri hugmyndafræði, þeirri frjálshyggjuhugmyndafræði sem trúir því að einkavæðing sé leiðin fram á við."

Áfram segir David, með leyfi forseta:

„Og aftur getur maður séð viðbrögð við þeirri þróun sem byggist á hugmyndafræði. Í löndum eins og Hollandi og Úrúgvæ hafa verið sett lög eða ákvæði í stjórnarskrá til að vernda vatnsauðlindina og vatnsveitur frá einkageiranum."

Frú forseti. Enn þá stöldrum við við. Hér er David Hall að vitna til þess, eftir nokkurra ára rannsóknir á einkavæðingu vatns, að í löndum eins og Hollandi og Úrúgvæ hafa hreinlega verið sett lög og ákvæði. — Hvar er hv. þm. Jóhann Ársælsson sem er afskaplega mikill áhugamaður um stjórnarskrána, frú forseti, og vonandi fleiri. Ég tek brosið sem jáyrði. — Hér er David Hall að benda á það sem hefur kannski hrætt mig hvað mest þegar maður hefur verið að fara yfir þennan fyrirlestur, fyrir utan það að ég sat undir honum á sínum tíma, að í sumum löndum, og hér tekur hann fram Holland og Úrúgvæ, hafa menn hreinlega sett lög og ákvæði í stjórnarskrá til að vernda vatnsauðlindina frá einkageiranum. Ég hlýt að hafa misst af þessum kafla, frú forseti, þegar ég var að hlusta á þetta erindi því að það er ekki laust við að það renni kalt vatn á milli skinns og hörunds þegar maður kemst að þessari merkilegu staðreynd að sumar þjóðir telji vegna reynslu nauðsyn á því að vernda vatnsauðlindirnar með lagasetningum og með því að setja sérstök ákvæði til verndar vatnsauðlindinni í stjórnarskrá.

Þá erum við komin aftur að því sem stjórnarandstaðan hefur farið yfir á síðustu dögum í þessari mjög svo merkilegu umræðu um frumvarp til vatnalaga, að skoða þurfi öll þessi frumvörp heildstætt. Það þarf að skoða lög um verndun auðlinda, um verndun vatnsauðlinda jafnframt með þessum vatnalögum, auk þess sem ég benti á í upphafi máls míns fyrir einhverjum stundum síðan að þeim er hér stendur, sem er sérmenntaður í fiskeldisfræði, þykir, eftir að hafa lesið frumvarp það til vatnalaga sem við ræðum hér, ástæða til að taka auk þess til umræðu á sama tíma önnur lög, önnur frumvörp um auðlindir og m.a. umræðu um niðurstöður auðlindanefndarinnar svokölluðu. Og að sjálfsögðu þarf, frú forseti, að taka með inn í umræðuna frumvörp sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur nýverið lagt fram um fiskirækt, frumvarp um eldi vatnafiska, frumvarp um Veiðimálastofnun o.s.frv.

Öll þessi frumvörp tengjast í gegnum vatnið, frú forseti. Ég tel því nauðsynlegt að öll þessi stóru frumvörp sem hér hafa komið fram og tengjast vatni þurfi að ræðast samhliða. Þar skarast ráðuneytin, iðnaðarráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti.

Frú forseti. Af því ég sé að í hliðarsal eru komnir ágætir menn, hv. þingmenn stjórnarmeirihluta, þá ætla ég að endurtaka einungis síðasta kaflann í fyrirlestri Davids Halls prófessors um einkavæðingu á vatni sem ég fór yfir. Þessi kafli er sá sem ætti að vekja athygli þeirra hvað mest. Þar segir um pólitísk átakamál, með leyfi forseta:

„Miðað við það sem ég nefndi áður varðandi söguna,

ætti að vera augljóst að ríkisstjórnir og sveitarstjórnir eru lykilaðilar í vatnsgeiranum. Drifkrafturinn í vatnsgeiranum hefur ekki verið í höndum einkaaðila síðan á 19. öld. Í öðru lagi þá snýst þetta um pólitík, þetta er pólitískt mál þar sem pólitísk hugmyndafræði er ábyrg fyrir breyttum áherslum. Uppbygging og rekstur vatnsveitna í höndum sveitarfélaga seint á 19. öld og í upphafi þeirrar 20. helst í hendur við þróun félagshyggju þar sem sveitarstjórnum var ætlað stórt hlutverk, og tengist hugmyndinni um að almannaþjónusta sé órjúfanlegur hluti opinbera geirans."

Nú förum við að nálgast þann kafla sem að — nú, þeir eru þá flúnir. Jæja, en ég held áfram, með leyfi forseta:

„Eins er augljóst að einkavæðing síðustu 15–20 ára hefur tengst pólitískri hugmyndafræði, þeirri frjálshyggjuhugmyndafræði sem trúir því að einkavæðing sé leiðin fram á við."

Nú kemur kafli sem ég veit að alla vega hv. þm. Samfylkingarinnar, Jóhann Ársælsson, hefur einstaklega mikinn áhuga á. Þar segir þessi mæti maður í sínum magnaða fyrirlestri sem mun væntanlega í framtíðinni verða öllum aðgengilegur á prenti eftirfarandi um pólitísk átakamál, með leyfi forseta:

„Og aftur getur maður séð viðbrögð við þeirri þróun, sem byggist á hugmyndafræði. Í löndum eins og Hollandi og Úrúgvæ hafa verið sett lög eða ákvæði í stjórnarskrá til að vernda vatnsauðlindina og vatnsveitur frá einkageiranum."

Svo mörg eru þau orð, frú forseti. Hér er bent á þá staðreynd að sum ríki hafa séð sér hag í að setja lög og setja ákvæði hreinlega í stjórnarskrá — er til eitthvað sterkara? — til að vernda vatnsauðlindina og vatnsveitur frá einkageiranum. Eitthvað hefur nú gengið á hjá þessum þjóðum ef menn hafa svo miklar áhyggjur af einkavæðingu vatns að þeir setji sérstök lög til að vernda vatnsauðlindina frá einkageiranum, frú forseti. (**Gripið fram í:** Ólíkt höfumst við að.) Ólíkt höfumst við að. En þetta er ekki búið enn, frú forseti, því batnandi mönnum er best að lifa og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að þetta vatnalagafrumvarp fari hér í gegn, eða hvað? (Gripið fram í.) Verði samþykkt, já. (**JBjarn:** ... móti því.) Hvoru? (Gripið fram í.) Á móti hvoru er hv. þm. Jón Bjarnason? (**JBjarn:** Ég er nú á móti því að ...) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (DrH)**:** Ég bið hv. þingmenn að vera ekki með tveggja manna tal hér í þingsalnum. (**JBjarn:** ... áréttingar.) Leyfum ræðumanni að ljúka máli sínu.)

Frú forseti. Þetta var kannski nauðsynlegt til áréttingar. Ég bið forláts.

Ég held að það sé mjög eðlilegt að menn fari hér á flug eða taki brun niður ána þegar þessar staðreyndir koma hér fram eins og ég hef farið svo skilmerkilega yfir varðandi neikvæða reynslu af einkavæðingu vatns. En ég tek aftur niður í erindi Davids Halls þar sem hann talar um pólitísk átakamál varðandi lagasetningar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þarna er greinilega á ferðinni hugmyndafræði þess efnis að vatn sé í almannaeigu, það sé almannagæði og eigi því ekki að ganga kaupum og sölum á almennum markaði eins og hver önnur vara."

Frú forseti. Þetta er einmitt meginkjarninn, ekki einungis í þessum fyrirlestri, ekki einungis í þeirri ræðu sem hér er haldin heldur í mörgum þeim ræðum sem hafa verið haldnar hér á síðustu dögum í þinginu af hv. stjórnarandstöðuþingmönnum um að vatnið sé almannagæði, sé sú lífsnauðsyn sem eigi alls ekki að ganga kaupum og sölum á markaði eins og hver önnur vara.

Svo segir, með leyfi forseta:

„Eitt er augljóst og ber að nefna í þessu sambandi, en það er að um heim allan er einkavæðing vatns óvinsæl."

Frú forseti. Hér dugar einungis ein setning. Hér þarf maður að staldra við. Það er eitt af því sem hefur svo skýrt og greinilega komið fram á hinu háa Alþingi á síðustu dögum að einkavæðing á vatni er óvinsæl. Það hefur jafnframt komið fram úti í þjóðfélaginu. Okkur berast fréttir af því í gegnum fjölmiðla og af samtölum fólks í milli, almennings, sem hrýs hugur við þeirri staðreynd að ríkisstjórnin er að reyna að troða í gegn lagasetningu til að geta einkavætt vatnið. Þetta gildir hér eins og alls staðar annars staðar í heiminum að þetta er hugmyndafræði sem engum hugnast nema þeim sem ganga á vegum frjálshyggjuhugmyndafræði. Síðan segir í fyrirlestri Davids Halls, með leyfi forseta:

„Undanfarin ár höfum við tekið eftir skipulagðri baráttu um allan heim. Ég get nefnt dæmi um þrjár herferðir í Evrópu síðastliðin tvö ár, þar sem ég hef verið beðinn um að tala. Ein var á Spáni, þar sem fjöldi borga hefur bundist í sístækkandi bandalag með það að markmiði að berjast gegn einkavæðingu á vatni. Önnur var í Hamborg, þar sem reis upp mótmælaalda fyrir ári, þegar upp kom tillaga um einkavæðingu á mjög vel reknu og afkastamiklu vatnsfyrirtæki þar."

Frú forseti. Hér erum við komin að þeirri staðreynd í máli Davids Halls prófessors sem rannsakað hefur afleiðingar einkavæðingu vatns að óánægjan er það mikil víða í borgum að til uppþota kemur.

Frú forseti. Það er ekkert óeðlilegt við að til uppþota komi í borgum þar sem ríkisstjórnir hafa áform um að einkavæða vatn. Við erum að vísu friðelskandi þjóð á Íslandi enn þá. Við lögðum vopn niður að stórum hluta fyrir 800–900 árum þegar menn töldu það ekki eftir sér að höggva mann og annan ef þeir voru ósáttir við ætlanir einhvers eða ákvarðanatöku eða hegðan.

Það er mjög eðlilegt, frú forseti, að í þessum rannsóknum sé komið inn á þá staðreynd að til uppþota hafi komið úti í heimi þegar menn hafa ætlað sér að einkavæða vatnið. Hér í umræðunni hefur sú staðreynd áður komið fram að vatnsmagn í heiminum fer minnkandi og átök um vatn hafa aukist. Þá er ég ekki bara að tala um átök eins og við höfum staðið í hér í dag með orðum heldur átök upp á líf og dauða. Það gerist víða í heiminum að menn berjast upp á líf og dauða fyrir vatnið og okkur berst til eyrna, eins og kemur fram í þessari rannsókn, að á síðustu árum hafi menn lent í átökum í Hamborg og fleiri stöðum, þ.e. það verða uppþot, almenningur mótmælir, almenningur rís upp þegar menn ætla að einkavæða vatnið. Því hefur verið spáð, og ekkert er óeðlilegt við það, að í framtíðinni verði enn harðari barátta háð fyrir aðgang að vatni. Það hefur verið komið vel inn á það hér á síðustu dögum og eitt af því sem menn hafa velt fyrir sér er hvers vegna þessi mikli hraði sé nauðsynlegur,

þessi miklu læti við að koma þessu máli hér í gegn. Er það ekki að hluta til vegna átaka sem ávallt hafa verið um þá nauðsyn sem vatnið er, vegna þess að átökin í framtíðinni eiga eftir að aukast og vatnið á eftir að verða verðmætara?

Ég nefndi það í upphafi máls míns fyrr í dag að umhverfisfræðingurinn Ingibjörg Elsa Björnsdóttir sagði að það hljóti að verða þannig í framtíðinni, frú forseti, að menn leysa þessi flutningavandamál, ef hægt er að kalla það vandamál, sem gera það að verkum að vatnsútflutningur í dag er ekki mjög arðbær. Það er dýrt að flytja vatnið á milli landa. En í framtíðinni hlýtur að draga að því að við munum finna upp þannig flutningatæki að það borgar sig að flytja út vatn frá Íslandi til þeirra landa er þurfa á því að halda. Þess vegna er þetta gífurlega mikilvæg auðlind sem hér er um að ræða og ætti að sjálfsögðu ekki að falla undir neinn einkaeignarrétt.

Frú forseti. Ég var að vitna í fyrirlestur Davids Halls um óvinsældir einkavæðingar úti í heimi. Ég ætla að bakka hér nokkrar línur. Þar segir í fyrirlestrinum, með leyfi forseta:

„Eitt er augljóst og ber að nefna í þessu sambandi, en það er að um heim allan er einkavæðing vatns óvinsæl. Undanfarin ár höfum við tekið eftir skipulagðri baráttu um allan heim. Ég get nefnt dæmi um þrjár herferðir í Evrópu síðastliðin tvö ár, þar sem ég hef verið beðinn um að tala. Ein var á Spáni, þar sem fjöldi borga hefur bundist í sístækkandi bandalag með það að markmiði að berjast gegn einkavæðingu á vatni. Önnur var í Hamborg, þar sem reis upp mótmælaalda fyrir ári, þegar upp kom tillaga um einkavæðingu á mjög vel reknu og afkastamiklu vatnsfyrirtæki þar. Þar hófst barátta fyrir allsherjaratkvæðagreiðslu í borginni um málið, en til að krefjast slíkrar atkvæðagreiðslu þurfti að safna 25 þúsund undirskriftum. Það takmark náðist á aðeins 10 dögum og borgarstjórn Hamborgar dró tillögu sína um einkavæðingu umyrðalaust til baka. Þriðja dæmið sem ég nefni kemur frá Norður-Írlandi þar sem breska ríkisstjórnin hefur lagt fram hugmyndir um að markaðsvæða vatnið, með það að markmiði að einkavæða það í náinni framtíð. Þar er hins vegar nánast einhuga andstaða allra gegn tillögunum. Við ættum að hafa í huga að stjórnmál á Norður-Írlandi eru ekki eðlileg og skiptast oftast eftir trúarbrögðum. Ég fór á fund í Belfast fyrir tveimur árum og sat við borð með fulltrúum baráttunnar gegn einkavæðingu vatns. Þarna var litríkur hópur samankominn, þarna voru fulltrúar stéttarfélaga, neytendasamtaka, hverfasamtaka og þriggja stjórnmálaflokka, Sambandsflokksins (the Alliance Party) sem er miðjuflokkur, Sinn Fein sem er eins og allir vita þjóðernissinnaður flokkur og DUP, the Democratic Unionist Party sem er öfgafyllsti mótmælendaflokkurinn. Sinn Fein og DUP neituðu alfarið á þessum tíma að sitja við sama borð í þinginu eða á nokkrum öðrum vettvangi, en þegar kom að einkavæðingu vatns gátu þessir aðilar setið við sama borð. Þetta er málefni hlaðið tilfinningum. Það yrði langt mál ef ætti að nefna allar herferðir sem hafa verið farnar í þágu vatnsins um allan heim, svo ekki sé minnst á nýjustu viðburðina."

Frú forseti. Þetta er einmitt málið. Menn í öðrum löndum takast á um vatnið. Sumir setja hreinlega lög, eins og kom fram áðan, í Hollandi og Úrúgvæ, til að koma veg fyrir að vatnið verði einkavætt. Einkavæðing vatns er víða óvinsæl og sums staðar hefur verið efnt til mótmæla og víða úti í heimi er barist upp á líf og dauða fyrir aðgang að vatni.

Í fyrirlestri Davids Halls sem ég las upp úr áðan kemur jafnframt fram að þegar kemur að því að standa saman gegn einkavæðingu vatns geta meira að segja flokkarnir á Norður-Írlandi, sem hefur ávallt verið mikill ófriðarstaður, Sinn Fein og Democratic Unionist Party, öfgafullur mótmælendaflokkur, sest niður og tekið þátt í andófi gegn einkavæðingu vatns.

Þetta málefni, einkavæðing á vatni, er að sjálfsögðu hlaðið tilfinningum og þarf ekki að líta lengra, frú forseti, en til þeirra umræðna og átaka sem átt hafa sér stað á hinu háa Alþingi síðustu daga þegar kemur að því að meiri hlutinn dettur ofan í þá þráhyggju að best sé að einkavæða vatnið á Íslandi.

Frú forseti. Ég held áfram að fara yfir þennan mjög svo merkilega fyrirlestur sem ég hlýddi á hjá BSRB þar sem David Hall fór yfir rannsóknir sínar á því hvað gerðist í kjölfarið á einkavæðingu vatns. Hér segir, með leyfi forseta:

„Sú niðurstaða sem við getum dregið af þessari könnun er að sögulega séð er þáttur hins opinbera í vatni of stór og mikilvægur, til þess að honum sé kastað á glæ vegna einhverra tískuhugmynda og nýjustu strauma í hugmyndafræðinni. Sagan hefur sannað gildi opinbera geirans í þessari starfsemi. Rökin um kostnað og afköst virðast ekki benda til yfirburða einkageirans. Öll rök sýna að sé eignarhaldið í höndum hins opinbera er ábyrgðin mun skýrari. Opinber aðili getur nýtt sér fjármálastjórnun á annan hátt en einkaaðili og þegar kemur að spurningunni um að stjórna vatnsauðlindum, þá er líklegra að það verði gert með hagsmuni almennings í huga ef þær eru í höndum hins opinbera en hjá einkaaðila sem tekur mið af eigin hagsmunum."

Frú forseti. Þetta voru lokaorð Davids Halls en á þeim fyrirlestri sem ég varð vitni að komu upp nokkrar spurningar sem ég á eftir að fara yfir. Ég reikna með að allir þeir er hlýddu á þennan fyrirlestur á sínum tíma og þeir er hafa hlýtt á mál mitt hér í dag, sjái að varðandi einkavæðingu á vatni sé því miður ekki margt sem mælir með slíkri lagasetningu. Ég hef rakið úr fyrirlestri Davids Halls ýmis atriði sem eru neikvæð fyrir einkaeign og einkarekstur á vatni. Eins og ég hef áður sagt tel ég eðlilegt að þingmenn fái síðan aðgang að þeim fyrirlestri sem er byggður á mjög svo ítarlegri rannsókn sem David Hall gerði fyrir nokkrum árum varðandi breytingar sem einkavæðing á vatni hafði í för með sér.

Ég hef grun um það, frú forseti, að þeir sem hafa hlýtt á mál mitt í dag eða muni bera sig eftir því að fara vel og vandlega yfir þennan fyrirlestur, svo ég tali nú ekki um að leggja það á sig að fara yfir rannsóknina og niðurstöður hennar allar, hljóta að hafa eftir það miklar efasemdir um það sem virðist vera ætlun meiri hlutans, þ.e. að setja hér lög um einkaeignarrétt á vatni.

Ég minntist í upphafi á, frú forseti, fyrir nokkrum forsetum síðan, að ég hefði miklar áhyggjur vegna þessa frumvarps til vatnalaga varðandi fiskeldi á Íslandi. Ég fór í sjálfu sér nákvæmlega yfir það og vil trúa því og treysta að menn hafi tekið orð mín alvarlega því mér finnst lagafrum-

vörp varðandi eldisfiska og fiskrækt annars vegar og frumvarp til vatnalaga hins vegar stangast á. Ég hef grun um, og leiðrétti þeir sem geta, að verði þetta vatnalagafrumvarp að lögum muni það takmarka möguleika fiskeldisfyrirtækja til að starfa. Því fiskeldisfyrirtæki getur ekki starfað án vatns.

Ég er mjög undrandi á því, frú forseti, og má vel vera að það sé nýliðabrek, að svo virðist vera að ekki sé fullkomin samvinna milli ráðuneyta landbúnaðar og iðnaðar þegar vikið er að undirbúningi þessa frumvarps. Það er, eins og ég hef komið inn á, skörun á milli frumvarps til vatnalaga annars vegar og frumvarps til eldis vatnafiska hins vegar.

Frú forseti. Ég velti fyrir mér því nú er klukkan að ganga sjö hvort teknar hafi verið ákvarðanir um hversu lengi þessi fundur eigi að standa.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti getur upplýst að tekin hefur verið ákvörðun um að hafa kvöldverðarhlé milli hálfátta og átta.)

Já, ég þakka forseta fyrir. Hálfátta skal það vera. Eins og ég kom inn á um fiskeldið er nauðsynlegt hvað varðar umsókn um rekstrarleyfi á fiskeldisstöð að slíkri umsókn þurfa að fylgja skilríki um heimild til afnota lands, vatns og sjávar. Mun það verða mögulegt ef sett eru hér sérstök vatnalög þar sem vatnið fer í einkaeigu? Þetta er spurning, frú forseti, sem við þurfum að fara yfir og athuga. Ég tek eftir því að hér á að koma fram frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, sem er þá í raun enn eitt frumvarpið sem þyrfti að ræða samhliða vatnalögum því að Veiðimálastofnun hefur aðalatvinnu sína af að vinna að rannsóknum á laxfiskum í vatni, þ.e. stöðuvatni og straumvatni. Að sjálfsögðu skiptir máli hvaða lög verða sett um Veiðimálastofnun því að hún hlýtur að þurfa að hafa einhver afskipti eða ráð ef til þess kæmi, eins og rætt er um í frumvarpi til vatnalaga, að breyta farvegi ár. Hvar kemur Veiðimálastofnun að því máli ef menn — nú væri fróðlegt, frú forseti, ef frumvarp til laga um Veiðimálastofnun er komið fram að fá eitt eintak af því, það hefur farið fram hjá mér.

Ef menn eiga að eiga möguleika, eins og getið er um í frumvarpi til vatnalaga, á að breyta árfarvegi hljóta menn að þurfa að hafa samráð við þá lærðu menn sem starfa á Veiðimálastofnun. Því velti ég því fyrir mér hvort annað ráðuneytið hafi tekið mið af frumvarpi hins.

Frú forseti. Ég ætla að líta hér aðeins í umsagnir. Það kemur manni svolítið á óvart — og hér kemur siglandi frumvarp til laga um Veiðimálastofnun. Það er þá rétt að það er komið fram, það hefur komið hér í kjölfar frumvarps um eldi vatnafiska, þetta er þingskjal 897.

Í 1. gr. í frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, um stjórnsýslulega stöðu, segir, með leyfi forseta:

„Veiðimálastofnun er rannsóknastofnun á sviði ferskvatnsfiska og lífríkis þeirra sem heyrir undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Veiðimálastofnun skal leitast við að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum í nánu samstarfi og samvinnu við menntastofnanir landbúnaðarins.“

Hér segir, frú forseti, að Veiðimálastofnun sé rannsóknastofnun sem fari með rannsóknir á sviði ferskvatnsfiska og lífríkis þeirra. Stofnunin er þá að sjálfsögðu að rannsaka lífríkið í stöðuvötnum og straumvötnum. En það er nú einmitt þannig að uppvaxtarstaður margra laxfiska er í ám og því hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort ekki sé skörun á milli þessara lagafrumvarpa, um Veiðimálastofnun og um vatnalög.

Í þessu lagafrumvarpi segir í 4. gr., um hlutverk Veiðimálastofnunar, með leyfi forseta:

„Hlutverk Veiðimálastofnunar er:

1. að afla með grunnrannsóknum alhliða þekkingar á nytjastofnum ferskvatns og lífríkis þeirra og miðla upplýsingum þar um,

2. að hvetja til sjálfbærrar nýtingar ferskvatnsvistkerfa,

3. að treysta grunn vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu nytjastofna ferskvatna,

4. að treysta grunn vísindalegrar ráðgjafar í fiskrækt í ám og vötnum,

5. að rannsaka hvernig fiskeldi og fiskrækt megi best stunda í sátt við íslenska náttúru og villta stofna,

6. að veita ráðgjöf um lífríki áa og vatna í sambandi við framkvæmdir og mannvirkjagerð,

7. að stunda rannsóknir á eldi vatnalífvera,

8. að annast þróunarstarf og leiðbeiningar í veiðimálum og annarri nýtingu lífríkis ferskvatns,

9. að veita lögboðnar umsagnir,

10. að annast rannsóknir á einstökum ferskvatnsvistkerfum gegn gjaldi,

11. að stunda rannsóknir í sjó á nytjastofnum ferskvatns,

12. að annast aðrar rannsóknir og tengd verkefni sem ráðherra felur stofnuninni með reglugerð.“

Þetta er það sem kemur fram í lagafrumvarpinu, frú forseti, um hlutverk Veiðimálastofnunar. Ég hef verið að velta fyrir mér þeirri staðreynd að það er mögulegt að breyta farvegi ár samkvæmt vatnalögum.

Í 14. gr. frumvarps til vatnalaga varðandi vatnsfall í fornan farveg segir, með leyfi forseta:

„Nú breytist farvegur af náttúrulegum ástæðum og er þá fasteignareiganda hverjum sem bagi verður að breytingunni rétt að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag.“

Farvegur ár er mun meira en bara grjót eða sandur. Farvegur er, í augum Veiðimálastofnunar, t.d. uppeldisstöð laxfiska. (Gripið fram í.) Já, það vill nú þannig til, frú forseti, að hér gekk í salinn ónefndur þingmaður sem hefur mikinn áhuga á kynlífi laxfiska.

Ég velti fyrir mér þeirri staðreynd, frú forseti, að árfarvegir eru uppeldisstöðvar fyrir laxfiska víðast hvar, þ.e. eins og orðatiltækið segir „fiskur undir steini“. Þar sem áin brotnar á steinvölum má sjá svokölluð brot og ef menn mundu grúska þar undir fyndust þar seiði. Þar eru uppeldisstöðvar laxfiska þar sem vatnið er hvað súrefnisríkast sökum þess að það brýtur á mislægum botni. Það hlýtur að koma Veiðimálastofnun við ef hægt er, samkvæmt þessu nýja frumvarpi til vatnalaga, að færa árfarvegi. Því hefði átt — og enn er að vísu tækifæri til þess — að fara yfir þessi frumvörp saman. Það er hlutverk Veiðimálastofnunar að veita ráðgjöf um lífríki áa og vatna í sambandi við framkvæmdir. Það hefði því ekki verið óeðlilegt, frú forseti, að frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, sem er að vísu nýkomið fram, hefði komið fram ásamt öðrum tengdum frumvörpum frá landbúnaðarráðherra samhliða frumvarpi til vatnalaga.

Frú forseti. Það líður nú að seinni hluta í ræðu minni en

henni er langt í frá lokið. En kannski er það enn eitt nýliðabrekið að nú hef ég þambað mikið af vatni til að halda röddinni og spyr því forseta hvort það sé möguleiki á að ég geri hér tveggja mínútna hlé á ræðu minni og fái að stökkva á salernið.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti heimilar skjóta ferð fram á salerni við þessar aðstæður og gerir stutt hlé á þingstörfum.)

Ég þakka fyrir það.

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir þennan skilning, að leyfa mér að skila af mér því vatni sem ég á ekki lengur. Ég held nú áfram með mál mitt.

Menn velta því fyrir sér, varðandi vatnið, hvort það sé auðlind eins og hver önnur auðlind en hún fer minnkandi og einungis 0,5% af vatnsforða jarðar er ferskvatn. Víða er vatnsskortur í heiminum og fátt sem bendir til annars, frú forseti, en að vatnsskortur aukist. Víða er viðvarandi vatnsskortur. Nefna má lönd eins og Ísrael en menn tala um að þar sé minna en 1.000 rúmmetrar af vatni til ráðstöfunar á hvern íbúa.

Allt líf á jörðinni er háð vatni til ræktunar, orkuframleiðslu og til framleiðslu á vörum og afurðum og öll þurfum við á vatni að halda. Enginn kemst af án vatns og í raun getur ekkert samfélag lifað án þess. Vatnið er hluti af hugarheimi, trúarbrögðum og menningu. Aðgangur að vatni hefur verið skilgreindur sem mannréttindi. Það er skýrt í samþykktum Sameinuðu þjóðanna að vatn telst til grundvallarmannréttinda. Allir eiga rétt á aðgangi að vatni. Þeir eiga ekki síður rétt á drykkjarvatni á hóflegu verði. Getur verið að í framtíðinni ætli menn sér að hefta aðgang fólks að vatni eftir efnahag?

Það má vera að ég sé orðinn nokkuð svartur, frú forseti, en það er okkar hlutverk að skoða og gagnrýna frumvörp. Þegar mönnum hugkvæmist að einkavæða vatn þarf að sjálfsögðu að skoða málið til enda. Aðgangur að vatni er grundvallarmannréttindi samkvæmt samþykkt Sameinuðu þjóðanna, sem þýðir að öllum þjóðfélögum ber skylda til að tryggja þegnum sínum aðgang að vatni. Það má að sjálfsögðu ekki fara eftir efnahagslegri stöðu viðkomandi, hvort viðkomandi sé efnaður eða ekki, hvort hann hafi efni á að kaupa aðgang að vatni. Þetta er skýrt samkvæmt samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Allir eiga að hafa tryggan aðgang að drykkjarvatni. Talandi um vatnið er þetta ekki bara spurning um vatn heldur líka hve hreint það er, þ.e. hvort menn hafa aðgang að hreinu, nothæfu vatni eða ekki. Það er sagt að ef menn hafi ekki nægan aðgang að vatni geti það leitt af sér fátækt. Enda sannast það á því að þeir sem ekki hafa aðgang að hreinu vatni eru fátækustu íbúar jarðar.

Í dag er það fjarlægt okkur að velta fyrir okkur þeim möguleika að vatnið komi ekki úr krananum á morgun, sem gæti gerst ef það yrði einkavætt. Við lítum á þetta sem sjálfsagðan hlut, maður bara skrúfar frá krananum og vatnið kemur. En við verðum að bera fulla virðingu fyrir vatninu og allri þeirri miklu auðlind sem kalla mætti lifandi auðlind sem flæðir áfram í stöðugri hringrás. En við getum ekki endalaust átt von á að vatnið berist okkur. Það á að sjálfsögðu að vera öllum mögulegt að nytjað vatnið, að nota það en mér hugnast ekki að einkavæða það miðað við hinn merkilega fyrirlestur Davids Halls sem ég fór yfir áðan, sem kom inn á neikvæðar afleiðingar af einkavæðingu vatns.

Málið, frú forseti, sem hér er um að ræða, frumvarp til vatnalaga, hefur áður komið til umræðu á hinu háa Alþingi. Það var afgreitt úr nefnd á 131. löggjafarþingi en náði ekki lokaafgreiðslu. Það er aftur komið fyrir þingið, lítið breytt. Eins og fram hefur komið á samkvæmt því að skilgreina vatnsréttindi með neikvæðum hætti í stað jákvæðrar skilgreiningar í núverandi vatnalögum. Það er rétt að taka fram að núverandi vatnalög eru enn þá í gildi þótt mönnum verði oft á að ræða um frumvarpið líkt og það sé orðið að lögum, sem ég sé ekki að gerist að óbreyttu.

Því hefur verið haldið fram að frumvarp til vatnalaga sé einungis til að snurfusa, sem er ekki víst að sé íslenskt orð þótt maður hafi oft notað það, og taka til í gömlum vatnalögunum. Menn greinir samt á um hvort um formbreytingu sé að ræða eða efnisbreytingu. Það hefur komið fram hjá meiri hluta iðnaðarnefndar að breytingin í frumvarpi til vatnalaga sé einungis formbreyting og muni í raun ekki hafa nein áhrif á raunveruleg réttindi. En það er alveg skýrt, líka hjá þeim sem sömdu frumvarpið, að aðalmarkmiðið með setningu laganna sé að ná fram skýru eignarhaldi á vatni. Það er sérstakt að það skuli vera aðalmarkmið þessarar lagasetningar ef einungis er um formbreytingu að ræða. Þetta virkar, frú forseti, sem efnisbreyting og það eru tíðindi fyrir alþjóð ef meiri hlutinn ákveður að einkavæða vatnið.

Það er mjög erfitt, frú forseti, að trúa að sú breyting sem lögð er fram í þessu frumvarpi sé einungis formbreyting. Ég hef nefnt ýmis lög sem viðkoma vatni. Það sem hefur kannski vakið sérstaka athygli manns, eftir að við fórum að grandskoða þetta frumvarp, er hve vel gamli lagabálkurinn frá 1923 hefur staðist tímans tönn. Það er erfitt að gera ný lög sem taki við af hinum gömlu. Því er ósköp eðlilegt að tekist sé á um það. Það að ætla að keyra í gegn vatnalagafrumvarp og fella úr gildi gildandi vatnalög hlýtur að kalla á, frú forseti, mikla yfirlegu og að sjálfsögðu þyrfti að taka fleiri frumvörp með, t.d. frumvarp sem strandaði á Alþingi ef ég man rétt 7. desember síðastliðinn, frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Þessi frumvörp þyrfti að sjálfsögðu að ræða saman.

Jafnframt mætti taka með frumvarp sem boðað hefur verið að verði lagt fram, þ.e. frumvarp varðandi vatnatilskipun Evrópusambandsins. Þessi þrjú frumvörp þyrfti að fara yfir saman, frú forseti, þannig að þau skarist ekki óeðlilega. En þeim þarf að finna stað í stjórnarskránni og síðan hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir nýtingu vatnsauðlinda, hvort sem um er að ræða rennandi vatn ofan jarðar eða jarðrænar auðlindir. Við höfum barist fyrir því á síðustu dögum, frú forseti, að menn taki hér góða umræðu. Við höfum gert það. Minni hlutinn hefur tekið sér góðan tíma í að skoða málið, bæði utan þingsalar og innan. Við höfum bent hér á mörg atriði sem ber að fara vandlega yfir til að forðast frekari átök og komast hjá skaðabótaskyldu.

Menn ætla sér að afnema vatnalögin með því að setja ný lög sem koma samt ekki, miðað við minn skilning á umræðunni, að fullu í stað gömlu vatnalaganna. Á síðustu dögum hefur orðið umræða um ágætar umsagnir sem fylgdu

þessu frumvarpi. Í þessum umsögnum hafa komið fram margar og góðar tillögur um breytingar á vatnalagafrumvarpinu, sem ber það með sér að frumvarpið sé kannski ekki fullunnið. En ég ætla að skilgreina það jákvætt þannig að þar séu bara eðlilegar athugasemdir sérfræðinga, hvers á sínu sviði, sem við eigum að sjálfsögðu að fagna. En við eigum þá líka að nýta skoðanir þeirra til að gera frumvarpið og þar af leiðandi lagasetninguna betri. Meira að segja undirstofnanir umhverfisráðuneytis, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun, settu fram athugasemdir sem fram koma í gögnum frá síðasta þingi, er frumvarpið var fyrst lagt fram. Þær stofnanir lögðust hreinlega gegn frumvarpinu. Sú skoðun hefur ekki breyst en þegar svo er komið að undirstofnanir umhverfisráðuneytis setja sig alfarið á móti frumvarpi þá má segja að málið hafi ekki hlotið nægilega umfjöllun í stjórnkerfinu og þaðan af síður á Alþingi.

Fyrr í ræðu minni fór ég vel og vandlega yfir fyrirlestur Davids Halls um rannsóknir hans á áhrifum einkavæðingar á vatn. Þar var minnst á pólitíkina og þessa undarlegu frjálshyggjuhugsjón sem virðist allsráðandi þegar kemur að því er menn einkavæða vatn. Hvers vegna í ósköpunum, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði, vilja flutningsmenn endilega kalla vatnið eign landeigenda? Það veldur því að þar verður til einkaeignarréttur. Miðað við áhyggjur og ábendingar umhverfissérfræðingsins Ingibjargar Elsu Björnsdóttur mun frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, leiða af sér framsalsrétt þeirra sem eiga vatnið. Þá vakna áhyggjurnar: Hverjir kaupa það ef menn nýta sér þennan framsalsrétt, hverjir verða það þá sem kaupa vatnið? Munu þá jafnvel einhverjir sanka að sér stórum hluta af vatni Íslendinga?

Á sínum tíma tók það sex ár, í upphafi 20. aldar við meðferð þessa máls á Alþingi, að enda giftusamlega með góðum lögum sem staðist tímans tönn, orðin rúmlega áttræð. Nú vilja menn keyra málið í gegn á sex dögum og hafa í raun lent hér í hálfgerðu sex daga stríði við þá sem hafa uppi varnaðarorð. Skilgreiningin í gömlu lögunum varðandi nýtingarrétt hefur reynst vel fram til þessa. Í sjálfu sér er engin ástæða til að vera að breyta eða hrófla við henni. Telji menn bráðnauðsynlegt að róta í vatnalögum þá ættu menn að taka fleiri frumvörp með í leiðinni. Ég hef komið að því áður. Þetta þarf allt að skoða heildstætt og taka til fyrirmyndar ríkisstjórnir í Hollandi og Úrúgvæ. Þar hafa menn sett ákvæði um vatnsauðlindina í stjórnarskrá.

Við höfum margítrekað, kannski helst í upphafi þess að málið var tekið fyrir til 2. umr. á hinu háa Alþingi, reynt að fá stjórnarliða til að útskýra hvað kallar á að þetta frumvarp verði afgreitt núna og án alls vilja til að setjast niður og skoða hvað mætti fara betur í ljósi hinna hörðu umsagna sem komu, m.a. frá einni undirstofnun ráðuneytis. Rökin fyrir þessum æðibunugangi hafa ekki enn komið fram en það er enn von. Það er ástæða til að árétta það einnig að í gangi er nefnd um endurskoðun á stjórnarskránni. Þar mun vonandi koma inn eitt af okkar hugðarefnum, að auðlindir í þjóðareign verði í stjórnarskrá. Það er mjög eðlilegt að þetta vinni allt saman og menn geti skilað heildarpakka. Maður er vanur slíkum vinnubrögðum úr atvinnulífinu.

Ég skil heldur ekki hvað liggur á. Það þarf að mynda stefnu til framtíðar varðandi nýtingu auðlinda í landinu. Það er að sjálfsögðu á ábyrgð hæstv. iðnaðarráðherra að sjá til að þeir hlutir séu skoðaðir í fullu samhengi. Sjálfsagt væri rétt að skipa nefnd til að fara yfir þessi mál og gefa henni góðan tíma til að fara yfir þessi mál og gefa henni góðan tíma til að vinna. Það hefur komið fram að sex ár tók að vinna frumvarp til vatnalaga á sínum tíma. Kannski er hraðinn í þjóðfélaginu einfaldlega slíkur að hann keyrir unga og spræka þingmenn stjórnarliða svona áfram. Það veit ekki sá er hér stendur.

Því miður er lítill áhugi á að skoða öll þessi mál heildstætt, eins og ég hef minnst á. Það þarf að sjálfsögðu að taka góða umræðu í stjórnarskrárnefnd um ekki bara nýtingu á auðlindum heldur og eignarhald og umgengni. Eitt af því sem prófessor David Hall minntist á í fyrirlestri sínum, sem ég fór rækilega yfir áðan, er umgengni um vatnsauðlindina sem er víða mjög slæm hjá einkareknum vatnsfyrirtækjum. Það kemur skýrt fram að menn láta það óátalið þó að leki sé 30–35%, jafnvel 40% af rennsli. Jú, allar viðgerðir og allt slíkt kostar og því dregur að sjálfsögðu úr hagnaði þannig að vatnsveitur í einkaeign hvetja menn ekki til að fara vel með auðlindina, a.m.k. í þeim löndum er prófessor Hall skoðaði. Í stjórnarskrárnefnd er þetta ekki bara spurning um að fara yfir eignarhald, nýtingu á auðlindum heldur og umgengni. Það þarf að umgangast auðlindir þannig að við getum skilað þeim vel nýtanlegum um ókomna framtíð til komandi kynslóða.

Að þeim orðum sögðum veltir maður því fyrir sér hvort það sé eitthvað sem þeim er vilja stuðla að einkavæðingu hugnist, þ.e. að koma auðlindunum til komandi kynslóða. Væntanlega er það skyndigróðinn sem blífur í dag. Eins og komið hefur fram í máli hv. þingmanna Samfylkingarinnar berum við þingmenn mesta ábyrgð á því hvernig umgengni við auðlindir er í dag og hvort hægt sé að nýta þær í framtíðinni. Við berum ábyrgð á náttúrunni, við berum ábyrgð á meðferð auðlindanna að gengið sé um þær með ábyrgum hætti, að meðferð þeirra sé skynsamleg og farið sé eftir leikreglum sem settar verða.

Við erum að tala um nýtingu á einhverri mestu auðlind framtíðarinnar, frú forseti. Ég hef rakið í máli mínu og það hefur komið fram víðar hjá leikum og lærðum að væntanlega verði vatnið í framtíðinni einhver mikilvægasta auðlind mannskepnunnar og muni þá jafnvel verða verðmætari en sjálf olían. Næg eru nú átök um olíuna, hvort heldur sem menn líta á framleiðslu, á sjálfar borholurnar, uppspretturnar, löndin sem hún er í eða einkafyrirtæki sem selja hana.

Frú forseti. Ég minntist áðan á nokkrar umsagnir, góðar og gagnlegar umsagnir sem hafa komið um frumvarpið. Ég var einmitt að velta því fyrir mér áðan hvort ekki þyrfti að lesa saman frumvarp um Veiðimálastofnun og frumvarp um vatnalög og tel að það skipti miklu máli. Nú hefur mér áskotnast umsögn frá sjálfum veiðimálastjóra, sem er fyrrverandi forstöðumaður Veiðimálastofnunar, og er því maður sem sökum reynslu og þekkingar ætti að taka mikið tillit til og að sjálfsögðu taka mark á. Í þessari umsögn um vatnalög tekur Árni Ísaksson veiðimálastjóri á atriðum sem ekki hefur verið farið inn á áður einhverra hluta vegna, en þarna eru atriði sem veiðimálastjóri gerir athugasemdir við. Ég er nokkuð viss um að þær athugasemdir eiga líka við um Veiðimálastofnun. Ég get ekki séð að þeir geti sinnt

sínu mikilvæga hlutverki, sem kemur skýrt fram í 4. gr. í frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, ef engar breytingar verða gerðar á vatnalagafrumvarpinu.

Ég tel rétt, frú forseti, að lesa bara í heilu lagi umsögn frá veiðimálastjóra. Ég tek fram að til er fyrri umsögn sem mjög gott er að hafa en hún er frá 3. mars 2005. En þessi umsögn sem nú fylgir í nefndaráliti með frumvarpi til vatnalaga frá minni hluta iðnaðarnefndar — hún er hér, bara næsta blaðsíða. Mætti halda að þingmaðurinn væri farinn að lýjast úr því að hann sér ekki fram fyrir næstu síðu. Ég tel samt ástæðu til að taka sérstaklega fyrir umsögn þá er barst frá veiðimálastjóra 28. nóvember 2005 um frumvarp til vatnalaga þar sem m.a. koma fram ábendingar í fyrri umsagnir af því að málið var tekið fyrir fyrir ári síðan.

Í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Borist hefur til umsagnar frumvarp til vatnalaga, 268. mál. Málið hefur áður borist til embættisins til umsagnar sem drög í febrúar síðastliðinn og var erindinu svarað með bréfi dagsettu 3. mars 2005. Í því bréfi voru gerðar athugasemdir við ýmsar greinar frumvarpsins sem enn eru í fullu gildi, þar sem lítil sem engin breyting hefur orðið á frumvarpinu frá fyrrgreindum drögum.“

Rétt er að staldra aðeins við, frú forseti. Hér er það veiðimálastjóri sem gerir athugasemd við að umsögn þeirra, eins og svo margar aðrar, hafi ekki hlotið brautargengi í iðnaðarnefnd þrátt fyrir að nú hafi menn haft annað og nýtt ár til að skoða frumvarpið, kosti þess og galla.

Áfram segir í umsögn frá veiðimálastjóra, með leyfi forseta:

„Undirrituðum hefur borist umsögn veiðifélaga til iðnaðarnefndar dagsett 27. nóvember, en þar koma fram athugasemdir sem að stórum hluta eru samhljóða þeim athugasemdum sem fram komu í áðurnefndu bréfi embættisins. Mikilvægt er að tekið verði tillit til hagsmuna í veiðimálum við endurskoðun vatnalaga og ekki fari á milli mála hvar mörk á milli lögsögu einstakra ráðuneyta og stjórnsýsluaðila liggja. Ef slíkt er ekki samræmt er hætt við því að framkvæmdaraðilar og einstaka fasteignaeigendur gangi á lagið í skjóli óljósra lagaákvæða.“

Frú forseti. Enn einu sinni, enn og aftur eru menn að benda á hnökra í vatnalagafrumvarpi og að því er mér er kunnugt hefur enn og aftur ekki verið gefinn gaumur að þeim athugasemdum. Maður veltir því fyrir sér hver sé í raun tilgangurinn að kalla eftir umsögnum og athugasemdum við frumvörp ef það er ekki til þess að auka þekkingu manna á lögum sem þeir hyggjast senda frá sér og á öllu er þeim viðkemur til að geta gert þau sem best úr garði. Það virðist vera því miður, frú forseti, eins og sá er hér stendur hefur upplifað, að þegar nefnd er að fara yfir umsagnir um frumvarp til laga læðist að manni sú hugsun að þrátt fyrir að menn kalli samviskusamlega eftir umsögnum, t.d. í félagsmálanefnd hver sé í raun tilgangurinn. Ef nefndarmenn kalla fyrir hina og þessa lærða sérfræðinga að ákveðnum málum, menn sem hafa starfað jafnvel í áratugi í undirstofnunum ráðuneyta, þeir eru til kallaðir til að gefa umsagnir, þeir eru jafnvel til kallaðir sem gestir til að upplýsa nefndarmenn um skoðun þeirra sem byggð er oft á mikilli þekkingu, þá veltir maður fyrir sér tilganginum ef nefndarmenn vilja ekki taka mark á umsögnum þeirra og athugasemdum til að bæta lagafrumvarp sem er til meðferðar. Menn sitja oft klukkustundum saman og fá mjög góðar athugasemdir og upplýsingar, fræðilegar upplýsingar úr miklum reynslubrunnum, en þrátt fyrir það virðist ekki vera tekið mark á þeim. Það virðist því miður vera svo, frú forseti, þegar maður les umsögnina sem kemur frá veiðimálastjóra 28. nóvember sl. um vatnalagafrumvarpið, að þá sé ekki tekið mark á umsögninni né heldur hafi menn gert neina tilraun til þess að bæta frumvarpið þrátt fyrir að umsögnin hafi legið fyrir í heilt ár, enda málinu þegar einu sinni verið kastað út af Alþingi.

Í umsögn frá veiðimálastjóra um vatnalagafrumvarpið segir áfram, með leyfi forseta:

„Eins og frumvarpið hljóðar er opnað mjög á framkvæmdaheimildir fasteignaeigenda í VII. kafla án þess að settir séu viðeigandi fyrirvarar um áhrif á lífríki og nauðsynlegar heimildir samkvæmt öðrum lögum. Þessu verður að breyta, þar sem mikil ásókn er t.d. í malartekju úr árfarvegum, sem oft getur leitt til óæskilegra farvegsbreytinga. Nokkuð ber jafnvel á því að slíkar framkvæmdir séu gerðar undir því yfirskini að verið sé að verjast landbroti.“

Enn og aftur, frú forseti, er ástæða til að staldra við. Veiðimálastjóri, Árni Ísaksson, gerir hér athugasemdir við frumvarp til vatnalaga hvað varðar heimildir til að grufla í árfarvegi. Því miður ekki öllum ljóst, þótt menn hafi oft heyrt máltækið „fiskur undir steini“, að í árfarvegum þar sem laxa- og silungagengd er leynast fiskar undir steini, nánar tiltekið seiði. Árfarvegurinn er uppeldisstöðin þar sem þeir liggja yfirleitt undir steinum á broti, þar sem vatnið er mjög súrefnismettað. En hér er ábending um að samkvæmt vatnalagafrumvarpinu sé heimild til að grufla í árfarvegi. Þar af leiðandi eyðileggja menn, skemma eða skaða uppeldisstöðvar laxfiska.

Áfram segir í umsögninni, frú forseti:

„Eins og vikið er að í umsögn Landssambands veiðifélaga er nauðsynlegt að skýra frekar lögsögu vatnafélaga, þegar þau starfa innan félagssvæðis veiðifélags og nauðsynlega samráðsskyldu við veiðifélagið. Veiðifélög bera ábyrgð á nýtingu fiskstofna í ám og vötnum og hluti af því verkefni er að sjá til þess að vistkerfi og búsvæði laxfiska séu í góðu horfi. Því er ekki ásættanlegt að félagsskapur, þ.e. vatnafélag, innan sama vatnakerfis geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir um vatnsveitur eða aðrar aðgerðir til að verjast ágangi vatns án samráðs við veiðifélag svæðisins.“

Frú forseti. Í þessari umsögn, eins og mörgum öðrum, eru gerðar viðamiklar athugasemdir við frumvarpið. Þrátt fyrir það virðist meiri hlutinn ekki hafa séð ástæður til að gera minnstu tilraun til að breyta frumvarpinu eða bæta það. Ég held að hv. þingmenn meiri hlutans hefðu gott af því að sitja undir ræðu minni. Ég hef komið inn á atriði sem ekki hefur verið til umfjöllunar, þ.e. fiskeldið. Að mínu viti er fiskeldi á Íslandi í algjöru uppnámi verði þetta frumvarp að lögum.

Fleiri forvitnilegar umsagnir hafa borist. Umhverfisstofnun sendi inn athyglisverða umsögn, undirstofnun umhverfisráðuneytisins. Það leiðir hugann að því sem áður hefur verið nefnt, að varðandi þetta frumvarp og kannski önnur virðist sem menn starfi hreinlega ekki saman, að ekki sé nægilegt samráð. Það virðist þannig með mörg lagafrum-

vörp sem skarast á milli ráðuneyta. Svo virðist sem umhverfisráðuneytið sé nánast ekki með í ráðum við samningu þessa frumvarps, a.m.k. miðað við þær harðorðu athugasemdir sem koma fram í umsögnum undirstofnana umhverfisráðuneytisins, þar á meðal Umhverfisstofnunar sjálfrar. Enn á ný virðist meiri hlutann skorta þá tækni að menn komist að sameiginlegri niðurstöðu, sérstaklega í málum þar sem frumvörp skarast milli margra ráðuneyta.

Öllum ætti að vera ljóst að Umhverfisstofnun er einhver mikilvægasta stofnun ríkisvaldsins í eftirliti með umhverfismálum. Hún á að sjálfsögðu að gera hvort tveggja, standa vörð um umhverfismál, m.a. varðandi umgengni um vatn, og að sjálfsögðu að leiðbeina löggjafarvaldinu. Miðað við umsagnir Umhverfisstofnunar virðist ekki áhugi í iðnaðarráðuneytinu eða hjá meiri hluta iðnaðarnefndar á að taka tillit til ábendinga sérfræðinga á sviði umhverfismála hjá Umhverfisstofnun. Ég ætla að leyfa mér að grípa aðeins niður í byrjun á umsögn Umhverfisstofnunar frá 1. desember á síðasta ári. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vísað er til erindis iðnaðarnefndar frá 17. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til vatnalaga 268. mál."

Frú forseti. Hér verð ég að staldra við. Ég velti því fyrir mér og spyr kannski fyrst og fremst sem nýliði: Hvernig í ósköpunum stendur á því að nefndir á vegum meiri hlutans kalla eftir umsögnum margra aðila í viku hverri allan veturinn og kalla aðila á sinn fund þegar lítið sem ekkert er gert með umsagnir þeirra? Ég tek þessar umsagnir alvarlega, frá fólki sem á að vera okkur ráðgefandi. Það er ekki hægt að ætlast til þess, ekki frekar en eiginkonan geti ætlast til að eiginmaðurinn sé fæddur iðnaðarmaður og kunni að mála, gera við bílinn, gera við rafmagnið, skipta um rúðu o.s.frv., að þingmaðurinn sé með alþekkingu. Við leitum því eftir umsögnum en ég hef upplifað það í nefndarstörfum að ekki sé nógu mikið tillit tekið til umsagna. Að því sögðu óska ég eftir að fá að lesa beint úr umsögn Umhverfisstofnunar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Líkt og iðnaðarnefnd er vel kunnugt hafa verið mjög skiptar skoðanir um nefnt frumvarp og Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun gerðu fjölmargar athugasemdir við fyrra frumvarp um sama efni er það var til umfjöllunar á Alþingi á síðasta löggjafarþingi.

Við vinnslu fyrirliggjandi frumvarps virðist nefndin sem vann drögin ekki hafa sent þau út í því skyni að leita með formlegum hætti eftir viðbrögðum annarra aðila og taka rökstudda afstöðu til innsendra athugasemda sem lagðar yrðu fyrir ráðherrann ásamt frumvarpinu."

Frú forseti. Þarf frekari vitnanna við? Hér kvartar umsagnaraðilinn undan því sem ég hef sjálfur bent á: Til hvers eru nefndir að biðja um umsagnir ef lítið og jafnvel ekkert tillit er tekið til þeirra? Þessar umsagnir lúta að sérfræðiþekkingu viðkomandi aðila og eru að sjálfsögðu lagðar fram í þeim tilgangi að bæta löggjöfina og bæta það frumvarp er fyrir liggur.

Frú forseti. Hér segir jafnframt, svo ég lesi áfram, með leyfi forseta:

„Umhverfisstofnun vill raunar halda því til haga að fulltrúi nefndarinnar leitað óformlega til stofnunarinnar á sínum tíma um tiltekin atriði um almannarétt er snertir vatn. Umhverfisstofnun telur það verklag, sem því miður er ekkert einsdæmi, að nefndir skili frumvarpstexta til ráðherra án þess að hafa sjálfar leitað eftir viðbrögðum með formlegum hætti úti í samfélaginu, sé mjög vandmeðfarið. Slíkt á einkanlega við þegar verið er að leggja til breytingar á löggjöf sem kann að snerta eða skarast á við verkefni sem aðrir aðilar innan stjórnsýslunnar eru að sinna. Þegar þannig háttar, og eftir að frumvarpið hefur verið lagt fram, má reikna með að umræðan um efni þess fari eingöngu fram á Alþingi. Hætt er við að umræðan verði mun harðari en hún þyrfti að vera ef ekki er búið að ræða framkvæmdar- og tækniatriði þess á fyrri stigum og sem flest sjónarmið liggja fyrir. Umhverfisstofnun telur umrætt frumvarp til vatnalaga hafa goldið þessa verklags."

Frú forseti. Hér er nefnd hugsanleg ástæða, a.m.k. að mati þeirra hjá Umhverfisstofnun, fyrir því að umræðan hefur orðið eins hörð og raun ber vitni. Hvers vegna í ósköpunum þingmenn hafa verið settir í þá stöðu að reyna sér til málsbóta að stugga hver við öðrum. Hér kemur fram að þeir sem sömdu frumvarpið hafi ekki rætt vandlega við þá er vit hafa á og þess vegna, frú forseti, er viðbúið að umræðan verði harðari, fari hún einungis fram á Alþingi. Við höfum orðið vitni að þessu síðustu daga. Ég velti fyrir mér: Til gagns fyrir hvern? Til gagns fyrir hvern er að láta þingmenn berast á banaspjótum sökum þess að frumvarp hafi ekki verið nægilega vel unnið og ekki verið tekið tillit til allra þeirra þátta er máli skipta og ekki ...

(**Forseti** (DrH): Forseti vill spyrja hv. þingmann hvort hann fari að ljúka ræðu sinni því að gert er ráð fyrir að gera kvöldverðarhlé nú klukkan hálfátta.)

Þingmaðurinn er ekki að ljúka ræðu sinni. Hvar vorum við nú aftur? Ég var, frú forseti, að ræða um vinnulagið og þau hörðu átök sem hafa orðið á Alþingi, sem Umhverfisstofnun spáði fyrir, 1. desember 2005, að yrðu ef leggja ætti fram breytingar á löggjöf án þess að málin væru vel rædd áður og undirbúin með aðstoð þeirra er gerst þekkja til. Þetta er í raun grunnurinn, ástæðan fyrir því , eins og ég sagði, að menn berast á banaspjótum. Það er sennilega engum til gagns og væri að sjálfsögðu betra ef menn ynnu saman að því að gera frumvarpið betra. Það verður að sjálfsögðu aldrei gert meðan aðaltilgangurinn, og jafnvel eini tilgangurinn, með því að koma í gegn í þessu frumvarpi er að vatn á Íslandi verði einkavætt.

(**Forseti** (DrH): Nú hyggst forseti gera matarhlé. Hv. þingmaður verður að gera hlé á máli sínu á meðan.)

[Fundarhlé. — 19:30]

[20:02]

Valdimar L. Friðriksson (frh.):

Herra forseti. Við erum hér enn að ræða frumvarp til vatnalaga og ég hef í ræðu minni farið nokkuð vel yfir ýmis atriði er lúta að þeim lögum. Ég var síðast, áður en gert var hlé á þingfundi, að fara yfir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarpið og hér eru fleiri ágætar umsagnir. Eitt af því er vakti athygli mína við lestur á þeim er, miðað við þær ræður sem ég hef haldið, þessi stutta og snaggaralega umsögn Samorku, sem eru samtök raforku-, hita- og vatnsveitna. Þetta eru einfaldlega nokkrar setningar og aðal-

inntakið er að þeir gera engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Ég fór í fyrri ræðu minni nokkuð vandlega yfir mjög svo athygli verðan fyrirlestur sem maður að nafni David Hall hélt síðastliðið haust á vegum þeirra ágætu samtaka BSRB. Það var fyrirlestur sem hann hélt í framhaldi af því að hafa eytt nokkrum árum í að rannsaka ýmsa þætti almannaþjónustu, sérstaklega það er lýtur að heilbrigðiskerfi, vatni, rafmagni og öðrum grunnþáttum almannaþjónustunnar.

Mjög eðlilegt er að þessi fyrirlestur veki athygli og eins og ég hef minnst á ættu menn að bíða spenntir eftir að sá fyrirlestur komist á prent þar sem í honum er mjög vel farið yfir þá reynslu sem David Hall varð sér úti um með þessum rannsóknum, m.a. á einkavæðingu vatns. Mörg stór atriði komu þar fram sem segja má að varpi ljósi á þær áhyggjur og efasemdir sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum vegna þeirra hugleiðinga meiri hlutans að setja ný vatnalög þar sem skýrt er kveðið á um eignarrétt á vatni, þ.e. að einkavæða vatnið.

Í fyrirlestrinum er farið nákvæmlega yfir þróunina í Bretlandi, Frakklandi og víðar og tekin fyrir vatnsveitufyrirtæki sem hafa skipulega verið að færa út kvíarnar og jafnvel sneitt hjá samkeppni hvert við annað, ýmis með því að skipta með sér borgum og bæjum eða hreinlega stofna sameiginlegt dótturfyrirtæki til að geta haldið uppi háum gjöldum fyrir vatnið.

David rannsakaði þetta mjög vel og hefur greinilega farið víða. Eitt af því sem hann kom inn á og ég fór yfir var svokallaður leki þar sem kemur skýrt fram í rannsóknum hans að leki hjá einkafyrirtækjum, vatnsveitum, er 30–40%. Skyldi því engan undra að menn hafi áhyggjur af umgengni um vatnið, umgengni um þá auðlind sem vatnið er og það er þrennt sem kemur til. Það eru áhyggjur vegna umgengni og vanvirðu við þessa gífurlega miklu auðlind sem vatnið er, áhyggjur vegna þeirrar miklu gróðahyggju sem er hjá vatnsfyrirtækjum víða í Evrópu, eins og ég hef komið hér inn á, og þeirrar hræðslu manna við hvað verði í framtíðinni ef vatnið verður einkavætt. Þessi fyrirlestur sem ég hef farið yfir upplýsir okkur nokkuð vel um möguleg vandamál, um þau vandamál sem eru til staðar í kringum einkaeign á vatni. Því er vissulega ástæða til að hafa miklar áhyggjur. Jafnframt kom fram í umræddum fyrirlestri hversu mikil pólitísk átök eru um vatn víða í heiminum og ekkert óeðlilegt að tekist sé á um það hér. Við erum sem betur fer ekki búin að einkavæða en það stefnir í það, þ.e. ef frumvarp þetta nær óbreytt fram að ganga.

Ég sé ástæðu til, herra forseti, að ítreka einn kaflann í fyrrgreindum fyrirlestri. Það er pólitískt átakamál. Ég ætla að leyfa mér að renna eldsnöggt yfir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Að lokum nokkur orð um stjórnmálin. Miðað við það sem ég nefndi áður varðandi söguna, ætti að vera augljóst að ríkisstjórnir og sveitarstjórnir eru lykilaðilar í vatnsgeiranum. Drifkrafturinn í vatnsgeiranum hefur ekki verið í höndum einkaaðila síðan á 19. öld. Í öðru lagi þá snýst þetta um pólitík, þetta er pólitískt mál þar sem pólitísk hugmyndafræði er ábyrg fyrir breyttum áherslum. Uppbygging og rekstur vatnsveitna í höndum sveitarfélaga seint á 19. öld og í upphafi þeirrar 20. helst í hendur við þróun félagshyggju þar sem sveitarstjórnum var ætlað stórt hlutverk, og tengist hugmyndinni um að almannaþjónusta sé órjúfanlegur hluti opinbera geirans. Eins er augljóst að einkavæðing síðustu 15–20 ára hefur tengst pólitískri hugmyndafræði, þeirri frjálshyggjuhugmyndafræði sem trúir því að einkavæðing sé leiðin fram á við.

Og aftur getur maður séð viðbrögð við þeirri þróun, sem byggist á hugmyndafræði. Í löndum eins og Hollandi og Úrúgvæ hafa verið sett lög eða ákvæði í stjórnarskrá til að vernda vatnsauðlindina og vatnsveitur frá einkageiranum. Þarna er greinilega á ferðinni hugmyndafræði þess efnis að vatn sé í almannaeigu, það sé almannagæði og eigi því ekki að ganga kaupum og sölum á almennum markaði eins og hver önnur vara.

Eitt er augljóst og ber að nefna í þessu sambandi, en það er að um heim allan er einkavæðing vatns óvinsæl. Undanfarin ár höfum við tekið eftir skipulagðri baráttu um allan heim. Ég get nefnt dæmi um þrjár herferðir í Evrópu síðastliðin tvö ár, þar sem ég hef verið beðinn um að tala. Ein var á Spáni, þar sem fjöldi borga hefur bundist í sístækkandi bandalag með það að markmiði að berjast gegn einkavæðingu á vatni. Önnur var í Hamborg, þar sem reis upp mótmælaalda fyrir ári, þegar upp kom tillaga um einkavæðingu á mjög vel reknu og afkastamiklu vatnsfyrirtæki þar. Þar hófst barátta fyrir allsherjaratkvæðagreiðslu í borginni um málið, en til að krefjast slíkrar atkvæðagreiðslu þurfti að safna 25 þúsund undirskriftum. Það takmark náðist á aðeins tíu dögum og borgarstjórn Hamborgar dró tillögu sína um einkavæðingu umyrðalaust til baka. Þriðja dæmið sem ég nefni kemur frá Norður-Írlandi þar sem breska ríkisstjórnin hefur lagt fram hugmyndir um að markaðsvæða vatnið, með það að markmiði að einkavæða það í náinni framtíð. Þar er hins vegar nánast einhuga andstaða allra gegn tillögunum. Við ættum að hafa í huga að stjórnmál á Norður-Írlandi eru ekki eðlileg og skiptast oftast eftir trúarbrögðum. Ég fór á fund í Belfast fyrir tveimur árum og sat við borð með fulltrúum baráttunnar gegn einkavæðingu vatns. Þarna var litríkur hópur saman kominn, þarna voru fulltrúar stéttarfélaga, neytendasamtaka, hverfasamtaka og þriggja stjórnmálaflokka, Sambandsflokksins (the Alliance Party) sem er miðjuflokkur, Sinn Fein, sem er eins og allir vita þjóðernissinnaður flokkur, og DUP, the Democratic Unionist Party sem er öfgafyllsti mótmælendaflokkurinn. Sinn Fein og DUP neituðu alfarið á þessum tíma að sitja við sama borð í þinginu eða á nokkrum öðrum vettvangi, en þegar kom að einkavæðingu vatns gátu þessir aðilar setið við sama borð. Þetta er málefni hlaðið tilfinningum."

Þetta er akkúrat kjarni málsins, herra forseti. Þegar kemur að svo stórum hlut eins og þeim að ætla að einkavæða vatnið sem er eitt nauðsynlegasta efni fyrir mannskepnuna til að halda lífi og sem er jafnframt nauðsynlegt á margan hátt, m.a. fyrir atvinnuvegi þá er mjög eðlilegt, eins og hér hefur komið fram, að hópar rísi upp og mótmæli slíkum áætlunum. Menn velta fyrir sér tilganginum, við höfum gert það hér í dag og við höfum gert það síðustu daga, hvað vaki fyrir mönnum. Hér hefur verið sagt að einungis sé um formbreytingu á lögum að ræða en þetta virkar þrátt fyrir það sem efnisbreyting og að sjálfsögðu er það þar sem hnífurinn stendur í kúnni því að menn eru ekki ásáttir á hinu

háa Alþingi að gengið sé svo langt varðandi vatnið að ætla sér hreinlega að einkavæða það.

Eins og ég hef nefnt áður er skortur á vatni víða í heiminum og þrátt fyrir að sums staðar sé vatn þá er ekki um hreint vatn að ræða. Það er í sjálfu sér ósköp eðlilegt að almenningur skuli ekki að velta því fyrir sér dagsdaglega hvort nægt vatn sé til á morgun, hvað þá hvort allt í einu þurfi að kaupa það fyrir of fjár af náunganum sem löggjafarvaldið hafi tekið þá ákvörðun að skuli eiga það. Vitað er að meira en milljarður manna eða einn sjötti hluti mannkyns hefur takmarkaðan aðgang að hreinu drykkjarvatni og enn fleiri skortir vatn til hreinlætis. Þeim mun fjölga sem lenda í þessum aðstæðum og gæti jafnvel fjölgað á Vesturlöndum sem núna eru auðug af vatni. Markaðurinn hrekkur af stað ef hann áttar sig á að skortur er á vörum og reynir þá að sinna eftirspurn. En vatnið er nú eitthvað annað og meira en vara. Það er í raun ekki á nokkurn hátt verslunarvara. Það er lífsnauðsynlegt efni fyrir okkur öll.

Eins og ég hef komið hér inn á hefur það því miður verið þannig að ekki er hugsað um hag heildarinnar þegar vatn er einkavætt og fyrirtæki komast inn á það svið. Því miður er hugsað um hag þeirra sem eiga eignina og hvernig þeir geti hagnast sem mest.

Eins og ég nefndi hér í dag sýna rannsóknir skýrt svo ekki verður um villst að reynsla af einkavæðingu vatns er yfirleitt slæm. Samkeppni er fyrir borð borin. Fyrirtækin sameinast því miður um samráð og hlíta þar auknum arðsemiskröfum eins og víða tíðkast í þeim harða og hraða heimi sem við lifum nú í.

Ég hef líka farið yfir það að menn hafa tekið upp á því að rísa upp gegn hugmyndum um einkaleyfi á vatni og einkavæðingu og þrátt fyrir að Íslendingar séu enn í dag friðsöm þjóð þá skyldu menn ekki vanmeta gömlu víkingana.

Ég hef rakið hversu illa hagsmunir einkafyrirtækja og almennings virðast fara saman þegar kemur að vatninu, vatnsauðlindinni. Ef þeir færu ekki svona illa saman væri væntanlega búið að einkavæða þetta í mörgum löndum. En eins og ég kom hér skýrt og greinilega inn á þá hafa bæði í Hollandi og í Úrúgvæ verið sett lög til að koma í veg fyrir að hægt sé að einkavæða vatnið. Þar hafa verið sett sérstök ákvæði í stjórnarskrá og er þar að sjálfsögðu tekið mið af slæmri reynslu.

Herra forseti. Það kemur að því að menn átta sig væntanlega í þessari umræðu að meiri hlutinn fer, því miður, villur vegar að ætla, með því sem sumir hafa nefnt ofbeldi — ég vil ekki taka svo sterkt til orða — að troða þessu vatnalagafrumvarpi hreinlega hér í gegn. Það mun að sjálfsögðu seint fást samþykki fyrir því. Ég undra mig á því að þrátt fyrir allar þær góðu umsagnir sem ég hef m.a. farið hér yfir skuli menn ekki hafa séð ástæðu til að gera breytingar eða bætur á frumvarpinu eða hreinlega algjörlega draga það til baka. Það gæti í sjálfu sér enn þá gerst.

Eitt af því sem ég hef farið hér yfir er allur sá fjöldi frumvarpa sem ráðuneytin hafa lagt fram og viðkoma vatni, þ.e. frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, frumvarp til laga um eldi vatnafiska, frumvarp til laga um fiskrækt, frumvarpið um vatnalögin og varnir gegn fisksjúkdómum. Öll nálgast þessi frumvörp hvert annað. Þau skarast og að sjálfsögðu á að skoða þau í samhengi til að koma í veg fyrir frekari átök í framtíðinni sem mjög líklega munu verða ef þetta frumvarp verður að lögum.

Hér hafa verið raktar ýmsar ástæður fyrir því að þetta frumvarp er lagt fram. Hér hefur verið lögð hörð áhersla á að einungis sé um formbreytingu að ræða og auk þess að svona hálfgerð sé tiltekt í gangi, að verið sé að laga rúmlega áttatíu ára gömul lög. Þrátt fyrir það rekur eitthvað menn til þess að reyna að troða þessu í gegnum þingið og láta þingmenn nánast berast á banaspjót í rökræðum um þetta frumvarp og finnst mér ákaflega slæmt, herra forseti, að okkur skuli sköpuð þannig vinnuskilyrði. Hér eiga eftir að koma fram fleiri frumvörp, eins og ég hef minnst á, sem munu skarast á við þetta og er því enn frekari ástæða til að bíða og lesa þau saman.

Við höfum komið á framfæri þeim sjónarmiðum að menn séu gjörsamlega á móti einkavæðingu vatns. Jafnframt höfum við bent hér á að undirstofnanir eins og Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun höfðu margt við þetta mál að athuga. Athyglisverðastar þóttu mér þær ábendingar að málið hefði ekki verið nægilega rætt af öllum viðkomandi, þ.e. innan ráðuneytis, ráðuneytanna, milli ráðuneyta og innan stofnana. Það veldur því, eins og ég hef bent á, að umræðan fer þá að mestu leyti fram í sölum Alþingis sem veldur því að hún verður löng og hörð og ég held að það sé ekki til eftirbreytni.

Við höfum jafnframt bent á að Samband íslenskra sveitarfélaga lagðist á sínum tíma gegn samþykkt þessa frumvarps. Fyrir því voru tilteknar tvær meginástæður, annars vegar möguleikar sveitarfélaga til eignarnáms. Að vísu hefur verið komið til móts við þær athugasemdir. En jafnframt benti sambandið á að ákvæði frumvarpsins skerða verulega rétt sveitarfélaga til að nálgast vatn í löndum annarra sveitarfélaga. Að vísu hefur meiri hlutinn ákveðið að flytja breytingartillögu til að færa þeim sambærilegan rétt. Þá er þetta nú nánast allt upp talið. Samt er athyglisvert að síðast þegar þetta mál kom fyrir þingið vildi meiri hluti iðnaðarnefndar alls ekki taka við þessum ábendingum og gera breytingar í þá átt. Einhverra hluta vegna hefur það síast í gegn núna.

Við höfum jafnframt bent á hið mikla hlutverk Orkustofnunar við framkvæmd og eftirlit ef frumvarp þetta verður að lögum þrátt fyrir að rétt ein eða tvær greinar fjalli beinlínis um orkunýtingu. Við höfum gert athugasemd við stjórnsýsluþáttinn og fleiri athugasemdir. Og eins og kemur fram í nefndaráliti minni hlutans þá leggur minni hluti iðnaðarnefndar einungis til að frumvarpinu verði vísað frá. Ekki er hægt að segja að nein pólitísk sátt sé um það mál sem hér er á ferðinni, þ.e. eins og það lítur út í dag alla vega, og ég hef grun um að það eigi við um fleiri staði en akkúrat þennan þingsal.

Ég hef eins og fleiri gert athugasemdir varðandi 3. gr. þar sem vegið er að landbúnaði. Gert er ráð fyrir að breyta skilgreiningu á búsþörfum í 3. gr. Eins og ég hef áður komið inn á eru búsþarfir skilgreindar þrengra en í þeim lögum sem nú eru gildi. Í lagafrumvarpinu koma einungis fram búsþarfir til kvikfjárræktar en af einhverjum ástæðum hafa menn ákveðið að kippa út ylrækt, fiskeldi og þá væntanlega plönturækt og grænmetisrækt. Af einhverjum ástæðum sem

hafa ekki verið upplýstar, það er ein útskýringin sem er að finna í sjálfu frumvarpinu, herra forseti, er í athugasemdum þar sem rætt er um búsþarfir. Hér segir, með leyfi forseta: „... þykir nauðsynlegt að árétta að mörk búsþarfa miðast við kvikfjárrækt. Ástæða þess er sú að kvikfjárrækt er hinn hefðbundni landbúnaður þjóðarinnar. Nú á dögum nýta menn einnig lönd jarða sinna til garðávaxtaræktar, skógræktar, ylræktar, fiskeldis". Þetta er svolítið sérstakt. Menn kippa út ýmsum tegundum landbúnaðar, þ.e. garðávaxtaræktar, skógræktar, ylræktar og fiskeldis.

Ég sé í raun engar haldbærar skýringar hér. Ég hef heldur ekki heyrt þær í umræðum á þingi. Ég hlýt því að spyrja hvað býr að baki. Ég get ekki annað séð, herra forseti, en að miðað við þetta lagafrumvarp, fari það óbreytt í gegn, sé fiskeldi á Íslandi hreinlega í uppnámi. Það er hlutur sem þarf að fara sérstaklega vel yfir. Menn geta ekki hafa ætlað sér að setja fiskeldi í eitthvert uppnám nú til dags.

Ég held ég láti það verða lokaorð mín, herra forseti, að ég hef miklar áhyggjur af vatninu þegar kemur að fiskeldi og fiskrækt. Ég mundi vilja fá að vita hjá ráðherra eða nefndarmönnum, þó síðar verði í umræðunni, nánari skilgreiningu á hvað vakir fyrir mönnum. Af hverju eru þessir þættir í landbúnaði nánast skildir eftir á köldum klaka.

Herra forseti. Að því sögðu læt ég lokið máli mínu um vatnalög í bili. Að sjálfsögðu þarf að fara yfir fleiri gögn og ég hafði hugsað mér að nálgast þau í seinni ræðu, sem ég veit ekki alveg hvenær verður. Eins og komið hefur fram er dagskráin í nokkru uppnámi. Það væri kannski fróðlegt að vita, herra forseti, hvort það sé á hreinu hvernig dagskránni verður hagað á morgun?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti telur of snemmt að segja til um það. Ætlunin er að halda áfram fundi fram eftir kvöldi og svo verður staðan metin. En ætlunin er að vatnalög verði á dagskrá á morgun.)

Eins og margoft hefur komið fram er dagskráin komin úr skorðum. Það er hryggilegt, herra forseti, að ekki skuli hægt að halda dagskrá eins og áður hefur verið boðað. Á morgun átti m.a. að vera fyrirspurnatími þar sem margar fyrirspurnir liggja og hafa legið lengi. Þar á meðal eru nokkrar til hæstv. heilbrigðisráðherra varðandi starfsréttindi áfengisráðgjafa og fleira. Þar eru fyrirspurnir sem hafa beðið lengi en væntanlega fer að koma að því að þessari umræðu ljúki.

[20:37]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur verið nokkuð löng og ströng og upplýsandi fyrir þá sem grannt hafa fylgst með henni. Ég tel að þrátt fyrir að hún hafi verið löng og ströng þurfi að fara ýmis atriði áður en henni lýkur, m.a. til að reyna að varpa ljósi á ýmislegt sem sagt hefur verið. Sumt af því þarf kannski að skýra betur en gert hefur verið.

Það er athyglisvert að stjórnarliðar sem tekið hafa þátt í umræðunni hafa í reynd haft óskaplega lítið til málanna að leggja og kannski það helst, það má túlka orð þeirra á þann hátt, að Alþingi sé í raun ekki annað en afgreiðslu- eða stimpilstofnun sem bregðist við réttarþróun eða niðurstöðu dómstóla, jafnvel umræðum fræðimanna. Nú er því ætlað að lögfesta reglur út frá niðurstöðum dóma sem menn hafa leyft sér að túlka á tiltekinn hátt.

Það hefur verið einkenni á þessari umræðu að helstu forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa haldið því stíft fram að sú breyting sem við ræðum í frumvarpinu sé fyrst og fremst formbreyting en ekki efnisbreyting. Við þær aðstæður ætti að liggja í augum uppi hvort sú jákvæða skilgreining sem er í gildandi vatnalögum og skilgreinir nokkuð vel þau réttindi sem landeigandi á þegar kemur að vatni, geri svo á tæmandi hátt. Fær sú skilgreining haldið sér? Ef sú skilgreining heldur sér er ljóst að þeim deilum sem hér hafa orðið mun ljúka hratt og örugglega. Þá væru menn ekki að breyta neinu og þeir aðeins að grisja gildandi lög, sem færa má rök fyrir að nauðsynlegt hafi verið að gera, en að öðru leyti sé ekki hugmyndin að breyta neinu hvað varðar réttindi landeiganda þegar kemur að vatni.

Ef þetta væri veruleikinn þá væri enginn vandi. Þá væri enginn vandi að ljúka þessari umræðu með sátt milli meiri og minni hluta þannig að menn féllust á þá skilgreiningu sem nú er á réttindum landeiganda í lögum, að þau fengju haldið sér. Enginn virðist vilja fara þá leið og því er óhjákvæmilegt að draga þá ályktun að aðeins sé um að ræða fyrirslátt og ekkert annað. Þegar menn fara yfir söguna í þessu samhengi er óskaplega gróft að halda því fram að lög þessi breyti engu. Um leið segja menn að deilur sem stóðu í mörg ár í samfélaginu á síðustu öld hafi í reynd verið misskilningur, hafi í reynd verið deilur um form sem engu máli skipti. Núna árið 2006 dúkkar hæstv. viðskiptaráðherra upp og hæstv. forsætisráðherra og þau upplýsa okkur um það í þessu frumvarpi að þær deilur hafi í reynd verið tómur misskilningur sem enginn hafi komið auga á fyrr en þau komust til valda.

Ég tel eðlilegra að ræða þessi mál í því samhengi að um ríkisstjórnina má þó segja að hún er samkvæm sjálfri sér. Hún hefur lagt sig hart fram við að einkavæða auðlindir samfélagsins. Einkavæða auðlindir sem flestir hafa talið sameign þjóðarinnar og viljað halda þeim þannig. Nefna mætti fiskstofnana í sjónum, grunnvatn, jarðhita. Svo má nefna vatnið sem ríkisstjórnin telur, af einhverjum óútskýrðum ástæðum, gríðarleg nauðsyn á að einkavæða, að gera vatnið að séreign og fella það undir sérstakan eignarrétt landeiganda.

Í umræðunum sem farið hafa fram hafa menn að sjálfsögðu farið mjög vandlega yfir það sem deilurnar snerust á sínum tíma. Deilurnar snerust ekki hvað minnst um að menn vildu átta sig á hver væri réttarstaðan fyrir tíma vatnalaganna. Hvernig var eignarréttindum að vatnsréttindum háttað áður en þau lög sem nú eru í gildi, vatnalögin frá 1923, tóku gildi? Um þetta spunnust miklar deilur. Menn lögðust í mikið rannsóknarstarf. Helstu lögbækur voru lesnar og skýrðar og sýndist sitt hverjum í þeim efnum. Fór það eftir því hvaða viðhorf menn höfðu til þess hvers eðlis vatn væri hvort þeir töldu það eignarréttarhæft. Út frá því skiptust menn eftir því hvort þeir voru hlynntir allsherjareignarrétti á vatni eða hlynntir einkaeignarrétti á vatni. Um þetta snerist vinnan í fossanefndinni á sínum tíma að miklu leyti.

Eins og komið hefur fram í þessari umræðu og hefur verið rakið af mörgum hv. ræðumönnum klofnaði fossanefndin í tvennt í málinu, annars vegar í meiri hluta sem taldi að allsherjareignarréttur að vatni ætti að vera við lýði

og hins vegar í minni hluta fossanefndar sem vildi fara séreignarleiðina. Þetta voru þær tvær meginstefnur sem fossanefndin klofnaði upp í á sínum tíma. Í framhaldi af niðurstöðu fossanefndar fór fram vinna í þinginu. Í þinginu voru flutt frumvörp til vatnalaga árin 1920 og 1921, bæði af landsstjórninni, sem þá var kölluð, bæði þeirra er studdu álit meiri hluta fossanefndar og hins vegar þeirra sem studdu álit minni hluta fossanefndar. Umræðan um þetta mál var því mjög mikil.

Það má halda því fram og segja fullum fetum að niðurstaða í þessar deilur hafi ekki fengist fyrr en Alþingi tók af skarið árið 1923. Þá samþykkti Alþingi núgildandi vatnalög með ákvæðum sem þar eru inni. Í vatnalögunum er kveðið á um að ríkið eða enginn, eftir því hvernig menn vilja túlka það, eigi vatnið en réttindin eru skilgreind á jákvæðan hátt, þ.e. þau eru tæmandi talin í vatnalögunum, hvaða réttindi eigandinn hefur. Þetta er lykilatriði og í niðurstöðu Alþingis kemur klárlega fram að niðurstaða meiri hluta fossanefndar, að enginn hafi átt vatnið, er í raun og veru niðurstaða Alþingis.

Í 2. gr. laganna segir, með leyfi forseta:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila."

Það er að segja að lögin kveða á um réttindin. Með öðrum orðum er kveðið á um það í almennum lögum hver réttindin séu og farin önnur leið en hefðbundin er við að skilgreina eignarrétt, sem oftast er skilgreindur á neikvæðan hátt. Þar er farin önnur leið vegna þess að menn töldu vatnið svo sérstakt. Menn töldu um svo mikilvæga auðlind að ræða og vissu að vatnið er forsenda lífs. Menn töldu ekki koma til álita að kveða á um séreignarrétt á vatni. Þetta var í raun niðurstaða Alþingis á sínum tíma þegar kom að því að afgreiða þetta mál. Þessi niðurstaða endurspeglast mjög í ræðu eins helsta talsmanns minni hluta fossanefndar, Sveins Ólafssonar frá Firði, sem talaði þannig á Alþingi þegar lögin voru endanlega samþykkt. Sveinn hafði setið í fossanefnd á sínum tíma og var einn helsti talsmaður séreignar á vatnsréttindum. Hann sagði, eftir að Alþingi hafði breytt frumvarpi Einars Arnórssonar á sínum tíma sem hann lagði fram og kallað var „bræðingurinn", að með afgreiðslu Alþingis á þessari 2. gr. væri þeirri leið sem minni hluti fossanefndar lagði til í raun hafnað, þar með væri fótum kippt undan því að vatnsréttindi yrðu einhvers konar séreignarréttur. Það er gerð ágæt grein fyrir þessu í grein Sigurðar Gizurarsonar sem heitir „Fossanefndin 1917–1919". Þar segir, þegar kemur að umfjöllun um þessa afgreiðslu, með leyfi forseta:

„Þótt meiri hluti deildarinnar styddi frumvarp stjórnarinnar var þó samþykkt breytingartillaga Bjarna Jónssonar frá Vogi og Jóns Þorlákssonar við 2. gr. frumvarpsins. Hún fól í sér frávik frá upphaflegri gerð textans sem hafði verið orðaður á annan veg. Orðalaginu var breytt á þann veg að landeigandi ætti rétt til umráða og hagnýtingar yfir vatni og landi sínu á þann hátt sem lög þessi heimila." — Ég hef áður nefnt það. Svo segir í grein Sigurðar Gizurarsonar: „Þetta tók Sveinn Ólafsson í Firði mjög óstinnt upp og taldi að með slíkri grundvallarbreytingu á frumvarpinu að væri lagastoðum kippt undan einkaeignarrétti á vatni. Kvað hann með þessu unnin spjöll á ákvæði 2. gr. frumvarpsins svo það skilgreindi ekki lengur eignarrétt landeiganda á vatni."

Þetta var afstaða helsta talsmanns minni hluta fossanefndar þegar Alþingi afgreiddi frumvarp til vatnalaga sem enn er í gildi. Af hálfu ríkisstjórnarinnar er ætlunin að breyta því á þann veg að taka upp og lögleiða í reynd afstöðu minni hluta fossanefndar, sem vildi tryggja séreign landeigenda að vatni. Þetta er mjög athyglisverð afstaða í ljósi sögunnar. Það er allt að því vanvirðing við söguna þegar því er haldið fram af stjórnarliðum að með þessari breytingu sé aðeins ráðist í formbreytingu en ekki efnisbreytingu. Með því er í reynd sagt að deilurnar sem hér voru uppi og segja má að hafi staðið í starfi fossanefndar og næstu fögur árin eftir, þ.e. sex ára umræða, hafi í reynd verið tómur misskilningur og aldrei snúist um neitt sem máli skipti. En þegar menn halda því fram að þetta skipti engu máli þá gætu þeir allt eins haldið því fram. Þeir eru í reynd að fullyrða að sú tæmandi talning sem nú er í lögunum dugi fyrir allan hugsanlegan og óhugsanlegan nýtingarrétt á vatni, sem er að sjálfsögðu ekki. Menn gleyma því sennilega vísvitandi þegar fjallað er um þetta, að þegar kemur að vatni þá er langt frá því að við getum fullyrt að ekki muni koma upp fleiri nýtingarmöguleikar á vatni en við þekkjum í dag.

Ef við reynum að setja þetta í samhengi þá má segja að ef eignarréttur er skilgreindur á neikvæðan hátt fellur allur hugsanlegur og óhugsanlegur nýtingarréttur á vatni sem kann að koma upp í framtíðinni undir hina neikvæðu skilgreiningu. Allir viðbótarnýtingarmöguleikar falla því sjálfkrafa undir. Ef við höldum okkur á hinn bóginn við þá leið sem farin var 1923, þar sem þetta var skilgreint á jákvæðan hátt, þá yrði Alþingi að koma að því að heimila nýja aðferð til nýtingar á vatni. Það er stór munur á því hvort eignarréttindi eru skilgreind á jákvæðan eða neikvæðan hátt. Meðan eignarrétturinn er skilgreindur á jákvæðan hátt og réttindin þannig upp byggð að þau eru veitt með almennum lögum þá er hugsanlegt að þeim megi breyta með almennum lögum. Sé þetta á hinn bóginn skilgreint á þann hátt sem ríkisstjórnin hyggst gera þá er ljóst að möguleikar Alþingis á að breyta þessum réttindum eru mjög takmarkaðir, nema miklar bætur kunni að koma til. Vegferð ríkisstjórnarinnar í þessu máli og röksemdafærsla hennar í málinu heldur því ekki þegar grannt er skoðað.

Skort hefur á að ríkisstjórnin og ráðherrar hennar upplýsi okkur um hvers vegna svo mikil nauðsyn er á að breyta lögum sem hafa reynst vel allan þennan tíma, líkt og hér er kveðið á um. Ég nefndi í upphafi máls míns að ekkert væri óeðlilegt við að fara í gegnum lögin og jafnvel grisja þau þar sem tími og tíðarandi hefur breytt ástandinu frá því að þau voru samin. En skilgreiningin á eignarréttindunum hefur ekkert með það að gera. Það væri heiðarlegra af ríkisstjórninni og fulltrúum hennar að stíga fram í þessa umræðu og segja: Við viljum einkavæða auðlindir landsins. Það væri miklu heiðarlegra og ærlegra að segja það í stað þess að reyna að fela sig á bak við ýmsa fræðimenn og túlkanir á dómum um að þeim beri að gera svo, að það sé þeirra kvöð og skylda að breyta lögum með þessum hætti.

Það er líka athyglisvert í röksemdafærslu ríkisstjórnarinnar að í dag er beitt rökum sem menn fundu allt til foráttu

í gær. Í dag er hægt að nota rök sem þóttu ómöguleg í gær. Núna liggur lífið á að breyta lögum í takt við viðhorf fræðimanna og dóma sem menn hafa leyft sér að túlka frjálslega, svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Einn helsti dómurinn sem stjórnarliðið hefur notað til að skýra nauðsyn þess að gera vatnsréttindi að einkaeignarréttindum landeigenda er t.d. dómur sem nokkrir hafa vísað til frá 1954, í svokölluðu Kífsármáli. Þar voru málavextir þeir að Akureyrarkaupstaður tók fyrir misgáning vatn á vatnsveitu sína úr lindum í landi Kífsár í Glæsibæjarhreppi. Bóndinn krafði kaupstaðinn um bætur fyrir vatnstökuna og beiddist mats á bótum. Af hálfu kaupstaðarins var því neitað að matsmenn gætu metið bóndanum bætur þar eð matsbeiðandi væri ekki eigandi vatnsins, en það var ekki eignarrétti háð að lögum. Á þau rök kaupstaðarins féllust hvorki matsmenn né dómstólar. Undirréttur vísaði til ákvæðis vatnalaga, nr. 15/1923, greinargerða með þeim o.s.frv. Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu.

Þessi dómur hefur m.a. verið notaður til að segja að dómstólar hafi komist að þeirri niðurstöðu að vatnsréttindi á landi séu eignarréttur í þeim skilningi sem við notum um önnur eignarréttindi. Veruleikinn er hins vegar sá að í vatnalögunum er kveðið á um hver tiltekin réttindi landeigenda eru, enda segir Sigurður Gizurarson í útskýringum á þessum dómi, með leyfi forseta:

„Málið snerist í raun um lindarvatn sem sérreglur gilda um í 9. gr. vatnalaganna, en til þess ákvæðis var ekki vitnað í dómunum. Auk þess snerist málið um virkjaðar lindir þar eð vatnið var sérgreint. Umráðaréttinn yfir lindunum hafði landeigandinn átt samkvæmt nefndu lagaákvæði og því jafnframt átt réttinn til þess að virkja lindirnar og öðrum var ekki heimilt að fara inn á land hans til að koma þar fyrir mannvirkjum til virkjunar á uppsprettum. Virkjað vatn er sérgreint vatn um leið og það er komið inn í leiðslur vatnsveitu."

Með öðrum orðum má því segja um þann dóm sem hér hefur verið notaður ítrekað til að staðfesta það að réttindi langeigenda yfir vatni séu eignarréttur í hefðbundnum skilningi þess orðs, í reynd ekkert annað en að dómurinn dæmdi samkvæmt þeim lögum sem eru í gildi og vísaði nákvæmlega í samræmi við þær heimildir sem hin jákvæða skilgreining á umráða- og nýtingarréttinum er í vatnalögum. Hér er því aðeins um útúrsnúning að ræða og mjög er frjálslega farið með mat á dómum. Verð ég að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér hefur þótt þetta miður því að til þessa dóms hefur ítrekað verið vitnað hér í umræðunni og í reynd ekki í neinum takti við það sem veruleikinn segir til um.

Þegar ég sagði áðan að rök gærdagsins duga ekki í dag var ég að vísa til þess að fyrir nokkrum árum féllu dómar þar sem tiltekin lagasetning eða lagaákvæði sem núverandi hæstv. ríkisstjórn stóð fyrir og keyrði í gegnum þingið var dæmd á þann veg að hún var ekki talin samræmast ákvæðum stjórnarskrár. Má hér vísa til málefna er varða öryrkja, málefni er varða kvótakerfið og önnur slík. Þá var afstaða manna afar skýr. Þá var umræðan í raun þannig að dómstólarnir vissu nánast ekkert hvað þeir voru að gera. Og ekki má gleyma því að einn helsti talsmaður þessara viðhorfa, Jón Steinar Gunnlaugsson, núverandi hæstaréttardómari, sem kannski fór fyrir þessari umræðu og ýmsir hæstv. ráðherrar fylgdu í kjölfarið, sagði að það væri ekki dómstólanna að setja lögin, það væri Alþingis að taka afstöðu til laganna og lagasetningar. En hér eru allt önnur sjónarmið uppi. Hér er ríkisstjórnin, eins og hún leggur málið fram, þolandi að því að tiltekin réttarþróun hefur átt sér stað eins og þeir lýsa þessari réttarþróun.

Það er afar athyglisvert að þegar það hentar, þegar það á við, þegar það samræmist stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma, þá er sjálfsagt og eðlilegt að fylgja niðurstöðum fræðimanna, að fylgja meintum niðurstöðum dómstóla, af því að það hentar. En þegar það hentar ekki þá eru dómstólarnir ómögulegir fyrir að skipta sér af deilumálum í pólitík, viðkvæmum málum, en ekki að dæma samkvæmt lagareglum. Þetta er afar athyglisverð afstaða sem menn nota í þessu tiltekna máli og má eiginlega segja sem svo, ef marka má það sem fram hefur komið, að þeir séu miklir þolendur í þessu og þeir neyðist vegna þessarar túlkunar að einkavæða vatnið.

Á þessu ferðalagi og tilraunum við að einkavæða vatnið er víða komið við. Áður en ég fer frekar yfir afstöðu og skoðanir Einars Arnórssonar sem á sínum tíma samdi vatnalagafrumvarpið sem síðar varð að lögum og afstöðu hans til vatnsréttinda og afstöðu hans til hugsanlegra eignarréttinda að vatni þá langar mig samhengisins vegna að fara aðeins yfir skrif Ólafs Lárussonar sem mjög hefur verið teflt fram í þessari umræðu sem eins hinna helstu fræðimanna á þessu sviði í gegnum tíðina. Ég get tekið heils hugar undir það. Það er fróðlegt að líta í hans skrif þegar kemur að því að fjalla um eignarréttindi að vatni. Ég taldi mig, virðulegi forseti, vera með rit hans eða grein sem hann skrifaði sennilega 1932, ef ég man þetta rétt. Í þeirri grein fer hann einmitt ítarlega yfir það hvort vatnsréttindi geti verið eignarréttindi. Það var eins og ég nefndi fyrr í minni ræðu grundvallarspurning fossanefndar sem hafði það að meginstefnu að greina hver réttarstaðan var á Íslandi áður en vatnalögin voru sett. Ég trúi ekki öðru, virðulegi forseti, en þetta rit sé hér einhvers staðar. Það er kannski rétt að ég komi að því síðar og noti tækifærið til að fara aðeins yfir skrif Einars Arnórssonar um vatnsréttindi. Eins og flestum er kunnugt eftir þessa umræðu sem hefur verið löng og ströng var Einar ritari fossanefndar og einhver virtasti lögfræðingur þess tíma. Hann tók heils hugar undir niðurstöðu meiri hluta fossanefndar og skrifaði síðan ítarlega ritgerð um það hver væru réttindi yfir vatni og velti fyrir sér þeirri spurningu hvort unnt sé að eiga réttindi yfir vatni. Hann orðar spurninguna svo: „Er eftir hlutarins eðli unnt að hafa eignarrétt yfir vatni?" Ég vísa þá í Einar Arnórsson og ritgerð hans um vatnsréttindi, með leyfi forseta:

„Eignarréttur er enn fremur tekinn í merkingunni heimild eða vald til að fara með verðmæti, ráðstafa því í allar áttir innan takmarka löggjafarinnar og innan þeirra takmarka er eigandi hefur sjálfur gert í þágu annarra. Vatni má skipta í tvær greinir í þessu sambandi, fljótandi vatn, fast og frosið. En fljótandi vatni má aftur skipta í tvær deildir, straumvatn og stöðuvatn.

Áður en talað verður um eignarrétt að hverri tegund vatns fyrir sig skulu gerðar nokkrar athugasemdir sem taka til alls þess vatns sem á þennan hnött fellur án þess að til

greina komi í hvaða líki það er þá eða hvaða líki það fær síðar meðan það er á yfirborði landsins.

Það er öllu vatni sameiginlegt að það fellur niður á jörðina úr gufuhvolfinu kringum jörðina. Sumt af því vatni sem á jörðina kemur tekur jarðargróðurinn, sumt fer til manna, dýra, til drykkjar og annars. Nokkuð sígur niður í jarðlögin, seytlar um þau og breytir þeim á ýmsan hátt. Sumt safnast í tjarnir, stöðuvötn, ár og læki. Sameiginlegt er það því næst að allt þetta vatn, hvernig sem um það fer meðan það er í fljótandi líki á jörð eða í, gufar aftur upp af jörðinni að meira leyti eða minna jafnskjótt sem hitinn, aðallega sólarhitinn, fær að verka á það og verður loftkennt. Þegar svo loftið verður meitlað af vatnsgufu þéttist hún og verður að fljótandi efni, vatni, að nýju sem svo fellur aftur á jörðina. Síðan er það notað á henni sem fyrr var sagt, gufar upp og svo koll af kolli. Sum úrkoman sú er til jarðar fellur í föstu líki þarf að bráðna áður eða um leið og hún verður að fljótandi efni, vatni. Mikið af því vatni sem í árfarvegum vorum rennur er þannig til komið."

Síðan spyr Einar, með leyfi forseta:

„En hver á þá tilkall til alls þessa vatns?"

Og Einar svarar, með leyfi forseta:

„Eftir eðli málsins getur enginn átt það sérstaklega. Svo víst sem enginn á skýin sem vatnið eða snjórinn fellur úr, svo víst er það og að enginn á neitt einkatilkall til vatnsins. Vatnið er eftir eðli sínu allsherjargagn eins og loft og ljós. Allir eiga að fá það til þurftar sinnar, svo sem til drykkjar og matar, handa skepnum sínum, til þess að vökva grasið á jörðinni, til að þess veita því á hana til iðju sinnar og iðnaðar með eða án orkunýtingar þess, og engan má útilokað frá því. Þannig er það almennt. En það er ekki þar með sagt að vatn geti ekki eða eigi ekki að vera undirorpið einkaumráðum ákveðins manns eða ákveðinna manna þegar þeir hafa kostað einhverju til að handsama það og þegar sá verknaður hefur heppnast. Til þess að vatn geti verið eignarhæft verður að aðgreina það frá öðru vatni."

Einar Arnórsson telur með öðrum orðum að vatn sé ekki eignarhæft nema það hafi verið sérstaklega aðgreint. Í reynd er það þannig í þeim dómi sem ég vísaði til áðan og stjórnarliðar hafa notað að einhverju leyti máli sínu til stuðnings að Hæstiréttur sagði eitthvað á þá leið að þar sem vatnið væri sérgreint og, í takt við það sem Einar Arnórsson hér segir og Ólafur Lárusson einnig, þá hafi gilt um þetta þær reglur sem þar er kveðið á um.

Einar heldur áfram í þessu mjög svo athyglisverða og merka riti sínu og kemst í raun að þeirri niðurstöðu að afar óeðlilegt sé að nokkur einn einstaklingur geti átt vatnið. Ég vil leyfa mér að fullyrða að miðað við þau tilteknu viðhorf sem Einar hafði og eru algerlega í takt við álit meiri hluta fossanefndar — Einar samdi vatnalögin sem Alþingi afgreiddi á sínum tíma á þann hátt sem það og gerði — þá er ekki hægt að túlka vatnalögin á annan veg en þann að niðurstaða Alþingis hafi þá verið sú að að enginn ætti vatnið, hugsanlega ætti ríkið vatnið, en almannavaldið hafi haft heimild til þess að fela landeigendum tiltekinn umráða- og hagnýtingarrétt. Veruleikinn er sá að þetta hefur reynst nokkuð vel. Það eru ekki margir dómar sem hafa fallið vegna þessara laga vegna þess að ekki hafa verið nein vandkvæði að skýra þetta á þann hátt sem raun ber vitni.

En nú skyndilega dúkkar upp á árinu 2006 ríkisstjórn sem hefur haft það að meginmarkmiði að einkavæða auðlindir landsmanna. Nú telur hún fátt mikilvægara í þessu lífi en að skilgreina þetta upp á nýtt. Það sorglega við þetta er að ríkisstjórnin leggur málið í raun upp á fölskum forsendum. Hún segir: Þetta er formbreyting en ekki efnisbreyting. En ríkisstjórnin er ekki tilbúin til þess að skilgreina vatnsréttindi á sama hátt áfram sem hingað til, hún er ekki tilbúin til þess. Ríkisstjórnin vill finna upp nýja skilgreiningu á eignarrétti yfir vatni. Og hvernig má það vera þegar því er haldið fram í öðru orðinu að þetta sé formbreyting en ekki efnisbreyting en í hinu er hún ekki tilbúin til að viðhalda þeirri skilgreiningu áfram?

Í umræðunni sem bæði hefur verið löng og ströng hefur heldur ekki komið fram hvað það er sem krefst breytingar á þessum ákvæðum. Ég hef áður vikið að því í máli mínu að ekkert óeðlilegt er við það að gerðar séu ákveðnar hreinsanir á gömlum lögum, að ákveðin grisjun eigi sér stað. Það er ekkert óeðlilegt við það. En það hafa ekki verið nein vandkvæði með þessa skilgreiningu á réttindum landeiganda hingað til. Þetta er veruleikinn og þess vegna vil ég ítreka það sem ég sagði fyrr í ræðu minni að fullyrðingar um að hér sé bara um formbreytingu en ekki efnisbreytingu að ræða er í raun og veru vanvirðing við það mikla starf sem fram fór í kringum 1920, þau sex ár þar í kring, sem snerist um þetta kjarnaatriði. Og það væri miklu eðlilegra, heiðarlegra og skynsamlegra að ríkisstjórnin legði fram það mál sem við ræðum hér núna og segði einfaldlega: Við erum séreignarsinnar. Við viljum einkavæða auðlindir þessa lands. Það væri miklu eðlilegra en að skáka í svona aumu skjóli, að treysta sér ekki til þess að stíga fram og segja hvað menn í raun vilja, heldur skýla sér á bak við fræðimenn og tiltekna dóma, því að á endanum snýst þetta náttúrlega um pólitík, endalaust snýst þetta um lífsafstöðu manna, á endanum snýst þetta um afstöðu manna til þessarar grundvallarauðlindar sem sennilega mun ekki gera neitt annað, þ.e. vatnsauðlindin, en að verða verðmætari og verðmætari eftir því sem tímar líða. En áður en það gerist verður ríkisstjórnin að einkavæða vatnið. Á ýmsu hefur maður átt von frá núverandi ríkisstjórn en ég skal viðurkenna að það að einkavæða vatnið er eitthvað sem ég átti ekki von á. En úr því að hún ákvað að fara í þetta hefði verið miklu heiðarlegra og ærlegra að segja það, en ekki að fela sig á bak við jafnvel gengna fræðimenn og útúrsnúninga úr dómum. Þetta finnst mér alveg óskaplega lítilmótlegt af hálfu ríkisstjórnarinnar að stinga sér inn í þetta mál á þann hátt sem hún hefur gert.

Ég hef ekki í umræðunni gert skil athyglisverðri ræðu sem hv. — hér finn ég loksins það gagn sem ég hef verið að leita að og taldi víst að ég væri með í pontu og það kemur í ljós að ég var með það, sem ég og taldi. En þetta er athyglisverð grein eða rit eftir Ólaf Lárusson og vitnað hefur verið nokkuð mikið til í umræðunni og hann jafnvel gerður að einhverju leyti ábyrgur fyrir þessari tilraun ríkisstjórnarinnar til að einkavæða vatnið, sem mér hefur fundist vera afar athyglisverð tilraun og vert að skoða frekar. En kafli þessi heitir: Skrifaðir kaflar úr hlutarétti. Vatnsréttur. Reykjavík –1929. Þetta er eitt af því sem vitnað hefur verið til í umræðum um það frumvarp sem við ræðum. Mér finnst til að

halda öllu samhengi hlutanna og til að halda því öllu til haga, að rétt væri og mikilvægt þó ekki væri nema fyrir þingtíðindin, að upp úr þessu verði lesið og það þá staðfest hvað Ólafur Lárusson sagði í raun og veru um það sem ítrekað hefur verið vísað til í umræðunni að hann hafi sagt. Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa í fyrsta lagi innganginn, í öðru lagi um vatn á yfirborði jarðar og í þriðja lagi umfjöllun hans um straumvatn. En svo segir, með leyfi forseta:

„Frá fornu fari hafa menn hagnýtt sér með ýmsum hætti vatn það sem á jörðinni er. Þeim notum er þannig farið að réttarreglur hljóta að myndast um þau fyrr eða síðar. Verða þær því margbreyttari og umferðarmeiri því margháttaðri sem vatnsorkan verður og eftir því sem menningin eykst og mönnum lærist betur að færa sér í nyt vatnið og afl það sem í því býr."

Í þessum orðum felst í rauninni það að menningin, lærdómurinn og tækniþekkingin beri það með sér að nýtingarmöguleikar vatns geti orðið meiri og meiri. Það er það sem ég vísaði til í upphafi ræðu minnar sem mun skipta sköpum ef fleiri nýtingarmöguleikar á vatni finnast í framtíðinni, að sú skilgreining sem hér er verið að fara í á eignarrétti landeigenda á vatni mun sjálfkrafa falla þar undir. Þegar menn segja að einungis sé um formbreytingu að ræða en ekki efnisbreytingu þá er það vitaskuld ekki rétt. Og áfram heldur Ólafur Lárusson, með leyfi forseta:

„Einn aðalþátturinn í þessum réttarreglum eru reglurnar um rétt manna til að nota vatn. Sá réttur nefnist vatnsréttur. Er hér aðeins átt við einstaklingsrétt, þ.e. rétt sem heimilar að meira eða minna leyti að útiloka aðra frá afnotum vatnsins. Réttur sá er 11. gr. vatnalaga ræðir um fellur því eigi undir vatnsréttindi. Skoðanir manna um eðli vatnsréttindanna hafa verið skiptar, einkum um það að hve miklu leyti þau væru afleiðing af eignarrétti yfir vatninu. Er því nauðsynlegt að skýra þetta atriði fyrst og þá einkum athuga hvort og að hve miklu leyti vatn geti verið eignarrétti háð. Vatn getur verið á ýmsum stöðum og í ýmsum myndum. Það getur verið í gufuhvolfi jarðar, á yfirborði jarðar og undir því. Það getur bæði verið fast og fljótandi. Fljótandi vatn getur ýmist verið straum- eða stöðuvatn. Þar sem vatninu er svo misjafnlega háttað er viðbúið að ólíkar reglur gildi um það, hverjum réttindum það geti verið háð eftir því hvernig er ástatt um það. Spurningunni um eðli vatnsréttinda verður því eigi svarað í einu lagi."

Hér veltir Ólafur Lárusson, sá fræðimaður því upp hvort vatn geti verið eignarrétti háð og svarar því til að það kunni að vera mismunandi sjónarmið eftir því hvert sé eðli vatnsréttinda. Það er því alrangt sem hér hefur verið haldið fram í umræðunni að skrif hans og fullyrðingar standi sem einhver stoð undir því að einkavæða vatnið, þ.e. færa í lög einkaeignarrétt á vatni. Ólafur heldur áfram og fjallar um vatn á yfirborði jarðar, með leyfi forseta:

„Sumir hafa haldið því fram að vatnið á yfirborði jarðar væri eftir eðli sínu allsherjargagn og geti ekki verið eignarrétti háð fyrr en það hafi verið nægilega aðgreint og því aðeins að það sé verðmætt. Telja menn þetta leiða af því að vatn sem safnast á vatnsveg sé tilkomið fyrir úrkomu á svæðum sem oft séu mjög stór, að vatnið falli úr loftinu og gufi aftur upp og sé það því eins víst að enginn eigi einkatilkall til þess eins og það að enginn eigi skýin sem það kemur úr. Þá telja menn og það styðji þessa skoðun að vatnið sé öllum jafnnauðsynlegt sem loft og ljós. Enn fremur sé vatnið venjulega verðlaust og ýmis tæki þurfi til að greina það frá öðru vatni og sé það ekki eignarhæft fyrr en sú aðgreining hefur farið fram."

Og áfram heldur Ólafur:

„Það er satt að vatnið er öllum mönnum nauðsynlegt en af því leiðir ekkert frekar en það að lögin eiga að tryggja öllum nauðsynleg vatnsnot, en til þess þyrfti ekki að fara lengra en að takmarka rétt vatnseiganda. Ekki geta öll vatnsnot talist til slíkra nauðsynja. Sum þeirra gætu af þessum sökum vel verið einstaklingsréttindi, t.d. það að vinna orku úr vatni, taka ís á vatni til frystingar o.m.fl. Um verðmæti vatnsins er þess fyrst að geta að flest vatnsnot eru verðmæti í þeim skilningi að þau mundu gefa þeim er ættu rétt til þeirra betri fjárhagslega afstöðu en öðrum en auk þess er nokkurt efamál hvort einskorða á hlutaréttindi við hluti sem hafa verið í viðskiptum manna ..."

Ólafur kemst í raun og veru að þeirri niðurstöðu að hann telur ekki „að almennar röksemdir verði færðar að því að vatn yfirleitt sé ekki eignarhæft," — þ.e. hann segir að vatn geti verið eignarhæft í tilteknum tilvikum alveg eins og er í vatnalögunum. Í tilteknum afmörkuðum tilvikum sem almenn lög kveða á um og Alþingi hefur þegar skilgreint á jákvæðan hátt er viðurkenndur umráða-, hagnýtingar- og nýtingarréttur landeigenda — „en vera mætti að því væri svo varið um sumt vatn er sérstaklega er ástatt um og skal það atriði því athugað næst og þá fyrst og fremst gerður munur á straumvatni og stöðuvatni."

Nú ætla ég að leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa umfjöllun Ólafs Lárussonar um straumvatn:

„Ef til vill mætti greina þannig milli straumvatns og stöðuvatns að straumvatn væri allt það vatn er væri á sífelldri hreyfingu af því það samkvæmt þyngdarlögmálinu leitaði frá hærri stað á lægri. Samkvæmt því eru sums staðar öll vötn sem afrennsli hafa ofan jarðar talin straumvötn. En hér á landi er aðgreiningin ekki byggð á þessu einu, hvorki í daglegu máli né að lögum ...

Hreyfingin á vatninu er misjafnlega mikil en þegar hún er svo lítil að hennar verður lítt eða ekki vart mun rétt að telja vatnið stöðuvatn, eins fyrir því þótt það hafi afrennsli ofan jarðar.

Takmörkin milli straumvatns og stöðuvatns verða því ekki glögg, þau fara eftir mati á því hve mikils straums gætir. Það er sameiginlegt öllu straumvatni að það er á sífelldri hreyfingu eftir farveginum frá einum stað til annars, það berst óðfluga frá einni fasteign til annarrar. Ef talið væri að eigandi fasteignarinnar ætti vatn það sem um hana rennur á hverjum tíma, þá væri sá eignarréttur næsta hverfull skammvinnur. Eftir örstutta stund væri vatnið komið inn á aðra fasteign, eigendaskipti orðið að því og svo koll af kolli. Það væri óeðlilegt að telja svo stopulan rétt eignarrétt eða yfirleitt sjálfstæðan hlutarétt. Þess vegna verður rennandi vatn ekki talinn eignarhæfur hlutur. Heimild til þess að færa sér það í nyt er því hvorki sjálfstæður hlutaréttur né afleiðing af eignarrétti yfir því."

Með öðrum orðum segir Ólafur í þessari grein að rennandi vatn geti ekki talist eignarhæfur hlutur. Ég held að

mikilvægt sé, virðulegi forseti, að það sem hann segir um þessa hluti komi fram í umræðunni og ekki sé verið að vísa sí og æ til hinna ýmsu fræðimanna, virtra, um að þeir fullyrði að sú nýja skilgreining sem frumvarpið felur í sér á eignarrétti á vatni standi á bak við þessa skilgreiningu fullum fetum. Ég held að það sé afar mikilvægt, virðulegi forseti, að þetta komi fram í umræðunni.

Áður en ég kem frekar að frumvarpi því sem við ræðum hef ég, eins og hér hefur komið nokkuð glögglega fram, reynt að fara aðeins yfir sögulegar forsendur vatnalaganna, tilurð þeirra og þá umræðu og vinnu sem fram fór í aðdraganda þeirrar lagasetningar. Það er nefnilega afar mikilvægt að menn átti sig á samhengi þess hvernig lögin líta út og þeirrar miklu vinnu sem fram fór áður en lögin voru afgreidd frá hinu háa Alþingi.

Því hefur einnig verið haldið fram í umræðunni að sú hugmynd sem ríkisstjórnin og sá meiri hluti sem hún styðst við á hinu háa Alþingi hyggst lögfesta eigi sér fyrirmyndir í norrænum rétti. Þegar norsku lögin, sem eru nr. 82 frá 24. nóvember árið 2000, voru lögfest var einmitt farið í það að fjalla um í 13. gr. þeirra laga um ráðstöfunarrétt landeigenda á vatni en þar segir, með leyfi forseta:

„Vatnasvæðið tilheyrir eiganda landsins sem það er á ef annað er ekki ákveðið með sérstökum réttarreglum. Ef vatnasvæðið er að öllu leyti eða að hluta í sameign gilda reglur í lögum um sameign og tengsl sameigenda."

Það sem fram kemur í norsku lögunum er að farin er sú leið, þ.e. þessi jákvæða skilgreining að það er talið upp í lögunum, þ.e. í almennum lögunum er kveðið á um hvaða rétt landeigandi hefur. Það kemur hvergi fram í norsku lögunum, a.m.k. ekki svo ég hafi séð, að markmið þeirra sé að kveða á um skýrt eignarhald á vatni og ég held, virðulegi forseti, að við getum sennilega ekki vísað til nokkurs lands eða nokkurrar þjóðar sem við viljum bera okkur saman við sem hefur lagt upp í þá vegferð að einkavæða vatn.

Í nýlegri vatnatilskipun sem Evrópusambandið hefur látið frá sér fara er meginreglan sú að vatn verði ekki almenn verslunarvara. Í Evrópu hefur meginstraumurinn í þessu verið sá að vatn sé allsherjareign. Og jafnvel þó að ekki hafi verið nákvæmlega sami taktur á Norðurlöndum fæ ég ekki séð að við finnum nokkurt land sem hefur ákveðið að fara þá leið sem hér er lögð til nema ef vera kynni í Mið-Ameríku, þar sem stærri fyrirtæki hafa jafnvel keypt upp vatnsból, jafnvel þannig að þau hafa komist í þá aðstöðu að selja vatnið almenningi dýrum dómum. Eftir því sem ég kemst næst átti það sér stað í Bólivíu að fyrirtæki, jafnvel dótturfyrirtæki fyrirtækis sem er að framkvæma hér á landi, keypti upp vatnsból en bæjarbúar sögðu því stríð á hendur og nánast hröktu það úr bænum. Reyndar skilst mér að nú séu málaferli í gangi, þar sem þetta tiltekna fyrirtæki hefur stefnt ríkisstjórn Bólivíu til að greiða skaðabætur. En það er heldur miður ef í Mið-Ameríku eða jafnvel Suður-Afríku séu einustu fyrirmyndirnar sem við getum vísað til eða hægt er að jafna til þeirra hugmynda sem hér liggja fyrir á hinu háa Alþingi og birtast í því frumvarp sem við nú ræðum.

Hvað varðar hugmyndafræði frumvarpsins hefur, eins og hér hefur komið fram, meginumræðan snúist um skilgreiningu á eignarrétti yfir vatni og þá stefnu ríkisstjórnarinnar að einkavæða vatnið og þær tilraunir hennar til að setja þá stefnu sína í einhvern allt annan búning en sú stefna raunverulega er í.

Hins vegar er einnig ýmislegt annað í frumvarpinu sem minni athygli hefur fengið og ekki kannski fengið þá skoðun eða þá umræðu sem það á skilið en óhætt er að fullyrða, fyrir utan þetta markmið um að einkavæða vatnið, að hér er einnig verið að takmarka rétt almennings til að sækja vatn á landareignir frá því sem er í gildandi lögum. Í reynd er verið að herða einkaeignarréttinn eins og fram hefur komið og það segir í greinargerð á bls. 19, með leyfi forseta:

„Þar er fyrst og fremst um nýtingu markaðsgæða vatnsréttinda að ræða og er því réttur til nýtingar vatns og lands annarra að sama skapi minni og miðaður meira við jafnræði í markaðshag og ráðstöfunarrétti aðila yfir eignum sínum."

Kannski er þetta eina tilvitnunin þar sem segja má að hin raunverulega stefna stjórnvalda, hið raunverulega markmið stjórnvalda komi sæmilega skýrt fram, þ.e. að fyrst og fremst er verið að ræða um að nýta markaðsgæði vatnsréttinda „og er því réttur til nýtingar vatns og lands annarra að sama skapi minni og miðaður meira við jafnræði í markaðshag og ráðstöfunarrétti aðila yfir eignum sínum."

Hér er kannski að finna þá stefnu sem ríkisstjórnin síðan kappkostar við að afneita í öllum umræðum, hvort heldur þær eru í fjölmiðlum eða hér á hinu háa Alþingi, hvað menn raunverulega eru að gera þegar þeir reyna að lögfesta þessi ákvæði. Einnig hafa verið settar fram óformlegar hugmyndir um að leysa megi úr þessari deilu eða þessum ágreiningi meiri og minni hluta með því að taka upp nánast orðrétt það sem til að mynda hæstv. forsætisráðherra hefur sagt og fleiri um að hér sé ekki um efnisbreytingu að ræða heldur aðeins formbreytingu, taka þá þessa skilgreiningu upp sem er í gildandi lögum og menn sættist þá á að skilgreiningin á eignarréttinum verði sú sama og verið hefur. En það þarf ekki að koma á óvart og kemur kannski ekki nokkrum á óvart sem hefur kynnt sér þetta mál af einhverri alvöru að áhugi ríkisstjórnarinnar á því var enginn. Ríkisstjórnin hafði engan áhuga á að lenda málinu á hennar eigin forsendum, a.m.k. ef marka má það sem fram hefur komið í umræðu. Þetta í raun og veru staðfestir það sem við mörg hver höfum haldið fram að þessar hugmyndir eru settar fram á röngum forsendum.

Spurningin er hvaða afleiðingar það muni hafa í för með sér að réttur landeiganda til vatns verði styrktur jafnmikið og raun ber vitni frá því sem er í gildandi lögum. Menn hafa áhyggjur af þeirri spurningu. Menn hafa áhyggjur af svörunum við slíkum spurningum. Menn hafa áhyggjur af því að jafnmikilvæg auðlind komist á fárra hendur.

Við höfum verið að sjá miklar breytingar að undanförnu á því hvernig farið hefur verið með vatn. Við höfum verið að sjá vatnsveitur hverfa inn í stærri fyrirtæki, jafnvel fyrirtæki og hlutafélög sem síðar kunna að fara á markað og ekki þarf að fara mörgum orðum um það að sá sem hefur réttinn til að selja vatnið hefur geysilega sterka stöðu því að líkast til er vart til eftirsóknarverðari verðmæti en vatn og líklega er ekki til betri aðstaða fyrir nokkurn en að komast í þá stöðu að geta selt tilteknum hópi eða hafa einkarétt til að selja tilteknum hópi vatn.

Það þarf ekki að koma á óvart að miðað við sögu ríkis-

stjórnarinnar hafi hún ákveðið að fara þá leið sem við höfum mótmælt mjög harðlega og byggt það í raun og veru á þeirri forsendu að hér sé ekki um efnisbreytingu að ræða heldur formbreytingu og blessuð ríkisstjórnin sé svo ólánsöm að vegna dómaframkvæmda og viðhorfa fræðimanna sé henni nauðugur sá kostur að einkavæða vatnið. Henni var ekki nauðugur sá kostur að greiða öryrkjum það sem Hæstiréttur dæmdi á sínum tíma eða kvað á um að henni væri skylt að greiða. Þá rak neyðin ríkisstjórnina ekki áfram til að fara eftir og virða niðurstöður dómstóla. Þá voru allt aðrar hugmyndir uppi. Þá var látið sverfa til stáls. Þá var látið á það reyna til fulls hvort ríkisstjórnin gæti ekki staðið það af sér. En þegar kemur að því að viðhalda eða keyra fram þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur haft þegar kemur að auðlindum þessarar þjóðar þá horfa hlutirnir allt öðruvísi við. Þá er mikilvægt að keyra þetta áfram og eiginlega einkavæða eins margar auðlindir og nokkur er kostur.

Ég held að það sé afar nauðsynlegt að við skoðum þetta einnig í samhengi því fyrir nokkrum árum var hér starfandi og sett á laggirnar svokölluð auðlindanefnd sem m.a. átti að fjalla um nýtingu almennra auðlinda og einkum fiskstofnanna en þó nýtingu þeirra auðlinda sem landið býr yfir og hvernig við ættum að fara með þær auðlindir, hvernig við ættum að útdeila þeim og hvernig við ættum að tryggja að þær yrðu áfram í þjóðareign. Auðlindanefnd komst á endanum að niðurstöðu. Auðlindanefnd, þverpólitísk nefnd, lagði til að ákvæði um auðlindir í þjóðareign yrði sett í stjórnarskrá. Það hefur ekki verið forgangsverkefni þessarar ríkisstjórnar að fylgja þeirri hugmynd fram. Hún hefur talið flest annað mikilvægara en að keyra þá grundvallarhugmynd fram og það er það sem við erum að sjá og það er það sem er að birtast okkur í þessu tiltekna frumvarpi.

Þó að efnisákvæði þessa frumvarps, mörg hver, kalli á ítarlega og vandaða umræðu þá get ég ekki látið hjá líða áður en ég lýk máli mínu í þessari umræðu að fjalla um höfunda frumvarpsins sem hér liggur fyrir, því nú er það orðin lenska í íslenskum stjórnmálum að það eru ekki ráðherrar sem bera frumvörpin fram heldur eru það höfundar. Það eru einhverjir lögfræðingar úti í bæ sem bera helst hina pólitísku ábyrgð á þeim verkum sem ráðherrar eru að vinna og menn bera þá jafnan fyrir sig. (**Gripið fram í:** Fjölmiðlalögin.) Má nefna fjölmiðlalögin sem hér er kallað fram í, það má nefna breytingar sem menn eru að vinna að varðandi almenn hegningarlög og kynferðisbrot og það má nefna þetta frumvarp hér því það eru einhverjir höfundar úti í bæ sem bera talsverða ábyrgð á þessum málum og það eru þessir tilteknu höfundar sem koma fyrir þingnefndir og til þeirra er vitnað í almennri umræðu. Það er eins og ábyrgð ráðherra á frumvörpum sem lögð eru fram, einkanlega ef það eru ágreiningsmál, sé alveg í lágmarki. Það eru höfundarnir sem bera þessa ríku ábyrgð.

Þessir tilteknu höfundar komu fyrir iðnaðarnefnd núna í vikunni þar sem m.a. var farið yfir hvaða breytingar eigi sér stað að því er varðar eignarnám frá gildandi vatnalögum. Svör höfundanna sem fyrir iðnaðarnefnd komu voru á þá leið að eignarnámsákvæðunum í gildandi vatnalögum mætti lýsa sem einhvers konar „hrotta“, þ.e. þau eru tilgreind í allt að 40 tilvikum á 40 stöðum í gildandi vatnalögum, þau séu eins og vatnalögin voru þá hugsuð miðað við þá tækni og þær hugmyndir og þá notkunarmöguleika sem menn töldu vera til staðar hvað varðar vatn á þeim tíma og því séu eignarnámsákvæði gildandi vatnalaga á engan hátt til þess fallin að takast á við þær miklu framkvæmdir sem verið er að ráðast í á landinu að því er varðar virkjanir, vatnsflutning og fleira og því alger nauðsyn á að lögfesta ný ákvæði um eignarnám.

Við reyndum á þessum tiltekna fundi iðnaðarnefndar að kalla eftir svörum um hvort lögfesting þessa frumvarps með þeim eignarnámsákvæðum sem þar eru væru forsenda fyrir því að hægt væri að ráðast í hina miklu vatnsflutninga sem ætlunin er að ráðast í fyrir austan, jafnvel hugsanlega vatnsflutninga í Þjórsá og víðar og hvort lögfesting þessa eignarnámsákvæða væri forsenda fyrir að hægt væri að ráðast í þessar framkvæmdir ef til að mynda samningar tækjust ekki við landeiganda og hvort það mundi þá standa undir því að þau lönd væru tekin eignarnámi sem ekki tækjust samningar um.

Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að þrátt fyrir talsverða eftirfylgni þá gátum við ekki fengið svör við þessum spurningum. Þau einustu svör sem við fengum voru þau að gildandi eignarnámsákvæði mætti líta á sem einhvers konar „hrotta“ sem væri barn síns tíma og ætti í raun og veru í erfiðleikum með að standa undir þeim stórkostlegu vatnsflutningum sem menn hefðu núna tæki, tól og tækni til að ráðast í þar sem heilu árnar, heilu fljótin eru tekin og færð annað, eins og til að mynda Jökulsá á Dal.

Mér þótti afar miður að við skyldum ekki fá skýrari afstöðu eða upplýsingar um þetta tiltekna mál á þessum fundi en þetta voru þau svör sem við gátum dregið fram hjá höfundum eins og þeir eru kallaðir í hinni daglegu ... (**Gripið fram í:** Ætli skilji það nokkur?) Nú treysti ég mér ekki til að fullyrða nokkuð um hvað það er sem ráðherrann skilur vel og hvað ekki og það er kannski heldur ekki í mínum verkahring að reyna að skilja það.

Virðulegi forseti. Í minni ræðu hef ég farið yfir það sem ég tel vera kjarnaatriðið í þessu máli. Ég fór yfir þá miklu vinnu sem unnin var í tengslum við það þegar vatnalögin voru lögfest. Ég fór yfir þá miklu vinnu sem menn lögðu í það að reyna að skilgreina hver vatnsréttindi landeigenda voru fyrir setningu vatnalaganna. Þar greindi menn mjög á en niðurstaða Alþingis var skýr eins og kom fram hjá megintalsmanni einkaeignarréttarmanna, Sveini Ólafssyni frá Firði, í afgreiðslu á vatnalögunum þar sem hann sagði að breytingin sem gerð var á 2. gr. frumvarpsins sem síðar varð að lögum, hafi í reynd falið það í sér að stoðum væri kippt undan hugmyndum um einkaeignarrétt að vatni. Það varð niðurstaða vatnalaganna og það hefur enginn dregið þá niðurstöðu Alþingis í efa. Það var í raun og veru sá dómur sem Alþingi kvað upp að væri réttarstaðan og henni hefur verið fylgt.

Nú, 83 árum eftir að þessi niðurstaða var fengin eftir miklar deilur þar sem menn tókust einmitt á um sömu grundvallaratriði og tekist er á um í dag þá byggðu menn afstöðu sína meira og minna á pólitískum viðhorfum til málsins, þ.e. hvort þeir studdu það að vatn heyrði undir allsherjareign eða hvort vatn væri séreign. Í þeirri umræðu voru menn mjög áfram um að fylgja afstöðu sinni. Þar fæ ég ekki séð að menn hafi reynt að skýla sér á bak við eða

reynt að finna skoðunum sínum og viðhorfum farveg í einhverjum búningi þannig að þeir hafi ekki þurft að koma fram á eigin forsendum. Þar datt engum í hug að skýla sér á bak við það að vegna tiltekinnar réttarþróunar sé okkur nauðugur sá kostur að einkavæða vatnið. Menn höfðu einfaldlega þessi viðhorf og skýrðu þau með rökum. Í dag má segja að öldin sé nokkuð önnur. Nú stíga menn fram, vilja einkavæða vatnið en færa fyrir því þau rök að þeim sé nauðugur sá kostur vegna réttarþróunar sem átt hefur sér stað.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja það í lokin að ég reyni að virða allar skoðanir sem menn hafa en mér þykir miður þegar menn hafa ekki kjark að stíga fram með viðhorf sín og standa og falla með þeim en reyna þess í stað að setja þau í þann búning að þeim sé laumað í gegnum þingið á fölskum forsendum.

[22:02]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Þessi umræða um vatnalagafrumvarp ríkisstjórnarinnar er búin að standa nokkuð lengi og auðvitað hefur verið fjallað um fjölmargt í þeirri umræðu.

Ég ætla að byrja á að rifja upp að það eru tvær höfuðástæður fyrir því að við samfylkingarmenn erum á móti þessu máli. Í fyrsta lagi fellum við okkur alls ekki við hina nýja skilgreiningu á eignarhaldi á vatni sem er í þessu frumvarpi og ég mun fjalla um það á eftir. Og í öðru lagi að endurskoðun vatnalaga er hluti af endurskoðun fjölmargra laga sem hafa gilt í landinu og fjalla um auðlindir og nýtingu á auðlindum.

Það er skoðun mín að ríkisstjórnarflokkarnir hafi ekki staðið vel að þessari endurskoðun og að sá andi sem svifið hefur yfir vötnunum við þá endurskoðun sé ekki sá andi sem Samfylkingin getur sætt sig við, vegna þess að það er svo greinilegt að fingraför frjálshyggjunnar eru út um allt í þeirri endurskoðun á auðlindalögum sem verið hefur í gangi á undanförnum árum. Varðandi það sem hér er á ferðinni finnst mér þó gengið lengra en mönnum hefði nokkurn tíma áður komið til hugar vegna þess að eignarhald á einhverju því um líku sem vatni hafa menn aldrei fest í lög. Það að menn geti átt vatnsdropana um stundarsakir og þeir skipt um eigendur án þess að viðskipti fari fram er alveg ný aðferð við að setja séreignarhald á eitthvað. Auðvitað hljóta menn að stöðvast einhvers staðar við því það er ekki mikill eðlismunur á loftinu sem svífur yfir húsunum og vatninu hvað þetta varðar eða fuglum himinsins eða fiskum sem synda um vötnin. Mér finnst því komið yfir þau endimörk sem ættu að vera til staðar þar sem menn geta talað um einkaeignarrétt. Afnotaréttur á það að heita eða veiðiréttur þar sem um slík verðmæti er að ræða eins og að mega nýta vatn á landi sínu, veiða í ám eða veiða fugla. Það er kannski ekki verið að leggja til einkaeignarrétt á veiðirétt í ám eins og er en það hlýtur að hvarfla að manni sú hugsun að þessi leiðangur, að koma séreignarhaldi á vatnið sem slíkt, sé til einhvers gerður.

Þrotlausar deilur um eignarhald og eignarrétt hafa staðið yfir hér á landi og þær hafa verið hatrammastar um veiðirétt, um nýtingarrétt á fiskstofnum við landið. Þar er svolítið erfitt að fást við séreignarréttarhugtakið vegna þess að veiðiréttur manna samkvæmt kvótakerfinu sem gildir hér á landi, aflamarkskerfinu eða hvað menn vilja kalla það, er ekki bundinn við tiltekna torfu eða fjölda fiska heldur eiga menn einhvers konar sameiginlegan eignarrétt á því að fá að veiða úr tilteknum fiskstofnum. Það má eiginlega segja að haldi menn sig við þau lög í framtíðinni sem sett hafa verið um veiðar úr fiskstofnunum þá hafi menn komið þar á einhvers konar sameign útgerðarmanna á veiðiréttinum, ekki séreign, það er varla hægt að kalla það séreign þegar enginn veit hver á hvað í hjörðinni.

Það er margt sem er mikið umhugsunarefni í þeirri eignarréttardeilu sem verið hefur í gangi hvað varðar sjávarútveginn en ég staðnæmist svolítið við þá hugsun að það sé einhvers konar útfærsla á eignarréttinum sem menn telja svona mikilvæga úr því að leggja þurfti í þann leiðangur að koma einkaeignarhaldi á vatn í landinu.

Ég er á þeirri skoðun að vatnið geti ekki verið eign eins eða neins og að vatnið eigi að vera í forsjá ríkisvaldsins. Það eigi að vera á ábyrgð ríkisvaldsins að vernda vatn og hafa forsjá þess á sinni könnu, ekki eigi að halda því fram að vatnið sé í eigu eins eða neins, enda er það auðlind sem er í raun og veru sameiginleg öllum jarðarbúum og ekki á að fara með hana eins og hún lúti einhvers konar séreignarfyrirkomulagi.

Við höfum leitað talsvert að orsökunum fyrir því að málið er með þeim hætti sem það er og okkur hefur fundist vanta skýringar. Þegar menn finna ekki skýringarnar, þegar þær eru ekki augljósar og þegar þeir sem standa fyrir málum eru ekki tilbúnir að segja skýrt og ákveðið hvað sé á bak við ákvarðanir um tiltekið ferðalag eins og þetta, þá fara menn að geta í eyðurnar, eins og ég er að gera hér, og velta fyrir sér hvað geti rekið menn áfram. Ég hallast að því að hluti af skýringunum sé sá að frjálshyggjumennirnir í Sjálfstæðisflokknum reki á eftir þessu. Einhverjir framsóknarmenn hafa sömu skoðun og virðast vera frjálshyggjumenn. (**JBjarn:** Forsætisráðherra.) Forsætisráðherra landsins er a.m.k. einn af þeim mönnum sem hafa talið það sjálfsagt að útgerðarmenn eða atvinnurekendur í sjávarútvegi eigi veiðiréttinn við landið, alla fiskstofna. En ég taldi að framsóknarmenn væru ekki frjálshyggjumenn eins og við skilgreinum þá. Það er hins vegar svolítið merkilegt hve hæstv. iðnaðarráðherra virðist vera tilbúin til að ganga undir merkjum af þessu tagi og þetta er ekki eina dæmið um að hæstv. iðnaðarráðherra fylgi eignarréttarhugmyndum fast eftir. Ég hef tekið eftir því að hæstv. iðnaðarráðherra er ákaflega hörð í stuðningi sínum við séreignarhald á auðlindum sjávar. Hæstv. iðnaðarráðherra er líka ákaflega dugleg að þræla fyrir þeim atvinnuvegum sem henni finnst ástæða til að liðsinna og telur, eins og hæstv. forsætisráðherra, að það sé eiginlega sjálfsagt að sækja ráðin til þeirra sem eru í atvinnulífinu og að það sé jafnvel ástæða til að þeir segi til um hvernig koma eigi fyrir málum á Alþingi.

Síðasta dæmið um þetta er sú nefnd sem hæstv. iðnaðarráðherra ætlar að skipa á næstunni til að fara yfir það hvernig fara eigi með auðlindir. Niðurstaða hæstv. iðnaðarráðherra var sú og það er niðurstaða ríkisstjórnarinnar — hún var kynnt mjög fyrir okkur og var hluti af því sem við urðum að samþykkja á sínum tíma þegar við náðum samkomulagi um að leggja til nefndarskipun til að koma með

tillögur um hvernig fara eigi með auðlindir og úthluta þeim — niðurstaðan var sú að hafa yrði fulltrúa þar fyrir hönd þeirra sem hefðu með auðlindirnar að gera. Þrír fulltrúar frá Samorku eru í nefndinni sem hæstv. ráðherra skipaði og það segir sína sögu um hvernig menn vilja hafa þessa hluti.

Ég tel að Alþingi standi ekki nógu fast í fæturna hvað varðar skyldur sínar og þó svo að auðvitað eigi að hlusta á atvinnurekendur í þessum málum tel ég að ekki eigi að ganga svo langt sem raun ber vitni hvað þau mál varðar.

Hæstv. forseti. Mig langar til að velta upp í þessari ræðu hvaða ástæður gætu hugsanlega verið fyrir því að menn reka þetta mál svo fast áfram sem raun ber vitni. Sumir hafa nefnt að það gæti hugsanlega tengst Kárahnjúkavirkjun með einhverjum hætti. Ég átta mig ekki nákvæmlega á hvort svo geti verið en þó er eitt sem mér finnst ástæða til að benda á en það er að í 3. mgr. 9. gr. vatnalaga frá 1923 stendur:

„Nú verður breyting á farvegi eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að, sem land eiga að, og skal þeim þá rétt að færa vatnið í samt lag, en gera skal það innan árs frá lokum þess árs, er breytingin varð, enda sé tjón það, er af verkinu hlýst, bætt eftir mati, nema samkomulag verði."

Hvað þýðir þetta? Það þýðir að breyti á farvegi sínum af náttúrulegum ástæðum þá hefur sá sem verður fyrir því að tapa einhverju af þeim sökum rétt til að færa ána til baka. Hann verður hins vegar að bæta öðrum tjón sem hugsanlega gæti skapast vegna þeirra framkvæmda sem hann færi í.

Þetta þýðir líka að ef einhver þriðji aðili breytir farvegi árinnar þá hefur sá sem fyrir því verður rétt til að færa ána til baka. Í frumvarpinu sem hér um ræðir er ákvæði, þ.e. í 14. gr. Þar er tekist á við sama verkefni og leyst er úr í 9. gr. laganna. En þar stendur, með leyfi forseta:

„Heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Nú breytist farvegur af náttúrulegum ástæðum og er þá fasteignareiganda hverjum sem bagi verður að breytingunni rétt að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag."

Hið athyglisverða við þetta er að nú er orðalagið „eða þriðja manns" ekki með lengur. Það er einungis gert ráð fyrir því að farvegur geti breyst af náttúrulegum ástæðum en ekki að farvegur geti breyst af því að þriðji aðili hafi breytt honum. Þetta er afar athyglisvert vegna þess sem ég nefndi áðan möguleikann á því að þetta geti af einhverjum ástæðum átt upptök sín í vandamálum út af Kárahnjúkavirkjun. Þar er það þannig að þriðji aðili ætlar að færa eitt fljót í farveg annars, það er þriðji aðili samkvæmt 9. gr. vatnalaganna frá 1923.

Það væri ástæða til að velta fyrir sér rétti þeirra bænda sem fá á sig aukið vatn vegna þess að fljótið hefur verið fært í nýjan farveg eða bænda sem missa frá sér vatn af því að þeirra fljót hefur verið fært í annan vatnsfarveg. Hver og einn þessara bænda á samkvæmt 3. mgr. 9. greinar vatnalaga skýlausan rétt á að snúa þeim vatnsflaumi í sitt fyrra horf.

Nú er ég ekki nógu mikill spekingur í lögum til að geta fullyrt nokkuð um hvernig með svona mál yrði farið. En þessi lagagrein virðist alveg skýr. Það væri gaman ef hinn mikli lagaspekingur, sem ég á eftir að ræða svolítið um á eftir og framlag hans til þessarar umræðu, þ.e. hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, mundi útskýra fyrir okkur gildi þessarar lagagreinar og rétt manna til að nýta sér hana til að beina straumi fallvatns í sinn fyrri farveg hafi vatnsflaumi verið breytt og hann færður í annan farveg en að fornu rann.

Þarna gæti hugsanlega verið eitthvert vandamál. Ekki hefur það samt komið upp á yfirborðið. Menn hafa ekki rætt um það enda hafa þeir ekki haft fyrir því að útskýra hvers vegna mönnum liggur svo mikið á að ljúka umræðum um þetta mál. Öllum er óskiljanlegt að það skuli gerast eins og raun ber vitni, í ljósi þess að hér hafa þeir sem fyrir málinu tala fullyrt hver um annan þveran að hér sé einungis formbreyting. Ég mun koma betur að því síðar en ég er á þeirri skoðun að öllum mönnum ætti að vera ljóst að þar eru ekki bara formbreytingar á ferðinni. Þar er m.a. þetta sem ég var að nefna, að réttur manna, sem þeir höfðu samkvæmt vatnalögum til að færa vatnsflaum í hinn fyrri farveg, er felldur í brott samkvæmt þessu.

Með frumvarpinu, verði það að lögum, verður breytt ferli eignarnáms. Ég veit ekki betur en að það sé nokkuð ljóst, þótt menn hafi ekki talað skýrt um það í ræðustól, að hluti af framkvæmdum við Kárahnjúkaverkefnið mun falla undir nýju lögin, verði þau staðfest á Alþingi eins og gert er ráð fyrir. Þá mundi koma til eignarnám eða skaðabætur, ef ekki næst samkomulag um bætur við bændur á því svæði sem vatnið rennur um eða rennur ekki um eftir atvikum. Auðvitað verður fjallað um þær eignarnámsbætur samkvæmt þeim lögum sem gilda um eignarnám á þeim tíma. Ég tel ástæðu til að gera ráð fyrir að orðið geti einhver breyting á réttarstöðu þeirra sem þar eiga hlut að máli. Ég fullyrði ekki neitt í þessu efni. En um þetta var spurt á fundum iðnaðarnefndar og fengust ekki skýr svör um þetta atriði.

En það er margt sem ræða mætti um í þessu samhengi. Ég ætla að fara yfir nokkur atriði úr ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar vegna þess að hv. þingmaður fjallaði mikið um ræðu mína í þeirri ræðu sinni. Hann taldi sig hafa fundið sannleikann víða í þeirri ræðu. Hann taldi að margt af því sem ég hefði þar fært fram væri hin mesta firra og rökstuddi það með sínum hætti. Ég ætla að fara yfir það á eftir. En áður en ég geri það langar mig að fjalla eilítið um verktakastarfsemi á Íslandi.

Verktakar eru afar virðingarverð stétt, hvaða verktöku sem þeir stunda. Ég hef verið verktaki. Ég var það í fjöldamörg ár og er mjög stoltur af þeim tíma í minni starfsævi. Verktakar á sviði lögfræði eru ekkert merkilegri verktakar en aðrir verktakar. Orðið verktaki þýðir að viðkomandi taki að sér verkefni og vinni það. En sá sem fær verktaka til að vinna verkefni fyrir sig hefur yfirleitt nokkuð um það að segja hvaða verkefni viðkomandi verktaki fær í hendur. Ég var ekki að óvirða þá lögfræðinga sem hafa samið vatnalagafrumvarpið þegar ég sagði að það hefði verið gert í verktöku. Ég benti á þá staðreynd að hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnin réðu menn í vinnu til að semja vatnalagafrumvarpið og fóru aðra leið en farin var á vegum Alþingis á sínum tíma þegar lögin voru sett 1923.

Þá var fyrst sett þingnefnd í málið. Hún náði ekki saman

um það, klofnaði og fram komu tvö frumvörp. Í framhaldi af því var síðan samið um niðurstöðu sem menn kölluðu Bræðinginn. Það eru vatnalögin sem menn hafa búið við síðan. Þetta var aðferðin. Núna fóru menn hina leiðina. Hæstv. iðnaðarráðherra réð menn til starfans, ágæta menn. Ég hef ekkert út á þá ágætu lögfræðinga sem tóku þetta verkefni að sér að setja. En ég þykist vita að þeir hafi tekið að sér þetta verkefni eins og fyrir þá var lagt. Unnið það samviskusamlega eins og þeir voru beðnir um. Ef maður fær verktaka til að byggja hús og ætlar að hafa það eina hæð þá byggir ekki verktakinn hús með tveimur hæðum. Hann fer eftir því sem um er samið, (**JBjarn:** Nákvæmri verklýsingu.) nákvæmri verklýsingu og því verki sem hann er beðinn um. Hann gerir það vel og vandlega. Hann gæti komið með hugsanlegar tillögur að útfærslu verksins, nýjar hugmyndir um það og allt gott um það að segja. En í aðalatriðum stjórnar því sá sem ræður verktakann til starfans hvað er byggt, hvernig unnið og hvað er framkvæmt.

Það er munur á þessum tveimur leiðum sem ég sé ástæðu til að gagnrýna. Við erum að tala um gríðarlega mikilvæg málefni í vatnalögum. Menn hafa tekist á við þessa lagasetningu áður með góðum árangri. Ég tel að full ástæða væri til að sækja sér þekkingu í söguna. En í sögunni um hvernig vatnalögin urðu til er að mínu viti fólginn mikill lærdómur, um hvernig Alþingi getur leyst úr mjög erfiðum og miklum deilum með slíkum glæsibrag að dugir í marga áratugi. Í á níunda áratug hafa þessi lög gilt sem urðu niðurstaðan eftir erfiðar deilur.

Vatnalögin hafa verið til fyrirmyndar. Hvers vegna dugðu þau svona vel? Ég held að það sé vegna þess að menn náðu samkomulagi. Menn réðu ekki bara verktaka til starfans og tróðu niðurstöðunni í kokið á minni hlutanum heldur sóttu menn sér þekkingu. Þeir gengu fram í að ná samkomulagi sem tæki mið af þeim sjónarmiðum sem uppi voru. Þótt ekki hafi allir verið kátir með niðurstöðuna og sumir hafi mótmælt hástöfum þá var niðurstaðan þó studd af stórum hluta þingheims. Árangurinn segir okkur að þar hafi verið vel að verki staðið. En menn tóku ekki þetta verklag til fyrirmyndar þegar var farið í þá endurskoðun sem núna er til umfjöllunar á Alþingi.

Til gamans, áður en ég fer að fást við að fara yfir ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, langar mig að nefna Framsóknarflokkinn. Hann hefur það hlutverk að koma þessu málefni í gegnum Alþingi. Mér hefur fundist að frjálshyggjumennirnir í Sjálfstæðisflokknum þeystu Framsóknarflokknum nokkuð glatt yfir foröðin hvað varðar helstu áhugamál þeirra í frjálshyggjunni. Mér finnst þó að í þessu hafi þeir komist lengst, að láta sér detta í hug að setja einkaeignarrétt á vatnið, á hvern vatnsdropa í þessu landi. Það hefði mér ekki komið til hugar að mönnum dytti í hug að gera. En það er samt niðurstaðan. Ég held að það verði lengi í minnum haft þegar lengra líður vegna þess að ég hef ekki trú á að svona lagasetning haldi til framtíðar. Ég held að þingmenn muni finna samkomulagsleið með svipuðum aðferðum og þegar vatnalögin voru sett.

Að mínu viti ber alls ekki óskaplega mikið í milli manna hvað varðar réttindi þeirra sem fasteignir eiga í þessu landi. Það kom í ljós þegar vatnalögin urðu til á sínum tíma að menn töldu rétt að telja upp þau réttindi sem sjálfsagt væri að hafa inni í lögunum. Ég held að finnast mundi samkomulag um hvað ætti að hafa inni í þessum lögum. Ef menn færu þá leiðina að setja lögin með jákvæðum hætti yrði ekki óskaplega erfitt að skera úr um hvaða réttindi ættu að vera þar inni. Eignarhald á sjálfu vatninu er ekki nauðsynlegt til þess. Vatnalögin segja okkur að ekki sé þörf á því heldur nægi að telja upp þá nýtingarmöguleika sem viðkomandi fasteignareigendur hafa.

Hæstv. forseti. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseti, að fá að vitna í áðurnefnda ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Hann talar undir frjálshyggjustefi sem hann hefur að lífsmottói og er einn þeirra sem stjórnar Framsóknarflokknum í þessum frjálshyggjuleiðangri flokksins. Ég óska eftir leyfi forseta til þess að vitna í þessa ræðu og fer fram á að þurfa ekki að biðja um leyfi í hvert skipti sem ég vitna til hennar. Mér finnst að það ætti að duga að óska eftir að fá að vitna í ræðuna því annars verður það æði oft að ég þarf að biðja hæstv. forseta um leyfi til að vitna í ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar.

Hann segir hér:

„Ef maður reynir að draga saman í upphafi aðalatriðin í þeim ágreiningi sem uppi er, annars vegar milli þingmanna stjórnarflokkanna og hins vegar fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna, tel ég að grundvallarágreiningurinn snúist um það hvort þetta frumvarp til vatnalaga sem við ræðum hér feli í sér formbreytingu eða efnisbreytingu á réttarástandinu.“

Þetta er í upphafi ræðu hv. þingmanns og hann heldur síðan áfram:

„Í ræðu hv. þingmanns, formanns iðnaðarnefndar, kom skýrt fram að löggjöfin væri með þessum hætti. Vatnsréttindin væru undirorpin eignarrétti, einkaeignarrétti eins og hann hefur verið skilgreindur, og það kæmi fram í íslenskri löggjöf, bæði í vatnalögum og öðrum lögum.“

Ég byrja að mótmæla hér. Hvar í vatnalögum er einkaeignarréttur á vatni skilgreindur? Hvergi. Það var í upphafi ákveðið að svo skyldi ekki vera. Þetta er sem sagt alfarið rangt. Síðar í ræðunni koma endalausar tilvitnanir í lögmenn sem fjalla um að réttindi manna til að nýta vatn hafi verið til staðar. Það að tala um eignarhald á vatni er að mínu viti fráleitt í því samhengi. Menn tala að vísu um vatn sums staðar, jafnvel lögmenn, en þá er ævinlega átt við hagnýtingarrétt, einhvern tiltekinn hagnýtingarrétt á vatni.

Ég set jafnframt stóran fyrirvara við að menn telji að það sé lögfræðinga eða lögmanna að ákveða hvað eigi að vera lög á Íslandi. Ég kalla til vitnis með mér í því efni, t.d. Halldór Ásgrímsson, hæstv. forsætisráðherra og Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, sem margsinnis mótmæltu því að Hæstiréttur segði mönnum hvað ættu að vera lög í landinu. Auðvitað á Hæstiréttur ekki að segja mönnum hvaða lög eru í landinu. Það eru þingmenn sem bera ábyrgð á að setja lög í þessu landi. Þeir eiga að hafa burði til að mynda sér skoðanir á því hvað eigi að vera í lögum. Það dugir ekki, til að reka mínar skoðanir ofan í mig, að einhverjir lögmenn hafi aðrar. Ég tel mig hafa rétt til þess og ekki bara rétt heldur líka skyldu, að hafa skoðun á því hvað eigi að vera í lögum. Ég tel ekki að lögmenn eigi að hafa lögsögu um hvað skuli vera í lögum á Íslandi. (**Gripið fram í:** Þótt þeir séu verktakar.) Það er bara ekki

þeirra. Þeir mega hafa skoðun á því hvað sé eðlilegt að hafa í lögum en þingmenn, hæstv. forseti, eiga ekki að taka það sem forskrift, að þeir eigi að hafa sömu skoðun. Þingmenn eiga fyrst og fremst að styðjast við samvisku sína og það vit sem guð þeim gaf.

Áfram með þetta. Hér segir hv. þingmaður:

„Stjórnarandstaðan hefur á hinn bóginn haldið því fram — það hefur komið skýrast fram í andsvörum og sérstaklega andsvari hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem er talsmaður Samfylkingarinnar í iðnaðarnefnd og talsmaður Samfylkingarinnar í þessu máli. Ég lít þannig á að þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið í ræðustól Alþingis endurspegli stefnu Samfylkingarinnar í málinu. Hann sagði m.a. hér í andsvari:

„Við viljum að eignarréttarhugtakið í núgildandi vatnalögum verði látið gilda, þ.e. að ekki sé um séreign að ræða.““

Það er rétt, ég sagði þetta og stend við það. Ég held að þetta lýsi þeirri skoðun sem Samfylkingin og stjórnarandstaðan hafa haldið á lofti í umræðunni. Hv. þingmaður les síðan upp úr yfirlýsingu sem þingflokkur Samfylkingarinnar sendi frá sér. Hv. þingmaður heldur síðan áfram:

„Í þessu hlýtur að felast að hv. þm. Jóhann Ársælsson og Samfylkingin telji að eins og núgildandi vatnalög hafa verið túlkuð felist ekki í þeim einkaeignarréttur á vatnsréttindum eins og við hinir höfum haldið fram.“

Þarna bætir hv. þingmaður inn túlkun sinni á því hvað Samfylkingin telji, þ.e. að það sé ekki einkaeignarréttur á vatnsréttindum. Það höfum við aldrei sagt, hæstv. forseti. Við höfum aldrei sagt að ekki geti verið um að ræða einkaeignarrétt á vatnsréttindum. Þvert á móti höfum við talið að í vatnalögum séu ákvæði sem hafi tryggt aðilum einkaeignarrétt á vatnsréttindum eins og vatnalög mæla fyrir um. Um það er ekki deila frá okkar hendi. Ég verð að segja að mér finnst þetta eiginlega svona svolítið skrýtið, að hv. þingmaður sem er sjálfur lögmaður, skuli ekki hafa áttað sig á þessu. Hann segir síðan:

„Það er alveg ljóst og það kom fram í ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Hann sagði í umræðunni að það væri engin séreign á vatni, Ísland ætti ekki einu sinni vatnið. Það ætti að líta á vatnið sem einskis manns eign eða eign alls mannkyns.“

Það er í aðalatriðum rétt, hæstv. forseti, sem hv. þingmaður segir hérna en svo heldur hann áfram:

„Um þetta snýst náttúrlega ágreiningur þessa máls og ég ætla að fjalla um þetta. Ég ætla að fjalla um það hvernig eignarréttur á vatni hefur verið skilgreindur samkvæmt núgildandi vatnalögum.“

Svo ætla ég að sleppa því að vitna í það sem hann segir þar til kemur að því er að hann segir, með leyfi forseta:

„... ég get ekki betur skilið hv. þm. Jóhann Ársælsson og aðra fulltrúa Samfylkingarinnar en svo að þeir séu þeirrar skoðunar að vatnið og vatnsréttindin eigi að vera í sameign þjóðarinnar.“

Nú er hv. þingmaður allt í einu farinn að tala um að við teljum að vatnið eigi að vera í sameign þjóðarinnar. Rétt á undan hélt hv. þingmaður því fram, með réttu, að ég hefði sagt að vatnið ætti ekki að vera í eigu neins.

Nú skal ég útskýra svolítið nánar hvaða skoðanir ég hef á þessu. Ég tel að vatnið eigi ekki að vera í eigu neins. Það á að vera í umsjá almannavaldsins í landinu. Almannavaldið í landinu á að bera ábyrgð á vatninu. En vatnið á ekki að vera í eigu almannavaldsins. Þess vegna tel ég það mikilvægt að vatnið verði áfram skilgreint með jákvæðum hætti í löggjöfinni. Vatnið á að vera í umsjá almannavaldsins og þarf að vera hægt að setja nýjar reglur um vatnið án þess að það valdi miklum erfiðleikum að koma þeim á. Það verður erfiðara ef menn skilgreina vatnið sem séreign, eins og frjálshyggjumenn vilja og Framsóknarflokkurinn gengur fram í að koma því á.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson vitnar í nefndarálit sem við, fulltrúar Samfylkingar í iðnaðarnefnd, lögðum fram varðandi þetta frumvarp:

„... skuli minnt á að „grundvöll skorti til allrar þessarar lagasetningar þar til pólitísk sátt er fundin um það hvernig ráðstafa beri auðlindum í þjóðareign, hvort og hvernig þeim verði fundinn staður í stjórnarskránni og hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir nýtingu þeirra“. “

Þarna er verið að vitna í nefndarálit okkar um þetta frumvarp. Svo segir hv. þingmaður, í framhaldi af þessu:

„Hérna er talað um að koma þessu í þjóðareign. Ég skil ekki hv. þingmann öðruvísi en svo að hann sé þeirrar skoðunar að vatnið eigi að vera í sameign þjóðarinnar eins og hefur verið stefna hans varðandi margar aðrar náttúruauðlindir.“

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson leyfir sér að lesa það sem stendur í nefndaráliti okkar með einhverjum gleraugum sem engin leið er að átta sig á hvernig eru á litinn. Við segjum í nefndaráliti okkar, og ég vil þá endurtaka það:

„... niðurstaða þessara mála fæst svo ekki fyrr en pólitísk sátt er fundin um það hvernig ráðstafa beri auðlindum í þjóðareign ...“

Þá erum við að tala um auðlindir af ýmsu tagi. Þar inni eru t.d. sjávarauðlindir og margar aðrar auðlindir sem við teljum ástæðu til að verði settar í þjóðareign. En hv. þingmaður ályktar í framhaldi af því sem þarna er upp lesið að við viljum að vatnið verði líka í þjóðareign. Engin ástæða er til að álykta á þann hátt vegna þess að við erum að tala um fleiri auðlindir en vatnið og auðvitað alls ekki rétt að álykta svona vegna þess að það liggur alveg skýrt fyrir hvað við viljum í þessu efni.

„Við hinir“ — segir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson — „erum þeirrar pólitísku skoðunar að einkaeignarrétturinn eigi að gilda um þessi réttindi og hafi gert það allt frá árinu 1923 þegar núgildandi vatnalög voru sett.

Ég og hv. þm. Birkir J. Jónsson höfum reynt að skýra þetta sjónarmið okkar í umræðum í þinginu og sömuleiðis í hv. iðnaðarnefnd en hv. þm. Jóhann Ársælsson og aðrir fulltrúar minni hlutans hafa ekki fallist á skýringar okkar. Þeir fallast ekki á það sem við höfum haldið fram varðandi inntak eignarréttarins, að vatnsréttindi séu undirorpin einstaklingseignarrétti. Á það hafa þeir ekki fallist og þeir hafa margoft bent á það í störfum nefndarinnar. Þeir hafa leyft sér að efast um að vatnalögin, eins og þau eru nú, feli í sér einkaeignarrétt yfir vatni og vatnsréttindum.“

Allt er þetta rétt. Við höfum efast um þetta og ekki bara efast, við höfum fullyrt að ekki væri einkaeignarréttur á vatni þarna á ferðinni, heldur væri þarna á ferðinni rétturinn

til nýtingar, hagnýtingar á landareignum á því vatni sem væri á landareignunum og hagnýting sem væri sagt fyrir um í lögunum.

Það kann vel að vera, hæstv. forseti, að mönnum finnist þetta svolítið mikil og löng yfirferð en ég sé ástæðu til þess þegar hv. þingmaður hefur nefnt mig með fjögurra, fimm lína millibili í allri sinni ræðu, að fara yfir það hvernig hann fjallaði um skoðanir mínar. (**Gripið fram í:** ... er hann ekki í vinnu?)

„Úr því að þeir hafa ekki viljað fallast á sjónarmið okkar veltir maður fyrir sér hvert maður geti leitað til að reyna að greina hvað felist í núgildandi vatnalögum. Hv. þingmenn vilja ekki hlusta á okkur og aðra stjórnarþingmenn þannig að við hljótum að leita í fræðin. Eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson fór yfir í sinni fimm tíma löngu ræðu var unnið hér gríðarlegt löggjafarstarf snemma á síðustu öld sem leiddi til þess að vatnalögin, eins og þau eru núna, urðu að lögum. Frá þeim tíma hafa eignarréttindi samkvæmt vatnalögunum verið skýrð í fræðiskrifum, í dómaframkvæmd og í öðrum lögum. Þá liggur beinast við að fara yfir það hvað okkar helstu fræðimenn á sviðum eignarréttarins á síðustu öld hafa talið að felist í eignarréttinum, fasteignaréttinum, vatnsréttindum og hver eigi vatnið. Allt þetta hangir saman." — Segir hv. þingmaður.

Svo kemur:

„Víkjum þá að því hvernig Þorgeir Örlygsson sem er einhver helsti fræðimaður á síðari hluta aldarinnar á sviði eignarréttar hefur litið á eignarhald á landi og náttúruauðlindum. Árið 1994 skrifaði Þorgeir Örlygsson, sem þá var farsæll prófessor í eignarrétti við Háskóla Íslands og deildarforseti lagadeildar, grein í afmælisrit Gauks Jörundssonar, sem varð sextugur þann 24. september það ár, sem ber yfirskriftina: Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum. Þetta er lykilgrein um það hvað felst í eignarréttinum, hvað telst vera fasteign og, ekki síður, hvernig hagnýtingu náttúruauðlinda í eignarlöndum skuli háttað og hver eigi þau réttindi sem þar eru. Í grein sinni segir Þorgeir Örlygsson" — með leyfi forseta — „og nú beini ég orðum mínum" — segir hv. þingmaður — „fyrst og fremst til hv. þm. Jóhanns Ársælssonar ..."

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti óskar eftir því að hv. þm. Jóhann Ársælsson fylgi þingsköpum og hefð þannig að málflutningur hann sé gleggri og óski leyfis forseta í hvert skipti sem hann les orðrétt upp úr gögnum, hvort sem það eru ræður annarra hv. þingmanna eða fræðigögn.)

Hæstv. forseti. Ég verð að sjálfsögðu við þessari ósk hæstv. forseta.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson segir hér:

„Þetta er lykilgrein um það hvað felst í eignarréttinum, hvað telst vera fasteign og, ekki síður, hvernig hagnýtingu náttúruauðlinda í eignarlöndum skuli háttað og hver eigi þau réttindi sem þar eru. Í grein sinni segir Þorgeir Örlygsson" — með leyfi hæstv. forseta segir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, og óska ég leyfis forseta til að lesa þessa tilvitnun: „og nú beini ég orðum mínum fyrst og fremst til hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem hefur fjallað mikið um þetta mál, lagt úr frá 1. gr. frumvarpsins og talið að þau orð sem þar koma fram," — með leyfi forseta: — „Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni", sem er í raun og veru það sama og menn ætluðu sér að gera þegar þeir settu vatnalögin 1923, þ.e. að skýra eignarhald á vatni — um hugtakið eignarrétt, með leyfi forseta:" — Segir Þorgeir Örlygsson í riti sínu.

Hæstv. forseti. Ég endurtek hér þessa tilvitnun, með leyfi hæstv. forseta: „sem er í raun og veru það sama og menn ætluðu sér að gera þegar þeir settu vatnalögin 1923."

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þessi umfjöllun vera röng um það hvað menn ætluðu að gera með setningu vatnalaganna frá 1923. Það var algjörlega skýrt að niðurstaða þeirra sem settu vatnalögin 1923 var sú að það skyldi ekki vera einkaeignarréttur á vatni heldur skyldi í lögunum vera kveðið á um hvaða rétt menn hefðu til að nýta vatn. Það var aðalniðurstaðan og allt annað er í raun og veru rangt. Það verður að líta þannig á að það sem var og er svo skýrt ef menn lesa bæði lögin sjálf og líka aðdragandann, sem allur er til og menn geta skoðað, að þarna voru þingmenn sem urðu ásáttir um að í lögunum skyldi telja upp öll þau réttindi sem landeigendur ættu að fá.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson heldur áfram að vitna í Þorgeir Örlygsson og ég vil, með leyfi forseta, vitna í það sem hv. þingmaður hefur eftir Þorgeiri Örlygssyni, sem er svona, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu" — segir Þorgeir Örlygsson — „er eignarréttur skilgreindur á þá leið, að um sé að ræða einkarétt ákveðins aðila (eigandans), til að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut innan þeirra marka, sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum eignarréttindum annarra aðila, sem stofnað hefur verið til yfir hlutnum."

Tilteknum líkamlegum hlut. Á fundi iðnaðarnefndar reyndi ég að fá útskýringar á því hvað væri átt við með þessu, hvað ættu lögfræðingar við þegar þeir töluðu um líkamlegan hlut, að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut, eignarréttur skilgreindur á þá leið sem „um sé að ræða einkarétt ákveðins aðila (eigandans), til að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut". Ég tel að þarna sé nú verið að tala um einhverja hlutkennda eign. Íslenskutilfinning mín segir mér að verið séð tala um einhverja hlutkennda eign, það sé ekki verið að tala um vatn, vatn geti varla talist hlutkennd eign og erfitt að átta sig á því að menn tali um vatn og telji það einhvers konar líkamlegan hlut, eins og hér er lýst.

Hér heldur hv. þingmaður áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta er sú skilgreining sem aðrir fræðimenn á sviði eignarréttar, eins og dr. Gaukur Jörundsson heitinn, einhver allra mesti sérfræðingur á þessu sviði, hafa komist að."

Síðan vitnar hv. þingmaður í annan fræðimann, Sigurð Líndal, og þá bregður svo við að þar koma upp svipuð hugtök, sömu hugtök. Hv. þingmaður segir frá því að Sigurður Líndal hafi skrifað grein um þessar skilgreiningar á eignarréttinum, séreignarréttinum.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna í það sem hv. þingmaður segir um þetta efni:

„Sigurður Líndal" — með leyfi hæstv. forseta — „skrifaði einmitt grein um þessar skilgreiningar í afmælisrit Davíðs Oddssonar sem kom út þann 17. janúar 1998, grein sem heitir Nytjastofnar á Íslandsmiðum, sameign þjóðarinnar. Þar fjallar hann um þessa skilgreiningu á eignarrétti. Mér finnst rétt að víkja að henni vegna þess að hún er dálít-

ið upplýsandi um það hvort rétt sé að taka upp hina jákvæðu skilgreiningu á eignarrétti eða hina neikvæðu. Um þetta hafa verið miklar umræður í nefndinni og m.a. taldi formaður laganefndar Lögmannafélagsins rétt að taka upp neikvæðu skilgreininguna vegna þess að hún væri í samræmi við góðar lagasetningaheföir, gegn reyndar andmælum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem hefur farið mikinn í þessu máli. Sigurður Líndal segir um þessar skilgreiningar, með leyfi forseta:

„Tvær leiðir má fara til að skilgreina eignarrétt. Hin fyrri er sú að telja upp allar heimildir sem eignarrétti fylgja. Sú upptalning verður þó aldrei tæmandi og þar af leiðandi allt of viðamikil, jafnvel villandi. Þetta er stundum kölluð jákvæð skilgreining. Sú síðari felur í sér að gengið er að því vísu að eigandinn njóti allra heimilda annarra en þeirra sem eru berum orðum undan skildar eignarráðum hans, hvort heldur það gerist með lögum eða samningi. Þetta er kölluð neikvæð skilgreining. Samkvæmt henni felur hugtakið í sér einkarétt" — ég endurtek einkarétt — „ákveðins aðila, eiganda, til þess að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut innan þeirra marka sem þeim rétti er sett með lögum og stofnun takmarkaðra (óbeinna) eignarréttinda annarra manna yfir hlutnum.""

Enn kemur þessi skilgreining og nú eru tveir fræðimenn kallaðir til. Það er þessi yfirráðaréttur yfir tilteknum líkamlegum hlut. Hvernig sem menn geta nú fundið það út að þetta geti átt við vatn er ofvaxið a.m.k. mínum málskilningi, þ.e. að vatn geti verið líkamlegur hlutur og loftið ætti ekki heldur að geta verið það. En ég hef áður haldið því fram að menn gætu alveg eins ákveðið að einkaeignarréttur gilti um loftið eins og vatnið, það er ekki slíkur eðlismunur á þessu tvennu.

Ég vil mótmæla því að það sé endilega — og nú er ástæða til að gefa gaum að því að Sigurður Líndal er í raun inni ekki að segja að ekki megi nota báðar skilgreiningar, annaðhvort jákvæða eða neikvæða skilgreiningu á eignarrétti. Hann er einungis að segja að sú neikvæða sé venjulegri og að það geti verið að það þurfi að telja upp meira ef menn noti hina jákvæðu skilgreiningu. En vatnsréttindi og umfjöllun um vatn, það er ekki hægt að jafna því við einhver venjuleg eignarréttindi eða nýtingarrétt. Ég sé ástæðu til að nefna að hin jákvæða skilgreining sem hefur verið í vatnalögum hefur verið ákaflega farsæl í þeirri lagasetningu.

Það hlýtur líka að vera umhugsunarefni að skoða ný vatnalög, sem hér er til umræðu, í samhengi við önnur lög því að það er ekki einungis um að ræða að menn setji þessi lög á grundvelli vatnalaga heldur eru fjölmörg önnur lög þegar til og eiga eftir að verða til á þessu sviði. Þess vegna eru vatnalögin í raun að skreppa saman og sú lagasetning hlutuð niður í hina ýmsu lagabálka. Ef vatnalög hefðu verið samin undir sömu formerkjum og hin gömlu vatnalög hefðu þau að öllum líkindum samt orðið töluvert mikið styttri en hin fyrri lög, þau sem eru í gildi núna. Það er einfaldlega búið að taka úr vatnalögum margt af því sem var þar upphaflega. Þau styttast því af eðlilegum ástæðum.

Ég held því líka fram að heppilegt sé að hafa þessa jákvæðu skilgreiningu, einfaldlega vegna þess að vatnið er viðfangsefni framtíðarinnar, fortíðarinnar og nútíðarinnar. Menn þurfa að fást við lagasetningu á þessu sviði í framtíðinni, það þarf örugglega að setja alls konar reglur og ný lög um vatn á Íslandi, breyta lögum og laga að nútímanum á hverjum tíma. Þá er miklu betra að menn geri það með jákvæðum hætti en að eiga við lagasetningu á þeim grundvelli að vatnið sé séreign fasteignareigenda. Þeir munu þá rísa upp á afturfæturna við hverja lagasetningu og heimta bætur vegna þess að það sé gengið á eignarrétt þeirra.

Hæstv. forseti. Enn vitna ég í ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Hann vitnar þar í grein sem Þorgeir Örlygsson prófessor skrifaði:

„Í fræðiritum er hugtakið fasteign venjulega skilgreint á þá leið, að fasteign sé afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólífrænum, og þeim mannvirkjum, sem varanlega eru við landið skeytt."

Síðan segir hv. þingmaður í framhaldi af þessu:

„Í þessu felst náttúrlega að vatnsréttindi eru hluti af fasteign, vatnið sem á því er. Ég kem nánar að því á eftir og vitna þá enn og aftur til þessarar merku ritgerðar Þorgeirs Örlygssonar."

Hv. þingmaður segir að það eigi að skilja orð prófessorsins, þegar hann segir „þeim mannvirkjum, sem varanlega eru við landið skeytt", þannig að þetta eigi við um vatnsréttindi. Vatnsréttindi eru sem sagt varanlega við landið skeytt samkvæmt málskilningi hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar.

Ég verð að segja eins og er, að ég átta mig ekki á því hvernig menn geta skilið málið með þessum hætti. Ekki geri ég það. Hv. þingmaður segir svo, með leyfi hæstv. forseta, og vitnar í grein Þorgeirs Örlygssonar:

„Er það „meginviðhorf ríkjandi í íslenskum rétti, að heimildin til að ráðstafa og hagnýta náttúruauðlindir í jörðu fer saman við heimildina til ráðstöfunar og hagnýtingar þeirrar fasteignar, þar sem auðlindina er að finna"."

Svo segir hv. þingmaður frá eigin brjósti, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er af þessum ástæðum sem ég taldi rétt að víkja að fasteignarhugtakinu vegna þess að það verður ekki slitið frá vatnsréttindum eða eignarhaldi á vatni."

Ég verð að segja það að mér finnst dálítið langt gengið að álykta með þessum hætti, að það sé ekki hægt að slíta fasteignarhugtakið frá eignarhaldi á vatni, einfaldlega vegna þess að eignarhald á vatninu sjálfu hefur aldrei verið séreignarhald. Það er það ekki samkvæmt lögum. Það sem er ekki séreignarhald samkvæmt lögum er ekki séreignarhald.

Áfram segir hv. þingmaður, og vitnar í Þorgeir Örlygsson:

„Í þessu felst, að sá, sem á eignarrétt að tilteknu landi, hefur jafnframt heimild til þess að hagnýta þær náttúruauðlindir, sem þar er að finna og ráðstafa þeim til annarra, með þeim takmörkunum, sem leiðir af löggjöf á hverjum tíma."

Þetta segir Þorgeir Örlygsson. Ég vil undirstrika þessi orð, hæstv. forseti. Mér finnst þetta afar mikilvægt af því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson vitnaði fram og til baka í þennan lagaprófessor. Í raun segir þessi tilvitnun býsna mikið um hvað þessi prófessor er að fara. Hann segir sem sagt, með leyfi forseta:

„Í þessu felst, að sá, sem á eignarrétt að tilteknu landi,

hefur jafnframt heimild til þess að hagnýta þær náttúruauðlindir, sem þar er að finna og ráðstafa þeim til annarra, með þeim takmörkunum, sem leiðir af löggjöf á hverjum tíma."

Auðvitað er þetta þannig að menn hafa þessi réttindi eins og lög segja á hverjum tíma.

Mér hefur, hæstv. forseti, fundist sem hinar miklu tilvitnanir hv. þingmanns í lögmenn og dómaframkvæmd sýni fyrst og fremst að hv. þingmaður hafi ekki áttað á því að hann ber sem þingmaður fyrst og fremst ábyrgð á lagasetningu. Það er ekki lögmanna úti í bæ að hafa forsjá fyrir þingmönnum. Það er sjálfsagt að hlusta á sjónarmið þeirra, velta þeim fyrir sér, en að lokum bera þingmenn ábyrgð á lagasetningu á Íslandi. Lögmenn geta haldið áfram að velta því fyrir sér því hvað lagasetningin hafi í för með sér. Það mun auðvitað verða verkefni þeirra í framtíðina eins og verið hefur. En það tekur ekki réttinn eða skylduna frá þingmönnum, að hafa skoðun og ákveða sjálfir í sölum Alþingis hvað skuli vera lög á Íslandi.

Hæstv. forseti. Þetta er miklu lengri ræða en svo að ég nenni að vitna í hana alla. Hún gengur út á þetta fyrst og fremst, að kalla til nöfn hinna ýmsu fræðimanna. Hér eru líklega nefndir fjórir eða fimm. Þegar menn halda því fram að dómaframkvæmd hafi verið þannig á Íslandi að niðurstaðan segi okkur að vatn sé séreign, að það séu ekki vatnsréttindin eða hagnýtingarrétturinn á vatninu sem sé séreign heldur vatnið sjálft, þá er ég því algjörlega ósammála. Ég tel að menn séu komnir út á ótrúlega undarlegar brautir ef þeir ætla að kalla vatnið séreign nokkurs manns eða fyrirtækis.

Hæstv. forseti. Það mætti velta ýmsu upp í þessari umræðu. Ég talaði lengi í fyrstu ræðu minni og hef möguleika til að ræða málin áfram í þriðju ræðu minni, ef ég kýs svo og ef umræðan gefur tilefni til mun ég gera það. Ég ætla hins vegar ekki að hafa þessa ræðu mjög langa. Ég tel ástæðu til að aðrir fái tækifæri til að komast að og ræða málið. Það eru margir á mælendaskránni. Það er samt ýmislegt sem gaman væri að fara yfir.

Ég ætla að nefna fáein atriði sem ég kom ekki inn á í fyrstu ræðu minni. En í þessu lagafrumvarpi vakti ýmislegt athygli okkar. Við fórum yfir það í nefndinni en meiri hluti nefndarinnar taldi ekki ástæðu til að koma til móts við athugasemdirnar. Svo að ég fari skipulega yfir þetta þá var 1. gr. mjög til umræðu frá 1. umr. í þinginu og síðan í nefndarstarfinu. Ég er bæði að tala um fyrravetur og svo aftur í vetur. Þessi markmiðsgrein í 1. gr. varð tilefni þess að annar höfundanna kom á fund nefndarinnar til að taka það fram að hann hafi verið á móti því að hafa nokkra markmiðsgrein í frumvarpinu. Hann hefur greinilega haft rétt fyrir sér í því, að það hafi ekki verið skynsamlegt að setja markmiðsgreinina inn í frumvarpið. En eins og margoft hefur komið fram er markmið laganna skýrt eignarhald á vatni.

Við gætum velt því fyrir okkur hvort umræðan hefði orðið öðruvísi ef Karl Axelsson hefði fengið að ráða því að hafa ekki markmiðsgrein í frumvarpinu. Hann fékk ekki að ráða því og þetta var sett inn sem markmið í 1. gr. frumvarpsins. En hann var auðvitað að vinna verkefni fyrir hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnina og þegar menn taka að sér verkefni gera þeir það samviskusamlega. Það varð niðurstaðan, en einhverjir fleiri véluðu um þetta. En Karl Axelsson sagði okkur frá því að hann hefði ekki endilega talið rétt að vera með slíka markmiðsgrein í lögum.

Hefði þetta ekki verið í 1. gr. er hugsanlegt að umræðan hefði orðið eitthvað öðruvísi í upphafi. Ég tel reyndar ekki að það hefði breytt neinu um innihald. Menn hefðu auðvitað rætt innihald laganna eftir sem áður en upphafið kynni að hafa orðið eitthvað öðruvísi.

Í 2. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

Þessi grein er nokkuð altæk þegar maður les hana, að lögin gildi um allt vatn, getum við sagt, í hvaða formi sem það er, að fasteignareiganda er gert skylt, stundum getur það verið skylda eða jafnvel kvöð, að eiga allt vatn. Þá væri það þannig að fasteignareigandi sem talinn væri eigandi þessa húss ætti líklega vatnið sem er hér í karöflunni — og ég fæ mér þá vatn í boði hússins. Það er auðvitað svolítið umhugsunarefni hvernig allt vatn getur verið í eigu fasteignareiganda í hvaða formi sem það er.

Ég hef áður sagt að þessi eignarréttur er mjög undarlegur þegar maður veltir þessu öllu fyrir sér. En samkvæmt þessum lögum verður vatnið að eign þegar vatnsdropinn fellur á fasteignina en ekki fyrr og ef um er að ræða fasteign í merkingunni hús þá eignast fasteignareigandinn vatnsdropann þegar hann fellur á þakið og síðan missir hann eignarhaldið á honum þegar hann lekur af upsinni en eignast svo vatnsdropann aftur þegar hann fellur á gangstéttina eða lóðina við húsið. En það er ekki björgulegt með þennan vatnsdropa því að eignarhaldið hverfur aftur þegar vatnsdropinn er runninn yfir lóðarmörkin þannig að þessi eign er skammgóð.

Ég hef áður haldið því fram að þarna ættu menn að líta á sín endimörk hvað varðar eignarhald, að ekki eigi að koma til greina að menn líti á það sem séreign sem ekki er hægt að skilgreina betur sem séreign en þetta. Ég held að skilgreiningin sem sótt var í tilvitnanir í prófessorana sem ég nefndi áðan, um hlutkenningu í eignarhaldinu, eigi að vísa mönnum svolítið veginn um hve langt er hægt að ganga í því að halda fram að eitthvað geti verið séreign. Þetta kom til umræðu á fundum nefndarinnar og ég gerði tilraun til að spyrja fræðimennina að því hvort til væru dæmi um einhvers konar eign sem væri í átt við það sem menn vilja halda fram með vatnið, að vatnið geti verið séreign. Svörin sem ég fékk voru ákaflega óljós og takmörkuð hvað þetta varðar. Menn nefndu t.d. hugverkaréttindi. Það er fráleitt. Eigi menn eitthvert hugverk þá er hægt að skilgreina það með einhverjum hætti og það er þá eign einhvers aðila. Það hugverk rennur ekki eins og vatnið yfir í eigu annarra manna án þess að viðskipti fari fram. Ég lít svo á að inn í þessa umræðu væri mjög gott að fá einhver dæmi um að menn hafi slegið eign sinni með einhverju betur skilgreindu eignarhaldi, betur en þetta, á eitthvað sem er sambærilegt við vatn eða loft. Ég get ekki séð að það sé nein ástæða til að gera mun á vatni og lofti. Ef menn komast að þeirri niðurstöðu að vatnið geti verið séreign þá hlýtur loftið líka að geta verið það. Það er ekki mikill munur á því í raun og veru að halda þessu tvennu fram.

Í 3. gr. er farið yfir skilgreiningar á hugtökum í þessari lagasetningu. Ástæða er til að nefna sumt af því sem þar er sagt og ég ætla að gera það, með leyfi forseta:

„Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. Almenningur: Sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög fasteignar.“ — Ég ætla ekki að fara út í þá skilgreiningu nánar.

„2. Áveita: Mannvirki sem notað er til þess að veita vatni á land.

3. Búsþarfir: Búsþarfir til kvikfjárræktar.“

Það virðist ekki mikið skilgreint hvað átt er við með búsþarfir. Búsþarfir til kvikfjárræktar eru mjög takmarkaðar búsþarfir. Ég held að þarna sé ástæða til að skoða málin betur.

Ég vek athygli hæstv. forseta á því, vegna þess að þinghald hefur dregist nokkuð og sumar ræður eru langar og stundum kemur fyrir að þeir sem eiga næstu ræðu eru ekki í salnum, að ég óska eftir að hæstv. forseti geri þeim aðila viðvart sem næstur er í röðinni á mælendaskrá. Ég á þó margt eftir að skoða ef ég ætla að fara yfir þetta lagafrumvarp. Ég tel fulla ástæðu til að gera það til upplýsingar þeim sem hugsanlega fylgjast með þessum umræðum á Alþingi en ég hef ekki aðstöðu til þess í þessari ræðu. Ég mun skoða hvort ég geri þessu betri skil í þriðju ræðu minni en ég ætla þó að koma aðeins að 11. gr. en þar er talað um landamerki í stöðuvötnum:

„Nú liggur fasteign að stöðuvatni og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka sem hann verður talinn framhald af, 115 metra út í vatn (netlög).

Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 metrar á breidd skal miðlína þess ráða merkjum nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð.“

Svo kemur, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði og fylgir vatnsbotn þá landi sem þurrt land væri.“

Ég endurtek: „Nú vex gras upp úr landi við lágflæði ...“ Þetta eru landamerki. Þarna voru höfundar frumvarpsins að halda í gamalt orðalag. En ekki er þetta nútíminn því að nú eru t.d. fjölmörg sveitarfélög búin að láta hnitsetja öll lönd í bæjum sínum og þessi tækni að hnitsetja og ganga frá merkjum með þeim hætti gefur möguleika á því að hafa mjög nákvæm landamæri milli landareigna manna og auðvitað er það ekki nútíminn að láta gras, eyrar eða sker eða jarðveg sem getur verið á hreyfingu skera úr um hvar landamerki séu milli fasteignareigenda. Við bentum á þetta við umfjöllun í nefndinni en það var engin aðstaða til að fá neinu breytt hvað þetta varðar frekar en öðru sem rætt var um í nefndinni.

Ég nefndi fyrr í ræðu minni að menn hefðu með undarlegum hætti breytt greininni sem gerir ráð fyrir því að „vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið“, eins og stendur í vatnalögunum. Það stendur líka í þessu frumvarpi en ég benti á það í fyrri ræðu minni hvað gert hefur verið hvað þetta varðar, þ.e. að niðurstaða þeirra, sem bera ábyrgð á þessu frumvarpi, var sú að taka út úr vatnalögum þann möguleika sem fasteignareigandi hefur núna til að færa vatn aftur í þann farveg sem það var í. Ég tel að það sé full ástæða til að kalla eftir skýringum á þessu af því að þetta er í raun og veru breyting sem hlýtur að taka rétt frá mönnum. Það virðist sem þeir sem hér ráða húsum hafi talið ástæðu til að taka möguleikana á því að breyta farvegi vatns til baka ef einstaklingur eða fyrirtæki hefur breytt farvegi þess en menn hafi réttinn áfram ef farvegur hefur breyst af náttúrulegum ástæðum. Mér finnst full ástæða til að því verði svarað hér hvernig á því stendur að menn gera þessa breytingu. Ég ætla að ljúka orðum mínum með þessu núna, hæstv. forseti, en áskil mér rétt til að mæta í ræðustólinn síðar.

[23:26]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Nú háttar svo til að klukkuna vantar 4 mínútur í hálftólf og undanfarin dægur hafa verið nokkuð full af vinnu fyrir þingmenn. Þingmenn hafa þurft að vaka hér og halda miklar ræður og nú vaknar sú spurning hve lengi forseti ætli að halda þingstörfum áfram og þessu fundarhaldi fram í nóttina.

Mér skilst að það standi yfir í húsinu einhvers konar viðræðufundur en ekkert er af honum að frétta og ég verð að segja eins og er að mér finnst því ekki til mikils að halda þessum umræðum áfram. Einn hv. þingmaður, sem því miður er ekki staddur hér, telur sig hafa u.þ.b. 15 mínútna athyglisþol og ég hygg að það dofni, þó lengra sé hjá öðrum þingmönnum, þegar kvöldar, a.m.k. hjá okkur sem eldri erum í þingsalnum og erum ekki alltaf jafnhress þegar kvöldar og viljum helst fara að komast í háttinn og lúra og undirbúa okkur undir morgundaginn, undir þau tíðindi sem verða daginn eftir. En dagarnir eru ekki allt of margir í ævi þingmannsins, eins og forseti veit, og ekki í ævinni yfir höfuð. (Gripið fram í.) Það þarf að nýta þá hið besta og þess vegna er ekki ráð, nema fyrir hina allra yngstu meðal þingmanna, að halda mönnum hér við vinnu að óþörfu langt fram á kvöld.

Af þessu tilefni vildi ég spyrja forseta hvort hún hafi ráðagerðir um að halda fundinum lengi áfram og leggja henni þau ráð af minni hálfu að gera það ekki og slíta fundi nú um klukkan hálftólf. Ég hygg að það sé nokkuð góður tími og vel við hæfi á þessum degi og engin þörf á að halda mikið lengur áfram. Að minnsta kosti treysti ég mér ekki mjög til þess, forseti, en þarf þó að gera það skv. 53. gr. þingskapa sem bindur mig og aðra þingmenn til að vera viðstadda þegar þingfundir standa yfir. Ég vil að auki beina því til forseta að allir þingmenn eru seldir undir þá hina sömu sök og ef þingforseti ætlar að halda áfram fundarhaldi verði allir þingmenn boðaðir til þess fundar.

[23:29]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Marðar Árnasonar sem talaði á undan mér. Við sitjum í hér þingsal, þingmenn, í krafti 53. gr. þingskapa, kvörtum ekki neitt á háu nótunum en ég tel að hæstv. forseti ætti að sýna þá mildi að fara að slíta þessum fundi. Hann er orðinn langur og strangur fyrir okkur sem höfum setið hér og tekið þátt í umræðunni og hlustað á umræðuna og einbeitt okkur að því að undirbúa þær ræður sem eftir er að flytja.

Nú háttar svo til, frú forseti, að ég er næst á mælendaskrá og ég verð að segja það, án þess að ég kinoki mér við

að vera hér eins lengi og hæstv. forseti segir til um, að ég tel að mér og ræðu minni og málflutningi mínum yrði ákveðinn greiði gerður ef ég fengi að hefja ræðu mína fyrst á þingfundi á morgun frekar en að byrja á henni nú í einhverri óvissu um það hvort umræðunni yrði frestað eftir hálftíma eða kannski korter, ef forseti ákveður að slíta fundi þá. Ég tel því að hæstv. forseti þurfi að láta okkur þingmenn fá einhverja vitneskju um hvað fyrirhugað er með framhald þessa fundar. Það er heldur ekki óeðlilegt í ljósi þess sem hv. þm. Mörður Árnason minntist á, að hér mun standa yfir í húsinu fundur þar sem verið er að reyna að leita eftir því á hvern hátt þessari umræðu geti lokið. Ég held að hæstv. forseti gæti lagt sitt lóð á vogarskálina í þeim efnum með því að sýna þá mildi að slíta þessum fundi, heimila þingmönnum að fara heim í háttinn til að þeir geti safnað kröftum fyrir strangan dag sem við eigum í vændum á morgun.

[23:31]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Sannarlega er það rétt hjá hæstv. forseta að ég hef brýna þörf fyrir að taka til máls, einmitt um fundarstjórn forseta. Ég tel að þegar maður horfi til þess að við höfum verið hér lengi dags við að ræða þetta mál sé nú mál að linni. Mér er ekki síst umhugað um velferð vina minna, hv. þingmanna stjórnarliðsins. Þeir hafa mjög kvartað undan þessum ræðum og það er bersýnilegt að þeir eru að niðurlotum komnir vegna þess að þrátt fyrir að þessir hv. þingmenn hafi stundum kvartað undan því að ekki séu flutt nægilega sterk rök fyrir andmælum okkar, stjórnarandstæðinga, gegn þessu frumvarpi láta þeir ekki sjá sig. Það er makalaust, frú forseti, að enginn þingmaður úr liði hv. stjórnarliða láti sjá sig við þessa umræðu.

Ég man ekki betur, frú forseti, en að einn hv. þingmaður, Pétur Blöndal, hafi greint frá því að hann hafi mjög sterka löngun til að fá að hlýða áfram á mál stjórnarandstöðunnar um þetta. Ég sé ekki þennan þingmann. Ég sé ekki hv. þm. Birki Jón Jónsson, formann iðnaðarnefndar, sem töluvert hefur komið við sögu þingsins síðustu daga og ekki kannski endilega með þeim hætti sem ég tel verða til eftirbreytni. Ég ætla þó að láta það liggja á milli hluta þar sem hv. þingmaður er sennilega kominn í sæng sína og sofnaður einhvers staðar, a.m.k. sést hann hvergi hér.

Þá vildi ég taka undir þær spurningar sem hv. þingmenn sem hafa tekið til máls á undan mér hafa varpað til hæstv. forseta: Hvernig hyggst forseti haga þinghaldi núna þegar nánast er komið miðnætti? Við höfum verið hér dögum saman, að vísu með einum degi í milli, við að ræða þetta mál. Það er alveg ljóst, frú forseti, að ekki ríkir mikill friður um þinghaldið núna. Ég verð að trúa hæstv. forseta fyrir þeirri skoðun minni að það sé ekki síst vegna þess sem mér finnst vera fullmikil harðneskja af hálfu þeirra sem stýra þinginu, ég er þá að tala um hæstv. aðalforseta þessa þings, og ekki síst hvernig þeir hafa knúið fram með nokkurri hörku fundi dag eftir dag, kvöld eftir kvöld, í andstöðu við þær starfsáætlanir sem hæstv. forseti hefur lagt fyrir þingið. Þetta eru ekki vinnubrögð sem mér þykja góð og það hefur mörgum sinnum komið fram en það er a.m.k. lágmark að þingmenn viti af því hversu lengi eigi að stunda þingstörf hér.

Ég verð, frú forseti, að viðurkenna það að hjarta mitt fyllist átakanlegri gleði við að sjá hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson sem bersýnilega hefur (Forseti hringir.) annaðhvort risið úr rekkju eða úr sæti sínu. Hann er mættur og til hamingju með það, hv. þingmaður.

[23:35]

Sigurjón Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Mig, eins og aðra þingmenn sem sitjum hér fram á kvöld, fýsir mjög að vita hvenær þessum þingfundi muni ljúka. Ég furða mig í raun á því hvers vegna hann standi enn þá vegna þess að ég hef það fyrir satt að hæstv. forsætisráðherra sé í ráðum um það að lenda þessu máli en hann á eitthvað erfitt með það. Það virðist vera mjög mikið hjartans mál fyrir Framsóknarflokkinn að koma á þessari einkavæðingu á vatni og það virðist þá vera í takt við önnur stjórnarverk hæstv. forsætisráðherra á umliðnum árum. Ég hef verið að furða mig á þessu, hvernig Framsóknarflokkurinn hefur notað sér valdastöðu sína til að komast yfir ýmsar eigur þjóðarinnar. Ég hef reynt að leita að kjarna stefnu Framsóknarflokksins, í því augnamiði kynnt mér bókina Samvinnuhreyfingin í sögu Íslands og reynt að átta mig á því hvað hæstv. forsætisráðherra gangi til með því að halda stíft við þinghaldið og reyna að komast yfir vatnið í leiðinni.

Hér er ágæt grein, Samvinnuhugsjónin, og mér fyndist í rauninni ekki annað en sanngjarnt að hv. þm. Birkir Jón Jónsson sem er mikill framsóknarmaður margar ættir aftur í tímann útskýrði í rauninni hvað Framsóknarflokknum gengi til, hvað í ósköpunum þetta frumvarp sem er verið að neyða þingið til að ræða fram á nótt hvað eftir annað komi yfirleitt stefnumiðum Framsóknarflokksins við. Að vísu, ef maður skoðar hvernig hæstv. forsætisráðherra hefur hagað málum sínum og stjórnarathöfnum á undanförnum árum sér maður þetta en ef maður skoðar hvernig þetta frumvarp kemur stefnumiðum Framsóknarflokksins við, ég tala nú ekki um samvinnuhugsjóninni, gengur það ekki upp. Það kemur fram í ágætri grein um samvinnuhugsjónina að hún sé einmitt eitthvert mótvægi við kapítalismann en hér virðist allt ganga út á það að færa ekki einungis fiskinn í sjónum til réttra aðila og bankana til S-hópsins heldur á nú að færa þeim vatnið í ofanálag. Mér finnst fullmikið í lagt að hæstv. forsætisráðherra skuli halda heilu þjóðþingi í þessum störfum fram á nætur og geta síðan ekki sagt frá því hvenær þingfundum eigi að ljúka.

Það er allt í lagi ef hæstv. forsætisráðherra er að einhverju leyti að ná sér niðri á þingmönnum, ég veit það ekki, en hér eru aðrir en einungis pólitískir andstæðingar að vinna vinnuna sína. Það er almennt starfsfólk þingsins sem mér finnst að stjórn þingsins ætti að taka tillit til að einhverju leyti.

[23:38]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Í ljósi þess að samkomulag hefur tekist á fundum mínum með forustumönnum flokkanna síðdegis í kvöld um

meðferð þessa máls er þessari umræðu nú frestað. Nýr fundur hefst kl. 12 á morgun.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 23:39.

---

86. FUNDUR

miðvikudaginn 15. mars,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859 og 924. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Helgi Hjörvar, 5. þm. Reykv. n.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Breyting á skipan embættismanna fastanefnda.

[12:02]

Forseti (Drífa Hjartardóttir):

Borist hefur eftirfarandi tilkynning um breytingu á skipan embættismanna fastanefnda:

Dagný Jónsdóttir hefur verið kjörin formaður félagsmálanefndar. Magnús Stefánsson hefur verið kjörinn varaformaður utanríkismálanefndar.

[12:02]

Útbýting:

Vatnalög, 268. mál, brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 924.

Þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, 630. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 923.

Þjónusta við börn og unglinga með geðraskanir, 478. mál, svar félmrh., þskj. 911.

Vatnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859 og 924.

[12:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í gærkvöldi náðist samkomulag um meðferð vatnalagafrumvarpsins á hv. Alþingi og ég vil segja það að mér finnst mikilvægt að þingflokkar geti náð slíku samkomulagi þrátt fyrir efnislegan ágreining sem vissulega er í þessu máli. Ég mun nú lesa yfir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tilefni af samkomulaginu, með leyfi forseta:

„Náðst hefur samkomulag milli allra þingflokka um framvindu frumvarps til nýrra vatnalaga. Samkomulagið felur í sér að iðnaðarráðherra mun, þegar frumvarpið hefur verið samþykkt, skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka, auk eins fulltrúa sem tilnefndur skal af umhverfisráðherra og formanns sem skipaður skal án tilnefningar. Skal nefnd þessi taka til skoðunar samræmi laga þessara við önnur þau lagaákvæði íslensks réttar sem vatn og vatnsréttindi varða, þar á meðal fyrirhugað frumvarp umhverfisráðherra til vatnsverndarlaga, sem byggjast mun að stofni til á tilskipun Evrópusambandsins frá árinu 2000, nr. 60, og fyrirhugað frumvarp iðnaðarráðherra til laga um jarðrænar auðlindir.

Í starfi sínu skal nefndin einnig hafa til hliðsjónar tillögur nefndar iðnaðarráðherra, sem skipuð er á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, svo sem þeim hefur verið breytt á yfirstandandi þingi. Nefndin skal skila áliti sínu eigi síðar en 1. október 2006.

Þá hefur verið ákveðið að gildistöku nýrra vatnalaga verði frestað fram til 1. nóvember 2007."

Þá hef ég farið yfir það sem samkomulag varð um í gærkvöldi.

[12:05]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Forseti. Eins og þingmönnum er kunnugt hefur umræða um vatnalögin staðið yfir á þinginu í 35 klukkustundir en nú sér fyrir endann á henni með þeirri sátt um málsmeðferð sem náðist í þinginu í gær. Eftir stendur hinn pólitíski og efnislegi ágreiningur um málið, en það er engu síður mikilvægt að ná sátt um meðferð málsins í þinginu.

Sáttin er tvíþætt eins og komið hefur fram hjá hæstv. iðnaðarráðherra. Í fyrsta lagi er gildistöku frestað fram til nóvember 2007 eða fram yfir kosningar. Það gefur auðvitað tíma og ráðrúm til að leita sátta um breytingar á lögunum eftir næstu kosningar og við munum að sjálfsögðu beita okkur fyrir því að sú breyting verði gerð.

Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin ákveðið að setja niður nefnd til að fara yfir öll lagaákvæði sem lúta að vatni og vatnsréttindum og þar á meðal væntanlegt frumvarp umhverfisráðherra um vatnsvernd og væntanlegt frumvarp iðnaðarráðherra um jarðrænar auðlindir. Við í Samfylkingunni lögðum mjög mikla áherslu á að þessi mál yrðu skoðuð heildstætt þannig að ekki væri eingöngu verið að taka á nýtingar- og eignarréttindum heldur líka á almannarétti og umhverfisrétti. Það hefur þá náðst núna að skipuð verður nefnd

til að fara yfir og skoða þessi mál öll heildstætt, og það teljum við mjög mikilvægt.

Í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram hefur endurspeglast grundvallarágreiningur sem lýtur að skilgreiningu á eignarhaldi og nýtingarrétti á auðlindum. Þessi ágreiningur kemur upp í hvert skipti sem auðlindamál eru rædd og svo mun væntanlega verða áfram. En engu að síður, virðulegi forseti, er mikilvægt að á lokasprettinum geti menn náð saman um það hvernig halda eigi á málum í þinginu þó að hinn pólitíski ágreiningur standi eftir óleystur.

[12:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um sjálft vatnalagafrumvarpið er ekkert samkomulag. Það sem samist hefur um er að þetta meingallaða og stórvarasama frumvarp verði ekki að lögum í vor. Gildistaka laganna hefur verið færð til haustsins 2007, hálfu ári eftir næstu alþingiskosningar. Þá gefst nýrri ríkisstjórn kostur á að afnema lögin og má öllum vera augljóst að Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun róa að því öllum árum að svo verði gert. Þannig verður það undir kjósendum í næstu alþingiskosningum komið hvort þetta makalausa lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar verður nokkurn tíma að lögum. Ég vona að svo verði ekki og hef reyndar sannfæringu fyrir því sjálfur að vatnalögin verði aldrei meira en umdeilt lagafrumvarp sem að forminu til var gert að lögum um stundarsakir, lögum sem aldrei tóku gildi. Ég heiti á kjósendur í næstu alþingiskosningum að minnast þessa.

[12:08]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Undanfarna tíu daga hafa störf Alþingis nánast eingöngu staðið um eitt mál, ný vatnalög ríkisstjórnarflokkanna. Fyrirséð var að deilur gætu áfram staðið um langan tíma og þinghald þar með í algeru uppnámi.

Með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar nú, sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur kynnt, og gildistíma seint á haustinu 2007, að afloknum alþingiskosningum, sem og nýrri yfirferð um lög og réttindi til vatnsins í nefndarstarfi, sem allir stjórnmálaflokkar koma að, var það mat okkar í stjórnarandstöðunni að rétt væri að stuðla að því að ýta þessum ágreiningi til hliðar um sinn og yfir á annan vettvang og taka þar með til umfjöllunar önnur nauðsynleg mál sem þarf að leysa í hv. Alþingi.

Það kann hins vegar að fara svo að þessu máli verði á vordögum 2007 skotið til þjóðarinnar við alþingiskosningar ef ekki næst sátt um málið í þeirri nefnd sem sett verður á fót.

[12:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Nú þegar hillir undir lok þessarar löngu umræðu um umdeilt frumvarp til vatnalaga langar mig á skömmum tíma að fara yfir þau atriði sem mér finnst vera lykilatriði í þessu máli, þau atriði sem hafa valdið þeim pólitísku deilum sem staðið hafa dögum saman úr þessum ræðustóli og auðvitað teygt anga sína út í samfélagið allt.

Í mínum huga vegur það þyngst að hér er hlaupið í mjög vandasamt mál með ónógum undirbúningi. Hæstv. ríkisstjórn hefði átt að vera í lófa lagið að mynda um þetta starf einhvers konar sátt fyrir fram ef vilji hefði staðið til þess. Sá vilji hefur ekki verið til staðar. Þegar vatnalögin, sem við höfum búið við í að verða 90 ár, voru samin og þegar tekist var á um þau hér á Alþingi gáfu menn sér langan tíma. Þá settu menn málið í nefnd og nefndir og vinnuferli. Í hvað langan tíma? Í sex ár. Og það komu út úr því lög sem hafa reynst okkur heilladrjúg allan þennan tíma. Þegar Norðmenn gerðu slíkt hið sama og fóru í endurskoðun sinna vatnalaga þá var það þannig þegar löggjöfin nýja tók gildi, að mig minnir árið 2000, að Norðmenn stóðu keikir og sögðu þjóðinni að þetta væri árangur nefndarstarfs sem staðið hefði meira eða minna í þrjá mannsaldra. Norðmenn tóku sér allan þann tíma sem þeir töldu sig þurfa í sína nýju vatnalöggjöf. Það er gagnlegt plagg fyrir okkur að lesa. Það var reyndar meining mín að fara á ítarlegan hátt yfir norsku vatnalögin í þeirri löngu ræðu sem ég ætlaði mér að halda í gærkvöldi, en við höfum nú náð samkomulagi þannig að sú ræða verður að bíða betri tíma.

Mér finnst skipta verulegu máli að ríkisstjórnin og hæstv. forsætisráðherra hefur látið hafa það eftir sér í fjölmiðlum að hér sé verið að færa löggjöfina til samræmis við dómaframkvæmd. Ég er hér með útskrift af viðtali við hæstv. forsætisráðherra í Ríkisútvarpinu þann 13. mars kl. 18.00, þá svarar Halldór Ásgrímsson spurningu fréttamanns með annarri spurningu, með leyfi forseta:

„Af hverju má ekki færa löggjöf til samræmis við dóma Hæstaréttar og framkvæmd mála á undanförnum áratugum?"

Þegar fréttamaðurinn spyr hvort dómarnir hafi verið í ósamræmi við lögin segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Réttarreglur þróast, lög þróast og Hæstiréttur hefur að sjálfsögðu með úrskurðum sínum í mörgum málum þróað íslenskar lagareglur miðað við það sem gengur og gerist að því er varðar eignarréttinn. Mér finnst sjálfsagt að gera þessar breytingar og ég botna ekkert í þessari stjórnarandstöðu sem leggur sig svona fram um að koma í veg fyrir að það gerist. Mér finnst það undarlegt hlutskipti."

Þetta segir hæstv. ráðherra og þó hann geti ekki tilgreint neina sérstaka dóma í þessu sambandi þá er það alveg augljóst að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn vill fara þessa leið, að fara eftir því sem dómararnir segja, við lagasetninguna. Mér finnst það afar alvarlegt, frú forseti, þegar hæstv. forsætisráðherra leggst svo lágt, að mínu mati, að segja að það sé ekki löggjafarsamkundan sem setur lögin heldur dómararnir. Ég verð að segja að mér fannst fjölmiðlarnir okkar ekki nægilega skarpir eða hvatskeyttir í þessu tilliti. Auðvitað átti að ganga hart eftir skýringum hæstv. ráðherra á þessu því það er þannig að dómsvaldið og löggjafarvaldið eru óháð hvort öðru, þetta eru grunnstoðir okkar lýðræðissamfélags, og það er löggjafarsamkundan sem setur lögin en ekki dómstólarnir. Mér finnst það verulegur annmarki á öllu þessu máli að hæstv. forsætisráðherra skuli hafa viljað fara þessa leið gagnrýnislaust. Þá vil ég taka upp orð Karls Axelssonar lögmanns, sem er höfundur þessa frumvarps og hefur verið að fjalla um málið á opinberum vettvangi, m.a. í efnismiklum fyrirlestri í Háskóla Íslands á föstudaginn var. Hann segir:

„Kannski er mergurinn málsins sá að lögfræðingarnir eru búnir að ná sátt um þessi umdeildu atriði“ — þ.e. eignarréttinn á vatnsauðlindinni — „en pólitíkin ekki.“ Þar held ég, frú forseti, að lögmaðurinn hafi hitt naglann á höfuðið. Lögfræðingarnir, fræðimenn í lögfræðingastétt, Lögfræðingafélagið og dómarar hafa náð sátt um eignarréttarskilgreininguna, þ.e. þeir hafa náð sátt um að í hagnýtingarréttinum sem skilgreindur er í 2. gr. gildandi laga felist eignarréttur. En er pólitíkin búin að ná þeirri niðurstöðu? Ónei, frú forseti. Stjórnmálamennirnir og hin pólitísku öfl hér í landi hafa ekki náð þessari niðurstöðu. Þess vegna er eðlilegt þegar um þessi mál er tekist að allur sá ágreiningur sem verið hefur um málið alla síðustu öld komi upp á yfirborðið. Og það er nákvæmlega það sem hefur gerst nú í þeirri umræðu sem staðið hefur hér dögum saman, að allur grundvallarágreiningurinn um skilgreininguna á hagnýtingarrétti hefur komið upp á yfirborðið og auðvitað lánast okkur ekki í þingræðum hér í þessum ræðustóli að leysa slíkan ágreining, það lánast okkur ekki. Við þurfum til þess önnur meðul og við þurfum lengri tíma.

Nú vona ég statt og stöðugt, frú forseti, að nefndarstarfið sem fram undan er og náðist samkomulag um í gær, komi til með að verða farsælt og ég vona sannarlega að þessi nefnd komi til með að ná niðurstöðu. Ég þori hins vegar ekki annað en vona það, því mér finnst ágreiningurinn vera svo gríðarlegur og mér finnst það offors sem ríkisstjórnin hefur keyrt þetta mál áfram á vera þess eðlis að mér er frekar órótt vegna nefndarstarfsins sem fram undan er og vona sannarlega að hin digru spjót verði ekki notuð í þeirri vinnu sem fram undan er og vil beina ríkisstjórninni inn á þá braut að segja sem svo: Sé sverð þitt of stutt, stígðu þá feti aftar til þess að hafa yfirsýn, en það hefur tilfinnanlega skort í þessu máli. Ríkisstjórnina hefur skort yfirsýn. Hana hefur algerlega skort skilning á því að hér er ekki einungis um að ræða frumvarp sem lýtur að orkunýtingu heldur frumvarp sem lýtur að gríðarlega viðamiklum og veigamiklum þáttum í náttúruverndarlegu tilliti. Þetta hefur ríkisstjórnin þverskallast við að opna augu sín fyrir.

Þess vegna varð mjög alvarlegur trúnaðarbrestur á milli fagstofnana þjóðfélagsins sem lýtur að umhverfismálum og náttúruverndarmálum, þeirra stofnana sem sinna þeim málefnum og umhverfisráðherra sjálfs. Þegar málið kom fram á síðasta þingi muna menn vel á hvern hátt fagstofnanirnar, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands, brugðust við. Og menn muna að forstöðumenn þessara stofnana fengu opinberar ákúrur frá umhverfisráðherra vegna afstöðu stofnananna til frumvarpsins. En hvað var það sem þessir ágætu forstjórar voru að benda okkur og ríkisstjórninni á? Jú, þeir voru að benda okkur á að það væri ótækt að setja allt það vald sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir að fari undir Orkustofnun eina, til hennar einnar vegna þess að í því valdi væri fólgið vald yfir náttúruauðlindunum umfram það hlutverk sem Orkustofnun er ætlað í lögum.

Sömuleiðis bentu þessir ágætu forstjórar á, eins og kemur auðvitað gríðarlega vel fram í umsögnum þessara stofnana sem hafa verið marglesnar hér úr ræðustóli, að verndarsjónarmiðin sem t.d. vatnsverndartilskipun Evrópusambandsins krefst að við innleiðum, þessir hagsmunir krefjast þess að ákveðnir veigamiklir þættir sem núna eru í frumvarpinu verði skildir þar undan og settir undir löggjöf sem heyrir undir umhverfisráðuneytið og fagstofnanir umhverfisráðuneytisins í þessum efnum. Það skiptir verulegu máli, frú forseti, að hugleiða nú þennan faglega ágreining sem uppi hefur verið og þær gríðarlega efnismiklu ábendingar sem við höfum fengið í umsögnum þeirra stofnana sem um ræðir.

Nú átti ég þess kost, frú forseti, fyrr í vikunni að sitja fund iðnaðarnefndar þar sem fulltrúi umhverfisráðuneytisins gerði grein fyrir niðurstöðu sameiginlegu EES-nefndarinnar og sérstakri bókun Íslands varðandi þá þætti vatnatilskipunar Evrópusambandsins sem ráðgert er að verði teknir upp í EES-samninginn. (**Gripið fram í:** Hvenær?) Fundurinn var haldinn í þessari viku í iðnaðarnefnd þar sem Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, kom til okkar og gerði grein fyrir sérstökum fyrirvara Íslands. Ég kvartaði undan því úr þessum ræðustóli að við hefðum ekki fengið gögnin þýdd. Nú hefur þýðing borist og ég er þakklát umhverfisráðuneytinu fyrir að bregðast skjótt við. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið umhverfisráðuneytið frekar en nefndasvið Alþingis sem brást skjótt við og nú hef ég þennan texta í íslenskri þýðingu í höndunum og ég tel eðlilegt til að undirstrika þýðingu vatnatilskipunar Evrópusambandsins að fá að lesa þennan texta úr þessum ræðustóli, með leyfi forseta. Hér er um að ræða sameiginlega yfirlýsingu vegna ákvörðunar um að taka tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 2000/60/EB upp í samninginn. Þarna segir, með leyfi forseta:

„Samningsaðilar viðurkenna að álag og áhrif af mannavöldum á vötn í Evrópu eru af fjölbreytilegum toga. Því kunna ráðstafanir og aðgerðir til að ná fram umhverfismarkmiðum tilskipunarinnar að vera mismunandi eftir svæðum. Í rammatilskipuninni um vatn er tekið tillit til þessa fjölbreytileika. Það gerir yfirvöldum sem bera ábyrgð á framkvæmd tilskipunarinnar kleift að velja ráðstafanir og aðgerðir sem eru lagaðar að ríkjandi álagi og áhrifum og jafnframt að ná umhverfismarkmiðunum.“

Hæstv. forseti. Síðan kemur einhliða yfirlýsing Íslands vegna þessarar sömu ákvörðunar um að taka tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins upp í samninginn og í henni segir, með leyfi forseta:

„Ísland hefur gert grein fyrir sérstökum landfræðilegum aðstæðum sínum, einkum þeim að landið deilir ekki vatnasviði, strandsvæði eða strandsjó með neinu öðru landi. Þéttleiki byggðar er lítill, álag af mannavöldum takmarkað og losun í vatn frá iðnaði óveruleg. Verulegur hluti yfirborðsvatns fellur með jökulám og áhrif af náttúrulegum orsökum, svo sem eldvirkni og jarðvarmavirkni, eru hugsanleg. Þetta endurspeglast að okkar mati í sameiginlegu yfirlýsingunni og Ísland getur því samþykkt að rammatilskipun um vatn verði tekin upp í EES-samninginn.“

Það er afar mikilvægt, frú forseti, að menn hafi í huga að það er ljóst með þessari yfirlýsingu að ríkisstjórn Íslands telur sig bundna af vatnatilskipun Evrópusambandsins og hún ætlar sér samkvæmt orðanna hljóðan hér að undirgangast hana. Þá skulum við líka tryggja það í framhaldi þessa máls að það verði gert samhliða að verndarþættir auðlindamálanna verði teknir til skoðunar og afgreiðslu á sama tíma og nýtingarþættirnir. Annað er óskynsamlegt, annað kemur

til með að reka okkur út í sams konar stríð og við höfum staðið í með þetta mál undanfarna daga.

Eitt mál langar mig til að nefna áður en ég lýk máli mínu, frú forseti, varðandi þau átök sem við höfum átt hér í. Það er eitthvað sem við verðum að leysa á næstu dögum eða vikum og verður kannski ekki endilega leyst með því frumvarpi sem hér er fyrirliggjandi. Það eru hin eignarréttarlegu álitamál sem hafa risið vegna Kárahnjúkavirkjunar og færð hafa verið upp á umræðuborðið nú í umræðunni en ég vil meina að í þeirri umræðu sem fram hefur farið sé það algerlega ljóst að löggjöf okkar í dag ræður ekki við þessi eignarréttarlegu álitamál, a.m.k. ekki af þeirri stærðargráðu sem við glímum nú við í tilfelli Kárahnjúkavirkjunar. Ég held því að það hljóti að verða verkefni Alþingis á einhverju stigi að taka á þeim málum og það sé eitthvað sem geti ekki beðið, það sé eitthvað sem þurfi að gerast hið allra fyrsta. Ég tel því að opin umræða um þennan þátt málsins þurfi að halda áfram og við þurfum að taka öll þau sjónarmið sem þar eru til staðar inn í reikninginn.

Frú forseti. Að lokum vil ég síðan segja að heimsmyndin er að breytast og það hefur verið dregið inn í umræðuna síðustu daga. Vatnsauðlindum er ákaflega misskipt á milli landa. Það er þess vegna sem vatnsauðlindir Íslands eru verðmætari en við getum kannski ímyndað okkur í dag og verðmæti þeirra á eftir að aukast í náinni framtíð.

Það er viðurkennt og við höfum komið að því oftar en einu sinni nú í umræðunni að menn séu farnir að kalla vatnið og vatnsauðlindina olíu 21. aldarinnar og ég tel rétt að hafa það í huga þegar þessi umræða um einkaeignarréttinn fer fram. Ég tel líka eðlilegt að fólk setji spurningarmerki og sé uggandi í umræðu yfir þeirri staðreynd að ásælni í *jarðir á Íslandi hefur verið gríðarlega mikil og ásælni í* vatnsréttindin er farin að láta á sér kræla. Ég tel þess vegna eðlilegt að allir þessir þættir séu til skoðunar í ljósi þess að vatnsauðlindin okkar er 168 rúmkílómetrar alls á ári, eftir þeim upplýsingum sem ég hef eða 606.498 rúmmetrar á hvern íbúa. Til samanburðar þessu gríðarlega magni sem við höfum yfir að ráða, þessari vatnsauðlind veraldarinnar má segja að heildarvatnsauðlindir þjóðar á borð við Egypta nema 2,8 rúmkílómetrum á ári eða 43 rúmmetrum á hvern íbúa, á móti 606.498 rúmmetrum á Íslandi. Þetta eru stærðargráður sem menn þurfa að hafa í huga þegar þessi mál eru skoðuð. Og að lokum, frú forseti, þá vil ég nefna alþjóðlega vatnsverndardaginn sem er fram undan, 22. mars er alþjóðlegur vatnsverndardagur. Ég legg til að hv. alþingismenn og hæstv. ríkisstjórn haldi þann dag hátíðlegan, fari inn í þá pólitísku umræðu sem tengist alþjóðlega vatnsverndardeginum og gerist þar virkir þátttakendur.

Að öðru leyti fagna ég því að málalyktir skuli vera komnar í þetta mál og ég lýsi því hér yfir og ég ætla að leyfa mér að vona að út úr þeirri vinnu sem fram undan er komi jákvæð niðurstaða og vonin geti þá keyrt okkur áfram inn í þá vinnu.

[12:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir skörulega og góða ræðu, málefnalega. Hún var líka stutt. Þetta var ekki sama málæðið og verið hefur undanfarna daga þar sem maður gat ekki fylgst með, hélt engum þræði. Þetta var mjög skýrt.

Nú er það svo með lög og dóma að það er alltaf miðað við lög þegar ákveðinn verknaður er framinn, t.d. afbrot, mat á einhverju eða annað slíkt. Nú eru í gildi ákveðin lög og það er búið að taka ákvörðun um að fara út í Kárahnjúkavirkjun. Það er byrjað að virkja, það er byrjað að grafa og ég veit ekki hvað. Mig langar til að spyrja hv. þingmann í fyrsta lagi: Telur hv. þingmaður að Alþingi geti sett lög sem breyti þeirri réttarstöðu þess fólks sem verður fyrir einhverju tjóni eða einhverju slíku varðandi Kárahnjúkavirkjun? Gilda ekki núgildandi lög um það? Auk þess sem sérlög eru um Kárahnjúkavirkjun í heild sinni. Þetta er fyrsta spurningin.

Síðan segir hv. þingmaður að ásælni í jarðir hafi aukist. Ég segi sem betur fer fyrir fátæka bændur þessa lands því að staða þeirra, sérstaklega sauðfjárbænda, hefur verið skammarlega léleg. Telur þá hv. þingmaður að það sé slæmt að ásælni í jarðir hafi aukist þannig að bændur geti fengið sæmilegt verð fyrir jarðir sínar og telur hann að samþykkt þessa frumvarps, þegar það tekur gildi, hækki verð jarða enn frekar til hagsbóta fyrir bændur?

[12:29]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst varðandi Kárahnjúkavirkjun. Það er vissulega rétt hjá hv. þingmanni að um hana gilda sérlög. Hins vegar er það mat þeirra sem hafa verið að fjalla um þetta frumvarp síðustu daga að eignarnámsákvæði þessa frumvarps komi til með að verða í gildi eða gilda um það *eignarnám sem á eftir að fara fram vegna Kárahnjúkavirkjunar*, ef þessi lög — nú vitum við að búið er að fresta gildistöku þeirra — en ef þau hefðu haft gildistöku eins og gert var ráð fyrir þá hefði eignarnámið sem fram undan er í kringum Lagarfljót og Jökulsá í Fljótsdal farið samkvæmt þessum lögum og það er talin hafa verið ein af ástæðunum fyrir því að þrýstingur ríkisstjórnarinnar var jafnmikill og raun bar vitni. En það er vegna þess að eignarnámsákvæðin í þessum lögum eru miklu ítarlegri og allt önnur en í þeim lögum sem við búum við núna. Þess vegna tel ég að það sé alveg gilt að þessi tenging sé til staðar.

Varðandi hækkun á verði jarða og ásælni í jarðir. Ásælni í jarðir er tvíeggjuð að mínu mati, frú forseti. Sem dæmi um það getum við tekið litla sögu frá Portúgal. Portúgalir, sem hafa talist til fátækustu landa Evrópusambandsins, hafa lent í því að appelsínuræktun þeirra sem var gríðarlega mikil á sínum tíma, allt fram á síðasta áratug, heyrir eiginlega sögunni til vegna þess að það er miklu ódýrara að rækta appelsínurnar á Spáni þannig að nú er áhersla á að rækta appelsínur á Spáni en ekki í Portúgal. Þá segja Portúgalir: En hvað eigum við að gera? Við þurfum líka að hafa eitthvað til að selja. Þá segir Evrópusambandið: Ja, þið eigið svo mikið jarðnæði. Seljið þið landið ykkar, fátæku bændur í Portúgal. Portúgalskir bændur eru ekkert ánægðir með það. Landið er þeim dýrmætt tákn sem þeir vilja ekki selja jafnvel þótt þeir séu fátækir, þannig að þetta er aldeilis tvíeggjað. Það sem ég sagði var: Það er farið að bera á ásælni í vatnsauðlindina og ég spyr: Skyldi það vera vegna

þess að menn telja vatn verða olíu 21. aldarinnar? Það skyldi þó ekki vera.

[12:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef Alþingi setur lög sem skerða á einhvern hátt eign manna segir stjórnarskráin að það eigi að bæta það. Ef þessi lög breyta einhverju um hag bænda út af eignarnámi á að bæta það þannig að dómstólar hljóta að fara að gildandi lögum þegar atburðurinn varð, sem er ákvörðunin um að virkja við Kárahnjúka, en ekki lögum sem Alþingi setur síðar og breyta réttarstöðunni á einhvern máta. Ég næ ekki þessari lögfræði.

Svo varðandi bændurna og hvort þessi lög hækki eða lækki verð á jörðum — hv. þingmaður svaraði því ekki og ég spyr hana því aftur, og bara sem fulltrúa Vinstri grænna hérna sem eiga dálítið fylgi meðal bænda, hvort hún telji að samþykkt þessara laga hækki verð á jörðum eða lækki það. Telur hún að ef það skyldi hækka það — og ég tel reyndar að hafi það einhver áhrif hækki það verð á jörðum — slæmt fyrir fátæka bændur þessa lands að jarðir þeirra hækki í verði?

[12:32]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Til að svara hv. þingmanni skýrt tel ég ekki slæmt að jarðir fátækra bænda eða annarra landeigenda á Íslandi hækki í verði, það tel ég alls ekki vera. Ég get í sjálfu sér ekki sagt af eða á um það hversu virkur þáttur til hækkunar á verði jarða þetta frumvarp gæti orðið. Ég tel mig skorta þekkingu til að svara því afgerandi. Hins vegar vil ég segja við hv. þingmann: Það eru ekki allar eignir fólks sem verða metnar til fjár. Heimahagarnir eru einu sinni heimahagar sem fólk vill fram í rauðan dauðann halda í en ekki selja. Það er ekki allt falt hjá öllu fólki. Þannig er málið að fólk sem hefur átt jarðir sem það er alið upp á og sem það hefur reynt að stunda búskap á hefur taugar til síns lands og það skiptir það ekki mestu máli hvert verðmat viðkomandi jarða er. Það eru aðrir hlutir sem skipta þetta fólk máli. (Gripið fram í.) Taugarnar til átthaganna skipta verulegu máli.

Ef sumt fer í eyði — þá erum við farin að tala um byggðastefnuna og þar er ég alveg sammála hv. þingmanni. Við skulum ræða byggðastefnuna en ekki út frá þeim eignarréttarlegu sjónarmiðum sem hann færir hér fram, að það sé svo gott fyrir bændur og landeigendur að jarðirnar hækki í verði því að þá geti þeir selt þær. Mér finnst miklu nær að við ræðum hér á hvern hátt við höldum landinu í byggð, á hvern hátt við höldum úti öflugum íslenskum landbúnaði en það er önnur umræða.

[12:34]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það kann kannski að sæta nokkurri furðu en það er samt þannig að þetta er mín fyrsta ræða í þessu máli. Hef ég fylgst ansi grannt með umræðunni engu að síður og mig langar til að fara aðeins yfir það áður en þessari umræðu lýkur með hvaða hætti þetta mál blasir við mér, þetta frumvarp til vatnalaga og þau pólitísku ágreiningsefni sem þar eru uppi.

Frumvarpið sem hér er til meðferðar er í raun frumvarp um hagnýtingu vatns sem auðlindar og það er um eignar- og nýtingarrétt á vatni. Vatnatilskipun ESB sem hefur verið nokkuð inni í umræðunni er aftur á móti um vernd og viðhald vatns og tekur til almanna- og umhverfisréttar. Þess vegna m.a. hefur verið lögð á það mikil áhersla að þessi lög, vatnalög, væru skoðuð í samhengi við lög um vatnsverndun sem unnið er að í umhverfisráðuneytinu og við í Samfylkingunni teljum afleitt að aðskilja þessi mál með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir er okkur sagt að feli einvörðungu í sér formbreytingu en ekki efnisbreytingu. Það segja ráðherrar og það segja stjórnarliðar. Það kann einhver að furða sig á því að þannig frumvarp, frumvarp sem felur bara í sér form en ekki innihald, frumvarp sem er bara lagatæknilegt að því er sagt er af hálfu stjórnarliða, kalli á svo mikla umræðu og valdi svona miklum ágreiningi. En það er ekki allt sem sýnist í þessu máli.

Í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram núna í 35 klukkustundir, eins og ég kom inn á áðan, endurspeglast grundvallarágreiningur sem lýtur að skilgreiningu á eignarhaldi og nýtingarrétti á auðlindum. Þessi ágreiningur hefur margsinnis komið upp í þinginu, hann kemur upp í hvert skipti sem auðlindamál eru hér til umfjöllunar og það mun væntanlega gerast áfram á næsta þingi. Í því sambandi er skemmst að minnast umræðunnar sem varð fyrir og eftir jólaleyfi þingmanna í vetur. Það var umræða um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og þar var tekist á um rétt ráðherra til að gefa vilyrði fyrir nýtingarleyfi samhliða leyfi til að rannsaka umfang, magn og afkastagetu auðlinda í jörðu sem og á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Þetta var deiluefnið hér, og hart tekist á um þetta fyrir jól og eins eftir jólin. Í þeirri deilu, í því málþófi sem sumir vilja kalla svo, tókst stjórnarandstöðunni að koma í veg fyrir að ráðherra fengi sjálfdæmi um það hvernig þessum mikilvægu réttindum til auðlindanýtingar væri úthlutað.

Þessi ágreiningur um auðlindirnar og nýtingu þeirra kom líka upp þegar svokölluð auðlindalög, þ.e. lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem voru til umfjöllunar á þinginu árið 1998, voru rædd í þinginu. Deilan um jólin var í rauninni deila um breytingu á þeim lögum. Þá stóð 2. umr. um það lagafrumvarp í nokkra daga á þingi. Ágreiningurinn þá, 1998, eins og nú var um eignarhald og nýtingarrétt á auðlindum. Þá var tekist á um grunnvatn og jarðhita og það fór eiginlega hæst í umræðunni.

Annað ágreiningsefni þá, 1998, varðaði útleigu og gjaldtöku fyrir afnot einkaaðila af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Stjórnarfrumvarpið sem þá var lagt fram gerði ráð fyrir, og það var reyndar lögfest, að ráðherra fengi sjálfdæmi um að leigja hverjum sem er hvað sem er fyrir hvaða fjárhæð sem er, og engar reglur um málið. Allar málsmeðferðarreglur um leigu afnotaréttar skorti og á það var bent af stjórnarandstöðunni hérna 1998, að engar málsmeðferðarreglur væru í lögunum um það hvernig ætti að úthluta aðganginum að auðlindinni og hvaða gjald ætti að koma fyrir. Stjórnarandstaðan þá lagði ríka áherslu á að skýrar málsmeðferðarreglur þyrfti að setja um leigu afnotaréttar þar sem m.a. fulls jafnræðis væri gætt. Þá þyrfti að

setja skýrar reglur um afnotagjald samkvæmt lögum, og það var vitnað í lög um aukatekjur ríkissjóðs og lög um útboð, það þyrfti sem sagt málsmeðferðarreglur um hvernig afnotaréttinum væri úthlutað eða hann leigður og það þyrfti að setja skýrar reglur um hvaða afgjald ætti að koma fyrir.

Þriðja ágreiningsefnið þá laut að því að í frumvarpið vantaði skýrar reglur um leyfisveitingu til leitar, rannsókna og nýtingar á þeim auðlindum sem frumvarpið tók til. Núna, átta árum síðar, erum við enn í sömu sporum og við vorum þá. Það er enn tekist á um eignar- og nýtingarrétt á auðlindunum og hvernig skuli staðið að leyfisveitingum til rannsókna og nýtingar á sameiginlegum auðlindum landsmanna.

En ýmislegt hefur gerst í millitíðinni, ýmislegt gerst síðan 1998. Meðal annars var auðlindanefnd skipuð í júní 1998 eftir deiluna í þinginu. Verkefni auðlindanefndar átti samkvæmt þingsályktun sem hér var samþykkt að vera eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita neðan við 100 m dýpi. Nefndin skilgreini þessar auðlindir á skýran hátt og hvernig skuli með þær farið. Nefndin kanni einnig hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru. Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta."

Þetta var sem sagt skilgreiningin á verkefni auðlindanefndarinnar. Hún skilaði af sér bæði áfangaskýrslum og svo lokaskýrslu þar sem ýmsar tillögur fylgdu og þar er meginniðurstaða nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Nefndin telur brýnt að mótuð verði samræmd stefna og stjórn á nýtingu náttúruauðlinda á Íslandi sem skapi heilsteyptan lagaramma um hlutverk og ábyrgð ríkisins á ráðstöfun og nýtingu náttúruauðlinda. Reynt verði eftir föngum að beita hagrænum stjórntækjum á grundvelli vel skilgreinds eignar eða afnotaréttar þar sem því verður við komið ásamt leiðréttandi sköttum og uppbótum þar sem það á við."

Enn fremur, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að eignarréttarleg staða þessara auðlinda verði samræmd með þeim hætti að tekið verði upp nýtt ákvæði í stjórnarskrá þar sem þessar náttúruauðlindir" — og það er búið að tiltaka hverjar þær eru — „verði lýstar þjóðareign eftir því sem nánar verði ákveðið í lögum."

Svo segir hér síðar, með leyfi forseta:

„Með þessu er bæði stefnt að því að sömu reglur gildi um allar náttúruauðlindir sem lýstar eru þjóðareign á hverjum tíma og að hægt sé að veita notendum þeirra tryggan og lögvarinn afnotarétt. Vegna breytilegrar nýtingar og mikilvægis einstakra auðlinda er eðlilegt að löggjafinn ákveði hvaða náttúruauðlindir falli undir þetta ákvæði á hverjum tíma."

En aðalatriðið er, virðulegi forseti, tvenns konar, annars vegar leggur nefndin til að það verði samræmd stefna og stjórn á nýtingu náttúruauðlinda sem skapi heilsteyptan lagaramma um hlutverk og ábyrgð ríkisins í þeim efnum og hins vegar að tekið verði inn í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á auðlindum. Þetta eru tvær meginniðurstöður nefndarinnar.

Það er líka reyndar athyglisvert að skoða það að nefndin gjörir ýmsar tillögur um hvernig eigi að úthluta nýtingarréttinum og hvaða gjald eigi að koma fyrir. Nefndarmenn segja m.a. varðandi vatnsorku og jarðhitaorku að það sé best tryggt, þ.e. rétturinn og jafnræðið af honum, með sölu vatnsréttinda í þjóðareign á markaði eða með uppboðum. Þeir segja um jarðhita og námur að það sé rétt að ráðstafa jarðhita- og námuréttindum með uppboðum. Alltaf er verið að tala um að þetta sé engu að síður á þjóðlendum þar sem ríkið er eigandinn. Um auðlindir á eða undir sjávarbotni ætti að ráðstafa rétti til afnota á samkeppnisgrundvelli og þá fyrst og fremst með uppboðum, og með rafsegulbylgjur til fjarskipta segja þeir tímabært að athuga möguleika á því að lýsa þessa auðlind þjóðareign. Þeir eru með ýmsar tillögur um hvernig eigi að standa að úthlutun á nýtingarréttinum og hvernig gjald eigi að koma fyrir.

Miklar vonir voru bundnar við vinnu nefndarinnar sem lauk störfum í september 2000 og það er kannski ekki síst vegna þess að í þessari nefnd sátu Jóhannes Nordal, fyrrverandi seðlabankastjóri, sem var formaður, Eiríkur Tómasson, Ari Edwald, Ragnar Árnason, Lúðvík Bergvinsson, Guðjón Hjörleifsson, Svanfríður Jónasdóttir, Styrmir Gunnarsson og Margrét Frímannsdóttir. Það varð víðtæk sátt um helstu atriði. Auðvitað náðist ekki niðurstaða í öllum atriðum en það var sátt um stórar línur í þessu máli og þess vegna voru miklar vonir bundnar við vinnu nefndarinnar og tillögur hennar. En það er skemmst frá því að segja að ekkert hefur gerst í framhaldinu. Það er árið 2006 núna. Hún skilaði af sér í september 2000.

Enn hefur þjóðareign á auðlindum ekki verið sett í stjórnarskrá þó að það sé reyndar til skoðunar núna í stjórnarskrárnefnd.

Enn hefur engin heildstæð löggjöf verið sett um hlutverk og ábyrgð ríkisins á ráðstöfun og nýtingu náttúruauðlinda.

Enn er verið að mjatla inn frumvörpum sem lúta að auðlindamálum án innbyrðis samhengis og heildarsýnar.

Enn hefur ekki verið mótuð stefna um með hvaða hætti hægt sé að beita hagrænum stjórntækjum á grundvelli vel skilgreinds eignar- og afnotaréttar til að ná fram sem bestri auðlindanýtingu og mestri auðlindarentu í þágu þjóðarinnar.

Enn er verið að undirbúa stórvirkjanir án þess að gerð hafi verið tilraun til að þróa þessi hagrænu stjórntæki þannig að hægt sé að beita þeim við úthlutun virkjanaleyfa.

Það hefur komið fram í umræðunum í þinginu og við höfum fylgst með því í fjölmiðlum að mikið auðlindakapphlaup stendur yfir í landinu. Það er í rauninni allt undir í því kapphlaupi, lönd, jarðir, jarðhiti, vatnsréttindi, mengunarkvótar og fiskurinn í sjónum. Það er mjög mikilvægt að Alþingi nái utan um þessi mál þannig að við getum tryggt hagsmuni þjóðarinnar í bráð og lengd. Það þarf að tryggja hagsæld þjóðarinnar í heild í þessum málum, sem og vernd og viðhald auðlinda í þágu komandi kynslóða. Ég held að

þetta sé eitt af brýnustu verkefnum stjórnmálanna í nútímaþjóðfélagi.

Þegar auðlindafrumvarpið var til umfjöllunar í þinginu árið 1998 töldu stjórnarþingmenn að málsmeðferðarreglur við veitingu rannsóknarleyfa væru alveg nægilega skýrar og töldu enga þörf á breytingu. Þeir töldu þetta allt nægilega skýrt eins og þetta var þá í frumvarpinu til auðlindalaga sem varð að lögum og það fékkst ekki að gera neinar breytingar á þessu. Um það var tekist á í þingsalnum.

Meiri hluti þáverandi iðnaðarnefndar skilaði nefndaráliti þar sem þetta kemur fram. Ýmsir sem nú eru á þingi sátu í þeirri nefnd og skrifuðu undir þetta meirihlutaálit, m.a. sá þingmaður sem hér er í þingsalnum og biður nú um andsvar, hv. þm. Pétur H. Blöndal, en þarna sátu líka m.a. Hjálmar Árnason og Sigríður Anna Þórðardóttir, núverandi umhverfisráðherra. En það var sem sagt deilt um það í umræðunum hvort málsmeðferðarreglur væru nógu skýrar í frumvarpinu og í lögunum. Hér segir í nefndaráliti sem meiri hluti iðnaðarnefndar skilaði, með leyfi forseta:

„Nefndin ræddi sérstaklega hvort málsmeðferðarreglur við veitingu leyfa séu nægilega skýrar samkvæmt frumvarpinu, einkum í þeim tilvikum þegar fleiri en einn aðili sækir um leyfi á sama stað. Ákvæði 17. gr. frumvarpsins kveður á um þau meginsjónarmið sem búa að baki veitingu nýtingarleyfa. Þá eru í 18. gr. tilgreind þau skilyrði sem fram þurfa að koma í leyfinu. Í 19. gr. er síðan kveðið á um heimild ráðherra til að auglýsa eftir umsóknum. Þegar þessi ákvæði eru virt með hliðsjón af almennum málsmeðferðarreglum í stjórnsýslunni, svo sem ákvæðum stjórnsýslulaga, er það álit meiri hlutans að nægilega skýrt sé kveðið á um það á hvaða grunni leyfi skuli veitt og samkvæmt hvaða sjónarmiðum."

Þetta var sem sagt meiri hluti iðnaðarnefndar á þeim tíma. Það er ágætt að rifja þetta upp í ljósi þess að um þetta mál var tekist á núna um jólin, fyrir og eftir jólin, og menn komust að þeirri niðurstöðu og sáu það hér að á þetta skorti verulega og þar af leiðandi hefur verið ákveðið að skipa sérstaka nefnd á vegum iðnaðarráðherra til að fara einmitt yfir þetta og móta reglur um með hvaða hætti skuli staðið að þessu. Það er ágætt, en við erum búin að tapa átta árum vegna þvermóðsku þáverandi stjórnarmeirihluta í þinginu og einhverrar innbyggðrar andstöðu við þau sjónarmið sem fram koma frá stjórnarandstöðunni.

Nú koma stjórnarþingmenn í ræðustól og telja að það frumvarp til vatnalaga sem hér er til umfjöllunar feli einvörðungu í sér formbreytingu en enga efnisbreytingu hvað varðar eignarrétt á vatni. Vatnalögin frá 1923 byggja á þeirri meginreglu að landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni sem á henni er, straumvatni eða stöðuvatni eins og þar segir. Þessi meginregla hefur mikla sérstöðu í samanburði við almenna skilgreiningu eignarréttarhugtaksins, eins og reyndar kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að halda í þessa meginreglu eins og hún er skilgreind í núverandi vatnalögum en ekki fara þá leið sem farin er í frumvarpinu, að skilgreina einkaeignarrétt á vatni eins og gert er í 4. gr. frumvarpsins. Þegar litið er yfir bæði sænsk og norsk lög sé ég ekki annað en að skilgreiningin á rétti til vatns sé með sama hætti og í núgildandi vatnalögum okkar, þ.e. nýtingarréttur en ekki skilgreindur einkaeignarréttur.

Stjórnarþingmenn halda því fram, eins og ég hef sagt, að sú breyting sem þetta frumvarp felur í sér sé formbreyting en ekki efnisbreyting. Það sé viðurkennt og samdóma álit allra fræðimanna að landeigendur hafi eignarrétt á vatni og sá eignarréttur nái til umráða og nota jafnt undir yfirborði jarðar sem yfir því. Það má út af fyrir sig segja að sú regla að grunnvatn fylgi eignarlandi hafi verið lögfest með auðlindalögunum 1998 og, eins og ég segi, um það mál var einmitt tekist harkalega á á þingi á þeim tíma. En það segir hins vegar ekkert um þetta í núgildandi vatnalögum frá 1923, þeim lögum sem við erum að breyta hér. Hvað sem því líður, virðulegi forseti, verður form og inntak ekki aðskilið með öllu. Sá nýtingarréttur á vatni sem nú fylgir landareignum er eignarréttindi en þeim eru takmörk sett. Núgildandi lög byggjast á svokallaðri jákvæðri skilgreiningu á eignarréttindum sem felur það í sér að tiltekið er hvað felst í tilteknum heimildum eignarréttinda, þ.e. hvaða hagnýtingarheimildir fylgja honum.

Frumvarpið byggist hins vegar á svokallaðri neikvæðri skilgreiningu á eignarréttindum, þ.e. það er gengið út frá því að eigandinn njóti allra heimilda nema þeirra sem eru með beinum hætti undanskildar eignarráðum hans. Í fyrra tilvikinu er hægt að bæta við hagnýtingarheimildum og löggjafinn getur gert það ef nýir nýtingarmöguleikar og ófyrirséðir koma upp. Í síðara tilvikinu þarf að setja eignarréttindunum frekari takmarkanir, ef slík tilvik koma upp. Í fyrra tilvikinu er þá um ívilnun að ræða af hálfu löggjafans en í síðara íþyngjandi ákvæði. Líklegt er að við slík tilvik, þ.e. ef löggjafinn þyrfti að taka sér það fyrir hendur að setja inn íþyngjandi ákvæði, mundu ákvæðin kalla á skaðabætur af hálfu hins opinbera.

En af hverju vill stjórnarmeirihlutinn í þinginu fara þessa leið? Hverju vill hann ná fram með þessu máli? Hér hefur staðið yfir umræða í 35 klukkustundir en ekkert skynsamlegt svar hefur fengist við því. Kannski er þetta sérkennileg tiltektarárátta eða þá að það er pólitísk sannfæring manna að betur fari á því að einkaeignarrétturinn og auðlindin sé skýrt afmarkað í lögum. Mér segir svo hugur að a.m.k. sjálfstæðismenn hér séu þeirrar skoðunar. En það skýrir þá líka tregðu þeirra við að setja í stjórnarskrá ákvæði þar sem skilgreind væri þjóðareign á auðlindum sjávar.

Virðulegur forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það frumvarp sem við erum að samþykkja hérna sé ekki tímabært. Það hefði verið miklu skynsamlegra og hefði getað komið í veg fyrir alla þá löngu umræðu sem hefur farið fram í þinginu ef menn hefðu einfaldlega tekið málið til skoðunar og leyft því að bíða því að okkur rekur engar nauðir til að samþykkja þetta svona núna. Ef menn gefa sér tíma er oft hægt að ná býsna góðri pólitískri sátt eins og kom fram í fjölmiðlamálinu sem var glímt mikið með í þinginu en svo náðist ágæt sátt í fjölmiðlanefnd. Það þarf að fást heildarmynd á þá lagabálka sem eiga að koma í stað vatnalaga.

Þessu frumvarpi ætti, eins og hér hefur margsinnis komið fram, að fylgja frumvarp til laga um vatnsvernd sem byggi á vatnatilskipun Evrópusambandsins og frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Við teljum því, og sú afstaða okkar stendur óbreytt þrátt

fyrir að hér hafði náðst sátt um málsmeðferð í þinginu, að það eigi að vísa þessu frumvarpi frá. Tillaga um það liggur fyrir þinginu og við munum að sjálfsögðu fylgja henni eftir og við teljum að það eigi að fara yfir þessi mál öll í heild sinni og fá heildaryfirsýn yfir málaflokkinn áður en ákvæði þessa frumvarps verða lögfest. Það er, virðulegi forseti, ekki betra illt að gera en ekki neitt. Við höfum lifað við vatnalögin í 80 ár. Þau byggðu reyndar á merkilegri pólitískri sátt sem þá náðist og það tók tíma að ná henni, en við höfum lifað við þessi lög í 80 ár og við getum alveg lifað við þau eitthvað enn þó að ég ætli ekki að mæla því í mót að þau eru auðvitað barn síns tíma í mörgum tilvikum og þurfa að sjálfsögðu endurskoðunar við. En engin rök hafa verið færð fyrir því að okkur reki nauðir til að samþykkja þetta frumvarp núna. Þvert á móti held ég að veruleg áhætta sé tekin með því og það geti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar, ekki endilega í dag eða á næstu árum heldur í framtíðinni. Við getum ekki séð fyrir öll hugsanleg not sem verða á vatni og með hvaða hætti menn vilja nýta það.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra að þessu sinni en ég hef sagt að ég tel mikilvægt að ná niðurstöðu í málsmeðferðinni á þinginu en eftir stendur hinn pólitíski ágreiningur í auðlindamálum almennt. Hann mun ekki hverfa í dag og verður væntanlega tekist á um þau mál áfram á næsta þingi.

[12:56]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta og málefnalega ræðu. Mér sýnist takturinn í umræðunni í dag vera með þeim hætti að menn ætli að fara málefnalega yfir málið og er það vel. Ég vildi spyrja hv. þingmann hvort hún væri ósammála 15. gr. frumvarpsins sem ber yfirskriftina „Forgangur að vatni", en þar segir, með leyfi forseta :

„Vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gengur fyrir annarri vatnsnýtingu. Heimilisþörf gengur fyrir búsþörf.

Heimilt er fasteignareiganda að sækja sér vatn til heimilis- og búsþarfa á aðra fasteign ef eiganda þeirrar fasteignar verður ekki óhæfilegur bagi að enda sé slík vatnstaka á eigin fasteign ómöguleg eða til muna erfiðari. Þegar svo hagar til getur eigandi þeirrar fasteignar sem vatn er tekið úr krafist bóta, þar með talið fyrir tjón og óþægindi sem framkvæmdin bakar honum. Náist ekki samkomulag með aðilum um bætur skulu þær ákveðnar með eignarnámsmati.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til töku vatns til vatnsveitu innan sveitarfélags á eftir heimilis- og búsþörfum fasteignareigenda. Um vatnsveitur sveitarfélaga fer samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga.

Nái sveitarfélag ekki samkomulagi við fasteignareiganda um töku vatns í landi hans til vatnsveitu, eða um önnur atriði sem nauðsynleg má telja í því sambandi, getur iðnaðarráðherra heimilað að nauðsynlegt land, mannvirki og aðstaða til nýtingar og töku vatnsins og lagningar vatnsveitu, sem og önnur réttindi fasteignareiganda, verði tekin eignarnámi."

Virðulegi forseti. Ég er með þá spurningu hvort hv. þingmaður sé sammála því sem þarna kemur fram sem er ansi skýrt og vísar í forgang að vatni.

[12:58]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þingmaðurinn spurði mig hvort ég væri sammála því sem kæmi fram í 15. og 16. gr. frumvarpsins. Ég get svarað því til að efnislega tel ég þetta ágætar greinar enda byggja þær á þeim grunni sem er í núgildandi vatnalögum og eru engin breyting frá því nema hvað kannski er örlítil þrenging í 15. gr.

Það er auðvitað ýmislegt í þessu frumvarpi sem er ágætt og vel hægt að nota enda hafa ekki allar frumvarpsgreinarnar sem eru ansi margar að tölu, 43, valdið ágreiningi. Það eru fyrst og fremst 1. og 4. gr. þessa frumvarps sem eru deiluefnið. Um þær greinar sem spurt var út í geri ég í sjálfu sér engan stóran ágreining.

[12:59]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög gott að hér komi skýrt fram hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formanni Samfylkingarinnar, að ekki sé ágreiningur um þetta. Ég vona að þeir fjölmiðlamenn sem hér eru að fylgjast með taki eftir því vegna þess að í umræðunni hefur verið látið að því liggja að nú sé bara þannig komið fyrir Íslendingum, ef þetta frumvarp verður samþykkt, að fái menn sér að drekka úr fjallalæk komi einhver landeigandi hlaupandi og rukki þá. Hér er látið að því liggja að hér sé talað um einhverja stórkostlega breytingu varðandi þá hagi sem við erum með núna.

Svo er ekki. Og það vita menn. Ég er ánægður með það svar hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur að þegar kemur að þessum grundvallaratriðum erum við alveg sammála. Samfylkingin er alveg sammála þessari grein um forgang vatns sem er grundvallaratriði í þessu máli öllu saman.

[13:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka undir þakkir til hv. ræðumanns fyrir málefnalega ræðu og stutta. Hún kom inn á mörg atriði. Ég vil taka það fram í byrjun að ég tel að þetta frumvarp sé formbreyting en ekki efnisbreyting, þannig að það sé alveg á hreinu.

Hv. þingmaður segir að lögin þurfi endurskoðunar við og nú er búið að vinna að endurskoðun í fjölda ára og þetta frumvarp er lagt fram í annað skipti, að ég tel. Ég vil því spyrja: Telur hv. þingmaður að ekki sé komið nóg? Telur hv. þingmaður að hv. iðnaðarnefnd hafi ekki fjallað nægilega um málið?

Þá langar mig og að spyrja hv. þingmann: Þegar þjóðlendurnar voru samþykktar, og fjármálaráðherra bar að gera kröfur fyrir hönd ríkisins í þjóðlendur, gerði hann að sjálfsögðu ýtrustu kröfur, færði mörkin eins langt út og hann gat. Það er eðlilegt því hann gat ekki annað en bakkað. Þá man ég ekki betur en Samfylkingin hafi ályktað gegn því og sagt að hann færi offari í því að gera kröfur á hendur landeigendum. Samfylkingin vildi þá að bændur fengju stærra land, fengju meiri einkarétt, það yrði minni sameign, og meira vatn því það er álit flestra lögspekinga að bændur eignist þá vatnið sem fylgdi þessum jörðum, sem voru

þarna á mörkunum á milli þjóðlendna og einkalands — það er að sjálfsögðu þá alla vega nýtingarréttur og samkvæmt lögspekingum líka réttur. Nú er spurningin: Hvort vill Samfylkingin að bændur fái meira vatn eða minna vatn?

[13:03]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru engin stór sannindi eða gríðarleg pólitísk yfirlýsing af minni hálfu þó að ég segi það hér að ég geti á það fallist að 80 ára gömul lög þurfi kannski endurskoðunar við í einhverjum atriðum. Ég er þeirrar skoðunar, lögin eru barn síns tíma. En ég tel að þau séu merkileg, þetta eru gríðarlega merkileg lög sem hafa staðist vel tímans tönn, enda, virðulegi forseti, byggja þessi lög á pólitískri sátt sem náðist í þessum málum eftir miklar deilur í landinu um fossamál og eignar- og nýtingarréttindi á vatni.

Vatn hefur alltaf verið umdeilt mál og vatn hefur alltaf verið mjög pólitískt mál. Það sem hefur hins vegar gerst með það frumvarp sem hér liggur fyrir, það er rétt að það er búið að vera lengi í undirbúningi, það hafa komið að því ýmsir lögspekingar. En það hefur ekki verið nein pólitísk aðkoma að samningu þessa frumvarps og frumvarpið byggist þar af leiðandi á pólitískum viðhorfum sem við í Samfylkingunni erum ekki sammála. Við erum ekki sammála þeim pólitísku viðhorfum og við sættum okkur ekki við það að menn taki auðlindamál eins og þetta, þetta er auðlindamál, og feli það bara einhverjum lögspekingum og ætlist til að þetta sé eitthvert lagatæknilegt úrlausnarefni. Þetta er pólitískt úrlausnarefni og þess vegna byggist frumvarpið á viðhorfum sem við erum ekki sammála.

Varðandi þjóðlendumálin man ég ekki betur en þingmenn Samfylkingarinnar, allir sem einn, hafi stutt þjóðlendulögin þegar þau voru sett. Það kann vel að vera að það séu einhverjar mismunandi skoðanir uppi um það hvernig setja eigi fram kröfur í einstökum málum en þjóðlendulögin studdu þingmenn Samfylkingarinnar, virðulegur þingmaður.

[13:05]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi pólitíska aðkomu að þessu máli þá var þetta mál lagt fram á 131. þingi þann 6. desember 2004. Þá var það lagt fram á Alþingi en síðan rætt í janúar 2005, vísað til nefndar, rætt í nefndinni, nefndin skilar meirihluta- og minnihlutaáliti í apríl og maí 2005. Ef þetta er ekki pólitísk aðkoma að málinu þá veit ég ekki hvað. Síðan er frumvarpið endurskoðað á grundvelli þessara álita og lagt fram aftur og nú erum við að ræða það í annað sinn. Í annað sinn kemur meirihluta- og minnihlutaálit, í annað sinn er leitað eftir umsögnum. Hvað þarf maður mikla umræðu?

Varðandi kröfur fjármálaráðherra þá sagði Samfylkingin að hann hefði farið offari gegn bændum.

[13:06]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki pólitísk aðkoma að samningu frumvarps að fá að segja álit sitt á því í nefnd. Pólitísk aðkoma að vinnslu frumvarps felst í því að koma að því nefndarstarfi, að því borði þar sem frumvarpið er samið. Það var ekki í þessu tilviki og breytir engu sú upptalning sem þingmaðurinn fór með í því sambandi.

[13:06]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst sérstök ástæða til að fagna því að náðst hefur sátt um meðferð málsins á Alþingi og stjórnarandstaðan hefur látið af því málþófi sem hún hefur stundað hér undanfarna daga. Þá um leið gerir maður sér vonir um að hægt sé að ræða málið efnislega og stjórnarandstaðan fái það sem hún hefur lengi beðið um, einhver svör sem er ekki hægt að veita í þeim margra klukkustunda löngu ræðum sem hér hafa staðið yfir.

Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem fjallaði fyrst og fremst um auðlindaskýrsluna og það var vel. En af því að hún talar um að það sé sátt um meðferðina en áfram efnislegur ágreiningur um málið og pólitískur ágreiningur, sem mér skilst að snúist um meðferð málsins í sjálfu sér, þá velti ég því fyrir mér hvar efnislegi ágreiningurinn liggur. Ég heyri nefnilega ekki annað á mönnum hér, bæði á hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og á hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur hér áðan, en að þeir lýsi yfir mikilli ánægju með þau lög sem við höfum búið við frá 1923 og þá lögskipan sem við ákváðum þá. Í pólitískum áróðri halda menn því svo fram í stjórnarandstöðu að við ætlum að einkavæða vatnið og við séum að takmarka aðgang fólks að vatni o.s.frv. En hvernig getur þetta tvennt farið saman, annars vegar þessi mikla ánægja með lögin sem eru í gildi, og hafa gilt frá 1923, og síðan hin efnislega andstaða við þetta frumvarp?

Bein spurning mín til hv. ræðumanns er: Hvaða takmörk eru eignarréttinum sett í lögunum eins og þau eru? Hvaða takmörk eignarráða fasteignareiganda yfir vatni eru sett í lögunum eins og þau eru og hvaða frekari takmörk eru sett með þessu frumvarpi? Það er efnislegi ágreiningurinn í þessu máli og það er ekki nokkur leið að öðlast fullan skilning á því hvert stjórnarandstaðan, hv. þingmaður og ýmsir aðrir, eru að fara.

[13:09]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hinn pólitíski ágreiningur, efniságreiningur, í þessu máli lýtur að 1. gr. þessa frumvarps, lýtur að ýmsum skilgreiningum sem eru í 3. gr., lýtur að 4. gr., sem ber yfirskriftina Eignarréttur að vatni, og ég taldi mig hafa farið vel yfir það áðan að við teldum að það væri á því munur hvort eignarréttindi, sem fylgja auðvitað nýtingarrétti, væru skilgreind með jákvæðum eða neikvæðum hætti. Ég taldi mig hafa farið yfir það að okkur fyndist ástæða til þess að vatn hefði þarna nokkra sérstöðu og það yrði haldið í þá skilgreiningu sem er í núgildandi lögum og sem er í samræmi við það sem mér sýnist vera í norrænum rétti líka.

Nú erum við ekki þeirrar gerðar hér á þingi að við sjáum mjög langt inn í framtíðina og hvaða nýtingarmöguleikar kunna að koma upp í framtíðinni sem tengjast vatni. Þeir geta verið ýmsir og við teljum varhugavert að setja inn þessa skilgreiningu á eignarréttindum, þ.e. að þau séu almenn og það eitt þrengi eignarréttinn sem sérstaklega er til-

tekið í þá veru. Við teljum að það sé varhugavert að skilgreina eignarréttindin með þeim hætti í vatnalögunum og við viljum halda okkur við þá jákvæðu skilgreiningu sem er í núgildandi lögum.

[13:10]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Í ljósi allra stóru orðanna frá Samfylkingunni í þessu máli, um að við ætlum að einkavæða vatnið, um að við séum að takmarka rétt almennings að vatni, þá verð ég að segja, frú forseti, að þetta er eitt rýrasta svar sem ég hef heyrt við jafnskýrri spurningu. Við héldum að á því væri munur, sagði hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ég hélt ekki að á því væri munur en þeir sem segja að enginn munur sé á eru ekki dómstólarnir, þeir eiga ekki að ákveða neitt en þeir hafa túlkað lögin þannig frá upphafi að það sé enginn munur á og fræðimenn hafa haldið því fram allar götur síðan að það sé enginn munur á. Þetta er kannski ekki spurningin um hvað maður heldur. Í góðri trú taldi ég með stuðningi mínum við þetta frumvarp að ég væri ekki að breyta þeirri lögskipan sem hefur gilt síðan 1923, sem hv. þingmaður var að enda við að lýsa ánægju með. Og það að geta ekki séð inn í framtíðina. Ég er sammála því. (Forseti hringir.) Þess vegna er ekki hægt að telja réttindin tæmandi upp.

[13:12]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þarna liggur einmitt hundurinn grafinn í þessum síðustu orðum þingmannsins áður en hún fór úr pontu. Við getum við ekki séð inn í framtíðina og þess vegna getum við ekki talið tæmandi upp í hverju eignarréttindin eiga að felast og nýtingarréttindin. Nákvæmlega þarna liggur hundurinn grafinn. Ég vil að við höfum þá varúð á okkur, þegar við umgöngumst þessa auðlind sem vatnið er, að við setjum þetta inn eins og það er núna. Þá erum við ekki að breyta réttarstöðu manna í því sambandi en síðan getur löggjafinn, ef honum sýnist svo í framtíðinni, ívilnað fasteignareigendum frekar með því að skilgreina hver hinn nýi réttur þeirra er. Ef það koma hins vegar upp nýtingarmöguleikar í framtíðinni á vatni og almannavaldið telur mikilvægt að takmarka þá, þá þarf, verði frumvarpið að lögum, að fara í það að vera með íþyngjandi aðgerðir til að tryggja almannahagsmuni. Þarna liggur hundurinn grafinn, virðulegur forseti og ágæti þingmaður.

[13:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér var spurt: Er verið að einkavæða vatnið? Mitt svar er: Já. Það er verið að búa í haginn fyrir einkavæðingu á vatni. Þetta frumvarp er hins vegar aðeins þráður eða þræðir í miklu stærra mynstri sem verið er að leggja upp.

Á undanförnum árum hefur farið fram endurskoðun á hinum mikla vatnalagabálki frá 1923 og menn hafa verið að taka á ýmsum þáttum þeirra laga. Það var gert með lagabreytingu árið 1998 í svokölluðum auðlindalögum, það var gert í lagabreytingu á vatnsveitum og fleiri lög mætti tína til, og svo að sjálfsögðu þessi grunnlög.

Finnur Ingólfsson, þáv. hæstv. iðnaðarráðherra, sagði við umræður á Alþingi um auðlindalöggjöfina árið 1998, þegar hann hafði framsögu um stjórnarfrumvarp um það efni, að forsenda þess að hagnýta mætti vatn sem verðmæti, sem auðlind, væri að kveða skýrt á um eignarrétt á vatni. Hann sagði að sú löggjöf sem þá væri til umfjöllunar miðaði einmitt að þessu. Þá tókust menn á um þessi grundvallaratriði, hvaða reglur hafi gilt á Íslandi í gegnum aldirnar. Annars vegar voru þeir, eins og fyrrv. hæstv. iðnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson, sem sögðu að Íslendingar hefðu byggt á eignarrétti frá fornu fari. Aðrir sögðu að slíkt væri fásinna, um væri að ræða hagnýtingarrétt, nýtingarrétt, og það tæki reyndar til fleiri hlunninda en vatnsins eins. Menn vísuðu til réttinda sjávarjarða og ábúenda þeirra og menn vísuðu í heitt vatn og kalt, hvernig menn nýttu lindirnar og hverina og hvernig það hefur verið gert í gegnum aldirnar. Við annað tækifæri hef ég rakið þessa umræðu, þær upplýsingar og þau sjónarmið sem þar komu fram.

Í lögunum frá 1923 kveður við það grunnstef að enginn eigi vatnið, menn hafi hins vegar hagnýtingarréttindi á vatni og það er kveðið á um það á jákvæðan hátt eins og kallað er á lagamáli. Þar er tilgreint með jákvæðum hætti, pósitífum hætti hver hagnýtingarrétturinn sé á hvaða sviði. Það sem verið er að gera með þeim lögum sem hér um ræðir er að snúa þessum hagnýtingarrétti yfir í séreignarrétt. Það er grundvallarbreytingin sem felst í þessu lagafrumvarpi og grundvallarrétturinn er skilgreindur á það sem lagatæknimenn kalla neikvæðan hátt. Þú átt vatnið nema í tilteknum tilvikum sem kveðið er á um í lögunum. Þetta er grundvallarbreyting sem þarna er að verða á.

Síðan koma menn og eru réttilega titlaðir sem lögfræðingar, kennarar og prófessorar (**Gripið fram í:** Auðvitað.) og kveða upp úr um hvað sé rétt og rangt í þessum efnum. En það gleymist þegar þeir eru kynntir til sögunnar í fjölmiðlum að láta þess getið að þar eru á ferðinni verktakar á vegum ríkisstjórnarinnar, höfundar frumvarpsins sem eru að verja þetta afkvæmi sitt og verja þá vinnu sem þeir voru keyptir til af ríkisstjórninni, að smíða þetta frumvarp og verja það. Það gleymist að kynna þá til sögunnar sem slíka. Það gleymist að nefna að þeir sem tjá sig eru núverandi og fyrrverandi hægri hendur ráðherra í ríkisstjórninni, ráðuneytisstjórar í iðnaðarráðuneyti. Það gleymist að geta þessa. (**SKK:** Þessi grein var skrifuð löngu áður, 1994 ...) Fróðleg ræða sem við heyrum hér frá hv. þm. Sigurði Kára. Það væri gaman að heyra nánar um þetta á eftir eða við umræðuna á morgun en þetta, hæstv. forseti, er sú grundvallarbreyting sem verið er að gera á þessum lögum. Enda segir skýrt um það: „Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, ...“ Þannig hljóða upphafsorð þessa frumvarps. Síðan segja menn að aðeins sé verið að breyta lögunum að forminu til, ekki innihaldi laganna. Mér finnst þetta ekki vera sannfærandi rökstuðningur. Þegar hagnýtingarrétti er breytt í séreignarrétt á þann hátt að jákvæðum lögum er snúið upp í neikvæðar skilgreiningar. Þú átt vatnið nema í þessu og hinu tilvikinu.

Síðan gerist það við umræðuna og þá sérstaklega í fjölmiðlum að ráðherrar koma fram og segja að í reynd sé verið að laga þessi lög að dómum Hæstaréttar frá fyrri tíð. Þegar menn eru spurðir, þar á meðal hæstv. forsætisráð-

herra hvaða dóma hann eigi við, þá verður heldur fátt um svör og vísað aftur á lögfræðinga og hægri hendur, þ.e. verktakana, til að verja málið. En ég er sammála því viðhorfi sem hér kom fram m.a. frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að við megum ekki gleyma því að hér er það löggjafinn sem setur lögin. En það er að færast í vöxt á seinni tíð, ekki bara á Íslandi heldur í grannlöndum okkar einnig, t.d. í Evrópusambandinu, að dómstólar eru að færa sig upp á skaftið sem lagatúlkendur. Það eru þeir sem þróa lögin áfram. Þetta er að gerast í Evrópulöggjöf t.d. og þá gerist það þannig að það eru sett almenn grunnlög og síðan koma takmarkanir og skilyrði sem dómstólunum er látið eftir að túlka. Þetta eru m.a. átökin um þjónustutilskipun Evrópusambandsins.

Frjálshyggjumenn hrósuðu sigri eftir atkvæðagreiðsluna í Evrópuþinginu í síðasta mánuði vegna þess að þeir bentu á grunnreglurnar sem settar voru um markaðsvæðingu viðskiptanna. Félagshyggjumenn og verkalýðshreyfing reyndu að hugga sig við skilyrðin sem sett voru í samþykktirnar um beitingu grunnreglunnar vitandi vits að dómstólarnir væru líklegir til að túlka þeirra málstað í hag.

Ég vildi, hæstv. forseti, halda þessum grunnsjónarmiðum til haga að við erum með þessum lögum að takast á við grundvallarágreining, um grundvallarviðhorf til eignarréttar á almannagæðum og það er fróðlegt að horfa til þessarar umræðu í gegnum áratugina. Þá ekki síst til þeirrar miklu umræðu sem fram fór á fyrri hluta árs 1999 um auðlindalögin að þá var kveðið skýrt á um það af hálfu þeirra sem gagnrýndu auðlindalöggjöfina að þeir væru ekki að takmarka rétt bænda til nýtingar vatnsins á bújörðum þeirra. Málið snerist um allt annað og miklu meira. Það var verið að fjalla þar um vatn og gufu í jörðu, hversu langt eignarrétturinn ætti að ná niður í jörðina en það var sérstaklega kveðið á um það og tekið fram af hálfu gagnrýnenda að menn væru ekki að ráðast á almennan og sjálfsagðan rétt bænda til að nýta sér vatnið á jörðum sínum. En við lifum í allt öðrum heimi núna en menn gerðu á öndverðri 20. öldinni og reyndar allri 20. öldinni að því leyti að nú er nú er farið að takast á um einkavæðingu á vatninu og nýtingu þess sem verslunarvöru. Við sjáum það vera að gerast um heim allan að stórir auðhringar ásælast vatnið til að nýta það í hagnaðarskyni og það er réttur af allt öðrum toga en hinn sem menn horfðu til fyrr á tíð og við gerum að sjálfsögðu enn þegar kemur að nýtingu bænda á vatni á jörðum sínum.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni. Ég mun aftur kveðja mér hljóðs í 3. umr. um málið án þess þó að fara mjög ítarlega í efnisþætti frumvarpsins en ég ítreka það sem ég sagði fyrr í dag að það er árangur sem ber að fagna að gildistaka laganna verður ekki í vor eins og stefnt var að af hálfu stjórnarmeirihlutans heldur er henni skotið á frest til 1. nóvember ársins 2007, hálfu ári eftir næstu alþingiskosningar. Þá verður spurt um vatnið og þá verður kosið um vatnið. Ég ítreka þann ásetning Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að komumst við í Stjórnarráðið og fáum við nokkru um það ráðið þá koma þessi vatnalög aldrei til framkvæmda. Þau munu aldrei koma til framkvæmda. Þau munu hafa verið lagafrumvarp, óvinsælt lagafrumvarp sem aldrei varð að lögum í framkvæmd.

[13:27]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sé mig tilneyddan til að gera athugasemdir við ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Ég bar þá von í brjósti nú þegar stjórnarandstaðan hefur fellt niður það málþóf sem staðið hefur á aðra viku að þá mundu menn fara að nálgast þetta mál málefnalega en hluti af þeirri ræðu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hélt hér var það ekki, að mínu mati. Hann er enn við sama heygarðshornið, hv. þingmaður, og telur að í þessu frumvarpi felist einkavæðing á vatni. Hann hefur ekki frekar en aðrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar getað fært rök fyrir því hvers vegna svo er en við stjórnarliðar höfum haldið því fram að hér sé ekki um neina efnisbreytingu á eignarráðum fasteignaeigenda yfir vatni frá því sem verið hefur síðan vatnalögin frá 1923 voru sett.

Hv. þingmaður nefnir að við höfum fengið á fund lögfræðinga okkar sem hann kallar verktaka á vegum ríkisstjórnarinnar. Það vill samt sem áður þannig til að hér eru á ferðinni virtir fræðimenn á þessu sviði en við skulum þá líta fram hjá þeim. Við skulum þá vitna til þess sem aðrir sem eru ótengdir ríkisstjórninni hafa sagt. Ég vísa t.d. til þess sem kemur fram í umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í ítarlegri útlistun frumvarpshöfunda er hér ekki um efnisbreytingu að ræða á inntaki eignarráða fasteignareiganda heldur formbreytingu.“

Í fréttum Ríkisútvarpsins í gær var birt viðtal við Guðrúnu Gauksdóttur sem er doktor í eignarrétti og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og í fréttinni sagði doktorinn, með leyfi forseta: „... hafa engar eðlisbreytingar í för með sér á vatnalögum verði það samþykkt.“

Ég vildi koma þessu á framfæri, virðulegi forseti, vegna þess sem hér kom fram í upphafi ræðu hv. þingmanns.

[13:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst um lögfræðingana. Ég er einfaldlega ósammála þessum lögfræðingum. Við erum löggjafarsamkunda sem er að taka afstöðu til þessa máls á pólitískum forsendum. Við höfum að sjálfsögðu hliðsjón af álitsgerðum ýmissa hagsmunaaðila og álitsgjafa, lögfræðinga sem upp til hópa hafa komið að málinu á vegum ríkisstjórnarinnar, þeir sem samið hafa lögin. Það eru einkum þeir sem hafa verið að tjá sig. Það eru fleiri sem hafa gert það að sönnu. Ég er ósammála þessum aðilum og ég tel rétt að færa rök fyrir mínu máli.

Hvað varðar einkavæðingu á vatni og hvort þetta þetta frumvarp sé einkavæðing á vatni, þá tel ég þetta vera þráð eða þræði, eins og ég orðaði það, í stærra mynstri sem gengur út á að búa í haginn fyrir einkavæðingu á vatni. Ég vísaði til ummæla fyrrum hæstv. iðnaðarráðherra sem sagði við annað tækifæri, en skylt, að til þess að geta nýtt vatnið yrði að kveða skýrt á um eignarréttinn á vatninu. Með þessu frumvarpi er reynt að kveða skýrar á um eignarrétt á vatni en áður var. Sumir segja að það sé verið að aðlaga það dómum sem kveðnir hafa verið upp og segja jafnvel að það sé engin innihaldsbreyting. Mér finnst felast innihaldsbreyting í þessu. Ég hef ekki sannfærst af rökum um annað.

[13:31]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þá er þetta komið fram. Hv. þingmaður er ósammála því sem lögfræðingar hafa sagt þegar þeir hafa túlkað inntak núgildandi vatnalaga. Þeir hafa verið sammála frá því að sú túlkun hófst frá árinu 1923 og hv. þingmaður getur ekki fundið einn einasta lögfræðing á Íslandi sem tekur undir túlkun hans nema þá ef vera skyldi hv. þingmaður Lúðvík Bergvinsson. Það segir ýmislegt um þann málflutning sem hér hefur farið fram. Hv. þingmaður gerir réttarsöguna og almenn sannindi í lögfræði um eignarrétt og vatnsréttindi að engu. Það er hans mál.

Sú umræða sem hv. þingmaður hefur haldið á lofti er lögfræðileg en vilji hann taka upp pólitíska umræðu um það hvernig lögin eigi að vera, það hefur hann ekki gert í þessari umræðu, þá skal ég taka þann slag.

[13:33]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef margoft lýst því hvaða markmið menn eigi að setja sér við endurskoðun laganna frá 1923. Ég tel að það eigi að losa um þau einkaréttarákvæði sem þar er að finna. Þau ákvæði er fyrst og fremst að finna í nýtingarrétti og ég tel að þau séu of sterk enda urðu þau sjónarmið of rík að mínu mati í lögunum frá 1923. Ég hefði viljað að meirihlutaálit fossanefndarinnar hefði verið meira ráðandi í lögunum og ef við viljum svara kalli tímans, dagsins í dag, þá förum við þá leið. Þá aukum við almannaréttinn en drögum úr einkaeignarréttinum. Það eru þau markmið sem ég vil setja mér við endurskoðun þessara laga. En ég lít svo á að með þessum lögum sé verið að festa einkaeignarrétt í sessi.

[13:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir hreinskilnina. Hann talaði mjög skýrt í þessu andsvari og það liggur þá fyrir nema af því að nú er samstaða milli stjórnarandstöðunnar að þeir eru hér að tala, þ.e. hv. stjórnarandstaða, um að þjóðnýta vatnið, losa um þau eignarréttindi sem eru til staðar. Það gat ekki verið neitt skýrara. Þetta er auðvitað mikil frétt fyrir þá aðila sem eiga land (**KÓ:** Hvar eru fréttamennirnir?) til sjávar og sveita, því hér kom þetta skýrt fram og ég tek undir með hv. þingmanni sem talaði úti í sal: Hvar eru fréttamennirnir? Nú vitum við út á hvað þetta mál gengur hreint og klárt.

Að vísu er það þannig að það er ríkið og sveitarfélögin sem eiga kannski stærstan hluta, ekki allt saman en langstærsta hlutann af vatninu og við sem höfum starfað að þjóðmálum þekkjum að þannig er þeim málum fyrir komið. Ég var með nokkrar spurningar sem ég ætlaði að hafa í ræðunni en ég veit ekki hvað maður á að koma með eftir þetta annað en þakklæti fyrir hreinskilnina og það er gott að vita af því að hér sé hv. stjórnarandstöðuþingmaður sem tali svona skýrt því þetta hefur verið mjög loðið. Menn hafa átt erfitt með að átta sig á út á hvað þetta gengi því það liggur alveg fyrir að það er ekki breyting á eignarréttindunum miðað við frumvarpið sem er til staðar frá 1923. Það liggur alveg hreint og klárt fyrir. En hér kemur loksins stjórnarandstöðuþingmaður sem segir bara hreint og klárt: Ég vil þjóðnýta þetta. Þess vegna er ég á móti þessu og það hefur verið alger samstaða meðal stjórnarandstöðunnar og þetta er frétt dagsins. Stjórnarandstaðan vill þjóðnýta vatnið.

[13:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var svolítið kostuleg ræða. En þetta er nokkuð sem ég er búinn að segja margoft við þessa umræðu. Mér finnst svolítið kostulegt að hlusta á þessar ræður þingmanna Sjálfstæðisflokksins þar sem þeir taka bakföll yfir þeirri yfirlýsingu frá mér að ég telji að þjóðin eigi vatnið á Íslandi, það eigi enginn einstaklingur vatnið, það sé þjóðin sem eigi vatnið. Þar með erum við að svara kalli tímans. Þetta eru menn að segja um allan heim. Þetta er grunntónninn í yfirlýsingum Sameinuðu þjóðanna, verkalýðssamtaka og almannasamtaka sem horfa upp á að í síauknum mæli er verið að gera drykkjarvatnið og neysluvatnið að verslunarvöru þar sem fyrirtæki og auðhringar eru að hagnast á sölu þess. Þetta er grundvallarbarátta sem er háð í heiminum. Á að skilgreina vatnið sem mannréttindi og almenningur, þjóðin, hafi þar með rétt til vatnsins eða á að líta á vatnið sem hverja aðra verslunarvöru? Út á þetta ganga þessi átök.

Ég er ánægður með það, hæstv. forseti, ef ég hef getað *glatt hv. þingmann með því að lýsa þessu yfir. Ég skal gera* það aftur og ítrekað ef þess er óskað en ég er búinn að segja þetta margoft við þessa umræðu.

[13:38]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held áfram að þakka hv. þingmann fyrir glaðninginn. Það sem ég kann hins vegar illa við í málflutningi annars ágæta hv. þingmanns er að hér er verið að láta að því liggja að verið sé að taka réttindi fólks til að fá vatn frá því. Slíkur málflutningur þykir mér ekki hv. þingmanni sæmandi.

Ég vek athygli á því að í 15. gr. sem heitir „Forgangur að vatni" er nákvæmlega farið yfir það að almenningur hefur forgang að vatni miðað við þetta frumvarp og það var þannig í þeim lögum sem eru til staðar. Formaður Samfylkingarinnar gat ekki bent á hvaða takmarkanir og eignarréttindi á vatni eru í núgildandi lögum frá árinu 1923 enda talar sá stjórnmálamaður ekki skýrt. En sá sem hér var talaði skýrt fyrir hönd stjórnarandstöðunnar, býst ég við, um að það á að fara að þjóðnýta þau réttindi sem eru til staðar núna.

[13:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um það hvort eigi að taka réttindi fólks til vatnsins. Staðreyndin er sú að vatnið á Íslandi hefur gegnum aldirnar verið almannaeign. Það hefur enginn getað slegið eign sinni á vatnið. Það er hins vegar tekist á um það í heiminum í dag hvort eigi að heimila fyrirtækjum að gera vatnið að hverri annarri verslunarvöru. Til að bregðast við þessu hafa almannahreyfingar barist fyrir þeim sjónarmiðum sem ég er að lýsa hér og í löndum á borð við Holland og Úrúgvæ hafa verið sett lög og ákvæði í stjórnarskrá til

að vernda vatnsauðlindina frá einkageiranum (Forseti hringir.) sem vill gera hann að verslunarvöru í hagnaðarskyni þannig að ég er að tala í takt við almannavilja um heim allan.

[13:41]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur átt sér stað mikil umræða um vatnalögin undangengna daga og það má líkja þeirri umræðu við storm í vatnsglasi þar sem niðurstaðan er nánast engin. Menn hafa farið yfir þetta fram og til baka og eytt gríðarlegum tíma í umræðu um lögin en það hefur engin niðurstaða orðið nema þá kannski helst áðan og þá er talað um vatnaskil, þ.e. þegar vatnið rennur til sitt hvorrar handar ef svo má að orði komast. Þau urðu áðan þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði það hreinlega að hann vildi þjóðnýta vatnið. Það segir sig sjálft í raun og sannleika að sá flokkur, Vinstri grænir, þeir vilja ekki háeffa ríkisstofnanir, þeir vilja ekki selja fyrirtæki sem ríkið á, þeir vilja þjóðnýta allt hér á landi og þess vegna eru vatnaskilin í umræðunni milli hægri og vinstri aflanna í þessu þjóðfélagi, hvort við viljum fara þá leið að þjóðnýta fyrirtæki, auðlindir og annað sem er í þessu landi eða hafa um það lög þar sem hin frjálsu öfl fá að ráða ferðinni.

Ég hef eina spurningu til hv. þingmanns sem fær nú hvísl frá Samfylkingunni, aðstoð sér til svara og ekki veitir af. Það er búið að samhnýta þau öfl svo vel saman í þessari umræðu en mig langar að biðja hv. þingmann að skýra út hvað hann meinar raunverulega með einkavæðingu vatnsins. Við vitum hvað er einkavæðing fyrirtækja, en vatnsins, þessa efnis sem við þekkjum svo vel, hver er einkavæðingin? Þetta er þvílíkur útúrsnúningur að það er með ólíkindum. Við erum að tala um þjóðnýtingu, eins og hv. þingmaður hefur sagt. Það er það sem hann vill, bæði á ríkisfyrirtækjum og öðru.

[13:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að bjóða þingmenn Sjálfstæðisflokksins velkomna til þessarar umræðu. Það er gaman að heyra pínulítið í þeim við þessa mikilvægu umræðu og ég hef gaman af því að fylgjast með orðanotkun þeirra að við viljum þjóðnýta allt, þjóðnýta vatnið. Við viljum koma í veg fyrir að vatnið verði einkavætt og gert að verslunarvöru. Út á það gengur þessi deila. Það frumvarp sem við erum að ræða hér gengur út á að kveða skýrt á um eignarhald á vatni. Það segir í 1. gr. laganna að markmið þeirra sé skýrt eignarhald á vatni. Í 4. gr. segir að fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur og það er hægt að aðgreina fasteignina annars vegar og eignarréttinn yfir vatninu hins vegar, það segir annars staðar í þessum lögum. Og þegar hv. þingmaður höfðar til sögunnar og reynslunnar þá get ég sagt honum að í þeim löndum þar sem vatnið hefur verið einkavætt og þar sem fyrirtæki og auðhringar okra á almenningi og fyrirtækjum í skjóli einkaréttar á vatni þar vita menn mætavel hvað ég er að tala um. Þar þekkja menn staðreyndir málsins og þá mundu röksemdir, frammíköll og upphrópanir íhaldsmanna á Íslandi í þessari umræðu þykja hreint hlægilegar.

[13:45]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ljóst er að aðgangur almennings að vatni breytist ekkert við þessi lög. Það er öllum dagljóst. Ég fékk engin svör við því hvað hv. þingmaður á við með einkavæðingu vatns, sem er náttúrlega hrein þvæla í raun.

Mig langar að spyrja hv. þingmann, þar sem hann er þjóðnýtingarsinni eins og við þekkjum og höfum heyrt á Alþingi í dag: Vill hann þjóðnýta vatn sem sveitarfélög eiga? Mér finnst rétt að við fáum svör við því en sveitarfélögin eiga vatnsveitur og vatnsréttindi víða, bæði til orkuöflunar og sem drykkjarvatn. Vill hv. þingmaður að samfélagið eignist þau réttindi?

[13:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvort ég vilji að ríkið taki yfir Gvendarbrunna, nei, ég hef engan sérstakan áhuga á því. Ég lít á sveitarfélögin (**Gripið fram í:** Nú?) og ríkið ... (Gripið fram í.)

Mikið óskaplega er þetta ómálefnaleg umræða. En það er eitt fróðlegt við þetta. Kannski hefur verið ósanngjarnt af okkar hálfu, að beina sjónum okkar einkum að Framsóknarflokknum sem hefur vissulega staðið í fyrirsvari fyrir þessi frumvörp, að hafa ekki íhaldið með í umræðunni. En nú koma þeir, ungarnir undan ungamömmu og tjá sig, vitandi vits að umræðan er senn á enda. Þá koma þeir með innlegg af þessu tagi.

Aðeins eitt, hæstv. forseti. Að við viljum þjóðnýta allt. Slagurinn stendur um allt annað, hið gagnstæða. Við viljum koma í veg fyrir háeffvæðingu, hlutafélagavæðingu á Ríkisútvarpinu, á Flugmálastjórn, á Rarik, á hverri stofnuninni á fætur annarri sem kemur inn á borð Alþingis, á færibandi einkavæðingar á vegum ríkisstjórnarinnar.

[13:47]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég hef nú fyrri ræðu mína um þetta mál sem hefur verið til umræðu undanfarna daga. Ég bjóst við að a.m.k. yrði rætt um það næstu viku, miðað við áherslur okkar stjórnarandstöðuþingmanna. Við teljum að full ástæða sé til að veita viðspyrnu varðandi þetta frumvarp til vatnalaga. Í framhaldi af því að samkomulag náðist um málsmeðferð síðla kvölds í gær munum við reyna að stytta mál okkar og nefna það helsta í málinu sem ágreiningurinn stendur um og kannski fyrst og fremst hið pólitíska.

Afgreiðsla þessa máls snýst um tvennt. Það er í fyrsta lagi pólitík og í öðru lagi lögfræðileg, tæknileg atriði sem eru þarna á bak við en liggja fremur inn í framtíðina og eru í raun ástæðan fyrir því að svo mikið liggur á að samþykkja frumvarpið, þ.e. lagatæknileg atriði sem snúa að eignum manna og þá sérstaklega austur á landi, í framhaldi af þeim stórvirkjunum sem þar eru í gangi. En við látum það liggja milli hluta í bili.

Vatnalögin sem nú gilda hafa verið í gildi frá 1923. Eins og hér hefur margoft komið fram hefur sú löggjöf staðist tímans tönn og í raun er ótrúlegt hve framsýnir menn hafa

verið og hve vel þau lög hafa dugað. Þó kann að vera að kominn sé tími til að einfalda þann lagabálk þar sem vatnalög taka yfir alla þætti sem snúa að vatni og vatnsnýtingu, sem í dag eru komnir inn í fleiri lög. Ný vatnalög ættu því ekki að vera eins yfirgripsmikil og þau sem nú eru í gildi. Að hreinsa til í vatnalögunum og einfalda þau er tímabært.

Okkur greinir hins vegar á um hvort þörf sé á að breyta meginhugsuninni í vatnalögunum, um nýtingarrétt á vatni í 2. gr. núgildandi vatnalaga. En hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila."

Í 2. gr. er pólitíkin í málinu. Þessari grein er búið að breyta í 4. gr. í frumvarpinu. Þar er hún svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur. "

Þarna er búið að breyta nýtingarrétti í eignarrétt. Í frumvarpinu er ekki lengur talað um landareign, eins og við höfum vanist og tungu minni er tamast, að tala um landareign og svo fasteign sem byggingar. En hér nær fasteign bæði yfir byggingar og önnur mannvirki á landareignum, t.d. bænda. Þarna kemur fram pólitísk sýn okkar í stjórn og stjórnarandstöðu til þessa máls. Stjórnarliðar segja: Þetta er engin breyting, eins og hæstv. iðnaðarráðherra hefur margoft sagt. Hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafa síðan tekið undir það. Þeir telja að hægt sé að samþykkja þetta frumvarp því þetta sé engin efnisbreyting og eingöngu formbreyting. En ég met það ekki svo að þetta sé eingöngu formbreyting. Þetta frumvarp getur í framtíðinni leitt af sér meira en svo að eingöngu sé hægt að tala um það sem formbreytingu.

Hæstv. forseti. Ég tel eins og fleiri ekki tímabært að lögfesta þetta frumvarp til vatnalaga og að samhliða hefði átt að vinna að vatnsvernd samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins. Hér hefur margoft verið bent á að jafnframt eigi að vinna að frumvarpi til laga um rannsóknir á jarðlægum auðlindum. Frávísunartillagan sem fylgir nefndaráliti minni hluta iðnaðarnefndar stendur því enn, þrátt fyrir samkomulag sem hefur verið gert um vinnutilhögun á þingi. Efnisleg andstaða okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði stendur eftir sem áður óhögguð.

Það er rétt að í 1. gr. frumvarpsins koma markmiðin með því að breyta lögunum skýrt fram. Markmiðið er að styrkja eignarhaldsákvæðin. Það er gert á kostnað almannaréttar en markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og sjálfbær, hagkvæm nýting vatns. Þessi seinni hluti málsliðarins er svo, hæstv. forseti, ákaflega teygjanlegur og þyrfti að vera betur skilgreindur en kemur fram í lögunum. Það verður að bíða seinni tíma að fara yfir það.

Vísað hefur verið til þess að rétt sé að breyta núgildandi vatnalögum í þá mynd sem hér um ræðir með tilliti til dómaheðar, dóma sem fallið hafa á þessu rúmlega 80 ára tímabili, dóma sem hafa fallið á þann veg að talið er að eignarréttarákvæðin hafi styrkst. Nú er það svo, hæstv. forseti, að nýtingarrétturinn í núgildandi lögum er það sterkur hjá t.d. bændum, því að þeir hafa fram til þessa verið umsjónarmenn lands og jarðnæðis ásamt ríkinu með þjóðlendum. Þau mál eða þeir dómar sem fallið hafa tel ég, við getum kannski ekki kallað það smámál, en dómar í þannig málum hafa fallið þannig að nýtingarréttur viðkomandi hefur verið talinn jafngilda eignarrétti. Við höfum ekki staðið frammi fyrir málum af þeim toga sem við eigum í vændum, þegar framkvæmdir sem ráðist er í eru það inngripsmiklar og það stórar í sniðum að virkilega fari að reyna á nýtingareða eignarréttinn.

Þeim málum sem dæmt hefur verið í er ekki hægt að líkja við þau mál sem búast má við í framtíðinni, ef áfram verður staðið í stórframkvæmdum eins og verið hafa. Dómaheðin byggir á hverjum dómnum á fætur öðrum sem hefur inni í dómskerfinu styrkt eignarréttarákvæðin í dómaheðinni. Það hefur ekki breytt því að eftir sem áður, sem hefur alla tíð verið, er nýtingarréttur hvers landeiganda er sterkur. Hann hefur jafngilt eignarrétti í þeim dómum sem fallið hafa þótt ekki hafi verið í jafnstórum málum og fram undan eru. En það er mikill munur á því að vera rétthafi eða hafa nýtingarrétt og eiga rétt á bótum eða vera eigandi og eiga rétt á miklu hærri kröfum, þ.e. sé gert eignarnám eða réttindin keypt upp. Það yrði ekki greitt með bótum eins og gert er í dag heldur verður réttur bóndans eða landeigandans miklu meiri og eðli hans breytist.

Hæstv. forseti. Það hefur mikið verið vitnað til sérfræðiálita. Þau liggja m.a. frammi hjá álitum lögfræðinga á eignarréttarsviði. Ég tel að stjórnarliðar eða stjórnarþingmenn hafi vísað til sérfræðinga á allt of þröngu sviði. Þetta snýst um miklu meira en bara eignarréttinn. Það þarf að horfa til víðari þátta eins og almenningsréttar, umhverfisréttar og fleira. Í nefndaráliti minni hluta iðnaðarnefndar eru fjölmargar umsagnir sem ég veit að er búið að fara yfir og þarf því ekki að gera það núna. Þar kemur einmitt fram allt önnur sýn á þessi mál. Ég tel því ekki rétt að vísa eingöngu til lögfræðinga varðandi eignarréttinn. Ég tel líka rangt að þó að dómahefð hafi þróast í einhvern tíma í þá átt sem verið hefur þá eigi það að þýða að það verði að breyta grundvallarhugsun. Þetta er bara þannig. Það er alveg skýrt.

Annan þátt í frumvarpinu tel ég mjög ámælisverðan og hefur hann verið gagnrýndur mjög í umsögnum, þ.e. valdsvið Orkustofnunar sem er orðið mjög víðfeðmt. Það er alveg greinilegt að ef þetta verður að lögum þá er Orkustofnun ætlað hlutverk sem í dag fer langt út fyrir verksvið stofnunarinnar og í raun skarast á verksvið annarra stofnana, t.d. Umhverfisstofnunar. Ég tel að frumvarpið sé unnið þannig að nýtingarsjónarmið séu ofar verndarsjónarmiðum.

Nýtingarrétturinn í gildandi lögum er sterkur. Landeigendur fá bætur ef þeir verða fyrir skaða. En ef breytt er yfir í eignarrétt, eins og ég sagði, þarf að fara fram eignarnám sem verður að verðgildi hærra og meira en ef greiddar væru bætur. Einnig munu eignarákvæðin hafa áhrif á verðmæti lands og sölu eigna.

Hæstv. forseti. Mér finnst að við getum horft á þetta frumvarp eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gerði þegar hún líkti frumvarpinu við fiskveiðistjórnarkerfið okkar. Vatn er auðlind. Það held ég að við séum öll sammála um í hvaða flokki sem við erum og ég held að flest okkar átti sig á því að nú er talað um vatn sem olíu tuttugustu og

fyrstu aldar. Vatnið verður verðmætara eftir því sem tíminn líður og verður að öllum líkindum sú auðlind sem verður dýrmætari en olían hefur nokkurn tíma verið því það er mannréttindi og okkur öllum nauðsynlegt. Við lítum á hafið umhverfis landið og fiskstofnana sem auðlind. Við erum öll sammála um það. Við höfum sagt að hafið og fiskstofnarnir eigi að vera sameign þjóðarinnar. Það tel ég að vatnið eigi að vera líka nákvæmlega eins og hafið og þær auðlindir sem í því eru. Síðan kemur að því hvernig við ætlum að nýta þessa auðlind. Til að byrja með nýttum við auðlindina í kringum landið eftir því sem við höfðum tækifæri til, þ.e. með bátaflotanum og þáverandi tækni til veiða. Róið var þegar gaf til veiða. Þegar bátar stækkuðu var hægt að sækja meira sjóinn og menn áttuðu sig á því að fiskurinn var ekki ótæmandi auðlind þannig að nauðsynlegt var að reisa einhverjar skorður. Það var gert með því að úthluta kvóta í sameiginlega auðlind.

Síðan var lögum breytt þannig að hægt var að framselja kvótann í þessa sameiginlegu auðlind sem hver og einn hafði og selja og kaupa þessa sameiginlegu auðlind. Það er sem sé kominn eignarréttur á kvóta. Farin eru að tíðkast uppkaup á kvóta og uppkaup á auðlindinni. Ég tel þá þróun slæma sem við höfum horft upp á í fiskveiðistjórn hér við landið. Sameiginleg auðlind hefur færst á færri og færri hendur. Ákveðnir menn eiga orðið fiskinn í sjónum eða hafa selt kvóta sinn og þurfa því ekki að vinna það sem eftir er ævinnar, jafnvel hvorki börn þeirra né barnabörn, vegna gróðans af sölu kvótans úr hinni sameiginlegu auðlind. Svo gæti eins farið með vatnið af því að í þessu frumvarpi er dregið úr skyldu sveitarfélaganna til að reka vatnsveitur. Þeim ber ekki að reka vatnsveitur. Þau mega reka vatnsveitur. Það eru sem sé aðrir sem mega orðið reka vatnsveitur og eiga þá að gera það. Bændur og aðrir landeigendur eiga vatnið og vatnsréttindin. Það má sem sé versla með þau og selja réttindin eða landið og það er að gerast núna, hvort sem þetta frumvarp eða eitthvað annað hefur ýtt undir þá þróun, að menn hafa farið um allt og keypt jarðir. Í hvaða tilgangi? Það er ekki búið á þeim öllum. Þessi þróun er áberandi núna í landbúnaðinum nákvæmlega eins og í sjávarútveginum. Menn eru að kaupa jarðir vitandi að jarðirnar sem slíkar geta ekki annað en hækkað í verði. Jarðargæði og vatnið valda því að jarðirnar eru gullkista sem gera ekkert annað en hækka í verði. Svo gætu vatnsréttindin orðið framseljanleg auðlind rétt eins og fiskurinn í sjónum. Þetta er sú framtíð sem ég sé fyrir mér að muni leiða af þessu. Þegar talað er hér um einkavæðingu vatnsins þá er það vegna þess að þetta frumvarp ýtir frekar en nú er undir það að vatnið sem auðlind færist á færri hendur og að upp komi einkareknar veitur, félagsveitur, háeffveitur eða hvað það heitir, og að ekki verði lengur til staðar sú samfélagslega skylda sveitarfélaganna sem við höfum litið á sem sjálfsagða fram að þessu.

Það má alveg nefna dæmi sem er ekki langt frá okkur um sveitarfélag sem á vatnsveitu og land. Það á í fjárhagserfiðleikum rétt eins og mörg önnur sveitarfélög. Það hefur þurft að selja frá sér stofnanir sem sveitarfélaginu var sárt um og selja frá sér land eins og mörg sveitarfélög hafa þurft að gera bæði af fjárhagsástæðum og eins vegna pólitískra ákvarðana. En á því landi er vatnsveita og sem var og er í eigu sveitarfélagsins en stendur þar af leiðandi á landi sem einstaklingur á. Hvernig er með leigu á vatninu sem sveitarfélagið þarf að greiða? Það þurfti auðvitað ekki að greiða neina leigu meðan það átti landið. Síðan eignast einstaklingur þetta land. Þetta er bara dæmigert. Úti í sveit er greidd leiga fyrir vatnsréttindi. Þetta gera sveitarfélög. En ef þetta frumvarp verður að lögum og eignarrétturinn verður miklu sterkari en hann er í dag þá getur sá sem nú á landið sem gefur veitunni vatnið krafist mun hærri gjalda og leigu fyrir vatnsréttindin. Sveitarfélagið gæti því staðið frammi fyrir tvennu, þ.e. að kaupa aftur til sín landið og vatnið og þá á mun hærra verði en nokkurn tíma áður, því það er kominn annar verðmiði, eða sætta sig við mun hærri gjaldtöku fyrir vatnið. Þar af leiðandi hækkar vatnsskattur íbúanna í þessu sveitarfélagi sem og öðrum. Þetta er hluti af þessu ferli. Það er nefnilega munur á nýtingarrétti og eignarrétti þegar kemur að þessu.

Vatn er mannréttindi. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin er að reyna að vinna að því með mjög öflugum hætti út um allan heim að snúa til baka þróun einkavæðingar á rekstri vatnsins yfir í það að koma því aftur í almenningsveitur þannig að hinir fátækari og fátækari lönd, ekki bara einstaklingar heldur fátækari lönd, fái betri og meiri aðgang að vatni en þeir hafa nú. Það er mikil lífsreynsla að lesa um hver þróunin hefur verið í mörgum heimsálfum þar sem einkavæðing vatns hefur náð fótfestu og náð heljartaki á borgum, á þjóðum og hefur í raun fjöregg þessara þjóða í hendi sér. Þetta er dapurleg saga sem ég hvet flesta og alla til að kynna sér. Þetta hefur bara verið svo órafjarri okkur. En þróun hér í þjóðfélaginu á undanförnum árum hefur verið á þá leið að markaðshugtakið og hugmyndirnar hafa alltaf verið að styrkjast og krafan um sölu ríkisfyrirtækja og einkavæðingu á öllum sviðum hefur styrkst og sú vinna er í gangi í mörgum fyrirtækjum. Ríkisútvarpið er í vinnslu hjá okkur í dag og síðan er það Rarik og það er fleira þannig að þessi þróun er mjög hröð. Þetta miklu nær okkur heldur en var fyrir fáum árum síðan. Einhvern veginn var þetta bara úti í heimi og ekkert að koma til okkar.

Nú er ég ekki að gera því skóna, hæstv. forseti, að við munum standa frammi fyrir jafnmiklum vandamálum og þau lönd sem hafa verið svo fátæk að þau bókstaflega af fátækt og vankunnáttu og vanmætti hafa misst vatnsréttindi sín til stórra fyrirtækja sem eru auðvitað í þessum iðnaði til að hafa af því tekjur og mikinn gróða. Það er svo augljóst þegar maður veit hvernig framtíð fyrirtækja í vatnsiðnaðinum verður. Olíufyrirtækin munu í framtíðinni í æ ríkari mæli að snúa sér frá vinnslu, dreifingu og umsýslu með olíu yfir í að vera með þjónustu eða umsýslu í vatni. Ég man eftir stuttri blaðagrein eða viðtali við þann sem hefur verið kallaður Óli í Olís. Hann var að selja fyrirtæki sitt og ætlaði að skella sér í vatnsbúskapinn eða vatnið, hvað sem hann meinti með því. Ég er ekki með þessa grein fyrir framan mig, hæstv. forseti. En ég man eftir að hafa lesið þetta og hugsað: Jæja, er þetta nú litli puttinn og vísirinn að því sem við erum að fylgjast með, þ.e. sú einskæra tilviljun að fara úr olíunni í vatnið. Ég tel, eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, að við búum við það sterkt þjóðfélag að við förum aldrei jafnilla út úr þessu og hinar fátækari þjóðir. En þessi þróun er í gangi og þetta frumvarp auðveldar og flýtir fyrir

þessari þróun. Það er alveg augljóst.

Hvað varðar stöðu bænda þá nefndi ég áðan að með frumvarpinu er eignarréttur þeirra gerður enn skýrari. Í núgildandi lögum eru þeim tryggðar bætur ef einhver röskun verður á landi þeirra vegna framkvæmda eða jafnvel af völdum náttúrunnar en í frumvarpinu eru það ekki bætur heldur standa þeir miklu sterkar. Ég get í sjálfu sér vel sett mig í spor lögfræðinga og dómara. Það er auðvitað miklu einfaldara að fjalla um mál þar sem er hreinn eignarréttur en ekki nýtingarréttur. Það er miklu einfaldara og miklu skýrara en það er ekki þar með sagt að við viljum hafa það þannig. Það er málið.

Mér finnst bændur þurfa að vera mjög vel á verði varðandi búskap sinn því fyrir utan vatn til eigin nota, til heimilishalds og brýnna þarfa, er eingöngu nefndur kvikfjárbúskapur en það eru vitaskuld miklu fleiri greinar sem bændur leggja stund á í dag og þyrfti að vera vel á verði gagnvart þeim.

Varðandi þann lagatæknilega flókna kafla sem stendur á bak við þetta, en fram kom í máli höfundar þessa frumvarps, Karls Axelssonar, að fram undan væru mjög flókin úrlausnarefni vegna Kárahnjúkavirkjunar, og ummæli hv. þm. Péturs H. Blöndals um að búið væri að klára Kárahnjúkavirkjun, um hana væru sérstök lög, þá er það alveg rétt að framkvæmdir við Kárahnjúka, aðrennslisgöng og önnur mannvirki, eru vel á veg komnar, en Jökla rennur enn þá í farvegi sínum og á meðan hún gerir það kemur ekki upp krafa um skaðabætur, hvorki frá bændum á Jökuldal sem munu missa Jöklu, jökulvatnið frá sér, né frá bændum sem búa við Lagarfljótið sem munu að öllum líkindum verða fyrir þungum búsifjum vegna hækkaðs vatnsborðs eða annars skaða sem helmingi meira vatn í fljótinu getur valdið. Það kemur ekki til þessara flóknu úrlausnarefna fyrr en að fljótaflutningunum kemur. Og þar sem ekkert er nefnt í lögum um Kárahnjúkavirkjun hvernig fara eigi með þetta mál þá verður það náttúrlega stórt þegar þar að kemur. Á bak við það eru flókin úrlausnarefni fyrir lögfræðinga og ég skil mætavel að þeir sem fara með eignarréttarmál og dómarar telji auðveldara að hafa um þetta hreint og klárt eignarréttarákvæði. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum ekki sammála því.

Hæstv. forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tilefni lögtöku nýrra vatnalaga og það sem hæstv. iðnaðarráðherra las hér upp, að fallist hefur verið á það við afgreiðslu málsins að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2007 og fram að þeim tíma verði þau ásamt öðrum lögum sem snúa að vatni og vatnsnotkun, nýtingu þess og vernd, skoðuð í samhengi, tel ég vera, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi, mikilvægt fóður inn í næstu alþingiskosningar og í þá vinnu sem fram undan er næsta vetur að geta unnið áfram með þetta mál og það verði ekki lögfest á þessu vorþingi.

[14:21]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Flokkur hv. þm. Þuríðar Backman hefur á liðnum dögum og liðnum vikum afflutt efni þessa frumvarps og haldið á lofti slíkum rangfærslum að það er ekki sitjandi undir þeim, m.a. eins og þeim að ætlun stjórnarliða í þinginu sé sú að einkavæða vatnið og tálma aðgang almennings að vatni. Þess vegna hljótum við að hlusta mjög grannt loksins þegar menn eru farnir að ræða efni málsins og hættir að eyða tíma og tálma störf þingsins með þeirri framkomu sem verið hefur, þá hljótum við að hlusta mjög eftir því hver vilji þeirra er. Þess vegna hlustaði ég mjög grannt á ræðu hv. þm. Þuríðar Backman og er akkúrat engu nær því það vill svo til að þegar gömlu lögin voru sett þá var það Alþingi sem ákvað þetta. Allar götur síðan hafa dómar og fræðimenn verið að túlka og skýra þessi lög og m.a. leitað löggjafarviljanum. Niðurstaðan var sú að það væri einkaeignarréttur jarðeigenda, landeigenda, á vatni á jörðum sínum og til allrar nýtingar.

Nú kom það í ljós fyrr í dag að a.m.k. Vinstri grænir — ég veit ekki með aðra í stjórnarandstöðunni, það á vonandi eftir að koma í ljós — vilja þjóðnýta vatnið, sem segir mér að hv. þm. Þuríður Backman og flokksmenn hennar vilja svipta bændur landsins eignarrétti sínum á vatni. (**JBjarn:** Þetta er ómálefnalegt hjá þér.) Nei, þetta er einmitt kjarni málsins og nú langar mig að spyrja hv. þingmann: Hvaða takmarkanir voru á rétti bænda eins og lögin hafa gilt síðan 1923, fullum einkarétti þeirra?

[14:24]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki von að hv. þm. Jónína Bjartmarz skilji málflutning okkar og alls ekki okkar í Vinstri grænum þegar ég get alls ekki skilið spurningu hennar eftir allt sem hér hefur verið sagt. Ég kalla það í hæsta máta útúrsnúning. Enginn sem ég hef hlustað á hefur sagt að það sé ætlun stjórnarliða að einkavæða, að það sé ætlunin. (**Gripið fram í:** Nú?) En þetta frumvarp mun hjálpa til við að fara í einkavæðingu á vatninu og samkvæmt stjórnaráherslum ríkisstjórnarinnar og stjórnarliða þá er það á stefnuskrá þeirra. Það stendur hvergi í þessu frumvarpi að það eigi að einkavæða en þetta mun leiða til frekari einkavæðingar og eins og segir í breytingartillögunni verður það ekki lengur hlutverk eða skylda sveitarfélaga að sjá um vatnsveitur þar sem það verður annarra, og hverra þá? Það er einkavæðing hérna á bak við.

Það hefur enginn nefnt í þessari umræðu að það eigi að hindra almenning í aðgengi að vatni. Það er nýtingarrétturinn sem við viljum halda í. Það er eðlismunur á nýtingarrétti og eignarrétti. Þetta stendur þarna. Það er bara málið. Það er mikill munur á því að eiga hlutinn eða hafa heimild til að nýta hann, horfum bara á fiskveiðistjórnarkerfið frá því að heimilt var að nýta auðlindina og fram til þess að eiga kvótann, selja hann og framselja hann.

[14:26]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum svona ... (Gripið fram í.) Mætti ég biðja hv. þm. Jón Bjarnason að tefja ekki tímann sem ég hef hérna í ræðustól og halda sig aðeins til hlés. (Gripið fram í.) Það er ánægjulegt, frú forseti, að nú dregur fulltrúi Vinstri grænna í land með að það sé ætlun okkar að einkavæða vatn, en hins vegar hélt hv. þingmaður því fram áðan að við værum að styrkja eignarréttinn. Ég hef ekki fengið neina skýringu á því vegna þess að allar götur frá 1923 hafa

fræðimenn og dómar túlkað vatnalögin þannig að þeim rétti væru engar skorður settar. Landeigendur hefðu full einkaeignarráð á þessari nýtingu á jörðum sínum. Svo heldur hv. þingmaður því fram að þetta frumvarp styrki eignarréttinn á kostnað almannaréttar. Þetta er mergurinn málsins. Menn geta reynt að tala út og suður úr þessum stól, um fiskveiðistjórnarmálin og alls konar hluti, en deilan hefur staðið um þetta í umræðunni með upphrópunum um illar ætlanir ríkisstjórnarinnar og stjórnarliðanna. Svo þegar allt kemur til alls geta menn ekki fært ein einustu rök fyrir því hverju þeir eru að halda fram. Ég hvet hv. þingmann til að færa einhver rök fyrir þessum staðhæfingum sínum. Hún er búin að draga í land með að það sé ætlun okkar að einkavæða vatnið, sem þingflokksformaður Vinstri grænna gerir þó ítrekað. Hvernig á þetta að verða á kostnað almannaréttarins? Ég bendi á ákvæðin sérstöku sem tryggja almannaréttinn.

[14:27]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef hugsanlega ekki talað nógu skýrt áðan, það má það vel vera, ég man ekki nákvæmlega hvernig ég orðaði það, en stjórnarliðar hafa aldrei sagt að þeir ætli að einkavæða, það var það sem ég meinti. En það sem er þetta frumvarpi gerir er að það opnar fyrir einkavæðingu. Síðan horfum við á gjörðir og stefnuskrá ríkisstjórnarinnar sem er að einkavæða. Hv. þingmenn ríkisstjórnarinnar hafa aldrei komið fram og sagst ætla að einkavæða, þeir hafa þeir aldrei gert það, en frumvarpið ýtir undir það, hjálpar til við það og stefna ríkisstjórnarinnar í svo mörgum málum hvað varðar ríkisstofnanir og almannaþjónustustofnanir er í þá átt að hlutafélagavæða eða einkavæða fyrirtækin. Maður dregur því þessa ályktun. En hv. þingmenn ríkisstjórnarinnar hafa aldrei komið og sagt: Við ætlum að einkavæða. Það er alveg rétt. Þeir hafa aldrei gert það. En hvernig á maður að álykta annað þegar verið er að færa þetta í þann búning að það sé auðveldara að gera það.

Varðandi túlkun á nýtingarréttinum og varðandi þá dóma sem fallið hafa, en eins og ég sagði áðan hafa þessir dómar því miður ekki verið taldir upp, þá tel ég að dómahefðin byggist á málum sem hafa verið svo smá í sniðum fram til þessa. Það er alveg ljóst að nýtingarréttur bænda er það sterkur að þeim hefur verið dæmdur nýtingarrétturinn eins og um eignarrétt væri að ræða. En fram undan eru miklu stærri mál í pípunum þannig að það verður örugglega flóknara fyrir lögfræðinga og dómara að komast fram úr því.

[14:30]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu ágæts hv. þm. Þuríðar Backman endurspeglast mikil vanþekking sem er hér í gangi. Þingmaðurinn talar um að ef þetta frumvarp verði að lögum geti vatnsréttindi verið keypt og seld. Þau hafa verið keypt og seld. Þingmaðurinn talar um að þá verði mögulegt að vatnsveitur verði ekki í eigu sveitarfélaga. Þau eru ekki í öllum tilfellum í eigu sveitarfélaga. Þetta er einhver misskilningur.

Það er talað um að hér sé verið að einkavæða vatn og koma málum þannig fyrir að almenningur hafi ekki lengur sama rétt og áður. Ég spyr þingmanninn: Hefur hún ekki lesið 15. gr.? Ég ætla að lesa hana fyrir þingmanninn og þingheim. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Forgangur að vatni. Vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gengur fyrir annarri vatnsnýtingu. Heimilisþörf gengur fyrir búsþörf.

Heimilt er fasteignareiganda að sækja sér vatn til heimilis- og búsþarfa á aðra fasteign ef eiganda þeirrar fasteignar verður ekki óhæfilegur bagi að enda sé slík vatnstaka á eigin fasteign ómöguleg eða til muna erfiðari. Þegar svo hagar til getur eigandi þeirrar fasteignar sem vatn er tekið úr krafist bóta, þar með talið fyrir tjón og óþægindi sem framkvæmdin bakar honum. Náist ekki samkomulag með aðilum um bætur skulu þær ákveðnar með eignarnámsmati.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til töku vatns til vatnsveitu innan sveitarfélags á eftir heimilis- og búsþörfum fasteignareigenda. Um vatnsveitur sveitarfélaga fer samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga.

Nái sveitarfélag ekki samkomulagi við fasteignareiganda um töku vatns í landi hans til vatnsveitu, eða um önnur atriði sem nauðsynleg má telja í því sambandi, getur iðnaðarráðherra heimilað að nauðsynlegt land, mannvirki og aðstaða til nýtingar og töku vatnsins og lagningar vatnsveitu, sem og önnur réttindi fasteignareiganda, verði tekin eignarnámi.“

Ég spyr: Hefur þingmaðurinn ekki kynnt sér þessa grein?

[14:32]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Jú, hæstv. forseti, ég hef kynnt mér þessa grein og hún er óbreytt frá núgildandi lögum nema að því leytinu til að í núgildandi lögum á bóndi að fá bætur en samkvæmt frumvarpinu má beita eignarnámi. Með nýtingarrétti fá bændur bætur ef þeir missa af landgæðum eða öðru slíku en samkvæmt þessu frumvarpi þarf annaðhvort að kaupa af þeim eða taka eignarnámi. Það er eðlismunur á þessu. (**GÞÞ:** Það hefur alltaf verið gert.)

Auðvitað veit ég það, hv. þingmaður, að þetta er miklu sterkara í frumvarpinu en það er í dag. Í núgildandi lögum er alltaf talað um réttinn en í frumvarpinu er alltaf talað um eignarnám.

Hæstv. forseti. Auðvitað veit ég að vatnsréttindi eru keypt og seld í dag. Það er þannig og ég veit um það. Og áhugi annarra en sveitarfélaga til að reka vatnsveitur hefur verið að færast í vöxt, því það er auðvitað mjög tryggur rekstur að vera í vatnsveitunum. En það er réttur landeiganda, umráðamanns vatnsins sem er miklu sterkari í frumvarpinu en er í dag. Það sem hv. þingmaður las upp um heimilisþörf sem gangi fyrir bústörfum og annað slíkt er í núgildandi lögum og þess vegna styð ég það sem núna er gott í núgildandi lögum um nýtingarréttinn og þau ákvæði sem hv. þingmaður las upp úr 15. gr.

[14:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá er þetta kannski aðeins að fara að skýrast. Nú liggur það fyrir að stjórnarandstaðan er sammála því að vatnsréttindi eru keypt og seld, nú þegar. En

hv. þingmaður sagði áðan að ef frumvarpið yrði að lögum þá yrði það mögulegt. (Gripið fram í.) Það er það hins vegar nú í dag.

Virðulegi forseti. Þá er það líka öllum ljóst að 15. gr. felur í sér forgang að vatni alveg eins og er í dag. Það er ekki lítið mál að þetta skuli koma fram í umræðunni hér og að stjórnarandstöðuþingmenn gangist við því vegna þess að svo sannarlega hafa þeir haldið öðru fram og reynt að afbaka umræðuna með því.

Hv. þingmaður minntist ekki á — en viðkomandi hv. þingmaður hefur tækifæri til að gangast við því hér á eftir — að sveitarfélög sjá ekki í öllum tilfellum um vatnsveitu sína núna. Vinstri grænir og Samfylkingin hafa komið að því þar sem teknar hafa verið ákvarðanir um að þannig skuli haga málum.

Þegar hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var spurð í morgun gat hún ekki svarað eftirfarandi spurningu en kannski getur hv. þm. Þuríður Backman það: Hvaða takmarkanir á eignarréttindum á vatni eru í núgildandi lögum frá árinu 1923? Hvaða takmarkanir eru til staðar? (**EMS:** Áttar þú þig ekki á því?) Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur kannski svar við því en formaður hans gat ekki svarað því. Kannski getur hv. þm. Þuríður Backman svarað því. Það kemur í ljós.

[14:36]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi takmarkanirnar þá eru þær litlar í dag og réttindi landeigenda eru mjög víðfeðm. Það er í raun verið að horfa meira inn í framtíðina og þá möguleika sem þar koma varðandi þá breytingu sem gerð er í frumvarpinu. Þar er opnað fyrir miklu meira. Í raun og veru er verið að opna inn í gufuhvolfið sjálft í frumvarpinu.

Varðandi rekstur vatnsveitnanna þá hefur átt sér stað þróun sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum andmælt en það er að taka almannaþjónustuna, þ.e. hina félagslegu þjónustu sem við teljum að eigi að vera hjá ríki eða sveitarfélögunum og setja hana í æ meira mæli yfir í einkarekstur og annan rekstur, hvort sem það er sf eða hf eða önnur rekstrarform þá er það ólíkt hinum félagslega rekstri. Að mótmæla slíku er í anda stefnu okkar.

Við gerum okkur fulla grein fyrir því að það eru því miður mörg sveitarfélög sem hafa dregist inn í einkarekstrinn, annars vegar af pólitískum toga — þar sem Sjálfstæðisflokkur hefur því miður víða verið nokkuð sterkur — (**GÞÞ:** Bara í Reykjavík.) en hins vegar vegna fjárhagslegs vanda sveitarfélaganna sem leitt til þess að þau hafa reynt að losa sig við og selja það sem hefur verið arðbært í rekstri þeirra til að bjarga sér. Þar má m.a. nefna hitaveituna í Ólafsfirði sem Ólafsfirðingum var mjög óljúft að selja en voru tilneyddir til að bjarga fjárhagsstöðu sinni. Þannig hefur farið fyrir vatnsveitunum líka. Þarna er bæði um að ræða pólitík og fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og þessu erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði algerlega andvíg og höfum allt aðra pólitíska skoðun á.

[14:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Ég mun ekki halda langa ræðu enda samkomulag milli flokkanna um málsmeðferð sem sannarlega skiptir máli um framgang þessa máls í þinginu og ásættanlega niðurstöðu í ljósi þeirrar stöðu sem málið var komið í. Þetta samkomulag gerir mögulegt og gefur svigrúm til að ná sátt um það. En þó skal undirstrika að enn er mikill ágreiningur milli stjórnarandstöðu og stjórnarliða um frumvarpið sem við ræðum þrátt fyrir það samkomulag sem hér hefur verið gert.

Vatnalögin frá 1923 eru afar merkileg lög og vel þarf til þess að vanda ef að setja á nýja löggjöf sem leysir þau af hólmi og brýnt að við slíka lagasetningu hafi menn í huga að núverandi vatnalög voru á sínum tíma heildarlöggjöf um vatnsréttindi. Það er auðvitað rétt sem fram kemur í þessu umdeilda frumvarpi að á þeim tíma sem liðinn er frá setningu vatnalaga hafa orðið miklar samfélagsbreytingar sem og tækniframfarir og vægi umhverfisnefndar hefur aukist til muna. Þess frekar er nauðsynlegt að hafa heildarsýn á málinu en við í stjórnarandstöðunni höfum lagt áherslu á að Alþingi fjalli einnig samtímis þessu frumvarpi um Evróputilskipun um vatnsvernd og um frumvarp um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Því náðist vissulega áfangasigur í því efni í samkomulagi milli flokkanna í gær þar sem nefnd sú sem skipa á til að skoða lagarammann kringum vatn og vatnsréttindi mun fjalla um Evróputilskipun um vatnsvernd og frumvarpið um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum þannig að heildstæð mynd og samræmi sé í þessum lagabálkum sem fjalla um vatnsréttindi.

Minni hluti iðnaðarnefndar hefur einmitt líka vakið sérstaka athygli á því að lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem afgreidd voru fyrr á þessum vetri voru aðeins bráðabirgðalausn til mjög skamms tíma og afar mikilvægt er að öll þau meginlög sem fjalla um eða koma í stað gildandi vatnalaga séu undir í samræmdri lagasetningu um málið. Jafnframt hefur verið vakin athygli á því að ekki verður mögulegt að ljúka umfjöllun um frumvarp um jarðrænar auðlindir fyrr en fyrir liggja tillögur þeirra nefnda sem gert er ráð fyrir að fjalli um framtíð þjóðarauðlinda og meðferð þeirra ásamt því hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir rannsóknar- og nýtingarleyfum til orku- og auðlindanýtingar. Á þessu er tekið í því samkomulagi sem gert var í gærkvöldi. Þar segir: „Í starfi sínu skal nefndin hafa til hliðsjónar tillögu nefndar iðnaðarráðherra sem skipuð er á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, svo sem þeim hefur verið breytt á yfirstandandi þingi."

Það hefur einnig verið bent á að ýmis lög verði að skoða í samhengi við þessa lagasetningu eins og t.d. lög á sviði umhverfisréttar sem taka til mengunar vatna og einnig sérlög sem sett hafa verið um vatnsveitur sveitarfélaga. Allt þetta ber að skoða í heild sinni því að þau mörgu og víðtæku ákvæði um vatn og rétt almennings og einstaklinga til að nýta það fólust flest í þeim merka lagabálki sem vatnalögin frá 1923 voru sem nú á að fella úr gildi. Það sem er athyglisvert í þessari umfjöllun og fram kemur í nefndaráliti minni hlutans er að skýrt hefur komið fram á fundum iðnaðarnefndar með umsagnaraðilum og sérfræðingum að ekki væru uppi sérstök vandamál sem gerðu það að verkum að hraða þyrfti endurskoðun laganna. Því er það mjög gott að samkomulag náðist um að fresta gildistöku á þessum

lögum þannig að hugsanlega væri hægt að breyta þeim áður en þau taka gildi.

Einnig er mikilvægt, sem ýmsir hafa bent á, að festa í stjórnarskrá að aðgangur af drykkjarvatni teljist mannréttindi og að eignarhald á vatni sé sameign þjóðarinnar og bundið í stjórnarskrá lýðveldisins. Þetta tel ég afar mikilvægt ákvæði og nú þegar nefnd er í gangi til að endurskoða stjórnarskrána er mjög mikilvægt að þetta sé tekið til sérstakrar skoðunar og reynt að ná samstöðu um að setja slíkt inn í stjórnarskrána. Á þetta hafa m.a. BSRB ef ég best man og ef til vill fleiri af þeim félagasamtökum sem hafa ályktað um vatn fyrir alla, lagt áherslu.

Í þeirri löngu umræðu sem hér hefur staðið í marga sólarhringa á Alþingi endurspeglast ágreiningur um grundvallaratriði um nýtingar- og eignarrétt á þeirri dýrmætu auðlind sem vatnið er og ef reynt er að skoða þennan ágreining og það sem að baki honum liggur, m.a. hvort um sé að ræða formbreytingu eða efnisbreytingu eins og hér hefur verið tekist hart á um, þá hljóta menn að leita aftur í lögin frá 1923 og skoða þau vel. Hvaða hugmyndir lágu þar að baki, hverjar voru skoðanir manna? Var verið að taka upp eignarréttinn með þeirri lagasetningu frá 1923? Hefur hann verið í gildi öll þessi ár? Er hér bara um formbreytingu að ræða eða er um efnisbreytingu að ræða á því frumvarpi sem við hér fjöllum um? Í mínum huga er ekki vafi að hér er um mikla efnisbreytingu að ræða sem best sést á því að skoða 1. gr., markmiðsgreinina, þar sem sagt er, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns.“ En þarna segir: „skýrt eignarhald á vatni.“ Ef 2. gr. í því frumvarpi sem við fjöllum um hér er borin saman við vatnalögin frá 1923 þá er þar auðvitað um grundvallaratriði að ræða og ætla ég að lesa þær greinar saman. Í vatnalögunum frá 1923 segir, með leyfi forseta:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.“

Hér er talað um umráð og hagnýtingu á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni sem á henni er.

En í frumvarpinu umdeilda stendur, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.“

Í vatnalögunum sem Alþingi samþykkti árið 1923 eftir miklar umræður segir að „landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.“ En í frumvarpinu nú er tekist á um það ákvæði sem segir að „fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur.“

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að fara alveg aftur til ársins 1923 og skoða hvað þingmenn höfðu þá um þetta umdeilda ákvæði í 2. gr. að segja. Í fyrstu vil ég vitna í samantekt í grein eða skýrslu Sigurðar Gizurarsonar þar sem hann lýsir aðdragandanum að setningu vatnalaganna, Fossanefndin 1917–1919, og þar er kafli þar sem lýst er lagasetningunni frá 1923. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þótt meiri hluti deildarinnar styddi frumvarp stjórnarinnar var þó samþykkt breytingartillaga Bjarna Jónssonar frá Vogi og Jóns Þorlákssonar við 2. gr. þess.“ — Þetta er grundvallaratriði. — „Hún fól í sér frávik frá upphaflegri gerð textans, sem hafði verið orðaður á þá lund, að landeigandi ætti hvers konar nytjar vatns „með þeim takmörkunum sem lög, venjur, samningar eða aðrar heimildir hafa í för með sér.“ Orðalaginu var breytt á þann veg, að landeigandi ætti rétt til umráða og hagnýtingar“ — ekki eignarrétt — „yfir vatni á landi sínu „á þann hátt sem lög þessi heimila.““

Það sem er merkilegt í þessu, virðulegi forseti, er að aðaltalsmaður minni hluta fossanefndar var aðaltalsmaður þess að inn í lögin kæmi eignarréttarákvæði eða eignarhald á vatni, en hér er sagt, með leyfi forseta, eftirfarandi: „Þetta“ — þ.e. þessa breytingu á 2. gr. sem meiri hlutinn lagði til, Bjarni Jónsson frá Vogi og Jón Þorláksson — „tók Sveinn Ólafsson í Firði mjög óstinnt upp og kvað hér um að ræða slíka grundvallarbreytingu á frumvarpinu, að kippt væri lagastoðum undan einkaeignarrétti á vatni.“

Ég spyr, virðulegi forseti: Getur það sem hér er sagt verið skýrar? Fram kemur breytingartillaga frá Bjarna Jónssyni frá Vogi og Jóni Þorlákssyni við þessa umdeildu 2. gr. þar sem átti að kveða á um eignarhald á vatni og breytingartillagan er samþykkt og hér segir, með leyfi forseta:

„Hún fól í sér frávik frá upphaflegri gerð textans, sem hafði verið orðaður á þá lund, að landeigandi ætti hvers konar nytjar „með þeim takmörkunum sem lög, venjur, samningar eða aðrar heimildir hafa í för með sér.“ Orðalaginu var breytt á þann veg, að landeigandi ætti rétt til umráða og hagnýtingar á vatni á landi sínu „á þann hátt sem lög þessi heimila.““

Þetta tók talsmaðurinn, Sveinn Ólafsson, mjög óstinnt upp og taldi að hér væri um slíka grundvallarbreytingu á frumvarpinu að ræða að kippt væri lagastoðum undan eignarrétti á vatni. Hvað segir svo þessi talsmaður meiri hlutans og aðaltalsmaður þess að koma eignarhaldinu inn í frumvarpið árið 1923? Hvað sagði hann á þingi um þetta mál? Ég skal vitna orðrétt í það, virðulegi forseti. Þetta var við 3. umr. um lagasetninguna á vatnalögunum. Þar eru umræðurnar í Alþingistíðindum og þar talar framsögumaður meiri hlutans, Sveinn Ólafsson. Hann segir, með leyfi forseta:

„Af því að hér er ráðgerð úrslitaumræða um vatnamálið í deildinni, verð ég að gera nokkrar athugasemdir við það. Ég mun greiða atkvæði á móti því að það verði afgreitt og tel réttara að það bíði betri tíma.“

Sem sagt, aðaltalsmaðurinn varðandi eignarhald taldi rétt að málið biði betri tíma og heldur síðan áfram, með leyfi forseta: „Þetta er afleiðing af skemmd, sem er á 2. gr. frumvarpsins við 2. umr. hér. Greinin skilgreindi áður eignarrétt landeigandans að vatnsréttindum og endimarkaði hann, líkt og gert er í vatnalögum allra Norðurlandaþjóða, en breytingin tók þá skilgreiningu burtu.“ — Þ.e. varðandi eignarhaldið og í staðinn kom umráða- og nýtingarrétturinn. — „Afleiðingin er að lögin eru orðin ósamræmileg við 2. gr. og svara ekki til fyrirsagnarinnar“. — Og hann leggur til að heiti frumvarpsins verði „frumvarp til laga um takmörkun á umráðarétti yfir vatnsréttindum.“

Ég hefði haldið að þetta væri ákveðin lögskýring varð-

andi það hvað menn eru að deila um fram og til baka, hvort þetta sé form- eða efnisbreyting. Vissulega er þetta efnisbreyting, menn þurfa ekki annað en bera saman 1. og 2. gr. frumvarpsins og 1. og 2. gr. vatnalaganna og fara svo í lögskýringar hvað aðaltalsmaður þess hóps taldi, þ.e. meiri hlutans sem vildi eignarréttarákvæðið inn, hann taldi að búið væri að vinna skemmdarverk á frumvarpinu með því að taka eignarhaldið út úr frumvarpinu og í staðinn væri kominn umráða- og nýtingarréttur. Þetta er það sem við höfum verið að halda fram að sé grundvallarbreyting á því frumvarpi sem við fjöllum um. Þetta finnst mér vera aðalatriði málsins þegar við erum að fjalla um form- eða efnisbreytingu í frumvarpinu.

Ég nefndi áðan og hefði viljað sjá það í samkomulagi milli flokkanna að náðst hefði samstaða um að setja inn það ákvæði í stjórnarskrána sem ég nefndi og þá tel ég að menn eigi að hafa til hliðsjónar yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eins og varðar önnur mannréttindi, þá hafa ríki skyldu til að virða, vernda og koma í framkvæmd þessum réttindum. Með því að þau virði þau, skulu stjórnvöld t.d. eigi aðhafast nokkuð sem neitar einhverjum um eða hamlar jöfnum aðgangi að drykkjarvatni og ekki eiga aðild að neinu sem með ólögmætum hætti kann að menga drykkjarvatn.“

Virðulegi forseti. Það verður aldrei fram hjá því litið og það verðum við að hafa í huga við frekari umfjöllun þessara mála að vatnið er ein af okkar helstu og mikilvægustu auðlindum en skortur á vatni er eitt helsta vandamál mannkynsins í dag. Þess vegna er náttúrlega eðlilegt að tekist sé á um þessa miklu auðlind hvarvetna í heiminum. Vatn á að vera, eins og aðrar auðlindir, sameign okkar landsmanna þar sem forréttindi fárra eða sérhagsmunir eiga ekki að vera í forgangi heldur almannahagsmunir. Það er auðvitað óþolandi að auðmenn, innlendir og erlendir, sem við höfum frétt um og lesið nýlega um í blöðum, séu að sækjast eftir og kaupa upp landeignir til að geta m.a. hagnast á vatni sem er á landareignum. Það á að vera almannaeign en ekki eign fárra auðkýfinga. Þetta hefur m.a. Páll Hannesson sagt, talsmaður þeirra fjölmörgu félagasamtaka sem standa að ályktuninni um vatn fyrir alla, að vatnið sé ekki verslunarvara heldur gæði sem allir eiga að hafa aðgang að.

Meira en milljarður manna hefur mjög takmarkaðan eða engan aðgang að hreinu drykkjarvatni og um 2,5 milljarða manna skortir vatn til hreinlætis. Vatnsskortur er ein helsta orsök fátæktar og sjúkdóma í heiminum. Það hefur einmitt verið vitnað til þess hvaða áhrif ferskvatnið hefur á matvælaframleiðsluna og þörfin mun aukast um meira en 50% á næstu 30 árum en nú erum við að nota um 70% af ferskvatni til matvælaræktar. Vatnsbirgðir heimsins aukast ekki þó að íbúum jarðarinnar fjölgi og verðmæti vatnsins mun því sífellt verða meira og meira. Það verður að verja þessa miklu auðlind okkar Íslendinga hér á landi fyrir atgangi og ásælni gróðaaflanna. Það segir sína sögu að þar sem vatn er af skornum skammti hefur komið til stríðsátaka vegna ágreinings um aðgang að vatni og því hefur m.a. verið haldið fram að stríðsátök þessarar aldar munu frekar snúast um vatn en olíu og það þýðir auðvitað að verulegu máli skiptir hvort vatnið er í almannaeign eða einkaeign.

Ingibjörg E. Björnsdóttir hefur sagt að ef vatnsauðlindir Íslands verði hins vegar einkavæddar skapist sú hætta, að þær verði seldar erlendum aðilum sem búa kannski við vaxandi vatnsskort í sínum heimalöndum. Slík sýn, virðulegi forseti, er auðvitað ógnvekjandi.

Páll Hannesson hefur haldið því fram að frumvarp um vatnalögin geri ráð fyrir að umráðaréttur landeigenda á vatni breytist úr nýtingarrétti í kláran eignarrétt, eins og við í stjórnarandstöðunni höfum haldið fram og um það hefur verið tekist í þingsölum á síðustu dögum í ítarlegum umræðum. Athyglisverðar ræður hafa m.a. verið fluttar á síðustu dögum í þinginu um hvaða afleiðingar það hefur ef vatn er einkavætt og vitnað til Bretlands í því sambandi. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir og hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson hafa vitnað m.a. í breskan prófessor sem nefndi sem dæmi að í Frakklandi sé einkavatnið 15% dýrara en almannavatnið og í Manilla á Filippseyjum hefur verðið hækkað um 600% í höndum einkafyrirtækja á aðeins örfáum árum.

Virðulegi forseti. Í þessari orrahríð á Alþingi er tekist á um grundvallaratriði. Tekist er á um eignarhald, nýtingarétt og verndun auðlinda. Málið snýst um þá auðlind sem er vatnið og hún komist ekki í hendur fárra aðila eins og gerst hefur með fiskinn í sjónum. Það er kjarnaatriði, virðulegi forseti.

[14:56]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Núna sér fyrir seinni hlutann á 2. umr. um þetta mikla átakamál sem úr varð á Alþingi og ljóst að það verður verkefni nýs þingmeirihluta eftir næstu þingkosningar að ákveða hvort vatnalögin svokölluðu taki nokkurn tíma gildi. Ríkisstjórnin var búin að missa tökin á málinu og féllst á það seint í gærkvöldi að breyta frumvarpinu þannig að lögin tækju ekki gildi fyrr en tæpum sex mánuðum eftir kosningar. Okkur andstæðingum málsins gefst því svigrúm til að koma í veg fyrir að lögin taki gildi sem slík eða verði a.m.k. í verulega breyttri mynd. Haldi stjórnin velli taka lögin gildi og ríkisstjórnin hefur stigið skref inn í framtíðina í átt að því að einkavæða vatn. Sigri stjórnarandstaðan í kosningunum verður sú einkavæðing ekki að veruleika þar sem komið verður í veg fyrir það. Stjórnarandstöðunni tókst að sýna fram á málefnalegar efasemdir og að veikur grunnur væri undir þeim staðhæfingum að málið fæli einungis í sér formbreytingu. Það var mjög skýrt dregið fram af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í ræðustól á undan mér þar sem hún vitnaði mjög skýrt í lagaskýrandi texta og í umræður frá því að vatnalögin voru sett á sínum tíma árið 1923. Þá var það morgunljóst að menn tókust á um eignarréttinn annars vegar og umráð og hagnýtingu hins vegar með mjög skýrum hætti. Um það stóðu deilurnar þá, um það var kosið og það var leitt til lykta á þeim tíma á hinu háa Alþingi. Um það er engum blöðum að fletta sé vitnað til þeirra texta sem til grundvallar liggja.

Það má segja að deilan um vatnalögin hafi í reynd verið átök á milli frjálshyggjusjónarmiða annars vegar og félagslegra viðhorfa hins vegar. Hún snerist um grundvallaratriði, pólitískt prinsippmál um grundvallaratriði um eignarhald og nýtingu á sameiginlegum auðlindum. Hér var um að

ræða auðlindina vatn, hefði alveg eins getað verið og vísar inn í deilur og umræður síðustu ára og áratuga um fiskinn í sjónum, djúphitann, orku fallvatnanna, öll landsgæði sem þjóðin á sameiginlega, að mínu mati og okkar í stjórnarandstöðunni, vinstri flokkanna allra, og enginn á að geta slegið séreign sinni á eins og þetta frumvarp til vatnalaga er lagt upp með. Og þegar málið komst út úr því ferli að vera þras um lagatæknilegar útskýringar á þessu eða hinu og umræðunni var beint að kjarna málsins, þá snerist hann akkúrat um þetta, um eignarhald á vatni til framtíðar litið.

Mjög athyglisverð grein var í tímaritinu Fortune á dögunum þar sem það virta tímarit fullyrti að vatn væri dýrmætari auðlind á 21. öldinni en olía var þegar hún var hvað verðmætust á þeirri 20. Má segja að ýmis átök í heiminum hafi orðið í kringum yfirráðin yfir olíulindunum og séu að mörgu leyti enn. Þetta fullyrða þeir sem margir telja að sjái hvað lengst inn í framtíðina hvað varðar auðlindir og auðlindanýtingu, að vatnið verði dýrmætara á þessari öld sem nú er nýhafin heldur en olían var þegar hún var hvað verðmætust á öldinni sem var að líða og er enn. Mjög merkileg athugasemd og merkilegur punktur sérstaklega í því ljósi að efist einhver um það eftir að hafa hlýtt á stjórnarliða halda því ítrekað fram að við séum að deila um formbreytingu og smáatriði, málið sé keyrt upp af stjórnarandstöðunni til að efna til ófriðar og átaka þá eru það staðlausir stafir. Hér er tekist á um algert grundvallarmál.

Lögin mundu í sjálfu sér ekki breyta neinu á morgun eða daginn eftir að þau tækju gildi, en sé litið til framtíðar breyta lögin miklu um eignarhald á þessari dýrmætustu auðlind hverrar þjóðar, vatninu. Þau munu ráða því hvernig verður farið með þessar auðlindir og yfirráð yfir þeim eftir marga áratugi. Í vatninu munu felast gífurleg verðmæti fyrir þjóðir og einstaklinga, eftir því hver ræður yfir auðlindinni.

Þegar líða fór á deilurnar um málið, m.a. í ljósi málflutnings eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafði uppi áðan, var engum blöðum um það að fletta að tekist yrði á um eignarhald yfir auðlindinni, séreign annars vegar og umráða og hagnýtingarrétt á vatninu hins vegar. Slagurinn um vatnið er því um algert grundvallarsjónarmið og um grundvallarmál. Málið vísar bæði fram og aftur í stjórnmálasögu okkar en öll stærstu og mestu átök okkar, bæði innan lands og milli þjóða, við aðrar þjóðir, pólitískar deilur, hafa staðið um auðlindir. Það er sama hvort litið er til Svalbarða og síldarinnar eða Smugunnar og þorsksins, landhelgisdeilunnar og Breta. Auðlindadeilur snúast um grundvallarmál.

Því var hent á loft fyrr í dag að þessi deila og aðrar deilur um auðlindayfirráð virkuðu sem vatnaskil á milli vinstri og hægri. Það er alveg rétt, notist menn við þau gömlu hugtök um skiptingu manna í stjórnmálaflokka, félagsleg sjónarmið annars vegar og frjálshyggja hins vegar. Þá má alveg taka undir að deilan um vatnalögin, fremur en aðrar stórar deilur á síðustu árum eins og deilurnar um fjölmiðlalögin og gagnagrunninn sem voru í eðli sínu og inntaki þverpólitískar, ef við notum vinstri og hægri skilgreiningar, sé flokkspólitískari. Inntak deilunnar er mjög flokkspólitískt, ef maður notast við skilgreiningarnar félagsleg sjónarmið og frjálshyggju hins vegar. En hér er tekist á um eignarhald og yfirráð yfir takmörkuðum gæðum, yfir auðlindum, hvort eignarhaldið eigi að vera stjórnarskrárbundið eignarhald þjóðarinnar allrar, eins og við jafnaðarmenn viljum að sé á fiskimiðum vatnsföllunum, auðlindum í jörðu og rennandi vatni. Það skiptir í sjálfu sér ekki máli um hvaða auðlind er rætt hverju sinni. Það gilda alltaf sömu prinsippin og einnig í þessari deilu um eignarhald og yfirráð yfir vatninu, líkt og í pólitískum deilum um þær auðlindir sem ég taldi upp áðan.

Útúrsnúningar og vegleysur stjórnarliða í málinu, allt talið um formbreytingar og hið lagatæknilega fjas sem er svo auðvelt að týna sér í og deila um klukkutímum saman, skipta því engu máli þegar allt kom til alls. Þegar deilan var farin af stað fyrir alvöru, eða hin pólitísku átök réttara sagt voru hafin fyrir alvöru þá held ég að ansi mörgum sem fylgjast með þjóðmálunum hafi orðið ljóst að tekist er á um grundvallarmál og þær mælingar sem hafa farið fram á viðhorfum almennings til vatnalaganna til þessa hafa sýnt að mikill afgerandi meiri hluti, þ.e. 60–80%, er á móti vatnalögunum eins og þau birtast fólki. Það tókst í raun ekki að slá ryki í augu stjórnarandstöðunnar né almennings með að um væri að ræða sakleysislega litla formbreytingu og einhvers konar lagahreinsun, eins og það var kallað. Það undarlega orð á að vera til, að lagahreinsa og uppfæra gömul lög og færa þau til nútímans. Þar áttu ekki að vera breytingar sem skiptu máli. Auðvitað er sjálfsagt að endurskoða og laga til lög. En hér stefndi í að Alþingi afgreiddi vatnalög með þeim hætti að séreignarréttur á vatni yrði lögfestur.

Sigur stjórnarandstöðunnar er mjög merkilegur í ýmsu tilliti. Í stjórnmálasögulegu ljósi m.a. er hann mjög stór. Stjórnarandstöðunni tókst með hörðum en málefnalegum málflutningi síðustu daga að fá það fram, með því að sættast á að umræðunni lyki á tilteknum dögum, að fá það í gegn að gildistaka laganna var færð vel aftur fyrir næstu kosningar, sem eru eftir tæplega eitt og hálft ár. Þannig vannst áfangasigur í deilunni um vatnalögin. Því ber að sjálfsögðu að fagna og það var gert með þeim hætti að stjórnarflokkarnir komast frá því laskaðir en ekki stórskaðaðir eins og stefndi því. Stjórnarandstaðan vann málefnalegan en nokkuð afgerandi sigur í prinsippmáli sem alltaf verður deilt um.

Það er sjálfsagt mál að stjórnmálamenn berjist fyrir séreignum á auðlindum, hvort sem það er á fiskimiðum, vatni, auðlindum í jörðu, fallvötnum eða fossum. Það er ekkert að því. Í sjálfu sér er hægt að taka ofan hattinn fyrir þeim fáu þingmönnum sem tóku deiluna á þeim grundvelli, eins og hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni. Hann beitti því ekki fyrir sig, eins og þeir í Framsóknarflokknum beittu fyrir sig, að hér væri um að ræða lítils háttar formbreytingu sem skipti engu máli. Þeir öttu Framsókn á foraðið á mjög dapurlegan hátt fyrir Framsóknarflokkinn.

Ég held að áhrifa þessarar deilu muni gæta nokkuð lengi, ekki aðeins þannig að hún hafi vakið nokkuð afdráttarlausa, opinskáa og pólitíska umræðu um auðlindir. Umræðan snýst um yfirráð Íslendinga allra yfir auðlindum sínum, eða fárra og ríkra, eins og alltaf þegar auðlind er einkavædd eða séreign er tekin upp á auðlindum. Fari auðlindin á markað geta einstaklingar safnað auðlindunum saman, gert úr þeim aukin verðmæti og þær farið að ganga kaupum

og sölum. Vatnið er svo mikilvæg auðlind að það má að sjálfsögðu aldrei verða svo, enda var tekist á um þetta pólitíska grundvallarmál með þeim hætti.

Áhrifa átakanna mun hins vegar gæta lengi. Þar urðu ákveðin vatnaskil á milli vinstri og hægri. Átök um grundvallarmál eins og auðlindanýtingu og sameignarákvæði um auðlindir í stjórnarskrá skipta fólki í flokka og fylkingar. Slík mál skipta fólki í hægri og vinstri, ef einhver mál gera það. Mörg mál eru orðin þverpólitísk nú til dags. Sveitarstjórnarmál eru t.d. oft býsna þverpólitísk og ekki tekist á um pólitískan kjarna eins og áður var gert. Hér var deilt um pólitísk grundvallaratriði sem skipti fólki í fylkingar og flokka. Flokkar verða bókstaflega til eftir afstöðu okkar til eignarhalds og nýtingar á auðlindum.

Ég held að þetta mál muni hafa þau áhrif að þjappa stjórnarandstöðunni saman um pólitísk viðhorf til grundvallaratriða, pólitísk lífsviðhorf gagnvart eignarhaldi á auðlindunum. Sigurinn í þessari deilu um vatnalögin vannst af því að stjórnarandstaðan stóð saman og stóð sig vel í málinu. Hún var allan tímann mjög málefnaleg, nálgaðist málið málefnalega og með yfirveguðum hætti, án þess að málið færi langt út fyrir hinn pólitíska kjarna. Það tókst að halda málinu þannig, sem er ekki sjálfgefið í jafnhörðum og langvinnum átökum. Samstaða vinstri manna og jafnaðarmanna í þessu pólitíska grundvallarmáli skilaði þeim sögulega áfangasigri sem við hrósum í dag, þ.e. ríkisstjórnarflokkarnir hafa fallið frá því að lögin taki gildi þegar Alþingi hefur afgreitt þau. Þau taka ekki gildi fyrr en vel eftir næstu kosningar þannig að nýr þingmeirihluti mun ráða því hvernig fer fyrir eignarhaldi á vatni. Málið verður því að skýru kosningamáli og verður vonandi þá einnig rætt og tekist á um niðurstöðu stjórnarskrárnefndar þannig að fyrir liggi almenn auðlindastefna flokkanna þar, sem eitt af sameiginlegum flaggskipum Samfylkingar, eru sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar, stjórnarskrárbundin yfirráð Íslendinga yfir auðlindum sínum. Okkur er mikill akkur í að um þetta verði kosið og þá yrði kosið um eitthvað sem skiptir máli.

Þetta hefur skipt flokkunum fimm á Alþingi í tvær skýrar blokkir: hægri blokk sjálfstæðismanna og hluta Framsóknarflokksins og hins vegar Samfylkingar, Vinstri grænna, Frjálslyndra, og líklega einhverra hluta framsóknarmanna þótt það hafi ekki komið skýrt fram. En í þeirra herbúðum var óróleiki og má ætla að þessi deila hafi náð inn í raðir stuðningsmanna Framsóknarflokksins, en þeir hafa fylgt viðhorfum stjórnarandstöðunnar og félagshyggjuarmanna á Alþingi í þessu máli.

Hvort vatnalögin verði til þess að vinstri stjórn verði mynduð eftir rúmlega ár ætla ég ekki að segja. En það er ekkert ólíklegt að vatnalögin hafi skapað grundvöll fyrir nýja vinstri stjórn eftir rúmt ár. Það er útilokað að segja til um það núna. Úrslit kosninga ráða því að sjálfsögðu, styrkur flokka og hvað afgerandi stærð þessara tveggja flokka verður eftir næstu kosningar, annars vegar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks og hins vegar jafnaðar- og félagshyggjumanna í hinum flokkunum, Samfylkingu, Vinstri grænum og frjálslyndum. Það kemur í ljós þegar þar að kemur. En deilan og átökin um vatnalögin skiptu flokkunum í mjög skýrar fylkingar sem mun vonandi skila enn öflugri stjórnarandstöðu sem nær enn þá betri árangri á Alþingi. Þetta er í annað sinn á þessu kjörtímabili þar sem stórir sigrar vinnast út af órofa samstöðu stjórnarandstöðuflokkanna, jafnaðar- og félagshyggjufólks á Alþingi, í stórum átaka- og grundvallarmálum í samfélaginu.

Hið sama gerðist í fjölmiðlalögunum fyrir nákvæmlega tveimur árum. Sú umræða og þau átök stóðu vikum saman, langt fram á sumar þangað til forseti Íslands beitti málskotsrétti sínum og vísaði því lagafrumvarpi til þjóðarinnar. Þá brast kjarkur ríkisstjórnarinnar. Hún afnam lögin. Þá sögu þekkjum við öll, stórbrotna átakasögu. Hún er einstök á lýðveldistímanum að því leyti hve hart var tekist á og hve deilan gekk langt. Í fyrsta sinn í lýðveldissögunni beitti forseti málskotsrétti, synjunarvaldi eins og sumir kalla það. Málskotsréttur, séu lesnir lagatextar sem skýra anda og tilurð laganna á sínum tíma á Alþingi Íslendinga. Þessi deila var að því leyti samanburðarhæf að hér var tekist á um grundvallarmál, þó enn þá meiri grundvallarmál. Þó er skýrara grundvallarmál á ferð í vatnalögunum en í fjölmiðlalögunum að mínu mati. Deilan er mun skýrari, um miklu stærra mál í sjálfu sér.

Það mátti færa rök fyrir því að fjölmiðlalögin væru aðför að málfrelsi og prentfrelsi, sértæk lagagerð sett fram til að knésetja eitt ákveðið fjölmiðlafyrirtæki, þ.e. fjölmiðla í eigu Baugssamsteypunnar. Það fór sem fór um það. Hér er tekist á um eignarhald yfir auðlindum, grundvallarmál. Það mál sameinaði félagshyggjuöflin í eina órofa fylkingu sem vann mjög afgerandi áfangasigur seint í gærkvöldi, sigur sem stjórnarandstaðan getur verið mjög stolt af enda stóð hún vel að verki. Hverju það skilar okkur í kosningunum næsta vor, hvernig ríkisstjórn það skilar okkur verður að koma í ljós. En þetta skerpti vissulega línurnar á milli félagslegra sjónarmiða í íslenskri pólitík og sjónarmiða frjálshyggjumanna. Eitt stærsta baráttumál frjálshyggjumanna um víða veröld, þessi missirin og síðustu ár, er að koma vatnsauðlindum og slíkum grundvallarauðlindum í einkaeigu. Sú barátta skilaði sér með mjög afgerandi hætti inn á Alþingi Íslendinga í þessu máli, sem lauk með nokkuð viðunandi hætti í gær þannig að stjórnarandstaðan náði því fram að lögin taka ekki gildi fyrr en eftir næstu kosningar. Almenningi og kjósendum í landinu gefst færi á að kjósa m.a. um þessi lög, þótt alltaf sé voðalega hæpið að segja að það sé kosið um eitt, tvö mál eða þrjú mál. Þegar kjósendur ganga að kjörborðinu á fjögurra ára fresti þá ræður vali þeirra summa margra hluta. Það er ólíklegt að deila sem fór fram í upphafi kjörtímabilsins ráði miklu um það en auðvitað safnast þetta upp. Við sjáum hvernig uppsöfnuð stjórnmálaátök síðustu missira hafa leikið Framsóknarflokkinn, sem virðist að hluta til hruninn. Fylgi flokksins er a.m.k. mjög veikt.

En auðlindanýting og auðlindayfirráð koma vonandi fram í næstu kosningabaráttu.

Í lokin ætla ég að vitna í umsögn vegna þessa máls frá Umhverfisstofnun sem undirstrikar ágætlega málflutning minn þar sem ég held því fram og fullyrði að þetta snúist um eignarhald yfir þessari auðlind fyrst og síðast. Hér segir, með leyfi forseta:

„Umhverfisstofnun telur frumvarpið og ganga gegn meginviðmiðunum í rammatilskipun ESB um vatn. Þar sé

því lýst sem grundvallaratriði að vatn sem slíkt sé ekki viðskiptaleg eining, heldur sameiginleg arfleifð sem eigi að varðveita, vernda og umgangast í samræmi við það."

Vatni sem slíku ber að vera í sameign en viðkomandi landeigendum sé færður tilgreindur afmarkaður nýtingarréttur svo sem til veiða, veitu, orkuöflunar og fleira. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að frumvarpið gengur þvert á stefnuna í löggjöf Svíþjóðar og Noregs þar sem sérstaklega er tilgreindur réttur almennings til almennra nota á vatni, að vatn sé sameiginleg auðlind og landeigandi hafi ákveðinn nýtingarrétt.

Þetta er algert grundvallarmál, virðulegi forseti, og ég hef lokið máli mínu í þessari umferð.

[15:17]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek nú til máls í annað sinn við 2. umr. um frumvarp til vatnalaga en þegar ég lauk máli mínu síðastliðinn föstudag voru nokkur atriði sem ég átti eftir að fara yfir og vil ég í stuttu máli gera örlitla grein fyrir þeim.

Mér þykir mikilvægt að halda því til haga í þessari umræðu að alþjóðastofnanir sem fjalla um mannréttindamál og rétt fólks til lífs með reisn líta á vatn og aðgang að vatni sem algert grundvallaratriði. Vatnið er sannarlega lífslindin og vatnið er uppspretta alls lífs. Við erum því ekki að tala um neinn venjulegan hlut sem sé eðlilegt framhald út af einhverri þróun, dómaþróun, að setja skýrt eignarhald um, séreignarhald. Það finnst mér allsendis röng nálgun og þess vegna höfum við staðið í því að mótmæla þessu frumvarpi til vatnalaga þar sem skýra á eignarhald á vatni.

Virðulegi forseti. Mig langar í þessu sambandi að nefna það til gamans um vatn sem uppsprettu lífs að þegar menn ákveða að fara út í milljarðakostnað við að leita að lífi á öðrum hnöttum þá er það ekki gert fyrr en búið er að sannreyna að á þessum hnöttum sé að finna vatn vegna þess að í vísindunum er vatnið undirstaða lífs. Því finnst mér að menn geti ekki, eins og hv. þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafa gert hér, komið hér upp og rætt um það sem hvern annan hlut sem sé fullkomlega eðlilegt að skýra eignarhald á út af einhverri þróun.

Frú forseti. Mig langar í þessu sambandi að minnast aðeins á að í mjög góðri grein sem Ingibjörg Elsa Björnsdóttir umhverfisfræðingur skrifar í Grænskinnu undir fyrirsögninni „Vatn í veröldinni" kemur margt mjög áhugavert fram um vatn og sérstaklega þar sem hún fjallar um misjafnan aðgang að vatni og þann vatnsskort sem blasir við heiminum. Fram kemur í grein hennar að enda þótt um 71% af yfirborði jarðar séu hulin vatni búum við við vatnsskort en það er vegna þess að 97% af öllu vatni jarðar er of salt fyrir neyslu þannig að um 2,5% eru ferskvatn og er stór hluti þess geymdur í djúpum jarðlögum og í jöklum og ís og því er ekki hlaupið að því að nálgast ferskvatn. Sums staðar er nóg til og annars staðar ekki og þar ríkir vatnsskortur.

Í þessari grein tekur hún sem dæmi að deilur Ísraela og Palestínumanna séu að hluta til deilur um vatn vegna þess að vatnsskortur er mikill í Miðausturlöndum. Í greininni kemur fram að Ísraelsmenn skammta vatnið á Vesturbakkanum og að Palestínumenn noti mælanlega mun minna vatn en Ísraelar þannig að það virðist vera ákveðið valdatæki í stríði milli þjóðanna. Í þessari grein kemur fram að stjórn Ísraelsmanna á vatnsbirgðum Vesturbakkans hafi reitt marga Palestínumenn til reiði og það kyndi undir þeirri ólgu sem ríkir á hernumdu svæðunum þó að sjálfsögðu komi fleira til en vatnið og fleira í sögulegu samhengi.

Frú forseti. Í þessari grein kemur skýrt fram að árið 2050 muni vatnsskortur í einhverri mynd líklega hrjá flestar þjóðir heimsins. Eftir því sem vatnsskorturinn verður meiri þeim mun meira eykst hættan á átökum. Þetta er mjög í þeim anda sem Sameinuðu þjóðirnar hafa ályktað en árið 2002 ákváðu Sameinuðu þjóðirnar að skilgreina aðgengi að vatni sem grundvallarmannréttindi. Samhliða því kom fram yfirlýsing um að eftir 50 ár héðan í frá yrði vatn orðið mun verðmætara en olía eins og komið hefur verið inn á hér í ágætum ræðum. Í því ljósi finnst mér mikilvægt að skoða hvernig vatnsrétti og réttinum til vatns er fyrir komið hjá öðrum ríkjum vegna þess að við erum, eins og ég kom stuttlega inn á í ræðu minni fyrr í þessari umræðu, með þessu skýra eignarhaldi á vatni að marka okkur töluverða sérstöðu meðal þjóða í fyrirkomulagi á réttinum til vatns.

Ég er hérna með mjög góða og áhugaverða grein eftir Eyvind G. Gunnarsson, sem er einn af höfundum þessa frumvarps til vatnalaga. Hún birtist í ritinu Rannsóknir í félagsvísindum VI sem var gefið út í Reykjavík á síðasta ári. Í þessari grein kemur fram að í aldanna rás hafi menn verið að takast á um það hvers konar eignarform eigi að vera á vatni. Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi má segja að þrjár meginstefnur hafi komið fram. Er þar fyrst að nefna allsherjarstefnuna sem byggist á því að vatn sé eign hins opinbera. Í annan stað er það séreignarstefna sem gerir ráð fyrir því að vatn fylgi fasteign. Loks er til sú stefna sem byggð er á því að vatn sé óeignarhæft. Þegar gengið er út frá því að vatn sé óeignarhæft er lagt til grundvallar að vatn geti hvorki verið undirorpið eignarrétti einstaklinga né hins opinbera."

Frú forseti. Í þessari áhugaverðu grein sem mér finnst varpa góðu ljósi á málið — þessi grein er mjög skýrt fram sett og hún hjálpaði mér heilmikið við að fá reyna að fá einhverja sýn á þetta mál — kemur fram að í flestum ríkjum utan Norðurlanda sé almennt gengið út frá því að vötn tilheyri hinu opinbera. Í greininni segir einnig að talið sé að Rómarréttur hafi haft mikil áhrif í þeim efnum. Með leyfi forseta, ætla ég að fá að vitna í þessa klausu sem mér finnst skýra þetta ágætlega, þar segir:

„Í Rómarrétti var lagt til grundvallar að meiri háttar vötn væru almannagagn eða opinber eign en minni háttar vötn einkaeign. Aðgreiningin byggist á því að straumvatn var álitið meiri háttar ef það hafði árvisst rennsli en talið minni háttar ef það þornaði í sumarhitum. Í mörgum ríkjum Evrópu varð þróunin snemma sú að ríkið sem handhafi almannahagsmuna kom fram sem eigandi allra vatna sem þýðingu höfðu."

Í þessari ágætu grein kemur fram hvernig litið er á vatn, þ.e. í flestum ríkjum utan Norðurlandanna, og hvernig það hefur þróast og að þetta hafi snemma orðið svona. Mér þykir mikilvægt að þetta komi fram, frú forseti, vegna þess að það er alveg ljóst að við erum að fara allt aðrar leiðir en farnar eru með því að skýra hér einkaeignarrétt á vatni. Það

hefur komið fram í umræðunni að í Svíþjóð og Finnlandi hafi einkaeignarrétti fyrri tíma verið breytt. Fyrir þó nokkru var nokkuð skarpur einkaeignarréttur í Svíþjóð en árið 1984 var hann leystur af hólmi með almennari reglum sem veita yfirvöldum vatnamála að því er virðist heimild til að skerða hann bótalaust þegar hafin eru vatnsnot.

Mér finnst þetta verða að koma fram og að það verði líka að hafa komið fram við þessa umræðu að við séum að stefna í allt aðrar áttir en þau ríki sem við viljum vinna með og höfum gert á alþjóðavettvangi. Og til að undirstrika þetta þá segir mjög skýrt í vatnatilskipun Evrópusambandsins frá 2002 að vatn sé ekki eins og hver önnur verslunarvara heldur arfleifð sem ber að vernda, standa vörð um og fara með sem slíka.

Frú forseti. Það hefur komið fram í þessari umræðu að við höfum áhyggjur af hvert verið er að stefna með vatnið með því að kveða eins skýrt á um eignarrétt á því og hér er gert. Í því ljósi að Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst áratuginn 2005–2015 sem áratug vatnsins, í því ljósi Alheimskirkjuráðið hefur ályktað vegna áhyggna af vatnsskorti, að Sameinuðu þjóðirnar hafa gripið til aðgerða og beint því til ríkisstjórna heims að fara varlega með vatnið, að Evrópusambandið segir í vatnatilskipun sinni að vernda beri vatnið og fara eigi með það sem arfleifð en það eigi ekki að vera verslunarvara, þá finnst mér afar sérkennilegt að við ætlum að geirnegla eignarhald á vatni eða séreignarrétt á vatni.

Mér finnst þetta ekki rétt, frú forseti, og að hæstv. ríkisstjórn hafa gert fulllítið úr því hver þróunin hefur verið í öðrum ríkjum. Mér finnst menn ekki hafa tekið nægt tillit til þess og því vil ég taka undir með þeim og hnykkja á því sem fleiri hafa sagt hér að auðvitað hlýtur auðlindin vatn, lífslindin, að koma til umræðu í stjórnarskrárnefnd.

Frú forseti. Mig langar á síðustu mínútum ræðu minnar að fara aðeins yfir greinarnar um eignarhald á vatni, bæði í gildandi vatnalögum og í frumvarpinu sjálfu. Ég er ekki löglærð og stjórnarliðar hafa talað þannig hér að enginn skilji þetta nema löglærðir menn. En ég vil, frú forseti, fá að fara aðeins yfir það sem stendur í þessum texta. Í 2. gr. gildandi vatnalaga stendur:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila."

Frú forseti. Í 4. gr. frumvarpsins segir: „Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur."

Frú forseti. Eftir orðanna hljóðan er tvennt þarna sem ég hnýt um. Í fyrsta lagi það hvernig vatn er skilgreint í þessum greinum, þ.e. til hvaða forms vatns þessar greinar ná til. Í 2. gr. í gildandi lögum er klárlega eingöngu verið að fjalla um vatn, straumvatn eða stöðuvatn sem á landareigninni er þannig að þar er um að ræða yfirborðsvatn. En í frumvarpinu er talað um vatn sem á jörðinni er eða undir henni er. Til að skerpa þetta enn frekar hafa menn ákveðið að setja í 2. gr. frumvarpsins undir kaflanum Gildissvið texta sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

Frú forseti. Ég skil þetta ekki öðruvísi en svo að hér sé um mun víðfeðmari ákvæði að ræða í frumvarpinu sem nú liggur fyrir, þ.e. verið er að reyna að ná utan um allt vatn, í hvaða formi sem er. Svo skýr er þessi texti.

Í öðru lagi, frú forseti, er alveg klárt í textanum að í gildandi lögum segir að hverri landareign fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á þessu yfirborðsvatni. En í greininni í núverandi frumvarpi fylgir eignarréttur að því vatni. Ég tel að á þessu sé talsverður munur samkvæmt orðanna hljóðan.

Frú forseti. Mig langar að fá að vitna í eitt sem er þessu tengt og ég tel vera kjarnaatriðið sem uppi er í deilum okkar um þetta svokallaða formsatriði eða formbreytingu sem kallað er af hv. stjórnarliðum. Í greinargerð með frumvarpinu segir á bls. 14, með leyfi forseta:

„Ástæða þess að fremur er stuðst við neikvæða skilgreiningu á hugtakinu eignarréttur er sú að jákvæð skilgreining, þ.e. skilgreining þar sem taldar eru upp allar heimildir eiganda, sem í eignarrétti geta falist, yrði of viðamikil og sennilega aldrei tæmandi og því í eðli sínu ófullkomin."

Frú forseti. Þetta segir ekki bara í greinargerð með frumvarpinu heldur hefur það greinilega verið tekið orðrétt upp úr greininni sem ég nefndi áðan eftir Eyvind G. Gunnarsson sem er einn af höfundum frumvarpsins. Þegar maður hefur lesið þessar greinar, bæði í frumvarpinu og gildandi lögum, finnst mér að þarna séum við komin að kjarna málsins. Það sem ríkisstjórnin virðist ætla sér er að ná utan um með tæmandi hætti allt form vatns og inn í framtíðina alla þá nýtingarmöguleika sem mögulegir væru fyrir þann sem á vatnið.

Það er akkúrat þarna sem skilur á milli. Þetta er ekki sú leið sem við í stjórnarandstöðunni viljum fara hvað varðar vatnsréttindin. Við teljum eðlilegra að það sé þá heldur ekki tæmandi listi yfir alla mögulega skapaða hluti sem hægt er að gera við vatn vegna þess að þá er frekar hægt að bæta við, eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði fyrr í dag. Við þurfum þá í framtíðinni ekki að leggjast í íþyngjandi aðgerðir ef uppi er í lögum okkar neikvæð skilgreining á vatni. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi.

Eins og ég sagði er ég ekki löglærð kona en engu að síður tel ég mig geta lesið sæmilega og borið saman lagagreinar, bæði gildandi greinar og frumvarpsgreinarnar, og í lögskýringargögnum eða greinargerðum sem frumvarpinu fylgja. Ég sé þetta svona og það skilgreini ég sem grundvallarbreytingu þegar á að ná með tæmandi hætti utan um nýtingarmöguleika og vatnsréttindi. Um það, virðulegi forseti, tel ég að málið snúist.

Frú forseti. Ég ætla að fara að ljúka máli mínu. Það sem skiptir máli er að veruleg hætta er fólgin í því að fara þá leið sem hér er lögð til, þ.e. að ætla að fara með vatn eins og hvern annan hlut, að setja séreignarrétt með tæmandi hætti á það. Mín skoðun er sú, frú forseti, að hér sé veruleg hætta á ferð til framtíðar litið vegna þess að hér er verið að geirnegla séreignarrétt á vatni og erfitt að snúa til baka þegar svo er komið.

Frú forseti. Ég er líka ósammála því að á hinu háa Alþingi eigi þingmenn að vera í því hlutverki að stimpla einhvers konar dómaþróun sem hefur átt sér stað fyrir utan

þetta hús.

Þó að það hafi verið gagnrýnt af hv. þingmönnum stjórnarliðanna finnst mér sjálfsagt á svona tímapunkti að fara yfir efnisatriði máls sérstaklega, eins og ég hef reynt að sýna á skilningi mínum á málinu, hvers vegna ég tel að um meira en formbreytingu sé að ræða. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði það líka ágætlega í ræðu sinni áðan þar sem hún fór með ákveðna kafla úr ræðum þeirra sem hér voru og settu lögin á sínum tíma sem síðan hafa verið túlkuð.

Frú forseti. Ég tel að hér hafi kristallast ólík sjónarmið, eins og skýrt hefur komið fram. Hér hafa tekist á sjónarmið frjálshyggjunnar sem vilja hafa séreign á öllum mögulegum hlutum og sjónarmið jafnaðarstefnunnar. Skýrara tel ég að það verði ekki. Ég hef áhyggjur af því að við séum að fara í allt aðrar áttir en önnur ríki, nema menn hafa kannski farið í svona séreign í ríkjum Mið-Ameríku reyndar með mjög alvarlegum afleiðingum á flestum stöðum, en ekkert af ríkjum Evrópu hefur farið þessa leið. Þau halda þessu öllu fyrir utan séreignina og það er ástæða fyrir því. Þetta er eitthvað sem við verðum að fylgjast með og taka þátt í.

Frú forseti. Mig langar að segja að lokum að eins og þetta snýr við mér, frú forseti, með þessari „formbreytingu" eins og hún er kölluð til að reyna að gera málið léttvægt, þá er með formlegum hætti verið að gera vatnið okkar að séreign einstaklinga. Ég tel það ekki rétt í ljósi stöðu vatnslindanna í heiminum og tel það mjög hættulegt. Það er algert lykilatriði og grundvallaratriði að vatnið verði ekki eign fárra í framtíðinni, sér í lagi þar sem því hefur verið lýst að vatnið verði olía 21. aldarinnar. Á þetta eigum við að hlusta og slíka umræðu hef ég viljað taka við stjórnarliða, þessa grundvallarumræðu um vatn, en þeir hafa lítið gefið færi á sér í það og þykir mér það miður.

Frú forseti. Frumvarp þetta og þessi séreignarákvæði mun ég ekki geta samþykkt og mun því greiða atkvæði gegn því og tel að þetta verði að skoða miklum mun betur og vona svo sannarlega að okkur gefist tími til þess þar til lögin eiga að taka í gildi 1. nóvember 2007, að koma í veg fyrir að vatnið verði séreign einhverra örfárra í framtíðinni.

[15:40]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég var fyrir stuttu, á föstudaginn var held ég að það hafi verið, á fyrirlestri í Háskóla Íslands hjá prófessor Karli Axelssyni sem var einn af þeim sem sömdu frumvarp þetta sem hér er til umræðu. Þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Það hefur staðið meiri styr um vatn en önnur hlunnindi sem fylgja fasteign á Íslandi."

Við þingmenn höfum vissulega verið þátttakendur í miklum styr undanfarna daga. Sá styr hefur staðið um grundvallarskilning á því hvað þetta fyrirliggjandi frumvarp felur í sér eða mun fela í sér. Það var ákaflega ánægjulegt að heyra hv. þingmann Samfylkingarinnar, Jóhönnu Sigurðardóttur, bókstaflega sanna það úr ræðustóli áðan að skilningur þingmanna stjórnarandstöðunnar á hvað fyrri löggjafi, sá sem lögleiddi vatnalögin 1923, meinti með löggjöf sinni og mismuninn á því hvað þetta frumvarp felur í sér og sanna það að við stjórnarandstöðuþingmenn höfum haft rétt fyrir okkur í þessu efni.

Frú forseti. Ég á sæti í landbúnaðarnefnd Alþingis. Frumvarpið kemur að ýmsu leyti inn á málefni sem snerta landbúnaðarnefnd og lög sem falla undir landbúnaðarnefnd. Þar má telja jarðalög, ábúendalög og einnig lög um varnir gegn landbroti. Ég ætla nú að fjalla í stuttu máli um hvernig frumvarpið kemur inn á þetta.

Í fyrsta lagi, og um það hef ég fjallað í tveim ræðum sem ég hef flutt um frumvarpið, stingur það strax í augum þegar maður hefur kynnt sér málefni landbúnaðarins, og ég tala ekki um sem íbúi landsbyggðarinnar eins og ég er, hvernig skilgreiningum er varið í frumvarpinu. Þar hef ég nefnt bæði búsþarfir og heimilisþarfir. Í skýringum með 3. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Búsþarfir eru skilgreindar sem búsþarfir til kvikfjárræktar. Í ljósi þess að vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gengur fyrir annarri vatnsnýtingu, sbr. 15. gr. frumvarpsins, þykir nauðsynlegt að árétta að mörk búsþarfa miðast við kvikfjárrækt. Ástæða þess er sú að kvikfjárrækt er hinn hefðbundni landbúnaður þjóðarinnar. Nú á dögum nýta menn einnig lönd jarða sinna til garðávaxtaræktar, skógræktar, ylræktar, fiskeldis, undir sumarbústaði og ferðamannaþjónustu. Allt getur það stuðlað að því að halda jörðum í byggð, en sjaldnast er þá notaður nema lítill hluti lands jarðanna, sumt stundum tímabundið innan ársins (skógrækt, ferðamannaþjónusta) eða að umfangi langt umfram fjölskyldurekstur (fiskeldi, sums konar ylrækt)."

Nú er það svo, frú forseti, að eitt meginviðfangsefni sem við höfum með höndum þegar við erum að fjalla um byggðamál og búsetu á landsbyggðinni er hvernig megi styrkja búsetu til sveita. Það er einmitt af þeim sökum sem reynt hefur verið að styðja við og styrkja á sem mestan og bestan hátt þær greinar sem taldar eru upp í skýringunni við búsþarfir, en í þessu lagafrumvarpi er það allt saman sett til hliðar.

Það er einnig þannig, frú forseti, að mjög margar jarðir á Íslandi hafa farið úr landbúnaðarnotum á undanförnum árum en þær geta hins vegar hentað mjög vel til annarra nota en samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir hafa þessar jarðir engan rétt á vatni nema til heimilisnota vegna þess að þar er ekki stunduð kvikfjárrækt. Heimilisnot eru hér skilgreind, með leyfi frú forseta: „Þarfir til venjulegs heimilishalds."

Ég þekki dæmi um bújarðir til sveita á Íslandi sem eru setnar vegna þess að fólkið þar starfar að uppeldisstörfum, hefur tekið að sér börn og unglinga úr þéttbýli eða annars staðar að sem þurfa í flestum tilfellum sérfræðingsaðstoð og uppeldi, í flestum tilfellum til styttri tíma. Þetta gerir þessu fólki kleift að búa í sveit og er þar að auki ákaflega gott fyrir börnin. En þessi starfsemi hefur sem sagt ekki forgang að vatni af því að þetta mundi ekki teljast til venjulegs heimilishalds.

Það segir áfram í skýringunni á skilgreiningunni við búsþarfir, með leyfi forseta:

„Miðun búsþarfa við kvikfjárrækt eina byggist á því að sá háttur búskapar felur í sér, eða getur falið í sér, nýtingu alls jarðnæðis, eftir því sem það er nýtanlegt. Kvikfjárræktinni fylgir eðlilega öll sú afurðavinnsla sem eðlileg eða venjuleg er á búinu sjálfu."

Þá má spyrja að því hvað er eðlilegt, frú forseti. Nú hefur t.d. verið inni í umræðunni að koma upp heimavinnslu afurða til sveita. Það má spyrja hvort það teldist eðlilegt eða venjulegt á búinu. Það er alla vega ekki venjulegt í dag. En vonandi verður það venjulegt innan einhvers tíma ef það fæst í gegn fyrir þessu frumvarpi. En ég vitna áfram í frumvarpið, með leyfi forseta:

„Annar búskapur (fiskeldi, ylrækt, ferðamannaútvegur o.s.frv.) nýtir oftast aðeins lítinn hluta bújarðarinnar, en getur verið stórfelldur atvinnurekstur að öðru leyti, eða veitu neysluhæfs vatns er ekki þörf til hans (skógrækt). Þar er því ekki um hefðbundna nýtingu að ræða, svo sem tíðkast hefur frá upphafi Íslandsbyggðar, né er verið að viðhalda landnýtingu heilla jarða. Að sjálfsögðu er álitamál hvort viðhalda skuli slíkri landnýtingu yfir höfuð, en rétt var talið að útiloka ekki þann möguleika."

Ég verð að segja það, frú forseti, að mér finnast höfundar þessa frumvarps sýna þróun til sveita ákaflega lítinn skilning og ég spyr mig hvort hæstv. landbúnaðarráðherra sé sáttur við hvernig farið er inn á málasvið hans í frumvarpinu en þetta er reyndar ekki eina dæmið.

Í frumvarpi til ábúðarlaga og reyndar til búnaðarlaga líka eða jarðalaga, frú forseti, er landbúnaður skilgreindur svo, með leyfi forseta:

„Landbúnaður merkir í lögum þessum hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi."

Þetta á auðvitað, frú forseti, að nota til grundvallar í frumvarpi til vatnalaga því þetta er sú skilgreining sem notuð er þegar verið er að vinna með atvinnuhætti til sveita sem eins og ég sagði áðan er brýn nauðsyn á að efla en ekki að höggva að rótum þeirra eins og gert er með þessu frumvarpi.

Síðan langar mig, frú forseti, að benda á enn eitt atriði þar sem greinar í frumvarpi til vatnalaga stangast á við lagagrein, þ.e. í lögum til ábúðarlaga en þar segir í 11. gr., með leyfi forseta:

„Réttindi undanskilin leiguliðaafnotum. Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatns- og jarðhitaréttindi, þ.m.t. jarðhiti, námur, byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur og önnur jarðefni sem ekki geta talist til venjulegra leiguliðaafnota af jörð, einnig land til nauðsynlegra bygginga svo að eigandi geti hagnýtt þessi efni."— Svo segir, frú forseti: — „Ábúandi á þó rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á mannvirkjum jarðar, þ.m.t. gróðurhúsum til eigin atvinnurekstrar ... svo og byggingarefni til búsþarfa."

Þetta stangast beinlínis á við það sem lagt er til í frumvarpi til vatnalaga. Í þessum lögum, þ.e. ábúðarlögum, eru búsþarfir ekki skilgreindar en í þeim lögum merkja þær ekki það sama og búsþarfir í vatnalögunum. Eða hvernig ætti það að koma heim og saman þegar vatnalögin tengja búsþarfir aðeins kvikfjárrækt en búsþarfir ná þarna einnig utan um t.d. möl og sand?

Í 22. gr. frumvarpsins og reyndar í þeirri 14. líka er farið freklega inn á starfsemi Landgræðslu ríkisins sem heyrir undir landbúnaðarráðherra. Í 22. gr. segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er fasteignareiganda að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru í því skyni að verja land eða landsnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns, til vatnsveitugerðar, áveitugerðar, orkunýtingar o.s.frv."

Síðasta málsgreinin í þessari lagagrein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra er rétt að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. enda sé það gert til að verja fasteignir eða önnur mannvirki sem varða almannaheill. Heimilt er ráðherra að taka fasteignir eignarnámi í þessu skyni. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati."

Ég vek sérstaklega athygli á því, frú forseti, að þarna er verið að tala um iðnaðarráðherra.

Í lögum nr. 91/2002, lög um varnir gegn landbroti, segir um tilgang laganna í 1. gr., með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með fyrirhleðslum gegn ágangi vatna." Síðan segir í 4. gr. 3. mgr., hlutverk Landgræðslu ríkisins, forgangsröðun: „Landgræðsla ríkisins telst ávallt vera framkvæmdaraðili þegar unnið er að fyrirhleðslum samkvæmt lögum þessum." Í 5. gr. segir um hlutverk umráðahafa lands og skráning Landgræðslu ríkisins: „Verði umráðahafi lands var við landbrot eða telji hættu á landbroti yfirvofandi skal hann tilkynna það til Landgræðslu ríkisins. Hún heldur skrá yfir landbrot eða staði þar sem hætta er á landbroti og metur hvar þörf á fyrirhleðslum er brýnust."

Þarna er alveg greinilegt að iðnaðarráðherra er að seilast inn á verksvið hæstv. landbúnaðarráðherra. Síðan stendur í 6. gr., með leyfi forseta:

„Vilji landeigandi eða veiðifélag gera athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd skal hún vera skrifleg og berast Landgræðslu ríkisins innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar."

En með frumvarpinu er iðnaðarráðherra að veita landeigendum rétt til að fara í framkvæmdir við varnir gegn landbroti án þess að hafa samráð við nokkurn eða spyrja kóng eða prest, ekki veiðifélög eða nokkurn annan, enda hefur komið athugasemd vegna þessarar greinar frá veiðifélögunum. Síðan stendur í 8. gr. laga um varnir gegn landbroti, með leyfi forseta:

„Landgræðsla ríkisins greiðir kostnað við varnir gegn landbroti, svo sem ákveðið er árlega í fjárlögum. Nú þarf með fyrirhleðslum eða á annan hátt að stöðva landbrot sem stofnar í hættu mannvirkjum í eigu ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga, svo sem samgöngumannvirkjum, raflínum eða öðrum dreifikerfum, og greiðir þá viðkomandi aðili allan kostnað, enda þótt í landi einstaklinga sé."

Þarna hlýtur þá líka að vakna spurning um hvort viðkomandi landeigandi, ef hann fer í framkvæmdir samkvæmt heimild úr vatnalögum, eigi rétt á endurkröfu kostnaðar frá ríkinu eða hvort hann ber sjálfur kostnað vegna þess að hann hefur ekki leitað samráðs við Landgræðslu ríkisins. Ég sé að hæstv. landbúnaðarráðherra er að ganga hér frá og ég er glöð yfir því því ég held eða vona a.m.k. að

hæstv. ráðherra hafi veitt því athygli hvernig hæstv. iðnaðarráðherra hefur farið eins og ryksuga um landbúnaðarráðuneytið og sogað til sín verkefni sem heyra undir hæstv. ráðherra lögum samkvæmt. Það hefur oft verið talað um það úr þessum ræðustóli og reyndar víðar í samfélaginu að verkefni landbúnaðarráðuneytisins séu svo rýr í roðinu að hæpið sé að þau réttlæti heilt ráðuneyti. Það er þá spurningin hvort hæstv. iðnaðarráðherra er að laumast til þess að taka til sín verkefni að hluta eða öllu leyti frá landbúnaðarráðuneytinu og höggva þannig enn að rótum þess.

Það stendur líka, frú forseti, í 8. gr., næstsíðustu málsgrein, að Landgræðslu ríkisins sé heimilt að styrkja framkvæmdir við fyrirhleðslur og að auglýst skuli eftir umsóknum. Þetta eykur enn þá eða veldur manni enn þá frekar umhugsun um hvernig fyrirhugað sé að dekka kostnað ef svo má segja, ef landeigandi fer út í það einn og sjálfur, án þess að spyrja kóng eða prest, að fara í fyrirhleðslur eða það sem heimilað er samkvæmt tillögu að 22. gr.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort hún treysti sér til að ljúka máli sínu á næstu tveim mínútum eða hvort hún kjósi að finna heppilegan stað í ræðu sinni á þeim tveim mínútum til að fresta ræðunni.)

Já, frú forseti. Ég á ekki mikið eftir, ég hugsa að ég geti um það bil lokið ræðu minni, ég skal alla vega reyna það.

Frú forseti. Það hefur verið haft hér á orði oftar en einu sinni að með þessu frumvarpi sé verið að hreinsa lög, þ.e. að þetta sé lagahreinsun, en minn skilningur á þessu er sá að hér sé líka í gangi lagaóhreinkun af því að það er verið að fara inn á verksvið annarra laga og skapa óvissu. Það er mín skoðun að réttindi bænda og ekki bara bænda í þeim hefðbundna skilningi að það séu einungis þeir sem fást við kvikfjárrækt, heldur að réttindi þeirra sem búa úti á landsbyggðinni séu algerlega fyrir borð borin í þessu frumvarpi. Og það hryggir mig að verða vitni að því hve lítill skilningur er á því í þessu frumvarpi hvernig búseta á landsbyggðinni er að breytast og hve mikil þörf er á því að styðja við búháttabreytingar á landsbyggðinni en ekki skerða skilyrðin.

Það er líka sorglegt að sjá að það er beðið um umsagnir fjölmargra aðila eins og gert er ráð fyrir en það er ekki nokkurt tillit tekið til þeirra. Búnaðarþing hefur t.d. sent frá sér mjög ágætar ábendingar og það er ekki tekið tillit til þeirra, t.d. ekki í þeim skilgreiningum sem ég hef verið að tala hér um. Samband sveitarfélaga hefur sent frá sér ábendingar vegna fráveitna sem ég hef ekki fjallað um hérna. Það er heldur ekki tekið tillit til þeirra.

Frú forseti. Ég er búin að koma að mínum helstu ábendingum sem ég held að hafi ekki verið mikið fjallað um fram að þessu, þ.e. hvernig þetta frumvarp snýr að þeim sem búa á landsbyggðinni í dreifbýlinu og hvernig þetta fer inn á verksvið annars ráðuneytis og satt að segja skil ég ekki hvernig hæstv. landbúnaðarráðherra gat samþykkt að þetta frumvarp væri lagt fram í því formi sem það er hér núna. Það hlýtur eiginlega að skýrast af því að hann hafi ekki vitað almennilega hvað stóð í frumvarpinu því það getur ekki verið að hæstv. ráðherra samþykki það þegjandi og hljóðalaust vitandi vits að frá ráðuneyti hans séu tekin verkefni og færð undir annað ráðuneyti eða samþykkt það að sambærileg verkefni séu höfð með höndum í allt öðru ráðuneyti sem kemur því tiltekna málefni ekkert við. Eða hvað kemur iðnaðarráðuneytinu landgræðsla við frekar en iðnaðarráðuneytinu kemur við ungbarnaeftirlit eða viðhald vega eða eitthvað slíkt?

Ég ætla að láta þetta vera mín síðustu orð, frú forseti.

[16:02]

Útbýting:

Stjórn fiskveiða, 448. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 925.

[Fundarhlé. — 16:03]

[20:00]

Útbýting:

Umferð um Reykjavíkurflugvöll, 419. mál, svar samgrh., þskj. 927.

[20:00]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Nú erum við að ræða vatnalög en fundi var frestað vegna þess að upp komu óvænt tíðindi hvað varðar varnarsamstarf þjóðanna Íslands og Bandaríkjanna. Einnig bárust fréttir af því að dæmt hafi verið í Baugsmálum. Allt þetta hefur orsakað mikið hafarí og hæstv. ríkisstjórn verið kölluð saman til að ræða þessi mál til hlítar og reyna að samræma málflutning sinn.

Málið sem við ræðum um hér er í raun mun mikilvægara en þau fyrrnefndu þótt þau séu stór í þjóðlífinu. Við erum að ræða um framtíðarskipan vatnsmála, náttúruauðlinda þjóðarinnar. Í umræðunni hefur ríkisstjórnin látið í veðri vaka að málið sé ekki mikilvægt, eingöngu sé um að ræða formbreytingu. En það er af og frá, frú forseti. Hér er um mikilvæga efnisbreytingu að ræða. Það sem skiptir verulegu máli er í deilum um málið, sem dregist hafa á langinn í þinginu, hefur fengist sú niðurstaða að klára málin, með þeim fyrirvara að lögin taki ekki gildi fyrr en eftir næstu kosningar. Þar með er möguleiki fyrir kjósendur í landinu, ef þeir halda vöku sinni, til að hnekkja þessum ólögum. Þau er einn liðurinn í því að færa náttúruauðlindir þjóðarinnar frá fólkinu og til vina Framsóknarflokksins.

Ég hef skoðað hvernig á því stendur að Framsóknarflokkurinn, með hjálp Sjálfstæðisflokksins að vísu, það má ekki gleyma honum, gengur svona til verks. Ég hef víða leitað fanga til að fá skýringar á því hvað valdi vegna þess að Framsóknarflokkurinn byggir á samvinnuhugsjóninni. Ég greip til þess ráðs að lesa mér til um samvinnuhugsjónina, t.d. Pétur Jónsson frá Gautlöndum sem var einn helsti forvígismaður framsóknarmanna. Ég verð að segja að eftir að hafa farið og lesið rækilega í gegnum sögu Framsóknarflokksins er núverandi forusta komin langt frá uppruna sínum. Hún er vill vegar og ég vara fólk við, sem telur sig samvinnufólk, að taka þátt í þessum félagsskap. Þetta er í raun alveg svakalegt. Þegar maður les um markmið samvinnuhreyfingarinnar og fer síðan í gegnum stjórnarathafnir síðustu ára þá stangast það algerlega á og er ekkert samræmi í því.

Við verðum að líta til þess að upphaflegt markmið

flokksins var að byggja upp landið. En nú hefur Framsóknarflokkurinn staðið í því að rífa niður landsbyggðina, ekki bara með þessu frumvarpi sem hæstv. iðnaðarráðherra er að leggja fram heldur líka með því að leggja sjávarbyggðir landsins í auðn með því að setja fiskveiðiauðlindina í einkaeign. Þeir stefna a.m.k. að því. Ég er á því að Framsóknarflokkurinn og forusta hans hafi ævarandi skömm fyrir. Ég er nokkuð sannfærður um að ef þeir sem kenna sig við samvinnuhugsjónina eða voru forvígismenn hennar í upphafi síðustu aldar yrðu vitni að verkum Framsóknarflokksins yrðu þeir yfir sig hneykslaðir á því hvernig komið er fyrir þeim flokki. Þegar maður les í gegnum sögu samvinnuhreyfingarinnar og horfir síðan á verk hæstv. forsætisráðherra, hvernig hann hefur sölsað ríkiseignir undir flokksvini og aðra félaga, þá er það alveg með ólíkindum.

Ég ætla ekki að fara rækilega yfir sögu flokksins eins og ég hafði hugsað mér. Hins vegar er aldrei að vita nema einhverjir framsóknarmenn óski eftir endurmenntun hjá þeim sem hér stendur varðandi samvinnuhreyfinguna og samvinnuhugsjón, jafnvel að Háskóli Íslands kalli mig til til að endurmennta framsóknarmenn svo að þeir nái tengslum við uppruna sinn. Jafnvel kæmi til greina að framsóknarfélög víða um land kalli mig til að fara í gegnum sögu þeirra. *Þetta er merkileg saga og greinilegt að forusta flokksins er* komin langt frá uppruna sínum. Ég get t.d. nefnt það sem fram kemur í umsögnum frá Bændasamtökunum með þessu frumvarpi. Þar kemur fram að ekki hafi verið í neinu tekið tillit til óska bænda hvað varðar breytingar á frumvarpinu.

Því er haldið fram að aðeins sé um formbreytingu að ræða. En það er ekki rétt. Hér er um mikla efnisbreytingu að ræða. Það virðist að einhverju leyti koma hv. þm. Pétri H. Blöndal á óvart en svo er ekki og ég get gert grein fyrir því. En hafa ber í huga að slíkt ástand yrði ekki innleitt fyrr en eftir næstu kosningar þannig að kjósendur geta hrundið þessari sókn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í að einkavæða þessa auðlind. Málið snýst ekki eingöngu um að verið sé að einkavæða auðlindina heldur er gert ráð fyrir að setja ákveðna nýtingu í forgang, úta til hliðar annarri nýtingu. Sú nýting sem komin er í forgang, frú forseti, er nýting til orkuvinnslu. En ef það er tengt landbúnaði þá er hann settur aftar í röðina en orkunýting framar. Einnig hafa laxveiðiréttareigendur efasemdir um þetta frumvarp. Það er sem sagt verið að setja orkunýtingu í forgrunn en aftar er sett öll önnur nýting.

Ég vil koma með nýjan flöt á þessari umræðu og væri fróðlegt að fá að heyra um það í andsvörum, jafnvel frá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Ég vil að menn virði eignarréttinn og ... (**Gripið fram í:** Nú?) Já, það kemur viðkomandi þingmönnum á óvart en í þessu frumvarpi er eignarnám á löndum bænda auðveldað. Það hefur komið fram, m.a. á fundum iðnaðarnefndar, að frumvarpið sem hér um ræðir auðveldi það og komi jafnvel til góða varðandi eignarnám sem þarf að fara fram í Kárahnjúkum. Það kom skýrt fram. Ég hef í huga að menn taki annan pól í hæðina og velti jafnvel fyrir sér leigunámi. Skoðum t.d. bændur sem þurfa að láta jarðir sínar undir vegi hjá Vegagerðinni. Síðan er lagður vegur og landið tekið eignarnámi. En síðan er veginum breytt sem leiðir til þess að ríkið á einhverjar ræmur hér og þar í sveitum landsins. Þetta er eitt af því sem menn ættu að huga að varðandi það hvort endilega sé þörf á að taka allt eignarnámi.

Við höfum nýleg dæmi um það í Reykjavík að land var tekið eignarnámi uppi á Rjúpnahæðum. Það var fyrir Símann, einhver fjarskiptamöstur. Síðan lendir þetta land inni í ríkisfyrirtæki sem er selt. Það verður að segjast að verðið sem bændur fengu greitt fyrir landið sem var tekið eignarnámi er víðs fjarri markaðsvirðinu í dag. Við eigum ekki að ganga lengra á rétt bænda og eignarréttinn en þörf krefur. Það er tími til kominn að skoða hvort þörf er á að taka allt eignarnámi.

Það er vert að velta upp fleiri hliðum á þessu máli. Hvers vegna í ósköpunum vill t.d. hæstv. iðnaðarráðherra endilega ræða framtíð mála hvað varðar skipan vatns, þessarar lífsnauðsynjar og auðlindar, án þess að taka umhverfismálin með? Það er aftan úr forneskju að ræða málin með þeim hætti. Við verðum að gæta að því að þótt við eigum mikið af auðlindinni núna þá er ekki svo um allar þjóðir. Að eiga þessa auðlind óspillta felur í sér gríðarleg verðmæti. Í ýmsum löndum, t.d. Englandi þar sem er þéttbýlla og meiri iðnaður, þurfa bæði fyrirtæki og vatnsveitur að kosta gífurlega miklum fjármunum til til þess að hreinsa aðskotaefni úr vatni. Þetta er auðlind. Hvers vegna reynum *við ekki að varðveita hana og ræða þetta saman þannig að* það haldist þannig? En það virðist eitthvert metnaðarmál hjá hæstv. ráðherra að horfa eingöngu til vatnsauðlindarinnar til orkunýtingar. Það skín í gegnum þetta frumvarp að eingöngu er horft til þess þáttar. Þar er Orkustofnun yfir öllu. Ég verð að segja að þetta eru gamaldags viðhorf. Menn munu örugglega hrista hausinn yfir málinu innan ekki svo margra ára.

Ég hef áður farið stuttlega yfir greinar frumvarpsins og bent á að allur VII. kaflinn miðar í raun að því að hver svo sem vilji landeigenda sé þá geti hæstv. ráðherra alltaf náð fram eignarnámi til orkunýtingar. Þetta er rauði þráðurinn í þessu frumvarpi.

Annað sem er mjög sérkennilegt, sem ég tel verða til að flækja málin, eru þessi vatnafélög. Menn sem hafa lesið þetta frumvarp, menn úr báðum stjórnarflokkum, bæði Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, hafa varað við þessum vatnafélögum. Þeir telja að þau verði einfaldlega til að flækja stjórnsýsluna þar sem óvíst er hvað samþykkt vatnafélags hefur í för með sér. Vatnafélög ná ekki yfir allt vatnasvið eins og veiðifélög og ég er á því að ríkisstjórnin ætti að sjá að sér með þetta frumvarp. Það liggur ekki á með þetta. Það hefur að vísu verið samþykkt að þetta frumvarp öðlist ekki gildi, þótt það verði samþykkt, fyrr en eftir næstu kosningar. Þrátt fyrir það ættu menn að fara með þetta frumvarp eins og fjölmiðlafrumvarpið enda má segja að það sé komið úr sama ranni. Sömu sérfræðingar unnu að einhverju leyti að báðum frumvörpunum, fjölmiðlafrumvarpi sem ríkisstjórnin féll frá og sá að var ekki vit í að fara með í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það væri hægt að hafa langt mál um þetta frumvarp. Reyndar eru síðustu dagar til marks um það. Ég hef haft að markmiði að þessi ræða verði ekki lengri en 15 mínútur. Ég hefði mátt fara ítarlegar yfir vissa þætti en það verður fróðlegt að fá að heyra frá hv. þm. Pétri H. Blöndal hvaða athugasemdir hann hefur fram að færa. Ég hef einmitt hvatt

til að menn standi vörð um eignarrétt bænda í stað þess að útþynna hugtök eins og netlög, frú forseti. Ég sé að hæstv. ráðherra er steinhissa. Ég vil bara benda hæstv. ráðherra vegna þess að hún er svo hissa á að ég telji að standa eigi vörð um eignarrétt bænda, að hún virðist ekki hafa kynnt sér umsögn Bændasamtakanna. Þeir lýsa furðu sinni á þessu (Gripið fram í.) og segja að þetta frumvarp taki í engu tillit til fyrri athugasemda Bændasamtakanna. Ég er hálfhissa á þessu en þó í raun ekki neitt hissa vegna þess að verk Framsóknarflokksins síðasta áratug hafa verið með þeim hætti að þeir hafa rústað byggðinni í kringum landið.

Þegar hæstv. byggðamálaráðherra hefur verið spurður út í þessi verk sín þá hefur hún hjalað um það á heimasíðu sinni að hún taki ekki þátt í einhverju föndri hér og þar. Ég vil segja að ég vonast til að venjulegir framsóknarmenn fari að hugsa sinn gang. Námskeiðið stendur til boða.

[20:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var skrýtin ræða. Ég held ég hafi skilið hv. þingmann rétt er hann sagði að þetta frumvarp væri ekki formbreyting heldur væri það eðlisbreyting ... (**SigurjÞ:** Efnisbreyting.) ... efnisbreyting og að einkavæða ætti þessa auðlind, sagði hv. þingmaður. Hann talaði um einkavæðingu auðlindarinnar og hann væri á móti því, heyrðist mér. Svo segir hann jafnframt, frú forseti, að hann sé hlynntur einkaeign. Hvernig má það vera? (Gripið fram í.) Í sömu ræðunni, sem var ekki voðalega löng, segir hann þetta og hitt. Ég vil spyrja: Hvort er hv. þingmaður hlynntur því að bændur eigi vatnið eða að bændur eigi ekki vatnið?

Svo vil ég benda hv. þingmanni á hverjir eiga land á Íslandi. Ríkið á allar þjóðlendurnar, 40% af landinu. Sveitarfélögin eiga heilmikið land í kringum hvert sveitarfélag og bændur og örfáir aðrir landeigendur eiga afganginn. Þessir aðilar, ríkið, sveitarfélög og bændur, munu koma að því sem hv. þingmaður kallar einkavæðingu þessarar auðlindar. Ég er ekki sammála því. En hv. þingmaður notast við það orðalag. Er hann á móti því að bændur fái meiri einkaeign? Það er spurning. Hvernig telur hv. þingmaður, fyrst þetta er svo mikil efnisbreyting, að þetta frumvarp breyti verðmæti jarða bænda? Hækkar það verð á jörðum eða lækkar það verðið?

Síðan vil ég spyrja þingmanninn: Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagðist vilja ganga í aðra átt og vildi þjóðnýta vatnið, tekur hv. þingmaður undir það?

[20:19]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Deilan stendur um þá skilgreiningu sem er nú, hvort menn eigi rétt til að nýta vatn, eða hvort menn eigi vatn. Það sem hefur komið fram, m.a. hjá Bændasamtökunum, og ég vonast til þess að hv. þingmaður hafi kynnt sér umsögn þeirra, er að ekki sé tekið tillit til þarfa bænda til að nýta vatn. Það kemur fram. Við skulum fara í gegnum þá umsögn. Hér segir að ekki hafi verið tekið í einu né neinu tillit til athugasemda Bændasamtakanna.

„Frumvarpið hefur nú verið yfirfarið á nýjan leik og kemur þá í ljós að athugasemdir Bændasamtakanna hafa að engu verið hafðar.“

Um þetta snýst málið. Varðandi það hvort ég vilji þjóðnýta vatnið þá verðum við að ganga skynsamlega um auðlindina svo hún nýtist allri þjóðinni. Ég held að við þingmenn sem sitjum í þessum sal eigum að horfa þannig á málið, horfa á heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Það kemur fram að bændur vilja breytingar á þessu frumvarpi. Þeir horfa ekki, eins og hæstv. ráðherra, eingöngu til að nýta vatn til orkuframleiðslu. Það er hægt að gera margt annað. Í umsögn Landssambands veiðifélaga kemur fram að þeir horfa ekki eingöngu á vatnið út frá því að af því fáist rafmagn. Það er hægt að gera margt fallegt við vatnið. Við eigum að vernda það.

Ég vona að þingmenn kynni sér umsagnir frá hagsmunaaðilum áður en þeir fara að túlka sjónarmið þeirra því að þau koma skýrt fram í gögnum málsins.

[20:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði að verið væri að einkavæða þessa auðlind. Nú skulum við hugsa okkur jörð og bónda. Hver fær einkarétt á því vatni sem er á jörðinni hans annar en hann sjálfur? Er það ég sem fæ einkarétt á vatninu á jörðinni hans? Ónei, það er hann sjálfur að sjálfsögðu sem eigandi jarðarinnar, þessi ákveðni bóndi. Ef þetta væri einkavæðing, sem ég er ekki sammála þar sem ég held að aðeins sé um formbreytingu að ræða, eins og hv. þingmaður segir, þá þýddi það að viðkomandi bóndi eignaðist vatnið, að gefnu því sem hv. þingmaður sagði, að þetta sé einkavæðing. Það er enginn annar sem eignast það.

[20:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég óska þess, frú forseti, að hv. þingmaður kynni sér betur efni frumvarpsins. (**PHB:** Ég var að spyrja ...) Já, málið er að þetta snýst ekki endilega um það. Ef bóndinn vill t.d. ekki nýta vatn til ákveðinna hluta þá getur hann verið þvingaður til þess af öðrum sem hafa orkunýtingu að markmiði. Í þessu frumvarpi er orkunýtingin sett í forgrunn. (Gripið fram í.) Jú, algerlega. Iðnaðarráðherra sker úr um hvort fara eigi fram eignarnám.

Ég hef bent hv. þingmanni á að við eigum að forðast að taka eigur manna og jafnvel huga að því að taka upp leigunám. Það væri fróðlegt að fá að heyra viðhorf hv. þingmanns til þess. Ég vona að hann eigi eftir eina ræðu og geti haldið stutta ræðu um það.

[20:23]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú þegar náðst hefur samkomulag um meðferð þessa máls og eftir stendur það sem kallað hefur verið af stjórnarandstöðunni pólitískur ágreiningur um efni þessa frumvarps er lag að stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar takist á, eftir að málþófi lýkur. Við getum reynt að fá afstöðu stjórnarandstöðu í þessu máli skýrar fram.

Ég heyrði stjórnarandstæðinga halda því á lofti að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af þessum lögum og afleiðingum þeirra vegna þess að þau tækju ekki gildi fyrr en eftir næstu kosningar. Ef svo ólíklega vill til að önnur skipan verði á

ríkisstjórn eftir næstu kosningar verð ég að segja, frú forseti, að eftir að hafa hlustað á umræðuna í dag tel ég ekki líkur á að nokkur breyting verði gerð á þessum lögum. Vinstri grænir tala fyrir þjóðnýtingu vatnsins og hv. þingmaður, síðasti ræðumaður, talar um að styrkja einkarétt bænda á vatni. En sumir í stjórnarandstöðu hafa borið þær sakir á stjórnarliða og ríkisstjórn að þeir ætli að einkavæða vatnið.

Ég spyr hv. þingmann hvaða líkur hann sjái á því að stjórnarandstaðan nái nokkurn tíma saman um nokkra nýbreytni á þessu sviði. Svo vil ég fá að upplýsa hv. þingmann, af því að við erum að skiptast á skoðunum í þessari umræðu, um að allt í gegnum þetta frumvarp segir að heimilis- og búsþarfir gangi fyrir. (**SigurjÞ:** Hvað?) Heimilis- og búsþarfir, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, ganga fyrir öllum öðrum þörfum. Ef bóndi hefur ekki nægan aðgang að vatni á sinni jörð þá hefur hann rétt til að taka það hjá nágranna sínum.

[20:25]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er á því að stjórnarandstaðan hafi bjargað stjórninni. Ég er sannfærður um að þetta frumvarp verður numið úr gildi. Ástæðan er sú að þetta er slæmt frumvarp og ég er sannfærður um að framsóknarmenn munu sjá að sér. Að vísu er þetta orðið persónulegt metnaðarmál hjá einum hæstv. ráðherra en ég held að þegar menn fara yfir málið í heild sjái þeir að þetta er vont mál.

Hér nefndi ágætur hv. þingmaður að búsþarfir gengju fyrir öllum öðrum þörfum og menn hefðu ákveðinn rétt. En búsþarfir eru skilgreindar mjög þröngt í þessu frumvarpi. Það er einmitt það sem Bændasamtökin hafa gert athugasemdir við, að búsþarfir eru eingöngu skilgreindar til kvikfjárræktar. Ég hef fulla vissu um að ef svo ólíklega vill til að þessari ríkisstjórn verði ekki velt úr sessi þá er ég nokkuð viss um að framsóknarmenn munu sjálfir sjá að sér. Ég hef fengið símtöl frá liðsmönnum Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks þar sem þeir lýsa því m.a. yfir að vatnafélögin séu þannig að þau valdi eingöngu réttaróvissu. Þetta er frumvarp sem ég held að sé andvana fætt ef það fæðist hér á morgun sem lög.

[20:27]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er enn jafnefins ef ekki meira efins um að þeir aðilar sem skipa núna stjórnarandstöðu geti náð saman um nokkra aðra skipan á þessum lögum. Einn talar fyrir þjóðnýtingu og annar fyrir styrkingu eignarréttar bænda. Síðan nýta menn tíu mínútur, sem þeir setja sér sem hámark í ræðu, til að ræða samvinnuhugsjónina og hafa mörg orð um hvernig þeir reyna öllum stundum að tileinka sér hana.

En deilan, eftir því sem hefur verið látið í veðri vaka í umræðunni, hefur snúist um neikvæða eða jákvæða skilgreiningu. Svo ég haldi því til haga í þessari umræðu, í skoðanaskiptum við hv. þm. Sigurjón Þórðarson, þá er ástæða mín fyrir stuðningi við þetta frumvarp sú að fyrirkomulagið sem nú er á skilgreiningunni skipti engu máli um inntak eignarráða fasteignareiganda yfir vatni.

[20:28]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var að vona að þessar löngu umræður hefðu kannski orðið til að upplýsa einhverja liðsmenn stjórnarflokkanna um hve vont þetta frumvarp er. Ég þurfti að fara í gegnum það á löngum fundum í iðnaðarnefnd og ég hef trú á að margir liðsmenn Sjálfstæðisflokksins sem sitja í iðnaðarnefnd og hafa þurft að fara í gegnum þetta frumvarp séu efins um það.

Við verðum að gæta að því að orkunýtingarþátturinn er í forgrunni og ég vil lesa niðurlag að 20. gr. frumvarpsins sem hv. þm. Jónína Bjartmarz vill leiða í lög.

„Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í mannvirkjagerð og getur ráðherra þá heimilað eignarnám til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati."

Þarna er iðnaðarráðherra settur í þá stöðu að taka land af einhverjum sem vill ekki fara í virkjun. Þetta má lesa í gegnum frumvarpið, að orkunýtingin er í forgrunni.

[20:29]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur við að maður segi að kominn sé svefngalsi í menn á Alþingi þegar maður hlustar á hv. þm. Sigurjón Þórðarson fara yfir þetta mál eftir að hafa setið með honum í iðnaðarnefnd og farið yfir málin. Hann hefur nefnt aðkomu Bændasamtakanna. Ég minni á að þrátt fyrir umsögn Bændasamtakanna, sem var gagnvart fyrra frumvarpinu jafnframt, áttu þeir fulltrúa við að semja þetta frumvarp. Sá aðili hefur náttúrlega verið með í smíði frumvarpsins og framlagningu þess. Þetta er ekki alslæmt gagnvart Bændasamtökunum eins og hv. þingmaður vill vera láta.

Hv. þingmaður segir í öðru orðinu að hann vilji styrkja eignarrétt bænda. Hann talar í hinu orðinu um að verið sé að hlunnfara bændur og rýra aðstöðu landsbyggðarinnar. Mér finnst að það verði að vera einhver samsvörun í því sem hv. þingmaður segir.

Í ræðu hv. þingmanns áðan líkti hann þessu frumvarpi, vatnalagafrumvarpinu, við útvarpslög ... (**SigurjÞ:** Fjölmiðlalögin.) ... við fjölmiðlalög, já. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hann telji hugsanlegt að forseti Íslands muni ekki skrifa upp á þessi lög líkt og fjölmiðlalögin? Er þetta álíka alvarlegt mál að mati hv. þingmanns?

[20:31]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er fullyrt að þetta sé ekki slæmt fyrir bændur vegna þess að þeir áttu einn fulltrúa í nefndinni. Ég vil minna á að stundum hafa samtök sveitarfélaga átt fulltrúa í nefndum sem hafa haft til meðferðar lagafrumvörp og síðan þegar lagafrumvarpið hefur fengið umfjöllun frá sveitarfélögum víðs vegar um land þá hefur það fengið falleinkunn.

Það er ekki hægt að skuldbinda heil samtök vegna þess að einhver ákveðinn fulltrúi hafi ekki staðið vakt bænda í málinu, það eru einfaldlega ekki rök í málinu. Það hafa komið fram ítarlegar athugasemdir við þetta frumvarp frá

bændum. Vegna þess að það er alltaf spurt um einkavæðingu, nýtingarrétt og yfirráðarétt bænda yfir auðlindum þeirra þá vil ég að það komi fram að ég vil styrkja þann rétt bænda. Þetta mál snýst um nýtingarrétt en ekki einhvern einkarétt sem miðar allur að því í þessu frumvarpi að iðnaðarráðherra geti þrýst á um orkunýtingu.

En ef það er fiskrækt eða fiskeldi eða eitthvað annað sem bændur vilja byggja upp þá er því ekki gert hátt undir höfði í þessu frumvarpi. Ég vonast til að hv. þingmaður gæti sannmælis og fari í gegnum þetta, sérstaklega 20. gr. og allan VII. kaflann. Það gengur allt út á að virkja, orkunýting. Ef menn ætla að fara með einhverja aðra atvinnustarfsemi, þá er ekki minnst á það í þessu frumvarpi. Enda kemur það fram í frumvarpinu. Landssamtök veiðifélaga gefur þessu falleinkunn, sömuleiðis Bændasamtökin og Umhverfisstofnun. Ég er á því að við í stjórnarandstöðunni höfum í rauninni bjargað stjórnarliðinu frá þessu frumvarpi. Það skyldi þó aldrei vera að þó svo að þessir flokkar mundu (Forseti hringir.) hanga saman til næstu kosninga að þeir sameinuðust þá í því. (Forseti hringir.) Það yrði þeirra fyrsta verk að fella þetta (Forseti hringir.) frumvarp á fundi.

[20:34]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Í fyrri ræðu sinni nefndi hv. þm. Sigurjón Þórðarson að vatnalögin þyrftu að fara samhliða vatnatilskipun Evrópusambandsins. Ég vænti þess að þingmaðurinn hafi verið á fundi nefndarinnar þegar Ingimar Sigurðsson frá Umhverfisráðuneytinu kom og fór yfir þann þátt málsins. Ég vænti þess að hann muni að það kom skýrt fram að auðlindakaflinn er ekkert samtengdur Evróputilskipuninni. Þeir aðilar sem þar komu á fund nefndarinnar töldu að þetta ætti ekkert endilega samleið og að hægt væri að vinna þetta hvort í sínu lagi.

Hver er í rauninni tillaga Frjálslynda flokksins? Hver er tillaga Frjálslynda flokksins í málinu í sjálfu sér? Við höfum ekki heyrt það enn þá. (Gripið fram í.)

[20:35]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi fundur var mjög sérkennilegur vegna þess að þar sat annars vegar fulltrúi umhverfisráðuneytisins og fullyrti eitt, en helsta sérfræðistofnun umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnun, var ráðuneytinu algerlega ósammála. Enda voru rök ráðuneytismannsins vægast sagt mjög sérkennileg. Til dæmis var eitt að þetta frumvarp um vatnatilskipun snerti ekki náttúruvernd. En samt sem áður hafði hún með mengunarvarnir að gera og einnig verndun vistkerfisins. Snertir það ekki náttúruvernd? Það sjá allir að í svona málflutningi stendur ekki steinn yfir steini.

Í rauninni átti fulltrúi umhverfisráðuneytisins bágt að þurfa að flytja þessa tölu (Forseti hringir.) og honum er enginn greiði gerður með að vera að rekja þá tölu hér í ræðustól þingsins.

[20:36]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég hef sett mér það markmið í upphafi ræðu minnar sem er fyrsta ræða mín í þessu máli, að hafa hana umfram allt stutta. Þetta er í fyrsta lagi, og svo í öðru lagi eingöngu málefnalega.

En það var þannig þegar 1. umr. um þetta mál fór fram hér á þingi að þá tóku, að mig minnir, eingöngu hv. þingmenn Vinstri grænna þátt í umræðunni. Hv. þingmaður Kristján L. Möller hristir höfuðið, og hann man þá betur en ég, frú forseti. En þeir sem höfðu hæst og voru mest áberandi í þeirri umræðu voru hv. þingmenn Vinstri grænna.

Vegna þess að ég las þessi vatnalög fyrir mörgum árum og miðað við stóru orðin sem menn tóku upp í sig gagnvart því frumvarpi sem lá frammi, þá snerti það í mér ákveðna viðkvæma strengi sem varð til þess að ég settist yfir frumvarpið og lúslas það. Ég tek það fram að sú sem hér stendur á ekki sæti í iðnaðarnefnd og ég hef því að öllu jöfnu ekkert verið að setja mig öðru fremur inn í mál sem heyra undir þá nefnd.

En eftir að ég var búin að lúslesa þetta frumvarp allt í gegn skildi ég nákvæmlega ekkert í þeim málflutningi þar sem Vinstri grænir hv. þingmenn voru í fararbroddi. En svo þegar ég leit aðeins til baka þá rifjaðist upp fyrir mér umfjöllun sem var í fjölmiðlum um ráðstefnu sem haldin var á vegum BSRB undir yfirskriftinni Vatn fyrir alla. (**Gripið fram í:** Eru það pólitísk samtök?) Þá fannst mér eins og allar götur síðan hafi verið undirbúin einhver andstaða við frumvarpið.

Þegar ég kynnti mér hverjir sátu þá ráðstefnu var alveg ljóst að fólk var þar að fjalla um margt á allt öðrum forsendum en við þekkjum í okkar heimshluta. Út frá allt öðrum raunveruleika en við þekkjum. Ég get líka bætt því við, frú forseti, að ég hefði vel getað skrifað undir yfirlýsinguna sem kom frá þessum fundi. Vegna þess að hún sneri að vatni sem auðlind í þeim heimshluta þar sem mikill vatnsskortur er. En hér er í áróðursskyni dregið upp og nefnt eitthvert Afríkuríki, eitt af fátækustu ríkjum jarðar, ég minni á að sum þeirra búa ekki einu sinni við rafmagn eins og Líbería, og höfðað til þess hvernig þeir hafa farið út úr einkavæðingu vatnsins. Ríki þar sem ekki er einu sinni stjórnskipulag. Hefur ekki stjórn, jafnvel ekki sinni rafmagn. Eitt af vanþróuðustu ríkjum heims. Þegar það er notað hér í áróðursskyni til að hræða fólk með því og gefa til kynna að við ætlum að einkavæða vatn með þessu frumvarpi og takmarka aðgang almennings að vatni, þá fannst mér málflutningurinn orðinn vægast sagt ómálefnalegur. En það er pólitíkin í þessu.

Þess vegna þegar hv. iðnaðarnefnd lauk starfi sínu þá settist ég jafnspennt yfir álit bæði meiri hluta iðnaðarnefndar og minni hluta iðnaðarnefndar. Ég verð að segja, frú forseti, að það sem segir í áliti minni hluta iðnaðarnefndar gaf engan veginn til kynna þær aðfinnslur sem þar voru við frumvarpið, ásamt því að þeir tóku undir breytingar meiri hlutans. Aðfinnslurnar voru ekki nokkur grundvöllur undir þá 30 klukkustunda umræðu sem hér hefur farið fram. Í þessu þingskjali er því ekki að finna efnislega stoð fyrir þeirri umræðu sem staðið hefur hér í meira en 30 klukkustundir, sem ég tek fram að til lengri tíma litið er lögskýringargagn.

Þannig að margt hefur komið mér á óvart í þessari umræðu. En svo þegar upp er staðið og búið er að semja um lyktir þessa máls og búið að semja um að skipuð verði

ákveðin nefnd sem skoði vatn í víðara samhengi og síðan að fresta gildistökunni, þá stendur í rauninni eftir — ef ég gef mér að lögin haldi áfram að hafa gildi, ef því verður ekki breytt eftir næstu kosningar — hvers virði þessi umræða er hér sem lögskýringargagn inn í framtíðina. Þá skiptir ekki bara máli, og kannski síst máli þær löngu ræður sem hér hafa verið haldnar um allt milli himins og jarðar, upplestur úr bókum og ljóðum og bara nefnið þið það. Heldur skiptir máli fyrir þá sem styðja frumvarpið og munu greiða því atkvæði sitt hver afstaða þeirra var til málsins.

Þess vegna fannst mér ástæða til, þó að ég ætli ekki að draga umræðuna á langinn hér í kvöld, að gera grein fyrir afstöðu minni. Vegna þess að ég eins og aðrir hef setið undir því að ætla að einkavæða vatnið, að við viljum með þessu takmarka rétt almennings að vatni, svipta fólk aðgangi að vatni. Þá finnst mér rétt að gera grein fyrir því að stuðningur minn við þetta frumvarp byggir á að þetta hafi kannski löngu verið tímabær endurskoðun á vatnalögunum. Ekki síst í ljósi breyttra þjóðfélagshátta frá 1923. Nú er þessi leið farin að það eru ákveðin ákvæði sem verða áfram í vatnalögum og svo eru náttúrlega önnur ákvæði sem verður að finna framvegis í allt öðrum lögum, vegna þessarar miklu áherslu sem við leggjum orðið í umhverfisverndina. Þar með talið á vatn. En endurskoðunin er tímabær.

Svo hafa menn spurt hérna: Af hverju að vera að endurskoða þetta núna? Af hverju ekki að bíða? Þá hlýtur maður að spyrja á móti: Af hverju að draga það? Meginástæðan fyrir að maður spyr svoleiðis er sú, að það er engin efnisbreyting í frumvarpinu. Ég hef heyrt menn halda því á lofti í þessari umræðu þegar verið er að vísa til dóma Hæstaréttar og vísa til helstu fræðimanna okkar á sviði lögfræðinnar, að við séum að afsala okkur löggjafarvaldinu og fela það dómurum. En það er bara þannig að þegar er verið að vísa til þessara lögspekinga að Alþingi sjálft setti þessi lög á sínum tíma. Á túlkun laganna hefur síðan í nokkur skipti reynt frá 1923. Það er fullt samræmi í túlkun Hæstaréttar á þessum lögum. Auk þess sem fræðimenn eru allir sammála um að ákvæði eins og hafa verið með þessari jákvæðu skilgreiningu þýða fullur eignarréttur. Einkaeignarréttur að landi.

Svo eins og menn hafa sagt þá er aldrei hægt að telja upp tæmandi allar nýtingarheimildirnar. Þess vegna sögðu menn að í ljósi álita fræðimanna samhljóma frá 1923 um dóma Hæstaréttar um þessa túlkun, þá skilgreinum við það hinsegin. Við segjum að það sé einkaeignarréttur fasteignareiganda og segjum að með því sé ekkert verið að breyta inntaki eignarráða fasteignareiganda yfir vatni. Síðan segir, eins og segir í lögunum, að það sé fullur réttur nema það sem lög eða samningar og réttur annarra skerði. Í þessum lögum eru mörg ákvæði sem ganga á þennan fulla einkarétt vegna þarfa nágranna. Vegna þarfa samfélagsins til að tryggja að enginn verði án vatns.

Það er skilningur minn á þessu. Að þetta sé eingöngu formbreyting sem við erum að gera með þessu frumvarpi. Við breytum engu um eignarréttinn. Við breytum engu um aðgang almennings. Heldur erum við að uppfæra gömul lög sem þörf var að gera vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna, vegna meiri áherslu á náttúruvernd en við höfum haft áður. Þetta er mín afstaða.

Með því að halda þessari afstöðu minni hér á lofti er ég að lýsa því hver vilji þess fulltrúa löggjafarvaldsins sem hér stendur var. Þess vegna skiptir máli að stjórnarliðar í þessu máli lýsi vilja sínum á bak við þetta frumvarp. Við ætlum ekki að breyta neinu. Það stendur ekki til að breyta neinu. Annað er áróður. Annað er pólitískur áróður.

Frú forseti. Það getur verið að ég hafi gleymt einhverju, ég er ekki búin að halda þá löngu ræðu sem hér hefði mátt fylgja með. En eins og ég kom inn á í andsvari fyrr í þessari umræðu, þá er það svo einkennilegt hvað stjórnarandstaðan talar hér út og suður, ýmist fyrir þjóðnýtingu eða því að styrkja einkaréttinn. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir tók það sérstaklega fram í ræðu sinni fyrr í dag að lögin hefðu reynst okkur heilladrjúg. Gefum okkur að efnislega séu þau ekki að fela í sér neina breytingu. Þá er ljóst að menn vilja einhvern veginn fara út á annað spor. Þeir vilja breyta ríkjandi lögskipan á þessu sviði. Enda kom það hérna fram í ræðu hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að Vinstri grænir vilja þjóðnýta vatnið.

[20:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við viljum þjóðnýta vatnið, heitir það, þegar við tölum um að tryggja almenningi, þjóðinni, aðgang að vatni og kveða á um það að enginn geti slegið eign sinni á vatnið.

Hér var flutt nokkuð merkileg ræða. Hv. þm. Jónína Bjartmarz kveður sér hljóðs undir lok 2. umr. til að gefa þingmönnum einkunnir fyrir málefnalegt framlag til umræðunnar. Það dæmir hver fyrir sig um framlag hv. þingmanns hvað þetta snertir. Fram kom að stjórnarandstaðan hefði yfirleitt verið afar ómálefnaleg og í málþófi en stjórnarsinnar, og þá sérstaklega hv. þm. Jónína Bjartmarz, alveg sérlega málefnalegir. Hún hafi lúslesið frumvarpið og hún skilji þetta í þaula.

Síðan hófst lesturinn. Hún vitnaði í ráðstefnu um vatn skoðað frá ýmsum hliðum, sem haldin var á vegum verkalýðssamtaka, margvíslegra náttúruverndarsamtaka, kirkjunnar og ýmissa aðila í lok febrúarmánaðar á síðasta ári. Það er greinilegt að hv. þingmaður hefur ekki kynnt sér vel hvað þar fór fram. Jú, jú, menn horfðu til fjarlægra landa og heimsálfa. Það var vikið að vatnabúskap á Íslandi. Þarna töluðu fræðimenn, náttúruverndarsinnar, verkalýðsfólk, um reynsluna af einkavæðingu á vatni. Það sem við höfum verið að leggja áherslu á í málflutningi okkar er að með þessum lögum er verið að stíga enn eitt skrefið í þá átt að skýra lögin hvað varðar einkaeignarrétt á vatni og umbreyta, (Forseti hringir.) ekki bara að forminu til heldur einnig að innihaldi, þeim lögum sem voru við lýði áður hvað þetta varðar.

[20:50]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson heldur því fram, og vil ég taka fram að mér hálfleiðist svona persónuleg umræða, að ég hafi verið að gefa öðrum einkunnir hér og tala um að umræðan væri ómálefnaleg. Stjórnarandstæðingar sjálfir hafa í ræðustól og í fjölmiðlum talað um málþóf. Það er ekki einkunn frá mér. Það eru orð einhverra

stjórnarandstöðuþingmanna sjálfra og lýsing þeirra á umræðunni sem hér hefur farið fram, enda kom ekki það samkomulag sem gert var í gærkvöldi til af engu.

Ég vil halda því til haga sem ég sagði áðan um fyrrnefnda ráðstefnu að ég hefði getað skrifað undir yfirlýsinguna og hefði trúlega gert það ef ég hefði verið þar. Hún snertir bara ekki efni þessa frumvarps, en reynt er að tengja saman þær aðstæður sem menn voru með í huga og fjallað var um á þessari ráðstefnu, eftir því sem ég hef heyrt, við efni þessa frumvarps.

Að enginn geti slegið eign sinni á vatnið, er það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vill forðast, og ég hlýt að spyrja: Á hvern hátt verða eignarheimildir landeiganda að vatni aðrar með þessu frumvarpi en hann hefur samkvæmt núgildandi lögum? Hvaða takmörk eru á ráðstöfunarrétti hans á vatni í vatnalögunum frá 1923 sem gilda í dag? Hverjar eru takmarkanirnar? Þetta er mergurinn málsins. Ef menn geta ekki svarað þessari spurningu geta þeir í rauninni ekki haft neitt efnislega við frumvarpið að athuga eins og það er núna.

[20:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins halda því til haga að þær ræður sem fluttar hafa verið af hálfu stjórnarandstöðunnar hafa margar hverjar verið mjög málefnalegar þar sem menn hafa rökstutt mál sitt afar vel. Það sem er að gerast með þessu frumvarpi er að nýtingarrétti, sem er skilgreindur í vatnalögunum frá 1923, er umbreytt í eignarrétt. Það er mat okkar að í því felist ekki aðeins formbreyting heldur einnig innihaldsbreyting. Við höfum reynt að færa rök fyrir því. Við höfum m.a. vísað í þær umræður sem fóru fram um nákvæmlega sama efni þegar lögin voru sett árið 1923 og menn tókust á um breytingartillögur sem lutu einmitt að þessum þætti.

Hins vegar sagði hv. þingmaður að með þessu frumvarpi væri einkum verið að styrkja náttúruvernd. (Forseti hringir.) Hvers vegna í ósköpunum var þá ekki orðið við tillögum stjórnarandstöðunnar og kröfum um að byrjað yrði (Forseti hringir.) á hinum endanum og samþykkt fyrst og gengið frá lögum um vatnsvernd?

(**Forseti** (DrH): Ég bið hv. þingmenn að virða ræðutíma.)

[20:53]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sagði ekki í ræðu minni að með þessum lögum væri fyrst og fremst verið að styrkja náttúruvernd heldur sagði ég, vegna þess að lögin frá 1923 eru bara barn síns tíma, að nú fjölluðu lögin í rauninni um þrengra svið en þau gerðu 1923 og að við yrðum með þetta mál í fleiri en einum lagabálki vegna aukinnar áherslu sem við leggjum á náttúruvernd, svo ég haldi því til haga.

Hv. þingmaður sagði áðan að stjórnarandstaðan telji að í frumvarpinu felist ekki aðeins formbreyting heldur efnisbreyting. Ég tel að í því felist aðeins formbreyting og ekki bara að ég, heldur hafa allir fræðimenn frá 1923 sem hafa skrifað um þetta mál verið þeirrar skoðunar. Ég tel það m.a. vegna þess að þetta eru slíkir fræðimenn að ég hef hingað til (**Gripið fram í:** Ólafur Jóhannesson.) getað treyst þeim, Ólafur Jóhannesson, Þorgeir Örlygsson, Gaukur Jörundsson. (Forseti hringir.) Þeir eru meðal okkar virtustu fræðimanna á sviði eignarréttar.

[20:54]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þingmanns og ég er alveg sannfærð um að hún telur að með því að fara þá leið sem farin er í þessu frumvarpi, þ.e. að skilgreina eignarréttinn neikvætt eða að fara út í þessa neikvæðu skilgreiningu á réttindum, sé farin hin eina rétta leið. En einmitt um þetta atriði erum við ekki sammála og það er það sem við í stjórnarandstöðunni höfum verið að reyna að sýna fram á síðustu daga og hv. þingmaður hefur án efa heyrt í ræðum okkar og kannski sérstaklega í dag. Ég vil, virðulegi forseti, fá að vitna til greinar eftir Eyvind Gunnarsson, en þessi hluti greinarinnar er jafnframt líka orðréttur í frumvarpinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ástæða þess að fremur er stuðst við neikvæða skilgreiningu á hugtakinu eignarréttur er sú að jákvæð skilgreining, þ.e. skilgreining þar sem taldar eru upp allar heimildir eiganda, sem í eignarrétti geta falist, yrði of viðamikil og sennilega aldrei tæmandi og því í eðli sínu ófullkomin.“

Þetta segir mér, virðulegi forseti, að hv. þm. Jónína Bjartmarz telji að geirnegla verði eignarréttinn núna og gera hann fullkominn og tæmandi til framtíðar, vegna þess að það er það sem maður les úr þeim texta sem fylgir greinargerðinni með þessu frumvarpi. Það er einmitt um þetta sem deilt er, vegna þess að við höfum talið að nota ætti hina jákvæðu skilgreiningu af því að við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. Og að geirnegla eignarréttinn með þessum hætti þannig að hann sé tæmandi og „fullkominn“ til framtíðar teljum við vafasama leið og býsna hættulega til framtíðar litið af því að við vitum ekki hvað hún ber í skauti sér.

[20:57]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir talaði um að gera eignarréttinn fullkominn. Ég held að hv. þm. hafi verið að tala um hvernig við gætum útlistað inntak eignarréttarins á fullkominn hátt, ég skildi hana a.m.k. þannig.

Hv. þingmaður hélt því fram að til væri einhver ein rétt leið, jákvæð eða neikvæð, og að við teldum að það væri eina rétta leiðin að skilgreina þetta á þann neikvæða hátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Síðan vísar hv. þingmaður í fræðimann á þessu sviði og ritgerð sem hann hefur skrifað. (**KJúl:** Í greinargerð frumvarpsins.) Já. Hann færir rök fyrir því að fara ekki þá leið sem stjórnarandstaðan hefur talað fyrir. En ég tel ekki að til sé nein ein fullkomin leið á þessu sviði. Önnur leiðin var farin áður. Nú var tekin sú afstaða að fara hina, m.a. eins og fræðimaðurinn segir í greinargerð með frumvarpinu, vegna þess að það er aldrei hægt að telja réttindin tæmandi upp og þá er nær að segja að einkarétturinn sé ótakmarkaður nema að því leyti sem lög, m.a. ákvæði í vatnalögunum sjálfum, og samningar geta skert þennan ráðstöfunarrétt eigenda. Þetta er hin leiðin. En það

sem skiptir öllu máli í þessari umræðu er kannski ekki akkúrat þetta, heldur hvort við erum að breyta þeirri lögskipan sem við höfum búið við frá 1923. Um það hefur deilan staðið. Við segjum að við séum ekki að breyta henni, þetta sé ekki efnisbreyting. En hvor leiðin er farin, fyrir mig persónulega er hvorugt heilagt í því. Þessi leið er skýrari af því að það er aldrei hægt að telja réttindin tæmandi vegna þess, hæstv. forseti, að við sjáum ekki inn í framtíðina.

[20:59]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var svo sem eins og ég hélt um þetta. En ég verð að segja að það er sama hvað hv. stjórnarþingmenn hafa reynt, þeir hafa ekki náð að sannfæra mig um að nú sé uppi einhver sú staða að við þurfum með einhverjum hætti að fullkomna eignarréttinn, þ.e. að gera hann tæmandi. Ég skil þess vegna ekki hvers vegna lögð er slík ofuráhersla á að fara út í þessa neikvæðu skilgreiningu vegna þess að varað hefur verið við því, bæði í umsögnum um þetta frumvarp frá þeim sem starfa á sviði náttúruverndar og umhverfisréttar og einnig á forsendum almannaréttar, að þessi leið sé hættuleg til framtíðar litið og að ekki sé rétt að fara þessa leið.

Ég vil spyrja hv. þingmann (Forseti hringir.) hvort hún telji ekki að þetta geti orðið íþyngjandi til framtíðar litið að nota þessa neikvæðu skilgreiningu.

[21:00]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hélt því fram og sagði: Við teljum að þetta geta orðið íþyngjandi. Það sem skiptir öllu máli í þessu er að velta fyrir sér og komast að niðurstöðu um hvort verið hafi einhverjar takmarkanir á eignarráðum fasteignareigenda yfir vatnsréttindum síðan 1923. Fræðimenn hafa sagt nei. Það eru engar takmarkanir á eignarráðum. Þeir sjá þar engar takmarkanir. Dómaframkvæmdin segir nei. Þar eru engar takmarkanir. Þetta er óskoraður eignarréttur.

Málið snýst í raun allt saman um þetta. Ef þetta er fullur einkaréttur og óskoraður, með þeim takmörkunum sem önnur lög setja og hugsanlegir samningar, þá felst engin efnisbreyting í þessu nýja frumvarpi. Það er einungis formbreyting. (Forseti hringir.) Það er kjarni málsins í umræðunni sem staðið hefur í 30 tíma.

[21:01]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef aðeins eina spurningu til hv. þingmanns. Ég spyr hvort hv. þm. Jónína Bjartmarz sé sammála því eða jákvæð eða neikvæð gagnvart því að festa eignarréttinn á vatninu í landinu í stjórnarskrá lýðveldisins.

[21:02]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr svo stórt. Ég efa að mér vinnist tími til að svara honum í andsvari, þótt það væri helmingi lengra. Ég veit heldur ekki hvert svarið er. En ég get upplýst hv. þm. Kristján L. Möller um að þetta er eitt af því sem er til umræðu innan stjórnarskrárnefndar.

Í stjórnarskrám sumra ríkja eru ákveðin umhverfisverndarákvæði. Ég hef heyrt eitt eða tvö ríki nefnd í þessari umræðu sem koma inn á vatn í stjórnarskrám sínum. Mig minnir að annað sé í Afríku. (**Gripið fram í:** Bólivía.) Annað ríkið er Bólivía. Við skulum hugsa okkur hvernig þjóðfélagið, uppbygging þess og allur strúktúr er öðruvísi í Bólivíu en hér og þar af leiðandi þörfin. En þetta er svolítið djúp, lögfræðileg spurning.

Ef við gerum ráð fyrir að lögin frá 1923 gildi áfram með því fyrirkomulagi sem þau kveða á um, hvernig ætti þá stjórnarskrárákvæðið að hljóða? Það er ekki um að ræða að taka sérstakt vatnsverndarákvæði upp í stjórnarskrána en hins vegar er talað um að taka umhverfisréttarákvæði upp í stjórnarskrána. En ég útiloka alls ekki, vegna þess að vatn hefur verið svo mikið til umræðu, að það verði tekið til skoðunar hjá stjórnarskrárnefnd með ýmsu öðru sem þar er á borðinu. Ég tala nú ekki um ef sérstök erindi varðandi málið koma til nefndarinnar. Þá verður sérstaklega fjallað um það.

En flokkur hv. þm. Kristjáns L. Möllers á fulltrúa þar inni. Við gerum ráð fyrir að annaðhvort þeir fulltrúar eða einhverjir aðrir beri málið upp og stjórnarskrárnefndin taki afstöðu til þess. En þetta er töluvert flókið líkt og yrði að túlka það ef tekin yrði upp sameign þjóðarinnar á öðrum auðlindum miðað við gildandi lög sem skapa fólki tiltekinn rétt.

[21:04]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er talað um að festa í stjórnarskrána að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar. Ég vona að báðir flokkarnir standi við það. Í ályktun um vatn fyrir alla, sem ekki hefur verið dregin til baka, segir m.a., en hv. þingmaður sagði að hún gæti tekið undir alla ályktunina, með leyfi forseta:

„Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns sem og lögum er varða verndun vatns og náttúru."

Virðulegi forseti. Spurningin er einföld. Á að setja þetta í stjórnarskrá eða ekki, að mati þingmannsins og skilgreina síðan í lögum nýtingarréttinn, líkt og hv. ríkisstjórn hefur lofað að gera með fiskinn í sjónum?

[21:05]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Kristján Möller spyr aftur sömu spurningarinnar og rekur ofan í mig yfirlýsinguna „Vatn fyrir alla" sem mér fannst ég geta fallist á. Þarna segir að þeir sem að yfirlýsingunni standa telji þetta nauðsynlegt. Ég er ekki fullviss um að svo sé. Ég hefði hugsanlega hikað ögn við þann hluta í yfirlýsingunni.

Annars fannst mér yfirlýsingin fyrst og fremst lýsa stuðningi við að bæta aðstæður í vanþróuðum löndum og að við þyrftum að standa vörð um þær auðlindir sem þar

væru. En víkur vissulega að stjórnarskránni. Og svo kannast ég auðvitað við, eins og aðrir stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar, þetta í stjórnarsáttmálanum um að festa í stjórnarskránni, þ.e. ekki allar auðlindir, að tiltekin auðlind okkar skuli vera sameign.

Ég efast ekki um að umræðan um vatnið á eftir að flytjast úr þessum sal og inn á borð stjórnarskrárnefndarinnar, ekki síst fyrir tilstilli fulltrúa stjórnarandstöðunnar í þeirri nefnd, og fái þar góða umræðu.

[21:06]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Nokkuð er liðið á þessarar umræður í dag. Á morgun fer væntanlega fram 3. umr. þar sem gefst tækifæri til að fara ítarlegar í gegnum þetta mál og þau einstöku atriði sem hafa komið fram hér. Ég mun því ekki vera með langt mál. Ég mun halda til haga grundvallaratriðum varðandi þessi lög sem hafa fengið nafnið vatnalög og lúta að endurskoðun á vatnalögum frá 1923.

Þingmenn hafa lesið út úr lögunum með misjöfnum hætti. Við heyrðum áðan í ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz hvað hún hún las úr frumvarpinu. Þess vegna mun ég árétta örstutt það sem stendur í frumvarpi til vatnalaga, frú forseti. Í 1. gr. frumvarpsins stendur:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns.

Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er."

Þarna kemur inn matsatriði, sem er breyting frá því sem er í núgildandi lögum og einnig sú grundvallarbreyting að í þessu frumvarpi er sagt að kveða þurfi á um skýrt eignarhald. En í vatnalögunum er talað um, og ég kem að því á eftir, umráða- og hagnýtingarrétt. Þarna er grundvallarmunur á, hvort menn tala um eignarhald á auðlindinni vatni eða hagnýtingarrétt á vatni, sem nánar er þá skilgreindur.

Í 2. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

Hér er um miklu víðtækari skilgreiningu á vatni en er í núgildandi vatnalögum þar sem einnig er tekið til loftkennt form vatns. Í ljósi þess að lögð er áhersla á skýrt eignarhald er því búin til séreignarskýring fyrir vatn í víðtækara formi en er í núgildandi vatnalögum.

Ef við lítum á 4. gr. frumvarpsins, þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur."

Ef við lítum á lagagreinar sem lúta að þessu í núgildandi vatnalögum. Þá er hvergi minnst á eignarrétt heldur á umráða- og hagnýtingarrétt. Um þetta er deilt og var um það deilt þegar þessi lög voru sett, vatnalög, hvernig ætti að túlka þetta. Ágreiningurinn um þetta stendur enn. En í 2. gr. laganna stendur, með leyfi forseta:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila."

Eins og margoft hefur verið rakið er þar að baki jákvæð skilgreining á þeim réttarheimildum sem landeigandi hefur til að nota vatn en ekki um heildareignarrétt í sjálfu sér að ræða.

Frú forseti. Í gegnum þetta hafa menn farið afar ítarlega. Ég mun einnig gera það ítarlegar í ræðu minni á morgun. En af því þetta var til umræðu hjá síðustu ræðumönnum þá þykir mér rétt að taka þetta fram, til að menn átti sig á að í þessu liggur ágreiningurinn. Þarna er hann. Það sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, og reyndar í stjórnarandstöðunni allri, leggjum til og viljum er að vatnið sem auðlind eigi sig í raun sjálf en það sé nýtingarrétturinn sem við þurfum að ræða og skilgreina.

Mig langar að vitna örstutt í þessi atriði sem menn hafa komið inn á, um að þetta er ekki bara sérmál Íslendinga. Þetta er mál sem snertir afstöðuna til vatns í öllum heiminum, til þess hvort vatnið sem auðlind eigi að vera framseljanleg eign eða ekki.

Af því að hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á þetta, hvort væri hægt að selja vatn frá fasteign, þá ætti samkvæmt 8. gr., ef litið er á eignarréttarákvæðin, að vera hægt að selja vatnið sjálft sem auðlind frá fasteign. En núgildandi lög mundu aðeins kveða á um að skilgreininguna um vatnsréttindi væri hægt að láta af hendi til þriðja aðila eins og er algengt, t.d. hjá vatnsveitu sveitarfélags sem fær að taka vatn í landi hjá ákveðnum landeiganda og fær ákveðin réttindi til að nýta þá auðlind til sinnar vatnsveitu.

Í lokin, af því hér var talað um að mikilvægt væri að rétturinn til vatns og staða vatns yrði bundinn í stjórnarskrá með hliðstæðum hætti og auðlindin í sjónum, þá langar mig í lokin, hæstv. forseti, að vitna í leiðara Morgunblaðsins frá 1. nóvember árið 2005. Þar er fjallað eru um þessa þætti, um vatn. Það skulu vera lokaorð mín að þessu sinni. En þar stendur, þar sem búið er að fjalla ítarlega um stöðu vatnsins og mikilvægi þess, með leyfi forseta:

„Tvö ríki, Úrúgvæ og Holland," — ekki er nú Holland neitt þróunarríki — „eru nú í þann mund að banna einkavæðingu vatns með lögum. Í báðum tilfellum er ekki aðeins kveðið á um að ekki megi einkavæða vatnsveitur, heldur einnig að ekki megi fela einkaaðilum rekstur vatnsbóla.

Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst 2005 til 2015 áratug alþjóðlegra aðgerða til að tryggja vatn til lífsviðurværis. Í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 2004 er það markmið sett að fækka þeim um helming, sem ekki hafa aðgang að eða efni á öruggu drykkjarvatni.

Tilgangur einkavæðingar er fyrst og fremst að tryggja neytendum betri þjónustu og kjör með tilstuðlan samkeppni, ekki að færa einokun frá einni hendi yfir á aðra. En það hlýtur einnig að vera mikið álitamál hvort hægt sé að einkavæða auðlind á borð við vatn og má yfirfæra þá umræðu yfir á umræðuna um auðlindir hafsins og spyrja hvort ekki sé rétt að líta á vatn sem þjóðareign." — Ég vek athygli á því, frú forseti, að ég er að vitna í leiðara Morgunblaðsins frá 1. nóvember 2005. — „Nú stendur yfir nefndarstarf um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Rétt er að við þá endurskoðun verði áskorunin, sem kemur fram í yfirlýsingu

félagasamtakanna fyrir helgi um vatn fyrir alla, tekin til alvarlegrar skoðunar. Þótt á Íslandi sé gnægð vatns verða Íslendingar að sýna að þeir kunni að umgangast þessa mikilvægu auðlind af virðingu og alúð."

Ég get tekið undir þau orð í leiðara Morgunblaðsins og árétta og ítreka sjónarmið Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að koma eigi stjórnarskrárbundið ákvæði um þjóðareign á vatni og rétt á vatni fyrir alla, eins og hér er verið að tala um. Þetta hefur verið krafa varðandi vatnið og við stjórnarandstaðan á Alþingi og Vinstri hreyfingin – grænt framboð höfum fært rök fyrir því að ekki eigi að reka þessi svokölluðu vatnalög svo hart í gegn eins og ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur gert, heldur eigum við að skoða þessi mál miklu nánar og taka fyrst fyrir ákvæði um vatn í stjórnarskrána, í öðru lagi eigum við að taka fyrir vatnsverndarlög og í þriðja lagi væri þá hægt að taka fyrir endurskoðun á lögum um nýtingu og nýtingarrétt á vatni og annað sem því gæti tilheyrt.

Þess vegna fagna ég því að náðst hefur samkomulag um að gildistaka laganna, verði þau samþykkt á Alþingi eins og þau nú liggja fyrir, sem ég vona reyndar ekki, skuli hafa verið færð aftur til 1. nóvember árið 2007 samkvæmt yfirlýsingu hæstv. iðnaðarráðherra, þ.e. hálfu ári eftir kosningar, ef þær verða þá ekki fyrr. Fyrir þann tíma vinni nefnd, sem hæstv. iðnaðarráðherra lýsti yfir að yrði skipuð, að því að skoða öll þessi lög og réttarmál sem lúta að vatni, þar með talin vatnsverndarlög, svo ekki sé minnst á stjórnarskrárvinnuna. Ég teldi eðlilegt að inn í það nefndarstarf kæmi hver viðbrögð stjórnarskrárnefndar yrðu við því að taka ákvæði um vatn inn í væntanlega endurskoðun stjórnarskrár.

Allt þetta verði búið að vinna áður en gildistaka laganna gæti hugsanlega farið fram. Það væri þá hægt að leiðrétta og endurskoða lögin með tilliti til þess, ef það þætti nóg. En það er líka möguleiki að komin verði ný ríkisstjórn og þessi lög verði numin úr gildi, sem ég legg áherslu á að komi aldrei til framkvæmda eins og þau nú eru.

[21:20]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar sérstaklega úr þessum ræðustóli að þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir mjög hófstillta og málefnalega ræðu. Ég vil taka undir með honum og leiðarahöfundi Morgunblaðsins að við þurfum bæði í nútíð og framtíð að umgangast vatn af alúð, ég man ekki hvort hv. þingmaður sagði af nærgætni, en a.m.k. af mikilli alúð vegna þess hvers virði vatnið er.

En vegna orða hv. þm. Jóns Bjarnasonar um að ríkisstjórnin hafi rekið þetta frumvarp svo hart í gegnum þingið, þá hlýt ég að mótmæla því. Þetta er í annað skipti sem frumvarpið er lagt fram á Alþingi og hér er í annan tíma búið að fara yfir dagsetningar hvenær málinu var dreift á þinginu o.s.frv.

En hv. þingmaður sagði áðan: Um þetta var deilt fyrir setningu vatnalaganna og um þetta er deilt núna. Meginmunurinn er sá að þá deildu menn allt að því áratugum saman. Síðan var fenginn ákveðinn fræðimaður til að skrifa frumvarp. Síðan hafa aldrei verið neinar deilur. Þar sem við erum að leggja til óbreytt efnislega sömu réttarreglur áfram er a.m.k. enginn grundvöllur fyrir deilu fræðimanna á þessu sviði. Ekki síðan lögin voru sett 1923.

[21:22]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir leitt að hv. þm. Jónína Bjartmarz er ekki fyllilega sjálfri sér samkvæm. Annars vegar tekur hún undir þau orð mín um að mikilvægt sé að ákvæði um stöðu vatns verði tekin upp í stjórnarskrána. Það sé mjög mikilvægt. En hins vegar vill hv. þingmaður aftur reyna að verja að þetta mál sé keyrt í gegnum þingið með svona miklum látum eins og raun ber vitni án þess að fyrst sé tekin afstaða til þess hvaða stöðu vatnið fær í stjórnarskrá.

Fyrir mér er ósköp einfalt hvernig hlutirnir eiga að gerast. Fyrst tökum við ákvörðun um að vatnið fái sína stöðu í stjórnarskránni, að vatnið sé þjóðareign og nýtingarréttur allra sé tryggður. Almannaréttur verði rækilega tryggður í stjórnarskránni. Síðan tökum við lög um vatnsvernd, umhverfislegu hliðina á henni. Vernd á auðlindinni og umgengni við hana til lengri tíma, því að við erum í sjálfu sér bara gestir á jörðinni og höfum engan rétt til að ganga á rétt ókominna kynslóða hvað vatnið, undirstöðu lífsins, varðar. Og síðan í þriðja lagi gætum við tekið fyrir þetta frumvarp, sem hér er verið að böðlast á, sem lýtur að sérgreindum nýtingarrétti. Það er hægt að takast á um það eftir að stjórnarskrárgrunnurinn og vatnsverndargrunnurinn er kominn og þá getum við tekið á nýtingarréttinum. Þannig tel ég, og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að eigi að vinna.

[21:24]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem öllu skiptir í allri þessari umræðu er að nákvæmlega sömu eignarráð og fasteignareigandi öðlaðist yfir vatni 1923 mun hann eiga áfram, samkvæmt þessu.

Hv. þingmaður gerði í ræðu sinni á hófstilltan hátt greinarmun á milli þess sem segir í núgildandi vatnalögum, sem hann kallar umráðarétt og ráðstöfunarrétt, og síðan einkaeignarréttar. Kjarninn er sá að fræðimenn hafa síðan 1923 túlkað alla þessa upptalningu réttinda í lögunum frá 1923 sem fullan einkarétt.

Svoleiðis verður það áfram, nema menn ætli með breyttum lögum að taka þennan rétt af bændum. Svo má alveg taka undir að það sé rétt að minnast á vatn sem auðlind í stjórnarskránni. En stóra spurningin hlýtur að vera sú hvort menn ætli með því að breyta réttarstöðu og eignarrétti bænda að vatni á jörðum sínum.

Það er nefnilega þannig að það skiptir ekki öllu hvort hlutirnir eru nefndir í stjórnarskrá eða lögum, heldur kannski, frú forseti, hvað stjórnarskrárlögin segja um viðkomandi efni. Þess vegna má segja sem svo að ekki skaði að telja upp vatn í stjórnarskránni í einhverri markmiðssetningu sem slíkri.

En ég má hins vegar ætla, miðað við fyrri málflutning hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að hann vilji með því að setja ákvæði í stjórnarskrá svipta bændur þeim rétti sem þeir hafa haft yfir vatni á jörðum sínum síðan 1923.

[21:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Að sjálfsögðu þurfa ákvæðin í stjórnarskránni að vera mjög skýr um þjóðareign á vatni, vatn fyrir alla og almannarétt á vatni og að ekki sé hægt að hafa vatnsauðlindina sem verslunarvöru. Að sjálfsögðu. Enda eru margar þær þjóðir sem hafa lent í þeirri ógæfu að selja frá sér vatnsauðlindina að reyna að ná henni til sín aftur. Ég vona að okkur Íslendinga hendi ekki sú ógæfa að frumvarpið verði að lögum og hleypi þeirri ógn af stað gagnvart íslenskri þjóð. Því að við viljum ekki að vatn sé einkavætt og vatnsauðlindin verði markaðsvara.

Varðandi stöðu bænda og landeigenda kem ég betur að því í ræðu minni á morgun. En staðreyndin er sú að þetta lagafrumvarp þrengir vatnsréttindi bænda frá þeim sem nú eru í gildandi lögum. Vegna þess að í gildandi lögum er ekki kveðið á um að þetta sé eignarréttur, heldur er þetta nýtingarréttur og vatnsréttur til fjölþættra bústarfa og til landbúnaðarnota sem eru tilgreind. Í frumvarpinu er þessi nýtingarréttur og almannaréttur bænda og landeigenda til landbúnaðar skertur því hann nær einungis til kvikfjárræktar eins og sagt er, ekki til akuryrkju eða garðræktar o.s.frv. Í þessu lagafrumvarpi er nýtingarréttur bænda skertur, enda hafa þeir bent á það í umsögnum sínum. En ég fer nánar ofan í það í ræðu minni við 3. umr. á morgun, frú forseti.

Ég legg áherslu á að vatn eru mannréttindi en (Forseti hringir.) ekki séreign og markaðsvara á þeim grunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 21:29.

---

87. FUNDUR

fimmtudaginn 16. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859 og 924. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Munnleg skýrsla utanríkisráðherra um varnarviðræður Íslands og Bandaríkjanna.

Fjarvistarleyfi:

Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Helgi Hjörvar, 5. þm. Reykv. n.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:35]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 1. þm. Norðvest., Sturlu Böðvarssyni, dags. 15. mars sl.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 57. gr. þingskapa, að 3. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, Jóhanna Pálmadóttir bóndi á Akri í Torfalækjarhreppi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan, en 1. og 2. varamaður á listanum eru báðir staddir erlendis."

Þá hefur borist bréf, dags. 14. mars 2006, frá 1. varamanni Sjálfstæðisflokksins í Norðvest., Guðjóni Guðmundssyni, og tilkynning frá Adolf H. Berndsen, 2. varamanni Sjálfstæðisflokksins í Norðvest., um að þeir séu staddir erlendis og geti því ekki tekið sæti á Alþingi fyrir Sturlu Böðvarsson að þessu sinni.

Kjörbréf Jóhönnu Pálmadóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Jóhanna Pálmadóttir, 1. þm. Norðvest., undirritaði drengskaparheit um að að halda stjórnarskrána.]

[10:36]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Jóhanna Pálmadóttir hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Breyting á skipan embættismanna alþjóðanefnda.

[10:36]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur eftirfarandi tilkynning um breytingu á skipan embættismanna alþjóðanefnda:

Kristinn H. Gunnarsson hefur verið kjörinn varaformaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins.

Birkir J. Jónsson hefur verið kjörinn varaformaður Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

[10:37]

Útbýting:

Gamla héraðsskólahúsið á Laugarvatni, 632. mál, fsp. ÍGP, þskj. 930.

Ívilnanir til álvera á landsbyggðinni, 631. mál, fsp. JBjarn, þskj. 929.

Merking matvæla, 633. mál, fsp. ÍGP, þskj. 931.

Athugasemdir um störf þingsins.

Dómur í Baugsmálinu.

[10:37]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég hef ákveðið að koma upp undir liðnum um störf þingsins til að inna hæstv. dómsmálaráðherra eftir viðbrögðum við sýknudómi héraðsdóms frá því í gær í Baugsmálinu. Baugsmálið hefur verið hæstv. dómsmálaráðherra mjög mikið hjartans mál og í raun áhyggjumál og hefur hann fjallað um það í löngu máli á heimasíðu sinni þannig að það væri fróðlegt að fá að heyra viðbrögð hans nú, þegar ákveðin tímamót hafa orðið í þessu máli, hvort hann telji ekki við hæfi að fara yfir málið hér rétt eins og á heimasíðu sinni. Einhvern tíma lét hann þau orð falla að ákæruvaldið hefði ekki sagt sitt síðasta orð í þessu máli og það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort hann telji svo enn þá vera. Þessi málarekstur hefur kostað skattborgarana gríðarlegt fé, mælt ekki í tugum heldur hundruðum milljóna. Þetta hefur einnig kostað þá sem hafa sætt ákæru gríðarlegar upphæðir. Jafnvel hafa verið leiddar að því líkur að þetta hafi kostað þjóðarbúið milljarða. Þess vegna er það ábyrgðarhlutur ef ákæruvaldið og lögreglan hefur gert gríðarleg mistök, ekki einu sinni heldur hvað eftir annað. Ákæruliðum hefur verið vísað frá og síðan var sýknað í þeim ákæruatriðum sem náðu til dóms.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann ætli að axla einhverja pólitíska ábyrgð í þessu máli. Mér finnst það vera orðin tímabær spurning til dómsmálaráðherra sem er yfirmaður lögreglunnar, ákæruvaldsins og dómsvaldsins í þjóðfélaginu hvort hann ætli að axla ábyrgð. Eða ætlar hann bara að láta þetta mál hjá líða rétt eins og þegar fyrrum formaður byggingarnefndar Þjóðleikhússins hafði verið gripinn glóðvolgur við að sækja sér eigur ríkisins? Þá vildi hæstv. dómsmálaráðherra ekki axla neina ábyrgð.

Við verðum að gæta að því að eini maðurinn sem hefur axlað pólitíska ábyrgð á umliðnum árum er fyrrum borgarstjóri en höfuðpaurinn í því máli, olíusamráðssvindlsmálinu, er núna í opinberum erindagjörðum á kostnað skattborgaranna, á kostnað allra þeirra sem hann hefur haft af fé þegar þeir hafa dælt bensíni á bílinn sinn (Forseti hringir.) og þetta er eitthvað sem væri fróðlegt að fá að heyra viðbrögð við (Forseti hringir.) hjá hæstv. dómsmálaráðherra.

[10:40]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Mér finnst þessi ræða sem hér hefur verið flutt vera fyrir neðan virðingu Alþingis. Ég hef ekki fjallað um Baugsmálið á vefsíðu minni og mun ekki gera það í sölum þingsins.

[10:40]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég náði reyndar ekki innihaldi ræðu hæstv. dómsmálaráðherra þannig að ég get ekki tjáð mig um það sem þar kom fram en það breytir ekki hinu að þetta mál sem dómur féll í í gær er mjög athyglisvert og hefur haft mikil áhrif á íslenskt samfélag undanfarin ár. Sú niðurstaða sem kom í gær hlýtur að vera ákæruvaldinu verulegt áfall og hún dregur það fram að burðarvitni þess máls virðist ekki hafa staðið undir þeim væntingum sem ákæruvaldið gerði til þess.

Ég held, virðulegi forseti, að í framhaldi af þessu máli, hvort sem það verður gert nú eða síðar eftir að hugsanlegur hæstaréttardómur fellur ef máli verður áfrýjað, sé afar mikilvægt að þær miklu ásakanir sem liggja í loftinu og m.a. sakborningar hafa velt upp um tilurð málsins fái einhverja skoðun, og einnig hitt að eins og þetta mál birtist okkur virðist manni það embætti sem rak málið ekki í stakk búið til að takast á við svona stórmál sem er geysilega mikilvægt. Trúverðugleiki íslensks fjármálalífs sem víða er til umræðu í fjölmiðlum, hérlendis og annars staðar, stendur að miklu leyti með því að eftirlitsstofnanir geti tekist á við þau mál sem upp kunna að koma.

Þess vegna tel ég, virðulegi forseti, afar mikilvægt að í kjölfar þess og þegar þessu máli lýkur, hvort sem því lýkur nú eða síðar, fari fram opinber skoðun (Forseti hringir.) á því hvernig þetta allt saman hefur átt sér stað.

[10:42]

Mörður Árnason:

Forseti. Ef maður er dómsmálaráðherra verður maður að sæta því að vera það 24 tíma á sólarhring. Maður er þá dómsmálaráðherra í ráðuneytinu og þar sem maður kemur fram sem dómsmálaráðherra, og á Alþingi og á heimili sínu og á heimasíðu sinni, forseti, þannig að dómsmálaráðherra verður að gæta að því að ef hann tekur eina afstöðu á einum stað gildir hún um alla aðra staði líka.

Hér vakna spurningar eftir dóminn í gær um m.a. kostnað við málið. Er það rétt, forseti, að þetta mál hafi nú kostað 100 millj., 200, jafnvel hálfan milljarð eins og heyrðist fleygt í bænum í gær, að þetta væri hálfur milljarður? Getur hæstv. dómsmálaráðherra svarað því? Hann á að svara þinginu til um þetta. Við eigum að vita hvað verður um fé skattborgaranna, hvernig því er eytt, hver forgangsröðin er við ráðstöfun þess.

Hvað hefur þetta mál tekið langan tíma í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra? Eru það þrjú ár eða fjögur ár? Hver mannafli hefur farið í þetta mál sem endar með sýknudómi í Héraðsdómi, a.m.k. eins og það stendur nú? Hvaða mál hafa verið látin bíða, forseti, vegna þess að það þurfti að koma þessu máli fram? Er það rétt að hagsmunir dómsmálaráðherra sem stjórnmálamanns, fordómar dómsmálaráðherra sem stjórnmálamanns, hafi ráðið málatilbúnaði í þessu máli?

Hæstv. dómsmálaráðherra á að gera Alþingi grein fyrir þessu en ekki sitja hér gneypur með sinn skömmustusvip eins og hann gerir hér við borðið, forseti.

[10:44]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra getur ekki látið eins og þetta mál sé ekki málefni þingsins. Sú niðurstaða sem nú liggur fyrir, þó að henni kunni e.t.v. að verða vísað til Hæstaréttar, gefur merki um það að tilbúnaður þessa máls hafi allur verið tiltölulega furðulegur, svo að vægt sé til orða tekið. Þetta mál er búið að kosta skattborgara landsins ómælt fé og í það er búin að fara mikil vinna. Hæstv. dómsmálaráðherra getur ekki komið hér upp og sagt að þetta sé mál sem hann ræði ekki. Hann hefur rætt það á opinberum vettvangi, hann hefur rætt þetta mál áður á heimasíðu sinni og þegar málið gengur honum í mót, eða þeim vilja stjórnvalda að fá dóm í Baugsmálinu og yfir því fólki sem sótt var til saka, segir hæstv. dómsmálaráðherra: Þetta er ekki mál sem ég vil tjá mig um.

Þetta er frekar lítilmannlegt, hæstv. forseti.

[10:46]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það sem skiptir verulega miklu máli hvað þetta mál varðar er að menn rannsaki upphaf málsins. Hvað hratt málinu af stað? Ég tel það vera mjög mikilvægt.

En hvað varðar viðbrögð hæstv. dómsmálaráðherra þá tel ég að þau hefðu verið með öðrum hætti ef dómurinn hefði fallið á annan veg í þessu máli. Þá hefði eflaust mátt lesa langa grein og jafnvel siguróp á heimasíðu hæstv. dómsmálaráðherra. Það segir ef til vill margt um þetta mál hversu pólitískt það er orðið og ég er á því að hæstv. dómsmálaráðherra ætti nú skoða hvort hann eigi ekki að axla pólitíska ábyrgð í þessu máli. Það sé orðið málinu og í raun þjóðfélaginu þarft að hann endurskoði veru sína í embætti.

[10:47]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða um lagalegar hliðar Baugsmálsins, sem svo er nefnt, eða þann dómsúrskurð sem kveðinn var upp í gær. Ég hef hvorki til þess vilja né forsendur á þessari stundu til að ræða þær hliðar málsins.

En ég vil ítreka af þessu tilefni það sem ég hef áður sagt í tengslum við þetta mál, að Íslendingum ber að taka alvarlega þau varnaðarorð og ábendingar sem m.a. hafa borist erlendis frá um að okkur beri að efla þá starfsemi innan lögreglunnar sem lýtur að efnahagsbrotum. Það á að verða sá lærdómur sem við drögum af þessu máli.

Hæstv. dómsmálaráðherra er mjög upptekinn þessa dagana við að koma á öryggiseftirliti. Efla það sem hann kallar greiningardeildir sem eiga að rannsaka meint landráð eða hugsanleg lögbrot í framtíðinni.

En þetta er efnissvið sem hefur verið vanrækt á undanförnum árum og ég tel mikilvægt að við beinum sjónum okkar að því.

Vatnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 281, nál. 858 og 864, brtt. 859 og 924.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:49]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég vil hér gera grein fyrir atkvæðum Samfylkingarinnar við afgreiðslu þessa máls.

Samfylkingin leggst gegn því frumvarpi til vatnalaga sem hér er til afgreiðslu og flytur tillögu ásamt öðrum í minni hluta iðnaðarnefndar um að frumvarpinu verði vísað frá. Sú tillaga byggir á þeirri skoðun okkar að markmiðssetningin í frumvarpinu sé röng og þau eignarréttindi yfir vatni sem fylgja landareign séu rangt skilgreind. Vatn er einhver mikilvægasta auðlind jarðar og mikilvægi þess mun aukast verulega þegar til framtíðar er litið.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir leggur megináherslu á einkaeignarréttinn á vatni en ekki að sama skapi á almannaréttinn og umhverfisréttinn. Réttur almennings er fyrir borð borinn í þessu frumvarpi. Núgildandi vatnalög frá 1923 voru byggð á víðtækri pólitískri sátt á Alþingi og miklum og góðum undirbúningi. Einmitt þess vegna hafa þau lög enst okkur núna í rúm 80 ár.

Í meðferð þessa máls hefur engin tilraun verið gerð af hálfu stjórnarliða til að ná pólitískri sátt um það frumvarp sem hér er til afgreiðslu, heldur hefur ríkisstjórnin látið í hendur lögfræðinga að móta stefnuna um eignar- og nýtingarrétt á vatni.

Við mótmælum þessu harðlega. Samfylkingin mun því greiða atkvæði gegn frumvarpinu í heild sinni sem og einstökum greinum þess en sitja hjá við tímasetningu gildistökunnar í samræmi við það samkomulag sem um hana var gerð við forsætis- og iðnaðarráðherra. Frestun á gildistöku gefur okkur tækifæri til að breyta þessum lögum að afloknum kosningum og það munum við að sjálfsögðu gera.

[10:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Árið 1923 ákvað Alþingi Íslendinga að eignarréttur tengdur vatnsréttindum, skyldi fylgja fasteign, landareign. Þetta hefur síðan verið staðfest á þeim 83 árum sem liðin eru síðan, í fjölda hæstaréttardóma.

Með því frumvarpi sem nú kemur til atkvæða er eignarrétturinn staðfestur og skýrður með að hverfa frá hinni svokölluðu jákvæðu skilgreiningu eignarréttar til hinnar neikvæðu skilgreiningar. Allir fræðimenn á sviði eignarréttar eru sammála um að hér er eingöngu um formbreytingu að ræða en ekki efnisbreytingu.

Á fyrri stigum umræðunnar var því haldið fram að með frumvarpinu væri vegið að almannaréttinum. Til að hnykkja enn fremur á því að svo er ekki var sett inn í greinargerðartexta að almannaréttur sem gilt hefði hingað til héldist óhaggaður. Eftir fyrirlestur sem Karl Axelsson, einn höfunda frumvarpsins, hélt í Háskóla Íslands síðastliðinn föstudag um vatnalagafrumvarpið nefndi hann í framhjá-

hlaupi Kárahnjúkavirkjun, þá gripu stjórnarandstæðingar það hálmstrá.

Frumvarpið felur í sér almennar réttarreglur um vatnsréttindi og því er ekki ætlað að hafa nein sértæk áhrif varðandi framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun. Þær fara fram í samræmi við núgildandi lög og reglur. Auk þess má nefna að nú hefur verið ákveðið að fresta gildistöku laga þessara fram yfir að starfsemi við Kárahnjúkavirkjun hefst. Það segir kannski meira en mörg orð um hversu fáránlegt útspil stjórnarandstöðunnar var.

Öllum má vera ljóst að á þeim 83 árum sem liðin eru frá setningu vatnalaga hefur þjóðfélag okkar gjörbreyst. Því er með þessu frumvarpi öll stjórnsýsla einfölduð og færð til nútímahorfs.

Að síðustu, hæstv. forseti, hefur því verið haldið fram að hér sé verið að einkavæða vatn. Ef það að vatnsréttindi geti verið í einkaeign, telst einkavæðing, þá fór hún fram árið 1923.

Hæstv. forseti. Ég þarf kannski ekki að taka það fram að ég styð þetta frumvarp.

[10:54]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Um aldir átti enginn vatnið á Íslandi. Vatnið var aldrei eign nokkurs manns, hvort sem það var uppspretta, rennandi vatn eða stöðuvatn. Kalt vatn var einungis undirorpið eignarrétti á þann hátt að það mátti veiða á vatninu eða í vatninu, en vatnið sjálft var allra.

Með vatnalögunum frá 1923 var vissulega þrengt að afnotarétti almennings en eignarréttur einstaklinga til vatnsins var aldrei annar en óbeinn. Hann var nytjaréttur. Hann var afnotaréttur.

Það er umhugsunarvert að heitt vatn og jarðgufa var einnig um aldir ævinlega talið almannaeign á Íslandi og gilti það einnig um afnotaréttinn. Í Íslandslýsingu Odds Einarssonar, biskups, frá 1593, segir um lindir, með leyfi forseta.

„Því fullvel veit ég að ef afnot slíkra heilsulinda væri á valdi einhverra fjárplógsmanna væru þeir ekki lengi að auka við inntektir sínar."

Finnur Ingólfsson er ekki biskup — og var ekki þegar hann talaði fyrir lögum sem snúa að vatni hér á Alþingi árið 1998, heldur hæstv. iðnaðarráðherra. Hann sagði þá, með leyfi forseta:

„Grundvallarforsenda þess að koma megi á samræmdu skipulagi í nýtingu auðlinda er að kveða skýrt á um eignarrétt á þeim."

Hæstv. forseti. Þau lög sem við greiðum nú atkvæði um festa einkaeignarrétt á vatni í sessi. Hagnýtingarrétti á vatni samkvæmt vatnalögunum frá 1923 er með þessum lögum umbreytt í einkaeignarrétt enda segir í upphafsorðum frumvarpsins, að markmið þess sé að kveða skýrt á um eignarhaldi á vatni. Einkaeignarrétturinn er grunnhugsunin í þessum lögum.

Í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum við lagt áherslu á að vatn eigi að vera sameign almennings, þjóðfélagsins, eins og hefur verið á Íslandi um aldir. Við teljum að fyrst eigi að setja lög sem tryggja vernd vatnsins og rétt almennings til vatns. Síðan eigi að lögfesta reglur um rétt til nýtingar á vatni. Þetta frumvarp býr í haginn fyrir einkavæðingu á vatni. Þetta er áfangi á þeirri vegferð. Þess vegna greiðum við atkvæði með því að frumvarpinu verði vísað frá.

Verði sú tillaga ekki samþykkt munum við greiða atkvæði gegn frumvarpinu, einstökum greinum þess og í heild sinni. Við munum sitja hjá við gildistökudagsetningunum enda knúin fram af stjórnarandstöðunni. Lögin taka ekki gildi fyrr en hálfu ári eftir alþingiskosningarnar 2007. Þá verður kosið um vatnið. Við munum, ef við fáum til þess stuðning í kosningunum, sjá til að þessi lög verði aldrei að veruleika.

[10:57]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þessi lagasetning sem nú á að fara að standa að, er ótímabær eins og að henni hefur verið staðið. Það hefði verið hægt að komast hjá hinum löngu deilum sem staðið hafa á Alþingi dögum saman.

Nú hefur verið gert samkomulag um frestun á gildistöku laganna til 1. nóvember 2007. Verði ekki fundin sátt í málinu mun þjóðin fá að taka afstöðu til málsins í alþingiskosningum vorið 2007.

Þingmenn Frjálslynda flokksins munu greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Greiða atkvæði með frávísunartillögu og sitja síðan hjá við frestun gildistökuákvæðanna sem við gerðum samkomulag um.

[10:58]

Sigurður Kári Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Vatnalögin frá 1923 eru orðin gömul og úr sér gengin þrátt fyrir að þau hafi reynst okkur vel í rúma átta áratugi. Hins vegar er það svo að í ljósi nýrrar tækni og nýrrar þjóðfélagsgerðar er nauðsynlegt að gera breytingar á vatnalögum og í þessu frumvarpi eru þær gerðar fyrst og fremst hvað varðar stjórnsýslu vatnamála.

Ákvæði vatnalaganna sem við greiðum nú atkvæði um varða verulegar breytingar sem m.a. snúa að leyfisveitingum, eignarnámi og öðrum stjórnsýsluháttum enda hefur þjóðfélagið breyst mjög mikið síðan vatnalögin frá 1923 voru sett.

Ráðuneyti hafa orðið til sem ekki voru til við setningu þeirra laga, auk þess sem stofnanir hafa verið settar á fót sem ekki voru til á þeim tíma. Nauðsynlegt er að bregðast við þessum þjóðfélagsbreytingum og það gerir þetta frumvarp.

Í umræðunni hér hefur því verið haldið fram að verið sé að ganga á almannaréttinn og réttur almennings til vatnstöku sé fyrir borð borinn. Þetta er rangt, enda kemur fram í 15. gr. frumvarpsins að vatnstaka til heimilis og búsþarfa gangi framar allri annarri vatnsnýtingu. Þá segir í frumvarpinu að heimilt sé fasteignareiganda að sækja sér vatn til heimilis og búsþarfa á aðra fasteign óski hann þess. Þannig að hinn almenni borgari þarf ekki að hafa þær áhyggjur sem stjórnarandstaðan hefur haft hér uppi varðandi þau atriði þessa máls.

Því hefur einnig verið haldið fram, frú forseti, að með þessu frumvarpi sé verið að einkavæða vatnið. Það er líka rangt og það er rangt hjá formanni Samfylkingarinnar að

eignarréttindi yfir vatni séu rangt skilgreind í þessu frumvarpi. Skilgreining á vatni og vatnsréttindum í þessu frumvarpi eru hin sömu og komu fram árið 1923 þegar vatnalögin voru sett.

Það hefur verið sátt um inntak vatns og vatnsréttinda. Það hefur verið sátt um eignarráð fasteignareigenda yfir vatni frá því að þau lög voru sett. Meðal fræðimanna á sviði eignarréttar alla síðustu öld, dómaframkvæmd Hæstaréttar, m.a. í dómum frá 1955, 1963 og frá þessu ári, hefur staðfest þennan skilning sem allir eru sammála, um nema kannski hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sem er lögfræðingur en sker sig úr hópi þeirrar stéttar.

Frú forseti. (Forseti hringir.) Við munum samþykkja þessi lög og greiða þeim atkvæði með þeim breytingum sem fyrir liggja.

Till. til rökst. dagskrár í nál. 864 felld með 28:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.

11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 28:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

12 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur mest verið deilt um hvort frumvarp þetta feli einungis í sér formbreytingu en ekki efnisbreytingu. Skýrsla um störf fossanefndar tekur þar af allan vafa. Þar kemur fram að aðaltalsmaður þeirra sem vildu eignarhald á vatni sagði á Alþingi vegna breytingartillögu við 2. gr. vatnalaganna 1923, sem flutt var af þeim sem einungis vildu nýtingarrétt og var samþykkt, að hér væri um að ræða slíka grundvallarbreytingu á frumvarpinu að kippt væri lagastoðum undan einkaeignarrétti á vatni. Taldi hann unnin svo mikil spjöll á ákvæði 2. gr. frumvarpsins að það skilgreindi ekki lengur eignarrétt landeigenda á vatni. Þannig voru vatnalögin afgreidd 1923.

Nú hafa stjórnarflokkarnir fært ákvæði 1., 2. og 4. gr. til þess horfs sem Sveinn Ólafsson frá Firði vildi um eignarhald á vatni 1923 sem komið var í veg fyrir með breytingartillögu Bjarna Jónssonar frá Vogi og Jóns Þorlákssonar árið 1923. Við því segi ég nei.

[11:04]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það hvort færa skuli vatn undir séreignarrétt. Hingað til hefur það gilt að það væri aðeins nýtingarréttur á vatni, hagnýtingarréttur, sem við hefðum í rauninni heimild til að véla um. Hér er verið að stefna að einkavæðingu á vatni. Ég segi fyrir mig að ég er því fullkomlega andvígur. Vatn á að vera auðlind okkar allra. Það getur verið sérgreind, hagnýt réttindi í hverju tilviki sem tilgreint er en ég greiði atkvæði gegn framseljanlegri einkaeign á vatni, frú forseti, og er algerlega andvígur þessum lögum í heild.

[11:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í markmiðsgrein þessa lagafrumvarps er það tekið mjög skýrt fram í upphafsorðum að markmið laga þessara sé skýrt eignarhald á vatni. Í 2. gr. frumvarpsins er talað um gildissvið og þar segir:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.“

Þetta er altæk niðurstaða um eignarhald. Þeir sem hafa kosið sér sauðargæruna í sölum Alþingis og haldið því fram að þetta hafi enga þýðingu hafi nú skömm fyrir að mínu mati því að auðvitað snýst þetta um eignarhald, skýrt eignarhald eins og menn þorðu að segja í upphafi en þora ekki lengur að segja fullum fetum.

Nú halda menn því fram að þetta sé einungis formbreyting sem hér er á ferðinni en niðurstaðan frá 1923 var samstaða um að afmarka allan nýtingarrétt í þeim lögum sem sett voru og það hefur staðið síðan. Sú aðferð ætti að vera höfð hér en er ekki höfð.

[11:07]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér eru greidd atkvæði um markmiðsgrein frumvarps til vatnalaga. Hæstv. forseti. Það er engin efnisleg breyting á þeirri markmiðsgrein og í núgildandi lögum. Fræðimenn 20. og 21. aldar hafa sagt álit sitt á því, dómafordæmi Hæstaréttar segir einnig sína sögu. Hér er ekki verið að breyta inntaki laganna. Hér er um formbreytingu og eðlilega breytingu að ræða. Dómafordæmi Hæstaréttar sanna það.

Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa gefið stjórnarliðum einkunn. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa líka gefið helstu sérfræðingum á sviði eignarréttar á 20. öldinni sem og dómum Hæstaréttar sína einkunn. Allt þetta sannar málefnafátækt Samfylkingarinnar og stjórnarandstöðunnar því að allir helstu sérfræðingar eignarréttar á 20. öldinni hafa sýnt með greinaskrifum sínum að hér er eingöngu um formbreytingu að ræða.

[11:08]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Í þessari markmiðsgrein frumvarpsins eru afar matskennd hugtök. Hér er talað um skynsamlega vatnsnýtingu og hagkvæma, hér er talað um sjálfbæra nýt-

ingu vatns og hér er talað um að við nýtingu vatnsréttinda megi ekki raska lífríki, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er.

Þegar höfundur frumvarpsins var sl. föstudag spurður um þessi matskenndu hugtök, sem eru afar óvinsæl í lögum, svaraði hann svona, frú forseti: „Ef ég hefði mátt ráða stæði hér eingöngu í markmiðssetningunni: Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni." Þetta er auðvitað mergurinn málsins. Þetta er hið rétta andlit ríkisstjórnarinnar. Frjálshyggjan og einkaeignarréttarsinnarnir vilja auðvitað bara að skýrt sé kveðið á um í lögum um einkaeignarrétt varðandi vatn. Það er það sem stjórnarandstaðan mótmælir. Það er það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur ekki fellt sig við. Hér er um að ræða skerðingu á almannarétti og yfirgang frjálshyggjunnar. Ég segi nei.

[11:09]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég sagði við upphaf þessarar umræðu að fyrr skyldi ég dauður liggja en samþykkja eignarhald á vatni á Íslandi. Það hvarflar ekki að mér, ekki eitt augnablik, að gleðja stjórnarliða með því að fara að geispa golunni í þessum sal í dag.

Ég ætla að láta loga á rauðu í allri atkvæðagreiðslunni hér á eftir sem og félagar mínir í Frjálslynda flokknum. Afstaða okkar í þessu máli hefur ekkert breyst. Sú sannfæring okkar hefur hins vegar styrkst að þessi lög eru meingölluð og ég hygg að sá illi grunur hafi líka læðst að mörgum stjórnarliðum. Við fundum það í umræðunni að þeir vita það innst inni að þetta frumvarp er engan veginn tækt til að verða að lögum. Það þarf að skoða þessi mál miklu betur áður en það tekur gildi og því er það mikill sigur sem stjórnarandstaðan er að vinna í dag með því að gildistöku laganna hafi verið frestað fram yfir næstu kosningar.

[11:11]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er alvarlegt mál á ferðinni. Ég tel að hér sé um eðlisbreytingu að ræða en ekki formbreytingu á eignarhaldi á vatni vegna þess að gildissviðið er mun víðtækara en í gildandi lögum, þ.e. hér er tekið til vatns í öllum mögulegum formum, ekki eingöngu til straumvatns eða yfirborðsvatns. Verið er að lögfesta með formlegum hætti einkaeignarrétt á vatni í öllum mögulegum formum. Eins og fram kemur í greinargerð með þessu frumvarpi virðist það vera markmið núverandi ríkisstjórnar að eignarhald yfir vatni verði tæmandi og í eðli sínu fullkominn réttur, samkvæmt fræðimönnum sem standa að þessu frumvarpi og þeim sem hafa talað og sömuleiðis greinargerðinni. Því hafna ég og ég er algerlega andsnúin því að menn fari þá leið að tryggja hér fullkominn eignarrétt á vatni í öllum mögulegum formum til framtíðar. Það tel ég ranga nálgun.

Virðulegi forseti. Vatn er ekki bíll eða hver annar hlutur heldur uppspretta lífs og þess vegna eigum við að nálgast alla lagasetningu á vatni með slíkum hætti en ekki þannig að hér sé eingöngu verið að einfalda stjórnsýslu.

Frú forseti. Ég segi því nei.

[11:12]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér takast á, eins og á fyrstu dögum liðinnar aldar, annars vegar allsherjarstefna þar sem hagur almennings, hagur samfélagsins er hafður í heiðri og hins vegar séreignarstefna með þeirri gömlu og nýju kreddu að samskipti á markaði séu inntak mannlegrar tilveru. Ég er allsherjarsinni í þessum málum og lít með stolti til frumherjanna á fyrri hluta 20. aldar og mér finnst merkilegt að ýmsir þeirra skuli hafa tilheyrt þeim flokki sem enn gengur undir nafninu Framsóknarflokkur. Það voru sannarlega framsóknarmenn sem stóðu fyrir allsherjarstefnunni á þeim tíma. Það eru framsóknarmenn ekki lengur heldur ætti sá flokkur að heita afturhaldsflokkur og sé hans skömm lengi uppi. Ég segi nei.

[11:13]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það hefur vakið mikla athygli mína í þessu máli, sem fyrst og fremst snýst um pólitík, þ.e. hvaða afstöðu menn hafa til eignarréttarins þegar kemur að vatni, hvort menn fylgja fullkomnum séreignarrétti eða þeim rétti sem vatnalögin hafa skilgreint frá upphafi. Og það hefur vakið mikla furðu mína í þessari umræðu í þinginu að sjálfstæðismenn, sem gefa sig út fyrir að vera sérstakir séreignarsinnar, skuli ekki hafa treyst sér til að stíga fram og fullyrða að hér sé verið að einkavæða vatnið í samræmi við lífsskoðanir þeirra. Þess í stað hafa þeir falið sig bak við Framsóknarflokkinn í þessari umræðu, komið fram og tiltekið einhverja lögfræðinga, að einhverjir dómar hafi fallið sem geri það að verkum að þeim sé nauðugur einn kostur að einkavæða vatnið. Þeir hafa ekki treyst sér til að koma fram og segja: Þetta er það sem við viljum.

Hins vegar er ég algerlega andvígur þessari skoðun, enda segir höfundur laganna í grein sem hann ritaði: „Með þessu er verið að (Forseti hringir.) hverfa frá ófullkomnum eignarrétti til fullkomins." Það er ekki það sem ég vil sjá sem eignarrétt á vatni. Þess vegna segi ég nei.

[11:15]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég lít á þessi átök um vatnið með sama hætti og átökin um aðrar auðlindir. Átökin í íslenskum stjórnmálum síðustu áratugi hafa snúist um yfirráð og eignarhald á auðlindum. Ég tel að þótt engin stökkbreyting verði með samþykkt þessara laga þá snúist þau samt um eftirfarandi grundvallaratriði. Verið er að flytja nytjarétt á vatni yfir í séreign. Ég nálgast þetta með þessum hætti. Ef það er gert með vatn, hvenær verður það þá gert með fiskinn? Og hvenær með aðrar auðlindir?

Ég tel að allar þessar auðlindir eigi að vera sameign þjóðarinnar, eigi að vera það sem fossanefndin á sínum tíma kallaði landsgæði. Ég er þeirrar skoðunar að kveða eigi á um það alveg skýrt í stjórnarskrá að gæði af þessum toga, eins og fiskur og vatn og ýmislegt annað eigi að vera sameign þjóðarinnar en nýtingarrétturinn á að vera útfærður samkvæmt lögum. Það er þess vegna sem ég er andstæður þessu ákvæði úr lögunum í heild.

[11:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þegar við greiðum atkvæði um þessa grein þá er eins og hún sé samin af mestu náttúruverndarsinnum Íslands. Það hefði getað verið hreyfingin vinstri græn sem hefði komið að málinu. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti, þar segir:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns.

Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er."

(**KolH:** Hvað þýðir það?)

Þetta er verndunarstefna. Ég verð að segja, hæstv. forseti, vatnið er vatn, vatnið er frjálst. (Gripið fram í.) Íslendinga mun aldrei skorta vatn. Stærstu ferskvatnslindir þessarar þjóðar eru í eigu þjóðarinnar og hver sá maður sem vantar vatnsból getur krafið náunga sinn og nágranna áfram um vatn. (Forseti hringir.) Þess vegna hefur þessi umræða verið (Forseti hringir.) þjóðinni óskiljanleg sem hefur staðið hér dögum saman. (**Gripið fram í:** ... þetta skiljanlegra?) (Gripið fram í.)

[11:18]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég hefði viljað óska þess að hæstv. landbúnaðarráðherra í sinni mögnuðu ræðu hefði klárað það sem hann hefði átt að segja. (Gripið fram í.) Það geta allir fengið vatn, en það vantaði — gegn greiðslu. (**Iðnrh:** Þetta er ekki í umræðunni.)

Virðulegi forseti. Það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson las upp áðan um það sem hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra sagði ber auðvitað að þakka fyrir, hreinskilni Finns Ingólfssonar sem talar um að koma þurfi samræmdu skipulagi á nýtingu auðlinda og kveða skýrt á um eignarrétt á þeim. Þetta er miklu skýrar talað en B-deild Sjálfstæðisflokksins talar um í dag með hæstv. iðnaðarráðherra í broddi fylkingar.

Auðvitað er verið að einkavæða vatnið. Það er ekkert annað. Það er aumt hlutverk framsóknarmanna að ganga þessa göngu með sjálfstæðismönnunum. En sjálfstæðismenn, og það er athyglisvert og rétt að vekja athygli á því, tala lítið um þetta en þakka ábyggilega fyrir það á göngum hér á eftir.

[11:19]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti vill að gefnu tilefni benda á að reglan hefur verið sú að þeir sem vilja gera grein fyrir atkvæði sínu geri það áður en sá fyrsti sem gerir grein fyrir atkvæði sínu tekur til máls. Þessi réttur samkvæmt þingsköpum er ekki ætlaður til að bregðast við orðum annarra við atkvæðagreiðslur.

2.–3. gr. samþ. með 26:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HBl, HHj, ÍGP, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 28:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

5.–14. gr. samþ. með 28:23 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MÞH, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 859,1 samþ. með 28:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 28:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

16.–21. gr. samþ. með 28:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS,

MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

22. gr. samþ. með 28:24 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:22]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég vara sterklega við því að þessi grein sé samþykkt. Með samþykkt hennar er gengið freklega inn á verksvið landbúnaðarráðuneytisins, þ.e. verið er að ásælast verkefni sem Landgræðsla ríkisins hefur með höndum samkvæmt lögum um varnir gegn landbroti. Þar að auki er verið að heimila að farið verði í framkvæmdir án samráðs við aðila sem kunna að hafa ríka hagsmuni af sérstakri aðgæslu og á ég þar t.d. við veiðifélög og þá sem eiga veiðirétt fyrir á landi sínu.

Það er hætta á að hrygningar- og uppeldisstöðvar laxfiska verði eyðilagðar af óaðgætni.

Ég tel að hætta sé á réttaróvissu, og er reyndar fullviss um að með samþykkt þessarar greinar skapast réttaróvissa. Ég segi nei.

23.–34. gr. samþ. með 28:24 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 859,2 samþ. með 28:24 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

35. gr., svo breytt, samþ. með 28:24 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 859,3 samþ. með 28:24 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

36. gr., svo breytt, samþ. með 28:24 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

37.–41. gr. samþ. með 28:23 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 859,4 kölluð aftur.

Brtt. 924, a-liður, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.
24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 924, b-liður, samþ. með 28:24 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

42. gr., svo breytt, samþ. með 27:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 859,5 samþ. með 28:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

43. gr., svo breytt, samþ. með 28:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46:4 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjG, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, ISG, ÍGP, JÁ, JEP, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LMR, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

nei: ÁÓÁ, LB, MÞH, ÖS.

13 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, HHj, JóhS, JKÓ, KHG, MS, MF, SAÞ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 11:29]

Munnleg skýrsla utanríkisráðherra um varnarviðræður Íslands og Bandaríkjanna.

[11:39]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Bandarísk stjórnvöld hafa, eins og kunnugt varð í gær, tilkynnt ríkisstjórn Íslands að dregið verði stórlega úr starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli síðar á þessu ári. Ákveðið hefur verið að orrustuþotur varnarliðsins og björgunarþyrlur þess verði fluttar á brott í síðasta lagi fyrir lok september.

Bandaríkjastjórn lýsti jafnframt yfir eindregnum vilja til að standa við varnarsamning ríkjanna frá 1951 og Norður-Atlantshafssáttmálann sem Atlantshafsbandalagið hvílir á. Hún leggur enn fremur til að viðræður milli landanna um framhald varnarsamstarfsins haldi sem fyrst áfram. Íslensk stjórnvöld leggja í því efni áherslu á að viðræðum verði hraðað því brýnt sé að niðurstaða náist um framtíðarskipan í varnarmálum þjóðarinnar.

Ákvörðun Bandaríkjastjórnar veldur íslenskum stjórnvöldum vonbrigðum. Þau hafa í viðræðum við Bandaríkjamenn lagt fram ítarlegar tillögur um að Íslendingar greiði kostnað vegna reksturs og viðhalds Keflavíkurflugvallar og taki yfir þyrlubjörgunarþjónustu við varnarliðið. Með þessu sýndu íslensk stjórnvöld í verki að þeim væri í mun að ná niðurstöðu um varnarmálin. Sú ákvörðun sem nú liggur fyrir hjá Bandaríkjastjórn felur ekki í sér þá niðurstöðu sem vonast var til. En þetta er ákvörðun Bandaríkjaforseta og það hefur legið fyrir að hann ætti síðasta orðið um orrustuþotur varnarliðsins.

Íslenskum stjórnvöldum var tilkynnt þessi ákvörðun í símtali sem Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, átti við mig laust fyrir hádegi í gær. Þá gekk sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi síðdegis á fund okkar forsætisráðherra og gerði okkur nánari grein fyrir ákvörðuninni. Fram kom að forseti Bandaríkjanna hefði fallist á tillögu Rumsfelds, landvarnaráðherra um að bundinn yrði endi á fasta viðveru orrustuþotna varnarliðsins í Keflavíkurstöðinni eins og það var orðað. Það felur jafnframt í sér að björgunarþyrlur þess hverfa á brott, enda eru þær hér vegna orrustuþotnanna.

Af hálfu Bandaríkjamanna er tekið fram að íslensk stjórnvöld hafi lagt fram mikilsverðar tillögur á samningafundum ríkjanna í síðasta mánuði um að þau mundu greiða kostnað vegna reksturs Keflavíkurflugvallar og vegna björgunarþjónustu við varnarliðið. Hins vegar valdi breyttar aðstæður í öryggismálum á Norður-Atlantshafi og mikið álag á Bandaríkjaher í öðrum heimshlutum, og þörf fyrir búnað hans og mannskap þar, því að ákveðið hafi verið að gera umræddar breytingar í Keflavíkurstöðinni.

Þessi ákvörðun Bandaríkjastjórnar nú á sér nokkurn aðdraganda eins og flestum er kunnugt, a.m.k. aftur til vors 2003 þegar hún tilkynnti íslenskum stjórnvöldum um þá ætlan að flytja orrustuþoturnar og þyrlurnar héðan. Frá því var horfið þá og síðan hefur verið unnið að því að reyna að finna ásættanlega lausn og semja um framtíðarfyrirkomulag varnanna.

Í júlí í fyrra hófust viðræður milli landanna um með hvaða hætti Íslendingar gætu tekið þátt í kostnaði sem tengdist veru varnarliðsins hér á landi. Markmið íslenskra stjórnvalda var eftir sem áður að reyna að tryggja að orrustuþotur yrðu áfram í landinu.

Stjórnvöld lýstu sig í upphafi viðræðnanna í fyrrasumar reiðubúin til að semja um að þau greiddu verulegan hluta þess kostnaðar sem hlýst af rekstri og viðhaldi Keflavíkurflugvallar. Einnig stæði vilji til þess að kanna í viðræðum

við Bandaríkjamenn hvernig Ísland gæti tekið að sér aukið hlutverk á sviði þyrlubjörgunar hér á landi, sem fæli m.a. í sér þjónustu á þessu sviði við varnarliðið.

Tillögur um þetta voru lagðar fram af Íslands hálfu á samningafundi landanna í fyrri hluta september. Þær fólu meðal annars í sér að við tækjum að okkur á umsömdum tíma umsamið hlutfall af kostnaði sem lyti að atriðum eins og slökkviliði og snjómokstri sem og viðhaldi og endurnýjun á ýmsum búnaði, flugbrautum og akstursbrautum.

Viðræður sigldu í strand í október þegar Íslendingar höfnuðu tillögum sem Bandaríkjamenn lögðu fram áður en fundir hófust. Vandinn laut fyrst og fremst að því að þær gerðu ráð fyrir að Íslendingar greiddu rekstur og viðhald flugvallarins en einnig margvíslegan og mikinn kostnað sem laut beinlínis að herstöðinni sjálfri og varnarliðinu. Hér bar mikið á milli aðila.

Snemma í desember síðastliðnum átti ég fund með Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem var haldinn í tengslum við ráðherrafund Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Ljubljana í Slóveníu. Fundurinn með Burns var haldinn að ósk Bandaríkjamanna til að ræða stöðuna í varnarviðræðum landanna. Aðallega var rætt um hvernig koma mætti samningaviðræðum af stað. Í framhaldinu unnu báðir aðilar að því máli, m.a. þannig að til bréfaskipta kom í áliðnum janúarmánuði milli mín og Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Samningaviðræður milli landanna hófust aftur 2. febrúar í Washington. Þann dag átti ég fund með Rice, utanríkisráðherra, í bandaríska utanríkisráðuneytinu til að reyna að hreyfa málum frekar og kynna tillögur sem höfðu verið í undirbúningi hjá okkur. Í þeim fólst einkum að Ísland mundi strax í haust hefja að greiða allan kostnað vegna atriða eins og slökkviliðs og snjómoksturs á Keflavíkurflugvelli og búnaðar vegna flugumferðarstjórnar. Rétt er að skjóta því hér inn að ástæða þess að miðað er við haust, nánar tiltekið mánaðamótin september/október, er að þá hefst fjárlagaárið í Bandaríkjunum. Samkomulag er um það milli aðila að hafa þá viðmiðun.

Þá var einnig gert ráð fyrir í íslensku tillögunum, sem lagðar voru fram 2. febrúar, að Ísland mundi strax á komandi hausti byrja að greiða helming kostnaðar vegna viðhalds og endurnýjunar á flugbrautum, akstursbrautum og flughlöðum og allan kostnað vegna þessara þátta frá og með hausti 2008.

Loks fólst í tillögunum að Ísland mundi frá hausti 2008 greiða allan kostnað vegna þyrlubjörgunar í landinu, m.a. til að þjóna flugvélum varnarliðsins að þessu leyti. Gert var ráð fyrir þeim möguleika að þyrlur yrðu keyptar gegnum sölukerfi það á vegum Bandaríkjahers sem stendur bandamönnum til boða að nýta sér og gæti reynst hagkvæmt. Miðað var við að ef til þessa kæmi yrðu keyptar nýjar þyrlur í gegnum þetta kerfi sem og allir varahlutir og þjálfun áhafna.

Í lok samningafundanna hinn 3. febrúar var fallist á það af Íslands hálfu að greiða samkvæmt nánara samkomulagi einnig kostnað við ýmsan mannskap og byggingar í herstöðinni sem halda mætti fram að tengdust rekstri og viðhaldi Keflavíkurflugvallar. Heildarkostnaður vegna þessa alls og áðurnefndra tillagna Íslands gæti numið að talið er 1,5–2 milljörðum króna á ári. Það yrði til viðbótar nokkur hundruð milljónum sem við greiðum nú þegar árlega vegna starfsemi Keflavíkurflugvallar. Nákvæmar tölur um þennan kostnað allan eru til ekki tilbúnar enn sem komið er.

Nú liggur fyrir, eins og áður sagði, að bandarísk stjórnvöld hafa tilkynnt ríkisstjórn Íslands að dregið verði stórlega úr starfsemi Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli síðar á þessu ári með því að orrustuþotur varnarliðsins og björgunarþyrlur þess verða fluttar brott í síðasta lagi fyrir lok september. Þetta felur í sér að mannskapur á vegum varnarliðsins verður væntanlega mjög lítill. Jafnframt felur þetta í sér að varnarliðið annast ekki lengur Keflavíkurflugvöll þannig að í haust gerist flest af því sem við höfðum gert ráð fyrir í tillögum okkar í viðræðunum við Bandaríkjamenn, þ.e. að við tökum yfir rekstur og viðhald Keflavíkurflugvallar og þá auðvitað það mannahald sem því tengist. Þeir sem vinna að þessum verkum á vegum varnarliðsins verða starfsmenn opinberra íslenskra aðila.

Þegar tilkynnt var í gær um ákvörðun Bandaríkjastjórnar var sérstaklega tekið fram að verið væri að binda enda á fasta viðveru orrustuflugvéla í Keflavíkurstöðinni. Jafnframt var lagt til að fulltrúar landanna hittust sem fyrst til að ræða með hvað ráðstöfunum og viðbúnaði öðrum en fastri viðveru hér mætti best tryggja við breyttar aðstæður í öryggismálum að Bandaríkin gætu staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt varnarsamningnum. Þetta var nánar útskýrt með því að ræða ætti í áþreifanlegum atriðum hvernig gera mætti skuldbindingar Bandaríkjanna sýnilegar, eins og það er orðað, án fastrar viðveru orrustuþotna hér á landi.

Nú er sem sagt fram undan að komast að því með viðræðum við Bandaríkjamenn hvaða ráðstafanir og viðbúnaður hér og annars staðar kemur til greina í þessu efni til að tryggja áframhald varnarsamstarfsins. Hér er ekki unnt að fjalla um hvernig þessu kynni að verða háttað, enda órætt mál. Það á eftir koma í ljós í viðræðum landanna hvort þetta er gerlegt. Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur verið lögð rík áhersla á að þessum viðræðum verði hraðað því að brýnt sé að niðurstaða náist um framtíðarskipan varna landsins. Af okkar hálfu hefur verið lagt til að rætt verði einnig og sérstaklega um hvernig koma megi á enn nánara samstarfi en þegar fer fram milli landanna varðandi varnir gegn hryðjuverkum og skipulagðri alþjóðlegri glæpastarfsemi.

Loks hefur Bandaríkjamönnum verið bent á að í ljósi þess að björgunarþyrlur varnarliðsins hverfi héðan í haust þurfi að nást fljótt niðurstaða í það hvort farin verði sú leið að kaupa nýjar þyrlur ásamt þjálfun og varahlutum gegnum sölukerfi Bandaríkjahers eða hvort leitað verður annað. Hér liggur á, því tryggja verður að nægur þyrlukostur sé í landinu þegar björgunarþyrlur varnarliðsins verða fluttar á brott í haust.

Virðulegi forseti. Ýmsir hafa lýst vonbrigðum með þá niðurstöðu sem nú er fengin með einhliða tilkynningu Bandaríkjastjórnar. Ég tel að það hefði verið heppilegra og eðlilegra að niðurstaða af þessu tagi hefði fengist í samningum viðræðunefnda þjóðanna og að málið hefði þá verið til lykta leitt í heild sinni í stað þess að viðvera orrustuþotnanna væri tekin út úr. Hins vegar hefur það legið fyrir um árabil að í Bandaríkjastjórn stæði vilji til að flytja orrustu-

vélarnar þangað sem meiri þörf væri fyrir þær en bjóða í staðinn upp á varnarviðbúnað af öðru tagi sem betur hentaði breyttum aðstæðum og nýjum tímum. Verkefnið fram undan er þess vegna að freista þess að ná samningum um slík atriði og það sem fyrst. Ella verður gildi varnarsamningsins frá 1951 lítið sem ekkert.

[11:49]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Nú liggur fyrir að bandarískri herinn mun fara af landi brott með nær allan sinn viðbúnað. Þetta þarf ekki að koma á óvart því að þetta er rökrétt framhald þeirrar staðreyndar að Norður-Atlantshafið er öruggasti hluti heimsins í dag. Það eru auðvitað forréttindi að búa í slíkum heimshluta.

Ég hlýt að lýsa ánægju minni hér með að loks skuli vera komin niðurstaða í 11 ára samningaþóf sem leitt hefur verið af formönnum Sjálfstæðisflokksins, fyrst fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherra, og síðan hann hætti núverandi utanríkisráðherra. Niðurstaðan liggur fyrir, árangurinn er enginn. Þeir lögðu af stað í leiðangur, komust aldrei þangað sem þeir ætluðu sér og eru nú aftur á byrjunarreit.

Ástæðan fyrir því er augljós. Þeir lögðu upp með úrelta heimsmynd í farteskinu, röng samningsmarkmið og ranghugmyndir um eigin stöðu gagnvart bandaríska stjórnkerfinu.

Nú hefur það opinberast þjóðinni að ríkisstjórnin, undir þeirra forustu, hefur verið stefnulaust rekald í utanríkismálum. Allt frá árinu 1992 hefur legið fyrir að vegna breytinga í heimsmálunum teldu bandarísk stjórnvöld ekki lengur þörf á þeim varnarviðbúnaði sem hér var, það væri enginn óvinur á Norður-Atlantshafi og engin sýnileg ógnun úr þeirri átt.

Á samningafundi í ágúst 1993 lögðu Bandaríkjamenn fram þá tillögu sína að orrustuþoturnar, sem þá voru 12 talsins, mundu hverfa frá Íslandi. Í ágúst 1993. Af því varð þó ekki og þáverandi utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, og William J. Perry varnarmálaráðherra undirrituðu í janúar 1994 bókun við varnarsamninginn sem gerði ráð fyrir fækkun þeirra úr 12 í fjórar. Síðan Sjálfstæðisflokkurinn tók við þessum málum hefur ekkert gerst, enginn árangur náðst. Forustumenn Sjálfstæðisflokksins hafa að vísu farið margar ferðir til Washington og boðið hingað bandarískum ráðherrum og embættismönnum. Þeir hafa dregið íslensku þjóðina inn í stríðsrekstur í Írak í þeirri von að þeim yrði umbunað fyrir það í þessum samningaviðræðum. Þeir hafa talað eins og þeir einir gætu höndlað með þessi mál. Þeir hafa talið þjóðinni trú um að fyrrverandi forsætisráðherra væri í mjög góðum tengslum við Bush og núverandi utanríkisráðherra, Condoleezzu Rice. Þeir ættu leið fram hjá bandaríska stjórnkerfinu. Og hver er árangurinn? Enginn, mældur á þeirra eigin mælikvarða.

Árið 1993, í tíð Jóns Baldvins Hannibalssonar sem utanríkisráðherra, var unnin skýrsla um íslensk öryggis- og varnarmál. Síðan hefur lítið gerst í þeim málum, ef frá er talin ágæt greinargerð reyndar sem unnin var í tíð Halldórs Ásgrímssonar 1999. Engar úttektir eða rannsóknir hafa farið fram á þeim váboðum sem að íslenskri þjóð geta steðjað og hvernig skynsamlegast sé að bregðast við þessum váboðum. Þetta hefur verið vanrækt vegna þess að ríkisstjórnin hefur haldið dauðahaldi í fjórar úr sér gengnar herþotur og sagt að þær væru forsenda þess að hér væri hægt að tala um sýnilegar varnir.

Fyrrverandi utanríkisráðherra talaði skýrt í málinu þegar hann var forsætisráðherra og sagði að ef þetta næðist ekki gæti herinn einfaldlega farið. Núverandi utanríkisráðherra er hins vegar orðinn lítilþægari og segir að hinar sýnilegu varnir geti falist í æfingaaðstöðu og flugsveitum sem geti komið hér til skiptis.

Virðulegur forseti. Nú er tímabært að þessu linni. Það er engin ástæða til að Ísland sé æfingastöð fyrir Bandaríkjaher. Við verðum að horfast í augu við að því öryggissamfélagi sem við höfum tilheyrt, með Bandaríkjunum, er að ljúka. Við eigum að horfa til annarra átta. Það er tímabært að við Íslendingar mótum sjálfstæða utanríkisstefnu, skilgreinum þær ógnir sem að okkur geta steðjað og ákveðum hvaða viðbúnað þurfi til að bregðast við þeim. Við eigum að setja upp sjálfstæða rannsóknarstofnun um öryggis- og friðarmál og þverpólitíska öryggismálanefnd sem vinni að öryggismálum Íslands.

Það er engin árásarhætta í Norður-Atlantshafinu. Það er okkar gæfa. Í því felast miklir möguleikar. Við getum markað okkur stöðu sem herlaus þjóð og málsvarar friðar á alþjóðavettvangi. Við eigum að skipa okkur í hóp með þeim ríkjum sem vilja styrkja mannréttindi í heiminum og efla þjóðarrétt og virðingu fyrir alþjóðalögum og samningum. Við eigum að hugsa stærra og lengra en áður hefur verið gert í íslenskri utanríkisstefnu.

Á þetta hefur Samfylkingin ætíð lagt áherslu á Alþingi í umræðum um utanríkismál og hún mun gera það áfram. Okkar bíður það hlutverk að bregðast við breyttum aðstæðum í heiminum með því að móta nýja íslenska öryggisstefnu sem getur leyst hina úreltu og árangurslausu stefnu Sjálfstæðisflokksins af hólmi

[11:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Okkur hafa verið færð mikil tíðindi og söguleg því að ekki verður annað skilið en að Bandaríkjamenn séu að boða brottför herliðs síns frá Íslandi eftir rúmlega hálfrar aldar hersetu í landinu.

Auðvitað er gleðilegt að sá tími kunni að vera að renna upp að Ísland verði án erlends hers. Þetta hlýtur að leiða til þess að herstöðinni á Miðnesheiði verði lokað fyrir fullt og allt, Keflavíkursamningnum frá 1951 verði sagt upp og því lýst yfir að Ísland standi utan hernaðarbandalaga. Allra hernaðarbandalaga. Það er mikilvægt að menn tali núna hreint út og tæpitungulaust um þetta efni.

Þetta er sú krafa sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fylkjum okkur um. Við teljum að besta leiðin fyrir Íslendinga til að láta gott af sér leiða í heiminum, jafnframt því sem við tryggjum öryggi lands okkar og þjóðar, sé að fylgja sanngjarnri og réttlátri stefnu á alþjóðavettvangi en standa sem fjærst herskáum hernaðarveldum á borð við Bandaríkin.

Þótt það hafi lengi verið fyrirsjáanlegt að Bandaríkjamenn mundu draga herlið sitt frá Íslandi vekur engu að síður athygli með hvaða hætti þetta ber að. Það verður ekki

annað sagt en að framkoma Bandaríkjastjórnar gagnvart íslenskum stjórnvöldum sé ótrúlega óskammfeilin og niðurlægjandi. Það eru ekki nema örfáar vikur síðan utanríkisráðherra kom frá Bandaríkjunum úr viðræðum um framkvæmd varnarsamningsins, sem svo er nefndur, og var svo að skilja að þær viðræður væru í eðlilegum farvegi. Þá gerist það að Bandaríkjastjórn lýsir því einhliða yfir að hún hyggist fjarlægja herþotur og þyrlur frá Íslandi næsta haust. Þetta gerist með einu símtali og í morgun færa fjölmiðlar okkur þær fréttir að Bandaríkjamenn hafi nú áhuga á því að hefja viðræður við íslensku ríkisstjórnina um framkvæmd varnarsamningsins, sem hún kallar svo.

Ég spyr: Getur það verið að hæstv. utanríkisráðherra Geir H. Haarde hafi setið einhvern allt annan fund en hann hélt að hann sæti í Washington ekki alls fyrir löngu?

Hæstv. forseti. Þetta færir okkur heim sanninn um að Bandaríkjastjórn hefur ekki og hefur aldrei haft herlið á Íslandi nema til að þjóna eigin hagsmunum. Þegar það hentar bandarískum hernaðarhagsmunum eru Bandaríkjamenn farnir og hirða ekki um lágmarkskurteisi við íslensk stjórnvöld. Verður þó ekki annað sagt en að hér sitji nú á valdastólum menn sem hafa þjónað þeim vel, gert Íslendinga samseka í einhverjum mestu voðaverkum síðari ára.

Það sem máli skiptir nú er að ganga á markvissan og myndarlegan hátt til þess verks að yfirtaka alla starfsemi sem tengist flugvellinum, öryggisþáttum og björgunarviðbúnaði og stuðla að uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum. Um þetta þurfa Íslendingar nú að fylkja sér.

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur á þessu yfirstandandi þingi, og á síðasta þingi einnig, lagt fram þingsályktunartillögur sem ganga í þá átt. Við höfum viljað að kannaðir yrðu rækilega möguleikar á því að auka hvers kyns borgaralega atvinnustarfsemi í tengslum við flugvöllinn og gera tillögur um aðgerðir í því skyni. Við höfum lagt áherslu á að gott samstarf verði haft við heimamenn á Suðurnesjum í slíku starfi.

Síðastliðin 15 ár hafa bandarísk stjórnvöld dregið mjög úr umsvifum í rekstri herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Áhugi bandarískra hermálayfirvalda á að draga enn frekar saman seglin og leggja herstöðina jafnvel niður hefur komið skýrt fram á allra síðustu árum. Slíkt þarf ekki að koma neinum á óvart í ljósi þess hve mikið hefur dregið úr spennu í okkar heimshluta frá því sem var undir lok 9. áratugarins. Í reynd er staðan sú að herinn hefur verið að fara í áföngum á undanförnum árum og hefur ekkert bent til annars en að sú þróun héldi áfram og nú þekkjum við hvað gerst hefur.

Hermönnum á Keflavíkurflugvelli hefur fækkað verulega á síðustu 15 árum, um 56%. Þeir voru yfir 3.000 talsins í byrjun 10. áratugarins en eru núna um 1.500. Sama gildir um Íslendinga sem starfa hjá Bandaríkjamönnum. Í byrjun 10. áratugarins voru þeir yfir 1.000 en eru núna á sjöunda hundraðið.

Það sem er gleðilegt er að við þá fækkun sem orðið hefur hefur ekki skapast atvinnuleysi. Á allra síðustu árum hefur fækkun í störfum Íslendinga hjá hernum eða í starfsemi sem honum tengist dregist saman um sem nemur 535 störfum. Á sama tíma hafa umsvif í tengslum við flugstöðina í Keflavík aukist. Það er sýnt að á komandi árum verður framhald á þeirri þróun. Við eigum að sameinast um að horfa til annarra þátta einnig sem styrkja atvinnulífið á þessum slóðum.

Ég lít ekki svo á, og það gerum við ekki í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að þetta sé áfall í neinum skilningi. Þetta eru gleðileg tíðindi fyrir Ísland og við eigum að líta á þetta sem sóknarfæri til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Við eigum að taka mjög alvarlega þann vanda sem fjöldi einstaklinga og fjölskyldna kann að standa frammi fyrir á næstu mánuðum og missirum vegna atvinnumissis. Hvað þetta varðar eigum við að standa einhuga saman.

Við eigum einnig að leggja áherslu á að taka allt sem lýtur að öryggi landsmanna föstum tökum. Íslensk stjórnvöld hafa að þessu leyti hætt að berja höfðinu við steininn eins og þau gerðu lengi vel. Við fögnuðum því fyrir okkar leyti þegar því var lýst yfir af hálfu hæstv. utanríkisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í byrjun febrúar að til stæði að Íslendingar yfirtækju rekstur flugvallarins og þyrlustarfseminnar. Við fögnuðum því.

Hæstv. forseti. Hvað öryggisþáttinn varðar hef ég aldrei skilið, og við höfum átt erfitt með að fá botn í það, hvernig öryggi okkar yrði tryggt með fjórum eða fimm herþotum Bandaríkjastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Við höfum aldrei fengið svör við því, þótt eftir væri leitað, hvaðan Íslendingar búist við árás úr lofti. Er það frá Evrópu eða er það frá einhverjum öðrum heimshlutum?

Sú hætta sem steðjar að Íslendingum, eins og öllum þjóðum í heiminum í dag, er af hryðjuverkastarfsemi. Þar aftur ítreka ég það sem ég áður sagði, að við tryggjum öryggi Íslands best með því að fylgja eftir á alþjóðavettvangi sanngjarnri og réttlátri stefnu.

[12:04]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það liggur nú ljóst fyrir að Bandaríkjamenn ætla sér að draga stórlega úr varnarviðbúnaði hér á landi. Við hörmum þessa ákvörðun þeirra og við hörmum það jafnframt hvað hana ber skjótt að og við erum ósáttir við það hvernig að henni er staðið.

Það kemur hins vegar skýrt fram hjá Bandaríkjastjórn að hún hyggst virða varnarsamning ríkjanna þó að vörnum landsins verði hagað með öðrum hætti. Við þessar aðstæður er mikilvægt að horfa fram á veg.

Fyrsta spurningin er: Eigum við að byggja áfram á varnarsamningnum við Bandaríkin og aðildinni að Atlantshafsbandalaginu sem aðalatriði í okkar öryggismálum?

Ég tók eftir því að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir nefndi varnarsamninginn ekki á nafn, hún nefndi aðildina að Atlantshafsbandalaginu ekki á nafn. Ég hef hingað til haldið að það væri samdóma álit — það var a.m.k. samdóma álit Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks — að það bæri að byggja á þessum hornsteinum. Nú virðist vera orðin stefnubreyting þar á. Á þessum grundvelli hlýtur það að vera fyrsta skrefið að ganga til viðræðna við Bandaríkjamenn til að tryggja megi áfram lágmarks sýnilegar varnir hér á landi sem feli í sér fælingarmátt. Það hefur aldrei verið sagt frá árinu 1993 af okkar hálfu, og það var heldur ekki sagt af hálfu Alþýðuflokksins á þeim tíma,

að það væri eina leiðin til þess að tryggja sýnilegan fælingarmátt hér á landi. Það hefur einfaldlega ekki komist niðurstaða í það með hvaða hætti það yrði gert. Það er mikilvægt að hraða þessum viðræðum sem mest og ég mun í dag skrifa Bandaríkjaforseta bréf og óska eftir nánari útlistun af hálfu Bandaríkjastjórnar og hugmyndum Bandaríkjanna um framtíðarvarnir Íslands. Þeir hafa lengi haldið því fram að það væri hægt að tryggja þær með öðrum hætti en hafa aldrei kveðið skýrt á um það.

Það liggur fyrir að ákvörðun Bandaríkjastjórnar mun fela í sér ákveðin þáttaskil í utanríkismálum þjóðarinnar. Hún snertir ekki einungis Ísland, hún snertir líka Atlantshafsbandalagið og öryggi á Atlantshafinu. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna er hluti af varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins og það ætti öllum að vera ljóst. Ég átti þess vegna í þessu samhengi samtal snemma í morgun við framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og gerði honum grein fyrir stöðu mála. Framkvæmdastjórinn mun á mánudagsmorgun eiga fund með Bandaríkjaforseta og hann mun að minni beiðni taka þetta mál upp, enda snertir það ekki eingöngu Íslendinga. Það snertir allt Atlantshafsbandalagið. Því er eðlilegt að við ræðum þetta mál á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og hann gerir sér mjög vel ljósa grein fyrir því um hve stórt mál er hér að ræða enda hef ég áður nokkrum sinnum rætt það við hann á vettvangi Atlantshafsbandalagsins.

Það er jafnframt ljóst, þegar þetta liggur fyrir, að þessi ákvörðun mun hafa mikil áhrif innan lands, ekki eingöngu í sambandi við okkar öryggismál heldur jafnframt á Keflavíkurflugvöll og atvinnulíf á Suðurnesjum enda er varnarliðið stærsti vinnuveitandinn á því svæði. Það hefur komið fram í þessari umræðu að rúmlega 600 manns vinna hjá varnarliðinu, Íslendingar, og jafnframt margir í verktakastarfsemi. Ég hef í morgun rætt við forustumenn stærstu verkalýðsfélaganna á Suðurnesjum og gert þeim grein fyrir stöðu mála og ég hef jafnframt gert þeim grein fyrir þeim eindregna vilja ríkisstjórnarinnar til tafarlauss samstarfs um að vinna að úrlausn þessara mála. Ég hef jafnframt rætt við bæjarstjórann í Reykjanesbæ og við höfum ákveðið fund með okkur utanríkisráðherra um þessi mál til að ræða þessa alvarlegu stöðu og við munum jafnframt gera það gagnvart öðrum bæjarfélögum á Suðurnesjum.

Það sem mestu máli skiptir við þessar aðstæður er að horfa til framtíðar og huga að leiðum í þeim vanda sem blasir við. Þó að við höfum ekki gert ráð fyrir að þetta bæri að með þessum hætti höfum við verið þess lengi meðvitandi að til þessa kynni að koma. Að þessu verki þurfa margir að vinna, ríkisstjórnin, aðilar á Suðurnesjum og að sjálfsögðu Alþingi. Fram undan er mikið starf sem lýtur að því með hvaða hætti verði brugðist við vegna þessara ástæðna. Það varðar rekstur flugvallarins, slökkvilið og margvíslega þjónustu en við skulum jafnframt gera okkur grein fyrir því að það eru mörg tækifæri sem blasa við um nýtingu Keflavíkurflugvallar. Sem betur fer er atvinnuástandið gott í landinu og menn hafa unnið að margvíslegri uppbyggingu á því svæði. Sumt af því hefur verið gert í andstöðu við aðila hér á Alþingi en nú er mikilvægt að menn standi sem best saman og hugi að öllum möguleikum sem bjóðast.

Við þurfum að halda vöku okkar með opnum huga í þessu máli og tryggja öryggi landsins til frambúðar. En ég vil endurtaka það að við eigum að gera það áfram á grundvelli varnarsamningsins og á grundvelli aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu. Það hefur verið grundvallaratriði í utanríkisstefnu Íslands um áratugaskeið og við eigum ekki að hverfa frá því þótt ég hafi skilið formann Samfylkingarinnar þannig að það væri það sem hún vildi gera.

[12:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það má með sanni segja að við séum að upplifa sögulega stund núna. Hér er að ljúka ferli sem fór af stað þegar Þjóðverjar gerðu innrás í Noreg og Danmörku vorið 1940 og Bretar svöruðu með þeim varnarleik í stöðunni að hernema Ísland til að vernda siglingu skipalesta á milli Bandaríkja Norður-Ameríku og Evrópu, til að vernda skipalestir sem sigldu frá Bandaríkjunum og Bretlandi gegnum Ísland norður á bóginn til Norðvestur-Rússlands. Þetta hélt síðan áfram með hernámi Bandaríkjamanna og þeir hafa verið hér allar götur síðan og ekki síst á árum kalda stríðsins.

Frjálslyndi flokkurinn hefur alltaf stutt af heilum hug veru Íslendinga í NATO. Við teljum að það samstarf hafi verið ákaflega farsælt fyrir þjóðina og mjög mikilvægt. Ég vil nota þetta tækifæri til að minna á að við Íslendingar höfum allar götur frá 1949, þegar við gerðumst aðili að NATO, verið mjög tryggir og trúfastir, unnið þar af heilindum. Hvorki Bandaríkjamenn né aðrar bandalagsþjóðir hafa nokkuð upp á okkur að klaga í þeim efnum, alls ekki. Mér finnst að ríkisstjórn Íslands eigi núna að benda bandalagsþjóðum okkar í NATO á þá staðreynd. Við eigum það hreinlega inni hjá þeim að þeir yfirgefi okkur ekki núna. Þá er ég að tala um Evrópuþjóðirnar innan NATO.

Bandaríkjamenn eru farnir. Það hefur lengi verið ljóst að þeir væru á förum og ég hef ítrekað varað við því að það mundi gerast. Þegar ég var nýsestur inn á þing sumarið 2003 varpaði ég strax upp hugmyndum um það að við Íslendingar yrðum að fara að leita leiða til að athuga hvort ekki væri fyrir hendi einhver grundvöllur til að ná samningum við Evrópuþjóðir NATO um áframhaldandi varnarsamstarf og viðveru NATO-liðs hér á landi, annaðhvort NATO-liðs eða búnaðar.

Ég hef margoft síðan borið fram spurningar um það í ræðustól hvort íslensk stjórnvöld væru að athuga þessa möguleika. Ég hef aldrei fengið nein svör og ég hef enga ástæðu til að ætla að nokkur vinna af þessu tagi hafi farið fram. Nei, íslenska ríkisstjórnin hefur valið þann kost að binda sig á klafa Bandaríkjamanna og fylgt þeim í blindni, meira að segja þegar innrásin í Írak var gerð. Þá er ekki annað að sjá en ríkisstjórninni hafi verið talin trú um það að ef hún mundi skrá okkur Íslendinga á lista hinna staðföstu þjóða þá skyldu þessar fjórar herþotur verða hér áfram, þá skyldi áfram vera mannafli á Keflavíkurflugvelli. Þetta var í aðdraganda alþingiskosninganna vorið 2003 og ég minni á þetta því í dag hefur heldur betur komið í ljós að þessir silfurlituðu blóðpeningar, sem greiddir voru af hálfu Bandaríkjamanna til íslensku ríkisstjórnarinnar, og hafa dregið nafn okkar Íslendinga niður í svaðið, voru innistæðulausir.

Nú koma þeir og segja okkur að þeir hafi fengið símtal í gær, það hringdi síminn vestan frá Washington. Þar var okkur tilkynnt að nú séu þeir farnir og með þessa niðurlægingu sitjum við Íslendingar núna. Fimmtíu ára varnarsamstarfi lýkur með einu símtali vestan úr Washington og svo er skellt á. En áfram ætlar ríkisstjórnin að halda með betlistafinn í hendi. Nú á að reyna til þrautar og skrifa bréf til Bush og það á að spyrja hann, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði hér áðan, um nánari útlistun á öryggis- og varnarmálum íslensku þjóðarinnar. Hvers konar aumingjaskapur er þetta eiginlega? Hvernig væri nú að fara að standa í lappirnar gegn Bandaríkjamönnum, segja þeim að við séum frjáls og fullvalda þjóð. Við erum fullgildir meðlimir í NATO, við höfum ávallt staðið okkar plikt í NATO, ávallt. Hvernig væri að segja þeim þetta með skýrum hætti? Hvers virði er þessi varnarsamningur? Ég held að hann sé ekki pappírsins virði. Er ekki kominn tími til að þessi samningur verði hreinlega settur í pappírstætarann og honum eytt og við förum frekar að leita leiða um samstarf við aðrar NATO-þjóðir? Ég held að þetta hljóti að vera lausnin og eins og ég sagði í upphafi máls míns: Við eigum það inni hjá þeim.

Þó að það sé friðsælt í Norður-Atlantshafi núna þá er ekki víst að svo verði um allan aldur. Ástandið í öryggismálum heimsins getur breyst mjög fljótt. Við skulum muna það að Ísland er enn á sama stað á hnettinum og það var fyrir 60 árum. Við erum stór eyja í miðju Norður-Atlantshafi og það geta orðið viðsjárverðir tímar í Norðurhöfum. Rússar eru enn á sínum stað. Það er ekki langt síðan þeir voru hér með mjög stóran herskipaflota sem lá nánast uppi í fjörusteinunum vikum saman, flugmóðurskip, beitiskip, hugsanlega með kjarnorkuvopn um borð. Þeir hafa enn þá áhuga á þessu svæði. Ég get heldur ekki ímyndað mér annað en að Evrópuþjóðir NATO hafi einnig áhuga á því að hafa ítök hér í Norður-Atlantshafi, Bretar, Norðmenn, Danir, Þjóðverjar. (**Gripið fram í:** Lúxemborg.) Þetta eru staðreyndir málsins og við eigum að nota þessi spil. Þetta eru þau spil sem við höfum á hendi í stöðunni núna.

Ég sé fyrir mér að við Íslendingar gætum núna þurft að grípa til þess að efla og þjálfa íslenskar sérsveitir sem væru til staðar hér. Þetta yrði gert í samstarfi við NATO. Hér yrði komið upp ákveðnum viðbúnaði, mannvirkjum sem NATO-herir gætu gripið til ef í harðbakkann slær og þá er ég að tala um NATO-heri í Evrópu. Hingað gæti borist liðsauki á viðsjárverðum tímum með skömmum fyrirvara, til að mynda frá Noregi, Danmörku og Skotlandi. Það er ekki lengi verið að fara þennan veg.

Landhelgisgæsla okkar Íslendinga gæti fengið aukið hlutverk, til að mynda í samstarfi við NATO við gæslu og eftirlit, ekki bara í íslenskri lögsögu og á hafsvæðunum í kring heldur hugsanlega líka í íslenskri lofthelgi. Við skulum athuga það að íslensk lofthelgi er mjög stór og um hana fer mikil umferð farþegavéla á hverjum degi, yfir Norður-Atlantshaf. Íslensk efnahagslögsaga er líka mjög stór og um hana fer mikilvæg skipaumferð. Þarna þarf að halda uppi ákveðnu öryggishlutverki, ákveðnu eftirliti, og þetta þurfum við að segja NATO-þjóðunum.

Það hefur svo sem ekkert upp á sig, virðulegi forseti, að vera að eyða dýrmætum mínútum í það að skamma ríkisstjórnina meira en orðið er. Hún hefur staðið sig afleitlega í þessu máli. Hún hefur sofið á verðinum, því miður. Núna verðum við öll að leggjast á árar um það að horfa til framtíðar. Við þurfum að velta því vel fyrir okkur hver staðan er. Við verðum að reiða okkur á okkur sjálf og við verðum að standa í lappirnar. Við þurfum ekki að skammast okkur fyrir nokkurn skapaðan hlut. Við erum fullvalda og sjálfstæð þjóð í samfélagi þjóðanna og það eigum við að segja og bera höfuðið hátt. Við verðum að líta til framtíðar og vega það og meta núna, og gera það hratt, hvernig við ætlum að vinna úr þessari stöðu.

Við þurfum að hugsa til þess að það er fólk á Suðurnesjum, fleiri hundruð manns, sem núna munu missa sín störf og það gerist á þessu ári. Vélarnar fara í haust. Sennilega er búið að skrifa fyrstu uppsagnarbréfin nú þegar. Hvað ætlum við að gera fyrir þetta fólk? Eitthvað af þessu fólki mun sennilega fá vinnu áfram á vellinum en aðrir verða að leita eftir vinnu annars staðar. Þarna hljóta íslensk stjórnvöld, ríkisstjórnin, já, við öll sem sitjum hér á Alþingi, að þurfa að íhuga mjög vel til hvaða aðgerða við getum gripið til að þetta fólk þurfi ekki að verða án atvinnu. Ég hef í sjálfu sér ekki lausnina í hendi hér og nú, enda aðeins nokkrir klukkutímar liðnir frá því að okkur bárust þessar fréttir. En þessa umræðu þurfum við öll að taka og við þurfum að taka hana strax. Við getum ekki lifað lengur við þessa óvissu.

Virðulegi forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu og ítreka enn og aftur að nú reynir á sjálfstæði okkar Íslendinga. Það er komið nóg af því að við látum Bandaríkjamenn niðurlægja okkur í þessum samskiptum. Nú stöndum við ein en ég vona að það verði ekki lengi. Þó að Bandaríkjamenn séu farnir á brott þá eigum við enn þá vini og þeir eru í Evrópu.

[12:22]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Með þeim atburði sem gerðist í gær, þegar tilkynnt var af hálfu Bandaríkjastjórnar að þyrlur og þotur hyrfu af Keflavíkurflugvelli, lauk ferli sem hófst í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna árið 1994 þegar þáverandi utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, skrifaði undir samning við William Perry um fyrirkomulag á Keflavíkurflugvelli. Þetta samkomulag var síðan endurnýjað árið 1996 og átti að gilda til 2001, en frá 2001 hefur ekki tekist að ljúka viðræðum á milli ríkisstjórnar Íslands og Bandaríkjanna fyrr en á þennan veg sem gerðist í gær með þeim þáttaskilum að Bandaríkjastjórn segir: Við höfum ekki tök á því að hafa hér viðvarandi orrustuþotur á Keflavíkurflugvelli og munum flytja þær á brott og einnig þyrlusveitina. Þetta er ekkert ferli sem kemur á óvart. Þetta hefur staðið yfir frá 1994. Ég gagnrýndi það á sínum tíma að menn væru að skrifa undir samkomulag eins og þá var gert, tímabundið samkomulag um fyrirkomulag á Keflavíkurflugvelli, og taldi það brjóta í bága við varnarsamninginn og þær heimildir sem hefðu verið í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna.

Þegar rætt er um þetta mál án þess að geta um varnarsamninginn, eins og formaður Samfylkingarinnar gerði, eða aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu þá er verið að

hlaupa fram hjá meginþættinum í samskiptum okkar og Bandaríkjanna. Það er rétt að lesa upp í þessum umræðum innganginn að varnarsamningnum frá 1951 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þar sem Íslendingar geta ekki sjálfir varið land sitt, en reynslan hefur sýnt, að varnarleysi lands stofnar öryggi þess sjálfs og friðsamra nágranna þess í voða, og þar sem tvísýnt er um alþjóðamál, hefur Norður-Atlantshafsbandalagið farið þess á leit við Ísland og Bandaríkin, að þau geri ráðstafanir til, að látin verði í té aðstaða á Íslandi til varnar landinu og þar með einnig til varnar svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, með sameiginlega viðleitni aðila Norður-Atlantshafssamningsins til að varðveita frið og öryggi á því svæði fyrir augum."

Þetta er grundvöllurinn að varnarsamningnum og er enn í gildi. Þetta grundvallarsjónarmið ræður enn í samskiptum okkar og Bandaríkjanna eins og fram kom í yfirlýsingu þeirra í gær og eins og staðfest hefur verið af hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra. Það er þetta sem við verðum að leggja til grundvallar þegar við ræðum um okkar öryggismál, að þessi samningur er enn í gildi. Spurningin er nú hvernig á að framkvæma hann við núverandi aðstæður. Það má segja að samningurinn hafi leitt til mestu hernaðaruppbyggingar á Íslandi á árinu 1985. Þá var spennan mest á norðurslóðum og þá var viðbúnaðurinn mestur á Keflavíkurflugvelli. Frá 1985 tók sú uppbygging að dragast saman og síðan urðu náttúrlega þáttaskil þegar Sovétríkin hurfu af vettvangi og aðstaða í öryggismálum heimsins breyttist.

Það er rangt að halda því fram að íslensk stjórnvöld hafi frá þeim tíma látið reka á reiðanum og ekki mótað sér stefnu eða skoðanir á því hvað ætti að gera í utanríkis- og öryggismálum. Það hafa verið samdar tvær skýrslur. Fyrri skýrslan kom út í mars 1993, Öryggis- og varnarmál Íslands. Þar er lagt á ráðin um það hvað Íslendingar eiga að gera til að tryggja öryggi sitt við þær aðstæður sem skapast höfðu í heiminum. Þar eru tíunduð ákveðin grundvallaratriði sem þarf að taka mið af og þau atriði eru öll í fullu gildi enn þrátt fyrir að þessi breyting verði á fyrirkomulagi framkvæmdar varnarsamningsins á Keflavíkurflugvelli. Síðan var gerð greinargerð um öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót á vegum utanríkisráðuneytisins, sem kom út árið 1999. Þar eru áréttuð þau sjónarmið sem komu í skýrslunni 1993 og síðan lagt á ráðin um það hvað gera þurfi til að tryggja öryggi Íslands við núverandi aðstæður. Ég tel að það hafi ekkert breyst í grundvallaratriðum frá 1999 að því er þetta varðar. Ef menn lesa þessa skýrslu, og þær niðurstöður sem þar eru kynntar, og sjá hvernig staðið hefur verið að framkvæmd stefnu Íslands í öryggis- og varnarmálum frá þeim tíma þá sjá þeir að í stórum dráttum hefur verið fylgt þeim meginsjónarmiðum sem kynnt voru þá og ríkisstjórnin hefur fylgt síðan. Að halda því fram að af hálfu stjórnvalda hafi ekki verið staðið að því að móta hér stefnu í samræmi við breyttar aðstæður er algerlega rangt. Síðan hefur það gerst, eins og þingmenn vita, að hér á þingi hefur á undanförnum missirum verið rætt um ýmis mál sem snerta okkar öryggisþætti og ég hef tekið þátt í þeim umræðum, m.a. vegna breytinga á skipulagi lögreglunnar með því að efla sérsveit lögreglunnar. Þá komu upp þingmenn og töldu að ég væri að leggja drög að því að stofna íslenskan her og töldu að það mál — það var í mars árið 2004, þá stóðu hér þingmenn, sérstaklega frá Samfylkingunni, og héldu því fram að með því að breyta skipulagi lögreglunnar á þann veg sem gert var með sérsveitinni væri ég að stíga fyrstu skrefin í því að stofna íslenskan her, sem að sjálfsögðu er rangt en sýnir að íslensk stjórnvöld hafa verið hér að laga öryggismál að þeim kröfum sem við stöndum frammi fyrir á hverjum tíma.

Ég mun koma fram með frumvarp, væntanlega á þessu þingi, um Landhelgisgæsluna, ný lög um Landhelgisgæsluna þar sem tekið verður á stöðu hennar miðað við núverandi aðstæður. Ég heyri það á hv. þingmönnum, sem hér taka til máls, að þeir telja að Landhelgisgæslan hafi nýju og meira hlutverki að gegna þegar litið er til þeirra breytinga sem eru að verða. Í þessari skýrslu frá 1999 segir, með leyfi forseta:

„Kanna þarf möguleika á hagnýtri þátttöku Íslands í norrænum friðargæslu- og björgunaræfingum með aðild Eystrasaltsríkjanna, en slíkar æfingar eiga sér nú stað undir merkjum Samstarfs í þágu friðar. Sérstaklega þyrfti að athuga hvort til greina kæmi að varðskip Landhelgisgæslunnar, eitt eða fleiri, tækju reglulega þátt í slíkum æfingum."

Þetta er sett fram árið 1999 og þetta eru sjónarmið sem við þurfum að huga að nú ekki síður en þá. Það er fjallað um fleiri slík atriði þegar menn eru að ræða þessi mál og það er í þessum anda sem síðan hefur verið starfað og stefnunni hrundið í framkvæmd.

Það er líka verið að endurskoða lögin um almannavarnir. Almannavarnir skipta máli þegar litið er til þeirra aðstæðna sem við búum við núna og það munu koma fram tillögur um breytingar á skipulagi almannavarna, annaðhvort nú í vor eða næsta haust, þar sem tekið er mið af nýjum aðstæðum og lagt á ráðin um það hvernig við eigum að standa betur að okkar almannavörnum miðað við núverandi aðstæður. Alþingi er að fjalla núna um lög um nýskipan lögreglumála þar sem verið er að stækka liðsheildir lögreglunnar, verið að breyta skipulagi lögreglunnar, m.a. í kringum Keflavíkurflugvöll, styrkja lögreglustjórn á Suðurnesjum og efla lögreglustjórn þar til að takast á við ný verkefni í ljósi breyttra aðstæðna.

Ég minni á það að á undanförnum árum hefur líka verið unnið að því að koma upp öflugri viðbragðs-, stjórnunar- og samhæfingarmiðstöð í björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð hér í Reykjavík. Íslendingar standa mjög vel að vígi þegar litið er til þess að huga að viðbrögðum og samhæfingu og stjórnun á hættutímum og þegar taka þarf á málum sem snerta öryggi borgaranna.

Það sem við erum að fjalla um núna er það hvernig við ætlum að haga framtíðarsamskiptum okkar við Bandaríkjamenn í ljósi þess sem okkur hefur verið tilkynnt um, þ.e. það að þeir treysti sér ekki til að hafa orrustuþotur og þessa þyrlubjörgunarsveit áfram á Keflavíkurflugvelli.

Af hálfu Landhelgisgæslunnar hefur verið lagt mat á það hvað þarf að gera til að fylla það skarð. Þær hugmyndir verða að sjálfsögðu ræddar á vettvangi ríkisstjórnarinnar og hér á Alþingi því að allt kostar þetta fé og líta þarf til fjárfestinga. Ég er sammála því sem kom fram í máli hæstv. utanríkisráðherra, það á að líta til þess hvaða samkomulagi er

hægt að ná við bandarísk stjórnvöld varðandi þessa þætti þegar farið er í endurnýjun á þyrlukosti Landhelgisgæslunnar sem er nauðsynleg. En við fyllum t.d. aldrei eitt skarð sem myndast vegna þessa, við munum ekki vera hér með þyrlusveit sem getur notað sér eldsneytisvélar eins og hafa verið á Keflavíkurflugvelli.

Bandaríkjamenn eru eina þjóðin í heiminum sem rekur björgunarstarfsemi og nýtur stuðnings frá eldsneytisflugvélum og getur þess vegna sent þyrlur sínar til björgunarstarfa í stærri radíus frá heimahöfn en ella væri. Það eru svona þættir sem við lítum til en við höfum ekki burði til þess að reka slíka flugvél og munum ekki hanna björgunarstörf okkar með það í huga, heldur huga að því við endurskipulagningu á skipum Landhelgisgæslunnar að þyrlur geti fengið eldsneyti frá þeim skipum og verði búnar með þeim hætti að skipin geti komið þar til aðstoðar.

Það hefur komið fram í máli hæstv. utanríkisráðherra á fundum sem hann hefur átt með starfsbræðrum sínum í Noregi og Danmörku undanfarið að menn hafi fylgst náið með því sem er að gerast hér í öryggis- og varnarmálum okkar. Ég tel skynsamlegt að ganga frá formlegum samningi við Dani um samstarf við öryggisgæslu á Norður-Atlantshafi. Danir halda úti skipaflota og eftirliti á svæðinu frá Færeyjum til Grænlands og við eigum að ganga frá formlegum samningi við dönsk stjórnvöld um það hvernig samstarfi okkar og þeirra er háttað, m.a. til að auðvelda öll samskipti Landhelgisgæslunnar og dönsku flotastjórnarinnar og nýta þau tæki og þann mannafla sem best sem þar er til reiðu.

Það eru fleiri slík atriði sem við eigum að líta til þegar við veltum fyrir okkur öryggi á hafsvæðunum umhverfis Ísland. Það er eitt viðfangsefni sem við gætum átt samstarf við aðrar þjóðir um og við eigum hiklaust að ganga til slíks samstarfs við nágrannaþjóðir okkar.

Ég tel að það sé mikill misskilningur hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að við því sé að búast að Evrópuþjóðir taki að sér að hlaupa í skarðið fyrir Bandaríkjamenn. Í fyrsta lagi tel ég það ónauðsynlegt vegna þess að varnarsamningurinn er áfram í gildi. Varnarsamningurinn byggist á ákveðnum forsendum, tilmælum frá Atlantshafsbandalagsríkjunum um að Bandaríkjamenn og Íslendingar taki höndum saman um að tryggja öryggi hér á þessum slóðum, fyrir utan það að Evrópuþjóðir NATO ráða ekki yfir neinu því afli og ekki neinu sameiginlegu afli sem getur komið í staðinn fyrir Bandaríkjamenn hér á landi. Ef það er þjóð í nágrenni okkar sem hefur sérstakan áhuga á öryggismálum okkar, fyrir utan Norðmenn og Dani sem ég hef þegar nefnt, er það sú breska. Spurning er hvort við eigum að taka upp nánara samband við Breta. Það hefur verið okkur erfitt í gegnum síðustu áratugina, m.a. vegna landhelgisdeilnanna og þorskastríðanna. Það hefur ekki verið upp á það að hlaupa að menn hafi yfirleitt rætt um það hér á landi að hafa samstarf á milli Íslendinga og breska flotans. Þvert á móti hefur verið spenna í samskiptum okkar. Í ár eru 30 ár frá því að þeim deilum lauk og það stendur m.a. til að senda varðskipið Óðin til Hull í sumar til að minnast þeirra tímamóta og taka þátt í ákveðnum athöfnum þar í tilefni af þessum tímamótum og öðrum.

Ég tel unnt að efla samskipti við Breta. Þeir hafa sérstakra hagsmuna að gæta á Norður-Atlantshafi. Þeir hafa líka sent eftirlitsflugvélar hingað reglulega um árabil, og einnig Hollendingar. Sjálfsagt er að líta til þess en ég er þeirrar skoðunar að engin Evrópuþjóð komi í staðinn fyrir Bandaríkjamenn þegar litið er til þessa tvíhliða varnarsamstarfs sem við höfum átt við þá núna í 55 ár á grundvelli samningsins.

Ég tel að þetta sé viðfangsefni sem við eigum að leysa og horfa til framtíðar. Við eigum sjálf að axla meiri ábyrgð á öryggi okkar og óhikað að ræða um það. Við eigum ekki að hafa einhver bannorð í umræðunni um öryggismál okkar. Við eigum að ræða um alla þætti þeirra og hvar við getum látið að okkur kveða. Við eigum að taka af festu og ábyrgð á þeim viðfangsefnum sem við blasa án þess að halda að hér hafi orðið þau þáttaskil að nú sé tími til kominn að leggja árar í bát.

[12:36]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Þetta var satt að segja alveg ótrúleg ræða hjá hæstv. dómsmálaráðherra sem hann flutti hérna á 10 mínútum. Allt af því sem hann sagði að nú ættu menn að fara að velta fyrir sér, fara að skoða og reyna að finna lausnir á hefur Samfylkingin síðustu fimm árin bent á að ætti að vera aðfari að þeirri stöðu sem núna er uppi.

Eitt var þó rétt sem hæstv. dómsmálaráðherra sagði. Hann sagði að þau tíðindi sem gerðust í gær þyrftu ekki að koma neinum manni á óvart. Það var alveg hárrétt. Þetta hefur legið í straumi tímans og það hafa allir skilið nema einn maður. Hæstv. utanríkisráðherra hefur ekki skilið það. Þegar hæstv. dómsmálaráðherra heldur ræðu sína um að hugsanlega væri hægt að tala við Breta, kannski ætti líka að tala við Dani og svo væri örugglega líka hægt að tala við Færeyinga, eru þetta allt saman vangaveltur sem koma fram af skyndingu þegar menn standa allt í einu andspænis vandamáli og þeir hafa ekki hugsað fyrir hvernig á að leysa það.

Frú forseti. Við höfum alltaf sagt það og verið sammála, stóru flokkarnir hér á þingi, um að burðarásar í utanríkisstefnu Íslendinga eigi að vera Atlantshafsbandalagið og varnarsamningurinn líka. Við höfum líka alltaf verið sammála um eina túlkun á varnarsamningnum. Við, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, höfum túlkað það svo að í varnarsamningnum frá 1951 felist að ekki sé hægt að taka einhliða ákvarðanir um viðbúnað hér á landi. Það hefur verið burðarásinn í viðhorfi okkar til varnarsamningsins sem sjálfstæðrar þjóðar að þarna væru tveir að leik og báðir þyrftu að ná sameiginlegri niðurstöðu.

Hæstv. dómsmálaráðherra sagði sjálfur í kjölfar atburðanna vorið 2003 að Bandaríkjamenn hefðu ekki rétt til að taka einhliða ákvörðun. Hæstv. dómsmálaráðherra ræddi ekkert um þetta núna. Hæstv. utanríkisráðherra, sem er kvíðinn og örvæntingarfullur yfir því að hafa fallið á sínu fyrsta prófi sem formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur ekki nefnt það heldur. En þannig er það. Það sem gerðist núna, samkvæmt þeim skilningi sem flokkarnir þrír hafa alltaf lagt í varnarsamninginn frá 1951, er að Bandaríkjamenn brutu samkomulag.

Þegar hæstv. ráðherrar tala um að það sé merkilegt að

formaður Samfylkingarinnar skuli ekki tala um Atlantshafsbandalagið eða varnarsamninginn liggur það alveg skýrt fyrir í landsfundarsamþykkt Samfylkingarinnar að þetta tvennt hefur að okkar viti verið burðarásar í hinni sameiginlegu utanríkisstefnu. En hverjir setja spurningarmerki við varnarsamninginn í dag? Það er hæstv. utanríkisráðherra sem kemur í fjölmiðla og spyr: Er eitthvert hald í varnarsamningum ef ekki eru sýnilegar varnir? Forveri hans, Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, tók miklu skýrar til orða. Hann sagði einfaldlega: Fari þeir sem fara vilja, þegar við lá að hér kæmi fram fyrir nokkrum missirum að hér yrðu engar þotur.

Fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins talaði líka alveg skýrt. Hann sagði: Það er ekkert hald í varnarsamningnum ef hér verða ekki fjórar þotur. Þá skipti engu þótt þetta væru vopnlausar þotur sem tæki 12 tíma að gera í stand til að komast í loftið. Það eru þessir menn, sérstaklega hæstv. utanríkisráðherra í ræðu sinni áðan og í Morgunblaðinu í dag, sem setja spurningarmerki við varnarsamninginn. Það er eðlilegt. Varnarsamningurinn er í uppnámi. Það er svo einfalt mál. Hann er að vísu svo úr garði gerður að alltaf hefur þurft að túlka hann með bókunum. Það hefur engin bókun verið í gildi í fimm ár. Undir forustu Sjálfstæðisflokksins hefur ekki tekist að ná fram neinni niðurstöðu.

En það sem er merkilegt við atburðarásina núna er að hún sýnir ótvíræðan dómgreindarbrest hjá hæstv. utanríkisráðherra. Hann hefur komið hingað aftur og aftur og sagt að það væri landsýn í málinu. Hann var t.d. spurður að því í útvarpi 17. nóvember hvort hann teldi að varnarliðið væri að fara. Alls ekki. Hann taldi góðar vonir til að það héldi áfram dvöl sinni hér á landi. Hann hefur greinilega annað mat en hæstv. dómsmálaráðherra segist nú hafa lengi haft.

Hæstv. utanríkisráðherra kom glaður og reifur í fjölmiðla í byrjun febrúar. Hann hafði þá hitt vini sína. Hann hafði hitt Nicholas Burns aðstoðarutanríkisráðherra og gerði mikið úr hinu persónulega sambandi sínu við hann. Nicholas Burns hafði sagt hæstv. utanríkisráðherra að hann skyldi bara vera rólegur, málin væru á góðri leið.

Enn kom hæstv. utanríkisráðherra í fjölmiðla, sýnu reifari. Hann hafði hitt Condoleezzu Rice. Hann hafði borðað með henni kvöldverð á NATO-fundi og hún hafði fullvissað hann um að samningar væru í gangi.

Frú forseti. Þeim manni sem stýrði viðræðum Íslendinga við Bandaríkjamenn mátti vera ljóst hvað var í bígerð þegar Bandaríkjamenn, öllum að óvörum, settu fram svo óbilgjarnar kröfur að sendinefnd hæstv. utanríkisráðherra rauk á dyr af því að hún átti ekki von á þessum viðbrögðum. Máttu menn þá ekki skilja hvað væri í gangi? Að sjálfsögðu. En það var dómgreindarbrestur hjá hæstv. utanríkisráðherra að skilja þetta ekki og halda áfram að gefa rangar vísbendingar til okkar Íslendinga. Hann mat stöðuna vitlaust.

Hæstv. dómsmálaráðherra segir hér að í ráðuneyti hans hafi verið gerð áætlun um viðbúnað. Sú áætlun, um eflingu Landhelgisgæslunnar, um eflingu flugflotans, er nákvæmlega það sama og kemur fram í skýrslu sem hópur á vegum Samfylkingarinnar undir forustu hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur lagði til.

Það sem hæstv. ráðherra er núna að tala um, samstarf við Dani, er nákvæmlega sama og við höfum sagt áður. Nú kemur hæstv. dómsmálaráðherra og segir: Við höfum sýnt mikla fyrirhyggju. Hafi hann sýnt fyrirhyggju er a.m.k. ljóst að það er til staðfesting á prenti á því að hæstv. utanríkisráðherra tók ekki undir þá fyrirhyggju.

Þegar Georg Lárusson, yfirmaður Landhelgisgæslunnar, lagði fram hugmyndir sínar í erindi, um eflingu Landhelgisgæslunnar, til að vera viðbúinn þeirri stöðu sem núna er komin upp og sagði að við þyrftum nýtt skip, þrjár þyrlur og ýmislegt fleira kom hæstv. utanríkisráðherra og nánast setti ofan í við yfirmann Landhelgisgæslunnar. Hann sagði að það væri ótímabært. Hann var spurður að því af Ólöfu Rún Skúladóttur í Ríkisútvarpinu hvort hann teldi ekki nauðsynlegt að gera a.m.k. áætlanir um þetta og hæstv. utanríkisráðherra svaraði nei. Hann teldi það ekki. Það er í því viðtali sem hann enn einu sinni endurtekur að hann telji að varnarliðið sé ekkert að fara þegar allir á Íslandi, meira að segja hæstv. dómsmálaráðherra, telja að herinn sé að sjálfsögðu á förum.

Það er alveg ljóst að þeir sem hafa haldið á þessu máli fyrir Ísland hafa haldið illa á því. Þeir hafa sýnt dómgreindarbrest. Þeir hafa sýnt fyrirhyggjuleysi. Þetta er áfall fyrir utanríkisstefnu Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf reynt að draga upp þá mynd af sér gagnvart þjóðinni að hann væri farsæll og traustur flokkur stöðugleika í efnahagsmálum og varnarmálum. Við sjáum stöðugleikann í efnahagsmálunum með því að fylgjast með flugi krónunnar upp og niður þessa dagana.

Núna, frú forseti, sjáum við stöðugleika Sjálfstæðisflokksins í varnar- og öryggismálum. Sú skýrsla sem hæstv. dómsmálaráðherra með réttu vísaði til að hefði verið sett fram 1999 fól í sér mjög jákvæðar og góðar leiðbeiningar til framtíðar. Hvað hefur verið gert með hana? Ekkert. Þar segir t.d. að það eigi að endurmeta stöðuna á fimm ára fresti. Það hefur ekki verið gert. Núna standa þessir herramenn og velta fyrir sér hvort rétt sé að gera hitt eða þetta sem þeir áttu fyrir lifandis löngu að vera búnir að gera.

Hæstv. utanríkisráðherra verður að tala skýrt. Hvaða gildi sér hann í varnarsamningnum? Hann hefur sjálfur sagt að ef þoturnar verða ekki hérna sé ekkert hald í honum. Hann hefur sjálfur talað um sýnilegar varnir. Hvað dugar honum sem sýnilegar varnir? Hvað vill hann leggjast lágt? Er nóg að hafa bandaríska fánann og nokkra húskumbalda?

[12:46]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar fellir stóra dóma, horfir ekki til framtíðar í þessu máli og þessari umræðu sem er hér í dag en ég tel að eins og staðan er í dag feli hún í sér miklar og stórar áskoranir fyrir okkur.

Það sem liggur fyrir núna er að Bandaríkjamenn hafa ákveðið að flytja allar herþoturnar í burtu og þyrlusveitina ásamt öllum mannskap og búnaði sem fylgir en það er líka ljóst að varnarsamningurinn er áfram í gildi. Í viðræðum á næstunni kemur í ljós hver niðurstaðan um hann verður og hvernig hernaðarvarnir Íslands verða tryggðar á grundvelli þess samnings. Það er framtíð annars vegar og framkvæmd

varnarsamningsins sem verður rætt í viðræðum núna á næstunni.

Annað sem skeður er að rekstur Keflavíkurflugvallar færist á okkar hendur og fyrir fjölmarga af starfsmönnum varnarliðsins þýðir þetta ekki annað en nýjan vinnuveitanda en það er auðvitað ljóst að hvað aðra varðar má segja að brotthvarfið komi ekki á alversta tíma heldur á tiltölulega hentugum tíma vegna góðs atvinnuástands í landinu. En eins og ég sagði finnst mér þessar aðstæður sem við stöndum frammi fyrir fela í sér stórar áskoranir. Ég get þó tekið undir að þær voru ekki alls kostar ófyrirséðar og þær þykja auðvitað hafa borið nokkuð bratt og brátt að miðað við hvernig þetta leit út til skamms tíma. En mér virðist líka þurfa að halda því á lofti í þessari umræðu, og hefur að vísu verið lengi ljóst, að öryggishugtakið hefur breyst og fengið allt aðra, nýja og víðtækari merkingu með breyttri heimsmynd og nýjum ógnum og við þurfum að takast á við það eftir öðrum leiðum en með hefðbundnum hernaðarvörnum. Við þurfum að halda áfram að skilgreina þessar ógnir markvisst og við þurfum líka að skilgreina þá hagsmuni sem við ætlum að standa vörð um. Öryggi okkar snýst um annað og meira en viðbúnað á Keflavíkurflugvelli. Það snýst heldur og ekki síður um aðgerðir gegn útbreiðslu smitsjúkdóma, gegn mengun hafsins, gegn skipulagðri alþjóðlegri glæpastarfsemi og hryðjuverkum og það snýst um baráttu fyrir mannréttindum og lýðræði.

Nýjar ógnir kalla líka á ný úrlausnarefni í stjórnsýslunni og hér á Alþingi og í umræðunni almennt og þær gera kröfur til samstarfs og samhæfingar þeirra krafta sem við sjálf ráðum yfir. Loftvarnir eru áfram þýðingarmiklar. En við þurfum líka að huga að því að tryggja samhæfingu þeirra og samstarf við þá sem er öðrum fremur ætlað að bera ábyrgð á innra öryggi okkar og hafa fyrr verið nefndir í umræðunni. Það er lögreglan, það er Landhelgisgæslan, hjálparsveitirnar, slökkviliðið, almannavarnir. Við þurfum að huga að því að styrkja samstarf og samhæfingu þessara aðila og samstarf og samhæfingu við það samstarf sem við erum í á grundvelli varnarsamningsins. Ég vil að því leyti sem hæstv. dómsmálaráðherra fjallaði um þetta áðan taka undir orð hans. Við þurfum áfram að hafa samstarf við aðrar þjóðir og okkur er ýmissa kosta völ. Við erum aðilar að Schengen-samstarfinu. Við erum áfram aðilar að Atlantshafsbandalaginu, og í samningaviðræðum við Bandaríkjamenn á grundvelli varnarsamningsins hljóta menn að ræða — ég hef ekki heyrt annað á orðum hæstv. forsætisráðherra og utanríkisráðherra — hvernig við ætlum að koma á samstarfi um þessar nýju ógnir, ekki ógnir úr lofti, ekki hernaðarógnir heldur þessar nýju ógnir sem ég hef núna farið yfir. Sú breyting hlýtur að verða á varnarsamstarfinu sem nýjar ógnir kalla á.

Ég held líka að við eigum að líta meira til norræns samstarfs. Við höfum verið að leggja drögin að og efla norrænt lögreglusamstarf og við erum að reyna, til að geta auðveldað það samstarf, að koma í gegnum þingið frumvarpi, sem auðvitað fer í gegnum þingið, um að koma á fót svokallaðri greiningardeild sem á m.a. að greina þessar nýju ógnir. Ég get ekki séð að það sé hægt annað en að líta mjög áleitið til annars norræns samstarfs eins og t.d. um eftirlit á hafsvæðinu og um leit og björgun. Við höfum eflt sérsveit lögreglunnar. Við höfum hrint í framkvæmd skipulagsbreytingum í lögreglunni og til stendur að koma á fót þessari greiningardeild. Við erum með þessu og ýmsu öðru sem við þurfum að takast á við, miðað við þessar nýju áskoranir og aðstæður, að gera okkur það kleift að mæta þessum nýju ógnum.

Frú forseti. Ég lít á þetta sem áskoranir sem við þurfum að takast á við miðað við þessa breyttu heimsmynd og svo þessar breyttu aðstæður sem við stöndum frammi fyrir frá og með deginum í gær.

[12:51]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér var áðan vísað til afstöðu stóru flokkanna á Alþingi sem stutt hafi NATO-aðild og hersetu á Íslandi um áratugaskeið en ég vil segja fyrir hönd flokks sem er ekki ýkja stór að allir flokkar, stórir og smáir og einnig óháð því hvort þeir eigi stóran eða smáan málstað að verja, eigi að sameinast í þeirri vinnu að skilgreina öryggishagsmuni íslensku þjóðarinnar. Því erum við fylgjandi í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og höfum margoft flutt tillögur þess efnis.

Mér hefur heyrst við þessa umræðu að fulltrúar flestra flokka annarra hafi horft til þess hvaða NATO-ríki eigi nú að passa upp á Ísland, hvort við eigum að beina sjónum okkar til einhvers NATO-ríkis í Evrópu ef það verður ekki NATO-ríkið Bandaríkin. Við teljum að ef við ætlum að taka upp alvöruumræður um öryggishagsmuni Íslands þurfi allt að vera undir, einnig sú hugmynd og hugsjón sem við nærum í brjósti í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að Ísland standi utan allra hernaðarbandalaga.

Sú vá sem er alvarlegust og við stöndum frammi fyrir er að sjálfsögðu umhverfisváin. Hvað hernaðarógnina áhrærir steðjar okkur helst hætta af of nánu samstarfi við NATO og ráðandi öfl innan þess hernaðarbandalags og þar er ég að sjálfsögðu að vísa til Bandaríkjanna og fylgispektar íslensku ríkisstjórnarinnar við stefnu þessa herveldis.

Hæstv. forseti. Ég tek undir sitthvað sem fram kom í ræðu hæstv. dómsmálaráðherra, að nú þurfi Íslendingar að horfa til ýmissa þátta sem varða öryggi okkar. Hann nefndi almannavarnir. Hann nefndi nauðsyn þess að efla Landhelgisgæslu Íslands. Hann nefndi ekki en ég vil nefna Flugmálastjórn og ég vil einnig skjóta því til hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki ástæðu til að hverfa frá öllum áformum um að einkavæða eða hlutafélagavæða þessa þjónustu, ekki síst í ljósi þeirrar þróunar sem við nú stöndum frammi fyrir og þess að Íslendingar munu að öllum líkindum, og vonandi, standa meira og í ríkari mæli á eigin fótum í framtíðinni. Þegar liggja fyrir hugmyndir um að hlutafélagavæða Flugmálastjórnina á Íslandi. Einnig hafa verið orðaðar hugmyndir um að gera slíkt hið sama við Landhelgisgæslu Íslands. Ég vek athygli á því að innan hins heilaga NATO í Bandaríkjunum og í Evrópu hafa menn verið að hverfa frá slíkum áformum og vinda ofan af hlutafélaga- og einkavæðingarþróuninni innan þessa geira sem er skilgreindur sem grunnþættir í öryggiskerfi þjóðanna. Þá ætla Íslendingar að halda út á braut einkavæðingar með grunnstoðir af þessu tagi og ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja til þess að slík áform verði nú sett á hilluna.

[12:55]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið það tækifæri fram hjá mér fara að fá að nota ræðutíma minn til fulls og kem því hér upp öðru sinni. Mig langaði aðeins til að útskýra nánar hvað ég átti við þegar ég talaði í fyrri ræðu minni um að við ættum að leita til Evrópuþjóða NATO. Að sjálfsögðu ímynda ég mér ekki að slíkt komi alfarið í staðinn fyrir það starf sem Bandaríkjamenn hafa innt af hendi, eða kannski inntu frekar af hendi því að segja má að þeir séu í raun farnir og hafi farið fyrir allmörgum árum.

Bandaríkjamenn hafa að sjálfsögðu haft aðrar áherslur en Evrópuþjóðir mundu hugsanlega hafa í svona samstarfi. Það sem ég á við er að við reynum að leita leiða með viðræðum við yfirstjórn NATO, við Evrópuþjóðir innan NATO um það hvort ekki finnist einhverjir fletir á samstarfi varðandi viðbúnað, öryggisgæslu, eftirlit og björgunarstörf.

Núna í hádeginu bárust fréttir af því að Norðmenn eru uggandi vegna þeirra frétta sem nú berast frá Íslandi. Yfirstjórn norska hersins er uggandi út af þessu. Brottför Bandaríkjamanna skapar nefnilega algerlega nýja stöðu í öryggismálum á Norður-Atlantshafi og það er staðreynd sem við getum ekki litið fram hjá, hvorki við né heldur nágrannar okkar í Evrópu, til að mynda á Norðurlöndunum en líka Bretlandi, Skotlandi, Þýskalandi, Hollandi. Það er bara þannig.

Norðmenn hafa t.d. lýst því yfir nú þegar að bara það að þyrlusveit Bandaríkjamanna, sem hefur mjög langdrægar vélar með eldsneytisvélar sér til aðstoðar, hverfur héðan núna gerir það að verkum að mjög erfitt verður að halda úti fullnægjandi björgunarþjónustu í hafinu norður af Íslandi. Norðmenn hafa áhyggjur af því. Vegna hvers? Jú, vegna þess að skip þeirra eru oft á ferli á þeim slóðum, til að mynda í Íshafinu umhverfis Jan Mayen og jafnvel enn norðar. Við höfum líka hafsvæði á milli Íslands og Noregs. Hér var áðan talað um Færeyjar. Það hefur verið bent á það að Danir halda úti öflugri gæslu við Grænland, ekki bara við Austur-Grænland heldur líka við Vestur-Grænland. Gætum við Íslendingar ekki, eins og hæstv. dómsmálaráðherra benti á, einmitt náð einhverjum samningi við Dani um þetta starf?

Nú er verið að tala um að smíða þurfi nýtt skip fyrir Landhelgisgæsluna. Ég held að þessar fréttir hér geri það að verkum að við þurfum að íhuga hvort við þurfum ekki að smíða fleiri skip. Við þurfum fleiri þyrlur. Gæti ekki hugsast að einmitt nágrannaþjóðir okkar væru reiðubúnar til að taka þátt í þessum kostnaði, taka þátt í því að greiða kostnaðinn af rekstri þessara skipa og þessa flugvélakosts en þetta starf yrði síðan unnið af okkur Íslendingum? Í hádeginu bárust líka fréttir af því að allir íslenskir starfsmenn varnarliðsins hætti störfum í haust, fleiri hundruð manns á Suðurnesjum sem verða atvinnulaus.

Virðulegi forseti. Hérna þurfum við að taka skjótar og djarfar ákvarðanir. Því miður, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, höfum við glutrað niður allt of miklu af dýrmætum tíma því að allir sem vildu sjá það vissu og sáu hvert stefndi með viðveru Bandaríkjamanna hér á Íslandi. Ég held að ríkisstjórninni beri hreinlega skylda til þess að hafa strax samband við yfirstjórn NATO og notfæra sér sambönd sín við æðstu ráðamenn í nágrannalöndum okkar ekki seinna en strax til að leita lausna á þeim bráða vanda og ég vil segja þeirri hættu sem nú steðjar að í öryggismálum, ekki bara okkar heldur Vestur-Evrópu. Þetta er hlutverkið og það er þetta sem við ættum að beina sjónum að núna, hvernig við getum unnið úr þessari vandasömu stöðu sem skyndilega er komin upp. Þetta þurfti ekki að koma okkur svo mjög á óvart en því miður fæ ég ekki annað séð og heyrt á orðum ráðherra hér í dag en að þeir séu nánast ráðþrota í stöðunni. Þeir hafa valið þá leið að binda trúss sitt um of við Bandaríkjamenn. Það er í sjálfu sér mjög slæmur hlutur en eins og ég segi megum við ekki láta hendur fallast, við megum ekki leggja árar í bát. Þetta gefur okkur ákveðin sóknarfæri, ákveðna möguleika og við eigum að einbeita okkur að því að reyna að finna lausnir á þessu núna. Tíminn líður hratt og við megum ekki lengur missa neinn tíma í þessu máli.

[13:00]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegur forseti. Það hefur um margt verið athyglisvert að fylgjast með þessum umræðum hér í dag. Hér erum við að ræða grafalvarlegt mál sem varðar miklu um framtíðaröryggis- og varnarhagsmuni íslensku þjóðarinnar. Mér virðist umræðan af hálfu stjórnarandstöðunnar vera nokkuð tvískipt, annars vegar eru þeir sem koma bara hreint út og segja að þeir fagni þeirri niðurstöðu sem komin er. Það eru þeir aðilar sem alla tíð hafa verið á móti og andvígir samstarfinu við Bandaríkjamenn um varnarmál og á móti aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu. Þessir aðilar eru þrátt fyrir allt sjálfum sér samkvæmir.

Síðan eru hér líka þingmenn sem virðast ekki geta gert upp við sig í hvorn fótinn þeir vilji stíga í þessu máli, nota tækifærið og gagnrýna ríkisstjórnina, saka ráðherrana um dómgreindarbrest og annað þess háttar, en sitja svo kannski sjálf uppi með, eins og hv. formaður Samfylkingarinnar og forveri hennar, stjórnmálaflokk sem gat ekki einu sinni komið sér saman um það á landsfundi sínum hvort hann ætlaði yfirleitt að hafa nokkra stefnu í öryggis- og varnarmálum (Gripið fram í.) og hætti bara við það, hætti við að ályktа um öryggis- og varnarmál. Það er kannski ekkert erfitt að átta sig á því, ef maður les gögnin frá þeim, því í plaggi sem ég hef undir höndum frá landsfundi Samfylkingarinnar, (Gripið fram í.) og hv. þingmönnum finnst svona hlægilegt, stendur, með leyfi forseta:

„Um afstöðu til herbúnaðar Bandaríkjastjórnar á Íslandi eru skiptar skoðanir innan hópsins," (Gripið fram í.) þ.e. þess hóps sem var að vinna að framtíðarstefnu fyrir Samfylkinguna. „Sumir vilja helst slíta öllu hernaðarsamstarfi við Bandaríkin, en aðrir vilja viðhalda því eins og kostur er." (**Gripið fram í:** ... Davíð Oddsson ...) Það er ekki nema eðlilegt að þessir aðilar, þessi stjórnmálaflokkur, geti ekki komið sér saman um neina stefnu í þessu máli. Það mál sem er hér til umfjöllunar er að sjálfsögðu miklu alvarlegra en svo að einhver orðaskipti eða undirbúningur á landsfundi Samfylkingarinnar skipti þar nokkru máli. (Gripið fram í.) Það er þannig, virðulegi forseti, að það er grundvallarskylda ríkisstjórnar í hverju landi, og ríkisvaldsins, að tryggja öryggi borgaranna, bæði inn á við og út á

við. Samningurinn sem við gerðum við Bandaríkjamenn á sínum tíma um varnir Íslands hafði auðvitað að markmiði að tryggja varnir Íslands gagnvart ógn utan frá. Nú hefur heimsmyndin að sjálfsögðu breyst, það vitum við öll, og það er sennilega alveg rétt sem einhver þingmaður sagði hér í umræðunni, að það stafar engin hefðbundin árásarhætta að okkur hér í Norður-Atlantshafinu. Ég tel að það sé rétt, að Íslandi stafi engin hætta frá öðru sjálfstæðu ríki um þessar mundir, engin hætta sem falla mundi beint undir 5. gr. Atlantshafssáttmálans sem kveður á um gagnkvæma skyldur ríkjanna til að koma hvert öðru til hjálpar.

Það eru breyttar aðstæður og það er margs konar önnur ógn hér í okkar heimshluta, eins og hæstv. dómsmálaráðherra fór mjög vel yfir og sem sumt hvað heyrir undir hans ráðuneyti að glíma við. Ógnin hefur breyst, en vitum við hvernig hún verður eftir nokkur ár? Ég tók ekki betur eftir en svo að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefði einmitt vitnað til þess að ógnin er breytileg. Vitum við hvaða afstöðu ríkisstjórnir og ríkisvald í þeim löndum sem áður voru okkur andstæð og andvíg munu hafa eftir 5, 10 eða 15 ár? Viljum við taka áhættuna af því að á breyttum tímum þá séu Íslendingar varnarlausir?

Auðvitað viljum við það ekki. Verkefnið er að búa þannig um hnútana að þjóðin verði ekki varnarlaus, (**Gripið fram í:** Er hún það núna?) hvort sem það gerist með samkomulagi í eitthvað breyttri mynd við Bandaríkin eða með öðrum hætti.

Það sem er mikilvægt við það sem kom fram í gær af hálfu Bandaríkjastjórnar var að sjálfsögðu sá kjarni málsins að Bandaríkin ætla ekki að hlaupa frá varnarsamningnum þó að þeir ætli að skipta hér um varnarviðbúnað í takt við það sem þeir telja að séu breyttar og nýjar aðstæður. (Gripið fram í.) (**MÁ:** Hvað kemur í staðinn? Hvað kemur í staðinn? Hvað sagði ...?)

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn að gefa hæstv. utanríkisráðherra frið til að ljúka máli sínu.)

Það hefur verið afstaða okkar í ríkisstjórninni að við þyrftum að hafa hér sýnilegar lágmarksvarnir, tilteknar varnir sem hefðu þann fælingarmátt sem þyrfti til að hingað kæmu ekki andstæðingar eða óvinir okkar með einhverjum hætti sem við getum ekki séð nákvæmlega fyrir hver yrði. (Gripið fram í.) Þannig þurfa allar þjóðir að huga að vörnum sínum. Við höfðum talið að það yrði best gert með viðveru þeirra fjögurra orrustuflugvéla sem hér hafa verið til þessa. Það má þó auðvitað hugsa sér aðra útgáfu af slíkum vörnum, og viðræðurnar sem nú munu fara í hönd snúast nákvæmlega um það. Með hvaða hætti verður það gert, verður það gert með flugvélum sem ekki hafa hér fasta bækistöð eða fasta viðveru, heldur koma hingað með öðrum hætti eða í samstarfi við aðrar þjóðir í Atlantshafsbandalaginu? Þessum spurningum þurfum við að fá svör við og niðurstöðu um á næstu vikum og mánuðum.

Ég er alveg sannfærður um að ef til slíkra viðræðna verður gengið af beggja hálfu, og allra aðila hálfu með það að markmiði að ná viðunandi niðurstöðu mun hún nást. Þá skiptir engu máli hvað menn láta sér detta í hug í Samfylkingunni í Reykjavík.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 13:07.

---

88. FUNDUR

fimmtudaginn 16. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vatnalög, stjfrv., 268. mál, þskj. 932. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 616. mál, þskj. 901. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, BJJ, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÁ, HBl, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SæS, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjG, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, GAK, GÞÞ, GÖrl, HÁs, HHj, ÍGP, JKÓ, KHG, LB, MS, MF, SAÞ, SF, SP, VF, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

Vatnalög, 3. umr.

Stjfrv., 268. mál (heildarlög). — Þskj. 932.

[13:35]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að hv. þingmenn ...

(**Forseti** (JóhS)**:** Viljið þið gefa hv. ræðumanni hljóð.)

Ég óska eftir því að hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem hafa haft sig nokkuð í frammi við umræðuna hér undanfarið verði gert viðvart um að ég ætla að ræða hlut þeirra hér í umræðunni, þar á ég við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson (Gripið fram í.) og einnig (Gripið fram í.) vil ég nefna hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson í þessu sambandi og hæstv. forsætisráðherra reyndar líka. Ég ætla að víkja aðeins að hlut þessara hv. þingmanna í þeim málum sem eru hér á borðum Alþingis.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti gerir ráðstafanir til þess að þeir tveir hv. þingmenn sem ræðumaður nefndi geti verið viðstaddir umræðuna og einnig hæstv. forsætisráðherra.)

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram mikilvæg umræða um auðlindir, um vatn á Íslandi. Þessi umræða er hluti af umræðunni um auðlindir í landinu og hvernig fara skuli með þær. Ég held að það verði eitt aðalmál, ef ekki aðalmál næstu kosninga hvernig farið verður með þessar auðlindir, hvernig stjórnvöld standa að þeim málum og hvernig þau stjórnvöld sem hafa haft völdin undanfarin ár hafa staðið að þessum málum.

Samfylkingin hefur barist fyrir því að þessi mál kæmust á dagskrá. Við höfum tekið þátt í andófi gagnvart þeim málum sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur borið hér fram. Okkur tókst ásamt stjórnarandstöðunni að vinna ákveðinn sigur þegar hæstv. iðnaðarráðherra kom hér með mál tengt auðlindum, breytingar á lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu í vetur. Það endaði með því að hæstv. iðnaðarráðherra ákvað að setja á fót nefnd, skipa nefnd sem á að fara yfir það hvernig auðlindum skuli skipað í framtíðinni, bæði framtíðarauðlindastjórnunina og líka hvað varðar aðgang aðila sem fá tækifæri til að nýta auðlindirnar.

Nú ber svo við að í þessari umræðu hefur það náðst að hæstv. iðnaðarráðherra mun skipa aðra nefnd sem á að fjalla um vatnið. Allir vita að nú er að störfum nefnd til þess að endurskoða stjórnarskrána og koma með tillögur um breytingar á henni. Það var sannarlega Samfylkingin sem átti stóran hluta að því að sú endurskoðun fór fram sem tengdist auðlindanefnd á sínum tíma, en það var tillaga sem unnin var undir forustu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Allt þetta leiðir vonandi til þess að Framsóknarflokkurinn snýr til baka úr herleiðingunni undir forustu hæstv. forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar, reyndar fyrst undir forustu hæstv. fyrrverandi ráðherra Finns Ingólfssonar og svo undir forustu hæstv. iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur hefur Framsóknarflokkurinn verið notaður til þess að vinna að innleiðingu frjálshyggjunnar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur í raun og veru notað þennan flokk til þess að koma hugarórum sínum um endimörk frjálshyggjunnar til framkvæmda. Að endingu á það að vera punkturinn yfir þetta ferðalag að vatnið, hver einasti dropi sem til jarðar fellur hér í landi eigi um leið og hann snertir jörðina að vera séreign einhvers aðila í landinu. (**Gripið fram í:** Mátturinn í einkavæðingunni.)

Ég held að það sé ekki hægt að komast lengra og ég held að ef menn fara að líta þeim augum á eignarhald, að það geti orðið séreignarhald á vatni eða viðlíka réttindum eins og þeim að nýta vatn þá hljóti menn að spyrja eins og við höfum gert í þessari umræðu hvort það sé ekki komið að því að loftið komi líka inn í umræðuna, hver eigi að eiga það og hvort það eigi þá að vera séreign líka.

Hæstv. forseti. Með þessu frumvarpi til vatnalaga er ætlunin að einkavæða allt vatn á Íslandi nema það sem til er í þjóðlendum eða fasteignum opinberra aðila. Í gildandi vatnalögum var hins vegar sú leið valin að afmarka réttindi manna til vatnsnýtingar með skýrum hætti, séreign manna á vatni var hafnað, eins og þingmaðurinn Sveinn frá Firði sagði hér á Alþingi. Sá þingmaður hefur verið hreinskiptinn og heiðarlegur og ég votta honum virðingu mína fyrir það.

Hv. þm. Pétur Blöndal, er hann í húsi?

(**Forseti** (JóhS)**:** Hv. þm. Pétur Blöndal er í húsi, já.)

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að honum verði líka gert viðvart vegna þess að ég ætla aðeins að nefna hlut hans í umræðunni.

(**Forseti** (JóhS)**:** Það verður gert.)

Eins og ég sagði áðan þá var séreign manna á vatni hafnað og þingmaðurinn Sveinn frá Firði sagði það hér á Alþingi. Það vottar fyrir sams konar heiðarleika hjá einum þingmanni sem hefur verið hér í sölum Alþingis. Það er hv. þm. Pétur Blöndal. Hann sagði í gær í andsvari að bóndinn væri að eignast vatnið og spurði hv. þm. Sigurjón Þórðarson hvort hann væri á móti því að bændur fengju meiri einkaeign. Pétur Blöndal skilur þessa lagasetningu nefnilega öðruvísi, eða annaðhvort gerir hann það eða hann er sá eini sem er hreinskilinn af þingmönnum stjórnarliða hér í umræðu. Hann er nefnilega ekki í vafa um að fasteignareigendum sé færður betri réttur. Hér í sölum Alþingis hafa aðrir þingmenn talað með öðrum brag því að hér er upptalið að hv. þm. Pétur Blöndal er sá eini sem hefur komið og sagt það skýrt og skorinort að bændum sé færður meiri réttur eða landeigendum en fyrir var. Aðrir hafa komið hér í sauðargæru, haldið því fram að það væri ekkert að breytast með þessu. Það væri ekki verið að einkavæða vatnið, bara staðfesta ríkjandi ástand. Svona hafi þetta alltaf verið og það segi lögmenn úti í bæ, það er gjarnan sagt í þessum ræðustól.

Þessir hv. þingmenn, í sauðargæru, og hæstv. ráðherra gera sér nefnilega grein fyrir því að þjóðin tekur ekki mark á þeim, hún tortryggir orð þeirra og hefur til þess fulla ástæðu, hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Það er nefnilega þannig að sömu þingmenn, sömu stjórnarliðar hafa haldið því fram að það væri ekki verið að einkavæða fiskstofnana á Íslandi. En hvað skyldi það nú vera annað en einkavæðing á fiskstofnunum á Íslandsmiðum að gera þá að verðmæti sem menn geti veðsett? Það skyldi nú engan undra þó að hv. þingmenn finni það á skinni sínu að þjóðin treysti þeim ekki í þessum auðlindamálum og því spyr ég: Hvenær hafa þeir sagt að þeir væru að einkavæða fiskstofnana? Aldrei. Það datt út úr Hannesi Hólmsteini einu sinni en hann var beðinn að hafa ekki hátt um þetta, hann talaði reyndar ekki mjög oft um þetta.

Hver er þá munurinn á orðum og æði þeirra sem kjósa sér sauðargæruna að skjóli? Slíkir menn setja lög eins og lögin um samningsveð sem þessi ríkisstjórn stóð fyrir árið 1997.

Í þeim stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar.“

Svo kemur snilldin, hæstv. forseti.

„Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti.“

Þetta er sannarlega snilld, hæstv. forseti. Fyrst stendur í 4. gr. eins og ég las upp áðan: „Eigi er heimilt að veðsetja réttindi ...“

Síðan er gerð grein fyrir því hvernig menn fá jafngildi veðsetningarinnar. Þetta er hreinasta snilld og ég held að nýyrðið risasmár gæti kannski átt hér við. Þessi farkostur hefur að minnsta kosti reynst býsna stór að innan. Því með þessari lagasetningu tókst sauðargæruþingmönnum að færa útgerðarmönnum jafngildi réttar til að veðsetja alla fiskstofna á Íslandsmiðum. Það var ekkert minna. Með því að segja fyrst að það væri bannað var niðurstaðan sú að hægt væri að ná veðheimild á alla fiskstofna á Íslandsmiðum þar sem kvóti hafði verið ásettur.

Ættu ekki sauðargæruþingmenn að fá orðu, einhvers konar heiðurslepp fyrir þetta afrek? Hv. sauðargæruþingmenn ættu líklega að fá orðu fyrir þetta afrek. (**MÁ:** Hæstv. sauðargæru ...) Einhvers konar heiðurslepp. Það vill svo til að það er vitað hverjum heiðurinn ber.

Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi ráðherra, sem er aftur genginn á hinn pólitíska ritvöll upplýsti í forustugrein í Fréttablaðinu að Halldór nokkur Ásgrímsson, hæstv. ráðherra, hafi fundið þessa snilld upp, segir hv. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi ráðherra, í forustugrein í Fréttablaðinu í gær. Halldór fann upp á þessu. Það er hann sem átti hlut í því að finna þetta orðalag. Það stendur í forustugrein sem hefur yfirskriftina: Á að sæta sálfræðilegu lagi? En þar útlistar Þorsteinn Pálsson fyrir flokksbræðrum sínum og vinum, samstarfsmönnum í því að einkavæða allt sem hönd á festir á Íslandi, að slíkt eigi maður að gera þegar lag gefst. Bendir á þessa lagasetningu sem hafi tekið 12 ár undir forustu hans, að sæta þurfi sálfræðilegu lagi og er svona látið að því liggja að það geri nú ekkert rosalega mikið til þótt þetta gangi ekki alveg núna, það sé hægt að gera þetta seinna.

Þeir sögðust aldrei vera að einkavæða þjóðarauðlind, þeir sem töluðu fyrir þessu máli hér í sölum Alþingis, sögðu það aldrei. Þess vegna kalla ég þá hv. þingmenn sem tala svona í sölum Alþingis, sauðargæruþingmenn. Þeir koma fram í sauðargærunni. Nema hv. þm. Pétur Blöndal sem segir hug sinn allan og hefur sagt að þarna væri á ferðinni viðbótarréttindi til bænda og landeigenda. (**PHB:** Nei, nei, nei.) Ekki var annað hægt að skilja á ræðu hv. þingmanns í gær. Ég hef ekki trú á að hv. þingmaður neiti því að hann telji að bændur og landeigendur fái betri rétt með þessari lagasetningu. Er þá fokið í flest skjól og flestir farnir að draga yfir sig sauðargæruna ef hv. þm. Pétur Blöndal gerir það nú líka. Ég trúi því ekki.

Hæstv. forseti. Þegar þessi umræða hófst á Alþingi gaf Samfylkingin út yfirlýsingu. Við sögðum í þeirri sérstöku yfirlýsingu að við legðum áherslu á að ekki yrði ráðist í heildarendurskoðun vatnalaga fyrr en að lægju fyrir öll frumvörp að lögum sem ættu að taka við hlutverki þeirra. Við sögðum að hér væri einkum átt við lög sem leyst gætu af hólmi lögin um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. En nýtt frumvarp á því sviði bíður álits nefndar sem iðnaðarráðherra hafði ekki skipað, eða hefur ekki skipað enn svo ég viti. Sú nefnd á að fjalla um framtíð þjóðarauðlinda og meðferð þeirra ásamt því hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir rannsóknar- og nýtingarleyfum til orku- og auðlindanýtingar. Við sögðum: Einnig er nauðsynlegt að frumvarp um vatnsvernd liggi fyrir af hálfu umhverfisráðherra en því er ætlað að koma til móts við tilskipun Evrópusambandsins um nýtingu og meðferð vatns og mun efni þess augljóslega koma í stað mikilvægra ákvæða vatnalaga frá 1923.

Samfylkingin á Alþingi beitir sér því gegn frumvarpi iðnaðarráðherra um einkaeignarrétt á vatni. Flokkurinn lýsir sig hins vegar reiðubúinn til að taka þátt í að skapa pólitíska sátt um samræmda stefnu og stjórn á nýtingu nátttúruauðlinda sem byggir á heilsteyptum lagaramma um hlutverk og ábyrgð ríkisins á ráðstöfun og nýtingu þeirra. Liður í því er að vinna tillögu um hvernig ákvæðum um sameign auðlinda og þjóðarforsjá með auðlindum utan einkaeignarréttar verði best fyrir komið í stjórnarskrá Íslands.

Nú ætla ég að fara að stytta mál mitt, hæstv. forseti. Það sem ég las upp hefur borið árangur. Við höfum náð þeim árangri að þessi leið er þó a.m.k. opnuð. Við höfum með þessu, þ.e. málatilbúnaði okkar á undanförnum mánuðum og missirum og að ná því fram að þær tvær nefndir sem ég nefndi áðan og hafa tekið þátt í að koma því líka á að hér sé til staðar sú vinna sem auðlindanefnd lagði af mörkum, opnað leið til að finna möguleika á pólitískri sátt um meðferð auðlinda á Íslandi. Við munum fylgja því eftir. Samfylkingin mun fylgja því fast eftir að menn verði leiddir áfram til einhvers konar pólitískrar niðurstöðu um þessi mál. Nú reynir á Framsóknarflokkinn, hvort hann ætlar að hverfa af þessum frjálshyggjuleiðangri sínum og taka þátt í því með okkur. Ég hvet framsóknarmenn til þess að taka til bæna forustumenn sína, þá sem hafa leitt Framsóknarflokkinn í frjálshyggjuleiðangrinum, og koma þeim í skilning um að skynsamlegt sé að nota þann tíma sem eftir er fram að næsta þingvetri og fram á hann til að ná samkomulagi um að endurskoða stjórnarskrána með því innihaldi að þar séu ákvæði um þjóðarauðlindir. Ná samkomulagi um hvernig eigi að fara með auðlindir, m.a. vatns og annarra auðlinda, og hvernig menn eigi að fá tækifæri til að nýta það með jafnræði að leiðarljósi.

Þetta er það sem ég vil leggja til málanna í dag, hæstv. forseti, um leið og ég fagna því að okkur hefur þó tekist að vinna umtalsverðan varnarsigur í málinu. Gera okkur mögulegt, ef ekki næst pólitískt samkomulag um þá niðurstöðu sem ég nefndi áðan í tengslum við endurskoðun stjórnarskrárinnar, að fara í kosningar á næsta ári og leyfa fólki í landinu að leggja mat á hvaða stefna eigi að vera uppi í auðlindamálum á Íslandi.

[13:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að taka fram, eins og ég gerði í gær, að ég tel að með frumvarpi þessu sé um að ræða formbreytingu en ekki efnisbreytingu. Ég tók það fram í gær. En svo sagði ég: Ef við gefum okkur, frú forseti, ég vona að menn skilji íslensku, að það sé rétt sem stjórnarandstaðan heldur fram að hér sé um að ræða einkavæðingu, ef við gefum okkur það, sem ég hafna. (**Gripið fram í:** Ertu á móti einkavæðingu?)

Ég er að segja það, en þetta er ekki einkavæðing. En ef við gefum okkur að þetta sé einkavæðing hlýtur einhver að eignast vatnið. Ef við gefum okkur það sem hv. stjórnarandstæðingar eru að segja hlýtur einhver að eignast vatnið. Og hverjir skyldu það vera? Ríkið á 40% af landinu sem

heita þjóðlendur. Sveitarfélögin eiga stórar lendur í kringum sveitarfélögin með vatnsréttindum, Gvendarbrunna t.d. Svo eiga landeigendur, aðallega bændur landsins, restina. Ef við gefum okkur að þetta sé einkavæðing, sem ég segi að sé ekki, þá eignast þessir aðilar vatnið. Er það slæmt? Er það slæmt að bændur landsins eignist meira?

Mig langar að spyrja hv. þingmann. Telur hann gefið að þetta sé einkavæðing, sem hann heldur fram, og ég hafna? Telur hann að verð jarða hækki í verði eða lækki við samþykkt frumvarpsins?

[13:55]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég efast um að fasteignaverð á Íslandi muni lækka, það mun líklegar frekar hækka við þessa samþykkt. Hv. þingmaður kinkar kolli, hvers vegna skyldi hann gera það? Líklega vegna þess að í hjarta hans er það bara þannig að hann gerir sér grein fyrir að menn líta á þetta sem einkavæðingu og ný viðbótarréttindi fyrir landeigendur.

Við höfum lagt áherslu á að þeim réttindum verði áfram fyrir komið með þeim hætti sem verið hefur í gegnum tíðina og reynst farsælt. Hv. þingmaður virðist greinilega á þeirri skoðun þó hann vilji ekki viðurkenna það hér í ræðustólnum og þó ólíklegur væri hann til þess að fara að draga yfir sig sauðargæruna, þá virtist hann samt sem áður kinka kolli þegar ég sagði áðan að þetta mundi líklega hækka jarðaverð á Íslandi.

[13:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Til að hafa það alveg á hreinu tel ég, eins og aðrir stjórnarsinnar, að þetta frumvarp sé formbreyting en ekki efnisbreyting. (**JÁ:** Og hækkar jarðarverð?) Svo spurði ég hv. þingmann. Er það rétt hjá honum að þetta sé einkavæðing? Þá hækkar það verð á jörðum. Fínt. Það er hans mat. Ég vildi fá það fram. Ég vildi fá það fram að hv. þingmaður og hv. þingmenn Vinstri grænna telji að þetta frumvarp hækki verð á jörðum og þeir eru á móti því. Þeir eru á móti því að fátækir bændur landsins fái eignarréttinn. (**SigurjÞ:** Hvers vegna eru þeir fátækir?) Þeir eru fátækir vegna áratuga stefnu í landbúnaðarmálum, (**SigurjÞ:** Einmitt.) sem ég ætla ekki að fara að ræða hérna.

En svo vil ég benda á að sums staðar á landinu eru ölkeldur, á tveim stöðum. Ég veit ekki betur en það vatn hafi alltaf verið í eigu þeirra bænda sem áttu þær jarðir. Hefur nokkrum manni dottið í hug að fara þangað og hirða allt ölkelduvatnið til að setja á flöskur? Ég er hræddur um að landeigendur hefðu nú sagt eitthvað.

Vatn á Íslandi hefur því alltaf verið í einkaeign, nema þar sem allt of mikið er af því og þegar rignir mikið. Þá náttúrlega mega allir ganga í það. En ef skortur er á því eða eignin sérstök með kolsýrt vatn hefur það verðgildi og þá á að sjálfsögðu landeigandinn það, nema hvað? Það hefur alltaf verið þannig, alla tíð í Íslandssögunni. Vatnið fylgir landinu og hefur alltaf gert. Ég skil bara ekki þessa umræðu. (Gripið fram í.) Ég skil ekki þessa umræðu. Við erum hér að ræða að færa lögin til nútímans sem er nauðsynleg breyting, eins og sumir þingmenn stjórnarandstöðunnar sögðu í gær. Þetta er nauðsynleg breyting, sagði formaður Samfylkingarinnar í gær. En það á bara ekki að gera það núna. Það á að gera þetta einhvern tíma seinna. Búið er að ræða þetta margoft. Ég las upp að frumvarpið var lagt fram í fyrra og rætt í hv. iðnaðarnefnd þá. (Forseti hringir.) Nú er skilað inn bæði minnhluta- og meirihlutaáliti.

[13:58]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður fór að kannast við þá skoðun að þetta frumvarp mundi auka rétt bænda, þó að hann væri að spyrja um það hér í gær. Ég tel að hægt sé að halda því alveg hiklaust fram að þetta muni auka rétt þeirra sem eiga jarðir. Það verður skýlaus eignarréttur á vatni sem var ekki áður, hefur aldrei verið og var tekin sérstök ákvörðun um það með setningu vatnalaga að skyldi ekki vera.

Það er hins vegar alveg skýrt í vatnalögum hvaða hagnýtingarrétt menn hafi samkvæmt þeim. Þannig viljum við hafa þetta og endurskoðun vatnalaga átti auðvitað að verða á nákvæmlega sams konar grundvelli, þ.e. með að gefa mönnum hagnýtingarréttinn í lagagreinum eins og áður var. Það var engin þörf á að fara þessa leið við að skilgreina nýtingarrétt manna á vatni.

Við stöndum frammi fyrir þessari breytingu. Hún er að mínu viti ákaflega mikilvæg. Það mun örugglega sýna sig í framtíðinni, ef okkur sem erum á móti þessu tekst ekki að koma í veg fyrir að þetta verði að lögum, eins og hugur okkar stendur til og ég sannarlega trúi á að muni gerast og hef meiri trú á eftir því sem lengra líður. Vegna þess að mér sýnist á öllu að umræðan hér um vatnalögin núna hafi fært okkur mörg skref í áttina til þess að fjallað verði um þessi mikilvægu mál í aðdraganda næstu kosninga. Þá verður talað um allar auðlindir. Þá verður talað um einkavæðingu. Þá þora menn vonandi að fara að kannast við hvað þeir eru að gera með einkavæðingu auðlinda á Íslandi þó að þeir hafi ekki þorað að segja það upphátt fram að þessu og dregið sig undir sauðargæruna og haldið sig þar. Þá verða þeir dregnir undan henni þegar sú umræða fer í gang. (**PHB:** Er sauðargæran rök í málinu?)

[14:00]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Frjálshyggjuleiðangur Framsóknarflokksins, sagði hv. þm. Jóhann Ársælsson ítrekað í ræðu sinni áðan. Nú hefur verið farið margoft í gegnum þessa umræðu. Árið 1923 voru sett lög á Alþingi Íslendinga. Dómstólar, Hæstiréttur Íslands, hafa túlkað þau lög sem sett voru þá. Þar voru réttindi landeigenda tryggð í bak og fyrir. Þeir máttu með öllum hugsanlegum notum af vatninu nýta þá auðlind og samkvæmt dómafordæmum og samkvæmt skrifum virtustu sérfræðinga á sviði eignarréttar á 20. öldinni hafa þessi réttindi fylgt öðrum fasteignaréttindum. Stjórnarandstaðan hefur ekki bent á einn einasta sérfræðing á sviði eignarréttar á 20. öldinni sem hefur haldið öðru fram. (Gripið fram í.) Samt koma hv. þingmenn hér upp og túlka löggjöfina frá árinu 1923 eins og Alþingi Íslendinga eigi að vera einhver hæstiréttur í þessu máli.

Það er þrískipting valds hér á landi. Við setjum lög. Hæstiréttur Íslands túlkar þau lög sem sett eru á Alþingi. Karl Axelsson hefur sagt að ef við vildum fara leið Vinstri grænna og takmarka réttindi landeigenda sem þessu nemur þá yrði það ekki gert bótalaust. (Gripið fram í.) Hv. þingmenn Vinstri grænna hafa verið hreinir og beinir í málflutningi sínum, þeir vilja þjóðnýta þessa auðlind, minnka réttindi landeigenda. Það er ósköp eðlilegt að hv. þm. Jóhann Ársælsson komi hér upp aumur og tali um sauðargæru þegar Samfylkingin sjálf liggur undir sauðargæru.

Það veit enginn hver stefna Samfylkingarinnar er í þessum efnum. (Gripið fram í.) Hv. þingmenn Vinstri grænna hafa staðið sig vel í því að leiða stjórnarandstöðuna en Samfylkingin talar um að ríkisstjórnin sé að afhenda landeigendum, gömlum og nýjum, ný réttindi. Það er alrangt og enginn sérfræðingur á sviði (Forseti hringir.) eignarréttar staðfestir þessa skoðun Samfylkingarinnar.

[14:02]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þrískipting valdsins felst í því að á Alþingi setja menn lögin. Ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna hv. þingmaður getur ekki talað fyrir sjálfan sig en kallar ævinlega aðra til þegar hafa á skoðun á því hvað eigi að vera í lögum. Öll þau atriði sem hafa komið fram og komu fram í starfi nefndarinnar, þar sem menn voru að rökstyðja það að landeigendur ættu vatnið, allur sá rökstuðningur var sóttur í afmörkuð dæmi á grundvelli vatnalaga um hvaða rétt menn hefðu til hagnýtingar á vatni. Þar var hvergi um að ræða eignarréttarhugtakið sjálft á vatninu. Síðan var margsinnis spurt á fundi nefndarinnar hvort einhver dæmi væru um eignarhald af sama tagi og verið er að reyna að setja á vatnið, hvort til væri einhvers konar eignarhald sem segði að eignin gæti skipt um hendur án þess að nokkur viðskipti færu fram, eins og gerist með vatnið þegar það rennur af einni eigninni yfir á aðra. Nei, það var ekki til. Hins vegar var vitnað í fræðimenn sem voru kallaðir til vitnis um að þetta sé allt saman eignarhald og þá er verið að vitna í einhvers konar líkamlegt ástand viðkomandi eignarréttar, hlutkennt ástand.

Þegar spurt var um þetta á fundi nefndarinnar þá komu aldeilis vöflur á þann sem spurður var, einn af þessum aðalsérfræðingum sem um var að ræða og hefur verið kallaður til vitnis hvað eftir annað hér í þingsal. Það er nefnilega hvergi nokkurs staðar dæmi um að menn hafi reynt að setja eignarrétt á fyrirbrigði eins og vatn og ekki loftið heldur sem betur fer. Það er algerlega ný hugsun að hægt sé að eiga með séreignarhaldi eitthvað (Forseti hringir.) svona lagað sem skiptir um hendur án þess að viðskipti fari fram.

[14:05]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef beðið ítrekað um það í umræðum á þinginu að stjórnarandstaðan komi með rökstuðning fyrir máli sínu. Það er hægt að tala í almennum frösum eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa ekki vitnað í lögfræðiálit eins einasta sérfræðings á sviði eignarréttar á 20. eða 21. öldinni. Hv. þingmenn hafa reynt að toga og teygja það sem virtir fræðimenn á borð við Karl Axelsson hafa sagt í þessari umræðu en hafa ekki sjálfir, máli sínu til stuðnings, komið með álit virtra fræðimanna á þessu sviði. Þeir hafa sagt og staðfest með skrifum sínum að hér sé ekki um efnisbreytingu að ræða, hér sér um formbreytingu að ræða. Og hvað á hv. stjórnarandstaða að komast lengi upp með það að tala um frjálshyggjuleiðangur Framsóknarflokksins, frjálshyggjuleiðangur ríkisstjórnarinnar, þegar hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, undir forustu Ögmundar Jónassonar frá Vinstri grænum, tala um að fara sósíalíska leið, að þjóðnýta auðlindina, og það er snöggur blettur á Samfylkingunni í þessari umræðu að hún sé kennd við sósíalisma. En það er sú leið sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar, undir sauðargærunni eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson orðaði svo smekklega áðan, elta vinstri græna í. Og það er alveg komið á hreint að það er orðið kosningabandalag um þetta mál í þinginu. Það kosningabandalag leiðir Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Samfylkingin eltir vinstri græna í þessu og það má vel kjósa um þetta mál. Ég bið hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að koma með einhver gögn, máli sínu til stuðnings, um að hér sé um stefnubreytingu að ræða en ekki formbreytingu, eins og við hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans höldum fram. Hv. þm. Ögmundur Jónasson getur komið upp með þykka blaðabunka og lesið ljóð og sögur en hann hefur því miður ekki vitnað í álit þessara virtu sérfræðinga.

[14:07]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek ekki til baka að frjálshyggjuleiðangur Framsóknarflokksins undir sauðargærunni heldur áfram fram á þennan dag og það virðist ekki vera neitt lát á þeim leiðangri. Það hefur verið þannig frá því að Framsóknarflokkurinn tók að sér að staðfesta einkaeignarhald, einkavæðingu sem aldrei hefur verið talað um upphátt, á fiskstofnunum við Ísland. Hæstv. forsætisráðherra mun eiga hugmyndina að því með hvaða hætti hægt væri að koma því á að veðsetja mætti hvern einasta titt sem syndir í kringum landið. (Gripið fram í.) Þorsteinn Pálsson upplýsir það í Fréttablaðinu í gær að hæstv. forsætisráðherra hafi fundið upp orðalagið.

Þetta finnst mér vera prýðileg sönnun fyrir því að hér sé á ferðinni frjálshyggjuleiðangur Framsóknarflokksins. Finnur Ingólfsson kom með frumvarp til laga um auðlindir í landinu, þar var verið að koma eignarhaldi á auðlindir í landinu. Hæstv. iðnaðarráðherra kemur svo með frumvarp um eignarhald á vatninu í sali Alþingis. Hvað er þetta annað en frjálshyggjuleiðangur, að koma einkaeignarhaldi á hvern einasta titt sem í kringum landið syndir, hvern einasta vatnsdropa sem fellur úr loftinu og hvern einasta jarðarpart inn að miðju jarðar, eins og niðurstaðan var í auðlindalögunum.

Öðruvísu mér áður brá. Ef Framsóknarflokkurinn er ekki í frjálshyggjuleiðangri eins og hann stendur að málum af þessu tagi, undir sauðargærunni, þar sem aldrei hefur verið sagt upphátt hvað menn ætluðu sér, þá kann ég ekki að meta stjórnmál. Og ég tel að býsna margir stuðnings-

menn Framsóknarflokksins hafi efasemdir um þennan leiðangur.

[14:09]

Útbýting:

Skuldbindingar sveitarfélaga, 581. mál, svar félmrh., þskj. 928.

[14:10]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál nú við 3. umr. þessa máls. Við eigum eftir að ræða það mjög vel og ítarlega í aðdraganda næstu kosninga því það er ljóst, eins og hér hefur komið fram við umræðuna, að það verður kosið um vatnið í næstu alþingiskosningum.

Það hefur verið haft á orði við umræðuna að Vinstri hreyfingin – grænt framboð vilji þjóðnýta vatnið eins og sagt er. Hið rétta í þessu máli er að við viljum hafa þann hátt á sem hafður var á frá upphafi Íslandsbyggðar. Vatnið var almannaréttur. Það átti enginn vatnið, það átti enginn uppspretturnar, það átti enginn rennandi vatn, það átti enginn stöðuvötnin en menn höfðu hins vegar rétt til að nýta sér það, að veiða á vötnunum og í ánum og nýta sér vatnið á ýmsa lund.

Við 2. umr. eða 1. vitnaði ég í ýmsar sögulegar staðreyndir máli mínu til stuðnings. Ég gerði það við atkvæðaskýringu fyrr í dag. Þá vitnaði ég í Íslandslýsingu Odds Einarssonar frá 1593. Við umræðuna fyrr hef ég vitnað í gamlar lagaheimildir, Grágás og Jónsbók, ég hef vísað í Sturlungu, í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, í Jarðabók þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þar sem fjallað er um eignarrétt á landi og gerð grein fyrir dýrleika jarða án þess að nokkru sinni væri vísað til vatns eða annarra hlunninda sem tengjast vatni sem eignarréttindi. Þvert á móti hefur það jafnan verið skilgreint sem almannaréttur. Það sem breytist núna með þessum lögum er að vatnalögunum frá 1923, sem nú eru tekin til uppstokkunar, er breytt á þá lund að afnotaréttur eða reglur sem kveðið var á um í vatnalögunum um afnot af vatni er umbreytt yfir í eignarrétt. Það er grunnhugsunin í þessu frumvarpi. En eins og hér hefur margoft komið fram eru upphafsorð frumvarpsins, með leyfi forseta: „Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni ...“

Við höfum jafnan sagt í stjórnarandstöðunni þegar talað hefur verið um einkavæðingu að með þessum lögum er verið að búa í haginn fyrir einkavæðingu á vatni. Við höfum m.a. vísað í ummæli ráðherra fyrr og nú, þar á meðal ummæli Finns Ingólfssonar frá 1998 þar sem hann segir réttilega að grundvallarforsenda þess, þ.e. út frá hans sjónarmiði, að koma megi á samræmdu skipulagi um nýtingu auðlinda sé að kveða skýrt á um eignarrétt á þeim auðlindum. (**Iðnrh.:** Er þetta í „fæl“?) Ég er með þetta í „fæl“, hæstv. iðnaðarráðherra, sem ég vara við að hafa þetta í flimtingum, vegna þess að orð hæstv. ráðherra í minn garð og okkar vinstri grænna þar sem hún ber ranglega á okkur að hafa falsað ummæli hennar, þeirri umræðu er ekki lokið í þingsal, ég fullvissa hæstv. ráðherra um það. (Gripið fram í.) Já, það er mjög gott, finnst hæstv. ráðherra, en það er nokkuð sem ég tek mjög alvarlega og mun gera kröfu til þingsins að gera slíkt hið sama. Ég mundi fara varlega í mikil hlátrasköll út af þessu máli.

Með öðrum orðum: Það sem er að gerast í þessu máli er að verið er að breyta afnotarétti yfir í eignarrétt og það eru skýr ákvæði um það í þessum lögum. Ég var að vísa í ummæli hæstv. fyrrverandi iðnaðarráðherra þar sem hann lýsir þessari nauðsyn sem undanfara hagnýtingar á vatninu. Nú er þess að geta að að sjálfsögðu viljum við hagnýta okkur vatnið á ýmsan hátt en við viljum byrja á öðrum enda. Við viljum byrja á þeim endanum að tryggja almannaréttinn, tryggja umhverfisverndina og setja að því búnu reglur um heimildir til nýtingar á vatninu. Þetta er sú forgangsröðun sem við viljum hafa á og við viljum að allir þessir lagabálkar sem snúa að vatninu verði settir með þessa heildstæðu sýn í huga.

Annað sem er að gerast með þessu lagafrumvarpi er einnig grundvallarbreyting. Í vatnalögunum frá 1923 er kveðið á um nýtingu á vatni, á það sem lögfræðingar kalla jákvæðan hátt. Það er skilgreint í hverju réttindin felast og þau eru talin upp. Nú er hins vegar kveðið á um eignarhaldið, á það sem lögfræðingar kalla neikvæðan hátt og það þýðir í grunninn að viðkomandi á vatnið, sé ekki kveðið á um annað í lögum. Grunnreglan er sem sé eignarréttur á vatninu og síðan eru því sett ýmis skilyrði í lögunum.

Í þessu er fólgin grundvallarbreyting og sannast sagna skil ég ekki þá lögfræðinga, þeir eru ekki ýkja margir, sem hafa gengið fram á sjónarsviðið að undanförnu og tjáð sig á þann hátt sem þeir gera. Ég hef vakið athygli á því við umræðuna að þeir sem einkum hafa haft sig í frammi eru verktakar ríkisstjórnarinnar í þessu máli og við skulum ekki gleyma því að maður á borð við Karl Axelsson sem talar með lítilsvirðingu um málflutning okkar og vísar til hans sem storms í vatnsglasi, tal út í loftið, hann hefur verið í verkum fyrir ríkisstjórnina í tengslum við þetta mál. Og ég vil minna á að lögfræðingar eru ekki saklausir af því að hafa skoðanir á málum, og í sjálfu sér er ekkert við það að athuga.

En muna menn umræðuna sumarið 2004 um fjölmiðlalögin og muna menn lögfræðingaskýrslurnar sem þá voru reiddar fram (**Gripið fram í:** Skiptar skoðanir.) þar sem voru vissulega skiptar skoðanir? En þar var reidd fram skýrsla frá starfshópi sem ríkisstjórnin skipaði og sá vinnuhópur reyndist húsbónda sínum hollur og sagði í skýrslu sinni að það væru rík efnisleg rök fyrir því að setja skilyrði fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu svo hún reyndist vera marktæk. Minnast menn þessa?

Starfshópurinn benti vissulega á að slíkar takmarkanir stæðust hugsanlega ekki stjórnarskrá Íslands og í skýrslu starfshópsins um það efni til formanna ríkisstjórnarflokkanna sagði, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn er ljóst að ekki er vafalaust að slíkur áskilnaður í lögum nú stæðist þær stjórnskipulegu formkröfur sem grein er gerð fyrir hér að framan.“

En áfram var málið reifað og sagði enn fremur, með leyfi forseta:

„Annaðhvort stenst það áskilnað að setja slík fyrirmæli í almenn lög eða ekki án tillits til þess einstaka tilviks sem nú er staðið frammi fyrir.“

Enn segir, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn tekur þó fram að þeim mun hóflegri sem takmörkun af þessu tagi er þeim mun líklegra verður talið að hún fái staðist."

Eða með öðrum orðum, hæstv. forseti, því vægar sem menn fara í sakirnar því líklegra er að menn kæmust upp með plottið.

Hverjir voru þetta? Þetta voru lögfræðingar og lögspekingar. Hver fór fyrir hópnum? Það var lögfræðingurinn Karl Axelsson sem ríkisstjórnin beitir nú fyrir sig, sem talar um málflutning okkar sem storm í vatnsglasi. (**Gripið fram í:** Gættu orða þinna.) Ég gæti orða minna. Þetta er satt og þetta er rétt sem ég er að segja. Ég er að vísa í lögfræðingaskýrslu frá sumrinu 2004 sem unnin var á vegum ríkisstjórnarinnar um mjög umdeilt mál. Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er að vekja athygli á því að einnig lögfræðingar hafa skoðanir. (Gripið fram í.) Þeir sem t.d. fara fyrir nýrri Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál sem beitir sér fyrir því, svo ég vitni orðrétt í það sem segir í skýringum um markmið þeirrar stofnunar, með leyfi forseta:

„... að auka skilning á mikilvægi frjálsra viðskipta og eignaréttinda ..."

Í stjórn þessarar stofnunar eru margir kallaðir til sögunnar, ýmsir menn úr pólitík og athafnalífi. Yfir þessu er síðan sérstakt rannsóknarráð. Þar sitja ágætir menn, Jónas Haralz, Hannes Hólmsteinn og viti menn, Karl Axelsson, til að auka skilning á eignarrétti. Þetta eru markmiðin. Þetta eru sérfræðingarnir sem ríkisstjórnin beitir núna fyrir sig og skammast út í okkur í stjórnarandstöðunni fyrir að voga okkur að vefengja þeirra málflutning. Ég minni einnig á hitt (Gripið fram í.) að það er enginn fræðimaður sem stendur á bak við mig. Minnast menn umræðunnar árið 1998? (**Gripið fram í:** Já.) Já, menn minnast hennar. Þar var vitnað í lögspekinga, Ólaf Jóhannesson og Bjarna Benediktsson. Hv. þm. Birkir Jón er að hvetja mig til þess að fara yfir það mál og ég skal gera það síðar í dag ef hann óskar eftir því. Það er alveg sjálfsagður hlutur. Ég er með þessa umræðu alla við höndina.

Það var vitnað í þá lögspekinga þegar verið var að deila um það hversu langt ætti að færa eignarréttindin niður í jörðina. Þá var verið að fjalla um jarðrænar auðlindir langt niður í jörðina. Sumir vildu fara stutt, 10 metra, aðrir 100 metra, ríkisstjórnin helst til Kína. Í þeim lögum voru tryggð eignarréttindi einstaklinga yfir jarðrænum auðlindum á ríkari hátt en nánast nokkurs staðar á byggðu bóli og einnig þá komu þessar fullyrðingar fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að stjórnarandstaðan færi með tómt mál. Minnast menn þess? Ég minnist þess því ég tók þátt í þessum umræðum sjálfur. Þá voru menn að vitna í m.a. álitsgerðir þeirra manna sem ég nefndi hér og eru margir aðrir kallaðir til sögunnar, sumir af hálfu stjórnarmeirihlutans vissulega og aðrir stjórnarandstöðunnar. Menn lögðu ekki allir sama skilning í orð þeirra en um þetta voru deilur. En sömu fullyrðingarnar af hálfu ríkisstjórnarmeirihlutans og við heyrum nú voru einnig til staðar í þeirri umræðu.

Það hefur verið vísað til umræðunnar árið 1923. Þá fór fram umræða um þessi grundvallarmál. Þar tókust annars vegar á allsherjarréttarsinnar og hins vegar séreignarréttarsinnar. Ég er með skeyti sem landsstjórnin sendi til allra sýslumanna landsins í aprílbyrjun árið 1918, fyrir setningu vatnalaganna að sönnu, en sem endurspeglar þá umræðu sem þá fór fram. Þá var tekist á um hvort heimila ætti sölu á fossunum til útlendinga jafnt sem innlendra manna, og í þessu skeyti segir, með leyfi forseta:

„Fossnefndin hefur skýrt Stjórnarráðinu frá því að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu að vatnsréttindi séu ótvírætt almenningseign þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirétt þar og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmæta sem hreppsfélög er eiga afrétt í óbyggðum kynnu að hafa gert um réttindi er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafls í afréttum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hér með tjáð að leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni í umdæmi yðar, að landsstjórnin vegna landssjóðsins geri tilkall til allra vatnsréttinda á afréttum þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarbeit og geldfjárhöfn."

Ég nefni þetta aðeins til að minna á þá umræðu sem fram fór á þessum tíma og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og eflaust margir aðrir hafa gert skilmerkilega grein fyrir þessari umræðu og vísað til breytingartillagna sem komu fram við afgreiðslu vatnalaganna árið 1923 sem endurspeglar þau grundvallarátök sem þá fóru fram.

Að lokum þetta, hæstv. forseti. Það er talað um mikilvægi þess og nauðsyn að endurskoða þennan gamla lagabálk frá 1923. Ekki er ég andvígur því. En þá skulum við líka svara kalli tímans við endurskoðun þeirra laga og hvert er kall tímans? Hvert vilja menn hlusta? Í hvaða átt vilja menn beina sjónum sínum og á orð hverra vilja þeir hlusta? Vilja menn hlusta á og horfa til alþjóðafjármagnsins, til Verslunarráðsins eða ámóta samtaka sem vilja festa eignarréttinn í sessi og einkavæða þessa dýrmætu auðlind? Eða ætla menn að hlusta á rödd almennings, almannasamtaka, bæði hér og um heim allan sem krefjast þess að vatnið verði virt sem mannréttindi og aðgangur almennings að vatninu verði tryggður í hvívetna. Það er þar sem við stillum okkur upp í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og þess vegna erum við andvíg þessu einkavæðingarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar, frumvarpi sem býr í haginn fyrir einkavæðingu á vatni.

[14:26]

Katrín Júlíusdóttir:

Frú forseti. Ég hef farið ítarlega yfir afstöðu mína í þessu máli í ræðum við 2. umr. en það eru þó nokkur atriði sem ég vil hnykkja á. Í upphafi máls míns verð ég að segja alveg eins og er að það fór um mig örlítil ónotatilfinning þegar hæstv. ráðherra iðnaðarmála, Valgerður Sverrisdóttir, gerði grein fyrir atkvæði sínu fyrr í dag, vegna þess að þá heyrðist mér ekki betur en svo að hæstv. ráðherra væri að fjalla um vatn eins og hvern annan hlut, bíl, skip eða hvernig svo sem það er, og þess vegna væri það sjálfsagt mál að fara út í þá neikvæðu skilgreiningu sem er búið að ákveða hér með vatnið og lögfesta eignarrétt á vatninu til að auðvelda stjórnsýslu og auðvelda málið í meðförum stjórnsýslunnar eða í viðskiptum milli manna í dómsölum.

Frú forseti. Þessari nálgun er ég algerlega andvíg vegna þess að þessi orð segja manni svolítið í hvaða anda þessi lög eru sett. Þessi orð hugnast mér ekki og ég er algerlega andvíg þessari nálgun vegna þess að vatn er ekki eins og

hver annar hlutur. Vatn er ekki hægt að ramma inn og pakka inn í umbúðir heldur er það rennandi allt um kring og eilíft og vatn er uppspretta lífs þannig að þarna er ekki um að ræða gæði, eins og um hverja aðra verslunarvöru sé að ræða.

Frú forseti. Mikið hefur verið talað um að hér sé um að ræða formbreytingu. Þá verð ég, með leyfi forseta, að fá að lesa úr greinargerð frumvarpsins en þar segir á bls. 14, með leyfi forseta:

„Ástæða þess að fremur er stuðst við neikvæða skilgreiningu á hugtakinu eignarréttur" þarna er átt við í frumvarpinu, frú forseti, „er sú að jákvæð skilgreining, þ.e. skilgreining þar sem taldar eru upp allar heimildir eiganda, sem í eignarrétti geta falist, yrði of viðamikil og sennilega aldrei tæmandi og því í eðli sínu ófullkomin."

Frú forseti. Þarna skil ég ekki betur en svo að í greinargerð þessa frumvarps sé verið að lýsa því að hér sé verið að framkvæma eðlisbreytingu á eignarrétti á vatni. Þetta tal um formlega breytingu, að þetta sé eingöngu formleg breyting, með þessum orðum tel ég að í sjálfri greinargerð frumvarpsins sé verið að henda þessu út í hafsauga. Menn ákváðu þegar þeir sáu í hvað stefndi, að þetta færi ekki svo léttilega hér í gegn að skýla sér á bak við að hér væri um einhverja formbreytingu að ræða þegar þeir segja í sínu eigin frumvarpi að svo sé ekki heldur um eðlisbreytingu að ræða. Mér fellur illa í geð þegar menn hafa staðið hér með þessa línu til að reyna að verja sig fyrir hinu raunverulega og sérstaklega þegar við í stjórnarandstöðunni erum vænd um að vera með rýran málflutning. Þetta er staðreynd. Þetta stendur í frumvarpinu á síðu 14 og ég hef lesið það hér upp og vonandi fer hæstv. ríkisstjórn að koma úr fylgsni sínu og viðurkenna hvað verið er að gera í stað þess að fela sig á bak við orðagjálfur um formbreytingu.

Frú forseti. Annað sem ég vil nefna, tengt því að um meira en formbreytingu sé að ræða, er sú staðreynd að í þessu frumvarpi er reynt að ná utan um miklu meira af vatni en í núgildandi lögum. Í núgildandi lögum segir, með leyfi forseta:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila."

Þetta eru grundvallaratriði og mjög mikilvæg orð, virðulegi forseti. Þarna segir „sem á henni er". Í frumvarpinu sem hér um ræðir, frú forseti, segir, með leyfi forseta, í 2. gr.

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

Frú forseti. Þarna er augljóst, eins og fram kom í umsögnum sem bárust iðnaðarnefnd út af þessu máli, að þetta frumvarp er miklu víðtækara en þau lög sem í gildi eru. Hér er allt mögulegt vatn í hvaða formi sem er geirneglt þannig að það verði undirorpið séreignarrétti. Frú forseti, ég mótmæli því að sú leið sé farin. Vatn er þess eðlis að þetta er ekki hægt og á ekki að vera hægt.

Frú forseti. Ég las upp ágæta klausu úr greinargerð frumvarps hæstv. iðnaðarráðherra sem segir mér að um eðlisbreytingu sé að ræða. Ég vil líka nefna það að úr þeim orðum má lesa að við erum ósammála í í grundvallaratriðum. Við höfum gagnrýnt það, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, fór vel yfir það í ræðu sinni, að þessi ríkisstjórn ætli að breyta eðli laganna með því að ná utan um vatn í öllu formi með þessum lögum og gera eignarréttinn tæmandi til allrar framtíðar. Það er grundvallarbreyting. Hingað til hefur verið listað upp hvaða réttindi menn hafa og á því verður grundvallarbreyting.

Frú forseti. Málið kristallast í ræðum löglærðra þingmanna stjórnarflokkanna, annars vegar Framsóknarflokks og hins vegar Sjálfstæðisflokks. Hv. þm. Jónína Bjartmarz lýsti því í gær að ekkert vantaði upp á réttindi til landeigenda nú, til nýtingar á vatni, og því sé þetta eingöngu formbreyting. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kemur síðan upp í atkvæðaskýringu „í ljósi tæknibreytinga" eða eitthvað í þeim dúr. Hann segir að í ljósi þeirrar öru tækniþróunar sem átt hefur sér stað síðan lögin voru sett verði að gera þessa breytingu. Þarna er grundvallarmunur á. Ég held, virðulegi forseti, að menn ættu að fara varlega í að tala um að stjórnarandstaðan hafi mismunandi sýn á málið þegar fram hefur komið mismunandi sýn háttvirtra löglærðra þingmanna á Alþingi.

Frú forseti. Það er þarna sem skilur milli og þessu mótmælum við. Það er ljóst, frú forseti, að við vitum ekkert hvað verður í framtíðinni, hvers konar tækni verður til staðar til nýtingar á vatni. Hið eina sem við höfum í höndunum upp á framtíðina er spá um að í framtíðinni, eftir 50 ár, verði vatn orðið mun verðmætra en olía. Það er það eina sem við höfum í höndunum. (**Gripið fram í:** Hverju breytir það?) Frú forseti. Undir slíkum kringumstæðum ætlar þessi ríkisstjórn að lögfesta einkaeignarrétt á vatni til framtíðar, fullkomna eignarréttinn eins og túlka má greinargerðina. Það hugnast mér, virðulegi forseti, afar illa svo vægt sé til orða tekið. Við getum ekki búið við það til framtíðar að menn fari sömu leið og með fiskinn í sjónum, að hér verði hugsanlega hægt að veðsetja vatn í framtíðinni. Þá eru menn aldeilis á villigötum, vatn í öllu formi, hvernig sem það er.

Frú forseti. Í lok máls míns vil ég nefna að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði í gær góða grein fyrir umræðunni sem átti sér stað þegar þessi lög voru sett. Menn hafa ítrekað vísað í anda laganna og túlkun þeirra þegar þau voru sett 1923. Mig langar að fá að vitna eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir í bók eftir Sigurð Gizurarson. Þar kemur fram að Sveinn Ólafsson í Firði var maður einkaeignarréttar og varð undir, eins og kemur í ljós í klausunni sem ég mun lesa. Hann varð undir í umræðunni á Alþingi. Menn vildu ekki einkaeignarrétt á vatni vegna þess að þá voru menn forsjálir. Þeir þekktu verðmæti vatns og eðli vatns, að ekki væri hægt að fella það undir einkaeignarrétt. Ég ætla, með leyfi forseta, að fá að koma með tilvitnun úr þessari ágætu bók eftir Sigurð Gizurarson. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þótt meiri hluti deildarinnar styddi frumvarp stjórnarinnar var þó samþykkt breytingartillaga Bjarna Jónssonar frá Vogi og Jóns Þorlákssonar við 2. gr. þess. Hún fól í sér frávik frá upphaflegri gerð textans, sem hafði verið orðaður á þá lund, að landeigandi ætti hvers konar nytjar vatns „með þeim takmörkunum sem lög, venjur, samningar eða

aðrar heimildir hafa í för með sér.“ Orðalaginu var breytt á þann veg, að landeigandi ætti rétt til umráða og hagnýtingar yfir vatni á landi sínu „á þann hátt sem lög þessi heimila.““

Því næst segir, með leyfi forseta:

„Þetta tók Sveinn Ólafsson í Firði mjög óstinnt upp og kvað hér um að ræða slíka grundvallarbreytingu á frumvarpinu, að kippt væri lagastoðum undan einkaeignarrétti á vatni.“ — Hann taldi með þessu unnin spjöll á 2. gr. frumvarpsins. (**Gripið fram í:** Hvað segir Hæstiréttur?)

Frú forseti. Þetta skýrir fyrir okkur umræðuna frá þessum tíma og er mikilvægt að mönnum sé það ljóst að þeir sem töldu vatn best fyrir komið í einkaeign töldu að með þeirri leið sem farin var á endanum væri lagastoðum kippt undan einkaeignarrétti á vatni. Við skulum halda þessu til haga í þessari umræðu.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég vil í lok máls míns segja að ég er andvíg þessari leið, að svo skuli verða um vatnið okkar endanlega, í hvaða formi sem er. Ég mótmæli því harðlega og mun svo lengi sem ég get berjast gegn því að það verði að veruleika.

[14:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður talaði um að það væri eitthvað skelfilegt að hægt yrði að veðsetja vatn. Vatn er veðsett í dag. Vatn sem selt er í verslunum á flöskum er veðsetjanlegt og er verðsett. Það yrði því ekkert nýtt.

En það er annað sem mig langar til að spyrja hv. þingmann um. Hv. stjórnarandstæðingar eru á móti frumvarpinu, að mér heyrist allir sem einn. Þeir vilja vinna að því að breyta, nútímavæða frumvarp frá 1923 og gefa sér tíma til þess. Einn hv. stjórnarandstæðingur, hv. þm. Ögmundur Jónasson frá Vinstri grænum, sagði í gær að hann væri ekki sáttur við núgildandi lög. Það væri of mikill einkaréttur í þeim, of mikil einkaeign. Hann vildi auka samfélagslega eign á vatninu. Hv. þm. Ögmundur Jónasson vildi þjóðnýtingu á þeim rétti sem er til staðar í dag. Nú er það spurningin: Hversu vel nær stjórnarandstaðan og hv. þingmaður sem hér talaði ... (**ÖJ:** Ertu í andsvari við mig?) Nei, ég er að spyrja hv. þingmann: Mun hún sætta sig við hugmyndir um frekari vinnslu á þessum lögum sem gilda í dag og væri hún hlynnt þeirri lausn sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kom með í gær? Eða er hún andvíg því að þjóðnýta vatnið?

[14:41]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvort hv. þingmaður var í andsvari við mig eða Ögmund Jónasson. En það er ástæða til að árétta það, vegna þess að hv. þingmaður virðist ekki hafa náð því þegar ég flutti ræðu mína áðan, að við erum ósammála þeirri leið að geirnegla og lögfesta einkaeignarrétt á vatni, fullkominn einkaeignarrétt á vatni, en það er svo til þannig orðað í greinargerð með þessu frumvarpi. Við erum ósammála því vegna þess að til framtíðar litið teljum við beinlínis hættulegt að lögfesta einkaeignarrétt á vatni um ókomna framtíð.

Frú forseti. Til að svara spurningu hv. þingmanns get ég sagt að ég veit ekki til hvaða ummæla hann var að vitna. Ég er ansi hrædd um að hann gæti verið að leggja mönnum orð í munn. Þetta var jú ekki bein tilvitnun. Ég get sagt honum að stjórnarandstaðan hefur verið sammála í andstöðu sinni gegn vatninu. Við munum án efa, þótt einhver örlítill munur geti verið á afstöðu okkar til ákveðinna ákvæða, ná samstöðu um lendingu í því máli komi þegar að því kemur. Við munum ná samstöðu um það.

[14:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sat í þingsal í gær og hlýddi á hv. þm. Ögmund Jónasson koma með þá yfirlýsingu að hann teldi að núgildandi lög tryggðu of mikinn einkarétt á vatni. Hann vildi sjá meiri samfélagslega eign á vatni, þ.e. þjóðnýtingu. Við reiknum með því að stjórnarandstæðingar, sem eru á móti þessu frumvarpi, vilji þá koma með einhverja sameiginlega lausn.

Þá er það spurningin: Felst sameiginlega lausnin í því sem Vinstri grænir vilja, að þjóðnýta vatnið, eða felst það í því að viðhalda núgildandi lögum? Hvernig vilja menn sjá breytingar á þeim lögum sem eru í dag (**Gripið fram í:** Þjóðnýta bjórinn.) og færa þau til nútímans? Þetta er einföld spurning því maður vill gjarnan vita hvort stjórnarandstaðan er samstiga í lausnum. Eða er hún bara samstiga í að vera á móti? Það er töluverður munur á því. Menn geta verið á móti einhverju en svo hafa þeir engar lausnir til framtíðar. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort þetta sé líka stefna Samfylkingarinnar, að þjóðnýta vatnið frá því sem nú gildir.

[14:44]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að hv. þingmaður sé enn og aftur að snúa út úr orðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Það hefur hvergi komið fram í þessari umræðu að nokkur ætli að fara að þjóðnýta vatnið. Það hefur hvergi komið fram í þessari umræðu nema hjá hv. stjórnarliðum sem reynt hafa að slá ryki í augu fólks með slíkum málflutningi. Það hefur ekki komið fram hjá nokkrum ræðumanni neitt um þjóðnýtingu nema hugsanlega hjá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, sem hefur ekki aðra vörn í málinu en að standa hér og æpa að stjórnarandstaðan vilji þjóðnýta vatnið. Það er ekki hægt að sitja undir svona, frú forseti, þegar við erum að ræða þessi mál efnislega, slíkum upphrópunum. Þetta er rangt. Það er beinlínis rangt að menn hafi haldið því fram og ætli inn á þær brautir.

Hins vegar hefur það verið rætt að í þessu frumvarpi er hlutur almannaréttar mjög rýr ef nokkur. Menn hafa talað um að gæta verði að almannaréttinum í þessu frumvarpi og það kom ítrekað fram í umsögnum sem bárust iðnaðarnefnd.

Til fróðleiks fyrir hv. þm. Pétur Blöndal, af því að ég veit að hann hefur gaman af ýmsum upplýsingum, þá er það þannig í ríkjunum í kringum okkur og í Evrópu að vatn er algerlega utan séreignaréttar. Þar er gengið út frá almannaréttinum í lagasetningu. Við erum að fara inn á allt aðrar brautir, verði þetta frumvarp að lögum, en nokkur önnur ríki hafa farið í heiminum. Það finnst mér áhyggjuefni þegar við erum að hefja göngu okkar inn í 21. öldina.

[14:46]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við ræðum um frumvarp til vatnalaga við í þriðju umferð. Ég tel rétt að draga saman það sem komið hefur fram í umræðunni.

En áður en ég hef mál mitt verð ég lýsa yfir algerri furðu minni yfir því hvað Framsóknarflokknum gengur til með þessu frumvarpi. Hvað á þetta skylt við samvinnuhugsjónina sem flokkurinn er byggður á? Ég verð að segja að eftir að ég hef skoðað málið og sögu brautryðjenda samvinnuhugsjónarinnar virðast þeir sem eru í fararbroddi nú fyrir Framsóknarflokkinn á algerum villigötum. Það snýr ekki aðeins að vatninu, þeirri auðlind, heldur verðum við líka að líta til þess að flokkurinn hefur leynt og ljóst unnið að því að koma fiskveiðiauðlindinni í einkaeigu, m.a. undir forustu hæstv. forsætisráðherra. En þá var það gert með það að markmiði að vernda fiskinn.

Nú skal vatnsauðlindinni komið í sérstök not án þess að ræða um vatnsvernd. Það er því eins og menn séu hættir að nenna svo mikið sem tala um eitthvað annað markmið en að færa einfaldlega eignarhaldið í ákveðnar hendur. Hvað gengur mönnum til?

Menn halda því fram að engin breyting verði. En samt, þegar þeir skoða málið nánar, er um veigamiklar efnisbreytingar að ræða. Breytingin er engin, segja menn. Þeir sem eiga fasteignirnar, jarðirnar ættu að vera fylgjandi breytingunum. Það hefur oft komið fram í umræðunni að bændasamtökunum og veiðiréttareigendum er meinilla við þessar breytingar. Þessar stofnanir hafna þeim. Menn furða sig á því hvað mönnum gengur í raun til með þessu frumvarpi.

Því hefur einnig verið haldið fram að markmiðið sé að nútímavæða vatnalögin. Maður hefði haldið að þá sæjust merki um nútímaviðhorf í þessu frumvarpi, t.d. að tekin yrðu upp hnitakerfi við að afmarka eignarlönd. En svo er alls ekki heldur kemur fyrir óskiljanlegur lagatexti sem ég hef farið yfir, m.a. í 11. gr. þar sem segir orðrétt, með leyfi frú forseta:

„Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði og fylgir vatnsbotn þá landi sem þurrt land væri.

Ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni fylgja þeim netlög sem áður segir. Nú á maður eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns og er sundið mjórra en 230 metrar og ræður þá miðlína sundsins merkjum."

Ég er á því að í stað þess að vera með svo illskiljanlegan texta hefði nútímavæðing sem eitthvað kvæði að gert ráð fyrir hnitum, sem eru notuð núna og víðast hvar til að afmarka og merkja inn á landakort. En þessi nútímavæðing sem menn tala um kemur hvergi fram. Þetta frumvarp er enn þá forneskjan hvað það varðar. Þess vegna stenst ekki talið um nútímavæðinguna.

En deilan snýst fyrst og fremst um hvað felst í að eiga vatn eða eiga rétt til að nýta vatn. Stjórnarliðar hafa sagt að þar sé enginn munur á en við í stjórnarandstöðunni höfum bent á að á því sé mikill munur. Þegar betur er að gáð hvað þetta frumvarp varðar þá kemur í ljós að ákveðnum nytjum er gert hærra undir höfði heldur en öðrum, þ.e. orkunýtingu vatns.

Eins og við höfum bent á hér í stjórnarandstöðunni er hægt að nýta vatn í fleira en að snúa túrbínu. Það virðist eina gagnsemin sem hæstv. iðnaðarráðherra sér í vatni, að snúa túrbínum og helst til að framleiða ál. En það er hægt að nýta vatn með öðrum hætti. Það kemur fram m.a. í umsögn Bændasamtakanna, sem leggjast gegn þessu frumvarpi framsóknarmanna. Mér finnst það ámælisvert að hæstv. landbúnaðarráðherra skuli ekkert minnast á það nema rétt með því að koma með samkvæmisinnlegg í atkvæðaskýringum um umsögn Bændasamtakanna, þeirra samtaka sem hann ætti að gæta hagsmuna fyrir. Í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið hefur nú verið yfirfarið á nýjan leik og kemur þá í ljós að athugasemdir Bændasamtakanna hafa verið að engu hafðar. Þær eru því sendar á ný og nefndin vinsamlega beðin um að íhuga þær vandlega."

En ekkert gerist. Framsóknarflokkurinn gerir ekkert með umsögn Bændasamtakanna. Það hefðu áður þótt tíðindi en þykja ekki lengur. Svo virðist sem Framsóknarflokkurinn gangi helst fyrir því að hugsa um að snúa túrbínum sé hættur að spá í venjulegan landbúnað. Síðan eru gerðar veigamiklar athugasemdir við frumvarpið, m.a. þær sem ég hef gert að umtalsefni, m.a. að þynna eigi út hugtakið netlög. Með þeirri útþynningu er reynt að svipta jarðeigendur réttinum til að nýta fjöruborðið.

Mér finnst það í raun eitt af því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem hefur verið mikill hvatamaður að því að virða eignarréttinn, ætti að standa að með okkur í stjórnarandstöðunni og bændum, að rétturinn til að nýta fjöruborðið verði ekki rifinn af þeim. Ég þekki ekki nokkur rök fyrir því að ganga svo hart fram, að taka þennan rétt af bændum til að veiða hrognkelsi og nytjafisk í fjöruborðinu, nema þá að Framsóknarflokkurinn sé hræddur við að opnuð verði lítil glufa, til að virða rétt bænda hvað þetta varðar, þá gangi það nærri kvótavitleysiskerfinu sem hæstv. forsætisráðherra er guðfaðir að. Það var staðfest, m.a. í Fréttablaðinu nú á dögunum, að hann hefði komið að því að semja orðalagið yfir það hvernig væri hægt að framselja fiskinn í sjónum. Voru menn hræddir við að þessi glufa mundi kollvarpa þessu kerfi. Þetta er virkilega sérstakt, að menn skuli vera svo hræddir, að vilja meira að segja meina mönnunum að nýta eignarlönd sín. Það er mjög undarlegt.

En deilurnar hafa snúist um muninn á því að eiga rétt á að nýta vatnið eða eiga vatnið. Við höfum bent á það í löngu máli að það yrði veigamikil breyting. Mér heyrist sem fáir stjórnarliðar reyni að mótmæla því að einhverju leyti. Í öðru lagi er deilt um hvort eitthvert vit sé í, þegar rætt er um framtíðarskipan vatnsmála, að undanskilja vatnsverndina. Ég er því ósammála. Helsta stofnun umhverfisráðuneytisins er okkur í stjórnarandstöðunni sammála. Öll samtök náttúruunnenda eru okkur sammála. En hæstv. iðnaðarráðherra horfir eingöngu á vatn í þeim tilgangi að snúa túrbínum og vill náttúrlega ekki að náttúruverndarsjónarmið verði rædd samhliða. Það gæti orðið til að það yrði einu álverinu færra í landinu. Það skyldi þó aldrei vera.

Að lokum ætla ég að nefna að deilurnar snúast einnig um það hve illa þetta frumvarp er unnið. Farið hefur verið í gegnum það í löngu máli að skilgreiningar séu oft sérkennilegar. Ég hef nefnt skilgreininguna á mannvirki og gerði það líka á síðasta þingi, þ.e. skilgreininguna: „Hvers konar

manngerðar tilfæringar, t.d. hús, brú eða virkjun.“ Mér finnst þetta mjög sérstakt orðalag. Ég hef sagt að þegar menn breyta liðlega 80 ára gömlum lögum þá ættu þeir ekki að kasta til þess höndum heldur standa betur að því.

Ég ætla að láta máli mínu lokið, ekki vegna þess að þetta sé mál sem ekki er vert að ræða en ég tel hins vegar ekki vert að verja lengri tíma í það. Þetta frumvarp er andvana fætt. Ef fólkið í landinu vill áfram hafa eignarhald á vatninu og að hugsað verði fyrir almannahagsmunum hvað varðar fiskveiðiauðlindina og vatnið, sem við nýtum til drykkjar, þá hafnar það Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum í næstu kosningum. Þar sem þetta lagafrumvarp tekur ekki gildi fyrr en hálfu ári eftir næstu alþingiskosningar þá hefur fólkið í landinu enn þá val um hvort það vilji að í vatnalögum verði hugsað fyrir almannahagsmunum eða þröngum sérhagsmunum, líkt og gerst hefur varðandi fiskveiðiauðlindina.

Það skyldi þó aldrei vera að liðsmenn stjórnarliðsins séu einnig farnir að vakna upp við að þetta sé kannski ekki sniðugt. Þegar þing kemur hér saman á ný þá kann að verða þess fyrsta verk, hvaða ríkisstjórn sem verður, að nema einfaldlega þetta frumvarp úr gildi.

[14:58]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla aðeins að áskilja mér þann rétt að fara yfir það sem ég var áður búin að búa mig undir fyrir 2. umr. og hefði það kannski frekar átt að hluta til heima þar.

Eitt mikilvægasta efni jarðarinnar er líklega vatn og snertir það okkur öll á einn eða annan hátt. Hér í ræðustól hefur verið rifjað upp í fyrri umræðum í löngu máli starf fossanefndarinnar og Fossafélagsins Titans. Þar voru menn að fást við skilgreiningar á hlutum, eins og hv. ríkisstjórn ætti að gefa sér betri tíma til að mínu mati að skilgreina, þ.e. eignarréttur, einkaréttur, nýtingarréttur, almannaréttur og hvað þetta allt saman heitir. Einnig hefur það margoft komið fram að um sameiginlega arfleifð mannkyns sé að ræða og mikilvægt sé að verndunarsjónarmið séu það sem okkur beri fyrst og fremst að hugsa um þegar við fjöllum um vatn.

Því hefur jafnvel verið haldið fram að vatn sé margfalt mikilvægara efni en t.d. olía. Við Íslendingar búum svo vel að við eigum nóg af hreinu vatni, en hversu lengi vitum við ekki. Að vatn tilheyri einhverjum ákveðnum, einhver eigi vatnið, ekki bara vatnið í jörðinni undir landinu, heldur líka vatnið sem rennur hjá. Áin sem um landareign rennur á eigandi landsins samkvæmt þeim vatnalögum sem hér er rætt um. Hann eignast það um leið og það kemur í landið en síðan á hann það ekki lengur þegar það rennur út úr landinu. Þetta kemur skýrt fram í 2. gr. um gildissvið.

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.“

Iðnaðarnefnd bárust fjölmargar athugasemdir og hefur verið farið ítarlega í þær hér í ræðustól. Ég ætla rétt að stikla á stóru hvað þær varðar þar sem fram kemur mjög skýr gagnrýni á frumvarpið og mér finnst stjórnarliðar tala lítið um.

Samtök sem undirritað hafa yfirlýsingu um vatn fyrir alla, og áður hefur verið vitnað oft til, skiluðu bæði inn sérálíti og sameiginlegu og segir í því sameiginlega m.a., með leyfi forseta:

„Í eftirfarandi sameiginlegri yfirlýsingu kemur fram meginafstaða samtaka þeirra sem að þessari umsögn standa til vatns og hvernig beri að skipa málum er vatn snerta. Ber að líta á efni yfirlýsingarinnar sem hluta af umsögn samtakanna um frumvarp til vatnalaga:“

Síðan kemur yfirlýsingin um vatn fyrir alla. Á eftir kemur umsögn um nánari athugasemdir og þar segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi til vatnalaga er sú meginbreyting gerð að rétti til umráða og hagnýtingar á því vatni sem á landareign finnst, er umbreytt í óskoraðan eignarrétt. “ — Hér greinir stjórnarandstöðuna og stjórnarliða á, því að stjórnarliðar og meiri hlutinn í iðnaðarnefnd kalla þetta formbreytingu. — „Samtökin fallast ekki á þá túlkun að þessi breyting sé einvörðungu formsatriði og hafi enga efnislega þýðingu. Mótmæla samtökin þessari breytingu og leggja til að ákvæði 2. gr. vatnalaga frá 1923 standi óbreytt, enda er breytingin í andstöðu við þá skipan vatnsmála sem fram kemur í sameiginlegri yfirlýsingu samtakanna og byggð er á samþykkt Sameinuðu þjóðanna frá 2002, sem Ísland hefur undirgengist. Þar segir m.a. að líta skuli á vatn fyrst og fremst sem menningarleg og félagsleg gæði en ekki sem efnahagsleg gæði.“

Við gerð þessa lagafrumvarps taldi ráðherra rétt að kalla til m.a. fulltrúa Bændasamtaka Íslands, Orkustofnunar, lögfræðing Orkuveitunnar sem fulltrúa Sambands sveitarfélaga, auk fulltrúa Samorku. „Ekki var leitað til annarra samtaka sem hafa hér augljósra hagsmuna að gæta, hvort sem er náttúruverndarsamtök, mannréttindasamtök, neytendasamtök, verkalýðssamtök eða önnur þau samtök og aðilar sem gæta almannahagsmuna.“

Ástæða er til að velta því fyrir sér hvers vegna Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun og fleiri aðilar voru ekki hafðir með í ráðum þegar verið var að semja lagafrumvarpið.

Það er mikill munur á því að koma að samningu laga eða gefa umsögn um lög sem svo sjaldan er hlustað á. Í 1. gr. vatnatilskipunar Evrópusambandsins, er til stendur að taka upp að hluta til hér á landi innan skamms, segir:

„Vatn er ekki eins og hver önnur verslunarvara, heldur öllu frekar sameiginleg arfleifð, sem verður að vernda, verja og meðhöndla sem slíka. Ofangreind breyting á eignarrétti á vatni gengur augljóslega þvert gegn vatnatilskipun Evrópusambandsins sem leggur áherslu á að vatn sé sameiginleg arfleifð en ekki einkaeign tiltekinna einstaklinga, hópa eða fyrirtækja.“

Við lagasetninguna var tekist á um tvö meginsjónarmið. Annars vegar hvort líta ætti á vatn sem einkaeign. Hins vegar hvort það ætti að vera í þjóðareign með afnotum fyrir einstaklinga. Í 11. gr. þeirra vatnalaga sem enn eru í gildi segir, með leyfi forseta:

„„Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús, þar sem landeiganda er meinlaust, svo og að nota“ — ekki eiga — „vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, enda fari það eigi í bága við lög, samþykktir eða annað lögmætt

skipulag.“ Hvernig fellur þetta að skilgreiningunni á eignarrétti sem segir að rétthafinn hafi einn heimild til umráða og ráðstöfunar verðmæta? Í lögunum frá 1923 er landsmönnum veittur réttur til afnota af vatni, sem eigandi lands með vatnsréttindum getur ekki selt eða ráðstafað.

Sú aðgerð að færa vatn úr sameign yfir í einkaeign er líkleg til að gera vatnsvernd erfiðari þar sem opinbert inngrip í nýtingu og meðferð vatns kann að stangast á við eignarrétt sem er varinn í stjórnarskrá. Rétt er þó að minna á að helgi eignarréttar er ekki takmarkalaus. Í 72. gr. stjórnarskrá segir: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji.“ Sérhver aðgerð sem kann að gera náttúruvernd erfiðari verður að vera rökstudd mjög vel. Í greinargerð með frumvarpinu er m.a. rætt um að vatnalög taki eðlilega bæði til allsherjarréttar og einkaréttar:

Lögin [frá 1923] tóku jafnt til einkaréttarlegra hagsmuna eigenda vatnsréttinda og almannahagsmuna. Þannig falla lögin bæði innan sviðs allsherjarréttar og einkaréttar. ... Það er skoðun samtakanna“ — þ.e. um vatn fyrir alla — „að í tilviki vatns sé slík forgangsröðun óásættanleg — þegar vatn sé annars vegar skipti almannahagsmunir meira máli en einkahagsmunir.“ — Tek ég undir þá skoðun. — „Þessi afstaða endurspeglast í vatnatilskipun Evrópusambandsins og í mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Mjög óljós ávinningur er af því að færa vatn úr sameign í einkaeign og því er breytingin ekki rökstudd með fullnægjandi hætti. Af ofangreindu er ljóst að sú staðhæfing í rökstuðningi með frumvarpinu að „leggja [verði] áherslu á að hér [þ.e. með breytingu á eignarréttarákvæðinu] er um formbreytingu að ræða en ekki efnislega breytingu á inntaki eignarráða fasteignareiganda yfir vatni“ fæst ekki staðist. Breytingin er miklu meira en formbreyting.

Þó að það megi augljóslega deila um túlkun á vatnalögunum frá 1923, þá er það ljóst að verði orðið við kröfu þeirra samtaka sem að yfirlýsingunni „Vatn fyrir alla“ stóðu um að ákvæði er varða vatn sem mannréttindi, að lög um vatnsnýtingu hljóti að taka mið af lögum um vatnsvernd sem og að vatnsveitur verði reknar á félagslegum grunni verði sett í stjórnarskrá, þá hlýtur að koma til heildstæð endurskoðun á lögum um vatn í heild sinni. Það hlýtur því að vera krafa að endurskoðun vatnalaganna feli í sér aukna áherslu á almannarétt og að horfið verði frá því að vatn teljist einkaeign þeirra landeiganda sem það finnst á

Samtökin telja einnig að með því „að fella einu heildarlögin um vatn undir iðnaðarráðuneyti“ — en ekki umhverfisráðuneyti — „og gera Orkustofnun að helsta eftirlitsaðila með þeim er lögð áhersla á nýtingu vatns frekar en verndun. Verndunarþátturinn, t.d. það sem lýtur að friðlýstum svæðum, kemur inn sem undantekning frá þeirri meginreglu að vatn sé auðlind sem beri að nýta.

Samtökin telja eðlilegra að verndunarsjónarmið standi nýtingarsjónarmiðum framar. Þar með væri eðlilegt að vatnalög heyrðu undir umhverfisráðuneytið og að Umhverfisstofnun væri helsti eftirlitsaðili með lögunum.“

Vatnalögin frá 1923 tóku yfir þetta allt saman og það er mjög eðlilegt að halda því þannig áfram. Eins og fleiri gera samtökin athugasemd við samningu laganna og telja „ámælisvert að ekki skuli hafa verið leitað til annarra aðila sem einnig hafa hér augljósra hagsmuna að gæta, hvort sem er náttúruverndarsamtök, mannréttindasamtök, neytendasamtök, verkalýðssamtök eða önnur þau samtök og aðilar sem gæta almannahagsmuna.“ — Eins og áður sagði.

„Allt kveður við sama tón hjá þeim sem telja sig málið skipta og að ámælisvert sé þegar lög eru samin um mikilsverðar auðlindir úr sameign í einkaeign skuli þau ekki samin með aðkomu stærri og margbreytilegri hóps. Samtökin telja að ekki sé hægt að „skilja vinnulagið við samningu frumvarpsins öðruvísi en svo að litið sé á að hagsmunaaðilar séu fyrst og fremst þeir sem séu líklegir til að gera vatn að verslunarvöru eða hafa eftirlit með stórfelldri nýtingu vatns. ... Þess vegna telja samtökin ekki einasta að niðurstaðan (frumvarpið) sé óréttlát, heldur hafi málsmeðferðin (ferlið við samningu frumvarpsins) verið óréttlát.“

Að lokum segir í greinargerð þessara fjölmörgu samtaka, með leyfi forseta:

„Því er augljóslega verið að byrja á röngum enda í lagasetningu og festa í sessi skipan sem er öndverð þeirri sem sett er fram í yfirlýsingu undirritaðra samtaka.

Undirrituð samtök telja því einsýnt að frumvarpið um vatnalög verði dregið til baka og að öll lög sem snerta vatn, hvort sem um er að ræða lög um vatnsveitur eða jarðrænar auðlindir verði tekin til heildstæðrar endurskoðunar, þar sem efni yfirlýsingarinnar „Vatn fyrir alla“, sé haft til hliðsjónar. Enn fremur lýsa samtökin þeirri skoðun sinni að óhjákvæmilega verði að leita til fleiri aðila við þá endurskoðun, en þeirra sem haft var samráð við um samningu frumvarpsins um vatnalög.“

Sama má segja um fleiri umsagnir, m.a. frá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun, en þar segir, með leyfi forseta:

„Líkt og iðnaðarnefnd er vel kunnugt hafa verið mjög skiptar skoðanir um nefnt frumvarp og Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun gerðu fjölmargar athugasemdir við fyrra frumvarp um sama efni er það var til umfjöllunar Alþingis á síðasta löggjafarþingi.

Við vinnslu fyrirliggjandi frumvarps virðist nefndin sem vann drögin ekki hafa sent þau út í því skyni að leita með formlegum hætti eftir viðbrögðum annarra aðila og taka rökstudda afstöðu til innsendra athugasemda sem lagðar yrðu fyrir ráðherra ásamt frumvarpinu.“ — Þetta er það sem Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun telja. — „Umhverfisstofnun vill reyndar halda því til haga að fulltrúi nefndarinnar leitaði óformlega til stofnunarinnar á sínum tíma um tiltekin atriði um almannarétt er snerta vatn. Umhverfisstofnun telur það verklag, sem því miður er ekkert einsdæmi, að nefndir skili frumvarpstexta til ráðherra án þess að hafa sjálfar leitað eftir viðbrögðum með formlegum hætti úti í samfélaginu, sé mjög vandmeðfarið. Slíkt á einkanlega við þegar verið er að leggja til breytingar á löggjöf sem kann að snerta eða skarast á við verkefni sem aðrir aðilar innan stjórnsýslunnar eru að sinna. Þegar þannig háttar, og eftir að frumvarpið hefur verið lagt fram, má reikna með að umræðan um efni þess fari eingöngu fram á Alþingi. Hætt er við að umræðan verði mun harðari en hún þyrfti að vera ef ekki er búið að ræða framkvæmda- og tækniatriði þess á fyrri stigum og sem flest sjónarmið liggja fyrir.“

Það hefur einmitt orðið raunin. Þrátt fyrir breytingar

sem gerðar voru að mati Umhverfisstofnunar frá fyrra þingi standa enn eftir mikilvæg atriði sem áður hafa verið rakin hér í ræðustól. Rétt er að nefna samt að þau minntust á að tryggt verði að almannaréttur veikist ekki og telji Alþingi að einungis sé um formbreytingu að ræða varðandi skilgreiningu á eignarhaldi og sé það ætlun þess að svo verði, telur Umhverfisstofnun að skilgreining sem byggir á orðalagi gildandi laga sé skýrara út frá sjónarmiði náttúrufræða og valdi minni óvissu á túlkun á almannarétti.

Það sem hins vegar skekkir myndina er að í frumvarpinu er um leið verið að skilgreina til hvers eignarrétturinn tekur, þ.e. til hvaða hluta vatns hann nær, enda segir í 2. gr. frumvarpsins:

„Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um."

Síðan segir í 4. gr.:

„Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur."

Þar virðist vera um verulega efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum þar sem segir í 2. gr.:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila." — Hagnýtingin sem sagt.

Í umsögn Landverndar segir:

„Það vekur athygli stjórnar Landverndar að frumvarpið beinist eingöngu að nýtingu vatns. Ekki er fjallað um varnir gegn mengun, hollustu, náttúruvernd, almannarétt og nýtingu lífrænna auðlinda, sem allt eru mikilvæg atriði sem taka verður mið af við hvers konar nýtingu vatnsréttinda."

Stjórn Landverndar telur að um grundvallarbreytingu frá núgildandi lögum sé að ræða.

„Stjórn Landverndar vill árétta það sem segir um vatn í sameiginlegri yfirlýsingu þjóðkirkjunnar og fjölmargra félagasamtaka, m.a. Landverndar:

„Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn.""

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands segir:

„Í umsögn um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum lagðist Náttúrufræðistofnun eindregið gegn þeirri fyrirætlun að skilgreina vatn (í hvaða formi sem er) sem jarðræna auðlind og fela umsjón þess iðnaðarráðuneyti og Orkustofnun. ...

Vatn er lífsnauðsynleg auðlind og arfleifð alls mannkyns og alls lífríkis á jörðinni. Þessi hugsjón er ráðandi í lagabálkum í nágrannalöndum okkar og kemur vel fram í vatnatilskipun ESB frá [árinu] 2000 sem segir efnislega að vatn sé ekki söluvara heldur sameiginlegur arfur mannkyns sem beri að varðveita, vernda og umgangast í samræmi við það. Nú er unnið að lögleiðingu vatnatilskipunar ESB hér á landi í heildstæðri löggjöf um vernd og nýtingu vatns. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að sértæk lög um eignarhald og umsýslu með vatni séu lögfest áður en fyrir liggur hvernig vatnatilskipunin verður innleidd.

Eignarrétti yfir vatni og öðrum jarðrænum auðlindum er gert hátt undir höfði í nefndum lagafrumvörpum. Nær væri, að mati Náttúrufræðistofnunar, að styrkja almannarétt gagnvart auðlindum landsins og þá sérstaklega gagnvart vatni í öllum þess formum (samanber t.d. ofangreint ákvæði í vatnatilskipun ESB og ákvæði 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar.)

Verði frumvarpið að lögum fær Orkustofnun umfangsmikið stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk með vatni sem eðlilegra væri að Umhverfisstofnun færi með samkvæmt áðurnefndri forgangsröð. ...

Enn fremur telur stofnunin rétt, í ljósi samfélagsumræðu um eignarhald á vatni annars vegar og almannarétt og náttúruvernd hins vegar, sem verið hefur frá því frumvarpið kom fram fyrst á Alþingi, að íhuga alvarlega að halda ákvæði um eignarhald/nýtingarrétt (2. gr.) óbreyttu frá því sem er í gildandi lögum, þ.e. efnislega: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila." Þetta orðalag hefur reynst farsælt í tímans rás og ekki ástæða til að breyta því „formsins" vegna."

Eins og margsinnis hefur komið fram í umræðunni er það skilningur stjórnarandstöðunnar og margra annarra hagsmunasamtaka, eins og hér hefur verið rakið, að í eldri lögum er um að ræða nýtingu á vatni en ekki eign, sem hægt er að nota sem verslunarvöru líkt og að mínu viti hefur orðið með kvótann. Það þjónar ekki almannahagsmunum að einhverjir örfáir aðilar geti eignast vatnið, vatnsauðlindina. Auður á fárra hendur er ekki stefna vinstri grænna. Ég tel að með frumvarpi þessu sé, eins og margoft hefur komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar, skref í þá átt að það geti gerst.

Það má teljast undarlegt að stjórnarliðar haldi því fram að einungis stjórnarandstöðunni þyki eitthvað athugavert við frumvarpið og skilji það á annan hátt en stjórnarliðar. Eins og ég hef rakið hér að ofan, og margir aðrir í þessum ræðustól, eru mjög margir sem láta sig málið skipta og eru á annarri skoðun en hæstv. ríkisstjórn. Vísun þeirra í að hægt sé að taka vatn eignarnámi, ef ekki semst, er öruggglega ekki það sem t.d. sveitarstjórnir vildu standa frammi fyrir ef ekki semst við landeigendur um nýtingu vatnsins. Í framtíðinni getur það nefnilega farið svo að sveitarfélögin þurfi að leita eftir vatni annars staðar en nú er, og ef greiða þarf hærri leigu til landeigenda en nú er, má gera ráð fyrir að sú hækkun yrði innheimt hjá íbúum þess sveitarfélags.

Við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs viljum að sjálfsögðu að frumvarpinu verði vísað frá. Það er meingallað að okkar áliti, sem og mjög margra annarra.

[15:14]

Útbýting:

Íslenska friðargæslan, 634. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 933.

[15:14]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég var búin að biðja um að hæstv. landbúnaðarráðherra yrði viðstaddur þessa umræðu.

(**Forseti** (DrH)**:** Forseti vill tilkynna að búið er að gera hæstv. landbúnaðarráðherra viðvart. Hann mun koma eins skjótt og hann getur.)

Ég vona, frú forseti, að hæstv. ráðherra hraði sér. En okkur er skammtaður tími til ræðuhalda og gert er ráð fyrir að við séum ekki mjög lengi í ræðustól.

Eðli málsins samkvæmt snertir frumvarp sem fjallar um vatn sennilega öll ráðuneyti landsins, án þess að ég hafi gert á því sérstaka skoðun. Vatn er efni sem kemur víðast hvar við athafnir okkar. Í þessu frumvarpi er örugglega hægt að sjá þess stað að málefnin sem um er fjallað komist á einhvern hátt í snertingu við mismunandi mörg ráðuneyti og á mismunandi hátt í gegnum vatnið eða fyrir tilstuðlan vatnsins. Þannig snertir það t.d. dóms- og kirkjumálaráðuneytið vegna þess að það er notað til skírnar, enda hefur kirkjan ályktað um vatn og vatnið er undirstaða lífs.

Í fljótu bragði hugsa ég að þetta frumvarp snerti ekkert ráðuneyti eins mikið og á eins marga vegu og landbúnaðarráðuneytið. Einmitt þess vegna hef ég óskað eftir að hæstv. ráðherra landbúnaðarmála yrði viðstaddur. Nú langar mig að spyrja aftur, virðulegi forseti, hvort langt sé í hæstv. ráðherra af því að það þjónar ekki miklum tilgangi að ég haldi ræðu mína um það málefnið sem ég ætlaði að skiptast á skoðunum við hæstv. ráðherra um.

(**Forseti** (DrH)**:** Forseti hefur ítrekað gert hæstv. ráðherra viðvart og hefur aftur og enn gert tilraun til að fá hann hingað til fundar. En það er spurning hvort hv. þingmaður vill ekki hleypa öðrum ræðumanni í stólinn til að liðka fyrir. Þá mundi ég gefa hv. 8. þm. Norðvest., Jóni Bjarnasyni, orðið, ef hv. þingmaður vill þiggja það.)

Frú forseti. Ég þakka fyrir og þigg það með þökkum ef hv. þm. Jón Bjarnason er tilbúinn til að halda ræðu sína.

(**Forseti** (DrH)**:** Það er tillaga forseta að hv. þingmaður víki úr ræðustól í bili og hv. þm. Jón Bjarnason taki til máls.)

Ég þigg það með þökkum, virðulegi forseti.

[15:19]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Nú er komið að lokum þessarar umræðu um frumvarp til vatnalaga sem staðið hefur drjúgan tíma, eitt umdeildasta mál sem komið hefur inn á þingið í vetur enda snertir það grundvallaratriði. Það snýst um grundvallarafstöðu til stöðu vatns, hvort vatn skuli lúta einkaeignarákvæðum, hvort auðlindin vatn geti orðið einkaeign og orðið að markaðsvöru sem slík eða hvort hitt verði ofan á, sjónarmið þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um að auðlindin vatn sé sameign okkar allra og nýtingarréttur til ákveðinna þátta sé tilgreindur í lögum eða reglum. Um þetta snýst málið.

Málið snerist einnig um þetta þegar vatnalögin voru sett árið 1923. Þá bar þáverandi þing gæfu til þess að setja niður nefnd þingmanna sem fór yfir hin ólíku sjónarmið sem þar tókust á og komst að sameiginlegri niðurstöðu, vatnalögum sem síðan hafa gilt og staðist vel. Þau tóku einmitt á þessu atriði, sem hér hefur verið harðast deilt um.

Nú er unnið allt öðruvísi, fengnir verktakar úti í bæ til að semja drög, semja frumvarp til vatnalaga samkvæmt þeim verklýsingum sem þessi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks setur. Ríkisstjórnin hefur einkavæðingu á almannafyrirtækjum, almannaþjónustu og almannaauðlindum fyrst og fremst á sinni dagskrá. Við þekkjum einkavæðingu og sölu Símans og áformin um hlutafélagavæðingu Rariks, sem er undirbúningur undir einkavæðingu þess fyrirtækis. Við þekkjum umræðuna um löngunina til þess að einkavæða raforkukerfið. Við þekkjum þetta allt og núna er það vatnið.

Frú forseti. Það var mikið gæfuspor og hald í því þegar í lög um stjórn fiskveiða voru sett, lög nr. 38/1990, í 1. gr., með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Þetta báru menn gæfu til að setja inn í lögin um stjórn fiskveiða, að nytjastofnar á Íslandsmiðum skyldu vera sameign íslensku þjóðarinnar.

Við þekkjum slaginn sem staðið hefur og harðan ágang útgerðaraðila, þeirra sem hafa fengið úthlutað veiðiheimildum, á að fá að slá eign sinni á þetta til frambúðar, að nytjastofnar á Íslandsmiðum verði séreign. En sem betur fer stendur þetta í þessum lögum. Ég velti fyrir mér, þegar ég heyri málflutning þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem berjast sem harðast fyrir þessu í raun, á bak við Framsóknarflokkinn sem er bara beitt fyrir kerruna, en þeir segja: Við krefjumst einkaeignarréttar á vatni. Þeir tala um þjóðnýtingu o.s.frv. ef eitthvað annað kemur til umræðu. Vilja þeir afnema ákvæðið í lögunum um stjórn fiskveiða, um að nytjastofnar á Íslandsmiðum skuli vera sameign íslensku þjóðarinnar? Er það vilji þessara þingmanna að afnema það? Það væri væntanlega í takt við málflutning þeirra.

Ég hefði viljað að við bærum gæfu til að setja í 1. gr. vatnalaga, þessara umdeildu vatnalaga sem vonandi verða aldrei að lögum, ákvæði um að vatnsauðlindin, auðlindin vatn, væri sameign íslensku þjóðarinnar eins og við höfðum vit á að segja það um nytjastofna á Íslandsmiðum. Hefði meiri hlutinn borið gæfu til þess, svo gæfulaus sem hann er, að segja að markmið laga um vatn væri að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þess. En verndarsjónarmið varðandi vatn er hvergi að finna í frumvarpi til vatnalaga, hvergi.

Frú forseti. Auk þessa er með þessu lagafrumvarpi reynt að skerða almannaréttindi og rétt ýmissa atvinnugreina, t.d. landbúnaðar. Landbúnaður nýtur samkvæmt gömlu vatnalögunum víðtækra réttinda til aðgangs að vatni, ekki bara til búfjárræktar og kvikfjárræktar eins og stendur í þessu frumvarpi heldur einnig til almennrar jarðræktar, til garðyrkju o.s.frv. Þetta er numið á brott. Auk þess eru heilir kaflar í frumvarpinu sem hingað til hafa heyrt undir landbúnaðarráðherra en eru nú færðir undir iðnaðarráðherra. Þannig er gengið á almannaréttinn.

Frú forseti. Það var mikið lán og fagnaðarefni að stjórn-

arandstöðunni tókst að knýja fram að gildistöku þessara ólánslaga eða frumvarps sem er hér að koma til lokaafgreiðslu skyldi frestað fram yfir næstu kosningar. Þá gefst þjóðinni tækifæri til að segja skoðun sína á þessu máli og hvort hún vill einkavæða vatnið. Það er hægt að afnema þessi lög fyrir haustið 2007 og það skulum við gera.

[15:26]

Anna Kristín Gunnarsdóttir (frh.)**:**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þá tillitssemi sem mér og hæstv. landbúnaðarráðherra var sýnd áðan með því að leyfa mér að halda áfram ræðu minni eftir að hann væri kominn í salinn. En nú ber svo við að hæstv. landbúnaðarráðherra er horfinn á ný. Mér þætti vænt um ef þess væri farið á leit við ráðherra, sem ég vona að finnist einhvers staðar í nágrenninu, að hann komi hingað í salinn og hlýði á mál mitt.

Það var reyndar athyglisvert, frú forseti, að um leið og hæstv. landbúnaðarráðherra gekk í salinn spratt hæstv. iðnaðarráðherra úr sæti sínu og hvarf á braut og hefur ekki sést síðan. Ég veit ekki hvað það táknar. Hér kemur hæstv. iðnaðarráðherra og það er gott. Það væri ágætt ef báðir hæstv. ráðherrar yrðu hér til þess að hlýða á mál mitt því að það snýr að þeim báðum. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur farið lengri bæjarleið sýnist mér.

(**Forseti** (DrH)**:** Forseti tilkynnir að ráðherra er að ganga í salinn.)

Hann gengur nú í hliðarsal, takk fyrir, og hef ég þá ræðu mína.

Ég hóf ræðu mína á því áðan, virðulegur forseti, að segja að sennilega geti maður fundið snertifleti við þetta frumvarp til vatnalaga og ýmsum málefnum hjá öllum ráðuneytum Íslands. Vatn er þess eðlis að það snertir bókstaflega alla hluti. Ég held að sennilega komi ekkert ráðuneytanna jafnvíða við sögu í þessu frumvarpi og landbúnaðarráðuneytið. Stærstur hluti Íslands er jú dreifbýli, sveitir sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Vatn er undirstaða atvinnulífs í sveitum, ekki einungis til forna, eins og þeir sem semja frumvarpið hafa kosið að hafa til viðmiðunar, heldur og fyrir nýjar atvinnugreinar sem komið hefur verið upp til sveita og verða örugglega undirstaða atvinnulífs í sveitum í framtíðinni.

Ég held þó, virðulegur forseti, að í þessu frumvarpi séu dæmi um að seilst sé í verkefni sem heyrir beint undir tiltekinn ráðherra, þ.e. annan ráðherra en þetta tiltekna lagafrumvarp er lagt fram af. (**MÁ:** Lætur hann stela þessu frá sér.) Þar á ég að sjálfsögðu við 22. gr. sem kveður á um varnir gegn landbroti, þ.e. þar heitir það breytingar á vatnsfarvegi. Þessi grein er að hluta til samhljóða 14. gr. sem kveður líka á um varnir, en þar er þó ekki jafngróflega farið inn á verkefni Landgræðslu ríkisins sem heyrir undir hæstv. landbúnaðarráðherra.

Ég bað hæstv. landbúnaðarráðherra að vera viðstaddan þar sem ég vonaðist eftir því að hann tjáði okkur skoðun sína á háttalagi hæstv. iðnaðarráðherra. Ég velti fyrir mér hvort hæstv. landbúnaðarráðherra hefði afhent hæstv. iðnaðarráðherra ákveðin verkefni sem undir landbúnaðarráðuneyti falla samkvæmt núgildandi lögum og hvort meira sé í farvatninu af slíkri afhendingu eða yfirfærslu á verkefnum?

Það er ekki einungis að hæstv. iðnaðarráðherra seilist í tiltekin verkefni heldur er óvarlega farið að. Í lögum nr. 91/2002, lögum um varnir gegn landbroti, er ítarlega og vel farið að lagasetningunni. Þar er er kveðið á um tilgang, skilgreiningar, yfirstjórn og framkvæmd. Varðandi framkvæmdina er t.d. kveðið skýrt á um samráð við mismunandi aðila. Það er ekki að ófyrirsynju. Þegar krukkað er í vötn eða árfarvegi, eins og oftast er í slíkum tilfellum, geta verið ríkir hagsmunir í húfi, t.d. hagsmunir lax- og silungsveiðimanna. Í lögum um varnir gegn landbroti er jafnframt kveðið á um að samráð skuli haft við landeigendur og veiðifélög og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir ef svo ber undir. Einnig er kveðið á um bætur ef tjón verður og einnig hvert vísa eigi ágreiningsmálum ef þau koma upp. En ekkert slíkt er fyrir hendi í frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra til vatnalaga. Í 22. gr. er einungis heimildarákvæði til fasteignareiganda um að breyta vatnsfarvegi, punktur og basta. Í síðustu málsgrein sömu greinar er síðan kveðið á um að ráðherra beri beinlínis að ráðast í framkvæmdir en hvort tveggja er gert án nokkurs fyrirvara um samráð.

Í sömu grein, þ.e. í 22 gr. segir síðan, með leyfi forseta: „Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati ...“ Það hlýtur líka að vekja upp spurningar. Það er væntanlega munur á bótum fyrir hugsanlegan skaða af eignarnámi, en í lögum nr. 91/2002 segir að greiða skuli „skaðabætur í samræmi við lög og almennar venjur.“

Þetta finnst mér alvarlegasta atriðið í lögunum hvað varðar landbúnaðarráðuneytið. Mér finnst að hæstv. landbúnaðarráðherra verði að fá tækifæri til að skýra frá áliti sínu á þessu máli. Lagafrumvarp hæstv. iðnaðarráðherra fer reyndar einnig í bága við ábúðarlög og jarðalög, t.d. 11. gr. ábúðarlaga sem kveður á um réttindi og skyldur ábúenda. Skilgreiningarnar í ábúðarlögum og jarðalögum eru ekki samhljóma þeim sem eru í þessu lagafrumvarpi. Þó veit ég að leitast var við því við gerð þeirra tvennu laga sem ég hef vísað til, að samræma skilgreiningar öðrum lögum. En sú vinna hefur ekki verið unnin í þessu lagafrumvarpi, nema að vísvitandi eigi að reyna að skerða möguleika fólks úti á landsbyggðinni, sem getur mjög vel verið.

Eiginlega hlýtur það að vera ætlun hæstv. ráðherra, að skerða möguleika fólks úti á landsbyggðinni til atvinnurekstrar. Komið hafa ábendingar frá fjölmörgum aðilum sem bent hafa á hvernig betur mætti fara í þessu efni en það hefur ekki verið tekið tillit til þeirra frekar en annarra réttmætra ábendinga um úrbætur.

Ég vænti þess að hæstv. landbúnaðarráðherra tjái okkur hv. þingmönnum hug sinn til þeirra breytinga sem hæstv. iðnaðarráðherra leggur til að Alþingi samþykki, jafnframt hvort það hafi verið gert með vilja hæstv. landbúnaðarráðherra og hvort fleira er í farvatninu af þessu tagi?

[15:35]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er einfalt að greina frá því en ég hygg að það hafi bæði komið þeim er hér stendur og iðnaðarráðherra, sem og kannski ríkisstjórn og stjórnarflokkunum, á óvart — ég verð að játa það — þetta atriði hvað varðar bæði 14. og 22. gr. frumvarpsins. Hvorki ég né ráðuneyti

mitt áttaði sig á að þau ákvæði væru með þessum hætti því að allar leyfisveitingar samkvæmt þeim greinum heyra undir landbúnaðarráðherra í dag og munu áfram heyra undir hann þar til þessi nýju lög taka gildi.

Þegar ég áttaði mig á þessu í gær skoðaði ég hvort hægt væri að breyta þessu í meðförum þingsins strax svo það lægi fyrir eins og það er í dag og markað með reglugerð um Stjórnarráðs Íslands. En stjórn og stjórnarandstaða höfðu gert víðtækt samkomulag um afgreiðslu þessa máls og stjórnarflokkarnir töldu að með því að flytja breytingartillögu ofan í það yrði því samkomulagi raskað. Þó hef ég heyrt á göngum þingsins að stjórnarandstæðingar væru tilbúnir að ljá þessu máli lið og kippa því í liðinn strax.

En málið er auðvitað ekki farið frá mér. Ég er þeirrar skoðunar að þetta eigi að heyra undir landbúnaðarráðherra. Þetta snýr, eins og kom fram í máli hv. þingmanns, að vörnum gegn landbroti og landgræðslu, og eins að breytingu á farvegi út af lax- og silungsveiðilöggjöf. Ég lít því svo á að eitt af verkefnum nefndarinnar sem skipuð verður verði að endurskoða þetta og færa það aftur, eða að lögunum verði ekki breytt og standi eins og þau eru. Menn vildu ekki raska samkomulaginu í gær og hreyfa við því með (Forseti hringir.) breytingartillögum því að samkomulag er samkomulag. Það ber allt að virða.

[15:38]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra landbúnaðarmála hefur upplýst okkur um að hæstv. iðnaðarráðherra hafi gert ein augljós og stór mistök við þessa lagagerð. Að mínu mati lýsir það lagagerðinni í heild. Þau eru ein stór mistök.

Hæstv. ráðherra reyndar upplýsti okkur ekki alveg um hvernig hann ætlaði að fara að. Má búast við breytingartillögu frá honum á næsta þingi? Eða reiknar hann með að nefndin sem skipuð verður komi fram með breytingartillögu? Mig langar líka til að vita hvort það er samkomulag á milli hæstv. landbúnaðarráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra um þetta efni.

Er það ásetningur hæstv. iðnaðarráðherra að halda þessu inni í lagabálki sínum? Gerir hæstv. ráðherra sér grein fyrir að hún er með þessari lagagrein að seilast inn á verksvið landbúnaðarráðuneytisins?

Mig langar líka að biðja hæstv. landbúnaðarráðherra að tjá sig um þá þröngu skilgreiningu á búsþörfum í frumvarpi til vatnalaga. Það veldur mér áhyggjum. Það veldur mér líka áhyggjum hvernig heimilisþarfir eru skilgreindar. Þær eru mjög þröngt skilgreindar og það getur komið niður á atvinnulífi í sveitum, t.d. þegar um er að ræða uppeldisstofnanir sem eru talsvert víða í sveitum. Er hæstv. ráðherra sáttur við þær skilgreiningar eins og þær líta út?

[15:40]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eiginlega makalaust hjá hv. þingmanni að halda því fram að iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafi gert stór mistök. Þetta er frumvarpið og þetta kom mér á óvart og fleiri ráðherrum. Þetta er bara stjórnarfrumvarp og þessi ákvæði eru þarna inni.

Ég ber ábyrgð á því að hafa ekki greint þau þegar ríkisstjórnin lagði frumvarpið fram og minn þingflokkur. Þannig er engan við að sakast en mig í þeim efnum. Það þýðir ekki að búa til sök á einn ráðherra í þeim efnum. Þetta stendur svona en ég trúi að vilji sé til að leiðrétta málið á seinni stigum og kannski fyrr en síðar. Enda er eðlilegt að þetta heyri undir landbúnaðarráðherra, Landgræðsluna o.s.frv.

En ég frábið mér að finna sökudólg í þessu máli. Ég ber ábyrgðina að miklu leyti sjálfur, að hafa ekki tekið eftir málinu. Að það skyldi aldrei hafa komið upp í störfum nefndarinnar fannst mér einnig dálítið merkilegt, eftir á að hyggja.

En þetta var bara niðurstaðan. Menn höfðu gert þetta samkomulag og lögin taka ekki gildi strax (Gripið fram í.) að okkur gefst tími til að fara yfir þennan þátt málsins og annan.

Hins vegar vekur það athygli mína hvað umræðan um vatnið hefur tekið gríðarlegan tíma. Menn hafa talað lengi og mikið um auðlind Íslendinga, sem við eigum saman og höfum átt saman í þúsund ár. Vatnið kemur að ofan, vatninu rignir, vatnið fer frá bæ til bæjar. Lækir fossa af brún. Vatnið er, eins og ég sagði fyrr í dag, frjálst og Íslendinga mun aldrei skorta vatn. Það er sterkasta auðlind Íslendinga og íslenska þjóðin á öll rétt á því vatni sem hún þarf. Það þarf enginn að hafa áhyggjur. Enda sagði hv. þm. Össur Skarphéðinsson í dag að fólk mundi ekkert finna fyrir þessum breytingum og hann er (Forseti hringir.) reyndasti og einn greindasti maður Samfylkingarinnar.

[15:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það var fallegt af hæstv. landbúnaðarráðherra að taka á sig sök, eða kannski væri réttara að kalla það mistök annarra ráðherra í ríkisstjórninni. Eða voru þetta mistök þeirra sem unnu frumvarpið og í hefur verið vitnað sem óskeikula engla við framlagningu málsins og í umræðunni um það?

Ég skil vel að jafndrenglyndur maður og hv. þingmaður og ráðherra, Guðni Ágústsson, skuli taka þetta á sig til að forða frekari vandræðum í málinu. Samt sem áður, hæstv. forseti, sýna mistökin að frumvarpið er engan veginn í þeim búningi sem hér hefur verið haldið fram. Stjórnarliðar hafa haldið því fram að málið sé vel unnið, vandað frumvarp og einungis um formbreytingu að ræða. Það átti engin sérstök áhrif að hafa, breytti engu um réttarstöðu o.s.frv.

Við lokaumræðu þessa máls er upplýst að menn hafa ekki staðið betur vaktina en svo að samkvæmt frumvarpinu færist vald á milli ráðuneyta, þ.e. varðandi árfarvegi, landbrot o.s.frv. Einnig er alveg ljóst að frumvarpið um vatnið mun skarast við lög um lax- og silungsveiði. Því er ekki vanþörf á, hæstv. forseti, að við í stjórnarandstöðunni gerum ykkur þann greiða að bjarga þessu máli fyrir horn með því að færa gildistímann aftur fyrir alþingiskosningar og setja nefnd í málið til að lagfæra málið í heild sinni. Það er samt sem áður ekki aðalatriði málsins.

Aðalatriðið snýr að almannarétti í þessu landi, þ.e. að horfa til auðlinda Íslands með það fyrir augum að reyna að tryggja þjóðinni í heild sem mestan rétt til auðlindanna án þess þó að eyðileggja nýtingarrétt fólks sem á jarðir eða koma í veg fyrir að landeigendur geti, eins og verið hefur,

nýtt vatn sem um land þeirra rennur o.s.frv. Þetta er sama hugsunin og sett var inn í lögin um stjórn fiskveiða, þegar tekið var fram að fiskstofnar á Íslandsmiðum væru sameign íslensku þjóðarinnar. Tilgangurinn með setningu þeirra laga var, þótt við getum deilt um hvort árangur hafi náðst, að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu og viðhalda náttúruauðlindinni sem fiskurinn í sjónum er til allrar framtíðar fyrir þjóðina og búsetu fólks í landinu. Þetta er auðvitað meginefni málsins og þess vegna tel ég að það hafi verið skynsamlegt hjá þinginu að taka þetta mál úr þeim farvegi sem það var í, um það höfðu í marga daga staðið hörkudeilur sem sýnilega hefðu haldið áfram. Það var skynsamlegt að gera þessa sátt um að gildistímaákvæði þessara laga kæmu eigi til framkvæmda fyrr en 1. nóvember 2007, þ.e. þegar nýtt Alþingi hefði komið saman eftir alþingiskosningar.

Það er ljóst, hæstv. forseti, að um áhersluatriði sem snúa að almannarétti og almannahagsmunum að því er varðar auðlindir sjávar og aðrar sameiginlegar auðlindir, sem tryggja þarf að lágmarksaðgang og festu fyrir alþýðu manna, verður auðvitað kosið í næstu alþingiskosningum. Það fer ekki á milli mála, hæstv. forseti. Mönnum kann að takast að lagfæra vatnalöggjöfina í nefndinni sem á að vinna að því máli að koma nýjum vatnalögum, sem ganga í gildi 1. nóvember 2007, til betri vegar auk þess að samræma þau öðrum lögum um verndun vatns, jarðrænar auðlindir o.s.frv. Hér hafa verið nefnd lög sem heyrt hafa undir landbúnaðarráðuneytið, um varnir gegn landbroti og lög um lax- og silungsveiði.

Ég vil einnig minna á að bændur við strendur landsins hafa löngum sótt eftir viðurkenningu á þeim rétti að þeir hefðu frjálsan aðgang að fiskveiðum frá jörðum sínum. Sá réttur finnst þeim hafa verið af þeim tekinn með setningu laganna um stjórn fiskveiða á sínum tíma. Það er réttur sem þeir sækja á að verði viðurkenndur og ég tel að þeir ættu að hafa.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frumvarp við lok umræðunnar. Við erum búin að tala í marga daga og bráðum tvær vikur sem við höfum eingöngu haft þetta mál til umfjöllunar á Alþingi. Ég vil að lokum segja, hæstv. forseti, að það var skynsamleg niðurstaða hjá stjórnarandstöðunni að semja við ríkisstjórnarflokkana um þessa málsmeðferð þannig að menn kæmust til nýrra verka. Vonandi berum við gæfu til þess, það sem eftir er af þessu þingi, að vanda betur til verka en gert var varðandi vatnalög. Vonandi mun löggjöfin sem við munum fjalla um á komandi vikum og sem eftir lifir af þessu þingi verða betur úr garði gerð heldur en frumvarpið sem við ræðum um hér.

Hins vegar er ljóst, hæstv. forseti, að inn í þingið koma mál sem verða umdeild. Það er langur vegur frá því að allar deilur séu settar niður á þessu þingi með því að koma þessu máli í ákveðinn farveg utan þings, í nefndarstarf til endurskoðunar og vonandi til betrumbóta. Hér eiga auðvitað eftir að koma til umræðu mál sem geta valdið hörkudeilum og munu örugglega gera það.

Hæstv. forseti. Ég vona svo að niðurstaðan sem hér hefur fengist, um að fresta gildistöku þessara laga, verði til gæfu fyrir þjóðina varðandi þessa lagasetningu alla og niðurstaða nefndarstarfsins verði sú að réttur almennings verði virtur og nýtingarréttinum sett skynsamleg takmörk.

[Fundarhlé. — 15:52]

[16:08]

Útbýting:

Stækkun hjúkrunarheimilisins Sóltúns, 635. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 934.

Þjónusta á öldrunarstofnunum, 636. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 935.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:09]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Lok þessa máls eru að mörgu leyti athyglisverð. Nú erum við komin að lokaafgreiðslu málsins við 3. umr. Leiðangurinn sem menn eru í er að gera allt vatn á Íslandi að séreign í stað þess að hafa afmörkuð réttindi eins og verið hefur í vatnalögum fram að þessu.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa fallist á að þessi lög taki ekki gildi fyrr en eftir næstu kosningar og einnig að sett verði nefnd til að fara yfir málið. Það er ástæða til að þakka stjórnarandstöðunni fyrir að hafa komið í veg fyrir eitthvað af þeim slysum sem í stefnir. Hæstv. landbúnaðarráðherra kom í ræðustól rétt áðan og sagði okkur frá því að í 14. gr. þessa frumvarps og 22. gr. væru stórhættuleg ákvæði sem þyrfti að breyta, verið væri að færa vald frá landbúnaðarráðuneytinu til iðnaðarráðuneytisins. Þetta sagði hæstv. landbúnaðarráðherra og gat þess að þetta yrði verkefni fyrir nefndina sem stjórnarandstaðan hafði í gegn að sett yrði á laggirnar. Þetta segir sitt um málið.

Við sátum lengi yfir málinu í iðnaðarnefnd. Við vissum af þessum breytingum, þessum gríðarlegu flutningum á valdi til hæstv. iðnaðarráðherra. Orkustofnun er alltumlykjandi í þessu lagafrumvarpi en hæstv. landbúnaðarráðherra virðist vakna upp við vondan draum við lokaafgreiðslu málsins. Þetta segir dálítið um það hvað er hér á ferðinni.

Á ferðinni er eðlisbreyting sem menn hafa ekki skoðað til enda hvernig muni virka. Nú hvet ég alla framsóknarmenn, sem hafa haft það í langan tíma á stefnuskrá sinni að vera einhvers konar félagshyggjuflokkur á miðjunni, að taka nú völdin af frjálshyggjuleiðtogum sínum þremur, (**Gripið fram í:** Taka til fótanna.) taka til fótanna, flytja sig og ræða t.d. við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson um það hvaða leiðir séu í stöðunni og velta fyrir sér framtíðinni.

Í alvöru talað (Gripið fram í.) þá óska ég eindregið eftir því að menn velti fyrir sér hvort ekki eigi að leita samstöðu um meðferð auðlinda á Íslandi og ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar með glæsibrag þar sem menn hafa gengið saman að því verkefni. Það er eitthvert stærsta verkefni í íslenskri pólitík á síðustu árum, að ljúka þeirri endurskoðun og sjá til að eðlilega sé farið með auðlindir þjóðarinnar.

[16:12]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari atkvæðagreiðslu, sem fyrirsjáanlegt er hvernig fer, hefst nýr kapítuli í baráttunni um vatnið. Þeim kafla lýkur með alþingiskosningunum árið

2007. Þá verður kosið um hvort halda eigi áfram á leiðinni sem ríkisstjórnin hefur markað, að einkavæða allar auðlindir til lands og sjávar.

Þetta frumvarp lýtur að einni auðlind sérstaklega, og ekki hinni ómerkustu, vatninu. Með þessu frumvarpi er búið í haginn fyrir einkavæðingu á vatni. Baráttunni um vatnið er ekki lokið.

[16:13]

Sigurður Kári Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Nú munum við samþykkja frumvarp til nýrra vatnalaga sem leysa mun rúmlega 80 ára gömul vatnalög af hólmi, sem að sínu leyti hafa reynst okkur vel. Þó hefur reynst nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á vatnalögum vegna nýrrar tækni og þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa frá því að gömlu vatnalögin voru sett. Frumvarpið sem við greiðum nú atkvæði um færir stjórnsýslu, leyfisveitingar, reglur um eignarnám og fleira til nútímans. Þær svara kalli nútímans.

Menn hafa fjallað um að með þessum lögum sé réttur almennings til að fá sér vatn fyrir borð borinn. Auðvitað er þetta ekki rétt. Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið skýrt á um að vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gangi fyrir annarri vatnsnýtingu. Það mætti að sönnu kalla þessa grein „vatn fyrir alla" vegna þess að þetta frumvarp til vatnalaga tryggir vatn fyrir alla, öfugt við það sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram í þessu máli. (**Gripið fram í:** Gegn hvaða verði?)

Menn hafa líka haldið því fram að hér sé um einkavæðingu vatns að ræða. Stór orð hafa verið látin falla gegn slíkri einkavæðingu. Ég mótmæli því að við séum að einkavæða vatnið. Hafi einkavæðing á vatni einhvern tímann farið fram gerðist það árið 1923 og andstæðingar þessa frumvarps, hv. þingmenn, eru því töluvert seint á ferðinni við að halda uppi mótmælum sínum gegn slíkri einkavæðingu, ef svo má kalla.

Um það tókst víðtæk sátt árið 1923 að tryggja landeigendum eignarrétt yfir vatni og vatnsréttindum, og sá réttur (Gripið fram í.) hefur verið túlkaður í dómum Hæstaréttar með þeim hætti allt frá þeim tíma. Ég nefni dóma frá 1955 og 1963 því til stuðnings. (Gripið fram í.) Um þetta hefur verið samstaða hjá öllum okkar helstu fræðimönnum á síðustu öld í eignarrétti og allir lögfræðingar sem vilja láta taka mark á sér taka undir þann skilning.

Við sem stöndum að þessu frumvarpi munum standa vörð um réttindi landeigenda sem þeim voru tryggð árið 1923. Stjórnarandstaðan vill hins vegar gera réttindi landeigenda, sem þeim voru þá tryggð, upptæk. Sjálfstæðisflokkurinn mun ekki standa að slíkri aðför gegn (Forseti hringir.) landeigendum, þar á meðal bændum þessa lands. Því munum við greiða þessu frumvarpi atkvæði okkar.

[16:16]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Nú er komið að næstsíðasta blóðdropanum. Hún er náttúrlega hálffarsakennd, sú fullyrðing síðasta ræðumanns, hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, að nú væri verið að fara að samþykkja frumvarp um ný lög sem mundu leysa af hólmi gömlu vatnalögin frá 1923. Þetta er ekki rétt. Þessi lög eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. nóvember árið 2007 og ég er alveg sannfærður um að það verður búið að breyta þeim áður en sá dagur rennur upp. Við sáum það bara síðast áðan að hæstv. landbúnaðarráðherra lét sig falla á sverðið, ef svo má segja, og tók á sig sökina fyrir hæstv. iðnaðarráðherra, benti á augljósar mjög alvarlegar gloppur í þessu frumvarpi sem nú á að fara að samþykkja.

Þær eru fleiri, gloppurnar í frumvarpinu. Þess vegna er ég sannfærður um það, eins og ég segi, að þessum lögum verður breytt. Ég minni líka á að hér verða kosningar næsta vor og eftir þær kosningar mun mjög sennilega, og alveg örugglega vil ég segja, taka við ný ríkisstjórn. Sú ríkisstjórn mun breyta þessum lögum.

Það sem hefur gerst undanfarið er að hér hefur verið háð mjög snörp orrusta um grundvallarspurningar varðandi auðlindanýtingu í landinu. Ég sjálfur verð að segja það að ég fagna þeirri niðurstöðu sem hér hefur náðst. Hún er nokkurn veginn í samræmi við það sem ég lagði til hvað eftir annað í þessum átökum. Ég vildi reyndar að þessu frumvarpi yrði vísað frá, að nefnd yrði skipuð og að við fengjum síðan nýtt frumvarp næsta haust. Ég get alveg tekið undir þau sjónarmið að á margan hátt þurfi að endurskoða gömlu lögin frá 1923 þó að þau hafi líka að mörgu leyti gagnast okkur vel. Það verður sem sagt skipuð nefnd og hún mun taka þetta allt saman til endurskoðunar og ég er, eins og ég segi, sannfærður um að þessum lögum mun verða breytt. Ég er líka sannfærður um að þeim verður breytt til betri vegar. En nú hefur þessi niðurstaða náðst, þetta frumvarp verður núna samþykkt, að sjálfsögðu án þess að stjórnarandstaðan greiði því atkvæði sitt. Hún er einörð og samstæð á móti (Gripið fram í.) en það sem mun nú gerast er að við leggjum þetta mál í dóm þjóðarinnar. Það er þjóðin sjálf sem mun kveða upp sinn úrskurð í þessu máli og öðrum málum varðandi nýtingu á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Það mun gerast næsta vor og að sjálfsögðu verður þetta eitt af stóru kosningamálunum þá, vissulega vatnið en líka aðrar auðlindir þjóðarinnar.

[16:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu og það er gott vegna þess að stjórnarandstaðan hefur sjaldan eða aldrei gengið eins langt í að skrumskæla mál og reyna að villa mönnum sýn eins og í þessu máli. (**Gripið fram í:** Ja. Ja.) Málflutningur hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar hefur verið sá að frumvarpið gangi út á það að skerða aðgang að vatni. Þau slá um sig með klisjum eins og „vatn fyrir alla" og fólki er talin trú um að ríkisstjórnin, og þá sennilega (Gripið fram í.) sérstaklega iðnaðarráðherra, muni hafa það hlutverk að skrúfa fyrir vatn til landsmanna.

Það er augljóst að Íslendingar þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að búa við vatnsskort, svo mikið er víst. Þetta frumvarp breytir engu um það. Það sem er hins vegar umhugsunarefni er það hvernig öll stjórnarandstaðan hefur gert hv. þm. Ögmund Jónasson að leiðtoga lífs síns. (**Gripið fram í:** Góður leiðtogi.) Hann á sér ýmsa hatta sem hann getur notað eftir því hvernig vindar blása og hver málefnin eru sem uppi eru hverju sinni. Með ákveðinn hatt á höfði

heldur hann ráðstefnur og fær t.d. erlenda fyrirlesara til landsins sem hann velur að sjálfsögðu sjálfur með tilliti til skoðana. Hv. þingmenn hafa reynt að setja þetta mál í ýmiss konar samhengi, m.a. það að vatn sé uppspretta lífs, eins og að ríkisstjórnin sé á móti lífi á jörðinni.

Það hefur verið talað um mannréttindi. Ekki ætla ég að gera lítið úr því að það er mikill skortur á aðgangi að vatni í ýmsum þróunarlöndum og ríkar þjóðir þurfa að leggja sig enn frekar fram um að bæta úr í þeim efnum. Það hefur hins vegar ekkert með þetta frumvarp að gera. Það sem e.t.v. hefur ekki komið nægilega vel fram í þessari umræðu er það að einkaeignarréttur á vatni verður ekki tekinn af fasteignareigendum án bóta. Stjórnarandstaðan hefur á þeim um það bil 50 klukkustundum sem þessi umræða hefur staðið aldrei komið inn á það hvað það muni kosta ríkissjóð að kaupa þessa eign af landeigendum, fasteignareigendum. Samt hef ég heyrt stjórnarandstæðing segja að eignarrétturinn sé friðhelgur.

Hæstv. forseti. Að síðustu vil ég segja, og verða það mín síðustu orð um þetta frumvarp, að hér er um formbreytingu að ræða, ekki efnisbreytingu. Almannaréttur er ekki skertur. Ef skilgreiningin „einkavæðing á vatni" á við um þetta efni átti hún sér stað árið 1923.

Frv. samþ. með 26:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SKK, SÞorg, SF, SæS, VS.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, GAK, GÖg, ISG, JÁ, JBjarn, JKÓ, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GHj, HHj, JóhS, JGunn, KHG, LB, MS, MF, SAÞ, SigurjÞ, SP, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:23]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hér erum við að greiða að lokum atkvæði um vatnalög sem eru lokatörnin í þessum lögum í frjálshyggju- og einkavæðingarleiðangri Framsóknarflokksins sem er á fullri ferð í þessu frumvarpi. Hér er verið að einkavæða vatnið, svo sannarlega, þó svo að hæstv. iðnaðarráðherra reyni að telja fólki trú um annað. Þetta er auðvitað efnisbreyting á þeim gömlu lögum sem eru í gildi, alveg sama þó að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins tali um 15. gr. o.s.frv.

Við gildistöku þessara laga, sem verður vonandi aldrei, þurfum við að fara að greiða fyrir vatnið. Gjaldfrjálsum nýtingarrétti landsmanna lýkur ef þessi lög taka einhvern tíma gildi. Hann er numinn brott af framsóknarmönnum, ýtt áfram af einkaframtakinu í Sjálfstæðisflokknum sem vill fjárfesta í vatni. Hér hefur Framsóknarflokkurinn verið á þessari einkavæðingarleið. Sjálfstæðisflokkurinn er mjög ánægður með samstarfsflokkinn á þessari leið. Ég er óánægður með hann og þess vegna segi ég nei.

[16:24]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Vatn er félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði og undirstaða alls lífs á jörðinni. Það á því ekki að vera verslunarvara. (**Gripið fram í:** ? mannréttindi.) Vatn er mannréttindi sem okkur ber að virða og við erum aðilar að samþykktum Sameinuðu þjóðanna hvað það varðar. Hér er verið að leggja allt annað til. Hér er verið að undirbúa lagaumgjörð fyrir einkavæðingu á auðlindinni vatni. Þessu er ég andvígur.

Þegar hafa komið fram miklar brotalamir á þessari lagasmíð. Hér er verið að flytja málaflokka frá landbúnaðarráðuneytinu til iðnaðarráðuneytisins, hér er verið að skerða almannarétt til vatns til landbúnaðar. Þessu hefur verið mótmælt og þessu hefur hæstv. landbúnaðarráðherra líka mótmælt. (Forseti hringir.)

Frú forseti. (Forseti hringir.) Þessi lög koma vonandi aldrei til framkvæmda.

[16:25]

Katrín Júlíusdóttir:

Frú forseti. Hér er ríkisstjórnin eina ferðina enn, stjórnmálaflokkarnir Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, að gefa verðmæti náttúrunnar og það hefur verið sorglegt að fylgjast með þessari umræðu þegar hv. stjórnarþingmenn hafa ekki tekið þátt í henni, hæstv. iðnaðarráðherra, en koma hér í atkvæðaskýringar til að hjóla í þau rök sem við höfum haldið fram, stjórnarandstaðan. Þetta eru ömurleg vinnubrögð, hreint út sagt. Því vil ég segja, virðulegi forseti, (Gripið fram í.) að menn hafa gripið til ósanninda um það að stjórnarandstaðan hafi haldið því fram að hér eigi að þjóðnýta, eða eitthvað slíkt, einhver réttindi manna. Það er (Gripið fram í.) ósatt og, virðulegi forseti, ég hafna því að hér sé um að ræða formbreytingu vegna þess að á síðu 14 (Forseti hringir.) í greinargerðinni með frumvarpinu stendur að verið sé að breyta eðli þessara réttinda. (Gripið fram í.) Það er staðreynd og það er það sem stendur eftir þessa ríkisstjórn þegar þetta mál hefur farið hér í gegn. (Forseti hringir.)

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 938).

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, 1. umr.

Stjfrv., 616. mál (EES-reglur). — Þskj. 901.

[16:28]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 79 24. maí 2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla. Hér er verið er að leggja til breytingu á a-lið 3. gr. laganna en þar er kveðið á um hverjir hafi rétt og leyfi til að reka uppboðsmarkaði sjávarafla. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að það sé einungis heimilt íslenskum ríkisborgurum sem eiga lögheimili hér á landi og að erlendir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hér á landi og hafa átt það samfellt í eitt ár geti jafnframt með undanþágum fengið leyfi til að reka uppboðsmarkaði.

Það er alveg ljóst að í gildandi lögum er gengið of langt í því að setja reglur um búsetu og ríkisfang þeirra sem starfrækja fiskmarkaði. Það er ekki í samræmi við tilskipanir og

reglur Evrópska efnahagssvæðisins og þess vegna er það lagt til í frumvarpi þessu að því sé breytt á þann veg að leyfi til reksturs fiskmarkaðar skuli jafnframt ná til einstaklinga sem hafa ríkisfang og búsettir eru í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og jafnframt til Færeyinga.

Hér er ekki verið að gera mikla efnisbreytingu, fyrst og fremst er verið að opna skilyrðin varðandi rekstur fiskmarkaða. Fiskmarkaðir eru eins og allir vita starfsemi sem er í eðli sínu alþjóðleg eins og málum er háttað núna. Þetta eru markaðir sem í mjög mörgum tilvikum eru fjarskiptamarkaðir og út af fyrir sig er hægt að starfrækja þá frá starfsstöð sem ekki endilega er hér á landi og því er af þeim ástæðum óeðlilegt að setja þau skilyrði sem sett eru í gildandi lögum og hins vegar er hér ekki um að ræða hefðbundinn sjávarútveg en eins og allir vita gilda sérstakar reglur um takmarkanir á fjárfestingu útlendinga í sjávarútvegi. Það er þess vegna augljóst að ekki er verið að opna á neinar breytingar í þeim efnum heldur eingöngu að því sem snýr að þessum mörkuðum sérstaklega. Síðan er útskýrt nánar í athugasemdum við lagafrumvarpið hvernig þessu víkur við með hliðsjón af Evrópska efnahagssvæðinu og skyldum hlutum. Það er því ekki ástæða til að rekja þetta frekar efnislega.

[16:30]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ósanngjarnt að spyrja núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra þessarar spurningar en engu að síður geri ég það samt. Lögin sem hér er verið að flytja breytingartillögu við eru tæplega ársgömul og þess vegna er dálítið skrýtið að nú skuli vera nauðsyn á að breyta einni grein þeirra og því spyr ég: Var þetta ekki fyrirsjáanlegt í fyrra þegar þau voru samþykkt eða er kannski alltaf eitthvað athugavert í svona frumvörpum þegar þau eru afgreidd vegna þess að áðan, rétt áður en umræðu um vatnalagafrumvarpið lauk, kom hæstv. landbúnaðarráðherra og lýsti því hvernig ríkisstjórninni hefði yfirsést í nokkrum atriðum í sambandi við það frumvarp og að því væru mistök en það gæfist tími til að lagfæra það seinna meir?

Eins og ég sagði eru þau lög sem hæstv. sjávarútvegsráðherra er að mæla fyrir breytingartillögu á í einni grein þeirra ekki orðin ársgömul og hér kemur fyrsta breytingartillagan við þau. Var þetta ekki fyrirsjáanlegt fyrir einu ári síðan, virðulegi forseti?

[16:32]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svarið við þessari spurningu er nei. Þetta var ekki fyrirséð á þessum tíma. Að minnsta kosti höfðum við sem bárum ábyrgð á málinu á Alþingi, meiri hluti sjávarútvegsnefndar, ekki þann skilning á málinu að það væri eðlilegt að standa þannig að þessari lagagrein, 3. gr. a, eins og gert er ráð fyrir að gera skuli með því frumvarpi sem nú er verið að mæla fyrir og ræða um. Við höfðum að sjálfsögðu hagað lagasetningunni öðruvísi ef við hefðum séð þetta fyrir og talið að þetta væri ekki í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum tekist á hendur og lúta að Evrópska efnahagssvæðinu.

Ég hef reynt að fara aðeins í huganum yfir þessa umræðu eins og hún átti sér stað í fyrra. Mig rekur ekki minni til að þetta hafi verið gert að sérstökum ásteytingarsteini, það kann þó að vera, ég man það ekki. En það var a.m.k. ekki, eins og ég man þá umræðu, eitt af stóru málunum sem við vorum að fást við þegar frumvarpið var til umræðu í sjávarútvegsnefnd á sínum tíma. En út af fyrir sig er eðlilegt, þegar einhver reynsla er komin á lög og menn farnir að vinna eftir þeim, að upp geti komið tilvik sem menn sáu ekki fyrir á Alþingi þó að við reynum alltaf að vanda okkur við lagasetninguna. Þá eiga menn einfaldlega að vera menn til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru, bæði til að vinna í samræmi við þær fjölþjóðlegu og alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum tekist á hendur og eins að breyta lögum í samræmi við það sem við teljum að til betri vegar megi horfa.

[16:33]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir svarið. Auðvitað er þetta eitthvað sem mönnum hefur yfirsést síðast og þegar það gerist, eins og hæstv. ráðherra nefndi, þá eru þeir menn að meiri að breyta því. Það var einmitt það sem við urðum áskynja um áðan í vatnalögunum með hæstv. landbúnaðarráðherra. Hann kom áður en umræðu lauk og viðurkenndi að ríkisstjórninni hefði sést yfir nokkra þætti þar. Það má því vænta að svo hafi verið. Það má eiginlega segja, því miður, að svo sé með ýmis frumvörp sem koma frá hæstv. ríkisstjórn að fyrir utan það að mörg séu þau vitlaus, eins og vatnalagafrumvarpið, þá eru þau þar að auki meingölluð og þyrfti að lagfæra þau áður en þau verða að lögum.

[16:34]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að metið sem hæstv. landbúnaðarráðherra setti áðan verði seint slegið, þ.e. að koma því til skila að lög sem ekki var búið að staðfesta við 3. umr. væru svo vitlaus að það þyrfti að endurskoða þau strax, en samt gerðu menn það hér. Það er ekki látið standa á því að klára það sem ríkisstjórnin leggur fyrir þingheim jafnvel þó ráðherra úr ríkisstjórninni komi og segi frá slíku.

En þetta var ekki beinlínis erindi mitt í stólinn þó það hafi gefið tilefni þar sem hér er á ferðinni breyting á lögum sem eru ekki nema ársgömul. Það sem ég vildi gjarnan fá svar við hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra af því að ég átta mig ekki alveg á því, ég taldi að sjávarútvegurinn væri undanþeginn í EES-samningnum og ég spyr því hæstv. sjávarútvegsráðherra: Tilheyrir fiskmarkaður ekki sjávarútveginum samkvæmt EES-samningnum? Er það niðurstaðan og hvernig er skilgreiningin á honum? Hvað er undanþegið samkvæmt EES-samningnum? Ef fiskmarkaðirnir eru ekki undanþegnir, eru þá fiskvinnslurnar undanþegnar? Hvað er eiginlega undanþegið af sjávarútveginum? Ég hef litið þannig á að meðferð sjávarafla sé hluti af sjávarútvegsstarfsemi í landinu. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að greina okkur nákvæmar frá því hvernig á því stendur að þetta fer í bága við EES-samninginn sjálfan því hann er frá 1993 og menn hafa örugglega haft hann til hliðsjónar þegar þessi lög voru undirbúin.

[16:37]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að sjávarútvegurinn er undanþeginn varðandi þessar tilskipanir og reglur um Evrópska efnahagssvæðið. Þar er verið að kveða á um annars vegar fiskvinnslustarfsemi og hins vegar útgerðina. Það er alveg skýrt í þeim efnum að bæði útgerð og fiskvinnsla eru undir þá sök seldar að þar er ekki heimiluð bein erlend eignaraðild.

Hins vegar gegnir öðru máli um ýmsa aðra þætti sem við tölum stundum um sem hluta af sjávarútvegi. Ég gæti t.d. í því sambandi nefnt markaðsfyrirtækin, ef við tökum t.d. fyrirtæki eins og Icelandic. Þar er eignaraðild útlendinga að vísu mjög lítil en hún er til staðar og það er ekkert sem bannar það, öðru nær. Ég hygg að við eigum eftir að sjá ýmis dæmi um að fyrirtæki af þessu tagi, þ.e. markaðsfyrirtæki sem starfa erlendis, eru að mörgu leyti að breyta um svip. Þau eru að verða alþjóðleg fyrirtæki sem versla með fisk, ekki bara íslenskan fisk, og þau munu í vaxandi mæli, hygg ég, sameinast útlendum fyrirtækjum og þannig verður til erlend eignaraðild þar í einhverjum mæli. Þannig er það a.m.k. eins og ég sé málið fyrir mér núna og hefur verið að gerast.

Ef við veltum fyrir okkur hvað fiskmarkaður er í rauninni þá er fiskmarkaður auðvitað fyrst og fremst tæki til að búa til verðmyndun á fiski. Vitaskuld er þetta tengt sjávarútvegi en eins og samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði er úr garði gerður þá ná þessar tilskipanir ekki til hans. Þegar við fórum betur yfir þessi mál í ljósi reynslunnar og samkvæmt ábendingum þá kom það einfaldlega á daginn að heimildir til þessarar takmörkunar á fjárfestingum útlendinga náðu í rauninni ekki til fiskmarkaðanna og þess vegna var okkur ekki annar kostur fær en að breyta þessum lögum.

[16:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á þessu. Ég hef komið á nokkra fiskmarkaði og hef tekið eftir því að ýmis þjónusta er veitt á þessum mörkuðum. Þarna er verið að slægja fisk og ísa hann upp á nýtt og vinna alls konar verkefni sem eru hluti af fiskvinnslu í landi, meðferð fisks í landi. Á þetta einungis við þá fiskmarkaði sem selja á bryggjunni eða eru ekki með neina slíka þjónustu? Eða er það þannig að hægt sé að ákveða þetta sisvona og að ekki sé litið á þá fiskvinnslu sem tilheyrir mörkuðunum í dag sem fiskvinnslu? Eru þessar skilgreiningar skýrar og eiga menn þá ekki á hættu að gerðar verði athugasemdir við það ef þeim aðilum sem (Forseti hringir.) reka fiskmarkaði finnst á þeim brotið hvað þetta atriði varðar?

[16:40]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þær skilgreiningar sem við höfum varðandi fiskmarkaðinn séu skýrar. Þau lög sem við höfum verið að setja og reglugerðir sem líka eru um starfsemi fiskmarkaðanna gera það að verkum að starfsemi þeirra er býsna skýr, enda held ég að almennt talað hafi fiskmarkaðarnir verið býsna ánægðir með þá löggjöf sem nú er í gildi og við erum að ræða.

Ef fiskmarkaður væri í þeirri stöðu að eignaraðildin væri að einhverju leyti í höndum útlendinga þá hefði það að sjálfsögðu takmarkandi áhrif á hvaða aðra starfsemi slíkur fiskmarkaður gæti tekið þátt í. Fyrir utan það að ég hygg að ekki séu ótakmarkaðar heimildir fyrir fiskmarkaði til að taka þátt í annarri útgerðarstarfsemi vegna þess að það er ætlunin að fiskmarkaðir hafi þá stöðu að vera sjálfstæðir og óháðir aðilar þannig að einhver hagsmunatengsl valdi ekki þeirri verðmyndun sem þar á sér stað. Ég hygg því að það sem hv. þingmaður er að nefna sé í rauninni ekki vandamál en er hins vegar sjálfsagt að menn velti fyrir sér.

[16:41]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta litla frumvarp hæstv. sjávarútvegsráðherra vera svolítið skrýtið. Hér sýnist mér að verið sé að reyna að uppfylla ákvæði vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem nú er orðinn 13 ára gamall samkvæmt lögum frá árinu 1993. Hér er verið að hnýta einhverjum ákvæðum við lög sem voru afgreidd frá hinu háa Alþingi í fyrra og ég hlýt að spyrja: Hvers vegna í ósköpunum sáu menn þetta ekki fyrir þegar þeir voru að semja þessi nýju lög þá? Hver er skýringin á því?

Hið sama má segja varðandi aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Hér er vitnað í ákvæði stofnsamnings EFTA sem var undirritaður sumarið 2001. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamningurinn fyrir EFTA eru hvor tveggja gamlir samningar en samt er eins og menn vakni allt í einu upp við vondan draum núna og átti sig á að breyta þurfi með þessum hætti lögum sem afgreidd voru í fyrra. Hvers vegna var þingið ekki upplýst um það þá? Hvers vegna var sjávarútvegsnefnd ekki upplýst um það þá að þessir meinbugir væru á þessu frumvarpi? Mér finnst þetta undarlegt og þetta vekur upp grunsemdir um að það sem hér er að gerast sé í raun og veru það að einhverjir erlendir aðilar vilji ná fótfestu á Íslandi og séu nú að ásælast það og hæstv. ráðherra reki hér erindi þeirra. Er það rétt?

Svo langar mig að spyrja um þennan fríverslunarsamning við Færeyjar. Hvernig er það, þarf ekki að leggja þennan samning fyrir þingið eða þarf ekki að kynna hann fyrir þinginu? Ég hef ekki enn þá séð þennan samning. Hann var undirritaður í lok ágúst árið 2005. Hvar í ósköpunum er þessi samningur? Hvenær fáum við að sjá hann? Hvað er í þessum samningi? Það hefur hvergi komið fram nema eitthvað óljóst í fréttum.

[16:43]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gæti út af fyrir sig vísað til fyrra svars míns áðan sem ég veitti við fyrirspurn hv. 3. þm. Norðaust. varðandi fyrri spurningu hv. þingmanns, af hverju menn sáu þetta ekki fyrir. Það er einfaldlega stundum þannig þegar við erum að fara yfir svona lagasetningar að við sjáum ekki alla hluti og upp koma nýjar hliðar á mál-

um sem gera það að verkum að við þurfum að breyta lögum og til þess erum við m.a. hérna. Við þurfum að breyta lagaumhverfi vegna þess að aðstæður breytast og þær kalla á lagabreytingu.

Ég nenni ekki einu sinni að svara svona rugli eins og hv. þingmaður er orðinn þekktur fyrir, að ætla mönnum alltaf einhverjar annarlegar hvatir. Og að ég sé að ganga erinda einhverra útlendinga til að opna inn á fjárfestingarleiðir í sjávarútvegi er náttúrlega ekki svaravert en er hins vegar mjög dæmigert fyrir hv. þingmann sem aldrei virðist geta rætt hlutina efnislega heldur ætlar mönnum alltaf annarlegar hvatir.

Varðandi spurningu hans um fríverslunarsamninginn við Færeyjar þá hélt ég satt að segja að hann væri kominn fyrir þingið en hann er örugglega alveg á leiðinni. Það er rétt hjá hv. þingmanni að þessi samningur felur í sér þjóðréttarlegar skuldbindingar og þær verða auðvitað ekki uppfylltar fyrr en Alþingi hefur tekið afstöðu til þeirra. Ég fagna hins vegar þessum samningi og tel að hann verði til þess að bæta og auka tengsl Íslendinga og Færeyinga og það er mjög af hinu góða.

[16:45]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við hljótum að krefjast þess að við fáum að sjá þennan fríverslunarsamning við Færeyinga og ég segi síðan enn og aftur að mér finnst það mjög undarlegt að menn skuli ekki hafa tekið tillit til EES-samningsins og EFTA-samningsins við gerð þessara laga í fyrra því þetta eru grundvallarsamningar, við erum að tala um grundvallaratriði.

Varðandi það að ég sé að gera hæstv. sjávarútvegsráðherra upp einhverjar annarlegar hvatir þá finnst mér alveg réttmætt að spyrja svona því það er einu sinni þannig að af þeim sitja á Alþingi í dag er hæstv. sjávarútvegsráðherra einn fremsti svikari við málstað. Þetta er maður sem margoft hefur svikið fyrirheit sín og loforð og það er alveg full ástæða til að gruna hann um græsku í hvert sinn sem hann kemur með ný frumvörp. Hæstv. ráðherra er ekki treystandi fyrir næsta húshorn. Það er bara þannig.

[16:46]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega mjög stórmannlegt af hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að reyna að skríða í skjól einhverra annarra þegar verið er að fjalla um lagasetningu sem við samþykktum á Alþingi í fyrra. Það er auðvitað á ábyrgð okkar þingmanna þegar við samþykkjum lög og hv. þingmaður situr í sjávarútvegsnefnd Alþingis og hlýtur að hafa verið í nákvæmlega sömu aðstöðu og ég til að kalla eftir svörum við þeim spurningum sem hann vildi leggja fram varðandi tiltekin efnisatriði. Og hafi hann ekki komið auga á þetta fremur en ég þá er það bara þannig að við erum á sama báti með málið, okkur hefur yfirsést að þarna væri um að ræða atriði sem hefði átt hafa öðruvísi við lagasetninguna og þess vegna erum við að fara yfir þessi lög núna og þess vegna erum við að leggja fram þessar breytingar hérna. Það þarf að gera þessar breytingar af ástæðum sem ég hef þegar rakið. Þetta eru bara efnislegar ástæður og það er eðlilegt að Alþingi breyti lögum þegar menn telja að betur megi fara.

[16:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég álít rétt að fara nokkrum orðum um þetta mál vegna þess að ég held að ef okkur hafa orðið á mistök varðandi þessa samninga og okkur beri að gera það sem hér er verið að leggja til, þá hljóti aðalspurningin í því máli að vera: Hver er starfsemi fiskmarkaðanna í dag? Hvernig starfa þeir? Hvað aðhafast þeir? Hvernig meðhöndla þeir sig o.s.frv.? Ég held að á mjög mörgum fiskmörkuðum sé stunduð starfsemi sem gæti þess vegna flokkast undir fiskvinnslu, þ.e. að fiskmarkaðirnir taka iðulega við fiski af fiskiskipum, flokka hann eftir stærð í fyrsta lagi, sjá jafnvel um slægingu fisksins og ef því er að skipta sjá þeir um að fiskurinn sé hausaður og dæmi eru auðvitað um að á fiskmarkaði eða hliðargrein við fiskmarkaði sé fiskur flakaður til kaupenda. Ég hygg því að fiskmarkaðir sem slíkir eins og þeir starfa á Íslandi í dag stundi oft og tíðum fiskvinnslu að hluta til og innlegg mitt í þessa umræðu er eingöngu að beina því til hæstv. ráðherra og hv. formanns sjávarútvegsnefndar að þetta atriði verði skoðað mjög gaumgæfilega. Því ef ég veit rétt þá er það auðvitað þannig að erlendir ríkisborgarar eiga ekki rétt á að taka þátt í fjárfestingum annars vegar í útgerð og hins vegar í fiskvinnslu.

Það er auðvitað vanddregin þessi lína, þ.e. hvað fiskvinnsla nákvæmlega sé. Menn hafa haldið því fram að það mætti jafnvel teygja fiskvinnsluhugtakið það langt að það næði til flokkunar á fiski og frágangi á honum til sölu á erlendum markaði, flokkun, stærðarflokkun, ísun og öðrum frágangi sem dygði til að koma fiskinum úr landi og á erlendan markað, það væri að hluta til fiskvinnsla.

Í öðrum tilvikum hefur því verið haldið fram að það yrði að aðhafast eitthvað við fiskinn, taka af honum hausinn eða slægja hann eða eitthvað slíkt til að það teldist fiskvinnsla. Ég held að það sé vandmeðfarið að draga þessa línu og núverandi starfsemi fiskmarkaðanna kynni að vera gerður óleikur með því að túlka þetta með þessum hætti, við værum í raun og veru með þessu að þrengja að starfsemi fiskmarkaðanna miðað við hvernig starfsemi þeirra hefur verið þróuð á undanförnum árum. Ég held að það væri kannski ekki til góðs, hæstv. forseti. Þess vegna mælist ég til þess við hæstv. ráðherra að hann láti vinna upp gögn varðandi fiskmarkaðina um það hvað einstakir fiskmarkaðir aðhafast í húsnæði sínu og starfsstöðvum og hvort línan sem þarna er á milli annars vegar fiskmarkaðar og hins vegar fiskvinnslu sé nægilega skýr til að hægt sé að samþykkja það lagafrumvarp sem hér er lagt fram með hliðsjón af því ákvæði að erlendum ríkisborgurum eigi ekki að vera heimilt að fjárfesta í útgerð og fiskvinnslu, ef ég veit rétt. Ég beini því þeim tilmælum til hæstv. ráðherra og síðan til hæstv. sjávarútvegsnefndar að þetta atriði verði skoðað mjög gaumgæfilega. Ég held að þessi lína sé svolítið vandmeðfarin. Þetta atriði gæti þess vegna valdið okkur skaða eða þrengt starfsemi fiskmarkaða sem er ekki víst að þjóni þeim markmiðum sem þjóna hagsmunum íslensku þjóðarinnar.

[16:52]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég kem aðallega upp til að fagna því frumvarpi sem hæstv. sjávarútvegsráðherra leggur hérna fram. Jafnframt vil ég segja, velkominn í hópinn því ég fæ ekki betur séð en þetta frumvarp sýni ákveðin þroskamerki á hæstv. sjávarútvegsráðherra.

Hann hefur, eins og við vitum sem höfum fylgst með honum af nokkurri vandvirkni á umliðnum árum, verið í innsta kjarna þess kórs sem jafnan hefur rekið upp gól og kyrjað gegn þeim sem hafa velt því upp að hugsanlega væri allt í lagi fyrir íslenskan sjávarútveg að fá erlent fjármagn og að það væri ekki bara allt í lagi heldur jafnvel gott fyrir íslenskan sjávarútveg að fá erlendar fjárfestingar. Við sem höfum verið í þeim hópi höfum haldið því fram að íslenskur sjávarútvegur mundi ekki bara standa sig vel ef svo mundi verkast að við gengjum í Evrópusambandið heldur hugsanlega blómstra enn frekar en hann gerir nú undir stjórn hæstv. sjávarútvegsráðherra.

Ég tel að hérna sé stigið lítið skref í þá átt að liðka fyrir möguleikum erlends fjármagns inn í íslenskan sjávarútveg. Þetta er kannski ekki stórt skref en skref er það þó eigi að síður og það er tekið af yfirvegun. Ég trúi nefnilega öllu sem hæstv. sjávarútvegsráðherra segir. Hann var spurður að því áðan af hv. þingmönnum í andsvari hvort þetta hefðu verið eins konar mistök hjá hv. formanni sjávarútvegsnefndar, Guðjóni Hjörleifssyni, eða aðgæsluleysi þegar málið var afgreitt út úr sjávarútvegsnefnd í fyrra. Hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði að svo væri ekki og ekki ætla ég að taka undir að það hafi verið nein mistök. En af sjálfu leiðir að það hafi ekki verið hægt að álykta annað en þetta skref sé hugsað sem viðbót af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. sjávarútvegsráðherra, að þarna sé meðvitað verið að opna fyrir erlenda fjárfestingu í fiskmörkuðum og það er vel. Ég trúi því nefnilega þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra og ýmsir forkólfar íslensks sjávarútvegs segja að við Íslendingar séum betri en aðrir til að reka sjávarútveg. Við búum við minni ríkisstyrki en flestar aðrar þjóðir þótt vissulega sé hægt að færa full rök að því að sjávarútvegur sé upp að vissu marki ríkisstyrktur með ýmiss konar hætti hér á landi líka þá er það í minna mæli en annars staðar. Og ég held að hvað sem menn segja um samþjöppun í sjávarútvegi þá sé alveg ljóst að eins og þróunin hefur verið í útgerð og fiskvinnslu á Íslandi þá eru þar menn að verki sem eru afburða hæfir, menn sem kunna mjög vel að aka sínum seglum eftir þeim vindum sem blása í sjávarútveginum. Þeir hafa straumlínulagað fyrirtæki sín með því að sérhæfa sig, með því að sameinast og stækka og þeir reka fyrirtæki sín afskaplega vel.

Hæfni þessara manna og reynsla er mér ákveðin staðfesting á því að það sé engin vá fyrir dyrum þó að opnað yrði fyrir erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi og ég hef sagt það áður og ætla að segja það hér að ég tel það enga vá þó að erlent fjármagn mætti renna alla leið inn í útgerðina líka. Annaðhvort erum við Íslendingar bestir í því að reka sjávarútveg eða við erum það ekki. Ég hallast að hinu fyrrnefnda og hef fyrir mér orð hæstv. sjávarútvegsráðherra og margra sem þekkja þessa atvinnugrein miklu betur en ég geri í dag. Það er þess vegna sem ég er þeirrar skoðunar að þegar við höfum verið að ræða hugsanlega aðild Íslendinga að sjávarútvegi, þá sé það allt í lagi og ekki bara það heldur jákvætt fyrir íslenskan sjávarútveg.

Nú er það svo að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur deilt þeirri lífsreynslu með mér að ræða við einn helsta samningamann Evrópusambandsins á sviði sjávarútvegs. Við heimsóttum hann, Claus Grubbe, sem t.d. við Íslendingar þekkjum og mætti segja að illu, í gegnum samninga okkar um síldina því þessi samningamaður Evrópusambandsins kom árum saman, ég held bara áratugum saman að fiskveiðisamningum fyrir hönd ESB og samdi t.d. við Íslendinga um norsk/íslensku síldina og var harður og illgjarn í þeim viðskiptum en maðurinn hefur yfirburðaþekkingu. Þetta er sá maður sem hafði forustu um endurskoðun á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins sem lokið var held ég 2002.

Ég og núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra áttum fundi með þessu ágæta mann í Brussel á síðasta sumri ásamt dómsmálaráðherra, formanni Evrópunefndar og reyndar nefndinni allri, og þegar núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra spurði hann um hvernig lyktir mála yrðu varðandi aflahlutdeild og aflann ef við gengjum í Evrópusambandið þá var svarið sem hæstv. sjávarútvegsráðherra fékk frá þessum helsta samningamanni Evrópusambandsins í fiskveiðimálum: að ef við værum harðir í samningum væri líklegt að staða okkar mundi batna. Þessi ágæti danski sérfræðingur hefur þá væntanlega vera að vísa til þeirrar staðreyndar að það eru 27 samningar sem Evrópusambandið hefur gert við ríki utan þess, um fiskveiðar. Hann hefur væntanlega horft til þeirrar staðreyndar sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur oft tekið sér í munn að Íslendingar eru betri en aðrir í sjávarútvegi. Þess vegna mundu þeir geta notað sér þessa möguleika og væntanlega er þetta undirstaðan fyrir þessari staðhæfingu. Það skyldi ekki vera að þrátt fyrir inngróna, innvígða, að ég segi ekki innmúraða andstöðu hæstv. sjávarútvegsráðherra gegn aðild okkar að Evrópusambandinu, þá hafi þarna þrátt fyrir allt í hans bolsévíska kolli kviknað á lítilli týru. Ég vona alla vega að þetta frumvarp sem hér er til umræðu sé fyrsti vísirinn að því að hæstv. sjávarútvegsráðherra sé loksins, fjörinu feginn eftir að ný forusta er komin í Sjálfstæðisflokkinn, farinn að leyfa sér þann munað að hugsa svolítið frjálst, farinn að leyfa sér þann munað sem sérhver nútímalegur stjórnmálamaður á að leyfa sér að velta því fyrir sér hvort það sé svo slæmt að erlent fjármagn fái að leika alla leið inn í innviði íslensks sjávarútvegs.

Þetta frumvarp sem hæstv. ráðherra er með núna gerir það að verkum að útlendingar fá að fjárfesta í íslenskum fiskmörkuðum. Er það bara ekki jákvætt? Ég tel að svo sé. Ég tel að útlendingar eigi að fá að fjárfesta í íslenskri fiskvinnslu og ég er þeirrar skoðunar líka að það sé ekkert að því að íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi geti útvegað sér fjármagn með því að hleypa inn erlendu hlutafé. Ef hæstv. sjávarútvegsráðherra er til viðtals um svona hluti þá er ég alveg til reiðu að ræða hvort það yrði gert í einhvers konar skrefum þannig að ekki yrði óhóflega hröð þróun ef menn vilja fá reynsluna, en ég held að þetta sé prinsippið sem við eigum í reynd að taka upp.

Þá má rifja það upp að einn af fyrrverandi sjávarútvegs-

ráðherrum, að vísu ekki í sama flokki og hæstv. ráðherra Einar Kristinn Guðfinnsson, því nú er ég að vísa til núverandi hæstv. forsætisráðherra, en hann hefur ekki einu sinni og ekki tvisvar heldur þremur sinnum með einhvers konar hætti tekið upp þennan möguleika að útlendingar fái að fjárfesta í útgerð. Það hefur væntanlega verið á þessum sérkennilegu sveiflum í skapferli Framsóknarflokksins þegar á þá rennur einhver Evrópuhamur og þeir taka stundum upp heldur blygðunarlítið daður við Evrópusambandið en hrökkva svo jafnan undan eins og ungmær sem verður hálfhrædd þegar henni er sýndur of mikill áhugi. Samt er það þannig að þegar ég horfi yfir þetta finnst mér að innan ríkisstjórnarinnar sé að glæðast skilningur á þessu. Ég vísa til þess að hæstv. viðskiptaráðherra hefur opinberlega talað um þann möguleika að Íslendingar tækju upp evru. Hún hefur að vísu verið atyrt heldur hraklega, bæði af ritstjórum leiðandi dagblaða og sömuleiðis af ýmsum forustumönnum í Sjálfstæðisflokknum. En þetta var alla vega ný hugsun og nú hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra opnað glufu fyrir erlent fjármagn inn í íslenskan sjávarútveg og þegar ég legg þetta saman, frú forseti, þá kemst ég að þeirri niðurstöðu að hér sé um batnandi fólk að ræða og slíku fólki er best að lifa og við hæstv. sjávarútvegsráðherra segi ég bara: Bestu þakkir fyrir þetta framtak. Ég styð þetta frumvarp algerlega og vona að það sé einungis upphafið að því að hæstv. sjávarútvegsráðherra gangi í gegnum endurnýjun lífdaganna að því er varðar skoðun og viðhorf til Evrópusambandsins og útlenskra peninga í íslenskum sjávarútvegi.

[17:02]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hérna er lítið frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppboðsmarkaði sjávarafla sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur mælt fyrir og lýtur að því að heimila einstaklingum sem hafa ríkisfang og búsettir eru í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, að koma inn í rekstur á uppboðsmörkuðum fyrir sjávarafla.

Það eru örfá atriði sem ég vildi minnast á í þessu sambandi. Lögin um uppboðsmarkaði sjávarafla voru til meðferðar hjá okkur árið 2005, það er bara tæpt ár ef það nær því þá síðan þau lög voru til ítarlegrar meðferðar í sjávarútvegsnefnd. Þá voru þar einmitt óvissuatriði sem svo sannarlega voru ekki útkljáð í nefndinni áður en lögin voru samþykkt. Það var um eignarhald á uppboðsmörkuðum og sjálfstæði þeirra.

Í nefndinni kom fram að uppboðsmarkaðir fyrir sjávarafla voru gjarnan í eigu útgerðaraðila eða í eigu einstakra fiskvinnslna og slíkt gæti hindrað markmiðssetningu 1. gr. laga um uppboðsmarkaði, þ.e. eins og stendur þar, með leyfi forseta:

„Við veitingu leyfa skal ráðherra m.a. meta hvort skilyrði séu til frjálsrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkað."

Þarna ræddum við einmitt um þau miklu eignatengsl sem virtust vera á milli uppboðsmarkaðanna, útgerðaraðilanna og fiskvinnslustöðvanna. Við vorum svo sannarlega hreint ekki viss um að þessi markmiðsgrein laganna næðist um sjálfstæði uppboðsmarkaðanna. Ég segi fyrir mitt leyti að ég var eiginlega viss um að þeir stæðust ekki því svo sterk voru eignatengslin þarna á milli að erfitt var að sjá að frjáls verðmyndun yrði á uppboðsmarkaði við þær aðstæður sem eru. Við vildum að mig minnir setja inn ákvæði sem kvæði skýrar á um þetta, en það fékkst ekki. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvernig hann líti á þessi nánast skilyrðislausu eignatengsl sem lögin virðast heimila eða ekki koma í veg fyrir. Hvergi í lögunum eru neinar hömlur á því að útgerðaraðilar eða fiskvinnslan geti í rauninni átt þessa uppboðsmarkaði og þar af leiðandi erfitt að sjá að um neina frjálsa verðmyndun sé að ræða eða að hún sé tryggð. Þegar á enn að rýmka eða fjölga aðilum sem geta komið, átt og rekið fiskmarkaði hér á landi hlýtur sú spurning að vera enn meira brennandi hvort ekki verði að setja strangari reglur um eignarhald á fiskmörkuðum til að tryggja sjálfstæði þeirra.

Þessir uppboðsmarkaðir eru mjög mikilvægir fiskvinnslunni í landinu bæði til að tryggja framboð á fiski til fiskvinnslna sem ekki hafa útgerð og einnig til að tryggja eðlilega verðmyndun í sjávarútveginum. En þá verður þetta að vera raunverulegur samkeppnismarkaður. Annars er bara verið að misnota þá möguleika og þá lagaumgjörð sem um það væri búin. Þess vegna vil ég ítreka það og spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki verði að taka á þessum þáttum sem lúta að eignarhaldi og eignatengslum á uppboðsmörkuðum fyrir sjávarafla, lúta að tengslum við fiskvinnslur og útgerð og það verði enn brýnna að gera það ef þetta lagafrumvarp sem hér er á ferðinni verður samþykkt.

Ég vil minna á tillögu til þingsályktunar sem við nokkrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum flutt, sá sem hér stendur, hv. þm. Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson. Það er tillaga til þingsályktunar um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis. Ég hef mælt fyrir þeirri tillögu áður en vil þó leyfa mér að vitna til hennar frú forseti, af því að hún snertir þetta frumvarp. Sú tillaga hljóðaði upp á að fela sjávarútvegsráðherra að kanna orsakir mikils útflutnings á óunnum fiski á fiskmarkaði erlendis og mögulegar leiðir til að draga úr honum og auka í staðinn fullvinnslu hér innan lands. Í fylgiskjölum með þeirri tillögu til þingsályktunar er rakið ítarlega hversu útflutningur á óunnum fiski hefur verið að aukast, svokölluðum gámafiski, á markaði erlendis og á fiski sem ég hefði talið eðlilegra að kæmi inn á fiskmarkaði hér og innlend fiskvinnsla gæti boðið í fiskinn til jafns við erlendar fiskvinnslur hér á mörkuðum. Ég óttast að frumvarpið sem nú liggur fyrir gæti leitt enn frekar til þess að allt slíkt ferli, uppboðsmarkaður og fiskvinnsla, færist í auknum mæli úr landi en því miður er töluvert mikið af fiski fluttur út óunninn á markaði erlendis sem íslenskar fiskvinnslur hafa engin tök á að bjóða í. Um leið og þessi lög eru opnuð um uppboðsmarkaði sjávarafla finnst mér að skoða eigi þessa þætti.

Eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kom inn á og ég vil taka undir eru ekki svo skýr mörk á milli uppboðsmarkaða, fiskvinnslu og reyndar útgerðar. Á uppboðsmörkuðum er fiskur slægður og grunnþættir fiskvinnslu geta farið þar fram. Er ekki verið að fara aftan að lögum um að ekki skuli leyfa erlendum aðilum að fjárfesta með beinum hætti í íslenskum sjávarútvegi? Er ekki verið að fara

aftan að þeim með þessu frumvarpi hér? Mér finnst að skoða þurfi það mjög rækilega.

Í lokin, frú forseti, í tengslum við umræðuna áðan um vatnið, um þjóðareign á vatni, þá held ég að sé mjög hollt fyrir okkur að rifja stöðugt upp 1. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Ég vil minna á að þau lög sem við erum hér að fjalla um, um uppboðsmarkaði, eru í rauninni hluti af þessum heildarlögum um stjórn fiskveiða þar sem stendur m.a.: „Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Lögin um uppboðsmarkaði eru einmitt hluti af þessari heildarsýn sem við hljótum að skoða í mjög nánu samhengi og hefði verið betra að í nýafgreiddum vatnalögum hefði þetta einmitt byrjað svona, að vatnsauðlindin á Íslandi skuli vera sameign íslensku þjóðarinnar alveg eins og nytjastofnarnir. En því kippum við í liðinn þegar þar að kemur. Ég minni á að frumvarp þetta er hluti af þeirri heild og hlýtur að verða að skoðast í því samhengi.

[17:13]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kom upp áðan í umræðunni um þetta frumvarp frá því í fyrra, þ.e. frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppboðsmarkaði sjávarafla, til að furða mig á því að þessi lög sem eru frá 24. maí árið 2005 skyldu hafa farið í gegn án þess að menn hafi áttað sig á því að þau stönguðust með einhverjum hætti á við ákvæði EES-samningsins eða EFTA-samningsins.

Ég sit í sjávarútvegsnefnd og er ekki lögfræðimenntaður maður en ég verð að segja alveg eins og er að ég átta mig ekki á þessu. Ég vil jafnframt benda á að heill her af lögfræðingum vinnur í þessu blessaða sjávarútvegsráðuneyti og maður skyldi ætla að þetta fólk gæti unnið vinnuna sína og séð til þess að ekki komi þaðan lög sem eru svo augljóslega gloppótt hvað þetta varðar, að þegar verið er að búa til lög sé það einmitt skoðað hvort þau eða lagasamning eins og þessi stangist á við umræddа samninga því að þessir samningar eru hornsteinar í, hvað eigum við að segja, viðskiptalífi eða viðskiptum okkar Íslendinga. Mér finnst þetta mjög undarlegt og finnst undarlegt að einmitt þetta skuli ekki hafa verið athugað af því að þeir samningar eru búnir að vera í gildi í mörg ár.

Við sem sitjum í sjávarútvegsnefnd hljótum, virðulegi forseti, að skoða þetta mjög vandlega. Við hljótum líka að spyrja eðlilegra spurninga um hvort þetta sé allt í einu til komið núna vegna þess að einhverjir erlendir aðilar séu að sækjast eftir því að geta fengið að eiga eða fengið leyfi til rekstrar uppboðsmarkaðar hér á landi. Það er fyllilega eðlileg spurning að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort málum sé þannig háttað og ég get ekki séð að í því þurfi að felast neinar dylgjur. Þetta er fullkomlega eðlileg spurning hvort einhverjir hafi bent ráðuneytinu á að hér væri verið að standa í vegi fyrir því að útlendingar gætu fengið leyfi til að reka fiskmarkaði, uppboðsmarkaði á fiski á Íslandi. Þetta er fullkomlega eðlileg spurning. Og við sem sitjum í sjávarútvegsnefnd hljótum að kalla eftir svörum við þeirri spurningu.

Við hljótum líka að spyrja hvernig í ósköpunum á því stóð að embættismenn sjávarútvegsráðuneytisins, sem þekkja þessi lög og eiga að þekkja þessi lög út og inn, gátu ekki bent á þetta í fyrra?

Hér er líka talað um þennan fríverslunarsamning við Færeyinga, þennan svokallaða Hoyvík-samning sem var undirritaður 31. ágúst 2005. Mér finnst það mjög undarlegt, stórfurðulegt í raun og veru, að hér sé verið að bera inn, draga inn í þingið frumvarp til laga sem að hluta til er réttlætt með því að vísa í þennan fríverslunarsamning sem Alþingi hefur ekki fengið að sjá. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Ætlast menn virkilega til þess að við þingmenn, sem erum þó löggjafarvaldið í þessu landi, a.m.k. í orði, förum að samþykkja þetta svona einn, tveir og þrír án þess að hafa nokkurn tíma séð þennan fríverslunarsamning við Færeyinga? Það voru einhverjar óljósar fréttir sem birtar voru á sínum tíma í dagblöðum hér á landi um þennan samning og látið í veðri vaka að hann væri aðallega um landbúnaðarafurðir, eggjamarkaðinn, kjöt og álegg og eitthvað slíkt, lítið talað um sjávarútvegsmál, enda kom það glögglega í ljós á Norðurlandaráðsþinginu sem var haldið á Íslandi í október að Færeyingar eru mjög óánægðir með þennan fríverslunarsamning. Þeir komu þar í pontu og spurðu mjög gagnrýnna spurninga einmitt um þennan fríverslunarsamning og ég átti tal við nokkra færeyska þingmenn á Norðurlandaráðsþinginu þar sem kom í ljós að þeir eru mjög óhressir með þennan samning vegna þess að þeir telja að í hann vanti ákvæði varðandi viðskipti með fisk. Ég heyrði ekki betur en þeir óskuðu eftir því að þeir gætu komið hingað til Íslands og fengið að bjóða í fisk, kaupa hráefnið hér á Íslandi.

Hvaða afleiðingar skyldi það hafa ef útlendingar fá leyfi til að reka uppboðsmarkaði á Íslandi? Skyldi það hafa einhverjar afleiðingar fyrir útflutning á fersku hráefni, ósunnu hráefni frá Íslandi? Ég hef svo sem ekki svörin á reiðum höndum hér og nú en þetta eru spurningar sem maður hlýtur að velta fyrir sér.

Ég hlýt að nota tækifærið hér og nú til að óska eftir því eða hreinlega gera kröfu um það að þetta mál verði ekki afgreitt úr sjávarútvegsnefnd nema fyrir liggi fríverslunarsamningur við Færeyinga þýddur á íslensku og helst kynntur fyrir Alþingi. Ég veit ekki betur en það sé skylda að kynna slíka samninga fyrir Alþingi, en ég er ekki lögfróður maður en mér þætti það ekki ólíklegt. Hér er árviss viðburður að talað sé um og mælt fyrir fiskveiðisamningi milli Íslendinga og Færeyinga í þinginu, hann kynntur fyrir þinginu og fram fari umræður um hann. Ég held að það hljóti að vera sanngjörn og eðlileg krafa eða maður skyldi a.m.k. ætla það að hér ættu að fara fram umræður um þennan fríverslunarsamning við vini okkar og frændur í Færeyjum.

Ég vil taka skýrt fram að ég er alls ekki á móti þessum samningi við Færeyinga, alls ekki. Það litla sem ég hef heyrt af honum sýnist mér vera mjög jákvætt. En nóg um

það, virðulegi forseti. Þetta vekur upp ýmsar spurningar og ég hygg að þetta gefi jafnframt ástæðu til að skoða þessi lög um uppboðsmarkaði sjávarafla sem voru sett í fyrra og athuga hvort þau séu þá ekki gölluð með öðrum hætti en hér virðist augljóslega koma fram, það verði vandlega skoðað.

Síðan hafa menn talað um að heimila eigi útlendingum að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. Ég er á móti því. Þetta er kannski á margan hátt ótímabær umræða því að ég held að útlendingar hafi í sjálfu sér ekkert voðalega mikinn áhuga á að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. Ástand nytjastofna hér á landi er ekki það beysið eftir 25 ár með kvótakerfið að það sé svo sem eitthvað að selja í þeim efnum. Þar fyrir utan er fiskiskipaflotinn að mestu leyti orðinn afskaplega gamall og úr sér genginn að miklu leyti og í ofanálag fátt þar að finna nema kannski skuldir. Ég hef ekki orðið mikið var við það þau ár sem ég hef starfað í sjávarútvegi, ég tala nú ekki um þegar ég starfaði sem sjávarútvegsfréttamaður bæði hér á Íslandi og í Noregi, að útlendingar hefðu nokkurn minnsta snefil af áhuga á að fjárfesta í sjávarútvegi Íslendinga og ég tel að með því værum við að fara út á mjög háskalegar brautir.

Það hlýtur að vera, virðulegi forseti, að eftir alla þessa svokölluðu meintu hagræðingu geti sjávarútvegurinn varla verið í svo mikilli kreppu eftir að finna nýtt fjármagn, eða hvað? Á þetta ekki allt saman að vera svo frábært og stórkostlegt? Ég veit ekki betur. Ég get ekki séð þörfina á því, virðulegi forseti.

Ef ég dreg mál mitt saman í hnotskurn þá hlýtur maður að kalla eftir því að fá að sjá þennan fríverslunarsamning við Færeyinga. Maður hlýtur að skoða þetta og spyrja eðlilegra spurninga um hvort hér séu einhverjir útlendingar sem óska eftir því að fá að eiga eða fá leyfi til að reka fiskmarkaði á Íslandi. Þar af leiðandi hljótum við að kalla til fundar við okkur í sjávarútvegsnefnd ýmsa aðila sem tengjast þessum fiskmörkuðum í dag. Það er eðlilegur hlutur, einnig aðila sem þekkja vel til þessa fríverslunarsamnings við Færeyinga. Þetta mál verður að skoða mjög svo vandlega og læt ég þar með lokið a.m.k. fyrri ræðu minni um þetta mál.

[17:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég held að ástæða sé til að menn ræði mál sem tengjast þessu. Menn eru að tala um erlent fjármagn inn í íslenskan sjávarútveg og fiskmarkaðir eru hiklaust hluti af sjávarútveginum á Íslandi.

Ég hef sagt það áður að ég hef ekki á móti því að erlendir aðilar geti átt í íslenskum fyrirtækjum. Það á við um öll íslensk fyrirtæki. Ég get ekki séð að íslensk stjórnvöld eigi með nokkrum hætti að verja íslenska eigendur í einhverri grein sérstaklega fyrir því að erlendir aðilar komi þar inn og maður hlýtur að spyrja ævinlega: Hvers vegna er það sem íslensk stjórnvöld telja að ekki megi hleypa erlendum aðilum inn í sjávarútveginn? Svarið er einfalt. Eignarhaldsfyrirkomulagið á veiðiréttindum á Íslandi er með þeim hætti að íslensk stjórnvöld þora ekki að bera ábyrgð á því að erlendir aðilar komi inn sem eigendur í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Hvað segir það okkur? Það segir okkur að fyrirkomulagið með eignarhaldið á veiðiheimildum, eins og það er, er óboðlegt og reynslan segir okkur að sá sem á veiðiréttinn á Íslandi fær hagnaðinn af útgerð á Íslandi, enginn annar.

Ef þessum reglum verður ekki breytt og erlendir aðilar fá tækifæri til að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi getum við séð landið sjálft lenda í hlutverki kvótalausa sjávarþorpsins. Þess vegna eru menn á móti því að útlendingum verði leyft að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. En ég segi: Við þurfum að gera tvennt. Við þurfum að taka til heima hjá okkur og ganga þannig frá reglum um aðgang að þessari auðlind að arðurinn lendi hjá þjóðinni sem á auðlindina en arðurinn verði ekki fluttur úr landi vegna eignarhaldsfyrirkomulagsins sem komið hefur verið á, vegna einkavæðingarinnar sem menn hafa verið að burðast við að koma á í sjávarútvegi á Íslandi. Þarna liggur auðvitað hundurinn grafinn. Menn þurfa að horfast í augu við þetta og menn verða að horfast í augu við þetta vegna þess að Ísland er lítið land og á allt undir því að geta haft frjáls viðskipti við löndin í kringum okkur. Hnattvæðingin er í raun og veru grundvöllur fyrir hinu góða efnahagslífi sem er á Íslandi. Halda menn virkilega að við getum haldið sjávarútveginum eitthvað sér í framtíðinni og viljum við það? Ætlum við að hafa einhver gæludýr á Íslandi sem eru varin fyrir samkeppni annars staðar frá með sérstökum hætti? Bændur með mjólkurkvóta og útgerðarmenn með kvóta í sjávarútvegi? Auðvitað ekki. Auðvitað þarf að vera jafnræði til að vera í atvinnurekstri á Íslandi og það þarf að gerast um leið og menn opna fyrir möguleika til að fjárfesta í útgerð á Íslandi. En hér erum við að tala um fiskmarkað. Ég tel að engin hætta sé á ferðum þótt menn hleypi erlendum aðilum í að taka þátt í fiskmörkuðum á Íslandi.

Hins vegar er full ástæða til að fara yfir það með hvaða hætti fiskmarkaðir eru reknir og hverjir eiga þá í dag og hvort eignatengslin þar séu þannig að öruggt sé að þeir séu reknir á eðlilegum grundvelli. Við erum í litlu samfélagi þar sem eignatengsl og viðskiptatengsl eru jafnvel mjög persónubundin og fyrirtæki og einstaklingar eru samofin í sjávarútvegi á Íslandi. Ég tel ástæðu til að sjávarútvegsnefnd skoði þetta vandlega og hvort reglurnar um eignarhald á fiskmörkuðum séu með þeim hætti að hægt sé að treysta því fullkomlega að ekki verði árekstrar milli þeirra sem þarna eiga hlut að máli.

Ég held að ég hafi þetta ekki lengra. Ég fæ tækifæri til að fjalla um málið í sjávarútvegsnefnd og ég mun auðvitað gera það á jákvæðan hátt. Ég tel ástæðu til að skoða þetta með jákvæðum huga og tel að hér sé á ferðinni lítið skref í þá átt að opna svolítið sjávarútveginn. Ég held að það væri gott að nefndin tæki til umræðu um leið hvort reglurnar um aðgang að fiskvinnslunni í landinu geti komið til endurskoðunar líka. Og það er mjög athyglisvert í því samhengi að ég hef skrifað nokkuð oft upp á frumvarp með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni sem hefur flutt það hvað eftir annað, að skilja eigi á milli útgerðar og fiskvinnslu. Ef menn gera það sé ég ekki að menn þurfi að óttast um það að erlendir aðilar megi koma í fiskvinnsluna í landinu.

En ég ætla að enda orð mín á því að segja að auðvitað þurfa menn að skoða þetta allt saman í heild sinni og snúa sér að því að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu í þá áttina að

við getum haft sömu reglur um það og annan atvinnurekstur í landinu.

[17:28]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Hér er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79 24. maí 2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla. Ég fagna þessu frumvarpi heils hugar og lýsi mig samþykkan því í öllum meginatriðum. Ég fagna þeim glugga sem virðist vera opnaður með frumvarpinu. Ég tek heils hugar undir, frú forseti, orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um að við getum ekki heimtað allt erlendis frá, allt opið erlendis en svo lokum við öllu þegar aðrir vilja koma hingað. Við viljum hafa frjálsa samkeppni.

Hvernig er með stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins? Er ekki frjáls samkeppni þar?

[17:29]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram og það er eðlilegt að hún snerti fleira en bein efnisatriði frumvarpsins. Vissulega getur frumvarp af þessu taginu opnað alls konar umræður sem ekki er óeðlilegt að fari fram. Ég ætla þó eingöngu að snúa mér að þeim spurningum sem hafa verið lagðar fram og snerta frumvarpið og sneru að mér.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson velti fyrir sér hvort við þyrftum ekki að skoða gaumgæfilega hvort þetta þrengdi að stöðu fiskmarkaða. Ég tel að svo sé ekki. Ef gildandi lög eru skoðuð er þar að finna skilgreiningu á hvað sé uppboðsmarkaður og, með leyfi virðulegs forseta, er það „markaður þar sem sjávarafli, eldistegundir bæði úr ferskvatns- og sjávareldi, vatnafiskur og afurðir úr framantöldu eru seldar á frjálsu uppboði. Uppboðsmarkaður getur jafnframt veitt aðra þjónustu sem tengist sölunni."

Hér er um að ræða ákaflega afmarkaða starfsemi sem fellur undir hugtakið fiskmarkaður og það sem hér er verið að vísa til varðandi eignarhald og heimildir útlendinga til eignarhalds tekur þá til uppboðsmarkaða eins og því er lýst í gildandi lögum.

Ljóst er að ef um það væri að ræða að fiskmarkaðir tækju þátt í annarri starfsemi útgerðar eða fiskvinnslustarfsemi mundu þau almennu lög fara að gilda sem í gildi eru um eignarhald útlendinga, fiskvinnslu og útgerð. Hins vegar eru eins og menn vita í gildi lög sem heimila óbeina eignaraðild útlendinga í íslenskum sjávarútvegi en alls ekki beina eignaraðild.

Þetta er í rauninni líka svar við spurningu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði, þ.e. hvort verið væri að stíga skref sem opnaði eignaraðild útlendinga að íslenskum sjávarútvegi. Svo er ekki eins og ég hef þegar rakið. Hér er eingöngu verið að fjalla um fiskmarkaði samkvæmt þeirri skilgreiningu sem lögin kveða mjög skýrt á um, þ.e. lögin frá því 9. júní 2005.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson spurði um samninginn við Færeyinga. Eins og ég sagði áðan er um að ræða þjóðréttarlegar skuldbindingar sem taka ekki gildi fyrr en Alþingi hefur sagt álit sitt á þeim. Ég fullyrði að áður en þetta mál verður afgreitt verða þau mál komin hingað til Alþingis og að þingmenn hafi þá tekið afstöðu til málsins. Ég er sammála honum um að þetta sé almennt talað samningur sem ég held að verði til góðs fyrir þjóðirnar og geri það að verkum að þau viðskipti sem ég held að eigi sér stað milli Færeyinga og Íslendinga verði greiðari en áður.

Ég tek að öðru leyti undir það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði áðan, ég tel að engin áhætta sé tekin með þessu máli þó að verið sé að breyta þessum lögum hvað varðar íslenskan sjávarútveg. Hér er um að ræða opnun á eignaraðild útlendinga að afmarkaðri starfsemi sem kveðið er á um í þeirri löggjöf sem er í gildi og hún tekur til þeirra þátta sem ég hef þegar rakið.

Að öðru leyti þakka ég fyrir ágæta umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:32]

Útbýting:

Bílaleigur, 379. mál, nál. samgn., þskj. 939; brtt. samgn., þskj. 940.

Upplýsingaréttur um umhverfismál, 221. mál, nál. umhvn., þskj. 936; brtt. umhvn., þskj. 937.

Fundi slitið kl. 17:33.

89. FUNDUR

mánudaginn 20. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 616. mál, þskj. 901. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 607. mál, þskj. 891. — 1. umr.
4. Eldi vatnafiska, stjfrv., 595. mál, þskj. 879. — 1. umr.
5. Varnir gegn fisksjúkdómum, stjfrv., 596. mál, þskj. 880. — 1. umr.
6. Veiðimálastofnun, stjfrv., 612. mál, þskj. 897. — 1. umr.
7. Fiskrækt, stjfrv., 613. mál, þskj. 898. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Varamenn taka þingsæti.

[15:03]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 4. þm. Norðvest., Einari K. Guðfinnssyni, dags. 20. mars:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, Adolf H. Berndsen, Skagaströnd, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum en 1. varamaður á listanum er staddur erlendis."

Eins og fram kom í síðustu viku í bréfi frá 1. varamanni Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, Guðjóni Guðmundssyni, er hann staddur erlendis og getur því ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni.

Adolf Berndsen hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný á Alþingi.

Breytingar í nefndum.

[15:03]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur eftirfarandi tilkynning um breytingu á skipan nefnda:

Jónína Bjartmarz hefur verið kjörin varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar. Guðjón Ólafur Jónsson tekur sæti Sivjar Friðleifsdóttur ráðherra í sérnefnd um stjórnarskrármál.

[15:04]

Útbýting:

Fjármagnstekjuskattur líknarfélaga, 553. mál, svar fjmrh., þskj. 942.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Ákvörðun Bandaríkjamanna í varnarmálum.

[15:04]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra um stöðu varnarmála og aðdraganda ákvörðunar Bandaríkjamanna. Þá ákvörðun bar mjög brátt að eins og við þekkjum. Hún kom á meðan íslensk stjórnvöld töldu að þau ættu í alvarlegum samningaviðræðum við Bandaríkjamenn. Þetta var auðvitað fáheyrð framkoma af hálfu Bandaríkjamanna, ekki síst í ljósi þess að við erum gömul vina- og samstarfsþjóð.

Það má rifja upp að með svipuðum hætti kom líka tilkynningin árið 2003, þegar bandarísk stjórnvöld tilkynntu íslensku ríkisstjórninni að þau hygðust flytja varnarliðið á brott, en þá var aðdragandinn hins vegar öðruvísi gagnvart þjóðinni að því leyti til að hæstv. ríkisstjórn kaus að tilkynna ekki um ákvörðunina þegar í stað. Hún hélt málinu leyndu og það var ekki fyrr en nokkrum dögum síðar að hún treysti sér til að koma fram með þessa niðurstöðu.

Það var haft eftir hæstv. forsætisráðherra í fjölmiðlum síðastliðinn miðvikudag að íslenskum stjórnvöldum hafi borist ákvörðun bandarísku ríkisstjórnarinnar með þeim hætti að aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna hafi hringt í hæstv. utanríkisráðherra og síðan hafi sendiherra Bandaríkjanna gengið á fund hæstv. utanríkis- og forsætisráðherra. Mig langar, frú forseti, í ljósi atburðarásarinnar 2003 að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort það hafi virkilega verið svo að íslensk stjórnvöld hafi ekki verið látin vita um ákvörðun Bandaríkjastjórnar fyrr en þennan dag.

[15:06]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Svarið er mjög einfalt. Nei, við vorum ekki látin vita um þessa ákvörðun fyrr en þennan dag eins og hv. þingmaður rakti hér.

[15:06]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég trúi auðvitað því sem hæstv. forsætisráðherra segir en hinu er ekki að leyna að mér finnst vera komin upp ákaflega einkennileg staða. Í þættinum Sjálfstætt fólk hjá Jóni Ársæli í gær var hæstv. utanríkisráðherra spurður að því hvort ekki hefði verið óþægilegt fyrir hann að fá þessar fregnir um ákvörðun Bandaríkjastjórnar rétt í þann mund sem hann var að koma frá Noregi. Hæstv. utanríkisráðherra svaraði á þá lund að það hefðu vissulega verið óskemmtilegar fréttir en þær hefðu þó ekki komið honum alveg á óvart því að hann hafi vitað að hann ætti von á þessu símtali á miðvikudaginn.

Nú liggur það sem sagt fyrir að hæstv. utanríkisráðherra vissi að þetta lá fyrir, hann vissi af ákvörðuninni en hann sagði hæstv. forsætisráðherra ekki frá henni. Ég verð að segja að mér finnast þetta ekki eðlileg vinnubrögð og ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Finnst honum þetta ekki vera skrýtið?

[15:08]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Nei, það er ekkert skrýtið vegna þess að hæstv. utanríkisráðherra átti von á þessu símtali en hann vissi ekki hvers efnis símtalið var fyrr en að því loknu.

[15:08]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég hvet hæstv. forsætisráðherra til að horfa á þennan þátt í endursýningu vegna þess að þar segir hæstv. utanríkisráðherra að málið hafi ekki komið honum allsendis á óvart. Í því getur ekki falist annað en viðurkenning á því að hann vissi um þetta. Hins vegar er það einfaldlega svo að það virðist sem hér sé um hannaða atburðarás að ræða vegna þess að hæstv. utanríkisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, treysti sér ekki til að koma heim með það sem niðurstöðu í samningum að herinn væri að fara. Það var þess vegna sem hann var með í ráðum um það með hvaða hætti þetta ætti að bera að íslensku þjóðinni.

Frú forseti. Mér finnast þetta ekki eðlileg vinnubrögð. Ég fordæmi pukur af þessu tagi og ég vonaðist til að hæstv. utanríkisráðherra gerði það líka. Það sem skiptir máli í þessum efnum er að menn komi hreint fram en mér sýnist að það ekki hafi verið gert í þessu máli.

[15:09]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það er ekkert pukur í þessu máli. Þegar við segjum að það hafi ekki komið okkur algerlega á óvart þá er það vegna þess að það hefur lengi legið fyrir að það væri vilji hjá Bandaríkjamönnum að þetta yrði niðurstaðan. Hins vegar hafa menn líka lengi vonast eftir því að svo yrði ekki og það er í því ljósi sem bæði ég og hæstv. utanríkisráðherra höfum sagt að niðurstaðan hafi ekki komið okkur algerlega á óvart. En það er alger óþarfi að setja þetta upp með þeim hætti sem hv. þingmaður reynir að gera hér, að um eitthvert pukur og einhvern feluleik hafi verið að ræða. Svo er alls ekki og engin ástæða til þess. Hér hefur verið komið fram með þetta mál algerlega eins og það gerðist og sagt frá öllu í því sambandi.

Þverpólitísk aðkoma að öryggismálum.

[15:10]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þegar greint var frá því síðastliðinn miðvikudag að Bandaríkjamenn hygðust draga herlið sitt frá Íslandi var boðað til fundar með fulltrúum allra stjórnmálaflokka, bæði formönnum flokkanna og einnig í utanríkismálanefnd Alþingis. Það var eðlilegt að gera þetta í ljósi alls þess sem í húfi er, öryggis- og björgunarmál, yfirtaka á verkefnum sem nú eru á hendi Bandaríkjamanna og atvinnuöryggi á Suðurnesjum, en fyrirsjáanlegt er að mörg hundruð manns missi atvinnu sína. Allt þetta krefst markvissra viðbragða.

Fyrir Alþingi liggur tillaga frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um þverpólitíska aðkomu að undirbúningi undir brottför hersins. Hefur hún reyndar verið lögð fram og verið til umfjöllunar á undanförnum þingum án þess að hljóta nokkurn tíma afgreiðslu. Tvennt hefur vakað fyrir þingflokknum, annars vegar að búa í haginn fyrir það sem fyrirsjáanlegt hefur verið um alllangt skeið, að Bandaríkjamenn hyrfu af landi brott, og hins vegar að freista þess að skapa þverpólitíska samvinnu um stefnu Íslands með tilliti til öryggismála í breyttum heimi.

Þessari hugmynd hreyfði formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, á fundi formanna stjórnmálaflokkanna síðastliðinn miðvikudag eins og hæstv. forsætisráðherra getur án efa staðfest.

Nú vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forsætisráðherra hvort hann vilji stuðla að sameiginlegri aðkomu allra stjórnmálaflokka að því starfi sem fram undan er.

[15:12]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Slíkur sameiginlegur vettvangur er til sem er utanríkismálanefnd. Hér er um meiri háttar utanríkismál að ræða og það verður haft samráð á þeim vettvangi. Þar eiga allir stjórnmálaflokkar sína fulltrúa og ég tel það eðlilegan vettvang. Það sem nú þarf að gera er þrennt. Í fyrsta lagi þarf að ganga til samninga og viðræðna við Bandaríkjamenn. Það hefur verið undirbúið og er verið að undirbúa það. Í öðru lagi þurfa ráðuneyti að hafa samráð um mikilvægar ákvarðanir og það sem mestu máli skiptir í því samhengi eru björgunarmálin, þyrlumálin sem verður að taka ákvörðun um fljótlega. Í þriðja lagi eru atvinnumálin á Suðurnesjum. Þar hefur verið ákveðið að stofna samráðsvettvang með aðilum á Suðurnesjum, með sveitarfélögum á Suðurnesjum, og var gengið frá því í gær þó að ekki hafi verið skipað í þá nefnd. Við munum að sjálfsögðu rækta þann samráðsvettvang sem þingsköp gera ráð fyrir, sem eru utanríkismálanefnd Alþingis.

[15:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessi svör og fagna þeim skrefum sem þegar hafa verið stigin, að efna til samráðs með sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum. Hitt er síðan rétt að við höfum þann vettvang sem er utanríkismálanefnd Alþingis, en það sem fyrir okkur hefur vakað er breikka og efla þetta samstarf og gera það sem allra markvissast. Það lýtur, eins og fram hefur komið, að öryggismálum, að björgunarmálum, að öryggisstefnu þjóðarinnar í framtíðinni en einnig að skammtímaþáttum sem snúa að brottför hersins. Þá er ég ekki síst að hugsa um mengunarmál og hvernig bandarískri herinn á Miðnesheiði kemur til með að skilja við landið og þær kröfur sem reistar verða á hendur hernum hvað þetta snertir.

[15:14]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Allt sem hv. þingmaður nefndi eru atriði sem þarf að ræða rækilega og það verður gert á næstu dögum og vikum. Það er líka ljóst að stjórnmálaflokkarnir þurfa að fara mjög rækilega yfir þessi mál á sínum vettvangi, fara yfir stefnu sína í öryggis- og varnarmálum og ég fagna því að stjórnmálaflokkar hafa þegar tekið skref í þá átt.

Það liggur fyrir að nokkur ágreiningur hefur verið um þau mál á undanförnum árum og ekki síst við flokk hv. þingmanns en það er mjög mikilvægt að hver og einn flokkur endurmeti stöðu sína í þessu samhengi í ljósi þeirra atburða sem nú virðast ætla að verða að veruleika.

[15:15]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt, það hefur verið ágreiningur um utanríkismálin, ekki síst á milli míns flokks, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hefur haldið fram kröfunni um herlaust Ísland og Ísland utan hernaðarblokka, og hins vegar annarra flokka sem hafa verið þessu fylgjandi. En einmitt þess vegna og í ljósi þess að nýjar aðstæður eru að skapast, að Ísland er núna í nýjum heimi, er nauðsynlegt að efna til þverpólitísks samstarfs. Það er ljóst að það verður talsvert um nefndastarf á næstunni, bæði innan flokka og milli flokka, og ýmsir kallaðir til þeirrar vinnu. Fyrir okkur vakir að á vettvangi Alþingis skapist þverpólitísk samstaða um vinnubrögðin í þessu efni.

Innrásin í Írak.

[15:16]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Eins og öllum er kunnugt markaði helgin síðasta þau tímamót að þrjú ár eru liðin frá innrásinni í Írak. Það þarf vart að rifja það upp fyrir þingheimi eða landsmönnum hvernig það bar að að tveir hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, þáverandi forsætisráðherra og þáverandi utanríkisráðherra, léðu innrásinni stuðning sinn með samtölum við stjórnvöld í Washington. Það var gert án samráðs við þing og án samráðs við þjóð eins og allir vita.

Mig langar af þessu tilefni að spyrja hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson hvort hann telji nú, þremur árum eftir þessa innrás, að hún hafi verið írökskum þjóðinni til heilla og Íslandi til vegsauka á alþjóðlegum vettvangi. Ég held að það væri ágætt að fá svar hæstv. forsætisráðherra við því nú, á þessum tímamótum.

Eins og mönnum er kunnugt um var fyrrverandi forsætisráðherra í bráðabirgðastjórn Íraks, Jaafari að nafni, í fréttum nýverið, í gær minnir mig, og þar var haft eftir honum að að hans viti geisaði nú borgarastyrjöld í Írak. Á hverjum degi falla 40, 50, 60 manns. Það er stöðugur ófriður á ákveðnum svæðum í Írak og alveg ljóst að líf hins almenna borgara er ekki með eðlilegum hætti og Írakar búa við mikið óöryggi. Eins og ég segi, á þessum tímamótum vil ég inna forsætisráðherra eftir því sem ég hef hér áður sagt.

[15:18]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Aðeins framtíðin getur leitt það í ljós hvort það sem hefur gerst í Írak verði þjóðinni til farsældar þegar fram líða stundir. Það er alveg ljóst að þar er um að ræða tvo vonda kosti. Ég held að öllum megi vera það ljóst að framtíð írösku þjóðarinnar hefði ekki verið björt undir ógnarstjórn Saddams Husseins. Það er líka ljóst að það ástand sem núna er í Írak er mjög alvarlegt. Þar ríkir ástand sem er á margan hátt skelfilegt, þar eiga sér stað hryðjuverk og þær hryðjuverkaárásir sem þar eru stundaðar á hverjum degi hljóta að vera öllum mikið áhyggjuefni.

Við skulum vona að lýðræði festi sig í sessi í Írak, að írakska þjóðin geti unnið fram úr þeim vandamálum sem þar blasa við og hún geti tekið sjálf á því sem fyrst þannig að þeir erlendu hermenn sem þar eru hverfi þaðan á brott sem allra fyrst. Við skulum vona að svo verði og við skulum líka minnast þess að þau verk sem nú er verið að vinna í Írak á vegum alþjóðasamfélagsins eru unnin á grundvelli ályktana Sameinuðu þjóðanna. Um það var full samstaða hjá Sameinuðu þjóðunum. Það er mjög mikilvægt og írakska þjóðin þarf á aðstoð alþjóðasamfélagsins að halda inn í framtíðina.

Auðvitað má deila um það sem áður hefur gerst en framtíðin hlýtur að skipta meginmáli og aðeins sagan getur dæmt það þegar fram líða stundir.

[15:20]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það er til lítils að horfa til framtíðar ef menn vilja ekkert af fortíðinni læra. Allir muna að ástæða innrásarinnar í Írak var grunurinn, óstaðfestur grunur um gereyðingarvopn sem þar áttu að vera. Sú var ástæðan fyrir stríðinu í Írak. Ástæðan eftir á var að koma Saddam Hussein frá völdum, það er öllum kunnugt um líka.

Það er víða um heim að finna menn sem má með fullum sanni kalla illmenni, menn sem ráða ráðum sínum, eru í ríkisstjórnum og fara illa með borgarana sína. Við getum nefnt Úsbekistan, við getum nefnt Súdan og Kongó. Hvað ætla þjóðir heims að gera í þeim málum?

Hins vegar liggur það fyrir, frú forseti, að lýðræðisvæðingin sem Bush-stjórnin ætlaði sér að sýna fram á að mundi takast í tilraunastofunni Írak hefur ekki tekist. Þrem árum síðar eru menn enn að segja sömu hlutina (Forseti hringir.) og þeir sögðu fyrir þremur árum.

[15:22]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það eru illir menn sem víða ráða í heiminum. Það er ekki hægt að grípa inn í alla hluti en stundum hefur heppnast vel að gera það. Ég nefni Bosníu, ég nefni Kosovo og líka Afganistan. Það var mjög mikilvægt, sérstaklega í Bosníu og Kosovo, þó að það hafi verið umdeilt, m.a. hér á Alþingi, að alþjóðasamfélagið gripi þar inn í. (**ÖJ:** Svo er enn.) Ég held að það sé óumdeilt að það hafi réttar ákvarðanir verið teknar.

Við eigum því ekki að tala með þeim hætti að alþjóðasamfélagið eigi aldrei að grípa inn í. Þegar fram líða stundir

skulum við vona að meiri friður skapist í Miðausturlöndum. Það er vissulega rétt að mikil vandamál eru í Írak núna og það er líka rétt að engin gereyðingarvopn voru þar þó að það væri sagt (Forseti hringir.) og það ber að sjálfsögðu að viðurkenna.

[15:23]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það er samdóma álit manna austan hafs og vestan, jafnvel manna er starfað hafa fyrir Bush-stjórnina í Washington, að þótt innrásin í Írak hafi heppnast eins og menn segja hafi það sem í kjölfarið fylgdi ekki heppnast, ekki uppbyggingin, ekki það starf sem þar þarf að vinna og ekki það að koma á öryggi og uppbyggingu í Írak.

Ég veit ekki hvort fólk gerir sér grein fyrir því við hvaða aðstæður Írakar búa þessa dagana, en það er a.m.k. alveg ljóst að sú tilraunastarfsemi sem rekin hefur verið þar á vegum ríkisstjórnar Georges Bush hefur ekki borið mikinn árangur á undanförnum þremur árum og það eitt ætti að kenna okkur að það er betra að leita eftir og undirbyggja slíkar ráðstafanir með samþykki öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og með öðrum leiðum en þeirri sem farin var árið 2003.

Fjolgun starfa hjá ríkinu.

[15:24]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Fyrirspurn mín fjallar ekki um heimsmálin, heldur um byggðamálin sem ég tel að við ættum að sinna í enn meira mæli en gert er og ég er á því að þessi fyrirspurn leiði það einmitt í ljós.

Allt frá árinu 1994 hafa stjórnvöld haft það markmið að flytja störf ríkisins út á land. Á árinu 1994 hljóðaði samþykkt stjórnvalda á þessa leið, með leyfi forseta:

„Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt."

Allar götur síðan hafa byggðaáætlanir innihaldið þetta markmið. Þess vegna fannst mér rétt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hver hefði orðið fjölgun opinberra starfsmanna, starfsmanna ríkisins, á þessu tímabili. Það svar gefur til kynna að ríkisstarfsmönnum hafi fjölgað um tæplega þrjú þúsund og öll fjölgunin hefur orðið í Reykjavík.

Ég er sannfærður um að byggðamálaráðherra hefur kynnt sér þessa fyrirspurn vegna þess að ég hef ítrekað spurt hæstv. ráðherra byggðamála um mælanleg markmið. Nú í fyrirspurn á Alþingi fæ ég mælanleg markmið og ég er sannfærður um að hæstv. iðnaðarráðherra, byggðamálaráðherra, hafi kynnt sér þau vegna þess að niðurstöðurnar sýna að fjölgunin hefur einungis orðið í Reykjavík. Annaðhvort hefur störfum ríkisstarfsmanna fækkað eða þau staðið í stað á landsbyggðinni. Það væri ágætt ef hv. þingmenn landsbyggðarinnar færu yfir þessa fyrirspurn vegna þess að það kemur m.a. fram að á Norðurlandi vestra hefur fækkað um 55 störf og á Suðurlandi um 57 þannig að hér er um að ræða gríðarlega (Forseti hringir.) fækkun á meðan stjórnvöld hafa ætíð haldið því fram (Forseti hringir.) að verið sé að fjölga starfsmönnum ríkisins á landsbyggðinni.

[15:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég efast ekkert um að þær tölur eru réttar sem hv. þingmaður fer hér með en ég skal viðurkenna að ég hafði ekki kynnt mér þær eða það svar sem hann vitnaði til. Það má líka velta því fyrir sér hvers vegna hann beinir fyrirspurninni til mín en ekki einhvers annars ráðherra, m.a. vegna þess að í byggðaáætlun fer ég ekki með þennan málaflokk, þ.e. hvað varðar opinber störf.

Ég vil halda því fram að ýmislegt jákvætt hafi verið að gerast í þeim efnum nýlega í sambandi við fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni og ekki síst í því kjördæmi sem hv. þingmaður nefndi hér. Ég ætla ekki að fara í að telja það upp en það eru hlutir sem allir hv. þingmenn þekkja. Síðan er Byggðastofnun á Sauðárkróki og það kostaði nokkur átök að flytja hana þangað. Engu að síður var það gert og ég tel að hún hafi staðið sig ágætlega í störfum þar.

Ég held að það sé líka mikilvægt að við hér á hv. Alþingi tölum stundum um jákvæða hluti sem eru að gerast á landsbyggðinni. Það er vissulega ýmislegt jákvætt að gerast og almennt séð svífur miklu betri andi þar yfir vötnunum en oft hefur verið. Það er mikill ábyrgðarhluti hér af hv. þingmönnum að tala allt niður. Mér finnst sá hv. þingmaður sem hér talaði og kom fram með fyrirspurn vera því miður einn af þeim sem gera dálítið mikið af því að tala niður. Það er ekki það sem fólkið á landsbyggðinni vill helst heyra frá hv. Alþingi, að hlusta á þingmennina sína tala niður það kjördæmi sem það býr í.

[15:29]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að vona að við þingmenn landsbyggðarinnar megum tala um staðreyndir enn þá og vitna í opinberar tölur og svör hæstvirtra ráðherra, t.d. fjármálaráðherra. Ég vona að það sé leyfilegt, frú forseti. Ef það kemur fram að ríkisstarfsmönnum hafi fjölgað um 2.956 frá árinu 1997 til ársins 2005 og að sú fjölgun hafi nær öll orðið í Reykjavík hljóta það að vera tíðindi sem hæstv. byggðamálaráðherra ætti að skoða alvarlega í stað þess að telja verkefni hér og þar. Staðreyndirnar frá ríkisstjórninni sjálfri sýna að störfum ríkisins hefur fækkað í því kjördæmi sem hún vitnaði til, þ.e. í Norðvest., og hún ætti að horfa til þess í staðinn fyrir að telja upp einhver verkefni. (Forseti hringir.) Þetta er einmitt það sem vantar í byggðaumræðuna, að (Forseti hringir.) verið sé að ræða um hlutina eins og þeir eru. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (JBjart): Forseti beinir því til hv. þingmanns að virða tímamörk í umræðunni.)

[15:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það sem ég nefndi áðan var að þetta er ekki eitt af því sem ég fer með í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar. Byggðaáætlun er plagg sem varðar nánast alla ráðherra því að byggðamálin eru ekki bara í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti þó að formlega séð fari ég með utanumhald

um byggðaáætlun.

Ég er ekkert að gera lítið úr áhyggjum hv. þingmanns af þessu. Auðvitað vildum við sjá opinberum störfum fjölga á landsbyggðinni, meira en verið hefur en ég nefndi hér ákveðna þætti sem ég tel að horfi mjög til bóta.

Ég vil líka minna á að það var ekki lítill slagur tekinn þegar Landmælingar voru fluttar upp á Akranes. Þó að okkur finnist í dag að Akranes sé nánast ekki á landsbyggðinni — ég segi fyrir mig sem kem norðan úr landi að mér finnst það vera orðið hluti af höfuðborgarsvæðinu í raun — var á þeim tíma mikill slagur tekinn af hálfu þess ráðherra sem þá fór með umhverfismál, Guðmundar Bjarnasonar, og (Forseti hringir.) ekki allir í þessum þingsal studdu það mál, svo mikið er víst.

[15:31]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég get tekið undir það sem hæstv. byggðamálaráðherra nefnir hér, hún ber ekki ein ábyrgð á ástandinu. Það er stefna ríkisstjórnarinnar sem kemur fram í þessu svari sem sýnir svart á hvítu að öll fjölgun opinberra starfa, þ.e. starfa ríkisins, hefur orðið í Reykjavík. Störfum ríkisins hefur fækkað eða þau staðið í stað á landsbyggðinni.

Þetta eru staðreyndir málsins sem liggja frammi í svörum ráðuneytisins og það segir náttúrlega sína sögu að hæstv. ráðherrar fara ætíð út á land og halda einhverjar opnunarhátíðir en þegar dæmið er gert upp af sjálfum ráðherranum, hæstv. fjármálaráðherra, kemur það heim og saman í bókhaldinu að störfin hafa einfaldlega staðið í stað eða dregist saman nema á Reykjavíkursvæðinu þar sem þeim hefur fjölgað um tæplega þrjú þúsund — og það ekki á 10 árum, frú forseti.

[15:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér heyrðist hv. þingmaður vera að finna að því að ráðherrar færu yfirleitt út á land. Er það ekki jákvætt ef um viðburði er að ræða úti á landi þar sem verið er að opna t.d. einhverja nýja starfsemi að ráðherrar mæti þar og taki þátt í þeim viðburðum? Ég veit ekki hvort það er út af einhverri öfund eða hvað það er en hv. þingmaður nefndi þetta sérstaklega.

Svo vil ég líka segja að það getur fleira jákvætt gerst á landsbyggðinni en að fjölgað sé opinberum störfum. Það er svo margt annað sem þar kemur til og hefði verið hægt að telja upp ef um lengri tíma hefði verið að ræða.

Skattalækkun og ný hjúkrunarheimili.

[15:33]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og alþjóð er kunnugt er allnokkur vandi uppi í málefnum aldraðra, sérstaklega hvað varðar hjúkrunarheimili. Það er talið að í dag séu um 350 einstaklingar í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými og um 950 einstaklingar deila herbergi með öðrum en maka sínum um þessar mundir. Þörfin fyrir ný hjúkrunarrými er um 1.300 í dag, og hið fyrsta vilja menn fá úrbætur á þessu sviði.

Þetta kostað auðvitað allnokkra peninga. Talið er að kostnaðurinn við 350 ný rými miðað við daggjald í dag gæti verið um 1,8 milljarðar kr. á ári. Kostnaður við að einsetja stofur sem í dag eru með tveimur eða fleiri einstaklingum gæti verið um 1,2 milljarðar kr. á ári, samtals mundi kosta um 3 milljarða kr. á ári að leysa úr þessum vanda, um 1.300 ný hjúkrunarrými.

Því til viðbótar er rétt að geta þess að samkvæmt mannfjöldaspám Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að landsmönnum fjölgi um 16% á næstu 20 árum en þeim sem eru áttræðir og eldri muni fjölga um 36%. Þörf fyrir hjúkrunarrými mun á næstu árum aukast frá því sem nú er.

Til að mæta þessari þörf þarf peninga. Ég vil því beina fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að eitt prósentustig af þeim tekjuskatti sem á að fella niður um næstu áramót og gefur á milli 5 og 6 milljarða kr. á hverju ári verði notað sem fjármagn til að leysa úr vanda að þessu leyti, notað sem svarar einu prósentustigi til að (Forseti hringir.) leysa úr vanda í þessu efni. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn til að beita sér fyrir því?

[15:36]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Eins og hv. þingmanni er væntanlega kunnugt er nú að störfum nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar og samtaka eldri borgara um að fara yfir aðstæður og kjör eldri borgara hér á landi. Eitt af þeim verkefnum sem þessari nefnd hefur verið falið er að fara yfir búsetu og búsetuskilyrði aldraða. Ég á von á því að þessi nefnd skili af sér áliti innan tíðar þó að ég viti ekki nákvæmlega hvenær það verður. Ég held þess vegna að það væri rangt af mér að gefa út einhverjar yfirlýsingar um það fyrir hverju ég ætla að beita mér í þessum efnum á meðan þessi nefnd er að störfum af hálfu ríkisstjórnarinnar og samtaka eldri borgara.

Að öðru leyti þakka ég hv. þingmanni fyrir þær upplýsingar sem hann kom með hér, ágætar tölulegar upplýsingar um stöðu mála sem út af fyrir sig undirstrika það vandamál sem þarna er við að glíma og þann vanda sem umrædd nefnd á að gera tillögur um hvernig haganlegast og best sé að leysa.

[15:37]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég árétta að vandinn er mikill. Vilji stjórnmálamanna til að leysa hann er mikill en við vitum að vandinn verður ekki leystur nema með fjármagni.

Vilji menn ekki leggja til þess fé stendur vandinn áfram óleystur. Ég bind vonir við að sú nefnd sem hæstv. ráðherra nefndi skili af sér tillögum sem að gagni mega koma hvað þetta varðar. Ég vek þó athygli á því, virðulegi forseti, að fyrir þinginu liggur fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra frá hv. þm. Ástu Möller þar sem ráðherra er spurður að því hvort hann hyggist taka upp viðræður við Sóltún um viðbyggingu fyrir þjónustu við aldraða sem þarfnast vistunar á hjúkrunarheimili.

Eðlilega getur hæstv. heilbrigðisráðherra ekki svarað þessari fyrirspurn nema vissa sé fyrir því og stuðningur í ríkisstjórninni að fjármagn fáist til verkefnisins.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 616. mál (EES-reglur). — Þskj. 901.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

[15:39]

Útbýting:

Fjárveitingar til vegagerðar, 508. mál, svar samgrh., þskj. 926.

Framtakssjóður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, 646. mál, fsp. KLM, þskj. 951.

Gjaldtaka á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 643. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 948.

Kostnaður við rannsókn Baugsmálsins, 641. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 946.

Kostnaður við svonefnt Baugsmál, 642. mál, fsp. JóhS, þskj. 947.

Ráðningarkjör upplýsingafulltrúa forsætisráðuneytisins, 645. mál, fsp. MÞH, þskj. 950.

Sjálfstætt starfandi heimilislæknar, 638. mál, fsp. LMR og GÞÞ, þskj. 943.

Skattlagning lífeyrisgreiðslna og skattleysismörk 70 ára og eldri, 640. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 945.

Skattlagning styrkja úr sjúkra- og styrktarsjóðum, 644. mál, fsp. JóhS, þskj. 949.

Sumarbústaðir, 639. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 944.

Lax- og silungsveiði, 1. umr.

Stjfrv., 607. mál (heildarlög). — Þskj. 891.

[15:41]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þingskjali 891 sem er 607. mál þessa þings. Um er að ræða frumvarp til nýrra laga um lax- og silungsveiði en samhliða framlagningu þessa frumvarps eru lögð fram fjögur önnur frumvörp sem saman mynda eina heild á sviði lax- og silungsveiðimála.

Gildandi lög um lax- og silungsveiði eru frá árinu 1970 en stofn þeirra má rekja allt aftur til ársins 1932. Þau eru 110 greinar, skiptast í 17 kafla og taka til margra ólíkra atriða sem sum hver hafa takmarkaða samstöðu enda hefur lögunum margoft verið breytt á þessum rúmu 70 árum án þess að nægjanlega væri hugað að lagasamræminu. Þá hafa nokkrar tilraunir verið gerðar til heildarendurskoðunar á löggjöfinni en þær ekki náð fram að ganga. Ljóst má vera að á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku laganna hefur margt breyst í umhverfi veiðimála hérlendis sem gerir heildarendurskoðun nauðsynlega. Þýðing og mikilvægi atvinnurekstrar er tengist lax- og silungsveiðum hefur og aukist verulega á undanförnum árum en lagaumhverfið hefur ekki í nægjanlegum mæli verið í stakk búið til að bregðast við þeim breyttu aðstæðum. Löngu var því tímabært að ráðast í heildarendurskoðun á lagaumhverfinu.

Frumvarp þetta ásamt fylgifrumvörpum er afrakstur vinnu nefndar sem ég skipaði 1. júlí árið 2001 til að endurskoða gildandi lög um lax- og silungsveiði. Nefndin var í upphafi skipuð þeim dr. Gauki Jörundssyni, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, dr. Páli Hreinssyni, lagaprófessor við Háskóla Íslands, og Ingimar Jóhannssyni, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Við fráfall dr. Gauks Jörundssonar voru í hans stað skipaðir til starfans þeir Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður og lektor, og Þorgeir Örlygsson, dómari við EFTA-dómstólinn, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Með nefndinni störfuðu Arnar Þór Stefánsson, héraðsdómslögmaður á Lex-Nestor lögmannsstofu, og Atli Már Ingólfsson, lögfræðingur og deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Þá hefur dr. Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður Veiðimálastofnunar, verið ráðgjafi við samningu frumvarpsins.

Það var vissulega áfall í miðjum klíðum vinnu um þessa löggjöf að dr. Gaukur Jörundsson féll frá langt um aldur fram. Við minnumst hans hér á Alþingi sem fyrsta umboðsmanns og hins sterka lögmanns. Mikill fræðimaður var hann í lögfræði og á seinni tímum einn okkar færasti maður á því sviði. Hans er sárt saknað og minnumst við hans með þakklæti og virðingu.

Í endurskoðunarstarfinu var ákveðið að kljúfa þau lög upp í fimm lagabálka þar sem sumum væri skipað með þeim atriðum sem efnislega samstöðu eiga. Ákvæði um veiðirétt er því að finna í frumvarpi þessu en ákvæðum um fiskrækt, fiskeldi og varnir gegn fisksjúkdómum er skipað í sérstök frumvörp. Þá er einnig lagt fram frumvarp til laga um Veiðimálastofnun en því frumvarpi er ætlað að leysa af hólmi gildandi lagaákvæði um Veiðimálastofnun. Saman mynda frumvörpin heildarumgjörð um málaflokk þennan ásamt nýsamþykktum lögum um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005, en gert er ráð fyrir að stofnunin annist ákveðin stjórnsýsluverkefni í tengslum við lax- og silungsveiði. Nánari grein verður gerð fyrir fylgifrumvörpunum í framsöguræðum um hvert þeirra fyrir sig hér á eftir.

Meginmarkmið frumvarps þessa er hið sama og gildandi laga eða að kveða á um eignarhald veiðiréttar í ferskvatni og þær takmarkanir sem sá réttur sætir. Er á því byggt sem meginreglu að eignarlandi hverju fylgi veiðiréttur í vatni, á eða fyrir því landi en í þjóðlöndum sé íslenska ríkið eigandi veiðiréttar með þeim takmörkunum sem leiðir af rétti afréttareiganda. Ákvæði frumvarpsins um veiðistjórn, veiðitæki og veiðiaðferðir takmarkar síðan þennan rétt með margvíslegum hætti, svo sem verið hefur. Þá er í 1. gr. frumvarpsins að finna þá stefnuyfirlýsingu að nýting þeirrar auðlindar sem í veiði felst skuli fara fram með skynsamlegum og hagkvæmum hætti þar sem sjálfbær nýting fiskstofnana verði höfð að leiðarljósi. Í þessu felst það viðhorf að þar sem ekki fara saman sjálfbær nýting fiskstofna annars vegar og hins vegar starfsemi sem í bága fer við hana þá skal sjálfbæra nýtingin ganga framar. Kemur þetta viðhorf og fram í ýmsum greinum frumvarpsins og fylgifrumvarpanna.

Í frumvarpi þessu er að meginstefnu til fylgt sömu efnisreglum og fram koma í gildandi lögum en framsetningu og efnisskipun er breytt í verulegum atriðum, m.a. með tilliti til breyttrar stjórnsýslu á sviði landbúnaðarmála og í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd gildandi laga. Í þessu felst

að ráðgert er að lögin verði mun styttri, skýrari og hnitmiðaðri en nú er og ýmsir efnisflokkar annað tveggja fluttir í sérlög ellegar reglugerðir og reglur. Þá er og við það miðað að eftirlit með framkvæmd nýrra laga verði að hluta til í höndum veiðifélaga á hverju svæði og vald og ábyrgð þannig færð heim í hérað. Í frumvarpinu er einnig að finna ýmis efnisleg nýmæli sem ég mun fjalla nánar um á eftir.

Löggjöf um lax- og silungsveiðar er í eðli sínu löggjöf um náttúruauðlindir á því sviði. Efni frumvarpsins fylgir í öllum aðalatriðum sömu meginsjónarmiðum og fram koma í gildandi löggjöf um eignarhald og takmarkanir eignarráða annarra náttúruauðlinda, enda er þar um fyrirkomulag eignarhalds og takmarkanir þess byggt á viðhorfum sem ráðandi hafa verið í íslenskri löggjöf og lagaframkvæmd frá upphafi lagasetningar hér á landi um það efni. Verði frumvarp þetta og fylgifrumvörp þess að lögum má segja að gott samræmi verði í íslenskri löggjöf um eignarhald og nýtingu þýðingarmestu auðlinda landsins.

Staða íslenskra laxfiskstofna er betri en víðast annars staðar. Íslendingum hefur tekist að nýta laxveiðiauðlindina betur en öðrum þjóðum. Bæði fæst meiri arður af auðlindinni og ekki hefur verið gengið á auðlindina eins og hjá mörgum öðrum þjóðum sem við þekkjum til. Íslenskir laxastofnar standa almennt betur en stofnar víða annars staðar en í heild hefur Atlantshafslaxi hnignað verulega á síðustu áratugum. Svipað má segja um silungastofna þó nýting þeirra sé ekki eins mikil og þróuð og laxveiðin. Gott ástand mála er þó ekki sjálfgefið. Vel þarf að halda á málum til að viðhalda þessu góða ástandi og er góður lagarammi afar mikilvægur.

Stangveiðar eru mjög mikilvægar fyrir land og þjóð. Kannanir sýna að um þriðjungur Íslendinga eða um 60.000 manns á aldrinum 18–75 ára stunda stangveiði árlega. Stangveiði er því vinsæl og mikið stunduð. Þá hefur það verið metið að um 5.000 erlendir veiðimenn leggi leið sína hingað til lands til veiða í okkar laxveiðiám.

Laxveiðiframboð er nú um 34.000 stangadagar á ári. Það framboð verður ekki aukið mikið án ræktunaraðgerða. Veiðidagar Íslendinga eru yfir 400.000 á ári svo ljóst er að margir stunda silungsveiði. Veiðidagar á mann eru færri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum.

Tekjur af veiðinytjum eru mikilvægar. Óbein og afleidd áhrif stangveiði má meta til 7,8–9,1 milljarðs kr. á ári. Þar af eru beinar tekjur veiðifélaga um 1–1,2 milljarðar kr. á ári. Milli 1.000 og 1.200 störf eru til vegna stangveiða. Sem dæmi má nefna að stangveiði stendur undir um það bil helmingi atvinnutekna í landbúnaði á Vesturlandi. Þessar upplýsingar koma fram í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Veiðimálastofnunar um efnahagsáhrif stangveiða og stöðu laxastofna á Íslandi.

Að því var vikið hér að framan að við endurskoðun gildandi lax- og silungsveiðilaga væri óhjákvæmilegt að gera framsetningu nýrra laga sem einfaldasta og skýrasta og þau þannig aðgengilegri þeim sem með þau sýsla og hagsmuni sína eiga undir framkvæmd þeirra. Í þessu sambandi hafa þrír þættir verið nefndir.

Í fyrsta lagi er lagt til að sett verði sérstök lög um fjóra málaflokka sem nú eru hluti af lögum um lax- og silungsveiði.

Í öðru lagi er ráðgert að nánari útfærslu einstakra atriða verði fyrir komið í reglugerðum settum af landbúnaðarráðherra sem og reglum Landbúnaðarstofnunar.

Í þriðja lagi hefur uppbyggingu laganna verið breytt til að gera þau einfaldari og skýrari. Má sem dæmi um það nefna að við framsetningu efnisreglna frumvarpsins er yfirleitt greint á milli þeirra reglna sem gilda um lax annars vegar og silung hins vegar, enda reglurnar oft ólíkar.

Þeir fjórir málaflokkar sem betur þykir fara á að um gildi sérstök lög eru í fyrsta lagi ákvæði um Veiðimálastofnun og stjórnsýslu hennar, samanber sérstakt frumvarp þar að lútandi. Er þetta í takt við þær venjur sem tíðkast hafa í lagasetningu hin síðari ár. Þykir ekki heppilegt að hafa ákvæði um starfshætti slíkrar rannsóknastofnunar í lögum sem fyrst og fremst lúta að eignarhaldi og stjórnsýslunýtingu auðlindarinnar. Er það einnig til mikillar einföldunar fyrir alla þá sem starfa eiga eftir lögunum. Í öðru lagi er lagt til að ákvæði gildandi laga sem lúta að fiskrækt, þar með talin ákvæði um fiskræktaráætlun og Fiskræktarsjóð, verði í sérstökum lögum, samanber sérstakt frumvarp til laga um fiskrækt. Í 2. gr. þess frumvarps er um gildissvið tekið fram að lögin muni taka til allrar fiskræktar sem fram fer á íslensku forráðasvæði en að teknu tilliti til ákvæða lax- og silungsveiðilaga sem og annarra sérlaga sem lúta að friðun, viðgangi og veiðum ferskvatnsfisks. Er með þessu minnt rækilega á það órjúfanlega samhengi og samræmi sem er á milli nýtingar veiðiréttar og fiskræktar þó af lagatæknilegum ástæðum fari betur á því að skipa þessu efni í tvenn lög. Það breytir hins vegar engu um það að eftir sem áður verður framkvæmd beggja laganna með samræmdum hætti. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæðum sem lúta að fiskeldi verði fyrir komið í sérlögum með sama hætti og á við um fiskrækt. Er þó ráðgert að lög þar að lútandi verði í öllum tilvikum skýrð til samræmis við og í samhengi við ákvæði þessa frumvarps verði það að lögum. Loks er í fjórða lagi ráðgert að í sérlög verði flutt öll þau ákvæði gildandi laga sem lúta að vörnum gegn fisksjúkdómum, innflutningi á lifandi fiski, hrognum og fleira. Eiga sambærileg rök við um þá tilhögun og tilflutning ákvæða um Veiðimálastofnun í sérlög, samanber hér að framan.

Til þess að benda sem skýrast á nauðsynlegt samhengi umræddrar löggjafar eru, sem fyrr segir, frumvörp sem lúta að þessum fjórum málaflokkum lögð fram samhliða frumvarpi þessu og ráðgert að þau öll og málaflokkurinn í heild fái þannig samræmda þinglega meðferð og afgreiðslu. Í þessu samhengi er rétt að benda á að lög um lax- og silungsveiði verði eins konar þungamiðja þessarar lagasetningar en hin frumvörpin þrjú koma þar til fyllingar og stuðnings þótt þau séu samkvæmt efni sínu sérstök frumvörp.

Aðstæður og staðhættir við nýtingu ferskvatnsfiskstofna eru mismunandi frá einum stað til annars og frá einum tíma til annars. Því þykir það horfa til mikils hagræðis og veita jafnframt nauðsynlegt svigrúm að samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að nánari og sértæk útfærsla einstakra þátta fari fram á grundvelli reglugerða og svæðis- og tímabundinna reglna Landbúnaðarstofnunar. Í velflestum tilvikum er gert ráð fyrir aðkomu viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa og Veiðimálastofnunar. Heimildir hér að lútandi taka

fyrst og fremst til útfærslu þeirra þátta sem eru í III. og IV. kafla frumvarpsins og varða veiðistjórnun, veiðitæki og veiðiaðferð en ákvæði í þessa veru eru nú í III., IV., V. og VI. kafla gildandi laga.

Lög um lax- og silungsveiði bera þess merki að þau eru að stofni til frá ýmsum tímum. Þykja mörg þau ákvæði sem í gildandi lögum er skipað saman, jafnvel innan einstakra greina, ekki eiga neitt sameiginlegt efnislega. Hefur köflum verið fækkað verulega frá gildandi lögum, einstök ákvæði færð til eftir efni þeirra og önnur felld niður. Til glöggvunar ber hver grein jafnframt sérstakt heiti sem ætlað er að vísa til megininntaks hennar og þýðingar.

Hæstv. forseti. Helstu nýmæli frumvarpsins eru að öðru leyti þessi:

Í lögin eru tekin upp ákvæði um markmið og gildissvið. Allri stjórnsýslu samkvæmt lögunum er breytt, m.a. með tilkomu Landbúnaðarstofnunar, samanber lög nr. 80/2005, um Landbúnaðarstofnun, sem leysir embætti veiðimálastjóra af hólmi.

Greinarmunur verður nú gerður á veiði í eignarlöndum annars vegar og í þjóðlendum hins vegar, samanber lögtöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Réttur til innlausnar verður bundinn þeim tímatakmörkunum að hafi innlausn ekki farið fram innan fimm ára frá gildistöku laganna fellur slíkur réttur efnislega niður í eitt skipti fyrir öll.

Öll ákvæði um veiðistjórn eru nú sameinuð í III. kafla frumvarpsins, þeim skipað saman að nýju, fækkað og þau skýrð.

Lagt er til að veiðitími á laxi verði styttur úr þremur og hálfum mánuði í 90 daga.

Veiðifélögum, í samráði við Landbúnaðarstofnun og Veiðimálastofnun, er ætlað meira ákvörðunarvald um daglegan veiðitíma, en gætt skal meginreglu um 84 stunda vikufriðun.

Sú breyting er gerð að ósaveiði á stöng verður almennt heimiluð þó Landbúnaðarstofnun geti, að ósk veiðifélags eða veiðiréttarhafa, bannað eða takmarkað frekar slíka veiði. Ósaveiði í net og aðrar fastar veiðivélar verður þó áfram bönnuð.

Öll ákvæði um veiðitæki og veiðiaðferðir eru nú sameinuð í IV. kafla frumvarpsins, þeim skipað saman að nýju, fækkað og þau skýrð. Í meginatriðum er gert ráð fyrir að veiðar verði framvegis lítið stundaðar á önnur veiðitæki en færi, stöng, lagnet og króknet.

Reglum um gerð fiskvega er breytt á þá lund að nú er gert ráð fyrir að fiskvegum verði lokað um lengri eða skemmri tíma, samþykki aukinn meiri hluti innan veiðifélags slíkt að fenginni heimild Landbúnaðarstofnunar. Reglur um mannvirkjagerð í veiðivötnum eru hertar og gert ráð fyrir því að öll mannvirkjagerð eða rask við veiðivatn, sem áhrif getur haft á fiskgengd, skuli háð umsögn starfandi veiðifélags. Þá er tekin upp sérstök bótaregla í frumvarpinu af þessu tilefni.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að ákvarðanir félagsfundar eða félagsstjórnar veiðifélags verði kærðar til Landbúnaðarstofnunar sem fellt getur þær úr gildi standi lög til slíks.

Þeim atriðum sem veiðifélögum er gert skylt að taka upp í samþykktir sínar er fjölgað með það að markmiði að gera rekstur og ákvarðanatöku í veiðifélögum skýrari og skilvirkari og tryggja eftir föngum réttaröryggi einstakra félagsmanna sem sæta þurfa skylduaðild.

Gert er ráð fyrir nokkuð breyttri tilhögun atkvæðisréttar á félagsfundum veiðifélags. Meginreglan verður sú að hverri jörð sem taldist lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga, nr. 65/1976, fylgir eitt atkvæði. Sú undantekning er hins vegar gerð að ef lagt er fyrir fund í veiðifélagi að ráðast í framkvæmdir vegna starfsemi félagsins sem hafa fjárútlát í för með sér, sem nema a.m.k. 25% af tekjum félags af veiði á því starfsári, geti hver félagsmaður krafist þess að ákvörðunin ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Þá er heimilað að ákveða í samþykktum veiðifélags að regla þessi um atkvæðagreiðslur gildi í fleiri tilvikum sem varða ákvarðanatöku á vettvangi veiðifélags.

Matsreglum og reglum um ákvörðun skaðabóta samkvæmt VII. kafla frumvarpsins er breytt og skiptir þá mestu máli að allt matsferli er mjög einfaldað og eingöngu gert ráð fyrir einu matsstigi. Matsnefndinni er ætlað að annast í öllum tilvikum það mat sem fram skal fara á grundvelli frumvarpsins verði það að lögum. Mati eða úrskurðum matsnefndar verður ekki skotið til yfirmats en þetta verður að sjálfsögðu borið undir dómstóla með hefðbundnum hætti.

Loks er í bráðabirgðaákvæði gert ráð fyrir tímabundnu starfi samráðsnefndar um framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt, laga um eldi vatnafiska og laga um varnir gegn fisksjúkdómum, samanber frumvörp þar að lútandi sem lögð eru fram samhliða frumvarpi þessu eins og ég hafði áður getið um.

Þegar gerðar eru jafnróttækar breytingar á lagaumhverfi og hér eru lagðar til, bæði hvað varðar form og efni, er nauðsynlegt að tryggja að lagaframkvæmdin geti gengið sem best fyrir sig, agnúar verði sniðnir af og samþætting tryggð. Því er lagt til í bráðabirgðaákvæði I í frumvarpi þessu að á næstu fimm árum frá gildistöku nýrra lax- og silungsveiðilaga starfi samráðsnefnd um framkvæmd þeirra og annarra þeirra laga er mynda þá umgjörð sem hér er lögð til. Er nefndinni ætlað að vera samstarfs- og samráðsvettvangur þeirra aðila sem lagaframkvæmdin varðar helst. Ber henni að fylgjast með og stuðla að greiðri lagaframkvæmd og virkum skoðanaskiptum.

Fylgiskjöl með frumvarpi þessu eru í fyrsta lagi reifanir allra þeirra hæstaréttardóma sem gengið hafa á þessu réttarsviði og í öðru lagi skýrsla Hagfræðistofnunar og Veiðimálastofnunar. Frumvarp þetta ásamt fylgifrumvörpum var samið í góðu samstarfi við helstu hagsmunaaðila á sviði veiðimála, einkum Landssamband veiðifélaga og Landssamband fiskeldisstöðva. Frumvarpið var kynnt á vefslóð landbúnaðarráðuneytisins og almenningi þar gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir, sem var og er nokkur nýjung við samningu á slíkum flóknum frumvörpum. Athugasemdir komu fram og margar þeirra voru teknar til greina þannig að almenningur fékk aðgang að þessum miklu frumvörpum á þeim tíma sem verið var að ganga frá þeim til ríkisstjórnar og Alþingis.

Ég vil að öðru leyti, hæstv. forseti, vísa til mjög ítarlegrar greinargerðar með frumvarpinu og athugasemda með því.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

[16:07]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál er vissulega mikið að vöxtum en það veldur mér ákveðnum vonbrigðum að ekki eru lagðar til frekari hömlur á laxveiðar í net eða hreinlega bann. Ég hefði haldið að hæstv. ráðherra væri lengra kominn með það mál og ég lýsi yfir undrun minni á því að hér séu ekki lagðar til frekari hömlur. Það má t.d. segja að laxveiði á stöng meira og minna á Suðurlandsundirlendinu öllu sé haldið í heljargreipum netaveiða en það er hægt að færa ítarleg og mörg rök fyrir því að setja verulegar hömlur á netaveiðina. Tekjur af hverjum netveiddum laxi eru t.d. ekki nema um 7% af heildarverðmæti stangveiðanna. Það má segja að stangveiðin nái sér ekki á strik út af þessu. Ég spyr því hæstv. landbúnaðarráðherra: Af hverju var ekki gengið mun lengra í þessa átt í þeim frumvarpsdrögum sem hér liggja fyrir?

[16:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sú umræða er mjög þekkt í kringum veiðiskapinn á síðustu árum að það beri með löggjöf að banna netaveiðar í straumvatni á Íslandi. Vissulega fór ég yfir það með færustu lögmönnum, þeim sem ég hef hér rætt um, og við þekkjum það að í sumum ám, t.d. Þjórsá sem er í sveit hv. þingmanns, og við getum nefnt fleiri vötn, að aldrei verður veitt öðruvísi en í net. Það mundi mörgum þykja það ankannalegt að banna netaveiðar. Samkvæmt öllum upplýsingum er hægt að semja um það við eigendur jarðanna að netin fari upp en ríkið yrði stórlega skaðabótaskylt, ekki bara í gegnum þau net sem á eftir að taka upp með samningum heldur öll þau net sem tekin hafa verið upp. Það mundi kalla á gríðarlegan bótarétt af hálfu ríkisins samkvæmt stjórnarskrá Íslands.

[16:09]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að umræðan um þetta ágæta frumvarp muni að einhverju leyti snúast um frekari hömlur á laxveiðar í net. Um það er ég ekki í neinum vafa. Auðvitað er þetta viðkvæmt og flókið mál þar sem komið er inn á skaðabótaskyldu hins opinbera, eignarrétt bænda o.s.frv. en það er mál sem er hægt að leysa. Það er mál sem verður að leysa af því að stangveiði á ákveðnum svæðum er haldið í heljargreipum og er haldið niðri vegna netaveiðanna sem sópa upp nánast verðlausum laxi ef miðað er við þau gífurlegu verðmæti sem felast í laxveiðum á stöng. Þarna er um að ræða feikilega hagsmuni fyrir byggðirnar allar og Ísland allt. Það verður að koma til ítarleg skoðun á þessum málum þannig að þegar þetta mál kemur aftur úr nefnd sé hægt að leggja það til að settar verði verulegar hömlur á laxveiði í net.

[16:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé samningsmál hvort menn veiða á stöng eða í net. Netaveiðin hefur látið undan síga og það er rétt, sem kemur fram í máli hv. þingmanns, að hún gefur ekki mikið af sér í dag, eins og var kannski fyrir nokkrum áratugum þegar netveiddur lax var mjög dýrmætur. Hann selst ekki dýru verði í dag. Flestir þeir sem eiga veiðirétt í net gera sér grein fyrir því að það er mikilvægt að hugsa um heildina og vatnasvæðið og efla þannig tekjur en þetta er sem sagt réttur jarðarinnar. Það þætti einkennilegt ef Íslendingar bönnuðu alla netaveiði í straumvatni og ég hef farið yfir það þess vegna að menn leggi ekki þann kostnað á ríkið að taka þau mannréttindi, þann eignarrétt, af mönnum með löggjöf.

[16:12]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að fagna þeirri endurskoðun sem hefur átt sér stað varðandi lög um lax- og silungsveiði í þeirri von að þau leiði af sér betra og skýrara lagaumhverfi fyrir þá sem þurfa að starfa innan þess. Í máli ráðherra kom ekki fram að við undirbúning þessa frumvarps hefði verið haft samráð við einn mikilvægasta hagsmunahópinn í dag, þ.e. stangveiðimenn, og í ljósi 1. gr. varðandi hagkvæmni hefði ég talið að það væri mjög eðlilegur hlutur. Hér stendur í ályktun frá stjórn Landssambands stangveiðifélaga, með leyfi forseta:

„Stjórnin harmar hins vegar að ekki var talin ástæða í undirbúningi lagasetningar að leita eftir og hafa með sjónarmið hins stóra hóps stangveiðimanna hérlendis."

Ég velti því fyrir mér, forseti, hvort það hafi ekki verið gert og þá hvers vegna.

[16:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég greindi frá því í upphafi hvernig ég skipaði þennan starfshóp þessum sterku einstaklingum sem hafa farið yfir löggjöfina en hins vegar var mikið sagnaferli í gangi þannig að stangveiðimenn komu bæði með sínar athugasemdir og tillögur inn til starfshópsins á samningstímabilinu og áttu fullan aðgang að netinu í lokaferli málsins þar sem það var kynnt þjóðinni. Stangveiðimenn hafa komið með margar athugasemdir og sumar þeirra hafa verið teknar til greina og kannski fleiri en ég veit um. En þeir hafa sem sé haft fullt málfrelsi í gegnum umfjöllun. Stangveiðifélög hafa komið með sínar athugasemdir o.s.frv. þannig að þetta mál hefur verið unnið mjög opið með mjög ólíkum hagsmunahópum. En allir áhugamenn um málið hafa komið að því með einum eða öðrum hætti.

[16:14]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og kom fram í andsvari áðan þá velta menn því fyrir sér hvort ekki hefði verið rétt við endurskoðun á þessum lögum að setja hreinlega inn lagagrein um að öll net í straumvatni séu tekin upp eða veiðiréttirnir hreinlega þrengdir. Að sjálfsögðu, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, væri um skaðabótaskyldu og annað að ræða. Ég velti

því samt fyrir mér, frú forseti, hvort hæstv. ráðherra hyggst beita sér fyrir því að farið verði af stað með samningsferli milli veiðifélaga og stangveiðimanna um upptöku á netum, að samningsleiðin verði farin í því sambandi að frumkvæði ráðherra.

[16:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú kannski ekkert eðlilegt að ráðherrar hafi frumkvæði í málinu. Ég get auðvitað sagt frá því hér að bæði stangveiðimenn og líka netaveiðimenn hafa komið á minn fund og farið yfir stöðuna. Ég hygg að allir þeir sem eru ábyrgir í þessu geri sér grein fyrir að þetta er samningamál.

Ég hef aldrei skorast undan að fara yfir þessi mál með þeim og mitt ráðuneyti. Eina leiðin sem við höfum átt í því er kannski Fiskræktarsjóður sem hefur getað komið að málinu og gert í ákveðnum tilfellum tímabundið. En fyrst og fremst eru þetta samningar um auðlind vatnasvæðis og þeir samningar hafa í mörgum tilfellum tekist mjög vel á milli netaveiðibænda og stangveiðibænda og hagsmunir stangveiðinnar eru í dag miklu ríkari og sterkari en þeir voru fyrir 10 eða 15 árum.

Þannig að ég hygg að þetta (Forseti hringir.) muni nú gerast á þeim fáu stöðum þar sem enn er veitt í net.

[16:16]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vakti athygli mína þegar ég fór að lesa þetta frumvarp að markmiðsgrein þess er með öðrum hætti en markmiðsgrein vatnalaganna sem samþykkt voru í vikunni sem leið.

Í markmiðsgrein þeirri sem hér er um að ræða er talað um að kveða á um eignarhald á veiðirétti í ferskvatni en ef þetta væri með sama hætti og í vatnalögunum væri markmiðsgreinin eitthvað á þessa leið: Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á fiski í ferskvatni.

Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Kom eitthvað slíkt til umræðu við undirbúning þessa frumvarps? Að það yrði kveðið skýrt á um eignarhald á fiski eða fiskstofnum í þessari fyrirhuguðu lagasetningu?

[16:17]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Prýðileg spurning. Það hefur aldrei komið til umræðu við gerð þessara frumvarpa að fara að ræða um eignarhald á fiski. Hann er frjáls eins og vatnið. Hann syndir í vatninu. Sporðaköstin eru oft mögnuð og hann fer úr einni á í aðra.

Fyrst og fremst byggjast þessi lög á veiðirétti lögbýlanna, jarðanna, eins og hér hefur komið fram. Í meginatriðum er um að ræða, þó eigendur jarðanna eigi veiðiréttinn, dýrmæta auðlind í eigu þjóðar, auðlind sem skilar miklum tekjum, mikilli hamingju og ánægju, og það er mikilvægt að varðveita hana sem slíka.

[16:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef öngvu við það að bæta sem hæstv. ráðherra sagði. Það fór vel og hefði farið vel með vatninu. En mig langar að spyrja:

Fiskræktarsjóður er getulaus og hann nefndi hæstv. ráðherra áðan. Hvers vegna er ekki frumvarp um Fiskræktarsjóð hér með öðrum frumvörpum? Og hvernig stendur á því að menn gera ekki ráð fyrir því að láta þá sem mest nýta af vatni á Íslandi koma til liðs við Fiskræktarsjóð og þá möguleika sem hann getur gefið til að taka á þeim málum sem hæstv. ráðherra nefndi? Ég taldi mig hafa fréttir af því að hér ætti að koma frumvarp um Fiskræktarsjóð. Hver er ástæðan fyrir því að það er hér ekki? Ég spyr hæstv. ráðherra og bið hann að svara skýrt og greinilega um það mál. Því það er full ástæða til að það verði upplýst. Ég hvet nefndarmenn, þegar þeir fá þessi mál í hendurnar, til að fara yfir það mál nákvæmlega og spyrja ráðherra þá betur eftir því þegar þar að kemur.

[16:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við munum ræða hér á eftir frumvarp um fiskrækt. Það er ljóst að það þarf að fara betur yfir það. Það er ágreiningur um það mál og verður farið betur yfir það. (**JÁ:** Við hvern?) Það er ágreiningur um hvernig málum þar skuli skipað til framtíðar.

Ég er þeirrar skoðunar að í sjálfu sér séu gömlu lögin um Fiskræktarsjóð og sú gjaldtaka sem þar er í mjög góðum farvegi, að orkan og stóriðjan greiði til fiskræktarinnar gjald hér eins og í Svíþjóð og Noregi. Það er sanngirnismál því um þetta má segja að farvegum getur verið breytt vegna virkjana og breytinga á straumvatni. Það hefur því verið mjög eðlilegt að inn í Fiskræktarsjóð komi gjald sem (Forseti hringir.) reyndar hefur nýst mjög vel í kringum fiskræktina.

[16:21]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur hér mælt fyrir nýju frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði. Í raun og veru er hér um að ræða fimm frumvörp og það verður mælt fyrir fjórum hinum síðari seinna í dag vænti ég.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að jafnt og þétt hafi verið unnið að þessu verki frá áramótum 2004–2005 og markmiðið hafi verið að leggja fram þessa lagabálka við upphaf haustþings 2005. Nú er 20. mars runninn upp þegar loksins er mælt fyrir þessu frumvarpi og þessum frumvörpum öllum. Þeim var ekki dreift hér í þinginu fyrr en í síðustu viku. Það er liðið hálft ár og gott betur frá upphaflegu markmiði, sem var að leggja fram þessi frumvörp hér á haustþinginu.

Mig langaði því að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig í ósköpunum stendur á því að þetta hefur dregist svona lengi? Ber ráðherra virkilega þá von í brjósti að það takist að afgreiða öll þessi frumvörp sem lög frá hinu háa Alþingi fyrir vorið?

[16:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega bind ég vonir við að dugleg

landbúnaðarnefnd taki málið til skarprar meðferðar á þeim tíma sem eftir er enda hefur málið farið í margfalda vinnslu, bæði með þjóðinni og hagsmunaaðilum, og er unnið af mjög öflugum mönnum sem ég rakti hér nöfn á áðan, lagaprófessorum og fræðimönnum. Þannig að ég held að málið sé mjög vel unnið.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að það kemur nokkuð seint fram. En kannski var það umræðan um Fiskræktarsjóðinn, sem hér hefur verið minnst á, sem tafði málið nokkuð í meðferð ríkisstjórnar og þingflokka stjórnarinnar.

En nú liggur það fyrir að Fiskræktarsjóðsmálið verður óbreytt sem lög og gjaldtakan óbreytt svo að okkur er ekkert að vanbúnaði að klára þessa miklu löggjöf ef tími vinnst til nú (Forseti hringir.) á vorþinginu.

[16:23]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit það svo sem að landbúnaðarnefnd er rösk til verkanna enda hef ég átt sæti í henni undanfarin ár. Ég vil samt sem áður leyfa mér að efast um að tími vinnist til að afgreiða þessi frumvörp, jafnvel þó að góður hugur standi til.

Það eru að sönnu mjög mikilvæg lög sem liggja hér fyrir, mjög mikilvæg lög. Ég tel mjög brýnt að við sem hljótum að bera ábyrgð á lagasetningunni þegar upp verður staðið, þ.e. þingmenn, vöndum okkur við þetta verk.

Ég efast í sjálfu sér ekkert um að vandað hafi verið til verka þegar þessi frumvörp voru smíðuð. Ég hef sjálfur fylgst með þessu úr fjarlægð og veit ósköp vel að hér hefur alls ekki verið kastað til höndunum.

En það þarf þó ekki að útiloka að hér liggi einhvers staðar mistök og við hljótum því að þurfa að fara vandlega yfir það. Það er mín tillaga að það verði beðið með að afgreiða þessi frumvörp nú í vor en þetta yrði svo aftur tekið fyrir á haustþingi.

[16:24]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt. Vel skal vanda það sem lengi skal standa. Við verðum bara að sjá hvernig tíminn verður. Ég bið hv. landbúnaðarnefnd og þingheim að skoða þessi mál mjög gaumgæfilega. Undirbúningsvinnan að þessum flóknu málum hefur tekið gríðarlegan tíma eins og ég gat um, allt frá 2001. Þetta er eitt af þeim stærri málum sem ég hef fengist við í mínu ráðuneyti og hefur tekið allan þennan tíma, og er nú loksins komið þessa vegferð hér inn.

Ég vildi að vísu að við hefðum getað klárað allt málið og niðurstaðan hefði verið skýrari um Fiskræktarsjóð þannig að það væri í heild sinni. En við skulum vona hið besta og ég treysti þingheimi vel til þess að sjá hvort í þessu eru einhverjar villur eða hvort eitthvað á að vera öðruvísi. En ég vona bara það besta, hv. þingmaður.

[16:25]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Það er rétt, hér er á ferðinni mikið merkismál sem ástæða er til að líta á sem gott innlegg, gott upphaf til lagasetningar um lax- og silungsveiði. Ég held að málið sé töluvert frá því að nokkur kostur sé að ljúka því á þeim stutta tíma sem eftir er af þessu vorþingi, sem er fyrirhugað að ljúki þann 3. maí út af sveitarstjórnarkosningum. Það vantar inn í málið til að það sé mögulegt. Það á líklega eftir að taka þar mjög mikla pólitíska umræðu, sérstaklega um netaveiðarnar, sem ég mun koma hér að á eftir.

Þá er ástæða til að harma, ef rétt er sem sagt er, að ágreiningur milli framsóknarráðherranna hafi komið í veg fyrir að málið um Fiskræktarsjóð kæmi fram. Það er vonandi að það skýrist líka á næstu vikum og það mál megi koma fram hér í þinginu og ræðast og afgreiðast samhliða þessu í hv. landbúnaðarnefnd þó að steytt hafi á einhverjum ágreiningi þegar þessi mál komu hér inn í þingið og út úr ráðuneytinu.

En annars hefur hæstv. ráðherra og hans góða fólk unnið að mörgu leyti gott starf, það er ekki spurning. Það er líka ástæða til að hrósa þingskjalinu því að hér er gífurlega yfirgripsmikið safn fylgiskjala. Ég dundaði mér áðan við að fara í gegnum öll fylgiskjölin og við það má fá ágætt yfirlit yfir stöðu lax- og silungsveiða sem tómstundagamans og atvinnugreinar og það hve mikilvæg greinin er fyrir íslenska byggð.

Það er hægt að fullyrða að stangveiðin sé eitt af okkar táknum, rétt eins og íslenski hesturinn og annað slíkt sem eru tákn Íslands langt út í lönd og laða að mikinn fjölda ferðamanna ár hvert. Hingað kemur fjöldi ferðamanna til þess eingöngu að stunda stangveiði í hinum ýmsu vötnum Íslands. Í því sambandi má sérstaklega nefna Vesturland, eins og þekkt er, en í fylgiskjölunum er fullyrt að allt að 50% af tekjum bænda í uppsveitum Borgarfjarðar komi beint eða óbeint af stangveiði. Til samanburðar má geta þess að hlutur bænda í uppsveitum Árnessýslu er ekki nema rétt um 5% af stangveiði.

Þetta er þáttur í því, sem bent hefur verið á, að það sé mikilvægt að leggja til, samþykkja og lögfesta frekari hömlur á laxveiði í net. Í andsvörum við hæstv. landbúnaðarráðherra hér áðan lýsti ég undrun minni á því að ekki hefðu verið lagðar til frekari hömlur á laxveiði í net en gert er hér þar sem laxveiðar í net halda stangveiðinni á Suðurlandsundirlendinu að mörgu leyti í heljargreipum. Að mínu mati er verið að moka þar upp laxi og fiski, gríðarlegum verðmætum, nánast verðlausum en netalaxinn nær ekki að verða 1/36 af tekjum af laxi sem veiddur er á stöng. Einungis 7% heildarverðmætis árið 2003, fyrir þremur árum, af laxi voru af netalaxi. Hér er því um gífurlega hagsmuni að ræða. Lax á stöng má meta á 20.000 kr., jafnvel meira, en netveiddur lax er vel undir 1.000 kr., um 700–800 kr., það fer eftir útreikningum og spám. Það er alla vega gífurlegur verðmætamunur. Verðmæti stangveidds lax er margfalt á við þann netveidda og því er um gífurlegt hagsmunamál að ræða.

Þetta frumvarp verður, held ég, aldrei að lögum fyrr en einhvers konar sátt næst um að setja frekari hömlur á netaveiðarnar til að ekki sé verið að moka upp verðmætunum nánast verðlausum og koma þannig í veg fyrir að mikil búgrein og stórmerk íþróttagrein nái fótfestu. Mikill fjöldi útlendinga sækist eftir því að koma hingað og stunda þessa íþrótt og talið er að heildartekjur af veiðileyfum og þjónustu séu vel á annan milljarð. Hér er um að ræða mikla fjármuni, sérstaklega í ljósi atvinnuhátta hinna dreifðu byggða,

búsetunnar í landinu og tækifæra landsbyggðar til að efla þær búgreinar sem fyrir eru og byggja upp nýjar.

Það urðu mér því vonbrigði að heyra svör hæstv. landbúnaðarráðherra sem virðist líta á það sem mannréttindi að bændur moki hömlulítið laxi upp í net, ekki sé ástæða til að setja því frekari skorður. Ég er því algjörlega ósammála. Það eru ekki mannréttindi að kasta verðmætum á glæ með þeim hætti. Þar er um að ræða veiðarfærastýringu og ýmsa aðra hluti sem snúast um að stýra sókn í auðlindir. Hvort sem það er fiskurinn í hafinu eða laxinn og silungurinn í vötnunum á að sjálfsögðu að setja því skynsamlegar skorður hvernig ganga beri um auðlindina og hvernig hámarka megi ábatann.

Við köstum gífurlegum verðmætum á glæ. Verðmæti netveidds lax er innan við 1.000 kr. en lax veiddur á stöng er metinn á yfir 20.000 kr. Verðmætamunurinn er slíkur að það hlýtur að kalla á að miklu vasklegar sé gengið til verka og þess freistað að ná þeim árangri að settar verði verulegar hömlur á laxveiði í net. Það gengur ekki að slíkar veiðar haldi niðri ánum alls staðar annars staðar á vatnasvæðinu og komi í veg fyrir að þær nái sér nokkurn tímann á strik.

Ekki er víst að grípa þurfi til fortakslauss banns en verulegar hömlur þurfa að koma til. Þetta mál snýst um allt í senn atvinnumál, tómstundamál og ferðamál og vegur þungt bæði hvað varðar uppbyggingu starfa og uppbyggingu þeirrar merkilegu og skemmtilegu atvinnugreinar sem er í kringum stangveiðina og alla þjónustu við hana. Hún er skemmtileg og ábatasöm atvinnugrein sem við þurfum að efla verulega. Leiðin til að efla hana er fyrst og fremst sú að fá einhvers konar skorður settar við laxveiði í net.

Það efast enginn um það eitt augnablik að þetta er flókið mál og viðkvæmt og pólitískt erfitt. En landbúnaðarráðherra er nú vaskur maður og hefur lengi verið með þetta mál í vinnslu, eins og hann lýsti hér í ræðu sinni áðan. Ég efast ekki um að hægt væri að leiða málið til lykta væri gengið í það með þeim hætti.

Vissulega snýst það um eignarrétt, bætur o.s.frv. Það er löng hefð fyrir netaveiðum og víða hafa staðið yfir miklar deilur um þessi mál í sveitunum. Það er ástæða til að gera gangskör í því að leysa þær deilur og ná sátt. Það er ótækt, frú forseti, að málum verði áfram fyrirkomið með þeim hætti sem nú er en frumvarpið tekur ekki frekar á því. Það er ekki hægt að lýsa yfir stuðningi við þetta mál nema hæstv. landbúnaðarnefnd nái einhverjum árangri í að setja frekari hömlur á laxveiði í net.

Hæstv. ráðherra gjörþekkir þessa löngu og langvarandi deilu af sínu heimasvæði. Það er ekki bara hægt að slá málið út af borðinu með því að segja að það séu mannréttindi að veiða hömlulítið eða hömlulaust í net, moka fiskinum upp úr ánum og rústa þannig öðrum og miklu meiri verðmætum sem stangveiðin er. Það er ótækt og engin röksemd í málinu. Í ýmsum fylgiskjölum er rakið hve mikil atvinnugrein þetta er, hve mikil auðlind þetta er. Þessa auðlind verðum við að efla og skjóta frekari stoðum undir og þetta er einn stærsti liðurinn í því.

Margt annað í frumvörpunum er að sjálfsögðu mjög gott eins og ákvæði um mannvirki í Veiðivötnum, stytting á veiðitímanum og fjöldamargt annað. Það er enginn efi í mínum huga að hér er margt sett fram sem á erindi inn í íslenska löggjöf. En málið steytir á þessu mikilvæga grundvallarmáli, stórpólitíska grundvallarmáli. Það er aldrei sársaukalaust að setja slíkar hömlur á en auðvelt að færa fyrir því yfirgripsmikil rök að það sé gert. Það er nauðsynlegt út af þeim hagsmunum sem eru fyrir borð bornir sé það ekki gert. Netaveiðin gerir að mörgu leyti út um stangveiðina á stóru svæði og það verður að koma skikki á þau mál.

En svona til fróðleiks má nefna að á Íslandi eru 250 ár og af þeim gengur laxinn í 90 ár. Þetta er því verðmæt auðlind og það er okkar að vernda hana og efla og nýta af skynsemi og viti og varkárni, eins og er gert að mörgu leyti. Ég gat þess áðan að um 50% af tekjum bænda í uppsveitum Borgarfjarðar væru beint eða óbeint frá stangveiði. Það er gífurlega hátt hlutfall og miklu hærra en hægt er að ímynda sér. Helmingur tekna þeirra. En einungis 5% af tekjum bænda í uppsveitum Árnessýslu koma frá stangveiði sem er hverfandi. Allt of lágt hlutfall af þeirri miklu auðlind sem streymir um undirlendið kemur bændum til tekna út af gífurlegum laxveiðum í net annars staðar í fjórðungnum.

Áður en ég lýk máli mínu ætla ég að vitna hér í ályktun frá Landssambandi stangveiðifélaga sem mér þykir draga þetta mál mjög vel saman. Að sjálfsögðu fylgjast þeir, bæði fagmenn og öflugir áhugamenn um stangveiðina, ákaflega vel með þessari lagasetningu og fagna mjög mörgu í henni og því hve mikil vinna er lögð í frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. Þetta eru mennirnir sem gæta hagsmuna stangveiðiánna og annarra áa og við hljótum að taka mið og mark af þeirra ályktun og taka hana alvarlega inn í 1. umr. um málið. Ég ætla því að lesa þessa ályktun, með leyfi forseta, en hún barst frá Ingólfi Þorbjörnssyni, í dag 20. mars, til þingheims, að ég held:

„Mánudaginn 20. mars verður tekið til 1. umræðu á Alþingi frumvarp landbúnaðarráðherra um lax- og silungsveiði. Stjórn Landssambands stangveiðifélaga fagnar endurskoðun laganna og að verið sé að færa þau í nútímalegra horf.

Stjórnin harmar hins vegar að ekki var talin ástæða í undirbúningi lagasetningar til að leita eftir og hafa með sjónarmið hins stóra hóps stangveiðimanna hérlendis. Samtök stangveiðimanna hafa undanfarin ár bent á hagrænan ávinning þess að byggja upp lax- og silungsveiði með stöngina eina sem veiðarfæri, og eru mörg góð dæmi um ávinning bænda og landeigenda að slíku fyrirkomulagi.

Talið er að allt að 50% tekna bænda í uppsveitum Borgarfjarðar séu komin beint og óbeint frá stangveiði, á meðan hlutur bænda í uppsveitum Árnessýslu er ekki nema um 5% frá stangveiði. Það er því stjórn LS, sem og öðrum stangveiðimönnum, til undrunar að ekki skuli vera tekið upp í lagafrumvarpi landbúnaðarráðherra að banna eða setja verulegar hömlur á laxveiði í net, en netaveiði er nú nær eingöngu stunduð á Suðurlandi, á vatnasvæði Hvítár og í Þjórsá. Netaveiði skilar um 750 kr. á lax í tekjur á meðan stangveiddur lax er metinn á um 20 þús. kr. samkvæmt skýrslu Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands sem kynnt var á aðalfundi Landssambands stangveiðifélaga 2005.

Stjórn LS skorar á þingmenn að beita sér fyrir þeirri breytingartillögu í meðförum þingsins að laxveiði í net verði aflögð, eða henni að minnsta kosti settar þær hömlur að hún skerði ekki möguleika til uppbyggingar veiðisvæða í

Hvítá og hliðarám hennar."

Þetta er kjarni málsins, virðulegi forseti. Þetta er ákaflega föst en hófstillt ályktun sem undirstrikar mjög vel það sem skiptir mestu máli í umræðunni. Að sjálfsögðu verður fjallað ítarlega um það í hv. landbúnaðarnefnd. Allt það góða sem hér er lagt til verðskuldar að sjálfsögðu ítarlega umræðu einnig. Sjálfsagt mun 2. umr. verða löng og ítarleg komi málið úr nefndinni á þessu þingi.

En því fer fjarri að málið sé komið það langt í vinnslu að það komi aftur til 2. umr. á þessu þingi. Hæstv. landbúnaðarráðherra hlýtur að líta til þess að nýta tímann núna frá marsmánuði og fram til haustins, fram til 1. október, að Alþingi kemur saman aftur til síðasta þingveturs þessa kjörtímabils. Hann hlýtur að koma þá með burðugra mál sem er nær því takmarki sem hér er getið um og sérstaklega því sem ég nefndi hér áðan er tekur til neta- og stangveiða.

Það verður að vera sátt um þessi mál. Það er ástæða til að nota þetta tækifæri, þetta frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, til að ná endalokum í þeim löngu deilum sem hafa staðið yfir vegna netaveiða á laxi í ám. Eins og ég sagði áðan, og segir hér í ályktuninni, með leyfi forseta:

„Komi slíkar hömlur ekki til eru möguleikar til uppbyggingar veiðisvæða, t.d. í Hvítá og hliðarám hennar, einfaldlega ekki til staðar. Þá verður það veiðisvæði áfram meira og minna fiskilaust eða fiskilítið, verðmætalítið, og svo langt frá að skila landeigendum og bændum og ábúendum þar í sveitunum þeim ábata sem eðlilegur og sanngjarn hlýtur að teljast."

Eins og ég sagði áðan: Netveiðin skilar svo litlum ábata, í kringum 1/30 hluti af verðmætum af stangveiddum laxi nást í netveiddum laxi.

[16:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í málefnalegri umræðu um þetta mál vil ég biðja hv. þingmann að orða það ekki svo sem ég hef aldrei sagt í þessum ræðustól. Ég hef aldrei sagt að það væru mannréttindi að moka upp laxi í net. Ég sagði það aldrei í minni ræðu. Ég álít að fara eigi vel með allar auðlindir og hef ekki talað um það sem mannréttindi.

Ég hef hins vegar sagt hér, hæstv. forseti, að hinir færustu menn telja að það yrði mikill útgjaldaliður fyrir ríkisvaldið að banna með lögum veiði í net í straumvatni, ekki bara í þeim fáu ám sem eru enn með net niðri, heldur mundu öll önnur straumvötn sem hafa með samningum tekið upp sína netaveiði. Einnig mundu þeir eigendur gera kröfur um bætur því þá er veiðiauðlindin farin úr þeirra höndum þar sem víða er ekki hægt að veiða öðruvísi en í net. Það þekkjum við.

Nú vitum við, ég og hv. þm. Björgvin Sigurðsson, að það er talsverður friður með Árnesingum þrátt fyrir að enn sé deilt um þetta svæði. Við vitum það báðir að víða í Ölfusá og Hvítá er veitt á stöng og vaxandi. Við vitum það líka báðir að netin eru niðri á tiltölulega fáum stöðum. Við vitum báðir að það er skynsamlegt að menn semji um þessi mál og fái til þess frið.

Stangveiðimenn hafa flestallar ár þessa lands og þjónusta veiðifélög og bændur um allt land og gera það mjög vel. Þeir verða því auðvitað að hugsa um þetta svæði eins og annars staðar, þeir verða að fást við laxinn, eiganda jarðarinnar, semja við hann, draga hann að landi (Forseti hringir.) þannig að báðir standi uppi sáttir. Eða leggur hv. þingmaður til að engin veiði verði í Þjórsá, að þar verði bannað að leggja net? Er það hans vilji?

[16:45]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nei, það er ekki minn vilji. Hvort það eru mannréttindi að moka upp laxi eða ekki, við getum verið sammála um það, ég og hæstv. landbúnaðarráðherra, að svo er ekki.

En hvort um er að ræða fortakslaust bann, ég er ekki viss um að það sé lausnin, en hömlur sem verða til þess að veiðisvæðin skerðist ekki eru sú sátt sem ég held að væri hægt að ná í málinu.

Ég tek svo sannarlega undir það með hæstv. ráðherra að það er skynsamlegt að hlutaðeigandi fái frið til að semja og ná sáttum og þess vegna kallaði ég eftir því að þetta mál, svo ágætt sem það er að mörgu öðru leyti, kæmi ekki aftur inn í þingið á þessu vori, heldur yrði unnið betur og kæmi ekki fram fyrr en búið væri að leiða þessi mál til lykta. Það er vissulega fleinn í holdi hæstv. landbúnaðarráðherra að koma með frumvarp sem þetta inn í þingið og berjast fyrir því að fá það samþykkt hafi deilan um netaveiði og stangveiði ekki verið leidd til lykta.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að um það mál náist varanlegur friður og að veiðiréttarhafar og aðrir hafi samið um það mál. Það þarf að gerast áður en ný lög um lax- og silungsveiði verða sett þar sem hægt er að leggja til ákvæði um þær hömlur sem duga til að skerða ekki veiðisvæði með þeim afleiðingum sem við þekkjum og eru nokkuð katastrófískar fyrir margar árnar, að margir telja. Laxinn gengur þar ekki upp í neinum mæli og árnar ná sér ekki á strik og skila landeigendum og bændum ekki þeim verðmætum sem um er að ræða. Ég held að við deilum ekki um það að lax veiddur á stöng er verðmætari og dýrmætari auðlind en lax veiddur í net.

Við þurfum að ná friði um málið, það er ekki spurning. Ég óska eftir því að hæstv. landbúnaðarráðherra dragi málið (Forseti hringir.) til baka og komi með það þegar það er tækt til afgreiðslu.

[16:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá heyrðum við það. Hv. þingmaður vill að netin fái að vera áfram í Þjórsá. Hann segir það hér hiklaust að hann vilji ekki banna það með löggjöf, eða setja þau lög að net skuli upp úr ánum. Svo við erum að því leyti sammála.

Eitt er ljóst, hæstv. forseti, að netaveiðibændur hafa búið við miklar hömlur. Ég hef bæði veitt í net og á stöng. Ég minnist þess þegar ég var netaveiðimaður hjá tengdaföður mínum á fallegum kvöldum við Hvítá, þá fengum við bara að veiða frá þriðjudagsmorgni fram á föstudagskvöld. Laugardag, sunnudag og mánudag var hlé í ánni til að hleypa fiskinum áfram upp og setja hömlur á netaveiðimenn. Þannig að þeir búa við hömlur.

En ég hygg að við séum nokkuð sammála, eftir að ég

hef rakið garnirnar úr hv. þingmanni, um að það beri að fara að í þessu efni í samningum. Þeir samningar standa yfir. Það eru að hluta til þau (Forseti hringir.) mannréttindi sem ég er að tala um.

[16:48]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem við erum sammála um, ef ég skil hæstv. ráðherra rétt, er að málið verði ekki lögfest fyrr en sú sátt hefur gengið fram (Gripið fram í.) og ný lög um lax- og silungsveiði feli í sér að miklu meiri hömlur verði settar á netaveiðina en nú er um að ræða og er að finna í þeim frumvarpsdrögum sem við ræðum hér í dag.

Við erum ekki sammála, við hæstv. landbúnaðarráðherra, telji hann að það frumvarp sem við ræðum hér í dag gangi nógu langt. Það verður að lögfesta það í íslenska löggjöf hvernig þessum málum eigi að vera fyrirkomið, burt séð frá þeirri samningaumleitan sem nú stendur yfir. Ég kallaði eftir því að hæstv. landbúnaðarráðherra kæmi ekki fram með málið aftur til 2. umr. fyrr en búið væri að leiða þetta til lykta og ná sáttum um hvaða hömlur við eigum að setja við netaveiðunum. Fortakslaust bann þarf ekki að koma til af því boð og bönn eru aldrei eftirsóknarverð þó svo (Forseti hringir.) það komi til greina sem ein af þeim leiðum (Forseti hringir.) sem eru skoðaðar til að við náum þeim árangri sem við þurfum á ná.

[16:50]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir ræðu sína. Nú hafa þeir komið hér fram talsmenn Samfylkingarinnar og ég er þeim um margt sammála þegar kemur að þessu máli, þá sérstaklega er lýtur að 27. gr. frumvarpsins um veiðitæki og veiðiaðferðir.

Ég vil spyrja hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson út í annaðhvort veiðarfærastýringu eða eignarnám. Hver er afstaða Samfylkingarinnar til þess kafla? Nú þekkjum við það að útgerðarmenn og sjómenn í þessu landi þurfa að gangast við öflugri veiðarfærastýringu í sínum störfum daglega. Hólfum er lokað, ákveðin veiðarfæri eru bönnuð. Undir þessum reglum, sem falla undir lög um stjórn fiskveiða, þurfa útgerðarmenn og sjómenn að starfa alla daga ársins. Er það afstaða Samfylkingarinnar að um veiðarfærastýringu sé að ræða þegar hömlur eru settar á netaveiði eða eignarnám?

Ég á von á því, frú forseti, að umræðan einmitt um þessa 27. gr. muni að miklu leyti til fjalla um nákvæmlega þetta, hvort hér sé um eignarnám að ræða eða veiðarfærastýringu, og vildi ég nota tækifærið og spyrja hv. þingmann hver afstaða Samfylkingarinnar sé í þeim efnum.

[16:51]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú hefur Samfylkingin ekki afgreitt hverja grein málsins formlega en mun að sjálfsögðu ræða það á næstu dögum. En mín skoðun er sú að hér sé um að ræða eðlilega veiðarfærastýringu frekar en eignarnám.

Auðvitað hefur myndast einhvers konar hefðarréttur á netaveiðunum og þær eru partur af hlunnindum sem fylgt hafa jörðum lengi. Þess vegna finnst mér sjálfsagt að ganga þannig fram í málinu að við þá bændur sem í gegnum tíðina hafa haft af þeim hagnað og ábata sé samið með sæmd og gengið fram af sanngirni gagnvart þeim, jafnvel þó að raunverulega sé um veiðarfærastýringu að ræða. Það er verið að setja eðlilegar og sanngjarnar hömlur á auðlindanýtinguna rétt eins og á auðlindina í hafinu.

Þó að okkur greini á um kvótakerfið og árangur af því o.s.frv. held ég að velflestir séu á því að það þurfi að stýra sókn í auðlind hafsins með einhverjum hætti. Margar leiðir koma til álita eins og 23 til 30 ára gömul deila Íslendinga um fiskveiðistjórnarkerfið ber með sér. Það er sjálfsagt, eins og hv. þm. Gunnar Örn Örlygsson kom að í sinni fyrirspurn, frekar og ekki síður um að ræða veiðarfærastýringu. Hann hefur skrifað mjög svo athyglisverðar og góðar greinar í Morgunblaðið og víðar um þetta mál og ég hlakkaði einmitt til að hlusta á hann fara yfir málið þar sem hann hefur sett sig vel inn í það.

En auðvitað kemur þetta alltaf inn á hefðina sem hefur skapast af nýtingu landeiganda á jörð sinni og þau hlunnindi sem hljótast af netaveiðunum þannig. En göngum fram af sanngirni og hófstillingu gagnvart landeigendum þó svo hér (Forseti hringir.) sé í raun og veru um að ræða veiðarfærastýringu.

[16:53]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni svörin. En ég vil um leið nota tækifærið og upplýsa hann um 15. gr. í lögum nr. 11 frá 1973, um framkvæmd eignarnáms.

Gefum okkur að hér sé um eignarnám að ræða og bændum verði greiddar bætur. Þá vil ég lesa þessa grein fyrir hv. þingmann. En svo segir, með leyfi forseta:

„Eignarnemi getur horfið frá fyrirhuguðu eignarnámi," — sem er þá ríkið í þessu tilfelli — „ef hann segir til þess innan mánaðar frá því að mat á eignarnámsbótum lá fyrir, en bæta skal hann allt tjón, sem rakið verður til aðgerða hans."

Með öðrum orðum er verið að segja í þessari grein, frú forseti, að eignarnemi geti horfið frá fyrirhuguðu eignarnámi ef bæturnar verða það háar að hann telur sig ekki ráða við þær. Því vil ég spyrja hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hvort hann sé sammála mér um að hér sé þá í raun ekki um neina áhættu fyrir ríkið að ræða, ef þessi leið verður farin á annað borð.

[16:54]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var góð spurning og prýðileg nálgun hjá hv. þingmanni. Ég held að hér sé ekki um að ræða neina verulega áhættu fyrir íslenska ríkið í sjálfu sér og alls ekki þannig að það eigi að fæla hið opinbera frá því að ganga til þessara verka. Ég held að það sé miklu frekar viljinn til að reyna samningaleiðina til þrautar, til að þurfa ekki að fara harðari leiðir, sem ætti að hindra ríkið í að ganga þessa leið.

En ég held að það sé ekki um að ræða neina sérstaka áhættu fyrir hið opinbera. Auðvitað er um að ræða verulega

fjármuni o.s.frv. Það eitt og sér á ekki að koma í veg fyrir að þetta verði gert, heldur miklu frekar það að samningsleiðin, sé hún fær, er alltaf betri leið en eignarnám af einhverri sort.

[16:55]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði á ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar — ég vona að hann hafi ekki farið svo langt að hann heyri ekki í mér — með einni undantekningu þó, ég þurfti aðeins að hlaupa í símann. En mig langaði til að spyrja hann einnar spurningar. Það má vera að hann hafi komið inn á það í ræðu sinni.

Hann talaði um að það ætti að hætta netaveiðum á laxi í straumvötnum. Þá langar mig að spyrja hann, því ég býst við að hann sé hér sem talsmaður þingflokks Samfylkingarinnar, hvernig hann sjái fyrir sér útfærsluna á því. Hverjir eiga þá að greiða kostnaðinn af því? Hvort hann sjái þá fyrir sér að sá kostnaður falli á ríkissjóð eða hvort einhverjir aðrir eigi að greiða þann kostnað og þá hugsanlega hverjir?

[16:56]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé engum blöðum um það að fletta að sá kostnaður mundi falla á íslenska ríkið. Hér er um að ræða þess háttar mál að það er eðlilegt að íslenska ríkið taki á sig alla vega stóran hluta af þeim kostnaði.

Það má vel vera að samningsleiðin gæti orðið til þess að veiðiréttarhafar annars staðar á svæðinu næðu samningum við þá veiðiréttarhafa sem stunda netaveiðarnar um að kaupa upp réttinn eða eitthvað slíkt. Þá þyrfti hið opinbera ekki að koma að. En verði gengið öðruvísi í þessi mál finnst mér engin spurning að hið opinbera beri af því kostnaðinn af því hér er um að ræða gamalt deilumál sem hefur aldrei verið leitt til lykta og mjög mikilvægt fyrir Íslendinga alla að málið verði klárað með þeim rétti.

Nú eru til staðar sérstök lög um hefð og í 1. gr. þeirra segir, með leyfi forseta:

„Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign.“

Þannig að það er engin spurning að netaveiðarnar hafa fyrir löngu skapað hefðarrétt svo það þurfa að koma til einhvers konar sanngjarnar bætur o.s.frv.

En þetta mál verður að leysa og þessi löggjöf um lax- og silungsveiði verður aldrei það sem henni er ætlað að verða, verður aldrei sú grundvallarlöggjöf sem hún á að verða, þegar hún loksins fer kannski í gegnum þingið, nema þetta hafi verið leitt til lykta einnig. Það er mjög mikilvægt. Þess vegna hef ég fært það í tal sérstaklega og fært fyrir því rök hér við hæstv. ráðherra og þingheim að það verði að leita leiða til að setja verulegar hömlur á laxveiðinet, þó svo að ekki þurfi endilega að vera um (Forseti hringir.) fortakslaust bann að ræða — og helst ekki af því að bönn eru alltaf af hinu (Forseti hringir.) illa nema þau séu ...

[16:59]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ríkið á að borga reikninginn, segir Samfylkingin. Þá er eðlilegt að spyrja næstu spurningar og hún hljóðar svo: Hefur Samfylkingin látið gera einhverja úttekt á hversu hár sá kostnaður yrði sem mundi falla á ríkið, ef þessi leið yrði farin?

Nú er ég hvorki að mæla með henni né gegn henni. Mér leikur einungis forvitni á að vita, virðulegi forseti, hvaða fjárhæð við erum hér að tala um. Því það er eðlilega þannig að við, sem setjum lögin í þessu landi, hljótum að bera að nokkru leyti ábyrgð. Ef hér er um að ræða einhvern verulegan kostnað eða skuldbindingar fyrir ríkissjóð og ef Samfylkingin hefur gert sér grein fyrir því hversu há sú fjárhæð er þætti mér mikill akkur í að fá að heyra eitthvað um þær tölur áður en ég sest yfir áframhaldandi vinnslu þessa frumvarps í hv. landbúnaðarnefnd.

[17:00]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samfylkingin er að láta fara sérstaklega yfir það hver kostnaðurinn gæti hugsanlega verið og ég held að fleiri hafi gert slíkt hið sama og séu að láta kanna það en það þarf að sjálfsögðu að leggjast sérstaklega yfir það við þessa vinnu því auðvitað skiptir upphæð bótanna einhverju máli þó svo í lengri tíma ljósi sé það eðlilegur fórnarkostnaður til að ná lendingu í þessu mikilvæga máli sem er að mörgu leyti grundvallarmál. Ég get ekki nefnt hver upphæð bótanna verður af því að verið er að skoða málið fyrir okkur og verður fróðlegt að heyra það ef það kemur fram síðar í umræðunni hjá einhverjum öðrum sem hefur látið reikna út hver sú upphæð gæti hugsanlega verið. En það má lengi um það deila og það verður örugglega tekist á um það þegar þar að kemur. En ég ætla ekki að nefna tölu á þessari stundu.

[17:01]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Í fyrsta sinn frá árinu 1970 er nú stefnt að viðamiklum breytingum á lögum um lax- og silungsveiðar. Í fyrsta lagi er lagt til að sett verði sérstök lög um fjóra málaflokka sem samkvæmt núgildandi lögum eru inni í lagatexta um lax- og silungsveiðar. Þetta eru ákvæði um Veiðimálastofnun, ákvæði um varnir gegn fisksjúkdómum, ákvæði um fiskrækt og ákvæði um fiskeldi. Þá hefur uppbyggingu laganna verið breytt, bæði í því skyni að einfalda og skýra sem og að samræma fyrirkomulag og uppbyggingu laganna viðteknum viðhorfum við lagasmíð í upphafi 21. aldarinnar eins og segir í athugasemdum frumvarpsins.

Ég er í sjálfu sér sáttur við þær formbreytingar sem stendur til að gera á lögunum enda kominn tími til. Ég vil hins vegar í þessari fyrstu ræðu minni gera alvarlegar athugasemdir við 27. gr. frumvarpsins sem fjallar um veiðitæki og veiðiaðferðir á laxi og silungi. Í greininni kemur fram að hæstv. landbúnaðarráðherra hyggst ekki breyta lögum eða reglum um netaveiðar í straumvatni. Áfram skal laxinn veiddur í net í íslenskum ám en eins og allir Íslendingar vita hafa íslenskar ár og villti Norður-Atlantshafslaxinn fært íslenska þjóðarbúinu miklar tekjur á

síðustu árum. Er þar fyrir að þakka stóraukinni ferðaþjónustu þar sem markaðssetning á íslenskum ám til stangveiða hefur rutt brautina.

Í 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í straumvatni má við veiðar aðeins nota færi, stöng, lagnet og króknet."

Ég hef ítrekað vakið athygli á nauðsyn þess að banna með lögum allar netaveiðar í íslensku straumvatni. Nú gefst Alþingi við meðferð þessa frumvarps tækifæri til að breyta lögunum í þá veru að netaveiðar verði með öllu óheimilar í straumvatni um ókomna tíð.

Þekktar undantekningar, eins og til að mynda vegna klakveiði og vísindarannsókna, verða þó áfram að halda gildi sínu enda nauðsynlegar en í 1. gr. frumvarpsins segir að markmið laganna sé m.a. að kveða á um skynsamlega og hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá hagfræðideild Háskóla Íslands stunda um það bil 60 þúsund manns á Íslandi stangveiði og um það bil 5 þúsund erlendir veiðimenn koma hingað til veiða á ári hverju. Bein og óbein áhrif stangveiða má meta á 7,8–9,1 milljarð kr. á ári. Þar af eru beinar tekjur til veiðifélaga 1.000–1.200 millj. kr. árlega.

Milli 1.000 og 1.200 störf eru til vegna stangveiða og sem dæmi má nefna að önnur hver króna sem skilast til bænda af Vesturlandi kemur til vegna stangveiðinnar. Af þessu sést hversu mikið hagsmunamál það er fyrir bændur að netaveiðar verði í eitt skipti fyrir öll afnumdar þar sem ferðaþjónusta tengd stangveiði er hundruðum bænda í þessu landi lífsnauðsynleg.

Með afnámi netaveiða myndast hvati til stórsóknar í stórri atvinnugrein á íslenskan mælikvarða, stórsóknar sem mun laða fram fjölda nýrra starfa og stóraukna tekjur til ríkissjóðs. Ekki skal gleyma að lagasetning sem leggur algert bann við netaveiðum er í þágu umhverfisverndar og mun án efa verða til frekari vaxtar og viðgangs okkar ómetanlega villta laxastofns.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum má tífalda verðmæti laxveiða á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár með upptöku netanna. Heimamenn með Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands í fararbroddi gerðu vandaða skýrslu þar sem þessi fullyrðing kemur fram. Er því óneitanlega um mikið hagsmunamál að ræða fyrir nærliggjandi byggðir en í dag er allur hvati til ræktunarstarfs, gerð sleppitjarna og uppbyggingar í ferðaþjónustu tengdri stangveiði laminn niður með netaveiðinni á þessu tiltekna svæði. Það liggur því óneitanlega í augum uppi að netaveiðin á ekki við í dag þó svo markmið laganna hafi ekki breyst um langa hríð. Laxinn er ekki eins verðmætur sem matvara og áður var en einnig hefur stangveiði þróast á síðustu áratugum í þá átt að vera mikilvæg atvinnugrein sem skilar þjóðarbúinu miklum tekjum.

Með banni á netaveiðum kemur til bótaréttur bænda sem enn í dag nýta veiðihlunnindi sín til netaveiða. Matsnefnd eignarnáms tekur við því ferli og metur að sjálfsögðu það tekjutap sem bændur verða fyrir og leggur í framhaldinu fram tilboð til bænda til bóta. Í dag njóta bændur á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár tekna upp á 4–6 millj. kr. á ári vegna netaveiðinnar. Hér er vert að staldra örlítið við, frú forseti, og upplýsa um svokallað Ásgarðsmál sem fór fyrir Hæstarétt árið 1984.

Til að gera langa sögu stutta ómerkti Hæstiréttur niðurstöðu matsnefndar eignarnáms á þessu 780 hektara landi sem í dag eins og áður hýsir eitt besta laxveiðisvæðið við Sogið. Málið hófst árið 1979 eftir fráfall Helgu Jónsdóttur en hún og maður hennar sálugi, Sigurliði Kristjánsson, höfðu samkvæmt erfðaskrá sinni ákveðið að arfleiða Skógrækt ríkisins, Hjartavernd og Reykjavíkurborg að Ásgarðslandinu. Samkvæmt þágildandi jarðalögum átti Grímsneshreppur forkaupsrétt og hófst deilan um verðmæti jarðarinnar árið 1979 eða skömmu eftir fráfall Helgu.

Ný gögn, eins og til að mynda samningur frá 1984 milli landeigenda og Stangveiðifélags Reykjavíkur, voru lögð fram til grundvallar í Hæstarétti. Sá samningur hljóðaði upp á 478.500 kr. og var fyrir allan rétt til stangveiða á Ásgarðssvæðinu frá vori til hausts það árið. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að greiða þyrfti 2 millj. kr. fyrir veiðihlunnindin eða rúmlega fjórum sinnum meira en samningurinn gaf af sér ár hvert.

Þessi niðurstaða hlýtur að sjálfsögðu að vera fordæmisgefandi ef til þess kemur að netaveiði verði óheimil samkvæmt lögum. Því tel ég fullkomlega verjandi að ríkissjóður ásamt hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu greiði bændum bætur og tryggi þar með í eitt skipti fyrir öll að netaveiði leggist af í íslenskum ám.

Málið er ekki einskorðað við Ölfusársvæðið heldur hóta nú netabændur í Borgarfirði að leggja netin aftur í Hvítá vestri ef greiðslur til þeirra hækki ekki til muna. Þá er einnig vitað að netaveiði er stunduð á laxi, sjóbirtingi og silungi víðs vegar annars staðar á landinu.

Frú forseti. Með lagasetningu um afnám netaveiða í straumvatni verður tryggt að netabændur fái bætur. Bændur munu áfram vera fullgildir eigendur sinna jarða og áfram munu bændur ráða yfir þeim veiðihlunnindum sem jarðir þeirra ná yfir í dag. Eina breytingin yrði sú að bændum yrði ekki lengur heimilt að veiða lax eða silung í net. Með öðrum orðum getur löggjafinn lagt fram veiðarfærastýringu á þeim náttúruauðlindum sem íslenskt straumvatn hefur að geyma og má líkja þessu við þá sjálfsögðu og mikilvægu veiðarfærastýringu sem lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, fela í sér. Þúsundir sjómanna og útgerðarmanna hringinn í kringum landið þurfa daglega í sínum störfum að gangast við veiðarfærastýringu og temja sér veiðiaðferðir sem löggjafinn setur fram á hverjum og einum tíma.

Af hverju skyldi löggjafinn ekki tryggja hámarksnýtingu á auðlindum sem teljast til vatnafiska rétt eins og gert er með auðlindina sem íslenskt hafsvæði hefur að geyma? Þetta er einungis spurning um vilja löggjafans til að virða 1. gr. frumvarpsins, frú forseti, og tryggja hámarksnýtingu á okkar náttúruauðlindum þar sem sjálfbær umhverfisstjórnun er höfð að leiðarljósi.

Rætt hefur verið um hnignun laxastofna annars staðar í Atlantshafinu og að gott ástand mála sé ekki sjálfgefið. Engu að síður geta netabændur í okkar landi sumarlangt girt af árnar með lagnetum í orðsins fyllstu merkingu og sópað til sín stærstu laxagöngunum ár hvert.

Laxveiðiframboð á Íslandi er nú um 34 þúsund stangadagar á ári en samkvæmt skýrslu Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands myndast hvati með afnámi netaveiða til uppbygg-

ingar á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár, hvati sem gæti mögulega skilað 10 þúsund stangadögum á sama svæði árlega. Umrætt vatnasvæði er það langstærsta og víðfeðmasta á Íslandi ef ekki í Evrópu allri. Það er því sorglegt og allt að því skondið að einungis örfáir netabændur skuli geta stöðvað þetta ferli. Hér verður löggjafinn að grípa inn í og tryggja frekari vöxt og viðgang íslenskrar ferðaþjónustu sem og okkar ómetanlega villta laxastofns. Í Bandaríkjunum er sama laxategund á lista yfir dýr í útrýmingarhættu. Það er með ólíkindum, frú forseti, að við Íslendingar skulum horfa upp á blóðuga magnveiði þar sem netatrossur eru dregnar inn sumarlangt fullar af villtum laxi sem lítið verð fæst fyrir nema hann sé veiddur á stöng.

Á síðustu áratugum hafa hagsmunaaðilar með Stangveiðifélag Reykjavíkur, Orra Vigfússon og fleiri aðila í broddi fylkingar ítrekað reynt að ná samningum við netabændur um allt land þar sem boðið er upp á greiðslur til bænda við upptöku neta. Á stundum hefur það gefist afar vel og fyrir vikið hafa þau vatnasvæði náð að dafna og vaxa í takt við þróun og frábæran árangur sem fyrir liggur eftir breytingar á hverjum og einum stað fyrir sig. Sem dæmi má nefna frábæran árangur við Selá og Hofsá í Vopnafirði sem eru afar dýrmætar laxveiðiár á Norðausturlandi. Ekki nokkrum viti bornum manni mundi detta í hug að snúa við þeirri þróun sem átt hefur sér stað í þessum ám með því að hefja á nýjan leik netaveiðar.

Sömu sögu má segja frá mörgum af okkar bestu laxveiðiám. Þrátt fyrir mikið frumkvæði og áratugabaráttu hefur hagsmunaaðilum fyrir upptöku neta á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár ekki enn tekist að ná samningum við netabændur. Fyrir vikið hafa bergvatnsbændur og þjónustuaðilar á nærliggjandi svæðum misst af þeim miklu tækifærum sem bændur víða annars staðar á landinu hafa nýtt sér með góðum árangri. Nú síðast lagði Stangveiðifélag Reykjavíkur fram tilboð til Veiðifélags Árnesinga með árlegri greiðslu upp á 9 millj. kr. fyrir upptöku netanna í jökulánum áðurnefndu. Upphæðin átti að renna óskert til örfárra netabænda sem enn stunda þann búskap að veiða lax í net.

Á síðasta ári voru tekjur hinna sömu af netaveiðum helmingi lægri en hér um ræðir eða um það bil 4–5 millj. kr. Er þá ekki búið að reikna til og draga frá þann kostnað sem hlýst af netaútgerðinni. Þessu tilboði var ekki tekið af hálfu Veiðifélagsins þó svo fjölmargir bændur þar innan dyra og þá sérstaklega bergvatnsbændur vilji netin upp. Hvað segir þetta okkur, frú forseti? Þetta upplýsir okkur um það að tilboð í formi peningagreiðslna til bænda skipti ekki máli í þessu tilviki. Ákveðnir netabændur á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár láta sig engu varða þó svo þeim séu boðnar 2 kr. í stað einnar sem kemur til vegna sölu á netveiddum laxi. Með öðrum orðum er þetta áhugamál í þeirra huga, áhugamál sem þeir vilja ekki skipta út fyrir peninga.

Hver er ábyrgð þessara manna og hver er ábyrgð okkar hér á löggjafarþinginu? Okkar ábyrgð er að láta ekki einn sitja yfir annars hlut. Málið er alvarlegt og ekki verður séð að vandamálið verði leyst nema til breytinga komi á þessum lögum.

Netabændur á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár veiða þúsundir laxa í net árlega eða margfalt það magn sem stangveiðin skilar af sér árlega á sama svæði. Engu að síður eru tekjur bænda af stangveiðinni margfalt hærri en tekjur netabænda á sama vatnasvæði. Lax sem er veiddur á stöng er einfaldlega margfalt meira virði en netveiddur lax sem selst á lágu verði í verslanir. Það alvarlega er að tekjur af stangveiðinni geta enn margfaldast með upptöku netanna enda er efnahagslegur ávinningur af slíkri aðgerð ótvíræður.

Þegar þessum lögum var síðast breytt á Alþingi eða árið 1970 voru netaveiðinni settar ákveðnar hömlur. Í stað þess að veiða mætti alla daga vikunnar var skorið niður sem því svaraði að netaveiðar má einungis stunda frá þriðjudegi til föstudags eða hálfa vikuna. Fordæmin sem gefin voru þá til breytinga hafa aukist til muna eins og gefur að skilja. Á þeim tíma var velta vegna stangveiða ekki 7,8–9,1 milljarður kr. á ári eins og er í dag. Ég velti því fyrir mér, frú forseti, hvort veltan og viðskiptin vegna stangveiðinnar á þeim tíma hafi náð að vera 10% af þeirri upphæð sem er uppi á teningnum í dag.

Það hníga öll rök til aðgerða í þessu máli. Reynslan hefur sýnt okkur með óyggjandi hætti að stangveiðin skákar netaveiðinni. Það má vera að fyrir hálfri öld eða svo hafi bændur aflað meiri tekna með netaveiði en þá fékkst fyrir sölu á veiðileyfum vegna stangveiði. Öllum mönnum er ljóst að viðsnúningur hefur orðið á verðmætum stangveiðanna annars vegar og netaveiðanna hins vegar og mig grunar, frú forseti, að netabændur sem enn stunda sína útgerð í dag viti betur og líka hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson. Auðvitað ber okkur öllum að virða gamlar hefðir og gamla siði en að sama skapi breytist umhverfi okkar og fyrir vikið er það skylda okkar hér á löggjafarþinginu að tryggja atvinnulífinu það umhverfi sem tíminn kallar á hverju sinni. Netaveiðar í íslensku straumvatni eru tímaskekkja.

Frú forseti. Á 4. áratug síðustu aldar hættu menn svokallaðri ádráttarveiði í íslenskum ám enda var hún talin ógna lífríkinu og þar með tekjuöflun bænda af laxfiskum til framtíðar. Ég óska að sjá breytingu á 1. áratug núlíðandi aldar þar sem netaveiði verði alfarið hætt og ímynd íslenskrar ferðaþjónustu njóti vel og ný tækifæri líti dagsins ljós. Ég tala fyrir breytingum sem kalla má byggðar- og atvinnumál, frú forseti, enda stangveiðiiðnaðurinn orðinn stór iðnaður á íslenskan mælikvarða. Við getum ekki, frú forseti, látið örfáa bændur veiða þúsundir laxa í net á ári hverju og þá um leið hamla allri uppbyggingu tengdri stangveiði á jafnstórum vatnasvæðum og ég hef áður lýst í ræðu minni.

Ég mun styðja þetta frumvarp hæstv. landbúnaðarráðherra en þó með þeim fyrirvörum sem ég hef tíundað í ræðu minni í dag. Ég mun beita mér fyrir því að 27. gr. frumvarpsins taki breytingum í meðförum þingsins. Í seinni ræðu minni í dag, frú forseti, mun ég áfram færa rök fyrir þeim fyrirvara sem ég hef sett við frumvarpið.

[17:17]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðum þingmanna ber töluvert á því að menn haldi að veiðiréttur í net sé hefðarréttur. Ég vil leiðrétta þann mikla misskilning, hann byggist ekki á hefð. Hið rétta er að í íslenskri löggjöf hafa verið ákvæði um veiði allt frá stofnun Alþingis árið 1000. Í Grágás, lögum þjóð-

veldis, kom meginreglan um einkaveiðirétt landeigenda fram.

Ef ég man rétt hljóðar meginreglan svo:

„Hver maður á veiði alla, fugla og fiska í landi sínu."

Ég hef aldrei heyrt hér í sölum Alþingis hv. þingmann skamma svo stíft örfáa menn, eins og henti nú hv. þm. Gunnar Örlygsson, sem stunda netaveiði í kjördæmi hans. Við höfum farið yfir það, ég og hv. þm. Björgvin Sigurðsson, að við álítum þetta samningamál. (Forseti hringir.) Þetta hlýtur að vera samningamál og stangveiðimenn (Forseti hringir.) í landinu hafa í sambandi við veiðifélög flestar laxveiðiár landsins.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég bið hv. þingmenn og hæstv. ráðherra að virða ræðutíma þar sem hann er eingöngu ein mínúta.)

[17:19]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, spurði mig ekki neinnar spurningar en hann minntist á að ég hefði skammast hér mikið yfir bændum. Ég sagði í ræðu minni að auðvitað bæri okkur að virða gamla siði og gamlar hefðir en var þó fyrst og fremst að benda á þann möguleika að með breytingu á 27. gr. frumvarpsins gætum við skapað umhverfi í atvinnulífinu sem er þessu vatnasvæði lífsnauðsyn.

Ég er líka alveg viss um að þó að netaveiði yrði bönnuð fengju þeir góðu bændur sem enn stunda netaveiðibúskap á þessu tiltekna vatnasvæði önnur tækifæri. Ég hvet hæstv. landbúnaðarráðherra til að lesa grein eftir Harald Eiríksson sem er kunnur stangveiðimaður. Greinina er að finna á vefsíðu Stangveiðifélags Reykjavíkur en þar er tíundað hve mikið stangveiði í jökulánum sjálfum gefur af sér umfram netaveiðina. Það er jú líka hægt að byggja upp ferðaþjónustutengda stangveiði (Forseti hringir.) í íslenskum jökulám rétt eins og í bergvatnsám.

[17:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður þarf ekkert að kenna mér í þessum efnum og ekkert vera að skamma mig hvað þetta varðar. Ég er ekki hér í neinni vörn fyrir netaveiði. Ég álít hins vegar, og hef farið yfir það, að það væri mjög flókið mál lagalega, og er það að mati færustu prófessora þessa lands, að setja löggjöf sem bannar öll net. Það mundi ekki einu sinni henta öllum ám því að þá yrði ekki veitt þar lengur, þar sem eru notuð eingöngu net. Ég hef farið yfir að það gæti líka þýtt mikið fyrir þær ár sem búið er að taka netin upp úr og semja, þá væri komið þar skaðabótamál. Þess vegna finnst mér þessi umræða fara út um víðan völl og ekki vera marktæk.

Ég minni hv. þingmann á að á því vatnasvæði sem hann er að tala um, Hvítá/Ölfusá, er mjög víða og í vaxandi mæli stangveiði á jörðum. Netin eru örfá eftir í ánum, þannig að þetta er fyrst og fremst samningamál á svæðinu en ekki löggjafarmál hér á Alþingi. Það er miklu betra að gera þetta í þeim friði.

[17:21]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Mig grunar einfaldlega að hæstv. ráðherra fylgist ekkert með því sem er að gerast fyrir austan. Það veiddust rétt tæplega 3.000 laxar í net á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár sumarið 2005. Hver þeirra er um það bil 750 kr. virði. Það hefur komið fram í ítarlegum rannsóknum og skýrslum að verðmæti stangveidds lax séu 20 þús. kr. Það sér það hver viti borinn maður að hér verður löggjafinn að grípa inn í með öflugri veiðarfærastýringu svo að við tryggjum hámarksnýtingu á þessum miklu auðlindum.

Mér finnst einkennilegt af hæstv. landbúnaðarráðherra að styðja hér breytingar við lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, þar sem kemur að veiðarfærastýringu. Af hverju eiga bændur ekki að gangast við veiðarfærastýringu eins og sjómenn? Ég hef hvergi og aldrei heyrt rök fyrir því, aldrei.

Það stendur einnig í lögum nr. 11, um eignarnám, frá árinu 1973 í 15. gr. (Forseti hringir.) að ef bætur eru úrskurðaðar of háar þá geti (Forseti hringir.) eignarnemi fallið frá kröfu sinni innan mánaðar frá því að matið liggur fyrir. Áhættan er engin, frú forseti.

[17:22]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Gunnar Örlygsson rakti hér skoðanir sínar í ágætlega rökstuddu máli og vitnaði m.a. í ágæta skýrslu eða greinargerð frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands. Ég spyr: Skil ég hv. þingmann rétt að hann muni leggja fram skýra breytingartillögu við þetta lagafrumvarp í þeim tilgangi að banna algjörlega netaveiði í straumvatni? Ef svo er, mun hann þá jafnframt leggja fram breytingartillögu um að banna netaveiði eða banna silunganet í sjó í þeirri trú að þar taki landeigendur upp töluvert mikið magn af laxi þar sem þeir eru ekki með rétta möskvastærð?

[17:23]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Eins og málið lítur út núna, svo að ég svari spurningu hv. þm. Valdimars Leós Friðrikssonar, þá er það mitt markmið í meðförum landbúnaðarnefndar að fá einhverju breytt í 27. gr. frumvarpsins. Ég á frekar von á því að ég muni leggja fram breytingartillögu í meðförum þingsins um algjört bann á netaveiðum, þó með þeim takmörkunum sem ég nefndi áðan.

Ég hef ekki kynnt mér netaveiði á silungi í sjó nógu vel en mun að sjálfsögðu gera það í meðförum málsins.

[17:24]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þá er það komið skýrt fram frá talsmanni Sjálfstæðisflokksins í þessu máli að það mun koma fram breytingartillaga um bann við allri netaveiði laxfiska í straumvötnum.

Hv. þingmaður minntist á að bændur og landeigendur í Borgarfirði hótuðu að setja aftur niður net. Þá velti ég því fyrir mér: Halda þeir samningar sem þar hafa verið gerðir? Nú hefur hæstv. landbúnaðarráðherra og jafnvel fleiri frekar mælt með því að menn leiti sátta og er það alls ekki óeðlilegt. Ég velti fyrir mér: Er sú leið hreinlega fær? Ef

það er rétt að menn séu að hóta, og fyrir liggur að þeir geta staðið við þær hótanir, er þá hægt að semja við landeigendur og netabændur um upptöku neta?

[17:25]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég kom inn á í ræðu minni hér áðan hafa Stangveiðifélag Reykjavíkur, Orri Vigfússon og fleiri aðilar í áranna rás náð samningum við bændur með greiðslum fyrir upptöku neta. Á stundum hafa þeir samningar verið með þeim hætti að greitt er fyrir varanlega upptöku, samningar eru þannig að það er ekki hægt að leggja netin aftur niður, þeir eru þess eðlis. Aðrir samningar, eins og til að mynda í Borgarfirði, eru oft eingöngu til eins árs, stundum til fimm ára o.s.frv. Það hriktir því oft í stoðunum þegar kemur að endurskoðun samninga milli veiðifélaga og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. Þessi ógn vofir alltaf yfir á þeim stöðum þar sem samningarnir eru mjög stuttir, til eins eða fimm ára.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum komin hér fram á 21. öldina og getum ekki sætt okkur lengur við blóðuga magnveiði. (Forseti hringir.) Til þess að koma þessu vandamáli frá um ókomna tíð verður einfaldlega að breyta þessum lögum. Það er mín skoðun.

[17:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Gunnari Erni Örlygssyni fyrir ræðu sína. Þetta var örugglega ein af bestu ræðunum sem hér hefur verið flutt um þetta mál. Ég vil líka segja að í prinsippinu er ég honum algjörlega sammála um að það eigi að stöðva netaveiði í ám.

Ég tel hins vegar að besta leiðin til þess sé sú að reyna að sannfæra hæstv. landbúnaðarráðherra og toga hann til fylgis við málstaðinn. Ég held að það verði a.m.k. að reyna til þrautar að gera þetta með samningum en ef það tekst ekki þá á Alþingi einfaldlega ekki annars úrkosti en að setja um þetta lög. Ég tel að Íslendingar hafi náð miklum árangri með því að hafa frumkvæðið að því að banna netaveiðar í sjó. Ég sjálfur var einu sinni ráðherra og var í för með Orra Vigfússyni þegar hann talaði við kollega minn þáverandi í Bretlandi með góðum árangri. Þetta er barátta sem við eigum öll að styðja. Ég skil ekkert í hinum (Forseti hringir.) ágæta hæstv. landbúnaðarráðherra, sem hefur nú góðan skilning og samúð (Forseti hringir.) með flestu kviku sem syndir og hrærist, að styðja þetta mál (Forseti hringir.) ekki af einurð og drengskap.

(**Forseti** (ÞBack): Ég verð að biðja hv. þingmenn um að virða þennan stutta ræðutíma.)

[17:28]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni hlý orð í minn garð. Honum til upplýsingar vil ég nefna að á síðustu missirum hefur Stangveiðifélag Reykjavíkur reynt til þrautar að semja við veiðifélag Árnesinga um upptöku netanna og ekki í fyrsta skipti, þetta hefur verið reynt áratugum saman eins og menn þekkja. En það hefur ekkert gengið. Mér skilst að nú muni menn reyna þar á bæ að semja við einstaka bændur. Samkvæmt reglum Veiðifélags Árnesinga er því þannig háttað til að hver bóndi, hver landeigandi, getur ákveðið hvort hann stundar netaveiði eða stangveiði á sínu svæði og hann getur ákveðið sjálfur hvort hann nýtir veiðiréttinn til útleigu til stangveiða, útleigu til netaveiða eða bara veiðir hreinlega á stöng eða net sjálfur.

Það næsta sem gerist í þessum efnum er það að Stangveiðifélag Reykjavíkur mun reyna að semja við einstaka bændur en það er fullreynt með suma þeirra og m.a. er bær sem Jörundur Gauksson (Forseti hringir.) er frá, að ég held, sem — ég held að faðir hans hafi tekið þátt í að undirbúa þetta (Forseti hringir.) frumvarp, Gaukur Jörundsson. Það er bær þar sem enn þann dag í dag er veitt í net.

(**Forseti** (ÞBack): Enn vil ég áminna hv. þingmenn um að gæta að ræðutíma.)

[17:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar búið er að reyna til þrautar með samningum við einstaka bændur og ef það tekst ekki tel ég að það sé fyllilega réttlætanlegt á grundvelli líffræðilegra verndarsjónarmiða að gengið verði í það að setja lög til þess að banna þetta. Sjálfur er ég uppalinn sem laxarektor að hálfu leyti á jörð á Mýrum þar sem ég gekk til laxa og þar var lögbundinn veiðiréttur m.a.s. í ósum stórveiðiár allt fram yfir 1960. Ég tel að bændur þar hafi sýnt mikla framsýni. Ég vildi óska að þeir bændur sem hér hafa verið til umræðu af hálfu hv. þm. Gunnars Arnar Örlygssonar feti í fótspor þeirra.

Ég vil svo segja, til þess að það sé algjörlega skýrt hvar mín afstaða liggur í þessu, að ef fram kemur breytingartillaga sem miðar að því að draga úr netaveiði í ám mun ég fylgja henni.

[17:30]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var hörkuræða hjá hv. þingmanni sem var og er vel heima í málinu. Hann flutti hana af miklum þrótti og miklum sannfæringarkrafti. Það leiðir hugann að því, þar sem töluvert skilur á milli hans og hæstv. landbúnaðarráðherra í málinu, hvernig hann meti framgang málsins innan 22 manna þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Verður samstaða þar um breytingartillöguna sem hv. þingmaður boðaði, um lög sem banna netaveiðar með öllu? Er þokkaleg sátt eða algjör um það í þingflokki sjálfstæðismanna?

Þá er náttúrlega útséð um það að málið, í þeirri mynd sem það liggur fyrir þinginu núna, er einfaldlega ekki það plagg sem mun ná fram að ganga. Ef það er meirihlutavilji í þingflokki sjálfstæðismanna að banna netaveiðarnar fortakslaust jafnvel, náist varanleg upptaka ekki, tekur málið á sig allt aðra mynd en leit út fyrir hér í morgun. (Forseti hringir.)

[17:31]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni spurningarnar. Málið var afgreitt af þingflokki sjálfstæðismanna með

fyrirvara nokkurra þingmanna. Ég get ekki nefnt þeirra nöfn að svo stöddu en það mun koma fram í meðförum þingsins hverjir munu greiða atkvæði með þeirri breytingartillögu sem ég hyggst leggja fram.

Ég vil líka minna hv. þingmann á það að í Morgunblaðsviðtali á dögunum kom fram að hv. þm. Hjálmar Árnason, sem kemur úr Suðurkjördæmi og er þingflokksformaður framsóknarmanna, setur mikinn fyrirvara við 27. gr. frumvarpsins.

[17:32]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er athyglisvert að hæstv. landbúnaðarráðherra hefur hvorugan þingflokk stjórnarflokkanna á bak við sig í málinu. Einhvers konar ringulreið virðist ríkja í þeim báðum gagnvart þessu máli. Hv. þingflokksformaður hans, Hjálmar Árnason, hefur lýst því að hann geri fyrirvara við þessa megingrein, 27. gr., sem tekur til netaveiðanna, og stór hluti þingmanna Sjálfstæðisflokksins hefur afgreitt málið með fyrirvara um breytingartillögu sem gjörbreytir málinu og bannar fortakslaust eða takmarkar verulega netaveiði á laxi.

Það er sem sagt ekki samstaða um málið í stjórnarflokkunum samkvæmt þessu og ég fagna því mjög og eindregið þar sem netaveiðar á laxi í straumvötnum eru tímaskekkja. Þær eru algjör tímaskekkja og við eigum að sjálfsögðu að beita, eins og ég hef lýst hér áður í dag, öllu okkar afli til að ná sátt við þá sem í hlut eiga þannig að varanleg upptaka neta eigi sér stað ella setji Alþingi lög þar sem (Forseti hringir.) netaveiðarnar eru takmarkaðar mjög eða bannaðar.

[17:33]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka undir margt sem kom fram í ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. En ég vil kannski líka nefna að það kemur nú stundum fyrir hér á Alþingi Íslendinga að upp koma mál sem skarast á allar flokkslínur. Ég held að þetta mál, sérstaklega sá fyrirvari sem ég set á 27. gr. og 27. gr. öll eins og hún leggur sig, geti orðið bitbein og muni skarast á allar flokkslínur.

Í þinginu liggur fyrir frumvarp frá heilbrigðisráðherra um algert bann við reykingum á veitingastöðum, skemmtistöðum. Ólíkar raddir berast úr öllum áttum hvað það mál varðar, líka frá Samfylkingunni. Ég held einfaldlega að þetta sé eitt af þeim málum sem verður mjög spennandi í meðförum þingsins og sjálfur bíð ég spenntur, rétt eins og 60 þúsund stangveiðimenn í þessu landi, eftir því hver niðurstaðan verður við atkvæðagreiðslu á breytingartillögu minni (Forseti hringir.) eftir nokkra daga eða vikur.

[17:35]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um lax- og silungsveiði sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur mælt fyrir. Ég mun ekki að þessu sinni fara ítarlega í gegnum allt frumvarpið og forsendur þess þar sem málið kemur til hv. landbúnaðarnefndar og ég á sæti þar. Þar verður að sjálfsögðu farið nánar ofan í einstaka þætti. Það eru þó örfá atriði sem ég vildi koma á framfæri.

Þetta frumvarp til laga er um margt vel unnið, finnst mér, bæði hvað varðar einstakar greinar þess og einnig hvað varðar fylgiskjöl og annað. Það er sjálfsagt að taka það fram þó að síðan séu einstök atriði í frumvarpinu sem ég geri athugasemdir við eða vildi hafa öðruvísi.

Í 1. gr. frumvarpsins, sem lýtur að markmiði þess, segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að kveða á um eignarhald veiðiréttar í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra."

Við eigum því ekki að venjast að í frumvörpum frá ríkisstjórninni sé minnst á verndun náttúruauðlinda, það er miklu síður að það orð heyrist. Þess vegna er hún þó virðingarverð viðleitnin í þessu frumvarpi, að taka fram í 1. mgr. verndun þessarar auðlindar, og væri betur ef fleiri hæstv. ráðherrar, sem leggja fram frumvörp sem lúta að svo veigamiklum þáttum í líf- og vistkerfi landsins, gerðu slíkt hið sama.

Ég hefði þó kosið að í 1. gr. yrðu ákveðin atriði dregin fram. Ekki er eingöngu um nýtingu að ræða, heldur líka umgengni og, eins og hér er kveðið á um, verndun þeirrar auðlindar sem er fiskur í ám og vötnum. Við erum aðilar að samþykktum um sjálfbæra þróun og ef það hugtak á einhvers staðar við hvað varðar umgengni, meðferð, nýtingu og verndun auðlindar þá er það hér. Það mundi því styrkja grunn þessara laga ef í þeim kæmi fram yfirlýsing um að gengið yrði um þessa auðlind á þann veg að hún lyti lögmálum um sjálfbæra þróun. Ég legg til að það verði skoðað að það komi hér inn í upphafsgrein laganna.

Vatnalíf er mjög fjölbreytilegt. Mismunandi erfðastofnar laxa eru í ám á landinu og jafnvel innan vatnasvæða geta verið mismunandi erfðastofnar vatnafiska, hvort sem það er lax eða silungur, urriði, bleikja eða hvað. Því er þarna á ferðinni gríðarleg erfðafræðileg og líffræðileg fjölbreytni sem okkur ber skylda til að standa vörð um. Við erum aðilar að alþjóðlegum samningi um líffræðilega fjölbreytni og sá samningur sem gerður var á sínum tíma, — ætli það séu ekki komin ein tíu ár síðan — samningur sem gerður var í Ríó um aðild okkar að verndun líffræðilegs fjölbreytileika, ætti einmitt að vera hér. Þessa auðlind, þetta lífríki eigum við að umgangast samkvæmt þeim samningi, þ.e. að vernda líffræðilegan fjölbreytileika vatnafiska. Það finnst mér að ætti að koma fram í upphafsgreinum þessara laga og í skilgreiningunum ætti að koma fram skilgreining á sjálfbærri þróun og skilgreining á líffræðilegum fjölbreytileika sem við höfum skuldbundið okkur til að standa vörð um.

Ég tel að það fari vel á því, og mundi fylla enn betur anda þessa frumvarps um lax- og silungsveiði, að í þessum lagabálki yrði þetta í fyrsta sinn, að því er mér er kunnugt, tekið upp — ekki fær umhverfið, umhverfisrétturinn og náttúran svo oft að njóta sín í lagafrumvörpum ríkisstjórnarinnar. Það væri því mjög ánægjulegt ef við fengjum að sjá það hér og ég legg það alveg eindregið til.

Það er líka mjög athyglisvert að lesa hér um veiðiréttinn og ég vil taka undir þá skilgreiningu sem mér sýnist vera þar, þ.e. að það sé í sjálfu sér ekki eignarhaldið á fiskauðlindinni sem slíkri sem verið er að fjalla um heldur skilgreindur nýtingarréttur, og lögin kveða nánar á um það hvernig hann er skilgreindur og með er farið. Hér er því

fyrst og fremst verið að tala um veiðirétt, þveröfugt við það sem við ræddum þegar við vorum að tala um vatnalögin þar sem verið var að tala um eignarrétt, sem við vorum náttúrlega andvíg.

Sömuleiðis er kveðið á um hvernig skuli fara með þann veiðirétt, bæði hvort og með hvaða hætti megi skilja hann frá fasteign. Um það gilda mjög ströng ákvæði og hin almenna regla er sú að veiðiréttur eigi að fylgja viðkomandi landareign. Það þarf því verulega sterkar heimildir til þess að taka veiðiréttinn undan ákveðinni landareign og þarf lögformlegan gjörning. Það er því staðinn vörður um að veiðirétturinn fylgi landinu og megi ekki skilja þar frá. Þetta tel ég líka vera rétt og vara við því að þessi réttindi verði skert.

Það er líka ástæða til að staldra við ákvæði sem lúta að réttindum eða heimild til mannvirkjagerðar en í V. kafla er fjallað um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn. Þar er ítarlega farið yfir það hvernig þarf að vinna forvinnu áður en veitt er heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum eða til að breyta eða hafa áhrif á fiskvegi, þ.e. ár og læki sem fiskur getur gengið um. Þetta tel ég líka afar mikilvægt og við erum seint nægilega á verði í þessum efnum. Þá er líka rétt að minnast á að um er að ræða gerólíka nálgun frá því sem er í nýafgreiddum vatnalögum. Í þeim lagabálki sem iðnaðarráðherra keyrði í gegnum þingið var litið á vatnið sem dautt, sem iðnaðarvöru, og fyrst og fremst átti að vita hvernig hægt væri að nýta það til iðnaðar eða virkjana. En auðvitað eru það sömu farvegirnir sem verið er að fjalla um í þessum lögum.

Ég segi fyrir mitt leyti, frú forseti, að ég treysti hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðna Ágústssyni, betur en iðnaðarráðherra fyrir því að standa vörð um lífríkið í veiðivötnum og ám og lækjum og vera á varðbergi gagnvart mannvirkjagerð sem getur spillt því lífríki. Ég vil taka það fram hér að heldur vil ég sjá þau mál í höndum og umsjá landbúnaðarráðuneytisins og landbúnaðarráðherra.

Að mörgu er að huga. Á undanförnum árum hefur t.d. tilhögun við ræsa- og brúargerð í vegaframkvæmdum verið breytt. Verið er að hverfa frá því að búa til þessar steyptu brýr sem hleyptu vatninu óhindrað í gegnum sig yfir í að setja þröng ræsi sem takmarka þá gjarnan bæði vatnsstreymi og einnig líka flutning lífs á milli vatnasvæða. Rannsóknir á þessu sviði hófust nú í fyrra í samstarfi Veiðimálastofnunar á Norðurlandi og Vegagerðarinnar. Þá kemur í ljós að í allt of mörgum tilvikum eru heilu lífríkin skorin í sundur við vegagerð. Það eitt að ræsi í gegnum veg stendur í halla og stendur út úr farveginum hindrar að nokkurt líf berist upp eftir árfarvegunum. Nú er verið að setja umfangsmiklar rannsóknir í gang til að kanna hvaða tjón hefur þegar verið unnið á lífríki vatnasvæða, stórra vatnasvæða, hvað þetta varðar og hvernig megi fyrirbyggja það. Í þeim rannsóknum er gott samstarf á milli Vegagerðarinnar og Veiðimálastofnunar. Ef við sæjum þessi mál undir iðnaðarráðuneytinu dreg ég í efa að mikið yrði hugað að því.

Ég var að horfa á greinar sem lúta að V. kafla laganna, sem fjallar um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn. Ef eitthvað er þyrfti að skerpa á eftirliti og rannsóknum á áhrifum mannvirkjagerðar á þessi veiðivötn frekar en slaka þar á. Ég get svo sem nefnt dæmi, af því ég er kunnugur því: Við umhverfismat á virkjunum norður í Skagafirði, Villinganesvirkjun, sem vonandi verður aldrei gerð, var ekkert rannsakað, eða að minnsta kosti afar takmarkað, hvaða áhrif stíflan hefði á lífríki neðan virkjunarinnar að ég tali nú ekki um út til ósanna. Ég hygg að svo sé víðar. Ég legg áherslu á að þessir þættir séu mjög vel gaumgæfðir hér.

Það hefur komið fram í umræðunum að kaflinn um Fiskræktarsjóð í núgildandi lögum um lax- og silungsveiði stendur óbreyttur, kemur ekki inn í þessa endurskoðun. Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að um hann sé nokkur ágreiningur. Ég vil leggja þunga áherslu á að tekjustofnar Fiskræktarsjóðs verði ekki skertir. Það á alveg skilyrðislaust að skylda þá sem fá heimild til að breyta vatnsfarvegum og vatnsföllum, t.d. með virkjunum eða öðru slíku, til að greiða fjármagn til rannsókna og þróunarstarfs og eftirlits með vatnavistkerfi landsins.

Þetta er gert með öðrum siðuðum þjóðum. Tökum sem dæmi Norðmenn, Svía, eins og hæstv. landbúnaðarráðherra minntist á, og gott ef ekki Skota. Hví skyldum við ekki fylgja þessum þjóðum eftir í þeim efnum að bera svo mikla virðingu og umhyggju fyrir náttúrunni og auðlindum hennar og hinu dínamíska lífkerfi að ef gripið er þar inn í sé sjálfsagt að sá aðili sem það fær að gera greiði þar til? Ég tel því að það eigi að standa á bak við Fiskræktarsjóð og kröfur um greiðslur í hann, af hálfu t.d. virkjunaraðila, svo að greitt verði í hann refjalaust og hann efldur og styrktur til að takast á við þau miklu rannsóknar- og þróunarverkefni sem okkur ber skylda til að standa að?

Hér hefur verið rætt um netaveiði og aðra slíka þætti. Það er mjög eðlilegt að tekist sé á um hin ýmsu nýtingarform og þau séu rædd. Það er alveg sjálfsagt að meta öll þau rök sem þar koma fram varðandi takmörkun á netaveiðum og hvernig þeim málum verði fyrir komið. Best er að allt slíkt gangi fram með samningum hlutaðeigandi aðila. Að því má að einhverju leyti koma með opinberum hætti til að liðka fyrir að slíkir samningar náist en þegar um er að véla nýtingarrétt sem snertir marga aðila þarf það að ganga fyrir samningum og ég held að það eigi að vera megininntak okkar nálgunar hvað þetta varðar. Það er grundvallaratriði, eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, að við eigum að umgangast þessa auðlind samkvæmt lögmálum um sjálfbæra þróun. Við eigum að virða ákvarðanir um líffræðilegan fjölbreytileika á vatnasvæðum. Þetta er sá grunnur sem allir veiðimenn verða að fella sig undir, hvort sem þeir veiða í net eða á stöng.

Skýrslan sem var unnin af Hagfræðistofnun háskólans, Um lax- og silungsveiði á Íslandi, efnahagsleg áhrif og líffræðileg staða auðlindarinnar, er mjög góð og lax- og silungsveiðimenn og þeir sem þá auðlind umgangast hafa í henni sterk rök á hendi. Þar eru nefndir gríðarlega fjölbreyttir möguleikar á tekjum til samfélagsins í gegnum veiði, nýtingu og meðferð þessarar auðlindar, að ógleymdum þeim verðmætum sem felast í því að að njóta ánna og vatnanna á margvíslegan hátt.

Hæstv. ráðherra nefndi að 7, 8 eða 9 milljarðar kr. kæmu með beinum eða óbeinum hætti inn í kringum veiði, nýtingu og meðferð á vötnum og ám. Hver einasta króna er

100% þjóðhagslega hagkvæm, þ.e. við flytjum ekki mikið inn til að skapa þennan auð. Það má segja að þetta sé 100% sjálfbær tekjuöflun. Nákvæmlega. Ekki er hægt að segja það sama um álið, frú forseti, af því við horfumst í augu, ég og hv. formaður landbúnaðarnefndar, Drífa Hjartardóttir. Þegar álið er annars vegar eru menn að tala um að innan við 30% af brúttóútflutningsverðmætinu séu innlend verðmætasköpun, hitt sé allt erlent. Þannig að þetta er alveg gjörólíkt.

Frú forseti. Í lok ræðu minnar vil ég enn á ný hæla þessu frumvarpi þó á því séu náttúrlega einhverjir annmarkar, eitthvað sem þarf að skoða betur. Ég legg áherslu á það sem ég sagði í byrjun: Mér finnst að í upphafskafla þessa frumvarps eigi að geta þess að auðlindin lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar og samningum okkar um líffræðilega (Forseti hringir.) fjölbreytni.

[17:55]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta frumvarp til laga um lax- og silungsveiði en sé mig þó knúinn til að koma hingað upp til að benda á nokkur atriði sem ég óska eftir að hv. landbúnaðarnefnd taki til skoðunar.

Ég vil þó byrja á því áður en ég kem að þessum atriðum að hrósa þeim sem að þessu frumvarpi hafa unnið. Ég tel að það sé að efni til mjög vandað og að sama skapi verð ég að segja að þær upplýsingar sem fylgja eru efnismiklar og mjög fróðlegar. Eiga hæstv. landbúnaðarráðherra og þeir sem að þessari frumvarpssmíð hafa komið hrós skilið fyrir að leggja öll þessi gögn fram fyrir okkur sem sitjum hér á hinu háa Alþingi til upplýsingar.

Fyrra atriðið sem ég vil gera hér að umræðuefni er 27. gr. frumvarpsins, sem hefur verið til töluverðrar umræðu ekki bara á hinu háa Alþingi heldur líka úti í þjóðfélaginu. Það er spurning um netaveiði í straumvatni. Í 1. mgr. 27. gr. segir að í straumvatni megi við veiðar aðeins nota færi, stöng, lagnet og króknet. Um þessa heimild til netaveiða í straumvatni hafa verið miklar deilur. Þær hafa líka komið upp í umræðum um frumvarpið hér í dag. En eins og við vitum hafa menn skipst á skoðunum varðandi þetta lengi og kannski skipst í tvær fylkingar. Þar hafa skipst á skoðunum annars vegar veiðiréttarhafar, sem stunda netaveiðina, og hins vegar stangveiðimenn.

Það hefur verið upplýst í þessari umræðu, og það er í sjálfu sér mjög athyglisvert, að tekjur af hverjum veiddum fiski eru miklu, miklu hærri þegar fiskurinn er veiddur á stöng en þegar hann hefur verið veiddur í net. Ég er, svo það komi fram, þeirrar skoðunar að menn eigi að taka netin upp. Það hefur verið mín skoðun allt frá því að ég fór að fylgjast með þessum málum að menn ættu að taka netin upp úr ánum. Ég skil ekki hvers vegna landeigendur og veiðiréttarhafar hafa ekki ráðist í þá aðgerð að taka netin upp. Það er augljóslega miklum mun hagkvæmara að stunda stangveiði en netaveiði. Mér er þó kunnugt um að það eru ákveðnar ár sem eru þannig úr garði gerðar að þar verður ekki stunduð stangveiði. Það gildir kannski annað um þær ár en önnur vatnasvæði.

Menn hafa nefnt það hér í umræðunni hvort ástæða sé til þess að banna netaveiði. Ég hef nú verið þeirrar skoðunar að langskynsamlegasta leiðin í þessu sambandi sé að þessi ágreiningur sé leiddur í jörð með því að menn nái samningum. Það hefur tekist á Vesturlandi en ekki að sama skapi á Suðurlandi. Auðvitað væri það ósk manns að samningar næðust um að taka upp netin og að veiðiréttarhöfum yrði þá greitt fyrir upptöku þeirra. Ég vona nú að staðan sé ekki þannig að veiðiréttarhafar séu að — ja, hvað eigum við að segja — nýta sér stöðu sína í samningum við þá sem vilja kaupa netin upp, þ.e. að reyna að hækka verðið á þessum hagsmunum umfram það sem eðlilegt má telja.

Menn hafa fyrst og fremst nefnt, og það er nú kannski það atriði sem mig langar til þess að beina til hv. landbúnaðarnefndar, tvær leiðir varðandi það að ná netum upp úr ánum, sem ég tel að sé skynsamlegt að gert verði, þ.e. ef samningar nást ekki. Það er annars vegar að líta á slíkt sem eðlilega veiðarfærastýringu rétt eins og gerist og gengur í öðrum greinum eða við veiðar á öðrum stöðum, þ.e. úti í sjó. Ef lögspekingar mundu líta þannig á að eðli slíkrar veiðarfærastýringar í ám væri ekkert öðruvísi en í sjó þá er spurningin, og við þurfum að fá því svarað, hvort slíkt kynni að leiða til bóta fyrir landeigendur sem eiga veiðirétt.

Ég er ekkert viss um að slíkt mundi leiða til skaðabóta ef litið yrði á slíkar aðgerðir sem venjulega veiðarfærastýringu. Slík reglusetning eða lagasetning yrði almenn og tæki til allra auk þess sem vandséð væri að slíkt mundi endilega hafa í för með sér tjón fyrir þá sem í hlut eiga. En ég mundi frekar telja að ef menn vildu fara þá leið að ná netunum upp með löggjöf þá vöknuðu upp spurningar um greiðslu skaðabóta til þeirra sem í hlut eiga. Ég held að það sé rétt hjá hæstv. landbúnaðarráðherra að veiðiréttur landeigenda hefur verið talinn til eignarréttinda þeirra sem ekki verða tekin af þeim bótalaust. Við höfum í 72. grein stjórnarskrárinnar ákvæði sem kveður á um friðhelgi eignarréttarins og hann verði ekki skertur nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum og þá þannig að fullar bætur komi fyrir.

Ef menn vilja fara þessa leið og telja hana mögulega þá tel ég að hv. landbúnaðarnefnd verði að fá upplýsingar um það við vinnslu málsins í nefndinni hversu háar fjárhæðir við værum að tala um í því sambandi. Ég hef rætt við einhverja aðila sem hafa látið sig þessi mál varða og eiga hagsmuna að gæta og það verður að segjast eins og er að sjónarmið þeirra eru eins og svart og hvítt. Þeir sem eiga þessi réttindi, réttinn til þess að veiða í net, telja að verði niðurstaðan sú að netaveiði verði bönnuð mundi slíkt leiða til mjög ríkrar skaðabótaskyldu fyrir þá sem það gera. Svo eru hinir sem hafa hagsmuni af því að netaveiðin verði bönnuð og telja að slíkar bætur þyrftu ekki að vera svo háar og hafa bent í því sambandi á að tekjur veiðiréttarhafa af netaveiðinni séu býsna lágar. Þetta eru auðvitað sjónarmið sem þarf að skoða og við þurfum að fá einhverja hlutlausa aðila til þess að vega það og meta hversu háar slíkar bætur yrðu ef gripið yrði til þessara aðgerða.

Við mat á skaðabótum vegna eignarnáms hljóta menn að líta til þess tjóns sem viðkomandi, sem eignarnámið beinist að, yrði fyrir. Ef skoðaðar eru veiðitölur og verðmæti þess afla sem kemur á land á grundvelli netaveiði þá erum við ekki að tala þar um háar tölur. Ég held að það sé alveg ljóst og í sumum tilvikum er það þannig að þeir landeigendur sem veiða í net hafa líka þann kost að stunda stangveiði í ám sínum og geta þá a.m.k. takmarkað tjón sitt

með því að taka upp stangveiðar í staðinn fyrir netaveiðar. Það er því ekkert víst, það er a.m.k. ekki gefið, að verði netin tekin upp muni þessir aðilar verða fyrir einhverju tjóni. Það er ekkert gefið í því að landeigandi sem verður skikkaður til þess að hætta netaveiðum lendi í þeirri stöðu að landareign hans lækki í verði ef frá eru skildar þær landareignir sem eiga bakka að ám þar sem ekki verður stunduð stangveiði.

Ég legg mikla áherslu á að hv. landbúnaðarnefnd taki þessi atriði til hlutlausrar skoðunar vegna þess að í umræðunni hafa menn skipst mjög í tvö lið. Stangveiðimennirnir hafa bent á að þessar bætur yrðu ekki mjög háar en landeigendur hafa talað um gríðarlega háar bætur sem skiptu hundruðum milljóna og margir hverjir farið upp í milljarð. En ég hef tilhneigingu til þess að ætla og halda að slíkar bætur yrðu ekki mjög háar og ég bendi líka á það að ef menn vilja fara þessa leið þá eru heimildir í eignarnámslögunum frá 1973 fyrir þann sem það gerir til þess að hætta við ef matsnefnd eignarnámsbóta kæmist að því í þessum tilvikum að bætur yrðu það háar að þeir sem þyrftu að greiða þær gætu ekki staðið undir slíkum greiðslum.

Ég vil hins vegar árétta það, eins og ég sagði hér áðan, að auðvitað vill maður sjá að þessi mál verði leyst í frjálsum samningum milli þeirra aðila sem í hlut eiga. Það hlýtur að vera eðlilegasta leiðin til þess að greiða úr þessum vanda. En maður hefur náttúrlega orðið fyrir verulegum vonbrigðum með það að slíkt skuli ekki hafa tekist. Það er engin spurning um það að veiðar á laxi í net eru ekki hagkvæmar, það er alveg ljóst. Tekjurnar af slíkum veiðum eru ekki nándar nærri eins háar og veiðar á stöng og ég hygg að hæstv. landbúnaðarráðherra sé mér sammála um það. Þess vegna stend ég við það sem ég sagði hér áðan að ég skil ekki hvers vegna menn hafa ekki náð samningum um þetta. (Gripið fram í.) Þar fyrir utan skiptir þetta, tel ég, verulega miklu máli fyrir ferðaþjónustu í því kjördæmi sem hæstv. landbúnaðarráðherra er í. Ég tel að fari menn þessa leið megi landeigendur og hagsmunaaðilar og íbúar í kjördæmi hæstv. landbúnaðarráðherra búast við miklu hærri tekjum en þeir hafa nú af ferðaþjónustunni.

Ég er því þeirrar skoðunar, svo að ég dragi þetta saman, að taka eigi netin upp. Ég tel að það eigi fyrst og fremst að gera í samningum en ég skora á hv. landbúnaðarnefnd að taka þessi atriði sem ég nefndi til skoðunar. Ef gripið yrði til þessara aðgerða væri um veiðarfærastýringu að ræða eða þyrfti að grípa til greiðslu skaðabóta og hversu háar kynnu þær þá að verða?

Í annan stað vil ég vekja athygli á tvennu sem kemur fram í VI. kafla þessa frumvarps en hann fjallar um veiðifélög.

Í 1. mgr. 37. gr. segir, með leyfi forseta:

„Í því skyni að markmiðum laga þessara skv. 1. gr. verði náð er mönnum skylt að hafa með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi.“

Síðar í greininni segir, með leyfi forseta:

„Félagsmenn veiðifélags eru allir þeir sem skráðir eru veiðiréttarhafar á félagssvæðinu skv. 12. gr., en um atkvæðisrétt þeirra fer skv. 40. gr.“

Síðar í ákvæðinu er kveðið á um að ef nýr aðili tekur við veiðirétti fyrir afsal eða á grundvelli ábúðarsamnings sé þeim aðila skylt að gerast félagsmaður í veiðifélagi og taka á sig skuldbindingar fráfarandi félagsmanns. Með öðrum orðum er hér kveðið á um skylduaðild að veiðifélögum. Ég er nú ekki mjög hrifinn af því að skylda menn með lögum til þess að vera í félagi sem þeir óska ekki eftir að vera í en viðurkenni þó fúslega að á því kunna að vera erfiðleikar hvað þessi félög varðar. Það getur verið að eðli þessara félaga sé slíkt að það sé erfitt að koma því þannig fyrir að aðild að þeim geti verið frjáls. Ég skora hins vegar á hv. landbúnaðarnefnd að taka þetta atriði til skoðunar með það að markmiði að aflétta félagsskyldu í þessum veiðifélögum.

Að lokum vil ég benda á atriði sem kemur fram í 1. mgr. 40. gr. sem kveður á um atkvæðisrétt í veiðifélagi.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Á félagssvæði veiðifélags fylgir eitt atkvæði hverri jörð sem veiðirétt á í samræmi við ákvæði laga þessara.“

Ákvæðið er skýrt hvað þetta varðar. Hverri jörð fylgir eitt atkvæði. Ég verð nú að segja það fyrir mína parta að ég tel að það sé rétt að nefndin taki þetta atriði og þá greinina í heild sinni hvað varðar atkvæðisrétt í veiðifélögum til skoðunar vegna þess að ég tel að þessi regla geti leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu. Getur það verið eðlilegt að landeigandi sem á meira og minna allt land að einni á njóti sama atkvæðisréttar og landeigandi sem á smáskika sem liggur að sömu á? Væri ekki réttara að miða við einhverja aðra mælikvarða en fjölda jarða hvað varðar atkvæðisréttinn, t.d. stærð árbakkans sem liggur að viðkomandi jörð? Ég er svo sem ekki með neinar patentlausnir á því hvernig eigi að leysa þetta en ég bendi nefndarmönnum í hv. landbúnaðarnefnd á að reglan eins og hún er núna í frumvarpinu getur leitt til ósanngjarnrar og óeðlilegrar niðurstöðu og ég skora á nefndina að taka þetta atriði um atkvæðisrétt í veiðifélögum til sérstakrar skoðunar. Ég hygg að það megi fara margar aðrar leiðir til þess að haga þessum málum á þann veg að ekki leiði til ósanngjarnrar niðurstöðu.

Að svo búnu, frú forseti, ítreka ég það sem ég hef áður sagt. Ég tel að þetta frumvarp sé vel unnið og fagna því hversu miklar upplýsingar fylgja því og það er til mikillar fyrirmyndar. En ég legg á það mikla áherslu að þessi atriði, annars vegar hvað varðar VI. kaflann um félagsaðildina og atkvæðisréttinn og hins vegar varðandi netaveiði í straumvatni, verði tekin til sérstakrar skoðunar í nefndinni.

[18:14]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir góða og efnismikla ræðu þar sem sást í gegn hans góða þekking á frumvarpinu og efnisinnihaldinu.

Hv. þingmaður er löglærður maður en sá sem hér stendur er það ekki og vil ég því spyrja hv. þingmann hvert hans mat sé á því hvort um veiðarfærastýringu væri að ræða eða hreinlega eignarnám ef lögum yrði breytt í þá veru að netaveiðar yrðu bannaðar.

Í annan stað vil ég spyrja hv. þingmann út í hið svokallaða Ásgarðsmál frá 1984. Þá ómerkti Hæstiréttur niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta og komst að þeirri niðurstöðu að greiða þyrfti 2 millj. kr. fyrir veiðihlunnindin í Ásgarðslandi, en aðalgögnin sem lágu til grundvallar í því máli voru samningur milli Stangveiðifélags Reykjavíkur og

landeiganda sem hljóðaði upp á 478.500 kr. fyrir alla stangveiði frá vori til hausts á sama svæði. Landeigendur fengu með öðrum orðum fjórum sinnum hærri upphæð greidda samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar en tekjur af leigu á þessu sama svæði voru. Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort hann telji hið svokallaða Ásgarðsmál vera fordæmisgefandi ef netaveiðar verða óheimilar samkvæmt lögum og til bótagreiðslna kemur. Til frekari upplýsingar má nefna að tekjur bænda á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár eru um það bil 4,5 millj. kr. á ári þannig að ef sama leið yrði farin og Hæstiréttur komst að árið 1984 mætti ætla að matsnefnd eignarnámsbóta, ef þetta mál væri fordæmisgefandi á annað borð, legði til bætur upp á um það bil 18 millj. kr. til netabænda á umræddu svæði eða fjórum sinnum meira en tekjur þeirra eru í dag.

[18:16]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni hlý orð í minn garð. Hann varpar hér fram tveimur spurningum. Hann spyr hvort ég telji að um veiðarfærastýringu eða eignarnám, sem mundi þá leiða til skaðabótaréttar fyrir landeigendur, sé að ræða verði gripið til þeirra aðgerða að banna samkvæmt lögum netaveiði í straumvatni. Ég hallast að þeirri niðurstöðu að á slíkar aðgerðir yrði litið sem eignarnám frekar en að um veiðarfærastýringu sé að ræða. Ég segi þetta með öllum fyrirvörum. En ég tel að grípi menn til slíkra aðgerða mundi það leiða til skaðabóta fyrir þá landeigendur sem fyrir því yrðu.

Eins og ég sagði í ræðu minni áðan hafa veiðiréttindi verið talin ná til eignarréttar landeigenda allt frá því fyrstu reglur um þetta voru settar þegar Alþingi kom saman árið 930, hæstv. landbúnaðarráðherra. Og sjónarmið um eignarnám og útreikning skaðabóta mundu koma til skoðunar þar. Auðvitað yrði þetta tiltekna mál, Ásgarðsmálið, tekið þar til skoðunar og ég get ekki ímyndað mér annað en að þeir útreikningar sem þar voru lagðir til grundvallar ættu við í þessu máli. Ég mundi halda að það mál og þær forsendur sem rétturinn komst að þar yrðu fordæmisgefandi í slíkum málum.

En við mat skaðabóta snýst allt um það að meta hvert tjón landeiganda yrði og umfang þess þarf að meta. Það hefur Hæstiréttur gert í þessu máli (Forseti hringir.) og ég geri ráð fyrir að rétturinn mundi beita sömu forsendum í málum í framtíðinni ef gripið (Forseti hringir.) yrði til þessara aðgerða.

[18:18]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni svörin en ég vil líka minnast á að árið 1970 voru þessi lög síðast til heildarendurskoðunar, það eru liðin 36 ár. Einmitt þá voru miklar takmarkanir settar á netaveiði. Þar áður voru engar takmarkanir. Menn gátu veitt í net 24 klukkutíma á dag sjö daga vikunnar. Við breytingarnar árið 1970 voru þær hömlur settar á að eingöngu mátti veiða í net frá þriðjudegi til föstudags. Mér skilst að á þeim tíma hafi ekki verið litið á þær breytingar sem eignarnám. Samkvæmt mínum upplýsingum kom aldrei til bótagreiðslna til bænda vegna þeirra takmarkana sem voru settar á netaveiðina á þeim tíma. Þetta er hv. þingmanni til upplýsingar.

Í ljósi þessa vil ég spyrja hv. þingmann hvort breytingarnar sem urðu árið 1970 séu ekki einmitt fordæmisgefandi fyrir þær breytingar sem kynnu að verða í meðförum þingsins núna við þetta mál.

Í annan stað vil ég spyrja hv. þingmann: Ef frjálsir samningar nást ekki á milli hagsmunaaðila og landeigenda, hvaða möguleikar eru þá í stöðunni? Þarf þá ekki að grípa til lagasetningar til að tryggja að netin fari upp?

Það er eins og peningagreiðslur skipti ekki máli í samningaviðræðum, til að mynda á milli Stangveiðifélags Reykjavíkur og ákveðinna bænda á vatnasviði Ölfusár og Hvítár. Stangveiðifélag Reykjavíkur hefur boðið landeigendum tvær krónur fyrir hverja eina sem þeir afla með netaveiðinni í dag og verður að teljast fullreynt hjá hagsmunaaðilum að semja við ákveðna bændur á þessu svæði.

Því vil ég leyfa mér að spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki einfaldlega að málinu sé best komið í þeim farvegi að löggjafinn grípi inn í og tryggi hámarksnýtingu á þessum náttúruauðlindum, rétt eins og við reynum að gera þegar við fjöllum um lög um stjórn fiskveiða.

[18:20]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður vísaði til lagasetningar sem átti sér stað árið 1970 og velti fyrir sér hvort sú lagasetning gæti verið fordæmisgefandi fyrir þetta mál hér — þ.e. ef menn færu þá leið að banna netaveiðar í straumvatni — en í því tilviki hefðu ekki verið greiddar bætur.

Ég þekki svo sem ekki nákvæmlega hvað fór fram árið 1970 og get ekki metið hvort þar er um fordæmisgefandi löggjöf að ræða. Ég er almennt þeirrar skoðunar, eins og ég hef áður nefnt, að veiðiréttindi teljist til eignarréttar landeigenda og verði ekki tekin af mönnum nema bætur komi fyrir. Ef löggjafinn gripi til aðgerða eins og þessara tel ég að það myndi að öllum líkindum leiða til skaðabótaskyldu.

Hv. þingmaður telur fullreynt að samningar náist og ég get að mörgu leyti tekið undir það. Ég spyr hvað gera skuli í þeirri stöðu. Hvað á þá að gera til að ná fram þessum markmiðum?

Þetta er pólitísk spurning sem við þurfum að svara hér á hinu háa Alþingi á grundvelli þess hagsmunamats sem þarf að fara fram. Ég er að kalla eftir því í þessari ræðu minni að það hagsmunamat fari fram í hv. landbúnaðarnefnd, að menn vegi það og meti hvaða hagsmunir eru í húfi, annars vegar varðandi stangveiðina og ferðaþjónustuna og hins vegar varðandi þær tekjur sem menn hafa af netaveiðum. Á grundvelli þess mats tækju menn ákvörðun.

[18:23]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er mikill vinur einkaframtaksins og mikill gæslumaður eignarréttarins. Hann er mikill áhugamaður um að lækka ríkisútgjöld og mér finnst því eðlilegt, virðulegi forseti, að koma hér upp í ræðustól og spyrja hann einnar pólitískrar spurningar. Hann lagði á það áherslu í máli sínu að það væri í

raun og veru pólitískt úrlausnarefni hvernig staðið skyldi að þessum málum.

Mig langar að spyrja hann: Hver á að borga reikninginn? Hver á að borga reikninginn ef sú leið yrði farin að þessi nýtingarréttur yrði tekinn af bændum og greiða yrði skaðabætur? Ætti ríkissjóður að greiða reikninginn eða ættu stangveiðimenn og ferðaþjónustuaðilar, sem hugsanlega mundu hagnast á slíkum breytingum, að greiða reikninginn?

Þetta er í raun og veru grundvallarspurning sem mér finnst að þurfi að hafa forgang fram yfir þá spurningu hver upphæðin síðan yrði. Ég tel að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hljóti að hafa svör við þessu á reiðum höndum. Hann hefur greinilega kynnt sér þessa hluti mjög vel og ætti því að geta svarað þessari litlu og einföldu spurningu minni skýrt og skorinort.

[18:24]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að ef Alþingi, þ.e. ríkið, tekur þá ákvörðun að banna mönnum tilteknar veiðar og sýnt er að þeir hinir sömu verði fyrir tjóni vegna þess banns sé það ríkisins að greiða bætur.

Ég segi þetta með fyrirvara. Það má vel vera að einhverjir séu ósammála mér og telji að aðrir eigi að greiða þann kostnað, eins og t.d. stangveiðimenn sem mundu hugsanlega hagnast mest á slíkri breytingu. En ég tel að bótagreiðslur vegna tjóns, sem sýna yrði fram á við slíkar breytingar, þyrftu að koma úr ríkissjóði.

[18:25]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var mjög merkilegt svar, mjög áhugavert svar. Þá höfum við það á hreinu að einn af fremstu lögspekingum í þingflokki Sjálfstæðisflokksins er þeirrar skoðunar að ríkið skuli borga herkostnaðinn af þessu.

Nú veit ég að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er ágætur lögfræðingur. Hann svaraði hárrétt þeirri spurningu, sem var lögð fyrir hann áðan, hvort verið væri að tala um veiðarfærastýringu eða eignaupptöku. Ef netin yrðu bönnuð væri að sjálfsögðu um eignaupptöku að ræða. Ég skal fara yfir það í ræðu minni hér á eftir. Þessu svaraði hv. þingmaður alveg hárrétt.

En þá langar mig að spyrja: Er það þá ekki upptaka á eigum almennings, þ.e. skattfé borgaranna, að eignarréttur sé hirtur af bændum og fólkið í landinu látið borga fyrir það úr sínum sameiginlegu sjóðum? Til hvers? Jú, til að einhverjir aðrir geti síðan tekið út aukinn hagnað af auðlindinni, þ.e. hugsanlega stangveiðimenn eða veiðiréttareigendur við árnar þar sem stangveiðin er leyfð.

Fær hv. þingmaður þetta dæmi til að ganga upp í sínum huga ef hann hugsar það til enda, þ.e. að rétt sé að velta kostnaðinum yfir á skattborgarana? Væri ekki miklu eðlilegra og skynsamlegra að þessi mál yrðu einmitt leyst, eins og hv. þingmaður benti réttilega á, með þeim hætti að einkaframtakið og frelsi einstaklinganna fengi frið til að ráða sínum ráðum og finna lausn á þessum hlutum? Þá greiða þeir reikningana sem ber að greiða þá og þeir fá bætur sem yrðu fyrir því að réttindi þeirra yrðu skert.

[18:27]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson orðaði það á þann veg að þá hefðu menn það á hreinu hvert mitt mat á þessum hlutum væri. Ég vil taka það fram að ég setti alla fyrirvara við það hver niðurstaða mín væri. En ég stend við það að verði gripið til aðgerða eins og þessara af hálfu ríkisvaldsins verði ríkisvaldið sjálft að taka afleiðingum af því. Ég gerði hins vegar fyrirvara við þá niðurstöðu mína. Það getur vel verið að einhverjir séu ósammála mér um það og kynnu að telja að einhverjir aðrir ættu að koma að greiðslu þeirra bóta. Ég get hins vegar ekki fallist á það að um eignaupptöku á fé almennings væri að ræða ef gripið yrði til þessara aðgerða.

Ég er ekki að mælast til eins eða neins, hv. þingmaður. Ég er bara að benda á hugsanlega kosti í stöðunni. Við vitum að hagkvæmni fiskveiða í net í straumvatni er afskaplega lítil og tekjur af þeim veiðum eru mjög rýrar með tilliti til þess hvaða tekjur menn fá út úr stangveiðinni. Í því ljósi hef ég mínar efasemdir um að verði gripið til aðgerða eins og þessara þá leiði slíkt til verulegrar bótaskyldu fyrir hið opinbera, fyrir ríkið. Við þurfum ekki annað en að líta til þeirra tekna sem landeigendur hafa af netaveiði í dag til að vega og meta hvert tjón þeirra yrði. Ég hef því tilhneigingu til að ætla að hér sé um minna mál að ræða en margir hv. þingmenn vilja vera láta, (Forseti hringir.) þar á meðal netabændur.

[18:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram fróðleg umræða, sem aðallega hefur snúist um 27. gr., að því er varðar hugsanlegar bætur fyrir veiðirétt.

Ég ætla að byrja á að lýsa minni skoðun í stuttu máli, afgreiða þennan þátt málsins að mínu leyti. Hvað varðar bótaréttinn í þessu máli má líta á 49. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Nú hafa lagaákvæði leitt til þess að veiði veiðieiganda skerðist verulega og að mun umfram aðra eigendur veiði í sama fiskihverfi, og á hann þá rétt til bóta úr ríkissjóði eftir mati.“

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Nú leiðir ákvörðun veiðifélags um veiði og friðun til þess að veiðieigandi verður að mun öðrum fremur fyrir tjóni og á hann þá rétt til bóta úr hendi annarra veiðieigenda á félagssvæðinu, á meðan sú ákvörðun gildir. Skulu bætur þessar vera árgjald sem ákveðið er með mati, ef ekki semur. Ákveða má þeim er tjón hefur beðið bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæðinu. Um ákvörðun bótafjárhæðar, greiðslu bóta og endurgjald, er greinir í lögum þessum, skal eftir því sem við á fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.“

Ég held að maður verði að skilja þessa grein á þann veg, hæstv. forseti, að ef við setjum þessi lög þannig að þau banni netaveiðar á einhverju veiðisvæði, það verði sem sagt löggjafinn sem banni það, sé hugsanlegt, og talsverðar líkur

leiddar að því í 49. gr. þessa frumvarps, að ríkissjóður verði bótaskyldur.

Ég tel hins vegar að það sé ekki hlutverk okkar hér í Alþingi að setja lögin með þeim hætti að ríkissjóður verði bótaskyldur. Við eigum að setja lögin og ganga þannig frá þeim að einhver kvöð sé sett um það að veiðiréttareigendur nái samningum innan einhvers ákveðins tíma og ef samningar hafa þá ekki tekist fari einhvers konar ferli af stað, einhvers konar sáttanefnd skipuð sem reyndi að leysa þessi mál, og málið fært í þann búning að til verði samningur milli þeirra sem land eiga að viðkomandi vatnasvæði um það hvernig veiðinýtingu á viðkomandi vatnasvæði verði breytt. Þar með er búið að setja málið í þann farveg, að mínu mati, að það verða jú þeir sem veiðiréttinn eiga og hafa ákveðið sameiginlega að breyta nýtingu hans sem munu þá greiða þeim bætur sem breyta veiðinotkun sinni, þ.e. taka upp net eða fækka þeim eða stytta veiðitímann eða hvernig sem menn semja um það í áföngum.

Með slíku vinnulagi fara menn þá leið að leysa þetta án bótaskyldu ríkissjóðs, enda finnst mér eðlilegt að þeir greiði til þessarar lausnar sem á henni munu hagnast. Ef eitthvað er að marka það að veiði sé svo mikil í net að hún hafi afgerandi áhrif á veiði í ánum þá hljóta þeir að hagnast sem við eiga að búa og til langrar framtíðar. Þar með setja menn auðvitað lögin í þann búning að stuðla megi að þessu án þess að ríkissjóður verði bótaskyldur. Við eigum ekki bara að reyna að koma á viðunandi réttlæti eða færa málin í þá átt sem við höldum að sé þjóðinni til gagns, við eigum líka að gæta þess að við lagasetningu séum við ekki að óþörfu að baka ríkissjóði fébótaábyrgð. Við þurfum að huga vel að því. Ég segi þetta til þess að landbúnaðarnefnd hafi það m.a. sem viðmið í þeirri yfirferð sem vissulega þarf á þessi lög.

Það er talað um það í þessu lagafrumvarpi að þetta sé nýting á veiðirétti en ekki er beinlínis verið að tala um að þetta sé nýting á ákveðnum fjölda fiska eða eitthvað slíkt. Það er hins vegar svo, virðulegi forseti, og ég vil koma því hér að og benda hv. landbúnaðarnefnd á það og einnig hæstv. ráðherra, að 1. gr., um markmið og gildissvið, kann að vera nokkuð villandi eins og hún er sett upp.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að kveða á um eignarhald veiðiréttar í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra."

Hér er markmiðum laganna lýst. Síðar í frumvarpinu er svo farið yfir ýmislegt sem snýr að veiði í sjó en það er alls ekki markmið þessara laga eins og því er lýst í 1. grein. Það er alls ekkert minnst á veiði í sjó í markmiðum laganna. Þess vegna held ég að markmiðsgreinin, eins og hún er upp sett, stangist að verulegu leyti á við efnisgreinar í lögunum að því er lýtur að veiðirétti í sjó. Það er m.a. eitt af því sem ég hef áhyggjur af varðandi þetta lagafrumvarp. Veiðiréttur almennings hefur löngum verið tryggður utan svokallaðra netlaga í vötnum þar sem almenningur mætti veiða. Stundum hefur það verið túlkað þannig, ef því hefur verið viðhaldið mjög stranglega, að eingöngu landeigendur við vatnið mættu veiða í þessum almenningi. Ég held að þeim rétti hafi ekki alltaf verið strangt fram haldið heldur hafi almenningur haft leyfi til þess að veiða í vötnum með sömu veiðitækjum og aðrir, þ.e. að undanskildu því að mega ekki draga á í almenningnum heldur t.d. nota stangir eða jafnvel netstúf með þá löglegum möskvum og öðru slíku og innan þess veiðitíma sem almenningi er heimilt að stunda silungsveiðar — ég er ekki að tala hér um laxveiðar — þ.e. frá þriðjudegi til föstudags, er það ekki rétt? (**Gripið fram í:** Jú.)

Þetta er eitt atriði sem ég hef áhyggjur af og mér finnst ekki að við þurfum að fara þá leið við þessa lagasetningu, sem ég held að sé að mörgu leyti ágæt og markmiðin í henni, að ganga frekar á rétt almennings til frjálsrar veiði eða útivistar en orðið er, ef ekki ber einhverja aðra nauðsyn til eins og t.d. það að menn séu að skemma eitthvað í lífríki vatnsins o.s.frv. Þá held ég að við eigum að láta almenning njóta þess réttar eins og frekast er kostur að fá að nýta sér þau takmörkuðu veiðiréttindi sem til hans geta heyrt. Ég tel að þetta eigi einnig að eiga við varðandi veiðirétt almennings í sjó, þ.e. að fólk megi leggja silunganet í sjó sem sé löglega gert með löglegum möskvum og eigendamerkt eins og er í dag og standist þær heimildir að vera löglega lagt, þ.e. í ákveðinni fjarlægð frá árós, 1.500 metrar held ég að það séu í dag. Hér er lagt til að það verði 2.000 metrar. Ég segi alveg eins og er að ég sé enga ástæðu til að vera að þoka þessari vegalengd upp hægt og rólega. Einu sinni voru þetta 700 metrar og núna erum við að fara í 2.000 metra markið. Ef fjórir kílómetrar eru á milli tveggja árósa er sem sagt ekki hægt að leggja þar net.

Ég held að við eigum að gæta þess að ganga ekki endalaust á rétt almennings að því er varðar að fá að veiða sér fisk til matar í almenningum þó að almenningur verði auðvitað að hlíta þeim reglum að veiða ekki við árósa o.s.frv. eða nær ám en verið hefur. Ég tel að það sé varhugavert af okkur og algjörlega óþarft að vera að ganga á rétt almennings með því sífellt að teygja út þau bönn sem snúa að almenningi að þessu leyti. Ég hef reyndar ekki séð nein rök fyrir því í þessu frumvarpi að þetta skuli gert. Það er jú öllum ljóst að það er bannað að veiða lax í sjó. Reyndar er sá bannréttur svo víðtækur að mönnum er sagt að henda laxi í sjó ef hann kemur í net, hvort sem hann er dauður eða lifandi, eins og lögin eru og reyndar eins og þetta frumvarp er. Það er út af fyrir sig ákveðinn tvískinnungur í því, finnst mér, að skikka menn til að henda dauðum afla í sjóinn til þess að selurinn þrífist betur, sem er jú mesti óvinur silungsins og laxins og mjög stórtækur þar sem hann heldur sig við árósa inni á flóum og fjörðum.

Annað í þessu lagafrumvarpi vil ég gera að umtalsefni, ég held að aðrir hafi nú ekki minnst mikið á það, en það er hin nýja Landbúnaðarstofnun og eftirlitsmannakerfið. Mér sýnist því miður — og vil ég beina orðum mínum sérstaklega til hv. formanns landbúnaðarnefndar, Drífu Hjartardóttur — að hér sé verið að fara af stað með nýja Fiskistofu. Þegar Fiskistofa var sett á fyrir áratugum síðan talaði þáv. ráðherra, Þorsteinn Pálsson, um það að Fiskistofa yrði aldrei meira en svona 10–11 manna vinnustaður, aldrei meira. Í þessu frumvarpi er víða um að ræða nokkurs konar sjálfdæmi hjá Landbúnaðarstofnun, hvernig hún stendur að verki.

Það segir m.a. í 58. gr., með leyfi forseta:

„Landbúnaðarstofnun er heimilt að skipa eftirlitsmenn

með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.“

Hvergi er minnst á það að þessi kostnaður komi neins staðar annars staðar frá, hann á bara að bætast á kostnað ríkisins. Ríkissjóður á að borga án þess að fá neinar tekjur sem beinlínis eru markaðar í þennan kostnað. Auðvitað fær ríkissjóður hellingstekjur af stangveiðinni og ferðamennskan nýtur góðs af því að stangveiðin skuli standa fólki til boða þannig að ég er ekki að gera lítið úr því. Ég er bara að benda á að við höfum áður sett á fót svona stofnanir og eftirlit og sjálfdæmi stofnana um það hvernig þær framkvæma eftirlitið og það hefur leitt til þess að stofnanirnar hafa stækkað.

Auðvitað breytast aðstæður og lagaumhverfi sífellt þannig að það er eðlilegt að stofnanir svari því hvaða þörf þær telja fyrir eftirlitið, en mér sýnist að Landbúnaðarstofnun fái hér ansi frítt spil.

Það segir síðan, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarstofnun gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn“ o.s.frv., o.s.frv.

Fremst í þessari grein, 58. gr., stendur:

„Landbúnaðarstofnun skipar eftirlitsmenn með veiði samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði þar sem þurfa þykir ...“

Hér er stofnuninni fengið ansi mikið sjálfstæði um það hvernig hún muni þróa þetta eftirlit. Við megum heldur ekki gleyma því að í frumvarpinu er talað um að Landhelgisgæslan geti einnig komið að eftirlitinu. Það hefur hún vissulega gert á undanförnum árum. Ég vil vara við því, hæstv. forseti, að við setjum alls staðar af stað eftirlitsþætti í þessum málum og hugleiðum það vandlega við setningu þessara laga.

Varðandi matsnefndina er einnig sett af stað apparat sem snýr að matsreglunum. Þar segir að ráðherra ákveði tímagjald matsmanna og starfsemi nefndarinnar. Laun og annar kostnaður af starfsemi matsnefndar greiðist af fjárveitingu á fjárlögum. Ég vil benda á þetta, hæstv. ráðherra, vegna þess að mér finnst að sumu leyti laus taumur gefinn í sjálftöku. Ég spyr því hvort sérstaklega hafi verið hugað að þessu, annars vegar hvað varðar eftirlitsmennina og hins vegar nefndi ég núna skipun matsnefndarinnar. Síðan á Landbúnaðarstofnun, ef ég hef tekið rétt eftir, að skrá öll veiðivötn á landinu, halda yfir þau sérstaka skrá.

Í lögunum eins og þau eru nú segir í 14. gr., með leyfi forseta:

„Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði.“

Og nú spyr ég hvort þær hafi þá ekki verið settar. Í 13. gr. gildandi laga segir, með leyfi forseta:

„Veiðimálastjóra er heimilt að fyrirskipa, að hver sá, sem kaupir lax eða silung, veiddan innan lands, til sölu innan lands eða utan, og svo gistihús, matsöluhús, sjúkrahús og þess háttar stofnanir, er kaupa þessa vöru, skuli á mánuði hverjum gefa skýrslu um þessi kaup. Veiðimálastjóri setur nánari reglur um slíka skýrslugerð.“

Þetta er í núgildandi lögum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur þetta virkilega verið unnið svona? Hefur þetta verið framkvæmt? Ef það hefur verið gert þá eru til mjög litlar upplýsingar um ýmislegt sem snýr að veiði og veiðiálagi. Það væri fróðlegt að heyra svör hæstv. ráðherra við þessum spurningum.

Þetta vildi ég, hæstv. forseti, sérstaklega nefna í þessum málum. Það eru að vísu tvö smáatriði kannski, og þó, sem ég ætla að nefna hér að lokum varðandi frumvarpið. Í orðskýringunum er í 23. lið talað um háflæði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Mesta rennsli eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og þegar auð er jörð.“

Ég hef alltaf skilið orðið háflæði þannig að það væri háflæði sjávar. Ég hef aldrei heyrt þessa orðskýringu á orðinu háflæði. Það er talað um háflæði og lágflæði, flóð eða fjöru. Ég bendi á þetta vegna þess að ég tel að við þurfum að skoða það vandlega þegar við gefum orðum, sem eru tiltæk í íslenskri tungu, nýja merkingu.

Um orðið sjávarfiskur segir, með leyfi forseta:

„Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.“

Miklar breytingar eru nú að verða á landi og í sjó, það er að hlýna. Nýlega sótti okkur heim fiskur sem virðist vera sestur að í vötnum hér á landi og heitir ósaflúra. Hún sækir upp í ár en lifir að öðru leyti og hrygnir úti í sjó. Ég er ekki viss um að áðurnefnd skilgreining standist alveg.

[18:50]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir ágæta ræðu. Ég er um margt sammála hv. þingmanni í því sem kom fram í ræðu hans. Hann sagði að ef netaveiðar yrðu bannaðar yrðu þeir sem hefðu ávinning af slíkri aðgerð að greiða þann kostnað sem bótagreiðslur til bænda hefðu í för með sér. Ég tek hjartanlega undir það með hv. þingmanni.

Í þessu ljósi vil ég líka nefna að það er vert að skoða hver ávinningurinn er og hverra hann er. Ávinningurinn felst fyrst og fremst í því, eins og margítrekað hefur komið fram í ræðum þingmanna í dag, að verðmæti stangveidds lax er miklu meira en netveidds lax. Netveiddur lax er metinn á 750 kr. á meðan lax veiddur á stöng er metinn á 20.000 kr. Gefur það því augaleið að ef netaveiðar yrðu bannaðar með lögum mundu tekjur ríkissjóðs hreinlega aukast.

Hingað koma þúsundir erlendra veiðimanna á hverju ári, kaupa sér veiðileyfi í ám og kaupa sér flugmiða, borða á veitingastöðum, borga fyrir leiðsögn o.s.frv. Það liggur því í augum uppi að ríkið hefði meðal annarra mikinn ávinning af því að netaveiðar yrðu stöðvaðar. Það er því kannski eðlilegt að ríkið taki einhvern þátt í greiðslum til bænda ef netaveiðar verða bannaðar.

Í viðtali við Morgunblaðið á dögunum kom fram í máli formanns Stangveiðifélags Reykjavíkur, sem er greinilega hagsmunaaðili og talar fyrir samtökum sem eru að reyna að semja við bændur, að það félag er til að mynda beinlínis tilbúið að hafa hönd í bagga með ríkissjóði við greiðslu bóta ef til þess kemur. (Forseti hringir.) Í því ljósi vil ég spyrja hv. þingmann hvort lagasetning komi ekki til greina við að

banna (Forseti hringir.) netaveiðar ef hagsmunaaðilar taka þátt í að greiða kostnaðinn niður.

[18:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fór hér yfir 49. gr. þessa frumvarps og þar segir beinlínis, ef lesa á út úr henni eins og hún stendur hér, að bótaskylda muni lenda á ríkissjóði. Ég tel að við eigum að reyna að setja þessi lög þannig upp að bótaskyldan lendi ekki á ríkissjóði heldur á þeim sem munu hagnast við breytinguna.

Ég held að það sé miklu æskilegra að koma þessu máli í þann farveg að veiðiréttareigendur nái samkomulagi um hvernig netaveiðin eigi að breytast, og væntanlega stöðvast einhvern tímann í framtíðinni, og semji um það. Þannig komi þá fébætur til þeirra sem hætta veiðunum eða breyta þeim. Ég geri ráð fyrir því að inn í slíkt mat sé allt metið, líka hagur þeirra sem jafnvel fara að hagnast meira á því að breyta sínum háttum.

Þess vegna held ég að það sé mikið gæfuspor að leita þeirra leiða að ná því samkomulagi og vil þess vegna ekki fara lagaþvingunarleið ef önnur leið er í boði.

[18:54]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur í augum uppi, samkvæmt skýrslu sem Atvinnuþróunarfélag Suðurlands sendi frá sér, um efnahagslegan ávinning af stangveiði og netaveiði, að ríkissjóður mun hagnast á breytingum af þessu tagi. Tekjur til ríkissjóðs munu aukast ef netaveiðin verður bönnuð með lögum.

Ferðaþjónustan tekur kipp. Ný sóknarfæri skapast í uppbyggingu á öflugum og gullfallegum bergvatnsám sem renna þarna í jökulvatnið. Nægir að nefna Tungufljótið þar sem menn eru tilbúnir í mikið átak ef netaveiðin leggst af. En ávinningurinn er auðvitað enginn meðan netaveiðin er stunduð. Það fer enginn heilvita maður af stað í slíkar framkvæmdir nema netin fari upp. Menn fara ekki út í öflugt ræktunarátak, gerð sleppitjarna og frekari uppbyggingu ef laxarnir sem síðar eiga að ganga í ána lenda í netum bænda neðar í jökulvatninu.

Ég vil spyrja hv. þingmann: Er hann sammála mér um að ríkið eigi þá alla vega að greiða hluta af þessu þar sem ávinningurinn er augljós fyrir ríkið? Algjörlega augljós fyrir ríkið.

Ég vil líka benda hv. þingmanni á það, sem kom reyndar fram í ræðu minni fyrr í dag, að teljast verður fullreynt að semja við ákveðna bændur á vatnasviði Ölfusár og Hvítár þar sem þetta er greinilega ekkert peningamál fyrir þá. Þeim hafa verið boðnar 9 millj. kr. fyrir að taka netin upp þó svo tekjur af netaveiðinni hafi einungis verið 4,5 millj. kr. á síðasta ári. En fyrir Suðurland og nærliggjandi byggðir við stærsta og víðfeðmasta vatnasvæði landsins er um stórt atvinnu- og byggðamál að ræða.

Það kom fram hér í ræðu minni fyrr í dag að veltan í stangveiðiiðnaðinum er á bilinu 7,8–9,1 milljarður kr. Því vil ég spyrja hv. þingmann hvort það sé ekki mikilvægt að löggjafinn reyni að beita sér fyrir því að þetta mikilvæga mál, sem ég vil nefna atvinnu- og byggðamál, nái fram að ganga hér á löggjafarþinginu.

[18:56]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þetta sé að mörgu leyti mjög mikilvægt mál. Það yrði enn mikilvægara ef hægt væri að lenda því í sátt. Ég mundi ekki vilja standa að því fordæmi fyrir dómstólum að menn hefðu komið sérstakri bótaskyldu vegna veiðiréttar yfir á ríkið. Ég held að það gæti komið víða annars staðar niður en eingöngu í þeim lögum sem við ræðum nú og ef ég veit rétt það sem snýr að þessu eina vatnasvæði á Suðurlandi.

En það fordæmi, ef af yrði, gæti hins vegar haft verulegar afleiðingar síðar meir ef menn þyrftu að grípa til og vildu breyta t.d. lögum um stjórn fiskveiða. Ég hallast ekki að því að við sem alþingismenn eigum að taka nokkra einustu áhættu um að búa til slíkt bótaréttarfordæmi á ríkisfé.

[18:58]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. Er hér um að ræða heildarendurskoðun á lögum nr. 76 frá árinu 1970. Vil ég fagna því að það frumvarp sem hér um ræðir sé komið fyrir hv. Alþingi. Það var löngu tímabært að taka þessi lög til heildarendurskoðunar. Ég sé að mikil og vönduð vinna hefur farið fram af hálfu hæstv. landbúnaðarráðherra við endurskoðun á þessum lögum.

Ég geri mér grein fyrir að hv. landbúnaðarnefndar bíður mikil vinna að fara yfir þetta mikla frumvarp, sem er 58 greinar að efnisinnihaldi, og er mjög mikilvægt að nefndin leggi sig fram við að fara mjög gaumgæfilega ofan í það. Málefnið er viðkvæmt og snertir byggðarlög og landeigendur hringinn í kringum landið, almenning og stangveiðimenn þannig að það er mikilvægt að horft sé til allra þeirra þátta sem ég nefndi hér áður.

Umræðan um 27. gr. frumvarpsins hefur verið fyrirferðarmest. Er þar verið að vísa í veiðitæki og veiðiaðferðir í straumvatni. Að mínu mati bendir allt til þess, eins og umræðan hefur þróast hér, að ef við, hv. alþingismenn, vildum ganga þá leið að banna netaveiði í straumvatni með lögum yrði það ekki gert bótalaust. Það tel ég að sé nokkuð óumdeilt.

Við finnum fyrir miklum þrýstingi utan úr samfélaginu, sérstaklega frá stangveiðimönnum, að Alþingi banni með lögum netaveiði í straumvatni. Þá er eðlilegt að við spyrjum okkur: Hver á að borga fyrir þá lagasetningu?

Ef Alþingi Íslendinga, löggjafinn, bannar netaveiði í straumvatni með lögum hlýtur ríkið að greiða þann kostnað sem því fylgir. Ég tel að það væri vert að hv. landbúnaðarnefnd athugaði hvað slíkt mundi kosta. Ég tel að þar sé um verulega fjármuni að ræða fyrir íslenska ríkið, milljónir króna, og fyrir mitt leyti er ég ekki tilbúinn að samþykkja slíkar breytingar.

Ég tek undir með þeim ræðumönnum sem hafa lagt áherslu á að hér sé fyrst og fremst um að ræða samkomulagsatriði á milli netaveiðibænda í Ölfusá og Hvítá og ég vil vera svo bjartsýnn að þeir samningar náist og menn mætist þar á miðri leið. En ég dreg ekkert úr því að hér er um rétt-

indi landeigenda að ræða, netaveiðiréttindi, og það voru tilfinningaþrungin andsvör sem gengu fyrr í dag á milli hæstv. landbúnaðarráðherra og hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um þessi málefni sem snerta þeirra heimahérað. Ég tók eftir því að í þeim orðaskiptum kom sú skoðun fram hjá báðum hv. þingmönnum að ekki væri rétt að banna netaveiðar í þessum ám með lögum heldur ættu menn að ná fram samkomulagi. Ég tel því einsýnt að meiri hluti sé fyrir því á hinu háa Alþingi að menn reyni að ná samkomulagi líkt og ég hef rætt hér. (Gripið fram í.)

Það getur vel verið, eins og hv. þm. Gunnar Örlygsson bendir á, að mikill meiri hluti sé fyrir því á Alþingi að þetta verði bannað með lögum en ég bendi á að stjórnarflokkar ríkisstjórnarinnar hafa afgreitt þetta mál úr sínum þingflokkum. Ég veit til þess að fyrirvarar eru gerðir af ýmsum þingmönnum og þar á meðal þeim sem hér stendur. En það lýtur ekki að því atriði sem hv. þm. Gunnar Örlygsson hefur gert að umfjöllunarefni í ræðu sinni og snertir 27. gr., heldur lýtur það að 15. gr. frumvarpsins sem snýr að veiðum göngusilungs í sjó. Ég tek undir þá ábendingu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar að í markmiðs- og gildissviði laganna sé ekki tekið á veiðum í sjó. Þar er einungis sagt að markmið þessara laga sé að kveða á um eignarhald veiðiréttar í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra. Ekki er minnst á veiðar í sjó sem þó eru gerðar að umtalsefni í mörgum greinum í frumvarpinu.

Í 2. mgr. 15. gr. núgildandi laga er sagt, með leyfi forseta:

„Á tímabilinu 1. apríl til 1. október má eigi leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 1.500 metra ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m^3 á sekúndu en 2.000 metra ef vatnsmagnið er meira og eigi nær en 1.500 metra frá hafbeitarstöð, enda gangi fiskur í það vatn eða þá hafbeitarstöð."

Í því frumvarpi sem við ræðum hér segir, með leyfi forseta, í 3. mgr. 15. gr. laganna:

„Á tímabilinu 1. apríl til 1. október ár hvert má ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns, sem fiskur gengur í, eða hafbeitarstöðvar en 2.000 metra."

Hér er því verið að þrengja réttindi landeigenda sem hafa nýtt sér veiðiréttindi 1.500–2.000 metra frá ósi sem eru innan við 25 rúmmetrar á sekúndu í rennsli.

Í 49. gr. í lagafrumvarpinu er fjallað um bótaskyldu skerðingu á veiðirétti. Segir þar í 1. mgr.:

„Nú hafa lagaákvæði leitt til þess að veiði veiðieiganda skerðist verulega og að mun umfram aðra eigendur veiði í sama fiskihverfi, og á hann þá rétt til bóta úr ríkissjóði eftir mati."

Mér finnst eðlilegt að við veltum fyrir okkur eftirfarandi dæmi: Við skulum hugsa okkur landeiganda sem hefur nýtt sér þau réttindi að fá að veiða frá 1.500 upp í 2.000 metra frá ósi í árarаðir og áratugi, hefur nýtt sér það að vera með netalögn til að veiða göngusilung við sjó. Ef það frumvarp sem við ræðum hér verður að veruleika eru þau réttindi réttilega tekin af viðkomandi eiganda. En nú á hann nágranna sem er 2.000 metra frá ósi. Þessi lagasetning hefur engin áhrif á réttindi þess landeiganda. Nú endurtek ég það sem stendur í 49. gr.:

„Nú hafa lagaákvæði leitt til þess að veiði veiðieiganda skerðist verulega og að mun umfram aðra eigendur" — sem sagt nágrannann — „veiði í sama fiskihverfi, og á hann þá rétt til bóta úr ríkissjóði eftir mati."

Ég fer þess á leit við hv. landbúnaðarnefnd og formann nefndarinnar að það verði skoðað sérstaklega hvort hér sé verið að ganga á eignar- eða nýtingarrétt viðkomandi landeiganda. Það er mikilvægt að nefndin fari vel ofan í það í störfum sínum.

Hæstv. forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa mörg orð um þetta. Ég hef haft ákveðna fyrirvara hvað varðar þessa útvíkkun á netalögnum frá ósi og mér hefði fundist sjálfsagt að 2. mgr. 15. gr. núgildandi laga hefði haldið sér þannig að við værum sannanlega ekki að ganga á réttindi þeirra landeigenda sem um ræðir.

Við þingmenn förum vítt og breitt um landið, margir hér í salnum eru af landsbyggðinni sýnist mér, að undanskildum hv. þm. Pétri Blöndal, sem fer þó oft út á land, og við verðum að geta gert skil þeim breytingum á lögum sem við gerum hér. Ef þetta frumvarp verður að lögum verðum við að geta gert þeim landeigendum sem málið varðar grein fyrir því hvað hv. Alþingi er að meina með þeirri breytingu sem við leggjum hér til. Sannfæringar minnar vegna treysti ég mér ekki til þess og ég bið hv. landbúnaðarnefnd að fara mjög ítarlega ofan í 15. gr. frumvarpsins.

Fjármálaráðuneytið tekur ekki undir það að við séum að samþykkja hér löggjöf sem hugsanlega kveður á um bótaskyldu ríkisins. Með leyfi forseta er sagt:

„Ekki verður séð að frumvarp þetta, verði það óbreytt að lögum, leiði beint til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð."

Hér er afdráttarlaust skorið úr um það af hálfu fjármálaráðuneytisins að um engar verulegar bótafjárhæðir verði að ræða samhliða afgreiðslu þessa frumvarps en ég hef efasemdir um það. Ég bendi á, líkt og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi í ræðu sinni, það vald sem Landbúnaðarstofnun er fengið í þessum lögum. Í 58. gr. stendur, í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Landbúnaðarstofnun er heimilt að skipa eftirlitsmenn með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði."

Nú veit ég ekki hvað forsvarsmenn Landbúnaðarstofnunar hafa hugsað sér í þessum efnum en við þekkjum þróun Fiskistofu, rétt eins og hv. þm. Guðjón Arnar hefur bent á, og ég tel mikilvægt að það komi skýrt fram í löggjöfinni að við ætlum okkur ekki að stofna einhvers konar rannsóknarlögreglu sem starfar vítt og breitt um landið. Við hljótum að treysta því fólki sem hefur umgengist þessa auðlind um áratugaskeið. Mér finnst þetta þó nokkuð opið hvað þetta varðar en ber að sjálfsögðu fullt traust til Landbúnaðarstofnunar í þessu verkefni sínu og tel að það sé mikilvægt að eitthvert eftirlit sé viðhaft. En það má ekki keyra um þverbak.

Hæstv. forseti. Ég hef með þessu gert grein fyrir þeim fyrirvara sem lýtur að 15. gr. laganna. Ég er mjög ánægður með þá vinnu sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur lagt í það frumvarp sem hér er til umræðu. Það fylgir því heilmikill fróðleikur, t.d. eru mörg dómafordæmi tilgreind o.s.frv. Frumvarpssmíðin er til fyrirmyndar, ánægjuleg lesning.

Ég tel mikilvægt að hv. landbúnaðarnefnd fari allítarlega ofan í þetta málefni og mér finnst engin ástæða til þess að þrengja réttindi landeigenda eins og 15. gr. í því frumvarpi sem hér er rætt hljóðar upp á. Ég sé enga ástæðu til þess. Hér er um að ræða fólk sem er upp til hópa með eina eða tvær netalagnir og veiðir nokkra göngusilunga á hverju sumri. Það er búið að takmarka aðgengi þessara landeigenda með því að stytta veiðitímann um helming. Það er bannað að veiða göngusilung við sjó frá kl. 8 á föstudagskvöldi til kl. 8 á þriðjudagsmorgnum en ef ganga á enn lengra í þeim efnum að takmarka réttindi bænda og annarra landeigenda hvað þetta snertir þá er ég því ekki samþykkur.

Ég tel því að það væri rétt að gera breytingar á 15. gr. en er annars sammála í öllum meginatriðum því frumvarpi sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur lagt fyrir þingið. Ég er sammála því að Alþingi á ekki með því að breyta 27. gr. laganna að fara út á þá braut að banna netalagnir í straumvatni með lögum. Ég tel að slíkt fordæmi sé varhugavert. Það mundi kosta ríkissjóð mikla fjármuni og auk þess ber okkur að virða þau réttindi sem bændur og aðrir landeigendur hafa haft áratugum saman. Ég tel farsælast að menn leysi þau ágreiningsmál eins og 27. gr. hljóðar upp á með almennum samningum.

[19:12]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er eftirtektarvert að langflestir þeir ræðumenn sem hér hafa talað í dag hafa beint athygli sinni og meginmáli að einni tiltekinni grein, þ.e. þeirri grein sem fjallar um netaveiðar í straumvatni. Það er líka eftirtektarvert að flestir þeir sem hér hafa talað virðast mjög ákafir stangveiðimenn eða áhugamenn um stangveiði. (Gripið fram í.) Ég sagði langflestir, hv. þingmaður.

Það er reyndar svo að þau rök sem hafa verið færð fram í dag um algert bann við netaveiði í straumvötnum eru að mörgu leyti og jafnvel flestu mjög skiljanleg vegna þess að það er búið að sýna fram á að mjög ríkir fjárhagslegir hagsmunir eru af stangveiði í straumvötnum. Það er þó augljóst að þau rök eiga ekki við öll straumvötn og það hefur reyndar einnig komið fram að ekki er hægt að stunda stangveiði í öllum straumvötnum. Ég hygg að það sé hægt að nefna Þjórsá sem dæmi um slíkt.

Gamalt máltæki segir, frú forseti, að fleira sé matur en feitt kjöt. Það er líka þannig að það eru fleiri gæði í lífinu en peningaleg gæði og ég ætla að leyfa mér að færa inn í umræðuna þau gæði sem netaveiðimenn í straumvötnum hafa af þeirri heimild sem þeir hafa í dag. Ég ætla jafnframt að benda á að ef bann verður lagt við netaveiði í straumvötnum er ekki einungis verið að leggja bann við nýtingu tiltekinna áa sem ekki er hægt að nýta til veiða á annan hátt, t.d. Þjórsár, sem ég minntist á áðan, heldur er verið að koma því á að þeir einir sem hafa nýtingarrétt á straumvatni, samkvæmt vatnalögum frá 1923, hafa ekki heimild til að veiða sér til matar nema að standa með stöng á bakkanum sem er ekki alls staðar gerlegt. Það eru til margar gerðir af straumvötnum á Íslandi, í mörgum þeirra er aðeins hægt að veiða í net og ekki er fræðilega mögulegt að koma upp neinni stangveiði að gagni.

Það er sem sagt leyfilegt að veiða í net í vötnum á Íslandi, það er leyfilegt að veiða í net út frá sjávarjörðum á Íslandi en það á ekki að vera leyfilegt að veiða í net í straumvatni. Ég vil að þetta sjónarmið komi fram í umræðunni.

Ég ætla líka að lýsa þeirri skoðun minni að það sé ástæða til að taka upp miklu meira eftirlit með laxveiðum í sjó en nú er gert. Ég vil því fagna ákvæðinu, sem er í 58. gr. þessa lagafrumvarps, um aukið eftirlit með veiðum í sjó.

Það ganga um það miklar sögur, í það minnsta sums staðar á landinu, að laxveiðar í sjó séu umtalsverðar. Í mín eyru hefur verið vitnað í tiltekinn mann sem segir að langbestu laxveiðimiðin í Skagafirði séu út af Þórðarhöfða. Þetta segir mér að það þarf að hafa eftirlit með laxveiðum í sjó. Þær eru bannaðar og þær verða bannaðar, sem betur fer. En það er í sumum tilfellum ekki nóg að hafa lög sem banna hlutina, það þarf að hafa ríkt eftirlit með því að lögin séu ekki brotin og það þarf að beita viðurlögum ef það er gert. Ég tel að þess hafi ekki verið gætt nægilega vel hér við land.

Ég vil einnig benda á að í 11. gr. lagafrumvarps þessa er eyðilegging á selalátrum leyfð. Það á að vísu að fá umsögn veiðifélags eða veiðiréttarhafa og umsögn Veiðimálastofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands en ég held að við séum á talsvert hættulegri braut þarna. Fyrir allnokkrum árum var skorin upp herör gegn sel hér við land fyrir tilstilli útgerðarmanna og fiskverkenda. Sett var á laggirnar svokölluð hringormanefnd sem gekkst í það að drepa sel í stórum stíl hér við land og ég hef heyrt ýmsar hryllingssögur um atganginn í því efni.

Grænlendingar hafa áhuga á að kaupa selskinn af Íslendingum og ég kynnti mér hvort hægt væri að nálgast selskinn hér á landi. Við þá eftirgrennslan mína kom í ljós að mjög lítið er til af selskinnum á Íslandi, ekki vegna þess að bændur hafi ekki áhuga á að nytja selinn, eins og fyrrum var gert, heldur vegna þess að það er orðið svo lítið af honum. Ekki veit ég nákvæmlega hvað satt er í þessu efni en með þetta í huga tel ég að það sé varhugavert að samþykkja slíka grein sem 11. gr. er. Ég held að við vitum ekkert allt of mikið um það hversu mikið er til af sel við Ísland og ég er þá að tala um landselinn sem Grænlendingar hafa áhuga á að kaupa af okkur. En selurinn er líka hlunnindi sem bændur hafa nýtt í tímans rás og selurinn er dýrategund sem við þurfum að hafa gát á.

Erindi mitt í þennan stól var fyrst og fremst að láta það koma fram að það er ekkert sjálfgefið að leggja algert bann við netaveiðum í straumvötnum við Ísland. Það er langfarsælast að reyna að fara samningaleiðina eins og fram hefur komið í ræðum fjölmargra í dag. Það kann að vera að ekki náist samkomulag við einhverja aðila hversu mikið sem boðið er og það er ef til vill vegna þess að í augum sumra eru fleira gæði en peningar, eins og ég gat um hér áðan.

[19:21]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum mikinn lagabálk sem er frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. Það frumvarp, ásamt með nokkrum öðrum frumvörpum, tekur eiginlega yfir öll ákvæði núgildandi laga um lax- og silungsveiði.

Hér hefur mikið verið rætt um veiðifélög og það er

vissulega umræðuvert hvort hægt sé að skylda menn til að ganga í félög. Þetta er reyndar gert á nokkrum stöðum og má sem dæmi nefna húsfélög og lögmannafélagið o.fl., en það er andstætt stjórnarskránni og menn þurfa að fara varlega í það. En það er ákveðin skynsemi í því að skylda menn til að ganga í veiðifélag og má svo sem segja að skynsemin eigi að ráða því.

Hér er lagt til að atkvæðisrétturinn sé einn á hvert býli óháð því hve mikla hagsmuni menn hafa. Það er mjög ankannalegt. Ég held að menn þurfi að skoða það í nefndinni hvort það fái virkilega staðist að einstaklingur sem á smáblеðil af á geti stjórnað jafnmiklu og annar sem á meginhluta árinnar báðum megin.

Síðan gerast dálítið skrýtnir hlutir. Maður sem á land báðum megin ár þarf t.d. að líða það að ókunnugt fólk labbi yfir landið hans og veiði. Jafnvel þó að hann sé dýraverndarsinni og þyki vænt um silunginn og laxinn, vilji ekki láta deyða þessar skepnur eða raska ró þeirra, verður hann að gera svo vel að hlíta því að menn gangi yfir hans land og geri það sem honum er þvert um geð — að ekki sé talað um það sem sumir telja ónáttúru að veiða fisk og sleppa honum því það er eðli veiða að ná í bráðina. Já, einmitt að drepa hana. Það er óeðli, að mati margra, að veiða fisk og sleppa honum, það minnir svolítið á minkinn sem veiðir tuttugu hænur og étur eina.

Við ræðum það hér hvernig við getum dýpkað eignarréttinn þannig að hámarksskynsemi og -nýting náist fyrir þjóðfélagið í heild. Bent hefur verið á það að á Suðurlandi, við Ölfusársvæðið skilst mér, séu menn að veiða í net og vegna þess detti engum í hug að rækta silung ofar á vatnasvæðinu — netaveiðimaðurinn mundi veiða allan fiskinn sem hinir væru að rækta upp eða eitthvað slíkt. Við getum borið þetta saman við það að ekki væri eignarréttur á landi. Enginn myndi setja niður kartöflur ef einhver annar gæti komið og hirt uppskeruna. Þetta er ástæðan fyrir því að menn eru með einkaeignarrétt og þetta kom inn í frumvarpið sem við ræddum um daginn um vatnsréttindi. Það nýtir enginn vatnið ef hann á það á hættu að einhver annar taki það frá honum sem hann er búinn að leggja í það.

Svo geta menn lent í þeim vanda að þeir sem eiga netaréttinn neiti að taka upp netin, alveg sama hvað er í boði. Hætt er við að öll skynsemi rjúki út í veður og vind og eftir standi einhver trúarbrögð um það að menn ætli ekki að taka upp netin alveg sama hvað í boði er og þá er öll skynsemi farin. Þá kemur upp sú krafa að banna þetta með lögum, sem ég er eindregið á móti. Í fyrsta lagi er ég á móti því vegna þess að ég tel óeðlilegt að skattgreiðendur borgi bætur þegar aðrir, einkaaðilar, fá hagnaðinn. Ég er líka á móti því að beita einstaklinga bolabrögðum fyrir utan það að margir aðrir, eins og bent hefur verið á, mundu lenda í því að mega ekki leggja niður net þar sem ekki er hægt að veiða silunginn hvort sem er með öðrum ráðum.

Ég vil stinga upp á því að veiðifélögin, þessi skrýtnu veiðifélög, fái eignarnámsheimild og þá kannski með fulltingi einhvers opinbers aðila. Ég sting upp á því að hv. landbúnaðarnefnd, sem fær málið væntanlega til umsagnar, skoði það að veiðifélögin — þau eru hvort sem er svo skrýtin, þau eru þarna með félagaskyldu, þau eru með ráðstöfunarrétt á eignum manna — fái líka heimild til að taka eignarnámi en greiði þá bæturnar sem þurfa að koma fyrir. Þá erum við komin í þá stöðu sem menn óska eftir en einungis í mjög afmörkuðum tilfellum og það mætti gera það þannig að þau þurfi til þess fulltingi opinbers aðila — fari fram á að farið verði í eignarnám og fái svo til þess fulltingi opinbers aðila. Þá erum við búin að leysa þann vanda sem við höfum verið að tala um í dag. Og svo komi eðlilegar bætur fyrir.

Ef maður skoðar öll þessi frumvörp sem við höfum verið að ræða í dag og athugar hvaða kaflar og hvaða greinar eru teknar upp úr lögum um lax- og silungsveiði, sem eiga víst að heita eftir allar breytingarnar eldri lög um lax- og silungsveiði, standa eftir í þeim lögum allir kaflar af því að greinarnar eru teknar út og allar skýringar við kafla en allir kaflarnir tómir. I. kafli um orðskýringar, II. kafli um veiðirétt o.s.frv. Þetta stæði eftir. Svo standa eftir 94., 98. og 99. gr. og svo 100. gr. sem er tóm. Þessar greinar fjalla um veiðimálanefndir og um Fiskræktarsjóð sem er sérstakt áhugamál mitt, frú forseti, og ég ætla að eyða örfáum orðum í það.

Þar er nefnilega, eins og ég hef getið um oft áður, lagður skattur af hendi ríkisins á vatnsaflsstöðvar sem rennur til einstaklinga og félagasamtaka, ekki til opinberra aðila. Ég held að það fái hreinlega ekki staðist. Þess vegna er þetta skilið eftir í lögunum um lax- og silungsveiði og ekki hróflað við því vegna þess að menn vilja ekki rugga þeim bát, vilja ekki gera það að umræðuefni að verið sé að brjóta stjórnarskrána með því að leggja á skatt sem rennur til einstaklinga og félagasamtaka.

Það er líka mjög undarlegt að leggja skatt á Kárahnjúkavirkjun. Mér er ekki kunnugt um að ein einasta padda sé þar í vatninu uppi á háfjöllum. Það getur varla verið mikill skaði fyrir fiskrækt í landinu eða lax- og silungsveiðina að verið sé að virkja við Kárahnjúka. Ég vildi benda á það, frú forseti, að þarna sitja eftir örlitlar greinar um Fiskræktarsjóð og heitir þá eldri lög um lax- og silungsveiði.

[Fundarhlé. — 19:31]

[20:01]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum langþráð frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. Við höfum beðið þess í þó nokkuð marga mánuði að það kæmi til meðferðar hér í þinginu. Það var boðað þegar haustið 2003 í sölum þingsins þegar háð var hörð rimma um innflutning á norskættuðum laxi eða laxahrognum og hvort leyfa ætti eldi á slíkum fiski í sjókvíum hér við land. Þá var háð snörp deila um það hvort svo ætti að verða eða ekki og þá kom einmitt til umræðu að þetta frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, sem við höfum nú fyrir framan okkur, væri í undirbúningi í landbúnaðarráðuneytinu. Loksins er það komið. Það er runninn upp mars 2006 og loksins er þetta frumvarp komið til meðferðar í þinginu.

Ég sagði í andsvörum við upphaf umræðunnar í dag að ég teldi að nú væri best að fara sér hægt og af yfirvegun. Ég benti á það að frumvarpið kæmi seint inn í þingið, mjög seint á þingvetrinum. Það eru ekki margir dagar eftir. Þing-

ið hættir störfum óvenjusnemma nú í vor, í byrjun maí, vegna sveitarstjórnarkosninganna 27. maí. Ég vil ítreka það, virðulegi forseti, að við vöndum vel til verka og tökum þessi frumvörp öll, þetta eru ein fimm frumvörp þegar allt er talið, til meðferðar í landbúnaðarnefnd, þar sem ég á sæti; fáum umsagnir nú á vordögum, skoðum málið í sumar og landbúnaðarnefnd taki síðan til starfa aftur á haustdögum og við stefnum að því að þessi frumvörp verði afgreidd héðan frá Alþingi sem lög fyrir lok þessa árs. Það hygg ég, virðulegi forseti, að væri skynsamlegast. Hér er um að ræða afskaplega mikilvæg lög þar sem tekið er á öllum okkar veiðimálum í ferskvatni, ekki bara lax- og silungsveiði heldur líka fiskrækt, fiskeldi, fisksjúkdómum og tilhögun Veiðimálastofnunar, sem ég tel hiklaust að sé ein merkasta rannsóknarstofnun landbúnaðarins og mikilvægt að hlúa vel að henni.

Virðulegi forseti. Það vekur hjá mér ljúfsárar minningar að ræða þessi lög því að gömlu lax- og silungsveiðilögin frá 1970, sem nú eru að renna sitt skeið á enda, voru fyrsti lagatexti sem ég las á ævinni. Það var fyrir rúmum 20 árum þegar ég var skólapiltur við Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal og lagatextinn var hluti af námsefni okkar. Lax- og silungsveiðilögin frá 1970 voru af mörgum ástæðum dregin fram sem dæmi um afskaplega merkilega og framsýna löggjöf. Þar hefðu menn til að mynda komist að þeirri niðurstöðu að banna netaveiðar á laxi í sjó. — Ég held að Íslendingar hafi verið fyrstir allra þjóða að banna veiði á laxi í sjó. — Þar væri líka að finna hið merkilega fyrirkomulag með veiðifélögin sem hefur skapað góða sátt um nýtinguna á þessum verðmætu auðlindum, þ.e. laxveiðiánum og vötnunum, um margra áratuga skeið.

Þessi lög eiga upphaf sitt allt til 1932, ef ég man rétt, og jafnvel enn lengra aftur í tímann. Mig minnir að það komi allt saman fram í greinargerð með frumvarpinu sem ég las fyrr í morgun. En þessi lagasmíð er með öðrum orðum, og ég vil ítreka það, ákaflega merkileg og á margan hátt má kannski jafna henni við önnur lög, sem við töluðum um í síðustu viku, þ.e. vatnalögin frá 1923 sem líka voru sett af mikilli visku og framsýni enda hefur sá lagabálkur einnig dugað mjög vel.

En það er alltaf þannig, virðulegi forseti, að það kemur að því að við þurfum að endurskoða lögin okkar, fara yfir þau og breyta þeim. Tímans hjól snýst og það var kominn tími til þess að endurskoða vatnalögin. Ég hef lýst mig alveg sammála því, þó að ég hafi ekki verið sammála niðurstöðunni sem varð eftir þá endurskoðun, og ég tel líka að það sé kominn tími til að endurskoða lögin um lax- og silungsveiði.

Ég er mikill áhugamaður um lax- og silungsveiði þótt ég sé ekki veiðimaður. Ég hef aldrei stundað veiðar á laxi og silungi. Ég á engra hagsmuna að gæta í þessu á neinn hátt en mér finnst þetta engu að síður afskaplega áhugavert. Kannski er þetta líffræðilegur áhugi, ég veit það ekki. Sennilega er það líka áhugi á skemmtilegri náttúruauðlind sem við höfum nýtt af mikilli skynsemi í áranna rás. Ég hef iðulega í störfum mínum sem þingmaður flutt mál sem varða þessa auðlind, verið með þingsályktunartillögur og fyrirspurnir varðandi urriðann í Þingvallavatni svo dæmi sé tekið. Ég hef borið fram þingsályktunartillögu ásamt hv. þingmönnum Sigurjóni Þórðarsyni, Jóni Bjarnasyni og Össuri Skarphéðinssyni um það að fara skuli út í samstillt átak stjórnvalda og hagsmunaaðila á borð við veiðiréttareigendur, veiðimenn og aðila í ferðaþjónustu, gjarnan með fjárhagslegri þátttöku hagsmunaaðila, til að efla nýtingu á silungi hér á landi og þá sérstaklega ættum við að reyna að nýta okkur það sem ég tel vera vannýtt sóknarfæri í stangveiði hér á landi.

Það er alveg rétt, sem komið hefur fram í fjölmörgum ræðum fyrr í dag, að stangveiðin og iðnaðurinn og þjónustan í kringum hana skilar mjög miklum verðmætum á hverju ári. Með frumvarpinu sem hér liggur fyrir er ágætissamantekt sem var gerð í fyrra. Hún er lögð fram sem fylgiskjal og ber titilinn Lax- og silungsveiði á Íslandi. Efnahagsleg áhrif og líffræðileg staða auðlindarinnar. Þessi samantekt er unnin af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Veiðimálastofnun. Þar kemur einmitt fram að verðmætin eru mjög mikil af lax- og silungsveiðum. Á það hefur verið bent í umræðum fyrr í dag og það er í sjálfu sér óþarfi fyrir mig að fara aftur yfir alla þá umræðu og tíunda það sem þar hefur komið fram.

Mikið hefur verið rætt um eina grein frumvarpsins sem hér liggur fyrir, þ.e. 27. gr., ef ég man rétt, sem fjallar um veiðitæki og veiðiaðferðir í straumvatni. Talað hefur verið fyrir því að það eigi hreinlega að nota tækifærið núna og setja lögbann á það að menn fái að nota net til veiða á laxi í straumvatni. Formaður minn, Guðjón Arnar Kristjánsson, flutti ræðu áðan og mér fannst hann orða afstöðu okkar í Frjálslynda flokknum með skýrum hætti. Ég reikna með að sú ræða verði tekin, prentuð út og jafnvel notuð til viðmiðunar í því starfi sem bíður okkar sem sitjum í landbúnaðarnefnd þegar við förum að skoða þessi lög. Guðjón Arnar hitti naglann á höfuðið, ef svo má segja, og ég lýsi því yfir að ég er alveg sammála hverju orði sem hann sagði þar varðandi það hvort banna ætti lagnetaveiðar á laxi í straumvatni.

Ég hef sjálfur velt þessu svolítið fyrir mér í þó nokkurn tíma. Ég minni á að á sínum tíma kom út skýrsla á vegum Veiðimálastofnunar sem bar titilinn Fiskstofnar vatnasvæðis Ölfusár/Hvítár, seiðabúskapur, veiðinýting og fiskræktarmöguleikar. Þetta var vorið 2004, fyrir tveimur árum. Höfundar skýrslunnar voru fiskifræðingarnir Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson. Þeir lögðu mat á það hver væri hugsanlegur ávinningur af því að stöðva netaveiðar á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár. Ég fór í framhaldi af þeirri skýrslu að velta þessu fyrir mér og bar þá m.a. fram fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra sem hann að sjálfsögðu svaraði. Ég var að velta því fyrir mér þá, á grundvelli niðurstaðna þessarar skýrslu, hvort ekki væri með einhverjum hætti hægt að hætta netaveiðum.

Ég hef síðan hugsað það mál og komist að niðurstöðu. Ég get að hluta til tekið undir þau sjónarmið að hugsanlega sé rétt að hætta þessum veiðum en við verðum að hafa í huga að ávinningurinn af því er ekkert endilega svo mikill. Reynslan úr Borgarfirði hefur sýnt að þó að netaveiðum sé hætt er ekki sjálfgefið að þeir laxar sem ekki veiðast í netin veiðist þá alfarið á stöng í hliðarám við þær ár þar sem netaveiðarnar eru stundaðar. Það má færa rök fyrir því að ef netaveiðunum yrði hætt mundu hugsanlega aðeins um 700

laxar af þeim um það bil 3.000 löxum sem veiðast árlega í net veiðast á stöng á því svæði sem kallað er vatnasvæði Ölfusár og Hvítár. Það er því ekki alveg hægt að setja samasemmerki þarna á milli. En samt má kannski segja að þessir 700 laxar, ef við erum að tala um þá tölu, mundu kannski skila tekjum á bilinu 14–21 millj. kr. Þetta var a.m.k. það sem ég komst að á sínum tíma.

Á það hefur verið bent, og það er röksemd sem verður að taka tillit til, að hér er verið að tala um eignarrétt bænda, nýtingarrétt bænda, rétt bænda til að nýta auðlind sem þeir hafa nýtt í mjög langan aldur og löngu áður en menn fara í einhverjum mæli að veiða lax á stöng á þessum svæðum. Það er ekki hlutverk löggjafans, það er ekki hlutverk ríkisins, að ganga í það verk að banna þá nýtingu. Það hlýtur að vera verkefni sem snýr að einkaaðilum, einkaframtakinu eins og ég vil kalla það, þ.e. þeim sem eiga nýtingarréttinn á annað borð. Þetta snýr að bændum og þeim sem hugsanlega hefðu hag af því að þessum veiðum yrði hætt. Það hljóta að vera þeir sem standa að veiðifélögunum, þ.e. stangveiðimenn. Það heyrir upp á þá að greiða þann kostnað sem hlýtur að verða af því ef það tekst að fá þessa bændur til að hætta að veiða laxinn í net.

Þetta kemur ríkinu ekkert við, þetta á ekki að koma okkur við, þetta á ekki að koma löggjafarvaldinu við. Einkaframtakið á sjálft að leysa þessi mál. Það er mín skoðun eftir að hafa legið yfir þessu, eftir að hafa skoðað þetta, eftir að hafa lesið allar þessar skýrslur, velt þessu fyrir mér þá er það mín niðurstaða að þannig eigi það að vera. Ég fæ ekki betur séð en þetta hafi verið gert í Borgarfirði með ágætum árangri, a.m.k. höfum við ekki heyrt af miklum deilum um það. Við höfum ekki heyrt af því að það hafi farið illa. Ef ávinningurinn er svona mikill af því að hætta netaveiðum hljóta að finnast leiðir til þess að leysa það á milli þeirra aðila sem deila um þessar veiðar. Flóknara þarf þetta mál ekki að vera. Þetta er mín niðurstaða.

Ég vil svo nota tækifærið til að mótmæla þeim málflutningi sem hér hefur komið fram í dag varðandi þessar netaveiðar. Hér hefur bændum á Suðurlandi nánast verið lýst sem hálfgerðum villimönnum, talað um að menn séu að draga á land heilu netatrossurnar fullar af laxi og þetta sé veiðiskapur sem sé gersamlega óverjandi hvernig sem á það er litið. Mér finnst mjög hallað á bændur, dugnaðarfólk sem ekki gerir annað en að nýta þær náttúruauðlindir sem þeim tilheyra. Mér finnst það alveg óþarfi að menn komi hér í ræðustól haldandi fram slíkum fullyrðingum því þetta er einfaldlega rangt. Það er líka rangt að setja hlutina þannig fram að ef netaveiðum yrði hætt á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár mundu allir þeir laxar sem ekki veiðast í netin sjálfkrafa veiðast á stöng. Það er ekki þannig. Reynslan sýnir það.

En ég segi enn og aftur: Ef stangveiðimenn eða aðrir hafa áhuga á því að fá bændur til að hætta netaveiðum þá hljóta þeir að geta leyst það með því að greiða þeim fyrir. Sú hlýtur að verða niðurstaðan. Það á ekki að vera hlutverk ríkisins að greiða herkostnaðinn af slíku og það á alls ekki að vera hlutverk okkar sem erum á þinginu, okkar sem förum með löggjafarvaldið, að setja lög sem hugsanlega munu valda ríkinu stórkostlegri skaðabótaskyldu, algerlega ófyrirséðri skaðabótaskyldu, sem í ofanálag mundi skapa mjög hættulegt og varasamt fordæmi.

Ég vil leggja áherslu á það, virðulegi forseti, að við í Frjálslynda flokknum leggjum mikinn þunga í það að verja það að bændur þessa lands haldi rétti sínum til nýtingar náttúruauðlinda. Við höfum barist fyrir málstað eigenda sjávarjarða. Veiðirétturinn hefur verið tekinn af þeim algerlega bótalaust. Það var gert þegar fiskveiðistjórnarlögin voru sett á sínum tíma. Við getum alveg tekið undir það að hér eigi að setja skýrar reglur um nýtingarrétt bænda á öðrum auðlindum, til að mynda vatni. Hér erum við að tala um nýtingarrétt en ekki eignarrétt og við tökum að sjálfsögðu undir það að bændur eigi að hafa nýtingarrétt á laxi og silungi sem er á þeirra landi. Heilt á litið viljum við verja þennan rétt bænda. Ef einhverjir aðilar vilja kaupa þann rétt upp eða leigja hann af bændum til einhvers tíma þá er það, og það er kjarni míns máls, einkaframtakið sem á að sjá um það. Frjálsir menn í frjálsu landi eiga að geta gert samninga sín á milli um þau viðskipti. Það er ekki hlutverk okkar alþingismanna að setja lög um slíka hluti.

[20:17]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka mínum guði og mínum sæla fyrir það að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hafði ekki nákvæmlega þessa skoðun á séreignarréttinum þegar við vorum hér saman fyrir viku að ræða vatnalögin. (**Gripið fram í:** Við vorum að tala um nýtingarrétt ...) Satt að segja fannst mér sem hv. þingmaður túlkaði séreignarrétt bænda og landeigenda mjög rúmt.

Þó að bændur eigi sín lönd og eigi réttinn til veiða í því vatni sem fyrir landi þeirra er þá er það samt sem áður svo að fiskstofnarnir eru sameiginleg auðlind sem fer víða og það er með engu móti hægt að halda því fram að einhver einn geti slegið eignarrétti sínum á þá. Jafnvel hæstv. landbúnaðarráðherra gerir það ekki. Hann iðkar það sjálfur að takmarka þennan rétt með reglugerðum sem beinlínis eru settar til að vernda fiskinn gegn ofveiði og til að koma í veg fyrir að hið hóflausa einkaframtak, sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson lýsti hér áðan, gangi af stofninum dauðum.

Ástæðan fyrir því að til eru reglur, sem hæstv. landbúnaðarráðherra setur í krafti þessara laga, er einmitt sú að veiðirétturinn er takmarkaður, hann er ekki alger. Bóndi eða landeigandi sem á vatn fyrir landi sínu getur ekki nytjað það með þeim hætti sem hann vill. Ef hann hefði fullt vald á því gæti sú staða komið upp að ósvífnir menn og gírugir sem ekki hefðu áhuga á því að viðhalda stofninum mundu ganga fram af honum. Það er þess vegna, eins og hæstv. landbúnaðarráðherra gat um í ræðu sinni fyrr í dag, að lög og hefðarreglur hafa verið í gildi allt frá landnámi, sem sumir segja að hafi jafnvel flust hingað til lands með landnámsmönnunum úr Noregi. Landnámsmennirnir drógu úr líkum á því að menn gengju of harkalega fram gagnvart stofnum. Þó að ég hafi fullan skilning á því að nauðsynlegt sé að ná sátt í þessu máli er ég ekki viss um að einkaframtakið villt og galið, liggur mér við að segja, sé best til þess fallið. Við þurfum alltaf lög og reglur til að takmarka sókn í takmarkaðar auðlindir.

Sú auðlind sem við höfum verið að tala um hefur verið í

hættu. Sem betur fer hefur vegur hennar vaxið nokkuð á síðustu árum. Það er ekki síst vegna forgöngu Íslendinga. Íslendingar, eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson rakti svo ágætlega í ræðu sinni, settu á sínum tíma nánast algert bann við laxveiðum í sjó. Laxveiðar í sjó voru að vísu leyfðar, ef ég man rétt, alveg fram á síðasta áratug með sérstökum lögum þó einungis hafi þá verið fimm jarðir á landinu sem máttu nytja þann rétt — það vill svo til að ég var að hálfu leyti alinn upp á einni þeirra fimm jarða þannig að svolítið þekki ég til þess. Áratugum saman dvínaði hins vegar laxastofninn í Norður-Atlantshafinu og menn voru ekki alveg vissir á því hvað um var að ræða. Hugsanlega var þar um að ræða einhvers konar mengun og menn leiddu getum að því að einhvers konar þrávirk lífræn efni hefðu safnast fyrir í Norðurhöfum af því að þau væru kuldasækin.

Menn leiddu líka getum að því með nokkrum rökum að vaxandi veiðiþjófnaður, sérstaklega í löndum eins og Írlandi og Englandi, þar sem það var íþrótt þeirra sem fátækastir voru og lifibrauð öldum saman að „stela“ að hætti Hróa hattar frá hinum efnuðu, landeigendunum, og á síðustu öld keyrði nokkuð úr hófi. Ég hef rifjað það upp hér að sjálfur var ég eitt sinn staddur einmitt í erindum laxa á Írlandi og lenti þar óvart í kröfugöngu veiðiþjófa, manna sem þúsundum saman streymdu út á götu til að verja þann rétt, sem ríkisstjórn Írlands ætlaði að taka af þeim, að stela að næturlagi, þ.e. að ganga í vötn sem að fornu voru álitin eins konar almenningur. En sú barátta sem leiddi til lagasetningarinnar á Írlandi og reyndar í fleiri löndum var ekki síst vegna þrýstings sem var hafinn af Orra Vigfússyni og þeim mönnum sem svo ágætlega störfuðu með honum.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta, frú forseti. Það er hægt að leiða sterk rök að því að laxastofnar við Norður-Atlantshaf, og sérstaklega á nyrstu slóðunum, séu á sumum svæðum á uppleið í kjölfar þess að tekið var fyrir veiðar á laxi í sjó og ég skil því vel að þeir sem unna þessum forna konungi straumvatna skuli vilja beita sömu aðferðum til að stemma stigu við niðurgangi hans í fersku vatni á landi.

Ég er þeirrar skoðunar í prinsippinu, eins og ég sagði fyrr í dag, að ekki eigi að viðhafa netaveiðar í straumvötnum. Nú er öldin allt önnur en þær fyrri að því leyti til að þessi fiskur er til í miklu minna mæli en áður. Þegar þau lög voru sett sem hæstv. landbúnaðarráðherra talaði um við upphaf þessa þings, 930, mátti leiða getum að því að vötn væru flest full af fiski. Það hafði aldrei verið gengið í þau með þeim ákafa sem síðar varð. En mjög hefur dregið úr viðgangi þessara stofna á síðustu öldum. Þess má geta að í kjördæmi þeirra tveggja þingmanna, hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar og hæstv. landbúnaðarráðherra, sem stundum er jafnað við biskup eða erkiklerk, voru það einmitt biskuparnir sem höfðu veiðirétt svo víða og nýttu hann af varkárni, nýttu hann alls staðar af varkárni vegna þess að þeir vissu að menn eiga að ganga vel um gjafir guðs.

Ég tel sem sagt að það sé góð grundvallarregla að stefna að því að netaveiðar á laxi í straumvötnum verði lagðar af. Hugsanlega er það mjög erfitt. Ég held hins vegar að með breyttum viðhorfum sé það réttlætanlegra nú en áður að ráðast í einhvers konar lögboð ef þurfa þykir. Ástæðan er sú að Íslendingar hafa nú á síðustu árum gerst aðilar að alls konar sáttmálum sem leiða til þess að þeir þurfa að axla ákveðna ábyrgð. Þeir þurfa að standa ábyrgir gagnvart alþjóðasamfélaginu um vernd tegunda sem eru í hættu og líka vernd stofna sem eru í hættu, og vísast er hægt að færa rök fyrir því að sumir laxastofnar séu í hættu.

Sá stofn sem hefur aðallega verið til umræðu hér, og hv. þingmaður reifaði ágæta skýrslu hér áðan, hefur kannski vegna eðlis árinnar sem hann gengur upp í og tímgast í verið í hvað mestri hættu. Það sem ég á við, frú forseti, er að náttúran sem umlykur hann er öðruvísi en víða annars staðar að því leyti til að vötnin þarna hlaupa stundum. Ef ég man rétt voru það ég og hæstv. landbúnaðarráðherra sem véluðum um það fyrir nokkrum árum í mjög merkilegri nefnd, sem við eigum báðir sæti í og kennd er við helgistað þjóðarinnar, Þingvelli, hvort sú nefnd ætti að beita sér fyrir því að gerðar yrðu ákveðnar ráðstafanir til að vatnið sem Hvítáin á upptök sín í hlypi ekki reglulega. En rannsóknir sýna að það vatn hefur hlaupið fram á 15–20 ára fresti og ekki nema örfá ár frá því að það hljóp síðast.

Þegar það gerist leiðir það til þess að litlu er eirt í ánni, ungviðið tapast og glutrast niður og heilu kynslóðirnar hverfa úr því straumvatni. Hrygningarstaðir breytast og framburðurinn leiðir til þess að þar sem laxar, sem í hafi voru, gengu áður til að tímgast meðan á ósköpunum stóð fundu kannski ekki neina hrygningarstaði þegar þeir komu aftur. Ekki frekar en Skálabrekku-urriðinn þegar hann kom aftur á sínar gömlu hrygningarslóðir þar sem heita Urriðaálar fyrir utan grjóthólmann undan Skálabrekku þegar bændur höfðu fellt Öxará niður í Almannagjá eins og sagt er í fornum sögum og ég trúi álíka vel og Biblíunni og jafnvel töluvert betur af því að ég er kannski ekki bókstafstrúarmaður á hana. Ég nefni þetta vegna þess að laxastofninn í þessu árkerfi er einfaldlega miklu viðkvæmari en víðast annars staðar.

Þetta var það sem ég vildi aðallega leggja til þessarar umræðu. Ég hef ekki mikla nennu til að standa í skæklatogi við hæstv. landbúnaðarráðherra um þá grein sem stallsystir mín, hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, reifað svo ágætlega hér áðan og varðar seli. Hér áður fyrr þegar ég gekk til sela ásamt því að stunda laxveiðar í sjó, í net, hugsaði ég töluvert öðruvísi en ég geri í dag. Þá var kapp veiðimannsins slíkt að því fleiri selir sem veiddir voru því betri daga áttu þeir sem veiðina stunduðu. Nú er það hins vegar svo að ég staldra við þegar ég sé grein eins og 11. gr. í þessu frumvarpi þar sem beinlínis er gefin opin heimild á það að eyða sellátrum í grennd við ósa. Ég veit vel að það er kannski ákveðin þverstæða að segja þetta eftir að hafa haldið ræðu um það hve viðkvæmir laxastofnar eru. En samt sem áður tel ég að það þurfi mjög að slá í gadda í lögum allar heimildir til þessa. Þá er ég aftur að horfa til þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem við höfum axlað.

Nú er það þannig að selurinn á hvergi heima í íslensku stjórnkerfi. Það er meira að segja starfandi einhvers konar nefnd sem heitir hringormanefnd og gæti samkvæmt skilgreiningu eiginlega talist eins konar örráðuneyti því það er enginn yfir henni. Hún siglir frí í stjórnkerfinu. Ríkið greiðir peninga til að drepa sel en það er enginn sem rannsakar það hvernig nefndin vinnur, hversu marga seli hún drepur — og það sem verst er, enginn veltir því fyrir sér hvaða

áhrif þetta hefur á selastofnana.

Hér við land eru tvær tegundir sela, landselur og útselur. Ég hef áður tekið málefni þeirra smælingja upp í þessum sal. Nú er staðan þannig að báðar þessar tegundir eru við það að hrynja. Það finnst mér vera nokkuð alvarlegt mál. Ég ímynda mér að ef það væri einhver stofnun á Íslandi, eitthvert ráðuneyti, sem hefði vald yfir ákvörðunum um nýtingu þeirra yrðu báðar þessar tegundir þegar í stað settar á válista. En engum ber, lögum samkvæmt, að hafa eftirlit með þeim og engum ráðherra ber að taka í taumana. Ég vil því nota þetta tækifæri til að segja að ég staldra a.m.k. við greinar eins og þessar sem mér finnst eiginlega gefa óútfyllt leyfi til að eyða sellátrum, ekki bara við ár heldur á ósasvæðum og ég er ekki alveg viss um það hversu þröng og ítarleg skilgreiningin á ósasvæðum er.

Aðeins að lokum, frú forseti, þá dáist ég alltaf að hugkvæmni hæstv. landbúnaðarráðherra, sem við vitum að hefur unun af íslensku máli og gerir sér far um að misþyrma því alls ekki, en ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra hafi lesið sína eigin skilgreiningu á vatnsfalli. Samkvæmt greininni er það rennandi vatn í afmörkuðum farvegi sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við. Má draga þá ályktun af því að í hinu háa landbúnaðarráðuneyti telji einhver embættismanna, hugsanlega ráðherrann sjálfur, að til sé straumvatn sem rennur undan þyngdaraflinu upp á við? Það eru svona hlutir sem ég sé stundum í frumvörpum sem fara dálítið í taugarnar á mér og mér finnst að menn seilist um hurð til lokunnar þegar þeir koma með skilgreiningar eins og þessa. Síst á það að vera hæstv. landbúnaðarráðherra sem alltaf leikur sér við íslenskt mál eins og konfekt sem hann ber svona á borð fyrir hið háa Alþingi.

[20:32]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara fá að koma hér upp til að ítreka að í ræðu minni áðan var ég að tala um nýtingarréttinn, þ.e. rétt fólksins í landinu til að nýta sínar náttúruauðlindir. Það er mikill munur á nýtingarrétti og síðan eignarrétti. Við í Frjálslynda flokknum viljum berjast fyrir því að fólkið í landinu haldi nýtingarréttinum, það fái að nýta sínar náttúruauðlindir, til að mynda fiskstofnana í kringum landið.

Hér erum við að tala um afnot, nýtingarrétt á ferskvatnsfiski, nýtingarrétt á laxi sem gengur upp ár í gegnum lendur bænda og bændur hafa um margra áratuga skeið nýtt sér þennan fisk til tekjuöflunar. Mér finnst að við eigum að virða þann rétt. Ef fólk vill halda í þennan rétt á það að fá að gera það, það á ekki að vera hlutverk ríkisvaldsins að taka hann af fólki. Ef það vill hins vegar leigja þennan rétt frá sér með einhverjum hætti þá á það líka að vera þeirra eigin ákvörðun að gera slíkt og þá í samningum við þá sem hafa áhuga á því að leigja hann. Flóknara er það nú ekki. Þetta er grundvallarafstaða sem ég tek í þessu máli og á þessu byggist viðhorf mitt til þessarar greinar í frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði. Á því byggist andstaða mín við það að við setjum lög sem banna alfarið netaveiðar á laxi í straumvatni.

Mig langar að nota síðustu sekúnduna til að spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson: Ef sett yrðu lög sem banna veiðar af þessu tagi, hver ætti þá að greiða hugsanlegar skaðabætur til bænda vegna þess að þessi réttur yrði tekinn af þeim?

[20:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það gæti farið vel á því að það yrði samvinnuverkefni veiðifélaga og hins opinbera. Ég tel að báðir hafi hag af, hið opinbera sem fulltrúi okkar, almennings í landinu, en það á að standa vörð um náttúrugæði, sérstaklega ef vá steðjar að þeim, og svo aftur veiðifélögin sem sannarlega hafa margvíslegra hagsmuna að gæta.

Aðeins að því sem hv. þingmaður finnur að við málflutning minn um eignarréttinn. Það hafa komið fram mismunandi sjónarmið í dag um það með hvaða hætti eigi að fara í það að takmarka netaveiðar. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson frá Skarði, veiðiréttarhafi, orðaði það svo að hann vildi að menn þrengdu mjög verulega veiðiréttinn og aflegðu hann hugsanlega. Ég tel að að fornu hafi veiðiréttinn verið takmarkaður með það fyrir augum að koma í veg fyrir ofnýtingu. Það væri hægt að hugsa sér þá stöðu að allur sá veiðiréttur sem hugsanlega er fyrir hendi yrði fullnýttur. Hann er það alls ekki í dag. Því fer fjarri.

Þá er hugsanlegt að við þær aðstæður þegar stofnar eru veikir kæmust menn, t.d. hæstv. landbúnaðarráðherra sem yfirvald í málinu, að þeirri niðurstöðu að of harkalega væri gengið að stofnunum. Þá hefur hann sitt vald samkvæmt lögum til að þrengja veiðiréttinn, þ.e. að fækka veiðidögum o.s.frv. alveg eins og páv. landbúnaðarráðherra, kollegi og flokksbróðir hans gamall, Halldór E. Sigurðsson, gerði okkur Mýramönnum til mikillar armæðu a.m.k. tvisvar sinnum svo að ég muni til.

[20:36]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn og aftur að því hvort banna eigi þessar veiðar. Við hljótum að velta fyrir okkur í því sambandi hver ávinningurinn sé. Eru einhver fiskifræðileg rök fyrir því að banna eigi þessar veiðar? Er verið að ofveiða þessa laxastofna þar sem netaveiðar eru stundaðar? Sjáum við einhver merki um það? Nei, ég hef hvergi rekist á fullyrðingar um það að laxinn sem er á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár sé ofveiddur með einum eða neinum hætti, hvergi. Þannig að það eru engar fiskifræðilegar röksemdir fyrir því að gera þetta.

Þá eru það efnahagslegu röksemdirnar. Höfum við efnahagslegar röksemdir? Kannski. En þá vil ég aftur benda á skýrsluna sem ég vitnaði í áðan en hún var skrifuð af tveimur sérfræðingum Veiðimálastofnunar. Þeir benda á að net hafi verið tekin upp í Hvítá í Borgarfirði og það hafi skilað 28–35% veiðiaukningu í þverám hennar, 39–52% af þeim fiski sem áður veiddist í netin veiddust eftir það á stöng. Síðan færa þessir líffræðingar rök fyrir því að sennilega yrði þetta hlutfall enn þá lægra á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár vegna þess að vatnið þar er gruggugra en á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði. Við erum þá sennilega ekki að tala um veiðiaukningu nema kannski í mesta lagi upp á 600–750 laxa á hverju ári ef við miðum við 3.000 neta-

veidda laxa árlega. Hinn efnahagslegi ávinningur er kannski ekki svo mikill.

Öðrum þræði er hér um að ræða tilfinningamál sem síðan er að hluta til pískað upp af þingmönnum sem eru í einhvers konar herferð í lýðskrumi og vitleysisgangi og reyna að æsa fólk upp gegn bændum sem hafa stundað nýtingu á þessum náttúruauðlindum um margra áratuga skeið, og mér finnst þetta ekki sérstaklega fallegur leikur.

[20:38]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur alls enga innstæðu til að ásaka mig um það að ráðast sérstaklega gegn netaveiðibændum. (**MÞH:** Ég var ekki að tala um þig.) Ég hef sjálfur stundað netaveiði í sjó sem ungur drengur og margoft fór ég líka til netaveiða í Hvítá í Borgarfirði með frændum mínum í Ferjukoti sem rækt hafa það starf áratugum saman.

Hv. þingmaður sagði sjálfur að efnahagslegu rökin kynnu að vera fyrir hendi. Ég þekki það ekki jafn vel og hann vegna þess að ég hef ekkert kafað ofan í þetta og ég hef ekki reynt að halda fram rökum á þeim grundvelli. Ég hef heldur vísað til ákveðinnar alþjóðlegrar þróunar um stærð stofnanna og líka til alþjóðlegra samninga.

Hv. þingmaður sagði að það væru ekki fiskifræðileg rök fyrir því. Hann er sá þingmaður í þessum sal sem gerst ætti kannski að vita það fyrir utan náttúrlega hæstv. landbúnaðarráðherra. Þó er það þannig að sérstakt straumkerfi var áður á Íslandi fyrir stórlaxa. Stórlaxastofnarnir hafa verið á miklu örara undanhaldi en smávaxnari laxastofnar. Veiðimálastofnun hefur bent á það margsinnis að ástand stórlaxastofna hérlendis sé orðið uggvænlegt þannig að það er alveg ljóst að fiskifræðileg rök hljóta að vera fyrir því að grípa til allra ráða til að koma í veg fyrir að stórlaxinum okkar, sem sums staðar hefur verið einkenni heilla héraða, verði útrýmt. En það liggur við borð núna og er ekki langt síðan það var sérstakt umfjöllunarefni í fjölmiðlum.

Að lokum, frú forseti: Ég er hugsjónamaður á þessu sviði. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að stefna að því að leggja netaveiðar af. Hvort það gerist hratt eða með einhvers konar samningaþófi — ég vil bara að það verði gert í fyllingu tímans.

[20:40]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. Eins og komið hefur fram er því ætlað að leysa af hólmi lög um sama efni frá árinu 1970 og samhliða eru lögð fram frumvörp um eldi vatnafiska, fisksjúkdóma, Veiðimálastofnun og fiskrækt. Það hefði sennilega verið æskilegra að leggja líka fram frumvarp sérstaklega um Fiskræktarsjóð.

Mest hefur verið rætt um 27. gr. lagafrumvarpsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í straumvatni má við veiðar aðeins nota færi, stöng, lagnet og króknet.“

Ég held að það hafi ekki komið neinum á óvart að þetta skyldi verða aðalumræðuefni í dag varðandi þetta lagafrumvarp, þ.e. hvort áfram eigi að leyfa netaveiði í straumvatni eða í ám. Samkvæmt lagafrumvarpinu verður það leyft áfram. Það kom fram í andsvörum fyrr í dag að breytingartillaga muni koma frá stjórnarþingmanni í landbúnaðarnefnd þess efnis að banna netaveiði í straumvatni.

Það er nauðsynlegt, frú forseti, að skoða alla kosti og galla þeirra breytinga og í því sambandi brýnt að kalla til fulltrúa þeirra hagsmunaaðila sem þar koma að máli og þá sérstaklega forsvarsmenn Landssambands stangveiðifélaga. Það kom fram í máli hæstv. landbúnaðarráðherra að þau samtök hefðu haft greiðan aðgang að frumvarpsdrögunum á netinu en ég held því enn fram að eðlilegra hefði verið að kalla fulltrúa þeirra sérstaklega til, þ.e hafa þau með í ráðum við samningu frumvarpsins.

Aðalatriðið er að þessi stóru hagsmunasamtök, sem ég nefndi áðan, fái greiðan aðgang að landbúnaðarnefnd til að rökræða sitt sjónarmið þó ekki væri nema til að tryggja að öll sjónarmið komi fram til að reyna að ná einhverri lendingu í þessu máli og skapa frið. Það hefur verið nefnt margoft að menn hafa hreinlega staðið í deilum varðandi netaveiði í straumvatni og svo sannarlega mælir margt með því að net verði tekin upp. Ég tel að þingmenn ættu að lesa vel og vandlega greinargerð sem Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands gerði í mars 2004 og var komið nokkuð vel inn á í ræðu fyrr í dag en greinargerðin ber heitið Efnahagslegur ávinningur af aukinni fiskgengd á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár.

Í 1. gr. frumvarpsins, um markmið laganna, er m.a. talað um hagkvæmni. Margir hafa bent á að meiri hagkvæmni væri fólgin í því að netaveiðar yrðu hreinlega bannaðar í straumvatni. Eðlilega eru þau stangveiðifélög sem koma að ám lítt spennt fyrir því að rækta sérstaklega upp t.d. efri hluta áa, þar sem möguleikar eru til slíks, ef net verða síðan lögð neðar og fiskurinn úr fiskræktinni veiddur þar. Það hefur komið fram í máli manna í dag og kemur fram í þessari greinargerð að mun hærra verð fæst fyrir laxinn ef hann er veiddur á stöng heldur en ef hann er veiddur í net. Stangveiðinni fylgir að auki atvinnuskapandi starfsemi, fleiri veiðihús, veiðimenn, leiðsögumenn og ýmislegt fleira.

Það er alla vega á hreinu, frú forseti, að það þarf að skoða þetta mál gaumgæfilega. Eins og bent var á áðan er það röksemd fyrir því að þrengja að netaveiði eða banna hana jafnvel hvernig ástand stórlaxastofnanna er hérlendis sem að miklu leyti virðast enda líf sitt í netum.

Minnst hefur verið á að hægt sé að fara þá leið, eins og gert var í Borgarfirði, að gera samninga við netabændur eða landeigendur og menn hafa líka velt fyrir sér í dag hvort þeir samningar haldi. Það hefur borist okkur til eyrna að þessir samningar eru til misjafnlega langs tíma og jafnvel allt niður í eitt ár. Menn vita þá að sjálfsögðu ekki hvað verður næst. Í því tilfelli er ekki vænlegt, eins og menn hafa velt fyrir sér, t.d. á Suðurlandi, að fara út í mikla fiskrækt til að auka laxagengd í ánum til að bæta í stangveiði. Það er ekki mikill hvati til að fara út í slíkar aðgerðir ef menn eru ekki öruggir með að hægt sé að endurnýja gerða samninga eftir eitt ár eða fimm ár. Ég ítreka að í umræðum um þetta frumvarp þarf að fara mjög vandlega yfir þessa hluti í sambandi við netaveiðina.

[20:48]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er athyglisvert að röksemdir þeirra hv. þingmanna sem hafa talað hér sem mest gegn netaveiði í straumvötnum styðjast að mestu leyti við vatnasvæði einnar ár eða eitt vatnasvæði á Suðurlandi, þ.e. vatnasvæði Hvítár og Ölfusár. Það kemur fram í fylgiskjali við frumvarpið að árið 2003 veiddust rúmlega 3.000 laxar í net í þessum tveimur ám, Hvítá og Ölfusá, og það sama eða lítt meira, 3.600 laxar tæplega, í Þjórsá. En í öllum öðrum ám sem taldar eru upp á landinu er um minni háttar veiði að ræða, það sem næst kemur eru 400 laxar. Af þessum gögnum að dæma er aðeins um lítils háttar hagsmuni fyrir laxveiðimenn að ræða ef bannað verður að veiða í net á viðkomandi vatnasvæðum en hins vegar er, eins og ég kom að í fyrri ræðu minni, verið að taka réttinn af bændum til að veiða sér jafnvel í matinn nema þá á stöng sem oft er ógerlegt. Telur hv. þingmaður ekki að það beri að meta að einhverju þá heimild og þann rétt sem viðkomandi bændur hafa til að veiða sér til matar laxfiska úr straumvötnum sem renna í gegnum lönd þeirra, jafnframt því sem við höfum þann möguleika að semja um að netalagnir verði teknar upp þar sem stórir hagsmunir gætu verið í húfi fyrir laxveiðimenn?

[20:50]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var fyrst og fremst að tala um það í minni ræðu að ég vildi fá að sjá öll sjónarmið uppi á borðinu. Ég ræddi sérstaklega um vatnasvæði Ölfusár og Hvítár og nefndi Suðurlandið út af greinargerðinni um efnahagslegan ávinning sem er sérstaklega unnin um það svæði. En að veiða sér í matinn — það væri náttúrlega spurning út í hvers konar samninga yrði farið við bændur. Ég get ekki svarað þessari fyrirspurn öðruvísi.

Það sem vakti sérstaka athygli mína á þessu svæði var, eins og ég segi, hin mjög svo ítarlega greinargerð sem hefur verið unnin til að skoða efnahagslegan ávinning af því að banna netaveiðar í straumvatni og þá yrði sem sagt meira úr sjálfri stangveiðinni.

[20:51]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála hv. þingmanni í því að það er mjög nauðsynlegt að öll sjónarmið komi upp á borðið. Það er mjög nauðsynlegt en mér finnst varhugavert að túlka hagsmuni um land allt út frá þeim hugsanlegu hagsmunum sem kunna að vera fyrir hendi á Suðurlandi og mér finnst það hafa verið allt of áberandi í umræðunni. Það má segja að aðeins hafi verið nefnt eitt annað landsvæði, þ.e. á norðausturhorninu þar sem veiðiárnar í Vopnafirði eiga í hlut. Að öðru leyti hefur alltaf verið talað um Suðurlandið.

Þær ár sem taldar eru upp á bls. 92 í fylgiskjali með lagafrumvarpinu eru með frá 3 löxum upp í 408 og ein er með 272 laxa en allar hinar árnar eru talsvert undir 100 löxum á þessu ári sem skila sér á land í net. Á þessum svæðum öllum er því ekki um tiltakanlega mikla hagsmuni að ræða, virðist vera, í það minnsta þarf örugglega að koma upp mikið ræktunarstarf. Mín skoðun er sú að það geti verið vel þess virði að leggja í ræktunarstarf og þá með samtökum veiðibænda við þessar tilteknu ár en jafnframt verður þá líka að gæta að því að afraksturinn sé ekki hirtur upp í sjó eins og ég hef grun um að sé í vissum tilfellum.

[20:53]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til að koma upp í ræðustól og notfæra mér rétt minn til að halda seinni ræðu mína vegna þess að mig langar hreinlega til að reifa nokkrar staðreyndir varðandi netaveiði sem mér finnst alls ekki hafa komið nægilega vel fram í dag, staðreyndir úr skýrslum um niðurstöður okkar færustu vísindamanna varðandi þessa hluti.

Ég vil leyfa mér að benda á frumvarpið og greinargerð sem fylgir því á bls. 91 þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Eins og fram hefur komið hér á undan hefur netalögnum í ám og vötnum fækkað á síðustu árum og í kjölfarið hefur netaveiddum löxum fækkað. Árið 1978 veiddust til að mynda um 26.000 laxar í net, en árið 2003 aðeins um 7.500 laxar. Langstærstur hluti laxins veiðist í net sem lögð eru í Hvítá, Ölfusá og Þjórsá á Suðurlandi og samsvaraði netaveiðin í þessum ám um 88% heildarveiði ársins 2003“ — þ.e. heildarveiði netaveiddra laxa hér á Íslandi. Við erum ekki að tala um mjög svo marga laxa þannig lagað séð. Þetta er aðallega á þessu eina svæði á landinu.

„Helstu ástæðu þess að netaveiði á laxi hefur svo mjög dregist saman, einkum þó á laxi, má rekja til þeirra auknu vinsælda sem stangveiði nýtur sem heilsusamleg og gefandi afþreying. Nú má tvímælalaust telja stangveiði meðal þeirra íþrótta sem hvað flestir landsmenn stunda. Þessi aukni áhugi hefur brotist fram á sama tíma og verð á laxi til manneldis hefur lækkað vegna aukinnar samkeppni frá eldisfiski. Fyrir vikið hefur netaveiði dregist saman en stangveiði aukist, enda hefur það almennt sýnt sig að arður af veiði eykst ef stangveiði er aukin á kostnað netaveiði.

Frá árinu 1991 hafa t.d. eigendur stangveiðiréttinda á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði keypt upp rétt veiðimanna til að leggja net. Þetta hefur minnkað sókn og veiði á vatnasvæðinu og í kjölfarið hefur stangveiði í hliðarám aukist um 28–35%. Talið er að nú veiðist á stöng um 39–52% af þeim laxi sem áður var veiddur í net.“

Hér stendur sem sagt að reynslan frá Hvítá í Borgarfirði sýni að það er einungis hluti af þeim laxi sem veiddist áður í net sem mun veiðast á stöng ef netaveiðum verður hætt. Við getum því ekki komið hér og sagt: Það er verið að veiða í net um 4.000 laxa á ári í Þjórsá, Ölfusá og Hvítá, 4.000–5.000 laxa á ári kannski, og ef við hættum netaveiðum munu allir þessir laxar sjálfkrafa veiðast á stöng og verðmætaaukningin mun því verða alveg stórkostleg við það eitt að hætta netaveiðunum. Þetta er ekki svona einfalt og þetta kemur líka mjög vel fram í þeirri skýrslu sem Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson, tveir fiskifræðingar Veiðimálastofnunar, unnu og sú skýrsla kom út, eins og ég sagði áðan, árið 2004. Þeir leiða líkur að því að sennilega verði þetta hlutfall á umræddu vatnasvæði, þ.e. Ölfusá og Hvítá, mun lægra en í Hvítá í Borgarfirði, m.a. vegna þess að hluti af laxinum í Ölfusá og Hvítá gengur aldrei í bergvatn en hrygnir í jökulvatninu.

Mér finnst að menn hafi með málflutningi sínum í dag

gert allt of mikið úr þessu, lagt allt of mikla áherslu á þetta og séu í raun og veru að píska upp einhvers konar stemmningu í þessu máli án þess að það sé svo mikil innstæða fyrir því sem þeir eru að halda fram. Þó ég sé sjálfur þeirrar skoðunar að það sé á margan hátt rétt að leggja af þessar netaveiðar þá get ég hreinlega ekki tekið undir það að við eigum að setja lög sem taka þennan rétt af bændum. Við getum ekki gert það og ég er á móti því.

Komum síðan aðeins að fiskifræðilega þættinum. Ég er með fréttatilkynningu frá Veiðimálastofnun sem kom út 4. október sl. Þar stendur orðrétt:

„Fyrstu bráðabirgðatölur benda til þess að stangveiðin hafi verið um 53.500 laxar sem er um 7.600 löxum meiri veiði en var á árunum 2004 og 52,4% meiri en meðalveiði áranna 1974–2004. Stangveiði á laxi sumarið 2005 er sú mesta sem skráð hefur verið á stangveiði í íslenskum ám en fyrra met var 1978 þegar 52.679 laxar veiddust."

Virðulegi forseti. Laxveiðin í fyrrasumar var með öðrum orðum ein sú besta í sögunni. Mér hafa ekki borist fréttir af því að einhver sérstakur veiðibrestur hafi verið á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár. Ég hef ekki séð fréttir um það. Hins vegar er hér mjög eindregin fréttatilkynning frá Veiðimálastofnun um það að laxastofnanir á Íslandi séu hreinlega í stórsókn. Ég fæ ekki séð og get ekki tekið undir þau rök sem hafa verið notuð hér í dag að þessi tiltekna netaveiði á örfáum bæjum á Suðurlandi eigi að skipta einhverjum sköpum um vöxt og viðgang laxastofna hér á Íslandi. Ég get ómögulega komið auga á það. En það hljóta að vera einhverjir aðrir sem hafa séð það. Slík er ofuráherslan sem er lögð á að hér verði lögbann sett á netaveiði með ansi skrýtnum röksemdum og ansi óljósum hugmyndum um það hverjar afleiðingarnar yrðu.

Ég hygg að slíkt mundi skapa ríkinu stórkostlega skaðabótaskyldu, ekki bara á þessu svæði, þ.e. á svæði Ölfusár og Hvítár, heldur allt í kringum landið. Á þeim jörðum þar sem netaveiði hefur einhvern tíma verið stunduð munu menn vísa til þess að um sé að ræða forn réttindi sem hafi tilheyrt þessum jörðum og fyrst búið sé að setja á lögbann sem eigi að vara í einhvern ótiltekinn tíma, jafnvel um aldur og ævi, hljóti að verða að koma bætur fyrir og ríkisvaldið eigi að greiða þær bætur. Menn munu vitna í ákvæði stjórnarskrárinnar og annað þar fram eftir götunum og þetta mun leiða til þess að skapast mun mjög víðtæk skaðabótaskylda en ávinningurinn er óljós.

Ég veit ekki betur en þegar sé búið að leigja þennan rétt af bændum mjög víða, eins og til að mynda í Hvítá í Borgarfirði, til einhvers tíma. Ég hef svo sem ekki kynnt mér það í smáatriðum hvernig þeir samningar líta út en þar hafa menn a.m.k. hætt þessum veiðum. Þessar veiðar eru ekki mjög umfangsmiklar heldur á Suðurlandi, skila ekki það mörgum löxum, og þó að þessum veiðum yrði hætt er alls ekki sjálfgefið að þeir skili sér í stangveiðina. Vísindamenn hafa fært efnisleg rök fyrir því í sínum skýrslum að einungis hluti af þeim löxum sem áður veiddust í net mundu sjálfkrafa bíta á króka stangveiðimanna. Þannig er það.

Þegar við veltum svona hlutum fyrir okkur og tökum ákvarðanir hljótum við að verða að skoða og meta ískalt þau gögn sem við höfum fyrir framan okkur, þær rannsóknarniðurstöður sem liggja fyrir. Ég hef sjálfur verið mjög upptekinn af því að efla stangveiði hér á landi en ég er ekki reiðubúinn að efla þessa vinsælu tómstundaiðju með því að ganga freklega á rétt bænda. Ég er ekki reiðubúinn að gera það þannig að það muni leiða til þess að ég, sem einn af 63 þingmönnum sem fara með löggjafarvald í þessu landi, baki þar með ríkinu og öllum skattborgurum mikla skaðabótaskyldu þar sem stórar miklar fjárhæðir eru í húfi, allt fyrir mjög svo óljósan ávinning.

Við eigum að sjálfsögðu að nýta þessa fiskstofna og við getum eflt stangveiði á Íslandi en ég held að ef við ætlum að gera það sé miklu vænlegra að líta til annarra þátta en þess að ætla að setja hér í lög einhvern texta sem við vitum ekki hvert mun leiða okkur fyrir ávinning sem ég tel óljósan. Þegar öll kurl eru komin til grafar og við skoðum alla þætti málsins og þau efnislegu rök sem liggja fyrir frá vísindamönnum til að mynda, get ég ekki séð að við finnum nægа réttlætingu fyrir því að gera þetta.

Ég mun þar af leiðandi í starfi mínu í landbúnaðarnefnd mæla gegn því að hugmyndir um þennan tiltekna lagatexta varðandi altækt bann á netaveiðum á laxi í straumvatni nái fram að ganga og ég veit að svo er um aðra fulltrúa sem eiga sæti í landbúnaðarnefnd. Ég veit að fulltrúar stjórnarliðsins eru þar á meðal. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa talað fyrir því að setja þetta bann á, kemur úr hörðustu átt, en þegar upp er staðið hygg ég að þeir eigi sér ekki marga skoðanabræður, ekki einu sinni í sínum eigin þingflokki.

[21:03]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil við lok umræðu um þetta frumvarp þakka þá miklu og löngu umræðu sem hér hefur orðið, hún hefur verið málefnaleg og skýr. Menn hafa tekist á um grundvallaratriði og komið víða við. Um síðustu ræðuna, sem hv. þm. Magnús Þór flutti, vil ég segja að það að taka net upp með löggjöf — niðurstöður þeirra manna sem hafa samið þetta frumvarp, sem margir hverjir eru mjög þekktir lögmenn, fræðimenn og prófessorar, eru þær að það yrði mjög stórt bótamál sem sneri að eignarrétti jarða. Þegar ég rökstuddi mitt mál sagði ég eitthvað á þá leið að ég vildi leiðrétta þann misskilning að veiðiréttur í net byggðist á hefð. Hið rétta er að í íslenskri löggjöf hafa verið ákvæði um veiði allt frá stofnun Alþingis. Í Grágásarlögum þjóðveldisins kom meginregla landeigenda fram og ég taldi að hún hljóðaði eitthvað á þessa leið:

„Hver maður á veiði alla fugla og fiska í landi sínu."

Í Jónsbók var og svipað ákvæði og er þetta því mjög sterkur veiðiréttur. Það kom líka vel fram í máli hv. þingmanns að ef þetta yrði sett í löggjöf þá er ekki eingöngu um að ræða bótaréttinn gagnvart þeim fáu jörðum sem enn hafa ekki tekið netin upp og ekki nást samningar við heldur er einnig um að ræða allar þær veiðijarðir sem hafa með samningum tekið upp net sín. Veiðiréttur jarðarinnar er þá farinn og þá skipta þeir eigendur jarða í sjálfu sér engu máli um vatnsauðlindina á sínu svæði og þess vegna munu þeir gera ríkulegan bótarétt gagnvart sínum veiðirétti. Þetta er því átakamál sem ég held að menn eigi ekki að tala um af gáleysi. Menn verða að líta þennan rétt öðrum augum og átta sig á því að þingið verður að fara að sinni stjórnarskrá og virða hana.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom víðar við í ræðu sinni. Það er rétt sem hann sagði að við þurfum alltaf lög og reglur til að vernda stofna og skipa málum með ákveðnum hætti. Hann minntist á margt gott, hann hafði það í flimtingum að landbúnaðarráðherra þyrfti að útskýra það að vatnið rynni niður á við. Sem betur fer rennur nú vatnið ekki alltaf niður á við. Ef allt vatn rynni alltaf niður á við væri það löngu farið norður og niður. Sem betur fer fer helmingurinn af vatninu upp á við, það gufar upp og kemur svo aftur í skýjabólstrum og rignir til jarðarinnar þannig að vatnið leitar nú margra leiða en það fer yfirleitt auðveldustu leiðina og er magnaðasta efni sem við mennirnir og jörðin lifum af.

Það er rétt sem hv. þingmaður sagði um hlaup úr Hagavatni á Ölfusár- og Hvítársvæðinu, að það raskaði mjög því svæði gagnvart seiðabúskap og öðru og svæðið hefur í rauninni ekki beðið þess bætur síðan. Ég minnist þess að ég var við Hvítá á þeim árum að veiða og það er skelfilegasta sjón sem maður hefur séð, kolmórautt vatnið sem rann til sjávar, fiskurinn fór með löndum, særður á nefi og illa farinn, laxinn, breytti um göngur í ánni þannig að það er enginn vafi að þetta vatnasvæði hefur enn ekki náð sér eftir það mikla áfall sem þar varð.

Já, hæstv. forseti, eignarréttur bænda og nýtingarréttur er auðvitað það stærsta í þessu máli. Hv. þm. Pétur Blöndal hélt hér mikla ræðu. Ég var ekki sammála honum í öllu. Hann er mjög á móti því að vatnsaflsstöðvar verði að borga þau 3 prómill til Fiskræktarsjóðs sem verið hefur. Nú vill svo til t.d. að Fiskræktarsjóðurinn er þannig byggður að þar koma 3 prómill frá raforkunni. Af 13–14 milljarða veltu Landsvirkjunar borga þeir nú um 10 millj. kr. til þessa og bændurnir borga svo einnig í þennan sjóð af sinni veiði.

Nú vilja menn deila um hvort þetta sé skattur. Auðvitað er þetta ekkert skattur. Þetta er gjald til náttúrunnar sem, eins og ég sagði hér í dag, Norðmenn og Svíar hafa tekið upp og margir fleiri. Hver er munurinn á gjaldi og skatti? Skattur er framlag til ríkisins, gjald er t.d. félagsgjald, greiðsla o.s.frv. Íslensk málstöð skilgreinir greiðslu Landsvirkjunar í Fiskræktarsjóð sem gjald og auðvitað er það gjald til náttúrunnar. Svo geta menn deilt um það t.d. að þeir greiða af Blönduvirkjun eða Kárahnjúkavirkjun og menn segja: Það var engu fórnað þar. En þá er þetta heildargjald sem ekki er hátt. Stundum er miklu fórnað, stundum er minna fórnað þannig að þetta er jafnaðargjald sem fellur á og er, eins og allir sjá, sanngjarnt gjald og lítið gjald og kemur til náttúrunnar. Mér finnst að þeir sem sannarlega hafa — eins og gerst hefur við okkar virkjanir, okkar breytingar á farvegum, við minntumst hér á urriðann í Þingvallavatni o.s.frv. — haft áhrif á þessar auðlindir, náttúruna, með gjörðum sínum greiði fyrir það gjald. Þess vegna held ég að við eigum ekki að deila um það heldur reyna að ná samkomulagi um þessi atriði.

Ég verð að segja fyrir mig að mér hefur fundist þessi umræða hér í dag mjög góð og sérstaklega er hún skemmtileg þegar menn tala frá hjarta sínu, línur skarast innan flokka og milli flokka og það hefur komið glöggt fram að það eru ólík sjónarmið innan flokkanna og varúðarsjónarmið hjá öðrum, svolítið áberandi úr öllum flokkum að menn vilja einhverjir taka netin upp með löggjöf en aðrir andmæla því. Ég held að ég verði að taka undir það sem hér kom fram í máli hv. þm., og sagði það reyndar í minni ræðu, Önnu Kristínar Gunnarsdóttur að fleira væru gæði en peningar. Þar hittir hún naglann á höfuðið, það eru fleiri gæði til en peningar. Sannleikurinn er sá að það eru tilfinningar í kringum þetta sem ráða miklu, hefðir, fólk sem lítur á þennan rétt sem auðlind fyrir sig af því að það hefur verið stundað í aldir með þessum hætti. Sem betur fer eru ekki allir, og það hefur komið fram hjá mörgum fleirum, sem sjá þetta bara út frá beinum peningum og segja: Þetta er reiknanlegt dæmi, það er enginn gróði af þessu o.s.frv. Þessi sjónarmið eiga öll rétt á sér hér í þessari umræðu.

Það hefur komið glöggt fram hjá hv. þingmönnum að stangveiðifélög þessa lands hafa flestar ár undir stangveiði. Þau hafa gert samninga við veiðifélög og jarðeigendur um allt land og hafa sem betur fer þessa auðlind, hafa staðið sig vel í því, stangveiðifélögin og einstaklingar sem hafa náð samningum um veiðiárnar, og þetta er dýrmæt eign jarðanna og landsbyggðarinnar sem líka skilar þjóðfélaginu mjög miklu. Ég held því að menn verði bara að una því að þar sem enn þá eru net þar verða menn að ná samningum, eins og ég gat um hér á þessu eina svæði sem ekki enn hefur verið samið um, Hvítár- og Ölfusársvæðinu, Þjórsársvæðinu, — þó er það svo að þegar ég horfi út um gluggann minn sé ég stangveiðimenn standa við ána og veiða á stöng. Svo sé ég handan árinnar netið í Kötlunni. Þess vegna er það svona alls staðar með ánni að mjög víða er stangveiði að taka við af netaveiðinni og það eru örfáar jarðir sem enn stunda þessa fornu netaveiði og menn líta á það sem sinn rétt og þeir verða að fá að semja um það eins og aðrir hafa gert.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki hér við lok umræðunnar að lengja hana frekar. Ég vil bara sérstaklega hér í lokin þakka fyrir mjög málefnalega umræðu sem hefur spannað mjög vítt svið hvað þessa auðlind varðar. Ég trúi því að þingið og hv. landbúnaðarnefnd muni vinna þetta mál mjög vel því að þetta er mikilvæg löggjöf. Ég hef lagt mörg ár í þessa vinnu með færustu mönnum og reynt að ná um hana samstöðu og að því hafa komið bæði hagsmunaaðilar og ekkert síður áhugamenn og áhugamannafélög sem hafa sent inn skriflegar athugasemdir við frumvarpið og á þeirra rök hefur verið hlustað. Ég hygg að þessi mál sem ég er hér að leggja fyrir þingið séu á margan hátt einstaklega vel unnin hvað það atriði varðar. Þess vegna vona ég að þau verði auðveldari í landbúnaðarnefndinni og að um þau muni nást fyrir rest mikil samstaða sem grundvallast á því að öll viljum við varðveita þá miklu auðlind sem laxveiðiárnar og veiðin á Íslandi er. Ég trúi því að sett verði mjög römm og góð heildarlöggjöf um lax- og silungsveiði á því þingi sem nú situr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi vatnafiska, 1. umr.

Stjfrv., 595. mál (heildarlög). — Þskj. 879.

[21:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi á þskj. 879, sem er 595. mál þessa þings, en um er að ræða frumvarp til laga um eldi vatnafiska. Frumvarp þetta er eitt fjögurra fylgifrumvarpa með frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði.

Ákvæði um fiskeldi, og að sínu leyti hafbeit, hafa verið í lögum um langa hríð. Ákvæði IX. kafla gildandi laga um lax- og silungsveiði eru að hluta grundvölluð á endurskoðun sem fram fór á árinu 1994, sbr. lög nr. 63/1994, en í meginatriðum er þó um endurskoðun að ræða sem fram fór á árinu 2001, sbr. lög nr. 83/2001. Með tilliti til þess hve skammur tími er liðinn frá þeirri endurskoðun þykja ekki efni til neinnar umbyltingar reglna IX. kafla gildandi laga. Að ósk stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva voru ákvæði um hafbeit tekin út úr frumvarpi þessu og er hafbeit nú skipað í frumvarp til laga um fiskrækt. Þess skal getið að nánast engar hafbeitarstöðvar eru nú starfandi og ekki fyrirsjáanlegt að til starfrækslu fleiri stöðva verði stofnað á komandi árum.

Í frumvarpinu eru í I. kafla ákvæði um markmið, gildissvið og skilgreiningar, í II. kafla er fjallað um stjórnsýslu samkvæmt lögum, í III. kafla eru ákvæði um skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis til fiskeldis. Þá eru í IV. kafla ákvæði um starfrækslu fiskeldisstöðva, í V. kafla er fjallað um niðurfellingu rekstrarleyfis. Loks eru í VI.–VIII. kafla ýmis almenn ákvæði.

Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar með frumvarpinu og athugasemda með því.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn fisksjúkdómum, 1. umr.

Stjfrv., 596. mál (heildarlög). — Þskj. 880.

[21:18]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi á þskj. 880, sem er 596. mál. Um er að ræða frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, en frumvarp þetta er eitt fjögurra fylgifrumvarpa með frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði.

Ákvæði um varnir gegn fisksjúkdómum komu fyrst inn í lög um lax- og silungsveiði með lögum nr. 53/1957. Allmiklar breytingar voru á þeim reglum gerðar með lögum nr. 76/1970, sem að stærstum hluta eru í óbreyttri mynd í lögunum, sbr. X. kafla laganna. Ekki eru með frumvarpi þessu fyrirhugaðar neinar verulegar efnisbreytingar á gildandi reglum.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um markmið, gildissvið, skilgreiningar og stjórnsýslu, í II. kafla er fjallað um innflutning á lifandi fiski og hrognum, í III. og IV. kafla er að finna almenn ákvæði. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar með frumvarpinu og athugasemda með því.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

[21:19]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var svo sem ekki margt sem ég ætlaði að koma inn á, vildi aðeins hægja á hæstv. ráðherra því að þetta var farið að ganga svo greitt, hann var kominn á skeið. Við fáum nú þessi frumvörp inn í landbúnaðarnefnd og þar gefst tækifæri til að skoða þau nánar.

Ég vildi aðeins minnast á samráðsnefndir sem verða settar, bæði samkvæmt þessu frumvarpi og einnig í því síðasta sem hæstv. ráðherra mælti fyrir. Tíndir eru til þeir sem eiga að koma þar að og vera til ráðgjafar. Ég hefði viljað sjá að sú menntastofnun sem hefur með fiskeldisnám og fiskeldisrannsóknir að gera ætti aðild að þessum nefndum, þ.e. Hólaskóli. Menn tala hér um Hafrannsóknastofnun og gott og vel með það, en Hafrannsóknastofnun kemur í raun inni ekkert að eldi á ferskvatnsfiski í sjálfu sér. Þetta heyrir í stjórnsýslu undir annað ráðuneyti, rannsóknir og ráðgjöf heyra undir allt aðrar stofnanir. Gott og vel, allt í lagi að leyfa Hafrannsóknastofnun að vera þarna með, ekki skal ég amast við því, en mér finnst eðlilegra að sú mennta- og rannsóknarstofnun sem hefur með þennan málaflokk að gera af hálfu landbúnaðarráðherra, sem er Hólaskóli, tilnefni fulltrúa í þessar nefndir, hvort heldur er varðandi fisksjúkdóma eða fiskeldi sem við töluðum um áðan.

[21:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef svo sem lítið um þetta að segja á þessu stigi. Þetta er frumvarpið eins og það hefur verið sett fram og þar er þessi stofnun tilnefnd. Hólaskóli vinnur auðvitað gríðarlega mikið starf í kringum ræktun og hefur unnið mjög gagnmerkt starf í kringum fiskeldi o.s.frv. þannig að það verður farið yfir þessa hugmynd í mínu ráðuneyti og svo auðvitað í nefndinni hér í vinnslunni.

[21:22]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil einungis bæta því við að ég tel að þetta sé líka stjórnsýslulega rétt. Það eru settar þarna inn í nefndir og ráð stofnanir sem ekkert koma í sjálfu sér að þessu. Mér finnst eðlilegast að Hólaskóli, sem er með fiskeldismálin, ferskvatnsfiskeldismálin og reyndar líka að stórum hluta sjávareldismálin, eigi fulltrúa í þessum nefndum og ráðum. Við tökum þetta bara upp í landbúnaðarnefnd, frú forseti.

[21:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef hlýtt á erkibiskups boðskap og met hann mikils og við erum samherjar í því að vilja veg Hólaskóla sem mestan (Gripið fram í.) og treystum þeirri

stofnun afskaplega vel og Landbúnaðarháskólanum reyndar líka. Ég mun fara yfir þessa hugmynd og ræða hana í mínu ráðuneyti og ég veit að formaður landbúnaðarnefndar mun skoða þetta í nefndinni.

[21:24]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, eitt af þeim fimm frumvörpum sem liggja nú undir í tengslum við þá löggjöf sem á að taka við af gömlu lax- og silungsveiðilagabálknum.

Þegar ég skoða þetta frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum rifjast upp fyrir mér sú mikla umræða sem við áttum hér í þessum sal fyrir réttum tveimur árum þar sem deilt var um hvort hér ætti að færa í lög tilskipun, ef ég man rétt Evróputilskipun, í tengslum við innflutning á norskættuðum laxi. Í frumvarpinu sem hæstv. ráðherra mælti fyrir hér á undan, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska, rek ég augun í 19. grein. Þetta fær mig aðeins til að staldra við, þetta hangir jú allt saman.

Þetta er skaðabótagrein þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ef sannað þykir að missir eldisfisks úr fiskeldisstöð valdi tjóni á hagsmunum veiðiréttarhafa, sem verndar njóta samkvæmt lax- og silungsveiðilögum, skal viðkomandi rekstrarleyfishafi bæta tjónið á grundvelli mats skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði. Hið sama á við um tjón annarra þeirra sem hafbeit, fiskeldi eða fiskrækt stunda."

Þetta skaðabótaákvæði fær mig til að koma hér upp, staldra við og spyrja þeirrar spurningar hvort þetta ákvæði sé í raun og veru ekki með þeim hætti að það muni nánast ganga að fiskeldi dauðu hér á landi. Ef svo fer að eldisfiskur sleppur út, eins og til að mynda gerðist á Norðfirði í ágúst árið 2003, þar sem eitthvað um 3.000 eldislaxar sluppu út — ef við gefum okkar að svona lax væri sýktur til að mynda af einhverjum skæðum sjúkdómi, annaðhvort af sníkjudýrum eða bakteríusjúkdómi eða veirusjúkdómi, og mundi ganga upp í laxveiðiá og hugsanlega valda þar miklu tjóni, þá sýnist mér samkvæmt þeim ákvæðum sem koma fram hér að eldisstöðin væri skaðabótaskyld.

Við vitum að ef svona sjúkdómar fara að grassera í náttúrunni geta þeir orðið mjög skæðir. Við sjáum til að mynda dæmi um það frá reynslu Norðmanna þar sem bæði sníkjudýr en líka sjúkdómar hafa valdið miklum búsifjum í laxveiðiám, villtum laxastofnum, og það er talið öruggt að þetta hafi átt rætur að rekja til eldis, til fisks sem var í sjókvíaeldi. Við getum til að mynda talað um laxalús, sem hefur valdið Norðmönnum miklum skakkaföllum, en einnig um aðra sjúkdóma. Það hafa ítrekað borist fréttir af þessu í mörg ár, til að mynda frá Noregi, og þetta hefur farið mjög illa með villta stofna, eldislaxastofna í Noregi, valdið þar miklum hörmungum, erfiðleikum og miklu tjóni.

Ég veit þó ekki til þess, virðulegi forseti, að norskar eldisstöðvar hafi verið skaðabótaskyldar vegna þessa. Mig rekur ekki minni til þess að hafa séð neins staðar fréttir um það að norskt fiskeldi hafi nokkurn tíma verið dæmt til að greiða skaðabætur vegna þess að það hafi blossað upp sjúkdómar sem allir vita þó að hafa átt rætur að rekja til laxeldis og jafnvel verið sannað nánast í smáatriðum hvar smitið eða sníkjudýrið átti upptök sín.

Þessari hugsun sló niður hjá mér þegar ég var að lesa þessi frumvörp og mér þætti því vænt um að fá að heyra skýringar hjá hæstv. ráðherra varðandi þetta. Erum við ekki einmitt með þessum víðtæku bótaskilyrðum eða þessum lagatexta nánast að ganga að fiskeldi dauðu hér á landi? Ég hef nú verið einn af þeim sem hafa talað gegn sjókvíaeldi hér á Íslandi, ég tel að það sé á margan hátt mjög varasamt og skoðanir mínar hafa ekkert breyst í þeim efnum. Ég tel að villti laxinn sé miklu dýrmætari auðlind og við eigum að einbeita okkur að henni en láta þetta sjókvíaeldi í friði, það eru aðrar þjóðir sem geta gert það með miklu hagkvæmari hætti en við höfum gert. Látum Norðmenn og Færeyinga um sjókvíaeldið en hugum fyrst og fremst að okkar villtu laxastofnum, þeir eru miklu, miklu dýrmætari á allan hátt. En, eins og ég sagði áðan, þetta er mín spurning: Erum við ekki hér með að veita fiskeldinu rothögg?

[21:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur nú verið vitað hér í þinginu og um það verið sett löggjöf að fiskeldið býr hér við gríðarlega stranga löggjöf og strangar reglur, bæði út frá þeirri miklu auðlind sem minnst var á í máli hv. þingmanns, laxinum í laxveiðiánum, og ég minnist þess að sú löggjöf hefur vakið athygli víða um heim. Við lokuðum stórum svæðum landsins út frá þessum hagsmunum fyrir fiskeldi sem aldrei yrði leyft í nánd við þau vatnasvæði þar sem dýrmætasta auðlindin í laxinum er.

En hitt er alveg ljóst að um skaðabótaskylduna gilda auðvitað meginreglur í skaðabótarétti og eftir þeim ber að fara, þannig að í þessum starfsreglum sem fiskeldið býr auðvitað við þá tryggir það sig oft og hefur tryggt sig fyrir tjóni sem það getur valdið þriðja aðila o.s.frv. Gáleysi væri náttúrlega mjög alvarlegt en ég hygg að þeir sem hér hafa stundað fiskeldi, sem reyndar er nú því miður að dragast verulega saman, og þær tilraunir sem hafa verið gerðar hafa ekki gefið góða raun og margar aðrar ástæður reyndar komið til. Ég verð að segja fyrir mig að ég kaus það sem landbúnaðarráðherra að ef fiskeldið færi ofan í firðina, og þingið var því samála, þá yrði það mjög ströng löggjöf, strangar reglur, sem því yrðu settar til þess að vernda laxinn í laxveiðiánum.

[21:31]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sennilega er það rétt að hér hafi verið strangar reglur. Ég hygg að það megi kannski þakka að einhverju leyti miklu og góðu aðhaldi sem hæstv. landbúnaðarráðherra fékk á sínum tíma, ekki bara frá eigin samherjum í pólitík heldur líka stjórnarandstöðunni. Við skulum ekki gleyma því að það var mikill þrýstingur fyrir ekkert mörgum árum að fá að stunda sjókvíaeldi á laxi í fjörðum nánast allt umhverfis landið en sem betur fer tók ráðherra þá ákvörðun að banna eldi í sjókvíum mjög víða og fyrir það skal hann hafa fullan heiður í dag. Ég ætla ekki að draga neina (**Gripið fram í:** ... pungapróf núna?) fjöður yfir það. Kannski hefur þetta einmitt forðað okkur frá því að verða fyrir skakkaföllum af völdum sjúkdóma sem hefðu hugsanlega getað borist í okkar dýrmætu laxveiðiár frá eld-

isfiski sem hefði þá verið til að mynda í sjókvíum í grennd við mjög verðmætar laxveiðiár. Ég held nefnilega, og það endurspeglast kannski svolítið í umræðunni hér í dag og það er sennilega orðið mjög víðtækt í vitund landsmanna, að laxveiðiárnar okkar séu mjög dýrmæt auðlind. Það er alveg sama hvernig á það er litið, þetta er mjög dýrmæt auðlind. Þær miklu og góðu gleðifréttir sem við höfum fengið núna um að veiðin sé að stóraukast hlýtur náttúrlega að veita okkur stóraukin sóknarfæri.

Á sama tíma höfum við séð að fiskeldið, þessi önnur bylgja laxeldis, sjókvíaeldis, hér við land virðist vera að fara forgörðum. Ef ég á að vera alveg hreinskilinn ætla ég ekkert að gráta neitt yfir því. Eins og ég segi, þó að ég sé sjálfur háskólamenntaður fiskeldisfræðingur er ég andvígur sjókvíaeldi á laxi við strendur landsins. Ég verð að segja fyrir mína parta að ég er alveg sammála því að nú skuli vera sett í lög (Forseti hringir.) þessi skaðabótaákvæði sem ég hef hér vakið athygli á.

[21:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður þarf ekkert að vera hissa á því þó að landbúnaðarráðherra hlusti á stjórnarandstöðuna. Hún gegnir veigamiklu hlutverki og er fundvís á alla þá veikleika sem maður býr yfir og varar mann oft við hættum (Gripið fram í.) með hreinskilinni umræðu. Gagnrýni er öllum mikilvæg. Hún er mikilvæg í pólitík, að maður taki vel gagnrýni innan síns flokks, að ég tali ekki um gagnrýni pólitískra andstæðinga sem er mjög mikilvægt í allri stjórnmálaumræðu að eigi sér stað, málfrelsi. Auðvitað sjá betur augu en auga og stjórnarandstaðan hefur sambönd og þekkingu þannig að ég virði hana mikils og hef í störfum mínum oft hlustað á rök stjórnarandstæðinga, (Gripið fram í.) ekkert síður en samherjanna. Það er auðvitað rétt að virða það og þakka, eins og þá málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram í dag.

Ég tek undir með hv. þingmanni hvað það varðar að veiði á Íslandi er að aukast. Þessi auðlind okkar, laxveiðiárnar, er dýrmætari og dýrmætari með hverju árinu, bæði fyrir landsbyggðina, fyrir þjóðina og auðvitað eigendur jarðanna sem byggja þetta land. Það er mikilvægt að um það gildi góð löggjöf og réttlát þar sem þessi auðlind býr við þau góðu skilyrði að hún nýtist vel eigendum sínum. Hún nýtist líka vel sem þjóðarauður o.s.frv. Þetta vil ég allt saman að heppnist hér um leið og ég sé eftir fiskeldinu sem hv. þingmaður grætur ekki yfir. Það er ekki karlmannlegt að gráta að vísu en allar tilfinningar (Forseti hringir.) eiga rétt á sér.

[21:36]

Valdimar L. Friðriksson:

Herra forseti. Það er kannski rétt að taka fram í upphafi vegna síðustu orða að hér stendur einn úr hópi þeirra fiskeldisfræðinga sem gráta stöðu fiskeldis á Íslandi í dag. Ég hef trú á því að í framtíðinni muni stór hluti af matfiski verða framleiddur í fiskeldi. Sú vinna sem er í gangi í dag er nauðsynleg þróunarvinna fyrir fiskeldið í framtíðinni.

Ég var að velta svolitlu fyrir mér hér, herra forseti, varðandi stjórnsýslu. Við höfum verið að lesa þessi frumvörp saman og í 4. gr. í frumvarpi um eldi vatnafiska er sérstök nefnd sem kallast fiskeldisnefnd. Í henni eru fimm aðilar og þar á meðal einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva.

Er við förum yfir í frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum segir m.a. í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun laga um fiskrækt og laga um eldi vatnafiska.“

Í þeirri nefnd eru 10 fulltrúar, þar á meðal fulltrúi frá Landssambandi fiskeldisstöðva.

Í 4. gr. frumvarps um fisksjúkdóma, kafla um stjórnsýslu, er getið um fimm manna svokallaða fisksjúkdómanefnd en ég tek eftir að í henni á ekki aðild neinn frá Landssambandi fiskeldisstöðva. Ég er að velta fyrir mér hver ástæðan fyrir því sé og hvort ekki væri eðlilegra að í fisksjúkdómanefnd væri eðli máls samkvæmt jafnframt einn fulltrúi frá Landssambandi fiskeldisstöðva, auk þess að það sé einn frá rannsóknardeild fisksjúkdóma, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu frá Veiðimálastofnun og einn frá Fiskistofu og yfirdýralækni. (**Gripið fram í:** ... fjármálaráðuneytinu.) Annað var það ekki í bili, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðimálastofnun, 1. umr.

Stjfrv., 612. mál (heildarlög). — Þskj. 897.

[21:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 897, sem er 612. mál á þessu þingi, en um er að ræða frumvarp til laga um Veiðimálastofnun. Frumvarp þetta er eitt fjögurra fylgifrumvarpa með frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði og hef ég komið að umræðu um það fyrr í dag.

Með frumvarpi þessu er hlutverk stofnunarinnar betur skilgreint en áður var og það fært nær því sem það í raun og veru hefur verið síðustu árin. Í frumvarpinu er einnig gerð sú breyting að stjórn stofnunarinnar er lögð af en margsinnis hefur verið á það bent, m.a. af Ríkisendurskoðun, að stjórnsýslulega fari illa saman að hafa stjórn í ríkisstofnunum sem heyra undir beint boðvald ráðherra. Erfiðleikar geta skapast þegar slík stjórn og ráðherra vilja fara ólíkar leiðir. Í staðinn er lagt til að ráðgjafarnefnd verði stofnuð til að góð tengsl haldist við hagsmunaaðila þá sem stofnunin starfar með.

Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar með frumvarpinu og athugasemda með því.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

[21:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frumvarp til laga um Veiðimálastofnun kemur fyrir landbúnaðarnefnd og þar getum við farið ítarlega yfir einstaka þætti þess.

Ég vil að svo komnu máli spyrja hæstv. ráðherra um hlutverk Veiðimálastofnunar sem ég tel mjög mikilvægt, þetta eftirlitshlutverk og rannsóknarhlutverk og að safna grunngögnum um ferskvatn.

Það stendur í 1. lið 4. gr., með leyfi forseta, að hlutverk Veiðimálastofnunar sé m.a. „að afla með grunnrannsóknum alhliða þekkingar á nytjastofnum ferskvatns og lífríkis þeirra og miðla upplýsingum þar um".

Ég hef litið svo á að það þyrfti að safna upplýsingum um lífríki ferskvatna en ekki lífríki fiskanna eða nytjastofnanna þó að það sé mikilvægt líka. Ég hef litið svo á að hlutverk Veiðimálastofnunar væri einmitt að afla alhliða þekkingar, grunngagna um lífríki ferskvatns eða ferskvatna, hvort sem það eru ár eða vötn eða vatnasvæði. Ég árétta það. Einnig það mikla hlutverk sem ætti að koma þarna fram, rannsóknar- og eftirlitsskylda með líffræðilegum fjölbreytileika í lífríki ferskvatna. Við erum aðilar að samningi um varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika og það er einmitt í ferskvatninu sem það skiptir svo miklu máli að við fylgjumst nákvæmlega með líffræðilegum fjölbreytileika, hvort við skerðum hann með einhverjum aðgerðum okkar eins og við þekkjum.

[21:43]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ég geti á margan hátt tekið undir með hv. þingmanni og tel reyndar að í skilgreiningu með þessu frumvarpi séu öll þessi atriði inni.

Í 4. grein segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk Veiðimálastofnunar er:

1. að afla með grunnrannsóknum alhliða þekkingar á nytjastofnum ferskvatns og lífríkis þeirra og miðla upplýsingum þar um,

2. að hvetja til sjálfbærrar nýtingar ferskvatnsvistkerfa,

3. að treysta grunn vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu nytjastofna ferskvatna,

4. að treysta grunn vísindalegrar ráðgjafar í fiskrækt í ám og vötnum,

5. að rannsaka hvernig fiskeldi og fiskrækt megi best stunda í sátt við íslenska náttúru og villta stofna,

6. að veita ráðgjöf um lífríki áa og vatna í sambandi við framkvæmdir og mannvirkjagerð,

7. að stunda rannsóknir á eldi vatnalífvera,

8. að annast þróunarstarf og leiðbeiningar í veiðimálum og annarri nýtingu lífríkis ferskvatns,

9. að veita lögboðnar umsagnir,

10. að annast rannsóknir á einstökum ferskvatnsvistkerfum gegn gjaldi,

11. að stunda rannsóknir í sjó á nytjastofnum ferskvatns,

12. að annast aðrar rannsóknir og tengd verkefni sem ráðherra felur stofnuninni með reglugerð."

Þessari stofnun er falið með þessu frumvarpi gríðarlega mikið verkefni sem spannar óskaplega stórt vísindalegt svið hvað framtíðina varðar.

[21:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek afdráttarlaust undir orð hæstv. ráðherra um gríðarlega mikilvægt verksvið Veiðimálastofnunar hvað varðar rannsóknir og vöktun alls lífríkis sem lýtur að ferskvatni og að rannsóknir, vöktun og eftirlit fylgi líka lífverunum þó að þær dvelji um tíma í sjó.

Ég tel þetta mjög gott en vildi bara árétta þessar grunnlífríkisrannsóknir og gagnasöfnun sem mér finnst að mætti kannski koma enn þá sterkar fram, sérstaklega í 1. lið 4. gr. Þetta er þó meira til áréttingar en að okkur greini nokkuð á, okkur hæstv. ráðherra, í þeim efnum.

Þegar við lítum á þetta gríðarlega hlutverk Veiðimálastofnunar hvað varðar vöktun og rannsóknir á lífríkinu sem stöðugt auknar kröfur munu verða gerðar til, m.a. vegna aukinnar áherslu á umhverfismál sem verða enn meiri þegar næsta ríkisstjórn tekur við — þau hafa verið frekar slöpp í því í þessari ríkisstjórn nema helst hæstv. landbúnaðarráðherra sem hefur haldið þeim málum á lofti, aðrir síður — hef ég áhyggjur af fjárhag Veiðimálastofnunar. Ég minnist þess við fjárlagagerð í haust að við fengum mjög vel rökstuddar ábendingar og óskir frá forstöðumönnun Veiðimálastofnunar og frá landssamtökum veiðifélaga um að þar þyrfti verulega aukið fjármagn til að standa undir þessum kröfum og til að standa undir þessum mikilvægu verkefnum sem stofnunin hefur. Við því var ekki orðið (Forseti hringir.) heldur átti að skoða málið. Ég inni hæstv. ráðherra eftir því: Getið þið ekki tekið á þessum málum núna? Mér skilst að það sé mjög brýnt.

[21:48]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Við erum að ræða hér í dag fimm frumvörp sem tengjast veiðimálum í ferskvatni. Mér finnst aðferðafræðin við að búa þau til harla skrýtin. Að vísu hefur valinn hópur manna verið að störfum frá árinu 2001 og það hefur því tekið hálfan áratug að koma þessu í núverandi form.

Ég man ekki eftir því í minni 15 ára sögu á þingi að áður hafi verið farið með þessum hætti í lagasmíð. Ráðgjafar hæstv. ráðherra og sérfræðingar hans hafa kosið þá leið að fara með flatningshnífinn inn í gömlu lögin um lax- og silungsveiði, fletja þau út og úrbeina nánast alla hryggsúluna, skilja þó eftir tvo hryggjarliði. Það eru ákvæði í einum kafla laganna um Fiskræktarsjóð en að öðru leyti er hryggurinn hlutaður í þá fimm búta sem hér koma fram. Ég hef í sjálfu sér ekki athugasemdir við þessi fimm frumvörp sem hér eru eða eðli þeirra og inntak. Ég geri hins vegar sterkar athugasemdir við þessa aðferð sem skilur eftir eitthvert hræ sem er kallað eldri lax- og silungslög.

Af hverju er þetta gert, herra forseti? Jú, vegna þess að hæstv. landbúnaðaráðherra hefur ekki í fullu tré við hæstv. iðnaðarráðherra. Sú er ástæðan. Það er Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. iðnaðarráðherra, sem tekur hæstv. ráðherra eins og lítinn lambhrút að hausti og snýr hann niður. Þetta út af fyrir sig gæti verið sniðugt, enda kumrar í hæstv. landbúnaðarráðherra þar sem hann situr mér til vinstri handar. Það er samt ekkert mjög sniðugt þegar maður fer að skoða þetta út frá sjónarhóli löggjafans að átök millum tveggja hæstv. ráðherra leiði til þess að ráðist sé með þessum hætti

að lagabálki og hann snúinn svona í sundur eins og visin strá sem undin eru saman í hnút. Það finnst mér ekki jákvæð eða skemmtileg aðferð. Ég geri mér mætavel grein fyrir því að átök kunna að vera innan Framsóknarflokksins, í ráðherraliði hans, en ég spyr sjálfan mig og ætla ekki að óska eftir að forseti svari fyrir mig: Á það að koma niður á lagasetningunni? Á það að leiða til þess óskapnaðar sem við sjáum í þessu, fimm frumvörp sem eru tekin innan úr því gamla en það er látið liggja eftir í móunum eins og gamall og stór þorskur sem rekið hefur á fjöru og er viðfangsefni mýflugna og mávagers? Eftir liggja þessir tveir beinhraukar inni í roðinu sem eru Fiskræktarsjóðurinn, sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur ekki leyfi til að hrófla við af því að hæstv. viðskiptaráðherra setur honum stólinn fyrir dyrnar. Ég veit ekki hvort þetta er mjög til eftirbreytni fyrir unga þingmenn Framsóknarflokksins sem nú eru hugsanlega ekki að stíga sín alfyrstu skref en kannski sín fyrstu skref í áttina að því að reyna að reisa við Framsóknarflokkinn. Þetta finnst mér ekki gott fordæmi.

Þetta, herra forseti, er þó ekki það efni sem ég ætlaði að tala hér um. Ég ætlaði lítillega að drepa á skafanka sem mér finnst vera á frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun. Veiðimálastofnun er í senn sett upp í þessu frumvarpi sem rannsóknastofnun ríkisins en líka sem fyrirtæki á samkeppnismarkaði. Við verðum að hafa í huga að rannsóknarumhverfið hefur breyst mjög hratt á allra síðustu árum. Úr námi kemur ungt menntafólk sem hefur orðið sér úti um víðtæka menntun á margvíslegum sviðum, ekki síst raun- og lífvísinda. Þetta fólk er að reyna að hasla sér völl í atvinnulífinu. Eitt af því sem það tekur sér fyrir hendur er rannsóknir. Sem betur fer er rannsóknaflóran að verða miklu víðfeðmari og gróskumeiri en áður. Lífið og samfélagið er töluvert flóknara en það var fyrir 10–15 árum. Eins hafa öll þau rannsóknaverkefni sem verða til í tengslum við t.d. stóriðju og orkuvinnslu leitt til þess að skapast hefur þörf fyrir sérhæft menntafólk sem vinnur að slíkum rannsóknum utan stofnana. Jafnframt hafa verkefnin orðið auðvitað miklu meiri. Ég er þeirrar skoðunar að eiginlega ætti að skoða allar þessar rannsóknastofnanir ríkisins upp á nýtt. Ég hef ekki legið á þeirri skoðun minni þó að ég hafi kannski ekki hugsað hana alveg til þrautar að menn ættu að kanna mjög vel hvort ekki væri hægt að flytja mikið af verkefnum þessara rannsóknastofnana til ýmissa háskólastofnana sem við höfum víðs vegar um landið í dag. Sum þeirra sem beinlínis er hægt að segja að falli að hinu nýja samkeppnisumhverfi sem er í þessum geira atvinnulífsins á einfaldlega að láta vinna í gegnum útboð og skilgreind verkefni sem menn fá að taka að sér.

Ég tel sem sagt alls ekki sjálfgefið að allt það hlutverk sem hér er verið að binda í lög um Veiðimálastofnun eigi að vera hjá þeirri stofnun. Þetta er það sem ég vil almennt segja um verkefni stofnunarinnar og ég hef áður sagt að töluvert af þeirri grunnvinnu sem stofnunin vinnur ætti vel heima hjá t.d. menntastofnun eins og Hólaskóla. Ég ætla ekki að fjölyrða um það hér en mér þótti nokkuð sterk rök að því að Hólaskóli og tengsl hans, bæði við rannsóknir á ferskvatni og lífríki ferskvatns annars vegar og hins vegar fiskeldisrannsóknir, leiddu mig til þeirrar niðurstöðu að töluvert af þeim verkefnum sem eru hjá Veiðimálastofnun mætti allt eins vinna undir hatti hans, verði til að styrkja hann, byggðarlagið þar og hugsanlega líka rannsóknirnar.

Það sem ég vil þó sérstaklega finna að, eða lýsa efasemdum um, er 4. mgr. 5. gr. og 6. gr. sjálf. Í 6. gr. er sagt, með leyfi forseta:

„Veiðimálastofnun er heimilt að taka að sér rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði sínu fyrir einstaklinga, félög og stofnanir gegn endurgjaldi.

Þann hluta starfsemi Veiðimálastofnunar, sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði, þar sem stofnunin aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf og annarri þjónustu, skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins.“

Ég hef í fyrsta lagi stórar efasemdir um að lögbinda eigi með þessum hætti að ríkisstofnun skuli reka töluvert mikla starfsemi sem beinlínis er í lögum skilgreind á samkeppnismarkaði. Ég hélt, herra forseti sem hefur öðrum fremur í þessum sal bæði reynslu og þekkingu á samkeppnismálum, að þetta væri í algjörri andstöðu við þá þróun sem hér hefur orðið í samfélagi okkar varðandi starfsemi hins opinbera á samkeppnismarkaði. Við getum einungis hugsað okkur lítil rannsóknafyrirtæki sem hafa sprottið upp í kringum eintök verkefni ungra vísindamanna sem hafa komið heim frá námi og skoðað þau í samkeppni við niðurgreidda ríkisstofnun um verkefni sem þessi litlu fyrirtæki gætu sinnt, en er með engu móti hægt að segja að þau standi jafnfætis í samkeppninni.

Ástæðan er að sjálfsögðu sú að hér er um stofnun að ræða, herra forseti, sem samkvæmt öllum þeim frumvörpum sem hér hefur verið mælt fyrir í kvöld og á eftir að mæla fyrir, fimm talsins, er bundin til að gefa hæstv. landbúnaðarráðherra álit á ýmsu sem beinlínis getur varðað þessa samkeppni. Í fyrsta lagi er ekki hægt að segja við slíkar aðstæður að þessi litlu fyrirtæki búi við jafnræði á markaði. Í öðru lagi er með engu móti hægt að segja að hægt sé að reisa með þessum hætti einhvers konar brunaveggi milli þess hluta starfseminnar sem er rekin á viðskiptalegum grundvelli og hins vegar einhverju sem samkvæmt frumvarpinu er skilgreint að sé ekki á viðskiptalegum grundvelli. Í þriðja lagi er ég þeirrar skoðunar að í dag sé mjög erfitt að skilgreina grunnrannsóknir sem svo að þær tilheyri ekki lengur samkeppnisumhverfi. Ég held einfaldlega að hið vísindalega umhverfi sé að þróast með þeim hætti. Þess vegna er það niðurstaða mín að þessi grein sé algjörlega út í hött og standist ekki þær kröfur sem gerðar eru í öðrum lögum sem við höfum sett á síðustu árum til opinberra stofnana og jafnræðis á markaði.

Ég tel að þetta sé algjörlega í andstöðu við það sem við höfum reynt að setja hér inn í lög um að sá rekstur sem einkamarkaðurinn getur sinnt eigi ekki að standa í samkeppni við niðurgreiddar ríkisstofnanir. Það er aldrei hægt að greina þessa tvo hluta stofnunar, á meðan þeir eru innan sömu stofnunar, þannig í sundur að ekki sé hægt að halda því fram, og jafnvel sýna fram á það með rökum, að sá hluti sem ekki tengist því sem hér er skilgreint sem samkeppnismarkaður hafi ekki með einhverjum hætti áhrif á hinn hlutann sem stendur í samkeppninni.

Herra forseti. Hérna er í reynd um að ræða nákvæmlega sama dæmi, bara í örsmækkaðri mynd, og við nokkur gagn-

ryndum á sínum tíma varðandi Landssímann sem annars vegar stóð í samkeppnisrekstri og notaði fjármagn sitt til að kaupa upp fyrirtæki til að bjóða í verkefni og sinnti á hinn vænginn ýmiss konar þjónustu sem ekki var í samkeppnisumhverfi.

Þetta er nákvæmlega sama dæmið. Ég man ekki betur en að úrskurður hafi gengið um það í máli fiskifræðings sem oft hefur hér komið til tals, Jóns Kristjánssonar, þar sem einfaldlega var sýnt fram og felldur úrskurður um það að hann sem rak sitt litla fyrirtæki hafði ekki sama aðgang að markaði og upplýsingum og stofnunin. Menn töldu að það væri ekki við hæfi.

Ég gæti flutt frekari rök fyrir þessu, herra forseti. Ég held líka að síðasta málsgrein 5. gr. styrki ekki það sérkennilega fyrirkomulag sem hér er lagt til. Ég segi fyrir sjálfan mig, án þess að Samfylkingin hafi sem flokkur fyrir 1. umr. tekið einhverja afstöðu til þess, að ég hef verulega sterkar efasemdir um það. Ég er verulega efins um að þetta mál færi svona í gegn í nokkurri sátt, a.m.k. er ég ekki reiðubúinn til að greiða þessu máli atbeina minn á meðan þetta er svona.

Ég veit að ábyggilega eru margir ósammála mér um þetta en ég er þeirrar skoðunar að í vaxandi mæli sé það bara heppilegt og betra að ýmsum tegundum af rannsóknum sem í dag eru skilgreindar sem grunnrannsóknir, ég tala nú ekki um þær sem beinlínis má kalla samkeppnisrannsóknir, sé komið fyrir með þessum hætti.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, herra forseti, en ég hef hérna lagt fram rökstudda gagnrýni á þennan þátt frumvarpsins. Ég sætti mig einfaldlega ekki við að málum sé svona fyrir komið og að menn leggi fram frumvörp af þessu tagi. Mér þykja heldur litlar líkur á að þetta mál fari nokkru sinni í gegn á þessu vori nema þá að klifrað verði yfir þann þröskuld sem felst að minnsta kosti í mér.

[22:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það eru bara örfá atriði sem ég vildi koma hérna að frekar. Það er í fyrsta lagi í framhaldi af því sem ég kom að í andsvari við hæstv. ráðherra, ég tel mjög mikilvægt að saman séu komin undir eina stofnun þau verkefni sem upp eru talin í 4. gr. varðandi hlutverk Veiðimálastofnunar. Ég tel að í rauninni skorti svo mikið á varðandi gagnasöfnun, grunnrannsóknir á lífi og vistkerfi vatnafiska og ferskvatns, að það sé mjög brýnt að á því sé tekið heildstætt. Það er bara ekki sú staða sem við stöndum frammi fyrir heldur öll umræðan. Öll samfélagsumræða krefst þess að á þessum vistfræðilegu þáttum, þessum umhverfislegu, sé tekið af festu og ábyrgð, fyrst og fremst gagnvart almannaheill, gagnvart heill náttúrunnar og því að við umgöngumst þessi náttúruverðmæti og þessi gildi þannig að þau skili sér ekki síðri til framtíðarinnar.

Þess vegna er ég m.a. ekki sammála þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom hér inn á, um að það ætti að líta á þetta fyrst og fremst sem samkeppnisrekstur. Ég tel að þetta sé á engan hátt komið á það stig. Við erum engan veginn komin það langt í öflun grunngagna og vitneskju um þessa þætti að það sé rétt að setja það fram á þann hátt.

Auk þess, við svona lítil verksvið eins og við búum við hér á landi, eða takmarkaða möguleika hjá stofnunum til umsvifa, er mjög mikilvægt að stofnun eins og Veiðimálastofnun fái þessi verkefni, bæði þessi ríkisdrifnu eftirlits- og rannsóknaverkefni en líka að starfsmenn og stofnanir eigi möguleika á að sækja um rannsóknastyrki til ýmissa sérverkefna. (**DrH:** Einkavæða ...) Ekki aldeilis. Ég er bara mjög svekktur yfir þessu frammíkalli hv. formanns landbúnaðarnefndar. Ég trúi því ekki að hún ætli að gera þetta, að einkavæða Veiðimálastofnun. Ég held einmitt að ekki eigi að einkavæða hana. Við eigum að standa vörð um þessi verkefni, við eigum að standa vörð um hlutverk Veiðimálastofnunar eins og þau eru þarna lögð upp. Mér finnst það skynsamlegt og að stofnunin, starfsmennirnir, deildirnar úti um land sem skipta miklu máli, Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar í Skagafirði, á Hólum, í Borgarnesi og á Suðurlandi, skipti miklu máli, bæði í þeirri nærþjónustu og rannsóknum á sínu næsta umhverfi en líka sem öflugur rannsókna- og menntakjarni heima í héruðum sínum. Og það að geta bæði veitt ráðgjöf og stundað rannsóknir, þótt í samkeppni sé, er afar mikilvægt fyrir bæði þá einstaklinga sem starfa og stofnunina í heild.

Ég vil ítreka samt áhyggjur mínar af fjármagni af hálfu hins opinbera til þessara miklu verkefna. Ég ítreka jafnframt að við fjárlagagerð síðasta haust komu fulltrúar Veiðimálastofnunar og Landssambands veiðifélaga til landbúnaðarnefndar og fjárlaganefndar og gerðu grein fyrir því að það vantaði verulega fjármagn til að standa undir og reka afar brýn rannsókna- og eftirlitsverkefni og einnig almenna starfsemi stofnunarinnar. Við afgreiðslu fjárlaga í haust ákvað meiri hlutinn að láta þessi mál ganga fyrir sig þannig að stofnunin fengi ekki nauðsynlega úrlausn á fjárþörf sinni miðað við þau skyldu- og lögboðnu verkefni sem henni bar, og ber, að sinna vegna þess að þessi mál væru í frekari skoðun. Nú fer að styttast í mitt næsta ár og ekki hafa komið neinar úrlausnir eða tillögur um það hvernig stofnunin eigi að axla þessi verkefni sín fjárhagslega. Það er mjög miður og ég spyr því hæstv. landbúnaðarráðherra: Hvað líður því að koma til móts við fjárþörf Veiðimálastofnunar sem lá mjög ljós fyrir í haust? Okkur var kynnt hún bæði í landbúnaðarnefnd og fjárlaganefnd og er afar brýnt að tekið sé á henni. Það er mjög brýnt að þessi stofnun geti sinnt rannsókna-, eftirlits- og þjónustuverkefnum á þessu gríðarlega mikilvæga sviði á fullnægjandi hátt. Við vorum hér í umræðu fyrr í dag að tala um miklar tekjur og tekjumöguleika af lax- og silungsveiði, upp á milljarða króna og gátum vænst þess að þær gætu aukist enn. En það gerist ekki nema því sé fylgt eftir með öflugum rannsókna-, þróunar- og eftirlitsstörfum og þá er það Veiðimálastofnun sem hefur það verkefni.

Ég ítreka stöðu þessara mála. Það var ljóst í haust að þarna vantaði verulega fjármagn og ég spyr hæstv. ráðherra hvenær sé að vænta úrlausna fyrir Veiðimálastofnun þannig að hún geti í raun axlað þá gríðarlega miklu og mikilvægu ábyrgð sem þessi lög leggja henni á herðar.

[22:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason spyr um fjárhag

Veiðimálastofnunar. Sú umræða er auðvitað ekki hér í gangi því að hún fór fram undir fjárlagaumræðu í haust. Ég get samt upplýst hv. þingmann um að Veiðimálastofnun á vissulega í erfiðleikum, verkefni hafa því miður minnkað og þar hefur hlaðist upp talsverður fjárhagsvandi. Það er verið að fara yfir hann í landbúnaðarráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu með Veiðimálastofnun og ég vona að það skýrist innan tíðar. Ég get ekki meira um þetta sagt á þessari stundu, hv. þingmaður, en tek undir ræðu hv. þingmanns um mikilvægi stofnunarinnar og hið stóra hlutverk sem hún gegnir hér til að fylgjast með náttúru þessa lands og þeirri dýrmætu auðlind sem lax- og silungsveiði er.

[22:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála hæstv. ráðherra um að verkefni stofnunarinnar hafi dregist saman. Það sem hefur gerst er að ýmsum sérgreindum verkefnum sem hefur verið greitt sérstaklega fyrir hefur kannski tímabundið fækkað. Þetta sýnir hversu hættulegt það er að svona mikilvægar rannsókna- og eftirlitsstofnanir séu háðar fjármögnun einstakra tímabundinna verkefna. Ég er þeirrar skoðunar að ef eitthvað er hafi hlutverk, verkefni og þörf fyrir krafta Veiðimálastofnunar aukist, og muni aukast frekar. Það er þess vegna ekki rétt að verkefni hennar sem slíkrar hafi minnkað, eða þörfin, þó svo að einstökum verkefnum sem hún hafi fengið greitt fyrir hafi fækkað einmitt nú, sem betur fer út af því að verið er að draga saman þessar stórvatnsaflsvirkjanir.

Þá komum við líka aftur að því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á og við höfum rætt fyrr í dag, að það voru greiðslur í Fiskræktarsjóð sem þessar vatnsaflsvirkjanir og aðrar sem höfðu nýtingu af vatninu áttu að greiða í hann til að standa undir og byggja upp grunnrannsóknir og þekkingu á þessu sviði varðandi lífríki vatnanna. Þar skortir töluvert á að því sé fylgt eftir eins og var kannski upprunalega gert ráð fyrir og hefur verið gert ráð fyrir lengst af í tekjugrunni Veiðimálastofnunar.

Þó að ráðherra geti ekki fylgt þeim lögum eftir um greiðslur í Fiskræktarsjóð eins og til var stofnað má það ekki bitna á stofnuninni eins og það gerir núna þannig að hún fái ekki það fjármagn sem hún þarf vegna þess að þarna sé (Forseti hringir.) torvelt að framkvæma gildandi lög um Fiskræktarsjóð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fiskrækt, 1. umr.

Stjfrv., 613. mál (heildarlög). — Þskj. 898.

[22:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 898 sem er 613. mál. Um er að ræða frumvarp til laga um fiskrækt. Frumvarp þetta er eitt fjögurra fylgifrumvarpa með frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði.

Ákvæði um fiskrækt eru nú að meginstefnu til á tveimur stöðum í gildandi lögum. Í fyrsta lagi eru ítarleg ákvæði um fiskræktaráætlun í 23. gr. lax- og silungsveiðilaga og í öðru lagi eru ákvæði um Fiskræktarsjóð í XIV. kafla laganna. Í frumvarpinu er fyrrgreindum reglum komið fyrir í II. og III. kafla, en reglum um Fiskræktarsjóð í VI. kafla frumvarpsins.

Í frumvarpinu er í I. kafla fjallað um markmið og gildissvið, í II. kafla er grein gerð fyrir fiskræktaráætlun, í III. kafla eru almenn ákvæði um fiskrækt. Þá eru í IV. kafla ákvæði um hafbeit, í V. kafla ákvæði um gildistöku, nafnabreytingu eldri lax- og silungsveiðilaga sem og ákvæði til bráðabirgða.

Hæstv. forseti. Það hefur verið ljóst hér, bæði á þessu þingi og því síðasta, að skiptar skoðanir eru um það hvernig staðið skuli að greiðslu gjalds í Fiskræktarsjóð. Í frumvarpi þessu birtist sú málamiðlun að gert er ráð fyrir því að ákvæði eldri laga um lax- og silungsveiði standi óhögguð að sinni. Ég get auðvitað sagt hér, hæstv. forseti, að ég er tiltölulega sáttur við þá niðurstöðu. Hún mun skila Fiskræktarsjóði á næstu árum verulega auknum tekjum til rannsókna. Ég hef farið yfir það hér í dag að ég álít mjög sanngjarnt að virkjanir, orkuöflun, breytingar á árfarvegum, raskanir í náttúrunni — að þeir sem það fara með í þjóðfélaginu skili gjaldi sem nemur þessum þremur prómillum inn í Fiskræktarsjóð. Mér finnst sanngjarnt að það gjald falli náttúrunni til til vísindalegra starfa og til þess að styrkja þá auðlind sem lax- og silungsveiðin er.

Nú er gert ráð fyrir því að forsætisráðuneytið stýri starfi fulltrúa landbúnaðarráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins þar sem fjallað skal um það hvernig gjaldtökunni verði háttað í framtíðinni. Þar til slíku starfi er lokið verða ákvæði núverandi lax- og silungsveiðilaga um greiðslur til Fiskræktarsjóðs óbreytt. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar með frumvarpinu og athugasemda með því.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

[22:17]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hnýt um ákvæði til bráðabirgða sem er greint frá á bls. 5 í frumvarpinu þar sem talað er um að frá gildistöku laganna til ársins 2010 skuli starfa samráðsnefnd um framkvæmd þessara laga og síðan stóra lagabálksins um lax- og silungsveiði sem við töluðum um fyrr í dag, laganna um Veiðimálastofnun sem hæstv. ráðherra mælti fyrir áðan, laga um eldi vatnafiska og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Mér sýnist að þessi samráðsnefnd eigi einhvern veginn að sjá um, ef ég skil þetta rétt, að samkeyra öll þessi lög, tilkeyra vélina ef svo má segja og fá þetta dæmi allt saman til að ganga upp.

Að þessari nefnd eiga að koma átal aðilar, hvorki fleiri né færri en 10 fulltrúar úr hinum ýmsu áttum, veiðifélögin, stangveiðifélögin, fiskeldisstöðvarnar, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofa, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Allir þessir aðilar eiga að koma að þessu og síðan einn nefndarmaður sem er þá tilnefndur af hæstv. ráðherra sem um leið er formaður

nefndarinnar. Ég velti fyrir mér hvort hæstv. ráðherra hafi einhvern lúmskan grun um að þessi lög séu kannski ekki nógu góð þegar upp er staðið, að hann þurfi að hafa á ákveðinn varnagla og búa til eins konar björgunarsveit til að sjá til þess að ekki fari illa, að þetta fari ekki allt saman í hönk þegar kemur að framkvæmd allra þessara laga.

Ég veit það ekki, ég spyr bara og mér þætti vænt um að fá svar við því hjá hæstv. ráðherra. Gætum við jafnvel átt von á því, og væri hugsanlega skynsamlegt, að sett yrði inn einhvers konar endurskoðunarákvæði í öll þessi lög þannig að þau yrðu tekin til endurskoðunar eftir, segjum, tvö ár og þannig lagfærð ef með þyrfti?

[22:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég hef sagt hér fyrr í dag held ég að þessi löggjöf sé á margan hátt mjög vel undirbúin og mjög vel unnin. Í sjálfu sér er ég ekki hræddur við það en mönnum hefur samt þótt mikilvægt að þegar svona stór og mikilvæg löggjöf sem heldur utan um svo dýrmæta auðlind er í burðarliðnum sé skynsamlegt að hafa starfandi ákveðna samráðsnefnd, eins og ég fór yfir í dag, þar sem allir þeir aðilar sem hagsmuna eiga að gæta og að þessu koma komi saman og fylgist með hvernig löggjöfin virkar. Þetta er bara til upplýsinga og varðveislu á reynslunni og svo auðvitað til þess að grípa þá til þess að skoða ef ágallar koma í ljós, sem ég sé auðvitað enga fyrir.

Þetta er kannski á margan hátt nýnæmi í lagasetningu en málaflokkurinn er stór og vandmeðfarinn og margt í kringum hann er umdeilt þannig að ég held að það sé bara skynsamleg niðurstaða að hafa slíka samráðsnefnd starfandi núna um hríð.

[22:21]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég tek undir það, ég held að það sé á margan hátt mjög skynsamlegt og til fyrirmyndar að málum sé hagað með þessum hætti, að það sé þá einmitt einhvers konar nefnd eða ráð þar sem saman koma hagsmunaaðilar úr hinum ýmsu áttum, sérfræðingar og aðrir sem gætu haldið utan um einmitt framkvæmd þessara laga og fylgst með því hvort þar á séu einhverjir annmarkar, hvort eitthvað megi hugsanlega betur fara og þá hvort það yrði hugsanleg ástæða til þess að lögunum yrði breytt að einhverju leyti og þau lagfærð. Þetta er til fyrirmyndar, og þetta er nýmæli segir hæstv. ráðherra. Mér finnst að aðrir ráðherrar mættu fylgja þessu fordæmi í sínum störfum.

[22:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er verið að leggja fram frumvarp til laga um fiskrækt. Við vitum að það er starfandi Fiskræktarsjóður í landinu, hann hefur gegnt mikilvægu hlutverki. Við vitum líka um fullan hug hæstv. landbúnaðarráðherra til þess að breyta lögum um hann. Hér er lagt fram frumvarp þar sem ekki er minnst orði á Fiskræktarsjóð. Hæstv. ráðherra upplýsir að það sé vegna þess að skiptar skoðanir séu um hann.

Mig langar að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra: Milli um hverra eru skiptar skoðanir? Fólst svarið e.t.v. í því að hann laumaði því út úr sér undir lok ræðu sinnar að búið væri að setja niður sérstaka sáttanefnd undir forsæti hæstv. forsætisráðherra til að miðla málum á millum hans og hæstv. iðnaðarráðherra? Eru deilurnar í ráðherraliði Framsóknarflokksins farnar að há eðlilegu löggjafarstarfi af þeirra hálfu og okkar sem hér sitjum? Ég fæ ekki dregið aðra ályktun en þá að þeir úfar sem risið hafa millum ráðherra Framsóknarflokksins séu að komast á svo alvarlegt stig að hér þurfi að fara mjög óhefðbundnar leiðir við lagasetningu.

Hér leggur hæstv. ráðherra fram mörg lagafrumvörp sem hann býr til upp úr gömlu frumvarpi. Hann lætur það samt liggja lifandi enn þá þó að það geti varla lífsanda dregið. Eftir standa tvö ákvæði og þau eru um Fiskræktarsjóð. Ég hef aldrei séð svona undarlega vinnuaðferð við lagasetningu og frumvarpsgerð.

Það er hins vegar skiljanlegt í því ljósi að það er greinilegt að það er, a.m.k. í þessu máli, ekki talsamband á millum hæstv. viðskiptaráðherra og landbúnaðarráðherra. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Er hæstv. viðskiptaráðherra með þessu móti að verja stóriðjuna og Landsvirkjun gegn því að greiða lögmæt (Forseti hringir.) framlög til fiskræktar í landinu?

[22:24]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það liggur fyrir að hvað þessa gjaldtöku varðar eru um hana skiptar skoðanir eins og hér hefur reyndar komið fram fyrr. Ég hygg að Landsvirkjun hafi mjög barist gegn því að þurfa að borga þetta gjald til náttúrunnar og vilji að gjaldið færi af stóriðjunni sem mun koma til framkvæmda á árunum 2015–2020 og Landsvirkjun vilji heldur ekki að borgað sé af orkuöfluninni.

Landsvirkjun er auðvitað ekki með löggjafarvald. Hins vegar hefur ekki orðið niðurstaða þar sem samkomulag hefur náðst. Ég hef lýst því yfir að ég er auðvitað mjög sáttur við lögin eins og þau standa, að það séu þrjú prómill. Ég fer kannski á eftir betur yfir hvað það þýðir. En þetta snýr ekki bara að iðnaðarráðuneytinu, fjármálaráðuneytið kemur einnig þarna að, og eins og hv. þingmaður þekkir oft í slíkum deilum á milli ráðuneyta þar sem ekki næst niðurstaða er það forsætisráðuneytið sem stýrir vinnu til þess að ná saman um stefnumörkun sem þá verður lögð fyrir þingflokka og þingið á eftir. Sú leið er farin, eins og venja er til, að forsætisráðherra stýrir samstarfshópi þessara ráðuneyta þar sem ég auðvitað vonast til að sem allra fyrst náist niðurstaða í þessu deilumáli.

[22:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefði kannski verið eðlilegra að Framsóknarflokkurinn reyndi að greiða úr þessum vanda sínum og ágreiningi innan sinna eigin raða. Ég læt mér nú fátt finnast um það.

Hins vegar finnst mér ákaflega athyglisvert að hæstv. landbúnaðarráðherra lýsti því yfir rétt í þessu að hæstv. iðnaðarráðherra leggst gegn vilja hans í fiskræktarmálum vegna þess að hún gengur erinda stóriðjunnar í landinu.

Hún ver stóriðjuna gegn því að greiða það til náttúrunnar í landinu sem henni ber. Mér er eiginlega orða vant, ég er svo undrandi að heyra þetta, og heyra þetta upplýst frá fyrstu hendi af ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Ég gerði mér enga grein fyrir því að svo langt væri hæstv. iðnaðarráðherra leidd að hún væri farin að taka upp baráttu gegn sínum eigin félögum í ríkisstjórninni til að verja stóriðjuna í landinu. Mér hefur ekki sýnst ... (Forseti hringir.)

[22:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef í engu getið um í hverju deilurnar í sjálfu sér liggja. Þar verður hver að svara fyrir sig, en sitt sýnist hverjum í þessu efni. Einum finnst kannski þetta of hátt gjald, annar vill kannski taka gjaldið annars staðar og síðan koma kannski deilur um það hvers vegna vatnsaflsvirkjanir greiða þetta gjald en ekki virkjanir sem nota háhitann. Því er auðvitað til að svara að þeir komust að raun um það, vísindamennirnir, á 18. öld að fiskur lifir ekki í háhitavatni þannig að þetta snýr auðvitað ekkert að því.

Ég lýsi því yfir að ég vona að niðurstaða náist í þetta mikla hagsmunamál sem fyrst og það liggi fyrir. Ég er þeirrar skoðunar að stóriðjan og orkuöflunin eigi að borga gjald til náttúrunnar. Það er ekki hátt gjald, í dag eru það 10 millj. á ári af (Forseti hringir.) 13–14 milljarða veltu sem Landsvirkjun greiðir til Fiskræktarsjóðs.

[22:29]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef staðið í þeirri trú að fiskeldi sem fer fram á landi heyri undir landbúnaðarráðherra. Þegar ég las þetta frumvarp las ég það með þeim gleraugum og sé líka í skilgreiningunum að hér er fjallað um dýr sem ekki lifa eðlilega í fersku vatni, þ.e. krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð. Þegar ég les svo frumvarpið yfir sé ég að það er í rauninni aðeins talað um laxfiska og ég hef líka komist að því að í rauninni er verið að tala um að rækta upp ár og vötn með laxfiskum, ef ég hef skilið það rétt.

Mig langar að beina því til hæstv. ráðherra að ekki séu settar skilgreiningar inn í frumvörp þegar aldrei er minnst á það sem skilgreint er í frumvarpinu, en það er nákvæmlega það sem gert er hér, þ.e. það er bæði talað um eldisdýr og þar höfð með krabbadýr eða lindýr, eins og ég sagði áðan, og síðan er talað um lagardýr sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni. Við erum bara að tala um eldi laxfiska hér í þessu frumvarpi.

Hins vegar langar mig að spyrja ráðherrann hvað ráði því hvaða fisktegundir falli undir landbúnaðarráðuneyti og af hverju t.d. barri og lúða, sem hvort tveggja eru sjófiskar, falla ekki undir landbúnaðarráðuneytið heldur sjávarútvegsráðuneytið samkvæmt þessu frumvarpi og því frumvarpi sem við vorum að fjalla um áðan.

[22:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé nokkuð skýrt að barrinn og lúðan heyra undir nytjastofna sjávar og eru undir þeirri löggjöf. (**Gripið fram í:** Hvað með hornsíli sem lifa í ...?) Nú skal ég ekkert segja um það. En ég held að þetta sé samt sem áður þannig að inn í þetta getur auðvitað komið fleira en lax. Þetta er nokkuð opið hvað fiskræktina varðar þannig að fleira getur komið til í þessu en lax.

En undir landbúnaðarráðherra heyra sem sé fiskar og þau dýr sem lifa í ferskvatni.

[22:32]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu frumvarpi, frumvarpinu sjálfu, efnisgreinunum, er aðeins talað um laxfiska, þ.e. silung, lax, urriða, bleikju og annað sem þar undir fellur. Er ekkert nema gott um það að segja.

Mér finnst þetta í rauninni ágætisfrumvarp að undanskildu því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á áðan, að hér er ekki talað um Fiskræktarsjóð og þar með ekki bent á leiðir til að styðja við fiskræktina. Ég lýsi líka sérstakri ánægju með þann kafla sem fjallar um fiskræktaráætlanir.

Hins vegar vil ég líka lýsa þeirri skoðun minni að ég teldi eðlilegt að það fiskeldi sem fer fram á landi heyrði undir landbúnaðarráðherra, en skilgreindist ekki af því hvers konar vatni alið er í, hvort það er ferskvatn (Forseti hringir.) eða sjór.

[22:33]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa verið áhugaverðar umræður um þetta frumvarp til laga um fiskrækt og m.a. komið þar fram að í það vantar ákvæði um Fiskræktarsjóð sem eru þó til staðar í gömlu lögunum sem nú eiga svo að heita, um lax- og silungsveiði. Þar er heill kafli, XIV. kafli, um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar.

Eins og komið hefur fram virðast vera uppi einhverjar deilur um það hvernig tekjuöflun þessa sjóðs skuli háttað. Þetta leiddi til þess að það rifjaðist upp fyrir mér að hæstv. landbúnaðarráðherra mælti fyrir frumvarpi, að ég hygg veturinn 2003–2004, um tekjuöflun til Fiskræktarsjóðs. Mig rekur minni til þess að það frumvarp hafi farið í gegnum 1. umr., síðan inn í landbúnaðarnefnd og svo ekki söguna meir. Ég man eftir því að fram komu mjög harkaleg viðbrögð frá Landsvirkjun varðandi það frumvarp. Landsvirkjun var ekki sátt við að greiða í þennan sjóð. Ég man ekki alveg hvernig þetta var en ég hygg að þetta gefi allt saman tilefni til þess að landbúnaðarnefnd rifji það mál upp og skoði á nýjan leik um hvað það mál snerist á sínum tíma, þótt ekki væri nema til að fríska upp á minnið og skoða hvað hér er á ferðinni.

Það er á vissan hátt mjög athyglisvert að heyra að deilur virðast vera uppi innan ríkisstjórnarinnar um hvernig málefnum Fiskræktarsjóðs skuli háttað til framtíðar. Ég vil sjálfur lýsa því yfir að ég tel fyllilega eðlilegt að vatnsaflsvirkjanir í landinu greiði ákveðið hlutfall af tekjum sínum til fiskræktar og tek þar undir orð hæstv. landbúnaðarráðherra. Það er eðlilegt sanngirnismál að þessar virkjanir leggi í sjóð til að efla fiskrækt í landinu.

Það er oft þannig, virðulegi forseti, að einmitt virkjanaframkvæmdir hafa að einhverju leyti bitnað á möguleikum villtra fiskstofna til að halda sínu í ferskvatnsvistkerfum sem hafa verið virkjuð. Má tína til margar röksemdir til að

styðja það, kannski skýrasta og þá sem mér finnst alltaf sárust örlög Þingvallaurriðans sem ég hef oft rætt um hér áður. Steingrímsstöð í Sogi sem gerð var á sínum tíma eyðilagði að mjög stórum hluta möguleika þessa stórkostlega fiskstofns, urriðans í Þingvallavatni, til að tímgast. Ég hef sjálfur viðrað hugmyndir, og jafnvel verið með mál inni á þingi, um að þetta yrði lagfært, að Steingrímsstöð yrði breytt, stíflan fjarlægð þannig að urriðinn endurheimti riðstöðvar sínar til hrygninga og næði þannig vopnum sínum á nýjan leik. Ég hygg að einmitt þessi urriðastofn sé ákaflega merkilegur og mjög dýrmætur og ef Sogið yrði aftur fært til fyrri vegar mundi þar skapast stórkostleg náttúruauðlind sem gæfi af sér miklar tekjur. Þar endurynnum við á nýjan leik stærsta útfall af fersku vatni sem finnst á Íslandi. Þetta var stórkostleg náttúruperla áður en þessi virkjun var sett niður. Það er vel hægt að endurheimta þetta á nýjan leik og ef stíflan yrði fjarlægð yrði það dæmi um hvernig hægt er að fara út í það sem getum kallað afturkræfar virkjunarframkvæmdir. Stöðvarhúsið mætti síðan nota í eitthvað annað, til að mynda sem eins konar sýningarglugga fyrir lífríkið í Þingvallavatni og umhverfis vatnið, eins konar safn eða miðstöð fyrir ferðamenn til að kynna sér það stórkostlega náttúruundur sem vistkerfið Þingvallavatn er og Sogið þar með.

Þetta var smáútúrdúr, en þó ekki, við frumvarpið sem hér liggur fyrir. Um frumvarpið sjálft er kannski ekki nema gott eitt að segja. Þetta er síðasta frumvarpið í þessari miklu seríu af lagafrumvörpum sem hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir hér í dag. Við erum komin að lokum umræðunnar og ástæða til að fara að setja punktinn yfir i-ið.

Ég held að við gerum okkur öll grein fyrir að einmitt ferskvatnsfiskstofnar hér við land, lax- og silungsstofnar, bleikja og urriði, eru mjög mikilvæg og dýrmæt auðlind. Þetta skapar miklar tekjur, veltir miklum fjármunum og skapar einnig umtalsverða starfsemi. Tölur segja okkur að 55–65 þús. manns njóti árlega sportveiða sem er mjög vinsæl afþreying til upplyftingar og heilsubótar, bæði hjá innlendum og erlendum veiðimönnum. Þetta skapar vinnu og tekjur, ekki síst í tengslum við landbúnað og ferðaþjónustu.

Ég tel að við Íslendingar höfum verið ákaflega gæfusöm varðandi nýtingu þessarar auðlindar. Við tókum mjög snemma upp, eins og ég sagði í ræðu minni fyrr í kvöld, löggjöf sem var mjög framsýn og góð og hefur dugað vel, þ.e. gömlu lögin um lax- og silungsveiði, komum á fót þessu formi með veiðifélögum og tryggðum þannig að eigendur nýtingarréttarins fengju tekjur sem var þá réttlátlega skipt. Þannig hafa tekjurnar orðið eftir í hinum dreifðu byggðum landsins, öllum til hagsbóta.

Ég vil þó segja það, virðulegi forseti, af því að við erum hér að ræða frumvarp til laga um fiskrækt og hvernig staðið skuli að henni í framtíðinni, kannski einkum og sér í lagi varðandi það hvernig við ræktum veiðivötnin okkar með sleppingu seiða og öðru sem miðar að því að efla þessa fiskstofna til hagsbóta fyrir fólkið og hinar dreifðu byggðir í landinu, tel ég að þarna séu einmitt mörg vannýtt sóknarfæri. Ég tel að hægt sé að auka mjög tekjurnar, til að mynda í tengslum við veiði á silung.

Veiðimálastofnun hefur nánast árlega komið á fund til okkar í landbúnaðarnefnd og líka til fjárlaganefndar, að því er ég best veit, og bent á að færa megi góð rök fyrir að hægt sé að tvöfalda tekjurnar af silungsveiðum á næstu fimm árum og fjórfalda á næstu 10 árum með því að nýta bæði árnar og vötnin betur en við gerum núna. Þetta segir manni margt um það hvers konar ónýtt sóknarfæri liggja í þessari auðlind á Íslandi.

Ég hygg að vel heppnaðar ræktunaraðgerðir gætu skilað okkur þó nokkrum ávinningi umfram það sem við höfum náð nú þegar. Þarna vil ég um leið nota tækifærið til að benda á að hér hljóta rannsóknir að vera ákaflega mikilvægar. Mér fannst hálfleitt að heyra hjá hæstv. landbúnaðarráðherra áðan þegar hann sagði frá því að Veiðimálastofnun ætti við erfiðleika að etja nú um stundir vegna þess að fjárhagurinn væri ekki nógu góður. Ég vona að hægt verði að kippa því í lag. Ég vona líka að við munum í framtíðinni sjá auknar fjárveitingar til Veiðimálastofnunar og að farið verði í að vinna markvissar en gert hefur verið fram til þessa að rannsóknum varðandi fiskrækt.

Þess vegna hlýt ég að fagna því að hér er talað um að gerð verði fiskræktaráætlun sem nái til fimm ára í senn. Ég hygg að þarna geti verið þó nokkuð mikið að sækja til að auka verðmætin og tekjurnar af þessari mikilvægu auðlind. Ég hygg að margir hæfir menn og konur hafi þegar í dag mótaðar hugmyndir um hvað hægt sé að gera til að auka tekjurnar og þar af leiðandi verði ekki mjög vandasamt að koma svona fiskræktaráætlun saman og síðan vinna að henni. En að sjálfsögðu kostar þetta allt saman peninga og við hljótum að verða að tryggja að fjármagnið sé fyrir hendi.

Við getum séð fyrir okkur að hérna verði þá samstillt átak stjórnvalda og hagsmunaaðila, veiðiréttareigendur geti lagt eitthvað af mörkum. Veiðimenn, aðilar í ferðaþjónustu, aðrir hagsmunaaðilar, geta þá tekið fjárhagslegan þátt í að byggja frekar upp þessa mikilvægu auðlind, auka rannsóknir, hefja ræktunaraðgerðir, bæta aðgengi að veiðistöðum, bæta aðstöðuna fyrir veiðimenn, kynna veiðivötnin okkar betur, ekki síst fyrir erlendum ferðamönnum, bæta skráninguna á silungsveiðinni sem er náttúrlega mjög mikilvæg fyrir rannsóknir. Þar vil ég einmitt benda á að veiðidagbækurnar sem við höfum haldið í laxveiðiánum okkar um langan aldur eru á margan hátt alveg stórmerkileg heimild, m.a. mjög mikilvægur og merkur gagnagrunnur fyrir rannsóknir. Þessar bækur hafa verið haldnar í marga áratugi og þar er að finna mikinn fróðleik um veiðarnar, um fiskinn sem veiðist á hverjum tíma. Þarna geta líffræðingar dregið út mikla þekkingu. Þetta er einstakt að ég hygg í heiminum, að til sé jafnnákvæm skráning á afla og fiski þar sem fiskurinn hefur verið mældur og veginn, skráður til kyns og annað þess háttar, hvar hann hefur veiðst og fleiri þættir eru skráðir. Ég held að það sé alveg einstakt í heiminum að til sé jafngóð skráning hvað þessa þætti varðar í svo langan tíma og hér á Íslandi. Þetta er enn eitt atriðið sem segir manni hversu góð og framsýn gömlu lögin um lax- og silungsveiði voru á sínum tíma.

Virðulegi forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa mál mitt lengra. Þetta hefur á margan hátt verið góð og skemmtileg umræða hér í dag. Menn hafa komið víða við og bent hefur verið á margt áhugavert og hreyft við mörgu þótt ýmislegt hafi líka verið látið liggja, ef svo má segja, enda erum við

hér að ræða mjög umfangsmikinn og stóran lagabálk.

Ég vil svo segja að nú fara þessi frumvörp inn í landbúnaðarnefnd og þaðan út til umsagnar. Ég vil ljúka máli mínu á sama hátt og ég hóf það fyrr í dag og mælast til þess, og hér liggur ekkert annað en góður hugur að baki, að við förum okkur ekki of hratt í þeirri vinnu sem fram undan er, að við vöndum til verka. Ég hefði helst viljað sjá það þannig, virðulegi forseti, að við settum okkur það markmið að þessi fimm frumvörp sem við höfum talað um hér í dag yrðu ekki afgreidd héðan sem lög fyrr en við lok þessa árs þannig að landbúnaðarnefnd gæfist tími til að vinna að þessari lagasetningu í sumar og síðan í haust. Ég óttast að ef við förum í þetta verk núna, ef við flýtum okkur um of á þessum örfáu vikum sem eftir eru af þinginu, munum við kasta til hendinni og gera mistök, samþykkja lög sem kannski eru ekki nógu góð, gera mistök vegna tímaskorts.

Nú fer í hönd mjög annasamur tími hjá þingmönnum. Margar nefndir halda marga fundi. Það eru mörg frumvörp sem liggja fyrir og þurfa að fá afgreiðslu fyrir vorið. Ég hygg að þessi frumvörp hefðu mjög gott af því að bíða haustsins og fá þá vandaða og yfirvegaða umfjöllun í landbúnaðarnefnd og að við settum okkur það markmið, eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, að þessi frumvörp yrðu síðan að lögum fyrir næstu áramót. Þá getum við með góðri samvisku afgreitt nýja lagabálka um lax- og silungsveiði sem munu endast okkur næstu þrjá áratugina og gott betur, eins og gömlu lögin um lax- og silungsveiði frá sumrinu 1970.

[22:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram mikil og góð umræða um þessi frumvörp öll, nú síðast um fiskræktina. Vakið hefur athygli að menn hafa sest niður til að reyna að ná samstöðu um gjaldið til Fiskræktarsjóðs. Ég vil um það segja hér að gjaldið sem raforkuframleiðendum, Landsvirkjun, Rarik, Orkubúi Vestfjarða og Orkuveitu Reykjavíkur, ber að greiða í Fiskræktarsjóð er þrjú prómill af raforkusölu þeirrar raforku sem framleidd er af vatnsaflsvirkjunum. Á árinu 2005 greiddu raforkuframleiðendur 10,6 millj. kr. en hefðu í rauninni átt að greiða meira því að fyrir *einum 17–18 árum gerðu Fiskræktarsjóður og Landsvirkjun* samkomulag þar sem þessi upphæð var lækkuð og er nú í Fiskræktarsjóði verið að fara yfir þau mál.

Áætlaðar heildargreiðslur í sjóðinn frá raforkuframleiðendum eru um 34 millj. kr. á árinu 2008 þegar greiðslur fara að berast vegna raforkusölu frá Kárahnjúkavirkjun. Þá má gera ráð fyrir að greiðslur vegna eldri stórnotenda, Alcans, Járnblendifélagsins og Norðuráls, geti numið 16 millj. kr. á ári en núgildandi samningar renna út á árunum 2015–2020. Einnig greiða veiðiréttareigendur 2% af tekjum sínum í sjóðinn. Heildartekjur sjóðsins voru um 25 millj. kr. á árinu 2004. Þess vegna er ljóst að ef við náum samstöðu um óbreyttar greiðslur — ég er talsmaður þess, þrjú prómill áfram — verður þetta gríðarlega sterkur sjóður sem getur staðið vörð um náttúruna og lax- og silungsveiði, auðlindina okkar, sem ég tel mjög mikilvægt.

Ég get nefnt sem dæmi að veiðigjaldið í sjávarútvegi er gjald sem lagt er á auðlind og er nú kr. 1,99 á hvert þorskígildiskíló og skilar ríkissjóði um 700 millj. kr. á ári. Gjaldið rennur síðan m.a. til rannsókna í greininni. Fjármunir sem varið er til Fiskræktarsjóðs nýtast til rannsókna á náttúru og vatnafari, um 90% af ráðstöfunarfé sjóðsins er varið til rannsókna. Landsvirkjun hefur vissulega haldið því fram að ójafnræði sé á milli raforkuframleiðenda þar sem gufuaflsvirkjanir greiði ekki samsvarandi gjald. Gufuaflsvirkjanir valda ekki sambærilegri röskun á vatnafari og fiskgengd og vatnsaflsvirkjanir. Gjaldið sem raforkuframleiðendur greiða í Fiskræktarsjóð er mjög lágt og hefur ekki áhrif á rekstur viðkomandi fyrirtækja. Tekjur Landsvirkjunar voru um 13–14 milljarðar árið 2003. Í því samhengi virðist ekki sem 10 milljónir séu há greiðsla. Í þessu samhengi geta menn velt fyrir sér mögulegum tekjum af veiðileyfasölu, t.d. í Þingvallavatni, ef stóri urriðinn gengi í vatnið með sama hætti og gerðist fyrir virkjun.

Í þessu sambandi má einnig vekja athygli á að ekki væri óeðlilegt að gufuaflsvirkjanir greiddu samsvarandi gjald til rannsókna á háhitasvæðum landsins sem vissulega raskast með tilkomu virkjananna. Greiðsla vatnsaflsvirkjana til náttúrufræðirannsókna í Noregi og Svíþjóð er margfalt hærri *á framleidda orkueiningu en gerist hér á landi.*

Hver er munurinn á gjaldi og skatti? Skattur er framlag til ríkisins, gjald er t.d. félagsgjald, greiðsla. Íslensk málstöð skilgreinir greiðslu Landsvirkjunar í Fiskræktarsjóð sem gjald, enda er þetta ekkert annað en gjald til náttúrunnar fyrir þá áhættu sem tekin er þegar vatnafarvegum er breytt er menn fara í virkjanir sem hafa áhrif. Mér finnst þetta sanngjarnt gjald.

Það hefur auðvitað verið farið yfir þessi mál og hvaða þýðingu þau hafa. Við erum öll sammála um það hér í dag, *og það hefur komið fram í mörgum ágætum ræðum,* hvað við stöndum í rauninni vel með auðlind okkar. Veiðin hefur vaxið og auðlindin er dýrmætari en fyrr, þessi lax- og silungsveiðiauðlind. Víða um heim hafa búsvæði lífvera í ferskvatni minnkað og skaðast vegna framkvæmda og athafna mannsins. Laxfiskar eru viðkvæmir fyrir umhverfisbreytingum og hafa stofnar margra þeirra minnkað verulega eða horfið. Virkjanir í ám og vötnum skýra hluta af þessari röskun búsvæða. Víða um lönd hafa augu manna beinst að leiðum til að lágmarka neikvæð áhrif virkjana, bæði nýrra virkjana en einnig hafa verið gerðar endurbætur á eldri mannvirkjum til að minnka þann skaða sem þær ollu. Jafnvel hafa skaðlegar eldri virkjanir verið fjarlægðar.

Atlantshafslaxinn á í vök að verjast og mjög hefur gengið á stofna hans sem er auðvitað stórhættulegt fyrir heimsbyggðina alla. Útbreiðslusvæði hans hefur einnig minnkað. Staða stofna hér á landi er betri en víðast hvar erlendis, en ekki er sjálfgefið að svo verði áfram. Það hefur einnig gengið verulega á silungsstofna víða um heim. Þessu skulum við Íslendingar átta okkur á.

Víða um lönd eru sett ströng skilyrði í starfs- og rekstrarleyfi virkjana. Skilyrðin felast í aðgerðum til að lágmarka neikvæð áhrif, ýmiss konar mótvægisaðgerðum á áhrifasvæðum, vöktun á lífríki í fiskstofnum sem og greiðslum í fiskræktar- og rannsóknasjóði. Það er munur á milli landa hvernig þessu er háttað en víða í löndum í kringum okkur þurfa orkufyrirtækin að standa undir kostnaði vegna rannsókna og mótvægisaðgerða vegna orkuvinnslu í fallvötnum.

Við vitum að hér á landi hafa eigendur auðlinda, eigendur jarða, náð samningum við Landsvirkjun um mikilvæg og góð atriði sem skipta auðlindina máli.

Þetta er mjög stórt mál sem við höfum farið hér yfir í dag og auðvitað væri áhugavert fyrir hv. landbúnaðarnefnd að fara enn betur yfir þennan samanburð, hvernig nágrannaþjóðir og laxveiðiþjóðir hafa staðið að fiskræktarmálum sínum og hvaða kröfur eru gerðar til orkufyrirtækja með vatnsaflsstöðvar o.s.frv. Ég held að það sé mikilvægt verkefni landbúnaðarnefndar að fara yfir alla þá þætti. Ég vonast til að stjórnarflokkarnir nái sem fyrst saman um það verkefni sem nú hefur verið sett í gang og forsætisráðuneytið stýrir til þess að ná samkomulagi landbúnaðarráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins um hvernig gjaldtakan til Fiskræktarsjóðs verður áfram. Það hefur mikla þýðingu að sú stefna verði sem fyrst mótuð.

Ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram, ég trúi því að við séum að setja vandaða löggjöf sem þess vegna muni vara næstu 30 árin. Við erum hér í þýðingarmiklu verki um dýrmæta auðlind íslensku þjóðarinnar í dag.

Ég vil svo bara að lokum þakka þá prýðilegu og málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram um öll þessi frumvörp.

[22:56]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra hélt svo ágæta ræðu núna í lokin að maður fór að velta fyrir sér hvort hann væri nokkuð lengur í Framsóknarflokknum. Hann talaði um umhverfismál og um mikilvægi þess að rannsaka lífríkið og viðhalda því og talaði af miklum næmleika og innileika sem gladdi hjarta mitt. Ég hélt að þessar raddir væru algjörlega horfnar úr þessum flokki. Þetta speglast að vísu í þeim ummælum sem hæstv. ráðherra hafði hér um að við stæðum frammi fyrir því að iðnaðarráðherra gengi erinda stóriðjunnar og stóru vatnsaflsvirkjananna til að verja þær fyrir eðlilegri þátttöku í að leggja til rannsókna- og þróunarstarfs varðandi lífríki vatna.

Ég kom til að spyrja hæstv. ráðherra um þessa nefnd sem sett er undir hæstv. forsætisráðherra: Eru henni sett einhver tímamörk eða er þess að vænta að ekkert gerist fyrr en við erum laus við hina framsóknarráðherrana úr ríkisstjórninni og ríkisstjórnin er frá? Ég upplifi þessa umræðu, og hef upplifað hana þannig á undanförnum árum, að ekki sé að vænta í sjálfu sér mikillar stefnubreytingar í þessum málum, hvorki frá hæstv. iðnaðarráðherra né forsætisráðherra. Það er í rauninni landbúnaðarráðherra hér sem ber fána umhverfisins að því marki sem gert er af hálfu þessarar ríkisstjórnar.

Ég ítreka líka að í gegnum fjármagnið til þessa málaflokks ráðast málin (Forseti hringir.) og þar bendi ég á hinn mikla fjárhagsvanda Veiðimálastofnunar.

[22:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni hlý orð í minn garð. Já, það er mikið til af umhverfissjónarmiðum í Framsóknarflokknum og við elskum þetta land og náttúru þess. Það eru rík sjónarmið og Framsóknarflokkurinn var kannski fyrstur allra stjórnmálaflokka til þess að vekja athygli á náttúru þessa lands, meðferð hennar. Ég hygg að Eysteinn Jónsson hafi verið einna fyrstur og mikill forustumaður í náttúruverndarmálum á síðari hluta stjórnmálaferils síns. Ródd hans var sterk í Framsóknarflokknum og sem betur fer er hún enn sterk.

Framsóknarflokknum hefur verið núið því um nasir að hann hugsi einungis um ál og stóriðju. Það er bara alls ekki rétt. Það er lítill hluti af atvinnusköpun sem vissulega hefur sínar takmarkanir, og byggðarlögin gera kröfu um slík verkefni. Þar þurfum við að fara varlega. Viðhorfin hafa breyst í þjóðfélaginu, bæði innan Framsóknarflokksins og annars staðar. Nú dettur engum það í hug sem gert var fyrir 10 árum þegar menn ætluðu með línur frá Eyjabökkum allt suður á Keilisnes til að leiða rafmagnið í álver þar. Nú dettur engum þetta í hug þannig að sem betur fer eru náttúruverndar- og náttúrusjónarmiðin ríkari.

Þessar spurningar um að ná niðurstöðu í þetta mál snúa ekki bara að einhverri deilu á milli mín og hæstv. iðnaðarráðherra. Þarna að kemur auðvitað samstarfsflokkurinn, og sitt sýnist hverjum. Landsvirkjun hefur hér, eins og rakið hefur verið í dag, haft uppi viðhorf í þessu máli og viljað ná breytingum fram þannig að ég held að það sé mjög mikilvægt að við í stjórnarflokkunum — og þess vegna er gott að eiga samstöðu stjórnarandstöðunnar um málið — (Forseti hringir.) náum sem fyrst niðurstöðu hvað þetta varðar, hvernig Fiskræktarsjóðnum verður skipað til framtíðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 23:01.

---

90. FUNDUR

þriðjudaginn 21. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Kosning aðalmanns í landskjörstjórn í stað Ingibjargar Þorsteinsdóttur til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
3. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 607. mál, þskj. 891. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Eldi vatnafiska, stjfrv., 595. mál, þskj. 879. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Varnir gegn fisksjúkdómum, stjfrv., 596. mál, þskj. 880. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Veiðimálastofnun, stjfrv., 612. mál, þskj. 897. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Fiskrækt, stjfrv., 613. mál, þskj. 898. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Þjóðskrá og almannaskráning, stjfrv., 566. mál, þskj. 821. — 1. umr.

9. Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, stjfrv., 567. mál, þskj. 822. — 1. umr.

10. Þjóðlendur, stjfrv., 630. mál, þskj. 923. — 1. umr.

11. Lokafjárlög 2004, stjfrv., 575. mál, þskj. 833. — 1. umr.

12. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 622. mál, þskj. 915. — 1. umr.

13. Tekjuskattur, stjfrv., 623. mál, þskj. 916. — 1. umr.

14. Virðisaukaskattur, stjfrv., 624. mál, þskj. 917. — 1. umr.

15. Almenn hegningarlög o.fl., stjfrv., 619. mál, þskj. 905. — 1. umr.

16. Vegabréf, stjfrv., 615. mál, þskj. 900. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[13:33]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Að lokinni rannsókn kjörbréfs og atkvæðagreiðslu um 3.–7. dagskrármál fer fram umræða utan dagskrár um stöðu efnahagsmála. Málshefjandi er hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hæstv. forsætisráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:33]

Útbýting:

Flutningur verkefna í heilbrigðisþjónustu út á land, 648. mál, fsp. JEP, þskj. 955.

Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun, 549. mál, svar umhvrh., þskj. 952.

Kostnaður við hjúkrun aldraðra, 649. mál, fsp. JEP, þskj. 956.

Rannsókn kjörbréfs.

[13:33]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Sæunni Stefánsdóttur, 11. þm. Reykv. n., dags. 17. mars sl.:

„Þar sem ég get ekki lengur setið á Alþingi sem varamaður Guðjóns Ólafs Jónssonar, 11. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, vegna anna í starfi mínu óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Framsóknarflokksins í kjördæminu, Fanný Gunnarsdóttir kennari, taki sæti mitt á Alþingi sem varamaður Guðjóns Ólafs Jónssonar.“

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Fannýju Gunnarsdóttur sem er 2. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Reykv. n. Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund í hádeginu í dag til að fjalla um kjörbréfið.

[13:34]

Frsm. kjörbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Kjörbréfanefnd kom saman í dag og fór yfir kjörbréf Fannýjar Gunnarsdóttur, 3. varaþingmanns Framsóknarflokks í Reykv. n. sem landskjörstjórn gaf út 20. mars sl.

Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréf Fannýjar Gunnarsdóttur verði samþykkt.

[13:35]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Kjörbréfanefnd mælir einróma með samþykkt kjörbréfsins og telst það samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Fanný Gunnarsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Fanný Gunnarsdóttir, 11. þm. Reykv. n., undirritaði drengskaparheit um að að halda stjórnarskrána.]

[13:35]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Fanný Gunnarsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Kosning aðalmanns í landskjörstjórn í stað Ingibjargar Þorsteinsdóttur til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Lax- og silungsveiði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 607. mál (heildarlög). — Þskj. 891.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Eldi vatnafiska, frh. 1. umr.

Stjfrv., 595. mál (heildarlög). — Þskj. 879.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Varnir gegn fisksjúkdómum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 596. mál (heildarlög). — Þskj. 880.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Veiðimálastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 612. mál (heildarlög). — Þskj. 897.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Fiskrækt, frh. 1. umr.

Stjfrv., 613. mál (heildarlög). — Þskj. 898.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Staða efnahagsmála.

[13:39]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Mánudagurinn 13. september var erfiður dagur í íslensku efnahags- og fjármálalífi. Krónan féll, hlutabréf lækkuðu umtalsvert og álag á skuldabréf íslensku bankanna á alþjóðamarkaði hækkaði. Sem betur fer hefur fjármálakerfið heldur rétt úr kútnum aftur og bankarnir snúið vörn í sókn.

Fljótt á litið er ástæðan fyrir þessum hremmingum neikvæð umfjöllun um íslenska fjármálakerfið hjá erlendum greiningarfyrirtækjum og fjölmiðlum. Þá neikvæðni má a.m.k. að hluta til rekja til þess að ekki hefur verið nægilega virk og trúverðug upplýsingagjöf til markaðarins. Þar var bæði við bankana sjálfa að sakast en jafnframt við þær eftirlitsstofnanir sem eiga að fylgjast með fjármálastöðugleikanum, Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið. Mikilvægt er að þessar stofnanir framkvæmi álagsprófanir á bankakerfinu sem gefi raunsanna mynd af því hvernig þeir eru í stakk búnir til að takast á við umtalsverða gengislækkun, lækkun á hlutabréfamarkaði og hækkandi vexti á erlendum mörkuðum.

Ég gagnrýndi í upphafi síðustu viku að slíkar álagsprófanir hefðu ekki farið fram en sé nú á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að það hefur breytt reglum sínum í þessa veru, einmitt í upphafi síðustu viku, og segir jafnframt að útreikningar þess á áhrifum nýrra reglna sýni að viðskiptabankarnir þoli umtalsverða áraun án þess að eiginfjárhlutfall þeirra fari niður fyrir lögbundið 8% lágmark.

Bankarnir stóðust álagsprófið, en hvað með hagkerfið? Hin undirliggjandi ástæða þess sem gerðist 13. september er vantrú á íslenska efnahagskerfinu vegna mikils og viðvarandi viðskiptahalla sem náði áður óþekktum hæðum á síðasta ári og var 164 milljarðar kr. Þetta hefur leitt til gríðarlegrar skuldasöfnunar erlendis sem í fyllingu tímans leiðir yfirleitt til gengisfalls og aukinnar verðbólgu.

Tölurnar eru ógnvekjandi, virðulegur forseti. Skuldir þjóðarinnar hafa rokið upp úr öllu valdi síðustu ár. Þær voru 50% af landsframleiðslu árið 1997 en voru komnar í 294% í árslok 2005. Þegar lánshæfismat Fitch annars vegar og Standard & Poor's hins vegar fyrir íslenska ríkið er skoðað kemur í ljós að það er fernt sem þessi fyrirtæki hafa öðru fremur áhyggjur af. Í fyrsta lagi er gríðarleg skuldasöfnun þjóðarbúsins, í öðru lagi að of mikið sé lagt á peningamálastefnuna meðan ríkisfjármálin hafa setið hjá, í þriðja lagi of lítil upplýsingagjöf um samsetningu og áhættuvarnir erlendra skulda og í fjórða lagi of miklar væntingar, m.a. vegna stóriðjuframkvæmda.

Frá þessum greiningarfyrirtækjum koma setningar eins og þessi, virðulegi forseti, frá Standard & Poor's:

„Erlend fjármögnunarþörf hagkerfisins er ein sú mesta sem um getur meðal ríkja sem hafa lánshæfiseinkunn.“ Þeir segja líka:

„Vaxandi ójafnvægis gætir í þjóðarbúskapnum vegna hraðvaxandi innlendrar eftirspurnar sem knúin er áfram af væntingum neytenda og fyrirtækja vegna mikilla fjárfestinga í orkufrekum iðnaði og útlánaþenslu.“

Fitch segir, með leyfi forseta:

„Fitch gagnrýnir núverandi efnahagsstefnu og telur að of mikið hafi verið lagt á peningamálastefnuna á meðan ríkisfjármálin hafa setið hjá. Ástæðan fyrir aðgerðaleysi ríkisvaldsins er sú skoðun stjórnvalda að núverandi ójafnvægi eigi rætur sínar að rekja til einkageirans og muni lagast af sjálfu sér í fyllingu tímans.“ Þeir segja:

„Hrein erlend skuldastaða Íslands er hærri en nokkurs annars lands sem metið er af Fitch.“

Af þessu má ljóst vera, virðulegi forseti, að matsfyrirtækin eru að sýna íslenskum stjórnvöldum gula spjaldið. Hagkerfið er svo yfirspennt að það þolir tæpast illt umtal í erlendum fjölmiðlum. Það eru ýmsir váboðar á lofti sem ástæða er til að taka alvarlega. Vextir fara hækkandi á erlendum mörkuðum og menn geta rétt ímyndað sér hvað það þýðir fyrir skuldsetta íslenska þjóð. Hrein skuldastaða þjóðarbúsins er núna um 1.550 milljarðar og 1% hækkun vaxta þýðir einfaldlega 15 milljarða útgjaldastreymi frá landinu. Gengi krónunnar fer lækkandi og þó að það sé hagstætt fyr-

ir útflutningsgreinarnar er hætta á því að verðbólguskot geti fylgt sem muni hafa í för með sér kjaraskerðingu fyrir heimilin í landinu í formi hærra vöruverðs og aukinnar skuldabyrði vegna verðtryggingar fjárskuldbindinga.

Ég gat um það áðan, virðulegur forseti, að það væri fernt sem matsfyrirtækin hefðu öðru fremur áhyggjur af og nú spyr ég forsætisráðherra hvernig hann telji rétt að bregðast við

1. mikilli skuldasöfnun þjóðarbúsins,

2. gagnrýni og aðgerðaleysi í ríkisfjármálum,

3. of lítilli upplýsingagjöf um álagsvarnir hagkerfisins, og

4. of miklum væntingum vegna hugmynda um auknar stóriðjuframkvæmdir.

[13:44]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Mér finnst mjög sérkennilegt að hlusta á formann Samfylkingarinnar fjalla um efnahagsmál hér á landi eins og hér sé allt í kaldakoli. Ég hefði haldið að eftir þá neikvæðu umræðu sem fór hér af stað fyrir skömmu og hefur verið kveðin rækilega í kútinn af flestum málsmetandi sérfræðingum yrði farið að fjalla um þessi mál af meiri hófsemd og meiri virðingu fyrir staðreyndum málsins en raun ber vitni.

Hverjar eru aðalstaðreyndir málsins um ástand efnahagsmála hér á landi?

Hagvöxtur frá árinu 1995 hefur verið yfir 60%. Kaupmáttur heimilanna hefur aukist um meira en 60%. Atvinnuleysi er nánast hvergi minna en á Íslandi, um 1,5%. Skuldir ríkissjóðs eru óvíða minni en hér á landi og afkoma ríkissjóðs er með besta móti. Þetta eru staðreyndir málsins. Það viðurkenna þeir sem mesta þekkingu hafa á íslenskum efnahagsmálum eins og sérfræðingar frá OECD sem voru í heimsókn í þessum mánuði og hið sama gildir um sérfræðinga frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og helstu matsfyrirtækjum.

Það er vissulega rétt að skuldir einstaklinga hafa aukist, skuldir fyrirtækja hafa aukist. Skuldir ríkissjóðs hafa hins vegar minnkað en það verður að hafa það í huga að eignir fyrirtækja hafa vaxið gífurlega þar á móti, og hin miklu umsvif bankanna á erlendum vettvangi verður að taka inn í þessa mynd.

Það er talað um mikla skuldasöfnun einstaklinga. Það er rétt að skuldir einstaklinga hafa aukist mikið en þá verður að hafa í huga að eignirnar hafa aukist mjög mikið á móti. Hrein eign heimilanna í húsnæði og í lífeyrissjóðum hefur aukist síðustu fimm árin um 1.200 millj. kr., þ.e. 12 millj. á hvert heimili í landinu. Þá eru hvorki talin verðbréf né bílaeign. Það er líka rétt að nefna það í þessu sambandi að skuldir heimilanna nema nú um 35% af eignum þeirra og hefur hlutfallið farið lækkandi á síðustu árum.

Ég tel að það sé áhyggjuefni hversu viljugir sumir fjölmiðlar og stjórnarandstaðan hafa verið til að hlaupa upp til handa og fóta og taka undir ýmsa örökstudda gagnrýni sem nokkrir erlendir aðilar hafa haldið á lofti, þar á meðal bankar. Greiningardeildir banka eru í harðri samkeppni við íslensku bankana þannig að gagnrýnin er hreinlega sett fram í því skyni að koma höggi á samkeppnisaðilana. Slíkt háttalag er ekki til að auðvelda íslenskum fjármálastofnunum að koma á framfæri réttmætum leiðréttingum á þessum rangfærslum. (Gripið fram í.) Það er hins vegar rétt að sanngjörn gagnrýni sem byggir á staðreyndum og yfirveguðu mati er af hinu góða og á fullan rétt á sér. Við verðum að bregðast við með því að koma á framfæri réttum upplýsingum um góða stöðu íslenskra efnahagsmála.

Það er talað um, og hv. þingmaður ræddi um það, að heimili og fyrirtæki hafi of miklar væntingar um stóriðjuframkvæmdir. Hverjir skapa þær væntingar? Ríkisstjórnin hefur ekki skapað þær væntingar. Hér hefur verið gífurleg umræða um það eins og búið sé að ganga frá því að farið verði í ákveðnar framkvæmdir. Það hefur ekki verið samið um neinar aðrar framkvæmdir en þær sem eru í gangi á Reyðarfirði og á Grundartanga.

Það er hins vegar ljóst að ef verður af frekari uppbyggingu stóriðju hér á landi verður að tímasetja slíkar framkvæmdir vandlega til að þær falli sem best að efnahagslífi okkar og þar verður stöðugleiki í efnahagsmálum algjört forgangsatriði en það er allt of snemmt að fara að tala um þessar framkvæmdir sem einhverjar staðreyndir áður en nokkrar frekari ákvarðanir hafa verið teknar um þær.

[13:49]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ein merkustu tíðindi þessa dagana í umræðunni um efnahagsmál eru tvímælalaust bók rithöfundarins og hugsjónamannsins Andra Snæs Magnasonar, Draumalandið. Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð. Fyrirlestrar hans og viðtöl hafa svo sannarlega hrist upp í þjóðinni og munu vonandi vekja hana til sjálfsvitundar.

Meginþorri þjóðarinnar vill stöðva frekari álversframkvæmdir, stórvirkjanir og umhverfisspjöll. Samt stillir ríkisstjórnin því upp sem eina valkostinum.

Meginþorri þjóðarinnar vildi að herinn færi eða vissi að hann var á förum. Þegar hann svo fer er það blásið upp sem náttúruhamfarir eða gífurleg ógn. Fjölmiðlar sýna fundi með forsætisráðherra í beinni útsendingu eins og um eldgos væri að ræða.

Nú er það ávallt alvarlegt mál þegar fólk missir vinnuna. Það fannst fólkinu í sjávarbæjum á Vestfjörðum þegar fyrirtæki þess urðu að loka vegna kvótakerfisins og stóriðjustefnunnar. Það fannst líka starfsfólki Símans á Ísafirði og á Blönduósi þegar því var fyrirvaralaust sagt upp eftir að Síminn hafði verið einkavæddur og seldur.

Staðreyndin er þó sú að þenslan hér á suðvesturhorninu ógnar stöðugleika efnahagslífsins og stjórnvöld hafa vart undan að rýmka heimildir fyrir innflutningi á erlendu starfsfólki. Andri Snær segir, með leyfi forseta:

„Sífellt yfirvofandi kreppa hefur verið notuð til að stýra fólki. Leiðtogarnir ákveða að leiða ekki þjóðina, heldur stjórna. Með því stefnum við inn í framtíð sem er ekki það sem við viljum heldur það sem við teljum okkur neyðast til að verða.“

Frú forseti. Stefna Vinstri grænna í atvinnumálum byggist á því að eiga góða valkosti en ekki afarkosti.

[13:51]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Til skamms tíma var helsta vandamálið í íslensku efnahagslífi of hátt gengi krónunnar. (**Gripið fram í:** Nú er það Sjálfstæðisflokkurinn.) Nú hefur gengið fallið, líka gengi hv. þingmanns sem greip fram í, og þá virðist manni á ræðu hv. málshefjanda að helsti vandi efnahagslífsins sé sá að gengið lækkar, þrátt fyrir að allir sem á annað borð spá um þessa hluti hafi spáð því að það mundi lækka. Það var einungis spurning um tíma og spurning um það hversu mikið það mundi lækka. Nú virðist gengið vera að ná stöðugleika á nýjum stað í gengisvísitölunni og það er út af fyrir sig jákvætt.

Hv. þingmaður nefnir það líka að ríkisfjármálin séu helsti vandinn. Of mikið sé lagt á peningastefnuna. Það getur vel verið að mikið sé lagt á peningastefnuna. En samt er staðan sú að við erum með mestan afgang af ríkissjóði ef miðað er við þau lönd sem við almennt berum okkur saman við. Þetta eiga allir að geta séð sem fletta þeim ritum sem um þetta fjalla.

Skuldasöfnun er líka eitt stóra vandamálið. En eru ekki eignir á móti þessum skuldum? En það virðist líka hafa verið eitt af höfuðvandamálunum, ef marka má málflutning hv. ræðumanns, hvað eignirnar hafa aukist mikið.

Þá stendur tvennt eftir. Það er upplýsingagjöfin. Auðvitað má alltaf bæta upplýsingagjöfina. En þeir sem eiga að fjalla um málið þurfa líka að leita eftir upplýsingunum. Þeir þurfa að gæta þess að vera alltaf með nýjustu upplýsingarnar. Ég held að það hafi skort á að þeir sem um málin fjalla hafi gert sér grein fyrir því að t.d. íslensku bankarnir hefðu varið sig fyrir gengislækkuninni.

Og síðan eru það væntingarnar, að væntingarnar séu of miklar. En það, frú forseti, fer eftir því hvaða trú (Forseti hringir.) kjósendur og íbúar landsins hafa á framtíðinni, og þeir hafa mikla trú á framtíðinni.

[13:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Að undanförnu hafa okkur borist viðvaranir um stöðu íslenskra viðskiptastofnana og banka og fjárfestingarfyrirtækja frá ýmsum erlendum eftirlits- og matsfyrirtækjum. Varað hefur verið við miklum lántökum erlendis og bent á hækkun vaxta erlendis, m.a. af skuldabréfum og annarri fjármögnun íslensku bankanna. Útgjöld hafa vaxið langt umfram landsframleiðslu og viðskiptahallinn var yfir 160 milljarðar eða 16,3% á síðasta ári.

Fjárfestingar og einkaneysla hefur vaxið mikið þrátt fyrir samdrátt í opinberri fjárfestingu upp á 13,5%. Verðbólga síðustu þriggja mánaða jafngildir nærri 6% verðbólgu á heilu ári. Verðbréfaskuldir almennings munu hækka og vextir banka eru að hækka, m.a. á húsnæðislánum. Erlendar skuldir halda áfram að aukast og viðskiptahallinn verður áfram mikill miðað við spá árið 2006, eða allt að 13%, um 130 millj. kr. miðað við óbreytta landsframleiðslu.

Bankarnir hagnast vel á miklum vaxtamun, af almennum lánveitingum innan lands. Erlendar skuldir eru mikið áhyggjuefni og um það segir Óskar Þór Karlsson í leiðara í Fiskifréttum sem mig langar að vitna til, með leyfi forseta:

„Hvað með hina gríðarlegu skuldabyrði þjóðarbúsins í erlendum gjaldeyri sem nemur 2.500 milljörðum kr.? Vaxtahækkunin hjá Seðlabanka Evrópu um 0,25% kostar þjóðarbúið 3,5 milljarða kr. aukalega árlega. Það samsvarar nettógjaldeyristekjum af nýliðinni loðnuvertíð og ríflega það."

Það er ástæða til að velta þessum staðreyndum fyrir sér, hæstv. forseti.

[13:56]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Íslendingar eru rík þjóð og það er engin ástæða til efast um að þeir eigi bjarta framtíð. Eftir að framsýnir stjórnmálamenn náðu að sannfæra Íslendinga um að þeir ættu að ganga í Evrópska efnahagssvæðið hefur þeim aldrei í sögunni gengið eins vel.

En þrátt fyrir þetta er stöðugleikinn í efnahagsmálum undir áralangri forustu sjálfstæðismanna kominn á það stig að varla má greiningardeild í útlöndum hósta án þess að krónan fái kvef. Og menn bíða í ofvæni eftir hverri skýrslu frá matsfyrirtækjum til að sjá hvort hún fái líka lungnabólgu.

Við þessar aðstæður hafa bæði hæstv. viðskiptaráðherra og forustumenn í sjávarútvegi sagt að það sé tímabært að skoða upptöku evrunnar. Við gerum það hins vegar ekki nema að ganga í Evrópusambandið. Ég tel að við þessar aðstæður sé rétt að skoða í fullri alvöru hvort Íslendingar eigi ekki að undirbúa inngöngu í Evrópusambandið. Það er það sem íslensk ríkisstjórn ætti að vera að undirbúa í dag í staðinn fyrir að ýta undir þenslu með óraunhæfum væntingum um stóriðju, eins og hæstv. forsætisráðherra hefur ítrekað gert, eða með röngum stjórnvaldsaðgerðum sem hafa ýtt undir lántökur almennings og einkaneyslu.

Við þurfum stöðugleika í efnahagsmálum alveg eins og við þurfum stöðugleika í varnar- og öryggismálum og Sjálfstæðisflokkurinn hefur um árabil borið ábyrgð á hvoru tveggja. Afleiðingin er sú að við búum ekki við stöðugleika um öryggi landsins. Við búum heldur ekki við stöðugleika í efnahagsmálum eins og hver skýrslan frá innlendum og erlendum sérfræðistofnunum og sérfræðingum hefur sýnt ítarlega fram á. Undir forustu Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum höfum við nú slegið Íslandsmet í þenslu. Við erum Evrópumeistarar í dag í verðbólgu og við erum líklega um þessar mundir að slá heimsmet í viðskiptahalla.

Hæstv. fjármálaráðherra var efnislega að segja að það þyrfti ekki að gera neitt. En frú forseti. Það er vísasta leiðin til að láta taka sig í bólinu (Forseti hringir.) alveg eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefur fengið að reyna á síðustu (Forseti hringir.) vikum í öryggis- og varnarmálum Íslendinga. (Forseti hringir.)

[13:58]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Íslenska hagkerfið er opið, frjálst og sveigjanlegt. Nýleg dæmi sýna hve mikilvægt er að forustumenn stjórnvalda og fjölmiðlar fjalli um efnahagsmál af ábyrgð og yfirvegun því það sem frá þeim kemur getur haft mikil áhrif á þróun efnahagsmála. Það er því mikilvægt að almenn umræða um efnahagsmál sé yfirveguð og án upphrópana og gætt sé að samhengi hlutanna.

Erlend matsfyrirtæki eru af og til að gefa út lánshæfismat fyrir ríkissjóð og fjármálastofnanir. Einnig hafa slík fyrirtæki gefið út horfur á lánshæfismati. Að sjálfsögðu er mikilvægt að allir aðilar skoði þessar greiningar og geri sér grein fyrir hvað þarf að gera til að við höldum þeirri góðu stöðu sem við höfum haft að þessu leyti.

Nýlega kom út eitt slíkt mat og sneri það ekki síst að bankakerfinu. Viðbrögð bankanna hafa verið þau að þeir hafa brugðist við ábendingum og farið í aðgerðir í því sambandi. Það er jákvætt og til þess fallið að halda góðri stöðu. Íslenskir bankar hafa aukið mjög umsvif sín erlendis og tekjur þeirra þar hafa vaxið mjög mikið. Þó svo að íslensk fyrirtæki hafi aukið mjög skuldir sínar erlendis þá verður einnig að hafa í huga að eignir þeirra hafa aukist mjög verulega á alþjóðlega vísu. Það er því mikilvægt fyrir þau að taka mið af ábendingum til að styrkur þeirra minnki ekki og það hafa þau verið að gera.

Hið opinbera verður einnig að skoða ábendingar matsfyrirtækja og bregðast við ef þörf er talin á því. Það er mikilvægt að hið opinbera beiti aðhaldi í útgjöldum er varða rekstur og ekki síður fjárfestingar. Ábyrgð okkar er mikil að þessu leyti og því hljótum við sífellt að skoða leiðir til að halda niðri aukningu í útgjöldum.

Því er gjarnan haldið fram að aðhald skorti í ríkisfjármálum, ekki síst af stjórnarandstöðunni hér á Alþingi. Á sama tíma eru oftast umræður um að fjármagn vanti í hin ýmsu verkefni. Það er því oft lítil brú í þessum málflutningi, virðulegi forseti, og það birtist gjarnan þegar rætt er um fjárlög íslenska ríkisins.

[14:01]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég held að ástæða væri til að benda á í upphafi að stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar væri jafnvitlaus innan Evrópusambandsins sem utan þess. Annars er í sjálfu sér ekki mörgu við að bæta frá því að umræða um efnahagsvandann var síðast tekin til umræðu utan dagskrár á Alþingi. Hins vegar er þessi umræða mjög þörf og mætti verða að föstum lið í störfum þingsins á meðan ekki verður gerð grundvallarbreyting á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Úrræðin sem grípa þarf til eru jafnaugljós og áður og við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs höfum hamrað á því um margra missira skeið, nú síðast í mjög ítarlegu þingmáli sem lagt var fyrir þingið í upphafi þessa þings.

Allt sem er að gerast núna í efnahagsmálum og í fjármálakerfinu var fyrirsjáanlegt, alveg jafnfyrirsjáanlegt og brottför hersins frá Miðnesheiði var fyrirsjáanleg, en í báðum tilvikum þverskallast ríkisstjórnin við og neitar að viðurkenna staðreyndir og grípa til viðeigandi ráðstafana. Sumt af því sem við lögðum til í haust er að gerast núna, t.d. varðandi aðhald að fjármálafyrirtækjum og ýmsu sem er að gerast á fjármálamarkaði, en nú er það að gerast af illri nauðsyn en ekki af fyrirhyggju eins og við lögðum til. Það var fyrirsjáanlegt að með óbreyttri efnahagsstefnu, fyrst og fremst í stóriðjumálum, mátti búast við miklum og viðvarandi viðskiptahalla. Það var fyrirsjáanlegt að búast mátti við þenslu með tilheyrandi verðbólgu. Það var fyrirsjáanlegt að búast mætti við háu gengi krónunnar og háum vöxtum með tilheyrandi erfiðleikum fyrir útflutningsgreinar. Og það var fyrirsjáanlegt að búast mátti við flótta hátæknifyrirtækja frá landinu. Við vöruðum við þessum ruðningsáhrifum af völdum stóriðjustefnunnar. Nú talar hæstv. forsætisráðherra þjóðarinnar í véfréttastíl, talar nánast eins og (Forseti hringir.) þetta séu hugarórar og tilbúningur í fjölmiðlum. (Forseti hringir.) Staðreyndin er sú að þetta eru ekki aðeins varnaðarorð sem eru að birtast (Forseti hringir.) í skýrslum matsfyrirtækja, þetta er sá veruleiki (Forseti hringir.) sem við horfum upp á núna í íslensku efnahagslífi.

[14:03]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Í ljósi ummæla hv. síðasta ræðumanns, Ögmundar Jónassonar, er rétt að taka fram að eins og alltaf hefur legið fyrir var auðvitað ljóst að þær miklu framkvæmdir sem eiga sér stað nú á Austurlandi og aðrar breytingar sem orðið hafa hér á landi á síðustu missirum mundu leiða til spennu í efnahagslífinu. Það hefur alltaf legið fyrir og ekkert nýtt í því.

Það sem ríkisstjórn getur gert við slíkar aðstæður er nákvæmlega það sem þessi ríkisstjórn hefur gert, þ.e. að halda sig við aðhaldssama stefnu í ríkisfjármálum, halda sig við það að aukning opinberra útgjalda verði mun minni en hagvöxturinn í þjóðfélaginu þannig að ríkið gangi ekki á undan með að auka á þenslu. Það er sú stefna sem ríkisstjórnin á að leggja áherslu á á næstu missirum, það er hennar framlag. Á sama hátt á ríkisstjórnin auðvitað líka að halda áfram að búa í haginn fyrir atvinnuvegina í landinu, búa í haginn fyrir áframhaldandi atvinnuuppbyggingu, m.a. uppbyggingu í orkufrekum iðnaði. Eins og hæstv. forsætisráðherra nefndi verður auðvitað að gæta þess að tímasetja þær aðgerðir og framkvæmdir þannig að það rúmist innan ramma hagkerfisins en það þýðir ekki að það eigi að nema staðar.

Ef við veltum fyrir okkur hver úrræði stjórnarandstöðunnar eru, eins og þau hafa komið fram í þessari umræðu, þá boðar Samfylkingin annars vegar aðeins eitt. Það hefur aðeins eitt komið hér pósitíft fram í ummælum samfylkingarmanna sem innlegg í það sem við eigum að gera í efnahagsmálum og það er að taka upp evruna, sem væri raunar stórvarasamt í ljósi þess að hagsveiflan hér lýtur allt öðrum lögmálum en hagsveiflan í Evrópu. Peningamálastefna hér á landi (Gripið fram í.) mundi því ráðast af því hvaða aðstæður væru í Þýskalandi og Frakklandi en ekki af því hvað væri að gerast hér. Vinstri grænir halda sig hins vegar við það sama og áður, (Forseti hringir.) það á að tryggja stöðugleika með stöðnun (Forseti hringir.) en það er ekki það sem núverandi ríkisstjórnarflokkar vilja.

[14:05]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Um langt skeið hefur verið bent á að blikur væru á lofti í efnahagslífi þjóðarinnar og því er mjög mikil þörf á þeirri umræðu sem hér fer fram og einnig að hún verði ábyrg. Við í Frjálslynda flokknum höfum frá því í janúar óskað eftir að skuldastaða þjóðarinnar yrði rædd en því miður hefur það ekki fengið nokkurn hljómgrunn nema hjá Vinstri grænum. Aðrir flokkar hafa einfaldlega lagst gegn þeirri umræðu svo ótrúlegt sem það er. En það er eins

og þessi þrír stærstu flokkar trúi því að með því að ræða ekki hlutina gufi vandamálið einfaldlega upp.

Við lifum vissulega góða daga hér á landi en það þarf sterk bein til að þola góða daga. Það virðist samt vera svo að ríkisstjórnin hafi ekki þolað þessa góðu daga heldur eytt um efni fram og valdið gífurlegri útþenslu ríkisútgjalda, eytt 120 milljörðum á síðustu tíu árum. Hæstv. forsætisráðherra hefur ítrekað vísað á bug allri gagnrýni á stjórn efnahagsmála. Skemmst er að minnast stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra. Aðeins örlaði þó á því hjá hæstv. forsætisráðherra að eitthvað bjátaði á þegar gengi íslensku krónunnar hríðféll eina vikuna og gengi íslenskra hlutabréfa um 1.000% og þá var skipuð samráðsnefnd. En nú virðist hæstv. forsætisráðherra hafa sett upp gleraugun aftur og sér ekki neitt að. Hann vísar til þess að eignir hafi aukist gífurlega og að skuldastaða ríkisins hafi batnað. Það er vissulega rétt en það eru blikur á lofti sem ekki eru farnar, viðskiptahallinn er gríðarlegur. Ég tel að hæstv. forsætisráðherra hefði átt að nota umræðu sem þessa til að boða einhverjar aðgerðir í efnahagsmálum (Forseti hringir.) í stað þess að setja gleraugun upp á ný, sólgleraugun, frú forseti.

[14:08]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að lýsa yfir vonbrigðum mínum með þau svör sem forsætisráðherra gaf hér áðan við þeim fjórum spurningum sem ég beindi til hans. Þær voru í sjálfu sér sáraeinfaldar, þær voru einfaldlega um það hvernig forsætisráðherra teldi rétt að bregðast við þeirri gagnrýni sem kemur fram hjá matsfyrirtækjunum sem eru að meta lánshæfi ríkissjóðs. Þetta voru ekki mínar persónulegu athugasemdir, þetta voru athugasemdir sem koma fram bæði hjá Standard & Poor's og hjá Fitch um það sem þessi fyrirtækja telja að betur megi fara í íslenska hagkerfinu. Þessi fyrirtæki benda á þá váboða sem hér eru. Það er skuldasöfnunin, viðskiptahallinn, álagið á peningamálastjórnunina, of lítil upplýsingagjöf og það eru of miklar væntingar vegna þess að stjórnvöld kynda undir þeim með stöðugum umræðum um virkjanir og stóriðju.

Forsætisráðherra kemur hér upp og segir: Ríkisstjórnin er ekki að skapa þessar væntingar. Hver er að skapa þær ef ekki þessi ríkisstjórn? Það er eins og hún sé andsetin þegar kemur að virkjunum og stóriðjumálum og sjái engar aðrar lausnir í efnahagsmálum, að hún þurfi að koma og færa fólkinu í byggðum landsins einhver atvinnutækifæri, að það sé enginn þess umkominn að skapa atvinnu. Ef ríkisstjórnin sinnti því hlutverki sínu og væri þess umkomin að skapa hér þá umgjörð í efnahagsmálunum að fyrirtækin gætu búið við sæmilegan stöðugleika gæti auðvitað ýmislegt orðið til í efnahagslífinu og atvinnulífinu án þess að ríkisstjórnin kæmi og færði mönnum virkjanir eða stóriðju á silfurfati.

Virðulegur forseti. Forsætisráðherra kom hér upp og sagði að við værum að mála mynd sem segði að allt væri í kaldakoli. Þetta er rangt, það var engin slík mynd máluð hér. Það var einfaldlega spurt hvað menn ætluðu að gera með þær athugasemdir sem koma fram hjá þessum matsfyrirtækjum. (Forseti hringir.) Og svörin voru engin vegna þess að ríkisstjórnin skellir við skollaeyrum.

[14:10]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Með fullri virðingu fyrir þeim ágætu matsfyrirtækjum sem vitnað er til þá er það mat ríkisstjórnarinnar að ástand efnahagsmála sé gott hér á landi. Það er hins vegar rétt að það er mikill uppgangur, það er mikil atvinna í landinu og mikil uppbygging.

Hv. formaður Samfylkingarinnar talar um að ríkisstjórnin sé að færa einhverjum eitthvað á silfurfati. Hvað varðar þær stóriðjuframkvæmdir sem verið er að tala um um þessar mundir þá er það fólkið á Norðurlandi sem sækir á um það. Það er fólkið á Reykjanesi sem sækir á um það. Það er fyrirtæki sem starfað hefur í Hafnarfirði um áratugaskeið sem vill stækka. Það er ekki vegna þess að ríkisstjórnin sé að reyna að færa einhverjum eitthvað.

Ríkisstjórnin hefur fyrst og fremst lagt áherslu á að skapa hér almenn skilyrði og sem betur fer eru þessi skilyrði góð. Það er sóknarhugur í fólki allt í kringum landið og það er bjartsýni. Það má vel vera að einhverjir séu bjartsýnir um of, ég býst við því. Eins og stendur þá er rétt að verðbólga er meiri en menn hefðu óskað eftir en það verður líka að taka tillit til þess að hin samræmda verðbólga, ef við berum okkur saman við Evrópu, er aðeins rétt rúmlega 1% hér á landi á sama tíma og hún er rúmlega 2% í helstu viðskiptalöndum okkar. Ég tel að gengið hafi náð ágætu jafnvægi en það hefur verið helsta gagnrýnisatriði stjórnarandstöðunnar á undanförnum mánuðum að gengið hafi verið allt of hátt. Gengisvístitalan var fyrir stuttu síðan tæplega 119. Ég vænti þess að það sé í einhverju samræmi við það sem stjórnarandstaðan hefur m.a. verið að gagnrýna hér á undanförnum mánuðum.

Þjóðskrá og almannaskráning, 1. umr.

Stjfrv., 566. mál (flutningur Þjóðskrár til dómsmálaráðuneytisins). — Þskj. 821.

[14:12]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum, og frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings á þjóðskrá og almannaskráningu frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis.

Frumvörp þessi eru flutt í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar frá síðastliðnu hausti um að Þjóðskrá flytjist frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytisins. Verði frumvörpin að lögum er gert ráð fyrir að flutningurinn eigi sér stað 1. maí nk.

Undanfarin ár hefur staðið yfir endurskipulagning á starfsemi Hagstofu Íslands með það fyrir augum að ná fram hagræðingu og styrkja hagsýslugerð stofnunarinnar. Fólst í þeirri stefnumörkun að verkefni sem ekki tengdust beinlínis hagsýslugerð flyttust annað. Ríkisskattstjóri tók þannig yfir fyrirtækjaskrá Hagstofunnar um mitt ár 2003.

Tengsl þjóðskrár og verkefni á sviði dómsmálaráðuneytisins hafa vaxið til mikilla muna á síðustu árum. Þjóðskráin

er þannig undirstaða ýmissa verkefna sem dómsmálaráðuneytið og stofnanir þess hafa með höndum svo sem um skráningu útlendinga, veitingu dvalarleyfa, útgáfu vegabréfa og ökuskírteina. Þá er þjóðskrá og gagnasafn hennar ein helsta heimild um margháttuð málefni einstaklinga á sviði sifjaréttar, svo sem um faðerni barna, ættleiðingar, forsjá barna, stofnun og slit hjúskapar og staðfestrar samvistar og skráningu sambúðar og slit hennar, svo og um ríkisfang, mannanöfn o.fl. Er það ætlun dómsmálaráðuneytisins að hagnýta þessi tengsl með því að fela Þjóðskrá aukin verkefni, t.d. hvað varðar útgáfu vegabréfa og annarra skilríkja og umsjá með verkefnum ráðuneytisins á sviði löggjafar um mannanöfn.

Helstu atriði í frumvörpunum tveimur eru þessi:

Þjóðskrá verður rekin sem skrifstofa í dómsmálaráðuneytinu en fjárreiður hennar verða aðskildar frá fjárreiðum ráðuneytisins. Dómsmálaráðherra verður heimilað að ákveða að um flutning manna á lögheimili milli Norðurlanda gildi Norðurlandasamningur um almannaskráningu en þessi lagabreyting gerir íslenskum stjórnvöldum kleift að fullgilda samninginn. Samningurinn er frá 1. nóvember 2004 en þar urðu Norðurlöndin ásátt um að í stað þess að skráning á flutningi fólks milli Norðurlandanna byggist á samnorrænum flutningsvottorðum yrðu teknar upp rafrænar flutningstilkynningar milli þjóðskráa ríkjanna.

Ýmis ákvæði laga um þjóðskrá og almannaskráningu verða færð til nútímahorfs svo sem varðandi hlutverk presta við almannaskráningu. Má þá nefna 2., 8. og 14. gr., frumvarps um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, þar sem felld verður brott tilvísun til þess að sóknarprestar starfi við almannaskráningu og fari yfir íbúaskrár en hlutverki þeirra við skráningu lauk fyrir mörgum árum. Áfram munu prestar þó gegna hlutverki við skýrslugjöf til Þjóðskrár um nafngjöf nýfæddra barna, hjónavígslur og mannslát.

Stefnt er að gildistöku lagabreytinganna 1. maí nk. en um það leyti er áformað að hefja útgáfu nýrra vegabréfa og mun Þjóðskrá annast það verkefni. Hefur dómsmálaráðherra lagt fram sérstakt frumvarp um það efni, sem er mál 615, þskj. 900, þar sem gert er ráð fyrir útgáfu íslenskra vegabréfa með rafrænum lífkennum.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessi frumvörp að svo stöddu en þau skýra sig að mestu leyti sjálf. Ég legg til að þeim verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og allsherjarnefndar.

[14:17]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég kastaði augunum yfir þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu hnaut ég um að í 1. gr. stendur að dómsmálaráðherra skuli fara með stjórn Þjóðskrár og hún skuli rekin sem skrifstofa í dómsmálaráðuneytinu. Þá fór ég að velta því fyrir mér hvort þessi starfsemi væri ekki betur sett einhvers staðar annars staðar en uppi á Arnarhóli — er ekki dómsmálaráðuneytið þar einhvers staðar? Ég hef aldrei komið þangað en mig minnir það. — Eru þetta ekki störf sem er alveg sjálfsagt og eðlilegt að íhuga að verði flutt út á land? Hvað er það sem mælir með því að Þjóðskráin sé í Reykjavík og til hvers erum við með svona batterí eins og Hagstofuna í Reykjavík? Af hverju er þetta ekki flutt út á land?

Í gær var vakin athygli á svari hæstv. fjármálaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar þar sem kom fram að störfum á vegum ríkisins hefur fjölgað gríðarlega á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum örfáum árum á meðan þeim hefur annaðhvort fækkað, fjölgað örlítið eða hreinlega staðið í stað úti á landi. Mér finnst kominn tími til að hér verði gerð alvöru stefnubreyting á og menn hætti að tala um að efla landsbyggðina, bæjarfélög og sveitarfélög með því að flytja þangað störf en láti hendur standa fram úr ermum og sýni vilja í verki og mér þætti alveg tilvalið að byrja á því að taka þessi störf. Þetta eru störf sem ég hygg að séu að mestu leyti unnin í tölvum, störf sem falla mjög vel að fjarvinnslu og í raun og veru hægt að vinna hvar sem er bara ef fólk er með nógu góða tölvuþekkingu.

Ég kom hingað upp til að spyrja hæstv. forsætisráðherra að því hvort hann væri ekki reiðubúinn til að íhuga að þessi verkefni yrðu flutt eitthvað út á land.

[14:19]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Á vegum dómsmálaráðuneytisins starfa sýslumannsembætti víðs vegar um landið og dómsmálaráðuneytið hefur leitast við á undanförnum mánuðum og árum að færa verkefni til sýslumannsembættanna til þess að styrkja þau. Þetta liggur fyrir. Með því að þetta mál fer til dómsmálaráðuneytisins er á margan hátt miklu auðveldara að fara yfir það og ég er viss um að dómsmálaráðuneytið mun fara eins að í mörgum öðrum málum.

[14:20]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sakna þess að hæstv. dómsmálaráðherra skuli ekki hafa séð sér fært að vera viðstaddur þessa umræðu í dag. Það hefði verið ágætt ef hann hefði verið hér, hann hefði t.d. kannski getað svarað þessari spurningu eða tekið þátt í umræðum um þetta, því ég hygg að það sé alveg rétt sem hæstv. forsætisráðherra bendir á að mörg af þeim verkefnum sem í dag heyra undir dómsmálaráðuneytið og eru unnin á höfuðborgarsvæðinu væru kannski betur sett úti á landi.

Það er ástæðan fyrir því að ég kem hér upp, til að vekja athygli á þessum fleti á málinu. Mér finnst þetta vera ágætt tækifæri til að endurvekja þessa umræðu og að stjórnvöld fari nú að sýna í verki að þau meini eitthvað með öllu því sem þau hafa sagt mörg undanfarin ár, því niðurstaðan er því miður sú, eins og svarið sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson fékk frá fjármálaráðherra, að það er afskaplega lítið á bak við allan orðaflauminn og loforðin sem hafa gengið út á það að flytja störf á vegum ríkisins út á landsbyggðina. Tölur og staðreyndir sýna að nánast öll fjölgun starfa á vegum hins opinbera hefur verið á höfuðborgarsvæðinu og ég verð að segja það, virðulegi forseti, að á þessum tíma tölvutækni þar sem samgöngur eru alltaf að verða betri þá er falin mjög mikil mótsögn í þessu. Þarna er virkilega komið tækifæri sem við ættum að notfæra okkur til þess að stinga stoðum undir byggðirnar úti á landi, skapa þar störf, góð,

örugg og trygg störf, þokkalega borguð handa fólki sem hefur sæmilega menntun, ekki síst handa konum. Störf úti á landsbyggðinni, það er það sem við þurfum að vinna að.

[14:22]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Hér eru til umræðu tvö frumvörp hæstv. forsætisráðherra sem lúta að því að flytja verkefni Þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytisins. Eftir samþykkt þessa frumvarps verður Þjóðskráin því orðin að skrifstofu innan dómsmálaráðuneytisins en fjárreiður hennar verða hins vegar aðgreindar frá fjárreiðum ráðuneytisins. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að hagnýta tengsl Þjóðskrár og verkefni á sviði dómsmálaráðuneytis með því að fela Þjóðskrá aukin verkefni eins og útgáfu vegabréfa og annarra skilríkja svo og umsjón með ýmsum verkefnum ráðuneytis á sviði löggjafar um mannanöfn.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt annað frumvarp um breytingar á ýmsum lögum sem leiða af flutningi þjóðskrárinnar. Þar er verið að breyta m.a. lögum sem vísa beint í Hagstofuna en átt er við þjóðskrána eins og ég skil það.

Í upphafi langar mig að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Af hverju var upphaflegum áformum breytt, þar sem vísað er til í greinargerð frumvarpsins um að færa þjóðskrána og fyrirtækjaskrána frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra? Það kemur fram að þetta hafi verið upphaflegu áformin og mig langar að athuga hvort hæstv. forsætisráðherra hafi það á takteinum af hverju var horfið frá því fyrirkomulagi sem var ákveðið á sínum tíma, en það er rétt að fram komi að fyrirtækjaskráningin var flutt til ríkisskattstjóra árið 2003.

Mig langar einnig að spyrja hæstv. forsætisráðherra spurninga sem lúta að aðgangi og nýtingu annarra stofnana að þjóðskránni en m.a. kemur fram að þessi flutningur á ekki að koma í veg fyrir að Hagstofan hagnýti þjóðskrána og aðrar opinberar skrár og það er að sjálfsögðu mikilvægt. En munu aðrar opinberar stofnanir fá aukinn aðgang að þjóðskránni? Má þá nefna t.d. lögregluna en einmitt í öðru frumvarpi sem hæstv. dómsmálaráðherra mun flytja hér seinna í dag varðandi lög um vegabréf er talað um aðgang lögreglu að skilríkjaskrá Þjóðskrárinnar. Ég mun að sjálfsögðu spyrja hæstv. dómsmálaráðherra út í það en mig langar einnig til að nota þetta tækifæri og spyrja framsögumann þessa frumvarps, hæstv. forsætisráðherra, hvort í þessum flutningi felist aukinn aðgangur annarra stofnana og ekki síst lögreglu að þeim upplýsingum sem eru í þjóðskrá og hvort hugsanlega standi til að auka eða breyta þeim aðgangi.

Mig langar einnig að vita hvort það sé hugmyndin innan ríkisstjórnar að flytja einmitt hluta þessarar starfsemi út á land en hæstv. forsætisráðherra vísaði þar á hæstv. dómsmálaráðherra þannig að við spyrjum hann að því þegar þar að kemur.

Mig langar að spyrja: Mun þetta frumvarp kalla á einhvers konar breytingu á starfsmannahaldi? Þarna erum við að tala um að flytja þjóðskrána úr einni stofnun í aðra. Hvaða breytingar hefur þetta í för með sér varðandi húsnæðið og verður einhverju fólki sagt upp í kjölfar þessa frumvarps?

Í greinargerðinni koma sömuleiðis fram hugmyndir um að fela Þjóðskránni aukin verkefni. Það er búið að nefna vegabréfaútgáfuna sem við ræðum seinna í dag, en hefur hæstv. forsætisráðherra hugmynd um hvaða verkefni á hugsanlega að færa til Þjóðskrár, hvers konar aukin verkefni munum við fela þessari deild innan dómsmálaráðuneytisins? Hefur einhver ákvörðun verið tekin svo að honum sé kunnugt um það?

Mig langar líka að spyrja: Verða breytingar á gjaldtöku fyrir aðgang að þjóðskránni? Það er aðeins komið inn á þetta í 12. gr. frumvarpsins sem nú er til umræðu. Stendur til að breyta því?

Að lokum langar mig að taka það fram að þegar við ræðum flutning og breytingar á Stjórnarráðinu og hugmyndir ríkisstjórnarinnar varðandi það þá er auðvitað um mikilvægt mál að ræða og mikilvæga þjónustu og mig minnir að settur hafi verið á fót tveggja manna hópur, með tveimur ráðherrum — annar þeirra er reyndar ekki lengur í ríkisstjórn — til að skoða breytingar á Stjórnarráðinu og þess vegna langar mig að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hvenær er að vænta einhverra frétta af hugmyndum ríkisstjórnarinnar varðandi þessar breytingar? Og að lokum: Hver telur hæstv. forsætisráðherra að sé framtíð Hagstofunnar? Er hann tilbúinn til að segja eitthvað um framtíð hennar, sem eins og staðan er í dag er með sérstakan ráðherra og sérstakt ráðuneyti ef svo mætti segja, og hvort við megum eiga von á því að Hagstofan eins og hún er starfrækt í dag verði lögð niður?

[14:28]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir það sem hann sagði. Ástæða þess að hætt var við að flytja þetta mál til ríkisskattstjóra var einfaldlega sú að niðurstaðan varð að það þætti hentugra og hagkvæmara að sameina það starfsemi sem heyrir undir dómsmálaráðuneytið og m.a. með tilliti til þess að það þarf að breyta vegabréfaútgáfunni og einnig að þar væru möguleikar á hagræðingu í framtíðinni í samvinnu við aðrar stofnanir dómsmálaráðuneytisins.

Að því er varðar aukinn aðgang annarra stofnana að þjóðskránni er mér ekki kunnugt um að það sé eitthvert vandamál. Ég vænti þess að lögreglan hafi fullan aðgang að þeim upplýsingum sem lögreglan telur nauðsyn á.

Að því er varðar breytingar á starfsmannahaldi verður ekki um slíkar breytingar að ræða vegna þessarar aðgerðar en auðvitað eru alltaf einhverjar breytingar á starfsmannahaldi í stofnunum. Það mun eiga sér stað ákveðin endurskipulagning á stofnuninni en gert er ráð fyrir auknum verkefnum eins og hér hefur komið fram þannig að ég veit ekki til þess að það sé eitthvert sérstakt vandamál sem af þessu hlýst að því leytinu til.

Að því er varðar gjaldtökuna þá vænti ég þess að hv. þingmaður geti fengið upplýsingar um það í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar. Að lokum, að því er varðar hugsanlegar breytingar á Stjórnarráðinu þá er sú vinna í fullum gangi og þeir ráðherrar sem hafa fjallað um málið hafa skilað ákveðnum hugmyndum til mín. Þær eru til úrvinnslu í forsætisráðuneytinu og ég vænti þess að við getum lagt fram hugmyndir að slíkum breytingum nú á vor-

mánuðum. Það er a.m.k. það sem við ætlum okkur.

Að því er varðar Hagstofuna þá er hún til umfjöllunar í því samhengi að Hagstofan er í dag sérstakt ráðuneyti en í þeim breytingum sem verða á Stjórnarráðinu í framtíðinni finnst mér fremur ólíklegt að svo verði áfram. En Hagstofan er mjög mikilvæg stofnun sem ber að efla frekar en hitt og gegnir miklu hlutverki í þjóðfélaginu. En það er skoðun mín að í framtíðarskipun Stjórnarráðsins sé ekki eðlilegt að Hagstofan sé sérstakt, sjálfstætt ráðuneyti.

[14:31]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir greinargóð svör. Mig langar aðeins að kalla eftir ítarlegra svari hvað varðar hugmynd um breytingar á Stjórnarráðinu. Hæstv. forsætisráðherra sagði að umræddir hæstv. ráðherrar hefðu skilað til sín hugmyndum og þær væru til skoðunar. Síðan nefndi hann að þær kæmu hugsanlega fram núna í vor.

Mig langar að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Má búast við frumvarpi um breytingar á Stjórnarráðinu nú í vor eða einungis hugmyndum til kynningar hvað það varðar?

[14:32]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get ekki svarað því á þessu stigi. Málið er ekki það langt komið að hafinn sé undirbúningur að frumvarpi þannig að ég get ekki svarað því á þessu stigi.

[14:32]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara stutt athugasemd vegna ummæla hæstv. forsætisráðherra um Hagstofuna, hann taldi að þar ætti að gera ákveðnar breytingar. Mig langaði bara til að koma hér upp enn og aftur og ræða um það sem ég talaði um hér áðan í fyrra andsvari mínu, þá möguleika og tækifæri sem við höfum í því að flytja eitthvað af þessum stofnunum út á land.

Ég hef til að mynda talað um það á opinberum vettvangi að Hagstofan sé alveg ágætisstofnun til að fara upp í næsta flutningabíl með ákvörðunarstað einhvers staðar fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Ég hef t.d. nefnt Vestmannaeyjar í því sambandi. Hún gæti sómt sér ágætlega þar og skapað góð og örugg störf.

Virðulegi forseti. Mig langar til vekja athygli á nokkuð áhugaverðri skýrslu sem kom út í Noregi fyrir ekki mjög svo löngu síðan sem fjallar einmitt um reynslu Norðmanna af því að flytja atvinnustarfsemi út á landsbyggðina. Nú veit ég að hæstv. forsætisráðherra er ágætis norskumaður og vil ég því nota tækifærið til að vekja athygli hans á þessari skýrslu, hún finnst á netinu. Aðstoðarmaður hans var hér áðan og hann getur fundið hana fyrir hann en skýrslan heitir „Effekter av utlokalisering av statlige arbeidsplasser" og er útgefin af rannsóknarstofnuninni Rogalandsforskning. Þetta er ágætisskýrsla sem greinir mjög vel frá því hver reynsla frænda okkar í Noregi hefur verið af því að reka svona pólitík. Þeir hafa gert þetta núna um nokkurra áratugaskeið og flutt fjölmargar stofnanir frá Óslóarsvæðinu út á land, ekki síst stofnanir sem sjá um ýmiss konar skráningu en stofnanir þar sem unnið er í fjarvinnslu henta vel í þessu sambandi. Reynsla frænda okkar sýnir einmitt að ef vilji er fyrir hendi til að gera þetta þá er það mjög öflug byggðaaðgerð sem styrkir þessa staði og ekki síst til hagsbóta fyrir konur, en eins og við vitum eiga konur oft í erfiðleikum með að finna vinnu við sitt hæfi úti á landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, 1. umr.

Stjfrv., 567. mál. — Þskj. 822.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðlendur, 1. umr.

Stjfrv., 630. mál (framkvæmdastjóri og verklok nefndarinnar). — Þskj. 923.

[14:36]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég á ekki von á því að um þetta mál verði jafnmikil umræða og um vatnalögin þó að hér sé kannski að mörgu leyti um miklu stærra lögfræðilegt mál að ræða, en ég vil þó róa hv. þingmenn með því að hér er um litla breytingu að ræða sem varðar form þessa máls. En ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

Efni þessa frumvarps er tvíþætt. Annars vegar er í 1. gr. frumvarpsins mælt fyrir um breytingu á 5. mgr. 6. gr. laganna. Samkvæmt núgildandi lögum skal formaður óbyggðanefndar vera í fullu starfi sem framkvæmdastjóri hennar og hafa sömu lögkjör og dómstjórinn í Reykjavík. Núverandi formaður lætur af störfum sem framkvæmdastjóri á þessu ári og þykir eðlilegra að framvegis gildi að nefndin ráði sér framkvæmdastjóra og semji við hann um kjör. Engin nauðsyn stendur til þess að sami maður sé formaður nefndarinnar og framkvæmdastjóri hennar. Er þessi breyting lögð til að frumkvæði óbyggðanefndar en hún nýtur ríks sjálfstæðis um störf sín og um hana er full sátt við alla nefndarmenn.

Hins vegar er í 2. gr. frumvarpsins lögð til breyting á 8. gr. laganna að því er snertir starfslok óbyggðanefndar. Samkvæmt gildandi lögum á verkefnum óbyggðanefndar að ljúka fyrir árið 2007. Nú er ljóst að verkefnið er miklum mun umfangsmeira og tímafrekara en í upphafi leit út fyrir. Því veldur umfang verksins, öflun og rannsókn gagna og tímafrek málsmeðferð. Það er því lögð til sú breyting að miða lok verksins við árið 2011.

Frumvarpinu fylgir sem fylgiskjal áætlun óbyggðanefndar um starfið næstu árin. Óbyggðanefnd hefur nú

kveðið upp úrskurð í 21 máli á svæði sem spannar stærsta hluta Suðurlands og Suðausturlands. Meðferð mála á Suðvesturlandi og Norðausturlandi stendur nú yfir. Ætlunin er að ljúka við miðhálendið og aðliggjandi svæði fyrir árslok 2009 og samkvæmt áætlun óbyggðanefndar mun hún ljúka störfum með því að taka fyrir Vestfirði árið 2010 og Austfirði árið 2011. Þetta verk er afskaplega mikilvægt og skiptir miklu fyrir þjóðfélagið og því tel ég nauðsynlegt að það sé greitt fyrir því hér á hv. Alþingi að hægt sé að taka í þetta mál þann tíma sem hæfir mikilvægi þess.

Að svo mæltu legg ég til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[14:40]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir orð hæstv. forsætisráðherra um að hér er ekki um stóra breytingu að ræða. Hann er búinn að gera grein fyrir því að þetta frumvarp lýtur að tvenns konar breytingum og báðar breytingarnar eru smávægilegar.

Þar sem fram kom í máli hæstv. forsætisráðherra og kemur einnig fram í umsögn um frumvarp til laga frá Fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að verkefni óbyggðanefndar hafi reynst mun tímafrekara og kostnaðarsamara en reiknað var með í upphafi, þá langaði mig aðeins að spyrja hvort hæstv. forsætisráðherra hefði á takteinum — en ég skil vel að hann hafi það ekki — þá tölu hvað þetta starf hefur kostað hingað til og hvort það sé einhver möguleiki að áætla hvað þetta muni kosta til loka verkefnisins árið 2011. Mig langar bara að forvitnast um þetta þar sem minnst er á þetta í greinargerðinni, hvort einhver möguleiki sé að meta það hvað öll þessi vinna óbyggðanefndar muni kosta.

[14:41]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Því miður hef ég ekki upplýsingar um það en ég skal sjá til þess að hv. nefnd verði gerð grein fyrir því og mun koma því á framfæri við óbyggðanefnd að það verði gert. Ég á von á því að þessi kostnaður hafi reynst meiri en upphaflega var áætlað enda er hv. þingmönnum vel kunnugt um að hér hefur verið um gífurlega umfangsmikið starf að ræða sem hefur orðið bæði tímafrekara og meira umleikis en menn gátu áætlað í upphafi. Ég tel hins vegar að það sé svo mikilvægt að ljúka því með góðum hætti að það megi ekki spara til til þess að það farist vel úr hendi. Þetta er mál sem skiptir sköpum um alla framtíð því hér er um að ræða grundvöll þeirra marka sem liggja milli eignarlands annars vegar og hins vegar þess sameiginlega landsvæðis, þ.e. þjóðlendunnar, sem tryggja almannarétt landsmanna og þar á meðal, eins og hér hefur komið fram, helsta vatnsforðabú landsins og það skiptir náttúrlega miklu máli út frá almannarétti að það geti þjónað þjóðfélaginu um alla framtíð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 2004, 1. umr.

Stjfrv., 575. mál. — Þskj. 833.

[14:43]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2004 sem dreift hefur verið á þskj. 833. Uppbygging frumvarpsins er með sama hætti og verið hefur undanfarin ár og uppgjör og ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok byggjast í meginatriðum á sömu vinnureglum og áður.

Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er birt yfirlit yfir talnagrundvöll frumvarpsins í heild. Yfirlitið sýnir uppruna allra fjárheimilda ársins 2004 fyrir ríkissjóð í heild og einstök viðfangsefni, þ.e. fluttar stöður fjárheimilda frá fyrra ári, fjárveitingar í fjárlögum og fjáraukalögum, millifærðar heimildir innan ársins og breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna samkvæmt þessu frumvarpi til lokafjárlaga. Í yfirlitinu koma einnig fram gjaldfærð útgjöld í reikningi og staðan í árslok, þ.e. mismunur fjárheimildanna og reikningsfærðra útgjalda.

Heildarfjárheimildir ársins 2004 námu 296,3 millj. kr. en útgjöld samkvæmt reikningi urðu 300,4 millj. kr. og fjárheimildastaða í árslok er því neikvæð um 4,1 millj. kr. nettó. Í frumvarpinu er að vanda lagt til að staða fjárheimilda í árslok verði annaðhvort felld niður eins og fram kemur í 2. gr. eða flutt til næsta árs eins og fram kemur í fylgiskjali 1.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika á ríkistekjum frá áætlun fjár- og fjáraukalaga, samanber skiptingu í sundurliðun 1. Nánar tiltekið er hér leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun markaðra skatttekna og annarra ríkistekna stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt uppgjöri eða hver metin fjárþörf við skil markaðra tekna reyndist vera.

Almennt er gert ráð fyrir að útgjaldaheimild hækki, hafi lögboðin ríkisframlög til viðkomandi verkefnis reynst vanáætluð í fjárlögum, en lækki hafi tekjurnar verið ofáætlaðar. Hins vegar er gert ráð fyrir að fjárheimild til fjárlaga og fjáraukalaga haldist óbreyttar í tilvikum þar sem ekki er beint samband milli útgjaldaþarfar stofnunar eða verkefnis og fjármögnunar á þann hátt að sveiflur í tekjum hafi beinlínis áhrif á kostnað.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fjárheimildir hækki um liðlega 1,2 milljarða kr. nettó, samkvæmt uppgjöri á fjármögnun verkefna með ríkistekjum. Innifelur sú fjárhæð einnig nokkrar hækkanir á fjárheimildum vegna frávika í ríkistekjum fyrri ára sem fram til þessa hefur ekki verið veitt heimild til ráðstöfunar á, eins og nánar er tilgreint í greinargerð frumvarpsins.

Í 2. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til uppgjörs á ónotuðum fjárveitingum og umframgjöldum ráðuneyta sem falla niður og flytjast ekki til næsta árs. Nánari skipting á niðurfelldum stöðum fjárheimilda er sýnd í sundurliðun 2. Á rekstrargrunni er sótt um niðurfellingu á liðlega 13,5 milljarða kr. útgjöldum umfram fjárheimildir en á greiðslugrunni nemur niðurfellingin um 2,6 milljörðum kr.

Þessi mikli munur milli rekstrargrunns og greiðslugrunns stafar að stærstum hluta af niðurfellingu á 7,3 millj-

arða kr. gjöldum umfram áætlun á lið 09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun og um 4,8 milljarða kr. gjöld umfram áætlun á lið 09-711 Afskriftir skattkrafna. En í hvorugu tilvikinu hefur það áhrif á útgreiðslur.

Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu, í samræmi við ákvæði 37. og 45. gr. fjárreiðulaga, er birt yfirlit yfir stöðu fjárheimilda í lok ársins 2004. Ónotaðar fjárheimildir sem flytjast til 2005. Í heildina tekið er lagt til að 9,4 milljarðar kr. jákvæð fjárheimildastaða flytjist yfir á árið 2005.

Ráðstafanir á stöðu fjárheimilda í árslok byggja á viðmiðunarreglum þar sem einkum er litið til þess hvort útgjöldin eru bundin, t.d. af lagaákvæðum, eða frekar á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Í sumum tilvikum kann að vera álitamál hvort eðlilegt sé að fella niður stöður einstakra fjárlagaliða eða flytja þær til næsta árs. Við gerð sérhvers lokafjárlagafrumvarps eru þessi tilvik metin sjálfstætt. Niðurstaðan ræðst m.a. af því hvort talið er að viðhafa megi stýringu á útgjöldum liðarins, þrátt fyrir að tilefni útgjaldanna séu þess eðlis að þau teljist lögbundin.

Tilgangur með yfirfærslum er því einnig sá að hvetja ráðuneyti og stofnanir til að aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Því er áformað að leitast við að fækka þeim liðum þar sem staðan er felld niður að jafnaði, a.m.k. í þeim tilfellum þar sem mögulegt er talið að gera ráðstafanir til að bregðast við frávikum í útgjöldum. Gera verður ráð fyrir að þessi mál séu stöðugt til skoðunar.

Með því að stofnanir færa yfir afgangsheimildir hefur horfið sú tilhneiging sem var í eldra kerfi að forstöðumenn leituðust við að eyða afgangsheimildum fyrir árslok. Áætlanagerð hefur batnað og stjórnendur hafa litið til lengri tíma en eins árs við stefnumörkun sína. Þessi breyting hefur þó ekki verið gallalaus. Svo virðist sem sumar stofnanir hafi velt halla af rekstri sínum yfir áramót eftir ár og treyst á að á endanum yrði vandinn það mikill að óhjákvæmilegt yrði að taka á honum í fjáraukalögum.

Ekkert er talið óeðlilegt við að halli sé eitt ár í rekstri stofnunar um áramót, enda sé tekið á honum á næsta fjárhagstímabili. En þegar halli safnast upp ár eftir ár án þess að svo virðist sem gripið sé til viðeigandi aðgerða ber viðkomandi ráðuneyti og forstöðumanni að taka fast á vandanum. Samkvæmt frumvarpinu sem hér er til umræðu eru 65 fjárlagaliðir með uppsafnaðan halla í árslok sem nemur 10% eða meira af fjárveitingum í fjárlögum og fjáraukalögum 2004 eða 13% af fjölda fjárlagaliða í fjárlögum 2004.

Fjöldinn er mismunandi á milli ráðuneyta. Þar eru allt frá því að vera 23 liðir hjá menntamálaráðuneyti, eða 22,5% fjárlagaliða þess ráðuneytis, og 18 liðir í heilbrigðisráðuneyti sem eru 15% fjárlagaliða þess ráðuneytis, í að enginn liður er með uppsafnaðan halla hjá fjórum ráðuneytum, þ.e. sjávarútvegsráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og Hagstofu Íslands. (**Gripið fram í:** Hver var sjávarútvegsráðherra þá?) Við þurfum að fletta því upp hver var sjávarútvegsráðherra 2004.

Ljóst er að taka verður þennan vanda föstum tökum. Því ber að fagna ágætum ábendingum Ríkisendurskoðunar í endurskoðunarskýrslu ríkisreikninga fyrir árin 2003–2004, um að flutningi fjárheimilda á milli ára verði settar frekari skorður en nú er. Mikilvægt er að forstöðumenn og ráðuneyti grípi til aðgerða strax og ljóst er að rekstur stefnir umfram fjárheimildir. Ef til vill þarf að kveða skýrar á um skyldur forstöðumanna, fari rekstur tvö ár í röð umfram heimildir.

Við undirbúning fjárlaga þurfa ráðuneytin einnig að búa svo um hnútana að tekið sé á vanda þeirra stofnana sem fara ár eftir ár fram úr fjárveitingum, annaðhvort með endurskipulagningu á rekstri eða með því að breyta forgangsröð fjárveitinga. Á undanförnum árum hefur fjármálaráðuneytið hert framkvæmd fjárlaga og hefur liðum sem eru meira en 4% umfram fjárheimildir innan ársins farið fækkandi.

Ég hef, frú forseti, farið yfir helstu þætti frumvarpsins. Með frumvarpinu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður ríkissjóðs árið 2004. Vísa ég í því sambandi til greinargerðar í fjáraukalögum og ríkisreikningi ársins um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála og helstu frávik á tekjum og gjöldum.

Þá hefur Ríkisendurskoðun einnig lagt fyrir Alþingi skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings 2004 og um hana hefur verið fjallað í fjárlaganefnd. Ég tel því ekki ástæðu til að fara yfir einstök atriði í frumvarpinu og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og fjárlaganefndar þingsins.

[14:51]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2004. Það er auðvitað rétt í byrjun að fagna því að frumvarpið skuli fram komið. Þó er vert að gagnrýna hve seint frumvarpið kemur til umræðu. En undanfarin ár hefur þó tekist að skila frumvörpum á þessum tíma og ætti þar af leiðandi að vera hægt að ljúka afgreiðslu þar af leiðandi lokafjárlaga á þessu þingi.

Það væri betra að frumvarpið kæmi fyrr fram og má í því sambandi vísa til 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Þar er gert ráð fyrir því að lokafjárlög séu lögð fram með ríkisreikningi, enda gert ráð fyrir að lokafjárlög séu staðfesting á ríkisreikningi. En því miður er það svo enn einu sinni að mismunur er á lokafjárlögum og ríkisreikningi af ákveðnum ástæðum. Það er auðvitað meðal annars vegna þess að þetta er ekki unnið samhliða eins og lögin gera þó ráð fyrir. Það er ámælisvert að þetta skuli ekki ná fram að ganga eða að lögum skuli ekki breytt, ef það er mat hæstv. fjármálaráðherra að ógerningur sé að gera þetta samhliða. Þá þarf að breyta lögum um fjárreiður ríkisins til samræmis við það svo lagaskyldum sé fullnægt.

Þar sem ég er að ræða um 5. gr. fjárreiðulaga er auðvitað rétt að vekja athygli á öðru sem m.a. kemur fram í skýrslu frá Ríkisendurskoðun, endurtekið efni, má segja. Þeir endurtaka það í skýrslu sinni, um endurskoðun ríkisreiknings fyrir 2004 sem þeir hafa áður bent á, sem er í samræmi við það sem hæstv. ráðherra sagði undir lok ræðu sinnar varðandi færslur sem eiga sér stað um áramót, ýmist vegna þess að stofnanir hafa farið fram úr fjárheimildum eða eiga inni heimildir.

Ríkisendurskoðun hefur bent á að eðlilegt sé að hafa sömu viðmiðunartölu varðandi þessar tilfærslur á milli ára og viðhöfð er í reglugerð um framkvæmd fjárlaga, þ.e. 4% markið. Hæstv. ráðherra benti á það í ræðu sinni að því miður færu ýmsar stofnanir yfir 4% og sumar þeirra færðu

halann milli ára, ár eftir ár hjá sumum stofnunum. Það er hins vegar rétt að vekja athygli á að aðrar stofnanir færa inneignir á milli ár eftir ár.

Því miður er ekki annað að sjá af þeim gögnum sem hér liggja fyrir en að þetta fari frekar vaxandi heldur en hitt. Milli áranna 2002 og 2004 minnir mig að slíkar færslur hafi numið um 7% en mér sýnist það sem færist á milli áranna 2004 og 2005 vera 12%. Hér fer þetta vaxandi, sem er ekki af hinu góða. Það er auðvitað eðlilegt að tekið sé undir það með hæstv. ráðherra að á þessu þarf að taka.

Hæstv. ráðherra bendir á að ákvæði séu um hvernig eigi að meðhöndla slík mál. Það vekur athygli að ár eftir ár er ekki farið eftir þeim reglum sem um það gilda. Ég held að ástæðan sé kannski fyrst og fremst sú, því er nú verr og miður eins og við höfum margoft bent á í umræðum um fjárlög, að grunnurinn sem þau eru byggð á er ekki nægjanlega traustur. Áætlanagerðin byggir ekki á nægilega traustum grunni og þess vegna treysta ráðuneytin sér ekki til að taka á vanda einstakra stofnana vegna þess að sú vitneskja er fyrir hendi í ráðuneytunum líka að fjárlögin eru ekki nægjanlega tengd raunveruleikanum. Það er afskaplega slæmt og ég vona að hæstv. fjármálaráðherra gangi vaskur til verks, nýr á þeim vettvangi, og muni ganga í lið með að fjárlögin fyrir árið 2007 verði tengdari raunveruleikanum en verið hefur undanfarin ár. Það er ekki til að auka agann í ríkisrekstrinum þegar svona gerist ár eftir ár. Ég endurtek, að þetta á auðvitað jafnt við um þá sem eru með hala og þá sem eru með inneignir. Það segir sig sjálft að þá er áætlanagerðin ekki nægjanlega góð. Þegar við sjáum að þessar færslur fara vaxandi en ekki minnkandi þá hlýtur það að ýta frekar undir að þessi mál verði skoðuð.

Frú forseti. Ég held að það sé rétt að vekja athygli hæstv. fjármálaráðherra, sem er nýr á þessum vettvangi, á því sem Ríkisendurskoðun segir í skýrslu sinni um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2004. En þar segir, með leyfi forseta, á bls. 105:

„Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2003 benti Ríkisendurskoðun á að það veikti framkvæmd fjárlaga að flutningur á fjárheimildum milli uppgjörstímabila væri jafn mikill og raun ber vitni og ætti það bæði við um aðila sem hafa eytt umfram gjaldaheimild og þá sem ekki hafa notað fjárheimildir sínar í mörg ár. Ríkisendurskoðun ítrekar það álit sitt að Alþingi taki þetta mál til skoðunar, en að óbreyttu má gera ráð fyrir að afgangsheimildir vegna reksturs ársins 2004 sem flytjast yfir á árið 2005 til hækkunar á fjárheimildum verði síst minni en áður. Telja verður mjög óheppilegt að stór hluti útgjaldaákvarðana sé þannig ekki ræddur í tengslum við afgreiðslu fjárlaga hvers árs."

Frú forseti. Hér lýkur tilvitnun í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þetta er í anda þess sem ég hef sagt, að þetta snýr allt að því að veikja stjórn ríkisfjármálum, sé þannig um þetta gengið. Þetta gengur í raun ekki lengur. Það kemur fram í skýrslunni að þetta sé endurtekið efni frá Ríkisendurskoðun. Það er auðvitað áskorun um að Alþingi taki þetta mál sérstaklega til skoðunar. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að reyna enn einu sinni að auka á þrýsting varðandi þessi mál inn í fjárlaganefnd. Þar verður farið sérstaklega yfir þetta frumvarp til lokafjárlaga. Margt hefur verið rætt varðandi hvað megi styrkja alla þessa framkvæmd. En því miður hefur það ekki náðst fram nægilega vel. En ég trúi og treysti á að hæstv. fjármálaráðherra hafi sama áhuga á þessu og mörg okkar sem höfum tjáð okkur um þetta undanfarin ár.

Frú forseti. Mér sýnist einnig óhjákvæmilegt að gera breytingar á þessu frumvarpi eins og gert hefur verið undanfarin ár, ef ég man rétt, vegna staðfestingar á ríkisreikningi fyrir bæði árin 2002 og 2003, af þeirri einföldu ástæðu, eins og fram kemur í frumvarpinu, að ríkisreikningur og lokafjárlög fara ekki saman að öllu leyti. Hér eru gefnar á því viðamiklar útskýringar sem er ekki ástæða til að fara yfir í smáatriðum.

Undanfarin ár, eins og ég vitnaði til áðan að í 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins, segir með leyfi forseta:

„Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar."

Það er auðvitað gert ráð fyrir því hér í 3. gr. frumvarpsins sem við hér ræðum, en þar segir:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2004 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins."

Það er vandmeðfarið að gera það með þessu frumvarpi nema bæta við eins og gert hefur verið undanfarin ár. Þá hefur breytingartillaga komið fram, ef ég man rétt, við 2. umr. og varðandi afgreiðslu lokafjárlaga fyrir árið 2003 þá hljóðaði þessi grein þannig:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2003 jafnframt staðfestur ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda í áritun hans á reikninginn, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins."

Þannig að athugasemdir ríkisendurskoðanda séu teknar með þessu til staðfestingar til þess að þetta sé brúað. Mér sýnist allt benda til þess að við verðum að gera þetta enn einu sinni.

Frú forseti. Ég sagði að það væri ekki ástæða til þess að fara hér í einstaka liði þar sem gefin er skýring á af hverju ekki er fullt samræmi á milli lokafjárlaganna og ríkisreikningsins en við munum fara betur yfir þetta í fjárlaganefndinni og skoða einstök ráðuneyti varðandi það hvernig þau standa með tilliti til fjárlagaársins. Það er grábölvað að við séum að fjalla hér um hluti og staðfesta ákveðin útgjöld sem áttu sér stað á árinu 2004, vera að því nú á árinu 2006. Það er, eins og Ríkisendurskoðun benti á í athugasemdum sínum, ekki hægt að við séum ekki í tengslum við fjárlög að fjalla um fjárútlát þess árs sem er fram undan eins og gert er ráð fyrir þegar fjárlög eru samþykkt.

Það eru fleiri þættir sem hægt væri að gera athugasemdir við, t.d. gerir Ríkisendurskoðun athugasemdir við þá áætlunargerð sem stunduð hefur verið, m.a. varðandi álagningu skatta eða þær áætlanir sem þar liggja fyrir. Ríkisendurskoðun segir í athugasemdum sínum að það sé ekki líðandi öllu lengur að ekkert skuli vera gert í þessu.

Svo ég vitni, með leyfi forseta, orðrétt í eina setningu í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Ríkisendurskoðun telur að skattyfirvöld verði að taka til hendinni í þessum málum."

Það varðar þær áætlanir sem fyrir eru lagðar því að ár

eftir ár er verið að afskrifa skattkröfur vegna þess að áætlanirnar eru svo víðs fjarri raunveruleikanum og það er hægt að bæta því við að mörg undanfarin ár hafa fulltrúar úr fjármálaráðuneytinu, sem komið hafa á fund fjárlaganefndar, tekið undir það að þarna þurfi að taka til hendi og hafa borið þau skilaboð á milli að skattyfirvöld séu full áhuga á því en því miður er árangurinn miklu minni en við hefði mátt búast.

Að lokum, frú forseti, held ég að það sé rétt að vitna hér í athugasemdir við frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2004, þ.e. í texta sem kemur úr fjármálaráðuneytinu sjálfu.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að komið sé í veg fyrir að slík frávik myndist milli fjárveitinga og útgjalda á viðföngum einstakra fjárlagaliða. Í því sambandi þarf að gæta þess að bókhaldi sé hagað þannig að kostnaður einstakra verkefna sé gjaldfærður á sömu viðfangsefni og fjárheimild fyrir útgjöldunum var veitt á í fjárlögum. Eins er nauðsynlegt að endurskoða skiptingu kostnaðar á milli viðfangsefna í fjárlögum ár hvert.“

Frú forseti. Hér bendir fjármálaráðuneytið á afskaplega mikilvægt verkefni. Það er óþolandi að ár eftir ár skuli það sama gerast og allt of lítið virðist vera gert í því að bæta vinnulagið þannig að komast megi hjá slíkum athugasemdum. En við verðum að vona, svo að ég endurtaki það enn einu sinni, þar sem nú er ferskur og nýr hæstv. fjármálaráðherra að störfum, að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að þessu máli verði kippt í liðinn og sett verði í gang vinnuferli sem hafi það augljósa markmið að svona hlutir endurtaki sig ekki. Ella, frú forseti, verður að álykta sem svo að það sé vilji þeirra, þrátt fyrir hin fögru orð, að það sé best að hafa þetta eins og það hefur verið undanfarin ár en því verr og miður fylgir því það agaleysi sem við höfum til margra ára gagnrýnt við stjórn fjármála ríkisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 1. umr.

Stjfrv., 622. mál (einföldun og samræming lagaákvæða). — Þskj. 915.

[15:05]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Fela þær það í sér að lagaumhverfi Lífeyrissjóðs bænda verði einfaldað og starfsumhverfi lífeyrissjóðsins gert sem sambærilegast starfsumhverfi annarra lífeyrissjóða.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði 4.–7. gr. og 9.–14. gr. laganna verði felld á brott. Að nokkru leyti, líkt og fram kemur í frumvarpinu, hafa umrædd ákvæði verið tekin upp í 1. gr. frumvarpsins, en að mestu leyti hafa þau þó verið felld á brott. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 15.–18. gr. laganna, sem fjalla um eftirlaun til aldraða bænda, verði lögfest og munu því þau ákvæði verða flutt úr III. kafla laganna yfir í II. kafla þeirra. Engar efnislegar breytingar eru gerðar á þeim ákvæðum, að því undanskildu að ákvæðum um fjárhæð og greiðslutilhögun lífeyris er bætt við.

Rétt þykir að í lögum um Lífeyrissjóð bænda sé einungis tekið á sérstöðu sjóðsins, svo sem sjóðsaðild, iðgjaldsstofni og iðgjaldi bænda, svo og innheimtu þeirra en hún er með nokkuð öðrum hætti en hjá öðrum lífeyrissjóðum. Gert er ráð fyrir að önnur ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem réttindaávinnsla og lífeyrisréttindi, verði í samþykktum sjóðsins.

Í frumvarpinu er ekki um að ræða neinar efnislegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda aðrar en þær að ákvæði um lífeyrisréttindi vegna áunninna réttinda verði felld niður til þess að unnt verði að samræma þau lífeyrisréttindaákvæðum hjá öðrum lífeyrissjóðum.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að afloknni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur, 1. umr.

Stjfrv., 623. mál (samlagshlutafélög og lífeyrissjóðir). — Þskj. 916.

[15:07]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpi þessu er með því kveðið á um tvær breytingar á lögum um tekjuskatt. Annars vegar er lagt til að samlagshlutafélag teljist ekki sjálfstæður skattaðili nema eftir því sé sérstaklega óskað við skráningu og hins vegar að kveðið verði skýrar á um undanþágu lífeyrissjóða frá greiðslu tekjuskatts.

Samkvæmt gildandi lögum um tekjuskatt er samlagshlutafélag sjálfstæður skattaðili með sama hætti og hlutafélag og einkahlutafélag, þó svo að hluti félagsaðila í samlagshlutafélagi beri ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess. Í löggjöf nágrannaríkja Íslands er víða að finna ákvæði þess efnis að samlagshlutafélög séu ekki sjálfstæðir skattaðilar, nema annars sé óskað, og beri því að skattleggja tekjur samlagshlutafélaga hjá eigendum þeirra. Þannig er því t.d. háttað í dönskum rétti, þó svo að önnur ákvæði dönsku hlutafélagalaganna, eins og um skráningu í hlutafélagaskrá, gildi um samlagshlutafélög eftir því sem við á.

Á það hefur verið bent að ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um tekjuskatt, þar sem kveðið er á um sjálfstæða skattskyldu samlagshlutafélaga, hafi leitt til þess að þetta tiltekna félagaform hafi ekki verið notað í neinum mæli hér á landi þrátt fyrir ýmsa kosti sem því fylgi. Íslensk löggjöf á sviði tekjuskatta sem og hlutafélaga hefur í gegnum tíðina tekið mið af danskri löggjöf og er með frumvarpi því sem hér er mælt fyrir lagt til að sambærilegar reglur gildi í íslenskum lögum um skattskyldu samlagshlutafélaga og eru í

danskri löggjöf.

Samkvæmt frumvarpinu verða því tekjur samlagshlutafélags, sem ekki óskar eftir því að vera sjálfstæður skattaðili, skattlagðar hjá eigendum þess. Má því segja að eitt af markmiðum frumvarpsins sé að vekja samlagshlutafélagaformið til lífsins og skapa grundvöll þess að það verði nýtt sem tæki til eflingar fjármögnun, t.d. á sviði nýsköpunar. Taka ber fram að áfram er gert ráð fyrir að reglur hlutafélagalaga gildi almennt um samlagshlutafélög, þar með talið reglur um skráningu.

Í 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er að finna upptalningu á þeim aðilum sem undanþegnir eru skattskyldu. Þar á meðal eru lífeyrissjóðir, sbr. 5. tölul. 4. gr., svo fremi sem þeir reki ekki atvinnustarfsemi. Í vissum tilvikum hefur leikið vafi á því hvort lífeyrissjóður teljist stunda atvinnustarfsemi, m.a. í tilviki samlagsfélaga. Með frumvarpi því sem hér er mælt fyrir er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um það að lífeyrissjóðir séu undanþegnir skattskyldu af hvers konar tekjum af starfsemi sem þeim er á annað borð heimil samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Íslenskir lífeyrissjóðir eru meðal stærstu og virkustu fjárfesta á innlendum fjármálamarkaði, og með þessari breytingu er þeim gert kleift að fjárfesta í formi samlaga eða samlagshlutafélaga, sem t.d. fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum, án þess að skattskylda myndist hjá þeim.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[15:10]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Hér er frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Ég get ekki látið hjá líða, hæstv. forseti, að koma á framfæri eftirfarandi þar sem hér er til umræðu frumvarp til laga um tekjuskatt.

Ég vildi óska þess innilega að hæstv. fjármálaráðherra stefndi að því að staða eldri borgara væri betri en nú er í sambandi við lækkun á tekjuskatti á lífeyrissjóðsgreiðslur. Við erum að greiða, hæstv. forseti, 36,7% af lífeyrissjóðsgreiðslum sem er að mínu mati mjög hátt vægt til orða tekið. Ég teldi að þessi skattur ætti að vera svipaður og fjármagnstekjuskattur er í dag, þ.e. um 10%. Landssamband eldri borgara hefur margoft ályktað um þessa lækkun. Við eigum þetta inni hjá íslensku þjóðinni og ég vonast heitt og innilega til þess, þar sem ég er nú elsti starfandi þingmaður þessa dagana, að þetta verði íhugað alvarlega af hæstv. fjármálaráðherra.

[15:12]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur ekki farið fram hjá mér og öðrum að hv. þingmaður ber mjög hag eldri borgara fyrir brjósti og kemur það bæði fram hjá honum í ræðu og riti. Það er hins vegar líka á vitorði flestra að ríkisstjórnin hefur skipað sérstaka nefnd til þess að fara yfir kjör og aðstæður eldri borgara. Í þeirri nefnd er kannski ekki sérstaklega vikið að skattamálunum en hins vegar er önnur nefnd að störfum á vegum fjármálaráðuneytisins sem er að fara yfir reynslu okkar af þeim skattalögum og því skattaumhverfi sem við höfum búið við síðan 1988 og meta hvernig til hefur tekist. Þar er út af fyrir sig ekkert undanskilið og eðlilegt að þeir hlutir sem hv. þingmaður nefndi hér verði teknir þar til athugunar að einhverju leyti.

Það ber hins vegar að geta þess í umræðunni að það sem hv. þingmaður er að leggja til gengur í meginatriðum í berhögg við það sem sú skattalöggjöf byggist á en það er það að skattlagningin ráðist af tekjum manna en ekki aðstæðum. Það eru dæmi um að aðstæður komi til áhrifa hvað varðar skattlagninguna en meginatriðin eru öll þau að það séu tekjur en ekki aðstæður sem ráða. En eins og ég segi þegar verið er að meta það hvernig til hefur tekist með þessa skattalöggjöf og það umhverfi sem hún hefur skapað er rétt að skoða þetta í leiðinni.

[15:14]

Jón Kr. Óskarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil benda hæstv. fjármálaráðherra á að góð vísa er aldrei of oft kveðin.

[15:14]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla rétt að leggja orð í belg út af þeim umræðum sem hér urðu áðan um skattlagningu og afkomu eldri borgara í landinu. Skattalögin eru þannig útfærð að skattprósentan er ein fyrir alla að undanskildum unglingum sem hafa 6% skatt ef ég man rétt. Síðan er það persónuafslátturinn sem gildir fyrir alla.

Í sjálfu sér er ekkert undarlegt við það að eldri borgarar hafi beitt sér fyrir mikilli umræðu um stöðu sína að því er varðar skattlagningu og skerðingarreglur í þjóðfélaginu. Við í Frjálslynda flokknum höfum sérstaklega beint sjónum okkar að þeim skerðingarreglum sem eldri borgarar verða fyrir ef þeir fá viðbótartekjur, þ.e. aðrar tekjur en frá Tryggingastofnun, hvort sem það eru lífeyristekjur eða atvinnutekjur. Það verður að segjast eins og er að þegar saman eru lögð áhrifin af skerðingarreglunum sem snúa að Tryggingastofnun þar sem tekjur, úr lífeyrissjóði m.a., til eldri borgara valda því að bætur almannatrygginga lækka um 45% — þá er því miður niðurstaðan sú, vegna þess að eldri borgarar eru búnir að nýta persónuafslátt sinn við greiðslur frá Tryggingastofnun, að til viðbótar kemur skerðing sem nemur skattprósentunni eða 36,72%.

Þegar þessar tölur eru lagðar saman, annars vegar 4.500 kr. skerðing á bótum fyrir hverjar tíu þús. kr. sem eldri borgari á rétt á úr lífeyrissjóði og hins vegar til viðbótar 3.672 kr. í álagningu tekjuskatts stendur náttúrlega ekki mikið eftir, hæstv. forseti, eða rétt rúmar 1.800 kr., sem er rauntekjubreyting þessa aðila sem hefur annars vegar notið bóta Tryggingastofnunar og hins vegar viðbótartekna, hvort sem það eru tekjur eða greiðslur úr lífeyrissjóði.

Um þetta fyrirkomulag, hæstv. forseti, held ég að geti aldrei orðið friður við eldri borgara, það er algjörlega útilokað. Þess vegna höfum við í Frjálslynda flokknum bent á það, m.a. með tillögu hér í hv. Alþingi, að það þyrfti að líta á þessar skerðingarreglur og breyta þeim verulega. Við höfum lagt til að það væri ákveðin upphæð sem ekki kæmi til

skerðingar á bótunum, ákveðin upphæð út úr lífeyrissjóði, og síðan yrði þá stighækkandi skerðingarregla þar til tekjur úr lífeyrissjóði hefðu náð 100 þús. kr. á mánuði hjá einstaklingi en þá væri aftur komið að þessari 45% skerðingu á tryggingabótum.

Ég hef litið svo á undanfarin missiri og ár að það yrði ekki hægt að ná neinni sátt við eldri borgara öðruvísi en að fara í þessar skerðingarreglur með einhvers konar svona lagi, að gera það að verkum að eldri borgari fái ekki þessar skerðingar eins og þær eru í dag, þ.e. haldi eftir rúmum 1.800 kr. af hverjum 10.000 kr. þar til hann er búinn að eyða tekjutryggingunni, heimilisuppbótinni og tekjutryggingaraukanum, en eins og allir vita skerða lífeyristekjur ekki grunnlífeyri hjá Tryggingastofnun, gamla ellilífeyrinn sem sumir kalla, 23 þúsund krónurnar. Það er ekki fyrr en komið er þangað niður í bótum Tryggingastofnunar sem eldri borgarar fara að borga eingöngu tekjuskatt af lífeyristekjunum, þ.e. 3.670 kr. fyrir hverjar 10.000. kr. En fram að því tapar eldri borgarinn 8.000 kr. rúmum af hverjum 10.000. kr. sem hann fær út úr lífeyrissjóði. Það gerist annars vegar í gegnum tryggingabæturnar, skerðingarreglurnar þar eru um 45%, og síðan til viðbótar skattprósentunni.

Úr því að við erum hér að ræða skattamál og ívilnanir í sambandi við það er rétt að vekja athygli á þessu máli enn á ný, ekki er vanþörf á. Mín lokaorð eru þau að ég tel að það náist enginn friður við Samtök eldri borgara í þessu landi með því að hafa málin í þeim farvegi sem þau eru nú, það verður að finna aðra lausn. Ef hæstv. fjármálaráðherra er með margar nefndir í gangi sem snúa að skattamálum held ég að hann ætti nú að tengja það við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

[15:21]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er góðra gjalda vert hjá hv. þingmanni að vekja máls á þessu hér. Það hefur örugglega ekki farið fram hjá honum að þeirri nefnd sem er að störfum á vegum ríkisstjórnarinnar og Samtaka eldri borgara hefur einmitt verið falið að skoða þær skerðingar sem hv. þingmaður var að vekja athygli á og vænti ég þess að við fáum góða og brúklega niðurstöðu út úr því nefndarstarfi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 624. mál (lágmark virðisaukaskattsskyldrar sölu o.fl.). — Þskj. 917.

[15:22]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpi þessu er með því kveðið á um nokkrar breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Í fyrsta lagi er lagt til að lágmark virðisaukaskattsskyldrar sölu á ársgrundvelli verði hækkað úr 220.000 kr. í 500.000 kr. Samkvæmt 3. tölul. 4. gr. laganna eru þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 220.000 kr. á ári undanþegnir skattskyldu. Það er frumforsenda fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá að starfsemi sé í atvinnuskyni, sbr. 5. mgr. 5. gr. laganna.

Einn meginþátturinn sem horft er til við mat á því hvort um atvinnustarfsemi er að ræða er umfang starfsemi. Umfangslítil starfsemi bendir til þess að ekki sé um atvinnustarfsemi að ræða. Segja má að veltumarkið feli í sér vísbendingu um það hvað umfangið þurfi að vera mikið til að um atvinnustarfsemi sé að ræða.

Núgildandi lágmarksveltuákvæði hefur staðið óbreytt í lögunum frá 1. júlí 1997, þegar fjárhæðin var lögbundin og afnumin vísitölubundin hækkun sem gilti fyrir þann tíma. Þá má geta þess að íslenska veltumarkið er töluvert lægra en hjá nágrannaþjóðum okkar að Svíþjóð undanskilinni en þar eru engin slík lágmarksskilyrði.

Með hliðsjón af hagkvæmnisástæðum, atvinnuskynsreglu 5. mgr. 5. gr. laganna og fyrirkomulagi í nágrannalöndum er því með frumvarpi þessu lagt til að lágmarksveltuákvæði laganna verði hækkað úr 220.000 kr. í 500.000 kr.

Í öðru lagi er lagt til með frumvarpi þessu að leiðréttingartímabil innskatts varðandi fasteignir verði lengt úr tíu árum í tuttugu ár. Reynslan af þessu ákvæði hefur sýnt að tíu ára leiðréttingarskylda innskatts varðandi fasteignir er of stutt tímabil. Auk þess hefur verið gerð breyting á reglugerð nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, þar sem lengdur var sá tími sem aðilar sem stunda starfsemi á þróunar- eða undirbúningsstigi geta verið með svokallaða fyrirframskráningu á virðisaukaskattsskrá úr 6 árum í 12 ár. Gangi áform þróunar- eða undirbúningsstarfs ekki eftir, þannig að ekki komi til eiginlegrar virðisaukaskattsskyldrar starfsemi, ber hinum fyrir fram skráða m.a. að leiðrétta fenginn innskatt vegna framkvæmda við fasteignir. Skylda til leiðréttingar varir í 10 ár frá því að framkvæmdir áttu sér stað og skal leiðrétting vera hlutfallsleg miðað við leiðréttingartímann. Með tvöföldun tímalengdar fyrirframskráningar getur komið til þess, verði ekkert að gert, að leiðréttingartími verði liðinn þegar á leiðréttingarskyldu reynir. Er það andstætt þeim sjónarmiðum sem búa að baki reglum um fyrirframskráningu og leiðréttingu innskatts. Er því nauðsynlegt samhliða þessari breytingu að lengja tímabil leiðréttingarskyldu á innskatti varðandi fasteignir, þar sem eðlilegt þykir að það tímabil sé talsvert lengra en tímabil mögulegrar fyrirframskráningar.

Í þriðja lagi er lagt til að gerðar verði smávægilegar breytingar á nokkrum ákvæðum laganna er varða byggingarstarfsemi. Unnið hefur verið að einföldun reglna um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi um nokkurt skeið. Til þess að ná fram þeirri einföldun og samræmingu sem að er stefnt er nauðsynlegt að gera nokkrar smávægilegar breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[15:26]

Jón Kr. Óskarsson:

Virðulegur forseti. Ég get ekki látið hjá líða að tala um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Ég kem hér að ákveðnu máli, þ.e. um virðisaukaskatt af lyfjum. Ég bar fram þá fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra fyrir nokkru hvað það mundi þýða í tekjutap ef virðisauki af lyfjum yrði lækkaður í 14 eða 7%. Út úr því dæmi kom að það mundi spara eldri borgurum og barnafjölskyldum nokkur hundruð milljónir króna á ári, tel ég, ef virðisauki af lyfjum yrði lækkaður. Að mínu mati getur enginn neitað því, held ég, að eldri borgarar og barnafjölskyldur eru stærstu kaupendur að lyfjum hér á landi þannig að ég mundi leggja til að lækkun á virðisaukaskatti yrði alvarlega skoðuð við næstu fjárlagagerð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 619. mál (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot). — Þskj. 905.

[15:27]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti, en þar eru lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar til að fullgilda megi samning Evrópuráðsins um tölvubrot frá 23. nóv. 2001. Í samningnum eru samræmd almenn efnisskilyrði í refsilöggjöf og tengdri löggjöf að landsrétti á sviði tölvubrota. Jafnframt er mælt fyrir um nauðsynlegar réttarfarsreglur svo að hægt sé að rannsaka og saksækja einstaklinga fyrir slík afbrot auk annarra afbrota sem framin eru í gegnum tölvukerfi eða með rafrænum hætti.

Frumvarpið er samið í refsiréttarnefnd og réttarfarsnefnd að tilhlutan dómsmálaráðherra. Þá hafði dómsmálaráðuneytið samráð við samgönguráðuneytið vegna ákvæða í fjarskiptalögum.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru þessi:

Lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að lögfest verði nýtt ákvæði í II. kafla A almennra hegningarlaga sem veiti heimild til að leggja refsiábyrgð á lögaðila fyrir brot á ákvæðum almennra hegningarlaga. Það er vegna ákvæða 12. gr. samningsins sem skyldar aðildarríki að gera lögaðila refsiábyrga fyrir brot sem eiga að vera refsinæm samkvæmt samningnum.

Þá er lögð til breyting í 2. gr. frumvarpsins á ákvæði í 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga um barnaklám sem taka á af allan vafa um að það sé refsinæmt hér á landi að afla sér eða öðrum barnakláms í gegnum tölvukerfi, samanber skuldbindingar samkvæmt d-lið 1. mgr. 9. gr. samningsins.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði nýju ákvæði við lög um meðferð opinberra mála sem mæli fyrir um heimild fyrir lögreglu í þágu rannsóknar opinbers máls að leggja fyrir þann sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet að varðveita þegar í stað tölvugögn, þar með talin gögn um tölvusamskipti. Þetta nær aðeins til fyrirmæla um að varðveita gögnin og er miðað við að lögreglan geti gefið slík fyrirmæli án undangengins dómsúrskurðar. Tekið skal fram að gögn verða ekki afhent á grundvelli þessarar heimildar en til þess þarf úrskurð dómara eftir almennum reglum. Einnig er í 5. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að fyrirmæli lögreglu um varðveislu gagna geti eingöngu náð til gagna sem þegar eru fyrir hendi. Þannig verði ekki unnt að gefa fyrirmæli um varðveislu gagna sem ekki eru fyrir hendi, svo sem seinni tíma tölvupóst.

Til að tryggja að fyrirmælum lögreglu verði fylgt eru lagðar til viðeigandi breytingar á lögum um fjarskipti. Beinlínis verði kveðið á um skyldu þess sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls enda styðjist þau tilmæli við dómsúrskurð eða lagaheimild. Rétt þykir að binda þetta ekki við skyldu til varðveislu gagna heldur verði þetta almenn skylda sem taki til annarra rannsóknarúrræða.

Loks er lagt að refsingar vegna brota á fjarskiptalögum geti varðað fangelsi allt að tveimur árum í stað sex mánaða nú í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi eru þegar ákvæði fjarskiptalaga eru brotin.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[15:31]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti. Þar kemur samningur Evrópuráðsins um tölvubrot mjög svo við sögu.

Ég vil byrja á að fagna því að sjá loks þennan samning í heild sinni og þýddan. Það kemur mér mjög jákvætt á óvart hvað í rauninni við þurfum lítið að breyta lögum miðað við það hversu gríðarlega umfangsmikill þessi samningur er. Þar sem refsiréttarnefnd hefur samið þetta frumvarp mun verða farið yfir það í hv. allsherjarnefnd hvort þær tillögur teljast nægjanlegar. En það eru hérna nokkrir þættir sem mér finnst afar áhugaverðir og vil aðeins fjalla um í stuttu máli.

Í 5. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Í þágu rannsóknar máls þar sem rafræn gögn geta haft sönnunargildi er lögreglu heimilt að leggja fyrir þann sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet að varðveita þegar í stað tölvugögn, þar með talin gögn um tölvusamskipti.“

Ég man ekki betur en miklar umræður hafi orðið í þinginu um breytingu á fjarskiptalögum, en ég sé hérna að í rauninni er verið að herða refsingu.

Í athugasemdum við frumvarpið segir, með leyfi forseta:

„Til samræmis við 4. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að refsimörk til afhendingar gagna skv. b-lið 86. gr. laga um meðferð opinberra mála verði tveggja ára fangelsi og að málslið þess efnis verði bætt við b-lið 2. mgr. 87. gr. þeirra laga, ...“

Þar er talað um tvö ár í stað sex mánaða eins og núna er gert ráð fyrir í 74. gr. fjarskiptalaganna. Það er því verið að taka miklu harðar á þessum tölvubrotum og er það í rauninni mjög vel.

Það sem mér finnst líka mjög áhugavert eru atriði varðandi barnaklámið því að í samningnum um tölvubrot er stór grein, þ.e. 9. gr., um brot er varða barnaklám. Það sem mér finnst áhugaverðast fyrir allsherjarnefnd að skoða er hvort einhver nýmæli eru í þeim samningi sem við ættum að setja inn í okkar lög.

Ég ætla aðeins að fara yfir 9. gr. í samningnum sem er staðfestur af okkar hálfu. Yfirskriftin er: Brot er varða barnaklám.

„1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta gert eftirfarandi háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða og hún er höfð uppi án réttar:

a) að framleiða barnaklám í því skyni að dreifa því um tölvukerfi;

b) að bjóða fram barnaklám eða gera það aðgengilegt um tölvukerfi;

c) að dreifa barnaklámi eða senda það um tölvukerfi;

d) að útvega sér eða öðrum barnaklám um tölvukerfi;

e) að hafa í fórum sínum barnaklám í tölvukerfi eða vörslumiðli tölvugagna.

2. Í „barnaklámi" felst, að því er varðar 1. mgr. hér að framan, klámefni sem sýnir:

a) ólögráða barn sem hefur uppi háttsemi sem er greinilega kynferðisleg;

b) manneskju sem virðist vera ólögráða barn" — þ.e. við fáum nýtt inn, hún virðist vera ólögráða af þeim myndum sem sýndar eru — „og hefur uppi háttsemi sem er greinilega kynferðisleg;

c) raunsannar myndir sem tákna ólögráða barn sem hefur uppi háttsemi sem er greinilega kynferðisleg;

3. Hugtakið „ólögráða barn", tekur, að því er varðar 2. mgr. hér að framan, til allra manna undir 18 ára aldri. Aðili getur engu að síður tilskilið lægra aldursmark, þó ekki lægra en 16 ár."

Það sem mér finnst mikilvægt að skoða í nefndinni í tengslum við þetta er — af því að mikil umræða hefur verið um tölvur og barnaklám, og af því að frumvarpið er fyrst og fremst tengt þessum samningi — hvort það er eitthvað varðandi barnaklám og tölvur sem við gætum sett inn úr því að verið er að opna fjarskiptalögin á ný, eins lög um breyting á almennum hegningarlögum og lög um meðferð opinberra mála. Það er eitt af því sem mér finnst að við í hv. allsherjarnefnd ættum að fara svolítið í saumana á og fá þá til okkar Barnaheill sem hafa staðið fyrir skimun á klámsíðum. Ég held að það gæti skilað sér í mjög góðum umræðum í nefndinni og kannski ákveðinni lögskýringu í nefndaráliti og þá fyrst og fremst til að styrkja þennan þátt hjá okkar.

Það er heilmikið líka í samningnum um gagnkvæma aðstoð varðandi hlerun og að sjálfsögðu um áhrif samningsins um viðbætur og framsal sakamanna og annað. Þetta er því um margt mjög gagnmerkur samningur. Þess vegna kemur það mér, eins og ég sagði, hæstv. forseti, jákvætt á óvart að við skulum í rauninni ekki þurfa að hafa stærri breytingartillögur en hér fara fram. Mér finnst það þá segja að við höfum verið á réttri leið og verið framsýn.

Einnig er mjög mikilvægt að tekið er mjög vel á þagnarskyldu og gildissviði málsmeðferðarákvæða og hlerun, gagna og annað, og eins varðandi framsal. Hér er því um mjög gagnmerkan samning að ræða þó svo að hann hafi verið undirritaður 2001 en sé núna að öðlast skýrari staðfestingu því mér skilst að hann verði staðfestur í utanríkismálanefnd innan skamms.

En að ýmsu er að hyggja þegar við tökum málið fyrir hjá okkur og þá þarf líka að rifja upp umræður í þinginu sem urðu um fjarskiptaþjónustu, fjarskiptanetið og fjarskiptamálin. Það er af ýmsu að taka.

Það er líka mjög mikilvægt sem fram kemur í 6. gr. í þessum breytingum en þar segir, með leyfi forseta:

„Þeim sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet er skylt að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls, enda styðjist þau tilmæli við dómsúrskurð eða lagaheimild."

Það er því algjörlega kveðið mjög skýrt á um dómsúrskurðinn eða lagaheimildina sem er afar brýnt því að við megum ekki gleyma lögunum um persónuvernd.

Það verður mjög fróðlegt að fara yfir þetta áfram í hv. allsherjarnefnd og fá aðila úr refsiréttarnefnd fyrir nefndina ásamt fleiri aðilum því að mér finnst þetta gefa örlitlar vísbendingar um að við gætum kannski tekið á fleiri þáttum en akkúrat þeim sem hér eru sem gætu orðið til góðs.

[15:39]

Útbýting:

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, 651. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 958.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 637. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 941.

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 647. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 954.

Vatnsafl og álframleiðsla, 650. mál, fsp. MÁ, þskj. 957.

[15:40]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Mig langar að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra þriggja spurninga sem lúta að 5. og 6. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr. stendur í greinargerð, með leyfi forseta:

„Í samræmi við þetta er lagt til í 5. gr. frumvarpsins að bætt verði nýju ákvæði við lög um meðferð opinberra mála, sem verði 87. gr. a, með heimild fyrir lögreglu, í þágu rannsóknar opinbers máls, að leggja fyrir þann sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet að varðveita þegar í stað tölvugögn, þar með talin gögn um tölvusamskipti, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Þetta nær aðeins til fyrirmæla um að varðveita gögnin og er miðað við að lögregla geti gefið slík fyrirmæli án undanfarandi dómsúrskurðar."

Mig langar að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra: Af hverju er ekki gerð krafa um dómsúrskurð þegar kemur að þessari kröfu lögreglunnar, þ.e. að biðja um varðveislu gagnanna? Ég veit að skilyrði fyrir afhendingu gagna er dómsúrskurður en mig langar aðeins að fá skoðanir hæstv. dómsmálaráðherra á því af hverju ekki er áskilinn dómsúr-

skurður þegar kemur að því krefjast varðveislu gagnanna.

Síðan er spurning númer tvö sem lýtur að 6. gr. Þar er talað um að það verði beinlínis skylda þess sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls, enda styðjist þau tilmæli við dómsúrskurð eða lagaheimild. Mig langar að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra um hvort núverandi skylda sé ekki nú þegar í lögum, þ.e. hafi opinber aðili dómsúrskurð um að aðstoða eigi við rannsókn sakamáls, hvort sú skylda sé ekki nú þegar fyrir hendi. Ef svo er, af hverju er verið að bæta þessu við til viðbótar?

Að lokum langar mig að spyrja einnar spurningar sem varðar einnig 6. gr., en hún lýtur að þessari svokallaðri aðstoð. Í greininni stendur:

„Þeim sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet er skylt að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls ... "

Hvað felst í þessari aðstoð? Getur hæstv. dómsmálaráðherra upplýst okkur um hversu langt það gengur? Greinargerðin segir að þetta taki ekki einungis til varðveislu gagna heldur verði þetta almennt og taki einnig til rannsóknarúrræða. Ef hæstv. dómsmálaráðherra gæti aðeins dýpkað skilning sinn á 6. gr. fyrir okkur í allsherjarnefnd væri það til bóta.

[15:43]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki annað um þetta að segja en það sem hér hefur komið fram og þakka undirtektir undir frumvarpið. Eins og menn vita sem sjá þetta mál er það byggt á samningi Evrópuráðsins og þetta eru þær breytingar sem sérfræðinefndir, þ.e. refsiréttarnefnd, sem hefur fjallað um málið ásamt réttarfarsnefnd að tilhlutan minni, telja að nauðsynlegt sé að færa hér í lög til að við getum staðið við skuldbindingar samkvæmt þessum samningi.

Á bls. 10 segir, með leyfi forseta:

„Samningur Evrópuráðsins um tölvubrot gerir ráð fyrir nýju úrræði við rannsókn sakamála vegna brota sem framin eru með atbeina upplýsingatækni. Tekur þetta úrræði mið af hættu á því að spillt verði eða breytt tölvugögnum sem hafa að geyma sönnun fyrir broti. Í samræmi við þetta er lagt til í 5. gr. frumvarpsins að bætt verði nýju ákvæði við lög um meðferð opinberra mála, sem verði 87. gr. a, með heimild fyrir lögreglu, í þágu rannsóknar opinbers máls, að leggja fyrir þann sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet að varðveita þegar í stað tölvugögn, þar með talin gögn um tölvusamskipti, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Þetta nær aðeins til fyrirmæla um að varðveita gögnin og er miðað við að lögregla geti gefið slík fyrirmæli án undanfarandi dómsúrskurðar."

Þegar maður les þetta held ég að þetta skýri sig sjálft. Það segir hér, með leyfi forseta:

„Tekur þetta úrræði mið af hættu á því að spillt verði eða breytt tölvugögnum sem hafa að geyma sönnun fyrir broti."

Um það snýst málið. Verið er að koma í veg fyrir þá hættu að tölvugögnum verði breytt eða þeim spillt af því að þau geta haft að geyma sönnun fyrir broti.

Síðan er það svo að lögreglan getur ekki farið í gögnin nema með sérstakri nýrri heimild. Heimild þarf að vera fyrir lögregluna, að mati þeirra sem gerðu þennan samning, að hafa úrræði sem gefa lögreglunni tilefni til að bregðast skjótt og harkalega við til þess að varðveita þetta en ekki meira. Ég held að þeir sem sömdu samninginn og þeir sem síðan taka mið af þessu við gerð frumvarpsins byggi á reynslu sem segir að nauðsynlegt sé til að upplýsa mál af þessum toga að lögregla hafi úrræði sem þessi og ekki sé unnt að búast við því að lögreglan nái árangri í að upplýsa um svona mál nema þessum úrræðum sé fyrir að fara í lögum. Þetta er skýring mín varðandi þetta atriði.

Um 6. gr. er líka sömu sögu að segja. Hún tekur náttúrlega mið af umræddum samningi og byggist á því að við færum í lög heimildir sem nauðsynlegar eru til að við getum staðið við samninginn.

Ef ég má, með leyfi forseta, lesa upp úr greinargerðinni á bls. 11, þá segir:

„Til að tryggja að fyrirmælum lögreglu verði fylgt eru sem fyrr greinir lagðar til viðeigandi breytingar á lögum um fjarskipti. Þær breytingar felast í því að með 6. gr. frumvarpsins er lagt til að tveimur nýjum málsgreinum verði bætt við 47. gr. laganna og komi í IX. kafla um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs, þar sem beinlínis verði kveðið á um skyldu þess sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet til að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls, enda styðjist þau tilmæli við dómsúrskurð eða lagaheimild. Rétt þykir að binda þetta ekki við skyldu til varðveislu gagna heldur verði þetta almennt og taki því einnig til annarra rannsóknarúrræða, þar á meðal hlerunar. Þá er lagt til að starfsmenn fjarskiptafyrirtækis beri þagnarskyldu um þær aðgerðir sem gripið er til við rannsókn máls. Er rétt að kveða beinlínis á um þetta í lögum eins og gert er ráð fyrir í 3. mgr. 16. gr. samningsins."

Þetta er sem sagt til þess að við stöndum þannig að vígi að við getum framfylgt 3. mgr. 16. gr. samningsins og þá telja refsiréttarnefnd og réttarfarsnefnd nauðsynlegt að setja þetta inn í okkar lög.

Hvað felst síðan í hugtakinu aðstoð er náttúrlega skýrt að nokkru leyti í þessu sem ég hef lesið: „Rétt þykir að binda þetta ekki við skyldu til varðveislu gagna heldur verði þetta almennt og taki því einnig til annarra rannsóknarúrræða, þar á meðal hlerunar," segir hér. Aðstoðin getur því verið þar á meðal hlerun og eitthvað annað sem menn telja að sé til þess fallið að upplýsa þetta mál.

Mér finnst að þessu sé ágætlega svarað í greinargerðinni en ég er líka viss um að hv. allsherjarnefnd getur fengið nánari skýringar og vafalaust dæmi frá sérfræðingum refsiréttarnefndar og réttarfarsnefndar þegar málið verður tekið til umræðu í nefndinni. En ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé fyrir okkur að hafa þennan samning sem hluta af lagaumgjörð okkar. Engin þjóð í heiminum notar tölvur eins mikið og við. Við vitum líka að hér hafa menn verið teknir fyrir að misnota tölvur á þann veg að full ástæða er fyrir okkur að staðfesta þennan samning og lögfesta þau úrræði í landslög okkar sem við teljum nauðsynleg til að við getum unnið samkvæmt honum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegabréf, 1. umr.

Stjfrv., 615. mál (ný gerð vegabréfa, nýr útgefandi o.fl.). — Þskj. 900.

[15:49]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hér fyrr í dag flutti forsætisráðherra tvö mál sem snúast um það að flytja Þjóðskrá frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytisins. Þegar menn sjá þetta frumvarp til laga um breyting á lögum um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, sjá menn að gert er ráð fyrir því að flytja útgáfu vegabréfa frá Útlendingastofnun til Þjóðskrár. Einnig er gert ráð fyrir því að sýslumenn, lögregla og önnur stjórnvöld taki við umsóknum um vegabréf eftir því sem ráðherra ákveði og einnig að Þjóðskrá geti falið öðrum að annast einstök verkefni við framleiðslu og skráningu upplýsinga í vegabréfabók.

Síðan eru þarna ákvæði um það sem þarf að vera í vegabréfunum og hvaða skilyrði vegabréfin þurfa að uppfylla til þess að við stöndumst alþjóðlegar kröfur um það sem kallað er rafræn lífkenni í vegabréfum. Notkun rafrænna lífkenna í vegabréfum er einkum ætlað að auka nákvæmni auðkenningar og þar með öryggi og skilvirkni í landamæraeftirliti.

Við búum við það hér síðan, ef ég veit rétt, árið 1999 að öll vegabréf sem eru gefin út á Íslandi eru tölvulesanleg en okkar vegabréf bera ekki það sem kallað er stöðluð rafræn lífkenni sem henta fyrir vélrænan samanburð. Lífkenni er íslenskun á orðinu „biometrics" en samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins frá 13. des. 2004, sem vísað er til í almennum athugasemdum með frumvarpinu, skulu aðildarríki Evrópusambandsins hefja útgáfu nýrra vegabréfa með örflögu sem ber að líkenna upplýsingar eigi síðar en 28. ágúst árið 2006. Þessi reglugerð er bindandi fyrir okkur og Norðmenn vegna aðildar okkar að Schengen-samstarfinu.

Þess ber að geta að þrátt fyrir ofangreindar breytingar þurfa þeir sem eru með tölvulesanleg vegabréf núna ekki að endurnýja þau þar sem þau munu gilda áfram út sinn gildistíma einnig án áritunarskyldu til Bandaríkjanna. Þess ber að geta að Bandaríkin hafa sett fram þær kröfur að ríki sem vilja halda stöðu sinni í því sem þau kalla Visa Waver Program, þ.e. að borgarar þessara ríkja geti ferðast til Bandaríkjanna án vegabréfsáritunar, verði að gefa út vegabréf með örflögu sem í eru stöðluð rafræn lífkenni eftir 26. október árið 2006. Vegabréf gefin út eftir þann dag munu ekki duga til farar til Bandaríkjanna án áritunar nema þau innihaldi lífkenni samkvæmt stöðlum frá Alþjóðlegu flugmálastofnuninni.

Ég vil taka það fram að þetta á ekki við um vegabréfin sem eru gefin út eftir 1999. Það er nauðsynlegt að hafa það í huga að vegabréfin sem gefin voru út eftir 1999, tölvulesanlegu vegabréfin, er hægt að nota út sinn gildistíma til ferða til Bandaríkjanna án þess að fá vegabréfsáritun — ef menn eru að fara til Bandaríkjanna og vilja komast hjá því að vera með vegabréfsáritun verða þeir að hafa tölvulesanlegt vegabréf sem er gefið út eftir 1. júlí 1999 eða þessi nýju vegabréf. Munurinn á þessu tvennu er tæknilegur. Þetta nýja vegabréf verður með sérstakri síðu sem hefur að geyma rafrænar upplýsingar sem eru lesanlegar í vél sem verður komið fyrir á landamærastöðinni og getur borið þær upplýsingar sem eru í vegabréfinu saman við gagnagrunna o.s.frv.

Það er gert ráð fyrir því að í fyrstu atrennu verði lífkennið sem sett verði í vegabréfið stafræn mynd af umsækjanda og síðan er heimild í frumvarpinu fyrir dómsmálaráðherra að bæta við, eins og segir hér:

„Dómsmálaráðherra getur ákveðið að fingraför umsækjanda skuli skönnuð og varðveitt í vegabréfinu."

Á síðari stigum er gert ráð fyrir því að það skilyrði verði sett að fyrir utan þessa stafrænu mynd verði einnig fingraför hluti af þeim auðkennum sem vegabréfið hefur að geyma. Það er stefnt að því að þetta taki gildi á Schengensvæðinu árið 2009 þannig að það eru þær dagsetningar sem menn hafa í huga varðandi þetta.

Eins og ég sagði í upphafi er gert ráð fyrir að Þjóðskráin komi í stað Útlendingastofnunar við útgáfu vegabréfanna og Þjóðskráin haldi skilríkjaskrá um öll útgefin vegabréf og önnur skilríki sem Þjóðskrá verður falið að annast útgáfu á og þetta kemur fram í lögunum um Þjóðskrána. Þjóðskrá og lögreglu verði heimilt að nota skilríkjaskrá við skilríkjaútgáfu til að bera kennsl á mann eða staðreyna að hann sé sá sem hann kveðst vera, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Þegar þetta gengur fram mun framleiðsla vegabréfanna flytjast frá Útlendingastofnun til sérstakrar framleiðslustöðvar sem dómsmálaráðuneytið er að koma upp núna í Reykjanesbæ. Þar hefur verið fest fé í tækjabúnaði sem á að gera kleift að framleiða þessi vegabréf þannig að þau fullnægi öllum kröfum. Þetta er framleiðsla sem skapar fjögur ný störf sem menn hafa mikinn áhuga á á þessum slóðum um þessar mundir eins og kunnugt er. Einnig hefur verið fest fé í tækjabúnaði sem gerir kleift að framleiða hér á landi kort eins og ökuskírteini og önnur slík kort sem hingað til hafa verið framleidd erlendis. Með þessu starfi sem undirbúið hefur verið vegna þessa frumvarps erum við að búa til skilríkjaútgáfu *á vegum ríkisins sem fullnægir öllum þeim* kröfum sem eðlilegt er að gera til slíkrar útgáfu og þess öryggis sem þar þarf að gæta. Við vitum að Íslendingar ferðast mjög mikið og öll eigum við vegabréf og okkur er annt um að hafa vegabréf sem eru þannig að þau fullnægi öllum kröfum.

Ég vil lesa hér, með leyfi forseta, leiðbeiningar sem dómsmálaráðuneytið hefur sett inn á vefsíðu Stjórnarráðsins til þess að bregðast við spurningum sem við teljum algengar þegar um er að ræða hin nýju íslensku vegabréf:

„Í ljósi þeirrar umræðu sem er um væntanlegar nýjungar í íslenskri vegabréfaútgáfu hafa margir haft samband við þær stofnanir sem að vegabréfamálum koma og spurt hvaða áhrif breytingin hafi fyrir hinn almenna íslenska ferðamann. Þess vegna eru birtar hér nokkrar algengar spurningar og svör sem varða útgáfu hinna nýju vegabréfa."

Spurt er:

„Þarf að sækja um nýtt vegabréf þegar hafin verður útgáfa nýrra vegabréfa?"

Svarið er:

„Nei, öll núgildandi vegabréf halda gildi sínu að fullu. Ekki er stefnt að neins konar innköllun á núgildandi vegabréfum. Öll gild íslensk vegabréf, sem gefin eru út eftir 1. júní 1999, gilda til þess að ferðast án áritunar til Bandaríkj-

anna. Þeir sem bera íslensk vegabréf útgefin fyrir 1. júní 1999 og ætla til Bandaríkjanna þurfa nú þegar annaðhvort að sækja um áritun til Bandaríkjanna í bandarísku sendiráði eða sækja um nýtt vegabréf." — Og mönnum ber að athuga að þetta tengist ekki útgáfu nýju íslensku vegabréfanna heldur bandarískum reglum.

„Margir hafa spurt um hvort þeir þurfi að sækja um hið nýja lífkennavegabréf, þegar útgáfa þess hefst til þess að geta ferðast áritunarlaus til Bandaríkjanna eftir 26. okt. 2006."

Svarið er:

„Svo er ekki, vegabréf útgefin eftir 1. júní 1999 munu áfram gilda til áritunarlausra ferðalaga til Bandaríkjanna."

Síðan er spurt hér:

„Hvað er vegabréf með lífkennaupplýsingum, rafrænt vegabréf?"

Svarið er:

„Í þeim vegabréfum sem áætlað er að hefja útgáfu á nú á vordögum 2006 verður örflaga og í henni verða varðveittar upplýsingar unnar úr stafrænni mynd sem tekin verður af umsækjanda vegabréfsins, einnig munu verða varðveittar í örflögunni upplýsingar unnar úr fingraskanni vegabréfshafa."

Ég vil taka það fram varðandi þetta með stafrænu myndina að á ákveðnu stigi í þessu undirbúningsferli komu fram viðhorf frá ljósmyndurum sem töldu að með því að færa þetta þannig inn til sýslumanna, að menn gætu tekið sjálfir af sér þessar myndir, væri verið að draga úr störfum ljósmyndara en náðst hefur samkomulag við þá um það hvernig þeir geta komið að þessu og sent stafrænar myndir til útgáfuaðila vegabréfanna þannig að þeirra starfsöryggi er ekki stefnt í voða með þessari breytingu.

Þá er spurt:

„Af hverju vegabréf með lífkennaupplýsingum, rafræn vegabréf?"

Svarið er:

„Alþjóðaflugmálastofnunin hefur um árabil unnið að þróun rafrænna vegabréfa með lífkennaupplýsingum. Nú hafa mál þróast þannig að alþjóðasamfélagið krefst rafrænna vegabréfa og til þess að tryggja Íslendingum viðunandi ferðafrelsi er nauðsynlegt að hefja útgáfu slíkra vegabréfa sem fyrst. Evrópusambandið hefur samþykkt að öll ríki þess hefji útgáfu rafrænna vegabréfa eigi síðar en 28. ágúst 2006. Þessi samþykkt Evrópusambandsins er einnig skuldbindandi fyrir Ísland."

Þá er spurning hér:

„Verða nýju vegabréfin með lífkennaupplýsingum dýrari en eldri vegabréf?"

Svarið við því er:

„Nýju vegabréfin verða nokkuð dýrari í framleiðslu en eldri vegabréf. Ekki er þó ráðgert að hækka verð þeirra til handhafa."

Ég vil vekja athygli á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að vegabréfið gildi eins og segir hér í 5. gr.:

„Gildistími almenns vegabréfs skal vera fimm ár frá útgáfudegi en heimilt er að lengja þann tíma eftir því sem ákveðið skal í reglugerð. Gildistími annarra vegabréfa skal ákveðinn í reglugerð."

Þarna er gildistíminn styttur úr tíu árum í fimm og ástæðan fyrir því er sú að menn eru ekki öruggir um það hvernig þessi nýja tækni endist, hvað hún er endingargóð. Ef það kemur í ljós að hún heldur fullu gildi eftir fimm ár er einfalt að gefa út reglugerð um það að þessi vegabréf skuli framlengd um fimm ár eða hvaða tíma sem menn ákveða í því efni þannig að þetta er varúðarákvæði um gildistímann í fimm ár til þess að menn hafi svigrúm í því efni með hliðsjón af reynslunni.

Virðulegi forseti. Ég taldi nauðsynlegt að gera svo rækilega grein fyrir þessu litla frumvarpi, sem er nú samt stórt, því að það snertir Íslendinga mjög sem ferðast mikið og vilja hafa ferðaskilríki sín í góðu lagi. Ég vona því að það fái góða umfjöllun hér í þinginu og skjóta afgreiðslu til þess að við getum búið þessi skilríki sem best í hendur okkar borgara og innan þeirra tímamarka sem okkur eru sett.

[16:02]

Útbýting:

Lyfjalög, 652. mál, frv. KJúl o.fl., þskj. 959.

Menntaskólinn í Kópavogi og ógreiddar verðbætur, 653. mál, fsp. JKÓ, þskj. 960.

[16:03]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breyting á lögum um vegabréf og eins og hefur komið fram hjá hæstv. dómsmálaráðherra þá eru tvær meginbreytingar þar á ferð. Í fyrsta lagi á að taka upp nýja gerð vegabréfa, sem innihalda eiga rafræn lífkenni, og í annan stað er verið að breyta útgefanda á vegabréfum, það er sem sagt verið að flytja þá starfsemi frá Útlendingastofnun til Þjóðskrár.

Við ræddum fyrr í dag við hæstv. forsætisráðherra í tengslum við annað frumvarp, sem laut að flutningi Þjóðskrár frá Hagstofunni til dómsmálaráðuneytisins, og í þeirri umræðu komu m.a. fram spurningar um hvort það stæði til að flytja Þjóðskrána eða hluta af verkefnum Þjóðskrár út á land. Hæstv. forsætisráðherra vísaði þeirri spurningu á hæstv. dómsmálaráðherra, sem hann vissi að mundi mæla fyrir þessu máli hér á eftir, og það væri fróðlegt að bera þá spurningu upp gagnvart hæstv. dómsmálaráðherra varðandi þann hugsanlega flutning.

Í greinargerð frumvarpsins segir að krafan um breytingarnar sé vegna alþjóðlegra krafna. Mig langar í fyrsta lagi að spyrja hvort verið sé að ganga eitthvað lengra en alþjóðlegar kröfur gera ráð fyrir. Eru þetta fyrst og fremst kröfur sem Bandaríkjamenn hafa verið að setja? Í greinargerðinni er einnig vísað í samræmdar kröfur Schengen-ríkjanna, talað um samkomulag milli Schengen-ríkjanna um að ríki skuli hefja útgáfu nýrra vegabréfa eigi síðar en 22. ágúst nk. Þá langar mig að spyrja í framhaldi af því hvort þetta séu fyrst og fremst bandarískar kröfur eða evrópskar kröfur varðandi þetta samkomulag Schengen-ríkjanna. Stendur það til að öll Schengen-ríkin verði að hefja nýja útgáfu vegabréfa eins og við erum að gera hér? Er hæstv. dómsmálaráðherra eitthvað kunnugt um það hvort ferðalög innan Schengen-svæðisins geti raskast ef ákveðin Schengen-ríki taka ekki til við að hefja útgáfu þessara nýju vegabréfa? Mig langaði aðeins að fá upplýsingar um það hvað er að gerast á vettvangi Evrópuþjóða hvað þetta varðar því að

fókusinn hefur auðvitað verið svolítið á kröfur Bandaríkjamanna.

Í frumvarpinu er líkfenni skilgreint þannig:

„Líkfenni geta til dæmis verið andlitsmynd, augnmynd, fingraför, undirskrift en einnig upptaka af rödd viðkomandi eða önnur þau líkamlegu einkenni sem unnt er að mæla með ákveðinni tækni þannig að þau greini einstaklinga hvern frá öðrum. Líkfenni eru oftast myndir sem unnt er að nota til auðkenningar einstaklings. Til dæmis er andlitsmynd í vegabréfi líkfenni."

Svo er talað um rafræn líkfenni, svo sem rafrænar andlitsmyndir, sem greina má með tölvubúnaði og þannig má vélrænt aðgreina einstaklinga.

Mig langaði að forvitnast um það hjá hæstv. dómsmálaráðherra hvort þetta sé tæmandi upptalning á því sem honum dettur a.m.k. í hug hvað er líkfenni, því að stundum er umræðan um lífsýni. Er það ekki alveg rétt hjá mér að þetta á ekkert skylt við lífsýni eins og það hefur verið í umræðunni og lífsýni eru ekkert undirflokkur líkfenna ef svo mætti segja, til að fyrirbyggja þann misskilning að við erum ekkert að fara inn á þær brautir?

Önnur meginbreytingin, eins og ég sagði, í þessu frumvarpi snertir útgáfu vegabréfa. Almenn vegabréf verða eftir samþykkt þessa frumvarps gefin út af Þjóðskrá í stað Útlendingastofnunar og Þjóðskráin verður síðan flutt til dómsmálaráðuneytisins. Samkvæmt frumvarpinu verður útgáfa þjónustuvegabréfa og diplómatískra vegabréfa áfram hjá utanríkisráðuneytinu og síðan verður útgáfa vegabréfa fyrir útlendinga og flóttamenn áfram hjá Útlendingastofnun. Mig langaði að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra: Af hverju voru þessi vegabréf skilin eftir, af hverju eiga vegabréf útlendinga enn þá að vera hjá Útlendingastofnun? Þá er ég kannski að tala um í ljósi möguleika á að nýta mannafla, aðstoð og þekkingu hjá Þjóðskránni sem verður kannski hjá dómsmálaráðuneytinu.

Það væri líka fróðlegt að vita það ef hæstv. dómsmálaráðherra hefur það á takteinum: Hver er eiginlega fjöldi þessara vegabréfa, þ.e. vegabréfa til útlendinga og flóttamanna og síðan þessara þjónustuvegabréfa og diplómatísku vegabréfa? Ég held að upplýsingar um fjölda þjónustuvegabréfa og diplómatískra vegabréfa liggi fyrir í einhverri fyrirspurn sem mikið var gert úr hér í haust. En það er bara svona til að fá einhverja innsýn í hvort þetta sé mikill fjöldi vegabréfa sem er þá skilinn eftir fyrir utan Þjóðskrána.

Eðlilegt er að spyrja: Mun kostnaður við kaup á vegabréfum aukast? Greinargerðin og hæstv. ráðherra segja nei. Það er að sjálfsögðu gott og gilt. Við sjáum líka að frumvarpið segir að þessi nýju vegabréf verði dýrari í framkvæmd og þó að hæstv. ráðherra og frumvarpið segi að gjaldtakan eigi ekki að aukast langar mig að spyrja hvort hæstv. dómsmálaráðherra geti fullvissað okkur um að hann muni t.d. ekki beita sér fyrir að gjaldtaka vegabréfanna verði aukin í hans ráðherratíð á næstunni a.m.k. Það getur vel verið að menn stefni að því að auka ekki gjaldtökuna en síðan getur það breyst. Getur hann með nokkurri vissu fullyrt að þau muni ekki hækka í verði? Það er væntanlega ákveðin freisting til þess í ljósi þess að framleiðsla þessara nýju vegabréfa verður dýrari. Við sjáum líka að gildistaka vegabréfa styttist úr tíu árum í fimm ár, eins og kemur fram í 5. gr. Þá er ákveðin hætta á því að kostnaðurinn, ef menn þurfa að kaupa sér nýtt vegabréf á fimm ára fresti í staðinn fyrir tíu ára fresti plús það að hugsanlega verða þau dýrari í framtíðinni, verði allnokkur.

Aðeins um 7. gr., svona nánast að lokum. Í greinargerð með 7. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir því að opinberum stofnunum sé heimilt að nota skilríkjaskrá við skilríkjaútgáfu. Þá verði Þjóðskrá og lögreglu heimilt að nota skilríkjaskrá til að bera kennsl á mann eða staðreyna að hann sé sá sem hann kveðst vera."

Við ræddum þetta einnig við hæstv. forsætisráðherra hér fyrr í dag og hann vísaði á hæstv. dómsmálaráðherra hvað þetta varðar. Okkur langaði að vita hvort samvinna Þjóðskrár og lögreglu sé eitthvað að breytast með þessu eða verður þetta bara eins og hefur verið? Er verið að auka aðgang lögreglu að þessum upplýsingum eða er þetta bara eins og það hefur alltaf verið, þannig að hæstv. dómsmálaráðherra geti þá staðfest að þetta sé bara svipað og það hefur verið og engin grundvallarbreyting hvað það varðar eða hvað?

Að lokum er það 4. gr. en þar er kannski þriðja efnisbreytingin:

„Lagt er til að heimild til útgáfu vegabréfs til barns á grundvelli umsóknar frá öðru forsjárforeldra verði þrengd frá því sem nú er. Sú breyting sem hér er lögð til snertir hvorki upptöku líkfenna í vegabréf né breyttan útgefanda bréfanna."

Þetta á vel við störf allsherjarnefndar þessa dagana þar sem við erum að fjalla um annað frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra sem lýtur að því að gera sameiginlega forsjá að meginreglu.

Með leyfi forseta, stendur í 4. gr.:

„Heimilt er að gefa út vegabréf samkvæmt umsókn annars forsjárforeldris þegar hitt forsjárforeldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarvistar eða annarra sérstakra aðstæðna að undangenginni athugun á umræddum aðstæðum og mati á því hvort hætta sé á að barn verði fært úr landi með ólögmætum hætti."

Mig langaði að spyrja hvort hæstv. dómsmálaráðherra gæti upplýst hvernig þessi athugun ætti að fara fram. Við sjáum að í greinargerðinni er sagt að athugun Þjóðskrár lúti almennum reglum stjórnsýslulaga — og það liggur auðvitað í augum uppi sem opinber stofnun — og að þessi athugun beinist að því að fá staðfest eftir því sem unnt er að enginn ágreiningur sé á milli foreldranna um útgáfu vegabréfs til barnsins, að raunveruleg vandkvæði séu á því að afla umsóknar beggja foreldra og að sá sem sækir um hafi ekki slík tengsl við annað ríki að hætta sé á að hann hverfi þangað með barnið.

Þetta síðasta efnisatriði, varðandi það að Þjóðskráin athugi hvort viðkomandi hafi ekki slík tengsl við það ríki sem hann er að fara til, það er t.d. ekki í lögunum en það er útskýrt þarna í greinargerðinni. En það væri gott ef hæstv. dómsmálaráðherra gæti dýpkað skilning okkar á því hvernig þessi athugun færi fram sem vel er hægt að ímynda sér að gæti svolítið reynt á a.m.k. í ljósi þeirra upplýsinga sem við höfum fengið.

Að lokum tek ég undir það sem hæstv. dómsmálaráð-

herra segir, að það er mikilvægt fyrir Íslendinga að búa við góð ferðaskilríki. Íslendingar ferðast mjög mikið og ég held að stór hluti af þjóðinni hafi vegabréf. Án ábyrgðar ætla ég að rifja það upp að ég sá það einhvers staðar að í Bandaríkjunum eru einungis um 15% íbúa með vegabréf, það er merkilegt í ljósi þess fjölda sem við erum vön hvað varðar einstaklinga og borgara sem hafa vegabréf.

Það er gríðarlega mikilvægt að við leggjumst öll á eitt um að Íslendingar geti ferðast tiltölulega óhindrað milli landa og að ferðaskilríkin okkar séu þannig úr garði gerð að Íslendingar lendi ekki í vandkvæðum hvert og hvenær sem þeir fara.

[16:12]

Útbýting:

Sauðfjárveikivarnir, 654. mál, fsp. JEP, þskj. 961.

[16:13]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér hefur hæstv. dómsmálaráðherra mælt fyrir mjög áhugaverðu máli varðandi vegabréfin og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hefur farið mjög vel yfir það líka þannig að það er ýmislegt sem er að skoða.

Ég vil aðeins bæta því við sem mér datt í hug þegar ég fór yfir þetta. Heimurinn fór náttúrlega á annan endann eftir 11. september 2001 þannig að það er kannski ekkert skrýtið þó að við þurfum að hugsa allt upp á nýtt. Hæstv. dómsmálaráðherra talaði um tölvulesnu vegabréfin og vegabréfin frá 1999, ég fékk mér tölvulesið vegabréf svo að ég gæti komist til Bandaríkjanna og er mjög ánægð með að ég get þá aðeins notað það áfram. En það kemur að því að ég þarf að fá mér þessa tegund af vegabréfi. Það má ekki gleyma því að þessi vegabréf eru talsvert dýr. Þetta er kostnaður fyrir fjölskyldur og sérstaklega má búast við að þau verði dýrari með hinum nýju örgjörvum sem í þau verða settir.

Þjóðskráin mun nú verða útgefandi og allt í lagi með það. Þá erum við alveg komin í hring. Það var nefnilega þannig áður fyrr að við sóttum um vegabréfin okkar á Lögreglustöðinni hér í Reykjavík og nú erum við komin þangað aftur. Ég hins vegar harma það, og ég veit að við munum fara yfir það í hv. allsherjarnefnd, að útlendingar og flóttamenn eru aðskildir og verða áfram hjá Útlendingastofnun, ég tala nú ekki um út frá þeim hugmyndum að Útlendingastofnun eigi að fara til Reykjanesbæjar. Ég átta mig ekki alveg á því af hverju sá hluti starfseminnar er tekinn út en við kannski fáum Útlendingastofnun á okkar fund til þess að fara yfir það af hverju það er gert, því að eftirlitið gæti líka — og ég tala nú ekki um allar upplýsingar úr Þjóðskránni og tenging Þjóðskrár og lögreglu. Það ætti algjörlega að vera tryggt að enginn fái vegabréf án þess að upplýsingar liggi fyrir og í rauninni er tenging milli þessara þriggja kerfa mjög skýr. Ég vildi því gjarnan að engin aðgreining væri í því og við værum öll á einum stað og úti á landi gæti fólk leitað til sýslumanna en ekki að það sé það mikið umhendis að Pólverjar á Ísafirði þurfi að tala við Útlendingastofnun í stað þess að tala við sýslumanninn þar. Það eru kannski svona núansar í þessu og er þá kannski eitthvað sem við munum skoða og laga.

Ágúst Ólafur benti jafnframt á 4. gr. og hæstv. dómsmálaráðherra gerði grein fyrir henni og því sem við erum núna að vinna með í hv. allsherjarnefnd varðandi sameiginlega forsjá. Við erum aðilar að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og þar á meðal að koma í veg fyrir brottnám barna. En mér finnst heimurinn orðinn pínulítið, og játa það bara hér, of harður, að t.d. væri hægt að stoppa fólk af að fara erlendis í nám með börnin sín með sér og annað. Við höfum nú rætt það í hv. allsherjarnefnd en auðvitað þurfum við líka að koma í veg fyrir þetta brottnám og passa vel upp á þá þætti.

Það verður áhugavert að vinna málið áfram í hv. allsherjarnefnd.

[16:17]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar ágætu umræður. Hver bað um þetta? Hver átti frumkvæðið að því menn fóru út í að gefa út ný vegabréf á alþjóðavísu með þessum hætti. Frumkvæðið kemur í raun og veru frá Alþjóðaflugmálastofnuninni. Það er hún sem má segja að sé frumkvöðull í þessu efni. Síðan eru þjóðir að taka þetta upp og Schengen ríkin eru að gera þetta alveg án tillits til þess hvað Bandaríkjamenn er að gera. Allar þjóðir sem vilja halda uppi öflugri landamæravörslu telja að sú leið sem hér er farin sé nauðsynleg til þess að trygga sem best landamæraeftirlit og besta skráningu á fólki og annað slíkt sem eru nauðsynleg úrræði til að standa vel að landamæravörslu.

Varðandi orðið lífkenni þá er það orð sem við höfum tekið í notkun eftir ábendingu frá Íslenskri málstöð. Það er aðgreint frá orðinu lífsýni. Lífsýni er DNA sýni og annað slíkt. Ég veit ekki hvort það er alveg tæmandi talið það sem menn geta fellt undir lífkenni hér í greinargerð með frumvarpinu. En það er tvennt ólíkt, lífkenni og lífsýni.

Það hefur verið rætt um hvers vegna Útlendingastofnun eigi að gefa út vegabréf fyrir útlendinga og ferðaskilríki fyrir flóttamenn. Ástæðan fyrir því er sú að útgáfa vegabréfa fyrir útlendinga byggist á skilyrðum sem koma frá Útlendingastofnun og ferðaskilríki fyrir flóttamenn jafnframt. Því var talið eðlilegt að þetta yrði áfram á hendi Útlendingastofnunar sem hefur bestar forsendur til að standa að þessari útgáfu með hliðsjón af þeim skyldum sem henni ber að framfylgja til að sinna lögbundnum verkefnum sínum.

Í þessu felst enginn mismunun á neinn hátt heldur er þetta eins og eðlilegt er um verkaskipting á milli stofnana innan ríkisins. Þjóðskráin er útgefandi annarra vegabréfa vegna þess vegabréfin byggjast á samkeyrslu á þjóðskrá og þeim upplýsingum sem vegabréfshafinn leggur fram. Það á ekki við um útlendinga. Þeir eru yfirleitt ekki skráðir á þann veg þegar um þetta er að ræða.

Varðandi það sem segir í 4. gr. þegar menn eru að velta fyrir sér hvaða athugun fram skuli fara þá er þjóðskráin náttúrlega aðili sem þarf að fara, eins og hérna segir, að almennum reglum stjórnsýslulaga og verður að haga störfum sínum í samræmi við það. Það sem þarna er um að ræða — menn verða að lesa lagagreinina. Þar segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að gefa út vegabréf samkvæmt umsókn annars forsjárforeldris þegar hitt forsjárforeldri er ófært um að

veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarvistar eða annarra sérstakra aðstæðna að undangenginni athugun á umræddum aðstæðum og mati á því hvort hætta sé á að barn verði fært úr landi með ólögmætum hætti.“

Þarna er verið að leggja áherslu á að það verða að vera mjög sérstakar aðstæður sem valda því að slíkt vegabréf sé gefið út og ber að árétta það. En það er náttúrlega ógjörningur líka að það að menn geti ekki gefið út vegabréfið standi í vegi fyrir að foreldri geti farið með barn og fengið vegabréf þegar þannig er ástatt eins og greinin gerir ráð fyrir. Þannig að meðalhófið í þessu er augljóst og það sem um er að ræða er að ef forsjárforeldri er ófært um að veita samþykki sitt þá leiði það ekki til þess að hitt foreldrið geti ekki farið til Þjóðskrár eða útgefanda vegabréfs og beðið um vegabréf handa barninu. Ég held að það væri verra ástand en að hafa þá heimild í lögum sem þarna er gert ráð fyrir enda verður henni náttúrlega ekki breytt nema samkvæmt orðanna hljóðan og þau eru ströng eins og menn sjá þegar þetta er lesið.

Ég veit ekki hvað hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson telur að ég verði lengi dómsmálaráðherra. Ég náttúrlega veit að ég nýt stuðnings hans til að vera það um mörg ár enn og þess vegna er erfitt fyrir mig að svara spurningunni um hvort ég sjái fyrir mér á næstunni, í tíð minni sem dómsmálaráðherra, að vegabréf verði hækkuð. Það er ekki inni í myndinni. Ef ég hefði talið að hækka þyrfti vegabréfin með útgáfu þeirra á nýjan hátt þá hefði það að sjálfsögðu komið fram. Okkar tilboð og okkar útboð báru það góðan árangur að við fengum tilboð og höfum staðið að þessu á svo skipulagðan og góðan hátt, eins og menn geta kynnt sér þegar þetta mál verður rætt í allsherjarnefnd og fengið upplýsingar um kostnað og hugmyndir sem við höfum um kostnaðinn og hvernig þetta dæmi allt lítur út núna, að þetta gekk það vel fyrir sig að við teljum að við getum selt þessi vegabréf á sama verði og þau sem eru útgefin núna.

En það er mjög athyglisvert þegar hugað er að greiðslu sem fólk er reiðubúið til að inna af hendi vegna kaupa á vegabréfum hve hátt hlutfall manna kemur á síðustu stundu og þarf að borga svokallað hraðgjald. Ef ég man rétt held ég að það sé um þrjátíu af hundraði. Þó man ég þetta ekki alveg. Ég er ekki með þessar tölur í hendi. En það er ótrúlega hátt hlutfall af þeim sem biðja um vegabréf sem koma á síðustu stundu og borga þess vegna mun meira fyrir það en ef þeir sýndu þá forsjálni að vera kannski vikunni fyrr og búa sig undir ferðir sínar með því að afla sér vegabréfs. Það virðist ekki vera kannski að menn séu mikið að hugsa um kostnaðinn við vegabréfin þegar þeir eru að halda í utanlandsferðir þótt það sé óhjákvæmilegt tæki sem menn þurfa að hafa í höndunum til að geta ferðast hindrunarlaust á milli landa. Ég vona svo sannarlega að okkur takist að afgreiða þetta frumvarp núna í vor svo unnt verði að standa við þetta allt fyrir okkar borgara.

Í 7. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Opinberum stofnunum er heimilt að nota skilríkjaskrá við skilríkjaútgáfu. Þjóðskrá og lögreglu er heimilt að nota skilríkjaskrá til að bera kennsl á mann eða staðreyna að hann sé sá sem hann kveðst vera.“

Þetta er rætt aðeins í greinargerðinni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eðli máls samkvæmt þarf lögregla að hafa aðgang að upplýsingum um gögn sem liggja að baki útgáfu vegabréfs vegna starfa sinna við landamæraeftirlit. Unnt þarf að vera að staðreyna að vegabréfi hafi ekki verið breytt og að það sé í höndum þess einstaklings sem fékk það útgefið. Einnig getur lögregla þurft að bera kennsl á mann eða staðreyna að hann sé sá sem hann kveðst vera og til þess getur aðgangur að skilríkjaskrá verið nauðsynlegur.“

Þetta er eins einfalt og gegnsætt og verið getur. Síðan segir, með leyfi forseta“

„Þá er lagt til að áréttuð verði heimild til að birta erlendum stjórnvöldum upplýsingar úr skránni er varða glötuð og stolin skilríki. Í baráttunni gegn hryðjuverkum og alþjóðlegri afbrotastarfsemi hefur verið lögð aukin áhersla á að ríki skiptist gagnkvæmt á upplýsingum um glötuð og stolin vegabréf. Íslensk stjórnvöld taka nú þegar þátt í slíkum upplýsingaskiptum á grundvelli Schengen-samstarfsins og á vettvangi Interpol.“

Það eru fréttir um það í blöðum núna, ef ég sá rétt, að íslensk stjórnvöld eru að glíma við vanda af þessum toga. Þetta eru því allt viðfangsefni sem menn þurfa að huga að. Auðvitað væri hægt að ganga lengra í lögheimildum varðandi notkun á þessari skrá fyrir lögregluna. Ef þingmenn hafa áhuga á því þá er það nokkuð sem hægt er að ræða í allsherjarnefndinni. En þetta eru tillögur okkar. En þingmenn geta vafalaust, ef þeir vilja taka það upp við lögregluyfirvöld eða aðra, fengið upplýsingar um að það væri hægt að ganga lengra í þessu efni eins og öðrum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:26.

---

91. FUNDUR

miðvikudaginn 22. mars,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til félagsmálaráðherra:

1. Fæðingarorlofssjóður, fsp. ÁRJ, 424. mál, þskj. 641.
2. Þýðingar kjarasamninga á erlend tungumál, fsp. VF, 617. mál, þskj. 902.

Til umhverfisráðherra:

3. Kadmínmengun, fsp. PBj, 572. mál, þskj. 827.
4. Merking matvæla, fsp. ÍGP, 633. mál, þskj. 931.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu, fsp. ÁRJ, 485. mál, þskj. 716.

6. Sjúkrahústengd heimaþjónusta fyrir aldraða, fsp. ÁRJ, 484. mál, þskj. 715.

7. Áfengisráðgjafar, fsp. VF, 535. mál, þskj. 782.

8. Eftirlit með staðsetningu sjúkraflugvéla, fsp. MÞH, 544. mál, þskj. 791.

9. Hreyfing sem valkostur í heilbrigðisþjónustu, fsp. ÁRJ, 560. mál, þskj. 814.

10. Endurskoðun laga um málefni aldraðra, fsp. ÁRJ, 580. mál, þskj. 842.

Til iðnaðarráðherra:

11. Lækkun raforkuverðs, fsp. GAK, 618. mál, þskj. 903.

12. Álver og stórvirkjanir á Norðurlandi, fsp. JBjarn, 626. mál, þskj. 919.

Tilkynning um dagskrá.

[12:01]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Um kl. 15.30 í dag fer fram utandagskrárumræða um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Fæðingarorlofssjóður.

Fsp. ÁRJ, 424. mál. — Þskj. 641.

[12:01]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra um Fæðingarorlofssjóð. Þegar þessi fyrirspurn var lögð fram var annar hæstv. félagsmálaráðherra í sæti þess sem nú situr en ég býð hæstv. nýjan félagsmálaráðherra velkominn til starfa. Ég spyr um Fæðingarorlofssjóð og spurningin er þríþætt:

1. Hvaða rök eru fyrir því að segja upp þjónustusamningi við Tryggingastofnun ríkisins um rekstur Fæðingarorlofssjóðs og flytja starfsemina undir Vinnumálastofnun og síðan norður í Húnavatnssýslur? Þar hafa verið nefndir bæirnir Hvammstangi og Skagaströnd.

2. Hvernig á að sinna þjónustunni þaðan?

3. Hve mikið er áætlað að þessar breytingar muni kosta ríkissjóð?

Um áramótin bárust fréttir af því að þáverandi hæstv. félagsmálaráðherra hefði sagt upp samningi við Tryggingastofnun ríkisins um rekstur Fæðingarorlofssjóðs og að hann hygðist flytja starfsemina undir Vinnumálastofnun og síðar út á land. Þessi tíðindi komu fleirum en mér á óvart. Fæðingarorlofsgreiðslur hafa verið afgreiddar hjá Tryggingastofnun frá því að þær komu til og í lögum um sjóðinn er kveðið á um að Tryggingastofnun sinni þjónustunni en árið 2004 var bætt inn ákvæði um heimild til að ákveða annað.

Í Tryggingastofnun hefur byggst upp bæði heilmikil þekking og reynsla í þeim flókna málaflokki sem þessar greiðslur geta verið og eru og nú starfa við fæðingarorlofsgreiðslurnar níu starfsmenn með mikla reynslu, þar af fimm háskólamenntaðir. Einnig hafa skapast afleidd störf innan Tryggingastofnunar í þjónustumiðstöðinni vegna þessa. Samspil fæðingarorlofsgreiðslna og annarra bótagreiðslna getur verið mjög flókið í afgreiðslu og útreikningi og þarf að vinnast saman, oft og tíðum með öðrum bótum. Því furða ég mig á þeirri ráðstöfun að flytja þessa þjónustu út úr Tryggingastofnun og út á land.

Ég hef mikinn skilning á því að það þurfi að flytja störf út á land en það ættu þá að vera ný störf og ný þjónusta en það ætti ekki að taka sérhæfingu og sérþekkingu sem byggst hefur upp hjá gróinni stofnun út úr málaflokknum og bita þjónustuna í sundur eins og lagt er til hér. Það er líka ljóst að starfsmenn Tryggingastofnunar ætla ekki að flytja norður, að því er ég best veit. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Er sérmenntað fólk þarna til að sinna þessum störfum og hvernig á að sinna þjónustunni þaðan? Það þarf auðvitað að vera afgreiðsla á höfuðborgarsvæðinu til að afgreiða þessi mál. Síðan spyr ég hvað þessi ráðstöfun muni kosta skattgreiðendur.

Að lokum, virðulegi forseti, langar mig til að bæta við og spyrja hæstv. ráðherra sem nú er tekinn við hvort hann hafi sömu áform og fyrirrennari hans um að breyta þessu og færa þjónustuna út úr Tryggingastofnun.

[12:04]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að treysta skuli undirstöðu byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu. Áhersla skuli lögð á að hagsmunir landsins felist í markvissu samstarfi höfuðborgar og landsbyggðar og gagnkvæmum skilningi. Jafnframt segir þar að stuðlað skuli að því að stjórnkerfið endurspegli breyttar aðstæður í þjóðfélaginu. Einkum verði horft til þess hvernig best megi nýta kosti upplýsingasamfélags og rafiðnaðarstjórnsýslu til að tryggja jafnt aðgengi borgarinnar að nauðsynlegum upplýsingum og þjónustu.

Eitt af einkennum vinnumarkaðar á Norðurlandi vestra er að atvinnuleysi meðal kvenna er fremur hátt hlutfallslega og jafnframt eru þar mjög fá störf í boði í samanburði við aðra landshluta. Þarna er í boði ódýrt húsnæði og þarna vilja menn auka fjölbreytni í störfum og sporna við þeirri einhæfni sem því miður einkennir nú orðið atvinnuframboð á landsbyggðinni.

Ég vil undirstrika að rökin fyrir flutningi þeirra starfa sem hér um ræðir eru margvísleg og samrýmast mjög vel hlutverkum félagsmálaráðuneytisins sem ráðuneyti félagsmála, atvinnumála, jafnréttismála og sveitarstjórnarmála, auk þess sem samlegðaráhrif eru augljós.

Spurt er hvernig eigi að sinna þjónustunni þaðan og er þá vísað til Húnavatnssýslna. Í fyrsta lagi vil ég segja að stefnt er að því að svæðisvinnumiðlanir um land allt í öllum landsfjórðungum og miðlun höfuðborgarsvæðisins muni veita ráðgjöf og þjónustu þegar fæðingarorlofsgreiðslur eru annars vegar. Alls er hér um átta starfsstöðvar að ræða enda þótt útreikningurinn muni fara fram miðlægt á einum stað. Þjónustan verður bætt frá því sem nú er, a.m.k. að þessu leyti. Það getur vel komið til greina að í Reykjavík verði t.d. sérfræðingateymi auk þess sem fjölmargir starfsmenn

munu veita þjónusturáðgjöf í hverjum landshluta fyrir sig. Reynslan hefur sýnt að mjög margir foreldrar leita í dag til Tryggingastofnunar ríkisins vegna foreldra- og fæðingarorlofsgreiðslna með því að senda tölvupóst eða hringja. Ef svo er breytir engu hvar á landinu fólk er statt. Rafræn stjórnsýsla eykst ár frá ári og er það vel. Það er mjög æskilegt fyrir almenning að geta leitað eftir þjónustu hins opinbera án þess að þurfa að taka sér frí frá vinnu eða skóla til að heimsækja tilteknar stofnanir og eyða í það bæði tíma og peningum.

Félagsmálaráðuneytið hefur m.a. haft forgöngu um tilraunaverkefni þar sem boðið er upp á netspjall við starfsfólk í afgreiðslu og sérfræðinga og ég sé fyrir mér að boðið verði upp á slíkt við upplýsingagjöf, ráðgjöf og þjónustu vegna greiðslna í fæðingarorlofi. Ný íslensk rannsókn sýnir að um 90% íslenskra heimila í dag hafa yfir tölvum að ráða og um 84% heimila eru nettengd. Þar fyrir utan hafa fjölmargir aðgang að tölvu á vinnustöðum og opinberum stöðum. Þetta hlutfall er eðli málsins samkvæmt að öllum líkindum enn hærra meðal þess hóps sem sækir um foreldra- og fæðingarorlof. Stjórnvöldum ber skylda til að taka mið af þessari þróun. Skattyfirvöld hafa þróað starfsemi sína og komið til móts við almenning þar sem nú þarf ekki lengur að fara með skattframtal á skattstofuna. Það er til mikillar fyrirmyndar og samskipti vegna fæðingar- og foreldraorlofs varða hliðstæðar upplýsingar og gögn.

Þá vil ég undirstrika það að með því að flytja umsýslu og fæðingar- og foreldraorlof til Vinnumálastofnunar verði náð samhæfingu í umsýslu vegna greiðslna til foreldra langveikra barna og greiðslna atvinnuleysistrygginga og umsýslu atvinnuleysisbóta en á næstu vikum verður lagt fyrir Alþingi frumvarp þess efnis. Allt eru þetta vinnumarkaðstengdar greiðslur og mjög æskilegt að samhæfa og samnýta þekkingu og tækni við útreikning og útgreiðslu bóta.

Í sem stystu máli má því segja að við ætlum okkur að samræma framkvæmd við allar þessar greiðslur, nýta okkur tæknina og samlegðaráhrif og gera arðgreiðslur skilvirkari. Ég vænti þess að okkur takist með þessu að byggja upp sértengingu og hæfni til að vinna þessi verkefni í Húnavatnssýslum og víðar.

Hve mikið er áætlað að þessar breytingar muni kosta? Undirbúningur þeirra breytinga sem hér eru til umræðu er á hendi Vinnumálastofnunar í góðri samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins. Fyrir liggur að Tryggingastofnun mun sinna verkefninu á grundvelli gildandi þjónustusamnings út árið 2006 og er samningur með gagnkvæmum 12 mánaða uppsagnarfresti. Sá tími verður nýttur til að ganga frá því hvort og þá hvaða starfsmenn flytjast með verkefninu, hvaða starfsmenn þurfi að þjálfa á tímabilinu frá ágúst til október nk. og hvaða húsnæði verður fyrir valinu. Ljóst er að samlegðaráhrif verða þegar samnýtt verði umsýsla vegna greiðslna fæðingar- og foreldraorlofs, greiðslna til foreldra langveikra barna og greiðslna til atvinnuleysistrygginga sem nú eru yfirleitt tekjutengdar. Í því felst sparnaður bæði til lengri og skemmri tíma. Ég mun koma nánar að þessu í síðara svari mínu.

[12:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa komið með þessa fyrirspurn en ekki síður hæstv. ráðherra fyrir svörin vegna þess að ég tel að hæstv. ráðherra sé á réttri leið í þessu máli. Ég vil vekja athygli á því að þau byggðarlög sem hafa verið nefnd í því samhengi að fá til sín þessi störf hafa ekki af miklu að má hvað varðar opinbera starfsemi. Og það er full ástæða til þess að reyna að flytja sem mest af henni út á landsbyggðina. Ég held að í raun og veru séu mjög góð rök fyrir því að þessi þjónusta geti vel verið úti á landsbyggðinni. Reykvíkingar þurfa að horfast í augu við að hér í Reykjavík er ýmiss konar starfsemi sem er þjónusta við landsbyggðina. Við verðum auðvitað að horfa til þess að slík þjónusta geti líka verið úti á landi þó að hún sé á landsvísu. Þetta er allt saman hægt og menn verða bara að vinna að því með bjartsýni og þori eins og hæstv. ráðherra er greinilega að gera.

[12:11]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara koma hér upp til að lýsa því yfir að ég styð þá viðleitni — geta skal þess sem gott er — að reynt sé að flytja eitthvað af opinberum störfum út á land. Ég hef margoft minnst á þetta hér í ræðustól og nú síðast í gær þegar hæstv. forsætisráðherra var að mæla fyrir frumvarpi um þjóðskrá og ég tel að gera þurfi stórátak í þessum efnum. Stjórnvöldum ber að gera stórátak í því að flytja opinber störf af höfuðborgarsvæðinu út á land og þarna tel ég að sé í raun og veru ekkert annað en vilji sem þurfi til, vilji og kjarkur og það á að geta skilað okkur mjög miklu.

Ég tel að margar aðgerðir þar sem farið hefur verið út í þetta hafi heppnast vel. Landmælingar voru fluttar í heimabæ minn, Akranes, fyrir nokkrum árum og ég leyfi mér að fullyrða að það hafi verið mjög vel heppnað þegar upp er staðið og hefur á ýmsan hátt stóreflt byggðina á Akranesi.

[12:12]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég geri það sama og aðrir hv. þingmenn sem hér hafa komið upp. Ég nota tækifærið þegar ég get loksins hælt ríkisstjórninni fyrir eitthvað sem gert er jákvætt í byggðamálum og þetta er sannarlega dæmi um slíkt, að flytja opinber störf héðan af höfuðborgarsvæðinu og út á land. Það er hið besta mál. Og að flytja starfsemi Fæðingarorlofssjóðs norður í Húnavatnssýslu er bara hið besta mál vegna þess að eins og hér hefur komið fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, þingmanni þess kjördæmis þá er ekki mikið um opinber störf á þessum svæðum og því ber að fagna þessu.

Jafnrétti er nefnilega þannig að það er ekki bara jafnrétti karla og kvenna. Það er líka jafnrétti milli landsbyggðarbúa og höfuðborgarbúa. Og þegar ég skoða 2. spurninguna, þ.e. hvernig eigi að sinna slíkri þjónustu úr Húnavatnssýslunni, þá hlýtur svarið að vera að í rafrænu samfélagi sé það nákvæmlega eins og héðan frá höfuðborgarsvæðinu, þetta virkar í báðar áttir. Þess vegna vil ég nota þetta tækifæri og þakka fyrir og mæla með því sem hér hefur verið gert en

betur má ef duga skal. Það eru miklu fleiri störf á höfuðborgarsvæðinu sem væri full ástæða til að flytja út á land og vista þar og væri hægt að vinna jafnvel fullt eins vel ef ekki betur en hér á höfuðborgarsvæðinu.

[12:14]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það hefur nýlega verið upplýst í hv. Alþingi að megnið af opinberum störfum hefur orðið til á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum og opinberum störfum á landsbyggðinni hefur fækkað. Ég held að sú viðleitni sem hér er sýnd með því að taka þá þjónustu sem varðar Fæðingarorlofssjóðinn og reyna að koma henni fyrir á landsbyggðinni sé góð viðleitni og ég sé ekki að það eigi að vera erfiðara að sinna þessum störfum frá landsbyggðinni en frá höfuðborgarsvæðinu, í nútímaþjóðfélagi.

Ég held að það sé einnig rétt þegar verið er að huga að því að færa verkefni út á land, að þá séu færð einhver afmörkuð verkefni eins og hér er verið að leggja til og teknir ákveðnir verkþættir sem beinlínis eru vistaðir á landsbyggðinni og þeim stjórnað þaðan. Ég held að það sé þróun sem við eigum að stuðla að og ekki veitir af til að sporna við fólksflótta af landsbyggðinni.

[12:15]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn og svar hæstv. ráðherra en eins og fram hefur komið hjá fleiri þingmönnum er afar brýnt að flytja opinber störf út á landsbyggðina og gera þannig atvinnuflóruna á landsbyggðinni fjölbreyttari en hún er nú. Það er mikið af góðum starfsmönnum þar, eins og reyndar á höfuðborgarsvæðinu. Þetta hefur líka mikil áhrif á menningu í hverju byggðarlagi.

Ég hef lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu um alþjóðlegt rannsóknarsetur Landgræðslunnar í Gunnarsholti. Ég sé fyrir mér að þangað gætum við fengið erlenda vísindamenn til starfa jafnt sem íslenska. Við erum ákveðnir frumkvöðlar í landgræðslu á Íslandi. Þarna eru miklir möguleikar og það er vert að þakka ríkisstjórninni fyrir þá viðleitni sem hún hefur sýnt í þessum efnum þó að gera megi mun betur.

[12:16]

Adolf H. Berndsen:

Virðulegur forseti. Ég vil koma upp og þakka þessa ákvörðun félagsmálaráðuneytisins. Hún er mikið fagnaðarefni og ekki veitir af, því það svæði sem hér er verið að ræða um að störfin flytjist á, þ.e. Húnavatnssýslur, hefur átt í miklum erfiðleikum m.a. vegna breytinga á atvinnuháttum. Það hefur orðið hrun í rækjuveiðum og vinnslu sem hefur haft mikil áhrif, auk breytinga á öðrum atvinnuháttum. Þetta þekkja menn. Ég vil líka benda á að nýjar upplýsingar um fækkun opinberra starfa á Norðurlandi vestra á síðustu níu árum sem komu fram í gær ýta enn frekar undir rök með þessu verkefni.

Það var spurt af fyrirspyrjanda um vinnuaflið. Við teljum að á þessu svæði sé til gott vinnuafl sem vill skoða ný tækifæri og það er vert að segja frá því hér að í Austur-Húnavatnssýslu eru núna 25–30 manns í skrifstofutækninámi, ítarlegu námi sem tengist því máli sem hér er rætt auk áforma dómsmálaráðherra að ákveðið hefur verið að flytja miðstöð innheimtu sektagreiðslna á Blönduós. Við þurfum fleiri svona mál.

[12:17]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Þar sem ég er þingmaður fyrir Suðvesturkjördæmi og margtengdur við landsbyggðina þá er ég í hjarta mínu mjög sammála þessari ákvörðun. Ég hef búið í Vestmannaeyjum, á miklar ættir austur á landi, þannig að ég er mjög tengdur þessum málum og veit alveg um hvað ég er að tala.

[12:18]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hér hafa talað. Mér finnst reyndar fyrirspurnin svolítið neikvæð, bæði liður 2 og liður 1. Kannski er þetta bara varnarárátta okkar landsbyggðarþingmanna að okkur finnst svolítið margt verða til í borginni og oft verða að stórum kolkröbbum. En eins og hér hefur komið fram ber að þakka þessa viðleitni ríkisstjórnarinnar og ég tel að Húnvetningar séu fullfærir um að sinna þessari þjónustu úr Húnavatnssýslum og séu mjög vel að þeim störfum komnir sem þangað eiga að færast, og að á landsbyggðinni sé að finna stabílt vinnuafl.

[12:19]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef fullan skilning á því að landsbyggðarþingmenn komi allir upp og fagni því að flytja eigi störf út á land. Eins og ég sagði í ræðu minni þá er ég ekki á móti því en aftur á móti teldi ég að þangað ætti að flytja ný störf en ekki taka gömul gróin sérhæfð störf innan úr gróinni stofnun eins og Tryggingastofnun og flytja þau út á land. Það er mín skoðun og ég tel að það lýsi ákveðinni vanþekkingu á málaflokknum að ætla að taka þessi störf út úr honum og setja út á land.

Það er annað. Rökin um að þetta séu atvinnutengdar greiðslur halda ekki því allar bætur sem Tryggingastofnun afgreiðir eru það.

Þegar ég var að fara yfir þessa fyrirspurn á sínum tíma skoðaði ég hvernig staðan væri í atvinnumálum í Húnavatnssýslum og svo aftur á móti í Reykjavík og það er mun meira atvinnuleysi í Reykjavík en í Húnavatnssýslum. Þegar ég skoðaði þessi mál voru 17 manns atvinnulausir í Húnavatnssýslum en það eru hátt á annað þúsund manns atvinnulausir í Reykjavík þannig að það þarf líka að huga vel að því að halda utan um störfin í Reykjavík. Það hefur líka komið fram að flutningurinn út á land kostar meira, eins og fréttir af Viðskiptaþingi í vetur sýndu, og það er líka ljóst að það þarf fleiri til að vinna þessi störf úti á landi, samanber frétt frá Árna Magnússyni, fyrrverandi ráðherra, en eru að sinna þessu í dag í Tryggingastofnun. En ég sé að hæstv. ráðherra ætlar a.m.k. að hafa nokkra starfsmenn, sérfræðinga, í Reykjavík til að sinna þessu máli þannig að hann hefur aðeins bakkað miðað við fyrirrennara hans.

Ég verð að segja að ég er ekki sátt við það þegar staðið

er að flutningi út á land á þann hátt að verið sé að taka gróin störf út úr gróinni stofnun, það á að færa ný störf út á land og það styð ég heils hugar og mér finnst það mikilvægt að störf fari út á land, en ekki með svona vinnubrögðum.

[12:21]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ég hef unnið að þessu máli í þeim anda sem fyrirrennari minn gerði og ég hef í sjálfu sér ekkert bakkað. Þau áform sem ég lýsti í svari mínu hafa ætíð verið uppi. Ég átti eftir að fara aðeins nánar í kostnaðinn við þetta en hann mun ráðast af því starfsfólki sem fæst ráðið og sérfræðingar í tölvu- og upplýsingamálum hjá Vinnumálastofnun og Tryggingastofnun ríkisins eiga að fara yfir þessa hlið mála. Vinnumálastofnun hefur þegar hafið greiningu á þessum atriðum og mun leggja fram á næstunni nánari kostnaðargreiningu en þess má geta að umsýslukostnaður Tryggingastofnunar vegna málsins er 51 millj. kr. á fjárlögum sem liggja fyrir fyrir árið 2006.

Ég hef í rauninni ekki miklu við þetta að bæta. Undirbúningurinn stendur yfir og ég vil þakka þær undirtektir sem málið hefur fengið hér. Ég tel mikilvægt að vel takist til og við munum kappkosta það í félagsmálaráðuneytinu að vanda undirbúninginn sem allra best og sú vinna hefur staðið yfir.

Umræðu lokið.

Þýðingar kjarasamninga á erlend tungumál.

Fsp. VF, 617. mál. — Þskj. 902.

[12:23]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. félagsmálaráðherra til hamingju með embættið. Í desember sl. voru sett lög á Alþingi um starfsmannaleigur og í framhaldi af því hef ég verið að velta fyrir mér þessari fyrirspurn varðandi kjarasamninga. Það er orðið ljóst að vegna mikillar fjölgunar nýbúa á Íslandi er erlent vinnuafl orðinn stór hluti af atvinnumarkaðnum. Það voru gefin út um sex þúsund atvinnuleyfi á síðasta ári, ýmist tímabundin eða til lengri tíma.

Það er ljóst að við þurfum á erlendu vinnuafli að halda og því er ástæða til að skapa því fólki sem best skilyrði bæði þeirra vegna og fyrirtækjanna og okkar allra.

Lögin um starfsmannaleigur voru sett í kjölfar starfshóps sem félagsmálaráðherra skipaði 2004 og þau voru sett m.a. vegna óróa sem hafði skapast á íslenskum vinnumarkaði og frumvarpinu ætlað að skýra leikreglur. Erlendir starfsmenn komu oft hingað á lakari kjörum en eru samkvæmt kjarasamningum og samkvæmt lögum, sem m.a. getur leitt til að hér skapist óheilbrigð samkeppni. Ég hefði haldið að í framhaldi af þessu væri eðlilegt að félagsmálaráðuneytið hefði frumkvæði að því að þýða helstu kjarasamninga á helstu tungumál. Það eru að vísu nokkrir tugir þjóðarbrota hér á Íslandi en mest hafa menn talað um ensku, pólsku og litháísku. Að sjálfsögðu kostar verulega fjármuni að þýða þessa samninga en þeir eru endurnýjaðir á fjögurra ára fresti og grunnurinn oft sá sami, þannig að þetta er kannski fyrst og fremst stofnkostnaður. Eitthvað hafa stéttarfélögin gefið út af grunnupplýsingum en ég hefði haldið að það væri eðlilegt að félagsmálaráðuneytið hefði frumkvæði í þessu máli og spyr því hæstv. félagsmálaráðherra:

Hyggst ráðherra standa fyrir því að íslenskir kjarasamningar verði þýddir á erlend tungumál til hagsbóta fyrir fyrirtæki og fjölda erlendra starfsmanna hérlendis?

[12:26]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Í ljósi mikillar fjölgunar erlendra starfsmanna á allra síðustu árum er hér hreyft við afar þýðingarmiklu máli. Ég vil fyrst geta þess að íslenskur vinnumarkaður hefur nokkra sérstöðu í samanburði við vinnumarkaði annarra landa. Eitt af því sem vekur athygli er fjöldi samningsaðila á vinnumarkaði þar sem starfsmannafjöldinn er ekki mikill í alþjóðlegum samanburði.

Á vegum ríkissáttasemjara, eða í húsakynnum embættisins, eiga sér stað stöðugar samningaviðræður árið um kring um kaup og kjör. Lauslega áætlað munu vera í gildi um 600 kjarasamningar. Það fer þó eftir því hvernig kjarasamningur er skilgreindur hver talan er en samkvæmt varlegri ágiskun munu vera í gildi 500–600 kjarasamningar þar sem fjallað er um réttindi og skyldur aðila. Þessu til viðbótar eru stofnanasamningar. Í þeim er að jafnaði kveðið á um fleira en launagreiðslur, þ.e. réttindi, skyldur og önnur vinnuskilyrði. Aðilar vinnumarkaðarins standa að gerð kjarasamninga án afskipta stjórnvalda með hliðsjón af þeirri meginreglu að þar sem kjarasamningaviðræður hafa verið á verksviði aðila hefur verið litið svo á að eftirlit með að kjarasamningar séu haldnir sé einnig á ábyrgð aðilanna sjálfra. Verður þetta enn fremur að teljast eðlilegt í ljósi þess að um frjálsa samninga er að ræða milli aðila. Hlýtur það að teljast í verkahring stéttarfélaganna að tryggja að félagsmenn þeirra njóti viðunandi aðstoðar við að átta sig á efni kjarasamninga. Er það jafnframt í samræmi við þá venju að stéttarfélög hafa litið á það sem hlut af sjálfsagðri þjónustu að upplýsa félagsmenn um efni slíkra samninga og gildir þá einu hvort um er að ræða Íslendinga eða útlendinga.

Meðal annars af þeirri ástæðu hefur sú leið verið farin að taka saman yfirlitsrit um helstu ákvæði kjarasamninga. Þetta hafa heildarsamtök og einstök stéttarfélög launafólks gert. Alþýðusamband Íslands gaf út fyrir réttum tveimur árum myndarlegt rit af þessu tagi á ensku sem einnig er að finna á heimasíðu ASÍ. Afl, stéttarfélag á Austurlandi, gaf út sams konar rit á pólsku.

Félagsmálaráðuneytið telur engu að síður mikilvægt að stuðla að því að útlendingar sem starfa hér á landi hafi aðgengi að upplýsingum um réttindi sín og skyldur á grundvelli reglna sem hér gilda. Ráðuneytið hefur beitt sér fyrir þýðingu laga sem gilda á vinnumarkaðnum sem og annarra laga um málefnasvið þess yfir á enska tungu. Enn fremur hafa bæði Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins gefið út kynningarrit um aðstæður á íslenskum vinnumarkaði. Má

þar sérstaklega nefna kynningarrit Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem gefin voru út á átta tungumálum. Það er því hægt að fullyrða að miðlun opinberra aðila á upplýsingum um íslenska samfélagið á erlendum tungumálum er nú allt önnur og betri en var fyrir nokkrum árum. Því má svo bæta við að stöðugt er unnið að umbótum á þessu sviði.

Í þessu sambandi er rétt að vekja á því athygli að ríkisstjórnin hefur ákveðið að hrinda í framkvæmd á næstu tveimur árum eða svo nýrri rafrænni upplýsingaveitu, Ísland.is, fyrir alla íbúa landsins. Framlag félagsmálaráðuneytisins til þess verkefnis er m.a. að bæta upplýsingamiðlun til útlendinga í samvinnu við fjölmenningarsetur á Ísafirði. Þar eiga að vera grundvallarupplýsingar fyrir innflytjendur og upplýsingar ætlaðar starfsfólki í opinberri þjónustu. Innflytjendaráð sem félagsmálaráðherra skipaði seint á sl. ári er nú að forgangsraða verkefnum. Framarlega á þeim lista er miðlun upplýsinga til fólks með erlendan bakgrunn bæði hvað varðar helstu upplýsingar þegar fólk kemur til landsins og einnig miðlun upplýsinga á erlendum málum um íslenskt samfélag, réttindi og skyldur, einkum upplýsingar frá ríki og sveitarfélögum.

Virðulegi forseti. Það er ljóst að á undanförnum árum hefur margt verið gert til að upplýsa innflytjendur um réttindi þeirra og skyldur bæði í samfélaginu almennt og eins af því sem varðar réttarstöðuna á vinnumarkaðnum. Þó talið hafi verið að þetta sé hluti af þjónustu stéttarfélaganna við félagsmenn þá útiloka ég alls ekki aðild félagsmálaráðuneytisins að umbótastarfi á þessu sviði og þá helst í samvinnu við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks.

Eitt af því mikilvægasta varðandi aðlögun útlendinga hér á landi er einmitt upplýsingamiðlun og ég vil sem félagsmálaráðherra stuðla að því að hún sé fyrir hendi og að hún sé bætt enn frekar.

[12:30]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Þetta er allt saman góðra gjalda vert en ég hef heyrt það á umliðnum árum hjá íslensku starfsfólki sem fær erlent starfsfólk við hliðina á sér að það sé gott mál að þýða kjarasamninga o.s.frv. en það eru ýmsir sem koma með spurningar um hvort ekki sé hægt að bæta okkur upp þann kostnað í launum sem þarna er um að ræða fyrir erlent starfsfólk. Ég veit að margoft hefur verið spurt um þetta á vinnustöðum þar sem mikið er um erlent eða innflutt starfsfólk. Ég held að það væri athugandi hvort það væri einhvern veginn hægt að bæta fólki upp á svipaðan hátt þann kostnað sem þessu fylgir.

Staðreyndin er náttúrlega að erlent starfsfólk er í ýmsum umönnunarstörfum sem erfitt er að fá íslenskt starfsfólk í og það hlýtur að vera fyrst og fremst út af launakjörum.

[12:32]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé afar mikilvægt nú á þessum tímum alþjóðavæðingar þar sem erlendu starfsfólki fjölgar sífellt hér á landi, því fjölgar mjög hratt, að stjórnvöld séu vakandi fyrir þörf útlendinga til að hafa aðgang að þeim lögum og reglum sem hugsanlega kunna að skipta máli á þeirra eigin tungumáli, þannig að þessir hlutir þurfi ekkert að fara neitt á milli mála.

Að sjálfsögðu þarf líka að skoða þetta með kjarasamninga. Ég veit að það er mikil eftirspurn eftir slíkum upplýsingum frá útlendingum sem hér starfa. Ég ræddi nýverið við formann verkalýðsfélagsins á Akranesi, Vilhjálm Birgisson, og hann tjáði mér t.d. að verkalýðsfélagið á Akranesi hefði nýlega auglýst íslenskunámskeið fyrir útlendinga og strax voru komnir 18 á skrá og listinn fullur og sennilega verður verkalýðsfélagið að halda annað námskeið í íslensku. Hann sagði líka að það væri mjög mikið vandamál ef verkamenn hefðu ekki aðgang að kjarasamningum á sínu eigin tungumáli, nefndi þar til að mynda pólsku en Litháar væru líka í vandræðum. Þarna er mikil þörf og við verðum (Forseti hringir.) að sjá til þess að þessir hlutir séu í lagi eftir því sem hægt er.

[12:33]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Við lifum í síbreytilegu samfélagi sem verður æ alþjóðavæddara með hverju árinu sem líður og hér er hreyft við afar mikilvægu máli og það ber að þakka. Hingað kemur erlent vinnuafl sem stoppar bæði stutt og lengi, mjög margir eru farnir að búa hér og hafa búið hér í langan tíma. Í litlu samfélagi eins og ég kem úr uppi í Hrunamannahreppi eru tæplega 10% íbúanna af erlendu bergi brotnir. Sömu sögu má segja á stað eins og Hvolsvelli þar sem er mikil kjötvinnsla, þar er gríðarlega mikið af erlendu vinnuafli sem starfar við kjötvinnsluna. Mér finnst að atvinnurekendur, verkalýðsfélög og sveitarfélög eigi að taka höndum saman til þess að styrkja útlendinga og styðja þá í að læra íslensku því að íslenskan er í raun og veru grundvöllur þess að fólkið festi hér rætur, en auðvitað þurfa kjarasamningar og meginreglur að vera á því tungumáli sem viðkomandi aðilar skilja.

[12:34]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. félagsmálaráðherra Jóni Kristjánssyni fyrir ágæt svör svo og þeim sem tóku þátt hér í umræðunni. Eins og við heyrum eru um 500–600 kjarasamningar gerðir á hverju ári og ég ætla ekki að menn þýði þá alla en það er nokkuð öruggt að útlendingar eru fleiri í ákveðnum störfum en öðrum. Atvinnuleyfi er gefið út af Vinnumálastofnun og þess vegna teldi ég það svona liggja í hlutarins eðli að þeir hefðu ákveðið frumkvæði og þar af leiðandi félagsmálaráðuneytið í því að tryggja þeim sem fá hér atvinnuleyfi góðan og skýran aðgang að kjarasamningum. Stór hluti af þessu öllu er að tryggja kaup og kjör starfsfólks og þar af leiðandi ánægju þeirra í starfi sem er ekki síst nauðsynleg þeim mörgu erlendu starfsmönnum sem sinna umönnunarstörfum. Að öðru leyti þakka ég ágæt svör.

[12:36]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta mikilvæga mál og þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessum málefnum innflytjenda.

Þessi málaflokkur er mjög vaxandi í félagsmálaráðuneytinu. Ég tel mikilvægt að það sé hægt að sinna honum eins vel og föng eru á. Ég horfi vongóður til starfs innflytjendaráðs í því efni. Við þurfum að kortleggja hvar skórinn kreppir í þessum málum, hvers við eigum að vænta á næstunni. Þessi málaflokkur hefur, eins og ég segi, vaxið alveg gríðarlega og þetta er einn þátturinn.

Hins vegar vil ég undirstrika annan stóran þátt sem einnig hefur verið komið inn á hér í umræðunni en það er að sinna íslenskukennslu fyrir erlent fólk þannig að það geti komist í nánari tengsl við samfélagið með tungumálinu. Eigi að síður er þörf á að huga að þeim þætti sem hv. fyrirspyrjandi nefndi. Á þeim dögum sem ég hef verið í félagsmálaráðuneytinu hef ég orðið þess áskynja hvað innflytjendamálin eru gríðarlega stór og vaxandi þáttur og að þeim þarf að huga alveg sérstaklega.

Umræðu lokið.

Kadmínmengun.

Fsp. PBj, 572. mál. — Þskj. 827.

[12:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Fyrirspurn um kadmínmengun í Arnarfirði er beint til umhverfisráðherra. Þessi mál hafa áður verið til umræðu í hv. Alþingi og er fullt tilefni til þess að taka þau hér upp aftur. Það skiptir íbúa Bíldudals og Vesturbyggðar verulega miklu máli að aftur verði hægt að hafa not af þeim auðlindum sjávar sem þrífast í vistkerfi Arnarfjarðar en þar eru staðbundnir stofnar rækju og hörpuskeljar sem gætu skapað störf að nýju eins og áður var, áratugum saman.

Þetta mál er allt sérstakt vegna þess að eftir því sem ég veit best þá er þetta eini fjörðurinn á Íslandi þar sem veiðar hafa verið bannaðar á stofnum í lífríki sjávar vegna mengunar. Þess vegna er auðvitað full ástæða til þess að standa vel að rannsóknarþætti þessara mála til þess að átta sig á hvað hér er á ferðinni og eins til þess væntanlega að fá það fullrannsakað hvort mengunin er að breytast, vonandi að minnka, þannig að aftur sé hægt að hefja þessar veiðar. Ekki veitir nú af eins og atvinnuástandið er á Bíldudal. Ég veit að hæstv. umhverfisráðherra skynjar það vel enda veit ég að hæstv. ráðherra hefur búið úti á landi og þekkir aðstæður þar sem búið er nálægt firði og sjávarnytjar eru undirstaða atvinnulífsins. Þess vegna er þetta mál tekið hér upp aftur þrátt fyrir að það hafi verið rætt snemma hausts hér í hv. Alþingi en hæstv. umhverfisráðherra sagði síðast þegar þetta var rætt að einhverjar niðurstöður mundu liggja fyrir í upphafi þessa árs og nú eru þrír mánuðir liðnir af árinu og þess vegna er spurt:

1. Hvað líður niðurstöðum rannsókna sem gerðar voru árið 2004 á kadmínmengun í Arnarfirði?

2. Er fyrirhugað að veita fé til frekari rannsókna á kadmínmengun í lífríki Íslands? — Hún virðist alla vega sums staðar vera nokkuð há þó að hún nái ekki þeim mörkum sem eru í Arnarfirði.

Ég held að þetta mál skipti afar miklu og það megi ekki láta þetta dragast úr hömlu. Það verður að fá niðurstöðu í þetta, og eins og hæstv. ráðherra sagði hér á haustdögum þá verður spennandi að sjá niðurstöður úr þeim rannsóknum sem þegar hafa verið gerðar þegar þær liggja fyrir í byrjun þessa árs. Þess vegna tökum við þetta mál hér upp aftur og ég vonast eftir því að ráðherra geti gefið svör við því hvernig að þessu verður staðið.

[12:41]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Í svari mínu í fyrirspurnatíma hér á Alþingi þann 9. nóv. sl. um kadmínmengun í Arnarfirði kom fram að árið 2004 var Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins veittur styrkur úr svonefndum AVS-rannsóknasjóði, þ.e. um aukin verðmæti sjávarfangs á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, til að rannsaka nánar umfang og mögulegar ástæður kadmínmengunar í sjávarfangi í Arnarfirði. Styrkurinn var að upphæð 2,5 millj. kr. Auk þess kom viðbótarframlag frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins til þessa verkefnis.

Það voru tekin sýni til mælinga árið 2004 úr hörpudiski, kræklingi, seti og rækju úr Arnarfirði og síðar var veittur viðbótarstyrkur úr AVS-rannsóknasjóði sjávarútvegsráðuneytisins til þessara rannsókna, bæði til frekari sýnatöku og til að vinna úr þeim sýnum sem þarna höfðu verið tekin.

Þess skal líka getið að á árinu 2003 veitti umhverfisráðuneytið 300 þús. kr. í framangreint verkefni til efnamælinga á seti. Það var gert ráð fyrir að fyrstu niðurstöður mælinga og rannsóknaniðurstöður gætu legið fyrir í byrjun þessa árs og stefnt var að því að greiningum yrði lokið í júní á þessu ári. Hins vegar liggur nú fyrir að verkefnið tefst um nokkra mánuði og ástæðurnar fyrir því eru ófyrirsjáanlegar mannabreytingar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins en verkefnisstjóri þessa verkefnis hætti störfum hjá stofnuninni í vetur. Málið stendur nú einfaldlega þannig að það er reiknað með að fyrstu niðurstöður liggi fyrir í júní og að verkefninu verði lokið seint á þessu ári.

Hvað snertir síðan fjárveitingar til frekari rannsókna á kadmínmengun í lífríki Íslands vil ég segja að umhverfisráðuneytið heldur áfram að stuðla að nauðsynlegri almennri vöktun á mengun í lífríkinu og í nýrri skýrslu á vegum OSPAR-samningsins er m.a. fjallað um niðurstöður vöktunarrannsókna á kræklingi hér við land. Í þeirri skýrslu er getið þróunar í styrk kadmíns í kræklingi hér við Íslands en hár styrkur kadmíns mælist í kræklingi á nokkrum stöðum hér við land en það er talið tengjast frekar jarðfræði landsins og þá mögulega líka eldvirkni en síður mengun vegna starfsemi eða framkvæmda.

Það er álit Umhverfisstofnunar sem sér um umsýslu vöktunarverkefna vegna efnamengunar fyrir umhverfisráðuneytið að fremur sé þörf markvissra grunnrannsókna en vöktunarrannsókna til þess að skýra sérstöðu íslenska hafsvæðisins hvað varðar styrk kadmíns. Það er að sjálfsögðu æskilegt að slíkar rannsóknir fari fram enda er nauðsynlegt að fá úr því skorið hvað veldur þessum háa styrk kadmíns og staðfesta þá betur að hve miklu leyti það á sér náttúrulegar orsakir. Þegar rannsóknum í Arnarfirði lýkur tel ég að það sé rétt að huga enn frekar að þessum þætti, að mögulegum grunnrannsóknum á kadmín í lífríkinu í hafinu við

Ísland, og ég mun taka málið sérstaklega upp við Umhverfisstofnun og aðrar rannsóknastofnanir þegar þar að kemur og niðurstöður þessara rannsókna liggja fyrir.

Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að þarna er um mál að ræða sem við þurfum að fá niðurstöðu í og eins og hann nefndi réttilega þá eru það hagsmunir íbúanna við sjávarsíðuna að vel sé staðið að rannsóknarþætti í málum eins og þessum og það er stórt hagsmunamál allra Íslendinga sem fiskveiðiþjóðar að svo sé.

[12:46]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum með þetta svar hjá hæstv. umhverfisráðherra. Það eru núna liðin bráðum fimm ár frá því fyrst varð vart við þessa mengun og stjórnvöld gripu til aðgerða til að stöðva nýtingu á nytjastofnum í Arnarfirði vegna þess að þar væri of hátt innihald af kadmíni. Fimm ár hafa liðið og enn liggja ekki fyrir niðurstöður úr grundvallarrannsóknum á vandamáli sem hefur svipt þessar byggðir möguleikum til nýtingar á sínum mikilvægustu nytjastofnum. Þetta er hreinlega ekki boðlegt. Þetta er hreinlega ekki boðlegt, þessi frammistaða af hálfu stjórnvalda. Að sjálfsögðu hefði strax átt að setja í þetta bæði peninga og mannafla til að komast til botns í því hvað væri hér á ferðinni.

En mér sýnist, því miður, að stjórnvöld ætli enn að draga lappirnar. Ég hef tvisvar sinnum borið upp fyrirspurn um þetta til umhverfisráðherra. Í bæði skiptin hefur verið látið í það skína að þetta væri nú allt saman að koma, það væri verið að rannsaka þetta, það væri búið að setja peninga í þetta og annað þess háttar. En svo dregst þetta og dregst. Þetta er alls ekki boðlegt.

[12:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir svörin og vonast til þess, miðað við orð hennar, að hún reyni að beita sér fyrir því að flýta niðurstöðum eins og mögulegt er í þessu máli.

Það er algjörlega rétt sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, að það er auðvitað sárt til þess að vita að það skuli ekki vera hægt að nýta Arnarfjörðinn til veiða og ræktunar því þar voru menn byrjaðir að rækta krækling og stefndu þar til nýsköpunar og vonandi framtíðar í þeim efnum.

Meðan sú niðurstaða liggur óhreyfð að fjörðurinn sé ekki sú matarkista sem hann ella gæti verið íbúunum stendur það upp á stjórnvöld að reyna að efla rannsóknirnar og fá niðurstöðu í málið. Auðvitað vonumst við til, eins og íbúarnir við fjörðinn, að til framtíðar reynist það ekki svo að í þessum firði megi ekki stunda veiðar og kræklingarækt. En þess heldur þarf að flýta þessum niðurstöðum. Ég vil leggja þann skilning í orð og svar hæstv. ráðherra að reynt verði með öllum ráðum að fá sem fyrst niðurstöðu í þetta mál.

Veiðitími rækju og hörpuskeljar hefur yfirleitt verið seinni hluta ársins þannig að ég vil sérstaklega beina þeim tilmælum til hæstv. ráðherra að ef einhver tök eru á því að flýta niðurstöðum í þessu máli verði það gert. Það skiptir verulegu máli fyrir íbúana við fjörðinn hvort hægt er að horfa til þess að þessar nytjar verði aftur sá atvinnuvegur sem áður var, og geti þá jafnvel hafist á haustdögum.

[12:49]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum þessa umræðu. Hér er um mál að ræða sem snertir einkanlega hagsmuni byggðarlaganna við Arnarfjörð, fólkið þar. Mér finnst það afskaplega eðlilegt að þingmaður þess kjördæmis hafi áhyggjur af málum og vilji fá skýr svör.

En málin standa þannig að rannsóknarverkefnið hefur staðið yfir frá 2004 og því er einfaldlega ekki lokið. Ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til að ýta á eftir að því ljúki en ég geri mér hins vegar fyllilega grein fyrir því að það er háð því að hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sé svigrúm til þess, fjármunirnir eru hins vegar til staðar.

Umræðu lokið.

Merking matvæla.

Fsp. ÍGP, 633. mál. — Þskj. 931.

[12:51]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Virðulegi forseti. Með fyrirspurn þessari, sem ég beini til hæstv. umhverfisráðherra, vil ég vekja athygli á merkingu á íslenskri og innfluttri matvöru. Talsverðar framfarir hafa orðið á merkingu íslenskrar matvöru á undanförnum árum og er það vel.

Þannig er til mikillar fyrirmyndar á hvern hátt íslenskir ylræktar- og garðyrkjubændur hafa merkt framleiðsluvörur sínar svo ekki fer á milli mála hvaðan framleiðslan er. Þannig vita neytendur nákvæmlega hvar og hvaðan framleiðsluvaran er og geta borið saman bragð og gæði. Þetta hefur líka heilmikla markaðsmöguleika í för með sér.

Íslenskar mjólkurafurðir eru einnig vel merktar og oftast í mjög fallegum umbúðum. Merking þeirra er þó með öðrum hætti en með grænmetið. Merking íslenskra mjólkurafurða er til mikillar fyrirmyndar og reyndar markaðssetning hennar einnig.

Framfarir hafa einnig orðið í merkingu á kjötvöru. Þó vantar enn talsvert á að neytendur viti um uppruna og tegund matvörunnar. Þannig vita neytendur ekki hvort þeir eru að kaupa gimbra- eða hrútakjöt þegar um lambakjöt er að ræða. Á sama hátt vita þeir ekki hvort þeir eru að kaupa nautakjöt, kvígukjöt eða kýrkjöt þegar þeir eru að kaupa nautakjöt. Það vantar einnig á að uppruna vörunnar sé getið. Þetta getur skipt heilmiklu máli í nútímaþjóðfélagi og einnig hvað markaðssetningu áhrærir.

Í æ ríkara mæli reyna innflytjendur grænmetis að merkja grænmetið með þeim hætti að látið sé líta út fyrir að þar sé um íslenska vöru að ræða. Ég tek skýrt fram að ég hef ekkert á móti innflutningi á grænmeti. Íslenskt grænmeti stenst fyllilega samanburð við það erlenda og að mínu mati tel ég það reyndar mun betra en hina innfluttu vöru.

En ég hygg að innflytjendur reyni að blekkja neytendur með því að merkja vöruna eins og hún sé íslensk, m.a.

vegna þess að hin innlenda vara er enn heilnæmari og enn betri en innflutta varan, eða það er a.m.k. mín skoðun. Þetta sjáum við í grænmetisborðum stórmarkaðanna þegar við skoðum merkingu á vörum þar. Þetta á við um sveppi, þetta á við um jarðarber og þetta á við um margt fleira grænmeti.

Þegar ég vaknaði í morgun heyrði ég auglýsingu og í henni var sagt: Eins og íslensk náttúra er salatið frá Hollt og gott hreint og gott. Mér er sagt að sá ferskleiki felist m.a. í því að salatið er þvegið upp úr íslensku vatni en er framleitt á erlendri grundu. Þetta er reyndar ágætisvara, en það er ákveðin blekking fólgin í þessu.

Ég legg hér fram þrjár fyrirspurnir sem ég veit að hæstv. ráðherra mun svara að bragði.

[12:54]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Samkvæmt 15. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, skulu matvælaumbúðir merktar með nafni og heimilisfangi framleiðanda matvælanna eða dreifanda þeirra. Þá skal heiti vörunnar koma fram ásamt upplýsingum um innihald, geymsluskilyrði, geymsluþol og nettóþyngd eða lagarmál.

Um merkingu matvæla gildir einnig reglugerð nr. 503/2005, um merkingu matvæla, sem byggð er á tilskipunum og reglugerðum Evrópusambandsins sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn. Þessi reglugerð gildir í dag um merkingu á öllum matvælum hér á landi, en auk hennar eru í gildi ákveðnar merkingar í sérreglugerðum eins og t.d. reglugerð um aldinsultur, ávaxtasafa, fæðubótarefni, hunang og ýmislegt fleira.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 503/2005, um merkingu matvæla, skal merking ekki vera blekkjandi fyrir kaupanda eða móttakanda, einkum að því er varðar sérkenni matvælanna, nánar tiltekið eðli þeirra, auðkenni, eiginleika, tegund, samsetningu, þyngd, geymsluþol, aðferð við gerð eða framleiðslu og svo uppruna. Varðandi uppruna segir í 8. tölulið 6. gr. reglugerðarinnar að upplýsingar um uppruna eða framleiðsluland skuli koma fram, ef skortur á slíkum upplýsingum gæti villt um fyrir neytendum hvað varðar réttan uppruna matvælanna. Þessi regla er þó mjög matskennd og getur verið erfitt að beita henni og hefur Evrópusambandið þess vegna sett sérreglur um upprunamerkingar á ákveðnum matvælum, þ.e. nautakjöti, ávöxtum og grænmeti.

Erfðabreytt matvæli, kúariða og mælingar á varnarefnum í ávöxtum og grænmeti hafa síðan ýtt enn frekar undir kröfur neytenda um að fá að vita hvaðan varan er upprunnin eða hvernig hún er framleidd. Almennt er við það miðað að haga setningu reglna um matvæli í samræmi við upptöku gerða í EES-samningnum. Dæmi eru þó um að tilefni þyki til að gera frekari kröfur, svo sem um gæði, öryggi eða merkingu. Vegna meginreglu samningsins um frjálst flæði vöru er skylt að tilkynna slíkar reglur í samræmi við lög um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og farþjónustu, nr. 57/2000.

Það er til skoðunar að Ísland taki upp fleiri Evrópusambandsgerðir sem varða dýraafurðir, þar með talið um uppruna merkingar á nautakjöti. Enn sem komið er hefur ekki verið tekið til athugunar að setja sérstakar reglur um upprunamerkingar á öðrum vörum. Hins vegar má taka fram að í nýrri matvælalöggjöf Evrópusambandsins, þar sem kveðið er á um meginreglur og kröfur um matvæli, er m.a. kveðið á um að til staðar sé kerfi til að rekja feril matvæla allt að uppruna. Unnið er að upptöku þeirrar löggjafar í EES-samningnum.

[12:58]

Jóhanna Erla Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil beina máli mínu til hæstv. umhverfisráðherra. Ég vil leggja mikla áherslu á mikilvægi þess að innflytjendur matvæla merki vöru sína vel og skilmerkilega þannig að allir skilji.

Okkur bændum er gert að skrá vandlega allt framleiðsluferli okkar framleiðslu. Þær upplýsingar liggja fyrir en þær komast einhverra hluta vegna ekki út til neytenda. Við það erum við ekki sátt af því að oft er bent á bændur, að þeir standi sig ekki í þeim málum. En bændur gera það og þeim ber að fylgja ferlinu öllu eftir og skrá þetta skilmerkilega því það skiptir máli fyrir neytendur — ég ætla að minna á að bændur eru líka neytendur — hvaðan varan kemur og hvernig hún er framleidd.

[12:59]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir spurningar sínar, sem eru tímabærar, og ráðherranum fyrir svör. Ég held að þetta skipti okkur miklu máli og fyrir neytendur alla. Auðvitað er það þannig að reglur duga ekki nema á ákveðinn hátt. Vegna ræðu síðasta hv. ræðumanns verð ég að segja að það hlýtur að vera á valdi framleiðanda að merkja sína vöru betur. Við höfum rætt það nú í tíu, fimmtán ár að það gæti verið til hagsbóta fyrir íslenska bændur og neytendur að fá betur merkta vöru þaðan, jafnvel upplýsingar um það frá hvaða býli tiltekin vara kemur, eftir atvikum.

Um þær reglur sem við þiggjum að utan er það að segja að stundum er um það að ræða að hægt er að blekkja neytendur. Til dæmis er hægt að blekkja neytendur með of miklum upplýsingum eins og sést á upplýsingum um efnisinnihald sem eru orðnar svo ítarlegar að það skilur þær ekki nokkur maður nema að hann hafi sérstakt próf í þeim.

Svo held ég að það sé ástæða til að þakka ráðherra fyrir skýr og skjót svör í þessu efni. Því ég man ekki betur en að þessari fyrirspurn hafi verið dreift hér (Forseti hringir.) í gær eða fyrradag.

[13:00]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það sem skiptir höfuðmáli hvað varðar stjórnsýslu umhverfisráðherra er náttúrlega að tryggja öryggi matvæla og að það sé tryggt að ekki séu umfram varnarefni eða aðskotaefni í vörunni. Það ætti að vera höfuðmarkmið í starfi hæstv. umhverfisráðherra.

Hvað það varðar að merkja vörur sérstaklega þá er vert ræða það hér hvort íslenskir framleiðendur ættu ekki að taka það upp hjá sjálfum sér að merkja þær með íslensku merki. Í því sambandi er vert að fara yfir það hvort reglur um íslenska fánann standi því eitthvað fyrir þrifum og hvort

rýmka mætti þær til að auðvelda íslenskum neytendum að átta sig á að þeir séu að kaupa íslenska vöru. Ég tel rétt að fara yfir það en ég tel einnig varhugavert að ætla erlendum framleiðendum eða pökkunaraðilum að setja fjöldann allan af erlendum merkjum á vöruna.

[13:01]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög þörf og góð fyrirspurn. Ég hnaut svolítið um það þegar hæstv. ráðherra sagði að skylt væri að merkja matvöru með þeim hætti að þar kæmi fram annaðhvort framleiðandi eða dreifiaðili. Þetta var svolítið óskýrt en ég held að mér hafi ekki misheyrst þegar hæstv. ráðherra sagði þetta. Þetta vakti furðu mína. Ég tel að það ætti að sjálfsögðu að gera kröfur um að það kæmi skýrt fram á allri matvöru hver sé framleiðandi og hvar sá framleiðandi sé staðsettur, hvaðan matvaran sé komin, hvar hún sé framleidd og líka hver dreifi henni til neytenda. Mér finnst þetta svo eðlilegt og sjálfsagt að mér finnst varla, liggur mér við að segja, ástæða til að það sé sett í reglur. Þeir sem selja þessar vörur eiga náttúrlega að finna það upp hjá sjálfum sér að gera slíkt. Það er bara sjálfsögð og eðlileg þjónusta við neytendur, virðulegi forseti.

[13:02]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég þakka góða umræðu um þessa fyrirspurn mína og einnig þakka ég ráðherra fyrir skjót og góð svör. Eins og kom fram er stutt síðan ég lagði þessa fyrirspurn fram og henni var svarað snarlega.

Það varð heilmikil umræða um uppruna vörunnar og eins og kom fram í jómfrúrræðu hv. þm. Jóhönnu Pálmadóttur þá skrá bændur allar upplýsingar um þá matvöru sem þeir framleiða. Það er alveg ljóst. En síðan þegar söluaðilar koma til skjalanna skilar merkingin sér ekki. Í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar kom fram að neytendur hafa mikinn áhuga á að vita hvaðan varan er sem við fáum. Við vitum líka að íslensk matvara, hverju nafni sem hún nefnist, er mjög heilnæm og hún er mjög góð. Það er kannski þess vegna sem innflytjendur setja sig í þau spor að láta líta út fyrir að hún sé innlend. Það kom líka fram að við værum að velta fyrir okkur fánanum, hvort fánalitir ættu að vera á þessari vöru, en þegar íslenskir garðyrkjumenn merkja sína vöru koma einmitt fánalitirnir fram í merkingunni.

Í þessu felst líka ákveðin markaðssetning. Við skynjum það fyrir jólin þegar fólk fær að bragða á birkireyktu SS-hangikjöti, Hólsfjallahangikjöti, Húsavíkurhangikjöti, KEA-hangikjöti, Sambands-hangikjöti o.s.frv. Þetta er alveg það sama og gerist þegar menn fá að smakka á vínum. Það er alveg ljóst að ef menn vilja vita um uppruna vörunnar, hvaðan hún kemur, felur það í sér gríðarleg tækifæri varðandi markaðssókn. Ég hvet ráðherra til að vera vel á verði þannig að það sé alveg skýrt hvað sé innlend vara þegar hún er merkt og hvað sé innflutt vara.

[13:05]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Það kemur mjög glögglega fram við þessa umræðu að hér er um mjög mikilvæg mál að ræða fyrir okkur öll. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að höfuðmarkmið í allri matvælaframleiðslu er auðvitað að varan sé örugg. Öryggi matvæla er það sem skiptir allra mestu máli fyrir okkur öll, öryggi og hollusta. Merkingar eru hluti af því að við getum valið á skynsamlegan hátt það sem við teljum sjálf og vitum að er hollast og best fyrir hvert og eitt okkar.

Ég tek líka undir það með hv. þingmönnum, og hv. þm. Jóhanna Pálmadóttir nefndi það sérstaklega, að menn eigi að fara að reglum í sambandi við merkingar og hún nefndi þá sérstaklega innflytjendur. Ég tek undir það. Þetta eru mál sem skipta okkur miklu og það er mjög vaxandi krafa um það frá neytendum að merkingum sé betur sinnt en verið hefur. Við erum að vinna að innleiðingu reglna Evrópusambandsins sem leiðir til þess að merkingar verða nákvæmari og merkingar verða auknar.

Ég hafði síðan gaman af því að heyra hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason lýsa því hér hvað hann hefur mikinn áhuga á þessum málum. Hann er sælkeri, það kom mjög vel fram í máli hans, og þar að auki starfar hann í í héraði þar sem er mikil matvælaframleiðsla og spennandi hlutir að gerast í garðyrkjunni.

Umræðu lokið.

Heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu.

Fsp. ÁRJ, 485. mál. — Þskj. 716.

[13:07]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Málefni öldrunarsjúklinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hafa verið þó nokkuð í umræðunni í vetur og ástandið ekki verið gott. Síðast þegar við ræddum þessi mál voru fastir inni á deildum 90 sjúklingar sem ekki var hægt að útskrifa þó að búið væri að veita þeim alla lækningu. Þetta er mjög dýrt og mikið óhagræði fyrir sjúklingana.

Mig langar til að vekja athygli á og spyrjast fyrir um annan hóp sjúklinga en það eru þeir sem eru inni á fimm daga deildum, öldrunardeildunum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Ég ætla að spyrjast fyrir um heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu og þjónustu við þessa sjúklinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem fara heim um helgar.

Þannig er að þessir sjúklingar eru sendir heim um helgar af þessum deildum og þá þurfa margir þeirra á heimahjúkrun að halda. Ef hún fæst ekki þarf að leggja þá inn á aðrar deildir sem reknar eru yfir helgar, þ.e. alla vikuna. Þetta er mjög mikið rask fyrir sjúklingana fyrir utan það að þarna er verið að veita aðra þjónustu en á þeim deildum sem þeir eru annars á. Ástandið í heimahjúkrun hefur verið þannig að hún hefur ekki getað bætt við sig þessum sjúklingum oft og tíðum og þá hafa þeir lent í þessu. Nú er ástandið þannig að t.d. um næstu helgi mun a.m.k. önnur fimm daga deildin á Landspítalanum þurfa að vera opin um helgina og það hefur gerst ítrekað að hafa hefur þurft opið vegna þessa. Þess vegna spyr ég hæstv. heilbrigðisráðherra:

1. Hversu oft á undanförnum tveimur árum hefur öldr-

unarsjúklingum á fimm daga deildum Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) verið synjað um heimahjúkrun?

2. Hversu oft á sama tímabili hefur slík synjun komið í veg fyrir útskrift sjúklinga?

3. Hversu oft á sama tímabili hefur aðeins verið unnt að bjóða öldruðum sem stóð til að útskrifa af LSH upp á skerta heimahjúkrunarþjónustu?

Þegar aðeins er hægt að bjóða upp á skerta þjónustu er auðvitað ekki hægt að útskrifa sjúklingana af spítalanum vegna þess að sjúklingarnir sem fara annaðhvort heim um helgar eða útskrifast þurfa að fá fulla heimaþjónustu. Því spyr ég hæstv. ráðherra um það hversu oft þessi staða hefur verið uppi á undanförnum árum. Auðvitað þyrfti ég líka að spyrja hæstv. ráðherra hversu oft það hafi gerst að þurft hafi að halda fimm daga deildunum opnum um helgar vegna þessa ástands og kannski getur hæstv. ráðherra svarað því einnig en ég fer þó ekki fram á það hér.

[13:10]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Spurt er:

„1. Hversu oft á undanförnum tveimur árum hefur öldrunarsjúklingum á fimm daga deildum Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) verið synjað um heimahjúkrun?"

Þau tilvik þar sem öldrunarsjúklingum hefur verið synjað um heimahjúkrun hafa ekki verið skráð með formlegum hætti, hvorki af hálfu LSH né Miðstöðvar heimahjúkrunar hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt mati hjúkrunardeildarstjóra á fimm daga deildum LSH er um 3–4 sjúklingum sem liggja á fimm sólarhringa deildum synjað um heimahjúkrun um helgar og nokkur dæmi eru um slíka synjun nokkrar helgar í röð. Heimahjúkrun á vegum heilsugæslunnar hefur fengið fjárveitingar til að veita aukna þjónustu um helgar en erfiðlega hefur gengið að fá starfsfólk til að sinna þeim vöktum. Þó skal þess getið að heimahjúkrunin sinnir nú yfir 400 vitjunum um helgar.

„2. Hversu oft á sama tímabili hefur slík synjun komið í veg fyrir útskrift sjúklinga?"

Því er til að svara að ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um fjölda þeirra sjúklinga sem hafa þurft að dveljast lengur á sjúkrahúsinu vegna skorts á heimahjúkrun en samkvæmt upplýsingum frá LSH hafa slíkar synjanir tafið útskriftir, stundum um nokkra daga og í einhverjum tilfellum um vikur. Þá eru dæmi um tímabil þegar heimahjúkrun hefur ekki getað tekið við fleiri skjólstæðingum og sjúklingar hafa verið útskrifaðir án þess að hægt væri að tryggja að æskileg þjónusta fengist í heimahúsum.

Þá hefur komið fyrir tímabundið að vegna manneklu í heimahjúkrun hafi ekki verið hægt að bæta við þjónustu um helgar og nætur eins og æskilegt hefur þótt. Þessar aðstæður skapast fyrst og fremst af skorti á fagmenntuðu starfsfólki en fjármagn hefur verið fyrir hendi.

„3. Hversu oft á sama tímabili hefur aðeins verið unnt að bjóða öldruðum sem stóð til að útskrifa af LSH upp á skerta heimahjúkrunarþjónustu?"

Því er til að svara að engar tölur liggja fyrir um hve þessi tilvik eru mörg. Við útskrift sjúklinga er lagt mat á þörf þeirra fyrir þjónustu í heimahúsum en því er ekki fylgt eftir af hálfu spítalans með reglubundnum hætti hvort þessum þörfum, eins og spítalinn skilgreinir þær, er mætt. Þegar sjúklingur er kominn heim leggur heimahjúkrunin mat á þjónustuþörfina. Oft er reyndin sú að sjúklingar þurfa minni þjónustu heimahjúkrunar en sjúkrahúsið hafði gert ráð fyrir en mun meiri þjónustu af hálfu heimilishjálpar félagsþjónustu sveitarfélaganna. Því miður er það svo að heimilishjálp frá félagsþjónustu sveitarfélaga er oft flöskuhálsinn í þessu kerfi þar sem stöðug manneklа hefur hrjáð starfsemina.

Virðulegur forseti. Ég tel að það sé rétt stefna að efla þjónustu við aldraða í heimahúsum og það er í samræmi við vilja þorra þeirra. Ég hyggst beita mér fyrir því að svo verði gert og ég tel mikilvægt að bæði LSH og Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu hafi með sér gott samstarf um framkvæmd þessarar þjónustu. Það verður að viðurkennast að vandinn er skortur á starfsfólki þannig að það er auðveldara um að tala en í að komast í þessu efnum. En ég vil líka benda á að búið er að skoða svolítið biðlista fyrir dvalarheimili og hjúkrunarheimili, sem er auðvitað annað en sjúkrahús, og þar hefur komið í ljós að talsvert af því fólki sem er á biðlistunum gæti farið út af þeim ef það fengi nægilega heimahjúkrun og félagsþjónustu frá sveitarfélaginu. Það má því segja að heimahjúkrunin og félagsþjónustan sé flöskuháls sem erfitt er að eiga við. Það er mannekla og í þeirri þenslu sem nú er í samfélaginu hefur reynst erfitt að manna þessar stöður.

[13:14]

Jón Kr. Óskarsson:

Virðulegur forseti. Sýndarmennska ríkisstjórnarflokkanna í öldrunarmálum er athyglisverð. Kosningar eru greinilega í aðsigi. Ríkisstjórnarflokkarnir muna allt í einu eftir öldruðum vítt og breitt um landið en hvar hefur ríkisstjórnin verið undanfarin 15 ár? Hún hefur nýtt illa tækifærin til að bæta kjör, þjónustu og aðbúnað aldraðra. Nú er staðan þannig að við erum a.m.k. 15 árum á eftir nágrannaþjóðum okkar í öldrunarmálum. Ríkisstjórnarflokkarnir segja allt í einu að hinir öldruðu eigi að njóta hins besta og að þeir hafi raunverulegt val um búsetu, aðstöðu og umhverfi. Hvar hefur ríkisstjórnin verið síðustu 15 ár? Eins og alþjóð er kunnugt er allnokkur vandi uppi í málefnum aldraðra, sérstaklega hvað varðar hjúkrunarheimili. Talið er að í dag séu 350 einstaklingar í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými og 950 einstaklingar deila herbergi með öðrum á hjúkrunarheimilum.

[13:16]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það var athyglisvert við svör hæstv. ráðherra hve þau voru óskýr. Ég tel að fara þurfi gaumgæfilega ofan í þessa hluti vegna þess að það hefur m.a. komið fram í nýrri skýrslu, Hver gerir hvað, að þarna sé hægt að ná fram árangri í sparnaði í heilbrigðiskerfinu. Fólk sem ekki hefur endilega þörf fyrir það liggur inni á dýrum deildum þegar það bíður eftir öldrunarþjónustu á legudeildum annars staðar. Þarna getum við sparað skattfé landsmanna og jafnvel veitt öldruðum, sem liggja að óþörfu inni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, viðeigandi þjónustu. Mig minnir að það komi fram í skýrslunni, Hver gerir hvað, að það sé stór

hluti, nokkrir tugir sem liggja að jafnaði inni Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem ekki hafi þörf fyrir að vera þar. Því vonast ég til að nýr hæstv. heilbrigðisráðherra láti til sín taka einmitt á þessu sviði.

[13:17]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég er algjörlega ósammála síðasta ræðumanni, hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni. Mér fannst svör ráðherra einmitt afar skýr og hreinskilin. Hún lýsti þeim vanda sem er núna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi varðandi aldraða og erfiðleika við að útskrifa þá, sérstaklega um helgar. En vandinn er náttúrlega ekki bara heilbrigðisþjónustan, vandinn er líka mönnunarvandi. Það hefur verið mjög miklum erfiðleikum bundið að manna stofnanir sem byggja á vaktavinnu, heilbrigðisstofnanir og aðrar, vegna þess að það er bara annað lífsmunstur hjá fólki og það sækist ekki eftir að vinna á stofnunum sem bjóða upp á vaktavinnu. Hins vegar verðum við að átta okkur á því, sem kom einnig fram í máli hæstv. ráðherra, og það er skortur á úrræðum hjá sveitarfélögunum, á heimaþjónustu sveitarfélaganna. Það kemur m.a. fram í skýrslu um þjónustu við aldraða að þar brennur virkilega á.

[13:18]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Það vekur athygli að ekki eru til upplýsingar um hversu oft mönnum hefur verið synjað um heimahjúkrun, hversu oft það hefur staðið í vegi fyrir því að fólk hafi verið útskrifað, og hversu oft menn hafa getað fengið takmarkaða þjónustu en ekki fulla þjónustu í heimahjúkrun og þess vegna ekki getað útskrifast. Það er alveg ljóst að ástandið er ekki nógu gott. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að það hefði tafið útskrift um daga og jafnvel vikur. Þannig á það auðvitað ekki að vera. Við vitum að það er vegna þess að skortur er á starfsfólki, en það er líka vegna þess að ekki eru borguð nógu góð laun. Fólk fer þess vegna í betur borgaða vinnu og kannski vinnu sem hentar betur heimilisstörfum, því að oftast eru þetta kvennastörf.

Þetta sýnir líka hve mikilvægt er að samþætta alla þjónustu við aldraða og öldrunarsjúklinga. Á meðan þessi mál eru á hendi tveggja ráðuneyta eins og er í dag, annars vegar félagsmálaráðuneytis og hins vegar heilbrigðisráðuneytis, og síðan hluti á vegum sveitarfélaganna og annað á vegum ríkisins, þá verður þessi þjónusta ekki nægilega góð. Þess vegna er það forgangsmál að samþætta alla þessa þjónustu og bjóða fólki upp á þjónustu þannig að hægt sé að útskrifa það og það sé ekki fast inni á spítala án þess að fá útskrift vegna skorts á þjónustu heima við, eins og sá hópur sem ég nefndi í fyrri ræðu minni, þann fjölda sem fastur er inni á spítalanum í dag. Þarna getum við ráðið bót á og það er til hagræðis, bæði fyrir skattgreiðendur og sjúklingana sem lenda í þessu. Þar er verkefni sem þarf að hafa forgang.

[13:20]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Það er alls ekki svo að við séum með einhverja sýndarmennsku í málefnum aldraðra. Ég held að allir hljóti að sjá að það er búið að gera geysilega margt gott í málefnum þeirra. Unnið hefur verið eftir því samkomulagi sem gert var við aldraða á árinu 2002. Ég veit að sá hv. þingmaður sem kom hér upp og talaði um sýndarmennsku áðan var sjálfur viðstaddur á fundi þar sem farið var yfir þau mál. Það var staðið við alla þætti samkomulagsins, það eru einungis sveigjanleg starfslok sem skoða þarf betur.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að þessi tvískipting þjónustunnar sé mjög umhugsunarverð, þ.e. að félagsþjónusta sveitarfélaga sé með hluta þessarar þjónustu og heimahjúkrunin með annan hluta hjá þeim sem veikastir eru.

Fyrir stuttu fékk heilbrigðisnefnd Alþingis upplýsingar frá samþættingarverkefninu á milli Reykjavíkurborgar og heilbrigðisyfirvalda um samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu sveitarfélaganna og ríkisins. Við þá yfirferð vöknuðu mjög margar spurningar. Þar sást t.d. að heimahjúkrunin var mun stærri hluti en ég taldi að hún ætti að vera í eðlilegu samhengi og félagsþjónustan minni. Þarna er einhver pottur brotinn, eitthvað sem virkilega þarf að skoða. En á sama tíma vitum við að mjög erfitt er að fá fólk í félagsþjónustuna. Það er þensla í samfélaginu og þetta leiðir mann yfir í almenna launapólitík, það á að hækka laun þessara aðila. Það eru mikilvæg störf sem þarna eru unnin. En hvað þá með aðrar stéttir sem væntanlega vilja fylgja í kjölfarið? Umræðan fer því fljótt út í almenna launamálastefnu.

En ég ítreka að það er brýnt að samþætta heimaþjónustuna og það verður skoðað á næstunni hvort hægt er að gera það betur en áður hefur verið.

Umræðu lokið.

Sjúkrahústengd heimaþjónusta fyrir aldraða.

Fsp. ÁRJ, 484. mál. — Þskj. 715.

[13:23]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Hér kemur önnur fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra frá þeirri sem hér stendur sem segja má að sé í beinu framhaldi af fyrirspurninni sem við ræddum hér á undan.

Það er ljóst að það skortir upp á heimaþjónustu fyrir fyrrnefnda sjúklinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, hina öldruðu sem ekki er unnt að útskrifa eða geta ekki komist heim um helgar og þurfa að vera inni á spítalanum þó að þeir séu á fimm daga deild vegna þess að ekki er hægt að veita þeim heimahjúkrun eða heimaþjónustu eins og kom fram í fyrirspurninni á undan og svarinu við henni

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort áform séu uppi um að koma á sjúkrahústengdri heimaþjónustu fyrir aldraða á vegum Landspítala – háskólasjúkrahúss. Ef svo er, hvenær má gera ráð fyrir að hún verði að veruleika?

Landspítali – háskólasjúkrahús veitir sjúkrahústengda heimaþjónustu fyrir ákveðna sjúklinga en hún er ekki sérstaklega fyrir aldraða. Nú er ástandið þannig, eins og kom

fram í svari við síðustu fyrirspurn, að þarna er pottur brotinn. Ég veit til þess að það hafa verið uppi hugmyndir undanfarin fimm ár um að koma á sjúkrahústengdri heimaþjónustu fyrir aldraða á Landspítalanum. En eins og við nefndum áðan er auðvitað ódýrara og hagkvæmara fyrir sjúklinginn að komast heim og fá þjónustu þangað.

Það kom líka fram hjá hæstv. ráðherra í svari áðan að Landspítalinn fylgist ekkert með því hvaða þjónustu sjúklingurinn fær eftir að hann er kominn heim. Það mundi auðvitað vera betra ef spítalinn veitti þessa sjúkrahústengdu heimaþjónustu. Þá væri hægt að fylgjast betur með því að viðkomandi sjúklingur sem búið er að útskrifa fái þá þjónustu sem menn telja að hann þurfi að fá.

Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort standi til að veita þessa þjónustu, sérstaklega í ljósi þess að verið er að borga háar fjárhæðir vegna þess að fólk er fast inni á spítalanum, vegna þess að ekki er hægt að útskrifa það, vegna þess að flytja þarf fólkið yfir á aðrar deildir þegar fimm daga deildirnar loka um helgar o.s.frv.

Ég tel persónulega að það væri mikil hagkvæmni í slíku fyrirkomulagi og það væri betra fyrir þessa sjúklinga sem hafa legið inni á spítalanum að fá þessa þjónustu. En ég kalla hér eftir svörum hæstv. ráðherra.

[13:25]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt hvort uppi séu áform um að koma á sjúkrahústengdri heimaþjónustu fyrir aldraða á vegum Landspítala – háskólasjúkrahúss og ef svo er, hvenær megi gera megi ráð fyrir hvenær hún verði að veruleika.

Undanfarin missiri hefur heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu verið efld með markvissum hætti, m.a. í framhaldi af samkomulagi við eldri borgara sem gert var árið 2002. Árið 2003 voru fjárframlög aukin um 46,9 millj. kr. Árið 2004 um 25,2 milljónir og árið 2006 um 58 millj. Þetta eru því tæplega 180 millj. kr. aukning til þessarar þörfu starfsemi á fáum árum til viðbótar því fjármagni sem fyrir var. Þar til viðbótar var varið fjármagni til að samþætta heimahjúkrun og þjónustu sveitarfélaga á heimilum og er það einnig í samræmi við skoðanir eldri borgara sem fram komu í fyrrnefndu samkomulagi.

Þá hefur verið lagt til fjármagn til að reka geðhjúkrunarteymi á vegum heimahjúkrunarinnar og einnig hefur heimaþjónusta á vegum Landspítalans fyrir þá einstaklinga sem þurfa sérhæfða hjúkrun verið aukin. Heimaþjónusta á vegum Landspítala hefur því verið fyrir þá sem þurfa sérhæfða heimahjúkrun, hvort sem þeir eru aldraðir eða ekki.

Þessi auknu framlög og stuðningur er í fullu samræmi við þann vilja okkar að efla þjónustu við hina veiku heima, þannig að hver og einn geti notið þess að búa eins lengi heima og kostur er. Flestum er ljóst að það er nauðsynlegt að halda áfram á þessari braut og efla þjónustu við sjúka í heimahúsum. Síðan má ræða um hvort þessi þjónusta eigi að eflast fyrst og fremst á vegum heilsugæslustöðva eða sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga, á vegum Landspítalans, einstakra hjúkrunarheimila eða annarra.

Almenna reglan hefur verið sú að heimahjúkrun heilsugæslustöðva hefur sinnt þessu starfi, eða Miðstöð heimahjúkrunar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að veita þessa almennu grunnþjónustu á vegum Landspítala – háskólasjúkrahúss en stjórnendur sjúkrahússins hafa kynnt ráðuneytinu hugmyndir og tillögur í því efni, þ.e. að auka heimaþjónustu sína. Þar er um að ræða sérhæfðari þjónustu en þá hjúkrun sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva og er ætlunin að fylgja eftir sjúklingum sem útskrifast af sjúkrahúsinu. Þessi þjónusta mundi mæta þörfum veikari einstaklinga í heimahúsum en Miðstöð heimahjúkrunar í heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins gerir nú og gert er ráð fyrir mörgum heimsóknum hvern sólarhring og allan sólarhringinn. Þar mundi þá skapast tækifæri til að tappa af hluta þess hóps sem núna er á sjúkrahúsum en gæti verið heima með aukinni þjónustu. Í hugmynd stjórnenda Landspítalans er gert ráð fyrir að sjúklingar útskrifist frá sjúkrahústengdu heimaþjónustunni í önnur úrræði ef og þegar aðstæður þróast þannig eftir ákveðinn tíma og njóti þá t.d. heimahjúkrunar heilsugæslunnar og heimaþjónustu viðkomandi sveitarfélags.

Ég held að mjög brýnt sé að skoða það á næstunni hvernig þessu verður fyrir komið. En á sama tíma og manni finnst mjög eðlilegt og gott að sjúkrahúsin sinni sjúkrahústengdri heimaþjónustu viljum við ekki heldur koma upp tvöföldu kerfi. Einhver verður að sinna hinni almennu þjónustu. Hingað til hefur það verið svo að Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. heilsugæslan, hefur sinnt því. Frekar góð samstaða hefur verið um það að heilsugæslan sé það stig sem halda eigi utan um fjölskylduna og hina sjúku í heimahúsum. Ég vara þess vegna við því að við förum inn þá braut að stórefla heimahjúkrun frá sjúkrahúsum. Það má ekki ganga of langt í því þannig að hún fari að taka yfir hina almennu heimahjúkrun frá heilsugæslunni. En það eru full rök fyrir því að efla sjúkrahústengda heimaþjónustu þar sem sjúklingar eru mjög veikir og þurfa mjög sérhæfð úrræði, úrræði sem oft tengjast flóknum vélum, flókinni lyfjagjöf o.s.frv. sem ekki er hægt að veita í hinni almennu heimaþjónustu frá heilsugæslunni. Það þarf að stíga mjög varlega til jarðar að mínu mati í þessum málum til að enda ekki með einhvers konar tvöfalt kerfi, af því að ég held að það gagnist engum.

[13:30]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Heimahjúkrun á að vera sjö daga vikunnar allan sólarhringinn. Öldrunarmál eru fjölskyldumál. Að mínu mati og margra annarra eiga öldrunarmál í heild sinni að flytjast til sveitarfélaga. Þar verður betri nærþjónusta og hagkvæmari.

[13:31]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Að mínu mati er það alveg hárrétt mat hjá hæstv. heilbrigðisráðherra að leggja málið upp með þeim hætti sem hún gerði. Í raun og veru eru þrjú kerfi í heimahjúkrun í Reykjavík. Það er heimahjúkrun á vegum heilsugæslustöðva sem sér að mestu um þjónustu við aldraða. Það er sjúkrahústengd þjónusta sem er skipulögð á vegum sjúkrahúsa. Hún er tímabundin og sérhæfð og er nokkurs konar brú á milli sjúkrahúsa og heimahjúkrunar.

Og loks er þriðja kerfið sem er þjónusta sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga.

Ég er þeirrar skoðunar að hægt sé að fækka um eitt kerfi og að sjúkrahústengd heimaþjónusta eigi að vera í höndum sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga á samningi Tryggingastofnunar. Með því móti gerum við verkaskiptinguna innan heilbrigðisþjónustunnar mun skýrari en hún er í dag. Að sumu leyti eru sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingar sem starfa eftir samningi Tryggingastofnunar að vinna störf sem hjúkrunarfræðingar í sjúkrahústengdri þjónustu vinna. Það þurfa að vera miklu skýrari línur þarna á milli en nú eru.

[13:32]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við hreyfum hér mjög mikilvægu máli. Það sem ég átti við fyrr í umræðunni, um að svörin væru ekki skýr, var að það komu ekki fram neinar nákvæmar upplýsingar. Eins er í þessu máli. Ég tel að hér felist ákveðin tækifæri til að gera þessa þjónustu betri. Og hvort kerfin eru tvö, þrjú eða fjögur, aðalatriðið er að ná fram árangri fyrir aldraða í landinu og einnig fyrir skattborgarana, því að núverandi kerfi er einfaldlega ekki hagkvæmt fyrir þjóðina og virðist einnig vera óskilvirkt.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og umræðuna um þessa þjónustu. Ég er sammála hæstv. ráðherra að við eigum ekki að vera með tvöfalt kerfi. Við þurfum að samhæfa þessa þjónustu. Í dag er sjúkrahústengd heimaþjónusta frá Landspítalanum. Það er fyrir sjúklinga sem þurfa t.d. lyfjagjöf í æð og sáraskipti. Sú þjónusta er veitt af spítalanum. Ekki er veitt aðhlynning eins og t.d. fyrir aldraða sem þurfa að fara heim og ég velti því fyrir mér hvort ekki þyrfti að vera svoleiðis þjónusta á meðan fólk fær ekki heimahjúkrun eða heimaþjónustu frá öðrum aðilum eins og heilsugæslunni. Ég held að þetta þurfi að skoða betur því það er ekki hægt að bjóða fólki upp á að festast inni á spítala, eins og ég er margoft búin að segja hér, vegna þess að þjónusta er ekki í boði.

Ég er ekki sammála hv. þm. Ástu Möller um að sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingar eigi að taka að sér þá heimahjúkrun sem Landspítalinn veitir í dag. Mér finnst eðlilegra að hún sé veitt beint frá spítalanum af hjúkrunarfræðingum sem þekkja vel sjúklinginn og þarfir hans. Það er a.m.k. mín tilfinning. En ég held að þessi umræða sýni að það þarf að ráða bót á þeirri stöðu sem heimaþjónustan og heimahjúkrunin er í. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að annaðhvort þurfi að sjá til þess að þjónustan sé veitt eins og hún er í dag, þ.e. heimahjúkrunin, eða að koma á sjúkrahústengdri heimaþjónustu þangað til að ástandið lagast. Við getum ekki látið aldraða líða fyrir það að ekki (Forseti hringir.) sé þjónusta til staðar fyrir þá.

[13:35]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir ágæta umræðu um þetta mál og fagna því að ekki er mikil stemmning hér fyrir tvöföldu almennu kerfi heldur að hafa verði úrræðin mjög skilvirk og sérhæfð, annars vegar frá hendi sjúkrahúsanna og hins vegar almennari frá hendi heimahjúkrunar heilsugæslunnar.

Ég tel að það sé algjörlega rétt að við eigum ekki að koma upp tveimur almennum kerfum. Ég velti fyrir mér hugmyndinni sem kom fram hjá hv. þm. Ástu Möller um að hin sérhæfða sjúkrahústengda heimaþjónusta gæti farið alfarið til sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga. Ég sé reyndar ýmsa annmarka á því. Það má vel vera að hægt sé að auka hlut sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga þar, ég skal ekki segja til um það. En ég býst við að slík sérhæfð heimahjúkrun hljóti að þurfa að hafa sterk tengsl við sjúkrahúsið og þá lækna sem hafa unnið með sjúklinginn þar og að sú þekking berist áfram frá sjúkrahúsinu í gegnum heimahjúkrunarferlið til viðkomandi sjúklings.

Ég ímynda mér að þróunin verði sú að sérhæfð heimahjúkrun frá sjúkrahúsum verði aukin en ég undirstrika að gæta þarf þess að koma ekki upp tvöföldu kerfi. Það má vel vera að sjálfstætt starfandi aðilar geti komið að þessu starfi með sterkari hætti en þá þarf að vera alveg ljóst að þjónustan sé hagkvæm og að sjálfsögðu góð eins og hún hefur verið. Allt kostar þetta mikla fjármuni þannig að vanda þarf mjög vel til verka.

Umræðu lokið.

Áfengisráðgjafar.

Fsp. VF, 535. mál. — Þskj. 782.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég ber hér upp fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra og vil byrja á því að óska henni til hamingju með nýja embættið. Þessi fyrirspurn er um ráðgjafa og þá fyrst og fremst um útgáfu svokallaðra starfshæfnisvottorða fyrir áfengisráðgjafa.

Athygli mín var vakin á þessu máli með tveimur blaðagreinum sem birtust í Morgunblaðinu í fyrra þar sem greinarhöfundarnir, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf, og Sæunn Kjartansdóttir, sjálfstætt starfandi sálgreinir, veltu fyrir sér meðferðarstörfum og ráðgjöf og jafnvel þörf á opinberu eftirliti. En þar segja þær m.a., með leyfi forseta:

„Með tilkomu svokallaðra stoðstétta bauðst fólki kostur á sérhæfðari úrræðum, svo sem félagsráðgjöf, sálfræðiviðtölum, sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun. Á allra síðustu árum hefur átt sér stað gríðarleg þensla í meðferð sem í daglegu tali kallast óhefðbundin. Mörg slíkra úrræða hafa reynst fólki vel, [?]. Þetta á ekki síst við í ráðgjafar- og meðferðarstörfum. Ráðgjafarhugtakið er orðið að einhvers konar safnkistu yfir allt sem nöfnum tjáir að nefna, allt frá snyrtingarráðgjöf, útlits-, offitu-, fjármála-, fata-, áfengis-, hjóna-, uppeldis-, og næringarráðgjöf til erfðaráðgjafar. Í nafni ráðgjafar getur nánast hver sem er gefið sig út fyrir að „kunna allt“ ...“

Þetta segja þær stöllur í blaðagreininni og benda jafnframt á að þrátt fyrir að stór hluti almennings sé vel upp-

lýstur og á varðbergi gagnvart þeim sem hann leitar til og bera titilinn ráðgjafar, þá megi reikna með því að þeir sem að minna mega sín og þurfa virkilega á aðstoð að halda glími við skort á sjálfstrausti séu þá jafnvel auðveldari bráð þeirra sem hafa ekki nægilega faglega þekkingu til að sinna ráðgjafahlutverki sínu.

Í framhaldi af þessu hefur Félag áfengisráðgjafa verið að kalla eftir lögum um starfsréttindi áfengis- og vímuefnaráðgjafa, eins og kemur fram í sérriti félags þeirra, sem við fengum í janúar ef ég man rétt, þar sem þeir vilja að faglegar kröfur til þeirra séu skilgreindar í samráði við landlækni og menntamála- og heilbrigðisráðuneyti sem undirbúi útgáfu starfsréttindavottorða.

Frú forseti. Af þessu tilefni beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra:

1. Hversu margir áfengisráðgjafar eru starfandi á Íslandi?

2. Hvaða faglegar kröfur gerir ráðuneytið til þeirra sem starfa sem áfengisráðgjafar?

3. Hyggst ráðherra vinna að útgáfu starfsréttindavottorða fyrir áfengisráðgjafa?

[13:41]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt um fjölda starfandi áfengisráðgjafa á Íslandi, hvaða faglegar kröfur ráðuneytið geri til þeirra og hvort ég hyggist vinna að útgáfu starfsréttindavottorða fyrir áfengisráðgjafa.

Því er til að svara að starfsheitið áfengisráðgjafi er ekki löggilt sem þýðir að engar formlegar kröfur eru gerðar til þeirra af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Af þessu leiðir að ekki er unnt að segja með vissu hve margir starfa undir þessu heiti við áfengisráðgjöf á eigin vegum eða á stofnunum. Þess skal getið að til er Félag áfengisráðgjafa sem stofnað var árið 1994. Samkvæmt upplýsingum formanns þess eru félagar 43 talsins og starfa hjá fimm mismunandi stofnunum.

Haustið 2003 gerði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið könnun á fjölda og samsetningu stöðugilda þeirra sem starfa í þjónustu við áfengis- og vímuefnaneytendur. Samkvæmt könnuninni voru 46,1 stöðugildi áfengisráðgjafa hjá SÁÁ og Landspítala – háskólasjúkrahúsi árið 2002. Svör bárust frá fjórum meðferðarheimilum og hjá þeim voru samtals 19,5 stöðugildi áfengisráðgjafa. Þá voru 3,1 stöðugildi áfengisráðgjafa á þeim fimm áfangaheimilum sem svöruðu könnuninni. Samkvæmt þessari könnun voru því stöðugildi áfengisráðgjafa tæplega 70 hjá þeim sem svöruðu könnuninni.

Margir þeirra sem starfa við áfengis- og vímuefnaráðgjöf hafa hlotið menntun og þjálfun hjá SÁÁ, vímuefnasviði Landspítalans eða erlendis. En sem fyrr segir eru engar formlegar kröfur gerðar af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um menntun þeirra. Það er því undir einstökum stofnunum komið hvaða kröfur þær gera til starfsfólks síns sem starfar undir þessu heiti.

Virðulegur forseti. Spurt er hvort ég hyggist vinna að útgáfu starfsréttindavottorða fyrir áfengisráðgjafa. Þannig er að dregið hefur verið úr laga- og reglugerðasetningu í þessu skyni undanfarin ár. Ástæðan er sú að með löggildingu starfsheitis er í raun verið að veita ákveðnum hópi einkarétt á starfssviði og starfsheiti og takmarka rétt annarra til að starfa innan þess sviðs sem hefur verið löggilt. Þetta getur valdið árekstrum á milli stétta sem hafa lík starfssvið eða þar sem starfssvið skarast.

Ákvarðanir um löggildingu nýrra heilbrigðisstétta skulu fyrst og fremst byggjast á að slík gjörð sé nauðsynleg vegna öryggis sjúklings eða sjúklinga. Ég vil hins vegar taka skýrt fram að ég tel störf áfengisráðgjafa vera mjög mikilvæg og ég hvet stjórnendur þeirra stofnana sem veita þessa meðferð að leggja á það áherslu að ráða til starfa hjá sér áfengisráðgjafa sem hafa til að bera þá þekkingu og reynslu sem nauðsynleg er til að ná árangri í þessu vandasama starfi.

Nú er það svo að geysimargar stéttir vilja fá starfsréttindi sín löggilt með bæði þeim kostum og göllum sem því fylgir fyrir þá starfsstétt og aðra. En í ljósi þess hve þessi starfsemi er mikilvæg í samfélaginu hef ég ákveðið að fela landlæknisembættinu að kanna hvort grundvöllur sé og hvort eðlilegt sé að veita þessum hópi starfsréttindi eða tryggja með einhverjum öðrum hætti að menntun og færni ráðgjafanna sé virt í þessum mikilvæga geira heilbrigðisþjónustunnar.

Það eru geysilega mikilvæg störf sem þessir ráðgjafar vinna og því tel ég rétt að landlæknisembættið skoði það sérstaklega hvort grundvöllur sé fyrir því að veita þeim starfsréttindi eða einhvers konar önnur úrræði sem tryggja að störf þeirra séu virt. Svar mitt er að ég hef falið landlæknisembættinu að kanna málið frekar.

[13:45]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Vert er að þakka þessa fyrirspurn og svar hæstv. ráðherra. Það er mjög merkilegt starf sem það fólk sem aðstoðar þá sem eiga við áfengis- og vímuvandamál að glíma innir af hendi og þess vegna er vert að velta því fyrir sér hvort löggilda eigi starfsheitið áfengisráðgjafi. Ég er þeirrar skoðunar að í sjálfu sér sé engin ástæða til þess. Þetta er fólk sem hefur gríðarlega reynslu, fólk sem hefur átt við slík vandamál að stríða, hefur farið á námskeið hjá t.d. SÁÁ, er að byggja sig upp og er í raun sífellt að bæta við sig. Ég tel því enga ástæðu til að löggilda þetta starfsheiti en ég ber hins vegar ákaflega mikla virðingu fyrir því fólki sem vinnur að þessum málaflokki.

[13:46]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Þetta er merkileg fyrirspurn og svo sannarlega umræðunnar virði. Það er engum blöðum um það að fletta að áfengisneysla hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum, sérstaklega á síðustu 10 árum, og er örugglega eitt stærsta vandamál samfélagsins að mörgu leyti. En það er sátt um að hér sé um löglegt fíkniefni að ræða, sem beri að vera sem slíkt, og því þurfi fyrst og fremst að leita tvenns konar úrræða, annars vegar forvarna og hins vegar meðferðarúrræða. Ég held að styrkja verði hvort fyrir sig, að auka forvarnir og efla meðferðarúrræðin sérstaklega.

Hvað varðar áfengisráðgjafana sem gegna þarna lykilhlutverki byggja þeir oft fyrst og fremst á eigin reynslu, sinni eigin lífsreynslu, en þurfa samt að vera starfi sínu

vaxnir. Ég held að það sé varasamt að löggilda starfsheitið en það er sjálfsagt að skoða málið og finna farveginn þannig að tryggja megi (Forseti hringir.) þessu fólki lágmarksfræðslu og upplýsingar.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra ágæt svör og þeim sem tekið hafa þátt í umræðunni. Varðandi málefni áfengisráðgjafa sérstaklega þá hljótum við öll að vera sammála um að þarna á sér stað gífurlega mikilvæg þjónusta fyrir einstaklinga, fjölskyldur og þjóðina alla. En eins og kom fram í greinum þeirra sérfræðinga sem ég vitnaði í áðan gætu í raun og veru allir kallað sig áfengisráðgjafa í dag. Tilgangurinn með því að setja lög um starfsréttindi felst fyrst og fremst í því að vernda sjálfan sjúklinginn, þann sem leitar aðstoðar. Þetta snýst kannski ekki fyrst og fremst um þann sem er ráðgjafi heldur sjúklinginn, að hann geti gengið að því vísu að viðkomandi ráðgjafi hafi farið í gegnum ákveðið nám og reynslu og hafi virkilega þekkingu til að vinna að þessum málum.

Eftir að ég lagði fram fyrirspurnina í byrjun febrúar fengum við þingmenn ályktun frá aðalfundi Félags áfengisráðgjafa þar sem segir í lok hennar, með leyfi forseta:

„Fundurinn skorar á Alþingi að hefja nú þegar samstarf við þá um gerð frumvarps til laga um áfengis- og vímuefnaráðgjöf."

Ég fagna því að hæstv. heilbrigðisráðherra ætli að fela landlækni að skoða þetta mál en ég ítreka að það er mjög nauðsynlegt, sérstaklega fyrir sjúklinginn að vita að hverju hann gengur, að vita að það sé löggiltur áfengisráðgjafi með nægilega þekkingu, reynslu og menntun sem aðstoðar hann við þessi persónulegu vandamál og sjúkdóm sem viðkomandi glímir við.

[13:49]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið vilja margar stéttir sem vinna mjög mikilvæg störf fá löggild starfsréttindi og það er alltaf erfitt að meta hvenær á að löggilda starfsréttindi og hvenær ekki. Ég skil vel að starfsstéttir sækist eftir löggildingu en að sjálfsögðu verður að skoða kosti þess og galla í hverju tilviki fyrir sig.

Ég bendi á að ábyrgð stofnana er mjög mikil. Hér er talað um að vernda sjúklinginn og tryggja öryggi hans. Gott og vel. Auðvitað þarf að gera það en þá þurfa þessar stofnanir líka að sýna mikla ábyrgð hvað varðar það fólk sem vinnur með þessa aðila vegna þess að þetta er mjög vandasöm, viðkvæm og flókin meðferð. Stofnanirnar þurfa að vanda mjög vel til þeirra aðila sem þær ráða til þess og tryggja að þeir séu þeim vanda vaxnir og hafi getu til að stunda svo flókna, viðkvæma og vandasama meðferð.

Ég heyri að það eru mjög skiptar skoðanir meðal þeirra þingmanna sem hafa tekið til máls um hvort veita beri þessum hópi starfsréttindi eða ekki. Ég tel eðlilegt að landlæknir skoði sérstaklega hvort grundvöllur sé fyrir því að veita honum löggilt starfsréttindi og hvort það sé eðlilegt að málið fari í þann farveg.

Umræðu lokið.

Eftirlit með staðsetningu sjúkraflugvéla.

Fsp. MÞH, 544. mál. — Þskj. 791.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að enginn velkist í vafa um það að sjúkraflugið er afskaplega mikilvægur þáttur í heilbrigðisþjónustu okkar, þ.e. að fyrir hendi séu flugvélar á réttum stöðum til að flytja fólk til sjúkrahúsa þegar mikið liggur við.

Við sáum þetta kannski skýrt í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur varðandi umferð um Reykjavíkurflugvöll fyrir fáum dögum. Þar kom fram að farþegar með sjúkraflugi til og frá Reykjavíkurflugvelli voru 1.126 á síðasta ári, fjölgaði um tæp 400 frá árinu áður en þá voru þeir 729. Þetta segir náttúrlega meira en mörg orð. Árið 2003 voru þeir 814, en einungis 493 árið 2002. Þetta virðist vera sveiflukennt en samt sem áður held ég að enginn þurfi að velkjast í vafa um það að hér er um mjög mikilvægt öryggisatriði að ræða.

Við erum svo lánsöm, við Íslendingar, að vera með góðan flugvöll á réttum stað í grennd við helstu sjúkrahús landsins. Hér er ég að tala um Reykjavíkurflugvöll sem staðsettur er í Vatnsmýri og hann á að vera þar áfram. Það er skýr stefna okkar í Frjálslynda flokknum en það er ekki nóg með að við séum með flugvöll á réttum stað, við verðum líka að hafa flugvélar og þær verða líka að vera á réttum stað þegar á þarf að halda.

Undanfarna mánuði höfum við orðið vitni að nokkrum óþægilegum uppákomum þar sem í ljós hefur komið að flugvélar hafa ekki verið til staðar, eða verið of seinar á vettvang. Ég get nefnt dæmi frá Vestfjörðum um áramótin, eitt tilfelli á Tálknafirði þar sem ungur maður þurfti að komast undir læknishendur en það kom í ljós að sjúkraflugvélin var ekki staðsett þar sem hún átti að vera. Síðan hafa einnig orðið uppákomur í Vestmannaeyjum þar sem komið hefur í ljós að sjúkraflugvélar sem vera áttu í Vestmannaeyjum, á Vestmannaeyjaflugvelli, hafa ekki verið til taks þegar á hefur reynt.

Þetta er ástæðan, virðulegi forseti, fyrir því að ég settist niður og samdi þessa fyrirspurn sem mig langar til að bera fram fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra. Spurningarnar hljóða svo:

1. Hefur ráðuneytið eftirlit með því að staðsetning sjúkraflugvéla sé ávallt í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið um sjúkraflug?

2. Eru einhver refsiákvæði í þeim samningum sem gilda ef flugfélög standa ekki við þá?

Nú vil ég taka fram að annað af þeim flugfélögum sem hafa verið gagnrýnd fyrir að hafa ekki staðið sína plikt fullyrðir að það hafi í raun og veru staðið við alla sína samninga. Ég ætla svo sem ekki að fullyrða neitt meira um það en mig langar til að vita hvort þó séu fyrir hendi einhver (Forseti hringir.) refsiákvæði samninganna.

[13:55]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er spurt hvort heilbrigðisráðuneytið hafi eftirlit með því að staðsetning sjúkraflugvéla sé

ávallt í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið um sjúkraflug. Því er til að svara að á síðasta ári voru farin rúmlega 400 sjúkraflug, að meðaltali samtals rúmlega eitt sjúkraflug á dag. Ráðuneytið fær reglulega yfirlit frá flugrekendum með upplýsingum um öll sjúkraflug, sundurliðuð eftir tegund útkalls. Yfirlitin sýna nákvæma tímasetningu um öll sjúkraflug. Yfirlitin sýna hvenær beiðni barst flugrekanda um sjúkraflug, hvenær flugvélin var tilbúin til brottfarar, hvenær flugvélin fór í loftið og hvenær lent var með sjúklinga á áfangastað. Það er viðbragðstími í sjúkraflugi umfram ákvæði gildandi samninga. Ber flugrekendum að koma með skýringar þar um. Viðbragðstími sjúkraflugs getur orðið lengri en ákvæði samninga gera kröfur um af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem vegna veðurs eða ófærðar. Þá kemur fyrir að það taki heilbrigðisstarfsfólk talsverðan tíma að undirbúa sjúklinga fyrir sjúkraflug og getur það leitt til tafar á brottför flugvéla.

Ráðuneytið hefur beint því til heilbrigðisstofnana sem nýta sér þjónustu sjúkraflugs að þær tilkynni ráðuneytinu ef flugrekendur standa ekki við gerða samninga. Með nýjum samningum sem tóku gildi um áramótin var fagleg framkvæmd sjúkraflugs efld enn frekar með því að ráða sjúkraflutningamann til að hafa eftirlit með samningum um sjúkraflug. Starfsmaðurinn sér um að tryggja gæði og áreiðanleika sjúkraflugsins ásamt því að hafa eftirlit með búnaði sem notaður er til sjúkraflugs.

Virðulegi forseti. Það er líka spurt: Eru einhver refsiákvæði í þeim samningum sem gilda ef flugfélög standa ekki við þá?

Því er til að svara að það eru vanefndarákvæði í samningum um sjúkraflug eins og er í öðrum samningum sem ráðuneytið gerir. Heimilt er að fella niður greiðslur vegna þess sem vanefnt hefur verið, hvort sem um er að ræða tímabil og/eða einstök flug. Þá er samkvæmt samningunum heimilt að segja samningunum upp án fyrirvara verði vanefndir ítrekaðar eða stórfelldar.

Þær skyldur voru settar á flugrekendur að þeir keyptu verktryggingu hjá banka til tryggingar skyldum sínum samkvæmt samningum. Hægt er að krefjast greiðslu tryggingarinnar án undangengins dómsúrskurðar. Hér er um að ræða talsverð refsiákvæði ef flugfélögin standa ekki við samninga sína.

Ég vil að lokum taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni varðandi staðsetninguna á Reykjavíkurflugvelli út frá sjónarhóli heilbrigðisþjónustunnar. Það er alveg ljóst að sjúkraflugið á Íslandi er talsvert umfangsmikið og líklega umfangsmeira en margur heldur. Það er sem sagt rúmlega eitt flug á dag og þessi flug fara að mestu leyti fram með flugvélum, að einhverju leyti með þyrlum en þyrlur geta alls ekki sinnt öllu sjúkrafluginu. Það er bara af tæknilegum ástæðum. Það er mjög mikilvægt fyrir öryggi sjúklinga að lágmarka þann tíma eins og hægt er sem það tekur að flytja sjúklinga í bráðri hættu á sjúkrahús. Það er oft talað um hina gullnu klukkustund, „golden hour", því fyrr sem sjúklingurinn kemst undir hendur lækna, tækjabúnaðar og flókinna þjónustuúrræða, því betra fyrir hann. Ég hef verið talsmaður þess að við höfum okkar öflugustu sjúkrahúsþjónustu í eins nánum tengslum við flugvöll og hægt er, eins og er í dag.

[13:59]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Ég tek heils hugar undir að þessi mál þurfa að vera í mjög góðu lagi. Þar sem sá er hér stendur hefur starfað við fjarskiptamál og þjónustu í björgunarmálum til sjávar og sveita í tugi ára veit ég hversu mikið atriði það er að hafa þessi mál í lagi, bæði sjúkraflug með venjulegum flugvélum og ekki síður þyrluflugvélum sem er miklu stærra mál einmitt þessa dagana. En ég legg mikla áherslu á að þessi mál séu í miklu og góðu lagi.

[14:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Skilyrði um staðsetningu sjúkraflugvéla er auðvitað sett í þessa samninga í þeim eina tilgangi að tryggja sem öruggasta möguleika þess að hægt sé að flytja sjúklinga innan tiltekinna tímamarka sem menn eru að reyna að setja sér varðandi flutninga og einnig með tilliti til landfræðilegra staðhátta. Þess vegna hafa sjúkraflugvélar verið staðsettar m.a. á Vestfjörðum, þ.e. til að geta brugðist við innan stutts tíma. Af því að áðan kom fram að það eigi að gefa skýringar ef út af er brugðið spyr ég hæstv. ráðherra hvort slíkar skýringar hafi komið fram og hvort hæstv. ráðherra hafi yfirlit yfir það hvaða ástæður eru taldar fram.

[14:01]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Einkum tvennt, annars vegar held ég í sambandi við sjúkraflugið að taka eigi upp hertari refsiákvæði standi sá sem sjúkrasamninginn gerir, eða flugfélagið, ekki við samninginn. Ég held að það verði að herða ákvæðin til að tryggja þetta enn þá betur. Þau eru ekki nógu hörð eins og kom fram í máli hæstv. heilbrigðisráðherra.

Hitt, af því að það blandaðist í umræðuna held ég að það sé öldungis fráleitt að halda verðmætasta byggingarlandi Reykjavíkur og þar með miðborginni allri í einhvers konar heljargreipum út af þessu. Ég held að það verði að finna aðrar leiðir til að koma til móts við sjúkraflugið og heilbrigðisþjónustuna sem er verið að byggja upp við Hringbrautina en þær að öll miðborg Reykjavíkur sé í einhvers konar greipum þess máls, og það verðmæta land sem er í Vatnsmýrinni verði ekki losað einungis út af því. Það þurfa að vera miklu sterkari röksemdir fyrir því. Það þarf að losa Vatnsmýrina við Reykjavíkurflugvöllinn en finna aðrar leiðir til að koma til móts við sjúkraflugið og þær þarfir sem þar eru gerðar til nálægðar (Forseti hringir.) við heilbrigðisþjónustuna.

[14:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Ég ætla að taka undir með hæstv. ráðherra um mikilvægi þess að hafa flugvöll við aðalheilbrigðisþjónustuna í landinu. Það er lífsspursmál fyrir alla Íslendinga, sérstaklega náttúrlega þá sem búa úti á landi. Ég verð að segja að mér finnst vel farið með verðmætt landsvæði að hafa flugvöll í borg. Eftir því sem maður fer víðar sér maður betur hvað menn leggja mikla áherslu á að hafa flugþjónustu inni í borgum og ég tel að það sé ekkert öðruvísi með Reykjavík en aðrar stórar höfuðborgir. Ég tek sem sagt

undir það með hæstv. ráðherra hve mikilvægt það er að geta flogið með sjúklinga hvaðanæva að af landinu alveg upp að þeirri bestu heilbrigðisþjónustu sem við eigum völ á.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fá að þakka fyrir þessa stuttu athugasemd sem kom síðast frá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur. Ég er henni svo hjartanlega sammála.

Sú röksemd að hafa flugvöllinn í Vatnsmýri vegna sjúkraflugs er bara ein af mörgum röksemdum fyrir því að við höfum þennan flugvöll staðsettan þar sem hann er. Þetta er ekki eina röksemdin, eins og mér heyrðist hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson benda á sem þó er sjálfur landsbyggðarþingmaður. Hygg ég að ýmsum í kjördæmi hans, Suðurk., hafi þótt áhugavert að heyra að hann vilji að þessi flugvöllur fari. Ég held að það sé mjög mikilvægt hagsmunamál fyrir einmitt þetta svæði að hafa flugsamgöngur (Gripið fram í.) til miðborgar Reykjavíkur, ekki síst með tilliti til öryggissjónarmiða. Get ég þar nefnt svæði eins og Skaftafellssýslur, Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjar. En nóg um það, virðulegi forseti.

Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svörin. Ég heyri að fyrir hendi er ákveðið aðhald og að mér heyrist a.m.k. heimildir fyrir því að þarna sé beitt miklu aðhaldi og jafnvel refsingum ef út af ber. Hins vegar höfum við ekki heyrt af því að til þess hafi verið gripið og það má kannski segja að það sé jákvætt í sjálfu sér. Það er alltaf leiðinlegt að þurfa að beita slíkum ákvæðum og það verður að halda því til haga líka að flugfélögin hafa bent á það eða komið með skýringar á því af hverju þessar vélar hafa brugðist í þeim tilfellum sem ég nefndi áðan, nýlegum tilfellum. Við hljótum líka að taka tillit til sjónarmiða þeirra. Hins vegar hljótum við ávallt að leggja á það áherslu, og hana mikla, að við veitum mikið aðhald í þessum efnum, að fylgst sé með því að þessar vélar séu til staðar. Því skulum við bara vona að þau atvik sem við urðum vitni að í vetur muni ekki endurtaka sig. Sjúkraflugið er allt of mikilvægt til að slíkt megi gerast.

[14:06]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Það er alveg ljóst að vanefndarákvæðin eru mjög skýr og sterk þannig að ég tel ekkert tilefni til að herða á þeim.

Varðandi skýringar á þeim flugum sem hafa tafist hef ég ekki yfirlit yfir það en man þó eftir að í einhverjum tilvikum var það vegna bilana. Ég hef þó ekki farið yfir það sérstaklega á þessum tíma sem ég hef verið í ráðuneytinu.

Hér hefur verið minnst á þyrluflug og ég vil nefna að í ljósi breyttra aðstæðna má vera að í framtíðinni breytist sjúkraflugið okkar. Af því að við fáum öflugri þyrluflota má vera að hluti af núverandi sjúkraflugi sem er með flugvélum færist yfir á þyrlur þegar flotinn stækkar en það er seinni tíma mál.

Ég vil að lokum þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið um staðsetninguna á Reykjavíkurflugvelli og tengsl hans við nýja sameinaða sjúkrahúsið sem hér mun rísa á næstu árum. Ég vil nota tækifærið og þakka sérstaklega þeim þingmönnum sem hafa dregið það fram, hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni og Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, fyrir að sýna því máli svona góðan skilning. Þá kannski leyfi ég mér hér að hæla sérstaklega hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur sem er þingmaður í höfuðborginni en sýnir þessu máli svona djúpan skilning. Það er alveg ljóst að sjúkraflugið er geysilega mikið landsbyggðarmál og þingmenn höfuðborgarsvæðisins mega ekki gleyma að þó að fólk úti á landsbyggðinni sé færra en við sem hér búum ber okkur að teygja okkur í þá átt að veita því eins góða þjónustu og hægt er. Þar er sjúkraflugið mikið atriði og þess vegna er eðlilegt að hafa góð tengsl á milli flugvallar og sjúkrahúss og hafa þá leið sem stysta sem fara þarf með sjúklinga.

Umræðu lokið.

Hreyfing sem valkostur í heilbrigðisþjónustu.

Fsp. ÁRJ, 560. mál. — Þskj. 814.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra heilbrigðismála út í hreyfingu sem valkost í heilbrigðisþjónustu. Ég hef ítrekað lagt fram þingmál ásamt fimm öðrum hv. þingmönnum um að farið verði að undirbúa það að hreyfing geti orðið valkostur í heilbrigðisþjónustu, þá sem lækning eða í fyrirbyggjandi tilgangi þannig að læknar geti vísað á hreyfingu og leiðbeiningar um mataræði sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og vísað er á lyf eða læknisaðgerðir. Til að þetta geti orðið þarf að fara í allnokkra undirbúningsvinnu og vísa ég til Norðurlandanna sem hafa tekið upp þennan valkost í heilbrigðisþjónustunni. Hann hefur gefist mjög vel, bæði hefur hann verið hagkvæmari og er áhættuminni en allt inngrip. Þetta ætti líka að geta komið til móts við aukinn lyfjakostnað þar sem menn mundu þá takast á við kvilla sína og sjúkdóma af eigin atorku í stað þess að fara á lyf eða í gegnum læknisaðgerðir.

Sem fylgiskjal með því þingmáli sem ég vísaði í og hef flutt ítrekað er verkefni sem nemendur í verkefnisstjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands unnu á síðasta ári. Það heitir Hreyfiseðill – ávísun á hreyfingu. Þar hafa þau unnið áfram þessa hugmynd og sett hana upp sem tilraunaverkefni. Ég hef heyrt af miklum áhuga úti í samfélaginu um að þessi leið verði reynd hér á landi og heilsugæslustöðvar hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga og eru jafnvel að íhuga að koma með tilraunaverkefni í þessa veru. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún kannist við þennan áhuga og hvort uppi séu áform um að gera hreyfingu að valkosti í heilbrigðisþjónustunni með því að taka upp útgáfu á svokölluðum hreyfiseðlum eða grænum seðlum eins og það var t.d. kallað í Noregi. Ef svo er spyr ég hvar, hvernig og á hvaða stigi undirbúningurinn sé. Svo væri auðvitað gaman að heyra líka hvort hæstv. ráðherra er ekki tilbúin til að beita sér fyrir því að þetta mál verði samþykkt í heilbrigðis- og trygginganefnd og farið verði í þá

vinnu að koma með þennan valkost hér á landi sem hefur gefist svo vel annars staðar á Norðurlöndunum.

[14:11]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt um hreyfingu sem valkost í heilbrigðisþjónustu og hvort uppi séu áform um að taka upp útgáfu hreyfiseðla eða grænna seðla, og ef svo er hvar málið sé statt í undirbúningi.

Á undanförnum árum hafa komið fram sífellt áreiðanlegri upplýsingar um gildi hreyfingar til að fyrirbyggja sjúkdóma og bæta líðan vegna fjölmargra sjúkdóma og kvilla. Hreyfing hefur góð áhrif á þunglyndi, hjarta, æðakerfi og stoðkerfi sjúklinga svo að fátt eitt sé talið. Þá er óumdeilt að kyrrseta eykur hættu á offitu, en offita er einmitt gríðarlega vaxandi vandamál í öllum vestrænum löndum. Það er því mikilvægt að fólk hreyfi sig reglulega, bæði meðan það er við góða heilsu og eins þegar ýmsir langvinnir sjúkdómar sækja að. Í nágrannalöndum okkar hafa verið gerðar tilraunir til að fá lækna til að gefa út svokallaða hreyfiseðla í staðinn fyrir eða ásamt lyfseðlum. Hér hefur farið fram umræða um hvort rétt sé að taka upp slíka seðla en það mál hefur ekki verið til lykta leitt enn þá.

Á Heilsugæslustöðinni í Garðabæ er hafinn undirbúningur að því að innleiða notkun á hreyfiseðli, þ.e. læknar munu vísa völdum hópi sjúklinga á hreyfingu sem meðferðarúrræði. Undirbúningur að því verkefni hófst síðasta haust og samstarf er hafið milli heilsugæslunnar og bæjarfélagsins. Stefnt er að samvinnu við sjúkraþjálfara, almenning, íþróttadeild íþróttafélagsins Stjörnunnar, sundstaði bæjarins og fleiri. Stefnt er að því að bjóða upp á hreyfiseðilinn sem meðferðarúrræði í Garðabæ strax haustið 2006. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mun fylgjast náið með framgangi þessa verkefnis.

Einnig hafa Lýðheilsustöð og Íþróttasamband Íslands tekið upp samstarf og undirbúa nú verkefni sem hefur það að markmiði að auka þátttöku almennings í hreyfingu. Það samstarf er nýhafið og ekki enn ljóst hvernig verkefninu verður háttað í smáatriðum en markhópurinn verður fyrst og fremst almenningur frekar en fólk með langvinn veikindi. Verði ákvörðun tekin um að þróa frekar hugmyndina um hreyfiseðil mun þetta verkefni geta verið meðal þeirra valkosta sem boðið yrði upp á sem langtímaeftirfylgd. Að mínu mati er mjög mikilvægt að samfélagið í heild stuðli að aukinni hreyfingu almennings, bæði áður en veikindi steðja að og líka síðar því að betra er heilt en vel gróið. Því er æskilegt að umhverfið sé þannig úr garði gert að það hvetji til hreyfingar, t.d. með því að sveitarfélög skipuleggi göngustíga sína og útivistarsvæði þannig að þau hvetji til hreyfingar og að samgöngumannvirki séu skipulögð þannig að auðvelt sé að ferðast um gangandi eða hjólandi milli staða.

Virðulegur forseti. Almennt er hreyfing mjög mikilvæg. Hins vegar spyr ég mig: Er rétt að koma hér upp hreyfiseðlum sem við borgum læknum fyrir að gefa út og borgum svo fólki fyrir að hreyfa sig og fara í þau úrræði sem boðið er upp á? Hvað eigum við að ganga langt í því? Ég viðurkenni að ég hef talsverðar efasemdir um þingsályktunartillöguna sem hér var komið inn á líka. Ég skoðaði hana á sínum tíma og ákvað að vera ekki einn af flutningsmönnunum og það var m.a. vegna þess sem kemur fram í henni, þ.e. að samkvæmt tillögunni sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir er 1. flutningsmaður að og fólk úr Framsóknarflokknum er líka á, eins og hv. þm. Magnús Stefánsson, á að skipa nefnd til að skoða þessi mál. Í þingsályktunartillögunni stendur, með leyfi forseta:

„Þá þarf nefndin að meta hvort almannatryggingarnar eigi að taka þátt í hreyfingaráætlun sem læknar vísa á og hvernig eftirliti og eftirfylgni skuli háttað. Einnig þarf nefndin að athuga hvort mennta þurfi sérstaka hreyfingarráðgjafa og þá hvernig þeirri menntun skuli háttað.“ — Við þurfum að fara vel með fé skattborgaranna. Heilbrigðisþjónustan er dýr og hún er mikilvæg. Hvað er mikilvægast? Hvernig eigum við að forgangsraða öllum þeim verkefnum sem eru fram undan? Þá spyr ég mig: Er þetta brýnast? Eigum við að láta skattborgarana borga í gegnum almannatryggingarnar fyrir að fólk hreyfi sig? Ég hef vissar efasemdir um það. Mér finnst að við þurfum að stíga mjög létt til jarðar áður en við tökum einhver slík skref. Ég sé að í Noregi hefur verið heimilað að greiða læknum fyrir að gefa út hreyfiseðla. Mér finnst að hreyfing eigi að vera nú þegar meðferðarúrræði, þ.e. læknar eigi að segja við fólk sem kemur til þeirra að það eigi að hreyfa sig, og þeir gera það langflestir. Það er hluti af heilbrigðum lífsstíl. Ég hef vissar efasemdir um að við stígum inn í það kerfi (Forseti hringir.) að við borgum með skattfé (Forseti hringir.) borgaranna. Þess vegna erum við að ræða það.

[14:17]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Hér er um snjalla fyrirspurn að ræða og í raun framhald af þingsályktunartillögu hv. þingmanns. Hreyfing þarf ekki endilega að kosta peninga. Það kostar ekkert að ganga og það kostar ekkert að fara í fjallgöngu. Það kostar lítið að kaupa reiðhjól og nota það í staðinn fyrir að nota bíl. Þetta er spurning um lífsviðhorf og sjálfsstjórn. Það er til þess að gera afar ódýrt að sækja sundstaði á Íslandi, ótrúlega ódýrt miðað við hve heilsusamlegt það er.

Ég spyr mig sömu spurninga og hæstv. heilbrigðisráðherra, hvort eðlilegt sé að læknar framvísi einhverjum grænum kortum. Þetta er miklu frekar spurning um hvatningu til fólks um að hreyfa sig og breyta um lífsstíl en hins vegar er ég mjög ánægður með að hv. þingmaður skuli vekja athygli á þessu, hve miklu máli þetta skiptir.

[14:18]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Mig langar að byrja á að geta þess að bæjarstjórn Hafnarfjarðar ákvað fyrir þremur árum að taka upp styrki og greiða 2.000 kr. á mánuði fyrir íþróttaiðkun 10 ára barna. Það jók geypilega þátttöku í íþróttum. Hvað eru íþróttir og hreyfing annað en forvarnastarf?

Um síðustu áramót ákvað bæjarstjórn Hafnarfjarðar að hækka þennan aldur upp í 12 ár. Hvað gerist á næstu mánuðum? Það mun tíminn leiða í ljós. En ég tek heils hugar undir það að hreyfing og íþróttir eru stórkostlega til bóta fyrir heilsu og forvarnastarf fyrir fólk á öllum aldri.

[14:19]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er enginn að tala um að borga fullfrísku fólki úr opinberum sjóðum. Það er verið að tala um að hjálpa öryrkjum og fátæku fólki til að fjárfesta í líkamsrækt í ákveðnum tilfellum.

Það sem skiptir mestu máli er að gera eigi tilraunir með svokallaða hreyfiseðla. Ég fagna því og fagna umræðunni. Þetta eru sjúkdómar tíðarandans, hreyfingarleysi, offita og ofát hvers konar eru sjúkdómar sem tengjast breyttu neyslumynstri á fæðu og breyttum lifnaðarháttum frá degi til dags. Fjöldi fólks vinnur kyrrsetuvinnu sem áður vann líkamlega erfiðisvinnu. Forsendur hafa því breyst sem kallar á ný viðhorf hjá læknum. Læknar leiðbeina sjúklingum sínum, þeim ber skylda til að hvetja þá til að hreyfa sig og stunda hollari lífshætti í stað þess að moka í þá lyfjum og slíkum óþverra, sem er í mörgum tilfellum óþarft að gera. Oft er þar um að ræða úreltar læknisaðferðir. Hér er hins vegar vísir að nútímalegri umræðu um hollustuhætti.

[14:20]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að fagna þessari umræðu, um svokallaða hreyfiseðla. Ég fagna því frumkvæði sem sýnt hefur verið Garðabæ, eins og kom fram hjá hæstv. heilbrigðisráðherra.

Öllu fylgir kostnaður en hér er um fyrirbyggjandi aðgerðir að ræða. Við erum að tala um forgangsröðun, að lækka lyfjakostnað, styttri sjúkrahúslegu og heilbrigðara líf.

Annað mætti líka skoða, þ.e. að skattleggja ekki svokallaða líkamsræktarstyrki sem stéttarfélög veita félagsmönnum sínum. Þar eru nokkur þúsund króna á ári. Mér finnst grátlegt að það skuli skattlagt og þannig jafnvel unnið gegn hreyfingu. Menn vita hvað hreyfing og íþróttir eru hollar eins og sést á hv. þm. Jóni Kr. Óskarssyni sem er hér sjötugur og vel friskur.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég fagna því að Garðbæingar ætli að fara af stað með hreyfiseðla sem tilraunaverkefni. Ég tel það framsýni og er sannfærð um að í framhaldinu muni fleiri gera hið sama. Aftur á móti þarf að huga að ýmsu ef fleiri fara út í þetta. Það þarf að samræma vinnubrögðin. Ég treysti því að hæstv. ráðherra láti fara í þá vinnu í ráðuneytinu, að meta vinnubrögð og hvort mennta þurfi starfsfólk til að fylgja eftir hreyfiáætlunum eða hreyfiseðlum.

Í þingsályktunartillögu minni er lagt til að menn meti hvort almannatryggingarnar komi inn í slíkt fyrirkomulag, verði hreyfiseðlarnir teknir upp. Það er vegna þess að á Norðurlöndunum hafa menn farið í að styðja fátæka, atvinnulausa eða þá sem illa eru staddir fjárhagslega til þess að fara í þá líkamsrækt sem læknar leggja til, til að geta farið á heilsuræktarstöð eða sótt líkamsrækt almennt. Auðvitað á þetta ekki að þurfa að kosta neitt en það þarf hvatningu.

Í Noregi er læknum borgað fyrir að skrifa hreyfiseðla. Ég teldi eðlilegt að sama fyrirkomulag gilti gagnvart læknum, að fylla út hreyfiseðil eins og lyfseðil. Það á ekki að borga meira fyrir hreyfiseðil en lyfseðil. Það er mun hagkvæmara fyrir samfélagið að læknir fylli út hreyfiseðil sem segir: Þú átt að fara í sund tvisvar í viku, út að ganga, á hlaupabraut eða hvað það er. Það er auðvitað einstaklingsbundið, eftir því hvað hrjáir hvern og einn. Síðan þarf einhver að fylgjast með því að farið sé eftir þessu. Það er reyndar meira en gert er með lyfseðla. Menn gefa út lyfseðla og enginn fylgist með því hvort fólk tekur inn lyfin sem því er ráðlagt að taka og oft er kostnaður við það. Ég minni á að sum lyf þurfa menn að borga að fullu, önnur greiða almannatryggingar. Menn telja ekki ástæðu til að almannatryggingakerfið greiði öll lyf.

En ég tek undir með hæstv. ráðherra. Betra er heilt en gróið. Ég hvet hæstv. ráðherra til að fara í þá vinnu sem lögð er til í þingmáli mínu í ráðuneyti sínu.

[14:24]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Já, að sjálfsögðu munum við fylgjast með tilrauninni í Garðabæ. En almannatryggingar borga ekki neitt í henni. Það er ekki þannig að það er verið að nota ... (**ÁRJ:** Ég sagði það ekki.) Nei, en í þingsályktunartillögunni sem hv. þingmaður flytur er sérstaklega tínt til að nefndin sem setja þarf á stofn, verði það samþykkt, eigi að kanna hvort almannatryggingar skuli taka þátt ... (**ÁRJ:** Meti það.) Já, meti hvort almannatryggingar eigi að taka þátt í hreyfiáætlun sem læknar vísa á o.s.frv.

Ég tel að miðað við þá forgangsröð sem við höfum fyrir framan okkur og öll þau verkefni í heilbrigðisþjónustunni, sem eru brýn, eigi læknar að beina sjúklingum í hreyfingu og fræða sjúklinga. (**Gripið fram í:** Þeir gera það ekki.) Heilsugæslulæknirinn sem ég fer til gerir það. Fólki er bent á að hreyfa sig og er frætt miðað við þá sjúkdóma sem það hrjáir. Fólki er beint í hreyfingu og það hvatt til að hreyfa sig. Ég er ekki á því að við eigum að stíga það skref núna. Það kemur hugsanlega til greina síðar þegar við erum búin að vinna vel á forgangslistanum í heilbrigðisþjónustunni. En ég tel að það sé ekki efst á forgangslista að fara að borga læknum fyrir að skrifa hreyfiseðla eins og lyfseðla. Ég tel að þeir geti veitt slíka fræðslu án þess að fá borgað sérstaklega fyrir það.

Fólk er ágætlega upplýst í dag um gildi hreyfingar. Ég tel að fólk geti hreyft sig fái það hvatningu og hafi það áhuga á því, án þess að því sé eitthvað sérstaklega fylgt eftir af einhverjum aðilum. Ég tel að við höfum geysilega mörg úrræði í dag. Fólk getur hreyft sig hafi það áhuga. Það er mikil hvatning í gangi sem betur fer og mikil forvörn í því. Ég tel að þetta sé ekki efst á forgangslistanum, að fara borga af sköttum borgaranna í þetta verkefni.

Umræðu lokið.

Endurskoðun laga um málefni aldraða.

Fsp. ÁRJ, 580. mál. — Þskj. 842.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrennis var haldinn á Hótel Sögu laugardaginn 18.

febrúar síðastliðinn. Hann sóttu yfir 200 manns. Þar voru samþykktar ýmsar áskoranir og ályktanir, m.a. áskorun til ríkisstjórnarinnar um að endurskoða lög um málefni aldraðra. Þeir telja að þau séu byggð á úreltum sjónarmiðum sem ekki eru í takt við nútímaleg viðhorf og séu dragbítur á eðlilega og nauðsynlega framþróun í málaflokknum. Ég ætla að lesa, með leyfi forseta, þessa ályktun:

„Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni haldinn á Hótel Sögu 18. febrúar 2006, skorar á ríkisstjórn að beita sér fyrir eftirfarandi:

Að nú þegar verði skipaður starfshópur til þess að endurskoða frá grunni lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Hlutverk hans verði m.a.:

1. Að undirbúa flutning málefna aldraðra til sveitarfélaga.

2. Að marka heildarstefnu í málum aldraðra sem byggir á hugmyndafræði um jafnrétti og mannréttindi.

3. Að stjórnsýsla málaflokksins verði skýr og afdráttarlaus varðandi skyldur og ábyrgð opinberra aðila.

4. Að samræma ákvæði sem er að finna í hinum ýmsu lagabálkum og snerta málefni aldraðra.

5. Að marka þá stefnu í búsetumálum aldraðra að ýmsir valkostir verði til staðar í samræmi við óskir og þarfir eldri borgara, svo sem sambýli, þjónustuíbúðir, leiguíbúðir o.fl. Mikilvægt er að tryggja öryggi og sjálfræði aldraðra í sjálfstæðri búsetu.

6. Að setja skýr ákvæði um heimaþjónustu, dagdvöl (dagvistun), og hvíldarinnlagnir (skammtímavistun).

7. Að sett verði ákvæði í lögin um réttindagæslu aldraðra. Vitað er að réttindi þeirra eru oft fyrir borð borin, bæði utan stofnana sem og innan þeirra.

8. Að breyta fyrirkomulagi greiðslna íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum þannig að þeir haldi áfram fjárforræði sínu."

Þetta er áskorun til ríkisstjórnarinnar frá Félagi eldri borgara. Í framhaldi af þessari áskorun spyr ég hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hún hafi orðið við þessari áskorun eða einhver í ríkisstjórninni. Ég spyr hana:

Er fyrirhugað að endurskoða lög um málefni aldraðra?

Ég tel að í áðurnefndri ályktun sé bent á mjög brýn atriði mörg hver og áríðandi að menn færi þennan málaflokk til nútímahorfs, en samfélagið kallar á það í dag.

[14:29]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er spurt hvort fyrirhugað sé að endurskoða lög um málefni aldraðra.

Því er til að svara að núgildandi lög um málefni aldraðra voru endurskoðuð í heild á árinu 1999, sem var ár aldraðra hjá Sameinuðu þjóðunum. Leitað var eftir tillögum samstarfsnefndar um málefni aldraðra um breytingar og byggja lögin á þeim tillögum. Lögin tóku gildi 11. janúar árið 2000.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar frá gildistöku laganna. Má t.d. nefna breytingar í framhaldi af samkomulagi við Landssamband eldri borgara í lok ársins 2002. Þær breytingar voru samþykktar á vorþingi 2004. Með þeim breytingum var Framkvæmdasjóði aldraðra heimilt að greiða þann hluta húsaleigu sem telst stofnkostnaður vegna leigu á hjúkrunarheimili sem samþykkt hefur verið að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins. Einnig var heimiluð greiðsla húsnæðisgjalds en því gjaldi er ætlað að standa undir almennu viðhaldi öldrunarheimila.

Í samstarfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Landssambands eldri borgara hafa ýmsir þættir er snerta málefni aldraðra verið ræddir og hefur það samstarf farið fram í nefndum á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Núna er starfandi nefnd á vegum forsætisráðherra sem hefur það hlutverk að fjalla annars vegar um búsetu- og þjónustumál aldraðra, með tilliti til fjölbreyttra búsetuforma, stoðþjónustu og samþættingar heimahjúkrunar og félagslegrar heimilisþjónustu sveitarfélaganna, og hins vegar um fyrirkomulag á tekjutengingabótum almannatrygginga.

Mér þykir rétt að bíða eftir niðurstöðum nefndarinnar áður en tekin verður ákvörðun um heildarendurskoðun á lögum um málefni aldraðra. Að mínu mati er brýnt að veita öldruðum góða þjónustu og það er hægt að gera innan núgildandi lagaramma. Ég tel að það sé rétt að nefnd, sem Ásmundur Stefánsson er formaður í og vinnur á vegum forsætisráðherra, fari yfir þessi mál sem ég veit að brenna mjög heitt á eldri borgurum, þ.e. búsetuformið, stoðþjónustan, samþætting heimahjúkrunar og félagslegrar heimilisþjónustu og tekjutengingar á bótum almannatrygginga. Ég tel eðlilegt að bíða eftir niðurstöðum þeirrar nefndar áður en farið verður í að skoða lög um málefni aldraðra.

[14:32]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Já, hæstv. heilbrigðisráðherra, það skal endurskoða málefni eldri borgara. Ég vil vitna í blað sem Landssamband eldri borgara gefur út og heitir Listin að lifa, með leyfi forseta:

„Fulltrúar Landssambands eldri borgara sóttu fund norrænu samtakanna í október. Þeir voru sammála um að mikið skorti á að kostir norrænu fyrirmyndarinnar séu virkir hjá okkur. Þau atriði sem hvað mest skáru sig úr í samanburði við hinar Norðurlandaþjóðirnar eru umönnunar- og hjúkrunarþættirnir, einnig að allur grunnlífeyrir skuli vera tekjutengdur hjá okkur. En svo er ekki í jafnríkum mæli hjá hinum norrænu þjóðunum. Þar fá allir verulega hærri grunnlífeyri, folkepension."

[14:33]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta mál er tvíþætt. Annars vegar grunnlífeyrir aldraðra sem þarf að hækka, ótekjutengdur grunnlífeyrir þarf að hækka, og hins vegar þarf að efla hjúkrunar- og umönnunarstarf.

Margar nefndir hafa starfað að þessum þáttum. Ég hef verið á þingi í sex ár og ég minnist þess að vitnað hefur verið í margar nefndir sem unnið hafa að þeim þáttum sem hæstv. heilbrigðisráðherra var að nefna. Í haust lá t.d. fyrir nokkurra ára gömul skýrsla sem sýndi að grunnur fjárveitingar til elli- og hjúkrunarheimila var allt of lágur og þurfti að bæta, að mig minnir, um 300 millj. kr. í grunninn. Þetta hefur legið fyrir en samt var ákveðið að skipa nýja nefnd til

að athuga hvort þetta væri svo. Getur hæstv. heilbrigðisráðherra upplýst okkur hversu margar nefndir (Forseti hringir.) eru að störfum eða hafa verið að störfum varðandi málefni aldraðra á síðustu 5–10 árum? Nei, frú forseti, hér þarf bara að taka til hendi.

[14:34]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir að bera upp þessa þörfu fyrirspurn og vil jafnframt taka undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Áskorun frá eldri borgurum um endurskoðun laga á málefnum aldraðra er í sjálfu sér mjög eðlileg, sérstaklega með tilliti til þeirrar gífurlegu togstreitu sem virðist vera varðandi málefni þeirra. Þetta fólk skapaði það þjóðfélag sem við búum í og það er ósátt við stöðu sína í dag. Því er nauðsynlegt að haft sé meira samráð við það og hlustað á það.

Ég tel nauðsynlegt, frú forseti, miðað við þá miklu togstreitu sem er í gangi milli stjórnvalda og eldri borgara, annars vegar að endurskoða lögin og hins vegar að setja inn ákvæði um umboðsmann eldri borgara til að verja hag þeirra.

[14:35]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil einkum vekja máls á afkomu aldraðra, þ.e. tekjutengingum og grunnlífeyri og öðru slíku. Eins og menn vita er grunnlífeyririnn eina upphæðin í tryggingakerfinu sem er undanþegin skerðingarreglum gagnvart tekjum úr lífeyrissjóði og þessar 23 þús. kr. sitja eftir. Það þarf auðvitað að hækka grunnlífeyrinn en að mínu mati þarf líka að breyta þeim skerðingarreglum sem nú er beitt, þ.e. 45% reglunni. Það er ekki ásættanlegt að skerðingarreglurnar séu eins og þær eru í dag þegar grunnlífeyririnn, tekjutryggingin, heimilisuppbótin og tekjutryggingaraukinn duga samanlagt ekki fyrir framfærslu. Það er algerlega óásættanlegt, frú forseti.

[14:37]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Ég verð að byrja á því að lýsa yfir miklum vonbrigðum með svar hæstv. heilbrigðisráðherra sem er ný í embætti en gamalreyndur stjórnmálamaður, sem ég hélt að mundi nota tækifærið til að sýna á spilin og draga upp framtíðarsýn í málefnum aldraðra, stíga fyrstu skrefin í þá átt að afmá þann skammar- og smánarblett sem úrræðaleysið í búsetumálum elsta hóps aldraðra og lífeyrismálum þess hluta aldraðra sem lægstar hafa tekjurnar, er á ríkisstjórn Íslands og ekki síst Framsóknarflokknum. Ætli dapurlegasti kaflinn í ákaflega skrykkjóttri sögu ríkisstjórnarsamstarfs sjálfstæðis- og framsóknarmanna síðasta áratug sé ekki úrræðaleysið og staðan í málefnum aldraðra sem er Framsóknarflokknum til skammar og ríkisstjórninni til skammar. Ég lýsi aftur yfir miklum vonbrigðum með að hæstv. heilbrigðisráðherra skyldi ekki nota tækifærið (Forseti hringir.) og draga upp einhverja mynd af framtíðarsýn sinni í þessum málum.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég verð að lýsa yfir verulegum vonbrigðum með svar hæstv. ráðherra. Það er alveg rétt að staðan í málefnum aldraðra er smánarblettur á þessari ríkisstjórn. Þegar Félag eldri borgara í Reykjavík kemur nú með áskorun á ríkisstjórnina um að endurskoða lögin um málefni aldraðra, sem þeir telja vera byggð á úreltum sjónarmiðum sem eru ekki í takt við nútímaleg viðhorf og dragbít á eðlilega og nauðsynlega framþróun í málaflokknum, þá ætlar hæstv. ráðherra ekkert að gera í málinu heldur bíða eftir Ásmundi Stefánssyni í forsætisráðuneytinu.

Ég get bent hæstv. ráðherra á það að hér er löng áskorun til ríkisstjórnarinnar einmitt um nefndarvinnuna hjá Ásmundi Stefánssyni og krafa um að eitthvað verði gert í tekjutengingunum, sem auðvitað verður að bregðast við, skattleysismörkunum og öllu því regluverki. Ég hef ekki tíma til að fara yfir það. En að ætla ekki að taka á þessum lagabálki núna þegar kosningar nálgast — ég sé ekki annað en að stjórnarflokkarnir séu farnir að veifa og flagga til eldri borgara og ætla að gera allt fyrir þá — en það á ekki einu sinni að taka fyrir lögin um málefni aldraðra og skoða þau í ljósi þeirra ábendinga sem eldri borgarar beina til ríkisstjórnarinnar. Ég er alveg gáttuð á framgöngu hæstv. ráðherra sem er nýkomin í þetta ráðuneyti. Ég ítreka að við eigum langt í land ef við horfum til Norðurlandanna og hvað þjónustan þar er komin lengra. Við erum 10–15 árum á eftir þeim hvað varðar þjónustu við aldraða og valkosti sem þeim standa til boða. Ég hvet hæstv. ráðherra til að skipta um skoðun og taka á þessum málaflokki. Þó að þetta hafi verið endurskoðað 1999 er enn langt í land að lögin séu í takt við samtímann.

[14:40]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Mér finnst þingmenn gera allt of mikið úr því að heildarendurskoðun á lögum aldraðra komi hér og bjargi öllu. Ég held að það sé mikill misskilningur hjá hv. þingmönnum. Þegar ég kom í stól heilbrigðisráðherra gaf ég út tvær línur varðandi mína framtíðarsýn. Það er aukin þjónusta við aldraða og málefni er lúta að lýðheilsu vegna þess að þar held ég að við getum unnið mikið forvarnastarf og brýnt.

Það er auðvitað margt sem brennur á eldri borgurum eins og öðrum þjóðfélagshópum. En það sem hefur kannski helst brunnið á þeim er þjónusta við sjúka aldraða svo og tekjutengingarnar. Það eru einmitt þau mál sem eru til skoðunar og umfjöllunar í nefnd Ásmundar Stefánssonar. Ég bind miklar vonir við það starf sem þar er unnið (**ÁRJ:** Orðin tóm.) og á von á niðurstöðum úr því starfi, vonandi í haust, frá forsætisráðherra sem skipaði nefndina, niðurstöðu milli stjórnvalda og eldri borgara sem eru í því nefndarstarfi. Ég tel að verið sé að skoða þessi mál af miklum velvilja og heilindum með eldri borgurum, eins og við höfum gert áður og er bara eðlilegt.

Hér var nánast verið að gera grín að nefndastarfi áðan. Ég furða mig á því. Það var mjög öflug nefnd sem starfaði og skilaði tillögum og niðurstöðu árið 2002. Unnið hefur verið eftir því samkomulagi sem þá var gert og staðið við

allt. (**Gripið fram í:** Ekki peningana.) Það var staðið við allt. Það stóð eitt út af sem voru sveigjanleg starfslok, ekki tókst að ljúka því máli. (Forseti hringir.) Það hefur því verið mjög gott samstarf við eldri borgara.

Umræðu lokið.

[14:42]

Útbýting:

Flutningur verkefna Þjóðskrár, 657. mál, fsp. BjG, þskj. 964.

Lánveitingar til stjórnenda fyrirtækja, 656. mál, fsp. JóhS, þskj. 963.

Loftmengun af völdum svifryks í Reykjavík, 659. mál, fsp. FG, þskj. 967.

Malarnáma í Esjubergi, 658. mál, fsp. MÞH, þskj. 965.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku, 660. mál, fsp. FG, þskj. 968.

Samningur um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, 662. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 970.

Sjúkraliðar, 661. mál, fsp. ÖJ, þskj. 969.

Lækkun raforkuverðs.

Fsp. GAK, 618. mál. — Þskj. 903.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég spyr um þróun raforkuverðs á Íslandi út frá stefnumótun sem lagt var upp með á árinu 1997 þegar Alþingi samþykkti byggingu álvers Norðuráls á Grundartanga í Hvalfirði og tilheyrandi orkusölusamninga sem gerðir voru milli Landsvirkjunar og fyrirtækisins og þeirrar stefnumótunar sem þar fylgdi með. Stefnumótunin birtist í nefndaráliti á þskj. 1272, máli 445, á 121. löggjafarþingi 1996–1997, og þar sagði m.a. á þá leið að rafmagnssamningur Landsvirkjunar við Norðurál væri hagstæður Landsvirkjun og hefði jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins. Þessi samningur um raforkusölu átti samkvæmt áliti meiri hlutans í iðnaðarnefnd og Landsvirkjunar að tryggja 3% lækkun árlega á orkuverði frá Landsvirkjun til almenningsveitna og þá hefði væntanlega einhver lækkun átt að fylgja inn í rafmagnsverð til almennings, enda var út frá því gengið, eins og segir í nefndarálitinu með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Stuðlar hann þannig að því markmiði að raforkuverð til almenningsveitna lækki um 3% árlega frá árinu 2001 til ársins 2010 en haldist síðan óbreytt, en þetta telur meiri hlutinn mjög mikilvæga forsendu fyrir samþykkt málsins og gerir því ekki athugasemdir við þennan þátt málsins.“

Út af þessu var lagt á Alþingi og Alþingi samþykkti raforkustefnuna að þessu leyti og byggingu Norðuráls, og allt gott um það, en spurningin sem ég ber undir hæstv. iðnaðarráðherra er svohljóðandi:

Hvernig hefur ríkisstjórninni tekist að fylgja eftir þeirri stefnumörkun að raforkuverð skuli lækka um 3% á ári frá 2001–2010 eins og lagt var upp með þegar samþykkt var að byggja álver Norðuráls í Hvalfirði?

Ef þetta hefði gengið eftir skyldi maður ætla að orkuverð hér á landi hefði lækkað en í fróðlegu upplýsingariti eða skýrslu sem iðnaðarráðherra lét gefa út kemur m.a. fram á bls. 22 að orkuverð hefur nánast staðið í stað, a.m.k. hjá Rarik en að hluta til örlítið lækkað hjá Orkuveitu Reykjavíkur, frá 2001–2005. Ýmsar fleiri upplýsingar eru í þessari skýrslu sem ég mun koma að síðar.

[14:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Árið 1996 skipaði iðnaðarráðherra, að fengnum tillögum borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjórans á Akureyri, viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun til þess að ræða eignarhald, rekstrarform og hlutverk fyrirtækisins. Hlutverk nefndarinnar var að kanna hvort tímabært væri að breyta rekstrarformi, eignaraðild og hlutverki Landsvirkjunar frá því sem þá var og ef svo væri hversu langt skyldi ganga í þeim efnum.

Viðræðunefndin komst að þeirri niðurstöðu að rekstrarform Landsvirkjunar skyldi vera óbreytt fram til ársins 2004 en eigendaframlög, sem komi í stað eiginfjárframlaga og stofnframlaga, yrðu endurmetin miðað við árslok 1995. Þá var lagt til að sett yrði arðgjafargjaldskrár og arðgreiðslumarkmið fyrir Landsvirkjun og breytingar yrðu gerðar á stjórnskipulagi fyrirtækisins. Í niðurstöðum nefndarinnar segir varðandi þetta að fyrir liggi áætlanir um rekstur Landsvirkjunar byggðar á ákveðnum forsendum, þar á meðal að gjaldskrárverð verði óbreytt að raungildi til ársins 2000 og lækki síðan árlega um 2–3% á árunum 2001–2010. Þá segir að þessar forsendur eigi að tryggja ákveðna arðsemi en þær kunni þó að breytast sem gæti haft í för með sér röskun á fyrrgreindum forsendum um þróun gjaldskrár.

Í samræmi við niðurstöður viðræðunefndarinnar gerðu fulltrúar eigenda breytingar á sameignarsamningi um Landsvirkjun. Í fylgiskjali S með samningnum er fjallað um arðgjafargjaldskrár og arðgreiðslumarkmið Landsvirkjunar. Í 2. tölulið fylgiskjalsins segir að stefnt skuli að því að gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna verði í meginatriðum óbreytt að raungildi til ársins 2000 en lækki síðan að raungildi um 2–3% á ári á árunum 2001–2010.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að þegar samkomulagið var gert hvíldu samkvæmt lögum víðtækar skyldur á Landsvirkjun umfram það sem nú er. Þannig var tilgangur fyrirtækisins m.a. að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðjufyrirtækja og að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins. Þá var í lögum um fyrirtækið kveðið á um að sama gjaldskrá skyldi gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á afhendingarstöðum fyrirtækisins.

Þegar samkomulagið var gert voru öll orkufyrirtæki landsins að auki að stærstum hluta undanþegin skattskyldu sem er ekki raunin nú. Með tilkomu nýrra raforkulaga, og þá sérstaklega stofnun Landsnets hf., breyttist hlutverk Landsvirkjunar auk þess í grundvallaratriðum í það að verða eingöngu raforkuframleiðandi og heildsali á raforku. Við þetta breyttust allar forsendur verulega, m.a. tók ný heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar gildi þar sem orkuverð var fest bæði til lengri og skemmri tíma.

Í fyrirspurn hv. þingmanns er vikið að þeim þætti sam-

komulags sameigenda Landsvirkjunar sem varðar gjaldskrármarkmið. Er í fyrsta lagi rétt að fram komi að um er að ræða sameiginlegt markmið eigenda Landsvirkjunar og ekki á færi ríkisstjórnarinnar einnar að fylgja eftir þeirri stefnumörkun umfram aðra eigendur. Við gjaldskrárákvarðanir stjórnar fyrirtækisins horfði stjórnin þó að sjálfsögðu m.a. til þessarar ákvörðunar.

Í annan stað ber að hafa í huga að samkomulagið gekk út á að gjaldskrárverð Landsvirkjunar til almenningsrafveitna skyldi haldast óbreytt að raungildi til ársins 2000 en lækka síðan að raungildi um 2–3% á ári á árunum 2001–2010.

Í þriðja lagi verður að hafa í huga að gríðarlegar breytingar hafa orðið á skipulagi raforkumála sem ekki lágu ljósar fyrir árið 1996. Ef hins vegar er horft til fyrrgreinds markmiðs hækkaði gjaldskrá Landsvirkjunar, samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu, um alls 16,1% á tímabilinu frá janúar 2001 til janúar 2006. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs hins vegar öllu meira eða um 23,4%. Raunlækkun gjaldskrár Landsvirkjunar, ef miðað er við vísitölu neysluverðs, var því á tímabilinu u.þ.b. 31%. Til samanburðar hefur rafmagnshluti vísitölu neysluverðs, sem nær að vísu eingöngu til einstaklinga en ekki fyrirtækja, hækkað á þessu sama tímabili úr 105,8 stigum í 123,7 stig eða um 16,9%. Raunlækkun rafmagnsverðs á tímabilinu, ef miðað er við vísitölu neysluverðs, er því tæplega 28% ef miðað er við þetta fimm ára tímabil.

Það er því óhætt að segja að verðskrá Landsvirkjunar hefur ekki hækkað í takt við almenna verðlagsþróun hér á landi hin síðustu ár og virðist það að mestu hafa skilað sér til neytenda því að hækkanir á rafmagnshluta vísitölu neysluverðs eru umtalsvert lægri en verðlagsþróunin. Eins og ég hef þó áður vikið að í mínu máli eru forsendur allar aðrar í dag en þegar fyrrgreint markmið var sett. Nú hefur verið innleidd samkeppni á raforkumarkaði sem hefur þegar skilað sér í verðlækkunum til neytenda. Ég hef fulla trú á því að svo muni áfram verða og að skipulagsbreytingar sem gerðar voru á raforkumarkaði verði því til góðs.

[14:52]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er nú þessi stöðuga öfugmælavísa um samkeppni í raforku á markaði hér á Íslandi sem hæstv. ráðherra staglast á og er náttúrlega alveg fráleit.

Ég velti því fyrir mér hvort ráðherra geti upplýst hversu mikið raforka hefði getað lækkað til heimilanna í landinu og til almennra fyrirtækja í landinu ef ekki hefði verið ráðist í síðustu stóriðjuframkvæmdir. Eins og við vitum eru heimilin og fyrirtækin látin greiða niður raforkuna til stóriðjunnar. Hvað hefðum við getað lækkað rafmagnið til almennra notenda mikið ef við hefðum ekki ráðist í þessar stóriðjuframkvæmdir? Hefðum við kannski getað nálgast raforkuverðið í Danmörku, raforkuverð til heimilanna í Danmörku sem er mun lægra en hér? Ég held að það væri mjög fróðlegt fyrir okkur að fá það upp, þegar við förum að meta næstu álversframkvæmdir hæstv. ráðherra og næstu niðurgreiðslur á rafmagni frá almennum notendum til álvera, hver staðan er. (Forseti hringir.) Hvað hefðum við getað sparað okkur mikið og verið með lágt orkuverð (Forseti hringir.) til neytenda ef ekki hefði verið ráðist í neina stórvirkjun?

[14:54]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra vék að rekstrarformi Landsvirkjunar í ræðu sinni hér áðan. Ég er nokkuð sannfærður um það að leiðin til að lækka raforkuverð til heimilanna í landinu er ekki að hlutafélagavæða og hugsanlega selja Landsvirkjun eins og nokkuð ljóslega er skoðun margra þingmanna stjórnarflokkanna. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur áður lýst því yfir, held ég nokkuð örugglega, að hún telji eðlilega framvindu mála að Landsvirkjun verði hlutafélagavædd og þá væntanlega með það markmið að hún verði einhvern tíma seld að hluta eða öllu til einhverra aðila.

Hæstv. forsætisráðherra aftók hins vegar í umræðum við þann sem hér stendur fyrir nokkru í þinginu að til greina kæmi að hlutafélagavæða og selja Landsvirkjun. Ég vildi því bæta þeirri spurningu við til hæstv. iðnaðarráðherra hvort það kæmi enn til greina að hennar mati að hlutafélagavæða Landsvirkjun og selja að hluta eða öllu leyti eða (Forseti hringir.) hvort hún hefði skipt um skoðun í því máli.

[14:55]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir mjög skilmerkileg svör. Það kom fram í svari hennar að það mætti kenna breyttri skipan á raforkumarkaði um það að þær lækkanir sem lofað var við byggingu Norðuráls náðu ekki fram að ganga. Ég vona að hæstv. ráðherra haldi áfram á þeirri braut að svara skilmerkilega og segi okkur nú frá því hvað raforkuverð hefur hækkað mikið, þ.e. heildarpakki þeirrar raforku sem er á samkeppnismarkaði, sem er miklu minni hluti. Hingað til hefur hæstv. ráðherra alltaf svarað því til að eitthvað hafi hækkað þarna og lækkað á hinum staðnum en það væri gott að fá heildarmyndina. Ég er á því að það væri hollt fyrir umræðuna að hæstv. ráðherra gæfi skilmerkileg svör hvað það varðar. Því var lofað hér í umræðu um raforkuskýrsluna en því miður var (Forseti hringir.) ekki staðið við það. Það væri gott ef hæstv. ráðherra gæfi það upp í seinni ræðu sinni hvort von (Forseti hringir.) væri á skilmerkilegum svörum hvað það varðar.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir svörin og tilkynni jafnframt að ég á eftir að gaumgæfa þau betur þegar ég er búinn að fá þessar tölur á prenti sem hún fór með. Það er hins vegar rétt að draga hér fram að mér sýnist að í svarinu felist að skattlagning orkufyrirtækja hafi fært þann arð sem almenningur átti von á miðað við stefnu ríkisstjórnarinnar frá 1997 til ríkisins. Ekki verður annað ráðið af orðum hæstv. ráðherra. Þegar fyrirtækin eru ekki lengur undanþegin skattskyldu, eins og þau voru, færist sá kostnaður á fyrirtækin, greiðslan rennur til ríkisins en almenningur nýtur ekki þeirrar lækkunar sem hann e.t.v. átti von á.

Hlutafélagavæðingin virðist ekki vera að færa okkur lækkun raforkuverðs og það er líka merkilegt, ef við lítum í skýrslu hæstv. ráðherra, að hér á Íslandi greiðum við, samkvæmt lauslegri áætlun minni, að meðaltali 9,50 kr. fyrir kílóvattstundina. Ef við lítum hins vegar á meðaltöl frá öðrum löndum, og þetta er tala utan skatta og annarra gjalda, sjáum við t.d. að íbúar Finnlands greiða 6,50 kr. á kílóvattstundina, í Svíþjóð 7 kr., í Danmörku 7,70 kr. og í Frakklandi 7,50 kr., svo eitthvað sé nefnt.

Við njótum þess sem sagt ekki, Íslendingar, þ.e. almenningur á Íslandi, í raforkuverðinu sem við gætum átt von á miðað við hversu mikla raforku við framleiðum og miðað við þá stefnumörkun sem hér var lögð upp og ég gerði að umræðuefni.

[14:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka það fram að það er mjög margt gott að segja um okkar raforkukerfi og raforkumál, ekki síst hvað varðar afhendingaröryggi o.fl. En auðvitað eigum við heima í mjög stóru landi og það kostar þó nokkuð mikið að flytja rafmagn um þetta land (**Gripið fram í:** Það gera Norðmenn og Svíar líka.) og tiltölulega miklu meira en hvað varðar aðrar Norðurlandaþjóðir. Engu að síður er raforkuverð hér lægra en almennt tíðkast þó að gjarnan hefði mátt muna þar meiru á.

Í máli hv. þingmanna er ýmiss konar misskilningur og þar má finna rangfærslur. Hv. þm. Jón Bjarnason kemur t.d. hér og talar um að stóriðjuframkvæmdir og sala á raforku til stóriðju hafi áhrif á almennt raforkuverð á Íslandi, sem er rangt. Það er algjörlega skilið þar á milli og það þýðir ekkert fyrir hv. þingmann að koma með þessa tuggu hér alltaf aftur og aftur.

Svo er því haldið fram að forsætisráðherra hafi sagt að það mætti ekki hlutafélagavæða raforkufyrirtæki. Ég hef aldrei heyrt hann segja það og ég trúi því ekki að svo sé. Það er hins vegar enginn sérstakur áhugi á því innan Framsóknarflokksins að selja Landsvirkjun en við höfum uppi áform um að hugsanlegt sé að hlutafélagavæða fyrirtækið þegar fram líða stundir. Það verður þó ekki fyrr en við erum komin í gegnum þær stórframkvæmdir sem fyrirtækið stendur nú í og eru á Austurlandi.

Það er hins vegar alls ekki rétt að kerfisbreytingar valdi hér einhverjum miklum hækkunum á raforkuverði, það er bara ekki rétt, ég hef ekki tíma til þess að fara nákvæmar ofan í það. En að hlutafélagavæðingin hafi ekki fært okkur lækkun, við höfum ekkert verið að hlutafélagavæða raforkufyrirtæki nema Orkubú Vestfjarða og hitt er ekkert komið til framkvæmda eins og hvað varðar Rarik, það er mál sem er hér í þinginu.

Ég vil bara endurtaka að í rauninni er um að ræða lækkun á gjaldskrá Landsvirkjunar þegar við horfum á tímabilið 2001–2006, sem er hægt að tala um sem 31% ef við miðum við neysluverðsvísitöluna.

Umræðu lokið.

Álver og stórvirkjanir á Norðurlandi.

Fsp. JBjarn, 626. mál. — Þskj. 919.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Það er eitthvað svo sérstakt með okkur Norðlendinga að iðnaðarráðherra hefur einstaklega gaman af að gera hjá okkur skoðanakannanir. Fyrir um ári síðan stóð ég í þessum ræðustól hér og spurði hæstv. iðnaðarráðherra þá um nýafstaðna skoðanakönnun sem hæstv. ráðherra hafði beitt sér fyrir meðal Norðlendinga um afstöðu til álvera í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Maður gæti haldið að það hefði þá verið nóg fyrir ráðherrann að gera eina slíka könnun. Nei, hún er endurtekin nú ári seinna, þá gerir iðnaðarráðherra aftur skoðanakönnun meðal Norðlendinga um afstöðu til álvers og stórvirkjana.

Nú eru skoðanakannanir oft hluti af áróðurstæki og ég skil alveg þannig séð hæstv. ráðherra sem hefur slíkan brennandi áhuga á álverum að það hálfa væri nóg, að hún beiti skoðanakönnunum til að þvinga sjónarmið sín áfram. Það sem vakti þó sérstaklega athygli við þessa síðustu skoðanakönnun var að þar var ekki aðeins spurt um afstöðuna til álvers og til vatnsaflsvirkjana heldur voru menn spurðir, en á þriðja þúsund manns á Norðurlandi voru spurðir, hvaða flokk þeir mundu kjósa ef kosið yrði á morgun, það var síðasta spurningin í skoðanakönnuninni.

Það kom mjög flatt upp á fólk að fá svona spurningu. Þegar eftir var leitað hver hefði óskað eftir að þessi spurning væri í skoðanakönnuninni lá ljóst fyrir að það var iðnaðarráðherra sem hafði óskað eftir þeim spurningum sem þarna var spurt, en þegar gengið var eftir því hvort iðnaðarráðherra hefði líka óskað eftir því að spurt væri hvaða flokk þeir kysu þá varð nú færra um svör. Seinna hefur svo verið upplýst í blöðum, í blaðaviðtali segir Gallup að þetta hafi verið mistök af þeirra hálfu eftir að nokkrar skeytasendingar höfðu farið á milli iðnaðarráðuneytis og Gallups, þá hefðu það verið mistök af þeirra hálfu að spyrja spurninga um stjórnmálaskoðanir.

Ég vil þó spyrja hæstv. ráðherra nánar út í þetta, í fyrsta lagi:

Hvað þurfti iðnaðarráðuneytið að greiða fyrir nýlegar skoðanakannanir meðal Norðlendinga um viðhorf þeirra til álvera og stórvirkjana í fjórðungnum? En þetta var nú í annað sinn á um ári sem spurt er sömu spurninga.

Í öðru lagi: Hvers vegna bauð ráðuneytið ekki upp á annan kost í atvinnumálum en álver í spurningalistanum? Spurt var nákvæmlega að þessu sama fyrir ári síðan. Hefði nú ekki verið svolítið vitlegra að spyrja: Hvað viltu annað en álver í stað þess að stilla eingöngu upp einum (Forseti hringir.) valkosti í annað sinn?

Í þriðja lagi er spurt hvort ráðherra telji viðeigandi (Forseti hringir.) að spurt sé um stjórnmálaskoðanir í þessu samhengi.

[15:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Spurt er:

„1. Hvað þurfti iðnaðarráðuneytið að greiða fyrir nýlegar skoðanakannanir meðal Norðlendinga um viðhorf þeirra

til álvera og stórvirkjana í fjórðungnum?"

Svar: IMG Gallup framkvæmdi viðhorfsrannsókn með slembiúrtaki úr þjóðskrá meðal fólks í Skagafirði, Akureyri, Eyjafirði og Þingeyjarsýslum í febrúar sl. Rannsóknin kostaði 1.153.450 kr. án virðisaukaskatts.

„2. Hvers vegna bauð ráðuneytið ekki upp á annan kost í atvinnumálum en álver í spurningalistanum?"

Svar: Viðhorfskönnunin fór fram í tengslum við samanburðarathugun á byggingu álvers á þremur iðnaðarlóðum á Norðurlandi, Brimnesi í Skagafirði, Dysnesi í Eyjafirði og Bakka við Húsavík. Sú athugun var unnin samkvæmt aðgerðaáætlun frá 20. júní 2005 með aðild Fjárfestingastofunnar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akureyrarbæjar, Húsavíkurbæjar, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Alcoa. Aðrir kostir í atvinnumálum voru ekki til skoðunar í því verkefni.

„3. Telur ráðherra viðeigandi að ráðuneytið spyrji um stjórnmálaskoðanir fólks, sbr. það að lokaspurningin í álverskönnun ráðuneytisins var um það hvaða stjórnmálaflokk viðmælandi mundi kjósa ef gengið yrði til alþingiskosninga daginn eftir? Hvers vegna voru niðurstöður svara við þeirri spurningu ekki birtar?"

Svar: Ráðuneytið óskaði ekki eftir því að spurt væri um stjórnmálaskoðanir fólks og gat því ekki birt slíkar niðurstöður.

[15:06]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Álversæði Framsóknarflokksins á sér margar birtingarmyndir. Ein er sú örvæntingarfulla tilraun flokksins til að sýna fram á að fólk úti um allt land og í öllum fjórðungum vilji álver. Varðandi spurningu nr. 2, hvers vegna ráðuneytið hafi ekki boðið upp á annan kost í atvinnumálum en álver, þá dæmir spurningin í raun og veru niðurstöðurnar úr leik í könnuninni.

Nú er IMG Gallup vandað og gott fyrirtæki og enginn efast um að það standi vel verki. En að gefa ekki upp aðra kosti í atvinnumálum en álver, eins og hér kemur fram, eyðileggur þessa skoðanakönnun algjörlega og gerir niðurstöðuna ómarktæka til að meta hvort fólkið þarna vilji álver eða ekki. Það verður að gefa kosti á fleiri færum en einungis álversuppbyggingu. Það er algjört grundvallaratriði og þess vegna er þessi skoðanakönnun ónýt og sýnir ekki fram á vilja fólksins um hvort það (Forseti hringir.) vilji álver eða ekki.

[15:07]

Adolf H. Berndsen:

Frú forseti. Almennt finnst mér það vera mjög jákvætt að stjórnvöld nýti þá tækni að gera skoðanakannanir og ég held að margt hafi vel tekist til varðandi þær skoðanakannanir sem þarna voru framkvæmdar og ég held að almennt sé skynsamlegt að gera svona kannanir oftar til að kanna vilja íbúanna til stórra hagsmunamála.

Það var einnig og hefur ekki komið fram hér að iðnaðarráðuneytið stóð að því með Húnvetningum að gerð yrði könnun um viðhorf Húnvetninga til iðnaðarkosta og einnig til fleiri hagsmunamála sem ég held að sé mjög jákvætt. Þar var spurt út í önnur atvinnumál og hvað brynni á fólki og ég held að það muni nýtast mjög vel bæði sveitarfélögunum, atvinnuþróunarfélögunum og svo stjórnvöldum. Ég held því að það sé um margt jákvætt við að þróa frekar að stjórnvöld noti skoðanakannanir til að kanna vilja fólksins í landinu.

[15:08]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ef hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra segir að ráðuneytið hafi ekki beðið um spurningu um stjórnmálaskoðanir fólks í þessari könnun þá trúi ég henni. Það vekur hins vegar spurningar um fyrirtækið sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson var að segja að væri gott fyrirtæki.

Er það svo ef aðilar eða einstaklingar óska eftir því að framkvæmd sé rækileg könnun á einhverju tilteknu máli þá geti skoðanakannanafyrirtækið hnýtt við spurningu um stjórnmálaskoðanir viðkomandi fólks? Ég held að svo sé ekki. Og ég er ekki viss um að þetta sé í anda góðrar háttsemi fyrirtækja af þessu tagi. Ég held að menn hljóti að þurfa að spyrja spurninga út í skoðanakönnunarfyrirtækið Gallup sem gerir þetta að eigin frumkvæði. Er það að gera einhverjar kannanir sem ekki er verið að biðja um og tengja við kannanir af þessu tagi? Þetta finnst mér gefa tilefni til þess að menn skoði þessi vinnubrögð Gallups.

[15:10]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni varðandi þessi vinnubrögð. Mér finnst mjög undarlegt ef Gallup tekur það algjörlega upp hjá sjálfu sér að spyrja slíkra spurninga. Ég lýsi líka vonbrigðum mínum með að ekki hafi verið boðið upp á annan kost í atvinnumálum, en þrátt fyrir þennan samanburð á staðsetningu sem hæstv. ráðherra vitnaði hér til þá tel ég líklegt að hægt hefði verið að spyrja eða bjóða upp á aðra kosti þess utan.

Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hyggist beita sér fyrir því að gera skoðanakönnun á Norðurlandi um aðra atvinnukosti en álver.

[15:11]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Þetta eru athyglisverðar spurningar og athyglisverð svör frá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sérstaklega svar við þriðju spurningunni. Ég trúi því ekki, hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra, að Gallup hafi sett þetta upp á sitt einsdæmi, ég trúi ekki slíku þó svo að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafi sagt slíkt.

Kannski getur Samfylkingin komið með svona fyrirspurnir á vegum ráðuneytisins fyrir sig í Hafnarfirði eða Reykjavík eða hvar sem er á landinu. En mér finnst þetta fáránlegt.

[15:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að þessi fyrirspurn gerir mig mjög hugsi. Eitt er að það hlýtur að vera ámælisvert að stjórnvöld á hverjum tíma séu að misnota fé almennings til að gera rándýrar skoðanakannanir til að spyrj-

ast fyrir um hugðarefni stjórnmálaflokkanna. Hvenær skyldi Framsóknarflokkurinn til að mynda ætla að framkvæma skoðanakönnun meðal fólksins í landinu og spyrja hvaða skoðun það hafi á því hvaða afleiðingar kvótakerfið hafi haft fyrir byggðir í landinu, hvenær skyldi það nú gerast? Fyrr mun sennilega botnfrjósa í víti áður en við sjáum það verða að veruleika.

Annað er það sem kemur hér fram varðandi hlut Gallups í þessu sem gerir mig mjög hugsi og ég hygg að Gallup þurfi hreinlega að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli og upplýsa okkur um hver það er sem hér er að segja sannleikann. Er það hæstv. ráðherra eða er það Gallup? Við þessu þurfum við að fá svör. Trúverðugleiki Gallups er í stórhættu.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Það er rétt að taka fram að eftir að þessi mál fóru í umræðu og eftir að gengið var eftir hver ætti hér sök á birtist í Dagblaðinu 10. mars sl. viðtal við Þóru Ásgeirsdóttur sem segir, með leyfi forseta:

„Við spurðum þessarar spurningar en hún fór ekki inn í skýrsluna vegna þess að iðnaðarráðuneytið bað ekki um þetta," sagði Þóra Ásgeirsdóttir

Þrátt fyrir að gott geti verið að gera skoðanakannanir hljótum við engu að síður að þurfa að velta vöngum yfir framkvæmd þeirra, fyrir hverja þær eru gerðar og undir stjórn hverra.

Ég tek hins vegar undir orð Adolfs Berndsens að það getur verið gott að gera skoðanakannanir. Til dæmis voru hvað eftir annað gerðar skoðanakannanir um viðhorf til sölu Símans og það endaði þannig að það voru milli 70 og 80% á móti sölu Símans. Samt var hann seldur, samt seldi Framsókn Símann, það var nú ekki tekið meira mark á því. Hver skoðanakönnunin á fætur annarri í þrjú ár í röð sýndi afgerandi og stóran meiri hluta þjóðarinnar gegn sölu Símans en samt var hann seldur.

Hitt vekur svo aftur athygli þegar iðnaðarráðherra beitir skoðanakönnun sem áróðurstæki fyrir einn afmarkaðan málstað sem er ál, ál og aftur ál. Norðlendingar voru spurðir nákvæmlega sömu spurningar fyrir ári síðan og voru ekki hlynntir því, nema mjög takmarkað. Hvað um það, ég ætla ekki að fara út í niðurstöður skoðanakönnunarinnar sem slíkrar. En ári seinna fer iðnaðarráðherra, hluti af framkvæmdarvaldinu, aftur af stað með nákvæmlega sömu spurningarnar: Viltu ál? Því fylgir nánast, viltu ál eða ekkert? Ál, ál, ál. Þetta er svona sefjandi áróður og framkoma sem að mínu viti er engan veginn (Forseti hringir.) sæmandi iðnaðarráðherra nema hún eigi sér þarna (Forseti hringir.) til afsökunar þennan endalausa áldraum.

[15:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hverjir eru það sem hafa frumkvæði að því að það er talað um ál á hv. Alþingi, hverjir skyldu það nú vera? Er það ég sem iðnaðarráðherra, er það ríkisstjórnin almennt? Nei, það er stjórnarandstaðan. Það eru hv. þingmenn Vinstri grænna vegna þess að þeir vilja að það sé endalaust verið að tala um ál og þeir vilja að það líti þannig út að ríkisstjórnin ætli að koma niður álveri í hverjum firði, sem er alls ekki. Þetta er nú bara svona. (Gripið fram í.)

Það kemur mér svo sem ekki á óvart þó að hv. þm. Jón Bjarnason sé líka á móti skoðanakönnunum. Hann er á móti öllu, það er ekki ný frétt fyrir mér.

Þessi könnun leiddi það t.d. í ljós að minni hluti Skagfirðinga vildi álver í Skagafirði. Voru það ekki ágætisfréttir fyrir hv. þingmann, hann hlýtur að hafa glaðst yfir því? Hins vegar vill meiri hluti Skagfirðinga að álver sé byggt á Norðurlandi. Þar eru hlutföllin þau að 53,8% eru hlynnt, 26,8% andvíg, þannig að meiri hluti Skagfirðinga vill álver á Norðurlandi. Á Húsavík vill nánast hver maður að byggt verði álver. Og nú stendur hugsanlega til — það hefur ekki verið tekið ákvörðun um það — að byggja álver við Húsavík. (**JBjarn:** Meiri hluti er á móti virkjun Skjálfandafljóts.)

En það sem er nú kannski það skemmtilega við þetta er hvað Samfylkingin ætlar að reyna að bera kápuna á báðum öxlum í þessu máli. Á Húsavík standa samfylkingarmenn fyrir fögnuði daginn sem Alcoa tekur þessa ákvörðun, varaþingmaðurinn sem sagt, Örlygur Hnefill Jónsson. En hér á Alþingi er allt annar tónn uppi, allir virðast vera á móti. Hv. þm. Kristján Möller fær ekki að tala í þessum umræðum, er hafður einhvers staðar annars staðar en þeir sem tala eru allir á móti álverum. Ég mundi ekki bera höfuðið hátt ef ég væri fulltrúi slíks stjórnmálaflokks.

Mér finnst þetta bara rétt aðferð til þess að kanna (Forseti hringir.) hug manna til stórframkvæmda sem þessara. (**JBjarn:** Eigum við að spyrja aftur næsta ár?)

Umræðu lokið.

[15:18]

Útbýting:

Nefndarskipan og kynjahlutföll, 460. mál, svar forsrh., þskj. 953.

Skattbyrði, 554. mál, svar fjmrh., þskj. 971.

Upplýsingar í ársreikningum um lán til stjórnenda fyrirtækja, 663. mál, fsp. JóhS, þskj. 972.

Fundi slitið kl. 15:31.

---

92. FUNDUR

miðvikudaginn 22. mars,
að loknum 91. fundi.

Dagskrá:

1. Þjóðskrá og almannaskráning, stjfrv., 566. mál, þskj. 821. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hag-

stofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, stjfrv., 567. mál, þskj. 822. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Þjóðlendur, stjfrv., 630. mál, þskj. 923. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Lokafjárlög 2004, stjfrv., 575. mál, þskj. 833. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 622. mál, þskj. 915. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Tekjuskattur, stjfrv., 623. mál, þskj. 916. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Virðisaukaskattur, stjfrv., 624. mál, þskj. 917. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Almenn hegningarlög o.fl., stjfrv., 619. mál, þskj. 905. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Vegabréf, stjfrv., 615. mál, þskj. 900. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðvest.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Umræður utan dagskrár.

Forgangsröð í heilbrigðiskerfinu.

[15:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Á vegum ríkisstjórnarinnar fer nú fram stefnumótunarvinna um framtíð heilbrigðisþjónustunnar. Innan heilbrigðiskerfisins má segja að allt sé á stöðugri hreyfingu. Umræðan hér á landi sem annars staðar er mjög hagsmunatengd enda eru heilbrigðismál einn stærsti útgjaldaliður hverrar þjóðar. Þeir sem vilja hagnast á heilbrigðisþjónustunni, bæði fjármálamenn og ýmsar heilbrigðisstéttir, þrýsta mjög á um að hún verði markaðsvædd. Hafa þessir aðilar haft talsverðan árangur og hefur heilbrigðisþjónustan smám saman verið að þokast út á markaðstorgið. Þjóðhagslega og félagslega skiptir okkur mjög miklu máli hvernig til tekst um skipulag heilbrigðisþjónustunnar og alla framtíðarstefnumótun á þessu sviði og er mikilvægt að byggt sé á þekkingu og reynslu. Hagsmunaaðilar mega ekki komast upp með að þröngva fram breytingum sér í hag nema þær séu sannanlega í almannahag.

Ýmsar nefndir hafa verið starfandi á vegum heilbrigðisráðuneytisins, skilað skýrslum og álitsgerðum og einnig drögum að lagafrumvörpum. Ég fagna yfirlýsingum um að ekki standi til að þröngva lagabreytingum í gegnum þingið í snarhasti eins og oft vill brenna við. Enda þótt margt sé ágætlega gert í þessari vinnu verður ekki sagt að ég sé sáttur við þá heildarniðurstöðu sem nú liggur fyrir. Í rauninni þarf þetta ekki að koma á óvart með hliðsjón af skipan í sumar starfsnefndir ráðuneytisins. Þar nefndi ég nefnd sem vann skýrslu um endurskilgreiningu verksviða innan heilbrigðisþjónustunnar en þessi nefnd, sem stundum er kennd við formann sinn, hv. þm. Jónínu Bjartmarz, byggði hvorki á nægilegri pólitískri breidd né faglegri. Þetta er nefndin sem hvatti okkur til að taka til umræðu þann möguleika um fjármögnun heilbrigðiskerfisins að heimila einstaklingum að greiða hærra gjald en almennum sjúklingshlut nemur til að flýta þjónustu eða fá viðbótarþjónustu, eins og segir í skýrslu nefndarinnar. Þegar þetta var gagnrýnt við kynningu á skýrslunni nýlega var því svarað til af skýrsluhöfundum að þetta væri aðeins sett fram til umhugsunar og til umræðu, þetta væri ekki tillaga heldur einn af fleiri valkostum um fjármögnun heilbrigðiskerfisins. Umræða um þetta væri þó nauðsynleg. Ég ákvað að taka þessari áskorun og óskaði því eftir þessari umræðu utan dagskrár.

Hæstv. forseti. Hér er á þrennt að líta. Í fyrsta lagi er þessi umræða ekki ný af nálinni en það er hins vegar pólitísk yfirlýsing í sjálfu sér að þessi mismununardraugur sé nú vakinn upp í umræðu um framtíðarþróun heilbrigðiskerfisins á Íslandi. Það eitt að heimila einstaklingum að kaupa sig fram fyrir í röð er ávísun á mismunun jafnvel þó tekið sé fram að það eigi ekki að bitna á öðrum sjúklingum.

Í öðru lagi er þetta ekki einangrað dæmi um markaðsvæðingarhugmyndir í umræddri skýrslu. Ég fæ ekki betur séð en skýrslan byggi að uppistöðu til á slíkri markaðshugmyndafræði.

Í þriðja lagi er þess að geta að markaðsvæðingarhugsunin í þessari skýrslu endurspeglast að verulegu marki í frumvarpsdrögum um ný heilbrigðislög sem nú eru til skoðunar hjá hagsmunaaðilum. Þar er heilbrigðiskerfið skilgreint á grundvelli viðskipta, annars vegar er kaupandi þjónustu, hins vegar er seljandi þjónustu. Þetta er skipulagsgrundvöllur markaðsvæðingar heilbrigðisþjónustunnar og er fráhvarf frá þeirri hugsun sem byggt hefur verið á til þessa á Íslandi.

Til sanns vegar má færa að verið sé að laga lögin að einhverju leyti að breyttum veruleika en það er gengið miklu lengra en það. Hingað til hafa sjálfstætt starfandi læknar vissulega tekið sig saman en yfirleitt sem einyrkjar í samstarfi. Nú er verið að skjóta traustri lagastoð undir sjálfstætt starfandi sjúkrahús og hugmyndafræði samkeppni og útboða svífur ekki aðeins yfir vötnum heldur er komin í drög að frumvarpstexta fyrir ný heilbrigðislög á Íslandi.

Spurningar mínar til hæstv. heilbrigðisráðherra eru þessar:

1. Telur ráðherra það yfirleitt koma til greina að heimila að fólk kaupi sig fram fyrir í röð í heilbrigðiskerfinu?

2. Mun ríkisstjórnin leggja fram frumvarp um ný heilbrigðislög ef sýnt verður fram á að þau opni á enn frekari markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustunnar og þar með aukna mismunun frá því sem nú er?

3. Væri heilbrigðisráðherra reiðubúinn fyrir sitt leyti að efna til víðtækrar og rækilegrar umræðu á Alþingi um þau stefnumótunarvinnugögn sem nú liggja fyrir frá heilbrigðisráðuneytinu og frá Tryggingastofnun og byggja að meira eða minna leyti á markaðsvæðingarhugmyndum áður en ákvörðun er tekin um að leggja fram til afgreiðslu stjórnarfrumvörp sem á þeim eru reist?

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. 9. þm. Reykv. s. vill með umræðum utan dagskrár beina athyglinni að drögum að frumvarpi um heilbrigðisþjónustu og skýrslu nefndar, skýrslan heitir Hver gerir hvað í heilbrigðisþjónustunni?, sem kennd er við hv. þm. Jónínu Bjartmarz. En sú skýrsla er umfram allt tillaga höfunda hennar og hvatning til manna um að ræða m.a. um heilbrigðisþjónustuna og fjármögnun hennar.

Málshefjandi spyr, í framhaldi af þessari hvatningu, hvort ráðherra telji það t.d. koma til greina að heimila fólki að kaupa sig fram fyrir í röð í heilbrigðiskerfinu. Það er rétt að taka það fram að nefndin leggur ekkert slíkt fram heldur veltir upp þessum möguleika til umræðu. Ég vil líka draga það fram að í nefndinni voru fulltrúar frá þremur stjórnmálaflokkum og þar á meðal stjórnarandstöðunni þannig að þetta er lagt fram til umræðu. (**ÖJ:** Hvaða flokki stjórnarandstöðu?) Það var fulltrúi frá Samfylkingunni í þessari nefnd. Það er engin tillaga um að fara þessa leið en henni er velt upp til umræðu.

Ég hef sagt það opinberlega sem heilbrigðisráðherra að mér hugnist ekki slík leið og raunar hefur hæstv. forsætisráðherra tjáð sig með sama hætti þannig að það er algjörlega ljóst að okkur hugnast ekki sú leið. En það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að ýmsir aðilar í samfélaginu telja að það sé eðlilegt að stíga það skref, m.a. hefur eitt af dagblöðunum hér fjallað um það og aðrir hagsmunaaðilar. Það er því ágætt að fá fram þá afstöðu í þessari umræðu að heilbrigðismálayfirvöld vilja ekki stíga þetta skref.

Í ljósi umræðu um vaxandi fjárþörf heilbrigðisþjónustunnar hefur því verið hreyft að undanförnu að auðvelda einstaklingum, sem eru tilbúnir til þess að greiða meira úr sínum vasa í almennan sjúklingahlut, aðgang að heilbrigðisþjónustunni þannig að hann væri betri en aðgangur annarra. En með slíku kerfi er að mínu mati verið að koma á tvöföldu heilbrigðiskerfi, einu fyrir hina efnameiri og öðru fyrir hina og það hugnast mér ekki. Það sjónarmið væri hvorki í anda stefnu Framsóknarflokksins né stjórnarsáttmálans frá 2003, en þar er undirstrikað að allir landsmenn eigi að hafa greiðan aðgang og jafnan að heilbrigðisþjónustu óháð aldri, búsetu og efnahag.

Það er hins vegar eðlilegt að ræða, eins og fram kemur í skýrslunni, um fjármögnun t.d. sjúkrahúsanna og nýjar hugmyndir í því. Þar er sérstaklega minnst á svokallaðar DRG-greiðslur og ég tel eðlilegt að það verði rætt frekar í framhaldi af þessari skýrslu.

Hv. þingmaður spyr hvort ríkisstjórnin muni leggja fram frumvarp um ný heilbrigðislög ef sýnt verður fram á að þau opni enn frekar á markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustunnar en nú er og þar með aukna mismunun frá því sem nú er. Virðulegur forseti. Ég tel mjög mikilvægt að leggja fram til kynningar á Alþingi frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu í vor. Það er ekkert að mínum dómi í þeim drögum sem þar liggja til grundvallar sem opnar á einhverja frekari markaðsvæðingu en er í dag. Við vitum að í heilbrigðisþjónustunni í dag er rekstur mjög fjölbreyttur. Það eru sjálfseignarstofnanir, opinberar stofnanir og fyrirtæki sem hafa gert samninga þannig að reksturinn er margbreytilegur og sumir hafa talið það vera mikinn styrk í íslenskri heilbrigðisþjónustu. En í þessum mismunandi rekstri, það er mismunandi rekstur og mismunandi eignarhald, hefur það alltaf verið grundvallaratriði að aðgengi þeirra sem sækja sér þjónustuna eða njóta umönnunarinnar sé óháð efnahag, það er grundvallarstefið í okkar heilbrigðisþjónustu og það er ekkert sem liggur á borðinu um að breyta því.

Hér er líka spurt hvort heilbrigðisráðherra sé tilbúinn til þess að efna til víðtækrar umræðu. Ég segi já, að sjálfsögðu vil ég efna til víðtækrar umræðu um þessi mál. Þegar frumvarpsdrögin koma fram gefst tilefni til víðtækrar umræðu. Nokkur skjöl liggja til grundvallar og takist mér að koma frumvarpinu fram í vor, sem ég vona að verði, það er verið að vinna í því núna, gefst tækifæri til þess að ræða þetta allt saman. En ég geri ekki ráð fyrir því að geta klárað þetta mál í vor. Ég tel að svona mál þurfi ákveðið þroskaferli en ég vona að ég geti lagt það fram í endanlegum frumvarpsdrögum næsta haust.

[15:42]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Stefna Samfylkingarinnar í heilbrigðismálum er skýr. Við höfnum forgangi hinna efnameiri að heilbrigðiskerfinu. Við viljum ekki sjá tvöfalt heilbrigðiskerfi þar sem fólk getur borgað sig fram fyrir röðina á kostnað annarra, það kemur einfaldlega ekki til greina. Ef við leyfum fólki að kaupa sig fram fyrir aðra sem bíða eftir heilbrigðisþjónustu verður niðurstaðan sú að heilbrigðisstarfsfólk nýtist ekki öðrum á meðan. Þá er komin mismunun eftir efnahag og það mun Samfylkingin aldrei sætta sig við.

Það er hins vegar rétt að kalla eftir umræðu um þetta stóra grundvallarmál. Almenningur fær þá kost á því að sjá hvernig línur liggja. Það er nefnilega ekki víst að aðrir stjórnmálaflokkar hér á landi geti svarað þessari spurningu jafnskýrt og Samfylkingin. Hvað segir t.d. Sjálfstæðisflokkurinn?

Samfylkingin hefur sett sér ákveðin skilyrði fyrir öllum endurbótum í heilbrigðisþjónustunni. Þar stendur markmið jafnaðarstefnunnar um jafnan aðgang óháð efnahag óhaggað. Samfylkingin hafnar einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Við erum andvíg bandarísku kerfi í heilbrigðismálum þar sem efnahagur getur ráðið því hvort menn fái viðunandi þjónustu eða ekki.

Það er hins vegar grundvallarmunur á einkavæðingu og sjálfstæðum rekstri og Samfylkingin vill auka sjálfstæðan rekstur í heilbrigðiskerfinu. Í sjálfstæðum rekstri greiðir ríkið eftir sem áður fyrir þjónustuna en sjálfstæðir aðilar veita hana. Við höfum nú þegar mörg jákvæð dæmi um þetta. Rauði krossinn rekur t.d. sjúkrabílana og nánast öll hjúkrunarheimili landsins eru í sjálfstæðum rekstri.

Það er einkavæðing sem býður hættunni heim því að þá er hlutur ríkisins í kostnaði ekki lengur fyrir hendi. Einstaklingarnir greiða þá sjálfir og því höfnum við alfarið. Á þessu er því grundvallarmunur. Aukinn sjálfstæður rekstur í heilbrigðiskerfinu, t.d. af hálfu sjálfseignarstofnana, sjúklingahópa eða heilbrigðisstarfsfólks, getur einmitt mætt aukinni fjárþörf í heilbrigðiskerfinu (Forseti hringir.) án þess að hróflað verði við aðgangi allra að heilbrigðiskerfinu.

[15:44]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er spurt hvort leyfa eigi þeim ríku að borga sig fram fyrir þá efnaminni í heilbrigðisþjónustu.

Sjúkratryggingakerfið hér á landi byggist á jöfnum rétti allra til heilbrigðisþjónustu. Ýmsar aðrar þjóðir hafa skipað málum sínum á þann veg að einungis hinir efnaminni njóti heilbrigðisþjónustu sem að mestu er greidd af ríkinu en hinir efnameiri kaupi sér sjálfir sjúkratryggingar eða beri sjálfir kostnað af heilbrigðisþjónustu úr eigin vasa. Þessa leið höfum við ekki viljað fara.

Viðfangsefnið sem við fjöllum um hér gengur út frá því að biðlistar eftir heilbrigðisþjónustu séu óbreytanleg staðreynd sem ekki sé hægt að ráða bót á. Það er nú svo að ef ekki eru biðlistar eftir þjónustu er ekki heldur þörf á að borga sig framar í röðina. Ég vil því nálgast þetta umræðuefni með öðrum formerkjum. Biðlistar eru merki um skipulagsvanda. Með því að styrkja stöðu stjórnvalda sem kaupanda heilbrigðisþjónustu er hægt að ráða bót á slíkum vanda. Stjórnvöld eiga að hafa það hlutverk að meta þörf fyrir þjónustu og umfang hennar og semja við einkaaðila eða eigin stofnanir um að veita þjónustuna. Með þessari nálgun er mögulegt að útrýma biðlistum.

Jafnframt vil ég skilgreina mun betur en gert er í dag hvað felst í því að vera sjúkratryggður. Það þarf að skilgreina hver er réttur einstaklinga til þjónustu í heilbrigðiskerfi sem er greitt af opinberu fé og hver er réttur viðkomandi ef hann fær ekki þjónustuna innan tilskilins tíma. Danir hafa t.d. sett þær reglur að fái viðkomandi ekki þá meðferð sem hann á rétt á innan tveggja mánaða á opinberum heilbrigðisstofnunum getur hann leitað til annarra aðila, m.a. til útlanda, og er meðferðin greidd af danska sjúkratryggingakerfinu. Hér er rétturinn skilgreindur út frá einstaklingnum óháð efnahag.

Virðulegi forseti. Á hinn bóginn tel ég rétt að skoða hvort sjúklingar eigi að hafa meira val um viðbótarþjónustu á heilbrigðisstofnunum sem þeir geta ráðið hvort þeir kaupa. Hér á ég t.d. við val á mat eða öðrum þáttum sem geta verið til aukinna þæginda eða hægðarauka. Í því felst aukið sjálfræði sjúklinga sem sjálfsagt er að virða.

[15:46]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er rætt um skýrslu, hver gerir hvað er efni hennar. Það er margt jákvætt í þeirri skýrslu. Komið er inn á það sem hér er til umræðu, að efnafólk geti komist fram fyrir með því að greiða sérstaklega og eigi að fá sérstaka þjónustu. Það eru alveg fráleitar hugmyndir og í andstöðu við stefnu Frjálslynda flokksins sem kemur m.a. fram í málefnahandbók okkar. Svo virðist sem fulltrúar flokkanna sem skrifuðu undir þetta, þ.e. fulltrúar Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins, séu farnir að draga til baka stuðning sinn við að velta eigi þessum möguleikum fyrir sér, hvort efnafólk eigi rétt á betri þjónustu en aðrir og ætti að komast fram fyrir í röðinni.

Þetta eru fráleitar hugmyndir í okkar litla samfélagi. Ég er á því. Þetta er ekki leiðin til að komast hjá biðlistum. Við verðum að átta okkur á því að þessar hugmyndir gera ráð fyrir að biðlistar séu varanlegt ástand. Eitthvað sem menn verði að búa við. En það á að leysa. Við eigum að leysa hnútana í kerfinu þannig að við búum ekki við biðlista.

Í þessari skýrslu eru m.a. nefndar leiðir, t.d. að peningar fylgi verkefnum. Það er einmitt leiðin til að komast hjá því að búa til biðlista í heilbrigðiskerfinu. Við ættum að ræða um það í dag fremur en að þrír stjórnmálaflokkar gefi sér það sem framtíðarsýn að hægt verði að greiða sig fram hjá biðröðum. Hvers konar framtíðarsýn er það fyrir íslenskt þjóðfélag? Það er a.m.k. ekki skoðun okkar í Frjálslynda flokknum.

Við verðum líka að gæta að því að í dag var rætt um að á sjúkrahúsum er fólk sem þarf ekki að vera þar. Það er möguleiki á að ná fram sparnaði í kerfinu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem kom út í fyrra segir að yfir 100 manns séu í þessum sporum (Forseti hringir.) og bíði eftir úrræðum til að komast af sjúkrahúsunum. (Forseti hringir.) Ég tel að fremur eigi að nýta þau tækifæri í stað þess að horfa (Forseti hringir.) á hvernig eigi að borga sig fram hjá í röðinni.

(**Forseti** (DrH)**:** Ég bið þingmann að virða ræðutímann.)

[15:49]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Fyrir skömmu var efnt til opins kynningar- og umræðufundar um nýjar niðurstöður tveggja nefnda sem báðar fjölluðu um grundvallaratriði og lagaramma sem íslensku heilbrigðiskerfi er ætlað að mótast af á komandi árum, eins og fram kom í kynningu.

Í annarri nefndinni átti að móta lagarammann en í hinni að fjalla sérstaklega um hlutverk og verkaskiptingu innan sjúkrahúsanna. Þess skyldi gætt að samhljómur væri í niðurstöðum nefndanna. Að gefinni þessari forsendu er ljóst að sá tónn markaðsvæðingar sem sleginn er í áliti nefndar um endurskilgreiningu verksviða innan heilbrigðisþjónustunnar vekur upp margar spurningar. Hugmyndir eru settar fram til umræðu og skoðunar. Hugmyndir um breytta fjármögnun sjúkrahússþjónustunnar, sem flestar lúta að hugmyndafræði markaðsvæðingar. Þar er áherslan lögð á samkeppni milli sjúkrahússtengdrar og einkarekinnar heilbrigðisþjónustu og tvöfalt kerfi þar sem hægt sé að kaupa sér forgang og betri þjónustu, þ.e. ávísað á einkagreiðslur og ójöfnuð innan heilbrigðisþjónustunnar.

Samkvæmt þeim tillögum eða hugmyndum sem fram eru settar mun greiðsluþátttaka sjúklinga aukast innan sjúkrahússþjónustunnar. Þar sem mikið samráð var haft í starfi nefndanna er ljóst að innleiða á markaðsvæðingu heilbrigðiskerfisins. Ef það er ekki ætlunin verða stjórnarliðar að tala skýrt og sleppa því að setja fram hugmyndir til umræðu og skoðunar sem ekki verða teknar upp við framkvæmd nýrra laga.

Hæstv. heilbrigðisráðherra getur ekki fullyrt að ekki standi til að breyta núverandi greiðsluþátttöku sjúklinga og koma á tvöföldu heilbrigðiskerfi og á sama tíma borið ábyrgð á áliti sem dregur fram hið gagnstæða.

[15:51]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég veit ekki hvort það er viljandi eða óviljandi að menn misskilja eða mistúlka skýrslu þessarar

nefndar. En viljum við forgang hinna ríku á heilbrigðisþjónustu og lakari þjónustu fyrir hina efnaminni? Nei, allir íslensku stjórnmálaflokkarnir, allir flokkarnir á þingi, leggja áherslu á jafnræði og jafnt aðgengi allra. Nefndin sem skipuð var fulltrúum þriggja flokka á þingi sem skilaði ráðherra skýrslu sinni er sama sinnis. Sú afstaða nefndarinnar er grundvöllur að öllum tillögum sem frá nefndinni koma, svo við höldum því til haga. Jafnræði óháð efnahag.

Nefndinni var falið að gera tilteknar tillögur til ráðherra. Ég ætla að leiðrétta að ráðherra ber ekki ábyrgð á efni skýrslunnar eða tillögunum. Henni var falið að gera tilteknar tillögur til ráðherra um endurskilgreiningu verksviða LSH og FSA. Við áttum að horfa til framtíðar, breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar, samgangna, mannfjöldaspár o.s.frv. Nefndin öll, óskipt og í fullri sátt, skilaði ráðherra sjö veigamiklum tillögum sem allar miða að því að efla heilbrigðisþjónustuna til hagsbóta fyrir sjúklinga, þ.e. gera skýrari verkaskiptingu og ábyrgð; auka gagnsæi, m.a. með kostnaðargreiningu; auka skilvirkni og hagkvæmni í rekstri heilbrigðisþjónustunnar. Út á þetta ganga sjö veigamiklar tillögur nefndarinnar. Þær lutu að því að efla stóru sjúkrahúsin, bæði heilbrigðisþjónustuhlutverk þeirra og menntahlutverkið. Þær lutu að uppskiptingu kaupenda- og seljendahlutverksins, þverfaglegri ráðgefandi nefnd sem m.a. á að hafa þarfagreiningu á hendi og endurskoðun og samræmingu þjónustugjalda.

Nefndin hvatti til opinnar, heiðarlegrar umræðu um hvernig ætti að mæta ört vaxandi fjárþörf í heilbrigðiskerfinu vegna vaxandi framboðs og vaxandi eftirspurnar. Það gerði nefndin (Forseti hringir.) og hún hvatti til að við ræddum um hvort hækka ætti framlög á fjárlögum (Forseti hringir.) eða þjónustugjöld. Það er aðeins Morgunblaðið sem hefur talað fyrir að hinir efnameiri geti (Forseti hringir.) keypt sig fram fyrir.

[15:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Forseti. Nefnd á vegum heilbrigðisráðherra, kennd við Jónínu, leggur til að skoðað verði hvort hækka skuli þjónustugjöld í heilbrigðiskerfinu og hvort heimila skuli einstaklingum að greiða hærra gjald til að flýta þjónustu eða að fá viðbótarþjónustu.

Þessum hugmyndum höfnum við í Samfylkingunni alfarið. Erlendar rannsóknir og reynsla annarra þjóða sýnir að einkagreiðslur sem þessar eru ávísun á ójöfnuð. Með því að hleypa því fyrirkomulagi inn í okkar kerfi er samstaða þjóðarinnar um velferðarkerfi okkar sett í uppnám. Þessi leið styttir ekki biðlista en færir ríka fram fyrir þá efnaminni og leiðir líka til þess að þeir efnaminni fá lakari þjónustu.

Dýrustu kerfin sem við þekkjum eru einkagreiðslukerfi. Ég nefni þar Bandaríkin og Sviss. Við viljum ekki þannig kerfi. Þau heilbrigðiskerfi sem reynast best og mestur jöfnuður er í eru þau sem eru fjármögnuð að mestu leyti með sköttum eins og okkar kerfi.

Varðandi aukin þjónustugjöld þá er tvíeggjað að auka þau. Rannsóknir frá Kanada sýna að afleiðingarnar voru þær að aldraðir og efnaminni leituðu síður til læknis og í kjölfarið jókst heildarkostnaður við heilbrigðiskerfið. Fleiri rannsóknir sýna að hærri notendagjöld leiða ekki til lægri heilbrigðisútgjalda. Þau draga jafnmikið úr nauðsynlegri þjónustu og ónauðsynlegri.

Við höfnum þessum hugmyndum úr ranni Jónínu og ég tel ekki frekari umræðu þörf um þær. Ég heyri að ráðherra hafnar þeim líka. Við skulum greiða skatta til velferðarþjónustunnar eftir efnahag á meðan við erum frísk og höfum atvinnu. Við höfnum álögum á veikt fólk og einkagreiðslum. Við verðum að standa vörð um jöfnuð í heilbrigðisþjónustunni, um samhjálpina sem er undirstaða hennar og ég vona að að lokinni þessar umræðu verði þessar hugmyndir úr sögunni.

[15:55]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Þessi utandagskrárumræða fjallar um hvort efnameiri megi borga sig fram fyrir aðra í heilbrigðiskerfinu. Hugmyndin um að þeir sem hafi meira á milli handanna hafi möguleika á skjótari þjónustu með því að greiða fyrir hana sérstaklega var sett fram af nefnd um endurskilgreiningu verksviða innan heilbrigðisþjónustunnar. En hún lýsir ekki afstöðu nefndarmanna. Ég tek það fram að fulltrúi Samfylkingarinnar stendur að áliti nefndarinnar.

Umræða um þessi mál er mjög umfangsmikil í löndunum í kringum okkur og eðlilegt að ræða málin til hlítar hér líka. Ýmsir aðilar hérlendis hafa lagt áherslu á þetta atriði með þeim rökum að meira fjármagn fari inn í heilbrigðiskerfið og það geti þannig þjónað fleirum. Þetta er sjónarmið þótt ég taki ekki endilega undir það.

Í þessu sambandi er það einnig umhugsunarefni ef við ætlumst til að þeir sem eru efnameiri hafi lakari sjúkratryggingu þegar þeir hafa í raun, með sköttum sínum, lagt meira til samfélagsins heldur en margir aðrir. Í þessari umræðu vil ég leggja megináherslu á þá tillögu nefndarinnar að eftir sem áður verði ríkið meginkaupandi að heilbrigðisþjónustu fyrir hönd almennings og styrkja þurfi kaupendahlutverk þess.

Þá er líka lögð mikil áhersla á eflingu heimaþjónustu og að komið verði á nánara samstarfi milli heilsugæslu, hjúkrunarheimila og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna í þessum málaflokki.

Um það snýst þetta álit í stuttu máli. En til viðbótar vil ég nefna það sem hv. þm. Jónína Bjartmarz nefndi áðan, að lykilorðið í öllu saman eigi að vera val. Val fyrir sjúklinga í þessu landi hvernig þeir vilji hafa hlutina.

[15:57]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Mér finnst hafa orðið mikil tíðindi hér í umræðunni í dag. Formaður nefndarinnar sem gerði þessa skýrslu „Hver gerir hvað?“ virðist hafa hafnað þeim hugmyndum að menn geti greitt fyrir að komast fram fyrir í röðinni og að efnameiri eigi kost á betri þjónustu.

Mér finnst jákvætt að fólk sjái að sér en svo virðist sem sjálfstæðismenn vilji samt eitthvað halda í þessar hugmyndir. Hér hafa orðið nokkur tíðindi hvað það varðar en ég legg hins vegar áherslu á að við eigum ekki að sætta okkur við að fólk bíði veikt löngum stundum. Í því felst ákveðin hagkvæmni, eitthvað sem þjóðfélagið á að vinna að, að fólk

komist strax í aðgerðir. Einnig eigum við að leggja áherslu á að fólk dvelji ekki lengur á stofnunum eins og Landspítala – háskólasjúkrahúsi en þörf krefur þegar önnur úrræði henta betur. Það kemur fram í skýrslu sem ég vitnaði til í fyrri ræðu minni að yfir 100 biðu eftir slíkum úrræðum í ársbyrjun 2005. Reikna má með því að sparast mundu 3 millj. kr. á hverjum einasta degi með því að lagfæra það. Ég tel að nýr hæstv. heilbrigðisráðherra ætti að horfa til þeirra þátta fremur en að velta fyrir sér hvort menn geti greitt fyrir að komast fremst í röðina.

[15:59]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Umræðan snýst um hvort leyfa eigi mismunun í heilbrigðiskerfinu. Enginn segist vilja það. Samt tala óþægilega margir sem hér hafa tekið til máls fyrir því að sjálfur grundvöllur heilbrigðisþjónustunnar verði markaðsvæddur.

Ef við förum út á þá braut að skipuleggja heilbrigðisþjónustuna á grundvelli viðskipta mun það óhjákvæmilega leiða til félagslegrar mismununar, jafnvel þótt félagslega sé staðið að fjármögnun kerfisins. Þetta kennir reynslan og hún kennir líka að slíkt kerfi er dýrara og óhagkvæmara.

Bæði hæstv. ráðherra og hv. þm. Jónína Bjartmarz segja að menn tíni til einstök dæmi úr skýrslunni sem hér er vísað til. Það er alrangt. Öll þessi skýrsla byggir á markaðshugsun. Allt gengur út á að samræma eftir föngum reglur og viðmið í hinu opinbera kerfi og hinu einkarekna. Þar vísa ég t.d. til greiðslu fyrir ferliverk innan og utan sjúkrahúsa og háskólakennslu á einkareknum stofum.

Varaformaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, segir að stefna Samfylkingarinnar sé skýr. Ja, það er nú það. Vissulega var skýr fyrirsögnin á greininni sem hann skrifaði í Morgunblaðið 29. september, þar sem segir:

„Aukum vægi einkareksturs í heilbrigðisþjónustu", en þar er vísað til einkareksturs í heilsugæslu, heimaþjónustu, endurhæfingu, rannsóknum, öldrunarþjónustu, geðheilbrigðisþjónustu og í margvíslegri stoðþjónustu heilbrigðisstofnana, t.d. í mötuneytum og ræstingum. Það getur vel verið að í þessu felist sóknarfæri fyrir markaðsöflin. En ég veit að fyrir ræstingarfólkið hefur þetta ekki verið til góðs.

Hæstv. ráðherra og þeir sem hafa talað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar reyna að þvo hendur sínar af þessari skýrslu og markaðshugmyndum í frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir. Það er vel (Forseti hringir.) og ég fagna því að nú verði efnt til víðtækrar umræðu (Forseti hringir.) um þau gögn sem verða lögð fyrir þingið.

[16:01]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Þetta var mjög skemmtilegt. Þetta er fyrsta utandagskrárumræðan sem sú er hér stendur tekur þátt í sem heilbrigðisráðherra og hér er algjör samhljómur milli stjórnmálaflokkanna um hvert beri að stefna, þannig að ég fagna því mjög að við skulum hafa fengið að heyra það og ég tel ástæðu til að þakka nefndinni sérstaklega fyrir að hafa hvatt til þessarar umræðu því nú er stefnan algjörlega skýr. Það eru allir flokkar sammála um að við eigum ekki að fara í tvöfalt kerfi, við eigum ekki að fara í eitt kerfi fyrir hina ríku og annað fyrir aðra. Það eru allir sammála um það. Við eigum ekki að stefna inn í tvöfalt bandarískt kerfi, því er hafnað.

Það sem við viljum og samstaða er um er að kerfið sé réttlátt, að það sé byggt á samábyrgð þegnanna og að mestu leyti kostað af skattfé. Ég heyri að allir flokkar eru fylgjandi þessari stefnu og ég fagna því sérstaklega. Það eina sem eftir er núna er að jarða þessa hugmynd um tvöfalt kerfi endanlega og segja amen eftir efninu.

Þjóðskrá og almannaskráning, frh. 1. umr.

Stjfrv., 566. mál (flutningur Þjóðskrár til dómsmálaráðuneytisins). — Þskj. 821.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, frh. 1. umr.

Stjfrv., 567. mál. — Þskj. 822.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Þjóðlendur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 630. mál (framkvæmdastjóri og verklok nefndarinnar). — Þskj. 923.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lokafjárlög 2004, frh. 1. umr.

Stjfrv., 575. mál. — Þskj. 833.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 622. mál (einföldun og samræming lagaákvæða). — Þskj. 915.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 623. mál (samlagshlutafélög og lífeyrissjóðir). — Þskj. 916.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 624. mál (lágmark virðisaukaskattsskyldrar sölu o.fl.). — Þskj. 917.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 619. mál (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot). — Þskj. 905.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Vegabréf, frh. 1. umr.

Stjfrv., 615. mál (ný gerð vegabréfa, nýr útgefandi o.fl.). — Þskj. 900.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

[16:09]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 365. mál, nál. BjarnB o.fl., þskj. 973.

Barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, 665. mál, fsp. FG, þskj. 975.

Höfundalög, 664. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 974.

Verðbréfaviðskipti, 655. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 962.

Fundi slitið kl. 16:09.

---

93. FUNDUR

mánudaginn 27. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 392. mál, þskj. 474, nál. 912, brtt. 913 og 914. — 2. umr.
2. Bílaleigur, stjfrv., 379. mál, þskj. 435, nál. 939, brtt. 940. — 2. umr.
3. Upplýsingaréttur um umhverfismál, stjfrv., 221. mál, þskj. 221, nál. 936, brtt. 937. — 2. umr.
4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 365. mál, þskj. 419, nál. 973. — 2. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

[15:02]

Útbýting:

Dómstólar og meðferð einkamála, 670. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 980.

Heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 456. mál, nál. allshn., þskj. 982.

Landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 978.

Ljósmengun, 672. mál, fsp. MÁ, þskj. 984.

Loðnuleit og loðnumælingar, 673. mál, fsp. MÞH, þskj. 985.

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Suður-Kóreu, 671. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 981.

Skerðing vaxtabóta, 674. mál, fsp. JóhS, þskj. 986.

Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, 669. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 979.

Vatnalög, 268. mál, þskj. 932.

Þjóðlendur, 630. mál, nál. allshn., þskj. 983.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skipun ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneyti.

[15:04]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Í stefnuræðu sinni færði hæstv. forsætisráðherra það í tal að taka ætti til í stjórnsýslu landsins. Hann boðaði einfaldara Ísland. Ég er á því að áður en hann fer í það ágæta verkefni taki hann hæstvirta ráðherra ríkisstjórnarinnar á námskeið, og það gæti heitið „Förum að reglum, a.m.k. það sem eftir er kjörtímabilsins". Ekki veitir af. Nýleg niðurstaða umboðsmanns Alþingis um ráðningu ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu er mikill áfellisdómur yfir störfum ráðuneytisins. Í úrskurðinum segir að verulegir annmarkar hafi verið á meðferð ráðuneytisins í umræddu stjórnsýslumáli. Af yfirlýsingum hæstv. forsætisráðherra má ætla að hann geri sér ekki grein fyrir alvarleika málsins eða, sem verra er, að hann reyni að snúa út úr úrskurði eftirlitsmanns með stjórnsýslu landsins. Það er gríðarlega alvarlegt.

Ráðherra hefur látið í veðri vaka að ekkert sé aðfinnsluvert við ráðninguna sem slíka og ætla má að hann ætli að halda uppteknum hætti. Mér finnst það mjög alvarlegt. Ég verð að segja að það er miður að hæstv. forsætisráðherra sé ekki hér til að svara fyrir málið en að hér sitji hæstv. félagsmálaráðherra sem virðist oft sitja eftir með svartapétur, þurfa að svara fyrir vond verk, svo sem fyrir svikin gagnvart öryrkjunum sem hann handsalaði samning við í Þjóðmenningarhúsinu. Það sem fyrst og fremst kemur fram í úrskurði umboðsmanns Alþingis er að í rauninni hafi ekki verið farið eftir reglum í þessu máli. Það var ekki gert upp á milli umsækjenda á málefnalegan hátt og ekki með þeim hætti sem ráðuneytið sagðist sjálft hafa gert (Forseti hringir.) í bréfaskiptum við umboðsmanninn. Það er gríðarlega alvarlegt.

[15:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í umræðum um skýrslur Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis í vetur ræddum við þingmenn um að Alþingi skorti tæki til að fylgja álitum þessara mikilvægu fagstofnana Alþingis eftir ef ráðuneytin gera ekkert með niðurstöðu þeirra. Enn á ný blasir þessi vandi við. Hæstv. forsætisráðherra hefur brugðist við úrskurði umboðsmanns Alþingis varðandi skipun fyrrverandi félagsmálaráðherra í stöðu ráðuneytisstjóra í fjölmiðlum. Þau viðbrögð eru óásættanleg.

Í sögu Stjórnarráðs Íslands kemur fram að í stjórnskipulagi Vesturlanda sé að jafnaði gerður skýr greinarmunur á pólitískri yfirstjórn og æðstu stjórn embættismannakerfisins. Þeir sem tilheyra pólitískri forustu eru valdir af ráðherra án auglýsingar eða hæfnisskilyrða en þeir sem tilheyra embættismannakerfinu skulu eingöngu skipaðir eða ráðnir á grundvelli verðleika, svo sem starfsreynslu, menntunar eða annarrar skilgreindrar hæfni. Þetta er forsenda fyrir vönduðum vinnubrögðum stjórnsýslunnar sem skulu m.a. endurspeglast í kunnáttu, jafnræði, hlutleysi, ráðvendni og ábyrgð.

Svo einföld eru þau orð.

Þetta er forsenda fyrir vönduðum vinnubrögðum stjórnsýslunnar. Þarna verður að skilja á milli. Tillaga okkar í Samfylkingunni þar að lútandi liggur óafgreidd í nefnd og ég minni á hana hér.

Ég hefði viljað að hæstv. forsætisráðherra svaraði í þessum sal gagnrýni umboðsmanns Alþingis þess eðlis að athafnir félagsmálaráðherra við val á ráðuneytisstjóra hafi verið óforsvaranlegar og segði okkur hvað yrði gert með þetta álit. (Forseti hringir.)

Forseti. Hvað verður gert með þetta álit?

[15:08]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að niðurstaða umboðsmanns Alþingis er það sem mestu máli skiptir og það sem ráðuneytinu ber að líta til. Þar segir m.a.:

„Eins og athugun mín hefur verið afmörkuð felur niðurstaða *mín hér að framan ekki í sér endanlega afstöðu* um hver hafi verið hæfastur umsækjenda af þeim sem sóttu um starf ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins."

Ég undirstrika og endurtek að þrátt fyrir að umboðsmaður Alþingis eyði tugum blaðsíðna í að bera saman tvo tiltekna umsækjendur á grundvelli margvíslegra gagna telur hann sig ekki taka afstöðu til þess hvor hafi verið hæfastur. (Gripið fram í.) Svo segir jafnframt í lokakafla í niðurstöðum umboðsmanns Alþingis:

„Að þessu virtu og að teknu tilliti til hagsmuna þess sem hlaut umrætt starf tel ég ólíklegt að ofangreindir annmarkar leiði til ógildingar á skipuninni."

Þetta er (Gripið fram í.) líka að mínu mati mjög mikilvægt atriði sem *ég vil halda til haga hér*. Umboðsmaður telur ekki að athugun hans hafi leitt í ljós að álitið haggi þeirri skipun sem átti sér stað fyrir tæpum tveimur árum. Það er mikilvægt atriði í mínum huga.

Þá segir umboðsmaðurinn að það séu að síðustu tilmæli hans til félagsmálaráðuneytisins að það taki framvegis mið

af þeim sjónarmiðum sem fram komi í álitinu. Það mun ég sem nýr félagsmálaráðherra gera, að sjálfsögðu, og það hef ég tekið fram í viðtölum við fjölmiðla um þetta mál. (Gripið fram í.)

Ég ber mikla virðingu fyrir embætti umboðsmanns Alþingis. Ég var í forsætisnefnd þingsins þegar hann var ráðinn (Gripið fram í.) og ég tók þátt í því að móta starfsreglur hans. Ég ber mikla virðingu fyrir embættinu og ég mun að sjálfsögðu draga lærdóm af þeim ábendingum sem fram koma í þessu áliti en ég tel þær ekki þess eðlis að þær breyti ráðningu þess starfsmanns sem hefur verið ráðinn. Hún er mjög hæf í sínu starfi ásamt þeim (Forseti hringir.) auðvitað sem sótti á móti henni sem er mjög hæf manneskja líka. Ég vil taka það fram.

[15:11]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Það er alvarlegt að það skuli endurtaka sig reglulega að ráðherrar þessarar ríkisstjórnar fái álit frá umboðsmanni Alþingis, kærunefnd jafnréttismála eða jafnvel dóma um að þeir hafi gerst brotlegir við lög. Það er hins vegar ekki síður alvarlegt hvernig ráðherrar ríkisstjórnarinnar bregðast við þessum niðurstöðum með þjósti og algjöru skilningsleysi.

Í þetta skipti er það skipun ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu. Áður hafði sami félagsmálaráðherra framsóknarmanna verið dæmdur í Hæstarétti fyrir að brjóta lög og misbeita valdi sínu gagnvart framkvæmdastýru Jafnréttisstofu. Aðrir ráðherrar þessarar ríkisstjórnar hafa sömuleiðis verið álitnir brotlegir við lög. Hæstv. dómsmálaráðherra var talinn hafa brotið stjórnsýslulög, dómstólalög og jafnréttislög við skipun hæstaréttardómara.

Allir muna hver viðbrögð ráðamanna voru þá. Í kjölfarið taldi umboðsmaður Alþingis sig vera tilneyddan til að setja sérstakar mannasiðareglur til höfuðs ráðherrunum. Fleiri álit umboðsmanns Alþingis lúta að öðrum ráðherrum, svo sem hæstv. landbúnaðarráðherra við skipun rektors Landbúnaðarháskólans. Síðan horfum við upp á meintan ólögmætan brottrekstur Björns Friðfinnssonar úr embætti ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins.

Er það virkilega svo að grundvallarreglur stjórnsýsluréttarins skipti ríkisstjórnina engu máli? Ef málefnaleg sjónarmið eiga ekki að ráða för við skipun, hvaða viðmið standa þá eftir? Staðan er alvarleg þegar umsækjendur í háum embættum lýsa því yfir að ekkert þýði að leita réttar síns hjá umboðsmanni Alþingis í ljósi þess hvernig ráðherrar taka álitum hans. Það er eins og að margir ráðherrar þessarar þreyttu ríkisstjórnar telji sig yfir stjórnsýslulög og málefnaleg sjónarmið hafna þegar kemur að skipunum í embætti. Nýleg ummæli hæstv. forsætisráðherra um að ráðherrar „eigi bara að fá að ráða þessu“ staðfesta þann skilning.

Frú forseti. Þessir menn í ríkisstjórn eru einfaldlega búnir að vera of lengi við völd.

[15:13]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég komst ekki hjá því að brosa í kampinn áðan þegar hæstv. núverandi félagsmálaráðherra sagði eitthvað á þá leið að „að sjálfsögðu munum við draga lærdóm af þessum úrskurði“. Það er nefnilega það. Ég held að þessir háu herrar sem hafa setið hér við völd allt of lengi ætli að láta þetta allt sem vind um eyrun þjóta, og þá ekki síst ráðherrar Framsóknarflokksins. Það er til að mynda mjög áhugavert að sjá að við þessa umræðu núna eru aðeins til staðar hæstv. félagsmálaráðherra úr Framsóknarflokknum og síðan þrír þingmenn flokksins. Hinir hafa af einhverjum ástæðum ekki séð sér fært að vera við umræðuna. Þetta mál er náttúrlega mjög vandræðalegt fyrir Framsóknarflokkinn. Það er líka mjög áhugavert að skoða þá vel hönnuðu atburðarás sem var sett í gang í kringum flótta fyrrverandi félagsmálaráðherra úr stól sínum.

Lítum aðeins til baka og skoðum hvernig þau mál hafa öll sömul verið hönnuð. Þeir vissu að þessi úrskurður var á leiðinni. Þess vegna hætti hæstv. fyrrverandi félagsmálaráðherra. Þetta er ástæðan fyrir því. Hann gat ekki þolað að fá á sig þennan úrskurð. Ríkisstjórnin gat heldur ekki þolað að fá á sig þennan úrskurð og þar af leiðandi var sett á svið það leikrit sem við fengum að sjá um síðustu mánaðamót með einhverjum fyrirslætti um að menn væru að hugsa um einkaaðstæður og þess vegna færu þeir að vinna í bankanum. Nei, það var ekki þess vegna. Það var vegna þess að þessi úrskurður var að koma. Þeir vissu upp á sig skömmina. Og það verður fróðlegt að sjá, virðulegi forseti, hvort ekki eigi fleiri beinagrindur eftir að hrynja úr skápnum þegar ráðherrar núverandi ríkisstjórnar hverfa frá völdum. Ég hygg að þær séu fleiri. Þær beinagrindur eru fleiri sem eiga eftir að detta hringlandi út með kóngulærnar á eftir sér. (Gripið fram í.) Þið eruð búnir að brjóta margt og mikið af ykkur í gegnum árin, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason.

[15:16]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Úrskurður umboðsmanns Alþingis varðandi ráðningu ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu er alvarleg áminning til stjórnsýslunnar, til allra ráðherra núverandi ríkisstjórnar og einnig til Alþingis. Umboðsmaður Alþingis er eftirlitsmaður fólksins í landinu varðandi framkvæmd stjórnsýslunnar í ráðuneytunum og eins varðandi framkvæmd og lagasetningu á Alþingi. Það er því mikilvægt að Alþingi taki úrskurði eða ábendingar umboðsmanns Alþingis alvarlega, að úrskurði umboðsmanns sé fylgt eftir og að úrskurðir umboðsmanns Alþingis séu teknir upp af hinu háa Alþingi á sérstökum fundum utan þingsalar með umboðsmanni, ráðherrum og þingmönnum, til að fara yfir úrskurðina og læra af þeim.

Það er algjörlega óviðunandi og óásættanlegt að hæstv. ráðherrar geti brugðist við úrskurði umboðsmanns Alþingis á þann hátt sem þeir hafa gert, eins og hæstv. forsætisráðherra gerði á dögunum, að þetta væri jú eitthvað til að læra af, en engin önnur viðbrögð. Hvernig eigum við svo að fylgja úrskurðinum eftir?

Innan stjórnar Alþingis höfum við engan farveg til að fylgja eftir úrskurði umboðsmannsins (Forseti hringir.) og ég tel að við verðum að bæta úr því.

[15:18]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Þetta mál er miklu stærra en svo að það snúist um atvinnu tveggja einstaklinga. Það snýst um trúverðugleika stjórnsýslunnar, trúverðugleika æðstu embætta ríkisins. Við höfum fleiri dæmi um þetta. Það er vert að rifja upp við þessa umræðu að í síðustu skýrslu umboðsmanns Alþingis vakti hann máls á því að vegna sífelldra umdeilanlegra mannaráðninga, sem Sjálfstæðisflokkurinn stendur að vísu fyrir, í æðsta dómstól þjóðarinnar gæti það verið til þess fallið að draga úr trúverðugleika Hæstaréttar. Við verðum að hafa það í huga. Þetta er miklu stærra mál en svo að það varði bara tvo einstaklinga.

Félagsmálaráðuneytið hefur í þessu máli orðið uppvíst að því að halda því fram að gert hafi verið upp á milli umsækjenda á grundvelli málefnalegra forsendna. Þegar síðan er kafað ofan í málið kemur í ljós að ekki stendur steinn yfir steini í málflutningi félagsmálaráðuneytisins.

Það er sagt að gert hafi verið upp á milli þessara ágætu einstaklinga á grundvelli menntunar, starfsreynslu og stjórnunarhæfni. Umboðsmaður fer rækilega í gegnum þessa röksemdafærslu ráðuneytisins, með hógværum hætti. Þó segir hann að hún standist ekki. Ég er á því að Framsóknarflokkurinn skuldi þjóðinni svör. Hvaða aðferð beitti fyrrverandi ráðherra við að gera upp á milli þessara einstaklinga? Menn geta ekki sætt sig við það að eitt sé sagt og síðan þegar eftirlitsmaður með stjórnsýslunni fer í gegnum þetta sjái maður — og það sjá allir sem fara í gegnum þessa skýrslu upp á 31 blaðsíðu — að ekki stendur steinn yfir steini í aðferð sjálfs ráðuneytisins. Þetta er með öllu óþolandi. Framsóknarflokkurinn skuldar fólkinu í landinu upplýsingar um hvað í raun og veru hafi verið lagt til grundvallar við ráðningu á einum æðsta embættismanni þjóðarinnar.

[15:20]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ákveðnir þættir í þessu máli eru grafalvarlegir. Eða hvað á það að þýða að hæstv. forsætisráðherra skuli leyfa sér að segja um þetta mál í fréttum NFS síðastliðinn föstudag það sem hér stendur á útskrift frá Fjölmiðlavaktinni, með leyfi forseta, að hann hafi litið svo á að „það sé nú fyrst og fremst ráðherrarnir sem að þurfa að endingu að ráða því hverjir taka við starfi ráðuneytisstjóra. Þannig hefur það alltaf verið"?

Það er forsætisráðherra Íslands, Halldór Ásgrímsson, sem svona talar við fjölmiðla. Í sama fréttatíma segir virtur lögmaður, Ragnar Hall, að stjórnvöld hafi hunsað álit umboðsmanns, jafnvel þau allra alvarlegustu. Við stöndum frammi fyrir afar alvarlegum hlutum, frú forseti, og þingheimur og öll þjóðin verður að gera sér grein fyrir því. Hæstv. forsætisráðherra getur ekki talað svona. Hann er bundinn af stjórnsýslulögum og þetta er mjög alvarleg yfirlýsing sem kemur frá honum í þessum fréttatíma NFS. Við skulum skoða hana í samhengi við það sem er að gerast á löggjafarsamkundunni, frumvarp eftir frumvarp fer í gegn frá ríkisstjórninni um að nú eigi að kippa stjórnsýslulögum úr sambandi í þessari stofnuninni og hinni stofnuninni og loka stofnanir frá upplýsingalögum. Ég nefni Rarik, ég nefni allar matvælarannsóknir á Íslandi, Ríkisútvarpið — þetta er stefna þessa hæstv. forsætisráðherra og þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Lokum af upplýsingar gagnvart þjóðinni og hættum að fara að stjórnsýslulögum. Við ráðum því sem við viljum ráða. Þetta segja forustumenn þessarar ríkisstjórnar. Það er þetta sem er ekki forsvaranlegt, frú forseti.

[15:22]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg í þessari umræðu. Það liggur vitaskuld fyrir og hefur verið rakið að mat á umsækjendum fór ekki fram eins og lög kveða skýrt á um að skuli gerast. Það liggur fyrir og kannski er ekkert um það deilt.

Ég vil líka taka fram að sú sem ráðin var er mjög hæf og ekki er ástæða til að efast um hæfi hennar þó að aðrir kunni jafnvel að hafa verið hæfari. Um það finnst mér málið ekki snúast. Ég held hins vegar að yfirlýsingar eins og sú sem hæstv. forsætisráðherra gaf, þess efnis að þegar upp er staðið ráði ráðherrar, bendi til þess að virðing fyrir lögum og reglum sem ráðherrar verða að virða hafi ekki verið til staðar og það er mjög alvarlegt mál.

Á hinn bóginn vil ég aðeins draga fram að þessi umræða kallar einnig á að við ræðum hér af miklu meiri alvöru en verið hefur um það hvernig við skipum embættismenn og hvernig við skiptum þeim upp. Það er mikilvægt að við ræðum það hvort pólitískir embættismenn sem ráðnir eru eigi að fylgja ráðherrum og þá jafnvel fara út með þeim. Ég held að það sé eitthvað sem við þurfum virkilega að ræða. Ég met það sjálfur svo að eðlilegt sé að ráðuneytisstjórar, sem eru einhvers konar yfirverkstjórar í ráðuneytum, fylgi ráðherrum og fari einnig þegar þeir yfirgefa vettvanginn.

Ég held að það sé mikilvægt að við ræðum þetta en ég ítreka að það er óeðlilegt að við höfum skýrar reglur um hvernig þetta skuli vera en við viljum bara ekki fara eftir þeim þegar það hentar. Það er afleitt. Við þurfum að taka þessi mál til miklu betri umræðu og ræða það hvar við viljum hafa pólitíska embættismenn og hvar ekki. Það er ekki hægt að ráða embættismenn samkvæmt lögum (Forseti hringir.) en virða ekki þær reglur sem á að fara eftir.

[15:24]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Örfá atriði inn í þessa umræðu. Ég tel að mjög frjálslega sé lagt út af orðum forsætisráðherra ef menn túlka orð hans þannig að ráðherrar eigi ekki að fara eftir stjórnsýslulögum við ráðningar. Hann sagði það ekki. Ráðherrar hljóta að ráða að lokum en auðvitað eiga þeir að fara eftir þeim reglum sem í gildi eru. Það er ekkert verið að deila um það.

Mér finnst reyndar þessi umræða hafa farið út um víðan völl. Menn hafa talað um frumvörp, menn hafa talað um ráðningar hæstaréttardómara, verið með samsæriskenningar um brotthvarf Árna Magnússonar o.fl.

Það er eitt sem ég vil undirstrika. Eins og skipulagið er hjá okkur eru ráðuneytisstjórar ekki pólitískir aðstoðarmenn ráðherra. Þeir eru embættismenn og ber að ráða þá eftir því. Sá ráðuneytisstjóri sem þarna um ræðir er embættismaður. Ég hef aldrei litið á ráðuneytisstjórann sem minn pólitíska

aðstoðarmann. Ég bið hv. þingmenn að rugla þessu ekki saman.

Mestu máli skiptir að þarna er um að ræða tvo hæfa einstaklinga. Sá einstaklingur sem ráðinn var er mjög hæfur. Það þekkjum við, þingmenn, því að sá einstaklingur hefur m.a. unnið í þessari stofnun. Ég þarf ekki að lýsa því. Umboðsmaður gerir ekki athugasemdir við það hvernig var auglýst. Starfið var auglýst og ekki eru gerðar athugasemdir við það. Hann reiknar ekki með að þetta hafi áhrif á ráðninguna.

Ég hlýt að lesa út úr þessu að þarna sé um að ræða aðfinnslur við aðferðina og ég tek alveg fullt mark á þeim. Ég tel þó ekki að þetta gefi ástæðu til að breyta ráðningunni.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 392. mál. — Þskj. 474, nál. 912, brtt. 913 og 914.

[15:27]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Nefndin fékk á sinn fund fjöldann allan af gestum sem þetta mál varðar og eru þeir nánar tilgreinir á því þingskjali sem ég les hér upp. Jafnframt hafa nefndinni borist skriflegar umsagnir um málið frá fjölmörgum öðrum aðilum.

Með frumvarpinu er ríkisstjórninni falið að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Félagið verður að fullu í eigu ríkisins. Gert er ráð fyrir að eignir og skuldir núverandi fyrirtækis renni til hins nýja hlutafélags, Rariks hf. Skv. 9. gr. frumvarpsins verður allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku á öðrum rekstri greiddur af félaginu. Einnig mun Rarik hf. taka við einkarétti Rafmagnsveitna ríkisins til starfrækslu hita- og/eða dreifiveitna á orkuveitusvæði rafmagnsveitnanna.

Rökstuðningurinn fyrir þessum breytingum er m.a. að hlutafélagaform henti betur í því umhverfi sem starfsemin býr við og að reksturinn verði sveigjanlegri. Þá er talið að fjárfestingar og nýjungar í rekstri verði auðveldari í framkvæmd. Einnig takmarkast ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins við hlutafjáreign og ábyrgð stjórnenda eykst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson og Katrín Júlíusdóttir hafa skrifað undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Hlynur Hallsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann andvígur áliti þessu. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Álitið var afgreitt frá nefndinni 7. mars 2006 og undir rita Birkir J. Jónsson, Kjartan Ólafsson, Helgi Hjörvar, Einar Oddur Kristjánsson, Jóhann Ársælsson, Gunnar Örlygsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Katrín Júlíusdóttir.

Hæstv. forseti. Nefndin fjallaði allítarlega um þetta málefni og ég tel að hér sé um mjög jákvæða breytingu að ræða. Nefndin lagði í meginatriðum til tvær breytingartillögur, annars vegar er snýr að stjórn hins nýja fyrirtækis, Rariks hf., en í frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra var ekki kveðið á um fjölda stjórnarmanna. Töldu nefndarmenn eðlilegt að kveða á um það.

Er í 3. gr. frumvarps til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins lögð til svohljóðandi breyting, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.“

Í öðru lagi lagði nefndin fram breytingartillögu er varðar 10. gr. en greinin hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnaðarráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna og skal a.m.k. einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins og skal nefndin leggja mat á hvert stofnfé hlutafélagsins skuli vera. Við mat þetta skal nefndin hafa fullan aðgang að öllum gögnum Rafmagnsveitna ríkisins og skulu stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins veita nefndinni þá aðstoð er hún óskar. Nefndin skal leggja niðurstöður sínar fyrir iðnaðarráðherra eigi síðar en þremur dögum fyrir stofnfund.“

Það var samhljóða álit okkar nefndarmanna, þeirra sem standa að þessu áliti, að fella bæri 10. gr. út þar sem við teljum að efnahagsreikningur fyrirtækisins gefi skýra og góða mynd af eignum, skuldum og rekstri fyrirtækisins og teljum því rétt að þessi grein verði felld út. Var það samþykkt í nefndinni. Þetta eru þær aðalbreytingartillögur sem nefndin öll leggur til.

Hæstv. forseti. Það hefur verið mikil umræða um raforkumálefnin. Árið 2003 urðu þáttaskil í sögu orkumála landsins með setningu nýrra raforkulaga sem komu til framkvæmda þann 1. júlí árið 2003. Með setningu þeirra laga voru skapaðar forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku.

Hæstv. forseti. Ef við skoðum hvert rekstrarform annarra fyrirtækja á þessum markaði er kemur í ljós, og við könnumst við það margir hv. þingmenn hér á Alþingi, að við höfum breytt lögum m.a. um Orkubú Vestfjarða þar sem Orkubú Vestfjarða hf. tók til starfa árið 2001 og er því rekið í hlutafélagaformi. Hitaveita Suðurnesja er einnig hlutafélag. Orkuveita Húsavíkur er eignarhaldsfélag og þeim rekstri var breytt á síðasta löggjafarþingi og var samþykkt samhljóða nema af hálfu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem lögðust gegn einkahlutafélagavæðingu Orkuveitu Húsavíkur. Norðurorka er einnig hlutafélagavædd þannig að allir aðilar sem eru í samkeppni á þessum markaði, fyrir utan Orkuveitu Reykjavíkur sem er sameignarfyrirtæki, eru með hlutafélagaformið í starfsemi sinni.

Það þykir nú almennt viðurkennt að hlutafélagaformið sé hentugra rekstrarform fyrir rekstur sem þennan en það rekstrarform sem nú er notast við, jafnvel þó ríkissjóður sé einn af hlutafélaginu, einkum þegar litið er til þess meginsjónarmiðs sem raforkulögin frá 2003 byggja á, sem er að reyna að stuðla að samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Verður í þessu sambandi að hafa í huga að hlutafélagaformið er mjög fastmótað og þrautreynt, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu.

Með því að hlutafélagavæða Rarik hf. er verið að gera ábyrgð stjórnenda meiri. Ábyrgð stjórnenda mun aukast og jafnframt öll ákvarðanataka innan fyrirtækisins verður gerð auðveldari þar sem ekki þarf að sækja einstakar heimildir til ráðuneytis, sem segir sig sjálft að í samkeppnisumhverfi verður fyrirtæki eins og Rarik að hafa þau úrræði að geta tekið ákvarðanir með skjótum hætti. Því teljum við sem að nefndarálitinu stöndum að hlutafélagaformið sé ákjósanlegt hvað þetta varðar. Enda hafa nær öll önnur orkufyrirtæki sem eru í samkeppni við Rarik valið hlutafélagaformið.

Hæstv. forseti. Ég tel að mjög mikilvægt sé að frumvarpið verði að lögum. Það hefur komið mjög einarðlega fram að hálfu forsvarsmanna Rariks að mikilvægt sé að þessi breyting verði að lögum, helst á þessu vorþingi, til að gera rekstur fyrirtækisins sveigjanlegri. Ég hef trú á að breytingin muni leiða til þess að raforkuverð muni í framtíðinni verða hagstæðara, því sveigjanleiki í rekstri mun, eins og hjá Rarik hf., tryggja notendum Rariks lægri raforkureikninga í framtíðinni. Það er mjög mikilvægt að hafa í huga, að því teknu, að rúmlega 49.000 manns njóta þjónustu fyrirtækisins. Þess vegna er mikilvægt að gera fyrirtækinu kleift að starfa í því samkeppnisumhverfi sem mun á komandi árum lækka raforkureikninga landsmanna. Það er sannfæring mín.

En mjög mikilvægt er að við höfum þá til hliðsjónar hvernig rafmagnsverð og raforkuverð hefur verið að þróast víða um land. Ég tel mjög mikilvægt að því sé fylgt eftir. Niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði landsmanna á landsbyggðinni hafa aldrei verið hærri. Búið er að hækka hið svokallaða þak úr 35.000 kílóvattstundum upp í 40.000 kílóvattstundir og er með því búið að bregðast við ákveðinni gagnrýni.

Síðar verður, hæstv. forseti, reynslan að leiða í ljós hvort við höfum gert nóg í því að niðurgreiða húshitunarkostnað hjá landsmönnum. Hins vegar verðum við að hafa í huga að við verðum að mynda hvata til þess, m.a. hjá sveitarfélögum að koma á fót hitaveitu þar sem húsnæði er hitað upp með rafmagni. Við eigum að nýta þá auðlind sem okkur Íslendingum er gefin, heita vatnið, og því er mjög mikilvægt að löggjafinn gefi það svigrúm til handa sveitarfélögum að hagkvæmt sé að ráðast í hitaveitur vítt og breitt um landið þannig að niðurgreiðslur vegna húshitunarkostnaðar muni í framhaldinu lækka og fólk geti í notið heita vatnsins.

Við höfum dæmi um að Eskfirðingar hafa fundið heitt vatn og verið er að leggja hitaveitu á Eskifirði. Hefur ríkið komið þar myndarlega að með sjö ára framlagi vegna þeirrar hitaveitu sem gerir það að verkum að hagkvæmt er fyrir Eskfirðinga að ráðast í hitaveitu á Eskifirði.

Minnist ég þess þegar ég sé hv. þm. Guðmund Hallvarðsson að við þingmenn heimsóttum þessa ágætu hitaveitu síðasta sumar og var það ánægjuleg heimsókn í alla staði og glæsilegt mannvirki þar á ferð. Eins í Kelduhverfinu. Þar hefur fundist heitt vatn og líkur til að íbúar þar geti fengið aðgengi að heitu vatni. Það er nefnilega mjög mikilvægt, eins og ég sagði áðan, að við stuðlum að því að sveitarfélög fari út í slíkar framkvæmdir, að bora eftir heitu vatni til hagsbóta fyrir íbúa í viðkomandi sveitarfélögum.

Hæstv. forseti. Umræðan um einkavæðingu á Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins á örugglega eftir að hljóma í þingsal fram eftir kvöldi, þykist ég vita. Hv. þingmenn Vinstri grænna hafa haldið því fram að það sé vilji Framsóknarflokksins að einkavæða Landsvirkjun. Engar fyrirætlanir eru uppi um af hálfu Framsóknarflokksins að selja Landsvirkjun. (**Gripið fram í:** Sjálfstæðisflokkurinn vill það.) Forsætisráðherra hefur lýst yfir ákveðnum efasemdum hvað það varðar, og einnig iðnaðarráðherra. Sjálfum hugnast mér ekki að selja meirihlutaeign í þeirri þjóðarauðlind okkar Íslendinga og ég tel að standa eigi vörð um þessa sameiginlegu orkuauðlind okkar.

Stefna Framsóknarflokksins er skýr. Nú þykist ég vita að hv. þm. Jón Bjarnason eigi eftir að halda margar eða a.m.k. eina ágæta ræðu hér í kvöld sem mun örugglega taka sinn tíma. Og þykist ég viss um að hv. þm. Jón Bjarnason mun halda því fram, eins og hann hefur gert áður í umræðunni og fer ég þar með rétt mál, að Framsóknarflokkurinn vilji einkavæða Landsvirkjun og þess vegna þá Rafmagnsveitur ríkisins. En eins og ég hef gert grein fyrir er það ekki á stefnuskrá Framsóknarflokksins.

Hæstv. forseti. Ég mælist til að frumvarpið verði að lögum á þessu vorþingi. Það er mjög mikilvægt mál. Það eru rúmlega 49.000 manns sem njóta þjónustu Rariks víða um land. Það er einlæg ósk starfsmanna fyrirtækisins, hvort sem það eru stjórnendur eða almennir starfsmenn, að farið verði í þessar breytingar. Þetta er yfirleitt fólk sem er búið að vinna í áratugi hjá Rarik, áður Rafmagnsveitum ríkisins, og það fólk veit fyllilega hvað þar er verið að ræða um. Við fengum starfsmannafélagið á fund iðnaðarnefndar. Þar mæltist þessi breyting vel fyrir.

Ljóst er og það er samdóma álit þeirra sem starfa við fyrirtækið að sú breyting sem allir þingflokkar, a.m.k. þingflokkar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar leggja til að farið verði í er að áeggjan stjórnenda fyrirtækisins og starfsmanna þess. Engar gagnrýnisraddir komu fram af hálfu forstjóra eða annarra starfsmanna á þessar breytingar heldur var lagt til að þetta yrði gert svo skjótt sem auðið er og við því viljum við bregðast. Hins vegar er afstaða eins stjórnmálaflokks hvað þetta varðar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, augljós og hefur verið það í nokkurn tíma. En það er almennt viðurkennt og var almennt viðurkennt af þeim gestum sem komu fyrir iðnaðarnefnd, og fengum við nú allmarga gesti á fund okkar, að hlutafélagaformið henti vel starfsemi og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég held að hv. þingmenn Vinstri grænna séu nú hálfeinmana í þeirri afstöðu sinni. Að minnsta kosti kom ekki fram af hálfu gesta sem komu fyrir nefndina neinar aðrar hugmyndir en að þetta væri skynsamleg leið. Því er það lagt til í frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

[15:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Augljóslega er framsóknarmaðurinn Birkir Jón Jónsson með samviskubit þegar hann mælir fyrir þessu nefndaráliti. Ég skil félagshyggjuframsóknarmenn vel að þeir séu með samviskubit og líði illa.

Ég vil spyrja þingmanninn fyrst að því: Hvort er raf-

magnið og dreifing þess samfélagsþjónusta eða samkeppnisrekstur sem á fyrst og fremst að skila arði á arðsemisgrunni?

Í öðru lagi: Hvort er betra að stjórnendur fyrirtækisins ráði mestu um þessa þjónustu eða eigandinn, sem er ríkið og hið opinbera, til að tryggja neytendum sem besta og öruggasta þjónustu?

Ég heyrði ekki rökin fyrir því að einkavæða Rarik. Því það er nú svo að hlutafélagavæðing er fyrsta skref einkavæðingarinnar, hið formlega skref þar sem fyrirtækinu er (Forseti hringir.) breytt í hlutafélag. Þar með er einkavæðingin hafin, frú forseti.

[15:43]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gerðist sem mig grunaði að hv. þm. Jón Bjarnason kæmi fyrstur upp í andsvar og talaði um einkavæðingu Framsóknarflokksins á rafmagninu.

Ég fór yfir það áðan, allskilmerkilega, að það er ekki á stefnuskrá Framsóknarflokksins að selja meirihlutaeign Íslendinga í þessari þjóðarauðlind okkar. En ég held að það væri alveg sama hversu oft ég kæmi hér upp og andmælti hv. þm. Jóni Bjarnasyni, hann heyrir einfaldlega ekki það sem hér er sagt. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Það að alþingismenn eigi að sitja þarna og stýra þessu fyrirtæki og að við skulum ekki bera fullt traust til þeirra stjórnenda Rariks, eins og hv. þingmaður var að gefa í skyn, — ég treysti starfsfólki Rariks 100% fyrir þessum rekstri. Enda er þetta vinsælt fyrirtæki og hefur verið að ná mjög góðum árangri í rekstri sínum. Það er ásetningur okkar stjórnmálamanna og forustumanna þessa fyrirtækis að raforkureikningar landsmanna muni í framhaldinu lækka.

[15:44]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er svo augljóst að hv. þm. Birkir Jón Jónsson trúir ekki því sem hann er að segja. Auðvitað er hlutafélagavæðingin fyrsta skref einkavæðingarinnar. Hvað gerðist með Símann? Þegar Síminn var hlutafélagavæddur voru hér mjög hástemmd loforð um að hann yrði aldrei seldur. Það væri alls ekki fyrsta skrefið í því.

En auðvitað var hann seldur. (Gripið fram í.) Síminn. Þvert gegn vilja þjóðarinnar. Nærri 80% í síðustu skoðanakönnun voru andvíg. Þetta er einkavæðingarganga Framsóknarflokksins, hins forna samvinnu- og félagshyggjuflokks, að einkavæða Rarik, sem hefur verið stolt þjóðarinnar og hefur verið grunnur að því að dreifa rafmagni örugglega um allt land. Nú skal það einkavætt og selt. Auðvitað sagði hv. þm. að þetta væri góð eign. Auðvitað er það góð eign að fá aðgang að nánast hverjum einasta rafmagnsmæli á landinu.

[15:46]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason segir að sá sem hér stendur trúi ekki því sem hann segir. (**JBjarn:** Nei, ég trúi því ekki ...) Það er einfaldlega skoðun hv. þingmanns.

En ég verð að segja: Ef það er ekki félagshyggja að stuðla að því að auðlindir Íslendinga, orkuauðlindirnar, verði áfram í meirihlutaeigu þjóðarinnar þá veit ég ekki hvað hv. þingmaður kallar félagshyggju. Ef það er ekki félagshyggja að auka hagkvæmni í rekstri Rafmagnsveitna ríkisins, Rarik hf., með það að markmiði að stuðla að því að 49.000 viðskiptavinir Rariks njóti lægra orkuverðs þá veit ég ekki hvað félagshyggja er. Það er verið að stuðla að því að auka sveigjanleika í rekstri þessa fyrirtækis. Það verður að fullu í eigu ríkisins áfram og íslensks almennings og það stendur ekki til að breyta því. Alveg sama hversu oft hv. þm. Jón Bjarnason gefur annað í skyn.

[15:47]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að ekki einu sinni heldur tvisvar sagði hv. þm. Birkir Jón Jónsson að það væri stefna Framsóknarflokksins að selja ekki meirihlutaeign ríkisins í Rarik og Landsvirkjun þá væntanlega líka.

Spurningin til hv. þingmanns er þessi: Er Framsóknarflokkurinn til í að selja 49,9% í Rafmagnsveitum ríkisins, af því hlutafé sem þar verður til? Það er mikilvægt að fá það fram. Það gæti komið inn fjárfestir sem vildi kaupa 49,9% og vera minni hluti og samkvæmt skilgreiningu framsóknarmanna ætti það að vera í lagi. Sá fjárfestir gæti gert miklu hærri arðsemiskröfur en ríkið gerði ef það ætti 100%. Það gæti leitt til þess, virðulegi forseti, að það þyrfti að hækka orkuverð enn frekar — fræg eru nú skref Framsóknarflokksins í hækkun rafmagns til íbúa í dreifbýli.

Spurning mín er þessi: Er Framsóknarflokkurinn tilbúinn að selja 49,9% í breyttum Rafmagnsveitum ríkisins?

[15:48]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við getum verið sammála um það, við hv. þm. Kristján L. Möller, að á sumum stöðum á landsbyggðinni virðist hafa orðið nokkur hækkun að því er reikningar sýna. Það þarf að fara ofan í það.

En ég vil minna á að aldrei áður hefur jafnmiklum fjármunum verið varið til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði á landsbyggðinni. Kostnaður til húshitunar er miklu lægri í dag en hann var árið 1991 á föstu verðlagi. Það eru staðreyndir. Það hefur verið pólitískur vilji fyrir því að reyna að jafna húshitunarkostnað landsmanna og rafmagnsreikninga landsmanna.

Hvað varðar síðastnefnda dæmið, ef hv. þingmaður telur að einhver 5 eða 10 eða 20% aðili geti hækkað arðsemiskröfu í krafti minnihlutaeignar sinnar þá kannast ég ekki við að slíkt sé hægt. Að sjálfsögðu ræður meiri hlutinn í þeim efnum. Ég tel það mjög mikilvægt að meirihlutaeign í þessum fyrirtækjum sé á hendi ríkisins.

[15:49]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki að tala um nein 5 eða 10% eða eitthvert smotterí. Ég er að tala um það sem hv. þingmaður sagði að Framsóknarflokkurinn legðist gegn því að selja meiri hlutann í Rafmagnsveitum ríkisins, hlutafénu þar. Þá stendur spurningin enn þá eftir: Er Framsóknarflokkurinn tilbúinn að selja allt að því 49,9% af því hlutafé

til aðila sem gæti, eins og ég sagði áðan, gert meiri arðsemiskröfu sem leiddi til hækkunar?

Spurningin er einfaldlega þessi: Framsóknarflokkurinn, að sögn hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, er ekki tilbúinn að selja meiri hlutann. Gott og vel. En er hann tilbúinn að selja minni hlutann?

[15:50]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir að hv. þingmaður vildi ekki ræða hér í andsvari við mig raforkuverðið árið 1991, enda var þá hans flokkur, hv. þingmanns, í ríkisstjórn. Staðreyndin er sú að raforkuverð hefur lækkað heilmikið frá árinu 1991. (Gripið fram í.)

En hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr þrálátlega um hvort ég vilji hér taka ákvörðun fyrir hönd Framsóknarflokksins. Ég get talað fyrir mig, sem formaður iðnaðarnefndar, að ég tel alveg fyllilega koma til greina að eitthvert fyrirtæki gæti komið inn í þennan rekstur ef það mundi gera rekstur fyrirtækisins hagkvæmari.

Við skulum horfa til Norðmanna og olíuauðlindarinnar þar. Þar hafa fagfjárfestar fengið að koma inn, hugsanlega með tækniþekkingu og annað slíkt, svo ég vil ekki útiloka að einhverjir aðilar geti komið inn með lítinn hluta. En það er skýrt að meirihlutaeign verður að vera í eigu ríkisins að mínu mati.

[15:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmanni, formanni iðnaðarnefndar, verður tíðrætt um það í ræðu sinni að breytingin sé gerð til að gera rekstur fyrirtækisins sveigjanlegri. Það sé hægt að taka ákvarðanir með skjótari hætti en nú er þar sem bera þurfi allar ákvarðanir Rariks í dag undir ráðuneytin. Hann talaði um aukna ábyrgð á stjórn eigendanna.

Ég vil spyrja hv. þingmann um rökstuðninginn fyrir því að það að gera rekstur Rariks sveigjanlegri — sem í mínum huga þýðir að það verði meiri völd hjá forstöðumanni eða forstjóra til að ráða og reka fólk án áminningar — geti fært okkur lægra raforkuverð. Rökstuðninginn vantaði alveg í ræðu hans.

[15:52]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Eins og ég rakti í framsöguræðu minni er það sameiginlegt álit stjórnenda og starfsmanna Rariks að hér sé um mjög ánægjulega breytingu að ræða, sem, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir rakti, mun gera rekstur fyrirtækisins sveigjanlegri. Það er samdóma álit þeirra sem starfa við þetta fyrirtæki að núverandi ástand sé ekki eins gott og mælt er fyrir hér með hlutafélagaforminu.

Ég fór yfir það hér áðan að ákvarðanataka er oft háð samþykki ráðuneytis og í samkeppnisumhverfinu, þegar einhver tækifæri bjóðast og menn þurfa að taka skjótar ákvarðanir, getur verið dálítið tafsamt að þurfa að senda beiðni upp í ráðuneyti og fá samþykki fyrir því að menn megi kaupa tiltekna húseign eða hvað svo sem annað má segja um það. En rekstur fyrirtækisins verður miklu sveigjanlegri með þessari breytingu.

[15:54]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Allt sem hv. þingmaður sagði í andsvari sínu var hann búinn að segja í ræðu sinni áður. Sveigjanleikann þekki ég. Ég þekki teoríuna í sveigjanleikanum. Ég veit hins vegar ekki hvernig hv. þingmaður getur haldið því fram að þessi meinti sveigjanleiki komi til með að færa landsmönnum lægra raforkuverð.

Nú vil ég segja nokkur orð við hv. þingmann. Hlutafélagaformið er afar hentugt fyrir fyrirtæki sem gert er ráð fyrir að skili arði. Það að breyta grunnþjónustufyrirtæki eins og Rarik í hlutafélag hefur ekkert með það að gera að tryggja lágt orkuverð til landsmanna. Ekki neitt.

Hv. þingmaður verður að átta sig á því og nú skulum við hafa það á hreinu að með þessum sveigjanleika, sem hv. þingmaður telur svona verðmætan, þá er hann að taka þetta fyrirtæki undan sjálfsögðum lögum sem opinber grunnþjónustufyrirtæki hafa verið undirsett hingað til, undan upplýsingalögum, undan stjórnsýslulögum, undan lögum um opinbera starfsmenn, sem þýðir að það má segja fólki upp án áminningar, og hann er að taka þetta fyrirtæki undan (Forseti hringir.) Alþingi.

[15:55]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur komið fram er það einlægur vilji þeirra sem starfa við þetta fyrirtæki og hafa gert um áratugaskeið að farið verði í þá breytingu sem hér er lögð til. Hv. þingmenn Vinstri grænna virðast hafa miklu meiri þekkingu á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins en umræddir starfsmenn sem hafa starfað þar í áratugi.

Þetta er einlæg ósk starfsmanna sem vilja vinna í þágu sinna neytenda með það að markmiði að lækka raforkuverð og auka skilvirkni í rekstri síns fyrirtækis. Það eru göfug og góð markmið sem ég styð af heilum hug. Nú þekki ég ekki hugmyndafræði Frjálslyndra í þessu sambandi, hún mun væntanlega koma í ljós, en mér sýnist að Vinstri grænir séu einangraðir í sinni afstöðu gegn starfsmannafélagi og forustumönnum í þessu fyrirtæki. (**KolH:** Hvernig lækkar hf. raforkuverðið?)

[15:56]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hv. framsögumann í hverju sveigjanleiki hlutafélagavæðingar Rariks sé fólginn, þ.e. með tilliti til þess hvernig hann lítur á Rarik í framtíðinni, hvert hlutverkið eigi að vera. Á það að vera þjónustuhlutverk eða á það að vera fyrirtæki á markaði sem gerðar verða arðsemiskröfur til? Mér finnst það skipta miklu máli, hæstv. forseti, að sveigjanleikinn innan fyrirtækisins taki mið af þeirri grunnhugsun sem er að baki fyrirtækinu.

Hvers vegna telur hv. þingmaður að rafmagnsverð til almennings og neytenda muni lækka hér á landi frekar en í þeim löndum þar sem einkarekstur hefur verið tekinn upp fram til þessa?

Hver er munurinn á íslenskum markaði og þeim mörkuðum þar sem einkareksturinn hefur verið tekinn upp og

komið hefur fram að rafmagnsverð hefur ekki lækkað heldur frekar hækkað og þjónustan versnað? Í hverju er íslenski markaðurinn frábrugðinn?

[15:57]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Þuríður Backman kom með ágæta spurningu um arðsemiskröfuna og hvert hún rynni. Nú er ljóst að þetta á að vera fyrirtæki að fullu í eigu ríkisins. Sú arðsemiskrafa sem við gerum til fyrirtækisins er sú að fyrirtækið hagræði rekstri sínum með það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum lægra orkuverð. Það er skýr stefna til framtíðar að reyna að lækka orkureikning landsmanna með því að gera fyrirtækið skilvirkara og betra í rekstri. Það er vilji starfsmanna fyrirtækisins. Ég minni á að það eru rúmlega 49.000 manns sem skipta við þetta fyrirtæki og það skiptir miklu máli ef við getum stuðlað að því að rafmagnsreikningur þessa hóps lækki.

[15:58]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður svaraði því ekki í hverju munurinn væri fólginn á íslenskum markaði og þeim mörkuðum erlendis sem hafa tekið upp samsvarandi rekstur, þar sem komið hefur í ljós að rafmagnsverðið hefur ekki lækkað heldur hefur það hækkað og þjónustan hefur versnað. Ég vil biðja hann um að gera grein fyrir því í stuttu andsvari ef hann getur, eða þá í seinni ræðu sinni, í hverju þessi munur á markaðnum er fólginn.

Nú hefur komið í ljós, hæstv. forseti, að það er mikill áhugi hjá öðrum orkufyrirtækjum að kaupa eigur Rariks, bæði dreifiveiturnar og eins virkjanir. Hvernig ætlar Framsóknarflokkurinn að koma í veg fyrir það? Minni ég þá á yfirlýsingar um að ekki ætti að selja Símann eða bankana. Ég tel að hv. þingmenn og þjóðin öll geti ekki, miðað við þá reynslu sem við höfum af yfirlýsingum Framsóknarflokksins um að ekki eigi að selja, treyst því að staðið verði við þau orð. Hvernig ætlar hann að koma í veg fyrir þetta?

[15:59]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var á dögunum á fundi á Egilsstöðum þar sem farið var yfir raforkumálin í heild sinni og m.a. komu fulltrúar frá Landsneti þar á fund og fluttu mjög áhugaverðan fyrirlestur.

Í ljós hefur komið að með tilkomu Landsnets og þess góða starfs sem þar er unnið hefur afhendingaröryggi orkunnar aukist. Óvíða í heiminum er afhendingaröryggi eins gott og hér á landi og samhliða er kostnaður lægri. Öll þróun hjá Landsneti hefur sýnt að afhendingaröryggið er að verða betra og kostnaður samhliða því að veita þessa þjónustu hefur heldur verið að lækka.

Þannig að það hlýtur að segja okkur að það skiptir miklu máli að kaupendur þessarar orku séu öruggir um að fá orkuna sem þeir kaupa og við erum meðal fremstu þjóða á því sviði.

[16:00]

Útbýting:

Launa- og starfskjör skráðra félaga í kauphöllinni, 420. mál, svar viðskrh., þskj. 966.

Skráning og þinglýsing skipa, 666. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 976.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál, rökst. dagskrá JBjarn o.fl., þskj. 990.

[16:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við þingmenn Samfylkingarinnar skrifuðum undir þetta álit með fyrirvara. Það er í sjálfu sér stundum svolítið flókið að fást við mál hér á Alþingi. Við erum á þeirri skoðun að starfsemi sem þessari sé prýðilega fyrirkomið í hlutafélagi.

Við höfum hins vegar ýmsa fyrirvara við þessa hluti. Sá fyrsti sem ég vil nefna er að við teljum að setja þurfi sérstök lög um hlutafélög í eigu ríkisins. Enda hefur formaður flokksins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, ásamt öðrum þingmönnum, flutt frumvarp um það efni. Ríkisstjórnin hefur líka flutt frumvarp um þetta efni. En við teljum að það frumvarp nái ekki utan um málið með þeim hætti sem hægt er að sætta sig við.

Það er með ólíkindum að ríkisstjórnarflokkarnir skuli á undanförnum árum hafa sett þann rekstur sem er í hlutafélagaformi í vegum ríkisins í þá stöðu að upplýsingar til alþingismanna skuli ekki liggja fyrir. Að ekki sé hægt að fá upplýsingar um þessi fyrirtæki og rekstur þeirra með fullnægjandi hætti.

Ég segi alveg eins og er að ég botna ekkert í þeirri afstöðu sem í þessu felst, einfaldlega vegna þess að fyrir stjórnmálamenn og hið opinbera, eins og það kemur fram fyrir augu almennings, þá er traust númer eitt. Traustið fæst með því að segja frá hlutunum, að þeir séu uppi á borðinu. Að upplýsingarnar séu til staðar fyrir almenning. Stjórnmálamenn eiga síðan auðvitað að sækja eftir þeim upplýsingum.

Þetta vildi ég nú segja fyrst. Síðan ætla ég að koma að því sem hv. framsögumaður sagði hér áðan í andsvörum því það kom mér nokkuð á óvart. Það segir nefnilega í 3. gr. frumvarpsins að öll hlutabréfin skuli vera í eigu ríkisins. Í andsvari sagði hv. þingmaður hins vegar að meiri hluti hlutabréfanna ætti að vera í eigu ríkisins. Ég óska eftir því að hv. framsögumaður og formaður iðnaðarnefndar geri nánari grein fyrir því hvað hann er að fara með þessu. Hér erum við að tala um skýra lagasetningju sem liggur fyrir í tillögunni og engin breytingartillaga frá meiri hlutanum um að öll hlutabréfiin skuli vera í eigu ríkisins.

Formaður nefndarinnar gerir grein fyrir því hér að hann hafi einhverja allt aðra skoðun. Þó svo að ég hafi þá skoðun að eignarhald á Landsvirkjun geti vel verið til umræðu og hef reyndar sett fram ákveðnar hugmyndir um að í raun og veru ætti að líta til sveitarfélaganna hvað varðar eignarhald á þessu fyrirtæki, einfaldlega vegna þess hvernig að eignirnar hafa orðið til í Rarik, þá verð ég að segja alveg eins og er að ég tel að þetta ákvæði sé mjög mikilvægt og á því hangir að mörgu leyti sú afstaða okkar samfylkingarmanna að vilja styðja við þetta. Einfaldlega vegna þess að á meðan

lögin eru svona skýr um að öll hlutabréfin skuli vera í eigu ríkisins þá ætti ekki að vera hætta á að fyrirtækið verði sameinað öðru eða selt, eða seldir hlutir úr því. Vegna þess að það liggur algjörlega fyrir að þá þarf lagabreytingu hér á Alþingi.

Ég set það fram sem mína skoðun, alveg skýra, að jafnvel þótt menn væru að tala um að sameina ríkisfyrirtæki eins og Orkubú Vestfjarða og Rarik, þá þurfi á því að halda að fá samþykki Alþingis fyrir því. Ef menn hafa aðra skoðun á þessu þá bið ég um að það komi fram. Þannig að málið tel ég þurfa að rata hér inn í sali Alþingis ef á að verða einhvers konar breyting á eignarhaldi eftir að þetta frumvarp verður að lögum.

Ég endurtek, ef hv. þingmaður, Birkir Jón Jónsson, formaður iðnaðarnefndar hefur ekki heyrt til mín áðan þegar ég spurði. Ég tel ástæðu til að spyrja hann nákvæmlega eftir því hvað hv. þingmaður eigi við, þegar hann sagði hér í andsvari áðan að hann teldi að meiri hluti ætti að vera í eigu ríkisins. Mér finnst það alls ekki passa við þessa lagasetningu og tel reyndar að það sé útilokað að líta þannig á að þessi lög geti þýtt annað en að ríkið eigi þetta fyrirtæki áfram í óbreyttri mynd, að óbreyttu þessu frumvarpi ef það verður að lögum. Það er nákvæmlega þannig.

Ég hef hins vegar þá skoðun, og hv. þingmaður getur líka haft þá skoðun, að í framtíðinni geti menn breytt þessum lögum. En þá verða menn auðvitað að kannast við þá skoðun og setja hana þannig fram að menn geti vel séð fyrir sér að aðrir aðilar en ríkið eigi Rarik. Ég ætla að fjalla aðeins betur um að í raun og veru eigi að fara vandlega yfir hverjir það eru sem eðlilegast væri að ættu Rafmagnsveitur ríkisins.

Þar finnst mér að fyrst og fremst eigi að skoða sveitarfélögin, fólkið í sveitarfélögunum sem hefur byggt eignir Rarik upp og að miklu eðlilegra sé líta á eignarhald Rariks út frá þeim forsendum hvernig eignin hefur orðið til en út frá því að ríkið hafi sett fyrirtækið á laggirnar og borið ábyrgð á því, og þess vegna eigi ríkið að eiga fyrirtækið. Það finnst mér ekki.

Þegar menn velta því fyrir sér í samhengi við eignamyndunina í Landsvirkjun, hjá Reykjavíkurborg og Akureyri, þá spyr ég: Hvernig geta menn þá séð sanngirni í að önnur sveitarfélög, sem hafa með greiðslum og kaupum á þjónustu á Rarik byggt upp eignir Rariks, eigi að sitja hjá og fái enga umbun fyrir það? Þetta er mín skoðun og ég hef margoft sett hana fram og ég tel að full ástæða sé til að menn skoði þetta og ég hvet sveitarstjórnarmenn til þess, sveitarstjórnarmenn sem eru að verja hagsmuni þeirra sveitarfélaga sem hafa í raun og veru byggt upp þessar eignir, og þær eru ekki litlar, 11 milljarðar eru þær að nafnvirði í fyrirtækinu í dag. Sennilega miklu meira virði en það. Það hefur nú verið hægt að beygja sig fyrir minna í þessu samfélagi, að minnsta kosti enn þá, en fjármunum af því tagi.

Það mundi muna um ef sveitarfélögin í landinu eignuðust þessar eignir að hluta til eins og mjög eðlilegt væri. Ég get vel sætt mig við að þetta fyrirtæki verði gert að hlutafélagi og sett á almennan hlutabréfamarkað ef menn standa almennilega að því að gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi og koma til móts við eigendurna sem að mínu viti ættu að minnsta kosti að vera af töluverðum hluta til sveitarfélögin í landinu og það fólk sem hefur byggt upp þær eignir sem þarna eru.

Ég tek fram að þetta eru persónulegar skoðanir mínar og að aldrei hefur verið tekin nein sérstök afstaða til þess sem ég er að segja núna í Samfylkingunni. Samfylkingin hefur hins vegar haft þá skoðun að það sé eðlilegt að nota hlutafélagaformið hvað varðar þessi fyrirtæki eins og hér er til umræðu. Það er þess vegna sem við höfum teygt okkur til móts við meiri hlutann og skrifum undir þetta mál með fyrirvara.

Undirbúningur þessa máls hefur ekki verið allt of góður, sem málið ber auðvitað töluvert með sér núna þegar það er sett fram. Það sést á því að það eru breytingartillögur við fimm greinar af þeim tíu sem eru í frumvarpinu. Ein greinin er felld gjörsamlega í burtu. En það eru breytingartillögur við fjórar aðrar greinar.

Það er í sjálfu sér dálítið spaugilegt að sjá sumt af því sem þarna er, eins og ef horft er á þetta í samhengi við það hvenær málið var lagt fram, einhverjum tíu, tólf dögum áður en í frumvarpinu stóð, að það ætti að stofna hlutafélag á stofnfundi sem átti að halda eigi síðar en 15. desember. En málinu var dreift á Alþingi um mánaðamótin þar á undan, mánaðamótin nóvember/desember. Síðan þegar 10. gr. er lesin sem meiri hlutinn, eða nefndin, leggur núna til að verði felld út í heilu lagi, þá segir þar, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna og skal a.m.k. einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins og skal nefndin leggja mat á hvert stofnfé hlutafélagsins skuli vera. Við mat þetta skal nefndin hafa fullan aðgang að öllum gögnum Rafmagnsveitna ríkisins og skulu stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins veita nefndinni þá aðstoð er hún óskar. Nefndin skal leggja niðurstöður sínar fyrir iðnaðarráðherra eigi síðar en þremur dögum fyrir stofnfund."

Málinu er sem sagt dreift í byrjun desember eða nálægt mánaðamótunum. Nefndin, sem á að skipa samkvæmt lögum, á að klára að meta fyrirtækið og leggja það mat fyrir iðnaðarráðherra þremur dögum fyrir stofnfund, sem á vel að merkja að vera 15. desember. Það hlýtur að vera gert ráð fyrir miklum afreksmönnum til að gera þetta. En samt sem áður held ég að þetta gæti aldrei gengið upp.

Þetta er dæmi um að málið hefur ekki verið vel hugsað og undirbúið. En ef breytingartillögurnar verða samþykktar þá verður náttúrlega öllum þessum hlutum breytt með þeim hætti að það er hægt að vinna þetta verkefni sem iðnaðarráðherra á að hafa á hendi og þeir aðilar sem það er falið. Síðan er þessi 10. gr. reyndar felld algerlega í burtu. Svo menn sjá ekki ástæðu til að meta fyrirtækið með neinum öðrum hætti en fyrir liggur í bókum þess. Ég held í sjálfu sér að það sé ágætisniðurstaða.

Þótt margir dragi það í efa og ræði málin út frá ýmsum sjónarhornum, þ.e. samkeppnisumhverfið sem ævinlega er talað um koma á í raforkugeiranum, þá tel ég það þrátt fyrir allt ómaksins vert að menn streitist við að gera það og reyni það með öllum ráðum. Eitt af því er auðvitað að gera fyrirtæki sem taka þátt í samkeppni sem eðlilegust hvað varðar regluverk. Það er þess vegna að mörgu leyti eðlilegt að halda hlutafélagaformi við á þessum markaði. Þess vegna

höfum við ekki talið óeðlilegt að gera þetta fyrirtæki yrði að hlutafélagi.

Eins og hv. formaður nefndarinnar sagði kom fram á fundum nefndarinnar að það var óvanalegt, hvað varðar málefni af þessu tagi, að starfsmenn fyrirtækisins virtust nokkuð vel sáttir við að fyrirtækið yrði gert að hlutafélagi. Þeir virtust ekki óttast mjög um sinn hag við breytinguna. Þeir sögðu reyndar, sem komu á fund nefndarinnar, að þeim fyndist tími til kominn að óvissunni yfir fyrirtækinu yrði eytt og menn færu gera fyrirtækið að því sem það ætti að vera til framtíðar. Þeir litu greinilega svo á að fyrirtækið yrði að hlutafélagi, sem hluta af því að skýra mynd fyrirtækisins til framtíðar. Eins og ég sagði áðan eru ekki uppi þau vandamál sem oft hefur komið upp, að starfsmenn séu smeykir um sinn hag og jafnvel á móti aðferðinni sem lagt er til að beita.

Eins og ég nefndi áðan flytjum við þingmenn Samfylkingarinnar breytingartillögu við þetta frumvarp. Sú breytingartillaga er eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í síðari málslið 3. gr. komi: Fjármálaráðherra.“

Fyrir þessu vil ég færa fram nokkur rök. Iðnaðarráðherra hefur gríðarlega mikið með umfjöllun um auðlindir í landinu að gera, m.a. hefur iðnaðarráðherra haft á sinni könnu að taka afstöðu til þess hverjir eigi að fá leyfi til að rannsaka og jafnvel nýta auðlindir. Hæstv. ráðherra hefur þar úrslitaáhrif. Jafnframt er iðnaðarráðherra yfirmaður og æðstráðandi yfir raforkufyrirtækjum í eigu ríkisins. Auðvitað getur það ekki farið saman að sami ráðherra skeri úr um hvaða fyrirtæki fái rannsóknarleyfi, t.d. til að nýta orku, til að skoða orkunýtingarmöguleika í landinu eða leyfi til að fá þessar orkulindir til nýtingar og velji annars vegar milli ríkisfyrirtækja sem hann er æðstráðandi yfir og annarra fyrirtækja á markaðnum. Þetta er auðvitað gjörsamlega óþolandi stjórnsýslufyrirkomulag. Menn hafa auðvitað bent á þetta. Aðilar komu á fund nefndarinnar, t.d. frá Hitaveitu Suðurnesja og frá Orkuveitu Reykjavíkur, og bentu á þetta. Sama gerðu reyndar aðrir líka, ýmist í samtölum eða umsögnum. En meiri hlutinn í iðnaðarnefnd var ekki til viðtals um að gera bragarbót á þessu. Því varð niðurstaða okkar í Samfylkingunni að flytja þessa breytingartillögu, í þeirri von að við gætum orðið þokkalega sátt við heildarniðurstöðuna úr þessu máli.

Eftir að hafa hlustað á marga þingmenn ræða þetta málefni sérstaklega, þar sem þeir hafa verið okkur sammála um að þetta fyrirkomulag sé ekki líðandi og menn verði að taka á því, þá trúi ég því bara ekki að alþingismenn, með samviskuna að leiðarljósi, þegar þeir taka afstöðu til þessarar tillögu í sölum Alþingis, geti komist að annarri niðurstöðu en að hér verði menn að gera breytingu á og að fela fjármálaráðherra yfirráðin yfir hlutabréfunum í Rarik, í stað hæstv. iðnaðarráðherra eins og nú er.

Það kemur í ljós hvernig fer með þessa breytingartillögu og hvernig atkvæðagreiðslu um hana lyktar á Alþingi. Ég hef trú á að við samfylkingarmenn getum með bærilegri samvisku samþykkt þetta mál að lokum ef tillaga okkar verður samþykkt. Þá tel ég að við höfum ákveðna tryggingu fyrir því að á ferðinni sé mál sem er þó a.m.k. í lagi þangað til ný stjórnvöld hafa tekið við í þessu landi og geta gert þær breytingar sem upp á vantar. Mér sýnist af þeim fréttum sem ég hef heyrt og umfjöllun um hlutafélög í opinberri eigu, að við fáum ekki viðunandi niðurstöður þar og að breyta þurfi þeim lögum þegar möguleiki gefst til á Alþingi. Þangað til verðum við að treysta því, ef samþykkt verður ásamt þeim tillögum sem fyrir liggja, að öll hlutabréfin verði í eigu ríkisins. Við getum þá reiknað með því að ekkert hafi breyst þegar kemur fram á næsta kjörtímabil og menn taka málið upp að nýju, ef til þess verður meiri hluti.

Auðvitað væri ástæða til að ræða fjölmargt í samhengi við þessa umræðu. Ég nefndi áðan varðandi sveitarfélögin að eðlilegt væri að þau eignuðust hlut í Rafmagnsveitum ríkisins. Ég vonast til að í framhaldi af þessu, þegar búið er að gera félagið að hlutafélagi, muni menn nú fara yfir þessi mál. Ég efast ekki um að þegar kemur að sölu, eða kaupum ríkisins, á hlut Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun muni umræðan um þessi mál vakna vegna þess að þá munu menn sjá hverslags gríðarleg verðmæti eru fólgin í orkufyrirtækjum okkar.

Það er líka annað sem þarf að ræða. Það er ekki þannig að hægt sé að setja fyrirtæki eins og Rarik á markað eða breyta eignarhaldi á því þannig að aðrir komi þar til fyrr en búið er að setja eðlileg lög um auðlindir í þjóðareign og hvernig með þær eigi að fara. Það þarf a.m.k. að rannsaka hvort hluti af þeim auðlindum sem Rarik hefur yfir að ráða mundi teljast í þjóðareign. Ég hef ekki þekkingu á því en það þyrfti auðvitað að skoða áður en menn taka afstöðu til þess hvort öðrum verði gert kleift að eignast hlut í þessu fyrirtæki í framtíðinni. Við erum í raun ekki að fjalla um það núna en mér finnst ástæða til þess að nefna þetta. Ég tel að öll þessi fyrirtæki, öll orkufyrirtæki í eigu ríkisins, þurfi að skoða út frá umræðunni sem þarf að fara fram um þjóðarauðlindir. Það þarf að ganga frá auðlindum sem fyrirtæki eins og Landsvirkjun og önnur slík hafa undir höndum með þeim hætti að þær verði áfram í þjóðareign og fyrirtækin hafi afnot af þeim með viðunandi samningum sem geta átt við um auðlindir í þjóðareign. Þetta er merkilegt viðfangsefni sem menn þurfa að skoða í rólegheitum og sameiginlega. Í sjálfu sér er ekki hægt að ganga í þau fyrr en eftir að búið er að innleysa hlutina í Landsvirkjun frá Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ.

Eins og allir vita slitnaði upp úr samningaviðræðum um þau skipti í vetur, því er verr og miður. Ég tel að það muni kosta ríkissjóð drjúgan skilding vegna þess að auðlindirnar gera ekki annað en að hækka í verði. Orkan af þeim auðlindum sem Landsvirkjun hefur í sínum höndum heldur áfram að hækka í verði í framtíðinni. Ég varð satt að segja frekar undrandi á þeim tölum sem ég heyrði á sínum tíma um hvers virði þessi hlutur Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar væri talinn. Mér fannst að þar hefði vel mátt koma betur til móts við bæjarfélögin til að ljúka málinu.

Áðan var komið inn á raforkumarkaðinn í umræðunni, ég má til með að nefna það aðeins, og upphitun húsa með raforku í landinu. Um það hefur farið fram gríðarleg umræða í gegnum tíðina. Það er eðlilegt vegna þess að þetta er stór hluti af kostnaði fólks við rekstur húseignar. Fólk hefur auðvitað átt erfitt með að skilja að Íslendingar, svo orkurík þjóð sem raun ber vitni, sem hefur efni á að selja orku á svo

ótrúlega lágu verði sem allir sjá að er í samningum við fyrirtæki sem framleiða ál, stóriðjuna, fái ekki raforkuna á bærilegra verði til að hita upp húsin sín. Í sölum Alþingis hafa menn gripið til þess ráðs að greiða niður orkukostnað til að koma til móts við fólk á þessum svokölluðum köldum svæðum. Niðurstaðan sem við höfum fengið út úr þessu er sú að ekki sé að sjá annað en að niðurgreiðslurnar flækist svolítið fyrir hvað það varðar að sækja hitaorku úr jörðu til að hita upp hús á Íslandi.

Til að bregðast við því hefur verið á undanförnum árum verið greiddur til nýrra hitaveitna styrkur sem hefur verið fólginn í því að menn fengju sem svaraði tilteknum árafjölda sem húseigendur hafa fengið vegna niðurgreiðslu á húshitun. Þetta voru upphaflega fimm ár en var síðan hækkað upp í sjö. Sannleikurinn er sá að þetta var ekki nóg. Það hefur sýnt sig að menn hafa ekki nýtt sér möguleika sem þó hafa verið til staðar til að ná í heitt vatn til að hita upp hús. Menn hafa ekki séð nógu skýran hag í að gera það. Ég tel að ganga hefði mátt lengra og tel að þarna ættu að lágmarki að vera til staðar tíu ár til að hvetja fólk, fyrirtæki sveitarfélaga eða fyrirtæki á svæðum þar sem ekki eru hitaveitur í dag, til að leita að heitu vatni og koma á hitaveitum. Þetta þarf að taka til endurskoðunar.

Ég ætla ekki að fara í umræðu um raforkuverðið að sinni og þau vonbrigði sem margir hafa orðið fyrir með samkeppni á raforkumarkaðnum, sem menn töldu sig hafa komið á en það virðist ekki björgulegt enn þá. Ég efast um að menn muni sjá þess stað á næstunni. Það er ekkert sem bendir til þess. Ég er samt á þeirri skoðun að stjórnvöld eigi, úr því að lagt var af stað í þá göngu, að gera allt sem hægt er til að skapa samkeppnisumhverfi á þessum markaði. Hluti af því er að öflug fyrirtæki séu á þessum markaði og að þau séu ekki í eigu sömu aðila þannig að menn sitji allt í kringum borðið að semja við sjálfa sig. Þannig er þetta í dag en þannig má það ekki vera í framtíðinni eigi að byggja upp traust á þessum markaði.

Ég vonast til þess að fá svör við því sem ég spurði um áðan. Ég ætla svo að fylgjast með umræðunni og sjá til hvort ég tek frekari þátt í henni.

[16:33]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir málefnalegt innlegg í þessa umræðu. Ég tel að ólík sjónarmið vegist á í ýmsu sem kom fram í ræðu hans sem ég ætla ekki að fara nánar út í hér. Hv. þingmaður kom inn á þann hluta framsöguræðu minnar sem varðaði það hvort mögulegt væri að einhver annar aðili gæti einhvern tímann í framtíðinni komið inn í rekstur t.d. Rarik hf. og hvort þá þyrfti ekki að breyta lögum.

Að sjálfsögðu þarf að breyta lögum þar sem í 3. gr. stendur að öll hlutabréf í hlutafélaginu skuli vera eign ríkissjóðs og að iðnaðarráðherra fari með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu.

Minn flokkur hefur ekki tekið endanlega afstöðu til þess hvort það sé mögulegt að hleypa öðrum aðilum inn en skoðun mín er sú að það væri óráð að útiloka það alfarið að einhver aðili gæti komið, hvort heldur það væri með þekkingu eða annað, inn í slíkan rekstur. Ég treysti mér ekki til að útiloka það alfarið. Hins vegar tel ég að við hv. þingmaður séum mjög sammála um að þessi auðlind okkar Íslendinga, þessi einstaka auðlind okkar Íslendinga, eigi að vera í meirihlutaeign þjóðarinnar. Hugsanlega í 100% eign. Ég ætla ekkert að kveða upp úr með það hér. En mér finnst óvarlegt að útiloka eitthvað til framtíðar hvað varðar hugsanlega innkomu annarra aðila að þessu. Mér heyrðist reyndar hv. þingmaður ekki útiloka það heldur. Hann nefndi sveitarfélög í því samhengi.

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni og félögum hans í Samfylkingunni fyrir ágæta samvinnu í þessari vinnu. Ég held að í grundvallaratriðum séum við sammála nema því sjónarmiði sem hv. þingmaður nefndi í 3. gr. að iðnaðarráðherra fari með eignarhlut en ekki fjármálaráðherra. En það er formsatriði að mínu mati en ekki stóra málið í því frumvarpi sem við ræðum hér.

[16:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta síðasta að það sé formsatriði að iðnaðarráðherra fari með eignarhald í Rarik finnst mér skrýtið. Ég hef reyndar ekki góða reynslu af því að ræða um það sem menn kalla formsatriði hér vegna þess að við tókum svolitla skorpu um það í umræðunni um vatnið. Það er ekki formsatriði í mínum augum að iðnaðarráðherra hafi yfirráðin þarna. Þetta snýst um það hvort um sé að ræða góða eða slæma stjórnsýslu. Iðnaðarráðherra er með mörg hlutverk hvað varðar þau fyrirtæki sem eru á þessum markaði. Menn þurfa að átta sig á því að ef búa á til eitthvert samkeppnisumhverfi þar sem traust ríkir þá má ekki hátta þannig til að sami aðili, sem er yfirmaður ríkisfyrirtækjanna, sé að velja á milli þeirra og annarra fyrirtækja á markaðnum. Það er þetta sem ég á við og ég álít alls ekki um neitt formsatriði að ræða.

Hitt sem ég spurði um var um eignarhaldið. Ég þóttist nokkuð vita hvað hv. þingmaður var að fara, mér fannst hann taka þannig til orða í þeim andsvörum sem ég var að vísa til að hann teldi að þetta eignarhald gæti breyst og ef það væri bara lítið væri það allt í lagi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir algerlega skýru eignarhaldi ríkisins og þess vegna taldi ég ástæðu til að spyrja betur eftir afstöðu hv. þingmanns.

Ég tel reyndar, eins og ég lét koma fram í ræðu minni á undan, að áður en menn geti farið að ræða þetta í alvöru þurfi að afgreiða hin stóru mál sem varða eignarhald á auðlindum og hvernig með það skuli fara, en ég kem betur að því í seinna andsvari mínu hvað ég á við þar.

[16:37]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg skýrt í því lagafrumvarpi sem við ræðum hér að öll hlutabréf í hlutafélaginu skulu vera eign ríkissjóðs og að sjálfsögðu þarf að gera einhverja lagabreytingu ef menn ætla að breyta því grunnstefi. Ég styð þetta frumvarp af heilum hug og árétta að það er skoðun mín að það sé mikilvægt að ríkið hafi meiri hluta og afgerandi yfirráð yfir þessari dýrmætu þjóðarauðlind okkar.

Við búum við það, Íslendingar, að vera með eitt lægsta raforkuverð í heiminum og mesta afhendingaröryggi og ég vil ekki raska því.

Það er alveg ljóst að ef við ætlum að selja meiri hlutann í þessari auðlind okkar verður gerð arðsemiskrafa á það hlutafé. Það þýðir bara eitt í mínum huga og það er að raforkuverð mundi hækka. Mér finnst mjög mikilvægt að við sem þjóð höfum meirihlutayfirráð yfir þessari dýrmætu auðlind. Það er mín bjargfasta skoðun. En hvort ég vilji útiloka um alla framtíð að mögulega komi einhver inn með minni hlut treysti ég mér ekki til og minni á að Norðmenn hafa farið þá leið. Þar hafa aðrir aðilar komið að olíuauðlindinni og þeirri miklu vinnu sem snertir hana og þann mikla auð sem í kringum olíuauðlind Norðmanna er en samt sem áður er meirihlutaforræði Norðmanna á þeirri auðlind tryggt. Ég tel að um það sé þverpólitísk samstaða í Noregi hvað það varðar.

Ég legg áherslu á við glutrum ekki meirihlutaeign íslensku þjóðarinnar á þessari auðlind úr höndum okkar. Það er útgangspunktur minn í þessari umræðu. Ég tel að við hv. þm. Jóhann Ársælsson og Samfylkingin séum sammála í þeim efnum.

[16:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég tel mest um vert í þessu efni er að koma á reglum um auðlindir í þjóðareign. Það er alveg mögulegt að menn geti síðan selt fyrirtæki eins og Rarik, vegna þess að ef búið verður að ganga frá því með hvaða hætti endurgjald kemur fyrir þær auðlindir sem eru í þjóðareign þá geta þær auðvitað verið nýttar af fyrirtækjum í landinu. Það er ekkert sem mælir á móti því. Það er hins vegar hlutverk stjórnmálamanna að ganga þannig frá að þessar auðlindir séu eign þjóðarinnar til framtíðar og arðurinn af þeim renni til þjóðarinnar. Þetta er hægt og auðlindanefnd benti á ýmsar leiðir til þess. Eitt af stærstu verkefnum stjórnmálamanna fram að næstu kosningum, og ég vona að menn noti þann tíma, er að ganga frá tillögum til breytinga á stjórnarskránni sem tryggir þetta og í framhaldi af því lagasetningu á Alþingi sem tryggi meðferð þessara dýrmætu auðlinda til framtíðar.

Það er þess vegna og með þessum fyrirvörum sem ég hef sagt að það komi alveg til greina að fyrirtæki eins og Rarik verði að hluta til í eigu annarra aðila en ríkisins. En til þess að það sé hægt þarf að ganga þannig frá málum að viðunandi sé hvað varðar eignarhald og endurgjald fyrir þjóðarauðlindir. Áður en það liggur fyrir tel ég ekki mögulegt að aðrir eignaraðilar komi að fyrirtækjum eins og því sem hér er um að ræða.

[16:42]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum hér við 2. umr. frumvarp til laga um að hlutafélagavæða Rafmagnsveitur ríkisins. Það eru í sjálfu sér engin sérstök tíðindi að inn í þingið sé borið hvert frumvarpið á fætur öðru sem felur í sér að einkavæða almannaþjónustufyrirtækin, almannaþjónustustofnanirnar. Í hverju máli eru viðhöfð nákvæmlega sömu orð af hálfu meiri hlutans og talsmanna ríkisstjórnarflokkanna, einkavæðingarflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.

Við getum byrjað á bönkunum, við getum nefnt Símann og svo núna Rarik. Við heyrum líka hina fallegu svardaga talsmanna einkavæðingar á þessum fyrirtækjum um að þetta sé bara formbreyting. Verið sé að breyta umgerð fyrirtækisins og gera það sveigjanlegra, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði í framsögu sinni, verið sé að færa ábyrgðina yfir á stjórnendur og gera það samkeppnishæfara á markaði, og eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði hér, sem var lýsandi fyrir þennan feril, að alls ekki standi til að ríkið selji meiri hluta sinn í Rafmagnsveitum ríkisins, sem þær heita enn, þó svo það verði hlutafélagavætt.

Hv. þm. Framsóknarflokksins, Birki Jóni Jónssyni, er vorkunn að þurfa að draga þennan einkavæðingarvagn Framsóknarflokksins inn í þingið. Eru þetta ekki nákvæmlega sömu orðin og sögð voru þegar bankarnir voru hlutafélagavæddir? Þá stóð alls ekki til að selja þá. Það stóð alls ekki til að afhenda þá í neinu formi heldur var fyrst og fremst verið að gefa þeim svigrúm til að starfa og þurfa ekki að lúta opinberu eftirliti og opinberum lögum, að þurfa ekki að lúta upplýsingalögum og reglum sem settar eru um opinberar stofnanir.

Er það ekki rétt munað hjá mér — hv. þm. Birkir Jón Jónsson getur þá leiðrétt mig — að fyrst hafi verið lagt af stað með það að selja bara hluta af hlutabréfunum í bönkunum? Var ekki fyrst byrjað á 30% og síðan var því náttúrlega lýst yfir, og það mjög hátíðlega, að 50% yrðu aldrei seld, í mesta lagi 49%. Á þann veg þróaðist umræðan. Nákvæmlega það sama heyrum við nú frá hv. formanni iðnaðarnefndar og talsmanni Framsóknarflokksins í einkavæðingarmálum fyrir hönd hæstv. iðnaðarráðherra, að það standi alls ekki til að selja. Þessi umræða var öll tekin þá. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs bentum á að það væri miklu eðlilegra að menn töluðu hreint út, segðu hvað vekti fyrir þeim frekar en þeir kæmu á falskan hátt með mál inn í þingið.

Sama sagan endurtók sig með Póst og síma. Þegar Póstur og sími var hlutafélagavæddur voru heldur en ekki uppi svardagar um að hlutafélagavæðing Pósts og síma væri fyrst og fremst hugsuð til þess að skapa hagræði og sveigjanleika og færa ábyrgðina til forstjóranna o.s.frv. Er það ekki rétt munað hjá mér að þau hafi verið rökin þegar verið var að hlutafélagavæða Póst og síma? Það stæði sko alls ekki til að selja Póst og síma þó hann yrði hlutafélagavæddur. Ég er meira að segja með þetta á prenti og ætla að rifja það upp. Þeir svardagar sem nú eru uppi eru ekki meira virði en þau orð sem þá voru sögð. Ég efast ekki um að Birkir Jón Jónsson meinar þetta akkúrat á þeirri stundu þegar hann stendur í ræðustól og segir að ekki komi til greina að selja Rarik — alla vega ekki meiri hlutann, eins og hv. þingmaður sagði hér og opnaði á það að selja minni hlutann. Ég trúi því að hann trúi þessu sjálfur og ætla ekkert að leyfa mér að efast um það.

Ágætur maður sagði þegar hann var spurður um það af hverju hlutirnir gengju allt öðruvísi en hann hefði áður sagt: „Ja, ég meinti það þegar ég sagði það.“ En þegar kom að framkvæmdinni þá voru hlutirnir gerðir á allt annan hátt. Ég held að hlutafélagavæðing Rariks sé fyrsta skrefið í átt

að því að einkavæða fyrirtækið. Hlutafélagavæðingin er einkavæðing vegna þess að þá er fyrirtækið fært undan þeirri stjórnsýslu sem opinberar stofnanir búa við. Þá er það fært í þann stjórnsýslulega búning að vera fyrirtæki í hlutafélagsformi í eigu ríkisins þannig að að forminu til hefur það verið einkavætt. Næst þarf að huga að því hvort það verður selt eða ekki en stjórnsýslulega lýtur það hinum almennu einkavæðingarlögum.

Að mínu viti er miklu heiðarlegra í einkavæðingu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins að segja það hreint út að verið sé að stíga þessi skref með þessu frumvarpi. Hvað það varðar er Sjálfstæðisflokkurinn að hluta til miklu heiðarlegri í málflutningi sínum. Hann hefur bæði flokkssamþykktir og tillöguflutning einstakra þingmanna um að stofnanir skuli einkavæddar og seldar. Það er alltaf heiðarlegra að koma til dyranna eins og maður er klæddur. Ég er náttúrlega fullkomlega ósammála einkavæðingaráformum Sjálfstæðisflokksins en hann segir hlutina beint út og þá getur maður tekist á um það á þeim grunni. Þar greinir okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fullkomlega á við Sjálfstæðisflokkinn sem vill einkavæða almannaþjónustuna sem mest, koma almannaþjónustufyrirtækjunum á markað svo að þau verði eins konar fóður fyrir fjármagnseigendur til þess að hola að innan og halda síðan áfram sínu pókerspili. En Sjálfstæðisflokkurinn kemur hreint til dyranna og segir að hann vilji sem víðtækasta einkavæðingu á almannaþjónustunni, hvort sem það er í fjarskiptum, með því að selja símann, í raforkukerfinu, menntamálum, með því að einkavæða skólakerfið, eða í annarri grunnþjónustu. Þetta þekkjum við allt frá Sjálfstæðisflokknum, hann talar hreint út.

En Framsóknarflokkurinn kemur eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson — við þekkjum það líka frá hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, — og segir eitt og gerir svo allt annað. Það gerist einmitt í þessu einkavæðingarferli öllu. Nú þegar einkavæða á Rarik koma framsóknarmenn og segja: Við ætlum að einkavæða Rarik en við ætlum ekkert að selja það, alla vega ekki meiri hlutann. Þetta er í hæsta máta ótrúverðugur málflutningur og að mínu viti ekki heiðarlegur gagnvart þjóðinni.

Það er hollt fyrir okkur að rifja upp ferlið í sölu Landssímans þegar hann var tekinn með þessum hætti — nákvæmlega sama ferli og Rarik er nú sett í. Í aðdraganda hlutafélagavæðingar Pósts og síma 1996 var viðtal við þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, í BSRB-tíðindum, í 8. árgangi frá 1995. Þar segir, með leyfi forseta, um Póst og síma:

„Póstur og sími er vel rekin stofnun, þjónustan ódýr og mjög vel er fylgst með á tæknisviðinu. Það er t.d. afar ánægjulegt að Ísland skuli vera fyrsta landið sem notar eingöngu starfrænt símkerfi og ég legg áherslu á að Póstur og sími er hluthafi í sæstrengnum milli Evrópu og Kanada sem hefur opnað og mun í framtíðinni opna ótalda möguleika á fjarskiptasviðinu þannig að við getum fylgst með þeirri þróun sem er í heiminum í dag.“

Já, stöldrum aðeins við. Þarna segir: „Póstur og sími er vel rekin stofnun, þjónustan ódýr og mjög vel er fylgst með á tæknisviðinu.“ — Gætum við ekki sett Rafmagnsveitur ríkisins í staðinn fyrir Póst og síma og sagt: Rafmagnsveitur ríkisins eru vel rekin stofnun, þjónustan ódýr og mjög vel er fylgst með á tæknisviðinu. Jú, við getum sett nákvæmlega sömu orðin þarna inn í alveg eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson, framsögumaður iðnaðarnefndar og fulltrúi Framsóknarflokksins, gerði. Hann lagði áherslu á að Rafmagnsveiturnar væru gott fyrirtæki og vel rekið. Það var Póstur og sími líka.

Svo kemur setning sem er nákvæmlega eins og setning sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði áðan og, með leyfi forseta, er haldið áfram að vitna í Halldór Blöndal, þáv. samgönguráðherra:

„Á hinn bóginn geldur Póstur og sími óneitanlega þess í daglegum viðskiptum og markaðssetningu að vera opinber stofnun sem rekin er eftir fjárlögum. Póstur og sími gæti t.d. ekki gerst hluthafi í hlutafélögum þótt í smáu sé nema slík ákvörðun hafi áður verið lögð fyrir Alþingi. Ákvarðanataka með þessum hætti er of þung í vöfum og samræmist ekki nútímaviðskiptaháttum. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma til að styrkja samkeppnisstöðu hans og starfsöryggi þess fólks sem þar vinnur. Ég legg áherslu á að í mínum huga kemur ekki annað til greina en að Póstur og sími verði áfram alfarið í eigu ríkisins.“

Ég er að vitna í orð þáv. samgönguráðherra, Halldórs Blöndals, þegar Pósti og síma var breytt í hlutafélag. Það kom alls ekki til greina að selja hlutinn. Síminn yrði áfram alfarið í eigu ríkisins. Hvað sagði hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins, einkavæðingarráðherra Framsóknarflokksins, þegar hann mælti fyrir frumvarpinu? Jú, það þyrfti að hlutafélagavæða Rarik en það stæði alls ekki til að selja það. Hvað sagði hv. formaður iðnaðarnefndar áðan? Jú, það þyrfti að hlutafélagavæða Rarik en það stæði alls ekki til að selja það. Nákvæmlega sömu orðin og voru sögð þegar Síminn var hlutafélagavæddur.

Við getum ekki leyft okkur að segja að á þeim tíma hafi þáv. samgönguráðherra vísvitandi verið að segja ósatt, að hann hafi vísvitandi verið að tala þvert um hug sér. Við getum ekkert fullyrt það. Við verðum bara að trúa því að þegar hann sagði þetta á sínum tíma, að Síminn yrði alfarið í eigu ríkisins, hafi hann meint það. Halldór Blöndal samgönguráðherra sagði, þegar hann var að hlutafélagavæða Símann, að í sínum huga kæmi ekki annað til greina en að Póstur og sími yrði áfram alfarið í eigu ríkisins.

Síðan þekkjum við ferlið. Við getum nánast rakið söluferli Símans eftir orðum hv. formanns iðnaðarnefndar, Birkis Jóns Jónssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, þegar hann mælti fyrir einkavæðingu Rariks. Það þyrfti að gera þetta svona til að styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækisins og starfsöryggi þess fólks sem þar vinnur.

Hvernig fór með starfsöryggi fólksins sem vann hjá Símanum þegar hann var einkavæddur og síðar seldur? Bjó það fólk við mikið starfsöryggi? Bjó fólkið á starfsstöðinni á Blönduósi við starfsöryggi þegar fulltrúi forstjóra kom að morgni til með uppsagnarbréfið og lokaði stöðinni? Ég á ekki von á því að því fólki hafi verið boðnir einhverjir veglegir starfslokasamningar. Og hvernig var það með starfsöryggið hjá starfsmönnum Símans á Siglufirði — starfsöryggið sem hafði verið haft að leiðarljósi þegar Síminn var seldur? Því var sagt upp fyrirvaralaust og þar var lokað.

Ætli fólkið á aðalstarfsstöð Símans á Sauðárkróki hafi búið við starfsöryggi, en þar var lokað nú nýverið og fólkinu sagt upp? Ætli einkavæðing Símans hafi verið gerð í því skyni að leggja áherslu á starfsöryggi fólks? Ætli hún hafi verið gerð í þeim tilgangi að tryggja starfsöryggi fólksins á Ísafirði sem vann hjá Símanum, fólkinu var fyrirvaralaust sagt upp nokkrum dögum eftir að einkavæðingin og sala fyrirtækisins fór fram? Þannig fór þetta fyrirtæki fram víða um land og það fer enn fram með þessum hætti.

Á mörgum stöðum er þetta mjög tilfinnanlegt tjón. Ekki voru haldnir neinir blaðamannafundir af þessu tilefni og forsætisráðherra fór ekki á þessa staði í fylgd sjónvarpsins til að láta vita í beinni útsendingu að hann hefði áhyggjur af starfsöryggi þessa fólks. Hann lýsti ekki yfir neinum áhyggjum af starfsöryggi þess fólks sem hafði unnið hjá fyrirtæki sem hann var nýbúinn að selja og var fyrirvaralaust sagt upp. Ekki var aðeins óvissu þess fólks fyrir að fara heldur einnig óvissu í byggðarlaginu. Með því að loka svo mikilvægri þjónustustofnun og Síminn er var samkeppnishæfni viðkomandi byggðarlaga skert.

Tökum dæmi af Blönduósi. Þar höfðu starfsmenn unnið þarna áratugum saman. Þeir þekktu símkerfi héraðsins, vissu nákvæmlega hvernig það virkaði. Ef eitthvað bilaði eða eitthvað þurfti að gera þá bjuggu þessir menn yfir gríðarlegri þekkingu og voru öruggir í starfrækslu þjónustunnar. Þeir voru á staðnum. Hægt var að kalla á þá með stuttum fyrirvara. Það þurfti ekki að kosta langan flutning. Nú þegar búið er að leggja þessa starfsstöð niður, hvert á fólkið þá að snúa sér? Með þessu voru fleiri starfsstöðvar einnig lagðar niður og fólkið verður að snúa sér til Reykjavíkur og lenda í því enn þá kannski að verða hringja þar í þjónustusímann sem segir: „Þú ert númer 10, 12 eða 25 í röðinni." Ég heyrði þetta í gær. Maður sem var að spjalla við mig á Blönduósi sagði að enn væri þetta þannig, að þegar væri hringt í þessa þjónustustofnun þá væri þetta enn þannig. Hvaðan á svo viðkomandi þjónusta að koma? Hún getur þurft að koma alla vega mun lengra frá, væntanlega frá Reykjavík eða Akureyri, eitthvað takmarkað kannski frá einhverjum rafvirkjum sem eru þá bundnir í öðrum störfum. Ég þekki dæmi þess að fólk á þessu svæði hefur orðið að bíða vikum saman eftir að fá tengdan og færðan síma fyrir utan það að þurfa að borga síðan kostnaðinn af þessum tæknimönnum langar leiðir. Einkavæðing og sala Símans hefur ekki aukið samkeppnishæfni, rekstraröryggi og viðbragðsflýti þjónustunnar gagnvart þessum stöðum sem ég var að nefna. Eitt markmiðið með því að hlutafélagavæða Símann var að það mundi skapa meira starfsöryggi fólks. En það hefur verið þveröfugt. Ég hygg reyndar að þó að þáverandi samgönguráðherra hafi sagt að það mundi bæta starfsöryggi fólks að hlutafélagavæða Póst og síma þá held ég að í sjálfu sér hafi hann alltaf vitað betur.

Ég dreg þetta upp vegna þess að hv. formaður iðnaðarnefndar, Birkir Jón Jónsson, fulltrúi Framsóknarflokksins fyrir einkavæðingunni sagði nákvæmlega það sama í ræðu hér, þ.e. að það mundi styrkja stöðu starfsfólks hjá Rafmagnsveitu ríkisins að hlutafélagavæða hana. Dettur einhverjum hv. þingmönnum í þessum þingsal það í hug að hlutafélagavæðing Rariks muni styrkja starfsstöð Rariks hvort heldur það er á Blönduósi, Sauðárkróki, Hvammstanga eða Búðardal? Dettur einhverjum í hug að hlutafélagavæðing muni skapa þessu fólki aukið starfsöryggi og styrkja þessar starfsstöðvar? Nei. Ég held að engum detti það í hug, bara engum. Það er enginn svo vitlaus að hann muni láta sér það um munn fara að hlutafélagavæðing Rariks muni styrkja starfsstöðvarnar og þjónustuna úti um land þar sem hún er, enginn. En menn munu hugsa: Hvernig getum við varið þessa þjónustu, þetta starfsöryggi, þessi störf, þessi tæknistörf? Hvernig getum við varið þau í þessu einkavæðingarferli sem sett er í gang? Ég er viss um að íbúar í nánd við allar starfsstöðvar Rariks um allt land muni velta því fyrir sér hvernig þeir geti varið sína samkeppnisstöðu, þjónustuna, afhendingaröryggið, í einkavæðingunni sem þarna er lagt upp með. Dettur nokkrum í hug að það verði beitt einhverjum öðrum aðferðum við einkavæðingu Rariks en var gert við Símann? Dettur nokkrum það í raun í hug? Nei, í raun dettur það engum í hug, enda er það yfirlýst stefna stjórnvalda, ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem hefur lagt ofurkapp á að einkavæða almannaþjónustuna og setja hana á markað og selja almannaþjónustustofnanir á spottprís. Þeir telja að það styrki peningamarkaðinn o.s.frv. Það er alveg ljóst að núna er kallað eftir meira fóðri inn í fjármálageirann, inn í hlutabréfageirann. Síminn fór í haust. Nú er verið að hola innan úr Símanum. Hvað var talað um, að hagnaður á Símanum hefði aukist mjög verulega það sem af er þessu ári miðað við það sem áður var. Auðvitað, nýir eigendur eru ekki neitt í góðverkum. Það er engin félagshyggja sem rekur þá áfram. Nei, það er auðvitað arðurinn af því fjármagni sem þeir settu í það sem er númer eitt. Arðurinn er númer eitt og þess vegna hækkar þjónustan, símgjöldin. Hafið þið gert ykkur grein fyrir því hvað símgjöldin hafa hækkað og hvaða þættir símþjónustunnar eru hækkaðir? Það eru grunngjöldin, stofngjöldin sem allir verða að borga hvort sem þeir eru ungir eða gamlir. Sérstaklega leggst þetta hart á eldra fólk sem notar síma tiltölulega sjaldan en verður að borga æ hærri grunngjöld.

Nákvæmlega það sama er komið í gang með rafmagnið. Þegar rafmagnið var markaðsvætt með nýju raforkulögunum sem menn kalla svo, raforkulögunum sem áttu að lækka rafmagnið í landinu en hafa leitt á langflestum stöðum til hækkunar á rafmagni og hækkunar í rafmagnskerfinu í heild, var farið út í það að hækka grunngjöldin sérstaklega, fastagjöldin, til þess að ná þannig niður verðinu eða til þess að geta látið grunngjöldin greiða niður rafmagnið, t.d. rafmagnið til stóriðjunnar. Það er miklu heiðarlegra að segja bara eins og Sjálfstæðisflokkurinn: „Við ætlum að einkavæða raforkugeirann. Við ætlum okkur að setja hann á markað. Við ætlum að selja fyrirtækin. Við gerum það á einhverjum ákveðnum tíma. En það er markmiðið." Framsóknarmenn koma hér og flytja frumvörpin um einkavæðinguna en segjast samt ekki ætla að einkavæða. Svo þegar þeir fara að selja fyrirtækin þá selja þeir bara svona hluta og einkavæða almannaþjónustuna þó svo að þeir segist ætla að gera eitthvað allt annað. Ég held að það sé mjög hollt fyrir framsóknarmenn, ef einhverjir eru eftir, að lesa sig í gegnum hvernig söluferli Símans var. Það er skólabókardæmi um það hvernig einkavæðing þessarar ríkisstjórnar gengur fyrir sig.

Svo var opnað á að selja hluta, eða var ekki svo? Reyndar gekk ekki vel að selja. Það átti að selja Símann á almennum markaði og leyfa þjóðinni að kaupa hlutafé í Símanum. En þjóðin sagðist eiga Símann. Við þurfum því ekki að kaupa hann af okkur sjálfum. Við eigum Símann. Svo þegar þetta gekk ekki þá var hann settur á útsölu, leitað að tilboðum um að kaupa hann í heilu lagi. Hver ætli afstaða þjóðarinnar sé t.d. samkvæmt skoðanakönnunum? Sumir ráðherrar hafa hælt sér hér af skoðanakönnunum, ekki síst hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, einkavæðingarráðherrann sem hefur hér hælt sér af því að taka mark á skoðanakönnunum. Ráðuneyti iðnaðarráðherra hefur gengist fyrir sérstökum skoðanakönnunum, ítrekuðum skoðanakönnunum sem iðnaðarráðuneytið virðist meira nota í áróðursskyni frekar en að ætla sér að fara eftir þeim.

En hvernig voru skoðanakannanir um Símann? Jú, öll þrjú eða fjögur árin sem Síminn var dinglandi í þessu söluferli sýndu kannanir, hvort sem það var Gallupkönnun eða könnun Félagsvísindastofnunar, að afdráttarlaus meiri hluti þjóðarinnar samkvæmt þeim könnunum var andvígur sölu Símans, var andvígur því að grunnfjarskiptakerfið yrði selt. Og meira að segja sýndi skoðanakönnun sem tekin var tveim, þrem mánuðum áður eða bara nokkru áður en útboðið fór fram, að nærri 80%, að mig minnir, voru andvíg því að grunnfjarskipakerfi Símans yrði selt. Skoðanakönnun var gerð nokkrum mánuðum eftir að Síminn var seldur, kauptilboði tekið og farið að lofa hinu og þessu sem átti að gera fyrir andvirðið og meira að segja þá voru fleiri enn andvígir sölu Símans en fylgjandi, þrátt fyrir að búið væri að ganga frá sölu og öllu saman. Þjóðin vissi vel hvað hún vildi ef marka má þessar skoðanakannanir sem ég tel að megi treysta því ítrekaðar skoðanakannanir sýndu þetta. En samt var ferlið keyrt áfram. Síminn skyldi seldur, hann skyldi seldur og hann skyldi seldur. Við munum upplifa það á næstu missirum hvaða tjón við höfum unnið þjóðinni með því að selja Símann í staðinn þess að beita styrk hans og afli af einhug til að byggja upp fjarskiptakerfið í landinu.

Nú erum við að hefja þetta sama einkavæðingarferli með Rarik. Þar gildir alveg nákvæmlega það sama. Notendurnir hafa byggt upp eignir Rariks. Notendur Rafmagnsveitna ríkisins sem hafa byggt þær upp. Hverjir eru notendurnir? Það eru íbúarnir, sveitarfélögin, á starfssvæði Rariks sem hafa byggt þetta upp. Það munu líka taka áhættuna af sölu og einkavæðingu Rariks.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði hér hvers vegna ekki hefði verið rætt við sveitarfélögin um að þau yfirtækju Rarik, þ.e. úr því að ríkið vildi ekki eiga Rarik eða vildi hlutafélagavæða Rarik, setja það á markað, markaðsvæða starfsemi Rariks og undirbúa það undir sölu, hvers vegna sveitarfélögunum væri þá ekki boðið að koma að fyrirtækinu. Ég vil spyrja hv. formann iðnaðarnefndar: Hvernig var t.d. erindi Norðurorku svarað? Norðurorka sendi erindi bæði í fyrra og núna með beiðni um viðræður til að kanna hvort Norðurorka gæti fengið dreifikerfi Rariks og aðrar eignir á því svæði sem gæti verið hagkvæmt fyrir íbúana að eignast úr því að þetta væri að fara á þennan veg. Ég leyfi mér að vitna í umsögn Norðurorku um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.

Norðurorka hf. telur að með tilliti til nýskipunar raforkumála væri eðlilegast að gefa öðrum starfandi dreifiveitum tækifæri til að kaupa dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Vitað er að áhugi dreifiveitnanna er fyrir hendi. Það er ekki hlutverk ríkisins að reka raforkudreifiveitur frekar en símdreifikerfi.“ — Þannig komast þeir að orði þótt ég sé ekki sammála þeirri röksemd.

„Áhugi er einnig fyrir hendi hjá orkufyrirtækjum til að kaupa hitaveitur Rariks. Hvað varðar vatnsaflsvirkjanir Rafmagnsveitna ríkisins ætti að vera keppikefli ríkisins að selja þær á frjálsum markaði ...“ — samkvæmt því uppleggi sem nú er í markaðsvæðingu raforkukerfisins.

Sama fyrirspurn kemur frá Skagafjarðarveitum sem líka sendu erindi til iðnaðarnefndar, bæði í fyrra og í ár, þ.e. varðandi viðræður við Rarik um að fá að kaupa eignir og starfsemi Rariks á þeirra sviði. Einhvers staðar er ég með bréfið frá Skagafjarðarveitum. Skagafjarðarveitur eða Skagfirðingar lentu einmitt í því óláni að meiri hluti sveitarstjórnar Skagafjarðar ákvað rétt fyrir síðustu kosningar að selja Rafveitu Sauðárkróks, sem var fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins og ákaflega mikilvægt fyrir samfélagið. Framsóknarflokkurinn réði þá meiri hluta í sveitarstjórn og seldi Rafveitu Sauðárkróks til Rariks á síðustu dögum þess meiri hluta. Það var mjög umdeilt og voru aðrir flokkar, t.d. Vinstri hreyfingin – grænt framboð og reyndar Sjálfstæðisflokkurinn, andvígir þeirri sölu.

Nú spyrja þeir: Úr því að komin er hreyfing á þetta mál, af hverju megum við ekki kanna það að fá þessar eignir aftur? Ég vil vitna til tillögu sem samþykkt var á sveitarstjórnarfundi í Skagafirði 23. febrúar sl. en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs báru fram þá tillögu, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir að hafa forgöngu um að kanna leiðir til að tryggja aðgang að rafmagni á sem hagstæðustu verði til heimila og fyrirtækja í Skagafirði. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að óska eftir viðræðum við stjórnvöld um að kannaðir verði kostir þess að sveitarfélagið og Skagafjarðarveitur ehf. eignist þá starfsemi sem Rafveita Sauðárkróks áður gegndi og annan núverandi rekstur Rariks í héraðinu.“

Þetta er erindið sem sent er inn og þessu fylgir greinargerð, með leyfi forseta:

„Miklar breytingar eru fram undan í raforkumálum landsmanna, hlutafélagsvæðing Rariks og sameining orkufyrirtækja um einstaka þætti á raforkumarkaðnum. Benda má á að sú eignamyndun sem orðið hefur hjá Rafmagnsveitum ríkisins er til komin vegna sölu á þjónustu til sveitarfélaganna og íbúa þeirra. Reynslan sýnir að þau sveitarfélög sem eiga veitur standa sterkar að vígi og geta beitt þeim til að efla þjónustu og atvinnuuppbyggingu í sínu héraði. Skiptir því miklu máli að þau séu í eigu og umsjá íbúanna á viðkomandi svæðum. Sem dæmi má nefna hve dýrmætt það er fyrir Skagfirðinga að eiga áfram Skagafjarðarveitur. Með því að Sveitarfélagið Skagafjörður og Skagafjarðarveitur ehf. fái umráð yfir þeirri starfsemi sem Rafveita Sauðárkróks gegndi áður og öðrum rekstri Rariks í Skaga-

firði gætu skapast frekari sóknarfæri fyrir byggð og atvinnulíf í héraðinu."

Þetta erindi var sent til iðnaðarnefndar og hæstv. iðnaðarráðherra. Ég veit ekki til þess að iðnaðarnefnd hafi tekið það fyrir, a.m.k. sést þess hvergi stoð í nefndaráliti. Sama má reyndar segja um erindi Norðurorku þar sem farið er fram á hið sama, að fá að ræða við þá sem fara með stjórn og eignarhald á Rarik fyrir hönd þjóðarinnar til að ræða um kaup á eignunum.

Ég spyr hv. formann iðnaðarnefndar: Hvernig var tekið á þeim erindum sem ég hef nefnt? Ég vona að hv. formaður iðnaðarnefndar heyri til mín, frú forseti, þótt hann sé ekki staddur í þingsal. Ég vildi gjarnan að hann væri hér þannig að ég sé öruggur um að hann heyri spurningar mínar um leið og ég legg þær fram.

(**Forseti** (RG)**:** Það verður kannað með nærveru formanns iðnaðarnefndar.)

Takk, frú forseti. Ég vona að hv. formaður nefndarinnar hafi heyrt þær spurningar sem ég setti fram varðandi beiðni Norðurorku, um að fá að eiga viðræður til að semja um að fá til sín dreifiveitur og aðrar eignir Rariks á því svæði. Sama gildir um erindi frá sveitarstjórn Skagafjarðar og einnig frá Skagafjarðarveitum um viðræður um að fá að leysa til sín eignarhlut og verkefni Rariks í héraðinu. Mér finnst að taka eigi upp viðræður við þessa aðila og fleiri sem vilja skoða það að eignast veiturnar aftur áður en við förum að hlutafélagavæða Rarik, einkavæða og búa undir sölu.

Síðasta sumar keypti Rarik t.d. Hitaveitu Blönduóss og varð reyndar að fá heimild frá ríkinu til að geta fjárfest þar. Að mínu viti hefði verið nær að ríkið hefði lagt fjármagn beint til Blönduóssbæjar til að styrkja rekstur hans frekar en að láta ríkisfyrirtæki kaupa af þeim þjónustustofnanir bæjarins. Rekstur margra sveitarfélaga hefur verið þungur, m.a. vegna þess að ríkið heldur mörgum sveitarfélögunum í fjárhagslegri gíslingu, sérstaklega þar sem atvinnulífið hefur byggst á frumvinnslu og útflutningsatvinnugreinum þar sem tekjurnar hafa hrunið. Þá eru ekki réttu viðbrögðin að ríkið komi og kaupi af þeim gullveiturnar, veitur sem standa undir stórum hluta eða mikilvægum þáttum þjónustunnar, veitur sem sveitarfélögin geta beitt til að styrkja og efla atvinnulíf í byggðinni. Nei, þá kemur ríkið og beitir Rarik til að kaupa það í stað þess að leggja peningana beint til sveitarfélagsins. Ætli Blönduósingum sé rótt þegar þeir heyra að næsta skref í þessu ferli sé að Rarik verði hlutafélagavætt og fari í sama ferli og gerðist með Símann? Ég er smeykur um að mönnum sé ekki rótt gagnvart því þótt hv. formaður iðnaðarnefndar segi að meiningin sé að eiga a.m.k. meiri hlutann. Það er hið sama og sagt var um Símann á sínum tíma. Allt þetta ferli og undirbúningur undir sölu Rariks lýtur nákvæmlega sömu lögmálum og atburðarás og sást með með bankana og með Símann. Ferlið er nákvæmlega það sama.

Frú forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs munum flytja tillögu til rökstuddrar dagskrár um að máli þessu verði vísað frá. Í þeirri tillögu sem við leggjum fyrir þingið og kemur til afgreiðslu síðar í þessari umræðu, við afgreiðslu mála við 2. umr. segir, með leyfi forseta:

„Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja áherslu á að raforka til almennra notenda og fyrirtækja sé mikilvægur þáttur almennrar grunnþjónustu sem á að reka á félagslegum grunni. Þau skref sem hafa verið stigin í markaðsvæðingu raforkukerfisins hafa þegar leitt til mikilla hækkana á verði raforku til neytenda víða um land, þvert á gefin loforð um annað. Hlutafélagavæðing Rariks er liður í yfirlýstum markmiðum stjórnvalda að einkavæða raforkukerfið og búa orku- og dreifingarfyrirtæki landsmanna undir sölu á almennum markaði. Þau áform eru andstæð hagsmunum almennings í landinu."

Með vísun til framanritaðs munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja til að þessu máli um hlutafélagavæðingu Rariks verði vísað frá. Við teljum mjög brýnt að setja ekki raforkukerfið í enn meira uppnám en það er í núna. Ef litið er til þess sem gerst hefur á undanförnum mánuðum varðandi raforkukerfið þá hefur það alls ekki verið eins og landsmönnum hefur verið lofað. Þegar stofnað var þetta flutningskerfi Landsnets og tekin upp markaðsvæðing í raforkukerfinu þá var því lofað að þetta mundi leiða til verðlækkunar. Ýmsir umsagnaraðilar hafa reyndar varað mjög við samþykkt þessa frumvarps. Ég vil gera það að umtalsefni áður en ég fjalla frekar um það sem er að gerast á raforkumarkaðnum. Ég leyfi mér að vitna til umsagnar Alþýðusambands Íslands um hlutafélagavæðinguna, en þar segir, með leyfi forseta:

„Afstaða Alþýðusambands Íslands til frumvarpsins grundvallast á þeirri sýn að raforka sé ein af mikilvægustu forsendum lífskjara hér á landi. Uppbygging atvinnulífs ræðst að miklu leyti af ódýrri orku. Fram til þessa hefur verið litið á raforkudreifingu sem samfélagslega þjónustu og uppbyggingu dreifikerfisins sem samfélagslega fjárfestingu sem allir íbúar landsins njóti."

Ég tek undir og legg áherslu á þessi orð frá Alþýðusambandi Íslands sem vill skilgreina dreifingu raforkunnar sem samfélagslega þjónustu en ekki sem rekstur sem fyrst og fremst eigi að skila arði til eigenda sinna. Áfram segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Rarik hefur gegnt lykilhlutverki við uppbyggingu dreifikerfis og dreifingu raforku til íbúa og fyrirtækja í dreifðum byggðum landsins. Með því hefur Rarik tekið þátt í uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Mikilvægt er að tryggja íbúum og fyrirtækjum á landsbyggðinni áfram raforku á hagstæðu verði. Forsenda fyrir uppbyggingu atvinnulífs í framtíðinni er hagstætt raforkuverð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um Rarik og að það verði áfram að fullu í eigu ríkisins. Frumvarpið gerir því ekki ráð fyrir að breyting verði á eignarhaldi félagsins, en ljóst er að breytingar á eignarformi geta haft áhrif á fjármögnunarkostnað fyrirtækisins vegna bakábyrgðar ríkisins. Óljóst er hvaða áhrif það kann að hafa á raforkuverð. Alþýðusambandið telur mikilvægt að Rarik verði áfram í opinberri eigu, hvort sem um er að ræða í eigu sveitarfélaga eða ríkisins, til að tryggja sem best samfélagslega ábyrgð í uppbyggingu raforkukerfisins.

Alþýðusambandið leggur áherslu á það að breytt rekstrarform Rariks leiði ekki til aukinnar samþjöppunar á raforkumarkaði og dragi þannig úr samkeppni með tilheyrandi hækkunum á raforkuverði til heimila og fyrirtækja.

Alþýðusambandið leggst ekki gegn frumvarpinu að sinni en áskilur sér rétt til að koma síðar á framfæri athugasemdum gefist tilefni til þess."

Alþýðusambandið dregur þarna alveg skýrar áherslur um að þetta sé samfélagsþjónusta og mikilvægt sé að tryggja sem best samfélagslega ábyrgð í uppbyggingu raforkukerfisins. Það slær þá varnagla sem ég hef verið að minnast á að hlutafélagsvæðingin á Rarik er í rauninni einkavæðingarskrefið og þegar við tökum dæmi af Símanum sjáum við hvar hætturnar eru við hvert skref.

Ef litið er á umsögn BSRB benda þau almannasamtök á nákvæmlega það sama. Það er táknrænt, frú forseti, að þau almannasamtök vara við þessu og leggja áherslu á að raforkukerfið sé byggt upp og rekið á félagslegum grunni. Framsóknarflokkurinn sem einu sinni kenndi sig við félagshyggju og byggðist þannig upp, hefur nú það hlutverk að flytja frumvarp um einkavæðingu og markaðsvæðingu raforkukerfisins.

Í umsögn BSRB segir, með leyfi forseta:

„BSRB leggur áherslu á að líta beri á raforkukerfi landsins sem hluta af grunnþjónustu sem eigi að vera á vegum ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er ætlunin að Rafmagnsveitur ríkisins skuli vera eign ríkissjóðs og fari iðnaðarráðuneytið með eignarhlutann. Ekki er auðvelt að átta sig á hvað vakir fyrir stjórnvöldum með þessari breytingu. Tvennt hlýtur að koma til álita. Í fyrsta lagi að til standi að selja rafmagnsveiturnar, nokkuð sem BSRB varar eindregið við enda reynslan erlendis frá af einkavæðingu þessarar starfsemi mjög slæm. Hitt atriðið sem kemur til álita varðar kjör starfsmanna, en í athugasemdum með frumvarpinu segir að með hlutafélagsforminu verði „reksturinn sveigjanlegri." Hér er væntanlega verið að vísa til réttarstöðu starfsmanna sem er veikt með þessu frumvarpi. Í umsögn BSRB er fyrst og fremst staðnæmst við réttarstöðu starfsmanna."

Gott er að rifja upp hvernig farið hefur fyrir starfsmönnum Símans og hver réttarstaða þeirra var eftir að Síminn var einkavæddur og seldur. Forsvarsmenn Símans hikuðu ekki við að fara hringinn í kringum landið, komu fyrirvaralaust með uppsagnir til handa starfsfólkinu og lokuðu starfsstöðvum. Við þekkjum þetta ferli hjá Símanum og ekki er að furða þó að BSRB, sem eru stærstu almannasamtök starfsmanna í opinberri þjónustu, vari við því skrefi sem hér er verið að stíga. En þar segir áfram, með leyfi forseta:

„Eftir hlutafélagavæðingu þurfa Rafmagnsveitur ríkisins ekki að fylgja þeim lágmarkskröfum gagnvart starfsmönnum sínum sem gerðar eru til opinberrar stofnunar innan stjórnsýslunnar. Lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er ætlað að gilda við aðstæður sem þessar, þ.e. þegar stofnunum ríkisins er breytt í hlutafélög og þær lagðar niður. Með þessum lögum stendur hins vegar til að setja ákvæði sem taka almennu lögin um ríkisstarfsmenn úr sambandi. Ef það er mat þingmanna að réttindi ríkisstarfsmanna séu þannig að þeim þurfi að breyta á auðvitað að gera það með því að breyta almennu lögunum í stað þess að víkja sér undan þeim jafnan þegar á þau reynir. Þá þurfa ríkisstarfsmenn ekki að vera með væntingar um starfsöryggi sem ekki standast þegar á reynir. Óréttlætið birtist líka í því að þetta gerist oft en ekki alltaf. Svo virðist vera að þegar breytingarnar snerta litlar stofnanir með fáa starfsmenn þá séu almennu lögin látin gilda en þegar sambærilegar breytingar ná til stærri stofnana eru almennu lögin tekin úr sambandi. Þetta er lagaframkvæmd sem ber merki um hentistefnu og óhreinskilni."

Næst í umsögn BSRB er fjallað um: Athugasemdir varðandi breytingu á réttarstöðu starfsmanna. Þar segir:

„Rafmagnsveitur ríkisins verða samkvæmt frumvarpinu lagðar niður og fer þá um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Kemur þetta fram í 7. gr. frumvarpsins.

Hvað þýðir þetta nákvæmlega varðandi réttarstöðu starfsmanna þegar stofnunin verður lögð niður og hlutafélagið tekur við rekstrinum? Ekki verður betur séð en að baki frumvarpinu búi sú hugsun að breytt skuli réttarstöðu þeirra ríkisstarfsmanna, sem starfa hjá Rafmagnsveitum ríkisins, án þess þó að annar aðili en ríkið taki við starfseminni. Áfram eiga Rafmagnsveitur ríkisins að heyra undir ríkið. Með öðrum orðum þá er verið að setja lög um að starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins hf. verði áfram starfsmenn ríkisins án þess þó að um kjör þeirra, réttindi og skyldur, gildi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986. Í 7. gr. er vísað til þess að þau lög sem þar eru nefnd skulið eiga við „eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins." Í umsögn um þessa lagagrein er ekki kveðið eins afdráttarlaust að orði. Þar segir: „Gert er ráð fyrir að öllum núverandi starfsmönnum verði boðið starf hjá hinu nýja fyrirtæki." Þetta er ekki afdráttarlaus yfirlýsing, fremur samkvæmt formúlunni, „eftir því sem við á.""

Ég ætla aðeins að víkja að þessu, frú forseti. Þetta er nákvæmlega það sama og starfsmenn Símans máttu upplifa þegar verið var að segja þeim upp hvort sem það var á Ísafirði, Blönduósi, Sauðárkróki, Siglufirði eða hvar annars staðar, þá var hægt að bjóða starf einhvers staðar annars staðar í allt öðrum landshluta í því tilfelli þar sem var boðið upp á slíkt. Þetta er svona. Og hvernig getum við hugsað okkur að fari fyrir Rafmagnsveitum ríkisins og starfsstöðvum þeirra vítt og breitt um landið þegar þessi lög verða látin ganga með svipuðum hætti og lögin um einkavæðingu Símans hafa gengið?

Áfram segir í umsögn BSRB, með leyfi forseta:

„Árin 1993 og 1996 voru sett hér skýr og einföld lög, þ.e. upplýsinga- og stjórnsýslulög, sem gilda áttu um stjórnsýsluna til þess að borgurum sé gert kleift að fylgjast með og kynnast athöfnum og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í almennings þágu. Í stað þess að stofnanir taki mið af þessum lögum þá er rekstrarformi þeirra breytt svo þær þurfi ekki lengur að lúta þessum reglum! Af hverju leita stjórnvöld ekki annarra leiða sem tryggi þann sveigjanleika sem stjórnendur telja sig þurfa að sækjast eftir? Með frumvarpinu er verið að færa Rafmagnsveitur ríkisins undan ákvæðum stjórnsýslulaga, upplýsingalaga, reglum um auglýsingu á lausum störfum o.s.frv. Eins og að ofan greinir mun þetta m.a. hafa þau áhrif að Rafmagnsveitur ríkisins munu hvorki þurfa að fylgja lágmarkskröfum sem

gerðar eru til stjórnsýslunnar né fylgja ákvæðum upplýsingalaga um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Sú leið að opna á einhvers konar upplýsingaskyldu svokallaðra opinberra hlutafélaga í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög), er að mati BSRB ekki nægjanlegt þar sem sú upplýsingaskylda er mjög takmörkuð."

Áfram segir í umræddri umsögn, með leyfi forseta:

„Samkvæmt aðilaskiptalögunum, nr. 72/2002, eiga Rafmagnsveitur ríkisins hf. að yfirtaka gildandi ráðningarsamninga með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir. Þá eiga starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins að njóta réttinda og bera skyldur í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Kjarasamningurinn á því að gilda þar til honum verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Í aðilaskiptalögunum, nr. 72/2002, segir um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum:

„3. gr. Launakjör og starfsskilyrði.

Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað á að færast yfir til framsalshafa. Framsalshafi skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Ákvæði þetta gildir ekki um rétt starfsmanna til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerðum sem staðfestar hafa verið af fjármálaráðuneyti. Það getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum í þeim sjóðum sem um er að ræða. Skiptir þá ekki máli hvort starfsmaður starfar áfram hjá fyrirtækinu eða hluta þess eftir aðilaskipti eða ekki. Ákvæði þetta á ekki við um aðilaskipti að fyrirtækjum sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta."

Samkvæmt þessu ber nýjum atvinnurekanda, eða framsalshafa eins og hann er kallaður í lögunum, að virða launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir fyrri atvinnurekanda, þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Þá eiga réttindi og skyldur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað að færast yfir til nýja atvinnurekandans. Áunnin réttindi svo sem orlofsréttindi eða veikindaréttur, flytjast jafnframt með yfir til nýs atvinnurekanda. Þetta þýðir að þó nýr aðili taki við þá eiga laun og önnur starfskjör starfsmanna ekki af þeirri ástæðu einni að taka breytingum. Í ráðningarsamningi Rafmagnsveitna ríkisins við starfsmenn sína er sérstaklega tekið fram að um réttindi og skyldur starfsmanns fari eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt er tilgreint í ráðningarsamningi í hvaða deild LSR starfsmaður greiði. Er það því álit BSRB að þessi réttindi eigi að fylgja starfsmönnunum til Rafmagnsveitna ríkisins hf. eins og skýrt er samkvæmt aðilaskiptalögunum. Hins vegar virðist sem frumvarpshöfundar séu ekki að fylgja aðilaskiptalögunum að öllu leyti. Þá þarf að hafa í huga meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Þegar stjórnvald tekur íþyngjandi ákvörðun þarf að velja þá leið sem er vægust fyrir þá sem ákvörðunin lýtur að. Ekki er verið að gæta þess í þessu frumvarpi."

Svo er enn fremur fjallað um í umsögn BSRB um biðlaunaréttinn en þar stendur, með leyfi forseta:

„Margt er óljóst um biðlaunarétt starfsmanna. Sem dæmi þá er ekki minnst á réttarstöðu starfsmanna sem heyra undir bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur hafni þeir starfi hjá Rafmagnsveitum ríkisins hf. Þar sem starfsmenn njóta ekki lengur ýmissa réttinda sem fylgdu starfi þeirra sem ríkisstarfsmenn er ekki um að ræða sambærilegt starf hjá Rafmagnsveitum ríkisins hf. Eiga þeir starfsmenn sem hafna starfi hjá félaginu því rétt á biðlaunum hafi þeir verið ráðnir fyrir 1. júlí 1996, sbr. 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um réttindi og skyldur. Þegar Flugstöð Leifs Eiríkssonar var hlutafélagavædd fengu þeir starfsmenn sem höfnuðu starfi hjá félaginu biðlaun. Tryggja þarf sömu réttindi fyrir starfsmenn þessarar stofnunar sem ákveða að taka ekki starfi hjá félaginu."

Hér er verið að tala um biðlaun, frú forseti, og það er í sjálfu sér hluti af réttindum starfsmanna sem hafa verið í opinberum störfum. Við höfum fylgst með því að biðlaunarétturinn fylgdi ekki starfsmönnum þegar þeir fóru til Símans, a.m.k. ekki þeim sem sagt var upp hvort heldur það var á Ísafirði eða Blönduósi, þar var ekki mikið rætt um ítarlegan biðlaunarétt. Hins vegar heyrum við nú að verið er að ræða um biðlaunarétt hjá starfsmönnum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og það er bara sjálfsagt og eðlilegt mál. En þá hljótum við jafnframt að vilja tryggja það að í þeim lögum sem hér er verið að setja, um að hlutafélagavæða Rarik, komi ekki til þess að skerða eigi þessi almennu réttindi starfsmannanna. Sama er að segja um lífeyrisréttinn. Það hlýtur líka að þurfa að huga að því að tryggja lífeyrisrétt starfsmanna hjá Rafmagnsveitum ríkisins þó svo þær séu hlutafélagavæddar.

„BSRB leggur mikla áherslu á að tryggt verði að Rafmagnsveitur ríkisins virði rétt stéttarfélaga starfsmanna sem gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, til að semja áfram við hlutafélagið, verði það að veruleika, bæði fyrir hönd núverandi starfsmanna og nýráðinna. Við rekstrarformsbreytingu ríkisstofnana sl. ár hafa stéttarfélög sem eiga félagsmenn innan þeirrar stofnunar haldið áfram að gera kjarasamninga við hlutafélögin sem stofnuð hafa verið. Sama ætti að gilda um stéttarfélög innan Rafmagnsveitna ríkisins. Æskilegt væri að frá þessu yrði gengið áður en lögin koma til afgreiðslu.

Það er hins vegar eindregin afstaða BSRB, með tilvísun í það sem hér hefur verið rakið, að leggja til að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga."

Þannig var umsögnin frá BSRB. Ég hef því vitnað bæði í umsögn Alþýðusambands Ísland og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem eru stærstu almannasamtökin, stærstu launþegasamtökin sem hér eiga hlut að máli, sem koma að þessu bæði hvað varðar rétt starfsmannanna og einnig hvað varðar að hlutafélagavæða þessa almennu grunnþjónustu.

Frú forseti. Það er líka hægt að fara yfir það hvernig gengið hefur til með markaðsvæðingu raforkukerfisins sem

átti að leiða til svo mikillar og almennrar raforkulækkunar sem við minnumst að hafa heyrt hér hjá hæstv. iðnaðarráðherra sem gefst aldrei upp á því að vegsama markaðsvæðingu raforkukerfisins og neitar því að hún hafi mjög víða leitt til hækkunar og keyrir áfram í þessa veru.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði áðan í ræðu sinni að Ísland gæti státað af einu lægsta raforkuverði í Evrópu, nú státum við okkur svo sannarlega af nokkuð lágu raforkuverði, en því er samt fjarri að svo sé. Ég minnist þess í umræðu í síðustu viku að þá upplýsti hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson það í fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra að rafmagn til notenda í Danmörku og notenda í Finnlandi er t.d. mun lægra en hér. Reyndar er það svo að raforkuverð hér er að margra dómi miklu hærra en það þyrfti að vera einmitt vegna þessarar markaðsvæðingar þar sem farið er að krefjast arðs út úr rekstri fyrirtækjanna, arðs á því fjármagni sem bundið er í því og einnig vegna þess að farið er að gera þessar almannaþjónustustofnanir skattskyldar og auðvitað fara skattarnir sem þær verða að borga beint út í verðlagið og sömuleiðis arðsemiskröfurnar. Það eru einmitt ein rökin fyrir því að hlutafélagavæða Rarik að þá sé auðveldara að gera kröfur um meiri arðsemi.

Hv. framsögumaður minntist líka á að með þessu formi væri verið að færa ábyrgðina til framkvæmdastjóranna. Og frá hverjum er verið að færa hana? Jú, það er verið að færa hana frá eigendunum, frá þjóðinni sem núna á Rarik og vill sjálf bera ábyrgð á því hvernig þjónusta er veitt. Nú er verið að fjarlægja hana og fela hana í hendur framkvæmdastjóra sem hægt er að láta gera arðsemiskröfur til hennar.

Frú forseti. Ég hef rakið nokkuð ítarlega þau rök sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum fyrir því að við leggjumst alfarið gegn frumvarpinu. Við leggjumst gegn því á þeim forsendum að við teljum að raforkukerfið eigi að vera almannaþjónusta sem á að veita heimilum, notendum, fyrirtækjum rafmagn á sem hagkvæmustum kjörum á jafnréttisgrunni um land allt og það eigi ekki í sjálfu sér að gera arðsemiskröfu til þess. Arðurinn af raforkunni kemur í gegnum hagkvæmt raforkuverð til notenda, til heimila og til fyrirtækja og þar á arðurinn að skila sér en ekki taka hann svona fyrir fram með því að krefjast arðs af fyrirtækjunum sjálfum. Auk þess hef ég rakið ítarlega feril annarra stofnana sem ríkið hefur átt en hafa verið einkavæddar og seldar með nákvæmlega sama hætti, bankanna, Landssímans, þar sem sagt var í upphafi að aðeins væri um formbreytingu að ræða en ekki stæði til að selja.

Ég tel að það hefði alveg komið til greina að selja annan hvorn ríkisbankanna á sínum tíma en að þjóðin hefði jafnframt byggt upp öflugan og sterkan þjóðbanka sem hefði getað tryggt jafnræði í þjónustu í staðinn fyrir að það sem gerðist, að bankarnir voru seldir á útsölu og afhentir flokksgæðingum eftir helmingaskiptareglu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Það var látið ráða grunninum í skiptingu bankakerfisins. Síðan fengu þessir bankar frjálst spil, fengu þessar eignir ríkisins á silfurfati og ekki bara bankana heldur aðrar þjónustustofnanir með, eins og tryggingafélögin og fleira. Og loks hafa þeir keypt upp atvinnufyrirtæki. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum fram tillögu til breytinga á þeim lögum sem lúta að stofnun og rekstri fjármálafyrirtækja þar sem við lögðum til að bönkunum væri bannað að eiga og reka fyrirtæki með þessi krosseignatengsl að fyrirtæki sem væri í viðskiptum hjá banka gæti svo líka átt í bankanum. Við vöruðum við þessu og lögðum fram frumvarp sem kvað á um að þetta væri ekki heimilt. Skellt var skollaeyrum við varnaðarorðum okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um þessi krosseignatengsl á milli bankanna og atvinnufyrirtækjanna en hvað er að gerast nú? Þessi flóknu og miklu krosseignatengsl á milli fjármálastofnana og fyrirtækja eru núna það sem menn telja hættulegast hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum og afdráttarlaus ráð og reyndar kröfur um að bankastofnanirnar endurskoði það. Við lögðum þetta til strax í byrjun en þá voru bankarnir afhentir á silfurfati til valdra gæðinga samkvæmt helmingaskiptareglu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, framsóknarmenn fengu Búnaðarbankann og sjálfstæðismenn fengu Landsbankann. Síðan var ekki mikið spekúlerað í því nema þess var vandlega gætt að kjörin íþyngdu þeim ekki, meira að segja var kaupanda Landsbankans gefinn sérstakur afsláttur eftir á, því að honum fannst þau vera eitthvað óþægileg og ríkið gaf honum sérstakan afslátt á því gjafverði sem þessir bankar voru þó seldir á.

Hvað gerðist síðan með Landssímann? Nákvæmlega sami ferill með Landssímann. Fyrst var hann hlutafélagavæddur með hástemmdum yfirlýsingum um að aldrei kæmi til þess að hann yrði seldur. Síðan fór hann í söluferli og við þekkjum það, þetta átti að ganga fyrir sig á einum 5–6 árum að selja Landssímann. Það gekk brösuglega fyrst því að þjóðin var alfarið á móti því að Landssíminn væri seldur og alveg fram á síðasta dag. Mér kæmi ekki á óvart ef gerð yrði skoðanakönnun í dag meðal þjóðarinnar að stærri hlutinn væri áfram andvígur því að Síminn hefði verið seldur. (Gripið fram í.) Svo kemur hv. þm. Kjartan Ólafsson hér með frammíkall um hátæknisjúkrahúsið. Mér heyrist það vera mjög umdeilt og ég mundi ekki leggja til að Rarik yrði selt til að fjármagna seinni hlutann af hátæknisjúkrahúsinu ef hv. þingmaður er að meina það. En það er mjög umdeilt að verja eigi söluandvirði Landssímans í að byggja hátæknisjúkrahús. Vandi sjúkrahúsanna og í rekstri heilbrigðisþjónustunnar er að það vantar fjármagn til að halda núverandi starfsemi gangandi. Það breytist ekki þó að menn vilji kalla það hátæknisjúkrahús. Við erum með hátækniheilbrigðisþjónustu á Landspítalanum og á öðrum sjúkrahúsum víða um land en það skortir rekstrarfé. Það skortir ekki miklu fleiri byggingar. Ég frábið mér það að selja Rarik til að greiða upp eitthvað slíkt. Þá er betra fyrir þjóðina að eiga Rarik.

Hér er verið að stíga skrefið í að einkavæða Rafmagnsveitur ríkisins og ég hef leitt hér rök að því að þetta er kolröng stefna. Þau rök sem færð eru fyrir einkavæðingunni eru léttvæg. Það er hægt að ná markmiðum við rekstur þessa fyrirtækis með öðrum hætti. Tökum Orkuveitu Reykjavíkur sem dæmi. Orkuveita Reykjavíkur er samlagsfyrirtæki, hún er ekki hlutafélagavædd. Ég sé ekki betur en að hún sé orðin stórveldi í orkumálum landsmanna. Menn geta deilt um hvað hún er að gera á sumum sviðum, eins og að afla orku fyrir stóriðju, en eignar- eða rekstrarformið virðist ekki há henni á nokkurn hátt, síður en svo, það

styrkir hana ef eitthvað er, því að hún liggur þá ekki beint undir því að verða seld í hlutum og það gefur henni meiri stöðugleika.

Ég er alveg viss um að hlutafélagavæðing Rariks setur fyrirtækið á vissan hátt í uppnám því að menn vita ekki hver verða næstu skref. Menn vita ekki hvenær farið verður að selja hlutina út úr Rarik. Við skulum minnast þess að það var kannski ekki hvað síst fyrir atbeina Vinstri grænna í borgarstjórn Reykjavíkur sem Orkuveita Reykjavíkur er enn þá í almenningseign og í því eignarformi sem hún nú er. Ég verð að segja fyrir mig, frú forseti, að ég óttast það mjög ef svo illa fer að næsti meiri hluti Reykjavíkurborgar verði án aðildar Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs því þá liggur alveg ljóst fyrir hvort sem það verða sjálfstæðismenn, framsóknarmenn og jafnvel Samfylkingin að fyrstu skref þeirra yrðu að einkavæða Orkuveitu Reykjavíkur. Traust fólks á að almannaþjónustustofnanir verði ekki einkavæddar og seldar hvílir því á aðild Vinstri grænna hvar sem. Og áfram eru það einmitt þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á Alþingi sem vara við einkavæðingu á orkugeiranum. Við vörum við markaðsvæðingunni sem hér er verið að leggja upp með og herða á. Við leggjumst gegn því að frumvarp þetta verði að lögum og höfum dreift hér tillögu að rökstuddri dagskrá sem kemur til umræðu seinna á fundinum þar sem lagt er til að þessu máli verði vísað frá.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs — eins og segir í tillögunni sem við höfum lagt fram og kemur síðar til umræðu — leggja áherslu á að raforka til almennra notenda og fyrirtækja sé mikilvægur þáttur almennrar grunnþjónustu sem á að reka á félagslegum grunni. Þau skref sem hafa verið stigin í markaðsvæðingu raforkukerfisins hafa þegar leitt til mikilla hækkana á verði raforku til neytenda víða um land, þvert á gefin loforð um annað. Hlutafélagavæðing Rariks er liður í yfirlýstum markmiðum stjórnvalda að einkavæða raforkukerfið og búa orku- og dreifingarfyrirtæki landsmanna undir sölu á almennum markaði. Þau áform eru andstæð hagsmunum almennings í landinu.

Og einmitt á þeim forsendum leggjum við til, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að þessu frumvarpi um einkavæðingu á Rarik verði vísað frá.

[18:02]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingar á Rafmagnsveitum ríkisins, þar sem aðalmarkmiðið með breytingunni er að breyta fyrirtækinu í hlutafélag og færa það úr þeim rekstri sem það hefur verið í, þ.e. úr stofnanarekstri. Það er aðalmál þessa frumvarps. Símamálin koma því ekki við.

Þar sem Vinstri grænir virðast alfarið vera á móti því að hægt sé að breyta stofnunum ríkisins sem eru í samkeppni á markaði til nútímahátta í rekstrarformi sem hæfir samkeppnisrekstri, eins og hér er gert, þá langar mig aðeins að inna hv. þm. Jón Bjarnason eftir nokkru.

Hann talar um að framsóknarmenn vilji einkavæða. Hann talar um að grænir vilji hafa þetta sem stofnun, staðnaða stofnun, það er orðfæri sem kemur. Hann talar um þennan mikla heiðarleika.

Hvers vegna flytja ekki Vinstri grænir frumvarp um ríkisfyrirtæki almennt? Eins og ríkisflugfélag, ríkisútgerð í sjávarútvegi, ríkisrekstur í samgöngum og ríkisrekstur í landbúnaði og afurðarstöðvum? Mér finnst að þetta framboð ætti að fylgja sínum málum eftir með því að leggja fram frumvarp um þess háttar hluti.

Mér finnst hins vegar ekki vera nokkur bragur á því að vera bara að ströggla með málþófi og snakki eins hér hefur verið gert síðasta klukkutímann eða tvo. Það þarf að skera úr, nákvæmlega eins og í vatnalagafrumvarpinu, þar urðu vatnaskil, og menn áttuðu sig á því hvað var aðalatriðið (Forseti hringir.) og mér finnst að hv. þingmaður eigi að svara þessu.

[18:05]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil alveg sjónarmið sjálfstæðismanna. Fyrir þá er það ekkert mál að einkavæða almannaþjónustuna og eðlilega skilur hv. þm. Kjartan Ólafsson ekkert í því að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs sem berjumst fyrir sterkri velferðarþjónustu, séum að bera fram rök gegn því að einkavæða almannaþjónustuna.

En ég skil alveg að sjálfstæðismenn vilja einkavæða almannaþjónustuna og þess vegna er eðlilegt að hv. þm. Kjartani Ólafssyni finnist þetta vera óþarfi því þetta gengur þvert á stefnu Sjálfstæðisflokksins, sem vill einkavæða almannaþjónustuna.

Ég nefndi Símann og einkavæðingarferli hans í þessu sambandi, það er hárrétt. Ég held að það væri mjög hollt fyrir hv. þm. Kjartan Ólafsson, sem er mikill einkavæðingarsinni eins og hann lýsti hér, að lesa samt einkavæðingarferli Símans sem byrjaði bara góðlátlega með hlutafélagavæðingu til að nútímavæða reksturinn, nákvæmlega eins og það sem hér er til umræðu. En hvað sagði þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, flokksbróðir hv. þingmanns? Hann sagði: Það kemur að sjálfsögðu ekki til að Póstur og sími verði seldur. Þetta er nákvæmlega sama ferlið hér. Það á að hlutafélagavæða Rafmagnsveitur ríkisins en kemur að sjálfsögðu ekki til að þær verði seldar.

Ég verð að segja, frú forseti, að ég virði þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem segja hér alveg opinbert að þeir vilji einkavæða almannaþjónustuna og telji hana betur einkavædda en rekna á félagslegum grunni. En þar erum við bara ekki sammála. (Forseti hringir.)

[18:07]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom nú fátt lítið út úr þessu andsvari hv. þingmanns. Mig langar að spyrja hv. þingmann þar sem hann talar um almannaþjónustu, hvað það sé í rauninni sem skipti almenning höfuðmáli í raforku, fá aðeins svör við því.

Ég tel að það sem skipti höfuðmáli sé afhendingaröryggið. Að orkan sé tryggð til fólks með þeim gæðum sem hún á að uppfylla, þá með spennu. Hvað er það sem skiptir næstmestu máli? Það er verðið og þjónustan sem fylgir. Ég treysti félagi sem er rekið sem hlutafélag enn betur til að gera það og ekkert síður en félagi sem er stofnun. Ekki síst

þegar um er að ræða fleiri aðila. Með nýju raforkulögunum eru fleiri aðilar inni á markaðnum og þá er komin samkeppni.

Það er alveg augljóst, það er á öllum götuhornum, það sem vísar okkur veginn til samkeppni og þjóðfélagið er að þróast og eflast miðað við önnur ríki einmitt vegna þess að við höfum búið atvinnuvegina þannig út að þeir geta átt í samkeppni. Það er það sem skilar okkur fram á veginn.

En þetta staðnaða stofnanakerfi sem Vinstri grænir vilja hafa hér skilar okkur ekki fram á veg og mun engu breyta. Það má ekki virkja. Það má helst ekki gera neitt vegna þess að það muni hefta framgang landsins. Þessi málflutningur er með ólíkindum.

[18:09]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð enn og aftur að vitna til þess að sjálfstæðismenn eru mjög heiðarlegir í þessu. Þeir vilja einkavæða almannaþjónustuna. En ég hef aldrei talað um staðnað stofnanakerfi, hv. þingmaður tekur það sér í munn. Það eru rök sjálfstæðismanna fyrir einkavæðingunni.

Það má vel vera heilbrigðisþjónustan byggi á stöðnuðu stofnanakerfi og sjálfsagt þyrfti að einkavæða heilbrigðisþjónustuna. Enda heyrum við sterkar raddir innan úr Sjálfstæðisflokknum fyrir einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar.

Menntakerfið byggir á þessum sömu rökum og hv. þingmaður sagði, staðnaðar stofnanir. Þess vegna þarf að einkavæða menntakerfið. Þetta er bara trúarsetning frjálshyggjunnar hjá Sjálfstæðisflokknum og við tökumst á við hana. Að þeir vilji einkavæða alla þjónustu og noti slík orð, að hún sé stöðnuð.

Ef við yfirfærum þessi orð hv. þingmanns Sjálfstæðisflokksins og fulltrúa hans í orkuumræðunni þá er hann að segja nákvæmlega það sama, að eitt fyrsta verk sjálfstæðismanna, ef þeir komast í meiri hluta hér í Reykjavík, er að einkavæða Orkuveitu Reykjavíkur. Því annars væru þeir ekki sjálfum sér samkvæmir. Það gefur auga leið.

Ég er bara ekki viss um að Reykvíkingar séu sammála sjálfstæðismönnum í því að eitt brýnasta verkefnið í orkumálum sé að einkavæða Orkuveitu Reykjavíkur. Ég er ekki viss um það. En það er heiðarlegt af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins nú í umræðunni að segja að eitt það brýnasta í þessum málum sé einkavæðing orkufyrirtækjanna. Þar er Orkuveita Reykjavíkur náttúrlega engin undantekning.

Ég er ekki viss um að Reykvíkingar séu sammála því að eitt brýnasta málið sé að einkavæða Orkuveitu Reykjavíkur. Ég held ekki, frú forseti, þótt sjálfstæðismenn haldi því fram. (Forseti hringir.)

[18:11]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta var mjög fróðleg umræða hér undir lokin. Ég hlustaði með athygli á yfirlýsingar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Kjartans Ólafssonar. Ég rifja upp það sem hann sagði við 1. umr. þessa frumvarps. Ég held að það hafi verið í desembermánuði, alla vega fyrir áramótin, en þá sagði hann að Rarik, Rafmagnsveitur ríkisins, ættu að vera söluvara eins og hvert annað fyrirtæki, ef verðið væri rétt ætti Rarik að vera til sölu og hafnaði öllum yfirlýsingum um að ekki stæði til að selja þetta fyrirtæki.

Síðan talar hv. þingmaður svona nánast af fyrirlitningu um alla þá starfsemi sem er rekin á félagslegum grundvelli og hefur verið undirstaða framfarasóknar Íslendinga í heila öld. Hann spyr hvers vegna við flytjum ekki frumvörp um ríkisstofnanir, ríkisflugfélag og ríkisskipafélag og þar fram eftir götunum.

Svona talar maður sem horfir upp á þann veruleika að eftir að Ríkisskip var lagt niður lögðust sjóflutningar við Ísland niður. Þeir eru hreinlega ekki fyrir hendi lengur. Ef við hættum að hugsa í leiðum og tækjum og hugsum í markmiðum þá eiga menn ekki að útiloka neina leið og allra síst það sem gert er á samfélagslegum grunni.

En mér fannst ástæða til að rifja þetta upp, hæstv. forseti, hér í upphafi máls míns, því það vakti furðu að hlusta á yfirlýsingar frá hv. þm. Kjartani Ólafssyni.

En ég tek undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að þessi afstaða Sjálfstæðisflokksins þarf ekki að koma neinum á óvart. Hún er að sönnu heiðarleg að því leyti að þeir fara ekkert í grafgötur með að þeir telji vel koma til greina að selja Rafmagnsveitur ríkisins á markaði.

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja ræðu mína á að ræða nokkra efnisþætti sem fram komu í máli hv. formanns iðnaðarnefndar, Birkis Jóns Jónssonar. Það eru fjögur atriði sem ég ætla að staldra við. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði að með því að gera Rarik að hlutafélagi ykist sveigjanleiki í rekstri.

Ég vil byrja á því að segja að sveigjanleiki í rekstri er að sjálfsögðu nauðsynlegur og góður þegar á þarf að halda. En við þurfum að gæta að okkur hvað það er nákvæmlega sem við eigum við með þessari hugtakanotkun. Hvað er það sem á að verða sveigjanlegt?

Þá staldra ég fyrst við hugsanlegan samruna við önnur fyrirtæki eða stofnanir á þessu sviði, að sveigjanleiki af því tagi kunni að vera nauðsynlegur, en á móti spyr ég hvað standi í vegi fyrir því að nýta önnur rekstrarform hvað þetta snertir. Ég nefni hér sameignarfélög og ég nefni byggðasamlög sem eru einnig þekkt form innan opinbers reksturs og eru vel nýtanleg til að tryggja sveigjanleika í rekstrinum hvað varðar samruna og samstarf við aðrar stofnanir og önnur fyrirtæki.

Reyndar hef ég lengi verið þeirrar skoðunar að við þurfum að þróa byggðasamlagshugsunina áfram því að ýmsir vankantar eru á því fyrirkomulagi og ég nefni þá sérstaklega áhrif í stjórn en þau endurspegla ekki styrk eignaraðilanna. Við erum með byggðasamlag um sorphreinsun, um Sorpu öllu heldur. Við erum með byggðasamlög um slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu og fleira mætti telja þannig að það eru til önnur form til að tryggja sveigjanleika í rekstri.

Síðan er náttúrlega hin grundvallargagnrýnin sú að hlutafélagaformið er gott og æskilegt og heppilegt vilji menn nýta kosti þess forms til fulls. Hjá opinberum stofnunum og í opinberum rekstri almennt kemur aðhaldið sem slíkum stofnunum er veitt frá eigandanum, frá ríkinu og þá fulltrúum þess eða frá sveitarfélögunum ef um eignaraðild þeirra er að ræða. Í hlutafélögum kemur aðhaldið frá handhöfum hlutanna í fyrirtækinu. Þeir koma þá saman til hlut-

hafafunda og þeir sjá til þess að þeim markmiðum sem þeir hafa sett starfseminni verði náð á sem bestan og markvissastan hátt. Yfirleitt er það svo að þeir eru að ýta á og þrýsta á um að arður þeirra, það sem þeim á að falla í hlut, verði sem mestur.

Þegar hins vegar búið er til hlutafélag með einum hlut sem þar að auki er settur undir einn ráðherra er vandséð hvernig þessir kostir hlutafélagaformsins fái yfirleitt að njóta sín og það gera þeir ekki. Það er ákveðin mótsögn í því að búa til hlutafélag um einn hlut og væri nær að kalla félagið hlutsfélag eða hlutarfélag því ekki er um marga hluti að ræða.

En það er annað sem menn gætu átt við þegar talað er um sveigjanleika í rekstri og það er nokkuð sem menn hafa fundið opinberri starfsemi til foráttu, þ.e. að réttindi starfsfólksins séu of mikil, þau séu ósveigjanleg að ýmsu leyti. Það sé t.d. erfitt að segja fólki upp störfum. Þetta er gagnrýni sem sett hefur verið fram gagnvart opinberum stofnunum. Við munum eftir umræðunni sem hér varð fyrir ekki svo ýkjalöngu síðan, fyrir fáeinum missirum, um svokallað áminningarfrumvarp. Það var hæstv. fjármálaráðherra sem setti frumvarpið fram og vildi nema úr lögum og þar með úr réttindakerfi opinberra starfsmanna skyldu til að veita starfsmönnum, sem til stóð að segja upp störfum, áminningu áður en til uppsagnar kæmi. Þetta áminningarferli hefur verið sett inn í lögin til að koma í veg fyrir geðþóttauppsagnir og tryggja starfsmönnum að þeir fái ráðrúm til að leiðrétta hugsanlegan misskilning sem er að baki væntanlegri uppsögn eða til að bæta sig að öðrum kosti. Þetta hefur mörgum ekki þótt nóg og hafa viljað færa forstjóranum vald í hendur til þess að segja fólki upp skýringarlaust. Er það þetta atriði sem menn horfa til því þetta er eitt af því sem breytist þegar Rarik verður að Rarik hf., þá breytist þetta og til sanns vegar má færa að fyrirtækið verður sveigjanlegra hvað þetta atriði snertir.

Ég spyr: Þegar við ræðum grunnþjónustu, eins og raforkuframleiðslu, vatn og ýmsa aðra þætti velferðar- og stoðkerfisins í samfélaginu, hvaða þættir eru það þá sem við helst horfum til? Hv. þm. Sjálfstæðisflokksins, Kjartan Ólafsson, sagði fyrir stundu að það sem menn horfðu fyrst og fremst til varðandi rafmagnið væri afhendingartrygging á rafmagninu og síðan verðlag. Já, gott og vel. Þetta eru vissulega mikilvægir grundvallarþættir en eigum við þá ekki að ræða þá þætti og eigum við ekki að ræða þá með hliðsjón af reynslu manna hvað einmitt þetta snertir? Staðreyndin er sú að við einkavæðingu og markaðsvæðingu rafmagnskerfisins í Evrópu og annars staðar þar sem farið hefur verið út á slíkar brautir, á Nýja-Sjálandi og víðar, hefur dregið úr afhendingartryggingunni. Afhendingartryggingin er minni eftir markaðsvæðingu kerfisins og það sem ekki síður skiptir máli er að verðlag hefur almennt farið hækkandi við þessar breytingar.

Ég ætla aðeins að staldra við þessa tvo þætti. Annars vegar um verðlagið — því það varð heilmikil umræða í fjölmiðlum eftir síðustu áramót um þær breytingar sem þá höfðu átt sér stað vegna kerfisbreytinga sem ríkisstjórnin hafði gengist fyrir.

Í febrúar sagði á forsíðu Fréttablaðsins, með leyfi forseta:

„Daggjald raforku hefur hækkað um 106%“ — og í undirfyrirsögn sagði nánar, einnig með leyfi forseta:

„Daggjald heimila vegna raforkunotkunar hefur tvöfaldast á tveimur árum. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur segir raforkulögin orsaka hækkunina. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir flest fyrirtæki einnig greiða hærra verð og líkir ástandinu við samráð olíufélaganna.“

Í frétt Fréttablaðsins frá þessum tíma segir m.a., með leyfi forseta:

„Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að frá því að nýju raforkulögin tóku gildi sjáist dæmi þess að raforkuverð til fyrirtækja hafi hækkað um 20–30%. Flest fyrirtæki greiði hærra verð fyrir rafmagnið en áður.“

Síðan er vitnað í Jóhannes Gunnarsson, formann Neytendasamtakanna, sem gagnrýnir verðhækkanir og segir að þeir Sveinn og Jóhannes séu sammála um að samkeppni um sölu á raforku sé ekki til staðar. Í niðurlagi frásagnar Fréttablaðsins segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt reikningi sem Fréttablaðinu barst frá íbúa á sérhæð á Langholtsveginum nam hækkunin fyrir orkunotkun í lok 2003 og svo 2005 ríflega 15% þrátt fyrir að rafmagnsnotkunin hafi verið 6% minni.“

Daginn eftir, fimmtudaginn 2. febrúar, vísa talsmenn orkufyrirtækjanna því á bug á forsíðu að um verðsamráð sé að ræða. Hins vegar segja þeir það vera staðreynd að orkuveiturnar elti hver aðra í verði. Talsmennirnir segja að veiturnar beri allar meiri kostnað vegna raforkulaganna.

Inni í blaðinu er síðan sláandi frásögn:

„Frjáls raforkumarkaður leiðir til hærra verðs hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Enginn hagur af raforkulögum.“

Þetta er fyrirsögn sem ég hefði átt að biðja um leyfi forseta til að hafa eftir og áfram heldur, með leyfi forseta:

„Forstjórar Norðurorku, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur gagnrýna nýju raforkulögin en samkvæmt þeim er sala á raforku gefin frjáls. Orkuveiturnar bera allar hærri gjöld vegna breytinganna, Orkuveita Reykjavíkur þau hæstu eða 458 millj. kr. Forstjóri Hitaveitu Suðurnesja, Júlíus Jónsson, segir flutningskostnaðinn í raun skatt. Forstjóri Orkuveitu Húsavíkur, Hreinn Hjartarson, segir veituna þeirra greiða tvöfalt til þrefalt hærra verð fyrir tenginguna.“

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Upphæðin sé ótrúlega há, um 12 millj. í stað 5.“

Og síðar:

„Franz Árnason, forstjóri Norðurorku, segir að hann sjái engan tilgang með nýju raforkulögunum. Hann þekki engan sem sé ánægður með lögin.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, tekur undir orð forstjóra Norðurorku og þekkir heldur engan sem sé ánægður með nýju raforkulögin. Hann og forstjóri Hitaveitu Suðurnesja vöruðu við breytingunum.“

Það er ástæða til að þakka Fréttablaðinu fyrir þennan fréttaflutning en það eina sem ég hef við fullyrðingar talsmanna orkufyrirtækjanna að athuga í frásögn blaðsins er að þeir gleyma hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, þegar þeir segjast engan þekkja sem lýst hafi ánægju með lögin. Það hefur hæstv. ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir,

nefnilega margoft gert. Það er e.t.v. vegna þess að hún ein virðist vera þeim hæfileikum búin að sjá lækkun þegar aðrir sjá hækkun.

Nú er spurningin þessi: Munu þessar upplýsingar hafa hreyft við þjóðinni og munu þær hafa einhver áhrif á það hvernig alþingismenn afgreiða þessi lög, hvernig þeir greiða atkvæði þegar lagafrumvarpið kemur til afgreiðslu á þinginu. Því miður hef ég miklar efasemdir um að upplýsingar af þessu tagi hafi nokkur teljandi áhrif í þingsalnum og það er vegna þess að menn eru búnir að læsa sig í ákveðna niðurstöðu.

Nú má spyrja sem svo hvort ég sé ekki einn í þeim hópi sem búinn er að læsa mig í ákveðinni niðurstöðu. Ég hef að sönnu mjög ákveðna afstöðu í þessu máli en ég tel að ég byggi hana á ítarlegri skoðun og könnun á málinu. Ég hefði viljað fá hv. þm. Kjartan Ólafsson, sem er núna horfinn af vettvangi, alla vega í bili, til umræðu um reynsluna af markaðsvæðingu raforkukerfanna þar sem farið hefur verið út á þá braut með tilliti til þeirra atriða sem hann nefndi sérstaklega: afhendingar- og verðlagstryggingar.

Eitt af því sem helst var gagnrýnt eftir markaðsvæðingu raforkuframleiðslunnar í Svíþjóð á sínum tíma snerti einmitt afhendingartryggingu. Í ljós kom að raforkufyrirtæki sýndu ekki þá fyrirhyggju eftir markaðsvæðingu sem nauðsynleg var. Raforkufyrirtækin í Svíþjóð höfðu jafnan gert ráð fyrir talsverðri framleiðslugetu umfram það sem nauðsynlegt var við venjubundnar aðstæður til að geta brugðist við ef óvæntar aðstæður kæmu upp, ef veðurfar reyndist kaldara en venja var til eða annað kæmi upp. Fyrirtækin sögðu að þau væru ekki að framleiða rafmagn að gamni sínu, eins og það var einhvers staðar orðað í fjölmiðlum af hálfu eins talsmanna þeirra. Þau töldu sig ekki þurfa að bera kostnað af slíkri öryggisorkugetu. Þetta hefur aftur og ítrekað orðið þess valdandi Svíar hafa þurft að flytja inn raforku frá kolaraforkustöðvum í Póllandi og Þýskalandi þar sem verð fyrir orkuna hefur verið hærra en á sænskum raforkumarkaði.

Fleiri dæmi mætti nefna um þetta. Þetta er einnig reynslan annars staðar í Evrópu. Frá því farið var að markaðsvæða orkugeirann í Evrópu hafa 300.000 starfsmenn misst atvinnu sína á þessu sviði í Evrópusambandinu. Menn hafa einnig bent á annað, sem snertir það sem hv. þm. Kjartan Ólafsson nefndi, afhendingartrygginguna, þ.e. að kerfin standa ekki eins traustum fótum og þau gerðu áður. Ástæðan er rakin til þess að eftir hlutafélagavæðingu hafa fyrirtækin verið tregari til að fjárfesta í nýjungum, í mannskap, menntun og endurmenntun starfsmanna. Þetta er eitt af því sem á hefur verið bent.

Núna fara fyrirtækin frekar út á þá braut að bjóða út sérhvert verkefni á þeirra vegum. Verkefnin eru boðin út og oft fengin í hendur tiltölulega litlum fyrirtækjum sem eiga ekki öll langa framtíð fyrir sér. Þar byggist því ekki upp sú þekking sem var til staðar og er að sönnu víða enn í stóru raforkufyrirtækjunum. Menn hafa bent á að þetta hafi valdið því að allt innra kerfi þessara fyrirtækja er ekki eins traust og það var áður. Bæði hvað snertir verðlagið og afhendingaröryggið er ástandið ekki eins traust og áður var.

En hverjir halda þessu fram? Hverjir tala á þessa lund? Eru það talsmenn verkalýðshreyfingarinnar og hagsmunasamtaka neytenda? Ég hef áður bent á það við þessa umræðu hvernig neytendasamtökin í Noregi hafa ítrekað bent á hvernig orkufyrirtækin þar hafi halað inn gróðann. Þau hafa háfað hann inn í milljörðum króna og ekki sinnt félagslegum skyldum sínum gagnvart samfélaginu sem eðlilegt væri. Á þetta benda einnig matsfyrirtækin. Hér var til umræðu ekki alls fyrir löngu skýrsla frá matsfyrirtækinu Fitch sem lagði mat á íslenska hagkerfið og benti þar m.a. á vafasaman hlut ríkisins í þeim erfiðleikum sem við stöndum frammi fyrir núna. Bent var á ríkisfjármálin sem grundvallarvanda í íslensku hagkerfi. Það eru að sjálfsögðu hinar miklu fjárfestingar sem ríkið hefur staðið fyrir í tengslum við orkufrekan iðnað, bæði nú og einnig yfirlýsingar sem snúa að framtíðinni. Það hefur verið til ills og einnig haft í för með sér slæmar afleiðingar á fjármálamarkaði.

En þetta fyrirtæki Fitch, birti nýlega skýrslu, 15. febrúar síðastliðinn, sem heitir „Public Power 2006 Outlook". Þessi skýrsla ber saman orkufyrirtæki í Bandaríkjunum, annars vegar orkufyrirtæki á vegum opinberra aðila og hins vegar fyrirtækja í einkaeign. Í ljós kemur að 87% 144 orkufyrirtækja í opinberri eigu fengu það mat að þau væru stöðug sem kallað var, „stable" hefur hugtakið að öllum líkindum verið. Þá fá 8% þeirra jákvæða einkunn en aðeins 5% eru talin eiga neikvæðar framtíðarhorfur. Einkafyrirtækin fá mun lakari einkunnagjöf í þessari úttekt.

Með hliðsjón af því sem sagt er um sveigjanleikann kemur fram að opinberu fyrirtækin hafa samkvæmt skýrslu Fitch verið sveigjanlegri í rekstri en hin einkareknu. Þar er talið að fyrirhyggjan hafi verið meiri og þau hafi verið líklegri til að safna í varasjóði til að bregðast við á erfiðum stundum. Það væri fróðlegt að fara nánar í skýrsluna. Það má vel vera að ég geri það í síðari ræðu minni við 2. umr. um málið.

Ég er að ræða um sveigjanleikann annars vegar og stöðugleikann hins vegar. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson formaður iðnaðarnefndar hóf mál sitt á að tala um mikilvægi þess að tryggja sveigjanleika í rekstri. Ég varpa þeirri spurningu til baka til hans: Hvað á hann við með sveigjanleika? Er hann að tala um fjárfestingarsveigjanleika? Er hann að tala um sveigjanleika gagnvart starfsfólkinu, að auðveldara verði fyrir forstjóra fyrirtækisins að segja fólki upp o.s.frv.? Hvað á hann við með sveigjanleika? Ég spyr einnig: Er ekki hægt að tryggja þann sveigjanleika sem þarf að vera til staðar, ég er vissulega sammála honum þar, með annars konar rekstrarformi en hlutafélagsformi? Í hlutafélagi með einum eiganda tryggjum við ekki kosti hlutafélagsformsins. Við gerum það ekki. Hins vegar óhjákvæmilega koma ýmsir ókostir í ljós og þeir snúa ekki síst að starfsmönnum fyrirtækisins.

Hér var hv. þm. Kjartan Ólafsson aftur mættur til leiks. Hann talaði um mikilvægi þess að tryggja afhendingu og verðlag. Ég hef vísað til reynslu í Evrópu og Nýja-Sjálandi og víðar. Þar hefur komið fram að einkavæddu fyrirtækin hafa síður verið fær um að tryggja afhendingu á rafmagni en opinberu fyrirtækin. Ég hef einnig bent á að verðlag hafi farið hækkandi með markaðsvæðingunni.

Nú vil ég beina því til hv. þingmanns að hann færi okkur sannanir fyrir því eða vísbendingar um að þessu sé ekki svona farið. Ég vil fá dæmin. Ég hef í umræðunni reitt fram

dæmi um hvað þegar hefur gerst við kerfisbreytingar af þessu tagi. Látum vera að hv. þingmaður vilji halda því fram að kostir kerfisins eigi enn eftir að koma í ljós vegna þess að markaðurinn sé ekki farinn að virka sem skyldi. En þá vil ég biðja hann um að segja mér hver reynslan er erlendis frá. Í Evrópu hefur verð á rafmagni farið hækkandi við markaðsvæðingu raforkugeirans. Afhendingartryggingin sem hann ræddi um er rýrari en áður var. Ég vísa þar í neytendasamtök á Norðurlöndum, til verkalýðssamtaka og í þekkt matsfyrirtæki. Ég vísaði sérstaklega í skýrslu sem var gefin út af fyrirtækinu Fitch, um samanburð á orkufyrirtækjum í eigu hins opinbera og einkareknum fyrirtækjum. Þessi skýrsla var birt 15. febrúar og nefnist „Public Power 2006 Outlook". Þar fá einkareknu fyrirtækin lakari einkunn en hin. Eitt af því sem menn benda á í því sambandi er að krafan um arðsemi er reidd svo há og er svo óbilgjörn að þau sýna ekki sömu fyrirhyggju og opinberu fyrirtækin almennt gera.

Nú er allur gangur á því hvernig raforkukerfið er rekið í Bandaríkjunum. Þar er um að ræða miklu sveigjanlegra fyrirkomulag en í Evrópu sem er með geysilega miðstýrt kerfi. Ástæðan fyrir því að Los Angeles slapp við Enronhneykslið á sínum tíma var einfaldlega að raforkukerfið í Los Angeles var í eigu og rekið á vegum borgarinnar. Aðrir hlutar kerfisins í Kaliforníu voru í klónum á Enron, a.m.k. uppistaða kerfisins. Þar áttu menn sér enga vörn.

Þetta er eitt sem við ættum að hafa í huga þegar við erum að tala um stöðugleika og afhendingaröryggi. Staðreyndin er líka sú að hlutafjáreigendur eru ekki traustir bakhjarlar í opinberri starfsemi sem þarf alltaf og stöðugt að vera til staðar. Við höfum um þetta fjölmörg dæmi. (**KÓ:** Hvað með flugið?) Ha? (**KÓ:** Hvað með flugið?) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (DrH)**:** Ekki tveggja manna tal.)

Það er gaman að fá það sem á útlensku er kallað inspírasjón. Hvað með flug? Það er rétt. Hvar drögum við línurnar um aðkomu ríkisins? Á sínum tíma var nauðsynlegt talið að ríkið kæmi að samgöngumálum í ríkari mæli en nú er. Það er rétt en síðan skapast nýjar aðstæður og menn telja að markaðurinn geti séð um samgöngurnar. Ég nefndi áðan hvað hefði gerst í strandsiglingum við Ísland. Þær hreinlega lögðust af. Þá eiga menn ekki að vera svo fastir í eigin hugmyndafræði að þeir útiloki sjálfkrafa allt sem kemur frá hinu opinbera. (**SigurjÞ:** En er þetta ekki öfgaflokkur?)

Hvað um flugið? segir hv. þingmaður. Snýst ekki spurningin að einhverju leyti um samkeppni? Ef við ætlum að nýta kosti samkeppninnar þarf hún að vera til staðar. Þetta er nokkuð sem sjálfstæðismenn, hægri menn og frjálshyggjumenn þurfa að svara. Þeir þurfa að skýra það fyrir okkur hvers vegna eigi að markaðsvæða starfsemi sem ekki fer inn á samkeppnismarkað að heitið getur. Nákvæmlega þetta hefur gerst á raforkumarkaðnum í Evrópu, þ.e. samkeppnismarkaðurinn varð ekki til. Það er þess vegna sem forstjórarnir sem ég vísaði til áðan og vitnaði í eru að tala um samráð á borð við samráð olíufélaganna. Muna menn hvernig það var er menn komu sér saman um verðlagið? Ekki nóg með það heldur tóku þeir útboðum og settust síðan á fundi saman til að ákveða hvernig skipta skyldi ránsfengnum á milli sín.

Ætlum við inn í svona umhverfi með vatnið og raforkuna? Ef menn ætla með raforkuframleiðslu og dreifingu í markaðsvæðingu á Íslandi verða þeir að geta sýnt fram á að til staðar verði markaður og samkeppni. Menn hafa reynt þetta í Noregi og það eru ekki margar vikur síðan Ríkisútvarpið sagði okkur síðustu fréttirnar frá raforkumarkaðnum í Noregi. Þær voru á þá lund að markaðurinn hefði ekki skilað því sem menn höfðu vonast eftir. Hvers vegna skyldi það vera? Jú, það var haft eftir forsvarsmönnum raforkufyrirtækjanna að almenningur væri ekki búinn að átta sig á því að hann væri kominn á markað. Með öðrum orðum: Fólkið er svo vitlaust að það skilur hve búið er að búa til stórkostlegt kerfi fyrir það.

Það er einfaldlega þannig að við viljum hafa vissa grunnþætti til staðar án þess að þurfa að vakna á morgnana eða fara að sofa á kvöldin með verðskrána í höndunum til að vita hvar maður geti fengið kveikt á ljósinu örlítið ódýrar á morgun en í dag. Lífið er ekki svona, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, að við ætlum að lifa í markaðshugsun frá degi til dags, frá því að við vöknum á morgnana og þar til við förum að sofa á kvöldin. Þannig er það ekki. Þessi þjónusta á að vera félagslega rekin. Menn segjast reyndar ætla að reka hana þannig í frumvarpinu, gott ef er ekki í 3. gr. frumvarpsins, að þrátt fyrir hlutafélagavæðingu eigi Rarik hf að vera í eigu ríkisins.

Eða hvað? Við heyrðum hv. þm. Kjartan Ólafsson tala um það við 1. umr. að Rafmagnsveitur ríkisins hf. ættu að sjálfsögðu að vera falar ef rétt verð fengist fyrir þær. Nú heyri ég ekki betur en hv. formaður iðnaðarnefndar og talsmaður Framsóknarflokksins við þessa umræðu hafi sagt fyrir stundu að hann liti svo á að Rarik hf. yrði að meira hluta í eigu ríkisins. Nú þarf ég að fara varlega í að staðhæfa nákvæmlega um orð hv. þingmanns. En ég skildi hann svo að hann teldi óvarlegt að staðhæfa að Rarik hf. yrði um alla framtíð á vegum samfélagsins, eign ríkisins. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður fullyrti að við ættum ekki að ganga út frá slíku. (**BJJ:** Að það mundi eiga meiri hluta í fyrirtækinu.) Já, meiri hluta í fyrirtækinu, akkúrat, ég heyrði það rétt. Við ættum að eiga meiri hluta í fyrirtækinu. En segir ekki í 3. gr. að það eigi ekkert að selja það? Er það ekki svo? (**BJJ:** Þetta er ótrúlegt.)

(**Forseti** (DrH)**:** Háttvirtir þingmenn eiga ekki að vera með tveggja manna tal.)

Ótrúlegt, segir hv. þm. Birkir Jón Jónsson.

Í 3. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Öll hlutabréf í hlutafélaginu skulu vera eign ríkissjóðs. Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu."

Þegar ég segi að það komi mér á óvart að formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir Jónsson, skuli segja að meiri hluti hlutafjárins skuli vera í eign ríkisins þá segir hann: „Þetta er ótrúlegt."

Hvað meina frumvarpshöfundar? Hvað meinar ríkisstjórnin með þessu? Er það útgáfa hv. þm. Kjartans Ólafssonar eða er það útgáfa hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar? Eða er það frumvarpið sem við erum að ræða hér? Hvað er hið rétta? Ég vil fá að vita það og ætlast til þess að fá þær upplýsingar.

Áður en ég vík að umræðunni sveigjanleikann og stöðugleikann langar mig til að vekja athygli hv. þm. Kjartans

Ólafssonar á því sem ég fjallaði um fyrir stundu. En hann gaf mér tilefni til að bregðast við ummælum hans úr sal. Hlutafjáreigendur eru ekki traustir bakhjarlar. Það er alveg sama hvaðan þeir koma, hvort sem það eru lífeyrissjóðir eða aðrir. Þeir fara þangað sem arðurinn er mestur hverju sinni. Það er meira að segja þannig í lögum um lífeyrissjóði að þeim er óheimilt annað en að fara með hlutafjáreign sína þangað sem hún gefur mestan arð hverju sinni. Það segir svo í lögum um lífeyrissjóði.

Við höfum fyrir okkur fjöldann af dæmum úr orkufyrirtækjum og úr vatnsfyrirtækjum þar sem hlutafjáreigendur hafa runnið af hólmi þegar raunverulega þurfti á þeim að halda. Þá voru þeir farnir. Þetta gerðist t.d. hjá franska eða alþjóðlega fyrirtækinu Vivendi. En það mun hafa verið árið 2002 að þetta fyrirtæki, sem er eitt af stærstu vatnsveitufyrirtækjum heimsins, fór nánast á hausinn, varð nánast gjaldþrota. Hlutabréfin féllu í verði um 80%. Ástæðuna mátti ekki síst rekja til glannalegra fjárfestinga sem fyrirtækið réðst í undir þáverandi stjórn, ekki í vatni heldur í allt öðru. Vivendi var nefnilega orðið eitt af stærstu fjölmiðlafyrirtækjum í heimi. Þegar fjaraði undan fyrirtækinu á þeim vettvangi var vatnið í hættu og þeir sem nutu þjónustu Vivendi fjölþjóðafyrirtækisins.

Eitt stærsta orkufyrirtæki Bretlands framleiðir og selur um 25% rafmagns í Bretlandi. Það neyddist til þess á árinu 2002 að leita neyðaraðstoðar frá bresku ríkisstjórninni. Þá var markaðsvirði hlutafjárins, sem var um 2 þús. millj. pund, komið niður í 173,8 millj. punda. Þá höfðu hlutafjáreigendur hreinlega hlaupið annað með fjármuni sína. Breska ríkisstjórnin varð að koma til sögunnar með stuðning. Hv. þm. Kjartan Ólafsson gæti minnst þess, af því að hann minntist á flugið áðan, að sú var tíðin að íslenska ríkið varð að koma til aðstoðar í flugrekstrinum. Þá þótti mönnum þeir ekki vera of góðir til að taka við slíkum stuðningi. Það er nefnilega stundum þannig að samfélagið þarf að koma til aðstoðar ef illa árar í starfsemi sem skiptir samfélagið allt miklu máli.

Þegar það kemur í ljós að afhendingaröryggið er miklu meira hjá opinberu fyrirtækjunum, er meira hjá fyrirtækjunum áður en þau eru markaðsvædd en eftir, að verðlagið er hærra og hefur farið hækkandi hjá markaðsvæddum fyrirtækjum, þurfa menn þá ekki að fara að endurskoða svolítið sína hugmyndafræði? Er þá ekki ráð að Sjálfstæðisflokkurinn setjist og lesi sér pínulítið til, fari í gegnum skýrslur og álitsgerðir og dragi lærdóm af reynslu þeirra sem hafa gengið í gegnum þessar breytingar?

Ég hef að nokkru komið inn á annað efnisatriðið sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson nefndi, þ.e. að samkeppnisumhverfið muni færa niður raforkuverð. Þetta er bara staðhæfing: Samkeppnisumhverfið mun færa niður raforkuverð. Ef reynslan sýnir okkur að það hafi ekki gerst þar sem menn hafa markaðsvætt raforkukerfin, þarf þá ekki að endurskoða þessa staðhæfingu? Mér þætti fróðlegt að heyra hv. þm. Birki Jón Jónsson fjalla örlítið um það. Eða er þetta kannski enn eitt dæmi um ótrúlegan málflutning, eins og hann nefndi, þegar hann kallaði fram í áðan? Þarf ekki að hyggja að þessu?

Ég veit að Framsóknarflokkurinn staðhæfir að allt aðrir hlutir hafi verið að gerast og þetta hafi allt farið lækkandi þótt skýrslur sýni að raforkuverðið hafi farið hækkandi. Það er ekki ýkja langt síðan hér var á ferðinni einn af helstu sérfræðingum Evrópusambandsins í raforkumálum, það var ráðherra sem fer með raforkumálin innan stjórnarnefndar Evrópusambandsins.

Hann sagði að sér hefði komið á óvart — hann var mjög trúaður á ágæti markaðskerfisins — hve illa hefði gengið að færa raforkuverðið niður og markaðurinn hefði ekki orðið til þess að lækka raforkuverðið í þeim mæli sem hann hefði vonast til. Sá maður heitir Andris Piebalgs. Það var reyndar þvert á það sem hæstv. iðnaðarráðherra sagði í fjölmiðlum dagana sem þessi framkvæmdastjóri Evrópusambandsins á sviði orkumála var hér, því að hæstv. ráðherra sagði þá í fjölmiðlum að markaðsvæðing rafmagns innan Evrópusambandsins hefði gefið góða raun, eða orðrétt með leyfi forseta:

„Almennt séð, þá hefur þetta gengið vel, ef við tölum um Evrópu, þessi markaðsvæðing raforkukerfanna. Og það held ég sé nú svona almenn skoðun."

Sömu daga var fyrrnefndur maður staddur hér á landi, og hann sagði, svo ég endurtaki það, að það hefði komið mönnum á óvart hve lítil viðskipti með rafmagn hefðu orðið yfir landamæri eftir markaðsvæðingu, verðlag hefði hækkað en ekki lækkað og meiri fákeppni væri við lýði en æskilegt væri. Síðan bætti Andris Piebalgs því við að hann vonaðist til að þetta stæði allt til bóta og var greinilega trúaður á hinn frjálsa markað og ágæti þeirra breytinga sem hrundið hefði verið af stað. En það breytti því hins vegar ekki að breytingarnar hafa hingað til ekki gefið góða raun eins og hæstv. iðnaðarráðherra staðhæfði algerlega út í loftið. Við heyrum það núna við þessa umræðu staðhæft af hálfu formanns iðnaðarnefndar, Birkis Jóns Jónssonar, að samkeppnisumhverfið muni færa niður raforkuverðið. Þetta er staðhæfing sem byggir á einhverri óskhyggju og líkindareikningi um að kerfið hljóti að vera til góðs jafnvel þótt allar staðreyndir máls vísi í þveröfuga átt.

Þriðja atriðið sem ég ætla að staldra við og fram kom í máli hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar voru staðhæfingar hans um að ekki stæði til að einkavæða Landsvirkjun. Það stæði aldeilis ekki til og vísaði í samflokksmenn sína í Framsóknarflokknum, vísaði í hæstv. forsætisráðherra sem hefði miklar efasemdir, held ég hafi verið hugtakið sem hann notaði, um einkavæðingu raforkugeirans. Ég heyrði ekki betur en hann hefði einnig vitnað í hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, hvað þetta snerti.

Ég ætla, hæstv. forseti, að gefa mér svolítinn tíma núna til að fjalla nánar um þessi mál og þær staðhæfingar sem við heyrum frá Framsóknarflokknum um nákvæmlega þetta atriði. Sá atburður gerðist hinn 13. mars að hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, bar þann sem hér stendur og aðra þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mjög alvarlegum sökum. Hún ásakaði okkur um að hafa falsað ummæli hennar um nákvæmlega þetta efni. Ráðherrann sagðist byggja ásakanir sínar á sönnunum og gerði því skóna að þingmenn VG kynnu jafnvel, svo ég vitni í hæstv. ráðherra, að safna „í fæl fölsuðum ummælum".

Orðrétt sagði Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. ráðherra á Alþingi um þetta efni, með leyfi forseta:

„En það sem ég ætla að segja hér fyrst og fremst er — af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson hóf þessa umræðu og vitnaði í orð ákveðins manns í viðskiptalífinu — að það er ekkert að marka það sem þessir þingmenn Vinstri grænna koma hér fram með og vitna í ummæli manna og þingmanna og ráðherra. Ég er með sönnun þess að þeir hafa reynt að falsa það sem ég hef sagt.

Það er þannig að ég kem í Kastljósþátt fyrir alllöngu þegar undirrituð var viljayfirlýsing vegna kaupa ríkisins á eignarhlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Þeir hafa tvisvar sinnum sagt rangt frá því sem ég sagði. Þeir eru með þetta í fæl þannig að ég veit ekkert nema þeir safni bara í fæl fölsuðum ummælum. Þegar ég er spurð hvort þetta sé fyrsta skrefið í einkavæðingu Landsvirkjunar segja þeir að ég hafi sagt: Já, það eru uppi áform um að breyta þessu fyrirtæki sem verður til í hlutafélag o.s.frv. Ég er búin að fá þennan þátt og er búin að horfa á þetta og ég segi: Ja, ég er að hugsa mig um og segi svo: Það eru uppi áform um að breyta síðan þessu fyrirtæki sem verður til í hlutafélag. Þetta er hikorð, ja, og síðan held ég áfram og segi: Það eru uppi áform um þetta.

Þannig að það er búið að segja hér tvisvar sinnum að ég hafi sagt já, og það er falsað. Þeir eru með þetta í fæl og ég fór til hv. þingmanns til að vita hvort þetta væri bein útskrift af Fjölmiðlavaktinni. Nei, það er búið að pikka þetta upp aftur og breyta því. Þetta eru Vinstri grænir á Alþingi."

Það er alvarlegt að saka menn um fals eins og hér er gert. Þessi kostulegi málatilbúnaður ráðherrans er reyndar kapítuli út af fyrir sig því ja eða já úr munni hæstv. ráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, í umræddu viðtali skiptir engum sköpum. Deilur snerust um efnisinnihald ummæla ráðherrans, hvort til stæði að opna á einkavæðingu raforkugeirans. Hinn 23. febrúar á síðasta ári reyndi iðnaðarráðherra að bera það af sér á Alþingi að hún hefði gefið það afdráttarlaust út að ákveðið hefði verið að gera Landsvirkjun að hlutafélagi. Það voru þingmenn VG sem höfðu þá á Alþingi vakið máls á ummælum hennar í fjölmiðlum. Ráðherra brást sem endranær ókvæða við og sagði að erfitt væri að tala til þeirra „sem heyra ekki það sem maður segir". Hún hefði aðeins sagt að það „gæti verið" að fyrirtækinu yrði breytt í hlutafélag „sem opnaði á möguleika á að nýir aðilar komi að rekstri fyrirtækisins, þá eru það ákveðin skilaboð. Þetta getur komið til greina". Þessi ummæli urðu þess valdandi að farið var að kanna hvað ráðherra hefði áður sagt um þetta efni opinberlega.

Í ljós kom að fjölmiðlar höfðu ekki skilið yfirlýsingar ráðherrans í því samhengi sem það nú var sett fram heldur á nákvæmlega sama hátt og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þannig hafði eftirfarandi frásögn verið í forsíðufrétt Morgunblaðsins föstudaginn 18. febrúar 2005, með leyfi forseta:

„Lífeyrissjóðirnir kunna hugsanlega að verða framtíðareigendur sameinaðs fyrirtækis Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins að sögn Valgerðar Sverrisdóttur viðskiptaráðherra. Viljayfirlýsing um að ríkið leysi til sín eignarhluta Reykjavíkur og Akureyrar var undirrituð í gær og mun ríkið eignast fyrirtækið að fullu um næstu áramót, takist að ná samkomulagi um verð hlutar sveitarfélaganna tveggja. Áform eru uppi um að sameinuðu fyrirtæki verði breytt í hlutafélag eftir þrjú ár."

Hér kemur, inni í þessari frétt, virðulegi forseti, tilvitnun í ráðherrann.

„Á þeim tímapunkti verður að meta hvenær er rétt að opna fyrirtækið fyrir nýjum eigendum," segir Valgerður. „Það er búið að móta þá stefnu að til þess muni koma. Það er ekki okkar framtíðarsýn að ríkið eitt muni eiga þetta fyrirtæki til framtíðar." Hún sagði ekki búið að móta hugmyndir um framtíðarsamsetningu hluthafa, „en því er ekki að leyna að t.d. lífeyrissjóðir hafa verið nefndir í því sambandi"."

Í Kastljósi ríkissjónvarpsins fimmtudaginn 17. febrúar 2005, viðraði Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra viðhorf sín í hinu margumrædda ja eða já viðtali, sem hún segir mig hafa „pikkað upp" og „breytt". Staðreyndin er sú að ég fékk viðtalið í gegnum upplýsingaþjónustu Alþingis og naut aðstoðar Alþingis. Ásökun Valgerðar Sverrisdóttur um að ég hafi falsað viðtalið jafngildir ásökun um skjalafals sem er saknæmt athæfi.

Í þessu viðtali í Kastljósi sjónvarpsins kemur skýrt fram hver er ásetningur stjórnvalda um framtíð Landsvirkjunar: Og nú ætla ég að vitna í þetta viðtal Kastljóssins, með leyfi forseta:

„Fréttamaður: En þessi viljayfirlýsing, sem var undirrituð í dag, er þetta eins og er talað er um fyrsta skrefið í átt að einkavæðingu Landsvirkjunar?

Valgerður Sverrisdóttir: Já, það eru uppi áform um það, að síðan breyta þessu fyrirtæki sem verður til í hlutafélag, hugsanlega árið 2008. Þá erum við komin í gegnum Kárahnjúkauppbygginguna og eftir að fyrirtækið er orðið hlutafélag að þá er ekki ólíklegt og reyndar áform uppi um það að aðrir aðilar geti komið að fyrirtækinu. Þetta er náttúrlega gríðarlega verðmætt fyrirtæki. Vonandi verður það ekki síður verðmætt á þessum tíma og það er engin sérstök ástæða til þess að ríkið haldi eitt utan um það.

Fréttamaður: Sérðu fyrir þér hverjum verði boðið að kaupa hluti í þessu hlutafélagi sem þá verður stofnað um Landsvirkjun? Getur almenningur keypt eða verður þetta boðið út einhvern veginn öðruvísi?

Valgerður Sverrisdóttir: Við erum náttúrlega bara ekki komin svo langt. Þetta er svo langt frammi í framtíðinni, en almennt hefur það verið þannig þegar ríkið hefur verið að selja eignir sínar að þá hefur það verið gert allt mjög faglega, vil ég halda fram. Og það hefur svo sem gengið ágætlega, það sem við höfum einkavætt fram að þessu."

Tilvitnun lýkur í þessa Kastljósumfjöllun fimmtudaginn 17. febrúar 2005.

Í fréttum ríkissjónvarpsins fyrr sama kvöld viðurkenndi ráðherrann að vissulega gætu fjárfestar á markaði tekið arð út úr fyrirtækinu og að ekki væri hægt að útiloka að eignarhaldið yrði erlent, en studdi áform sín um einkavæðingu með eftirfarandi ummælum, með leyfi forseta:

„Ég held að við séum nú svona almennt séð orðin þeirrar skoðunar, Íslendingar, að ríkisrekstur sé ekki endilega besta formið."

Hæstv. forseti. Hér kemur fram svo ekki er um að villast að hæstv. ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, hefur lýst því á afdráttarlausan hátt að áform séu uppi um að gera Landsvirkjun að hlutafélagi, taka það úr ríkisrekstri og fela það í

hendur öðrum aðilum, hugsanlega fjárfestum á borð við lífeyrissjóði. Ég gæti hæglega vitnað til fleiri ummæla ráðherrans sem öll eru á sama veg en læt hér staðar numið — að sinni.

Ég hef reifað þessi mál í blöðum. Ég hef lagt fram gögn á Alþingi, alþingismönnum til skoðunar. En hvers vegna geri ég það? Hvers vegna fer ég svona rækilega í þetta? Það er vegna þess að hún hefur leyft sér að saka mig og aðra þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um að falsa ummæli sín. Ég hef nú sett fram gögn á Alþingi sem sýna ótvírætt að ásakanir ráðherrans byggjast á ósannindum. Hvorki ráðherrar né alþingismenn, né nokkur annar ef því er að skipta, eiga að komast upp með að ljúga fölsunum upp á pólitíska andstæðinga sína. Að slíku hefur Valgerður Sverrisdóttir nú orðið uppvís.

Hæstv. forseti. Ég ákvað að fara rækilega í saumana á þessu máli nú við 2. umr. þess, í ljósi þeirrar staðhæfingar hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar um að áform um einkavæðingu á raforkugeiranum séu ekki frá Framsóknarflokknum komin, þar séu uppi miklar efasemdir um slíkt. Nú kann það vel að vera að menn hafi fengið bakþanka og séu annarrar skoðunar í dag en þeir voru í gær og vissulega ber að virða það ef fólk vill sveigja af leið, það á að virða það. Það á ekki að vera nokkrum manni til vansæmdar að skipta um skoðun, að sjálfsögðu ekki. En það á að fara satt og rétt með og ekki bera rangar sakir upp á fólk, ekki saka það um falsanir og óheiðarleika þegar ekkert slíkt var uppi. Við höfum einfaldlega verið eftir okkar bestu getu og sannfæringu að fylgjast með þeim yfirlýsingum sem frá stjórnvöldum hafa komið og gagnrýna þær yfirlýsingar ef um slíkt hefur verið að ræða og það sem frá talsmönnum Framsóknarflokksins hefur komið varðandi framtíð raforkugeirans hefur svo sannarlega gefið tilefni til mikillar gagnrýni og mikilla efasemda. Við rekum okkur á það aftur og ítrekað að þegar einhverju er haldið fram sem þá stundina þykir óþægilegt að minnast, þá er staðhæft að yfirlýsingarnar hafi aldrei verið gefnar. Þetta er málflutningur sem hreinlega gengur ekki.

Fjórða atriðið sem ég vil vekja athygli á í ræðu hv. formanns iðnaðarnefndar nú við 2. umr. málsins er að það sé verið að gera Rarik hf. að hlutafélagi í mjög mikilli sátt við starfsmenn og samtök þeirra. Ég held að hugtakið sem hafi verið notað hafi verið „einlægur", einlæg ósk starfsmanna að hlutafélagavæða Rarik, ég held ég hafi náð þessu rétt.

Ég efast ekkert um að margir starfsmenn Rariks eru því alveg sammála að fyrirtækið eða stofnunin eða starfsemin verði hlutafélagavædd, ég efast ekkert um það. Ég leyfi mér hins vegar að staðhæfa að það eru margir sem eru annarrar skoðunar, það leyfi ég mér að staðhæfa. Það hefur tíðkast í seinni tíð og þetta er að gerast aftur með Ríkisútvarpið að þar eru til eins konar regnhlífarsamtök sem stéttarfélögin og hagsmunafélögin hafa átt aðild að, að þau hafa fyrst og fremst verið kölluð til ráðgjafar og þá síður hin sem standa vaktina varðandi réttindi starfsfólksins.

Þegar málið var tekið fyrir í iðnaðarnefnd og leitað til starfsmanna var gert tvennt, sem er hið besta mál. Það var leitað til eins konar starfsmannaráðs og það var leitað til stéttarfélaganna. Það var leitað til ASÍ og BSRB. Í starfsmannaráðinu eiga sæti einhverjir fulltrúar sem einnig til heyra samtökunum en eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér voru menn ekki fyrst og fremst, alla vega ekki allir, komnir á fund iðnaðarnefndar til að lýsa yfir einlægri ósk sinni um að Rarik yrði gert að hlutafélagi. Eftir því sem mér er sagt hafi menn ekki síður verið að staðnæmast við spurningar sem lutu að réttindum þeirra og framtíð. Það átti svo sannarlega við þegar fulltrúar heildarsamtakanna komu að þessum málum.

Reyndar er munur á umsögn Alþýðusambands Íslands og BSRB hvað þetta varðar. Alþýðusambandið er, ef ég man rétt, ekki gagnrýnið á þessa breytingu, leggst ekki gegn frumvarpinu að sinni en áskilur sér rétt að koma athugasemdum á framfæri síðar, gefist tilefni til þess. Þetta sýnist mér vera í bréfi sem er dagsett 27. mars. Getur það verið? Hlýtur þetta ekki að eiga að vera 27. febrúar? Trúlega.

Alþýðusambandið bendir á hættuna sem stafar af samþjöppun á markaði, því að hér segir, með leyfi forseta:

„Alþýðusambandið leggur áherslu á það að breytt rekstrarform Rariks leiði ekki til aukinnar samþjöppunar á raforkumarkaði og dragi þannig úr samkeppni með tilheyrandi hækkunum á raforkuverði til heimila og fyrirtækja."

Sem sagt, þarna eru varnaðarorð uppi og síðan er einnig vísað í bakábyrgð ríkisins og það er vísað til þess að Rarik hafi gegnt lykilhlutverki við uppbyggingu dreifikerfis og dreifingu raforku til íbúa og fyrirtækja í dreifðum byggðum landsins, og að Rarik hafi þannig tekið þátt í uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Það sé mikilvægt að tryggja íbúum og fyrirtækjum á landsbyggðinni áfram raforku á hagstæðu verði og bent á að forsenda fyrir uppbyggingu atvinnulífs í framtíðinni er hagstætt raforkuverð.

Þetta eru nú heldur betur aðrir tónar en við heyrðum úr munni starfsmanns Sjálfstæðisflokksins áðan sem talaði af mikilli fyrirlitningu til alls þess sem hefði verið gert á samfélagslegum forsendum hér í landi. Í þessari umsögn Alþýðusambandsins er einmitt bent á að Rafmagnsveitur ríkisins hafi gegnt mjög veigamiklu félagslegu hlutverki og gegnt mikilvægu hlutverki að auki í atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Ég vil taka undir þá áherslu Alþýðusambandsins að forsenda fyrir uppbyggingu atvinnulífs í framtíðinni sé hagstætt raforkuverð, sem leiðir hugann að því að það eru fyrst og fremst stóriðjufyrirtækin sem fá afsláttinn, sem liggja í bómull ríkisstjórnarinnar og allt er gert fyrir á sama tíma og hinir eru látnir borga brúsann. Þessir hinir eru að sjálfsögðu landsmenn allir og fyrirtækin hér í landinu. Þessir aðilar sitja ekki við sama borð hvað snertir raforkuverðið í landinu.

Það vekur athygli mína að þeir aðilar úr röðum atvinnurekenda sem tjá sig um frumvarpið líta á þetta sem skref, sem eðlilegt skref, segir hér í álitsgerð frá Samtökum atvinnulífsins og þá er verið að vísa í markaðsvæðingu þessa kerfis.

Hér segir á undan, með leyfi forseta:

„Með þessari breyttu skipan er horfið frá fyrirkomulagi þar sem einkasöluréttur opinberra fyrirtækja hefur verið allsráðandi en stefnt að markaðskerfi og þjóðhagslega hagkvæmum raforkubúskap."

Gott og vel. Auðvitað gerum við ráð fyrir því að allir séu að reyna að gera sitt besta og menn trúi því að þetta

markaðskerfi verði þjóðhagslega hagkvæmur raforkubúskapur. Það sem við erum hins vegar að benda á er að reynslan erlendis frá, frá Evrópu, Nýja-Sjálandi og frá Bandaríkjunum einnig, er bara gagnstæð þessu. Það er stefnt inn í fákeppni, samráð, hærra verð, minna raforkuöryggi. Þetta kann að vera í lagi á meðan eigendur eru opinberir aðilar og hugsa um það eitt að tryggja þjónustu, en um leið og markaðslögmálin eru virkjuð til fulls og nýir eigendur koma til sögunnar, hvort sem það eru lífeyrissjóðir eða aðrir aðilar, þá breytist öll sú hugsun sem kerfið hvílir á og það fer að haga sér öðruvísi. Það er þetta sem reynslan sýnir okkur.

Reyndar er kerfið í Bandaríkjunum margslungnara eins og ég vék að hér áðan, ég talaði um hið miðstýrða evrópska kerfi og síðan margbreytileikann í Bandaríkjunum þar sem sumar borgir eiga sín eigin raforkukerfi og sum svæði eiga sín raforkukerfi. Önnur svæði og aðrar borgir eru með þetta einkavætt. Síðan er annað sem ber að hyggja að þegar bandaríska kerfið er skoðað, það er munurinn á milli kerfa sem eru háð opinberu regluverki annars vegar og hinna sem byggja á óheftum markaðsbúskap, það er talað um regúleringu, „regulation" í kerfinu. Það hefur verið stríðið sem menn hafa háð í Bandaríkjunum, annars vegar neytendasamtök og verkalýðssamtök og önnur almannasamtök, og hins vegar frjálshyggjan og fjármagnið sem ekki hefur viljað hafa neinar hömlur. Í Evrópu hins vegar hafa átökin staðið á milli þeirra sem hafa viljað viðhalda opinberum rekstri og hinna sem vilja einkavæða óháð því hvort þeir vilji síðan setja einhverjar hömlur eða eitthvert regluverk á kerfið.

Við ræddum þetta á sínum tíma þegar vatnsveiturnar komu hér til umfjöllunar. Þá var það álit margra almannasamtaka, verkalýðssamtaka og okkar margra hér á Alþingi að vatnsveiturnar ættu alfarið að vera á hendi opinberra aðila, þá eru það einkum sveitarfélögin. Ofan á varð að heimila þeim að umbreyta sér í hlutafélög en á móti í eins konar málamiðlun fengum við því framgengt ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (DrH): Á hv. þingmaður mikið eftir?)

Talsvert.

(**Forseti** (DrH): Þá mun forseti gera hlé núna í hálftíma.)

Ef ég má aðeins bara ljúka setningunni, þá fengum við því framgengt að hömlur voru settar á hve mikinn arð mátti taka út úr fyrirtækjunum.

[19:30]

Útbýting:

Samkeppnisstaða íslenskrar fiskvinnslu, 676. mál, fsp. JÁ, þskj. 992.

[Fundarhlé. — 19:30]

[20:00]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Til upprifjunar og áréttingar vil ég nefna að frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði liggur frammi tillaga til rökstuddrar dagskrár um að Alþingi vísi þessu máli frá. Fyrsti flutningsmaður, hv. þm. Jón Bjarnason, gerði grein fyrir efnisatriðum þessarar tillögu sem við fylkjum okkur öll að baki, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja áherslu á að raforka til almennra notenda og fyrirtækja sé mikilvægur þáttur almennrar grunnþjónustu sem á að reka á félagslegum grunni. Þau skref sem hafa verið stigin í markaðsvæðingu raforkukerfisins hafa þegar leitt til mikilla hækkana á verði raforku til neytenda víða um land, þvert á gefin loforð um annað. Hlutafélagavæðing Rariks er liður í yfirlýstum markmiðum stjórnvalda að einkavæða raforkukerfið og búa orku- og dreifingarfyrirtæki landsmanna undir sölu á almennum markaði. Þau áform eru andstæð hagsmunum almennings í landinu. Með vísan til framanritaðs vísar Alþingi máli þessu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessi tillaga verður borin upp til atkvæða þegar þar að kemur. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að klukkan hér í borðinu er komin í eitthvert ólag. En það skiptir nú ekki miklu máli.

Ég hef vikið að ýmsum þáttum sem hafa komið fram við þessa umræðu og vék sérstaklega að efnisatriðum sem hv. formaður iðnaðarnefndar, Birkir Jón Jónsson, gerði að umtalsefni í sinni framsöguræðu hér við 2. umr. Hann sagði að hlutafélagavæðingin væri í bland til að tryggja sveigjanleika í rekstri Rariks. En ég benti hins vegar á að þennan sveigjanleika væri hægt að tryggja á annan hátt en að gera fyrirtækið eða stofnunina að hlutafélagi. Benti á sameignarfyrirkomulagið, byggðasamlagið þess vegna eða önnur form sem yrðu prófuð, t.d. á grundvelli sameignarfyrirkomulagsins, sem hefðu þá kosti hlutafélagaformsins en væru án ókostanna. Ég nefndi hverjir þeir væru. Í fyrsta lagi vék ég að réttindum starfsfólks sem eru skert við hlutafélagavæðingu stofnana. Ég vék að aðhaldi frá eigendum sem er minna og ógagnsærra í hlutafélögum en í opinberum rekstri. Í opinberum rekstri kemur aðhaldið frá kjörnum fulltrúum ríkis eða sveitarfélaga en í hlutafélagaforminu kæmi það frá hluthöfum. Ef hluthafinn væri orðinn einn eða settur undir einn ráðherra þá væri þetta aðhald minna og gagnsæið væri einnig minna.

Í þessu sambandi vék ég að stöðugleikanum, að hann væri ekki tryggður sem skyldi í hlutafélagaforminu, og vakti þá máls á ummælum hv. þm. Kjartans Ólafssonar, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, við þessa umræðu, sem ólmur vill selja Rarik ef nógu gott verð fæst fyrir fyrirtækið. Segir það eitt skipta máli að tryggja gott verð og síðan afhendingartryggingu, sem hann kallar svo, og hagstætt verðlag. Ég benti á að í nær öllum tilvikum þar sem raforkukerfin hafa verið einkavædd hefur þróunin ekki orðið á þann veg sem hann lýsir. Verðið hefur hækkað og trygging fyrir afhendingu hefur orðið minni. Ég vísaði á eitt dæmi í Svíþjóð, Norðurlöndin, og víðar hvað þetta snertir. Ég vísaði í álitsgerð matsfyrirtækisins Fitch hvað þetta snertir um samanburð á einkareknum og opinberum fyrirtækjum í Bandaríkjunum.

Síðan vék ég að öðrum þætti, sem einnig kom fram í máli hv. formanns iðnaðarnefndar, þ.e. að samkeppnisumhverfið muni færa niður raforkuverð. Ég hef miklar efa-

semdir um það og vísa aftur í reynsluna, samkeppnisumhverfið hefur hreinlega ekki orðið til. Markaðsvæðing raforkukerfanna hefur ekki leitt til þeirrar samkeppni sem menn höfðu ætlað. Ég vitnaði þar í ummæli eins helsta talsmanns Evrópusambandsins, þess manns sem fer með raforkumálin innan framkvæmdastjórnar ESB, sem lýsti því yfir í heimsókn sinni hingað til lands ekki fyrir svo ýkja löngu að markaðsvæðingin hefði ekki fært neytendum þær hagsbætur sem menn hefðu vonast til. Þetta var Andris Piebalgs sem er framkvæmdastjóri Evrópusambandsins á sviði orkumála. Hann sagði að það hefðu orðið minni viðskipti yfir landamæri en menn hefðu ætlað og verðlagið hefði almennt farið hækkandi, gagnstætt því sem vonir hefðu staðið til. Hann var hins vegar trúaður á að þetta mundi allt saman lagast með tíð og tíma eins og menn hafa löngum sagt, sem hafa trúað á hugmyndafræði en neitað að horfa til reynslunnar. Þetta var um samkeppnisumhverfið.

Varðandi þriðju staðhæfingu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar um að ekki standi til að einkavæða raforkukerfið, þá fór ég mjög rækilega yfir ummæli sem hafa komið frá talsmönnum Framsóknarflokksins og ríkisstjórnarinnar, hæstv. iðnaðarráðherra sérstaklega, um þann þátt málsins. Þau hafa mjög afdráttarlaust gengið út á að það eigi að stefna að því að færa raforkugeirann úr hendi ríkisins. Það sé úrelt fyrirkomulag. Svo var að skilja á ráðherranum að almenn sátt væri um það í þjóðfélaginu að það væri úrelt fyrirkomulag. Íslendingar gæfu lítið fyrir ríkisrekstur. Það væri eðlilegt að stefna í þessa átt. Hún nefndi sérstaklega lífeyrissjóðina hvað það varðar.

Síðan vék ég að því sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson talaði um sem hina einlægu ósk starfsmanna um að hlutafélagsvæða Rarik. Ég leyfi mér að efast mjög eindregið um að sú ósk hafi verið eins einlæg og eins mikil ósk og hv. þingmaður upplifir. Alla vega leyfi ég mér að staðhæfa að þetta sé ekki einhlít skoðun frá starfsmönnum þó hún kunni að vera afstaða einhverra starfsmanna og hugsanlega margra. Eftir því sem mér er sagt hafa menn fremur verið að horfa til réttinda sinna og hvað verði um lífeyrisréttindi og önnur réttindi sem fólk hefur búið við.

Ég ætla að koma nánar inn á þessi atriði, um réttindamál starfsmanna, en áður aðeins að víkja að athugasemdum sem koma frá ýmsum umsagnaraðilum. Ég byrjaði á að vísa í álitsgerð Alþýðusambands Íslands sem leggst ekki gegn frumvarpinu en áskilur sér rétt til að koma með umsagnir og ábendingar og athugasemdir á síðari stigum. Það fer nú að verða ansi seint ef stefnt er að því að lögleiða þetta frumvarp innan fárra daga.

Alþýðusambandið bendir á mikilvægi Rariks, Rafmagnsveitna Reykjavíkur, í atvinnuuppbyggingu og vísar í félagslegt mikilvægi þessarar starfsemi á Íslandi á undangengnum áratugum og ég vil taka undir þetta. Einnig hitt sem Alþýðusambandið bendir á að forsenda atvinnulífs í landinu er hagstætt raforkuverð. Þar lagði ég áherslu á mikilvægi þess að allir sætu við sama borð og alla vega ættu íslensk fyrirtæki og heimili ekki að búa við lakari kost en stóriðjufyrirtækin. En sú er því miður raunin. Það er sú stefna sem ríkisstjórnin hefur fylgt, að hygla sérstaklega stóru álrisunum, stóriðjurisunum, og þeir fá raforkuna á mun hagstæðari prís en aðrir.

Ég vék að álitsgerð Samtaka atvinnulífsins sem lítur á þetta eins og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa gert hér við umræðuna, sem skref í átt að markaðskerfi. Þá er stóra spurningin sem sjálfstæðismennirnir eiga eftir að svara og hljóta að þurfa að gera gagnvart sínum kjósendum: Verður einhver markaður? Verður einhver markaður eða verður niðurstaðan sú sama og hún hefur orðið annars staðar, fákeppni, meiri samþjöppun og jafnvel samráð um verðlagið? Þá hefði betur verið heima setið og byggt á þeim grunni sem við höfum nú.

Í þessari upptalningu gleymdi ég núna að geta þess sem ég tel að skipti máli. Það er um hinn trausta bakhjarl sem mikilvægt er að standi að baki grunnþjónustu í samfélaginu eins og raforkukerfinu — þegar eigendur fjármagnsins í slíkum fyrirtækjum horfa til margra átta og fjárfesta í mismunandi geirum. Ég tók hér dæmi af fjölþjóðafyrirtækinu Vivendi sem var næstum því orðið gjaldþrota. Ég hygg að það hafi verið árið 2002. Þá féllu hlutabréfin um 80%. En fyrirtækið var þá farið að fjárfesta í fjölmiðlafyrirtækjum, orðið einn stærsti fjölmiðill heimsins, og þegar illa áraði þar hlupu hluthafar í vatninu á dyr og hlutafé hrapaði í verði. Svo þetta er svona spurning um samkeppnisumhverfið sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson nefnir svo. Það eru nú ýmsar hliðar á því. Hvort það er endilega hagstætt að fara með grunnþjónustu samfélagsins inn á slíkan vettvang — ég hef miklar efasemdir um að svo sé, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Af öðrum ábendingum sem fram koma er það að segja um orkufyrirtækin að þau staðnæmast við þetta, að ríkið eigi að verða eini hluthafinn og sjá þá ekki þá kosti sem markaðssinnar hafa verið að benda á með hlutafélagaforminu. Að það standi til að kaupa og selja hluti. Slíkar ábendingar er að finna m.a. frá Norðurorku sem furðar sig á því að ekki skuli sagt að öll hlutabréf í félaginu skuli í upphafi vera í eigu ríkissjóðs.

Þá finnst Norðurorkumönnum undarlegt að iðnaðarráðherra skuli fara með eignarhlut ríkisins í félaginu og benda á að iðnaðarráðherra sé ráðherra orkuiðnaðarins alls þannig að þetta sé hugsanlega ekki eðlilegt. Það er ábending sem kemur reyndar frá ýmsum öðrum og er að finna í breytingartillögu, ef ég man rétt, frá Samfylkingunni um að eðlilegt sé að hluturinn sé færður í hendur fjármálaráðherra. Ég ætla ekki að hafa miklar skoðanir á því á þessari stundu, því að ég vil yfir höfuð ekki að búið verði til hlutafélag. Þar tölum við einum rómi í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og höfum bent á hversu fráleitt það er að búa til hlutafélag um einn hlut, félag sem nýtur ekki kosta hlutafélagsformsins en er með alla gallana sem fylgja því kerfi. Ég ætla ekki að fara í gegnum allar þær ábendingar sem þinginu hafa borist en svipaðar ábendingar koma frá Orkuveitu Húsavíkur og frá Norðurorku um að iðnaðarráðherra eigi að gæta jafnræðis og það sé óeðlilegt að hluturinn sé vistaður hjá því ráðuneyti. Enn og aftur erum við þeirrar skoðunar að starfsemin eigi öll að vera vistuð þar og það sé hið eðlilega í málinu.

Hjá Hitaveitu Suðurnesja staðnæmast menn einnig við 3. gr. sem kveður á um að öll hlutabréf í félaginu skuli vera eign ríkissjóðs og að iðnaðarráðherra skuli fara með eignarhlut ríkisins. Þar er svipuð gagnrýni og kemur frá öðrum

aðilum. Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir, ekki Náttúrufræðistofnun og ekki Orkustofnun. Orkuveita Reykjavíkur er með ýmsar athugasemdir og sömuleiðis Samtök iðnaðarins sem styðja þessa lagabreytingu því hér segir, með leyfi forseta:

„Samtök iðnaðarins hafa fengið til umsagnar ofangreint lagafrumvarp. Samtökin styðja að stofnað verði hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins en telja að stofna beri tvö aðskilin hlutafélög um starfsemina. Með því móti má skjóta styrkari fótum undir samkeppni á framboðshlið raforkumarkaðarins og stuðla að því að markmið nýrra raforkulaga náist.

Rafmagnsveitur ríkisins (Rarik) framleiða, dreifa og selja raforku og varmaorku. Fyrirtækið kemur einnig að flutningi á raforku með eignaraðild að Landsneti. Dreifing og flutningur raforku og varmaorku, ásamt sölu á varmaorku, er sérleyfisstarfsemi en framleiðsla og sala á raforku er samkeppnisstarfsemi.

Samtök iðnaðarins telja að það hái samkeppni á raforkumarkaði að eignarhald er á fárra höndum og sömu aðilar eiga að stórum hluta orkuframleiðslu, flutningsnet, dreifikerfi og sölufyrirtækin. Vandséð er hvernig samkeppni geti þrifist þegar eignarhaldið er sameiginlegt út allt framleiðsluferlið."

Síðan er vitnað í skýrslu frá ESA-dómstólnum.

Þarna velta menn vöngum yfir því hvort hér skapist raunverulegt samkeppnisumhverfi og þó að þeir hjá Samtökum iðnaðarins séu trúaðir á að slíkt fyrirkomulag yrði til góðs hef ég hins vegar miklar efasemdir um það og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og vísum þar einfaldlega til reynslunnar.

Síðan höfum við vakið athygli á því að fjárfestar hér á markaði horfa spenntir til þess sem er að gerast. Ég hef áður vitnað til þess sem kom fram þegar Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Olíufélagsins, skýrði frá því að til stæði að selja Olíufélagið, en þá voru höfð eftir honum athyglisverð ummæli á vefsíðu Morgunblaðsins. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Fyrir einu og hálfu ári ákváðum við að efla fjárfestingar okkar utan Íslands og fara í frekari útrás en við höfum þegar verið í á undanförnum árum. Núna metum við það svo að ástandið á íslenska markaðnum, efnahagsástandið, sé afar hagstætt og verði það vonandi næstu árin. Jafnframt að Olíufélagið sé til þess að búið að fara í frekari verkefni hér heima svo sem í orkugeiranum, hvort sem það er í vatni eða rafmagni, og skapa sér nýja stöðu þar eða í smásölu eða í heildsölu. Við teljum að nú sé áhugaverður tímapunktur fyrir nýja aðila að gefa sig fram sem hafa metnað til þess að fara áfram með fyrirtækið."

Þetta eru nokkuð athyglisverðar yfirlýsingar sem hér koma fram. Þarna eru fjárfestar að horfa til þess sem er að gerast í þingsalnum og í Stjórnarráðinu, horfa til afkasta Framsóknarflokksins við að einkavæða vatn og raforku og annað sem þessir aðilar telja að séu spennandi fjárfestingartækifæri. Hér er eitt dæmi um slíkt. Það verður mér alla vega umhugsunarefni í ljósi þess hvaðan sá aðili kemur sem talar svona, þ.e. frá olíufélögunum. Við höfum haft tvö, þrjú olíufélög og hvernig hafa þau farið með vald sitt? Hvernig hafa þau farið með stöðu sína á markaðnum? Þau hafa haft með sér samráð. Sama verðlag hefur verið á olíunni og þau hafa meira að segja komið sér saman um útboðin.

Nú er ég ekki að segja að það þurfi að verða alveg svo grófur veruleiki í raforkunni og hann reyndist vera í vatninu en þó er ekkert gefið í þeim efnum því að þetta er nákvæmlega það sem gerst hefur á raforkumarkaði í Evrópu og annars staðar í heiminum, að mikið samráð hefur orðið á fákeppnismarkaði. Það sem mér finnst sýnt að muni gerast er að hér verði tvær blakkir sem framleiða orku. Annars vegar erum við með Landsnetið sem kemur til með að dreifa raforkunni og síðan verða tvær blakkir á suðvesturhorninu, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja að öllum líkindum, og síðan Norðurorka og starfsemi á þeim vængnum. Spurningin er hvernig þetta komi til með að skila sér inn í raunverulega samkeppni. Um það hef ég mjög miklar efasemdir. Og þá spyr maður: Til hvers er af stað farið í þennan leiðangur?

Ég hef vitnað í ýmsar álitsgerðir um þetta frumvarp og ætla núna að víkja að því sem snýr að starfsmönnum því að þar finnst mér ýmsum atriðum ekki vera nægilega vel svarað. Ég er hér með frumvarpið og langar til að byrja á því að vitna í álitsgerð frá BSRB, sem er ítarleg og vönduð og snýr einkum að réttindastöðu opinberra starfsmanna sem eru allnokkrir innan Rarik. Þar er reyndar allur gangur á, það eru starfsmenn úr Alþýðusambandinu og BSRB hjá stofnuninni og þeir búa við mismunandi réttindakerfi eins og gerist í fleiri stofnunum, t.d. hjá Ríkisútvarpinu.

Í álitsgerð BSRB segir í upphafi, með leyfi forseta:

„BSRB leggur áherslu á að líta beri á raforkukerfi landsins sem hluta af grunnþjónustu sem eigi að að vera á vegum ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er ætlunin að Rafmagnsveitur ríkisins skuli vera eign ríkissjóðs og fari iðnaðarráðuneytið með eignarhlutinn. Ekki er auðvelt að átta sig á hvað vakir fyrir stjórnvöldum með þessari breytingu. Tvennt hlýtur að koma til álita. Í fyrsta lagi að til standi að selja rafmagnsveiturnar, nokkuð sem BSRB varar eindregið við enda reynslan erlendis frá af einkavæðingu þessarar starfsemi mjög slæm. Hitt atriðið sem kemur til álita varðar kjör starfsmanna, en í athugasemdum með frumvarpinu segir að með hlutafélagsforminu verði „reksturinn sveigjanlegri." Hér er væntanlega verið að vísa til réttarstöðu starfsmanna sem er veikt með þessu frumvarpi. Í umsögn BSRB er fyrst og fremst staðnæmst við réttarstöðu starfsmanna."

Hér segir, með leyfi forseta, almennt um lagabreytingarnar:

„Eftir hlutafélagavæðingu þurfa Rafmagnsveitur ríkisins ekki að fylgja þeim lágmarkskröfum gagnvart starfsmönnum sínum sem gerðar eru til opinberra stofnana innan stjórnsýslunnar. Lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er ætlað að gilda við aðstæður sem þessar, þ.e. þegar stofnunum ríkisins er breytt í hlutafélög eða þær lagðar niður. Með þessum lögum stendur hins vegar til að setja ákvæði sem taka almennu lögin um ríkisstarfsmenn úr sambandi. Ef það er mat þingmanna að réttindi ríkisstarfsmanna séu þannig að þeim þurfi að breyta á auðvitað að gera það með því að breyta almennu lögunum í stað þess að víkja sér undan þeim jafnan þegar á þau reynir.

Þá þurfa ríkisstarfsmenn ekki að vera með væntingar um starfsöryggi sem ekki standast þegar á reynir. Óréttlætið birtist líka í því að þetta gerist oft en ekki alltaf. Svo virðist vera að þegar breytingarnar snerta litlar stofnanir með fáa starfsmenn þá séu almennu lögin látin gilda en þegar sambærilegar breytingar ná til stærri stofnana eru almennu lögin tekin úr sambandi. Þetta er lagaframkvæmd sem ber merki um hentistefnu og óhreinskilni."

Enn segir, og að þessu sinni varðandi athugasemdir um breytingu á réttarstöðu starfsmanna, með leyfi forseta:

„Rafmagnsveitur ríkisins verða samkvæmt frumvarpinu lagðar niður og fer þá um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Kemur þetta fram í 7. gr. frumvarpsins."

7 gr. frumvarpsins er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þegar starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins. Um biðlaunarétt starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins."

Síðan segir, með leyfi forseta, í álitsgerð BSRB:

Hvað þýðir þetta nákvæmlega varðandi réttarstöðu starfsmanna þegar stofnunin verður lögð niður og hlutafélagið tekur við rekstrinum? Ekki verður betur séð en að baki frumvarpinu búi sú hugsun að breytt skuli réttarstöðu þeirra ríkisstarfsmanna, sem starfa hjá Rafmagnsveitum ríkisins, án þess þó að annar aðili en ríkið taki við starfseminni. Áfram eiga Rafmagnsveitur ríkisins að heyra undir ríkið. Með öðrum orðum þá er verið að setja lög um að starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins hf. verði áfram starfsmenn ríkisins án þess þó að um kjör þeirra, réttindi og skyldur, gildi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986."

Með öðrum orðum: Starfsmennirnir verða áfram starfsmenn ríkisins en það eina sem breytist er að lagagrundvöllurinn undir réttarstöðu þeirra er brottnuminn. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Í sjöundu greininni er vísað til þess að þau lög sem þar eru nefnd skulið eiga við „eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins." Í umsögn um þessa lagagrein er ekki kveðið eins afdráttarlaust að orði. Þar segir: „Gert er ráð fyrir að öllum núverandi starfsmönnum verði boðið starf hjá hinu nýja fyrirtæki." Þetta er ekki afdráttarlaus yfirlýsing, fremur samkvæmt formúlunni, „eftir því sem við á."

Árin 1993 og 1996 voru sett hér skýr og einföld lög, þ.e. upplýsinga- og stjórnsýslulög, sem gilda áttu um stjórnsýsluna til þess að borgurum sé gert kleift að fylgjast með og kynnast athöfnum og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í almennings þágu. Í stað þess að stofnanir taki mið af þessum lögum þá er rekstrarformi þeirra breytt svo þær þurfi ekki lengur að lúta þessum reglum! Af hverju leita stjórnvöld ekki annarra leiða sem tryggi þann sveigjanleika sem stjórnendur telja sig þurfa að sækjast eftir? Með frumvarpinu er verið að færa Rafmagnsveitur ríkisins undan ákvæðum stjórnsýslulaga, upplýsingalaga, reglum um auglýsingu á lausum störfum o.s.frv. Eins og að ofan greinir mun þetta m.a. hafa þau áhrif að Rafmagnsveitur ríkisins munu hvorki þurfa að fylgja lágmarkskröfum sem gerðar eru til stjórnsýslunnar né fylgja ákvæðum upplýsingalaga um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Sú leið að opna á einhvers konar upplýsingaskyldu svokallaðra opinberra hlutafélaga í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, opinber hlutafélög, er að mati BSRB ekki nægjanleg þar sem sú upplýsingaskylda er mjög takmörkuð."

Nú skal þess getið að verið er að skoða einhverjar breytingar á því frumvarpi í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Ég verð þó að segja að þar er fyrst og fremst á ferðinni kattarþvottur sem breytir afskaplega litlu. Þar er t.d. rætt um að fulltrúar almennings — Alþingis, sé um að ræða hlutafélag í eigu ríkisins, eða fulltrúar sveitarstjórnar ef um er að ræða hlutafélag í eigu sveitarstjórna — geti komið á hluthafafundi og fái þar heimild til að bera fram fyrirspurnir. Ein hugmyndin sem verið hefur til umfjöllunar er að þeir fái heimild til að bera fram skriflegar fyrirspurnir en ekki til að taka þátt í almennum umræðum. Í raun er þetta svo hlægilegt að engu tali tekur. Þetta á að sjálfsögðu eftir að fá mikla umræðu í þinginu þegar þar að kemur en þetta er dæmi um þann kattarþvott sem hér er á ferðinni, þegar stofnanir í almannaeign eru teknar og þær færðar út á hlutabréfamarkaðinn.

„Samkvæmt aðilaskiptalögunum, nr. 72/2002, eiga Rafmagnsveitur ríkisins hf. að yfirtaka gildandi ráðningarsamninga með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir. Þá eiga starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins að njóta réttinda og bera skyldur í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Kjarasamningurinn á því að gilda þar til honum verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Í aðilaskiptalögunum, nr. 72/2002, segir um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum:

„3. gr. Launakjör og starfsskilyrði. Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað á færast yfir til framsalshafa.

Framsalshafi skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Ákvæði þetta gildir ekki um rétt starfsmanna til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerðum sem staðfestar hafa verið af fjármálaráðuneyti. Það getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum úr þeim sjóðum sem um er að ræða. Skiptir þá ekki máli hvort starfsmaður starfar áfram hjá fyrirtækinu eða hluta þess eftir aðilaskipti eða ekki.

Ákvæði þetta á ekki við um aðilaskipti að fyrirtækjum

sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.““

Þetta er sem sagt 3. gr. aðilaskiptalaganna, nr. 72/2002. Um hana segir í umsögn BSRB, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu ber nýjum atvinnurekanda, eða framsalshafa eins og hann er kallaður í lögunum, að virða launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir fyrri atvinnurekanda, þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Þá eiga réttindi og skyldur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi sem fyrir hendi eru á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað að færast yfir til nýja atvinnurekandans. Áunnin réttindi svo sem orlofsréttindi eða veikindaréttur, flytjast jafnframt með yfir til nýs atvinnurekanda. Þetta þýðir að þó nýr aðili taki við þá eiga laun og önnur starfskjör starfsmanna ekki af þeirri ástæðu einni að taka breytingum. Í ráðningarsamningi Rafmagnsveitna ríkisins við starfsmenn sína er sérstaklega tekið fram að um réttindi og skyldur starfsmanns fari eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt er tilgreint í ráðningarsamningi í hvaða deild LSR starfsmaður greiði. Er það því álit BSRB að þessi réttindi eigi að fylgja starfsmönnunum til Rafmagnsveitna ríkisins hf. eins og skýrt er samkvæmt aðilaskiptalögunum. Hins vegar virðist sem frumvarpshöfundar séu ekki að fylgja aðilaskiptalögunum að öllu leyti. Þá þarf að hafa í huga meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Þegar stjórnvald tekur íþyngjandi ákvörðun þarf að velja þá leið sem er vægust fyrir þá sem ákvörðunin lýtur að. Ekki er verið að gæta þess í þessu frumvarpi.“

Um biðlaunaréttinn segir BSRB eftirfarandi, með leyfi forseta.

„Margt er óljóst um biðlaunarétt starfsmanna. Sem dæmi þá er ekki minnst á réttarstöðu starfsmanna sem heyra undir bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur hafni þeir starfi hjá Rafmagnsveitum ríkisins hf. Þar sem starfsmenn njóta ekki lengur ýmissa réttinda sem fylgdu starfi þeirra sem ríkisstarfsmenn er ekki um að ræða sambærilegt starf hjá Rafmagnsveitum ríkisins hf. Eiga þeir starfsmenn sem hafna starfi hjá félaginu því rétt á biðlaunum hafi þeir verið ráðnir fyrir 1. júlí 1996, sbr. 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um réttindi og skyldur. Þegar Flugstöð Leifs Eiríkssonar var hlutafélagavædd fengu þeir starfsmenn sem höfnuðu starfi hjá félaginu biðlaun. Tryggja þarf sömu réttindi fyrir starfsmenn þessarar stofnunar sem ákveða að taka ekki starfi hjá félaginu.“

Það verður fróðlegt að heyra hvað talsmenn frumvarpsins segja um þetta efni hvað þennan rétt áhrærir.

Lífeyrisrétturinn skiptir fólk miklu máli. (**PHB:** Hvers virði er hann?) Hvers virði er hann? Hv. þm. Pétur H. Blöndal er meðvitaður um mikilvægi lífeyrisréttar. Ég er honum hjartanlega sammála um að lífeyrisrétturinn skiptir afar miklu máli, enda hefur það verið þannig að þegar starfsmenn í opinberum rekstri hafa samið, í áranna og áratuga rás, hefur iðulega verið bent á það við samningsborð að kauphækkanir geti ekki gengið eftir samkvæmt ýtrustu kröfum og m.a. hefur verið vísað í réttindi fólksins, þar á meðal lífeyrisréttindin, að þau séu mjög verðmæt. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að það eigi að sjálfsögðu að líta á kaup og réttindi, þar á meðal lífeyrisréttindi, sem hluta af einni og sömu kjarakökunni. Að sjálfsögðu á að gera það.

Innan verkalýðshreyfingarinnar hefur þetta ekki verið rætt nógu mikið, tel ég, vegna þess að þau sjónarmið heyrast að menn séu jafnvel farnir að greiða of mikið í lífeyrissjóði, eigi að taka meira í launaumslagið og leggi of mikið fyrir til efri áranna. Margir telja að taka eigi meira inn í launaumslagið núna. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Menn hafa mismunandi skoðanir á þessu. Ég tel mikilvægt að leggja drjúgt fyrir til efri áranna. En ég er að nefna þetta vegna þess að ég tek undir að þessi réttindi skipta verulegu máli þegar horft er til kjara manna almennt. Það er ekki óeðlilegt að fólk sem vinnur á stofnunum sem eru hlutafélagavædd horfi til þessara réttinda. Það er bara eðlilegt, en hér segir í sérstakri álitsgerð um þetta efni frá BSRB, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu segir í 8. gr. að starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

Við rekstrarformsbreytinguna verður skerðing á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild LSR í dag. Iðgjöld hans miðast við þau laun sem hann hafði þegar staða hans var lögð niður og breytast iðgjaldagreiðslurnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Með öðrum orðum það verður eins konar frysting á launaunum. Hefur hækkun launa starfsmanna hjá Rafmagnsveitum ríkisins því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs.“

Með öðrum orðum, það verður eins konar frysting á launaunum. Hefur hækkun launa starfsmanna hjá Rafmagnsveitum ríkisins því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs, þ.e. ekki á launum á þessum vinnustað sérstaklega. Menn fylgja meðaltalsreglu. Hún hefur reyndar verið býsna hagstæð á undanförnum árum ekki síst vegna þess að unnið hefur verið að því að færa yfirvinnu inn í grunntaxtana sem síðan hefur valdið því að þessi meðaltalsregla hefur hækkað hlutfallslega meira en launasumman hefur hækkað. Meðaltalsreglan hefur hækkað meira en launasumman hefur hækkað að hlutfalli til. En það sem verið er að segja hér er að einstaklingur sem í opinberri stofnun fær hlutdeild í launum eftirmanns síns, og ræðst sú hlutdeild af starfsaldri hjá hinu opinbera — sú regla fellur í reynd brott. Það er hægt að finna viðmiðunarhópa sem einstaklingurinn fylgir en viðmiðunin miðast við ástandið eins og það var hjá hinni hlutafélagavæddu stofnun þegar sú kerfisbreyting á sér stað. Einstaklingur sem væri t.d. í almennri skrifstofuvinnu en flyttist síðar meir upp í stjórnendastarf sem væri betur launað, hærra launað, mundi ekki njóta ávinningsins af þeirri launatilfærslu. Hann mundi ekki njóta ávinningsins af þeirri launatilfærslu í stofnun sem hefur verið hlutafélagavædd. Þannig að þarna er tvímælalaust um skerðingu að ræða.

Í frumvarpinu er ekki einu orði minnst á réttindi starfsmanna sem greiða í A-deild LSR. Aðeins er fjallað um líf-

eyrisgreiðslur samkvæmt 24. gr. laga nr. 1/1997, en sú grein á eingöngu við um B-deild LSR. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé hver sé réttarstaða starfsmanna sem greiða til A-deildar LSR í dag og nýrra starfsmanna samkvæmt frumvarpi um Rafmagnsveitur ríkisins. Var þetta rætt í iðnaðarnefnd og hver var niðurstaðan í því efni? Munu nýir starfsmenn sem koma til starfa hjá Rarik hf. fá aðild að A-deild LSR ef þeir óska eftir því? Það væri fróðlegt að fá svör frá hv. formanni iðnaðarnefndar Alþingis, hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, hvað þetta snertir. Fá nýir starfsmenn Rariks hf. aðild að A-deild LSR? Mun verða tryggt að starfsmenn geti áfram verið í LSR? Mun það verða tryggt? Nýir starfsmenn líka? Mun það verða tryggt að nýir starfsmenn fái aðild að A-deild sjóðsins? Það er mjög mikilvægt að fá svör við þessu.

Möguleikar starfsmanns sem greiðir í A-deild LSR til áframhaldandi aðildar að LSR eru háðir nokkrum skilyrðum. Sé ekki gengið tryggilega frá því í lagafrumvarpinu yrði aðildin háð samþykki Rafmagnsveitna ríkisins hf. og að hlutafélagið tæki á sig þær skuldbindingar sem henni fylgja. Er því nauðsynlegt að mati BSRB, segir hér enn fremur í álitsgerð bandalagsins, að gengið yrði tryggilega frá því að allir starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins ættu rétt á að vera í LSR og það næði einnig til nýráðinna. Þetta er grundvallaratriði að heyra frá talsmönnum frumvarpsins og þeim sem flytja það hér inn hvort nýráðnir starfsmenn fái heimild til aðildar að A-deild LSR. Í þessu efni vísar BSRB á 3. gr. í aðilaskiptalögunum sem vikið var að hér að framan, þ.e. að aðilaskipti geti aldrei leitt til skerðingar á áunnum lífeyrisréttindum úr þeim sjóðum sem um er að ræða.

Síðan spyrja menn um samningsréttinn. Þá hefur verið spurt hvort Rafmagnsveitur ríkisins komi til með að virða rétt stéttarfélaga starfsmanna sem gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna til að semja áfram við hlutafélagið verði það að veruleika. Bæði fyrir hönd núverandi starfsmanna og nýráðinna. Hér segir áfram með leyfi forseta:

„Við rekstrarformsbreytingu ríkisstofnana síðastliðin ár hafa stéttarfélög sem eiga félagsmenn innan þeirra stofnana haldið áfram að gera kjarasamninga við hlutafélögin sem stofnuð hafa verið. Sama ætti að gilda um stéttarfélög innan Rafmagnsveitna ríkisins. Æskilegt væri að frá þessu yrði gengið áður en lögin koma til afgreiðslu."

Í þessari álitsgerð er mikil og hörð gagnrýni sett fram á lögin, bæði út frá þeirri forsendu að hér sé um að ræða grundvallarþjónustu, samfélagslega þjónustu, sem best sé borgið á vegum hins opinbera, í þessu tilviki ríkisins. Að öðru leyti beinist gagnrýnin að réttarstöðu starfsmanna. Eins og komið hefur fram í máli mínu er mjög mikilvægt að fá svör við tilteknum atriðum.

Hver verður réttarstaða starfsmanna með tilliti til lífeyrisréttinda? Þá er ég fyrst og fremst að spyrja um nýráðna starfsmenn. Þegar við ræddum hlutafélagavæðingu Pósts og síma á sínum tíma voru það margir þingmenn úr stjórnarliðinu, bæði framsóknarmenn og ekki síður sjálfstæðismenn, sem stóðu hér í pontu og sögðu að þeir vildu ekki á nokkurn hátt að réttindi starfsfólksins yrðu skert. Ekki á nokkurn hátt að réttindi starfsfólksins yrðu skert. Þá var spurt á móti, og ég þekki þetta mjög vel því að ég var í þeim hópi sem gerði það. En hvað með nýráðna? Ja, þeir eiga að njóta sömu eða sambærilegra réttinda.

Á þessum tíma var einmitt verið að breyta lífeyrislöggjöfinni í landinu og þar á meðal lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Horfið var frá gamla kerfinu, sem byggði á eftirmannsreglu svokallaðri, og er enn við lýði að hluta til en komið með sólarlag inn í þá deild Lífeyrissjóðsins. Enginn nýr starfsmaður fer þangað inn en allir halda engu að síður, sem þar eru eða voru, sínum réttindum sem þeir höfðu búið við. En búin er til ný deild hins vegar sem byggist á gerólíkum prinsippum, stigasöfnun, sams konar kerfi og var hjá Lífeyrissjóðunum á almennum vinnumarkaði og sams konar framreikningur réttinda byggður á neysluvísitölu en ekki þessari meðaltalsreglu sem ég vísaði til að væri að hluta til notuð til útreiknings á lífeyrisréttindum inn í gömlu deild lífeyrissjóðsins, B-deildinni, sem sagt búið til sambærilegt kerfi og er á almennum vinnumarkaði en verðmeira. Inn í þann sjóð eru greidd 15,5%, 4% frá launamanninum og 11,5% frá atvinnurekandanum sem er hærra prósentustig en er á almennum vinnumarkaði sem stefnir í það reyndar núna að færast upp til samræmis. Er það ekki frá næstu áramótum sem hann verður kominn í 12% þannig að það er verið að stefna til samræmis sem er hið besta mál og mjög gott og jákvætt að jafna kjörin og þar á meðal lífeyriskjörin en gera það upp á við.

En það sem ég vildi sagt hafa er þetta: Það er opin leið að tryggja áfram lífeyrisréttindi starfsfólksins með því að heimila nýráðnum starfsmönnum aðild að A-deild LSR. Stendur til að gera þetta? Á að gera þetta eða á að loka á réttindi manna hvað þetta snertir? Ég hygg að starfsmannafélögin og samtök starfsfólks vilji fá svör við þessu. Eftir því sem mér var sagt hafa spurningar starfsmanna upp til hópa — ég skal ekki alhæfa fyrir hönd þeirra allra, alls ekki, ég var ekki á þessum fundum. En spurningar starfsmanna, alla vega gagnvart þeim fulltrúum sem ég hef heyrt í, hafa verið á þessa lund. Menn hafa verið að spyrja um réttindi sín, m.a. lífeyrisréttindi, biðlaunaréttinn og önnur réttindi sem eru frábrugðin í hinu opinbera kerfi, í því sem gerist í réttinda- og launakerfinu á almennum vinnumarkaði. Því við erum að tala hér um yfirfærslu frá þessu opinbera kerfi yfir í hitt kerfið fyrir hluta starfsmanna. Það á ekki við þá alla að sönnu. Ég hef trú á því að þeir sem slíkt er ástatt um, þeir sem standa frammi fyrir einhverri skerðingu á lífeyrisréttindum, vilji fá að vita þetta.

Mér þætti vænt um það, hæstv. forseti, og vil ítreka það áður en ég lýk máli mínu að við fáum svör við þessu áður en 2. umr. um þetta mál lýkur og alla veganna verði það að gerast áður en gengið er til atkvæða um frumvarpið. Það er eðlilegt að menn viti hvað það er sem bíður þeirra.

Ég vil ljúka máli mínu á því að ítreka þá tillögu sem við höfum lagt fram, þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og verður væntanlega gengið til atkvæða um áður en menn greiða atkvæði um sjálft frumvarpið. Mundi hið síðara aldrei koma til sögunnar ef við hv. þm. Birkir Jón Jónsson sameinumst um þá tillögu að vísa þessu máli frá og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja áherslu á að raforka til almennra notenda og fyrirtækja sé mikilvægur þáttur almennrar grunnþjónustu sem á að reka á félagslegum grunni. Þau skref sem hafa verið

stigin í markaðsvæðingu raforkukerfisins hafa þegar leitt til mikilla hækkana á verði raforku til neytenda víða um land, þvert á gefin loforð um annað. Hlutafélagavæðing Rariks er liður í yfirlýstum markmiðum stjórnvalda að einkavæða raforkukerfið og búa orku- og dreifingarfyrirtæki landsmanna undir sölu á almennum markaði. Þau áform eru andstæð hagsmunum almennings í landinu. Með vísan til framanritaðs vísar Alþingi máli þessu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta er tillaga sem við leggjum núna í hendur Alþingis og að sjálfsögðu með þá von í brjósti að þingið beri gæfu til að samþykkja þessa tillögu og hafna hugmyndum ríkisstjórnarinnar um að einkavæða raforkugeirann á Íslandi.

[20:59]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú eru að verða liðnir rétt tæplega þrír klukkutímar síðan hv. þm. Ögmundur Jónasson hóf mál sitt. Mig langar að fara hér yfir örfá atriði sem hann kom inn á. Í fyrri hluta ræðunnar nefndi hann þessa breytingu sem við erum að gera hér á rekstrarformi Rariks sem er að breyta þeirri stofnun í hlutafélag. Hann nefndi afhendingaröryggi og taldi að við værum að fórna jafnvel einhverjum hlutum er það varðar. Hann lagði út af því að nú gæti almenningur átt von á skertu öryggi í afhendingu raforku.

Ég vil nefna þetta hér sérstaklega og spyrja um leið þingmanninn: Þegar við breyttum raforkulögum var Orkustofnun falinn ákveðinn eftirlitsþáttur. Ég hygg að við treystum því að það verk muni Orkustofnun vinna. Mig langar að spyrja þingmanninn: Treystir þingmaðurinn ekki þeirri löggjöf og því verkefni sem Orkustofnun er falið hvað varðar þennan eftirlitsþátt, einn af þáttunum er afhendingaröryggi? Öryggi á stofnlínum og öryggi í því að dreifikerfið sé eins og því beri að vera. Það er mjög vandað það kerfi sem er hér á landi, mjög gott dreifingarkerfi raforkunnar.

Þá langar mig líka aðeins að spyrja hv. þm. Ögmund: Hefur það aldrei komið til tals innan samtaka BSRB, sem hann er nú talsmaður fyrir, að forustumenn þess félags skoði hver sé ástæðan fyrir því að menn tali aftur og aftur um það hér að þegar fyrirtæki eru háeffuð þá sé stjórnunarstrúktúrinn straumlínulaga?

[21:02]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill áminna hv. þingmenn um að ávarpa hv. þingmenn með viðeigandi hætti, annaðhvort með fullu nafni eða með vísan til þingsætis og kjördæmis.

[21:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst varðandi afhendingaröryggið vísaði ég í reynsluna erlendis frá. Ég vísaði í reynsluna frá Skandinavíu þar sem neytendasamtökum og verkalýðshreyfingu ber saman um að dregið hafi úr afhendingaröryggi við markaðsvæðingu kerfisins. Fyrirtækin lögðu minna upp úr að tryggja sér umframorku, eins og þau höfðu gert áður, vildu taka allan hagnaðinn út og nýta allt til hins ýtrasta, lögðu minna í fjárfestingar en áður og þetta hefði dregið úr afhendingaröryggnu. Ég vísaði einnig í nýútkomna álitsgerð matsfyrirtækisins Fitch í Bandaríkjunum þar sem borin eru saman fyrirtæki í almannaeign þar í landi og í einkaeign. Þetta er skýrsla sem kom út 15. febrúar sl. þannig að ég tel mig vera að vísa í reynsluna

Varðandi spurningu um stjórnunarstrúktúr er það skoðun mín að hægt sé að breyta stjórnsýslu og því kerfi sem menn koma sér upp við að stýra stofnunum og fyrirtækjum þótt ekki sé ráðist í að gera þau að hlutafélögum. Ég held að það séu ýmsir möguleikar og kostir til hvað þetta snertir. Í þessari skýrslu Fitch matsfyrirtækisins, eftir því sem ég hef lesið mér til um, kom aftur í ljós að sveigjanleikinn í opinberu fyrirtækjunum er ekki síðri en í hinum þó að þar væri að sönnu verið að vísa í örlítið aðra hluti, þau höfðu sýnt meiri fyrirhyggju en hin, komið sér upp varasjóðum og þar fram eftir götunum.

[21:04]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þau svör sem ég hef fengið nú þegar en mig langar að spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson frekar um þennan breytta stjórnunarstrúktúr í fyrirtækjum, þ.e. þegar þau hafa verið háeffvædd. Hefur BSRB og aðrir aðilar reynt að greina hvernig stjórnunarstrúktúr fyrirtækja verður með öðrum hætti hjá fyrirtækjum á samkeppnismarkaði eins og Rarik hf. mun verða? Þau verða í samkeppni um sölu og afhendingu á orku, það er samkeppni um afhendingaröryggi og afhendingu á þeirri orku sem menn eru að kaupa og þá á ég við spennu. Mig langar að spyrja hann áfram um þetta: Hefur hv. þingmaður skoðað þetta? Hver er aðalástæðan fyrir því að verið er að flytja fjölmörg fyrirtæki eða stofnanir ríkisins yfir í hf.?

[21:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef þá trú að menn séu að breyta í hf. vegna þess að þeir trúi á að það kerfi sé heppilegra og betra og færi okkur markvissari stjórnun og betri stjórnsýslu. Þetta hefur margoft verið kannað en niðurstöður slíkra kannana eru ekki allar á einn veg, eins og nú síðast kom í ljós í skýrslu sem prófessor við Greenwich-háskóla, David Hall, setti hér fram. Þar vísaði hann í rannsóknir sem sýndu að framleiðni í einkafyrirtækjum og opinberum fyrirtækjum væri svipuð, hún væri háð fyrirtæki og stofnun en rekstrarformið skipti ekki höfuðmáli.

Hitt væri svo annað mál að í einkafyrirtækjunum væri tekinn út meiri arður (Forseti hringir.) þannig að verðlagið á framleiðslunni væri hærra af þeim sökum.

[21:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir nokkru ræddum við um vatnalög og þar fór hv. þingmaður mikinn í því að segja að vatn væri sameign og mannréttindi. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort það sama eigi við um orkuna, hvort það sé sameign og mannréttindi að hafa orku og alveg sérstaklega hér á Íslandi þar sem stundum er kalt í veðri eins og nú er.

Hv. þingmaður talaði um að lífeyrisréttindi væru mikils virði fyrir opinbera starfsmenn og sitthvað fleira, og því

langar mig til að spyrja hv. þingmann hvort BSRB, sem hann veitir forstöðu, hafi látið kanna hvaða réttindi opinberir starfsmenn hafi umfram aðra. Ég nefni atvinnuöryggi, lífeyrisréttindi, áminningarrétt o.s.frv. Hefur BSRB látið meta kostnaðinn, þ.e. hver launamunurinn ætti í rauninni að vera mikill á milli opinberra starfsmanna og annarra í þjóðfélaginu vegna þessara réttinda? Þá kannski sérstaklega hvort þeir opinberu starfsmenn sem eru í A-deildinni ættu að vera með hærri laun en þeir sem eru í B-deildinni og þá hvort þeir opinberu starfsmenn sem eru í hvorugri deildinni, þ.e. eru ekki aðilar að BSRB heldur í t.d. Eflingu eða öðrum stéttarfélögum, hvort þeir ættu að vera með enn hærri laun en þeir opinberu starfsmenn sem eru með góð lífeyrisréttindi.

[21:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst varðandi lífeyrisréttindi. Þegar lífeyrislögunum var breytt síðla árs 1996, breytingarnar komu til framkvæmda í ársbyrjun 1997, þá var A-deildin sett á laggirnar. Hv. þingmaður spyr um muninn á þessum tveimur deildum eða hvernig ég líti á þann mun. Hugsunin var sú að búa til nýja deild með jafnverðmætum réttindum og gamla deildin var með. Nú geta menn deilt um hvort það hafi tekist eður ei en það var hugsunin að þessar tvær deildir ættu að vera jafnverðmætar.

Það sem ég vil að gerist í kjaraumhverfinu er að það sé stefnt að því að laga kjörin og þess vegna samræma kjörin á milli fólks í mismunandi samtökum og að stefnt verði að því að gera það upp á við. Mín skoðun varðandi lífeyrisréttinn er sú að ég vil viðhalda tryggum lífeyrisréttindum, ég vil leggja talsvert mikið upp úr því að hafa góð lífeyrisréttindi og ég held að almennt sé það skoðun manna sem vinna hjá ríki og sveitarfélögum og standa utan samtaka opinberra samtaka, að vilja jafna þessi lífeyriskjör upp á við og það er að gerast smám saman og það er nokkuð sem ég styð.

Varðandi vatnalögin og almannaeign. Já, fallvötnin, gufan og það sem býr til raforkuna eða við nýtum til að framleiða raforku, ég lít tvímælalaust svo á að það sé almannaeign og eigi að tryggja að verði áfram í eigu og undir handarjaðri almennings.

[21:10]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta síðasta: Mundi þá hv. þingmaður leggja til að öll orkan í landinu yrði þjóðnýtt eins og vatnið, þar á meðal bæjarlækurinn, hverinn við bæinn o.s.frv.?

Varðandi lífeyrisréttindin þá spurði ég um fleira, hvort það væri fleira en lífeyrisréttindin sem opinberir starfsmenn hefðu umfram aðra, t.d. áminningarrétturinn og atvinnuöryggið, hvers virði það væri. Ég fékk ekki svar við því hvers virði þessi réttindi eru, ekki heldur lífeyrisréttindin. Bara að það væri meira virði almennt séð. Ég fullyrði að réttindin í B-deildinni hafa sýnt sig að verða miklu, miklu verðmætari en í A-deildinni vegna þess að skuldbindingarnar hafa vaxið um hundruð milljarða umfram það sem iðgjöldin standa undir.

[21:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst svolítið gaman að þessari umræðu um þjóðnýtinguna. Þetta er eitthvað sem Sjálfstæðisflokkurinn er að reyna að finna upp að við séum sérstakur þjóðnýtingarflokkur og eru hálfgerð öfugmæli að mínu viti hvernig þetta er sett fram. Við erum að reyna að koma í veg fyrir að almannaeignir sem eru í þjóðareigu verði rifnar af þjóðinni og færðar fjármagnseigendum á markaði. Það er þetta sem við erum að gera, að viðhalda almannaeign á þessum verðmætum.

Hvers virði þessi réttindi eru? Það er nú þannig, hv. þm. Pétur H. Blöndal, að það er sitthvað í lífinu sem er mikils virði án þess að það verði verðlagt, t.d. sá réttur að geta borið hönd fyrir höfuð sér ef maður er rekinn af duttlungavaldi forstöðumanns á ósanngjarnan hátt. (Forseti hringir.) Þá er það mikils virði án þess að ég sé reiðubúinn að verðleggja það sérstaklega (Forseti hringir.) í krónum og aurum talið.

[21:13]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom fram með nokkuð margar spurningar í máli sínu um það málefni sem hér er til umræðu og mér finnst sjálfsagt áður en umrætt frumvarp verður að lögum að svara þeim spurningum sem fram komu.

Í fyrsta lagi, af því að ég á nú eina og hálfa mínútu eftir af þessu andsvari, vil ég að það komi fram að á fundi iðnaðarnefndar lagðist starfsmannaráðið ekki gegn þessu frumvarpi. Það kom alveg skýrt fram hjá starfsmannaráðinu og það var mikill vilji hjá stjórnendum fyrirtækisins að breyta löggjöfinni með þessum hætti. Forustumenn annarra orkufyrirtækja á markaðnum, Orkubús Vestfjarða, Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Húsavíkur ehf., Norðurorku, voru öll sammála um að hér væri um heppilegasta rekstrarformið að ræða. En fyrst þetta er álit þeirra aðila sem reka önnur orkufyrirtæki í landinu, og nú er komið á samkeppnisumhverfi sama hvað hver segir og mönnum getur líkað það misvel, þá spyr ég hv. þingmann að því: Fyrst þessi fyrirtæki hafa þetta forskot á Rarik, vill þá hv. þingmaður breyta rekstrarfyrirkomulagi annarra fyrirtækja á þessum markaði og gera þau að ríkisstofnunum eða stofnunum í eigu sveitarfélaga rétt eins og Orkuveitu Reykjavíkur eða vill hv. þingmaður að við gerum Rarik að Rarik hf.? Sem mér heyrist hann reyndar ekki vilja. Hv. þingmaður hlýtur að vilja hverfa úr þessu háeff-spori, þrátt fyrir að allir forustumenn þeirra fyrirtækja sem ég nefndi hér áðan séu sammála um að það sé heppilegasta rekstrarformið og sveigjanlegasta.

[21:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að horfa til þessa geira með langtímahagsmuni í huga. Mér er fyllilega ljóst að margir stjórnendur, sérstaklega innan þessarar starfsemi, eru og hafa verið fylgjandi hlutafélagavæðingunni. Ég er einfaldlega ósammála þeim. Það eru mikil átök um þetta, ekki bara hér á landi heldur um heiminn allan, hvaða form eigi að vera. Ég hef reynt að færa rök fyrir

því og er fylgjandi því hvers vegna ég tel að þessi geiri eigi að vera á vegum hins opinbera, alveg tvímælalaust.

Við erum komin inn í samkeppnisumhverfi, segir hv. þingmaður. Já, það kann að vera svo samkvæmt orðanna hljóðan og samkvæmt skipulagsformum. En staðreyndin er engu að síður sú að samkeppnisumhverfi hefur æðioft verið umhverfi án samkeppni. Það er það sem við höfum verið að vara við. Samþjöppun og samráð án nokkurrar samkeppni.

Núna hefur þetta aðeins tekið breytingum. Það sem áður hét einlæg ósk starfsmanna Rariks um að hlutafélagavæða stofnunina heitir nú ósk stjórnenda Rariks, en að starfsmannaráðið hafi ekki lagst gegn því að hlutafélagavæða. Nú er það fullyrt. Þetta er bara allt önnur framsetning á málinu. Ég vek athygli á að stéttarsamtök fólksins, stéttarsamtök starfsmanna, hafa sum hver lagst mjög eindregið gegn þessu og hafa fært mjög málefnaleg og ítarleg rök fyrir máli sínu, rök sem ekki hafa fengist svör við. En ég fagna því sem fram kemur hjá hv. þingmanni, formanni iðnaðarnefndar, að þau svör muni liggja fyrir áður en frumvarpið verður að lögum, sem ég reyndar vona að verði aldrei.

[21:17]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svo öllu sé til haga haldið í þessari umræðu hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verið óþreyttir við að halda því fram að verið sé að einkavæða raforkukerfið og þetta sé fyrsta skrefið í þá átt að selja raforkukerfi landsmanna.

Nú hefur sá sem hér stendur sagt það vera sjónarmið sitt að mjög mikilvægt sé að við Íslendingar stöndum vörð um sameiginlega orkuauðlind okkar og að meirihlutaeign okkar sé á þeim orkuauðlindum. Það er ásetningur minn á löggjafarþinginu. Ég hefði talið að það ætti að vera fagnaðarefni hjá hv. þingmanni að við skulum þó tala í takt hvað það varðar.

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hv. þingmann að lokum. Er það ekki í raun og veru alveg sama hvort við höfum fyrirtækið Rarik hf. eða Rafmagnsveitur ríkisins, þ.e. ef þeir aðilar komast að sem vilja selja þá eign, hvort það sé ekki jafnauðvelt eftir sem áður sama hvert formið verður? (Forseti hringir.)

[21:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei. Ég held að það sé ekki jafnauðvelt. Vegna þess að þegar búið er að færa stofnun eða starfsemi í þennan búning, söluvöru — þetta er bara staðreynd, þetta er fyrsta skrefið. Ef við horfum á það sem viðskiptaráð, Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, aðilar úr þeirri átt segja, þá líta þau á þetta sem fyrsta skref.

Reynslan kennir okkur að þetta hefur jafnan verið fyrsta skrefið. Þegar búið er að stíga þannig fram er eftirleikurinn auðveldari. Við heyrum — og einn þeirra sem hefur talað hvað ákafast fyrir sölu ríkisfyrirtækja situr í stólnum fyrir aftan mig og er hæstv. forseti þingsins — að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa mjög eindregið talað fyrir sölu eignarinnar. Núna við þessa umræðu líka.

Ég hef líka vitnað í hæstv. (Forseti hringir.) iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, sem hefur einnig talað fyrir þessu. (Forseti hringir.) Hvort sem henni hefur snúist hugur eða ekki. Ég veit það ekki.

[21:19]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hér er verið að ræða um lagafrumvarp frá hæstv. iðnaðarráðherra eða ríkisstjórninni sem er um að stofna hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins, þ.e. að háeffa Rafmagnsveitur ríkisins. Það er svo sem ekki nýtt mál. Oft hefur verið talað um þetta og stefnt að því. Meðal annars átti sá sem hér talar sæti í nefnd sem þáverandi iðnaðarráðherra, Jón Sigurðsson, skipaði og var einmitt falið að fara í gegnum lög um Rafmagnsveitur ríkisins með tilliti til þess að breyta því í hlutafélag. Ég man ekki nákvæmlega hvernig sú nefnd skilaði af sér en sá sem hér stendur var hlynntur því. Ég hef verið hlynntur því og sé ekki þá stóru ágalla að taka sum fyrirtæki sem eru í eigu ríkisins, 100% í eigu ríkisins, eins og Rafmagnsveitur ríkisins og breyta þeim í hlutafélag.

En ég verð þó að segja og verð að hafa fyrirvara á vegna þess að sporin hræða og ályktanir og tal t.d. sjálfstæðismanna um sum þessara félaga, sem ég í sjálfu sér get verið sáttur við að breyta í hlutafélag, tal sumra sjálfstæðismanna og forustumanna Sjálfstæðisflokksins er einfaldlega þannig að þeir geta hugsað sér að selja það þegar fram líða stundir. Sporin hræða í þeim efnum og þá verður maður ósjálfrátt frekar hræddur.

Þess vegna vil ég segja, virðulegi forseti, áður en ég fer lengra hvað þetta mál varðar, að mig undrar það að menn skuli taka þetta frumvarp og ætla að keyra það í gegn og gera Rafmagnsveitur ríkisins að hlutafélagi og væntanlega að samþykkja það síðar á þessu þingi áður en því lýkur í kringum 5. maí, frumvarp sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur flutt um stofnun opinberra hlutafélaga. Ég ætla að koma betur inn á það á eftir og bera saman þetta frumvarp og frumvarp sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er 1. flutningsmaður að, ásamt ýmsum fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar, sem búið er að ræða hér og vísa til nefndar. Það frumvarp til laga er mjög vel gert, margfalt betra en frumvarpið sem iðnaðarráðherra hefur flutt. Vænti ég þess, ef ég man rétt, að það sé efnahags- og viðskiptanefnd sem taki þessi tvö frumvörp og komi með virkilega gott frumvarp hér til þings til samþykktar um stofnun opinberra hlutafélaga.

Þess vegna skil ég ekki af hverju við dokum ekki við og tökum opinberu hlutafélögin fyrst og breytum svo Rafmagnsveitum ríkisins yfir í opinbert hlutafélag. Það fyndist mér full ástæða til að gera og vil nota þetta tækifæri og spyrja hv. formann iðnaðarnefndar, Birki Jón Jónsson, hvort það hafi ekki komið til tals í stjórnarmeirihlutanum í iðnaðarnefnd að hafa þann háttinn á. Ef við samþykkjum þetta frumvarp um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins verður það bara venjulegt hlutafélag en ekki opinbert hlutafélag, eins og ég hef gert að umtalsefni.

Mér hugnast það miklu betur, virðulegi forseti, hvað þetta varðar. Vegna þess að er ég til í að breyta sumum af þeim ríkisfyrirtækjum sem við höfum verið að breyta, eins og ég hef sagt áður, yfir í hlutafélag og leyfa þeim að reka sig í hlutafélagaformi með þeim kostum og nokkrum göll-

um sem því fylgir. En sum fyrirtæki vill maður alls ekki að verið sé að braska með eða selja og þau eigi bara að vera eins og þau eru. Má nefna ýmislegt í því efni.

Virðulegi forseti. Ég átti sæti í fyrrgreindri nefnd og út af fyrir sig er ég þess vegna ekki andvígur því að stofna hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins. En ég ítreka að sporin hræða. Ég er svolítið hræddur út af þeim miklu breytingum sem við höfum verið að ganga í gegnum og hafa átt sér stað á raforkumarkaðnum. Ýmislegt í því breytingaferli hefur ekki gengið eftir eins og talað var um í hv. iðnaðarnefnd sem ég átti sæti í þegar þær miklu breytingar á raforkugeiranum áttu sér stað.

Ég minnist þess t.d. að þar var talað um í mesta lagi 1–2% hækkun á raforkuverði til almennings. Síðan hefur auðvitað allt annað komið í ljós og menn eru að sjá allt að 40% hækkun. Mér fannst áðan að hv. þm. Birkir Jón Jónsson væri farinn að viðurkenna að miklar hækkanir ættu sér stað þó það sé hjá tiltölulega fáum hluta Íslendinga. En það er jafnalvarlegt fyrir það og kannski er mesta hækkunin hjá þeim sem minnst máttu við því að fá á sig miklar hækkanir í þessum efnum. Á ég þá við bændur og íbúa í dreifbýli eða því sem skilgreint er sem dreifbýli, þ.e. litlu sveitarfélögin.

Því miður hefur það ekki gengið eftir og margt farið á allt annan veg en talað var um og ýmis gögn sem lögð voru fyrir iðnaðarnefnd sögðu til um. Það er vissulega miður að maður fari í hálfgerðan bakkgír út af því og spyrji: Hvað gerist með Rafmagnsveitur ríkisins ef við breytum þeim í hlutafélag? En ekki opinbert hlutafélag, eins og ég talaði um áðan, því miður. Hvað gerist þá? Ég minnist þess líka að ég hafði ákveðinn fyrirvara um skattlagningu orkufyrirtækja, líklega á síðasta þingi, vegna þess að sporin hræða. Ég held að við verðum að leyfa þessum miklu breytingum að ganga í gegn áður en við stígum ýmis önnur skref. Þetta vil ég segja almennt um málið, virðulegi forseti.

Þegar ég segi að ég geti ekki fengið mig til að vera á móti því að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag, í 100% eigu ríkisins, þá segi ég það m.a. vegna þess að ég tók þátt í því, þá sem forseti bæjarstjórnar á Siglufirði, að semja við Rafmagnsveitur ríkisins árið 1991 um sölu á rafveitu og hitaveitu Siglufjarðar, ásamt Skeiðsfossvirkjun, að selja þessar miklu eigur til Rafmagnsveitna ríkisins á sínum tíma. Það var auðvitað mjög flókið mál hvernig það þurfti að ganga fyrir sig. Og er í raun og veru óeðlilegt að eitt fyrirtæki sem er í rekstri á markaði þurfi að ganga þá göngu sem þar þurfti að gera. Til dæmis þurfti að bíða eftir heimildum í fjárlögum, ég man ekki hvort það voru lánsfjárlög eða hvað þetta allt saman hét. Menn þurftu að ganga frá einu ráðuneyti til annars, frá einni stofnun til annarrar o.s.frv. Menn gengu má segja frá Pílatusi til Heródesar.

En þetta tókst. Ég hef áður sagt að ég hef ekki séð neina ókosti við að þessar veitur í heimabæ mínum væru í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, nema síður væri. Ég held að menn séu almennt mjög ánægðir með þann rekstur í höndum Rariks eins og það hefur verið og vonandi verður það svoleiðis áfram.

Það má líka segja að nýleg dæmi hafa sýnt að Rafmagnsveitur ríkisins gátu ekki á jafnréttisgrundvelli keppt við aðra orkuveitu, ef svo má að orði komast, við kaup á ákveðinni hitaveitu norður í landi og þá á ég við hitaveitu Ólafsfjarðar. Vegna þess að Rafmagnsveitur ríkisins voru dálítið heftar í þeim efnum og misstu kannski þess vegna af því. Vonandi hefur það verið góð sala Ólafsfirðinga til Norðurorku og hitaveita Ólafsfjarðar verði þar rekin áfram á jafnhagkvæman og góðan hátt og hingað til hefur verið gert með sínum mjög svo lágu orkugjöldum, sem nágrannar þeirra öfunda þá mjög af. Það var sannarlega þannig og ég held ég geti fullyrt að Rafmagnsveitur ríkisins gátu ekki keppt á jafnréttisgrundvelli. Þess vegna var það sem bæjaryfirvöld á Ólafsfirði gátu ekki skapað smá kaupendamarkað og spennu utan um það og fengið alla til að bjóða í og séð hvað fengist hæst fyrir það. Það hefði verið auðveldara ef búið hefði verið að breyta Rarik yfir í hlutafélag eins og hér er gert er ráð fyrir.

En ég vil hafa allan fyrirvara á því, virðulegi forseti, þó að ég sé að tala hér og sé samþykkur því og greiði því væntanlega atkvæði, að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag. Ég geri það með þeim fyrirvörum sem ég hef sett hér fram vegna hræðslu minnar. Sporin hræða. En ég vona að það verði til góðs. En ég ítreka, og það kom fram í stuttu andsvari mínu við hv. formann iðnaðarnefndar, að ég er þá ekki um leið að ljá máls á því að Rafmagnsveitur ríkisins verði seldar, hvorki meiri hluti þess eða 49,9% eins og ég var að reyna að fá fram í umræðu í stuttu andsvari í dag. Þó svo að meiri hlutinn væri í höndum ríkisins gætu komið þar inn hluthafar sem gerðu miklu meiri arðsemiskröfu en ríkið gerir í dag af sinni margafskrifuðu eign, ef svo má að orði komast, sem naut mikilla fjárveitinga úr ríkissjóði á sínum tíma til að byggja upp dreifikerfið eða sveitakerfið eins og það var kallað sem er svo auðvitað komið inn í efnahagsreikning fyrirtækisins, að ríkið fengi dágóðan pening fyrir það ef þeim dytti í huga að selja. Kaupandinn þyrfti þá að gera miklu meiri arðsemiskröfu sem mundi leiða til hækkunar orkuverðs. Því er ég algjörlega á móti, virðulegi forseti, þó ég telji að þetta sé hægt að gera.

Það kemur fram í gögnum, annaðhvort með þessu frumvarpi eða því frumvarpi sem ég vitnaði til áðan, sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flytur um opinberu hlutafélögin, að nokkrum félögum, t.d. Orkubúi Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja, hafi verið breytt yfir í hlutafélög. Þau eru í eigu þeirra sveitarfélaga áfram og Orkubú Vestfjarða í eigu ríkisins. En önnur félög sem var breytt, t.d. Íslenskir aðalverktakar, Áburðarverksmiðjan, Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, Landsbankinn, Búnaðarbankinn og síðar Síminn, sem voru hlutafélagavædd eða háeffuð, eins og menn segja, voru seld í framhaldi af því.

Ég var ekki andvígur því að bankarnir væru seldir þótt alltaf megi deila um hvenær selja ætti til að ríkið fengi sem mest út fyrirtækinu. Kannski getur maður sagt þetta núna, þegar maður sér hinar ævintýralegu hækkanir sem orðið hafa á þeim hlutafélögum í framhaldi af því. En það var ekki eingöngu fyrir breytinguna heldur komu öðruvísi þenkjandi menn þar að. En nóg um það og aftur að þessu frumvarpi.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að reynsla þeirra sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa keypt, orkuveitna sem eru flestar hitaveitur en þó töluvert af rafveitum líka, dreifikerfum, hafi verið góð. Ég hugsa að afstaða þeirra til breytinganna hafi verið jákvæð þar sem Rafmagnsveitum ríkisins

hefur verið mjög vel stjórnað. Rarik býr yfir hæfu starfsfólki, bæði í höfuðstöðvunum í Reykjavík og um allt land. Það er auðvitað stærsti parturinn af þeirri sátt sem ríkir um Rafmagnsveitur ríkisins og starfsemi þeirra. Ég vænti þess að svo verði áfram þótt háeff bætist aftan við og fyrirtækið verði rekið sem hlutafélag. En ég hygg að það muni heyrast hljóð úr horni ef ríkisstjórn, með eða án Framsóknarflokks, dettur í hug að ætla að selja hluti úr fyrirtækinu á komandi missirum. Ég hef reyndar þá skoðun, sem skiptir ekki máli í þessu samhengi, að Framsóknarflokkurinn verði ekki til að gera slíkt eftir eitt ár eða svo.

Virðulegi forseti. Ég vildi fara yfir það sem ég hefði viljað sjá gerast áður en Alþingi samþykkti lög um opinber hlutafélög. Ég vil fara aðeins yfir frumvarp sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er fyrsti flutningsmaður að, ásamt mörgum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar eins og áður hefur komið fram.

En þar segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem íslenska ríkið eða sveitarfélag hefur sömu tengsl við og móðurfélag hefur við dótturfélag ...“

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að hlutur íslenska ríkisins í opinberu hlutafélagi verði ekki seldur nema fyrir liggi samþykki Alþingis. Þetta er mjög veigamikið atriði. Ég trúi ekki öðru en að um þetta gæti skapast mikil sátt á Alþingi, að það sé eðlilegt ef við stofnum opinbert hlutafélag, t.d. um Rafmagnsveitur ríkisins, þá þurfi Alþingi að að ákveða hvort eigi að selja það að hluta eða það allt saman.

Það kemur líka fram í þessu frumvarpi hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, að hægt sé að setja það inn að aukinn meiri hluta þurfi á Alþingi fyrir samþykki sölu. Auðvitað getur hið sama átt við um sveitarfélög líka, ef einhverjum fyrirtækjum sveitarfélaga er breytt í hlutafélög.

Síðast en ekki síst, virðulegi forseti, eiga alþingismenn rétt á að sækja hluthafafundi. En kannski er mest um vert að í opinberu hlutafélagi í eigu íslenska ríkisins skuli félagsstjórn og framkvæmdastjórn veita alþingismönnum upplýsingar um starfsemi félagsins og ákvarðanir sé eftir því leitað. Þessi réttur til upplýsinga er vel skýrður í frumvarpinu. Ég spyr, eins og ég hef áður gert, hv. formann iðnaðarnefndar hvort í stjórnarmeirihlutanum innan iðnaðarnefndar hafi ekki komið til tals að taka frumvarp viðskiptaráðherra mikið endurbætt í gegnum þingið. Þá ættum við lög um opinber hlutafélög og tækjum frumvarpið um Rarik þar á eftir. Af hverju er þessi röð höfð á?

Ég held að það hefði verið betra að hafa þann hátt á og ég trúi því að jafnvel hefði skapast meiri sátt um það. Það kann að vera svo að menn vildu að bæði ríkið og jafnvel sveitarfélögin tækju ýmsa starfsemi sína og breyttu í hlutafélagaform og breyttu á þann hátt með öllum þeim kostum sem því fylgja og nokkrum ókostum að vísu líka. En ýmsir kostir geta verið við það, með svona starfsemi og stjórnunarhætti. Menn geta t.d. gert slíkt við starfsemi á vegum sveitarfélaga. Virðisaukaskattur yrði þá bæði sem innskattur og útskattur. Fyrirtækin yrðu gerð virðisaukaskattskyld o.s.frv.

Ég hef áður nefnt að það gæti verið skynsamlegt fyrir sveitarfélög að fá heimild til að breyta áhaldahúsum sínum í opinber hlutafélög. Það gæti gert það auðveldara að bjóða út ýmsa þætti í rekstri, t.d. snjómokstur, viðhald á holræsakerfi, vatnskerfi eða hvað sem er. Mig vantar enn þá svar við því. Ég vænti þess að það komi á eftir.

Ekki má gleyma að um opinber hlutafélög hefur verið rætt í þinginu. Hv. þm. Mörður Árnason bar fram fyrirspurn til viðskiptaráðherra um afstöðu hans til opinberra hlutafélaga og um hvort viðkomandi ráðherra hygðist beita sér fyrir lagasetningu um það efni. Það kom fram í svari ráðherra að það væri ekki unnið á vegum ráðuneytisins. Hins vegar hefur verið sett í gír og búið til frumvarp sem flutt hefur verið en er ekki líkt því nógu gott. Það tekur ekki á nógu mörgu þáttum.

Áður hafði líka hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar margsinnis flutt frumvarp um breytingar á lögum um hluthafafélög þar sem lagt var til að bætt yrði inn í ákvæðum um upplýsingaskyldu hlutafélaga í eigu ríkisins til Alþingis. Í upphafi þessa þingvetrar boðaði Samfylkingin það sem eitt af þingmálum sínum að flytja frumvarpið sem ég hef gert að umtalsefni og mæli með, þ.e. frumvarpi um opinber hlutafélög.

Virðulegi forseti. Ég fer senn að ljúka ræðu minni um þetta mál en vil ítreka að ég hef ekki verið hræddur við að breyta ríkisfyrirtækjum eða stofnunum og gefa þeim möguleika á að reka sig í formi hlutafélags. En nú er ég þó dálítið hræddur við það, en kannski eru það sporin sem hræða. Sú breyting í raforkugeiranum sem hefur leitt til mikilla hækkana hjá töluverðum fjölda notenda, sama hvort sem það er hjá Rarik, Orkubúi Vestfjarða eða öðrum, er hrikaleg. Það hefur verið gert að umtalsefni.

Þingmenn Framsóknarflokksins hafa með iðnaðarráðherra í broddi fylkingar reynt að gera allt sem þeir geta til að andmæla því að hækkun hafi orðið og benda á aðra sem hafi fengið lækkun. Það kann vel að vera að svo sé en ekki verður hjá því litið að við höfum þegar undir höndum reikninga frá fjölmörgum aðilum, bændum, íbúum í smærri byggðarlögum og öðrum, þar sem þeir sýna fram á stórhækkun. Hækkun er vegna þessara breytinga sem gerðar voru og hefur ekki verið tekið á því máli, þrátt fyrir lítilsháttar aukið framlag til niðurgreiðslna. Auðvitað var hluti af því sú breyting sem iðnaðarráðherra beitti sér fyrir, er niðurgreiðsluþakið var lækkað úr 50.000 kílóvattsstundum niður í 35.000 kílóvattsstundir.

Þótt ég taki undir það sem hv. formaður iðnaðarnefndar var svo ánægður með áðan er hann nefndi að þetta niðurgreiðsluhlutfall hefði verið hækkað er rétt að hafa í huga, virðulegi forseti, að það var hækkað í 40.000 kílóvattsstundir. Eftir standa þá 10.000 kílóvattsstundir frá breytingunni úr 50.000 kílóvattsstundum niður í 35.000. Þessar breytingar hafa komið allra verst niður á bændum og íbúum lítilla byggðarlaga. Við sjáum auðvitað og höfum heyrt af og fengið að sjá — vonandi fleiri þingmenn en ég — reikninga þar sem munar mjög miklu, 20–40%, bara við að fara fyrir eitt fjall. Þar hef ég í huga dæmi um reikninga frá Ísafirði og Súðavík. Ég gæti tekið dæmi um það sem maður hefur séð frá Raufarhöfn, sem hefur verið tekið vel saman af þeim ágæta sveitarstjóra og sveitarstjórn, sem sýnt hefur fram á miklar hækkanir.

Það eru þessi spor sem ég tel að hræði. Hins vegar tel ég að þessi formbreyting á Rafmagnsveitum ríkisins, að leyfa

þeim að fara í hlutafélagaform, muni ekki gera neitt verra. En ef hæstv. ríkisstjórn dettur í hug að breyta þessu, að selja hluta eða allt, þá er ég í sjálfu sér ósammála. Ég ítreka það, virðulegi forseti, sem ég hef sagt áður, að ég hefði viljað sjá lög um opinber hlutafélög verða að veruleika áður en að þessari lagasetningu kæmi og skil ekki enn hvers vegna svo var ekki.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum spyrja hv. þingmann, formann iðnaðarnefndar, Birki Jón Jónsson út í þá breytingartillögu sem fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnaðarnefnd, hv. þm. Jóhann Ársælsson, Helgi Hjörvar og Katrín Júlíusdóttur, flytja við 3. gr. Breytingartillagan er sú að fjármálaráðherra fari með eignarhlut ríkisins í Rafmagnsveitum ríkisins hf., eða Rarik hf., í stað iðnaðarráðherra. Hver er afstaða Framsóknarflokksins í því máli? Ég fyrir mitt leyti held að það sé réttara að fjármálaráðherra fari með þennan eignarhlut. En ég vænti þess að heyra skýringu Framsóknarflokksins á því, þ.e. hvort þeir styðja þá hugmynd. Af hverju hafa menn ekki sett slíkar hugmyndir fram eða er þetta átakamál milli ráðuneyta. Hér eru átök milli ráðherra Framsóknarflokksins, hugsanlega við ráðherra Sjálfstæðisflokksins. En síðast urðum við vitni að því, í vatnalögunum, að iðnaðarráðherra seildist inn í málefni landbúnaðarráðherra. Það kom fram við lok þeirrar umræðu á skemmtilegan hátt, þegar hæstv. landbúnaðarráðherra kom í ræðustól og lýsti yfir öllum þeim mistökum sem þar höfðu átt sér stað. Spurningin er hvort hér séu enn ein mistökin á ferðinni, gagnvart 3. gr., að iðnaðarráðherra fari með þennan eignarhlut í stað fjármálaráðherra?

Hin spurning mín, virðulegi forseti, til hv. formanns iðnaðarnefndar er: Af hverju eru opinberu hlutafélögin ekki tekin í gegn fyrst og lög samþykkt um þau og Rafmagnsveitum ríkisins síðan breytt í opinbert hlutafélag.

[21:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður Kristján L. Möller segist ekki hafa verið hræddur við, eins og hann orðaði það, að breyta opinberum stofnunum í hlutafélög. En jafnframt kom fram í máli hans að hann telur mjög mikilvægt að Rafmagnsveitur ríkisins hf. verði eftir sem áður alfarið í eigu ríkisins.

Við þessa umræðu hefur komið fram að talsmenn Sjálfstæðisflokksins eru mjög eindregið á því að það komi vel til greina að selja hluti í Rarik hf. Margir tala beinlínis fyrir því. Við höfum heyrt hæstv. iðnaðarráðherra tala um markaðsvæðingu og einkavæðingu raforkugeirans. Hún hefur vísað í lífeyrissjóði og til þess að úrelt sé að ríkið eigi þessa starfsemi. Við höfum heyrt um það rætt af hálfu annarra talsmanna Framsóknarflokksins að þeir sjái það eitt fyrir sér sem handfast að meiri hlutinn í Rarik hf. verði í eigu ríkisins þegar fram líða stundir. Um það er ekkert staðhæft en sú framtíðarsýn er máluð upp þrátt fyrir 3. gr. frumvarpsins.

Ég spyr hv. þingmann, í ljósi alls þessa, af því að hann gerði hræðsluna að umtalsefni: Er ekki ástæða til að óttast að þegar búið er að færa Rarik í söluform, búið að markaðsvæða það að öllu formi til, að skrefið verði stigið til fulls eins og gert hefur verið með nánast allar (Forseti hringir.) stofnanir sem hafa verið gerðar að hlutafélögum, að þær hafa verið seldar?

[21:45]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jú, í raun og veru, ég held að það skilji ekki mikið á milli okkar hv. þingmanns hvað varðar hræðsluna. Það er kannski grundvallaratriði. Þrátt fyrir það held ég að Rafmagnsveitur ríkisins eigi að fá það form að geta rekið sig eins og hvert annað hlutafélag, þó með þeim fyrirvörum sem ég hef sett hér að Sjálfstæðisflokkurinn nái því ekki í gegn að braska með eða selja hluti eða allt hlutafélagið sem við erum að tala um að stofna, þ.e. Rafmagnsveitur ríkisins, Landsvirkjun eða annað. Maður verður að trúa því og treysta að framsóknarmenn, sem þó kalla ekki allt ömmu sína í þessu, hafa þó sagt hér að það komi aldrei til greina að selja það. Sá fyrirvari sem ég hef haft hér er vegna þeirra breytinga sem gerðar voru í raforkulagakerfinu og vegna þeirra upplýsinga sem þar komu fram og ég gerði að umtalsefni áðan og hef gert áður, þ.e. vitlausar eða rangar upplýsingar í iðnaðarnefnd sem komu auðvitað í bakið á mönnum og sú hækkunaralda sem reið yfir. Ég vil ekki trúa því, og kannski treystir maður á það hve stutt er til alþingiskosninga, að farið verði í að selja Rafmagnsveitur ríkisins.

Hv. þingmaður tekur eftir því að þau togast dálítið á hjá mér þessi sjónarmið og sjónarmiðið sem ég gerði líka að umtalsefni, þ.e. um möguleika Rafmagnsveitna ríkisins til að keppa á þessum markaði við önnur félög, t.d. eins og að kaupa þær bæjarveitur sem mörg sveitarfélög hafa því miður neyðst til að selja út af skuldastöðu. Þessar áhyggjur eru því kannski mjög svipaðar hjá mér og hv. þingmanni.

[21:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hægt sé að ná þeim markmiðum sem margir vilja ná varðandi sveigjanleika og möguleika þessa fyrirtækis til að athafna sig á markaði með öðru rekstrarformi en hlutafélagaforminu. Ég bendi þar t.d. á sameignarfyrirkomulagið.

Varðandi áherslur Sjálfstæðisflokksins eða margra þingmanna hans sem hafa áhuga á að einkavæða og selja þessa starfsemi þá er á tvennt að líta varðandi Framsókn. Bæði það að ráðherrar flokksins, eða sérstaklega einn ráðherra flokksins hefur beinlínis talað fyrir markaðsvæðingu og einkavæðingu þessarar starfsemi. Og á hitt er einnig að líta, og það er dapurlegt hlutskipti Framsóknarflokksins sem ég kemst ekki hjá að vekja athygli á, að orð Framsóknarflokksins í þessum efnum hafa ekki reynst mjög haldgóð.

Sú var tíðin að Framsókn sagði að það kæmi aldrei til greina að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Hvað liggur núna fyrir þinginu? Frumvarp um að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Framsókn sagðist aldrei mundu hlaupa frá Íbúðalánasjóði. Hvað er núna á döfinni? Ég veit það ekki, ég get ekkert fullyrt um það, en ég fæ ekki betur séð en að komin sé hreyfing á það mál líka. Því miður er það svo að í þessum miklu heitstrengingum og svardögum Framsóknarflokksins, um að ekki komi til greina að hlutafélagavæða og selja, hefur reynst afar lítið hald.

Ég óttast ekki endilega að Rarik hf. verði selt á næstu mánuðum eða missirum en ég held að með hlutafélagavæðingunni sé fyrirtækið komið í umbúðir fyrir sölu. Ég tel að við eigum frekar að fara inn í annað rekstrarform, (Forseti hringir.) t.d. sameignarfélag, til að ná þeim markmiðum sem menn vilja ná eða halda því einfaldlega óbreyttu.

[21:49]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þau varnaðarorð, mörg hver, sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur hér uppi. Ég vitnaði áðan í það sem kemur fram í frumvarpi hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um opinber hlutafélög þar sem hún telur upp þau íslensku ríkisfyrirtæki sem breytt hefur verið í hlutafélög og hafa síðan verið seld. En svo er líka tekið dæmi um Orkubú Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja sem hefur verið breytt í hlutafélag en eru ekki á sölumarkaði.

Það sem ég var að reyna að gera grein fyrir er að mér finnst ekki gott að fyrirtæki eins og Rafmagnsveitur ríkisins, en ég vil veg þeirra sem mestan, hafi ekki sömu möguleika og önnur orkufyrirtæki, t.d. í eigu sveitarfélaga. Tökum dæmi eins og Norðurorku, Orkubú Vestfjarða eða Hitaveitu Suðurnesja, sem getur þess vegna tekið sig til og keypt hitaveitur eða rafveitur hvar sem er á landinu, eða jafnvel sameignarfélagið Orkuveitu Reykjavíkur sem er mjög öflugt og sterkt fyrirtæki. Þá vil ég að Rafmagnsveitur ríkisins hafi frekar þann möguleika að taka þátt í slíku vegna þess að ég vildi frekar að t.d. Rafmagnsveitur ríkisins ættu ýmsar orkuveitur sem hér hafa verið taldar upp og sem hafa verið keyptar undanfarin ár, eins og t.d. rafveita og hitaveita Siglufjarðar sem ég tók þátt í að selja 1991. Ekki með glöðu geði, síður en svo. (**ÖJ:** Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfélag.) Það er rétt. Vegna þess að ekki náðist samstaða um að breyta því þannig. Ég veit ekki hvort það háir þeim rekstri nokkuð. Ég veit það ekki, ég held ekki. En aðalatriðið er þetta.

Ég tók það líka skýrt fram, virðulegi forseti, að það eru ákveðin spor sem hræða. Það eru auðvitað yfirlýsingar t.d. formanns Sjálfstæðisflokksins, eftir að hann var kjörinn formaður flokksins, um að einkavæða meira. Þá er það okkar, fulltrúa annarra flokka, að reyna að hafa garminn hann Ketil með, þ.e. Framsóknarflokkinn, við að koma í veg fyrir að svoleiðis geti gerst.

[21:51]

Útbýting:

Faggilding o.fl., 361. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 988; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 989.

[21:52]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Á fundi með formönnum þingflokka fyrr í dag lýsti forseti þingsins yfir þeim ásetningi sínum að hér yrði kvöldfundur. Ekki voru nefndar neinar tímasetningar í því efni en lögð áhersla á að fundað yrði í kvöld. Nú leikur mér forvitni á að vita hvað kvöldið er langt hér á bæ á þessum herrans degi, og hvort eitthvað hafi verið ákveðið um það af hálfu forseta þingsins og stjórnar þingsins hve lengi þessum þingfundi verði haldið áfram. Það er mjög mikilvægt að við sem tökum þátt í umræðunni fáum upplýsingar um það.

[21:53]

Forseti (Drífa Hjartardóttir):

Forseti vill geta þess að enn eru nokkrir á mælendaskrá og það fer að sjálfsögðu eftir því hve lengi menn tala hvað hægt er að ganga á mælendaskrána, en það er sjálfsagt að halda þingfundi eitthvað áfram.

[21:53]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Þetta voru mjög klén svör af hálfu forseta. Kannski hefur hæstv. forseti ekki heyrt spurninguna en hún snerist um það hve lengi væri fyrirhugað að halda fundi áfram. Það hafði verið talað um kvöldfund en ekki næturfund. Þá skiptir máli hvernig forseti skilgreinir kvöld, hvenær því lýkur og hvernig hún hyggst láta umræðuna vinda áfram hvað það varðar.

Ég er á mælendaskrá og á eftir að koma allmörgum atriðum að varðandi þetta stóra mál, um einkavæðingu Rariks. Ég á eftir allmörg atriði sem ekki hafa komist að og á erfitt með að sjá að það gangi eftir að þessari umræðu ljúki á þeim tíma sem ég hef venjulega skilgreint sem kvöld.

Ég vil því inna hæstv. forseta eftir því hvort hún geti tilgreint hvenær hún hyggist láta umræðunni ljúka í kvöld eins og umtalað var, eins og hv. formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs minntist á og vitnaði þar til fundar í morgun. Frú forseti. Hvenær hyggst forseti láta kvöldið enda?

[21:55]

Forseti (Drífa Hjartardóttir):

Forseti vísar til fyrra svars og nú verður gengið á ný til dagskrár.

[21:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Eins og umræðan í dag hefur gefið til kynna liggur hér auðvitað fiskur undir steini, eins og í mörgum sambærilegum málum sem ríkisstjórnin hefur verið að koma með inn í þingið á undanförnum missirum, en ég mun fara yfir það í ræðu minni á hvern hátt þetta mál tengist öðrum málum sem ég kalla sambærileg á þessum þingvetri.

Fyrst langar mig að fara nokkrum orðum um þau atriði sem ég gerði að umtalsefni í stuttu andsvari mínu við hv. þm. Birki Jón Jónsson, formann iðnaðarnefndar, í upphafi umræðunnar. Það er um skortinn á rökstuðningi fyrir því að þessar breytingar séu framkvæmdar.

Það kemur fram, bæði í þessu frumvarpi og sömuleiðis í máli hv. þingmanns, formanns iðnaðarnefndar, að hér sé fyrst og fremst um að ræða þörfina á sveigjanleika. Hv. formaður iðnaðarnefndar hafði um það mörg orð hve mikil þörf væri á að hafa sveigjanleika í rekstri fyrirtækis eða stofnunar á borð við Rafmagnsveitur ríkisins en skýrði í

engu hvers vegna það væri svo mikilvægt að þessi sveigjanleiki væri til staðar. Hann talaði að vísu um það að menn þyrftu að geta tekið ákvarðanir með skjótum hætti, hann kvartaði undan því að svo langur vegur væri upp í ráðuneyti til bera ákvarðanir undir starfsmenn ráðuneytisins eða ráðherrann og þar af leiðandi þyrfti að færa völdin heim til forstjórans sem gæti þá tekið skjótar ákvarðanir á heimavelli. Þetta var að því að mér skildist á hv. formanni iðnaðarnefndar skilningur hans á hugtakinu sveigjanleika og þörfin á auknum sveigjanleika var skýrð á þennan hátt.

Við spurningunni hvernig þessi sveigjanleiki gæti síðan tryggt okkur neytendum lægra verð á raforku var fátt um svör, en hv. formaður iðnaðarnefndar fullyrti jafnframt, og gott ef ég heyrði ekki hæstv. iðnaðarráðherra fullyrða eitthvað svipað, að þessi sveigjanleiki og það að breyta Rarik í hlutafélag ætti eftir að færa neytendum lægra verð á raforku. Ég dreg þessa fullyrðingu í efa, svo ekki sé meira sagt, og ég tel að hv. þingmenn og hæstv. ráðherra Framsóknarflokksins þurfi að gefa skýrari svör en þeir hafa gert hingað til, því það vita allir sem vita vilja að hlutafélagavæðing fyrirtækis eða stofnunar á borð við Rafmagnsveitur ríkisins ein og sér færir neytendum ekki lægra raforkuverð. Það er eitthvað annað sem þar þarf að koma til og það þarf að koma fram í umræðunni svo óyggjandi sé.

Það vita allir sem vita vilja, eins og ég sagði, að hlutafélagaform velur maður því félagi sem maður vill að sé í samkeppnisrekstri og að rekið sé með arðsemissjónarmið að leiðarljósi frekar en nokkuð annað. Hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa farið yfir það í löngu máli á hvern hátt arðsemiskrafan sem ríkisstjórnin gerir til þessa félags þvælist fyrir okkur vegna þess að hér er auðvitað bara um dulbúinn samkeppnisrekstur að ræða. Það kemur að sjálfsögðu fram í umsögnum ákveðinna aðila hér í umsagnabunkanum um þetta mál sem ég mun fara yfir síðar í ræðu minni, frú forseti.

Í rökstuðningi hv. iðnaðarnefndar fyrir breytingunum, sem birtist á þingskjali 912, segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Rökstuðningurinn fyrir þessum breytingum er m.a. að hlutafélagaform henti betur í því umhverfi sem starfsemin býr við og að reksturinn verði sveigjanlegri. Þá er talið að fjárfestingar og nýjungar í rekstri verði auðveldari í framkvæmd. Einnig takmarkast ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins við hlutafjáreign og ábyrgð stjórnenda eykst."

Sem sagt, enginn frekari rökstuðningur fyrir þessari miklu þörf fyrir sveigjanleikann og ekki heldur rökstuðningur á setningunni um að fjárfestingar og nýjungar í rekstri verði auðveldar í framkvæmd í félaginu háeffuðu. Ég fullyrði, frú forseti, að hér sé mikil bábilja á ferðinni, mikil öfugmæli og hér sé eingöngu um að ræða þráhyggju núverandi ríkisstjórnar og ég hef leyft mér að halda því fram að hér sé Framsóknarflokkurinn að hluta til að ganga erinda Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórninni. Framsóknarflokkurinn fékk í kaupunum þegar þessi ríkisstjórn var sett á laggirnar sína Kárahnjúkavirkjun og sína stóriðju í formi álvæðingar Íslands en á móti kom að þeir áttu að sætta sig við að ríkisstofnanir yrðu háeffaðar í meira mæli en nokkur dæmi væru um. Svo er það þannig og það er hálfhlálegt, frú forseti, að það vill svo til að framsóknarráðherrarnir þurfa hér að ganga fram fyrir skjöldu aftur og aftur með frumvörp af þessu tagi þar sem ríkisfyrirtæki eða ríkisstofnanir eru háeffuð, auðvitað með það að markmiði að selja síðar og kannski ekki mikið síðar heldur bara skömmu síðar. Eða hvað kemur fram í umsögnum þeirra orkufyrirtækja sem skrifa til iðnaðarnefndar í tilefni af þessu frumvarpi? Hvað segir Hitaveita Suðurnesja um málið? Eða Norðurorka hf. eða Orkuveita Húsavíkur? Við skulum aðeins grípa niður í bréf Norðurorku um málið. Ætli Norðurorka sé svo sátt við það að hlutabréfið í Rarik hf. verði í eigu ríkisins svo lengi? Auðvitað ekki. Í bréfi Norðurorku sést afar skýrt hvað undir býr. Norðurorka hf. telur að með tilliti til nýskipunar raforkumála sem hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir hefur haft forgöngu um að koma á þá væri eðlilegast að gefa, og nú ætla ég að fá að vitna beint í umsögnina, með leyfi forseta:

„... öðrum starfandi dreifiveitum tækifæri til að kaupa dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Vitað er að áhugi dreifiveitnanna er fyrir hendi. Það er ekki hlutverk ríkisins að reka raforkudreifiveitu frekar en símadreifikerfi."

Þetta segir Norðurorka og þetta er auðvitað það sem undir býr. Þessi fyrirtæki, þessi hlutafélög sem þegar eru orðin til vilja fá að kaupa sig inn í Rarik hf. strax, fá að kaupa út úr því ákveðnar eignir sem þessum félögum hugnast ekki að hafa í ríkiseigu. Í umsögn Norðurorku segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Áhugi er einnig fyrir hendi hjá orkufyrirtækjum að kaupa hitaveitur Rariks."

Hvað erum við að segja hér, frú forseti? Við erum komin inn í grunnþjónustuna miklu lengra en góðu hófi gegnir þegar Norðurorka hf. er farin að segja, og ekki bara Norðurorka hf. heldur Hitaveita Húsavíkur og Hitaveita Suðurnesja og gott ef ekki fleiri umsagnaraðilar tala algerlega tæpitungulaust um að ríkið eigi að selja hlut sinn í dreifiveitum Rariks og sömuleiðis hitaveitu Rariks. Svo segja menn í Norðurorku áfram í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Hvað varðar vatnsaflsvirkjanir Rafmagnsveitna ríkisins ætti það að vera keppikefli ríkisins að selja þær á frjálsum markaði til að stuðla að aukinni samkeppni á sviði raforkuframleiðslu í nýju markaðsumhverfi raforkuframleiðslu og sölu."

Er hægt að segja þetta mikið skýrar? Nei, auðvitað er það ekki hægt. Hér talar félag, eitt af þessum félögum sem standa næst Rarik og einn af samkeppnisaðilunum, sem vill gera hvað? Fyrr en seinna á að kaupa stóra hluti út úr þessu háeffaða félagi, áður en löggjöfin er farin í gegn á Alþingi. Svo segja menn fullum fetum að það séu engin áform uppi um að selja. En hvað með þennan þrýsting sem er ekki einu sinni dulinn? Hann er opinber í umsögnum orkufyrirtækja um allt land, í umsögnum um þetta mál.

Norðurorka segir, enn fæ ég að vitna í þá umsögn, með leyfi forseta:

„Hugmyndir orkufyrirtækja ríkisins um stofnun raforkusölufyrirtækis þar sem m.a. virkjanir Rariks yrðu lagðar inn sem hlutafé ganga þvert á þá meginreglu að ríkið skuli ekki vera þátttakandi í fyrirtækjarekstri á samkeppnismarkaði."

Það er hæstv. iðnaðarráðherra sem á í orði kveðnu að hafa yfir þessum orkufyrirtækjum að ráða, undir hana heyrir verksvið þessara fyrirtækja í öllu falli, þetta eru ráðlegg-

ingarnar sem þessi fyrirtæki gefa: hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórn eiga að hætta við að hugsa þetta svona — ég veit ekki hvort ég á að segja sósíalistískt að hafa þetta í eigu ríkisins, þetta félag, heldur bara drífa sig í að selja það strax.

Hvað erum við að tala um hér? Er þetta rétt sem Norðurorka segir að hér sé eingöngu verið að tala um þátttakanda í fyrirtækjarekstri í samkeppnismarkaði? Er Rarik hf. eða Rafmagnsveitum ríkisins ætlað að vera eingöngu fyrirtæki sem tekur þátt í samkeppnisrekstri? Ónei. Fyrirtækinu er auðvitað ætlað að sjá fyrir stórum hluta grunnþjónustu í þessu samfélagi. Starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins hefur aldrei fjallað um neitt annað en grunnþjónustu og misskilningur ríkisstjórnarinnar í þessum efnum er orðinn hlálegur og hefur farið út úr öllu korti þar sem horft er fram hjá því að grunnþjónustan sé í eðli sínu ekki vænleg til samkeppni og það eigi ekki að setja grunnþjónustu samfélagsins út á markað eins og hverja aðra vöru. Eða hvar eru gamlar hugsjónir um öryggisnetið í samfélaginu, um að fólk eigi að búa við jöfnuð hvar á landinu sem það býr? Það er allt saman fokið út í veður og vind hjá þessum ágætu flokkum og ég treysti því að þeir kjósendur sem bera ábyrgð á því að þessir flokkar sitji að völdum fari að hugsa sitt mál, fari að hugsa um hvort það sé einleikið að þessir flokkar skuli setja fram mál eftir mál þar sem ríkisfyrirtæki sem hafa starfað í grunnþjónustu áratugum saman séu nú tugum saman, liggur mér við að segja, háeffuð auðvitað með það að markmiði að selja þau að hluta eða öllu leyti í fyllingu tímans. Sú fylling tímans virðist standa nær en virtustu frjálshyggjumenn hafa þorað að vona. Það sýna þær umsagnir sem setja mikinn þrýsting á ríkisvaldið í þessum efnum.

Norðurorka hf. fjallar sérstaklega um 3. gr. sem varðar eignarhald hlutabréfanna í hlutafélaginu sem stofna á og segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Það er mat Norðurorku hf. að óþarft sé að stofna hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins þar sem ríkissjóður skal vera eini hluthafinn. Það þýðir að mestu óbreytt ástand frá því sem nú er. Sé það ætlun ríkisins að selja síðar hluti í félaginu er eðlilegt að orða þetta ákvæði öðruvísi, t.d. „Öll hlutabréf í félaginu skulu í upphafi vera í eigu ríkissjóðs.““

Þetta er tillagan frá Norðurorku að orðun 3. gr. Hvers vegna? Jú, þeir eru á móti því hjá Norðurorku að hafa þessi stífu ákvæði, sem þeir kalla, um eignarhald hlutafjárins inni í lögunum vegna þess að þeir vilja að sá ásetningur sem kemur fram í 5. lið athugasemda með frumvarpinu, þ.e. ásetningurinn um að með þessu móti sé opnað fyrir möguleika á að aðrar orkuveitur geti orðið hluthafar í félaginu, sé þrengdur verulega með því að hafa öll hlutabréfin í eigu ríkissjóðs. Menn vilja þannig gefa þetta frjálst sem allra fyrst eins og berlega kemur fram í þessari umsögn sem ég vitna hér til.

Síðar í umsögn Norðurorku kemur fram og reyndar í umsögnum fleiri orkufyrirtækja, að þau telji fráleitt að iðnaðarráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Þau telja að iðnaðarráðherra sé of hagsmunatengdur því hann sé ráðherra orkuiðnaðarins alls, hann sé einnig yfirmaður Orkustofnunar og honum beri því að gæta jafnræðis og það sé ekki heppilegt að hann sé í þeirri stöðu að þurfa að gæta hagsmuna eins orkufyrirtækis sérstaklega sem fulltrúi eigenda þeirra. Þannig að áður en hlutafélag um Rarik er orðið til þá virðast orkufyrirtækin nánast á einu máli um að hér eigi að losa um eignarhald ríkisins strax og að það sé fullkomlega óþarft millistig að halda þessum hlutabréfum í eigu ríkisins. Hér er algerlega dagljóst, frú forseti, að hverju er stefnt. Það má lesa í þessum umsögnum þessara umsagnaraðila og það er skrum sem kemur frá hv. þingmönnum stjórnarmeirihlutans í þessari umræðu að ekki standi til að selja eignarhlutana í heilu lagi eða í bútum út úr þessu fyrirtæki.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur gengið fram fyrir skjöldu nú í umræðunni þar sem við höfum lagt verulega áherslu á það að félag eða fyrirtæki á borð við Rarik og Rafmagnsveitur ríkisins og orkufyrirtækin séu best komin í opinberri eigu enda sé hér um grunnþjónustu í samfélaginu að ræða og að okkar mati enginn fótur fyrir því að reka þessi fyrirtæki með arðsemissjónarmiðum enda hljóti sá arður að vera tekinn af notendum þjónustunnar, þ.e. að notendur þjónustunnar séu látnir greiða þá arðsemiskröfu í of háu raforkuverði, því það er trúa mín að ef þessar stofnanir og fyrirtæki væru í samfélagslegri eigu og rekin á samfélagslegum grunni þá væri keppikefli hjá þeim að hafa raforkuverðið sem lægst, að tryggja öllum örugga raforku á sem lægstu verði.

Í þessari umræðu hefur komið fram í tengslum við stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessum málum, að við höfum staðið fyrir því í Reykjavíkurborg að tryggja að Orkuveita Reykjavíkur verði áfram í samfélagslegri eigu og höfum staðið gegn hugmyndum um hlutafélagavæðingu Orkuveitu Reykjavíkur. Sama má segja um Landsvirkjun og margir hafa séð brýna þörf á því að losa um eignarhlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun en eins og mál hafa staðið í þessu lagaumhverfi raforkuframleiðslunnar þá höfum við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og aðrir sem starfa undir merkjum þess flokks ekki talið það ráðlegt að losa um eignarhlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun. Við teljum að það styrki fyrirtækið og þjónustuna sem fyrirtækið á að veita að vera í samfélagslegri eigu sem flestra og eins og málum er háttað í þessu umhverfi höfum við ekki talið ráðlegt eða skynsamlegt að setja Landsvirkjun í heilu lagi yfir til ríkisins. Enda hvað mundi þá gerast? Þá blasir við og höfum við reyndar heyrt yfirlýsingar bæði frá hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. utanríkisráðherra Geir H. Haarde í þeim efnum að ekki standi til að Landsvirkjun verði um aldur og ævi í eigu ríkisins og í fyllingu tímans verði það háeffað og þá að sjálfsögðu mundi hefjast sami dansinn í kringum Landsvirkjun eins og önnur fyrirtæki og félög sem hafa verið háeffuð hingað til. Ég þykist muna það rétt að hæstv. iðnaðarráðherra hafi haft á orði á sínum tíma og ekki fyrir svo margt löngu að á endanum, jafnvel innan átta ára mundi einkavæðingarferli Landsvirkjunar geta hafist.

Þetta er allt afar athyglisvert í ljósi þess að dagurinn í dag er einmitt kannski svolítið merkilegur í þessu tilliti og það er athyglisvert að við skulum vera að ræða mál af þessu tagi í dag þegar hæstv. iðnaðarráðherra hefur tilkynnt það í fjölmiðlum að þrjár stofnanir hins opinbera verði nú sameinaðar undir einum hatti en þessar þrjár stofnanir eru stofnanir sem hún hefur verið gagnrýnd ansi mikið fyrir að

hafa ekki sinnt sem skyldi. Það eru Byggðastofnun, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins sem stendur til að sameina undir hatti Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Stofnunin á að hafa aðsetur á Sauðárkróki og hún á að taka til starfa um áramótin og nú hefur verið lagt upp í umfangsmikla kynningu á þessum breytingum þar sem fulltrúar atvinnulífsins, starfsmenn viðkomandi stofnana og fleiri koma við sögu.

Allt er þetta gert eftir því sem aðstoðarmaður ráðherra, Páll Magnússon segir í fréttatilkynningu sem birtist á vef Ríkisútvarpsins fyrr í dag, með það fyrir augum að það þurfi að gera starf þessara stofnana markvissara. Það vantar bara að segja líka: Og sveigjanlegra. Ég spyr: Hvað heldur þingheimur að við þurfum að bíða lengi eftir því að þessi nýja nýsköpunarmiðstöð sem á nú að fara að búa til úr þessum þremur góðu og gegnu stofnunum, Byggðastofnun, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, verði lengi einungis Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Hversu langt telja menn að sé þess að bíða að Nýsköpunarmiðstöð Íslands fái hf. fyrir aftan nafnið sitt? Mín spá er sú að það eigi jafnvel eftir að verða fyrr en fólk grunar, kannski í því ferli sem fram undan er núna við að sameina þessar þrjár stofnanir. Ég minni fólk á frumvarp sem er til meðferðar í umhverfisnefnd Alþingis og fjallar um Matvælarannsóknir hf. Þar er einmitt verið að sameina þrjár öflugar rannsóknastofnanir hins opinbera undir einn hatt og það er ekki verið að pukrast neitt með það. Strax er vaðið í háeffunina.

Á sama tíma er, eins og komið hefur fram í þessari umræðu, fyrir þinginu mál sem varðar hlutafélög í opinberri eigu sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur sjálf lagt fram. En ekki er mikill vilji til að ræða hér af einhverri dýpt opinber hlutafélög eða hlutafélög í opinberri eigu. Það mál er látið dankast og hvert háeffunarmálið af öðru er látið fara í gegn. Ríkisútvarpið hefur einnig verið nefnt í þessari umræðu. Það er auðvitað enn ein vitleysan sem stefnir í, enn ein háeffunin, og eins og menn rekur eflaust minni til í umræðunni um Ríkisútvarpið þá er ljóst að Ríkisútvarpið hf. verður ekki þessi öfluga menningarstofnun sem það hefur hingað til verið, ekki neitt langt inn í framtíðina, enda er heimild fyrir því í frumvarpinu að þeir hlutar stofnunarinnar sem eru í samkeppnisrekstri geti átt það á hættu að þeir verði sameinaðir öðrum félögum eða fyrirtækjum úti í bæ, að sú starfsemi verði mögulega tálguð utan af stofnuninni og eftir standi Ríkisútvarpið hf. sem verði berstrípað almannaþjónustuhlutverkið. Þegar sjálfstæðismenn og framsóknarmenn tala um það þá hljómar það eins og almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins verði eiginlega ekkert annað en tilkynningar til sjófarenda og tilkynningar frá hinu opinbera og svo kannski einhverjir fræðsluþættir sem alveg borin von er að nokkrar aðrar stöðvar sem reknar eru með arðsemissjónarmið að leiðarljósi geti farið út í að framleiða.

Það er deginum ljósra að hér ber allt að sama brunni. Hlutafélagavæðing ríkisstjórnarinnar er nú farin að minna allóþyrmilega á stóriðjuvæðingu hennar. Ég undrast það að fólk sem maður skyldi ætla að væri í einhverjum tengslum við fólk og samfélagið í landinu skuli vera svona einsýnt, svona þröngsýnt og það skuli fá svona fáar hugmyndir. Það virðist vera árátta hjá þessu fólki sem heldur um stjórnartaumana að það skuli ekki sjá nein tækifæri í því sem er. Það felast aldrei nein tækifæri í því sem við höfum. Það verður alltaf að byrja á því að kúvenda og alls ekki má byggja á því sem við höfum haft eða þeirri stefnu og hugmyndafræði sem þetta samfélag hefur verið rekið á. En það vill svo til að samfélagið okkar hefur til skamms tíma verið samfélag, félag sem við eigum saman, sem við rekum saman til að standa undir þjónustunni við samfélagið sem við viljum reka saman, þar sem fólk getur verið öruggt um að fá þá grunnþjónustu sem samfélag af okkar stærð og tegund kallar á. En allt þetta er fyrir borð borið hjá þessari ríkisstjórn sem er svo upptekin af háeffuninni og arðsemiskröfunni og sveigjanleikanum að hún sést ekki fyrir.

Eitt af því sem gerist við þessa hlutafélagavæðingu, frú forseti, og kannski það allra alvarlegasta, er að ákveðin grundvallarlöggjöf sem á við um félög, fyrirtæki og stofnanir í samfélagslegri eigu, sem á við um grunnþjónustuna í samfélaginu, er fyrir borð borin. Hvaða grunnlöggjöf er þetta? Þetta eru lög á borð við upplýsingalög, stjórnsýslulög, lögin um umboðsmann Alþingis og lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Í langri og ítarlegri umsögn frá BSRB í þessum umsagnabunka má lesa um hvernig menn fara að ráði sínu hér í þessu tilliti. Í umsögn BSRB er eflaust búið að vitna til í umræðunni áður þó ég hafi ekki kannski lagt eyrun að því, frú forseti. Ætla ég því að leyfa mér að vitna beint til umsagnar BSRB sem er dagsett 27. febrúar síðastliðinn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ofangreint frumvarp hefur borist BSRB til umsagnar. BSRB leggst alfarið gegn því að frumvarpið verði að lögum með eftirfarandi athugasemdum:

BSRB leggur áherslu á að líta beri á raforkukerfi landsins sem hluta af grunnþjónustu sem eigi að að vera á vegum ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er ætlunin að Rafmagnsveitur ríkisins skuli vera eign ríkissjóðs og fari iðnaðarráðuneytið með eignarhlutinn. Ekki er auðvelt að átta sig á hvað vakir fyrir stjórnvöldum með þessari breytingu. Tvennt hlýtur að koma til álita. Í fyrsta lagi að til standi að selja rafmagnsveiturnar, nokkuð sem BSRB varar eindregið við enda reynslan erlendis frá af einkavæðingu þessarar starfsemi mjög slæm. Hitt atriðið sem kemur til álita varðar kjör starfsmanna, en í athugasemdum með frumvarpinu segir að með hlutafélagsforminu verði „reksturinn sveigjanlegri." Hér er væntanlega verið að vísa til réttarstöðu starfsmanna sem er veikt með þessu frumvarpi. Í umsögn BSRB er fyrst og fremst staðnæmst við réttarstöðu starfsmanna."

Frú forseti. Þetta er ekki fyrsta umsögnin af þessu tagi sem ég les eftir BSRB í þessari lotu ríkisstjórnarinnar við hlutafélagavæðinguna því sama er upp á teningnum í umsögnum sem varða Matvælarannsóknir hf. og Ríkisútvarpið hf. og örugglega þessar háeffanir sem á undan hafa komið. Nú veit BSRB nákvæmlega um hvað er verið að tala því reynslan af hlutafélagavæðingunni er slæm. Réttur starfsmanna hefur verið fyrir borð borinn. Það hefur verið gengið á rétt starfsmanna sem fólk hefur átt með lögum og jafnvel þó svo það sé reynt að láta líta svo út sem starfsmenn sem starfa hjá viðkomandi stofnunum þegar hlutafélagavæðingin átti sér stað njóti áfram þeirra réttinda sem samið hafði verið um fyrir þá og þeir hafi notið til þessa þá er alla vega

alveg ljóst að nýir starfsmenn njóta ekki sömu réttinda. Þá erum við búin að setja þetta allt saman í þann farveg sem ríkisstjórnin vill hafa, þar sem forstjórinn er einvaldur, þar sem hann hefur svo mikinn sveigjanleika eins og það heitir að hann getur rekið fólk og ráðið fólk eins og hann listir án áminninga, án þess að nokkrum formlegum leiðum sé fylgt, og það er mikil afturför, frú forseti.

Þegar löggjafarsamkundan gengur fram fyrir skjöldu og þeir tveir stjórnmálaflokkar sem fara hér með völdin, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, bera fyrir borð rétt starfsmanna aftur og aftur og fá á sig umsagnir af því tagi sem hér eru til umfjöllunar, eins BSRB hefur verið að gefa hér, þá skil ég ekki að þessir stjórnmálaflokkar skuli ganga hér um sali jafnhnarreistir og raun ber vitni því þeir bera afar alvarlega gagnrýni á herðum sér sem þeir svara í engu enda eru engin rök sem mæla gegn þeim rökum sem fram eru sett í umsögn BSRB. Þar eru gerðar athugasemdir við breytinguna á réttarstöðu starfsmannanna í löngu máli, við biðlaunaréttinn, við lífeyrisréttinn og við samningsréttinn. Um það eru áhöld hvort verið sé að fara að lögum í þessum efnum varðandi öll þessi réttindi og hvort verið sé að brjóta rétt á starfsmönnum eða ekki. Ég sakna þess að fá ekki um það málefnalegri rök eða málefnalegri umræðu frá hv. formanni iðnaðarnefndar og treysti því að hann komi inn á þessar ávirðingar í seinni ræðu sinni.

Af því að ég hef verið að blaða í umsögnum um þetta mál, frú forseti, þá er dálítið athyglisvert að Samtök iðnaðarins skuli skrifa á þeim nótum sem þau gera í sinni umsögn. Þau telja að það hái samkeppni á raforkumarkaði að eignarhald sé á fárra höndum og sömu aðilar eigi að stórum hluta orkuframleiðslu, flutningsnet, dreifikerfi og sölufyrirtækin. Samtök iðnaðarins segja í sinni umsögn að það sé vandséð hvernig samkeppni geti þrifist þegar eignarhaldið er sameiginlegt út allt framleiðsluferlið. Þar eru auðvitað þessi sjónarmið uppi eins og hjá orkufyrirtækjunum sem ég gat um áðan að menn eru ekki ginnkeyptir fyrir því yfir höfuð að ríkið sé að halda í þessi hlutabréf eða hafa þau í sinni eigu nema bara sem styst. Samtök iðnaðarins vísa meira að segja máli sínu til stuðnings til skýrslu Eftirlitsstofnunar EFTA um raforkuiðnaðinn í Evrópu, skýrslu sem kom út 16. febrúar 2006. Samtök iðnaðarins segja að samkvæmt þeirri skýrslu sé talin ástæða til að skoða nánar sameiginlegt eignarhald framleiðslu og flutnings ásamt lóðréttri samþættingu dreifingar og sölu og hvaða áhrif það hafi á samkeppni á markaðnum og síðan er vitnað beint til þessarar skýrslu. Samtökin gera auk þess athugasemd við það að í frumvarpinu komi ekki fram hvað verði um 24% eignarhluta Rariks í Landsneti og segja nauðsynlegt að skýra það nánar. Nú treysti ég því að þetta verði eitt af þeim atriðum sem hv. formaður iðnaðarnefndar komi inn á. Ég sé þessa ekki getið í nefndaráliti meiri hlutans. Fyrir mitt leyti alla vega þarf ég því á nánari skýringu að halda.

Í niðurlagi umsagnar Samtaka iðnaðarins kemur fram að samtökin telji að með stofnun hlutafélags um Rarik gefist tækifæri til að skilja á milli sérleyfisreksturs og samkeppnisreksturs og samtökin telja að heppilegra sé að hafa þá starfsemi aðskilda í tveimur félögum ef ætlunin er að stuðla að markaðsvæðingu og samkeppni á raforkumarkaði. Hér er því verið að setja hæstv. iðnaðarráðherra Valgerði Sverrisdóttur lífsreglurnar um það á hvern hátt eigi að gera þetta og hér er enn eitt dæmi um þennan þrýsting sem er að byggjast upp. Nú standa öll spjót á ríkisstjórninni með þetta og ég þori að fullyrða að það er ekki ætlunin hjá ríkisstjórninni að láta þessi hlutabréf vera í eigu ríkisins nema í afskaplega skamman tíma. Það virðist vera alveg ljóst að bandamenn ríkisstjórnarinnar í þessum efnum vilja að stigin séu stærri skref, gengið lengra og það núna strax þannig að ríkinu verði ekki stætt á því lengi, þ.e. ríkisstjórninni að hafa þessi hlutabréf í sinni vörslu, sem nota bene er það sama og að hlutirnir séu í vörslu þjóðarinnar því þeir fulltrúar sem hingað eru kjörnir á þingi eru nú einu sinni lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar sem eiga að tryggja það að vel sé farið með sameiginlegar eigur okkar.

Hér er ég með umsögn frá talsmanni neytenda, Gísla Tryggvasyni, sem hefur verið ötull við það núna síðan hann tók við þessu nýja starfi að gefa Alþingi umsagnir um lagafrumvörp enda mikið til hans leitað í þeim efnum. Hann sér nákvæmlega eins og við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs þær hættur sem ég hef gert grein fyrir í mínu máli. Hann segir augljóst að tilgangur rekstrarins verði öðrum þræði arðsemi í samkeppnisrekstri. Hann tekur þó ekki afstöðu til þess pólitíska álitamáls í sjálfu sér.

Orkuveita Reykjavíkur gefur umsögn um þetta líka. Hún segist starfa á samkeppnismarkaði. Hún gerir athugasemdir við 3. gr. um að iðnaðarráðherra skuli fara með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu og segir að þarna sé um of mikil hagsmunatengsl að ræða því Orkuveitan sjálf sem starfi á samkeppnismarkaði þurfi að sækja um margvísleg leyfi til iðnaðarráðherra sem á sama tíma er þá yfirmaður þriggja annarra orkufyrirtækja. Það eru ekki góðir hættir eða siðir á samkeppnismarkaði að svona skuli háttað þannig að maður spyr: Hvers vegna er þá skrefið ekki stigið til fulls? Það hlýtur að vera handan við hornið og af hverju gera menn það þá ekki bara strax? Því það er auðvitað það sem býr undir og hér eru allir, hér gengur maður undir manns hönd, að benda ríkisstjórninni á að skrefið sé hálfstigið, að eðli málsins samkvæmt eigi að ganga lengra og að engin ástæða sé til að bíða. Þetta er rauði þráðurinn í umsögnunum um þetta mál og þess vegna þarf ríkisstjórnin ekki að kveinka sér neitt undan þeirri umræðu sem hér er til staðar núna því að sú umræða litast af þessari löngun orkufyrirtækjanna eftir því að komast í eigur Rafmagnsveitna ríkisins hf.

Svo man ég eftir því, ég finn það ekki í fljótu bragði í umsagnabunkanum, að einhverjir gerðu athugasemdir við það að gert væri ráð fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins hétu áfram Rafmagnsveitur ríkisins, hefðu áfram þetta „ríkisins" í nafni sínu. Ég heyrði ekki í ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar neina skýringu á því af hverju hlutafélagið Rarik eigi að vera kennt við ríkið í nafni sínu. Það er enn eitt dæmið þar sem umsagnaraðilar vilja að búið sé þannig í haginn strax að hægt sé að stíga skrefið um einkavæðinguna sem allra fyrst.

Að lokum, frú forseti, ætla ég að geta hér tillögu til rökstuddrar dagskrár, þskj. 990, sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboð höfum dreift hér. Formlega séð er hún kannski ekki komin á dagskrá, ég tel að ekki hafi verið veitt afbrigði fyrir henni, en engu að síður er hún á þingskjali og kemur eflaust til afgreiðslu í tengslum

við atkvæðagreiðslu um þetta mál. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja áherslu á að raforka til almennra notenda og fyrirtækja sé mikilvægur þáttur almennrar grunnþjónustu sem á að reka á félagslegum grunni. Þau skref sem hafa verið stigin í markaðsvæðingu raforkukerfisins hafa þegar leitt til mikilla hækkana á verði raforku til neytenda víða um land, þvert á gefin loforð um annað.

Hlutafélagavæðing Rarik er liður í yfirlýstum markmiðum stjórnvalda að einkavæða raforkukerfið og búa orku- og dreifingarfyrirtæki landsmanna undir sölu á almennum markaði. Þau áform eru andstæð hagsmunum almennings í landinu.

Með vísan til framanritaðs vísar Alþingi máli þessu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Slíka tillögu flytja menn ekki nema þeir séu algerlega sannfærðir í hjarta sínu um að verið sé að fara inn á miklar villigötur. Við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, erum algerlega sannfærð um að hér sé verið að fara inn á miklar villigötur og við sjáum það auðvitað í skoðanakönnunum sem gerðar eru þessa dagana á fylgi Framsóknarflokksins að kjósendur Framsóknarflokksins eru sammála okkur. Framsóknarflokkurinn er löngu búinn að svíkja sína upphaflegu hugsjón, þ.e. hugsjónina um að samfélagslegar eignir eigi að vera í vörslu og eigu þjóðarinnar. Það sjá allir í gegnum þetta plott. Það er svo gegnsætt að það er aumkvunarvert. Þetta er hluti af Framsóknarflokknum 2006. Það eru dapurleg örlög að hafa þurft að draga þennan frjálshyggjuvagn, þennan einkavæðingarvagn sjálfstæðismanna, bara fyrir slysið í austri, Kárahnjúkavirkjun, og stóriðjudraum Framsóknar.

Frú forseti. Ég enda á sömu nótum og ég byrjaði. Hér er verið að fara inn á miklar villigötur undir fölsku flaggi. Menn segja ekki hlutina eins og þeir eru, láta í veðri vaka að hér sé allt í lukkunnar velstandi og allt eigi að vera í samfélagslegri eigu áfram þó að það verði „háeffað". Það er bara ekki svo, a.m.k. trúi ég því ekki og ég geri ráð fyrir að þjóðin sé sama sinnis. Fólk trúir þessu ekki. Þetta eru nýju fötin keisarans.

[22:34]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við ræðum nú við 2. umr. frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Eins og fram hefur komið, og að ég tel mjög skýrt, erum við, allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, algerlega andvíg þessu frumvarpi og höfum verið það frá upphafi. Við höfum lagt fram tillögu til rökstuddrar dagskrár í málinu, þ.e. að vísa málinu frá, eins og gerð hefur verið grein fyrir af þeim hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem tekið hafa til máls fram til þessa.

Ég er í hjarta mínu alveg sannfærð um að hv. stjórnarþingmenn, og Framsóknarflokksins þá sérstaklega, því að ég tel að stefna Sjálfstæðisflokksins sé í þeim anda sem frumvarpið segir til um, að styðja frelsi einstaklingsins og að allur rekstur á vegum ríkisins sem hægt er að flytja yfir til einkaaðila og hlutafélaga verði tekinn þaðan og markaðsvæddur. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins tala skýrt í þessu máli en hv. þingmenn Framsóknarflokksins tala um í þessu máli eins og mörgum öðrum að ekki standi til að markaðsvæða Rafmagnsveitur ríkisins frekar en aðrar opinberar stofnanir sem þeir vilja standa vörð um. Reynslan hefur síðan kennt okkur á undanförnum kjörtímabilum að þetta sé frekar í nösunum á hv. þingmönnum en að þeir standi við stóru orðin og yfirlýsingarnar og að þær heitstrengingar endist lengi að viðkomandi fyrirtæki, eins og hið ágæta fyrirtæki Rafmagnsveitur ríkisins, verði ekki alfarið markaðsvædd og komið á þann orkumarkað sem nú hefur skapast með breytingum á orkulögum og að það verði eingöngu tímabundið sem Rafmagnsveitur ríkisins verði að öllu leyti í eigu ríkisins, þ.e. að öll hlutabréf félagsins verði í eigu ríkisins, enda hefur hv. þingmaður, framsögumaður þess nefndarálits sem flutt var í dag, Birkir Jón Jónsson, lýst því sem skoðun sinni að hann sjái ekkert athugavert við það að Rarik hf. leiti að samstarfsaðilum eða að aðrir hluthafar verði í félaginu en hann telji að ríkið eigi þó að eiga meiri hluta hlutabréfa. Þetta er sagt í sömu andrá og hér stendur í 3. gr. laga að öll hlutabréfin skuli vera í eigu ríkisins og eins kemur fram í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutafélaginu skal heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til þess að ná tilgangi sínum skv. 1. mgr. á sem hagkvæmastan hátt. Þá skal félaginu heimilt að standa að stofnun fyrirtækja og gerast eignaraðili að öðrum félögum."

Hæstv. forseti. Við höfum fylgst með ýmsum málum sem hafa verið að gerast í þjóðfélaginu. Frægt er svokallað Baugsmál, bankamál, samruni fyrirtækja og stórvelda á okkar, að við töldum, litla efnahagsmarkaði sem er farinn að ná langt út fyrir landsteinana og festa rætur í nágrannalöndum okkar, sérstaklega í Danmörku, Noregi og víðar. Það er ekki heiglum hent að fylgjast með því hvernig fyrirtæki renna saman og eru keypt liggur mér við að segja hvert af öðru en eftir stendur að á hverju sviði, sama hvort það eru bankar, verðbréfamarkaðir, verslanir, orkugeirinn eða hvaða svið það er, sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn verður það næsta, samþjöppun á hverju sviði fyrir sig verður stöðugt meiri og er orðin ískyggileg á mörgum sviðum. Þetta á við í dag í fjármálaheiminum þar sem verið er að höndla með mikla fjármuni, með lánveitingum og eignakaupum. Það á við um orkugeirann líka að þar eru að verða til risafyrirtæki sem hafa og geta haft afgerandi áhrif á lífskjör þjóðarinnar með aðstöðu sinni til að ráða verði á rafmagni til neytenda og fyrirtækja. Og í stað þess að stuðla að samkeppni og lægra verði eins og lögunum er ætlað að gera höfum við reynslu af hinu gagnstæða, samanber hjá olíufélögunum þar sem hvert einasta mannsbarn í landinu sem notar eitthvert ökutæki og fylgist með verðlagi á bensíni og olíu finnur á eigin buddu hvernig samkeppnin sem þar á að ríkja er augljóslega mjög lítil ef nokkur. Raunar væri eðlilegra að tala um samtryggingu á þessu sviði eins og fleirum. Fákeppni er á matvörumarkaðnum, hjá olíufélögunum og í orkugeiranum. Það sem ætlað er að stuðla að samkeppni í lögunum getur stuðlað að fákeppni sem er til lítilla hagsbóta fyrir landsmenn.

Hæstv. forseti. Ég tel að skörp pólitísk skil séu á milli

Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og annarra stjórnmálaafla á Alþingi. Við viljum standa vörð um þá þjónustu sem við höfum skilgreint sem almannaþjónustu og grunnþjónustu, sem er m.a. afhending á raforku, vatni, heilbrigðisþjónustu og fleiri þáttum sem við teljum að sé grunnur undir því velferðarkerfi sem við byggjum á og allir eigi að hafa jafnan aðgang að og á sem hagkvæmustu verði. Við teljum að þessar stofnanir eigi alfarið eða að mestum hluta að vera í eigu ríkisins eða sveitarfélaganna, að almannaþjónustuna eigi fyrst og fremst að reka með hagsmuni íbúanna í huga en ekki út frá hagsmunum markaðarins og þeirrar hugsjónar markaðshyggjunnar að ná arði út úr fyrirtækjunum. Arðurinn næst ekki eingöngu með hagræðingu. Arðurinn næst með þeim álögum sem lagðar eru á notendur og arðurinn er orðinn mikill, bæði í orkugeiranum og á öðrum sviðum. Má þar nefna tölur sem birst hafa undanfarið, sérstaklega innan bankakerfisins. Það eru svimandi háar upphæðir sem hafa skilað sér í arð til bankanna en ekki í lægri vöxtum eða lægri notendagjöldum til neytenda. Það þarf því ekki að fara saman, hæstv. forseti, að allt skili sér í betri hag og blóma fyrir neytendur og almenning í landinu ef hlutirnir eru teknir úr umsjá ríkisins.

Hvað er ríkið? Eins og talað er um ríkisstofnanir í þingsal mætti halda að ríkisstofnanir og ríkið séu einhvers konar óskapnaður eða skepna sem ekki er hægt að eiga við eða stjórna. Ríkið er ekkert annað en við sjálf, Íslendingar sjálfir sem veljum til þess fulltrúa, ýmist á Alþingi eða í annarri opinberri stjórnsýslu, m.a. sveitarstjórnum, að fara með okkar mál. Það er fólkið í landinu sem velur á fjögurra ára fresti fulltrúa sína til að fara með stjórn landsins eða sveitarfélags og til að velja fulltrúa í stjórn einstakra fyrirtækja eftir því sem lög þeirra segja til um. Þessi fyrirtæki eru okkar eigin fyrirtæki og við höfum ekki, sem fulltrúar þjóðarinnar, áhuga á að ná inn gróða af þeim fyrirtækjum. Þau eiga eftir eðli þjónustunnar að standa undir sér en fyrst og fremst með lágum afnota- eða þjónustugjöldum að veita góða þjónustu. Þetta getur farið saman.

Hæstv. forseti. Vart er liðið ár síðan ný raforkulög tóku gildi. Þau áttu í sjálfu sér að stuðla að lækkuðu raforkuverði. Þau voru tekin upp eftir tilskipun frá Evrópusambandinu, einni af þeim tilskipunum sem við vorum ekki bundin af því að taka upp og hefðum getað komist hjá ef pólitískur vilji hefði verið fyrir því. Það vildum við, fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að yrði gert á þessu eylandi í Norður-Atlantshafi. Hér er ekki samkeppnismarkaður eins og í Evrópu þar sem rafmagnið, uppsprettan og veiturnar, ná milli landa. Það er miklu frekar hægt að búast við að koma við raunverulegri samkeppni á því svæði. En hér á landi er uppspretta og dreifing orkunnar innan sama ríkis, innan sama svæðis og þar af leiðandi ástæðulaust að gæla við þær markaðs- og samkeppnishugmyndir sem voru í tilskipuninni. En við þetta búum við og nú er verið að sníða önnur lög að raforkulögunum og inn á markaðsvæðinguna.

Reynsla okkar, þann stutta tíma sem raforkulögin hafa verið í gildi, hefur ekki sýnt okkur fram á að raforkuverðið hafi lækkað. Í dag á að heita samkeppni á milli fyrirtækja en raforkuverðið hefur ekki lækkað að sama skapi. Hægt væri að taka meðaltöl af raforkureikningum landsmanna, almennings, fyrirtækja, stórra og smárra, m.a. risanna í raforkunotkuninni, álveranna og stóriðjunnar, járnblendinu uppi á Grundartanga, og segja: Víst hefur raforkuverðið lækkað. En meðaltöl og prósentureikningur segja ekki nema takmarkað. Stundum er gott að bregða upp þessari meðaltalsmynd en þegar almenningur og eigendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja skoða rafmagnsreikninga sína og bera saman við þá sem eldri eru finna þeir fyrir mikilli hækkun, svo nemur tugum prósenta. Þetta er reynsla okkar af samkeppnisumhverfinu.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur nefnt þetta tímabil aðlögunar og reynslu, að allt muni lagast þegar menn eru búnir að slípa reksturinn að þessu nýja umhverfi. Ég held að það sé að hluta til draumsýn sem hæstv. iðnaðarráðherra ber í brjósti. Þegar þessi fyrirtæki eru komin á opinn markað, farin að ganga kaupum og sölum, munu orkufyrirtækin og aðrir kaupa upp land til að tryggja sér vatnsnýtingarrétt á landi og svæðum. Eignarhaldið og nýtingarrétturinn mun að ég tel færast á færri hendur og samkeppnin ekki verða eins virk eins og hæstv. iðnaðarráðherra heldur. Hvort hæstv. iðnaðarráðherra trúir þessu af heilum hug læt ég ósagt en ég hef ekki trú á að markaðstorgið muni skila íslenskum almenningi betra raforkuverði eða betri rekstri fyrirtækja.

Hæstv. forseti. Það er sorglegt að vita til þess að á sama tíma og mikil orkuleit og orkuvinnsla fer fram þá skuli lítil og meðalstór fyrirtæki hér á landi, t.d. bakarí og ölgerðarfyrirtæki, farin að brenna olíu aftur, nota olíu í stað rafmagns. Þó hefur olían ekki verið ódýr upp á síðkastið. Samt sem áður hefur það borgað sig fyrir þessi fyrirtæki að nota olíu í rekstrinum. Það er ódýrara en að nota rafmagn.

Stuðningur hins opinbera við fyrirtæki hefur einnig minnkað. Niðurgreiðsla og opinber stuðningur hefur vikið fyrir samkeppnissjónarmiðum, ekki samkeppni fyrirtækja innan lands heldur samkeppnissjónarmiðum íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum á Evrópumarkaði. Það hefur enn frekar orðið til að þyngja róðurinn í rekstri íslenskra fyrirtækja fyrir utan hátt raforkuverðið.

Hæstv. forseti. Rafmagnsveitur ríkisins hafa starfað um allt land. Í frumvarpinu er rakin stofnun og saga félagsins og hvernig það þróaðist. Ljóst er að til Rafmagnsveitna ríkisins var stofnað af íbúum hinna dreifðu byggða. Margir hafa litið á rafmagnsveiturnar sem eign sveitar sinnar, miklu frekar en einhvers ríkisbákns. Starfsmenn þeirra hafa margir hverjir verið tryggir fyrirtækinu og átt þar langa og farsæla starfsævi. Með frumvarpi um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins er starfsöryggi þessara starfsmanna teflt í tvísýnu. Í því eru ekki skýr ákvæði um að allir starfsmenn skulu fá vinnu áfram hjá hinu nýja fyrirtæki enda væri það ekki í anda hins mikla sveigjanleika sem verðandi forstöðumaður þess fyrirtækis á að hafa. Sveigjanleikinn er m.a. fólginn í því að auðveldara verður fyrir verðandi framkvæmdastjóra að segja upp fólki og ráðskast með það, bæði í launum og réttindum. Núverandi starfsmenn Rariks eiga ekki skilyrðislausan rétt á vinnu í nýju fyrirtæki. Eins er óljóst hvernig gengið verður frá lífeyrisréttindum þeirra. En nýir starfsmenn hjá fyrirtækinu verða ráðnir á öðrum kjörum og munu hafa önnur réttindi en þeir sem hafa unnið hjá Rafmagnsveitum ríkisins fram til þessa.

Það er önugt að vita til þess að við upphaf þingfundar í

dag ræddum við um úrskurð umboðsmanns Alþingis. Hann gerði alvarlegar athugasemdir við mannaráðningu fyrrverandi félagsmálaráðherra, þ.e. ráðningu hans á yfirmanni í félagsmálaráðuneytið. Við ræddum þá um mikilvægi þess að opinberar stofnanir færu eftir stjórnsýslulögum, m.a. um ráðningar og kjör opinberra starfsmanna. En hvert fyrirtækið á fætur öðru í opinberum rekstri er tekið undan ákvæðum stjórnsýslulaga, undan lögum um opinbera starfsmenn, með því að gera það að hlutafélagi. Þar með veikist ramminn sem við höfum um gegnsæi, með skýrum reglum um réttindi opinberra starfsmanna. Með því að taka hvert fyrirtækið á fætur öðru úr hinum almenna ríkisrekstri yfir í annað rekstrarform er grafið undan trausti opinberra starfsmanna á stöðu þeirra hjá viðkomandi fyrirtæki. Sú spurning hlýtur alltaf að koma upp: Verður mitt fyrirtæki næst? Á að hlutafélagavæða Landspítalann allan eða hluta af honum? Hvorum megin hryggjar verð ég þá?

Fyrirtæki sem tekin hafa verið úr opinberum rekstri hafa verið í stærri kantinum. Þessi aðför að fyrirtækjum í opinberum rekstri, að færa þau í einkarekstur eða hlutafélagavæðing og markaðsvæðing, grefur undan starfsöryggi starfsmanna hjá fyrirtækjum sem enn eru í opinberum rekstri. Þetta er slæmt og bætist ofan á það rekstrarumhverfi opinberra fyrirtækja að í dag er krafist af þeim mikils aðhalds og sparnaðar vegna þenslunnar í þjóðfélaginu. Hverjum einasta starfsmanni er uppálagt að fara ekki út fyrir tiltekinn ramma og hverju fyrirtæki er gert að vera nákvæmlega innan fjárhagsramma sem er í mörgum tilfellum allt of þröngt skorinn. Sú pressa er næg en menn þurfa síðan að hafa þessa svipu yfir sér líka.

Er raunin sú að ætlunin sé að svelta fyrirtækin niður á það stig að reksturinn gangi hreinlega ekki upp eins og hann er í dag þannig að farið verði að skoða hvort ekki borgi sig og ekki sé eðlilegra eða betra, sem hefur hugsanlega alltaf verið meiningin og undirliggjandi, að breyta rekstrarfyrirkomulagi þeirra? Rekstrarstaða margra opinberra stofnana er þannig að starfsmönnum þeirra líður ekki vel. Þeir búa við mikið álag og við bætist óöryggi af þessum sökum. Ég tel því að þessi breyting sé hvorki til hagsbóta fyrir almenning, fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í landinu, né starfsmenn.

Hæstv. forseti. Ég spurði við upphaf umræðunnar hv. þm. Birki Jón Jónsson um það í hverju sveigjanleiki hlutafélagavæðing Rariks væri fólginn. Mér fannst hann ekki svara því. Hann talaði bara um sveigjanleika, að bregðast skjótt við, og þá kaupum og sölu, á markaði. Ég veit ekki hvað fyrirtæki af þessum toga á eða þarf að bregðast skjótt við markaðnum ef það á að hafa þjónustuhlutverk. Þarf það að bregðast svo við að ekki sé hægt að fá svar frá ráðherra á mjög skömmum tíma, fá heimildir fyrir breytingum ef eftir því er óskað? Þessu nýja fyrirtæki, Rarik hf., er þar af leiðandi greinilega ætlað að vera á miklu breiðari markaði en komið hefur fram í umræðunum í dag. Nú er allt undir. Það er orkugeirinn, það er orkuöflunin, það er dreifingin og það eru allir þeir möguleikar sem í því eru fólgnir að eiga dreifikerfið og verðmæti fyrirtækisins er mikið enda, eins og kemur fram í umsögnum um frumvarpið, eru nægilega margir tilbúnir til að kaupa þetta fyrirtæki allt eða hluta þess. Margar umsagnirnar eru einmitt í þá veru að gerðar eru athugasemdir við 3. gr., að það skuli vera svo afdráttarlaust kveðið á um það í 3. gr. að öll hlutabréfin skuli vera í eigu ríkisins. Margir úr orkugeiranum telja að eðlilegast væri að gefa öðrum starfandi dreifiveitum tækifæri til að kaupa dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins hverri á sínu svæði, eins og segir m.a. í umsögn Orkuveitu Húsavíkur. Til að hafa þetta alveg skýrt segir hér í allri setningunni, með leyfi forseta:

„Orkuveita Húsavíkur telur með tilliti til nýskipunar raforkumála að eðlilegast væri að gefa öðrum starfandi dreifiveitum tækifæri til að kaupa dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins hver á sínu svæði. Hugmyndir orkufyrirtækja ríkisins um stofnun raforkusölufyrirtækis, þar sem m.a. virkjanir Rariks yrðu lagðar inn sem hlutafé, ganga þvert á þá meginreglu að ríkið skuli ekki vera þátttakandi í fyrirtækjarekstri á samkeppnismarkaði. Orkuveita Húsavíkur telur fráleitt að iðnaðarráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu." — Og það eru fleiri orkufyrirtæki sem telja það fráleitt.

Þar sem iðnaðarráðherra fer með hagsmuni annarra fyrirtækja og er auk þess ráðherra rannsókna á þessu sviði telja margir óeðlilegt að hæstv. iðnaðarráðherra fari með öll bréf Rafmagnsveitna ríkisins. Þarna er Orkuveitan að lýsa því yfir að hún telji eðlilegt að orkuveitunum á hverju dreifiveitusvæði verði gert heimilt að kaupa upp bréfin en það eru líka aðrar hugmyndir í gangi eins og að skipta félaginu upp, að dreifikerfið verði sér og orkuframleiðslan sér. Ég ætla að grípa niður í umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum en þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum lýsir efasemdum sínum vegna 3. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að öll hlutabréf í félaginu skuli vera eign ríkissjóðs og að iðnaðarráðherra skuli fara með eignarhlut ríkisins í félaginu." — Þetta er samhljóða hjá þeim mörgum — „Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum telur eðlilegt að ríkissjóður hætti rekstri sölu- og dreifiveitna og selji a.m.k. þann hluta fyrirtækisins."

Ég gæti lesið áfram en flest af þessu hefur komið fram í ræðum annarra hv. þingmanna. Það er alveg ljóst að það eru nógu mörg orkufyrirtæki, og það sterk orkufyrirtæki, sem bíða eftir því að gleypa Rarik annaðhvort með húð og hári eða hluta starfseminnar og styrkja þar með eigin rekstur og ekki bara eigin rekstur heldur stækka sinn hluta kökunnar í orkuvinnslu og orkudreifingu hér á landi. Þó að okkur hafi fundist landið nokkuð stórt þar sem það er svo strjálbýlt er orkan takmörkuð, eftirspurnin eftir orkunni mikil og þá sérstaklega í stóriðjunni og því eftir miklu að slægjast og mikil verðmæti í húfi fyrir þau fyrirtæki sem komast bæði í rannsóknirnar, og eyrnamerkja sér þá umráðarétt yfir ákveðnu svæði til áframhaldandi orkunýtingar, og dreifinguna.

Þarna eru miklir fjármunir í húfi. Ég veit ekki hvort við ættum að stofna veðbanka hér í hliðarsal. Ef ég væri spennu- og spilafíkill væri freistandi að setja upp veðbanka við hliðina en það verða kannski einhverjir sem fylgja þeirri hugmynd eftir. Þá væri hægt að veðja um það hversu lengi hlutabréf Rariks verða öll í eigu ríkisins og með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til. Ég mundi veðja að það yrði frekar í mánuði en ár að þetta frumvarp, ef það verður

að lögum, haldi í óbreyttri mynd. Alla vega mun líða mjög stuttur tími þar til rekstrareining Rafmagnsveitu ríkisins hf. hverfur frá núverandi formi, verður annaðhvort búin að kaupa inn fyrirtæki eða að fyrirtæki sameinist inn í þennan rekstur. Nógu flókinn er þessi rekstur orðinn fyrir á markaðnum en verður örugglega flóknari eftir því sem tímar líða og hann færist á færri hendur.

Hæstv. forseti. Ég held ég hafi mál mitt ekki mikið lengra í fyrri ræðu minni en lýsi algerri andstöðu við hugmyndafræðina sem liggur á bak við frumvarpið og frumvarpið sjálft. Ég er hér ásamt öðrum hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs með tillögu til rökstuddrar dagskrár í málinu um að Alþingi vísi málinu frá og taki fyrir næsta mál á dagskrá að þessari umræðu lokinni. Hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lesið yfir rökstuðninginn og læt ég það nægja, hæstv. forseti.

[23:13]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvenær hann hyggist ljúka þessum fundi. Ég á að fara að hefja ræðu og nú hefur verið boðað að hér verði kvöldfundur. Að mínu viti er kvöldið að vísu liðið en sumir hafa tilhneigingu til að teygja kvöldið til miðnættis. Ég held að enginn geti þó leyft sér að skilgreina kvöldið lengur en það. Þess vegna vildi ég fá að heyra hjá hæstv. forseta hvenær kvöldinu ljúki hjá honum miðað við þá starfsáætlun sem lögð hefur verið fyrir daginn.

Ég get svo sem hafið mál mitt en mér finnst mjög óþægilegt að vita ekki áður hvenær forseti hyggst láta þessari dagskrá ljúka. Ég gæti meira að segja, þó ég hefji ræðu mína á eftir, boðist til að gera hlé á ræðunni þannig að forseti geti staðið við það að hér verði einungis kvöldfundur. Ég leyfi mér að inna hæstv. forseta ítrekað eftir því hvenær gert sé ráð fyrir að þessum kvöldfundi ljúki.

[23:15]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að þegar gert er ráð fyrir kvöldfundi þá þekkja hv. þingmenn að þeir fundir geta dregist, einkum ef ræður eru langar. En forseti hyggst leitast við að ljúka þessari umræðu ef kostur er þó að það dragist eitthvað, en það er ætlun forseta að gera tilraun til að ljúka dagskrá enda eru fáir eftir á mælendaskrá.

[23:16]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hæstv. forseti segir, hér hafa verið fluttar alllangar ræður en þær hafa verið málefnalegar og fjallað mjög ítarlega um efni málsins. Það hefur verið óskað eftir svörum, sem reyndar hafa verið boðuð af hálfu formanns iðnaðarnefndar áður en þetta frumvarp verður að lögum, sem ég vona þó að aldrei verði.

Ég vil taka undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að mér finnst eðlilegt að við höldum okkur við að hér verði aðeins kvöldfundur. Venjan er að líta svo á að kvöldinu ljúki fyrir miðnætti. En þó það séu ekki margir á mælendaskrá núna getur svo farið að eitthvað dragist að ljúka þessari umræðu. Hins vegar hefði ég trú á því að ef henni yrði frestað til morgun mætti búa svo um hnúta að hún yrði ekki ýkjalöng.

Ég vil vekja athygli á því að sumir þingmenn sem hefðu gjarnan viljað taka þátt í þessari umræðu eru veðurtepptir, ég vísa t.d. til hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, formanns Frjálslynda flokksins. Hann er veðurtepptur á Vestfjörðum og hefur ekki getað komið hingað í dag til að vera við þessa umræðu málsins. Mér finnst þetta vera rök til að fresta lokum umræðunnar og ég ítreka að þessi kvöldfundur var haldinn þrátt fyrir mótmæli okkar. Við óskuðum eftir því að þetta mál yrði afgreitt og umræðunni lokið á fundum að degi til þannig að þessi kvöldfundur er haldinn gegn okkar mótmælum. Mér finnst lágmark að reynt sé að halda sig við að umræðunni ljúki eða henni frestað fyrir miðnætti. Þannig að ég ítreka óskir þar að lútandi.

[23:19]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti ítrekar að hann hyggst leitast við að ljúka þessari umræðu ef kostur er.

[23:19]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli forseta á því að ekki er hægt að segja að einhver sérstök neyð reki forseta til þessa að brjóta hefðir og þann skilning sem við leggjum í skilgreiningar eins og dagur og kvöld. Ég get ekki séð að það sé neitt sem reki á eftir því. Mér mundi þykja það mjög miður ef forseti færi að ganga þannig gegn því sem annars hefur verið ráðgert, að þessu ljúki núna í kvöld. Ég vil vekja athygli á að það eru nefndarfundir snemma í fyrramálið sem þingmenn þurfa eðlilega að sækja.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur getið þess að þingmenn sem var vitað að mundu vilja taka mjög afdráttarlaust þátt í þessari umræðu eru veðurtepptir. Það mál sem nú er til umræðu er í rauninni stórmál, að fara að taka eitt af stærri samfélagsverkefnum og hlutafélagavæða það. Þess vegna er mikilvægt að hægt sé að koma öllum sjónarmiðum á framfæri áður en gengið er frá atkvæðagreiðslu við 2. umr. sem er meginatkvæðagreiðslan þar sem greidd eru atkvæði um einstakar greinar. Þess vegna er mjög mikilvægt að sú umræða geti orðið sem ítarlegust og þingmenn geti komið þeim sjónarmiðum sínum að sem nauðsynlegt er.

Ég ítreka, að áður en ég hef ræðu mína, þar sem ég er næstur á mælendaskrá, þá vil ég gjarnan heyra hvernig forseti ætlar að skilgreina „kvöld“. Það er ekki bara ég sem er með ræðu hér, það eru fleiri ræðumenn á mælendaskrá og klukkan er að verða hálftólf. Ég held að það sé eðlileg krafa að forseti greini frá því hvenær hann hyggst slíta þessum fundi eða fresta eftir atvikum svo hér sé ekki verið að halda fundi áfram fram á nótt þvert gegn því sem hefur verið boðað og er reyndar engin ástæða til.

[23:22]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Af þessu tilefni vill forseti taka fram, að þegar haldnir hafa verið kvöldfundir hér á þingi hefur viljað brenna við að þeir hafi dregist fram á nótt. Enginn sérstakur greinarmunur er gerður á því hvort um er að ræða kvöldfundi sem

enda fyrir eða eftir miðnætti.

[23:22]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við erum að fjalla um eitt af stórmálum þessa þings. Mál sem ekki er ýkja umdeilt hér í þinginu þegar litið er til fjöldans sem er að baki stjórnarfrumvarpinu, heldur í þjóðfélaginu almennt. Í þjóðfélaginu eru miklar deilur um hvort hyggilegt sé að taka almannaeignir og færa þær í hlutafélagaform, í sölubúning. Við höfum orðið vitni að því áður að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur staðið ein gegn stjórnarmeirihlutanum og öðrum flokkum hér á Alþingi en engu að síður verið samstiga meiri hlutanum í samfélaginu. Ég vísa þar til hlutafélagavæðingar Pósts og síma, svo dæmi sé tekið og annarra stofnana einnig. Ég vísa líka til annarra mála, t.d. Kárahnjúkavirkjunar, en þar stóðum við ein vörðinn ásamt tveimur eða þremur öðrum þingmönnum, tveir munu þeir hafa verið.

En samkvæmt skoðanakönnun sem gerð var um málið í samfélaginu þá vorum við í bullandi meiri hluta. Þannig er það í þessu máli líka. Það er mín trú. Að við eigum samleið með meiri hluta þjóðarinnar þegar kemur að því að standa vörð um almannaeignir og sporna gegn því að starfsemi á borð við raforkugeirann sé hlutafélagavædd og sett upp á einkavæðingarfæribandið.

Í þessu stórmáli tel ég að eigi að taka tillit til óska okkar um að knýja ekki á um að 2. umr. um þingmálið verði lokið í kvöld. Ég vil vísa til þess að við lögðum fram í dag breytingartillögu, án þess að krefjast eða óska eftir afbrigðum, þannig að það gæti gerst, herra forseti, að þingmálið sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram í dag komi í rauninni ekki til formlegrar umræðu fyrr en á morgun. Þingmálinu hefur þegar verið dreift en formlega séð er ekki hægt að tala fyrir því fyrr en á morgun. En þá geri ég ráð fyrir, ef áform hæstv. forseta ná fram að ganga, að gengið verði til atkvæða um þetta þingmál. Þetta er ekki ásættanlegt frá okkar sjónarhóli séð.

Þannig að ég ítreka að það er eðlilegt að þessari umræðu verði nú skotið á frest (Forseti hringir.) og við verðum til viðræðu um að ljúka umræðunni á morgun á mjög skömmum og viðráðanlegum tíma.

[23:26]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti hyggst halda áfram dagskrá.

[23:26]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Eins og hefur komið fram er frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins hér til 2. umr. Þetta kom hér til umræðu um fjögurleytið eða að loknum umræðum um störf þingsins, umræðan um þetta mál hófst milli hálffjögur og fjögur.

Um það leyti, í byrjun umræðunnar, lögðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fram tillögu til rökstuddrar dagskrár varðandi málið. Það er alveg hárrétt að til þess að hún mætti koma á dagskrá þyrftum við að leita afbrigða sem er alvanalegt ef nauðsyn krefur varðandi meðferð svona mála, breytingartillögur eða annað. Þannig að tillagan var að minnsta kosti komin um það leyti sem umræðan hófst.

Ef umræðunni á nú að ljúka nú án þess að þessi tillaga fái að komast formlega á dagskrá þá finnst mér það, herra forseti, ekki vera sæmileg vinnubrögð. Ég verð að segja það. Því ef umræðu er lokið, eins og forseti lýsti yfir að hann ætlaði sér, þá er náttúrlega ekki hægt að taka þessa tillögu á dagskrá. Ef þetta eiga að verða þeir starfshættir sem þingið vill hafa, þótt breytingartillögur komi í upphafi 2. umr. á svo stóru máli eins og hér er, einu stærsta máli þingsins, að ekki sé hægt að fá hana tekna á dagskrá, þá hlýt ég að mótmæla því.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill vekja athygli hv. þingmanns á því að í 2. mgr. 62. gr. þingskapa segir: Á meðan á umræðu stendur má gera rökstudda tillögu um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skriflega. Slíka tillögu á að gera í prentuðu þingskjali þannig að forseti sér ekki að tillaga af þessu tagi lúti sömu reglum og venjulegar breytingartillögur. Þannig að ekkert á að vera því til fyrirstöðu að mæla fyrir tillögunni við þessa umræðu enda hefur hún verið kynnt rækilega hér.)

Herra forseti. Það má þá vera þótt tjáð hafi verið í upphafi að bera þyrfti tillöguna upp formlega. Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum í þetta en ég ítreka að mér hefði fundist eðlilegt að þessi tillaga hefði fengið venjulega þinglega meðferð.

Þetta frumvarp, stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, lýtur að fyrsta skrefinu í að einkavæða fyrirtækið.

Það kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar um fundarstjórn forseta hvað hefði komið fram í skoðanakönnunum varðandi mál sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur staðið vörð um hér á þingi og staðið í rauninni vörð um hagsmuni og sjónarmið almennings.

Sala Símans var nefnd. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stóðu einir gegn því að Síminn væri hlutafélagavæddur sem var upphafið að söluferlinu. Allan þann tíma var yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar gegn sölu Símans sem vildi að Síminn og grunnfjarskiptakerfið væri áfram í þjóðareigu. Samt beitti þingmeirihlutinn á Alþingi sér fyrir því að Síminn yrði seldur. Síðasta skoðanakönnunin var gerð líklega í mars eða apríl áður en Síminn var síðan boðinn út nokkrum dögum seinna. Þá voru yfir 70% þjóðarinnar andvíg sölu grunnfjarskiptakerfis Símans.

Einnig er ég með frétt úr Morgunblaðinu frá 2. desember 2005, um afstöðu landsmanna til einkavæðingar, en það er einmitt atriði sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur staðið ein gegn á Alþingi og barist gegn slíkum sjónarmiðum. Hér stendur t.d.: Einungis fjórðungur aðspurðra er hlynntur einkavæðingu í heilbrigðis- og skólakerfinu.

Hver stendur vaktina fyrir að berjast gegn einkavæðingu og svokölluðum einkarekstri heilbrigðiskerfisins? Það er Vinstri hreyfingin – grænt framboð, það eru þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á þingi. Aðrir flokkar, Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, og reyndar Samfylking, eru hlynntir eins konar einkavæðingu og einkarekstri í heilbrigðiskerfinu. En einungis fjórðungur aðspurðra af um 1.200–1.300 manna úrtaki er hlynntur því. Þetta er eitt dæmi þess að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar

– græns framboðs finna hvar hjarta þjóðarinnar slær, enda eru markmið þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að standa vörð um almannahagsmuni.

Ef við komum að raforkukerfinu sem hérna er verið að véla um, einkavæðingu Rariks, reyndar er ekki spurt beint um Rarik en spurt er um Landsvirkjun, þá stendur í könnun Gallups sem gerð var á tímabilinu 9.–22. nóvember árið 2005, að einungis tæpur þriðjungur er hlynntur einkavæðingu Landsvirkjunar. Við sjáum því hversu þjóðin er búin að fá upp í kok af einkavæðingu ríkisstjórnarinnar á almannaþjónustustofnunum. Ég get ekki ímyndað mér annað en að viðhorf þjóðarinnar til að einkavæða Rarik, Rafmagnsveitur ríkisins, sem standa íbúunum enn miklu nær, því Rafmagnsveitur ríkisins eru að meginhluta til byggt upp til að annast dreifiveitur til einstakra notenda. Rarik er ekki svo mikið í eigin raforkuöflun þó hún eigi nokkrar virkjanir. Meginverkefni Rariks er að annast rekstur á dreifiveitum, veitum sem taka við rafmagninu frá Landsneti og dreifa því til einstakra notenda.

Þess vegna er svo fráleitt að láta sér detta í hug einkavæðingu á þessum aðila, hlutafélagavæðingu á Rarik. Það kæmi mér ekki á óvart þó að enn meiri andstaða hefði verið meðal þjóðarinnar við að hefja einkavæðingarferli á Rafmagnsveitum ríkisins en á Landsvirkjun. Er í þeirri skoðanakönnun, sem og ég nefndi áðan, einungis tæpur þriðjungur hlynntur einkavæðingu Landsvirkjunar. Aftur er því verið að keyra í gegnum þingið frumvarp, kerfisbreytingu, sem studd er af meiri hluta Alþingis, studd af Framsóknarflokknum sem er orðinn mesti einkavæðingarflokkurinn á þingi, studd af Sjálfstæðisflokknum sem hefur þetta sem megininntak í pólitík sinni og hugsjónagrunni, þ.e. að einkavæða almannaþjónustu.

Svo hefur komið fram að Samfylkingin styður líka þá einkavæðingu sem hérna er verið að hefja. Það eru því þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hér standa vaktina til að verja almannahagsmuni og geta vitnað til þess að skoðanakönnun, sem gerð var af Gallup og lýtur að þessum þáttum, sýnir að einungis mikill minni hluti, lítið brot þjóðarinnar, styður einkavæðingu á þessum vettvangi á sviði raforkumála, ef marka má afstöðu til hugmynda að einkavæðingu á Landsvirkjun. Kannski er þetta ein ástæðan fyrir því að Framsóknarflokkurinn er aðeins að draga í land með að gefa afdráttarlausar einkavæðingaryfirlýsingar á orkuveitunum eins og hann gerði fyrir ári. Í umræddri könnun kemur skýrt fram þegar spurt er um einstakar stofnanir og fyrirtæki, að karlar eru hlynntari einkavæðingu en konur. En stærri hluti þeirra er andvígur einkavæðingu Landsvirkjunar, eða 59% karla samanborið við 52% kvenna.

Þetta þarf ekki að koma á óvart og þar sem þetta barst í tal áðan þá er sérstaða þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sú að berjast fyrir almannaþjónustunni. Berjast fyrir grunnþjónustunni, berjast fyrir því að þjóðin sé samábyrg fyrir ákveðinni grunnþjónustu í landinu í heilbrigðiskerfinu, í menntakerfinu, í samgöngumálum og í orkumálum. Þar eigum við greinilega samhljóm með þjóðinni, en ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn á Alþingi keyrir málin samt áfram gegn því sem þjóðin vill. Enda er það ekki skrýtið að við eigum samhljóm með þjóðinni, herra forseti, því reynsla bæði hér á landi af einkavæðingu á almannaþjónustu og reyndar líka erlendis er sú að hún verður dýrari fyrir neytandann og einnig mismunar hún. Hún dregur fólk í dilka eftir þjóðfélagshópum, eftir búsetu o.s.frv.

Tökum t.d. rafmagnið eftir að það var markaðsvætt. Við markaðsvæðinguna hækkaði verðið á rafmagninu. Reyndar lækkaði það sums staðar vegna tilfærslna á milli verðlagningu veitna, en á heildina litið er hækkun á rafmagni vegna þess að það kemur inn nýr flutningsaðili, nýtt fyrirtæki, inn í þetta, flutningsfyrirtækið Landsnet, sem krefst náttúrlega fjármagns fyrir sig til rekstrarins o.s.frv. Auk þess er gerð arðsemiskrafa til fjármagnsins sem er bundið í þessu. Jafnframt er farið að krefja þessi almannaþjónustufyrirtæki um skatta.

Mér er minnisstætt umtal um Orkubú Vestfjarða sem hafði verið í eigu sveitarfélaganna á Vestfjörðum og litið var alfarið á Orkubú Vestfjarða sem þjónustustofnun fyrir íbúana og fyrir fyrirtækin á svæðinu. Aldrei hafði verið gert ráð fyrir því að Orkubú Vestfjarða ætti að fara að reka sig sjálft til að skaffa eigendum sínum beinan arð af því fjármagni sem það var bundið í. Nei. Arðurinn átti að skila sér í ódýru og öruggu rafmagni til notendanna og til fyrirtækjanna.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum lentu í fjárhagsvanda m.a. af þeim ástæðum að ranglátt kvótakerfi leiddi til þess að fiskveiðiheimildirnar fóru af svæðinu og annað fleira í þeim dúr vegna kerfisbreytinga sem urðu vegna ríkisaðgerða sem skertu mjög atvinnu-, tekju- og samkeppnishæfni byggðarlaganna á Vestfjörðum. Þar kom að byggðarlögin áttu í erfiðleikum með að standa skil á þeirri þjónustu sem þeim var uppálagt að veita samkvæmt lögum. Þá kom krafan frá ríkisvaldinu um að sveitarfélögin seldu Orkubú Vestfjarða upp í skuldir sínar. Í rauninni var sveitarfélögunum bara stillt upp við vegg því þá var komin þessi stefna ríkisvaldsins, núverandi ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, að ná orkufyrirtækjum saman í eitt til að geta síðan hlutafélagavætt þau og undirbúið undir sölu. Ríkið þvingaði sveitarfélögin til að láta Orkubú Vestfjarða af hendi og greiddi þeim fyrir. Staðan er reyndar sú, af því að engu var breytt í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, að þessi sveitarfélög lenda síðan fljótt aftur í sömu vandamálum og ekki minni vegna þess að grunninum var ekki breytt.

En hvað gerist svo? Þegar orkukerfið hafði verið markaðsvætt, nýju raforkulögin sett fyrir tveimur árum og Orkubúi Vestfjarða var gert að starfa eftir þeim, og ekki síst þegar Landsnet var sett á stofn líka sem þá átti að sjá um dreifinguna, þá gaf Orkubú Vestfjarða út gjaldskrá en var óðara skipað að draga þá gjaldskrá til baka því hún var ekki nógu há. Orkubú Vestfjarða hefði þá ekki reiknað nógu háa arðsemiskröfu inn í starfsemi sína. Orkustofnun og iðnaðarráðuneytið skikkaði því Orkubú Vestfjarða til að hækka gjaldskrá sína til að uppfylla arðsemiskröfu ríkisins til eigna Orkubús Vestfjarða og krafði það þar af leiðandi um hærra orkuverð. Þetta var bein aðgerð sem notendur á Vestfjörðum fundu fyrir þegar raforkukerfið þeirra var markaðsvætt, þegar búið var að ná af þeim orkubúinu þeirra og skikka það til að hækka verðið á útseldu rafmagni umfram það sem það sjálft hafði talið að þyrfti.

Við erum svo líka minnug þess að raforkunotendur, t.d.

í Súðavík, urðu vegna hinna breyttu reglna að borga mun hærra verð fyrir raforkuna eftir að þessi markaðsvæðing hafði verið innleidd. Þá hafði verið sett slíkt takmark inn í lögin að byggðarlög undir ákveðinni stærð þyrftu að borga meira fyrir rafmagnið en íbúar í byggðarlögum sem voru stærri. Súðavík lenti undir þessum mörkum og þess vegna snarhækkaði rafmagnið.

Ég minnist erindis sem sveitarstjóri Súðavíkur sendi varðandi rækjuverksmiðjuna, sem þeir urðu síðan að loka vegna óhagstæðs gengis og erfiðleika við að veiða rækju. En sú breyting sem var gerð, og átti öllsömul að verða til hagsbóta, ef marka mátti orð hæstv. iðnaðarráðherra, leiddi til milljóna króna hækkunar á þessu litla fyrirtæki, rækjuverksmiðjunni í Súðavík. Bara kerfisbreytingin sem átti að vera svo góð.

Þetta hefur svo sem komið víðar fram í allri þessari umræðu. Hér er ég t.d. með alveg nýja grein úr Bændablaðinu frá þriðjudeginum 28. febrúar síðastliðnum þar sem verið er að fjalla um hækkun á rafmagni. Með leyfi forseta stendur hér undir fyrirsögninni: Allt að 35% hækkun milli áranna 2004 og 2005:

„Félag ferðaþjónustubænda leggur eftirfarandi erindi fyrir búnaðarþing 5.–8. mars 2006: Félag Ferðaþjónustubænda óskar eftir því að búnaðarþing láti kanna ástæður stórhækkaðs raforkuverðs til bænda. Ferðaþjónustubændur sem kynda með rafmagni hafa lent í allt að 35% hækkun milli áranna 2004 og 2005 sem er með öllu óásættanlegt. Hafa hlutaðeigandi aðilar bent hvor á annan þegar kemur að útskýringum. Raforkusalar benda á að niðurgreiðslur vegna húshitunar frá ríkinu hafi lækkað og stjórnvöld benda annars vegar á að raforkusalar hafi notfært sér ný raforkulög til hækkana og hins vegar að þessi hækkun hafi verið fyrirséð og eðlileg."

Hér stendur svo áfram, með leyfi forseta:

„Marteinn Njálsson, formaður Félags ferðaþjónustubænda, segir að þegar breytingarnar á raforkulögunum voru kynntar hafi menn talið að í dreifbýlinu mundi raforkuverð hækka um 2–3% en í þéttbýlinu yrði um 3–5% lækkun að ræða. Þannig hafi þetta verið kynnt. Nú kemur það í ljós að hjá kúabændum og ferðaþjónustubændum, sem nota mikla raforku, og þeim sem kynda hús sín með raforku hefur verð hækkað um 35 til 40%. Við höfum fengið það staðfest hjá rafmagnsveitunum að þessi hækkun sé viðvarandi en ekki eitthvað sérstakt fyrir árið 2005. Það er því ljóst að eitthvað hefur brugðist í útreikningum og fyrir það verðum við að greiða, segir Marteinn.

Hann bendir á að margir ferðaþjónustubændur noti raforku til húshitunar og greiði nú orðið 70.000 til 75.000 kr. á mánuði. Aðrir hafi aðgang að jarðvarma og því verði mikil mismunun innan stéttarinnar á þessu sviði. Marteinn segir að Rarik skýri hækkunina á þann veg að niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunar hafi lækkað. Stjórnvöld segi hins vegar að raforkufyrirtæki og dreifingarfyrirtæki hafi notfært sér breytingar á raforkulögunum og hækkað verðið."

Eðlilega, segir formaður Félags ferðaþjónustubænda, viljum við fá að vita, í fyrsta lagi hvað er það rétta í þessu máli og í öðru lagi þá er þetta allt annað en kynnt var þegar raforkulögin voru sett og markaðsvæðing raforkunnar var innleidd. Og enn er hæstv. iðnaðarráðherra, þegar hún kemur hér í þennan þingsal, að hæla sér af þessum hækkunum. Þær hafi verið nauðsynlegar og eðlilegar. Það hafi reyndar sumir lækkað. En þegar á heildina er litið segir hæstv. iðnaðarráðherra að þetta sé eitt það besta verk sem hún hafi gert, það var að markaðsvæða raforkukerfið.

Það getur vel verið að þetta sé gott fyrir þá sem eiga og eignast þessi fyrirtæki þegar búið verður að einkavæða þau og selja, að eiga þá aðgang að því að geta selt rafmagnið svona dýrt. Það sé búið að hækka það og hægt að ná því inn. En markaðsvæðing á raforkukerfinu vegna þessara nýju raforkulaga er alveg óumdeild hjá mörgum aðilum.

Í Bændablaðinu 28. febrúar er önnur grein um þetta undir fyrirsögninni: Raforkuverð hefur víða hækkað í dreifbýli. Þar segir, með leyfi forseta:

„Árið 2003 tóku gildi ný raforkulög sem komu að fullu til framkvæmda í byrjun þessa árs. Það sem snýr að neytendum fyrst og fremst er sú staðreynd að ekki er lengur heimilt að selja rafmagn á mismunandi verði eftir notkun. Bændur hafa almennt komið frekar illa út úr þessum breytingum og raforkuverð hækkað víða í dreifbýli. Ástæðan liggur að hluta til í þeim breytingum sem gerðar voru á lögunum en fyrst og fremst vegna „rangra" reikningsaðferða við sölu rafmagns í eldra kerfinu."

Bændur gátu samið um svokallaðan marktaxta sem var ákveðinn fastur taxti sem þeir gátu nýtt til mismunandi þarfa, hvort sem heldur var til húshitunar eða til atvinnurekstrar. En nú var það óheimilt. Við það hækkaði rafmagn hjá þeim bændum sem höfðu gert þetta.

Nú um helgina heimsótti ég bæ í Húnavatnssýslu, einn af innstu bæjunum í Blöndudal. Þar hafði rafmagnið hækkað. Bóndinn sagði að það hefði orðið um 30% hækkun á rafmagni hjá honum vegna þessarar markaðsvæðingar rafmagnsins og þessara kerfisbreytinga sem keyrðar voru í gegn. Þessi bóndi gat ekki hælt iðnaðarráðherra fyrir framtakið eða tekið undir með iðnaðarráðherra um að þetta væri það besta sem hún hefði gert. Nei, síður en svo. Hann sagði reyndar að það væru allir í vörn og væru hræddir þegar heyrðist um ný einkavæðingarfrumvörp frá iðnaðarráðherra því þau hittu oftast þá sem síst skyldi. Þessi bóndi, sem sagði að það hefði orðið um 30% hækkun á rafmagni hans, er ekki einu sinni með fullgilt rafmagn því hann fær bara einfasa rafmagn. Víða um sveitir landsins er bara möguleiki á einfasa rafmagni, en eins og allir vita er þriggja fasa rafmagn miklu hagkvæmara og þau tæki sem nota þriggja fasa rafmagn eru miklu ódýrari og nota minna rafmagn.

En það er ekki gerður greinarmunur á því þegar verið er að verðleggja þjónustuna. Þá er síður en svo gerður greinarmunur á því. Ég veit ekki hvort menn væru ánægðari hér ef undanrenna væri seld á sama verði og rjómi, ef svo má taka til orða, því slíkur er munurinn, og jafnvel meiri, á milli einfasa og þrífasa rafmagns. Það er því alveg siðlaust hvernig þeir notendur sem hafa eingöngu aðgang að einfasa rafmagni eru meðhöndlaðir í þessu raforkukerfi. Ég hefði talið að það væri miklu réttara hér, í staðinn fyrir að vera að fara út í aukna einkavæðingu og markaðsvæðingu á rafmagni, að taka fyrst á þessum vanköntum og þeim atriðum sem mismuna mönnum nú þegar.

Fyrir einum þremur árum var gerð nokkuð ítarleg skýrsla um úttekt á ástandi á rafmagni um sveitir landsins

og þörfinni fyrir endurbætur, bæði á línulögnum og eins á því hvar væri einfasa rafmagn og hvar væri þriggja fasa rafmagn. Því það að vera með einfasa rafmagn skerðir stórlega samkeppnishæfni þessara bænda og fyrirtækja. Þá var lofað sérstöku átaki til að bæta þessa þjónustu við landsmenn. Það fer nú ósköp lítið fyrir því, það eru aðeins örfáir bæir á ári sem fá breytingar úr einfasa í þrífasa rafmagn, og það hefur ekkert verið gert með áætlun sem sett var upp á sínum tíma. Þau loforð og fyrirheit sem voru gefin í því sambandi hafa að engu verið höfð.

En áfram er níðst á þessum bændum. Það er níðst á þeim áfram af þessu nýja innleidda raforkukerfi. Verðið hækkar. Þetta er það fólk sem lendir í mestu hækkun á rafmagninu. Auk þess er það rafmagn sem í boði er áfram af mjög skertum gæðum.

Ég gæti rakið fleiri svona dæmi hér, og mun gera það seinna í ræðu minni, um það hvernig þær aðgerðir sem hingað til hafa verið gerðar í markaðsvæðingu á rafmagninu hafa leitt til hækkaðs verðs.

Það er líka annar hlutur sem gerist við markaðsvæðingu á svona þjónustu. Þá dregur úr viðhaldi og endurbyggingu á dreifikerfi og öðrum búnaði sem er forsenda fyrir því að hægt sé að halda uppi afhendingaröryggi. Með þessu nýja kerfi, eins og nú er, eru orkuframleiðendurnir ekki lengur skyldugir til að sjá þjóðinni fyrir rafmagni. Þeir eru aðeins skyldugir til að sjá fyrir því rafmagni sem umsamið er að kaupa en aukist t.d. þörfin eru þeir ekki skyldugir til að sjá fyrir auknu rafmagni.

Þetta var það sem gerðist t.d. í Noregi þegar raforkuverin þar höfðu verið einkavædd. Þá gerðu kaupendurnir kaupsamning fyrir ákveðið magn af rafmagni en svo kom kaldur vetur og þörfin jókst verulega og þá var ekki til rafmagn í landinu til þessa fólks vegna þess að raforkuverin töldu sig ekki hafa neina skyldu til þess.

Fyrir nokkru var gefið út lítið kver, sem heitir „Misheppnuð markaðsvæðing raforku í Bandaríkjunum". Eins og við höfum heyrt í umræðunni og hefur komið fram í umræðunni á þingi kom einkavæðing á rafmagni alvarlega í koll Bandaríkjamönnum. Fyrirtækin hafa ekki sinnt viðhaldi á búnaði þannig að við minnsta óveður fer rafmagnið af. Mig langar að vitna í þessa útgáfu á erindum Jerrolds Oppenheims og Theo MacGregor í Ársal á Hótel Sögu 28. maí 2001. Fyrirlestur þeirra hét „Misheppnuð markaðsvæðing raforku í Bandaríkjunum". Þar segir, með leyfi forseta:

„Markmiðin með markaðsvæðingunni í Bandaríkjunum voru mörg. Það mikilvægasta var að lækka verð til neytenda. Annað markmið var að fjölga valkostum. Hefur almenningur einhvern áhuga á að velja sér þann sem framleiðir fyrir hann raforku? Ég dreg það í efa. Skoðanakannanir í Bandaríkjunum hafa sýnt að fæstir vita hvað rafveita þeirra heitir. Fólk vissi ekki hver framleiddi fyrir það raforku og því stóð á sama. Það eina sem fólk vildi vita var hvort öruggt væri að ljósið kviknaði þegar þrýst væri á rofann.

Enn eitt markmiðið er að raforkuframleiðslan hafi lágmarksáhrif á umhverfið. Bush Bandaríkjaforseti og fylgismenn hans vilja sniðganga umhverfislög í Kaliforníu og reisa orkuver sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti til að takast á við það sem þeir kalla ranglega orkuskort!"

Við þekkjum þessa umræðu héðan. Í staðinn fyrir Bush væri hægt að setja ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, er vill sniðganga umhverfislög. Er þetta lýsandi dæmi. En áfram segir í fyrirlestrinum:

„Síðasta og þó mikilvægasta hugmyndin var sú að hagfræðingar og stjórnmálamenn héldu að hægt væri að ná öllum þessum markmiðum með óskoraðri og sanngjarnri samkeppni í raforkuiðnaðinum. Kennisetningin um að hinn frjálsi markaður skili okkur lægstu verðum.

En hverjar eru þá forsendurnar fyrir óskoraðri og sanngjarnri samkeppni? Getur eitthvað komið í staðinn fyrir raforku? Hver vill hefja notkun á hvallýsi að nýju?

Mjög erfitt er að komast inn á þennan fákeppnismarkað" — hugsið ykkur, í Bandaríkjunum er talað um fákeppnismarkað. Hvað getum við þá sagt í þessu litla landi? — „þar sem mjög dýrt er að reisa orkuver og ekki er mögulegt að geyma raforku á hagkvæman hátt. Hún er að vísu geymd í armbandsúrum okkar en hvað myndi ein kílóvattstund kosta í rafhlöðu sem væri nógu stór til að lýsa heilt stórhýsi? Hún myndi kosta um 3.000 bandaríkjadali á kílóvattstund.

Ef verð hækkar verður fólk að vera fært um að draga úr notkun. Hve mikill sveigjanleiki vegna verðlags er fyrir hendi hvað varðar grundvallarþarfir á borð við rafmagn? Þegar börnin komi glorhungruð heim úr skólanum segir maður ekki: Því miður er verð á rafmagni of hátt þessa stundina, þið getið fengið að borða kl. 11 í kvöld þegar verðið lækkar. Það er því ekki mikill sveigjanleiki vegna verðlags fyrir hendi hvað rafmagn áhrærir.

Tilgangurinn var að fjölga rafmagnsframleiðendum svo einstaka framleiðendur næðu ekki að hafa of mikil áhrif á verðlag. Í reynd eru eigendur hins vegar afar fáir og þar af leiðandi ríkir fákeppni á markaðinum."

Þetta er í Bandaríkjunum, frú forseti. Þetta er í hinum stóru Bandaríkjum, að talað er um að fákeppni ríki á raforkumarkaði. Hvað þá hér?

„Allar þessar ástæður gera það að verkum að samkeppni fær ekki notið sín á raforkumarkaði. Það er reyndar svo að Alfred Kahn, sem er hagfræðingur við Cornell University og fyrrverandi markaðseftirlitsmaður hjá New York State Public Utility Commission, segir nú að raforkumarkaður sé einstakur og að ekki megi standa að lóðréttri upplausn hans, það er að skilja í sundur framleiðsluþáttinn, dreifinguna og söluna."

Nú, það má ekki skilja í sundur, segir hann. En hvað er að gerast hér? Það er einmitt verið að skilja þetta allt í sundur.

Í stuttu máli má segja að í fyrirlestrinum um rafmagnsverðið í Bandaríkjunum komi fram að fullkomnar gerviforsendur séu fyrir slíkum breytingum. Neytandinn er ekki að spekúlera í hver selji honum rafmagn. Hann vill bara fá rafmagn. Hann hefur ekkert val. Hann getur ekki dregið úr rafmagnsnotkun þótt verðið hækki eða breytist eða farið að leita sér að öðrum orkusala. Hann hefur ekki um neina að velja. Í hinum stóru Bandaríkjum er engin samkeppni á raforkusviði heldur hrein fákeppni. Svo teljum við að á Íslandi getum við einkavætt raforkugeirann, þegar meira að segja Bandaríkjamenn telja það ekki hægt.

Það er þekkt dæmið frá Kaliforníu, þar sem raforkukerf-

ið hafði allt verði einkavætt. Svo hrundi það og ríkisstjóri Kaliforníu varð að kaupa allt til baka aftur til að geta afgreitt rafmagn til almennra notenda. Svo förum við sömu leiðir hér, að einkavæða Rarik. (**Gripið fram í:** Nei.) Það er hið nákvæmlega sama. Að fara að reka þetta sem fyrirtæki í samkeppnisrekstri, hvað er það annað en einkavæðing? Menn þykjast ætla að reka fyrirtæki í samkeppnisrekstri, þar sem á að gera arðsemiskröfu og upplýsingaleynd mun ríkja, þar sem á að láta framkvæmdastjórana fá vald til að ráðskast með fólk eins og þeim sýnist. Þetta er það kerfi sem á að innleiða.

Ég get líka vísað til þess sem gerst hefur í Evrópu. Þar geisar stórstyrjöld í orkumálum. Hér segir í minnispunktum um það sem þar er að gerast, þar sem vitnað er í skýrslu frá Spáni og reyndar líka í International Herald Tribune. Þar segir, svona lauslega þýtt, að nú geisi stórstyrjöld í Evrópusambandinu og sé ákaflega fróðlegt fyrir Íslendinga að fylgjast með henni. Ríkisstjórnir Frakklands og Spánar skilgreina orkugeirann þannig að hann eigi að njóta algerrar sérstöðu. Þær vilja grípa til áhrifamikilla varna þegar erlendi orkufyrirtæki teygja sig inn til hlutafjárkaupa eða yfirtöku. Forsætisráðherra Spánar segir að markaðsfrelsi sé mikilvægt en fólkið enn þá mikilvægara.

Þetta er gagnlegt fyrir okkur á að hlusta. Meira að segja forsætisráðherra Spánar segir að markaðsfrelsi sé mikilvægt en fólkið enn þá mikilvægara. Frakkar tala einnig á sömu nótum, um að orkan sé mikilvæg fyrir styrk þjóðfélagsins. Okkur er því ljóst hvað evrópskir þjóðarleiðtogar segja um orkukerfið. Ég held að þetta væri mjög þörf setning fyrir okkur að hafa í huga, sem forsætisráðherra Spánar segir: Markaðsfrelsið er mikilvægt en fólkið er enn þá mikilvægara. Við sem þurfum að þola hvert lagafrumvarpið á fætur öðru um einkavæðingu, einkavæðingu á almannaþjónustu og markaðsvæðingu á almannaþjónustunni, ættum að hlusta á orð þeirra. Markaðsfrelsi er mikilvægt en fólkið er enn þá mikilvægara. Þannig held ég líka varðandi það sem hér er að gerast, með að markaðs- og einkavæða raforkukerfið.

Frú forseti. Ég vitnaði hér í fyrri ræðu minni til einkavæðingar Símans. Nákvæmlega sömu rök heyrðust þegar Póstur og sími var hlutafélagavæddur og síðan markaðsvæddur og seldur. Þá lýstu menn því hátíðlega yfir að það væri bara formbreyting til að aðlaga fyrirtækið nútímarekstrarháttum, eins og sagt var. Menn sögðu að það stæði alls ekki til að selja. En hver var raunin? Eftir nokkur ár var allt komið á fullt með að selja fyrirtækið. Fyrst var reyndar bara talað um að selja hluta en að ríkið mundi áfram eiga a.m.k. 50%. Að lokum var tekin ákvörðun um að selja allt fyrirtækið.

Hvað sagði talsmaður Framsóknarflokksins fyrr í dag? Nákvæmlega hið sama og var sagt við hlutafjárvæðingu Símans. Það á bara að hlutafélagavæða fyrirtækið. Það stendur ekki til að selja, a.m.k. ekki meiri hlutann. Hið sama er sagt við hlutafélagavæðingu Rariks. Það er sama hvernig stjórnarþingmenn reyna að slá ryki í augu fólks með því að segja að aðeins sé um formbreytingu að ræða. Það sjá allir í gegnum það. Ég skil reyndar ekki í þingmönnum Framsóknarflokksins að halda að þjóðin sjái ekki í gegnum þetta fals. Sjálfstæðisflokkurinn er þó hreinlyndari að því leyti að hann segir afdráttarlaust að það sé vilji flokksins að einkavæða og selja ríkisfyrirtæki og hann vilji fá gott verð fyrir. Það var nokkuð sem hann hugsaði ekki um þegar hann seldi bankana, um að fá gott verð. En þeir segja það afdráttarlaust og ætli það sé ekki sú stefna sem ræður för við hlutafélagavæðingu Rafmagnsveitna ríkisins?

Frú forseti. Ein af rökunum sem hér hefur verið haldið fram er að breytingin sé góð fyrir starfsfólkið, að hlutafélagavæða Rarik. Ég held að það væri þarft að rifja upp hvernig fór fyrir starfsfólki hjá Símanum. Strax eftir að Síminn var hlutafélagavæddur laut hann ekki lengur stjórn Alþingis heldur var þar sett yfir stjórn sem bar ábyrgð á hinum daglega rekstri. Um leið var farið að segja upp fólki og bjóða út þjónustuna. Venjulega er byrjað á gólfinu, þ.e. segja upp ræstingafólki og bjóða út ræstingar. Síðan fór þetta áfram í gegnum fyrirtækið, að segja fólki upp, bjóða út þjónustuna, keyra niður laun, skerða starfskjör.

Þegar Síminn hafði verið seldur var farin hringferð um landið til að loka starfsstöðvum á Ísafirði, á Blönduósi, á Sauðárkróki, Siglufirði og svo áfram hringinn í kringum landið. Að því er ég best veit var meira að segja tveimur af þremur starfsstöðvum á Suðurlandi lokað, í kjördæmi hv. þm. Drífu Hjartardóttur, sem nú situr á forsetastóli. Það var ekki gert af neinni umhyggju fyrir þjónustunni. Þar var ekki rætt við heimamenn eða við sveitarfélögin. Ekki var rætt við þá sem þessi þjónusta snerti, þótt aðeins væru tveir eða þrír dagar liðnir frá því að fyrirtækið var selt. Þetta var ekki rætt fyrir fram, heldur var læðst heim á staðina og starfsfólkinu tilkynnt að loka ætti starfsstöðinni og fólkinu sagt upp.

Það þykir nú ekki góð latína þegar forsætisráðherra fer og sýnir sig í beinni útsendingu og talar um hvernig farið sé með starfsfólk á Keflavíkurflugvelli hjá varnarliðinu, að ekki eigi að koma svona fram við starfsfólk, segja því upp með svo stuttum fyrirvara og algerlega óvíst hvaða starfslokakjör það fái. Ég er alveg sammála því að það er forkastanleg framkoma hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli að koma svona fram við starfsfólkið. Alveg hjartanlega sammála.

En ég er líka svo mikið sammála því að framkoma Símans gagnvart því starfsfólki sem hann sagði upp var líka forkastanleg, þótt hæstv. forsætisráðherra finnist lítið til þess koma. Það var líka alveg forkastanleg framkoma. Þegar þjónustustöðvar Símans voru lagðar af var auðvitað verið að skerða þjónustuna á viðkomandi byggðalögum.

Þetta er það sama ferli og verið er að setja Rarik í, nákvæmlega sami ferli. Byrjað er á að hlutafélagavæða það, byrjað á því svo hægt sé að ráðskast með fyrirtækið þó það sé áfram í ríkiseigu vegna þess að það er komið á hlutafélagaform. Skerða réttindi starfsmanna svo auðveldara sé að segja þeim upp eða ráðskast með þá. Þetta eru fyrstu skrefin í að búa fyrirtækið undir einkavæðingu, undir það að verða selt.

Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, frú forseti, eru þetta viðbrögðin. Ég hef farið og hitt fólk sem vinnur í starfsstöðvum Rariks úti um land. Það kvíðir framhaldinu vegna þess að það veit að þetta er eitt skref í ferli sem hafið er og hófst reyndar fyrir nokkru síðan því þegar hefur verið byrjað á að undirbúa Rafmagnsveitur ríkisins undir þetta einkavæðingarferli og undir það að verða markaðsvætt og selt.

Auðvitað er fólk kvíðið núna því það sér fyrir sér að það er að lenda í nákvæmlega sama ferli og Landssíminn fór í.

Það er skoðun þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að raforkan sé hluti grunnþjónustunnar, sá hluti hennar sem á að veita landsmönnum gæði, afhendingaröryggi og verð á jafnréttisgrunni. Arðurinn af þeirri starfsemi á að skila sér til heimilanna í samkeppnishæfri búsetu, í lágu raforkuverði til fyrirtækja sem síðan geta þá stundað öfluga og arðbæra starfsemi. Nákvæmlega sama og ég vitnaði til í Bandaríkjunum þá lýtur raforkan ekki þessu samkeppnisumhverfi á nokkurn hátt. Fólk er ekki að kaupa af þessum framleiðanda í dag og öðrum á morgun. Fólk getur ekki breytt notkun sinni eftir verði. Það getur ekki sagt við krakkana þegar þeir koma heim úr skólanum: Við verðum að fresta því að elda matinn því raforkuverðið er tiltölulega hátt núna. Það er ekki þannig. Og meira að segja í Bandaríkjunum, þeirri stóru álfu samkeppnisrekstrar, er ekki hægt að koma á virkri samkeppni í raforkumálum sem skilar sér til neytenda í hagkvæmara verði og öruggari afhendingu. Nei. Þar verður fákeppni og einokun.

Því skyldum við hér á Íslandi, í þessu litla landi, telja að hægt sé að koma á einhverju samkeppnisumhverfi, að hægt sé að reka Rarik sem samkeppnisfyrirtæki, fyrirtæki sem að meginhluta til er eigandi að dreifiveitum vítt og breitt um landið sem dreifa rafmagni til notenda og fyrirtækja, þar sem enginn annar aðili er til að reka slíkar dreifiveitur og eiga þær? Þótt menn séu að stofna einhver fyrirtæki um sameiginlegan rekstur á dreifiveitum Rariks, Orkubúi Vestfjarða o.s.frv., breytir það ekki eðli málsins. Það verður aldrei samkeppnisrekstur á þessum grunni. Þeir sem halda því fram eru annaðhvort vísvitandi að blekkja, nema þá að þeir séu svo heillum horfnir að þeir trúi þessu. En það er þá gríðarleg sjálfsblekking.

Þess vegna og af öllum þessum ástæðum, frú forseti, leggjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs það afdráttarlaust til að frumvarpið um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins verði dregið til baka. Við mótmæltum raforkulögunum. Við mótmæltum því að verið væri að innleiða Evróputilskipun um samkeppnisumhverfi á raforkumarkaðnum sem meira að segja Evrópulöndin hafa ekki enn innleitt að fullu og neita að gera. Við mótmæltum því að þetta yrði innleitt hér. Reyndar líklega eini flokkurinn. Við mótmæltum raforkulögunum sem hafa leitt til stórhækkaðs raforkuverðs í landinu. Við vildum og viljum að raforkukerfið sé sameign þjóðarinnar og nú þegar verið er að leggja fram frumvarp um hlutafélagavæðingu á Rafmagnsveitum ríkisins, þá er það af sama meiði.

Ég vísaði til þess áðan að skoðanakannanir sem gerðar voru sýndu allar mikla andstöðu þjóðarinnar við sölu Símans, við sölu fjarskiptakerfis Símans og vildu að fjarskiptakerfi Símans yrði áfram í þjóðareign. Í skoðanakönnun sem ég vitnaði einnig í áðan var einungis fjórðungur aðspurðra hlynntur einkavæðingu í heilbrigðis- og skólakerfinu. Það er lítill hluti. Þar standa einmitt þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs með almenningi í að verja heilbrigðis- og skólakerfið einkavæðingunni.

Meira að segja varðandi raforkukerfið kemur fram að mikill meiri hluti er andvígur einkavæðingu Landsvirkjunar, telur að Landsvirkjun eigi að vera áfram í samfélagseigu og ætli Rarik sé ekki á sama báti.

Frú forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjum áherslu á að raforka til almennra notenda og fyrirtækja sé mikilvægur þáttur almennrar grunnþjónustu sem á að reka á félagslegum grunni. Þau skref sem hafa verið stigin í markaðsvæðingu raforkukerfisins hafa þegar leitt til mikilla hækkana á verði á raforku til neytenda víða um land, þvert á gefin loforð. Ég gæti rakið þau og er með mér margar yfirlýsingar frá fyrrverandi formanni iðnaðarnefndar Framsóknarflokksins, Hjálmari Árnasyni, og frá hæstv. iðnaðarráðherra þar sem ítrekað var lofað að þessi breyting á raforkukerfinu leiddi ekki til hækkana. En allt annað hefur gerst.

Hlutafélagavæðing Rariks er liður í yfirlýstum markmiðum stjórnvalda um að einkavæða raforkukerfið og búa orku- og dreifingarkerfi landsmanna undir sölu á almennum markaði. Þau áform eru andstæð hagsmunum almennings í landinu. Með vísan til þess leggjum við til að málinu verði vísað frá, frú forseti. Ég hef haft þá ánægju að vitna til skoðanakannana eins og oft er gert sem eru sama sinnis og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að ekki á að einkavæða raforkukerfið. Það á að vera almenningseign. Það verður ekki innleidd nein raunveruleg samkeppni í raforkugeiranum. Þetta verður ávallt að flokkast sem grunnalmannaþjónusta og fyrir því munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs berjast.

[00:25]

Sigurjón Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Nú er klukkan að ganga eitt og við í Frjálslynda flokknum höfum ekki enn þá komist að. Ég skráði mig á mælendaskrá í upphafi þingfundar og svo hefur atvikast að mörgum ræðumönnum hefur verið mikið niðri fyrir. Við höfum einfaldlega ekki komist að. Þegar klukkan var að ganga níu þurfti ég að bregða mér úr húsi og þá féll ég út af mælendaskrá.

Ég spyr: Er það virkilega ætlun forseta þingsins að Frjálslyndi flokkurinn þurfi að lýsa afstöðu sinni til frumvarps um miðja nótt? Ég ætla þeim ræðumanni sem talar næstur á eftir okkur a.m.k. á aðra klukkustund að fara yfir málið.

Er það virkilega ætlun forseta þingsins að Frjálslynda flokknum sé ætlað að halda ræðu sína og lýsa yfir afstöðu sinni til málsins á þriðja eða fjórða tímanum í nótt? Ég er alveg forviða á þessari stjórn fundarins og lýsi yfir mikilli vanþóknun á þessu, ef sú verður raunin. Fróðlegt væri ef hæstv. forseti gæti gefið sér stund núna og svarað þeirri spurningu sem ég hef borið fram.

[00:26]

Forseti (Drífa Hjartardóttir):

Forseti hefur ákveðið að gefa hv. þingmanni sem talaði síðast næst orðið og færa hann ofar á mælendaskrána. Mun svo verða eftir að hv. 9. þm. Suðurkjördæmis, Magnús Þór Hafsteinsson, hefur rætt um fundarstjórn forseta.

[00:27]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér til að spyrja hæstv. forseta hvenær hæstv. forseti hyggist ljúka fundi í nótt. Nú er klukkan orðin hálfeitt og mér þykir sýnt að hér stefni í að þingfundur verði langt fram á nótt og jafnvel fram undir morgun.

Það er einu sinni svo að dagur kemur eftir þennan dag. Reyndar er nýr sólarhringur að renna upp en það kemur dagur eftir þann dag sem leið í gær, ef svo má segja. Þingmenn þurfa að mæta til vinnu í fyrramálið. Þeir þurfa að komast heim til sín í kvöld. Ég á t.d. fyrir höndum rúmlega 40 mínútna akstur heim til mín og ég ætla síðan að vera mættur hér aftur í fyrramálið til að sinna skyldum mínum sem þingmaður.

Ég mun að sjálfsögðu halda út hér í nótt ef þörf krefur enda er það skylda mín sem þingmaður að fylgjast með þingfundum. Ég geri það annaðhvort í þingsalnum eða á skrifstofu minni. Ég vænti þess að það sama gildi um aðra þingmenn á hinu háa Alþingi, að þeir sitji allir á skrifstofum sínum og fylgist spenntir með þingfundi því verið er að ræða um mjög mikilvægt mál, virðulegi forseti.

En eins og ég sagði áðan í upphafi máls míns þurfa þingmenn allir að vakna í fyrramálið og mæta til vinnu eins og annað fólk. Mér þætti því gott — þó ekki væri annað en að geta skipulagt það aðeins og kannski hringt heim og látið vita að maður væri á lífi en ekki einhvers staðar utan vega stórslasaður eftir bílslys eða eftir annað það af verra, því ég á náttúrlega fyrir löngu að vera kominn heim — að geta komið þeim skilaboðum heim til mín að ég verði hér áfram fram á nótt þannig að fólk heima þurfi ekki að hafa áhyggjur af því, virðulegi forseti.

Mér og okkur í þingflokki Frjálslynda flokksins þætti mjög vænt um að fá einhverjar upplýsingar um hversu lengi við ætlum að halda áfram þingfundi í nótt.

(**Forseti** (DrH): Nú verður gert fimm mínútna fundarhlé.)

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–4. mál.

Fundi slitið kl. 00:39.

---

94. FUNDUR

þriðjudaginn 28. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 392. mál, þskj. 474, nál. 912, brtt. 913 og 914, rökst. dagskrá 990. — Frh. 2. umr.
2. Bílaleigur, stjfrv., 379. mál, þskj. 435, nál. 939, brtt. 940. — 2. umr.
3. Upplýsingaréttur um umhverfismál, stjfrv., 221. mál, þskj. 221, nál. 936, brtt. 937. — 2. umr.
4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 365. mál, þskj. 419, nál. 973. — 2. umr.
5. Faggilding o.fl., stjfrv., 361. mál, þskj. 403, nál. 988, brtt. 989. — 2. umr.
6. Heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, stjfrv., 456. mál, þskj. 681, nál. 982. — 2. umr.
7. Þjóðlendur, stjfrv., 630. mál, þskj. 923, nál. 983. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 2. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Katrín Júlíusdóttir, 7. þm. Suðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 6. þm. Reykv. n.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Athugasemdir um störf þingsins.

Álit Samkeppniseftirlits um taxta leigubifreiða.

[13:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið í fréttum hefur Samkeppniseftirlitið fellt úrskurð um að hámarkstaxtar leigubifreiða skuli felldir niður innan fárra vikna. Samkeppnisstofnun virðist líta á hvern leigubílstjóra sem sjálfstætt starfandi fyrirtæki sem eigi að standa í samkeppni við aðra bílstjóra. Þetta er ekki alveg óþekkt erlendis frá. Í Svíþjóð voru hámarkstaxtar afnumdir í byrjun 10. áratugar síðustu aldar með þeim afleiðingum að neytendur voru leiddir nánast inn í frumskóginn, áttu enga vörn lengur í samræmdu taxtakerfi. Eflaust hafa einhverjir Íslendingar fengið

að kenna á þessu kerfi. Sjálfur hef ég kynnst því í Stokkhólmi að þurfa að greiða þrefalt hefðbundið verð fyrir leigubílaakstur.

Norðmenn komu í kjölfarið og er athyglisvert að við afnám hámarkstaxta rauk verðið upp um rúmlega 8% og var þá farið að setja ákveðnar reglur. Staðreyndin er nefnilega sú að samkeppnin í verði hefur oftar en ekki komið neytendum illa. Oft hefur verið bent á hið augljósa í þessu efni, að leigubílstjóri sem á völ á fjölda viðskiptavina á illviðrisdegi, ég tala nú ekki um að nóttu til í slæmu veðri, gæti freistast til að láta bjóða í farið, og nokkuð hátt við slíkar aðstæður. Væri slíkt fyrirkomulag heppilegt? Ég held ekki.

Ástæðan fyrir því að ég tek þetta mál upp í þinginu er að tíminn til að fyrirbyggja að hér eigi sér stað mikið slys er mjög naumur. Leigubílstjórar eru í algerri óvissu um framhaldið. Þeir segja að ef breyta eigi fyrirkomulaginu verði að koma til einhverjar skynsamlegar reglur en þær eru ekki farnir að líta dagsins ljós. Ég hef spurt á móti hvort við búum ekki við ágætlega skynsamlegar reglur og ef ný samkeppnislög valda einhverjum vandræðum hvort verkefnið sé þá ekki að breyta þeim lögum.

Hæstv. samgönguráðherra er í þingsalnum og væri fróðlegt að heyra frá honum hvernig þessi mál standa og hvað samgönguyfirvöld ætla að gera í þessu efni.

[13:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson veit er það ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sem hann gerði að umtalsefni. Sá þáttur málsins heyrir að sjálfsögðu ekki undir samgönguráðuneytið. Hins vegar heyra málefni leigubíla og verkefni leigubílstjóra undir ráðuneytið.

Þjónusta leigubílastöðvanna og leigubílstjóranna er mjög mikilvæg í samfélagi okkar. Það á bæði við um almenna borgara og ferðamenn. Þjónusta leigubílanna á þessu svæði skiptir geysilega miklu máli, ekki síst vegna þess að almenningssamgöngur, eins og hv. þingmenn þekkja, eru takmarkaðar og leigubílarnir þess vegna mjög mikið notaðir og mjög mikilvægir. Sú regla hefur verið sett upp hjá okkur að það er takmarkaður fjöldi leyfa fyrir þá sem sinna leiguakstri. Hér á höfuðborgarsvæðinu hefur í langan tíma verið ákveðinn fjöldi og síðan tók ég ákvörðun um að stækka þetta svæði þannig að höfuðborgarsvæðið allt og Suðurnesin væru eitt atvinnu- og takmörkunarsvæði.

Það hefur verið afstaða samgönguráðuneytisins að ekki væri skynsamlegt, við þessar aðstæður þar sem leyfin eru takmörkuð, að afnema þetta hámarksgjald. Samgönguráðuneytið hefur gert Samkeppniseftirlitinu það ljóst hver afstaða ráðuneytisins er þannig að ég hef talað alveg skýrt í þessu. Ég tel að þetta sé ekki skynsamleg ákvörðun um þessar mundir.

[13:36]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að vekja athygli á þessu máli á þingi. Fyrir liggur álit Samkeppniseftirlits eins og kom fram í máli hæstv. samgönguráðherra. Hins vegar er ekki ljóst hver útfærslan eigi að vera á þeim breytingum sem mér skilst að þurfi að gera samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlits og algjörlega óljóst á þessari stundu hvort þær breytingar verði neytendum til hagsbóta. Það hlýtur að vera markmið þess að gera breytingar á því kerfi sem við nú höfum í leigubílaakstri að það sé neytendum til hagsbóta og líkki jafnvel verðið til neytenda frekar en að hækka það.

Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hvort hann eða ráðuneyti hans hefur t.d. leitað ráða hjá talsmanni neytenda eða Neytendasamtökunum um það hver reynslan sé af álíka breytingum í öðrum löndum og öðrum stórborgum og hvernig best sé þá að útfæra þær breytingar sem mér skilst að hér þurfi að gera.

[13:38]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni, ég held að mikið bráðræði væri og óðagot að fara út í þær breytingar sem til eru lagðar í áliti Samkeppniseftirlits. Það væri mikið óðagot bæði fyrir neytendur sjálfa og leigubílstjórana er til lengri tíma lætur. Ég held að engin ástæða sé til að fara út í þær breytingar sem leiða til þess að samræmd gjaldskrá leggist af. Ég held að það væri mikil vitleysa og ávísun á verðhækkun og verri aðstæður fyrir neytendur. Eins og hæstv. samgönguráðherra gat um áðan gegna leigubílarnir mjög mikilvægu hlutverki í öllu okkar samfélagsmynstri. Þeir gegna miklu hlutverki orðið í almannaþjónustunni líka. Í æ ríkari mæli í fleiri og fleiri sveitarfélögum er farið að reka akstursþjónustu, t.d. fyrir aldraða, með leigubílum og ég held sjálfur að feta eigi þá slóð á næstu missirum að auka verulega hlutdeild leigubíla og leigubílstjóranna í því að þjónusta almenning með viðurkenndum almenningssamgöngum eftir ýmsum slíkum leiðum.

Eins og hæstv. samgönguráðherra sagði er um að ræða takmörkuð gæði og takmörkuð leyfi bundin við svæði og það væri að mínu mati mikil villa og mikið bráðræði að breyta því og afnema samræmda gjaldskrá. Ég er alveg viss um að það væri verra fyrir bæði þá sem reka leigubílana, leigubílstjórana sjálfa, og alveg klárlega fyrir neytendur. Það kæmi það mikið flot á þessa hluti og það er mikilvægt að fá afdráttarlaus pólitísk skilaboð frá hæstv. samgönguráðherra um útfærsluna í þessu máli. Það er mjög mikilvægt því að hér er um að ræða mikilvæga grundvallarþjónustu í allri okkar samfélagsgerð, hluti sem þurfa að vera í lagi og það á ekki að leiða til verðhækkana og einhvers konar uppnáms á þessum markaði sem koma bæði neytendum og leigubílstjórum illa.

[13:40]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Leigubílar eru mikilvægur þáttur í almenningssamgöngum hér á landi. Ég tek alveg heils hugar undir orð hæstv. samgönguráðherra Sturlu Böðvarssonar um hversu mikilvægt er að þessi starfsemi njóti fulls trausts neytenda. Mér finnst þau orð hæstv. ráðherra að það sé að hans mati ekki skynsamlegt og ekki neitt sem reki á eftir því að þessi breyting verði gerð nú vera mjög mikilvæg inn í þessa umræðu.

Við þekkjum af ferðum okkar erlendis hversu óörugg

við verðum ef við tökum leigubíla og vitum ekki hvaða gjald maður situr uppi með að borga. Við leitum gjarnan að leigubílastöð eða hóteli sem tryggir okkur fyrir fram að við förum með leigubíl sem rukki innan einhverra samþykktra skilgreindra marka.

Ég hef heyrt frá ferðaþjónustuaðilum hér á landi að þeir óttast að verði sú breyting að afnema hámarksgjaldskrá leigubíla að raunveruleika muni það skapa óvissu og óöryggi erlendra ferðamanna um gjaldskrána, ferðamanna sem þekkja ekkert inn á íslenskar aðstæður og taka leigubíl. Sú tilhögun sem hefur verið hingað til með fasta hámarksgjaldskrá hefur verið mikil trygging, bæði gagnvart ferðamönnum sem hingað koma og almennum neytendum. Engin skynsamleg rök hafa verið færð fyrir því að breyta þessu í þá veruna að afnema gjaldskrá (Forseti hringir.) og gefa allt frjálst. Ég legg áherslu á, frú forseti, að vörður (Forseti hringir.) verði staðinn um leigubílana.

[13:42]

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. málshefjanda Ögmundi Jónassyni fyrir að hreyfa þessu máli hér. Um nokkurn tíma hafa leigubílar og starfsemi þeirra og leigubílastöðva verið í umræðu á Alþingi og ekki langt síðan sett voru sérstök lög þar um. Mjög var horft þá til annarra landa eins og til Svíþjóðar þar sem Svíar höfðu tekið það upp að afnema svokallaðar leigubílastöðvar og hver og einn sem hafði áhuga á því að keyra leigubíl gat gert svo. Það varð hins vegar til þess að margir aðilar lentu í ógöngum, t.d. þegar þeir voru að senda barnfóstrur sínar heim í leigubílum sem enginn vissi hvaðan komu eða hvert fóru. Hlaust af þessu mikill skaði og, eins og hér hefur komið fram, vantraust líka á verðskrá og bifreiðastjóra þeirra bíla sem ekki voru á sérstökum merktum bifreiðastöðvum.

Það er rétt sem hér hefur komið fram, auðvitað er misjafn sauður í mörgu fé þannig að það er hætta á að verði gjaldskrá gefin frjáls muni einhverjir misnota sér aðstöðu sína. Sérstaklega gæti þetta þá bitnað á ferðamönnum sem við leggjum mikið kapp á að muni finna það á Íslandi að hér geta þeir treyst því sem sagt er og treyst t.d. aðilum sem eru í leigubílaakstri.

Ég fagna orðum hæstv. samgönguráðherra hvar hann kemur inn á það að það sé aldeilis ekki í anda samgönguráðuneytisins að Samkeppniseftirlitið skuli gera þetta. Við viljum auðvitað hafa frjálsræði á sem flestum viðskiptaháttum sem leiða til lægra vöruverðs og ódýrari þjónustu. Því miður held ég að við höfum ratað í ógöngur hér og sjáum fram á að þetta muni ekki verða til góðs fyrir almenning.

[13:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er mikill samhljómur í því sem fram kemur þegar þingmenn lýsa afstöðu til þessa máls, nú síðast í orðum hv. formanns samgöngunefndar Alþingis. Hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson talaði einnig mjög skýrt og afdráttarlaust í þessu máli og ég fagna yfirlýsingum hans en hann segir að í sínum huga sé ekki heppilegt að afnema þá hámarkstaxta sem við búum við. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir leigubílstjóra sem hafa búið við ákveðna óvissu í þessum efnum að fá þá yfirlýsingu frá hæstv. ráðherra sem hann hefur nú gefið.

En vegna þess að Samkeppniseftirlitið telur sig eflaust hafa verið að fylgja þeim lögum sem því var sett að fylgja, þá stöndum við nú frammi fyrir þeirri spurningu hvort við þurfum að breyta þeim lögum. Við megum náttúrlega ekki búa við slíkar aðstæður að Samkeppniseftirlitið fari að etja okkur út í eitthvert fen sem við viljum ekki fara út í, þröngva okkur til samkeppni á sviðum þar sem samvinna á hugsanlega betur við. Verkefnið sem við horfum fram á hlýtur þá að vera hvort við þurfum að breyta lögum að einhverju leyti til að ná þeim markmiðum sem við virðumst öll vera sammála um, a.m.k. þeir sem hafa tekið þátt í umræðunni hér og nú.

[13:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Til að samhljómurinn verði ekki allt of mikill vil ég koma inn í þessa umræðu. Ég hef alltaf verið á móti þessum fjöldatakmörkunum á leigubílum. Auðvitað má segja að hámark á gjaldinu sé tengt því að ríkisvaldið skuli skipta sér af þessari atvinnugrein með þessum hætti, skipta sér af því hversu margir vinna við atvinnugreinina. Í því ljósi geta menn svo sem haft þá skoðun að það þurfi að hafa hámarkið. En auðvitað er þetta aftan úr öldum að skipta sér af því að fólk megi ekki fara og gera út leigubíla eins og í annarri atvinnustarfsemi hér í landi og ég hvet hæstv. samgönguráðherra til að setjast enn einu sinni yfir það hvort ekki eigi að koma á frelsi í þessari atvinnugrein eins og í öðrum atvinnugreinum í landinu.

[13:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Þessi umræða er um margt athyglisverð. En það fer hins vegar ekkert á milli mála að þegar við breyttum lögum árið 2001 varð það niðurstaðan að halda áfram með takmörkunarsvæði á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og á Suðurnesjum hvað varðar úthlutun leyfa fyrir leiguakstur. Það varð niðurstaðan þá. Allt hefur sinn tíma. Það kann vel að vera að hv. þm. Jóhann Ársælsson verði sannspár um að auka eigi frjálsræði í þessu en það var nokkuð góð sátt um það í þinginu að gera ekki breytingar hvað þetta varðar. Það var í því ljósi og það er á þeim grundvelli sem afstaða mín hefur verið sú að gera ekki breytingar á því að halda úti hámarkstaxta. Það eru hin afdráttarlausu pólitísku skilaboð sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson bað um að kæmu frá mér og ég hef gert Samkeppniseftirlitinu grein fyrir frá samgönguráðuneytinu að við teljum að við þær aðstæður sem við búum við í dag sé ekki skynsamlegt að gera slíkar breytingar.

Ég hlýt að gera ráð fyrir því að eitthvað heyrist frá Neytendasamtökum og öðrum en ég tel afar mikilvægt að við göngum ekki til þeirra breytinga sem Samkeppniseftirlitið er að taka ákvörðun um, beint í kjölfar þess að við gerðum þessa heilmiklu breytingu að sameina takmörkunarsvæðin á Suðurnesjum og í Reykjavík. Það voru töluverðar deilur um það og ég tel að þetta væri ekki gott innlegg í það mál að svo komnu. Þess vegna hef ég tekið þessa afstöðu alveg hreina og tæra að ég tel að þetta sé ekki til bóta.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 392. mál. — Þskj. 474, nál. 912, brtt. 913 og 914, rökst. dagskrá 990.

[13:50]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við erum að ræða hér um að breyta Rafmagnsveitum ríkisins úr stofnun í hlutafélag. Ef allt væri með felldu væri auðsótt mál að breyta þessari stofnun í hlutafélag en því miður er það svo að ekki ríkir traust til þeirra sem á halda, til framsóknarmanna, hvað varðar þessi mál. Það er einfaldlega orðið svo að það er ekki hægt að koma einföldum skipulagsbreytingum í gegnum þingið vegna þess að Framsóknarflokkurinn hefur einfaldlega fyrirgert trausti sínu hvað varðar hlutafélög í eigu hins opinbera.

Einhver vildi kalla Framsóknarflokkinn öfgaflokk í einkavæðingu. Ég vil kannski ekki kalla hann það enn sem komið er en mér finnst samt sem áður flokkurinn vera orðinn svo heftur í einhverri hugmyndafræði að hann sést ekki fyrir. Ég er á því að það sé mikið til í því að menn verði að horfa á þetta frumvarp í breiðara samhengi, horfa á það í því samhengi hvernig stjórnarstefna umliðinna ára hefur í rauninni meðhöndlað eigur almennings.

Ég vil nefna hér að það er auðvitað ekki eðlilegt þegar menn hafa verið að einkavæða og koma eignum ríkisins út, að þá sé það gert þannig að allt lykti af spillingu. Við getum nefnt Búnaðarbankann þar sem flokkurinn kom bankanum í hendur manna sem eru nátengdir flokknum með því fororði að það væri í tengslum við kjölfestufjárfesti frá Þýskalandi sem síðan gufaði upp og reyndist einungis vera orðin tóm þegar betur var að gáð og nú veit ég ekki betur en þetta sé til gaumgæfilegrar skoðunar hjá ríkisendurskoðanda. En ég vona að hann geri nú betur en þegar hann fór yfir hæfi Halldórs Ásgrímssonar þegar hann fann það út að hann væri algerlega hæfur þegar hann stóð í því að selja nánast sjálfum sér eða tengdum aðilum bankann. Fleira má nefna ...

(**Forseti** (SP)**:** Forseti ætlar að biðja hv. þingmann um að gæta orða sinna og gæta þess líka að ávarpa forsætisráðherra með tilhlýðilegum hætti.)

Ég skal gæta þess að ávarpa hann með tilhlýðilegum hætti, hæstv. forsætisráðherra, en ég átta mig kannski ekki á því hvar ég fór út af sporinu. Gæti forseti bent mér á það þannig að ég geri ekki sömu mistökin aftur? — Það virðist ekki vera svo þannig að ég átta mig ekki alveg á hvar ég missteig mig en ég ætla að vonast til þess að ég hafi gætt hófs, en þetta eru mál sem hafa verið uppi í þjóðfélaginu og tengjast þessu máli. Almennt erum við í Frjálslynda flokknum sammála því að hlutafélagavæða eins og kostur er en þegar það er gert á þann hátt sem verið hefur á umliðnum árum þá er það mjög vafasamt og menn verða að horfa á hlutina í því ljósi. Ég vonast til þess að okkur hv. þingmönnum leyfist að fara hér yfir þá sögu og forsögu þessara mála.

Ég vil líka nefna söluna á Íslenskum aðalverktökum, ef það er óhætt. En það kom m.a. fram í ágætri skýrslu Ríkisendurskoðunar að það urðu deilumál og það varð kærumál sem var vísað til Fjármálaeftirlitsins og í samantekt Ríkisendurskoðunar á því máli kom fram að menn biðu eftir úrskurði um hver niðurstaða Fjármálaeftirlitsins yrði en hún var ekki komin þegar skýrslan var gefin út. En síðan kom á daginn að það hafði fallið úrskurður og sá sem hér stendur óskaði eftir að sjá hver úrskurðurinn var en honum var neitað um það af Fjármálaeftirlitinu. Það er líka athyglisvert að það var einmitt einn sem sat í einkavæðingarnefndinni sem eignaðist þennan hlut hins opinbera í Íslenskum aðalverktökum. Mér finnst það vera vel þess virði að fara í gegnum það mál og ég hef óskað eftir því að úrskurðarnefnd um upplýsingamál skeri úr um hvort ég fái umbeðnar upplýsingar, þ.e. um hverjar lyktir urðu í deilumáli sem urðu uppi þegar eigur almennings voru seldar einum af nefndarmönnum í einkavæðingarnefnd. Mér finnst það vera sjálfsögð spurning og menn eiga að ræða það í þessu samhengi.

Ef við tölum um það sem er jákvætt við þetta frumvarp þá virðist samkvæmt 3. gr. frumvarpsins vera nokkuð tryggt að þetta félag verði ekki selt nema það komi til kasta þingsins. Ég get ekki skilið 3. gr. með öðrum hætti en þannig. Þetta frumvarp er að mörgu leyti skothelt hvað það varðar að það er ekki hægt að láta fara fram brunaútsölu á þessu til einhverra hópa, þetta þarf a.m.k. að koma til kasta þingsins.

Það er eitt sem verður að fara yfir í þeirri hugmyndafræði sem rekin er af núverandi ríkisstjórn, og sérstaklega af Framsóknarflokkunum, en það er að menn gleyma algerlega praktískum málum í þessu ferli. Ég vil að hv. formaður iðnaðarnefndar svari mér því hvaða máli þetta skipti fyrir bónda í Húnavatnssýslu sem kaupir raforku af Rarik. Verður einhver lækkun á orkunni við að samþykkja þetta frumvarp? Allar breytingar sem hafa orðið á raforkulögunum á umliðnum árum hafa leitt til hækkunar á raforku til bænda og þess vegna finnst mér það sanngjarnt að hv. formaður iðnaðarnefndar geri okkur grein fyrir því hvað gerist, hvers vegna mun verðið lækka? Hann gaf sér að það yrði með samkeppni, að þá mundi verðið lækka. En við megum ekki gleyma því að Rarik starfar á þeim markaði þar sem fyrst og fremst er dreifiveita þannig að hér er um einokunarrekstur að ræða, ekki samkeppnisrekstur. Það kemur fram í gögnum málsins að samkeppni ríkir einungis við framleiðslu raforku en ekki við dreifingu rafmagns þannig að við erum í rauninni að setja reglur um einokunaraðstöðu. Það eru einungis 19 megavött sem Rarik framleiðir þannig að þetta fyrirtæki mun ekki taka þátt í samkeppni, hv. formaður iðnaðarnefndar, heldur er hér fyrst og fremst um einokunarrekstur að ræða. Það sem við í Frjálslynda flokknum höfum því gagnrýnt og getum tekið undir með Samfylkingunni, sem hefur lagt fram frumvarp um upplýsingaskyldu hlutafélaga, er að þegar þetta frumvarp verður samþykkt þá verður miklu erfiðara að fá upplýsingar um rekstur þessarar starfsemi sem er einokunarstarfsemi vegna þess að það er verið að nema upplýsingalög úr gildi. Það hefur einfaldlega sýnt sig í svörum frá hæstv. ráðherrum, m.a. hæstv. núverandi utanríkisráðherra, formanni Sjálfstæðisflokksins, að hann vill ekki veita upplýsingar þegar sá gállinn er á honum hvað varðar hlutafélög í eigu hins opinbera, meira að segja þegar verið er að spyrja að því hvort fyrirtæki fari að samkeppnislögum. Þetta hefur ítrekað komið fram.

Þess vegna er ég á því að menn þurfi að svara því hvaða máli það skipti fyrir bóndann í Húnavatnssýslu að samþykkja að þetta verði hlutafélag. Hvers vegna á verðið að lækka? Eða hvaða máli skiptir það verkstæðiseigandann, á Borðeyri, sem hefur fengið 30% hækkun á orkureikningnum sínum við að hita verkstæðishúsið með raforku?

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur sagt að með breytingunum á raforkulögunum sé kerfið orðið gegnsærra. Að vísu er búið að nema alla afslætti úr gildi. En er það orðið gegnsærra fyrir raforku sem er notuð til stóriðju? Nei, alls ekki. Þar er enn þá sama leyndin. Það er vert velta því fyrir sér að það var gefin út skýrsla af sjálfum hæstv. iðnaðarráðherra og í henni kennir ýmiss fróðleiks en samt greinir hún ekki frá aðalatriðum. Það er það sem mér finnst á bjáta hjá ríkisstjórninni að hún fer ekki yfir aðalatriðin. Fólki er nokkuð sama hvort Rarik heitir háeff eða er stofnun en ekki hvers vegna rafmagnsreikningurinn er alltaf að hækka. Það er það sem þarf að gera grein fyrir: Hvers vegna er raforkureikningurinn að hækka og munu þessi lög leiða til þess að hann lækki? Ég hef ekki séð það og hef því orðið fyrir nokkrum vonbrigðum. Þegar forstjóri Landsvirkjunar var inntur eftir því hvers vegna ekki hefði orðið lækkun á raforkureikningum landsmanna, þá sagði hann að það væru öfug samlegðaráhrif. Ég velti því fyrir mér að spyrja hv. formann iðnaðarnefndar, hvað mun verða þegar búið er að hlutafélagavæða með þessu frumvarpi, sem maður getur svo sem fallist á ef það koma tilhlýðilegar skýringar frá formanninum, hvaða áhrif munu verða frá samkeppnisumhverfi fyrirtækis sem er fyrst og fremst í einokunarrekstri? Ég átta mig ekki fyllilega á því en ég er opinn fyrir því að hlusta á rök formannsins.

En upp úr þessari umræðu stendur einkum að menn horfa ekki á þessi praktísku atriði, menn eru reknir áfram af einhverri hugmyndafræði. Ég var búinn að lofa forseta þingsins því í gær þegar hann frestaði umræðunni og hafa stutta ræðu og ég vil endilega standa við orð mín og geri það. Ég vil leggja áherslu á aðalatriðið. Það er að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa ekki gert grein fyrir því hvað hækkanirnar hafa orðið miklar á almenna markaðnum, þær hafa verið tíndar til í þessari skýrslu, hækkun hér og lækkun þar, þannig að við lestur hennar verður maður engu nær. Þetta er mjög alvarlegt. Einnig hefur komið fram í umræðu hér þegar verðlagning á annarri orku, heitri orku, var rædd, þá sagði hæstv. iðnaðarráðherra að gerð yrði samræmd gjaldskrá hjá Rarik frá og með síðustu áramótum en við það hefur ekki verið staðið. Ég fer fram á að menn einbeiti sér annað veifið ekki einungis að einhverri hugmyndafræði og að koma einhverju í hlutafélagaform, heldur fari að leysa hin praktísku atriði. Hvers vegna fær fólkið á landsbyggðinni hærri rafmagnsreikninga? Hvað hefur hækkunin orðið mikil í almennakerfinu sem samkeppni á að ríkja um? Ef allt hefði verið með felldu hefði átt að sjást lækkun. Við sem búum á landsbyggðinni og fáum rafmagnsreikninga inn um lúguna og greiðum samviskusamlega, við viljum fá svör við þessu, við viljum fá skýringar. Fáum við þær?

[14:03]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð ræða hjá hv. þingmanni. Ég vil spyrja aðeins út í grundvallaratriði frumvarpsins. Það mátti skilja hann þannig að stærsta ástæðan fyrir því að hann er á móti hlutafélagsforminu sem rekstrarformi Rafmagnsveitna ríkisins væri vantraust hans á Framsóknarflokknum. Ef við leggjum það til hliðar, tökum út fyrir sviga hverjir standa í þessu, telur þá ekki hv. þingmaður að hlutafélagaformið geti verið eðlilegt rekstrarform um fyrirtækið, sérstaklega ef tryggt væri að settar yrðu reglur um upplýsingar og lög um hlutafélög í opinberri eigu og fyrir liggur að ekki eigi að einkavæða fyrirtækið?

Fyrir liggur að framtíðarfyrirkomulag á eignarhaldi orkufyrirtækjanna í landinu, sem fara með þessar grundvallarauðlindir okkar, vatnsorkuna, hitann í jörðinni o.s.frv., mun örugglega taka töluverðum breytingum á næsta ári hvort sem lífeyrissjóðirnir koma inn í sem eigendur o.s.frv. Væri t.d. heppilegt að líta til þess að sveitarfélögin í landinu gerðust eigendur Rafmagnsveitna ríkisins eða að þeim yrðu seldar Rafmagnsveiturnar á móti hlutdeild ríkisins til að skapa mótvægi í rekstri orkufyrirtækja og dreifa eignarhaldi í þeim án þess að setja fyrirtækin út á markað og einkavæða með þeim hætti? Tryggja mætti félagslegt eignarhald á þeim í gegnum sveitarfélög, jafnvel lífeyrissjóði og hið opinbera. Þá þyrfti náttúrlega að koma til hlutafélagavæðing fyrir slík eignaskipti, vænti ég. Sjálfsagt mun þó hægt að fara aðra leið. En ef þetta er skoðað í þessu ljósi, er þá hv. þingmaður jafnandvígur hlutafélagsforminu, þ.e. ef við tökum Framsóknarflokkinn út fyrir sviga?

[14:06]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel vel koma til greina að færa þetta í hlutafélagaform. En þá er þarf að vera á hreinu að upplýsingalög séu virk og þarf að ríkja meira traust. Eins verð ég að segja að ef maður lítur til þess hve erfitt hefur reynst að toga upplýsingar úr fyrirtækjum í eigu okkar allra, svo sem Símanum meðan hann var í eigu allra, þá er það ekki góð reynsla. Áður en menn gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi þá finnst mér eðlilegt að menn tryggi upplýsingaflæðið. Hvers vegna má það ekki? Hvers vegna vilja framsóknarmenn halda öllu leyndu með aðstoð sjálfstæðismanna? Ég átta mig ekki á því hvaða hagsmuni þeir vilja tryggja. Mér finnst kominn tími til að menn svari því.

Að vísu lagði hæstv. iðnaðarráðherra fram frumvarp um opinber hlutafélög sem gerði ráð fyrir að blaðamenn ættu að mæta á einhverja fundi en það bauð ekki upp á meira. Það var allt innihaldið. Ráðherra hefur vægast sagt fengið litla gagnrýni og vikið sér hjá henni með blaðri um að þetta ætti að tryggja eitthvað, að blaðamenn mæti á fundi. Það sér hver maður að það tryggir hvorki eitt né neitt og alls ekki hagsmuni almennings.

[14:07]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að við hv. þingmaður séum á svipuðum slóðum þegar við skoðum kjarna málsins, þ.e. rekstrarformið á Rafmagnsveitum ríkisins til framtíðar, að upp-

fylltum ákveðnum skilyrðum, t.d. með upplýsingalögum um hlutafélög í opinberri eigu o.s.frv. Ég er algerlega sannfærður um að orkufyrirtæki í landinu eiga að vera í félagslegri eigu í einni eða annarri mynd. Um það er ég sannfærður. Ég held að það væri t.d. óheillaskref að einkavæða eða selja Landsvirkjun að hluta eða öllu leyti.

Ég spurði hæstv. forsætisráðherra þeirrar spurningar í umræðum á dögunum um skyld málefni, um eignarhald á landi í kringum Búrfellsvirkjun. Það var ekki hægt að skilja hæstv. forsætisráðherra öðruvísi en svo að hann væri afgerandi andvígur því að einkavæða og selja Landsvirkjun, að það stæði ekki til í hans stjórnartíð. Ég fagnaði því mjög af því að skilja mátti aðra forustumenn í ríkisstjórninni á annan veg, sérstaklega fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Það sjónarmið hefur kannski ekki heyrst í ríkisstjórninni en hjá mörgum þingmönnum og forustumönnum flokksins, þ.e. að Landsvirkjun væri eitt af fórnarlömbum einkavæðingarinnar á næstu missirum. Ég tek undir að við eigum að fara varlega í þeim málum. Orkufyrirtækin á ekki að einkavæða í þeim skilningi, alls ekki.

En félagslegt eignarhald, í þeirri mynd sem völ er á, kemur ekki bara til greina heldur er það eftirsóknarvert. Þá á ég við eignarhalds ríkisvaldsins, sveitarfélaga og lífeyrissjóða. Ég held að þetta frumvarp geti verið ágætt skref ef horft er fram hjá vantrú og vantrausti stjórnarandstæðinga og Íslendinga á stjórnarflokkunum, m.a. hv. þingmanns sem ég er í andsvörum við, Sigurjóns Þórðarsonar. Óbeit hans á Framsóknarflokknum er mjög mikil en mig langar að vita hvort málið geti samt ekki verið skref í rétta átt að stofnun hlutafélags um Rafmagnsveiturnar til að ná þessum framtíðarmarkmiðum um félagslegt eignarhald með ýmsum hætti.

[14:10]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get alls ekki fallist á það að ég hafi einhverja óbeit á Framsóknarflokknum. Mér þykir vænt um flokkinn og vil leiða honum fyrir sjónir að hann er á rangri leið. Það er augljóst ef menn líta yfir byggðir landsins sem hann hefur leikið gríðarlega hart á umliðnum árum.

En það sem mér finnst skipta máli og skiptir máli fyrir fólkið í landinu, mig og fleiri sem fá rafmagnsreikning frá Rarik, er að horft sé á hin praktísku úrlausnarefni, þ.e. hvort rafmagnsreikningurinn hafi hækkað eða lækkað. Nú hefur hann einungis hækkað á umliðnum árum og því tel ég að menn eigi að staldra við.

Ég beindi spurningum til hv. formanns iðnaðarnefndar. Ég vonast til að hann svari þessum praktísku spurningum en ég er samt ekkert viss um það. Flokkurinn virðist keyrður áfram af þeirri hugmyndafræði að bara við það að háeffa leysist öll heimsins vandamál. Ég er ekki þannig gerður. Ég vil að menn horfi á praktísku úrlausnarefnin. Ég vonast til að vinir mínir í Framsóknarflokknum átti sig á því að það sé ekki eingöngu hægt að horfa til hugmyndafræði heldur verða menn að líta til praktískra vandamála, sérstaklega þegar verk þeirra hafa einungis orðið til hækkunar.

[14:11]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um hugtakanotkun í upphafi. Menn tala annars vegar um að einkavæða og hins vegar um að markaðsvæða. Sumir tala um mikilvægi eignarhaldsins fyrst og fremst, óháð rekstrarforminu, þannig að saman ægir margvíslegum hugmyndum þar sem menn leggja misjafnan skilning í hugtökin og það sem fyrir mönnum vakir.

Að auki fengum við ýmsar útgáfu af því í gær hvað vakir fyrir stjórnvöldum. Við höfum heyrt hæstv. iðnaðarráðherra tala um að í framtíðinni verði raforkugeirinn einkavæddur, tekinn úr höndum opinberra aðila og færður yfir á markað. Við höfum fengið frumvarpið sem hér liggur fyrir, sem segir að Rafmagnsveitur ríkisins eigi að vera alfarið í eigu ríkisins. Við höfum fengið útgáfu hv. formanns iðnaðarnefndar sem segir að hann sjái fyrir sér að eignarhaldið verði að meiri hluta í eigu ríkisins, þrátt fyrir 3. gr. í frumvarpinu þannig að við erum með alls kyns útgáfur í gangi.

Í mínum huga felst markaðsvæðingin í því að gera stofnun að hlutafélagi. Það er markaðsvæðingin óháð eignarhaldi. Það sem vakir fyrir mönnum með því að gera stofnun að hlutafélagi er að færa hana út á markað þannig að hún geti hagað sér eins og fyrirtæki almennt gera. Þess vegna verður í bland að taka hana undan upplýsingalögum og leyfa henni að búa yfir ýmsum viðskiptaleyndarmálum, svo dæmi sé tekið. Þetta er eitt af markmiðum þess að gera stofnun að hlutafélagi.

Síðan eru uppi sjónarmið um það hvort hægt sé að fara einhverja millileið, hvort þeir sem eiga fyrirtækið eða fulltrúar þeirra, ríkis eða sveitarfélags eftir atvikum, geti komist inn á fundi og spurt almennra spurninga. En hins vegar deila þeir sem setja fram slík frumvörp eða tillögur ekki um að eftir sem áður eigi að ríkja ákveðinn leyndarhjúpur um hlutafélagið. Markmiðið er að það geti hagað sér eins og fyrirtæki á markaði. Þar kemur að þeirri gagnrýni sem við höfum sett fram gagnvart þeim sem ekki vilja ganga alla leið og setja fyrirtækið yfir á hlutafélagamarkað. Það er nokkuð sem ég skil mætavel og nýta sér kosti hlutafélagsformsins með aðhaldi frá hluthöfum.

Við eigum erfitt með að skilja hvers vegna menn ætla að fara þessa hálfu leið, búa til eitt hlutabréf, setja það undir einn ráðherra og síðan einhverja undarlega upplýsingagjöf sem menn eru reyndar að bögglast með í þingnefndum í hvaða formi eigi að vera. En þetta er í mínum huga skrefið sem menn stíga til markaðsvæðingar að þessu leyti og ég tel hlutafélagsformið ekki nýtast sem skyldi ef eigandinn er einn og aðhaldið skortir frá hluthöfum. Ef við hins vegar ætlum að tryggja félagslega eign sem aðrir tala fyrir, þá eigum við ekki að gera fyrirtækið að hlutafélagi, við eigum að fara aðrar leiðir. Þá eigum við að skoða sameignarfélagsformið eða hugsanlega önnur form, byggðasamlags svo dæmi sé tekið eða þróa einhver ný form sem við getum soðið upp úr þessu til að nýta alla þá kosti sem við sjáum í þeirri löggjöf sem er fyrir hendi og reyna að sneiða frá ókostina.

Mér finnst ákveðnar mótsagnir koma fram í yfirlýsingum manna hvað þetta snertir. Hlutafélagavæðing er skref í átt að markaðsvæða þennan geira. Það er yfirlýst markmið stjórnvalda líka og þó ég sé ekki sammála hægri mönnunum, sjálfstæðismönnum og hægri mönnunum í Framsóknarflokknum — er ég þá náttúrlega að vísa fyrst og fremst til

hæstv. iðnaðarráðherra og samherja hennar á þeim bænum, því það eru líka til félagshyggjumenn í Framsókn en þeim fer fækkandi — en þeir, hægri mennirnir, vilja ganga alla leið og nýta kosti markaðarins að fullu. Ég er sammála hinum sem vilja hina félagslegu eign og hið félagslega rekstrarform einnig. Þarna finnst mér átakalínurnar liggja.

Síðan er rætt um kosti þess og galla að markaðsvæða raforkukerfið. Við sem höfum verið þessu andvíg byggjum málflutning okkar á tilvísan í reynslu af kerfisbreytingum af þessu tagi. Við byggjum á tilvísan í reynslu af kerfisbreytingunum sem þegar hafa átt sér stað hér á landi. Hæstv. iðnaðarráðherra sem er í forsvari fyrir ríkisstjórnina í þessu efni vísar öllu slíku á bug, segir m.a. í ekki svo ýkjagamalli frétt í Fréttablaðinu í undirfyrirsögn, með leyfi forseta:

„*Iðnaðarráðherra segir fyrsta ár frjáls markaðar í sölu á* raforku verða tilraunaár. Breytingarnar séu til batnaðar, verð hafi ekki hækkað því litið sé á heildina. Forstjórar orkuveitna séu ósáttir við að lúta aðhaldi og eftirliti.“

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að þeir forstjórar eru ósáttir, enda hafa þeir bent á t.d. að daggjald raforku hafi hækkað um 106%. Svo vitnað sé í frétt í Fréttablaðinu segir á forsíðu, ég hygg að það hafi verið miðvikudaginn 1. febrúar, með leyfi forseta:

„Daggjald heimila vegna raforkunotkunar hefur tvöfaldast á tveimur árum. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur segir raforkulögin orsaka hækkunina. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir flest fyrirtæki einnig greiða hærra verð og líkir ástandinu við samráð olíufélaganna.“

Í Blaðinu 2. febrúar, daginn eftir, er tilvitnun í Frans Árnason, forstjóra Norðurorku, þar sem segir um ummæli hans í Fréttablaðinu, með leyfi forseta: „Hann þekki engan sem sé ánægður með lögin.“ Þar er náttúrlega undantekning sem við þekkjum öll og þar er hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, og formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson og félagar hans í Framsóknarflokknum sem eru alveg yfir sig hrifnir af þessum breytingum, jafnvel þótt allir aðrir sjái hækkanir þar sem þau sjá lækkanir.

Ég vitna aftur í blaðafregn, það er Bændablaðið að þessu sinni frá 28. febrúar. Hér segir, með leyfi forseta:

„*Marteinn Njálsson, formaður Félags ferðaþjónustu*bænda, segir að þegar breytingarnar á raforkulögunum voru kynntar hafi menn talið að í dreifbýlinu myndi raforkuverð hækka um 2–3% en í þéttbýlinu yrði um 3–5% lækkun að ræða. Þannig hafi það verið kynnt. „Nú kemur það í ljós að hjá kúabændum og ferðaþjónustubændum sem nota mikla raforku og þeim sem kynda hús sín með raforku hefur verð hækkað um 35–40%. Við höfum fengið það staðfest hjá rafmagnsveitunum að þessi hækkun sé viðvarandi en ekki eitthvað sérstakt fyrir árið 2005. Það er því ljóst að eitthvað hefur brugðist í útreikningum og fyrir það verðum við að greiða,“ segir Marteinn.“

Þessi tilvísun í Bændablaðið er frá 28. febrúar 2006. En kerfið er að verða til. Það eru vissulega rök í sjálfu sér að benda á að enn eigi eftir að koma reynsla á kerfið. Ekki sé orðinn til samkeppnismarkaður sem menn vonist til að skapist í landinu. En þá horfum við til útlanda og horfum til reynslunnar erlendis frá. Við höfum tíundað það í ræðum okkar, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hvernig markaðsvæðing raforkukerfisins í Evrópu hafi leitt til verðhækkunar en ekki verðlækkunar og það vefengir enginn. Fulltrúar Evrópusambandsins sem voru hér nýlega á ferð staðhæfðu þetta og það var sá sem fer með raforkumálin hjá sambandinu, maður sem er sjálfur mjög trúaður á markaðsvæðingu kerfisins en sagðist verða að viðurkenna að þessu væri þannig farið að verðið hefði hækkað. Aðrir sérfræðingar sem hafa komið hingað til lands eða tjáð sig í rituðu máli hafa sagt hið sama. Verðlagið hefur hækkað, verðlagið á raforku hefur hækkað en samt ætla menn að halda áfram.

Hægt er að benda á ýmislegt í þessu efni. Það er t.d. athyglisvert sem fram hefur komið í Noregi og var sagt frá í útvarpsfréttum ekki alls fyrir löngu, að neytendur þar í landi hafi brugðist, þeir fylgist ekki með verðlaginu eins og *menn höfðu ætlað að mundi gerast.* Það er reyndar í samræmi við það sem hv. þm. Jón Bjarnason vitnaði til í gær, í skýrslu frá Bandaríkjunum sem sýnir að neytendur í Bandaríkjunum almennt horfi fyrst og fremst til öryggisins, að yfirleitt kvikni ljós fremur en til verðlagsins, að verðlagið hefði minni áhrif en menn höfðu ætlað.

Það kemur fram líka svo ég vitni í enn eina heimild. Það er grein eftir Jon R. Hammerfjeld sem birtist í norska Dagbladinu fyrir nokkrum missirum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eftir að rafmagnsmarkaðurinn var gefinn frjáls hafa notendur getað skipt um rafmagnsseljendur en þau fyrirtæki sem hafa flesta viðskiptavini eru langt í frá með lægsta rafmagnsverðið.“

Jafnvel þótt kenningin segi að samkeppni á þessu sviði eigi að hafa einhver veruleg áhrif er reyndin allt önnur. Síðan er hitt sem ég held að við hljótum að huga að og læra þar aftur af reynslunni. Þau fyrirtæki sem sýsla með rafmagnið, vatnið á erlendri grundu eða aðra þætti, fjölmiðlun, teygja anga sína inn í margvíslega og fjölbreytta atvinnustarfsemi. Við munum hvernig það var með bankana og við þekkjum það frá tryggingafélögunum að þeir aðilar setja neytendanum iðulega stólinn fyrir dyrnar og segja: Jú, jú, þú getur fengið þessi kjör hjá mér, þessi góðu kjör en að því tilskildu að þú sért í viðskiptum hér og hér og hér. Við þekkjum það t.d. *með bankana, þegar þeir fóru niður með vextina þá* voru hagstæðustu og lægstu vextirnir boðnir með því skilyrði að viðkomandi kæmi einnig inn í bankann með viðbótarlífeyrissparnað, svo dæmi sé tekið. Þetta eru bara staðreyndir. Kenningin um að hinn frjálsi markaður eigi að lækna öll mein gengur hreinlega ekki upp.

Síðan er á hitt að líta, samráðið. Það er eitt af því sem forsvarsmenn orkufyrirtækjanna bentu á í hinum ágætu skrifum Fréttablaðsins í byrjun febrúar sl. Þar var bent á þá hættu sem stafaði af samráði á þessu sviði. Ég er með sænsk blöð frá því um miðjan febrúarmánuð sem segja frá hneykslismálum sem komið hafa upp í Svíþjóð þar sem orkufyrirtækin þar í landi höfðu víðtækt samráð sín í milli og héldu verðlaginu uppi. Nú eru áhöld um hvort þau þurfi að greiða orkukaupendum í Svíþjóð milljarða samkvæmt Dagens Nyheter, milljarða til baka í skaðabætur. Þetta er vegna samráðs.

Staðreyndin er sú að á þessum markaði, á evrópska raforkumarkaðnum, og ég er hræddur um að það muni gerast hér líka, er stöðugt að verða meiri og meiri samþjöppun.

Þetta hefur svo sannarlega gerst í Svíþjóð og í Skandinavíu. Þar er framleiðendum að fækka. Ég er með tilvísan í frétt í sænska blaðinu Aftonbladet frá áramótum 2003/2004, undir árslok 2003, þar sem rakin er þróunin sem átt hefur sér stað í Svíþjóð. Þar kemur í ljós að raforkuframleiðendur þar í landi eru ekki lengur sænskir nema að litlum hluta. Þrír stórir framleiðendur séu í landinu, það er Vattenfall, sem er í sænskri eigu, það er Sydkraft í þýskri eigu og Fortune sem er í finnskri eigu. Síðan segir í úttekt blaðsins að þessi fyrirtæki hafi haft mikinn hagnað af starfsemi sinni. Öðru máli gegni hins vegar um sænska neytendur. Öðru máli gegnir líka um starfsmenn þeirra fyrirtækja. Ég benti á í umræðunni í gær að í Evrópusambandinu hefðu 300 þúsund starfsmenn í raforkugeiranum misst atvinnu sína frá því að raforkugeirinn var markaðsvæddur eða fyrstu skrefin stigin í þá átt.

Niðurstaða mín og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er sú að hlutafélagavæðing og markaðsvæðing þessarar grunnþjónustu sé ekki heppileg, sé ekki samfélaginu til góða. Hvað er í vegi þess að við í okkar litla landi skipuleggjum þá grunnþjónustu sem við öll þurfum á að halda þannig að hún þjóni samfélaginu öllu vel? Hvað stendur í vegi fyrir því að við gerum það í samvinnu og með samrekstri í stað þess að búa til kerfi sem byggir á samkeppni, ég vil segja ímyndaðri samkeppni? Það verða að öllum líkindum eftir fáein ár ef þessi áform ná fram að ganga tveir raforkuframleiðendur á Íslandi. Halda menn virkilega að virk samkeppni muni verða þeirra í milli? Nei. Ég held að það verði samráð þeirra í milli á nákvæmlega sama hátt og gerst hefur í Evrópu og á nákvæmlega sama hátt og gerst hefur í heiminum öllum þegar um slíka grunnþjónustu er að ræða. Við þekkjum það hvernig það er með vatnið ef litið er til þess lands í Evrópu þar sem markaðsvæðing hefur frá gamalli tíð náð lengst fram að ganga, Frakklands. Þar er landinu öllu skipt upp á milli tveggja stórra fyrirtækja. Meira að segja sumum borgunum er skipt upp, Marseille austur og Marseille vestur, eitt fyrirtæki hér, annað fyrirtæki þar, svipað verð. Þar er engin samkeppni. Það er ekki um neina samkeppni að ræða. Í slíkum tilvikum þar sem notandinn er í rauninni nauðugur kaupandi, hann er inni í kerfinu, þá á hann að búa við opið félagslegt kerfi. Það er fráleitt að færa slíka starfsemi inn undir einhvern hulíðshjúp, það er fráleitur hlutur. Þetta snýst nefnilega ekki bara um eignarhald. Þetta snýst ekki bara um að gefa loforð um að hlutabréfið verði alltaf í eign ríkis eða sveitarfélags. Það snýst að mínum dómi alls ekki um það eitt. Þetta snýst um hvort eigi að fara með þessa starfsemi inn í markaðsumhverfi. Ég tel að reynslan og staðreyndirnar sem við höfum fyrir okkur tali sínu máli.

Við þingmenn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði tölum einum rómi í þessu máli. Við viljum samfélagslega rekna grunnþjónustu og við höfum vísað til margvíslegra gagna sem fram hafa komið því að mjög lífleg og mikil rannsóknastarfsemi hefur tengst þessum einkavædda geira, bæði raforkunni og vatninu. Svo hefur verið á undanförnum árum og ég vitnaði í gær til matsfyrirtækisins Fitch sem gerði samantekt á einkareknum raforkufyrirtækjum í Bandaríkjunum og fyrirtækjum í samfélagslegri eign. Þar kom í ljós að einkunnagjöf fyrir hin samfélagslegu reknu fyrirtæki, fyrirtæki sem eru í eign samfélagsins, var mun jákvæðari en hjá hinum fyrirtækjunum.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál í þessari umferð. Ég gerði allvel grein fyrir sjónarmiðum mínum við umræðuna í gær. En ég ætla að víkja að einu og það væri gaman að heyra sjónarmið dreifbýlisþingmannsins, formanns iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, varðandi yfirlýsingar og samþykktir sem eru að berast víðs vegar að úr dreifbýlinu þessa dagana. Ég vísa í tillögu sem fram kom í sveitarstjórn Skagafjarðar og var þar samþykkt. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir að hafa forgöngu um að kanna leiðir til að tryggja aðgang að rafmagni á sem hagstæðustu verði til heimila og fyrirtækja í Skagafirði. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að óska eftir viðræðum við stjórnvöld um að kannaðir verði kostir þess að sveitarfélagið og Skagafjarðarveitur ehf. eignist þá starfsemi sem Rafveita Sauðárkróks áður gegndi og annan núverandi rekstur Rariks í héraðinu."

Ég vona að hv. þm. Birkir Jón Jónsson sé að hlusta á þessa samþykkt úr Skagafirði um að Skagfirðingar geti fengið sinn hlut í Rarik við þær kerfisbreytingar sem nú eru fyrirhugaðar. En í greinargerð með þessari tillögu segir, með leyfi forseta:

„Miklar breytingar eru fram undan í raforkumálum landsmanna, hlutafélagsvæðing Rariks og sameining orkufyrirtækja um einstaka þætti á raforkumarkaðnum. Benda má á að sú eignamyndun sem orðið hefur hjá Rafmagnsveitum ríkisins er til komin vegna sölu á þjónustu til sveitarfélaganna og íbúa þeirra. Reynslan sýnir að þau sveitarfélög sem eiga veitur standa sterkar að vígi og geta beitt þeim til að efla þjónustu og atvinnuuppbyggingu í sínu héraði. Skiptir því miklu máli að þau séu í eigu og umsjá íbúanna á viðkomandi svæðum. Sem dæmi má nefna hve dýrmætt það er fyrir Skagfirðinga að eiga áfram Skagafjarðarveitur. Með því að Sveitarfélagið Skagafjörður og Skagafjarðarveitur ehf. fái umráð yfir þeirri starfsemi, sem Rafveita Sauðárkróks gegndi áður og öðrum rekstri Rariks í Skagafirði gætu skapast frekari sóknarfæri fyrir byggð og atvinnulíf í héraðinu."

Þetta er greinargerð tillögu sem samþykkt var af sveitarstjórn Skagafjarðar. Síðan hafa fylgt þessu heilmikil skrif. Ég vísa t.d. í skrif Sigrúnar Öldu Sighvats sem segir m.a., það er á Skagafjarðarvefnum skagafjordur.is, en þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrir rúmu ári komu stjórnir Skagafjarðarveitna og Norðurorku hf. sameiginlega á framfæri áskorunum til ráðamanna um að það væri röng stefna stjórnvalda í rafveitumálum að ætla að sameina stóru raforkufyrirtækin. Slíkt þjóni alls ekki hagsmunum landsbyggðarinnar. Gefa ætti veitufyrirtækjum, sem eru á dreifiveitusvæðum Rariks, tækifæri til að yfirtaka þennan rekstur og efla og styrkja á þann hátt starf þeirra. "

Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru íhugulir, enda mun þar vera flokkssystir þeirra á ferðinni. Það eru nefnilega ýmis sjónarmið í málinu sem koma fram óháð þeim línum sem eru fyrir hendi á Alþingi á nákvæmlega sama hátt og Vinstri hreyfingin – grænt framboð talaði einn flokka í Kárahnjúkamálinu (**Gripið fram í:** Einn fyrir öll-

um.) og einn flokka gegn einkavæðingu Pósts og síma — einn flokka. Þá nutum við samhljóms í samfélaginu. Við vorum samstiga með meiri hluta Íslendinga. Ég hef trú á því að við séum það enn í þessu máli, óháð flokkslínum. Íslendingar eiga eftir að átta sig á því hvað þeir gera í kjörklefanum. (**Gripið fram í:** Akkúrat.) Þeir sem standa þessa vakt, sem meiri hluti þjóðarinnar vill að staðin verði, eiga eftir að fá að njóta þess þegar kemur til alþingiskosninga og þegar kemur til sveitarstjórnarkosninga. Það er hér á Alþingi og síðan í sveitarstjórnum sem ákvarðanir eru teknar. Ég vil taka það fram að í Skagafirði, þar sem þessi ályktun kom fram, á Vinstri hreyfingin – grænt framboð hlut að máli og aðild að sveitarstjórn.

Að lokum, hæstv. forseti, tel ég mikilvægt að fylgjast með því hvernig til tekst í samningum við starfsfólk Rariks hf. Ég fór mjög rækilega yfir það í umfjöllun minni í gær hve miklir vankantar eru á frumvarpinu hvað það efni snertir. Ég vék að biðlaunaréttindum, ég vék að ýmsum öðrum réttindum og ég staðnæmdist sérstaklega við lífeyrisréttindi. (**PHB:** Hvers virði eru þau?) Hvers virði eru þau? spyr hv. þm. Pétur H. Blöndal sem vildi við umræðuna í gær fá mig til að verðleggja hvers virði, með hans orðum, það er að búa við áminningarskyldu atvinnurekanda, hvers virði það væri fyrir launamanninn að búa við þann rétt að atvinnurekandinn þurfi að áminna hann í starfi áður en hann rekur hann. Ég segi: Til eru þau réttindi sem eru mikils virði áður en þau eru metin til kostnaðar í krónum og aurum. Þannig er það um margt í réttindakerfi launafólks sem er okkur mikils virði án þess að við getum verðlagt það á mælikvarða sem hv. þm. Pétri H. Blöndal er tamt að nota.

En varðandi lífeyrisréttindin, svo ég nefni þau sérstaklega, þá verða þau vissulega talin í krónum og aurum. Það er rétt. Þau eru mikils virði. Ég lít á lífeyrisréttindi sem einhver mikilvægustu réttindi sem launafólk býr yfirleitt við. Ég vil standa vörð um réttindi starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins. Ég hef bent á það við þessa umræðu og áður þegar ég hef staðið í hliðstæðum sporum, að ræða um opinbera starfsemi sem á að breyta í hlutafélög, að það er tæknilega hægt að heimila, ekki aðeins þeim sem nú eru í starfi heldur einnig nýráðnum, aðild að sömu lífeyrissjóðum og þeir eiga nú aðgang að. Þá er ég að horfa til lífeyrissjóða opinberra starfsmanna, ég er að horfa til LSR. Ný deild þess lífeyrissjóðs sem hefur verið við lýði frá 1. janúar 1997 getur tekið á móti nýráðnu fólki í hlutafélagi, ekkert síður en starfsmönnum opinberra stofnana.

Ég vil segja það að lokum, hæstv. forseti, að ég mun fyrir mitt leyti fylgjast grannt með því hvað gerist á komandi dögum í þessum efnum. Ég efast ekkert um að hagsmunasamtök starfsmanna munu leita eftir samningum við Rafmagnsveitur ríkisins og kanna hver hugur stjórnenda þeirra stofnana er. Munu þeir gera sitt til að greiða götu starfsmanna og reyna að standa vörð um þeirra réttindi eða munu þeir bregða fæti fyrir starfsmenn, eins og því miður gerðist þegar Póstur og sími var gerður að hlutafélagi? Því miður hefur slíkt allt of oft gerst þegar opinberum stofnunum hefur verið breytt í hlutafélög á liðnum árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bílaleigur, 2. umr.

Stjfrv., 379. mál (flutningur leyfisveitinga o.fl.). — Þskj. 435, nál. 939, brtt. 940.

[14:41]

Frsm. samgn. (Guðjón Hjörleifsson):

Frú forseti. Við tökum til 2. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/2000, um bílaleigur með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að leyfisveitingar til að reka bílaleigur færist frá samgönguráðuneyti til Vegagerðarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að þeir sem vilja reka bílaleigur hafi starfsleyfi frá Vegagerðinni en ekki samgönguráðuneytinu. Þetta er í samræmi við stjórnsýslulög sem kveða á um þann grundvallarrétt borgaranna að þeir geti skotið stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds. Með því að veita undirstofnunum ráðuneyta heimild til að kveða á um rétt og skyldur manna, svo og um veitingu leyfa, eftirlit með því að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt o.s.frv. verður þessu við komið.

Þá er lagt til að gjald fyrir útgáfu starfsleyfis hækki úr 10 þús. kr. í 25 þús. kr. Vegagerðin hefur reiknað út kostnað vegna útgáfu starfsleyfa og annarrar umsýslu og er því lagt til að gjaldið hækki þannig að það geti staðið undir þeim kostnaði. Starfsleyfið er gefið út til fimm ára þannig að um er að ræða 5 þúsund kr. á ári.

Aðrar breytingar á lögunum sem lagðar eru til í frumvarpinu eru að kveðið er á um að bílaleiga skuli rekin á fastri starfsstöð sem opin skuli almenningi á tilgreindum tíma. Þá er einnig lögð sú skylda á bílaleigur að þær upplýsi opnunartímann á skýran og ótvíræðan hátt og standi við hann. Áréttað er að bílaleigu er bannað að leigja út ökutæki sem ekki eru sérstaklega skráð hjá Umferðarstofu sem ökutæki sem leigt er í atvinnuskyni án ökumanns. Kveðið er á um heimild fyrir bílaleigur til að leigja til lengri tíma ökutæki sem ekki hefur notið lægri vörugjalda og ökutæki þar sem 15 mánuðir eru liðnir frá nýskráningu ökutækis sem notið hefur lægri vörugjalda, samanber lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993.

Þetta er í samræmi við framkvæmd núgildandi laga. Þau hafa verið túlkuð þannig að bílaleigum sé heimilt að leigja ökutæki sem ekki hafa notið lægri vörugjalda og ökutæki þar sem 15 mánuðir eru liðnir frá nýskráningu ökutækis, sem notið hefur lægri vörugjalda til lengri tíma en þriggja vikna. Talið er að þessi heimild raski ekki samkeppnisstöðu milli bílaleigna annars vegar og kaupleigu eða fjármögnunarfyrirtækja hins vegar. Refsiákvæði laganna er gert skýrara og tekið fram hvaða ákvæði þeirra geti falið í sér refsiverð brot. Bætt er inn ákvæði sem kveður á um að Vegagerðin hafi eftirlit með framkvæmd laganna og er bílaleigum skylt að veita henni upplýsingar er varða starfsleyfi þeirra.

Frú forseti. Alþingi samþykkti í maí árið 2000 lög um bílaleigur, nr. 64/2000. Með lögunum var samgönguráðuneytinu falið að fara með málefni bílaleigna, útgáfu leyfa, eftirlit og annað sem tilheyrði því að halda utan um málaflokkinn. Í bílaleigulögunum voru bráðabirgðaákvæði sem kváðu á um að allar starfandi bílaleigur fyrir gildistöku þeirra skyldu hafa aflað sér leyfis fyrir 1. september 2000. Er fresturinn rann út höfðu verið gefin út 21 leyfi. Þann 19.

ágúst 2005 höfðu 56 bílaleigur starfsleyfi frá ráðuneytinu. Fjöldi starfsleyfa hefur verið með þessum hætti frá því að lögin tóku gildi.

Ef við skoðum aðeins þróunina árið 2000 var fjöldi bifreiða 2.321 og veltan 1,5 milljarðar og árið 2004 3.915 bifreiðar og 2,4 milljarðar í veltu. Þessar upplýsingar koma frá Samtökum um samgöngu- og ferðaþjónustu, varðandi fjölda bíla og veltutölur frá Hagstofunni.

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum, frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Umferðarstofu, Vegagerðinni og Bílgreinasambandinu.

Með frumvarpinu er lagt til að færa málefni bílaleigna og veitingu leyfa til að reka bílaleigur frá samgönguráðuneyti til Vegagerðarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að þeir sem vilji reka bílaleigur hafi starfsleyfi frá Vegagerðinni en ekki samgönguráðuneytinu. Það samræmist meginreglum góðrar stjórnsýslu um rétt borgaranna til að skjóta stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds. Auk þess fer Vegagerðin nú þegar með leyfisveitingar í skyldum málaflokkum, svo sem varðandi fólks- og farmflutninga á landi og leigubifreiðar.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru m.a. að kveðið er á um að bílaleiga skuli rekin á fastri starfsstöð sem opin skal almenningi á tilgreindum tíma. Þá er áréttað að bílaleigu er bannað að leigja út ökutæki sem ekki er sérstaklega skráð hjá Umferðarstofu sem ökutæki sem leigt er í atvinnuskyni án ökumanns.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Kristján L. Möller var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Auk mín rita undir álitið hv. þm. Pétur H. Blöndal, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir

Frú forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum við frumvarp. til laga um breytingu á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

„1. Við 2. gr. Í stað orðsins „Opnunartími" í e-lið komi: Afgreiðslutími.

2. Við 8. gr. Greinin orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frú forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr.

[14:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að koma á framfæri þeim athugasemdum sem ég hef við frumvarpið. Ég geri hvorki athugasemdir við að þetta sé fært frá samgönguráðuneyti til Vegagerðarinnar né heldur ýmis önnur atriði sem lúta að starfsrammanum sem verið er að gera þar.

Hins vegar eru það tvö atriði sem ég geri athugasemdir við. Það er í fyrsta lagi það sem stendur í 6. gr. að Vegagerðinni sé heimilt að fela faggiltum skoðunarstöðvum að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt þessum lögum. Þarna er verið að gefa Vegagerðinni, sem er að fá þetta verkefni nú samkvæmt lögum, heimild til að framselja það strax aftur til þriðja aðila. Þarna er eins konar einkavæðingarhugtak á ferðinni. Ég vil spyrja hv. formann samgöngunefndar hvort ætlunin sé að fara að beita þessu ákvæði. Er það þegar komið á dagskrá að beita þessu ákvæði, að framselja eftirlitið sem þó er verið að færa undir Vegagerðina? Ég tel að þessi setning hefði ekki átt að vera með. Ábyrgðin hefði átt að vera skilyrðislaust hjá Vegagerðinni og eftirlitið líka.

Í öðru lagi geri ég athugasemdir við þá miklu kostnaðarhækkun sem er hér. Að útgáfa starfsleyfa hækki úr 10 þús. kr. í 25 þús. kr. í einu stökki án þess að hægt sé að segja að fullnægjandi röksemd fylgi. Hér er fyrst og fremst um að ræða skattheimtu sem verið er að færa út í atvinnustarfsemi af þessu tagi órökstutt eða illa rökstutt að mínu mati og ég get þess vegna ekki stutt þennan þátt.

Frú forseti. Ég ítreka spurningu mína til hv. framsögumanns samgöngunefndar sem hér mælir fyrir nefndaráliti. Er ætlunin að fara að beita þessu ákvæði um einkavæðingu á eftirlitinu strax?

[14:49]

Frsm. samgn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel eðlilegt að faggiltar skoðunarstofur sjái um að skoða þetta fyrir Vegagerðina. Það er ekki eðlilegt að Vegagerðin sé með sjálfstæða skoðunarstofu þó hún hafi eftirlit með þessu máli. Þetta er mjög eðlilegt og gæti jafnvel raskað samkeppnisumhverfi ef menn fara að stunda þetta.

Breyting úr 10 þús. kr. í 25 þús. kr. er rökstudd í greinargerðinni. Þetta er útlagður kostnaður og það er ekki eðlilegt að verið sé að borga með þessu. Við erum að tala um hækkun úr 2 þús. kr. á ári í 5 þús. kr. á ári þegar við hækkum úr 10 þús. kr. í 25 þús. kr. til fimm ára.

[14:50]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil ítreka að ég styð grunnþætti frumvarpsins um að eftirlit með bílaleigum sé flutt frá samgönguráðuneyti til Vegagerðarinnar. Hins vegar get ég ekki fallist á það að Vegagerðinni sé heimilt að framselja eftirlitið til skoðunarstofa um leið og þessi lög eru samþykkt því að Vegagerðin á áfram að bera ábyrgð á öllum gögnum og ber raunar ábyrgð á eftirlitinu. Með því að framselja það til einhverra skoðunarstofa er verið að búa til tvöfalt kerfi og þá með auknum kostnaði. Það kemur líka fram í því að það þarf að hækka leyfisgjöldin úr 10 þús. kr. í 25 þús. kr. einmitt til að standa undir þessu tvöfalda kerfi sem er innbyggt í frumvarpinu, annars vegar eftirlitsstofum, skoðunarstofum, og hins vegar eftirliti Vegagerðarinnar sjálfrar. Þessir fyrirvarar mínir við þetta frumvarp skulu rækilega tíundaðir, frú forseti.

[14:51]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Hér fer fram 2. umr. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum. Í þessu frumvarpi felst m.a. að leyfisveitingar til að reka bílaleigur færist frá samgönguráðuneytinu til Vegagerðarinnar og starfsleyfi sé útgefið af Vegagerðinni en ekki ráðuneytinu eins og áður.

Í máli hæstv. samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssonar, í 1. umr. kom fram að ástæða gjaldhækkunarinnar væri kostnaður við útgáfu starfsleyfanna og aðra umsjón með bílaleigum og ætti gjaldið að standa undir þeim kostnaði. Ekki væri gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til Vegagerðarinnar vegna þessa verkefnaflutnings. Samkvæmt þessu frumvarpi kemur fram að Vegagerðin hefur reiknað út kostnað sem er á bls. 3 í frumvarpinu.

Mig langaði að spyrja hæstv. samgönguráðherra vegna þessarar fyrirhuguðu hækkunar á leyfisgjöldum hver kostnaðurinn hefur verið fram til þessa við útgáfu starfsleyfa og aðra þá umsjón sem tilheyrir þeim þætti sem flytja á til Vegagerðarinnar. Kannski hv. formaður nefndarinnar viti það. Síðasta setningin í 6. gr. lagafrumvarpsins, lið c, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Vegagerðinni er heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt lögunum."

Ég tek undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að ég tel ekki ástæðu til að framselja eftirlitshlutverk og spyr í rauninni: Af hverju þarf það að vera? Er ekki í lagi að Vegagerðin beri ábyrgð á því að lögunum sé fylgt og haldi utan um þetta ein og sér?

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um fasta starfsstöð sem sé opin almenningi á tilteknum tíma og rökin fyrir því hjá hæstv. ráðherra voru þau að mikilvægt væri að viðskiptavinir gætu náð persónulegu sambandi við þann sem skipt er við, og ég tek vissulega undir það. En, eins og einnig kom fram í fyrri umræðu, eru aðstæður á landsbyggðinni oft aðrar og eru bílaleigur þar engin undantekning. Einstaklingar taka sér umboð fyrir ákveðna bílaleigu og afgreiðslan er oft og tíðum frá heimili viðkomandi. Ég tek undir það að kveða þarf skýrt á um slíkar starfsstöðvar eða umboð en vil árétta að slík þjónusta þarf að vera til staðar. Ég lít ekki svo á að fyrirtækin séu að dreifa stöðvunum til að koma sér undan eftirliti eins og kom fram hjá hæstv. samgönguráðherra við 1. umr. Sveitarfélögunum ber að sjá til þess að slíkar starfsstöðvar valdi ekki ónæði og fylgja því eftir að tilskilin leyfi séu til staðar en það þarf að vera skýrt á um þetta kveðið í þessum lögum. Öryggi allra sem nýta sér slíka þjónustu þarf að vera í fyrirrúmi og er því aukið eftirlit með starfseminni af hinu góða. Það verður þó vissulega að gæta þess að það verði aldrei íþyngjandi fyrir starfsemina með mikilli hækkun gjalda eins og hér er lagt til, úr 10 þús. kr. í 25 þús. kr. á leyfi. Ég endurtek því spurningu mína til hæstv. samgönguráðherra hvort það liggi á hreinu hver kostnaðurinn vegna þessarar útgáfu starfsleyfa og annarrar þeirrar umsjónar sem Vegagerðin fær núna er í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Upplýsingaréttur um umhverfismál, 2. umr.

Stjfrv., 221. mál (EES-reglur). — Þskj. 221, nál. 936, brtt. 937.

[14:55]

Frsm. umhvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil mæla fyrir áliti umhverfisnefndar um frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál og gera grein fyrir því áliti sem er samhljóða álit allrar nefndarinnar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Hreinsson, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, og Sigríði Auði Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti. Með frumvarpinu er innleidd tilskipun 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins, 90/313/EB, sem var tekin inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 123/2003, hinn 26. september 2003.

Þessi umrædda tilskipun hefur það að markmiði að innleiða fyrstu stoð Árósasamningsins í löggjöf Evrópubandalagsins en sá hluti samningsins lýtur að almennum aðgangi að upplýsingum um umhverfismál. Tilskipunin var tekin inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar eins og fyrr sagði í september 2003.

Markmið frumvarpsins er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál. Í 2. og 3. gr. frumvarpsins er tekið fram um hverja frumvarpið gildir og til hvaða upplýsinga það nær.

Í fylgiskjali með frumvarpinu eru talin upp dæmi um ýmis sérákvæði um þagnarskyldu í lögum en í þessu frumvarpi er lagt til að upplýsingarétturinn nái yfir þau þrátt fyrir þau ákvæði. Nefndin telur tímabært að þessi þagnarskylduákvæði, sem er að finna víða í lögum, verði samræmd og inntak þeirra skýrt og vill hvetja til þess að hugað verði að því. Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Gerð er tillaga um að í stað orðanna „mengun matvæla" í 4. tölul. 3. gr. komi „mengun í fæðukeðjunni" í samræmi við orðalag tilskipunarinnar en þar segir í f-lið 2. gr. „contamination of the food chain" þannig að réttara þykir að orðalagið verði eins og nefndin leggur til.

2. Lagt er til að frestur skv. 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. fyrir stjórnvöld til að svara erindi verði sjö virkir dagar en í frumvarpinu segir sjö dagar og í 12. gr. er lagt til að breyta ákvæði um frest stjórnvalda úr 15 dögum í 15 virka daga sem er þá frestur stjórnvalda til að taka ákvörðun um hvort orðið verði við beiðni um aðgang að upplýsingum.

3. Lagt er til að bæta við í 18. gr. frumvarpsins þar sem talin eru upp atriði eða upplýsingar sem af sérstökum ástæðum yrðu undanþegnar þeirri skyldu að þær beri að veita almenningi, svo sem upplýsingar um varpstaði arna o.s.frv. sem mönnum kann að þykja nauðsynlegt að halda frá almenningi. Í 18. gr. eru talin upp nokkur atriði sem lagt er til að verði undanþegin þeirri upplýsingaskyldu en

nefndin leggur til að bæta við þá upptalningu orðunum steindir, steingervingar og bergmyndanir.

4. Nefndin leggur til breytingu í 4. tölul. 18. gr., sem er aðeins orðalagsbreyting en ekki breyting á innihaldi eða efni ákvæðisins, þannig að orðalagið falli betur að ákvæðum höfundalaganna sem verið er að leggja til að verði breytt með því.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum fjórum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali sem er nr. 937.

Ásta R. Jóhannsdóttir, Jón Kr. Óskarsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason skrifa undir álitið með fyrirvara þess efnis að innleiða ætti allar stoðir Árósasamningsins í íslenskan rétt og áskilja þau sér rétt til að leggja fram breytingartillögur við frumvarpið.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Þetta álit er gefið út á Alþingi 13. mars 2006. Undir það rita allir nefndarmenn í umhverfisnefnd og fjórir þeirra með fyrirvara eins og fyrr greinir.

[15:02]

Mörður Árnason:

Forseti. Framsögumaður nefndarinnar, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, hefur gert ágætlega grein fyrir nefndarálitinu og störfum nefndarinnar, sem hafa gengið vel um þetta mál. Hún hefur verið samferða og ber að þakka það samstarf sem tekist hefur. Breytingartillögur eru þó fáeinar. Þar má kannski sérstaklega benda á breytingartillöguna um að haldið verði vernd yfir steindum, steingervingum og bergmyndunum sem sérstakar mega teljast, auk lífríkisins sem talað er um í frumvarpinu sjálfu. Þetta er að tillögu og ábendingu Náttúrufræðistofnunar og er að sínu leyti merkileg tillaga, sérstaklega af því að hún gengur gegn meginefni frumvarpsins sem er það að almenningur hafi sem gleggstar upplýsingar um alla hluti sem þetta mál varða, en hér erum við að vernda bæði sérkenni í lífríki og jarðfræðileg sérkenni eða jarðleg sérkenni á þann hátt að ekki sé sjálfsagt að hver sem er geti gengið að þeim náttúrufyrirbærum sem viðkvæmust eru í þessum efnum. Hér verður auðvitað að gæta hófs og stofnunum okkar á þessu sviði er falin mikil ábyrgð með því að veita þeim þetta hlutverk og þetta vald.

Í störfum nefndarinnar varð nokkur umræða um þagnarskylduákvæði þau sem undanþiggja stundum stjórnvöld frá því að sinna þeirri almennu skyldu að upplýsa almenning um umhverfismál. Í fylgiskjali eru talin upp dæmi um ýmis sérákvæði, mig minnir að þau hafi reyndar fundist fleiri í lögum en þar er nefnt. Eins og framsögumaður gerði grein fyrir telur nefndin tímabært að þessi þagnarskylduákvæði, sem eru af ýmsum aldri og með ýmsum hætti í margs konar lögum, verði innbyrðis samræmd og inntak þeirra skýrt, því að ekki er alltaf ljóst við hvað þagnarskyldan á í raun og veru, og þegar komnar eru sérstakar reglur um upplýsingar með upplýsingalögum og svo þessu frumvarpi sem er í tengslum við upplýsingalögin þá verður það að skýrast. Þetta er vinna sem þarf að fara í.

Nefndin varð ekki sammála um að leggja til breytingar á frumvarpinu í þessu sambandi en við sem það vildum sættum okkur við þetta orðalag og ætlum ekki að flytja breytingartillögur við frumvarpið, frekar en þær sem hér er getið og öll nefndin stendur að. Við treystum því auðvitað líka að sú úrskurðarnefnd um upplýsingamál eða upplýsingalög, sem einnig er hinn endanlegi dómari í málum sem hefjast með þessu frumvarpi, gæti meðalhófs og túlki þagnarskylduákvæðin, sem eru á víð og dreif, þannig að þau verði ekki notuð til þess að yfirvöld skjóti sér undan upplýsingagjöf, enda var ekkert þeirra í sínum sérlögum sett með það að markmiði að leyna ætti almenning upplýsingum um umhverfismál.

Forseti. Þetta er lítið frumvarp. Nefndarálitið er rúm blaðsíða og það eru aðallega nöfn sem teygja sig yfir á síðu 2, en það er samt merkilegt vegna þess að þetta er fyrsta frumvarpið sem lítur út fyrir að verða samþykkt á þinginu í framhaldi af Árósasamningnum sem gerður var árið 1998 og Íslendingar skrifuðu þá undir ásamt miklum meiri hluta Evrópuþjóða.

Saga Árósasamningsins er þess virði að hún sé örlítið reifuð hér, það sem að okkur snýr. Við gerðumst aðilar að honum 1998 og síðan líður og bíður en eftir fjögur ár flytur þáverandi utanríkisráðherra, hæstv. forsætisráðherra nú, Halldór Ásgrímsson, frumvarp til þess að fullgilda þennan samning. Það var á þinginu 2001–2002, 23. apríl, sem hann mælti fyrir þessu frumvarpi.

Þess má geta að hæstv. umhverfisráðherra sem þá var, og er nú heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Siv Friðleifsdóttir, hét staðfestingu á þessum samningi í samningi sínum við félagasamtök á umhverfissviði í mars 2002. Fyrir fjórum árum átti því að samþykkja Árósasamninginn eða staðfesta hann á þinginu. Málið sofnaði á því þingi og síðan hefur verið margspurt um Árósasamningana, hvað þeim líði og hvernig standi á því að utanríkisráðherra sem þá var og þeir tveir sem síðan hafa verið skuli ekki hafa leitað staðfestingar Alþingis á þessum samningi. Svör hafa ekki fengist nema þau að málið sé svo flókið og taki til svo margra lagabálka að þetta sé tæknilega ákaflega erfitt. Það hefur hins vegar ekki reynst svo í öðrum löndum sem oft búa við flóknari löggjöf en okkar. Ég hygg að nú hafi öll Evrópulönd staðfest þennan samning, ég man ekki hvort það eru sex eða sjö lönd sem ekki hafa gert það. Það erum við nú að gera í pörtum og það er ekki að eigin vilja, það er ekki af sérstökum áhuga ríkisstjórnarinnar — ég undanskil umhverfisráðherra vegna þess að hún hefur a.m.k. ekki neitað því að Árósasamningurinn sé merkilegt plagg — að þetta er flutt heldur vegna þess að Evrópusambandið rekur á eftir. Það er enn einu sinni að hið góða Evrópusamband, sem ég veit að allir í salnum bera hlýjar tilfinningar til, kemur til aðstoðar umhverfishagsmunum á Íslandi, sem og svo mörgum öðrum framförum, og okkur er gert, vegna aðildar okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, að samþykkja þennan þriðjung af Árósasamningnum. Þannig er sem sé um þetta, rétt almennings til upplýsinga.

Hinir tveir hlutarnir, sem ekki eru samþykkir enn, varða aðgengi almennings að dómskerfinu til að fá skorið úr málum sem snerta það þegar menn taka ákvarðanir um umhverfismál. Sá málarekstur sem staðið hefur á Íslandi að undanförnu — eitt málið er í gangi vegna Þjórsárvera og má sérstaklega minnast á það umfram önnur mál vegna þess að mér hefur a.m.k., og fleiri sem hafa haft áhuga á

því, borist nú nýlega beiðni um fjárstuðning til að sá málarekstur geti haldið áfram vegna þess að ríkisstjórnin ákvað að þrengja gjafsóknarskilyrðin með þeim hætti að menn þurfa að reiða fram margar milljónir til að fá skorið úr rétti sínum um það — sýnir ljóslega að taka þarf til hendinni á þessu sviði. En ríkisstjórnin vill það ekki. Hún hefur ekki áhuga á því. Frumvarp um það mál hefur ekki komið fram. Spá mín er sú að það verði ekki gert fyrr en menn eru tilneyddir, ef þessi ríkisstjórn heldur áfram, að gera það vegna þess að Evrópusambandið kallar á að menn standi við sitt í þessu.

Þriðji parturinn fjallar svo um aðgengi almennings að ákvarðanatöku um umhverfismál og bak við þetta heldur loðna orðalag stendur það skipulag sem menn ætlast til í Evrópu að smíðað sé í kringum samskipti stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka. Það hefur einmitt gengið heldur brösuglega á Íslandi þó ekki sé við umhverfisráðherra einan að sakast heldur miklu frekar þá kreddu, einkum Sjálfstæðisflokksins en nú upp á síðkastið einnig Framsóknarflokksins, sem þrengir lýðræðisskilning þessara flokka, sem því miður stjórna nú landinu, að því leyti að frjáls félagasamtök eigi ekkert hlutverk að hafa nema að vera til fræðslu og skemmtunar og hefur leitt til þess að þar sem þessir flokkar hafa náð að setja mark sitt á skipan mála er hlutverk frjálsra félagasamtaka, samtaka almennings, yfirleitt skorið niður við trog og það er þumbast á móti því að gefa frjálsum félagasamtökum eðlilegan rétt til í fyrsta lagi að fylgjast með og í öðru lagi að taka þátt í ákvörðunum sem þetta varða.

Þetta vil ég segja og sérstaklega vegna þess að hæstv. umhverfisráðherra gerir okkur þann greiða að vera í salnum sem ég þakka fyrir og er ekki endilegt og ekki sjálfsagt — og vil hvetja hana til að huga nú að því þvert gegn því sem ég hef hér sagt að afsanna mín orð með því að undirbúa frumvörp um hinar tvær stoðirnar í Árósasamningnum og er ég þá reiðubúinn til að éta ofan í mig alla þessa 11 mínútna ræðu í þessum stól.

Að lokum þetta. Ég ítreka þakkir til forustunnar í umhverfisnefnd og annarra hv. þingmanna þar fyrir samstöðu um þetta mál og vænti þess að þegar þjóðarsómi býður höfum við eina sál eins og Bretar forðum.

[15:13]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er komið til 2. umr. frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál. Hv. framsögumaður umhverfisnefndar, Kristinn H. Gunnarsson, hefur farið ágætlega yfir tilurð og markmið frumvarpsins enda kemur það einnig fram í nefndarálitinu. Frumvarpið er afar vel unnið frá hendi umhverfisráðuneytisins enda var einn helsti sérfræðingur landsins á sviði stjórnsýslu og upplýsingaréttar, Páll Hreinsson, einn höfunda frumvarpsins. En frumvarpið tekur m.a. mið af ákvæðum upplýsingalaga. Ég tel að fullyrða megi að réttur almennings til upplýsinga um umhverfismál sé býsna vel tryggður með þessu frumvarpi.

Eins og fram kom í máli hv. þingmanns sem talaði á undan mér var almenn samstaða innan nefndarinnar um afgreiðslu málsins og efnislegar breytingartillögur ekki veigamiklar. Það má jafnframt taka fram að almennt voru umsagnaraðilar jákvæðir gagnvart frumvarpinu. Ástæða þess að ég kem hér upp er að mig langar að fjalla í nokkrum orðum um stöðu þeirra sem taka að sér verkefni fyrir opinbera aðila á sviði umhverfismála og hvernig frumvarpið snertir starfsemi þeirra, verði það að lögum. Frumvarpið tekur ekki aðeins til stofnana hins opinbera heldur einnig til fyrirtækja sem hafa tekið að sér verkefni á vegum stjórnvalda að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þannig setja lögin skyldur á aðra en opinbera aðila til að veita almenningi aðgang að upplýsingum er varða umhverfismál.

Það komu athugasemdir frá þessum aðilum, m.a. frá Samtökum iðnaðarins, Landsvirkjun og Samorku. Talið var að upp gætu komið aðstæður þar sem réttur þeirra til verndar starfsemi sinni væri ekki nægjanlegur samkvæmt frumvarpinu. Slík fyrirtæki eru í samkeppnisrekstri og í einhverjum tilvikum er aðeins hluti af starfsemi þeirra verkefni sem þeir hafa með höndum fyrir opinbera aðila. Þannig gætu þau þurft að veita upplýsingar til almennings sem varða framleiðsluþætti eða mál viðskiptalegs eðlis, sem gætu skaðað samkeppnisstöðu þeirra og aðra hagsmuni. Það er að mínu mati hlutverk þingsins að gæta þess að löggjöfin setji ekki á þau slíkar kvaðir og skilyrði að þau skaði hagsmuni þeirra né dragi úr vilja einkaaðila að taka að sér opinber verkefni, sem gæti verið til hagsbóta fyrir alla aðila.

Hérna er ég að vísa í 6. gr. frumvarpsins. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Áður en stjórnvald tekur ákvörðun um aðgang að upplýsingum um umhverfismál getur það skorað á þann sem upplýsingarnar varða að upplýsa hvort efni þeirra varði viðkvæma framleiðslu- eða viðskiptahagsmuni sem leyndar eiga að njóta lögum samkvæmt. Stjórnvald skal veita sjö daga frest til þess að svara erindinu.“

Mig langaði í þessu samhengi að vísa í umsögn Samtaka iðnaðarins um þetta efni en þar segja þeir m.a., með leyfi forseta:

„Um langa hríð hafa fyrirtæki látið umhverfisyfirvöldum í té allar upplýsingar um reksturinn sem óskað hefur verið eftir og jafnvel enn frekari í þeirri trú að milli viðkomandi yfirvalds og fyrirtækis gildi almennt trúnaðarsamband eins og kveðið hefur verið á um í lögum. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að það kerfi starfsleyfa sem byggt hefur verið upp hér á landi er mun víðtækara en í nálægum löndum. Umhverfisyfirvöld búa því almennt yfir mun ríkari upplýsingum um starfsemi fyrirtækja, framleiðslumál þeirra og ýmis viðskiptamál en í nálægum löndum. Samkvæmt frumvarpinu er þessu almenna trúnaðarsambandi rutt burtu án þess að tryggt sé að fyrirtækin hafi nokkuð um það að segja hvort tiltækar upplýsingar sem fyrirhugað er að gera opinberar varði framleiðslu- eða viðskiptaleynd. Þess vegna er mjög mikilvægt að stjórnvöldum verði gert að leita álits þess sem upplýsingarnar varða áður en upplýsingar eru veittar og orðalagi 2. málsgreinar 6. gr. verði breytt með þetta í huga og það verði skylda stjórnvalda að leita slíks samþykkis ef ástæða er til að ætla að upplýsingarnar geti varðað viðkvæmt framleiðslu- eða viðskiptaleyndarmál og fresturinn sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu verði lengri en 7 dagar. Það er óviðunandi að fyrirtæki verði að sæta því að samkeppnisaðilar geti átt aðgang að viðkvæmum framleiðslu- og viðskiptahagsmunum undir

því yfirskini að um upplýsingar um umhverfismál sé að ræða."

Ég tel það vera skilning nefndarmanna að hin almenna regla sé að stjórnvald leiti eftir sjónarmiðum viðkomandi fyrirtækja áður en upplýsingar eru veittar til almennings um starfsemi sem þau standa fyrir til að þau geti komið við andmælum ef svo ber undir. Hins vegar var nefndin ekki tilbúin til að ganga svo langt að breyta orðalagi í þá veru sem lagt er til, m.a. af Samtökum iðnaðarins. Kannski hefði átt að athuga það. Okkur fannst að við gætum komið til móts við það með ákveðnum hætti en eftir töluverða umræðu í nefndinni varð niðurstaða okkar sú að tímafrestur sem viðkomandi er gefinn til að gera athugasemdir til stjórnvalda vegna upplýsinga sem vörðuðu starfsemi þeirra yrði skilgreindur frekar og lengdur sem nemur því að frídagar yrðu ekki taldir með. Það sem vísað er í þarna, 7 daga og 15 daga, hefur hliðstæðu í upplýsingalögum. En þar sem þetta snýr sérstaklega að einkaaðilum fannst okkur ákveðin sanngirni í að líta svo á að þetta væru virkir dagar en frídagar ekki taldir með. Þá er ég að vísa í 7 daga frest í 6. gr. og 15 daga frest í 12. gr., að það séu virkir dagar og helgidagar ekki taldir með, eins og skilja mátti af frumvarpstextanum. Að mínu mati og annarra nefndarmanna þótti sjálfsagt að koma til móts við þessar athugasemdir hagsmunaaðila og styrkja stöðu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum um að upplýsingar sem óskað er eftir geti með einhverjum hætti skaðað framleiðslu- eða viðskiptahagsmuni þeirra.

Ég endurtek að um málið varð samstaða innan umhverfisnefndar. Þær breytingartillögur sem hérna liggja fyrir voru í sjálfu sér ekki efnismiklar en skipta máli fyrir þá aðila sem um ræðir. Aðalatriðið er þó að traust ríki milli aðila og lagaákvæðið torveldi ekki samstarf ríkis og einkaaðila um framkvæmd verkefna um leið og gætt er að rétti almennings til að fá upplýsingar um umhverfismál.

[15:20]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál. Við höfum, eins og komið hefur fram í ræðum þingmanna sem hér hafa talað á undan mér, tekið góða snerru á þessu máli í umhverfisnefndinni. En ég held að við höfum náð eins góðri lendingu og mögulegt var miðað við þær aðstæður sem uppi eru í þessu máli, sem eru ekki alveg ásættanlegar eins og hv. þm. Mörður Árnason gerði grein fyrir í ræðu sinni.

Það á sér áralanga sögu að koma á þessari fyrstu stoð Árósasamningsins. Við undirrituðum samninginn á sínum tíma í Árósum 23.–25. júní 1998. Þá var þessi samningur gerður. Þáverandi utanríkisráðherra Íslands undirritaði þennan samning og skuldbatt þjóðina þar með og löggjafarsamkunduna til að taka hann upp í íslensk lög. Hæstv. þáverandi utanríkisráðherra Halldór Ásgrímsson lagði fram á 126. löggjafarþingi þingsályktunartillögu um fullgildingu Árósasamningsins sem fjallar um aðgang að upplýsingum um þátttöku almennings í ákvarðatöku og um aðgang almennings að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Það er ansi hreint dapurleg lesning. Ég hef farið í gegnum svörin sem fyrrverandi. hæstv. utanríkisráðherra, núverandi forsætisráðherra, gaf við fyrirspurnum þegar hann var þráspurður út í þetta, um hvers vegna Árósasamningurinn hefði ekki verið innleiddur. Þær eru fremur veikburða, tilraunir hæstv. ráðherra er hann reynir að gera grein fyrir því á hvern hátt Árósasamningurinn komi til með að breyta réttarfarslöggjöfinni. Hæstv. ráðherra setti málið í starfshóp, reyndar fleiri en einn, suma formlega en aðra óformlega. En síðan árið 2000 hefur hvorki gengið né rekið fyrr en Evrópusambandið kemur til skjalanna og kveður upp sína raust, samþykkir tilskipun sem við samþykkjum á Evrópuvettvangi að taka þessa tilskipun upp í EES-samninginn. Það er auðvitað ekki alveg í lagi með þau stjórnvöld sem haga sér svona og bíða ævinlega eftir vendinum frá Evrópusambandinu áður en þau innleiða sjálfsagðar réttarbætur.

Saga þessa máls er þess eðlis að ég vil meina að í henni endurspeglist hinn eiginlegi vilji ríkisstjórnarinnar til að taka á í umhverfismálum. Viljinn hefur ekki verið meiri en svo að ekkert hefur verið gert. Út úr nefndum og starfshópum sem hafa átt að fjalla um málið hefur ekkert komið. Meira að segja þegar umhverfisráðherra undirritaði samstarfsyfirlýsingu við frjáls félagasamtök var þess sérstaklega getið að farið skyldi að Árósasamningnum í samvinnu stjórnvalda og frjálsu félagasamtakanna. Þessi samstarfsyfirlýsing er frá 20. mars 2001. Það er með ólíkindum að umhverfisráðherra, sem þá var Siv Friðleifsdóttir, skyldi geta undirritað samstarfsyfirlýsingu á grundvelli þessa samnings og ætlað sér að fara eftir þessum samningi þegar það hefur verið ljóst frá þeim degi og til þessa dags að aldrei stóð til að innleiða nema brot þessa samnings í íslenska löggjöf.

Það sem eftir er að innleiða, stoðirnar tvær sem út af standa þegar upplýsingastoðin er komin, varðar aðgengi almennings að ákvarðanatöku um umhverfismál. Þær varða aðgengi almennings að dómskerfinu og að almenningur eigi að hafa möguleika á að fara í mál vegna umhverfismála. Við höfum tekist á um það í þessum ræðustóli, ég og hæstv. dómsmálaráðherra, á hvern hátt hann hefur gengið fram fyrir skjöldu til þess að veikja aðgang almennings að dómskerfinu með því að fella úr gildi heimildir til almennings sem ekki eiga svokallaða lögvarða hagsmuni í málum er varða t.d. umhverfismál. Gjafsóknarákvæði 126. gr. laga um meðferð opinberra mála, held ég að það sé, gera ráð fyrir að fólk geti sótt um gjafsókn ef sýnt þykir að vegna fjárhagsástæðna hafi það ekki bolmagn til að greiða sjálft fyrir þá lögsókn. En ef einstaklingar telja sig gæta hagsmuna umhverfisins og þar af leiðandi verja almannahagsmuni með því að fara í mál út af óréttu sem umhverfi eða náttúra eru beitt er ekki lengur, samkvæmt íslenskum lögum, heimilt að veita gjafsókn í íslenskum málum, ekki nema fólk eigi þessa lögvörðu beinu hagsmuni sem erfitt er við að eiga í umhverfismálum. Það hefur sýnt sig að íslensk stjórnvöld hafa ekki vilja til að innleiða þær sjálfsögðu réttarbætur sem Árósasamningurinn hefur í för með sér. Þetta er sýnu dapurlegra þegar skoðuð eru þau plögg sem þessi ríkisstjórn hefur þó gefið út og undirritað, t.d. áætlun um sjálfbæra þróun þar sem getur verið um hluti eins og aðgengi fólks að stjórnvöldum og upplýsingum í þessum efnum. Maður hefði talið að eitthvað væri á bak við þær yfirlýsingar sem ríkisstjórnin hefur gefið út um þau mál en því

miður hafa efndirnar ekki verið nema í skötulíki.

Ég held að stjórnvöld verði að fara að átta sig á því að orðin sem standa í greinargerðinni með frumvarpinu, þ.e. fullyrðingar um að í alþjóðlegum umhverfisrétti hafi aukin áhersla verið lögð á það á seinustu árum að almenningur hljóti fræðslu um umhverfismál og hafi opinn aðgang að upplýsingum um umhverfismál, eru nokkuð sem þau þurfa að taka upp í sitt hegðunarmunstur. Það þarf að vera einhver meining á bak við orðin þannig að mikilvægi þessa réttar verði viðurkennt í stjórnsýslunni, viðurkennt hjá stjórnvöldum, en verði ekki bara innantóm orð á blaði sem lítið eða ekkert á að gera með.

Fyrrverandi umhverfisráðherra Guðmundur Bjarnason gaf út fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, þegar hann gegndi starfi umhverfisráðherra, fyrstu stefnumótunina um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi árið 1997. Það var framkvæmdaáætlun sem gilti til aldamóta. Þar fjallaði Guðmundur sérstaklega um upplýsingamiðlun og ábyrgð stjórnvalda í þeim efnum. Í þeim bæklingi, sem gefinn var út af umhverfisráðuneytinu í júlí 1997, segir, með leyfi forseta:

„Forsenda allra aðgerða eru góðar upplýsingar um ástand umhverfisins, þær hættur sem að því stafa og hvaða áhrif líklegt er að einstaka framkvæmdir munu hafa á umhverfið. Fræðsla til almennings og í skólakerfinu þarf að vera virk til þess að bæði lagasetning og hagræn stjórntæki nái markmiðum sínum."

Fleiri orð hefur Guðmundur um upplýsingaréttinn og upplýsingamálin í þessu riti sem að mínu mati var ekki nægilega gætt að skiluðu sér inn í áframhaldandi útgáfu stefnumótunar ríkisstjórnarinnar. Nú finnst mér allt með öðrum brag og loðnara orðalagi. Það undirstrikar í mínum huga þann hátt stjórnvöld vilja hafa á hlutunum. Þau kinoka sér við að innleiða skyldur sínar, kvarta undan því að það sé lagalega flókið og tæknilega erfitt og breyti íslenskum rétti í grundvallaratriðum.

Ég fagna því, frú forseti, að þó skuli þetta mál komið svo langt máli að við skulum hafa á borðum okkar þetta frumvarp til laga sem leiðir í íslensk lög fyrstu stoð Árósasamningsins. Ég treysti því þó að ef ekki þessi stjórnvöld þá a.m.k. þau næstu, sem ég geri ráð fyrir að taki við eftir næstu kosningar og verði kannski meira vakandi í þessum málaflokki en þau sem hafa setið að völdum upp á síðkastið, reki af sér slyðruorðið og taki til við að innleiða í íslenskan rétt og íslensk lög þær tvær stoðir sem upp á vantar, þ.e. stoðina um aðgengi almennings að dómstólum og þátttöku almennings í ákvörðunum á sviði umhverfismála.

[15:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ákvað að kveðja mér hljóðs vegna fyrirvara sem ég hef sett við þetta mál í nefndarálitinu. Við erum að lögfesta tilskipun frá Evrópusambandinu, nr. 4/2003, þar sem markmiðið er að innleiða fyrstu stoð Árósasamningsins í löggjöf Evrópubandalagsins en eins og komið hefur fram hér lýtur sá hluti að almennum aðgangi að upplýsingum um umhverfismál. Markmið frumvarpsins er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál.

Eins og komið hefur fram í umræðunni skrifum við fjórir þingmenn í umhverfisnefnd undir þetta nefndarálit með fyrirvara vegna þess að við teljum ástæðu til að innleiða hinar tvær stoðir Árósasamningsins í íslenskan rétt og hefur hv. þm. Mörður Árnason gert góða grein fyrir þessum fyrirvara okkar í umræðunni hér á undan. Ég tek líka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, sem einnig er með þennan fyrirvara við málið, en hún hefur hvatt til þess að við lögfestum þær tvær stoðir Árósasamningsins sem á eftir að lögfesta. Það er ekki með þessu frumvarpi, það er sem sagt aðeins ein stoðin sem við erum að lögfesta.

Ég, virðulegi forseti, vildi aðeins gera grein fyrir þessum fyrirvara sem ég set við þetta mál en að öðru leyti styðjum við þær breytingartillögur sem koma fram í sérstöku þingskjali við málið og ég vonast til að við eigum eftir að innleiða hinar tvær stoðir Árósasamningsins sem fyrst.

[15:34]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. umhverfisnefnd fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt í það frumvarp sem hér er til umræðu og mér finnst mjög ánægjulegt að þar hafi tekist jafngóð samvinna og raun ber vitni. Frumvarpið fjallar auðvitað um mjög mikilvæg mál, þ.e. upplýsingarétt um umhverfismál. Við ræddum þetta mál mjög grannt og nákvæmlega við 1. umr. og þá bar Árósasamninginn að sjálfsögðu oft á góma.

Við þá umræðu greindi ég frá því að á síðasta ári skipaði ég nefnd til að fara yfir efni samningsins og greina hvaða leyfisveitingar falla undir hann. Nefndin skal líka fara yfir hvaða breytingar þurfi að gera á lögum til að fella efni hans inn í íslenska löggjöf. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá utanríkisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Það er ánægjulegt að geta greint frá því hér að þetta nefndarstarf hefur gengið með ágætum og ég á von á því að nefndinni takist að ljúka vinnu í sumar. Þegar niðurstöður liggja fyrir verður síðan hægt að taka ákvarðanir um framhaldið.

Ég vil lýsa því sérstaklega yfir að ég tel það einstaklega mikilvægan þátt í starfi umhverfisráðuneytisins og umhverfisráðherra hverju sinni að eiga náið samstarf við frjáls félagasamtök. Ég hef lagt mig fram um að styrkja það eftir bestu getu og ég tel reyndar líka að umhverfisþingið sé gríðarlega mikilvægur vettvangur í þessum efnum. Mér fannst einmitt mjög ánægjulegt að upplifa það á síðasta umhverfisþingi hversu mikill áhugi var fyrir þátttöku í því. Það er engin spurning í mínum huga að þar fer fram geysilega mikilvæg umræða sem skilar sér út í samfélagið.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég tel að hér hafi verið unnið afar faglega og vel og færi nefndinni þakkir fyrir það.

[15:37]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það ber að fagna þessum fréttum af starfi starfshópsins sem utanríkisráðherra sagði í nóvember árið 2003

að búið væri að ákveða að skipa en var þó ekki skipaður fyrr en í janúar 2005. Það leið sem sé rúmt ár og nú í mars 2006 var okkur sagt að starfshópurinn hafi verið að störfum og hann kunni að skila af sér í sumar. Það er gott að heyra og við hlökkum til að sjá niðurstöðu starfshópsins. Það er líka gott að heyra að hæstv. umhverfisráðherra virðist vera ánægð með það starf sem þarna fer fram því að í 1. umr. um þetta frumvarp spurði ég umhverfisráðherra hvort hún væri pólitískt sammála Árósasamningnum í heild sinni — ég var að leita skýringa á því hvernig á því stæði að þessi samningur væri ekki kominn fram. Þá treysti umhverfisráðherra sér ekki til að svara því játandi þannig að ég vil endurtaka spurningu mína hér. Hefur umhverfisráðherra, í ljósi þess starfs sem nú hefur farið fram í embættismannanefndinni í rúmt ár, komist að þeirri niðurstöðu að hún sé pólitískt sammála þeim samningi sem ritað var undir af Íslands hálfu vorið 1998?

[15:39]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég greindi frá því við 1. umr. þessa máls að á sínum tíma hefði verið skipaður starfshópur þriggja ráðuneyta til að fara yfir efni samningsins. Þá kom í ljós að það var miklu flóknara mál að innleiða Árósasamninginn en menn höfðu áður talið. Ég skipaði síðan nefnd fyrir rúmlega ári, en í henni áttu sæti fulltrúar fleiri ráðuneyta, til að greina nákvæmlega hvaða breytingar væru nauðsynlegar á lögum og það er auðvitað gert í þeim tilgangi að skoða umfang þessa máls. Ákvarðanir verða síðan teknar í framhaldi af því. Þessu svaraði ég, að ég tel mjög skýrt, við 1. umr. um málið.

[15:40]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er stigvaxandi spenna í þessu máli. Umhverfisráðherra fæst ekki heldur núna til að svara því hvort hún er pólitískt sammála Árósasamningnum sem gerður var árið 1998 og um það bil 40 Evrópuríki hafa skrifað undir. Það eru eingöngu, held ég, 6 eða 7 ríki sem ekki hafa gert það og Ísland er eitt þeirra ásamt sennilega Kasakstan og Túrkmenistan og öðrum ríkjum af því tagi, þar er varla vitað hvað umhverfismál eru yfir höfuð.

Ég spyr m.a. vegna þess að ein stoð þessa Árósasamnings snertir ákvarðanatöku um umhverfismál, snertir samskipti stjórnvalda við hin frjálsu félagasamtök. Ég fagna því sem hæstv. umhverfisráðherra sagði áðan að það skipti hana sem stjórnmálamann og hana sem yfirmann í umhverfisráðuneytinu miklu máli að gott samstarf væri við hin frjálsu félagasamtök. Ég efa það ekki og það liggur sem betur fer í hefð umhverfisráðuneytisins að svo sé.

Hins vegar er það þannig að stjórnvöld í því ráðuneyti hafa hagað sér nokkuð eins og húsbóndinn á höfuðbólinu gagnvart þessum frjálsu félagasamtökum, skammtað þeim fé eftir vild og síðan halda þau t.d. þetta umhverfisþing sem vissulega er sómi að. En hvernig er dagskrá þess ákveðin? Er hún ákveðin í samráði við umrædd félagasamtök? Er hún ákveðin með tilliti til þess hvað er í umræðu hjá þeim félagasamtökum hverju sinni? Nei, það er ekki svo. Það er tilviljun ef svo er því umhverfisráðherra ákveður dagskrána sjálf. Síðan býður hún til umhverfisþingsins algerlega án samráðs við þessi samtök nema innan þess ramma sem hún sjálf ákveður. Þetta eru einmitt samskipti eins og þau eiga ekki að vera, forseti. Svona eiga hlutirnir ekki að vera og ég hygg að þegar við höfum komið Árósasamningnum í gegn, þó að það verði kannski ekki fyrr en í næstu ríkisstjórn, þá verði þetta einmitt ekki svo, þá hafi stjórnvöld sinn rétt í þessum efnum og hin frjálsu félagasamtök hafi þau áhrif sem þeim ber og er skylt að hafa.

[15:42]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvað snertir dagskrá umhverfisþings þá er hún bundin af ákvæðum í lögum, bæði hvað skuli taka þar fyrir, þ.e. t.d. sjálfbæra þróun, og hverjir eigi þar seturétt. Það er því mjög vel séð fyrir því í ákvæðum náttúruverndarlaga hvernig staðið skuli að umhverfisþinginu.

Hvað Árósasamninginn snertir þá er það einu sinni þannig að íslensk stjórnvöld undirrituðu hann og í því felst að sjálfsögðu samþykki þó að samningurinn hafi ekki verið fullgiltur. Í þeirri vinnu sem fer fram núna er verið að greina efni samningsins og skoða hversu umfangsmiklar breytingar þyrfti að gera á íslenskum lögum til að unnt væri að fullgilda hann. Við verðum einfaldlega að bíða og sjá hver niðurstaðan verður af nefndarstarfinu til þess síðan að skoða framhaldið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 365. mál (heimilisofbeldi). — Þskj. 419, nál. 973.

[15:44]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, ákvæðum sem varða heimilisofbeldi. Í nefndaráliti er gerð grein fyrir vinnslu málsins í nefndinni, gestum á fundi og umsögnum um málið sem voru fjölmargar og fengu allmikla umræðu í nefndinni.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði refsiþyngingarástæða þegar náin tengsl geranda og brotaþola þykja hafa aukið á grófleika verknaðar. Þá er lagt til að efnisþáttur þess ákvæðis sem fjallar um stórfelldar ærumeiðingar í samskiptum innan fjölskyldu verði útfærður í nýju ákvæði sem lögfest verði í XXV. kafla laganna um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.

Nefndin ræddi á fundum sínum þá leið að lögfesta sérrefsiákvæði um heimilisofbeldi eins og stundum hafa komið fram tillögur um. Í því sambandi komu fram þau rök að varhugavert væri að leggja til fastmótaða skilgreiningu á heimilisofbeldi í hegningarlögum þegar litið er til ákvæða stjórnarskrár um skýrleika refsiheimilda skv. 1. mgr. 69. gr., þar sem ákveðin hætta væri á að ákvæðið yrði verulega

matskennt. Þá kom fram að það er grundvallarhugtaksatriði háttseminnar að hún á sér stað milli einstaklinga sem teljast nákomnir á verknaðarstundu enda eru þeir eða hafa verið tengdir nánum samfélagslegum böndum. Þessi nánu tengsl brotaþola og geranda og trúnaðarbrotið milli þeirra er þannig talið geta aukið á grófleika verknaðar og gera brotin sérstaklega ámælisverð.

Þá kom fram hjá nefndinni áhugi á að kanna hvort það væri eitthvað í lögum eða framkvæmd sem þyrfti breytinga við til þess að horft væri til þess við ákvörðun refsinga á brotum milli nákominna hvort andlegu ofbeldi hefði verið beitt.

Nefndin er þeirrar skoðunar að í réttarframkvæmd sjáist þess ekki merki að það skorti á að refsilöggjöfin lýsi með fullnægjandi hætti óæskilegum athöfnum sem eiga sér stað milli nákominna um lengri eða skemmri tíma, en í túlkun Hæstaréttar hefur t.d. verið fallist á að tjón á andlegu heilbrigði eigi undir 217. og 218. gr. Um mögulegar ástæður þess að þess sjáist ekki oftar merki í dómaframkvæmd kom fram það sjónarmið að fremur hefði skort á skýrleika í verknaðarlýsingu ákæru varðandi það þegar t.d. andlegt ofbeldi hefur átt sér stað en dómarar eru bundnir af verknaðarlýsingu ákæru og mega ekki fara út fyrir sakarefnið við ákvörðun refsingar samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Hins vegar hafi nefndin fengið þær upplýsingar að í auknum mæli sé horft til þessara afleiðinga við verknaðarlýsingu við gerð ákæru.

Með þeirri leið sem farin er í frumvarpinu, þ.e. að leggja til að ný málsgrein verði tekin upp í VIII. kafla, sem fjallar um atriði er áhrif hafa á refsihæðina, þarf dómari, að mati nefndarinnar, ætíð að leggja mat á það og rökstyðja í forsendum sínum hvort náin tengsl geranda og brotaþola hafi haft áhrif við ákvörðun refsingar.

Þá var því sjónarmiði hreyft hvort sú aukna réttarvernd sem frumvarpinu er ætlað að tryggja komi nægilega afdráttarlaust fram með því að leggja það í mat dómara hvort tengsl geranda og þolanda eigi að hafa áhrif við ákvörðun refsingar. Nefndin leggur áherslu á að það er ekki sjálfkrafa refsihækkunarástæða að brot hafi átt sér stað milli nákominna heldur verði dómari að leggja á það mat í hverju einstöku tilviki hvort tengsl geranda og þolanda þykja hafa aukið á grófleika verknaðar eða gert hann ámælisverðari og hvort inntak brotsins, eðli þess, ástæður, hvatir að baki og aðstæður að öðru leyti eru þannig að réttlætanlegt sé að beita þessu ákvæði.

Telur nefndin að ákvæðið muni styrkja lagalegan grundvöll sakamálarannsóknar þar sem grunur leikur á að heimilisofbeldi hafi átt sér stað og fagnar því sérstaklega að teknar hafi verið upp verklagsreglur lögreglustjóra um skráningu og meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu sem tóku nýlega gildi.

Þá ræddi nefndin þau sjónarmið sem koma fram í nokkrum umsögnum um málið að heimilisofbeldi væri algengast gegn konum og því í eðli sínu kynbundið ofbeldi sem væri ekki afmarkað sérstaklega í frumvarpinu. Með frumvarpinu er lagt til að gerandi og verknaðarþoli verði ekki skilgreindir sérstaklega heldur verði ákvæðið opið þar sem það á jafnt við um karla, konur og börn. Telur nefndin að þegar litið er til framanritaðs sé útfærsla ákvæðisins til þess fallin að tryggja réttaröryggi allra þeirra er geta orðið fyrir heimilisofbeldi en það getur beinst að hverjum sem er innan heimilisins: börnum og fullorðnum, konum og körlum. Þá leggur nefndin enn fremur áherslu á að það er í samræmi við almennt löggjafarviðhorf við mótun og setningu refsiákvæða hér á landi að lýsing gerenda- og þolendahóps skuli ekki kynbundin nema það leiði af eðli máls.

Þá ræddi nefndin þá breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins um að fella brott 191. gr., um sifskaparbrot úr XXI. kafla almennra hegningarlaga og að sá efnisþáttur greinarinnar sem varðar stórfelldar ærumeiðingar innan fjölskyldu verði lögfestur í XXV. kafla um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Kom fram á fundum að rökin með því væru m.a. að í framkvæmd hefði í reynd verið horft fram hjá 191. gr. laganna og enn fremur að brotin í ákvæðinu væru ekki í eðli sínu sifskaparbrot heldur ærumeiðingarbrot. Ákærur í ærumeiðingarbrotum hafa yfirleitt ekki verið opinberar heldur fallið undir einkamálalöggjöfina. Hins vegar hafa brot gegn 191. gr. sætt opinberri ákæru og er ekki ætlunin að breyta því fyrirkomulagi með því að færa þau undir ærumeiðingarkaflann og því lagt til í 4. gr. frumvarpsins að verknaðurinn sæti opinberri ákæru. Þá kom einnig fram að með þessari tilfærslu væri unnt að nýta verknaðarlýsingu 234. gr. laganna. Telur nefndin að með því sé sérstaða brotanna viðurkennd og nauðsyn þess að leggja áherslu á rannsókn þessara brota.

Þá komu fram í umsögnum ýmsar ábendingar varðandi réttarfarsleg og félagsleg úrræði en í frumvarpinu er einungis tekið á refsiréttarlegum álitaefnum og telur nefndin því ekki unnt að taka afstöðu til þeirra álitaefna í máli þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið. Hv. þm. Jónína Bjartmarz og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nefndarálitið rita aðrir meðlimir allsherjarnefndar, þ.e. auk mín hv. þm. Bjarni Benediktsson, Kjartan Ólafsson og Sigurður Kári Kristjánsson en hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, Björgvin Sigurðsson og Guðrún Ögmundsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég taka fram að af hálfu allsherjarnefndar er vissulega á því byggt við afgreiðslu þessa máls að heimilisofbeldi er mikið vandamál sem verður að taka á og Alþingi og stjórnvöld verði að taka fast á þeim málum.

Það er mitt álit að með samþykkt þessa frumvarps sé með mikilvægum hætti áréttað að löggjafinn líti brot af þessu tagi alvarlegum augum. Á því sjónarmiði byggist sú niðurstaða að leiða eigi sérstaklega í lög að náin tengsl brotaþola og hins brotlega geti verið skýr refsiþyngingarástæða. Ég held hins vegar að öllum sem um þetta mál hafa fjallað sé ljóst að lagabreyting af þessu tagi er ekki tæmandi eða nægileg til að takast á við það vandamál sem heimilisofbeldi er. Á hinn bóginn er það mitt mat að samþykkt þessa frumvarps sé mikilvæg í því skyni að undirstrika skýran vilja löggjafans og gefa dómurum skýrar heimildir til að beita refsihækkunarsjónarmiðum þegar svo háttar um sem gerist í málum af þessu tagi.

[15:53]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Eins og fram hefur komið ræðum við hér um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum sem lýtur að heimilisofbeldi. Þingmenn Samfylkingarinnar eru með fyrirvara á því nefndaráliti sem hér hefur verið kynnt, fyrst og fremst vegna þess að við teljum að ganga eigi lengra. Við höfum talið nauðsyn á að setja sérákvæði sem taki heildstætt á heimilisofbeldi. Við teljum að við náum ekki að vinna bug á þeim vanda, eingöngu með því að setja refsiþyngingarástæðu við heimilisofbeldi. Ég held að við þurfum að ganga lengra hvað það varðar og beita öllum tiltækum leiðum sem við, sem löggjafi, höfum.

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa áður lagt fram þingmál sem laut að því að hér yrði sett sérákvæði um heimilisofbeldi. Það þingmál var lagt fram í fyrra og er ástæða til að rifja upp röksemdirnar sem lágu þar að baki og eins þeirri skoðun að þörf sé á sérákvæði um heimilisofbeldi. En eins og kom fram hjá hv. framsögumanni vildi meiri hlutinn að þessu sinni ekki setja sérákvæði um heimilisofbeldi heldur lét efni þessa frumvarps nægja, sem laut að því að setja inn refsiþyngingarástæðu sé ofbeldi beint gegn nákomnum.

Eins og áður hefur verið bent á er réttarstaðan hvað varðar heimilisofbeldi sérstök þar sem það er t.d. ekki nefnt í íslenskum hegningarlögum og hvergi skilgreint. Að mínu mati er heimilisofbeldi því týndur brotaflokkur í kerfinu. Núgildandi ákvæði almennra hegningarlaga eru ekki fullnægjandi að mínu mati að því er varðar heimilisofbeldi.

Ef við skoðum svar hæstv. dómsmálaráðherra við fyrirspurn minni á Alþingi frá 2. nóvember í fyrra þá kom fram staðfesting ráðherra um að í íslenskri löggjöf væri ekki að finna ákvæði sem skilgreini heimilisofbeldi. Sömuleiðis var ekki að finna upplýsingar um hvernig bæri að flokka háttsemi með þeim hætti. Samkvæmt svari hæstv. ráðherra er hugtakið heimilisofbeldi því ekki notað í gögnum lögreglu, ákæruvalds eða dómstóla sem formleg skilgreining á broti.

Í svari hæstv. ráðherra kom einnig fram að þetta leiddi til þess að hvorki eru til fullnægjandi gögn um fjölda tilkynninga til lögreglu um heimilisofbeldi né upplýsingar um lyktir þeirra mála hjá hinu opinbera. En þetta svar rennir að mínu mati stoðum undir þá skoðun að viðurkenna verði heimilisofbeldi í lögum, m.a. til að unnt sé að átta sig á umfangi vandamálsins og hvernig málum lyktar hjá lögreglu, ríkissaksóknara fyrir dómstólum.

Sá sem verður fyrir heimilisofbeldi þarf oftast að þola ofbeldi af öllu tagi. Þá erum við að tala um andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Það markar að nokkru leyti sérstöðu þessara brota. Það er því þörf á lagaákvæði sem nær heildstætt yfir þessi brot þar sem núgildandi ákvæði ná ekki að öllu leyti yfir eðli, umfang og raunverulegar afleiðingar heimilisofbeldis. Ég mundi vilja að löggjafinn beitti sér fyrir því að sett yrði lagaákvæði sem tæki á heimilisofbeldi með heildstæðum og fullnægjandi hætti. Ég tel að með slíkum lagaákvæðum verði komið til móts við þá þekkingu sem nú liggur fyrir um heimilisofbeldi. Sömuleiðis væri með því komið til móts við athugasemdir frá 23. maí 2004 frá nefnd Sameinuðu þjóðanna, sem starfar samkvæmt alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, þess efnis að Ísland ætti að taka upp löggjöf um heimilisofbeldi. Heimilisofbeldi er samkvæmt skilgreiningu Samtaka um kvennaathvarf þegar einn fjölskyldumeðlimur kúgar annan í skjóli friðhelgi heimilisins og í skjóli tilfinningalegrar, félagslegrar og fjárhagslegrar bindingar. Sá sem ofbeldinu beitir getur verið maki, fyrrverandi maki, foreldri, barn eða aðrir tengdir þolandanum fjölskylduböndum samkvæmt þessari skilgreiningu.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að heimilisofbeldi gegn maka er í eðli sínu kynbundið og þarf að liggja fyrir skilningur á því hvað heimilisofbeldi er til að unnt sé að taka á því með skilvirkum hætti. En þó er ljóst að heimilisofbeldi getur birst í mörgum myndum og gerendur geta verið ólíkir, jafnvel uppkomin börn aldraðra foreldra.

Í heimilisofbeldismálum sem koma fyrir dómstóla er einna helst dæmt eftir ákvæðum 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga, þar sem mælt er fyrir um refsingar fyrir líkamsmeiðingar. Til heimilisofbeldis getur þó talist verknaður af ólíkum toga. Getur verið um að ræða hótanir, nauðung, frelsissvipting, einangrun, kúgun, líkamsmeiðingar, innbrot, ærumeiðingar, kynferðisbrot, nauðgun og fleira. Ólík ákvæði almennra hegningarlaga geta því tekið til þessara brota án þess að þau nái að öllu leyti yfir verknaðinn.

Eins og fyrr segir eru fyrst og fremst 217. gr. almennra hegningarlaga og 218. gr. sömu laga beitt í málum sem varða heimilisofbeldi. Áhöld eru hins vegar um það hvort þessi ákvæði ein og sér nægi til að taka á heimilisofbeldi. Þessar greinar virðast helst settar til að taka á ofbeldisbrotum karlmanna gagnvart öðrum körlum, sem á sér helst stað utan dyra milli tveggja ókunnra aðila. Þetta á síður við ofbeldi sem konur og börn verða fyrir en slíkt ofbeldi á sér stað innan veggja heimilisins. Það getur falist í langvarandi niðurlægingu og það jafnvel án sjáanlegra áverka. En í dómaframkvæmd hér á landi er refsing vegna brota á líkamsárásarákvæðunum 217. og 218. gr. miðuð við þá aðferð sem beitt er og áverka sem þolandinn hlýtur, t.d. beinbrot. Ákvæði 217. gr. sem lýtur að minni háttar líkamsmeiðingum og ákvæði 218. gr. sem lýtur að meiri háttar líkamsmeiðingu gera almenna kröfu um heilsutjón af valdbeitingunni.

Jónatan Þórmundsson, lagaprófessor og sérfræðingur í refsirétti, segir í bók sinni Afbrot og refsiábyrgð I frá 1999 að þrátt fyrir að 217. gr. almennra hegningarlaga sé á mörkunum að vera tjónsbrot — tjónsbrot er brot sem áskilur tilteknar afleiðingar fyrir refsinæminu — og samhverft brot en við samhverft brot er verknaður refsinæmur án tillits til afleiðinganna. Þrátt fyrir þetta ákvæði, sem iðulega er notað í heimilisofbeldi, sé á mörkum þess að vera tjónsbrot og samhverft brot eru líkamsmeiðingar samkvæmt 217. gr. hugsaðar sem tjónsbrot, þ.e. að tilteknar afleiðingar séu áskildar fyrir refsinæmið. Áherslan á beina og líkamlega áverka og aðferð við verknaðinn á hins vegar ekki eins vel við þegar kemur að heimilisofbeldi.

Refsing samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga annars vegar og samkvæmt 218. gr. hins vegar er líka mjög mismunandi. Samkvæmt 217. gr. getur fangelsisdómur verið allt að einu ári en samkvæmt 218. gr. getur dómur orðið allt að 16 ára fangelsi. Eftir því sem líkamlegar áverkar eru meiri eða aðferð hættulegri eru meiri líkur á að háttsemin

eigi við 218. gr. almennra hegningarlaga. En hins vegar getur verið um að ræða mjög alvarlegt heimilisofbeldi án mikilla líkamlegra afleiðinga og án hættulegra aðferða og þá getur legið talsvert lægri refsing við slíku heimilisofbeldi samkvæmt núgildandi lagaákvæðum. En það er skemmst að minnast þess að flest heimilisofbeldismál lenda undir 217. gr. sem eru minni háttar líkamsmeiðingar þar sem áherslan, bæði í dómaframkvæmd og í lögunum, er á hinar líkamlegu afleiðingar.

Þegar dæmt er fyrir heimilisofbeldi á að mínu mati ekki að skipta öllu máli hvort þolandinn hlýtur marblett eða beinbrot. Líkamlegar áverkar þolenda eru því ekki endilega rétt mælistika á alvarleika þessara brota né heldur á aðferð gerandans við heimilisofbeldi að skipta höfuðmáli við mat á alvarleika brotsins. Líta má á heimilisofbeldi sem brot gegn friðhelgi þolandans. Þolandinn er ekki óhultur á eigin heimili og þarf að lifa í stöðugum ótta við að verða fyrir ofbeldi af hálfu maka eða foreldris. Þolandi býr þá í fjötrum ofbeldis og andlegrar kúgunar. Þá er vandamálið yfirleitt falið utanaðkomandi einstaklingum því gerandi og þolandi eru tengdir tilfinningaböndum og skömmin af athæfinu leiðir til þess að erfitt er að brjótast undan okinu.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Svíar hafa tekið þessi mál mjög til skoðunar. Svíar hafa skilgreint kvinnofridskränkning, sem þýða mætti sem brot gegn friðhelgi kvenna. Í sænsku hegningarlögunum er að finna ákvæði um ofbeldi manns gagnvart maka eða öðrum nákomnum en þar er m.a. fjallað um brot gegn heilsu og lífi, brot gegn friðhelgi og kynferðisbrot en allt eru þetta brot sem þolendur heimilisofbeldis geta orðið fyrir. Sömuleiðis er litið til þess hvort verknaður sé liður í endurtekinni vanvirðingu á friðhelgi manneskjunnar og skaði alvarlega sjálfsmynd hennar.

Svíar hafa farið þá leið að nálgast heimilisofbeldi sem hluta af því vandamáli sem ofbeldi gegn konum almennt er og virðist sem yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn konum hafi verið höfð til hliðsjónar við þessa lagagerð. Leitast er við að vinna gegn og taka á líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi sem konur verða fyrir sakir kynferðis síns. Undirliggjandi forsenda þess að þetta varð hluti af sænsku hegningarlögunum er áhersla á alvarleika þeirra brota sem beinast gegn maka.

Eins og hér hefur komið fram eru ýmis rök fyrir því að setja einmitt sérákvæði um heimilisofbeldi en þó vil ég aftur taka fram að í sjálfu sér fagna ég því skrefi sem hér er stigið, þ.e. að það sé sett inn refsiþyngingarástæða, en að mínu mati er ekki nóg að gert. Þetta snýst ekki bara um refsiþyngingu heldur snýst þetta um hvort lagaákvæðið nái utan um heimilisofbeldi.

Það kom fram í meðförum málsins hjá allsherjarnefndinni mismunandi skilningur, ef svo mætti segja, frá formanni refsiréttarnefndar og síðan fulltrúa frá ríkissaksóknara hvað varðar áhersluna á hið andlega ofbeldi. Við höfum séð það að í gegnum tíðina hafa dómar ekki litið mjög grannt á hinn andlega skaða sem hlýst af ofbeldisbrotum. Þó má skynja örlitla breytingu í dómaframkvæmdinni en það þarf að leita að nánast óskyldu máli í greinargerð frumvarpsins til að benda á það að tjón af andlegu ofbeldi heyri undir líkamsmeiðingarákvæði almennra hegningarlaga en það er bent á dóm frá 5. júlí 2005 sem lýtur að skipun réttargæslumanns til handa brotaþola. Það væri miklu skynsamlegra ef löggjafinn mundi senda þau skilaboð hér og nú að heimilisofbeldi ætti að taka fastari tökum en nú er gert og m.a. yrði litið á hið andlega ofbeldi.

Við komumst ekki hjá því að dómstólar virðast hafa verið tregir til að líta á þann þátt en formaður refsiréttarnefndar benti á að ekki væri við dómstóla að sakast hvað það varðar heldur þyrfti frekar að beina sjónum að því hvernig ríkissaksóknari legði út frá sinni ákæru og verknaðarlýsingum í henni. Það kom fram að andlegu tjóni væri ekki nægilega vel lýst í ákærunni og fulltrúar ákæruvaldsins legðu nánast eingöngu áherslu á andlega ofbeldið í lok aðalmeðferðarinnar við refsiákvörðunina. En eins og fulltrúar refsiréttarnefndar bentu á þá eru dómstólar bundnir við verknaðarlýsingu ákæru. Fulltrúi frá ríkissaksóknaraembættinu sagði að verknaðarlýsing í ákærum væri yfirleitt bundin við líkamlegt ofbeldi en ekki andlegt ofbeldi en þó væri gagna um andlega ofbeldið aflað í rannsókninni þannig að hér virðist vera mismunandi skilningur á því hvernig við getum beint sjónum okkar enn frekar að hinu andlega tjóni sem verður í ofbeldismálum. Hvort sem það á heima undir verknaðarlýsingu ákæru eða ekki þá þurfa þessi mál að koma til frekari skoðunar.

Ég vil nota þetta tækifæri, ef þetta er raunin, til að hvetja fulltrúa ákæruvaldsins til að setja hið andlega tjón í meiri forgrunn ákærunnar þar sem dómstólar eru að sjálfsögðu bundnir verknaðarlýsingu sem þar kemur fram. En eins og ég segi höfum við sárafáa dóma um að andlega tjónið heyri undir 217. og 218. gr. og þó að það megi segja að það eigi heima þar þá hafa dómstólar einfaldlega ekki litið svo á í neinum mæli a.m.k.

Svíar hafa sérákvæði um heimilisofbeldi. Norðmenn hafa verið að skoða það. Við sjáum að fjölmargir hagsmunaaðilar, sem gáfu þessu frumvarpi umsögn sína, telja að hér sé þörf á sérákvæði um heimilisofbeldi. Má þar nefna Mannréttindaskrifstofu Íslands, Stígamót, Kvennaathvarfið, Alþýðusamband Íslands, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræði við Háskóla Íslands, velferðarsvið Reykjavíkurborgar o.s.frv. Þetta eru aðilar sem telja þetta frumvarp ganga of skammt og að rök séu fyrir því að setja sérstakt ákvæði um heimilisofbeldi.

Mig langar að vitna aðeins í umsögn Stígamóta um þetta mál. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi um heimilisofbeldi er það rökstutt að ekki sé þörf á sérákvæði um heimilisofbeldi í ætt við sænska ákvæðið um gróft brot á kvenfrelsi. Þeim rökstuðningi eru Stígamót ósammála. Bent er á að refsingar skuli ekki miðast við kyn nema slíkt leiði af eðli málsins. Stígamót benda á að fá málefni eru tengdari kyni en ofbeldi karla gegn konum. Rök refsiréttarnefndar fyrir að fara ekki að dæmi Svía eru fjórþætt.

Í fyrsta lagi leggur refsiréttarnefnd áherslu á að það sé ekki verknaðurinn sem slíkur heldur tengslin sem geri brotin ámælisverðari en endranær. Það sé nándin og þar með trúnaðarbrotið sem sé grundvallarhugtaksatriði. Þessi rökstuðningur er í ósamræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist þar sem við höfum skuldbundið okkur til þess að afnema sérstaklega mismun-

un gagnvart konum í öllum málum varðandi hjúskap og samskipti innan fjölskyldunnar.

Það sem gerir ofbeldi í parsamböndum einstakt og flókið er fleira en bara nánd einstaklinganna. Bara hugtakið heimilisofbeldi er villandi um það ofbeldi sem þrífst í skjóli friðhelgi heimilanna. Orðið gefur í skyn að um jafnan leik allra á heimilinu sé að ræða. Staðreyndin er sú að kyn ræður mestu og það eru fyrst og fremst karlar sem beita konur ofbeldi. Það ofbeldi gengur oftast út yfir börnin beint og óbeint eins og fram kemur í ársskýrslum Kvennaathvarfsins, en 10–18% kvenna sem leituðu þangað á síðustu þremur árum sögðu frá ofbeldi gagnvart börnum. Þó þetta sé óþægileg staðreynd hefur hún hlotið æ meiri viðurkenningu. Það er nauðsynlegt að ganga út frá henni til þess að lausnirnar verði viðeigandi. Auðvitað finnast dæmi um ofbeldi annarra en karla á heimilum landsins þó ekki sé um alvarleg samfélagsmein að ræða. Almenn lagagrein eins og refsiréttarnefnd hannaði mundi ná yfir slíkt ofbeldi.

Ofbeldi í parsamböndum er flókið atferlismunstur sem nær yfir tíma, en felst oftast ekki í einstökum ofbeldisbrotum. Í munstrinu fléttast saman á ólíka vegu, líkamlegt og andlegt ofbeldi, hótanir, kynferðisofbeldi, einangrun, niðurlæging, einhliða stjórnun og fleira. Það eru oft ekki einstök ofbeldisverk sem gera sambúðina óbærilega heldur samanlögð áhrif hótana, stjórnunar og ofbeldis sem ná yfir lengri tíma. Um 85% þeirra kvenna sem leituðu til Kvennaathvarfsins árið 2004 lýstu andlegu ofbeldi, en innan við 50% töluðu um líkamlegt ofbeldi. Um 35% lýstu ofsóknum, en það er þekkt að hættan á ofbeldi eykst um þriðjung kjósi konur að skilja við ofbeldismenn. Sambærilegar tölur frá Noregi sýna að 75% kvenna tala um andlegt ofbeldi og 60% líkamlegt ofbeldi auk þess sem 51% leitaðu hjálpar vegna hótana. Til þess að fanga þetta atferlismunstur á heildstæðan hátt þarf að koma til sérstök lagagrein.

Í öðru lagi vísa semjendur frumvarpsins í réttarframkvæmd og rannsóknarathafnir lögreglu því til stuðnings að ekki þurfi að koma til sérákvæði. Þeir benda á hæstaréttardóm til þess að rökstyðja að hægt sé að fá réttargæslumann þegar um er að ræða ofbeldi í parsambandi. Á móti skal bent á að í einungis litlum hluta umræddra brota er kært til lögreglu og því þarf í rökstuðningi að líta víðar en til þeirra brota sem eru kærð. Það ofbeldi sem Kvennaathvarfið og Stígamót fást við kemur lítið við sögu í opinberum tölum. Aðeins um 12% kvenna úr Kvennaathvarfinu kærðu ofbeldið í fyrra og 6,2% kærðu ofbeldið frá Stígamótum. Þetta er umhugsunaratriði. Það er vel hugsanlegt að skýrari lagaákvæði mundu ýta undir að fleiri konur leituðu réttar síns vegna ofbeldis í parsamböndum.

Í þriðja og fjórða lagi benda semjendur frumvarpsins á sönnunarvandann sem skapast við sérrefsiákvæði um ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum og það mat sem fara þarf fram. Sönnunarvandinn er vissulega mikill og ekki verður komist hjá mati hvernig sem lögin eru orðuð. Þetta má þó ekki verða til þess að látið verði hjá líða að bregðast við ofbeldi í parsamböndum. Flestar birtingarmyndir kynbundins ofbeldis eru eins og ofbeldi í parsamböndum þess eðlis að erfitt er að sanna þær. Má nefna sifjaspell og nauðganir. Við höfum þrátt fyrir það skýr lagaákvæði um að refsivert sé að nauðga börnum og fullorðnum.

Stígamót líta á það sem hlutverk sitt að mæla aðeins með bestu lagalegu lausnum og því er lagt til að Íslendingar fari að dæmi Svía sem hafa sett framsæknustu lög á sviði ofbeldis. Mælt er með að sett verði lög um gróft brot á kvenfrelsi."

Þetta kemur fram í umsögn Stígamóta. Eins er vilji á því að hér verði sett sérákvæði um heimilisofbeldi, það verði ekki látið nægja sem þetta frumvarp mælist til að við gerum.

Það má einnig vitna í umsögn Alþýðusambands Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það æskilega við að skilgreina heimilisofbeldi sem sjálfstætt og sérstakt brot felst m.a. í að skilgreina ofbeldi sem unnið er innan þeirrar friðhelgi af einstaklingi sem þar dvelst sem sérstaklega alvarlegt, ekki einungis vegna tengsla brotamanns og brotaþola heldur einnig vegna vettvangs brotsins. Þá er m.a. haft í huga að ofbeldi framið á þeim vettvangi getur haft djúpstæð og alvarleg áhrif á fleiri en hinn beina brotaþola. Þau sjónarmið styðja örlítið aðra nálgun en fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir."

Síðan segir Mannréttindaskrifstofa Íslands, með leyfi forseta:

„Mannréttindaskrifstofan harmar að kynjasjónarhorn hafi ekki verið lagt til grundvallar við samningu frumvarpsins. Með því er litið fram hjá grundvallarforsendu brotsins. Skrifstofan telur nauðsynlegt vegna eðlis heimilisofbeldis að setja sérstakt ákvæði í almenn hegningalög sem tekur á kynbundnu ofbeldi karla gegn konum. Mannréttindaskrifstofan hvetur stjórnvöld til að fara að dæmi Svía sem annars vegar hafa lögfest sérstakt ákvæði um gróf kvenfrelsisbrot og hins vegar ákvæði sem tekur til grófra frelsisbrota gegn börnum eða öðrum nákomnum. Ákvæðið um kvenfrelsisbrot tekur til grófra brota gegn kvenfrelsi sem framin eru endurtekið af körlum gegn konum sem þeir eiga í nánu sambandi við. Ákvæðið hefur það í för með sér að fremji maður ákveðinn refsiverðan verknað (svo sem líkamsárás, ólögmætar hótanir eða þvinganir, kynferðislegt ofbeldi eða misnotkun) gegn konu sem hann er eða hefur verið giftur eða búið með, með þeim afleiðingum að sjálfsmynd konunnar skaddast alvarlega, geta dómstólar dæmt hann fyrir gróft kvenfrelsisbrot auk refsingar fyrir hvert einstakt brot, svo sem líkamsárás. Löggjöfin veitir þannig dómstólum svigrúm til að taka mið af aðstöðu fórnarlamba kynbundins ofbeldis og þyngja refsingu ofbeldismannsins með tilliti til alvarleika brotanna og hversu oft þau áttu sér stað. Sérstakt ákvæði um kvenfrelsisbrot beinir sjónum að ofbeldi karla gegn konum og hefur ákveðin réttarpólitísk áhrif. Þau boð eru send út í íslenskt samfélag að kynbundið ofbeldi sé ekki liðið; boð eru send til þeirra sem njóta verndar ákvæðisins um að heimilisofbeldi sé glæpur auk þess sem von er til að ákvæðið hafi fyrirbyggjandi áhrif.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram sú skoðun að orðalag sérrefsiákvæðis um heimilisofbeldi fengi vart staðist kröfur íslensks réttar um skýrleika refsiheimilda samkvæmt 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar. Mannréttindaskrifstofan telur slíkt sérrefsiákvæði í anda sænsku laganna fyllilega geta uppfyllt ákvæði 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrár. Í almennum hegningarlögum er að finna fjölda matskenndra ákvæða sem dómstólar í tímans rás hafa mótað nánar. Hér

eins og við lagasetningu almennt þarf vitaskuld að vanda til verks og gæta þess að hafa ákvæðin sem skýrust.

Þá telur skrifstofan mögulegan sönnunarvanda ekki viðhlítandi rök gegn sérstöku refsiákvæði í anda þess sænska. Það gildir um mörg brot sem framin eru í skjóli friðhelgi einkalífs að sönnunin getur verið vandasöm. Slíkt á t.d. við um kynferðisbrot gegn börnum. Það hefur þó ekki leitt til þess að sérákvæði um kynferðisofbeldi gegn börnum hafi verið felld niður, þvert á móti. Eðlilegra væri að bregðast við sönnunarvandanum með því að þróa rannsóknaraðferðir og afla frekari upplýsinga um eðli brotanna."

Frú forseti. Eins og komið hefur fram eru fjölmargir aðilar sem telja sérákvæði um heimilisofbeldi nauðsynlegt. Sumir umsagnaraðilar bentu jafnvel á að þessi málaflokkur þyrfti heildarendurskoðunar við. Það benti Jafnréttisstofa m.a. á. Það má alveg taka undir það. Við þurfum að skoða ýmislegt á þessu sviði og eins og mjög margir fagaðilar benda á er refsiþyngingin ein og sér ekki aðalmálið heldur liggur vandinn í því hversu fáir kæra. Eins og hér hefur komið fram kærir aðeins lítill hluti þeirra sem leita til Kvennaathvarfsins og enn minni hluti þeirra sem leita til Stígamóta. Það er eitthvað að kerfinu og við eigum að reyna að lækka þá þröskulda sem kerfið virðist augljóslega hafa og reyna að gera það þannig að fólk sjái það sem raunhæfan möguleika að kæra og fara með þessi mál alla leið til dómstólanna.

Það er auðvitað ýmislegt sem mætti minnast á á þessu málasviði sem mætti taka til skoðunar. Hér hefur verið bent á að það sé nauðsynlegt að taka upp hina svokölluðu austurrísku leið. Það hefur hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ítrekað lagt til að verði gert. Ég get tekið undir að það sé skynsamleg leið en austurríska leiðin lýtur að því að fjarlægja ofbeldismann af heimilinu en eins og nú er þurfa iðulega þolendur ofbeldisins að yfirgefa sitt eigið heimili. Þessi leið hefur gefið góða raun í Austurríki og ég held að þetta sé nánast komið á öllum Norðurlöndunum, a.m.k. í Svíþjóð og Noregi. Þetta er leið sem við eigum að skoða og er bara lógísk ef við hugsum um það. Að sjálfsögðu eiga þolendur heimilisofbeldis ekki að þurfa að yfirgefa heimili sitt, að sjálfsögðu á gerandinn að gera það. Og það er rétt að það komi fram að samkvæmt þessari austurrísku leið má gerandinn ekki koma heim innan tiltekins tíma þrátt fyrir að þolendurnir vilji leyfa honum að koma heim.

Við höfum einnig rætt að það þurfi að skoða reglur um nálgunarbann. Lögfræðingar hafa bent á að það mætti bæta með ýmsum leiðum. Við höfum talað fyrir því, sum okkar, að það þurfi sérmóttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis. Við þurfum að efla meðferðarúrræði fyrir gerendur í heimilisofbeldismálum. Það er átak sem var í gangi fyrir nokkrum árum og ég held jafnvel að þetta átak sé byrjað aftur. Því ber sérstaklega að fagna að við ráðumst að rót vandans og bjóðum upp á meðferðarúrræði fyrir þá einstaklinga sem beita nákomna ofbeldi.

Við þurfum sömuleiðis að fjölga opinberum ákærum í þessum málaflokki. Það er fróðlegt að skoða umsögn frá lögmönnum og starfsmönnum neyðarmóttöku vegna nauðgana á Landspítalanum, en lögmennirnir benda á að við eigum að setja skýrara ákvæði í lög um meðferð opinberra mála um tilnefningu réttargæslumanna við rannsókn lögreglu á heimilisofbeldismálum.

Í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Við leggjum því til að sama regla gildi um tilnefningu og síðar skipun réttargæslumanna í heimilisofbeldismálum og að þolendum heimilisofbeldis sé undantekningarlaust tilnefndur og síðar skipaður réttargæslumaður."

Jafnframt stendur síðar í þessari umsögn að það sé brýnt að börn hafi stöðu brotaþola og öðlist sjálfstæðan rétt til tilnefningar og síðar skipunar réttargæslumanns einkum þegar um er að ræða börn sem hafa misst foreldra vegna ofbeldisverka sem tengjast heimilisofbeldi.

Aftur segir hér, með leyfi forseta:

„Þá teljum við í ljósi reynslu okkar að nánari reglur þurfi að setja vegna nálgunarbanns. Í fyrsta lagi verði brotaþola eða réttargæslumanni veitt heimild til að koma að kröfu um nálgunarbann og fylgja henni eftir fyrir dómstólum. Í öðru lagi verði að tryggja að nálgunarbanni verði framfylgt eftir atvikum með brottvísun geranda af heimili og heimsóknarbanni (austurríska aðferðin) ef um ítrekuð brot er að ræða."

Síðan segja lögmennirnir á neyðarmóttökunni að í þeim tilfellum sem rannsókn opinberra mála sé hætt eða mál felld niður verði brotaþola veitt aðstoð, eftir atvikum með gjafsókn, til að fylgja eftir slíkum málum fyrir dómstólum til heimtu miska- eða skaðabóta. Að lokum er bent á að í verklagsreglum lögreglu þurfi að skilgreina betur og tilnefna aðila hjá ákæruvaldinu eða lögreglu, sem hefði það hlutverk að annast um samskipti við vitni, boða þau til að bera vitni og til að upplýsa þau um hvað felist í að bera vitni í refsimálum.

Það er ýmislegt sem hægt er að gera á þessu málasviði. Kvennaathvarfið leggur fram langan lista sem við þyrftum að skoða. Þær leggja til að stofnuð verði neyðarmóttaka fyrir fórnarlömb kynbundins ofbeldis, kynningarátak verði fyrir fagstéttir og almenning, vinnureglur verði settar fyrir fagfólk, skráning tilvika verði stöðluð í heilbrigðiskerfinu og hjá lögreglu og fræðsla verði fyrir allt starfsfólk dómstóla, saksóknara og löggæslu um kynbundið ofbeldi.

Þá er komið að heildarendurskoðun löggjafar. Kvennaathvarfið mælist til að kynferðisbrot fyrnist ekki, ábyrgð á vændi verði hjá kaupendum og milligöngumönnum, ofbeldismál sæti opinberri ákæru í ríkari mæli, kynferðislegt sjálfsforræði verði tryggt með lögum, brot gegn friðhelgi kvenna verði refsivert, nálgunarbann verði styrkt og konur geti sjálfar farið fram á það, austurríska leiðin verði lögbundin og réttargæsla verði sjálfsögð ef konur hafa verið beittar ofbeldi af hendi nákominna.

Síðan eru talin upp ýmis önnur atriði, svo sem að lög gegn klámi verði virt, að aðgerðaáætlun verði gerð á sveitarstjórnarstigi og hjá opinberum stofnunum, að fórnarlömbum kynbundins ofbeldis verði veittur fjárhagslegur stuðningur, að unnið verði gegn mansali og fórnarlömbum mansals veittur stuðningur, að markvisst verði unnið að fjölgun kvenna í starfsstéttum sem vinna að meðferð ofbeldismála og að rannsóknir verði unnar á þessu sviði til að afla þekkingar.

Í umsögninni stendur, með leyfi forseta:

„Auk þess má bæta við að með fækkun lögregluumdæma" — sem við erum einmitt að skoða þessa dagana í

allsherjarnefnd — „gefst kostur á að skipa sérfræðing í hverju lögregluumdæmi fyrir sig sem kallaður er til þegar kynbundið ofbeldi er annars vegar."

Eins og þingheimur heyrir er ýmislegt sem við getum gert betur. Við eigum að einhenda okkur í það því að sjálfsögðu ætti það að vera forgangsmál okkar allra að ná tökum á kynferðislegu ofbeldi.

Mig langar að lokum að vitna aðeins í umsögn UNIFEM. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Samráð við fagaðila er forsenda þess að löggjöf endurspegli og bregðist við raunveruleikanum. Þetta á ekki síst við þegar fjallað er um jafnmargþættan og vandmeðfarinn málaflokk sem heimilisofbeldi er. Slíkt samráð hefur verið viðhaft við gerð slíkra laga í nágrannalöndum okkar á undanförnum árum og er framkvæmdin í Svíþjóð einna markverðust.

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi þykir því hryggilegt að sjá að ekkert sambærilegt samráð liggur að baki frumvarpinu sem nú er til umsagnar. Í stað þess að byggja á upplýsingum frá Kvennaathvarfinu, Stígamótum, neyðarmóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss og öðrum aðilum sem starfa með þolendum heimilisofbeldis styðst gerð frumvarpsins nær eingöngu við upplýsingar um dómaframkvæmd í málaflokknum hér. Rík ástæða er til að setja spurningarmerki við slíkt vinnulag þegar meginvandi málaflokksins hefur verið hversu erfitt er að sækja málin og að fá mál hafa endað fyrir dómstólum. Er það ekki eitt af markmiðum frumvarpsins að bregðast við þeim vanda?

UNIFEM á Íslandi er þeirrar skoðunar að takmarkanir frumvarpsins séu alvarlegar og hvetur eindregið til að meiri vinna sé lögð í frumvarpið og undirbúning þess. Landsnefndin ítrekar að kynblind löggjöf um heimilisofbeldi geti ekki verið fullnægjandi löggjöf og mælir eindregið með því að farin verði sama leið og í Svíþjóð. Í því felst að löggjöf um heimilisofbeldi innihaldi bæði almennt ákvæði um ofbeldi af hálfu nákomins geranda, líkt og gert er í frumvarpinu, og einnig annað sértækara ákvæði um ofbeldisbrot karls gegn konu sem hann er nákominn eða það sem Svíar kalla kvenfrelsisbrot.

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi fær ekki séð að slíkt ákvæði gangi gegn 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar en telur þvert á móti að ákvæðið yrði til þess að bæta réttarstöðu kvenna í málaflokki þar sem mjög hefur verið hallað á hlut þeirra."

Að lokum vil ég minna á að hegningarlögin eru að meginuppistöðu frá 1940, frá þeim tíma er engar konur voru á þingi og ekki verður fram hjá því horft að mörg ákvæði þeirra bera einkenni þess. Því tel ég nauðsynlegt að endurskoða ákveðna kafla hegningarlaga með það að markmiði að lögin nái betur yfir brot sem konur og börn verða aðallega fyrir.

Mig langar að rifja upp nokkrar sláandi tölur sem koma fram í umsögnum. Til neyðarmóttöku á Landspítala vegna nauðgunar leituðu 119 einstaklingar árið 2004. Það er þriðja hvern dag ef svo mætti segja. Þriðja hvern dag leitar kona til neyðarmóttöku vegna nauðgunar. Þetta er afskaplega há tala og ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir því hversu algengt þetta er. Síðan er auðvitað sá fjöldi sem leitar sér ekki aðstoðar. Það er mjög erfitt að gera sér grein fyrir því hversu stór sá hópur er. En sem sagt, 119 einstaklingar leituðu til neyðarmóttöku vegna nauðgunar árið 2004. 140 konur komu vegna ofbeldis og hugsanlegs heimilisofbeldis á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Til Stígamóta leituðu á þessu ári tæplega 500 einstaklingar en Stígamót eru ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi. Það er enginn smávægilegur fjöldi sem leitar sér þar aðstoðar. Það kemur fram að af þessum hópi eru 250 að leita sér aðstoðar í fyrsta skipti. Helmingurinn er því að leita sér aðstoðar í annað skipti að minnsta kosti. Frá stofnun Stígamóta árið 1989 til ársloka 2004 hafa 3.804 einstaklingar leitað þar aðstoðar. Síðan kemur fram að í Kvennaathvarfið komu á síðasta ári 92 konur og 74 börn til dvalar. Alls voru komur kvenna í athvarfið, þ.e. viðtöl og dvalir, 557 á árinu og hafa aldrei verið fleiri frá upphafi. Frá stofnun Kvennaathvarfsins árið 1982 eru skráðar rúmlega 7 þúsund komur að börnum ótöldum. Þess má geta að í könnun, sem var gerð 1997, kom fram að aðeins 14% kvenna sem beittar höfðu verið ofbeldi leituðu til Kvennaathvarfsins. Það er því ljóst að ofangreindar tölur gefa ekki raunsæja mynd af tíðni og útbreiðslu ofbeldis í þjóðfélaginu þar sem erfitt er að meta þann fjölda sem aldrei leitar sér aðstoðar. En þetta eru sláandi tölur þegar 120 einstaklingar leita til neyðarmóttöku vegna nauðgunar á ári, 140 konur vegna ofbeldis, hugsanlega heimilisofbeldis, og 500 einstaklingar leita til Stígamóta.

Frú forseti. Það er alveg ljóst að heimilisofbeldi má ekki líðast í skjóli friðhelgi heimilis eða einkalífs og er því mikilvægt að lögreglan átti sig á því. Löggjafinn þarf að nota öll möguleg úrræði til að ná utan um þessi brot. Hann þarf sömuleiðis að fylgjast með þeirri stórauknu þekkingu sem nú liggur fyrir á þeim raunveruleika sem þolendur heimilisofbeldis búa við. Ekki fyrir alls löngu, eða árið 1991, leit rannsóknarlögregla ríkisins svo á að vandamál samfara heimilisofbeldi væru ekki refsiréttarlegs eðlis heldur öllu fremur félagslegs eðlis. Hugtök eins og stormasöm sambúð heyrast líka enn þegar átt er við heimilisofbeldi, samanber nýlegan dóm Héraðsdóm Reykjaness, nr. S 923/2004. Enn vottar fyrir afar forneskjulegum viðhorfum hjá dómstólum landsins þegar þolandi heimilisofbeldis er jafnvel sagður eiga sök á ofbeldinu sjálfur.

Það er því afar brýnt að skoða vandlega með hvaða hætti unnt er að skilgreina þetta brot þannig að lögregla, dómstólar og fagaðilar geti með ákveðnum hætti tekið á heimilisofbeldi. Það skiptir miklu máli, ég legg áherslu á það, að skilgreining þessara brota sé með nákvæmum og skýrum hætti enda er skýrleiki refsiheimilda forsenda þess að þeim verði beitt.

Ég er sannfærður um að við getum komið okkur saman um eitthvert orðalag sem tekur á þessum verknaði og við þurfum ekki að efast um að það standist stjórnarskrá. Öðrum þjóðum hefur tekist að setja sérákvæði um heimilisofeldi. Af hverju ætti okkur Íslendingum ekki að takast það líka? Ég held að með þeim hætti mundum við ná einna best utan um heimilisofbeldi og þannig taka á gríðarlega miklum vanda sem við öll hér inni viljum bregðast við með einhverjum hætti.

[16:31]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil til að byrja með taka undir lokaorð hv. 10. þm. Reykv. s. Það leikur enginn vafi á því að við sem erum að fást við þessi mál hér á þessum vettvangi tökum vandamál af þessu tagi alvarlega og viljum leita leiða til að bregðast við þeim. Það er á þeim forsendum sem samstaða hefur verið um þær breytingar sem felast í frumvarpinu sem hér liggur fyrir þó að vissulega séu sjónarmið uppi um að þær tillögur sem þar er að finna séu ekki fullnægjandi.

Það er mikilvægt í þessari umræðu að átta sig á því að þó að við teljum okkur hafa nokkuð ljósa mynd af því í almennri orðræðu hvað felist í heimilisofbeldi getur verið erfitt að útfæra það í lagatexta með þeim hætti að það uppfylli skilyrði um skýrleika refsiheimilda. Í heimilisofbeldi geta nefnilega falist svo margvísleg og mismunandi brot eins og bent hefur verið á í þessari umræðu. Það getur verið um að ræða líkamlegt ofbeldi af ýmsu tagi, það getur verið um að ræða andlegt ofbeldi, það getur verið kynferðislegt ofbeldi, hótanir og margt fleira. Þau atriði sem ég hef nefnt eru refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum en með því að nálgast málið með þeim hætti sem gert er í þessu frumvarpi er verið að tryggja að dómarar hafi heimild til að dæma gerendur til þyngri refsingar en ella þegar brot af þessu tagi eru með þeim hætti að þau varða samskipti nákominna, þ.e. þegar þau eru framin í þeirri nánd sem stafar af nánum tengslum.

[16:33]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála hv. þingmanni að þetta frumvarp lýtur að því að bæta inn í lögin refsiþyngingarástæðu þegar um heimilisofbeldi er að ræða. Einungis er um refsiþyngingarástæðu að ræða og vissulega fagna ég henni. Ég vil hins vegar ganga lengra eins og fjölmargir aðrir umsagnaraðilar vilja. Hér er beinlínis þörf á sérstöku ákvæði um heimilisofbeldi vegna þess að heimilisofbeldi er ekki eins og hver önnur líkamsárás. Þetta er flókið ofbeldi, ég tek alveg undir það. Þetta getur átt undir svo mörg ákvæði almennra hegningarlaga en þegar þau ákvæði voru sett hafði enginn heimilisofbeldi í huga.

Ég skil ekki af hverju við förum ekki alla leið og setjum sérstakt lagaákvæði sem tekur á heimilisofbeldi, tekur á þeim verknaði eins og hann er. Hann er langvarandi, kynferðislegur, líkamlegur, andlegur o.s.frv. og hann gerist innan veggja heimilisins. Af hverju getum við ekki komið okkur saman um ákvæði sem tekur utan um þetta? Þannig mundum við færa dómstólunum og lögreglu betri vopn til að bregðast við heimilisofbeldi.

Við sjáum einnig að refsiramminn getur skipt máli. Refsiramminn undir 217. gr. er langtum lægri en í 218. gr. Við vitum að iðulega lendir heimilisofbeldi undir 217. gr. sem eru minni háttar líkamsmeiðingar. Við vitum líka að dómaframkvæmdin hefur verið þannig að áherslan er ekki á andlegt tjón, sem oft er í forgrunni í heimilisofbeldi, eins og bent var á í umsögnunum, heldur á líkamlegt tjón. Dómstólar líta fyrst og fremst á líkamlegu afleiðingarnar og aðferðina. Ég veit vel að það er hægt að benda á einn og einn dóm þar sem litið er til andlegs tjóns en það dugir ekki. Þessi þróun verður allt of hæg með þessu áframhaldi. Við getum náð miklu betur utan um verknaðinn með því að setja sérstakt ákvæði. Það væri fagnaðarefni ef hv. þm. Birgir Ármannsson færi með okkur í þann leiðangur. Ég held að við deilum öll sameiginlega markmiðinu í þessu máli.

[16:36]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar tekist er á við það viðfangsefni sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson leggur áherslu á, þ.e. að sett verði sérákvæði um heimilisofbeldi inn í hegningarlögin, veldur það vanda að heimilisofbeldi er mismunandi. Það felst í mismunandi háttum, það felst í mismunandi brotum. Eins og við höfum rakið getur það falist í kynferðislegu ofbeldi, það getur falist í líkamsmeiðingum, það getur falist í hótunum og kúgunum af ýmsu tagi og svo má lengi telja. Þess vegna er, hygg ég, harla erfitt eða ógerlegt að skrifa inn í hegningarlögin ákvæði sem felur í sér verknaðarlýsingu í þessu sambandi. Verknaðarlýsingin varðandi einstök brot er hins vegar fyrir hendi og ég tel að núgildandi löggjöf sé að því leyti fullnægjandi að hún lýsir þeim brotum sem geta verið hluti af heimilisofbeldi. Ég held því að við þurfum ekki sérákvæði af þessu tagi heldur það ákvæði sem við leggjum til í þessu frumvarpi þar sem undirstrikað er að brot sem eru framin, hvort sem um er að ræða kynferðisbrot, ofbeldisbrot, hótanir eða annað, séu litin sérstaklega alvarlegum augum og geti varðað þyngri refsingu ef um náin tengsl geranda og brotaþola er að ræða eins og er í þessu tilviki.

Ég sé ekki að með góðu móti sé hægt að setja inn í lögin ákvæði af því tagi sem hv. þingmaður talar um. Það er niðurstaða refsiréttarnefndar, sem lagði grunninn að þessu frumvarpi og tók þessi atriði til rækilegrar skoðunar, að ekki sé hægt að setja slíkt ákvæði, almennt heimilisofbeldisákvæði, inn í hegningarlögin vegna kröfunnar um skýrleika refsiheimilda.

[16:38]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sannfærður um að refsiréttarnefnd, við hér á þingi eða einhverjir aðrir aðilar geta komið sér saman um orðalag sem uppfyllir stjórnarskrána. Aðrar þjóðir hafa gert það, Svíar hafa gert það, Norðmenn hafa verið að skoða þessi mál. Við eigum að sjálfsögðu að geta gert það eins og aðrir. Við getum ekki fyrir fram dæmt um að óskrifað lagaákvæði muni ekki standast kröfur stjórnarskrárinnar um skýrleika refsiheimilda. Við höfum ákveðnar hugmyndir um hvernig við ættum að skilgreina slíkt brot. Lítum á hvernig sænsku lögin skilgreina heimilisofbeldi. Kvennaathvarfið hefur enn aðra skilgreiningu. Ég er alveg sannfærður um að ef vilji er fyrir hendi er hægt að setja sérákvæði um heimilisofbeldi.

Það fólst sannleikur í því sem hv. þm. Birgir Ármannsson sagði. Hann sagði að ýmislegt gæti falist í verknaðinum heimilisofbeldi. Ég tek undir það. Þess vegna er svo óheppilegt hvernig komið er fyrir heimilisofbeldi í íslenskri löggjöf í dag. Það heyrir undir svo mörg lagaákvæði. Það er

óheppilegt. Heimilisofbeldi er ekki eins og hver önnur líkamsárás, heimilisofbeldi er ekki eins og hver önnur frelsissvipting eða einangrun eða móðgun eða ærumeiðing. Það er þetta allt í senn. Dómstólar þurfa að fá skilaboð um að taka harðar á heimilisofbeldi og þeir þurfa líka að fá ákvæði sem tekur heildstætt á þessum verknaði og með fullnægjandi hætti.

Það eru mörg ákvæði í lögum sem eru matskennd. Við treystum dómstólunum til að finna út úr því. Upp úr því spretta ákveðin fordæmi, sem eru leiðbeinandi, þannig að það er ekki vandamál. Ég tel þá þögn sem er um heimilisofbeldi í íslenskri löggjöf miklu meira vandamál. Ég held að við ættum að einhenda okkur í það í næsta skrefi að reyna að koma okkur saman um eitthvert orðalag sem bæði uppfyllir stjórnarskrána og tekur á þessum verknaði með fullnægjandi hætti. Þannig náum við betri tökum á þessum verknaði og getum jafnvel aukið kærutíðni í þessum málaflokki og þá væri mikið unnið.

[16:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum um heimilisofbeldi. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hefur farið afar vel yfir málið en ég ætla samt að reyna að bæta um betur þó ég reyni að forðast að endurtaka mikið af því sem þegar hefur komið fram.

Það er auðvitað athyglisvert að hér er eingöngu verið að leggja til að lögfest verði refsiþyngingarástæða þegar náin tengsl geranda og brotaþola þykja hafa aukið á grófleika verknaðar. Það má segja að ákvæðið sé í sjálfu sér almenns eðlis, það er ekki kynbundið og eingöngu, sem er aðalatriðið í málinu, er fjallað um refsiþyngingarástæðuna.

Ég hefði haldið að taka þyrfti betur á málum en gert er, fara víðar yfir sviðið og gera róttækari breytingar á lagasetningu okkar en hér er lagt til. Um þetta fjallaði ég í ræðu minni við 1. umr. þessa máls og mun í nokkrum orðum rifja þá umræðu upp. Ég hef oftar en einu sinni flutt á þinginu mál sem nú liggur fyrir í allsherjarnefnd. Þar er ég t.d. að fjalla um austurrísku aðferðina, leið þar sem farið er í saumana á hinu kynbundna ofbeldi sem heimilisofbeldi er. Óskað er eftir heildstæðri nálgun þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir eða draga úr ofbeldinu, ekki einungis með því að þyngja þá refsingu sem liggur við kynferðisofbeldi eða ofbeldi á heimilum heldur einnig með því að reyna að finna önnur úrræði sem geta mögulega dregið úr því að ofbeldinu sé beitt.

Austurríska leiðin gengur út á það að lögregla fái sjálfstæða heimild í sínar hendur til að fjarlægja ofbeldismann af heimili í stað þess, eins og nú er, að þeir fjölskyldumeðlimir, sem oftast eru konan og börnin, sem verða fyrir ofbeldinu séu fjarlægðir af heimilinu og verði þar með flóttamenn í eigin landi. Mér finnst skipta mestu máli að löggjafinn viðurkenni að fórnarlömbin eigi rétt og hafi ekki brotið af sér heldur ofbeldismaðurinn. Austurríska ríkisstjórnin gekk fram fyrir skjöldu og leiddi í lög á sínum tíma þetta úrræði sem hefur síðan farið víða inn í löggjöf í Evrópu. Nú hafa öll Norðurlöndin nema Ísland lögfest þessa heimild til lögreglu. Af umræðum sem hér hafa verið á síðustu missirum um aðgerðir gegn ofbeldisbrotum sýnist mér veruleg þörf á því að þessi leið verði tekin til alvarlegrar skoðunar. Það þarf að taka það til meðferðar og umfjöllunar á löggjafarsamkundunni hvort ekki sé áríðandi að við förum að skoða það af alvöru að taka þetta úrræði upp í lög.

Aðeins nokkur orð, frú forseti, um það hvernig þessi leið hefur reynst í Austurríki. Þá er frá því að segja að þessi leið felst ekki bara í því að setja heimsóknarbann á ofbeldismanninn eða fjarlægja hann af heimilinu í ákveðinn tíma. Hún felst líka í meðferðarúrræði sem báðir aðilar njóta, ekki bara ofbeldismaðurinn heldur ekki síður fórnarlambið.

Austurríska ríkisstjórnin hefur komið á aðgerðastofnunum sem eru í öllum níu sýslum eða fylkjum Austurríkis. Þær hafa það hlutverk að hafa samband við fórnarlömb þeirra ofbeldismanna sem lögreglan fjarlægir af austurrískum heimilum og fórnarlömbunum er undantekningarlaust boðið upp á viðtalsmeðferð sem á að reyna að tryggja það að ofbeldið haldi ekki áfram. Ofbeldismönnunum er einnig boðið upp á úrræði sem á að koma í veg fyrir að þeir haldi áfram að beita ofbeldi. Samkvæmt þeim heimildum sem ég hef, frú forseti, hefur árangurinn af þessari meðferð verið nokkur en þó kannski ekki eins mikill og Austurríkismenn höfðu vonað. Það er þá fyrst og fremst tregða ofbeldismannanna sjálfra til að taka þátt í meðferðinni sem virðist vera kvartað undan en samkvæmt tölum sem ég hef frá því um áramót 2004/2005 höfðu einungis 11 þúsund af 21 þúsund ofbeldismönnum sem höfðu komist í kast við lögin vegna heimilisofbeldis tekið þátt í meðferðinni. Þetta er því ákveðið áhyggjuefni í Austurríki og menn vinna að því núna að bæta úr í þessum efnum.

Það er athyglisvert þegar við nú ræðum aðgerðir gegn heimilisofbeldi á Íslandi og úrræði gegn ofbeldi almennt að þessi lagasetning í Austurríki er ávöxtur af mjög öflugu samstarfi frjálsra félagasamtaka, femínistahreyfinga ýmissa, lögreglu og ráðherra. Lögreglan tók virkan þátt í mótun löggjafarinnar. Hún hefur því lagt sig fram um að fylgja henni eftir og fara þannig eftir lögunum að það geti skilað góðum árangri. Aðgerðastofnanirnar, sem mér finnst líka athyglisvert að skuli hafa verið komið á fót í Austurríki, eru reknar af frjálsu félagasamtökunum þannig að samstarfið við frjálsu félagasamtökin heldur þar áfram og er mjög kröftugt, opið og skilvirkt og hefur skilað miklum árangri. Þessar aðgerðastofnanir fá upplýsingar frá lögreglunni um öll þau mál sem leiða til brottvikningar ofbeldismanna af austurrískum heimilum. Mér er kunnugt um að til þess að svo mætti verða, til þess að félagasamtök og aðgerðastofnanir fengju þessar upplýsingar, þurfti að gera ákveðna undanþágu frá austurrísku persónuverndarlögunum. Ríkisstjórnin og persónuverndaryfirvöld sáu ástæðu til að gera slíka undantekningu í þessum tilvikum enda málin þannig vaxin að menn töldu nauðsynlegt að allir legðust á eitt til að reyna að sporna við ofbeldinu, sporna við óöryggi og kúgun sem fólk þarf að búa við, helst konur og börn, inni á heimilum sínum.

Þessar aðgerðastofnanir vinna á þeim nótum að innan 24 tíma frá aðgerðum lögreglunnar fá þær upplýsingar um viðkomandi mál. Þær hafa strax samband við það fólk sem fyrir ofbeldinu verður og það er boðað í viðtal. Skilvirkni þessa er gríðarlega mikil því samkvæmt tölum sem ég hef

aflað mér munu um 95% þeirra kvenna sem verða fyrir ofbeldinu þiggja þessi viðtöl. Stofnanirnar meta síðan hættuna sem konunum stafar af ofbeldismanninum og meta líkurnar á því að hann komi til með að halda uppteknum hætti og gerð er ákveðin öryggisáætlun sem konunum er gert að fara eftir. Það er athyglisvert í þessu sambandi að lögreglan tekur húslykilinn af húsráðanda þegar brottvikningin er gengin í garð og konunni er með lögum bannað að hleypa ofbeldismanninum aftur inn á heimilið meðan brottvikningin stendur. Hún á yfir höfði sér refsingu ef hún ætlar að láta undan bón ofbeldismannsins. Og samtalið sem þessar aðgerðastofnanir eiga við þessar konur er til þess að stappa í þær stálinu þannig að þær nái einhverjum varanlegum tökum á sjálfum sér og geti þar með spornað við frekara ofbeldi sem mögulega væri í vændum. Þessum konum er öllum veitt lögfræðileg ráðgjöf og svo geta þær haldið áfram í fræðslu og námskeiðum sem eiga að styðja við bakið á þeim áframhaldandi. Sömu meðferðarúrræði eða svipuð standa til boða ofbeldismönnunum sem eru þá unnin í samvinnu við frjáls félagasamtök, ákveðna karlastofu sem hefur gefið sig að þessu verkefni. Austurríska leiðin hefur skilað það góðum árangri að fjöldamörg lönd í Evrópu hafa tekið þessa aðferð upp og beita henni í sínum lögum og þar á meðal öll Norðurlöndin nema Ísland.

Ég sagði áðan að mér fyndist sjónarhornið í þessu frumvarpi vera of þröngt. Mér finnst skipta máli að horft sé vítt yfir sviðið þegar gerðar eru úrbætur af þessu tagi á löggjöf okkar og mér þykir það afar athyglisvert að stjórnvöld skuli hafa kosið að gera þessa breytingu, sem unnin er af refsiréttarnefnd, sem nota bene er þannig skipuð — það er allt í lagi að gera athugasemd við það að mál af þessu tagi skuli ekki fá neina þverfaglega meðferð í sjálfu sér heldur er refsiréttarnefnd einni falið að gera þessa breytingu. Ef ég man rétt situr einungis ein kona í refsiréttarnefndinni og aðrir einstaklingar þar eru karlar sem hafa kannski ekki þá yfirsýn sem ég hefði haldið að ætti að vera eðlilegt að leita eftir þegar löggjöf af þessu tagi er sett.

Í nóvember árið 2004 stóðu 16 félagasamtök og stofnanir fyrir 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Því átaki lauk með áskorun til yfirvalda um að setja fram heildstæða aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi er hefði réttlæti, forvarnir, stuðning og vernd til handa fórnarlömbunum að leiðarljósi. Í kjölfar þessa átaks var settur af stað aðgerðahópur af þessum félagasamtökum og stofnunum gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi og markmið þeirrar vinnu var að stuðla að upplýstri umræðu um málefnið og ekki síst vera stjórnvöldum til stuðnings og leiðbeiningar við gerð aðgerðaáætlunar er tæki til löggjafar, dómstóla, saksóknara og löggæslu, til félagslegra úrræða, fræðslu til almennings og fagaðila ásamt sértækum aðgerðum innan mennta- og heilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins. Þessi hópur tók meira að segja saman drög að aðgerðaáætlun og kynnti hana fyrir yfirvöldum og við þingmenn fengum þau drög í hendurnar. Ég verð að segja að það var afar fróðleg lesning. Ég hefði talið að refsiréttarnefnd hefði átt að kíkja á þau drög í vinnunni við þetta frumvarp. Ef þau hefðu verið lesin á þeim vettvangi hefði það getað orðið til þess að breytingarnar hefðu orðið víðtækari en raun ber vitni.

Síðan gerðist það á síðasta ári, ef ég man rétt í októbermánuði, að ríkisstjórnin gaf út yfirlýsingu um að hún ætlaði sér að fara út í það að vinna svona aðgerðaáætlun. Því var auðvitað fagnað hér í þingsal og úti í samfélaginu meðal félagasamtaka sem höfðu veitt hinu opinbera leiðsögn í þessum efnum. Það var gefið út af ríkisstjórnarinnar hálfu að það ætti að vinna þessa aðgerðaáætlun í samvinnu við hagsmunaaðila og frjáls félagasamtök og ég fagna því, og hef gert það áður, að sú skyldi hafa orðið raunin. Á sama tíma tel ég ástæðu til að gagnrýna stjórnvöld fyrir að hafa farið út í þá lagasetningu sem við nú ræðum án þess að leita sér nokkurrar ráðleggingar hjá þessum sömu samtökum sem hafa verið boðin og búin til þess að leggja hönd á plóginn — hæstv. ráðherra veit auðvitað af því. Ég hef á tilfinningunni að slegið hafi verið á útrétta hönd algerlega að tilefnislausu og frumvarpið og málið hefðu fengið mun dýpri umfjöllun og orðið dýpra og yfirgripsmeira ef strax hefði verið farið út í þverfaglegt samstarf.

Það vantar víða í samfélaginu þekkingu á ofbeldi og verulega mikið verk er óunnið í þeim efnum. Þó eru til aðilar úti í samfélaginu sem hafa yfirgripsmikla þekkingu, afburðaþekkingu, á þessum málum. Þar á ég t.d. við Stígamót, Samtök um kvennaathvarf, UNIFEM, neyðarmóttöku vegna nauðgana og þessi þekking kemur auðvitað gríðarlega vel fram í þeim umsögnum sem nefndinni bárust frá þessum aðilum við málsmeðferðina.

Í umsögn Stígamóta er það gagnrýnt, þó að fólk fagni því þar að ákveðið hafi verið að fara í heildarstefnumörkun í þessum málaflokki, á hvern hátt hæstv. dómsmálaráðherra hefur ákveðið að setja það t.d. í hendur einum lögfræðingi, Ragnheiði Bragadóttur lagaprófessor, að endurskrifa hluta af kynferðisbrotakafla hegningarlaganna. Ragnheiður Bragadóttir hefur nýverið skilað frumvarpstexta, tillögu að frumvarpi, til hæstv. dómsmálaráðherra og það er margt afar gott í því frumvarpi og þeim frumvarpstexta sem ég treysti að verði að lögum sem allra fyrst. Ég vil þó segja að betra hefði verið ef vinnan hefði verið unnin af þverfaglegum hópi eða teymi eins og staðið hefur til boða og ég hef rætt hér.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga á þessum sviðum eru umfangsmiklar og áhöld um það hvort við stöndum okkur vel í þeim efnum. Sjálf hef ég komið með fyrirspurnir til hæstv. dómsmálaráðherra í þessu sambandi þar sem nefndir á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa skoðað hvernig haldið er á málum og komist að þeirri niðurstöðu að hér sé víða pottur brotinn í meðferð heimilisofbeldismála og ofbeldismála af kynbundnum toga. Þar höfum við fengið ákúrur varðandi dómaframkvæmd, væga dóma og stjórnvöld hafa verið áminnt um það að tryggja að lögin veiti fórnarlömbum ofbeldis næga vernd. Það virðist ekki hafa verið nægilega vel að því gætt í löggjöfinni eins og hún hefur verið hingað til.

Í 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, sáttmála sem undirritaður var í desember 1979, fullgiltur hér á landi 1985, segir að ríkið skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að afnema mismunun gagnvart konum af hálfu einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja og í 16. gr. þessa sama samnings kemur fram að aðildarríkin skuli með viðeigandi ráðstöfun afnema mis-

munun gagnvart konum í öllum málum varðandi hjúskap, og það er merkilegt að það skuli tekið fram, og samskipti innan fjölskyldunnar. Það er beinlínis ljóst að í þessum samningi sem við erum fullgildir aðilar að er gert ráð fyrir því að aðildarríkin tryggi vernd fólks inni á heimilunum. Í ljósi þess hversu mörg brotamál koma upp á yfirborðið í þessum efnum hér hjá okkur og í ljósi þess hversu margar konur leita sér leiðsagnar hjá Stígamótum eða þurfa að leita í Kvennaathvarfið er alveg ljóst að okkur hefur ekki tekist að standa við ákvæði þessa samnings. Það er sannarlega ekki nægilega mikið að gert. Það er synd að svo skuli vera því að þessi samningur hefur verið endurnýjaður með nýjum ályktunum og nýjum samningum og vil ég þar sérstaklega nefna Peking-áætlun Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1995, en þar skuldbundu Íslendingar sig til að setja lög og styrkja núverandi löggjöf varðandi ofbeldi gegn konum.

Það er deginum ljósara að þessar skuldbindingar þurfa að vera miklu skýrari í íslenskum lögum og það frumvarp sem við ræðum hér er óttalega lítið klór í þeim efnum en gott samt, enda er því fagnað af öllum þeim sem gáfu umsagnir til nefndarinnar um þetta mál nema kannski af einhverjum örfáum aðilum sem koma úr annarri átt en Stígamót, Kvennaathvarf og neyðarmóttakan. Það vekur athygli þegar maður les umsagnirnar að bæði ríkissaksóknari og Lögmannafélag Íslands hafa af þessu máli ákveðnar áhyggjur. Þannig segir ríkissaksóknari í sinni umsögn að það megi fallast á það með refsiréttarnefnd að ekki sé nauðsynlegt að lögfesta sérstakt refsiákvæði um heimilisofbeldi sem ég er reyndar ósammála ríkissaksóknara um. Hins vegar efast ríkissaksóknari um að í ákvæðum frumvarpsins komi afdráttarlaust fram ákvörðun löggjafans um aukna réttarvernd þeim til handa sem fyrir heimilisofbeldi verða með þyngri viðurlögum en áður eða með nýjum viðurlagsákvæðum.

Ríkissaksóknari segir enn fremur að ákvæði frumvarpsins virðist leggja í vald dómara að meta hvort tengsl aðila hafi aukið á grófleika verknaðar, samanber 1 gr. frumvarpsins, og meta hvort verknaður verði talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, eins og getið er um í 3. gr. frumvarpsins. Ríkissaksóknari segir í umsögn til nefndarinnar, þegar öllu er á botninn hvolft, að leiðsögn löggjafans til dómarans virðist ekki skýr. Ég verð að segja að ég hef af því ákveðnar áhyggjur og sömuleiðis af því að laganefnd Lögmannafélags Íslands tekur að hluta undir þetta með ríkissaksóknara. Hún segir í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„Hins vegar er bent á að hugtakið „stórfelldar ærumeiðingar“ í fyrirhugaðri 233. gr. b. er tæpast nægilega afmarkað í greinargerð með frumvarpinu, en sérstök þörf er á því að afmarka það nánar eigi það að ná tilgangi sínum. Hið sama gildir einnig um það skilyrði 1. gr. frumvarpsins, þegar tengsl geranda og brotaþola „þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins“.“

Ég verð að segja, frú forseti, að undirbúningur þessa frumvarps af hendi hæstv. dómsmálaráðherra er ekki nægilega pottþéttur. Það er ekki ásættanlegt að við skulum sitja uppi með efasemdir frá Lögmannafélagi Íslands og ríkissaksóknara varðandi þetta frumvarp, sem gengur þó þetta skammt í átt að því að vinna gegn kynbundnu ofbeldi í samfélaginu, eins og fram kemur í þessum tveimur umsögnum sem ég hef nefnt.

Mig langar í framhjáhlaupi að nefna umsögn frá Sálfræðingafélagi Íslands sem vekur athygli á því að aldraðir og fatlaðir búi við ofbeldi bæði inni á heimilum og ekki síður inni á stofnunum. Sálfræðingafélagið óskar eftir því við löggjafann að tekið sé til skoðunar á hvern hátt 1. og 3. gr. taki til aldraðra sem búi á stofnunum og verði fyrir ofbeldi af hálfu þeirra sem hafa umönnun þeirra með höndum. Sálfræðingafélagið segir að ekki verði séð að 1. og 3. gr. taki til annars umönnunartengds ofbeldis, svo sem ofbeldis gegn fötluðum og á sambýlum. Ég efast satt að segja um að greinin, þótt ég telji hana ná til heimilisofbeldis sem aldraðir eða fatlaðir verða fyrir af hendi nákominna þá tel ég hana ekki ná yfir ofbeldi sem aldraðir eða fatlaðir geta mögulega orðið fyrir á sambýlum eða inni á stofnunum. Ég tel að þar sé annað dæmi um úrbætur sem gera þarf á löggjöfinni og vinda þarf bráðan bug að.

Það dugir ekki að við drögum lappirnar í málaflokkum þar sem leiðsögnin er til staðar og við höfum útrétta hönd frá fjölda félagasamtaka sem þekkja til málanna af eigin raun og vilja leggja löggjafanum lið. Mér finnst með ólíkindum að þá skulum við þverskallast við og ekki taka í þá útréttu hönd, ekki taka við allri þeirri fræðslu og öllum þeim upplýsingum sem þar eru til staðar sem geta gert löggjöfina þannig úr garði að hún sé pottþétt, öruggari og betri úr garði gerð en hér er lagt til.

Við verðum að hafa í huga, frú forseti, að heimilisofbeldi er atferlismunstur. Það er einstakt atferlismunstur. Við erum ekki að fjalla um jaðartilvik. Við erum að fjalla um atferlismunstur og tilvik sem verður að taka á í ljósi þeirrar þekkingar sem til staðar er í samfélaginu og nýta þá þekkingu sem t.d. kynjafræðin hefur aflað um þessi mál. Ég held að við þyrftum þar af leiðandi að skoða málið í mjög víðu samhengi. Okkur var t.d. bent á það af ákveðnum umsagnaraðilum að tilefni hefði verið til að taka frumvarpið til skoðunar í tengslum við það forsjárfrumvarp sem fer núna í gegnum allsherjarnefndina. Þar höfum við einmitt fjallað um ofbeldi í samböndum og ofbeldi við skilnað. Við höfum fræðst um það í sambandi við meðferð þessa máls að í fræðunum sé til hugtakið „skilnaðarofbeldi“, sem er ekki augljóst eða að allir viti um slíkt. Ég tel að hér séu mýmörg dæmi um að þetta mál hefði mátt skoða á víðtækari hátt og auka dýpt frumvarpsins og dýpt hinna væntanlegu laga. Það er t.d. athyglisvert sem hefur komið fram frá Kvennaathvarfinu, að kynjabreytan þyrfti að vera til staðar vegna þess eðlis sem heimilisofbeldi lýtur. Þess er saknað að við skilgreinum ekki í lögum heimilisofbeldi eins og nágrannaþjóðir okkar hafa þó gert í sínum lögum, t.d. Norðmenn.

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að verkefnið sem við stöndum frammi fyrir í þessum efnum sé gríðarstórt. Verkefnið er í mínum huga að útrýma kynbundnu ofbeldi. Það sem við erum að gera hér er einungis það að auka réttarvernd þeirra sem fyrir slíkum brotum verða. Það er í sjálfu sér af hinu góða og þess vegna styð ég auðvitað frumvarpið og tel að það verði að lögum vonum seinna. Það hefði auðvitað átt að vera komið í lög. En ég ítreka þau sjónarmið mín að betur má ef duga skal. Löggjafinn verður að taka á heimilisofbeldi, kynbundnu ofbeldi, og horfa á heildarmyndina. Tryggja þarf að þegnar þessa samfélags þurfi

ekki að búa við yfirvofandi hættu, jafnvel inni á heimilum sínum eins og raun ber vitni. Það segja tölur sem við höfum skoðað í allsherjarnefnd og ætla má að séu réttar. Ég segi: Betur má ef duga skal, en þetta frumvarp er þó af hinu góða.

[17:07]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála lokaorðum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um mikilvægi þess að þessi verkefni séu ofarlega á dagskrá hjá okkur og við höldum áfram að vinna að þeim aðgerðum sem við sjáum að geti leitt til að draga úr heimilisofbeldi og skyldum brotum. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á að samstaða ríkir um þær tillögur sem felast í þessu frumvarpi sem slíku. Það hefur komið fram við umræðuna og kom fram í umsögnum fjölmargra aðila sem um þetta mál hafa fjallað. Ég er a.m.k. þeirrar skoðunar að um sé að ræða mikilvægt skref til að undirstrika vilja löggjafans að þessu leyti, undirstrika að Alþingi lítur svo á að brot sem eru framin milli náinna ættingja geti verið þess eðlis, vegna þess trúnaðar sem á að ríkja milli þessara aðila, séu mun alvarlegri en brot sem eru framin milli óskyldra aðila eða annarra.

Ég held að það verði ekki hjá því komist að fela dómurum ákveðið mat í þessu sambandi. Tilvikin eru ólík og ég tel varasamt að negla þessa þætti of mikið í lagatextann sjálfan. Þess vegna er ég kannski ekki sammála athugasemdum frá ríkissaksóknara og Lögmannafélaginu sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vísað til áðan. Ég tel að það verði meta svolítið hverjar aðstæður fyrir sig og dómarar verði að hafa svigrúm að því leyti. En í mínum huga er hins vegar enginn vafi á um að þessi löggjöf, þessar tillögur sem hér eru, undirstriki vilja löggjafans til að taka fast á þessu máli.

[17:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki alveg sammála því að vilji löggjafans sé sá að taka fast á þessu máli. Þetta er afmarkað atriði sem tekist er á við í þessu frumvarpi. Þess vegna finnst mér þetta sem hálfstigið skref, og allt of stutt. Mér finnst við hafa tilefni til að taka miklu veigameira og stærra skref í þessum efnum. Ég átel hæstv. ráðherra fyrir að hafa ekki viljað taka stærra skref í þessari lotu. Hann veit um yfirgripsmikinn stuðning úti í samfélaginu við það. Hann hefði ekki þurft að berjast fyrir því að koma í gegn máli með betri eða sterkari skírskotun til heildarmyndarinnar, sem hefði tekið betur á þessum málum heldur en þetta frumvarp er að gera, þ.e. farið víðar yfir sviðið.

Varðandi það sem ég gerði að umtalsefni, umsögn ríkissaksóknara og Lögmannafélags Íslands, þá hef ég áhyggjur af því að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna eigi jafnvel eftir að koma enn einu sinni til okkar með kvörtun um að dómstólar taki skakkt á málum er varða ofbeldi, heimilisofbeldið ekki síst. Síðast fengum við áminningu um nauðgunarmálin frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna og hæstv. dómsmálaráðherra var beðinn að kanna með hvaða hætti löggjöfin gæti gefið dómurunum skýrari vísbendingar um hvernig ætti að taka á málum. Þar var athugasemdinni beinlínis beint til ráðherrans um að skoða löggjöfina þar sem dómar væru svo vægir.

Mér sýnist a.m.k. vafi leika á því að það úrræði, sem lagt er til í þessu frumvarpi, gefi dómurunum nægilega skýra forskrift um hvernig eigi meta þau ákvæði sem hér eru til staðar.

[17:11]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna athugasemda hv. þingmanns í sambandi við athugasemdir út af nauðgunarmálum má minna á að á leiðinni er frumvarp um endurskoðun á kynferðisbrotakafla, sem m.a. tekur á þeim atriðum sem nefnd hafa verið í sambandi við kynferðisbrot sérstaklega.

Varðandi frumvarpið sem hér er til skoðunar þá verður ekki horft fram hjá því, þegar við ræðum þessi mál, að öll erum við sammála um að vilja taka á ákveðnum vandamálum. Okkur kann hins vegar að greina á um leiðir í ákveðnu sambandi. Ég met umræðuna þannig að við getum sameinast um þá leið sem felst í þessu frumvarpi, svo langt sem hún nær. Okkur kann hins vegar að greina á um ýmsa aðra þætti. Við höfum í sjálfu sér átt athyglisverðar umræður í allsherjarnefnd um þá þætti. Um þá hafa verið skiptar skoðanir. Þar eru margar hugmyndir á lofti og skiptar skoðanir. En ég lít svo á að afgreiðsla þessa frumvarps sé ekki endapunktur í því sambandi.

Ef við veltum því hins vegar fyrir okkur í örstuttu máli, þótt það sé í sjálfu sér sérmál sem þyrfti að ræða við betra tækifæri, þá eru álitamálin sem við stöndum frammi fyrir í stærstum dráttum tvö, að mínu mati. Annars vegar er það hvort setja eigi sérákvæði um heimilisofbeldi inn í almenn hegningarlög, sem ég tel erfitt að gera með skýrum hætti í ljósi þess að það þarf að vera skýr verknaðarlýsing í ákvæði, það þarf að vera skýrt hvað er bannað. En brot sem í almennri umræðu eru umrædd sem heimilisofbeldisbrot geta verið margvísleg og falið í sér margt. Þess vegna held ég að það sé mjög erfitt að ná utan um það í lagatexta.

Hitt atriðið erum við vissulega ósammála um, þ.e. hvort lögin eigi að vera kynblind eða hvort sérstök ákvæði eigi að fela í sér bann við broti gegn konum. En í mínum huga er alveg ljóst að brot eru jafnalvarleg, hvers kyns sem fórnarlömb og gerendurnir eru.

[17:13]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú erum við kannski komin út á hálan ís í andsvörum, þ.e. farin að ræða um kjarnafemínisma. Ég vil svo sannarlega ræða kjarnafemínisma við hv. þm. Birgi Ármannsson en kannski ekki í tveggja mínútna ræðu, sem ég hef núna möguleika á að flytja. En ég vil sannarlega taka þá snerru.

Auðvitað er það rétt sem hv. þingmaður segir, að við ræðum þessi mál í allsherjarnefnd og ég treysti því að umræðan sem þar fer fram beri okkur lengra á veg. Mér er það gersamlega óskiljanlegt hvers vegna fólk þverskallast við í þessum efnum. Mér finnst augljóst að heimilisofbeldi er kynbundið ofbeldi, þ.e. langstærsti hluti þeirra sem verða fyrir ofbeldinu eru börnin og konurnar. Konurnar verða fyrir ofbeldi karlanna þegar heimilisofbeldi er annars vegar.

Það hlýtur að vera hluti af kynbundnu ofbeldi og kynbundnu ofbeldismunstri sem viðgengst í samfélagi okkar.

Við höfum það mikið af fræðigreinum, úttektum og rannsóknum í þessum efnum að við ættum að geta sópað þokunni frá augum okkar hvað þetta varðar. Þess vegna er ég á því að við þurfum að meðhöndla þessi lagaákvæði sem varða kynbundið ofbeldi á sérstakan hátt. Við þurfum að taka ákveðinn kúrs í femíniskum fræðum, í kynjafræðum, til að ná áttum. Ég þykist hafa tekið ágætan kúrs í þeim efnum með því að hafa verið stjórnmálamaður í femíniskum flokki í sjö ár. Ég er tilbúin til að miðla af þeirri þekkingu og reynslu sem ég hef aflað mér í þessum efnum til þingheims hvenær sem er. Ég reyni að láta þess sjást stað í ræðum mínum og málflutningi á þinginu.

Ég held að kominn sé tími til að allir þingmenn og allir stjórnmálaflokkar átti sig á því að það er bara þunn himna sem við eigum eftir að fara í gegnum til að við áttum okkur á því að kynbundnu ofbeldi verður að útrýma úr samfélaginu.

[17:16]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna meira en orðið er vegna þess að það má segja að ágreiningur okkar hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur er í sjálfu sér óháður efni þess frumvarps sem verið er að ræða, þ.e. við þurfum ekki að útkljá deilu okkar til að vera sammála um að það eigi að samþykkja þetta frumvarp, þess vegna ætla ég ekki að fara lengra í það.

Ég hins vegar verð að árétta þá skoðun mína að refsilög í landinu, lög sem fela í sér bann við tiltekinni háttsemi og fela í sér refsingu við þeirri háttsemi eiga að mínu mati að vera þau hin sömu hver sem í hlut á, hver sem brotamaðurinn er og hver sem brotaþolinn er. Undantekningu gerum við á varðandi börn vegna þess að þau eru sérstaklega viðkvæm og við höfum sérákvæði að sumu leyti varðandi börn. Ég hins vegar held að við lendum mjög fljótt í ógöngum ef við ætlum að afmarka, ef við ætlum varðandi önnur brot að gera greinarmun á kynjunum vegna þess að röksemdirnar, jafnvel þó að það sé rétt sem oft hefur verið bent á að einstaklingar af tilteknu kyni séu fleiri í hópi brotamanna eða brotaþola, þá er brotið hið sama ef við horfum á einstaklinginn sem fremur brotið og einstaklinginn sem verður fyrir brotinu. Það er jafnalvarlegt brot þegar karl brýtur á karli og þegar kona brýtur á konu eða þegar karl brýtur á konu eða kona á karli. Í mínum huga eru þessi brot öll jafnalvarleg og afleiðingarnar fyrir fórnarlömbin geta verið jafnalvarleg. Þess vegna vil ég ekki gera þennan greinarmun á grundvelli kynferðis.

Hitt er annað og um það erum við hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir alveg áreiðanlega sammála að það frumvarp sem við höfum verið að ræða og erum í grundvallaratriðum sammála um er jákvætt skref. Við leggjum mismikið upp úr því en við erum sammála um að það sé jákvætt skref og að þetta frumvarp beri að samþykkja. En eftir standa ákveðin ágreiningsefni sem við munum halda áfram umræðu um á vettvangi allsherjarnefndar og í þingsal. Frumvarpið sem slíkt er jákvætt og mikilvægt er að það nái fram að ganga. Svo getum við við betra tækifæri deilt um femínisma og kynbundin sjónarmið við ákvörðun refsiákvæða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:19]

Útbýting:

Framsal sakamanna, 667. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 977.

Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, 683. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 999.

Fullnusta refsidóma, 675. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 991.

Hlutafélög, 684. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1001.

Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, 682. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 998.

Skattbyrði, 679. mál, fsp. JóhS og JGunn, þskj. 995.

Heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 2. umr.

Stjfrv., 456. mál. — Þskj. 681, nál. 982.

[17:20]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

Í nefndaráliti segir:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti.

Umsagnir bárust frá óbyggðanefnd, Orkustofnun, Akureyrarbæ, lögfræðiskrifstofu stjórnsýslu- og starfsmannasviðs Reykjavíkurborgar, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að forsætisráðherra sé heimilt að afsala tilteknum réttindum til Landsvirkjunar sem ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins við stofnun þess árið 1965, en samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar um eignarréttindi á Gnúpverjaafrétti og Landmannaafrétti var framsal þessara réttinda þá byggt á vanheimild. Var niðurstaða óbyggðanefndar sú að umrætt landsvæði væri þjóðlenda í skilningi laga og fer ríkið þar með eignarrétt.

Réttindin sem um ræðir eru annars vegar vatnsréttindi í Þjórsá að því marki sem þarf til að reka 210 megavatta virkjun og hins vegar með sama áskilnaði viðeigandi landskiki í Búrfells- og Skeljafellslandi sem teygir sig að óverulegu leyti inn á Landmannaafrétt.

Með frumvarpinu er verið að skjóta lagastoð undir samning ríkisins sem gerður var við stofnun Landsvirkjunar og leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita aðrir nefndarmenn í hv. allsherjarnefnd en Ágúst Ólafur Ágústsson, Sigurjón Þórðarson, Guðrún Ögmundsdóttir og Kjartan Ólafsson gera fyrirvara við álitið.

[17:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni ansi merkilegt mál, sem ég held að verðskuldi a.m.k. einhverja umræðu og eitthvað annað en tóman þingsal, þ.e. frumvarp um að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar. Í nefndarálitinu kemur fram að fjórir hv. þingmenn undirrita nefndarálitið með fyrirvara en ekki verður séð á nefndarálitinu í hverju fyrirvarinn er fólginn og vantar skýringar á því. Ég mundi, virðulegi forseti, vilja óska eftir því að þeir þingmenn geri grein fyrir fyrirvara sínum sem setja fyrirvara við stuðning sinn við málið, en þeir eru hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson, Sigurjón Þórðarson, Guðrún Ögmundsdóttir og Kjartan Ólafsson.

Það sem ég vildi aðeins ræða í þessu máli eru vatnsréttindin. Frumvarpið felur það í sér að verið er að færa Landsvirkjun eignarrétt yfir réttindunum í stað þess ástands sem er í dag að fyrirtækið hefur nýtingarrétt að þeim réttindum. Því er borið við að við stofnun Landsvirkjunar hafi verið ætlunin af hálfu ríkisins að þessi réttindi væru færð inn í fyrirtækið sem eign og hefðu verið reiknuð sem framlag ríkisins, væntanlega þá hærra metin vegna þess að þau væru eign en ekki nýtingarréttur.

Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að þetta væru ekki eignarréttindi í hendi Landsvirkjunar heldur aðeins nýtingarréttur. Það er rakið mjög skilmerkilega í greinargerð með frumvarpinu og kannski ástæðulaust að vitna til þess rökstuðnings, en það er skýr niðurstaða óbyggðanefndar að þetta sé þjóðlenda.

Virðulegi forseti. Í þeim gögnum sem ég hef farið í gegnum sé ég ekki skýran rökstuðning fyrir þeirri fullyrðingu að það hafi í upphafi verið ætlun ríkisins að veita þessi réttindi inn í Landsvirkjun sem eign. Ég hef einmitt verið að lesa tilvitnanir um þetta og þar stendur ekki, svo ég komi auga á, að þau réttindi sem ríkið leggur fram til Landsvirkjunar séu eignarréttindi. Það stendur bara að þetta séu vatnsréttindi og það er engin mótsögn fólgin í því þótt vatnsréttindi séu nýtingarréttur en ekki eignarréttur. Ég fæ því ekki séð rökstuðninginn fyrir því að um eignarréttindi eigi að vera að ræða í þessum vatnsréttindum. Mér þætti vænt um ef framsögumaður nefndar gæti þá bent mér á það í þessum gögnum hvar það kemur fram með ótvíræðum hætti að það hafi verið í þeim skjölum sem ríkið gekk frá á sínum tíma við stofnun Landsvirkjunar ætlunin að þessi réttindi væru eignarréttindi en ekki nýtingarréttindi.

Þetta skiptir auðvitað máli vegna þess að ef um er að ræða nýtingarréttindi sem fyrirtækið hefur en þjóðin hins vegar á réttindin, þá er það önnur staða en ef fyrirtækið ætti réttindin. Þá er auðvitað eðlilegt að fyrirtækið greiði eigandanum að réttindunum, þ.e. þjóðinni, gjald fyrir afnot af þeim réttindum eða gjald fyrir nýtinguna. Mér finnst að gera þurfi svolitla grein fyrir þeim þætti málsins hvers vegna ríkisstjórnin velur að leggja fram frumvarp um að gefa Landsvirkjun þessi eignarréttindi í stað þess að halda eignarréttindunum þar sem þau eru og hafa alltaf verið, nota bene, gáum að því að þau réttindi sem um er rætt hafa ævinlega verið almenningseign, það er nefnilega niðurstaða málsins.

Jafnvel þó að unnið væri út frá því að ríkið hafi ætlað fyrirtækinu að eiga þessi réttindi þá er ekkert endilega eini valkosturinn í stöðunni að færa fyrirtækinu réttindin að gjöf. Það má líka meta réttindin og gera dæmið upp að nýju ef aðrir eigendur fyrirtækisins telja sig hlunnfarna við að þessi tilteknu réttindi séu nýtingarréttindi en ekki eignarréttindi. Það kemur hvergi fram í gögnum sem liggja fyrir þinginu, frumvarpinu eða gögnum sem hafa verið lögð fram fyrir hv. allsherjarnefnd, hvert verðmæti þessara réttinda er. Ég spyr því, virðulegi forseti: Hvert er verðmæti þessara eignarréttinda sem verið er með þessu frumvarpi að færa Landsvirkjun sem eign? Einn milljarður, tveir milljarðar, fimm eða tíu, hvert er þetta verðmæti? Af hverju athugaði hv. allsherjarnefnd við athugun málsins ekki hvert verðmæti réttindanna er? Það virðist ekki vera — ég er búinn að láta kanna þetta fyrir mig og ekki er að finna neinar upplýsingar um mat á þeim verðmætum.

Ef hv. framsögumaður allsherjarnefndar hefur ekki mat á þessum eignum óska ég eftir því að þess mats verði aflað og það kynnt fyrir þinginu og annaðhvort gerum við það fyrir 3. umr. málsins eða frestum umræðu um málið þar til fyrir liggur mat á verðmæti þessara réttinda. Ég held að það sé algert grundvallaratriði að þingheimi sé gerð grein fyrir hvert verðmæti þessara eignarréttinda er sem verið er að færa úr almannaeigu yfir í eigu Landsvirkjunar með frumvarpi þessu. Ég tel að ekki sé forsvaranlegt að gera þetta frumvarp að lögum án þess að fyrir liggi sæmilega vandað mat á þeim verðmætum. Það hlýtur að vera hægt að nálgast það með tiltölulega þægilegum hætti því að þeir sem hafa komið að þessu máli og knýja á um að frumvarpið sé flutt hljóta að hafa gert sér einhverja hugmynd um verðmæti umræddra réttinda.

Ég gæti breytt spurningunni og spurt: Hvað þarf ríkið að greiða Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstað ef þessi eignarréttindi verða ekki færð til Landsvirkjunar til að viðhalda óbreyttum hlutföllum í eigendahópnum? Það liggur ekkert svar fyrir við þessari spurningu.

Ég held, og tel mig reyndar lesa það út úr þeim gögnum sem hér fylgja með og sérstaklega greinargerð með frumvarpinu, að það sé reyndar ekki hægt að færa fyrir því rök að í upphafi málsins hafi verið gert ráð fyrir að þessi réttindi færu inn í Landsvirkjun sem eignarréttindi. Ég tel það, virðulegi forseti, og sýnist á þeim gögnum sem hér liggja fyrir að erfitt sé að færa rök fyrir þeim fullyrðingum að þessi réttindi eigi að vera eignarréttindi en ekki nýtingarréttindi. Þess vegna óskaði ég eftir að hv. framsögumaður nefndarinnar benti á hvar rökstuðningurinn væri fyrir þeirri fullyrðingu að þessi réttindi hefðu átt að fara sem eignarréttindi inn í fyrirtækið.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að þetta skiptir gríðarlega miklu máli til framtíðar litið af þeirri einföldu ástæðu að það liggur fyrir að mikill áhugi er á því að selja Landsvirkjun. Ég get nefnt yfirlýsingar hæstv. iðnaðarráðherra frá því á síðasta ári sem lýsti því yfir að innan fárra ára væri stefnt að því að selja a.m.k. hluta af Landsvirkjun til annarra aðila en opinberra og jafnvel erlendra aðila. Síðan hefur bæst í hópinn hæstv. utanríkisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, sem hefur lýst þeim vilja sínum að selja Landsvirkjun. Þó svo að engin ákvörðun hafi verið tekin um það núna að einkavæða Landsvirkjun þá eru þær

hugmyndir uppi. Þau áform eru uppi og reyndar ekki ný af nálinni því að í frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi fyrir tíu árum, um breytingar á lögum um Landsvirkjun, er að finna greinargerð nefndar sem eigendur Landsvirkjunar höfðu sett á laggirnar þar sem m.a. var gerð úttekt á möguleikanum á því að selja erlendum aðilum Landsvirkjun.

Við verðum því að gera ráð fyrir að á næstu árum verði a.m.k. áform um að selja Landsvirkjun úr höndum opinberra aðila, annaðhvort að hluta eða að öllu leyti. Ef við horfum til þess tíma, ég skal ekki segja hve langt fram í tímanum, hvort það eru fáein ár eða áratugur, ég mundi halda fáein ár, sem það gæti hafa gerst að búið væri að einkavæða Landsvirkjun að fullu, þá selja menn allt sem fyrirtækið á. Þá mundu menn m.a. selja þau eignarréttindi sem verið er að færa Landsvirkjun með þessu frumvarpi. Í ljósi þess spyr ég, virðulegi forseti: Eigum við þá að stíga það skref að færa vatnsréttindin í Þjórsá við Búrfell til Landsvirkjunar sem eignarréttindi eða eigum við að viðhalda því sem verið hefur alla tíð að þessi réttindi séu almannaeign og fyrirtækið greiði eiganda þeirra, almenningi eða þjóðinni, afnotagjald fyrir þau réttindi? Þannig að ef til þess kæmi að fyrirtækið yrði selt tækju nýir eigendur við nýtingarréttinum en þeir mundu líka greiða eigandanum afnotagjald fyrir nýtingu á þessari auðlind. Að mínu viti snýst málið um þetta, virðulegi forseti. Þetta er hinn pólitíski vinkill á málinu, sem lagt er upp fyrir Alþingi á þann veg að verið sé að efna það sem menn ákváðu fyrir hálfri öld, eða rúmum 40 árum, þegar Landsvirkjun var stofnsett. Sú framsetning málsins segir ekki nema mjög lítinn hluta af sögunni. Ég dreg reyndar í efa að áform hafi verið um að þessi réttindi yrðu færð Landsvirkjun sem eignarréttindi, a.m.k. spyr ég um sönnur fyrir þeim fullyrðingum. En hvort heldur er þá er aðalatriðið í mínum huga, til framtíðar litið, að þessi eignarréttindi verði eign þjóðarinnar og að þeir sem nýti þau réttindi greiði henni afnotagjald fyrir þau not. Það finnst mér vera aðalatriðið og kjarninn í þessu máli ef við lítum til framtíðar, af því að ég geri alveg ráð fyrir að áform um sölu Landsvirkjunar verði uppi á næstu árum og e.t.v. verður því hrint í framkvæmd.

Mér finnst að við eigum í stórum dráttum að fara með þessi réttindi eins og við höfum ákveðið að fara með aðrar auðlindir þjóðarinnar, hvort heldur þær eru í hafinu eða í landinu eða í vatnsaflinu, að halda þeim í eign þjóðarinnar og ganga út frá því að þeir sem nýta þá eign, einkaaðilar eða aðrir, greiði fyrir þau not til ríkisins sem handhafa eða fulltrúa eigendanna. Mér líst ekki vel á þá leið að færa þessi réttindi út sem eignarréttindi. Ef við föllumst á það í þessu tilviki að eðlilegt sé að þessi vatnsréttindi verði eignarréttindi í einkaeigu erum við auðvitað búin að fallast á sömu útfærslu með önnur réttindi varðandi vatnsaflið. Og ég sé ekki eðlismun á þeirri pólitísku afstöðu og því t.d. að einkavæða fiskimiðin, þannig að þar verði ekki bara um afnotarétt að ræða eins og kveðið er á um í lögum í dag heldur eignarrétt. Við vitum að útvegsmenn hafa verið að sækja í sig veðrið á síðustu árum og gera kröfu til þess að fá eignarrétt á fiskstofnunum við landið. Ég minni á háværar kröfur um það á síðasta þingi LÍÚ og áform sem þar var lýst um að höfða mál á hendur íslenska ríkinu til þess að fá viðurkennd fyrir dómi eignarréttindi útvegsmanna á fiskstofnunum í stað afnotaréttar. Þessi pólitíska spurning fer því víða í gegnum þjóðfélagið. Ég vek athygli á að í þessu frumvarpi er í raun og veru verið að gera breytingu á þeirri stefnu sem ég tel að menn hafi fylgt í þessum efnum í þá átt að færa þessi réttindi til einkaeignar. Ég vildi vekja athygli á þessu innihaldi frumvarpsins og setja fram mjög sterkan fyrirvara af minni hálfu og miklar efasemdir um að rétt sé að færa Landsvirkjun þessi vatnsréttindi sem eign. Á hinn bóginn er það sjálfsagt og að mínu viti í samræmi við þá samninga sem menn vitna hér til að að fyrirtækið hafi nýtingarrétt.

Virðulegi forseti. Ég vildi vekja athygli á þessu sjónarhorni í málinu og kalla eftir þeim grundvallarupplýsingum sem mér finnst að liggja þurfi fyrir áður en við afgreiðum þetta mál. Hvert er verðmatið á þessum réttindum? Hvað er þessi eign metin í verði hjá þeim sem knýja á um þessar breytingar? Það hlýtur að sjást t.d. í bókum Landsvirkjunar hver þessi eign er. Hafi þessi réttindi verið færð í bækur Landsvirkjunar sem eign hlýtur að vera hægt að finna útreikninga á því. En þá hafa menn líka verið að greiða af þessari eign, þá hefur Landsvirkjun t.d. greitt eigendum sínum arð út frá þessari eign á ári hverju. Fyrirtækið hefur þá verið að greiða eigendum sínum of háar arðgreiðslur ef þessi réttindi hafa verið metin til eignar í bókum fyrirtækisins sem síðar kemur í ljós að eru ekki eignarréttindi. Fyrirtækið hlýtur þá að vera búið að færa það út úr efnahagsreikningi sínum að um eignarréttindi sé að ræða því að álit óbyggðanefndar kom fram árið 2002 eða fyrir u.þ.b. fjórum árum.

Þetta eru fjárhæðir sem skipta verulegu máli. Ég er með svar við fyrirspurn sem ég bar fram fyrir tveimur árum um Landsvirkjun og þar kemur fram að á verðlagi 2003 námu arðgreiðslur fyrirtækisins til eigenda sinna frá árinu 1985 til 2003, eða á 18 ára tímabili, nærri 3 milljörðum kr. Þetta eru háar tölur. Fyrirtækið greiddi síðan ábyrgðargjald af ábyrgðum sínum sem eigendurnir gengust í og það tekur auðvitað mið af eignunum og það nam svipaðri fjárhæð eða 2,7 milljörðum kr. Fyrirtækið hefur því verið að greiða eigendum sínum gríðarlega háar fjárhæðir sem væntanlega eru þá hærri en efni standa til ef þær hafa verið reiknaðar af eign sem síðar reyndist ekki vera fyrir hendi og þá ættu eigendurnir væntanlega að skila fyrirtækinu þeim peningum til baka.

Það er svo önnur saga sem gaman væri að rifja hér upp hvernig eigið fé Landsvirkjunar verður til að öðru leyti en ég fer ekkert út í þá sögu því að hún tengist ekki þessu frumvarpi um þessi tilteknu vatnsréttindi í Þjórsá við Búrfell. En þar finnst mér vanta upplýsingar um hvert verðmætið er á þeim vatnsréttindum og þar vil ég vara alvarlega við þessu frumvarpi, að stíga það skref að færa Landsvirkjun vatnsréttindin sem eign. Ég vil halda þeim hjá ríkinu fyrir hönd þjóðarinnar, sérstaklega með þeim rökstuðningi að þegar horft er til framtíðar er líklegt að fyrirtækið verði selt til einkaaðila og þá er skynsamlegt að réttindin séu í eigu þjóðarinnar og að þeir sem munu nýta þau greiði henni gjald fyrir þau not.

[17:44]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér finnst hv. 7. þm.

Norðvest. lesa fullmikið út úr þessu tiltölulega einfalda frumvarpi og nálgast það með flóknari hætti en efni standa til. Frumvarpið er mjög einfalt að gerð og felur það í sér að forsætisráðherra sé heimilt að afsala til Landsvirkjunar þeim réttindum sem vísað er til í 3. tölul. a-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1965. Þegar litið er til þess ákvæðis segir þar:

„Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar."

Það á því ekki að leika neinn vafi á því hvað er þarna undir. Þarna er um að ræða vatnsréttindi og land sem samið var um 1965 að gengi til Landsvirkjunar. Nú hefur komið í ljós í niðurstöðum óbyggðanefndar að formgallar hafi verið á forsendum þeirrar ákvörðunar sem tekin var 1965 og verið er að leiðrétta það með þessu frumvarpi. Mér finnst því í sjálfu sér ástæðulaust að blanda inn í þetta álitamálum sem varða þjóðareign eða nýtingarrétt á einstökum auðlindum í þessu sambandi. Það er fyrst og fremst verið að gera þarna ákveðna lagaleiðréttingu til að tryggja að sá vafi sem vissulega kom upp í kjölfar niðurstöðu óbyggðanefndar verði ekki til frambúðar.

[17:46]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála því sem fram kom hjá hv. þm. Birgi Ármannssyni.

Í álitsgerð borgarritara til borgarstjóra, sem er dagsett 28. nóvember 2002 og lögð var fram í allsherjarnefnd við meðferð þessa máls segir borgarritari, með leyfi forseta:

„Ríkislögmaður kemst að þeirri niðurstöðu að úrskurður óbyggðanefndar hafi hvorki breytt eignahlutföllum né réttarstöðu eigenda Landsvirkjunar þar sem í framsali þeirra réttinda sem ríki lagði til fyrirtækisins við stofnun þess hafi ekki falist bein eignayfirfærsla heldur eingöngu hagnýtingarréttur á vatni og landi sem þurfi til að reka virkjun eða virkjanir."

Enn fremur segir borgarritari og vitnar í álit ríkislögmanns, með leyfi forseta:

„Á grundvelli framangreindra gagna telur ríkislögmaður ósannað að skilja megi framsal íslenska ríkisins samkvæmt 3. tölulið a-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965 sem hefðbundið einkaréttarlegt framsal fasteignar."

Þetta álit ríkislögmanns frá 12. september 2002 hef ég því miður ekki undir höndum heldur einungis tilvitnun borgarritara í það. Það mun ekki hafa verið lagt fram í allsherjarnefnd. En ég hef gert ráðstafanir til að afla þessarar álitsgerðar ríkislögmanns og vonandi fæ ég hana á morgun. Mér finnst það vera mikið gagn vegna þess að ríkislögmaður talar fyrir hönd ríkisins.

[17:48]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst síðasta innlegg hv. 7. þm. Norðvest. í sjálfu sér ekki breyta þeirri niðurstöðu að með því að gera frumvarpið að lögum væru tekin af öll tvímæli um hvernig réttarstöðunni er háttað að þessu leyti, þ.e. þá er með skýrum hætti gengið frá því að þau vatnsréttindi og land sem nauðsynleg eru til reksturs 210 megavatta virkjunar við Þjórsá við Búrfell séu skýrt í höndum Landsvirkjunar. Það á ekki að valda frekari óvissu þótt vissulega hafi komið upp óvissa varðandi niðurstöðu óbyggðanefndar. Ég átta mig hreinlega ekki á því hvers vegna þetta þarf að vera svo flókið.

Í 40 ár hefur verið gert ráð fyrir því að Landsvirkjun hafi þessi réttindi og með því að samþykkja þetta frumvarp væri það staðfest og tryggt að það sé ekki neinum vafa undirorpið. Ætlunin með frumvarpinu er því ekki að breyta neinu réttarástandi miðað við það sem menn hafa talið síðustu 40 ár að þessu leyti.

Ég held að ágreiningur út af öðrum málum, varðandi þjóðareign eða nýtingarrétt á einstökum auðlindum, þurfi í sjálfu sér ekki að blandast inn í þetta mál heldur getum við tekist á um það við aðrar aðstæður.

Hv. þingmaður hefur hins vegar óskað eftir að aflað verði ákveðinna upplýsinga. Ég mun hafa forgöngu um að svo verði gert fyrir 3. umr. í þessu máli. En ég veit ekki hvort það kemur til með að varpa nokkuð frekara ljósi á það sem nákvæmlega felst í frumvarpinu.

[17:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get verið sammála hv. þm. Birgi Ármannssyni um að frumvarpið er skýrt. Það færir Landsvirkjun þessi vatnsréttindi sem eign. Frumvarpið er flutt með þeim rökstuðningi að ríkið sé að efna það sem það sagðist ætla að gera þegar Landsvirkjun var stofnuð.

Það sem ríkislögmaður segir hér og ég var að vitna til er að það sé bara ekkert þannig, að það hafi ekki verið meiningin að þessi réttindi rynnu inn í Landsvirkjun sem eign heldur bara hagnýtingarréttur. Ríkislögmaður, í þessari álitsgerð frá 2002, er því í andstöðu við þann rökstuðning sem ríkisstjórnin hefur fyrir flutningi málsins. Þess vegna skiptir máli að afla sér álitsgerðar ríkislögmanns og fá skýringar á því hvers vegna er ósamræmi þarna á milli.

Í öðru lagi skiptir máli að fá upplýsingar um verðmæti þessara réttinda. Ég fagna því að hv. framsögumaður nefndarinnar tekur vel í að afla þeirra upplýsing og þakka honum fyrir það.

Ég vil enda á að vitna í skrifstofustjóra orkusviðs í iðnaðarráðuneytinu sem sagði, eftir að úrskurður óbyggðanefndar féll, með leyfi forseta:

„Það að Landsvirkjun hafi nýtingarrétt en ekki eignarrétt þýðir að Landsvirkjun er heimilt að nýta þessa auðlind en jafnframt er ríkinu heimilt að taka gjald fyrir nýtingu hennar samkvæmt þjóðlendulögunum. Þetta þýðir að Landsvirkjun ætti að greiða nokkurs konar auðlindagjald fyrir að nýta þessi vatnsréttindi sem þau töldu áður réttilega vera í sinni eigu."

Þetta er kjarni málsins, virðulegi forseti, þegar við horfum á pólitíska hlið málsins.

[17:52]

Útbýting:

Ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins, 681. mál, fsp. RG, þskj. 997.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, 616. mál, nál. sjútvn., þskj. 1000.

[17:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það var nokkur skaði að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skyldi ekki setja fram hugmyndir sínar fyrr við þessa umræðu. Auðvitað er 3. umr. málsins eftir þannig að menn geta farið yfir muninn á því sem hv. þingmaður færir hér inn í umræðuna og því sem menn ætla sér að gera eða hugmyndir hafa verið um að gera. Ég hef litið þannig á að hér væri framvísað sams konar réttindum til Landsvirkjunar sem Landsvirkjun hafði óumdeilanlega þangað til niðurstöður komu um þjóðlendur. Auðvitað var eðlilegt að við því yrði brugðist í framhaldinu.

Einhvers konar öðruvísi samningur, leigusamningur eða eitthvað slíkt við Landsvirkjun af því að eignarréttarstaðan var öðruvísi en gert var ráð fyrir, er eitthvað sem menn hefðu svo sem getað velt fyrir sér en ég geri ráð fyrir því að ef samið hefði verið fyrir hönd Landsvirkjunar eins og venjulegs fyrirtækis þá hefðu komið fram kröfur sem mætti telja nokkuð eðlilegar, um að Landsvirkjun fengi afnotaréttinn eins og til var stofnað, líkt og fyrirtækið hefur haft í gegnum tíðina.

Mér finnst ástæða til að menn velti þessum hlutum fyrir sér. Ég tel að fara þurfi yfir allar eignir Landsvirkjunar með það fyrir augum að skoða hvers konar auðlindir það eru. Fyrirtækið nýtir gríðarlega verðmætar auðlindir í eigu þjóðarinnar. Þær þarf að mínu viti allar að skilgreina og ganga frá með þeim hætti að fyrirtækið greiði fyrir þessar auðlindir eðlilegt endurgjald. Menn hafa tekið þá ákvörðun að það eigi að vera samkeppnisumhverfi á raforkumarkaði á Íslandi og þá hlýtur það endurgjald að þurfa að endurspegla markaðsvirði nýtingarréttarins. Þetta þarf auðvitað allt saman að skoða. Það er ekki bara þessi nýtingarréttur sem fjalla þarf um heldur þarf að taka allan nýtingarrétt Landsvirkjunar til skoðunar.

Ég tel að setja eigi þessar auðlindir, en vonandi verður tekin ákvörðun um að flestar þeirra verði þjóðarauðlindir, að sett verði ákvæði inn í stjórnarskrá um þjóðarauðlindir og þær síðan afhentar fyrirtækinu Landsvirkjun eða öðru fyrirtæki sem nýtir þær með samningi sem afmarkaður væri í tíma. Þetta er allt hægt að gera og þarf að gera. Að þessi hluti af réttindum Landsvirkjunar yrði öðruvísi en önnur réttindi sem Landsvirkjun nýtir kæmi mér á óvart. Þó kann að vera að eitthvað sé til í því sem hv. þingmaður er að segja. Ég ætla ekki að þræta neitt fyrir það. Mér finnst ástæða til að menn fari betur yfir það. Ég lít samt þannig á að það hljóti að þurfa að vera hægt að ganga þannig frá málum að þessi réttindi verði samkynja öðrum réttindum sem Landsvirkjun hefur þegar gengið verður frá réttindum til nýtingar á þeim til framtíðar. Mér finnst mikilvægt að hægt sé að svara þeirri spurningu játandi, að svo sé.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson setur spurningarmerki við það. Mér finnst ástæða til að taka eftir því sem hann hefur sagt um málið að þessu leyti. Ég legg til að hv. formaður nefndarinnar taki málið inn í nefndina á milli umræðna, að þar verði farið yfir það og fengið skýrt svar við því hvort þessi réttindi öðlist aðra stöðu, þessi vatnsréttindi og það land sem hér er um að ræða, öðlist aðra stöðu en önnur réttindi og land sem Landsvirkjun hefur til nýtingar og er hluti af eignum ríkisins.

Að mínu viti er ástæða til þess að segja einu sinni enn, sem ég hef svo oft sagt, að ganga þarf í að ná samningum við aðra eignaraðila fyrirtækisins um að ríkið innleysi eignarhlut þeirra í Landsvirkjun þannig að Landsvirkjun verði öll í eigu ríkisins. Meðan hún er í því ástandi væri a.m.k. hægt að ganga endanlega frá eignarhaldi á þeim auðlindum sem hún nýtir og eiga að vera þjóðarauðlindir til framtíðar. Ég held að það sé ekki hægt að ýta þessu máli langt á undan sér. Það líður að þessu og er verið að endurskoða stjórnarskrána núna. Ég trúi því að menn verði sammála um að setja inn í hana ákvæði um þjóðareign á auðlindum og ganga síðan í að setja lög um þær auðlindir í framhaldinu þar sem verði kveðið á um með hvaða hætti menn fái nýtingarréttinn í hendurnar og hvernig eigi að ákvarða endurgjald fyrir nýtingu þjóðarauðlinda í framtíðinni.

Ég vildi nefna þetta vegna þess að ég tel mikilvægt að menn líti ekki öðrum augum á þau réttindi sem hér er um að ræða. Ég taldi reyndar að svo væri ekki. Ég tel að framsetning málsins sé öll með þeim hætti að eðlilegt sé að þingmenn hafi lesið það út úr málinu að hér verði ekki um öðruvísi fyrirkomulag að ræða en á öðrum eignum sem Landsvirkjun hefur til ráðstöfunar. Fá þarf svar við því og ég hvet til að hv. formaður gangi í það milli umræðna, að fá skýrt svar við því hvort þessi réttindi hefðu aðra stöðu eftir samþykkt þessa frumvarps en önnur sem Landsvirkjun hefur til nýtingar.

[18:01]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi, áður en ég lýk þátttöku minni í þessari umræðu, geta frekari rökstuðnings við þá niðurstöðu sem ríkislögmaður komst að og ég vitnaði til. Hann komst að þeirri niðurstöðu að niðurstaða óbyggðanefndar raskaði ekki eignarhlutföllum vegna þess að það hefði aldrei verið meiningin í upphafi að þessi réttindi rynnu inn í Landsvirkjun sem eign.

Ríkislögmaður vísar í áliti sínu, eftir því sem séð verður, í áliti borgarritara. Ég hef ekki álitsgerð ríkislögmanns sjálfs undir höndum og hún virðist ekki hafa verið lögð fram í allsherjarnefnd en hann vitnar til óbyggðanefndar og gerð er grein fyrir því í athugasemdum með lagafrumvarpinu. Þar kemur nokkuð skýrt fram á hverju ríkislögmaður byggir niðurstöðu sína. Mig langar að vitna í smákafla á bls. 9, úr greinargerð með frumvarpinu. Þar segir með leyfi forseta, undir kaflaheitinu Réttindi Landsvirkjunar samkvæmt lögum:

„Þá kemur fram að óbyggðanefnd hafi gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn, lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Síðan segir:“ — Þá er vitnað í álit óbyggðanefndar, með leyfi forseta:

„Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar, er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi ... Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt, sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins ..."

Enn fremur segir í úrskurði óbyggðanefndar, með leyfi forseta:

„Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár."

Síðar í álitsgerð óbyggðanefndar segir, með leyfi forseta:

„Af þessu má ráða að í lagaheimild ... felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum."

Enn fremur segir í áliti óbyggðanefndar, með leyfi forseta:

„Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt ..."

Þannig er alveg skýrt að óbyggðanefnd, sem fór í gegnum öll skjölin, finnur ekki neinar sönnur fyrir þeirri fullyrðingu sem frumvarpið er byggt á, að það hafi verið ætlun ríkisins að Landsvirkjun hefði þessi réttindi sem eign. Það finnst mér í raun þurfa að athuga í málinu. Það er þá ný pólitísk ákvörðun ef gera á þessi réttindi eignaréttindi Landsvirkjunar en ekki nýtingarréttindi. Það kom mér á óvart þegar ég fór að kynna mér málið. Ég hélt að málið væri þannig vaxið sem því hafði verið lýst, að ætlunin væri að uppfylla það sem menn ætluðu sér að gera fyrir löngu síðan og hafa staðið í þeirri meiningu að væri fyrir hendi í rúm 40 ár, þar til úrskurður óbyggðanefndar féll.

En óbyggðanefnd fer í gegnum öll skjölin og kemst að þeirri niðurstöðu að það séu engin sönnunargögn til fyrir því að þetta hafi verið ætlunin. Ríkislögmaður tekur það líka upp í álitsgerð sinni. Ég set því stórt spurningarmerki við þá fullyrðingu sem málið er reist á. Erum við að gera það sem menn höfðu lofað að gera fyrir löngu síðan eða að taka nýja pólitíska ákvörðun? Það finnst mér þurfa að vera alveg ljóst og mér virðist á þeim gögnum sem hér liggja fyrir að um sé að ræða nýja ákvörðun, að þessi vatnsréttindi verði eignarréttindi í Landsvirkjun.

Ég vildi draga þetta rækilega fram, virðulegi forseti, svo það verði ekki misskilið. Það er síðan álitamál hvernig menn vilja hafa þessa hluti til framtíðar litið. Ég hef lýst því og þarf ekki að endurtaka það nema í mjög stuttu máli að ég tel að þessi réttindi eigi að vera nýtingarréttindi í höndum þess sem nýtir þau en eignin eigi að vera hjá þjóðinni. Ég tek að því leyti undir sjónarmið sem höfð eru eftir skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneytinu á sínum tíma, eftir að óbyggðanefnd hafði kveðið upp úrskurð sinn.

[18:08]

Útbýting:

Umferðaröryggi á Kjalarnesi, 680. mál, fsp. BÁ, þskj. 996.

[18:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan fá staðfestingu á þeim skilningi sem ég tel að eigi að leggja í orðin sem hv. þingmaður var að segja. Ég mat það svo að hann teldi að þörfin á að flytja þetta mál væri engin. Í raun hafi ríkið haft fullan rétt vegna þess að ríkið átti þetta land, þótt ekki hafi verið búið að úrskurða það eign þess á þeim tíma sem þessi gjörningur fór fram. Þjóðin hafi hins vegar átt þetta land í þeirri merkingu sem menn leggja í eignarhald og að framsal þess eignarhalds, eða nýtingarréttarins sem á þessu eignarhaldi hangir, hafi í raun verið fullnægjandi af því að í raun hafi ekki farið fram afsal eignarinnar sjálfrar heldur nýtingarréttarins.

Sá gjörningur sem hér er hugmyndin að fari fram væri þar með óþarfur vegna þess að það stendur sem í upphafi var gert, þótt eignarhald eigandans hafi komið til með öðrum hætti en menn reiknuðu með þegar sá gjörningur fór fram. Þetta er kannski niðurstaðan sem mér finnst hv. þingmaður hafa komist að í máli sínu.

[18:10]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það er það. Af þeim gögnum sem liggja fyrir frá óbyggðanefnd og ríkislögmanni, þ.e. tilvitnun í ríkislögmann, verður best séð að niðurstaða þeirra sé að það sem ríkið ætlar að leggja inn í púkkið í upphafi hafi aldrei verið meira en nýtingarrétturinn. Það hafi aldrei staðið til að eignarréttindin færu inn í Landsvirkjun.

Þess vegna segir í áliti ríkislögmanns að eignarhlutföllum sé ekki raskað þó óbyggðanefnd úrskurði eignarréttinn hjá ríkinu vegna þess að réttindin áttu aldrei að fara til Landsvirkjunar. Það er auðvitað álit sem verður að taka alvarlega. Ríkislögmaður kemur fram fyrir hönd ríkisins í málum af þessum toga svo við getum ekki litið fram hjá því eða hunsað það álit, og ég tek fullt mark á því.

En mér finnst að vísu slæmt að hafa ekki álit hans undir höndum þannig að maður geti lesið það beint og þurfi ekki að lesa það í gegnum greinargerð borgarlögmanns til borgarstjóra, sem vitnar í þetta álit.

En þetta er réttur skilningur hjá hv. þingmanni. Ég held að málið sé svona vaxið miðað við þau gögn sem fyrir liggja.

[18:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki miklu við málið að bæta öðru en að mér finnst ástæða til að skoða það milli 2. og 3. umr. Menn þurfa að fá það skýrt inn í sali Alþingis hvort þörf er á þessu. Hefur Landsvirkjun ekki óumdeilanlegan nýtingarrétt á þessum réttindum að óbreyttu, ef ekkert er

gert hér á vegum Alþingis hvað málið varðar?

Ef það er niðurstaðan tel ég fráleitt að vera með slíka lagasetningu í þessu samhengi. Ég sé það fyrir mér að innan skamms fari vonandi fram lagasetning sem verði til þess hugsuð að þær auðlindir sem þetta fyrirtæki hefur til nýtingar verði settar í það form að fyrirtækið greiði það sem eðlilegt er fyrir aðgang að þeim auðlindum sem eiga að vera til framtíðar í þjóðareign. Mér finnst mikilvægt að þessi hluti þeirra auðlinda verði undir sömu sök seldur og aðrir hlutar. Ef hætta er á að svo verði ekki er besta niðurstaðan í þessu máli að því verði fleygt.

[18:13]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er að mörgu leyti sammála því sem fram kom hjá hv. þingmanni. Fyrstu lögin um Landsvirkjun og sameignarsamningurinn standa fyrir sínu og tryggja Landsvirkjun nýtingarréttinn. Það er niðurstaða óbyggðanefndar og ríkislögmanns, að þau ákvæði tryggi nýtingarréttinn og óumdeilt eigi að vera að sá réttur sé fyrir hendi. En þessir aðilar segja að ákvæði þessara samninga og laga segi ekkert um að Landsvirkjun eigi að fá eignarréttindin. Þess vegna á Landsvirkjun ekkert að hafa þau eignarréttindi. Það breytir ekki hlutföllum eigenda þótt eignarréttindin séu ekki inni í fyrirtækinu sem framlag ríkisins vegna þess að það var ekki gert ráð fyrir því að þau væru þar. Þess vegna hefur ríkið áfram 50% hlut í fyrirtækinu þótt þessi réttindi séu fyrir utan, af þeirri einföldu ástæðu að það stóð aldrei til að þau færu inn.

Þetta er það sem ég les úr gögnum málsins og mér finnst það mjög skýrt. Þess vegna set ég spurningarmerki við tilgang þessa frumvarps. Hvers vegna er verið að flytja þetta frumvarp? Það er auðvitað ákveðin hætta á að þessi réttindi verði síðan seld með eignum fyrirtækisins þegar fram líða stundir. Ég spyr: Hafa þeir eigendur greitt fyrir þau réttindi? Það eru ekki til neinar upplýsingar um hvað þetta eru verðmæt réttindi og ég held að það sé nauðsynlegt að fá upplýsingar um það fyrir 3. umr. en framsögumaður nefndarinnar hefur tekið að sér að afla þeirra. Ég fagna því og vona að við fáum þær upplýsingar áður en 3. umr. hefst svo við getum rætt málið í ljósi þeirra.

[18:15]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, er nú til 2. umr. Hér hafa farið fram orðaskipti um hvað verið sé að gera.

Ég vil vitna til þess sem ég sagði við 1. umr. málsins, að ég teldi málið vera gjörsamlega óþarft á þessu stigi. Þarna er verið að tala um land og vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar sem er í eigu Landsvirkjunar. Á sínum tíma þegar þetta var látið undir virkjun voru allt aðrir tímar en nú eru og annað mat á þeim verðmætum og samfélagslegri stöðu þeirra. Auk þess var Landsvirkjun, og er reyndar enn, í opinberri eigu og að meiri hluta í eigu ríkisins. Þá datt engum í hug, ég fullyrði það, að minnsta kosti hefur mjög fáum dottið það í hug, að Landsvirkjun yrði seld, að það gæti komið upp á borðið að Landsvirkjun yrði seld. Ég held að fæstum hafi dottið það í hug þegar verið var að stofna til Landsvirkjunar og þeirra réttinda sem hún þurfti að hafa til þessarar vatnssöfnunar.

Nú eru gjörbreyttir tímar. Við höfum rætt og tekist á um vatnalög sem fela í sér að vatnið sem auðlind á að lúta ákvæðum eignarréttar og geta orðið að fasteign, hluti af fasteign og verði sérmetin fasteign sem megi þess vegna versla með sem sjálfstæða verslunarvöru. Einnig eru uppi hugmyndir um sölu á Landsvirkjun. Þetta er því gjörsamlega breytt mynd frá því að gengið var frá þessum réttindum Landsvirkjunar á sínum tíma.

Þess vegna finnst mér frumvarp sem felur í sér að ríkið afsali bara sisona landi og vatnsréttindum á ákveðnu svæði þarna sem lúta að Búrfellsvirkjun án þess að fram fari þá önnur og sértæk umræða um hvað sé í raun verið að gera algjörlega óásættanlegt. Ég sagði við 1. umr. að ég teldi eðlilegast að eigendur Landsvirkjunar, sem allir eru opinberir aðilar, ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, settust niður og ræddu þessi mál og athuguðu með hvaða hætti væri hægt að tryggja nauðsynleg vatnsréttindi Landsvirkjunar til að reka og starfrækja Búrfellsvirkjun, eins og markmiðið er, án þess að verið sé að afhenda einhver varanleg eignarréttindi sem slík á landi og vatnsauðlind.

Við vitum ekkert nú. Það eru óvissutímar varðandi stöðu Landsvirkjunar, eignarréttarákvæði og auðlind af þessum toga. Þess vegna eigum við að staldra við. Eigendur, sem eru ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, geta vel sest niður og leyst málið til að þetta trufli ekki eðlilega starfsemi og rekstur Landsvirkjunar.

Ég tek því undir þau orð sem hér hafa fallið hjá hv. þingmönnum Kristni H. Gunnarssyni og Jóhanni Ársælssyni, að þetta mál ætti að kalla aftur inn til nefndar og að lokinni 2. umr. fái það afgreiðslu í gegnum hana. Þá verði farið nákvæmlega ofan í þessi mál en ekki farið aftan að kerfinu eins og hér er verið að gera með heimildir hvað varðar eign og ráðstöfun auðlinda. Við þurfum að tryggja það í stjórnarskrá fyrst að vatnið sem auðlind sé sameign þjóðarinnar og einungis sé ráðstafað skilgreindum nýtingarrétti til þeirra verkefna sem eru ákveðin á hverjum tíma samkvæmt sérstökum ákvæðum. Það er það sem við eigum að gera, nákvæmlega eins og við þurfum að gera með fiskinn í sjónum. Reyndar stendur í lögunum um stjórn fiskveiða að fiskurinn í sjónum sé sameiginleg auðlind þjóðarinnar og sama ætti náttúrlega að gilda um vatnið áður en farið er í að úthluta einhverjum sérstökum gæðum, eins og hér er verið að leggja til, til Landsvirkjunar sem þess vegna á morgun eða hvenær sem er gæti verið komin á almennan markað til sölu með þeim réttindum sem verið er að leggja undir hana.

Ég tek því afdráttarlaust undir þá skoðun að málið eigi ekki að fara í gegnum þingið eins og það liggur fyrir heldur eigi að kalla það aftur inn í nefnd og skoða það mun nánar svo við séum ekki að gera nánast óafturkræf axarsköft eins og þetta frumvarp getur borið í sér.

[18:22]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að beina fyrirspurn til forseta áður en umræðunni lýkur vegna þess að fjórir nefndar-

menn undirrita álitið með fyrirvara en enginn þeirra hefur gert grein fyrir fyrirvaranum. Þetta eru fjórir nefndarmenn úr þremur stjórnmálaflokkum og þeir eru kosnir af þingheimi til að athuga málið og skila því af sér til þingsins aftur með áliti sínu. Það er í raun óeðlilegt að umræðan um málið fari fram og ljúki án þess að þeir þingmenn hafi gert grein fyrir fyrirvara sínum til okkar sem þingheimi og tökum þátt í umræðunni um afgreiðslu málsins.

Ég spyr því hæstv. forseta hvernig hann hyggist meðhöndla þennan skort á upplýsingum frá nefndarmönnum til þingsins?

[18:23]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Í ljósi athugasemda hv. 7. þm. Norðvesturkjördæmis skal það undirstrikað að þeir hv. þingmenn sem nefndir hafa verið gerðu fyrirvara þegar gengið var frá nefndaráliti innan allsherjarnefndar. En það kom ekki skýrt fram á fundi nefndarinnar hvaða atriði þetta voru sem þeir gerðu fyrirvara við. En hitt er annað mál að ég hygg að þingmenn sem gera fyrirvara við nefndarálit verði sjálfir að bera ábyrgð á því hvort þeir skýra þá fyrirvara í umræðum eða ekki. Eins og þekkt er í þinginu er það með mismunandi hætti hvort það er gert með skýrum hætti eða ekki.

Ég get upplýst að á fundi nefndarinnar var það ekki orðað skýrt og þess vegna ekki fært inn í nefndarálit hvaða tilteknu atriði það voru sem fyrirvarar voru gerðir við.

[18:24]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Varðandi það þegar einstakir nefndarmenn gera fyrirvara við nefndarálit tel ég það góða verklagsreglu að sá fyrirvari sé tilgreindur í nefndarálitinu. Því þá eru menn að segja að þeir séu sammála ákveðnum þáttum í nefndarálitinu en ekki öðrum og einnig að eitthvað er óljóst sem þeir eru ekki sáttir við.

Að mínu viti á það að vera sjálfsögð regla að í nefndaráliti sé gerð stuttlega grein fyrir í hverju fyrirvarinn er fólginn svo þingið viti um hvað verið er að ræða því viðkomandi eru fulltrúar þingsins í hv. allsherjarnefnd, eins og hér er um að ræða. Það segir þinginu ekki neitt um stöðu málsins þó einstakir þingmenn skrifi undir með fyrirvara ef sá fyrirvari er ekki tilgreindur.

Ég er því þeirrar skoðunar að það eigi að vera hin eðlilega vinnuregla að fyrirvarar séu tilgreindir og tek undir þær athugasemdir hv. þingmanns Kristins H. Gunnarssonar um að mjög óheppilegt sé í máli sem virðist vera mjög vanreifað og geti greinilega verið umdeilt og snertir grundvallaratriði, að þá skuli ekki vera gerð grein fyrir þeim fyrirvörum sem þarna geta verið. Reyndar er það skoðun mín og vil ég ítreka það sem ég sagði áðan og beini þeim eindregnu tilmælum til forseta að málið verði sent aftur til allsherjarnefndar milli 2. og 3. umr. þar sem farið verði yfir þá grunnþætti sem við höfum verið að gera að umtalsefni, stöðu þeirra réttinda sem verið er að færa þarna á milli og hvort sá réttur sé ónauðsynlegur gjörningur eða hvort þetta sé bara í besta falli óþarft plagg eða í annan stað að hættulegt gæti verið að gera þetta eins og hér er lagt til.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti hefur hlustað á athugasemdir hv. þingmanna og þær verða skoðaðar.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðlendur, 2. umr.

Stjfrv., 630. mál (framkvæmdastjóri og verklok nefndarinnar). — Þskj. 923, nál. 983.

[18:27]

Frsm. allshn. (Birgir Ármannsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson frá forsætisráðuneyti.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar. Annars vegar að afnema þau ákvæði laganna formaður óbyggðanefndar skuli vera í fullu starfi sem framkvæmdastjóri nefndarinnar og hafa sömu lögkjör og dómstjórinn í Reykjavík. Hins vegar er lagt til að óbyggðanefnd ljúki störfum á árinu 2011 en ekki fyrir árið 2007, eins og ákvæðið er núna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Kolbrún Halldórsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu. Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nefndarálitið rita allir aðrir nefndarmenn í hv. allsherjarnefnd, Bjarni Benediktsson, Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Jónína Bjartmarz, Ágúst Ólafur Ágústsson, Sigurjón Þórðarson og Guðrún Ögmundsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Faggilding o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 403, nál. 988, brtt. 989.

[18:29]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um faggildingu og fleira frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd, sem er að finna á þingskjali 988.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Frey Guðmundsson frá viðskiptaráðuneyti og Sigurlinna Sigurlinnason frá Neytendastofu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum verslunar og þjónustu, Viðskiptaráði Íslands, Neytendastofu, Samtökum atvinnulífsins og fleirum, Landssambandi smábátaeigenda og Siglingastofnun Íslands.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sett verði sérstök lög um faggildingu, en með faggildingu er átt við formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að framkvæma ákveðin verkefni. Nú eru ákvæði um faggildingu í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, en við gildistöku þeirra

laga 1. janúar 1993 komu ákvæði um faggildingu fyrst inn í íslenska löggjöf.

Við umfjöllun málsins í nefndinni voru gerðar athugasemdir um að texti frumvarpsins væri ekki nægilega skýr. Taldi nefndin því þörf á úrbótum og var unnið að því í samráði við fulltrúa ráðuneytis, Neytendastofu, Staðalráðs Íslands og Einkaleyfastofu að bæta orðalag frumvarpsins. Nefndin telur ástæðu til að taka sérstaklega fram að í frumvarpinu er notast bæði við hugtökin „faggildingarsvið" og „faggildingarstofa". Í raun er faggildingarsvið Einkaleyfastofu hin íslenska faggildingarstofa en bent var á að þetta gæti valdið ruglingi. Því leggur nefndin til að í stað hugtaksins „faggildingarstofa" í frumvarpinu verði notað „stjórnvald sem annast faggildingu" eða því um líkt, þó svo að í daglegu tali verði án vafa algengast að nota hugtakið „faggildingarstofa" um erlend stjórnvöld á sviði faggildingar.

Fram komu athugasemdir um að ófullnægjandi væri að vísa til staðals, þ.e. ÍST ISO/IEC 17011, sbr. 5. gr. frumvarpsins, um grundvallaratriði, svo sem málsmeðferð umsókna og niðurfellingu faggildingar. Bent skal á að í fyrrnefndum staðli er auk nánari ákvæða um starfsreglur faggildingarstofa að finna ákvæði sem kveða m.a. á um málsmeðferð við afgreiðslu umsókna um faggildingu, samanber einkum ákvæði í 7. gr. staðalsins um málsmeðferð við veitingu faggildingar, eftirlit með þeim og niðurfellingu faggildingar ef umsækjendur fullnægja ekki lengur þeim skilyrðum sem eru grundvöllur fyrir faggildingu þeirra. Í ljósi þess að aðili í faggildingu nýtur mikilvægra atvinnuréttinda, sem eru þó háð ýmsum skilyrðum sem hlutaðeigandi er skylt að endurnýja og viðhalda í samræmi við þær alþjóðlegu reglur sem gilda um faggildingar, er nauðsynlegt að í íslenskri löggjöf sé að finna þær grunnreglur sem faggildingarsviði ber að hafa til hliðsjónar við veitingu slíkra réttinda, svo og við sviptingu þeirra, þegar það á við. Af þessari ástæðu leggur nefndin til að við frumvarp þetta verði bætt greinum sem kveða á um framangreind atriði. Í stað beinnar tilvísunar til staðals er lagt til að um málsmeðferð fari að öðru leyti samkvæmt ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setji með tilvísun til staðla sem gilda um starfsemi faggildingarsviðs. Það er í samræmi við ákvæði í 3. gr. laga nr. 36/2003, um staðla og Staðlaráð Íslands, að þegar íslensk stjórnvöld ákveða að gera notkun tiltekins staðals skyldubundna þá skuli það gert með setningu reglugerðar og tilvísun þar til hlutaðeigandi staðals.

Frú forseti. Ég hyggst ekki lesa allar þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, þær er að finna á þingskjali 988, en mun renna í gegnum veigamestu breytingarnar.

Lagt er til að hin tilteknu orð og orðasambönd í 2. gr. verði afmörkuð við lögin. Þar er um að ræða skilgreiningar sem gilda bara um þessi lög.

Samkvæmt núgildandi lögum um vog, mál og faggildingu má skjóta synjun Neytendastofu á umsókn um faggildingu til sérstakrar úrskurðarnefndar. Í frumvarpinu er ekki kveðið sérstaklega á um málskot en í breytingartillögum nefndarinnar er lagt til að málskot verði til ráðherra. Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins ná lögin til faggildingar auk mats á tilnefndum aðilum og mats á góðum starfsvenjum við rannsóknir. Nefndinni þykir frumvarpið skorta ákvæði um hina tvo síðarnefndu þætti og leggur því til að sett verði almennt ákvæði um málsmeðferð þar að lútandi.

Í 7. gr. er fjallað um merkingar og nafnmerki. Til einföldunar er lagt til að orðið „faggildingarmerki" verði notað í stað umræddra orða enda nokkuð óljóst hvað átt er við með hugtakinu „nafnmerki" og hvort það fellur þá undir hugtakið „merkingar".

Í 2. mgr. kemur fram að faggildingarsvið skuli viðurkenna reglur hins faggilta aðila um hvernig hann og þeir sem hann metur starfsemina hjá megi nota nafnmerki faggildingarstofu. Við umfjöllun málsins kom fram að ekki ætti að vera um viðurkenningu á reglum að ræða þar sem frumkvæðið kæmi frá faggildingarsviði. Þá kemur fram í 3. mgr. að ráðherra samþykkir merki faggildingarsviðs og nánari reglur sem um það skulu gilda og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Nefndinni þótti leika nokkur vafi á því hvort bæði faggildingarsvið og ráðherra ættu að setja reglur, eða eingöngu faggildingarsvið með því skilyrði að ráðherra samþykkti þær og birti. Með hliðsjón af þessu telur nefndin einfaldast að ráðherra setji reglugerð um þetta atriði. Kveðið yrði m.a. á um útlit merkisins, stöðu þess og notkun. Þykir nefndinni þá ekki þörf á að hafa sérstaka heimild til handa faggildingarsviði til að setja nánari reglur um faggildingarmerki.

Varðandi umsóknar- og skráningargjald kom fram við umfjöllun málsins að ekki væri tekið gjald fyrir upplýsingar vegna umsóknar og að ekki hefði verið ætlunin að breyta því fyrirkomulagi með frumvarpi þessu. Því leggur nefndin til að sá hluti verði felldur undan því gjaldi. Í 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins kemur fram að faggildingargjald sé gjald fyrir mat á tilnefndum aðilum o.s.frv. Við umfjöllun málsins var bent á, samanber einnig umsögn Neytendastofu, að einnig væri um að ræða gjald fyrir mat á faggiltum aðila. Nefndin leggur því til umrædda viðbót. Að því er varðar gjald fyrir mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir þá leggur nefndin til að orðalag verði samræmt við skilgreininguna í 2. gr. Aðrar breytingar á greininni telur nefndin að þarfnist ekki skýringa.

Í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að ef tilkynntur aðili brýtur af sér eða fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem starfsleyfi hans byggist á geti ráðherra ákveðið að afturkalla tilnefningu sína á tilkynntum aðila til Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Nefndin leggur til að þetta verði sett inn í lagatextann.

Að síðustu leggur nefndin til að bætt verði við frumvarpið bráðabirgðaákvæði þess efnis að starfsmanni Neytendastofu skuli boðið annað starf hjá faggildingarsviði Einkaleyfastofu.

Ég hef hér drepið á stærstu atriðin í þeim breytingum sem nefndin lagði til, en þær eru ansi viðamiklar með hliðsjón af því að farið var út í að setja frumvarpið á skiljanlegra mál.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali, nr. 989. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller og Ögmundur Jónasson.

Herra forseti. Þetta frumvarp fjallar um afskaplega fræðilegan þátt en mjög mikilvægan og er eflaust fyrir marga sem á hlýða allt að því latína. Til að gera frekari grein fyrir hvað um er að ræða, og hversu mikilvægt þetta frumvarp er fyrir allt atvinnulíf, vil ég nefna tvö dæmi.

Í fyrra dæminu segir svo: Í viðskiptum með fiskimjöl greiða kaupendur fyrir mjölið miðað við próteinmagn þess. Til að tryggja áreiðanlega og rétta niðurstöðu af próteinmælingu gera kaupendur kröfu til að próteinmælingin sé gerð á faggiltri prófunarstofu. Faggildingin er fyrir prófunarstofuna mat á hæfni hennar, miðað við staðalinn ISO/IEC 17025, sem eru almennar kröfur um hæfni prófunar- og kvörðunarstofa. Þarna leggur sem sagt faggildingarsviðið mat á ákveðna prófunarstofu sem þá getur gefið út vottorð um hversu mikið próteininnihald er í ákveðnu fiskimjöli.

Annað dæmi: Stjórnvöld geta falið einkaaðilum á markaði að framkvæma tæknilegt eftirlit í sínu umboði. Þetta er t.d. eftirlit með raforkuvirkjum, ökutækjum, og mælitækjum sem notuð eru í viðskiptum, svo sem vogum og bensíndælum. Til að tryggja að einkaaðili á markaði sé hæfur til að stunda þetta eftirlit gera stjórnvöld kröfu um að hann öðlist faggildingu á sínu starfssviði. Þegar ég fer út í verslun og kaupi eitt kíló af sykri get ég því verið viss um að ég fái eitt kíló af sykri. Yfirleitt efast fólk ekki um það. Traustið er orðið þvílíkt á þessu kerfi faggildingar að menn efast ekkert um að þegar þeir kaupa eitt kíló af sykri fái þeir — kannski með einhverjum örlitlum frávikum, sem þá eru leyfð samkvæmt reglum og allri meðferð vigtunarinnar — eitt kíló plús mínus kannski 1–2%. Sama á við þegar við kaupum bensín. Reyndar getur hver og einn mælt það heima hjá sér hvort hann hafi fengið eitt kíló eða ekki en ég held að fæstir geri það nú. Menn treysta þessu algjörlega. Vogirnar sem notaðar eru til að vigta ávexti í búðum eru skoðaðar og þeim er gefið ákveðið merki, faggildingarmerki, sem er hægt að sjá á vigtinni. Sama á við um bensíndælur. Þegar við kaupum bensín treystum við því að við höfum fengið einn lítra af bensíni þegar dælan sýnir einn lítra af bensíni. Þetta er líka gert með faggildingu til ákveðins aðila sem hefur tæknilegt eftirlit með bensíndælum og sér til þess að mælirinn sýni rétt magn af bensíni sem við kaupum.

Þetta er til að undirstrika hversu mikilvægt þetta er, fyrir utan að það þarf líka að faggilda aðferðir við rannsóknir, t.d. geislamælingar og alls konar miklu flóknari aðferðir sem almenningur kynnist ekki daglega.

Þetta frumvarp er þess vegna mjög mikilvægt og sérhæft en því miður dálítið torskilið. Ég vona að með þessum dæmum hafi ég varpað örlitlu ljósi á um hvað er að ræða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:43.

95. FUNDUR

miðvikudaginn 29. mars,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Endurnýjun sæstrengs, fsp. BjörgvS, 509. mál, þskj. 746.
2. Endurnýjun Herjólfs, fsp. MÞH, 513. mál, þskj. 750.
3. Aðstaða farþega á Egilsstaðaflugvelli, fsp. HlH, 518. mál, þskj. 757.
4. Lenging flugbrautarinnar á Akureyri, fsp. HlH, 519. mál, þskj. 758.
5. Gildistími ökuskírteina, fsp. JGunn, 548. mál, þskj. 796.

Til menntamálaráðherra:

6. Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum Háskólans á Akureyri, fsp. SJS, 317. mál, þskj. 344.
7. Skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, fsp. JóhS, 531. mál, þskj. 778.
8. Háskóli Íslands, fsp. BjörgvS, 578. mál, þskj. 840.
9. Mat á listnámi, fsp. KolH, 592. mál, þskj. 872.
10. Jarðskjálftaupplýsingar í Ríkisútvarpinu, fsp. MÞH, 603. mál, þskj. 887.
11. Kvennaskólinn á Blönduósi, fsp. JBjarn, 605. mál, þskj. 889.
12. Efni frá sveðisdeildum á vef Ríkisútvarpsins, fsp. KLM, 625. mál, þskj. 918.
13. Gamla héraðsskólahúsið á Laugarvatni, fsp. ÍGP, 632. mál, þskj. 930.

Til sjávarútvegsráðherra:

14. Lokun veiðisvæða, fsp. SigurjÞ, 468. mál, þskj. 695.
15. Innlausn fiskveiðiheimilda, fsp. SigurjÞ, 536. mál, þskj. 783.
16. Leiguverð fiskveiðiheimilda, fsp. VF, 611. mál, þskj. 895.

Til heilbrigðisráðherra:

17. Samningar við hjúkrunarheimili, fsp. ÁRJ, 483. mál, þskj. 714.
18. Slys á börnum, fsp. KJúl, 504. mál, þskj. 737.
19. MFS-einingin á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, fsp. ÁÓÁ, 563. mál, þskj. 817.
20. Gjaldtaka á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, fsp. ÁRJ, 643. mál, þskj. 948.
21. Flutningur verkefna í heilbrigðisþjónustu út á land, fsp. JEP, 648. mál, þskj. 955.

Til fjármálaráðherra:

22. Skattkerfið og fjárfestingar í sprotafyrirtækjum, fsp. BjörgvS, 515. mál, þskj. 752.
23. Vaxtabætur vegna endurbóta á húsnæði, fsp. KJúl, 559. mál, þskj. 813.

Til umhverfisráðherra:

24. Merkingar á erfðabreyttum matvælum, fsp. KJúl, 606. mál, þskj. 890.

Til iðnaðarráðherra:

25. Vatnsafl og álframleiðsla, fsp. MÁ, 650. mál, þskj. 957.

Til viðskiptaráðherra:

26. Meðferð mála hjá Samkeppniseftirlitinu, fsp. SigurjÞ, 627. mál, þskj. 920.

27. Lánveitingar til stjórnenda fyrirtækja, fsp. JóhS, 656. mál, þskj. 963.

Endurnýjun sæstrengs.

Fsp. BjörgvS, 509. mál. — Þskj. 746.

[12:00]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um hvað líði vinnu við endurnýjun á sæstreng til að tryggja netsamband við útlönd. Eins og við vitum skiptir stöðugleiki í samgöngu- og samskiptamálum öllu máli í nútímasamfélagi. Það er eitt af forgangsatriðum stjórnvalda að tryggja slíkan stöðugleika og hefur ítrekað verið kallað eftir umbótum á þessu sviði og má til þess nefna skýrslu Viðskiptaráðs Íslands. Það urðu vissulega ákveðin straumhvörf með tilkomu Farice-sæstrengsins á sínum tíma sem býður upp á 720 gígabætaflutning en einungis eru notuð rúm tvö af þeim og má segja að það sé flöskuháls í gagnaflutningum til landsins, flöskuháls á meðan um er að ræða prýðilegan háhraða innan lands en ekki við útlönd. Þetta útilokar t.d. rannsóknarfyrirtæki og nýsköpunarfyrirtæki í klasasamstarf ýmiss konar vegna þess að það skortir öflugri tengingu við umheiminn og samkeppnisstaða þeirra við sambærileg fyrirtæki erlendis er hróplega slæm þar sem kostnaðurinn hér er 8–11 sinnum dýrari en hjá erlendum samkeppnisfyrirtækjum með sambærilega þjónustu og má segja að þetta grafi undan samkeppnishæfi íslenskra fyrirtækja. Lélegt netsamband vegna bresta í kringum Farice-strenginn og sérstaklega eins og var í kringum landtenginguna inn á Bretlandseyjar hamlar starfsemi í hátækninni og fjármálaþjónustu hvers konar en engin ákvörðun hefur heldur verið tekin um annan streng. Almenna reglan er að leggja hlið við hlið sinn hvorn strenginn þannig að um sé að ræða varastreng einnig. Það má segja að ef sæstrengnum Farice sé líkt við veg og hraðbraut að ein braut sé opin af 72 þar sem einungis er verið að nota 2 gígabæt af 720.

Þá má sérstaklega nefna RH-netið þar sem um er að ræða háskólana, framhaldsskólana, spítalana, sjúkrastofnanir og rannsóknastofnanir, opinbera aðila sem versla við Cantat-strenginn sem er í eigu erlendra aðila og býður mun lægra verð þannig að það sem þarf að gerast einnig til að skjóta stoðum undir rekstur Farice-strengsins, sem er hlutafélag, er að opinberir aðilar á borð við það versli við hann og fjárhagslegum stoðum sé skotið undir strenginn þannig að netsamband til og frá Íslandi sé tryggt, öruggt netsamband í I. flokki sem gefur okkar þekkingar-, hátækni- og menntafyrirtækjum forsendur til að keppa við erlend fyrirtæki af sama toga. Það er beðið eftir pólitískri ákvörðun frá hæstv. samgönguráðherra í þessu máli. Hið opinbera þarf að koma að þjónusta Farice og rekstur er allt of dýr og óstöðugur að mörgu leyti. Netsamband rofnaði t.d. 14 sinnum árið 2005. Kostnaður er allt of hár, óöryggi of mikið, það er beðið eftir að hæstv. samgönguráðherra grípi inn í og komi til leiks við rekstur Farice.

[12:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að gefa mér tækifæri til að svara þeirri fyrirspurn sem hér er lögð fyrir en hún hljóðar þannig:

„Hvað líður vinnu við endurnýjun sæstrengs til að tryggja netsambönd við útlönd?“

Svar mitt er svohljóðandi: Mikilvægi öruggra fjarskiptasambanda við umheiminn verður seint ofmetið og tek ég undir það með hv. þingmanni. Þau verða sífellt mikilvægari stoð fyrir daglegt líf borgaranna og rekstur fyrirtækja og stofnana í landinu. Verulegir öryggis- og viðskiptahagsmunir eru bundnir við millilandasambandið og röskun á því getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir samfélagið.

Fjarskiptaáætlun sem ég lagði fyrir þingið og Alþingi samþykkti sem þingsályktun, tekur mið af þessu en í henni eru eftirfarandi meginmarkmið. Þar segir:

„Öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og við umheiminn verði tryggt með fullnægjandi varasamböndum.“

Mikil breyting til batnaðar var þegar Farice-sæstrengurinn var tekinn í notkun. Nú er staðan þó sú að millilandasambandið um Farice-1 strenginn hefur rofnað ítrekað á undanförnum mánuðum, raunar ekki í sjó heldur uppi á landi í Skotlandi en Farice-fyrirtæki hefur nú þegar með samningum verulega bætt úr þeirri aðstöðu og aukið öryggið á þeirri leið þannig að það öryggi hefur stórbatnað.

Jafnframt er ljóst að Cantat-3 sem hefur m.a. verið notaður til vara, mun ekki duga til lengri tíma litið. Það má því segja að nú sé uppi sú staða að stærsti einstaki veikleiki í öryggi landsins á fjarskiptasviði séu tengingar við útlönd.

Það ber þó að undirstrika og taka alveg sérstaklega fram að símafyrirtækin leggja að sjálfsögðu mat á öryggi í þessum fjarskiptum og þessum samböndum og það er mat þeirra að ekki sé ástæða til að fjárfesta í öðrum sæstreng til viðbótar við Farice-1 að svo komnu máli. Ráðuneytið hefur óskað eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun skoði sérstaklega stöðu millilandatenginga en auk þess hef ég af þessu tilefni ákveðið að skipa sérstakan starfshóp til að gera tillögur um hvernig tryggja megi varasamband við umheiminn í framtíðinni. Ákveðið hefur verið að óska eftir tilnefningum frá stærstu meðeigendum ríkisins hér á landi í Farice auk tveggja fulltrúa frá samtökum atvinnulífsins og fulltrúa Sambands banka og verðbréfafyrirtækja en bæði bankar og verðbréfafyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki eiga auðvitað mjög mikið undir því að fjarskiptin séu trygg. Formaður þessa starfshóps er ráðuneytisstjórinn í samgönguráðuneytinu.

Ég vil nota þetta tækifæri, virðulegur forseti, til að rifja aðeins upp að það er ekki mjög langt síðan Farice-strengurinn var lagður. Síminn, Landssími Íslands hf., hafði þá um nokkurn tíma unnið að undirbúningi þess að auka öryggið. Það voru gervihnattasambönd sem voru varaleiðirnar, til viðbótar við Cantat-3, sem gefa alls ekki nægjanlegt öryggi og það fer alls ekki nægjanleg flutningsgeta um gervihnetti miðað við það sem strengirnir gefa. Síminn hafði undirbúið þetta á sínum tíma en niðurstaðan hjá síma-

fyrirtækjunum varð þá sú að þau treystu sér ekki til að leggja sæstrenginn öðruvísi en ríkið kæmi að og þess vegna var það að ríkissjóður, þ.e. samgönguráðuneytið kom að þessu verkefni og Farice-1 varð að veruleika og strengurinn var lagður í samstarfi við símafyrirtækin hér innan lands og færeysku símafyrirtækin einnig. Ég tel að þetta hafi verið rétt ákvörðun og í því ljósi höfum við áfram unnið í góðu samstarfi við símafyrirtækin að því að þróa þetta starf, sem er mjög mikilvægt.

[12:09]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 7. þm. Suðurk., Björgvini G. Sigurðssyni, kærlega fyrir að taka þetta mál hér upp enda mikilvægt umfjöllunarefni. Samband landsins við útlönd og það öryggi sem á því er hefur sannarlega ekki verið viðunandi, eins og hv. þingmaður benti rækilega á og algerlega óviðunandi fyrir íslenskt samfélag að eiga það undir dýralífi eða vinnutækjum á Skotlandi hvort landið er í sambandi eða ekki og ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að láta þennan starfshóp skila af sér vel og hratt vegna þess að þó að fjarskiptafyrirtækin sjái kannski ekki fulla arðsemi í því að auka hér öryggi þá er það mál sem varðar þjóðina alla og ríkið kann að þurfa að koma að, m.a. líka til að skapa starfsaðstöðu fyrir ýmiss konar iðnað og þjónustu sem byggir á því að hægt sé að treysta fullkomlega á sambandið við útlönd.

[12:10]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hér hreyfir hv. fyrirspyrjandi mjög mikilvægu máli sem er að sjálfsögðu netsamband okkar við útlönd. Það vita allir að samskipti aukast dag frá degi milli heimshluta og milli landa. Heimurinn fer minnkandi og það skiptir miklu máli hvernig þjóðbraut okkar til annarra landa í þessum efnum er og hvernig tekst að fara um hana og mikilvægt að hún lokist ekki vegna einhverra hluta.

Ég hjó eftir því hjá hæstv. ráðherra að það á að skipa starfshóp eða nefnd í málið og er það gott, en þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti sagt okkur svolítið um tímarammann á þeirri nefnd, hvort nefndinni verður settur einhver tímarammi þannig að við getum átt von á niðurstöðu hennar fljótar heldur en seinna. Það er að sjálfsögðu óeðlilegt ástand og alls ekki ásættanlegt ef við lendum í því eins og gerðist með Farice-strenginn þegar rottugangur í skosku hálöndunum varð til þess að netsamband féll niður. Úr því hljótum við að þurfa að bæta.

[12:11]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hér er ákaflega brýnu máli hreyft af hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni og athyglisvert það sem kemur fram í svari hæstv. ráðherra um þetta. En það er auðvitað óþolandi hvernig þessi mál eru í raun og veru hjá okkur eins og hér kom fram hjá síðasta ræðumanni, að rottugangur í skosku hálöndunum geti stoppað okkur af og kúplað út sambandi. En það er ekki það sem er verst, það er ekki síður hinn svakalega hái kostnaður sem þessu fylgir og síðast en ekki síst þetta óöryggi. Það ber að hvetja til þess að það sé gengið hraðar fram í því að tryggja þetta samband betur.

Af því að við erum að nefna netsamband þá get ég ekki látið hjá líða að nefna þær hugmyndir sem núna eru uppi sem oft hafa verið ræddar í sambandi við sölu Símans, þ.e. grunnnetið. Nú er verið að ræða það að fara að selja það frá þeim sem keypti Símann og setja það í sérrekstur. Þannig að það skyldi þó ekki vera að það sem við fulltrúar Samfylkingarinnar lögðum m.a. til á sínum tíma hvað þetta varðar hér innan lands, að nú séu menn farnir að sjá að það hafi verið hin rétta lausn?

[12:12]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég fagna þeirri pólitísku viljayfirlýsingu ráðherra sem kemur fram í því að hann ætli að skipa starfshóp til að greiða úr málunum en hann þarf að láta hann skila ákaflega hratt af sér af því að það er fullkomlega óboðlegt eins og fram hefur komið í umræðunni að skoskar rottur og annað óöryggi í tengslum við strenginn geti haft það í hendi sér hve traustum fótum þekkingariðnaður okkar stendur. Það er algerlega óboðlegt. Netsamband við umheiminn er ótryggt og það er til trafala fyrir þá sem mest þurfa á því að halda sem eru fyrirtæki sem starfa á alþjóðlegum markaði, fjármálaþjónustu, þekkingu, nýsköpun, rannsóknum og hvers kyns slíkum iðnaði. Það er algerlega óþolandi að rekstur þessara fyrirtækja og klasasamstarf rannsóknastofnana ýmiss konar eigi það undir sér að strengurinn hangi í sambandi og það óörugga netsamband sem við búum við rofni ekki út af einhverjum undarlegum uppákomum eins og hafa verið nefndar með rottugang og aðra slíka óværu sem getur valdið tæknilegum truflunum.

Við þurfum að sjálfsögðu að leggja annan streng. Við þurfum að vera með varastreng, Farice-2. Fjarskiptafyrirtækin eiga ekki að ráða því hvort við leggjum þann streng. Það er pólitísk ákvörðun samgönguyfirvalda og ég skora á hæstv. ráðherra að taka þá ákvörðun og beita sér fyrir því að hópurinn sem hann nefndi skili mjög hratt af sér af því að við þurfum að tryggja öruggt netsamband við útlönd. Þetta er ein þeirra grunnstoða samfélagsins sem þurfa að vera traustar í dag. Óheyrilega hár kostnaður verður líka að lækka og það mundi skjóta styrkari stoðum undir Farice hf. ef RH-netið kæmi og verslaði við hann í stað Cantats og ýmis þannig atriði má telja upp en tíminn er allt of skammur.

Þetta að lokum. Ástandið er óboðlegt. Við búum við allt of ótryggt netsamband við umheiminn. Úr því verður að bæta bæði með því að greiða fyrir rekstri Farice eins og hann er rekinn núna og að leggja varastreng.

[12:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisvert innlegg í umræðuna frá hv. þingmanni og fyrirspyrjanda, Björgvini G. Sigurðssyni, þegar hann segir að ríkið verði að koma og leggja streng. Býr hv. þingmaður ekki á hinu Evrópska efnahagssvæði? Hvernig halda menn að ESA og eftirlitskerfið á hinu Evrópska efnahagssvæði mundi bregðast við ef ríkið legði allt í einu streng og færi að greiða niður flutn-

ingskostnaðinn í samkeppni við Farice-1 sem er frjálst fyrirtæki og Cantat-3 sem er sömuleiðis fyrirtæki á markaði.

Hv. þingmenn verða að átta sig á að það er liðin tíð í fjarskiptum í Evrópu að ríkið komi inn og greiði niður kostnað þar sem eru samkeppnisaðstæður. Þetta er grundvallaratriði og þess vegna getur ríkið ekki komið að nema sem þátttakandi í hlutafélagi. Það er auðvitað mergurinn málsins.

Ég hafði frumkvæði að því að fyrirtækið Farice var stofnað og ríkið kom að því með fjármuni með opnum og eðlilegum hætti í samræmi við evrópskar viðskiptareglur. Ég get alveg tekið undir að því miður er fjárfestingin í þessum streng svo mikil að verðið er allt of hátt. Hvað er til ráða? Er það að auka fjárfestinguna og auka þar með ávöxtunarkröfuna og hækka þar með verðið? Nei, ég tel það ekki. Þess vegna verður að fara varlega og þess vegna þarf að skoða þetta. Ég tek undir að sú nefnd sem ég hef skipað og er að hefja vinnu þurfi að vinna hratt. Ég tek undir það. Og Póst- og fjarskiptastofnun þarf með sama hætti að vinna hratt að sinni skoðun í þessu efni.

En við verðum að gæta okkar í því að fjárfesta ekki um of og símafyrirtækin þurfa auðvitað að taka þarna tiltekna ábyrgð. Ég veit að þau átta sig á því. En eitt sem nefnt var hér, að RH-netið (Forseti hringir.) væri ekki í viðskiptum við Farice. Ég er alveg sammála því. Það er mjög óeðlilegt að rannsóknarnetið sé ekki í viðskiptum því (Forseti hringir.) það mundi væntanlega skapa allt aðrar og betri aðstæður, jafnvel til að lækka verðið, ef fleiri kæmu í viðskipti (Forseti hringir.) hvað þetta varðar.

Umræðu lokið.

Tilkynning um dagskrá.

[12:18]

Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):

Forseti minnir enn á að ekki skal ávarpa þingmenn beint.

Um klukkan hálffjögur í dag fer fram utandagskrárumræða um geðheilbrigðisþjónustu barna og unglinga. Málshefjandi er hv. þm. Þuríður Backman. Hæstv. heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50 gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Um fundarstjórn.

Ummæli samgönguráðherra í fyrirspurn.

[12:18]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Ég óska eftir því við hæstv. forseta að hún gefi mér rými til að bregðast við þeim furðulega útúrsnúningi sem kom fram í máli hæstv. ráðherra um að ég væri að leggja til að að ríkið legði sérstakan og annan sæstreng við hliðina á Farice-1. Að sjálfsögðu ekki.

Ég var að bregðast við ummælum hæstv. ráðherra, virðulegi forseti, um að símafyrirtækin teldu ekki tímanlegt að gera það, en auðvitað ekki að ríkið ætti eitt og sér að ráðast í það verkefni. Auðvitað er um að ræða einhvers konar samkeppnisrekstur. En ég er að óska eftir því, frú forseti, að mér verði veitt rými til að bregðast við þessum undarlega áburði hæstv. samgönguráðherra (Forseti hringir.) sem var algjörlega úr takti við fyrirspurn mína og ég vil nota þetta tækifæri til þess.

(Forseti (RG): Forseti biður þingmann að virða það að forseti getur ekki heimilað efnisumræðu eftir að umræðu um fyrirspurn er lokið. Þingmaður hefur óskað eftir að taka til máls um fundarstjórn forseta. Hann er ekki að bera af sér sakir eða annað slíkt og þingmaðurinn verður að leita annarra leiða til að koma með fyrirspurn eða leita svara hjá hæstv. samgönguráðherra um það efnisatriði sem hér um ræðir. Forseti hefur ekki tök á að heimila þingmanninum frekari umræðu um fyrirspurnina.)

Ég þakka hæstv. forseta það að mér hafi gefist örlítið rými til að vísa þessum fráleitu ásökunum á bug.

[12:20]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs þegar hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hóf hér efnislega umræðu. Ég styð fullkomlega þær athugasemdir sem forseti gerði hér áðan. Hér á ekki að ræða um efnisleg atriði heldur aðeins um fundarstjórn forseta.

Endurnýjun Herjólfs.

Fsp. MÞH, 513. mál. — Þskj. 750.

[12:20]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem upp í ræðustól til að bera fram fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um samgöngumálefni Vestmannaeyja. Þau hafa verið mjög í brennidepli undanfarin missiri þar sem ýmsar leiðir hafa verið ræddar til að bæta úr samgöngum á milli lands og Eyja.

Talað hefur verið um hugmyndir um að fara út í að gera jarðgöng. Nýverið voru kynntar hugmyndir um nýja ferjuhöfn við Bakka. Einnig hafa verið umræður um að kominn sé tími til að endurnýja þá ferju sem hefur verið í siglingum á milli lands og Eyja um margra ára skeið, þ.e. Herjólf.

Ég sem áhugamaður um málefni Vestmannaeyja og áhugamaður um samgöngumál hef fylgst með þessari umræðu allri, bæði fréttum og greinum sem skrifaðar hafa verið. Þarna hefur margt mjög áhugavert komið fram um alla þessa valkosti og flugið reyndar líka.

En ég kem upp í dag til að grennslast fyrir um hvort stjórnvöld hafi látið fara fram einhverja vinnu til kanna hvaða möguleikar séu á að fjárfesta í stærri og hraðskreiðari ferju til siglinga á milli lands og Vestmannaeyja í stað Herjólfs sem nú er í notkun. Það hefur vakið athygli mína að menn hafa verið að benda á að miklar framfarir hafi orðið í hönnun og smíði slíkra skipa. Þessi skip eru orðin miklu hraðskreiðari en áður var og þarna má með vissum hætti segja að hafi orðið ákveðin tæknibylting.

Nú er mér fyllilega kunnugt um að nefnd hefur verið að

störfum til að skoða samgöngukosti. Ég er í sjálfu sér ekki að leita eftir svörum um störf þeirrar nefndar, heldur er ég frekar að leita eftir svörum við því hvort hæstv. samgönguráðherra hafi á einhvern hátt beitt sér fyrir því að skoða þessa hluti. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Það tekur náttúrlega mörg ár eða þó nokkurn tíma að hanna nýtt skip en menn verða líka að vera vakandi fyrir því hvaða kostir eru fyrir hendi.

Ef svo er, virðulegi forseti, að hæstv. samgönguráðherra hafi ekki beitt sér sérstaklega fyrir því að þessi vinna fari fram, þá langar mig að spyrja í framhaldi af því hvort stjórnvöld hyggist kanna málið. Og þá ekki síst vegna þess að við höfum á undanförnum missirum, eins og ég kom að í upphafi máls míns, verið að fá á borðið nýjar upplýsingar, bæði um kostina varðandi jarðgöng en líka kostina varðandi Bakkafjöru. Þessir hlutir eru að skýrast og eru að skýrast mjög hratt.

En mig langaði, virðulegi forseti, að nota tækifærið í dag til að vekja athygli á þessum möguleika, þ.e. nýjum Herjólfi.

[12:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr: „Hafa stjórnvöld kannað möguleika á því að stærri og hraðskreiðari ferja verði keypt til siglinga milli lands og Vestmannaeyja í stað þess Herjólfs sem nú er í notkun? Ef ekki, hyggjast stjórnvöld þá kanna málið?"

Ég verð að viðurkenna, virðulegi forseti, að það kom mér nokkuð á óvart þegar þessi fyrirspurn kom fram frá hv. þingmanni. Það kom upp í huga minn hvort það hefði virkilega farið fram hjá hv. þingmanni að sérstök nefnd er að störfum við að skoða alla framtíðarmöguleika í tengingum og samgöngum til og frá Vestmannaeyjum. Þess vegna kom þessi fyrirspurn mér nokkuð á óvart. Ég hlýt að gera þá kröfu til hv. þingmanna að ekki sé verið að setja á fyrirspurnartíma á Alþingi um mál sem hv. þingmenn í viðkomandi kjördæmi vita upp á hár hvar standa og hvernig vinnan fer fram.

Að störfum er nefnd, undir forustu Páls Sigurjónssonar verkfræðings, sem hefur það hlutverk að fara í saumana á þeim möguleikum sem uppi eru varðandi framtíðarsamgöngur til Vestmannaeyja. Þar eru aðallega þrír kostir eins og hv. þingmenn þekkja. Nefndinni var uppálagt að skoða jarðgangakostinn, ferjulægi Bakkafjöru og nýjan Herjólf. Þegar lögð eru á ráðin um að skoða kosti þess að ferjan verði endurnýjuð hljótum við auðvitað að skoða alla kosti, t.d. svipað skip eða eins og talað hefur verið um, einhvers konar háhraðaferju. (**ÖS:** Hvað með jarðgöngin?) Nefndin er að störfum og ég fæ væntanlega tækifæri til að gera grein fyrir jarðgöngum síðar. En staðan er þessi.

Nefndin er að störfum og ég vænti þess að hún skili mér niðurstöðum innan ekki mjög langs tíma. En þó er rétt að árétta að nefndin fær þann tíma sem hún telur sig þurfa til að skila vandaðri vinnu og vel ígrunduðum tillögum til ráðuneytisins.

Varðandi skoðun á kaupum á háhraðaferju, ef þingmaðurinn er að velta því fyrir sér, sem fer ekki á milli mála, þá gerði nefnd sem ég skipaði um samgöngur til Vestmannaeyja í maí 2002 nokkra skoðun á því og skilaði niðurstöðum sínum í mars 2003. Hún gerði grein fyrir kostum og göllum háhraðaferju á þessari siglingaleið og þótti hún ekki fýsilegur kostur vegna þess hversu frátafir yrðu miklar vegna sjólags. Ferja sem gengur á miklum hraða á þessari siglingaleið, sem er með allra erfiðustu siglingaleiðum hér við land, þyrfti að vera þannig búin að þola það álag. Auk þess liggur það fyrir að sjólag er stundum þannig að frátafir verða óljósar

Ég geri því ráð fyrir að hv. þingmenn meti það svo að við þurfum að velja skip sem fellur vel að þessum aðstæðum. En auðvitað er alveg sjálfsagt og nauðsynlegt að skoða alla þessa kosti. Ég lít svo á að nefndin, sem í eru bæði reyndir sérfræðingar og menn sem þekkja vel til siglingaleiðarinnar og aðstæðna í Vestmannaeyjum og þörfinni fyrir góðum samgöngum til eyja, muni vara vandlega yfir þetta og ég fái í hendurnar góða úttekt og góða skýrslu um þá lausn sem talin er best til að tryggja samgöngur við Eyjar.

Að öðru leyti þakka ég hv. þingmanni fyrir að gefa okkur tækifæri til að ræða þetta. Samgöngur við Vestmannaeyjar er viðfangsefni sem er mjög brýnt. Ég kveinka mér alls ekki undan því að taka þátt í umræðu um það en ég hefði talið eðlilegt að hv. þingmenn biðu ögn eftir niðurstöðum þeirrar vinnu sem er í gangi og þess vegna benti ég á það í upphafi svars míns.

[12:29]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Þetta var svar að hætti hússins. Fyrst var reynt að gera lítið úr fyrirspyrjanda og síðan að varpa rýrð á málflutning hans. Auðvitað er sjálfsagt mál að taka upp samgöngumál um Vestmannaeyjar, brýnasta mál þeirrar byggðar sem hefur verið í töluverðri vörn á síðustu árum þar sem íbúum hefur fækkað um hátt í þúsund manns á einum áratug. Hægt er að fullyrða að yfir standi einhvers konar fólksflótti úr þessari fallegu eyju þar sem við þurfum að sjálfsögðu að efla búsetuskilyrði. Þar er aðeins eitt sem skiptir algjörlega höfuðmáli. Það eru samgöngur á milli lands og Eyja. Þar eru þrír meginkostir. Það er háhraðaferja frá Bakkafjöru, það eru göng á milli lands og Eyja og það er nýr Herjólfur sem siglir áfram til Þorlákshafnar.

Það virðist sem vísbendingarnar bendi flestar í þá átt að farið verði í ferjulægi við Bakka sem mundi gjörbreyta aðstæðum. Ég fagna því að umræða skuli tekin um það á Alþingi um leið og það hefði verið skemmtilegt og fróðlegt og gott fyrir eyjarnar og samfélagið þar að fá sterkari pólitíska vísbendingu frá hæstv. ráðherra um framtíðarsýn hans í málinu. Hún kom hvergi fram.

[12:30]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Vestmannaeyingar eru með gríðarlega miklar væntingar til þeirrar nefndar sem er að skoða þessa þrjá möguleika og verður mjög spennandi að heyra niðurstöðu hennar þegar hún kemur, en í nefndinni er valinn maður í hverju rúmi. Það skiptir miklu máli að það verði sannferðugt sem kemur frá nefndinni og að allir kostir verði skoðaðir gaumgæfilega. Samgöngur við Vestmannaeyjar

eru afskaplega brýnt mál, ekki bara fyrir Vestmannaeyinga heldur líka aðra landsmenn og má að geta þess að Rangæingar líta sannarlega mjög hýru auga til þess ef gerð yrði ferjuhöfn við Bakkafjöru og hugsa til þess að það muni ekki síst koma þeim landshluta til góða. Þá er jafnvel hugsanlegt að við sameiningu sveitarfélaga yrði sameining þarna á milli.

[12:31]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Þegar horft er til langs tíma hljóta jarðgöng að vera sá kostur sem menn horfa sterkast til. Það er að vísu ekki alveg ljóst hversu mikið þau muni kosta. Það þarf að skoða mjög vel kostnað við jarðgöngin og það þarf að ganga frá því hvort það sé jarðfræðilega tryggt að gera slík göng. Margt bendir til að svo sé.

Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum alltaf tekið mjög sterklega undir með þeim heimamönnum og öðrum sem hafa rætt þann möguleika sem í jarðgöngum felst. Ég sakna þess auðvitað að hæstv. samgönguráðherra skyldi ekkert reifa þann möguleika í ræðu sinni svo nokkru nemi. Við hljótum að gera þá kröfu til hæstv. ríkisstjórnar að hún hafi einhverja sýn til framtíðar. Svo virðist í þessu máli sem ríkisstjórnin hafi ekki mikinn áhuga á því að kanna jarðgöng til Vestmannaeyja og fyrir hönd Vestmannaeyinga og velunnara þeirra finnst mér það auðvitað miður. Ég tel að það sé kostur sem menn þurfi að taka miklu alvarlegar en gert hefur verið til þessa og vænti þess að hæstv. ráðherra reifi þetta í svari sínu á eftir.

[12:33]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Sem betur fer ráða hæstv. ráðherrar því ekki hvaða fyrirspurnir eru lagðar fram á Alþingi og er undarlegt að hlusta hér á hæstv. ráðherra kveinka sér undan því að þessi tegund af fyrirspurn sé lögð fram. Ætli þær yrðu ekki fáar ef ráðherrarnir hæstv. ættu að ráða því um hvað væri spurt hér í þinginu.

Mér fannst það koma skýrt fram í máli hv. fyrirpsyrjanda að honum væri að sjálfsögðu kunnugt um það sem þingmanni Suðurkjördæmis að nefnd væri að störfum til að kanna alla framtíðarmöguleika varðandi samgöngur við Vestmannaeyjar. Ég tók það svo að þessi spurning hv. fyrirspyrjanda væri komin fram vegna þess að menn væru að velta fyrir sér betri lausn en nú er til skemmri tíma, hvort til greina kæmi að skoða möguleika á því að kaupa hraðskreiðari ferju til að leysa samgöngur á sjó við Vestmannaeyjar á þeim tíma sem líður þangað til sú nefnd sem hér um ræðir kemst að einhverri niðurstöðu um hvernig best væri að leysa framtíðarsamgöngur þar. Við hljótum að hafa leyfi til þess, hv. þingmenn, að velta fyrir okkur lausnum til skemmri tíma alveg eins og til lengri tíma.

[12:34]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað nauðsynlegt að ræða málefni Vestmannaeyja varðandi samgöngur. Við eigum að ræða þau oft og lengi vegna þess að hér er um mjög brýnt mál að ræða, í raun og veru jafnbrýnt mál og atvinnu- og velferðarmál í Vestmannaeyjum. Samgöngumál eru undirstaða þess að fólk vilji búa í Vestmannaeyjum. Eins og við vitum eru Vestmannaeyjar ferðamannaparadís en Vestmannaeyingar hafa saknað þess mjög að Flugfélag Íslands og Flugleiðir hættu að fljúga þangað og að eftir það hafi þeir dottið út af kortum varðandi ferðamennsku og ferðaþjónustu. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli. Þetta skiptir okkur líka miklu máli sem búum uppi á landi í nágrenni við Vestmannaeyjar. Eftir því sem samgöngurnar eru greiðari og betri því meiri samvinna getur orðið á milli t.d. Rangárvallasýslu og Vestmannaeyja. Þess vegna eigum við að leggja metnað okkar í að bæta samgöngur milli lands og Eyja.

[12:35]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Það kom skýrt fram í máli mínu áðan að ég gerði mér fulla grein fyrir því að nefnd væri að störfum sem væri að skoða þessa hluti. Það sem fyrir mér vakti var að reyna að fiska eftir því hvort einhver vinna hefði farið fram á vegum hæstv. ráðherra varðandi það að skipta út því skipi sem nú er í notkun.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, virðulegi forseti, að hver sem niðurstaðan verður af störfum þessarar nefndar, sem mér heyrðist því miður að hefði ótakmarkaðan tíma til að skila af sér og enginn veit í raun og veru hvenær hún muni komast að niðurstöðu, mun taka einhver ár að vinna úr þeirri lausn sem ákveðin verður til frambúðar, hvort sem það verða jarðgöng, ný höfn við Bakka eða að smíða nýjan Herjólf.

Mig langar aðeins til að vekja athygli á því að ég fæ ekki betur séð en að nú þegar sé búið að smíða og hanna þó nokkuð af slíkum ferjum og verið gæti að eitthvað af þeim skipum kæmu á markað og það væri hægt að kaupa svona skip með tiltölulega skömmum fyrirvara og skipta þá út því skipi sem nú er í notkun. Það hefur margoft komið fram, ekki síst vegna breyttra aðstæðna í flutningum, að það skip er oft og tíðum of lítið og það hefur ítrekað verið í umræðunni að fá þurfi nýtt skip, stærra skip og hraðskreiðara skip.

Mér finnst það hreinlega ekki boðlegt að vísa í gamlar niðurstöður frá árinu 2002 eða 2003 eins og þróunin er hröð í þessum efnum. Það er einfaldlega ekki boðlegt. Það eru liðin þrjú til fjögur ár síðan þær komu fram. Og ég kaupi það ekki heldur að ekki sé hægt að sigla á háhraðaferju milli lands og Eyja. Að sjálfsögðu sigla menn alltaf eftir aðstæðum og ef veður er vont slá menn af hraðanum. En þegar veður er þokkalegt, og þannig er það yfirleitt, sæmilegt sjóveður, þá geta menn leyft sér að sigla hraðar sem því nemur. Ég treysti skipstjórnarmönnum á Herjólfi framtíðarinnar, sama hvort það verða Vestmannaeyingar eða aðrir, ég treysti dómgreind þeirra fyllilega til að stýra slíku fleyi heilu á milli lands og Eyja.

Ég vil með þessum orðum, (Forseti hringir.) virðulegi forseti, hvetja hæstv. samgönguráðherra til dáða í þessum efnum.

[12:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það er eins og við manninn mælt

þegar umræður um samgöngur við Vestmannaeyjar eru annars vegar þá eru bæði margir ræðumenn og áhugasamir og margar hugmyndir á lofti.

Vegna þess sem hér hefur komið fram og spurninga hv. þingmanna um pólitíska sýn samgönguráðherra hvað varðar samgöngur við Vestmannaeyjar þá er mín pólitíska sýn sú að við veljum kost sem styrkir byggðina í Vestmannaeyjum. Ég tel að þetta sé svo alvarlegt mál og alvarlegt viðfangsefni að við eigum ekki að gefa yfirlýsingar fyrr en búið er að vinna rannsóknir og úttekt í samræmi við það sem fyrrnefnd nefnd er að vinna að. Jarðgangakostirnir er ekki á dagskrá hér og verður ekki á dagskrá af minni hálfu fyrr en skýrslan liggur öll fyrir og nefndin hefur skilað umsögn til mín um hvað hún telur að gera eigi í þeim efnum eftir að sérfræðingar sem í nefndinni eru og vinna fyrir nefndina hafa farið yfir það og kortlagt viðfangsefnið. Þá mun ég gefa út upplýsingar um mína pólitísku sýn í samgöngumálum Eyjamanna.

Ég vek athygli á því sem kom fram hjá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, sem er alveg hárrétt, að ferðaþjónustan er mikilvæg í Eyjum og þar eigum við kosti. Þess vegna skipaði ég sérstakan starfshóp, undir forustu þingmannsins Guðjóns Hjörleifssonar, til að leggja á ráðin um það hvernig við getum markaðssett Vestmannaeyjar betur. Það er gert í samstarfi við heimamenn sem þekkja vel til og ég bind miklar vonir við þá vinnu. En ég vísa til þess enn og aftur að skýrslan mun liggja fyrir innan tíðar og þá mun verða (Forseti hringir.) fjallað um alla þessa þrjá fyrrnefndu kosti.

Skipið er lítið, afkastagetan þarf að vera meiri, sagði hv. fyrirspyrjandi. Við höfum m.a. komið til móts við þá þörf með því (Forseti hringir.) að fjölga ferðum, sem hefur verið gert í samræmi við óskir heimamanna og er afar mikilvægt.

Umræðu lokið.

Aðstaða farþega á Egilsstaðaflugvelli.

Fsp. HIH, 518. mál. — Þskj. 757.

[12:40]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn frá hv. þm. Hlyni Hallssyni sem hljóðar svo:

„Hvenær er fyrirhugað að ráðast í framkvæmdir til að bæta aðstöðu farþega á Egilsstaðaflugvelli?"

Um Egilsstaðaflugvöll fóru í fyrra um 127 þúsund farþegar og var það þriðja árið í röð sem metfjöldi farþega fór um flugvöllinn og allt stefnir í enn eitt metárið árið 2006 með sama áframhaldi. Gert er ráð fyrir að millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll þrefaldist á þessu ári. Í fyrra fóru um 30 flugvélar um völlinn í millilandaflugi en þær verða um 100 næsta ár ef áætlanir ganga eftir. Í dag lenda um 150–200 vélar á Egilsstaðaflugvelli í mánuði.

Fyrir þrem árum voru gerð drög að stækkun flugstöðvarinnar á Egilsstaðaflugvelli um 400 fermetra en ákvörðun samgönguyfirvalda hefur látið á sér standa. Plássleysi er því farið að valda starfsmönnum og flugfarþegum sem um völlinn fara miklum óþægindum. Samkvæmt upplýsingum virðist ekkert lát vera á aukinni umferð um Egilsstaðaflugvöll því að í janúarmánuði lentu þar 179 flugvélar, sem er 11% aukning frá því í sama mánuði í fyrra, og farþegum fjölgaði um 32 þúsund og voru 10.519. Helstu þættir sem gera þarf bráðaúrbætur í varða öryggismál, almenn þrengsli í flugstöðinni og tollafgreiðslu.

Hæstv. forseti. Aðstaðan fyrir flugvernd er ófullkomin og fer öll skoðun fram í einni gegnumlýsingarvél sem annars er ætluð fyrir stærri varning svo sem lestarfarangur. Engin leitarvél er sérstaklega ætluð fyrir handfarangur. Þegar innrita þarf í utanlandsflug þarf að loka fyrir innritun í innanlandsflug, sem er náttúrlega ótækt og takmarkar umferð um völlinn. Einnig er bæði innritun og skoðun utanlandsfarþega tímafrek þar sem aðstaða til tollskoðunar, vegabréfaskoðunar og vopnaleitar er nánast engin og notast er við aðstöðu flugverndar. Líkamsleitin fer fram í kaffistofu starfsfólks. Það þýðir að tollafgreiðsla farþega getur ekki hafist fyrr en að lokinni öryggisskoðun og innritun brottfararfarþega. Komusalurinn er 90 fermetrar og aðskilnaður fyrir komu- og brottfararfarþega ekki fyrir hendi. Þetta er andstætt kröfum um flugvernd. Auk þess eru bílastæði ófullnægjandi og fyrirliggjandi tillaga um stækkun er engan veginn nóg eins og umferð er orðin. Eins og staðan var í janúar, og birtist mynd af því í blöðum, voru 202 farþegar í komusalnum og höfðu u.þ.b. hálfan fermetra á mann en 22. janúar voru þeir 396 auk fylgdarfólks.

Samkvæmt nýlegum fréttum lýsti hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson því yfir að flugstöðin á Egilsstaðaflugvelli yrði stækkuð og er það vel. Ráðherra sagði að Flugmálastjórn væri að láta hanna stækkun flugstöðvarinnar og framkvæmdir hefjist á þessu ári. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef í samantektarskýrslu um Egilsstaðaflugvöll liggur fyrir tillaga að stækkun flugvallarins þar sem bent er á að tryggja þurfi fjármagn til framkvæmda verksins.

Því spyr ég hæstv. samgönguráðherra: Þarf fleiri tillögur eða er hægt að bæta úr aðstöðunni strax? Það er alveg ljóst að ekki er hægt að bjóða fólki upp (Forseti hringir.) á þessa aðstöðu.

[12:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda og bæði núverandi og fyrrverandi varaþingmanni fyrir þann áhuga sem þeir sýna þessu verkefni. Það er deginum ljósara að bæta þarf úr aðstöðu á Egilsstaðaflugvelli. Sem betur fer er mikil umferð um Egilsstaðaflugvöll vegna stórframkvæmda á Kárahnjúkum og það er meginástæðan fyrir því að stundum er mikil örtröð í flugstöðinni.

Ég hef lýst því yfir að ráðist verði í framkvæmdir á þessu ári en það þarf að sjálfsögðu að gerast á grundvelli þess að gott samráð sé haft bæði við fjárlaganefnd Alþingis og samgöngunefnd, vegna þess að þessi framkvæmd er ekki inni á gildandi samgönguáætlun. Það var talið á þeim tíma þegar samgönguáætlun var afgreidd í þinginu að ekki þyrfti að svo komnu máli að gera ráð fyrir þessum framkvæmdum en engu að síður var gert ráð fyrir því að við endurskoðun á gildandi samgönguáætlun yrði þetta verkefni tekið til skoðunar. Með sama hætti gerðum við ráð fyr-

ir að við endurskoðun á samgönguáætluninni sem er í gildi núna yrði bæði skoðuð lengingarþörfin á Egilsstaðaflugvelli og Akureyrarflugvelli og endurbætur í flugstöðinni. Hins vegar, og sem betur fer fyrir okkur á Íslandi, er aukningin í ferðalögum fólks, bæði til og frá landinu og innan lands um flugvellina, svo mikil að það er óhjákvæmilegt að taka til hendinni eins og við erum að gera og bæta bæði úr hvað varðar flugvöllinn á Egilsstöðum, flugstöðina, og sömuleiðis flugvöllinn í Vatnsmýrinni. Innanlandsflugið, og þar með talið til Egilsstaða, verður ekki rekið með góðu móti í framtíðinni nema flugvöllurinn verði í höfuðborginni, (**JGunn:** Vitleysa.) og ég fagna því að hv. þingmaður og fulltrúi Samfylkingarinnar á Alþingi grípi fram í fyrir mér með því að fullvissa mig um að hv. þingmaður styðji þau áform að innanlandsflugið hafi góða aðstöðu í höfuðborginni.

Fyrirspurnin sem hér er til umfjöllunar er fullkomlega eðlileg. Við munum hefja framkvæmdir á þessu ári við að stækka flugstöðina og stórbæta þá aðstöðu sem er ekki eins og hún þarf að vera, eins og kom mjög vel fram í ágætri ræðu þingmannsins. Okkur er það alveg ljóst í samgönguráðuneytinu og það mun ekki líða langur tími þangað til hægt verður að fjalla um þessa framkvæmd og koma henni af stað, bæði á vettvangi ráðuneytisins og Flugmálastjórnar og sömuleiðis skipulagsyfirvalda í sveitarfélaginu. Við þurfum að hlúa mjög að innanlandsfluginu, við þurfum að leita allra leiða og standa mjög vel að framkvæmdum sem styrkja innanlandsflugið. Ísland er dreifbýlt land, sjötta dreifbýlasta land í veröldinni, og við þurfum mjög á flugsamgöngum að halda.

Þess vegna er ég er afar ánægður með hversu góðan stuðning ég hef sem samgönguráðherra hér í þingsölum við þau áform mín að leita allra leiða til að efla innanlandsflugið með því að bæta úr flugvallaraðstöðunni. Við höfum verið að því. Við höfum stórbætt aðstöðu á Reykjavíkurflugvelli, hann er nýendurbyggður, og verið er að undirbúa samgöngumiðstöð sem gert er ráð fyrir að þjóni honum. Framkvæmdir eru á Ísafjarðarflugvelli og Þingeyrarflugvelli til að styrkja innanlandsflugið enn betur. Og verið er að undirbúa að bæta með lengingu Akureyrarflugvöll og flugstöðina á Egilsstöðum. Það er af mörgu að taka, en ég hvet hv. þingmenn til þess að standa áfram með samgönguráðherranum í þeim áformum að efla innanlandsflugið með öllum ráðum.

[12:49]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til að fagna þessari fyrirspurn. Hún er mjög athyglisverð og vel rökstudd. Það er líka vert að velta því fyrir sér hvers vegna þurfi að gera þessar miklu breytingar á Austurlandi, á Egilsstaðaflugvelli.

Ég minnist þess að þegar ég fór um Eyjabakka á sínum tíma og skoðaði Kárahnjúka og þess háttar þá var ekkert mjög mikil umferð á Egilsstöðum, langt í frá. En það er mikill kraftur í atvinnulífinu á Austurlandi núna og því er mjög brýnt að takast á við þetta vandamál, vandamál sem á vissan hátt er jákvætt vegna þess að þarna er svo mikið að gerast. Sjálfur fór ég um þennan flugvöll á föstudaginn var og sá hvað er að gerast þarna. Mér finnst mjög athyglisvert og raunar jákvætt að félagar úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði skuli benda á þetta með þessum hætti og þar með hugsanlega viðurkenna þessa brýnu þörf og gera sér grein fyrir því hvers vegna hún er fyrir hendi.

[12:50]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn sem sett er fram og eins svar hæstv. ráðherra. Miðað við þær stórframkvæmdir sem nú eru fyrir austan er það auðvitað mjög sérkennilegt að við skulum ræða núna árið 2006 nauðsyn á því að stækka flugstöðina á Egilsstaðaflugvelli og ætla að fara að hefja framkvæmdir í haust. Þetta er eitt af því sem við áttum að vera búin að gera áður en þær stórframkvæmdir hófust.

Það er svo margt, virðulegi forseti, sem hefur setið eftir frá hendi ríkisvaldsins hvað þetta varðar. Nú berast neyðaróp að austan úr heilbrigðisþjónustunni. Þar vantar peninga vegna aukinna umsvifa og reksturs. Það fjármagn hefði átt að vera búið að tryggja áður. Virðulegi forseti. Ég fagna því sem á að fara að gera á Egilsstaðaflugvelli. Betra er seint en aldrei.

En mig langar að spyrja hæstv. samgönguráðherra út í það ófremdarástand sem er við ferjuhöfnina á Seyðisfirði. Þar hefur líka verið bankað á dyr samgönguyfirvalda um að gera þær endurbætur sem sannarlega verður að gera. Hvernig stendur það mál? Má líka vænta ákvörðunar um það á næstu mánuðum?

[12:51]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég held að það vefjist ekki fyrir nokkrum manni að það er nauðsynlegt að ráðast í framkvæmdir til að bæta aðstöðu farþega á Egilsstaðaflugvelli og þarf varla að eyða löngum tíma í að ræða það.

Ég ætla að fara aðeins inn á aðrar brautir. Hæstv. ráðherra fór í svari sínu inn á trúaratriði sitt varðandi flugvöllinn fyrir innanlandsflugið í Reykjavík. Hæstv. ráðherra sagði að innanlandsflug verði einungis rekið frá Reykjavíkurflugvelli. Það er ótrúlegt að hlusta á hæstv. ráðherra standa í ræðustóli Alþingis og fara aftur og aftur með slíkar skoðanir, oft og tíðum órökstuddar með öllu. Hvernig í ósköpunum ætlar hæstv. ráðherra að halda því fram að það sé einungis hægt að reka innanlandsflug á Íslandi frá flugvellinum í Reykjavík? Af hverju er það t.d. ekki hægt frá flugvellinum í Keflavík? Getur hæstv. ráðherra svarað því?

[12:52]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Bjarkeyju Gunnarsdóttur fyrir þá ágætu fyrirspurn sem hún hefur borið fram, þingmanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Í annars ágætt svar hæstv. samgönguráðherra finnst mér vanta upplýsingar um það hvað ætlunin er að gera nákvæmlega í sumar, úr hverju á að bæta, nákvæmlega hvaða atriði á að framkvæma, hvað á að gera í sumar og svo næsta sumar. Mér finnst mjög mikilvægt að því sé svarað.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sagði það athyglisvert

að Vinstri grænir vilji styrkja flugvöllinn á Egilsstöðum. Auðvitað viljum við það. Þarna eru mikil umsvif í gangi og það væri fáránlegt að stinga höfðinu í sandinn eins og framsóknarmenn vilja oft gera, stökkva út um dyrnar og síðan gleyma raunveruleikanum. Raunveruleikinn er sá að það þarf að endurbæta, styrkja og efla starfsemi og aðbúnað á flugvellinum á Egilsstöðum og það ber að gera.

[12:54]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Tvískinnungur Sjálfstæðisflokksins í málefnum flugvallarins í Vatnsmýrinni er með nokkrum ólíkindum. Forustumaður Sjálfstæðisflokksins og borgarstjóraefnið Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson boðar það afdráttarlaust, að ég hef heyrt, að flugvöllurinn eigi að víkja úr Vatnsmýrinni. Þar hafa menn rætt ýmsar leiðir eins og að hann fari til Keflavíkur og þar verði rekinn einn innanlandsflugvöllur og gerðar verði fyrirtaksbrautir suður eftir þannig að farartíminn á milli Reykjavíkur og Keflavíkur verði ekki nema hálftími.

Á sama tíma og hæstv. samgönguráðherra boðar að byggja skuli nútímalega og glæsilega samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni, eins og ráð hefur verið fyrir gert, hafa báðir stóru flokkarnir í Reykjavík, Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn, tekið undir það hvor með sínum hætti að flugvöllurinn hljóti að víkja úr Vatnsmýrinni. Margir tala um að hann fari til Keflavíkur, aðrir upp á Hólmsheiði, kostirnir eru nokkrir. En tvískinnungur Sjálfstæðisflokksins í þessu máli kemur mér verulega á óvart.

[12:55]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég held að hv. þingmenn hljóti að vera að oftúlka orð hæstv. samgönguráðherra. Ég treysti því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi eina stefnu um það að Reykjavíkurflugvöllur verði ekki í Vatnsmýrinni til framtíðar og að samgönguráðherra sé að vinna að því að finna vellinum annan stað — sannarlega á höfuðborgarsvæðinu en á öðrum stað. Ég held að það væri gott, út af þeim hita sem hér hefur verið í athugasemdum, að hæstv. samgönguráðherra upplýsi okkur um það við þetta tækifæri hvaða staði er verið að skoða og hvaða kosti honum líst best á í því. Hann mætti líka upplýsa okkur um það hvort, í því erfiða atvinnuástandi sem nú er að skapast á Suðurnesjum, ekki megi styrkja atvinnulífið og byggðina með því að flytja þessa mikilvægu starfsemi á þann stað á Reykjavíkursvæðinu sem er Keflavík. Þar eru allir innviðir til að taka við þessari starfsemi sem við erum væntanlega sammála um, ég og hæstv. samgönguráðherra, að hlýtur að víkja úr Vatnsmýrinni.

[12:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru auðvitað mjög skiptar skoðanir um flugvöllinn í Vatnsmýrinni og það getur vel verið að einhvern tíma í framtíðinni verði þar ekki flugvöllur. En ég held við verðum að horfast í augu við það að þarna verði flugvöllur á næstunni. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra að það eru líkur á því að stór hluti innanlandsflugs leggist af ef það verður allt frá Keflavík. Það er það langt að keyra þangað. Ef innanlandsflugið verður flutt til Keflavíkur aka menn út á land í stað þess að fljúga.

Síðan er það líka spurning um kostnað við að byggja annan flugvöll í Reykjavík fyrir innanlandsflugið. Það er alltaf mjög mikil barátta um skattfé borgaranna. Ég hefði frekar viljað sjá það fara í velferðarþjónustuna frekar en að það fari í það að leggja niður flugvöllinn í Vatnsmýrinni og byggja annan flugvöll á Reykjavíkursvæðinu. Við eigum eftir að sjá hvað kemur út úr því en ég get tekið undir með hæstv. ráðherra að ég hef efasemdir um að mikið verði flogið innanlands ef flytja á innanlandsflugið til Keflavíkur. (**ÍGP:** Fyrirspurnin snerist um Egilsstaði.)

[12:58]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Já, fyrirspurnin átti að snúast um Egilsstaðaflugvöll en ekki Vatnsmýrarflugvöllinn. Ég er hins vegar sammála síðasta ræðumanni hvað það varðar að það eru mjög þverpólitískar og skiptar skoðanir í öllum flokkum um það mál.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör og þingmönnum sem hér hafa kvatt sér hljóðs. Vegna andsvaranna fór umræðan svolítið að snúast um annað en mér fannst hún upphaflega eiga að snúast um en ég tek undir athugasemd hv. þm. Kristjáns Möllers hvað varðar ferjusamgöngur á Seyðisfirði. Vissulega þurfa þær að njóta ákveðins forgangs líka. Það er búist við aukinni umferð þar eins og um Egilsstaðaflugvöll.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason kom með ákveðnar athugasemdir til Vinstri grænna. Ég tel að þetta séu bara bein ruðningsáhrif, sem við þingmenn Vinstri grænna höfum svo gjarnan bent á, vegna stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta er eitt af því sem hefur þurft að sitja á hakanum vegna þenslu.

Egilsstaðaflugvöllur býður á stundum farþegum upp á hálfan fermetra í pláss og öryggismálin eru í miklum ólestri, samkvæmt úttekt sýslumannsins á Seyðisfirði. Hún segir, með leyfi forseta:

„Lagfæringar vegna þeirra atriða sem ég taldi upp áðan eru mjög brýnar. Þær geta ekki farið fram án aðkomu tollstjóra þar sem nauðsynlegt er að hagsmunir tollstjóra og umráðaaðila flugstöðvarinnar fari saman."

Þetta er eitthvað sem sýslumaður Seyðisfjarðar, Ástríður Grímsdóttir, segir að verði að gerast strax. Það getur ekki beðið fram á næsta haust. Þess vegna spyr ég hæstv. samgönguráðherra enn og aftur: Sjáum við einhverjar tímasetningar í þessu máli?

[13:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hér hafa skapast ágætar umræður, eins og oft áður, um innanlandsflugið. Komið hafa fram nokkur atriði sem er rétt að tæpa á. Fyrst vil ég nefna, sem er reyndar til hliðar við fyrirspurnina sem snýst um flugstöðina á Egilsstaðaflugvelli, að hv. þm. Kristjáns Möller talaði um að bæta þyrfti aðstöðu í ferjuhöfninni á Seyðisfirði og að bankað væri á dyr samgönguráðherra hvað það varðar.

Þeim framkvæmdum sem samgönguráðuneytið hefur staðið fyrir á Seyðisfirði vegna ferjunnar er lokið en það sem hins vegar er verið að tala um að bæta úr er aðstaða vegna tollskoðunar. Það er á vettvangi fjármálaráðuneytisins og ég veit að fjármálaráðuneytið vinnur að skoðun á því máli og mun finna lausn og koma í framkvæmd því sem gera þarf í Seyðisfjarðarhöfninni.

Spurt var hvað gera ætti í sumar. Það kom í fram í svari mínu að við gerum ráð fyrir að setja þessar framkvæmdir af stað í sumar, þ.e. stækkun flugstöðvarinnar. Ég vona svo sannarlega að það taki ekki langan tíma og eigi ekki að þurfa að taka langan tíma þannig að stærsti partur framkvæmdanna verði á þessu ári. Hvað það varðar að öryggismálin séu ekki í lagi á flugvellinum þá vísa ég því til þeirra sem eiga að sjá um þau öryggismál, svo sem eins og viðkomandi tollstjóri. Samkvæmt upplýsingum mínum eru öll öryggismál og eiga að vera í lagi á þessum flugvelli eins og öllum öðrum. (Forseti hringir.) Ef svo er ekki þá er það á ábyrgð viðkomandi embættismanna.

Umræðu lokið.

Lenging flugbrautarinnar á Akureyri.

Fsp. HlH, 519. mál. — Þskj. 758.

[13:02]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Hjá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri var unnið verkefnið millilandaflug frá Norður- og Austurlandi til áfangastaða í Evrópu. Í skýrslunni kemur fram að Akureyrarflugvöllur sé vannýttur og nauðsynlegt að lengja hann til að skapa forsendur fyrir aukinni nýtingu. Njáll Trausti Friðbertsson, viðskiptafræðingur og flugumferðarstjóri, hafði umsjón með verkefninu og hann segir, með leyfi forseta:

„Akureyrarflugvöllur fullnægir öllum helstu kröfum flugrekstraraðila öðrum en flugbrautarlengd. Með því að lengja völlinn í 2.400 metra munu fleiri tegundir flugvéla geta notað hann og um leið yrði völlurinn hentugri fyrir lággjaldaflugfélög."

Í samgönguáætlun 2005–2008 er ekki gert ráð fyrir lengingu Akureyrarflugvallar, heldur einungis að gerð verði könnun fyrir þörf á lengingu flugbrautarinnar, ásamt fyrstu kostnaðaráætlun. Njáll segir einnig, með leyfi forseta:

„Lenging Akureyrarflugvallar um 460 metra er forsenda þess að hægt sé að hefja arðvænlegt millilandaflug til og frá Akureyri. Lengingin kostar 300 til 350 milljónir króna, svipað og tíu til fimmtán kílómetra langur vegarspotti."

Kaupfélag Eyfirðinga kostaði rannsóknarverkefnið og sagði Andri Teitsson, þáverandi framkvæmdastjóri KEA, með leyfi forseta, að félagið væri tilbúið að leggja fram umtalsverða fjármuni svo að hægt yrði að ráðast í lengingu flugbrautarinnar sem fyrst. „Við stefnum á að ræða við samgönguyfirvöld og þá fyrst kemur í ljós hvort hægt er að flýta framkvæmdum og hversu mikla fjármuni KEA er tilbúið að leggja í verkefnið," sagði Andri

Millilandaflug um Akureyrarflugvöll er sífellt að aukast en lenging vallarins er forsendan, eins og áður sagði, fyrir áætlunar- og fraktflugi frá Akureyri til annarra landa. Það er ferðaþjónustu og atvinnulífi á Norðurlandi ómetanlegt að hafa kost á beinu flugi til Akureyrar. Um þetta hefur m.a. aðalfundur Eyþings ályktað og lagði áherslu á að lenging vallarins væri forgangsmál við endurskoðun næstu samgönguáætlunar. Það kom fram í framsöguræðu samgönguráðherra á Alþingi með tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2002–2005 að ríkisstjórnin hefði ákveðið að hægja á opinberum framkvæmdum til að draga úr spennu sem ríkir í efnahagslífi þjóðarinnar. Í framsögunni segir einnig, með leyfi forseta:

„Nýframkvæmdir flugvallar eru að þessu sinni ekki stór hluti útgjalda samgönguáætlunar. Áætlaður stofnkostnaður á tímabilinu eru tæpir 1,4 milljarðar og þar af er verið að greiða af lánum vegna Reykjavíkurflugvallar um hálfan milljarð." Síðan segir: „Aðrar framkvæmdir tengdar flugvöllum eru lenging og endurbygging flugvallarins hjá Þingeyri, endurbætur á Akureyrarflugvelli, Egilsstaðaflugvelli og Bakkaflugvelli. Samgönguáætlun gerir ráð fyrir að úttekt verði gerð vegna lengingar á flugvöllunum á Akureyri og Egilsstöðum sem þjóna eigi millilandaflugi.

Að lokum má nefna að tæplega hálfur milljarður er áætlaður til flugöryggisbúnaðar og annarra framkvæmda."

Auk þess segir að samdrátturinn sé einungis frestun framkvæmda þar sem reiknað er með að fjármagnið komi til baka sem fjárveitingar á árunum 2007–2008.

Hæstv. forseti. Ég spyr því hæstv. samgönguráðherra: Liggur þessi úttekt fyrir um lengingu flugvallarins á Akureyri eins og gera átti samkvæmt samgönguáætlun og hvenær er þá áformað að hefja framkvæmdir?

[13:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Bjarkeyju Gunnarsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Eins og fram kom í svari mínu við fyrirspurninni um Egilsstaðaflugvöll er verið að skoða þörf fyrir lengingu flugbrautarinnar á Akureyri. Svar mitt er svohljóðandi:

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um framkvæmdir við lengingu flugbrautar á Akureyri, enda er ekki gert ráð fyrir henni í flugmálahluta gildandi samgönguáætlunar. Á síðasta ári fór fram athugun á lengingu flugbrautarinnar. Sú athugun fól í sér frumathugun og gerð kostnaðaráætlunar vegna lengingarinnar og gerðar endaöryggissvæða. Kostnaður við gerð öryggissvæða var áætlaður u.þ.b. 127 millj. kr. og kostnaður við 460 m lengingu á flugbraut u.þ.b. 314 millj. kr. Framkvæmdakostnaður er því u.þ.b. 441 millj. kr. Við bætast 22 millj. vegna stjórnunar og eftirlits með framkvæmdum, heildarkostnaður nemur því, áætlað, 460 millj. kr.

Flugmálastjórn er að ljúka við gerð nýrrar viðamikillar skýrslu um lengingar þar sem m.a. kemur fram þarfagreining og hönnunar- og framkvæmdakostnaður. Stefnt er að því að taka lengingu flugbrautarinnar á Akureyri til sérstakrar skoðunar við endurskoðun samgönguáætlunar sem fram fer á þessu ári vegna framkvæmdanna á árunum 2007–2008.

Það er því við endurskoðun áætlunarinnar sem teknar

verða ákvarðanir um framkvæmdir en það er búið að vinna þessa úttekt mjög vel, reyndar er ekki búið að skila skýrslu til samgönguráðuneytisins en fram hefur farið mjög viðamikil og vönduð vinna af hálfu Flugmálastjórnar og annarra sem að þessu hafa komið þannig að það ætti að vera hægt að taka afstöðu til þessarar framkvæmdar við endurskoðun á áætluninni.

Af þessu tilefni er nauðsynlegt að átta sig á að Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur gegna mikilvægu hlutverki sem varaflugvellir hvor á sínu svæði með sama hætti og Reykjavíkurflugvöllur er varaflugvöllur fyrir millilandaflugið. Við þurfum auðvitað að horfa til þess að aðstæður séu sem allra bestar hvað varðar hlutverk varaflugvallanna og með sama hætti á þessum flugvöllum, Egilsstaðaflugvelli og Akureyrarflugvelli, og brautirnar séu af þeirri lengd sem skapar möguleika til að efla og auka flug til þessara staða. En auðvitað verðum við að gera ráð fyrir að meginþungi millilandaflugsins sé frá alþjóðaflugvellinum í Keflavík. Við sem erum 300 þúsund, og auðvitað óskaplega stoltir Íslendingar, verðum að gæta okkar á því að fjárfesta ekki svo mikið í aðstöðu mjög margra flugvalla að millilandaflugið verði óhagkvæmt fyrir okkur vegna þess að við verðum að fá tekjur vegna uppbyggingar og reksturs flugvallanna af millilandafluginu aðallega. Það er uppistaðan í tekjuöflun flugmálaáætlunar og við þurfum að leita allra leiða til að gera þetta hagkvæmt. Engu að síður þurfum við að skapa okkur þær aðstæður sem geta orðið til þess að efla flutninga og ferðaþjónustu. Ef það er mat flugrekstraraðila að hagkvæmt sé að stunda vöruflutninga eða farþegaflug milli landa til Egilsstaða eða Akureyrar er að sjálfsögðu mikilvægt fyrir okkur að taka tillit til þess.

Umfram allt eigum við að leggja áherslu á að alþjóðaflugvöllurinn í Keflavík verði okkar stóra meginstoð og að við leitum allra leiða til að auka umferðina um hann og efla hagkvæmni þeirrar starfsemi.

[13:10]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin. Einnig fyrir það að hann nefnir að nú sé unnið að þarfagreiningu fyrir Akureyrarflugvöll og aðra flugvelli og að tekið verði tillit til þeirrar vinnu varðandi endurskoðun á samgönguáætlun.

Varaflugvellir eru á Akureyri og Egilsstöðum og því er mikilvægt að staða þeirra sem varaflugvalla sé tryggð. Að mínu mati verður líka að horfa á meira en eingöngu lendingarskilyrði og þjónustu við flugvélar. Þarna eru mögulega og alveg örugglega ný atvinnutækifæri fyrir svæðið, þ.e. að efla ferðaþjónustuna og hugsanlega að taka við meira fraktflugi og öðru en gert er í dag og ef til vill hentar Egilsstaðaflugvöllur jafnvel betur betur til þess en Keflavíkurflugvöllur.

Mér finnst mjög mikilvægt að í þessari vinnu sé með einhverjum hætti (Forseti hringir.) hægt að skrá eftirspurn eftir lendingum á þessa velli.

[13:12]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda. Það hlýtur það að vera mikilvægt byggðamál ef hægt er að styrkja bein tengsl Norðurlands við alþjóðasamfélagið með flugi til og frá Akureyrarflugvelli. Þetta leiðir hins vegar aftur hugann að innanlandsfluginu í Reykjavík, þ.e. að á meginöxlinum hinum megin er aðeins fyrir að fara einni flugbraut og tiltölulega einfaldri gerð flugvallar til að þjóna innanlandsfluginu. Það hlýtur að vekja þær spurningar hvort ekki nægi í sjálfu sér jafneinfaldur flugvöllur hérna megin, sunnan megin, til að taka á móti umferðinni frá þessari einu flugbraut á Akureyri, aðallega, og hvort ekki nægi þess vegna, ef hæstv. ráðherra vill alls ekki flytja innanlandsflugið til Keflavíkur, að koma upp flugvelli af einfaldari gerð í útjaðri höfuðborgarinnar, á Hólmsheiði eða í Hvassahrauni eða annars staðar, til að sinna innanlandsfluginu. En Keflavíkurflugvöllur þjóni hinu flóknara flugi og sem varaflugvöllur og þá kalli slík breyting á Reykjavíkurflugvelli ekki á þá miklu fjárfestingu sem menn hafa haft áhyggjur af, því að hér sé ekki þörf fyrir fullbúinn alþjóðlegan millilandaflugvöll (Forseti hringir.) til að taka á móti umferðinni frá þessari einu flugbraut á Akureyri.

[13:13]

Kristján L. Möller:

Virðulegur forseti. Þetta er afar áhugavert umræðuefni, þ.e. væntanleg eða fyrirhuguð lenging flugbrautar Akureyrarflugvallar sem er mjög mikilvægt. Ég hef setið marga fundi fyrir norðan, hagsmunaaðila og annarra, þar sem menn hafa rætt hvaða möguleikar mundu skapast með því fyrir stærri flugvélar og annað slíkt. Þetta hefur því verið afar athyglisverð og mjög nauðsynleg umræða.

Ég fagna auðvitað því sem hæstv. samgönguráðherra hefur sagt um þetta mál, um þarfagreiningu sem verið er að gera og skoðun sem er alveg eðlileg og jafnframt er verið að gera það gagnvart skipulagi Akureyrar. Mín skoðun er sú að við eigum að setja þetta saman við fyrirhugaðar framkvæmdir á Vaðlaheiðargöngum sem unnið er að og ég hygg að fari í framkvæmd 2007, vonandi ekki seinna en 2008. Og þá ættum við að nota útgröftinn sem kemur úr Vaðlaheiðargöngum í lengingu flugbrautarinnar og fylla þannig upp, vinna þannig með það sem við þurfum að koma fyrir, setja útgröftinn úr Vaðlaheiðargöngum í lenginguna á Akureyrarflugvelli og þá þarf ekki að dæla upp af botni Eyjafjarðar. (Gripið fram í.) Þetta er leið sem menn mundu segja að svínvirkaði og þess vegna hvet ég hæstv. samgönguráðherra til að setja þetta svona upp, að um leið og við byrjum á Vaðlaheiðargöngum hefjum við lenginguna á brautinni og vinnum þetta verk þannig. Og þá held ég að kostnaðurinn yrði ekki 471 milljón, heldur lægri.

[13:14]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir vekur hér athygli á mjög brýnu máli fyrir Norðurland sem er lenging flugbrautarinnar á Akureyri sem gæti aukið möguleika Akureyrarflugvallar til að taka á móti flugvélum og sinna flugumferð. Það er ábyggilega eitt af stærstu málunum fyrir Norðurland að þetta verði gert.

Ég inni hæstv. ráðherra enn frekar eftir því hvenær sé að vænta niðurstöðu þessarar skýrslu eða þarfagreiningar sem

hér var spurt um og talin er forsenda fyrir þessari framkvæmd. Ég tek alveg eindregið undir góð orð hæstv. ráðherra um að leggja áherslu á öflugt innanlandsflug og þá stefnu hæstv. ráðherra að bjóða út þær flugleiðir sem ekki bera sig til að halda þar uppi þjónustu tel ég mjög góða en við þurfum að styrkja og efla Akureyrarflugvöll.

[13:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er ágætisumræða hér um flugvallarmálin. Spurst er fyrir um það hvenær áformað sé að hefja framkvæmdir við lengingu flugbrautarinnar á Akureyri. Ráðherra vísar í þarfagreiningu. Ég verð að segja að þarfagreiningar hefðu betur komið til miklu fyrr því að kjördæmapot hér á þinginu hefur einkennt flugvallaruppbyggingu hér á landi, a.m.k. hér áður fyrr. (Gripið fram í.)

Það var byggður upp fullkominn flugvöllur á Húsavík. Ég sat í samgöngunefnd þegar verið var að takast á um það, setja á hann fullkominn ljósabúnað og ég veit ekki hvað og hvað. Ekki var fyrr búið að byggja upp flugvöllinn á Húsavík en flug þangað var lagt niður og það hefur ekkert verið flogið á Húsavík síðan.

Ég er alveg sannfærð um að ef menn hefðu ekki þrýst svona mikið á þennan flugvöll á Húsavík þá væri löngu búið að lengja flugbrautirnar á Akureyri. Þannig að ég fagna því að nú skuli menn hafa hér vitleg vinnubrögð, styðjast við þarfagreiningu og sinna þessum málum af einhverju viti.

[13:17]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Þetta var merkilegt innslag hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur um Húsavíkurflugvöll. Nú er verið að ráðast í mikla atvinnuuppbyggingu á norðausturhorninu og ég hef fulla trú á að flugvöllur við Húsavík muni nýtast vel í kringum þá eflingu byggðar sem ríkisstjórnin stefnir að með álveri við Húsavík.

En, hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. málshefjanda að það er mjög mikilvægt að huga að lengingu Akureyrarflugvallar. Flugvöllurinn hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki í að efla ferðaþjónustu á Norðurlandi og hefur eflt Akureyri sem byggðakjarna. Ég legg mikla áherslu á að menn greini með skjótum hætti kosti þess að lengja Akureyrarflugvöll. Ég efa ekki að slík könnun mun leiða í ljós að um mjög mikilvægt mál sé að ræða fyrir Akureyringa og fyrir atvinnulíf og ferðaþjónustu á Norðurlandi.

[13:18]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra svörin og þingmönnum sem hér hafa talað. Ég tek undir það að í þessari samgönguáætlun sem við erum að ljúka núna, þessi sem var 2002–2005, var gert ráð fyrir þessari úttekt og þess vegna spyr ég eins og fleiri hvenær niðurstaðna megi vænta? Þetta er eitthvað sem á að vera búið að gera.

Ég tek reyndar undir hugsjónir ráðherra um öflugt innanlandsflug. Ég tel líka að Akureyrarflugvöllur sé mjög mikilvægur varðandi allt millilandaflug. Hann hefur verið að eflast sem slíkur en honum eru þröngar skorður settar vegna lengdar. Hann þjónar náttúrlega sem varaflugvöllur líka.

En ég velti því samt fyrir mér í sambandi við það sem talað var um hér áðan, þar sem talað var um að KEA vildi leggja peninga í lengingu flugbrautarinnar, hvort viðræður hafi einhvern tímann átt sér stað? Því þeir segja hér, eins og ég sagði áðan, að þeir ætli að hafa samband. Það er þá hægt að ýta á KEA hafi þeir ekki gert það. Við viljum gera allt til að flýta þessu af því að þetta hefur gríðarlega mikil áhrif á ferðaþjónustuna. Þetta er ekki bara fyrir Akureyringa sem slíka heldur allt Norðurlandið. Þannig að það er mjög nauðsynlegt að þetta verði að veruleika hið fyrsta.

Ég spyr hvort því megi treysta að þetta fari inn á næstu samgönguáætlun sem leggja á fyrir á þinginu í haust?

[13:20]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Hún er orðin býsna góð í þágu flugsins, ekki síst innanlandsflugsins. Það er alveg auðheyrt að innanlandsflugið, og sú stefna sem ég hef sem samgönguráðherra haft uppi í þeim efnum, nýtur mikils stuðnings hér á Alþingi og er ég ánægður með það.

Hv. þm. Helgi Hjörvar kom með athyglisvert innlegg hér, og ekki í fyrsta skipti, þess efnis að úr því að hægt sé að reka eina flugbraut með fullnægjandi hætti í Eyjafirði, Akureyrarflugvöll, þá hljóti það að vera hægt hér í Reykjavík.

Ég minnist þess að það var fundur á Akureyri, sem var reyndar fjarfundur bæði í Reykjavík og á Akureyri, þar sem verið var að fjalla um þessi mál á sínum tíma. Þá varpaði hv. þingmaður þessari umræðu fram en hún var í tengslum við endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar, deilur út af því. Ég hélt satt að segja að hv. þingmaður hefði fengið þær upplýsingar þá að veðuraðstæður og landslag allt væri með þeim hætti að ein flugbraut á Akureyri dugar býsna vel. Ástæðurnar eru auðvitað landslagið og veðurfar og vindar á þessu svæði, annars vegar á Akureyri og svo hins vegar hér í Reykjavík, þar sem verða að vera fleiri en ein braut. Í dag eru þær þrjár á Reykjavíkurflugvelli til að nýtingin sé sem mest á flugvellinum.

Þannig að það er ekki um það að ræða að mati sérfræðinga í flugmálum að ein flugbraut dugi hér á höfuðborgarsvæðinu. En að öðru leyti þakka ég fyrir þessa umræðu. KEA hefur ekki komið í samgönguráðuneytið til að bjóðast til að lengja flugbrautina (Forseti hringir.) á Akureyri.

Umræðu lokið.

Gildistími ökuskírteina.

Fsp. JGunn, 548. mál. — Þskj. 796.

[13:23]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Ég legg hér fram fyrirspurn til samgönguráðherra um gildistíma ökuskírteina og snýst fyrirspurnin að mestu um gildistíma ökuskírteina þeirra sem eldri eru

orðnir í þjóðfélaginu.

Þegar ég fór að fara í gegnum hvaða reglur giltu um ökuskírteini, gildistíma þeirra o.s.frv., fór ég inn á netið og fann reglugerð um ökuskírteini. Það er afskaplega ítarlegt plagg og ég hélt satt að segja að prentarinn hjá mér ætlaði aldrei að stoppa þegar ég prentaði reglugerðina út. Ég var farinn að hafa áhyggjur af skógum landsins og heimsins því þetta reyndist vera ansi þykkur pakki um reglur sem gilda um útgáfu ökuskírteina.

Í 48. gr. þeirrar reglugerðar sem um þetta gildir segir að fullnaðarskírteini skuli gefa út þar til hlutaðeigandi verður fullra 70 ára, frá því að hann fær ökuskírteini. Það þýðir að eftir að ökumaður er orðinn 70 ára gamall fara að gilda aðrar reglur og stífari. Í þessari grein segir að hafi umsækjandi náð 70 ára aldri, en ekki 71 árs, þegar útgáfa ökuskírteinisins fer fram þá fái hann ökuskírteini sem gildi í fjögur ár.

Þessi tími lækkar jafnt og þétt. Ef umsækjandi er 71 árs þá eru það þrjú ár, ef hann er 72 ára eru það tvö ár en hafi hann náð 80 ára aldri eða meira gildir ökuskírteinið í eitt ár.

Nú vitum við að aldur er afstæður í dag og getur varla verið einhlítur mælikvarði á hæfni einstaklinga til að stýra bifreið eða vélknúnum ökutækjum. Það hljóta frekar að spila inn í margar aðrar ástæður svo sem líkamlegt atgervi og hæfi, andlegt atgervi og hæfi og svo mætti lengi telja.

Tímabundið ástand manna getur einnig leitt til þess að viðkomandi sé óhæfur til að aka vélknúnu ökutæki. En í reglugerðinni virðist einungis tekið tillit til aldurs. Ég veit að mörgum þeim sem eldri eru þykir það ákveðin lítillækkun að þurfa að endurnýja ökuskírteini sitt á fárra ára fresti, jafnvel þó að þeir séu í fullu fjöri, bæði til hugar og handa. Þegar ég fór að skoða hvaða önnur atriði gilda um útgáfu ökuskírteina þá er fullt af atriðum í þessari reglugerð er varða heilsu manna og hæfi til að aka bíl sem hægt væri að grípa til í stað þess að vera eingöngu með aldurstengdan gildistíma.

Það eru ákveðin heilbrigðisskilyrði í 21. gr. Það er skilyrði um könnun lögreglustjóra í 23. gr., hæfnisathugun í 45 gr. og heilbrigði í 63. gr. þessarar reglugerðar. Einnig er mjög ítarlegur kafli í reglugerðinni sem kveður á um að ökumenn verði að uppfylla ákveðin lágmarksskilyrði og þar er farið yfir sjón, heyrn, líkamlegt atgervi og slíkt.

Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki komi til greina að um þá sem orðnir eru 80 ára gildi sömu reglur og um þá sem eru 72 ára?

[13:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir athyglisverða fyrirspurn. En hann spyr:

„Telur ráðherra koma til greina að breyta ákvæðum 48 gr. reglugerðar nr. 501/1997, um ökuskírteini, í þá veru að gildistími ökuskírteina fólks sem er 80 ára og eldra verði sá sami og 72–80 ára fólks, þ.e. tvö ár.“

Svar mitt er svohljóðandi: Samkvæmt 6. mgr. 48. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 501/1997, skal gildistími ökuskírteinis vera sem hér segir eftir að umsækjandi hefur náð 70 ára aldri. Hann er fjögur ár fyrir 70 ára umsækjanda, þrjú ár fyrir 71 árs umsækjanda, tvö ár fyrir umsækjanda á aldrinum 72 til 79 ára og eitt ár fyrir þann sem er 80 ára eða eldri.

Þessar reglur eru samhljóða dönskum og norskum reglum. Í Noregi þarf ökumaður þó ekki að sækja um endurnýjun ökuskírteinis en skal á umræddum tímamörkum fá vottorð læknis sem hann geymir með ökuskírteini sínu.

Ekki er að finna nein ákvæði um þessi atriði í EES-gerðum sem innleiddar hafa verið um ökuskírteini. Hverju aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er í sjálfsvald sett að setja slíkar reglur. Hvorki hér á landi né í Danmörku eða Noregi hefur það verið rannsakað hvort rök séu til að endurskoða umrædd ákvæði 48. gr. reglugerðar um ökuskírteini. Það mun hins vegar hafa verið gert í Finnlandi og Svíþjóð. Slíkar rannsóknir miða að því að leiða í ljós hver áhrif aldur hefur á hæfni manna til að stjórna vélknúnu ökutæki með tilliti til hrörnunar almennt og með tilliti til sérstakra sjúkdóma sem einkum sækja á eldra fólk.

Fyrirspurn hv. þm. Jóns Gunnarssonar lýtur að því að breyta reglum þannig að þeir sem eru 80 ára og eldri sitji við sama borð og þeir sem eru 72 til 79 ára, þ.e. megi endurnýja ökuskírteini sitt eftir tvö ár í stað eins svo sem nú er.

Ég tel ekki efni til að gera þessa breytingu á reglugerð um ökuskírteini nema að undangenginni rannsókn. Ég tel fulla ástæðu til að láta slíka athugun fara fram. Í því tilviki er miðað við að skoða málið annars vegar með tilliti til umferðaröryggis og hins vegar með tilliti til þess að ökumenn þurfi ekki aldurs vegna að lúta strangari reglum en aðrir umfram það sem nauðsynlegt er.

Þess vegna tel ég, virðulegi forseti, að það sé full ástæða til að fara yfir málið og skoða að undangengnum rannsóknum hvort ekki sé eðlilegt að gera hér breytingar. Ég vil endurtaka þakkir til hv. þingmanns fyrir athyglisverða fyrirspurn sem samgönguráðuneytið mun taka til sérstakrar skoðunar.

[13:29]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör við fyrirspurn minni og fagna því að hann hyggst láta fara fram athugun á því hvort rétt sé að skoða þessi ákvæði í 48. gr. sem snúa eingöngu að aldri manna varðandi gildistíma ökuskírteina.

Ég er sammála hæstv. ráðherra, og lýsti því í fyrri ræðu minni hér, að aldur getur ekki einn og sér verið ástæða til að einhverjar ákveðnar og strangari reglur gildi en almennt um aðra sem hafa réttindi til að stýra vélknúnum ökutækjum.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra út í þessar greinar sem ég fór aðeins yfir hér áðan eins og varðandi heilbrigðisskilyrðin. Það eru lágmarksskilyrði sem þarf að uppfylla til að geta stjórnað ökutæki og það eru víðtækar heimildir í þessari reglugerð, bæði fyrir lögreglu og aðra, til að grípa inn í ef skírteinishafi er ekki hæfur til að stjórna bifreið.

Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort í þessari skoðun sem fram fer verði athugað hvort þau ákvæði sem lúta að hæfi ökumanna séu ekki nægilega skýr og ströng til að þau geti gilt ein og sér. Í öðrum viðauka um lágmarkskröfur um líkamlegt og andlegt hæfi til að stjórna vélknúnu ökutæki eru, eins og ég sagði áðan, gerðar lágmarkskröfur varðandi sjón, heyrn og hreyfihömlun og sérstakur kafli er um hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki, taugasjúkdóma, geðtruflanir o.s.frv.

Þannig að það er afskaplega skýrt kveðið á um ýmsa sjúkdóma sem geta haft áhrif á hvort menn hafa gilt ökuskírteini eða ekki, þar með talið hrörnunarsjúkdóma.

[13:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég tel ekki rétt á þessari stundu að fara ofan í einstök ákvæði þessara reglna eða skýra það nánar út sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. En ég vil af þessu tilefni segja að fara þarf mjög vandlega yfir alla þessa þætti. Það er auðvitað alveg ljóst að mjög miklu máli skiptir að handhafar ökuskírteinis uppfylli allar reglur um heilbrigði og möguleika til að geta stjórnað ökutæki í umferðinni. Hins vegar er það jafnljóst í mínum huga að við þurfum að gæta okkar á því að setja ekki svo fortakslausar reglur gagnvart eldri borgurum að það sé verulega hamlandi og til mikilla óþæginda, eins og t.d. með endurnýjun ökuskírteina.

Ég endurtek að ég tel að við þurfum að fara yfir málið og skoða að undangenginni rannsókn hvort ekki sé ástæða til að taka þetta upp. Aukið og bætt heilbrigðisástand þjóðarinnar gefur vissulega tilefni til þess sem betur fer og það er af mörgu að taka en jafnframt þarf að líta til umferðaröryggisþáttanna og taka ekki neina áhættu í því samhengi.

Ég endurtek þakkir til hv. þingmanns fyrir fyrirspurnina og mun láta fara mjög vandlega ofan í þetta í ráðuneytinu, hjá Umferðarstofu og öðrum sem að þessu þurfa að koma.

Umræðu lokið.

Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum Háskólans á Akureyri.

Fsp. SJS, 317. mál. — Þskj. 344.

[13:35]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég biðst velvirðingar á að vera svona sein. Það sem mig langar til að vekja athygli á eru fyrirspurnir hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem hafa legið inni síðan 15. nóvember. Þingheimur fór ekki í frí fyrr en 9. desember þannig að tímaramminn sprakk áður en hann fór frá.

Háværar deilur hafa verið um fjársvelti Háskólans á Akureyri og leiddi það m.a. til þess að á dögunum var skólanum tryggt fjármagn til að klára þetta skólaár og er það vel. En hvað með framhaldið? Er rekstrargrundvöllurinn tryggður til frambúðar með þessari ákvörðun eða komum við til með að sjá og heyra hávær mótmæli á ári vegna tilmæla um niðurskurð.

Háskólinn á Akureyri er vísinda- og fræðslustofnun þar sem áhersla er lögð á kennslu og rannsóknir á fræðasviðum deilda háskólans. Um er að ræða stærsta háskólann á landsbyggðinni og hefur hann sterk tengsl við atvinnulífið og ýmsar stofnanir í þjóðfélaginu. Skólinn hefur verið mjög leiðandi í fjarkennslu og sinnir nemendum hvarvetna af landinu og langt út fyrir landsteinana. Hann hefur margfaldast að stærð, bæði að húsakosti og nemendafjölda. Umsóknir um skólavist hafa einnig margfaldast á síðustu árum og hefur skólinn þurft að vísa tilvonandi nemendum frá síðustu tvö ár. Rekstur skólans hefur alltaf verið erfiður því að boginn er spenntur hátt og skólinn ávallt stækkaður til hins ýtrasta.

Við Háskólann á Akureyri er boðið upp á margvíslegt nám. Fram hefur komið að gert er ráð fyrir að hefja meistaranám í lögfræði næsta haust. Við skólann er einnig boðið upp á nám sem er kallað samfélags- og hagþróunarfræði og er nýjung hér á landi. Nemendum gefst kostur á að mennta sig í sveitarstjórnar- og byggðaþróunarmálum sem á örugglega eftir að koma hinum dreifðari byggðum landsins til góða því markmiðið er að nemendur sjálfir séu að takast á við þau vandamál sem steðjað hafa að dreifbýlinu.

En mun þessi braut lenda undir niðurskurðarhnífnum? Háskólinn á Akureyri gæti nefnilega stækkað enn frekar og námsframboð ætti að aukast en ekki skerðast. Ég tel að fleiri en við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs séu óöruggir um að rekstrargrundvöllur ríkisháskólanna sé tryggður því í fyrradag var haldið málþing um stöðu Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands þar sem skólarnir standa frammi fyrir því að samkeppnisaðstaða þeirra við erlenda og innlenda skóla fer versnandi vegna ónógra fjárframlaga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skólarnir þurfa því að verja stöðu sína í stað þess að sækja fram.

Framtíð Háskólans á Akureyri er björt fái hann þann stuðning sem honum ber. Námsframboðið þarf að auka enn frekar og fjölga deildum þannig að skólinn geti þróast eðlilega. Háskólinn á Akureyri er hagkvæmur háskóli fyrir ríkið og þegar litið er á jákvæð áhrif á samfélagið eru kostirnir augljósir. Viljinn er fyrir hendi en það skortir að fjármagn sé tryggt til framtíðar. Ef til vill þarf áræði og kjark til að taka af skarið en málin eru fyrst og fremst í höndum menntamálaráðherra sem þarf að standa sig betur við að útvega það fjármagn sem til þarf svo skólinn verði ekki heftur. Samdráttarkröfur hafa verið á hverju ári. Á að gera ráðherrahagræðingu á næsta skólaári og hver er hún þá?“

Ég get því miður ekki haldið áfram að klára það sem ég er með en ég spyr (Forseti hringir.) hæstv. menntamálaráðherra hver stefna ríkisstjórnarinnar sé varðandi áframhaldandi uppbyggingu og vöxtinn á Akureyri. Og svo hefur hæstv. ráðherra hina síðari spurningu fyrir framan sig.

[13:38]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Háskólinn á Akureyri hefur verið í mjög örum vexti og það má segja að skólinn glími nú við ákveðna vaxtarverki, að mínu mati jákvæða vaxtarverki vegna þessa öra vaxtar. Fjölgun nemenda við Háskólann á Akureyri, og rétt er að menn hlusti vel, hefur orðið mun meiri en annars staðar. Þannig hefur ársnemendum sem greitt hefur verið fyrir í fjárlögum fjölgað úr 520 árið 2001 í 1.181 árið 2006 og er það um 128% aukning á þessum sex árum.

Ýmiss konar nýbreytni sem bryddað hefur verið upp á hefur ekki tekist sem skyldi þó að mikill metnaður hafi verið lagður í t.d. upplýsingadeild við skólann. Skólinn hefur verið rekinn með nokkrum halla og í árslok ársins 2005 nam sá halli um 330 millj. kr. Aðrir háskólar hafa einnig

vaxið hratt og þá er ég sérstaklega að hugsa um ríkisháskólana án þess þó að lenda í svipaðri stöðu og Háskólinn á Akureyri. Vegna ummæla hv. þingmanns í upphafi þá hafa aldrei verið nein tilmæli af hálfu ráðuneytisins varðandi niðurskurð til Háskólans á Akureyri. Það hefur aldrei verið umræða eða tal um niðurskurð til háskólans. Það sýna allar tölur á síðustu árum. Við höfum aukið fjárframlögin til Háskólans á Akureyri umfram það sem gildir að meðaltali. Við höfum fjölgað nemendum sem nemur um 128% á þessum sex árum. Allt tal um niðurskurð er því ekki rétt en hins vegar er að sjálfsögðu krafa um að stofnanir hvort sem það eru ríkisháskólastofnanir eða aðrar stofnanir reki sig þannig að þær geti staðið undir þeirri starfsemi sem ætlast er til af þeim.

Um mitt síðasta ár hóf menntamálaráðuneytið vinnu með stjórnendum skólans við að fara yfir rekstur hans. Í tengslum við vinnuna var IMG-ráðgjöf falið að gera úttekt á skólanum til að greina starfsemi hans og rekstur og lá niðurstaða hans síðan fyrir í október. Í september skilaði háskólinn endurskoðaðri rekstraráætlun fyrir árin 2005–2008 og samkvæmt henni var gert ráð fyrir ákveðnum hagræðingaraðgerðum innan skólans, ekki síst með það að leiðarljósi að verið er að gera auknar gæðakröfur til háskóla þannig að háskólar standist samkeppni, ekki síst frá erlendum háskólum, og var gert ráð fyrir auknum fjárveitingum og einnig 6–7% nemendafjölgun á milli ára, auk þess sem gert var ráð fyrir að skólinn hlyti um 100 millj. kr. af söluandvirði húseignarinnar á Glerárgötu, sem er í sjálfu sér nokkuð sérstakt að sala á fasteign skuli sett inn í reksturinn. Það var gert og samþykkt á hinu háa Alþingi.

Í tengslum við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005 gerði ríkisstjórnin tillögu um 110 millj. kr. aukafjárveitingu á árinu 2005 sem Alþingi samþykkti. Sú aukafjárveiting hefði samkvæmt áætlun skólans átt að leiða til þess að útgjöld hans yrðu þá innan fjárheimilda en síðan kom í ljós að áætlun skólans stóðst því miður ekki og nam halli hans fyrir árið 2005 um 70 millj. kr.

Ráðuneytið hefur einnig samþykkt rekstraráætlun skólans fyrir árið 2006 og er gert ráð fyrir í henni að útgjöldin lækki um 50 millj. kr. á milli ára. En eins og menn þekkja sem hafa fylgst með málefnum skólans beittum við fjármálaráðherra okkur fyrir því að ríkisstjórnin mundi samþykkja 60 millj. kr. aukafjárveitingu fyrir árið 2006 til þess annars vegar að standa fyrir þeim aukna kostnaði sem hefur verið að íþyngja Háskólanum á Akureyri mjög vegna rannsóknarhúsnæðisins á Borgum. Má segja að með þeirri lausn erum við búin að koma í veg fyrir frekari erfiðleika skólans vegna rannsóknarhússins og það skiptir náttúrlega gríðarlega miklu máli varðandi allan annan rekstur og möguleika skólans til að takast á við ný viðfangsefni. Jafnframt var samþykkt um 20 millj. kr. hækkun til að koma til móts við nemendafjölgunina og m.a. til að menn geti farið í það sem þeir og ekki síst nemendur hafa verið að þrýsta á og það er meistaranám í lögfræði sem verður væntanlega boðið upp á í haust við háskólann.

Ég ítreka mikilvægi þess, frú forseti, að haldið verði áfram metnaðarfullri uppbyggingu háskólanáms á Akureyri sem og víðar um landið. Við Íslendingar getum svo sannarlega verið bjartsýn með framtíðina varðandi stöðu okkar á sviði háskólamála. Við höfum verið að stórauka fjármagn til háskólastigsins. Það sýna allar tölur og nýjustu tölur núna frá Hagstofunni sýna að við erum á réttri leið. Það styrkir að sjálfsögðu byggðina í landinu að efla háskólanám en ekki síður, og vil ég undirstrika það, skiptir það skólakerfið og menntunarmöguleika unga fólksins okkar máli til framtíðar að vel sé hlúð að háskólanum, bæði hér sunnan lands og norðan heiða. Það skiptir máli fyrir framtíðarmöguleika og samkeppnisaðstöðu okkar Íslendinga.

[13:43]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Með tilliti til samkeppnisstöðu Íslands og annarra nágrannaþjóða sem við viljum bera okkur saman við er mjög nauðsynlegt að halda áfram að styðja við og stuðla að háskólanámi hér á landi. Vil ég sérstaklega nefna Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri sem hafa átt í verulegum rekstrarerfiðleikum og erfiðleikum við að taka móti þeim fjölda nemenda sem hafa streymt til skólanna en það er hluti af þeirri þróun sem er að gerast hér á landi sem og annars staðar. Ef við ætlum að halda í við aðrar þjóðir og vera samkeppnishæf verðum við að efla menntun þjóðarinnar.

Háskólinn á Akureyri er sérstaklega mikilvægur fyrir aukna menntun í hinum dreifðu byggðum þar sem fjarkennsla hefur verið öflug og í raun er sá skóli flaggskipið okkar á því sviði. Því er mikilvægt að námsframboðið sé fjölbreytt. Kennsla er dýrari í fámennari bekkjum en það verður að vera fjölbreytt námsframboð til að geta fyllt þá þörf sem er úti um allt land á aukinni menntun.

[13:45]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Uppbygging Háskólans á Akureyri er ein best heppnaða mennta- og byggðaaðgerð landsins. Skólinn hefur vaxið og dafnað á eigin forsendum af miklum krafti en því hefur ekki verið fylgt eftir á tilhlýðilegan hátt með fjármagni. Það var vitað um fjárskort og fjárþörf Háskólans á Akureyri í haust við gerð fjárlaga en því var hafnað þá að leggja fram það fé sem þurfti.

Vandi ríkisháskólanna er sá að hæstv. menntamálaráðherra hefur meiri áhuga á að leggja fram fjármagn og byggja upp einkarekna háskóla sem bjóða upp á nám sem er í tísku en að standa af fullri einurð á bak við ríkisháskólana eins og t.d. Háskólann á Akureyri. Að mínu viti væri t.d. nær að leggja það fjármagn sem hefur verið lagt í að undirbúa álver í Eyjafirði (Forseti hringir.) til eflingar Háskólanum á Akureyri. (Forseti hringir.) Það væri miklu sannari aðgerð.

[13:46]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Svar hæstv. menntamálaráðherra undirstrikar einfaldlega að framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar í menntamálum er engin. Hún er í molum og það varðar sérstaklega háskólana. Það er sérstaklega Háskólinn á Akureyri sem hefur orðið illa úti í viðureigninni við ríkisvaldið.

Eins og kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni lá fjárþörfin fyrir í haust og þeim tillögum sem hér komu fram til

þess að ráða bót á vandanum var einfaldlega hafnað. Hæstv. menntamálaráðherra segir aftur og aftur í hátíðaræðum sem hún heldur á tyllidögum að það sé markmið Sjálfstæðisflokksins að fjölga þeim sem fara í háskólanám, fjölga hlutfalli sérhvers árgangs sem fer í gegnum háskólana. En síðan eru það hæstv. menntamálaráðherra og Sjálfstæðisflokkurinn sem koma í veg fyrir að Háskólinn á Akureyri geti tekið við því fólki sem vill koma þangað.

Háskólanum hefur gengið vel, hann hefur sýnt frumkvæði og það er þess vegna sem fólk sækir í þangað, en hann er því miður hornreka hjá hæstv. menntamálaráðherra sem notar bara plástursaðferðina (Forseti hringir.) vetur eftir vetur.

[13:47]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Háskólinn á Akureyri hefur unnið mikilvægt frumkvöðlastarf á sviði fjarkennslu sem ekki hefur verið metið til fulls við þann skóla og það er í raun og veru mjög sorglegt hversu lítið hefur verið komið til móts við skólann varðandi kostnað sem af því hlýst. Sú starfsemi, fjarkennslan, sem er í raun ein örfárra raunhæfra leiða til þess að breyta þeim mikla halla sem er á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis í menntunarmálum, hefur ekki verið metin. Auk þess sem háskólarnir hafa borið mikinn kostnað af fjarkennslunni þá hefur miklum kostnaði líka verið velt á símenntunarmiðstöðvarnar sem flestallar glíma við mikinn halla af þeim sökum. Þessi tvö málefni verður að taka til skoðunar og framlag Háskólans á Akureyri til menntunar (Forseti hringir.) verður að meta að verðleikum.

[13:48]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Við gerð síðustu fjárlaga var mikil umræða um fjárhagsmál Háskólans á Akureyri. Það fór nokkur vinna í að greina þá stöðu og hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarflokkarnir hafa brugðist við því með því að auka fjárframlög til Háskólans á Akureyri sem munu efla starfsemi skólans til muna. Meðal annars verði boðið upp á framhaldsnám í lögfræði næsta haust þannig að Háskólinn á Akureyri er að stækka og dafna undir forustu núverandi ríkisstjórnarflokka. Það er óumdeilt hvað þessi merka háskólastofnun hefur gert fyrir Akureyri og landsbyggðina alla. Háskólinn á Akureyri mun í framtíðinni, af því að það er verið að kalla eftir stefnu ríkisstjórnarflokkanna, gegna lykilhlutverki í uppbyggingu háskólamenntunar á landsbyggðinni. Hann hefur gegnt lykilhlutverki hvað það varðar og það er stefna núverandi stjórnarflokka að efla þennan skóla enn frekar og allar áætlanir benda til þess.

[13:49]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Það er afskaplega gleðilegt að verða vitni að því hve margir sækja í háskólanám. Háskólanám undanfarin ár hefur aukist miklu meira en nokkur hafði gert sér í hugarlund eða gat gert sér vonir um að mundi gerast. Fjölgun milli áranna 2001 og 2004 var 11% og Háskólinn á Akureyri hefur svo sannarlega sannað gildi sitt og eins og kom fram hjá hv. þm. Birki J. Jónssyni er ríkisvaldið nú að koma til móts við Háskólann á Akureyri með 60 millj. kr. framlagi. Skólinn er afskaplega mikilvægur fyrir Akureyri, fyrir Norðurland og fyrir landið allt vegna þess að Háskólinn á Akureyri sinnir fjarnáminu og fjarnemar eru alls staðar að á landinu. En það er afskaplega gleðilegt hversu margir stunda háskólanám.

[13:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fyrirspurn og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er alveg ljóst að Háskólinn á Akureyri er mjög vaxandi háskólastofnun, skiptir gífurlega miklu máli varðandi byggðamál, en við megum ekki líta eingöngu á það því að þarna er um mjög metnaðarfulla háskólastofnun að ræða sem vex mjög hratt og þar hefur verið mótuð sterk stefna um þróun og vöxt í framtíðinni. Það að nú skuli eiga að ráðast í að framhaldsnám í lögfræði og það verði að veruleika er eitt og sér dæmi um hversu mikill metnaður er þarna til staðar.

Það er alveg fullkominn ásetningur ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna að byggja upp Háskólann á Akureyri með bæði (Forseti hringir.) húsnæðiskosti og ekki síður faglegum metnaði.

[13:52]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Jákvæð byggðaleg áhrif Háskólans á Akureyri eru óumdeild. En framferði íslenskra stjórnvalda gagnvart skólanum síðustu missiri er hins vegar afskaplega umdeilt. Stjórnvöld hafa ekki mætt uppbyggingu skólans og fjárþörf. Í fyrra lokaði hann tveimur deildum sínum til að mæta þeim fjárhagsvanda sem hann stóð frammi fyrir. Þá var skólanum gert að beita fjöldatakmörkunum í því formi að taka ekki inn aðra nemendur en þá sem höfðu hefðbundið stúdentspróf sem skilaði sér í því að á annað hundrað manns var vísað frá Háskólanum á Akureyri.

Stjórnvöld hafa einfaldlega svikið Háskólann á Akureyri. Þau hafa komið í bakið á honum og þau hafa ekki gert honum kleift að blómstra og byggjast upp eins og hann átti að gera og hefur öll efni til að gera. Reyndar er staða Háskólans á Akureyri dæmigerð fyrir stöðu opinberu háskólanna allra en hún er kannski sérstaklega alvarleg í ljósi þess byggðalega hlutverks sem skólinn hefur fyrir landsbyggðina alla.

[13:53]

Katrín Júlíusdóttir:

Frú forseti. Ég ákvað að koma hérna upp þegar ég heyrði athugasemd hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar þar sem hann hélt því fram að á þessu ári komi auknir fjármunir til Háskólans á Akureyri. Það er vissulega rétt að það er einhver krónutöluaukning en hún er ekki umfram nemendafjölgun og hún nægir ekki einu sinni fyrir allri þeirri nemendafjölgun sem blasir við Háskólanum á Akureyri. Slíkar fullyrðingar eru því ekki réttar og eru mjög sérkennilegar að heyra, sérstaklega þegar við vitum að það er verið að draga saman námsframboð í Háskólanum á Akureyri, nemendur, kennarar og stjórnendur skólans hafa lýst því yfir að

þeir séu í vandræðum. Þeir þurfa á auknum fjármunum að halda og við því á að bregðast en ekki halda hér endalausar fagurgalaræður um að þarna sé allt í blóma.

Við eigum að taka á málinu í eitt skipti fyrir öll og til þess þarf líka að huga að fjarnámi um landið allt, fræðslumiðstöðvarnar eru tengdar Háskólanum á Akureyri og hluti af undirstöðum skólans. (Forseti hringir.) Þær eru illa staddar og að því þarf að huga líka.

[13:54]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það liggur við að ég þurfi ekki að koma hér í ræðustól eftir ágæta ræðu hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur um Háskólann á Akureyri. Ég get tekið undir allt sem hefur verið sagt.

Ég heyrði að einn stjórnarþingmaður sagði hér að ríkisstjórnin væri að koma til móts við Háskólann á Akureyri með 60 milljónum, eins og þetta væri eitthvað borið fram á tertufati, þetta væri eitthvað svakalega, svakalega gott, ég hafði nú ekki hugsað mér þetta þannig.

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir það sem gert er og ég vil vona að þetta dugi til þess að bæta fjárhagsstöðu Háskólans á Akureyri. Um það höfum við oft rætt, bæði ég og hæstv. menntamálaráðherra, hér í ræðustóli og annars staðar. Ég fagna því sem gert hefur verið og endurtek að ég vona að það dugi. En ég vil halda því til haga að 80 milljónir var talið að vantaði vegna leigu háskólans á rannsóknarhúsinu. Svo var kennslusamningurinn og þannig var talan hærri. Nú koma 60 milljónir til þess að bjarga þessu. Síðast var háskólanum bjargað með því að leyfa skólanum að selja eina fasteign sína. (Forseti hringir.) Og ég tek það fram enn einu sinni, virðulegi forseti, vonandi dugar þetta til. (Forseti hringir.) En ég óttast samt að svo sé ekki.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil biðja hv. ræðumann að virða ræðutíma.)

[13:55]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka áhuga þingmanna á málinu og svör hæstv. ráðherra. Ég vil líka taka undir með hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, ég er alveg sammála því sem hún sagði um þessar 60 milljónir sem var verið að úthluta núna, fjárþörfin lá fyrir þegar fyrirspurnin var sett fram í nóvember. Þá var þessi staða ljós en við henni var ekki brugðist þá.

Hins vegar hef ég meiri áhyggjur af framtíðinni, þ.e. að hér kemur fram einhver fagurgali og að fyrir liggi framtíðarsýn varðandi m.a. Háskólann á Akureyri, en er hann til á pappír? Ég spyr. Ég tel að hagræðingarkröfur séu ekki öðruvísi en samdráttarkröfur. Það hefur komið hér fram og líka hjá bæði nemendum og forstöðumönnum á Háskólanum á Akureyri að þeim beri að fyrirskipan stjórnvalda að spara í einu og öðru. Það er eitt að standa undir áætlun og annað að hafa ekki í upphafi peninga til þess að geta rekið skólann.

Það kemur fram hjá þeim að fjárframlögin þurfa að hækka þannig að yfirstjórn skólans þurfi ekki að standa frammi fyrir sambærilegum kringumstæðum aftur. Og eins og kom hér fram áður lofa nú flestir ráðamenn þennan háskóla á góðum degi og það er í sjálfu sér alveg eðlilegt, þetta er mjög góður skóli og hann er ein best heppnaða aðgerð í menntunar- og byggðamálum hérlendis. En orðum þurfa að fylgja athafnir og þær hefur skort á ögurstundu.

Það má alveg velta því upp hér að Akureyrarbær er hluthafi í Þekkingarvörðum, sem er þróunarfélag, og þegar stóð til að byggja vísindagarð eða rannsóknarhús við háskólann bauðst Akureyrarbær til þess að fjármagna byggingu þess með niðurgreiddum lánum en ríkisvaldið sá sér ekki fært að þiggja það tilboð. Þetta kemur fram á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Eins og ég segi, (Forseti hringir.) ég tek bara enn og aftur undir það sem hér hefur verið sagt. Fjárþörfin er ekki leyst til frambúðar.

[13:58]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Við ætlum að halda áfram að byggja upp háskólastarfsemina á Akureyri með myndarbrag og með metnaðarfullum hætti. Hér koma menn og tala um hvað allt sé svo frábært í kringum háskólastarfsemina fyrir norðan, sem það og er. Hér tala menn um jákvæða þróun varðandi byggðamál, jákvæða þróun og jákvæð áhrif uppbyggingar Háskólans á Akureyri. Við erum að tala um uppbyggingu, við erum að tala um þenslu, útþenslu, jákvæða útþenslu háskólastarfsemi á Akureyri. Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Fjölgun nemenda um 130% tæplega á fimm árum gerist ekki af sjálfu sér. Hún kostar heilmikið fjármagn og við Íslendingar ákváðum það á sínum tíma að við mundum ekki fara sömu leiðir og aðrar þjóðir sem hafa staðið frammi fyrir þenslu í nemendafjölgun, þ.e. að skera niður nemendaframlögin, heldur höfum við sérstaklega fjárfest í menntun og við höfum aukið framlög til menntamála svo um munar á síðustu árum. Við erum að fara í þann flokk sem við viljum vera í, meðal fremstu þjóða innan OECD-ríkjanna og það munu nýjustu tölur frá Hagstofunni sýna.

Við erum á góðri leið með að byggja upp háskólastarfsemina en við megum heldur ekki gleyma því að nú er í rauninni komið næsta skref okkar Íslendinga varðandi útþenslu á sviði háskólamála. Við ætluðum okkur að fjölga háskólanemum og okkur tókst það. Það er rangt sem haldið var hérna fram af hálfu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að við hefðum ætlað að fjölga nemum og ekki tekist það. Við fjölguðum nemum og ætluðum að gera og okkur hefur tekist það, m.a. út af því að við höfum stutt við bakið á opinberum skólum sem og einkaskólum. Það eru nöturlegt að heyra skilaboð sem skólar eins og Bifröst fá héðan af hinu háa Alþingi vegna þess að þeir leyfa sér að auka námsframboðið.

Ég vil líka geta þess að það er sama framlag sem fylgir fjarnemum sem staðbundnum nemum. Að segja annað er beinlínis rangt, eins og kom fram í máli hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur. Að sjálfsögðu er það sama greitt fyrir hvern nema, greiðslurnar eru miðaðar við þreyttar einingar í háskólanámi. (Forseti hringir.) Þannig höfum við staðið að þessu og við ætlum, frú forseti, að halda áfram að byggja upp af myndarbrag háskólastarfsemi um allt land.

Umræðu lokið.

Skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

Fsp. JóhS, 531. mál. — Þskj. 778.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ástæða er til að spyrja hæstv. menntamálaráðherra um framkvæmd laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum og hvernig til hafi tekist með framkvæmd laga og reglna. Ég hef ástæðu til að ætla að brotalöm sé á framkvæmd laganna og hef af því persónulega reynslu að þurfa að kvarta til aðila sem eiga sæti í nefnd ráðherra um kvikmyndaskoðun þar sem barnamynd, sem augljóslega hafði skaðleg áhrif á börn og var sannarlega ekki við hæfi þeirra, var sýnd í kvikmyndahúsum án þess að vera bönnuð og auglýst sérstaklega sem mynd fyrir alla fjölskylduna. Í þeirri athugun minni kom í ljós að Kvikmyndaskoðun hafði bannað umrædda mynd innan tíu ára aldurs barna en því var ekki framfylgt af kvikmyndahúsunum.

Eftir því sem ég kemst næst er það ekki óalgengt að kvikmyndahúsin framfylgi ekki banni Kvikmyndaskoðunar og allur gangur er á því hvernig kvikmyndahúsin fara að niðurstöðu Kvikmyndaskoðunar eða að þau verði við óskum um að framfylgja banni sem þau hafa ekki sinnt og því má segja að framkvæmd úrskurðar Kvikmyndaskoðunar hafi verið í skötulíki.

Í mínum huga er mikilvægt að taka alla framkvæmd mála og jafnvel lögin í heild sinni til endurskoðunar, ekki síst í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa frá því að lögin um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum var sett árið 1995. Allar tæknilegar forsendur á dreifingu og miðlun myndefnis eru gerbreyttar, tækniframfarir eru orðnar miklar, einkum hvað varðar möguleika í gegnum netið. Þannig verður að þróa nýjar leiðir til eftirlits til þess að fylgja eftir þessum tækniframförum en ljóst er að tæknin gerir alla viðleitni opinberra aðila til eftirlits eða varnaðaraðgerða þunga og erfiða í framkvæmd. En auðvitað er þungamiðjan í þessu að gæta að velferð barna og unglinga og sjá til þess að fyrirmælum Kvikmyndaskoðunar og eftirlitsaðila sé framfylgt, þannig að ekki sé verið að sýna börnum ofbeldiskvikmyndir eða myndir sem skaðleg áhrif geta haft á sálarlíf barna.

Þess vegna er þessi fyrirspurn lögð fram í fimm töluliðum:

1. Hvernig hefur tekist til með framkvæmd laganna um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum?

2. Hvernig hefur Kvikmyndaskoðun gengið að framfylgja úrskurðum sínum um bann við að sýna börnum tilteknar kvikmyndir?

3. Hafa barnaverndarnefndir og löggæslumenn haft reglubundið eftirlit með því að úrskurðum Kvikmyndaskoðunar sé framfylgt og hvaða úrræði eru tiltæk ef þeim er ekki fylgt?

4. Hvaða fjármagni er varið í eftirlit með framkvæmd laganna og er það fullnægjandi að mati þeirra sem eiga að framfylgja þeim?

5. Áformar ráðherra að leggja til breytingar á lögunum til að tryggja skilvirkari framkvæmd þeirra og annarra laga sem kveða á um vernd barna gegn ofbeldisfullu eða skaðlegu efni jafnt í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða á netinu?

[14:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Framkvæmd laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum er annars vegar á hendi Kvikmyndaskoðunar, eins og kom fram í máli hv. þingmanns, og hins vegar barnaverndarnefnda og lögreglu. Kvikmyndaskoðun skoðar og úrskurðar um allt efni sem til hennar berst eða hún er beðin um að skoða en barnaverndarnefndir og löggæslumenn skulu síðan hafa reglubundið eftirlit með því að úrskurðum Kvikmyndaskoðunar sé framfylgt. Framleiðendur, innflytjendur og dreifingaraðilar eiga að láta Kvikmyndaskoðun skoða allt efni sem ætlað er til almennra sýninga eða notkunar. Brot gegn lögunum varða sektum eða fangelsi og um rannsókn og meðferð fer að hætti laga um opinber mál.

Í stuttu máli má segja, frú forseti, að lögin hafa ekki reynst nægilega vel og af þeim sökum hef ég lagt fram frumvarp til nýrra laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum og ég kem að því hér á eftir en ég vonast til þess að það verði lagt fram núna innan fáeinna daga. Það er búið að samþykkja í þingflokkum beggja ríkisstjórnarflokka.

Um aðra liði fyrirspurnarinnar er rétt að taka fram, eins og ég gat um áðan, að í lögunum er gert ráð fyrir því að barnaverndarnefndir og löggæslumenn skuli hafa reglubundið eftirlit með því að úrskurðum Kvikmyndaskoðunar sé framfylgt. Kvikmyndaskoðun hefur reynt að afla upplýsinga frá þessum aðilum um hvernig eftirliti þeirra sé háttað en í ljós hefur komið að þær liggja ekki fyrir nema að mjög takmörkuðu leyti. Til að gefa tæmandi svar við þeim spurningum sem liggja fyrir þyrfti að fá upplýsingar frá öllum barnaverndarnefndum og lögregluembættum landsins. Hið sama gildir um spurninguna um hve oft banni Kvikmyndaskoðunar hefur ekki verið framfylgt sl. tvö ár. Það liggur fyrir að lögregla hefur stöðvað sýningar en ekki hafa verið teknar saman tölulegar upplýsingar um fjölda slíkra tilvika.

Síðan er spurt:

„Hvaða fjármagni er varið í eftirlit með framkvæmd laganna og er það fullnægjandi að mati þeirra sem eiga að framfylgja þeim?“

Í gildandi lögum er framleiðendum og innflytjendum kvikmynda og annars efnis sem lögin taka til gert að greiða skoðunargjöld og var þeim ætlað að standa undir kostnaði við kvikmyndaskoðun. Sú hefur þó ekki verið raunin og hefur ríkissjóður greitt með starfseminni og nemur sú fjárhæð á yfirstandandi ári 2,4 millj. kr. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í kostnaðaráætlun með frumvarpi til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum sem ég mun leggja fram er gert ráð fyrir 5 millj. kr. árlegu framlagi til að standa straum af kostnaði við virkt eftirlit með því að lögunum verði framfylgt.

Það er rétt að geta þess að í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir að börnum skuli tryggja í lögum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ég lít því svo á að rétt sé að löggjafinn hafi afskipti af sýningu, sölu og dreifingu kvik-

mynda og tölvuleikja til að tryggja velferð barna. Framkvæmd gildandi laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum hefur á sumum sviðum reynst afar erfið vegna tæknibreytinga undanfarinna ára, ekki síst í sjónvarpstækni og með tilkomu veraldarvefsins. Ný miðlunartækni hefur í reynd gert það sífellt erfiðara að hafa stjórn á því hvaða kvikmynda- og tölvuleikjaefni fólk notar eða horfir á. Því hefur aukist ábyrgð foreldra og annarra forsjáraðila á því hvaða kvikmynda- eða tölvuleikjaefni börn þeirra horfa á eða nota enda má segja að þessir aðilar séu í reynd þeir einu sem hafi einhver tök á að stjórna áhorfi og notkun barna sinna á þessu efni.

Hlutverk löggjafans og annarra handhafa ríkisvaldsins er hins vegar að tryggja börnum þá vernd sem velferð þeirra krefst með því að mæla fyrir um skoðun og aldursflokkun kvikmyndaefnis og tölvuleikja með tilliti til skaðlegra áhrifa slíks efnis og sjá til þess að framfylgt sé reglum um sölu og aðra dreifingu til barna undir lögræðisaldri. Telja verður að löggjafinn og framkvæmdarvaldið geti með slíkum reglum og eftirliti stutt við uppeldishlutverk foreldra í þeim anda sem má segja að komi fram í 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Mig langar rétt til þess að tæpa á, frú forseti, meginatriðum frumvarpsins sem ég mun leggja fram. Þar kemur m.a. fram að:

1. Skylt verði að meta eða láta meta allar kvikmyndir og tölvuleiki sem ætlaðir eru til sýningar eða notkunar fyrir börn undir lögræðisaldri.

2. Skylt verði að láta þess getið alls staðar ef efni telst vera ofbeldiskvikmynd eða -tölvuleikur eða ef það ógnar velferð barna.

3. Skylt verði að merkja greinilega kvikmyndir og tölvuleiki og umbúðir þeirra um matsniðurstöðu og það hvort mynd eða leikur er aðeins ætlaður til sýningar eða notkunar fyrir fullorðna einstaklinga.

4. Skylt verði að geta um mat kvikmynda eða tölvuleikja í auglýsingum og í öðrum kynningum á þeim.

5. Skylt verði að hafa eftirlit með því að aðgangur að sýningum og afhending á kvikmyndum eða tölvuleikjum sé fyrir hendi.

Frumvarpið kveður einnig á um að ábyrgðaraðilar skuli setja sér verklagsreglur um framkvæmd mats sem styðjist *síðan við alþjóðlega viðurkennd skoðunarkerfi* og þessar reglur á að birta opinberlega og tilgreina matstjóra ábyrgðaraðila. Niðurstöður matsins skulu síðan birtar opinberlega og þeim viðhaldið í gagnagrunni sem almenningur hefur aðgang að. Ég vil einnig geta þess að Barnaverndarstofu verður ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd mats á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja og í því felst m.a. heimild til að láta fara fram úttekt á verklagi framangreindra ábyrgðaraðila og ýmislegt fleira má tiltaka (Forseti hringir.) úr því frumvarpi sem við vonandi ræðum fyrr en síðar hér á hinu háa Alþingi.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin og ég hef alveg fullan skilning á því að hæstv. ráðherra hafi ekki getað svarað öllum þeim töluliðum sem ég lagði hérna fram. Það staðfestir auðvitað það sem ég sagði að það hefur verið brotalöm á framkvæmdinni þegar ekki er hægt t.d. að upplýsa um hve oft banni Kvikmyndaskoðunar hafi ekki verið framfylgt, það sýnir brotalömina og nauðsyn þess að taka upp þessi lög og endurskoða. Ég fagna því sérstaklega sem ráðherra upplýsti hér að þessi lög verði felld úr gildi, ef ég skil hæstv. ráðherra rétt, þ.e. lögin um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, og í staðinn komi ný lög um eftirlit með aðgengi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, sem ég held að sé afar brýnt í ljósi þeirrar nýju miðlunartækni sem hefur komið hér fram frá því að þessi lög voru sett. Ég held að lögin út af fyrir sig um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum að því er varðar eftirlitið, að lagatextinn sé í sjálfu sér nægilega skýr eins og 3. gr. lagatextans, en það er fyrst og fremst framkvæmdin sem hefur verið í skötulíki og mikil brotalöm á. Því er mikilvægt að í þessu nýja frumvarpi ráðherrans sé skýrt kveðið á um hvernig eigi að framfylgja þessu eftirliti til þess að velferð barna og unglinga sé tryggð og að fyrirmælum eftirlitsaðila sé framfylgt og það er auðvitað aðalatriðið.

Ég vænti þess að þetta frumvarp ráðherrans komi hér fram á næstu dögum og kveð auðvitað ekki upp um stuðning við það fyrr en frumvarpið hefur verið lagt fram en ég ítreka þakkir mínar til ráðherrans um að endurskoða eigi þessi lög og ný að taka við sem geri þá auðveldara að sinna eftirlitinu.

[14:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég kem nú einfaldlega hingað upp til þess að þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn og að vekja athygli á því að það þurfi að hreyfa við þessu máli. Það þarf að koma í veg fyrir að brotalamir verði á framkvæmd þess, eins og verið hefur á framkvæmd núgildandi laga og kom fram í máli hv. þingmanns. Ég er sannfærð um að með þessum nýju lögum eða því frumvarpi sem við munum ræða hér verði mun auðveldara að fylgjast með þessum málum og koma í veg fyrir að efni sem talið er vera skaðlegt börnum og unglingum verði á boðstólum. Það er það sem við viljum að sjálfsögðu koma í veg fyrir. Nýbreytni í því frumvarpi er að þetta mun taka til tölvuleikja og mun einnig draga fram ábyrgð þeirra sem standa fyrir sölu á tölvuleikjum sem og kvikmyndum, þar með í verslunum sem hafa slíka vöru á boðstólum.

Umræðu lokið.

Háskóli Íslands.

Fsp. BjörgvS, 578. mál. — Þskj. 840.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrr í vetur velti hæstv. menntamálaráðherra því upp við rektor Háskóla Íslands hvað þyrfti til að Háskóli Íslands kæmist í hóp 100 bestu háskóla í heimi.

Nú eru til nokkrar tegundir af mælikvörðum á það, það er svokallaður Shanghai-listi og það er Times Higher Supplement listinn og ýmsir listar sem þar um ræðir, en mælikvarðarnir eru yfirleitt þeir sömu. Þessi hugmynd hefur vakið mikla athygli hjá rektor Háskóla Íslands og hæstv. menntamálaráðherra og sérstaklega í ljósi þeirrar stöðu sem Háskóli Íslands er í.

Niðurstaðan af málþingi um samkeppnishæfi opinberu háskólanna í gær var einföld og afdráttarlaus. Hún var sú að ríkisháskólarnir eiga á hættu að verða annars flokks skólar. Þetta stingur í stúf við það háleita og glæsilega markmið forustumanna Háskóla Íslands um að koma honum í hóp 100 bestu háskóla. Þess vegna beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra:

1. Hvernig hyggst ráðherra vinna að því að skólinn nái þessu marki?

2. Hefur verið gerð áætlun um slíkt, og ef svo er, hver er hún?

3. Fylgja þessu markmiði auknar fjárveitingar til skólans eða heimild til aukinnar gjaldtöku?

Auk þess hefur komið fram í máli rektors Háskóla Íslands að til að skólinn eigi einhverja möguleika á að ná þessu markmiði þurfi hann að fimmfalda útskrifaða doktorsnema, hann þarf að auka tekjur sínar um tæpa fimm milljarða á ári, ná því marki á fimm árum með því að auka tekjur sínar um 600–700 milljónir á ári, bæði til að vinna upp uppsafnaðan halla og til að ná í áttina að þessu markmiði.

Þá kom einnig fram á málþinginu að framlög til háskólastigsins á Íslandi úr opinberum sjóðum eru u.þ.b. 1% af vergri landsframleiðslu á meðan þau eru 1,8–1,9% á hinum norrænu löndunum. Þetta kom skýrt fram í áliti og framsögn manna á málþinginu í gær. Háskóli Íslands er því ákaflega langt frá því að ná þessu markmiði en hann gæti örugglega náð því ef ekki strandaði á stjórnvöldum. Viljaskortur stjórnvalda til að byggja undir skólann og gera honum kleift að blómstra hefur í rauninni komið í veg fyrir að skólinn nái að springa út, staðan er nöturleg en gagnlegt að skoða hana í ljósi áðurnefndra markmiða.

Þá sagði forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða Háskólans í gær á þinginu, með leyfi forseta:

„Þá væri það vandi að huglaus stjórnvöld vörpuðu pólitískri ábyrgð á stjórnendur HÍ, bæði í skólagjaldamálum og hvað varðaði aðgangstakmarkanir."

Allt ber því að sama brunni. Skólinn býr við mjög þröngan fjárhagslegan kost. Hann er óralangt frá að ná því markmiði sem fram hefur verið sett um að komast í hóp úrvalssveitar hinna 100 bestu háskóla en óskandi væri að skólanum væri gert kleift að ná því. Þess vegna hlýtur að vakna sú spurning hvort vænta megi stefnubreytingar í áherslum stjórnvalda þegar um er ræða það mikla fjárfestingarátak sem þarf að ráðast í til að Háskóla Íslands verði gert þetta kleift og ber að muna að hæstv. menntamálaráðherra vakti (Forseti hringir.) fyrst máls á þessari hugmynd og hún hlýtur að ætla að fylgja henni eftir.

[14:16]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Þegar leitast er við að svara spurningum hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um þau áform Háskóla Íslands að verða einn af 100 bestu háskólum í heimi þykir mér rétt að geta þess hér að Háskóli Íslands hefur sjálfur sett sér það markmið að verða leiðandi afl í uppbyggingu þekkingarsamfélagsins og stefnir í því samhengi að því að skipa sér í röð 100 bestu háskóla í heiminum innan 10 til 12 ára. Með því að setja sér ögrandi og djörf markmið um að komast í hóp 100 bestu háskólanna er skólinn að leggja fram sinn skerf til þekkingarsamfélags okkar sem við stefnum síðan öll að, en íslensk stjórnvöld hafa sett fram þá stefnu Ísland verði meðal fremstu þekkingarsamfélaga árið 2010.

Það hefur verið markmið mitt á undanförnum árum að leyfa háskólasamfélaginu að vaxa og dafna á eigin forsendum og byggja því það umhverfi sem leiðir af sér frumkvæði, kraft og sköpunarmátt. Við höfum náð að fjölga nemendum eins og margoft hefur komið fram og það ætluðum við okkur að gera til að geta tekist á við önnur öflug og mikilvæg verkefni síðar meir.

Hins vegar má benda á að ég hef einnig lagt áherslu á þá þætti sem þykja mikilvægir þegar háskólar eru flokkaðir eftir árangri og gæðum. Staða háskóla á slíkum gæðalistum, sem hv. þingmaður kom m.a. inn á, ákvarðast að stórum hluta af almennum gæðum náms, fjölda nemenda í meistara- og doktorsnámi og umfangi og árangri rannsóknarstarfseminnar í skólanum.

Ég hef einmitt lagt áherslu á þessa þætti í minni tíð sem menntamálaráðherra. Það er ljóst að Háskóli Íslands er elsti og stærsti háskóli landsins og þar er þungamiðja háskólarannsókna hér á landi. Það hefur margoft komið fram að rannsóknarstarf skólans er öflugt og vaxandi að afköstum. Góðar forsendur eru því fyrir eflingu doktorsnáms á mörgum sviðum og nýting fjármuna er góð. Þannig má segja að skólinn hafi ákveðna burði til að stefna að því í áföngum að komast á lista hinna bestu á komandi árum.

Markmið háskólans er því ekki sett fram, eins og margir hafa viljað telja, sem einhver meiningarlaus uppsláttur, heldur að vel ígrunduðu máli og þá sérstaklega af hálfu rektors Háskóla Íslands. Ég tel það skipta miklu máli að það verði skoðað af mikilli alvöru af hálfu stjórnvalda að móta Háskóla Íslands þannig umhverfi að hann hafi faglega sem fjárhagslega burði til að skipa sér í hóp þeirra bestu.

Við höfum sameiginlegt markmið um að koma Íslandi í fremstu röð þekkingarsamfélaga. Aðrar Norðurlandaþjóðir eiga nú þegar háskóla á þessum lista og sumar fleiri en einn. Við vitum að þetta kostar fjármuni. Við höfum verið að fjárfesta þó að sumir vilji ekki koma auga á það að bæði fjölgunin og fjárfesting í menntun á síðustu árum hefur verið gríðarleg. Ég man eftir að einn stjórnmálaflokkur sagði fyrir nokkrum árum rétt fyrir kosningar að hann ætlaði að setja milljarð á ári í háskólann. Við erum löngu byrjuð á því og eiginlega búin að gera það á hverju einasta ári (Gripið fram í.) og munum gera það áfram. Við munum gera það áfram og efla og auka starfsemi háskólanna.

Það er auðvitað mjög auðvelt að koma hér með yfirboð. Ég fagna því þó sérstaklega að það skuli engu að síður vera mikill áhugi og eljusemi af hálfu allra þingmanna sem hér eru til að standa að því markmiði að komast í röð fremstu þekkingarsamfélaga í heimi. Ég vona að þeir geti slegist í

lið með háskólanum og okkur sem viljum veg háskólans sem mestan og bestan til þess að hann geti staðið á þeim grundvelli að hann verði í fremstu röð.

Það er rétt að geta þess að í fjárlögunum 2006 hafa grunnframlög til rannsókna við háskóla á verksviði menntamálaráðuneytisins hækkað. Þá er ég að tala um grunnframlögin ein og sér, þau hafa hækkað um 140 milljónir. Jafnframt hafa framlögin til Vísinda- og Tæknisjóðs aukist svo um munar. Ég vil geta þess að áætlun vísinda- og tækniráðs er sú að tvöfalda þetta ráðstöfunarfé samkeppnissjóðanna á kjörtímabilinu. Ráðstöfunarfé sjóðanna hefur aukist úr 792 millj. kr. árið 2003 í 1.750 millj. kr. árið 2006. Það er því verið að bæta í á þeim sviðum þar sem bæta þarf.

Ég mun fara sérstaklega yfir þessi mál með rektor Háskóla Íslands. Við munum að sjálfsögðu taka þetta inn í áætlanir okkar eins og við getum innan þeirra marka sem snerta fjárlög og efnahagsmál. Við munum gera það sem við getum til að stuðla að því að háskólinn nái þessu takmarki á 10–12 árum. En við vitum að fleira þarf að koma til. Það þarf fleira að koma til en eingöngu fjárframlög af hálfu ríkisins. Það er eitt og annað sem gera þarf í innri skipulagsmálum háskólans. Það hefur margoft komið fram í þeim skýrslum sem (Forseti hringir.) hafa verið lagðar fram sem og að auka framlög annars staðar frá til háskólasamfélagsins.

[14:21]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætlaði að taka undir það sem komið hefur fram hjá öðrum hv. þingmönnum að það markmið Háskóla Íslands að skipa sér sess meðal 100 bestu háskóla í heimi er metnaðarfullt. Það er markmið sem ég styð eindregið.

Af því að hv. þingmaður kallaði eftir svörum frá hæstv. ráðherra um hvað íslensk stjórnvöld ætluðu að gera til að auðvelda háskólanum að ná þessu markmiði sínu, finnst mér rétt að það komi fram í umræðunni að frumvarp til laga um háskóla frá hæstv. menntamálaráðherra er núna til umfjöllunar. Það kom fram hjá Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands, á fundi menntamálanefndar að hún teldi að það frumvarp væri mjög ánægjulegt og merkilegt skref fyrir háskólann til að ná þessu markmiði sínu. (Forseti hringir.) Það sem mig langar að fá fram í þessari umræðu (Forseti hringir.) er svar við þeirri spurningu (Forseti hringir.) hvað hv. þingmaður vill gera í málinu vegna þess að það skortir.

(**Forseti** (JóhS)**:** Enn og aftur skal það ítrekað að óskað er eftir því að þingmenn haldi sig innan tiltekins ræðutíma.)

[14:22]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Fyrirsögnin sem birtist í Morgunblaðinu í frásögninni af málþinginu sem haldið var í gær um samkeppnishæfi opinberra skóla er þessi: „Ríkisskólarnir eiga á hættu að verða annars flokks skólar."

Þetta er afar alvarleg niðurstaða og upphrópun frá þessu málþingi sem hæstv. menntamálaráðherra verður auðvitað að taka mjög alvarlega. Sá stuðningur sem hæstv. menntamálaráðherra lýsir yfir við hina opinberu háskóla verður að vera algjörlega afdráttarlaus. Það er mjög mikilvægt sá stuðningur sem hæstv. menntamálaráðherra gefur út í sölum Alþingis sé trúverðugur og sömuleiðis í samstarfi sínu við Háskóla Íslands.

Það er lífsspursmál fyrir Háskóla Íslands að hafa hæstv. menntamálaráðherra með sér í þeim áformum sem uppi eru núna að gera Háskóla Íslands samkeppnishæfan ekki bara innan lands heldur á alþjóðavettvangi.

[14:24]

Mörður Árnason:

Forseti. Það vekur athygli að hinum hraðmælta og knáa menntamálaráðherra hæstv. tókst að standa í stólnum í allar þær mínútur sem hún á hér án þess að svara neinni af þeim þremur spurningum sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson bar hér fram.

Hvernig hyggst ráðherra vinna að því að Háskóli Íslands nái þessu setta marki? Jú, sagði menntamálaráðherra, ég hef mótað mér þá stefnu að búa háskólanum þannig umhverfi að hann hafi faglegt sem fjárhagslegt bolmagn til að skipa sér í hóp hinna bestu. Hún hefði alveg eins getað sungið hér „Sáuð þið hana systur mína".

Ráðherrann segir svo um fjárþörf háskólans að vissulega þurfi ríkið að koma til ef þetta eigi að verða að veruleika en fleira þurfi að gerast, það þurfi breytingar á innra skipulagi og fjármagn annars staðar frá. Á að skilja þetta svo að þetta daufa loforð, óljósa loforð um aukið fjármagn sé háð þeim skilyrðum að háskólinn fái fjármagn annars staðar frá og breyti innra skipulagi? Frá hverjum? Frá nemendum?

[14:25]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta voru alveg ótrúlega rýr svör hjá hæstv. menntamálaráðherra sem hér komu fram við fyrirspurn hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. Það er alveg með hreinum ólíkindum að eftir allan þann tíma, eftir allan þann árafjölda sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með menntamálin í landinu, skuli ekki enn vera komin skýr sýn og skýr markmið um hvert við stefnum með háskólastigið, heldur er staðið endalaust í þessum stól og málið þvælt með því að tala um góðan vilja og með því að fjalla um þá þætti málsins sem kannski skipta minna máli þegar kjarni málsins er fjármögnunin. Það kom skýrt fram í báðum þeim skýrslum sem komu fram á síðasta ári og að Háskóli Íslands hefur staðið sig mjög vel í því að vinna úr þeim lágu framlögum sem honum er úthlutað af hálfu ríkisins. Hin skýra sýn sem við þurfum (Forseti hringir.) að heyra hér snýst því um fjármagn fyrst og fremst.

[14:26]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra er gjarnt að gefa málflutningi okkar í Samfylkingunni einkunnir. (**Menntmrh.:** Nú?) Flest það sem við segjum hér kallar hún merkingarlaust þvaður og bull. Ég ætla ekki að velja orðum hæstv. ráðherra slíkar einkunnir. En ég hef hins vegar aldrei heyrt svar frá nokkrum hæstv. ráðherra sem hefur verið jafnmerkingarlaust og innihaldslítið. Það er alveg

ljóst að hæstv. ráðherra hefur enga sýn eða stefnu í þessu máli. Mér finnst hins vegar málið það þungt og alvarlegt að ég ætla hér fyrir hönd Samfylkingarinnar að óska formlega eftir að það verði rætt utan dagskrár við hæstv. ráðherra.

Það var hæstv. ráðherra sem fyrst vakti máls á þessu. Rektor háskólans tók hana á orðinu og sagði að hún vildi berjast fyrir þessu máli. Þá bað hæstv. ráðherra um kostnaðargreiningu. Hún liggur fyrir núna. Þá er spurt: Hvernig á að uppfylla þetta? Spurt er um afstöðu Samfylkingarinnar. Sá milljarður sem við lögðum til umfram áætlanir ríkisstjórnarinnar mundi meira en duga samkvæmt áætlunum Kristínar Ingólfsdóttur.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Lengi getur vont versnað. Svo afleitt var svar hæstv. ráðherra við fyrirspurninni að það var átakanlegt að hlusta á það. Hæstv. ráðherra setti sjálf af stað fyrrgreinda áætlun um 100 bestu háskóla í heimi með því að velta því upp við rektor Háskóla Íslands. Í dag, þegar hún hefur tækifæri til að svara því hvernig hún ætli að standa við stóru orðin, heykist hún á að svara og svaraði engri af spurningunum þremur sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra. Ég hlýt að óska eftir að hún svari þeim í síðara svari sínu á eftir.

Svörin eru í sjálfu sér ákaflega einföld. Annaðhvort ætlar hæstv. menntamálaráðherra að gera skólanum þetta markmið kleift eða sýna a.m.k. viðleitni til að nálgast það með auknum framlögum sem nema 600–700 milljónum á ári. Þannig að aflafé skólans í það heila aukist um 4,8 milljarða á ári sem eru þær tölur sem settar hafa verið fram af rektor Háskóla Íslands og forustumönnum skólans. Annaðhvort ætlar hæstv. menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að framlög til skólans verði aukin sem þessu nemur eða að hún ætlar ekki að gera það. Tvískinnungurinn í framgöngu hennar hér er mjög dapurlegur. Annaðhvort svarar hún því afdráttarlaust að hún ætli að beita sér fyrir því að skólinn fái aukin framlög og eigi þannig einhverja möguleika á að ná því markmiði að verða einn af 100 bestu háskólum í heimi eða að þetta var ekkert annað en blekkingartal og skollaleikur til að slá ryki í augu fólks um raunverulega stöðu háskólanna, opinberu háskólanna, og það er grafalvarlegt.

Hætta er á því að þeir verði annars flokks, var niðurstaða og yfirskrift málþingsins í gær um stöðu opinberu háskólanna. Frumvarpið um háskóla sem hér var nefnt, og liggur fyrir menntamálanefnd, tekur í engu á því að jafna stöðu opinberu háskólanna til jafns við þá einkareknu eða sjálfstætt reknu, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli og óskir okkar stjórnarandstæðinga um að það verði tekið inn í lagagerðina. Það verður sem sagt ekki gert.

[14:29]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er greinilegt að það fer mjög fyrir brjóstið á hv. þingmönnum Samfylkingarinnar, sérstaklega, að ég skuli hafa leyft mér að hafa þá hugmynd og hugsjónastefnu að við eigum háskóla hér á landi sem verði hugsanlega í fremstu röð eftir 10–12 ár, að ég leyfi mér að setja fram slíka hugmynd. Mér finnst það frekar lýsa metnaðarleysi í hugmyndafræði Samfylkingarinnar að menntamálaráðherra landsins geti ekki lagt fram slíka spurningu og haft slíka hugsjón. Mér finnst ósköp dapurlegt að það skuli í rauninni vera leifarnar af þessari umræðu hér í dag.

Að sjálfsögðu mun ég styðja Háskóla Íslands í þeirri viðleitni sinni að verða háskóli í fremstu röð. (**Gripið fram í:** Hefurðu engin svör við þessu?) En það verður hins vegar ekki gert með þeim hætti að slengja fram einhverjum tölum eins og hv. þingmenn hafa gert. (Gripið fram í.) Frú forseti. Ég hef þegar sagt og margítrekað að ... (Gripið fram í.) Er hv. þingmaður búinn?

(**Forseti** (JóhS)**:** Það er mikilvægt að hv. þingmenn gefi hæstv. ráðherra tíma til að svara fyrirspurninni.)

Þessi óróleiki er nú bara ánægjulegur. Ég held að hann sé vísbending um að það fari í taugarnar á hv. þingmönnum að standa frammi fyrir því að við séum að ræða háskólamál sem snerta Háskóla Íslands, og að ég skuli hafa leyft mér að setja fram þá hugmynd og þá stefnu að Háskóli Íslands verði í fremstu röð eftir 10–12 ár. Það fer í taugarnar á hv. þingmönnum.

Við höfum aukið framlög til háskólastigsins svo um munar á síðastliðnum árum. Nýjustu tölur munu sýna það, m.a. frá Hagstofunni. Það ætlum við að sjálfsögðu að gera áfram. Við ætlum að stórefla framlög til háskólastigsins. Það munum við gera. Það hefur komið fram í stefnu vísinda- og tækniráðs að við ætlum að efla rannsóknarsjóðina. Það er mín stefna að reyna að koma fram breytingum á Rannsóknarnámssjóði, sem gerir hvað? Hann gerir ekkert annað en að styrkja doktorsnema í háskólunum og þá ekki síst Háskóla Íslands. Það er hluti af þeirri stefnu sem stuðlar að því að við getum (Forseti hringir.) byggt upp háskóla sem er í fremstu röð meðal háskóla í heiminum. (Gripið fram í.) Ég vona að hv. þingmenn hætti nú að vera svona truntulegir og fari frekar með mér í það verkefni að stuðla að því að við Íslendingar (Forseti hringir.) eigum hér háskóla í fremstu röð.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja hæstv. menntamálaráðherra að gæta orða sinna.)

Umræðu lokið.

Mat á listnámi.

Fsp. KolH, 592. mál. — Þskj. 872.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um mat á listnámi og spurningin er svohljóðandi:

„Hvernig meta yfirvöld menntamála nám þeirra listamanna sem luku burtfararprófi úr gömlu sérskólunum, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Leiklistarskóla Íslands, nú eftir að Listaháskóli Íslands hefur tekið við menntun myndlistarmanna og leikara?“

Eins og kunnugt er þá er Listaháskóli Íslands sjálfseign-

arstofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 43/1995, um listmenntun á háskólastigi, og samkvæmt skipulagsskrá hans sem staðfest var af menntamálaráðuneytinu þann 21. september 1998, þá er það hlutverk skólans að sinna æðri menntun á sviði listgreina, vinna að eflingu listmennta með þjóðinni og miðla fræðslu um listir og menningu til almennings. Skólinn fékk starfsleyfi í maí 1999, fyrsta skólasetningin var í september 1999 og hefur skólinn starfað síðan þá.

Þessi skóli byggir á gömlum grunni. Gömlu sérskólarnir Leiklistarskóli Íslands og Myndlista- og handíðaskóli Íslands eru grunnur þessa skóla, grunnurinn sem skólinn byggir á. Þegar við sem stundum nám í þessum skólum vorum að útskrifast var okkur sagt að nám okkar væri nám á háskólastigi. En nú virðist það vera orðið einhverjum vandkvæðum bundið fyrir það fólk sem útskrifast hefur úr þessum sérskólum að fá formlega viðurkenningu á því að gamla námið sé a.m.k. BA-gráða, að ekki sé talað um MFA-gráða sem það kannski ætti að vera þar sem námið var fjögur ár.

Ég tel að það hljóti að verða að taka aðeins til í þessum málum því að nýverið gekk Leikarafélag Íslands, sem er nýtt félag leikara við Þjóðleikhúsið, var áður deild í Félagi íslenskra leikara, inn í BHM á þeim forsendum að nú væri öll nýliðun í stéttinni með háskólapróf. Það er auðvitað von Félags íslenskra leikara í náinni framtíð að aðrar deildir Félags íslenskra leikara muni fylgja í kjölfar Þjóðleikhúsleikaranna og ganga til liðs við BHM.

Ég geri ráð fyrir að hæstv. menntamálaráðherra hafi fengið inn á sitt borð einhverjar vangaveltur frá því fólki sem í hlut á í þessum efnum og tel þess vegna að það sé sjálfsagt og einboðið að hér sé borin upp spurning af þessu tagi, þ.e. á hvern hátt þetta fólk sem útskrifað er úr gömlu sérskólunum er metið í hinu opinbera kerfi og hvernig því fólki er gert kleift að sækja um framhaldsnám í háskólum á erlendri grund.

[14:35]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Eins og kom fram í máli hv. þm. og fyrirspyrjanda, Kolbrúnar Halldórsdóttur þá var Listaháskóli Íslands settur formlega á fót árið 1998 með Leiklistarskólanum og fleiri skólum sem síðan urðu að Listaháskólanum. Hann byggði í fyrstu starfsemi sína á grunni gamla Myndlista- og handíðaskóla Íslands og síðan, eins og hv. fyrirspyrjandi kom ágætlega inn á og fór yfir tók hann yfir starfsemi Leiklistarskólans og frá þeim tíma útskrifaði Listaháskólinn nemendur með viðurkenndar prófgráður á listasviði á þessum fræðasviðum, annars vegar BA-gráðu í myndlist og svokallaða BFA-gráðu í leiklist.

Hvað varðar fyrirspurn hv. þingmanns finnst mér vert að það komi fram í upphafi að menntamálaráðuneytið metur ekki sérstaklega nám listamanna sem luku burtfararprófi úr gömlu sérskólunum. Sú menntun sem þessir skólar veittu hefur hingað til algjörlega staðið fyrir sínu. Hins vegar hafa ráðuneytinu í gegnum tíðina borist erindi frá nemendum þessara gömlu sérskóla um hvert sé mat á námi þeirra eftir að Listaháskólinn tók til starfa. Í flestum tilfellum hefur verið um að ræða nemendur sem hyggjast fara erlendis í nám eða stunda viðbótarnám hér á landi. Menntamálaráðuneytið hefur ætíð tekið málaleitan þessara nemenda mjög vel og gert allt til þess að greiða götu þeirra. Hafi nemendur óskað eftir því hefur ráðuneytið skrifað bréf þar sem skýrt er hver staða þessara skóla hafi verið á háskólastiginu á sínum tíma og að þriggja eða fjögra ára nám í þessum sérskólum jafngildi að lengd og einingum BA- eða BFA-prófi. Slík yfirlýsing eða staðfesting hefur dugað þessum nemendum til áframhaldandi náms bæði innan lands og erlendis fram til þessa og ég efast ekki um að það muni vera framvegis þannig. Við tökum náttúrlega ávallt vel á móti svona beiðnum og reynum að greiða götu þeirra nemenda sem vilja halda áfram námi sem að sjálfsögðu er fagnaðarefni. Ég vona að þetta svar mitt sé þá til þess að uppfylla fyrirspurn hv. þingmanns.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir þessi svör, þau voru skýr og greinargóð. Það er sem sagt alveg ljóst eftir því sem hæstv. ráðherra upplýsir okkur hér um að þeir sem hafa próf úr gömlu skólunum fái hjá menntamálaráðuneytinu þá viðurkenningu að þeir hafi stundað nám á háskólastigi sem jafngildi þá að lengd og einingum þeim gráðum sem um ræðir. Ég held að það fólk sem stendur þarna úti og bíður eftir þessum óyggjandi svörum geti þá glaðst, því ég heyri ekki betur en hæstv. ráðherra sé búin að staðfesta það sem þetta fólk hefur eðlilega haldið, að gömlu skólarnir hafi verið á háskólastigi þó svo að þeir hafi heitið öðrum nöfnum áður en Listaháskóli Íslands varð til.

Að öðru leyti vil ég síðan bara segja það að Listaháskóla Íslands óska ég auðvitað héðan úr þessum ræðustóli alls hins besta. Þar er skapandi starf í gangi og mér fannst ágætt að taka hérna eina línu sem er tekin úr manifestó í leiklistardeild Listaháskólans sem hvatningu til hæstv. menntamálaráðherra, kannski sérstaklega í þessum erfiðu málum sem fram undan eru og háskólamálið sem var rætt hér áðan er kannski eitt af þeim.

Manifestó leiklistardeildar Leiklistarskóla Íslands hljóðar upp á nokkra skemmtilega punkta og einn sem ég hef valið hér að senda til okkar hér, þingheims alls, er þessi:

„Við erum framsækin, forvitin og höfum frumkvæði."

Það er auðvitað það sem listnemar hafa borið út úr skólunum inn í samfélagið og ég held að það sé mikilvægt að stjórnmálamenn hafi á takteinum sömuleiðis þessa eiginleika.

Umræðu lokið.

Jarðskjálftaupplýsingar í Ríkisútvarpinu.

Fsp. MÞH, 603. mál. — Þskj. 887.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að bera fram fyrir-

spurn til hæstv. menntamálaráðherra um jarðskjálftaupplýsingar í Ríkisútvarpinu. Tilefnið er að mánudaginn 6. mars, rétt fyrir klukkan hálfþrjú, reið yfir allsnarpur jarðskjálfti, rétt tæp fimm á Richter sem átti upptök sín við Krísuvík skammt sunnan Hafnarfjarðar. Þessi jarðskjálfti fannst mjög vel víða um land, ekki síst hér við Faxaflóa en líka austur fyrir Fjall, austur í sveitir, allt austur á Hvolsvöll og að sjálfsögðu um Reykjanes.

Ég var sjálfur staddur á skrifstofu minni þegar þessi ósköp dundu yfir og fyrstu viðbrögð mín voru að leita eftir upplýsingum um það hvað hefði gerst. Það er alltaf þannig, virðulegi forseti, þegar svona hlutir eiga sér stað þá reynir maður nú yfirleitt fyrst að átta sig á því hvað er á ferðinni. Ég upplifði þetta þannig eins og það hefði hugsanlega orðið eitthvert stórslys hér í miðborg Reykjavíkur, mikil sprenging, flugslys eða eitthvað þess háttar eða þá jarðskjálfti. Ég fór á Ríkisútvarpið eins og manni hefur verið kennt frá því í barnæsku til að leita eftir fréttum þar og taldi víst að þar væri fréttir að finna. Ég reyndi líka á netinu, netsamband lá meira og minna niðri, sennilega vegna þess að það voru fleiri en ég að leita að upplýsingum. Ég kveikti líka á sjónvarpinu en þar var bara stillimynd. Ég heyrði sem sagt ekkert á Rás 1 í Ríkisútvarpinu, ég sá ekkert um þetta í sjónvarpinu hvað hér hefði hugsanlega verið á ferðinni, netið lá nánast niðri.

Síðar fékk ég að vita að þetta hafi verið jarðskjálfti en það var eingöngu gert á Rás 2 Ríkisútvarpsins að því er ég best veit. Það var ekki fyrr en sennilega kortér fyrir þrjú að ég fann fyrstu fréttir um hvað gerst hafði og það var þá á fréttastöðinni NFS sem hafði þá farið í loftið með útsendingu þar sem fréttamaður og síðan veðurfræðingur, sem ég held að sé líka menntaður jarðfræðingur, sögðu almenningi frá því að þetta hefði verið jarðskjálfti.

Ég kem hér til að spyrja hæstv. ráðherra um tímasetningar, af því að hæstv. menntamálaráðherra ber jú ábyrgð á Ríkisútvarpinu:

1. Klukkan hvað var fyrst upplýst um jarðskjálftann sem átti upptök sín við Krísuvík 6. mars sl., á Rás 2 Ríkisútvarpsins?

2. Klukkan hvað voru fyrstu upplýsingar um skjálftann settar á vefsíðu Ríkisútvarpsins og á textavarp þess?

3. Klukkan hvað var fyrst tilkynnt um skjálftann í sjónvarpsútsendingu Ríkisútvarpsins og þá með hvaða hætti?

4. Og síðast en ekki síst hvenær og klukkan hvað voru fyrstu fréttir eða (Forseti hringir.) upplýsingar um þennan jarðskjálfta á Rás 1?

[14:43]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur lagt fyrir mig fyrirspurn sem kemur fram á þskj. 887 um jarðskjálftaupplýsingar í Ríkisútvarpinu. Ég sendi þessa fyrirspurn upp í útvarp og þaðan bárust eftirfarandi svör, með leyfi forseta:

„Upplýst var um jarðskjálfta sem átti upptök sín í Krísuvík 6. mars sl. á Rás 2 Ríkisútvarpsins. Dagskrá Rásar 2 var rofin einni mínútu og 43 sekúndum síðar þar sem sagt var frá skjálftanum eða klukkan 14:33 og 37 sekúndum síðar. Fréttamaður sagði aftur frá skjálftanum þremur mínútum og einni sekúndu síðar og þá var klukkan 14:36 og 38 sekúndum betur. Þriðja frásögnin á Rás 2 var um ellefu mínútum þar á eftir, klukkan 14:47 og 40 sekúndum betur."

Þá spurði hv. þingmaður einnig hvenær fyrstu upplýsingar um skjálftann hefðu verið settar á vefsíðu Ríkisútvarpsins og á textavarp þess og svar við því er:

„Tilkynning um skjálftann var skrifuð í textavarpið og á vef Ríkisútvarpsins um tveimur mínútum eftir að hans varð vart klukkan 14:33. Klukkan 15:09 og 45 sekúndum betur var tilkynnt um skjálftann með textaborða í sjónvarpinu og voru fluttar fréttir af skjálftanum á Rás 1 í útvarpsfréttum klukkan 15."

Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn sem ég tel bæði skemmtilega og áhugaverða en mikilvæga. Hún er mikilvæg fyrir þær sakir að það er brýnt að Ríkisútvarpið haldi uppi þessari almannaþjónustu sem við gerum kröfu til. Það mál sem snertir Ríkisútvarpið og breytingu þess yfir í hlutafélag verður hér til umræðu síðar á þinginu. En það skiptir miklu máli að það geti rækt almannaþjónustuhlutverk sitt og öryggishlutverk ekki síður sem við munum væntanlega lögfesta í fyrsta sinn að það gegni öryggishlutverki. Ég efa það ekki heldur að m.a. í ljósi þessarar fyrirspurnar hv. þingmanns muni þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem hlut eiga að máli fara gaumgæfilega yfir atburðina og atburðarásina og meta hvort hægt sé að gera hlutina betur. Það verður að sjálfsögðu sjálfstætt mat þeirra sem hjá Ríkisútvarpinu starfa.

[14:45]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin. Ég fylgdist aðeins með þessu máli þann dag sem jarðskjálftinn varð einmitt vegna þess að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson tók þetta upp í óundirbúinni fyrirspurn en þá hafði verið sagt frá þessu á öllum þeim stöðum sem menntamálaráðherra upplýsti hér áðan.

Þegar um svona mál er að ræða þarf að meta það í hverju tilviki, það er fréttamannanna hjá útvarpinu að meta það í hverju tilviki, hvernig hæfilegt er að segja frá. Það á ekki að segja frá tiltölulega litlum, vægum jarðskjálfta eða öðrum náttúruhamförum með þeim hætti að fólk sé sett í spennu, ugg og ótta. En það á auðvitað að gæta þess að fréttaflutningur sé þannig að menn viti af.

Ég tel, að fengnum þessum upplýsingum, að fréttamenn Ríkisútvarpsins hafi staðið sig óaðfinnanlega í þessu máli og mér finnst skrýtið að menntamálaráðherra skuli ekki taka undir það.

Rétt er hins vegar að vekja athygli á því að eftir að sú háeffun hefur farið fram sem menntamálaráðherra vill er Ríkisútvarpinu ekki skylt að svara þeim (Forseti hringir.) spurningum sem hv. þingmaður bar hér eðlilega fram.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin. Ég verð þó að segja að ég er ekki alveg sammála síðasta ræðumanni um að Ríkisútvarpið hafi staðið sig óaðfinnanlega í þessu máli. Ég tel að Ríkisútvarpið hafi alls

ekki staðið sig nægilega vel í málinu.

Þegar svona atburðir gerast er þörfin fyrir upplýsingar mjög mikil. Fólk finnur fyrir óöryggi og fólk vill fá að vita strax hvað var á ferðinni. Við verðum að athuga það að við búum í þannig landi þar sem við getum átt von á að miklar náttúruhamfarir geti gerst nánast hvenær sem er. Ég minni á að nú um helgina var mjög viðamikil björgunaræfing á Suðurlandi, Bergrisinn, þar sem æfð voru viðbrögð við Kötlugosi. Það eru miklar eldstöðvar í grennd við höfuðborgarsvæðið, allt umhverfis höfuðborgarsvæðið ef svo má segja, þannig að ég hygg að þegar slíkt gerist, ég tala nú ekki um þegar um er að ræða jafnsterkan jarðskjálfta og þarna varð, beri Ríkisútvarpinu hreinlega skylda til að upplýsa almenning um hvað sé á ferðinni með öllum tiltækum ráðum. Það er ekki boðlegt að bíða með það í hálftíma að tilkynna um svona lagað, til að mynda á jafnmikilvægri útvarpsrás og Rás 1. Það er alls ekki boðlegt.

Ég held að þessi atburður eigi að verða til þess að Ríkisútvarpið og almannavarnayfirvöld verði látin fara yfir þessa hluti eina ferðina enn þannig að við verðum almennilega undirbúin næst þegar slíkt gerist. Það er nú svo að þegar svona ósköp hafa dunið yfir þá er fólk þegar orðið hrætt og það verður ekki hræddara við að fá réttar upplýsingar. Það er alveg á hreinu. Þessu máli verður að fylgja eftir. Ég mun sjálfur gera það og hef þegar gert með því að leggja fyrirspurn fyrir hæstv. dómsmálaráðherra sem ég bíð í eftirvæntingu eftir að fá svör við við síðara tækifæri.

Umræðu lokið.

Kvennaskólinn á Blönduósi.

Fsp. JBjarn, 605. mál. — Þskj. 889.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um málefni húss Kvennaskólans á Blönduósi:

1. Hvaða áætlanir hefur ráðherra um framkvæmd mjög svo brýnna endurbóta og viðgerða á hinu fallega og fornfræga húsi Kvennaskólans á Blönduósi sem er að 2/3 í eigu ríkisins og liggur undir skemmdum?

2. Hefur ráðherra hugleitt hvernig stjórnvöld geti komið að því með beinum hætti ásamt heimaaðilum að finna Kvennaskólahúsinu verðugt hlutverk sem nýtt geti hin miklu húsakynni og jafnframt haldið sögu þess og reisn á lofti?

Kvennaskóli Húnvetninga rekur sögu sína aftur til árdaganna á Undirfelli í Vatnsdal 1879 en það hús sem hér um ræðir og stendur reisulegt á bökkum Blöndu var byggt að meginhluta á árunum 1911–1912. Það er teiknað af Einari Erlendssyni, byggingameistara í Reykjavík, í samráði við Jón Þorláksson, þáverandi landsverkfræðing. Húsið er tvær hæðir, kjallari og ris. Byggt hefur verið við húsið nokkrum sinnum á tímabilinu.

Kvennaskólahúsið fellur að nokkru undir húsfriðunarlög sem slíkt og einnig lúta verk Einars Erlendssonar vissum friðunarákvæðum í samráði við húsfriðunarnefnd. Meðan reglubundið skólahald var í húsinu var því jafnan vel við haldið og allt fram til ársins 1974 var það viðhald gott. Það var fastur liður á vorin eftir að skólahaldi lauk að gera við það sem þurfti og gera þær endurbætur sem þurfti.

Eins og áður sagði lagðist skólahald af 1979 og frá 1980 var fyrst Fræðsluskrifstofa Norðurlands vestra þar til húsa og seinna skólaskrifstofa. Textílsetur Íslands hefur nú aðsetur í húsinu og eru vonir bundnar við aukin umsvif á þess vegum. Þá er og hið stórmerka heimilisiðnaðarsafn á Blönduósi í nýjum húsakynnum við hlið Kvennaskólans.

Í viðtali við Morgunblaðið 23. júlí sl. sumar segir Valgarður Hilmarsson, oddviti á Blönduósi, að viðræður við menntamálaráðuneytið standi nú yfir um viðhald á húsinu en orðrétt er vitnað til oddvitans:

„Byggingin er farin að láta verulega á sjá. Húsið er illa farið að utan og nauðsynlegt að gera við steypuskemmdir og mála það. Þá þarf einnig þarf að skipta um frárennslisrör og rafmagnslagnir."

Þetta er mjög hógværlega til orða tekið, frú forseti, því að á ýmsum sviðum er því orðið mjög ábótavant. Á fjárlögum þessa árs er lögð til 1 millj. kr. til úttektar á húsinu og til endurbóta. Gefur augaleið að þessi upphæð er allt of lág til að hægt sé að ráðast í afar brýnar endurbætur á húsinu. Málefni Kvennaskólahússins eru búin að vera til umfjöllunar í fjárlaganefnd og á Alþingi í nokkur ár án þess að úr hafi verið bætt. Þess vegna beini ég fyrrgreindum fyrirspurnum til hæstv. menntamálaráðherra.

[14:52]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég mun svara báðum hlutum fyrirspurnarinnar í einu þar sem ég tel nokkuð erfitt að svara fyrri hlutanum án þess að koma inn á seinni partinn. Kvennaskólinn er, eins og hv. þingmaður kom inn á, reisulegt hús sem stendur á fallegum stað og með afar merkilega sögu. Ástand hússins, sem er að u.þ.b. 75% hluta í eigu ríkisins, er áhyggjuefni en nýting og ráðstöfun skólabyggingarinnar hefur verið til skoðunar í menntamálaráðuneytinu á undanförnum árum.

Hús Kvennaskólans eru fjögur. Í fyrsta lagi skólahús, u.þ.b. 900 fermetrar, eldri hlutinn er byggður 1911 en viðbyggingin 1934. Í öðru lagi er geymslu- og verkstæðishús upp á 312 fermetra sem byggt var 1968. Í þriðja lagi kennarabústaður, 127 fermetrar, byggður 1965. Og í fjórða lagi kennarabústaður upp á 147 fermetra sem byggður var 1967. Íbúðarhúsin eru bæði í þokkalegu standi þótt vissulega þarfnist þau nokkurs viðhalds og eru að líkindum ágætis markaðsvara, enda standa þau á afar skemmtilegum lóðum á Blöndubökkum. Geymslu- og verkstæðishúsið lætur ekki mikið yfir sér en er þó í sæmilegu standi sem slíkt, en skólahúsið sjálft er að mörgu leyti illa farið hið innra og stenst engan veginn þær kröfur sem gerðar eru í gildandi reglugerðum um brunavarnir o.fl. enda hefur það lítið viðhald fengið síðan skólahald var lagt af árið 1978.

Hugmyndir um hvernig standa á að endurbótum á húsinu eru nátengdar hugmyndum um hvaða hlutverk megi finna húsinu en allar slíkar áætlanir og hugmyndir verða ekki til nema í nánu samráði við heimamenn. Á árinu 1996

gerði ráðuneytið leigusamning við héraðsnefndina og samkvæmt honum tók héraðsnefndin að sér rekstur og umönnun húseigna skólans. Á þessum tíma stóð til að nefndin leysti til sín eignarhluta ríkisins með einhverjum hætti en af því varð aldrei. Þessi samningur var framlengdur tvisvar eða þrisvar og þótt hann sé útrunninn nú er í raun enn eftir honum farið.

Vorið 2002 var héraðsnefndinni og/eða Blönduósbæ boðið að leysa til sín ríkishlutann á málamyndaverði. Því boði var hafnað. Vorið 2003 varð svo að samkomulagi að auglýsa eignirnar til sölu. Nokkur tilboð bárust, öll fremur lág, og var þeim öllum hafnað, einkum vegna þess að héraðsnefndin hafði ekki trú á áformum þáverandi hæstbjóðanda. Síðan hefur það nokkrum sinnum verið ámálgað við héraðsnefndina hvort ekki sé tímabært að auglýsa aftur en því hefur verið tekið fremur dauflega.

Héraðsnefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur sett fram hugmynd um að stofna eignarhaldsfélag um skólahúsin sem hafi það hlutverk að gera við þau og leigja þau síðan sjálfseignarstofnun um rekstur Textílseturs Íslands. Þær hugmyndir eru nú til skoðunar í ráðuneytinu og er ekki að efa að Textílsetrið gæti orðið menningar- og þjóðþrifastofnun og nátengd þessu svæði. Það sem helst stendur í mér er að 75% þátttaka ríkisins í eignarhaldsfélagi um rekstur húsa Kvennaskólans á Blönduósi kallar á tugmilljónaútgjöld til viðgerðar strax í byrjun og viðvarandi viðhaldskostnað til fyrirsjáanlegrar framtíðar. Það sem ég hef helst verið að skoða, frú forseti, eru hugmyndir um að bjóða héraðsnefndinni að eignast hlut ríkisins í húsunum á málamyndaverði eða jafnvel án endurgjalds og yrði þá litið til fordæmis frá fyrri árum þegar Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði var afsalað til Ísafjarðarbæjar. Síðan mætti að sjálfsögðu kanna hvort ríkið gæti í framhaldi af því komið að endurbyggingu hússins með styrkveitingum af einhverju tagi.

[14:56]

Jóhanna Erla Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Okkur Húnvetningum þykir ofur vænt um Kvennaskólann á Blönduósi og einnig Heimilisiðnaðarsafnið sem stendur þar við hliðina og því fagna ég fyrirspurn hv. þm. Jóns Bjarnasonar til menntamálaráðherra.

Ein milljón var lögð til hússins til endurbóta og úttektar og er náttúrlega auðséð að það er ekki nándar nærri nóg. Ég hvet því hæstv. menntamálaráðherra til að gera allt sem í hennar valdi stendur til að fjármagna endurbætur og viðgerð á kvennaskólanum.

[14:57]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Hér hreyfir hv. þm. Jón Bjarnason mjög merkilegu máli. Það er í raun og veru nátengt öðru máli sem við fjöllum um í dag, þ.e. um gamla héraðsskólahúsið á Laugarvatni. Þessum húsum öllum fylgja gríðarlega miklar tilfinningar. Þau eru merkileg fyrir byggingarlistina á Íslandi og þeim fylgir líka merkileg saga. Hvað varðar húsmæðraskólana á Íslandi þá hreyfði ég því máli fyrir nokkrum árum og spurði hvað orðið hefði af öllum þeim listaverkum sem fylgdu þessum húsum og menn hafa ekki getað svarað því. Það hefur ekki verið passað nægilega vel upp á það, a.m.k. í sumum þessara húsa, hvað orðið hefur af gríðarlega mörgum gjöfum sem gefnar hafa verið, listaverkum, handverki og þess háttar. Við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að finna þessum húsum verkefni. Spurningin er (Forseti hringir.) að finna þau verkefni.

[14:58]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að svara hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni þar sem hann talar um að ekki sé vitað hvað varð um muni húsmæðraskólanna. Það er alrangt. Ég átti sæti í nefnd sem Sigurður Helgason var formaður fyrir og Sigrún Magnúsdóttir var í þeirri nefnd líka. Skráðir hafa verið allir munir húsmæðraskólanna í landinu. Það er allt tryggilega frá gengið og til mikils sóma. Það var mikið starf undir forustu Sigurðar Helgasonar, þannig að fyrir því er séð. Mér þótti gott það svar sem hæstv. ráðherra gaf hér áðan og ég held að það sé einmitt mjög mikilvægt að heimamenn eignist þetta hús og komi þar upp starfsemi sem hentar samfélaginu þar.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu og hinn hlýja hug til málsins, sem kemur fram hjá öllum hv. ræðumönnum og þar með hæstv. ráðherra, og til húsmæðraskólanna, kvennaskólanna sem störfuðu hér á landi og eiga um aldargamla starfssögu og ríflega það og hafa lagt gríðarlega mikið til menningarlífs og fræðslustarfs í landinu. Þess vegna eigum við ekki að kinoka okkur við að halda þessum merku húsum við, þessum stóru, reisulegu húsum sem setja mikinn svip á byggðarlagið og standa jafnframt vörð um og sýna þá merku og miklu sögu sem þau hafa að geyma.

Það þarf að taka Kvennaskólahúsinu á Blönduósi tak. Það er erfitt að ræða um framtíðarhlutverk þess, það er út af fyrir sig sjálfstætt mál, en ábyrgðin á að halda því við, endurbæta það og gera það nothæft, er alveg óbreytt því það getur ekki verið vilji okkar að þessi hús drabbist fullkomlega niður. Þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til að axla þá ábyrgð, eigendaábyrgð sem er 75% í húsinu, en einnig ábyrgð á sögulegu og menningarlegu hlutverki þess, og beita sér fyrir því að gert verði við húsið þannig að það sé hæft til að hýsa þar starfsemi og koma þá jafnframt að því með heimamönnum að finna því verðug hlutverk sem eru til, þar er nú textílsafn o.fl., en losa (Forseti hringir.) sig ekki undan ábyrgðinni með því að vera að gefa húsið frá sér, heldur axla hana og gera húsið upp.

Umræðu lokið.

Efni frá svæðisdeildum á vef Ríkisútvarpsins.

Fsp. KLM, 625. mál. — Þskj. 918.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Á þskj. 918 hef ég leyft mér að leggja

fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra sem er um efni frá svæðisdeildum á vef Ríkisútvarpsins:

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Stendur til að hægt verði að hlusta á svæðisfréttir og fleira efni svæðisdeilda Ríkisútvarpsins á vef þess eins og annað innlent efni Ríkisútvarpsins?

Virðulegi forseti. Það vita sennilega margir og nota sér þau miklu þægindi að geta farið inn á vefi Ríkisútvarpsins, Stöðvar 2 eða annarra ljósvakamiðla, fara þar allt að hálfan mánuð aftur í tímann og ná sér í fréttir eða annað efni sem flutt hefur verið, sama hvort það er í útvarpi eða sjónvarpi.

Þetta eru geysilega mikil þægindi og það var ástæðan fyrir því að ég lagði þessa fyrirspurn fram. Sú fyrirspurn, virðulegi forseti, var lögð fram þriðjudaginn 14. mars sl. Síðan gerðist hið ánægjulega að mánudaginn 20. mars var hægt að fara inn á vef Ríkisútvarpsins og inn á það sem kallað er svæðisútvarps Norðurlands á Akureyri og hlusta á vefnum og það gerði ég einmitt.

Þá hljóðaði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Útvarp Norðurlands heilsar mánudaginn 20. mars. Elín Una Jónsdóttir og Karl Eskil Pálsson lesa norðlenskar fréttir og líta á norðlensk málefni næsta hálftímann eða svo."

Síðan kom veðurlýsing. Svo þar rétt á eftir, eftir að hið ljúfa stef o.fl. var spilað kom þetta:

„Gott kvöld. Í norðlenskum fréttum er þetta helst."

Og þar gat ég sem Norðlendingur hlustað á norðlensku fréttirnar á vef Ríkisútvarpsins. Það sem sagt hófst þarna nokkrum dögum eftir að ég lagði þessa fyrirspurn fram og vil eiginlega nota tækifærið hér strax og þakka fyrir hvað vel hefur verið brugðist við. En það eru fleiri svæðisstöðvar. Um leið og ég á þess kost að eiga hér orðastað við hæstv. menntamálaráðherra um þetta vil ég spyrjast fyrir um þær, því vonandi er þetta bara byrjunin og aðrar svæðisstöðvar Ríkisútvarpsins eins og á Austurlandi, Suðurlandi eða Vestfjörðum komi fljótlega á eftir.

Virðulegi forseti. Í lokin vil ég svo segja að þessi þjónusta Ríkisútvarpsins og ljósvakamiðlanna er til mikillar fyrirmyndar, að hægt sé að hlusta á fréttir úr heimahögum sínum hvar sem er, sama hvort menn eru staddir í Reykjavík, úti í Hong Kong eða vestur í Ameríku.

Spurningu minni hefur því í raun og veru verið svarað hvað þetta varðar en ég spyr um aðrar stöðvar um leið og ég þakka fyrir að svona svakalega vel skuli hafa verið brugðist við að þetta skuli koma aðeins sex dögum eftir að fyrirspurnin var lögð fram.

[15:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er margt til fyrirmyndar hjá Ríkisútvarpinu og sú þjónusta sem er veitt á vefnum er mjög góð og er í sífelldri þróun til þess að koma til móts við það hlutverk sem Ríkisútvarpið stendur fyrir og á að standa fyrir, þ.e. almannaþjónustuhlutverk og menningarhlutverk sem það reynir að rækja og rækta.

Ég hef spurst fyrir hjá Ríkisútvarpinu varðandi þessi málefni og m.a. í tengslum við umræðu sem var hér í vetur en þá barst m.a. athugasemd frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni varðandi þessi málefni. Þá kom í ljós að Ríkisútvarpið hefur í nokkurn tíma verið að reyna að þróa sig enn betur og meira inn á þetta svið. Það er ánægjulegt hversu vel hv. þm. Kristján Möller fylgist með, því þjónustan fyrir Norðurland batnaði einmitt töluvert með þessari góðu innkomu þann 20. mars.

Þetta er verið að þróa um allt land og það er tvímælalaust ætlun Ríkisútvarpsins að mjög fljótlega komi svæðisstöðvarnar inn á vefinn og þessa daga standa yfir prófanir sem munu væntanlega stuðla að því að þetta komist sem fyrst inn á vefinn, þessi annars ágæta þjónusta.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram. Það er mikilvægt eins og hjá henni hefur komið fram að almannaþjónustuhlutverki og þjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins verði vel sinnt eins og hér er verið að gera og vonandi verður innan skamms frá öllum svæðisstöðvum og þá verður þetta orðið til mikillar fyrirmyndar hjá Ríkisútvarpinu. Þetta segi ég, virðulegi forseti, vegna þess að það er auðvitað svo að Ríkisútvarpið er að sinna fréttum af landsbyggðinni — ég ætla að vona að ég geti sagt langbest án þess að móðga aðra — með svæðisstöðvum sínum og fréttariturum úti á landi, sem Stöð 2 lagði því miður niður á sínum tíma eftir að hafa verið mikið í gangi með bæði fréttaritara og myndatökumenn á landsbyggðinni. Að vísu er Stöð 2 að sjálfsögðu með verktaka sem geta myndað og tekið fréttir en fréttir svæðisútvarps og þjónusta svæðisútvarpanna er mjög góð og til fyrirmyndar. Það er auðvitað líka vegna þess að þeir fréttaritarar og starfsmenn sem þar vinna, fréttamenn, sinna sjónvarpi líka með myndatökum og öðru slíku.

Þetta er ákaflega mikilvægt, virðulegi forseti, að jafnt jákvæðar fréttir, og helst sem oftast jákvæðar fréttir, en því miður oft líka neikvæðar fréttir, séu fluttar af landsbyggðinni og það sé hægt að geta um allt það góða sem þar er sannarlega verið að gera, sama hvort það eru íþróttakappleikir eða menningarviðburðir eða annað slíkt. Íbúar landsbyggðarinnar eiga auðvitað að sitja við sama borð og íbúar höfuðborgarsvæðisins, að sagðar séu fréttir af því sem er að gerast.

Ég vil þakka fyrir það sem gert hefur verið og hvet hæstv. menntamálaráðherra til að ýta vel á eftir ef þess þarf til þess að allar svæðisstöðvar Ríkisútvarpsins muni bjóða upp á þessa góðu (Forseti hringir.) þjónustu sem farið er að veita frá Akureyri.

Umræðu lokið.

Gamla héraðsskólahúsið á Laugarvatni.

Fsp. ÍGP, 632. mál. — Þskj. 930.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. menntamálaráðherra. Laugarvatn er eitt merkasta mennta-

og menningarsetur landsins. Þangað hefur ungt fólk úr öllum landshlutum sótt sér menntun og þroska í gegnum tíðina. Þar dvöldu einnig einir fremstu listamenn þjóðarinnar á fyrri hluta síðustu aldar til listsköpunar svo sem Halldór Kiljan Laxness, Jóhannes Kjarval og fleiri svo dæmi séu nefnd.

Gamla héraðsskólahúsið er í raun tákn fyrir alþýðumenntun og þann stórhug sem ríkti á Íslandi þegar Jónas Jónsson frá Hriflu og aðrir kyndilberar og aflvakar alþýðufræðslu lyftu hér grettistaki til fræðslu, menningar og menntamála á Íslandi. Einn merkasti arkitekt landsins, Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, teiknaði skólann og við teikningu hússins sótti hann hugmyndir sínar í gömlu burstabæina eins og reyndar í margar byggingar sem hann teiknaði. Héraðsskólahúsið var tekið í notkun árið 1928.

Gamla héraðsskólahúsið á Laugarvatni má muna sinn fífil fegurri. Um áratugaskeið hefur þessi merkilega bygging verið í skammarlegri niðurníðslu. Hins vegar virðast bjartari dagar fram undan og er það vel. Afar brýnt er að taka verulega til hendinni og varðveita þetta merkilega hús og þær menningarminjar sem á Laugarvatni eru enda er húsið friðað að utan ásamt stigagöngum, svo merkilegt þykir það út frá menningarsögulegu sjónarmiði.

Brýnt er að verja árlega sambærilegri upphæð og nú hefur verið ákveðið að gera til þess að viðhalda þessu húsi. Auk þess er nauðsynlegt að finna húsinu viðeigandi hlutverk. Halldór Páll Halldórsson skólameistari og skólanefnd Menntaskólans á Laugarvatni hafa bent á mjög margar merkilegar hugmyndir hvað þetta varðar því auðvitað er mjög brýnt að það verði líf í þessu húsi áfram eins og var um árabil og er reyndar enn þá, en það þyrfti að glæða húsið enn þá meira lífi en nú er.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns beini ég fyrirspurn minni til hæstv. menntamálaráðherra og spyr:

1. Hvernig er gamla héraðsskólahúsið á Laugarvatni nýtt og hvaða hugmyndir eru uppi um notkun þess í framtíðinni?

2. Er fyrirhugað að leggja fé í endurnýjun og viðhald hússins? Ef svo er, hve mikið?

Má treysta því að það verði haldið áfram að viðhalda þessari merkilegu byggingu?

[15:12]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og skemmtilegan inngang, það er ágætt að finna hve miklar tilfinningar og mikill hlýhugur eru í garð þessa húss en sama kom reyndar fram áðan í annarri fyrirspurn gagnvart öðru gömlu og góðu húsi, Kvennaskólahúsinu á Blönduósi. Hér erum við að ræða gamla héraðsskólahúsið á Laugarvatni.

Fyrsta fyrirspurnin hljóðar þannig:

„1. Hvernig er gamla héraðsskólahúsið á Laugarvatni nýtt og hvaða hugmyndir eru uppi um notkun þess í framtíðinni?"

Notkun hússins hefur farið minnkandi á undanförnum árum eins og við þekkjum, einkum vegna þess að lengi hefur verið ljóst að rýma þyrfti húsið að verulegu leyti vegna viðgerða. Bókasafn menntaskólans er þar enn til húsa en fyrirhugað er að flytja það í aðalbyggingu menntaskólans á næstunni. Þá fer einnig fram talsverð kennsla í valgreinum menntaskólans og síðast en ekki síst eru í húsinu þrjár íbúðir sem nær stöðugt hafa verið í fullri notkun. Ýmsar hugmyndir um framtíðarnýtingu hússins hafa verið ræddar á undanförnum árum en engar ákvarðanir hafa enn verið teknar um það.

Með tilkomu nýs vegar milli Þingvalla og Laugarvatns má ætla að umferð um Laugarvatn aukist og jafnframt má ætla að með vaxandi byggð á staðnum breytist áherslur og auðveldara verði að fá húsinu nýtt hlutverk við hæfi og í samráði og samvinnu við sveitarstjórn eða aðra aðila sem láta sig framtíð hússins varða.

Síðan er spurt:

„Er fyrirhugað að leggja fé í endurnýjun og viðhald hússins? Ef svo er, hve mikið?"

Til þessa hefur fé til viðhalds héraðsskólahússins verið tekið af takmörkuðu viðhaldsfé menntaskólans og hefur viðleitnin því eingöngu beinst að því að forða húsinu frá skemmdum. Á þessu ári verður þar breyting á því að við gerð fjárlaga 2006 fékkst 40 millj. kr. fjárveiting til endurbóta á húsinu. Gerð hefur verið áætlun um framkvæmdir og er talið að í sumar verði að mestu hægt að ljúka viðgerðum utan húss fyrir það fé. Um er að ræða verulegar múrviðgerðir og málningu og einnig verða allir gluggar endurnýjaðir. Í áætlunum til fjárlaga 2007 er gert ráð fyrir áframhaldandi fjárveitingu til hússins og verður þá unnt að taka til við framkvæmdir innan húss sem eru mjög miklar.

Þess ber að geta að umrætt hús er friðað hvað varðar ytra útlit og einnig útlit inngangs og anddyris. Vegna þess má ætla að viðgerðir verði nokkuð flóknari, frú forseti, en ella mundi, bæði hvað varðar hönnun, verklag og efnisval en það dylst engum mikilvægi þess að viðhalda gömlum húsum. Nú loksins sjáum við fram á að geta hafið myndarlega endurreisn þessa gamla og góða húss.

[15:15]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til að fagna þeim tíðindum sem hæstv. menntamálaráðherra færði okkur hér að fengist hefðu 40 millj. kr. á fjárlögum til að fara í endurbætur á þessu merka húsi. Vonandi verður það til þess að þetta merka hús hafi þá fengið verðuga andlitslyftingu fyrir árið 2008 þegar það verður 80 ára gamalt.

Þetta er afskaplega merkileg bygging með mikla sögu og er á vissan hátt minnisvarði um þann stórhug sem ríkti á þessum árum. Mér finnst að þetta hús ætti að einhverju leyti að tengjast minningu Jónasar Jónssonar frá Hriflu. Hann er að mínu mati einn merkasti stjórnmálamaður okkar Íslendinga á liðinni öld. Mér finnst honum hvergi gert nógu hátt undir höfði í dag. Ég hef verið að kynna mér sögu þessa merka stjórnmálamanns á undanförnum mánuðum og ég hef fyllst mikilli aðdáun þegar ég hef lesið verk hans og kynnt mér störf hans og æviferil.

[15:16]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Héraðsskólahúsið á Laugarvatni er í rauninni táknmynd staðarins, þessa skólastaðar. Það er í burstabæjarstíl og teiknað af Guðjóni Samúelssyni, eins og kom fram hér, og er ein af gersemum í hópi gamalla húsa á Íslandi. Eins og kom fram hjá hæstv. menntamálaráðherra var afgreidd á fjárlögum í desember 40 millj. kr. fjárveiting til endurbóta á húsinu. Það er mjög mikilvægt að varðveita þetta hús og finna því ákveðið hlutverk. Ég hef heyrt að mjög margir hafi jafnvel áhuga á að kaupa húsið en ef það verður selt yrði náttúrlega alltaf að passa upp á að þær kröfur sem gerðar eru til friðunar húsa séu uppfylltar.

[15:17]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta merka hús á Laugarvatni er hluti af sterkri ímynd þess héraðs en auk þess líka menningarlífs landsins alls eins og við ræddum áðan um Kvennaskólahúsið á Blönduósi, sem er líka afar sterkur og mikilvægur þáttur í ímynd þess héraðs, bæði húsið sjálft, starfsemi þess á hverjum tíma, saga þess og sú menning sem það hefur að geyma. Þess vegna eigum við ekki að víla það fyrir okkur að halda þessum húsum við þannig að þau geti a.m.k. hið ytra borið fulla reisn og með ytri reisn verða þau líka aðdráttarafl fyrir öfluga starfsemi sem þar getur verið stolt til húsa. Allt fer þetta saman. (Forseti hringir.)

Ég tek því eindregið, frú forseti, undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram varðandi þessi hús og stöðu þeirra.

[15:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hafa fagnað því að nú á að fara að gera upp héraðsskólahúsið á Laugarvatni, gamla skólahúsið. Mér hefur fundist sorglegt að horfa upp á hvað það hefur verið í mikilli niðurníðslu undanfarið. Það er, eins og bent var á, tákn um alþýðumenntun og húsagerðarlist ákveðins tíma og setur svip sinn á Laugarvatn. Og í ljósi þess hve margir ferðamenn fara þarna um er mikilvægt að halda til haga og vernda hús eins og þetta þannig að það geti varpað ljósi á söguna og þá menningu sem blómstraði á Laugarvatni. Ég fagna því eins og aðrir að þarna eigi að gera bragarbót á og laga húsið en það ástand sem hefur verið á því undanfarið hefur eiginlega verið til skammar.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir greinargóð svör. Ég vil einnig þakka þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Loksins dönsuðum við í takt í þessum sal því að við vorum mjög samstiga, meira að segja vorum við, ég og hv. þm. Jón Bjarnason, samstiga. Það hefur nú komið fyrir að við stígum á tærnar hvor á öðrum en í þessu máli vorum við alveg samstiga og það finnst mér skipta miklu máli.

Eins og ég sagði í inngangi mínum eru uppi ýmsar mjög spennandi hugmyndir um notkun þessa húss og þær hugmyndir hefur skólameistarinn, Halldór Páll Halldórsson, og skólanefndin sett fram. Þeim hafði dottið í hug að þarna gæti t.d. orðið mennta- og menningarsafn Íslands þar sem sýnt væri allt frá farkennslu og fram til þess hvernig kennsla fer fram í nútímanum. Menn hafa velt fyrir sér hvort þarna gæti verið ráðhús fyrir uppsveitir Árnessýslu en til þess þarf auðvitað að sameina sveitarfélögin í uppsveitunum. Menn hafa líka velt fyrir sér hvort þarna ættu að vera fræðimannaíbúðir, listamannaíbúðir og þess háttar. Þarna hafa konur verið með svokallaða Gullkistu, konur hafa verið með mjög spennandi hugmyndir um að þarna gæti verið alþjóðlegt listasetur. Menn hafa líka velt fyrir sér hvort þarna gæti verið lúxushótel. Ekki hefði ég á móti því að þarna yrði reistur einhver minnisvarði um Jónas Jónsson frá Hriflu, en eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson kom inn á átti hann sinn stóra þátt í því að þetta hús var byggt á sínum tíma, og reyndar er minnisvarði á Laugarvatni um þann góða mann.

Ég fagna þessari umræðu og ég vonast til að það verði veitt árvisst framlag til þessa húss þannig að varðveita megi það til framtíðar því að það er eins og ég sagði í ræðu minni áðan tákn um alþýðumenntun á Íslandi.

Umræðu lokið.

[15:22]

Útbýting:

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, 685. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 1002.

Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, 686. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 1003.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, 687. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 1004.

Flutningur verkefna í heilbrigðisþjónustu út á land.

Fsp. JEP, 648. mál. — Þskj. 955.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Erla Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Ekki þarf að fara mörgum orðum um að atvinnuástand og atvinnuuppbygging á landsbyggðinni er forsenda byggðar utan höfuðborgarsvæðisins. Á síðustu árum hefur þróunin fremur orðið í þá átt að störf hafa tapast á landsbyggðinni með augljósum neikvæðum áhrifum á viðkomandi samfélög. Ný opinber störf hafa orðið til en þau hafa hlaðist niður á höfuðborgarsvæðinu. Skilningur stjórnvalda á þörfum landsbyggðarinnar er lífsnauðsynlegur til að samfélög utan höfuðborgarsvæðisins lifi af og nái að þróast til framtíðar. Þar skiptir hvert starf máli.

Þó hægt hafi miðað í flutningi starfa til landsbyggðarinnar lýsa einstaka ljós hér og þar. Á undanförnum missirum hafa hæstv. dómsmálaráðherra og hæstv. félagsmálaráðherra flutt störf á vegum ráðuneyta sinna út á land. Annars vegar hefur Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar verið flutt til Blönduóss og hins vegar Fæðingarorlofssjóður til Hvammstanga og Skagastrandar og það ber að þakka.

Til að gera grein fyrir hversu mikill ávinningur þetta er fyrir þessi svæði sem taka á móti nýjum störfum langar mig til að nefna hér þau áhrif sem þessi flutningur hefur haft á svæðið sem ég kem frá, þ.e. gamla Norðvesturland. Þegar það lá fyrir að störf Innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar og Fæðingarorlofssjóðs yrðu flutt á svæðið var ákveðið af hálfu svæðisráðs Svæðisvinnumiðlunar á Norðurlandi vestra að halda námskeið í skrifstofutækni til að undirbúa fólk sem vildi sækja um þessi störf. Fólk fylltist svo mikilli bjartsýni og kappi að um 80 manns sóttu námskeiðið. Í dag eru fimm námskeið í gangi, eitt á Skagaströnd, tvö á Blönduósi og tvö á Hvammstanga. Nú er verið að tala um u.þ.b. tíu störf á Blönduósi og u.þ.b. tólf störf á Skagaströnd og Hvammstanga. Stefnt er að því að útvíkka þetta svið og halda námskeið í skrifstofutækni, reikningshaldi og bókhaldi í framhaldinu. Einnig hafa ýmsir brottfluttir Húnvetningar spurst fyrir um þessi störf. Þetta sýnir okkur að áhugann vantar ekki á svæðinu heldur störfin.

Ákveðinn kostur er að úti á landsbyggðinni er minni starfsmannavelta, þ.e. minni hreyfing á starfsmönnum en víða í þéttbýli. Þeir sem búa úti á landi eru venjulega komnir til að vera og aðrir eru til sem vilja flytja út á land en hafa ekki atvinnumöguleika. Einnig má nefna að húsnæði er ódýrara en á höfuðborgarsvæðinu þannig að það ætti að laða að. Þetta ætti að leggjast á vogarskálarnar þegar talað er um kostnað.

Heilbrigðisstofnanir úti á landi eru allflestar vel í stakk búnar til að taka við fleiri verkefnum af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og því kemur þessi fyrirspurn til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem snýst um flutning verkefna í heilbrigðisþjónustu út á land.

[15:25]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt: „Hvaða verkefni og hve mörg störf á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og undirstofnana þess hafa verið flutt frá höfuðborgarsvæðinu út á land sl. 10 ár.“

Því er til að svara að á undanförnum árum hafa átt sér stað umfangsmiklar breytingar á skipulagi heilbrigðisþjónustunnar utan höfuðborgarsvæðisins. Í kjölfar sameiningar sveitarfélaga á Vestfjörðum voru Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og Heilsugæslustöðin á Ísafirði sameinuð öldrunarstofnunum og heilsugæslustöðvum á Flateyri og Þingeyri undir nafninu Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar sem tók til starfa árið 1998. Má segja að þetta hafi verið upphaf sameiningar stofnana á ákveðnum landsvæðum sem síðan hefur verið fylgt eftir í flestum landshlutum.

Í dag eru alls starfræktar 15 slíkar stofnanir á landsbyggðinni. Auk Vestfjarða hafa víðtækustu sameiningar heilbrigðisstofnana átt sér stað á Austurlandi, Norðurlandi eystra, Suðurlandi og Suðurnesjum. Nú er unnið að frekari sameiningu á Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Enn fremur er í væntanlegu frumvarpi til heilbrigðislaga gert ráð fyrir að landinu verði skipt upp í sjö heilbrigðisumdæmi og er gert ráð fyrir að ein heilbrigðisstofnun í hverju umdæmi muni verða þungamiðja heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu.

Þessar breytingar hafa stuðlað að ákveðinni hagkvæmni í rekstri heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni en jafnframt orðið til þess að styrkja þær á allan hátt, m.a. faglega. Ég vil nefna hér að heilbrigðisþjónustan úti á landi og þjónustan sem við veitum öldruðum er afar góð og m.a. talsvert betri gagnvart öldruðum og hjúkrun aldraðra en á höfuðborgarsvæðinu. Stærstu vinnustaðirnir á mjög mörgum stöðum úti á landsbyggðinni eru heilbrigðistengdir. Lögð hefur verið áhersla á það í gegnum árin að tryggja stöðuga heilbrigðisþjónustu um allt land. Ég tel því, virðulegur forseti, að heilbrigðisþjónustan sé að vissu leyti mikið landsbyggðarmál. Fjöldi starfa tengist heilbrigðisþjónustunni og þetta eru störf sem oft og tíðum eru frekar hátt launuð í þessum samfélögum þannig að heilbrigðisþjónustan er á margan hátt mikilvægt byggðamál.

Ég vil líka geta þess að Miðstöð sjúkraflugs hefur verið komið upp á Akureyri og sömuleiðis hefur Sjúkraflutningaskólinn verið færður þangað þannig að sú starfsemi hvor tveggja tengist þessu talsvert, bæði Miðstöð sjúkraflugs og Sjúkraflutningaskólinn.

Einnig er spurt: „Er á döfinni að flytja fleiri verkefni á vegum ráðuneytisins frá höfuðborgarsvæðinu?“

Því er til að svara að á þessari stundu eru ekki uppi sérstök áform um að flytja einstakar stofnanir frá höfuðborgarsvæðinu út á land en hins vegar má vel vera að svo verði í ljósi framfara í upplýsingatækni og fleiri þátta að einhverjar stofnanir eða einstök svið þeirra verði flutt út á land en það er ekkert sem ég get nefnt á þessari stundu, en að sjálfsögðu munum við hlusta á allar góðar hugmyndir.

Ég ítreka að heilbrigðisþjónustan er að vissu leyti byggðamál, við erum að þjónusta fólk sem á vissulega rétt á þeirri þjónustu, en þetta eru stöðug störf og góð störf og að mörgu leyti frekar vel launuð.

[15:29]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Erlu Pálmadóttur fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi. Þetta skiptir afskaplega miklu máli og það er rétt sem hæstv. heilbrigðisráðherra sagði áðan að þetta eru oftast stærstu vinnustaðirnir á landsbyggðinni, þ.e. öldrunarþjónustan, hjúkrunarheimilin og sjúkrahúsin á landsbyggðinni. Ég vil nefna eitt enn og það er Náttúrulækningastofnunin í Hveragerði sem er með miklu ódýrari vistunarpláss en stóru sjúkrahúsin sem skiptir miklu máli í endurhæfingunni. Það á að nýta þetta meira. Það á líka að nýta meira sjúkrahúsin í kringum höfuðborgarsvæðið þar sem hægt er veita ódýrari þjónustu. Það þurfa ekki allir að fara inn á hátæknisjúkrahús og það eru mikil sóknarfæri fyrir staði eins og Akranes, Selfoss og Keflavík að nýta sér slíkt.

[15:30]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil fyrst þakka hv. þm. Jóhönnu Erlu Pálmadóttur fyrir að vekja rækilega athygli á þessu máli hér og mikilvægi heilbrigðisstofnana úti um land. Við heyrum allt of mikið talað eins og að það séu bara tvær heilbrigðisstofnanir í landinu, Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri. Gott og vel er að efla það. En ég hef á tilfinningunni að sjúkrahúsin önnur séu eins og að detta niður á milli.

Við heyrðum hjá hæstv. ráðherra að sameiningarviðræður eru í gangi til hagræðingar. Ég er ekki sammála því að

það sé hentugt fyrir sjúkrahúsið eða heilbrigðisstofnunina á Hvammstanga, Blönduósi eða Sauðárkróki að vera lagða undir yfirstjórn Sjúkrahússins á Akureyri. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvaða áætlanir eru í gangi varðandi þessi minni sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir? Þau standa flest frammi fyrir niðurskurði á fjárlögum eða verða að berjast fyrir að halda óbreyttu fjármagni. Tökum dæmi af Hvammstanga. Hvaða svar hefur t.d. hæstv. ráðherra gefið sjúkrahúsinu á Hvammstanga gagnvart þeim niðurskurði sem þar er verið að beita?

[15:31]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það var hárrétt lýsing hjá hv. þm. Jóhönnu Pálmadóttur hvað atvinnuástandið úti á landsbyggðinni hefur mikil áhrif á þróun byggðar þar og hvort fólk geti yfirleitt hugsað sér að búa á ýmsum stöðum úti á landi. Heilbrigðisþjónustan ræður miklu um hvar fólk kýs að búa. Nú á ég sæti í nefnd sem hefur verið að endurskoða heilbrigðisþjónustulögin þar sem hugmyndin er að skipta landinu í ákveðin svæði. Ég tel að í þeirri skiptingu sem þar er lögð til, þar sem skilgreint er hvaða grunnþjónusta er í héraði, felist jafnframt ákveðin tækifæri fyrir landsbyggðina til að taka til sín aukin verkefni, m.a. endurhæfingu og eftirmeðferð sjúklinga sem hafa verið á stóru sjúkrahúsunum til meðferðar. Full ástæða er til ákveðinnar bjartsýni í þeim efnum að færa þjónustuna meira til fólksins í landinu.

[15:33]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að leggja orð í belg, m.a. vegna þeirrar framtíðarsýnar sem hæstv. ráðherra dró upp um skipulag heilbrigðisþjónustunnar um landið. Ég vara við þeim hugmyndum að ganga svo langt sem raun ber vitni í sameiningu stofnana. Það skapar alvarlegan vanda þegar starfsmaður getur ekki unnið lengur á stofnun vegna ósamkomulags við framkvæmdastjóra. Þá er viðkomandi starfsmaður þannig staddur að hann verður einfaldlega að flytja af svæðinu því hann getur ekki fengið vinnu hjá annarri stofnun. Þetta vandamál er þegar komið upp á höfuðborgarsvæðinu og óþarft að fara yfir það í löngu máli.

Annað sem ég vil nefna líka er sjúkraflugið sem nýlega var boðið út og ákveðið að miðstöð þess skyldi vera á Akureyri. Ég geri athugasemd við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að þjónusta Vestfirði frá Akureyri. Það eru ekki hagsmunir Vestfirðinga að sjúkraflug þeim til handa né sjúklinga frá Vestfjörðum til Reykjavíkur skuli þjónað með flugvél af Akureyri.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Erla Pálmadóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra svör hennar. Einnig þakka ég þá umræðu sem hér hefur orðið. Unnið hefur verið að því undanfarið að sameina sjúkrahús á landsbyggðinni eins og hefur komið fram, t.d. á Austurlandi og Vestfjörðum og víðar. Allt gott er um það að segja, en það á ekki alls staðar við. Þetta á t.d. ekki við á Norðurlandi, að okkur finnst. Vil ég fá að lesa upp ályktun sem samþykkt var á fundi Húnavatnshrepps 3. mars síðastliðinn þar sem tekið var fyrir erindi frá nefnd um endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu. Ég les hana upp máli mínu til staðfestingar, með leyfi forseta:

„Hugmyndir um stofnun að heilbrigðisumdæmum sem ná yfir heila landshluta, sem sagt allt Norðurland, mun minnka áhrif heimamanna á hverjum stað og er hætt við að þau góðu tengsl sem verið hafa á milli heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi og íbúanna á svæðinu muni rofna. Mjög óljóst er hvort nokkur fjárhagslegur ávinningur er af stækkun heilbrigðisumdæma. Ekki er sýnilegt að gæði þjónustunnar muni aukast við stækkun heilbrigðisumdæma."

Áhyggjur eru miklar vegna þessarar endurskoðunar á lögum um heilbrigðisþjónustu og langar mig til að spyrja hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hvaða möguleika hún sjái felast í þessum nýju lögum. Hvaða möguleika sér hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að efla heilbrigðisstofnunina á Blönduósi? Er ef til vill möguleiki að auka hvíldarinnlögn og endurhæfingu þar sem fjármagn fylgir?

[15:35]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tel að mikilvægt að sameina heilbrigðisstofnanir eins og við erum byrjuð að gera. Ég heyri þau rök sem eru tínd til gegn slíkri sameiningu og þau minna að mörgu leyti á rökin gegn sameiningu sveitarfélaga þó að sú sameining sé allt annars eðlis. En samt eru svipuð rök tínd til.

Ég tel að tækifæri felist í því að efla og stækka þessi heilbrigðisumdæmi og þar með fækka þeim eins og hér kom fram hjá hv. þm. Ástu Möller. Það eru tækifæri í því. Í heilbrigðisþjónustunni er sífellt gerð meiri krafa um bætta þjónustu og sérhæfðari. Heilbrigðisþjónustan er þess eðlis að menn vilja meiri sérhæfingu. Ég trúi ekki öðru en að þegar þingmenn hafa velt fyrir sér hagsmunum landsbyggðarinnar hljóti þeir að komast að þeirri niðurstöðu að með því að sameina stofnanir í stærri og sterkari einingar, þó að þær séu dreifðar, skapist tækifæri til sérhæfingar í slíku kerfi, í stað þess að hafa geysilega margar litlar heilbrigðisstofnanir sem mun erfiðara er að vinna með í samstarfi en ef þær væru undir einum hatti.

Við munum fá mjög gott tækifæri til að ræða þessi mál þegar frumvarp til heilbrigðislaga kemur fram. Ég vonast til að geta lagt það fram í vor. Það er verið að vinna í því núna, ekki til þess að láta samþykkja það heldur til að sýna frumvarpið og fá umræðu um það, senda það til umsagnar til að það fái að þroskast hérna. Það er alla vega mín trú að sóknarfæri felist í því að stækka heilbrigðisumdæmin þannig að ein heilbrigðisstofnun verði þungamiðjan í hverju umdæmi. Tafir á því munu einungis verða til skaða, ef eitthvað er, vegna þess að með stærri einingum er hægt að sérhæfa sig meira.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá voru tekin 14.–20. og 22.–27. mál.

Fundi slitið kl. 15:38.

96. FUNDUR

miðvikudaginn 29. mars,
að loknum 95. fundi.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 392. mál, þskj. 474, nál. 912, brtt. 913 og 914, rökst. dagskrá 990. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Bílaleigur, stjfrv., 379. mál, þskj. 435, nál. 939, brtt. 940. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Upplýsingaréttur um umhverfismál, stjfrv., 221. mál, þskj. 221, nál. 936, brtt. 937. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 365. mál, þskj. 419, nál. 973. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Faggilding o.fl., stjfrv., 361. mál, þskj. 403, nál. 988, brtt. 989. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, stjfrv., 456. mál, þskj. 681, nál. 982. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Þjóðlendur, stjfrv., 630. mál, þskj. 923, nál. 983. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.

Umræður utan dagskrár.

Geðheilbrigðisþjónusta barna og unglinga.

[15:39]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Umræða um þjónustu við börn og unglinga sem eiga við geðræn vandamál að stríða er víðfeðm og forræði málaflokksins er á margra höndum. Því verða málinu ekki gerð viðunandi skil í stuttri utandagskrárumræðu enda er tilgangur minn með þessari umræðu í dag að beina athyglinni að vanda fjölskyldna barna og unglinga með geðræna sjúkdóma vegna viðvarandi úrræðaleysis innan velferðarþjónustunnar. Hæstv. heilbrigðisráðherra ber þyngstu ábyrgðina og því skiptir höfuðmáli hvernig þjónustunni er háttað, þ.e. hvernig heilbrigðisþjónustan er byggð upp með tilliti til forvarna, nærþjónustu, sérfræði- og sjúkrahúsþjónustu og síðast en ekki síst þverfaglegrar vinnu og samstarfs stofnana innan og utan heilbrigðiskerfisins.

Hæstv. forseti. Nú eru liðin tíu ár frá því að sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskólanna. Við þá breytingu virðast hafa orðið nokkur vatnaskil við greiningu og meðferð barna með geðræna sjúkdóma, sérstaklega meðferð vægari sjúkdóma. Við breytinguna var gengið út frá því að sérfræðiþjónusta skóla sæi um ráðgjöf, forvarnir og greiningu á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum hafi þessir erfiðleikar áhrif á nám nemenda, en ríkið sæi um meðferð barna og unglinga með geðræn vandamál.

Sérfræðiþjónusta, þ.e. greining og meðferð vægari einkenna, stuðningur við foreldra og veikari börn, fór út úr skólunum án þess að vísað væri á viðeigandi heilbrigðisþjónustu eða úrræði. Það var enginn til að taka við boltanum og er það ekki enn tíu árum síðar. Afleiðingin hefur m.a. komið í ljós með mikilli aukningu umsókna á barna- og unglingageðdeildir Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Sum sveitarfélög hafa nú ákveðið að bjóða upp á þjónustu á þessu sviði þótt samkvæmt reglugerð sé óljóst hvort það sé í þeirra verkahring. Það eru eingöngu hin stærri og fjársterkari sveitarfélög sem geta tekið að sér aukna þjónustu við börn og unglinga sem eiga við geðræn vandamál að stríða og eykur það enn frekar á ójöfnuð fjölskyldna eftir búsetu. Þjónusta á þessu sviði er því ófullnægjandi vegna skorts á meðferðarúrræðum. Eins er mikil óreiða í skipulagi þessara mála.

Hæstv. forseti. Á Íslandi eru sjötíu þúsund börn og talið er að um 3–5% þeirra eða um fjögur þúsund börn séu með verulegar geðraskanir en meira en helmingi fleiri þurfa á tímabundinni aðstoð að halda. Hér á landi eru úrræði fyrir 0,6% barna á aldrinum 0–18 ára á öllu landinu. Til samanburðar má nefna að í Noregi og Danmörku eru úrræði fyrir um 2% barna á þessum aldrei. Hafa Danir frekar fjölgað meðferðarúrræðum en hitt. Því eru hér miklu færri pláss eða úrræði til að sinna þessum börnum.

Aukin lyfjanotkun barna og unglinga með geðraskanir veldur mörgum áhyggjum. Margar skýringar liggja að baki þessari þróun, m.a. hafa geðrænir sjúkdómar verið vangreindir allt fram á síðustu ár, en börn geta í dag fengið faglegri greiningu og meðferð með tilkomu fleiri sérfræðinga á þessu sviði. Önnur skýring er sú að heimilislæknar ávísi um of lyfjum þegar önnur úrræði eru ekki fyrir hendi. Hugsanlega væri hægt að draga úr ávísunum lyfja ef nægur stuðningur innan og utan skólakerfisins væri fyrir hendi fyrir þessar fjölskyldur. Geðheilbrigðisþjónustu barna hefur lítið verið sinnt á heilsugæslustöðvum hingað til þótt slíkt falli vel að hlutverki þeirra samkvæmt lögum. Ítrekað hefur verið bent á nauðsynlegar úrbætur og í því skyni voru gerðar lagabreytingar svo að hægt væri að ráða fleiri starfsgreinar inn á stöðvarnar og voru sálfræðingar nefndir sérstaklega í þessu sambandi.

Hæstv. forseti. En ekkert hefur gerst, hvorki fastráðningar né að gengið sé til samninga við sálfræðinga um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins. Mikið skortir á stuðning við foreldra barna með geðraskanir og telja þeir að allt of löng bið sé eftir þjónustu þegar börn hafa fengið viðeigandi greiningu eða hún fáist alls ekki. Starfsfólk á barna- og unglingageðdeildum er undir miklu álagi og ætti nýliðun lækna á þessu sviði að vera hæstv. heilbrigðisráðherra áhyggjuefni. Álag á sjálfstætt starfandi sérgreinalækna hefur aukist ár frá ári og hafa skapast erfiðleikar í þjónustunni þar sem einingafjöldi Tryggingastofnunar ríkisins hefur ekki fylgt þróuninni. Þessi staða hefur enn aukið erfiðleika fjölskyldna í brýnum vanda. Það er ekki ásættanlegt að þurfa að bíða í marga mánuði eftir tíma hjá barna-

og unglingageðlækni.

Hæstv. forseti. Ég hef lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra:

Telur ráðherra að geðheilbrigðisþjónusta barna og unglinga sé ásættanleg í dag? Ef ekki, hvaða þjónustu þarf að bæta? Hver er forgangsröðun innan ráðuneytisins í þessum málaflokki í dag? Er unnið að stefnumörkun á þessu sviði og ef svo er, hverjar eru helstu áherslur heilbrigðisráðherra í geðheilbrigðisþjónustu barna og unglinga? Að lokum: Hvað tefur viðbyggingu og endurbætur á húsakynnum BUGL við Dalbraut?

[15:44]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Spurt er: Telur ráðherra að geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga sé fullnægjandi? Því er til að svara að eðli heilbrigðisþjónustunnar er almennt þannig að það er ávallt erfitt að halda því fram að tilteknir þættir þjónustunnar séu fullnægjandi. Í geðheilbrigðismálum barna og ungmenna hefur hins vegar mikið verið gert á undanförnum árum og margt mjög vel gert. En við þurfum hins vegar að halda áfram að byggja upp þjónustuna. Vísbendingar eru um að vandi hafi aukist meðal tiltekinna hópa og þar þurfum við að beita okkur sérstaklega. Ég mun leggja áherslu á það í ráðuneytinu.

Í öðru lagi spyr hv. 10. þm. Norðaust. hvað það sé sem betur mætti fara. Við þurfum að halda áfram á þeirri braut sem hefur verið mörkuð og flytja þjónustuna við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra nær þeim sem þurfa á þjónustunni að halda. Ég heyri að við hv. þm. Þuríður Backman erum sammála um það.

Við þurfum á þeim vettvangi að grípa fyrr inn gagnvart þeim sem eiga við vandamál að stríða og það er einmitt þetta sem verið er að gera, t.d. á heilsugæslunni í Grafarvogi sem gæti orðið öðrum gott fordæmi, enda árangurinn af því starfi góður. Það er því ekki rétt að ekkert hafi verið gert. Þar er einmitt tilraunaverkefni innan heilsugæslunnar í gangi við að efla greiningarþjónustu og fyrstu meðferð og það verkefni lofar mjög góðu.

Einnig er verið að vinna á svipuðum nótum á Akranesi og Suðurlandi, þann þátt erum við að efla. Barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss er í ákveðnu lykilhlutverki á þessu sviði og þar þarf að efla þjónustuna t.d. með öflugri göngudeildarþjónustu og styrkja möguleika starfsmanna BUGL til að veita tiltekna þjónustu á landsvísu og styðja við bakið á þeim öðrum stofnunum sem sinna börnum. Síðan þarf að tryggja að legudeildirnar, barna- og unglingadeild, eflist og dafni.

Virðulegi forseti. Í þriðja lagi spyr þingmaðurinn hvaða vinna sé í gangi á þessu sviði. Undanfarin missiri hefur verið lögð mikil vinna í að bæta stöðu barna og unglinga með geðraskanir. Fyrir utan bein fjárframlög hefur verið lögð áhersla á bæði úttektir og stefnumótun. Tvennt vil ég nefna sérstaklega sem ég bind miklar vonir við, fyrir utan það sem ég nefndi hér að framan, og snýr það að aukinni þjónustu markvisst í heilsugæslunni. Sérstakur verkefnisstjóri var fenginn til að gera tillögur um hvernig samþætta megi þjónustu hinna ýmsu kerfa við börn og unglinga með geðraskanir á grundvelli úttektar sem hann gerði.

Nefnd um geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni skilaði fyrir stuttu tillögum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Tillögurnar og nefndarálitið má finna á heimasíðu ráðuneytisins en þar er gerð grein fyrir aðstæðum og helstu úrræðum á þessu sviði og bent á að forræði á geðheilbrigðismálum barna er margskipt. Tillögurnar eru raunhæfar og þeim má hrinda frekar hratt í framkvæmd og að því er stefnt. En þær eru þessar helstar:

Í fyrsta lagi eru tillögur sem lúta að því að tryggja börnum og forráðamönnum þeirra greiða leið að þjónustu og bæta samfellu þjónustunnar. Þar er gert ráð fyrir að stjórnendur stofnana skýri starfssvið stofnananna.

Í öðru lagi eru markmið sem lúta að því að tryggja börnum nauðsynlega þjónustu og koma í veg fyrir tafir í því sambandi. Tillögur undir því markmiði falla að því að efla heilsugæsluna með þverfaglegri nálgun nokkurra fagstétta og að sálfræðiþjónusta í skólum verði efld. Gert er ráð fyrir tenglakerfi innan heilsugæslunnar, svokallaðs „case manager" sem beri ábyrgð á hverju barni og fjölskyldunni.

Í þriðja lagi eru markmið sem lúta að bættu aðgengi barna og unglingageðdeildar á BUGL og styttingu biðlista þar. Tillaga þar lýtur að því að hraða framkvæmdum við nýbyggingu barna- og unglingageðdeildar.

Virðulegur forseti. Einnig er spurt hvaða vinna sé nú í gangi í heilbrigðisráðuneytinu á þessu sviði. Því er til að svara að það stendur yfir vinna við að hrinda framangreindum tillögum í framkvæmd. Þess utan vil ég nefna að sænskur sérfræðingur hefur verið fenginn að fara yfir málin í geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga. Sérfræðingurinn heitir Anders Milton og er þekktur í Svíþjóð fyrir störf sín á þessu sviði en hann var af hálfu sænsku ríkisstjórnarinnar fenginn til að gera úttekt á geðheilbrigðisþjónustu Svía. Hann mun fá nokkur vandamál til skoðunar sem hafa blasað hér við um nokkurt skeið og gera grein fyrir viðhorfum sínum og leggja fram hugmyndir sínar um hvernig megi bæta úr strax í sumar. Ég bind því talsverðar vonir við starf hans.

Þá tel ég einnig rétt að geta þess að áform um uppbyggingu á barna- og unglingageðdeild við Dalbraut hafi verið til skoðunar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Áformin gera ráð fyrir kostnaði við framkvæmd sem nemur um 680 millj. kr. en fyrsti áfanginn er nú sérstaklega til skoðunar. Miðað við þær upplýsingar sem við höfum tekið saman er búið að safna rúmum160 milljónum í þá framkvæmd.

Í fjórða lagi er spurt, hæstv. forseti: Er verið að vinna að stefnumörkun á þessu sviði? Og ef svo er, hverjar verða helstu áherslur í geðheilbrigðisþjónustu barna og unglinga? Ég vil nefna hérna sérstaklega að færa þjónustuna nær börnunum, þ.e. að efla hana á heilsugæslusviðinu.

[15:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Það eru nákvæmlega þrjú ár í þessum mánuði frá því að tillögur frá fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Jóni Kristjánssyni, voru samþykktar og sendar voru út fréttatilkynningar um að geðheilbrigðisþjónusta við börn og ungmenni skyldi hafa algjöran forgang. Tvennt átti að gera. Stækka og byggja við barna- og unglingageðdeildina og

auka göngudeildarþjónustu. Þetta var rétt fyrir síðustu kosningar. Ekkert hefur verið gert enn þá. Ég spyr: Voru þetta innantóm kosningaloforð? Þrjú ár eru liðin.

Aldrei í 35 ára sögu barna- og unglingageðdeildarinnar hefur verið annað eins álag á deildinni, segir yfirlæknirinn. Biðlistar hafa aldrei verið lengri en nú. Yfir 100 börn bíða eftir fyrstu komu á deildina en þar að auki eru langir biðlistar eftir innlögn.

Milli 70 og 80 börn bíða eftir iðjuþjálfun. Svona má halda áfram. Eftirspurnin eykst jafnt og þétt og deildin hefur ekki haft undan lengi vegna ónógra úrræða. Ekki er síður skortur á stuðningi og sérúrræðum utan deildarinnar. Læknar deildarinnar hafa nú séð sig knúna til að skrifa ráðherra bréf og krefjast þess að gripið verði til ráðstafana án tafar.

Mikið álag er á starfsfólki deildarinnar sem er orðið langþreytt á að framkvæmdir við stækkun BUGL dragist á langinn. Við getum ímyndað okkur álagið á aðstandendur barnanna sem bíða eftir þjónustunni. Áætlað er að framkvæmdir við stækkun BUGL taki þrjú ár frá því að framkvæmdir hefjast og um 100 milljónir vantar þrátt fyrir að fyrirtæki, samtök og einstaklingar hafi komið með fjárframlög að undanförnu. Það þarf að spýta í lófana. Við getum ekki látið börn og unglinga með geðræna sjúkdóma líða fyrir (Forseti hringir.) aðgerðaleysi stjórnvalda.

[15:52]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Sennilega eru fá mál viðkvæmari og erfiðari úrlausnar en vandi barna og ungmenna með geðraskanir og áhrif veikinda þeirra á nánustu fjölskyldur. Það er þung byrði að glíma við þann harða veruleika þegar barn eða ungmenni í fjölskyldu á við geðrænan vanda að stríða. Oft er slík byrði óbærileg og álagið getur vegið að undirstöðum fjölskyldunnar. Stuðningur samfélagsins við slíkar aðstæður getur skipt sköpum um afdrif viðkomandi barns og fjölskyldunnar sem heild.

Á síðustu árum hefur verið lögð mikil áhersla á að mæta vaxandi þörf og eftirspurn eftir geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni, eins og hæstv. núverandi heilbrigðisráðherra gerði grein fyrir áðan. Þjónusta við geðfötluð börn og ungmenni er veitt af heilbrigðis- og meðferðarstofnunum, hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum, á heimilum, í skólum, innan félagsmálakerfisins, svo fátt eitt sé nefnt. Málefni þeirra falla því undir mörg ráðuneyti og koma til kasta fjölmargra aðila.

Ég tel að öllum sé ljóst að aukin samhæfing í þjónustu við geðfötluð börn er stærsta viðfangsefnið fram undan. Foreldrar upplifa sig oft eins og þeir séu að berjast við marghöfða þurs þegar þeir eru að leita úrræða fyrir börn sín. Hér er því verk að vinna.

Í skýrslu nefndar sem gefin var út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í nóvember 2005 um þessi mál er lagt til að heilsugæslan verði samhæfingaraðili og tengiliður fjölskyldna við meðferðaraðila og stuðningsaðila vegna vanda barna þeirra.

Ég vil leggja áherslu á að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd. Skólaskylda barna er til sextán ára aldurs. Skólaheilsugæslan hefur í auknum mæli komið að málefnum barna og ungmenna með geðraskanir og hefur yfirsýn yfir vanda þeirra. Skólaheilsugæslan er snertiflötur heilbrigðiskerfisins, félagslega kerfisins og menntakerfisins og er þess bær að axla formlega slíka ábyrgð, enda koma þar að fjölmargir fagaðilar sem hafa víðtæka þekkingu á þessum málum, þar með taldir sálfræðingar sem sérstaklega hefur verið rætt um hér í dag.

[15:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda hv. þm. Þuríði Backman fyrir að færa þetta mál hér til umræðu í Alþingi. Málið varðar geðheilbrigði barna og unglinga. Geðsjúkdómar snerta fjölmarga í samfélaginu og ekki einungis þá sem veikjast heldur einnig og oft ekki síður aðstandendur þeirra.

Fullyrða má að viðhorf til geðsjúkdóma hafi breyst til batnaðar á síðustu áratugum. Þó er staðan erfið og verður sífellt brýnna að efla geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga á öllum þjónustustigum, bæði hjá sveitarfélögum og ríki.

Þann 1. þessa mánaðar lýstu fjórir sérfræðilæknar á barna- og unglingadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, BUGL, yfir miklum áhyggjum af þróun þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir. Vildu sérfræðingarnir að gripið yrði til róttækra ráðstafana án tafar. Þeir bentu m.a. á að auka þyrfti úrræði í nærumhverfi barna og unglinga sem glíma við geðraskanir af einhverju tagi.

Gríðarlegt álag hefur verið á barna- og unglingadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss um langa hríð. Biðlistar langir og mikið álag á starfsfólki deildarinnar. Framkvæmdir við stækkun deildarinnar hafa tafist verulega og þegar framkvæmdir við viðbygginguna hefjast loksins líður að minnsta kosti eitt ár þar til unnt verður að taka bygginguna í notkun. Þeim sem koma á göngudeild BUGL hefur fjölgað um 30% á milli ára og meira en 100 börn bíða eftir fyrstu komu á göngudeild, auk þess sem tugir barna bíða eftir innlögn.

Af þessu má sjá að bæta þarf grunn- og geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga almennt og einnig þarf að bæta aðstöðu barna- og unglingageðdeildar svo fljótt sem unnt er.

Öllum er ljóst að stjórnvöld verða að sinna þessum málaflokki mun betur og ég vona að þessi umræða á hinu háa Alþingi skili börnum og unglingum ávinningi og verði til þess að þeim málaflokki verði betur sinnt af stjórnvöldum í framtíðinni.

[15:56]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að vekja máls á þessu mjög svo brýna máli. Það má velta því fyrir sér hvað veldur að ár eftir ár gjósa upp umræður um geðheilbrigðismál barna og unglinga. Í grein í Morgunblaðinu 15. nóvember er haft eftir Ólafi Ó. Guðmundssyni, yfirlækni BUGL, með leyfi forseta:

„Hvert geta foreldrar eða kennarar leitað, þegar barn hegðar sér eða líður illa? Svarið er ... að markviss verkaskipting ... er ekki til.“ — Og því tilviljunum háð hvernig leitað er til þeirra aðila sem eiga að sinna þessum málum.

— „Hver ber ábyrgð á óreiðunni, sem hefur þróast ómarkvisst í áranna rás? ... Lýst er eftir leiðakorti um óreiðustíga þess kerfis, sem mæta á vanda hins stóra hóps barna og unglinga, sem búa við skert aðgengi að nauðsynlegri þjónustu ...“

Grunnskólar landsins þurfa að reiða sig á að fyrir liggi greining frá barna- og unglingageðlækni ef nemandi á í vandkvæðum og þarf stuðning við kennslu. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga tekur ekki þátt í kostnaðinum nema að slíkar greiningar liggi fyrir. Þegar biðin er svona löng og málin í slíkum ólestri eru það börnin sem líða fyrir. Á meðan reyna skólayfirvöld að leysa málin og kennarar allt of oft með mál sem ættu að vera í höndum barna- og unglingageðlækna.

Í lok síðasta árs skrifuðust á þáverandi hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jón Kristjánsson, og nokkrir sjálfstætt starfandi barna- og unglingageðlæknar í Morgunblaðinu. Þar var m.a. tekist á um einingafjölda sem ætlaður var í málaflokkinn. Að mati læknanna var ekki tekið tillit til aðstæðna ársins á undan sem var um margt ólíkt því sem venjulegt er, og er þar átt við verkfall kennara og samningsleysi milli sérfræðilækna og Tryggingastofnunar.

Það sem við þurfum að einblína á er að í lok ársins í fyrra voru allt að sjö vikur sem barna- og unglingageðlæknar gátu ekki sinnt sínu starfi, eins og Páll Tryggvason hefur sagt frá opinberlega. Það kemur líka fram að enginn er að nema þessi fræði við Háskóla Íslands og við þurfum að sjá til þess að prófessorsstaða verði til við háskólann svo einhver vilji læra fagið. Auk þess verðum við að búa til heildstætt teymi, líta á heildarmyndina, klára málin á landsvísu, samhæfa vinnu ráðuneyta og sveitarfélaganna (Forseti hringir.) þannig að nærþjónustan verði efld.

[15:58]

Fanný Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Þegar rætt er um geðheilsu barna- og unglinga, stefnu og framtíðarsýn, þarf að taka margt með í reikninginn. Að leggja grunn og viðhalda góðri geðheilsu barna og unglinga er viðfangsefni og skylda samfélagsins í heild sinni. En því miður verður ekki hjá því komist að á hverjum tíma greinast börn með geðraskanir sem hafa mismikil áhrif á þeirra daglega líf.

Heildarstefna í málaflokknum hlýtur að byggja á góðu samstarfi ríkis og sveitarfélaga, hér skarast verksvið ráðuneyta og einnig er mismunandi aðkoma sveitarfélaga að málinu. Jafnframt lögbundnum skyldum sínum eru skólar misvel í stakk búnir til að sinna sannanlega veikum börnum. Almennur kennari hefur litla sem enga sérþekkingu á meðhöndlun geðraskana, enda þurfa þessi börn á þjónustu starfsfólks úr heilbrigðisþjónustunni að halda.

Við vitum að nú er verið að vinna að stækkun barna- og unglingageðdeildar og er það vel. Því eins og staðan er í dag eru það aðeins börn sem eru í bráðri lífshættu eða haldin mjög alvarlegum geðtruflunum sem komast til innlagnar.

Öflug eftirfylgd og ráðgjöf er nauðsynlegur þáttur þjónustunnar sem barna- og unglingageðdeildin þarf að veita öllum þeim er málið varðar.

Frú forseti. Að mínu mati er ekki nægilegt að sinna aðeins þeim veika. Foreldrar þurfa á góðri ráðgjöf að halda og systkini þurfa líka sinn stuðning. Það segir sig sjálft að fjölskyldutengsl og daglegt líf inni á heimilum barna með geðraskanir fer úr skorðum og oft hefur ástandið varað árum saman.

Ég veit að allir þeir sem láta sig málið varða hafa miklar væntingar til nýrrar og öflugrar geðdeildar og ég treysti hæstv. heilbrigðisráðherra til að vinna hratt og örugglega í þessum mikilvæga málaflokki.

[16:00]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Það ber að þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að efna til þessarar utandagskrárumræðu. Geðheilbrigðisþjónusta barna og unglinga á Íslandi er ekki ásættanleg í dag. Þetta er enn og aftur spurning um forgangsröðun hjá núverandi ríkisstjórn. Einkavæðing, stóriðja og sendiráð eru yfirleitt efst á lista í stað þess að taka til hendinni hér heima og þá fyrst og fremst í heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra og geðheilbrigðismálum barna og unglinga.

Í frétt á heimasíðu Landspítala – háskólasjúkrahúss þann 12. maí 2004 kemur fram að samkvæmt áætlun gæti viðbótarhúsnæði barna- og unglingageðdeildar verið tilbúið til notkunar um mitt ár 2006. Ekki hefur það ræst og ekki er að heyra, miðað við umræðuna hér í dag eða svör ráðherra, að það sé að gerast á næstunni. Almenningur hefur sýnt þessu skilning og mikinn áhuga eins og sést þegar farið er yfir listann með þeim aðilum sem gefið hafa fé til verkefnisins, hálf önnur milljón til BUGL með styrktartónleikum, foreldrafélag færir gjafir, Félagsstofnun stúdenta, Gámaþjónustan, Skeljungur, Kögun, Lions-menn. En ekkert gerist. Það er spurning hvort menn séu að bíða eftir Jóhannesi í Bónus til að þetta fari af stað.

Frú forseti. Það þarf að skoða fleira en BUGL til að bæta geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga. Þangað fara alvarlegustu tilfellin en vegna vægari tilfella getur dugað sú þjónusta sem er í almannakerfinu, þ.e. heilbrigðis-, félags- og skólakerfinu, en það þarf að samþætta þjónustu og meðferðarúrræði. Hægt er að finna tillögur að lausnum í því sambandi í skýrslu sem ráðherra lét vinna og vitnaði til áðan, Samhæfing í málefnum barna og unglinga með geðraskanir. Frú forseti. Þessari skýrslu var skilað 31. ágúst 2004. Þetta er góð skýrsla með góðum tillögum að úrbótum en ekkert hefur gerst. Enn og aftur virðist það gerast, sem margoft hefur verið nefnt hér, að menn láti vinna svona skýrslur og telji að þá séu þeir lausir (Forseti hringir.) allra mála.

[16:03]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Þann 11. mars sl. birtist ítarlegt viðtal við Sigrúnu Ólafsdóttur í Blaðinu. Sigrún vinnur að doktorsverkefni í félagsfræði við Indiana-háskólann í Bandaríkjunum. Doktorsverkefni Sigrúnar fjallar um heilbrigðismál og sérstaklega stöðu geðrænna vandamála í heilbrigðiskerfinu. Í störfum hennar hefur komið fram að einkum tveir þættir skipti afar miklu máli varðandi hvernig tekið er á geðrænum vandamálum barna og unglinga, annars vegar að hugað verði að fordómum í samfélaginu, hvernig þeir birtast og hvaða áhrif þeir hafa á líðan og upplifun barna sem eiga í

erfiðleikum, og hins vegar verður að huga að aðstæðum og úrræðum sem eru í boði fyrir börn sem eiga við andlega vanlíðan að stríða.

Varðandi aðstæður og úrræði má segja að of mikil áhersla hafi verið lögð á hið læknisfræðilega sjónarhorn þar sem lyfjagjöf á að vera hin endanlega lausn á geðheilbrigðisvanda barna og unglinga. Þetta þýðir ekki að læknisfræðilega sjónarhornið sé ekki mikilvægt eða að lyf hjálpi ekki börnum í einhverjum tilfellum. Hér er hins vegar átt við að hvorki sé nægjanlegt tillit tekið til þess sem aðrar stéttir hafa fram að færa né að tekið sé á þeim félagslegu aðstæðum sem börn búa við. Það er t.d. mikilvægt að velta fyrir sér langtímaafleiðingum þess að hafa börn á geðlyfjum og/eða að hafa þau inni á stofnunum frekar en að fyrsta skrefið sé á þann veg að þeim sé hjálpað í skólakerfinu eða reynt sé að bæta úr félagslegum aðstæðum þeirra. Til dæmis fara öll börn á grunnskólaaldri í læknisskoðun á hverju ári. Það mætti spyrja hvort við þyrftum ekki einnig að huga að andlegri heilsu þeirra. Þetta þýðir ekki að við séum að sjúkdómsvæða geðheilsu þeirra heldur undirstrika mikilvægi þess að athuga hvernig börnum almennt líður. Því er grundvallaratriði að önnur meðferðarúrræði sem boðið er upp á, t.d. af sálfræðingum og iðjuþjálfum, fái notið sín að fullu í kerfinu.

Frú forseti. Hluti af vandanum liggur í heilbrigðiskerfinu, t.d. er þjónusta geðlækna niðurgreidd á meðan sálfræðiþjónusta er það ekki. Þannig verður beinni leið á milli þess að fara til heimilislæknis og síðan til geðlæknis frekar en að vísað sé á aðrar úrlausnir.

[16:05]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Heilsugæslan er sá grunnur sem á að byggja nærþjónustuna á. Því er mikilvægt að efla starfsemi hennar með fleiri starfsgreinum, þverfaglegri vinnu og samvinnu við skóla- og félagsmálayfirvöld, enda fannst mér vera samhljómur hjá okkur hv. þingmönnum og hæstv. ráðherra. Þá kallar maður eftir meiri viðbrögðum í yfirlýsingum og ræðum þar sem þetta er samkvæmt heilbrigðisstefnu stjórnvalda, bæði í lögum og eins í yfirlýsingum fyrrverandi hæstv. heilbrigðisráðherra án þess að því hafi verið fylgt eftir.

Í hverju samfélagi, sveitarfélagi eða heilsugæsluumhverfi höfuðborgarsvæðisins þarf að vera til staðar þverfaglegt teymi sem fólk, foreldrar og börn, kennarar og aðrir, geta leitað til þegar geðrænn vandi kemur upp. Ég tel að nú sé nóg komið af skýrslum, þær leiða í ljós að þetta sé það sem við eigum að byggja á. (Gripið fram í.) Við erum búin að gera greiningu eftir greiningu, skýrslu eftir skýrslu, greiningarnar eru svipaðar, úrlausnirnar eru mjög svipaðar og nú er komið að því að fara að vinna. Til þess þarf fjármagn og það töluvert fjármagn og það þarf líka vinnu í hinum mismunandi ráðuneytum, vinnu sem unnin er af einlægni og vilja til að ná þessu fram. Það má ekki stranda á fjárlögum eða beita þeim fyrir sig svo allt stöðvist af.

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra nefndi hér tvo hópa sem sérstaklega þyrfti að huga að, hún nefndi ekki hvaða hópar það væru en ég tel að sérstaklega þurfi að horfa til framhaldsskólanema, þeir vilja oft falla milli stafs og hurðar eða milli kerfa, og svo er annar hópur sem eru unglingar í fíkniefnaneyslu. Staða þeirra er mjög erfið, af öllum erfiðum (Forseti hringir.) er staða þeirra hvað verst.

[16:07]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur orðið um málefni þeirra sem eiga við geðheilbrigðisvandamál að stríða, og sérstaklega barna. Mér heyrist vera nokkur samhljómur í því að þingmenn telja að efla eigi sem mest nærþjónustuna og það er að sjálfsögðu til þess að koma í veg fyrir að vandamálið þróist, og leita leiða til að koma til móts við stærsta hópinn sem er minna veikur en sá hópur sem er langt genginn með sinn sjúkdóm.

Það er einmitt það sem ég tel mjög mikilvægt, þ.e. að efla úrræðin í nærþjónustunni, í heilsugæslunni. Þess vegna eru þau verkefni sem eru núna í gangi mjög spennandi. Þar er einmitt verið að efla heilsugæsluna til að takast á við vandann til að greina hann mjög snemma í ferlinu og hefja fyrstu meðferð.

Að sjálfsögðu er það ekki nóg. Það er hópur sem þarf á mun meiri þjónustu að halda, sérhæfðari þjónustu eða 3. stigs þjónustu, og þá kemur til kasta BUGL á Landspítalanum. Það þarf líka að efla þá starfsemi sem þar er. Hér er kallað eftir viðbyggingu sem verið hefur í umræðunni og það er mjög eðlilegt. Það er talið að framkvæmdin kosti um 680 millj. kr. og fyrsti áfangi er til skoðunar. Búið er að gera frumathugun fyrir þann áfanga og lýsa áformum um bygginguna. Það hefur nú verið sent til fjármálaráðuneytisins til skoðunar (**Gripið fram í:** ... gera fyrir þremur árum?) og safnast hefur nokkurt fjármagn til að hefja þær framkvæmdir.

Virðulegur forseti. Ég vil einnig draga fram að ég bind nokkrar vonir við starf þessa Svía, sem er sérfræðingur á þessu sviði og hefur skoðað þetta fyrir Svíana, og að hann komi með hugmyndir, af því að þetta er þverfaglegt og það er skipt forræði yfir málaflokknum en það gerir þetta svo flókið (Forseti hringir.) og erfitt.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 392. mál. — Þskj. 474, nál. 912, brtt. 913 og 914, rökst. dagskrá 990.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:12]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér kemur til atkvæðagreiðslu frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum frávísunartillögu við málið. Við teljum að hér sé enn eitt einkavæðingarfrumvarpið á ferðinni í að einkavæða almannaþjónustuna. Þó að einstakir þingmenn stjórnarliða hafi gefið yfirlýsingar um að ekki standi til að selja Rafmagnsveitur ríkisins þó að þær verði hlutafélagavæddar,

hafa aðrir sagt annað.

Það er verið að setja í gang sama ferli hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Landssíminn fór í gegnum. Fyrst var hann hlutafélagavæddur og gefnar hástemmdar yfirlýsingar um að hann yrði aldrei seldur, skömmu seinna var hann settur í söluferli og er nú allur seldur. Ég held að þjóðin vildi heldur hafa átt hann nú.

Frú forseti. Þess vegna flytjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tillögu til rökstuddrar dagskrár sem hljóðar svo:

„Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja áherslu á að raforka til almennra notenda og fyrirtækja sé mikilvægur þáttur almennrar grunnþjónustu sem á að reka á félagslegum grunni. Þau skref sem hafa verið stigin í markaðsvæðingu raforkukerfisins hafa þegar leitt til mikilla hækkana á verði raforku til neytenda víða um land, þvert á gefin loforð um annað.

Hlutafélagavæðing Rariks er liður í yfirlýstum markmiðum stjórnvalda að einkavæða raforkukerfið og búa orku- og dreifingarfyrirtæki landsmanna undir sölu á almennum markaði. Þau áform eru andstæð hagsmunum almennings í landinu.

Með vísan til framanritaðs vísar Alþingi máli þessu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Frú forseti. Verði þessi tillaga ekki samþykkt og frumvarpið komi til atkvæða sem slíkt þá erum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs andvíg þessu frumvarpi og einstökum greinum þess. Við leggjum áherslu á að Rafmagnsveitur ríkisins eru grunnalmannaþjónustufyrirtæki sem á að vera í sameign landsmanna og á ekki að einkavæða.

[16:15]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við samfylkingarmenn afgreiddum þetta mál frá iðnaðarnefnd með fyrirvara. Við höfum áður tekið þátt í því að samþykkja hér að gera fyrirtæki á orkusviði að hlutafélögum og teljum ekki óeðlilegt að þannig sé með slík fyrirtæki farið. Þetta var að vísu nokkuð gallað frumvarp og það eru fimm breytingartillögur við þær tíu greinar sem eru í frumvarpinu sem segir auðvitað sína sögu um það.

Við flytjum auk þess breytingartillögu við frumvarpið þar sem við leggjum til að fjármálaráðherra fari með eignarhaldið í fyrirtækinu. Það kom mjög skýrt fram í umfjöllun í nefndinni að mikil nauðsyn er á því. Fram kom frá þeim aðilum sem eru að vinna í orkugeiranum, t.d. frá fulltrúum Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og fleirum að auðvitað er óforsvaranlegt og veldur hagsmunaárekstri að hæstv. iðnaðarráðherra, sem úthlutar réttindum til rannsókna og nýtingar á orkulindum, velji á milli þeirra fyrirtækja sem undir hana eru sett með þeim hætti sem þarna er, þ.e. sem yfirmaður Rariks, Landsvirkjunar og Orkubús Vestfjarða velur hún á milli þeirra fyrirtækja og annarra fyrirtækja sem eru í samkeppninni á þessu sviði sem verið er að myndast við að setja á.

Þessu er nauðsynlegt að breyta og við flytjum því þessa breytingartillögu við 3. gr.

Af sjálfu leiðir að þar sem við höfum afgreitt þetta mál með jákvæðum hætti verðum við að leggjast gegn tillögu Vinstri grænna um að vísa málinu frá. Við höfum hins vegar það við málið að athuga sem ég hef fært hér fram.

Það er ýmislegt jákvætt við að gera fyrirtækið að hlutafélagi. Það gerir því mögulegt að vinna hraðar og jákvæðar að þeim verkefnum sem eru á sviði fyrirtækja af þessu tagi. Ég held að ekki eigi að leggja stein í götu þessa fyrirtækis þó að það sé í opinberri eigu. Það er jú vel að merkja gert ráð fyrir því að öll hlutabréfin verði í eigu ríkisins áfram.

[16:17]

Birkir J. Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Hér er um eðlilega breytingu að ræða og mjög gott mál.

Hér er verið að gera rekstur Rariks sveigjanlegri með það að markmiði að bæta þjónustu við viðskiptavini Rariks hf. Jafnframt mun reksturinn í framtíðinni verða hagkvæmari sem mun að sjálfsögðu þá leiða til þess að raforkureikningar 49 þúsund notenda, viðskiptavina Rariks hf., munu lækka um alla framtíð.

Það er engin tilviljun, hæstv. forseti, að m.a. Hitaveita Suðurnesja skuli vera hlutafélag, Norðurorka skuli vera hlutafélag og Orkubú Vestfjarða. Það eru fleiri aðilar á þessum markaði sem einnig eru á þessu formi. Það er nefnilega samdóma álit stjórnenda þessara fyrirtækja að hlutafélagaformið sé best til þess fallið að reka fyrirtæki sem þessi í samkeppnisrekstri, með það að markmiði, eins og ég nefndi áðan, að veita viðskiptavinum sínum betri þjónustu og lægra raforkuverð til framtíðar litið.

Hæstv. forseti. Það er þjóðsaga sem Vinstri grænir hafa uppi í sölum Alþingis að hér sé verið að einkavæða Rarik hf. Kveðið er skýrt á um það í því frumvarpi sem hér um ræðir að öll hlutabréf í Rarik hf. skuli vera áfram í eigu ríkisins. Hér er því einungis um söguburð að ræða af hálfu þingmanna Vinstri grænna að verið sé að fara að selja þetta fyrirtæki úr almenningseigu. Það er ekki á stefnuskrá Framsóknarflokksins.

[16:19]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér erum við að fara að greiða atkvæði um að setja Rafmagnsveitur ríkisins yfir í hlutafélag. Í slíkt ferli hefur verið farið með Orkubú Vestfjarða nú þegar. Það verður að segjast alveg eins og er, hæstv. forseti, að allt ferlið á kjörtímabili núverandi ríkisstjórnar varðandi raforkumál hefur ekki þjónað hagsmunum almennings, þvert á móti. Það hefur orðið til kostnaðarauka fyrir almenning og nú síðast notaði hæstv. iðnaðarráðherra það sem rök fyrir ákveðnum svörum sínum í þessum ræðustól að tekin hefði verið upp skattlagning á orkufyrirtækin og þess vegna hefði m.a. orkuverð hækkað. (**Iðnrh.:** Þetta er ekki rétt.)

Það er afar leitt til þess að vita að hæstv. ráðherra skuli vera svo trénuð, hæstv. forseti, að hún geti ekki skipt um skoðun á máli sem greinilega færir þjóðinni ekki ábata. (**HBl:** Hvað á þingmaðurinn við með því að konan sé trénuð?) Með því á ég við að hún sitji kyrr í því fari sem hún hefur markað sér. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP): Forseti biður hv. þingmann um að gæta orða sinna.)

Hæstv. forseti. Ég tel að það ferli sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur leitt áfram í raforkumálum almennt sé ekki þjóðinni og fólkinu í landinu til hagsbóta. Þess vegna er það niðurstaða okkar í Frjálslynda flokknum að styðja þá frávísunartillögu sem hér verður borin upp og síðan munum við, að henni felldri ef svo fer, sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 990 felld með 45:8 atkv. og sögðu

já: BjG, GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF, SKK, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 913,1 samþ. með 47:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:22]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Umræða um hlutafélagavæðingu raforkugeirans hefur að talsverðu leyti snúist um eignarhald. Þar höfum við fengið fjórar útgáfur frá stjórnarmeirihlutanum, talsmenn Sjálfstæðisflokksins hafa talað fyrir sölu á Rarik ef gott verð fæst, iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur sem kunnugt er talað fyrir því að raforkugeirinn verði seldur og hefur ráðherra nefnt lífeyrissjóðina sérstaklega í því sambandi, formaður iðnaðarnefndar hefur síðan talað fyrir því að meirihlutaeign í Rarik eigi að vera á hendi ríkisins og síðan í fjórða lagi höfum við sjálft frumvarpið sem lögbindur að Rarik verði einvörðungu í eign ríkisins.

Í okkar huga snýst deilan ekki fyrst og fremst um eignarhaldið, heldur þá ákvörðun að markaðsvæða þessa starfsemi. Það hefur einfaldlega sýnt sig að fyrir neytendur er miklu skynsamlegra að hafa grunnþjónustu samfélagsins rekna sem þjónustu en ekki á grundvelli samkeppni. Alls staðar erlendis hefur markaðsvæðing raforkugeirans misheppnast. Samkeppnin hefur látið á sér standa, við hefur blasað samþjöppun, samráð, hærra verðlag og rýrari þjónusta. Við segjum nei við slíku.

1. gr., svo breytt, samþ. með 47:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF) fjarstaddir.

Brtt. 913,2 samþ. með 47:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 47:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF) fjarstaddir.

Brtt. 914 felld með 35:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EMS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, RG, VF, ÞSveinb, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ.

nei: BBj, DJ, DrH, AHB, EOK, GHj, FG, GHall, SÞorg, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, BjG, JEP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, SP.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF, BjarnB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við þingmenn Samfylkingarinnar bárum fram þessa tillögu til að láta reyna á það hvort einhver sannfæring væri á bak við það sem við höfum heyrt hjá fjölmörgum þingmönnum hér, að þeir teldu mjög eðlilegt að ábyrgð á þessu fyrirtæki væri hjá fjármálaráðuneytinu en ekki ráðherra iðnaðarmála. Ég lýsti því fyrr í dag hvernig hagsmunaárekstrar eru bókstaflega í höndum þessa ágæta ráðherra þegar hún afgreiðir mál hinna ýmsu aðila í raforkugeiranum. Það var þess vegna mjög sérkennilegt að hlusta á nei frá ýmsum þingmönnum sem ég hef heyrt segja já um þetta mál áður. Það segir sitt um það að handjárnin virka vel þegar á þarf að halda í sölum Alþingis, líka sitthvað um það hvað menn hafa velt mikið fyrir sér hvernig

þeir afgreiða mál í sölum Alþingis (Forseti hringir.) þegar þeir fá tækifæri til.

Brtt. 913,3 samþ. með 45:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, HHj, ISG, JBjart, MF, SKK) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 29:22 atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, FG, GHj, GHall, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JEP, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF, SKK) fjarstaddir.

4.–8. gr. samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF, SKK) fjarstaddir.

Brtt. 913,4 samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF, SKK) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 45:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, KÓ, MF, SKK) fjarstaddir.

Brtt. 913,5 (10. gr. falli brott) samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF, SKK) fjarstaddir.

Brtt. 913,6 samþ. með 45:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF, SKK, ÖS) fjarstaddir.

11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF, SKK) fjarstaddir.

12. gr. (verður 11. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF, SKK) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47:4 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ,

BjG, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GAK, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

nei: JBjarn, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KolH) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, HBl, ISG, JBjart, MF, SKK) fjarstaddir.

Bílaleigur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 379. mál (flutningur leyfisveitinga o.fl.). — Þskj. 435, nál. 939, brtt. 940.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:37]

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 940,1 samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
3.–7. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 940,2 (ný 8. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Upplýsingaréttur um umhverfismál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 221. mál (EES-reglur). — Þskj. 221, nál. 936, brtt. 937.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:39]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 937,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 937,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
7.–11. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 937,3 samþ. með 54 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
13.–17. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 937,4 samþ. með 54 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 365. mál (heimilisofbeldi). — Þskj. 419, nál. 973.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:42]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér erum við að greiða atkvæði um lagafrumvarp um heimilisofbeldi. Það sem þetta frumvarp gerir einkum er að bæta við refsiþyngingarástæðu í lögin þegar kemur að heimilisofbeldi. Að mati okkar í Samfylkingunni snýst þetta mál hins vegar ekki eingöngu um að þyngja refsingar, heldur um hvort við höfum lög sem ná utan um heimilisofbeldi með fullnægjandi og heildstæðum hætti.

Heimilisofbeldi er eitt algengasta mannréttindabrot á Íslandi en hvergi er minnst á heimilisofbeldi í íslenskri löggjöf og það er hvergi skilgreint. Það má því segja að heimilisofbeldi sé týndur brotaflokkur í kerfinu. Nú er dæmt eftir mörgum ólíkum lagaákvæðum fyrir heimilisofbeldi sem þó eru ekki fullnægjandi að því er varðar þetta ofbeldi.

Heimilisofbeldi hefur nefnilega margs konar sérstöðu. Það á sér stað innan veggja heimilisins og getur verið andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi sem oft nær yfir langan tíma og er jafnvel án sýnilegra áverka. Líkamsárásarákvæði núgildandi laga, sem fyrst og fremst leggja áherslu á hið líkamlega tjón en ekki hið andlega, ná því ekki almennilega utan um heimilisofbeldi og því hefðum við viljað að sett yrði sérstakt ákvæði í lögin um heimilisofbeldi sem tæki tillit til sérstöðu þessa ofbeldis. Það vildu einnig Stígamót, Kvennaathvarfið, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum Háskóla Íslands, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Alþýðusamband Íslands.

Frú forseti. Við styðjum það hænuskref sem þetta frumvarp býður upp á en við teljum að þingheimur hefði átt að ganga lengra í þessum efnum og setja sérstakt lagaákvæði um heimilisofbeldi eins og aðrar þjóðir hafa gert.

[16:44]

Birgir Ármannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til atkvæðagreiðslu er þess eðlis að það hefur í rauninni fengið mikinn stuðning. Það skref sem hér er stigið hefur verið stutt af flestum ef ekki öllum þeim aðilum sem um það hafa fjallað og sú tillaga sem felst í frumvarpinu nýtur jafnframt stuðnings þeirra hv. þingmanna sem um það hafa fjallað, bæði í nefnd og hafa tekið til þess afstöðu í umræðum.

Ég er ósammála hv. 10. þm. Reykv. s., að hér sé um að ræða hænuskref. Ég held að þetta sé mikilvægt mál. Í því felst mikilvæg heimild fyrir dómara til þess að líta til náinna tengsla brotaþola og geranda í brotum af þessu tagi, gefur dómara tilefni til þess að beita þyngri refsingu þegar sá trúnaður er brotinn sem felst í þessum nánu tengslum. Þess vegna held ég að þetta sé mikilvægt mál. Í því felst líka, og í afgreiðslu þess, sterk vísbending um það hversu alvarlegum augum löggjafinn lítur brot af þessu tagi.

Það er rétt sem hv. 10. þm. Reykv. s. benti á, það eru skiptar skoðanir um það hversu langt eigi að ganga í þess-

um efnum, þ.e. hvaða úrræði séu virkust til að berjast gegn heimilisofbeldi. Menn eru sammála um þau markmið að löggjafinn og stjórnvöld verði að taka fast á þessum málum. Það frumvarp sem hér liggur fyrir er auðvitað bara hluti af þeim aðgerðum sem eru í gangi í því sambandi og má minna á að í stjórnsýslunni hafa af hálfu lögreglunnar verið settar nýjar verklagsreglur sem ég bind miklar vonir við að muni skila betri árangri í þessum málum. Auðvitað er þetta mál ekki einangrað, það er liður í aðgerðum til þess að vinna gegn heimilisofbeldi en á hinn bóginn hafa vissulega verið skiptar skoðanir um það hvort æskilegt væri, eða jafnvel tækt inn í hegningarlögin, að setja sérstakt heimilisofbeldisákvæði af því tagi sem hv. þingmaður vísaði til. Ég tel að sú athugun sem fram hefur farið af hálfu refsiréttarnefndar, og farið hefur verið vandlega yfir og rætt nákvæmlega í allsherjarnefnd, gefi ekki tilefni til að setja slíkt ákvæði inn í löggjöfina á þeirri forsendu að refsiákvæði verða að vera skýr, refsiheimildir í lögum verða að vera skýrar og þær hugmyndir sem uppi hafa verið um ákvæði af þessu tagi hafa ekki falið í sér nægilega skýra verknaðarlýsingu og þar með ekki nægilega skýra refsiheimild til að það mundi falla inn í hegningarlög okkar að setja (Forseti hringir.) það inn.

[16:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðjum það frumvarp sem hér er verið að greiða atkvæði um en við viljum ítreka að hér er farið allt of skammt inn á þá braut og það þarf að stíga miklu ákveðnari og meira afgerandi skref. Verkefnið sem við stöndum frammi fyrir er þetta: Við þurfum að ná að draga verulega úr og helst útrýma heimilisofbeldi. Heimilisofbeldi er ein ljótasta birtingarmynd kynbundins ofbeldis í samfélagi okkar. Boðið hefur verið upp á þverfaglegt samstarf til að fara í þær lagabreytingar sem þörf er á að gera í þessu tilliti. Ekki hefur verið tekið í þær útréttu hendur á nægilega jákvæðan hátt hvað varðar ríkisstjórnina. Það er nauðsynlegt að fara í þessa vinnu með þeim frjálsu félagasamtökum sem hafa gefið kost á sér og boðið fram fræðslu sína og reynslu í þessum efnum. Ég held að það sé einboðið að það verði að halda áfram á þessari braut. Til að ná almennilega utan um lagaákvæði er varða heimilisofbeldi þarf að fara í þverfaglega vinnu í þeim efnum.

Ég hef talað hér fyrir austurrísku leiðinni sem heimilar að lögregla fái í hendurnar tæki til að fjarlægja ofbeldismann af heimili í stað þess að börn og konur séu gerð burtræk af sínu eigin heimili, sem fórnarlömb, flóttamenn í sínu eigin landi og sett í kvennaathvarf á meðan ofbeldismaðurinn kemst upp með það að sitja inni á heimilinu.

Það er algerlega nauðsynlegt að þær leiðir séu skoðaðar sem nágrannalönd okkar hafa verið að festa í lög. Það er skrýtið að íslenska ríkisstjórnin skuli draga lappirnar í þessum efnum og skuli núna, þriðja árið í röð, geyma frumvarp mitt um austurrísku leiðina í allsherjarnefnd og heimila ekki að það frumvarp verði afgreitt út. Það hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir, mjög góðar umsagnir og það er ekkert eftir annað en vilji ríkisstjórnarinnar til að stíga það skref, skrefið sem á vantar til að við séum hér að taka afgerandi skref í löggjöf sem kemur til með að draga úr heimilisofbeldi.

[16:49]

Sigurjón Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum styðjum þetta mál og teljum að hér sé ekki farið of skammt. Ég tel einmitt að menn eigi að fara varlega í þessum málum, þau eru viðkvæm og ég held að ef menn fara yfir þessi mál ætti þeim að verða ljóst að fæst þeirra verða leyst í fangelsum landsins, hvað þá í réttarsölum. Það á miklu frekar að beina sjónum að úrræðum til að aðstoða fólk út úr ástandinu sem ríkir á heimilum. Mönnum hlýtur að vera ljóst að þessi mál snúast oftar en ekki um óreglu frekar en margt annað.

Ég styð þetta mál, frú forseti.

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Faggilding o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 403, nál. 988, brtt. 989.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:51]

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 989,1 (ný 2. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 989,2 (3. gr. falli brott) samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 989,3–12 (nýjar og breyttar greinar, nýtt heiti laga nr. 100/1992) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjG, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, FG, GHj, GAK, GHall, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, ÍGP, JÁ, JEP, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (HBl) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BjarnB, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁ, ISG, JBjart, MF, ÖS) fjarstaddir.

4.–13. gr. (verða 3.–17. gr.), svo breyttar, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 989,13 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 456. mál. — Þskj. 681, nál. 982.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í því frumvarpi sem er að ganga til atkvæða er lagt til að veita heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar. Málið er skýrt með því að það sé talið nauðsynlegt að afsala til Landsvirkjunar þessari eign vegna þess að gert hafi verið ráð fyrir því í upphafi þegar Landsvirkjun var stofnuð að ríkið legði þessa eign til.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að í úrskurði óbyggðanefndar frá 2002, sem í raun hrindir þessu máli af stað, kemur fram að í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum sé hvergi að finna áform í þá veru að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Í öðru lagi fékk ríkislögmaður málið til umsagnar og komst að þeirri niðurstöðu að hann telur niðurstöðu óbyggðanefndar ágætlega rökstudda, sannfærandi og eðlilega og telur jafnframt líklegt að niðurstöður nefndarinnar varðandi lands- og vatnsréttindi Landsvirkjunar á þessu svæði yrðu staðfestar af dómstólum ef eftir því yrði leitað. Þá kemst ríkislögmaður að þeirri niðurstöðu að úrskurður óbyggðanefndar hafi hvorki breytt eignarhlutföllum né réttarstöðu eigenda Landsvirkjunar. Í ljósi þessara álita ríkislögmanns og úrskurðar óbyggðanefndar vantar tilgang frumvarpsins. Ég spurði eftir því í umræðunni um frumvarpið hvers vegna frumvarpið væri flutt í blóra við álit ríkislögmanns og í andstöðu við úrskurð óbyggðanefndar, og fengust engin svör við því.

Ég spurði líka eftir því hvers virði þau réttindi sem verið væri að gefa Landsvirkjun með þessu frumvarpi væru en það fengust engin svör við því.

Ég vek athygli á því að ef frumvarpið nær fram að ganga er verið að afsala úr höndum ríkisins þessum réttindum að hálfu til annarra aðila. Þess vegna hlýtur að vera mikilvægt að vita hvers virði þau réttindi eru. Ég fer því fram á það, virðulegi forseti, að allsherjarnefnd komi saman á milli 2. og 3. umr. og afli upplýsinga við þessum spurningum og kanni tilgang frumvarpsins. Ég treysti mér ekki til að standa að þessu frumvarpi miðað við þær upplýsingar sem ekki hafa fengist og mun því ekki greiða atkvæði um málið, heldur sitja hjá og bíða, vonandi, betri upplýsinga um það við 3. umr. málsins.

[16:57]

Birgir Ármannsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þær athugasemdir sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði grein fyrir áðan komu fram, réttilega, við 2. umr. málsins í umræðum hér í gær. Það er rétt að fram komi að ég lýsti því í þeirri umræðu sem framsögumaður nefndarinnar í þessu máli að ég teldi að hv. þingmaður læsi hugsanlega fullmikið í frumvarpið miðað við það sem efni þess gæfi tilefni til. Hér er um að ræða frumvarp sem felur það í sér að staðfesta skýrt réttarástand og eignarheimildir sem gengið var frá við stofnun Landsvirkjunar fyrir rúmum 40 árum þannig að ekki væri hugmyndin að fara í neina nýja eignayfirfærslu, heldur fyrst og fremst að staðfesta að þær yfirlýsingar sem þá voru gefnar og það framsal réttinda sem þá átti sér stað með samningi aðila væri staðfest. Sú hefur verið nálgun okkar í allsherjarnefnd í þessu máli og á þeirri forsendu var málið afgreitt út úr allsherjarnefnd.

Hv. þingmaður hefur komið fram með ný sjónarmið í þessu máli, sem ekki höfðu heyrst áður í þessari umræðu, og jafnframt óskað eftir upplýsingum. Ég sem framsögumaður í málinu mun taka það upp á næsta fundi allsherjarnefndar og leggja til að málið verði tekið þar aftur til athugunar til þess að fara yfir þessar athugasemdir og vonandi greiða úr þeim sjónarmiðum sem upp hafa komið þannig að 3. umr. geti hafist án þess að einhverjir þættir séu þar óvissir. Þess vegna mun ég leggja til í allsherjarnefnd að þetta verði aftur tekið til meðferðar. Þó ítreka ég þá persónulegu skoðun mína að ekki sé tilefni til að hafa þær áhyggjur sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur. En það er sjálfsagt að fara yfir málið á vettvangi nefndarinnar.

[17:00]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Eftir samráð við félaga mína sem eiga sæti í allsherjarnefnd geri ég eftirfarandi grein fyrir afstöðu okkar til málsins, nú þegar þessum vangaveltum hefur verið lýst hér. Ég las þetta mál, eins og sennilega flestir, með því að skoða fyrst og fremst athugasemdir við lagafrumvarpið. Í þeim stendur, með leyfi forseta:

„Forsvarsmenn ríkisins voru í góðri trú um að það væri eigandi þeirra réttinda sem lögð voru fram af þess hálfu til sameignarfélagsins enda byggðust þau á afsali frá fyrirtækinu Titan h/f frá árinu 1952.“

Það er ástæða til að halda að þarna sé í raun og veru sett fram röng fullyrðing. Svo heldur áfram:

„Þar sem eignarhlutur ríkisins í Landsvirkjun hefur ásamt öðru miðast við framsal vatnsréttinda og lands á þessu svæði til fyrirtækisins er það niðurstaða eigenda fyrirtækisins að nauðsyn beri til að flytja frumvarp þetta og leita með því eftir heimild Alþingis til að afsala til Landsvirkjunar beinum eignarrétti að þessum réttindum. Með því móti er tryggt að fyrirtækið verði að gengnum úrskurðum óbyggðanefndar eins sett og til var stofnað ...“ — Hér er talað um úrskurð óbyggðanefndar en þegar úrskurður hennar er skoðaður kemur það fram sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði áðan að í raun sé niðurstaðan sú að þessi gamli samningur, hvað varðar Titan, kemur málinu ekkert við. Óbyggðanefnd kemst að þeirri niðurstöðu að þessar réttarheimildir hafi verið utan við þann eignarrétt sem þar var um að ræða, eða menn töldu að um væri að ræða, eins og segir hérna, með leyfi forseta:

„Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi sem löggjafinn

hefur veitt Landsvirkjun falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar."

Þetta þýðir einfaldlega að það sem Landsvirkjun var lagt til á þessum tíma kom þessu Titan-máli ekkert við. Það hefur ekki orðið nein breyting á því eignarhaldi sem um var að ræða og var lagt til Landsvirkjunar við úrskurð óbyggðanefndar, engin breyting. Það virðist samt vera sem forráðamenn Landsvirkjunar hafi séð sér hag í því (Forseti hringir.) að fá eignarhaldið staðfest með einhverjum hætti.

Við munum sitja hjá við þetta mál núna og óskum eindregið eftir því að málið komi inn til nefndarinnar eins og um var talað en líka að iðnaðarnefnd fái að líta yfir það.

[17:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil geta þess hér, þar sem ég er einungis áheyrnarfulltrúi fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í allsherjarnefnd, að ég hef haft mjög miklar efasemdir um þetta mál og ég gerði grein fyrir þeim í nefndinni en stöðu minnar vegna í henni hafði ég ekki tök á að gefa hér minnihlutanefndarálit.

Efasemdir mínar byggjast að hluta til á þeirri stefnu þessarar ríkisstjórnar að skilgreina vatn undir einkaeignarrétt. Ég tel að hér sé á ferðinni angi af því máli sem mótast í sjálfu sér af þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur í þessum málum sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa mótmælt hér harðlega.

Í umræðunni í gær sem ég átti því miður ekki kost á að vera viðstödd velti hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson upp ákveðnum atriðum sem ég tel fullt tilefni til að skoða nánar í nefndinni og ég fagna því að hv. þm. Birgir Ármannsson, sem hefur verið talsmaður nefndarinnar í þessu máli, skuli hafa gefið yfirlýsingu um að málið verði, vegna þessara nýju upplýsinga, kallað inn í nefndina aftur.

Það er nefnilega þannig að þjóðlenduúrskurðurinn frá 2002 leiðir það í ljós, sem jafnvel eru áhöld um, að ríkið hafi ekki haft yfirráð yfir þeim réttindum sem það lagði inn í Landsvirkjun 1965, og með þeim gerningi sem hér er lagt til að farið verði í færir ríkið sér þessi réttindi einhliða og af því að ríkisstjórnin getur það í krafti lagasetningarvaldsins virðist hún vilja gera það. Bent hefur verið bent á að aðrar leiðir séu færar í þessum efnum, t.d. sú sem getið er um í umsögn Umhverfisstofnunar en hún er sú að ríkið héldi réttindunum hjá sér en innheimti leigu eða endurgjald, í samræmi við 3. gr. þjóðlendulaganna, af Landsvirkjun.

Frú forseti. Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að Gnúpverjahreppur hefði ekki átt afréttinn sem um ræðir og því hvorki verið til þess bær að afsala þar landi né vatnsréttindum en í mínum huga vakna við lestur þessa máls spurningar um það hvort, þegar öllu er á botninn hvolft, Gnúpverjar hafi ekki haft til að bera nægari tilfinningu fyrir landinu sem í hlut á en Landsvirkjun og hvort þá sé bara ekki réttast að fela þeim þessi réttindi frekar en Landsvirkjun. Landsvirkjun gæti þá greitt þeim (Forseti hringir.) afnotagjald samkvæmt 3. gr. þjóðlendulaganna.

(**Forseti** (SP): Forseti vekur athygli hv. þingmanna á því að þeir eru hér að fjalla um atkvæðagreiðsluna en ekki efnislega um málið sem er til atkvæða.)

[17:06]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að tjá mig um atkvæðagreiðsluna í þessu máli og lýsi því jafnframt yfir að ég hef miklar efasemdir varðandi málið. Þeir þingmenn sem talað hafa á undan mér hafa í raun og veru lýst því ágætlega. Allt frá því að ég sá þetta frumvarp fyrst læddist að mér sá illi grunur að hér væri vont mál á ferðinni. Sá grunur hefur ekki minnkað. Ég skil ekki hvað gerir það að verkum að svo mikið liggi á að afgreiða málið í gegnum þingið. Mjög alvarlegar spurningar hafa vaknað um það hvort við séum að gera hér rétt eða rangt.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram, að málið verði tekið fyrir aftur í allsherjarnefnd en að iðnaðarnefnd fái líka að skoða málið og það komi ekki aftur til 3. umr. fyrr en að mjög vandlega athuguðu máli og að kallaðir verði á fund þessara nefnda færustu lögspekingar okkar í þessum málum til að skýra hvaða álit þeir hafi á þeim gjörningi sem hér er að fara fram.

Ég ætla ekki að fara nánar út í málið efnislega hér og nú en lýsi því yfir að ég mun sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, FG, GHj, GHall, GÖrl, HÁs, HBl, JEP, JónK, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, GAK, GÖg, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (BjarnB, BjörgvS, EMS, GHH, GÞÞ, GÁ, HHj, ISG, ÍGP, JóhS, JBjart, KÓ, MF, SigurjÞ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:08]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við greiðum hér atkvæði um 1. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að forsætisráðherra hafi heimild til að gera nákvæmlega það sama og hann gerði 1965, þ.e. afsala sér ákveðnum réttindum til ákveðinnar virkjunar.

Óbyggðanefnd sló varnagla við að ríkið hefði haft heimild til að afsala þessum réttindum. Það vill svo til að við úrskurð óbyggðanefndar féll eignin til nákvæmlega sama aðila, þ.e. ríkisins. Ríkið er að afsala sér núna nákvæmlega sömu hlutum og það gerði 1965 og er nákvæmlega jafnmikill eigandi og þá þannig að ég sé engan mun á því og greiði atkvæði með þessu.

2. gr. og viðauki samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, FG, GHj, GHall, GÖrl, HÁs, HBl, JEP, JónK, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (BjarnB, BjörgvS, EMS, GHH, GÞÞ, GÁ, GÖg, HHj, ISG, ÍGP, JBjart, KÓ, MF, SigurjÞ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, FG, GHj, GAK, GHall, GÖrl, HÁs, HBl, JEP, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KolH, KHG, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞSveinb, ÞBack.

8 þm. (ÁRJ, BjG, KJúl, KLM, LB, MÞH, RG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AKG, BjarnB, BjörgvS, EMS, GHH, GÞÞ, GÁ, GÖg, HHj, ISG, ÍGP, JÁ, JBjart, KÓ, MF, SigurjÞ, VF, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Þjóðlendur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 630. mál (framkvæmdastjóri og verklok nefndarinnar). — Þskj. 923, nál. 983.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:10]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 17:11.

---

97. FUNDUR

fimmtudaginn 30. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 392. mál, þskj. 474 (með áorðn. breyt. á þskj. 913). — 3. umr.

2. Almenn hegningarlög, stjfrv., 365. mál, þskj. 419. — 3. umr.

3. Bílaleigur, stjfrv., 379. mál, þskj. 435 (með áorðn. breyt. á þskj. 940). — 3. umr.

4. Faggilding o.fl., stjfrv., 361. mál, þskj. 403 (með áorðn. breyt. á þskj. 989). — 3. umr.

5. Upplýsingaréttur um umhverfismál, stjfrv., 221. mál, þskj. 221 (með áorðn. breyt. á þskj. 937). — 3. umr.

6. Þjóðlendur, stjfrv., 630. mál, þskj. 923. — 3. umr.

7. Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, stjfrv., 371. mál, þskj. 871, brtt. 875. — 3. umr.

8. Hlutafélög, stjfrv., 461. mál, þskj. 869. — 3. umr.

9. Einkahlutafélög, stjfrv., 462. mál, þskj. 870. — 3. umr.

10. Greiðslur til foreldra langveikra barna, stjfrv., 389. mál, þskj. 877, brtt. 853 og 896. — 3. umr.

11. Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, stjfrv., 651. mál, þskj. 958. — 1. umr.

12. Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, stjfrv., 647. mál, þskj. 954. — 1. umr.

13. Evrópsk samvinnufélög, stjfrv., 594. mál, þskj. 878. — 1. umr.

14. Mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn, stjfrv., 620. mál, þskj. 906. — 1. umr.

15. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 614. mál, þskj. 899. — 1. umr.

16. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 655. mál, þskj. 962. — 1. umr.

17. Hlutafélög, stjfrv., 684. mál, þskj. 1001. — 1. umr.

18. Höfundalög, stjfrv., 664. mál, þskj. 974. — 1. umr.

19. Staða hjóna og sambúðarfólks, þáltill., 69. mál, þskj. 69. — Fyrri umr.

20. Rannsóknamiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, þáltill., 223. mál, þskj. 223. — Fyrri umr.

21. Yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 237. mál, þskj. 237. — Fyrri umr.

22. Framtíð íslensku krónunnar, þáltill., 246. mál, þskj. 246. — Fyrri umr.

23. Sveitarstjórnarlög, frv., 250. mál, þskj. 250. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.

[10:31]

Útbýting:

Bótaréttur heimildarmanna, 677. mál, frv. ÁÓÁ o.fl., þskj. 993.

Brottfall laga um Flugskóla Íslands hf., 480. mál, nál. samgn., þskj. 1015; rökst. dagskrá JBjarn, þskj. 1016.

Náttúruminjasafn Íslands, 688. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1009.

Stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða, 541. mál, nál. utanrmn., þskj. 1014.

Upplýsingalög, 690. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1020.

Vernd trúnaðarsambands fjölmiðla og heimildarmanna þeirra, 678. mál, frv. ÁÓÁ o.fl., þskj. 994.

Athugasemdir um störf þingsins.

Staðan í hjúkrunarmálum.

[10:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna stöðunnar í hjúkrunarmálum hér á landi. Í gær greip ófaglært starfsfólk á átta hjúkrunarheimilum til aðgerða til

að vekja athygli á kröfum sínum um bætt launakjör og hátt í 900 manns tóku þátt í aðgerðunum. Þetta fólk fer fram á sambærileg kjör og fólk er með í sambærilegum störfum hjá Reykjavíkurborg.

Laun þessara starfsmanna eru á bilinu 105 þús. kr. til 130 þús. kr. á mánuði fyrir skatt. Starfsfólk Reykjavíkurborgar í sambærilegum störfum er með 22 þús. kr. til 25 þús. kr. hærri laun. Ég vil beina orðum mínum til hæstv. fjármálaráðherra, sérstaklega í ljósi þess að í Morgunblaðinu í morgun segir aðstoðarmaður hans að ekki standi til að endurskoða þjónustusamninga við hjúkrunarheimilin. Það á því greinilega ekki að bregðast við þessum vanda.

Í gær fengu aldraðir á hjúkrunarheimilum mjög skerta þjónustu í einn dag en aðgerðir eru boðaðar í tvo daga í næstu viku. Það er dýrt að greiða lág laun fyrir þessi umönnunarstörf. Sú mikla umsetning sem þarf til að setja stöðugt nýtt fólk inn í störfin er kostnaðarsöm. Þeir starfsmenn sem sinna umönnun aldraðra eru ekki síður dýrmætt starfsfólk en t.d. læknar eða aðrar hjúkrunarstéttir því án þeirra er ekki hægt að veita öldruðum hjúkrunarsjúklingum nauðsynlega þjónustu. Forsætisráðherra er hérna viðstaddur og ég vonast til þess að hann og fjármálaráðherra taki á þessu máli þannig að komið verði í veg fyrir ófremdarástand í öldrunarþjónustunni. Það er ekki hægt að bæta kjörin nema endurskoða þjónustusamningana og án þess er rekstur heimilanna í algeru uppnámi og óvissu. Nú þegar er skortur á fólki til að annast aldraða á stofnununum og þó nokkuð af rúmum standa auð á sama tíma og 350 aldraðir bíða í brýnni þörf eftir þjónustu.

[10:35]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég var nokkuð hissa þegar hv. málshefjandi fór fram á að ég yrði til andsvara í umræðu um þetta málefni því a.m.k. miðað við það sem ég get séð af fréttum um málið, ég hef reyndar mestar upplýsingarnar um það úr fréttum fjölmiðlanna, þá er hér um að ræða hjúkrunarheimili sem rekin eru af einkaaðilum. Þarna eiga í hlut einkafyrirtæki og það eru starfsmenn þeirra fyrirtækja sem eru að knýja á um betri kjör.

Hins vegar vill nú þannig til að þessir starfsmenn eru með kjarasamning sem er í gildi, fram til ársins 2008 ef ég man rétt, þannig að þeir starfsmenn sem þarna eiga hlut að máli eru ekki starfsmenn sem fjármálaráðuneytið hefur samið við eða eru í einhverju samningssambandi við fjármálaráðuneytið. Hins vegar er það auðvitað svo að þessar stofnanir veita þjónustu samkvæmt ákveðnu samkomulagi og fyrirkomulagi við hið opinbera og ríkið greiðir þeim ákveðið fyrir þá þjónustu samkvæmt reiknilíkönum sem um það hafa gilt og heilbrigðisráðuneytið fer með og þessi starfsemi heyrir að sjálfsögðu á faglega sviðinu undir heilbrigðisráðuneytið. Síðan kemur til kasta fjármálaráðuneytisins og Alþingis þegar fjárveitingar eru ákveðnar til ramma heilbrigðisráðuneytisins og hvernig því er síðar skipt. En þrátt fyrir að þetta sé svona í pottinn búið þá er ég ekki að segja að málið sé mér óskylt en mér finnst ég reyndar vera frekar eins og fjarskyldur ættingi en að ég standi ábyrgur fyrir þeim samningum sem þessir starfsmenn, frú forseti, og þessi fyrirtæki gera sín á milli.

[10:37]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Það þarf engan að undra að ófaglært starfsfólk á dvalar- og hjúkrunarheimilum hafi gripið til þess ráðs að fara í svokallað setuverkfall vegna þeirra launakjara sem það býr við. Vissulega bitnar þetta með miklum þunga á öldruðum sem nóg hafa mátt þola af höndum þessarar ríkisstjórnar í aðbúnaði og kjörum. En við hverja er að sakast? Ekki við starfsfólkið heldur fyrst og fremst stjórnvöld sem eru að hrekja þetta fólk út af heimilum aldraðra með sveltistefnu sinni og ekki bara sveltistefnu í kjörum heldur líka ótrúlegri skattpíningu á þessa hópa sem hvergi er að finna samjöfnuð við í allri Íslandssögunni. Þessi smánarkjör eru orðin óþolandi og vinnuálagið á þetta starfsfólk er alveg gífurlegt.

Hæstv. fjármálaráðherra getur ekki komið sér undan ábyrgðinni vegna þess að þessi heimili eru rekin á kostnað ríkisins með þjónustusamningum. Skilaboð hæstv. fjármálaráðherra til þessa fólks í Morgunblaðinu í dag eru því nöturleg en þar sendir hann þeim þá köldu kveðju að hann hyggist ekkert gera í málinu og með því bera ábyrgð á verri aðbúnaði aldraðra og að starfsfólk muni hverfa frá þessum störfum. Fjármálaráðherra hefur gefið þessu fólki langt nef en það er spurning hvort hæstv. heilbrigðisráðherra muni gera það sama. Hæstv. heilbrigðisráðherra og Framsóknarflokkurinn telja sig a.m.k. í orði kveðnu vilja setja fólk í fyrirrúm og ég skora því á hæstv. heilbrigðisráðherra að fylgja fordæmi Reykjavíkurborgar sem undir forustu Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur bætti svo um munar kjör umönnunarstétta hjá Reykjavíkurborg en þetta fólk er einungis að fara fram á sömu laun fyrir sömu störf. Og það þýðir ekki fyrir hæstv. fjármálaráðherra að koma í ræðustól og reyna að víkja sér frá ábyrgð í þessu máli og mér heyrðist ekki betur en hann væri líka að kasta henni yfir til heilbrigðisráðherra. Það er því nauðsynlegt að hæstv. heilbrigðisráðherra komi í stólinn til að við fáum að heyra hvort hún ætli að axla ábyrgð á því og hvort hún ætli að beita sér fyrir því að þessir þjónustusamningar verði teknir upp þannig að það sé hægt að semja við þetta fólk á þessum smánarkjörum.

[10:39]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er algerlega ljóst að heilbrigðisráðuneytið fer ekki með almennt samningsumboð í þessu landi þannig að það er ekki okkar að semja á þessu sviði. Ég áttaði mig satt best að segja ekki alveg á því hvert hæstv. fjármálaráðherra var að fara hérna áðan af því að samningsumboðið er ekki hjá heilbrigðisráðherra. Þannig er það. En að sjálfsögðu munum fylgjast áfram með þessu máli en ég sem ekki við þessar stéttir, það eru aðrir sem gera það.

[10:40]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Eins og staðan er núna er slæmt ástand á hjúkrunarheimilum í landinu, ástand sem snertir þúsundir fjölskyldna. Þetta er sömuleiðis ástand sem snertir sérstaklega klassíska kvennastétt en yfir 90% þeirra sem vinna

þessi störf eru konur. Þetta sýnir áherslu núverandi ríkisstjórnar á að bæta kjör þessarar kvennastéttar.

Rót vandans er að sjálfsögðu úrelt daggjaldakerfi og það er á ábyrgð hins opinbera og það er með ólíkindum að hlusta á hæstv. ráðherra heilbrigðismála og síðan fjármálaráðherra vísa hvor á annan. Hver ber ábyrgð á þessu? Getur ekki ríkisstjórnin komið sér saman um hver ber ábyrgð á þessu úrelta daggjaldakerfi?

Komið hefur í ljós hjá Ríkisendurskoðun að það þarf að skoða forsendur daggjaldanna betur og að hið svokallaða RAI-mat sé ekki tengt við mönnunarforsendur og aðra þætti. Það kom sömuleiðis fram frá fulltrúum í heilbrigðisráðuneytinu á fundi heilbrigðisnefndar í haust að núverandi daggjaldakerfi skapaði þá freistingu fyrir öldrunarheimili að hafa frekar fleiri en færri á heimilunum. Þetta er annar angi af þeim vanda sem er á bak við þetta kerfi.

Síðan blasir líka við að helmingur allra hjúkrunarheimila í landinu eru rekin með halla en þrátt fyrir það hefur hæstv. heilbrigðisráðherra sagt, nú síðast í utandagskrárumræðu sem ég kallaði eftir 8. nóvember sl. um aðbúnað og aðstæður aldraðra á dvalar- og hjúkrunarheimilum, að ekki kæmi til greina að endurskoða daggjaldakerfið. Það var enginn pólitískur vilji hjá hæstv. ríkisstjórn til að bæta þessa stöðu. Það þurfti samfylkingarmann í borginni til að bæta stöðu umönnunarstétta hjá borginni og það er alveg ljóst að væntanlega þurfi samfylkingarmann í Stjórnarráðið til að geta bætt stöðu bæði aldraðra og umönnunarstétta því að þessir hópar eru augljóslega ekki ofarlega í forgangsröð núverandi ríkisstjórnar. Þess vegna þurfum við nú breyta til því að við sjáum að báðir ráðherrarnir eru gersamlega rökþrota og benda hvor á annan.

[10:42]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Þetta er orðin alvarleg staða sem komin er upp þegar starfsfólk sem annast umönnun á dvalar- og hjúkrunarheimilum þarf að grípa til þeirra aðgerða að fara í setuverkfall til að vekja athygli á kröfugerð sinni um bætt kjör. Þetta eru að langmestu leyti konur og þær hafa fram að þessu verið þolinmóð starfsstétt, láglaunastarfsstétt, og við getum sagt okkur sjálf að þegar þessi starfsstétt grípur til slíkra úrræða þá er langt gengið.

Það er sama hvort þetta eru einkahlutafélög, sameignarhlutafélög eða hvort til slíkra aðgerða yrði gripið á dvalar- og hjúkrunarheimilum annarra, því það er alveg deginum ljósara að daggjöldin til dvalar- og hjúkrunarheimila eru of lág. Það sýnir sig að miklir erfiðleikar eru við rekstur þessara hjúkrunarheimila og flest þeirra eru rekin með halla. Við þær aðstæður er ljóst að þeir rekstraraðilar sem bera ábyrgð á rekstrinum hafa því miður ekki orðið við beiðnum þeirra starfsmanna sem verst eru settir til að hækka launin. Önnur aðferð til að bregðast við vandanum væri að fækka starfsmönnum, loka deildum, fækka sjúklingum sem sýnir að rekstraraðilar þessara stofnana eru í algerri sjálfheldu. Það er því á ábyrgð ríkisvaldsins að hækka daggjöldin til þeirra svo hægt sé að greiða mannsæmandi laun og þá sérstaklega til þeirra sem lægstu launin hafa en oft og tíðum þungann af starfseminni og mikla ábyrgð.

[10:45]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hér hafa tveir ráðherrar bent hvor á annan og það er auðvitað alveg hlálegt. Þetta eru ráðherrar sem bera ábyrgð á málaflokknum, á heilbrigðisþjónustunni, á því að eldra fólk fái mannsæmandi umönnun og að greidd séu mannsæmandi laun fyrir þá umönnun sem eldra fólk fær á ævikvöldi sínu.

Hvað haldið þið, hv. þingmenn, við hér í þessum sal, að það kosti fyrir það fólk sem nú er í setuverkfalli að lifa? Þetta fólk er með rúmar 100 þús. kr. í laun á mánuði og það er ekki einu sinni það sem fólk hefur til ráðstöfunar heldur í grunnlaun áður en nokkuð er greitt eða nokkuð er tekið af í skatta og skyldur, því að þetta er fólk sem lendir í skatti. Við skulum bara átta okkur á því að hér er ríkisstjórn með úrelt sjónarmið. Það skiptir engu máli að hér er um einkafyrirtæki að ræða sem kjarasamningar eru gerðir við á frjálsum markaði. Það skiptir bara máli að sjúkraheimilin okkar og hjúkrunarheimilin séu starfhæf og að þar séu greidd mannsæmandi laun fyrir alla. Ef það er ekki gert sendum við þar með tóninn því fólki sem dvelur á hjúkrunarheimilum, því fólki sem hefur borið uppi þetta samfélag okkar áratugina hér á undan, borið uppi það samfélag sem við nú njótum. Þetta eru úrelt sjónarmið þessarar ríkisstjórnar. Þessi ríkisstjórn er úrelt og ætti auðvitað að víkja. Hún á ekki að láta svona hluti gerast í okkar samfélagi.

[10:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Það er alveg ótrúlegt að vera viðstaddur hér og horfa upp á það að hæstv. fjármálaráðherra firri sig ábyrgð á rekstri þessara heimila. Við vitum öll að það er ríkið sem greiðir rekstur hjúkrunarheimilanna þó að félagasamtök eða aðrir sjái um reksturinn. Þessi heimili eru rekin á úreltum daggjöldum en við breytum því auðvitað ekki núna á nokkrum dögum. Það þarf að breyta þessu fyrirkomulagi en það þarf strax að bregðast við þeim lágu launum sem umönnunarstéttirnar búa við og ég benti á hér í fyrri ræðu minni. Við höfum ekki efni á því að greiða svona lág laun og hæstv. fjármálaráðherra verður að gjöra svo vel að axla þá ábyrgð sem hann ber í þessu máli.

Sjálfstæðismenn hér í Reykjavík segja að þeir ætli að setja öldrunarmálin í öndvegi. Er það trúverðugt, frú forseti, þegar hæstv. fjármálaráðherra, sem er með ríkiskassann, ætlar ekki að taka upp þjónustusamningana við hjúkrunarheimilin og greiða fólki mannsæmandi laun? Við stöndum frammi fyrir því að fólk mun fara úr þessum störfum. Það er verið að loka plássum á hjúkrunarheimilunum. Í gær talaði ég við eitt hjúkrunarheimili, þar eru 14 auð pláss. Og þannig er það örugglega víðar vegna þess að það fæst ekki fólk til að hjúkra fólkinu sem liggur þar.

Við erum með 350 manns í brýnni þörf fyrir að komast inn á hjúkrunarheimilin og það er enginn vilji til að gera neitt í málunum og hæstv. fjármálaráðherra vísar bara á aðra. Það verður að taka á þessum þjónustusamningum, öðruvísi geta heimilin ekki samið um betri laun fyrir það fólk sem vinnur þau verðmætu störf sem umönnun aldraðra er. Ég skora á hæstv. forsætisráðherra, sem situr hér, fjármálaráðherra og hæstv. heilbrigðisráðherra að taka höndum

saman og leysa þetta mál. Aldraðir á hjúkrunarstofnunum geta ekki búið við það í næstu viku að vera þjónustulausir í tvo daga eins og allt útlit er fyrir ef ekkert verður að gert.

[10:49]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hundruð manna hafa gripið til þess örþrifaráðs að fara í setuverkfall og aðgerðirnar, sem auðvitað orka tvímælis, bitna á þeim sem síst skyldi. Við þær aðstæður er ekki tíminn fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra að koma hér í ræðustól Alþingis og benda hvor á annan. En það er ástæða til að þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að taka málið á dagskrá því að hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. heilbrigðisráðherra, sem báðir eru nýir í störfum, vita greinilega ekki hvor ber ábyrgð á málaflokknum. Það er full ástæða til þess að hvetja þessa nýju ráðherra til þess að hrista af sér þreytuna og reyna að átta sig á sínum nýju stöðum og hver ber ábyrgð á hverju og fara að taka á þessum þjónustusamningum því að við vitum það öll í þessum sal að daggjaldakerfi hjúkrunarheimilanna er handónýtt. Við sitjum á hverju hausti í fjárlaganefnd Alþingis og tökum á móti sveitarstjórnum og sjálfseignarstofnunum hringinn í kringum landið, á móti fólki úr öllum flokkum, Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki, Samfylkingu, Vinstri grænum og Frjálslyndum, sem lýsir því fyrir okkur hversu handónýtt þetta daggjaldakerfi sé, hvernig viðvarandi hallarekstur sé sá rammi og þau skilyrði sem stofnunum sem þjóna eiga öldruðum eru búin. Hér koma svo hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. heilbrigðisráðherra og vita ekki hvorum það kemur við.

Ég segi, virðulegur forseti: Það kemur þeim báðum við og ég hvet þá til að grípa til aðgerða til þess að taka á því ófremdarástandi sem uppi er, hverjum svo sem það kann að vera að kenna. Það skiptir ekki máli hverjum það er að kenna. Það sem skiptir máli er að teknar séu þær ákvarðanir í þessum sal og í ríkisstjórn Íslands að taka á þeim vandamálum sem brenna á fólkinu í landinu og þá ekki síst þeim sem verst eru settir, því láglaunafólki sem hér hefur gripið til (Forseti hringir.) aðgerða og þeim öldruðu sem eiga að njóta þjónustu þeirra.

[10:51]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það sem er úrelt — hv. þingmenn ættu að gera sér grein fyrir því að það er úrelt og ég heyri ekki annað í málflutningi alla vega sumra þeirra hér í síðustu viku, sérstaklega 1. talsmanns Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd, Einars Más Sigurðarsonar, en að þeir geri það — er að forstöðumenn fyrirtækja hlaupi frá ábyrgð sinni og hlaupi til ríkisins og ætlist til þess að ríkið bjargi þeim þegar þeir hafa gert samninga sem þeir geta ekki staðið við. Það er úrelt. Ef við ætlum að ná þeim árangri að við getum staðið við þau fjárlög sem ákveðin eru af hv. Alþingi þá vinnum við ekki þannig. Ég hef verið hvattur til þess, sérstaklega af 1. talsmanni Samfylkingarinnar í fjármálum ríkisins, að standa við fjárlögin og fylgja þeim vel eftir. (Gripið fram í.) Ég heyri hins vegar að annar talsmaðurinn er á annarri skoðun núna þó að hann hafi fyrir jólin hvatt til meira aðhalds í fjárlögunum en hann taldi sig sjá þá. Þannig er nú málflutningurinn í þessu.

Það eru einkafyrirtæki sem sjá um þessa þjónustu og það eru þau einkafyrirtæki sem hafa samið við þessa starfsmenn sína. Ríkið og fjármálaráðuneytið hefur ekki samið við þessa starfsmenn.

Ef hins vegar, eins og maður sér örla á í þessari umræðu, forstöðumennirnir eru óánægðir með það samkomulag sem í gildi er á milli þeirra og ríkisins um daggjöldin þá snúa þeir sér til þess ráðuneytis sem með þau mál fer, sem er heilbrigðisráðuneytið, og óska eftir að því verði breytt. Þá munum við vinna úr því eftir því sem efni og ástæður eru til. Þannig er verkaskiptingin í Stjórnarráðinu og þannig hefur hún verið um langt árabil og það þarf engum að koma á óvart hver hún er. Það er úrelt þing að hlaupa upp þegar svona mál ber á góma og ætla bara að opna ríkiskassann og leysa málið með því að (Forseti hringir.) fjármálaráðherra skrifi enn einn tékkann. Þannig (Forseti hringir.) stöndum við ekki við fjárlögin sem hv. Alþingi ákveður. (Gripið fram í.)

Umræður utan dagskrár.

Aukning á skuldum þjóðarbúsins.

[10:54]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Staða efnahagsmála hefur verið mjög í umræðunni og kemur margt til. Hlutabréf hafa snarhækkað eftir áramót en snarlækkuðu síðan aftur og nálgast nú það gengi sem þau voru í um áramótin. Sömuleiðis hefur gengi íslensku krónunnar snarlækkað og í kjölfarið er hætta á verðbólguskoti. Fyrir almenning þýðir þetta hærra vöruverð og hærri greiðslur af verðtryggðum lánum. Þetta umrót er m.a. rakið til þess að erlendir fjármálasérfræðingar hafa beint sjónum sínum að veikleikum í íslensku efnahagslífi, svo sem miklum viðskiptahalla, innbyrðis eignatengslum fyrirtækja og banka og síðast en ekki síst mikilli skuldasöfnun þjóðarinnar. Skuldasöfnun er nánast hvar sem litið er í þjóðfélaginu. Skuldir heimilanna jukust gríðarlega á síðasta ári og þar af jukust dýrustu lánin, yfirdráttarlánin, um heila 14 milljarða kr.

Það eru skilaboð frá okkur í Frjálslynda flokknum til almennings í landinu, og hefur verið um árabil, að spara, en besta leiðin til þess er að borga niður skuldir. Það er varasamt að stofna til skulda meðan hætta er á að verðbólga rjúki af stað. Heildarskuldir þjóðarbúsins við útlönd eru nú þreföld árleg landsframleiðsla þjóðarinnar.

Frú forseti. Aftur að umróti síðustu vikna en það hefur verið rakið, eins og áður segir, til umsagna frá útlöndum þar sem varað er við blikum á lofti hvað varðar stöðu íslensks efnahagslífs. Við þessu þurfa stjórnvöld að bregðast af festu þar sem neikvæð umræða hefur leitt af sér að skuldugir íslenskir bankar hafa fengið verri vaxtakjör. Í sjálfu sér á það ekki að vera áhyggjuefni fyrir erlenda lánardrottna hver skuldasöfnunin er heldur miklu frekar hvort innlendir aðilar séu ábyggilegir hvað það varðar að greiða skuldina til baka.

Hæstv. forsætisráðherra hefur ítrekað sagt að þessi

slæma einkunn erlendra banka sé nær eingöngu byggð á villandi upplýsingagjöf. Þess vegna beini ég þeirri spurningu til hæstv. forsætisráðherra hvort og hvernig stjórnvöld ætli að bæta þar úr. Við í Frjálslynda flokknum lítum svo á að skýr skilaboð og aðgerðir stjórnvalda þurfi að koma til og það strax til þess að sporna við aukinni skuldasöfnun þjóðarbúsins.

Það hefur valdið miklum vonbrigðum að hæstv. forsætisráðherra, sem ber ábyrgð á stöðu mála, hefur ítrekað reynt að drepa umræðunni á dreif í stað þess að boða markvissar aðgerðir, m.a. með því að segja að það sé marklaust að horfa eingöngu á skuldir og viðurkenna að vissulega hafi skuldir aukist en afsaka það síðan með aukinni eignamyndun. Í því augnamiði að einfalda umræðuna ætla ég að halda mig við skuldir að frádregnum eignum. En þá kemur í ljós að þjóðarbúið hefur bætt verulega við sig skuldum umfram eignir og slagar nettóaukning síðasta árs hátt í útgjöld fjárlaga ríkisins eða 270 milljarða kr.

Hvað veldur? Hæstv. forsætisráðherra hefur bent í ýmsar áttir, svo sem til mikillar útlánaaukningar bankanna. Vissulega get ég tekið undir þá skýringu en hrein staða þeirra gagnvart útlöndum er neikvæð upp á 1.268 milljarða og hefur nettóstaða innlánastofnana aukist á einu ári um 500 milljarða kr. sem mun nálgast það að neikvæð staða bankanna við útlönd hafi aukist nettó um sem nemur útgjöldum einna og hálfra fjárlaga eins árs. Þetta er gríðarlega mikil skuldaaukning á einu ári, 500 milljarðar.

Hæstv. forsætisráðherra verður að fara að átta sig á því að hann er ekki kosinn til að benda á einhverja sökudólga heldur til þess að stjórna efnahagsmálunum. Eina aðhaldsaðgerðin í efnahagsmálum á umliðnum missirum hefur verið sú að hækka stýrivexti og síðast var það gert í morgun. Öllum ætti að vera orðið ljóst að það eitt vinnur ekki á rót vandans þar sem hækkun stýrivaxtanna hefur alls ekki slegið á þenslu og útlánaaukningu bankanna. Það er skoðun okkar í Frjálslynda flokknum að það verði að beita meira aðhaldi og vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. ráðherra í því augnamiði:

Kemur til greina að settar verði kvaðir á innlánsstofnanir um að hreinar skuldir erlendis fari ekki yfir ákveðin mörk? Og í öðru lagi: Kemur til greina að afnema verðtryggingu til þess að lánastofnanir verði varfærnari í útlánum og taki þar með á sig áhættu af hækkandi verðbólgu?

Með núverandi verðtryggingu mun hækkandi verðbólga nær eingöngu bitna á viðskiptavinum bankanna þar sem bankarnir eru tryggðir í bak og fyrir. Við í Frjálslynda flokknum erum sannfærð um að ef verðtryggingin yrði afnumin yrði erlend lántaka íslenskra banka miklum mun varfærnari en nú er.

Að lokum vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort ríkisstjórnin hafi einhverjar aðrar sérstakar aðgerðir í efnahagsmálum til þess (Forseti hringir.) að auka trúverðugleika íslensks efnahagslífs.

[10:59]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Þegar rætt er um skuldir einstaklinga, skuldir þjóðarbúsins, skuldir bankanna þá er óhjákvæmilegt að mínu mati að taka tillit til eignanna. Hv. þingmaður orðaði það þannig að ég afsakaði þessa stöðu með eignunum. Ég hef aldrei heyrt þetta fyrr og ég spyr hv. þingmann: Skiptir það ekki miklu máli fyrir einstaklinga, fyrir fyrirtæki, fyrir banka hvaða eignir eru á móti skuldunum? Ég sé að hv. þingmaður kinkar kolli og það gleður mig því að ég hef aldrei vitað fyrr að efnahagsreikningurinn eða eignahlið efnahagsreikningsins væri nokkurs konar afsökunarbeiðni. Það er alveg nýtt fyrir mér.

Það liggur fyrir að það eru miklar skuldir við útlönd. Það er staðreynd. Það eru ekki skuldir ríkissjóðs. Ríkissjóður skuldar nú u.þ.b. 7,5% af þjóðarframleiðslu en fyrir tíu árum voru það 25%, eða sem nemur um 70 milljörðum kr. sem skuldirnar eru. Um þessar mundir á ríkissjóður um 80 milljarða inni í Seðlabankanum og gjaldeyrisforði Seðlabankans er svipuð fjárhæð. Það liggur því alveg ljóst fyrir að staða ríkissjóðs er mjög góð.

Heimilin í landinu skulda mikið, það er rétt. Samt er það staðreynd að á undanförnum fimm árum hafa eignir heimilanna í landinu aukist um 1.200 milljarða kr., nettóeignir heimilanna eða 12 milljónir á hvert heimili. Skuldir heimilanna af heildareignum eru um 35%. Það liggur líka fyrir að nettóeignir bankanna og eiginfjárstaða þeirra er miklu betri en hún var fyrir nokkrum árum. Umsvif bankanna hafa aukist mjög mikið og mjög mikill hluti þeirra umsvifa er erlendis. Þá má spyrja: Væri það betri staða fyrir íslenskt þjóðarbú ef þessir bankar væru ekki skráðir á Íslandi heldur erlendis? Það liggur náttúrlega í augum uppi að það væri ekki betri staða fyrir íslenskt þjóðarbú, það væri miklu verri staða. Þess vegna verður að tala um þetta í þessu ljósi, hv. þingmaður, þó að ég taki undir að það þurfi að sýna varfærni í þessum málum. Það þarf að sýna mikla varfærni í að auka þessar skuldir og það ber að vara alla einstaklinga við því að stofna til mikilla skulda. Það sama á við um bankana og það sama á við um fyrirtæki en auðvitað skiptir meginmáli til hvers þær skuldir eru notaðar. Ef þær eru notaðar til eyðslu þá er það mjög slæmt. Ef þær eru notaðar til skynsamlegra fjárfestinga þá er það nauðsynlegt fyrir þjóðarbúið og verðmætasköpun okkar.

Ég hef tekið undir það að bæta þurfi upplýsingar um þessa stöðu og ríkisstjórnin er fyrir sitt leyti bæði tilbúin og telur nauðsynlegt að taka þátt í því og við höfum rætt það við bankana. Ég tel hins vegar út í hött að fara að setja einhverjar kvaðir á innlánsstofnanir um nettóskuldastöðu við útlönd. Ég vænti þess að hv. þingmaður geri sér grein fyrir því að við erum hluti af Evrópska efnahagssvæðinu og við höfum samið um frjálsa fjármagnsflutninga á þessu svæði. Ég veit ekki til þess að áhugi sé á því á hv. Alþingi að fara að loka fyrir það og segja upp samningum um frjálsræði á þessu sviði.

Hvað það varðar að afnema verðtryggingu þá er verðtryggingin á vissan hátt gölluð. Hins vegar er mjög erfitt að afnema verðtrygginguna við þau skilyrði sem núna eru, þær miklu sveiflur sem eru í þjóðfélaginu. Ef taka á upp gengistryggingu í staðinn liggur náttúrlega fyrir að lán yrðu að meira eða minna leyti í erlendri mynt í stað þess að vera í íslenskum krónum. Til lengri tíma litið þá er ég þeirrar skoðunar að stefna beri að því að afnema verðtrygginguna en við þau skilyrði sem núna eru sé ég ekki að forsendur séu til þess.

[11:04]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að taka þetta mál upp og vekja athygli á þeirri miklu skuldasöfnun sem átt hefur sér stað. Menn verða vitaskuld að átta sig á því að það þarf að greiða þessar skuldir. Forsendan fyrir því er að þessar lántökur séu arðsamar og skili arði og eins að atvinnustigið verði áfram mjög hátt í landinu. Það er forsendan fyrir því að hægt verði að greiða þessar skuldir. Þess vegna er mikilvægt að við tökum þessa umræðu og það er mikilvægt að við köllum eftir því hvernig ríkisstjórnin hyggst bregðast við því ástandi sem nú er.

Mér fannst afar lítið koma fram í svörum hæstv. forsætisráðherra um það hvernig ríkisstjórnin hygðist bregðast við. Mig langar því aðeins að vekja máls á því sem ég hef gert áður að bara það umhverfi sem bönkunum er boðið upp á, þ.e. nánast axlabönd og belti á allar lánveitingar sem þeir fá, hvetur til aukinna útlána. Þá er ég að vísa til verðtryggingarinnar annars vegar og ábyrgðarmannakerfisins hins vegar og svo er einnig hægt að benda á viðvarandi háa vexti. Allt þetta hvetur til mikilla útlána.

Eins vil ég nefna að sífellt er verið að tala um að ríkissjóður skuldi lítið. Vissulega hafa skuldir ríkissjóðs minnkað en það er minni umræða um það að eignirnar hafa einnig minnkað. Eignir hafa verið seldar fyrir um eða yfir 100 milljarða og þrátt fyrir þessa miklu eignasölu hafa útgjöld ríkisins aukist. Það verður fróðlegt að sjá hvernig menn taka á þeirri útgjaldaaukningu þegar að kreppir, vegna þess að menn hafa verið að selja ýmsar eignir sem hafa skilað arði og það er ljóst að þegar að kreppir verður sú kreppa ekki fjármögnuð með öðru en lánum. Ríkisstjórnin hefur því að sumu leyti verið (Forseti hringir.) afar óábyrg í sínum aðgerðum og það (Forseti hringir.) var eftir þeim sem mér fannst hv. þingmaður vera að kalla (Forseti hringir.) og því miður komu lítil svör frá hæstv. forsætisráðherra.

(**Forseti** (DrH): Ég bið hv. þingmenn að virða tímann.)

[11:07]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ef við skoðum fyrst eignastöðu einstaklinga þá eiga þeir í húsnæði um 2.500 milljarða, í lífeyrissjóðum 1.200 milljarða og svo skulda þeir 1.000 milljarða á móti þannig að þeir eiga u.þ.b. 3.000 milljarða í eignum nettó, sem eru 10 milljónir á hvert einasta mannsbarn í landinu, litlu börnin meðtalin. Þetta er ekki slæm staða. Þetta er mjög góð staða. Til viðbótar bætast eignir í hlutabréfum og opinberar eignir sem allar eru skuldlausar meira og minna. Þetta er virkilega fín staða.

Á móti erlendum skuldum koma eignir sem hafa verið að myndast, Kárahnjúkar. Það er reyndar því miður opinber fjárfesting sem mætt hefur verið með eignasölu, sem síðasti ræðumaður var að nefna, og erlendar eignir sem fyrirtæki hafa keypt fyrir erlendar skuldir, og eignirnar munu vonandi gefa arð og eru þegar farnar að gefa arð. Vaxtamunur í Danmörku er farinn að skila sér til Íslands. Það er fínt mál. Hins vegar vara ég einstaklinga við því að spenna bogann ekki hátt í eyðslu því að lántaka er ekkert annað veðsetning á framtíðartekjum hvers og eins og þar þurfa menn að passa sig.

Lánshæfismat bankanna hefur stórbatnað þannig að þeir eru komnir í samkeppni við ríkið á húsnæðismarkaðnum og það er kannski aðalvandinn. Áhættudreifing þeirra er miklu betri núna en var fyrir svona fimm árum vegna þess að þeir hafa keypt banka í útlöndum.

Ríkissjóður stendur þétt á bak við Seðlabankann í baráttunni við þá þenslu sem fylgir þessum miklu umsvifum því að afgangurinn á síðasta ári var 100 milljarðar, afgangur á ríkissjóði, vegna þess að salan á Símanum var ekki notuð til eyðslu heldur var hún öll lögð til hliðar, bæði erlendis og innan lands. Staðan er því mjög góð. Hins vegar verður að gæta sín vel þegar staðan er svona viðkvæm og menn þurfa að vinna vel úr þessu, það er ekki þannig að menn geti bara horft á þetta og gert ekki neitt. Það eru menn að gera, Seðlabankinn er að (Forseti hringir.) mæta þessu.

[11:09]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum hér um skuldastöðu þjóðarbúsins og stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum og ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að taka þetta mál upp.

Það sem er kannski einna alvarlegast varðandi skuldasöfnun þjóðarbúsins, heimilanna og atvinnufyrirtækjanna er hvað þær vaxa hratt nú á skömmum tíma eða um 1.000 milljarða á milli ára. Það er ógnvænlegt því að allar slíkar stökkbreytingar lýsa ótryggu ástandi, þær lýsa ekki stöðugleika. Það sama gerðist í morgun þegar Seðlabankinn ákvað að hækka stýrivexti sína um 0,75 punkta eða í 11,5%, en þetta er þrettánda vaxtahækkun Seðlabankans frá því í maí 2004. Það eitt staðfestir orð fyrrverandi seðlabankastjóra sem hann lét falla um að hér ríki ógnarjafnvægi í efnahagsmálum. Það er þetta fátæklega verkfæri Seðlabankans sem er bara stjórn stýrivaxta sem hann getur beitt þar sem honum er falið að halda niðri verðbólgu. Við þekkjum hvernig gengið hefur sveiflast. Það þetta ógnarjafnvægi, þessi óstöðugleiki sem ógnar öllu efnahagslífi, atvinnulífi, stöðu okkar og trúverðugleika í útlöndum. Það er þetta sem er hættulegt. Og þar ræður efnahagsstefna núverandi ríkisstjórnar sem hefur keyrt á ál, einhæfa atvinnu, álbræðslur og aftur álbræðslur og skattalækkanir á hátekjufólki. Það hefur verið grunntónn (Forseti hringir.) efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar og (Forseti hringir.) hún er stórhættuleg.

[11:11]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Miklar lánveitingar bankanna innan lands eiga mikinn þátt í að halda uppi þenslu í landinu. Líklegt er að verðbólgan fari nú vaxandi samhliða breytingu og lækkun gengis íslensku krónunnar um 15% frá áramótum. Þó að sú aðlögun í gengismálum hafi verið nauðsynleg er ljóst að lán til almennings sem almennt eru verðtryggð hækka og greiðslubyrðin vex. Það tekur fljótt í afkomu fólks sem hefur verið í fasteignakaupum á mjög hækkandi fasteignamarkaði ef verðbólgan fer að nálgast tug prósentna.

Verðtryggingin er séríslenskt kerfi sem kominn er tími til að afnema. Bankarnir ættu ekki að þurfa bæði belti og axlabönd í verndun hagsmuna sinna. Það hefur verið mikill órói á hlutabréfamarkaðnum undanfarnar vikur og sýnt þykir að lánskjör bankanna erlendis verði á næstunni verri en þeim hefur boðist á síðustu árum. Það ætti að leiða til frekari varfærni í lánveitingum og væntanlega til hægt minnkandi lánveitinga innan lands. Skuldasöfnun er mikil í þjóðfélaginu og skuldir heimilanna hafa vaxið gífurlega síðustu ár og farið langt fram úr landsframleiðslu. Vandanum verður ekki drepið á dreif, hæstv. forsætisráðherra. Eignir á móti skuldum almennings eru vissulega til staðar eins og ástandið er nú m.a. vegna hækkandi fasteignaverðs. En fasteignaverð getur lækkað en skuldirnar fara varla lækkandi vegna þess. Það þarf að greiða skuldirnar, hæstv. forsætisráðherra, og það þarf mikla, trygga og stöðuga vinnu til að standa við þær skuldbindingar. Þess vegna eru varnaðarorð í þessum efnum afar nauðsynleg vegna þess að skuldirnar munu sitja eftir hvernig sem fasteignaverð þróast í landinu.

[11:13]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Vissulega er það rétt að skuldir íslenskra heimila hafa verið að hækka og skuldir þjóðarbúsins jafnframt en við verðum að líta til þess að eignir þessara aðila, eignir heimilanna hafa á síðustu fimm árum aukist um 1.200 milljarða kr. og eignir íslenska lífeyrissjóðakerfisins eru aðrir 1.200 milljarðar og við eigum eitt sterkasta lífeyrissjóðakerfi miðað við þau lönd sem við berum okkur venjulega saman við.

Jafnframt er það rétt að ríkissjóður er nánast skuldlaus, sem er auðvitað ákveðinn gæðastimpill á þann árangur sem núverandi ríkisstjórn hefur náð í ríkisfjármálum. Allt eru þetta hlutir sem skipta mjög miklu máli í þessari umræðu. Hins vegar ber að líta á það að erlendar skuldir, til að mynda bankakerfisins, hafa stóraukist í þeirri gengisaðlögun sem íslenska krónan hefur verið í á síðustu missirum, það er rétt. En við skulum líka hafa í huga að eignir íslenska fjármálakerfisins í erlendri mynt hafa aldrei verið meiri og styrkur íslenska fjármálakerfisins hefur verið staðfestur að undanförnu hjá matsfyrirtækjum. Það er mjög mikilvægt. En gengisaðlögunin, lækkunin á gengi íslensku krónunnar var nauðsynleg fyrir útflutningsatvinnugreinarnar, sem eru sjávarútvegurinn og ferðaþjónustan, og það hefur verið kallað eftir því. Vissulega hefði það kannski mátt gerast á lengri tíma en þetta er staðreynd sem mun styrkja rekstrargrundvöll útflutningsatvinnugreinanna og ég fagna því.

Hæstv. forseti. Ég tek undir að það er mjög mikilvægt að við höldum áfram háu atvinnustigi í landinu því að fólk þarf vinnu til þess að standa undir öllum þessum skuldbindingum. Því er mikilvægt að stjórnvöld á hverjum tíma viðhaldi öflugri atvinnustefnu. Hvergi í heiminum er minna atvinnuleysi, við þurfum að flytja inn fólk til þess að vinna ýmsa vinnu sem Íslendingar vilja ekki vinna. Við verðum að halda uppi öflugri atvinnustefnu og sú stefna endurspeglast í stefnu ríkisstjórnarinnar.

[11:16]

Katrín Júlíusdóttir:

Frú forseti. Skuldir heimilanna eru mjög miklar hér á landi og hafa farið talsvert hækkandi. Þrátt fyrir að eignirnar hafi hækkað á móti breytir það ekki þeirri staðreynd að fólk þarf að greiða af íbúðarhúsnæði sínu þannig að þó svo eign þeirra í húsnæði hafi hækkað verður það að greiða afborganir sínar með háum vöxtum og verðtryggingu.

Frú forseti. Mig langar að gera verðtrygginguna aðeins að umtalsefni vegna þess að hún veldur því að höfuðstóll lána heimilanna bólgnar út. Fólk horfir á hann bólgna út og það veldur því að það er hætt að horfa á heildarskuldir sínar og lítur frekar til þess hvað það þarf að borga mánaðarlega, þ.e. mánaðarlegar afborganir. Tengingin við heildarskuldirnar og áherslan á heildarskuldirnar og að halda þeim niðri er því ekki af þeim ástæðum nægilega mikil.

Það er því skoðun mín, frú forseti, að einhver raunhæf áætlun verði að fara að koma um hvernig við ætlum að afnema verðtrygginguna. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fram mjög gott þingmál í þá veru. Mér nægir ekki að heyra frá hæstv. forsætisráðherra að hann telji til lengri tíma litið að afnema eigi verðtrygginguna. Ég hefði viljað heyra skýrar frá hæstv. forsætisráðherra hvenær hann sér slíkar aðstæður fyrir, hvenær hann telji að það geti komið til greina, hvaða aðstæður verði að vera til staðar og hvað hann er að gera til að skapa hér þær aðstæður sem til þarf svo hægt sé að afnema verðtrygginguna, vegna þess að ég tel það skipta mjög miklu máli og við séum núna að súpa seyðið af því að hafa haft verðtryggingu á húsnæði í allan þennan tíma.

[11:18]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg sama hvað við skoðum allar grunnstærðir varðandi íslenskt þjóðarbú. Ljóst er að Íslendingar hafa aldrei staðið sterkari, aldrei í sögunni og við stöndum sterkari en flestar aðrar þjóðir Vestur-Evrópu. Skuldir ríkisins um síðustu áramót voru 7% af vergri landsframleiðslu og ef við tökum gjaldeyrisforðann eins og oft er gert í almennum samanburði eða erlendum samanburði þá eru skuldir ríkisins núll.

Hitt er annað mál að við höfum verið með mikinn viðskiptahalla sem er mjög óheilbrigt. Vonandi verður hann leiðréttur því gengið er að leita jafnvægis og vonandi tekst að stoppa þá skuldaaukningu sem er hjá einstaklingum því það er óheilbrigt.

En það þarf sterk bein til að þola góða daga og núna ríður mikið á að ríkissjóður standi vörð um hinn glæsilega árangur sem náðst hefur í efnahagsmálum. Til þess þarf að vera á móti ýmsu sem er vinsælt. Það þarf að vera á móti framkvæmdum sem eru vinsælar, það þarf fyrst og fremst að vera á móti óraunhæfum kauphækkunum sem gera mjög vart við sig. Menn þurfa að hafa þrek til að varðveita þann árangur sem náðst hefur.

En þegar við hlustum á þingmenn stjórnarandstöðunnar, virðulegi forseti, er mjög erfitt að átta sig á hvað þeir vildu sagt hafa eða hvaða ráð þeir hafa. Eina vikuna taka þeir upp að hér séu allt of háir skattar. Aðra vikuna koma þeir og segja: Það þarf endilega að bæta gríðarlega miklu við vel-

ferðarsamfélagið. Þetta er málflutningur þeirra, virðulegi forseti. Hver á að skilja hvað þeir vilja segja? Hverjar eru tillögur þeirra? Þær eru engar, aldrei neinar. Bara að reyna að vekja einhverja tortryggni um að eitthvað sé ekki eins gott og það er.

[11:20]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hv. þm. Einar Oddur sagði að það þyrfti sterk bein til að þola góða daga. Hann hefði átt að bæta við: sérstaklega ef það er tekið út á krít. Það er nefnilega svo að það þótti gott til sveita áður fyrr að eiga fyrir úttektinni. Er það merki um stöðugleika að Seðlabankinn er kominn með stýrivexti sína upp í 11,5%? Hv. þm. Einar Oddur gæti velt því fyrir sér hvaða efnahagsástand þarf að vera í landinu til að hann geti lækkað þá aftur.

(**Forseti** (DrH): Hv. þingmanni ber að nefna nafn þingmannsins fullu nafni. Kristjánsson er hann.)

Alveg hárrétt. Hann er bæði vel og rétt feðraður, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hvaða aðstæður þurfa að skapast til að Seðlabankinn geti aftur lækkað vextina? Hafa menn hugleitt það? Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum fram í haust tillögu til þingsályktunar um að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Þar eru raktar í nokkrum liðum það sem grípa á til, bæði til skamms tíma og lengri tíma. Þar m.a. teljum við mjög mikilvægt að nú þegar sé verðbólgunni náð niður fyrir viðmiðunarmörk Seðlabankans. Það er ekki gert.

Við leggjum líka áherslu á stöðugleika á vinnumarkaði. En við leggjum megináherslu á að efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar verði breytt, að hún standi ekki fyrir stórkostlegum ríkisdrifnum stóriðjuframkvæmdum. Það eru hinar hættulegu fjárfreku framkvæmdir í efnahagskerfi okkar og að ríkisstjórnin standi ekki fyrir þessum skattalækkunum á hátekjufólki, lækki frekar skattlagninguna á lágtekjufólki og að hún rétti kjör lægst launaða fólksins, öryrkja, aldraðra og þeirra sem lægstar hafa tekjur. Það mundi (Forseti hringir.) m.a. verða til þess að skapa efnahagslegan stöðugleika, frú forseti.

[11:22]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Í fyrri ræðu minni fór ég einmitt yfir nettóaukningu, tók tillit til eigna bankakerfisins erlendis og skulda og það hafði orðið nettóaukning á skuldum og hefur aukist gríðarlega á einu ári. Ég fór yfir þær tölur fyrr í ræðu minni.

Ég fór einnig yfir það að hækkun stýrivaxta virðist ekki slá á þessa þróun. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra í framhaldinu hvort hann telji að sú þróun geti haldið áfram og til hvaða ráða eigi þá að grípa vegna þess að hæstv. ráðherra sló það út af borðinu að setja kvaðir á bankakerfið um að þessi nettóaukning færi ekki fram yfir ákveðin mörk. Ég er honum ekki sammála hvað það varðar. Einnig sagði hann að verðtryggingin kæmi ekki til greina eins og staða mála væri nú og ég vildi spyrja: Hvað er hægt að grípa til bragðs? Ekki getur þetta gengið svona áfram.

Einnig hefur staða heimilanna komið inn í umræðuna, að eignir þeirra hafi aukist gríðarlega. Hvers vegna er það? Við vitum það öll hér í salnum að það er vegna þess að ákveðin verðbólga hefur orðið á fasteignum. Ég get tekið sem dæmi húsið sem ég bý í í Skerjafirðinum. Verðgildi þess hefur kannski aukist um einhverjar milljónir en notagildi þess hefur akkúrat ekki neitt aukist, heldur einungis kostnaður, fasteignagjöld hafa hækkað og viðhald hefur aukist. Við skulum því taka stöðuna eins og hún er og vera ekki að búa til einhvern veruleika heldur skoða þetta í alvöru. Til hvaða ráða á að grípa til að taka á þeim vanda sem er uppi í efnahagsmálunum?

Í lok umræðunnar langar mig að spyrja hæstv. forsætisráðherra varðandi afstöðu hans til hækkunar stýrivaxta bankans í morgun. Þegar bankinn hækkaði þá hóflega skömmu fyrir áramót þá fagnaði hann þeirri stefnubreytingu og nú væri fróðlegt að fá að heyra afstöðu (Forseti hringir.) hæstv. ráðherra til þeirrar hækkunar sem varð í morgun, frú forseti.

[11:25]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það kom fram hjá hv. þm. Guðjóni Kristjánssyni að mikilvægast væri að við gætum borgað þessar skuldir. Þetta er að sjálfsögðu algerlega rétt hjá honum og ég vænti þess að allir geti verið sammála um það. Það er það sem skiptir máli. Og það skiptir máli að bæði við og aðrir trúum því að við getum borgað þessar skuldir. Ég tel eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að við séum betur í stakk búin til að borga þessar skuldir en nokkru sinni fyrr. En það þýðir að menn verða að vera tilbúnir að sýna aðhald í ríkisfjármálum. Það þýðir ekki að ákveðnir þingmenn komi hér upp annan klukkutímann til að krefjast meiri útgjalda og svo fari þeir úr salnum og þá komi nýir þingmenn sem krefjist þess að það verði miklu meira aðhald. Þannig upplifir maður þetta á hverjum degi. Svo koma enn aðrir þingmenn sem krefjast þess að við förum helst ekki í neinar arðbærar framkvæmdir, hvorki í virkjunum né stóriðju vegna þess að það sé svo hættulegt. Það sé svo hættulegt að auka hagvöxtinn til framtíðar.

En hvað þýðir þetta á mæltu máli ef við getum ekki aukið hagvöxtinn til framtíðar? Það þýðir að við getum borgað minna af skuldunum. Það er því afar undarlegt oft og tíðum að upplifa þennan þingsal. Það er talað svo út og suður eftir því hvað stendur í blöðunum á morgnana að ég hef ekki upplifað það fyrr eins. Það verður að gera þær kröfur til hv. þingmanna og sérstaklega stjórnmálaflokka á borð við Samfylkinguna sem vill verða stór og sterkur stjórnmálaflokkur að eitthvert samræmi sé í málflutningnum og það sé einhver ballans í umræðum um efnahagsmál.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 392. mál. — Þskj. 1010.

[11:27]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Miklar umræður hafa verið í vikunni um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveit-

ur ríkisins en til stendur samkvæmt því frumvarpi sem hér er til umræðu að hlutafélagavæða fyrirtækið. Fyrir því eru ákveðin rök að mati okkar stjórnarliða og reyndar t.d. Samfylkingarinnar að slíkur rekstur geti átt við og sé heppilegri en núverandi rekstur. Rökstuðningurinn fyrir því er sá að Rarik er komið í samkeppni á smásölumarkaði og flestöll önnur smásölufyrirtæki. Ég get nefnt sem dæmi að Norðurorka, Hitaveita Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða eru í hlutafélagaforminu og það er samdóma álit þessara aðila að það form veitir sveigjanleika í rekstri. Rarik mun í framtíðinni geta brugðist við aðstæðum á markaði og þarf ekki að leita sérstakrar heimildar Alþingis á fjárlögum til að kaupa ákveðnar eignir því að á samkeppnismarkaði þarf oft að bregðast skjótt við. Því miður er það rekstrarfyrirkomulag sem nú er á Rafmagnsveitum ríkisins svifaseint og því er þessi breyting lögð til.

Hæstv. forseti. Ég fékk nokkrar spurningar við 2. umr. um málið en hafði ekki tök á að svara þeim öllum þá. Ein spurning kom frá hv. þm. Kristjáni L. Möller sem var á þá leið af hverju við biðum ekki með að samþykkja það frumvarp sem hér er til umræðu og biðum eftir setningu laga um opinber fyrirtæki sem nú er komið úr efnahags- og viðskiptanefnd samkvæmt heimildum mínum. Nú veit ég ekki hvort það frumvarp var tekið þar út í sátt en a.m.k. er búið að taka það mál út úr nefndinni og miklar líkur á að lög um opinber hlutafélög verði að lögum á þessu þingi. Þá er því til að svara að í 11. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Hlutafélagið skal taka til starfa 1. janúar 2006 ...“ — Nei, fyrirgefið. Í breytingartillögu meiri hlutans mælir nefndin með því að hlutafélagið Rarik hf. verði sett á 15. júlí 2006. Það þarf ákveðna vinnu við að undirbúa hlutafélagið og stofnun fyrirtækisins. Gildistakan verður samhliða því. Ef frumvarp um opinber hlutafélög verður að lögum héðan í vor þá mun frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins taka gildi þar á eftir og heyra undir þau lög.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason beindi spurningu til mín um hvort komið hefði til álita að hluta Rarik niður, verða við beiðni Norðurorku og Skagfirðinga um að þeir gætu leyst til sín ákveðinn eignarhlut í þessum félögum. Það hefur ekki verið stefna stjórnvalda að hluta Rarik niður. Það er mjög mikilvægt að halda þeirri einingu öflugri og sterkri. Ég tel að það væri ekki mikil hagræðing í að hluta Rafmagnsveitur ríkisins niður í parta. Það hefur ekki verið stefna stjórnarflokkanna og stendur ekki til að búta þetta fyrirtæki niður, vítt og breitt um landið. Sú stefnumörkun liggur fyrir.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að réttindum nýrra starfsmanna. Eftir að hafa rætt við forsvarsmenn Rarik hf. bind ég vonir við að nýir starfsmenn eigi möguleika á því að ganga inn í A-hluta Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það er ekkert í þessum lögum sem bannar Rarik að semja þannig við starfsmenn sína. Reyndar held ég að það sé almennt viðurkennt að Rarik hafi komið mjög vel fram við starfsmenn sína. Það er ánægja innan fyrirtækisins, m.a. með aðdragandann að stofnun hlutafélagsins. Við vitum til þess að Rarik hefur samið við einstaka starfsmenn, m.a. til að bæta kjör þeirra og búa þá undir þessa hlutafélagavæðingu þannig að kjör þeirra skerðist ekki. Ég veit til þess að forsvarsmenn Rariks hafa bætt kjör ýmissa starfsmanna.

Það er sem sagt ekkert í frumvarpinu sem kemur í veg fyrir að fyrirtækin, varðandi nýja starfsmenn sem hafa starfað áður á vegum ríkisins eða verið undir kjarasamningum sem hafa verið tengdir BSRB eða öðrum stéttarfélögum, geti samið við starfsmennina um að þeir fái réttindi, t.d. úr A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ég hef trú á að forustumenn fyrirtækisins muni hér eftir sem hingað til sýna sveigjanleika gagnvart starfsmönnum ríkisins. Eftir viðtöl við forsvarsmenn þessa fyrirtækis bind ég vonir við að svo verði þótt ég geti að sjálfsögðu engu lofað í þeim efnum.

En þar með hef ég svarað helstu spurningunum sem beint var til mín. Þetta voru þær þrjár stóru spurningar sem mér fannst rétt að bregðast við í upphafi þessarar umræðu. Ég vonast til að þessari umræðu vindi fram og þetta frumvarp til laga um stofnun Rariks hf. verði að lögum frá Alþingi á þessu vori.

[11:34]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það ber að þakka framsögumanni iðnaðarnefndar fyrir þetta innlegg en ég verð að segja að eftir sem áður á eftir að svara grundvallarspurningunni í þessu máli. Hún er þessi: Hvað sýnir fram á að þessi lög séu nauðsynleg? Það hefur verið sagt í nefndarálitinu að hlutafélagaformið henti betur í því umhverfi sem starfsemin býr við. Í máli hv. þingmanns var talað um að það þyrfti að bregðast hratt við á samkeppnismarkaði.

Í athugasemdum með frumvarpinu er talað um að Rafmagnsveitur ríkisins eigi háspennulínur, dreifilínur, jarðstrengi, stofnlínur og sæstrengi, allt hluti sem Rafmagnsveiturnar þurfa að eiga. Auk þess eiga Rafmagnsveiturnar dreifikerfi í 50 þéttbýlisstöðum og 55 aðveitustöðvar. Rafmagnsveiturnar eiga 9 vatnsaflsvirkjanir í rekstri o.s.frv. Síðan er talinn uppi fjöldi fyrirtækja sem Rafmagnsveiturnar hafa eignast á undanförnum árum. Í greinargerðinni er síðan minnt á lagningu byggðalínu um landið, eign Rafmagnsveitnanna í henni o.s.frv. og minnt á sameiningar sem áttu sér stað með Héraðsvötnum ehf. o.s.fv.

Í efnisgreinum frumvarpsins er hvergi hægt að finna þessum orðum stað, hæstv. forseti sem framsögumaður nefndarinnar kom með áðan. Að gera þyrfti breytingar á umhverfinu svo fyrirtækin gætu þróast, átt viðskipti, keypt eða selt. Það verður að færa einhver rök fyrir þessu, hv. þingmaður. Það er ekki bara hægt að koma hér upp og segja: Þetta er nauðsynlegt vegna samkeppni en færa svo engin rök fyrir máli sínu.

(**Forseti** (DrH): Þingmenn eiga ekki að ávarpa hver annan í umræðunni.)

[11:36]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ljóst að Rarik hf., ef þetta frumvarp verður að lögum, verður í samkeppni við Hitaveitu Suðurnesja á smásölumarkaði. Rarik hf. mun verða þátttakandi á þessum smásölumarkaði og það geta ýmsar aðstæður komið upp á þeim markaði. Forsvarsmenn fyrirtækisins

hafa lýst yfir eindregnum vilja til þess að fyrirtækið verði sett í hlutafélagsformið. Starfsmenn fyrirtækisins hafa ekki sett sig upp á móti því og hafa lýst því yfir að um jákvæða breytingu sé að ræða, a.m.k. forustumenn starfsmannaráðsins sem komu á fund nefndarinnar.

Það er ljóst að starfsmenn Rariks, sem hafa unnið í áratugi hjá fyrirtækinu og vilja bæta þjónustuna við viðskiptaaðila sína, vilja að breytingin verði í þessa átt. Þeir telja að reksturinn verði sveigjanlegri og þeir geti veitt viðskiptavinum sínum betri þjónustu, sem eru rúmlega 49 þúsund. Síðan kemur hv. þingmaður upp og segir engin rök á bak við að ríkisstjórnarflokkarnir skuli leggja þessa tillögu fram, reyndar með stuðningi Samfylkingarinnar líka. Nú átta ég mig hreinlega ekki á því hver stefna Frjálslynda flokksins er í þessu málum.

En það er ljóst að starfsmenn sem hafa starfað í áratugi hjá Rarik, það er mjög lítil starfsmannavelta hjá fyrirtækinu, vilja að lagst verði í þessa breytingu. Ég verð að segja það að ég treysti starfsmönnum Rariks hf., ef þetta frumvarp verður að lögum, fyrir því. Ég tel að þeir viti betur en við hv. þingmenn hvað er fyrirtækinu fyrir bestu og hvernig þeir geti þjónað hagsmunum viðskiptamanna sinna. Ég treysti þeim fyllilega fyrir því.

[11:38]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki ætla ég að gera lítið úr starfsmönnum Rariks frekar en annarra fyrirtækja eða stofnana en vek í framhjáhlaupi athygli á því að fjöldamargir forsvarsmenn stofnana í þessu þjóðfélagi hafa bent á rekstrarstöðu sína og á að betur mætti gera, m.a. með viðbót á fjárlögum.

Ég hef ekki séð neinar röksemdir á þessum pappírum eða að tillögur starfsmanna Rariks hafi verið lagðar á borðið eða að lögð séu drög að umhverfi þar sem þeir telji sig eiga betri möguleika. Mér finnst skorta á það eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu. Það gengur ekki bara að koma upp í pontu og segja: Þetta er nauðsynlegt vegna markmiða á samkeppnismarkaði, að geta brugðist hratt við eins og þeir segja í nefndarálitinu. Engin rök. Ef rökin hafa komið frá starfsmönnum fyrirtækisins þá væri lágmark að leggja þau fram í þinginu þannig að það komi í ljós hvað starfsmennirnir eiga við.

[11:40]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var farið ítarlega yfir þetta mál í störfum iðnaðarnefndar. Fulltrúar starfsmanna og forsvarsmenn fyrirtækisins voru kallaðir á fund nefndarinnar. Það kom skýrt fram í störfum nefndarinnar hvert álit starfsmanna fyrirtækisins var og er. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson gæti fengið upplýsingar um það hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni sem á sæti í hv. iðnaðarnefnd hver skilaboð þeirra voru. Þau voru ótvíræð. Þeir óskuðu eftir þessari breytingu.

Hv. þingmaður segir að hér hafi ekki komið fram nein rök. Hér er talað um að ábyrgð stjórnenda muni aukast. Í greinargerð er farið yfir það að reksturinn verði sveigjanlegur, fjárfestingar og nýjungar í rekstri verða auðveldar í framkvæmd og fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins sem hlutafélags stuðli að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri.

Hv. þingmaður segir síðan að engin rök hafi verið lögð á borðið í þessari umræðu sem undirbyggi hlutafélagavæðingu Rariks. Ég hafna því algerlega. Ég hvet hv. þingmann til að lesa greinargerðina og til að tala við flokksfélaga sinn, hv. þm. Sigurjón Þórðarson sem átti sæti í nefndinni og sat fundi með starfsmönnum og forsvarsmönnum Rariks sem hafa óskað eftir þessari breytingu. Ef þetta er eru ekki rök í þessari umræðu þá er það undarlegt.

Ég tel um vel undirbyggt mál að ræða, um mjög jákvæða breytingu og þróun að ræða sem muni verða Rarik hf. og viðskiptamönnum þess til hagsbóta.

[11:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Rökin fyrir að gera þetta hafa komið skýrt fram í þessari umræðu um að hlutafélagavæða Rafmagnsveitur ríkisins, þ.e. fyrsta stig einkavæðingar til að búa þær undir sölu. Hér hafa komið fram tvíræðar yfirlýsingar framsóknarmanna en afdráttarlausar yfirlýsingar sjálfstæðismanna um að stefnt skuli að sölu. Framsögumaður Framsóknarflokksins, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, hefur sagt að ríkið mundi eiga a.m.k. helminginn. Það er því alveg ljóst að hverju er stefnt, þ.e. einkavæðingu, markaðsvæðingu og sölu fyrirtækisins. Allt hitt rósamálið í kringum það eru bara útúrsnúningar.

En ég ætlaði að spyrja hv. þingmann um áhersluna sem lögð er á samkeppni, þ.e. að hlutafé skapi samkeppnisumhverfi. Er það í þágu samkeppninnar að stuðla jafnframt að nánast hömlulausri samþjöppun? Hv. þingmaður sagði áðan að það væri markmið stjórnvalda að búa til stórar og sterkar einingar. Þess vegna vildu stjórnvöld ekki ræða um að láta ákveðna þætti sem núna eru komnir inn í Rarik, sumir teknir illu heilli, aftur til sveitarfélaganna. Hann taldi þurfa að skapa sterka einingu. Er það í anda samkeppnislaga að stuðla að fákeppni og samþjöppun? Eða er það markmið hv. þingmanns að áfram verði t.d. ráðist á Norðurorku, ráðist á Skagafjarðarveitur og fleiri slíkar héraðsbundnar veitur og þeim verði troðið inn í Rarik hf., sem hefur reyndar gerst undanfarið? Röksemdafærslan er öll í kross enda er markmiðið bara eitt: Einkavæðing og sala Rariks.

[11:44]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er búið að svara þessum spurningum hv. þm. Jóns Bjarnasonar áður í þessari umræðu. Í 3. gr. lagafrumvarpsins segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Öll hlutabréf í hlutafélaginu skulu vera eign ríkissjóðs. Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu.“ Þetta er skýrt.

Jafnframt hafa komið fram yfirlýsingar um það, m.a. af minni hálfu, að ekki sé rétt að við afsölum okkur fyrirtækjum sem hafa yfir þessum orkuauðlindum okkar Íslendinga að ráða. Hv. þingmaður kýs að snúa út úr því. Ég fékk spurningu í 2. umr. um málið um hvort ég teldi útilokað um alla framtíð að einhver annar aðili gæti komið inn í rekstur þessa fyrirtækis. Hugsum okkur það ef það gæti verið báðum aðilum hagstætt að nýr aðili kæmi inn sem minnihluta-

eigandi. Á að útiloka það um alla framtíð og segja bara: Nei, það kemur ekki til greina að skoða slíkt. Ég treysti mér ekki til þess. Mér finnst rangt að útiloka slíkt.

Sá þvergirðingsháttur vinstri grænna, að vilja ekki skoða hlutina og taka ekki rökum er með eindæmum, hæstv. forseti. Sú þjóðsaga sem hér birtist, um það að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn ætli að fara að einkavæða þessi fyrirtæki, er ekki sönn. Það kveður ekkert á um það í flokksþingssamþykktum Framsóknarflokksins til að mynda eða í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að þetta sé stefnan. Þvert á móti er kveðið á um það í 3. gr. frumvarpsins að öll hlutabréf skuli vera í eigu ríkissjóðs. Öll hlutabréf. Svo kemur hv. þingmaður og reynir að telja þingheimi og þjóðinni trú um að það eigi að einkavæða fyrirtækið.

Þetta er dæmalaus málflutningur, hæstv. forseti, en það er sama hversu oft við komum upp, við stjórnarliðar, og teljum hv. þingmönnum Vinstri grænna trú um að ekki eigi að einkavæða þetta fyrirtæki, enda er skýrt kveðið á um það í lögunum að það eigi að vera að fullu í eigu ríkissjóðs, það mun ekkert stoða. Vinstri grænir hafa sjálfir talið sér trú um að einkavæða eigi þetta fyrirtæki.

[11:46]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það ber vott um veikan málstað hjá hv. þingmanni að tala í klisjum og upphrópunum. Ég virði heiðarleika þeirra talsmanna Sjálfstæðisflokksins sem hafa tekið þátt í umræðunni þar sem þeir segja hreint út að markmiðið sé að selja fyrirtækin. Það er spurt um verð. Við þekkjum alveg einkavæðingarferil Framsóknarflokksins. Við vitum alveg hverju er að treysta í hans orðum hvað það varðar. Við þurfum ekki að fá langa upphrópunarræðu frá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni um það. Við vitum alveg og þjóðin veit alveg hvaða traust hún getur borið til Framsóknarflokksins í þeim efnum. Mikil lifandis ósköp. Við þekkjum feril sölu Símans þannig að innantómar upphrópanir hjá hv. þingmanni breyta engu um trúverðugleika Framsóknarflokksins.

En hv. þingmaður svaraði ekki þeirri spurningu minni sem laut að þessum samkeppnisatriðum þegar hann sagði að annars vegar væri mikilvægt að styrkja og efla samkeppni í landinu, og það væri markmiðið með hlutafélagavæðingu Rariks, og hins vegar að því væri hafnað að styrkja héraðsbundnar veitur, rafveitur og hitaveitur, með því að gefa þeim kost á að fá til sín veituþætti Rariks eftir því sem hagkvæmt gæti talist. Hann svaraði því ekki hvers vegna það væri ekki hægt því þessar tvær yfirlýsingar, eins og í öllu öðru hjá hv. þingmanni og reyndar Framsóknarflokknum, stangast á. Annars vegar á að keyra saman samþjöppun og það höfð sem rök fyrir hlutafélagavæðingu Rariks en hins vegar á að efla samkeppni og þá er því hafnað að styrkja héraðsbundnar veitur sem geta í rauninni veitt bæði góða þjónustu og öfluga samkeppni. Það er sorglegt, frú forseti, hversu þessi röksemdafærsla er öll í kross.

En vill hv. þingmaður svara því hvaða samkeppnislegu rök eru gegn því að við höfum sterkar héraðsveitur og gæti verið markmiðið að styrkja þær enn frekar?

[11:48]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er kostulegur málflutningur hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Nú hefur hann boðað það, ég skildi hann ekki öðruvísi, en hann vilji búta Rarik niður og þá til einstakra sveitarfélaga hringinn í kringum landið. Erum við þá að stuðla að því að hluti Rariks verði ekki einkavæddur ef búið er að framselja og búta það fyrirtæki niður í marga hluta? Er ekki vel mögulegt að ákveðnir aðilar geti komist til valda í ákveðnum sveitarstjórnum og einkavætt Rarik, þann hluta Rariks? Hvað er hv. þm. Jón Bjarnason að gefa í skyn? Ég held að hv. þm. Jón Bjarnason vilji að Rarik verði smám saman selt. Ég vil að Rarik verði í ríkiseigu, að við bútum það ekki niður hringinn í kringum landið þannig að það verði selt einkaaðilum.

Íslenskt raforkukerfi er að meginuppistöðu til, nær 100%, í eigu opinberra aðila og þar af langmest í eigu ríkisins og ég vil halda því þannig. Síðan kemur frjálshyggjupostulinn Jón Bjarnason og vill búta Rarik niður þannig að það verði mögulega þá einkavætt af mörgum aðilum hringinn í kringum landið (Gripið fram í.) og það er alveg ljóst og viðurkennt að Rarik sem eitt, stórt og öflugt fyrirtæki verður miklu betur í stakk búið til þess að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu heldur en margar aðrar minni einingar.

Hæstv. forseti. Af því að hv. þm. vísar til stefnu Framsóknarflokksins í einkavæðingu þá er ég mjög ánægður með markaðsvæðingu bankans og vel heppnaða sölu Símans. Það er verið að ráðast í mörg verkefni, m.a. á landsbyggðinni, sem við hefðum aldrei getað ráðist í og ég geri skýran greinarmun á því hvort verið er að markaðsvæða fyrirtæki í samkeppnisrekstri eða fyrirtæki sem eru að sýsla um náttúruauðlindir landsmanna. Framsóknarflokkurinn hefur talað alveg skýrt hvað þetta varðar, eins með sjávarauðlindina og lífríkið í sjónum að það sé bundið sem eign allra landsmanna í stjórnarskrá. Hér er grundvallarmunur á.

[11:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt til þess að varpa ljósi á þessa umræðu og þau rök sem dregin eru fram í málinu að ég lesi greinargerð þessa frumvarps frá orði til orðs svo að þau skilaboð hv. framsögumanns komi fram að hér sé verið að fara sérstaklega að tilmælum og tillögum starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins, það sé leiðarljósið í þessu frumvarpi eins og hann orðaði það hér áðan, hæstv. forseti: „Ótvíræð skilaboð starfsmanna um að nauðsynlegt væri að fara þessa leið“ o.s.frv. Í nefndarálitinu „að hlutafélagaformið henti betur“ o.s.frv.

Mér finnst vanta að þessu sé fylgt eftir með rökum. Það nægir mér ekki ef við erum í efnislegri og rökrænni umræðu um þetta mál að það gangi fram á fullyrðingum um það hvað starfsmennirnir hafi viljað og hvað starfsmennirnir hafi lagt til. Í frumvarpinu sjálfu eru athugasemdirnar svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Rafmagnsveitur ríkisins voru stofnaðar með raforkulögum 2. apríl 1946, en lögin komu til framkvæmda frá og með 1. janúar 1947. Þá voru felld úr gildi flest eldri lög um raforkumál nema vatnalögin frá 1923 sem fengu að standa

óbreytt að mestu leyti. Rafmagnsveitur ríkisins tóku til starfa 1. janúar 1947.

Árið 1965 urðu þáttaskil í sögu orkumála landsins og Rafmagnsveitnanna með setningu laga um Landsvirkjun. Á árinu 1967 voru síðan raforkulögin endurskoðuð við samþykkt orkulaga á Alþingi. Með þeim voru gerðar ýmsar meiri háttar breytingar á stórum þáttum í raforkulögunum, sérstaklega þeim sem tengdust rannsóknum, framkvæmdum í virkjunarmálum og hagnýtingu jarðhita. Með orkulögunum var einnig gerð sú breyting að Rafmagnsveitur ríkisins og Héraðsrafmagnsveiturnar voru sameinaðar í eitt fyrirtæki. Það var gert að sjálfstæðu fyrirtæki sem heyrði undir stjórn þess ráðherra sem færi með raforkumál.

Á árinu 2003 urðu ný þáttaskil í sögu orkumála landsins með setningu nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, sem komu til framkvæmda þann 1. júlí 2003. Með setningu þeirra laga voru skapaðar forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku.“

Ég ætla að endurtaka þessa setningu, hæstv. forseti: „Með setningu þeirra laga voru skapaðar forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku.“ — Það þurfti því ekki hlutafélagavæðingu Rariks til þess.

„Þann 18. júní 2004 tóku gildi lög um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og annast þar af leiðandi rekstur allra flutningsvirkja. Hófst rekstur þessi þann 1. janúar 2005.

Á árinu 1978 tók Orkubú Vestfjarða við rekstri Rafmagnsveitnanna á Vestfjörðum og árið 1985 tók Hitaveita Suðurnesja við rekstri Rafmagnsveitnanna á Reykjanesi.

Á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins búa um 49.100 manns sem njóta þjónustu fyrirtækisins.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka háspennukerfi sem er um 8.700 km að lengd. Hér er um að ræða rúmlega 5.800 km af dreifilínum á 11 og 19 kV sem byggðar hafa verið upp í sveitum landsins, ásamt um 1.600 km af 11 og 19 kV jarðstrengjum til sveita. Einnig er um að ræða stofnlínur á 33, 66 og 132 kV, svo og sæstrengi og jarðstrengi. Enn fremur eiga og reka rafmagnsveiturnar dreifikerfi í um 50 þéttbýlisstöðum og um 55 aðveitustöðvar.

Rafmagnsveiturnar eiga níu vatnsaflsvirkjanir í rekstri, flestar fremur litlar. Þær eru samtals um 19 MW og er Lagarfossvirkjun þeirra stærst, um 7,5 MW, en Skeiðsfossvirkjun næststærst, um 5 MW. Unnið er að því að stækka Lagarfossvirkjun um nær 20 MW og verður nýja vélin væntanlega gangsett á árinu 2007.

Þá eiga rafmagnsveiturnar um 30 dísilaflstöðvar með samtals um 40 MW afli auk tveggja kyndistöðva þar sem framleitt er heitt vatn með rafskautskötlum og 5 MW varaafl er til staðar.

Raforkuöflun fer fram með tvennum hætti, annars vegar með orkukaupum af Landsvirkjun og nokkrum smærri aðilum og hins vegar með eigin framleiðslu í vatnsaflsvirkjunum og varmaafls- og kyndistöðvum. Eigin raforkuframleiðsla er um 14% af allri raforkuöflun.

Á árunum 1972–1984 byggðu Rafmagnsveiturnar 132 kV byggðalínur, samtals 1.057 km að lengd, ásamt tólf aðveitustöðvum. Með byggðalínukerfinu voru öll raforkuveitusvæði landsins tengd saman í eitt landskerfi sem aukið hefur öryggi raforkunotenda landsbyggðarinnar verulega. Landsvirkjun tók yfir byggðalínukerfið til eignar og reksturs frá 1. janúar 1983 uns Landsnet hf. tók yfir þennan rekstur í ársbyrjun 2005. Rafmagnsveiturnar sáu hins vegar um rekstur og viðhald þess að hluta til á þessu tímabili.

Á undanförnum árum hafa rafmagnsveiturnar keypt nokkrar orkuveitur sem voru í eigu viðkomandi sveitarfélaga. Þær eru eftirfarandi:

1991 Hitaveita Hafnar í Hornafirði

1991 Rafveita og Hitaveita Siglufjarðar ásamt Skeiðsfossvirkjun

1992 Hitaveita Seyðisfjarðar

1995 Rafveita Borgarness

2000 Rafveita Hveragerðis

2001 Rafveita Sauðárkróks

2003 Hitaveita Dalabyggðar

2005 Hitaveita Blönduóss.“

Áður en ég held áfram lestrinum, hæstv. forseti, vil ég vekja athygli á því að í því sem ég hef fram að þessu lesið er ekki einu orði minnst á starfsmenn fyrirtækisins, tillögur þeirra að breyttu rekstrarformi eða að nokkur nauðsyn sé dregin fram af starfsmönnum fyrirtækisins um það að þetta hafi verið afar nauðsynlegt og brýnt mál. Mun ég nú halda áfram lestrinum, hæstv. forseti:

„Reynslan hefur þegar leitt í ljós að fjárfestingar þessar hafa ekki eingöngu verið arðbærar rafmagnsveitunum heldur einnig þeim sveitarfélögum sem hlut áttu að máli.

Árið 1999 stofnuðu rafmagnsveiturnar hlutafélagið Héraðsvötn ehf. ásamt heimamönnum í Skagafirði í þeim tilgangi að standa að virkjun Héraðsvatna við Villinganes. Þetta var unnt eftir að Alþingi samþykkti á vorþingi 1999 að heimila rafmagnsveitunum að gerast aðilar að hlutafélögum í orkurekstri“ — ég held að ég endurtaki þetta, hæstv. forseti: „Þetta var unnt eftir að Alþingi samþykkti á vorþingi 1999 að heimila rafmagnsveitunum að gerast aðilar að hlutafélögum í orkurekstri“ — sem sagt, þessar heimildir eru þegar til staðar — „og eiga þær 50% hlutafjár í Héraðsvötnum ehf.

Þá stofnuðu rafmagnsveiturnar einnig á sama ári hlutafélagið Sunnlenska orku ehf. ásamt Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi í þeim tilgangi að standa að virkjun jarðhita í og við Grændal. Eignarhluti rafmagnsveitnanna er 90%. Að auki eiga Rafmagnsveitur ríkisins hluti í sjö öðrum félögum.

Starfsmenn rafmagnsveitnanna voru 214 talsins í lok ársins 2004. Heildarorkusala Rafmagnsveitna ríkisins nam 1.252 GWst á árinu 2004. Smásala raforku nam 888 GWst, heildsala raforku 195 GWst og sala á heitu vatni 65 GWst.

Fjárhagsstaða Rafmagnsveitna ríkisins er traust og nam eigið fé fyrirtækisins í árslok 2004 tæpum 10,8 milljörðum kr. Árið 2004 var veltan 6.431 millj. kr. Rekstrargjöld vegna orkukaupa námu 4.924 millj. kr. en almenn rekstrargjöld 696 millj. kr. Rekstrarafgangur fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nam 1.507 millj. kr. Handbært fé frá rekstri var 1.782 millj. kr. og fjárfestingahreyfingar námu 1.226 millj. kr. Rekstrarhagnaður nam 472 millj. kr. eftir að afskrifaðar höfðu verið um 1.067 millj. kr.

Sveitakerfin sem fjármögnuð voru af ríkissjóði eru talin

með í afskriftagrunni fyrirtækisins þannig að rekstrarreikningurinn endurspeglar tekjuþörf vegna endurnýjunar þessara kerfa. Styrking og endurnýjun hefur hin síðari ár að mestu verið fjármögnuð af sölutekjum fyrirtækisins og hefur það lengst af valdið viðvarandi hallarekstri og hærri gjaldskrá en hjá öðrum rafveitum. Fjármögnun þessa félagslega þáttar í starfsemi rafmagnsveitnanna hefur nú verið leyst með lögum, nr. 98/2004, og hefur hið nýja hlutafélag því öflugan fjárhagslegan grunn og góðar horfur eru á að unnt sé að skila nauðsynlegu fé úr rekstri til áframhaldandi uppbyggingar fyrirtækisins og viðunandi arðsemi.

Röksemdirnar fyrir því að stofna hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins eru margvíslegar:

1. Meginröksemdin er sú að hlutafélagsformið er mun hentugra rekstrarform fyrir rekstur sem þennan en það rekstrarform sem nú er notast við, jafnvel þó að ríkissjóður sé einn eigandi að hlutafélaginu, einkum þegar litið er til þess meginsjónarmiðs sem raforkulögin frá 2003 byggja á, sem er að reyna að stuðla að samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Verður í þessu sambandi að hafa í huga að hlutafélagsformið er mjög fastmótað og þrautreynt. Í löggjöf sem um það hefur verið sett er vel skilgreind verkaskipting milli hluthafa- og aðalfunda (þ.e. eigenda), stjórnar og framkvæmdastjórnar. Þá eru reglur um endurskoðun og ársreikningsgerð, bæði rekstrarreikning og efnahagsreikning, mjög fastmótaðar og skýrar.

2. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins takmarkast við hlutafjáreign og ábyrgð stjórnenda eykst.

3. Með því að reka rafmagnsveiturnar í hlutafélagsformi verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárfestingar og nýjungar í rekstri verða auðveldari í framkvæmd og fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins sem hlutafélags stuðlar að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri.

4. Öll önnur orkufyrirtæki hér á landi hafa valið þann kost að breyta rekstrarformi sínu yfir í hlutafélagsform að undanskildri Orkuveitu Reykjavíkur sem kaus fremur sameignarfélagsformið sem er sama rekstrarform og Landsvirkjun hefur notað. Um alla Evrópu hefur sama verið upp á teningnum, hlutafélagsformið hefur þar verið langvinsælasta rekstrarform orkufyrirtækja hin síðari ár.

5. Með því að breyta rekstrarformi Rafmagnsveitna ríkisins, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er jafnframt opnað fyrir þann möguleika að aðrar orkuveitur geti gengið inn í hlutafélagið og orðið hluthafar í því. Með því gæti náðst aukin hagræðing í orkudreifingu. Í hlutafélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Ef ríkið gengur til samstarfs við aðra aðila um atvinnurekstur er hlutafélagsformið því sérstaklega viðeigandi."

Þetta er niðurlagið á hinni almennu greinargerð, hæstv. forseti, og þegar hér hefur verið vitnað til starfsmanna fyrirtækisins, um að þeir hefðu lagt til þær breytingar sem væntanlega verða að lögum, ef ríkisstjórnin fær sínu ráðið, sem líklegt verður að telja, þá sýnist mér að aðalrökin komi fram í 5. lið þar sem talað er um hlutafélagavæðingu og sameiningu og ef ríkið gangi til sameignar eða sölu við önnur fyrirtæki. Ég vek þó athygli á því, hæstv. forseti, að þetta ákvæði um sameiningar og annað slíkt hefur verið heimilað Rafmagnsveitum ríkisins með sérstökum lögum, að gerast eignaraðili að öðrum fyrirtækjum. Þannig að þessa lagabreytingu hefði ekki þurft til þess, enda hefur fyrirtækið Rafmagnsveitur ríkisins, Rarik, miðað við upptalningu í þessari greinargerð, eignast hlut í mörgum félögum, yfirtekið þau eða sameinast þeim.

Ekkert af þeim rökum sem hér hafa verið lesin upp úr hinni almennu greinargerð, hæstv. forseti, dregur fram það sem framsögumaður iðnaðarnefndar hefur haldið fram, að allar tillögur um það að gera fyrirtækið að hlutafélagi væru einkum frá starfsmönnum komnar og væru ótvíræð skilaboð starfsmanna, eins og hér var haft á orði af hv. framsögumanni, hv. þm. Birki Jóni Jónssyni. Eftir að hafa lesið greinargerð frumvarpsins, hæstv. forseti, þ.e. almennu greinargerðina, þá er eini staðurinn sem vikið er að starfsmönnum, og hugsanlegum tillögum þeirra eða áherslum, það sem kemur fram á miðri bls. 4 þar sem segir: „Starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins eru 214 talsins í lok ársins 2004." Punktur, hæstv. forseti. Svo nota menn þessi rök sem aðalrök í málinu og leggja mikið út af því að þetta séu ótvíræð skilaboð starfsmanna um að breyta þurfi fyrirtækinu í hlutafélag þrátt fyrir að ég hafi bent á að það eru til sérstök lög um félagið sem heimila því að eignast hlut í öðrum félögum.

Þá skyldi maður ætla, hæstv. forseti, miðað við orð hv. framsögumanns, að rækilega hefði verið gerð grein fyrir þessum sjónarmiðum starfsmanna og tillögum þeirra í nefndaráliti meiri hlutans frá iðnaðarnefnd og ætla ég að lesa efnislega það sem þar segir annað en það hverjir komu fyrir nefndina. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er ríkisstjórninni falið að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Félagið verður að fullu í eigu ríkisins. Gert er ráð fyrir að eignir og skuldir núverandi fyrirtækis renni til hins nýja hlutafélags, Rariks hf. Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins verður allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku á öðrum rekstri greiddur af félaginu. Einnig mun Rarik hf. taka við einkarétti Rafmagnsveitna ríkisins til starfrækslu hita- og/eða dreifiveitna á orkuveitusvæði rafmagnsveitnanna.

Rökstuðningurinn fyrir þessum breytingum er m.a. að hlutafélagsform henti betur í því umhverfi sem starfsemin býr við og að reksturinn verði sveigjanlegri. Þá er talið að fjárfestingar og nýjungar í rekstri verði auðveldari í framkvæmd. Einnig takmarkast ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins við hlutafjáreign og ábyrgð stjórnenda eykst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson og Katrín Júlíusdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið."

Þetta segir í nefndaráliti meiri hlutans. Vek ég nú athygli hæstv. forseta á því að hvergi nokkurs staðar er í nefndarálitinu minnst á þau rök sem hv. framsögumaður nefndarinnar dregur sérstaklega fram, að þetta hafi verið markverðar og ótvíræðar tillögur starfsmanna fyrirtækisins um að nauðsynlegt væri að breyta því í hlutafélag eða að það hafi verið skoðun starfsmanna fyrirtækisins að félagið yrði miklu samkeppnishæfara á samkeppnismarkaði og gæti brugðist hratt við — ráða mátti af máli hv. þingmanns að þar væri hann að vitna í orð starfsmanna fyrirtækisins

sem eins og ég hef áður sagt koma hvorki fram í nefndaráliti með frumvarpinu né heldur í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar.

Síðan er sagt í nefndaráliti meiri hlutans að hlutafélög henti betur í því umhverfi sem starfsemin býr við. Ég tel að ég hafi fært fyrir því nokkur rök með því að lesa nefndarálitið í frumvarpinu að starfsemi Rariks hafi verið ágætlega lipur til þess að eignast hlut í öðrum félögum, sameinast öðrum félögum, yfirtaka þau eða semja um samruna fyrirtækja. Eins og ég gat um, og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, voru sett sérstök lög um að heimila Rarik að kaupa önnur hlutafélög þannig að þessi lög þurfti ekki til þess. (**Gripið fram í:** Það er rétt hjá þér.) Það þurfti ekki hlutafélagalög um hlutafélagavæðingu Rariks til að heimila að þetta hlutafélag mætti halda áfram að þróast og dafna, vonandi til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Ég verð því að segja, hæstv. forseti, að mér finnst málflutningur hv. framsögumanns nefndarinnar billegur þegar hann segir hér að þetta sé m.a. gert vegna ótvíræðra skilaboða starfsmanna um að breyta þurfi fyrirtækinu og fyrirtækið þurfi að geta brugðist hratt við á samkeppnismarkaði. Miðað við lýsingarnar í nefndarálitunum og sögu fyrirtækisins er ekki annað að sjá en fyrirtækið hafi þróað sig áfram eins og íslenskur markaður hefur kallað á hverju sinni. Ef lagabreytingar hefur þurft til þá hafa þær verið gerðar í hv. Alþingi, um að fyrirtækið mætti kaupa sig inn í önnur félög. Þeim rökum sem hér eru lögð á borð, varðandi það að starfsmennirnir hafi sérstaklega óskað eftir þessu formi, er hvergi fundinn staður í skjölunum sem við höfum fyrir framan okkur. Það er algerlega ljóst þegar maður skoðar hvað fyrirtækið á og hvað fyrirtækið hefur aðhafst á undanförnum árum og áratugum að það hefur haft býsna mikið frjálsræði og ekki er hægt að sjá að starfsemi þess hafi verið heft að neinu leyti.

Ég vil hins vegar minna á, hæstv. forseti, að frá því var sagt í frétt í blaði vestur á fjörðum, Bæjarins besta, sem gefið er út í Ísafjarðarbæ og dreift út um Vestfirði og reyndar víðar um land, hvað væri fyrirhugað í kjölfar þess að gera Rarik að hlutafélagi. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Í fréttinni segir frá stofnun hlutafélags til orkuframleiðslu og orkusölu í samvinnu við Rarik og hefur Landsvirkjun nú komið inn í verkefnið. Þrjú fyrirtæki, Orkubú Vestfjarða, Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun, munu stofna eitt fyrirtæki um smásölu og orkuframleiðslu."

Síðan eru talin upp í fréttinni nokkur fyrirtæki sem fara inn í þennan pakka og þar segir, með leyfi forseta:

„Félagið yfirtekur sölustarfsemi Orkubús Vestfjarða og Rariks og verður sölugjaldskrá Orkubús Vestfjarða aðlöguð gjaldskrá félagsins í áföngum. Að minnsta kosti einn starfsmaður, sem vinnur að sölustarfsemi, verður staðsettur á Vestfjörðum."

Og í öðru lagi kom fram í frétt blaðsins: „Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða munu áfram vera virkjanir fyrir hið nýja félag samkvæmt sérstöku samkomulagi og verður því ekki breyting á högum þeirra starfsmanna sem starfa nú við virkjanir Orkubús Vestfjarða." Þ.e. að því er snýr að starfsmönnum. Síðan er talinn upp hluti af eignum Rariks o.fl. og hvað skuli lagt inn í þetta fyrirtæki og m.a. nefndar Laxárstöðvarnar, hæstv. forseti.

Þegar maður hefur hlustað á málflutning formanns iðnaðarnefndar í málinu og skoðað þau skjöl og þann texta sem lagður hefur verið fram fyrir því að málið eigi að ganga hér fram og hvað sé áunnið við það þá finnast ekki þessi rök sem iðulega hefur verið vitnað til að því er varðar starfsmenn og ótvíræð skilaboð starfsmanna um hvað muni vinnast við þessa breytingu. En það finnast hins vegar líkindarök fyrir því að Orkubú Vestfjarða verði sameinað þessu fyrirtæki og síðan Landsvirkjun. Þá spyr maður, hæstv. forseti, ef það er stefnan: Hvernig samræmist það þeim markmiðum að um samkeppnisrekstur sé að ræða á raforkusölusviði eins og stefnt var að með raforkulögunum á sínum tíma fyrir tveim árum? Ég fer að halda að það sé dálítið hæpið að halda því fram að sameining allra fyrirtækja, sem ríkið á, í eitt hlutafélag verði til að efla samkeppni á orkusölusviði. Það verður eitthvað annað að koma til. Það er nefnilega það, hæstv. forseti, sem ég held að liggi undir steini. Það þarf nefnilega annað að koma til. Þegar sagt er að hlutafélagaformið henti betur og þegar sagt er í niðurlaginu í athugasemdum með frumvarpinu þegar það var lagt fram með svofelldum orðum, með leyfi forseta:

„Með því að breyta rekstrarformi Rafmagnsveitna ríkisins, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er jafnframt opnað fyrir þann möguleika að aðrar orkuveitur geti gengið inn í hlutafélagið og orðið hluthafar í því. Með því gæti náðst aukin hagræðing í orkudreifingu. Í hlutafélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Ef ríkið gengur til samstarfs við aðra aðila um atvinnurekstur er hlutafélagsformið því sérstaklega viðeigandi."

Þá er því lýst hér, hæstv. forseti, að markmiðið sé m.a. að selja hluti í raforkufyrirtækjunum og það ferli sem við erum hér með um hlutafélagavæðingu Rariks sé í rauninni skref á þeirri leið að einkaaðilar muni kaupa sig inn í raforkugeirann í auknum mæli og það verði auðveldara fyrir ríkið ef það gengur til samstarfs við aðila um þennan atvinnurekstur að hlutafélagaformið henti því sérstaklega.

Þannig er það, hæstv. forseti, og þess vegna dreg ég þá ályktun af málinu eins og það liggur núna fyrir að það sé markmiðið, að sameina þessi hlutafélög til að gera þau síðar söluvænni og þá muni auðvitað hlutafélagaformið henta betur til sölu á fyrirtækjunum eða fyrirtækjahlutum í slíku félagi. Þetta óttast ég, hæstv. forseti. Ég er andvígur því að raforkukerfi landsmanna verði hlutafélaga- og einkavætt ef það fylgir með í pakkanum. Ef menn væru ekkert annað að gera en bara hlutafélagavæða og ekki mætti finna neina aðra stefnumótun, en hana má því miður finna m.a. í niðurlagi greinargerðar með frumvarpinu, væri vafalaust hægt að styðja þetta mál. En eins og það er í pottinn búið og eins og einkavæðingaráráttan hefur verið hjá ríkisstjórninni er ekki fýsilegt fyrir þingmenn að mínu mati að styðja þetta mál, því miður. Ég óttast að hér sé stigið fyrsta skrefið í að selja hluti í raforkuframleiðslu landsmanna til einkaaðila og sá vegur sé varðaður hér. Það bendir til þess í nefndaráliti meiri hlutans þar sem bent er á að hlutafélagið henti betur o.s.frv. og ef það er síðan lesið saman við 5. lið í niðurlagi athugasemda með frumvarpinu upphaflega þegar það var lagt fram.

Hæstv. forseti. Með þeim varnaðarorðum ætla ég að ljúka máli mínu vegna þess að ég tel að ég hafi dregið efasemdir mínar fram og rök fyrir þeim, að hér sé flutt rétt mál

og rétt framsetning þegar dregin eru inn áhrif og ábendingar starfsmanna sem sérstakur liður í þessu máli.

[12:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég hef rætt allítarlega við 2. umr. málsins um það lagafrumvarp sem nú er til umræðu, stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, og nú er komið að lokaumræðunni en í gær var gengið til atkvæða um einstakar efnisgreinar frumvarpsins.

Eins og fram kom við 2. umr. og síðan við atkvæðagreiðsluna í gær bárum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fram tillögu um að þessu máli yrði vísað frá. Við höfum mikið við þetta lagafrumvarp að athuga, við erum algerlega andvíg því að hlutafélagavæða Rarik, Rafmagnsveitur ríkisins, og höfum tilgreint ýmsar ástæður fyrir því.

Menn hafa nokkuð staðnæmst við eignarhaldið á Rafmagnsveitum ríkisins þegar fram líða stundir en það er athyglisvert að við umræðuna komu fjórar útgáfur úr stjórnarmeirihlutanum hvað það snertir. Í fyrsta lagi töluðu sjálfstæðismenn fyrir því að Rarik yrði selt ef fyrir fyrirtækið fengist skaplegt verð. Ef gott verð byðist fyrir Rafmagnsveitur ríkisins hf. þá ætti að selja þær. Í öðru lagi höfum við yfirlýsingar hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra varðandi raforkugeirann almennt. Þegar Landsvirkjun var til umfjöllunar fyrir fáeinum mánuðum lýsti ráðherrann því yfir að það væri æskilegt að ríkið losaði sig út úr þeim rekstri, það væri eðlilegt að aðrir aðilar kæmu þar að máli og nefndi hún lífeyrissjóðina sérstaklega. Það eru með öðrum orðum enn uppi sjónarmið um sölu á raforkugeiranum.

Síðan eins undarlegt og það má hljóma kom fram þriðja útgáfan frá hv. formanni iðnaðarnefndar, talsmanni stjórnarmeirihlutans við umræðuna, hv. þm. Birki Jóni Jónssyni. Hann sagði að hann sæi framtíðina þannig fyrir sér að Rarik yrði að meiri hluta til í eigu ríkisins. (**Gripið fram í:** Alls ekki selt, sagði hann hér áðan.) Alls ekki selt, þannig að þar virðist hv. þm. Birkir Jón Jónsson vera í mótsögn við sjálfan sig ef hann hefur lýst því yfir áðan að það komi alls ekki til greina að selja Rarik þegar fram líða stundir. Ég skildi hann svo við 2. umr. að hann sæi framtíðina þannig fyrir sér að (**BJJ:** Það yrði ekki útilokað.) Rarik yrði að meiri hluta til í eigu ríkisins — og nú segir hv. þingmaður úr salnum að hann útiloki ekki slíkt. En nú er það bundið í lög. Í 3. gr. frumvarpsins segir að hlutafélð skuli allt bundið hjá ríkinu. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson fór ágætlega yfir það áðan hvernig í niðurlagi athugasemdum með frumvarpinu er vikið að því að heppilegt sé að hlutafélagavæða fyrirtækið svo aðrir aðilar geti komið að því síðar. Það hafa því verið uppi ýmis sjónarmið. Þetta er náttúrlega fjórða sjónarmiðið sem kemur frá stjórnarmeirihlutanum, þ.e. það sem birtist í 3. gr. frumvarpsins þar sem segir að Rafmagnsveitur ríkisins eigi að vera að öllu leyti í eign almennings. Það hafa því komið fram misvísandi hugmyndir og upplýsingar um þetta.

Ég hef áður vikið að því að menn hafa staðnæmst ansi mikið við eignarhaldið og það er vissulega ástæða til að gera það. Ég hef hins vegar haldið því fram og við höfum gert það hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að deilan snúist ekki einvörðungu um þetta heldur skipti rekstrarformið einnig máli. Við höfum tekið undir með stjórnarmeirihlutanum og öðrum þingmönnum að að ýmsu þurfi að hyggja hvað varðar framtíðina, að gera Rarik gerlegt að athafna sig í nútíð og framtíð, en við teljum að slíkum markmiðum megi ná fram í öðru rekstrarformi. Við höfum bent á sameignarfélag, við höfum bent á byggðasamlag o.s.frv.

Kjarninn í málflutningi okkar er sá að ekki sé heppilegt að fara með þennan geira, þennan þjónustugeira yfir á markaðstorgið og virkja lögmál markaðarins einfaldlega vegna þess að við trúum því að það muni ekki skapast markaður þar sem kostir hans fái notið sín því auðvitað er markaðskerfið og lögmál markaðarins ágæt í sínu rétta samhengi. En reynslan sýnir erlendis frá að þegar um grunnþjónustu er að ræða á borð við vatn og rafmagn hafa markaðslögmálin ekki skilað árangri einfaldlega vegna þess að markaður hefur ekki myndast. Það hefur orðið til fákeppni, það hefur orðið til samráð, samráð og fákeppni, sem ekki hefur skilað neinum ávinningi til notandans, til neytandans nema síður væri. Raforka á Norðurlöndum fór upp úr öllu valdi eftir að rafmagnskerfið þar var markaðsvætt. Þá hækkaði rafmagnið. Fyrirtækjum í Svíþjóð hefur farið fækkandi, eignarhaldið hefur færst úr landi, til Finnlands og Þýskalands og samkeppnin hefur ekki skilað neinum árangri vegna þess að hún er ekki til staðar. Og það hefur komið fram í rannsóknarskýrslum sem bæði Bandaríkjamenn hafa gert í umhverfi sínu og Evrópumenn í sínu að neytendur, og það á bæði við um hinn almenna mann, einstaklinginn, fjölskyldurnar og um fyrirtækin, leggja iðulega upp úr öðru en verðlaginu einu, sem sveiflast frá degi til dags eða frá viku til viku. Lagt er upp úr örygginu að því leyti sem fólk yfirleitt leiðir hugann að þessu. Það kom fram í skýrslu sem hv. þm. Jón Bjarnason vitnaði til í Bandaríkjunum, að þar spurðu menn fyrst og fremst um hvort ljósið kviknaði. Menn liggja ekki með verðskrár að rýna ofan í þær á hverjum morgni til að vita hvar hægt er að fá raforkuna ódýrasta keypta þann daginn og þegar allt kemur til alls er ekki ýkjamikill verðmunur einfaldlega vegna þess að þau fyrirtæki sem á annað borð eru á markaði hafa iðulega samráð sín í milli. Þetta er alþekkt varðandi vatnsveiturnar þar sem heilu þjóðlöndunum og borgum hefur verið skipt upp á milli fyrirtækjanna sem síðan hafa samráð sín í milli. Ég vék að fyrirkomulaginu í Frakklandi og annars staðar hvað þetta snertir.

Auðvitað má segja að hægara sé um vik að virkja markað í raforku en í vatni. Þar er það náttúrlega svo fráleit hugsun að varla tekur því að ræða hana en það er reynt að hrinda henni í framkvæmd með markaðsvæðingu vatnsins. Í vatninu liggur ein leiðsla inn í hvert heimili og það er ekki svo ýkja auðvelt að skipta um þær. Menn eru því fangar hjá því fyrirtæki sem hefur fengið það svæði til ráðstöfunar. Engu að síður eru menn að tala um kosti markaðsvæðingar á vatni.

Hæstv. forseti. Þannig er þessu líka varið að verulegu leyti hvað rafmagnið snertir. Örfá fyrirtæki hafa skipt markaðnum upp sín í milli og hafa síðan samráð. Ég hef vísað í ummæli talsmanns Evrópusambandsins sem var hér á ferð fyrir fáeinum vikum og hann sagði að það hefði valdið mönnum undrun og áhyggjum að hve litlu leyti markaðurinn hefði virkað í raforkunni. Aðrar skýrslur sýna að

mjög lítil verslun á sér stað milli ríkja. Við erum að fá umfjöllun og álitsgerðir víðs vegar að úr Evrópu þar sem talsmenn stjórnmálanna, bæði frá hægri og vinstri, lýsa efasemdum um það fyrirkomulag sem þeir sjálfir hafa verið að smíða.

Það er grunnhugsunin í afstöðu okkar að líta eigi á þessa grunnþjónustu, raforkuna, vatnið, skolpið, sem þjónustu en ekki sem markaðsvöru. Því eigum við að reyna að hlúa að henni sem slíkri og búa henni rekstrarform sem er í samræmi við þessar óskir okkar. Við skulum ekki gera lítið úr því hverju Íslendingar hafa náð fram og Evrópuþjóðir og heimurinn allur þegar menn hafa virkjað þætti eins og samvinnu fólks, samvinnu í stað þess að menn þurfi að bítast um alla hluti og keppa um alla hluti. Samvinna getur nefnilega skilað árangri. Við eigum mjög góð fyrirtæki í vatninu, í rafmagninu og við eigum að þróa þau áfram í stað þess að ýta þeim yfir á annan markað.

Við höfum smám saman verið að taka starfsemi, við segi ég, stjórnvöld hafa verið að taka starfsemi sem byggð hefur verið upp af hálfu samfélagsins og færa hana yfir á markað. Símafyrirtækin hafa farið þá leið og pósturinn. Við bjuggum við ágætt fyrirkomulag, sambýli pósts og síma, sem hentaði landinu öllu ágætlega. Þetta var allt saman rifið upp. Gamall forsvarsmaður Símans sagði mér að það hefði verið athyglisvert að fylgjast með þeim breytingum sem urðu á norrænum samstarfsfundum símafyrirtækjanna eftir að þessar stofnanir voru markaðsvæddar. Hann sagði að í stað þess að menn kæmu og miðluðu upplýsingum, byðu fram hjálp og aðstoð, hafi menn skyndilega orðið orðfáir, þögulir, hver með hnífinn upp í erminni, því nú voru þeir ekki lengur samstarfsaðilar sem voru að miðla þekkingu og hjálpsemi. Nei, nú voru menn bara komnir til að keppa og leyna hver annan þeim viðskiptaleyndarmálum sem þeir kynnu að búa yfir. Þetta er sá heimur sem verið er að reyna að fara með okkur inn í. Við höfum varað mjög við því að það sé gert varðandi rafmagnið.

Hitt sem við höfum lagt áherslu á er að hlutafélagaformið, sem menn þreytast ekki á að segja að sé gott form, er ágætt við réttar aðstæður. Það er ágætt á markaði þar sem hluthafar hafa það hlutverk að veita fyrirtækinu aðhald, stjórnendum þess aðhald. En þegar hluthafinn er orðinn einn, búið að loka hann inni í einu ráðuneyti, og hefur auk þess minni aðgang sjálfur að upplýsingum innan úr eigin fyrirtæki vegna hlutafjárlaga, þá fara að vakna ýmsar spurningar.

Við höfum fengið hér frumvörp og umræðu um að það þurfi endilega að opna á upplýsingar almennings gagnvart opinberum hlutafélögum. Jú, jú, það er góðra gjalda vert en menn verða líka að skilja það að verið er að fara með þessi fyrirtæki inn í markaðsumhverfi og í slíku umhverfi þurfa menn að geta búið yfir ákveðnum viðskiptaleyndarmálum. Þessari hugsun höfnum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við eigum að leggja rækt við það form sem við höfum búið við og byggir á samvinnu, uppbyggilegri samvinnu og að aðhaldið eigi að koma frá eigandanum sem er almenningur í landinu, hvort sem það er í gegnum sveitarfélögin eða í gegnum ríkið. Það er upp úr þessu fari sem menn eru að rífa þessa starfsemi.

Það hefur aldrei komið mér á óvart að forsvarsmenn í fyrirtækjunum sem hér um ræðir hafi verið þessu fylgjandi, margir. Þeir eru í samvinnu við stjórnvöld og sjá náttúrlega fyrir sér að völd þeirra og áhrif verða efld, iðulega hækka þeir stórlega í launum. Það gerist í einkavæddum fyrirtækjum. En hið sama á ekki endilega við um hinn almenna starfsmann, kjör hans hafa ekki batnað við markaðsvæðingu.

Ég minni á að í Evrópu misstu 300 þúsund manns vinnuna við markaðsvæðingu raforkugeirans, 300 þúsund manns hafa misst vinnuna á nokkrum árum. Ég vil enn fremur benda á það þegar forstöðumenn fyrirtækja, sem eru á einkavæðingarfæribandinu, segja við starfsmenn að þeirra bíði gull og grænir skógar við markaðsvæðingu að allt þetta er hægt að gera í núverandi kerfi. Það er hægt að bæta laun starfsmanna Ríkisútvarpsins við þær aðstæður sem við búum við núna. Það er hins vegar komið undir stjórnun og það er komið undir fjárveitingum til þessa fyrirtækis.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál hér að sinni. Ég er búinn að gera mjög ítarlega grein fyrir sjónarmiðum mínum áður við þessa umræðu. Hv. formaður iðnaðarnefndar tók til máls fyrr við umræðuna í dag og vék að málefnum starfsfólks. Það var gott að heyra áherslur hans. En ég tel mig skilja það rétt að hann líti svo á að ekki verði dregið úr þeim kjörum eða réttindum sem starfsfólk hefur núna og hvað varðar nýráðningar verði leitast við að búa svo um hnútana að fólk búi áfram við viðhlítandi kjör. Ég hef lagt mjög mikið upp úr því fyrir mitt leyti að samningsréttur stéttarfélaganna sem nú semja fyrir hönd starfsfólksins verði virtur að því leyti sem starfsfólkið óskar. Auðvitað er þetta spurning um lýðræðislegar óskir þess. Það er tæknilega og lagalega hægt að búa svo um hnúta að nýráðnir starfsmenn innan vébanda opinberra starfsmanna fái áfram aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, það stendur ekkert í vegi fyrir því lagalega og tæknilega. En það er mikilvægt að heyra hver viðhorf löggjafans og meiri hlutans á Alþingi eru hvað þetta snertir.

Það er nú svo með mig að ég hef trú á því að stjórnendur þessarar stofnunar vilji fyrir sitt leyti leggja sitt af mörkum til að þetta samstarf geti orðið sem allra best. Ef svo illa fer, sem því miður horfir til, að þetta frumvarp verði að lögum, er mjög mikilvægt að heyra afdráttarlausan skilning meiri hlutans hér hvað varðar kjör starfsmanna eftir að Rarik verður að hlutafélagi, sem því miður allt bendir til að gerist innan ekki mjög langs tíma.

[12:40]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan að í upphafsorðum mínum í morgun kom ég inn á starfsmannamál sem voru umfjöllunarefni við 2. umr. frumvarps til laga um Rafmagnsveitur ríkisins hf. Ég bind vonir við að stjórnendur þessa fyrirtækis komi, hér eftir sem hingað til, af sanngjörnum hætti fram við starfsmenn sína. Ég hef rætt við forsvarsmenn þessa fyrirtækis og hef enga ástæðu til ætla annað en að sú góða starfsmannastefna sem rekin hefur verið hjá Rafmagnsveitum ríkisins viðhaldist hér eftir. Að sjálfsögðu get ég engu lofað héðan úr ræðustóli Alþingis en ég bind vonir við að forsvarsmenn Rariks komi vel fram við nýja starfsmenn eins og þá sem vinna hjá

fyrirtækinu. Það er rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að það er ekkert í því frumvarpi til laga sem við erum að ræða hér sem kemur í veg fyrir að ríkisstarfsmenn sem sækja um vinnu hjá Rarik hf. geti orðið hluti af A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins áfram. Það er rétt hjá hv. þingmanni.

Hæstv. forseti. Af því hv. þingmaður sagði að ég hefði nefnt það í ræðu minni að meiri hluti Rariks ætti að vera í eigu ríkisins, þá var ég spurður hér í umræðu hvort ég teldi það útilokað um aldur og ævi að nýir aðilar gætu komið inn í reksturinn. Ef við gefum okkur það til að mynda að einhvert sveitarfélag sem á veitufyrirtæki vilji koma inn í þennan rekstur og þetta yrði öflugra fyrirtæki fyrir vikið sem gæti veitt betri þjónustu, þá vil ég að sjálfsögðu ekkert útiloka það um alla framtíð að einhverjar slíkar mögulegar breytingar gætu orðið. Ég legg samt áherslu á að meirihlutaeign í þessum orkufyrirtækjum verði í eigu ríkisins. Það finnst mér mjög mikilvægt. Ég vil standa vörð um það. Það er gríðarlega mikilvægt að við afsölum okkur ekki (Forseti hringir.) orkuauðlindunum með þeim hætti að selja það burtu úr höndum okkar.

[12:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að hv. þm. Birkir Jón Jónsson skýri sjónarmið sín eða hvað hann átti við þegar hann talaði um að hann útiloki ekki að eignarhlutur í Rafmagnsveitum ríkisins renni annað en til ríkisins. Það er hins vegar svolítið erfitt að átta sig á Framsóknarflokknum þegar kemur að eignarhaldi. Við höfum fengið mjög misvísandi yfirlýsingar, bæði frá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni og auðvitað viðskiptaráðherranum sem einn daginn vill selja og annan daginn ekki. En við erum náttúrlega með það skjalfest, yfirlýsingar og viðtöl þar sem glöggt kemur fram að hæstv. ráðherra hefur talað fyrir því að raforkugeirinn verði seldur. Ég held að menn verði að horfast í augu við það.

Hitt vil ég staðnæmast við sem hv. þingmaður segir um starfsmannamálin. Það er alveg rétt hjá honum að auðvitað eigum við að vera raunsæ gagnvart því sem sagt er í þessum sal um skuldbindingar gagnvart starfsfólki og hvað slíkar yfirlýsingar koma til með að halda. Við höfum brennt okkur á því á undanförnum árum að slíkt dugar skammt. Menn horfa til lagatextans. Engu að síður skiptir vilji manna máli í þessu efni. Vilji löggjafans skiptir máli og vilji manna innan fyrirtækisins, í þessu tilviki Rafmagnsveitna ríkisins, skiptir líka máli.

Mér finnst mikilvægt að heyra þessar yfirlýsingar hv. þingmanns, formanns iðnaðarnefndar. Hann bendir á að það er ekkert sem stendur í vegi fyrir að nýir starfsmenn komi til með að vera áfram innan A-deildar Lífeyrissjóðsins. Einnig hef ég trú á að það sé vilji innan fyrirtækisins og ég túlka einnig andsvar hv. þingmanns á þann veg að hann sé því hlynntur að samningsréttur núverandi félaga verði virtur.

[12:44]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson talar um misvísandi skilaboð frá Framsóknarflokknum í þessari umræðu. Það hefur alveg legið fyrir að það er stefna Framsóknarflokksins að ríkið eigi þau fyrirtæki sem meðhöndla orkuauðlindir, sameign þjóðarinnar, orkuauðlindir okkar Íslendinga. Það er alveg ljóst. Svo blanda hv. þingmenn Vinstri grænna bönkunum og Símanum inn í. Ég er mjög ánægður með hvernig tekið hefur til með markaðsvæðingu Símans þar sem hægt er að fara í fullt af mjög góðum verkefnum víða um land sem annars hefði ekki verið hægt að ráðast í og mjög ánægður með markaðsvæðingu bankanna sem hefur skilað miklum hagvexti og miklum tekjum í ríkissjóð í kjölfarið. En þar erum við að tala um gjörólíka hluti. Við Framsóknarmenn leggjum áherslu á að fiskimiðin hringinn í kringum landið séu sameign þjóðarinnar, enda er kveðið á um það í lögum um stjórn fiskveiða. Við höfum líka lagt áherslu á að eignarhaldið á þeim fyrirtækjum sem sýsla með orkuauðlindina sem nú er í eigu ríkisins, verði áfram í eigu ríkisins. Það er ekki hægt að bera það saman hvort við erum að ræða um fyrirtæki sem eru í samkeppni á markaði, eins og bankarnir voru og Síminn, eða hvort við erum að ræða um náttúruauðlindir þjóðarinnar. Framsóknarflokkurinn hefur ekki sent frá sér nein misvísandi skilaboð hvað það varðar.

Hæstv. forseti. Hv. þingmenn Vinstri grænna tala um að hér eigi að fara að einkavæða Rafmagnsveitur ríkisins hf. Það er bara rangt. Stefna Framsóknarflokksins er alveg skýr hvað það varðar. Við erum að auka sveigjanleika í rekstri þessara fyrirtækja. Önnur fyrirtæki, sem eru í smásölu í sölu á raforku, eru mörg hver í hlutafélagaforminu. Það er eðlilegt að við bregðumst við þeim aðstæðum hjá þessu fyrirtæki að það geti brugðist við með sams konar hætti og samkeppnisaðilarnir með það að markmiði að bæta þjónustu við neytendur og lækka raforkuverð til lengri tíma litið.

[12:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eitt að deila um stefnu og lagafrumvörp, það er annað þegar kemur að staðreyndum. Framsóknarflokkurinn getur ekki komist frá þeirri staðreynd að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, hefur lýst áhuga og áformum um að selja raforkugeirann og hún batt sig fyrst og fremst í þeim ummælum við Landsvirkjun. Þar sagði hún m.a. í viðtali, með leyfi forseta:

„Það er búið að móta þá stefnu að til þess muni koma," — þ.e. að opna fyrirtækið fyrir nýjum eigendum — „það er ekki okkar framtíðarsýn að ríkið eitt muni eiga þetta fyrirtæki til framtíðar."

Síðar heldur hún áfram:

„En því er ekki að leyna að t.d. lífeyrissjóðir hafa verið nefndir í því sambandi."

Það er ekki hægt að koma sér undan þessu. Mér finnst leggjast lítið fyrir framsóknarmenn að reyna að gera það því það eru ósannindi. Síðan geta menn skipt um skoðun, það er allt annað mál. Ég ber fulla virðingu fyrir fólki sem skiptir um skoðun. Ef það telur sig hafa rök fyrir því að breyta um skoðun þá er það allt í góðu lagi. Ef hæstv. ráðherra hefur skipt um skoðun og Framsóknarflokkurinn eða þessi hluti hans þá er það góðra gjalda vert. En frá þessu

komast menn ekki. Ég hef lagt fram gögn sem sýna fram á þetta. Ég vil leggja áherslu á þetta undir lok þessarar umræðu.

[12:49]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta óvinsæla mál um einkavæðingu á Rarik, hlutafélagavæðingu Rafmagnsveitna ríkisins, er að koma til 3. umr. Það er mjög athyglisvert hversu því er fylgt fast eftir af ríkisstjórnarmeirihlutanum að keyra þetta mál í gegn án þess þó að menn hafi getað tilgreint neinar ástæður fyrir því aðrar en bara „af því bara" og að hlutafélagavæðing og einkavæðing þjóni markmiðum ríkisstjórnarinnar — í sjálfu sér eru það rök að það geri það en önnur markmið hafa ekki verið tíunduð.

Við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum lagst gegn þessu frumvarpi. Við höfum flutt við það frávísunartillögu því í okkar huga, í stefnu okkar flokks, er litið á rafmagnið sem grunnalmannaþjónustu sem eigi að vera íbúum og fyrirtækjum um land allt aðgengileg á sem bestum kjörum og jöfnum, með afhendingaröryggi og góðri þjónustu. Við vitum að um leið og búið er að hlutafélagavæða grunnþjónustu eins og þessa fer hún smám saman að búa sig undir að verða markaðsvædd fullkomlega og seld.

Við þekkjum söguna um símann. Þegar Landssími Íslands var hlutafélagavæddur bárust hástemmdar yfirlýsingar frá þáverandi samgönguráðherra og þeim sem fóru með stjórnvölinn þá þess efnis að Landssíminn yrði ekki seldur. En varla var blekið á undirskrift laganna þornað þegar hafinn var undirbúningur að markaðsvæðingu og sölu Landssímans. Alveg undir það síðasta héldu talsmenn ríkisstjórnarflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, því fram að ekki stæði til að selja hann allan, ríkið mundi alltaf eiga meiri hluta. En þegar til kom var gengið á bak allra þessara orða, hvort sem það voru þingmenn og ráðherrar Framsóknarflokksins eða þingmenn og ráðherrar Sjálfstæðisflokksins. Það verður þó að segjast eins og er að undir það síðasta lágu þingmenn Sjálfstæðisflokksins ekkert á því að þeirra ætlun væri að selja allt fyrirtækið.

Nákvæmlega sama saga endurtekur sig nú þegar við ræðum um hlutafélagavæðingu á Rarik. Framsóknarmenn sem hafa beitt sér hvað harðast undir forustu hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, í einkavæðingu og almannaþjónustu segja að einungis sé ætlunin að hlutafélagavæða og sjá svo til. Það standi ekki til að selja hlutabréfin. Sjálfstæðismenn segja hreint út að ætlunin sé að selja þau fáist rétt verð.

Reynslan af sölu Símans sýnir hvað gerist. Seldur Landssími. Ekki hafði hann fyrr verið seldur en sendur var út af örkinni yfirmaður hjá hinum einkavædda síma sem tilkynnti uppsagnir starfsfólks og lokanir starfsstöðva, á Siglufirði, á Blönduósi, seinna á Sauðárkróki, á Ísafirði og víðar um land. Ekki var það tilkynnt að þetta væri hluti af sölunni. Og hvað gerist? Þessar starfsstöðvar eru lokaðar. Þessar starfsstöðvar, t.d. á Blönduósi og Sauðárkróki, Siglufirði, Ísafirði og öðrum þeim stöðvum þar sem búið er að loka starfsstöðvum, voru mikilvægar í að veita öfluga og góða nærþjónustu. Þarna var tækniþekkingin til staðar í byggðarlaginu sem nýttist því á fjölþættan hátt. Nærvera þessarar tækniþjónustu skapaði öryggi, bæði fyrir heimili og atvinnurekstur, og styrkti samkeppnisstöðu fyrirtækja. Ekki mun af veita úti um land.

Nú þegar þetta er selt verða íbúar og fyrirtæki í Húnavatnssýslum, í Skagafjarðarsýslum, á Vestfjörðum og reyndar um allt land þar sem þessi þjónusta hefur verið skorin niður að sækja hana lengra að. Hún er fjarri þeim, hún er dýrari, hún er seinvirkari, hún verður óöruggari.

Tæknimenn sem voru á þessum starfsstöðvum bjuggu yfir mikilli þekkingu og færni til þess að sinna því hlutverki að fylgjast með og bregðast við því sem þurfti í fjarskiptakerfinu. Þessi þekking er að engu gerð. Nú koma menn langt að, vafalaust aðallega frá Reykjavík, til að sinna þjónustu annars staðar og hafa enga staðbundna þekkingu.

Halda menn að þetta verði eitthvað öðruvísi með Rarik? Halda menn það í alvöru? Það hefur verið styrkur Rafmagnsveitna ríkisins að reka öflugar starfsstöðvar sem víðast um landið. Þær hafa getað sýnt viðbragðsflýti ef bilað er. Þær hafa getað unnið að staðbundnu viðhaldi og minni háttar nýframkvæmdum. Þær hafa tekið þátt í stærri framkvæmdum. En einn mikilvægasti þátturinn er að á svæðinu hefur verið staddur hópur manna sem réð yfir tækniþekkingu og færni, ekki aðeins á því sviði sem laut að rafmagninu og dreifingu þess, heldur styrkti einnig samfélagið í heild.

Samfélagið byggist upp eins og hús sem byggt er upp úr mörgum múrsteinum. Menn geta haldið að það sé í lagi að fjarlægja einn múrsteinn, það gusti aðeins inn en húsið standi. Jú, það má vel vera. En því fleiri múrsteinar sem teknir eru úr byggingu hússins, því meir gustar um og því veikara verður húsið. Það er nákvæmlega þetta sem mun gerast við einkavæðingu og hlutafélagavæðingu og síðan væntanlega sölu Rafmagnsveitna ríkisins. Þá hverfa á einhverjum tíma mikilvægir múrsteinar sem mynduðu grunnstoðir þess húss sem samfélagið úti um land er.

Við upplifðum það með Símann að hann taldi sig ekki hafa neinar samfélagslegar skyldur. Markmiðið væri fyrst og fremst að skaffa eigendum arð af því fjármagni sem þeir hefðu bundið í fyrirtækinu. Þetta er sjónarmið fyrirtækja í samkeppnisrekstri og alveg eðlilegt í atvinnustarfsemi sem býr við góða samkeppni. En þjónustustofnanir eins og Rafmagnsveitur ríkisins, Landssíminn, heilbrigðisþjónustan og skólakerfið verða aldrei reknar í raunverulegri samkeppni en það skiptir grundvallarmáli fyrir íbúana og fyrir atvinnulífið vítt og breitt um landið að þessi þjónusta sé öflug og góð, sé til staðar sem nærþjónusta og verði hluti af þeirri samfélagslegu ábyrgð sem er nauðsynleg til þess að eitt samfélag vaxi og dafni. Síminn er farinn út úr þessari samfélagslegu ábyrgð. Eitt mikilvægasta hlutverk bankanna var einmitt út um land, að vera hluti af þeirri samfélagslegu ábyrgð sem felst í samfélagsrekstri fyrirtækja með fólk sem hafði tækniþekkingu og sérþekkingu á sínum sviðum. Nú hverfa þeir og þar hverfa líka ákveðnir múrsteinar úr umræddri byggingu.

Það getur vel verið að rekstur bankakerfisins sem slíks verði hagkvæmari og það má vel vera að Rafmagnsveitur ríkisins, þegar þær hafa verið hlutafélagavæddar og jafnvel seldar, geti per se rekið sig vel. En rafmagn er fyrir neyt-

endur, er fyrir fólk, og þó menn vilji koma á markaðsvæðingu, einkavæðingu, getur það aldrei orðið farsælt að nota gróðamælistiku á fólk. (Forseti hringir.)

Frú forseti. Ég á tvær mínútur eftir, þá skal ég ljúka máli mínu.

(**Forseti** (JóhS)**:** Það verða þá að vera tvær mínútur vegna þess að hér á að gera matarhlé.)

Við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð, lögðum fram frávísunartillögu á þetta mál. Við teljum að Rafmagnsveitur ríkisins eigi að vera í almannaeigu, eigi ekki að fara út í þennan einkavæðingarferil og það verður okkar skoðun. Ég held að flestir sjái að það var glapræði að selja Símann, það var glapræði að einkavæða Símann. Það er líka mikið glapræði að keyra einka- og markaðsvæðingu inn í raforkukerfi landsmanna. Við berum enn þá von í brjósti að þetta frumvarp verði fellt eða dregið til baka landsmönnum öllum til góðs. Gangi það fram verður það ein einkavæðingarþrautarganga sem rekin er af Framsóknarflokknum hér í þinginu og alveg furðulegt að gamall félagshyggjuflokkur skuli vera sá sem dregur einkavæðingarvagninn.

[Fundarhlé. — 13:02]

[13:30]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt langt. Það er kominn tími til að ljúka þessari umræðu. Ég ætla rétt að fara yfir það sem hér hefur komið fram í máli hæstv. iðnaðarráðherra og einnig formanns iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, að þau telji að hlutafélagaformið sé hentugra rekstrarform þegar kemur að samkeppnisrekstri jafnvel þó að ríkissjóður yrði einn eigandi að því hlutafélagi.

Hér hefur mikið verið rætt um áhuga annarra á að kaupa hlut Rariks á viðkomandi svæðum og taldi hæstv. iðnaðarráðherra að betra væri fyrir neytendur að hafa sterk dreifingarfyrirtæki í raforkunni og ekki ætti að kljúfa Rarik upp þar sem það væri ekki gott til frambúðar. Undir þetta tók fulltrúi framsóknarmanna í iðnaðarnefnd og formaður hennar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, hér í morgun.

Þegar búið er að háeffa Rarik er ekki hægt að tala um neitt til frambúðar. Enda bera dæmin þess vitni og landsmenn hafa fundið það á eigin skinni. Má þar nefna hlutafélagavæðingu Pósts og síma. Þar hafa störf á landsbyggðinni verið lögð niður vegna óhagkvæmni. Því skyldu landsmenn búast við að farið verði á annan hátt með raforkugeirann?

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að það að veita rafmagni sé hluti af hinni almennu grunnþjónustu sem veita beri einstaklingum, heimilum, atvinnurekstri og fyrirtækjum í atvinnurekstri. Þetta á sérstaklega við um það að verð rafmagns og afhendingaröryggi sé sambærilegt um allt land. Í umræðum hér hefur komið fram að þær breytingar sem gerðar hafa verið í rafmagnsmálum hafa leitt til hækkunar í of mörgum tilfellum að minnsta kosti úti á landi, sérstaklega þar sem ekki er heitt vatn, eins og t.d. í mínu kjördæmi á Langanesi. Þar og víða á köldum svæðum er virkilega þörf á að rafmagni sé veitt á því verði að atvinnulífinu séu búnar samkeppnishæfar aðstæður. Á þessum svæðum hefur líka komið fram að rafmagnsreikningurinn hefur hækkað talsvert með nýju raforkulögunum.

Hv. þingmaður og formaður iðnaðarnefndar, Birkir Jón Jónsson, fullyrti hér í gær að raforkuverð mundi lækka um alla framtíð. Mér fannst hann taka stórt upp í sig. Ég hef ekki trú á því að raforkuverðið verði lægra um alla framtíð því margt breytist þegar Rarik verður hlutafélag. Fyrirtækið verður tekið undan upplýsingalögum og ákveðin viðskiptaleynd þarf að vera í hlutafélögum þannig að þjóðin hefur ekki sömu innsýn í starfsemina og áður. Þá spyr maður sig: Er það neytendavænt?

Mun auðveldara verður að selja og kaupa hluti og arðsemiskrafan verður væntanlega sett í forgang í þessu hlutafélagi sem og flestum öðrum. Það hefur líka komið skýrt fram að allt er til sölu fyrir rétt verð og við vitum að hv. þm. Birkir Jón Jónsson og hv. þm. og talsmaður Sjálfstæðisflokksins í málinu, Kjartan Ólafsson, tala ekki alveg í takt í þessum efnum.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem gerð var að beiðni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og fjallar um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja árið 1998–2003, kemur fram að um er að ræða átta fyrirtæki sem voru að hluta til eða öllu í eigu ríkissjóðs en hafa verið einkavædd og seld. Í skýrslunni kemur einnig fram að jafnan hafi fyrsti áfanginn í söluferlinu falist í að breyta ríkisstofnunum í hlutafélag. Það hlýtur því í ljósi reynslunnar að vera eðlilegt að ég, sem neytandi raforku, hafi áhyggjur vegna þessara aðgerða og því sem gæti orðið í kjölfarið á þeirri háeffun sem hér á að fara fram. Iðnfyrirtæki hafa líka kvartað undan hækkun raforkuverðs sem segir mér að þetta er ekki neikvæðni og nöldur í Vinstri grænum eins og gjarnan er látið að liggja hér úr ræðustól af hv. stjórnarliðum.

Því hefur verið haldið fram að frá því að breytingar á raforkulögunum tóku gildi fyrir örfáum mánuðum hafi raforkan í sumum tilvikum hækkað um allt að 50%. Eflaust hefur raforkan lækkað einhvers staðar, en svona ber að taka alvarlega. Fram kom í frétt Ríkisútvarpsins 13. janúar síðastliðinn hjá Sveini Hannessyni, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, með leyfi forseta:

„Samkeppnin virkar bara ekki hér og þau fyrirtæki sem eru að leita eftir tilboðum frá öðrum rafveitum eru ekki að fá nein tilboð í raun og veru og jafnvel tilboð sem eru yfir almennum töxtum. Og ástæðan er sú að það er ekkert umfram rafmagn í kerfinu og rafveiturnar vilja í raun og veru ekki nýja viðskiptamenn og samkeppni. Þar sem menn vilja ekki nýja viðskiptamenn er auðvitað engin samkeppni."

Á þetta höfum við í Vinstri hreyfingunni grænu framboði bent, að frekar sé um að ræða fákeppni í svo litlu landi sem okkar er.

Það kom líka fram í frétt Ríkisútvarpsins að fyrirtækið Plastprent er einn stærsti raforkunotandi á Íslandi fyrir utan stóriðjuna. Forsvarsmenn þar segja að raforkuverð hafi hækkað um 20–30% en fyrirtækið kaupir í stórum skömmtum fyrir svona um það bil 20–30 millj. kr. á ári. Af hverju skyldi slíkt fyrirtæki ekki fá sams konar ívilnanir og stóriðjan? Framkvæmdastjóri Plastprents, Sigurður Bragi Guðmundsson, segir í sömu frétt, með leyfi forseta:

„Þó að við séum ekki með nákvæmar upplýsingar um

hvað stóriðjan borgar fáum við ekki betur séð en að við, sem erum þó þetta stórir, séum að borga milli 40- eða 50-falt meira fyrir kílóvattsstundina en stóriðjan.“

Hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði í 1. umr. þessa máls, með leyfi forseta:

„Við höfum gengið í átt til einkavæðingar og ég er heldur ekki í nokkrum vafa um að það hefur orðið þessari þjóð til heilla og er hluti af því að skila okkur fram veginn.“

Það er akkúrat þessi stefna og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum rætt að okkur þykir sem stjórnarliðar tali ekki alveg í takt. Fyrirtækið er til sölu hjá Sjálfstæðismönnum ef rétt verð fæst og því getum við alls ekki verið örugg um neitt í þessum málefnum til frambúðar. Ég efast ekki um þann góða vilja hv. formanns iðnaðarnefndar, Birkis Jóns Jónssonar, að fyrirtækið verði áfram í eigu ríkisins. En eftir rúmt ár verður kosið hér á þing og það er alls ekki víst að allir hafi þá sýn sem hann hefur talað fyrir. Það er að minnsta kosti ekki hægt að stóla á það, ekki ef miðað er við það sem áður hefur verið gert hér í háeffun og síðan einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

Það er sem sagt þessi stefna ríkisstjórnarinnar sem við viljum andmæla nú þegar gera á Rarik, fyrirtæki okkar landsmanna, sem gegnir almannaþjónustu, að hlutafélagi — þeirri stjórn sem tekur við að ári er svo í lófa lagið að selja það hæstbjóðanda ef því er að skipta.

[13:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að hafa fáein orð í lok umræðunnar vegna þess að ég tel ástæðu til að skýra örlítið afstöðu okkar samfylkingarmanna í þessu máli. Eins og komið hefur fram í umræðunni tókum við þátt í að afgreiða málið úr nefnd og við studdum breytingartillögur við málið við 2. umr. Við vorum síðan með breytingartillögu við málið líka sem fjallaði um að flytja ætti yfirráð yfir hlutabréfum frá iðnaðarráðherra til fjármálaráðherra. Fyrir því færðum við okkar rök sem ég tel fullgild.

Stundum gerist það hér í sölum Alþingis að menn greiða ekki atkvæði í samræmi við það sem maður hefði haldið að mundi gerast. Ég hafði talað við marga þingmenn um þetta mál og flestir luku upp einum munni um það að vitanlega væri miklu eðlilegra að yfirráð yfir þessum hlutabréfum væru á hendi fjármálaráðherra og það væri vond stjórnsýsla að hæstv. iðnaðarráðherra hefði þessi hlutabréf í sínum höndum. Iðnaðarráðherra er yfirmaður þess fyrirtækis sem hér er fjallað um og líka yfirmaður Landsvirkjunar og Orkubús Vestfjarða. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur mörg hlutverk og m.a. hefur hann það hlutverk á sínum höndum að skera úr um hverjir fá rannsóknarleyfi til að nýta orkulindir. Hann hefur líka úrskurðarvald um það hverjir fá nýtingarleyfin.

Það kom mjög skýrt fram í umfjöllun nefndarinnar hjá þeim sem fást við rekstur á þessu sviði — og telja sig vera komna í samkeppnisumhverfi, að þeir séu í samkeppni við þau ríkisfyrirtæki sem framleiða og selja raforku — að þeir teldu það mjög óeðlilegt að iðnaðarráðherra færi með þetta vald. Þess vegna var þessi tillaga flutt. En það sýndi sig að handjárnin héldu og hún var ekki afgreidd eins og við hefðum viljað.

Við Samfylkingarmenn þurfum að ákveða hvort við samþykkjum þetta mál í heildina í lokin þegar fyrir liggur að okkar tillaga í málinu hvað þetta varðar hefur verið felld. Það mun sýna sig við lokaafgreiðslu málsins hvað við gerum. Í heildina töldum við þetta mál til bóta. Við höfum stutt hlutafélagastofnun um orkufyrirtæki á undanförnum árum og teljum að á það eigi að láta reyna til hlítar. Úr því að menn lögðu af stað í þá vegferð að reyna að koma á samkeppni á raforkumarkaði er eðlilegt að halda áfram á þeirri braut og gera það sem ríkisvaldið getur gert til að mynda einhvers konar samkeppni á þessum markaði og halda utan um hana. Það þarf að gera þessa hluti mjög vel ef eitthvert vit á að vera í. Það liggur nú fyrir að neytendur hafa ekki haft hagnað af þeim breytingum á raforkumarkaðnum sem þegar hafa orðið. Það virðist nokkuð ljóst af þeim könnunum sem hafa verið gerðar að raforkuverð hefur í langflestum tilfellum hækkað. Þannig að betur má ef duga skal ef við eigum að fá að sjá hér hagstæðara raforkuverð á næstu árum.

Skref í þá átt er að sjá til þess að fyrirtækin á þessum markaði verði fær um að keppa, að ekki séu eingöngu risar og dvergar á þessum markaði heldur það mörg öflug fyrirtæki að þau geti tekist á sín á milli um verð á raforku. Það fyrirtæki sem hér er verið að ræða um, Rafmagnsveitur ríkisins, Rarik, er að mínu viti, og okkar samfylkingarmanna, fyrirtæki sem á að vera einn af keppendunum á markaðnum. Það er því ekki endilega rétta niðurstaðan að það eigi að vera í eigu ríkisins. Ég tel, og hef sagt það áður, að það gæti alveg eins verið, og ekkert síður, í eigu sveitarfélaganna. Hugsanlega einhvern tíma í framtíðinni í eigu fleiri aðila. En það er langt þangað til kemur að þeim degi vegna þess að það verður ekki mögulegt að okkar mati, samfylkingarmanna, að einkavæða þetta fyrirtæki og önnur nema menn séu búnir að ganga frá þeim auðlindum sem eiga að vera í þjóðareign og þeim reglum sem eiga að gilda um þær auðlindir. Stóra skrefið í því þarf að stíga við endurskoðun stjórnarskrárinnar en setja þarf inn ákvæði um auðlindir í þjóðareign og lagasetning þarf síðan að koma í framhaldi af því þar sem þær verða afmarkaðar og reglur settar um það með hvaða hætti verði farið með þær.

Ég vildi svona í lok málsins leggja þetta inn í umræðuna. Ég tel að það þurfi að vera skýrt frá okkar hendi, samfylkingarmanna, að við stöndum við að við höfum stutt þetta mál. Við erum auðvitað ekki ánægð með að ekki skyldi nást sú niðurstaða sem við vildum gagnvart því hver eigi að halda utan um yfirráðin yfir þessu fyrirtæki og teljum reyndar að sá tími sé löngu kominn að menn þurfi að stokka upp í stjórnkerfinu með þeim hætti að ekki séu þeir hagsmunaárekstrar sem eru í raun og veru út um allt í þessu kerfi. Iðnaðarráðherra er í þessu tilfelli ágætt dæmi um það. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri og hef lokið máli mínu.

[13:47]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður heyrði ég ekki alla ræðu hv. þingmanns þar sem við sátum á nefndarfundi í samgöngunefnd á sama tíma og hér var þingfundur. Því kann að vera að hv. þingmaður hafi komið inn á það mál sem ég ætla að nefna en hann gerir þá grein fyrir því.

Ég spyr: Finnst hv. þingmanni að stefnt sé að samkeppni, eins og stefnt var að með raforkulögunum, ef horft er til þess að e.t.v. geti orðið um fleiri sameignarsamninga á milli fyrirtækja að ræða, eins og látið er liggja að í 5. lið nefndarálits með frumvarpinu þar sem beinlínis er talað um að þetta auðveldi það að fyrirtæki geti sameinast öðrum fyrirtækjum á raforkusviði? Ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður muni eftir frétt sem birtist í Bæjarins besta á síðastliðnu hausti um hugsanlega sameiningu Orkubús Vestfjarða, Rariks og Landsvirkjunar í því raforkuumhverfi sem við erum í. Ég fæ ómögulega skilið hvernig menn uppfylla skilyrði raforkulaganna með því að e.t.v. fari ríkið, í ljósi þessarar hlutafélagavæðingar, í það verk að sameina þau hlutafélag sem það á. Það á Orkubú Vestfjarða, það er búið að hlutafélagavæða það. Í svari sem ég mun koma í eftir mun koma fram hvað ráðherra segir um Landsvirkjun.

[13:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem hv. þingmaður vitnaði til í 5. lið á við um það að þetta fyrirtæki geti t.d. keypt litlar rafveitur eins og hefur verið að gerast á undanförnum árum, smærri rafveitur hafa verið að hverfa inn í þær stærri. Ég held í sjálfu sér að það hljóti að gerast. Ég held að litlu rafveiturnar eigi, margar hverjar, ekki endilega mjög langa framtíð fyrir sér. En auðvitað verður það að koma í ljós í þessu umhverfi hvort hægt verður að reka þær. Í sumum tilfellum virðist allt benda til þess en í öðrum tilfellum ekki.

Það virtist vera mjög hagstætt að leggja Andakílsárvirkjun inn í Orkuveitu Reykjavíkur eins og Akurnesingar gerðu fyrir nokkrum árum. Það virtist vera mjög skynsamlegt að gera það. Ég get sagt það strax að við höfum verið andvíg því að Orkubú Vestfjarða og Rarik verði sameinuð Landsvirkjun. Ég hef margsagt að ég sé á móti því og tel ekki neina ástæðu til að gera það. Það er alveg ótrúlegt að sú umræða skulu vera uppi á sama tíma og menn halda því fram að verið sé að búa til samkeppnisumhverfi á þessum markaði. Það er ríkið sem gengur fremst í því og hefur auðvitað það hlutverk að koma á samkeppnisumhverfi en það getur ekki verið trúverðugt að búa til einhvern risa á þessum markaði sem enginn annar getur þá átt í fullu tré við. Það er eitthvað annað í þeirri mysu sem ekki er komið fram eða hefur verið viðurkennt opinberlega. Sumir halda því fram að þessi umræða hafi komið upp vegna þess að eigið fé Landsvirkjunar sé orðið óþægilega lítið.

[13:51]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lagt var upp úr því í heildarlögunum um raforku að m.a. gætu risið upp virkjanir í einkaeigu sem framleiddu inn á Landsnetið og út af því væri hægt að kaupa, m.a. í samningum við viðkomandi fyrirtæki. Þetta var þáttur í því að efla samkeppni á raforkumarkaði.

Ég verð að segja að mér finnst að nú sé verið að stefna í alveg öfuga átt. Ríkið stefnir til sameiningar á þeim fyrirtækjum sem það á þvert ofan í það að búa til samkeppni á raforkumarkaðnum. Þess vegna hef ég ákveðnar efasemdir um þessa vegferð alla.

Því hefur verið haldið fram af hæstv. iðnaðarráðherra eftir að nýju raforkulögin tóku gildi að raforkuverð á landsvísu hafi lækkað. Því var m.a. haldið fram fyrir stuttu í umræðum um raforkuverð á árabilinu 2001–2010, sem ég tengdi við samninga við Norðurál. Hins vegar er rétt að vekja á því athygli að í skýrslu iðnaðarráðherra sjálfrar kemur fram að í mörgum tilfellum hefur raforkuverð til neytenda hækkað eftir að nýju raforkulögin tóku gildi. Maður saknar þess því, hæstv. forseti, ef raforkulögin áttu að leiða til samkeppni að sú samkeppni sé ekki að komast á.

[13:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni. Ég hef t.d. hér í höndunum ársskýrslu Samtaka iðnaðarins. Innihald þeirrar greinar gengur einmitt út á að lýsa þessu út frá sjónarmiði Samtaka iðnaðarins. Það eru því ekki bara neytendur, venjulegt fólk, með sínar húsþarfir sem kvarta undan því að orðið hafi hækkun á raforku heldur líka fyrirtækin þar sem menn héldu því fram að þar væri kannski meiri von, að stærri notendur fengju þá betra verð vegna samkeppninnar. Þetta hefur ekki gengið eftir. En þegar við tökum afstöðu til þess hvort við viljum hafa Rafmagnsveitur ríkisins í hlutafélagaformi eða ekki, þá get ég ekki séð að það eigi að hafa áhrif á þá niðurstöðu. Ég tel, eins og ég hef áður sagt í umræðunni, að menn verði að halda áfram þessari göngu og reyna að gera þessa hluti skynsamlega. Ríkið ber ábyrgð á að koma á því samkeppnisumhverfi sem talað var um að koma á. Það verður ekki gert með því að búa til eitt fyrirtæki úr Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Það getur ekki verið skynsamleg leið í þessu efni.

Þessi niðurstaða, að gera Rafmagnsveitur ríkisins að hlutafélagi, hefur ekki með það að gera. Hér er gert ráð fyrir að ríkið eigi þessi hlutabréf áfram og það þarf nýja lagasetningu á Alþingi ef þetta fyrirtæki á að sameinast öðrum fyrirtækjum í eigu ríkisins. Það er augljóst mál að þá þarf nýja lagasetningu en það þarf ekki nýja lagasetningu þó að þetta fyrirtæki kaupi einhverjar litlar rafveitur.

[13:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í fyrri ræðu minni í morgun við 3. umr. um þetta frumvarp vék ég að þeim rökum sem mikið hafa verið borin hér á borð að starfsmenn Rariks sæju mikil tækifæri í þessu máli og þeir hefðu sent ótvíræð skilaboð um að þetta væri bráðnauðsynlegt fyrir rekstur fyrirtækisins, framtíð þess og hagkvæmni.

Í 3. tölulið í greinargerð með frumvarpi þessu segir svo, með leyfi forseta:

„Með því að reka Rafmagnsveiturnar í hlutafélagsformi verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárfestingar og nýjungar í rekstri verða auðveldari í framkvæmd og fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins sem hlutafélags stuðlar að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri.“

Hæstv. forseti. Ef maður les út úr þessum orðum ætlast maður vissulega til þess, ef þetta næst fram sem hér segir að þetta stuðli að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri, að þá stefni í að orkuverð lækki almennt til neyt-

enda á orkuveitusvæði Rariks.

Hæstv. forseti. Eins og kom fram hér í svari hæstv. iðnaðarráðherra fyrir nokkrum dögum, þegar verðlagning á raforku var til umræðu og stefnumið stjórnvalda í þeim efnum þá benti hæstv. ráðherra á að aðeins eitt orkufyrirtæki hefði verið hlutafélagavætt og það væri Orkubú Vestfjarða. Ef ég man rétt úr þeirri umræðu átti það að verða til þess að efla reksturinn og gera hann hagkvæmari o.s.frv. Hver skyldi svo hafa orðið niðurstaðan af því? Í skýrslu sem iðnaðarráðherra lét taka saman um breytingarnar sem fylgdu nýjum raforkulögum, og sýndu m.a. fram á þróun orkuverðs þar, þá kemur það ekki fram varðandi fyrirtækið Orkubú Vestfjarða að rafmagnsreikningar til fólks og verðlagning raforkunnar hafi almennt lækkað.

Það má vafalaust sýna fram á að á þéttbýlustu stöðunum á Vestfjörðum hafi orkuverð til heimilisnota lækkað, þ.e. heildarreikningurinn, en það á alls ekki við í dreifbýlinu. Það stendur m.a. í skýrslu iðnaðarráðherra, sem ég er því miður ekki með í ræðustólnum en man þó nokkuð úr, að orkuverð í dreifbýli á Vestfjörðum hafi hækkað um 24% og er það þó hlutafélag, hæstv. forseti.

Þar var einnig bent á aðrar hækkanir sem höfðu orðið hjá öðrum fyrirtækjum sem ég get ekki farið með hér eftir minni, en miðað við þá reikninga sem við höfum fengið senda, þingmenn, víða að af landinu, líka af svæðum Rariks, þá hefur orkuverð hækkað. Það virðist því koma út á eitt hvort heldur fyrirtækin eru í því rekstrarformi sem þau eru nú eða eru hlutafélag eins og Orkubú Vestfjarða.

Ef það gengur hins vegar eftir sem hér er sagt í 3. lið um aukna hagræðingu og hagkvæmni í rekstri þá hlýtur það að fylgja á eftir að almenningur í landinu fái að njóta þess með lækkandi orkuverði. Ekki síst þegar litið er til stefnumiða stjórnvalda sem liggja fyrir í þingskjölum og hæstv. iðnaðarráðherra fór nýlega yfir í umræðu á hv. Alþingi. Þar var vitnað til þeirrar stefnumótunar sem gerð var við Landsvirkjun á sínum tíma þegar orkusölusamningar til Norðuráls í Hvalfirði voru samþykktir. En þar sagði og vitnaði hæstv. ráðherra til þess að stefnt væri að því, eins og hér segir í svari hennar, með leyfi forseta:

„Í samræmi við niðurstöður viðræðunefndarinnar gerðu fulltrúar eigenda breytingar á sameignarsamningi um Landsvirkjun. Í fylgiskjali S með samningnum er fjallað um arðgjafargjaldskrár og arðgreiðslumarkmið Landsvirkjunar. Í 2. tölulið fylgiskjalsins segir að stefnt skuli að því að gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna verði í meginatriðum óbreytt að raungildi til ársins 2000 en lækki síðan að raungildi um 2–3% á ári á árunum 2001–2010."

Þetta kom fram í ræðu hæstv. iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur.

Ég hef litið svo á að eftir að mikill meiri hluta þingmanna samþykkti þessa stefnumótun hér í hv. Alþingi á sínum tíma, í tengslum við orkusölusamning Landsvirkjunar til Norðuráls, þá hafi sú stefna legið fyrir og henni hefur ekki verið breytt mér vitanlega, að orkuverð til almenningsveitna hér á landi frá Landsvirkjun ætti að lækka um 2–3% að meðaltali á hverju einasta ári í 10 ár frá árinu 2001–2010. Hæstv. ráðherra mótmælti því ekki hér í þessum ræðustól nýlega, þegar þessi mál voru til umræðu, en vitnaði hins vegar til nokkurs sem rétt er að draga inn í umræðuna, m.a. þess að síðan þetta var höfðu verið lagðir skattar á orkufyrirtæki. Það hefði m.a. haft áhrif á rekstrarstöðu virkjunarinnar.

Hvað er þá ríkið að gera í blóra við þá stefnu sem hér lá fyrir? Jú, það er verið að skattleggja orkufyrirtækin, sem hver borgar? Notendurnir, almenningur. Þar með er horfið frá þeirri stefnu að láta almenning hér á landi njóta þeirrar lækkunar sem hafði gilt frá árinu 1997 með áðurnefndri stefnumótun.

Það liggur því fyrir, hæstv. forseti, að stefnumótun stjórnvalda hefur ekki gengið eftir að þessu leyti og ástæðan fyrir því er m.a. að það hafa verið lagðir skattar á orkufyrirtæki, þar sem hluti af arðinum er auðvitað tekinn út úr fyrirtækjunum. Hverjir munu borga? Notendurnir að sjálfsögðu. Þetta er nú ein leiðin í skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Þó verið sé að boða skattalækkun er hækkun tekin út með einhverri annarri aðferð. Það virðist hafa gerst m.a. þarna og orðið til þess að orkuverð hefur ekki lækkað hér eins og að var stefnt.

Það komu einnig fram mjög athyglisverðar upplýsingar í skýrslu iðnaðarráðherra sem hér var lögð fyrir þingið. Sem er að orkuverð á Íslandi til almennings, til almennra notenda, er hærra í krónutölu á kílóvattsstund en m.a. í Danmörku og nokkrum öðrum nágrannalöndum okkar í Evrópu. Þannig að þrátt fyrir hina miklu virkjunarkosti sem við eigum og það að við getum verið að virkja hér og selja á tiltölulega mjög lágu verði til stóriðjunnar, þá greiðir almenningur hér á landi samt mjög hátt orkuverð. Og skattastefna ríkisstjórnarinnar er örugglega þáttur í því máli að því er orkufyrirtækin varðar.

Þessu vildi ég koma að í umræðunni, hæstv. forseti, ég ætla ekkert að lengja hana en taldi nauðsynlegt m.a. að víkja að þessum þáttum málsins. Það virðist því miður ekki lengur vera stefnt að raforkuverðslækkun hér á landi eins og þáverandi iðnaðarráðherra og ríkisstjórn lögðu upp með árið 1997, sem er sú sama og enn situr, þ.e. sömu flokkar. Þó sagt hafi verið í umræddri stefnumótun að gjaldskrárverð verði óbreytt til ársins 2000 en lækki síðan árlega um 2–3% á árunum 2001–2010, virðist fyrri stefnumótunin ekki vera í gildi lengur. Í rökstuðningi iðnaðarráðherra segir að margar breytingar hafi orðið, m.a. á skipulagi raforkumála, sem séu ef til vill orsakavaldar í þá veru að stefnumótunin hafi breyst.

Að öllu samanlögðu, hæstv. forseti, finnst mér liggja fyrir að stefnan í þessum málum, þar sem ætla mætti að stefnumið stjórnvalda væri að þjóna almenningi í landinu og vinna að því að lækka orkuverð, hafi snúist upp í öndverðu sína og orkuverð til neytenda sé að hækka.

Það er ömurleg vegferð, hæstv. forseti, að vera hér að bera inn hvert málið á fætur öðru í hlutafélagavæðingu raforkufyrirtækja, fyrst Orkubú Vestfjarða, núna Rarik og ætli það verði ekki Landsvirkjun næst? Ef til vill er síðar stefnt í einkavæðinguna sem mér sýnist liggja undir ef horft er til þessara stefnumiða og reynt að lesa út úr því sem hér hefur verið sagt. Vissulega hafa þó heyrst hér ræður nú í seinni tíð þar sem m.a. fulltrúi Framsóknarflokksins hefur sagt að það stæði ekki til að einkavæða raforkuframleiðsluna. Ekki í nánustu framtíð að minnsta kosti.

Hæstv. forseti. Með hliðsjón af reynslunni af þróun raf-

orkumála undanfarin tvö ár og þess að stefnumörkunin sem fyrir lá um lækkandi raforkuverð til almennings hefur ekki gengið eftir, hvorki við setningu raforkulaganna né hefur verið hægt að finna það út úr hlutafélagavæðingunni eins og varðandi Orkubú Vestfjarða, þá hef ég ekki trú á að þessi stefnumörkun sé til góðs fyrir almenning og tel mig ekki hafa sannfæringu fyrir því að styðja þetta mál og mun þess vegna sitja hjá við afgreiðslu þess, hæstv. forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 365. mál (heimilisofbeldi). — Þskj. 419.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bílaleigur, 3. umr.

Stjfrv., 379. mál (flutningur leyfisveitinga o.fl.). — Þskj. 1011.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Faggilding o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 1013.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Upplýsingaréttur um umhverfismál, 3. umr.

Stjfrv., 221. mál. — Þskj. 1012.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðlendur, 3. umr.

Stjfrv., 630. mál (framkvæmdastjóri og verklok nefndarinnar). — Þskj. 923.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, 3. umr.

Stjfrv., 371. mál (lágmarksiðgjald og heimildir til fjárfestingar). — Þskj. 871, brtt. 875.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 461. mál (EES-reglur, upplýsingaákvæði). — Þskj. 869.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkahlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 462. mál (EES-reglur, upplýsingaákvæði). — Þskj. 870.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, 1. umr.

Stjfrv., 651. mál (ESB-reglur). — Þskj. 958.

[14:11]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

(**Forseti** (JóhS): Það er nauðsynlegt að ráðherra sem aðrir muni eftir að hafa slökkt á farsímum hér í salnum.)

Frumvarpinu er ætlað að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 60/2005/EB. Verði frumvarpið að lögum mun það leysa af hólmi gildandi lög nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, en frumvarpið byggir að stórum hluta á þeim lögum þótt það feli í sér mun nákvæmari útfærslur á gildandi reglum auk ýmissa nýmæla.

Umfangsmiklar breytingar hafa orðið á alþjóðlegum reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka einkum eftir árásirnar á tvíburaturnana í New York 11. september 2001. Á það m.a. við um reglur sem settar hafa verið á vettvangi Financial Action Task Force on Money Laundering, hér eftir nefnt FATF. FATF er alþjóðlegur vinnuhópur sem vinnur að aðgerðum til að koma í veg fyrir að fjármálakerfið sé misnotað til að koma illa fengnu fé í umferð og aðgerðum gegn fjármögnun hryðjuverka.

Segja má að hlutverk og starfssvið FATF sé þríþætt. Í fyrsta lagi að semja staðla fyrir aðgerðir í hverju ríki gegn

peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í öðru lagi að leggja mat á aðgerðir ríkja til að innleiða þessa staðla og í þriðja lagi að rannsaka og læra að þekkja aðferðir þeirra sem stunda peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Á vettvangi FATF hafa verið samin tilmæli til aðildarríkja samtakanna um aðgerðir gegn peningaþvætti. Árið 1990 voru um 40 slík tilmæli gefin út en síðan hafa þau verið endurskoðuð tvisvar, fyrst árið 1996 og síðan árið 2003, og einnig hafa 9 sérstök tilmæli um aðgerðir gegn fjármögnun hryðjuverkastarfsemi bæst við. Þau ríki sem tekið hafa þátt í FATF-samstarfinu hafa verið í fararbroddi þjóða heims í aðgerðum gegn peningaþvætti. Ísland gekk til samstarfs við FATF árið 1992 og með inngöngu skuldbatt Ísland sig til að samræma löggjöf og starfsreglur að tilmælum FATF.

Af hálfu ESB hafa tilmæli FATF verið innleidd í formi tilskipana, fyrst með tilskipun 91/308/EB. Síðan tilskipun 2001/97/EB og nú síðast með samþykkt tilskipunar 2005/60/EB í október síðastliðnum. Með tilskipun 2005/60/EB falla eldri tilskipanir tvær úr gildi en báðar höfðu þær verið teknar upp í EES-samningum.

Á vettvangi EFTA er þegar unnið að því að fella tilskipun 2005/60/EB undir EES-samninginn en vegna sérstakra aðstæðna er hjálögðu frumvarpi ætlað að innleiða ákvæði tilskipunar 2005/60/EB í íslenskan rétt fyrr en ella. Ástæðan er sú að af hálfu FATF eru reglulega framkvæmdar úttektir á lögum og starfsaðferðum þeirra ríkja sem aðild eiga að samstarfinu og gerðar skýrslur um aðgerðir hvers aðildarríkis um sig. Í lok apríl á þessu ári verður framkvæmd slík úttekt hér á landi. Ljóst er að af hálfu FATF eru gerðar mjög ríkar kröfur til úttektarríkjanna, þar á meðal að þau beiti nýjustu reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Af þeim sökum er leitast við að innleiða tilskipun 2005/60/EB hið fyrsta en með henni á kröfum FATF að vera fullnægt.

Mikil áhersla er lögð á að Ísland komi vel út úr framangreindri úttekt FATF enda gæti trúverðugleiki og traust íslensks viðskiptalífs að öðrum kosti beðið hnekki. Til að stuðla að góðri niðurstöðu úttektarinnar hefur m.a. verið starfandi um nokkurt skeið nefnd um aðgerðir gegn peningaþvætti sem skipuð var af mér sem viðskiptaráðherra. Hefur nefndin, eins og nafnið gefur til kynna, það hlutverk að fylgjast með framkvæmd aðgerða gegn peningaþvætti hér á landi, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni tengd peningaþvætti. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar viðskiptaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Seðlabanka Íslands, ríkislögreglustjóra, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Fjármálaeftirlitsins. Frumvarp það sem hér er kynnt var unnið í samráði við nefndina og alla helstu hagsmunaaðila sem að málinu koma. Helstu nýmæli frumvarpsins frá gildandi lögum eru eftirfarandi:

Í stað þess að miða gildissvið laganna við þá starfsemi sem aðilar stunda verður gildissviðið miðað við aðilana sjálfa og vísað er til þeirra sem tilkynningarskyldra aðila. Aðilum sem falla undir lögin er fjölgað í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB.

Auknar kröfur eru gerðar til tilkynningarskyldra aðila um að þeir viti hver viðskiptamaður þeirra er og hver standi í raun að baki viðskiptunum, þ.e. hver teljist raunverulegur eigandi. Sett eru ítarleg ákvæði um könnun og áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann en jafnframt heimilað að slíkt mat verði framkvæmd á grundvelli áhættumats. Áhættumat þýðir að tilkynningarskyldum aðila er heimilt að nokkru leyti að meta hversu mikilla upplýsinga um viðskiptamann er þörf í hverju tilviki. Ríkari kröfur eru gerðar um upplýsingaöflun við ákveðnar aðstæður þar sem almennt er talið að hætta á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sé meiri, svo sem við fjarsölu.

Lagt er til að lögmönnum verði veitt undanþága frá almennri tilkynningarskyldu vegna gruns um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka þegar þeir kanna lagalega stöðu skjólstæðinga og reka dómsmál.

Mælt er fyrir um að tilkynningarskyldir aðilar skuli setja sér skriflegar innri reglur sem miða að því að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra sé notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

Mælt er fyrir um skyldu lögaðila, sem frumvarpið tekur til, að búa yfir kerfi sem gerir þeim kleift að bregðast með skjótum hætti við fyrirspurnum frá lögreglu eða öðrum lögbærum yfirvöldum.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitið hafi virkt eftirlit með því að fjármálafyrirtæki og aðrir eftirlitsskyldir aðilar sem falla undir lögin fari að ákvæðum þess. Felst eftirlitið í heimildum til að kalla eftir hvers konar gögnum og heimild til sérstakra athugana á starfsstöð. Láti aðili hjá líða að uppfylla skyldur sínar um afhendingu gagna getur Fjármálaeftirlitið lagt févíti og dagsektir á viðkomandi í samræmi við ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki þörf á að lýsa frekar því frumvarpi sem hér um ræðir en að lokinni þessari umræðu mælist ég til þess að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópsk samvinnufélög, 1. umr.

Stjfrv., 594. mál (EES-reglur). — Þskj. 878.

[14:20]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um evrópsk samvinnufélög, sem er 594. mál þingsins á þskj. 878.

Með frumvarpi þessu, sem samið var á vegum viðskiptaráðuneytisins, er gert ráð fyrir að innleidd verði ákvæði reglugerðar ráðsins nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE), sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn og henni verði veitt lagagildi hér á landi. Reglugerðinni tengist annað lagafrumvarp sem félagsmálaráðherra leggur fram vegna innleiðingar tilskipunar um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Reglugerðin um evrópsku samvinnufélögin var kynnt Alþingi í tillögu utanríkisráðherra til þingsályktunar á 130. löggjafarþingi 2003–2004, þ.e. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 15/2004, um breytingu á XXII. viðauka, félagaréttur, við EES-samninginn.

Reglugerðin um evrópsk samvinnufélög er í megindráttum byggð upp eins og reglugerðin um Evrópufélög, þ.e. evrópsk hlutafélög, en á grundvelli þeirrar reglugerðar voru sett lög nr. 26/2004, um Evrópufélög, samanber og í því sambandi lög nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum. Af þessum sökum þykir mér ekki ástæða til að lýsa reglum um evrópsk samvinnufélag eins ítarlega og ella væri heldur vísa til frumvarpsins um það efni.

Í megindráttum felst í reglugerðinni, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög, að samvinnufélögum sem starfa vilja í meira en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu gefst kostur á að stofna evrópsk samvinnufélög samkvæmt ákveðnum meginreglum um félögin í reglugerðinni svo og tilskipuninni um aðild starfsmanna að félögunum. Geta félögin þá starfað á grundvelli þessara meginreglna um stjórn, aðild starfsmanna og fleira, nokkurra viðbótarákvæða í landslögum skráningarríkis og félagssamþykkt sinni í stað þess að samvinnufélög stofni útibú í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu og þurfi þá að starfa á grundvelli mjög mismunandi landslaga í þeim ríkjum. Þessi nýi kostur er talinn leiða til minni stjórnunarkostnaðar og skriffinnsku og meiri samkeppnishæfni samvinnufélaga á Evrópska efnahagssvæðinu. Unnt verður að stofna evrópskt samvinnufélag með mismunandi hætti.

Að því er snertir hið tengda frumvarp félagsmálaráðherra varðandi aðild starfsmanna að Evrópufélögum vil ég taka fram til yfirlits að við stofnun evrópsks samvinnufélags þurfa, samkvæmt tilskipuninni þar að lútandi, að fara fram viðræður í samninganefnd um þátttöku starfsmanna í félaginu í sérstakri fulltrúanefnd allra starfsmanna sem aðskilin er frá stjórn félagsins. Ef samkomulag næst ekki gilda ákveðnar meginreglur í viðauka við tilskipunina. Aðild starfsmanna felst í því að stjórnendur félagsins gefi fulltrúum starfsmanna í fulltrúanefnd reglulega skýrslu, hafi reglulegt samráð við þá og gefi þeim upplýsingar um nánar tiltekin atriði, m.a. um uppsagnir. Mismunandi reglur geta gilt eftir því hvernig aðild starfsmanna er háttað í þeim löndum sem stofnun félagsins snertir.

Reglugerðin sem ætlunin er að lögfesta hér á landi geymir aðeins ákvæði um félagarétt en gengur ekki inn á svið annarra landslaga, t.d. skattalaga eða samkeppnislaga. Reglugerðin er byggð upp með þeim hætti að í I. kafla eru almenn ákvæði sem snerta m.a. stofnun félagsins þar sem aðilar frá tveimur eða fleiri EES-ríkjum koma við sögu. Þar kemur m.a. fram að lágmarksstofnfé í evrópskum samvinnufélögum yrði 30 þúsund evrur eða tæpar 2,3 millj. kr. miðað við sölugengi evru 26. janúar 2005 en þá er evran á 75,2385 kr. Lágmarksstofnfé í samvinnufélögum hér á landi er hins vegar ekki fastákveðin fjárhæð. Í kaflanum er einnig fjallað um t.d. samþykktir og flutning skráðrar skrifstofu, svo og lög er gilda skuli um evrópsk samvinnufélög.

Í II. kafla um stofnun er m.a. fjallað um stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna samvinnufélaga í mismunandi ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu og breytingu starfandi samvinnufélaga í evrópskt samvinnufélag.

Í III. kafla er fjallað um skipulag evrópsks samvinnufélags, m.a. einþætt stjórnkerfi eins og talið er tíðkast hér á landi og tvíþætt stjórnkerfi. Þar er og fjallað sérstaklega um félagsfundi.

Í IV. kafla er ákvæði um útgáfuhluta sem veita sérstök kjör, í V. kafla um ráðstöfun hagnaðar, í VI. kafla um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil og í VII. kafla um félagsslit, skiptameðferð, gjaldþrot og greiðslustöðvun.

Í VIII. kafla eru viðbótarákvæði og bráðabirgðaákvæði en í IX. kafla lokaákvæði.

Gert er ráð fyrir gildistöku reglugerðarinnar 18. ágúst 2006 og yrði unnt að stofna evrópsk samvinnufélög hér á landi eftir þann tíma samkvæmt frumvarpinu.

Um gerð lagafrumvarpsins hefur verið haft samráð við fulltrúa hinna Norðurlandaþjóðanna. Einkum er þó stuðst við sænskt lagafrumvarp eins og það var samið. Reglugerðinni um evrópsk samvinnufélög er ætlað að hafa lagagildi hér á landi samkvæmt frumvarpinu. Jafnframt er í því tekið á ýmsum atriðum en reglugerðin gerir ráð fyrir heimild ríkja til að ákveða ýmis atriði sjálf og jafnframt í sumum tilvikum skyldu þeirra til að gera slíkt. Grundvallarreglur reglugerðarinnar um evrópsk samvinnufélög skapa talsverða einsleitni í löggjöf ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu þótt um ýmis frávik sé að ræða vegna áðurnefndrar heimildar og skylduákvæða.

Lagafrumvarpið um evrópsk samvinnufélög skiptist í sex kafla, þ.e. Almenn ákvæði, Stofnun evrópsks samvinnufélags, Skráning evrópskra samvinnufélaga og fleira, Flutningur skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags, Skipulag evrópskra samvinnufélaga, og Önnur ákvæði.

Hæstv. forseti. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum. Ég vænti þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 1. umr.

Stjfrv., 647. mál (opinber skráning verðbréfa, EES-reglur). — Þskj. 954.

[14:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, sem er 647. mál þingsins á þskj. 954.

Með frumvarpinu er gerð tillaga að breytingu á tilteknum ákvæðum laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Við gildistöku laga nr. 31/2005, um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, voru 17. og 18. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, felldar úr gildi. Sú breyting var vegna yfirstandandi endurskoðunar á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Nú er hins vegar ljóst að heildarendurskoðun laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða lýkur síðar en áætlað var og því var ekki tímabært að fella brott 17. og 18. gr. Lagt er til í frumvarpinu að ákvæði greinanna verði aftur tekin upp í lögin. Um er að ræða ákvæði um reglur um opinbera skrán-

ingu verðbréfa í kauphöll, niðurfellingu skráningar og tímabundna stöðvun viðskipta. Þau ákvæði fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins nr. 2001/1934.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu mælist ég til þess að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[14:29]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskiptaráðherra var ekki mjög margorð um þetta mál, um breytingu á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, og mér fannst hún ekki leggja mikið í að útskýra hvers vegna lagt er til að taka upp ákvæði í 17. og 18. gr. sem voru felld niður á síðasta þingi, ef ég man rétt í lögum nr. 31/2005. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki skýra út hvers vegna það væri gert, hún vísaði eingöngu til þess að heildarendurskoðun laganna væri ekki lokið og því þyrfti að taka þessi ákvæði upp. Það var ekki einu sinni skýrt í máli hæstv. ráðherra út á hvað þau ganga þessi ákvæði í 17. og 18. gr. sem á að taka upp aftur en ef ég man rétt áttu þau að falla úr gildi 1. janúar sl.

Þau ákvæði sem hér um ræðir eru reglur um opinbera skráningu verðbréfa í Kauphöllinni. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Út á hvað gengur heildarendurskoðunin sem seinkar svo mjög að ástæða er til að endurvekja þau ákvæði? Með því að taka þessi ákvæði, um reglur um opinbera skráningu verðbréfa í Kauphöllinni, upp aftur er þá verið að fresta því um ófyrirséðan tíma að flytja þennan þátt í starfsemi Kauphallarinnar yfir til Fjármálaeftirlitsins? Í frumvarpinu sem við fjöllum um virðist það sem á að endurvekja þau tvö ákvæði sem voru felld úr gildi ekki vera tímabundið, einungis er talað um að lög þessi öðlist þegar gildi. Ef um er að ræða einhverja endurskoðun sem dregist hefur hefði ég haldið að ráðherrann þyrfti að skýra það betur út hvenær þeirri endurskoðun lýkur og hvort þetta hafi þá áhrif á t.d. Evróputilskipunina sem felur í sér ýmis ákvæði sem snúa að Kauphöllinni, m.a. það að flytja þennan þátt í starfseminni yfir til Fjármálaeftirlitsins.

Ég vil í þessu sambandi vitna til orðaskipta sem ég og hæstv. ráðherra áttum hér fyrr á þessum vetri en þá vorum við að fjalla um starfsemi og hæfi stjórnenda Kauphallarinnar. Þá spurði ég hæstv. ráðherra hvort hún mundi í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins leggja til að ákvörðunarvald um opinbera skráningu og viðurlagaheimildir færðist frá Kauphöllinni til Fjármálaeftirlitsins en af hálfu Evrópusambandsins hefur verið unnið að því að draga úr hlutverki kauphalla á sviði yfirstjórnar og reglusetningar og sviði opinberrar skráningar, m.a. vegna hættu á vandamálum sem gæti skapast vegna hagsmunaárekstra.

Nú geri ég mér enga grein fyrir því hvort hæstv. ráðherra hlustar á mál mitt eða ekki vegna þess að hún er á kafi með sínum ráðgjöfum í hliðarsal en ég vænti þess að hún hlýði þá á þá fyrirspurn eða þær spurningar sem ég legg fyrir hana. Ráðherra sagði, með leyfi forseta:

„Eftir að hinar nýju reglur Evrópusambandsins verða að fullu innleiddar munu kauphallir ekki sinna neinum opinberum verkefnum þar sem þau flytjast í hendur Fjármálaeftirlitsins."

Ráðherra lýsir því, með leyfi forseta, í svari sínu:

„Í tilskipun ESB, nr. 2003/71, um lýsingar þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegan verðbréfamarkað, eru samræmdar kröfur um samningu, staðfestingu og dreifingu útboðs og skráningarlýsinga. Hluti tilskipunarinnar var innleiddur með lögum nr. 31/2005, um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti. Á grundvelli þeirra laga verða á næstunni settar reglugerðir um lýsingar og með þeim verður lokið við að innleiða tilskipunina."

Ég held áfram að vitna til orða hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Samkvæmt tilskipuninni skulu lögbær yfirvöld njóta sjálfstæðis. Hér á landi er það Fjármálaeftirlitinu sem er falið það hlutverk að vera lögbært yfirvald. Kauphöll mun því ekki fara með opinbert vald. Hins vegar mun eftir sem áður hvíla á Kauphöll að hafa ákveðið eftirlit með útgefendum og viðskiptum í Kauphöll og beita agavaldi sem byggist á samningssambandi við útgefendur og kauphallaraðila. Tilskipunin hefur þau áhrif að umsjón með staðfestingu á lýsingum vegna skráningar verðbréfa í Kauphöll færist til Fjármálaeftirlitsins. Með staðfestingu er átt við athugun á því hvort lýsing sé fullnægjandi, þar með talið hvort upplýsingar í lýsingu séu samræmdar og skýrar."

Ég beini nú þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Hvenær er áformað að þessi þáttur í starfsemi Kauphallarinnar flytjist yfir til Fjármálaeftirlitsins?

Ég vil líka spyrja hæstv. viðskiptaráðherra einnar spurningar þó að hún tengist ekki beint þessum yfirflutningi til Fjármálaeftirlitsins. Hæstv. ráðherra nefndi í svari sínu til mín, með leyfi forseta:

„Til greina kemur að Kauphöllin setji á fót sérstakar aganefndir í sama tilgangi en ekki hefur verið rætt um að gera slíkt fyrirkomulag að lagaskyldu."

Aganefndir tengjast stjórnarháttum fyrirtækjanna, sem ég hef mjög gagnrýnt, og ég vil spyrja hvað því líður og mun síðar í máli mínu koma inn á stjórnarhætti hjá Kauphöllinni. Í því sambandi mun ég spyrja um þessar aganefndir; hvort verið sé að undirbúa að setja á fót sérstakar aganefndir eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra.

Í tilefni af þessari umræðu um Kauphöllina og framlengingu á umræddum ákvæðum og óvissu um það hvenær þessi starfsemi í Kauphöllinni, um opinbera skráningu og lýsingar, fari yfir til Fjármálaeftirlitsins, vil ég líka vitna í mjög gagnmerka grein sem Áslaug Björgvinsdóttir skrifaði í Morgunblaðið 27. nóvember 2003. Þar fjallar hún einmitt um nauðsyn þess að þessi þáttur í starfsemi Kauphallarinnar flytjist yfir til Fjármálaeftirlitsins.

Í þessari grein segir Áslaug fyrst, með leyfi forseta:

„Ekki verður betur séð en að sú niðurstaða við setningu kauphallalaga árið 1998, að fela einkavæddum kauphöllum yfirstjórn opinberrar skráningar og eftirlit, án lögfestingar reglna um málsmeðferð, hafi leitt til óvissu um að hverju marki sé gætt sjálfstæðis og hlutleysis við ákvörðunartöku Kauphallarinnar."

Síðar í þessari grein segir Áslaug, með leyfi forseta:

„Margir virðast ganga út frá að staða Kauphallarinnar að

íslenskum rétti og víðtækt ákvörðunarvald og eftirlit á sviði opinberrar skráningar verðbréfa sé sambærilegt við það sem gerist erlendis, t.d. við kauphöllina í London og Kaupmannahöfn. Svo er ekki. Í framhaldi af hlutafélagavæðingu kauphalla, afléttingu takmarkana á eignarhaldi og sums staðar í framhaldinu skráningu kauphallanna sjálfra í kauphöll, hefur þróunin víða erlendis verið sú að fela opinberu stjórnvaldi hlutverk hins lögbæra yfirvalds. Að þessu leyti er ljóst að skipan yfirstjórnar opinberrar skráningar og eftirlits með markaðnum hér er nokkuð ólík því sem gerist í mörgum nágrannalöndum okkar."

Þetta er auðvitað staðfesting á því, en hér er um gagnmerkan fræðimann að ræða, að það sé eðlilegt að flytja þetta yfir til Fjármálaeftirlitsins.

Áslaug vitnar í þessa nýju tilskipun Evrópusambandsins og segir, með leyfi forseta:

„Við setningu kauphallalaga var hvorki gerð sú krafa í tilskipunum Evrópusambandsins að hið lögbæra yfirvald á sviði opinberrar skráningar væri stjórnvald eða að stjórnsýslureglur giltu um það að öðru leyti. Samkvæmt núgildandi tilskipunum Evrópusambandsins er ekkert því til fyrirstöðu að fela einkaréttarlegum aðila, eins og kauphöll í hlutafélagaformi, að gegna hlutverki hins lögbæra yfirvalds. Breytinga er hins vegar að vænta. Af hálfu Evrópusambandsins hefur verið unnið að því að draga úr hlutverki kauphalla á sviði yfirstjórnar og reglusetningar á sviði opinberrar skráningar, bæði vegna hættunnar á vandamálum vegna hagsmunaárekstra en einnig til að fækka aðilum sem koma að þessum málum og þar með einfalda rammann um verðbréfamarkaði."

Áslaug segir líka, með leyfi forseta:

„Samkvæmt nýrri tilskipun Evrópusambandsins um útboðs- og skráningarlýsingar, nr. 2003/71, sem var samþykkt í júlí sl., verður aðgreiningin milli svokallaðra opinberra skráðra verðbréfa og annarra skráðra verðbréfa afnumin, en tilskipunin mun taka til bæði verðbréfa sem boðin eru með almennu útboði og verðbréfa sem skráð verða á skipulegum verðbréfamörkuðum. Hugtakið opinber skráning missir þar með þýðingu sína og í staðinn munu sömu reglur gilda um skráningu verðbréfa á hvers konar skipulegum verðbréfamörkuðum.

Sú breyting samkvæmt tilskipuninni sem skiptir máli hér er að gerð verður sú krafa til aðildarríkjanna að hin lögbæru yfirvöld innan þeirra séu stjórnvöld og njóti algers sjálfstæðis gagnvart aðilum markaðarins þannig að forðast megi hagsmunaárekstra. Það má nefna að samkvæmt upphaflegum drögum framkvæmdastjórnarinnar átti algerlega að setja loku fyrir það að kauphallir færu með verkefni hins lögbæra yfirvalds. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins rökstuddi það með því að þar sem kauphallir eru nú reknar sem fyrirtæki í hagnaðarskyni leiði það til hagsmunaárekstra og því ættu þær ekki að bera ábyrgð á opinberum verkefnum eins og að staðfesta útboðs- og skráningarlýsingar.

Tilskipunin heimilar þó ákveðið framsal á verkefnum hins lögbæra yfirvalds til annarra aðila, þar á meðal einkaréttarlegra aðila eins og kauphalla. Skilyrði er þó að það eigi sér stað samkvæmt ströngu ferli þar sem skýrt er hvaða verkefni séu framseld og skilyrði meðferðar þeirra. Framsalið þarf m.a. að hafa að geyma skilmála sem skyldar viðkomandi aðila sem tekur við verkefninu að vera skipulagður þannig að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra og samkeppnishindranir."

Tilvitnun lýkur í þennan kafla. Síðan kemur kafli sem ég tel mikilvægan í þessari grein Áslaugar undir fyrirsögninni: Ætti að losa Kauphöllina undan hlutverki hins lögbæra aðila?

Þar segir:

„Það er ljóst að skipan yfirstjórnar opinberrar skráningar og eftirlits á verðbréfamarkaði skiptir verulegu máli um hvort tekst að skapa skilvirkan og öflugan verðbréfamarkað með þátttöku innlendra sem erlendra fjárfesta. Nauðsynlegt er að endurskoðun fari fram á skipan þessara mála hér á landi og yfirstjórn opinberrar skráningar verðbréfa og eftirliti verði skipað þannig að traust ríki á verðbréfamarkaði."

Nú bið ég ráðherrann að taka eftir:

„Ekki er ástæða til að bíða gildistöku framangreindrar tilskipunar Evrópusambandsins. Eins og fram hefur komið er engin nauðsyn að sá aðili sem rekur viðskiptakerfi fari jafnframt með ákvörðunarvald um hverjir fullnægi á hverjum tíma kröfum um opinbera skráningu verðbréfa. Auk framangreindra leiða til úrbóta sýnist mér vert skoðunar að færa ákvörðunarvald um opinbera skráningu og viðurlagaheimildir frá Kauphöllinni og fela það Fjármálaeftirlitinu. Með því að fela einum aðila eftirlitið og ábyrgðina væri skipulagið einfaldara og einnig værum við laus við umræðuna um nauðsyn þess að afmarka verkaskiptingu Fjármálaeftirlitsins og Kauphallarinnar."

Ég spyr, virðulegi forseti, og beini máli mínu til ráðherra: Er eitthvað því til fyrirstöðu að færa þennan þátt í starfseminni strax yfir til Fjármálaeftirlitsins? Ef svo er, hvað er það sem hindrar það?

Fyrir utan þessa spurningu og spurningu um aganefndina vil ég líka spyrja hæstv. ráðherra um það sem fram hefur komið, t.d. í máli Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns KB-banka. Hann telur að það eigi að vera búið að sameina Kauphöll Íslands norrænum kauphöllum en í grein í Morgunblaðinu 18. mars er haft eftir Sigurði, með leyfi forseta:

„„Það er raunar erfitt að skilja," sagði Sigurður, „hvers vegna ekki hefur þegar verið gengið frá samruna Kauphallarinnar við norrænar kauphallir.""

Nú hef ég ekki kynnt mér þetta mál en spyr ráðherrann um afstöðu hennar til þessara hugmynda, að sameina Kauphöll Íslands norrænum kauphöllum. Ég hef ekki kynnt mér neitt kosti þess og galla en ég spyr um afstöðu ráðherra til þess. Er ástæða til að huga að því?

Loks vil ég, virðulegi forseti, víkja að stjórnarháttum í Kauphöllinni sem ég hef gagnrýnt mjög. Ég tel ástæðu til þess hér í lokin, á þeim mínútum sem ég hef, að ræða aðeins um stjórnarhætti í Kauphöllinni sem við hæstv. ráðherra höfum reyndar gert hér fyrr á þessum vetri og mér fannst ég ekki fá fullnægjandi upplýsingar hjá hæstv. ráðherra — ég hef reyndar lagt fram aðrar fyrirspurnir til ráðherrans. Ég verð að segja að svar sem kom fyrir nokkrum dögum frá Kauphöllinni var í raun hreinn dónaskapur við þingið. Þinginu var sýnd lítilsvirðing með því svari. Það var fyrirspurn um ýmsa þætti í starfsemi Kauphallarinnar, m.a. hvernig framfylgt hefði verið leiðbeinandi fyrirmælum og

ýmsum ákvæðum sem snúa að gegnsæi í stjórn Kauphallarinnar, m.a. hvort gerðar hefðu verið athugasemdir af hálfu Kauphallarinnar við leiðbeinandi tilmæli um stjórnarhætti o.s.frv. Það var einnig spurt um það hvaða aðilar hefðu farið að leiðbeinandi reglum um skipan óháðra aðila í stjórnir fyrirtækjanna og skipun starfskjaranefndar, sem er mjög veigamikill þáttur í gegnsæi í starfsemi Kauphallarinnar. Eftir á þriðja mánuð kom svar frá hæstv. ráðherra, sem var raunar svar Kauphallarinnar, um að ég gæti bara farið á heimasíðu Kauphallarinnar og lesið mér til um þetta.

Þetta er auðvitað dónaskapur í ljósi þess að fyrirspurnin hafði legið fyrir í níu vikur. Ég verð æ meira hugsi, virðulegi forseti, yfir þeim stjórnar- og starfsháttum sem viðgangast í Kauphöllinni. Það hefur verið vakin athygli á því opinberlega, og ég hef gert það hér á þingi, að það sé óeðlilegt hvernig skipan stjórnar Kauphallarinnar er. Í stjórn Kauphallar eiga ekki sæti óháðir aðilar heldur eru þetta aðilar sem eru tilnefndir af þeim félögum sem eru skráð í Kauphöllinni. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé mjög óeðlilegt og í stjórn Kauphallarinnar eigi óháðir aðilar að eiga sæti. Það á að vera óheimilt að lykilstjórnendur þeirra félaga sem skráð eru í Kauphöllinni eigi sæti í stjórn.

Ráðherra var ekki sammála mér um það en það er mín staðfasta skoðun að þetta sé mjög óeðlilegt. Þeir aðilar sem eiga sæti í stjórn Kauphallarinnar fjalla líka um opinberar skráningar þeirra sem sækja um aðild að Kauphöllinni, sem eru í kannski mörgum tilfellum samkeppnisaðilar þeirra, þannig að fyrirkomulagið er mjög óeðlilegt. Áður en ég fór að skoða vel málefni Kauphallarinnar hélt ég satt að segja að mikið gegnsæi væri í starfsemi hennar. En mér finnst á þeim svörum sem ég hef fengið á þessum vetri, sem hafa komið frá Kauphöllinni, að það sé torsótt og erfitt að fá svör sem um er beðið og ekki sé það gegnsæi sem ég hélt í starfseminni. Auk þess finnst mér ýmsir stjórnarhættir sem þar viðgangast mjög óeðlilegir, m.a. að sömu aðilar séu í stjórn Kauphallarinnar og í stjórn Verðbréfaskráningar.

Virðulegi forseti. Ég hef beint nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra sem ég vona að hún svari þannig að það skýri betur þetta mál sem hæstv. ráðherra leggur fyrir þingið. Mér fannst ráðherra ekki gera það nægilega vel í sinni framsögu. Ég vænti þess, virðulegi forseti, að við þessa 1. umr., áður en málið fer til nefndar, liggi fyrir svör við þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til hæstv. ráðherra.

[14:47]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að ég hafði ekki langa framsögu um þetta mál enda fannst mér það ekki stórt í sniðum sem slíkt en engu að síður mikilvægt. Hv. þingmaður ræddi um þessa tilskipun og endurskoðunina, sem fram fer á vegum okkur í viðskiptaráðuneytinu, sem varðar verðbréfamarkaðinn og tekur m.a. til starfshátta fjármálafyrirtækja og er ekki nógu langt komin svo við töldum nauðsynlegt að breyta lögunum hvað þetta varðar nú á vorþinginu. Vona ég að það fái góðar undirtektir í þinginu.

Önnur tilskipun var einnig til umfjöllunar og það er svokölluð lýsingartilskipun sem varðar það að flytja verkefni til Fjármálaeftirlitsins frá Kauphöllinni. Þar eru hlutir eru í vinnslu og við höfum ákveðinn frest, eins og hv. þingmaður þekkir, til að koma því fram. Þetta er gert í áföngum. Við höfum frest til 2009 en ég er ekki að segja að það verði ekki fyrr en þá sem þetta verður gert endanlega. Þegar það hefur náðst fram mun Kauphöllin ekki lengur hafa opinbert vald.

Síðan nefndi hv. þingmaður aganefnd. Það er hlutur sem stjórnin ákveður sjálf hvort hún vill gera eða ekki. Við höfum ekki viljað setja á lagaskyldu hvað það varðar. Það eru hins vegar hlutir sem mér finnst alls ekki óæskilegir en hv. þingmaður vitnaði m.a. í grein Áslaugar Brynjólfsdóttur í framhaldinu.

Þá voru nefndar norrænar kauphallir og ég hef lýst því yfir opinberlega að ég er jákvæð gagnvart því að Ísland sameinist þeim en það er hins vegar ekki ákvörðunarefni mitt.

Loks kom hv. þingmaður inn á svar sem er í undirbúningi í ráðuneytinu og við munum skoða frekar vegna þess að hv. þingmaður hefur óskað þess og ég hef tekið vel í það að svara því nákvæmar sem hún spyr um.

[14:50]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hélt að þetta væru svo stórar spurningar að hæstv. ráðherra mundi ekki geta klárað að svara þeim í örstuttu andsvari en hæstv. ráðherra ætlar greinilega að láta þetta duga, sem mér finnst mjög sérstakt.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, sem segist vera jákvæð gagnvart því að sameina Kauphöllina norrænum kauphöllum: Hefur hæstv. ráðherra eitthvað gert í því máli? Þá á ég við hvort hún hafi skoðað kosti og galla þess að gera það og hvort hún hafi á einhvern hátt komið þessum viðhorfum sínum til þeirra sem þar ráða ferðinni um að það sé jákvætt að gera það. Hvað er það sem stendur í vegi fyrir því?

Ég spyr hæstv. ráðherra líka um ákvæðin sem hér er verið að endurvekja í 17. og 18. gr. Hefur þetta einhver áhrif til seinkunar á því að hægt sé að flytja þau verkefni sem ég nefndi yfir til Fjármálaeftirlitsins þar sem þau eiga heima? Hafa þessi ákvæði einhver áhrif á það?

Hve lengi ætlar ráðherrann að þessi ákvæði eigi að gilda sem hér er verið er að leggja til að tekin verði upp aftur, því að þau áttu að falla úr gildi 1. janúar 2006 og það var á síðasta þingi sem við fjölluðum um það frumvarp?

Hvenær á þeirri heildarendurskoðun að ljúka sem er í gangi og ekki hefur tekist að ljúka? Ég spurði ráðherrann um hvert væri innihald þeirrar endurskoðunar en fékk engin svör við því. Það er mikilvægt að fá það fram, og eins varðandi norrænu kauphallirnar og skýrara en ráðherrann nefnir, hve lengi þau ákvæði eigi að gilda sem hér er verið að kalla eftir að verði endurvakin og hvort þetta hafi einhver áhrif á það að færa skráningarþáttinn yfir til Fjármálaeftirlitsins. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er ekki hægt að færa þennan þátt strax yfir til Fjármálaeftirlitsins? Kemur eitthvað í veg fyrir að það sé gert? Það er á valdi hæstv. ráðherra að gera það með lögum og ég spyr hæstv. ráðherra hvort eitthvað komi í veg fyrir það.

[14:52]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir að hv. þingmaður vill gera ýmislegt strax. En það er nú svo að við viljum gera þetta í samvinnu við markaðinn að svo miklu leyti sem mögulegt er. Það gerir það að verkum, eins og alltaf þegar haft er samráð, að þá taka hlutirnir eitthvað lengri tíma. (**JóhS:** Er markaðurinn á móti þessu?) Það er ekki verið að tala um hver sé á móti og hver sé ekki á móti, enda er þetta tilskipun sem við þurfum að innleiða en það er eitthvert svigrúm í því.

Hvað varðar norrænar kauphallir þá hef ég ekki verið að beita mér mikið í þeim efnum, enda er þetta ekki mitt ákvörðunarefni, en ég hef látið það koma fram opinberlega, eins og ég sagði áðan, að ég tel að það væri jákvætt fyrir okkur að sameinast þeim. Ég hef kynnt mér þetta mál, m.a. á fundum í Kaupmannahöfn.

Hvað höfum við langan frest til að innleiða tilskipunina? Fresturinn sem við höfum er til 31. janúar 2007. Það styttist í að því þurfi að vera lokið, en er það vel á veg komið. Engu að síður mælir allt með því að gera þá breytingu sem við leggjum til með frumvarpi því sem hér er til umræðu og er í raun ósköp einfalt og vona ég að það fái góða og skjóta umfjöllun í hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

[14:54]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög einföld spurning sem ég er að leggja fyrir ráðherrann en það virðist erfitt að fá svar við henni. Er eitthvað í þeim reglum sem við erum að taka hér upp aftur og verið er að endurvekja varðandi opinbera skráningu verðbréfa sem hefur áhrif á að því verði seinkað að flytja þessi mál yfir til Fjármálaeftirlitsins þar sem þau eiga heima?

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvenær áætlar ráðherrann að hægt sé að flytja þennan mikilvæga þátt, skilja hann frá Kauphöllinni og flytja hann yfir til Fjármálaeftirlitsins? Mér er alveg kunnugt um frestinn sem þessi tilskipun gefur í því efni. En þetta er spurning um vilja ráðherrans, hvað ráðherrann vill í þessu efni. Leggjast aðilar í Kauphöllinni gegn því að þessi mikilvægi þáttur um opinbera skráningu verði fluttur yfir til Fjármálaeftirlitsins eða hvað kemur í veg fyrir það? Hver er vilji ráðherrans í því efni?

Mér finnst alveg útilokað að búa við það að þeir aðilar sem stjórna í Kauphöllinni eigi að ráða ferðinni. Þingið á auðvitað að ráða ferðinni í því hver fer með þetta opinbera vald. Það á að vera Fjármálaeftirlitið og ég tel enga ástæðu að bíða eftir því. Ég spyr: Hefur ráðherrann látið á það reyna við aðila í Kauphöllinni að þetta verði flutt og það sem fyrst? Eða á að nýta allan þann tíma sem tilskipunin heimilar í nokkur ár í viðbót? Það finnst mér ótækt.

Mér finnst það erfitt, virðulegi forseti, að umræðu um þetta mál sé lokað án þess að fá svar við þessu og óska eftir að ráðherrann svari því, hún getur komið hér upp aftur, til hvers hugur ráðherrans sjálfs stendur í þessu efni. Við megum ekki láta aðila í Kauphöllinni ráða ferðinni í þessu máli.

[14:57]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek hér aftur til máls af því mér finnst hæstv. ráðherra sýna mér dónaskap. Mér finnst hæstv. ráðherra sýna mér dónaskap þegar ég beini einfaldri fyrirspurn til hennar sem mér finnst skipta miklu máli í þessu sambandi fyrir framgang frumvarpsins og ekki er hægt að svara því þegar spurt er um afstöðu ráðherrans til þess að flytja þennan þátt yfir til Fjármálaeftirlitsins. Ég heyri að ráðherrann er ekki á móti því.

Ætlar ráðherrann að nýta allan þann tíma sem hún hefur samkvæmt tilskipuninni og láta þennan þátt vera hjá Kauphöllinni eins lengi og stætt er? Þetta er einföld spurning, virðulegi forseti, og ég skal ekki tefja tíma þingsins með að fara inn á ýmislegt fleira sem ég gæti varðandi starfsemi Kauphallarinnar en ég óska eftir að ráðherrann svari þessari einföldu spurningu.

Ég á eftir að fjalla um þetta mál í efnahags- og viðskiptanefnd. Hæstv. ráðherra telur að hér sé ekkert stórmál á ferðinni. Það er þó ekki nema ár síðan ákveðið var að fella úr gildi 17. og 18. gr. laganna um reglur um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll. Nú ári seinna er komið og beðið um að þetta verði afturkallað og þessar greinar haldi áfram gildi sínu, m.a. af því heildarendurskoðun laganna er ekki lokið. Ráðherrann kom bara upp í stuttu andsvari og greindi t.d. ekkert frá því hvað felst í þeirri endurskoðun. Hvað er það nákvæmlega sem verið er að skoða?

Ég geri ráð fyrir að málið hafi verið þannig vaxið þegar við felldum brott þessi ákvæði á síðasta þingi að þá hafi verið stefnt að því að heildarendurskoðun laganna væri lokið á þessum tíma. Ráðherrann getur ekki upplýst okkur um það hve lengi þau ákvæði þurfi að vera í gildi sem fella átti úr gildi um síðustu áramót, eða 1. janúar 2006. Hvað er það í þessari heildarendurskoðun sem tefur svo málið að ekki er hægt að ljúka henni og að endurvekja þarf þessi ákvæði?

Virðulegi forseti. Mér finnst leiðinlegt að þurfa að endurtaka hér aftur og aftur spurningar mínar en ég get heldur ekki liðið að hæstv. ráðherra sýni þinginu og þeim þingmanni sem hér stendur þá lítilsvirðingu að virða hann ekki svars. Nú má vel vera að hæstv. ráðherra hafi enga skoðun á þessu máli. Ef hæstv. ráðherra segir það verð ég auðvitað að virða það svar. Ég vil reyna að fá ráðherrann til að svara þessu af því að mér finnst þetta mikilvægt, í mínum huga er mikilvægt hvernig með þennan þátt í starfsemi Kauphallarinnar er farið. Ég stóð því hér upp, virðulegi forseti, án þess að hafa ætlað mér að tefja hér störf þingsins á einn eða annan hátt til að reyna að fá hæstv. ráðherra til að svara þessari spurningu og af því að ég heyri að hæstv. ráðherra hefur beðið um orðið ætla ég að víkja úr ræðustól í þeirri von að fá svar við spurningu minni.

[15:00]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki að halda því fram að hv. þingmaður sé að tefja þingstörf þó hann tali í nokkrar mínútur, það er langt frá því. En ég taldi að ég hefði svarað þessu nægilega nákvæmlega til að það dygði við 1. umr. En það á eftir að fjalla um frumvarpið í nefndinni og þar er hægt að

fara nákvæmar ofan í hlutina.

Eins og ég sagði áðan vinnum við svona mál í samstarfi við markaðinn og við erum auðvitað ekki að reyna að tefja málið. Það er langt frá því. Við erum að reyna að vinna þetta eins hratt og mögulegt er en það er ýmsu að sinna í viðskiptaráðuneytinu og það skiptir líka máli. Við höfum þarna ákveðinn frest og í því tilfelli sem hv. þingmaður er að tala um, í sambandi við það að Kauphöllin hafi ekki lengur opinbert vald heldur færist það til Fjármálaeftirlitsins, þá er það frestur sem er til 2009. Ég er ekki að tala um að það þurfi að nýta allan þann frest. Engu að síður er eitthvað í það að hægt sé að færa þetta að fullu yfir. Þetta er þessi svokallaða lýsingartilskipun.

Síðan er það frumvarpið sjálft og endurskoðun þess, um hvað hún snýst, sem er þá í tengslum við verðbréfamarkaðstilskipunina. Ég nefndi áðan að það er ýmislegt, það er um verðbréfamarkaðinn og tekur m.a. til starfshátta fjármálafyrirtækja.

Ég vil ítreka að ég hef ekkert annað í huga en að þetta sé unnið eins hratt og mögulegt er. Ég get því miður ekki svarað því nákvæmlega hvenær þessu er lokið að fullu en vinnan er í gangi, svo mikið er víst.

[15:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held ég sé engu nær. Er hægt að svara því hvenær þessari heildarendurskoðun á að ljúka? Hvenær stefnir hæstv. ráðherra að því að ljúka þessari heildarendurskoðun? Er það rétt skilið hjá mér að menn hafi stefnt að því að henni yrði lokið núna á þessu ári eða áður en ákvæði í 17. og 18. gr. féllu úr gildi? Hvað telur ráðherra að þessi ákvæði, sem fella átti úr gildi í 17. og 18. gr., þurfi að standa lengi? Er hægt að svara þeirri spurningu? Ráðherra hlýtur að vita, af því að fella átti þetta ákvæði úr gildi núna 1. janúar, hvað hún hugsi sér að þessi ákvæði þurfi að standa lengi og hún hlýtur að geta svarað því hvenær hún stefni að því að heildarendurskoðun laganna ljúki.

Hæstv. ráðherra ber ábyrgð á þessum málum og nefndarvinnan og endurskoðun er væntanlega á hennar vegum og hún hlýtur að hafa sent eitthvert erindisbréf um það hvenær ljúka eigi þessu verki.

Varðandi lýsingartilskipunina hefur það þó komið fram að ráðherra telur ekki endilega þörf á því að nýta þann aðlögunartíma sem er í þeirri tilskipun fram til 2009. Ráðherra vill hafa samband við markaðinn, ég skil það vel en það hefur náttúrlega tekið nokkurn tíma. En mun ráðherra, svo að ég orði það nú pent, reyna að hraða þeim störfum og samráði við markaðinn þannig að hægt sé að fullgilda eða uppfylla þessa lýsingartilskipun fyrr og ekki sé nýttur allur þessi frestur? Það er mjög mikilvægt í mínum huga að fá fram afstöðu ráðherrans til þess. Ég geri hér, virðulegi forseti, lokatilraun til þess í þessu síðasta andsvari sem hæstv. ráðherra hefur.

[15:04]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur kannski ekki komið nógu skýrt fram hjá mér að þessi breyting á 17. og 18. gr. hefur engin áhrif á endurskoðunina eða hraða þess starfs sem þar er í gangi. En það er þetta með flutninginn yfir til Fjármálaeftirlitsins. Því er ekki að neita að þetta hefur í för með sér kostnað, viðbótarkostnað, fyrir Fjármálaeftirlitið. Ég er ekki að segja að það breyti einhverju um þessi mál en það eru þá alla vega hlutir sem þarf að tala um við markaðinn því það eru eftirlitsskyldir aðilar sem standa undir kostnaði við Fjármálaeftirlitið. Engu að síður vil ég ítreka að við erum að reyna að vinna þetta eins hratt og við getum en okkur eru takmörk sett eins og öllum í svona starfi. Og það er kannski ekki alveg að ástæðulausu sem fresturinn er þetta langur í tilskipuninni. Það hlýtur að hafa eitthvað með það að gera að menn telji að þetta sé nokkuð tímafrekt.

Ég held ég geti ekki svarað þessu mikið nákvæmar og hv. þingmaður verður þá bara að vera óánægður með mín svör en ég treysti mér ekki til þess að kveða úr um einhver tímamörk á hv. Alþingi og geta svo hugsanlega ekki staðið við það. Mér finnst þá betra að halda því alveg opnu hvenær þessu starfi verði endanlega lokið og hvenær Fjármálaeftirlitið fær ýmiss konar hlutverk sem Kauphöllin hefur í dag.

[15:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér sýnist að þessum orðræðum okkar hæstv. viðskiptaráðherra verði að ljúka þannig að sú sem hér stendur sé hundóánægð með svör hæstv. ráðherra. **(Viðskrh.:** Það er nú ekkert nýtt.) Ja, af hverju ætli ég sé svo óánægð með svör ráðherrans? Af því að ráðherra getur ekki talað skýrt í þessu efni. Í mínum huga eru það stórmál sem snúa að Kauphöllinni, starfsemi hennar, og hafa veruleg áhrif á markaðinn. Ég hefði gjarnan viljað eiga meiri orðastað við ráðherra um það og fá fram skýrari afstöðu til þessara þátta sem ég tel svona mikilvæga. Ráðherra kemur upp í lokin og talar um að í því felist kostnaður að flytja þennan lýsingarþátt yfir til Fjármálaeftirlitsins. Þá er það komið í ljós en varla er það fyrirstaðan í málinu.

Ég held, virðulegi forseti, að við stöndum frammi fyrir því að fyrirstaðan í málinu sé sú að aðilar á markaði, aðilar í Kauphöllinni, vilji hafa þetta allt hjá sér, vilji ráða yfir þessu öllu og líka þeim þáttum sem eðli máls samkvæmt ættu að vera í höndum opinbers valds eins og Fjármálaeftirlitsins. Þeir vilja ríkja þarna, deila og drottna, sitja þarna og neita þinginu um eðlileg svör við fyrirspurnum varðandi stjórnarhætti sem þar eru sem maður hélt að ættu að vera gegnsæir. Allt vekur þetta tortryggni um að þarna þrífist ákveðnir hagsmunaárekstrar. Ég hef ekki heyrt að hæstv. ráðherra hafi áhyggjur af því. En mín niðurstaða er sú, virðulegi forseti, að það sé markaðurinn sem standi gegn því að þessi mál séu með eðlilegum og heilbrigðum hætti. Þeir vilja gína yfir þessu öllu og hafa þetta allt hjá sér til að geta vélað eins og þeir vilja um þessi mál í staðinn fyrir að þetta sé í eðlilegum farvegi varðandi þennan lýsingarþátt eins og hann á að vera hjá Fjármálaeftirlitinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn, 1. umr.

Stjfrv., 620. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 906.

[15:09]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn sem er 620. mál þingsins. Því er ætlað að leysa af hólmi eldri lög, nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Þegar lögin um vog, mál og faggildingu voru sett var stefnt að því að ganga til EES-samningsins en á þeim tíma sem liðinn er hefur fengist reynsla er sýnir að endurskoðunar er þörf og einnig hefur annað lagaumhverfi breyst. Gildandi lög og ný drög sem hér liggja fyrir taka til mælitækja vegna almennra hagsmuna, svo sem réttmætra viðskiptahátta, verndunar umhverfis og heilsu og réttaröryggis.

Þá ber sérstaklega að vekja athygli á að eigi síðar en í lok apríl þessa árs, 2006, ber að innleiða í íslenskan rétt mælitækjatilskipun ESB sem oftast er nefnd MID-tilskipunin. Það er ný aðferðatilskipun sem nær til 10 flokka mælitækja og er gert ráð fyrir efni hennar í þessum frumvarpsdrögum.

Efni þessa frumvarps nær einnig til þátta eins og grunnkrafna til mælitækja, samræmismats og markaðseftirlits sem eru nauðsynlegir til að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar sem aðili að EES-samningnum innan þess heildarkerfis fyrir mælingar, vottanir og prófanir sem mótað hefur verið af ESB og er orðið hluti af aðferðafræði þess til að gera frjálst flæði vöru mögulegt. Aðrir alþjóðasamningar, svo sem um gagnkvæmar viðurkenningar á mælingum, vottunum og prófunum milli ESB og USA, byggjast einnig á þessum sömu þáttum og þess vegna er stöðugt að verða mikilvægara að mælifræðikerfi landsins sé trúverðugt. Frumvarpið nær því eðlilega einnig til undirstöðuþátta þess að mælingar geti verið réttar en þeir undirstöðuþættir eru mælieiningar, mæligrunnar, kvarðanir og rekjanleiki.

Verði frumvarpið að lögum er stefnt að því í fyrsta lagi að tryggja að hér á landi sé notað mælifræðikerfi sem nýtur trausts. Í öðru lagi að stuðla að nægilega nákvæmum og réttum mælingum og í þriðja lagi að vernda hagsmuni neytenda, öryggi viðskiptahátta, réttarvernd, líf og heilsu.

Frumvarpinu er skipt í tíu kafla og þykir rétt að drepa á helstu efnisþætti. Í I. kafla frumvarpsins eru ákvæði um gildissvið, hlutverk og stjórnsýslu Neytendastofu og eru þau nákvæmari en sambærileg ákvæði í núgildandi lögum. Þá eru þar ýmsar nýjar skilgreiningar sem eru nauðsynlegar, m.a. vegna ákvæða Evrópuréttarins.

II. kafli frumvarpsins fjallar um mælieiningar og mæligrunna og er hann að mörgu leyti sambærilegur gildandi ákvæðum í lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, en ákvæði kaflans eru þó gerð fyllri en gert var við setningu núgildandi laga.

Í III. kafla eru ákvæði um sölu- og markaðssetningu mælitækja sem byggjast á ákvæðum tilskipunarinnar og þeirri meginreglu hennar að ekki megi hindra viðskipti með mælitæki enda uppfylli þau grunnkröfur sem tilskipunin kveður á um.

Í IV. kafla er fjallað um notkun mælitækja og auk þess staðfest sú meginregla sem nú er að finna í lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, en það er á ábyrgð eigenda mælitækis að þau mælitæki sem hann notar og eru eftirlitsskyld skuli færð til skoðunar eða reglubundinnar löggildingar í samræmi við ákvæði laga.

Í V. kafla er fjallað um hvernig gengið er úr skugga um niðurstöður mælinga og ákvæði um aðferðir til að tryggja rétt magn fyrir forpakkaðar vörur og um eftirlit þannig að heimilt sé að e-merkja þessar forpakkningar sem valfrjálst er fyrir framleiðendur að nýta sér til að skapa aukið traust í viðskiptum og efla samkeppnishæfni á hinum opna markaði EES.

Í VI. kafla frumvarpsins er fjallað um framkvæmd eftirlits og á því byggt að fela einkaaðilum framkvæmd eftirlits í eins miklum mæli og unnt er.

VII. kafli frumvarpsins geymir ákvæði um löggilta vigtarmenn. Í VIII. kafla er ákvæði um faggilta kvörðunarþjónustu. Í IX. kafla er fjallað um eftirlitsgjald sem ætlað er að standa undir þeim stjórnsýslukostnaði sem fylgir framkvæmd með ákvæðum þessa frumvarps og við ákvörðun á fjárhæð gjaldsins hefur verið byggt á kostnaðargreiningu og því eftirliti sem nauðsynlegt er að starfrækja. Í X. kafla er fjallað um fagráð atvinnulífsins og Neytendastofu en það er nýmæli. Mikilvægt er að tryggt sé að samstarf eigi sér stað milli Neytendastofu og ýmissa aðila í atvinnulífinu sem hafa verulega hagsmuni af því að þekkja og hagnýta sér mælifræði í starfsemi sinni og einnig er mikilvægt að hafa samráð við fulltrúa neytenda.

Í XI. kafla frumvarpsins eru ákvæði um viðurlög.

Að svo stöddu tel ég ekki ástæðu til að rekja efni einstakra greina frumvarpsins nánar. Ég vil þó taka fram að unnið hefur verið að þessu frumvarpi um langan tíma og hefur verið litið til lagaframkvæmda nágrannalanda við þá vinnu sem og reynslu Löggildingarstofu á árum áður. Við gerð frumvarpsins var haft náið samstarf við sérfræðinga á Neytendastofu og einnig fulltrúa úr atvinnulífinu, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Fiskistofu. Þá var náið samráð haft við fjármálaráðuneyti og ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur. Þeim voru send drög að frumvarpinu í samræmi við ákvæði laga.

Í svarbréfi ráðgjafarnefndarinnar, dags. 17. febr. sl., kemur m.a. fram að nefndin telur að markmið væntanlegra laga samræmist fyrirkomulagi sambærilegra málaflokka í nágrannalöndunum og reglum settum á alþjóðavettvangi þar um.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[15:16]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nú þekki ég ekki nógu vel til þessa máls til að geta metið það í heild sinni en ég velti því svolítið fyrir mér vegna þess að hér er talað um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn að þá finnst mér einhvern veginn að það vanti aðeins upp á að maður geti áttað sig á því hvenær uppi er krafan um að nýta sér þessa mælitækni og hvort þetta krossast við aðrar reglur hvað þetta varðar. Ég

bendi sérstaklega á reglugerð sjávarútvegsráðherra um vigtun sjávarafla. Þar er verið að fjalla um sömu hlutina, en þar eru á ferðinni aðferðir við mælingar sem eru af allt öðru tagi en hér er talað um. Þar er vissulega talað um vigtun líka en einnig er verið að tala um að meta afla og nota viðmiðanir til að meta heildarniðurstöðuna, t.d. í fullvinnsluskipum. Þetta — vegna þess að hæstv. ráðherra er viðskiptaráðherra líka — hefur margoft orðið að ágreiningsefni milli aðila í sjávarútvegi. Ég varpa fram þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort nægilega vel sé frá því gengið og ég tel að nefndin þurfi að skoða það að í umfjöllun um mæligrunna, vigtarmenn og mælingar sé leið fyrir þá sem telja að ekki sé nægilega vel að málum staðið hvað varðar mælingar. Ég nefni aftur þetta dæmi um fullvinnsluskipin og ætla að halda mig við það

Það er löngu komin fram tækni til að vigta allan afla úti á sjó ef menn vilja nýta sér hana og til eru vogir sem eru löggiltar sem mundu henta alveg ágætlega til þess. Það hefur verið prófað og reynt og allt í góðu lagi með það. Samt halda menn sig við mælingar úti í hafi sem eru með þeim hætti að allur unninn afli er vigtaður eftir á og síðan eftir tilteknum útreikningsreglum fundið út hver aflinn upp úr sjó hafi verið.

Það sem ég er að velta fyrir mér er þetta: Þarf ekki að vera alveg ljóst að það sé óvilhallt ráð sem fari yfir það hvenær má nýta sér slíkar aðferðir og hvenær eigi að vera fyrirmæli bókstaflega um það að nota löggilt mælitæki til að mæla þetta en ekki einhvers konar ágiskanir í formi að vísu reynslutalna, og ég efast ekki um þær? En það hefur mjög oft og er alltaf verið að takast á um hvort þetta séu sanngjarnar leikreglur. Þeir sem vinna fisk í landi hafa margoft bent á að þeir mundu gjarnan vilja fá að vera í sömu stöðu og fullvinnsluskipin, þ.e. að vigta afurðirnar eftir á. Þá væru þeir komnir í samkeppnisaðstöðu við fullvinnsluskipin. En mér finnst þetta eiga erindi í umræðuna og ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki sé ástæða til að menn fari yfir það hvenær á að nýta þessi mælitæki og leggja þá af aðrar mæliaðferðir eins og ég lýsti áðan.

Ég vil beina þessu til hæstv. ráðherra og eins til nefndarinnar að þetta verði skoðað. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða um þetta mál. Mér sýnist í fljótu bragði að þetta sé allt saman eðlilegt og gott að menn fái skýrar reglur um þessi efni en mér finnst vanta að þær séu skýrari um hvenær eigi að nota mælitækin.

[15:20]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta sé mál sem sé alveg ástæða til að fjalla um en hvort það nákvæmlega varðar þetta frumvarp skal ég ekki segja um. Ég held að þarna sé kannski kominn hluti af stefnu í fiskveiðistjórn og öðru slíku sem hv. þingmaður bryddar á. En auðvitað er mikilvægt að það séu reglur sem gilda um það hvernig við komumst að niðurstöðu um að þau tæki sem notuð eru til hvers konar mælinga séu rétt. Það er ekki bara mikilvægt vegna viðskipta almennt heldur er þetta náttúrlega líka hluti af tilskipunum sem við verðum að innleiða.

Það sem hv. þm. nefnir er umræðuefni sem er svo sem ekki nýtt af nálinni heldur hlutir sem oft eru til umfjöllunar og varðar það að kannski má tala um að ágiskanir séu notaðar við útreikninga sem þó eru byggðar að sjálfsögðu á reynslu. En mér finnst ekki óeðlilegt að þetta sé eitt af því sem skoðað verði í nefndinni og get ég eiginlega ekkert sagt nákvæmara um það en þetta.

[15:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta í sjálfu sér ekki hafa svo mikið að gera með fiskveiðistefnuna sjálfa. Það er eiginlega meira samkeppnisumhverfið sem deilt hefur verið um. Það er líka umhugsunarefni vegna þess hvaða hlutverk þetta ráð sem er nefnt í lagafrumvarpinu á að hafa þegar maður les 41. gr. þeirrar reglugerðar sem ég vitna í um vigtun sjávarafla en þar stendur, með leyfi forseta:

„Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Hafnasambandi sveitarfélaga, einum tilnefndum af Fiskistofu og einum tilnefndum af samgönguráðherra, auk formanns sem skipaður er af sjávarútvegsráðherra án tilnefningar skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi vigtun afla.“

Ég tel að það ætti að skoða hvort ekki eigi að vera betra samræmi í því sem hið opinbera er að gera hvað þessa hluti varðar þannig að það sé ein heildarregla sem menn fari eftir. Auðvitað þarf séraðferðir í sjávarútveginum og allt það. Ég er ekki að halda öðru fram. Ég held því hins vegar fram að þegar tæknin hefur gert það kleift að ganga skýrt frá því að afli sé veginn á svipuðu stigi hjá þeim aðilum sem eru að keppa í greininni, þá eigi að taka þá tækni upp og ekki eigi að mismuna aðilum með þeim hætti sem þeir telja sér mismunað, vegna þess að sumir í fiskvinnslunni þurfi ekki að vigta afurðir sínar fyrr en eftir á en aðrir gera það þegar fiskinum er landað óunnum. Ég spyr þess vegna: Vantar ekki að hægt sé að snúa sér til þessa ráðs með að úrskurða um hvenær skuli taka upp nýja tækni?

[15:24]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef kannski ekki svo miklu við þetta að bæta en vil þó ítreka að ég tel að þetta sé eitt af því sem sé alveg ástæða til að fara yfir í nefndinni og skil vel hvað hv. þingmaður er að tala um og hvað það er sem hann hefur áhyggjur af í þessu sambandi. Auðvitað fleygir tækninni fram og ýmislegt er mögulegt í dag sem ekki var mögulegt fyrir örfáum árum.

Í þessu afmarkaða máli sem hv. þingmaður kemur inn á er náttúrlega best að allt sé gert á þann hátt að það sé hafið yfir gagnrýni. Þetta er eitt af því sem er ekki hafið yfir gagnrýni og því tel ég að nefndin muni skoða þetta mál sérstaklega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 1. umr.

Stjfrv., 614. mál (styrkir til hitaveitna). — Þskj. 899.

[15:25]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar. Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum III. kafla laganna um styrki til stofnunar hitaveitna.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld staðið fyrir ýmsum aðgerðum til að auka notkun jarðvarma til húshitunar. Stuðningur stjórnvalda er einkum tvíþættur: Annars vegar eru veittir styrkir til jarðhitaleitar á svokölluðum köldum svæðum þar sem rafmagn er notað til húshitunar en þessu styrkjaformi var hleypt af stað sem tímabundnu átaksverkefni árið 1998. Það gaf hins vegar svo góða raun að átakið hefur verið framlengt í tvígang og er kannski vafasamt hvort um átak er orðið að ræða. Jarðhitaleitarátakinu er ætlað að vera hvati og upphaf að frekari aðgerðum. Þannig beinist það einkum að frumstigi leitar en sveitarfélögum og orkufyrirtækjum er ætlað að taka við verkefnum finnist jarðhiti sem hagkvæmt er að nýta.

Hins vegar samþykkti ríkisstjórnin haustið 1999 tillögur að reglum um úthlutun styrkja til lagninga nýrra hitaveitna á svæðum sem njóta niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar. Reglurnar byggðu á þeirri stefnu sem mörkuð var með samþykkt þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum 1999–2001. Í byggðaáætluninni var mörkuð sú stefna að nýta hluta þeirra fjármuna sem ætlaðir til niðurgreiðslu á rafhitun til íbúðarhúsnæðis til þess að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla með þeim hætti að aukinni notkun jarðvarma til húshitunar. Hitaveitustyrkjum var ætlað að vera hvati til að stuðla að frekari nýtingu á heitu vatni til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Þessar aðgerðir hafa átt stóran þátt í því að stofnaðar hafa verið nýjar hitaveitur víða um land og eldri veitur verið stækkaðar. Þannig hafa margir íbúar sem áður bjuggu á svokölluðum köldum svæðum nú fengið hitaveitu. Þá hefur jarðhitinn einnig skapað ný tækifæri á þeim svæðum. Ég tel það hafið yfir allan vafa að án aðkomu ríkisins hefðu þessar hitaveitur átt mun erfiðara uppdráttar og hefðu jafnvel aldrei orðið að veruleika. Grundvöllur jarðhitaleitarátaksins og hitaveitustyrkjanna hefur nú verið lögfestur í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2 umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[15:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eðlilegt mönnum að reyna að gera hluti skynsamlega og á sem hagkvæmastan hátt og þess vegna teldi maður eðlilegt að ef einhvers staðar er jarðhiti þá leiti maður að honum og reyni að virkja hann. En þá kemur stóri bróðir og skekkir myndina. Hann með niðurgreiðslu á raforku er búinn að skemma þennan hvata, þennan eðlilega hvata sem menn hafa til að nýta jarðhita og önnur úrræði, rekavið eða eitthvað slíkt, til húshitunar og menn eru í rauninni að setja á laggirnar ákveðið styrkjakerfi til að vinna á móti hinu styrkjakerfinu. Þetta er náttúrlega dálítið galið, frú forseti. Ég gagnrýni aftur og aftur að menn skuli fara þessa leið. Þetta sýnir einmitt hversu skaðlegir styrkir geta verið og eru yfirleitt alltaf. Styrkir eru yfirleitt alltaf skaðlegir og skemma samkeppni og annað slíkt.

Mig langar til að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hversu lengi hún ætlar að halda áfram á þessari braut, af hverju hún skoði það ekki hvort ekki eigi að hætta við niðurgreiðslu á raforku til húshitunar og taka upp einhver önnur kerfi eins og t.d. hreinlega búsetustyrki þar sem menn fái greiðslu fyrir að búa á ákveðnum stað og síðan geta þeir leitað að þeirri orku sem ódýrust er eða einangrað hús sín betur ef það reynist vera hagkvæmast.

[15:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það hefði verið miklu betra að hv. þingmaður hefði ekki haldið þessa ræðu. Ég veit að það er dálítið langt gengið að segja það. En ég held að hann hafi vakið upp dálítið viðkvæmt mál, sem er þó ekki viðkvæmt að mínu mati. En miðað við það sem hv. þingmaður setti fram sem skoðun sína eða að minnsta kosti sem umfjöllunarefni þá held ég að ansi margir séu honum ósammála, m.a. ég.

Hins vegar tel ég það alveg rétt sem hannýjaði að í máli sínu, þ.e. að mikil niðurgreiðsla á rafupphitun, sem er upp undir milljarður á ári, þýðir að hvatinn verður minni til að leita að heitu vatni og fara í hitaveituframkvæmdir. Engu að síður er sá hvati enn þá til staðar, a.m.k. er víða leitað að heitu vatni þótt 90% þjóðarinnar hafi nú þegar fundið heitt vatn og hiti híbýli sín upp með jarðvarma. Sérfræðingar álíta að þar gætu bæst við jafnvel 5% í viðbót þannig að ekki þyrftu nema 4–5% að nota rafmagn til upphitunar. Þá fyndist mér að við værum komin langt í þeim efnum. Við höfum náttúrlega slegið heimsmet nú þegar hvað þetta varðar, hvað þá ef við kæmumst upp í 95%.

En þetta eru mikil gæði. Það er ekki bara að það sé almennt heldur tel ég alls staðar ódýrara að hita upp með hitaveitu en að nota rafmagn. Hitaveitu fylgja að auki ýmis önnur gæði sem skipta fólk máli og nýtast í sambandi við atvinnurekstur svo sem ferðaþjónustu. Þetta er skoðun mín á þessu og ég held að yfirgnæfandi meiri hluti sé á hv. Alþingi fyrir því að halda þessu áfram svona.

[15:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir leitt ef ég hef sagt eitthvað sem ekki má segja eða haft skoðun sem ekki má hafa. (Gripið fram í.) Það er eðli niðurgreiðslna að þær skekkja hegðun manna. Eitthvað sem er náttúrulegt, eðlilegt og skynsamlegt verður ekki lengur náttúrulegt, eðlilegt eða skynsamlegt. Það verður heimskulegt.

Það verður heimskulegt að einangra húsin sín. Það verður heimskulegt að leita að öðrum orkugjöfum og viðleitni manna til að spara orku verður heimskuleg, t.d. að hafa kaldara í húsunum. Það sparar heilmikið að hafa 19 stiga hita í staðinn fyrir að hafa 24 stiga og er auk þess hollara.

Þetta er allt eyðilagt með styrkjum. Það sem er fólki eðlilegt og skynsamlegt, sem hefur verið við lýði á landinu í þúsund ár verður allt í einu óskynsamlegt. Það er það sem ég gagnrýni.

Ég spyr hvort menn hafi skoðað aðrar leiðir sem mundu koma í veg fyrir að fólk sé hvatt til að hegða sér óskynsamlega, t.d. að taka hreinlega upp búsetustyrki. Allir íbúar sem sannarlega búa á einhverjum stað fengju styrki til að búa þar, af því það er kalt svæði. Síðan gætu þeir gert það sem þeir vilja til að laga þennan kostnað eins og annan kostnað, t.d. flutningskostnað og slíkt. Þeir gætu einangrað hús sín eða haft kaldara í þeim. Þeir geta notað rekavið og aðra orkugjafa eða borað eftir heitu vatni ef það er skynsamlegt og finnst á staðnum.

[15:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að ekki hafi verið farið í þá vinnu að velta fyrir sér öðrum kostum í þessu efni, þ.e. að styrkja fólk beint til búsetu fremur en að borga niður kostnað við að kaupa rafmagn til að hita upp híbýli manna. Ég kannast ekki við það. Það hefur a.m.k. ekki verið gert í mínu ráðuneyti síðan ég kom þangað.

Ég ætla svo sem ekkert að segja um hvort það gæti verið vit í því. En auðvitað má hv. þingmaður hafa þá skoðun að það gæti verið skynsamlegra. Hann talar um að það sé heimskulegt að gera þetta með þessum hætti og kannski ættu menn frekar að einangra hús betur og annað af því tagi. Það einmitt það sem við höfum á prjónunum. Það er verið að móta reglur um á hvern hátt við getum styrkt fólk til að einangra betur húsin. (Gripið fram í.) og komast þannig út úr þessu vandamáli. Víða er óeðlilega dýrt að hita upp hús miðað við rúmmetrafjölda. Það hlýtur að þýða að þar sé pottur brotinn, eitthvað að húsunum sem gerir að verkum að svo dýrt er að hita þau upp.

Ég hef ekki miklu við þetta að bæta en það er fyrirkomulag sem nýtur mikils stuðnings á hv. Alþingi, að greiða niður rafmagn til að hita upp hús.

[15:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil segja um þetta mál að ég sakna þess að í því skuli ekki gert ráð fyrir auknum styrk til hitaveitna, til að hvetja til nýrra hitaveitna og orkuleitar. Mér finnst að hækka ætti þennan styrk upp í tíu ár. Ég hef reyndar áður sagt það og lagt til á Alþingi að þessi styrkur nemi því sem svarar til tíu ára niðurgreiðslu. Það er sú besta hvatning sem ég held að hægt sé að hafa.

Ég er á öndverðum meiði við hv. þm. Pétur Blöndal hvað það varðar að fella þurfi niður þessa styrki. Við höfum verið sammála um að orkan í þessu orkuríka landi eigi að vera til staðar til að landsmenn geti hitað upp hús sín. Við höfum ekki haft önnur úrræði en raforku á ýmsum svæðum. Það væri nánast óbyggilegt á þeim svæðum, miðað við það orkuverð sem verið hefur og tiltölulega lág laun á sumum þeirra landsvæða, þar sem eru kannski lægstu launin í landinu að meðaltali, ef ekki kæmi til slíkur styrkur. Ég held að það sé ekki skynsamlegt að lækka hann eða draga úr honum meðan ekki eru til önnur úrræði fyrir fólk en raforka.

Ég er hins vegar sammála hv. þingmanni um að í sumum tilfellum hefur vantað upp á hvatninguna til að nýta jafnvel tiltæka orkukosti. Það er umhugsunarefni. Ég tel að ríkið leysi sig frá niðurgreiðslunum með styrkjum til orkuleitar. Það væri skynsamlegt af hálfu ríkisins en ég vil ekki að það verði lagt af að styrkja fólk á köldum svæðum í sambandi við upphitun.

Ég bendi á að búsetustyrkur er líka niðurgreiðsla, niðurgreiðsla á búsetu. Það er að vísu þannig, ef fólk fær búsetustyrk, að það getur valið um hvað það notar þá fjármuni í, hvort það vill borga dýrt rafmagn til að kynda upp hús eða verja þeim búsetustyrk í eitthvað annað. Hann er samt sem áður niðurgreiðsla á veru fólks á tilteknum stað í landinu. Ég veit ekki hvort það mundi koma betur út. Ég er reyndar afskaplega hræddur um að slíkur styrkur yrði miklu frekar viðfangsefni þeirra sem hefðu áhuga á að snúa á kerfið. Því eftir hverju ætluðu menn að fara í sambandi við búsetustyrk? Nú getur fólk átt hús um allt land. Margir eiga tvö hús. Þeir geta látið skrifa sig á kalda svæðið og fengið búsetustyrk. Samkvæmt hugmyndum hv. þm. Péturs Blöndal gæti ríkið farið að greiða niður búsetu fólks sem væri kannski ekki föst og hefði jafnvel vel efni á að halda uppi húsnæði annars staðar á landinu en á hitaveitusvæði. Í fljótu bragði held ég því að sú hugmynd sé ekki góð.

En ég held því til haga, það var erindi mitt í stólinn, að ég vil að vel sé staðið við bakið á hitaveitum og þær fái sem mestan styrk frá ríkinu til að bæta við sig köldum svæðum. Mér finnst það vel koma til greina að slíkur styrkur svari til tíu ára niðurgreiðslna á svæðinu og tel að ríkið græði á því. Ég hef ekki nokkra trú á að menn hætti að greiða niður raforkuverð á landinu. Það stefnir alls ekki í að raforkuverðið sé að lækka. Það hefur því miður heldur verið í hina áttina, þrátt fyrir samkeppnina. Þess vegna held ég að niðurgreiðslurnar verði því miður að halda áfram að vera háar.

[15:41]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vildi koma að örfáum atriðum við 1. umr. þessa máls, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur mælt fyrir.

Ég vil í fyrsta lagi leggja áherslu á að ég tel að almennt snúist orkumál, hvort sem þau varða raforku eða hitaveitur, um almannagæði. Við eigum að byggja inn í það kerfi sem mestan jöfnuð. Kerfið sjálft á að standa undir nauðsynlegum og eðlilegum jöfnuði milli landsmanna hvar sem þeir búa.

Hitt vil ég taka undir að lagaumgjörðin þarf að hvetja menn til að koma á hitaveitum, bæði til að rannsaka möguleika á hitaveitum á köldum eða hálfköldum svæðum en einnig til að ráðast í framkvæmdir og tengja þær inn í byggðina. Þar væri hægt að horfa til langs tíma. Þetta eru jú hitaveitur. Sé hægt er að leggja hitaveitur í hús og byggðarlög verða þær gríðarlegur aflgjafi.

Ég tek því undir þau orð hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um stuðning til hitaveitna, að leggja eigi meiri áherslu en

nú er gert á stuðning við rannsóknir og stofnun nýrra hitaveitna, m.a. á köldum og hálfköldum svæðum. Það hefur sýnt sig að víðar en hingað til hefur verið haldið er heitt vatn þótt bora þurfi dýpra eða leggja í meiri rannsóknar- og borunarkostnað. Víða er heitt vatn en kostnaður við lagningu hitaveitu til næstu byggðar getur verið utan þeirra marka sem hafa verið sett, þ.e. að hitaveitan nánast borgi sig á innan við 8–10 árum. En það er hins vegar stuttur tími miðað við líftíma hitaveitna.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hafa að því er ég best veit verið með tillögur um að að lágmarki sé miðað við tíu ára niðurgreiðslur á rafhitun til stuðnings við hitaveitur. Við teljum að miða megi við a.m.k. tíu ára notkun rafmagns, að tíu ára niðurgreiðslu ríkisins til raforkunotenda á viðkomandi svæðum megi verja í stofnstuðning við hitaveitur. Ég hefði reyndar talið að hann mætti vera meiri. Það er slíkur hagur, ef tekst að ná í heitt vatn, bæði fyrir þjóðarbúið í heild og einstök landsvæði. Ég tel því að það eigi að skoða hærri stuðning við hitaveitur og til lengri tíma en hér er gert.

Það eru örfá atriði sem ég vil fá að spyrja ráðherrann um. Hér er skilgreind 20 þús. kílóvattstunda ársnotkun á hverja íbúð sem tengd er veitunni sem styrkurinn er miðaður við. Nú getur skilgreining á íbúð verið nokkuð fljótandi. Er það íbúð þar sem menn hafa fasta búsetu eða er það íbúð á viðkomandi svæði? Við þekkjum þær reglur sem hafa gilt um niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar. Eftir því sem ég best veit hafa þær verið bundnar við lögheimili í viðkomandi íbúð. Þær íbúðir sem ekki hefur verið föst búseta í hafa því ekki fengið niðurgreiðslu, nokkuð sem hefur t.d. komið hart niður á íbúðum í ferðaþjónustu. Ég velti fyrir mér skilgreiningunni á íbúð, því hugtaki sem þarna er notað.

Síðan spyr ég: Af hverju er ekki notaður hærri grunnur? Af hverju eru t.d. ekki notaðar 40 þús. kílóvattstundir, eins og áður hefur verið miðað við í þátttöku í niðurgreiðslum, sem þó eru núna miðaðar við 30 þús. kílóvattstundir á ári? Af hverju eru menn að skammta svo naumt, að fara niður í 20 kílóvattstundir á ári við að finna út styrkinn til nýrra hitaveitna?

Það er athyglisvert en þarna er fært inn nýtt ákvæði um að færa megi þennan stuðning til hitaveitna, þar sem ráðist er í meiri háttar endurbætur á dreifikerfi hitaveitna. Áður var þetta eingöngu fyrir stofnkostnaði en núna getur þetta líka gilt fyrir meiri háttar endurbætur á hitaveitum. Ég velti fyrir mér stöðunni t.d. hjá Hitaveitu Blönduóss og Hitaveitu Búðardals sem urðu að selja hitaveitur sínar, voru nánast knúnar til þess af ríkinu að láta hitaveitur sínar af hendi til Rariks, bæði vegna greiðsluerfiðleika sveitarfélaganna en líka vegna þess að þær stóðu frammi fyrir miklum viðhalds- og endurbótakostnaði, sem ekki var sýnt að þær mundu ráða við. Hefði staða þeirra hitaveitna, þeirra sveitarfélaga, verið með öðrum hætti og kannski ekki þurft að selja veiturnar ef þetta ákvæði hefði verið komið inn sem hér er lagt til, að meiri háttar endurbætur á hitaveitum geti líka veitt réttindi til slíks stuðnings.

Ég leggst ekki gegn því að slíkur stuðningur sé veittur eins og hér er lagt til, a.m.k. ekki að svo komnu máli, en ég tel þetta umhugsunaratriði. Við vitum að ráðast þarf í miklar endurbætur á Hitaveitu Blönduóss sem Rarik var að kaupa. Það var ein ástæðan fyrir því að Blönduóssbær fann sig knúinn, var reyndar knúinn til þess af félagsmálaráðuneytinu vegna fjárhagsstöðu sveitarfélagsins, til að láta hitaveituna af hendi þótt ríkið yrði að koma leggja fjármagn til Rariks, þ.e. lánsheimildir til að það gæti yfirtekið veituna. Ef þessi lög hefðu verið komin, hefði þá Hitaveita Blönduóss haft aðgang að þessu fjármagni? Maður kannski snýr ekki hjólinu til baka en það er vert að hugsa um þetta.

Í öðru lagi sé ég ekki að umsögn fjármálaráðuneytisins geti staðist, en þar segir:

„Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það muni hafa aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.“

Ég tel að markmiðið með þessum lögum sé að auka fjárstuðning til hitaveitna sem stofnað er til á köldum svæðum og það hljóti a.m.k. tímabundið að hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni en ítreka þá skoðun mína og áherslur okkar þingmanna í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að það eigi að veita hitaveitum stofnstyrki til hitaveitna á köldum svæðum í miklu ríkari mæli í þeirri von að þá þurfi ekki seinna meir að veita rekstrarstuðning til að jafna kjör á viðkomandi svæðum. Veitum öfluga stofnstyrki til að skapa góðan rekstrargrunn fyrir viðkomandi hitaveitur, fyrir viðkomandi byggðir til að reka sínar hitaveitur. Það tel ég mikilvægt. Ég tel of skammt gengið með þessu frumvarpi.

[15:51]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Mér fannst umræðan áðan ekki alveg hafa náð að klárast. Við fjöllum eiginlega um að stóri bróðir hefur ákveðið að styrkja fólk vegna húshitunarkostnaðar. Við það skekkir stóri bróðir hegðun fólks, þ.e. það leitar ekki lengur að ódýrum orkugjöfum sem eru kannski nær og reynir heldur ekki að einangra húsin sín. Þetta sér stóri bróðir, frú forseti. Hann reynir að bregðast við og hafa vit fyrir fólkinu og styrkir það til að byggja hitaveitur. Hann kemur með styrk á móti styrk. Svo þegar hann er búinn að því kemur í ljós að einnig eru til einkahitaveitur og þá bregst hann við því með því að aðstoða þær líka við að sameinast og annað slíkt.

Stóri bróðir er alltaf að reyna að hafa vit fyrir fólkinu og reyna að minnka skaðann sem hann hefur sjálfur valdið með því að styrkja rafhitun. Næst mun koma tillaga um að hann styrki sérstaklega einangrun húsa og jafnvel það að menn séu með hitann á húsunum lægri en 24 eða 25 gráður. Þetta sýnir í hnotskurn hve skaðlegir slíkir styrkir eru, fyrir utan það að þeir skekkja val manna á búsetu yfirleitt. Menn velja sér búsetu vegna ýmissa atriða, atvinnu, fallegs landslags eða annars sem fólk vill gjarnan búa við. Á móti búsetunni vinnur alls konar kostnaður, flutningskostnaður, húsnæðiskostnaður og orkukostnaður. Með styrkjum er ákvörðun manna um búsetu rugluð. Það er þjóðhagslega óhagkvæmt og skaðar alla þjóðina. Menn eru hvattir til að gera eitthvað sem er óskynsamlegt.

Ég mundi leggja til við hæstv. ráðherra að hann leyfði þessari forboðnu hugsun að komast inn í ráðuneytið og leiða a.m.k. hugann að því hvort hverfa megi af þessari

braut, taka upp annað form á styrkjunum eða hætta við styrkina alfarið. Það hlýtur að mega skoða þá hugsun, þótt ekki væri annað.

Mér finnst þetta mál komið út í ógöngur. Við borgum þúsund milljónir á ári í þessa styrki. Ekki veit ég hve margar fjölskyldur fá styrkina. Það eru örugglega umtalsverðar upphæðir sem menn fá ef þeir kaupa raforku en það er forsenda þess að menn fái styrki. Það er alltaf óeðlilegt að beina fólki í eina átt og segja því að hegða sér á vissan hátt, þá fái það umbun, jafnvel fyrir óskynsamlega hegðun. Ég skora á hæstv. ráðherra að leyfa þessari forboðnu hugsun minni að komast inn í ráðuneytið, þótt það verði til þess eins að reka hana aftur út.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur til foreldra langveikra barna, 3. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 877, brtt. 853 og 896.

[15:55]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Frumvarp um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna er komið til 3. umr. Við ræddum málið töluvert bæði við 1. og 2. umr. Hér er vissulega um að ræða framfaraspor í málum langveikra og alvarlega fatlaðra barna en engu að síður, eins og fram kom við 2. umr. þessa máls, eru ýmsir gallar á þessari löggjöf. Kosturinn er þó sá að hér er fest í lögbókina mál sem skiptir miklu fyrir foreldra langveikra barna, en á því eru, eins og *ég nefndi, ýmsir gallar sem ég ætla að rekja hér. Ég mun þó* ekki gera það í löngu máli vegna þess að við í minni hlutanum, stjórnarandstöðunni, fórum yfir þetta við 2. umr. Við í Samfylkingunni lögðum til margar breytingar sem allar voru felldar við 2. umr. málsins. En nú við 3. umr. málsins er flutt ein breytingartillaga sem er um efni sem við drógum til baka við 2. umr., sem fjallar aðallega um gildistökuákvæðið og gildissvið laganna.

Breytingartillagan snýr að því, með leyfi forseta, að lögin öðlist gildi 1. júlí 2006 og ákvæði laganna eigi við um börn sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2006 eða síðar. Ákvæði 1. mgr. 15. gr. getur átt við þegar barn hefur greinst í fyrsta skipti 1. janúar 2006.

Þetta er ákvæði sem töluvert var tekist á um í nefndinni og var mikið rætt við 2. umr. þessa máls. Ýmsir umsagnaraðilar gerðu mjög alvarlegar athugasemdir við málið og óskuðu eftir breytingum á þessu. Ef frumvarpið verður afgreitt í þeim búningi sem stjórnarflokkarnir leggja til, verði ekki tekið tillit til þessarar breytingar, er verið að mismuna foreldrum sem búa við sambærilegar aðstæður. Ég tel að sú mismunun sé það mikil að hún jaðri við brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þannig fá foreldrar langveikra og fatlaðra barna sem greindust fyrir síðastliðin áramót engar greiðslur og er ekki einu sinni tekið undir það af meiri hlutanum að hafa heimildarákvæði til greiðslna í slíkum tilvikum er foreldrar sannarlega verða að hverfa af vinnumarkaði til lengri tíma vegna fötlunar eða alvarlegra veikinda barna. Skurðpunkturinn er sem sagt við 1. janúar og gildistakan 2006 og engar undantekningar á því nema að barn greinist þá í annað sinn.

Þetta eru mjög alvarlegir annmarkar á frumvarpinu. Foreldrar langveikra barna hafa gert mjög miklar athugasemdir við það ásamt því að gert er ráð fyrir þrepainnleiðingu á greiðslum, sem ekki koma að fullu til framkvæmda fyrr en 2008. Þær leiða m.a. til þess að á þessu og næsta ári fá foreldrar greiðslur í miklu skemmri tíma en börn sem greinast á árinu 2008. Sem dæmi um þá mismunun sem þetta felur í sér getur foreldri alvarlega fatlaðs barns sem greinist í desember á þessu ári fengið greiðslu þremur mánuðum skemur en barn sem greinist örfáum dögum seinna eða í byrjun árs 2007. Þetta er náttúrlega mjög alvarleg mismunun og alvarlegt misræmi þegar um er að ræða foreldra sem búa við nákvæmlega sömu aðstæður. Þegar svo vill til að barn fæðist fyrir áramót en hitt aðeins eftir áramót þá getur munað þremur mánuðum í greiðslum.

Við erum ekki að tala um neinar gífurlegar fjárhæðir, virðulegi forseti. Við erum að tala um að þegar málið er að fullu komið til framkvæmda kostar þetta um 130 milljónir. Það er nú allt og sumt, þegar þetta er að fullu komið til framkvæmda. Ég hef líkt þessu við eins og einn starfslokasamning því þetta eru ekki það háar fjárhæðir. En ef ríkisstjórnin mundi fallast á það sem er í breytingartillögu okkar, að þetta taki allt gildi, innleiðingin verði í einum áfanga, þá er hægt að koma í veg fyrir slíka mismunun.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að vitna til fréttaskýringar í Morgunblaðinu nýlega þar sem m.a. er verið að ræða við framkvæmdastjóra Umhyggju, Rögnu Marinósdóttur, um þennan þátt málsins. Hún telur að þessi framkvæmd sé alveg ótæk, eða innleiðing á þessum lögum, og segir, með leyfi forseta:

„„Greiningarviðmiðin eru óásættanleg. Við sem fulltrúar foreldra langveikra barna eigum erfitt með að vera sátt því það eru sárreiðir foreldrar úti í samfélaginu sem ekki hafa getað aflað sér tekna svo árum skiptir og munu áfram verða í þeirri stöðu þó svo að réttur á greiðslum sé kominn til vinnandi manns. Þau munu engan rétt hafa á greiðslum og okkur finnst óskaplega sárt að heyra í foreldrum sem trúa vart að þeir fái ekki krónu, búin að vera í fimm ár að huga að veiku barni sínu og sjá ekki fram á að komast út á vinnumarkaðinn á næstu árum. Þetta er ekki réttlæti," segir Ragna sem hefur óskað eftir fundi með ráðherra."

Nú spyr ég hvort þessi fundur hafi farið fram sem framkvæmdastjóri Umhyggju boðar hér, en óskað var eftir fundi með ráðherra um þetta. Foreldrar þeirra barna sem eru alvarlega veik, barna sem fædd eru fyrir síðustu áramót, fá engar greiðslur og eru sárreiðir vegna þess að þeir eru ekki í sömu aðstöðu og foreldrar sem eignast barn eftir áramótin, sem er alvarlega fatlað eða langveikt. Þeir hafa ekki getað verið á vinnumarkaðnum í langan tíma og mundi muna mikið um það ef ákvæði væru í frumvarpinu, eins og við lögðum til, að í algerum undantekningartilvikum ef foreldri sannarlega ekki kemst út á vinnumarkaðinn, þá sé heimilt að veita slíkar greiðslur. Við gerum í breytingartillögu okkar tillögu um að foreldri geti „sem á barn með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun sem greinst hefur fyrir 1. janúar 2006 átt rétt á greiðslum samkvæmt

lögum þessum. Skilyrðin eru þau að foreldri hafi sannanlega ekki komist út á vinnumarkað sökum verulegrar umönnunar vegna veikinda barnsins og skal foreldri sanna tekjuleysi sitt með skattframtali.“

Þarna er aðeins verið að opna fyrir að möguleiki sé á því í alvarlegustu tilvikunum að þessar greiðslur komi til. Það er það sem framkvæmdastjóri Umhyggju er hér að kalla eftir. Síðan hefur áfangainnleiðingin verið gagnrýnd vegna þeirrar mismununar sem hún getur falið í sér, að munað getur greiðslum í þrjá mánuði ef um er að ræða mjög alvarlega fatlað eða veikt barn, hvort það fæðist fyrir eða eftir áramót á umræddum innleiðingartíma.

Ég spyr því hæstv. ráðherra um hvort hann hafi eitthvað hugleitt málið. Þetta var að vísu komið fram eftir að hæstv. núverandi ráðherra tók við og þess vegna er fróðlegt að heyra hvort hafi orðið einhver stefnubreyting með nýjum ráðherra og hvort hann hafi skoðað málið. Hvort framkvæmdastjóri Umhyggju hafi gengið á hans fund eða hvort málið sé raunverulega í sömu stöðu og því verði engar breytingar.

Ég vil líka tala um fjárhæðina. Þetta er náttúrlega mjög lág fjárhæð, 93 þús. kr. Það segir sig sjálft, virðulegi forseti, að það er ekki nokkur maður sem getur lifað af 93 þús. kr. — nema þá helst hv. þingmaður sem gengur hér fram hjá ræðustólnum. Við höfum sett það fram og gerðum það við 2. umr. en það var fellt, að miða við að tekið væri upp sama greiðslufyrirkomulag og er varðandi fæðingarorlof af því að þetta eru greiðslur vegna vinnutaps. Þá finnst okkur eðlilegt að sama fyrirkomulag sé notað, viðmiðið 80% af tekjum síðustu mánaða sé notað.

Ég spyr hæstv. ráðherra um hvort hér sé ekki á ferðinni svo lágar greiðslur að hugleiða ætti að fara þá leið sem við töluðum um. Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra, því boðað hefur verið að það eigi að leggja fyrir þingið, ég veit ekki hvort það er á þessu eða næsta ári og ég spyr ráðherrann hvort það verði á þessu þingi, að breyta eigi lögum um atvinnuleysisbætur í þá veru að þær eigi að vera tekjutengdar. Taka mið af tekjum fólks. Ég man ekki betur en um þetta hafi verið samið við aðila vinnumarkaðarins. Ég tel að þetta greiðsluviðmið sem stjórnvöld hafa lent með, 93 þús. kr., hafi verið haft til hliðsjónar atvinnuleysisbótum og þá spyr ég: Ef lögum verður breytt um atvinnuleysisbætur, telur ráðherrann þá að þessar greiðslur eigi að taka mið af atvinnuleysisbótum þannig að um væri að ræða að greiðslunum yrði breytt og þær tækju að einhverju leyti mið af tekjum, eins og verið er að gera varðandi atvinnuleysisbæturnar?

Ég taldi ástæðu til að minnast á það hvort á döfinni væri frumvarp um breytingu á atvinnuleysisbótum einmitt út af því ástandi, þó það sé óskylt mál, að þá tel ég ástæðu til að nefna það, virðulegi forseti, af því að ég er að spyrja um hvort von sé á breytingum á lögum um atvinnuleysisbætur og þá taki þessar greiðslur mið af því. Ég tel því ástæðu til að spyrja um hvort von sé á breytingu á lögum um atvinnuleysisbætur nú á þessu þingi og áformað að lögfesta þær þá á þessu þingi sem er nauðsynlegt með tilliti til þess sem er að gerast á Keflavíkurflugvelli. Þar eru fjöldauppsagnir, 620 Íslendingar sem eru þar í fastri vinnu eru að missa vinnu sína. Það mundi muna miklu fyrir þann hóp ef búið væri að lögleiða á þessu þingi atvinnuleysisbætur sem væru tekjutengdar. Ég man eftir því, það er stutt síðan, að skorað var á ríkisstjórnina af þeim starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli sem þurfa að búa við þessar uppsagnir, að setja nú þegar í lög ákvæði um tekjutengingu atvinnuleysisbóta eins og lofað hafði verið. Þetta skiptir gríðarlegu máli fyrir þennan stóra hóp og ég spyr því um það af því tilefni og líka af tilefni þessa frumvarp sem við hér fjöllum um.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að fara dýpra ofan í þetta mál og fara aftur yfir þær umsagnir þar sem framkvæmdin er gagnrýnd mjög á þessu annars merka máli. En það eru mjög alvarlegar margar athugasemdirnar, eins og ég hef getið um, t.d. frá Umhyggju. Ég vil líka geta þess að alvarleg athugasemd hefur komið frá Tryggingastofnun sem færir mjög skýr rök fyrir þeim breytingartillögum sem stofnunin lagði til. En það er spurning í hvaða höndum framkvæmdin á að vera á þessu þegar það eru orðið að lögum. Lagt er til að það verði Vinnumálastofnun, ef ég skil málið rétt, sem hafi framkvæmdina með höndum en ekki Tryggingastofnun. Tryggingastofnun hefur gagnrýnt það mjög og fjölda umsagnaraðila finnst óeðlilegt að þetta sé hjá Vinnumálastofnun og leggja þeir til að framkvæmdin verði hjá Tryggingastofnun, sérstaklega út frá þeirri mikilvægu röksemd að oft er um mjög viðkvæmar upplýsingar að ræða og haga eigi framkvæmdum þannig að ekki sé verið að fara með slíkar upplýsingar í margar stofnanir. Tryggingastofnun hefur með umönnunarbætur að gera og hefur því upplýsingar um veikindi þessara barna. Það er alveg óþarfi, virðulegi forseti, að síðan eigi önnur stofnun, Vinnumálastofnun, að fá þessar upplýsingar líka.

Mér fannst athyglisvert það sem fram kom einmitt hjá Tryggingastofnun að foreldrar barna þurfa rétt eftir fæðingu að hafa samskipti við um fjórtán aðila, hvorki meira né minna. Foreldrar heilbrigðra barna, þegar þau fæðast, þurfa einungis að hafa samband við tvo til þrjá aðila. En foreldrar fatlaðra eða langveikra barna þurfa að hafa samskipti við um fjórtán aðila og það á enn að bæta við það með framkvæmd þessara laga, að fjölga þeim aðilum sem þeir sem eru með veik börn þurfa að leita til.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, því að við erum að ræða við nýjan félagsmálaráðherra, hvort hann sé sammála því að hafa framkvæmdina með þessum hætti. Hvort hann telji ekki að fagaðilar með þekkingu á málinu, Tryggingastofnun, sem er að kalla eftir að hafa framkvæmdina með höndum, hafi þetta einnig.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið þó að út af fyrir sig væri full ástæða til þess. Það er ástæða til að halda því til haga líka, virðulegi forseti, að greiðslur í lífeyrissjóð frá ríkinu eru lægri en almennt gerist í þessu frumvarpi. Talað er um 6%, en almennt er um að ræða 7%, þannig að það eru alls staðar lægstu tölurnar sem hægt er að finna sem félagsmálaráðherra eða stjórnvöld leggja til í frumvarpi þessu. Það skal auðvitað þakkað sem vel er gert. Þetta er þó komið á lögbókina, eins og ég segi. Þetta er framfaramál og við verðum þá að byggja á þessu. Þetta verður örugglega það mál sem Samfylkingin mun taka fast á ef hún kemst til valda, að gera betur í þessum mikilvæga málaflokki fyrir foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna því að þetta er mjög mikið sanngirnismál,

virðulegi forseti. Það eru ekki nokkur ár, það eru áratugir sem samtök foreldra langveikra barna hafa verið að berjast fyrir að koma þessu máli í höfn. Þess vegna hélt maður satt að segja að myndarlegar yrði að þessu staðið en raun ber vitni, og ekki síst af því að málið er nú framkvæmt í samræmi við tillögu sem flutt var af þingmönnum úr öllum flokkum. Það var breið samstaða um að gera vel og átti að hafa hliðsjón af því sem gerist í þessum málum hjá grannþjóðum okkar annars staðar á Norðurlöndum en það er langt í frá að það sé gert með því frumvarpi sem hér liggur fyrir og á nú að fara að afgreiða.

Virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra um afstöðu hans til þeirra breytingartillagna sem liggja fyrir og greidd verða atkvæði um fljótlega, í byrjun næstu viku væntanlega. Það er um að lögin taki strax gildi en ekki þrepainnleidd með því misræmi og þeirri mismunun sem í því felst, að möguleiki sé að greiða foreldrum sem á barn með alvarlega langvinnan sjúkdóm, sem fæðst hefur fyrir 1. janúar 2006, ef sannarlega er um að ræða að viðkomandi komist ekki út á vinnumarkaðinn sökum verulegrar umönnunar vegna veikinda barna.

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. ráðherra um fjárhæðina, þessi 93 þúsund. Hvort von sé á lögum um breytingu á atvinnuleysisbótum og hvað sé þá í þeim lögum, við hvað er verið að miða í þeim lögum. Er búið að afgreiða þetta mál í ríkisstjórn og hversu langt er það komið? Hver eru helstu efnisatriði þess? Má búast við að ákvæði þessara laga taki mið af þeirri breytingu, þó það verði þá ekki fyrr en á næsta þingi? Ég spyr ráðherrann um það. Ég spyr hann um framkvæmdaraðilann. Hvort ekki sé rétt að þetta sé Tryggingastofnun frekar en Vinnumálastofnun. Ef ráðherrann svarar þessu með fjárhæðina og viðmiðið, hvort hann telji ekki sanngjarnt og eðlilegt líka að þetta taki mið af tekjum, annaðhvort í gegnum atvinnuleysisbætur eða þá með sama hætti og fæðingarorlofslögin eru. Og framkvæmdastjóri Umhyggju sagði réttilega að þarna væri ekki mikill munur kannski á umönnunarþörf nýfædds barns eða langveiks barns. Kannski er hún meira að segja meiri þegar um er að ræða alvarlega veikt barn en að annast nýfætt barn. Því er allt sem mælir með að það eigi að minnsta kosti ekki að ganga skemur en fæðingarorlofið, að þetta eigi að vera 80% af launum.

En að minnsta kosti hlýtur þetta þá að taka mið af tekjutengingu atvinnuleysisbóta ef þær eru á ferðinni og væri fróðlegt að heyra frá ráðherra hvort við eigum von á því frumvarpi inn á þing svo hægt verði að lögfesta það nú fyrir vorið og ekki síst þá líka með tilliti til þess sem ég nefndi, sem er atvinnuástandið á Keflavíkurflugvelli eftir þær upplýsingar sem hafa komið fram um brottför hersins, að búið er að segja þar upp hundruðum Íslendinga, 600 Íslendingum í fastri vinnu. Það mundi muna verulega fyrir þann hóp ef atvinnuleysisbætur væru tekjutengdar og hefur það fólk skorað á ríkisstjórnina að setja nú þegar í lög ákvæði um tekjutengingu atvinnuleysisbóta eins og lofað hefur verið. Það kallar einmitt mjög á að flýta afgreiðslu þess frumvarps og eins náttúrlega frumvarpsins sem við nú ræðum vegna þess að ég tel einboðið að að minnsta kosti taki þá þessar greiðslur mið af tekjutengingu atvinnuleysisbóta ef slíkt er á ferðinni núna á næstu vikum.

[16:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frumvarp við 3. umr. Sjónarmið mín og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafa þegar komið fram. Hér er á ferðinni mál sem barist hefur verið fyrir innan þings og utan um árabil. Það er fagnaðarefni að það skuli ná fram að ganga, réttarbætur og kjarabætur til aðstandenda langveikra barna.

Við höfum gagnrýnt sitthvað í lögunum sem slíkum en eins og fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur töldum við í stjórnarandstöðunni að heppilegra hefði verið að fela Tryggingastofnun framkvæmdina en ekki Vinnumálastofnun, eins og gert er samkvæmt frumvarpinu. Þá gagnrýndum við harðlega að sett yrði lögþvingun á styrktar- og sjúkrasjóði verkalýðshreyfingarinnar. Samkvæmt frumvarpinu ber fyrst að tæma þau réttindi sem viðkomandi einstaklingar eiga í slíkum sjóðum áður en til greiðslu kemur frá Vinnumálastofnun. Þetta er annað atriðið sem við gagnrýndum.

Síðan gagnrýnum við náttúrlega nirfilsháttinn af hálfu stjórnvalda. Þegar þessi réttarbót er komin til framkvæmda að fullu mun hún kosta um 130 millj. kr. á ári. Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að gera það í einu vetfangi heldur í áföngum, eins og lagt er til samkvæmt frumvarpinu, er með öllu óskiljanlegt og óréttlætanlegt.

Við höfum sameinast um breytingartillögur. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flutningsmaður að þeim og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum þær. Við greiddum atkvæði um sumar þeirra í lok 2. umr. málsins en eftir var haldið einni tillögu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur þegar gert grein fyrir, sem lýtur að gildistökunni. Það er spurningin um hvar skurðpunkturinn skuli vera eigi í þeim efnum, í frumvarpinu er það 1. janúar á þessu ári. Börn sem greinast fyrir þann tíma eiga ekki rétt til kjarabóta og þetta teljum við vera mjög slæmt og ámælisvert. Við tökum undir gagnrýni sem fram hefur komið frá Umhyggju og öðrum samtökum sem hafa bent þeirri nefnd sem með þetta fer á að þessu þurfi að breyta. Við höfum svarað því kalli, enda í samræmi við skoðanir okkar. Breytingartillagan liggur fyrir.

Ég kom hins vegar fyrst og fremst í pontu til að árétta stuðning Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við þær breytingartillögur sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

[16:20]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna er komið til 3. umr. Eins og komið hefur fram lögðum við í Samfylkingunni fram þó nokkuð margar breytingartillögur við þetta lagafrumvarp. Það var nokkuð vel rætt í félagsmálanefnd og komu þangað margir gestir og margar góðar umsagnir.

Það verður að viðurkennast að ég er afskaplega svekktur yfir að meiri hluti félagsmálanefndar skyldi ekki sjá ástæðu til að gera breytingar á frumvarpinu. Við erum þó öll sammála um að þetta sé skref í rétta átt.

Fyrir nokkrum árum var lögð fram þingsályktunartillaga í þessa átt, um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.

Flutningsmenn voru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson o.fl. Það er gott að ráðherra skuli hafa brugðist við því með þessu frumvarpi en eins og ég segi er ég afskaplega svekktur yfir að þær breytingartillögur sem við komum með skyldu ekki hafa náð fram að ganga. Eins og komið hefur fram lögðum við til að í 5. gr. kæmi skýrt fram að Tryggingastofnun ríkisins færi með þessar greiðslur en ekki Vinnumálastofnun. En enn hefur ekki verið útskýrt af hverju í ósköpunum er tekin sú ákvörðun að færa þetta yfir til Vinnumálastofnunar, með öllum þeim viðkvæmu upplýsingum sem hér um ræðir.

Jafnframt höfðum við breytingartillögu við 8. gr., um réttindi foreldra, að þar mundi bætast við nýr málsliður, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með samfelldu starfi teljast einnig þau tilvik er foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur, sjúkradagpeninga eða endurhæfingarlífeyri.“

Jafnframt vorum við með tillögu um viðbót við 3. mgr. í 8. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þarfnist barn áframhaldandi umönnunar foreldris og önnur úrræði eru ekki í boði að þeim níu mánuðum liðnum sem lög þessi veita réttindi til og foreldri kemst sannanlega ekki út á vinnumarkað af þeim sökum er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra.“

Ekkert af þessu var því miður samþykkt, frú forseti. Við gerðum jafnframt breytingartillögu við 9. gr., að í stað þess að bætur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna séu einungis 93 þús. kr. á mánuði skuli þær nema 80% af meðaltali heildarlauna sem miðist við tólf mánaða samfellt tímabil.

Við vorum líka með breytingartillögu við 11. gr., varðandi lífeyrissjóð, að þar skyldi ríkissjóður greiða mótframlag að lágmarki 7% en ekki 6%, sem er í sjálfu sér bara eðlileg prósentutala miðað við greiðslur úr lífeyrissjóði í dag.

Við vorum jafnframt með breytingartillögu við 12. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„Þarfnist barn áframhaldandi umönnunar foreldris og önnur úrræði eru ekki í boði að þeim níu mánuðum liðnum sem lög þessi veita réttindi til og foreldri getur ekki stundað nám sitt af þeim sökum er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra.“

Þarna vildum við að tekið yrði tillit til foreldris í námi en ekkert af þessu var því miður samþykkt, hvorki af meiri hluta í félagsmálanefnd né meiri hluta á þingi. Eftir situr samt sem áður síðasta breytingartillagan, síðasta tilraun minni hlutans til að bæta lagafrumvarpið, sem er skref í rétta átt en afskaplega stutt og í sjálfu sér lítill kostnaður fyrir ríkissjóð. Breytingartillagan sem við leggjum fram núna, við 19. gr., gengur út á að þessar greiðslur verði ekki teknar upp í áföngum, sem af einhverjum óskiljanlegum ástæðum er stíft haldið í heldur komi þær strax til frá og með 1. janúar 2006 og greiðslur hefjist 1. júlí í sumar. Farið hefur verið yfir hvaða kostnaðarauka það mundi hafa í för með sér og er ekki að sjá að hann sé vandamálið.

Eins og ég nefndi komu fram margar mjög góðar og gagnlegar umsagnir um frumvarpið. Breytingartillögurnar eru samdar af minni hlutanum með tilliti til þeirra. Ég vil enn og aftur ítreka að þrátt fyrir þetta skref fram á við sem frumvarpið er og nauðsynlegt sé að koma þessum málum af stað þá er afskaplega skammt gengið. Ég tel það algjört lágmark ef meiri hlutinn sættist á þá breytingartillögu sem við leggjum fram við 3. umr. Það er t.d. spurning hvort orðið hafi einhver viðhorfsbreyting hjá nýjum hæstv. félagsmálaráðherra.

[16:27]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu sanngirnismál, eins og fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En af því að ég er spurður um hvaða stefnu ég hafi í málinu nú þegar ég hef tekið við því þá er stefna mín er sú að halda samkomulag á milli stjórnarflokkanna um þetta skref. Ég tel að ísinn hafi verið brotinn í þessu máli og að tekið verði afar mikilvægt skref. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir að það er langur aðdragandi að þessu máli. Ég kannast við umræðuna um það. Hún hefur staðið nokkuð lengi. En ég tel um afar mikilvægt skref að ræða og ég tel að við eigum að halda okkur við það samkomulag sem tekist hefur milli stjórnarflokkanna um málið.

Ég var spurður að því hvort ég hefði fundað með Umhyggju um málið. Ég minnist þess ekki að formaður Umhyggju hafi verið á viðtalslista mínum en ég hef alltaf látið forsvarsmenn samtaka ganga fyrir í viðtölum mínum, sem hafa verið fjölmörg síðan ég varð félagsmálaráðherra. En ég hef hug á að funda með formanni Umhyggju, hafa frumkvæði að því og ræða við formanninn um framkvæmd laganna, sem verða vonandi samþykkt á Alþingi.

Það má alltaf deila um hvenær svona löggjöf eigi að taka gildi. Hér hefur verið farin svipuð leið og þegar lögin um foreldraorlof tóku gildi. En ég tel að við eigum að halda okkur við samkomulagið sem hefur tekist um afgreiðslu þessa máls. Það er ekki þar með sagt að þar eigi að vera endapunkturinn. Ég hef hug á að fara rækilega yfir það mál og vinna að því áfram. Hér er um afar mikilvægt skref að ræða og ég tel að ísinn hafi verið brotinn í þessu efni.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hvort von væri á frumvarpi um tekjutengdar atvinnuleysistryggingar. Ég stefni að því að leggja það fram. Það er til meðferðar í stjórnarflokkunum og vonandi verður það samþykkt á þessu þingi. Ég tel það mikilvægt, ekki síst í ljósi þeirrar þróunar, sem þingmaðurinn nefndi réttilega, sem hefur t.d. verið á Suðurnesjum, að við samþykkjum það frumvarp í vor. Ég mun leggja á það mikla áherslu og vonandi náum við að leggja það fram og ræða á næstu dögum.

Hér bar á góma hlutverk Vinnumálastofnunar í þessu máli. Ég tel að Vinnumálastofnun hafi burði til að geyma trúnaðarupplýsingar um viðskiptavini sína, eðli málsins samkvæmt hlýtur hún að gera það. Ég tel ástæðu til þess að fara yfir það mál í heild, hve marga aðila foreldrar langveikra barna þurfa að hafa samband við eftir fæðingu barns. Ég tel ástæðu til að fara yfir þá heildarmynd og mun vonandi fara yfir það mál með forsvarsmönnum Umhyggju þegar sá fundur verður.

En sem stendur er reiknað með að Vinnumálastofnun annist málið. Ég tel að hún hafi fulla burði til að gera það. Ég vil þá frekar fara yfir heildarmyndina, yfir hverjir annist þjónustu við langveik börn. Ef sú mynd er of flókin, þ.e. sú

þjónusta er of flókin er ástæða til þess að skoða það. Ég er reiðubúinn til þess en ég tel hægt að framkvæma þetta mál eins og það liggur fyrir ef það verður samþykkt, sem vonandi verður.

[16:33]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en þau valda að vissu leyti vonbrigðum. Maður ól von í brjósti um að nýr hæstv. félagsmálaráðherra hefði skoðað þetta mál og séð að varla væri hægt að láta það frá sér með þeim ágöllum sem á því eru. Við í stjórnarandstöðunni gerum hér lokatilraun til að breyta þessu frumvarpi. Ég hafði vonast til að hæstv. ráðherra mundi taka undir þetta eða a.m.k. skoða fyrir næsta þing. Nú útilokar ráðherrann það ekki. Maður verður að halda í þá von en ég fullvissa ráðherrann um að það verður mikil óánægja með gildistöku laganna og með að þetta nái ekki til foreldra sem fætt hafa fötluð börn eða langveik fyrir gildistöku laganna. Ég er sannfærð um það að það verður.

Ráðherrann boðaði einnig að hann gæti hugsað sér að breyta þessu varðandi framkvæmdaraðilann, að það verði Tryggingastofnun en ekki Vinnumálastofnun. Hann ætlar að skoða það í samráði við Umhyggju og það er gott.

Ég vil þó fagna því sem hæstv. ráðherra sagði um það að á næstu dögum verði flutt á Alþingi frumvarp um tekjutengingu atvinnuleysisbóta, að bæturnar hækki og taki mið af tekjum. Um það eru menn að tala ef ég skil málið rétt. Hann fær örugglega góða aðstoð til að það mál verði að lögum á þessu vori en ég vil spyrja: Hvað inniheldur þetta frumvarp? Getur ráðherra gert grein fyrir því í stærstu drættum við hvaða tekjur er miðað og hvernig það á að líta út? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Mun hann sjá til að þessu frumvarpi, ef að lögum verður, verði breytt líka, hvort sem það verður á þessu þingi eða því næsta, þannig að greiðslurnar taki líka mið af tekjum foreldranna?

[16:35]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka fram að ég talaði um að fara yfir heildarmyndina, hvernig umhverfi foreldrar langveikra barna búa við og hvort hægt væri að samræma eitthvað í því umhverfi. Ég sagði ekkert um það í sjálfu sér hvort ég vildi færa þetta til Tryggingastofnunar aftur. Ég vil ekkert fullyrða um það. Ég sagði að Vinnumálastofnun væri fullfær um að annast þessa þjónustu. Síðan vil ég gjarnan bara fara yfir málið í heild.

Varðandi innihald frumvarps um tekjutengdar atvinnuleysistryggingar þá tel ég ekki rétt að rekja frumvarpið hér meðan það er til meðferðar hjá stjórnarflokkunum. Ég vona að það líti dagsins ljós næstu daga. Á morgun þarf reyndar að leggja fram þau frumvörp sem á að taka fyrir án afbrigða. Frumvarpið er í samræmi við þær yfirlýsingar sem gefnar voru 15. nóvember í samtölum við aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Ég vonast til að það líti dagsins ljós á næstu dögum. Ef málið verður samþykkt þá hefur það mikil áhrif og ég vil gjarnan fara yfir það án þess að það feli nokkur loforð í sér um breytingar. (Forseti hringir.) Ég er ekki reiðubúinn að hafa nein loforð uppi um það núna (Forseti hringir.) en ég vil fara yfir það í framhaldinu.

[16:37]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka ráðherra fyrir svörin. Ráðherra telur að frumvarpið sem mun koma fyrir þingið á næstu dögum, um breytingu á atvinnuleysisbótum, þ.e. um að þær taki mið af tekjum atvinnulausra, muni hafa áhrif varðandi frumvarpið sem við ræðum hér. Ég fagna því að ráðherrann, þótt hann lofi engu, útiloki ekki að þessar greiðslur taki mið af þeim breytingum sem gerðar verða á lögum um atvinnuleysisbætur. Það er fagnaðarefni.

Ráðherra segir einnig að þessar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar verði í samræmi yfirlýsingu sem gefin var aðilum vinnumarkaðarins. Ef ég man rétt þá er um verulegar breytingar að ræða. Mig minnir að verið hafi ákveðið þak á þessu og ef ég man rétt var fjárhæðin 130 þús. kr. sem miðað var við. Þetta hlýtur að fela í sér verulega hækkun á atvinnuleysisbótum. Það er vissulega fagnaðarefni, virðulegi forseti, ekki síst í ljósi þróunar atvinnumála á Suðurnesjum við brotthvarfs hersins. Það hlýtur að hafa mikið að segja fyrir þann fjölda sem verður atvinnulaus við þá breytingu á atvinnuleysisbótakerfinu í þá veru að það tryggi þeim betri tekjur við þær aðstæður en eru í atvinnuleysisbótakerfinu eins og er.

Það er einlæg von mín, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra beri gæfu til að láta greiðslur til foreldra langveikra barna líka taka mið af þeim breytingum sem þar verða gerðar. Það yrði sannarlega til bóta á því frumvarpi, þótt það hafi nokkuð marga galla, þegar það verður lögfest.

[16:39]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að ef frumvarpið um atvinnuleysisbætur verður samþykkt þá verður það til mikilla bóta. En ég vara hv. þingmann við að lesa of mikið út úr orðum mínum og að það muni sjálfkrafa hafa áhrif á þetta mál. Það hefur áhrif á umræðuna í samfélaginu og ég sagði að ég teldi þetta skref í rétta átt og ég væri tilbúinn að vinna að málinu áfram í viðræðum við Umhyggju og fulltrúa þeirra sem hlut eiga að máli. En ég vara við að lagt sé út af orðum mínum þannig að einhver sjálfvirk tenging sé þarna á milli. Ég vil ekki lofa slíku. Ég vil að það liggi ljóst fyrir. Ég tók það fram að ég teldi frumvarpið mikilvægt skref en að við þyrftum að sinna þessu máli áfram.

[16:41]

Útbýting:

Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, 695. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1025.

Endurhæfing á Reykjalundi, 700. mál, fsp. JEP, þskj. 1030.

Fjöldi ríkisstarfsmanna, 705. mál, fsp. AHB, þskj. 1035.

Framkvæmd þingsályktana, 696. mál, fsp. GHall, þskj. 1026.

Framkvæmdir á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, 698. mál, fsp. GHj, þskj. 1028.

Fæðingar- og foreldraorlof, 703. mál, frv. KJúl o.fl., þskj. 1033.

Heimildir til símhlerunar, 704. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1034.

Innflutningur á erfðabreyttu fóðri, 697. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1027.

Landhelgisgæsla Íslands, 694. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1024.

Siglingalög, 376. mál, nál. samgn., þskj. 1017; brtt. samgn., þskj. 1018.

Skattskil í veitingahúsarekstri, 702. mál, fsp. GHj, þskj. 1032.

Staða selastofna við Ísland, 691. mál, þáltill. AKG o.fl., þskj. 1021.

Umhverfismat áætlana, 342. mál, nál. umhvn., þskj. 1007; brtt. umhvn., þskj. 1008.

Verð dýralyfja og dýralæknakostnaðar, 701. mál, fsp. JEP, þskj. 1031.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 655. mál (útboðs- og skráningarlýsingar, EES-reglur). — Þskj. 962.

[16:43]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, sem er 655. mál þingsins á þskj. 962.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga að breytingum á tilteknum þáttum laga um verðbréfaviðskipti er lúta að útboðs- og skráningarlýsingum, hér eftir nefndar lýsingar þegar átt er við hvort tveggja. Frumvarpið er hluti af innleiðingarferli vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um útboðs- og skráningarlýsingar þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegan verðbréfamarkað.

Í ársbyrjun 2004 var skipuð nefnd til að vinna að innleiðingu framangreindrar tilskipunar og reglugerðar. Hefur hluti hennar þegar verið innleiddur í íslenskan rétt með breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti sem samþykktar voru síðastliðið vor. Nefndin hefur að undanförnu unnið að gerð reglugerða um nánari framkvæmd laganna, í samræmi við ákvæði 73. gr. þeirra. Í þeirri vinnu hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að gera nokkrar minni háttar breytingar á nokkrum greinum laganna og eru tillögur að þeim breytingum lagðar fram í þessu frumvarpi.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga að breytingum á tilteknum þáttum laga um verðbréfaviðskipti, er lúta að útboðs- og skráningarlýsingum. Frumvarpið er hluti af innleiðingarferli vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um útboðs- og skráningarlýsingar þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegan verðbréfamarkað.

Í ársbyrjun 2004 var skipuð nefnd til að vinna að innleiðingu framangreindrar tilskipunar og hefur hluti hennar þegar verið innleiddur í íslenskan rétt með breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti sem samþykktar voru sl. vor.

Nefndin vinnur nú að gerð reglugerða um nánari framkvæmd laganna, í samræmi við ákvæði 73. gr. þeirra. Við þá vinnu hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að gera minni háttar breytingar á nokkrum greinum laganna og eru tillögur að þeim breytingum í þessu frumvarpi.

Helstu breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

Lagðar eru til breytingar á orðskýringum í 2. gr. laganna. Skilgreiningar á fagfjárfestum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem upphaflega átti að útfæra í reglugerð. Við nánari skoðun er lagt til í staðinn að viðkomandi orðskýringar verði í lögunum.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á orðalagi sem ætlað er að gera orðalag viðkomandi greina enn skýrara.

Leiðréttar eru tilvísanir í samræmi við breytingar sem urðu á lögunum þegar nýr IV. kafli tók gildi 1. janúar síðastliðinn auk þess sem leiðréttar eru nokkrar villur sem m.a. eru til komnar vegna villna í fyrrnefndri tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessu frumvarpi verði vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 684. mál (samlagshlutafélög o.fl.). — Þskj. 1001.

[16:45]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er stefnt að því að gera vissar breytingar á lögum um hlutafélög, einkum með því að skjóta inn ítarlegri ákvæðum en þar er um að ræða samlagshlutafélög. Yrði það gert í sérstökum kafla. Markmiðið er að skýra reglur laganna um hlutafélög viðvíkjandi samlagshlutafélögum og veita samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingarstarfsemi frelsi til að víkja frá tilteknum ákvæðum laganna. Jafnframt er tækifærið notað í frumvarpinu til að gera breytingar á ákvæðum um arðgreiðslur, nánar tiltekið í 1. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið er flutt í framhaldi af vinnu starfshóps sem ég skipaði sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra og var falið að fjalla um fjármögnun nýsköpunar og gera tillögur sem aukið gæti aðgengi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja að áhættufjármagni. Með skipun starfshópsins var brugðist við ábendingum frá Vísinda- og tækniráði og iðnþingi um skort á fjármagni til slíkra fyrirtækja.

Í vinnu starfshópsins var m.a. tekið mið af framkomnu frumvarpi forsætisráðherra, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. en þar var lagt til að Nýsköpunarsjóður fái 1.500 millj. kr. á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun nýrra samlagssjóða með líf-eyrissjóðum og öðrum fjárfestum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Frumvarpið varð síðan að lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Í niðurstöðu starfshópsins, frá desember 2005, er lagt til að gerðar verði breytingar á lagaákvæðum um samlags-

hlutafélög þannig að það félagsform nýtist betur en nú er til sameiginlegra fjárfestinga, m.a. í nýsköpun. Breytingarnar séu nauðsynlegar til að auðvelda ólíkum fjárfestum að standa saman að sameiginlegum fjárfestingum, m.a. í nýsköpun. Lagðar eru til breytingar á skattskyldu félaganna, möguleikum lífeyrissjóða til þátttöku í þeim og að gerðar verði tilteknar breytingar á ákvæðum hlutafélagalaga.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram af hálfu fjármálaráðherra frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt þar sem lagt er til að samlagshlutafélag teljist ekki sjálfstæður skattaðili nema eftir því sé sérstaklega óskað við skráningu og að kveðið verði skýrar á um það að lífeyrissjóðir séu undanþegnir skattskyldu af hvers konar tekjum af starfsemi sem þeim er heimil. Tillögur þessar eru mikilvægar til að auðvelda aðkomu lífeyrissjóða og annarra fjárfesta, sem undanþegnir eru skatti, að samlagshlutafélagi í fjárfestingarstarfsemi.

Samhliða frumvarpinu þarf einnig að gera breytingar á lögunum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Í hinum nýja kafla hlutafélagalaganna um samlagshlutafélög sem er fjórar greinar eru dönsk og norsk hlutafélagalög að nokkru leyti höfð til hliðsjónar. Meginbreytingin er að gert er ráð fyrir að samlagshlutafélög, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, hafi visst frelsi til að víkja í samþykktum sínum frá þeirri meginreglu um samlagshlutafélög almennt að þau þurfi að fara eftir ákvæðum laga um hlutafélög eftir því sem við á.

Í a-lið 2. gr. frumvarpsins, sem verður 159. gr. laganna, kemur fram í 1. mgr. að ákvæði laganna um hlutafélög taki til samlagshlutafélaga eftir því sem við á en í greininni eru einnig fleiri almenn ákvæði um samlagshlutafélög.

Í 2. mgr. eru samlagshlutafélögin þannig skilgreind:

Samlagshlutafélag er sú tegund samlagsfélaga þar sem einn eða fleiri félagsmenn (ábyrgðaraðilar) bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir félagsmenn (hluthafar), einn eða fleiri, bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga sem mynda hlutafé í félaginu. Ábyrgðaraðilar geta jafnframt verið hluthafar.

Samkvæmt framangreindri skilgreiningu er samlagshlutafélag eins konar sambland af sameignarfélagi með ótakmarkaðri ábyrgð og hlutafélagi með takmarkaðri ábyrgð.

Í 3. mgr. eru ákvæði um heiti samlagsfélags og skammstöfun á heiti þess. Í greininni eru að öðru leyti ákvæði úr gildandi lögum þess efnis að í samþykktum samlagshlutafélags skuli vera reglur um innbyrðis réttarsamband félagsmanna. Þar að auki er þar að finna áskilnað um viðbótarupplýsingar sem gefa skal í samþykktum samlagshlutafélaga umfram það sem gera skal í samþykktum hlutafélaga almennt. Þessi ákvæði snerta ábyrgðaraðila.

Þá er í greininni tekið fram að gæta skuli ákvæða laganna um hlutafélög á grundvelli reglna Evrópska efnahagssvæðisins, m.a. um stofnun og skráningu samlagshlutafélaga svo og að gæta skuli ákvæða annarra laga.

Í b-lið, sem verður 160. gr. laganna um hlutafélög, eru aðalákvæði frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir að þeim samlagsfélögum, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, sé veitt meira frelsi en öðrum samlagshlutafélögum, þ.e. þau geti með ákvæðum í samþykktum vikið frá ákvæðum laganna um hlutafélög eftir því sem nánar er kveðið á um í greininni. Rökin að baki ákvæði þessu eru þau að í tilteknum félögum, sem stunda ekki eiginlegan atvinnurekstur heldur einungis fjárfestingar í fjármálagerningum, vilja stofnaðilar haga málum með þeim hætti að samið sé í upphafi um fyrirkomulag fjárfestinga til ákveðins tíma. Stjórn fjárfestinga er þá í höndum ábyrgðaraðila og hafa aðrir félagsmenn ekki bein áhrif á starfsemi félagsins nema ábyrgðaraðilinn fari út fyrir samning aðila. Til að gera slíkt fyrirkomulag mögulegt er nauðsynlegt að heimila tiltekin frávik frá ákvæðum hlutafélagalaga.

Í 2. mgr. kemur fram að ekki sé skylt í samlagshlutafélögum, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, að kjósa stjórn heldur geti ábyrgðaraðili, einn eða fleiri sameiginlega, gegnt hlutverki stjórnar. Þá er heldur ekki skylt eins og almennt er í lögum um hlutafélög að framkvæmdastjóri skuli vera í félögunum heldur getur ábyrgðaraðili gegnt störfum framkvæmdastjóra eða falið öðrum það. Þá er gert ráð fyrir að ábyrgðaraðilinn geti ritað firma félagsins. Sé ábyrgðaraðilinn lögaðili skal tiltekinn einstaklingur koma fram fyrir hönd hans eins og almennt er litið á. Ábyrgðaraðili skal ávallt eiga sæti í stjórn sé hún kosin. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga sér samsvörun í norskum lögum.

Samkvæmt 3. mgr. má framselja vald hluthafafundar í samlagshlutafélögum, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, til ábyrgðaraðila. Halda skal þó aðalfund í þessum félögum og samþykkja m.a. ársreikning þar. Breytingar á félagssamþykktum skal bera undir hluthafafund og unnt er að halda hluthafafund samkvæmt almennum skilyrðum ef talið er að samþykktir séu brotnar. Í samþykktunum má kveða sérstaklega á um form atkvæðagreiðslu á hluthafafundi, t.d. um meirihlutaatkvæðagreiðslu, og hvaða reglur gildi um atkvæðagreiðslur og atkvæðahlutföll, m.a. áskilnað um einróma samþykki eins og í norskum lögunum.

Í 4. mgr. er tekið á nokkrum atriðum og greint frá því að í samþykktum samlagshlutafélaga sem stunda fjárfestingarstarfsemi megi einnig kveða sérstaklega á um framsal og veðsetningu hluta, innlausnarskyldu og arðgreiðslur, m.a. tíðni arðgreiðslna, svo og um slit félaganna, t.d. um ákveðinn líftíma þeirra.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[16:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var svo flókið mál að það var ekki nema von að hæstv. ráðherra fipaðist á stundum í að lesa þessa smíð. Ég hjó eftir að hæstv. ráðherra greindi frá því að hluti af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu varðaði Nýsköpunarsjóð. Meðal annars átti að breyta ákvæðum um hann til að gera honum kleift að nýta það fé sem hann á að fá af svokölluðum Landssímasjóði til að geta tekið þátt í samlagshlutafélögum með hugsanlega öðrum fyrirtækjum eða stofnunum.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra af hreinum ókunnugleika hvort þessi ákvæði frumvarpsins séu lögð fram í einhverjum tengslum við þær breytingar á hlutverki

Byggðastofnunar og Iðntæknistofnunar sem kynntar hafa verið síðustu dægur.

[16:55]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki hægt að segja að samhengi sé þarna á milli. Þó varðar þetta mál nýsköpun eins og hitt málið, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, að því leyti eru tengsl en að öðru leyti eru þetta óskyld mál. Þetta mál er lagt fram í framhaldi af vinnu eins og ég kom inn á í máli mínu sem hefur átt sér stað og varðar sprotafyrirtæki, hátæknifyrirtæki og nýsköpunarfyrirtæki sem við viljum reyna að efla í samfélaginu.

Í raun má segja að þetta frumvarp, og það sem það kveður á um, sé lykilatriði í því sambandi að fá fjárfesta til að leggja fjármagn til nýsköpunar og þá með Nýsköpunarsjóði. Þær 1.500 milljónir sem ég tiltók í ræðu minni fara þá væntanlega inn í svokallaðan sjóðasjóð þar sem aðrir koma að. Þannig getum við eflt nýsköpun í landinu og ég veit að hv. þingmaður er mér alveg sammála um að það sé mikilvægt.

[16:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra skýr svör. Það kom fram í máli hennar að þetta frumvarp tengist einungis með óbeinum hætti þeirri umfangsmiklu breytingu sem hún er að beita sér fyrir og varðar samruna og breytingar á högum Byggðastofnunar og Iðntæknistofnunar.

Ég kom hér einungis upp til að fá forvitni minni svalað um það hvort þarna væru einhver tengsl í milli. Ef þau hefðu verið sterkari en hæstv. ráðherra skýrði svo skilmerkilega frá þá hefði ég spurt hana hvernig hún hefði smyglað þessu frumvarpi í gegnum þingflokk sjálfstæðismanna. Hann hefur hingað til ekki lagst mjög á sveifina með hæstv. ráðherra í því máli, en hugsanlegt er að hún eigi stuðningsmenn og miklu sterkari og betri annars staðar en í þeim flokki í því máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Höfundalög, 1. umr.

Stjfrv., 664. mál (lækkun fylgiréttargjalds, EES-reglur). — Þskj. 974.

[16:57]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á höfundalögum vegna innleiðingar ákvæða í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks.

Tilskipunin var kynnt með þingsályktunartillögu utanríkisráðherra á 128. löggjafarþingi 2002–2003. Þar kom fram að breyta þyrfti ákvæðum um fylgiréttargjald í tvennum lögum hér á landi, höfundalögum, vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni og lögum um verslunaratvinnu vegna sölu listmuna á uppboðum.

Viðskiptaráðherra hefur þegar flutt frumvarp á yfirstandandi þingi vegna breytinga á lögum um verslunaratvinnu sem leiða af tilskipuninni sem var samþykkt sem lög nr. 117/2005, 19. desember sl.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 25. gr. b í höfundalögum þar sem segir m.a. að leggja skuli 10% gjald á málverk, myndir og listmuni sem seldir eru í atvinnuskyni. Skal gjaldið renna til listamanna eða erfingja þeirra en til vara til starfslauna handa myndlistarmönnum.

Með tilskipuninni, sem tekin hefur verið upp í EES-rétt, er fylgiréttargjald lækkað samkvæmt ákveðnum reglum úr 10% og allt niður í 0,25% á dýrustu verkunum. Rétt þykir að nýta heimild EES-gerðarinnar til að halda 10% gjaldi á þeim verkum sem seld eru fyrir fjárhæð undir 3.000 evrum, sem eru um 257 þús. kr. miðað við daginn í dag. Síðan fer gjaldið lækkandi í fimm þrepum. Hámark er sett á fylgiréttargjaldið sem skal ekki nema hærri fjárhæð en sem samsvarar 12.500 evrum. Meginávinningur frumvarpsins er lækkun á fylgiréttargjaldi og þar með lækkun á verði listaverka til kaupenda á listmunum sem seldir eru í atvinnuskyni, þ.e. í listaverkagalleríum. Varðandi nánari upplýsingar vísa ég til efnis frumvarpsins. Samkvæmt núverandi skipulagi eru tekjur Myndhöfundasjóðs Íslands – Myndstefs, af fylgiréttargjaldi færðar sem ríkistekjur og grein gerð fyrir ráðstöfun þeirra í fjárlögum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að lögin hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að þegar málinu verður lokið eftir þessa umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. menntamálanefndar.

[17:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. menntamálaráðherra nokkurra spurninga þó að ég viti að hér sé um að ræða tilskipun frá Evrópusambandinu. Fyrsta spurningin er hvort ráðherra viti hvað liggi að baki þessari tilskipun. Hvernig stendur á því að maður sem er búinn að kaupa verk sem hann telur vera sína eign þurfi að borga einhverjum manni úti í bæ þegar hann selur það á uppboði? Hvaða rök liggja að baki því?

Í öðru lagi, þau verk sem eru hvað leiðigjörnust munu væntanlega verða seld oftast. Hvaða rök eru fyrir því að listamaður sem semur eða skapar leiðigjarnt verk fái meiri tekjur en sá sem skapar verk sem menn geta ekki skilið við sig?

Síðan er spurningin sú: Hvaða rök eru fyrir því að þeir sem setja verk sín á uppboð, af því að þetta er skattlagning á uppboð, skuli greiða gjald til höfundar sem er einhvers staðar úti í bæ en ekki ef menn selja þetta beint á götunni fyrir framan uppboðið?

[17:01]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta eru athyglisverðar hugleiðingar og

spurningar sem hv. þm. Pétur Blöndal setur hér fram. Eins og fram kom erum við að koma til móts við það sem EES-svæðið og -rétturinn segir okkur. Um leið vil ég geta þess að það er um samræmingu að ræða.

Varðandi þau atriði og sérstaklega fyrra atriðið sem hv. þingmaður kemur inn á er hann í rauninni að beina til mín að breyta höfundaréttarlögum eins og þau eru í dag. Þetta er í algjöru samræmi við höfundaréttarlög okkar sem eru í gildi í dag, þ.e. að greitt er ákveðið höfundaréttargjald þegar listaverk ganga kaupum og sölum þannig að við erum ekki að breyta neinu hvað það varðar. Í rauninni erum við að breyta þeim upphæðum sem um er að ræða og eru í gildi.

Hv. þingmaður talar um skattlagningu á þeim munum sem koma á uppboð. Það má segja að uppboðið og uppboðsferlið er það opinbera ferli sem um er að ræða. Það er ljóst að það getur um það nú þegar í þeim lögum sem eru í gildi og þar af leiðandi eru ákveðin höfundaréttargjöld sem fylgja sem síðan fara einnig til uppboðshaldara. Því er ekki ætlunin að breyta með þessu frumvarpi en það væri hægt að ræða það á öðrum vettvangi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staða hjóna og sambúðarfólks, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 69. mál. — Þskj. 69.

[17:03]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Ég flyt hér tillögu til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks. Flutningsmenn eru Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Ásta Möller.

Í texta segir svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna stöðu hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri með tilliti til skatta, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra.

Nefndin kanni hvort núgildandi skattalög hafi áhrif á að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda í því skyni að njóta fjárhagslegs hagræðis í kerfinu. Nefndin kanni einnig hvernig styrkja megi stöðu hjóna og sambúðarfólks í framangreindu tilliti.

Skýrslu um málið verði skilað til Alþingis fyrir 1. desember 2006."

Í greinargerð segir svo:

„Hjúskapur eða sambúð felur í sér fjárhagslegt hagræði, ekki síst fyrir barnafólk. Hagræðið felst m.a. í því að auðveldara er fyrir tvo einstaklinga að halda heimili, þ.e. borga af húsnæði, innkaup o.s.frv. Um þetta er ekki deilt og hefur verið um það almenn samstaða að styrkja beri einstæða foreldra sem ekki njóta þessa hagræðis og hafa bæði ríkisvaldið og sveitarfélög gripið til ýmissa ráðstafana í því skyni. Má þar nefna hærri barnabætur, uppbætur á meðlagsgreiðslur, hærri húsaleigubætur, hærri námslán, lægri leikskólagjöld o.fl. Hér er ekki gerður ágreiningur um þessar ráðstafanir enda gegna þær mikilvægu hlutverki við að jafna lífskjör hér á landi.

Á vef Hagstofu Íslands er þess getið að árið 2004 hafi 1.472 pör gengið í hjónaband hér á landi. Lögskilnaðir voru 552. Samkvæmt hjónavígsluskýrslum 2004 höfðu 87% hjónaefna verið í óvígðri sambúð og nær helmingur þeirra verið í sambúð lengur en fimm ár.

Því hefur verið haldið fram að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda beinlínis með það að markmiði að fá þær bætur og njóta þess hagræðis sem einstæðir foreldrar hafa notið. Þá má ætla að framangreint letji fólk mjög til að ganga í hjónaband eða tilkynna sambúð. Með hliðsjón af tekjutengingu þessara bóta má halda því fram að það sé einkum tekjulágt fólk sem grípur til þessara ráða.

Slíkir málamyndaskilnaðir og sambúðarslit eru vitaskuld ólöglegt athæfi búi fólk eftir sem áður saman en þiggi bætur sem ætlaðar eru einstæðum foreldrum. Eftirlit með því hvort fólk býr saman eða ekki er hins vegar mjög erfitt og hefur ekki verið reynt nema að takmörkuðu leyti. Verst er þó að mati flutningsmanna að í kerfinu skuli vera innbyggðir hvatar til að slíta hjónabandi eða sambúð, hvatar sem hafa jafnframt þau áhrif að draga úr áhuga fólks á því að stofna til hjúskapar eða hefja sambúð. Slíkt getur aðeins haft óheppileg áhrif.

Fram hefur komið hjá þjónandi prestum á höfuðborgarsvæðinu að þeir viti nokkur dæmi um hjónaskilnaði af ástæðum sem að framan greinir.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er því fyrst og fremst að kanna mismunandi stöðu fólks í hjúskap eða sambúð og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra og hversu algengt það sé að fólk skilji eða slíti sambúð vegna þess lagalega umhverfis sem hér hefur verið rakið. Í kjölfar þessa er síðan lagt til að nefndin kanni hvernig unnt sé að styrkja stöðu hjónabandsins og stöðu sambúðarfólks. Rétt er að taka fram að þær aðgerðir sem kann að verða gripið til mega ekki á neinn hátt rýra núverandi kjör einstæðra foreldra.

Gert er ráð fyrir að skýrslu um málið verði skilað til Alþingis fyrir 1. desember 2006."

Virðulegi forseti. Nú hins vegar ber svo við að ég hef dæmi um það að hjón með tvö börn hafa slitið samvistum og greiðslur sem þá hafa komið út úr tryggingakerfinu til konunnar nema allt að 400 þús. kr. á ári. Er það þetta form sem Alþingi vill leiða til með löggjöf sinni? Erum við ekki öll sammála um að hornsteinn þessa þjóðfélags er hjónabandið og er því ekki eðlilegt að löggjafinn leggi meiri áherslu á að vel sé um hnúta búið þannig að það sé aðlægt nútímanum og það kalli á að fólk staðfesti ráð sitt ef hugur þess stendur til þess? Ég tel það, virðulegi forseti.

Þess vegna þykir mér það með ólíkindum að þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég flyt þetta mál, en ég verð bara að viðurkenna það, virðulegi forseti, að ég veit ekki hvort þetta er fimmta, sjötta eða sjöunda sinnið. Hér hafa hverjir á fætur öðrum, ráðherrar félagsmála og jafnvel forsætisráðherra komið á góðum stundum og sagt að það þurfi að búa vel að hjónabandinu. Vissulega tek ég undir það. En það er kannski með þessi þingmannamál, bæði stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga, að þau fá yfirleitt ekki mikinn hljómgrunn í nefndum.

Hér er hins vegar mál sem ég tel að þurfi virkilega skoðunar við og ég treysti því að hv. félagsmálanefnd muni taka þetta mál til alvarlegrar íhugunar og ýta því þannig áfram að til þessarar vinnu verði efnt, að skoða þessa stöðu og skoða hvort ekki sé hægt að breyta til í kerfinu þannig að fólk fari ekki að skilja til þess að, eins og ég sagði hér áðan, hjón með tvö börn geti þess vegna aukið tekjur sínar um allt að 400 þús. kr. á ári, skilið en búið samt saman.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. félagsmálanefndar.

[17:10]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni og meðflutningsmönnum hans fyrir tillöguna og það erindi sem hann hefur flutt hér. Ég held að það sé brýnt að skoða þetta en þó sé alveg ljóst að ákveðna hluti þarf ekkert að skoða því við vitum nákvæmlega hvernig þeir liggja.

Það er þannig til að mynda um örorkulífeyrisþega að tekjutengingar við tekjur maka hafa sannarlega verið óhóflegar og kannski yfir höfuð rangar. Eins og hv. þingmaður þekkir þurfti Öryrkjabandalagið að sækja hér á stjórnarmeirihlutann, hvers flutningsmenn eru hluti af, upp í Hæstarétt til þess að fá það þó úrskurðað að hafi maki öryrkja einhverjar tekjur að gagni þá fái öryrkinn þó núna eftir hæstaréttardóminn rúmlega 40 þús. kr. á mánuði sér til framfærslu á meðan hann áður þurfti við að búa við aðeins 20 þús. kr.

Ég velti því einfaldlega fyrir mér hvort sú tekjuskerðing sem nú er, þrátt fyrir hæstaréttardóminn, sé ekki líka einfaldlega röng og hvort ekki væri rétt að líta svo á að öryrkinn sé sjálfstæður einstaklingur þó að hann sé giftur og að hann þurfi á fullri framfærslu að halda þó að maki hans hafi tekjur. Einnig hvort það sé ekki til of mikils mælst af mökum öryrkja að þeir beri framfærsluábyrgðina á þeim alla ævi og hvort flutningsmenn vilji ekki bara einfaldlega flytja skýrar breytingartillögur við almannatryggingalöggjöfina sem afnemur tekjutengingar örorkulífeyrisþega við tekjur maka. Það dæmi sem hv. þingmaður nefndi hér um hjón sem skildu og fengu þá 400 þús. kr. meira út úr tryggingakerfinu, það gæti einmitt verið vegna þessarar tengingar við tekjur maka og virðist augljóst að það eigi að afnema þá tengingu og líta einfaldlega á hvern og einn einstakling (Forseti hringir.) sem sjálfstæðan því að auðvitað bitna þessar skerðingar fyrst og fremst á konum í tryggingakerfinu.

[17:12]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir undirtektir hans við þessa þingsályktunartillögu en um leið var hann eiginlega að slá hana af og leggur til að við komum með annað mál fram og ýtum þessu til hliðar.

Ég sagði áðan að ég myndi ekki hversu oft ég hefði flutt þetta hér á Alþingi og það er bara með þetta eins og annað sem snýr að þessu máli. Eins og ég sagði áðan þá er hjónabandið talið vera hornsteinn þjóðfélagsins og mér finnst ekki vera nægjanlega horft til þeirrar staðreyndar. Hvort það er í tekjutengingu í hinu sérkennilega og óskiljanlega kerfi Tryggingastofnunar ríkisins eða hvað þá hlýtur það að koma fram í þeirri vinnu sem við leggjum hér til að verði unnin. Þetta mál, hvort sem hér er um öryrkja eða heilbrigðan mann að ræða þá eiga þeir auðvitað að sitja jafnir að og eins og við getum hér um í þingsályktunartillögunni að hvort sem um er að ræða einstæða móður eða aðra þá ætlumst við ekki til þess að þeirra kjör séu með nokkrum hætti skert og teljum að það sé af hinu góða að hagsmuna þeirra sé gætt.

Ég tek alveg undir það, það þarf auðvitað að skoða þetta mál líka. En það gerist ekki með því ef við þingmenn erum hér að vingsa málum til og frá, þá vinnst ekki neitt. Ég held að þetta mál sé mjög brýnt og byrjum á því, hv. þm. Helgi Hjörvar, og sjáum svo hvort ekki er hægt að stilla strengi saman þannig að þetta mál verði til öndvegis fært.

[17:14]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil á engan hátt vísa þessu máli frá og þykir nokkuð til um þrautseigju hv. þingmanna að flytja það hér ár eftir ár og raunar einkennilegt um margt um starfshætti Alþingis að jafnsjálfsagt mál sem flutt er af þingmönnum stjórnarliðsins skuli ekki einu sinni getað náð fram að ganga þó að þau séu flutt ítrekað. Ég held að þessi skoðun sé sannarlega þörf en bendi hv. þingmanni einfaldlega á að við getum engu að síður þegar gripið til aðgerða til að hafa áhrif á kjör hundruða eða þúsunda Íslendinga í þessu efni og spyr þingið og hv. þingmann hvort það séu ekki leifar frá liðinni tíð að hugsa um hjónabandið þannig að ef annað hjónanna verður til að mynda öryrki til lífstíðar þá eigi framfærsluskylda hans að hvíla á makanum og öryrkinn aðeins að fá liðlega 40 þús. kr. á mánuði í bætur sér til framfærslu. Og hvort það sé ekki skoðun okkar á 21. öldinni að hver og einn einstaklingur eigi sjálfstæðan rétt til mannsæmandi lífs og ákveðinnar reisnar í daglegu lífi sínu og hvort við eigum ekki einmitt í þágu hjónabandsins, sem hv. þingmaður ber fyrir brjósti, að afnema tengingar við tekjur maka í örorkulífeyriskerfinu og hugsanlega í fleiri bótakerfum sem við höfum, auk þess að fara í þá skoðun sem hv. þingmenn eru hér að leggja til.

[17:16]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að full ástæða væri til að fara ofan í saumana á tryggingakerfinu alveg frá a til ö og ég held að við séum þeirrar skoðunar, þingmenn allra flokka, að það þurfi virkilegrar skoðunar við og uppstokkunar til nútímans. Ég get alveg tekið undir það. Við vonum að þetta mál nái fram að ganga og þá komi vinnan, sem hv. þm. Helgi Hjörvar kom inn á, að skoðaðir séu allir þættir þess hvort sem einstaklingar eiga við sjúkdóma að etja og teljist til örorkuþega eða ekki. Ég heyri að þeir sem hafa talað vilja framgang þessa máls og það er vel.

[17:17]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ekki ætla ég að tefja framgang málsins með langri ræðu. Ég hafði ætlað mér að kveðja mér hljóðs í

andsvörum en get komið viðhorfum mínum að í stuttri ræðu.

Í fyrsta lagi er ég ekki viss um að ég sé sammála hv. þingmanni um að hjónabandið sé undirstaða samfélagsins. Ég er þeirrar skoðunar að fjölskyldan sé undirstaða samfélagsins. Það er fullt af fólki sem ekki er í hjónabandi og ekki einu sinni í skráðri sambúð sem eigi að síður sinnir sínum góðu skyldum sem góðir samborgarar, bæði gagnvart börnum og öðrum sem eru partur af samfélaginu.

Í öðru lagi er ég þeirrar skoðunar að skilgreiningin á fjölskyldu hafi með tímanum breyst. Sjálfur lít ég svo á að skilgreina beri sem fjölskyldu þá sem eru einstæðir með börn og út af fyrir sig líka þá sem búa einir. Sú litla eining er líka í nútímasamfélaginu fjölskylda. Þetta eru hornsteinar samfélagsins. Kerfið sem við höfum byggt upp hefur með samþykki allra flokka í gegnum tímann reynt að taka mið af þörfum þeirra sem verst eru staddir. Oft og tíðum eru það því miður þeir sem búa einir með lítil börn. Lítil börn krefjast mikils tíma og töluverðs kostnaðar. Sá sem elur önn fyrir börnum í uppvexti hefur ekki sömu möguleika til að afla sér mikilla tekna með jafnmikilli vinnu og er plagsiður okkar Íslendinga. Af því leiðir að stundum eru það einmitt þeir hópar sem þurfa sérstaks stuðnings við. Það kemur fram í hærri barnabótum. Það kemur líka fram í ýmiss konar tilhliðrunum eins og hvað varðar pláss fyrir börn á dagvistarheimilum og líka lægra verði. Þetta hefur verið talið jákvætt og flestir stjórnmálaflokkar hafa haft nokkurn dyn á hugmyndum af þessu tagi. Segja má að þær séu undirstaðan í velferðarkerfi okkar.

Ég tek það alveg skýrt fram að ég tók mætavel eftir því þegar hv. þingmaður sagði að tilgangur tillögunnar væri ekki sá að draga úr því sem þessu fólki er með einhverjum hætti veitt af samfélaginu til að jafna kjör þess, hugsanlega til að koma því í betri stöðu í samfélaginu, líka til að láta því líða betur. Ég held hins vegar að hv. þm. Helgi Hjörvar hafi náð utan um stærsta hlutann af þeim vanda ef um vanda er hægt að tala. Hv. þm. Helgi Hjörvar gat þess réttilega að það væru ekki síst þeir sem búa eingöngu við framfærslu af hálfu ríkisins, eins og öryrkjar, ekki síst ungir öryrkjar sem líka hafa fyrir fjölskyldu að sjá sem lenda í mikilli fjárhagslegri neyð.

Nú get ég ekki staðfest slík dæmi sem hv. þingmaður nefndi. Vafalítið hefur hann rétt fyrir sér og hefur skoðað þetta. Ég skil hins vegar ákaflega vel þá sem í mikilli fjárhagslegri neyð reyna allt sem þeir geta til að fleyta sér áfram. Ég minnist þess fyrir nokkrum árum þegar mikil áhersla var á málefni öryrkja, þá fengum við þingmenn bréf þar sem einstakir landar okkar í þeim hópi sögðu að þeir ættu einskis annars úrkosti en hugsanlega að kljúfa fjölskylduna. Vísast er það staðfesting á því sem hv. þingmaður segir að við þær aðstæður geta einstaklingar sem með þeim hætti leysa sundur það band sem tengir fjölskylduna saman í gegnum sambúð komist betur af, en það er því miður algert neyðarúrræði. Sú staðreynd að þetta kunni að vera til í samfélagi okkar sýnir að verulegir gallar eru á samfélaginu.

Ég hugsa að kjör þess fólks sem býr við svona þröngar fjárhagslegar aðstæður hafi heldur rýrnað í tíð núverandi ríkisstjórnar. Með þessu er ég alls ekki að sproksetja hv. þingmann en staðreyndin er einfaldlega sú að við höfum á síðustu árum séð það gerast að vaxandi hluti af tekjum þeirra sem eru með lágar tekjur falla ofan skattfrelsismarka. Þetta stafar af því að ríkisstjórnin hefur ekki hækkað skattfrelsismörk eins og annað sem hækkað hefur í samfélaginu sem við höfum yfirleitt notað til viðmiðunar þar við. Þetta leiðir mig að þeirri niðurstöðu að sá vandi sem hér er verið að reyna a.m.k. að leiða fram hafi magnast á síðustu árum og hann megi beinlínis að hluta til rekja til núverandi ríkisstjórnar og efnahagsstefnu hennar. Ég rifja það upp að árið 1995 þegar ríkisstjórnin tók við voru þeir sem höfðu framfærslu sína fyrst og fremst af strípuðum bótum að greiða í skatt 1–2% af þeim tekjum sem þeir höfðu sér til framfærslu. Í dag greiða þeir 14–15%. Vel er hægt að færa rök að því að kaupmáttur þeirra eða ráðstöfunartekjur hafi líka aukist á þeim tíma. En það er alveg ljóst að í sumum tilvikum eru menn fastir í gildrum þar sem þeir eru vegna einhvers konar erfiðleika, líkamlegra ágalla, tímabundinna eða varanlegra veikinda ófærir um að afla sér fjár til framfærslu með vinnu, þá lifa þeir á þessum bótum. Við höfum síðan einnig búið við kerfi eins og hv. þm. Helgi Hjörvar benti á í sinni ágætu ræðu áðan þar sem mjög erfitt er fyrir fjölskyldur sem búa saman þar sem annar er í þeirri stöðu, að auka tekjur sínar með því að hinn heili í sambandinu vinni og vinni mikið.

Ástæðan er sú að það skerðir svo verulega og freklega þær bætur sem hinn aðilinn sem ekki er heill í sambandinu fær frá ríkinu. Þetta held ég að sé stærsti vandinn án þess að ég hafi skoðað þetta út í hörgul. Mér finnst ekki alveg sanngjarnt hjá hv. þingmanni að leiða getum að því að hv. þm. Helgi Hjörvar hafi verið að vísa þessari tillögu út af borðinu. Mér fannst hann síður en svo vera að gera það þegar hann skoraði á hv. flutningsmenn að taka frekar á þessum vanda með því að leggja fram tillögur um hvernig væri hægt að ráða bót á honum, þ.e. með því að afnema tekjutengingar af örorkugreiðslunum eins og hv. þm. Helgi Hjörvar virtist í máli sínu einskorða sig við. Um þetta risu miklar deilur fyrir nokkrum árum. Um þetta féllu hæstaréttardómar sem voru þess eðlis að þeir þörfnuðust sérstakrar túlkunar við og þeir sem þeim túlkunum sættu fannst sér freklega misboðið.

Nú vil ég, frú forseti, af því að tími minn er að verða búinn, segja það alveg skýrt að ég hef ekki á móti því og vil frekar greiða götu þess að málið nái fram að ganga af því að það felur í sér skoðun á ákveðnum vanda sem hugsanlega er til staðar. Það er sjálfsagt að leiða þá stöðu fram og það speglar þá líka kjör þeirra sem búa við þær aðstæður að eiga einskis annars úrkosti en velta fyrir sér úrræðum af þessu tagi.

[17:25]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér flutti hv. þm. Össur Skarphéðinsson lærða ræðu og góða. Ég ætla að byrja á að vera sammála honum um að það er auðvitað alger neyð þegar fólk grípur til þess óyndisúrræðis að slíta samvistum vegna fjárhagslegra aðstæðna. En ég held að við séum alveg sammála um það þótt hv. þingmaður hafi komið inn á það að hann væri mér ósammála um að hjónabandið væri hornsteinn, heldur

sagði hann að fjölskyldan væri hornsteinn þjóðfélagsins. Ég hef, hv. þingmaður, eiginlega leitt líkur að því og þarf ekki að hafa mörg orð um það að hjónabandið leiðir oftar en ekki til þess að það verður fjölskylda þannig að þetta er af sama meiði.

Varðandi síðan það sem komið hefur fram og kom fram í ræðu hv. þingmanns þá er það auðvitað allt það sem segja þarf og það eru miklu fleiri mál og atriði sem þarf vissulega að skoða. Við getum svo sem fært þetta í pólitískar umbúðir og sagt að árið 2005 eða 1995 eða hvenær sem það var hafi þessir hlutir gerst og þess vegna sé þetta komið upp og þessi staðreynd blasi við. Við skulum bara láta það liggja á milli hluta. En þeir aðilar sem fengju þennan starfa mundu eflaust leiða okkur í allan sannleika um það og skiptir þá ekki máli hvort menn hafi misstigið sig í pólitíkinni eða ekki en það sem við þurfum að fá fram er staða þessa fólks og eins og hv. þm. Helgi Hjörvar kom inn á áðan þá er það öll flóran.

[17:27]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Margir þeirra sem ganga í hjónaband slíta því bandi og búa síðan hvor í sínu lagi. Stundum er forsjá barnanna deilt, stundum ekki. En eftir sem áður verða þær einingar sem úr slíkum slitum verða til partur af samfélaginu og þær eru fjölskyldan. Það er það sem að mínu viti er undirstaða samfélagsins og hornsteinar hennar. Hitt er auðvitað hárrétt að hjónabandið leiðir til þess að til verður fjölskylda með öllum þeim mörgu skyldum sem á því sambandi hvíla, eins og felst auðvitað vel í orðinu fjölskylda.

Ég ætla aðeins að leyfa mér, frú forseti, að segja að það er ábyggilega ekki tilviljun að það mál sem hv. þingmaður flytur hefur aldrei náð fram að ganga. Hv. þingmaður er vel af guði gerður og hefur meira að segja snert af jafnaðarmennsku í blóði sínu. Þess vegna lagði hann sterka áherslu á það í málafærslu sinni fyrir tillögunni áðan að ekki mætti samþykkt hennar og sú rannsóknarvinna sem fer í gang ef samþykkt yrði, leiða til þess að með einhverjum hætti yrði gripið til þess ráðs að rýra kjör þeirra sem fyrir eru. Væntanlega ætlast þingmaðurinn þá til þess að kjör hinna verði bætt. Það mun auðvitað kosta mjög miklar upphæðir þannig að einhvern tíma hef ég getað séð fyrir mér að hæstv. fjármálaráðherra, jafnvel forsætisráðherra, mundu segja að þetta væri útgjaldatillaga og það meira að segja af stærri sortinni. En það kynni þó ekki að vera að einmitt það væri ástæðan fyrir því að hún hefur ekki fengist samþykkt? Ef menn skoða þetta munu þeir væntanlega sjá þarna ákveðna ágalla sem þarf að bæta úr með því að lyfta þeim sem eru í sambúð eða hjónabandi til jafns við hina að þessu leyti og það hlýtur væntanlega að kosta mikla peninga. Þess vegna hefur tillagan ekki verið samþykkt hjá þessum púkum í ríkisstjórninni.

[17:30]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks og ég vil byrja á því að lýsa yfir fullum stuðningi við þessa tillögu, alfarið, því mér finnst hún góð. Við þurfum stöðugt að vera að kanna hvort um sé að ræða einhverjar gloppur eða oftryggingar í velferðarkerfinu og við þurfum sérstaklega að skoða hvort skatta- og bótakerfið breyti hegðun fólks sem ég hef mjög mikið á móti. Mér finnst að skatta- og bótakerfi eigi ekki að valda því að fólk skilji eða geri einhverja annarlega hluti.

Mér finnst, án þess að ég vilji þynna út tillöguna og án þess að ég vilji gera neinar breytingar, að það þurfi líka að skoða stöðu námsmanna. Ég hef bent á að bæturnar eru þar mjög ríflegar, mjög rausnarlegar og valda jafnvel ákveðinni félagslegri spennu. Mér finnst því að það þurfi að skoða lánasjóðinn í þessu sambandi. Alveg sérstaklega finnst mér að það þurfi að skoða stöðu meðlagsgreiðenda sem eru atvinnulausir. Sú staða er í rauninni allt að því skelfileg og ég vil nefna að atvinnulaus meðlagsgreiðandi sem greiðir með þremur börnum fær um 85 þús. kr. í atvinnuleysisbætur fyrir börnin þrjú og fyrir sjálfan sig en þarf að borga 45 þús. kr. í meðlög og það er engin miskunn. Hann hefur 40 þús. kr. til að lifa sjálfur af á mánuði og það þykir nú öllum, held ég, of lítið. Það mætti því gjarnan víkka þetta örlítið meira út án þess að ég vilji þar með rýra gildi tillögunnar og án þess að menn fari í of mikla skoðun því að tillagan sjálf er góð og ég vil helst að hún verði samþykkt.

[17:32]

Valdimar L. Friðriksson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni ágætisþingsályktunartillaga frá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni og fleirum. En ég hjó eftir því áðan að hv. málflytjandi hafði kvartað yfir því — ég ætla aðeins að hægja á mér, ég er að bíða eftir athygli hérna — að það væri yfirleitt þannig með þingsályktanir að þær kæmust ekki í gegn. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, og það er kannski nýliðabrek, að það vekur furðu mína að aftur og aftur skuli stjórnarþingmenn kvarta yfir þessu hér í púlti, jafnvel þegar þeir leggja fram sín eigin mál. Einhvern veginn hefði ég haldið að þingsályktunartillögur sem lagðar eru fram af meirihlutaþingmönum ættu að geta fengið brautargengi hjá þeim sjálfum og þeirra flokksmönnum. Mér finnst það ljóður á þinginu að aftur og aftur koma menn fram með ágætismál í formi þingsályktana og jafnvel lagafrumvarpa en ef það kemur ekki beint frá ráðherranum sjálfum virðist það ekki ná í gegn. Það vekur áhyggjur mínar, herra forseti, ef þetta er sú þróun sem er í gangi og er jafnvel orðin staðreynd og verður áfram. Það hlýtur að teljast ráðherraræði ef það er eingöngu ráðherrann sjálfur sem getur lagt fram mál og komið því í gegn.

Miðað við orðræðuna hér í dag og áður hafa menn nefnt að 80–90% þingmannamála væru nánast dauðadæmd um leið og þau væru lögð fram. Ég ítreka að mér finnst þetta vera ljóður á störfum þingsins og tel, herra forseti, að hér sé mál sem vert er að athuga og gera tilraun til breytinga á.

[17:34]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Bara örstutt. Ég þakka þeim þingmönnum sem hér tóku til máls og met það mikils og dreg þá niðurstöðu af þeirra málflutningi að menn styðji þessa þingsályktunartillögu og vilji vinna henni brautargengi. Ég þakka fyrir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknamiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP, 223. mál. — Þskj. 223.

[17:35]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu sem er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á stofnun alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar á Íslandi sem hafi það meginhlutverk að þróa aðferðir við rannsóknir á hnignun lands, jarðvegsrofi og endurheimt landgæða. Rannsóknamiðstöðin hafi jafnframt það hlutverk að miðla þekkingu á þessu sviði, m.a. til vísindamanna frá þróunarlöndum ....“

Ég legg mikla áherslu á að þessi rannsóknamiðstöð verði í Gunnarsholti.

Með þessari þingsályktunartillögu er greinargerð, með leyfi forseta:

„Ísland hefur þá sérstöðu að hafa glatað stærri hluta af þeim auðlindum sem felast í gróðri og jarðvegi en flestar ríkar þjóðir.“ — En gróður og jarðvegur eru auðvitað auðlindir landa. — „Íslendingar eiga sér jafnframt óvenjulanga sögu hvað varðar stöðvun jarðvegseyðingar og endurreisn landgæða.“

Ísland staðfesti sáttmála um varnir gegn eyðingarmyndun árið 1997. Íslendingar hafa samt sem áður ekki tekið nægilega virkan þátt í slíku starfi á alþjóðavettvangi sem er í mótsögn við mikla þekkingu okkar á þessu sviði. Íslendingar eru öflugir þátttakendur í alþjóðastarfi á öðrum sviðum þar sem sérstaða landsins er mikil í tengslum t.d. við eldvirkni, jarðhita og fiskveiðar. Þetta samstarf veitir bæði hvatningu og leiðsögn um það hvernig unnt er að nýta sérstöðu Íslands hvað varðar vernd og endurreisn landkosta í alþjóðlegu samstarfi. Mikils er um vert að búa svo að faglegu landgræðslustarfi að unnt sé að taka þátt í öflugu, alþjóðlegu vísindastarfi á þessu sviði. Einkum er mikilvægt að hingað geti komið sérfræðingar frá þróunarlöndunum til þess að afla sér þekkingar og nýrra viðhorfa á sviði endurreistra landgæða.

Landgræðsla ríkisins er elsta stofnun í heimi á þessu sviði en skipulögð barátta gegn uppblæstri lands hófst hér árið 1907, áratugum fyrr en í öðrum löndum. Þess vegna er Landgræðsla ríkisins elsta stofnun sinnar tegundar í heiminum.

Mikil þekking og reynsla hefur safnast saman um leiðir til að stöðva jarðvegsrof og endurreisa landkosti. Við eigum því miklu að miðla til annarra þjóða á þessum sviðum. Það kom m.a. vel í ljós þegar verkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins um rannsóknir á jarðvegsrofi og leiðir til að „lesa landið“ fékk umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 1998.

Hnignun landgæða er gríðarlegt vandamál í heiminum. Þessi vandi vex stöðugt og mun hafa mikil áhrif á ástand heimsmála næstu árin ef ekki tekst að efla varnir gegn eyðingaröflunum og vinna af meiri krafti að landbótum. Vandamálin eru erfiðust og verst þar sem hagur íbúanna er bágastur, t.d. á jaðarsvæðum í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Vegna aðstæðna hér á landi hafa Íslendingar óvenjugóða möguleika á að rannsaka landhnignun og leiðir til úrbóta miðað við t.d. aðrar Evrópuþjóðir.

Til þess að svo megi verða þarf að auka og samræma faglegt starf við verndun og endurreisn landkosta á Íslandi með áherslu á alþjóðlegt samstarf. Því er hér lagt til að komið verði á fót alþjóðlegri rannsóknamiðstöð á þessu sviði. Rannsóknamiðstöðin hafi m.a. bein tengsl við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskóla Íslands. Slík miðstöð gæti lagt mikla þekkingu af mörkum til þjóða sem berjast gegn eyðingu gróðurs og jarðvegs.

Ég lagði þessa þingsályktunartillögu fram á 127. löggjafarþingi og síðan hef ég endurflutt hana í tvígang. Eins og þingmenn vita og forseti er ástand jarðvegsauðlindarinnar á Íslandi með þeim hætti að gervitunglamyndir sýna að landið okkar er því miður að fjúka burt. Það er hraðfara jarðvegsrof sem er talið vera um 17% landsins og þegar við skyggnumst í tölur kemur í ljós að neðan 500 metra yfir sjávarmáli er um mikið jarðvegsrof að ræða á um 8% landsins og um töluverða gróður- og jarðvegseyðingu að ræða á um 25% landsins. Um 32% lands sem er yfir 500 metra yfir sjávarmáli þarfnast landgræðslu og skógræktar.

Ég talaði hér áðan í greinargerðinni um eyðimerkursáttmála sem við erum aðilar að. Sá sáttmáli var gerður árið 1994 og tók gildi árið 1997. Markmið þessa sáttmála er að bæta landnýtingu og koma í veg fyrir uppblástur og skapa möguleika á alþjóðsamstarfi á þessum sviðum, sérstaklega varðandi rannsóknir og fræðslu. Það er einmitt utanríkisráðuneytið sem fer með þetta málefni og þennan samning hér á landi. Fjölmargir vísindamenn hafa gefið þessari tillögu gaum og unnið út frá henni og reyndar ýmsu öðru. Bæði Ása L. Aradóttir og Ólafur Arnalds lögðu til árið 1987 að komið yrði á laggirnar alþjóðlegri rannsóknarmiðstöð í jarðvegsvernd og endurheimt vistkerfa og þáverandi forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, lagði þessu máli lið. Þá hefur einnig vísindamaðurinn Freysteinn Sigurðsson fjallað oft og vel um þetta á Oddastefnum og reyndar víðar, hann fjallaði líka um þessi mál á umhverfisþingi 2005. Einnig hefur verið fjallað um þessa tillögu í stefnumótun Rangárþings og Mýrdalshrepps fyrir árin 2005–2010, en markmið okkar er að koma upp náttúrufræðisetri á þessum sviðum og Gunnarsholt er kjörinn vettvangur í þeim efnum.

Það kom einnig fram hjá mér í greinargerðinni að Jarðhitaskóli Orkustofnunar eða Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna, eins og við köllum hann oft, sem er á vegum Orkustofnunar, hefur verið hér starfræktur um nokkurt skeið og þar er unnið gríðarlega gott starf á þessum alþjóðlega vettvangi. Sjávarútvegsskólinn hefur verið starfræktur hér síðan 1998 og þar er einnig unnið gríðarlega gott starf og í Gunnarsholti eru aðstæður kjörnar til að vinna að þessu máli. Það er mikill áhugi og stuðningur á Suðurlandi fyrir háskólamenntun, þá erum við líka að tala um að svona alþjóðastofnun væri nokkurs konar skóli eins og ég er að benda á með jarðhitaskólann og eldfjallaskólann o.fl.

Við viljum gjarnan vinna vísindalegt starf á þessum sviðum í Gunnarsholti. Þar er fyrir ákveðin þekking og þessar hugmyndir samrýmast mjög vel hugsjónum forstjóra Landgræðslu ríkisins, Sveins Runólfssonar, en hann talar

um að hugsjónir staðarins séu ræktun lands og lýðs og þetta á auðvitað mjög vel við.

Eins og við vitum öll er Ísland ríkt land. Við erum rík í efnahagslegum skilningi en við búum því miður í landi sem er að fjúka burt, eins og ég hef verið að benda á. Við höfum fram að færa mjög mikla reynslu og þekkingu til þróunarlandanna á sviði landgræðslu og vísinda á þessum sviðum. Það er mikill hugur í starfsmönnum Landgræðslunnar og reyndar í Rangárþingi öllu og á Suðurlandi um þessi mál og nú er lag að berjast fyrir því að koma á slíkri alþjóðlegri rannsóknarmiðstöð. Ég hvet til þess að þessi tillaga verði samþykkt og að við hefjumst handa sem allra fyrst við að hrinda henni í framkvæmd.

[17:45]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp til að lýsa ánægju minni með þessa tillögu til þingsályktunar frá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, um að stofna alþjóðarannsóknamiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu sem skuli vera staðsett í Gunnarsholti. Einmitt þar á hún að vera, t.d. vegna sögunnar, því það er alveg geysileg saga í kringum Gunnarsholt vegna uppblástursins, og vegna nálægðarinnar við Heklu ef hugsað er um eldgosin og allt það landslag sem þar er. Staðsetning Landgræðslunnar í Gunnarsholti er merkileg, en hún hófst 1907, í þessu héraði þar sem sandfok var gríðarlega mikið og margar jarðir fóru í eyði upp úr 1800 og fram yfir síðustu aldamót síðustu aldar, 1900. Það hefur líka verið afskaplega ánægjulegt að fylgjast með því hversu Landgræðslan hefur unnið mikið starf til að vinna landið aftur. Það er ótrúlegt að sjá hvað þar hefur gerst. Þegar ég kom akandi í fyrsta skipti þessa svörtu sanda frá Reykjavík að Gunnarsholti fyrir rúmum 30 árum akandi voru þar aðeins svartar auðnir. Nú eru þarna bleikir akrar og gróin tún. Það sýnir sig að það er hægt að rækta upp landið og endurheimta landgæðin.

Nú eru mikil áform einmitt hjá Landgræðslunni varðandi Hekluskóga og Suðurlandsskóga, samstarfsverkefni. Það á að rækta mikinn skóg í nálægð við Heklu. Þetta eiga að vera nokkurs konar hamfaraskógar, eins og einn ágætur þingmaður hefur orðað það, skógur sem á að taka við öskufalli ef Hekla fer að gjósa.

Ég tel að svona stofnun sem miðli þekkingu á sviði vísindamanna frá þróunarlöndunum skipti miklu máli. Ég veit að það koma margir erlendir gestir í heimsókn til Landgræðslunnar í Gunnarsholti til að læra af þeim og forstjóri Landgræðslunnar fer víða um heim til að halda fyrirlestra eins og margir aðrir starfsmenn þar.

Við Íslendingar erum frumkvöðlar í þessu en það eru mjög margar þjóðir sem eiga í miklum erfiðleikum með landrof. Eins og kom fram hjá framsögumanni hér áðan þá er hægt að fara til Afríku, Nýja-Sjálands, Ástralíu, Nýfundnalands og fleiri landa sem eru að berjast við að halda moldinni á jörðinni og það gerist ekki nema með gróðri og þykkri gróðurþekju.

Vegna þess að Landgræðslan er nú í nágrenni við öll þessi miklu eldfjöll, er á eldfjallasvæði, þá langar mig í lok ræðu minnar að fara með lítið ljóðbrot eftir Matthías Johannessen. Það heitir Landið.

Landið fylgir okkur
í hvítri skikkju,
en eldgígarnir steyttir
hnefar

mót himni.

Við sváfum
undir heiðum himni
og vöknuðum
inn í ójarðneska
þögn

sáum öræfin koma
til okkar
klædd heiðgulum kyrrlátum
morgni:

í gagnsærri skikkju
kemur gamall himinn til jarðar
og gengur við sólstaf
yfir hraunið.

[17:49]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér örstutt til að lýsa yfir ánægju minni með þessa þingsályktunartillögu. Muni ég rétt var hún líka flutt á síðasta þingi. En fékk þá eigi framgöngu og mun því, að því ég best veit, lögð hér fram í að minnsta kosti annað sinn. Ég vona að það gangi betur núna en undanfarin ár og hún fái að fara í gegn. Ég hygg að þetta sé mjög góð hugmynd og ég styð hana.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram í ræðum þeirra ræðumanna tveggja sem hafa talað hér á undan mér í þessu máli, að það eru margar þjóðir sem eiga við vandamál að stríða vegna landeyðingar. Við Íslendingar höfum náð ótrúlegum árangri í að berjast gegn gróðureyðingu. Ég man til að mynda vel eftir því að ég fór á fund hjá Öræfingum á síðastliðnu sumri, í Öræfasveit. Landgræðslufélag Öræfinga, gott ef það hét ekki það. Þar var okkur m.a. sýnt eða við skoðuðum svæði sem hafa verið grædd upp og ég verð að segja að þetta var alveg ótrúlegt. Maður verður eiginlega að sjá það til að trúa því hvað er hægt að gera. Þarna var búið að græða upp mjög hrjóstrugt land á tiltölulega skömmum tíma miðað við þær aðstæður sem þarna eru. Þarna voru hlíðar sem áður voru ekkert nema grjót og melar farnar að gróa upp og horfði mjög vel með framhaldið.

Þarna sannfærðist maður kannski endanlega um að það er hægt að gera ótrúlegustu hluti hér á Íslandi ef rétt er að málum staðið. Ég sannfærðist líka um að við Íslendingar höfum yfir að búa mikilli þekkingu og reynslu í þessum efnum. Ég er alveg sannfærður um að við getum miðlað af þeirri þekkingu til annarra þjóða. Þarna ætti í raun og veru að vera komið sóknarfæri fyrir okkur Íslendinga. Nú á tímum er oft talað um útrás og alþjóðavæðingu. Þarna væri kannski um að ræða útrás sem við höfum ekki reynt svo mikið fram til þessa. Útrás sem gengur út á að selja séríslenska þekkingu á erlendum vettvangi. Ég hygg að það mætti að minnsta kosti athuga hvort ekki væri þörf fyrir ráðgjöf frá okkar hendi, okkar Íslendinga í þessum málefn-

um úti í hinum stóra heimi. Þetta gæti hugsanlega skapað einhver störf og tækifæri fyrir Íslendinga sem hafa skapað sér, eða áunnið sér sérþekkingu í þessum málum.

Ég hygg að í þeim löndum eða þeim heimshlutum sem hv. flutningsmaður Ísólfur Gylfi Pálmason nefndi hér áðan séu einmitt vandamál sem þurfi að leysa hvort sem það er gert á vegum erlendra hjálparstofnana eða annarra. En ég hygg svo sannarlega að við Íslendingar gætum lagt þarna hönd á plóginn með reynslu okkar og þekkingu í þessum málum.

Þetta er það sem ég vildi segja, virðulegi forseti, og jafnframt lýsa yfir að við í þingflokki Frjálslynda flokksins munum að sjálfsögðu styðja þetta mál. Ég veit ekki hvort þetta mál fer til landbúnaðarnefndar. Ég er þar áheyrnarfulltrúi. En mér þætti það ekki ótrúlegt að það kæmi að minnsta kosti til umsagnar þar og þá skal ég ekki láta mitt eftir liggja við að veita þessu mjög svo ágæta máli það brautargengi sem það á skilið.

[17:53]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því hv. þingmaður var að ræða um að Landgræðslan, eða þessi stofnun gæti verið með ráðgjöf fyrir aðrar þjóðir, þá vil ég upplýsa að svo er í dag. Ég veit að á milli Íslands og Grænlands t.d. er mjög mikið samstarf í landgræðslumálum. Hér hefur líka verið afar merkilegur maður frá Nýfundnalandi, prófessor, sem hefur verið að rannsaka mikið í kringum Keldur, uppgræðsluna þar og sandvarnargarða sem eru mjög merkilegir. Þeir eru mjög gamlir og voru hlaðnir upp til að varna sandfoki. Það er í rauninni mjög merkileg smíð á þeim görðum. Þetta er allt hlaðið úr grjóti og á þeim eru hlið sem taka við sandinum út aftur þegar breytir um vindátt.

Á bænum mínum á Keldum var mikil barátta við sandfok árum og áratugum saman. Það er til saga um að í einu miklu roki sem gekk yfir Rangárvellina hafi verið alveg sléttfullt af sandi upp á mæni á gamla bænum. En ég vildi bara koma hér og segja frá því að Landgræðslan á mjög gott samstarf við margar þjóðir, sem betur fer.

[17:55]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim ágætu þingmönnum sem hafa tekið til máls í þessu máli og lagt því lið, þeim Drífu Hjartardóttur og Magnúsi Þór Hafsteinssyni, sem eru báðir þingmenn í Suðurkjördæmi. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir þekkir þessi mál vel enda býr hún í næsta nágrenni við Gunnarsholt. Nákvæmlega þegar þessi orð eru töluð er landið okkar að fjúka burtu því á afréttum uppsveita Árnessýslu er heilmikið moldrok um þessar mundir og það er auðvitað alvarlegt mál.

En við erum afar stolt af starfi Landgræðslu ríkisins. Þar fer fram mjög myndarlegt starf og hefur gert um langan aldur. Þar ríkir ákveðin menning sem skiptir Ísland miklu máli, ég tala nú ekki um okkur á Suðurlandi og í Rangárþingi. Þetta er gríðarlega metnaðarfullt starf. Þar er mikil sérfræðiþekking fyrir hendi. Þar vinna margir sérfræðingar, háskólamenntað fólk og aðrir sem hafa sérþekkingu á þessum sviðum og mikla reynslu í þessum efnum.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson var einmitt að tala um gott landgræðslustarf, m.a. í Öræfum og eitt af fjölmörgum góðum verkefnum Landgræðslu ríkisins er kallað: Bændur græða landið. Þar sem bændur nýta þekkingu sína, fá áburð og annað slíkt hjá Landgræðslunni og vinna í raun og veru mjög gott og göfugt starf, bæði í Öræfum og á Suðurlandi öllu. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson talaði um að hann hefði tekið þátt í þessari umræðu á síðasta þingi. Það er hárrétt. En það vill nú þannig til að í þinginu gerast góðir hlutir hægt.

Þannig var að þegar ég var þingmaður 1995 flutti ég mína fyrstu þingsályktunartillögu um á hvern hátt mætti nýta þann trjávið sem til fellur við grisjun. Þetta var árið 1995 og menn voru dálítið glottaralegir á svipinn þegar ég flutti þessa þingsályktunartillögu. En 2003, eftir átta ár, var þessi þingsályktunartillaga samþykkt sem mér þykir auðvitað mjög merkileg tillaga vegna þess að það fellur mjög mikið til af trjáviði við grisjun á Íslandi og á eftir að falla meira af trjáviði í fyllingu tímans. Þannig að við verðum að gera okkur grein fyrir öllum þessum náttúruauðlindum.

Eins og ég sagði í ræðu minni áðan er jarðvegur og gróður auðlindir landsins, ekkert síður en sjórinn og vatnið o.s.frv. En ég endurtek þakkir mínar til þeirra þingmanna sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. Ég legg til að tillögunni verði vísað til landbúnaðarnefndar og vona að hún fái þar umfjöllun og verði samþykkt á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 237. mál. — Þskj. 237.

[17:59]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég flyt hér tillögu til þingsályktunar um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar og uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi samhliða brottför hersins.

Það er ekki oft sem hægt er að segja um þingmál sem er aðeins nokkurra mánaða gamalt að það sé barn síns tíma því að dagsetningarnar í þingmálinu sem var lagt fram í upphafi þessa þings eru þegar orðnar úreltar en efni frumvarpsins og inntak á ekki síður við nú en þá.

Tillagan til þingsályktunar er flutt af öllum þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og er 1. flutningsmaður hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Þingsályktunartillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka auk formanns sem utanríkisráðherra skipar án tilnefningar til að hafa yfirumsjón með og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í viðræðum við bandarísk stjórnvöld um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar samhliða brottför hersins. Nefndin kanni einnig rækilega möguleika á að auka hvers kyns borgaralega atvinnustarfsemi í tengslum við flugvöllinn og geri tillögur um aðgerðir í því skyni.

Nefndin leiti eftir hugmyndum og þátttöku heimamanna á Suðurnesjum í starfi sínu og eigi við þá náið samstarf. Nefndin skili ráðherra skýrslu sem lögð verði fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2006."

Með öðrum orðum, það var fyrir mánuði síðan í reynd sem við hefðum viljað að þessu starfi yrði lokið. Ekki nóg með það, við höfum flutt samsvarandi mál á fyrri þingum einnig og ég vek athygli á því að það sem hefur verið að gerast hér núna síðustu vikurnar, yfirlýsingar Bandaríkjamanna um að þeir hyggist hverfa af landi brott með öll sín tæki og tól var í reynd fyrirséð. Við rekjum það í greinargerð með þingmálinu hvernig smám saman hefur dregið úr umsvifum Bandaríkjamanna hér á landi og ef mannaflinn er borinn saman 1990 annars vegar og í ársbyrjun 2005 kemur fram að hermenn á vegum Bandaríkjahers voru hér 1990 3.294 en voru í fyrra komnir niður í tæp 1.500 eða 1.453. Íslenskir starfsmenn hersins í marsmánuði 1990 voru yfir 1.000, 1.086 en voru í fyrra komnir niður í 674.

Síðan rekjum við í greinargerð hvernig dregið hefur úr þeim umsvifum, hvernig flugvélum og hertólum margvíslegum hefur fækkað enda í fullu samræmi við þær breyttu aðstæður sem nú eru uppi í þessum heimshluta. Kalda stríðinu, sem svo var nefnt, lauk um 1990 og augljóst að Bandaríkjamenn mundu hverfa af landi brott. Það var reyndar ásetningur okkar að berjast fyrir því að svo yrði og hefur verið í langan tíma, að minnsta kosti margra þeirra sem eiga núna aðild að Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þó að það sé engan veginn einhlítt. En allar götur frá því að sá flokkur var stofnaður árið 1999 hefur hann flutt þingmál þessa efnis og ekki aðeins um brottför hersins og nauðsynlegar ráðstafanir sem grípa þurfi til í tengslum við atvinnuuppbyggingu og yfirtöku á mannvirkjum sem herinn hefur rekið, heldur einnig varðandi umhverfisáhrif. Ég vísa í tillögu til þingsályktunar sem var upphaflega lögð fyrir 125. þing, þ.e. árið 1999, af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Sú tillaga var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta fara fram rannsókn á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu og hernaðarumsvifa á Íslandi og hættum sem eru núverandi hernaðarumsvifum samfara. Einnig verði gerð úttekt á lagalegum álitaefnum þessu tengdum.

Rannsókn beinist sérstaklega að eftirfarandi þáttum:

1. grunnvatnsmengun,
2. jarðvegsmengun,
3. frágangi spilliefna og sorphauga,
4. umhverfishættu sem stafar af núverandi hernaðarumsvifum,
5. réttarfarslegum hliðum málsins varðandi skaðabótaskyldu erlendra og/eða íslenskra stjórnvalda gagnvart landeigendum í þeim tilfellum sem mengun hefur orðið og skyldu þeirra til að hreinsa menguð svæði.

Jafnframt verði reynt að áætla kostnað við hreinsun þeirra svæða sem hafa orðið fyrir mengun."

Við höfum staðið fyrir umræðu um þessi efni hvað eftir annað í þinginu og ég vísa t.d. til umræðu sem fram fór í febrúarmánuði árið 2004 þar sem fyrirspyrjandi var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og beindi fyrirspurnum til þáverandi hæstv. utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar. Þær fyrirspurnir lutu að mengun af völdum Bandaríkjahers á Heiðarfjalli á Langanesi en þar hafði bandarískur her haft setu allt frá 6. áratugnum og fram til ársins 1971.

Við þær umræður var fátt um svör af hálfu stjórnvalda, af hálfu hæstv. utanríkisráðherra, en landeigendur á þeim slóðum hafa reynt að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Það var reynt árið 1997 og það var reynt aftur árið 2001. Hæstiréttur vísaði málinu í báðum tilvikum frá vegna þess að íslenskir dómstólar ættu ekki lögsögu hvað bandarísk stjórnvöld varðaði og vegna einhverra galla sem Hæstiréttur taldi vera í málatilbúnaði fyrir rétti. Þetta var nú sú hjálp sem bændurnir sem hafa þurft að súpa seyðið af hersetunni þarna fyrir norðaustan fengu frá íslenskum stjórnvöldum.

Nú segjum við: Þegar gengið verður til samninga við herinn eða viðræðna við herinn um brottför og viðskilnað hér á landi hvað varðar herstöðina á Miðnesheiði þá er ekki um annað að ræða en að ganga kirfilega frá þessum þáttum einnig. Ég vek athygli á því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur óskað eftir utandagskrárumræðu sérstaklega um það efni og ætla ég ekki að fara ítarlega í þá sálma af þeim sökum við umræðuna nú.

Eins og menn þekkja verður viðræðufundur á morgun á milli íslenskra stjórnvalda og fulltrúa Bandaríkjahers, fulltrúa Bandaríkjastjórnar um viðskilnað Bandaríkjamanna. Ég fagna því sérstaklega að þetta þingmál skuli koma til umræðu í þinginu núna því að við höfum ákveðin skilaboð frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til íslenskra stjórnvalda inn í þær viðræður. Í dag sendi þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá sér yfirlýsingu sem ég vil, með leyfi forseta, lesa.

Hún er svohljóðandi:

„Það er athyglisverð staðreynd að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur á næstliðnum árum einn þingflokka lagt fram tillögur og hugmyndir um viðbrögð vegna brottfarar herliðs Bandaríkjanna frá Keflavíkurflugvelli. Má þar nefna ítrekaðan tillöguflutning, nú síðast á yfirstandandi þingi, um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar og uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi samhliða brottför hersins, svo og tillögu um rannsókn á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu. Aðrir flokkar hafa ekki séð ástæðu til viðbragða né fyrirhyggju þrátt fyrir augljós merki þess að herinn væri á förum. Einhliða ákvörðun Bandaríkjamanna um brottför þrátt fyrir tvíhliða samning um veru herliðsins sýnir vitaskuld betur en nokkuð annað að þeir héldu hér her sjálfs sín vegna og telja það koma sér einum við hvenær og hvernig þeim hentar að halda á brott. Framkoma Bandaríkjamanna kemur þeim vafalaust á óvart sem hafa talið það einhverja tryggingu að í ríkisstjórn Íslands sitja tveir af þremur stjórnmálaflokkum sem stutt hafa hersetuna. Þessi framkoma er vitaskuld niðurlægjandi fyrir ríkisstjórnina sem hefur sýnt Bandaríkjamönnum fylgispekt í flestum málum og m.a.s. skipað sér að baki þeim í ólögmætu árásarstríði þeirra á hendur Írökum.

Í þeim viðræðum sem nú eiga sér stað um framhald málsins er áríðandi að fulltrúar Íslendinga geri réttmætar kröfur til Bandaríkjamanna um viðunandi viðskilnað á Keflavíkurflugvelli og á öðrum svæðum sem hersetan hefur sett mark sitt á. Undir engum kringumstæðum á að þrýsta á um áframhaldandi sýndarviðbúnað hersins, eins og m.a. hefur heyrst í máli forsætisráðherra landsins. Fráleitt væri

að ganga að viðræðunum með slíku hugarfari. Einhvers konar draugastöð á Keflavíkurflugvelli væri versta niðurstaðan sem komið gæti út úr viðræðunum og ber að hafna því algjörlega. Krafan hlýtur að vera að bandarískur her hverfi að fullu og öllu af vellinum og afhendi Íslendingum svæðið og öll mannvirki og aðstöðu þar. Gera ber skýlausa kröfu um ábyrgð Bandaríkjamanna á hreinsun og umbótum vegna mengunar og umhverfisspjalla. Tryggja þarf að skilið verði við starfsfólk með sómasamlegum hætti, starfsmönnum til margra ára verði greidd biðlaun og veitt aðstoð við endurmenntun og leit að nýjum störfum. Þess má geta að fyrir liggur beiðni frá þingflokki VG um umræðu utan dagskrár um viðskilnað Bandaríkjahers við landið og íslenska starfsmenn.

Þingflokkur VG leggur áherslu á að brottför hers ásamt tilheyrandi vopnabúnaði af Keflavíkurflugvelli og öll sú aðstaða sem þar með losnar býður upp á sóknarfæri sem mikilvægt er að nýta til nýsköpunar og uppbyggingar á svæðinu. Ekki er síður mikilvægt að nú skapast til þess skilyrði að móta nýjar áherslur í utanríkis- og friðarmálum, móta sjálfstæða friðarstefnu þar sem leið hernaðarbrölts og hernaðarbandalaga er hafnað, en þess í stað byggt á virkri friðarviðleitni, afvopnun og friðlýsingum. Þau verkefni sem nú þarf að takast á við og tengjast brottför hersins eru öll þess eðlis að Íslendingar geta auðveldlega axlað þau sjálfir. Meginverkefnin eru rekstur Keflavíkurflugvallar, efld landhelgisgæsla og aukið landamæraeftirlit. Loks þarf að stórefla tækjakost og mannafla til björgunarstarfa. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur hvatt til þverpólitísks samstarfs um öll þessi mál. Nú ríður á að menn snúi bökum saman og breyti stöðunni þjóðinni í hag."

[18:12]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hægt er að taka undir býsna margt sem er í tillögu frá hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, en auðvitað gefur málið líka tilefni til þess að velta því fyrir sér hvernig á því stendur að menn telja sig svo óviðbúna eins og raun ber vitni þegar síminn var til hæstv. utanríkisráðherra, Geirs Haardes, um daginn, símtal sem reyndar hefur komið fram að hann átti von á og vissi og gat valið sér daginn hvenær kæmi. Kannski vissi hann líka hvað hann átti að segja.

Að minnsta kosti höfðu menn ekki gert þær ráðstafanir sem hefði þurft að vera búið að gera. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að þetta símtal um miðjan þennan mánuð hafi í raun verið til þess að lækka þröskuldana í samningaviðræðunum sem ríkisstjórnin á í við Bandaríkjamenn, því að þegar því var lýst yfir að herinn ætti að fara héðan fyrir þremur árum eða svo fór af stað undarleg atburðarás sem fólst í því að segja þjóðinni að nú færu í gang samningaviðræður við Bandaríkjamenn. Þar ættu menn nú aldeilis innangengt og hauka í horni til að ræða málið. Síðan hefur þjóðinni verið haldið uppi á því að þarna væri verið að fást við málin og niðurstaðan af þessu mundi verða einhver árangur ríkisstjórnarinnar hvað varðaði áframhaldandi varnir landsins eins og það heitir.

Niðurstaðan sem kom núna um daginn var sú að hinar sýnilegu varnir, þoturnar og þyrlurnar ættu að fara héðan. Ég vil halda því fram að Bandaríkjamenn hafi tekið ómakið af Íslendingum að þessu leyti, að Íslendingar eða ríkisstjórnin hefði nú tæplega viljað koma heim úr samningaviðræðum með eitthvert smáræði þar sem öllum stóru kröfunum hefði verið hafnað, þ.e. um að hafa hér sýnilegar varnir, og hafi þótt það heldur skárra að Bandaríkjamenn köstuðu þá út af borðinu þessum stóru ágreiningsmálum svo að hægt yrði að semja um þau litlu og koma þá með eitthvað heim úr þeirri samningaferð.

Það ferli stendur yfir núna. Það er sem sagt búið að lækka þröskuldana. Bandaríkjamenn gerðu það með símtali þann 15. þessa mánaðar. En það er margt sem þarf að skoða í samhengi við þetta mál og sérstaklega ber að huga að því fólki sem þarna vinnur og framtíð þess og atvinnusvæðis þess sem þarna um ræðir. Ég held því fram að þetta sé í heildina ekki óskaplega mikið atvinnulegt áfall fyrir höfuðborgarsvæðið en þetta er mjög stórt verkefni og áfall fyrir nærsvæðið á Reykjanesi og þá sem þar vinna og gera þarf allt sem mögulegt er til að koma til móts við það fólk. Það þarf að gera með því að skapa ný atvinnutækifæri og líka með því að koma til móts við það fólk sem er að nálgast mjög eftirlaunaaldur.

Ég vil koma því hér að að ég hef flutt ásamt tveimur öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar þingsályktunartillögu sem er núna í félagsmálanefnd sem var einmitt hugsuð til þess að hægt væri að koma til móts við fólk sem missti atvinnu sína á viðkvæmum tíma þegar það nálgast eftirlaunaaldur.

Þó svo að við höfum verið að fá góðar fréttir af því að Atvinnuleysistryggingasjóði eigi að breyta og fólk eigi að fá hærri tekjur úr honum í þrjá mánuði eftir að það missir atvinnu sína, þá gerir það ekki nema mjög lítið til að bæta það áfall sem verður þegar fólk missir atvinnu sína á efri árum, fer að nálgast eftirlaunaaldurinn, og á kannski litla möguleika á að endurhæfa sig eða finna sér störf við hæfi. Fólk sem hefur greitt alla sína ævi í lífeyrissjóði á betra skilið en að vera á atvinnuleysisbótum kannski þrjú, fjögur, fimm ár, í lok starfsævi sinnar.

Ég tel að það sé verkefni lífeyrissjóðanna og Atvinnuleysistryggingasjóðs og stjórnvalda í landinu, ásamt verkalýðsfélögunum og atvinnurekendum, að leiða saman krafta til þess að fólk geti hætt störfum fyrr þegar svona hagar til. Þess vegna var sú tillaga flutt sem ég nefndi. Ég tel að slík aðferð geti vel verið hluti af því að leysa umrædd vandamál.

Þó svo hér hafi farið af stað mikil umræða um uppbyggingu álvers á því svæði finnst mér í sjálfu sér að ákveðin tækifærismennska sé fólgin í því vegna þess að vinna við það mun ekki leysa úr atvinnuvandanum á svæðinu. Það er atvinna sem kemur þá til miklu síðar og er kannski allt annað mál og ætti að ræða á annan hátt en í tengslum við þetta verkefni sem nú er til umræðu.

Ég ætlaði mér ekki að halda langa ræðu. Ég vildi draga athyglina að þeirri tillögu sem ég hef flutt undanfarin tvö þing sem er núna í félagsmálanefnd af því að ég tel að hún geti með almennum hætti komið til móts við fólk sem lendir í aðstæðum eins og þarna hefur verið lýst, þó nokkuð margir virðast vera í þeirri stöðu að hafa unnið lengi á vellinum og eru að missa núna atvinnu sína þegar tiltölulega fá

ár eru þangað til þeir geta farið að taka eftirlaun. Það þarf að vera sveigjanleiki þarna. Menn hafa haft skilning á þessu í þingsölum því slíkur sveigjanleiki er til staðar fyrir alþingismenn. Samkvæmt nýlegum lögum geta alþingismenn og ráðherrar tekið nokkuð snemma til þess ráðs að fara á eftirlaun. Það er því sveigjanleiki þar. Ég tel að þann sveigjanleika eigi menn að hafa í huga þegar þeir velta því fyrir sér hvernig eigi að taka á þessu máli líka.

En ég tek síðan undir það sem hv. þingmaður sagði um að menn þurfi að vanda sig við viðskilnaðinn. Menn þurfa að ræða við Bandaríkjamenn af yfirvegun, taka sér góðan tíma til þess. Það er ekki neitt sem hastar í raun og veru í þeim viðræðum, og þannig verði gengið frá málum að við sitjum ekki uppi með áralöng vandamál eins og raun ber vitni að hefur bæði orðið hér á landi og í öðrum löndum þar sem menn hafa yfirgefið herstöðvar. Það skulu vera lokaorð mín.

[18:20]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið. En mér finnst samt nauðsynlegt að koma hér með nokkur sjónarmið. Segja má að sumu leyti um efnisatriði þeirrar tillögu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson mælti fyrir, að hún komi of seint en að sumu leyti má segja að hún komi of snemma miðað við aðstæður.

Ljóst er að tillagan byggir á gömlum viðhorfum hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að segja upp varnarsamningnum við Bandaríkin og tillagan er samkvæmt efni sínu viðbragðsáætlun ef það markmið næðist. Að því leyti má segja að breyttar forsendur í viðræðum okkar við Bandaríkin geri það að verkum að tillagan sé í rauninni barn síns tíma og sé úrelt að því leyti eða frá þeim sjónarhóli. Að hinu leytinu má segja að tillagan sé of snemma komin fram og þar af leiðandi ótímabær í ljósi þess að viðræðum okkar við Bandaríkin er ekki lokið. Fyrir liggur yfirlýsing Bandaríkjastjórnar um að taka burtu flugsveitina af Keflavíkurflugvelli eins og fram hefur komið og margsinnis verið rætt. Hins vegar liggur ekki enn þá fyrir með hvaða hætti framhaldi varnarsamningsins verður fyrir komið. Það er auðvitað þess vegna og ekki að tilefnislausu sem íslensk stjórnvöld eiga nú í áframhaldandi viðræðum við Bandaríkin.

Það stafar af því að það er viðhorf, skoðun og sannfæring ríkisstjórnarflokkanna að á skýran hátt þurfi að tryggja hér öruggar og sýnilegar varnir. Fyrir liggur að Bandaríkjastjórn hyggst ekki viðhalda óbreyttu ástandi en það er auðvitað eftir því leitað af hálfu íslenskra stjórnvalda hvernig Bandaríkin muni áfram efna sinn samning, þennan gagnkvæma tvíhliða samning sem hefur verið í gildi frá 1951. Því að Bandaríkjamenn hafa ekki sagt honum upp og það hafa Íslendingar raunar ekki gert heldur. Sú viðbragðsáætlun við brottför Bandaríkjahers af Keflavíkurflugvelli sem tillaga hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gerir ráð fyrir, er að því leyti ótímabær, að sú staða er ekki komin upp að varnarstöðin verði lögð niður. Sú staða er ekki komin upp.

Varðandi stöðu þessara mála svona almennt séð get ég sagt fyrir sjálfan mig að yfirlýsing Bandaríkjamanna frá 15. mars olli mér vissulega vonbrigðum vegna þess að ég stóð í þeirri trú að þær viðræður sem íslensk og bandarísk stjórnvöld áttu í gætu leitt til niðurstöðu sem væri annars efnis en þessi yfirlýsing felur í sér. Sú staða er hins vegar uppi. Úr því verða menn að spila og segja má að allir standi vissulega frammi fyrir nýrri stöðu í þessum efnum. Nýrri stöðu sem þarf að takast á við. Nýrri stöðu sem gerir það að verkum að við þurfum að taka ákvarðanir um og meta hvernig við getum sem best tryggt öryggi landsins til frambúðar að því gefnu að þessi breyting verði á fyrirkomulagi varnarsamnings okkar við Bandaríkin.

Ég held að ótímabært sé á þessari stundu að kveða upp úr með hvaða leið verður farin í því sambandi. En ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera ótvírætt samningsmarkmið Íslendinga í þeim viðræðum og markmið stjórnvalda þegar þær leiðir eru skoðaðar að tryggja að hér verði áfram tryggar og öruggar varnir. Þótt heimsmyndin hafi vissulega breyst frá dögum kalda stríðsins þá er ekki svo að allar hugsanlegar ógnir og allar hugsanlegar hættukringumstæður séu fyrir bí. Þær hafa vissulega breyst og breyttum aðstæðum þarf að bregðast við með nýjum hætti.

En ég er ekki þeirrar skoðunar, eins og mér finnst skína í gegn í málflutningi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að engin þörf sé á neinum vörnum. Ég verð að segja að mér finnst það viðhorf bæði nú og raunar áður fremur byggjast á óskhyggju en raunhæfu mati á aðstæðum. Það er svo að að mörgu leyti lifum við í ótryggum heimi. Ógnir geta komið upp, ógnir geta komið og farið. Nýjar aðstæður geta skapað nýjar ógnir. Allar þjóðir með einhverjum hætti tryggja varnir sínar. Ég held að Íslendingar séu ekkert undanskildir í þeim efnum. Ég held að mikilvægt sé að við gerum það með skýrum hætti, höfum það að markmiði í viðræðum við Bandaríkin og öðrum viðbrögðum við yfirlýsingunni frá 15. mars, að tryggja hér öruggar varnir enn sem fyrr. Ég hygg að um það sé allvíðtæk samstaða meðal stjórnmálaflokkanna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð sker sig að nokkru leyti úr með að ganga lengra í því að telja að við getum hér ein þjóða lifað án nokkurra varna. En þó verður að segja, af stundum óljósum og misvísandi yfirlýsingum af hálfu Samfylkingarinnar virðist manni stundum af hálfu sumra talsmanna þess flokks að minnsta kosti, þá vaxi þeirri skoðun fylgi að hér sé engin þörf á vörnum. Svo aftur koma aðrir talsmenn og gefa í skyn að nauðsynlegt sé að tryggja varnirnar með einhverjum nýjum hætti eftir brottför flugsveitar varnarliðsins og hafa talað um ýmislegt í því sambandi. Um tíma var vinsælt að tala um varnarsamstarf við Evrópusambandið og svo hefur ýmsum kostum verið velt upp í þeirri stöðu.

Það er því nokkuð óljóst hvort Samfylkingin telur yfir höfuð að einhver þörf sé á ákveðnum og öruggum vörnum hér eða ekki. En aðrir flokkar hygg ég að séu nokkuð eindregið á þeirri skoðun að við verðum að finna einhverjar lausnir á þessum málum. Þegar ekki liggur fyrir niðurstaða hvað það varðar held ég að ótímabært sé að taka undir það sem segir í tillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að það beri að undirbúa þá stöðu að varnarstöðin verði lögð niður.

[18:28]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem hv. þingmaður sagði um afstöðu Samfylkingarinnar er ekki alveg nógu nákvæmt finnst mér. Ég tel að það hafi komið skýrt fram að Samfylkingin sem slík hafi tekið afstöðu til þess að hugað verði að vörnum landsins með því að ræða við Atlantshafsbandalagið um þá hluti. Ég tel að skynsamlegt sé að gera það. Bandaríkjamenn eiga nú líka aðild að Atlantshafsbandalaginu þannig að það er ekki viðskilnaður við Bandaríkin. Ég tel eðlilegt að menn skoði hvað það er sem Bandaríkjamenn eru tilbúnir að gera hér. Það liggur fyrir að herinn er að fara. Bandaríkjamenn hafa lýst því yfir að hann er að fara. Svo skemmtilegt er það nú, ef svo má að orði komast, að tillaga Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs getur alveg staðist, jafnvel þó að einhver varnarsamningur yrði gerður við Bandaríkin á þeim grundvelli að hér yrði enginn her, eins og stendur til að verði ekki.

Tillögugreinin, ef hún er lesin, getur staðist þó svo að einhvers konar samningur um komu Bandaríkjamanna eða varnir kæmi til, svona samkvæmt orðanna hljóðan.

Ég vildi halda því til haga að Samfylkingin hefur haft þessa skoðun. Auðvitað eru skiptar skoðanir um þessi mál í Samfylkingunni, við drögum enga dul á það. Það eru mismunandi skoðanir í Samfylkingunni á þessum málum. En þetta er þó sú niðurstaða sem flokkurinn hefur og ég fylgi henni.

[18:30]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir að leiða mér aðeins skýrar fyrir sjónir hvað Samfylkingin vill í þessum málum. Samkvæmt því sem hann segir er Samfylkingin sammála um þá niðurstöðu að leitað verði ákveðinna lausna innan ramma Atlantshafsbandalagsins og að það verði samráð á þeim grundvelli. Ég met það svo að í því felist sú skoðun að með einhverjum hætti sé nauðsynlegt að tryggja einhverjar varnir hér á landi. Hingað til hefur mér þótt afar óljóst hvort Samfylkingin væri yfir höfuð þeirrar skoðunar. Það kann að skýrast af því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði, að auðvitað hefðu verið skiptar skoðanir innan Samfylkingarinnar eins og menn þekkja. Frá sögulegu sjónarmiði eru innan þess flokks bæði einstaklingar sem hafa verið mjög eindregnir stuðningsmenn varnarsamstarfs við Bandaríkin og aðildar okkar að Atlantshafsbandalaginu og eins ýmsir andstæðingar þessa varnarsamstarfs vestrænna þjóða.

Fyrir mig sem áheyranda að þeirri umræðu sem átt hefur sér stað innan Samfylkingarinnar þá hefur þetta hljómað þannig að Samfylkingin hafi átt afskaplega erfitt með að komast að niðurstöðu í þessum málum. Mér fannst það t.d. birtast í afgreiðslu flokksþings Samfylkingarinnar síðastliðið vor á þeim kafla eða á þeim hluta framtíðarstefnu flokksins sem laut að öryggis- og varnarmálum þar sem mér fannst niðurstaðan vera einhvern veginn á þá leið að menn ákvæðu að skila auðu. Hugsanlega er afstaða Samfylkingarinnar að skýrast og því ber að fagna en það væri hins vegar mikilvægt ef Samfylkingin talaði með skýrari hætti opinberlega í þessum efnum.

[18:32]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svo að það sé skýrt þá fagna ég því að sá dagur skuli vera að koma að við sjáum fyrir endann á hersetu á Íslandi. Það er hins vegar ástæða til að láta það koma fram að Samfylkingin hefur lýst því yfir að hún vilji skoða þetta mál á grundvelli Atlantshafsbandalagsins og á grundvelli samstarfs Evrópuþjóða líka og að ekki eigi að loka neinum dyrum, hvorki gagnvart Bandaríkjamönnum né öðrum, á þessari stundu heldur skoða þetta mál í heildina. Auðvitað þurfum við samstarf um öryggi á hafinu í kringum landið, við þurfum samstarf um björgunarmál, við þurfum að hafa samstarf við þjóðir sem væru tilbúnar til að koma til liðs við okkur ef viðsjár aukast í heiminum. Það er niðurstaða okkar, við höfum ekki lokað neinum dyrum og viljum skoða málin vel.

Ég geri ráð fyrir að við lokum ekki heldur á hugmyndir sem koma frá Bandaríkjamönnum um að standa með einhverjum hætti við þennan varnarsamning en hef fyrirvara við það þangað til við sjáum það. Ég hef tekið mjög vel eftir því að Bandaríkjamenn eru búnir að draga tjöldin frá, þeir eru búnir að taka stóru kröfurnar af kröfuspjaldi Íslendinga í þessu máli og eftir sitja menn og tala um eitthvað annað sem ekki hefur komið fram hvernig á að framkvæma. Þangað til bíðum við bara og sjáum til. Það er nógur tími til að leysa þessi mál. Það sem þarf að flýta sér að leysa eru björgunarmálin og öryggismálin.

[18:34]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir það sem ráða mátti af ummælum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að breytingar í þessum efnum, ný staða getur vissulega gert það að verkum að við þurfum að skoða nýjar lausnir á mörgum sviðum.

Ég verð að játa það hins vegar að þó að afstaða Samfylkingarinnar hafi hugsanlega eitthvað skýrst þá finnst mér afstaðan enn þá harla opin, að allt sé mögulegt og ekkert útilokað. Mér finnst það a.m.k. á þessari stundu frekar óljóst samningsmarkmið en það kann að vera að sú þverpólitíska nefnd sem Samfylkingin hefur nú sett á fót undir forustu fyrrverandi utanríkisráðherra, Jóns Baldvins Hannibalssonar, muni leiða til þess að það muni alla vega nást þverpólitísk samstaða innan Samfylkingarinnar um einhverja niðurstöðu í þessum efnum. Ég held að það geti verið fagnaðarefni ef svo fer því það er auðvitað nauðsynlegt að sú niðurstaða sem verður eða þær lausnir sem verða ofan á í þessu sambandi njóti allvíðtæks pólitísks stuðnings í landinu. Ég hygg að afstaða Samfylkingarinnar komi auðvitað til með að skipta þar máli upp á að ná þeirri breidd í þetta sem þörf er.

Ég geri ekki ráð fyrir að það verði auðvelt að fá Vinstri hreyfinguna – grænt framboð inn í svoleiðis lausn vegna þess að sá flokkur er sögulega séð töluvert úti á kanti miðað við aðra flokka í þessu sambandi. Hins vegar vekur það auðvitað vissar vonir að menn sem koma vissulega úr þeim röðum innan Samfylkingarinnar sem andstöðu hafa haft við varnarsamstarf við vestræn ríki tali með þeim hætti sem hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur gert hér.

[18:37]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga til þingsályktunar um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar og uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi samhliða brottför hersins, sem hv. þm. Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, mælti hér fyrir og er flutningsmaður að ásamt öðrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er á margan hátt mjög forvitnilegt plagg. Hún er að sjálfsögðu barn síns tíma, eins og hv. flutningsmaður benti á, hún er á vissan hátt kannski orðin úrelt að því leyti að allar dagsetningar sem í henni eru eru dottnar upp fyrir ef svo má segja, en efni tillögunnar er á margan hátt mjög áhugavert og ég hygg að a.m.k. sögulega séð muni þessi þingsályktunartillaga þykja nokkuð merkilegt plagg.

Í henni eru ýmsar áhugaverðar upplýsingar sem ég ætla að halda til haga. Hér eru bókanir milli Íslendinga og Bandaríkjamanna, bæði frá 1994 og 1996, þýddar á íslensku, og síðan ýmsar upplýsingar í fylgiskjali. Ég minni á það, *virðulegi forseti, að í næstu viku mun sennilega fara* hér fram umræða um skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál og þá hygg ég að rædd verði í þaula í þessum sal hins háa Alþingis einmitt sú staða sem komin er upp í varnarmálum okkar Íslendinga, sú staða sem komin er upp í tengslum við varnarsamninginn á milli Íslendinga og Bandaríkjamanna og sú staða sem komin er upp á milli okkar Íslendinga og annarra þjóða í varnarbandalaginu NATO, Norður-Atlantshafsbandalaginu.

Ég vil fyrir mitt leyti segja að ég sakna þess svolítið að ekki skuli fleiri þingmenn, eða svo virðist vera, ætla að taka þátt í þessari umræðu hér og nú því að þessi þingsályktunartillaga er út af fyrir sig ágætistækifæri, hún gefur ágætistilefni til að ræða þessa hluti, ræða þessa stöðu, því að ég tel að það sé mjög brýnt að við höldum áfram þeirri umræðu sem hér átti sér stað, að mig minnir 16. mars sl., eftir að þjóðinni hafði verið gert kunnugt um að Bandaríkjamenn *væru á förum héðan af landi brott. Þá flutti hæstv.* utanríkisráðherra munnlega skýrslu sína og fulltrúar annarra stjórnmálaflokka á Alþingi töluðu líka en málið var þá að sjálfsögðu engan veginn útrætt. Síðan hafa menn að sjálfsögðu verið að gera sér betur grein fyrir því hvaða staða er í raun og veru komin upp þó að ég hyggi reyndar, virðulegi forseti, að við séum kannski ekki enn búin að gera okkur fyllilega grein fyrir hvaða afleiðingar þetta allt muni hafa. Ég held að við séum heldur alls ekki búin að gera okkur grein fyrir hvernig við ætlum að fara að því að leysa þann vanda sem við nú stöndum frammi fyrir.

Mörgum spurningum er ósvarað, það hefur verið bent á mörg vandamál sem fram undan eru. Það vandamál sem er kannski mest aðkallandi núna er hvernig við ætlum að leysa mál þeirra starfsmanna sem nú munu missa vinnuna á örfáum næstu mánuðum. Það er mjög brýnt úrlausnarefni. Ég hef hugleitt það svolítið, ég hef farið suður í Reykjanesbæ *og átt þar viðræður við verkalýðsforingja og kynnt mér* þetta mál eftir fremsta megni og ég verð að segja að þarna bíður okkar mikið og brýnt úrlausnarefni.

Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að það hljóti að vera skylda okkar allra, þ.e. þjóðarinnar, að sjá til þess að þeir sem eru komnir á það sem kallað er aldur og eiga kannski erfitt með að fá vinnu annars staðar, geti hætt störfum með þeirri reisn og virðingu sem þeir eiga skilið. Það hlýtur *einnig að vera skylda okkar að sjá til þess að það sé gert* með þeim hætti að þetta fólk þurfi þá ekki að líða efnahagslegan skort eða verða fyrir miklum tekjumissi.

Í mínum huga er þetta ákaflega skýrt, í mínum huga er þetta fólk sem hefur unnið mjög þörf og brýn störf í þágu íslensku þjóðarinnar með því að vinna að vörnum landsins, með því að vinna á vegum Bandaríkjahers og — gleymum því ekki — vinna að vörnum landsins, vinna í þágu íslensku þjóðarinnar. Þetta hefur á vissan hátt verið framlag okkar Íslendinga til varna landsins, þ.e. við höfum lagt varnarliðinu til ákveðinn mannskap sem hefur starfað í tengslum við þessa starfsemi. Það er skylda okkar að sjá til þess að vel sé gert við þetta fólk sem hefur unnið í þágu okkar allra, Íslendinga, okkur ber siðferðileg skylda til þess að tryggja það, og það á réttláta kröfu á því, nú þegar líður að leiðarlokum hvað varðar starfsemina fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli eða Bandaríkjaher á Íslandi.

Annað sem er mjög brýnt og við þurfum að leysa er það hvernig við ætlum að greiða úr þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir varðandi öryggismálin, varðandi björgunarmálin sérstaklega. Ég byrjaði strax að tala um það þegar ég settist inn á þing vorið 2003 að nú yrðu Íslendingar, ríkisstjórnin, að fara að taka sig saman og huga fram í tímann, velta því fyrir sér hvernig hún ætli að bregðast við þegar Bandaríkjamenn færu loksins héðan, því það væri alveg augljóst, og það kemur mjög vel fram í þeim gögnum sem lögð eru fram með þessari þingsályktunartillögu, að sú ákvörðun sem okkur íslensku þjóðinni var tilkynnt þann 15. mars sl. þyrfti ekki að koma neinum á óvart. Mér finnst það mjög ámælisvert að ríkisstjórnin skuli ekki hafa verið komin lengra en raun ber vitni í því að leita nýrra leiða varðandi lausnir á varnar- og öryggismálum íslensku þjóðarinnar. Það er fyrst núna sem við sjáum hæstv. utanríkisráðherra ferðast á milli landa og eiga viðræður við utanríkisráðherra *NATO-þjóða og aðra um þessi mál, fyrst núna þegar* við höfum fengið að vita að Bandaríkjamenn eru að fara.

Þetta eru að sjálfsögðu viðræður sem við hefðum átt að fara út í miklu, miklu fyrr, óformlegar að vísu en viðræður samt, því að ég er alveg sannfærður um að við munum finna lausn á þessum málum, ég er alveg sannfærður um að aðrar þjóðir innan NATO munu ekki skilja okkur eftir. Ég hygg að það séu svo miklir hagsmunir í húfi fyrir NATO-þjóðirnar, bæði Bandaríkjamenn og líka Evrópuþjóðir NATO, að viðhalda einhverri stöðu á Íslandi, viðhalda einhvers konar eftirliti og viðbúnaði á hafsvæðinu umhverfis Ísland, einnig viðbúnaði og eftirliti með lofthelginni yfir landinu. Sú umferð sem á sér stað um þessi svæði, bæði á legi og í lofti, yfir Norður-Atlantshafið á milli Norður-Ameríku og Evrópu er einfaldlega það mikilvæg að ég hygg að þessar þjóðir, þegar þær hugsa sig um, geti ekki hugsað sér að hér sé ekki fyrir hendi neinn viðbúnaður af neinu tagi, ekki einu sinni björgunarviðbúnaður.

Norðmenn hafa þegar komið auga á þetta, ég hygg að það hafi runnið upp fyrir þeim ljós í fyrradag þegar þeir sáu hina vel heppnuðu björgunaraðgerð Landhelgisgæslunnar þar sem norskur sjómaður var sóttur norður í höf. Norðmenn gera sér grein fyrir því að hafsvæðið umhverfis Ís-

land er mjög mikilvægt. Ég minni á að Norðmenn eru að hefja núna umfangsmikla olíu- og gasvinnslu í Barentshafi og jafnvel norður við Svalbarða, það er mikil umræða um þetta í Noregi núna. Norðmenn hafa sjálfir sagt og bent á það að siglingaleiðin fram hjá Íslandi mun verða mjög mikilvæg til að koma þessum afurðum, olíu og gasi, til mikilvægasta markaðarins, sem er markaðurinn í Norður-Ameríku. Norðmenn hafa þegar byrjað að hugsa leiðir til þess (Forseti hringir.) að öryggishagsmunir þeirra verði tryggðir umhverfis Ísland hvað varðar þessa flutninga í framtíðinni.

[18:45]

Útbýting:

Háskólar, 433. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1041; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 1042.

Ríkisútvarpið hf., 401. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1037; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 1038.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1039; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 1040.

[18:45]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég hefði nú átt von á því að talsmenn Sjálfstæðisflokksins gætu verið sammála þeirri tillögu sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytja. Ástæðan er sú að ég fæ ekki betur séð en að flest sem þar stendur sé mjög í þeim anda sem forustumenn Sjálfstæðisflokksins á Suðurnesjum hafa talað. Ef hér væri inni þingmaður að nafni Árni Sigfússon ímynda ég mér að hann hefði sprottið úr sæti sínu til að taka undir með hv. flutningsmönnum.

Mér fannst, frú forseti, hv. þm. Birgir Ármannsson tala mjög digurbarkalega þegar hann ræddi stefnu annarra flokka varðandi þá stöðu sem upp er komin. Það virtist vefjast fyrir hv. þingmanni að gera sér grein fyrir stefnu Samfylkingarinnar í málinu sem hann gerði að sérstöku umræðuefni. Stefna Samfylkingarinnar er alveg skýr varðandi varnir Íslands. Hún hefur verið samþykkt á landsfundi flokksins og hún felur í sér í þessu efni tvennt. Í fyrsta lagi að Samfylkingin telur að Ísland eigi að vera innan Atlantshafsbandalagsins og í öðru lagi að æskilegast væri að útfæra varnirnar í samræmi við varnarsamninginn tvíhliða frá 1951.

Nú hafa skipast veður í lofti. Ég held að hv. þingmanni væri sæmst að skoða feril síns eigin formanns og síns eigin flokks í þessu máli. Hv. þingmaður talaði um að markmið Samfylkingarinnar varðandi þessa stöðu sem nú er komin upp sé óskýr. Það liggur alveg ljóst fyrir hvað Samfylkingin vill gera í þessu efni. Við viljum halda öllum möguleikum opnum, þar á meðal þeim sem felast í tvíhliða varnarsamningnum. En það er alls ekkert gefið þegar upp er staðið að þá sé það nýtilegt plagg sem gagnist okkur með einhverjum hætti til að tryggja varnir Íslands. Það verður einfaldlega að koma í ljós en eins og sakir standa bendir ekkert til þess að í honum sé það hald sem hæstv. ríkisstjórn telur að við þurfum að hafa varðandi varnir og öryggi landsins.

Varðandi hin skýru markmið er það einfaldlega svo að ríkisstjórnin hefur orðið uppvís að því sem ég kalla alvarlegan dómgreindarbrest. Hún hefur metið stöðuna vitlaust og hún hefur ekki haft skýr samningsmarkmið og ekki heldur þau sem helst hefðu getað þjónað hagsmunum Íslendinga.

Ég vek eftirtekt hv. þingmanns á að hæstv. utanríkisráðherra hefur hopað úr hverju víginu á fætur öðru. Íslendingar undir forustu Sjálfstæðisflokksins héldu fast í það eina samningsmarkmið að hér væru fjórar þotur til staðar. Í samningaviðræðunum sjálfum var hopað úr því vígi niður í hugsanlega tvær þotur. Þegar ljóst var hvert stefndi eftir að ákvörðun Bandaríkjamanna var tilkynnt talaði hæstv. utanríkisráðherra, leiðtogi lífs þessa unga þingmanns, með mjög sérkennilegum hætti. Hann talaði um að Íslendingar yrðu í öllu falli að hafa sýnilegar varnir. Undir það síðasta hafði hann hopað úr því vígi og var farinn að tala um að þeir yrðu að hafa táknrænar varnir.

Gæti hv. þm. Birgir Ármannsson skilgreint það fyrir mér hvers konar táknrænar varnir það eru sem gætu ef í harðbakkann slær tryggt varnir og öryggi Íslands? (**Gripið fram í:** ... úr gúmmíi.) Ég er ekki viss um að hv. þingmaður gæti það. Ég nefni þetta til að sýna fram á að hann er að kasta grjóti úr glerhúsi þegar hann talar um að aðrir flokkar hafi ekki skýr markmið í þessum efnum. Staðreyndin er einfaldlega sú að utanríkisráðherra hefur ekki vitað nákvæmlega hvað hann hefur viljað sjálfur. Hann hefur líka, og sendimenn hans sem ég tel að sé óraddur hlutur í þessari atburðarás allri, metið allar vísbendingar og stöðuna vitlaust.

Hæstv. utanríkisráðherra sagði 28. nóvember að hann væri mjög vongóður um að staðan yrði lítt breytt. Í febrúarbyrjun eftir að hafa farið á fund utanríkisráðherra Bandaríkjanna var hann enn mjög bjartsýnn. En á þeim tíma, og það sýnir vinnubrögðin í utanríkisráðuneytinu, lágu fyrir drög að fjárlagafrumvarpi Bandaríkjanna þar sem ekki var veitt króna til herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Það mátti því vera ljóst í hvað stefndi. Hvar var utanríkisráðherra Íslands þá? Hvar voru sendimenn Íslands sem höfðu það hlutverk með höndum að fylgjast með þróun mála þá? Hvernig í ósköpunum gat það gerst að það fór fram hjá heilu ráðuneyti okkar Íslendinga að í fjárlagafrumvarpinu bandaríska var ekki einn dollar, ekki eitt sent, „not a dime“ til að halda áfram starfrækslunni? Á sama tíma var hæstv. utanríkisráðherra hérna brosandi út undir eyru og blár í augunum af ánægju yfir því að góður gangur væri í viðræðunum.

Staðreyndin var einfaldlega sú að það var enginn gangur í viðræðunum. Staðreyndin er sú að hann las rangt öll teiknin og formaður sendinefndarinnar virðist hafa verið staddur á einhverjum allt öðrum hnetti en okkar, hann gerði sér enga grein fyrir því hvað var að gerast. Þetta er ákaflega mikilvægt að menn hafi í huga.

Við höfum tvenns konar meginhagnað og ávinning af þessu samstarfi, þ.e. í fyrsta lagi varnirnar og í öðru lagi samstarfið um hjálparstarfið á höfunum. Bandaríkjamenn hafa skilgreint varnarþörfina töluvert öðruvísi en ýmsir íslenskir stjórnmálamenn. Hv. þingmaður gerði því skóna áðan að að félagi minn, Jóhann Ársælsson, hv. þingmaður úr Samfylkingunni teldi að engra varna væri þörf. Frú forseti, hverjir eru það nú sem hafa talið að það sé engra varna þörf? Það eru Bandaríkjamenn. Þeir segja að hættan á árás

annars staðar frá sé ekki lengur fyrir hendi og þess vegna sé ekki þörf á þessum her hér.

Er hv. þm. Birgir Ármannsson sammála því? Eða hefur hann meira vit á hernaðarstöðunni en samanlagður sérfræðingaher Bandaríkjastjórnar? Ég er ekki viss um það, en ef hann segir að svo sé þá trúi ég honum. Það eru stjórnmálamenn úr Sjálfstæðisflokknum sem hafa bent á að í þessari stöðu væri æskilegt að við leituðum sem víðast fanga. Hæstv. dómsmálaráðherra talaði t.d. um það að við ættum að tala við Dani og við Norðmenn. Ég sjálfur er þeirrar skoðunar að við eigum að skoða alla kosti í stöðunni. Við eigum að ræða við Dani fyrir hönd Færeyinga og Grænlendinga sem þurfa að tryggja öryggi á stóru hafsvæði sem er erfitt fyrir björgunartæki okkar að ná til. Sömuleiðis Norðmenn, sem eru í vaxandi mæli að fara að nota siglingaleiðina hjá Íslandi vestur um haf til þess að flytja gas sem þeir framleiða á næstu árum og áratugum í miklu meira mæli en núna. Í fjórða lagi eru það Kanadamenn sem augljóslega munu hafa mikilla hagsmuna að gæta varðandi öryggi þarna á hafinu.

Öryggið á hafinu var aldrei samningsmarkmið hjá íslensku ríkisstjórninni. Það var ekki fyrr en í febrúar sem það var fyrst nefnt og það voru alvarleg dómgreindarglöp hjá forustu ríkisstjórnarinnar í málinu. Þegar Landhelgisgæslan lagði fram hugmyndir og kostnaðargreiningu á því hvað þyrfti til að geta tekið yfir öryggisstarfsemina þá hafnaði hæstv. utanríkisráðherra því í útvarpi að tímabært væri að gera slíka úttekt.

[18:54]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú svo að hv. 1. þm. Reykv. n. hefur á síðari árum talað skýrar í þessum efnum en ýmsir samflokksmenn hans og það má vissulega taka ofan fyrir hv. þingmanni með að hann hefur verið eindregnari á síðari árum í stuðningi sínum við varnarsamstarf vestrænna þjóða en margir í hans flokki og vil ég með engum hætti gera lítið úr afstöðu hans að því leyti. Hins vegar eru nokkur atriði í ræðu hans sem er full ástæða til að svara.

Í fyrsta lagi það er lýtur að samningsmarkmiðum eða þætti og málflutningi íslenskra stjórnvalda í þessum efnum. Ég hafna því að ekki hafi verið fyrir hendi skýr markmið að þessu leyti. Af hálfu íslenskra stjórnvalda og þeirra stjórnmálaflokka sem hafa staðið að núverandi ríkisstjórn hefur sú stefnumörkun legið fyrir að núverandi fyrirkomulag væri fullnægjandi og hagfellt okkur Íslendingum, fæli í sér þær varnir sem við þyrftum á að halda og þess vegna hefur ekki verið hvati fyrir okkur hér á landi að hafa frumkvæði að því að leggja fram einhverjar aðrar lausnir. Við höfum sagt og á því hafa forsendur okkar byggst þegar við göngum til þessara samninga að við værum með fyrirkomulag sem hentaði okkur vel. Hefði það verið sniðugt, hefði það verið skynsamlegt af okkar hálfu að byrja á því að gera málamiðlun við sjálf okkur og tóna það með einhverjum hætti niður, eins og má ráða af orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar? Að við hefðum átt sjálfir að fara að prútta niður (Forseti hringir.) varnirnar samkvæmt varnarsamningnum?

[18:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Kjarninn í máli og mistökum Sjálfstæðisflokksins lágu í því sem hv. þingmaður sagði áðan þegar hann sagði: Það var enginn hvati í umhverfinu fyrir okkur til að fara að leggja fram einhverjar tillögur sem áttu að tryggja varnir og öryggi. Menn sáu ekki hvað var að gerast, lásu vísbendingarnar vitlaust og allir utan Sjálfstæðisflokksins sáu það. Það var öllum ljóst að verulegar breytingar voru í vændum, öllum nema Sjálfstæðisflokknum. Því kalla ég það fyrirhyggjuleysi og dómgreindarbrest af forustu Sjálfstæðisflokksins að hafa stýrt viðræðum með þessum hætti. Það er ekki einu sinni tekið meira mark á Íslendingum en það að þeir vissu ekki af því þegar þeir fengu á skrifborðið hjá sér slíka tillögu frá Bandaríkjamönnum að hinn rólyndi og yfirvegaði formaður sendinefndarinnar rauk út, sem er nú dálítið sérkennilegt diplómatískt bragð, en kannski þekkist það í Sjálfstæðisflokknum, við vinnum ekki þannig í Samfylkingunni. Það sem skiptir máli er að breið samstaða takist um niðurstöðu málsins. Ekki er boðið upp á það af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ef teknar verða afdrifaríkar ákvarðanir um afdrif Íslands til framtíðar sem ekki er breið samstaða um er verið að efna í langvarandi átök. Þess vegna er ég óttasleginn fyrir framgangi sjálfstæðismanna í málinu, ég get ekki sagt annað. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi öllum verið ljóst, nema kannski þeim sem börðu höfðinu við steininn, að þetta var á döfinni. Auðvitað hefði það verið betra af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún hefði brugðist við fyrr og komið með (Forseti hringir.) raunveruleg útspil í samningaviðræðurnar sem hefðu getað leitt til einhverra lykta.

[18:58]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef maður dregur það saman í stuttu máli sem hv. 1. þm. Reykv. n. segir hefði sennilega verið skynsamlegra fyrir Íslendinga að ganga til þeirra viðræðna með markmið Samfylkingarinnar að vopni og segja: Ja, það er nú allt opið, það kemur allt til greina. Við viljum bara skipa þverpólitíska nefnd til að fara yfir málin og skoða stöðuna og meta þessa hluti.

Það er alveg spurning hvort það hefði fært okkur eitthvað fram í viðræðum við Bandaríkin að nálgast málin út frá þeim skýra kosti sem Samfylkingin hefur boðið upp á í þessum málum.

Ég hygg að ef grannt er skoðað komi í ljós að Samfylkingin hefur verið afar vaklandi í þessari umræðu og í sjálfu sér kannski ekki ástæða til að eyða mörgum orðum í það út frá fortíðinni.

Hins vegar má segja að Samfylkingin hefur verið afar tvístígandi í þessum efnum og ég minni aftur á niðurstöðu eða niðurstöðuleysi landsfundar Samfylkingarinnar þegar fjallað var um niðurstöður svokallaðs framtíðarhóps í maí sl. þar sem því var skotið á frest að taka afstöðu til orðalags í álitsgerðinni eða drögum að áliti framtíðarhóps þar sem þó var að finna afar loðið og teygjanlegt orðalag sem vissulega fól í sér stuðning við áframhaldandi veru í Atlantshafsbandalaginu en slegið úr og í varðandi varnarþáttinn. Um þá niðurstöðu gátu menn ekki einu sinni verið sammála á

landsfundi Samfylkingarinnar í maí á síðasta ári. Afstaða flokksins hefur því auðvitað verið mjög vaklandi og spurning hvort betra væri að ganga til viðræðna við Bandaríkjamenn með skýr markmið eða (Forseti hringir.) með markmiðið: Allt er opið, allt kemur til greina.

[19:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ríkisstjórn Íslands réðst aldrei í það verkefni að gera þá greiningu á öryggisþörfum Íslendinga sem hún lagði þó sjálf til í skýrslunni sem kom síðla árs 1999. Þeirri skýrslu var bara stungið undir stól og þessi greining á þörfum okkar var aldrei gerð. Þess vegna höfðu íslensku samninganefndarmennirnir og íslenski utanríkisráðherrann það aldrei á hreinu hvað það var sem þeir vildu fá út úr samningaviðræðunum. Þeir vissu ekki hvers þeir þörfnuðust vegna þess að þeir höfðu ekki skoðað það og þeim mönnum sem ekki vita hvað þeir vilja gengur yfirleitt illa að semja. Það kom auðvitað skýrt í ljós í þessum niðurstöðum sem enduðu með algjörri brotlendingu fyrir utanríkisstefnu Sjálfstæðisflokksins.

Þessi tillaga sem hér er til umræðu er merkileg að því leyti til að það er gert ráð fyrir því í henni að Íslendingar taki yfir svæðið sem Keflavíkurherstöðin hefur haft. Árni Sigfússon bæjarstjóri í Keflavík er því sammála. En það má ráða af orðum hv. þm. Birgis Ármannssonar að það sé smám saman á síðustu dögum að verða stefna Sjálfstæðisflokksins að láta Bandaríkjamenn hafa stöðina áfram og landið mannlausa eða mannfáa þannig að þeir gætu þegar þeir vildu komið hingað aftur með þann liðsafla sem þeir vilja. Með öðrum orðum, frú forseti, þeir vilja fara núna, skilja stöðina eftir hjá okkur en svo ef þeim hugnast svo vilja þeir geta komið aftur. Þetta virðist vera stefna Sjálfstæðisflokksins.

Hið napurlega sem sýnir þá kaldhæðni sem sagan býr stundum til úr framvindu atburðanna er svo þetta: Ísland og sérstaklega forusta Sjálfstæðisflokksins fylgdi innrásinni í Írak og það er einmitt hernaðarþörfin í Írak sem gerir það að verkum (Forseti hringir.) að nú er verið að draga þetta lið af Íslandi.

[19:03]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Eins og nefndi hér áðan er þessi þingsályktunartillaga sem hér er til umræðu nokkuð merkilegt plagg að mörgu leyti. Við erum að ræða yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar og uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi samhliða brottför hersins. Hér er lagt til að stofnuð verði nefnd, skipuð fulltrúum allra þingflokka auk formanns sem mundi þá vera skipaður af hæstv. utanríkisráðherra, til að skoða þessi mál.

Ég get alveg lýst mig mig sammála því að sennilega væri mjög skynsamlegt að svona nefnd yrði skipuð nú þegar og það ætti í raun og veru ekki að þurfa að flytja einhverja sérstaka þingsályktunartillögu til þess að farið yrði í það verk að skipa slíka nefnd fulltrúum allra þingflokka, til þess að vera stjórnvöldum til ráðgjafar í þessu afar erfiða máli sem bíður okkar.

Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni hef ég aðeins rætt við forsvarsmenn verkalýðsfélaga í Reykjanesbæ um þessa hluti. Þeir benda til að mynda á að vandinn sem við stöndum frammi fyrir varðandi starfsfólkið, sem er mjög brýnn og bráður vandi sem við verðum að reyna að finna lausn á, að þar séu margar konur sem verði atvinnulausar. Þeir hafa bent á það að lausnin til að vinna bug á þeim vanda, eða svona a.m.k. í áttina, gæti t.d. verið að byggja upp þjónustu í öldrunarmálum og heilbrigðismálum sem nú þegar skortir í Reykjanesbæ. Þarna gætum við Íslendingar, þ.e. íslensk stjórnvöld og við öll lagt hönd á plóginn með það að leita leiða eða reyndar slá tvær flugur í einu höggi, setja aukið fjármagn í uppbyggingu heilbrigðisþjónustu, Heilbrigðisstofnunar á Suðurnesjum og öldrunarþjónustu, peninga sem þarf hvort eð er að setja í þessa málaflokka og þá um leið útvega þeim konum störf sem nú missa vinnu sína á Keflavíkurflugvelli. Þetta er svona ein hugmynd, virðulegi forseti, sem mér finnst vert að nefna en það eru að sjálfsögðu mörg önnur störf sem þarf að finna eða búa til. Í þessari þingsályktunartillögu eru ágætar hugmyndir reifaðar um ýmsa möguleika á því að efla borgaralega starfsemi á Keflavíkurflugvelli sem eru á margan hátt góðra gjalda verðar og ég tel fyllilega réttmætt að þetta verði skoðað nánar.

Ég vil þó minna á að það verður nú að segja kannski stjórnvöldum eilítið til hróss, þó að þau eigi í raun og veru skilið mikla skömm í þessu máli, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom hér inn á áðan í máli sínu, að það hefur þegar hafist vinna við að efla borgaralega starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Það er verið að stækka flugstöðina og gera ýmsar breytingar þar og víkka út starfsemina á margan hátt. Ég minnist þess þegar við þingmenn Suðurkjördæmis, Reykjanes er jú hluti af Suðurkjördæmi, þegar við vorum í árlegri ferð okkar um Suðurnesin nú í október þá sagði Árni Sigfússon bæjarstjóri í Reykjanesbæ okkur frá því að bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ gerðu ráð fyrir því að þær framkvæmdir sem nú eru á Keflavíkurflugvelli og þau auknu umsvif, borgaralegu umsvif sem nú eru að verða á Keflavíkurflugvelli samfara aukinni flugumferð og öðru, að þetta mundi sennilega skapa eitthvað í kringum 80 störf árlega næstu tíu árin. Ég vona að ég sé ekki að fara rangt með, að ég muni rétt þessa tölu og þetta sé rétt haft eftir Árna Sigfússyni bæjarstjóra í Reykjanesbæ. Þetta voru að sjálfsögðu mjög jákvæðar fréttir og ég vona svo sannarlega að þetta gangi eftir.

Eins og ég kom inn á í fyrri ræðu minni þá nefndi ég þá möguleika að önnur NATO-ríki mundu koma hér að borðinu og ég trúi því hreinlega ekki að varnarbandalagið NATO hafi ekki áhuga á að viðhalda samstarfi við Ísland áfram þó að Bandaríkjamenn hyggist draga sig héðan af landi brott. Þarna finnst mér að geti leynst mjög mörg tækifæri sem við ættum að skoða með opnum huga, samvinna við önnur ríki til að mynda á sviði björgunarþjónustu, á sviði landhelgisgæslu. Til dæmis mætti spyrja hvort önnur NATO-ríki séu reiðubúin til þess að taka að einhverju leyti þátt í kostnaði við þessa hluti, að við værum hér með tæki og tól, þyrlur, flugvélar jafnvel, skip sem að einhverju leyti yrðu þá líka kostuð af öðrum NATO-ríkjum en skip og annar viðbúnaður af starfseminni í kringum það væri þá mannað af Íslendingum, svo og tæki og tól. Þarna finnst mér að

gætu verið möguleikar sem vert væri að skoða.

Við gætum líka boðið upp á það, því ég geri ráð fyrir að meiri hluti þjóðarinnar vilji vera áfram í NATO, að lið frá NATO gæti komið hingað til æfinga hér á Íslandi, lið frá NATO gæti notfært sér hafnaraðstöðu hér á landi og þá er ég ekki bara að tala um Evrópuþjóðir heldur líka um Bandaríkjamenn og jafnvel Kanadamenn ef þeir mundu líka vilja koma að þessu. Ég held að það séu ótal, ótal möguleikar og það er engin ástæða til þess að fara neitt á taugum og örvænta þó að þetta hafi gerst núna sem við vissum öll að mundi gerast kannski nema forusta Sjálfstæðisflokksins, þ.e. að Bandaríkjamenn væru á förum. Því verður ekkert breytt héðan af, þeir eru á förum, þeir hafa sagt okkur að orrustuþotur og þyrlur fari í haust. Við heyrum þær fréttir af Keflavíkurflugvelli að þeir séu þegar byrjaðir að pakka. Það er búið að segja upp starfsfólkinu þannig að þetta er staðreynd sem blasir við okkur. Þarna eru vandamál, vandamál kalla á lausnir og ég hygg að ef við leggjumst öll á árarnar munum við geta leyst þessi vandamál sem fram undan eru.

Að sjálfsögðu vakna ýmsar spurningar, til að mynda varðandi allt það sem Bandaríkjamenn munu skilja eftir hér á landi. Það hefur verið bent á að þeir hafi mengað varnarsvæðið á Reykjanesskaga. Þessa hluti verður að fara mjög vandlega yfir og það verður að sjá til þess og tryggja það að þeir hreinsi upp eftir sig eða þá sjái til þess að við Íslendingar munum gera það og þá á þeirra kostnað. Það gæti hugsanlega skapað einhver störf að hreinsa til á þessu svæði og gera það byggilegt. Þeir munu skilja eftir miklar fasteignir, mjög miklar fasteignir sem ég hygg að enginn hafi enn þá fyllilega yfirsýn yfir hverjar eru. Það hefur heldur enginn svarað þeirri spurningu almennilega hvað eigi að gera við allar þessar fasteignir. Þetta er spurning eða viðfangsefni sem við þurfum að velta fyrir okkur nú á næstu vikum og mánuðum.

Það brýnasta, virðulegi forseti, og ég læt það verða mín lokaorð, því að tími minn er að verða búinn, er að leysa úr vandamálum þeirra starfsmanna sem nú missa vinnuna og sjá til þess að öryggismálum sé borgið og þá sérstaklega björgunarþjónustu umhverfis landið. Hvernig við förum síðan að því er efni í allt aðra og miklu víðtækari umræðu, ekki síst í þessum sal.

[19:11]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu um tillögu okkar Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar og uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi samhliða brottför hersins. Umræðan hefur um margt verið mjög upplýsandi. Hún hefur varpað ljósi á afstöðu stjórnmálaflokkanna til hersetunnar, til hernaðarbandalaga og hún hefur að sjálfsögðu einnig tekið til þessarar þingsályktunartillögu sérstaklega og þar sýnist mér menn vera nokkuð á einu máli.

Það sem þessi þingsályktunartillaga gengur út á er tvennt. Í fyrsta lagi að þverpólitísk aðkoma verði tryggð að viðræðum við Bandaríkjamenn um brottför hersins. Við leggjum til að nefnd skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka komi að þessu starfi, verði stjórnvöldum til ráðuneytis, leitað verði til heimamanna o.s.frv. Við höfum talið eðlilegt að þetta yrði gert sérstaklega, en í reynd hefur ríkisstjórnin komið til móts við þetta sjónarmið að hluta til með því að opna utanríkisnefnd þingsins fyrir aðkomu fulltrúa allra stjórnmálaflokka að þessu starfi. Við hefðum hins vegar talið að hitt væri æskilegra, þetta er lögbundinn farvegur til að fjalla um utanríkismál en við vildum markvissara starf að þessu leyti.

Varðandi hina þættina sem þingsályktunartillagan tekur til um yfirtöku Íslendinga á borgaralegri atvinnustarfsemi í tengslum við flugvöllinn í Keflavík þá er það nokkuð sem þegar er farið að huga að. Eftir að þessi tillaga kom fram skýrði ríkisstjórnin frá því að hún hefði lagt til við Bandaríkjastjórn að Íslendingar tækju yfir þessa borgaralegu starfsemi. Um efnisþætti þingsályktunartillögunnar eru menn því tiltölulega sammála enda er ekki um annað að ræða, þetta er sá veruleiki sem blasir við eftir að Bandaríkjamenn lýstu því yfir að þeir hygðust hverfa af landi brott með sín tæki og tól.

Þessi þingsályktunartillaga er fyrst og fremst þingsályktunartillaga sem sýnir fyrirhyggju. Hún kom hvorki fram of seint né of snemma því að það var talað fyrir þessu máli fyrir allmörgum árum í fyrsta sinn af okkar hálfu. Þá þótti okkur sýnt hvert stefndi varðandi veru Bandaríkjamanna hér á landi, að hvað sem Íslendingar vildu í þeim efnum þá væri líklegt að þeir vildu draga úr umsvifum sínum hér og það væri mál til komið að við sameinuðumst um að finna leiðir til að bregðast við því.

Við höfum bent á að það eigi að líta á þetta sem sóknarfæri fyrir Íslendinga og það er margt ánægjulegt í stöðunni hvað varðar atvinnumálin en á Suðurnesjum hefur orðið talsverð atvinnuuppbygging sérstaklega í tengslum við flugstöðina. Í greinargerð sem fylgir þingmálinu bendum við á að ef litið sé á heildarfjölda þeirra starfa sem herinn ber kostnað af, hafi á tímabilinu 30. apríl 2003 til 31. desember 2004 fækkað um a.m.k. 535 störf án þess að það hafi leitt til atvinnuleysis. Þetta sýnir hina miklu uppbyggingu, sérstaklega í tengslum við flugstöðina í Keflavík og það er reyndar margt annað sem er að gerast á þessu atvinnusvæði sem gefur tilefni til að ætla að við getum leyst þennan vanda. Engu að síður þarf að koma þarna markvisst átak.

Við leggjum mjög ríka áherslu á að það verði samið á viðeigandi hátt við þá starfsmenn sem hafa starfað lengi í tengslum við herstöðina í Keflavík. Við nefnum biðlaunasamninga í því efni, framlag til endurmenntunar til þessa fólks og stuðning við að finna atvinnu.

Þá höfum við lagt ríka áherslu á mengunarþáttinn og í fyrri ræðu minni vísaði ég til þingmála sem við höfum flutt varðandi rannsóknir á mengun af völdum hersetunnar á Íslandi og við höfum minnt á tilraunir Íslendinga til þess að rétta sinn hlut og draga Bandaríkjastjórn og Bandaríkjamenn til ábyrgðar, þá sérstaklega fyrir austan, á Heiðarfjalli. Í tillögu til þingsályktunar sem við fluttum á 131. löggjafarþingi hvöttum við til þess að rannsókn yrði gerð varðandi umhverfishættu af völdum mengunar og við vildum að hugað yrði að réttarfarslegum hliðum málsins því að tilraunir bænda fyrir norðan til að draga Bandaríkjastjórn til ábyrgðar strönduðu á því að Hæstiréttur vísaði málinu frá á tæknilegum forsendum og einnig á þeirri forsendu að ís-

lenskir dómstólar hefðu ekki lögsögu yfir þessum málum. Þetta eru mál sem við þurfum öll að fara rækilega í saumana á.

Síðan er hitt sem snýr að hinni pólitísku afstöðu flokkanna. Þá kemur í ljós að annars vegar eru NATO-flokkarnir hér á þingi og það eru Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Frjálslyndi flokkurinn og Samfylkingin. Hins vegar er Vinstri hreyfingin – grænt framboð sem leggur upp úr því að Íslendingar standi utan hernaðarbandalaga, utan NATO, og við teljum að með því móti tryggjum við best öryggi Íslands.

Á þessu eru líka siðferðilegar hliðar. Teljum við sæmandi að leita skjóls hjá þjóðum og hjá þjóð sem hefur orðið uppvís að því að beita pyntingum, að beita fanga pyntingum, halda fólki utan dóms og réttar í fangelsum og beita það pyntingum? Eru það þessir menn sem við viljum að verndi okkur? Nú þegar fréttir berast af því að þingmannanefnd NATO er að leita í faðminn á einhverjum harðsvíraðasta afturhalds hægrimanni í Evrópu, formanni þingmannaráðs NATO, Pierre LaLouche, um aðstoð við varnir Íslands þá fer maður að spyrja ýmissa spurninga. Ég spyr: Væri íslenskum öryggishagsmunum ekki best borgið með því að standa utan hernaðarbandalaga og fylgja stefnu í heiminum sem ekki kallar á áreiti? Með því móti tryggjum við best öryggi Íslands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 22.–23. mál.

Fundi slitið kl. 19:20.

98. FUNDUR

mánudaginn 3. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, stjfrv., 392. mál, þskj. 1010. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 365. mál, þskj. 419. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Bílaleigur, stjfrv., 379. mál, þskj. 1011. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Faggilding o.fl., stjfrv., 361. mál, þskj. 1013. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Upplýsingaréttur um umhverfismál, stjfrv., 221. mál, þskj. 1012. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
7. Þjóðlendur, stjfrv., 630. mál, þskj. 923. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, stjfrv., 371. mál, þskj. 871, brtt. 875. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
9. Hlutafélög, stjfrv., 461. mál, þskj. 869. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
10. Einkahlutafélög, stjfrv., 462. mál, þskj. 870. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
11. Greiðslur til foreldra langveikra barna, stjfrv., 389. mál, þskj. 877, brtt. 853 og 896. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
12. Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, stjfrv., 651. mál, þskj. 958. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, stjfrv., 647. mál, þskj. 954. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Evrópsk samvinnufélög, stjfrv., 594. mál, þskj. 878. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn, stjfrv., 620. mál, þskj. 906. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 614. mál, þskj. 899. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
17. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 655. mál, þskj. 962. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
18. Hlutafélög, stjfrv., 684. mál, þskj. 1001. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
19. Höfundalög, stjfrv., 664. mál, þskj. 974. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
20. Staða hjóna og sambúðarfólks, þáltill., 69. mál, þskj. 69. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
21. Rannsóknamiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, þáltill., 223. mál, þskj. 223. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
22. Yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 237. mál, þskj. 237. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
23. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 353. mál, þskj. 387, nál. 868. — 2. umr.
24. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 448. mál, þskj. 672, nál. 873 og 925, brtt. 874 og 1084. — 2. umr.
25. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 616. mál, þskj. 901, nál. 1000. — 2. umr.
26. Verkefnasjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 382. mál, þskj. 442, nál. 834 og 857. — 2. umr.

Alþt. 2005. B. (132. löggjafarþing).

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Jón Kristjánsson félmrh., 4. þm. Norðaust.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Lögmannafélagi Íslands.

[15:02]

Útbýting:

Flugmálastjórn Íslands, 707. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1043.

Framhaldsskólar, 711. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1047.

Kjararáð, 710. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1046.

Samningur um tölvubrot, 692. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 1022.

Skráning losunar gróðurhúsalofttegunda, 713. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1049.

Stjórn fiskveiða, 448. mál, brtt. JBjarn, þskj. 1084.

Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, 708. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1044.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 716. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 1052.

Úrvinnslugjald, 714. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1050.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Sinubrunar.

[15:04]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. forsætisráðherra vegna þeirra miklu sinubruna sem urðu í síðustu viku á Vesturlandi og reyndar víðar um land. Ég spyr hann hvort hann hyggist beita sér fyrir úttekt á því hvernig stjórnvöld séu viðbúin stórfelldum sinueldum, kjarr- og skógareldum og samræmingu á viðbrögðum, vörnum og aðgerðum við slíkar aðstæður sem urðu t.d. á Vesturlandi í síðustu viku og er hætta á víða um land.

Eins og við öll höfum fylgst með hófst sinubruninn á Mýrum við þjóðveginn rétt vestan við bæinn Fíflholt árla fimmtudagsins í síðustu viku. Menn telja að þar hafi verið um slys af hálfu vegfaranda að ræða. Mikil sina er í landinu og kvistur og lyng og allt skraufþurrt og því mikill eldsmat-

ur, enda breiddist eldurinn hratt út og sannaðist þar máltækið að breiðast út eins og eldur í sinu. Vindur stóð af norðri svo eldurinn leitaði undan til suðurs og vesturs en þjóðvegurinn hélt að að austanverðu.

Við höfum fylgst með í fréttum lýsingu af öllu þessu og hetjulegri baráttu heimamanna, björgunarmanna og slökkviliðs úr Borgarfjarðarhéraði, Akranesi og Búðardal, undir stjórn slökkviliðsstjórans í Borgarnesi. Engu að síður hlýtur maður að velta því fyrir sér að þarna skuli ekki hafa komið samstjórn að. Ekki var ræst út almannavarnakerfið en það eitt hefur í sjálfu sér umboð til að kalla fólk og búnað til ef rýma þarf hús eða til varnar annarri vá. Ég beini þessari fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra.

[15:06]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Að sjálfsögðu verður farið yfir þessi mál þegar þessi reynsla liggur fyrir. Hér er um mjög alvarlega atburði að ræða og ég tel nauðsynlegt að við förum yfir þá. Hæstv. umhverfisráðherra hefur þegar sett af stað ákveðið starf í þessu sambandi og mér er kunnugt um að hæstv. landbúnaðarráðherra mun fara á svæðið núna á eftir til að kynna sér málin. Ég tel alveg rétt hjá hv. þingmanni að hér sé um atburð að ræða sem við áttum ekki von á. Við áttum almennt ekki von á því, þó að við vitum um verulega hættu á sinubrunum, að orðið gæti um svo stórfelldan bruna að ræða eins og þarna hefur orðið. Mér finnst því eðlilegt og nauðsynlegt að við förum yfir það mál í ljósi þessarar reynslu.

[15:07]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka orð hæstv. forsætisráðherra. Hann nefndi ekki eitt embættið, þ.e. dómsmálaráðuneytið og Almannavarnir. Ég fór sjálfur á vettvang á föstudaginn og þó allt væri þar á fullu við erfiðar aðstæður fannst mér að almannavarnaráðið eða það sem tengist almannavörnum hefði átt að vera ræst út. Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sagði í fréttum í hádeginu í dag að hann hefði ekki talið þess þörf. Ég er ekki sammála.

Ég vil líka benda á að hér eru stórar sumarhúsabyggðir umvafðar þéttum gróðri, kjarri og skógi, og ég spyr hæstv. ráðherra: Er viðbúnaður til að takast á við það ef eldar kæmu upp við slíkar aðstæður í þéttri byggð eins og víða er orðin um landið? Þetta er mikið alvörumál og þessir brunar sýna að við erum ekki viðbúin að taka á móti þeim.

[15:08]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur upplýst mig um að sýslumaðurinn hafi fylgst með þessum atburðum og fundað með þeim aðilum sem þarna eiga hlut að máli. Auðvitað mun sýslumannsembættið og dómsmálaráðuneytið fara yfir þessi mál og læra af þeirri reynslu sem þarna hefur skapast.

Um það má vissulega alltaf deila hvort nægilegur viðbúnaður sé í landinu til að eiga við svona hluti. Ég býst við að það sé auðvelt að komast að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki en þrátt fyrir allt fór þarna betur en kannski á horfðist. Það hefur ekki orðið tjón á mannvirkjum. Hér hefur fyrst og fremst orðið mikið tjón á náttúrunni, það er mikill skaði sem þar hefur orðið og mun skaða fuglalíf og fleira. En ég tel að við ættum að geta verið sammála um það, ég og hv. fyrirspyrjandi, að við þurfum að fara yfir þessi mál og læra af þessari reynslu og mér finnst ekki meira um það að segja á þessu stigi.

[15:09]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að taka vel undir þau sjónarmið og áherslur sem ég lagði fram. Ég tel samt að að ganga eigi formlega til verks og kalla saman þá stjórnsýsluaðila sem hæstv. forsætisráðherra nefndi og auk þess dómsmálaráðuneytið sem fer almannavarnamál, landbúnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið og síðan heimamenn og sveitarstjórn, sveitarstjórn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og að sjálfsögðu eigi að fara yfir það mál þar.

Engu að síður tel ég líka afar brýnt að unnin verði viðbragðsáætlun á landsvísu um það hvernig brugðist skuli við, hvaða aðila skuli kalla saman skilyrðislaust þegar slíka vá ber að höndum, og eftir því sem föng eru á að vera með viðbragðskerfi til að takast á við slíka vá eins og svona mikla elda, ég nefni t.d. eins og ég gerði áðan ef eldar koma upp í stórum sumarhúsahverfum, og hvaða viðbúnaður sé þar til.

Hrefnustofninn.

[15:11]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ástæðan er sú að á ársfundi Norðaustur-Atlantshafssjávarspendýraráðsins, sem haldin var á Selfossi 14.–16. mars sl., voru kynntar bráðabirgðaniðurstöður vísindarannsókna Hafrannsóknastofnunar á hrefnu. Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur Hafró, greindi frá því að hlutfall þorsks í fæðu hrefnu er hærra en áður var talið. Samkvæmt mati sem stuðst hafði verið við var áætlað að þorskur og annar botnfiskur næmi 3% af heildarfæðu hrefnu en bráðabirgðaniðurstöður benda til að hlutfallið sé ekki 3% heldur á milli 5 og 15%. Enn fremur var greint frá því að í kjöti af dýrunum er lítið af þungmálmum og þrávirkum lífrænum efnum og langt innan viðmiðunarmarka.

Ég vil því spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra: Hvaða ályktanir hann dregur af þessum niðurstöðum og hvaða áhrif hafa niðurstöðurnar á framhald vísindarannsókna og hugsanlegar atvinnuveiðar?

[15:12]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að spyrja þessara spurninga sem skipta auðvitað gríðarlega miklu máli og setja í samhengi við það sem við höfum verið að gera. Við höfum staðið fyrir rannsóknum á hrefnu undanfarin þrjú ár og þær bráðabirgðarannsóknir sem kynntar voru núna, eins og hv. þingmaður nefndi, sýna að í fæðu hrefnunnar er meira hlutfall af nytjastofnum, sérstaklega þorski, en menn höfðu áður talið.

Þetta segir okkur að til að geta byggt upp veiðistofn eins og þorskinn þurfum við að stunda hvalveiðar því það er augljóst að hvalurinn, og sérstaklega hrefnan í þessu tilviki, er í beinni samkeppni við okkur um þennan nytjastofn. Það er enn fremur alveg ljóst, þó að taka beri fram að er hér er um bráðabirgðaniðurstöður að ræða og að auðvitað verði að slá tiltekna varnagla, að þorskurinn er umtalsverður hluti af fæðubúskap hrefnunnar og hrefnunni hefur fjölgað á undanförnum árum á hafsvæði okkar og hefur þess vegna augljóslega haft heilmikil áhrif á stöðu nytjastofna okkar. Að mínu mati er því um tómt mál að tala að okkur takist að byggja upp nytjastofn eins og þorskinn nema við stundum hvalveiðar jafnframt. Hvalurinn er einfaldlega svo stórtækur á þessu sviði að ef við tökum þá ákvörðun að hætta hvalveiðum varanlega mun það hafa varanleg áhrif á uppbyggingu nytjastofna okkar og þar með lífskjörin hjá þjóðinni. Ég dreg því þann lærdóm af þessu öllu að við eigum engan kost sem ábyrg fiskveiðiþjóð annan en þann að hefja hvalveiðar og halda áfram hvalveiðum. Ekki hefur verið tekin endanleg pólitísk ákvörðun um hvenær við hefjum atvinnuhvalveiðar en við munum halda áfram vísindaveiðunum, við þurfum að ljúka þeim, og ég tel raunhæft að ljúka rannsóknum varðandi hrefnuna á næstu tveimur árum, þ.e. þessu ári og því næsta.

[15:14]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr og greinargóð svör. Ég held að hann hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann talar um að við séum fiskveiðiþjóð eins og við öll vitum og þurfum að vera ábyrg í þeim efnum. Það liggur hreint og klárt fyrir, miðað við þessar bráðabirgðaniðurstöður, að hvalurinn tekur meira til sín af þorski og öðrum botnfiskum en við höfum kannski áður áætlað. Við þurfum að sýna ábyrgð í þessu máli og ég held að við Íslendingar höfum gert það með því að stunda vísindaveiðar og reyna að vinna þær með eins málefnalegum og vísindalegum hætti og hægt er. Ég fagna því að við höldum því áfram. Það verður fróðlegt að sjá hverjar lokaniðurstöðurnar verða en eðli málsins samkvæmt liggur það fyrir, eins og kom fram hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra, að ef niðurstöðurnar verða í þessa veru og við ætlum að sýna ábyrgð þá verðum við líka að veiða hval til að halda jafnvægi í lífríkinu.

[15:15]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Til viðbótar því sem ég sagði áður er ástæða til að árétta það sem kom fram í máli hv. þingmanns áðan, þ.e. að samkvæmt þeim niðurstöðum sem kynntar voru á NAMMCO-fundinum á Selfossi á dögunum er mengun í hrefnunni mun minni en margir höfðu talað um. Miklar umræður hafa verið um að mikil díoxín-mengun væri í hvölum og þetta geti verið hættuleg fæða. Niðurstaðan sem við höfum þegar séð er sú að svo er alls ekki. Þvert á móti sanna rannsóknir að um er að ræða mjög hreina og góða afurð.

Það er líka athyglisvert sem fram kom í fréttum nýlega, að neysla á þessum afurðum hefur aukist í Noregi. Þannig er það líka hér á landi. Hér er mikil og vaxandi neysla og áhugi almennings á að borða hvalkjöt. Það er ánægjulegt fyrir okkur að vita því að margir trúðu því að hvalkjötsneysla hér á landi heyrði brátt sögunni til. En það er alls ekki þannig.

Frumvarp um Byggðastofnun.

[15:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þannig er að byggðamálin eru í algjöru uppnámi. Þau hafa auðvitað verið það lengi en það er merkilegt að hæstv. iðnaðarráðherra, sem fer með þau mál, hefur núna sett þau í uppnám. Ég á sæti í iðnaðarnefnd og þar höfum við fjallað um byggðaáætlun. Í nefndinni var komið samkomulag um að við skoðuðum hvort ekki væri hægt að ná þverpólitísku samkomulagi um að endurskoða þá áætlun eða tillöguna sem lá fyrir.

Þá bregður svo við að hæstv. iðnaðarráðherra heldur blaðamannafund og setur fram mál sem algjört ósætti virðist um í stjórnarflokkunum. Það kemur fram að allir nefndarmenn sjálfstæðismanna í iðnaðarnefndinni eru á móti málinu.

Hæstv. iðnaðarráðherra segir hins vegar að þeir þurfi, eins og er haft eftir henni, með leyfi forseta:

„Ég tel ekki nauðsynlegt að gera breytingar á frumvarpinu heldur þurfa þingmenn Sjálfstæðisflokksins að mynda sér samstillta skoðun á málinu."

Það er víst eitthvert tímaspursmál um að ná slíkri skoðun fram.

Mér er þó ekki skemmt. Ég tel að byggðamálin séu alvörumál og mér finnst að þegar hæstv. iðnaðarráðherra sprengir allt í loft upp, með því að koma fram með mál sem engin samstaða liggur fyrir um, sé ekki vel af stað farið. Ég spyr hæstv. iðnaðarráðherra þess vegna hvort hún telji ekki fulla ástæðu til þess að láta reyna á það hvort hægt sé að ná samstöðu í iðnaðarnefnd um þessi mál, eins og menn höfðu stefnt að. Eða er hæstv. ráðherra enn á þeirri skoðun að bíða eigi eftir því að sjálfstæðismenn komist á sömu skoðun og hún hvað varðar þessa stofnun sem ráðherra (Forseti hringir.) leggur til að stofna?

[15:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel að þótt ég hafi haldið blaðamannafund þá breyti það ekki miklu um vinnu í sambandi við byggðaáætlun sem fer fram í iðnaðarnefnd. Ég hef fengið þær fréttir að sú vinna gangi vel og lýsi yfir mikilli ánægju með að ætlunin sé að ná þar þverpólitískri samstöðu um málið, enda eru byggðamálin þannig vaxin að ég tel að allir vilji leggja gott til málanna. Það gleður mig mjög ef samstaða næst í hv. iðnaðarnefnd um þetta mikilvæga mál.

Ég kannast ekki við að ég hafi sprengt mikið í loft upp þótt ég kæmi á framfæri við þjóðina hugmyndum um breytingar á atvinnuþróunarumhverfinu og stuðningskerfi hins opinbera við atvinnulífið. Ég tel nokkuð ljóst að taka þarf á þeim málum. Á síðustu árum hefur orðið gríðarleg þróun í sambandi við atvinnumál almennt. Við þurfum náttúrlega að sinna nýjum greinum, það er ekki þannig lengur að við

lifum bara á landbúnaði og sjávarútvegi einum, með fullri virðingu fyrir þeim greinum. Það er margt nýtt að koma inn sem þarf að sinna og þetta frumvarp gengur m.a. út á það.

Það er þar að auki í fyrsta lagi í samræmi við stjórnarsáttmálann sem kom fram fyrst hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Um þetta mál hafði náðst samstaða á milli stjórnarflokkanna í ríkisstjórn. Ég er bjartsýn á að það verði að lögum á vordögum.

[15:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er nú ánægður að heyra að hæstv. ráðherra telur að nefndin eigi að halda áfram sínu striki hvað þetta mál varðar. Fundir um málið hafa fallið niður í nefndinni eftir að hæstv. ráðherra hélt blaðamannafundinn. Ég varð var við að menn vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið og það er greinilega mikið ósætti milli stjórnarþingmanna um framhald málsins. Ég held að það séu fréttir fyrir þá og gott að hæstv. ráðherra lýsir yfir að menn eigi að halda sínu striki og ná saman um þessi mál.

Þau verða auðvitað ekki slitin í sundur. Byggðastofnun hefur farið með stórt hlutverk í byggðamálum í landinu þótt hæstv. ráðherra hafi undanfarin ár reynt að hluta hana í sundur. Þess vegna skiptir máli hvernig mál það sem snýr að Byggðastofnun er sett fram í byggðaáætlun. Það hefur ekki verið gert með þeim hætti að það sé skýrt og m.a. þarf að taka á því í framsetningu tillögugreinarinnar um byggðaáætlun.

[15:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel ekki að það sem hv. þingmaður nefnir hér sé stórkostlegt vandamál. Það er rétt að orðið Byggðastofnun kemur fyrir í byggðaáætlun, eins og eðlilegt er. Þá verður bara að taka á því og breyta því orðalagi í samræmi við önnur lög sem vonandi verða sett á vordögum.

Ég sakna þess svolítið, af því að hv. þingmaður tekur málið upp, að heyra hvort hann er búinn að mynda sér skoðun á málinu. Ég reikna með því að fá víðtækan stuðning við málið. Þetta snýst um nýsköpun, stuðning við hátæknigreinar og þekkingarsetur um allt land. Ég vona bara að hv. þingmaður styðji þetta mikilvæga mál og hef þegar boðið upp á kynningu í þingflokkum stjórnarandstöðuflokkanna á málinu til að þingmenn geti kynnt sér það vel áður en það kemur til 1. umr.

[15:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það væri kannski ástæða til að fá kynninguna áður en maður kemst að niðurstöðu um málið. Mér líst hins vegar ekki vel á það að blanda saman byggðamálum og málum sem eiga heima í hinum stofnununum. Mér finnst það benda til að menn séu á sömu leið og farin hefur verið á undanförnum árum, þ.e. að hluta byggðamálin í sundur og kasta þeim tvist og bast, halda ekki utan um neitt á einum stað.

Það er gott að vita af því sem greinilega hefur komið fram að við málið virðist ekki neinn stuðningur nema í þingflokki Framsóknarflokksins. Það eru alveg greinilegar yfirlýsingar frá Sjálfstæðisflokknum um að þetta mál sé ónýtt og verður fróðlegt að sjá hvernig menn púsla því saman.

Ég fagna því hins vegar að byggðaáætlun skuli ekki í uppnámi þess vegna. Það er mikið atriði að menn nái saman um það mál, sérstaklega ef þetta mál er í uppnámi, eins og hæstv. ráðherra hefur sett það fram.

[15:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel að engin mál séu í uppnámi. Það þarf bara svolítinn tíma til að menn átti sig á góðum málum. Það er nú þannig.

En af því að hv. þingmaður sagði að ekki ætti að blanda saman byggðamálum og málum annarra stofnana þá er ég algjörlega ósammála honum. Það er þannig að byggðamál eru mjög víðtæk. Þau koma við sögu í mörgum stofnunum og í mörgum ráðuneytum. Með því að sameina þær stofnanir sem hér um ræðir tel ég að við náum heilmikilli hagræðingu og getum farið betur með fjármuni ríkisins. Þar að auki getum við náð meiri árangri með því að það sé ein atvinnuþróunarstefna í landinu, vissulega með sérstakri áherslu á byggðamál. En þetta er nú ekki þannig að við getum skipt landi okkar algjörlega upp í tvær einingar, annars vegar höfuðborgarsvæðið og hins vegar landsbyggð. Það er einmitt mikilvægt að við hættum að greina svo ákveðið þar á milli og náum meiri árangri með því að samþætta atvinnuþróunarmál á landinu öllu.

Endurskoðun jarðalaga vegna uppkaupa á jörðum.

[15:26]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hverjir erfa landið? spurði hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson á dögunum í viðtali í Bændablaðinu. Hann átti þar m.a. við mikil uppkaup efnamanna og stóreignamanna á jörðum. Margvísleg dæmi eru um að stóreignamenn safni jörðum og jarðaverð hefur hækkað gífurlega á liðnum árum, um 100% á fimm árum. Aukning seldra jarða er 50%, sem vissulega er að mörgu leyti jákvæð og gleðileg þróun en vekur að sjálfsögðu upp áleitnar spurningar. Blóðug þróun, segja margir bændur af því að þegar efnamenn kaupa upp jarðir þá geta bændur ekki keppt við þá en um leið er ánægjulegt að bændur geti leyst út verðmæti jarða sinna ef þeir kjósa að gera svo.

Tvöföld búseta og fjármagn í sveitirnar. Það þarf að samræma sjónarmiðin. Hæstv. landbúnaðarráðherra sagði í áðurnefndu viðtali við Bændablaðið, þau tíðindi má túlka út úr þeim orðum hans að hann útiloki ekki breytingu á jarðalögum sem taki á þessum málum, með leyfi forseta:

„Ég útiloka þó alls ekki að sú staða kunni að koma upp að gera verði breytingar á jarðalögum ef viðskiptafrelsi fer að bitna á mikilvægum gildum."

Þar á hæstv. landbúnaðarráðherra væntanlega við einhvers konar skilyrði fyrir þá sem kaupa jarðirnar. Hann vísar í dönsku lögin en þar er ábúðarskylda á jörðum stærri en 30 hektara eða stærri en heföbundnar frístundajarðir. Því vildi ég spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann sé að

endurskoða jarðalögin út frá þessu. Kæmi til greina að koma í veg fyrir jarðasöfnun efnamanna á kostnað þess að hefðbundnir bændur geti stundað búskap og keppt við þá um jarðirnar? Jarðaverð á hefðbundnum jörðum er oft komið vel yfir 100 millj. kr. Margir þekktir efnamenn í samfélaginu hafa keypt jarðir, 5–10 eða 15 jarðir. Um það þekkjast dæmi um og er þar um að ræða mjög vinsæla (Forseti hringir.) fjárfestingu fyrir þolinmótt fjármagn.

[15:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn. Já, landið er „inn" og landið er í tísku. Búskaparhættir eru á margan hátt breyttir. Fyrir örfáum árum var erfitt að selja jarðir víða um land. Nú er það miklu auðveldara og mikill áhugi almennings á að eignast jarðarpart, eiga gróðurreit í náttúrunni og þeirri þróun fagna ég.

Hins vegar er það svo í öllum breytingum að af stað fer ný þróun og það á við um þróunina sem hv. þingmaður minnist á, að ákveðnir eignamenn fara í raðuppkaup á jörðum í einhverjum skilgreindum tilgangi, ýmist til búskapar eða annarra nytja. Þetta veldur áhyggjum í ýmsum byggðarlögum. Ég varð þess var að búnaðarþing ályktaði um þetta mál og telur mikilvægt að fara yfir hvaða þróun er þar í gangi. Undir það hef ég tekið.

Viðskiptafrelsið má ekki bitna á mikilvægum gildum, eins og hv. þingmaður vitnaði til orða minna. Þess vegna er mikilvægt að fara yfir það. Þar geta hin norsku og dönsku lög verið til hliðsjónar, þess vegna, en þar segir, það sem var áður í jarðalögum, að eigninni verði að fylgja viss búsetuskilyrði o.s.frv. Þetta er verkefni sem ég vil og er að skoða í ráðuneyti mínu með Bændasamtökunum. Ég mun auðvitað bæði ræða við landbúnaðarnefnd og þingið. Við þurfum að fara yfir þessar breytingar. Þær ógna svolítið stöðu landbúnaðarins og mönnum finnst að þar fari vissir aðilar offari. En þetta þarf að skoða vel.

[15:30]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. landbúnaðarráðherra lýsi því yfir að hann ætli að endurskoða jarðalög í þessu ljósi, til að stemma stigu við raðuppkaupum á jörðum, að leggja fé í jarðir sem verða síðan ekki í búsetu í stórum stíl. Þó tel ég alls ekki að ganga eigi eins langt og Danirnir gera. Hæstv. landbúnaðarráðherra vísaði til þeirra laga og væri fróðlegt að heyra sjónarmið hans um hve stífar ábúðarskyldur eða eignarskyldur ættu að hvíla á jörðum sem menn kaupa, t.d. um hve margar jarðir viðkomandi geti átt. Þetta hefur mikil áhrif á búsetu um allt land.

Um leið og jákvæð áhrif verða, að jarðeigendur geti losað jarðir úr eign og margir ástunda tvöfalda búsetu þá þarf jafnframt að samræma sjónarmiðin. Sú þróun sem orðið hefur af miklum krafti á undanförnum fimm árum er að verð á jörðum hefur hækkað um 100% og 50% meira selst af jörðum. Það þarf að finna leiðir til að samræma sjónarmiðin og að því leyti fagna ég yfirlýsingu hæstv. landbúnaðarráðherra þótt ég vildi heyra nánar af sjónarmiðum hans til (Forseti hringir.) breytinga á búsetuskilyrðum.

[15:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef ekki sett mér nein markmið sjálfur varðandi búsetuskilyrði. Sannleikurinn er sá — við þekkjum það kannski best úr kjördæmi okkar, ég og hv. þingmaður — að hinni glæsilegu þróun hefur fylgt það að margt fólk sest að í héraði okkar og reyndar víðar um land, fólk sem starfar jafnvel í höfuðborginni eða úti í heimi. Það er á lögbýli sínu, tekur þátt í menningarlífinu og líður óskaplega vel að búa við hjarta þessa lands í náttúrunni. Ég vil engu spilla í þeim efnum.

Mér finnst aftur á móti sjálfsagður hlutur að fara yfir þetta. Undir búvöruframleiðslu erum við í dag kannski með um 2.000–2.500 jarðir af 6.000–7.000 jörðum á Íslandi. Þess vegna er mjög mikilvægt að fá í sveitirnar fólk sem hefur áhuga á skógrækt, ferðaþjónustu, að búa í náttúrunni. Því má ekki spilla en hins vegar er sjálfsagt að skoða þróun sem mönnum finnst ógna sér og stöðunni. Það er fyrst og fremst það sem ég hugsa um. Í gömlu jarðalögunum (Forseti hringir.) voru búsetuskilyrði sem gengu ekki upp *því að sveitarfélögin fylgdu þeim ekki eftir.*

[15:32]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Ég held að ábúðarskylda eins og var í gömlu lögunum komi alls ekki til greina. Hún er úrelt fyrirbrigði en þetta er blóðug þróun, segja margir bændur. Hún þó vissulega jákvæð líka og um margt glæsileg. Hún hefur skuggalegar hliðarverkanir.

Ég held að hæstv. landbúnaðarráðherra þurfi, um leið og hann tekur undir að endurskoða þurfi þessi ákvæði jarðalaganna, að senda þeim sem ástunda eða ætla sér að ástunda stórfelld raðuppkaup á jörðum, til að festa í þolinmótt fjármagn, og eins þeim bændum sem hyggjast stunda hefðbundinn búskap og vilja og þurfa að kaupa sér aukið jarðnæði, skýrari pólitísk skilaboð en hann gerir hér. Hann tekur undir að endurskoða þurfi lögin með það að markmiði að þrengja með einhverjum hætti ákvæði um búsetu eða koma í veg fyrir svokölluð raðuppkaup á jörðum með hinum skuggalegu og blóðugu hliðarverkunum fyrir hefðbundinn búskap. Ég skora því á hæstv. ráðherra að tala örlítið skýrar varðandi þessi mál.

[15:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Mér finnst að ég hafi talað sæmilega skýrt, enda skýrmæltur og svo sem ekki hægt að fara lengra í þeim efnum. Það má ekki bara tala um að málið hafi skuggalegar hliðar því að margir þeirra sem eignast jarðir, sem sjá það sem fjárfestingu, reka þar öflugan búskap og sjá ný tækifæri í byggðunum, án þess að ákveðin fyrirtæki hafi verið nefnd á nafn í þessari umræðu. Við skulum ekki fordæma það.

Við þurfum að fara yfir mörg atriði í nýrri þróun sveitanna sem er jákvætt. Það þarf að athuga með hina tvöföldu búsetu út frá sveitarstjórnarmálum. Margir hafa áhuga á að geta stundað tvöfalda búsetu, verið hálft árið úti á landi og hálft árið í þéttbýlinu. Þessu þurfum við að mæta. Við þurfum að huga að mörgu og þess vegna verða nýju jarðalögin

að vera opin og til endurskoðunar. Það finnst mér sjálfsagður hlutur.

Opinber gjöld af bensíni og olíu.

[15:35]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil beina tveimur spurningum til hæstv. fjármálaráðherra. Þær varða innheimtu opinberra gjalda af bensíni og olíu.

Í fyrsta lagi spyr ég hvort til greina komi að lækka tímabundið almennt vörugjald af bensíni og olíu. Sú ráðstöfun gæti verið skynsamleg þar sem olíuverð á heimsmarkaði er mjög hátt og gengi íslensku krónunnar hefur lækkað. Þetta verður til þess að olíu- og bensínverð mun að öllum líkindum hækka mjög á næstunni.

Hæstv. ráðherra hefur státað af því að ríkissjóður standi mjög vel. Í framhaldinu er því vert að spyrja hvort til greina komi að lækka þessi gjöld þannig að ríkissjóður standi ekki betur á eftir, heldur jafnsterkur, þ.e. að jafnmargar krónur komi í kassann þótt lækkunin komi til framkvæmda.

Hin spurningin varðar eina vitlausustu skattlagningu landsins, þ.e. skattlagningu á Landhelgisgæsluna. Hún býr við að þurfa að borga virðisaukaskatt af olíukaupum. Það leiðir til þess að Landhelgisgæslan fer úr landi til að kaupa olíuna á svipuðu verði og hún fær hana austur á fjörðum. Þetta getur ekki verið skynsamlegt, að láta Gæsluna búa við þetta. En hún er neydd til að fara þessa leið. Hún er í mikilli fjárþröng og þess vegna langar mig að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort ekki komi til greina að aflétta þessu af Gæslunni þannig að hún sé ekki neydd til að fara úr landi til að kaupa olíu í Færeyjum, þar sem hún fær olíuna án virðisaukaskatts, og geti í stað þess keypt hana á sama verði austur á fjörðum hjá íslensku fyrirtæki.

[15:37]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Eins og hv. þingmaður væntanlega veit er í gildi tímabundin lækkun á olíugjaldi. Væri um frekari lækkanir að ræða á því gjaldi og reyndar á bensíngjaldi líka væri óneitanlega um skattalækkun að ræða og minni tekjur fyrir ríkissjóð. Það mundi líka hafa, að mati flestra hagfræðinga, sams konar þensluáhrif og aðrar slíkar lækkanir. Ég held að það væri afskaplega varhugavert að fara langt í þessa veru, sérstaklega á þeim tíma sem Seðlabankinn spáir aukinni verðbólgu og hækkar stýrivexti til að glíma við verðbólguna.

Ég held að horfa þurfi á þetta í þessu samhengi þótt vissulega geti ég tekið undir að það er óþægilegt þegar verð á olíu og bensíni hækkar, hvort sem er vegna gengisbreytinga eða hækkana í útlöndum.

Varðandi virðisaukaskatt á viðskipti Landhelgisgæslunnar þá eru ekki uppi neinar hugmyndir um að gera breytingar á því hvernig hún stundar viðskipti sín. Ég held að það væri líka varhugavert ef við gerðum meira af því að láta ríkisfyrirtæki starfa við aðrar forsendur en önnur fyrirtæki. Að sjálfsögðu er þó gert ráð fyrir þessum hluta útgjalda Landhelgisgæslunnar í fjárveitingum sem hún fær á hverju ári frá hv. Alþingi á fjárlögum.

[15:39]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það kom mér ekki á óvart að skattakóngar í Sjálfstæðisflokknum vilji alls ekki hlusta á tillögur um skattalækkanir þótt það mundi jafnvel slá á verðbólguskot, sem hætta er á eins og hæstv. fjármálaráðherra virðist þó gera sér grein fyrir eins og fram kom í svörum hans.

Ég varð hins vegar fyrir miklum vonbrigðum með að heyra að hæstv. ráðherra vildi halda áfram einni vitlausustu skattlagningu sem fram fer. Ég skora á hæstv. fjármálaráðherra að endurskoða hana, þ.e. hvað varðar Gæsluna. Er boðlegt að hafa reglurnar þannig að hún neyðist til að fara til Færeyja og spari milljón kr. í hverri ferð í virðisauka. Það er ótrúlegt að menn vilji halda þessu áfram. Þetta er ekki skynsamlegt. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að menn ætli að halda þessu áfram í mörg ár, að löggæsla landsins forðist skattlagningu með því að beina viðskiptum sínum úr landi. Mér finnst þetta undarlegt. Ég trúi ekki að menn ætli að halda þessu áfram.

[15:40]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég held að ég afsali mér öllum konungstitlum úr hendi hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar, hvort sem þeir tengjast sköttum eða öðru.

Varðandi virðisaukaskattinn var ég náttúrlega búinn að svara því. Ég held að það sé varhugavert að við setjum leikreglurnar þannig að ríkisfyrirtæki búi við aðrar aðstæður en aðrir varðandi viðskipti með olíu. Eins og ég sagði áðan eru Gæslunni ákvarðaðar fjárveitingar á fjárlögum og hún þarf að vinna auðvitað innan þess ramma, á sama hátt og aðrar ríkisstofnanir.

[15:41]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég var á báðum áttum um hvort ég ætti að koma upp í þriðja sinn. Ég óttast að ef ég nefni það enn og aftur, hvað varðar Gæsluna sem er svo ótrúlega vitlaust, að hæstv. fjármálaráðherra festist í þessu fari, að hrekja Gæsluna úr landi til að kaupa olíu. Ég vonast til að menn sjái að sér. Það er engin skynsemi í þessu. Íslenska ríkið tapar á þessu og það er ótrúlegt að hæstv. fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins sjái þetta ekki.

[15:42]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég skil vel að hv. þingmaður hafi verið tvístígandi yfir að koma upp aftur til að ræða þetta mál. Ég held að það sé mjög sérstakt að predika svo stíft eins og hann gerir um að sérstakar reglur eigi að gilda um eina tiltekna ríkisstofnun. Það væri væntanlega hægt að finna alls konar undanþágur varðandi virðisaukaskatt af hinu og þessu fyrir hinar og þessar aðrar ríkisstofnanir.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að reyna að hafa reglurnar sem almennastar og hafa undanþágurnar sem fæstar. Við eigum að reyna að láta ríkisstofnanirnar vinna á sem líkustum grundvelli og hið almenna atvinnulíf þarf að vinna. Að öðru leyti verð ég að treysta forstöðumönnum stofnananna til að fara eftir þeim fjárveitingum sem Alþingi

ákvarðar, sem hv. þingmaður tekur þátt í að ákvarða, að borin sé virðing fyrir þeim ákvörðunum.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 392. mál. — Þskj. 1010.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér kemur til atkvæðagreiðslu við 3. umr. frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra um að hlutafélagavæða Rafmagnsveitur ríkisins. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hafa lagt á það ríka áherslu að raforka til almennra notenda og fyrirtækja sé mikilvægur þáttur almennrar grunnþjónustu sem eigi að reka á félagslegum grunni. Þau skref sem stigin hafa verið í markaðsvæðingu raforkukerfisins að undanförnu hafa þegar leitt til mikilla hækkana á verði raforku til neytenda víða um land, þvert á gefin loforð um annað.

Hlutafélagavæðing Rariks er liður í yfirlýstum markmiðum stjórnvalda, að einkavæða raforkukerfið og búa orku- og dreifingarfyrirtæki landsmanna undir að verða seld á almennum markaði. Þessi áform eru andstæð hagsmunum almennings í landinu. Við þekkjum sögu Símans. Fyrst var hann hlutafélagavæddur með hástemmdum yfirlýsingum, eins og við munum væntanlega heyra frá hæstv. iðnaðarráðherra núna, um að ekki standi til að selja hann, það sé bara formbreyting. En Síminn hafði ekki fyrr verið hlutafélagavæddur en hafinn var undirbúningur að sölu hans. Nú er hann seldur, þvert gegn vilja þjóðarinnar, að mínu mati.

Frú forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs erum andvíg því að einkavæða raforkukerfið eins og hér hefur verið lagt til. Við munum greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi.

[15:46]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við þingmenn Frjálslynda flokksins teljum að sú vegferð sem verið er að fara í þessu máli muni ekki þjóna hagsmunum landsmanna. Sú er niðurstaða okkar af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á raforkulögunum að undanförnu að því miður hafi þær ekki skilað sér landsmönnum til hagsbóta. Við munum því ekki ljá þessu máli atkvæði og sitjum hjá við afgreiðslu þess.

[15:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þann 2. apríl 1946 voru fyrst sett lög um Rarik þannig að í gær voru 60 ár liðin. Þetta er fyrirtæki sem hefur þjónað landsmönnum vel í gegnum tíðina og þá einkum og sér í lagi landsbyggðinni. Það á sér merka sögu og það á sér líka mikla framtíð en tímarnir hafa breyst og árið 2003 voru samþykkt ný lög frá hv. Alþingi, ný raforkulög þar sem kveðið er á um samkeppni í vinnslu og sölu á raforku. Það samræmist einfaldlega illa því fyrirkomulagi að reka Rarik sem stofnun. Hlutafélagaformið er þekkt og skilvirkt rekstrarform og þess vegna eru flest orkufyrirtæki rekin í formi hlutafélaga.

Þetta hefur ekkert með einkavæðingu að gera. Fyrirtækið verður áfram í eigu ríkisins.

Ég vil að lokum þakka hv. iðnaðarnefnd fyrir góð og vel unnin störf í tengslum við þetta frumvarp og samþykki það að sjálfsögðu.

Frv. samþ. með 38:4 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, FG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, ISG, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KJúl, KÓ, LB, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG.

nei: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BjörgvS, EMS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, JGunn, JónK, KHG, KLM, MF, MÁ, RG, SAÞ, SP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1088).

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 365. mál (heimilisofbeldi). — Þskj. 419.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, FG, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, ISG, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjarn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LB, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.

18 þm. (EMS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, JGunn, JónK, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SAÞ, SP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1089).

Bílaleigur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 379. mál (flutningur leyfisveitinga o.fl.). — Þskj. 1011.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK,

FG, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, ISG, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.

15 þm. (EMS, HÁs, HBl, HHj, JónK, KHG, KLM, MF, MÁ, RG, SAÞ, SP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1090).

Faggilding o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 1013.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, FG, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, ISG, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.

15 þm. (EMS, HÁs, HBl, HHj, JónK, KHG, KLM, MF, MÁ, RG, SAÞ, SP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1091).

Upplýsingaréttur um umhverfismál, frh. 3. umr.

Stjfrv., 221. mál (EES-reglur). — Þskj. 1012.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, FG, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, ISG, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.

15 þm. (EMS, HÁs, HBl, HHj, JónK, KHG, KLM, MF, MÁ, RG, SAÞ, SP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1092).

Þjóðlendur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 630. mál (framkvæmdastjóri og verklok nefndarinnar). — Þskj. 923.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, FG, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, ISG, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.

18 þm. (BJJ, EMS, HÁs, HBl, HHj, JónK, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SAÞ, SP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1093).

Breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 371. mál (lágmarksiðgjald og heimildir til fjárfestingar). — Þskj. 871, brtt. 875.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]

Brtt. 875 (ný fyrirsögn) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjG, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, ISG, ÍGP, JóhS, JGunn, JBjart, KÓ, LB, MÞH, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.

1 þm. (ÞBack) greiddi ekki atkv.

24 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, FG, HÁs, HBl, HHj, JÁ, JBjarn, JónK, KJúl, KolH, KHG, KLM, MF, MÁ, RG, SAÞ, SigurjÞ, SP, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, FG, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, ISG, ÍGP, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG, ÞBack.

17 þm. (EMS, HÁs, HBl, HHj, JÁ, JónK, KHG, KLM, MF, MÁ, RG, SAÞ, SP, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1094) með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Hlutafélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 461. mál (EES-reglur, upplýsingaákvæði). — Þskj. 869.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjG, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, FG, GHH, GHj,

GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, ISG, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG, ÞBack.

1 þm. (VF) greiddi ekki atkv.

17 þm. (BJJ, BjarnB, EMS, HÁs, HBl, HHj, JónK, KHG, KLM, MF, MÁ, RG, SAÞ, SP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1095).

Einkahlutafélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 462. mál (EES-reglur, upplýsingaákvæði). — Þskj. 870.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, FG, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, ISG, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.

15 þm. (EMS, HÁs, HBl, HHj, JónK, KHG, KLM, MF, MÁ, RG, SAÞ, SP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1096).

Greiðslur til foreldra langveikra barna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 877, brtt. 853 og 896.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Með breytingartillögu stjórnarandstöðunnar sem hér verða greidd atkvæði um er gerð lokatilraun til að leiðrétta alvarlega ágalla á frumvarpinu sem fjöldi umsagnaraðila eins og Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum, Þroskahjálp og landlæknisembættið hafa gert mjög alvarlegar athugasemdir við.

Í fyrsta lagi er um að ræða að gildissvið laganna er mjög þröngt sem mismunar verulega foreldrum sem búa við sambærilegar aðstæður. Þannig fá foreldrar þeirra langveiku og fötluðu barna sem greindust fyrir síðustu áramót engar greiðslur þó að aðstaða þeirra barna sé nákvæmlega söm og þeirra sem fæddust eftir áramótin. Í nokkrum tilvikum er það svo að foreldrar hafa þurft að vera árum saman utan vinnumarkaðar vegna fötlunar barna sinna sem ekkert munu fá með þessum lögum. Framkvæmdastjóri Umhyggju hefur sagt að margir foreldrar séu sárreiðir vegna þessa misræmis sem er á réttarstöðu langveikra barna.

Í öðru lagi er um að ræða þrepainnleiðingu á lögunum sem ekki koma að fullu til framkvæmda fyrr en á árinu 2008. Þó er þar aðeins um að ræða útgjöld upp á 130 millj. kr. þegar lögin eru að fullu komin til framkvæmda. Það hefur þau áhrif að foreldrum sem búa við nákvæmlega sambærilegar aðstæður er mjög mismunað og það svo að foreldri alvarlega fatlaðs barns sem greindist í desember á þessu ári getur fengið greiðslur þremur mánuðum skemur en barn sem greinist örfáum dögum seinna, þ.e. í byrjun ársins á eftir. Á þessu er tekið í þeim tveimur breytingartillögum sem er að finna á þskj. 896, enda er um að ræða svo mikið misræmi á réttarstöðu hjá foreldrum veikra barna í sambærilegri aðstöðu að það getur varla verið annað en brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Verði breytingartillaga okkar í stjórnarandstöðunni felld munum við engu að síður samþykkja frumvarpið því að hér er um framfaraspor að ræða, að fá þessa viðurkenningu á réttarstöðu fatlaðra barna á lögbókina en það er þá gert í þeirri trú að sem fyrst, og þá þegar á næsta þingi, verði þessir alvarlegu annmarkar á lögunum leiðréttir.

[15:55]

Dagný Jónsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í þessu frumvarpi er verið að stórbæta réttindi foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Hér er verið að þétta net velferðarkerfisins með því að koma inn með nýjar greiðslur sem ekki hafa verið greiddar áður og því ber að fagna. Þetta mun koma fjölskyldum langveikra barna til góða sem er svo sannarlega vel þegið enda nægar áhyggjur samt. Ísinn hefur verið brotinn, viðurkenningin er komin og við erum mjög stolt af þessu sanngirnismáli.

Brtt. 853,7 kölluð aftur.

Brtt. 896 felld með 29:17 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, BjörgvS, GAK, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, SigurjÞ, VF, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, FG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, ÍGP, JBjart, KÓ, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.

17 þm. (EMS, HÁs, HBl, HHj, ISG, JónK, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SAÞ, SP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, FG, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, ISG, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.

15 þm. (EMS, HÁs, HBl, HHj, JónK, KHG, KLM, MF, MÁ, RG, SAÞ, SP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:57]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við greiðum atkvæði um frumvarp til laga

um greiðslur til foreldra langveikra barna. Hér er í fyrsta skipti gripið til sértækra aðgerða til að aðstoða þennan hóp fólks sem mér finnst mjög jákvætt og ég styð það. Auk þess hafa sjúkrasjóðir stéttarfélaganna gert stórátak í að bæta stöðu þessa fólks þannig að hér er stigið mjög mikilvægt skref til framfara og ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1097).

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, frh. 1. umr.

Stjfrv., 651. mál (ESB-reglur). — Þskj. 958.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 647. mál (opinber skráning verðbréfa, EES-reglur). — Þskj. 954.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Evrópsk samvinnufélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 594. mál (EES-reglur). — Þskj. 878.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 620. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 906.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 614. mál (styrkir til hitaveitna). — Þskj. 899.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 655. mál (útboðs- og skráningarlýsingar, EES-reglur). — Þskj. 962.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 684. mál (samlagshlutafélög o.fl.). — Þskj. 1001.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Höfundalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 664. mál (lækkun fylgiréttargjalds, EES-reglur). — Þskj. 974.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Staða hjóna og sambúðarfólks, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 69. mál. — Þskj. 69.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Rannsóknamiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP, 223. mál. — Þskj. 223.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 237. mál. — Þskj. 237.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1084. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 353. mál (afnám sérúthlutunar á þorski). — Þskj. 387, nál. 868.

[16:04]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingu, frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson og Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fallið verði frá sérreglum varðandi úthlutun á 3.000 lestum af þorski skv. 9. gr. a laganna og fiskiskipum sem þessarar úthlutunar hafa notið verði í staðinn úthlutað aflahlutdeild frá og með fiskveiðiárinu 2006/2007 samkvæmt nánar tiltekinni reiknireglu í ákvæði til bráðabirgða.

Nefndin er sammála því að umræddri úthlutun verði breytt í aflahlutdeild en leggur til að reiknireglunni verði breytt þannig að í stað þess að miða eingöngu við það meðaltal sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006, þá verði einnig litið til þess hversu mikið hver réttur gefur án tillits til aflamarksstöðu fiskiskips og sá kostur valinn sem meira gefur í aflahlutdeild. Þetta val leiði hins vegar ekki til aukins heildaraflamagns þorsks sem ráðstafað er til þessarar sérstöku úthlutunar.

Með tilliti til framanritaðs leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Í upphafi fiskveiðiárs 2006/2007 skal úthluta aflahlutdeild í þorski þeim fiskiskipum sem réttur skv. 9. gr. a er bundinn við þegar lögin taka gildi. Reiknigrunnur hvers úthlutunarréttar samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu skal vera hvort sem hærra reynist; aflamark, sem úthlutun á grundvelli viðkomandi réttar gefur án tillits til aflamarksstöðu fiskiskips eða aflamark sem er meðaltal þess aflamarks sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006, að báðum árum meðtöldum. Þó skal skerða reiknigrunn hvers úthlutunarréttar hlutfallslega þannig að heildarreiknigrunnurinn verði ekki hærri en meðaltal úthlutana fyrrgreindra fiskveiðiára að teknu tilliti til lækkunar leyfilegs heildarafla þorsks milli fiskveiðiáranna 1999/2000 og 2005/2006. Aflahlutdeild hvers fiskiskips skal síðan reiknuð út frá reiknigrunni sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2005/2006 í þorski. Að lokinni þessari úthlutun skal aflahlutdeild allra fiskiskipa í þorski endurreiknuð með hliðsjón af þeim breytingum sem af þessari úthlutun leiðir. Heimilt er ráðherra að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um flutning réttar milli fiskiskipa."

Jón Bjarnason áheyrnarfulltrúi er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Jóhann Ársælsson og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálit þetta skrifa auk mín hv. þm. Magnús Stefánsson, Kjartan Ólafsson, Einar Oddur Kristjánsson og Siv Friðleifsdóttir. Hv. þm. Kristján L. Möller og Jón Gunnarsson skrifa undir með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Hér er til 2. umr. frumvarp um ráðstöfun á svokölluðum 3 þús. tonna potti af óslægðum þorski sem nú er gerður að varanlegum aflaheimildum. Þessi pottur hefur verið óbreyttur í tonnafjölda án tillits til úthlutunar þorskveiðiheimilda hverju sinni. Samkvæmt frumvarpinu verður miðað við heildarhlutfall leyfilegs aflamarks í þorski, sem var á fiskveiðiárinu 1999/2000 250 þús. lestir en er á þessu fiskveiðiári 198 þús. lestir. Það er lækkun upp á rúm 20%. Við erum að ræða um að 8,4 tonnin af slægðum þorski verði varanlega 6,628 lestir af slægðum þorski en þetta hámark breytist við þá breytingartillögu sem nú er til umræðu.

Í meðförum sjávarútvegsnefndar kom í ljós að grunnúthlutun á þorski er mjög sterk samkvæmt lögum. Hugsanlega hefði getað skapast skaðabótaskylda sem gæti haft áhrif á úthlutunina samkvæmt upphaflegu frumvarpi. Í stað þess að breyta frumvarpinu þannig að eingöngu verði farið eftir grunnúthlutun var tekin sú afstaða í sjávarútvegsnefnd að hafa báðar leiðir inni, þ.e. að miða við heildarhlutfall leyfilegs aflamarks í þorski sem var á fiskveiðiárinu

1999/2000 250 þús. lestir en er á þessu fiskveiðiári 198 þús. lestir. Eins og áður er getið verður tekið tillit til grunnúthlutunar en síðan verði betri leiðin valin og farin hjá hverjum aðila fyrir sig.

Ef við skoðum hvernig þessar tölur verða til þá verða 3.000 tonnin niðurfærð miðað við árið 2000, sem eru 250 þús. tonn. Í ár er úthlutað 198 þús. tonnum þannig að þau eru niðurfærð og verða 2.376 tonn. Síðan eru 68 tonn í viðbót, sem eru viðbót frá 1997–1999 vegna sölu og breytinga á bátum. Þá förum við í 2.444 tonn. Séu þessi 2.444 tonn slægð erum við með 2.053 tonn.

Ef við förum betri leiðina hjá báðum aðilum, þ.e. annars vegar grunninn og hins vegar þessi sjö ár sem um ræðir, þá fáum við út 2.331 tonn. Því þurfum við að niðurfæra betri leiðina og taka 88,037% af því. Þá fáum við út 2.053 tonn. Þetta er eins og við sjáum mjög ásættanleg leið.

Ef við skoðum að meðaltali eins til sjö ára grunninn og betri leiðina sem er valin þá er mismunurinn 12 tonn upp hjá LS-bátum og 3 tonn niður hjá LÍÚ-bátum. Þetta er mjög nálægt því sem menn gætu verið sáttir við.

Í stað þess að varanlegar aflaheimildir verði 6,628 tonn verða þær 5,856 lestir, það eru 88,037% eins og ég ræddi um áðan. Hér er ásættanleg millilending að mínu mati en jafnframt mikilvægt að ljúka þessu máli. Almenn sátt var í sjávarútvegsnefnd í umræðu um þetta mál og mjög góð og málefnaleg umræða fór þar fram.

Í umsögn Landssambands smábátaeigenda kom fram, með leyfi forseta:

„Það ákvæði sem hefur verið kynnt mun leiða til mikilla breytinga á frumvarpinu, þ.e. hverjir muni njóta varanlegra veiðiheimilda með afnámi sérúthlutunar í þorski sem kveðið er á um ... Í drögum að nýjum texta frumvarpsins er gert ráð fyrir að fallið verði frá því að veiðiréttí sem myndast við hlutdeildartengingu verði úthlutað í hlutfalli við það sem viðkomandi fékk í sinn hlut á tímabilinu 1999/2000–2005/2006. Það leiðir til þess að 40 aðilum sem ekki hafa uppfyllt eftirfarandi skilyrði til úthlutunar verður nú úthlutað samkvæmt grunnréttindum. Þar af eru 10 sem fá full réttindi en þeir voru með þorskígildi umfram 450 á tímabilinu, 2 fá nánast full réttindi en þeir höfðu ekki þorsk í sínum veiðiheimildum á tímabilinu. Réttur þeirra 28 sem þar standa eftir er afar rýr, en þeir voru flestir án veiðiheimilda í þorski á viðmiðunartímabilinu.

LS ítrekar þá skoðun sína að rétturinn sem hér um ræðir eigi að ganga til þeirra sem fengu honum úthlutað á viðmiðunartímabilinu. LS hefur þó skilning á að gera þurfi breytingar á frumvarpinu stangist það óbreytt á við lög og skapi ríkissjóði þannig skaðabótaskyldu sem gæti leitt til enn meiri skerðingar hjá umbjóðendum LS.

LS furðar sig hins vegar á því að slíkar breytingar sé ekki hægt að gera á annan hátt en viðurkenna full réttindi á þá aðila sem áttu samkvæmt upphaflegu markmiði þessa ákvæði ekki tilkall til þessara veiðiheimilda, þ.e. þeirra sem höfðu veiðiheimildir umfram 450 þorskígildi og engar þorskveiðiheimildir.

Ákvæðið var lögfest í framhaldi af ábendingum LS og var ætlað að styrkja smáar útgerðir sem höfðu nánast allar sínar veiðiheimildir í þorski og höfðu þannig orðið fyrir veiðiheimildaskerðingu umfram aðra útgerðarflokka."

Sjávarútvegsnefnd kynnti LS og LÍÚ þessar breytingar sérstaklega. Við teljum að frumvarpið hefði að óbreyttu skapað ríkissjóði skaðabótaskyldu.

Virðulegi forseti. Hér er verið að einfalda og skerpa enn frekar núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Því er þessi breyting mjög mikilvæg. Í áranna rás hefur alltaf verið tekið tillit til þessara heimilda og þær verið dregnar frá leyfilegu heildaraflamarki í þorski á grundvelli aflahlutdeildar. Því hefur þetta ekki áhrif á þorskveiðiaflaheimildir einstakra fiskiskipa þar sem þessi sérstaka úthlutun hefur ávallt verið dregin frá leyfilegum heildarafla.

Hér eftir verður þessi pottur sameinaður í heildarúthlutun á varanlegu aflamarki. Mikil óvissa hefur ríkt hjá þeim sem hafa haft þennan rétt en hámarksúthlutun til hvers skips hefur verið 10 tonn af óslægðum þorski, sem svarar til 8,4 tonna af slægðum þorski. Við höfum séð að skip hafa verið auglýst til sölu með þessum heimildum en markaðsverð hefur miðast við 50%.

Aflaheimildum samkvæmt 9. gr. a hefur verið úthlutað árlega síðan á fiskveiðiárinu 1999/2000. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu áttu 497 fiskiskip í upphafi rétt til úthlutunar og þar af voru 234 fiskiskip með hámarksúthlutun en aðrir með minna. Úthlutunarréttur hefur ekki breyst í fjölda en hefur tekið breytingum á milli fiskveiðiára, þ.e. hvernig úthlutunin skiptist á milli fiskiskipa. Af þessum 497 „úthlutunarréttum" hafa 40 aldrei gefið úthlutun. Helstu skýringar eru þær að annaðhvort hefur viðkomandi skip ekki verið með aflaheimild í þorski eða aflaheimildir viðkomandi skips hafa farið yfir 450 þorskígildislestir en það er hámark sem miðað hefur verið við. Með breytingunni sem lögð er til er ljóst að þeir aðilar, sem ekki hafa getað nýtt sér veiðiréttinn eins og að ofan er getið, munu fá grunnúthlutun sína metna að hluta. Skýringin er sú að lagalegar forsendur og réttur er að öllum líkindum til staðar en úthlutunin verður aldrei hærri en 88,037% af útreiknuðum grunni eða að meðaltali síðastliðinna sjö ára eins og frumvarpið gerði ráð fyrir í upphafi.

Sjávarútvegsráðherra hefur heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um flutning réttar milli fiskiskipa. Það er ljóst að að lokinni þessari úthlutun mun aflahlutdeild allra fiskiskipa í þorski endurreiknuð að teknu tilliti til breytinganna.

Virðulegi forseti. Þessi sérstaka úthlutun hefur ekki breyst þrátt fyrir breytingar á aflahlutdeild á milli ára. Það er meira jafnræði að leggja þennan 3 þús. tonna pott af og gera hann að varanlegum aflaheimildum. Það hefur verið mikil óvissa hjá þeim aðilum sem hafa fengið þessa úthlutun en með þessari breytingu er búið að eyða henni.

Í umsögn um frumvarpið segir Farmanna- og fiskimannasambandið að það styðji frumvarpið en vilji í leiðinni nota tækifærið til að ítreka áskorun til þingmanna um að koma á koppinn aukinni veiðiskyldu og draga þannig úr eða helst koma alfarið í veg fyrir undirrótina að stórum hluta þess misréttis sem á sér stað innan greinarinnar, sem sé hið óhefta leigaframsal innan fiskveiðiársins.

Hafrannsóknastofnun hafði engar athugasemdir við frumvarpið.

LÍÚ segir:

„Í athugasemdum með lagafrumvarpinu er því vel lýst

hvaða óhagræði núverandi fyrirkomulag hefur í för með sér og þess vegna fögnum við því að tekið skuli á málinu. Við teljum hins vegar að betra væri að koma til móts við þá sem rétt eiga samkvæmt umræddu lagaákvæði með því að aflétta því skilyrði að úthlutun leiði ekki til meiri heildaraflaheimilda en 450 þorskígildislesta og að heimilt verði að sameina „rétti" samkvæmt ákvæðinu þannig að úthlutun á einstakan bát geti orðið meiri en 10 lestir miðað við óslægðan fisk í slíkum tilvikum."

Ég hef gert grein fyrir áliti LS eftir breytingarnar. En á aðalfundi þeirra ályktuðu þeir um jöfnunarsjóð. Ályktunin var svohljóðandi:

„Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegsráðherra að veiðiheimildum til jöfnunar verði úthlutað varanlega til þeirra sem nú hafa þegar jöfnunarúthlutunina."

Sjómannasamband Íslands telur löngu tímabært að afnema þá sérúthlutun á þorski sem felst í 9. gr. a í lögunum um stjórn fiskveiða.

Vélstjórafélag Íslands hefur ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði þessu frumvarpi vísað til 3. umr.

[16:16]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þótt það flýti almennt fyrir þingstörfum að koma máli fljótt frá sér fannst mér hv. þingmaður vera ansi fljótmæltur í ræðu sinni. Ég hefði mjög gjarnan viljað ná sem mestu af því sem hv. þingmaður sagði en sumu náði ég ekki, m.a. vegna kliðs í þingsalnum á meðan menn voru að ganga um o.s.frv.

Ég ætla hins vegar að koma hér með smáathugasemd, hæstv. forseti. Það er í rauninni út af nefndarálitinu eins og það er uppsett því að breytingartillagan í nefndarálitinu, sem er meginefnisatriði málsins, er auðvitað framsetning á reiknireglu. Framsetning á því hvernig finna eigi út ákveðna hluti, hvernig þeir eigi að koma til úthlutunar hjá hverjum og einum og hvaða endurreikningur á síðan að fara fram á heildaraflamarkinu þegar því er lokið. Ég sakna þess í nefndarálitinu, af því það er nærri því þrjár auðar blaðsíður, að þar hafi ekki verið sett inn eitt, tvö eða þrjú dæmi þar sem menn hefðu gefið sér skip sem hefði haft þessar heimildir um eitthvert árabil og veitt upp í þær eða nýtt o.s.frv. og miðað við heildarútflutning hvers árs þar sem dæmi hefðu verið sýnd hvaða áhrif verða af þeirri breytingu sem lögð er hér til í breytingartillögunni.

Nú kann að vera að hv. þingmaður, framsögumaður sjávarútvegsnefndar, Guðjón Hjörleifsson, hafi vikið að slíku dæmi áðan, en ég hef þá ekki heyrt það nægilega, hæstv. forseti.

[16:18]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lofa hv. þingmanni Guðjóni Arnari Kristjánssyni að hægja aðeins á mér þegar líða tekur á daginn. Þetta er nú bara mitt eðli að tala hratt en ég skal aðeins hægja á mér. Ég var einu sinni á fundi úti í Vestmannaeyjum og þar var maður sem talaði hraðar en ég og það kom athugasemd utan úr sal. Þá sagði hann við þann sem gerði athugasemdina: Þú verður bara að hlusta hraðar. Það er mjög erfitt en þetta var mjög snaggaralega afgreitt út í sal.

Varðandi þessa breytingartillögu þá kom í ljós þegar lögfræðingar fóru að ræða saman að frumvarpið skapaði bótarétt. Ég veit að Landssamband smábátaeigenda lét skoða þetta mál og þess vegna er farinn þessi millivegur. Okkur fannst heldur ekki sanngjarnt, miðað við upphaflegt frumvarp, að taka grunninn af beint. Við reynum að láta alla njóta þess að taka betri leiðina og taka síðan prósent af því til þess að það sé ekki tekið af öðrum sem fá úthlutað. Þannig er þetta unnið. Það er alveg ljóst að þau skip sem voru með meira 450 lestir og voru stærri en 200 tonn höfðu ekki rétt til að veiða samkvæmt frumvarpinu. Þá dreifðist það á þau skip sem ekki voru með full 8,4 tonn. Þannig var þetta. Upphaflegt frumvarp miðaðist við reynslu þeirra síðastliðin sjö ár og þá yrði sú uppbót til staðar en lögin eru með þeim hætti að við urðum að fara þessa leið til að breyta þessu.

[16:20]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hugsunin á bak við þessa breytingu hafi skýrst nokkuð með þessum orðum hv. þingmanns. En ég endurtek samt tilmæli mín til hv. formanns sjávarútvegsnefndar að áður en við förum með þetta mál í gegnum 3. umr. væri ansi fróðlegt að fá smáviðbótarnefndarálit sem fælist í því að reiknuð væru tvö, þrjú tilbúin dæmi af bátum sem hefðu haft þessar heimildir í einhvern tíma, mismunandi langan tíma, og sýnt hvað gerist annars vegar við þá breytingu sem hér er lögð til og hins vegar við þá hugmynd að taka úthlutunina bara beint á hverjum tíma.

[16:22]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að nefndarmenn hefðu fengið excel-skjal þar við tókum öll skipin sem voru í þessu kerfi og breytinguna þar sem við útlistuðum hvað menn mundu fá miðað við eitt til sjö ár og miðað við grunninn. Ég taldi að menn hefðu fengið það skjal og getað séð þetta. Ég skal bara útvega hv. þingmanni það mjög snaggaralega á eftir.

[16:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eflaust eiga margir sem hlýða á þessa umræðu erfitt með að skilja um hvað þetta mál snýst. Það fjallar að einhverju leyti um það að verið er að úthluta úr sameign þjóðarinnar út um dittinn og dattinn eftir einhverjum reglum. Það er mjög erfitt að henda reiður á því hvað í rauninni fer fram í þessari umræðu. Ég verð að taka undir það.

En ég vil í fyrsta lagi spyrja hv. formann sjávarútvegsnefndar að því hvort þetta taki að einhverju leyti á brýnasta verkefninu í sjávarútvegi sem er að bæta hag sjávarbyggðanna. Tekur þetta frumvarp á því að einhverju leyti? Og í öðru lagi: Tekur þetta frumvarp á því hvort nýliðum verði veittur aðgangur að þessu kerfi?

[16:23]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða hér um að úthluta jöfnunarpotti sem hefur verið til staðar í mörg ár. Við erum að eyða óvissu og færa þessa úthlutun yfir í varanlegar aflaheimildir. Ég held að þetta bæti hag sjávarbyggða og ég held að margir smábátaeigendur sem hafa lifað við þessa óvissu séu mjög sáttir við að fá þetta varanlega. Það er ljóst að í ályktun aðalfundar Landssambands smábátaeigenda er sjávarútvegsráðherra hvattur til að gera þetta varanlegt. Ég tel því að þetta sé hið besta byggðamál og gott að fyrir menn að vita hvað þeir hafa. Það hefur verið óvissa í þessu. Við vitum líka að þegar bátar í þessu kerfi, í þessum potti, hafa verið auglýstir til sölu hefur það verið á 50% verði.

Varðandi nýliðun vitna ég í það sem ég hef áður sagt. Ég tel langtum meiri möguleika á nýliðun í þessu aflamarkskerfi núna, í krókaaflamarkinu, heldur en var í sóknardagakerfinu. Við vorum með dæmi um það frá aðilum sem störfuðu í þessu kerfi að það væri mjög erfitt að fá bankakerfið með sér í fjármögnun varðandi kaup á bátum og aflaheimildum. Ég tel að þetta kerfi bjóði meira upp á nýliðun en annað.

[16:24]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að lýsa mig algerlega ósammála hv. þingmanni. Það er verið að úthluta einhverjum pottum og einhverju og einhverju til einhverra úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Það er ekkert verið að taka á vandamálunum í sjávarútvegi, alls ekki.

Hv. þingmaður heldur því fram að verið sé að rétta hag sjávarbyggðanna að einhverju leyti. Hvernig er verið að rétta hag t.d. Bíldudals með þessu frumvarpi? Hvernig væri að hv. þingmaður færi yfir það með okkur? Ég tel að þetta geri það alls ekki heldur festi miklu frekar í sessi vont kerfi sem hefur veitt þessu byggðarlagi mjög þungt högg og fleiri sjávarbyggðum kringum landið. Mér finnst í rauninni algjört öfugmæli að halda því fram að þetta sé einhver byggðaaðgerð. Menn ættu að skammast sín fyrir að vera með slíkan málflutning, frú forseti, að halda einhverju fram sem er algerlega úr takti við raunveruleikann og gera það alveg blákalt frammi fyrir alþjóð og í þinginu.

En varðandi hitt að þetta tryggi nýliðun. Hvað kallaði hv. þingmaður sér þar til vitnis? Jú, hann vitnaði í sjálfan sig. Hann vitnaði í að hann hefði sjálfur komist að því að þetta væri gott til nýliðunar. Þar vitnaði hann í sjálfan sig og komst að því enn og aftur með því að spyrja sjálfan sig að þetta væri mjög gott fyrir nýliðun. Þetta er náttúrlega algjör rökleysa hjá hv. formanni sjávarútvegsnefndar og hann ætti að sjá sóma sinn í að koma hér með einhver haldbær rök í stað þess að vitna í sjálfan sig máli sínu til stuðnings.

[16:26]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil náttúrlega að hv. þm. Sigurjón Þórðarson, fulltrúi Frjálslynda flokksins, sé ósáttur við þetta. Það er verið að festa okkar kerfi enn í sessi og gera þetta að varanlegum heimildum. (**Gripið fram í:** Hvernig kemur það á Bíldudal?) Ég vitnaði ekkert í sjálfan mig. Ég sagði að þeir aðilar sem komu á fund sjávarútvegsnefndar og ræddu við okkur þegar við lögðum af sóknardagakerfið töldu langtum meiri möguleika á nýliðun með því að færa þetta yfir í varanlegar aflaheimildir. Það var það sem gerðist. Einu breytingarnar sem við erum að gera eru á þessum 3.000 tonna potti, sem hefur ekkert breyst þrátt fyrir breytingar árið 2000 þegar heildaraflamarkið var 250 þús. tonn og fer niður í 180 þús. tonn. Þess vegna er það niðurfært og breytingin liggur í því að þessi 8,4 tonn verða mest 5,6 í slægðum fiski. Það er breytingin og það er eðlilegt þannig að menn eru ekki að taka af öðrum.

[16:27]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. formanns sjávarútvegsnefndar, Guðjóns Hjörleifssonar, hér áðan skrifa ég undir nefndarálitið með fyrirvara. Mig langar að eyða nokkrum orðum í að gera grein fyrir þeim fyrirvara eins og hann liggur.

Þegar frumvarp hæstv. sjávarútvegsráðherra kom til nefndarinnar og farið var í gegnum þá leið sem frumvarpið gerði ráð fyrir, að taka þennan 3.000 tonna jöfnunarpott sem áður hafði verið úthlutað frá ári til árs og breyta honum í varanlega úthlutun sem ekki væri neitt öðruvísi en aðrar úthlutanir á aflahlutdeild, kom mjög snemma í ljós að svo virtist sem frumvarpið hefði ekki verið nægjanlega undirbúið í sjávarútvegsráðuneytinu. Mjög fljótlega vöknuðu spurningar um hvort það gæti verið að frumvarpið eins og það var búið og frumvarpið eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra mælti fyrir því hér á þingi gæti, ef það yrði óbreytt að lögum, skapað ríkinu skaðabótaábyrgð varðandi nokkuð marga aðila sem útgerð stunduðu á árum áður og útgerð stunda enn þá, en höfðu ekki, vegna takmarkandi þátta í úthlutun á jöfnunarpottinum, átt möguleika á að fá úthlutun meðan hún var tímabundin eins og lög gerðu ráð fyrir.

Þessi spurning varð mjög áleitin í vinnu nefndarinnar og ég verð að hrósa hv. formanni nefndarinnar, Guðjóni Hjörleifssyni, fyrir að taka á sig rögg, eftir að ljóst var orðið að það var orðin stór spurning hvort frumvarpið óbreytt, yrði það að lögum, skapaði ríkinu skaðabótaábyrgð, og reyna að finna leið sem aðilar gætu frekar sætt sig við en þá leið sem hæstv. sjávarútvegsráðherra lagði til í frumvarpi sínu.

Fyrirvarinn snýst að mestu leyti um að við þessa vinnu var kannski ekki gefinn nægjanlega langur tími til að fara í gegnum hvort hin nýja leið, sem formaður hv. sjávarútvegsnefndar hafði lagt til, stæðist þá frekar lög um skaðabætur eða hvort hún leysti þetta mál eins og ég veit að góður hugur hv. formanns, Guðjóns Hjörleifssonar, stóð til. Það er aldrei einfalt þegar verið er að flytja mikil verðmæti frá einum til annars. Við sem tökum nú daglegan þátt í umræðum um sjávarútvegsmál vitum að tonnin þurfa ekki að vera mörg til að tölurnar verði háar. Sú breyting sem hér er verið að leggja til á frumvarpinu þýðir að aðilar sem samkvæmt frumvarpi hæstv. ráðherra áttu ekki að fá 1 tonni eða 1 kílói úthlutað úr þessum jöfnunarpotti öðlast nú, samkvæmt þeirri leið sem verið er að leggja til, jafnvel rétt til að fá hámarksúthlutun upp á 5,5 tonn, eins og hv. formaður fór yfir í framsöguræðu sinni. 5,5 eða 5,6 tonn eru ekkert litlir fjármunir í þessu kerfi þegar haft er í huga að leiguverð á

svona aflaheimildum, það að fá leyfi til að sækja 1 kíló einu sinni í sjóinn, er kannski 120 kr. Þá er leiguverðmæti svona aflamarks, sem flutt er frá einum til annars, á einu ári 700–800 þús. kr. Varanlega væri hægt að selja þær aflaheimildir sem nú er verið að ákveða, samkvæmt þeirri breytingartillögu sem hér liggur fyrir, að flytja til útgerðarmanna sem ekki áttu að fá 1 kílói úthlutað samkvæmt frumvarpi sjávarútvegsráðherra fyrir 8–9 millj. kr. Það er verið að flytja til varanleg verðmæti fyrir 8–9 millj. kr.

Þannig að við sem stöndum í því hér á þingi að setja lög sem fjalla um svona mikla fjármuni verðum að gefa okkur þann tíma sem þarf til að fullvissa okkur um að það sem við gerum og það sem við leggjum til skapi ekki ríkinu skaðabótaskyldu á nokkurn hátt, og reyna að gæta eins mikillar sanngirni í okkar störfum og mögulegt er þegar verið er að ráðast í svona breytingar.

Flýtirinn í þessu máli kemur mjög glöggt í ljós þegar við veltum fyrir okkur umsögnum frá hagsmunaaðilum. Þann 7. febrúar sendi Landssamband smábátaeigenda til okkar umsögn sem segir í stuttu máli að landssambandið geri ekki athugasemdir við frumvarpið. Með umsögninni fylgdi síðan samþykkt sem gerð hafði verið á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 14. og 15. október, þar sem fram kemur að aðalfundurinn skorar á sjávarútvegsráðherra að veiðiheimild til jöfnunar verði úthlutað varanlega til þeirra sem nú þegar hafa jöfnunarúthlutunina. Landssambandið var sem sagt að segja: Við samþykktum á okkar aðalfundi að við vildum leggja til og skora á sjávarútvegsráðherra að veiðiheimildunum úr jöfnunarpottinum yrði úthlutað varanlega til þeirra sem hafa áður notið úthlutunar úr pottinum.

Nú gerir breytingin sem talað er um í nefndarálitinu ráð fyrir að það verði ekki bara þeir sem áður hafi notið úthlutunar úr jöfnunarpottinum sem fái úthlutun heldur líka þeir sem aldrei uppfylltu skilyrði til að fá úthlutun áður. Þá er þetta ekki orðið í sama dúr og lesa má út úr samþykkt Landssambands smábátaeigenda og þá er í raun umsögnin, sem kemur 7. febrúar, ekki gild lengur því hún fjallar um allt annan hlut en við erum að fjalla um hérna núna.

Þann 7. febrúar berst líka umsögn frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og hún er svolítið öðruvísi vegna þess að hún fer í gegnum það með hvaða hætti almenna reglan er við úthlutun á aflaheimildum. Þeir benda á að þeir sem áttu rétt til að fá úthlutað jöfnunarkvóta. en voru tímabundið yfir í sínum eigin kvóta eða uppfylltu ekki að öðru leyti þau skilyrði sem sett voru þá fyrir úthlutun á jöfnunarkvóta, ættu þennan rétt í raun og veru. Það mætti ekkert taka þann rétt af þeim því hann væri þarna og þeir gætu hvenær sem er vakið hann upp. Bátur sem var með 450 tonn af þorski áður og fékk þar af leiðandi ekkert úr jöfnunarpottinum því hann átti meira en hámarkið gerði ráð fyrir í þorski gat hvenær sem er losað sig við eitthvað af þessum 450 tonnum og öðlast þá rétt til að fá úthlutun úr pottinum ef engin breyting væri gerð á.

Það er þessi réttur sem verið er að benda á að hefði getað skapað skaðabótarétt gagnvart ríkinu síðar meir. Það er augljóst að við breytingu á því sem hér var verið að gera er að mestu leyti tekið tillit til athugasemda sem fram koma í umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Þegar þetta lá fyrir hefði kannski verið í lagi að gefa sér tíma og skoða hvort við værum nú að gera þarna breytingar sem væru sanngjarnari en þær sem áður höfðu verið lagðar til og breytingar sem ætla mætti að mundu ekki ganga þannig gegn hagsmunum manna að þær gætu skapað ríkinu skaðabótaskyldu.

Þann 3. mars sendir Landssamband smábátaeigenda nefndinni bréf þar sem fram kemur að landssambandinu hafi borist texti frá ritara sjávarútvegsnefndar sem sendur hefði verið sambandinu í umboði formanns og fram hefði komið að það væri í raun ætlun nefndarinnar að gjörbreyta frumvarpi hæstv. ráðherra, þ.e. gjörbreyta grunninum fyrir úthlutun á þessum jöfnunarpotti varanlega. Þá kveður við annan tón hjá Landssambandi smábátaeigenda vegna þess að með þessu sjá þeir að það er verið að gera talsverðar breytingar og útreikningar sýna að þær breytingar, má segja, koma aðeins niður á félagsmönnum landssambandsins og koma sér ívið betur fyrir þá sem eru í Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Það sem landssambandið bendir kannski líka á er að, og ég leyfi mér að lesa, með leyfi forseta, upp úr þessu bréfi:

„Í drögum að nýjum texta frumvarpsins er gert ráð fyrir að fallið verði frá því að veiðirétti sem myndast við hlutdeildartengingu verði úthlutað í hlutfalli við það sem viðkomandi fékk í sinn hlut á tímabilinu 1999/2000 og til ársins 2005/2006. Það leiðir til að 40 aðilum sem ekki hafa uppfyllt eftirfarandi skilyrði til úthlutunar verður nú úthlutað samkvæmt grunnréttindum. Þar af eru 10 sem fá full réttindi en þeir voru með þorskígildi umfram 450 á tímabilinu. Tveir fá nánast full réttindi en þeir höfðu ekki þorsk í sínum veiðiheimildum á tímabilinu. Réttur þeirra 28 sem þar standa eftir er afar rýr en þeir voru flestir án veiðiheimilda í þorski á viðmiðunartímabilinu.

Landssambandið ítrekar þá skoðun sína að rétturinn sem hér um ræðir eigi að ganga til þeirra sem fengu honum úthlutað á viðmiðunartímabilinu. Landssambandið hefur þó skilning á að gera þurfi breytingar á frumvarpinu stangist það óbreytt á við lög og skapi ríkissjóði þannig skaðabótaskyldu sem gæti leitt til enn meiri skerðingar hjá umbjóðendum landssambandsins. Landssambandið furðar sig hins vegar á að slíka breytingu sé ekki hægt að gera á annan hátt en að viðurkenna full réttindi á þá aðila sem áttu samkvæmt upphaflegu markmiði þessa ákvæðis ekki tilkall til þessara veiðiheimilda, þ.e. þeirra sem höfðu veiðiheimildir umfram 450 þorskígildi og engar þorskveiðiheimildir.

Ákvæðið var lögfest í framhaldi af ábendingu landssambandsins og var ætlað að styrkja smáar útgerðir sem höfðu nánast allar sínar veiðiheimildir í þorski og höfðu þannig orðið fyrir veiðiheimildaskerðingu umfram aðra útgerðarflokka."

Þarna fara þeir rétt í gegnum það af hverju þessi jöfnunarpottur var settur á á sínum tíma. Hann var hugsaður þannig að hann ætti að bæta veiðiheimildaskerðingu umfram aðra útgerðarflokka þeim sem að mestu höfðu veiðiheimildir sínar í þorski.

En það er annað í seinna bréfinu frá landssambandinu sem ég vil sérstaklega vekja athygli á og það er þessi setning, með leyfi forseta:

„Landssambandið hefur þó skilning á að gera þurfi breytingar á frumvarpinu stangist það óbreytt á við lög og

skapi ríkissjóði þannig skaðabótaskyldu sem gæti leitt til enn meiri skerðingar hjá umbjóðendum landssambandsins."

Bara þessi lína í bréfi landssambandsins hefði átt að þýða að við tækjum okkur í nefndinni meiri tíma til að fara í gegnum þetta skaðabótamál, velta því fyrir okkur. Við hefðum einnig átt að spyrja embættismenn í sjávarútvegsráðuneytinu og aðra sem komu að því að semja frumvarpið hvernig á því stæði að við værum að fá frumvarp inn í sali Alþingis, og framsögumaður væri hæstv. sjávarútvegsráðherra, sem eftir tiltölulega stutta skoðun veki spurningar um skaðabótaábyrgð ríkisins.

Að mínu viti eru það ekki ásættanleg vinnubrögð í ráðuneytinu að senda frá sér slíkt frumvarp, kynna það hér, eins og gert var í 1. umr., sem svona eðlilega litla breytingu á lögunum. Þess má geta að dagsetningin á seinna bréfinu frá Landssambandi smábátaeigenda er 3. mars 2006. Nefndarálitið er afgreitt úr nefndinni 3. mars 2006. Þannig að sama dag og bréfið kemur frá Landssambandi smábátaeigenda, þar sem farið ef yfir þetta, er nefndin að afgreiða þetta út og gefur sér ekki tíma til að fara í gegnum þetta og skoða betur.

Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni erum við að fjalla hér um mikil verðmæti. Við erum að fjalla um að flytja verðmæti frá einum til annars með lagasetningu. Við slíkan gerning verðum við að vanda okkur.

Ég ætla ekki að fara í gegnum útreikninginn á þessu og af hverju það flyst til milli útgerðarflokka. Það er of flókið til að lesa það upp hér úr ræðustól. Ég verð þó að segja að ástæðan fyrir því að ég skrifa undir þetta nefndarálit, þó með fyrirvara sé gert, er einfaldlega sú að úr því búið var að lögfesta þennan jöfnunarpott varanlega, áður var hann í bráðabirgðaákvæði, inn í lög um stjórn fiskveiða er að mörgu leyti skynsamlegra, ég get tekið undir það, að hann lúti almennum úthlutunarreglum. Umræðan sem ég tók hér í 1. umr., og ég held að sé fullgild umræða og menn verði að velta fyrir sér, er sú staðreynd að þetta voru 3.000 tonn. Það var verið að úthluta 3.000 tonnum á hverju einasta ári, burt séð frá því hvert heildaraflamarkið var í þorski. Með þessari breytingu núna eru þetta ekki lengur 3.000 tonn. Þetta er talsvert mikið minna. Það munar náttúrlega fyrir alla þá sem hafa fengið úthlutun úr þessum potti. En á móti kemur, eins og ráðherra fór yfir í máli sínu við 1. umr., að við að gera þessar aflaheimildir að varanlegum ósérmerktum heimildum eykst verðmæti þeirra á hinum almenna markaði. Verðmæti þeirra eykst í viðskiptum manna á milli með þessar veiðiheimildir. Eins og ráðherrann orðaði það, ef ég man rétt, þá græddu allir, þó ég sé ekki alveg sammála þeirri skýringu að það sé til einhver gullgerðarvél sem sett er í gang og allir geti grætt. Því yfirleitt er það þannig í viðskiptum að ef einn græðir þá lætur annar.

Með þessari breytingu er verið að skera þau 3.000 tonn af óslægðum fiski sem hingað til hefur verið úthlutað á hverju ári niður í 2.376 tonn. Það er verið að skera þetta niður um 634 tonn, sem eru náttúrlega, ef við förum aftur í reikningana mína hér áðan, geysilega mikil verðmæti. 600 tonn í varanlegri sölu eru ekki litlir peningar. Þetta þýðir að samkvæmt þeirri reiknireglu sem kynnt var til leiks í nefndinni, og er ætlað að minnka óréttlætið, að margra mati, í úthlutuninni — það að breyta þessu úr sérmerktri úthlutun í varanlega ómerkta úthlutun þýðir að það verða í kringum 2.053 tonn af slægðum fiski sem fara bara inn í pottinn. Þetta hefur ekki mikil áhrif á heildina vegna þess að áður hafði þetta verið dregið frá — þetta er áfram dregið frá, ekki lengur 3.000 tonn heldur talsvert minna.

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar. Ég hefði viljað taka aðeins lengri tíma í að skoða hvort það eru þá minni líkur eða engar líkur á að þær breytingar sem nú er verið að leggja til baki ríkinu skaðabótaskyldu. En tek þó undir það, eins og fram hefur komið í máli hv. formanns sjávarútvegsnefndar, að ætla megi að þessi breyting sýni að minni líkur séu á að einhverjir telji sig þurfa að sækja rétt á hendur ríkinu. En að mínu viti, þegar upphæðirnar eru svona háar og hagsmunirnir svona miklir fyrir hvern og einn sem þarna á hagsmuni, verðum við að gefa okkur lengri tíma en svo að þegar við fáum ábendingu í bréfi 3. mars afgreiðum við álitið úr nefndinni sama dag.

Það er svolítið langt síðan 3. mars var svo að við hefðum alveg getað gefið okkur lengri tíma. En oft er það nú þannig að það er verið að koma málum áfram og skófla þeim út úr nefnd. Ég held að þetta sé skólabókardæmi, frú forseti, um að stundum er betra að gefa sér lengri tíma. Það þarf ekki alltaf að vinna með þessum hætti því önnur vinnubrögð hefðu ekki tafið málið neitt. Við vitum jú hvaða dagur er í dag og við vitum hve langt er síðan 3. mars var.

[16:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að leggja niður jöfnunarpott sem á sínum tíma var settur á til að auka möguleika þeirra sem minni aflaheimildir höfðu. Hann átti að gilda jafnt í báðum kerfum, ef maður getur sagt sem svo, þ.e. veiðikerfi smærri bátanna og þeirra stærri, en miðaðist þó að hámarki við 200 brúttórúmlesta skip með 450 þorskígildistonn. Auk þessa voru sett skilyrði um að skip skyldu hafa heimildir í þorski til að fá að taka við þessari úthlutun, hinni sérstöku úthlutun úr 3 þús. tonna jöfnunarpottinum.

Hér er úthlutunin fest inn í kvótalögin. Að vísu var búið að setja lög áður um að þessi pottur skyldi verða varanlegur en ekki bráðabirgðaákvæði á hverju ári. Núna á að gera varanlegan þennan jöfnunarpott sem gekk stundum undir því óvirðulega nafni „aumingjabætur". Það er varla réttnefni en byggðist á því að heimildirnar gengu til þeirra sem höfðu minni aflaheimildir. Ég tel að það hafi í raun verið réttlætanlegt á sínum tíma að setja upp þennan pott, miðað við kvótakerfið sem við höfum búið við undanfarin ár. En eins og flestir vita hef ég haft margt við kerfið að athuga og tel að við höfum ekki þróað okkur í rétta átt með því kerfi og því að bæta sífellt fleiri fisktegundum inn í kvótakerfið, sem hafa gert það erfiðara í framkvæmd og snúnara að vinna í. Auk þess hefur kerfið mikinn galla, þ.e. að sífellt hærri fjárupphæðir þarf við að komast inn í kvótakerfið, ná sér í aflaheimildir til að geta gert út fiskiskip. Ég tel það almennt mjög neikvætt fyrir kerfið hve háir þeir þröskuldar eru sem þarf að komast yfir til að einstaklingar sem hafa áhuga fyrir að koma sér fyrir í sjávarútvegi geti komist inn í fiskveiðikerfið og inn í útgerðina.

Það var a.m.k. svo og er, hygg ég, enn, að áræði og dugnað þurfti til að stunda fiskveiðar. Menn þurfa að sinna

því starfi vel að róa til fiskjar ef árangur á að nást. Menn þurfa að vera útsjónarsamir við að sækja sjóinn. Ég hygg að það hafi ekki breyst en margur maðurinn með alla þessa eiginleika, að geta sótt sjó af krafti, sem hefur til þess hæfileika, þekkingu og jafnvel langa reynslu, á ekki jafnauðvelt með það og oft var áður að komast í útgerð, kaupa sér bát, hefja róðra og byggjast upp á eigin dugnaði, jafnvel þótt þeir ættu ekki í handraðanum mikla fjármuni eða hefðu ekki aðgang að miklu fjármagni.

Nú er hins vegar málum þannig háttað, hæstv. forseti, að þótt menn geti nálgast mikla fjármuni til að komast inn í þessa grein þá er rekstrardæmið nánast vonlaust vegna þeirrar skuldsetningar sem menn þurfa að baka sér til að komast inn í greinina. Ég tel að það neikvæða við þessa gjörð, með tilliti til kvótakerfisins, byggðaþróunar í landinu og nauðsynjarinnar á endurnýjun í útgerðinni og því að menn eigi tiltölulega greiðan aðgang að því að komast inn í þessar atvinnugreinar, sé að í raun er ekki verið að styrkja að þeir hæfustu komist inn í atvinnugreinina nema svo ólíklega vilji til að þeir hafi fæðst með gullskeið í munni og eigi miklar eignir til þess að komast þar að. Það tel ég misráðið. Það er ekkert samasemmerki á milli þess að vera fæddur með gullskeið í munni og þess að ná árangri við fiskveiðar eða að gera út. Það held ég að við getum séð af útgerðarsögu landsins að margur maðurinn hefur orðið góður útgerðarmaður og fiskiskipstjóri, unnið byggðarlagi sínu vel og verið kjölfestan í byggðarlaginu, vegna hæfileika og dugnaðar til að stunda fiskveiðar og sjóróðra frá sjávarbyggð. Þannig er því ekki lengur farið, hæstv. forseti.

Hér er einn potturinn sem hugsanlega nýttist þeim sem minni aflaheimildir höfðu gerður að varanlegri aflahlutdeild. Ég hef stundum orðað það svo, hæstv. forseti, og notaði örugglega þau orð þegar var verið að kvótasetja þorsk, ýsu, ufsa, steinbít, keilu, löngu og fleiri fisktegundir í smábátakerfinu, að það væri verið að hengja upp gulrót fyrir smábátaeigendurna, gulrót verðmætisins þar sem menn færu að horfa á hvað þeir gætu fengið fyrir aflaheimildirnar sem þeir hefðu fengið úthlutað í stað þess að þeir þurfi að sækja sjóinn til að veiða þessar tegundir og gera úr þeim verðmæti. Áður varð fiskurinn þá fyrst verðmæti er hann var fluttur til hafnar, sem var hvatinn til þess að menn sóttu sjóinn eins og þeir höfðu leyfi. Það varð til þess að fólk hafði atvinnu af þeirra starfsemi í landi. Fólkið sem þar bjó naut þess saman sem lítið samfélag í sjávarútvegsbyggð að hafa hag af atvinnu eins, tveggja eða fleiri manna sem sóttu sjó eða gerðu út skip.

Ég hef ævinlega talið það misráðið, hæstv. forseti, að fjölga kvótabundnum fisktegundum í fiskveiðistjórnarkerfi okkar. Í fyrsta lagi þjónar það ekki atvinnuhagsmunum fólks í landinu og byggðarhagsmunum. Í öðru lagi er ekki hægt að sýna fram á að það hafi neitt hagrænt gildi fyrir útveginn að setja kerfin of stíft upp að þessu leyti, miklu frekar á hinn veginn. Þótt menn væru með kvóta í einni aðalfisktegund þá væri litið á annan afla sem meðafla, eða afla sem menn gætu sótt í til að byggja upp útgerð. Þannig var það framan af. Við sáum að þegar smábátakerfið var kvótasett þá byrjaði strax samþjöppun aflaheimilda og mönnum fækkaði í greininni. Sama gerðist, hæstv. forseti, þegar kom að því verki sem síðast var unnið, sem ég tel að hafi verið mjög mikið óhæfuverk og kem betur að því í næsta máli sem við tökum til umræðu, að kvótasetja handfærabátana.

Við að setja þessar aflaheimildir inn í kvótakerfið eins og það er, og gera aflaheimildirnar að fullu framseljanlegar til allra, ekki bara í leiguformi heldur varanlega aflahlutdeild, er auðvitað sett af stað nýtt verslunardæmi í kvótanum. Aðgangur manna að hinni sérstöku úthlutun er ekki lengur fyrir hendi, ólíkt því sem var áður ef menn höfðu aflaheimildir undir 450 tonnum og skipið var undir 200 lestum. Ég tel að þetta veiki enn frekar innkomu manna í útgerð.

Ég benti á það við 1. umr. þessa máls að menn þyrftu að huga vel að lagaþættinum í þessu. Ég sé að menn hafa gert það að nokkru leyti, en tek hins vegar undir orð hv. þm. Jóns Gunnarssonar sem hér talaði áðan. Menn hefðu kannski getað gefið sér meiri tíma til að vinna þetta mál. Það er mánuður síðan málið fór út úr sjávarútvegsnefnd en við erum fyrst að ræða það í dag. Það hefði því ekkert skaðað málið þó að menn hefðu skoðað gaumgæfilega þær breytingartillögur sem hér hafa verið kynntar af hv. framsögumanni, hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni, um hvernig að þessu skuli staðið með tilliti til þess hver eigi að fá og hvaða áhrif það hafi á heildarúthlutun á þorski fyrir hvert fiskveiðiár í framtíðinni.

Þetta vildi ég nú sagt hafa, hæstv. forseti, án þess að ég ætli að lengja mál mitt sérstaklega um þessa gjörð. Ég tel sem sagt að niðurstaðan af þessari lagasetningu sé sú að þrengra verði um fyrir þá sem minni aflaheimildir hafa að komast í betri stöðu innan núverandi kvótakerfis. Ég tel að í framtíðinni þurfi að reiða fram meiri fjármuni vegna þessarar lagasetningar en áður var. Við vitum jú að þær aflaheimildir sem áður var úthlutað samkvæmt þessum bótaflokki gengu á öðru verði en aðrar aflaheimildir, þ.e. voru á lægra verði en almennt er.

Niðurstaða mín er sú að við auðveldum mönnum ekki innkomu í útgerðina og stuðlum ekki að því að þeir sem minni aflaheimildir hafa hafi betri stöðu í rekstri. Eftir þetta verða þessar heimildir varanlegar og standa þá ekki þeim til boða sem e.t.v. hyggjast kaupa útgerð sem á litlar aflaheimildir. Útkoman úr þessu er því miður sú að þröskuldarnir verða hærri til að komast inn og það verður erfiðara að komast inn í kerfið.

Ég mun ræða almennt og miklu betur um sjávarútvegsmál í næsta máli á dagskrá. Þar erum við að taka á afleiðingunum af kvótasetningu í smábátakerfinu og er sjálfsagt að fara gaumgæfilega yfir það sem fylgt hefur þeirri aðgerð, sem er auðvitað meira mál en það sem hér er verið að gera og hefur haft víðtækari afleiðingar, að mínu viti í neikvæðar áttir, fyrir þróun byggðar í landi og atvinnu í sjávarplássum umhverfis landið en breytingin sem verður með þessu máli, þótt ég telji hana ekki til bóta. Ég tel málið ekki til bóta að því leyti að það verður erfiðara fyrir einstaklinga að komast inn í útgerðina. Þeim mun ekki standa þessi úthlutun til boða þótt þeir hafi aflaheimildir undir viðmiðunarmörkum þeim sem voru í lögunum. Þetta verður varanleg aflahlutdeild skipa. En eins og allir vita hefur kvótaverð hækkað mikið hér á landi og það eru afar erfitt fyrir venjulegt fólk að komast inn í útgerð og til að vera með atvinnurekstur. Sárafáar fisktegundir eru utan kvótakerfisins og þar

af leiðandi lítið frjálsræði til að komast inn í greinina, hæstv. forseti.

Ég tel að allar greinar sem loka sig af, eins og er að gerast í útveginum, beri í sér ákveðna feigð. Þegar fram líður getur greinin misst af hæfileikaríkasta og duglegasta fólkinu vegna þess að það nennir ekki að hafa fyrir því að troða sér inn í svona greinar. Það leitar í annað. Meðan við höfum ekki eitthvað annað, eins og sagt er, til þess að byggja undir sjávarbyggðirnar þá er mjög varhugavert að veikja stöðu þeirra byggða.

Íslendingar vonast til að nýjar atvinnugreinar verði til, að ferðamennskan aukist o.s.frv. En varla munum við reisa álver í hverju þorpi, hæstv. forseti. Ég held að það sé ekki skynsamlegt. Ég sakna þess reyndar, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin skuli ekki mynda sér stefnu í álversframkvæmdum hér á landi. Ég tel ekki að auðhringir eigi að ráða því hvar álver skuli sett niður og hve stór þau eiga að vera. Ef það var hægt að reka álver með 60 þús. tonna framleiðslu í Hvalfirði með hagnaði, og það jafnvel miklum hagnaði, þá er engin nauðsyn á að heimila stórfyrirtækjunum að ráða því að hér skuli aðeins reist 250 þús. tonna álver.

[17:04]

Útbýting:

Styrkir til háskólanáms, 395. mál, svar menntmrh., þskj. 987.

Söfn, 290. mál, svar menntmrh., þskj. 1006.

Vísinda- og tækniráð, 744. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1080.

[17:05]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða við 2. umr.

Í nefndaráliti með frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi þessu er lagt til að fallið verði frá sérreglum varðandi úthlutun á 3.000 lestum af þorski skv. 9. gr. a laganna og fiskiskipum sem þessarar úthlutunar hafa notið verði í staðinn úthlutað aflahlutdeild frá og með fiskveiðiárinu 2006/2007 samkvæmt nánar tiltekinni reiknireglu í ákvæði til bráðabirgða."

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Nefndin er sammála því að umræddri úthlutun verði breytt í aflahlutdeild en leggur til að reiknireglunni verði breytt þannig að í stað þess að miða eingöngu við það meðaltal sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006, þá verði einnig litið til þess hversu mikið hver réttur gefur án tillits til aflamarksstöðu fiskiskips og sá kostur valinn sem meira gefur í aflahlutdeild. Þetta val leiði hins vegar ekki til aukins heildaraflamagns þorsks sem ráðstafað er til þessarar sérstöku úthlutunar."

Ég styð í sjálfu sér þá leiðréttingu sem verið er að gera á annars meingölluðu fiskveiðistjórnarkerfi. Og út af þeim rökum sem hafa komið fram að úr því að maður er kominn ofan í drullupottinn, ofan í fenið, eins og núverandi stjórn fiskveiða er, þá getur maður svo sem stutt við það að einhverjir fái að svamla þar lengur sér til lífs og um það snýst frumvarpið í sjálfu sér, enda stendur býsna víða í lögum, lagabreytingum og frumvörpum sem verið er að flytja um sjávarútvegsmál, eftirfarandi: „samkvæmt nánar tiltekinni reiknireglu í ákvæði til bráðabirgða".

Ég veit ekki hversu víða þetta „bráðabirgða" stendur í frumvörpum og löggjöf sem lýtur að stjórn fiskveiða en það er mjög víða og undirstrikar það hversu götótt þetta kerfi er og götótt á þann hátt að því er ætlað að verða tæknilega fullkomið í sjálfu sér, fiskveiðistjórnarkerfi sem hægt er að framkvæma uppi á skrifborði með tæknilegum útfærslum þar. En það er nú svo að bæði fiskurinn og lífkerfið í sjónum lýtur ekki endilega stjórn reiknireglnanna, tommustokkanna eða reglustikanna. Sömuleiðis verður líf og atvinna fólks vítt og breitt um landið ekki sett á slíkar mælistikur, a.m.k. ekki svo vel fari.

Þess vegna erum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á móti þessu fiskveiðistjórnarkerfi sem hefur það eitt að markmiði, a.m.k. að meginmarkmiði, að hámarka arð þess fjármagns sem viðkomandi aðilar eiga í útgerðinni. Við leggjum áherslu á að fiskurinn í sjónum er sameign þjóðarinnar og nýting hans á að grundvallast á því.

Frú forseti. Í stefnuplaggi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um sjávarútvegsmál, um sjálfbæra nýtingu sjávarútvegsins og fiskveiðiauðlindarinnar stendur, með leyfi forseta — sem mér finnst mjög mikilvægt að vitna til þannig að við töpum okkur ekki í fiskveiðistjórnarumræðunni í eins konar tæknivandamálum í útfærslu á annars röngu kerfi eins og það frumvarp er sem við erum að fást við. Það er í sjálfu sér bara hluti af þeim tæknivandamálum sem menn standa frammi fyrir í útfærslu á slæmum lögum um stjórn fiskveiða.

Í stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stendur, með leyfi forseta, og ég vil undirstrika eftirfarandi:

„Auðlindir sjávar verði raunveruleg sameign þjóðarinnar og einstökum byggðarlögum tryggður réttlátur skerfur veiðiheimilda og viðunandi öryggi.

Sjávarútvegurinn aðlagi sig markmiðum sjálfbærrar þróunar og vinni markvisst að því að bæta umgengni um náttúruna og lífríkið, þ.e. einstaka nytjastofna, vistkerfi hafsbotnsins og hafsbotninn sjálfan.

Sjávarútvegsstefnan treysti byggð og efli atvinnu í landinu öllu ásamt því að stuðla að aukinni fullvinnslu framleiðslunnar og þar með aukinni verðmætasköpun og hámarksafrakstri auðlindanna innan lands.

Sjávarútvegsstefnan stuðli að réttlátri og jafnri skiptingu gæðanna ásamt jöfnum og góðum lífskjörum þeirra sem við greinina starfa og veita henni þjónustu. Markmiðið er að afraksturinn af nýtingu sameiginlegra auðlinda dreifist með réttlátum hætti til landsmanna allra.

Sjávarútvegurinn, ekki síst fiskvinnslan, þróist og verði fær um að bjóða vel launuð og eftirsóknarverð störf og standa sig í samkeppni við aðrar atvinnugreinar hvað launakjör, starfsaðstæður, vinnuumhverfi og aðra slíka þætti snertir."

Þetta eru þeir fimm meginpunktar í stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sjávarútvegsmálum. Það sjá allir að sú stefna sem nú er rekin gengur að mörgu leyti í berhögg við okkar stefnu enda eru afleiðingar hennar alveg augljósar. Við sjáum hina gríðarlegu samþjöppun sem á sér stað í sjávarútvegi, í fiskveiðunum. Við sjáum hvernig fisk-

veiðiheimildirnar hafa farið frá t.d. byggðarlögum eins og á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og reyndar víðar um land, farið frá byggðarlögum sem hafa byggst upp vegna fiskveiðiauðlindarinnar og treyst á hana. Fólkið í landi, íbúarnir, ætti líka að eiga sinn rétt til auðlindarinnar, ekki bara útgerðaraðilarnir, ekki bara fjármagnseigendurnir, heldur að fólkið ætti sinn rétt. En hagsmunir fólksins eru í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi fyrir borð bornir.

Í ljósi þessa hef ég þessi orð um frumvarpið og nefndarálitið þar sem verið er að færa á milli tæknileg atriði við útfærslu á fiskveiðistjórnarkerfinu, sem ég get í sjálfu sér stutt tæknilega en ekki pólitískt, því að ég tel að fiskveiðistjórnarkerfið sem við búum núna við sé mjög óréttlátt gagnvart íbúum og byggðarlögum víða um land, auk þess sem það hefur sýnt sig að hvetja til takmarkaðrar eða hæfilega takmarkaðrar og góðrar umgengni við auðlindina. Að *minnsta kosti* hefur verið harðlega gagnrýnt hvernig kerfið hefur hvatt til brottkasts, hvatt til slæmrar umgengni á miðum, hvatt til að notuð séu veiðarfæri sem allar líkur benda til að fari illa með vistkerfið, fari illa með botn sjávar o.s.frv. Sama er hvar á þetta fiskveiðistjórnarkerfi er litið, á því eru gríðarlegir grundvallarannmarkar sem verður að breyta. Það verður eitt fyrsta verk þeirrar ríkisstjórnar sem losnar við aðild Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem hafa keyrt upp þetta kvótakerfi með þessum hætti, að breyta því til hagsbóta fyrir lífríkið, fyrir byggðir í landinu og fyrir atvinnulífið í heild.

Að öðru leyti um þá breytingu sem verið er að gera, þá er bara verið að stoppa í einn vandræðaganginn í fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég tek undir þau orð sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hafði um þetta að hann óttaðist að þetta mundi verða enn til þess að torvelda nýliðun í greininni, torvelda fólki sem ekki á miklar fiskveiðiheimildir eða mikið fjármagn að komast inn í greinina. Ég tek undir þau varnaðarorð en legg áherslu á í lok máls míns að breyta þarf í grundvallaratriðum fiskveiðistjórnarstefnunni og það koma tímar þegar það verður gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 448. mál (hámark á krókaaflahlutdeild o.fl.). — Þskj. 672, nál. 873 og 925, brtt. 874 og 1084.

[17:16]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum, frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Ólaf Örn Ólafsson, bæjarstjóra í Grindavík, og Sigurð Líndal. Þá bárust nefndinni umsagnir frá ríkisskattstjóra, Hafrannsóknastofnuninni, Grindavíkurkaupstað, Fiskistofu, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Alþýðusambandi Íslands, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Byggðastofnun, Sjómannasambandi Íslands og Landssambandi smábátaeigenda.

Í frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að 6. gr. laganna falli brott en hún lýtur að dagakerfi fyrir krókabáta sem fellur niður í lok þessa fiskveiðiárs. Í öðru lagi er lagt til að sett verði hámark á samanlagða krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Í þriðja lagi er lagt til að unnt verði að flytja aflamark milli fiskiskipa með einfaldari hætti en nú tíðkast. Í fjórða lagi er lagt til að gerðar verði tvær tímabundnar lagabreytingar vegna þeirra erfiðleika sem upp hafa komið í veiðum og vinnslu á úthafsrækju.

Fram komu athugasemdir um að prósentuhlutföllin í 2. gr. frumvarpsins væru of há. Aflaheimildir smábátaflotans ættu sér sterkar sögulegar rætur í einstaklingsútgerð og mikilvægt væri að veiðiheimildir smábátanna söfnuðust ekki á örfáa báta. Meiri hluti sjávarútvegsnefndar getur tekið undir það og leggur til að prósentuhlutföll verði lækkuð *þannig* að hámark á samanlagða krókaaflahlutdeild verði 4% í þorski, 5% í ýsu og 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar þeirra tegunda sem krókaaflahlutdeild er úthlutað í. Hér er komið að hluta til móts við umsögn stjórnar Landssambands smábátaeigenda. Þá leggur meiri hlutinn til að þeir aðilar sem hugsanlega eru komnir upp yfir fyrrnefnd viðmiðunarmörk fái aðlögunartíma til 1. september 2009 til að flytja af skipum sínum krókaaflahlutdeildir í þeim tegundum sem þarf til þess að rúmast innan ramma ákvæðisins.

Til stendur að endurútgefa lögin um stjórn fiskveiða. Af því tilefni leggur meiri hlutinn til að gerðar verði nokkrar lagatæknilegar breytingar auk þess sem lagt er til að eitt atriði verði áréttað, sbr. eftirfarandi skýringar við 2. lið í breytingartillögum:

a. Málsliðurinn, sem lagt er til að bætist við, er nú í ákvæði XXIII til bráðabirgða en ákvæðið mun að öðru leyti falla niður við fyrirhugaða endurútgáfu. Nauðsynlegt er að hafa áfram heimild til sérveiða, svo sem ígulkera-, sæbjúgna- og hrognkelsaveiða fyrir krókaaflamarksbátana.

b. Um er að ræða tvenns konar lagfæringar vegna endurútgáfunnar: Annars vegar er lagt til að núverandi lokamálsliður 6. mgr. 11. gr. falli brott þar sem þau tímamörk sem þar eru tilgreind eru liðin en samkvæmt þessum málslið var óheimilt í fimm ár frá gildistöku laganna að flytja aflahlutdeild, sem rekja mátti til uppbótar, frá skipi. Hins vegar þykir rétt að flytja ákvæði V til bráðabirgða inn í megintexta laganna þar sem ákvæðið er ótímabundið og er lagt til að bæta því við 6. mgr. 11. gr. Samkvæmt því þarf samþykki þeirra aðila sem samningsveð eiga í skipinu 1. janúar 1991 til flutnings aflaheimildar af því.

c. Rétt þykir að skylda skipstjórnarmanna til að taka eftirlitsmenn um borð verði áréttuð.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Jóhann Ársælsson og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.“

Virðulegi forseti. Ég kynni hér breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum, frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar:

„1. Eftirfarandi breytingar verði á 2. gr.:

a. Í stað hlutfallstalnanna „6%“ og „9%“ í a-lið komi: 4%; 5%.

b. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í b-lið komi: 5%.

2. Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi. Jafnframt verða eftirfarandi breytingar á lögunum:

a. Við 6. gr. b bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er ráðherra heimilt að veita krókaaflamarksbátum leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.

b. Lokamálsliður 6. mgr. 11. gr. orðast svo: Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991.

c. Við 1. málsl. 3. mgr. 17. gr. bætist: og er skipstjórum skylt að veita þeim aðstoð, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997.

3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sé krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila við gildistöku laga þessara yfir þeim mörkum sem sett eru í 1. eða 2. mgr. 11. gr. a skal viðkomandi aðili þegar í stað senda Fiskistofu tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 11. gr. b og gilda þá ákvæði 2. mgr. þeirrar greinar. Aðili skal þó hafa frest til 1. september 2009 til að ráðstafa krókaaflahlutdeildinni þannig að hún rúmist innan settra marka. Að öðru leyti gildir 2. mgr. 11. gr. b um hámark krókaaflahlutdeildar.“

Virðulegi forseti. Ég ætla í stuttu máli að gera frekari grein fyrir breytingartillögu meiri hluta sjávarútvegsnefndar um það frumvarp sem við ræðum hér.

Varðandi 2. gr., um það að 6 og 9% breytist í 4 og 5% og hlutfallstalan 6% í 5% er ljóst að við erum að ræða um töluverðar breytingar í krókaaflamarkskerfinu, það sé verið að ræða um hámarkshlutdeild. Allir smábátar í þessu kerfi tilheyra Landssambandi smábátaeigenda.

Í umsögn landssambandsins stendur, með leyfi forseta:

„Stjórn LS telur að þau hámörk sem sett eru í framkomnu frumvarpi séu allt of há og beinir þeirri eindregnu áskorun til hæstv. sjávarútvegsráðherra og sjávarútvegsnefndar Alþingis að lækka þau í 3%.

Jafnframt lýsir stjórn LS því yfir að hún telur eðlilegt að sett séu ákvæði til bráðabirgða gagnvart þeim aðilum sem nú þegar kunna að vera komnir yfir 3% hámörk, þar sem núverandi stöðu þeirra væri ekki raskað. Slíkt ákvæði kæmi til endurskoðunar að 10 árum liðnum.

Stjórn LS minnir á að aflaheimildir smábátaflotans eiga sér sterkar sögulegar rætur í einstaklingsútgerð og dreifðri eignaraðild. Barátta félagsins hefur frá upphafi byggst á þeim grunni og enginn vafi leikur á að hið sama gildir um hinn mikla stuðning stjórnvalda og almennings við smábátaútgerðina.

Með framangreindum tillögum telur stjórn LS að hún mæti tvenns konar sjónarmiðum, annars vegar því að veiðiheimildir smábátanna safnist ekki á örfáa báta og hins vegar að raska ekki stöðu þeirra sem mestar veiðiheimildir hafa í krókaaflamarkinu nú um stundir.“

Það er eðlilegt að ræða prósentubreytingar og aðlögunartíma saman en hvað varðar frestun eða aðlögun bætist ákvæði til bráðabirgða við, sem er svohljóðandi:

„Sé krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila við gildistöku laga þessara yfir þeim mörkum sem sett eru í 1. eða 2. mgr. 11. gr. a skal viðkomandi aðili þegar í stað senda Fiskistofu tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 11. gr. b og gilda þá ákvæði 2. mgr. þeirrar greinar. Aðili skal þó hafa frest til 1. september 2009 til að ráðstafa krókaaflahlutdeildinni þannig að hún rúmist innan settra marka. Að öðru leyti gildir 2. mgr. 11. gr. b um hámark krókaaflahlutdeildar.“

Hér er verið að gefa eftir aðlögun í þrjú og hálft ár. Það er eitt fyrirtæki sem þarf að selja aflaheimildir miðað við þau hámörk sem koma fram í breytingartillögum meiri hluta sjávarútvegsnefndar. Fyrirtækið sem hér um ræðir er Stakkavík og er með mikla og öfluga starfsemi í Grindavík. Það hefur keypt mikið af aflaheimildum og þarf því að bregðast við. Ég hef rætt nokkuð oft við þessa aðila og gert þeim grein fyrir þróun þessa máls. Það er ljóst að mikil sameining hefur orðið í krókaaflamarkskerfinu og m.a. þess vegna er verið að setja á takmarkanir, svo að tryggt verði að dreifing verði á fleiri fyrirtæki svo og sjávarbyggðir.

Eins og áður hefur komið fram er meiri hluti sjávarútvegsnefndar að fara milliveg annars vegar við upphaflegt frumvarp þar sem prósentan í þorski var 6% og prósentan í ýsu 9% og heildarprósenta 6% og hins vegar, ef við hefðum farið eftir tillögum LS, þ.e. 3% á línuna, hefðu fjórir til fimm aðilar lent í að selja hluta af heimildum sínum. Það er ekkert óeðlilegt að það sé ágreiningur þegar það þarf að taka ákvörðun um hvað þetta hámark eigi að vera en við sem erum pólitískt kjörin þurfum að axla þá ábyrgð sem því fylgir að gera þessar breytingar. Ég er þess fullviss að bæði Stakkavíkurmenn og fulltrúar LS eru óánægðir með tillögu meiri hluta sjávarútvegsnefndar en við teljum okkur vera að fara meðalveg í þessu máli.

Bæjarstjórinn í Grindavík, Ólafur Örn Ólafsson, mætti einnig á fundinn og gerði okkur grein fyrir starfsemi Stakkavíkur og þeim áhrifum sem það gæti haft á samfélagið ef Stakkavíkurmenn þyrftu að selja aflaheimildir frá sér miðað við breytingartillögu meiri hluta sjávarútvegsnefndar. Ég skil vel áhyggjur þeirra Grindvíkinga út af þessu máli.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi.“

Hér erum við að fara að gefa út eða endurskrifa lög um

stjórn fiskveiða. Það var tími til kominn að gera þau enn skýrari en það eru 35 bráðabirgðaákvæði inni sem ekki hafa gildi og detta því sjálfkrafa út með þessari breytingu. Ég tel að fleiri nefndir ættu að taka sér þetta til fyrirmyndar og henda út ákvæðum sem ekki eiga rétt á sér í dag og gera lög almennt læsilegri og skiljanlegri en þau eru.

Í 2. breytingatillögu eru þrjár breytingar á lögunum og hljóðar a-liður svo:

„Við 6. gr. b bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er ráðherra heimilt að veita krókaaflamarksbátum leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net."

Það er meginregla í lögum um stjórn fiskveiða að krókaaflamarksbátar mega aðeins stunda veiðar með línu og handfærum. Í ákvæði XXIII til bráðabirgða við lög um stjórn fiskveiða er sú undanþága frá þessari reglu að heimilt er að veita krókaaflamarksbátum leyfi til að stunda veiðar með gildrum og plógum á botndýrum og til hrognkelsaveiða í net. Veiðar með gildrum og plógum eru á þessum bátum stundaðar á beitukóngi, ígulkerjum og sæbjúgum. Þar sem ákvæði XXIII fellur niður við endurútgáfu laganna er nauðsynlegt að flytja hana inn í megintexta laganna enda á hún betur heima þar þar sem heimildin er varanleg.

Breytingin í b-lið hljóðar svo:

„b. Lokamálsliður 6. mgr. 11. gr. orðast svo: Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991."

Hér er í fyrsta lagi lagt að fellt sé úr gildi ákvæði sem verið hefur í lögum um stjórn fiskveiða frá upphafi. Samkvæmt ákvæði þessu var ekki heimilt í fimm ár frá gildistöku laganna að flytja af skipi aflahlutdeild sem rekja má til sérstakra uppbóta sem úthlutað var þegar lögin tóku gildi í ársbyrjun 1991. Ákvæði þetta hefur ekki gildi og hefur nú fallið niður og því þarf að fella það úr lagatextanum.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæði V til bráðabirgða við lögin sem verið hefur í lögunum frá gildistöku þeirra 1991 verði flutt inn í megintexta þar sem ákvæðið er ótímabundið og er lagt til að bæta því við 6. mgr. 11. gr. Samkvæmt þessu ákvæði þarf samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipi við gildistöku laganna 1. janúar 1991 til þess að flytja af því aflahlutdeild."

Breytingin í c-lið hljóðar svo:

„c. Við 1. málsl. 3. mgr. 17. gr. bætist: og er skipstjórum skylt að veita þeim aðstoð, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997."

Samkvæmt lögum annast Fiskistofa eftirlit með því að lögum um stjórn fiskveiða sé framfylgt. Heimild til þess að setja eftirlitsmenn um borð í veiðiskip er í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þykir eðlilegt í lögum um stjórn fiskveiða að vísa til þessarar heimildar í lögum nr. 79/1997 til að styrkja heimildir Fiskistofu til eftirlits með lögum um stjórn fiskveiða.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að það er ekki verið að læða hér neinu inn í þetta frumvarp. Þessar viðbætur í breytingartillögunum voru kynntar tímanlega fyrir sjávarútvegsnefndarmönnum og það var lag til að taka þær inn í þessar breytingartillögur. Ég ætla ekki að fara í nánari útfærslu á breytingartillögunum en geri mér grein fyrir því að hér eiga eftir verða miklar umræður um þetta mál.

Virðulegi forseti. Við erum að taka til 2. umr. frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Ég hef gert grein fyrir nefndaráliti og breytingartillögum meiri hluta sjávarútvegsnefndar. Við erum í fyrsta lagi að fella niður 6. gr., sem byggist á því að dagakerfi sóknardagabáta verður lagt niður. Aðeins tveir bátar eru enn starfandi í því kerfi en munu færast yfir í krókaaflamarkskerfi í lok þessa fiskveiðiárs en þá lýkur aðlögunartíma. Það var mikilvæg og skynsamleg ákvörðun að leggja af sóknardagakerfið og færa það yfir í krókaaflamark. þ.e. smábátar fengu úthlutað kvóta. Það var gert í sátt við þorra þeirra aðila er starfa í greininni. Það var tekist á um þetta mál hér á Alþingi en þegar kom að afgreiðslu greiddu ekki nema fjórir þingmenn atkvæði á móti þessum breytingum.

Virðulegi forseti. Í 1. umr. var töluvert rætt um hverjir hefðu samþykkt þessar breytingar og hverjir ekki og það var eiginlega borið á mig sem formann sjávarútvegsnefndar að hafa sjálfur staðið fyrir skoðanakönnun um þetta mál en ég ætla nú að vísa því frá mér. Ég ákvað bara að fletta upp í gögnum hjá mér og fór að leita að niðurstöðu kannana sem smábátasjómenn gerðu. Það voru 227 af 292 sem svöruðu þessari skoðanakönnun, sem er mjög jákvæð og sýnir jákvæð viðhorf þeirra aðila sem starfa í þessari grein gagnvart þessum breytingum. Það voru 183 sem sögðu já, 80,6%, en nei sögðu 19,38%. Þetta er mjög athyglisverð niðurstaða og ég hugsa að ef menn hafa áhuga á því geti ég útvegað lista yfir þá aðila sem eru þar. Þar eru menn nefndir á nafn, bæði þeir sem eiga þessa báta og þeir sem (Gripið fram í.) gerðu þessa könnun. Mér finnst alveg, miðað við 1. umr., ömurlegt að þeir aðilar sem hafa staðið í þessu og þau nöfn sem eru nefnd — þetta eru allt gögn sem við fengum að sjá — skuli sitja undir því að vera að falsa skoðanakönnun. Því var haldið fram hér við 1. umr.

Það er jafnframt verið að bæta við 1. mgr. 11. gr. laganna þar sem samanlögð krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í leigu tengdra aðila er takmörkuð. Hlutfallið í frumvarpinu er að krókaaflahlutdeild verði ekki hærri en 6% af þorski og 9% af ýsu miðað við krókaaflahlutdeild í hvorri tegund. Jafnframt bætist við 2. mgr. 11. gr. um heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar.

Breytingartillögur, sem hér eru til umræðu, miðast við 4% í þorski, 5% í ýsu og 5% af heildarverðmæti. Það er og það verður alltaf ágreiningur um þessar prósentur. Sumir vilja hafa þær lægri en aðrir hærri til samræmis við þær prósentur sem eru til staðar í dag. Við erum samt sem áður að skerpa á því að við ætlum að skilja enn betur á milli stóra kerfisins og krókaaflamarkskerfisins. Ég tel mikilvægt að stjórnvöld skilgreini það enn frekar og það er hæstv. sjávarútvegsráðherra að gera með þessu frumvarpi.

Ég fagna því sérstaklega að heimilt verði að tilkynna um flutning aflamarks milli fiskiskipa í rafrænu formi. Gerður verður þjónustusamningur við Fiskistofu og árgjald fyrir slíka samninga verði 12 þús. kr. fyrir hvert fiskveiðiár. Í fyrstu er gert ráð fyrir að aðgangur veiti útgerðarmönnum aðeins heimild til þess að flytja aflamark á milli eigin báta en þegar kerfið hefur þróast geti heimildir til flutnings náð

til allra sem eru með þjónustusamning. Þetta er eðlilegt meðan þessi mál eru að þróast því gæta þarf öryggis við svo veigamiklar breytingar.

Einnig er ákvæði til bráðabirgða þar sem tekið er á því að úthluta aflamarki í úthafsrækju á fiskveiðiárunum 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008, að það leiði ekki til þess að fiskiskip missi aflahlutdeild í úthafsrækju eða öðrum tegundum. Við höfum rætt um vanda rækjuiðnaðarins hér á Alþingi og er þessi breyting eðlileg í framhaldi af því. Að undanförnu hafa veiðar og vinnsla á úthafsrækju gengið illa. Ástand úthafsrækjustofnsins hefur verið lélegt og aðeins heimilt samkvæmt tillögum Hafró að veiða 10 þús. lestir af úthafsrækju á yfirstandandi fiskveiðiári. Það hefur ekki tekist að veiða leyfilegan úthafsrækjuafla síðastliðin ár, bæði hefur veiðin ekki verið sem skyldi og markaðsaðstæður ekki nógu góðar.

Virðulegi forseti. Ég hef sagt það áður að þrátt fyrir lög um stjórn fiskveiða er ekkert það heilagt í þeim að ekki megi breyta eða taka tillit til aðstæðna hverju sinni og það er verið að gera hér varðandi rækjuveiðarnar. Við munum á morgun, á milli 2. og 3. umr., leggja fram smábreytingartillögu varðandi rækju á Flæmingjagrunni í sjávarútvegsnefnd, á fundi sem stefnt er að því að halda í hádegishléi. Jafnframt er verið að endurgreiða útgerðargjald vegna úthlutaðs aflamarks í úthafsrækju á fiskveiðiárunum 2005/2006.

Veiðigjald samkvæmt V. kafla laganna vegna úthafsrækju á fiskveiðiárunum 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008 skal innt í lok hvers fiskveiðiárs miðað við landaðan úthafsrækjuafla fiskiskipa á því fiskveiðiári. Hér er um tímabundnar lagabreytingar að ræða vegna þeirra erfiðleika sem upp hafa komið í veiðum og vinnslu á úthafsrækju og ber að fagna því. Vonandi næst að rétta úr kútnum í veiðum og vinnslu á úthafsrækju en það er mjög mikilvægt fyrir sjávarbyggðir hér á landi þar sem rækjuveiðar og vinnsla hefur verið nokkuð stór þáttur í atvinnulífinu.

Virðulegi forseti. Við í sjávarútvegsnefndinni fengum á fund okkar Sigurð Líndal þar sem beiðni kom frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni sem spurði hvort þetta bráðabirgðaákvæði, ef að lögum verður, varðaði 75. gr. stjórnarskrárinnar — það var eðlilegt að fá hann á fund þar sem hæstv. sjávarútvegsráðherra svaraði því þannig til að þetta hefði ekki verið kannað við 1. umr. Ég hef látið taka nokkra punkta saman sem Sigurður sagði um þetta mál, gott að það komi fram hér í umræðunni. Hann telur að þetta sleppi, þ.e. að ekki sé um brot á stjórnarskrá að ræða. Sýnist að frambærilegar ástæður séu fyrir setningu bráðabirgðaákvæðisins. Ákvæðið takmarkast við þá sem hafa fengið úthlutað veiðiheimildum. Ósanngjarnt sé ef þeir missa veiðiheimildir sínar við þær aðstæður sem nú eru uppi í rækjunni. Ákvæðið er tímabundið og gildir aðeins í þrjú ár. Vísað til væntingarréttar sem oft er vitnað í, t.d. hjá Mannréttindadómstólnum og Evrópudómstólnum. Hann telur að væntingarréttur þeirra sem byggja vonir sínar á að þeir geti nýtt sér þetta sé ekki sterkur. Með vísan til 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða hefur hann þó þá leiðbeiningu um túlkun að löggjafinn hefur víðtækari rétt til að takmarka eignarréttindi og atvinnufrelsi. Það leiðir af eðli málsins þótt hann telji að umrædd 1. gr. sé merkingarlaus að öðru leyti. Hér er ekki síður verið að vernda atvinnuréttindi þeirra sem veiða úthafsrækju. Þeir hafa fjárfest í atvinnutækjum og þjálfað mannskap. Atvinnufrelsið takmarkast af því.

Jón Gunnarsson spurði hvort ekki væri rétt að setja almennar reglur þegar efnisleg rök búa að baki slíkum aðgerðum. Sigurður taldi viss verndarrök felast í greinargerðinni, þ.e. að hér væri ekki eingöngu um að ræða efnahagsleg rök.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra á hrós skilið fyrir þessar breytingar, niðurfellingu 6. gr., þar sem dagakerfið er lagt af, verið að styrkja og skerpa milli stóra og litla kerfisins, verið að einfalda flutning á aflamarki fiskiskipa með rafrænni skráningu svo og að bregðast tímabundið við erfiðleikum sem verið hafa í rækjuveiðum og -vinnslu.

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að renna hér yfir umsagnir um þetta mál og taka bara stutt úr hverri umsögn.

Akraneskaupstaður gerir ekki athugasemdir við þetta.

Alþýðusamband Íslands styður þessar breytingartillögur en bendir jafnframt á að við ákvörðun á hámarkskrókaaflahlutdeild þurfi að gæta þess að þeir sem starfandi eru í krókaaflamarkskerfinu verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þess að þeir hafi áður en frumvarpið kom fram fjárfest í krókaaflahlutdeild sem leiðir til þess að þeir fara yfir hámarkið.

Byggðastofnun segir:

„Í öðru lagi er verið að setja reglur um hámark krókaaflahlutdeilda í þorski og ýsu, sem heimilt er að séu í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Byggðastofnun telur nauðsynlegt að setja slíkar reglur til að tryggja að aflahlutdeild dreifist á fleiri fyrirtæki og þar með líklega fleiri byggðarlög og hafi þannig áhrif víðs vegar um land."

Frá Dalvík er þetta lagt fram, í Eyþingi er ekki tekin afstaða.

Farmanna- og fiskimannasambandið telur aflahlutdeild smábáta á kostnað annarra fiskiskipa komna langt umfram það sem eðlilegt er að sanngjarnt geti talist. Miðað við þann veruleika sem búið er við um þessar mundir er Farmanna- og fiskimannasambandið sammála því að hámarka skuli hlutdeild einstakra aðila í þessum útgerðarflokki rétt eins og er í öðrum.

Fiskistofa gerði ekki athugasemd við frumvarpið.

Fjórðungssamband Vestfirðinga segir:

„Miðað við núverandi fiskveiðistjórnun er byggðakvótinn einn af þeim fáu möguleikum sem stjórnvöld í landinu hafa til að bregðast við þeirri röskun sem minnkandi veiðiheimildir hafa á einstökum svæðum."

Bæjarstjórn Grindavíkur leggur til að 2. gr. frumvarpsins verði felld niður.

Hafró gerir ekki athugasemdir.

Bæjarráð Húsavíkurbæjar gerir ekki athugasemdir.

LÍÚ gerir ekki athugasemdir, ræðir aðeins um veiðigjaldið.

Við höfum þegar kynnt umsögn Landssambands smábátaeigenda.

Borgarráð vísaði þessu í stjórnsýslu- og starfsmannasvið, það hefur ekkert komið frá þeim.

Ríkisskattstjóri segir:

„Ekki er tilefni af hálfu embættisins til að gera athuga-

semdir við frumvarp þetta.“

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum:

„Frumvarpið er til umsagnar í sveitarfélögum á Suðurnesjum. Stjórnin vísar til umsagna þeirra.“

Sjómannasamband Íslands styður meginatriði frumvarpsins sem hér er fjallað um nánar um hverja grein frumvarpsins.

Sveitarstjórn Súðavíkur gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Verðlagsstofa telur sér ekki fært að veita umsögn.

Vélstjórafélagið hefur ekki athugasemd við frumvarpið.

Þetta er mjög athyglisvert hvað margir eru hlynntir þessu frumvarpi og hafa gefið jákvæðar umsagnir.

Virðulegi forseti. Ég legg síðan til að að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr.

[17:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur 1. umr. þessa máls, ég veit að það hefur örugglega hryggt hv. formann sjávarútvegsnefndar, og hugsanlega kann það að valda nokkru um vanþekkingu mína á örfáum atriðum sem tengjast málinu.

Ég heyrði á máli hv. þingmanns að hann lítur ekki á lögin um stjórn fiskveiða sem einhvern heilagan hlut. Hv. þingmaður sagði að það mætti breyta þeim ef þyrfti. Ég velti því hins vegar fyrir mér á hvaða grundvelli menn eru reiðubúnir til að breyta stjórnkerfinu. Það hefur alltaf verið sagt að stjórn fiskveiða á Íslandi sé byggð á vísindalegum rökum og ég velti því þá fyrir mér á hvaða vísindalegu rökum sú tillaga er reist að ekki eigi að fara hærra í hámarkinu en 6% í þorski og 9% í ýsu. Þegar menn taka ákvarðanir af þessu tagi, leggja fram svona tillögur, þá hljóta þeir að gera það á grundvelli einhverra vísindalegra raka. Menn hljóta að gera það samkvæmt ráðgjöf einhverra sem hafa sérþekkingu á greininni og nú veit ég að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson hefur samviskusamlega sinnt starfi sínu sem formaður nefndarinnar og hann hlýtur að hafa rannsakað þetta til hlítar.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Á hvaða grundvelli eru þessar prósentutölur reistar? Er það ekki örugglega gert á grundvelli einhverrar vísindalegrar skoðunar?

[17:42]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal viðurkenna að ég saknaði þess að sjá ekki hv. þm. Össur Skarphéðinsson við 1. umr. en veit að hann á eftir að koma sterkur inn í umræðuna í dag.

Ég held að það séu engin vísindi á bak við þetta. Frumvarpið sem lagt var fram í upphafi byggðist á því að enginn yrði fyrir skerðingu. Þeir aðilar sem voru með mestar aflaheimildir í þessum flokki þegar frumvarpið var sett fram var fyrirtæki í Grindavík sem ég nefndi áðan. Það var með 5,59% í þorski og 8,8% í ýsu. Við erum að tala um 6% og 9%. Síðan leggur Landssamband smábátaeigenda meiri áherslu á að þetta verði minnkað niður í 3% og þetta verði nær því að vera einstaklingsútgerð en að fyrirtæki stækki mikið í þessari atvinnugrein.

[17:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef það að meginreglu í umræðum um smábáta að ég fylgi alltaf því sem Landssamband smábátaeigenda segir. Ég tel að þeir hafi mikið og gott vit á þessum málum.

En þá hefur það komið fram hjá hv. formanni sjávarútvegsnefndar að þetta mál er ekki byggt á neinum vísindum. Það er bara gripið utan úr loftinu, byggt á einhverju sem ekki er einu sinni tilfinning kannski. Það er sem sagt einhvers konar tilviljun sem veldur því að það er þessi tala en ekki einhver önnur. Eða er það rangt hjá mér? Getur verið að það sé einhver hugsun á bak við þetta? Ég held, frú forseti, að það hljóti að vera, og að hæstv. sjávarútvegsráðherra og þar með formaður sjávarútvegsnefndar telji að hæfilegt sé að fara ekki hærra en þetta sem hámark.

Mig langar því að spyrja hv. formann sjávarútvegsnefndar. Ef löggjafinn telur að ekki eigi að fara hærra en 6% í þorski og 9% í ýsu og 6% í eigu tengdra aðila, er þá ekki jafnnauðsynlegt að hafa hámörkin jafnlág í öðrum greinum flotans?

[17:45]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum fengið upplýsingar, bæði í smáa kerfinu og stóra kerfinu, hvernig hlutföllin eru þar. Ég tel að menn eigi alltaf að vera að skoða þetta. Þetta kom fram í umræðum á þingi þegar hv. þm. Jón Gunnarsson talaði um þetta mál, hafði frumkvæði að því, hvernig kerfið virkaði. Hvort þessi heildarprósenta í þorskinum, 12%, næði bara yfir stóra kerfið yfir heildina. Þá kom í ljós að skerpa þarf á þessu og það er verið að gera með þessu frumvarpi og kannski aðeins að brjóta upp á milli kerfa. Ég held að það sé alveg lykilatriði.

En ég sagði áðan að ekkert væri það heilagt að ekki mætti breyta því og við erum að breyta ýmsum hlutum og eigum að skoða aðra hluti.

[17:45]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við ræðum nú enn eina breytinguna á lögum um stjórn fiskveiða. Það eru tvær, þrjár, upp í fjórar breytingar á ári sem gera þarf á þessum lagabálki þar sem menn tala mikið um nauðsyn þess að halda stöðugleika og gera litlar breytingar. Það sem vekur athygli við þessi frumvörp núna um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða er hvað miklar breytingar sjávarútvegsnefnd leggur til á þeim eftir að þau eru komin hér inn í þingið og eftir að hæstv. ráðherrann hefur lagt þau fram.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra færði hér ákveðin rök fyrir því í máli sínu við 1. umr. að rétt væri að miða við 6% í þorski í krókaaflahámarki og 9% í ýsu, samtals 6% af heild. Hv. framsögumaður sjávarútvegsnefndar rífur niður öll þau rök hér í ræðu sinni og leggur til, og meiri hluti nefndarinnar, allt aðrar prósentur en ráðherrann færði rök fyrir í 1. umr. Mig langar að spyrja hv. formann hvað veldur að meiri hluti sjávarútvegsnefndar er á svo allt annarri skoðun

en ráðherrann þegar hann lagði fram sitt frumvarp og meiri hlutinn virðist ekki taka undir rök hæstv. ráðherra sem hann flutti hér í 1. umr. varðandi þessar prósentur.

Annað sem mig langar að spyrja hv. þingmann um er að hann nefndi að tillögurnar eins og þær koma núna frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar komi til með að koma sér afar illa fyrir eitt fyrirtæki. Það fyrirtæki þurfi í raun að endurskoða alla sína starfsemi og verði fyrir talsverðum skaða af þessum breytingum. Sami hv. formaður stóð hér áðan og talaði um jöfnunarpottinn. Að ekki mætti skerða afturvirkt rétt manna sem þeir hefðu áður haft. Var þá að tala um útgerðir sem aldrei höfðu fengið úthlutað úr jöfnunarpotti. Að þær yrðu að fá að halda þessum rétti sínum.

Því spyr ég hv. formann: Hvað um fyrirtækið Stakkavík í Grindavík? Á það engan rétt?

[17:48]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að meiri hluti sjávarútvegsnefndar er að breyta upphafsfrumvarpi, tillögum hæstv. sjávarútvegsráðherra. Við erum aðeins að nálgast tillögur stjórnar Landssambands smábátaeigenda. Við förum ekki niður í 3% eins og þeir vissu. Við förum í 4% í þorsk og 5% í ýsu og 5% í heild. Þetta er svona millivegur. Eins og ég nefndi áðan á ég von á að bæði Stakkavíkurmenn og landssambandsmenn séu ekkert ánægðir með þetta. Aðrir vilja 3% af öllu, hinir vilja halda frumvarpinu eins og það var. Þannig að við erum bara að reyna að fara einhvern milliveg.

Ég tel að þessir aðilar eigi náttúrlega eðlilega að leita réttar síns. Við vitum það alveg í gegnum tíðina að menn hafa verið að sækja á, bæði í dómskerfinu og líka hjá umboðsmanni Alþingis, til að kanna rétt sinn þegar menn eru að breyta lögum. Það er ekkert óeðlilegt að benda mönnum á það ef þeir eru ósáttir við það sem er að gerast hér.

[17:49]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. formaður sjávarútvegsnefndar Guðjón Hjörleifsson svaraði ekki spurningu minni, af hverju réttur fyrirtækis í Grindavík varðandi þá lagasetningu sem hér er verið að leggja fram sé eitthvað minni en réttur þeirra sem eru umrædd í þeirri lagasetningu sem við ræddum í málinu á undan. Ég sé engan mun á þessu og þau rök sem hv. formaður færði í 1. umr. fyrir því að menn yrðu að halda rétti sínum hljóta að eiga alveg eins við í þessari umræðu.

Það er annað sem vekur athygli mína. Það er að í breytingartillögu meiri hluta sjávarútvegsnefndar er komið inn með fullt af atriðum sem ekki voru í frumvarpi ráðherrans. Það er verið að koma með þrjár eða fjórar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem ekki voru inni í frumvarpi ráðherrans og aldrei hafa verið ræddar hér í 1. umr. Svo var hv. formaður sjávarútvegsnefndar að boða hér breytingartillögu milli 2. og 3. umr. þannig að við komum til með að hafa hér frumvarp, fullt af atriðum sem aldrei hafa verið rædd og svo til viðbótar á að koma með eitthvað nýtt milli 2. og 3. umr.

Finnst hv. formanninum þetta boðleg vinnubrögð?

[17:50]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ræddi við lögfræðinga sem unnu við þetta frumvarp og þeir töldu að varðandi réttinn að aðlögun í þrjú og hálft ár væri það mikil að það skapaði ekki kröfur. En síðan verður það að koma í ljós.

Það er rétt að við erum að gera þrjár til fjórar breytingar sem ekki voru í umræðunni. Við erum að skrifa lögin upp á nýtt og með því erum við að taka út 35 bráðabirgðaákvæði sem ekki eru í gildi. Ég held að lögin verði langtum hreinni og aðgengilegri eftir það.

Varðandi Flæmingjagrunnið þá var búið að kynna það í sjávarútvegsnefnd og meira að segja ræða við fulltrúa LÍÚ á seinasta fundi sjávarútvegsnefndar, svo það er langur fyrirvari á því. Við frestuðum fundi í sjávarútvegsnefnd af því við ætluðum að hitta fulltrúa Samtaka fiskvinnslu án útgerðar á morgun líka, þannig að þá megi renna þessari breytingartillögu í gegn. Það var rætt um það eftir umræðuna.

[17:51]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér hafa hv. þingmenn verið að ræða þetta frumvarp í samhengi við hagsmuni jafnvel eins fyrirtækis. En ég vil líta á þetta frumvarp í víðara samhengi. Ég vil líta á þjóðarhagsmuni. Ég er viss um að með þessu frumvarpi er verið að festa í sessi kerfi sem hefur engu skilað. Upprunalegt markmið fiskveiðistjórnarkerfisins var að stækka fiskstofnana svo þeir skiluðu meiru í þjóðarbúið. En niðurstaðan, eftir að þetta kerfi hefur verið við lýði í áratugi er að það er mínus árangur. Það er mjög átakanlegt að verða vitni að því að formaður sjávarútvegsnefndar, kemur úr sjávarplássi sem hefur farið mjög illa út úr þessu kerfi, sem er verið að festa hér í sessi. Sá sem flutti þetta frumvarp, hæstv. sjávarútvegsráðherra, kemur einnig úr sjávarplássi sem hefur farið illa út úr þessu kerfi. Menn koma hér og flytja þetta og eru síðan að festa þetta í sessi.

Ég vil spyrja hv. þingmann, sem er hér að flytja þetta mál nú, hvort honum hafi aldrei dottið í hug að skoða þessa hluti upp á nýtt í staðinn fyrir að vera að festa í sessi ónýtt kerfi sem hefur komið heimabæ hans mjög illa. Mér finnst það vera með ólíkindum að menn sjái ekkert annað en þessa vitleysu.

En árangursleysið er algert. Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann í einlægni hvort honum hafi ekki komið til hugar að það væri kannski kominn tími til að snúa við blaðinu.

[17:53]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég og hv. þm. Sigurjón Þórðarson erum ekkert sammála um hvort þetta sé gott eða slæmt kerfi. Ég tel þetta vera gott kerfi. Hann talaði um að ég kæmi úr sjávarplássi. Ég kem úr Vestmannaeyjum og ég held að það sé almenn sátt með þetta kerfi þar. Eyjamenn hafa staðið sig vel við að vinna í þessu kerfi og hafa ekki verið að

missa aflaheimildir. Það er mikilvægt að menn sem hafa svona ábyrgð heima fyrir reyni að tryggja aflaheimildir áfram.

Ég er þingmaður úr Suðurkjördæmi og þar eru Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn sem eru ágætar sjávarbyggðir, og ég held að almennt sé ánægja með þetta kerfi af því menn eru tilbúnir að starfa í því og starfa eftir þeim leikreglum sem eru í gildi.

[17:54]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. formaður sjávarútvegsnefndar segir að það sé árangur af kerfinu. Hvaða árangur? Það væri fróðlegt að hann greindi okkur frá því. Vitnar hann þá í sjálfan sig eins og í fyrri ræðum?

Það er fleira sem ég furða mig á í þessum málflutningi. Þegar menn segja að það sé almenn ánægja með þetta kerfi þá er það alls ekki rétt. Ég vil einnig að hv. þingmaður velti fyrir sér kjörum þeirra sem starfa í þessu kerfi og eru leiguliðar. Það fara kannski tveir þriðju af tekjum þeirra til einhverra sem eru skráðir fyrir aflaheimildunum. Þetta er auðvitað algerlega óþolandi. Það er verið að festa þetta í sessi. Mér finnst það alveg stórundarlegt að menn einkaframtaksins skuli vera að búa til eitthvað lénsherrakerfi hér þar sem sjómenn greiða meiri hlutann af tekjum sínum til einhverra lénsherra.

Ég vil spyrja enn og aftur: (Forseti hringir.) Eru menn ekki tilbúnir að skoða þetta upp á nýtt?

[17:55]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að það hefur gengið misjafnlega að byggja upp veiðistofna. En með þessu kerfi erum við að reyna að vernda fiskstofna. Ég trúi því ekki að menn vilji fara að leyfa villtar veiðar.

Varðandi leiguliðana er það náttúrlega markaðsverð sem ræður hverju sinni. Menn hafa töluvert rætt um þessa veiðiskyldu, hvað hún eigi að vera há. Því hærri sem hún verður er ljóst að leiguverð mun hækka á markaðnum, þannig að það er kannski mesti ágreiningurinn um það, hvað hún megi vera há í prósentum.

[17:56]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hluta sjávarútvegsnefndar á þskj. 925 í því máli sem við hér ræðum.

Nefndin hefur fjallað um málið og hefur meiri hluti nefndarinnar lagt til veigamiklar breytingar á frumvarpinu. Verulegar efnislegar breytingar eru lagðar til á 2. gr. frumvarpsins og einnig eru tekin upp í nefndarálit og breytingartillögur meiri hlutans atriði sem ekki voru í því frumvarpi sem sjávarútvegsráðherra lagði fyrir Alþingi þann 23. janúar sl.

Þau atriði sem þar um ræðir voru því ekki til umfjöllunar við 1. umræðu málsins og voru ekki heldur send umsagnaraðilum til umsagnar. Minni hlutinn telur að þrátt fyrir að um sé að ræða innsetningu bráðabirgðaákvæða í ótímabundinn texta laganna sé nauðsynlegt að gefa hagsmunaaðilum og öðrum sem gefa vildu umsögn um breytingarnar rétt til þess að setja fram sín sjónarmið og átelur þau vinnubrögð meiri hlutans að hafna því að þær breytingar sem um ræðir kæmu fram í sérstöku frumvarpi sem fengi síðan hefðbundna þinglega meðferð sem að sjálfsögðu felur í sér þrjár umræður og umsagnarferli.

1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að brott falli ákvæði sem í gildi eru varðandi sóknardagakerfi fyrir krókabáta, þar sem í gildandi lögum er gert ráð fyrir að ákvæðin sem um ræðir falli niður í lok þessa árs, en einungis tveir bátar eru nú í sóknardagakerfi. Hér er endanlega verið að leggja niður sóknardagakerfi krókabáta og festa í sessi eitt kerfi fyrir alla smábáta. Fulltrúar minni hlutans í nefndinni mótmæltu kröftuglega þegar sjávarútvegsráðherra lagði fyrir Alþingi tillögur þess efnis að leggja niður sóknardagakerfið og setja alla smábáta í aflamark. Þau mótmæli voru að engu höfð og því er nú komið að því að leggja endanlega af einu eftirstöðvar sóknarstýringar við stjórn fiskveiða á Íslandi.

2. gr. fjallar um nauðsyn þess að setja sérstakar takmarkanir á krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila umfram þær almennu takmarkanir sem nú gilda um aflahlutdeild í lögunum um stjórn fiskveiða. Að óbreyttum lögum gætu í raun tvær útgerðir smábáta haft yfir að ráða öllum aflaheimildum í krókaaflamarkskerfinu og þær þannig safnast á afar fáar hendur og mun færri en raunin er í hinu hefðbundna aflamarkskerfi. Helst mætti halda að í flýtinum við að koma öllum smábátum úr sóknardagakerfi yfir í aflamarkskerfi hafi sjávarútvegsráðherra yfirsést þetta atriði og því sé nú nauðsynlegt að koma hámarki á aflahlutdeild í krókaaflamarkinu. Meiri hluti nefndarinnar gerir tillögur um verulegar breytingar á þeim hlutföllum sem heimilt verður að hafa á einni hendi frá því sem um ræddi í frumvarpinu. Frumvarpið gerði ráð fyrir að hámark krókaaflahlutdeildar í þorski yrði 6%, 9% í ýsu og aldrei meira en 6% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar.

Umsagnir um þetta hlutfall voru mismunandi og komu fram sterk rök bæði fyrir hærri hlutfallstölum en einnig lægri. Af upplýsingum sem lagðar voru fyrir nefndina liggur ljóst fyrir að ein útgerð að minnsta kosti var komin nálægt þeim hlutföllum sem lagt var til að yrðu hámark og við 1. umræðu í þinginu lýsti sjávarútvegsráðherra því yfir að ekki væru nein vísindaleg rök á bak við tillögur um þau hlutföll sem fram komu í frumvarpi ráðherrans. Reynt hefði verið að taka mið af stöðu einstakra útgerða á þeim tíma sem frumvarpið var samið. Tillaga meiri hlutans um breytta hámarkshlutdeild eða 4% í þorski, 5% í ýsu og 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar er mikil breyting frá upprunalegu tillögunum í frumvarpinu og verða fleiri en ein útgerð fyrir áhrifum af þessum nýju tillögum. Þær útgerðir verða fyrir afturvirkum áhrifum af lagasetningunni og nýjar takmarkanir leggja þeim á herðar þá skyldu að bregðast við hinum breyttu lögum og minnka hlutdeild sína frá því sem nú er. Meiri hlutinn leggur til að þær útgerðir sem þegar eru yfir þeim hlutföllum sem koma fram í breytingartillögum meiri hlutans fái aðlögunartíma til að flytja krókaaflahlutdeild af skipum sínum fram til 1. september 2009 þannig að aflahlutdeildir rúmist innan ramma laganna.

Lagasetning sem tekur réttindi af einstökum tilgreindum

einstaklingum eða lögaðilum, sem þeir höfðu innan gildandi laga, orkar alltaf tvímælis og er það skoðun minni hlutans að því hefði verið rétt að leita leiða til þess að heimila þeim aðilum sem við framlagningu frumvarpsins væru yfir hinum nýju takmörkunum að halda stöðu sinni. Hægt hefði verið að búa þannig um hnútana í lagasetningunni að umræddir aðilar gætu ekki aukið við núverandi hlutdeild sína og í þeim tilfellum sem þeir flyttu frá sér aflahlutdeild gætu þeir ekki flutt aflahlutdeild til sín að nýju meðan þeir væru yfir þeim hámörkum sem giltu að lögunum settum. Það er álit minni hlutans að hefði sú leið verið farin væri hægt að fallast á þær hlutfallstölur sem meiri hlutinn leggur nú til að gildi sem hámarkshlutdeildir. Þar sem ekki reyndist hljómgrunnur innan nefndarinnar fyrir þeim sjónarmiðum er það á ábyrgð meiri hlutans að leggja til afturvirkar íþyngjandi ráðstafanir sem bitna á einstökum útgerðaraðilum en hafa aftur á móti lítil sem engin áhrif á stöðu annarra.

Í 3. gr. frumvarpsins er heimild til Fiskistofu til að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa og kveðið á um að gjald fyrir hvern þjónustusamning skuli nema 12.000 kr. Víðtækar heimildir eru síðan í greininni til handa sjávarútvegsráðherra til setningar reglna um skilyrði fyrir gerð samninga og honum heimilt að víkja frá ákvæðum sem nú gilda um framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslu gjalda þess vegna. Það er álit minni hlutans að gjald fyrir samninga vegna þessa ákvæðis ætti í meira mæli að fara eftir umfangi og fjölda færslna í gegnum hið rafræna skráningarkerfi, þannig að meira samband en ráð er fyrir gert verði milli nota og greiðslu fyrir afnot af hinu nýja kerfi. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að öll skilyrði sem nú eru í gildi varðandi flutning séu áfram fyrir hendi þannig að magn, verð og aðrar upplýsingar vegna flutningsins liggi fyrir og að aðkoma Verðlagsstofu skiptaverðs verði með óbreyttum hætti. Mikilvægt er að flutningur aflamarks milli skipa sé rétt skráður og að með einföldum og gegnsæjum hætti sé hægt að nálgast allar upplýsingar um slíka flutninga.

Ákvæði til bráðabirgða er tilkomið vegna sérstaks vanda rækjuútgerðar og virðist markmiðið vera að bregðast á tímabundinn hátt við aðstæðum sem uppi eru í greininni. Minni hlutinn telur mikilvægt að stjórnvöld komi til móts við rækjuiðnaðinn í þeim erfiðu innri og ytri skilyrðum sem nú eru fyrir hendi og ein leiðin til þess er í gegnum þau úrræði sem stjórnvöld hafa í lögum um stjórn fiskveiða.

Í 9. gr. laga um stjórn fiskveiða segir, með leyfi forseta:

„Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið sem hann getur ráðstafað þannig:

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.

2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:

a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.

b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.“

Það er álit minni hlutans að hægt sé að mæta vanda rækjuiðnaðarins með ráðstöfunum samkvæmt 9. gr., en bráðabirgðaákvæðið sem fram kemur í frumvarpi sjávarútvegsráðherra gerir ekki ráð fyrir að hefðbundnum aðferðum sé beitt til að takast á við vanda greinarinnar heldur er með ákvæðinu reynt að fara nýja og um margt umdeilda leið til lausnar vandans. Minni hlutinn varar við aðferðum sem ganga gegn almennum skilyrðum um veiðiskyldu og telur vænlegra til árangurs að mæta vandanum með sömu aðferðum og gert hefur verið áður þegar um er að ræða ófyrirsjáanlegan vanda einstakra greina eða svæða. Minni hlutinn telur rétt að við aðstæður eins og nú eru uppi í rækjuveiðum og vinnslu sé gjald vegna úthlutaðs aflamarks í úthafsrækju einungis greitt af lönduðum afla.

Minni hlutinn telur að atriði sem minnst var á í upphafi nefndarálitsins og ekki hafa komið fram í frumvarpstexta eða verið send umsagnaraðilum til umsagnar eigi ekki heima í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Endurútgáfa laganna er ein og sér ekki nægjanleg ástæða til þess að hnýta óskyldum atriðum við áður framkomið lagafrumvarp og réttara hefði verið að áliti minni hlutans að lagatæknilegar breytingar sem nauðsynlegar kunna að reynast til endurútgáfu komi fram í sérstöku frumvarpi sem fái venjubundna þinglega meðferð.

Breytingar á lögum um stjórn fiskveiða eru tíðar og sífellt verið að breyta einstökum atriðum laganna. Það er álit minni hlutans að nauðsynlegt sé að taka til endurskoðunar lögin í heild sinni í stað þess að sífellt séu gerðar tilraunir til að bæta úr ágöllum sem á lögunum eru og mun minni hlutinn því ekki standa að samþykkt þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar.

Undir þetta nefndarálit minni hluta sjávarútvegsnefndar skrifa Jón Gunnarsson og Kristján L. Möller.

Herra forseti. Eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans og eins breytingartillögum sem lagðar eru fram hér er verið lagt til að gera tillögur um talsvert miklar breytingar á því frumvarpi sem lagt var fram af hálfu sjávarútvegsráðherra. Breytingarnar eru það miklar að maður veltir fyrir sér hvernig stendur á því aftur núna í þeim málum sem við erum að ræða í dag, um stjórn fiskveiða, sé lagt fram frumvarp með ákveðnum rökstuðningi og ákveðnum forsendum sem sjávarútvegsnefnd telur síðan ástæðu til að gjörbreyta í meðferð sinni.

Mig langaði aðeins, herra forseti, að minnast á orð hæstv. ráðherra í 1. umr. um þetta frumvarp sem við ræðum en þar var hæstv. ráðherra spurður að hvað lægi að baki því að ákveða 6% í þorski, 9% í ýsu og 6% af heildarverðmæti.

Þá svaraði hæstv. ráðherra eftirfarandi, með leyfi forseta ætla ég að lesa upp úr ræðu hæstv. ráðherra:

„Það er auðvitað þannig að þær prósentutölur sem hv. þingmaður spurði um eru engin vísindaleg nálgun, það ber að sjálfsögðu að játa. Eins og ég sagði áðan eru þær ekki hugsaðar á þann hátt að þær séu takmarkandi í sjálfu sér miðað við núverandi ástand heldur fyrst og fremst til að hafa áhrif á framtíðina, væntingar og ákvarðanir um hana. Ákvörðun um þær er m.a. tekin í ljósi þeirra upplýsinga

sem við höfðum um hámarkshlutdeild einstakra útgerða og þær eiga ekki að leiða til þess að menn þurfi að selja frá sér eða neitt þannig."

Svona svaraði hæstv. ráðherra því hvernig stæði á því að í frumvarpinu væru prósenturnar sem um ræðir í krókaaflamarki 6% í þorski, 9% í ýsu og 6% af heildarverðmæti. (Gripið fram í.) Með öðrum orðum: Starfsmenn ráðuneytisins og hæstv. ráðherra skoðuðu stöðuna eins og hún lá fyrir, sáu þörfina fyrir að setja hámark á krókaaflahlutdeildina og ég tek heils hugar undir það. Það var þörf á því að setja hámark á þetta og ég sagði það í ræðu í haust sem leið, að það væri nauðsynlegt að fara að huga að þessu vegna þess hve samþjöppunin væri orðin mikil í greininni. Ráðherrann sagði að hann og hans starfsmenn hefðu skoðað stöðuna og ákveðið hefði verið að leggja til prósentur sem ekki mundu íþyngja afturvirkt þeim sem hefðu fylgt þeim lögum sem nú eru í gildi.

Á þessu hefur orðið talsvert mikil breyting. Formaður sjávarútvegsnefndar hv. hefur beygt ráðherrann í málinu og mig langar að fara betur yfir rökin sem hæstv. ráðherra hafði fyrir þessum prósentum við 1. umr. Mér þóttu þau rök að mörgu leyti skynsamleg. Mér fannst þau taka manneskjulega á því að þurfa að setja hámark á þá menn sem starfa í greininni, eftir lögum sem nú þegar eru í gildi, en um leið að taka á vanda sem allir sáu að var vaxandi og mundi fyrirsjáanlega aukast í framtíðinni.

Hæstv. ráðherra sagði í umræðunni um þetta í 1. umr., með leyfi forseta:

„Ljóst er að mikil sameining krókaaflahlutdeildar hefur orðið og ástæða þykir þess vegna til að setja þær takmarkanir sem hér er lagt til þannig að krókaaflahlutdeildin dreifist á fleiri fyrirtæki og þar með sjávarbyggðir."

Hæstv. ráðherra hélt áfram og sagði:

„Í sjálfu sér þarf ekki að hafa mjög mörg orð um þetta. Þessi mál hafa verið talsvert rædd og sú þróun sem hér er í rauninni verið að bregðast við hefur átt sér stað býsna hratt. Yfir þessi mál var farið á síðasta hausti og eftir athugun taldi ég ekki ástæðu til að leggja fram frumvarp í þessa veru þá vegna þess að það gerir maður í síðustu lög að koma í veg fyrir að menn geti þróað útgerð sína með skynsamlegum og hagkvæmum hætti og vil ég ekki bregða fæti fyrir það og ekki er verið að gera það með frumvarpi þessu."

Stöldrum aðeins við þessi rök hæstv. ráðherra. Síðasta haust skoðuðu hæstv. ráðherra og starfsmenn hans í ráðuneytinu stöðuna og töldu ekki ástæðu til að bregðast við. Það segir hæstv. ráðherra í þinginu. Hvernig var staðan þá? Hún var þannig að þá var útgerð komin yfir 5% í þorski í krókaaflamarki. Hæstv. ráðherra taldi ekki ástæðu til að bregðast við. Hæstv. ráðherra lýsir því að hann hefði viljað gefa mönnum kost á að verða svolítið stærri. Hvað þýðir „að þróa útgerð sína með skynsamlegum og hagkvæmum hætti" í kerfi þar sem menn reyna að ná meiri hlutdeild? Það hlýtur að þýða að hæstv. ráðherra hefur ekki viljað grípa inn í og stoppa þróunina heldur leyfa mönnum að safna að sér meira af þessum heimildum, kaupa meira af þessum heimildum til sín. Hann hefur væntanlega metið það svo á þeim tíma að gott væri fyrir útgerðina í krókaaflamarkinu að geta stækkað og ná ákveðinni stærð. Hann virtist í haust ekki telja að 5% hafi verið hættuleg stærð.

Síðan segir hæstv. ráðherra ef ég les áfram, með leyfi forseta:

„En hins vegar hefur þróunin verið býsna hröð og þegar við vorum að búa til lögin í kringum smábátakerfið var alltaf gert ráð fyrir því, og það var pólitískt markmið í sjálfu sér sem ég held að allir hafi verið sammála um, að mjög mikilvægt væri að eignaraðildin í smábátakerfinu væri býsna dreifð, bæði vegna þess að það er skynsamlegt í sjálfu sér að eignaraðild sé dreifð en líka vegna þess að það mun ásamt öðru stuðla að því eða a.m.k. ýta undir að það fiskveiðistjórnarkerfi sem var búið til með hagsmuni hinna dreifðu byggða fyrir augum, að aflahlutdeildirnar og aflaheimildirnar, rétturinn til fiskveiða sé dreifðari heldur en hann væri ef þetta þróast í þá átt sem maður gæti ella séð fyrir sér og kynnu að vera einhverjar vísbendingar um."

Síðan segir hæstv. ráðherra: „Þegar þessi mál eru skoðuð er það ekki svo að margar útgerðir séu út af fyrir sig með mjög stórar aflahlutdeildir. Það er fyrst og fremst ein útgerð sem er eitthvað nálægt því þaki sem hérna er verið að kveða á um en aðrar útgerðir eru miklu lægri, kringum 2% og þaðan af lægra. Það er því ekki þannig" — sagði hæstv. ráðherra í 1. umr. og það voru skilaboð hans út til greinarinnar — „að engin dreifing sé í þessu kerfi. Með frumvarpinu er einfaldlega verið að reyna að stuðla að og tryggja tiltekna þróun. Þess vegna er þetta ekki frumvarp sem í sjálfu sér" — og nú er mikilvægt að hlusta — „breytir núverandi ástandi í miklum mæli heldur mun fyrst og fremst hafa áhrif á framtíðarákvarðanir manna."

Þannig er það nú einu sinni með lagasetningu að henni er ætlað að hafa áhrif á framtíðarákvarðanir manna. Afturvirk lagasetning hefur aldrei verið talin ganga. En einhverra hluta vegna virðist sem meiri hluti sjávarútvegsnefndar og hv. formaður sjávarútvegsnefndar Guðjón Hjörleifsson meti það svo að í þetta skipti sé í lagi að setja afturvirk lög sem íþyngi ákveðnum einstaklingum eða ákveðnum lögaðila en hafi lítil áhrif á aðra, sértæk lög sem sett eru vegna þess að ein útgerð er komin yfir það hámark sem hv. formanni sjávarútvegsnefndar þykir tilhlýðilegt.

Ef sú leið hefði verið farin sem lögð var til í frumvarpi hæstv. ráðherra, að miða við stöðu útgerðanna eins og hún er eða var þegar lagafrumvarpið var lagt fram, væru menn ekki að standa í þessari umræðu hér. Þá væru menn að setja hámark á þessa þróun og segja: Við erum að senda þau skilaboð í gegnum lagasetningu og setja mjög skýrar reglur til framtíðar litið að ekki verði leyfilegt að safna aflaheimildum á svona fáar hendur.

Í umsögn Landssambands smábátaeigenda, þar sem þeir lögðu til 3% í þorski, 3% í ýsu og 3% af heildarkrókaaflamarki eða krókaaflahlutdeild, var önnur málsgrein þar sem fram kom að þeir legðu einnig til að sett yrði ákvæði til bráðabirgða í lögin sem heimilaði þeim sem væru yfir þessum hámörkum þegar lögin væru sett að halda stöðu sinni í tíu ár, stendur í bréfi Landssambands smábátaeigenda, og jafnframt að þetta yrði endurskoðað að tíu árum liðnum. Það hefði þess vegna verið hægt að framlengja það í tíu ár í viðbót.

Þegar hv. formaður sjávarútvegsnefndar segir að hann sé að fara að vilja Landssambands smábátaeigenda í mál-

inu, reynt sé að mætast á miðri leið, þá er það ekki alveg rétt. Vegna þess að talsverður munur er á því hvort sett er í lög, eins og hér er verið að gera, að einstaklingar sem fá á sig afturvirk lög hafi þrjú ár til að bregðast við þeim og leiðrétta stöðu sína eða hvort verið er að setja í lög að þeir fái að halda stöðu sinni í tíu ár og eftir þann tíma verði hún skoðuð.

Í nefndaráliti minni hlutans kemur þetta sjónarmið einmitt fram, að nær hefði verið í þessari lagasetningu að setja einstefnuloka í lögin þannig að þeir aðilar sem störfuðu á þeim tíma sem lögin voru í gildi, ekki vitandi betur en þeir væru fylgjandi lögunum sem í gildi væru á hverjum tíma, að ekki væru sett íþyngjandi afturvirk lög á þá eina heldur fengju þeir að halda lagalegri stöðu sinni sem þeir höfðu samkvæmt gildandi lögum en síðan gætu menn þá tekið það til baka. Ef þeir minnkuðu mættu þeir ekki stækka aftur, eins og fram kom í áliti minni hlutans, það væri sem sagt einstefnuloki á þangað til ákveðnu hámarki væri náð.

Til að tefja ekki umræðuna frekar en orðið er ætla ég ekki að bæta miklu við þau atriði sem nefnd voru í nefndaráliti minni hluta sjávarútvegsnefndar. Þar var farið yfir öll þau atriði sem fram koma í núverandi frumvarpi og þeim viðamiklu breytingartillögum sem frá sjávarútvegsnefnd koma. Ég vil enn og aftur ítreka að við erum alls ekki að fjalla hér um sama frumvarp núna í 2. umr. og við fjölluðum um þegar hæstv. ráðherra lagði það fram. Það er algjörlega sammerkt með þessu frumvarpi eins og við vorum að ræða áðan um jöfnunarpottinn, gjörólíkt frumvarp frá því sem hæstv. ráðherra lagði fram. Hæstv. ráðherra hlýtur að þurfa að fara að spyrja sig þeirrar spurningar hvort ekki sé rétt að reyna að vanda frumvörpin betur sem frá honum koma svo hv. sjávarútvegsnefnd þurfi ekki aftur og aftur, tvisvar á dag, að leggja til verulegar breytingar nánast í öllum efnisatriðum frumvarpsins þannig að það sé tækt að mati nefndarmanna.

[18:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að átta mig betur á því sjónarmiði sem fram kom hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni, sem mér skildist að væri eitthvað á þá lund að lögum um stjórn fiskveiða mætti ekki breyta þannig að það breytti stöðu þeirra sem störfuðu miðað við gildandi lög. Sem dæmi nefndi hann þetta frumvarp sem hér er og þeir sem hefðu verið að vinna innan kerfis smábátanna samkvæmt lögunum sem eru í gildi í dag, að ekki mætti til framtíðar litið gera neinar breytingar á þessum lögum sem breytti aðstæðum þeirra.

Ég spyr hvað þetta þýði, virðulegi forseti. Þýðir þetta að hv. þingmaður er að boða að aldrei megi gera neinar breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða? Þýðir þetta t.d. að fyrningarleiðin er alveg úti af borðinu? Það þætti mér nú skaði því að ég var dálítið veikur fyrir þeirri leið. Ég er reyndar á þeirri skoðun að gera þurfi verulegar breytingar á þessu kerfi og það verði ekki gert öðruvísi en að nýtt kerfi verði verulega frábrugðið því gamla og þá þurfi menn einhverja aðlögun úr núverandi kerfi í nýtt kerfi og menn geta kallað það fyrningarleið eða einhverja aðra leið til að komast frá ranglæti til réttlætis, eigum við ekki að segja það, virðulegur forseti?

Ég spyr því hv. þm. Jón Gunnarsson hvort hann sé í rauninni búinn að festa sig í þeim heimi sem við búum í í dag, sem er þá væntanlega besti heimur allra heima sem aldrei megi breyta til framtíðar litið.

[18:21]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerir sér upp skilningsleysi og lætur eins og hann skilji ekki það mál sem hér var til umræðu. Ég ætlaði nú hv. þingmann skarpari en svo að hann skildi þetta ekki.

Það sem kom fram máli mínu var ósköp einfalt. Að sjálfsögðu má breyta lögum um stjórn fiskveiða og það gerir Alþingi. En við þær breytingar hlýtur Alþingi að þurfa að halda sig við almennar breytingar, ekki einstakar breytingar sem snerta tiltölulega mjög fáa af þeim sem starfa í greininni en aðrir sem starfa innan sama kerfis eftir sömu lögum verða ekki fyrir neinum breytingum. Afturvirk lagasetning sem heftir með almennum hætti athafnafrelsi manna þannig að enginn sé tekinn út úr heldur gildi þetta jafnt um alla er að mörgu leyti þolanlegri en afturvirk lagasetning sem beinist gegn einum aðila eða tveimur, skiptir ekki öllu máli hvað þeir eru margir, þ.e. ef þeir eru mjög fáir, það er annað mál en þegar verið er með almennum hætti að breyta lögum eða lagabálkum eins og lögum um stjórn fiskveiða. Ef hv. þingmaður hefði hlustað á niðurlag nefndarálits minni hlutans hefði hann heyrt það sem þar koma fram að minni hlutinn nefndi í nefndarálitinu að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða væru tíðar og sífellt verið að breyta einstökum atriðum laganna og það væri álit minni hlutans að nauðsynlegt væri að taka til endurskoðunar lögin í heild sinni í stað þess að sífellt séu gerðar tilraunir til að bæta úr ágöllum sem á lögunum eru. Við höfum lýst þeirri skoðun okkar að við teljum fulla nauðsyn á að taka lögin um stjórn fiskveiða algjörlega til endurskoðunar og oft og tíðum leyfi ég mér að segja, herra forseti, a.m.k. stundum, hefur mér heyrst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vera á sömu skoðun.

[18:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, við erum á sömu skoðun í því að taka þarf þetta kerfi allt upp í heildarendurskoðun, en ég ætla ekki að fjalla um það núna heldur reyna að átta mig á málflutningi hv. þingmanns. Hann segir að það verði að vera almennar breytingar. Ég vil halda því fram, virðulegi forseti, að frumvarpið og breytingartillögurnar falli einmitt undir þetta, þær boða almennar breytingar. Verið er að setja almennar leikreglur inn í smábátakerfið sem þeir sem þar kjósa að starfa í framtíðinni verða að beygja sig undir. Ég held að ekki sé hægt með neinum rökum að neita því að þetta eru reglur sem verið er að setja, almennar leikreglur í kerfinu, og hafa skýran tilgang sem ég heyri ekki annað en að hv. þingmenn séu í grundvallaratriðum sammála um.

Ég spyr: Er þá hv. þingmaður að segja að þær almennu leikreglur sem menn ætla sér að setja verði að vera þannig að þær snerti engan sem í dag er í kerfinu? Það er það sem

mér skildist á hv. þingmanni, að athugasemdir hans við tillögur meiri hlutans væru þær að þessar almennu leikreglur sem meiri hlutinn leggur til að verði settar komi við einhverja sem eru í kerfinu í dag og þeir verði að laga sig að þeim reglum.

Þá spyr ég: Telur hv. þingmaður að það séu almennar leikreglur ef sumir verða að fara eftir þeim og aðrir eru undanþegnir þeim? Það er það sem mér heyrist að hv. þingmaður sé að tala fyrir, að einhverjir séu undanþegnir almennu leikreglunum. Það er það sem mér finnst einkennilegt að heyra, virðulegur forseti, vegna þess að við erum ekki með afturvirkar breytingar heldur framvirkar breytingar sem er algjörlega hið andstæða við það sem hv. þingmaður hélt fram.

[18:25]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði ákaflega gaman af því ef hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gæti útskýrt fyrir okkur það sem hann sagði að hægt væri að setja almennar reglur sem ekki hefðu áhrif á neinn, hvernig í ósköpunum á það að vera hægt? Það er ekki hægt að setja almennar reglur sem ekki hafa nein áhrif. Menn setja almennar reglur sem hafa áhrif á alla þá sem starfa í greininni, það er það sem menn gera.

Það gerði hæstv. ráðherra með frumvarpi sínu þegar hann lagði það fram og með rökum sínum í 1. umr. fór hæstv. ráðherra sérstaklega yfir það og lagði vel á sig að útskýra af hverju prósenturnar væru 6%, 9% og 9% af heild, vegna þess að eftir skoðun var það álit hæstv. ráðherra og ráðgjafa hans í sjávarútvegsráðuneytinu sem komu að frumvarpsgerðinni að best væri að gera þetta svona til að vera ekki að setja sérstakar íþyngjandi ákvarðanir á einn eða tvo aðila í greininni en ekki aðra.

Mér þótti hæstv. ráðherra gera það ágætlega. Það er kannski í dúr við ástandið milli stjórnarflokkanna eins og það er þessa dagana að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem situr á Alþingi fyrir Framsóknarflokkinn, telur sig þurfa að koma hér upp og hnýta sérstaklega í þessi rök hæstv. sjávarútvegsráðherra. Það gerir hv. þingmaður einmitt með orðum sínum því að ég fór yfir og gerði í málflutningi mínum rök hæstv. sjávarútvegsráðherra í raun að mínum, að eðlilegast hefði verið að fara þá leið sem ráðherrann lagði til. En það er alveg auðséð að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er ekki sammála hæstv. ráðherra í því og er náttúrlega partur af meiri hluta sjávarútvegsnefndar sem afgreiðir málið út með þeim hætti að gjörbreyta frumvarpi hæstv. ráðherra.

[18:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða aftur en um er að ræða annað mál en við ræddum undir síðasta dagskrárlið. Hér er verið að flytja frumvarp sem varpar í raun rekunum á söknardagakerfið fyrir krókabáta sem fellur niður í lok þessa árs en 1. gr. frumvarpsins sem nú er flutt fjallar um að felld verði úr lögum um stjórn fiskveiða ákvæði um söknardagakerfi fyrir krókabáta.

Söknardagakerfið var leið sem grunnslóðarflotinn fann í kvótakerfinu fyrir nokkrum árum og gat þannig byggt sig upp að nýju í ákveðnum byggðarlögum og gerði m.a. kleift að stórefla útgerð að nýju í byggðarlögum, t.d. á Vestfjörðum, sem höfðu lent mjög harkalega úti í hinu framseljanlega kvótakerfi sem keyrt var yfir sjávarútveginn og byggðirnar vítt og breitt um landið, kvótakerfi sem hafði að engu réttindi eða hagsmuni íbúanna í byggðarlögunum heldur var því ætlað að ganga fyrst og fremst hagsmuna stórútgerðar og fjármagnseigenda í sjávarútvegi.

Með lögum í fyrra var söknardagakerfi þessara báta breytt í framseljanlegar aflaheimildir, nokkuð sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs börðumst gegn. Við vildum halda söknardagakerfinu því það gaf þó vissa möguleika, bæði fyrir nýja aðila til að koma inn í fiskveiðarnar og einnig hafði það sýnt sig að vera afar mikilvægt fyrir sjávarbyggðir sem m.a. höfðu orðið illa úti í kvótakerfinu og fyrir fiskvinnsluna í þeim byggðum. Þá sýndi sig líka hversu smábátaflotinn var mikilvægur fyrir þá fiskvinnslu sem ekki rak eigin útgerð. En hagsmunir stórútgerðar, þessi ofboðslega blinda trú á takmarkalausa hagkvæmni stærðarinnar og að ganga erinda fjármagnseigenda réð ferð hjá ríkisstjórninni, sem í svo mörgu öðru. Í þessu frumvarpi er endanlega verið að fella söknardagakerfið úr lögum.

2. gr. er einmitt dæmigerð um hvernig lög eru sett hugsunarlaust um stjórn fiskveiða. En eins og frumvarpið var flutt á sínum tíma, segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal samanlögð krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli en 6% af þorski og 9% af ýsu miðað við heildarkrókaaflahlutdeild í hvorri tegund.

Við fyrri málslið 2. mgr. bætist: eða meira en 6% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar."

Það reyndist nefnilega svo að eftir að aflaheimildir smábátanna voru gerðar framseljanlegar og söknardagakerfið lagt af fóru útgerðaraðilarnir að kaupa upp aflaheimildir. Þetta gekk mjög hratt fyrir sig. Í frétt sem birtist í Morgunblaðinu 19. október 2005, herra forseti, má sjá hvaða áhrif eins árs reynsla af þessu kerfi, þ.e. að leggja niður söknardagakerfið og gera það framseljanlegt, hefur haft á smábátaflotann. Þar segir, með leyfi forseta:

„Miklar breytingar hafa orðið á smábátaflotanum við afnám söknardagakerfisins. Bátarnir hafa stækkað og þeim hefur fækkað. Við upphaf þessa fiskveiðiárs, þ.e. frá 1. september 2005, voru krókaaflamarksbátar 628 og hafði fækkað um 108 á einu fiskveiðiári.

Meðalstærð bátanna er nú 6,19 brúttótonn og hafa þeir að meðaltali stækkað um 17,5% frá árinu 2003. Nú er 571 krókaaflamarksbátur með hlutdeild í þorski og hefur þeim fækkað um 113 báta á einu ári. Nú eru 78 bátar, eða 13,7% heildarinnar með helming allra aflaheimilda í þorski en fyrir ári voru 128 bátar með helming veiðiheimildanna. Það hefur því orðið veruleg samþjöppun í þessu flota, bátum lagt og heimildir færðar yfir á aðra báta. Mikil tilfærsla hefur orðið á aflaheimildum milli staða. Langmest hefur flust til Reykjaness, sem hefur bætt við sig 2.903 þorskígildum og 1.621 tonni af þorski. Mest af þessu hefur flust til

Grindavíkur, eða 1.207 tonn af þorski. En mest hefur þó verið flutt frá Vestfjörðum eða 1.840 þorskígildi og 1.704 tonn af þorski."

Við þessa breytingu er alveg ljóst að þeir landshlutar sem höfðu lent hvað harðast í kvótakerfinu á sínum tíma, þegar kvótinn var miskunnarlaust keyptur burt úr byggðunum, nú verða sömu byggðarlög aftur hart úti. Enn og aftur leggst þetta kerfi með fullum þunga á að rýra kjör og möguleika fólksins sem hafði sest að eða búið um langan aldur í þessum byggðarlögum og byggt upp þennan atvinnuveg á heimaslóð, fiskvinnslu og útgerð, ekki var gerður greinarmunur á rétti þeirra sem unnu í landi eða á sjó, allir áttu jafnan hlut að því að nýta og vinna þau verðmæti sem fiskurinn er, og eftir stendur fólk varnarlaust gagnvart þessari miskunnarlausu fiskveiðistjórn. Þessi breyting hefur orðið aðeins á einu ári bara á þessum bátaflota við það að leggja niður dagabátana og gera þá að framseljanlegum kvóta.

Við lifum aftur slíka samþjöppun sem á nú að fara að bregðast hér við, þessa miklu samþjöppun. Það er svo sem góðra gjalda vert að bregðast við samþjöppun sem er að verða á smábátaflotanum. En þetta var samt fyrirsjáanlegt í því kerfi sem þarna var sett upp og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vöruðum við því á sínum tíma að með breytingunni væri enn verið að auka á samþjöppun í sjávarútveginum og skerða kjör og möguleika sjávarbyggðanna vítt og breitt um landið.

Þessi tilraun að setja þarna mörk á fékk mjög afdráttarlausa umsögn, t.d. Landssambands smábátaeigenda sem hvöttu mjög til þess að hærri mörkin yrðu færð niður, gerð lægri. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að hámarkið væri miðað við 6% af þorski og 9% af ýsu, sem hver einstaklingur eða útgerð, eða lögaðili mætti eiga af heildarkrókaaflamarkshlutdeildinni. En stjórn Landssambands smábátaeigenda leggur til að þessi stærð sé neðar og ég vil leyfa mér að vitna til umsagnar Landssambands smábátaeigenda hvað varðar þetta mál. Í umsögn þeirra sem dagsett er 21. febrúar 2006 segir, með leyfi forseta:

„Á fundi stjórnar Landssambands smábátaeigenda mánudaginn 20. febrúar 2006 tók stjórnin til umfjöllunar frumvarp hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einars K. Guðfinnssonar, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem takmarkar krókaaflahlutdeild fyrirtækja og einstaklinga. Stjórnin samþykkti eftirfarandi: „Stjórn Landssambands smábátaeigenda telur að þau hámörk sem sett eru í framkomnu frumvarpi séu allt of há og beinir þeirri eindregnu áskorun til hæstv. sjávarútvegsráðherra og sjávarútvegsnefndar Alþingis að lækka þau í 3%."

Jafnframt lýsir stjórn Landssambands smábátaeigenda því yfir að hún telur eðlilegt að sett séu ákvæði til bráðabirgða gagnvart þeim aðilum sem nú þegar kunna að vera komnir yfir 3% hámörk þar sem núverandi stöðu þeirra verði ekki raskað en slíkt ákvæði kæmi til endurskoðunar að 10 árum liðnum. Stjórn Landssambands smábátaeigenda minnir á að aflaheimildir smábátaflotans eiga sér sterkar sögulegar rætur í einstaklingsútgerð og dreifðri eignaraðild. Barátta félagsins hefur frá upphafi byggst á þeim grunni og enginn vafi leikur á að hið sama gildir um hinn mikla stuðning stjórnvalda og almennings." — Ég vil sérstaklega nefna „almennings" því mér hefur ekki fundist stjórnvöld sýna smábátaútgerðinni stóran skilning, t.d. með því að afnema sóknardagakerfið. — „En af framangreindum tillögum telur stjórn Landssambands smábátaeigenda að hún mæti tvenns konar sjónarmiðum, annars vegar því að veiðiheimildir smábátanna safnist ekki á örfáa báta og hins vegar að raska ekki stöðu þeirra sem mestar veiðiheimildir hafa í krókaaflamarkinu nú um stundir."

Ég held að flestum hafi komið á óvart hversu samþjöppunin var orðin mikil og hvað hún hafði gengið hratt fyrir sig. Þannig að þegar var verið að ræða þessi viðmið bjuggust engir við, eða a.m.k. bjóst ég ekki við að þetta væri komið svo hátt sem raun ber vitni hjá einstaka útgerðum. Nú hefur meiri hluti hv. sjávarútvegsnefndar lagt til að þær hámarkshlutfallstölur sem voru í upphaflega frumvarpinu verði lækkaðar, þ.e. 6% af þorski, hámark af þorski og 9% í hámarki af ýsu verði að lækkað niður í 5% og hlutfallstölur í heildarverðmæti krókaaflamarkshlutdeildar verði lækkaðar úr 6% niður í 5%. Mér finnst þetta vera til bóta og viðbrögð meiri hlutans eru því jákvæð. Ég hefði viljað ganga enn lengra, ég tel að það hefði átt að lækka þetta enn meir. Það er nauðsynlegt að tryggja þessari útgerð þá fjölbreytni sem henni er mikilvæg, að sem flestir geti stundað þessa útgerð og sett sér hámark til að einstaklingar eða einstakir lögaðilar geti ekki sölsað hana undir sig, eins og leitt geti til í óbreyttum lögum.

Þess vegna hef ég lagt fram hér breytingartillögur á þskj. 1084, þar sem mér þykir rétt hvað þetta varðar að fara fullkomlega að tillögum Landssambands smábátaeigenda varðandi hámörkin, þ.e. að hámarkshlutdeild einstaklings eða lögaðila í útgerð í þessum flota megi aðeins vera 3% af heildarkrókaaflamarkshlutdeildinni bæði hvað varðar þorsk og ýsu, að hámarkið sé sett 3%. Sömuleiðis verði hlutfallstölurnar í heildarverðmæti krókaaflamarksins einnig 3% eða eins og tillaga Landssambands smábátaeigenda gerir ráð fyrir. Mér finnst mjög mikilvægt að tekið sé á þessu máli strax. Það hefði náttúrlega átt að gera þetta í fyrra um leið og dagakerfið var afnumið eða réttara sagt veitt heimild til að breyta sóknardögum í aflamarkshlutdeild, þá hefði átt að setja jafnframt strax hámark, en betra er seint en aldrei og er það í sjálfu sér hægt að fagna að þetta sé komið fram nú því breytingarnar eru það örar.

Við sjáum hvað er að gerast í öðru. Við sjáum hverju við stöndum frammi fyrir t.d. í landbúnaðinum þar sem einstakir lögaðilar eru nú að safna framleiðslurétti í mjólk og beingreiðslum í sauðfé. Þar hafa ekki enn verið sett nein hámörk þannig að einstakir aðilar, lögaðilar, stunda nú nánast hömlulaus uppkaup á mjólkurkvóta, framleiðslurétti í mjólk, og þar af leiðandi líka ávísun ríkisvaldsins á beingreiðslur í mjólk. Sama er varðandi sauðfé. Þetta er ógnvænlegt og mér þykir mjög miður það kraftleysi sem virðist vera af hálfu forsvarsmanna landbúnaðarins hvort sem það er hjá Bændasamtökunum eða hér hjá landbúnaðarráðherra og stjórnvöldum, það er kraftleysi í þeim að taka ekki á þessu máli.

Ég hef flutt á Alþingi lagafrumvarp þar sem lagt er til að sett sé hámark á eign einstaklings eða lögaðila í framleiðslurétti á mjólk og kjöti og reyndar í öðrum matvælagreinum, bæði til að tryggja dreifða og örugga framleiðslu

en líka til að tryggja matvælaöryggið á því sviði vegna þess að því færri aðilar sem eru í greininni þeim mun meiri áhætta er náttúrlega ef eitthvað kemur upp á.

Svo er líka afar óeðlilegt, eins og í landbúnaðinum, að einstakir lögaðilar geti með þessum hætti safnað að sér stuðningi ríkisins við þessa framleiðslu sem miðar fyrst og fremst að því pólitískt að tryggja dreifða búsetu, góða landnýtingu og matvælaöryggi. En eins og nú er eru þar engar skorður settar. Því ber að fagna að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur auga fyrir því að þessu þurfi að kippa í liðinn þó að hann hefði átt að gera það í fyrra. (**Gripið fram í:** Hann er smekkmaður.) Hæstv. ráðherra er smekkmaður eins og hann segir sjálfur en hann hefði átt að gera þetta í fyrra því að það lá alveg ljóst fyrir að þetta mundi gerast. Hæstv. sjávarútvegsráðherra er þó maður að meiri, betra er seint en aldrei, að koma fram með þetta frumvarp nú áður en verr er farið og meiri samþjöppun orðin. Ég vona að þetta frumvarp sé þá líka það pottþétt að ekki sé hægt að fara í kringum þessar reglur, að ekki sé hægt að bora sig í gegnum kerfið og fara aftan að vilja Alþingis í þessum efnum og komast þannig yfir fiskveiðiheimildirnar.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann geti lýst því yfir að þetta kerfi sé eins pottþétt og lagt er nú upp og hér er ætlunin, og að ekki sé með klókindum og refskap eða með öðrum nálgunum eða ímyndun hægt að komast aftan að kerfinu og safna upp aflaheimildum. (**Gripið fram í:** Það er örugglega hægt.) Ég treysti svolítið á sjávarútvegsráðherra í þessum efnum og þess vegna þætti mér afar vænt um ef hann gæti gefið yfirlýsingu hér — því að ég er alltaf svolítið vantrúaður — að þetta kerfi verði alveg pottþétt og að ekki sé hægt að fara aftan að vilja sjávarútvegsráðherra og væntanlega vilja Alþingis hvað það varðar að sporna við samþjöppun veiðiheimilda hjá krókaaflamarksbátum með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, umfram það sem heimildir þar verða settar um. Ef hæstv. ráðherra gæti gert það og sannfært mig um það yrði ég býsna ánægður. (**Gripið fram í:** Og hamingjusamur.) Já, ég verð að segja það, því að mér hefur virst að í allri þessari umræðu, ekki síst um sjávarútvegsmálin, séu menn nánast árlega að staga upp í gatið sem myndast hefur á lögunum þannig að þetta eru orðin margstoppuð lög.

Varðandi ákvæðið um þá sem nú þegar eru komnir yfir hámörkin sem sett eru þá finnst mér eðlilegt að þeir fái aðlögunartíma til að færa sig aftur niður, því að þessar fiskveiðiheimildir eru ekki eign í þeim skilningi að þær séu eignarheimildir heldur eru þetta fyrnanleg réttindi sem fyrnast á ákveðnum tíma og hvort það tímabil eru fimm ár eða tíu ár skiptir ekki meginmáli. Aðalmálið er að hin pólitísku mörk séu sett og síðan aðlagi útvegurinn sig að þeim. Þessi lágmörk eru kannski meginmálið sem ég vildi koma hér að, herra forseti, að forðast samþjöppun og tryggja dreift eignarhald á útgerðinni.

Ég hef leitt hugann að því hvort ekki væri rétt að setja lög um einstaklingsútgerðir sem hefðu ákveðinn forgang, einstaklingsútgerðir miðaðar við ákveðinn stærðarflokk báta og útgerðaraðila, einstaklingsútgerðir þar sem sett væri sú kvöð að eigandi aflamarksheimildanna yrði jafnframt að vera á bátnum og það væri ekki hægt að vera með aflaheimild eins og hverja aðra verslunarvöru hjá aðilum sem eru kannski óviðkomandi útgerð að öðru leyti. Það skiptir miklu máli í þessum atvinnuvegi að tryggja einstaklingsframtakið hjá þeim sem raunverulega eru í útgerð og stunda fiskveiðar og það eru einmitt þeir sem eru greininni, byggðunum og atvinnuveginum í heild mjög dýrmætir. Ég teldi brýnt að setja lög um einstaklingsútgerðir og að þau mundu þá verða ein girðingin enn til að koma í veg fyrir uppsöfnun aflaheimilda á hendur aðila sem kannski tengjast ekki einu sinni útgerð að öðru leyti.

Varðandi önnur atriði sem þetta frumvarp kveður á um þá fór ég við 1. umr. ítarlega yfir þann þátt sem lýtur að rækjuútgerðinni. Rækjuútgerðin á Íslandi stendur frammi fyrir gríðarlegum vanda. Hann hefur verið fjölþættur, gengið hefur verið mjög óhagstætt, það hefur verið skortur á rækju á Íslandsmiðum og aflabrestur á öðrum miðum sem Íslendingar hafa sótt og verð á mörkuðum hefur einnig verið mjög lágt. Rækjuverksmiðjunar eru nú hver á fætur annarri að loka af þessum ástæðum, sem eru gríðarleg áföll fyrir þær byggðir sem um er að ræða.

Mér finnst ábyrgð þjóðarinnar vera mikil í þessum efnum vegna þess að sú stefna var sett upp, meira eða minna handstýrt af stjórnvöldum, að hvert byggðarlag ætti að sérhæfa sig á einhverju sviði innan sjávarútvegsins. Eitt byggðarlagið skyldi vera með rækju, annað með saltfisk og það þriðja með frystingu, flakavinnslu og þess háttar. Þetta átti að skapa svo mikil samlegðaráhrif og skila svo mikilli hagkvæmni fyrir sjávarútveginn í heild. Þetta var síðan byggt upp. Heilu byggðarlögin voru sett undir það að láta sjávarútveg sinn hvíla langmest á rækjuiðnaði en nú þegar á bjátar, þegar sýnt er að t.d. rækjan gengur ekki upp, a.m.k. ekki eins og er, þá standa þessi byggðarlög meira eða minna varnarlaus, ofurseld þessari hagræðingarstefnu og ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar. Mér finnst þjóðfélaginu bera samfélagsleg skylda til að styðja við uppbyggingu á fjölþættu atvinnulífi á viðkomandi stöðum á ný sem byggir á auðlindum og afli á heimaslóð. Númer eitt væri t.d. að fara að stefnu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að þriðjungur fiskveiðiheimildanna yrði bundinn byggðarlögunum. Það væri strax mikilvægt skref í þá átt.

Eins og fiskveiðistjórnarkerfið er nú og skipan mála í fiskvinnslu þá eru íbúarnir í viðkomandi byggðarlögum gjörsamlega ofurseldir þessu þrátt fyrir að þeir hafi í gegnum áratugina byggt upp þessa auðlind. Það frumvarp sem við erum að fjalla um, þó að í litlu sé, er að bregðast aðeins við þessu og hindra frekari samþjöppun varðandi krókaaflamarksbátana með því að setja á þá hámark og það finnst mér vera spor í áttina þó að það hefði mátt gerast fyrr. Ég legg til að þessi hámörk séu lægri, að hámarkið sé bundið við 3% hvað varðar bæði þorsk og ýsu og heildaraflamarksverðmæti, að það sé sett sem hámark og þar verði farið að tillögu Landssambands smábátaeigenda sem hefur einmitt bent á gríðarlegt mikilvægi þessarar útgerðar sem okkur ber, að mínu viti, skylda til á Alþingi að standa vörð um. Ég legg það til en ítreka það sem ég hef áður sagt að þessi atriði í frumvarpinu og sérstaklega breytingar af hálfu meiri hluta sjávarútvegsnefndar eru þó mikilvægt spor í þessa átt.

[18:57]

Útbýting:

Birgðastöð eldsneytis fyrir höfuðborgarsvæðið, 752. mál, fsp. GHall, þskj. 1101.

Blóðgjafir og Blóðbankinn, 760. mál, fsp. VF, þskj. 1109.

Daggjöld á Sóltúni, 750. mál, fsp. GHall, þskj. 1099.

Eignir Listdansskóla Íslands, 758. mál, fsp. VF, þskj. 1107.

Flutningur vínbúðarinnar í Mjódd í leiguhúsnæði, 761. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 1110.

Framkvæmdasjóður aldraðra, 767. mál, fsp. GHall, þskj. 1116.

Garðplöntuframleiðendur, 757. mál, fsp. VF, þskj. 1106.

Hjúkrunarheimili og öldrunarþjónusta, 765. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1114.

Hjúkrunarrými í Suðurkjördæmi, 749. mál, fsp. GHj, þskj. 1098.

Hugverkastuldur, 763. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1112.

ILO-samþykkt um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, 756. mál, fsp. VF, þskj. 1105.

Íþróttastefna, 753. mál, fsp. VF, þskj. 1102.

Námsbækur, 764. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1113.

Rekstrarvandi Heilbrigðisstofnunar Austurlands, 766. mál, fsp. BjG, þskj. 1115.

Samráðsfundur með forsvarsmönnum sérsambanda ÍSÍ, 754. mál, fsp. VF, þskj. 1103.

Upptaka evru, 759. mál, fsp. VF, þskj. 1108.

Varnarmálanefnd, 699. mál, fsp. JGunn, þskj. 1029.

Þróun áfengisgjalds, 762. mál, fsp. BÁ, þskj. 1111.

Þyrlur Landhelgisgæslunnar, 751. mál, fsp. GHall, þskj. 1100.

[18:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er kannski rétt að minna á í upphafi að tilgangur laga um stjórn fiskveiða er eins og segir í 1. gr. í lögum nr. 38/1990, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra" — þ.e. fiskstofnanna — „og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Ætli við verðum ekki að líta svo á, hæstv. forseti, að það frumvarp sem við ræðum hér sé fram komið vegna þess að menn hafi áhyggjur af því hvað verði um trausta atvinnu og byggð í landinu, ef svo heldur fram sem verið hefur um samþjöppun aflaheimilda í því kerfi sem almennt er nú kallað smábátakerfið en heitir í dag krókaaflamarkskerfi.

Miklir tilflutningar hafa orðið á aflaheimildum og menn hafa vitað lengi að slíkur tilflutningur hefur veruleg áhrif á atvinnustig í byggðarlögum sem verða fyrir því að missa frá sér aflaheimildir eða þar sem skipum fækkar mikið — í framhaldi af því hefur fiskvinnslustöðvum fækkað og vinnustöðum í fiskvinnslu.

Þetta hefði, hæstv. forseti, ekki átt að koma neinum á óvart, því að þessi þróun hefur öll verið skrifuð í skýrslur sem unnar hafa verið fyrir stjórnvöld. Það hefur oft verið sagt hér, þegar við höfum verið að velta fyrir okkur þeirri ákvörðun stjórnvalda að kvótasetja aukategundir í veiðikerfi smábátanna, þorsk, ýsu, ufsa, keilu, löngu o.s.frv., hvaða afleiðingar það mundi hafa. Ég hygg að margir hafi bent á að þegar þessar tegundir yrðu allar komnar inn í kvóta yrði líklega sama þróun í veiðikerfi smábátanna og varð í hinu almenna aflamarkskerfi. Það yrði sem sagt samþjöppun, verð á kvóta mundi hækka og fiskiskipum fækka. Í kjölfarið mundi svo fylgja fækkun atvinnutækifæra á mörgum stöðum landsins og fólksfækkun.

Því miður hefur þetta víða gengið eftir eins og sagt og skrifað hefur verið. Ég er með tvær skýrslur fyrir framan mig, hæstv. forseti. Í fyrsta lagi skýrsluna Sjávarútveg og byggðaþróun á Íslandi sem var unnin fyrir Byggðastofnun í mars 2001. Það er fróðlegt að glugga í samantekt í henni vegna þess að hún var gerð í þeim tilgangi að skoða hvaða áhrif tilflutningur á aflaheimildum hefði á þær byggðir sem höfðu orðið fyrir því, hvaða áhrif það hefði á byggðir þar sem skipum hefði verulega fækkað eða fiskvinnslustöðvum fækkað í kjölfar minnkandi aflaheimilda. Síðan var unnin önnur skýrsla sérstaklega fyrir Vestfirði, en eins og allir vita eru Vestfirðir ákaflega háðir fiskveiðum og sjávarútvegi og sennilega enginn landshluti eins háður því hlutfallslega um áratugi. Gerð var sérstök úttekt á áhrifum kvótasetningar aukategunda hjá krókabátum á byggð á Vestfjörðum sérstaklega.

Hæstv. forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt, þegar við nú skoðum afleiðingarnar af kvótasetningunni í smábátakerfinu, að við rifjum upp viðvörunarorðin sem stjórnvöld og alþingismenn fengu að heyra ef lagt yrði út á þá braut sem stjórnvöld síðan gerðu. Stjórnarandstaðan mælti öll eindregið gegn því að aukategundirnar yrðu kvótasettar og eins mælti hún gegn því að veiðikerfi smábátanna á handfærum, þ.e. sóknardagakerfið, yrði aflagt. Samt voru þessar leiðir báðar farnar og það var auðvitað meiri hlutinn hér í Alþingi, þingmenn ríkisstjórnarflokkanna, sem keyrði þessar breytingar fram. Við erum núna að fást við afleiðingarnar af þessum gjörðum og því tel ég rétt að rifja upp hvaða vitneskju menn höfðu áður en þessi lög voru sett, áður en þessi verk voru unnin — við erum núna að takast á við afleiðingarnar af þeim og reyna að sporna við því að samþjöppunin verði allt of hröð og setja takmörkun á það hvað eitt fyrirtæki megi eiga miklar aflaheimildir í krókaaflamarkskerfinu, veiðikerfi smábátanna.

Mig langar að vitna í þessar skýrslur eftir hendinni og vil byrja á að vitna í skýrsluna um Sjávarútveg og byggðaþróun á landinu í heild. Þar eru tekin nokkur dæmi sem ég ætla að vitna í. Eins og ég sagði var henni skilað á árinu 2001 og var hún úttekt á því hvað hefði verið að gerast í stóra kerfinu og menn hefðu þar af leiðandi átt að geta lært af því. Menn voru að skoða ákveðna þróun sem hafði átt sér stað. Í lokasamantekt segir m.a., með leyfi forseta:

„Mest er skerðingin á Vestfjörðum, þar sem veiðiheimildir í þorskígildistonnum eru um 45% af því sem þær voru fiskveiðiárið 1992/93."

Þær hafa sem sagt dregist saman um 45% á árunum frá 1993 og fram til fiskveiðiársins 2001.

Þetta hafði gerst, hæstv. forseti, á sama tíma og veiðiheimildir í þorski höfðu þó verið að aukast, höfðu aukist um 8% á yfirstandandi fiskveiðiári þegar þessi skýrsla var unnin árið 2001, samanborið við fiskveiðiárið 1992–1993.

Þegar þessi vitneskja lá fyrir gátu menn auðvitað séð að

mikil hætta var í því fólgin að aflaheimildir færu frá sjávarútvegsstöðum þar sem atvinnulíf var einhæft og byggði að stórum hluta á einni undirstöðuatvinnugrein.

Á fiskveiðiárinu 1992/1993 var úthlutað aflamarki í þorski til skipa sem höfðu heimahöfn á Vestfjörðum, rúmlega 23.000 tonnum af þorski. Þegar skýrslan var unnin á árinu 2000–2001 var þorskúthlutunin orðin aðeins tæp 13.000 tonn. Hafði minnkað um 10.338 tonn á þessu árabili þrátt fyrir að aflaheimildir hefðu aukist á milli áranna. Í kjölfar þessara hremminga átti ákveðin þróun sér stað og sú þróun var afar dapurleg fyrir umræddar byggðir. Í þessari skýrslu segir, með leyfi forseta, undir millikaflanum Byggðarlög í vanda:

„Á 15 árum, þ.e. 1980 til 1994, fjölgaði íbúum á Ísafirði og Hnífsdal um 217. Frá 1995 til 2000“ — á sama tíma og aflaheimildirnar fóru frá þessum stöðum — „fækkar þeim öll árin og nemur fækkuninni samtals 433 íbúum.“

Árið 1996 voru starfandi sjö fiskvinnsluhús á Ísafirði og í Hnífsdal með yfir 35 manns og fleiri við fiskverkun. Samtals störfuðu hjá þessum fyrirtækjum 620 manns í fullu starfi.

Það fór hins vegar svo, hæstv. forseti, að störfum í fiskvinnslu hjá umræddum fyrirtækjum, með 35 manns og fleiri í vinnu á Ísafirði og í Hnífsdal, fækkaði um 430. Sama þróun varð í Hrísey. Þar voru íbúar 277 í árslok 1994 en voru 188 árið 2000. Á þeim tíma höfðu aflaheimildir Hríseyinga minnkað úr 4.038 tonnum niður í 579 tonn fiskveiðiárið 2000/2001 eða um 3.459 þorskígildistonn. Mönnum hefði átt að vera það ljóst, með því einu að líta á þessa skýrslu sem var unnin almennt yfir landið, hvað það hefði að segja fyrir sjávarbyggðir sem voru með tiltölulega einhæfan atvinnuveg ef aflaheimildir færu í miklum mæli frá ákveðnum stöðum, skipum fækkaði og fiskvinnslustöðvum fækkaði. Það er sem sagt bein tenging á milli þess í sjávarbyggðunum að aflaheimildirnar séu til staðar og að fólk geti búið þar og hafi þar atvinnutækifæri. Í lokaorðum skýrslunnar segir svo, með leyfi forseta:

„Hér að framan hefur verið leitast við að svara þeirri fyrirspurn stjórnar Byggðastofnunar hvort lögin um stjórn fiskveiða hafi haft áhrif á byggðaþróun í landinu. Ljóst er að ákvæði laganna um frjálst framsal veiðiheimilda hefur haft víðtækar afleiðingar á þróun byggðar í landinu með tilflutningi aflaheimilda á milli landshluta og einstakra byggðarlaga. Þetta hefur leitt til verulegrar skuldaaukningar í sjávarútvegi, lækkunar launa í fiskvinnslu í samanburði við aðrar atvinnugreinar og fólksflótta af landsbyggðinni.“

Svo segir í þessari almennu skýrslu sem var unnin fyrir Byggðastofnun árið 2001 þar sem verið var að kortleggja hvað það þýddi ef mikið yrði um tilflutninga og samþjöppun á aflaheimildum og ef skip færu úr einu byggðarlagi í annað og yrði safnað saman til tiltölulega fárra fyrirtækja. Sú þróun hafði átt sér stað í stóra aflamarkskerfinu og þess vegna hefði öllum mátt vera ljóst að nánast væri fullvissa fyrir því að færum við sömu leið í smábátakerfinu, þ.e. ef við færum eftir sama laga- og regluverki, og kvótasettum allar tegundir í smábátakerfinu, mundu hefjast þar uppkaup og tilflutningur aflaheimilda fyrir fjármuni. Það er einmitt það sem hefur gerst, hæstv. forseti. Við sitjum uppi með það vandamál í byggðaþróun og íslenskum sjávarútvegi, að fólkið fer þaðan sem aflaheimildirnar fara, alla vega í þeim byggðum þar sem ekki er eitthvað annað til staðar, eða verið að byggja eitthvað annað verulega upp sem á þá að koma í staðinn fyrir þau störf sem tapast í sjávarútveginum. Það á því miður við um mjög mörg byggðarlög á Íslandi sem háð eru sjávarútvegi að þau hafa tapað aflaheimildum.

Einstaka byggðarlag hefur aukið við aflaheimildir sínar. En þau eru tiltölulega fá. Vandi þeirra byggðarlaga sem minni aflaheimildir, færri skip, minni fiskvinnslu og lægri laun yfir heilan landshluta, eins og t.d. má nefna um Vestfirði þar sem laun fólks voru á árum áður verulega yfir landsmeðaltali, 12–15% yfir landsmeðaltali. Þau eru núna undir landsmeðaltali. Þetta hefur mjög neikvæð áhrif. Þetta máttu menn vita að mundi gerast.

Til að kaupa upp aflaheimildir þurfa menn yfirleitt að skuldsetja sig, einnig þeir sem eru fyrir í sjávarútveginum. Þeir fjármunir sem notaðir eru til uppkaupa á aflaheimildum eru teknir að láni. Þar af leiðandi hafa skuldir sjávarútvegsins vaxið og þær hafa vaxið mikið. Þegar þessi skýrsla var unnin höfðu þær vaxið um rúm 60%, aðeins á fimm árum, frá 1995–2000, eða úr 108 milljörðum í 173 milljarða á föstu verðlagi, hæstv. forseti.

Þetta er hægt að segja almennt um afleiðingar af kvótakerfinu og hvað getur fylgt á eftir, ef þróunin verður sú sama og orðið hefur. Allar líkur bentu til að svo yrði í framhaldi af þessari lagasetningu. Þess vegna var það langt frá því út í bláinn þegar stjórnarandstaðan varaði ríkisstjórnina við að fara þessa leið. Hún varaði menn ítrekað við að fara þessa leið. Dæmin voru til á borðunum. Það var búið að vinna forvinnuna og draga fram upplýsingar sem sýndu mönnum fram á hvað gæti fylgt á eftir. Því miður hefur það víða gengið eftir. Við horfum upp á mikinn vanda í sumum byggðarlögum, sem betur fer ekki í öllum en vandinn er allt of víðtækur, vítt og breitt um landið.

Þá ætla ég að víkja aðeins að hinni skýrslunni, hæstv. forseti, sem ég tók með mér upp í þennan ræðustól, sem var líka unnin fyrir stjórnvöld til að kortleggja hvaða afleiðingar fylgdu kvótasetningu. Það var gert með því að vinna sérstaka skýrslu fyrir Vestfirði eingöngu, sem eru eins og menn vita mjög háðir sjávarútvegi. Þeirri skýrslu var skilað í október árið 2001. Því var velt upp hvað mundi gerast á Vestfjörðum þegar ýsa, ufsi og steinbítur yrðu sett inn í kvótakerfið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Miðað við landaðan afla á síðasta fiskveiðiári og úthlutað krókaaflamark má áætla að afli vestfirskra krókaaflamarksbáta verði 6.200 tonnum minni á þessu fiskveiðiári“ — þ.e. frá árinu 2001/2002 — „en á því síðasta, miðað við slægðan afla, samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu.“

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Fyrirsjáanlegt er að samdráttur í aflaverðmæti hjá vestfirska krókabátaflotanum muni nema rúmum milljarði á nýhöfnu fiskveiðiári vegna kvótasetningar ýsu, ufsa og steinbíts, sé miðað við meðalverð á fiskmörkuðum í síðasta mánuði.“

Síðan segir:

„Miðað við samdrátt í afla til vinnslu upp á 6.200 tonn af slægðum afla, vegna kvótasetningar ýsu, steinbíts og ufsa, má gera ráð fyrir því að ársverkum í landvinnslu á Vestfjörðum fækki um 93, sé miðað við upplýsingar frá

Samtökum fiskvinnslustöðva.

Landssamband smábátaeigenda gerir ráð fyrir því að störfum við smábátaútgerð á Vestfjörðum fækki um 160–200 vegna kvótasetningar ýsu, steinbíts og ufsa."

Hæstv. forseti. Þessar upplýsingar lágu allar fyrir þegar menn fóru þessa leið. Stjórnarliðar geta ekki haldið því fram að þeir hafi farið út í þetta án þess að því væri spáð með neinum hætti hvar þeir mundu lenda og hvaða áhrif þetta hefði á byggðir og byggðaþróun, tekjuöflun og þar með afkomuna í heilum landshlutum.

Nýverið hittum við þingmenn Norðausturkjördæmis fólk af Norðvesturlandi sem var að fara yfir atvinnumálin með okkur á því svæðinu í kjördæminu. Þar höfðu menn auðvitað verulegar áhyggjur. Rækjuveiðin við Húnaflóann, sem var oft uppistaðan í atvinnu byggðanna þar, er hrunin. Fiskveiðiheimildir á stöðunum eru litlar, fiskvinnsla lítil og atvinnumöguleikar höfðu dregist verulega saman á þessu sviði. Samþjöppun aflaheimildanna hefur leitt til þess að margir bátanna voru seldir þar sem menn töldu sig ekki hafa nægar aflaheimildir til þess að gera út eftir að kvótasetningin hafði átt sér stað. Eða þá hitt að menn ákváðu að heppilegur tími væri til að ná þessum peningum út úr greininni og hætta bara. Afleiðingarnar urðu því miður þær að útgerð hefur dregist saman á Norðurlandi vestra. Fólk stendur frammi fyrir því að þrátt fyrir að þorskur hafi gengið inn í Húnaflóann og ýsan og þar sé mikil veiði þá er ekki þar með sagt að þær heimildir tilheyri byggðunum við Húnaflóann. Bátarnir eru tiltölulega fáir. Ég held að það séu tveir bátar eftir á Hvammstanga.

Þetta er staðan, hæstv. forseti. Því er ekki undarlegt að sveitarstjórnarmenn komi til að ræða við fulltrúa kjördæmisins á Alþingi um stöðuna í atvinnumálum á sínu landsvæði. Það er ömurlegt til þess að vita að þegar þorskurinn gekk inn í Húnaflóann og át upp rækjuna þá fengu menn ekki að bjarga sér og veiða fiskinn í flóum og fjörðum, í því verslunarkerfi sem orðið hefur raunin. Við stöndum frammi fyrir þessum vanda og ræðum þess vegna frumvarp um hvort setja eigi takmörkun á það hve mikil samþjöppun geti orðið í eignarheimildum í smábátakerfinu.

Það er út af fyrir sig mjög eðlilegt að stjórnvöld grípi til að setja einhverja takmörkun á það en það er svolítið seint í rassinn gripið, hæstv. forseti. Þetta máttu menn allt saman vita og hefðu betur sett sér reglurnar úr því að stjórnarmeirihlutinn hafði svo einbeittan vilja til að fara þessa kvótasetningarleið. Menn hefðu betur sett sér reglurnar um það strax í upphafi, hvernig menn vildu leyfa þessum heimildum að færast til. En það er ekki eins og við séum alltaf að horfa á skilgreiningu fiskveiðistjórnarlaganna út frá því hvernig litið er á eignarhald í stóra aflamarkskerfinu. Við erum auðvitað að tala um, geri ég ráð fyrir, að litið sé á sömu skilgreiningar varðandi þessa eignarhaldstakmörkun sem sett er inn í krókaaflamarkskerfið eins og nú þegar er mörkuð í 11. gr. a og 11. gr. b í lögum um stjórn fiskveiða. Þar er talað um aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila o.s.frv., einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til 6 mánaða eða lengur og síðan er skýrt út hverjir teljist tengdir aðilar, dótturfyrirtæki og móðurfyrirtæki, aðilar þar sem annar aðilinn er einstaklingur eða lögaðili o.s.frv.

Ég lít svo á að þótt við séum eingöngu að breyta þessu að því er varðar krókaaflamarkið þá sé nákvæmlega sama skilgreining á eignarforminu þar og í almenna aflamarkskerfinu. Það hlýtur eiginlega að vera svo. Við eigum reyndar að passa upp á að allir séu jafnir fyrir lögum og að lögin séu framkvæmd eins gagnvart þeim sem við eiga að búa, hæstv. forseti.

Vitneskjan um afleiðingarnar af kvótasetningu fyrir byggðir og útgerð lá a.m.k. fyrir í tveimur skýrslum. Kannski hafa stjórnvöld látið vinna fyrir sig fleiri upplýsingar þegar þau kvótasettu þessar fisktegundir og tóku þar með hið litla frjálsræði burtu úr fiskveiðistjórnarkerfinu sem þar hafði verið, sem hafði m.a. hjálpað byggðarlögum til að bregðast við samdrætti eins og á Vestfjörðum þegar yfir 10 þús. tonn af þorski hurfu á fimm árum, á árabilinu 1995–2001, af einum útgerðarstað, þ.e. Ísafirði.

Frumvarpið sem hér um ræðir tekur til nokkurra atriða. Í fyrsta lagi tekur það til sóknarkerfis dagabátanna, handfærabátanna þar sem segir að 6. gr. laganna falli brott. Það þýðir í reynd að handfærakerfið með sóknardagafyrirkomulagi er aflagt. Í öðru lagi tekur það til hámarkshlutdeildar aðila í þorski, sem var 6% en er komin niður í 4% í breytingartillögum meiri hlutans og niður í 5% í ýsu í staðinn fyrir 9% í frumvarpinu.

Ég tel að það sé til bóta að fara niður með þessar prósentur ef maður horfir til þess markmiðs að stjórnvöld séu þó núna að reyna að setja frekari takmörkun á samþjöppun í kerfinu með það að markmiði að draga úr afleiðingum þess slyss, vil ég kalla það, sem varð þegar við fórum þá leið að kvótasetja allar aukategundirnar í smábátakerfinu. Mér finnst að það hafi verið slys og hef ekki séð að það hafi fært byggðunum meira atvinnuöryggi að fara þá leið sem við fórum, eða réttara sagt sem stjórnvöld ákváðu að fara.

Eitt er ljóst að ekki er einfalt fyrir einstaklinga að kaupa sig inn í það kerfi í dag á því verði sem er á aflaheimildum. Það gerðist auðvitað nákvæmlega það sama í smábátakerfinu og í stóra kerfinu að verð aflaheimildanna rauk mjög upp. Hefur sennilega aldrei verið hærra en á yfirstandandi fiskveiðiári. Leiguverðið er líka á uppleið í smábátakerfinu og sumir þeir sem áttu báta með tiltölulega litlum aflaheimildum seldu þá frá sér og hugðust síðan kannski halda bátunum eða kaupa jafnvel annan kvótalausan og ætluðu sér að stunda atvinnu með að leigja til sín aflaheimildir tímabundið. Þeir sjá ekki neina glóru í því í dag. Það getur hver einstaklingur reiknað út fyrir sig að þegar menn leigja aflaheimildirnar á 100 kr. kílóið, eins og það er að nálgast í smábátakerfinu, 130, 140, jafnvel 150, í stóra kerfinu, að þá er ekki mikið eftir í afkomu fyrir útgerðina og þann sem er að reyna að gera út. Ég er ansi hræddur um, og hef af því reyndar verulegan ótta, að það leigufyrirkomulag sem við erum með á aflaheimildum í framseljanlegu kvótakerfi hafi orðið til þess að draga verulega úr að allur afli berist á land. Ég hef miklar áhyggjur af því.

Það er að vísu svo að menn eru náttúrlega að reyna að veiða stærsta fiskinn og verðmætasta. Fiskurinn er verðmætastur þegar hann er fullur af hrognum og með mikla lifur. En jafnvel þó að menn sækist eftir stærsta fiskinum verður nú fiskurinn ekki valinn á krókana algerlega. Því er ekki að leyna og það vita allir sem vilja vita að stærsti fisk-

urinn er við landið á hrygningartímanum og mestar líkur til að á þessum tíma árs geti menn stýrt veiðum að einhverju leyti til að veiða stærsta fiskinn.

Ég óttast mjög að við séum með leigukerfinu að valda því að verðminni fiskurinn komi alls ekki að landi. Ég er búinn að heyra margan sjómanninn sem hefur talað við mig um þessi mál lýsa því að þar sem menn eru að vinna með leigukvóta séu mjög stífar kröfur um að koma með sem verðmætastan afla að landi og stærsta fiskinn. Menn geta svo dregið ályktanir af því. En ég hygg að það geti orðið til þess að brottkast aukist. Ég held að stjórnvöld þurfi að horfa á það vandamál ekkert síður en það að hrefnan éti ungviðið. Ef við nýtum ekki aflaheimildirnar sem við drepum, erum við að sóa verðmætum. Alveg á sama hátt og hvalirnir hér við land hafa áhrif á nýtingu okkar á stofnunum og afrakstur. Við eigum ekki að hafa löggjöfina þannig að við ýtum undir það.

Í frumvarpinu er lagt upp með að taka upp rafrænar tilkynningar um tilfærslu á aflamarki og gerðir verði sérstakir þjónustusamningar um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa. En þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir gerð þjónustusamninga og víkja frá ákvæðum 1.–3. mgr. að því leyti sem þau lúta að framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslu gjalds vegna hans."

Hvernig eru 1.–3. mgr. í lögunum í dag? Þær hljóða svona, með leyfi forseta:

„Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur."

Þetta er 1. mgr. af þessum þremur. 2. mgr. er svona, með leyfi forseta:

„Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest flutninginn. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila."

Síðan í 3. mgr. segir:

„Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald að fjárhæð 2.000 kr. með hverri tilkynningu. Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Hann skal uppfylla kröfur Verðlagsstofu skiptaverðs sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna."

Hæstv. ráðherra getur vikið frá þessum skilyrðum með reglugerð og þá er vikið frá viðmiðunarverði Verðlagsstofu skiptaverðs, upplýsingum um verð heimildanna, o.s.frv.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort það sé eindreginn ásetningur hans að setja reglugerð sem heimilar þessi frávik. Hvort rafræna skráningin og rafrænu tilkynningarnar geti ekki eftir sem áður átt sér stað þó ekki sé vikið frá þessum ákvæðum um verð og magn aflaheimildanna, um staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs varðandi hlutaskiptin og það verð liggi fyrir sem byggist á úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna ef því er að skipta.

Þetta tel ég að skipti afar miklu máli. Við skulum ekki gleyma því að þau atriði sem hér eru tilgreind í lögum hafa á undanförnum árum orðið grunnur þess að menn hafa lent í hörðum kjaradeilum m.a. um þessi atriði. Ég vil sérstaklega beina þeim orðum til ráðherra að hann skoði mjög vandlega hvað hér verður aðhafst vegna þess að það er ekki auðvelt held ég að fara frá þessum lagaákvæðum svo ekki rísi upp meiri ágreiningur og nýr ágreiningur milli sjómanna og útvegsmanna, eða þá milli sjómanna og stjórnvalda sem er allt eins líklegt.

Síðan er ákvæði til bráðabirgða um úthafsrækjuafla og auðlindagjald vegna úthafsrækjuaflaheimilda. Lagt er til að sá skattur verði innheimtur í lok hvers fiskveiðiárs miðað við landaðan úthafsrækjuafla hvers fiskiskips á því fiskveiðiári. Ég er út af fyrir sig sammála því að það sé miklu betra að taka innheimtu auðlindagjaldsins af lönduðum afla en að gera það með þeirri aðferð sem við höfum verið að gera í lögunum.

Þegar þessi lög voru til umræðu á sínum tíma varaði ég sérstaklega við að sú staða gæti komið upp, ef aflaverðmæti skipa í einhverjum ákveðnum útgerðarþætti breyttust verulega milli ára, að útgerðin ætti samkvæmt lögunum eins og þau eru að greiða auðlindagjald miðað við verðmæti aflans árið á undan sem gæti verið í allt öðrum viðmiðunarverðum en sá raunveruleiki sem menn stæðu frammi fyrir á því fiskveiðiári sem þeir ættu að borga. Þetta er einmitt komið upp í rækjunni. Þar hefur bæði orðið afurðaverðfall og síðan hafa auðvitað gengismálin haft veruleg áhrif og mikið fall hefur líka orðið á verði fyrir veidda rækju, svo mikið að rækjuútgerðin hefur nánast lagst af. Ef sú reglan hefði verið sett að auðlindagjaldið væri alltaf borgað t.d. á þriggja, fjögurra mánaða fresti af verðmætum þess sem menn höfðu aflað þar á undan, þá hefðu menn ekkert þurft að setja svona reglu. Hún hefði þá verið innbyggð í lögunum. Hún var reyndar innbyggð í lög hvað varðaði sóknardagabátana sem höfðu ekki úthlutaðar aflaheimildir heldur greiddu af lönduðum afla. Eins og staðan er núna í rækjuútgerðinni tel ég að ekki sé hægt að gera annað en að fara þessa leið, að láta menn ekki vera að borga fyrir úthlutað aflamark sem þeir ekki geta nýtt eða eru ekki að nýta.

Hæstv. forseti. Í lögunum um stjórn fiskveiða eru ekki mjög margir þættir sem koma að því að bregðast við vanda byggðarlaganna. Það eru þó atriði er snúa að byggðakvótanum. Í 9. gr. laganna eru heimildir um sérstakar úthlutanir sem byggjast á 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda til stuðnings byggðarlögum í samráði við Byggðastofnun, eða eins og hér segir, með leyfi forseta:

„a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.

b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum."

Þetta eru þær heimildir sem eru til staðar til þess að bregðast við vanda byggðarlaga þar sem atvinnubrestur verður, aflaheimildir dragast saman eða samdráttur verður vegna náttúrulegra aðstæðna. Til þeirra hefur verið gripið m.a. vegna hruns í rækjuveiðum innfjarða, vegna hruns í hörpudisksveiðum. Það verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, að veiðar á þessum tegundum voru mestar á svæðinu frá Breiðafirði og yfir á Norðurland, á rækju og hörpuskel, og auðvitað hefur verið reynt að bregðast við.

Byggðakvótinn er ein leið, og þær eru ekki margar, til þess að bregðast við þeim vanda sem kemur upp vegna þessara atriða sem eru í lögum um stjórn fiskveiða. Það er ekki óeðlilegt að Fjórðungssamband Vestfirðinga hafi bent á að hægt væri að nota hann til að bregðast við þegar byggðir lenda í vanda af þessum sökum.

Svo hafa kannski komið frávik frá þessu eins og á Bíldudal þar sem veiðar hafa verið bannaðar vegna mengunar án þess beinlínis að heimildir kæmu til í staðinn. Þangað hefur hins vegar verið ráðstafað byggðakvóta. Við höfum staðið í því, allir þingmenn Norðvesturkjördæmisins, að reyna að leggja því lið að þar væri hægt að efla atvinnulíf á nýjan leik, m.a. með því að þangað kæmu heimildir að þessum byggðapottum.

Ég hef af því spurnir, hæstv. forseti, og vil spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra að því, að aflaheimildir sem hafi verið úthlutað til Bíldudals í þessum sérstaka tilgangi, að reisa þar við atvinnulíf, hafi verið leigðar af staðnum, hvort ráðherra hafi upplýsingar um það. Ég tel að það sé afar misráðið, ég verð að segja það, og alveg furðulegt að menn geti leyft sér að fara þannig með þær heimildir sem beinlínis eru ætlaðar til þess að bregðast við vanda, að þær séu leigðar frá stöðum þar sem atvinnuleysi er mikið. Það eykur ekki vilja okkar alþingismanna til að standa með fyrirtækjum sem þannig standa að verki á stöðunum. Ég segi það alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég vonast til þess að það sem ég spyr um sé ekki rétt. Ég óttast hins vegar að það sé það. Mér finnst ekki verjandi gagnvart íbúum á stöðunum að aðilar sem hafa fengið slíka úthlutun til þess að halda uppi atvinnu, gera út eða vinna fisk í viðkomandi byggðarlögum, komist upp með að framkvæma hlutina með þessum hætti. Þetta er auðvitað einn þáttur af sjávarútvegsstefnunni í heild sinni, að hafa það innbyggt að geta brugðist við með því að úthluta sérstökum kvótum, og það er ömurlegt til þess að vita að menn misnoti aðgerðir sem eru ætlaðar íbúunum öllum. Maður fær sig varla til að trúa því, hæstv. forseti, að menn leggist svo lágt að fara þannig með þann rétt sem almennt er markaður fyrir byggðirnar í heild.

Hæstv. forseti. Ég hygg að ég hafi nú farið nokkuð yfir frumvarpið og ákvæði þess og reyndar rakið í upphafi máls míns þau varnaðarorð sem voru til á blöðum og stjórnvöld höfðu fyrir framan sig þegar sú leið var farin að kvótasetja aukategundirnar í aflamarkskerfi smábátanna. Síðast fórum við þá leið varðandi handfærabátana og erum núna að leggja niður dagakerfið.

Það vill svo til að ég hef fyrir framan mig upplýsingar frá Vestfjörðum sem aðilar sem hafa verið að gera þar út í handfærakerfi á undanförnum árum hafa tekið saman. Þeir munu væntanlega taka slíkar upplýsingar saman aftur í upphafi júnímánaðar þegar sjómannadagurinn rennur upp. Þeir hafa gert það sér til fróðleiks, ekki ánægju, að telja smábáta í höfnum Vestfjarða fyrir kvótasetninguna í handfærakerfinu og eftir. Ég ætla að lesa þessar tölur hér upp, þær eru ágætisáminning fyrir okkur um það hverjar afleiðingarnar hafa verið. Vonandi verður aftur talið núna í upphafi júní 2006. Það væri auðvitað vonandi að bátunum hefði ekki haldið áfram að fækka en ég óttast að svo sé.

Árið 2004 voru 44 smábátar í höfn á Patreksfirði á sjómannadaginn, 2005 voru þeir 27. Á Tálknafirði voru þeir 30 árið 2004, þeir voru 16 árið 2005. Á Bíldudal voru þeir 11 árið 2004, þeir voru 4 árið 2005. Á Þingeyri voru þeir 14 árið 2004, þeir voru 9 árið 2005. Á Flateyri voru þeir 23 árið 2004, þeir voru 13 árið 2005. Á Suðureyri voru þeir 39 en 22 ári síðar, 2005. Á Ísafirði voru þeir 33 en 17 árið 2005. Í Bolungarvík voru þeir 44 en 33 ári síðar. Bátum í höfnum á Vestfjörðum hafði fækkað úr 238 á árinu 2004, meðan dagakerfið var við lýði, og niður í 141 á árinu 2005. Ég óttast, hæstv. forseti, að þeim hafi enn fækkað.

Það er ömurlegt til þess að hugsa að við þurfum að horfa fram á að atvinnutækifærum fækki í landshluta eins og Vestfjörðum sem til langs tíma hefur sótt nánast alla sína björg í sjó. Við erum svo sem ekki, Vestfirðingar, að sækjast neitt sérstaklega eftir stóriðju og höfum ekki auglýst eftir henni. Við hefðum gjarnan viljað líta svo á að sjávarútvegurinn væri okkar stóriðja og í framtíðinni mundi ferðaþjónustan bætast þar við — með batnandi samgöngum, sem vonandi verður á næstu árum og áratugum, mundum við bæði geta þjónustað hvert annað betur og staðið betur saman og byggt upp í fjórðungnum. Þetta á auðvitað við um fleiri byggðir en Vestfirði, þetta á líka við um Norðurland og Breiðafjörð.

Í byggðaáætluninni, sem við munum væntanlega klára einhvern tíma, fyrir árin 2006–2009 stendur m.a. í 17. lið, með leyfi forseta:

„Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina og efling opinberrar þjónustu."

Síðan segir:

„Gerð verði úttekt á stöðu landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar á landsbyggðinni og greind helstu sóknarfæri og nýsköpunarmöguleikar þessara hefðbundnu atvinnugreina. Hugað verði að því hvort efla megi opinbera þjónustu við þessar atvinnugreinar á landsbyggðinni, t.d. með flutningi á tilteknum verkefnum."

Jú, við erum alveg tilbúin að taka við tilflutningi á verkefnum. En ég veit ekki, í ljósi þess sem ég var að lesa hér upp úr áður unnum skýrslum, hvort það efli vilja stjórnvalda til þess að leyfa þessum landshlutum að njóta sjávarins þó að unnar verði nýjar skýrslur í byggðaáætlun fyrir þessi landsvæði. Sem betur fer eigum við enn eitt og eitt stöndugt fyrirtæki sem er að reyna að þróa sjávarútveginn, m.a. þorskeldi. Við bindum vonir við að það geti þróast og orðið þessum landsvæðum lyftistöng í framtíðinni. Við byggjum á því að vita, ekki úr rannsóknum heldur af veiðum rækjubáta í áratugi, að þorskseiðin eru nokkuð örugg á

hverju ári í Ísafjarðardjúpi og sama má segja um Húnaflóa. Þetta hafa rækjusjómenn vitað lengi og þurfti ekki sérstakar rannsóknir til þó að þeim beri vissulega að fagna.

Það er hægt að efla rannsóknir á lífríki flóanna og fjarðanna fyrir vestan og norðan sem ég hygg að séu mikil uppbyggingarsvæði fyrir fiskstofna hér við land. Það hefur sýnt sig að þegar menn hafa verið að reyna að veiða þorskseiði á undanförnum árum hafa þau verið veiðanleg inni í flóum og fjörðum fyrir vestan og hafa m.a. verið flutt þaðan austur í Eyjafjörð og til Austurlands ef ég veit rétt. En við höfum líka alið þau í sérstakri eldisstöð inni í Ísafjarðardjúpi og síðan sleppt þeim eftir árið til áframeldis í kvíar í Djúpinu.

Auðvitað vonum við að þetta verði m.a. eitt af þeim atriðum sem muni efla atvinnustig á þessum landsvæðum í framtíðinni, á Breiðafirði, Vestfjörðum og Norðurlandi, ásamt stórefldri ferðaþjónustu. Ég hef mikla trú á því að ferðaþjónustan muni eflast en til þess þurfum við bættar samgöngur og öruggar samgöngur. Ef við ætlum að reyna að selja ferðaþjónustuna allan ársins hring þarf að vera hægt að koma ferðamönnunum á staðinn. Menn þurfa þá að geta komið þeim á staðinn allan ársins hring. Þó að ferðamenn vilji sækja í óvissuferðir norður í Djúpavík í Reykjafirði á Ströndum, jafnvel yfir vetrartímann, vilja þeir ekki fá óvissuna fyrr en þeir eru komnir þangað. Þeir þurfa ekki á óvissunni að halda á leiðinni norður með því að þurfa að snúa við einu sinni, tvisvar eða jafnvel þrisvar. Það þarf að vera hægt að selja þeim það sem verið er að bjóða þeim og bjóða þeim upp á óvissuna þar sem búið er að búa til ferðir og aðstöðu til þess að selja þeim það sem þeir eru að sækjast í.

Ég held að það sé hægt að markaðssetja Ísland á marga vegu, ekki bara yfir sumartímann, en til þess þurfum við að vera framsýn og áræðin. Það gerist ekki með því að draga ár eftir ár úr vegafé inn á þessi svæði því að þarna er ekki þenslu fyrir að fara. Menn finna hana örugglega einhvers staðar annars staðar en á Vestfjörðum og á Norðvesturlandi.

[19:59]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Norðvest. spurði mig fáeinna spurninga sem mér er ljúft að reyna að svara.

Hv. þingmaður spurði mig fyrst varðandi 3. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að ráðherra sé heimilt að setja nánari reglur um það sem þar segir og atriði sem lúta að framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslu gjalds vegna hans.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að undirstrika það sem þar segir, að hér er eingöngu verið að veita ráðherra heimild til þess að setja reglur sem lúta að sjálfri framkvæmdinni á flutningi á aflamarkinu, vegna þess að hér er verið að taka upp breytt fyrirkomulag. Í stað þess að þetta gerist þannig að menn sendi tilkynningu til Fiskistofu og fái það síðan staðfest þá er gert ráð fyrir því að þarna sé verið að opna möguleika á að Fiskistofa geri þjónustusamning við tilteknar útgerðir þar sem nánar verður kveðið á um það hvernig nákvæmlega skuli staðið að því að útgerðirnar geti síðan flutt aflaheimildir á milli sín án þess að það hafi með þessum hætti sérstaka viðkomu hjá Fiskistofu. Hérna er eingöngu verið að, má segja, taka upp möguleika sem við nýtum okkur flest í daglegu lífi okkar, við notum tölvutæknina til þess að færa peninga á milli, upplýsingar á milli og þess háttar. Auðvitað verður nákvæmlega frá því gengið þannig að engar þær upplýsingar sem þurfa að vera til staðar, t.d. vegna skattalegra aðstæðna eða vegna aðstæðna í samningum útgerðarmanna og sjómanna — að það sé hallað á nokkuð í þeim efnum. Það er mikilvægt að þetta sé áfram gagnsætt eins og það á að vera. Sá sem hér stendur mun að sjálfsögðu ekki vinna þessar reglur öðruvísi en þannig að öll skilyrði kjarasamninga verði uppfyllt og gengið frá öðrum slíkum atriðum sem nauðsynlegt er að liggi fyrir.

Hv. þingmaður spurði mig jafnframt varðandi byggðakvóta til Bíldudals. Mér er ekki kunnugt um það atvik sem hv. þingmaður vísar til en nefni það aðeins að bæjaryfirvöld í Vesturbyggð gengu út frá því og lögðu til sérstök ákvæði sem kváðu á um að reynt yrði að tryggja að þessar aflaheimildir nýttust viðkomandi byggðarlagi og ég vona að svo megi verða.

[20:01]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir skýr svör og tek undir síðustu orð hans um að aflaheimildir sem fara eiga til Bíldudals eða Vesturbyggðar nýtist fólkinu sem þar býr og að ekki sé öðruvísi með þær farið.

[20:02]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við ræðum hér sjávarútvegsmál í 2. umr. Ég ætla ekki að fara yfir þau tæknilegu atriði sem hafa verið til umræðu, það hefur verið farið rækilega í gegnum það, en það sem ég ætlaði að vekja athygli á er hversu umræðan um fiskveiðistjórn er orðin óskiljanleg og komin langt frá upprunalegu markmiði. Upprunalegt markmið með stjórn fiskveiða var að stýra veiðum þannig að ekki yrði gengið á stofna. Nú virðist annað vera upp á teningnum og umræðan er orðin óskiljanleg og er rekin að einhverju leyti áfram á einhverri hugmyndafræðilegri hagfræði þar sem hægt er að skipta upp fiskstofnum hringinn í kringum landið og deila þeim upp í einhverjar prósentur sem síðan er hægt að útdeila hingað og þangað og þess vegna geta veiðiheimildir safnast saman á einum stað. Þetta er allt hrein og klár della.

Ég furða mig á því hvernig í rauninni er komið fyrir þjóðinni. Ef maður les í gegnum þetta litla frumvarp, sem er ekki nema fjórar greinar og svo eitt ákvæði til bráðabirgða, þá eru þar nokkur orð sem eru mjög illskiljanleg fyrir venjulegt fólk í samfélaginu. Það er krókaaflahlutdeild, heildarkrókaaflahlutdeild og aflamark. Síðan má kannski vekja máls á því að ef fólk ætlar að átta sig á sjávarútvegsumræðunni getur það verið flókið vegna þess að þar er árið nú ekki almanaksárið heldur fiskveiðiár. Allt verður þetta til þess að umræðan verður þokukennd og ég er á því að sumir, og þar vil ég nefna hæstv. sjávarútvegsráðherra, séu reyndar löngu búnir að týna sér í þessari um-

ræðu. Ég hef verið að velta því fyrir mér, af því nú tók hann við þessu embætti fyrir ekki svo mörgum mánuðum, hvort maðurinn hafi enga framtíðarsýn eða birtist hún í þessum frumvörpum hér, frú forseti, þar sem eiga að verða einhver prósentuskipti? Síðan er verið að útdeila einhverjum byggðakvótum hingað og þangað. Er það framtíðarsýn Vestfirðingsins fyrir vestfirskar byggðir, þ.e. byggðakvóti sem síðan, eins og komið hefur fram, er jafnvel leigður út eitthvert annað? Allir eru í rauninni hættir að skilja upprunalegt markmið og hvað menn í rauninni eru að fara með þessari stýringu.

Áður en lengra er haldið er vert að minnast á það að umræddur hæstv. ráðherra hafði einhvern tíma framtíðarsýn og lofaði fólki, áður en hann var kosinn á þing, að hann mundi aldrei styðja þetta kerfi. Síðan lofaði hann því líka að hann mundi aldrei falla frá því að smábátar hefðu ákveðið frelsi til að sækja í aukategundir. Þetta hefur hann svikið. Hann hefur líka svikið það, frú forseti, að setja sóknardagabáta í kvóta. Þetta eru hrein og klár svik en það sem er kannski verra er að fyrir síðustu kosningar gaf hann til kynna að annar stjórnmálaflokkur ætlaði að svíkja og fordæmdi hann á heimasíðu sinni. Síðan varð það hans fyrsta verk þegar hann settist á þing, kosinn sem þingmaður á þessum forsendum, að ganga á bak orða sinna og ekki í fyrsta sinn.

Ég lýsi eftir framtíðarsýn hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég upplifi þessa þingmenn og Sjálfstæðisflokkinn, sem einhvern tíma var flokkur einkaframtaksins, sem hálfgerðan kontóristaflokk og það lýsir sér í þessu frumvarpi. Það er framtíðarsýnin að vera fastur í einhverju kerfi sem skilar ekki nokkrum einasta árangri, a.m.k. ekki þeim árangri að byggja upp fiskstofnana, ekki þeim árangri að viðhalda byggð í landinu, það getur hver maður séð. Ef farið er yfir fleiri þætti og hverju þetta kerfi skilar þá er alltaf talað um einhverja hagkvæmni.

Ég spurði hv. formann sjávarútvegsnefndar í umræðunni fyrr í dag í hverju þessi hagkvæmni væri fólgin. Það kom ekkert fram, ekkert skýrt. Þegar hann talaði síðan fyrir ágæti þessa frumvarps vitnaði hann m.a. í orð sjálfs sín um að nýliðun væri betur borgið með þessu frumvarpi en ef ekki hefði verið farið af stað með það. Ég tel að þessir menn og Sjálfstæðisflokkurinn, ég tala nú ekki um Framsóknarflokkinn, þurfi að líta í eigin barm. Er það þetta sem við viljum fyrir Ísland framtíðarinnar? Er það þetta sem við viljum fyrir sjávarbyggðir landsins, að þær séu fastar í einhverju kvótakerfi sem skilar engu nema byggðaröskun og hagkvæmni sem sést ekki, a.m.k. ekki hvað varðar fiskiskipaflotann?

Ef farið er yfir hann, og ég hvet þá sem vilja skoða þetta með gagnrýnum og upplýstum hætti að fara yfir skipaskrá landsmanna, þá eru einu nýju skipin hafnsögubátar og olíuskip. Ég fór fyrir þetta fyrr í dag í tölvunni, það er mjög handhægt að sjá það á skip.is að einu skipin sem eru ný í flota Íslendinga eru hafnsögubátar og olíuskip og jú, það eru nokkur ný uppsjávarskip í flotanum. Annars er algjör stöðnun í þessari atvinnugrein. Það lýsir mikilli firringu í Sjálfstæðisflokknum hvernig ástandið er í þessu.

Við getum t.d. tekið menntun í þessari grein. Það er alveg lýsandi dæmi að búið er að leggja niður fiskvinnsluskólana og þegar minnst er á þá hér liggur við að hæstv. menntamálaráðherra telji það fyrir neðan virðingu sína að svara því. Ef það væri eitthvað annað, ég tala nú ekki um lögfræðideild og verið væri að stofna kannski þá fimmtu þá væri möguleiki að hún kipptist við og vildi taka mikinn þátt í umræðunni, en þegar um er að ræða menntun í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar mætir Sjálfstæðisflokkurinn ekki til leiks.

Það eru fleiri sem mæta ekki til leiks og ég sakna hæstv. forsætisráðherra. Ég veit ekki í hvaða verkum hann er þessa stundina en hann er guðfaðir þessa kerfis og hefði kannski átt að sjá sóma sinn í því að tala að einhverju leyti um framtíðarsýn í þessari atvinnugrein. (Gripið fram í.) Ef til vill er hann þar í ýmsum verkum, hver veit? En það er aldrei að vita nema hann heyri þessi orð og mæti hér og ræði um undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Ég tel að honum væri nær að gera það en margt annað, svo sem eins og að tilkynna hvað hæsta fjall landsins er hátt, eins og hann varði miklum tíma í, en þegar kemur að undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá er hann ekki í salnum. Þannig er það.

Sjálfstæðismenn koma hér stundum eins og í umræðunni fyrr í dag þegar þeir bjuggu til lítinn leikþátt um hvalveiðar þar sem þeir komust að því að hvalurinn æti eitthvað eilítið meira en áætlað hefði verið áður og þess vegna ætti að rannsaka meira og láta fara fram vísindaveiðar a.m.k. í tvö ár enn. En að taka einhverjar ákvarðanir um að hefja alvöruveiðar, nei, um það fást engin svör hjá hv. þingmönnum og ráðherrum Sjálfstæðisflokksins þegar þau mál eru uppi, alls ekki.

Það eru fleiri sem ég sakna hér, það eru menn sem koma stundum fram í fjölmiðlum og lýsa yfir miklum áhyggjum og efast um alla þætti fiskveiðistjórnarinnar. Hverjir ætli það séu? Það er t.d. hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hann efast um alla þætti. Samt mætir hann í þingsalinn og alltaf þegar greiða á heimabyggð hans, Flateyri, högg með fiskveiðistjórninni þá er hann mættur annaðhvort á játakkann eða að hann gufar upp, hann mætir ekki, t.d. þegar verið er að ræða um sóknardagakerfið. Hann mætir hér síðan kotroskinn og vill að ég leiðrétti það, m.a. úr þessum ræðustól, að hann hafi staðið að þessari gjörð, sem hann gerði með fjarveru sinni úr þingsalnum, með því að standa ekki við þau orð sem hann gaf. Þessir menn eru komnir upp að vegg í umræðunni og sérstaklega þó hæstv. sjávarútvegsráðherra. Hann virðist ekki hafa nokkra framtíðarsýn, hann virðist vera eins og hver annar kontóristi, fastur í einhverju kerfi sem er þó að leggjast á heimabyggð hans og byggðir um land allt. Hver er árangurinn? Ég sé hann ekki því miður.

Það er annað sem gerist með þessu kerfi eða þessu frumvarpi að þetta eru endalok sóknardagakerfisins. Mér skildist á heimasíðu hæstv. dómsmálaráðherra að það hefði verið til þess að greiða Frjálslynda flokknum eitthvert högg og þá sér maður náttúrlega hvað þessir ágætu landsfeður eru að hugsa um hag þjóðarinnar þegar gengið er fram með þessum hætti á veikustu byggðir landsins — hér hafa verið taldar upp byggðirnar á Vestfjörðum — í því augnamiði að ráðast á minnsta flokkinn á Alþingi. Þetta er auðvitað alveg með ólíkindum og það er náttúrlega stórundarlegt hugarfar sem þarna býr að baki og kom greinilega fram í þessum skrifum hæstv. dómsmálaráðherra.

Það eru fleiri þættir sem ég vil minnast á. Það er í sambandi við hagkvæmnina. Hvar er hún að skila sér? Hvar kemur hagkvæmnin fram? Hún kemur ekki fram í launaumslögum sjómanna, alls ekki. Og það er eitt sem ég furða mig á þegar ég les yfir umsagnirnar, m.a. frá ASÍ, að menn skuli ekki hafa meiri áhyggjur af þeim sem vinna í greininni en fram kemur í umsögnunum. Það er nú svo að hluti þeirra sem vinna hættulegustu störfin á hafi úti og sækja björg í þjóðarbúið eru leiguliðar sem búa við afar slæm kjör. Stór hluti af tekjum þeirra fer í það að borga einhverjum sem einhvern tíma sóttu sjóinn. Þetta eru mjög háar upphæðir í hið svokallaða stóra kerfi en það er kerfi þar sem menn nota m.a. net og geta þá mögulega sótt í stærri fisk en þeir gera á krókum, þar þurfa menn að greiða allt að 130 kr. fyrir réttinn sem rennur beint út úr útgerðinni og kemur ekki inn í launaumslög og til skipta fyrir sjómenn.

Ég hefði viljað að Alþýðusamband Íslands tæki á þessu máli. Mér finnst það alveg stórundarlegt að þeir virðast vera fastir uppi á Kárahnjúkum með áhyggjur sínar en þegar kemur að sjómönnum landsins er eins og menn séu ekki vakandi fyrir þessu. Og hvað veldur? Ég veit það ekki en e.t.v. er það einhver sofandaháttur, m.a. hjá forustumönnum sjómanna sjálfra að taka ekki á þessum þætti.

Í litla kerfinu svokallaða, þar sem veitt er á krókum, er líka hátt leiguverð. Þegar menn tala svo um það hér, eins og hv. formaður sjávarútvegsnefndar, að verið sé að tryggja þar einhverja nýliðun þá er það af og frá og algjör öfugmæli. Með þessu frumvarpi er í rauninni verið að festa þetta kerfi og það verður þessum ágætu mönnum, hæstv. sjávarútvegsráðherra og formanni sjávarútvegsnefndar, ekki til neins sóma, langt í frá. Þarna eru þeir í rauninni að lýsa því að þeir séu fastir í einhverju kerfi, ekki tilbúnir til að breyta einu né neinu þó svo að öll rök hnígi til þess ef þeir litu til þjóðarhags að þyrfti að breytast. Og það mun breytast því að þjóðin getur ekki sætt sig við þá sóun sem þetta kerfi býður upp á. Það er af og frá.

Hvernig á að breyta? Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt fram ýmsar tillögur hvað það varðar og þar er ein tillaga sem væri náttúrlega mjög auðveld og mundi vinda ofan af mjög miklu í þessu kerfi. En þegar þessir hv. þingmenn tala fyrir frjálshyggju þá virðist hún bara eiga heima á ákveðnum stöðum, kannski ef menn eru að ræða einhver málamyndafrumvörp, en þegar komið er að kjarna málsins svo sem eins og í þessum málum þar sem hægt væri að vinda ofan af miklu ófrelsi og auka tækifæri nýrra aðila inn í greinina — þá á ég við ef fiskur yrði settur á markað — þá sér Sjálfstæðisflokkurinn öll tormerki á því. Þá sjá menn í þessum flokki mikla nauðsyn á því að hafa þannig frelsi að hægt sé að flytja jafnvel veiðiréttinn frá heilu landshlutunum eins og gerst hefur, þá er jafnvel talað um frelsi og þó svo að það sé í rauninni líffræðilegt rugl að hætta veiðum t.d. í Bakkaflóa eða vannýta ákveðin fiskimið þá tala menn um frelsi, en ef vera á frelsi til þess að allir geti komist á markað, keypt fisk og hafið vinnslu og það mundi verða vinnslunni mikill vítamínssprauta, þá sjá sömu menn ákveðin tormerki.

Ég er sannfærður um að því kerfi sem menn eru að baksa hér með og alltaf að koma með nýja og nýja bót á, sem gerir það jafnvel enn vitlausara en áður, verður kollvarpað fyrr en síðar. Liður í því er m.a. að koma markaðslögmálum á ný inn í þessa atvinnugrein og gera þau virk.

[20:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Það er nú búið að fara prýðilega yfir þau mál sem hér eru. Þó vil ég segja fáein orð.

Ég ræddi þetta mál við 1. umr. og satt að segja sé ég ekki að orðið hafi á því þannig breytingar að ég geti verið sáttur við það. Reyndar er þetta mál bara hluti af þeirri eindregnu stefnu stjórnvalda að einkavæða veiðiréttinn við landið og það hefur auðvitað staðið yfir undanfarin mörg ár þó að menn hafi aldrei þorað að segja þá hluti upphátt í ræðustól Alþingis. Það er kannski eins gott fyrir þá sem þá stefnu hafa viljað hafa því að það hefði ekki fallið í góðan jarðveg hjá þjóðinni enda hefur þjóðin verið á móti þessu kerfi alla tíð og er enn. Stór meiri hluti er gegn kerfinu líka í Sjálfstæðisflokknum þó ótrúlegt megi virðast því að þeir ganga fremstir í því sjálfstæðismenn að viðhalda þessu kerfi og byggja undir það með öllum hætti.

Núna er sem sagt verið að kasta síðustu rekunum á það sem eftir var af pínulitlu frelsi í sjávarútveginum. Menn voru að koma sér upp útgerð í gegnum göt á kerfinu allan þennan tíma alveg þangað til núna. Það var sem sagt í smábátakerfinu sem voru aðeins veikari blettir sem menn gátu notfært sér til þess að hefja nýja útgerð. Það er búið. Þetta eru lokin. Það er hlutverk hv. formanns sjávarútvegsnefndar og hæstv. sjávarútvegsráðherra að koma með síðustu kökuna á borðið. Þetta er hún.

Það er ekki hægt að spá neinu nema vondu fyrir þessu kerfi. Við höfum séð alveg hvernig samþjöppunaráhrifin hafa verið í aflamarkskerfinu og við höfum séð hvaða áhrif samþjöppunin hefur á hin ýmsu byggðarlög sem hafa byggt allt sitt á sjávarútvegi. Því er alveg ljóst að framtíðin í þessu kerfi er að svipta fólk frelsi í sjávarútveginum og það finnst mér dapurlegast, vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf verið uppi með frelsi, verið svona með saltfisk í hjartastað eins og skáldið sagði, að það skuli vera hlutverk Sjálfstæðisflokksins að ganga fram í því að taka allt frelsið af fólkinu í sjávarútveginum. Það er niðurstaðan. Nú er þetta að verða bara eins og rollukvótinn. Það er nákvæmlega þannig. Þetta er bara orðið eins og rollukvótinn, alveg nákvæmlega. Það er ekki til frelsi neins staðar. Ef menn ætla að fara í þessa útgerð er þetta bara eins og hjá bændunum með sauðakvótann sem þeir verða að kaupa. Það er meira að segja meira frelsi í framleiðslu á dilkakjöti í þessu landi en í sjávarútveginum því að þar mega menn þó framleiða utan kvóta. Það er ekki hægt að banna þeim það. Hérna skal allt saman vera njörvað fast í lokað einokunarfyrirbrigði sem er eiginlega hvergi hægt að finna nokkurs staðar dæmi um með þeim hætti sem hér er gert.

Erindið sem ég átti í ræðustólinn fyrst og fremst var að ræða um eina nýjung sem er í þessu frumvarpi. Þessi nýjung er fólgin í því að koma til bjargar þeim sem eiga kvóta í rækju og bjargráðið sem menn grípa til er að koma með enn eina aðferðina hvað varðar fyrirkomulagið, þ.e. að nú þurfi menn ekki að bera það fyrir sig að stjórna þurfi veið-

um í fiskstofn, að ekki þurfa að bera það fyrir sig heldur að hægt sé að bera það fyrir sig að þeir sem séu í viðkomandi útgerð megi ekki missa veiðiréttinn. Nú er veiðirétturinn orðinn aðalatriðið en ekki það að varðveita fiskstofnana sem var afsökunin og rökin voru færð fyrir því að það mætti skerða frelsi manna til að gera út. Þetta frelsi mátti skerða samkvæmt rökstuðningi sem hafður var uppi í sölum Alþingis. Þá mátti skerða þetta frelsi af því að það þurfti að halda aftur af veiðum í viðkomandi fiskstofn.

Nú liggur fyrir menn hafa ekki veitt þann kvóta sem útgefinn hefur verið og Hafrannsóknastofnun hefur lagt til að veiða megi úr þessum stofnum og allt í lagi með það. En það hefur ekki verið hagkvæmt. Þá er niðurstaðan að nú geti menn bara farið hina leiðina, að nú þurfi ekki lengur að hafa þau rök í málinu að það þurfi að stjórna veiðum af því að það þurfi að vernda fiskstofninn. Nú eru því allt í einu komin þessi rök í málið, að það þurfi að passa upp á að menn tapi ekki kvótanum sínum. Þetta er aldeilis stórkostlegt.

Ég óskaði eftir því að við fengjum að minnsta kosti einn lögspeking til þess að fara yfir málið í nefndinni og hv. formaður nefndarinnar brást vel við því. Ég stakk meira að segja upp á því að ágætur maður, Sigurður Líndal, mundi koma til nefndarinnar og fara yfir það hvort þetta stæðist stjórnarskrá. Ég nefndi nú ekki þetta nafn, Sigurður Líndal, að ástæðulausu. Ég gerði það vegna þess að Sigurður Líndal hefur talað fyrir þeim rökum hvað varðar veiðirétt sem eru lengst til hægri og ganga lengst í því að veiðirétturinn sé eignarréttur útgerðarmanna, enda kom það í ljós þegar á átti að herða að hann hafði uppi þau rökin. En það var athyglisvert að þessi maður sem hefur gengið langlengst, þessi ágæti lögmaður sem ég ber mikla virðingu fyrir — hann hefur bara aðra skoðun en ég hef á veiðiréttinum, að hann sé eignarréttur manna. Hann hefur sem sagt talað fyrir því — en það er athyglisvert að í þeim punktum sem ég hef og nefndaritari tók niður og ég man reyndar eftir og tel að þeir séu ágætlega niður settir af nefndaritaranum þá er í fyrsta lið sagt: „Sigurður Líndal telur að þetta sleppi." Ágætur lögmaður Sigurður Líndal segir sem sagt að hann telji að þetta sleppi, þ.e. að ekki sé um brot á stjórnarskránni að ræða. En orðalagið var einmitt með þessum hætti að þetta sleppur, að hann hélt. Hann var ekki alveg viss. Hann hélt að þetta slyppi. Lengra treysti þessi ágæti lögmaður sér ekki til að ganga enda var hann boðaður með litlum fyrirvara á fund nefndarinnar.

Síðan í næsta punkti þá sýnist lögmanninum að frambærilegar ástæður séu fyrir setningu bráðabirgðaákvæðisins, að ákvæði takmarkist við þá sem hafa fengið úthlutun á veiðiheimildum og að ósanngjarnt sé að þeir missi veiðiheimildir sínar við þær aðstæður sem nú eru uppi í rækjunni.

Ég er algjörlega ósammála þessari niðurstöðu vegna þess að ég tel að það hljóti nú að vera svo að menn geri almennar kröfur til þeirra sem fá veiðirétt, sérstaklega þegar grunnrökin fyrir því að menn fái úthlutað veiðirétti voru frá upphafi þau að takmarka þyrfti veiðarnar. Ég vek athygli á því aftur og enn að það er verið að koma með allt aðra röksemdafærslu inn í þetta mál en menn byggðu grunnrökin á á sínum tíma.

Í einum punktinum segir lögmaðurinn, og það er kannski sá punktur sem ætla síðast að nefna frá honum: „Hér er ekki síður verið að vernda atvinnuréttindi þeirra sem eru að veiða úthafsrækju. Þeir hafa fjárfest í atvinnutækjum og þjálfað mannskap. Atvinnufrelsið takmarkast af því."

Hér er sem sagt strikað undir það að það sem máli skiptir séu ekki rökin sem eru fólgin í því að takmarka þurfi veiðar vegna þess að fiskstofninn þoli ekki ótakmarkaðar veiðar heldur hitt að aðilarnir sem voru að veiða hafi fjárfest í þessu og því þurfi að passa upp á veiðiréttinn þeirra. Það er ekki nóg að úthluta þeim veiðiréttinum. Það dugar ekki. Það er allt í einu ekki nóg. Það er merkileg niðurstaða.

Svo er hitt líka, sem mér finnst að bæði hæstv. sjávarútvegsráðherra og ágætu nefndarmennirnir sem fóru yfir þetta virtust ekki hafa tekið mark á, að þær útgerðir langflestar sem eiga hlut að máli eiga veiðirétt í fjölmörgum öðrum tegundum. Það er ekki verið að fara fram á að þeir veiði nema sem svarar 50% af heildarþorskígildum sínum annað hvert ár, vel að merkja. Það þvælist nú ekki fyrir neinum sem á eitthvað af veiðiheimildum af öðru tagi að veiða 50% annað hvert ár, fjórða partinn af sínum veiðirétti. Það er ekki um margar útgerðir að ræða sem veiða eingöngu rækju þó þær séu til.

Mér finnst merkilegt að þeir sem hafa staðið hér og varið þetta kerfi og varið upphaf þess og haft grunnrökin að vopni, þ.e. að það þyrfti nú að stjórna fiskveiðunum, eru allt í einu horfnir frá þeirri stöðu og komnir yfir í það að grunnrökin eigi að vera þau að verja þurfi veiðirétt þeirra sem þegar eiga veiðirétt, hvort heldur þeir hafi keypt hann eða átt hann frá upphafi. Ég veit svo sem ekki neitt um það. Það skiptir ekki máli í þessari röksemdafærslu. Þetta segir bara sína sögu um þessi fiskveiðimál í gegnum tíðina. Rökin hafa sjaldan dugað og það hefur komið ný aðferð í hvert einasta skipti sem menn hafa þurft að taka hér á málum. Fjöldi aðferða hefur verið notaður til þess að úthluta mönnum veiðirétti þó yfirleitt sé talað eins og það hafi verið þrjú ár og þriggja ára veiðiréttur. Meira að segja féll nýlega dómur í Hæstarétti sem gengur út á að mönnum skuli skammtaður sá tími sem upphaf veiðiréttar, þ.e. að sé ekki sama hvaða ár séu meira að segja notuð heldur skuli það vera þau síðustu þrjú. Þá skulu menn velta fyrir því sér hvernig veiðiréttur hefur orðið til að ýmsu leyti öðru í gegnum tíðina þar sem Alþingi hefur ákveðið að hann skuli hafa orðið til af hinum ýmsu ástæðum. Við höfum farið yfir kvóta í sölum Alþingis. Menn hafa valið og notað tíu, tólf, fimmtán aðferðir til þess að úthluta veiðirétti meira og minna í stýrðu umhverfi.

Þetta er mikið umhugsunarefni. Ég minni bara á þetta vegna þess að allt er þetta meira og minna í stíl. Menn hafa notað hér ótrúlegar aðferðir við að burðast við að reyna að einkavæða fiskstofnana á Íslandsmiðum. Það er niðurstaðan sem menn stefna að en aldrei hafa þeir verið menn til þess að koma og segja það hreint út að það sé það sem þeir ætli sér og vilji og hafa þeir verið beðnir að þegja sem snarast sem hafa látið það út úr sér. Það hefur komið fyrir einstaka frjálshyggjumann að láta það út úr sér að fiskstofnarnir ættu að vera einkaeign. En þeir hafa snarlega verið beðnir að vera nú ekki að bulla þetta því það gæti styggt einhvern. En

þangað er nú stefnunni heitið og hefur verið heitið lengi.

Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að fara yfir þessi mál núna. Ég gerði það við 1. umr. Það hefur engin slík breyting orðið á þessu máli að ég telji ástæðu til að fara yfir það. Hv. þm. Jón Gunnarsson gerði það prýðilega fyrir okkar hönd. Ég vildi koma því að hér sem ég hef verið að segja, sérstaklega um þetta ákvæði til bráðabirgða, vegna þess að þar eru menn að slá enn einn nýja tóninn í þennan fiskveiðikirkjugarð sem þessi lög um stjórn fiskveiða eru.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, 2. umr.

Stjfrv., 616. mál (EES-reglur). — Þskj. 901, nál. 1000.

[20:34]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79, 24. maí 2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla, frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Bjarna Áskelsson frá Samtökum uppboðsmarkaða, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Nefndinni bárust umsagnir frá Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskvinnslustöðva og Samtökum fiskvinnslu án útgerðar.

Með frumvarpinu er lagt til að skilyrði um það hverjir megi reka uppboðsmarkað með sjávarafla hér á landi verði víkkuð út þannig að þau samrýmist alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að.

Nefndin bendir á að 1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir undanþágu frá tvenns konar skilyrðum, annars vegar íslenskum ríkisborgararétti og hins vegar búsetu. Samkvæmt umræddri grein á undanþágan að ná m.a. til Færeyinga, án þess að tekið sé fram hvar þeir skuli vera búsettir. Nefndin telur það ófullnægjandi og leggur því til að bætt verði við að þeir skuli vera búsettir annaðhvort í Færeyjum eða hér á landi.

Í athugasemdum við frumvarpið er vitnað í samning Íslands við Færeyjar um fríverslun. Nánar tiltekið er um að ræða samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar sem undirritaður var í Hoyvík í Færeyjum 31. ágúst 2005.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu: Í stað orðsins „Færeyinga“ í 1. gr. komi: Færeyinga búsettra í Færeyjum eða á Íslandi.

Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson og Magnús Þór Hafsteinsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Jón Bjarnason áheyrnarfulltrúi er samþykkur áliti þessu með fyrirvara. Guðlaugur Þór Þórðarson og Kristján L. Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Eins og sagði bárust þrjár skriflegar umsagnir. Í umsögn frá Samtökum fiskvinnslustöðva segir, með leyfi forseta:

„Samtök fiskvinnslustöðva mæla með samþykkt frumvarpsins en samþykkt þess felur í sér viðbót við 3. gr. núverandi laga um uppboðsmarkaði sjávarafla en þar er lagt til að skilyrði um það hverjir mega reka uppboðsmarkaði með sjávarafla hér á landi verði útvíkkað þannig að þau samrýmist alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að.“

Í umsögn frá Landssambandi smábátaeigenda segir, með leyfi forseta:

„Landssamband smábátaeigenda gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. ... LS telur að breytingin sem hér er lögð til geti einungis haft jákvæð áhrif á starfssemi fiskmarkaða og geti m.a. stuðlað að betri tengingu þeirra við helstu markaðssvæði okkar í Evrópu.“

Frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar kom umsögn en við munum ræða við fulltrúa þeirra í sjávarútvegsnefnd á morgun. En hún var svona, með leyfi forseta:

„Samtök fiskvinnslu án útgerðar telja nauðsynlegt og leggja áherslu á að áður en til þess komi að útlendingum heimilist eignaraðild að íslenskum fiskmörkuðum þá verði að:

Setja inn í núverandi lög um minni hluta uppboðsmarkaði fyrir fisk ákvæði um dreifða eignaraðild að þeim.

Að leidd verði í gildi reglugerð samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 79, frá maí 2005, um uppboðsmarkaði, þar sem kveðið væri á um starfsemi uppboðsmarkaða og þá skilmála sem þeim bæri að starfa eftir, svo og reglugerð um sölu á afla sem ekki er kominn á uppboðsmarkað.“

Friðrik J. Arngrímsson frá LÍÚ og Bjarni Áskelsson frá Samtökum uppboðsmarkaða mættu líka fundinn. Friðrik var alveg sammála þessari breytingu og ekki komu fram neinar athugasemdir við frumvarpið á fundi með Bjarna. Hann sagði að þetta væri gagnkvæmt, þannig að þeir gætu stofnað markað erlendis þar sem þeir eru með viðskiptasambönd erlendis og selji erlendum aðilum fisk, sem hann telur mjög jákvætt.

Virðulegi forseti. Ég legg til að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr.

[20:38]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Eins og kom fram í framsögu hv. formanns sjávarútvegsnefndar Guðjóns Hjörleifssonar, þá skrifaði ég undir það nefndarálit sem hér var farið yfir með fyrirvara og langar mig að gera stuttlega grein fyrir honum.

Þessi breyting á frumvarpi um uppboðsmarkaði sjávarafla felst í að heimila íbúum á Evrópska efnahagssvæðinu og færeyskum ríkisborgurum að eiga eða fjárfesta í íslenskum uppboðsmörkuðum. Í sjálfu sér hef ég ekkert við það að athuga að hér gildi reglur um fjárfestingu útlendinga í þessari grein, þ.e. uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla, og geri engar athugasemdir við að þessi hópur útlendinga geti verið í hópi fjárfesta á uppboðsmörkuðum eða eignaraðilar að þeim.

Það sem ég vil gera athugasemd við er að í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að þörfin á að breyta þessu byggist annars vegar á ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið. En hins vegar um samning Íslands við Færeyjar um fríverslun sem undirritaður var 31. ágúst árið 2005. Sá samningur sem undirritaður var í Hoyvík í

Færeyjum hefur ekki enn verið fullgiltur hér í sölum Alþingis. Við sem undirrituðum nefndarálitið með fyrirvara, þegar mikið lá á að taka málið út úr sjávarútvegsnefnd, gerðum athugasemdir við að það hlyti að vera réttast og réttara að taka þennan samning við Færeyingana hér fyrir í formi þingsályktunartillögu og fullgilda hann áður en hægt væri að fara að vísa í hann sem ástæðu fyrir því að breyta þurfi lögum á Íslandi.

Það sem gerðist síðan í framhaldi af þessu var að tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Hoyvíkur-samningsins milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, sú þingsályktunartillaga var lögð fram hér á Alþingi. Hún liggur nú fyrir og við nefndarmenn getum kynnt okkur hana. En eftir sem áður er hér ekki um fullgildan samning að ræða. Ég held að við hljótum að þurfa að ganga þannig um þessi mál að samningur sem á að vera grundvöllur fyrir lagabreytingu á Íslandi hljóti að þurfa fullgildingu hér í sölum Alþingis áður en við notum hann sem ástæðu til að breyta lögununum og þætti mér vænt um að annaðhvort hv. formaður sjávarútvegsnefndar Guðjón Hjörleifsson eða hæstv. ráðherra, af því hann er staddur hér í salnum, tjái sig um þetta mál. Hvort það sé ekki réttari málsmeðferð að taka þennan samning við Færeyinga og fullgilda hann áður en við förum að nota hann sem grundvöll fyrir því að breyta lögum um eignaraðild útlendinga að uppboðsmörkuðum fyrir sjávarafla.

Loksins þegar hægt var að komast í að lesa þennan samning, eftir að hann var lagður hér fram, þá runnu eiginlega á mig tvær grímur, því meiri hluti sjávarútvegsnefndar lagði til ákveðna breytingu á því frumvarpi sem lagt var fram. En í frumvarpi sem kom frá sjávarútvegsráðuneytinu stóð að skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt og lögheimili hér á landi nái ekki til einstaklinga sem hafa ríkisfang og búsettir eru í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki stofnsamnings fríverslunarsamninga Evrópu eða til Færeyinga. Breytingin sem nefndin leggur til að gerð verði er að í stað orðsins „Færeyinga“ komi í 1. gr. Færeyinga búsettra í Færeyjum eða á Íslandi. Það er sem sagt verið að þrengja skilgreininguna á Færeyingum frá því frumvarpi sem hæstv. ráðherra lagði hér fyrir þingið.

Þegar síðan lesið er yfir samninginn sem gerður er milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar í Færeyjum hins vegar, þá sýnist mér þessi breyting ekki geta staðist. Einfaldlega vegna þess sem segir í 5. gr. samningsins, með leyfi forseta:

„Innan gildissviðs þessa samnings er hvers konar mismunun milli íslenskra og færeyskra einstaklinga á grundvelli ríkisfangs, eins og það er skilgreint í bókun 1, bönnuð.“

Hvers konar mismunun á milli íslenskra og færeyskra einstaklinga á grundvelli bókunar 1 er bönnuð. Hvað segir bókun 1? Hún segir, með leyfi forseta:

„Í samningi þessum merkir hugtakið „Íslendingur“ einstakling með íslenskt ríkisfang og „Færeyingur“ einstakling með danskt ríkisfang, sem á eða hefur átt lögheimili í Færeyjum.“

Þegar við setjum hér í breytingartillögu við frumvarpstexta, eins og hér liggur fyrir, að í stað orðsins Færeyings komi þrengri skilgreining, þ.e. skilgreining sem segir Færeyinga búsettra í Færeyjum eða á Íslandi, þá erum við að brjóta bókun 1. Því við megum ekki, eins og hún hljómar, setja strangari eða öðruvísi reglur um Færeyinga en um Íslendinga. En það erum við að gera með þessari breytingartillögu eins og nefndin leggur hana fram.

Í 5. gr. Hoyvíkur-samningsins er sérstaklega tekið fram og kveðið á um þetta með hliðsjón af fjármagnsflutningum og fjárfestingum, þ.e. það sem snýr að þessu máli hér, þetta eru fjárfestingar í íslenskum fyrirtækjum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hvers konar mismunun, að lögum eða í reynd, varðandi frelsi til fjármagnsflutninga eða fjárfestinga, á grundvelli ákvörðunarstaðar fjármagnsins eða fjárfestingastaðar, hvar sem er innan gildissvæðis þessa samnings, er bönnuð.“

Hvers konar mismunun milli Færeyinga og Íslendinga er bönnuð. Því vil ég spyrja hv. formann sjávarútvegsnefndar, eða eftir atvikum hæstv. ráðherra, hvor sem vill svara því, hvort þeir telji að þessi breytingartillaga eins og hún er lögð fram hér standist Hoyvíkur-samninginn eins og í orðanna hljóðan er þar. Ég get ekki fengið það til að ríma eftir að ég sé þennan samning þar sem segir mjög skýrum stöfum í bókun 1, að orðið Færeyingur þýði einstaklingur með danskt ríkisfang sem á eða hefur átt lögheimili í Færeyjum. Þannig að Færeyingur sem átt hefur lögheimili í Færeyjum einhvern tíma og býr núna í Danmörku eða Alsír eða Egyptalandi eða hvar sem er, á samkvæmt bókun 1 að hafa sama rétt og Íslendingur hér á landi varðandi fjárfestingu. Með þessari þrengri skilgreiningu Færeyings sem kemur hérna fram í breytingartillögunni er verið að ganga gegn bókun 1 í samningnum.

Mér þætti vænt um að fá svar við þessu áður en við höldum lengra og eins við fyrri spurningu minni, þ.e. hvort ekki sé eðlilegra þegar gerðir eru svona milliríkjasamningar að þeir séu fullgiltir áður en þeir eru notaðir sem grundvöllur fyrir lagabreytingu hér. Og síðasta spurningin varðandi þetta er: Hvernig stendur á því að samningur sem gerður var 31. ágúst árið 2005 er ekki fyrir löngu kominn hér inn í sali Alþingis til fullgildingar? Því það er gert ráð fyrir að hann sé fullgiltur hér og taki ekki gildi fyrr en hann er fullgiltur hér.

Frú forseti. Mér þætti vænt um að fá svör frá þeim sem spurningunum er beint til.

[20:47]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður hefur spurt mig þriggja spurninga. Í fyrsta lagi spyr hann hvort ekki hefði verið eðlilegra að fullgilda nýja samninginn milli Íslendinga og Færeyinga áður en þetta væri gert að lögum, með hliðsjón af því að vísað er til samningsins í athugasemdum við lagafrumvarpið. Ég tel að það sé fullnægjandi að gera þetta með þessum hætti. Ef það væri hins vegar þannig að við vísuðum í samkomulagið í frumvarpstextanum sjálfum hefði það auðvitað ekki haft gildi nema að búið hefði verið að fullgilda samkomulagið. Það felur í sér þjóðréttarlegar skuldbindingar sem Alþingi eitt getur undirgengist. Það er eðlilegt, þegar við förum yfir svona mál, að við vísum í það

sem við vitum að er að gerast og er nýjast og sem liggur fyrir að ríkisstjórnin hefur heimilaði fyrir sitt leyti þáverandi utanríkisráðherra að undirrita þetta samkomulag og ber þess vegna pólitíska ábyrgð á þessu máli. Það er núna til meðhöndlunar á þingi Færeyinga. Það liggur líka fyrir, eins og fram kom í máli hv. þingmanns að þessi texti að samningnum hefur verið lagður fram á Alþingi og okkur er þess vegna mögulegt að kynna okkur efni hans.

Hv. þingmaður veltir líka fyrir sér hvort breytingin sem hv. sjávarútvegsnefnd vill gera á frumvarpstextanum stangist að einhverju leyti á við Hoyvíkur-samkomulagið, eins og menn hafa kallað þennan samning um íslensk/færeyskt efnahagssvæði. Ég tel að svo sé ekki. Sjávarútvegsnefnd gekk raunar úr skugga um það með því að leita sér ráða og upplýsinga hjá þeim sem komu að undirbúningi að þessu samkomulagi. Ég treysti því þess vegna að með eðlilegum hætti sé séð fyrir þessu.

Hv. þingmaður spurði að lokum hver væri ástæðan fyrir því að svo langur tími hefði liðið frá því að samningurinn var undirritaður og þangað til hann var lagður fram á Alþingi. Ég get auðvitað ekki svarað því í sjálfu sér en það er ekki nýmæli að það taki nokkurn tíma frá því að samningur er gerður og hann síðan lagður fyrir þingið. En ég tek hins vegar undir með hv. þingmanni, að það verður auðvitað að ljúka þessu fyrir vorið.

[20:49]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kannast ekki við að hv. sjávarútvegsnefnd hafi sem slík leitað umsagnar eða ráðlegginga varðandi þessa breytingu. Eins og fram kemur í fyrirvara okkar þegar þetta var afgreitt út úr nefndinni þá snerist hann um að ekki væri búið að birta þennan samning, hann lægi ekki fyrir. Við gátum því á engan hátt, a.m.k. ekki við fulltrúar minni hlutans í sjávarútvegsnefnd, áttað okkur á því af hverju var verið að gera þessa breytingu varðandi Færeyinga.

Þegar maður les hana einfaldlega saman við samninginn, les hana saman við það að hvers konar mismunun milli íslenskra og færeyskra einstaklinga á grundvelli ríkisfangs er bönnuð, eins og það er skilgreint í bókun I, þá er verið að mismuna hér. Menn hlytu þá að þurfa að setja inn konar sams konar ákvæði varðandi Íslendinga sem búsettir hafa verið hér eða í Færeyjum en ekki annars staðar. Þetta er ekki sami hluturinn og ég skora á hæstv. ráðherra og formann sjávarútvegsnefndar að fara einu sinni enn yfir þetta áður en frumvarpið verður gert að lögum. Ég sé ekki betur en að þetta hljóti að stangast á við samninginn samkvæmt orðanna hljóðan.

Hæstv. ráðherra telur eðlilega að staðið með að afgreitt sé út úr sjávarútvegsnefnd mál þar sem vitnað er í samning sem stór hluti nefndarmanna hefur ekki séð og kannski enginn nefndarmanna á þeim tíma. Það þykir mér ekki eðlilegt. Mér þykir alls ekki eðlilegt að afgreiða mál út úr fagnefnd á Alþingi þar sem vitnað er í ákveðinn samning, sagt að breyting sé gerð vegna hans, þegar enginn í nefndinni hefur séð samninginn. Það eru undarleg vinnubrögð og ef þau eru eðlileg þá er það skrýtið.

[20:51]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Málið sem hér er til 2. umr., frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppboðsmarkaði sjávarafla, felur í sér að opnað er á heimild fyrir erlenda aðila til að eiga hlut og reka uppboðsmarkaði hér á landi fyrir sjávarafla.

Hv. formaður sjávarútvegsnefndar, Guðjón Hjörleifsson, hefur gert grein fyrir nefndarálitinu. Ég á sæti í sjávarútvegsnefnd sem áheyrnarfulltrúi fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og er svo sem samþykkur því með fyrirvara.

Fyrirvari minn lýtur í fyrsta lagi að því að ég sé ekki að þetta sé nauðsynlegt, og ekki með þeim hraði sem hér er lagt af stað með.

Í öðru lagi vil ég slá varnagla við því að ekki sé verið að opna á aðkomu erlendra aðila, erlendra fjármagnseigenda, í íslenska fiskvinnslu og útgerð. Það hafa í sjálfu sér ekki komið óyggjandi upplýsingar um að svo geti ekki orðið, m.a. í gegnum þessa breytingu, þótt menn telji að líkurnar á því séu ekki miklar. En þar sem peningar og fjárgróðavon er annars vegar er ótrúlegt að sjá hvar menn finna sér leiðir. Við vitum af áhuga og ásælni erlendra aðila til að öðlast hlutdeild og aðkomu að íslensku fiskstofnunum. Það gildir reyndar um allar auðlindir sem við Íslendingar eigum. Erlendir aðilar vilja eignast hlutdeild í þeim eða komast að þeim á einn eða annan hátt. Við þekkjum það með raforkuna, eins og haft var eftir hæstv. iðnaðarráðherra, að margir kæmu hingað, vildu fá að byggja álver og fá ódýra raforku og stundum væri biðröð fyrir framan dyrnar. Hún vildi ekki láta þá bíða. Það er afstaðan, ekki megum við láta þá bíða því að þeir eru komnir um langan veg.

Ég vil a.m.k. slá varnagla við því að slíkt gæti verið upp á teningnum hér þó svo að ég ætli alls ekki hæstv. sjávarútvegsráðherra nokkuð í þá veru. Ég treysti á stöðugleika hans og vörn gegn erlendri ásælni í íslenskar auðlindir. Hann getur vart ætlað sér að opna fyrir eða greiða fyrir inngöngu Íslendinga í Evrópusambandið, sem sumir hafa varað við að gæti einmitt gerst, að þarna opnist glufa í þá veruna. Ég minnist þess að við 1. umr. vék hv. fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, að því í ræðu sinni að nú væri hæstv. sjávarútvegsráðherra að opna glufu fyrir umræðuna um inngönguna í Evrópusambandið. Hingað til hefur verið staðinn fastur vörður gegn því að hleypa slíkum aðilum inn í íslenskan sjávarútveg. Hér er síðan flutt frumvarp á grundvelli EES-reglna eða það haft sem afsökun. Mér finnst oft sem menn noti EES-reglur fyrir afsökun þegar þeir geta ekki skýrt málið út með öðrum hætti. En hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði hæstv. ráðherra hvort opnuð yrði glufa fyrir inngöngu í Evrópusambandið með því að brjóta niður eitthvað af varnarmúrunum sem stillt hefur verið upp í kringum íslenskan sjávarútveg. Ég hlusta á svona athugasemdir og legg áherslu á þennan varnagla minn.

Ég minni á að í fyrravetur voru þessi sömu lög til umræðu til ítarlegrar umræðu á þinginu og í sjávarútvegsnefnd. Það er því mjög skrýtið að innan við bara rúmu hálfu ári eða tæpu ári eftir viðamikla endurskoðun á lögunum skuli vera aftur gerðar breytingar á þeim. Það finnast mér

ótrúverðug vinnubrögð, bæði þá í fyrravetur og eins núna. Við umfjöllun um frumvarp um uppboðsmarkað sjávarafla í fyrravetur var kom fram óttinn við samþjöppun í eignarhaldi og krosseignatengsl á milli útgerðar, fiskvinnslu og uppboðsmarkaða. En þau eru fyrir hendi og býsna mikil. Ég tel að það væri fróðlegt, áður en við ljúkum 3. umr. að það verði upplýst, þessi krosseignatengsl sem eiga sér stað um uppboðsmarkaði sjávarafla, krosseignatengsl á milli fiskvinnslu, útgerðar og uppboðsmarkaða. Þetta er það atriði sem er hvað mikilvægast til þess að tryggja sjálfstæði og hlutleysi uppboðsmarkaða, sem allir hafa lagt áherslu á að sé forsenda fyrir því að þeir geti starfað.

Þetta er ein ástæðan fyrir fyrirvara mínum. Ég ítreka að ég teldi mjög nauðsynlegt fyrir þessa umræðu, áður en henni er lokið, að við fáum upplýsingar um eignatengsl, um eignarhald á þeim uppboðsmörkuðum sem eru hér á landi og hafa fengið starfsleyfi. Við vitum að uppboðsmarkaðirnir eru að teygja sig inn í ýmsa þætti fiskvinnslu, aðgerð á fiski o.s.frv. Sumir fiskmarkaðir bjóða upp á að gera að fiski sem er gott og vel, býst ég við, í flestum tilvikum.

Ég vil vísa til varnaðarorða sem Samtök fiskvinnslu án útgerðar hafa sent varðandi þetta frumvarp. Þau fengu af einhverjum ástæðum ekki tækifæri til að gera formlegar ábendingar og athugasemdir við frumvarpið. En sjávarútvegsnefnd er sammála um að málið verði kallað inn til nefndar milli 2. og 3. umr. þar sem m.a. verði farið yfir þær athugasemdir sem Samtök fiskvinnslu án útgerðar vilja koma á framfæri, og það er vel. Þær eru nákvæmlega þær sömu og ég hef gert að umtalsefni í fyrirvara mínum. Þeir sendu nefndarmönnum, með leyfi forseta, eftirfarandi umsögn:

„Samtök fiskvinnslu án útgerðar telja afgreiðslu áðurnefnds frumvarps sem lög frá háttvirtu Alþingi í öllu falli ekki tímabær nú. Samtökin telja nauðsynlegt og leggja áherslu á að áður en til þess komi að útlendingum heimilist eignaraðild að íslenskum fiskmörkuðum þá verði að:

Setja inn í núverandi lög um innlenda uppboðsmarkaði fyrir fisk ákvæði um dreifða eignaraðild að þeim."

Þetta er nákvæmlega það sama og ég var hér að segja. Ég vil þess vegna fá upplýsingar um núverandi stöðu eignarhalds á fiskmörkuðum. Mér finnst það eðlileg krafa því það er engin ástæða til að halda neinni leynd yfir því.

Í öðru lagi óska Samtök fiskvinnslu án útgerðar eftir að leidd verði í gildi reglugerð samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 79 frá maí 2005 um uppboðsmarkaði þar sem kveðið verði á um starfsemi uppboðsmarkaða og þá skilmála sem þeim ber að starfa eftir svo og reglugerð um sölu afla sem ekki er kominn á uppboðsmarkað.

Síðan kemur þarna ítrekun á þeirri skoðun samtakanna að uppboðsmarkaðir gegni þýðingarmiklu hlutverki og þurfi að svara ríkum kröfum um hlutleysi, bæði gagnvart kaupendum og seljendum. Þröng eignaraðild, eins og nú er möguleg, stangist augljóslega á við þessa kröfu og geti ekki samrýmst því hlutverki sem uppboðsmarkaði er ætlað að gegna.

Þá benda samtökin einnig á að mjög brýnt sé að uppboðsmörkuðum fyrir fisk verði settar skýrar og fullnægjandi starfsreglur. Hafa samtökin lengi lagt ríka áherslu á nauðsyn þess. Nú háttar svo til að forráðamenn markaðanna hafa komist upp með að setja upp viðskiptaskilmála sem eru í fullri andstöðu við viðskiptavini þeirra og sem við teljum stangast á við réttmæta viðskiptahætti. Afleiðingin er sú að því miður logar ófriður milli fiskkaupenda og einstakra fiskmarkaða sem fara sínu fram með slíkum hætti.

Ég er hér að vitna til umsagna þessara samtaka. Það er því ekki traustvekjandi að einmitt sömu aðilar skuli sækja fastar fram nú um að umrætt lagafrumvarp komist í gegn. Mér finnst þetta vera alvarlegar ábendingar. Mjög alvarlegar ábendingar. Við höfum fulla ástæðu til að taka alvarlega ábendingar þessara samtaka því Samtök fiskvinnslu án útgerðar eru gríðarlega þýðingarmiklar í okkar fiskvinnslu og sjávarútvegi og útflutningsmálum. Einmitt meðal þessara fiskvinnslna verða nýjungarnar oft til, nýbreytnin í fiskvinnslu. Þessar fiskvinnslur afla dýrra og sérhæfðra markaða erlendis, miklu frekar en þessar stærri útgerðir og fiskvinnslur sem reka útgerð og fiskvinnslu sameiginlega. Þannig að ábendingar þessara samtaka finnst mér mjög alvarlegar og sjávarútvegsnefnd ber skylda til að fara vandlega yfir þær og ræða málið mjög vel áður en það kemur til lokaafgreiðslu.

Herra forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa mörg orð fleiri um þetta. Ég vil þó benda á að ég hef hér lagt fram tillögu til þingsályktunar um að sjávarútvegsráðherra verði falið að leita aðgerða til að tryggja að fiskur sem veiddur er við Íslandsstrendur komi á markað hér en ekki sé heimilt að flytja hann óunninn í gámum á markaði erlendis og meira að segja óvigtaðan. Ég hefði viljað sjá okkar ágæta og vaska sjávarútvegsráðherra taka á þeim málum sem ég hef hér tilgreint, stöðu fiskmarkaðanna og sjálfstæði þeirra og að tryggja að við séum a.m.k. ekki með ívilnandi aðgerðir í gangi til að hleypa fiski óunnum á uppboðsmarkaði erlendis eins og við erum með. Því við erum með ívilnandi aðgerðir ef heimilt er að flytja fisk óvigtaðan úr landi á uppboðsmarkaði erlendis, nógu mikil nákvæmni er á mörkuðum hér, og er það gott og blessað. Þannig að ég hefði viljað sjá hæstv. sjávarútvegsráðherra taka á þessum málum, ekki síður en vera að opna möguleika fyrir erlenda aðila til að koma hér inn á uppboðsmarkaði sjávarafla. Það þarf að koma þessum atriðum á hreint áður en slíkt yrði heimilað.

[21:05]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það sem snýr að Samtökum fiskvinnslu án útgerðar er rétt að það komi fram að á fundi kom tillaga um að senda fjórum umsagnaraðilum erindi. Þau voru ekki þar inni og ekki kom beiðni frá nefndarmönnum um það. Kannski voru það mistök í upphafi. En nefndarmenn hafa hingað til getað bætt við þeim aðilum sem eiga að fá mál til umsagnar, sem er bara mjög eðlilegt. Þannig að ég brást við þegar Óskar Karlsson hafði samband við mig og bað hann um að senda umsögn og ég mundi þá taka málið fyrir á milli umræðna þar sem við vorum búnir að afgreiða málið út. Það er eðlilegur farvegur.

Við höfum verið mjög duglegir í sjávarútvegsnefnd og ég held að allir þeir sem hafa beðið um að koma og ræða við nefndina hafi komist að hjá okkur. Þannig að þetta eru bara ágætisvinnubrögð. Þetta er bara til að leiðrétta ef það

er misskilningur í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar.

[21:06]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þessa athugasemd hv. þm., formanns sjávarútvegsnefndar, Guðjóns Hjörleifssonar, um það hverjir koma að við að gefa umsagnir eða koma á fund nefndarinnar varðandi málin, verð ég að segja að ég ætla engum að hafa vísvitandi haldið Samtökum fiskvinnslu án útgerðar frá því að koma að málinu með umsögn með eðlilegum hætti og koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Ég ætla það engum.

Ég tek undir með formanni og þykir það leitt að það hafi ekki verið gert. Því það er svo eðlilegt og sjálfsagt að þessir aðilar komi sínum athugasemdum að. Mér finnst það ágæt og hárrétt viðbrögð hjá formanni nefndarinnar og nefndinni allri að taka málið inn milli 2. og 3. umr. þar sem þessum aðilum gefst kostur á að koma sínum athugasemdum á framfæri og nefndarmönnum að ræða þær athugasemdir og meta. Ég hef að öðru leyti ekkert við þau vinnubrögð að athuga og tel þau góð í sjálfu sér þó svo við hefðum að sjálfsögðu viljað sjá þessar athugasemdir koma inn í nefndina eins og aðrar athugasemdir á sínum tíma. En vinnubrögð formanns og nefndarinnar varðandi þetta finnst mér alveg hárrétt.

[21:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil gera að umræðuefni þann samning á milli Íslendinga og Færeyinga sem hér var vitnað til, samninginn sem var gerður í Hoyvík í Færeyjum. Ég tel, hæstv. forseti, að við eigum að lögfesta þann samning áður en við setjum þessi lög sem byggja á samningnum og vitna til orðalags í honum. Ég held að betri svipur væri á því og ég hef ekki trú á því, frekar en verið hefur, að samningur milli Íslands og Færeyja tefji þetta mál mikið. Þeir samningar hafa jafnan farið hér nokkuð greitt í gegnum sali Alþingis og afgreiðslu. Ég tek undir það að ég held það væri betri svipur á því að klára að staðfesta samninginn og afgreiða síðan málið á grundvelli þess að hann hefði fengið lagalegt gildi með staðfestingu Alþingis.

Ég tek líka undir það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði hér áðan að það hlýtur að vera fróðlegt og kannski nauðsynlegt og rétt í málinu að fá að sjá eignatengslin og eignasamsetninguna á fiskmörkuðum í dag. Það getur ekki skemmt fyrir afgreiðslu þessa máls að slíkt liggi fyrir og menn skoði það. Ég lít svo á, miðað við þau orð sem forustumenn ríkisstjórnarmeirihlutans hafa látið falla í þessari umræðu, að ekki sé með neinum hætti verið að opna inn í íslenska fiskvinnslu eða útgerð. Ég tel þess vegna að það sé ekkert óeðlilegt við að stíga þau skref sem hér eru stigin. Ég hef þann fyrirvara að þessi mynd sé öll sýnileg og það að æskilegt er að eignaraðild að fiskmörkuðum sé dreifð.

Ég hef því miður ekki séð athugasemdir Samtaka fiskvinnslustöðva án útgerðar en heyri á formanni nefndarinnar, hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni, að rætt verði við þau samtök áður en þetta mál verður klárað og treysti því að það verði gert. Ég legg til að þessi lagabreyting verði ekki afgreidd frá Alþingi fyrr en við höfum staðfest umræddan samning.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 382. mál (ráðstöfun fjár). — Þskj. 442, nál. 834 og 857.

[21:12]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins, frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arndísi Steinþórsdóttur og Jón B. Jónasson, frá sjávarútvegsráðuneyti, Örn Pálsson, frá Landssambandi smábátaeigenda, og Friðrik J. Arngrímsson, frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Nefndinni bárust umsagnir frá Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Hafrannsóknastofnun, Háskólanum á Akureyri, Landssambandi smábátaeigenda og Líffræðistofnun Háskóla Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að 660 millj. kr. af því fé sem Verkefnasjóður sjávarútvegsins fékk við sölu á eignum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins renni í ríkissjóð. Í athugasemdum við frumvarpið segir m.a.:

„Fé þessu skal varið til hafrannsókna og er því við það miðað að hafrannsóknir verði efldar og fé sem varið er til hafrannsókna aukið. Annars vegar er lagt til að í fjárlögum ársins 2006 verði rammi fjárveitinga Hafrannsóknastofnunarinnar hækkaður um 50 millj. kr. og um 100 millj. kr. frá og með fjárlögum ársins 2007. Enn fremur er gert ráð fyrir að reglum um úthlutun úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins verði breytt þannig að á árinu 2006 muni a.m.k. 25 millj. kr. af því fé sem Verkefnasjóðurinn hefur til úthlutunar verða varið til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli. Auglýst verður eftir umsóknum um styrki til hafrannsókna og geta allir sótt um styrk til sjóðsins. Faghópur mun fjalla um umsóknir og meta þær með hliðsjón af vísindalegu gildi rannsóknaverkefnanna.“

Meiri hlutinn fagnar umræddum áformum og telur brýnt að Hafrannsóknastofnuninni verði veittar 100 millj. kr. til frambúðar frá og með árinu 2007. Þá lýsir meiri hlutinn yfir þeim vilja sínum að á árinu 2006 verði miðað við að sú fjárhæð sem gert er ráð fyrir að verði varið til sérstakra styrkja til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli, að lágmarki 25 millj. kr., verði allt að 40 millj. kr. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita Guðjón Hjörleifsson, formaður og framsögumaður, Kristinn H. Gunnarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson og Birkir J. Jónsson.

Virðulegi forseti. Hér er tekið til 2. umr. frumvarp um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. En fé þetta kemur í framhaldi af því að gildistími laga um Þróunarsjóð var styttur um rúm fjögur ár og var hann því aflagður 1.

október síðastliðinn. Verkefni Þróunarsjóðsins er lokið og hefur þróunarsjóðsgjaldið verið fellt niður en samhliða verið lagt á veiðigjald. Eignir sjóðsins eru komnar upp í rúmar 700 millj. kr. með vöxtum og er búið að selja eignir sjóðsins og greiða upp skuldir. Við lok Þróunarsjóðs var ákveðið að ráðstafa andvirði hans í Verkefnasjóð sjávarútvegsins og skyldi þessum fjármunum varið til hafrannsókna.

Hér er um mjög háa upphæð að ræða og kannski ekki skynsamlegt að ráðstafa henni á stuttum tíma. Því hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra lagt til að andvirði þess fjár sem rann í Verkefnasjóð sjávarútvegsins renni í ríkissjóð. Það er 660 millj. kr. Í staðinn, sem ég tel vera stóra málið í þessari umræðu, þarf að tryggja til frambúðar viðbótarfjármagn til Hafrannsóknastofnunar í hafrannsóknir. En það eru 50 millj. kr. á þessu ári og aðrar 50 millj. kr. árið 2007. Við erum að tala varanlega um 100 millj. kr. á ári í hafrannsóknir til frambúðar, sem er 10% aukning, og því ber að fagna.

Á hverju þingi eru teknar nokkuð margar umræður um hafrannsóknir og fjármögnun til hafrannsókna.

Hér er verið að bregðast skynsamlega við. Hvað gera þessar varanlegu 100 millj. kr.? Segjum að þær verði einvörðungu notaðar til að fjölga rannsóknardögum á Bjarna Sæmundssyni og Árna Friðrikssyni. Við erum að ræða um 90 daga í viðbót á hvoru skipi fyrir sig. Níutíu daga. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að reglum um úthlutun úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins verði breytt þannig að árið 2006 muni að minnsta kosti 25 millj. kr. af því fé sem Verkefnasjóður hefur til úthlutunar verða varið til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli.

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar gerir tillögu í samræmi við hæstv. sjávarútvegsráðherra um að þessi upphæð geti orðið að 40 millj. kr. Auglýst verður eftir umsóknum um styrki til hafrannsókna og geta allir sótt um styrki til sjóðsins. Faghópur mun fjalla um umsóknir og meta þær með hliðsjón af vísindalegu gildi rannsóknarverkefnanna.

Með þessari tillögu vinnst tvennt. Annars vegar eru rannsóknir innan Hafrannsóknastofnunar auknar í kjölfar hærri fjárveitinga og hins vegar gefst öðrum aðilum sem starfa utan Hafrannsóknastofnunar færi á að sækja um styrk til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins til að stunda hafrannsóknir, en sá hópur hefur haft takmarkaðan aðgang að styrkjum til þessa.

Hafrannsóknir eru grunnurinn að því að byggja upp þekkingu um hafið og lífríki þess, sérstaklega til að geta metið hvernig hagkvæmast er og skynsamlegast að nýta auðlindir hafsins. Það er mikilvægt að fá varanlegt viðbótarfjármagn til enn frekari hafrannsókna.

Í greinargerð sem sjávarútvegsnefnd sendi til fjárlaganefndar vegna fjárlagaársins 2006 stendur m.a., með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að í meðförum Alþingis verði Hafrannsóknastofnuninni veitt 50 millj. kr. framlag svo auka megi úthald rannsóknaskipa stofnunarinnar um samtals 87–97 daga á ári. Nauðsynlegt er að úthald skipanna verði aukið svo efla megi veiðarfærarannsóknir og rannsóknir á uppsjávarfiski. Á síðasta ári var úthald Árna Friðrikssonar 211 dagar og úthald Bjarna Sæmundssonar 176 dagar. Á yfirstandandi ári er úthald áætlað 180 dagar á Árna og 203 dagar á Bjarna. Meðalkostnaður á dag við rekstur Árna er 1.150 þús. kr. og Bjarna 900 þús. kr. Tillaga nefndarinnar er byggð á því að úthald skipanna verði 235–240 dagar fyrir hvort skip. Samkvæmt útreikningum Hafrannsóknastofnunarinnar kostar hver viðbótardagur vegna fjölgunar úthaldsdaga um 55–60 á Árna 650–700 þús. kr. og fjölgunar úthaldsdaga um 32–37 á Bjarna 500–550 þús. kr.“

Eins og fram kom í þessari greinargerð hefur verið tekið tillit til vilja sjávarútvegsnefndar og því ber að fagna. Það koma 50 millj. í viðbót árið 2007.

Virðulegi forseti. Í áliti minni hluta sjávarútvegsnefndar kemur fram að það hafi orðið sinnaskipti hjá meiri hluta nefndarinnar með tilvísun í nefndarálit í þingskj. 991 í 387. máli 131. löggjafarþings. Á þeim tíma var það ákvörðun að ráðstafa eignum Þróunarsjóðs í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Þetta er ákvörðun á sínum tíma. En með þeirri breytingu sem nú er lögð fram og við erum að ræða hér þá telur meiri hluti sjávarútvegsnefndar það skynsamlegt til lengri tíma litið að auka fjárveitingar til hafrannsókna um 100 millj. kr. á ári. 100 millj. kr. sem eru komnar til að vera og framreiknast síðan árlega. Það kemur einnig á óvart að í áliti minni hluta sjávarútvegsnefndar skuli ekki minnst á þá breytingu sem meiri hluti sjávarútvegsnefndar gerir, að hækka fé til hafrannsókna úr 25 millj. kr. í allt að 40 millj. kr. Miðað við málflutning þeirra hér á Alþingi hefði ég átt von á að þessu yrði sérstaklega fagnað í áliti minni hlutans.

Ég vil einnig geta þess að meiri hluti sjávarútvegsnefndar gerir sér grein fyrir að umsóknir til þessara rannsókna eru metnar hverju sinni. Ef ekki næst að ráðstafa því fé, þ.e. 40 millj. kr., á þessu ári verði því sem eftir stendur ráðstafað og bætt við framlag næsta árs á eftir.

Ég ætla að fara aðeins yfir umsagnir um frumvarpið. Vélstjórafélag Íslands hefur ekki athugasemdir við frumvarpið. Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið enda verði tryggt að fé það sem um ræðir verði nýtt til hafrannsókna. Samtök fiskvinnslustöðva styðja að ofangreint frumvarp verði að lögum.

Líffræðistofnun Háskóla Íslands segir, með leyfi forseta:

„Markmið með frumvarpinu er að nýta fjármuni úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins til eflingar hafrannsóknum. Þetta er því mikilvægt frumvarp sem brýnt er að verði að lögum því öflugar hafrannsóknir eru forsenda skynsamlegrar nýtingar auðlinda sjávar.

Fram kemur að fyrirhugað er að verja hluta fjármunanna til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli. Með þessu er verið að auðvelda öðrum en þeim sem starfa á Hafrannsóknastofnuninni að stunda hafrannsóknir.

Þetta er ákaflega mikilvæg stjórnvaldsaðgerð sem mun eflaust skila sér í aukinni þekkingu á lífríki sjávar. Veruleg reynsla við sjávarrannsóknir er til staðar víða í íslensku samfélagi, t.d. innan Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Hólaskóla auk háskólasetra sem tengjast þessum skólum. Auknir möguleikar þessara aðila til rannsókna á lífríki sjávar munu eflaust leiða til nýrrar þekkingar og nýrra atvinnutækifæra. Þetta mun jafnframt leiða til eflingar framhaldsnáms í tengslum við hafrannsóknir og aukinnar nýliðunar sérfræðinga á þessu fræðasviði.“

Í umsögn frá Landssambandi smábátaeigenda segir,

með leyfi forseta:

„Landssamband smábátaeigenda gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Landssamband smábátaeigenda telur að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref í að efla hafrannsóknir enn frekar. Auk þess mun samþykkt frumvarpsins opna leið fyrir áhugasama sjálfstætt starfandi vísindamenn og aðra sem búa yfir þekkingu á lífríki sjávar að koma þekkingu sinni á framfæri. Það er skoðun Landssambands smábátaeigenda að það frumkvæði sem frumvarpið gerir þarna ráð fyrir geti, ef vel tekst til, opnað fyrir ferska strauma í hafrannsóknum."

Í umsögn Háskólans á Akureyri segir, með leyfi forseta:

„Háskólinn á Akureyri gerir ekki athugasemdir við meginefni frumvarpsins.

Háskólinn á Akureyri fagnar frumvarpi þessu þar sem lagt er til að auka fé til hafrannsókna, bæði til Hafrannsóknastofnunarinnar og einnig til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli. Þetta mun gera öðrum aðilum en Hafrannsóknastofnuninni, svo sem háskólum, kleift að stunda rannsóknir á hafinu og lífríki þess. Aðrir samkeppnissjóðir hafa haft yfir svo litlu fjármagni að ráða að erfitt hefur verið að fá frá þeim styrki af þeirri stærð sem þarf til að stunda hafrannsóknir sem í eðli sínu eru afar kostnaðarsamar. Að ýmsu er að huga í þessu sambandi en það má benda á að sú fjárhæð sem ætluð er í þetta er jafngildi 20 daga reksturs á rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni RE 200. Það er mjög mikilvægt að þeir sem sækja um þessa styrki eigi vísan aðgang að skipum Hafrannsóknastofnunarinnar sem eru búin ýmsum sérhæfðum tækjum til hafrannsókna."

Frá Hafrannsóknastofnun segir m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er á hinn bóginn ljóst að fjárhagsrammi Hafrannsóknastofnunarinnar hefur nokkuð styrkst þrátt fyrir það sem hér að ofan greinir. Það verður líka að teljast eðlilegt í ljósi þess að fyrri lög um Þróunarsjóð sjávarútvegsins gerðu ráð fyrir að við uppgjör hans skyldu eignir umfram skuldir renna alfarið til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Enn er þó þörf fyrir verulega aukningu rekstrarfjár vegna úthalds rannsóknaskipa."

Umsögnin frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga er þannig, með leyfi forseta:

„Félag íslenskra náttúrufræðinga telur óeðlilegt að fjármunir sem áður hafa verið eyrnamerktir rannsóknum skuli renna aftur í ríkissjóð. Telur Félag íslenskra náttúrufræðinga að með þeim hætti sé markvisst verið að draga úr fé til rannsókna sem nú þegar er allt of takmörkuðum fjármunum varið í."

Í umsögn frá Farmanna- og fiskimannasambandinu segir:

„Farmanna- og fiskimannasambandið styður frumvarpið og hvetur til aukinna fjárveitinga til haf- og fiskirannsókna."

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr.

[21:27]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti minni hluta sjávarútvegsnefndar á þingskj. 857 um frumvarp til laga um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins, sem við fjöllum hér um.

Samkvæmt lögum nr. 27/2005, um breytingu á lögum nr. 152/1996, um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, var ákveðið að fjármunir Þróunarsjóðs sjávarútvegsins skyldu renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsókna. Ekki lágu fyrir endanlegir útreikningar á því hversu miklir fjármunirnir gætu verið, en í umræðum kom fram að um gæti verið að ræða a.m.k. 500–600 millj. kr.

Nefndin var sammála um að ekki væri eðlilegt að skilyrða þá fjármuni sem um ræðir með þeim hætti að þeir rynnu einungis til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, heldur væri eðlilegt að gera þá breytingu að fjármunirnir rynnu til hafrannsókna á samkeppnisgrunni. Í nefndaráliti meiri hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarpið, sem varð að lögum nr. 27/2005, segir:

„Gerir frumvarpið ráð fyrir að eignir sjóðsins umfram skuldir renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra verði varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Meiri hluti nefndarinnar er fylgjandi efni frumvarpsins en telur þó ástæðulaust að áskilja í lögunum að andvirði sjóðsins skuli varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar heldur verði jafnframt heimilt að ráðstafa því til hafrannsókna á vegum annarra aðila í samræmi við almennar reglur um ráðstöfun fjármuna úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins."

Minni hlutinn hefur tekið undir það sjónarmið sem fram kemur í fyrrgreindu áliti meiri hluta sjávarútvegsnefndar frá því í mars 2005 og hefur litið þannig á að féð sem um ræðir eigi að koma til viðbótar því fé sem árlega er sett til hafrannsókna. Minni hlutinn lýsir undrun sinni á þeim sinnaskiptum meiri hlutans sem fram koma í umfjöllun um frumvarp þetta.

Frumvarpið sem hér um ræðir gerir ráð fyrir að nú skuli ákvörðuninni, sem tekin var með lögum nr. 27/2005, breytt í þá veru að 660 millj. kr. skuli renna úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins í ríkissjóð. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að tilgangur þess sé að færa umrætt fé úr Verkefnasjóðnum í ríkissjóð og þaðan skuli það renna í fjárlögum næstu ára til Hafrannsóknastofnunarinnar til aukinna rannsókna á hennar vegum. Einungis er gert ráð fyrir að 25 millj. kr. verði varið til samkeppnisrannsókna. Þessi breyting þýðir í raun að fjármunir Þróunarsjóðsins, sem áður höfðu runnið í Verkefnasjóð sjávarútvegsins, eru teknir í ríkissjóð í þeim tilgangi að greiða fyrir auknar rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar, sem allir eru sammála um að séu nauðsynlegar, í stað þess að fjármögnun slíkra rannsókna sé tryggð í fjárlögum.

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að verja umtalsvert meira fé til hafrannsókna en gert hefur verið og hefur oft lýst furðu sinni á þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að skera fé til rannsókna á auðlindum hafsins svo við nögl að ekki sé unnt að halda úti nauðsynlegum grunnrannsóknum á hafinu

og lífríki þess. Minni hlutinn taldi að það fé sem kom úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins og rann í Verkefnasjóðinn væri löngu tímabær viðbót við rannsóknarfé á þessu sviði og jafnframt væri opnað fyrir rannsóknir annarra aðila en Hafrannsóknastofnunarinnar. Nú liggur fyrir af hálfu meiri hlutans sú stefnubreyting að svo sé ekki og fjármunir Verkefnasjóðsins skuli gerðir upptækir í ríkissjóð.

Minni hlutinn leggst gegn samþykkt frumvarpsins og hefur jafnframt lengi bent á nauðsyn þess að setja nýjar reglur um með hvaða hætti er skipað í stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins. Það geti varla samrýmst góðum stjórnsýslureglum að sjávarútvegsráðherra skipi einungis undirmenn sína í ráðuneytinu í stjórn sjóðsins og hafi þannig í raun einn um það að segja hvernig hundruðum milljóna af fé sjóðsins er ráðstafað. Nauðsynlegt er að breyta þeim reglum sem um sjóðinn gilda um leið og mikilvægt er að sjóðurinn haldi því fé sem honum var ætlað frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins.

Þetta er gert á Alþingi, 1. mars 2006. Undir þetta minnihlutaálit rita Jón Gunnarsson, Jóhann Ársælsson, Kristján L. Möller og Magnús Þór Hafsteinsson.

Herra forseti. Eins og fram kemur í minnihlutaálitinu lýsum við í minni hluta sjávarútvegsnefndar undrun okkar á sinnaskiptum meiri hlutans í nefndinni. Hér við 1. umr. var farið nokkuð ítarlega í gegnum hvaða umræður höfðu átt sér stað í sjávarútvegsnefnd þegar tekin var sú ákvörðun að breyta frumvarpi sem kom inn í þingið frá þáverandi sjávarútvegsráðherra í þá veru að fjármunir Þróunarsjóðs, sem renna ættu í Verkefnasjóðinn, ættu ekki að eyrnamerkjast eingöngu til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar heldur bara til hafrannsókna almennt. Um það var nokkuð góð sátt í nefndinni og öllum þótti það skynsamleg ráðstöfun að fjármunir úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins sem útvegurinn sjálfur hefur búið til — því eins og fram kom í ræðu hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra við 1. umr. hefur sjávarútvegurinn, útgerðin og fiskvinnslan, greitt rúma 6 milljarða kr. í Þróunarsjóð sjávarútvegsins á undanförnum 11 árum, ef ég man rétt, og búið til þennan sjóð og búið til þessar milljónir sem nú er verið að gera, að okkar viti, upptækar í ríkissjóð.

Þegar hv. sjávarútvegsnefnd sendi erindi til fjárlaganefndar og óskaði eftir að árlegum fjárveitingum til Hafrannsóknastofnunarinnar yrði lyft, og þar var talað um 50 millj. kr. á ári til að auka rannsóknir á vegum stofnunarinnar, var ekki til umræðu að taka fjármuni úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins sérstaklega í það. Það er, herra forseti, ákveðin sögufölsun í því fólgin að halda því fram. Vegna þess að á þeim tíma sem sjávarútvegsnefnd var sammála um að senda fjárlaganefnd erindi um að það yrði að auka fjármuni til hafrannsókna var það ekkert í umræðunni að seilast í þennan Verkefnasjóð, að seilast í fjármuni Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og nota þá til að auka fjármagn til grunnrannsókna á vegum stofnunarinnar.

Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðherra fyrir að sitja hér umræðuna um þessi fjögur mál sem tengjast sjávarútvegsráðuneytinu. Oft og iðulega upplifum við nefndarmenn það að ráðherrar málaflokka gefa sér ekki tíma til eða ómaka sjálfa sig á að sitja við 2. umr. mála sem þeir hafa sjálfir lagt fram, því þá eru málin komin á forræði nefndanna og nefndarformenn fylgja þeim yfirleitt úr hlaði.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur setið umræðuna í dag og í kvöld og ég tel fulla ástæðu til að vekja á því athygli og þakka fyrir það. Spurningin sem ég hafði til hæstv. ráðherra var: Er vitað núna hver lokatalan í uppgjöri Þróunarsjóðs er? Þessi fjárhæð sem hefur verið að vaxa í Þróunarsjóðnum jafnt og þétt frá því við byrjuðum að tala um þetta mál. Ég man eftir því að menn töluðu um þegar frumvarpið kom fram á sínum tíma að upphæðin væri í kringum 400 milljónir, það voru fyrstu tölur frá ríkinu, frá ráðuneytinu. Eftir að hafa farið yfir málið í sjávarútvegsnefnd og kallað eftir frekari upplýsingum töluðu menn um að þetta gætu orðið 500–600 milljónir. Nú er alveg ljóst að mun meira fé kemur út úr Þróunarsjóðnum en gert var ráð fyrir því að hinn 1. október sl. afhenti stjórn Þróunarsjóðsins Verkefnasjóði sjávarútvegsins 689 milljónir og það er ekki lokauppgjör, eftir því sem ég best fæ skilið, heldur er það einhver áfangagreiðsla sem kom úr Þróunarsjóðnum til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, 689 milljónir.

Þegar menn í ráðuneytinu sjá þessa háu tölu er eins og þeir átti sig allt í einu á því um hve mikla fjármuni er þarna að ræða þó að við í minni hlutanum hefðum í umræðunni verið að leiða að því líkur að þetta gætu verið um 500 milljónir miðað við þær upplýsingar sem þá lágu fyrir. Eins og hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni við 1. umr. málsins, að í ljósi þess hvað hér sé um háa fjárhæð að ræða þyki rétt að leggja fram frumvarp sem taki — geri upptækt, leyfi ég mér að segja — 660 milljónir af þessum 689 sem stjórn Þróunarsjóðsins var að skila inn í Verkefnasjóðinn vegna þess að það sé óeðlilegt að svona miklir fjármunir fari inn í sjóð sem úthluti peningum á þeim grunni sem Verkefnasjóður sjávarútvegsins gerir.

Ég get verið sammála hæstv. ráðherra að það er óeðlilegt að svona miklum fjármunum sé ráðstafað úr sjóði sem hefur stjórn eins og hér var um rætt, skipuð á þann hátt sem um er rætt. En minni hlutinn í sjávarútvegsnefnd og við hér minni hlutinn á Alþingi höfum verið að benda á að það sé nauðsynlegt að breyta skipun í stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, það sé ekki eðlilegt að þrír undirmenn ráðherra úr ráðuneytinu skipi þá stjórn og fari með hundruð milljóna kr., því að jafnvel þó að þessar 660 milljónir séu gerðar upptækar þá renna hundruð milljóna kr. í þennan sjóð á hverju ári í svokölluðum hafróafla og upptökuafla. Hvernig sem á það er litið er stjórnun þessa sjóðs ekki í samræmi við hefðbundnar og eðlilegar stjórnsýslureglur.

Hæstv. ráðherra hefur áhyggjur af því þegar hann sér hvað miklir peningar eru komnir inn í sjóðinn og telur eðlilegt, eins og hann nefndi í ræðu sinni við 1. umr., að það sé frekar Alþingi sem úthluti þessum fjármunum, eins og hæstv. ráðherra sagði, í samræmi við ramma fjárlaga, að samþykkt á Alþingi yrði til þess að þessum fjármunum yrði úthlutað.

Ef maður væri nýkominn hér inn á þing og sæi ekki hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig, alla vega hjá núverandi ríkisstjórn þar sem ekki verður annað séð en að það sé nánast í höndum ráðherranna eða ríkisstjórnarinnar að marka fjárlagaramma, ég hef ekki orðið mikið var við að þingmenn hvorki stjórnar eða stjórnarandstöðu hafi mikil áhrif á það, þá virðist þetta afskaplega fallegt og það gæti verið

eðlilegt að skoða þetta. En það sem hæstv. ráðherra sagði við 1. umr. og ég vil leyfa mér að kalla sögufölsun er að hann fullyrti að það hefði verið lagt til í fjárlögum ársins 2006 og samþykkt á Alþingi að rammi fjárveitinga Hafrannsóknastofnunar yrði hækkaður um 50 millj. kr. Þetta gekk eftir eins og kunnugt er og við samþykktum á Alþingi, sagði hæstv. ráðherra, þessa tilhögun í fjárlögum ársins 2006. Jafnframt var lagt til að rammi stofnunarinnar hækki aftur um aðrar 50 milljónir frá og með fjárlögum ársins 2007, og frá því var greint, og verði þá 100 millj. kr. hærri á árinu 2007 en hann var á árinu 2005.

Ráðherra fullyrti síðan í framhaldi af þessu í ræðu sinni að það hefði verið um rætt að þessir fjármunir kæmu úr Verkefnasjóðnum, þetta væri partur af þeim fjármunum sem voru í Þróunarsjóðnum sem ættu að fara í þetta. Ég fullyrði að það var ekki, hvorki í sjávarútvegsnefnd þegar hún sendi erindi sitt til fjárlaganefndar eða síðar, það var aldrei minnst á að þessir auknu fjármunir sem áttu að renna til grunnrannsókna hjá Hafrannsóknastofnun kæmu úr þessum sjóði með þessum hætti, aldrei.

Aftur á móti átti Hafrannsóknastofnun eins og aðrir mikinn möguleika á því að sækja um og fá fjármagn til viðbótarrannsókna úr þessum sjóði og það var það sem menn voru að fagna á þeirri stundu þegar ljóst var að svona miklir fjármunir kæmu úr sjóðnum að það gæti komið til sem viðbót á móti því sem áður yrði sett á fjárlögum og allir hafa verið sammála um að sé skammarlega lítið miðað við þennan grunnatvinnuveg okkar sem sjávarútvegurinn þó er enn þá, þeir fjármunir sem lagðir eru til á fjárlögum til að reka þau hafrannsóknaskip sem við eigum og sinna þeim grunnrannsóknum sem nauðsynlegar eru, ég tala nú ekki um í ljósi þess hvernig okkur hefur gengið að byggja upp fiskstofnana.

Í framsögu sinni lýsti hv. formaður sjávarútvegsnefndar undrun sinni á því að í nefndaráliti minni hluta sjávarútvegsnefndar væri ekki sérstakur kafli þar sem þeirri tímamótaákvörðun meiri hlutans væri sungið lof og prís, að leggja það til í nefndaráliti sínu að það mætti verja allt að 40 millj. kr. til hafrannsókna á samkeppnisgrunni sem aðrir gætu sótt um. Við í minni hlutanum sáum enga sérstaka ástæðu til að fagna þessu sérstaklega vegna þess að kjarkurinn var nú ekki meiri hjá meiri hluta sjávarútvegsnefndar en sá að í nefndaráliti meiri hlutans stendur „varið til sérstakra styrkja til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli að lágmarki 25 millj. kr.“ — þetta er nú bara sama tala og var í frumvarpi ráðherrans — „verði allt að 40 millj. kr.“ Það er ekki gerð breyting, það er ekki gerð breytingartillaga, það er ekki gerð nein bein skuldbinding heldur er eingöngu verið að tala um að þetta gætu orðið 40 millj. kr. Það hefði þá farið betur á því að ganga frá því alla leið þannig að þetta væri bara niðurneglt að það yrði ekki minna en 40 milljónir.

Það sem hæstv. ráðherra sagði síðan við 1. umr. var að þeir samkeppnisaðilar sem ætluðu að sækja í þessa fjármuni, sem þá voru 25 milljónir, yrðu að leggja fjármuni á móti og hæstv. ráðherra var í ræðu sinni kominn með þessa fjármuni allt upp í 100 milljónir, sagði að þetta gætu orðið 50 milljónir, 75 milljónir eða 100 milljónir, allt eftir því hvaða reglur menn settu um hvað þyrfti að koma á móti. Við getum rétt ímyndað okkur hverjir það eru í rannsóknum, sjálfstæðum samkeppnisrannsóknum á þessu sviði, sem hafa mikið bolmagn til þess að leggja tugi eða hundruð milljóna á móti styrk sem kæmi frá Verkefnasjóði sjávarútvegsins til að sinna ákveðnum verkefnum, þannig að þessi kvöð sem kemur fram í umræðunni af hálfu hæstv. ráðherra um að ekki verði úthlutað nema fjármunir komi á móti þýðir einfaldlega það að stór hluti þeirra sjálfstæðu vísindamanna eða sjálfstæðu fyrirtækja sem hefðu áhuga á því að sækja í þennan sjóð og stunda viðbótarrannsóknir munu ekki geta gert það. Þá er spurning hvort þeim fjármunum sem þarna er verið að eyrnamerkja verði yfir höfuð úthlutað eða hvort þeir sitji eftir í sjóðnum.

Í umsögn um frumvarpið þegar það var lagt fram frá fjármálaráðuneytinu, fjárlagaskrifstofu kom fram að það væri mat fjármálaráðuneytisins að frumvarpið hefði ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs, verði það að lögum. Þetta þykir mér að mörgu leyti undarlegt mat einfaldlega vegna þess að ef ekki hefði verið seilst í Verkefnasjóðinn til að ná í þessar viðbótar 50 milljónir eða 100 milljónir til hafrannsókna á ári þá hefði örugglega þurft að gera ráð fyrir því á fjárlögum og taka það af hefðbundnum tekjustofnum ríkisins þannig að það hefði haft áhrif á og þessi gerð hefur áhrif á afkomu ríkisins vegna þess að þarna er verið að seilast í fjármuni sem útgerðin bjó til, sem fiskvinnslurnar bjuggu til og búið var að eyrnamerkja hér í fullu samkomulagi á þinginu, ekki beint í ríkissjóð heldur í þennan samkeppnisrannsóknasjóð. En ríkið seilist og tekur 660 milljónir.

Um leið og reynt væri að svara því hvort vitað væri hvað mikið kæmi út úr Þróunarsjóðnum væri gott að vita hvort hæstv. ráðherra ætlar að seilast eftir meiri fjármunum í Verkefnasjóð sjávarútvegsins, eins og hér er verið að gera. Ef uppgjörið á Þróunarsjóðnum verður talsvert hærra en þessar 689 milljónir, hyggst ráðherra seilast í það með sama hætti og hér er verið að gera og gera þá fjármuni upptæka í ríkissjóð?

Í umsögnum um þetta frumvarp gætti oft og tíðum misskilnings og í mörgum umsögnum sem hv. formaður sjávarútvegsnefndar las hér upp, ég hjó ég eftir því bæði hjá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, var verið að fagna því að aukið fé væri lagt til rannsókna. Það er ekki verið að gera með þessu frumvarpi. Það var búið að eyrnamerkja þetta fé til rannsókna. Það eina sem verið er að gera er að gera þetta fé upptækt í ríkissjóð til að beina því síðan á fjárlögum til Hafrannsóknastofnunar en ekki sem viðbót eins og áður var gert ráð fyrir. Ég vona að þeir sem hafa sent þessar umsagnir geri sér grein fyrir því að telji þeir að þetta sé einhver viðbót við fjármuni til hafrannsókna þá hafa þeir lesið vitlaust út úr því sem hér er sagt í lagatexta eða frumvarpi. Gott væri ef hv. formaður sjávarútvegsnefndar gæti svarað því þannig að það væri þó ekki misskilningur sem héngi í loftinu um það hvort með þessu frumvarpi og þessari breytingu sé um að ræða aukið fé til hafrannsókna, því að samkvæmt þeim lögum sem nú gilda var búið að merkja þetta fé til þess þannig að hér er ekki um aukið fé til hafrannsókna að ræða.

Ég hjó eftir því í umsögn frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga að þeir hafa áttað sig akkúrat á því hvað hér er um að vera og, með leyfi forseta, ætla ég að leyfa mér að lesa

þessa stuttu umsögn en þar segir:

„Umsögn um frumvarp til laga um Verkefnasjóð sjávarútvegsins.

Félag íslenskra náttúrufræðinga telur óeðlilegt að fjármunir sem áður hafa verið eyrnamerktir rannsóknum skuli renna aftur í ríkissjóð. Telur Félag íslenskra náttúrufræðinga að með þeim hætti sé markvisst verið að draga úr fé til rannsókna sem nú þegar er allt of takmörkuðum fjármunum varið í.“

Þetta er í hnotskurn akkúrat það sem þetta frumvarp snýst um, þetta snýst um algjör sinnaskipti hjá flestum meðlimum í meiri hluta sjávarútvegsnefndar, sinnaskipti sem tók örfáa mánuði að fá þá til að framkvæma eða snúast um. Það voru allir algjörlega sammála um það og þar á meðal hæstv. sjávarútvegsráðherra þegar hann var óbreyttur þingmaður og fulltrúi í sjávarútvegsnefnd, að best væri að gera þetta þannig að eyrnamerkja þetta ekki Hafrannsóknastofnun heldur leyfa Verkefnasjóðnum að úthluta þessu. En þegar ljóst var hvað fjármunirnir voru miklir og að ekki virtist vera hægt að ná í fjármuni eftir eðlilegum leiðum af fjárlögum ríkisins til að auka hafrannsóknir eins og þarf að gera þá hafi þrautalendingin orðið sú að seilast í þennan sjóð, seilast í Þróunarsjóð sjávarútvegsins og þá um leið Verkefnasjóðinn eins og lögin voru þá orðin.

[21:43]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spurði mig hversu mikil upphæð væri endanlega í Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Ég hef það ekki alveg á reiðum höndum en hygg að það sé mjög nálægt 700 millj. kr.

Í ræðu sinni núna fór hv. þingmaður nákvæmlega með sambærilegan texta og hann gerði hér í 1. umr. þegar hann notaði það einfalda trikk að segja sem svo: Nú skulum við gefa okkur það að við þurfum ekkert að hugsa um fjárhagsvanda Hafrannsóknastofnunar. Ef það er þannig þá getum við tekið um það ákvörðun að ráðstafa öllum peningunum úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins til annarra rannsókna. Það er í rauninni það sem hv. þingmaður var að segja. Hann lætur eins og hann hafi ekki tekið eftir því að það er þörf á því að auka fjármuni til Hafrannsóknastofnunar, hann hefur þó sjálfur talað um það í ræðu, flokksfélagar hans hafa talað um það í ræðu, það hefur verið kvartað undan því að við séum ekki að setja nógu mikla peninga þangað.

Nú er tekin um það pólitísk ákvörðun að auka varanlega framlög ríkisins til Hafrannsóknastofnunar um sem svari kannski 10%, 100 miljónum á ári, og það þýðir auðvitað að verið er að auka framlög til hafrannsókna í landinu og þar með til rannsóknarstarfseminnar.

Síðan erum við að opna hérna inn á samkeppnisrannsóknir alveg eins og við höfðum áformað og til viðmiðunar er sett talan 25–40 millj. kr. eins og meiri hluti sjávarútvegsnefndar leggur til. Hér er auðvitað um heilmikil þáttaskil að ræða og það er verið að opna fyrir nýjar leiðir sem menn eru að átta sig á eins og fram kemur í umsögnum, því þó að hv. þingmanni líki ekki þessar umsagnir eru þær hins vegar kórrétt ábending um að hér er verið að opna á nýjar leiðir til hafrannsókna í landinu. Þetta er samkeppnissjóður og þess vegna er það eðlilegt að þeir sem sækja í þann sjóð leggi fjármuni á móti. Það er sú stefna sem hefur orðið ofan á í Vísinda- og tækniráði sem Alþingi hefur samþykkt lög um og það er sú stefna sem er að verða æ meira ofan á í allri vísindastarfsemi í landinu. Þetta er það vinnulag sem menn vilja helst hafa, þ.e. að menn keppi um þessa fjármuni, leggi fram fjármuni á móti og auðvitað er það þannig (Forseti hringir.) að góðir vísindamenn munu geta aflað sér þess fjármagns (Forseti hringir.) sem þeir þurfa til þess að standa fyrir slíkum rannsóknum.

[21:46]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að fé til rannsókna væri ekki aukið í heild sinni. Þetta fé var eyrnamerkt rannsóknum og það er einfaldlega rangt sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra, að sá þingmaður sem hér stendur segi að ekkert þurfi að hugsa um Hafró og að stofnunin hafi nægilega fjármuni til að stunda grunnrannsóknir á hafinu og lífríki þess. Þetta er einfaldlega rangt hjá hæstv. ráðherra.

Ég hef og flokksfélagar mínir í Samfylkingunni staðið hér í þessum stól og talað um nauðsyn þess að auka fé til hafrannsókna hjá Hafrannsóknastofnun. Við höfum farið yfir það og það hefur legið skýrt fyrir að auka þyrfti fé á fjárlögum sem bólgna út á hverju einasta ári hjá hæstv. ríkisstjórn. Það virðast nógir peningar til í verkefni þegar á þarf að halda, nema þegar talað er um hafrannsóknir og nauðsynlegar grunnrannsóknir á lífríkinu í hafinu. Þá eru ekki til peningar og ekkert til að auki. En í öll önnur verkefni hjá ríkisstjórninni er hægt að auka við fjármuni, við þurfum ekki annað en sjá hvernig fjárlögin bólgna út ár eftir ár, án þess að mikill afgangur verði til viðbótar við það sem áður var, þótt tekjur ríkisins hafi tvöfaldast á síðustu tíu árum að raungildi, á hverjum degi og á hverju ári. Þrátt fyrir það hefur ekki verið hægt að sækja í fjármálaráðuneytið fjármuni í nauðsynlegar grunnrannsóknir til það reka þann rannsóknarbúnað sem til er.

Hlutskipti hæstv. ráðherra er snautlegt, að þurfa að enda málið þannig, til að geta rekið rannsóknarskipin og raunverulegar rannsóknir, að þurfa að seilast í Verkefnasjóð sjávarútvegsins og seilast í Þróunarsjóðinn sem átti að vera til viðbótar þessu fé sem átti að ganga til grunnrannsókna hjá Hafrannsóknastofnun.

[21:48]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er örugglega rétt hjá hv. þingmanni að hann hefur talað mikið um að setja þurfi meiri peninga í rannsóknir. Hann og flokksfélagar hans eru sérstaklega þekktir fyrir það, að tala um hlutina en þegar kemur að því að reyna að framkvæma þá hlaupa þeir alltaf í skjól.

Núna er verið að auka varanlega fjárhagslegan ramma Hafrannsóknastofnunar um 100 millj. kr. á ári. Það er auðvitað aukning á framlögum til hafrannsókna í landinu. Hv. þingmaður hefur samviskusamlega í löngu máli skautað al-

gjörlega fram hjá einni grundvallarspurningu, sem hefði þó átt að vera fyrsta spurningin sem hann spurði í ræðu sinni. Við erum að tala um fé úr Þróunarsjóði upp á um 700 millj. kr. eða eitthvað nálægt því. Við erum að tala um peninga sem runnu inn í Verkefnasjóð en þeir ættu að renna til hafrannsókna. Var það þá meining hv. þingmanns að ekkert af þeim peningum ætti að fara til Hafrannsóknastofnunar? Er það skoðun hv. þingmanns að það hefði átt að ganga þannig fram í þessum efnum að peningarnir færu ekki til hafrannsókna í landinu heldur til annarra rannsókna?

Það var algjörlega ómögulegt að skilja hv. þingmann á hvorn veginn hann hallaðist í hinni löngu ræðu sinni áðan. Þótt ég reyndi að rifja upp í huganum það sem hann hafði fram að færa í enn þá lengri ræðu sinni þegar við ræddum málið við 1. umr. í sölum Alþingis þá dugði það ekki. Það er auðvitað þannig að meginhafrannsóknastofnun okkar er Hafrannsóknastofnunin. Við þurfum, til að standa undir þeim grunnrannsóknum og margvíslegum rannsóknum öðrum sem Hafrannsóknastofnun hefur með höndum, þurfum við að sjá til þess að hún hafi næga fjármuni.

Ég er fyrstur manna til að viðurkenna að þar vantar talsvert á. Núna varð það pólitísk niðurstaða og pólitískt samkomulag um að auka verulega fjármuni til Hafrannsóknastofnunar. Jafnframt skapaðist svigrúm til að opna á möguleika fyrir sjálfstæða vísindamenn til að stunda rannsóknir. Það mun takast (Forseti hringir.) og við eigum eftir að sjá að þetta leiðir til þess (Forseti hringir.) að verulega auknir fjármunir fara til hafrannsókna í landinu á grundvelli samkeppnissjóðanna.

[21:50]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að pólitískt samkomulag var um að auka fé til Hafró. En það var aldrei pólitískt samkomulag um að taka það úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Það var aldrei pólitískt samkomulag um að taka það úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

Ég held að það sé full ástæða til að svara þeirri grundvallarspurningu sem hæstv. ráðherra spurði og sagði að ekki væri svarað, þ.e. hvort ekki ættu neinir peningar úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins, ef í honum hefðu verið 800–900 millj. kr., átt að renna til Hafró. Ég held að hæstv. ráðherra þurfi ekki að spyrja svona. Hann veit betur. Við tókum þessa umræðu í sjávarútvegsnefnd meðan hæstv. ráðherra sat þar, (**Sjútvrh.:** Svaraðu henni.) um að eðlilegt væri að Hafró eins og aðrir sæktu í þennan sjóð í viðbótarrannsóknir sínar. Ég minni hæstv. ráðherra á textann sem meiri hluti sjávarútvegsnefndar setti í nefndarálit sitt á árinu 2005, þegar gerð var þessi breyting að þróunarsjóðsfjármunirnir ættu að renna inn í Verkefnasjóðinn. Ég held meira að segja að hæstv. ráðherra sé höfundur að textanum (Gripið fram í.) eins og hann er í skjölum Alþingis, (**Sjútvrh.:** Er þingmaður þeirrar skoðunar að frumvarpið sé ...?) sem segir:

„Gerir frumvarpið ráð fyrir að eignir sjóðsins umfram skuldir renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra verði varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Meiri hluti nefndarinnar er fylgjandi efni frumvarpsins“ — (**Sjútvrh.:** Vill þingmaðurinn ekki svara?) — „en telur þó ástæðulaust að áskilja í lögunum að andvirði sjóðsins skuli varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar ...“

Hv. þingmaður Einar Kristinn Guðfinnsson held ég að sé höfundur að þessum texta. Eftir að við ræddum þetta fram og til baka í sjávarútvegsnefnd á sínum tíma kom þessi niðurstaða. Ég man ekki betur en að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, sem nú er hæstv. sjávarútvegsráðherra, hafi eindregið verið þeirrar skoðunar þá að ekki væri rétt að fallast á textann í frumvarpi þáverandi sjávarútvegsráðherra (**Gripið fram í:** Hver er skoðun þingmannsins?) sem sagði ósköp hreint að þetta ætti að renna til Hafrannsóknastofnunar. Það var þingmaðurinn hv. Einar Kristinn Guðfinnsson sem (Forseti hringir.) beitti sér fyrir því í sjávarútvegsnefnd að þessu yrði breytt þannig að þetta rynni til annarra (Forseti hringir.) en bara til Hafrannsóknastofnunar.

[21:52]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er ótrúleg umræða hjá fulltrúa Samfylkingarinnar, hv. þm. Jóni Gunnarssyni. Það kom samfylkingarmönnum á óvart hve góðar umsagnir frumvarpið fékk. Það voru þeim mikil vonbrigði. Þeir eru vanir að lesa umsagnir úr ræðupúlti Alþingis en núna var bara lesin umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Félagi íslenskra náttúrufræðinga af því að aðrar umsagnir voru mjög jákvæðar.

Við erum að ræða um að 40 millj. kr., ef þær nýtast ekki á þessu ári, muni leggjast við þær milljónir sem ætlaðar eru til rannsókna á samkeppnisgrundvelli á næsta ári. Við erum að ræða um 50 milljónir til Hafró á árinu og 40 millj. kr. í samkeppnisrannsóknir. Við erum að ræða um 100 millj. kr. 2007 og a.m.k. 25 millj. kr. í samkeppnisrannsóknir.

Hvað er að gerast þá? Árið 2010 er a.m.k. höfuðstóllinn farinn. Við erum að ræða um 100 millj. kr. til Hafró til rannsókna til frambúðar, sem munu fylgja fjárlögum. Hvað gerir þetta? Þetta eru 180 dagar á ári á rannsóknarskipum Hafró. Mér finnst menn tala út úr kú í þessu máli. Menn hafa staðið í ræðupúlti Alþingis og rætt um að auka fé til hafrannsókna. Þegar til þess horfir að það verði aukið til frambúðar þá fara menn að snúa út úr. Ég skora á þá að lesa allar umsagnirnar um þetta frumvarp.

[21:54]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast ekki við að hafa orðið fyrir vonbrigðum með umsagnir sem komu fram í málinu. Ég kannast ekki við að hafa sagt það. Ég benti á að umsagnir sem byrja á að segja að með þessu frumvarpi sé fé til rannsókna stóraukið byggi á röngum forsendum.

Ég tók eftir því að hv. formaður sjávarútvegsnefndar svaraði ekki spurningunni sem ég beindi til hans. Ég bað hann um að svara því hvort það væri rétt að með þessu frumvarpi væri fé til rannsókna á hafinu og lífríki þess aukið. Var ekki búið að eyrnamerkja þessa fjármuni til haf-

rannsókna? Hverju er verið að bæta við? Er ekki fjármunum ráðstafað að mestu leyti í grunnrannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar en ekki lagðir til viðbótarfjármunir?

Þegar ríkisstjórnin og þeir sem hana styðja á Alþingi berja sér á brjóst og segja að fé til hafrannsókna sé stóraukið með því að seilast í þennan sjóð til að setja í grunnrannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar þá er það einfaldlega fölsun.

Áðan var kallað eftir því hver mín skoðun væri, hvort úr Verkefnasjóði ættu engir fjármunir að ganga til Hafrannsóknastofnunar. Mín skoðun er ósköp einföld: Meginuppistaðan af þessum fjármunum hefði örugglega, samkvæmt umsóknum, gengið til Hafrannsóknastofnunar. En hún hefði þurft að sýna fram á hvaða verkefni hún ætlaði að ráðast í til viðbótar við grunnrannsóknir. Það var minn skilningur þegar við ræddum um þetta í sjávarútvegsnefnd, að þetta kæmi til viðbótar hefðbundnum grunnrannsóknum sem ríkið ætlaði að standa undir með fjárlögum. En þeir sem hér hafa talað af hálfu ríkisstjórnarinnar virðast algjörlega hafa gefist upp á því, fara auðveldu leiðina (Forseti hringir.) og seilast í sjóði annarra.

[21:56]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spyr sem formaður í nefnd: Hvenær eru umsagnir réttar og hvenær rangar? Ætla menn að leyfa sér það, þegar þeir veita umsagnir, að það sé geðþóttaákvörðun hvenær þær teljast réttar og hvenær rangar? Þetta eru sömu aðilar og hafa gefið okkur umsagnir í áranna rás. Ég man aldrei eftir því að menn hafi sagt: Þetta er bara misskilningur, nú ertu bara að gera einhver mistök.

Það sem ég var að segja áðan er það að árið 2010, eða í byrjun árs 2011, verður búið að nýta alla þessa peninga. Við erum með 100 milljónir á ári áfram í viðbót hjá Hafró, á hverju einasta ári, framreiknað samkvæmt fjárlögum. Þetta eru 180 dagar á rannsóknarskipum. Svo koma menn í pontu og taka umræðu utan dagskrár um hafrannsóknapeninga. Þá loksins að eitthvað er gert þá fara menn að leika sér að misskilja það.

Hvað telur hv. þingmaður að Hafró eigi að fá mikið af þessum peningum?

[21:57]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn verð ég að leiðrétta hv. formann sjávarútvegsnefndar. Hann heldur því fram að ég hafi talað um að til væru réttar umsagnir í þessu máli og rangar. Það sagði ég ekki. Ég sagði að þegar lesið væri í gegnum umsagnir sem byrjuðu á að verið væri að auka fé til hafrannsókna væri augljóslega um misskilning að ræða vegna þess að með frumvarpinu væri fé til hafrannsókna ekki aukið.

Það vakti athygli mína að hv. formaður sprangaði fimlega fram hjá því að svara spurningunni um hvort fjármunir til hafrannsókna mundu aukast með þessu. Svarið við því er bara eitt. Svarið er nei. Ef það koma fram umsagnir, sama frá hverjum þær koma, sem segja að þarna sé fé til hafrannsókna aukið þá hlýtur að vera eðlilegt að benda á að þar gæti einhvers misskilnings.

Það vakti einnig athygli mína, herra forseti, að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson stóð hér úthlutaði fjármunum á fjárlögum áranna 2011, 2012, 2013, 2014 og 2015. Ég veit ekki hvaða heimild hv. þingmaður hefur til þess. Ég veit ekki einu sinni hvort hv. þingmaður verður á þingi til að taka þátt í afgreiðslu fjárlaga á þeim tíma. Ég hef ekki hugmynd um hvort ég verð á þingi til að taka þátt í afgreiðslu fjárlaga á þeim tíma.

Það er þannig með fjárlögin að það þarf að samþykkja þau frá ári til árs. Þegar þessir fjármunir úr sjóðum Þróunarsjóðs verða uppurnir, ef kjarkurinn verður ekki meiri hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra, svo ég tali nú ekki um hv. formann sjávarútvegsnefndar, til að ná í fé til rannsókna en nú er þá býð ég ekki í að einhverjir viðbótarfjármunir komi, þegar þeim fjármunum sem verið er að „sjanghæja“ úr þessum sjóðum hefur verið eytt í grunnrannsóknir, sem fjármunir úr ríkissjóði í gegnum fjárlög eiga að standa undir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 22:00.

---

99. FUNDUR

þriðjudaginn 4. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 353. mál, þskj. 387, nál. 868. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 448. mál, þskj. 672, nál. 873 og 925, brtt. 874 og 1084. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 616. mál, þskj. 901, nál. 1000. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Verkefnasjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 382. mál, þskj. 442, nál. 834 og 857. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Ríkisútvarpið hf., stjfrv., 401. mál, þskj. 517, nál. 1037 og 1117, brtt. 1038. — 2. umr.
6. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 402. mál, þskj. 518, nál. 1039, brtt. 1040. — 2. umr.
7. Háskólar, stjfrv., 433. mál, þskj. 654, nál. 1041, brtt. 1042. — 2. umr.
8. Norðurlandasamningur um almannaskráningu, stjtill., 609. mál, þskj. 893. — Fyrri umr.
9. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar

innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 610. mál, þskj. 894. — Fyrri umr.

10. Samningur um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, stjtill., 662. mál, þskj. 970. — Fyrri umr.

11. Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Suður-Kóreu, stjtill., 671. mál, þskj. 981. — Fyrri umr.

12. Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, stjfrv., 682. mál, þskj. 998. — 1. umr.

13. Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, stjtill., 683. mál, þskj. 999. — Fyrri umr.

14. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 685. mál, þskj. 1002. — Fyrri umr.

15. Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 686. mál, þskj. 1003. — Fyrri umr.

16. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 687. mál, þskj. 1004. — Fyrri umr.

17. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 634. mál, þskj. 933. — 1. umr.

18. Framsal sakamanna, stjfrv., 667. mál, þskj. 977. — 1. umr.

19. Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, stjfrv., 669. mál, þskj. 979. — 1. umr.

20. Dómstólar og meðferð einkamála, stjfrv., 670. mál, þskj. 980. — 1. umr.

21. Fullnusta refsidóma, stjfrv., 675. mál, þskj. 991. — 1. umr.

22. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 694. mál, þskj. 1024. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Guðjón Ólafur Jónsson, 11. þm. Reykv. n.

Fjarvistarleyfi:
Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

[13:31]

Útbýting:

Áhrif rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann, 736. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 1072.

Háskólasetur á Selfossi, 706. mál, þáltill. JBjarn og KolH, þskj. 1036.

Ríkisútvarpið hf., 401. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 1117.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 353. mál (afnám sérúthlutunar á þorski). — Þskj. 387, nál. 868.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

15 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MÁ, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, JBjarn, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

15 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MÁ, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, JBjarn, KolH, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 868 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

17 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MÁ, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjG, BBj, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HHj, ISG, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, MÁ, PHB, SKK, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.

1 þm. (ÖS*) greiddi ekki atkv.

21 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 448. mál (hámark á krókaaflahlutdeild o.fl.). — Þskj. 672, nál. 873 og 925, brtt. 874 og 1084.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

17 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MÁ, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

Brtt. 1084 felld með 25:5 atkv. og sögðu

já: BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

12 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

Brtt. 874,1 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BjG, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÞBack.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MÁ, VF, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BjG, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

14 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MÁ, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BjG, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

14 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MÁ, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

Brtt. 874,2 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BjG, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÞBack.

12 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, ISG, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MÁ, VF, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BjG, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÞBack.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MÁ, VF, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

Ákvæði til brb. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BjG, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÞBack.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MÁ, VF, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

Brtt. 874,3 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BjG, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÞBack.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MÁ, VF, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 616. mál (EES-reglur). — Þskj. 901, nál. 1000.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:38]

Jón Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér erum við að greiða atkvæði um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79, um uppboðsmarkaði sjávarafla. Þetta er einfalt frumvarp. Það felur í sér að heimila á útlendingum innan Evrópska efnahagssvæðisins að fjárfesta í íslenskum uppboðsmörkuðum og heimila á Færeyingum að gera slíkt hið sama.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að ástæðan fyrir því að Færeyingar eru í þessum pakka er sú að undirritaður hafði verið samningur við Færeyjar um fríverslun þann 31. ágúst árið 2005. Ástæðan fyrir því að Færeyingar eiga að fá að fjárfesta í íslenskum uppboðsmörkuðum er sem sagt þessi samningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar, ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnarinnar í Færeyjum hins vegar.

Nú víkur þannig við að á dagskrá í dag, 13. dagskrárliður, er fullgilding Hoyvíkur-samningsins. Það er sá samningur sem hér um ræðir, samningurinn sem er grundvöllurinn fyrir þessari lagasetningu hvað Færeyinga varðar. Við höfum mótmælt þeim vinnubrögðum við lagasetningu að verið sé að vísa í að nauðsynlegt sé að breyta íslenskum lögum samkvæmt samningi sem gerður hefur verið af ríkisstjórninni og er ekki fullgildur á Alþingi. Þetta eru óeðlileg vinnubrögð og því munu þingmenn Samfylkingarinnar sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Brtt. í nál. 1000,1 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

18 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SAÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:40]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Á síðustu metrunum í vinnslu eða umfjöllun frumvarps þessa hafa komið fram mjög alvarlegar athugasemdir nú síðast á fundi í sjávarútvegsnefnd þar sem við hittum fulltrúa Samtaka fiskvinnslu án útgerðar, sem eru stærstu viðskiptavinir fiskmarkaða hér á landi. Það er skoðun okkar í Frjálslynda flokknum að málið sé þess eðlis að það þurfi að skoða það miklu betur, það þurfi miklu meiri og vandaðri umfjöllun í sjávarútvegsnefnd áður en það getur orðið að lögum. Vaknað hafa það alvarlegar spurningar varðandi þessa lagasetningu. Ég vil því nota tækifærið til að mælast til að málið verði tekið til mjög vandaðrar umfjöllunar í sjávarútvegsnefnd milli 2. og 3. umr. Við í Frjálslynda flokknum munum sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[13:41]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að samræma alþjóðasamninga sem Ísland á aðild að. Við sendum erindi til Samtaka fiskvinnslustöðva, Landssambands smábátaeigenda, LÍÚ og Samtaka uppboðsmarkaða og jafnframt til Samtaka fiskvinnslu án útgerðar. Þessir fjórir fyrstnefndu eru allir sammála um að þetta sé mjög eðlilegt frumvarp og Samtök uppboðsmarkaða segja að þau geri enga athugasemd. Þetta er gagnkvæmt. Þeir hafa getað stofnað markaði erlendis, þeir eru með viðskiptasambönd þar og eru að selja fisk á erlendum mörkuðum. Það er því mjög jákvætt að ljúka þessu máli. Ég segi já.

1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MF, RG, SAÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla heimilar erlendum aðilum að gerast þátttakendur í íslenskum uppboðsmörkuðum. Í ljós hefur komið að mikið skortir á að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir um áhrif þess arna á íslenska uppboðsmarkaði og stöðu þeirra.

Á fundi sem var haldinn rétt áðan með Samtökum fiskvinnslu án útgerðar komu fram veigamiklar athugasemdir við frumvarpið og hversu skortir á að reglur og jafnvel lög um fiskmarkaði séu fullnægjandi til að tryggja í rauninni hlutafélag. Í ljósi þessa, herra forseti, skora ég á Alþingi og hv. formann sjávarútvegsnefndar að kalla málið aftur inn og endurskoða það áður en við afgreiðum það. Þingmaðurinn hefur greitt atkvæði og hann situr hjá.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SAÞ, SF, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjG, BBj, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GÓJ, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HHj, ISG, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK,

JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS.

2 þm. (KJúl, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SAÞ, SF, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 382. mál (ráðstöfun fjár). — Þskj. 442, nál. 834 og 857.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:45]

Jón Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér á að fara að greiða atkvæði um frumvarp til laga um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Frumvarpið gengur út á það að 660 millj. af fjármunum sem nú eru í Verkefnasjóði sjávarútvegsins og áttu að ganga til hafrannsókna á samkeppnisgrunni eru gerðar upptækar í ríkissjóð.

Frumvarpið gengur út á það að út úr verkefnasjóðnum renni 660 millj. kr. beint í ríkissjóð og því fylgir góður vilji um að þeir fjármunir gangi til Hafrannsóknastofnunar til rannsókna. Á sínum tíma þegar ákveðið var að leggja niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins var ákveðið að fjármunir þróunarsjóðsins gengju inn í verkefnasjóð. Það var samdóma álit þeirra sem um málið fjölluðu að rétt væri að fjármunir þróunarsjóðsins mundu nýtast til viðbótarrannsókna á sviði sjávar og sjávarlíffræði. Það var ekki hugmynd manna að þeir fjármunir, sem útgerðin sjálf hafði greitt inn í þróunarsjóðinn og fiskvinnslan á 11 ára tímabili, 6 milljarðar kr., færu í að reka Hafrannsóknastofnun til grunnrannsókna.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur heykst á því að ná í nægilega fjármuni til rannsókna hjá Hafrannsóknastofnun af fjárlögum. Þess í stað er nú seilst í fjármuni verkefnasjóðsins og ákveðið að láta þá renna í ríkissjóð til að standa undir nauðsynlegum rannsóknum Hafrannsóknastofnunar sem enginn efast um að þurfi að ráðast í. Í stað þess að verið sé að bæta við til rannsókna eins og áður hafði verið talið er verið að taka þessa fjármuni og setja þá í venjulegar grunnrannsóknir. Þetta gerir ríkisstjórnin undir því yfirskini að verið sé að auka fjármuni til rannsókna. Það er alrangt. Með þessu er verið að minnka fjármuni til hafrannsókna um 660 millj. kr. Því segjum við þingmenn Samfylkingarinnar nei.

[13:47]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp felur í rauninni í sér tvennt: Annars vegar er verið að auka með varanlegum hætti framlög til Hafrannsóknastofnunar um 100 millj. kr. frá og með næsta ári. Þar með hefur ríkisframlagið til Hafrannsóknastofnunar verið aukið um 10%. Þetta eru veruleg skref í þá átt að styrkja fjárhagslegar stoðir Hafrannsóknastofnunar og gera henni kleift að vinna að þeim fjölmörgu nauðsynlegu verkefnum sem hún þarf að vinna. Jafnframt þessu er verið að opna leiðir á það að hægt sé að stunda hafrannsóknir utan Hafrannsóknastofnunar, opna leiðir fyrir þá fjölmörgu vísindamenn okkar sem hafa áhuga á því að stunda þessar rannsóknir, enda kemur það glögglega fram í athugasemdum þeim og umsögnum sem sjávarútvegsnefnd hafa borist að það er mikill áhugi á þessu máli. Það er mjög mikil jákvæðni gagnvart þessu máli hjá flestum aðilum nema vitaskuld þeim sem alltaf eru neikvæðir, stjórnarandstöðunni á Alþingi.

1. gr. samþ. með 24:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, BÁ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: ÁÓÁ, ÁRJ, BjG, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÁ, SigurjÞ, VF.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AKG, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SAÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 25:13 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÓJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÁ, SigurjÞ, VF.

5 þm. (BjG, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (AKG, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHH, GÞÞ, GÖg, GÖrl, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SAÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Ríkisútvarpið hf., 2. umr.

Stjfrv., 401. mál (heildarlög). — Þskj. 517, nál. 1037 og 1117, brtt. 1038.

[13:49]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og áður en ég kem að nefndarálitinu vil ég leyfa mér að segja, vegna þeirra orða sem hafa verið látin falla í fjölmiðlum, m.a. af hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að ég tel að málið hafi fengið vandaða og mikla umræðu í nefndinni og því fer fjarri að það hafi verið rifið þaðan út. Ég leyfi mér að mótmæla öllum slíkum áburði sem fram hefur komið. Ég tel að málið hafi verið vel rætt og útrætt. Til marks um það vil ég benda á að málinu var vísað til hv. menntamálanefndar þann 24. janúar 2006 og hefur nefndin því verið með málið á sinni könnu og til

meðferðar í u.þ.b. tvo mánuði. Á þeim tíma hafa verið kallaðir á fund nefndarinnar á fjórða tug gesta sem sumir hafa komið í tvígang eða jafnvel í þrígang. Það má segja að öll sjónarmið hafi heyrst innan nefndarinnar og að öllum þeim steinum sem á vegi okkar urðu við meðferð málsins hafi verið velt við.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Sigurbjörn Magnússon hrl., Jón Sveinsson hrl., Pál Magnússon útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, Björgu Evu Erlendsdóttur og Þórdísi Arnljótsdóttur frá Félagi fréttamanna Ríkisútvarpsins, G. Pétur Matthíasson fréttamann, Jóhönnu Margréti Einarsdóttur og Jórunni Sigurðardóttur frá Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins, Gunnar Magnússon, Sigrúnu Elíasdóttur og Ólöfu Svavarsdóttur frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins, Bergljótu Baldursdóttur frá Útgarði, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Halldóru Friðjónsdóttur og Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins, Davíð Þorláksson frá Viðskiptaráði, Árna Pál Árnason hdl., Gísla Tryggvason frá Talsmanni neytenda, Magnús Ragnarsson frá Skjá einum, Ara Edwald og Dóru Sif Tynes frá 365 ljósvakamiðlum, Margréti Sverrisdóttur og Þorgrím Gestsson frá Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins, Arnþrúði Karlsdóttur og Pétur Gunnlaugsson frá Útvarpi Sögu, Sigurjón Högnason frá embætti ríkisskattstjóra, Guðberg Davíðsson frá Félagi kvikmyndagerðarmanna, Hjálmtý Heiðdal og Kristínu Atladóttur frá Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Þröst Ólafsson framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Hrafnkel Orra Egilsson og Sigurð Bjarka Gunnarsson frá Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Af því að þess var getið í frammíkalli frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og spurt að því hvort fyrir nefndina hefðu komið fulltrúar frá Evrópuráðinu þá er rétt að geta þess að svo er ekki. Nefndin eða formaður nefndarinnar lagði sig fram við að fá lögfræðinga til að koma fyrir nefndina til að fara yfir tilmæli Evrópuráðsins um útvarp í almannaþjónustu. Það tókst ekki en boðið var upp á það að einn af okkar helstu sérfræðingum í þessum fræðum, Páll Þórhallsson, kæmi fyrir nefndina til að fara yfir þessi tilmæli. Á það var ekki fallist í upphafi en síðan þegar á reyndi var sá ágæti lögfræðingur erlendis þannig að ekki reyndust tök á því að fá hann fyrir nefndina til að fara yfir tilmæli Evrópuráðsins. En úr því að þau eru nefnd vil ég taka fram að þó svo að þessi tilmæli séu ágæt til síns brúks þá vil ég benda hv. þingmanni á að það er Alþingi Íslendinga sem fer með löggjafarvaldið, það erum við sem setjum reglur og lög, m.a. um Ríkisútvarpið. Tilmæli Evrópuráðsins eru ágæt en þau eru ekki bindandi fyrir Ísland. (**Gripið fram í:** Ertu þá ekki að tala um vatnalögin?) Þetta leiddi til þeirrar niðurstöðu að það var ekki talið mjög nauðsynlegt við meðferð málsins að fara sérstaklega yfir þessar reglur eða kalla eftir áliti frá Evrópuráðinu varðandi málið með hliðsjón af tilmælum Evrópuráðsins í þessu efni. Mér finnst rétt að þetta komi fram vegna frammíkalls frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni.

Herra forseti. Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og að hlutafélag verði stofnað um rekstur hennar, en það felur í sér breytingu frá stjórnarfrumvarpi sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi. Með frumvarpinu hefur verið tekið tillit til athugasemda erlendra eftirlitsstofnana vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum, en þær lúta fyrst og fremst að breytingum á skilgreiningu á hugtakinu „útvarpsþjónusta í almannaþágu", sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins, eins og ég mun koma að á eftir.

Við meðferð málsins innan nefndarinnar komu fram athugasemdir sem vörðuðu mikilvægi þess að bæta inn í frumvarpið ákvæði sem hefði það að markmiði að tryggja sjálfstæði ritstjórna fjölmiðla í störfum sínum. Eins og kunnugt er vinnur nefnd á vegum menntamálaráðherra um þessar mundir að samningu frumvarps til laga um fjölmiðla. Samkvæmt upplýsingum sem nefndinni bárust frá ráðuneytinu við vinnslu þessa máls mun það frumvarp kveða á um almennar reglur um starfsemi fjölmiðla, þar með talið um starfsemi Ríkisútvarpsins. Var nefndin upplýst um það á fundi nefndarinnar að í því frumvarpi yrði að finna almennar reglur sem tryggja ættu sjálfstæði ritstjórna ljósvaka- og prentmiðla og tillögur að slíkum reglum voru kynntar nefndarmönnum. Í ljósi þessara upplýsinga og þar sem fyrirhugað frumvarp mun mæla fyrir um almennar reglur um starfsemi fjölmiðla, m.a. um sjálfstæði ritstjórna ljósvaka- og prentmiðla, telur meiri hluti nefndarinnar ekki tilefni til að setja slík ákvæði inn í sérlög um Ríkisútvarpið hf., sem kveður fyrst og fremst á um breytt rekstrarform og breytta fjármögnun á Ríkisútvarpinu.

Á fundum nefndarinnar komu fram ýmsar upplýsingar varðandi núverandi rekstur Ríkisútvarpsins, svo og þær breytingar sem hið nýja frumvarp mun hafa í för með sér. Varðandi virðisaukaskattskil Ríkisútvarpsins hf. kom m.a. fram að við skoðun á talnalegum gögnum um virðisaukaskattskil Ríkisútvarpsins undanfarin ár yrði ekki annað séð en að tekjur af virðisaukaskattskyldri sölu Ríkisútvarpsins hf., annarri en afnotagjöldum, yrðu hærri en aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar. Þetta þýðir að útskattur hefur verið hærri en innskattur, jafnvel þó að útskattur vegna afnotagjalda hafi ekki verið tekinn með í reikninginn. Ekki verður séð að breytt fjármögnun úr afnotagjöldum yfir í nefskatt breyti neinu í þessu efni. Virðisaukaskattur vegna afnotagjalda Ríkisútvarpsins hefur verið um 350 millj. kr. Á síðasta ári var útskattur af annarri sölu en afnotagjöldum 243,7 millj. kr. á ári en heildarinnskattur 199,8 millj. kr. Það þýðir að skil Ríkisútvarpsins hf. á virðisaukaskatti eftir breytingu (þ.e. án afnotagjalda) verða að jafnaði 43,9 millj. kr. Undanfarin þrjú ár hefur virðisaukaskattskyld velta að frátöldum afnotagjöldum numið 18–20% hærri fjárhæð en nemur þeim kostnaði er innskattur hefur verið reiknaður af. Að mati meiri hluta nefndarinnar er því ljóst að miðað við núverandi stöðu á Ríkisútvarpið hf. rétt á skráningu á grunnskrá virðisaukaskatts, á grundvelli 5. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988. Til þess að álitamál vakni upp á næstu árum um hvort Ríkisútvarpið hf. uppfylli áfram skilyrði skráningar á virðisaukaskattsskrá þarf, samkvæmt fyrirliggjandi talnalegum upplýsingum, umtalsverða lækkun tekna af auglýsingum og sölu eða leigu á vörum

sem tengjast dagskrárefni (þ.e. lægri útskatt), og/eða umtalsverða hækkun á kostnaði vegna aðfanga sem bera virðisaukaskatt (þ.e. aukinn innskatt). Ríkisútvarpið hf. mun því hafa nokkurt svigrúm til breytinga í rekstri (t.d. aukinna innkaupa eða lækkunar auglýsingatekna) án þess að það hafi áhrif á rétt hlutafélagsins til skráningar á grunnskrá virðisaukaskatts. Móttaka skattfjár til að standa undir útvarpi í almannaþjónustu skv. 3. gr. frumvarpsins, ásamt tekjum af annarri virðisaukaskattskyldri starfsemi sbr. 4. og 5. gr. frumvarpsins, hefur ekki í för með sér að litið verði svo á að Ríkisútvarpið hf. sé í blandaðri starfsemi í skilningi laga um virðisaukaskatt. Útvarpsþjónusta fellur undir skattskyldusvið virðisaukaskatts eins og sviðið er afmarkað í 2. gr. laga nr. 50/1988. Móttaka skattfjár felur ekki í sér blöndun starfsemi og hefur þar af leiðandi ekki í för með sér takmörkun á innskattsrétti.

Við töldum rétt í meiri hlutanum að taka þetta sérstaklega fram vegna þeirra athugasemda sem bárust nefndinni frá ríkisskattstjóra og leiddu af flötum sem fram komu í kostnaðarumsögn með frumvarpinu.

Virðulegi forseti. Eins og áður segir var með framlagningu frumvarps þessa tekið tillit til athugasemda erlendra eftirlitsstofnana vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum, sem færðar voru fram í tengslum við það stjórnarfrumvarp sem lagt var fram um Ríkisútvarpið sf. á síðasta löggjafarþingi. Við meðferð frumvarpsins var upplýst að fulltrúar menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins hefðu átt fund og verið í bréfaskiptum við Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Þau samskipti hafa leitt til þeirrar niðurstöðu að meiri hlutinn telur æskilegt að gera breytingar á 3., 4. og 7. gr. frumvarpsins. Breytingarnar leiða til þess að inntak hugtaksins „útvarpsþjónusta í almannaþágu", sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins, verður þrengt, þar sem lagt er til að þeir þættir sem nefndir eru í 13. og 14. tölul. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins teljist til annarrar starfsemi félagsins samkvæmt 4. gr., en ekki til „útvarpsþjónustu í almannaþágu" eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Verði breytingin samþykkt felur hún það í sér í framkvæmd að félaginu verður skylt að halda fjárreiðum vegna þeirra töluliða sem að ofan eru greindir, þ.e. 13. og 14. tölulið, og ekki teldust lengur til „útvarpsþjónustu í almannaþágu" samkvæmt 3. gr. frumvarpsins, aðskildum frá fjárreiðum rekstrar sem fellur undir 3. gr. þess. Samkvæmt því verður félaginu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri sem telst til útvarpsþjónustu í almannaþágu til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi, þar á meðal starfsemi sem teldist vera í samkeppnisrekstri.

Í 7. gr. frumvarpsins, herra forseti, er fjallað um samvinnu um dagskrárgerð o.fl. og hefur Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, gert athugasemdir við 2. mgr. ákvæðisins sem heimilar félaginu að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar. Telur stofnunin að fella eigi umrætt ákvæði inn í 4. gr. frumvarpsins um aðra starfsemi félagsins. Af hálfu menntamálaráðuneytisins hefur verið bent á að allt eins megi fella út 7. gr. frumvarpsins, en auk 2. mgr. kveður 1. mgr. á um að félagið skuli kosta kapps um að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar. Engin laganauðsyn sé að hafa slíkt ákvæði, en félagið verði að gæta þess í framkvæmd að öll sú starfsemi sem fellur fyrir utan almannaþjónustuhlutverk félagsins, verði að vera aðskilin í bókhaldi og reikningsskilum félagsins frá almannaþjónustuhlutverkinu. Meiri hlutinn leggur því til að 7. gr. frumvarpsins falli brott.

Að teknu tilliti til umsagna og annarra athugasemda leggur meiri hlutinn til eftirfarandi breytingar:

1. Að ákvæði 13. og 14. tölul. 3. gr. falli brott.

2. Lagðar eru til breytingar á 4. gr. Í fyrsta lagi að við 4. gr. bætist 2. mgr. svohljóðandi: „Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að miðla áður framleiddu efni í eigu félagsins, svo sem rituðu máli, hljómplötum, hljóðsnældum, geisladiskum, myndböndum og margmiðlunarefni." Í öðru lagi að við 4. gr. bætist 3. mgr. svohljóðandi: „Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að sjá til þess að frumflutt dagskrárefni félagsins verði varðveitt til frambúðar. Er félaginu enn fremur heimilt að hafa til útláns, sölu og dreifingar valið dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt."

3. Lögð er til sú breyting að 7. gr. falli brott.

4. Lagt er til að 2. mgr. 14. gr. verði svohljóðandi: „Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, frá og með 1. júlí 2006, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum: 12., 13., 14. og 16. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2008, og 15., 17. og 18. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2011. Heiti þeirra laga verður: Lög um útvarpsgjald og innheimtu þess. Skulu lögin gefin út svo breytt með nýjum greinanúmerum."

Þær breytingar sem felast í 1.–3. tölul. eru tilkomnar vegna athugasemda sem fram komu í umsögnum og öðrum gögnum sem bárust á meðan frumvarpið var til meðferðar hjá þinginu. Hvað breytinguna í 4. tölulið varðar þá er talið nauðsynlegt að fella ekki lög nr. 122/2000 úr gildi samhliða því að frumvarp þetta verður að lögum þar sem tíma þarf til að stofna hlutafélagið formlega og annast skráningu þess hjá hlutafélagaskrá. Af þeim sökum er lagt til að í nokkra mánuði, þ.e. frá gildistöku hinna nýju laga til 1. júlí nk., gildi lög nr. 122/2000 og lög um Ríkisútvarpið hf. um starfsemi stofnunarinnar.

Mig langar að lokum, herra forseti, áður en ég lýk þessari yfirferð minni yfir málið til að víkja aðeins að einu atriði sem hefur verið til umfjöllunar og var til umfjöllunar í nefndinni og hefur sömuleiðis verið til umfjöllunar á hinu háa Alþingi en það eru athugasemdir sem fram hafa komið vegna eiginfjárstöðu RÚV. Hv. þingmenn, þar á meðal hv. þm. Einar Már Sigurðarson, hafa gagnrýnt þetta frumvarp á þeim forsendum að ekki liggi fyrir hvert eiginfjárhlutfall hins nýja félags eigi að vera þegar það tekur til starfa.

Þessari athugasemd er þannig til að svara að ég veit ekki til þess, og hv. þingmaður getur þá leiðrétt mig ef hann telur að ég fari rangt með, að fordæmi séu til fyrir því að um það sé fjallað í lögum hvert eigi að vera eiginfjárhlutfall fyrirtækja þegar þau eru sett á laggirnar. Heimildir fyrir fjárfestingum í formi hlutafjár eru sóttar í fjárlög eða fjáraukalög eins og ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður, sem er reyndur fjárlaganefndarmaður, viti og það hefur verið geng-

ið út frá því að svo verði einnig í þessu tilviki.

Það er hefðbundið í tengslum við yfirfærslu af þessu tagi að geta þess að eignir og skuldir færist til nýs félags. Með því er vísað til þeirra eigna og skulda sem tengjast þeim rekstri sem um er fjallað hverju sinni og svo er einnig í þessu tilviki. Meginatriðið er að fyrir liggi upplýsingar um eignir og skuldir þegar yfirfærslan á sér stað og það mun að sjálfsögðu verða gert í þessu tilviki.

Telji eigandi félagsins, þ.e. ríkissjóður, að eiginfjárhlutfall sé ekki ásættanlegt við stofnun félagsins þá er eðlilegt að hann grípi til aðgerða til að styrkja félagið. Ef niðurstaða eigandans verður sú að eiginfjárhlutfall fyrirtækisins er minna en ásættanlegt er talið þá er eðlilegt að hann taki ákvörðun um að styrkja það, t.d. með hlutafjáraukningu, enda verður hlutafélag ekki stofnað með neikvæðri eiginfjárstöðu. Ég hygg að hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. fjármálaráðherra geti staðfest það að við sem stöndum að þessu frumvarpi höfum ekki ætlað okkur að hleypa þessu nýja félagi af stokkunum með neikvæða eiginfjárstöðu. En eins og ég nefndi áðan verður ekki gripið til slíkrar ráðstöfunar nema með því að sækja heimildir til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Ég taldi rétt að þetta atriði kæmi fram í yfirferð um málið vegna þess að nokkrir hv. þingmenn, þar á meðal hv. þm. Einar Már Sigurðarson, hafa gert þetta atriði að umfjöllunarefni við meðferð málsins.

Herra forseti. Að þessum orðum sögðum legg ég til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir og gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Auk mín rita undir þetta álit hv. þingmenn Sigurrós Þorgrímsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að um málið verði greidd atkvæði og því vísað til 3. umr.

[14:11]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Það vekur athygli þegar litið er á þetta frumvarp að í 1. gr. þess er kveðið á um að Ríkisútvarpið verði hlutafélag. Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Ríkisútvarpið hafi það hlutverk að reka hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu. Nú fer þetta ekki vel saman, útvarpsrekstur í almannaþágu og það að vera hlutafélag, m.a. vegna þeirrar leyndar sem hlutafélagalögin gera ráð fyrir um starfsemi og rekstur félagsins. Hún er andstæð því hlutverki að reka útvarpsþjónustu í almannaþágu. Hugmynd hefur verið á kreiki um að bæta úr þessum ágalla með því að láta upplýsingalög gilda um Ríkisútvarpið hf. Ég spyr hv. formann menntamálanefndar og framsögumann meiri hluta þeirrar nefndar: Af hverju er þeirri hugmynd hafnað af meiri hlutanum og ráðherranum?

[14:12]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að á þessu atriði verði tekið í lögum sem eru hér til meðferðar um opinber hlutafélög. Ég hlýt þó að mótmæla því að hlutafélagaform á Ríkisútvarpinu henti ekki vegna útvarpsþjónustu í almannaþágu. Ég get ekki séð að hlutafélagaformið henti eitthvað verr en t.d. sjálfseignarstofnunarformið til að standa í slíkum rekstri.

Ég leyfi mér síðan líka að efast um að það muni hvíla einhver sérstök leynd yfir starfsemi Ríkisútvarpsins. Ég veit ekki betur en að gert sé ráð fyrir að haldnir verði aðalfundir í þessu félagi, að þetta félag muni hafa stjórn sem hafi eftirlit með starfsemi félagsins og að Alþingi geti eftir sem áður fylgst með starfsemi þess. Síðan gerum við auðvitað ráð fyrir að ríkisendurskoðandi muni ekki einungis endurskoða reikninga félagsins (Forseti hringir.) heldur líka hafa eftirlit með því að þeim fjármunum sem til þess renna (Forseti hringir.) með nefskatti verði varið með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir.

(Forseti (BÁ)**:** Forseti vill minna hv. þingmenn á að fara ekki fram yfir þann ræðutíma sem gefinn er í þessari umræðu.)

[14:14]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Það frumvarp sem hv. þingmaður minnist hér á er á leiðinni út úr nefnd án nokkurra breytinga af hálfu nefndarinnar. Það heitir að forminu til frumvarp um opinber hlutafélög eða gerir ráð fyrir að til séu opinber hlutafélög. Sú breyting sem helst verður gerð er sú að fjölmiðlum er heimilt að senda blaðamann á aðalfund slíks félags, til að hlusta á hvað? Til að hlusta á skýrslugerð embættismanna félagsins við hluthafann sem er einn, sem er ráðherrann. Það er allt sem í því felst og ekki hefur verið litið til þeirra ákvæða sem lögð eru til í frumvarpi sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flutti með öðrum um þessi opinberu hlutafélög. Það er því ljóst að frumvarp þetta bætir ekki úr því sem hér er sagt. Munurinn á Ríkisútvarpinu núna og Ríkisútvarpinu hf. að þessu leyti er sá að upplýsingalög gilda um Ríkisútvarpið núna en gilda ekki um Ríkisútvarpið hf. Og ég spyr aftur: Hvers vegna mega þau ekki gera það?

[14:15]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég kom að í fyrra andsvari mínu tel ég að um starfsemi Ríkisútvarpsins muni ekki fara sú leynd sem hv. þingmaður óttast svo mjög. Hann spyr hvers vegna upplýsingalög eigi ekki að gilda um þetta tiltekna hlutafélag. Því er til að svara að ég er einfaldlega þeirrar skoðunar að það eigi ekki að setja neinar slíkar sérreglur um þetta hlutafélag umfram önnur hlutafélög. Það höfum við ekki gert þegar ríkisstofnanir hafa verið hlutafélagavæddar fram til þessa. Að mínu mati gildir það sama um þetta hlutafélag og önnur.

Það eru sömu prinsippin sem gilda í þessu og í skattamálunum. Menn hafa rætt um hvort þetta hlutafélag eigi að hafa einhverja sérstaka stöðu í virðisaukaskattslögunum umfram önnur hlutafélög. Ég er einfaldlega á móti slíkum sértækum aðgerðum og tel að almennar reglur eigi að gilda (Forseti hringir.) um þetta hlutafélag eins og öll önnur.

[14:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er verið að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Ég er algerlega á móti því. Reynslan sýnir að hlutafélagavæðing er yfirleitt undanfari einkavæðingar að öllu eða að hluta. Ungliðadeildir Sjálfstæðisflokksins hafa árum saman samþykkt ályktanir þar sem lýst er vilja til að selja Ríkisútvarpið. Bæði Heimdallur og Samband ungra sjálfstæðismanna. Þetta hefur verið ítrekað á síðustu árum.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur flutt tillögu á þinginu um að selja Ríkisútvarpið. Mig langar að spyrja hv. formann menntamálanefndar hvort hann sé enn þeirrar skoðunar að stefna beri að því að selja Ríkisútvarpið.

[14:17]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nú svo sem ekki von á frumlegri spurningu frá hv. þingmanni varðandi þetta mál. Hann hefur spurt mig þessarar spurningar margoft. Skoðanir mínar á ríkisrekstri og fjölmiðlum hafa ekkert breyst. Ég hef reynt að afla skoðunum mínum fylgis í þingsölum en hv. þingmaður hefur ekki haft neinn áhuga á að styðja slíkar hugmyndir. Það liggur því fyrir að enginn pólitískur vilji er til þess að einkavæða Ríkisútvarpið. Þegar það liggur fyrir hlýtur maður að spyrja: Hver eru þá réttu skrefin að taka í þessu máli?

Ég tel að við þurfum að breyta rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins og ég tel að hlutafélagaformið sé það form sem heppilegast sé til rekstrar á þessum fjölmiðli.

[14:18]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður þorði ekki að gangast við sínum eigin skoðunum. Hann kom hingað í ræðustól eins og gamall landhelgisbrjótur sem breiðir yfir nafn og númer. Hann þorði ekki að gangast við því sem hann hefur áður sagt í þessum sölum, að selja eigi Ríkisútvarpið. Það finnst mér ekki boða gott fyrir framtíð þessa unga þingmanns, að minnsta kosti í þessu máli.

Það voru tveir möguleikar uppi. Annar var sá að gera þetta að hlutafélagi eða að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri í ljósi úrskurðarins sem kom frá ESA.

Þessi leið var farin. Hvers vegna? Annað frumvarp liggur hér fyrir þar sem á að gera hlutafélag úr ríkisstofnun og þar er skýrt nákvæmlega af hverju ekki var farin leið sjálfseignarstofnunar. Niðurstaða athugunarinnar var sú að það yrði auðveldara fá fleiri aðila til að taka þátt í hlutafélagi og til að auka hlutafé. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Um þetta snýst málið, (Forseti hringir.) að selja part úr Ríkisútvarpinu og að lokum að öllu leyti. Það er stefna þessa (Forseti hringir.) hv. þingmanns þó hann þori ekki að kannast við það núna.

[14:19]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að mótmæla því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir, að ég þori ekki að gangast (Gripið fram í.) við mínum fyrri skoðunum og kallar mig ungan þingmann. Því er þá til að svara að hv. þingmaður, sem er kominn heldur betur lengur (Gripið fram í.) á aldur en ég, virðist vera farinn að missa heyrnina vegna þess að ég sagði í andsvari mínu, hv. þingmaður, að skoðanir mínar á ríkisrekstri og fjölmiðlum hefðu ekkert breyst. (**Gripið fram í:** Þú þorir ekki að ...)

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, og leyfi mér að hafa þá skoðun, að ef pólitískur meiri hluti er fyrir því að reka ríkisútvarp, þá geri ég þá kröfu að það sé gert með skynsamlegum hætti og það er skynsamlegra, hv. þingmaður, að reka Ríkisútvarpið á hlutafélagaformi en á sjálfseignarstofnunarformi eins og hv. þingmaður vill gera. 99% af öllum þeim sem fara út í einhvern rekstur velja hlutafélagarekstrinn (Forseti hringir.) en ekki sjálfseignarstofnunarrekstrinn (Forseti hringir.) eins og hv. þingmaður leggur til, enda virðist hann ekki hafa hundsvit á (Forseti hringir.) fyrirtækjarekstri.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti minnir hv. þingmenn á að gæta orða sinna í þessari umræðu og halda sig innan tímamarka.)

[14:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar Alþingis, segir að hag Ríkisútvarpsins verði betur borgið sem hlutafélags en sem ríkisstofnunar og þá væntanlega fjárhagslega.

Mun hann stuðla að því og veita því brautargengi að Ríkisútvarpið fái meira fjármagn frá almenningi í landinu með nefskatti en það hefur fengið með afnotagjöldum til þessa? Mun hann styðja slíkt?

Í öðru lagi verður að segjast að margt af því sem hv. þingmaður sagði og lýtur að stjórnsýslu Ríkisútvarpsins fær hreinlega ekki staðist.

En hitt verður að leiðrétta, þ.e. að þetta frumvarp var rifið út ófullburða. Á því máli er yfirgnæfandi meiri hluti starfsmanna Ríkisútvarpsins sem kom saman til fundar í hádeginu (Forseti hringir.) og sögðu að í frumvarpinu væru opin (Forseti hringir.) ákvæði, það væri óútfyllt ávísun til frambúðar.

[14:22]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka eitt fram út af því sem hér kom síðast fram í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar varðandi réttindi starfsmanna. Ég tel að þau séu tryggð að fullu og það sem meira er, við erum að ganga lengra núna í að tryggja réttindi starfsmanna ríkisstofnunar sem breytt er í hlutafélag en áður hefur verið gert.

Hv. þingmaður veit það. Ég veit að hann þekkir þessi ákvæði og hann veit að með frumvarpinu er gengið lengra í þá átt að vernda réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins.

Ég leyfi mér að mótmæla því enn og aftur að frumvarpið hafi verið rifið úr menntamálanefnd. Frumvarpið var til meðferðar í nefndinni í rúma tvo mánuði. Það komu upp undir 40 gestir á fundi nefndarinnar. Sumir oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og jafnvel (Forseti hringir.) þrisvar

sinnum. Málið fékk alla þá umfjöllun (Forseti hringir.) sem það átti skilið.

[14:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst svaraði hv. þingmaður ekki spurningu minni. Ég var að spyrja um skattheimtur og tekjur Ríkisútvarpsins í núverandi formi og með tilliti til þeirra breytinga sem nú standa fyrir dyrum. Ég óska eftir svörum við því.

Hv. þingmaður segir að réttindi starfsmanna séu betur tryggð í þessu frumvarpi en í öðrum sambærilegum frumvörpum. Ég vil staðnæmast við eitt atriði. Ég vil staðnæmast við biðlaunarétt. Hann er skertur. Hann er t.d., svo ég taki ákveðið dæmi máli mínu til stuðnings, lakari en biðlaunaréttur starfsmanna í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Hann er lakari og ég óska eftir skýringum á þessu. Hvað veldur því?

[14:24]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér enn og aftur að neita því sem hér kemur fram hjá hv. þingmanni, sem einnig er formaður BSRB, um það að réttarstaða starfsmanna sé lakari í þessu frumvarpi en annars staðar. Ég bendi hv. þingmanni t.d. á að starfsmenn innheimtudeildar njóta ríkari réttar en áður hefur, hygg ég, þekkst (**Gripið fram í:** Þetta er rangt ...) við þessar aðstæður.

Hv. þingmaður spyr mig síðan hvort ég muni tryggja meira fjármagn til þessarar stofnunar eða til hins nýja félags, og þá geri ég ráð fyrir með því að nefskatturinn verði hækkaður. Við skulum bara sjá til. Ég mun taka afstöðu til þess þegar tillögur um slíkt koma fram. Þær eru ekki komnar fram. (Gripið fram í.) Ég styð fjármögnun Ríkisútvarpsins eins og hún er lögð til í frumvarpi þessu (Forseti hringir.) og eins og nefndarálitið gengur út á.

[14:25]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt er að mótmæla því harðlega sem kom fram í ræðu hv. þingmanns að vinnubrögð í nefndinni hefðu verið vönduð og mikil umræða. Þetta er alrangt og það er ekki að ástæðulausu sem hv. þingmaður í lok ræðu sinnar reyndi að klóra í bakkann varðandi eiginfjárstöðu Ríkisútvarpsins hf. ef það verður að lögum. Vegna þess að það liggur alveg ljóst fyrir í þeim gögnum sem fram hafa komið í nefndinni, í frumvarpinu sjálfu og í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að eiginfjárhlutfall hlutafélagsins er neikvætt ef engar breytingar verða gerðar.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að eðlilegt er að sækja fjármagn til slíkra hluta í fjárlög. En það vekur sérstaka athygli að í frumvarpinu sem hv. þingmaður er að leggja til að verði samþykkt, þá verður það samþykkt að lagðar verði til 5 millj. kr. til hlutafélagsins. Það liggur ljóst fyrir miðað við umsagnirnar að slík upphæð mun að sjálfsögðu þýða að eiginfjárhlutfallið verður neikvætt. (Forseti hringir.) Hv. þingmaður segir hins vegar (Forseti hringir.) að svo verði ekki. Það er rétt að hann færi þá rök fyrir því hvernig á að tryggja (Forseti hringir.) það.

[14:27]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fá útlistanir á því frá hv. þingmanni hvað það var sem var að í meðferð nefndarinnar. Það voru allir eða vel flestir þeirra sem vettlingi gátu valdið kallaðir fyrir nefndina og við funduðum um málið held ég í átta eða níu skipti og gáfum okkur eina tvo mánuði til að hafa málið til meðferðar.

Varðandi eiginfjárhlutfallið og þau sjónarmið sem komið hafa fram hjá hv. þingmanni hygg ég að ég hafi farið ágætlega yfir sjónarmið mín um það. Hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. fjármálaráðherra geta staðfest það að menn ætla sér ekki að hleypa þessu félagi af stokkunum þannig að það verði gjaldþrota. Verið er að meta eignir og kanna með hvaða hætti þessari eiginfjárstöðu verður hagað. Það verður náttúrulega gripið til aðgerða í samræmi við það.

En það (Forseti hringir.) verður ekki gert nema á fjárlögum eða fjáraukalögum eins (Forseti hringir.) og hv. þingmaður veit.

[14:28]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður staðfestir í ræðu sinni að ekki hafi verið nægjanlega vönduð vinnubrögð í nefndinni. Það er náttúrulega algerlega ótækt að afgreiða mál úr nefnd á þennan hátt, þ.e. þegar liggur ekki einu sinni fyrir hverjar eignir Ríkisútvarpsins eru. Það komu gestir. Það er rétt hjá hv. þingmanni. Við höfum fengið marga gesti. Við höfum hlustað á marga gesti. Þeir hafa sagt margt fróðlegt en því miður virðist meiri hluti nefndarinnar ekki hafa hlýtt nægilega vel á þessa gesti.

Það kom m.a. fram hjá gesti úr menntamálaráðuneytinu að það væri núna verið að fara yfir eigur Ríkisútvarpsins. Það væri verið að velta fyrir sér möguleikunum á því hvernig menn tryggðu rétt eiginfjárhlutans. Þetta eru auðvitað vinnubrögð sem ekki eru boðleg, að við fáum inn í þingsal og eigum að afgreiða hér mál þegar jafnmikilvægar upplýsingar eins og þessar liggja ekki fyrir. Það liggur sem sagt ekki fyrir hverjar eignir Ríkisútvarpsins eru eða hvernig staðið verður að því að tryggja að eiginfjárhlutfallið verði ekki neikvætt? Enda verður það vonandi ekki fyrsta verk nýrrar stjórnar í þessu væntanlega hlutafélagi að tilkynna að (Forseti hringir.) að félagið sé gjaldþrota.

[14:29]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom að því í ræðu minni að ég teldi að engin fordæmi væru fyrir því að um það sé fjallað í lögum hvert eiginfjárhlutfall fyrirtækja eigi að vera þegar þau eru sett á laggirnar. Ég hlakka til að hv. þingmaður komi inn á það atriði í ræðu sinni og geti bent mér á það ef slík yfirlýsing frá mér er röng.

Auðvitað gildir annað þegar verið er að einkavæða fyrir-

tæki. Þá liggur þetta allt saman fyrir þegar verið er að selja fyrirtæki en ekki þegar er verið að breyta um rekstrarform. Hv. þingmaður má því ekki bera saman epli og appelsínur í þessu sambandi.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að verið er að endurmeta eiginfjárstöðu þessa félags. Hún verður trygg þegar það verður sett á laggirnar. Hv. þingmaður þarf ekki að óttast neitt um það. Enda er það ekki ætlun meiri stjórnarmeirihlutans (Forseti hringir.) að fara af stað með þetta fyrirtæki í gjaldþrot.

[14:30]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason):

Forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. og les það hér með, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er ekki skapaður til frambúðar sá *starfsrammi* sem Ríkisútvarpinu hæfir og þar með ekki sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur. Með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag væri stigið varhugavert skref sem í langflestum tilvikum öðrum hefur leitt til sölu viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis. Þá gera margir lausir endar í frumvarpinu og málatilbúnaði í tengslum við það að verkum að málið er vanreifað.

Lagarammi sá sem reynt er að marka starfsemi Ríkisútvarpsins með frumvarpinu er ekki ljós. Alls er óvíst að Ríkisútvarp það sem á að starfa eftir frumvarpinu verði raunverulegt almannaútvarp. Skilgreining frumvarpsins á hlutverki RÚV og skyldum er óglögg, þrátt fyrir ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu og forvera þess" — því að frumvarpið um Ríkisútvarpið sameignarfélag kom fram á síðasta þingi — „að kröfu ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Í stað þess að móta Ríkisútvarpinu framtíðarstefnu hefur sá kostur verið tekinn að halda að mestu áfram því róli sem fyrirtækið hefur verið á síðan rekstrarumhverfi þess gjörbreyttist við afnám einkaleyfis árið 1985. Ólíklegt er að þessi lagarammi dugi Ríkisútvarpinu til lengdar. Reglur Evrópusambandsins eru í örri þróun á þessu sviði, og keppinautar Ríkisútvarpsins innan lands hafa uppi kröfur um að það noti ekki ríkisstuðning sinn til að bæta stöðu sína í samkeppni á ljósvakavettvangi umfram það sem eðlilegt getur talist fyrir almannaútvarp. Þá er ekki sennilegt að hin nýja fjármögnunarleið, nefskattur, sem á að taka upp í stað útvarpsgjaldsins, efli samstöðu meðal almennings við Ríkisútvarpið, einkum ef dagskrárframboð þess dregur dám af kröfum auglýsenda og kostenda á svipaðan hátt og í markaðsstöðvunum.

Meðmælendur frumvarpsins halda því fram að með breytingum á yfirstjórn sé losað um þau flokkspólitísku tök á Ríkisútvarpinu sem því hefur lengi verið þrándur í götu. Því miður er engin trygging fyrir því í frumvarpinu að *pólitískri íhlutun linni. Að ýmsu leyti hefur menntamálaráðherra* og ríkisstjórnarmeirihluti á Alþingi hverju sinni meiri möguleika en áður á að beita áhrifum sínum hvað varðar starfsemi og rekstur Ríkisútvarpsins. Frumvarpið er því ekki þess eðlis að það skapi frekari sátt að þessu leytinu. Efasamt er að frumvarpið stangist á við tilmæli Evróputáðsins um sjálfstæði almannaútvarps frá 1994 og 1996.

Löngu var kominn tími til þess að skapa Ríkisútvarpinu nýjan lagaramma og gera því auðveldara að vera sjálfstætt og öflugt almannaútvarp. Frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi er því miður ekki fullnægjandi. Það varð til sem málamiðlun milli stjórnarflokkanna tveggja, og milli andstæðra afla innan Sjálfstæðisflokksins, og hefur síðan smám saman verið lagfært þannig að standist lágmarkskröfur Eftirlitsstofnunar EFTA um samkeppnisaðskilnað á ríkisrekinni útvarpsstöð. Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu með háeffuninni miðast við fyrirtæki í rekstri með hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi en ekki almannaþjónustu þar sem eðlilegt þykir að allar viðeigandi upplýsingar liggi fyrir og að vald einstakra stjórnenda sé temprað. Gagnsæi í starfsemi á ekki að hafa að leiðarljósi við rekstur Ríkisútvarpsins hf. heldur er þvert á móti hætt við að breytingin leiði til leyndar og pukurs.

Frumvarpið gengur í mörgu of skammt og í öðru of langt — það er hvorki samið, flutt né afgreitt í menntamálanefnd með þeim hætti að skýr sýn ráði för. Verði frumvarpið samþykkt er ljóst að innan skamms þarf að taka lagarammann um Ríkisútvarpið til endurskoðunar á ný — eigi þau markmið að nást að skapa til frambúðar samstöðu um öflugt og sjálfstætt almannaútvarp.

Þrátt fyrir ýmsa vankanta síðari áratugi í dagskrárframboði, rekstri, mannaráðningum o.fl. lítur yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga enn svo á að Ríkisútvarpið sé einhver dýrmætasta sameign þjóðarinnar og treystir (**PHB:** Eru það ekki handritin?) því betur til frétta og fróðleiks en öllum öðrum fjölmiðlum."

Pétur Blöndal spyr um handritin. Því er til að svara, forseti, að hér er talað um einhverja dýrmætustu sameign þjóðarinnar og það er ekki útilokandi hugtak heldur geta sameignir þjóðarinnar verið fleiri, þar á meðal handritin góðu, sem reyndar er nú þannig ástatt um að þau eru ekki eign Íslendinga og ekki heldur Dana, heldur má segja að þau séu á forræði heimsbyggðarinnar en í varðveislu og umsjón Íslendinga. (Gripið fram í.) Um það mætti, forseti, flytja nokkuð langan texta, sem ég er reiðubúinn til að gera úr því að hv. þm. Pétur Blöndal óskar eftir, og ég gerði reyndar hér í vatnalögunum, í umræðunni um vatnalögin, mig minnir að það hafi að vísu tekið mig u.þ.b. 30 mínútur. Ég gæti gert það aftur. Það var merkileg umfjöllun og byggðist m.a. á ritgerð í þeirri bók eftir Þorstein Gylfason sem liggur á borðinu mínu fyrir framan þann stað þar sem hv. þingmaður stendur núna. (Gripið fram í.) Ég hyggst geyma það þangað til síðar í umræðunni að fara í gegnum eignarrétt á handritunum og það sem við getum lært af því eignarfyrirkomulagi eða því forræðisfyrirkomulagi um þjóðareign og muninn á þjóðareign og einkaeign.

Úr því að hv. þm. Pétur Blöndal spyr þá er hér auðvitað miklu frekar um það að ræða með Ríkisútvarpið, eins og til þess er stofnað og eins og háttað er sambandi þess og þjóðarinnar, að um sé að ræða þjóðareign, þjóðarforræði yfir útvarpinu, en einkaeign ríkisins á þann hátt sem háttar til t.d. um bifreið í eigu ráðherra, eða sem ætlað er að þjóna ráðherra, eða stólarnir hér á Alþingi sem eru einkaeign ríkisins. Það er einkaeignarréttur ríkisins sem yfir þeim hvílir en þeir geta ómögulega talist þjóðareign í venjulegum skilningi þess orðs.

Ég tel nú, forseti, að rétt sé að halda áfram að lesa

nefndarálitið, sem var nú það sem ég var að gera í fullkomnu sakleysi hér þegar mér var sparkað inn í umræðuna um þjóðareign á handritunum eða hver ætti handritin. Ég hafði sagt þetta, að Íslendingar að meiri hluta litu enn svo á að Ríkisútvarpið væri einhver dýrmætasta sameign þjóðarinnar og þessi yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga treystir því betur til frétta og fróðleiks en öllum öðrum fjölmiðlum. Það hefur komið fram í fjölda kannana og ég hygg að menn þekki þá staðreynd.

„Þar skiptir máli að í 76 ár hefur Ríkisútvarpið verið áhrifarík menningar- og uppeldisstofnun, hjálparhella í atvinnulífi til sjávar og sveita og miðill fyrir lýðræðisumræðu og afþreyingu. Staða Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps á Íslandi á liðinni öld var svo sterk að ekki verður víða til jafnað í Evrópu.

Í flestum nálægum ríkjum er litið svo á að þegar um slíka þjóðfélagsstofnun er að ræða beri stjórnmálamönnum að leita sem breiðastrar samstöðu um nauðsynlegar breytingar í tímans rás. Hér er einfaldast að minna á Bretland, þar sem stjórnmálaflokkarnir hafa borið gæfu til einstakrar samvinnu um þjóðarútvarpið BBC þrátt fyrir grimmileg átök um næstum alla aðra grunnþætti í bresku samfélagi á 20. öld.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki litið svo á þessi mál að nein þörf væri á samstarfi eða samráði um breytingar á Ríkisútvarpinu. Jafnvel eftir að þjóðin knúði ríkisstjórnina til samvinnu við stjórnarandstöðuflokkana um tilhögun fjölmiðlamála var ákveðið að stjórnarflokkarnir skyldu áfram véla um Ríkisútvarpið," — einir saman — „þrátt fyrir eindregnar óskir stjórnarandstöðunnar um að þessi mál væru bæði undir í vinnunni að fjölmiðlamálum. Þessi munur á vinnubrögðum menntamálaráðherra að fjölmiðlamálum annars vegar og málefnum RÚV hins vegar er undarlegur og vekur ýmsar spurningar.

Ekki hefur ráðherranum þó tekist betur til en svo að frumvarpinu frá fyrra þingi, sem þá stöðvaðist, var breytt verulega vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA og héldu þær breytingar áfram fram á síðustu dvalarstundir frumvarpsins í menntamálanefnd. Rétt er að minna á að bréf Eftirlitsstofnunarinnar og íslensku ráðuneytanna um þetta átti upphaflega að binda trúnaði, loksins þegar þau fengust afhent í nefndinni. Við það var ekki hætt fyrr en ljóst varð að slík binding væri á svig við upplýsingalög. Athyglisvert er einnig að mikilvægt bréf ESA, sem leiddi til breytingartillagna frá meiri hlutanum, var ekki kynnt í menntamálanefnd fyrr en 24. mars en er dagsett 20. janúar." — Þar munar meira en tveimur mánuðum.

„Þegar þessi ferill málsins er hafður í huga er í sjálfu sér viðeigandi að meiri hluti menntamálanefndar skuli að lokum hafa tekið málið út úr nefndinni gegn atkvæðum stjórnarandstæðinga. Við bentum þá á að enn hefði ekki verið rætt við fulltrúa tveggja lykilstofnana vegna málsins, annars vegar Ríkisendurskoðunar sem á að annast endurskoðun hlutafélagsins og hafa meðal annars eftirlit með aðskilnaði samkeppnisrekstrar svokallaðs frá almennum rekstri," — rekstri útvarps í almannaþjónustu — „hins vegar Samkeppniseftirlits, en í hennar hlut kemur meðal annars að taka á málum sem varða samkeppni á markaði auglýsinga og kostunar, en á hvort tveggja leggur Eftirlitsstofnun EFTA mikla áherslu í bréfi sínu til íslenskra stjórnvalda dags. 20. janúar." — Það er villa, forseti, í nefndarálitinu, þar stendur 30. janúar en á að vera 20. eins og fram kemur áður. — „Þá var á það bent að ekki hefði verið farið yfir tilmæli Evrópuráðsins um almannaútvarp (fyrst og fremst R (96) 10 um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps, samþykkt 4. ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðlastefnu, Prag 1994). Þess var óskað að afgreiðslu málsins yrði frestað þar til fyrir lægju upplýsingar um eiginfjárstöðu hins nýja hlutafélags, sem fulltrúi úr menntamálaráðuneytinu taldi að yrði innan 2–3 vikna, en þeirri ósk var hafnað.

Af þessu má vera ljóst að rannsókn nefndarinnar á málinu er áfátt á mikilvægum sviðum. Auk þess var aldrei efnt til umræðu um einstök atriði málsins innan nefndarinnar með þeim hætti að metnar væru tillögur um breytingar frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar og þess ekki freistað á nokkurn hátt að ná saman um frumvarpið í heild eða einstaka hluta þess."

Vegna ummæla hv. formanns menntamálanefndar áðan um gang mála í nefndinni er rétt að taka tvennt fram, annars vegar almennt og hins vegar sértækt. Það virðist vera skilningur formanns nefndarinnar að vönduð afgreiðsla og fullnægjandi afgreiðsla máls í þingnefnd felist í því að sem flestir séu beðnir um umsögn og að töluverðum hópi þeirra sé síðan beint á fund nefndarinnar til þess að ræða við nefndarmenn, kynna umsögn sína, fara yfir hana og svara spurningum nefndarmanna. Það er vissulega rétt að þetta er ákaflega mikilvægur þáttur í umfjöllun máls í nefnd. Þessi fyrsti þáttur í nefndarstarfinu, að undantekinni þeirri kynningu frá ráðuneyti sem yfirleitt er undanfari þessa þáttar, aflar nefndarmönnum mikilvægra upplýsinga. Nefndin fær oftast góðar ábendingar og athugasemdir og það verður ljóst fyrir nefndinni hvernig landið liggur í hópi hagsmunaaðila og áhugamanna um það efni sem um ræðir. Þegar þessu lýkur er það hins vegar ekki svo að þar með sé lokið störfum nefndarinnar.

Í fyrsta lagi þarf að athuga hvort koma þeirra sem boðaðir voru kalli á að fleira sé gert í málinu, að aukinna upplýsinga sé aflað eða rætt við þá sem menn hafa nú komist að að kunni að skipta máli. Dæmi um það er að framan nefnt í nefndarálitinu sem ég las í þeim helmingi sem lokið er, um Ríkisendurskoðun og Samkeppniseftirlit. Þátttaka þeirra í þessu efni varð mér a.m.k. ekki fullljós fyrr en eftir umræðurnar um bréfið frá ESA sem dagsett er 20. janúar en barst okkur 24. mars, því þar var sérstaklega um það spurt hvernig háttaði til um þennan Icelandic General Auditor sem ég sá í orðabók að mundi vera Ríkisendurskoðun, og hvaða eftirlit það mætti hafa og hins vegar hverjir ættu að hafa eftirlitið gagnvart útvarpsstöðinni í samkeppni sinni við aðrar útvarpsstöðvar. Menntamálaráðuneytið eða formaður nefndarinnar svaraði með því að það væri Samkeppniseftirlitið.

Þessu nefndarstarfi lauk heldur ekki þótt full ástæða væri til með því að nefndinni væri ljós eiginfjárstaða þessa fyrirtækis sem í vændum er. Það kann að vera rétt hjá hv. formanni að ekki er fest niður eiginfjárstaða í lögum en það held ég að hljóti að vera fágætt að umsjónarmenn þjóðfélagsstofnunar eins og Ríkisútvarpsins breyti henni í annað rekstrarform án þess að mönnum sé ljóst fyrir fram hver

eiginfjárstaðan er á fyrsta starfsdegi hins nýja fyrirtækis. Hér er ekki um að ræða — ég nefni jafnhátíðlegt fyrirtæki og Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar eða önnur slík venjuleg fyrirtæki sem menn láta frá sér vegna þess að samkeppni er komin af þeim ástæðum sem flestir eru sammála um, að samkeppnin er orðin til á sviði þar sem hún var ekki til áður. Hér er um að ræða Ríkisútvarpið, hið 76 ára gamla Ríkisútvarp sem er einhver mikilvægasta menningarstofnun þjóðarinnar, einhver mikilvægasti hlekkurinn í keðju lýðræðisins í samfélaginu, vinur í fjölskyldunum með fræðslu, skemmtun og barnaefni. Það er þess vegna aukin ábyrgð sem hvílir á þingnefnd þegar hún fer í þetta starf sem á að enda með því að slíkt fyrirtæki sé hlutafélagavætt, að vita hvernig fjárhagur þess verður á fyrsta degi hinnar nýju skipunar.

Ég hlýt síðan sérstaklega að gera athugasemdir við orð hv. formanns um Evrópuráðið og verð að lýsa því örlítið að ég bað formanninn — það var aðeins byrjað að tala við fólk sem fyrir nefndina kom — að stilla svo til að hægt væri að ná í einhvern mann til þess bæran að bera saman þessi tilmæli Evrópuráðsins, bæði almenna stefnu þess og sérstaklega tilmælin sem ég nefndi áðan, og nefndi við formanninn að bera þau saman við frumvarpið eins og það lægi fyrir. Ég minntist sérstaklega á í því sambandi að Evrópureglur um þessi mál sem okkur er skylt að fara eftir eða gera sérstakar athugasemdir við koma úr tveimur áttum, annars vegar frá Evrópusambandinu og þeirri stofnun sem við höfum þar okkur til sóknar og varnar, Eftirlitsstofnun EFTA, og hins vegar frá Evrópuráðinu.

Reglur Evrópusambandsins um ríkisútvarp og ríkisstyrki miðast við það meginhlutverk Evrópusambandsins að vera rammi utan um sameiginlegan markað. Evrópusambandið lítur fyrst og fremst á viðskiptaleg álitaefni og þess vegna er það sérstakt áhyggjuefni Evrópusambandsins, eða Eftirlitsstofnunar EFTA í Brussel, ESA, sem er nú oft kaþólskari en páfinn sjálfur, hvernig væri háttað um samkeppnisrekstur þann sem hér kynni að vera á ferðinni en þeir gerðu hins vegar ekki athugasemdir í sjálfu sér við skipan almannaútvarpsins eða reglurnar um það. Spurning þeirra var ósköp einfaldlega sú: Er með frumvarpi þessu, eða þeirri tilhögun sem menn vilja hafa, verið að brjóta þær reglur sem eiga að gilda um samkeppni á þessu sviði? Er almannaútvarpið með einhverjum hætti að þrengja að markaðsstöðvunum, að þeim stöðvum sem ekki njóta ríkisstyrkja og eru reknar á venjulegum viðskiptaforsendum?

Evrópuráðið tekur ekki þessa afstöðu. Evrópuráðið eru samtök Evrópuríkja sem fyrst og fremst beina starfi sínu, eins og þeir þekkja sem hafa verið í þinglegu samstarfi á vegum ráðsins, að mannréttindamálum og lýðræðismálum. Evrópuráðið var lengi mönnum nokkuð dulið í Evrópu, öðrum en þeim sem voru á ferðinni á fundum þar. Segja má að Evrópuráðið hafi fengið uppreisn æru og viðreisn í starfi þegar Austur-Evrópa varð frjáls undan oki Sovétríkjanna og kommúnisma vegna þess að Evrópuráðið hefur öðrum stofnunum fremur, held ég að hægt sé að segja, hjálpað til við að móta nýjar lýðræðishefðir og koma mannréttindamálum eystra í það lag sem til frambúðar getur gengið.

Það var því sjálfsagt að gera hvort tveggja, ekki aðeins það að standa í einhvers konar samningum eins og menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið eða fulltrúar þeirra tveggja ráðherra sem þar ráða töldu sig vera að gera við ESA og þá helst án þess að láta þingið nokkuð af því vita, heldur þurfti auðvitað líka að athuga það þegar við erum að breyta meira 70 ára gömlum grunnreglum um Ríkisútvarpið hvernig hinar nýju tillögur stæðust þær hugmyndir sem orðnar eru viðurkenndar í Evrópu um tilhögun almannaútvarps, og ekki bara viðurkenndar í Evrópu heldur sem hluti af samþykktum Íslendinga því að þeir eiga aðild að Evrópuráðinu. Þeir sóttu þá fundi sem um er rætt þar sem þessi tilmæli og samþykktir voru sendar út. Þegar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson segir að ekki sé hægt að fara í mál við okkur vegna þess að við brjótum hugsanlega þessar reglur og þess vegna þurfum við ekkert að skoða þær, þá er það nokkuð kaldranalegur hugsunarháttur og ummæli frá manni sem telst vera formaður menntamálanefndar á íslenska þinginu.

Niðurstaða minni hlutans í menntamálanefnd í áliti sínu um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þar sem

a. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,

b. eftirlitshlutverk Ríkisendurskoðunar og Samkeppniseftirlits er óljóst og ókannað hvort þessar stofnanir búa yfir faglegri hæfni til að skera úr um viðkvæm álitamál sem varða fjárhagslegan aðskilnað milli starfsemi á sviði almannaútvarps og á sviði markaðsstöðvar,

c. ekki er gert ráð fyrir viðeigandi gagnsæi í starfsemi og rekstri Ríkisútvarpsins, t.d. með því að um það gildi upplýsingalög,

d. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum,

e. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu“ með tilnefningum frá almannasamtökum, samanber m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,

f. engin ákvæði frumvarpsins tryggja að innlent efni aukist í dagskrá Ríkisútvarpsins,

g. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá“ virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar tvö,

h. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,

i. nefskattur sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,

j. fjárhagsleg staða hlutafélagsins sem frumvarpið gerir ráð fyrir er í óvissu og ráðgert hlutafé svo lítið að félaginu virðist ætlað að hefja starfsemi sína með neikvæða eiginfjárstöðu,

k. ekki hefur verið gengið frá ráðstöfun þeirra verðmæta sem Ríkisútvarpið býr nú yfir í söfnum sínum og ekki fyrir-

hugaðir samningar við aðra rétthafa um þau,

l. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa borið við að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins, sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi, leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá: Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Undir álit þetta skrifa Mörður Árnason, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Ég vil síðan segja í framhaldi af þessu að þetta er hið sameiginlega nefndarálit okkar fulltrúa stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd, Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og á þessum grunni stöndum við saman gegn frumvarpinu. Ég hygg að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir komi á eftir og lýsi sjónarmiðum sínum og flokks síns til frumvarpsins umfram það sem kemur fram í nefndarálitinu og sérstaklega þar sem þau kunna að vera önnur en Samfylkingarinnar. Ég vænti þess að hún fyrirgefi mér að á eftir tala ég einkum fyrir munn okkar þriggja samfylkingarmanna í menntamálanefnd, auk mín þeirra hv. þingmanna Björgvins G. Sigurðssonar og Einars Más Sigurðarsonar. Ég er ekki þar með að gera ráð fyrir að Kolbrún eða félagar hennar séu mér ekki sammála í meginhluta þess sem ég ræði hér. Það er blæbrigðamunur, áherslumunur og kannski efnismunur — hugsanlega talsverður í einhverjum málum — á milli okkar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þeirri vinnu sem hefur farið fram um Ríkisútvarpið. Ég er ekki viss um að hann sé í sjálfu sér mikill eða varði mjög mikilvæg mál og ef við nytum þeirrar gæfu að vera sett í að vinna saman að þessu efni geri ég ráð fyrir að það yrði tiltölulega fljótlegt að komast að niðurstöðu um sameiginlegt álit með málamiðlunum sem eru tæki stjórnmálanna til að komast að efnislegri niðurstöðu og geta haldið áfram að lifa og skapa.

Í upphafi nefndarálits okkar er talað um starfsfrið og um samstöðu. Það má auðvitað spyrja að því af hverju við leggjum slíka áherslu á starfsfrið og samstöðu um Ríkisútvarpið, þá áherslu sem fram kemur í því að fyrstu setningarnar í nefndaráliti okkar eru helgaðar því máli. Af hverju viljum við nákvæmlega í þessu máli að menn séu samferða, að stjórnmálaflokkarnir eigi samleið eins og hægt er og reyni að búa sér hana til, að vinna að málefnum Ríkisútvarpsins og breytingum á lagaramma þess og starfsemi allri, að hún fari fram ásamt starfsmönnum þar, ásamt blaðamönnum og fjölmiðlamönnum, ásamt fræðimönnum, áhugamönnum um Ríkisútvarpið og ásamt öllum þeim almenningi sem lætur sig málið að einhverju leyti skipta? Ja, af hverju ekki í öllum málum? Svarið er auðvitað: Jú, best er að hafa það þannig í öllum málum. Hins vegar eru auðvitað til þau pólitísku átakamál á vettvangi dagsins sem krefjast þess, þótt stjórnarandstæðingar hverju sinni kunni að vera óánægðir með það, að teknar séu ákvarðanir og að þegar menn eru búnir að lýsa skoðunum sínum á þeim þá ráði meiri hlutinn eins og lýðræði okkar gerir ráð fyrir, að undangenginni umræðu, þannig að allir hafi getað lýst skoðunum sínum á málinu og öllum sé sem ljósust niðurstaðan af því að meiri hlutinn ráði. Í því ferli gerist það auðvitað líka alla jafna að meiri hlutinn breytir að einhverju leyti skoðun sinni, fellir hana að skoðunum annarra þannig að það myndast víðtækari samstaða en stefnt var að í byrjun.

Hér er sérstakt mál á ferðinni og það skiptir mjög miklu máli að skapa frið í kringum það til frambúðar, að skapa frið og samstöðu um útvarp allra landsmanna. Ríkisútvarpið var stofnað árið 1930 og þegar það var stofnað voru ekki nema tólf ár liðin frá því að Ísland varð sjálfstætt og fullvalda ríki. Á þeim tíma voru Íslendingar að koma sér upp ýmsum stofnunum í ríki sínu sem þá var sjálfstætt og fullvalda í tengslum við Danmörku gegnum sameiginlegan konung, með danskri verktöku í utanríkismálum, svipað og gilt hefur um varnarmálin frá 1951 til ársins 2006. Þau tólf ár sem liðu frá stofnun fullveldisins 1918 og til stofnunar Ríkisútvarpsins 1930 eru sennilega ástæðan fyrir því ætlunarverki Íslendinga og stjórnmálamanna og alþýðu og almennings á þeim tíma að þjóðfélagið byggi sér til það sem þarf að vera í einu þjóðfélagi, kæmi sér upp þeim búshlutum og gögnum sem búinu tilheyra. Þetta er sennilega ástæðan fyrir því að Ríkisútvarpið heitir Ríkisútvarp, það er ágætt að rifja það upp hér.

Ef við værum núna að stofna einhverja álíka stöð eða einhverja álíka gagnlega stofnun mundum við sennilega ekki nota orðið ríki heldur mundum við sennilega nota orðið þjóð eða kenna hana við Ísland eða Íslendinga með einhverjum hætti. En þarna voru menn sem sé stoltir af því að nota orðið ríki og notuðu það mikið. Ég minnist úr æsku minni Ríkisútgáfu námsbóka sem var til fram á að ég held síðasta áratug a.m.k. og fleira af þessu tagi var þá stofnað. Hlutverk Ríkisútvarpsins var sem sé að þessu leyti beinlínis samfélagslegt, það átti að vera einn af búshlutunum í samfélagi Íslendinga. Það er hollt fyrir okkur núna að minnast þess hlutverks og hvernig það gekk upp fyrir íslenskum almenningi í Íslandssögunni allt frá upphafsdögunum á fjórða áratugnum þegar menn söfnuðust saman á heimilum til að hlusta á örstutta dagskrá úr viðtækjum sem ekki voru þá í hvers manns ranni. Ég heyrt af því sögur að í sveitum fóru menn langar leiðir, klukkutíma, tvo klukkutíma, öll börnin á bænum, á næsta bæ til þess að hlusta á stutta dagskrá Ríkisútvarpsins á kvöldin, fréttir í nokkrar mínútur, klassískt tónverk sem snemma var nú umdeildur þáttur í dagskrá útvarpsins, íslenska söngmenn, fyrirlestur hjá fræðimanni og nokkur danslög á laugardagskvöldum eða sunnudagskvöldum. Þetta lögðu menn á sig fyrir þetta og það er ótrúlegt fyrir okkur nútímamenn að virða þetta fyrir okkur.

Hlutverk Ríkisútvarpsins var ekki bara menningarlegt, ekki bara uppeldishlutverk með ýmsu móti heldur var það auðvitað líka beinlínis stoð fyrir atvinnulífið með fréttaflutningi, þar á meðal ítarlegum veðurfréttum frá upphafi og til okkar daga, sem hafa skipt samfélag okkar, íslenska samfélagið mjög miklu máli, og líka með fræðslu og umræðu. Ekki má gleyma því að Ríkisútvarpið hefur leikið ákaflega mikilsvert hlutverk í lýðræðisskipan okkar. Í miðjum látunum sem hér stóðu bæði fyrir stríð og sérstaklega kannski í kalda stríðinu, sameinuðust menn um að hefja Ríkisútvarpið eins og hægt var yfir flokkadrætti og reyna að hafa það sem einhvers konar íslenskan samnefnara í því samfélagi sem stjórnmálaflokkarnir réðu mörgu í og flestu

alveg fram undir okkar tíma og gera kannski óþægilega mikið enn, að þá var Ríkisútvarpinu ætlað að þræða hið þrönga einstigi þannig að því væri hægt að treysta. Það átti að vera hlutlaust og það átti að vera hlutlægt og þetta reyndi Ríkisútvarpið að vera af öllum kröftum, hlutlaust og hlutlægt, með öllum þeim þverstæðum sem í því fólust, t.d. þeirri þverstæðu að hlutleysi er ekki sama og hlutlægni.

Það er hollt að minnst þessa vegna þess að þessi saga hefur búið Ríkisútvarpinu ákveðinn stað í samfélagi okkar og í þjóðarhjartanu sem er kannski ekki mjög vísindalegt hugtak en engu að síður til með einhverjum hætti. Við sjáum af þessu að verðmæti Ríkisútvarpsins kemur ekki bara fram í eiginfjárstöðunni sem við ræddum hér um áðan, sem betur fer ekki eingöngu í hæfu starfsfólki og reynslu þess, ekki bara í dýrmætunum sem við eigum í söfnum útvarps og sjónvarps heldur líka í sjálfri sögu þess og þeim sess sem það hefur skapað sér í menningu, lýðræði, menntun og fjölskyldulífi á Íslandi allan þennan langa tíma frá 1930.

Við erum hér, forseti, að ræða um einhverja merkilegustu samfélagsstofnun síðan nútíminn varð til á Íslandi. Við lifum á hveli hverfanda, það er gamall sannleikur og nýr, og einmitt núna eru breytingarnar hraðar í kringum okkur, hafa kannski aldrei verið hraðari, á fjölmiðlasviði auðvitað og í daglegu lífi, að ekki sé minnst á hnattvæðingu og loftslagsvanda, nýja pólitíska heimsmynd, stórveldi sem vaxa og hníga. Á slíkum tímum er ákaflega mikilvægt að geta brugðist við nýjungum, gert sér tækifæri úr nýjum aðstæðum en við þurfum líka að gæta þess að missa ekki fótanna, við verðum að kunna að meta trausta hornsteina hinna háu sala, bæði í lífi okkar hvers og eins og í samfélaginu sjálfu. Við megum ekki glutra niður þeim árangri sem okkur var færður í hendur, ekki sóa verðmætunum sem hér hafa byggst upp. Þetta sjónarmið varðar m.a. Ríkisútvarpið og fyrir okkur stjórnmálamenn sem Íslendingar hafa nú gert að fulltrúum sínum á þingi og í ríkisstjórn merkir þetta að við eigum eða ættum a.m.k. að einbeita okkur að þessu máli með sérstakri athygli og gætni í því augnamiði að ná samkomulagi, sátt sem gæti leitt til samstöðu um þetta mál til frambúðar.

Maður veltir því fyrir sér: Af hverju hefur þetta ekki verið sú leið sem ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar hafa farið? Af hverju hefur hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ekki valið þessa leið? Ég kann ekki svör við því og kalla eftir þeim hjá meðmælendum frumvarpsins, einn þeirra situr hér í salnum, hv. þm. Dagný Jónsdóttir, annar situr í forsetastóli, hv. þm. Birgir Ármannsson. (Gripið fram í.) Ég biðst afsökunar á því, hér er komin nýr forseti sem er nú ósennilegur til að styðja þetta frumvarp, þannig að svarskyldan hvílir hér á Dagnýju Jónsdóttur einni a.m.k. af þeim sem hér í salnum sitja. Nú er kominn einn gangandi stjórnarliði í salinn líka og svarar þessu kannski enn fremur.

Nefna má auðvitað nokkrar skýringar. Að einhverju leyti kann þetta að vera kredda úr nýlíberalismanum, úr þeirri kenningu sem hefur verið ráðandi afl í hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins síðustu 20 árin. Það styður þetta m.a. að einir þrír þingmenn stjórnarmeirihlutans hafa flutt sérstakt frumvarp um að selja Ríkisútvarpið eins og minnst var á hér í andsvörum áðan. Ég hygg að það frumvarp hafi fyrst verið flutt á síðasta þingi og þá hafi 1. flutningsmaður þess verið Pétur H. Blöndal hv. þm. og síðan þeir Sigurður Kári Kristjánsson og Birgir Ármannsson hv. þingmenn. Það er auðvitað athyglisvert að tveir hinir síðarnefndu eru núna skrifaðir undir meirihlutaálitið úr menntamálanefnd um Ríkisútvarpið hf. og mynda þar með þann meiri hluta. 40% þeirra þingmanna sem skrifa undir meirihlutaálitið eru á móti því að Ríkisútvarpið sé til sem almannaútvarp. Heilir tveir af þessum fimm sem skrifa undir meirihlutaálitið úr menntamálanefnd vildu selja Ríkisútvarpið á síðasta þingi. Annar þeirra er nú formaður menntamálanefndar, sem hann var ekki síðast, en hinn, hv. þm. Birgir Ármannsson, var kallaður inn í forföllum, ég man ekki hvaða hv. þingmanns í menntamálanefnd, og varð góðfúslega við þeirri beiðni og greiddi atkvæði með meirihlutaálitinu, glöðu hjarta og reistu höfði.

Þetta var endurflutt á þessu þingi — þegar ég var að athuga þetta tókst tölvukerfi Alþingis að bila á nákvæmlega þeim stað sem ég þurfti að fara inn á en ég verð þá leiðréttur hér ef það er ekki rétt — en þá bregður svo við að maður saknar vinar í stað þar sem Sigurður Kári Kristjánsson er nú ekki einn af flutningsmönnum þessa frumvarps, sem kann að standa í tengslum við þá breytingu á högum hans að hann er nú orðinn formaður menntamálanefndar og kynni að skammast sín fyrir að vera annars vegar formaður menntamálanefndar sem á að fylgja fram frumvarpi menntamálaráðherrans og hins vegar að vera á sama þinginu flutningsmaður frumvarps um að selja Ríkisútvarpið. En eins og vinsælt er að segja í Sjálfstæðisflokknum þá gerir þetta sama gagn. Það gerir sama gagn vegna þess að hv. þingmaður lýsti því hér áðan skýrt og greinilega að mér heyrðist að hann væri enn þá áfram um að selja Ríkisútvarpið og það væri eingöngu vegna þess að fylgismenn hans aðrir í Sjálfstæðisflokknum einhverjir og síðan framsóknarmenn vildu ekki styðja hann í þessu og það væri eina ástæðan fyrir því að hann styddi þó eitthvað sem væri í áttina. Væri í áttina, segi ég, vegna þess að það er athyglisvert í þessu dæmi að 1. flutningsmaður frumvarpsins um að selja Ríkisútvarpið, hv. þm. Pétur Blöndal, sem því miður er ekki hér í salnum en ég veit að fylgist með á skrifstofu sinni af miklum áhuga, þegar hann var að bera saman sitt frumvarp og frumvarp menntamálaráðherra og fannst sitt betra þá sagði hann þetta, með leyfi forseta:

„Ég tel að frumvarp hæstv. menntamálaráðherra yrði þó til að bæta stöðuna frá því sem nú er.“ Þó að það sé vont, sem sé. „Ég mun því eiga í vandræðum með að greiða atkvæði þegar þar að kemur. Væntanlega mun ég greiða atkvæði gegn 1. greininni til að byrja með“ — greinin er um að til sé sjálfstætt hlutafélag í eigu ríkisins sem heitir Ríkisútvarpið hf. og að sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess sé óheimil — „eða sitja hjá. Ég hef ekki enn alveg áttað mig á því en kannski verða gerðar viðunandi breytingar í menntamálanefnd. Ég mun a.m.k. sitja hjá við þá grein en að öðru leyti mun ég styðja frumvarp menntamálaráðherra þótt það gangi ekki eins langt og ég gjarnan vildi,“ segir Pétur Blöndal hv. þm.

Hann lýkur þessari ræðu sinni svo, með leyfi forseta:

„Það býður þó upp á leið til að hægt sé að selja það eftir einhvern tíma.“

Ég endurtek vegna þess að ég tel hollt fyrir hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson að hlusta hér á félaga sinn um þetta efni.

Pétur Blöndal sagði þetta, með leyfi forseta:

„Það býður þó upp á leið til að hægt sé að selja það eftir einhvern tíma.“

Það er forsendan fyrir því að hv. þm. Pétur Blöndal ætlar að styðja frumvarpið eða gerir ráð fyrir því. Það er kannski líka ástæðan fyrir því að félagar hans þeir Birgir Ármannsson og Sigurður Kári Kristjánsson, 40% meiri hluta menntamálanefndar, þess sem samþykkti jákvætt nefndarálit um þetta frumvarp, að þeir hyggjast líka styðja þetta frumvarp menntamálaráðherra.

Önnur skýringartilgátan liggur einfaldlega í starfsstíl menntamálaráðherra og metnaði hennar. Hún fékk pólitískt uppeldi sitt á tímum Davíðs Oddssonar sem formanns Sjálfstæðisflokksins og leiðtoga ríkisstjórnarinnar og það uppeldi markar þessa kynslóð af sjálfstæðismönnum. Það hefur nokkuð einkennt menntamálaráðherra að hún hefur farið fram með mál — eigum við ekki að reyna að orða það jákvætt — af miklum þrótti og hug og hefur ekki sést fyrir í málatilbúnaði sínum hvað sem andstæðingar kunna að segja og hvað sem þeir kunna að hafa við það að athuga sem málið einkum varðar eða bitnar á, sem oftast er. Þetta er meginsniðið í starfsstíl menntamálaráðherrans og auðvitað passa þessi vinnubrögð við frumvarpið við þann starfsstíl.

Þær leiðir sem farnar eru í frumvarpinu eru auðvitað þvert á forna stefnu Framsóknarflokksins og það vekur auðvitað líka hugleiðingar. Til að geta verið með í þessu þurfti flokkurinn sérstaklega að taka sig til og breyta samþykktum sínum um Ríkisútvarpið á flokksþingi sem haldið var fyrir nokkru. Framsóknarflokkurinn hafði það að stefnu sinni að Ríkisútvarpið ætti að vera sjálfseignarstofnun en í miðri þessari á skipti Framsóknarflokkurinn um hest og snaraði sér yfir á hest hlutafélagsins.

Það kemur auðvitað ekki á óvart. Framsóknarflokkurinn er hættur að koma á óvart. Það er ekkert spennu-element lengur í framgöngu Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) Hann er satt að segja varla lengur eiginlegur flokkur með stefnu eða baráttumál eða lýðræðislegt flokksstarf eða neitt af því sem einkennir stjórnmálaflokk, heldur er hann í raun og veru pólitískur armur viðskiptaveldisins sem einstaklingar komust yfir úr gamla SÍS og síðan er hann auðvitað eins konar atvinnumiðlun, eins og rakið hefur verið og skoðað í þessum ræðustól og annars staðar í samfélaginu. Af slíku fyrirbrigði í stjórnmálum er ekki við miklu að búast.

Þriðja skýringartilgátan fellur reyndar ágætlega að þessu nýja eðli Framsóknarflokksins. Hún er hreinlega sú að stjórnarflokkarnir — þegar þeir fara að ráðast í þessar breytingar vilja þeir ekki missa tök sín á Ríkisútvarpinu — vonist til þess að þau geti haldist með þessu frumvarpi og jafnvel að þeim sé þá betur fyrir komið þar sem þau eru óbeinni. Það er ekki lengur meiri hluti í útvarpsráði sem leggur línuna, það eru ekki gömlu beinu tengslin milli menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins og útvarpsstjóra Sjálfstæðisflokksins sem við höfum þurft að horfa á að undanförnu heldur óbeinni leiðir.

Geta komið upp fréttastjóramál eftir að þetta frumvarp er samþykkt? Vissulega. Það er ekkert í þessu frumvarpi sem tryggir að farið sé fram af faglegum metnaði við mannaráðningar eða að þar ráði ekki annarleg sjónarmið, því miður. Munurinn á því fréttastjóramáli sem nú gæti komið upp og því sem kom upp hér um árið er sá að þá voru þó a.m.k. upplýsingar um málið það greiðar að það sást hvað verið var að gera og hægt var að bregðast við innan húss, hér á þinginu og um allt samfélagið. En hætt er við að með þeirri leynd og þeirri litlu valddreifingu sem um er að ræða í Ríkisútvarpinu hf. mundi útvarpsstjóri einfaldlega geta gengið frá því máli að ráðum stjórnar eða án þeirra, án nokkurrar innri umræðu og án nokkurrar skyldu um upplýsingar þannig að menn stæðu frammi fyrir orðnum hlut, óbreytanlegum, þegar upp kæmi.

Það er sem sé ákaflega óheppileg aðferð að fara svona fram, eins og stjórnarflokkarnir og ráðherrann hæstv. hafa gert, og ekki vænlegt til árangurs til lengdar litið. Þetta er sérkennilegt vegna þess að þegar maður lítur til grannlandanna einbeita menn sér alls staðar að því að hafa starfsfrið og halda sæmilega sátt um hlutverk ríkisútvarps. Slíkur friður hefur skapast um almannaútvarpið í helstu grannlöndum okkar, í Bretlandi með BBC, í Noregi með NRK, í Danmörku með DR, í Svíþjóð með SR þar sem verið er að leggja til reyndar mjög athyglisverðar formbreytingar núna en með allt, allt öðrum hætti en hér er gert og væri ástæða til að rekja það síðar í umræðunni.

Samt eru allir nema Pétur Blöndal og menn hans, hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson og Birgir Ármannsson, sammála um það, a.m.k. í orði, að Ríkisútvarpið sé ein besta tryggingin fyrir fjölbreytilegri og lýðræðislegri fjölmiðlun, að Ríkisútvarpið sé ein helsta leiðin sem við getum haft til að halda hér fjölræðislegri skipan til að vinna gegn óæskilegum áhrifum af samþjöppun á fjölmiðlavettvangi sem menn hafa áhyggjur af og hafa haft lengi. Þó hlýða menn ekki þeim náttúrlegu og lýðræðislegu kröfum til sérhverrar ríkisstjórnar að haga sér þannig við fyrirhugaðar breytingar á stofnun eins og Ríkisútvarpið er — þá á ég við stofnun í félagsfræðilegri merkingu en ekki viðskiptafræðilegri — að slíkur friður skapist að almenningur geti treyst Ríkisútvarpinu sem heiðarlegu almannaútvarpi í þágu menningar og lýðræðis.

Það hefur ekki verið gerð tilraun til að skapa slíkan frið, efna til almennrar umræðu og sameiginlegrar stefnumótunar um Ríkisútvarpið. Það stendur þó ekki á stjórnarandstöðuflokkunum að leggja sitt fram til þess. Hver og einn, Samfylkingin, Vinstri hreyfingin — grænt framboð, Frjálslyndi flokkurinn, hefur flutt ítarleg þingmál um Ríkisútvarpið en stjórnarflokkarnir hafa í staðinn fyrir að leggjast yfir þau og reyna að ná almennri sátt kosið að pukrast með málið, en það er rétt að minnast þess frá því í fyrra að í upphafi var RÚV-frumvarpið unnið nánast í myrkrakompum, enginn mátti vita hverjir voru að verki. Það var spurt hvar það væri og það var hvergi og enginn vissi það. Spurt var hverjir væru að vinna það og það vissi enginn þangað til að tveir lögfræðingar gengu á fund menntamálanefndar, þeir Sigurbjörn Magnússon og Jón Sveinsson, sem hafði verið falið sem verkefni að búa til frumvarp handa þjóðinni um nýtt ríkisútvarp. Það eru hvort tveggja mætir menn en

hafa — þið fyrirgefið orðfærið, það kom hér fram áðan hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni — ekki hundsvit á fjölmiðlalegum þætti málsins eða lýðræðislegum þætti málsins. Þetta segi ég vegna þess að það kom ljóst fram í umræðunum við þá sem, eins og ég segi, eru að öðru leyti auðvitað fínir fagmenn á sínu sviði.

Vinnubrögðin hafa öll verið á þessa leið. Málið hefur verið keyrt áfram með látum án þess að gera nokkurs staðar ráð fyrir samræðu eða umhugsun umfram tómar formsreglur. Það hefur rekið sig á einn vegg sem ekki hefur látið undan og það er veggur Evrópusambandsins. Þess vegna varð að breyta frumvarpinu, eins lítið og hægt var, en vinnubrögðin hafa orðið til þess að öðru leyti að málið er, eins og segir í nefndaráliti minni hlutans, vanreifað í mikilvægum atriðum.

Forseti. Í nefndaráliti okkar, sem ég ætla að tala hér aðeins meira um eftir að ég hef farið yfir, kannski í nokkuð löngu máli, aðferðirnar við flutning þessa frumvarps, er fjallað um þrjá helstu galla frumvarpsins í meginmáli nefndarálitsins.

Þeir eru í fyrsta lagi að ekki hefur í raun og veru verið búin til nein stefna um það hvort Ríkisútvarpið á að vera almannaútvarp í framtíðinni eða hvort það á að vera blanda af almannaútvarpi og markaðsstöð eftir einhvers konar hentugleikum svipað og raunar hefur verið síðustu 20 árin.

Í öðru lagi er það mikill galli á frumvarpinu að það kemur ekki í veg fyrir að flokkspólitísk ítök haldi áfram. Eins og ég sagði áðan getur fréttastjóramálið gerst upp á nýtt og öll þau mál önnur sem upp hafa komið og þau sem ekki hafa komið upp. Það er engin trygging fyrir því í frumvarpinu að útvarpið verði sjálfstætt.

Í þriðja lagi er það galli á frumvarpinu að það gerir ráð fyrir rekstrarformi, hlutafélagsforminu, sem ekki hentar Ríkisútvarpinu, a.m.k. ekki sem almannaútvarpi. Frumvarpsflytjendur, flytjandinn og síðan styðjendur frumvarpsins, virðast hafa valið það versta úr báðum heimum, annars vegar eru þeir að búa til fyrirtæki með ríkisstuðningi sem keppir sem hlutafélag á markaði með öllum þeim tækjum sem hlutafélagsformið færir því í hendur, en síðan hvílir hlutafélagsleyndin yfir starfseminni og rekstrinum, einnig að því leyti sem snýr að almannaþjónustunni þannig að almenningur og fulltrúar hans hafa samkvæmt frumvarpinu enga von um að fá sérstakar upplýsingar um það sem viðkemur rekstri og starfsemi. Annað mál er svo, af því að Sigurður Kári Kristjánsson nefndi í andsvari að e.t.v. yrði leyndin ekki jafnmikil, að auðvitað ræðst það af mönnum og aðstæðum hvernig þetta verður á hverjum tíma. Það sem skiptir höfuðmáli hér er að stjórnendum er ekki skylt, það hvílir engin skylda á þeim um að gefa upplýsingar um almennan rekstur og almenna starfsemi.

Almannaútvarp eða markaðsstöð. Árið 1985 var afnám einkaleyfis Ríkisútvarpsins til útvarps á Íslandi samþykkt í þessum sal eða þessum sölum, því að þeir voru tveir á þeim tíma eins og við vitum. Síðan hefur í raun og veru ekkert gerst í innra skipulagi Ríkisútvarpsins eða í þeim starfsháttum þess sem ákveðnir eru í lögum og reglum. Þó hafa orðið miklar breytingar á þessum 20 árum og enn meiri eru fram undan á næstu árum með stafrænni skipan og tröllauknu framboði á efni, einkum erlendu, einkum ensku. Hér eru nú tvær stöðvar, 365 miðlarnir og Síminn með Skjá einn, sem senda út á sjónvarpsrásum og útvarpsrásum, og fleiri hygg ég á útvarpsrásum og reyndar í sjónvarpi líka en þó ekki á landsvísu þannig að um sé talandi, þannig að ljósvakavettvangurinn er skipaður þessum tveimur og Ríkisútvarpinu að meginhluta.

Menn hafa í nokkur ár gert athugasemdir við eigendur þessara stöðva, a.m.k. annarrar þeirra, og samþjöppun eignarhalds þar. Við deilum ýmsum áhyggjum af þeirri þróun, en eins og áður kom fram teljum við einmitt að besta ráðið til að tryggja fjölræði í fjölmiðlun og til að bregðast við hættunum af samþjöppun eignarhalds á því sviði sé öflugt Ríkisútvarp. Við sjáum hins vegar ekki vit í því að slíkt útvarp í eigu þjóðarinnar sé gert út með einhverjum hætti á hverjum tíma til að keppa við aðrar stöðvar á þeirra forsendum, hinum markaðslegu forsendum, heldur er það hugmynd okkar að Ríkisútvarpið sé öflugt og sjálfstætt almannaútvarp sem sinnir hlutverki sínu sem heildstæð útvarps- og sjónvarpsstöð með áherslu á þjónustu við íslenskt samfélag með sínar sérstöku menningarlegu og lýðræðislegu skyldur.

Það er kannski rétt að spyrja hér í upphafi 2. umr. um frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið, annað frumvarp ráðherrans um þetta efni: Af hverju eiga stjórnvöld að skipta sér af fjölmiðlum? Ég er nefnilega sammála þeim Pétri Blöndal, Birgi Ármannssyni, hv. nefndarmanni í forföllum, og hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, flutningsmanni fyrra frumvarpsins um sölu Ríkisútvarpsins en nú formanni menntamálanefndar, um eitt. Um það að sérstök rök þarf til þess að stjórnmálamenn, handhafar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, skipti sér af fjölmiðlun. Það þarf sérstök rök, sem á hverjum tíma þarf að endurskoða og meta, til að ríkisvaldið sjálft reki fjölmiðil eða fjölmiðill njóti sérstaks stuðnings frá ríkisvaldinu, eftir því hvernig menn vilja orða þetta og eftir því hvernig það liggur á hverjum tíma.

Við í Samfylkingunni höfum verið að huga að þessu efni síðan flokkurinn varð til um aldamótin og um leið höfum við verið að móta stefnu um nauðsyn almannaútvarps. Við teljum að stjórnvöld og stjórnmálamenn hafi sérstökum skyldum að gegna og að þær skyldur byggist á því að berjast fyrir almannahagsmunum í því samfélagi sem við viljum byggja, í samfélagi lýðræðis, samfélagi sem í auknum mæli byggist á þekkingu og menningu. Grundvallarsjónarmið í fjölmiðlastefnu okkar eru þau að það sé hlutverk stjórnvalda að tryggja sem kostur er að ætíð séu til staðar góðir fjölmiðlar sem uppfylli kröfur almennings um upplýsingu, fræðslu og afþreyingu, að fjölmiðlun í landinu sé samofin menningu þjóðarinnar og menningararfi, en opin nýjum áhrifum jafnframt, og að fjölmiðlun sé eðlilegur hluti lýðræðislegrar framvindu í samfélaginu. Við teljum mikilvægt að tjáningarfrelsið og réttur til upplýsinga sé tryggður með almennum leikreglum og við teljum að stjórnvöld verði líka að gæta þess að fjölbreytileg fjölmiðlafyrirtæki hafi svigrúm til blómlegs rekstrar.

Hér er talað um fjölmiðlana í heild og skyldu stjórnvalda gagnvart fjölmiðlavettvanginum sem slíkum, skyldur sem bæði felast í því að gera og gera ekki, að gera með því að huga að rekstrargrundvelli fjölmiðlanna, að sköpun tæki-

færa á fjölmiðlasviði, en gera ekki með því að virða tjáningarfrelsi og markaðslegt svigrúm einstaklinga og fyrirtækja. Innan þessa ramma leggur Samfylkingin áherslu á hlutverk almannaútvarps og við höfum gert rækilega grein fyrir viðhorfum okkar í þessa veru í greinargerð með þingsályktunartillögu um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp sem flutt var á síðasta þingi.

Það er ef til vill þörf á því í framhaldi af þessu að ræða aðeins almennt um almannaútvarp. Skilgreiningin á því hefur verið nokkuð á reiki í umræðu hérlendis og þarf engan að undra í sjálfu sér. Við höfum miðað allt okkar við Ríkisútvarpið sem slíkt og talað um það eins og það er á hverjum tíma, sum okkar sem hið æðsta markmið, eins og það starfar með smávægilegum endurbótum. Önnur okkar hafa viljað breyta því verulega og sum selja það eins og áður hefur komið fram í þessari umræðu. Það er auðvitað líka þannig að þó að hægt sé að styðjast við nokkuð nákvæma almenna skilgreiningu á fræðasviði þá hlýtur útfærslan að miðast við stöðuna í hverju ríki eða á hverju því svæði sem almannaútvarpið tekur til.

Ég hef rakið það áður hér að við fengum aldrei svar eða viðbrögð við þeirri beiðni okkar að bera tilmæli Evrópuráðsins um almannaútvarp saman við það frumvarp sem hér er til umræðu. Við báðum um þetta eins og ég nefndi áðan. Þeir fræðimenn sem nefndir voru eða komu við sögu í umræðu minni og hv. formanns menntamálanefndar voru ýmist ekki á landinu eða illa tiltækir. Við ræddum sérstaklega um Pál Þórhallsson sem er fyrrverandi starfsmaður á fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins og þekkir þar vel til. En vegna orða hv. formanns menntamálanefndar hér áðan þá var því auðvitað ekki hafnað að fá Pál Þórhallsson heldur talaði ég þvert á móti um að það kynni að setja hann í erfiða stöðu að kalla hann á fund okkar vegna þess að hann er nú starfsmaður forætisráðherra og þar með vinnumaður hjá þeirri ríkisstjórn sem þetta frumvarp flytur.

Þegar útséð var um að nokkur kæmist af þeim fræðimönnum sem nefndir voru var ákveðið að reyna að fá Pál Þórhallsson og boð voru flutt um að hann kæmist ekki. Ég skildi það nú þannig á þeim tíma að hann færðist undan því að koma á fund nefndarinnar. En hér upplýstist áðan að það var vegna þess að hann var erlendis á þeim tíma sem hann var beðinn um að koma. Það eru fréttir fyrir mér og ég hefði brugðist við þeim á sínum tíma með því að leggja til að hann kæmi þá síðar á fundinn þegar hann væri kominn aftur til landsins. En hann sem sé kom ekki og ekkert er við því að gera.

Þá bað ég og minni hluti nefndarinnar um að frumvarpið yrði sent til fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins og beðið um að fjölmiðlaskrifstofan gæfi um það einhvers konar umsögn. Að sjálfsögðu var tíminn naumur ef það ætti að afgreiða þetta fyrir vorið en erindið hins vegar mikilvægt og það væri a.m.k. þess virði að kanna það hver viðbrögð fjölmiðlaskrifstofunnar yrðu við slíkri beiðni, hvað hún þyrfti langan tíma til vandaðrar umsagnar og hvort hún gæti látið frá sér fara eitthvað annað á skemmri tíma, bent a.m.k. á þá staði sem kynnu að skipta máli og nefndin sjálf ætti þá að reyna að kynna sér betur. En þetta sem sé gerðist ekki. Það var ekki kannað hver viðbrögð fjölmiðlaskrifstofunnar yrðu við þessu eða hvaða tíma þyrfti til. Þessu erindi var bara hafnað og á síðasta eða næstsíðasta fundi menntamálanefndar um þetta mál var ástæðan nefnd sú að tilmæli Evrópuráðsins væru ekki bindandi og þess vegna þyrftum við ekki að hafa af þeim áhyggjur. Ég hef rætt þetta áður og rætt hversu mikilvæg starfsemi Evrópuráðsins er í þessu efni og að hvaða leyti hún er öðruvísi en starfsemi Evrópusambandsins og EFTA-stofnana að þessu leyti. Mér finnst satt að segja að rök hv. formanns menntamálanefndar séu ekki boðleg um það að við þurfum ekki að sinna tilmælum Evrópuráðsins um almannaútvarp vegna þess að tilmælin bindi okkur ekki, vegna þess að þau gera það auðvitað á sinn hátt. Þó að Evrópuráðið sé ekki líklegt til þess að hefja málsókn fyrir alþjóðadómstólum gegn okkur á þessu sviði þá gera þau það að sjálfsögðu og að lokum kemur að því að Evrópuráðið eða starfsmenn þess fara með einhverjum hætti yfir þau lög sem gilda um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp. Við erum heppin að Evrópuráðið skuli ekki hafa gert það hingað til vegna þess að sjálfur Páll Þórhallsson, sem ég nefndi, benti á það í grein sem hann skrifaði fyrir tveimur árum, að ég hygg, að það væri ósennilegt að þáverandi og núverandi skipulag Ríkisútvarpsins og starfshættir þess stæðust þessar reglur sem eru frá 1994 og 1996.

Ég spurði þar að auki, og við fulltrúar minni hlutans í nefndinni, höfunda frumvarpsins og fulltrúa úr menntamálaráðuneytinu, starfsmann menntamálaráðherra sem sendur var, að ég held, tvisvar eða þrisvar sinnum á fund nefndarinnar — ég þakka honum hér með fyrir iðni við það að mæta þar og ágætar umræður sem við áttum þar tveir og ýmsir aðrir um þetta mál og önnur — ég spurði þessa menn um Evrópuráðstilmælin sérstaklega og gerði mér far um það en fékk aldrei nein svör og í raun var svona meira um að menn könnuðust lítið við þessi tilmæli og virtust ekki hafa kynnt sér þau. Ég leyfi mér að draga af þessum viðbrögðum þeirra og viðlíka svari eða svarleysi menntamálaráðherra hér við 1. umr. og viðbrögðum formanns nefndarinnar við þessari beiðni um samanburð við Evrópuráðstilmælin, þá ályktun að tilmæli Evrópuráðsins, hvorki frá 1994, 1996 eða síðar, hafi aldrei á margra missira ævi þessa frumvarps um RÚV, fyrst frumvarpsins um sameignarfélagið og síðan frumvarpsins um hlutafélagið, verið könnuð og borin saman við frumvarpið.

Þar kemur til dæmis að sjálfri skilgreiningu Evrópuráðsins á almannaútvarpi sem ég held að sé mikilvægt að menn hlusti á og beri saman við það frumvarp sem hér liggur fyrir. Það er í Prag-samþykktinni frá 1994 og þar segir að almannaútvarp skuli:

mynda með dagskrá sinni sameiginlega viðmiðun allrar þjóðarinnar, vinna að félagslegri samstöðu og þátttöku allra einstaklinga, hópa og byggðarlaga í samfélaginu; sérstaklega skal þar hafnað allri menningarlegri, kynbundinni, kynþáttar- eða trúarlegri mismunun og félagslegum aðskilnaði í hvaða mynd sem er;

skapa vettvang almennrar umræðu þar sem fram komi svo fjölbreytilegar skoðanir og sjónarmið sem unnt er;

annast hlutlægan og óháðan flutning upplýsinga, frétta og fréttaskýringa;

bjóða fram margbreytilegt dagskrárefni sem einkennist af fjölhyggju eða fjölræði — hér er orðið plúralismi í enska textanum eða í útlenda textanum — og hugmyndaauðgi;

miða í dagskrá og þjónustu við almennan áhuga en taka einnig tillit til þarfa minnihlutahópa;

endurspegla ólíka heimspekilega afstöðu og trúarviðhorf í samfélagi sínu í því augnamiði að auka gagnkvæman skilning og umburðarlyndi, og hvetja til eðlilegra samskipta í samfélagi fjölmenningar og margvíslegra kynþátta;

stuðla með dagskrá sinni að því að betur og víðar sé metinn fjölbreytileiki hins þjóðlega og hins evrópska menningararfs;

tryggja að umtalsverður hluti dagskrárefnis sé frumframleiddur, sérstaklega kvikmyndir, sjónvarpsleikrit og annað listrænt efni, og gera sér grein fyrir nauðsyn þess að nýta sjálfstæða framleiðendur og starfa með kvikmyndageiranum;

fjölga dagskrárkostum hlustenda og áhorfenda með því að hafa í boði efni sem alla jafna stendur ekki til boða á markaðsstöðvunum.

Þetta er lausleg þýðing mín og hana er að finna í þingsályktunartillögu okkar frá í fyrra sem ég minntist á áðan um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp, 400. mál á 507. þingskjali.

Samkvæmt þessari skilgreiningu ræðst það af hlutverki því sem útvarpsstöð gegnir hvort hún telst almannaútvarp. Það ræðst fyrst og fremst af dagskrárlegum þáttum, en ekki af eignarhaldi eða stjórnarháttum. Þetta sést enn betur í þeim kafla þessarar Prag-samþykktar sem fjallar um fjármögnun almannaútvarps. Þar skuldbinda aðildarríkin, þar á meðal Ísland, sig til að tryggja fjárhagslega undirstöðu fyrirtækja eða stofnana sem reka almannaútvarp, t.d. með afnotagjöldum, styrkjum úr almannasjóðum, leyfi til auglýsinga og kostunar o.s.frv., en í samþykktinni felst engin krafa um að slíkt útvarp skuli vera héðbundin ríkisstofnun eða í opinberri eigu.

Þetta er merkilegt þegar verið er að ræða almannaútvarp. Það er hægt að gagnálykta þannig að þar sem það sé komið undir því hvernig fyrirtæki rækir hlutverk sitt hvort það telst almannaútvarp, að þá sé ekki gefið að útvarpsstöð sem ríkið á og rekur sé almannaútvarp. Það hefur raunar verið reyndin um ýmsar útvarpsstöðvar, fornar og nýjar, þótt þær séu í ríkisrekstri. Útvarp í alræðisríki getur á þann hátt varla talist almannaútvarp þar sem það uppfyllir ekki ýmis þau skilyrði um hlutlægni og fjölbreytileika eða fjölræði sem talin eru að framan og ekki heldur opinber útvarpsstöð sem hefur verið knúin til grimmilegrar auglýsingasamkeppni við markaðsstöðvarnar með þeim afleiðingum að dagskrárstefna hennar og rekstrarmarkmið draga dám af markaðsstöðvunum. Um þetta er í McKinsey-skýrslunni sem BBC lét gera um síðustu aldamót nefnt dæmið RAI á Ítalíu.

Til eru aðrar skilgreiningar almannaútvarps, t.d. skilgreining breska útvarpsrannsóknarráðsins, sem finna má í endurskoðun starfshóps á útvarpslögum frá 1996, merkilegu plaggi sem mikið var vitnað til í umræðunni um fjölmiðlalögin, en þær eru keimlíkar. Breska ráðið segir í stuttu máli að almannaútvarp verði að ná til allra landsmanna, þurfi að byggjast á almennum viðhorfum og áhugamálum en taka tillit til minnihlutahópa, að slíkt útvarp eigi að leggja rækt við þjóðerni og þjóðarsál, að dagskrá slíkrar stöðvar þurfi að miðast við gæði umfram áhorfslíkur, og að almannaútvarpið verði að fá fjármagn sitt frá notendunum, þ.e. ekki fyrst og fremst frá auglýsendum. Þá leggja Bretarnir áherslu á að almannaútvarp sé óháð viðskipta- og stjórnmálahagsmunum og að starfsmenn njóti ritstjórnarlegs sjálfstæðis.

Íslenskar aðstæður eru alltaf sérstakar vegna fólksfjöldans og fjarlægðar frá öðrum löndum. Leiða má rök að því að vegna framleiðslukostnaðar, einkum í sjónvarpi, sé það hlutverk almannaútvarps enn mikilvægara hér en í grannlöndum að standa að framleiðslu innlends dagskrárefnis.

Hugleiðingar sem ég var með áðan um að almannaútvarp sé hugsanlegt án rekstrarlegrar þátttöku almannavaldsins, án þess að ríkið reki útvarpið eða út af fyrir sig styrki það sérstaklega, eru fyrst og fremst til skilningsauka á því hvað almannaútvarpið er. Á Íslandi er almannaútvarp nær óhugsandi án þess að ríkið komi beint eða óbeint að rekstri þess. Þannig háttar því miður til á okkar landi, það er kannski einn af ókostunum við að vera Íslendingur, eins og það hefur marga kosti.

Það er fróðlegt að bera þessa skilgreiningu Evrópuráðsins, og út af fyrir sig aðrar skilgreiningar á almannaútvarpi sem til eru, saman við 3. gr. frumvarpsins um Ríkisútvarpið hf. Þar eru 14 töluliðir sem meiri hlutinn leggur reyndar til að sé fækkað í 12, held ég. Þeir voru fyrst 18 ef ég man rétt. Þeir eru um hlutverk Ríkisútvarpsins og inngangurinn að greininni er eins og í Biblíunni, en hann er þannig, með leyfi forseta:

„Útvarpsþjónusta í almannaþágu felur í sér eftirfarandi:" — Síðan koma þessir 14 liðir, eins og þetta séu boðorðin tíu. Útvarpsþjónusta í almannaþágu, ekki bara á Íslandi heldur alls staðar, er nákvæmlega þetta og ekkert annað og allt það sem nefnt er í þessum 14 liðum er útvarpsþjónusta í almannaþágu.

Þegar menn bera þetta saman sjá þeir að þessir töluliðir í frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. eru samsafn af hinum og þessum ákvæðum. Sumir þeirra segja ýmislegt, aðrir allt og enn aðrir ekkert. Í 6. tölulið, svo ég nefni dæmi, er fjallað um að útvarpsþjónusta í almannaþágu feli sérstaklega í sér: „Að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri."

Ég segi það um þetta að að því leyti sem skemmtiefni er hluti af menningu og hluti af þjónustu almannaútvarpsins þá er þetta út af fyrir sig rétt. Samt er undarlegt að þetta sé haft í sérstakri grein. Þetta skemmtiefni eða afþreying kemur ekki við sögu í þeim samþykktum sem ég minntist á. Ég tel að það leiði hreinlega af eðli útvarpsins í sjálfu sér að það þurfi ekki að vera leiðinlegt, almannaútvarp er ekki samheiti fyrir leiðinlegt útvarp. Það vekur líka athygli í þessum 6. tölulið að seinni málsliður hans er svohljóðandi: „Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi."

Höfundar frumvarpsins, forseti, þeir Jón Sveinsson og Sigurbjörn Magnússon, flutningsmaður þess, hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ríkisstjórnin, sem heimilar henni að flytja þetta frumvarp, meiri hlutinn í menntamálanefnd, hv. þm. Dagný Jónsdóttir sem hér situr í salnum og félagar hennar í Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki og væntanlega framsóknar- og sjálfstæðismenn, þeir sem hleyptu þessu frumvarpi áfram í gegnum

þingflokkana og hafa heitið við það stuðningi sínum, eru á því að hið fjölbreytta efni við hæfi barna flokkist í raun undir skemmtiefni. Það flokkast undir skemmtiefni samkvæmt 6. tölulið 3. gr.

Það má kannski segja að það sé fáfengilegt af mér að pirra mig á þessu en þetta sýnir að einhverju leyti hve vanbúið frumvarpið er og hve illa það er hugsað, þ.e. mikilvægar hlutverksgreinar, skilgreiningin á þeirri þjónustu sem Ríkisútvarpið á að veita í almannaþágu. Af því sést hvað þetta er mikið klúður, hve augljóst er að þetta hefur ekki verið borið saman við þær skilgreiningar sem til eru við þau tilmæli sem Ísland hefur sjálft verið með í, samþykkt í Evrópuráðinu til aðildarríkja Evrópuráðsins um meininguna með almannaútvarpi.

Það er athyglisvert að þegar fulltrúi menntamálaráðherra var spurður að því í menntamálanefndinni hvers vegna þetta væri svona, jafnvel þegar búið var að taka burt fjóra liði sem Eftirlitsstofnun ESA ruddi út í sumar með hávaða, sem menn voru varaðir við fram í rauðan dauðann í umræðum um forvera frumvarpsins í fyrra, hvað ylli því að ekki væri skilgreint betur hvað væri almannaþjónusta, þá sagði fulltrúinn að það væri með ráðum gert, að það væri stefna ráðherra og stjórnvalda að hafa þennan ramma eins víðan og hægt væri. Hugsunin er sú að við stöndum í einhvers konar reiptogi við Evrópusambandið og Eftirlitsstofnun EFTA um hversu víður ramminn um almannaútvarp megi vera. Það átti að vera sérstakt metnaðar- og hagsmunamál okkar Íslendinga, og nánast óviðurkvæmilegt að finna að því, að hafa þennan ramma sem allra víðastan. Það kunni nefnilega að fara svo að málin þróuðust þannig innan Evrópusambandsins og innan Eftirlitsstofnunar EFTA, þar sem er ör þróun í málefnum almannaútvarps og öllum fjölmiðlamálum með nýrri tækni og nýrri hugsun á ýmsum sviðum, að þessar reglur breyttust og yrðu gerðar af hálfu ESA, Evrópusambandsins eða þeirra félaga, kröfur um að ryðja meiru út af þessum liðum en hér eru inni. Þess vegna er gott að hafa svona marga liði og hafa þetta svona víðtækt.

Í fyrra var minnst á það í frumvarpinu, þ.e. var einn liðurinn var þannig að meðal útvarpsrekstrar í almannaþjónustu væri það að sjá um allan annan útvarpsrekstur en þann sem hér væri nefndur eða einhver álíka klásúla. Það er því á ferðinni samningatækni, sagði þessi fulltrúi, að menn setji fram nánast eins og kröfur, sem allra mestar til að mæta hinum tötralegu kröfum andstæðingsins í málinu, sem í þessu tilviki er Evrópusambandið eða ESA. Síðan gætu menn mest með einhverjum hætti á miðri leið eða dregið víggirðingar sínar til baka með þeim hætti sem þyrfti á hverjum tíma.

Það má minnast á að við fengum, og ég þakka formanni nefndarinnar sérstaklega fyrir það, á okkar fund sérfræðing í Evrópurétti, Árna Pál Árnason. Hann var m.a. spurður um þessar röksemdir eða þessar skýringar úr menntamálaráðuneytinu. *Árni Páll Árnason varaði mjög við slíkri stjórnlist.* Hann taldi að í samstarfinu við Evrópusambandsríkin og í samstarfinu á Evrópska efnahagssvæðinu væri miklu árangursríkara fyrir einstök ríki, ekki síst smáríki sem stendur utan sjálfs aðalsamstarfsins, að móta sér alvöru stefnu sem stæðist öll rök, væri framsýn, sem menn gætu staðið á og haldið sig við hana gagnvart því sem gerast kynni hjá ESA eða í ESB.

Þetta var gagnvart Evrópusambandinu. Reglurnar um almannaþjónustu skipta ekki bara máli gagnvart Evrópusambandinu. Þær eru auðvitað ekki eitthvert íslenskt sjálfstæðismál heldur spurningin um hvernig við ætlum að láta fjölmiðlavettvanginn þróast á landinu í framtíðinni.

Þar er auðvitað líka einhvers konar leiðsögn um þá dagskrá sem á að koma út úr Ríkisútvarpinu. Hvernig dagskráin er kemur Ríkisútvarpinu mjög við og það kemur líka öðrum stöðvum við. Það kemur líka markaðsstöðvunum við sem hér þrífast og eiga að þrífast, a.m.k. að áliti okkar samfylkingarmanna, við hliðina á almannaútvarpinu Ríkisútvarpinu. Þetta minnast Samtök atvinnulífsins á í umsögn sinni sem þau sendu núna og sendu auðvitað líka umsögnina frá því í fyrra. Þá var það Ari Edwalds framkvæmdastjóri. Mörgum fannst skemmtilegt að Ari Edwalds skrifaði undir umsögnina frá Samtökum atvinnulífsins í vor, í apríl 2005, en hann skrifaði ekki undir umsögn Samtaka atvinnulífsins núna heldur undir umsögn 365 miðla. Það er hins vegar Guðlaugur Stefánsson hagfræðingur sem skrifar undir umsögn Samtaka atvinnulífsins núna. Hann segir þar, auk þess að vísa í fyrri umsögn, með leyfi forseta:

„Mikilvægustu athugasemdirnar í fyrri umsögn SA lutu að því að skilgreining á útvarpsþjónustu í almannaþágu væri allt of víðtæk og óljós. Engin markverð breyting hefur orðið á þessu mikilvæga ákvæði frumvarpsins. SA er ljóst að miðað við fordæmi í EES-rétti hafi íslensk stjórnvöld talsvert svigrúm í þessu efni. Ekki er þó heimilt að víkja frá þeim skilyrðum sem nefnd eru í athugasemdum ESA til íslenskra stjórnvalda. Ólíkt því sem EES-reglur um ríkisaðstoð krefjast og getið er um í athugasemdum ESA er ekki með skýrum hætti mælt fyrir um skyldu RÚV til að veita tiltekna og magngreinda þjónustu í almannaþágu gegn þeim ríkisstyrk sem félaginu er ætlaður, heldur er ákvæðið skrifað nánast eins og heimildarákvæði í kringum alla núverandi starfsemi RÚV. Þegar þannig er búið um hnútana er ákvæðið um fjárhagslegan aðskilnað dauður bókstafur."

Hér er annars vegar minnst á þá kröfu ESA sem Ríkisútvarpinu hf. er ósköp einfaldlega falið að uppfylla sjálft, að veita tiltekna og magngreinda þjónustu í almannaþágu gegn þeim ríkisstyrk sem félaginu er ætlaður. *Hins vegar er ákvæðið borið saman við greinar 1–14 og niðurstaðan sú að skrifað hafi verið algjört heimildarákvæði í kringum þá starfsemi sem nú er hjá Ríkisútvarpinu.* Ég held að þetta sé rétt. Ég held eins og Samtök atvinnulífsins að þegar Ríkisútvarpið tiltekur hina magngreindu þjónustu verði það ákvæði *í ESA-reglunum lítils virði. Hin magngreinda þjónusta* er ósköp einfaldlega nánast öll sú þjónusta sem Ríkisútvarpið veitir og kemur á móti þeim ríkisstyrk sem felst í því sem nú heita afnotagjöld en verður kannski nefskattur ef frumvarpið er samþykkt.

Það er því ákaflega óljóst hvernig á að uppfylla kröfur ESA *um þetta. Kröfur ESA eru á hinn bóginn* ákaflega eðlilegar og mikilvægar, a.m.k. fyrir okkur sem teljum að ljósvakavettvangurinn eigi að vera í tvennu lagi, þótt skilin séu alltaf óglögg. Annars vegar er almannaþjónusta Ríkisútvarpsins, þjónusta sem er best komin hjá Ríkisútvarpinu og hins vegar sé þjónusta markaðsstöðva á markaðsgrundvelli, sem er ekkert ljótt og bara venjuleg viðskipti við neytendur

en gegnir hins vegar ekki sama hlutverki og almannaútvarpið gegnir.

Varðandi almannaútvarp skiptir miklu máli hvernig fjármögnunin er. Þar koma sérstaklega til sögunnar tekjur af auglýsingum og kostun. Hvaða leið sem valin er sem ríkisstuðningur, hvort það er afnotagjaldið eins og nú, sérstakir skattar, nefskatturinn eins og lagt er til í frumvarpinu, fasteignaskattur, hluti tekjuskatts eða hvaða leið sem farin er, rásargjald eða fjárveiting af fjárlögum, sem er svona þriðja höfuðleiðin og kemur vel til greina með langtímasamningum sem ekki er hægt að bylta á milli tímabila, þá skiptir langmestu máli fyrir sjálfstæði og viðgang almannaútvarps og fyrir sjálfstæði og viðgang Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps, að hve miklu leyti því er stefnt á markað auglýsinga og kostunar.

Þegar útvarpi eins og Ríkisútvarpinu er valin leið almannaútvarps, sem við teljum sjálfsagt, og í rauninni sú eina sem stendur til boða — og það virðist líka, að minnsta kosti í orði, vaka fyrir frumvarpsflytjandanum — er eðlilegt að móta þá stefnu að draga úr því hlutfalli tekna sem nú er aflað með auglýsingum og kostun. Það hefur síðustu árin rokkað á milli 25 og 30 og farið upp í 32–33% af tekjum. Þetta hlutfall tekna er of mikið. Fyrir því eru tvenns konar höfuðrök að hlutfall auglýsinga og kostunar sé lægra en það sem hér er um fjallað.

Annars vegar er markaðsstarf af þessu tagi, sala auglýsinga, útvegun kostunar, eðlisólíkt hlutverki almannaútvarps. Það er viðurkennt að sé almannaútvarp háð slíkum tekjum — eins og Ríkisútvarpið hlýtur að teljast vera með frá fjórðungi til þriðjungs heildartekna sinna eftir þessari leið, og þar af leiðandi neytt til samkeppni um þessar tekjur — er hætt við að sú staða komi niður á dagskrárframboði þess þannig að hlutur eiginlegs efnis í almannaútvarpi minnki með grimmari sókn í hátt áhorfshlutfall og í tekjuvænlega markhópa.

Ég minntist áðan á McKinsey-skýrsluna sem BBC lét gera en hana má finna í íslenskri þýðingu sem fylgiskjal við þingsályktunartillögu okkar í fyrra um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp. Þar segir að auglýsingar geti haft mikil áhrif á dagskrárframboð almannaútvarps og á það hvernig það rækir hlutverk sitt. Með leyfi forseta:

„Könnun okkar sýnir að ef mikið þarf að treysta á auglýsingar leiðir það óhjákvæmilega til þess að meira er sóst eftir lýðhylli og minna er af vönduðu efni í dagskránni. Þetta er mjög áberandi á útvarpsmörkuðum þar sem samkeppni um auglýsingar fer vaxandi. Þessi áhrif aukast ef rásin er einnig háð opinberum fjárframlögum sem aukast eða minnka eftir geðþótta stjórnvalda. Þessi sókn eftir lýðhylli á kostnað gæða getur spillt vandaðri dagskrá ríkisútvarps. Rannsókn okkar á tekjum allmargra ríkisútvarpsfyrirtækja sýnir að milli 1993 og 1996“ — ég hygg að skýrslan sé frá 1999 — „minnkuðu auglýsingatekjur sem hlutfall af heildartekjum, en dagskrá útvarpsrása sem höfðu tekjur af auglýsingum var í stórum dráttum óbreytt. Dagskráin miðaðist sem sagt áfram við lýðhylli, en tekjurnar fóru minnkandi. Meginorsök minnkandi tekna virðist vera aukin samkeppni um auglýsingar. Því er það svo að ef auglýsingaháð ríkisútvarp ætlar að auka tekjur sínar verður það að ganga enn lengra í því að breyta dagskrá til að auka lýðhylli. Ríkisútvarp í slíkri stöðu getur fundið sig fjárhagslega knúið til að láta sérstöðu sína lönd og leið ef fjármögnun er ekki breytt í grundvallaratriðum. Og eins og við höfum þegar sýnt fram á skaðar sú þróun allan útvarpsmarkað í viðkomandi landi.“

Þeir nefna t.d., eins og ég sagði áðan, ítölsku stöðina RAI sem fór þessa leið. Henni var stefnt með tekjur á auglýsingamarkað og kostunar- og það sem gerðist þar var að ríkisútvarpið RAI á Ítalíu dró dám af markaðsstöðvunum, það dró úr gæðum þess en þar jókst það efni sem einkum var talið til þess fallið að hægt væri að selja með því auglýsingar.

McKinsey-menn nefna líka aðrar stöðvar þar sem þessu er öfugt farið, stöðvar í Þýskalandi, stöðvar á Norðurlöndum, að ég hygg sænska sjónvarpið sérstaklega, og auðvitað BBC, hina miklu móður ríkisútvarpanna, sem hefur tekist að halda uppi gæðum á sínu svæði, á Bretlandi og reyndar víða um heim, með því að taka forustu á fjölmiðlavettvangnum. Koma öllum til nokkurs þroska, eins og segir í gamalli sögu um landnámsmann sem virtur var öðrum fremur, án þess að vinna á forsendum markaðsstöðvanna sem þeim eru látnar eftir að mestu.

Það er rétt að gera sér grein fyrir í þessu tilviki hvers eðlis auglýsingastarfsemi er. Auglýsingar eru orðin talsverð atvinnugrein á Íslandi og alls staðar í vestrænum löndum og víðast um heiminn. Það eru markaðsdeildir í fyrirtækjum. Það eru auglýsingastofurnar sjálfar. Það eru sjálfstæðir ráðgjafar af ýmsu tagi um marga hluti og svo auðvitað fjölmiðlarnir og aðrar auglýsingaleiðir sem farnar eru — við þurfum ekki annað en að líta á strætisvagnana hér fyrir utan á götunum — og síðan þau fyrirtæki sem annast áhorfskannanir og skoðanakannanir og alls konar félagsfræði og sálfræði sem að þessu kemur. Þótt okkur þyki oft nóg um er þetta eðlilegur partur af markaðsbúskapnum. Skilaboð eru flutt með einhverjum hætti á milli seljandans og neytandans. Við þetta losnum við ekki þó við eigum auðvitað að hafa um þetta ákveðnar reglur þar sem bæði eru virtir þeir sem minna mega sín gagnvart þessum skilaboðum af þessu tagi, t.d. börn, og auðvitað varin venjuleg mannhelgi af ýmsu tagi.

Hver er tilgangur þessarar starfsemi? Hann er sá, við getum sagt það fallega, að tengja saman seljanda og kaupanda. Neytandann við framleiðandann. En markmið þeirra sem á milli standa, þar á meðal forsvarsmanna í fjölmiðlum, er auðvitað að útvega auglýsandanum, vöruseljaranum, markhóp við hæfi. Það er ekkert flóknara en það. Sá sem getur greiðast og best og á sem lægstu verði útvegað tilteknum auglýsanda tengsl við þann markhóp sem hann telur heppilegastan fær þær auglýsingar sem um ræðir eða að minnsta kosti mest af þeim.

Þetta er gömul og ný tekjuleið fyrir fjölmiðla og ekkert að því að finna, eins og hver annar sjálfsagður hlutur. En hættan er auðvitað sú að dagskrá fjölmiðla, og hér er ég sérstaklega að tala um sjónvarps- og útvarpsstöðvar, fari að miðast við að ná í þennan markhóp fyrir auglýsandann í stað þess að þjóna lesendunum, hlustendunum eða áhorfendunum sem slíkum. Þetta er alveg sérstök hætta fyrir almannaútvarp eins og ágætlega hefur verið rakið í títtnefndri McKinsey-skýrslu.

Þetta var um hætturnar fyrir almannaútvarpið sjálft af því að búa um of við tekjur af auglýsingum og kostun. Hins vegar er svo það almenn sjónarmið, sem m.a. formaður menntamálanefndar hv. ætti að kannast við, að opinber þátttaka í samkeppni í atvinnulífinu er ekki æskileg. Ég er þeirrar skoðunar og tel enn fremur að ef slík þátttaka er af einhverjum ástæðum talin nauðsynleg eigi að búa svo um hnútana að hún raski sem minnst möguleikum fyrirtækja á markaðnum. Þess vegna er ekki eðlilegt að almannaútvarp á vegum ríkisvaldsins eða með stuðningi þess taki af öllum kröftum þátt í samkeppni markaðsstöðvanna á sviði auglýsinga og kostunar.

Samkvæmt því sem ég lýsti hér að framan eiga stjórnvöld að huga að rekstrargrundvelli annarra fjölmiðla en almannaútvarpsins, auk þess að styrkja það og efla. Það er svo að ein helstu tekjumið sjónvarpsstöðva á markaði eru auglýsingar og kostun. Það er óeðlilegt til frambúðar að almannaútvarpið rói of grimmt á þau mið í samkeppni við hinar stöðvarnar.

Að þessu sögðu vil ég taka fram að engin nauð rekur menn til að hætta auglýsingum eða kostun í Ríkisútvarpinu okkar — þá tala ég um það sem almannaútvarp hreinna en það er nú — hvað þá sígildum tilkynningum t.d. á hljóðvarpsrásunum, enda fellur margt af því auglýsingaefni undir þann dagskrárramma sem almannaútvarpið hlýtur að setja sér. Ýmsar tilkynningar eru þar ágætt dæmi. Dánartilkynningarnar kannski alveg sérstakt dæmi. (**JÁ:** Besta efnið.) Það er besta efnið, segir hv. þm. Jóhann Ársælsson. Í sjálfu sér lýsir það ágætlega stöðu Ríkisútvarpsins hér á landi að hvergi annars staðar vill fólk deyja en í Ríkisútvarpinu. Ég get ekki ímyndað mér að margir vilji t.d. deyja í FM 95,7. (**EMS:** Níutíu hvað?) Það er útvarpsstöð hér á landi.

Forseti. Nú svara ég hér hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni sem býr við þá fátækt landsbyggðarmannsins að geta ekki hlustað mjög mikið á þessa stöð frá því hún hefur morgunþátt sinn Zúúber í umsjón fjögurra eða fimm duglegra ungra fjölmiðlavíkinga og þar til dagskrá lýkur á kvöldin með svipuðum hætti.

Ég tel, forseti, að þingmaður hv. þessi og aðrir í hans kjördæmi ættu kannski að fara að temja sér að hlusta á þessa stöð því hún lýsir ákaflega vel andanum í íslenskri æsku og þeirri djörfung og þeim dug sem í þeim býr sem eiga að erfa landið. Vil ég þá einkum benda á þennan morgunþátt Zúúber, með z, sem ég tel að mundi henta hv. þingmanni einkar vel að hlusta á á leið sinni norður og austur í kjördæmi sitt. (**Gripið fram í:** Er það víst að hann heyri þá stöð?) Ekki er það víst, en forseti, nú svara ég þingmanninum. En nú er hv. þingmaður hér á þinginu áhrifamaður í ýmsum efnum, þar á meðal á sviði fjármála, og gæti sem hægast hjálpað til við að þessi ágæta útvarpsstöð heyrðist víðar um landið en nú er. Það hefur auðvitað ákveðinn menningarlegan tilgang að gera það. Það er ýmislegt efni á þessari útvarpsstöð, m.a. hljóð í fólki við æxlunarstörf sem hafa þótt merkileg fyrirbrigði hér í útvarpsmenningu síðari ára. Mér þykir leitt að hv. þingmaður, sem ég veit að er áhugasamur um æskulýðsmál og ýmis málefni sem til framfara horfa, skuli hafa misst af þessari góðu stöð. (Gripið fram í.) Vissulega, forseti, geri ég ráð fyrir að þetta breytist eftir að þingmaðurinn hefur hlýtt á þennan kafla í ræðu minni.

Það eru auðvitað líka aðrar auglýsingar og meiri, þar sem auglýsendur telja sig eiga erindi við alla þjóðina, sem eðlilegt getur verið að hafa í almannaútvarpi. Hér er um ýmsar leiðir að ræða. Annars vegar er markmiðið ósköp einfaldlega það að lækka hlutfall þessara tekna í það að almannaútvarpið hneigist ekki til að laga dagskrá sína að þörfum auglýsenda fyrir markhópa. Hins vegar það að gjalda keisaranum það sem keisarans er, ekki satt, að leyfa markaðsstöðvunum að sitja að sínum sérstöku tekjuleiðum sem eru fyrst og fremst auglýsingar og kostun, auk auðvitað áskriftargjalds eins og Stöð 2 hefur af sínu áskriftarsjónvarpi. Ég minnist þess reyndar, í þessum orðum töluðum, að Páll Magnússon, núverandi útvarpsstjóri, flutti um það ágætan fyrirlestur fyrir menntamálanefnd í fyrra hvað hann teldi það mikilvægt að sjónvarpsstöð eins og Stöð 2 hefði blöndu af slíkum tekjum, annars vegar áskriftargjald og hins vegar auglýsingar, til að útvarpsstöðin einmitt hneigðist ekki til þess eingöngu að þjóna auglýsendunum í þörf þeirra fyrir markhópa heldur sinnti áhorfendum sínum beinlínis vegna þess að þeir ættu það þá á hættu að tapa þeim annars og tækju þess vegna meira tillit en ella til áhorfendanna í hinu beina sambandi sínu við greiðandi áhorfendur. Þetta er að breyttu breytanda það sem ég á við í ræðu minni um Ríkisútvarpið, að það má ekki verða of háð þessum tekjum.

Leiðir sem við getum nefnt í þessu sambandi eru kunnar að utan. Það er hægt að kveða á um hundraðshluta auglýsinga- og kostunartekna í heildartekjum, 10, 15 eða 20%. Það er hægt að takmarka auglýsingatíma. Gera hverja auglýsingu dýrari. Það er hægt að taka við ákveðnum tegundum auglýsinga. Það mætti breyta skilgreiningu á kostun til að vernda sem best dagskrárlegt sjálfstæði sem er nokkuð óljóst um hvernig háttað er, t.d. á Rás 2 að henni annars ólastaðri og hennar hlutverki.

Í greinargerðinni er byrjað á að fjalla um þessi mál en í rauninni gefist upp á miðri leið, kannski vegna þess að þrekið er ekki fyrir hendi hjá frumvarpsflytjandanum, menntamálaráðherranum, sjálfsagt fyrst og fremst af fjárhagsástæðum vegna þess að auðvitað þyrfti að bæta Ríkisútvarpinu upp þær tekjur sem það tapaði við þetta þó að það gerðist á einhverjum tíma. Það stendur ekki til og það er yfirlýst markmið að auka tekjur Ríkisútvarpsins umfram það sem nú er. Áhyggjur menntamálaráðherra og stjórnarmeirihlutans af fjármálum þess koma raunar best fram í þeim vafa sem enn ríkir um hvort eiginfjárstaða þess verður jákvæð eða neikvæð á fyrsta starfsdegi.

Ég endurtek að lokum þessa kafla um almannaútvarpið, fyrsta af þremur, þann lengsta vissulega sem sérstaklega er fjallað um í nefndarálitinu, forseti kær:

Lagarammi sá sem reynt er að marka starfsemi Ríkisútvarpsins með frumvarpinu er ekki ljós. Alls er óvíst að Ríkisútvarp það sem á að starfa eftir frumvarpinu verði raunverulegt almannaútvarp. Skilgreining frumvarpsins á hlutverki Ríkisútvarpsins og skyldum er óglögg. Í stað þess að móta Ríkisútvarpinu framtíðarstefnu hefur sá kostur verið tekinn að halda að mestu áfram því róli sem fyrirtækið hefur verið á síðan rekstrarumhverfi þess gjörbreyttist við af-

nám einkaleyfis árið 1985. Ólíklegt er að þessi lagarammi dugi Ríkisútvarpinu til lengdar vegna Evrópusambandsins annar vegar og vegna krafna frá keppinautum innan lands hins vegar sem sætta sig ekki við það að vera í samkeppni við ríkisstyrkta stöð sem beitir sér á markaði. Það er líklegt af þessum ástæðum sérstaklega að lög þau sem úr frumvarpinu kynnu að verða eigi ekki langa ævi óbreytt, að áfram verði ófriður um Ríkisútvarpið og að Ríkisútvarpinu takist ekki, sé ekki gert kleift að sinna sem skyldi hlutverki sínu sem kjölfesta á hinum síbreytilega vettvangi ljósvaka og fjölmiðlunar.

Forseti. Annað meginatriðið í nefndaráliti okkar var að því miður er ekki tryggt með frumvarpinu að losað sé um flokkspólitísk ítök og íhlutun á Ríkisútvarpinu. Almannaútvarp miðast eins og áður segir við dagskrá og við þjónustu við almenning en til að geta skilað því hlutverki sínu verður almannaútvarp að vera sjálfstætt. Það verður að vera óháð stjórnmálahagsmunum og viðskiptahagsmunum. Fyrirkomulag eignarhalds, fjármögnunar og stjórnarhátta, hvað sem menn velja sér í því efni, á að stuðla að þessu fyrst og fremst. Fjöregg almannaútvarps er samband þess við hlustendur sína og áhorfendur, alla þjóðina eða a.m.k. yfirgnæfandi meiri hluta hennar. Fjöregg þess felst í því að landsmenn líti á það sem sitt án nokkurrar óvirðingar gagnvart markaðsstöðvunum, að þeir treysti því til frétta og fræðslu og líti á það sem trúverðugan spegil samfélagsins hvort sem þeim spegli er uppi haldið með innlendu leikefni, heimildarmyndum eða lýðræðisumræðu um helstu samfélagsmál eða með því að bregða upp spéspegli eins og Spaugstofan hefur gert flestum til ánægju og segir kannski með því sannari fréttir en hinar venjulegu fréttastofur, a.m.k. þegar til langs tíma er litið.

Staðreynd er hins vegar að langvarandi flokkspólitísk ítök, einkum Sjálfstæðisflokksins, síðustu áratugi á Ríkisútvarpinu hafa bæði spillt þar starfsanda og dregið úr tiltrú almennings í garð þess sem almannaútvarps. Um sjálfstætt almannaútvarp eru reyndar til enn ein tilmælin frá Evrópuráðinu, tilmæli um sjálfstæði almannaútvarps, tilmæli frá 1996, nr. 10, og þau tilmæli eru prentuð í heild sem fylgiskjal við þingsályktunartillögu okkar frá í fyrra, og segi ég hér með frá ef ég hef ekki sagt það áður. Það er ekki fyrr en fyrir tveimur árum sem þessi viðmiðunarrammi komst til umræðu hér með svolitlum hætti, þó að við séum aðilar að þessum tilmælum Evrópuráðsins á fjölmiðlasviði, með þingsályktunartillögu okkar samfylkingarmanna um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði í fjölmiðlun þar sem vísað var til þessara tilmæla Evrópuráðsins og síðan með skýrslu hinnar frægu fjölmiðlanefndar á vegum ríkisstjórnarinnar sem var grundvöllur, að ósekju raunar, að frumvarpi því sem hér var á sínum tíma þjösnað í gegnum þingið við fræga andstöðu hér í salnum og enn þá meiri mótmæli hér fyrir utan, í samfélaginu. Hluti deilnanna um fjölmiðlafrumvarp forætisráðherra vorið 2004 stóð einmitt um hvernig frumvarpið samrýmdist þeim tilmælum sem þarna er um að ræða.

Í þeirri skilgreiningu almannaútvarps sem ég rakti að framan er lögð þung áhersla á að það sé óháð stjórnmála- og viðskiptahagsmunum. Í gagnrýni á starf og rekstur Ríkisútvarpsins síðustu áratugi leyfi ég mér að segja hefur þessi þáttur einnig verið áberandi, bæði um stjórnmálahagsmuni og viðskiptahagsmuni. Nauðsynin á því að almannaútvarp sé sjálfstætt leiðir beint af hlutverki þess og dagskrárstefnu en tengist eins og áður segir bæði stjórnarháttum þess og fyrirkomulagi fjármögnunar. Þess vegna hefði verið skynsamlegt ef menn hefðu ætlað sér að ná breiðri samstöðu, sem ekki var, að hefja vinnuna á þessum slóðum og bera stjórnarhætti og fjármögnun í útvarpi okkar, Ríkisútvarpinu, sem almannaútvarpi a.m.k. í framtíðinni, saman við þessi tilmæli sem íslensk stjórnvöld hafa samþykkt og skuldbundið sig til að fara eftir, þótt aðildarríkin séu auðvitað ekki skyld að lögum að fara eftir tilmælum Evrópuráðsins. Ekki er hægt að dæma þau til þess í dómstólum, sem hv. formaður menntamálanefndar Sigurður Kári Kristjánsson virðist líta á sem einu raunverulegu ástæðuna til að fara að þeim tilmælum og textum sem maður sjálfur hefur samþykkt.

Ég ætla ekki að þessu sinni, og ég geri ráð fyrir að þingmenn séu ánægðir með það, að fara ítarlega yfir þau tilmæli, það yrði nokkuð löng stund. Má vera að betra tækifæri gefist til þess síðar í umræðunni. En ég minni á að þetta var ein af kröfum okkar í menntamálanefnd, ein af forsendunum fyrir mótmælum okkar við að málið var tekið út úr henni, að við vildum að frumvarpið væri borið saman við þessi tilmæli Evrópuráðsins, þeirra samtaka Evrópuþjóða sem einkum beita sér að mannréttindum og lýðræðisefnum. Því var hafnað á þeim forsendum að þetta væri ekki bindandi.

Ef maður dregur hin þykku tilmæli Evrópuráðsins í þessum efnum frá 1996 saman í eina setningu, ef maður þyrfti að gera það, væri sú setning sennilega svona: „Almannaútvarp, ekki ríkisstjórnarútvarp.“ Eins og ég sagði áður er nokkuð ljóst að núverandi skipan mála á Ríkisútvarpinu stenst ekki tilmæli Evrópuráðsins frá 1996.

Páll Þórhallsson, sem þá var lögfræðingur í fjölmiðladeild eða fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins, skrifaði grein um almannaútvarp á Íslandi í Morgunblaðið 2. maí árið 2004. Hún hét: Helgar tilgangurinn meðalið? Greinin fjallaði m.a. um fjölmiðlafrumvarpið sem þá var að gera allt vitlaust á þingi og í samfélaginu. Hann komst þá m.a. að þeirri niðurstöðu að nokkuð skorti á sjálfstæði Ríkisútvarpsins, með leyfi forseta:

„Kemur þar sjálfsagt margt til. Eitt af því er að ríkisstjórnarmeirihluti hverju sinni skipar meiri hluta útvarpsráðs á meðan víðast hvar erlendis ... hefur verið fundið fyrirkomulag sem tryggir að slík ráð gæti almannahagsmuna en ekki hagsmuna ríkisstjórnar eða stjórnarflokka. Það þætti t.d. ekki góð latína á Evrópuvettvangi að pólitískt skipað útvarpsráð fjallaði um umsóknir um stöður fréttamanna.“

Það á að vísu hið nýja útvarpsráð ekki að gera, a.m.k. ekki beinlínis, og það erum við öll sammála um sem betur fer. En það er rétt að skoða þetta aftur sem Páll Þórhallsson, þáverandi starfsmaður í fjölmiðladeild Evrópuráðsins, núverandi verkamaður hjá forsætisráðherra, sagði um núverandi skipan Ríkisútvarpsins.

Með leyfi forseta, endurtek ég:

„Eitt af því er“ — þegar Evrópureglur eru bornar saman og reynt að finna hvort sjálfstæði Ríkisútvarpsins sé nægi-

legt samkvæmt þeim — „að ríkisstjórnarmeirihluti hverju sinni skipar meiri hluta útvarpsráðs á meðan víðast hvar erlendis ... hefur verið fundið fyrirkomulag sem tryggir að slík ráð gæti almannahagsmuna en ekki hagsmuna ríkisstjórnar eða stjórnarflokka.“

Athyglisvert er að skoða — og hér ætla ég að bregðast, en aðeins í þessu eina tilviki, því loforði mínu að fara ekki ítarlega yfir einstaka þætti í tilmælunum frá 1996 — núverandi útvarpsráð og stjórnina í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra í ljósi þessara orða úr Evrópuráðstilmælum frá 1996 um stjórn, með leyfi forseta:

Að fulltrúum almannavaldsins ber að fylgjast með en þeim ber að haga — nei, fyrirgefið, þetta er ekki beint úr þessum reglum heldur er meginefni þeirra það að fulltrúum almannavaldsins beri að fylgjast með en beri að haga eftirliti sínu þannig að það hafi ekki áhrif á dagskrá og stjórnmálaleg afskipti af starfseminni í almannaútvarpi umfram almenna stefnumótun og það að skapa starfsramma er bannorð.

Dæmi um þetta er úr skýringum við viðmiðunarreglu sem fjallar um stöðu stjórnar almannaútvarpsstofnunar og hljóðar svo, og ég bið menn að hugsa til útvarpsráðsins okkar núna og til stjórnar eins og hún er sett fram í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra þegar þeir hlusta á þetta, með leyfi forseta:

„Til að tryggja sjálfstæði stjórnar almannaútvarpsstofnana er mikilvægt að stjórnirnar séu ekki háðar neins konar stjórnmálalegum afskiptum eða annars konar afskiptum við starf sitt ... Reglur um slíkar stjórnir skal því orða þannig að öll slík afskipti séu útilokuð, hvort sem þau varða skipun stjórnar, starfsemi þeirra, o.s.frv. Sérstaklega skal vanda form á skipun stjórnarmanna þar sem um stjórnarnefnd er að ræða (stjórn, ráð, o.s.frv.). Þótt í slíkum ráðum kunni að vera fulltrúar skipaðir af stjórnvöldum og/eða þingi, mega slíkir fulltrúar ekki vera í aðstöðu til að beita ráðandi áhrifum á stjórnina (í krafti fjölda síns eða tiltekins valds sem þeim er falið). Álíka mikilvægt er að þessir fulltrúar gegni starfi sínu algerlega óháðir pólitísku valdi.“

Sýnist einhverjum, hvað sem líður starfsskilyrðum stjórnarmanna sjálfra í þeirri grein frumvarpsins sem um þau fjalla, að raunverulega standist stjórn Ríkisútvarpsins hf. samkvæmt frumvarpinu þessar kröfur eitthvað betur en útvarpsráðið í ríkisstofnuninni Ríkisútvarpinu? Sýnist mönnum að ríkisstjórnarmeirihlutinn í nýja útvarpsráðinu standist það að stjórnirnar séu ekki háðar neins konar stjórnmálalegum afskiptum eða annars konar afskiptum við starf sitt? Það væri fróðlegt að heyra í formanni menntamálanefndar um þetta efni og heyra hann rökstyðja það hvernig hin nýja stjórn þar sem meiri hlutinn er sjálfkrafa meiri hluti stjórnarflokkanna hér á þinginu, meiri hluti stjórnarinnar er sjálfkrafa ríkisstjórnarmeirihluti nákvæmlega eins og í gamla útvarpsráðinu, hvernig þessi ákvæði um stjórnina standast tilmæli Evrópuráðsins.

Þetta er enn eitt dæmið um það að ekki hefur verið hugað að þessum tilmælum og málið búið til á allt, allt annan hátt en þann að skoða fyrst hvað menn eru að gera og reyna síðan að vera í samræmi við þá þróun sem alls staðar í kringum okkur er talin rétt og við höfum sjálf skuldbundið okkur til með þátttöku okkar í Evrópuráðinu og þátttöku okkar á þessum fundi. Þetta er líka dæmi um það, sem þessi kafli ræðu minnar fjallar nú um, að flokkspólitískum ítökum í Ríkisútvarpinu er ekki eytt með þessu frumvarpi. Þau halda áfram og það má færa rök að því að þau geti með þessu frumvarpi orðið heldur meiri, ef vilji ríkisstjórnar, menntamálaráðherra og stjórnarmeirihluta stendur til, en þau þó eru í núverandi skipan, sem hefur þann kost að mál eru þar a.m.k. uppi á borðinu vegna þess að menn skömmuðust sín ekkert fyrir það í gamla daga að skipa sjö fulltrúa stjórnmálaflokka í útvarpsráð. Það þótti eðlilegt í samfélagi sem hefur breyst síðan sem betur fer.

Almannaútvarp stendur ekki undir nafni nema það sé sjálfstætt, sagði ég. Að setja hreinan ríkisstjórnarmeirihluta í stjórn þess, ríkisstjórnarmeirihluta sem m.a. ræður útvarpsstjóra og rekur án nokkurrar tímabindingar, samræmist ekki sjálfstæði í almannaútvarpi. Ég held að menn hljóti að skilja þetta. Stjórninni er falið að ráða útvarpsstjórann, sem betur fer engan annan, hún á að ráða hann algjörlega sjálf, það eru engar hæfniskröfur um útvarpsstjóra eða nein skilyrði sem honum eru sett. Menn kunna að hafa ýmsar athugasemdir við það en ég ætla ekki að gera neinar athugasemdir við það ákvæði í sjálfu sér nema benda á að það er ekkert sem heftir stjórnina í að ráða hvern sem er sem útvarpsstjóra og hún ræður hann með sínum eigin meiri hluta, þremur af fimm, en svo vill til að það er í langflestum tilvikum sami meiri hlutinn og kosið er eftir á Alþingi. Í þeim tilvikum þar sem svo er ekki væri þá um að ræða ríkisstjórn sem styddist við sterkari meiri hluta en við höfum dæmi um í stjórnmálasögu Íslands og kemur út á eitt.

Það er ekki aðeins það að stjórnin ráði þennan útvarpsstjóra að eigin geðþótta heldur ræður hún hann þannig að hún getur rekið hann daginn eftir eða hvenær sem henni hentar, hvenær sem henni þóknast. Það býður auðvitað til þess að sambandið milli stjórnar og útvarpsstjóra sé af sérstöku tagi, sé þannig að útvarpsstjórinn fari að vilja stjórnarinnar, vegna þess að hann á það á hættu ef hann gerir það ekki að við honum sé stuggað nema hann hafi þá byggt upp einhver sérstök völd önnur eða áhrif sem sporni gegn því.

Auðvitað geta menn komið hér og talað um hrakspár og talað um að maður leggi út á versta veg. Vonandi verður það svo að til þessara starfa veljist menn sem ekki hugsa svona, sem hafa aðrar leikreglur að leiðarljósi þó að þær séu ekki tilteknar í frumvarpinu, að þarna veljist menn sem ekki líta á sig sem fulltrúa pólitískra flokka fyrst og fremst. En það er ekkert í frumvarpinu, það er ekkert í þeirri stjórnskipan sem frumvarpið gerir ráð fyrir sem kemur í veg fyrir að það verði þannig.

Þegar við lítum á sögu Ríkisútvarpsins, öll þau rúmlega 75 ár sem það hefur starfað, sjáum við auðvitað þær hættur sem augljósar eru við stjórnkerfið sem þar er við lýði, þ.e. útvarpsráðsmeirihluta kosinn af þingi og útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra skipaða af menntamálaráðherra, og auðvitað er það ekki þannig að þetta hafi allt ævinlega farið á versta veg. Það hefur auðvitað farið mjög mikið eftir þeim sem veljast í þessar stöður. Það hefur farið mikið eftir starfsanda á Ríkisútvarpinu, það hefur farið eftir áhrifavaldi útvarpsstjórans, eftir þeim hugmyndum sem útvarpsráðið, meiri hluti þess og formaður hafa haft um sjálfa sig. Það hafa komið tímabil í sögu Ríkisútvarpsins þar sem stjórn-

skipanin hefur gengið nokkuð vel en þau tímabil hygg ég að séu fleiri þar sem þessi stjórnskipan hefur gefist illa. Við ættum því að skammast til þess að læra af þessari sögu og búa skipulag Ríkisútvarpsins í framtíðinni þannig út að það komi í veg fyrir eða a.m.k. stuðli gegn því að flokkspólitík og ríkisstjórnarmeirihluti séu þar ráðandi.

Það má svo sérstaklega minnast á að í raun og veru eru tengsl fulltrúanna í nýja útvarpsráðinu sterkari við stjórnmálaflokkana sem tilnefna þá eða kjósa þá hér á þinginu en áður, því að áður var þetta þó þannig að þeir voru kosnir til fjögurra ára eða réttara sagt voru kosnir til hvers ríkisstjórnartímabils um sig, sem sýnir reyndar ágætlega hversu tengt þetta útvarpsráð er og var pólitíkinni á þinginu. Nú á ekki einu sinni að gera þetta heldur á að kjósa fulltrúana til eins árs í senn að því er virðist til að uppfylla hlutafélagalög en þegar maður skoðar þau betur þarf þetta auðvitað ekki að vera þannig. Það væri hægt að kjósa þessa fulltrúa til fleiri ára, til fjögurra ára, fimm ára eða sjö ára ef menn vildu það. Það er fullkomið frelsi til þess gagnvart hlutafélagalögunum að gera það í sérlögum um Ríkisútvarpið. Það væri þó illskárra að gera það þannig. En því bendi ég á þetta að það er svo fráleitt að menn séu að minnka þetta samband sem verða má, menn eru einmitt að auka það öllu heldur.

Minnsta hugsanlega breyting á þessari skipan væri sú að bæta við í ráðið tveimur fulltrúum, fulltrúum starfsmanna, sem gerði það að verkum að meiri hlutinn væri þá ekki nauðsynlega framkallaður á þinginu með ríkisstjórnarmeirihluta heldur skapaðist af aðstæðum. Væntanlega mundi slík ráðstöfun gera það að verkum að ekki væri neinn einn sjálfsagður meiri hluti í ráðinu heldur ynni það saman eins og oft gerist í nefndum og ráðum þar sem flokkspólitík og ríkisstjórnarhagsmunir skipta ekki meginmáli. Það væri minnsta hugsanlega breyting á þessu. Ég get þess hér sérstaklega vegna þess að í 1. umr. um málið kom þessi tillaga fram í máli mínu en ekki var brugðist við henni og hún hefur ekki fengist rædd í nefndinni frekar en aðrar tillögur. Það sýnir ágætlega annars vegar að við höfum verið fús til að reyna að koma til móts við meiri hlutann í þessu efni til að ná einhvers konar bótum á frumvarpinu, og hins vegar að meiri hlutinn hefur ekki verið tilbúinn til þess eins og áður er rakið og ekki einu sinni tilbúinn til þess að nefna rök á bak við þá skipan mála sem hér er lögð til.

Svo verður að segja um hið nýja útvarpsráð að vissulega er það til bóta að það á ekki að fjalla um dagskrá og það á ekki að veita neins konar umsögn um ráðningar nema að því leyti sem varðar ráðningu útvarpsstjórans. Það hefur að vísu dregið mjög úr afskiptum útvarpsráðs af þessu hin síðari ár en reglurnar hafa krafist þess að útvarpsráð gerði þetta og það hefur vissulega gert það í ákveðnum tilvikum, fréttastjóramálið er auðvitað gleggsta dæmið um það. Á hinn bóginn má svo segja um stjórnina að þegar hún lætur af þessum afskiptum sínum og er falið annað hlutverk þá er það heldur ekki bein trygging fyrir því að stjórnin eða meiri hluti hennar hafi ekki slík afskipti vegna þess að þau gætu falist í tengslum hennar, í mjög nánu sambandi hennar við útvarpsstjórann. Þá segi ég aftur: Veldur hver á heldur. En frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinum tryggingum í þessu efni. Það eru engir fyrirvarar eða öryggisventlar í frumvarpinu um það, sem væri þó tiltölulega auðvelt að nefna líka fyrir utan þennan meiri hluta og fælist þá m.a. í því að útvarpsstjórinn væri ráðinn til tiltekins tíma. Hann hefði starfsfrið í t.d. fimm ár, sjö ár, þannig að hann yrði ekki rekinn á þeim tíma nema eitthvað sérstakt kæmi til, útvarpsstjórinn væri þess vegna sjálfstæður á þessum tíma og ekki háður stjórninni, væri ekki að hugsa um það þegar hann tæki ákvarðanir hvað stjórninni fyndist um það, hvort hann væri brottrekstrarhæfur eða hvort hann fengi að starfa áfram.

Það er líka neikvætt við hina endalausu ráðningu útvarpsstjóra eða þá ráðningu sem miðast aðeins við vilja stjórnarinnar að þá er hættara við að menn gleymi því sem er eðlilegt í starfi slíkrar stofnunar, menningarstofnunar af þessu tagi, að staldrað sé við eftir ákveðinn tíma og skoðað hvernig útvarpsstjórinn, hinn valdamikli útvarpsstjóri, hefur staðið sig, hvað hefur gengið fram af stefnu hans, hvernig hann hefur skilað hlutverki sínu, og spurt þeirrar spurningar hvort kominn sé tími til að skoða aðra kosti í þeim efnum án þess beinlínis að reka þann mann sem var og ekki hefur staðið sig þannig að hann verðskuldi það.

Ríkisútvarpið, jafnvel Ríkisútvarpið hlutafélag, er ekki fyrirtæki á samkeppnismarkaði og er ekki ætlað að vera það í þessu frumvarpi, a.m.k. ekki ef það er lesið bókstaflega, og markaðshefðir um þetta, hefðir sem teknar eru beint úr hlutafélögum sem starfa í allt, allt öðru umhverfi, eiga ekki við Ríkisútvarpið nema að mjög litlu leyti. Það má halda því fram að útvarpsstjórinn sem samkvæmt þessu frumvarpi hefur mikil völd, gríðarleg völd — ég geri ráð fyrir að hann reyni sjálfur að hefta eitthvað völd sín með einhvers konar skipulagsskrá, með því að koma upp einhvers konar lýðræði eða a.m.k. ráðum annarra í skipuriti Ríkisútvarpsins — það má halda því fram að með þessu nýja frumvarpi sé hinn valdamikli útvarpsstjóri, sem er beintengdur meiri hluta stjórnarinnar, miklu háðari ríkisstjórnarmeirihlutanum en núverandi útvarpsstjóri þó er gagnvart ríkisstjórnarmeirihlutanum í útvarpsráðinu, vegna þess að útvarpsstjórinn sem nú er, í því vitlausa skipulagi sem ég tel vera á Ríkisútvarpinu núna, er ekki ráðinn af útvarpsráði. Trúnaður hans er ekki gagnvart útvarpsráðinu heldur gagnvart menntamálaráðherra sem réð hann. Hann hefur þess vegna hagað sér, hygg ég, miklu sjálfstæðar gagnvart útvarpsráði en líklegt er að hinn nýi útvarpsstjóri geri gagnvart stjórninni.

Við skulum svo sannarlega vona að þeir útvarpsstjórar sem kynnu að starfa samkvæmt þessu frumvarpi, ef að lögum verður, standi í lappirnar. En hér er viljandi eða óviljandi verið að búa til leið til framhaldsítaka ríkisstjórnarmeirihlutans í gegnum útvarpsstjórann og tengsl hans við stjórnina, bæði gagnvart dagskrá, gagnvart ráðningum og allri innri stefnumótun á Ríkisútvarpinu.

Ég er að fjalla um flokkspólitísk ítök og skipulag á Ríkisútvarpinu en ég ætla næst, forseti, að tala aðeins um þjónustusamning menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins. Þá reka menn upp stór augu því að ekkert er um þennan þjónustusamning í frumvarpi því sem hér er til umræðu. Samt er þessi þjónustusamningur til og það er út af fyrir sig ákaflega sérkennilegt að ekki sé fjallað um svona mikilvægt atriði í sjálfum lagatextanum vegna þess að það er eitt af meginatriðunum í skipulagi Ríkisútvarpsins hlutafélags að stjórn þess eða útvarpsstjóri, það er reyndar óljóst, geri sér-

stakan þjónustusamning við menntamálaráðherra. Slíkir þjónustusamningar eru reyndar nú við lýði eða voru a.m.k. til skamms tíma og voru nú ekki merkileg plögg í sjálfu sér. Það hefur verið eins konar tíska í menntamálaráðuneytinu og öðrum ráðuneytum að gera slíka samninga og það var ákveðið að gera hann líka við Ríkisútvarpið, það var útvarpsstjóri sem gerði þann samning. Ég man ekki til þess að hann hafi verið merkilegur og kannski verður þessi þjónustusamningur ekki merkilegri en þeir sem þar voru.

Gert er ráð fyrir þjónustusamningi, að vísu ekki í frumvarpinu sjálfu, en þjónustusamningurinn er beinlínis nefndur á nafn í hinu fræga bréfi ESA frá 20. janúar, því sem við fengum að sjá 24. mars. Þar er minnst á þennan samning með ensku heiti, sem ég er því miður búinn að gleyma en get rifjað upp í síðari ræðum ef menn vilja. Fulltrúi menntamálaráðherra sagði á fundi sem um þetta fjallaði m.a. að þessi þjónustusamningur yrði gerður, hann yrði liður í þessu skipulagi og eftirlitsstofnuninni yrði svarað með því að svo væri. En spurning eftirlitsstofnunarinnar var reyndar sú hvort þessi þjónustusamningur yrði opinber eða ekki þannig að umræður um þjónustusamninginn hafa greinilega farið fram áður á milli sendinefndar íslensku ráðuneytanna og ESA á fundum sem haldnir hafa verið, að ég hygg í Strassborg í Frakklandi, um það mál. Það var út af spurningu ESA um það hvort þjónustusamningurinn yrði gerður opinber sem við þingmenn í menntamálanefnd fengum að vita að gera á þennan þjónustusamning.

Ég ætla ekkert að vera með óþarfar grunsemdir um það hvað hér býr á bak við. Mér finnst þessi vinnubrögð út í hött og fyrir neðan allar hellur, að þetta plagg, þessi stofnun í skipulaginu, þjónustusamningurinn, skuli koma upp með þessum hætti einum af tilviljun í bréfi frá Eftirlitsstofnun EFTA en sé ekki í frumvarpinu og sé ekki í þeim munnlegu og skriflegu greinargerðum sem að baki því standa eða fluttar hafa verið eftir að það kom í menntamálanefnd af fulltrúum menntamálaráðherra eða öðrum slíkum.

Ég vil segja það um þjónustusamninginn að það er ekkert óeðlilegt að slíkur samningur sé hafður og sé þá bæði opinber og skilgreindur í reglum og lögum. Það er hins vegar heppilegast að útvarpsstjóri og hans menn ráði dagskránni. Stjórnin — svo maður reyni nú að taka þetta frumvarp og tala um það eins jákvætt og hægt er — eða útvarpsráðið hafi sem minnst áhrif á dagskrána og þá eingöngu frá rekstrarlegu sjónarhorni. Þetta á líka að gilda um menntamálaráðherra. Með því hins vegar að gera ráð fyrir þessum sérstaka þjónustusamningi menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins án aðkomu nokkurs annars er uppi sú hætta að ráðherrann sjálfur taki sér dagskrárvald. Þess vegna er eðlilegt að um hann sé ákvæði í lögum og þess vegna er eðlilegt að það sé einhver annar en útvarpsstjóri eða stjórn sem leggur blessun sína yfir þennan þjónustusamning, lítur eftir því að menntamálaráðherra sé ekki að taka sér vald sem honum ekki ber. (Gripið fram í.)

Í þjónustusamningi af þessu tagi — ég hygg, forseti, að Pétur Blöndal hafi ekki heyrt um þennan þjónustusamning og ég fagna því að hann sé kominn hér í salinn og hvet hann til þess að kynna sér þetta mál eins vel og hann getur. Það má t.d. benda honum á bréfið frá ESA 20. janúar 2006. (Gripið fram í.) Í slíkum þjónustusamningi eru sum ákvæði eðlileg. Þjónustusamningurinn byggist væntanlega á því að menntamálaráðherra heitir að beita sér fyrir ákveðinni fjármögnun til Ríkisútvarpsins fyrir samningstímabilið og Ríkisútvarpið telur þá upp í staðinn það sem það ætlar að gera við þetta fé. Það er t.d. eðlilegt að í slíkum samningi sé fjallað um hluti eins og textun fyrir heyrnarlausa og heyrnarsljóa. Ég minnist þess þegar sagt var frá því að frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. væri tilbúið þá var það einmitt í umræðu hér á þinginu um textun í sjónvarpi fyrir heyrnarlausa og heyrnarsljóa, hæstv. ráðherra valdi fyrirspurnarformið til þess að segja þingheimi og þjóð frá þessum fréttum. Ráðherrann sagði þá að þetta væri efni fyrir þjónustusamning sem hann gæti gert við Ríkisútvarpið.

Það er í raun og veru ekkert óeðlilegt að menntamálaráðherra geri slíkan samning, þ.e. ef ekki er um beina lagaskyldu ræða og jafnvel þó að það væri er ekki óeðlilegt að menntamálaráðherra geri sérstakan samning um þetta við einmitt Ríkisútvarpið, almannaútvarpið sem á m.a. að reyna að koma til móts við alla svokallaða minnihlutahópa, sem mér finnst nú kjánalegt orð fyrir þá sem eru aðeins öðruvísi en hinir. Þá mundi menntamálaráðherra væntanlega heita því sérstaklega að útvega fjármagn til þeirrar aukaþjónustu sem Ríkisútvarpið veitti á þessu sviði og það er ósköp eðlilegt að slíkur samningur sé gerður.

Hættan við þjónustusamning sem ekki er skýrður og tilgreindur í lögum og reglum og enginn blessar eða samþykkir nema þeir sem hann gera, þ.e. menntamálaráðherrann sjálfur og svo útvarpsstjórinn sem er ráðinn af ríkisstjórnarmeirihluta í hinu nýja útvarpsráði, er auðvitað sú að í þjónustusamningi sé fjallað með öðrum hætti um dagskrá, að það séu ákvæði um dagskrá sem menntamálaráðherra setur inn í samninginn á forsendum sem eru óljósar, sem byggjast t.d. ekki á almennri stefnumörkun sem þingið hefur tekið þátt í eða samþykkt. Aftur kemur að því að veldur hver á heldur og ég vona að þær áhyggjur mínar sem hér eru nefndar um þjónustusamninginn séu óþarfar. En í frumvarpinu er þessi þjónustusamningur ekki einu sinni nefndur á nafn, hvað þá að um hann sé fjallað með einhverjum þeim hætti í frumvarpinu að hægt sé að taka þátt í umræðu um hann.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, af því að ég hef verið að tala um Evrópuráðsreglurnar, að hér er ekki notað það tækifæri sem gefst við svona breytingar til þess að búa til í skipulagi Ríkisútvarpsins svokallað eftirlitsráð eins og það er nefnt í tilmælum Evrópuráðsins eða akademíu eins og hefur stundum verið kallað hér í umræðum um Ríkisútvarpið okkar, þann breiða hóp sem komi til auk stjórnarinnar og sé eins konar fulltrúi notenda, hafi ákveðin áhrif á rekstur og dagskrá útvarpsins umfram áhrif stjórnarinnar sjálfrar eða nýja útvarpsráðsins. Slík akademía — Kvennalistinn tel ég fyrstur flokka hafi verið með hugmyndir um þetta hér á þinginu, Frjálslyndi flokkurinn hefur með frumvarpi, sem Sverrir Hermannsson flutti upphaflega, tekið upp þær tillögur eða endurmótað þær — gæti t.d. komið saman árlega, farið yfir stöðuna hjá Ríkisútvarpinu, veitt ráð, mótað drætti í dagskrá til langs tíma og hún gæti líka tekið afstöðu til þjónustusamningsins við menntamálaráðherra og jafnvel til annarra slíkra hluta og þar með gegnt því hlutverki að tempra vald ráðherra og útvarpsstjóra.

Reynandi væri, ef við værum að þessu í alvöru og ekki bara að taka þátt í þessari afgreiðslu hér í þinginu, þessari sjálfkrafa ríkisstjórnarmeirihlutaafgreiðslu hér í þinginu, að gera tilraun þar sem akademían væri ráðgefandi fyrst í stað nema t.d. um þennan þjónustusamning og auka síðan völd hennar í lögum og reglum ef starfsemin gefst vel. Þessi hugmynd, eins og ég sagði áður, er ekki neitt ný eða óvenjuleg á evrópskan kvarða. Í tilmælum Evrópuráðsins frá 1996 er nefnilega fjallað um stjórnskipan eða yfirstjórn ríkisútvarpsins með tvennum hætti. Þar er annars vegar talað um stjórn og hins vegar um eftirlitsráð. Þegar þetta er borið saman við þau hugtök sem við þekkjum betur í stjórnskipulagi Ríkisútvarpsins má segja að samkvæmt frumvarpinu væri stjórnin þá útvarpsstjórinn og að einhverju leyti hið nýja útvarpsráð samkvæmt frumvarpinu en eftirlitsráðið vantar.

Í tilmælum um eftirlitsráðið frá Evrópuráðinu segir m.a. að reglur um stöðu þessa ráðs skuli orðaðar þannig að ekki sé hætta á stjórnmálalegum afskiptum eða annars konar íhlutun og að fulltrúar, ráðsmenn í þessum eftirlitsráðum séu skipaðir á opinn og fjölræðislegan hátt. Þeir gæti almennra hagsmuna samfélagsins, þeir megi ekki taka við umboði eða fyrirmælum frá öðrum en þeim sem skipaði þá með fyrirvara um önnur ákvæði laga í sérstökum tilvikum, þá megi ekki reka eða segja upp af neinum öðrum en þeim sem skipaði þá og þeir megi ekki hafa hagsmuna að gæta í fyrirtækjum eða öðrum stofnunum í fjölmiðlun, taka við þóknun í þeim eða álíka sem gæti leitt til hagsmunaárekstra í störfum þeirra fyrir eftirlitsráðið.

Það er ekki gert ráð fyrir neinu slíku ráði í þessu frumvarpi enda virðast tilmæli Evrópuráðsins ekki hafa verið könnuð eða lesin, a.m.k. ekki tekið mark á þeim, og stjórnin í frumvarpinu, eins og ég segi, tekur til ákveðinna starfshátta eftirlitsráðsins en meginatriði þess eru alveg skilin eftir. Það er engin sú trygging neytenda og starfsmanna og valdtemprun í skipulagi Ríkisútvarpsins í frumvarpinu sem hér liggur fyrir sem gert er ráð fyrir í tilmælum Evrópuráðsins.

Skipulag Ríkisútvarpsins hf. er auðvitað bastarður. Ytra formið er fengið að láni úr hlutafélagalögunum en hin flokkspólitísku ítök geta haldið áfram í gegnum þetta skipulag. Ef menntamálaráðherra og ríkisstjórnarmeirihluti á Alþingi hverju sinni kýs, hafa þeir aðilar meiri möguleika en áður á að beita áhrifum sínum hvað varðar starfsemi og rekstur Ríkisútvarpsins. En það mundi væntanlega gerast í leyndum milli meiri hluta stjórnar og útvarpsstjóra í staðinn fyrir þó það að ýmsar stjórnarathafnir í núverandi skipulagi neyðast til þess að vera uppi á borðinu.

Ég lýk þessum kafla, forseti, öðrum kafla af þremur — og sá þriðji verður nú stystur — af minni ræðu með tilvitnun í þingsályktunartillögu okkar samfylkingarmanna frá því í fyrra til sýnis um það sem við teljum vera leiðina um sjálfstæði Ríkisútvarpsins og skipulag þess, með leyfi forseta:

„Samfylkingin telur að hlutverk Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps sé best tryggt með því að það sé sjálfstætt, hafið yfir flokkadrætti og óháð pólitískum stjórnvöldum hverju sinni en geri langtímasamninga við ríkisstjórn og Alþingi um rekstrarfé og veitta þjónustu. Ríkisútvarpið þarf að losa úr viðjum ríkisstofnunarfyrirkomulagsins þannig að það hafi meira svigrúm í kjarasamningum og ráðningarkjörum, til samninga við fyrirtæki á markaði, til þátttöku í hlutafélögum innan tiltekinna marka o.s.frv. Mikilvægt er að koma stjórnskipan þess þannig fyrir að yfirmenn Ríkisútvarpsins eigi ekki starf sitt undir handhafa framkvæmdarvaldsins eða meiri hlutans á Alþingi, og tryggja þarf að fagleg sjónarmið ríki ein saman við ákvarðanir um dagskrá, mannaráðningar og efniskaup innan ramma þeirrar dagskrárstefnu sem mótuð hefur verið. Skipulag á Ríkisútvarpinu verður að vera með þeim hætti að skýr verkaskipting sé milli stjórnenda annars vegar og hins vegar þeirra sem móta stefnu til framtíðar og hafa eftirlit með starfseminni. Dagskrá þarf á hverjum tíma að ráðast af ákveðinni heildarstefnu og innan Ríkisútvarpsins þarf að fara fram skipulegt mat á því hvernig einstakir dagskrárliðir og framboð dagskrárdeilda í heild samsvara slíkri stefnu. Starfsmenn eiga að hafa veruleg ítök við stjórnun Ríkisútvarpsins en að henni verða einnig að koma fulltrúar eigendanna — almennings. Útvarpsráð þarf að leggja niður í núverandi mynd eða breyta í grundvallaratriðum starfsháttum þess og mönnun. Þegar ráðið verður lagt niður eða breytt verulega þarf jafnframt að tryggja að flokkspólitískar forsendur ráði ekki skipan útvarpsstjóra og annarra yfirmanna."

Þetta sögðum við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu úr Samfylkingunni í greinargerð með henni í fyrra og getum verið ánægð með það því að þessi texti er nánast eins og dómur um það frumvarp sem hér er til umræðu.

Þriðja meginatriðið í nefndaráliti okkar minni hluta menntamálanefndar snýst um rekstrarformið sem Ríkisútvarpinu er valið í frumvarpinu. Ég hef áður í því sambandi rifjað upp ummæli hv. þm. Péturs Blöndals um þetta frumvarp, ég sakna hans úr salnum. (Gripið fram í.) Þau voru þannig að þetta frumvarp sé að vísu ekki nógu gott og miklu verra en frumvarp Péturs og félaga — sem mönnum til upprifjunar voru þeir hv. þingmenn Birgir Ármannsson og Sigurður Kári Kristjánsson. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er formaður menntamálanefndar en Birgir Ármannsson varð hins vegar þess heiðurs aðnjótandi að vera kallaður til í forföllum eins af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í nefndinni.

En sú skemmtilega tilviljun varð til þess að 40% af meiri hluta menntamálanefndar sem mælir með frumvarpi því sem hér er til umræðu er myndaður af þingmönnum sem hafa þá skoðun að selja beri Ríkisútvarpið, leggja það niður og selja það, (Gripið fram í.) en í hinum 60 prósentunum höfum við að vísu ekki heyrt. Það er Sigurrós Þorgrímsdóttir, sem ekki hefur tjáð sig um þetta efni, ég vona að hún geri það hér síðar í umræðunni, Dagný Jónsdóttir, sem ég man ekki eftir að hafi tjáð sig um það efni sérstaklega en gerir það á eftir, (**Gripið fram í:** Hún gerir það á eftir, hún er á mælendaskrá.) hún er á mælendaskrá, og Ísólfur Gylfi Pálmason, hv. þingmenn allir saman, og ég bíð í ofvæni eftir því að vita hvað Ísólfur Gylfi Pálmason hefur til þessara mála að leggja, hv. þingmaður, vegna þess að þar fer maður sem veit viti sínu og hefur mikla reynslu af viðskiptum og stjórnun.

Pétur sagði hins vegar um frumvarpið, þó að það væri ekki eins gott og hans eigið, að það hefði þó þann kost, með

leyfi forseta:

„... að bjóða upp á leið til að hægt sé að selja það eftir einhvern tíma.“ Þarf að segja mikið meira um rekstrarformið í hinu nýja Ríkisútvarpi?

Já, kannski nokkur orð vegna þess að eftir allt saman er ekki allur sá þingmeirihluti sem beðið er eftir að samþykki þetta frumvarp á sömu skoðun og Pétur Blöndal og töluverður hluti þessa þingmeirihluta er heldur ekki eins hreinskilinn og hv. þm. Pétur Blöndal er og hafi heiður fyrir fyrr og síðar.

Það er t.d. að hlutafélagsformið var kynnt í sumar og haust sem sérstök krafa frá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA. Ráðherrann gaf það í skyn eftir að þeirri frétt hafði verið lekið í fjölmiðla að þessi ESA-skjöl væru til og umræða hafin um málin milli ESA og ráðuneytanna tveggja eftir að frumvarpið hafði verið lagt á hilluna hér í þinglok í fyrra, og bæði sjálfstæðismenn og framsóknarmenn tóku undir það að hér væri á ferðinni krafa frá ESA sem Íslendingar hlytu að sætta sig við og þess vegna mundi stjórnarmeirihlutinn breyta frumvarpi sínu. Ég man sérstaklega eftir frásögnum framsóknarmanna af þessu vegna þess að þeir tóku þessu náttúrlega fegins hendi. Hér var komin afsökun fyrir því að gefast upp fyrir sjálfstæðismönnum í þessari deilu um rekstrarformið og fela þá uppgjöf fyrir kjósendum og almenningi sem fólst í stefnubreytingu Framsóknarflokksins.

Menn þekkja þessa sögu. Við í stjórnarandstöðunni fengum þessa ESA-pappíra að lokum að löngum tíma liðnum með harðfylgi og í raun og veru með hótunum um að sækja þá eftir upplýsingalögum ef þeir yrðu ekki afhentir og ef við mættum ekki gera þá opinbera. Þar kom auðvitað í ljós þetta: ESA segir ekkert um rekstrarform, það hefur engar sérstakar ábendingar um rekstrarformið. Það segir hins vegar og sagði um fyrra frumvarpið um sameignarfélag að það stæðist ekki vegna þeirrar almennu kröfu að ábyrgðin eigi að vera takmörkuð á útvarpsstöð með ríkisstuðningi af þessu tagi. Þess vegna stæðist sameignarfélagið ekki og hið núverandi fyrirkomulag stæðist ekki heldur, það yrði að fara aðrar leiðir með takmarkaðri ábyrgð. Nú má reyndar finna að því að ESA sé, eins og stundum er sagt og áður hefur verið sagt í þessari ræðu, hugsanlega kaþólskara en páfinn því að til eru almannaútvörp í Evrópu sem eru ríkisstofnanir og ekki allfjarri Íslandi. En látum vera, þetta var skoðun ESA og það var ljóst að önnur rekstrarform eru til sem uppfylla þetta skilyrði, bæði hlutafélagsformið vissulega en líka rekstrarform sjálfseignarstofnunarinnar. Hér voru því kostir fyrir hendi fyrir stjórnarflokkana, a.m.k. þessir tveir sem voru í samræmi við athugasemdir ESA.

Sjálfseignarstofnunin er reyndar gömul stefna Framsóknarflokksins sem Framsóknarflokkurinn breytti ekki fyrr en á síðasta flokksþingi sínu og þess má geta að við höfum líka haft þá stefnu að ríkisstjórnin sé sjálfseignarstofnun. Það form hentar ágætlega fyrirtæki í almannaþjónustu. Lögin um sjálfseignarstofnanir, sem mætti vissulega bæta og skýra, eru sveigjanleg, þau eru meira að segja svo sveigjanleg að þau leyfa sjálfseignarstofnunum að reka hlutafélag. Rekstur hlutafélags innan sjálfseignarstofnunarformsins er leyfilegur og getur hentað. Ég þekki það ágætlega af því að ég vann einu sinni hjá fyrirtæki sem var sjálfseignarstofnun, þ.e. Máli og menningu, en það fyrirtæki hafði mikinn atvinnurekstur og því var þannig breytt að sjálfseignarstofnunin stofnaði hlutafélag til þess að nýta sér það form en hélt áfram starfsemi sinni í grunninn sem sjálfseignarstofnun. Þetta gekk alveg ágætlega og kannski betur en það sem við tók, án þess að ég ætli að fara nánar út í þá sögu með fullri virðingu fyrir því fyrirtæki sem varð arftaki Máls og menningar.

Það er auðvitað mikill kostur fyrir Ríkisútvarpið og önnur slík almannafélög að sjálfseignarfélagið er ekki til sölu, það er beinlínis ekki til sölu vegna þess að það á sig sjálft. Að því leyti er það allt öðruvísi en hlutafélag vegna þess að hlutafélög eru í eðli sínu til sölu, til þess eru hlutirnir að menn skiptist á þeim ef verka vill. Hlutafélögin eru auðvitað form fyrir fyrirtæki sem fyrst og fremst eru í rekstri með hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi. Skyldur hlutafélagsins eru við hluthafana fyrst og fremst, síður við haghafana, sem við hv. þm. Pétur Blöndal nefnum svo, og ekki við samfélagið þó að gott hlutafélag og gott fyrirtæki eigi að gæta að öllu þessu. Hlutafélag er smíðað þannig að það geti verið snart í snúningum að sjálfsögðu. Þar er ekki gætt neins lýðræðis við sjálfan reksturinn eða starfsemina (Gripið fram í.) enda eru málin bara gerð upp einu sinni á ári við hluthafana á aðalfundi eða hluthafafundunum.

Forseti. Nú ætlar hv. þm. Pétur Blöndal öðru sinni að ginna mig til langrar ræðu sem hann þó hefur viðurkennt að hann geti ekki hlustað á vegna þess að athyglisþol hans er ekki meira en 15 mínútur í senn (Gripið fram í.) og nú vill hann að ég flytji ræðu um sparisjóðina fyrir sig. En ég tel að það samræmist ekki þeirri umræðu sem við höfum hér stofnað til og fjallar um Ríkisútvarpið hlutafélag og biðst undan því, forseti, að þurfa að svara hv. þm. Pétri Blöndal um sparisjóðina þó að sú umræða gæti út af fyrir sig verið mjög fróðleg.

Allt er þetta ágætlega skilgreint í hlutafélögunum. Fundir þeirra og réttur hluthafa er vel skilgreindur á aðalfundum og hluthafafundum og það eru merkilegir fundir í hlutafélögum. Það er hins vegar eins og hver önnur eftiröpun að hafa hlutafélög þar sem aðalfundurinn fer í raun og veru bara þannig fram að einn hluthafi hlustar á embættismenn sína og kýs þá síðan aftur. Það er auðvitað ekki meiningin með hlutafélagsforminu að málin gangi þannig. Þetta form er meira og minna í misræmi við starfsemi eins og þá almannaþjónustu sem Ríkisútvarpinu er ætlað að veita og þar fer sjálfseignarstofnunarformið einfaldlega miklu betur.

Þá er auðvitað það að segja að sporin ósköp einfaldlega hræða þegar lagt er til að Ríkisútvarpið verði að hlutafélagi samanber tilvitnuð orð hv. þm. Péturs Blöndals og þá sögu sem við höfum fyrir framan okkur um hlutafélagsvæðingu ríkisstofnana undanfarin ár. Það er aðeins ein ríkisstofnun sem breytt hefur verið í hlutafélag, þ.e. af þeim sem var breytt fyrir nokkru síðan, sem ekki hefur verið einkavædd og það mun vera Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Öll önnur hlutafélög sem stofnuð hafa verið úr ríkisstofnunum hafa síðan endað með því að vera til sölu. Og hið sérstaka dæmi er auðvitað vegferð Landssímans þar sem menn voru blekktir með því í upphafi að hér væri einmitt aðeins um betra rekstrarform að ræða og stæði alls ekki til að selja

þetta en síðan var ákveðið að sjálfsögðu að gera það og stóð alveg örugglega alltaf til. Þar með er ég ekki að lýsa yfir skoðun á því máli, ég tel eðlilegt eins og ég hef sagt áður að atvinnurekstur sem hentar samkeppni á markaði sé á markaði og ekki í höndum hins opinbera.

Ferilinn þekkjum við ágætlega, hlutafélögin eru undanfari einkavæðingar. Meðan hennar er beðið hefur ríkishlutafélagið verið ráðherrafyrirtæki, stjórnin skipuð pólitískum trúnaðarmönnum og þannig á það líka að vera hér þó að ekki sé um ráðherraskipun að ræða heldur kosningu á þingi. Fyrirtækið hefur lotið beint eða óbeint vilja og geðþótta forustumanna ríkisstjórnarinnar án afskipta eða eftirlits Alþingis eða a.m.k. í algjöru lágmarki. Það hefur líka einkennt þessi hlutafélög að aðgangur almennings að upplýsingum um fyrirtækið í fjölmiðlum eða t.d. í gegnum fyrirspurnir fulltrúa sinna á Alþingi er miklu verri en gagnvart ríkisstofnunum og oft miklu síðri en við á um venjuleg fyrirtæki á markaði sem hafa þó upplýsingaskyldu gagnvart hluthöfum sínum og gagnvart Kauphöllinni þegar þau eru skráð og verða að gefa út sérstakar tilkynningar um viðburði í viðskiptum og starfsemi til þessara aðila. Það þurfa þessi ríkishlutafélög sem hingað til hafa verið stofnuð ekki að gera.

Um gagnsæi í starfsemi fjölmiðla eru tilmæli frá Evrópuráðinu og menn þekkja líka þingsályktunartillögu Bryndísar Hlöðversdóttur og okkar samfylkingarmanna um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði þar sem vel er farið í gegnum þá hluti. Það er í raun og veru furðulegt, rakalaust og dæmalaust að ekki skuli við þessar breytingar eiga að hafa gagnsæi að leiðarljósi við rekstur þessa nýja hlutafélags, að upplýsingarnar skuli ekki vera aðgengilegar öllum þeim sem málið kemur við heldur er þvert á móti hætt við að breytingin leiði til leyndar og pukurs samkvæmt þeim hugsunarhætti sem því miður einkennir ríkisstofnanir öðrum fremur og er hugsunarháttur kansellísins, að það sem ekki er skylt að gefa upp skal ekki gefið upp. Það er ekki hlustað á tillögur okkar um upplýsingalög sem gildi um RÚV, sem er einföld tillaga tæknilega og auðskiljanleg öllum sem skilja vilja og þar að auki eru í upplýsingalögunum sérstakar undantekningar vegna viðskiptahagsmuna sem vernda þarf eða félagið telur sig þurfa að halda leyndum alltaf eða tímabundið, það eru sérstök ákvæði sem undantaka það, 3. töluliður 6. gr.

Hvers vegna getum við ekki fengið þessi upplýsingalög? Svör hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, formanns menntamálanefndar, á síðasta fundi nefndarinnar voru þau að það standi ekki til að hafa upplýsingalögin og fleiri röksemdir, ef röksemd skyldi kalla þessa, voru ekki nefndar nema sú sem þá var fram tekin nú áðan í andsvörum að frumvarp viðskiptaráðherra um opinber hlutafélög kæmi hér í staðinn fyrir þörfina sem við teldum vera á upplýsingalögum. Ég hef áður talað um það frumvarp hér í andsvörum. Í raun og veru er það hryggilegt að þetta frumvarp skuli hafa orðið eins og það varð vegna þess að það var einmitt komið hér með það á sama tíma í þingið og þetta frumvarp hér og það átti þegar fyrst var um það rætt að vera sérstök viðbót við Ríkisútvarpið hf. Það mátti búast við þegar þær fréttir bárust að með því væri þá fullnægt þörfinni á upplýsingum, þörfinni á gagnsæi. En í rauninni eru efnisatriðin í frumvarpi viðskiptaráðherra um opinber hlutafélög sem eru núna að fara í gegnum þá nefnd sem hv. þm. Pétur H. Blöndal stjórnar, óbreytt, án nokkurra áhrif af frumvarpi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um opinber hlutafélög sem þar liggur líka fyrir. Niðurstaða þess er í stuttu máli sú, að fjölmiðlar geta sent ljósmyndara á aðalfund. Meiri eru upplýsingarnar ekki og meira er gagnsæið í raun og veru ekki.

Forseti. Það er komið að lokum þessa kafla í ræðu minni og þar með ræðunnar allrar. Ég skil eftir ýmsa mikilvæga þætti fyrir þá sem hér koma á eftir úr minni hlutanum og auðvitað alla þingmenn. Þar á meðal eru álitamál og gallar hvað varðar réttindi starfsmanna og ekki síður álitamál um fjármögnun með nefskatti sem er mjög umdeild. Ég hygg, og við í minni hlutanum, að slíkt verði ekki til að auka samstöðu um Ríkisútvarpið í framtíðinni. Ég treysti því að geta farið yfir aðra hluti sjálfur á eftir, m.a. um réttindamál sem varða efni sem Ríkisútvarpið geymir í söfnum sínum og ráðstöfun þeirra safna. En vekja verður athygli á því varðandi þetta efni, gamalt dagskrárefni, kvikmyndir og þess háttar sem Ríkisútvarpið annaðhvort varðveitir eða hefur gert samninga um, að það koma fleiri að því en Ríkisútvarpið sjálft. Það er í raun sameign margra rétthafa. Það er ekkert gefið að þeir rétthafar sætti sig við að það efni sem samið var um við Ríkisútvarpið og framleitt þar, í Ríkisútvarpinu eins og það er nú, flytjist áfram til hlutafélags sem menn vita ekki hvert ætlar sér og hvað gerir við það efni sem þarna er um að ræða.

Ég hefði líka viljað tala heldur meira um eiginfjárstöðuna, um upphæð hlutafjárins, sem hér er hin hlægilega upphæð 5 milljónir, og um skuld Ríkisútvarpsins við ríkið vegna Sinfóníunnar og jafnframt um eignir sem Ríkisútvarpið telur sig eiga en eru í notkun hjá Sinfóníunni. Síðast var það upplýst, eða að minnsta kosti var því haldið fram af fulltrúa fjárlagaskrifstofu menntamálaráðuneytisins, að ríkissjóður ætti í raun þessa eign. Þar er því uppi deila þriggja aðila um eignarhald og yfirráð á verðmætum hlutum, fyrst og fremst hinni frægu gömlu fiðlu sem Guðný Guðmundsdóttir leikur á, annar af tveimur konsertmeisturum Sinfóníunnar, við fögnuð og aðdáun þeirra sem á hlýða.

Ég hefði líka viljað ræða m.a. um virðisaukaskattsmálin sem hv. formaður menntamálanefndar minntist reyndar sérstaklega á í andsvari hygg ég eða framsöguræðu sinni. En þar er um það vandamál að ræða, sem hann gerði lítið úr en ég tel vera þess virði að spekúlera betur í, að til að vera á virðisaukaskattskrá þarf innskattur til fyrirtækisins að jafnaði vera meiri en útskattur þess. Það er talinn hagur að vera á þessari virðisaukaskattskrá fyrir Ríkisútvarpið og að ég hygg einnig fyrir viðskiptamenn þess.

En þessu fylgir sá meinbugur að sjálf forsendan til að vera á virðisaukaskattskránni, þ.e. að fá meiri innskatt en útskatt, býr til sérstakan hvata í starfsemi þessa hlutafélags okkar eða reyndar sjálfseignarstofnunar, hvort sem væri, sem varðar ekkert hlutverk þess hvorki sem almannaútvarps né í samkeppnisrekstri. Til að uppfylla þetta skilyrði er æskilegt að Ríkisútvarpið afli meiri auglýsinga, flytji meira af auglýsingum sem bera með sér innskattinn en kaupi minna af efni að utan þar sem útskatturinn kæmi til álita. Þannig kostar þörf Ríkisútvarpsins til að komast á

virðisaukaskattskrána ákveðin óeðlileg sjónarmið í rekstri Ríkisútvarpsins. Þetta hefðum við þurft að ræða betur.

Fulltrúi fjármálaráðherra neitaði því staðfastlega að hægt væri að setja sérstakt ákvæði inn í lögin um Ríkisútvarpið á sama hátt og formaður menntamálanefndar taldi gjörsamlega óeðlilegt að nokkur sérstök ákvæði væru í þessum lögum, eða eins og formaðurinn sagði, að hlutafélagið ætti að vera — ég finn ekki tilvitnunina — rétt eins og önnur hlutafélög. Þar er einmitt kominn sá maður sem í fyrra var á frumvarpi um að selja Ríkisútvarpið. Hann telur greinilega að ekki sé um að ræða neina þá sérstöðu sem þetta hlutafélag eigi að hafa fram yfir önnur hlutafélög.

Ég hefði líka viljað ræða ýmis álitamál um fjárhagslegan aðskilnað en ætla að stilla mig um það að mestu. Ég vil aðeins kannski af skömmum mínum spyrja hv. formann menntamálanefndar um hvers vegna 14. töluliður er fluttur í heilu lagi inn í þá grein sem fjallar um aðra starfsemi vegna þess 14. töluliður hefst þannig í frumvarpinu eins og það er núna, að Ríkisútvarpinu hf. sé heimilt að sjá til þess að frumflutt dagskrárefni félagsins verði varðveitt til frambúðar.

Ég sé ekki að þessi heimild falli undir aðra starfsemi heldur hljóti allir sanngjarnir menn, þar á meðal bírókratar Eftirlitsstofnunar EFTA, að sjá að varðveisla til frambúðar af þessu tagi hljóti að vera eðlilegur partur af þjónustu útvarpsins í almannaþágu sem tekin er fram í 3. gr. Ég veit vel að útlán, sala og dreifing dagskrárefnis gegn gjaldi fellur undir aðra starfsemi að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA en ég held að hér sé fingurbrjótur eða hortittur sem ég beini til formanns menntamálanefndar að laga.

Þannig er að samkvæmt útvarpslögum hafa allar útvarpsstöðvar skyldu til varðveislu um ákveðinn tíma. Sú varðveisla er reyndar til þess að útvarpsréttarnefnd geti skoðað það efni sem flutt er og lagt á það mat sitt. En það eru líka lög um skylduskil til safna þar sem kveðið er á um að útsenda dagskrá Ríkisútvarpsins skuli afhenda í einu eintaki í safnið og aðrar íslenskar stöðvar eiga líka að gera það. Því er beinlínis kveðið á um það í öðrum lögum að það beri að varðveita efni. Ég held, án þess ég þori að standa á því fastar en fótunum, að þetta ákvæði 10. gr. í lögum nr. 20/2002, um skyldur til safna, hafi gagnvart Ríkisútvarpinu verið framkvæmt þannig að Ríkisútvarpið hafi varðveitt sjálft dagskrá sína. Unað hafi verið við það þó það sé ekki nákvæmlega í samræmi við texta 10. gr. En það auðvitað kann að verða öðruvísi núna þegar fyrirtækið er orðið að hlutafélagi.

Ég ætla að lokum að ítreka þá þrjá þætti sem nefndarálit okkar í minni hluta menntamálanefndar snýst um og ég hef rakið í miklu lengra máli en ég bjóst við vegna þess að efnið er yfirgripsmikið og erfitt að koma því fyrir í afar stuttu máli jafnvel þó ég tali ekki um nema þessa þrjá þætti og láti aðra um að fjalla um mikilvæg mál sem hér hafa orðið útundan. Þessir þættir varða hvort Ríkisútvarpið á að vera almannaútvarp í framtíðinni eða í markaðsstöðu eða blanda af þessu hvoru tveggja. Samkvæmt frumvarpinu er þetta áfram í sama farinu og síðustu 20 ár.

Annar þátturinn varðar það hvort við ætlum að hætta að hafa flokkspólitísk ítök í Ríkisútvarpinu. Eða hvort við ætlum að samþykkja þetta frumvarp sem er þannig að það er ekkert í því sem kemur í veg fyrir framhald flokkspólitískra ítaka og jafnvel líkur til að þau geti orðið skæðari og harðskeyttari en er jafnvel nú.

Í þriðja lagi er það hlutafélagsformið sem ekki hentar RÚV. Það sem virðist eiga að gerast með það er að þar komi saman hið versta úr báðum heimum. Að fyrirtæki með ríkisstuðningi keppir sem hlutafélag á markaði en leynd hvíli yfir starfsemi sem að minnsta kosti að meginhluta er sögð felast í almannaþjónustu.

Ég ætla að ljúka kafla mínum um rekstrarformið og þar með þessari framsöguræðu fyrir nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar með orðréttri tilvitnun í leiðara Fréttablaðsins frá 31. mars 2006. Ég er að vísu ekki sammála öllu sem þar stendur, en þarna er komist vel að orði um markaðsstarfsemi hins væntanlega hlutafélags. Ég held að ritstjórnargrein Fréttablaðsins þennan dag hljóti að vekja sérstaka athygli stjórnarliða, einkum sjálfstæðismanna, vegna þess að það er fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins sem heldur um pennann, Þorsteinn Pálsson. Maður sem reyndar gegnir enn mikilvægum trúnaðarstörfum á vegum þess flokks. Leiðarinn heitir Rauðkuhugmyndafræði og fjallar um Ríkisútvarpið hf. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Það er merkilegur veruleiki að í byrjun 21. aldar er allgóð samstaða frá vinstri til hægri í stjórnmálum um að starfrækja ríkisútvarp. Nánast ágreiningslaust hefur verið að kosta reksturinn með skattpeningum. Jafnframt hafa flestir talið óhjákvæmilegt að leyfa Ríkisútvarpinu þar að auki að afla tekna á samkeppnismarkaði auglýsinga.

Auglýsingatekjurnar hafa þó einna helst verið ágreiningsefni varðandi opinberan útvarpsrekstur. Þó að sú skipan gangi á svig við almennar samkeppnisleikreglur verða keppinautarnir á markaðnum að sætta sig við að annar kostur er ekki í stöðunni. Að baki þessum rekstri og markmiðum hans liggja menningarleg og tilfinningaleg sjónarmið sem rétt er að virða.

Skipulag Ríkisútvarpsins hefur lengi verið úr takt við tímann og staðið því fyrir þrifum. Ríkisstjórnin hefur kosið að gera breytingar þar á með því að koma þessari menningarstofnun í hlutafélagarekstur. Að baki því framtaki er örugglega frómur hugur. En hugmyndafræðin er nokkuð öfugsnúin.

Hlutafélög eru gott rekstrarform. Það hentar líka fyrirtækjum í ríkiseigu sem nota ekki skattpeninga í rekstur. Þannig var skynsamlegt að breyta Símanum í hlutafélag á sínum tíma. Það fyrirtæki greiddi arð í ríkissjóð. Öðru máli gegnir um stofnanir sem alfarið eða að uppistöðu til eru reknar fyrir skattpeninga. Eðli máls samkvæmt gilda aðrar leikreglur um meðferð skattpeninga borgaranna en sjálfsaflafé.

Um rekstur stofnana ríkisins gilda almennar reglur að því er varðar launaákvarðanir, réttindi og skyldur starfsmanna og almenna stjórnsýsluhætti, þar með talið upplýsingaskyldu. Þetta regluverk gildir ekki vegna þess að það sé vilji löggjafans að opinber fyrirtæki og stofnanir séu svifasein og þyngri í vöfum en hlutafélög. Ástæða þessara almennu reglna er sú að þær eru eina leiðin til þess að tryggja gegnsæi og jafnræði og koma í veg fyrir misnotkun skattpeninga.

Nú ætlar ríkisstjórnin að víkja til hliðar öllum almennum reglum sem gilda um meðferð skattpeninga að því er varðar rekstur Ríkisútvarpsins. Þar á meðferð skattpeninga að lúta reglum einkaeignarréttarins án þess að skilyrði hans um sjálfsaflafé sé fyrir hendi. Auka má skilvirkni hvarvetna í ríkiskerfinu með því að afnema þessar reglur að fullu og öllu. Eru menn reiðubúnir að taka afleiðingunum af því? Svarið er nei. Hvaða önnur sjónarmið geta gilt um meðferð skattpeninga í stærstu menningarstofnun ríkisins?

Rökin fyrir því að reka Ríkisútvarp með skattpeningum jafnframt þátttöku á samkeppnismarkaði auglýsinganna, hanga vissulega á hálmstrái eða í mesta lagi á rótarhvönn." — Segir Þorsteinn Pálsson og vitnar hér í Fóstbræðrasögu. — „Þau fela í sér svo verulegt frávik frá almennum leikreglum. Ríkisstjórnin er að kippa þessu haldi í burtu. Hún hefur vitaskuld þingmeirihluta til þess að koma málinu fram. En hætt er við að hún setji með því móti í uppnám framtíðarsátt um ríkisrekið útvarp. Það eru einfaldlega of mikil menningarverðmæti í húfi til að sú áhætta sé réttlætanleg.

Ríkisrekstur á samkeppnismarkaði þar sem gengið er á svig við allar grundvallarreglur um meðferð skattpeninga virðist vera í meiri skyldleika við ríkisrekstur Rauðkutímans á kreppuárunum en nútímann. Þetta gengur þvert á allt annað sem ríkisstjórnin hefur gert," — segir Þorsteinn Pálsson sjálfstæðismaður — „hvort heldur litið er til stjórnsýslunnar eða samkeppnismarkaðarins, og er því ekki með góðu móti skiljanlegt."

Tilvitnun lýkur og þar með ræðu minni, forseti góður.

[17:31]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrr í dag, fyrir einhverjum klukkutímum, þegar hv. þm. Mörður Árnason hóf ræðu sína kom strax í ljós að andstaða hans við þetta frumvarp grundvallast m.a. á því að ekki sé í rekstri hins nýja hlutafélags, eftir því sem segir í nefndaráliti minni hlutans, gert ráð fyrir viðeigandi gagnsæi í starfsemi og rekstri Ríkisútvarpsins, t.d. með því að um það gildi upplýsingalög. Þetta hefur margoft komið fram í umræðunni.

Nú hefur verið dreift á Alþingi nefndaráliti frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar sem fjallar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, svokölluðum lögum um opinber hlutafélög.

Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Í 5. gr. frumvarpsins láðist að taka fram að heimild fjölmiðla til að sækja aðalfund taki aðeins til opinberra hlutafélaga og leggur 1. minni hluti því til að það verði lagfært. Í tengslum við þessa grein fóru fram ítarlegar umræður um hvort ekki væri eðlilegt að kjörnum fulltrúum yrði einnig gert heimilt að sitja þá fundi. Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram komu er lagt til að kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, sé heimilt að sækja aðalfund með rétti til að bera fram skriflegar fyrirspurnir. Fyrsti minni hluti telur að með því að leyfa skriflegar fyrirspurnir á aðalfundum verði auðveldara en ella að afla upplýsinga um opinber hlutafélög sem áður voru opinberar stofnanir og lutu þá sem slíkar m.a. upplýsingalögum og stjórnsýslulögum."

Nú spyr ég: Tryggir regla eins og þessi (Forseti hringir.) ekki þá upplýsingagjöf sem hv. þingmaður hefur verið að kalla eftir (Forseti hringir.) og hefur staðið stuðningi hans við frumvarpið fyrir þrifum?

[17:33]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Ég tel, forseti, að ef þessi regla verður að veruleika sé það ánægjuleg breyting á hinu upphaflega frumvarpi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra um opinber hlutafélög. Fyrsti minni hluti sem hv. þingmaður talaði hér um er væntanlega stærsti minni hlutinn, þ.e. meiri hluti nefndarinnar, í raun og veru stjórnarliðarnir í nefndinni. Ég tel þetta ánægjulegt og vissulega skref í áttina að því að búa til opinber hlutafélög með þeim hætti sem við teldum æskilegt.

Hins vegar er þetta gagnvart ríkisstofnun ekki nægilegt því að upplýsingalögin veita innsýn í allt aðra hluti, og eru nú reyndar með í frumvarpi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem lagt var fram til hliðar við þetta, og veita almenningi allt annan rétt en þessar skriflegu fyrirspurnir sem þingmenn og aðrir kjörnir fulltrúar, ef um þá er að ræða, geta komið með á aðalfundi félagsins. Eins og við vitum báðir, ég og hv. þingmaður, eru upplýsingalögin miklu víðtækari og veita rétt til upplýsinga á miklu fleiri sviðum á öllum tímum sem um er að ræða. Með Ríkisútvarpið er þetta mjög mikilvægt, sérstaklega með Ríkisútvarpið vegna þess að hvort sem það er hlutafélag eða sjálfseignarstofnun er það öðruvísi, það hefur svo mikla sérstöðu sem ríkisútvarp, sem útvarp í almannaþágu. Þar eiga allar upplýsingar að liggja fyrir sem ekki falla beinlínis undir viðskiptaleyndarmál á hverjum tíma.

[17:35]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja að ég tel að sú tillaga sem 1. minni hluti hv. efnahags- og viðskiptanefndar, þ.e. hv. þm. Pétur H. Blöndal, Magnús Stefánsson, Birgir Ármannsson og Ásta Möller, leggja til hljóti að vera nægileg þegar maður skoðar þau sjónarmið sem fram komu í ræðu hv. framsögumanns minni hluta menntamálanefndar og uppfylla þau sjónarmið sem fram koma í áliti minni hlutans og sömuleiðis komu fram í ræðu hv. þingmanns.

Til upplýsingar segir í breytingartillögunni, með leyfi forseta:

„Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags. Kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir."

Í nefndarálitinu er vísað til þess að þessu ákvæði sé bætt inn í frumvarpið með hliðsjón einmitt af ákvæðum upplýsingalaga. Ég vildi benda hv. þingmanni á þessa breytingartillögu sem ég tel að komi mjög til móts við þau sjónarmið sem hann hefur hér reifað og er líka til skýringar á því sem ég hef áður sagt hér um þetta atriði þegar við höfum fjallað

um þetta mál.

Þetta atriði leiðir líka hugann að því hvort hv. þingmenn Samfylkingarinnar eru, eftir að þessi tillaga liggur fyrir, þeirrar skoðunar að skynsamlegra væri að breyta Ríkisútvarpinu í sjálfseignarstofnun. (Forseti hringir.) Ákvæði eins og þetta mundi aldrei ná til slíkrar stofnunar.

[17:37]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Ég tel að lögfræðingurinn, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, fari hér ekki með — já, við skulum orða það þannig að honum hafi eitthvað svelgst á. Auðvitað er hægt að gera ráð fyrir því í samþykktum sjálfseignarstofnunar að þar liggi allar upplýsingar fyrir. Í þeim lögum sem við mundum samþykkja um sjálfseignarstofnunina Ríkisútvarpið mundum við beinlínis segja að upplýsingalögin giltu. Það væri alveg hægt, mér sýnist á lögunum um sjálfseignarstofnanir að þar séu ákvæðin auðvitað það rúm að hægt væri að heimila t.d. þingmönnum að gera nákvæmlega þetta.

Ég held að þetta sé einhvers konar skref í áttina og fagna því að 1. minni hluti í þessari háu nefnd skuli hafa þorað að ganga svona langt. Hins vegar er ákveðinn munur á því að mega bera fram skriflega fyrirspurn og fá þá væntanlega skriflegt svar og geta síðan gert athugasemdir við það skriflega á næsta aðalfundi þar á eftir og því að geta kallað fram þær upplýsingar sem mönnum sýnist, ekki bara þingmönnum heldur öllum almenningi, þar með öllum fjölmiðlum, hvenær sem vera skal samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga sem að vísu verja, og vissulega eins og þau eiga að gera, viðskiptaleyndarmál og viðkvæma hluti samkvæmt sinni grein, og geta skotið því síðan til úrskurðarnefndar sem starfar samkvæmt þessum lögum og hefur, að ég hygg, tekist nokkuð vel til um flesta hluti þar, um hvort neitun sé réttlætanleg eða ekki. Þetta eru allt aðrir hlutir.

Fyrst við erum nánast fallnir í faðma, ég og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson í þessu efni, af hverju gengur hann þá ekki hænufetinu lengra og kemur alla leið til mín og tekur þessi upplýsingalög sem ég hygg að hann styðji í megindráttum — nema hann geri það ekki, hann hefur þá tækifæri til þess að svara því — og lætur þau gilda um þetta sérstaka hlutafélag, um þessa sérstöku starfsemi sem hefur sérstakan sess í hugum almennings og í íslensku samfélagi?

[17:39]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt ef menn eru farnir að fallast hér í faðma og umræðan ekki komin lengra.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar fyrr í dag — ég þurfti nú aðeins að rifja upp hvað þetta var sem ég hafði punktað niður hjá mér en ég veit að mér varð *dálítið* heitt í hamsi — hann hafði uppi ummæli um minn ágæta flokk Framsóknarflokkinn og ég verð að segja að mér þóttu þessi ummæli nokkuð ómakleg. Hann var að fjalla um málefnastarf okkar en hann situr ekki flokksþing okkar og veit ekki hvernig umræðan er í okkar *málefnavinnu* en ég get upplýst hv. þingmann um að yfirleitt fer á hverju einasta flokksþingi fram mikil umræða um Ríkisútvarpið, og hefur gert. Samþykktir hafa tekið breytingum í gegnum árin og við erum alveg óhrædd við að endurskoða fyrri ákvarðanir okkar ef breytingar verða á umhverfi og aðstæðum. Og þær hafa svo sannarlega orðið.

Mig langaði til að rifja hér upp ályktun okkar, bara til að hv. þingmaður sé með það á hreinu hvernig hún er. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu og sjálfstæði þess eflt. Hraða ber endurskoðun laga um Ríkisútvarpið þar sem m.a. stjórnskipulag stofnunarinnar verður endurskilgreint og mið tekið af nýju fjölmiðlaumhverfi. Skoðaðar verði mismunandi leiðir til að standa undir rekstrarkostnaði. Uppbyggingu og rekstri landshlutaútvarps verði haldið áfram og rekstrargrundvöllur tryggður."

Þetta er sú stefna sem við framsóknarmenn vinnum eftir frá því á flokksþingi í fyrra og tel ég að við séum fullkomlega að fara eftir henni. Ég vil ítreka að á fjölmiðlamarkaði hafa orðið miklar breytingar og mér finnst ekkert að því þó að flokkarnir aðlagist þeim og breyti samþykktum sínum. Þetta var gert í sátt á flokksþingi okkar í fyrra.

[17:41]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil biðjast afsökunar, eins og menn segja. Hafi einhverjum orðið illt við umsögn mína um Framsóknarflokkinn biðst ég afsökunar á því, eins og KR-ingarnir eftir herrakvöldið, án samjafnaðar að öðru leyti.

Já, þessi ályktun er merkileg, sérstaklega vegna þess sem ekki stendur í henni. Þegar þessi ályktun var gerð eftir mikið málefnastarf og umræður og mikla sátt á flokksþingi framsóknarmanna var fallið frá stefnunni um að Ríkisútvarpið ætti að vera sjálfseignarstofnun. Það sem þessi ályktun gerir er að hún opnar leiðina fyrir forustu Framsóknarflokksins til þess að semja við Sjálfstæðisflokkinn um það að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi.

Þarna stendur — hvað? Þarna stendur annars vegar að Ríkisútvarpið eigi að vera í þjóðareign. Framsóknarmenn hafa auðvitað fært fyrir því rök að það sé a.m.k. ekki meiri breyting fyrir þingið að eyðileggja Ríkisútvarpið eins og það er núna eða að breyta þeim lögum sem út úr þessu frumvarpi kæmu. Það má út af fyrir sig rétt vera. Hins vegar segir sagan okkur svolítið annað. Þau spor hræða, eins og ég hef sagt hér áður. Ég ætla ekki að vera með hrakspár um það og ég vona að Framsóknarflokkurinn standi á þessu, að Ríkisútvarpið sé í þjóðareign, vegna þess að það er — ég tek þá áhættu að vera ókurteis — það a.m.k. var *nánast* það eina sem var eftir af stefnu hins gamla Framsóknarflokks í almennum samfélagsmálum.

Framsóknarmenn segja líka: Það á að efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Það stendur þá upp á hv. þingmann sem er *hér á mælendaskrá* að skýra fyrir okkur hvernig það er gert, hvernig sjálfstæðið er eflt með því að búa til nýjan ríkisstjórnarmeirihluta í stjórninni sem getur ráðið og rekið útvarpsstjóra hvenær sem hann vill og að baki þessu öllu saman, þó að það standi ekki í frumvarpinu, er sem sé leyniákvæði um þjónustusamning milli menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins. (Forseti hringir.) Hvar er sjálfstæðið í því?

[17:44]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek afsökunarbeiðni hv. þingmanns vel til greina.

Framsóknarflokkurinn hefur ekkert breytt um skoðun á því meginatriði að ríkið skuli eiga Ríkisútvarpið og að það skuli áfram vera í þjóðareigu. Það sem hefur breyst hins vegar eru aðstæður á fjölmiðlamarkaði. Nú eru allir flokkar orðnir sammála um að ríkið eigi að eiga og reka Ríkisútvarpið til framtíðar. Það var ekki þannig fyrir nokkrum árum. Framsóknarflokkurinn samþykkti ekki hlutafélagavæðingu fyrr en þessi sátt hafði myndast og þar með eru forsendurnar orðnar allt aðrar en áður. Ég tel að rekstrarformið sé ekki aðalatriðið, heldur er aðalatriðið að það verði tryggt að RÚV verði áfram í eigu þjóðarinnar.

Ég vildi segja hér líka vegna þess að hv. þingmaður vísaði í ræðu sinni til þess að sporin hræði og þess hvernig fór fyrir Símanum, eins og hann talaði um hér í ræðu sinni áðan, að það var alveg ljóst að þegar Síminn var hlutafélagavæddur var ekki tekið fram í þeim lögum að Síminn skyldi ekki verða seldur. Það er hins vegar gert í 1. gr. laga um Ríkisútvarpið og það finnst mér vera mjög veigamikið atriði. Það er ekki rétt að blanda þessum tveimur hlutum saman. Ég veit það t.d. að þegar þessi umræða var á byrjunarstigi á flokksþingi okkar árið 2001 var ályktað um Símann.

Þá var til að mynda sagt, með leyfi forseta, að „ekki komi til sölu Símans fyrr en tryggt hefur verið að þessi markmið nái fram“ — þ.e. markmið um að fjármagni verði varið til að byggja upp dreifikerfi um landið. Og það var nákvæmlega þetta sem við stóðum við þannig að það er ekki rétt að segja gagnvart Framsóknarflokknum í þessu máli að sporin hræði. Við stöndum við okkar orð.

[17:46]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Það er kannski rétt að ræða aðeins um muninn á því sem staðið hefur í lögunum um hlutafélagið Landssímann og því sem stendur í frumvarpinu núna. Í lögum eins og samþykktum um Landssímann stendur yfirleitt að hlutir verði ekki seldir eða fyrirtækið í heild án samþykkis Alþingis. Í þessu frumvarpi stendur svo eitthvað annað. Það eigi sem sé ekki að selja að hluta eða heild eða nokkurn skapaðan hlut.

Þetta er falleg yfirlýsing og örugglega komin inn vegna þrýstings frá Framsóknarflokknum. Mér finnst það sjálfgefið að Framsóknarflokkurinn hafi þó reynt að sýna að hann ætti eitthvað í þessu frumvarpi. Á hinn bóginn var það ljóst strax við 1. umr., í andsvörum, hygg ég, við hæstv. menntamálaráðherra, að lokinni framsögu hans, að efnislega er enginn munur á þessu. Þegar til stykkisins kemur eru þessar greinar jafnauðfelldar út úr lögunum með einum hætti eða öðrum, þannig að það eina sem framsóknarmenn hafa unnið sér inn við þetta er að geta farið með þessa fallegu þulu hér í ræðustólnum.

Við skulum vona að Framsóknarflokkurinn standi heill að því, ásamt með okkur hinum, að Ríkisútvarpið sé áfram í einhvers konar þjóðareigu. Það kann að gefast tækifæri til þess eftir ár að byrja að athuga þetta upp á nýtt. En hitt stendur upp á þingmanninn, hann skuldar mér enn þá skýringu á því hvernig hann ætlar að fara að því að efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins með því að nú á að setja það í hlutafélagsform þar sem ekki verður betur séð en ríkisstjórnarmeirihluta menntamálaráðherra sé greið leið að því að halda áfram flokkspólitískum ítökum í gegnum sérstök tengsl útvarpsstjórans við ríkisstjórnarmeirihlutann í stjórninni o.s.frv.

[17:48]

Útbýting:

Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu, 337. mál, svar heilbrrh., þskj. 1118.

Eldi og heilbrigði sláturdýra, 740. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1076.

Háskólar, 433. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 1119; brtt. minni hluta menntmn., þskj. 1120.

Hlutafélög, 404. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1086; brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1087.

Lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, 709. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1045.

Lokafjárlög 2004, 575. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 1123.

Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 734. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1070.

Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, 743. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1079.

[17:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Nú er komið til 2. umr. frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. Eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns er ég með á nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar sem hv. þm. Mörður Árnason gerði ákaflega góða grein fyrir. Ég treysti því að hv. þingmenn hér í sal séu búnir að kynna sér nefndarálitið vel og hafi hlustað með athygli á ræðu hv. þingmanns. Ég tel að nefndarálitið geri afar góða grein fyrir því á hvern hátt okkar sjónarmið hafa mótast við þá umfjöllun um málið sem átt hefur sér stað í nefndinni undanfarnar vikur.

Ég vil staðfesta það hér í upphafi ræðu minnar að málið var tekið úr nefnd þrátt fyrir mótmæli okkar í minni hlutanum, hv. þingmanna Samfylkingarinnar og þeirrar sem hér stendur. Okkur þótti málið vanbúið til að fara í frekari umfjöllun hér í þinginu og teljum upp í nefndarálitinu, í nokkuð mörgum stafliðum, ástæður þess að við mótmæltum því að málið yrði tekið út. Niðurstaða okkar er sú að réttast sé að vísa málinu frá og því til staðfestingar er hér í lok nefndarálitsins tillaga að rökstuddri dagskrá þess efnis.

Það er enginn efi í mínum huga, frú forseti, að offors það sem ríkir hjá ríkisstjórninni um að hlutafélagavæða hér hverja ríkisstofnunina á fætur annarri tengist þeirri lífssýn sjálfstæðismanna, sem ég vil eiginlega kalla áráttu, að draga úr umsvifum í ríkisrekstri. Hvernig reyna hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins helst að ýta því þannig úr vör að tryggt verði að dregið verði úr umsvifum í ríkisrekstri? Til að byrja með eru ríkisstofnanirnar hlutafélagavæddar með það að markmiði á endanum að selja þær. Þetta er auðvitað

grátbroslegt í ljósi þess að á sama tíma og sjálfstæðismenn telja að þeir séu að draga úr opinberum umsvifum og fjáraustri í ríkisrekstrinn er fjáraustur í ráðuneytin að aukast. Útgjöld úr okkar sameiginlegu sjóðum, útgjöld úr ríkissjóði sem tengjast stofnunum sem ráðherrarnir sjálfir stýra, aukast hröðum skrefum ár frá ári. Á sama tíma búa stofnanir hins opinbera, stofnanir þjóðarinnar, við fjárskort og spennitreyju og aðhaldskröfu, hagræðingarkröfu, sem gerir þeim nánast ókleift að sinna sínu lögbundna hlutverki.

Ein þeirra stofnana sem svo háttar um er Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpið hefur ekki verið svo árum skiptir fært um að standa undir lögbundnu hlutverki sínu vegna fjárskorts vegna þess að ríkisstjórnin, sem hefur allt of lengi setið að völdum og ráðið lögum og lofum í fjársýslu ríkisins, hefur synjað vel rökstuddum beiðnum þessarar stofnunar um hækkun á afnotagjöldum. Nú er svo komið að stofnunin er orðin svo illa sett fjárhagslega að henni er nauðugur einn kostur, að kalla yfir sig þessa breytingu frekar en óbreytt ástand. Þetta er mín skýring á því að starfsfólk hefur jafnvel verið, margir hverjir sem við höfum heyrt um á þessum síðustu vikum sem umræðan hefur staðið, með þá upphrópun á vörunum að allar breytingar séu betri en óbreytt ástand.

Það er auðvitað mjög alvarlegt mál, frú forseti, þegar Páll Magnússon útvarpsstjóri, sem kallaður var fyrir menntamálanefnd þann 27. febrúar síðastliðinn, fullyrðir kinnroðalaust og án þess að draga yfir það fjöður, og er þá fyrst og fremst að tala um fjármálin, að ef ekkert annað verði gert en að þessi breyting fari í gegn — þ.e. að þetta frumvarp fari í gegn, hlutafélagið verði búið til — verði þetta hlutafélag keyrt beina leið til fógeta í gjaldþrotaskipti. Þetta er yfirlýsing nýráðins útvarpsstjóra eftir að hann hefur farið í gegnum sín plögg og stofnunarinnar og kynnt sér málið í hörgul, sem staðfestir það fyrir okkur hér að þessu frumvarpi er ekki ætlað að gera neitt annað en að auðvelda og liðka fyrir sölu þessarar ríkisstofnunar, þessa væntanlega hlutafélags, áður en langur tími er liðinn.

Þau sjónarmið sjálfstæðismanna komu fram í umræðunni hér áðan, þegar hv. þm. Pétur Blöndal brosti í kampinn og játaði að það væri hans vilji að sem fyrst yrði hægt að selja Ríkisútvarpið hf., enda ætti ríkið ekkert að vera að vasast í einhverjum fjölmiðlarekstri. En þetta eru sjónarmið sjálfstæðismanna og þau hafa verið kunn afar lengi eins og dæmin sanna varðandi yfirlýsingar og ályktanir sem hafa verið gerðar á flokksþingum þess ágæta flokks. Má þar líka vekja sérstaka athygli á yfirlýsingum Sambands ungra sjálfstæðismanna og Heimdalls sem hafa verið nokkuð samhljóða í gegnum tíðina. Það er vilji þeirra sem starfa innan Sjálfstæðisflokksins og fylgja Sjálfstæðisflokknum að málum að Ríkisútvarpið verði selt. Það skref, sem hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, stígur nú, er fyrsta skrefið í þá átt.

Jafnvel þó að framsóknarmenn ylji sér um hjartarætur með því að klifa á setningunni sem er hér í 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að sala félagsins að hluta eða sameining þess við önnur félög eða slit þess séu óheimil vita menn sem er — sjálfstæðismenn gera sér betur en margir aðrir grein fyrir því — að þessari grein er hægt að breyta með einföldum meiri hluta hér á Alþingi. Þeir eiga eftir að bíða þess, sjálfstæðismennirnir, að komast í þá aðstöðu að fá þessari grein breytt. Þeir ætla sér eflaust einhvern tíma til þess en sjónarmiðið er eitt og hið sama og það hefur ævinlega verið, þ.e. að losa þessa stofnun úr ríkiseigu og koma henni í eigu einkaaðila á markaði.

Mér finnst þetta afar dapurleg staðreynd, frú forseti, afar dapurleg, enda stendur Ríkisútvarpið hjarta mínu afar nærri. Þar starfaði ég um árabil og þá stofnun þekki ég afskaplega vel af eigin raun, yst sem innst. Eftir að hafa gegnt þar störfum dagskrárgerðarmanns veit ég nokkuð vel hvernig hlutirnir gerast þar innan borðs. Ég vil gjarnan nota tækifærið hér og lýsa því yfir að starfsfólk Ríkisútvarpsins hefur ótrúlegt langlundargeð. Þau eru ófá árin sem starfsfólkið hefur bitið í skjaldarrendur og ákveðið að þreyja þorrann og góuna þrátt fyrir erfiðar aðstæður innan stofnunarinnar, sem oftar en ekki eru erfiðar vegna stefnu stjórnvalda, t.d. vegna flokkspólitískrar íhlutunar stjórnvalda í starfsemi stofnunarinnar og mannaráðningar. Það starfsfólk sem hefur haldið úti þessari merku stofnun öll þessi ár á þakkir skildar fyrir það langlundargeð sem það hefur sýnt.

Frú forseti. Nú er kannski komið að því að þolinmæði þess fólks sem hefur haldið uppi merkjum stofnunarinnar, og skapað henni það traust sem ríkt hefur meðal þjóðarinnar á Ríkisútvarpinu, er þrotið og langlundargeðið þorrið. Því það gerðist í dag á fjölmennum starfsmannafundi í stofnuninni að starfsfólkið samþykkti ályktun um Ríkisútvarpið hf. Ég vil fá hér í inngangi ræðu minnar að lesa þá ályktun. Með leyfi forseta, hljóðar hún svo:

„Starfsmenn Ríkisútvarpsins óska eftir skýrari upplýsingum frá stjórnvöldum um hvernig fyrirtæki stjórnvöld vilji búa til á grunni hins gamla Ríkisútvarps. Bent hefur verið á opin ákvæði í frumvarpinu og mismunandi áherslur ríkisstjórnarflokkanna í málefnum stofnunarinnar til margra ára sem nú virðast hafa endað í óútfylltri ávísun til framtíðar. Við teljum okkur vera í vinnu hjá þjóðinni og landsmenn eigi rétt á að vita hvert stefni með fjölmiðilinn þeirra. Starfsmenn gera alvarlegar athugasemdir við að ekki liggi enn fyrir hve miklu fjármagni nýja félagið á að ráða yfir í upphafi. Starfsmenn furða sig líka á því að ekki virðist hafa verið tekið nokkurt tillit til umsagna sem bárust menntamálanefnd Alþingis. Spyrja má um tilganginn með að setja fólk í vinnu við slíka álitsgjöf. Loks lýsa starfsmenn vanþóknun á því ef áunnin réttindi starfsmanna verða skert. Svo virðist sem sum þeirra verði numin úr gildi bótalaust. Starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa um árabil þolað láglaunastefnu og talið að réttindin sem væru eign starfsmanna mundu að einhverju leyti vega upp á móti lágu launanum. Starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa sýnt mikla þolinmæði á löngu og leiðinlegu breytingaskeiði stofnunarinnar.

Það hefur verið von þeirra að betri tímar gætu runnið upp að því loknu. Eitt það versta sem fyrir gæti komið er að óvissuskeiðið haldi áfram næstu árin af því að ný lög hafa ekki verið nógu vel úr garði gerð. Starfsmenn skora á Alþingi að eyða óvissu um stofnunina með skiljanlegum lögum sem duga."

Frú forseti. Ég hef þá lokið við að lesa ályktun þá sem samþykkt var á starfsmannafundi Ríkisútvarpsins í dag. Hún segir auðvitað miklu meira en mörg orð. Hún segir meira um raunverulegt ástand en ræða hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar sem fylgdi úr hlaði nefndaráliti meiri

hlutans fyrir örfáum klukkutímum þar sem hann lét í veðri vaka að allar þessar breytingar væru gerðar með það í huga að Ríkisútvarpið verði áfram sterk stofnun sem eigi að vinna í almannaþágu og vera í eigu þjóðarinnar. En hvað segir starfsfólkið? Starfsfólkið telur sig hafa verið í vinnu hjá þjóðinni og telur að landsmenn eigi rétt á því að fá að vita hvert stefnir með fjölmiðla þeirra. Ræða hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar varpaði ekki ljósi á þá þætti sem starfsmenn Ríkisútvarpsins segja að séu í myrkrinu. Hún gerir það ekki að verkum að óvissu þeirra um stofnunina verði eytt. Hún sýnir okkur óyggjandi að frumvarpið sem hér er gert ráð fyrir að samþykkja verður aldrei að lögum sem duga. Þessi lög duga ekki. Ríkisútvarpið hf. kemur ekki til með að duga þjóðinni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum sett okkur upp á móti því að Ríkisútvarpið sé hlutafélagavætt á sömu forsendum og við höfum sett okkur upp á móti því að aðrar ríkisstofnanir sem sinna almannaþjónustuhlutverki séu hlutafélagavæddar. Okkar sýn á Ríkisútvarpið er sú að það þurfi fyrst og fremst á því að halda að stjórnvöld sýni vel vilja sinn í verki með því að greiða úr fjárhagserfiðleikum stofnunarinnar, sem hefur áþreifanlega skort vilja til allt of lengi. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lýst meginsjónarmiðum okkar í þessum efnum á þeim nótum sem kemur fram í frumvarpi okkar um Ríkisútvarp sem lagt hefur verið fram á undanförnum tveimur þingum, þ.e. 131. þingi og svo því sem nú starfar. Við gerum ráð fyrir að í því frumvarpi séu gerðar grundvallarbreytingar á stjórnsýslu stofnunarinnar, tengslum hennar við Alþingi og framkvæmdarvaldið. Í því frumvarpi gerum við líka ákveðnar tillögur um afnotagjöldin, sem gert er ráð fyrir að verði breytt í nefskatt í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra.

Nú er það svo að andstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við hlutafélagavæðinguna lýtur fyrst og fremst að þeirri staðreynd að hlutafélagaformið hentar fyrst og fremst fyrirtækjum sem gert er að sýna arðsemi. Sem slíkt er það ágætt form og hefur auðvitað sannað ágæti sitt á hinum almenna markaði þar sem eðlilegt er að gera arðsemiskröfu til fyrirtækja. Hins vegar lýtur almannaþjónusta slíkum reglum að arðsemiskrafa til slíks fyrirtækis er beinlínis út í hött. Hér rekst hvað á annars horn þegar ríkisvaldið gengur fram fyrir skjöldu og vill hlutafélagavæða, ekki bara Ríkisútvarpið heldur Rafmagnsveitur ríkisins, allar matvælarannsóknastofur ríkisins og áfram mætti telja í þessari bylgju sem nú ríður yfir. Nú síðast heyrðum við hugmyndir um að ríkisstjórnin hyggist leita leiða til að hlutafélagavæða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, hvað sem býr að baki því. Ekki er enn komið fram frumvarp um það held ég.

Hér erum við að tala um ríkisútvarp sem á að lúta allt öðrum lögmálum en fyrirtæki á markaði sem gerð er til arðsemiskrafa. Við erum að tala um einhverja merkustu menningarstofnun í eigu þjóðarinnar. Af því tilefni langar mig til að segja örlitla sögu sem rifjaðist upp fyrir mér í morgun meðan ég gerði mér í hugarlund upp á hverju ég ætti að brydda í ræðu minni. Þegar ég fór að hugsa um Ríkisútvarpið, einhverja merkustu menningarstofnun sem þjóðin á sameiginlega, þá rifjaðist upp fyrir mér saga sem Jón Múli Árnason heitinn sagði mér þegar ég var ung kona að hefja störf í Ríkisútvarpinu. Ég held að með sögunni hafi hann viljað segja mér af hverju Ríkisútvarpið nýtur virðingar og trausts hjá þjóðinni.

Sagan er þannig að Jón Múli var á sínum tíma, þegar hann var ungur maður, sendur til BBC í starfskynningu, til breska ríkisútvarpsins. Hann hafði beðið eftir því í ofvæni að fá að sjá þegar kvöldfréttir BBC yrðu lesnar. Það var stór stund, sagði hann, þegar hann var leiddur inn í sal sem sýndi gegnum gler inn í þularstofu til þulanna sem voru að lesa kvöldfréttir í breska ríkisútvarpinu, í hljóðvarpinu — ég tek það fram að þetta var lestur á fréttum í hljóðvarpinu, ekki í sjónvarpi. Fyrir innan glerið sátu tveir fréttaþulir, karl og kona. Þau voru bæði uppáklædd. Karlinn í svörtum jakkafötum og með þverslaufu í hvítri skyrtu og konan í huggulegri dragt, með hálsfesti, eyrnalokka og vel til höfð. Jón Múli sagði að hann hefði fyrst rekið í rogastans og ekki skilið af hverju fólkið væri svona fínt og uppábúið. Hann velti því fyrir sér hvort hann ætti að þora að spyrja og hann ærðdi að gera það. Hann spurði fylgdarmenn sína, sem voru að sýna honum breska ríkisútvarpið, hverju þetta sætti, að fréttaþulirnir væru svona uppábúnir. Jú, var svarið, það að þau skuli hafa sig til áður en þau lesa fréttirnar gerir það að verkum að þau hafa aðra afstöðu til þess sem þau eru að gera, þau sýna meiri virðingu því verkefni sem þeim hefur verið falið. Þau finna að það er sérstakt og það er þess virði að búa sig upp á áður en þau fara og gegna því hlutverki sem þau gegna.

Þessi saga bjó ævinlega með Jóni Múla. Hún hefur búið með mér æ síðan hann sagði mér hana. Ég hugsa oft um þessa sögu þegar ég dáist að starfsfólki Ríkisútvarpsins, ekki síst á fréttastofu Ríkisútvarpsins hljóðvarps, sem mér hefur fundist nánast fram á þennan dag hafa getað varðveitt þennan anda, þennan blæ og þá virðingu sem gerir þjóðinni ljóst að starfsfólkið áttar sig á því hvert hlutverk þess er, að það er í vinnu hjá þjóðinni við að upplýsa þjóðina eða sinna lýðræðislegu hlutverki stofnunarinnar, sem þjóðin á heimtingu á að sé sinnt af alúð, natni og með virðingu.

Um er að ræða eina af merkustu menningarstofnunum þjóðarinnar, sem hefur sinnt lýðræðislegu hlutverki í gegnum árin. Á áttunda áratug hefur Ríkisútvarpið starfað og borið uppi stóran hluta af menningu okkar, menningu sem er sérstök, kannski fyrir það að á bak við hana stendur smáþjóð, lítil þjóð sem nú um þessar mundir er einungis 300 þúsund manns. En á árdögum, sokkabandsárum, Ríkisútvarpsins vorum við enn þá færri.

Ég tel ástæðu til þess, frú forseti, að staldra aðeins lengur við þessar hugrenningar um menningarhlutverk Ríkisútvarpsins, sem ég tel að verði ógnað ef fram heldur sem horfir. Ef ríkisstjórninni tekst að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið tel ég að menningarlegu hlutverki Ríkisútvarpsins verði ógnað, menningarlegu hlutverki sem það hefur ekki fengið nægilega fjármuni til að sinna sem skyldi hingað til. Þá á ég auðvitað fyrst og fremst við hin seinni ár. Það hefur farið hríðversnandi á hvern hátt þessi stofnun hefur verið sett í fjárhagskreppu. Ég tel, eins og ég sagði í upphafi, að það hafi verið ásetningur þessarar ríkisstjórnar að svelta stofnunina til að auðvelda þær breytingar sem mælt hefur

verið fyrir að ýta þessari stofnun út í.

Í apríl árið 2002, 14. apríl, hélt Bandalag íslenskra listamanna málþing um menningarhlutverk Ríkisútvarpsins í þjóðmenningarhúsi. Það málþing er mér afar minnisstætt. Þar voru flutt fín erindi og m.a. kom forseti breska Blaðamannasambandsins þar fram og flutti erindi um þýðingu þjóðarútvarps í almenningseign og mikilvægi þess í nútímasamfélagi. Svo voru listamenn með framsögu, listamenn eins og Steinunn Sigurðardóttir, Hörður Áskelsson, Þorvaldur Þorsteinsson og Friðrik Þór Friðriksson. Þá fóru fram mjög öflugar pallborðsumræður um málið. Ég hef ekki undir höndum ályktun þessa málþings en mig minnir að þar hafi verið samþykkt ályktun. Þó er ég ekki alveg með það á hreinu. En ég hef undir höndum bækling sem var dreift á þessu málþingi, sem lýsir hugrenningum listamanna, reyndar ýmissa annarra velunnara Ríkisútvarpsins en fyrst og fremst listamanna, í garð Ríkisútvarpsins. Þessum bæklingi er fylgt úr hlaði með orðum fyrrverandi forseta Bandalags íslenskra listamanna, Tinnu Gunnlaugsdóttur, sem segir í aðfaraorðum sínum, með leyfi forseta:

„Með *málþingi og menningarhlutverki Ríkisútvarpsins* vill stjórn Bandalags íslenskra listamanna stuðla að opinni umræðu um menningarhlutverk Ríkisútvarpsins í íslensku samfélagi. Skortur á menningarlegri stefnumörkun og skýrri sýn á skyldu stofnunarinnar við menningarlífið í landinu sem og almenning er vandamál sem krefst úrlausnar. Rekstrarhalli hefur með vaxandi þunga sett mark sitt á starfsemi Ríkisútvarpsins með tilheyrandi aðhalds- og sparnaðaraðgerðum, sem gæti þó allt eins heitið aðför að innlendri menningarframleiðslu þar sem það er einmitt þar sem sparnaðurinn kemur harðast niður. Þessi öfugþróun er stórhættuleg menningarlífi og sjálfsvitund þjóðarinnar í öllu tilliti.

Á tímum alþjóðavæðingar er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að þeir sem fara með forræði menningarmála og opinbert fjármagn viðurkenni mikilvægi þess að styrkja innviði menningarlífs. Ríkisútvarpið – sjónvarp er öflugasti menningarmiðill landsins og gegnir því lykilhlutverki á þessu sviði. Það er von og vilji okkar að dagurinn í dag *marki upphaf öflugrar sóknar er margir hafa lagt lóð sitt á* vogarskálarnar til að svo megi verða."

Svo mælti Tinna Gunnlaugsdóttir, þáverandi forseti Bandalags íslenskra listamanna, og voru þetta aðfaraorð hennar í bæklingi sem gefinn var út í tilefni málþings sem BÍL hélt, sem kom upp í hugann þegar ég var að undirbúa ræðu mína og las yfir ágætt nefndarálit okkar í minni hluta menntamálanefndar, sem gerir fjárhagsvandræði og fjárhagslega stöðu Ríkisútvarpsins að umtalsefni ásamt fleiri punktum.

Mig langar til að grípa niður í þennan bækling þar sem spyrtir eru saman þessir tveir þættir, þ.e. menningarlegt hlutverk stofnunarinnar og fjármálin. Ég vil spyrja hv. stjórnarliða á hinu háa Alþingi hvort þeir sjái fyrir sér að fjárhagsstaða þessa nýja Ríkisútvarps hf. verði á einhvern hátt önnur heldur en fjárhagsstaðan sem Ríkisútvarpið hefur þurft að eiga við undanfarin ár. Það er ekkert í ummælum hæstv. menntamálaráðherra eða í þessu frumvarpi, í greinargerð þess eða í nokkru því sem hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa sagt um þetta mál, sem gefur okkur von um að fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins muni batna eða breytast *á einhvern hátt við þetta nýja frumvarp*. Þess vegna er eðlilegt að listamenn og þeir sem starfa að menningu og treysta á Ríkisútvarpið sem menningarstofnun hafi beyg í brjósti vegna þessara breytinga.

Í aðalfundarályktun Bandalags íslenskra listamanna frá því í nóvember árið 2001 segir, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Bandalags íslenskra listamanna skorar á menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og ríkisvaldið allt að tryggja Ríkisútvarpinu fjármagn og sjálfstæði til að sinna menningarhlutverki sínu í íslensku samfélagi. Um þýðingu öflugs ljósvakamiðils í almenningseign fyrir menningarlíf þjóðar verður ekki deilt svo fremi sem hann veiti landsmönnum aðgang að marktækum spegli á sinni eigin tilveru og samtíð og færir þeim heim í stofu vandaða dagskrárgerð þar sem fjölbreytt íslensk listsköpun er í fyrirrúmi."

Þetta var bón listamanna frá 2001. Sú bón hljómar enn frá listamönnum því þeir bera eins og ég sagði ótta í brjósti gagnvart þeim breytingum sem hér eru að fara í hönd. Ekki er bara það að háeffunin verði þess valdandi að upplýsingalög komi ekki til með að gilda um Ríkisútvarpið hf. og þar með er aðgangur fólks að stjórnsýslu stofnunarinnar takmarkaður heldur er alveg ljóst að fjárhagsleg spennitreyja hefur ekki verið endurhönnuð. Hún er enn til staðar, verður til staðar og ekki er neinn vilji að því er virðist hjá þeim er véla með fjármagn og fjármuni að þar verði einhver breyting á.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að þessi hlutafélagavæðing lokar þetta félag ekki einungis frá upplýsingalögum heldur lokar hún það líka frá stjórnsýslulögum, frá lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og lögunum um umboðsmann Alþingis. *Ég hef ekki enn heyrt rök* stjórnarliða í þessum sal fyrir því að það sé allt í lagi að hlutirnir séu hafðir með þessum hætti. Enn þá hafa engir svör komið við þeim spurningum sem við í minni hlutanum í menntamálanefnd höfum lagt fram til stjórnarliða og stjórnarmeirihlutans í þessum efnum. Menn þegja þunnu hljóði og svo virðist vera að fara eigi út í þessar breytingar nánast án rökstuðnings og án þess að gera nokkra grein fyrir *því af hverju* stjórnarliðar og ríkisstjórnarmeirihlutinn telur svona nauðsynlegt að loka jafnmerka stofnun, sem hefur jafnmikilvægu hlutverki að gegna, af frá þessum lögum.

Nú skulum við aðeins skoða hvað það er sem gerir það að verkum að upplýsingalög þurfa að gilda og eiga að gilda um opinbera starfsemi. Í morgun vorum við í allsherjarnefnd að fjalla um þau áform ríkisstjórnarinnar að breyta þremur opinberum rannsóknastofum sem sinna opinberu eftirliti og rannsóknum á matvælum í hlutafélög. Ljóst er að með því að loka rannsóknir af því tagi frá upplýsingalögum skapast ákveðin hætta vegna þess að þjóðinni stafar hætta af *því að upp geta komið sýkingar í matvælum* sem ekki verði hægt að rannsaka fyrir opnum tjöldum og birtar allar rannsóknarniðurstöður. Það skiptir verulegu máli fyrir heilsufar og hag þjóðarinnar að allar upplýsingar sem varða matvælaeftirlit, bráðaeftirlit og öryggisþjónustu séu uppi á borðinu. Það er kannski ekki erfitt fyrir fólk að átta sig á því og skilja það.

En þá spyr maður: Hvers vegna er svo mikilvægt að upplýsingalög gildi um ríkisútvarp? Jú, það er mikilvægt

vegna þess að Ríkisútvarpið, sem er og á að vera útvarp í almannaþágu, á að sinna lýðræðislegu hlutverki. Það á að sjá til þess að lýðræðisleg umræða fari fram í samfélaginu og þar eigi öll sjónarmið heima og allar skoðanir eigi að fá notið sín, t.d. og ekki síst pólitískar skoðanir. Ef einhverjar ávirðingar verða, segjum á ríkjandi stjórnvöld, að þau beiti áhrifum sínum inni í stofnuninni, þá á að vera hægt á grundvelli upplýsingalaga að leita þar niðurstöðu, leita þar upplýsinga. Segjum að ráðning starfsmanna, yfirmanna á stofnuninni, hafi gefið tilefni til að hlutirnir væru rannsakaðir, ekki hafi allt verið með felldu við ráðningu eða einhverja slíka stjórnsýslu, þá eiga upplýsingalög að tryggja að almenningur hafi aðgang og geti skyggnst á bak við tjöldin og fundið það út á hvern hátt stjórnvöld hafi verið að sinna hlutverki sínu eða jafnvel að misbeita hlutverki sínu og misnota vald sitt ef uppi eru einhvers konar ávirðingar um slíkt. Ég tel það vera mikilvægt að upplýsingalög gildi um stofnun sem hefur lýðræðislegu hlutverki að gegna í samfélagi okkar í dag þar sem skiptir verulegu máli að ekki sé beitt valdi við umfjöllun um, segjum pólitískt mál, dægurmál, fréttamál eða hvaða mál svo sem eru önnur. Ég tel því að lífsnauðsynlegt sé fyrir okkur að upplýsingalög heyri til þessari stofnun en á sama hátt finnst mér það allt í lagi og af hinu góða að úti á akrinum starfi aðrir fjölmiðlar sem ekki er svo háttað um, að þar starfi fjölmiðlar sem hafi möguleika á að vera með minni eða umfangsminni skyldur, enda allt aðrir hagsmunir í húfi og önnur sjónarmið sem ríkja hjá einkareknum fjölmiðlum en hinum opinberu. Mér finnst það vera til eftirbreytni fyrir okkur að skoða hvernig þær hafa farið að, systurstofnanir Ríkisútvarpsins í Skandinavíu. Noregur hefur oft verið nefndur í þessu sambandi þar sem ríkisútvarpinu hefur nýverið verið breytt í hlutafélag, en þar gilda upplýsingalög. Rökstuðningur norsku ráðherranna fyrir því er með þeim hætti að það væri holl lesning fyrir ríkisstjórnina og ráðherrana á Íslandi að kynna sér sjónarmið starfsbræðra þeirra í Skandinavíu, t.d. í Noregi.

Hvað með opinbera starfsmenn? Þeir hafa samkvæmt lögum ákveðnum skyldum að gegna, hafa vissulega ákveðin réttindi, sem svo sem deilt er um á hinum almenna vinnumarkaði hvort séu of mikil eða of eitthvað, þetta fólk hefur líka skyldum að gegna. Í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eru taldar upp í einum sex, sjö greinum allar þær skyldur sem á opinberum starfsmönnum hvíla. Það eru sannarlega skyldur sem skiljanlegt er að þurfi að hvíla á fólki sem annast opinbera stjórnsýslu, sem annast opinber störf, störf í þágu þjóðar, störf í þágu almannaheilla. Þær skyldur eru vel rökstuddar, bæði í lagatextanum og einnig lögskýringargögnum eins og greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögum á sínum tíma og ég sé ekki annað en þar sé verið að gera grein fyrir því á hvern hátt opinberir starfsmenn bera annars konar skyldur en starfsmenn sem starfa hjá fyrirtækjum á einkamarkaði.

Allar þessar skyldur koma til með að falla niður eða verða ekki lengur virkar hjá því starfsfólki sem kemur til með að starfa hjá Ríkisútvarpinu hf. Þar með missa þeir starfsmenn sem fram til dagsins í dag hafa verið sér mjög meðvitaðir um þessar skyldur ákveðin tengsl við umbjóðendur sína, þ.e. þjóðina, almenning í landinu. Skyldurnar markast auðvitað allar af því að verið sé að sinna hlutverki sem er til heilla fyrir almenning. Ljóst er að staða starfsmanna verður mjög mikið breytt með þessu nýja frumvarpi.

Við í menntamálanefnd höfum fengið umsagnir sem skýra á mjög greinargóðan hátt sjónarmið stéttarfélaganna eins og BHM og BSRB hvaða áhyggjur þessara stéttarfélaga eru, þegar skoðuð eru réttindi og skyldur starfsmannanna og þær breytingar sem fyrirsjáanlegar verða í þeim efnum við þessa breytingu.

Í athugasemdum sem gerðar eru í umsögn BSRB og BHM til menntamálanefndar er sagt frá því á hvern hátt þessi stéttarfélög gagnrýna aðferðina sem beitt er gagnvart starfsmönnum þegar stofnunum ríkisins er breytt í hlutafélög og þar eru menn að tala almennt. Þetta er ekki fyrsta atlagan sem núverandi ríkisstjórn gerir að ríkisstofnun í hlutafélagavæðingu sinni og segja má að í öllum tilfellum og það er ljóst að í öllum tilfellum þegar ríkisstofnun hefur verið breytt í hlutafélag hafa starfsmenn borið þar skarðan hlut frá borði. Réttindi hafa verið tekin af starfsmönnum. Þetta á við um háeffun Pósts og síma og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sölu ríkisbankanna og fleiri annarra fyrirtækja og ríkisstofnana sem hafa verið háeffuð. Þetta er staðfest og frá þessu er sagt í mjög yfirgripsmikilli og ítarlegri umsögn BHM og BSRB.

Þau gera einmitt að umtalsefni þau lög sem ég vitnaði til áðan, lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og segja í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Það er auðvitað óþolandi að það sé gert aftur og aftur, við þessi skilyrði" — þ.e. þegar ríkisstofnunum er breytt í hlutafélög — „að setja sérstök lög sem taka almennu lögin um ríkisstarfsmenn úr sambandi þegar á þau reynir. Ef það er mat þingmanna að réttindi ríkisstarfsmanna séu þannig að þeim þurfi að breyta á auðvitað að gera það með því að breyta almennu lögunum þannig að þessi „ómögulega" staða komi ekki upp aftur og aftur. Þá þurfa ríkisstarfsmenn heldur ekki að vera með væntingar um starfsöryggi sem ekki stenst þegar á reynir. Óréttlætið birtist líka í því að þetta gerist oft en ekki alltaf. Svo virðist vera að þegar breytingarnar snerta litlar stofnanir með fáa starfsmenn þá séu almennu lögin látin gilda en þegar sambærilegar breytingar ná til stærri stofnana eru almennu lögin tekin úr sambandi. Þetta er afleit lagaframkvæmd sem ber merki um hentistefnu og óhreinskilni."

Þetta segir í umsögn BSRB og BHM. Hentistefna og óhreinskilni eru hugtök sem eiga afskaplega vel við um framgöngu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, framgöngu þeirra menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins sem hafa alið þessa ósk í brjósti og hafa nú loksins fengið Framsóknarflokkinn með á hrossið og ríður nú Framsóknarflokkurinn fyrir framan Sjálfstæðisflokkinn í þessum málum og hefur verið útskýrt af hv. varaformanni menntamálanefndar hvernig Framsóknarflokkurinn hefur breytt afstöðu sinni í þessum málum. Ég segi, það er mjög miður að Framsóknarflokkurinn skuli ekki enn þá líta á það sem hlutverk sitt að sinna eftirlitshlutverki og gæta að réttindum starfsfólks hins opinbera, starfsmanna ríkisins sem hafa þessi orð sem ég rétt áðan las um þá gjörninga sem hér eru á ferðinni.

Það er ekki bara í þessu máli um Ríkisútvarpið hf. Það eru sambærilegar umsagnir á borðum þingmanna vegna háeffunarinnar á Rarik, vegna háeffunarinnar á Matvælarann-

sóknum hf. og háeffunar þeirra stofnana sem þegar hafa farið í gegnum Alþingi. Það sem hefur gerst á Alþingi þegar þessar umsagnir eru til umfjöllunar og þegar þingmenn lesa þær umsagnir er að stjórnarliðar daufheyrast. Það er eins og það hlaupi einhverjir aðskotahlutir í eyrun á stjórnarþingmönnunum og þeir heyra ekki og sjá ekki þær umkvartanir sem eru þó bornar fram með mjög veigamiklum rökum.

BSRB og BHM spyrja í umsögn sinni hver tilgangurinn sé með því að stofna hlutafélagið um Ríkisútvarpið. Þau spyrja hvort það sé beinlínis gert til að breyta réttarstöðu starfsmanna Ríkisútvarpsins. Þau spyrja hvort það sé beinlínis gert til að Ríkisútvarpið hf. þurfi ekki að fylgja þeim lágmarkskröfum gagnvart starfsmönnum sínum sem eru gerðar til opinberra stofnana innan stjórnsýslunnar. Það er eðlilegt að spurt sé og eðlilegt að þjóðin fái að vita á hvern hátt stjórnarliðar, hv. þingmenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, sjá fyrir sér allar þessar breytingar sem eru núna yfirvofandi og hvernig ætlast þessir stjórnmálaflokkar síðan til að fá áfram einhver atkvæði frá kjósendum þegar búið er að höggva svo í skörð þeirra starfsmanna sem hafa verið að sinna lagalegu hlutverki fyrir þjóðina í þeim opinberu stofnunum sem hafa starfað í samfélagi okkar eftir lögum.

BRSB og BHM hafa bent á að það jaðri við að þetta háeffunaræði ríkisstjórnarinnar jafnist á við kennitöluskipti í atvinnurekstri þar sem vinnuveitendur eru að reyna að komast hjá því að standa við samninga við starfsmenn sína. Ég verð að segja að þetta eru afar alvarleg orð, þetta eru þung orð sem látin eru falla í garð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans á Alþingi en þessir hv. þingmenn hafa sannarlega unnið sér inn fyrir þessum orðum, fyrir þessum hugrenningum starfsmannafélaga ríkisins.

Svo er það náttúrlega staðfest í umsögn BSRB og BHM að arðsemissjónarmið eru höfð að leiðarljósi í hlutafélögum en markmiðið með rekstri Ríkisútvarpsins hefur aldrei snúist um arðsemissjónarmið, það hefur fyrst og fremst verið að veita þjónustu, sinna menningarskyldum og öryggishlutverki en ekki að skapa eigendum sínum arð.

Þegar við reyndum að ræða þessi mál í menntamálanefnd, sem gafst eiginlega enginn tími til því, eins og kom fram í máli hv. þm. Marðar Árnasonar, gaf hv. formaður nefndarinnar ekki mikinn tíma til þess að ræða við stjórnarandstöðuþingmenn um málið og það var enginn vilji hjá stjórnarliðum að kanna neina möguleika á einhverjum snertiflötum. Gengið var út frá því sem vísu að ekki yrði um neina sátt að ræða varðandi þetta mál og stjórnarliðar höfðu engan áhuga á að verða fyrir áhrifum frá sjónarmiðum eða skoðunum minni hlutans í nefndinni. Það var því lítið rætt.

Þó minnist ég þess að við reyndum að ræða almannaþjónustuhlutverkið. Við reyndum að fá það upp á yfirborðið á hvern hátt stjórnarliðar sæju hina nýju stofnun höndla þetta almannaþjónustuhlutverk. Ég spurði höfunda frumvarpsins hvernig þeir sæju fyrir sér þessa nýju stofnun. Mér varð það á orði að mér þætti þetta frumvarp frekar daufleget og uppfullt af lagahugtökum og það bæri þess merki að það hefði verið samið af lögfræðingum en ekki neinum andans jöfrum, ég man nú ekki hvort ég orðaði það þannig en mig minnir að höfundar frumvarpsins hafi ekki verið ánægðir með einkunnina sem ég gaf frumvarpinu. En ég bað þá að lýsa því fyrir okkur á hvern hátt þeir sæju þessa stofnun fyrir sér þegar hún væri tekin til starfa, hvort þeir fyndu eitthvert lífrænt samband við það sem þeir sæju fyrir sér.

Það voru þeir Sigurbjörn Magnússon og Jón Sveinsson sem sömdu frumvarpið, eflaust góðir og gegnir lögmenn en kannski ekki að sama skapi neinar jöfrar í samningu texta, það er ekkert gullaldarmál á þessu frumvarpi. Ég er að grauta hér í punktunum mínum, frú forseti, og sé að ég hef skrifað niður spurningu til þessara höfunda frumvarpsins um að mig fýsi að vita eitthvað um tengsl þessa þurra lagatexta við hina lífrænu eða dýnamísku stofnun, Ríkisútvarpið. Ég spurði þá hvort þeir sæju fyrir sér, vegna 4. gr. fyrst og fremst, að Ríkisútvarpið hætti að reka þann hluta sem kannski má segja að sé í samkeppnisrekstri, þá er ég að tala um t.d. ameríska afþreyingarþætti í sjónvarpi, ég nefndi Rás 2, erlent leikið efni almennt og einhverja tónlistarþætti, og ég spurði hvar þeir fyndu þessum hlutum stað í sýn sinni til framtíðar og hvernig þetta væri í þeirra huga.

Það kom alveg skýrt fram í svarinu sem ég fékk frá Sigurbirni Magnússyni að hann sá fyrir sér varðandi 4. gr. frumvarpsins, sem fjallar um það hvernig Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að standa að annarri starfsemi en kveðið er á um í 3. gr. sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti, að ákveðnir þættir sem væru í samkeppnisrekstri í dag yrðu settir í dótturfélög og það væri alveg möguleiki á því að þessi dótturfélög yrðu að hluta til í eigu einhverra annarra en Ríkisútvarpsins. Þegar farið var út í að ræða það nánar hvort hugsanlegt væri að þessi dótturfélög yrðu síðan öll seld þá varð fátt um svör því að þá sáu höfundar frumvarpsins auðvitað að þar með voru þeir búnir að tálga utan af almannaþjónustuhlutverkinu stóran hluta af dýnamíkinni sem er í gangi innan stofnunarinnar í dag og að eftir sæti kannski sá hluti sem sjálfstæðismenn hefur alltaf dreymt um að sjá undir hatti Ríkisútvarpsins en ekkert annað, og það eru svona til málamynda einhverjar fréttir og veðurfregnir, tilkynningar til sjófarenda, tilkynningarskyldan og svo kannski einhverjir leiðinlegir menningarþættir sem fáir nenna að hlusta á.

Í alvöru talað, herra forseti, þá leið mér eins og að Sjálfstæðisflokknum væri að takast ætlunarverk sitt, að murka endanlega lífið úr þessari öflugu menningarstofnun sem borið hefur merki íslenskrar þjóðmenningar hærra en flestar aðrar menningarstofnanir í landinu, á þeirri stundu þegar höfundar frumvarpsins voru að lýsa sinni sýn á þessari stofnun í náinni framtíð, og að búið væri að breyta henni í einhverja þurra súlu sem skipti í raun og veru engu máli öðru en því að tilkynna mætti þjóðinni um það ef jarðskjálftar eða eldgos yrðu.

Ég satt að segja óttast enn í dag og óttast það kannski meira í dag en fyrir örfáum vikum síðan að þetta verði raunin og það sé nákvæmlega þetta sem Framsóknarflokkurinn sé búinn að láta leiða sig inn í, þ.e. að nú verði bara búin til dótturfélög úr öllu þessu skemmtilega sem heyrt getur undir samkeppnisrekstur, þetta verður allt tálgað utan af og eftir standa tilkynningar til sjófarenda. Er Framsóknarflokkurinn þá glaður? Er þetta sú sýn sem menn í Fram-

sóknarflokknum hafa á framtíðarhlutverk Ríkisútvarpsins? Þetta samrýmist hvorki minni sýn né okkar sem höfum starfað í minni hluta menntamálanefndar. Við bíðum þess auðvitað með óþreyju að reyna helst að hrinda þessu máli og eins og tillaga okkar í nefndarálitinu gefur til kynna viljum við að málinu verði vísað frá, svo vanbúið er það og meingallað.

Eitt af því sem ég hef leyft mér að gagnrýna í þessu frumvarpi líka eru hlutir eins og þessi ímyndaði sveigjanleiki sem á að koma með hlutafélagaforminu. Eitt meginstefið sem hljómar hjá stjórnarliðum þegar þeir dásama hlutafélagaformið er þessi ótrúlegi sveigjanleiki sem menn fá við það að breyta ríkisstofnun í hlutafélag. Þegar farið er að spyrja út í það hver sá sveigjanleiki sé þá er hann fyrst og síðast fólginn í því að stjórnandinn, sem á að hafa mikla ábyrgð, vera stór og sterkur og geta ráðið sínum ráðum án íhlutunar, fær heimild til þess að reka og ráða fólk að eigin vild. Það er sveigjanleikinn. Hann er aðallega fólginn í því að reka fólk eftir eigin geðþótta stjórnanda. Ég sé ekki nein önnur rök, ég sé ekki neitt annað sem þessi fíni sveigjanleiki á að færa þessum stjórnanda, þessum sterka stjórnanda sem sjálfstæðismenn sérstaklega leggja mikla áherslu á að hafi mikil völd.

Ég minnist þess, herra forseti, í þessu sambandi þegar við vorum að fjalla um annað mál í menntamálanefnd, sem ég mundi reyndar miklu frekar vilja standa hér og ræða, mál sem unnið var í góðri sátt í nefndinni, um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, þá var einmitt verið að ræða hugmyndir um stjórnendur og það kom fram í máli hæstv. menntamálaráðherra, þegar talað var fyrir því máli, að hún taldi mjög mikilvægt að stjórnandinn væri ábyrgur í einu og öllu og að hann hefði mikil völd. Hún játaði að hann hefði það samkvæmt frumvarpinu en hún taldi að til að nýta til fulls þá kosti sem sameining þeirra stofnana sem mynda eiga Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefði, þyrfti sá stjórnandi að vera afar valdamikill og hafa frelsi og möguleika á því að nýta sér sveigjanleikann í þessu kerfi öllu. Það sama kemur fram í þessu frumvarpi um Ríkisútvarpið varðandi útvarpsstjórann.

Þegar við skoðuðum málin í menntamálanefnd varðandi Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var auðvitað ljóst að ákveðinn mekanismi var til staðar í þeirri stofnun, þ.e. þeim stofnunum sem eiga að mynda þessa nýju stofnun, sem gerði það að verkum að forstjóri eða forstöðumaður hafði mjög skapandi samstarf, formlegt og opið samstarf og góða samræðu við alla starfsmenn um allar meiri háttar ákvarðanir. Þannig er það í litlu stofnununum sem eiga að mynda þessa nýju fræðastofnun og þannig vilja allir starfsmenn halda áfram að hafa hlutina, í því sama formi, þegar nýja stofnunin tekur við hlutverki hinna smærri.

Ég minnist þess að við 1. umr. spurði ég hæstv. menntamálaráðherra einmitt út í það hvort hún sæi ekki fyrir sér að setja mætti inn í þetta frumvarp eitthvað sem útlistaði deildaskiptingu eða einhvers konar innra form á skipulagi innan stofnunarinnar þó ekki væri nema til að tryggja einhvers konar aðkomu starfsmanna að rekstri stofnunarinnar og skipulagi hennar þannig að þeir gætu haft áhrif á stjórnarhætti og niðurstöður í ýmsum málum. Á þann hátt taldi ég að kunnátta starfsmanna mundi nýtast en auðvitað er það fólk sem starfar innan þessarar stofnunar eins og allra annarra búið að afla sér reynslu sem ég tel dýrmæta. Mér finnst ekki verra að í opinberum stofnunum sem eiga að lúta opinberum lögum sé það tryggt og fyrirskrifað í lagatexta að starfsmenn beri ábyrgð og hafi aðkomu að meiri háttar ákvörðunum. Að því leyti til hef ég verið málsvari þess að einhvers konar deildaskipting innan stofnunarinnar og innra skipulag, sem ég tel eðlilegt að sé þar til staðar, sé á einhvern hátt fyrirskrifað í þessu frumvarpi eða í lögskýringargögnum við það. En það er ekki vilji fyrir því hjá meiri hlutanum að fara þannig að málum heldur mikið fjallað um það að forstöðumaður þurfi að hafa svigrúm til þess að taka ákvarðanir og þess vegna sé eðlilegt að viðkomandi hafi mikið vald.

Það vakti athygli mína, herra forseti, þegar hér var fjallað um embætti útvarpsstjóra í fyrirspurnatíma á Alþingi fyrir nokkru síðan. Fyrirspyrjandinn var hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og fjallaði um ráðningu útvarpsstjóra sem fór fram fyrir skemmstu. Hann vildi ræða við hæstv. menntamálaráðherra um formið á þeirri ráðningu, þ.e. að í júnímánuði síðasta sumar þegar auglýst var eftir útvarpsstjóra þá vakti það athygli þingmannsins að í auglýsingunni voru engar kröfur gerðar til hins væntanlega útvarpsstjóra um menntun eða starfsreynslu. Þingmaður gerði að umtalsefni að í gildandi útvarpslögum væri engin ákvæði að finna um slíkt, menntun eða starfsreynslu í þetta starf. En síðan gerði hann þingheimi grein fyrir að um ráðningu opinberra starfsmanna giltu samt sérstök lög, þau lög sem ég vitnaði til áðan, en það eru lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 70 frá 1996. Á grundvelli þeirra laga hafa verið settar reglur af fjármálaráðherra. Þær reglur eru nr. 464 og eru settar 1996 og þær fjalla um auglýsingar á lausum störfum í þágu hins opinbera. Í 4. gr. í þeim reglum er kveðið á um að í auglýsingu skuli vera upplýsingar um hvaða menntunar- og/eða hæfniskröfur séu gerðar til starfsmanns í opinberri þjónustu þannig að fjármálaráðuneytið sem setur reglurnar á grundvelli laganna fyrir hönd hins opinbera gerir ráð fyrir að veittar séu upplýsingar um þessi atriði þegar óskað er eftir fólki í stöður.

Kristinn H. Gunnarsson benti á í þessum fyrirspurnatíma að umboðsmaður Alþingis hefði bent á að það væri óskráð meginregla stjórnsýsluréttar að ákvörðun um svona ráðningu þurfi að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum og þar er talið að til málefnalegra sjónarmiða heyri menntun sem beri að skoða, starfsreynsla, hæfni og eftir atvikum þeir eiginleikar sem geta skipt máli varðandi starfið. Þar að auki munu vera í starfsmannastefnu Stjórnarráðsins ákvæði um að vanda skuli til mats á umsóknum. Það skuli leita til sérfræðinga við mat á þeim sé þess talin þörf. Áður en starf er auglýst skuli liggja fyrir skilgreining á starfinu og hæfniskröfur mótaðar á grundvelli slíkrar skilgreiningar.

Þetta er auðvitað í takt við það sem hefur verið að gerast í löndunum í kringum okkur og er verið að reyna eftir veikum mætti, að því manni hefur sýnst, að innleiða hér í lög, og ég minnist laga um jafnan rétt kvenna og karla. En þar er gerð sú krafa þegar ráðið er í störf að þar sé rökstuðningur sem verði aðgengilegur þeim sem hlut eiga að máli og óskað eftir að sjá rökstuðninginn að lokinni ráðningunni.

Við höfum dæmi um það í nýgengnum dómum að þegar ráðið hefur verið í störf — við getum nefnt hæstaréttardómara, við getum nefnt jafnréttisstýru eða forstöðumann jafnréttisstofu — þá sé til staðar rökstuðningur sem þeir umsækjendur sem ekki fá starfið eigi aðgang að og geti skoðað eftir á. Það er sem sagt gert ráð fyrir að sá rökstuðningur sé fullkomlega málefnalegur, byggi á málefnalegum forsendum og til að það megi verða þarf að greina starfið áður en það er auglýst til að þessi rökstuðningur verði að einhverju viti.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vildi síðan ræða þetta við hæstv. menntamálaráðherra og gerði athugasemdir við að enginn af þeim 23 sem sóttu um þetta starf útvarpsstjóra í sumar sem leið, var boðaður í viðtal meðan á umsóknarfrestinum stóð. Það vakti einnig athygli þingmannsins að aðeins einn umsækjandi fékk viðtal við hæstv. ráðherra og það var að eigin beiðni, og sá aðili var síðan ráðinn sem útvarpsstjóri. Þegar hæstv. menntamálaráðherra fór síðan að svara fyrir um það á hvern hátt hún hefði haft málefnalegar ástæður, eða á hvern hátt hún rökstyddi þessa ráðningu, þá hafði hún það eitt að segja að vegna sérstaks eðlis embættis útvarpsstjóra teldi hún ekki rétt að gera sérstakar kröfur til umsækjenda um tiltekna menntun eða starfsreynslu, það væri nauðsynlegt til þess að hún hefði úr fjölbreyttum hópi umsækjenda að velja. Þegar hæstv. ráðherra var spurð út í þessa ráðningu sagði hún í ræðu sinni sem hún flutti fyrir um það bil þremur vikum, á 61. fundi þessa löggjafarþings, með leyfi forseta:

„Þegar rætt er um skipun útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins er mikilvægt að hafa í huga að ekki er skýrt mælt fyrir um það í lögum hvað beri að leggja til grundvallar þegar tekin er afstaða til þess hver skuli hljóta skipun í embætti. Því var það í meginatriðum í mínu valdi að ákveða á hvaða sjónarmiðum ég byggði ákvörðun mína um skipun í embætti, en mér bar og ber ávallt við slíkar aðstæður, eins og reyndar við töku stjórnsýsluákvarðana almennt, að tryggja að ákvörðunin byggði á málefnalegum sjónarmiðum. Þá leiðir einnig af rannsóknarreglu stjórnsýslulaganna að ég varð að sjá til þess að nægar upplýsingar lægju fyrir um þau atriði sem þýðingu áttu að hafa í ljósi þeirra sjónarmiða sem mat mitt tók mið af og ákvörðun mín byggði á."

Hver voru svo hin málefnalegu sjónarmið? Jú. Þau tíundaði hæstv. ráðherra í ræðu sinni og segir síðan, með leyfi forseta:

„Verðandi útvarpsstjóri varð að hafa skýra sýn á hlutverk Ríkisútvarpsins og sú sýn þurfti vitanlega að taka mið af hlutverki stofnunarinnar eins og það er skilgreint í lögum, þá ekki síst af hlutverki hennar í menningarlegu tilliti. Jafnframt þurfti verðandi útvarpsstjóri að mínu mati að hafa skýra sýn á það með hvaða hætti hann hygðist leiða starf stofnunarinnar, koma á þeim umbótum í starfseminni sem æskilegar teldust og hvernig þeim markmiðum sem starfsemin lyti og ætti að lúta yrði náð."

Herra forseti. Hér kemur í ljós að hæstv. menntamálaráðherra hafði það að leiðarljósi við ráðningu nýs útvarpsstjóra að hann teldist hæfur til að koma á þeim umbótum í starfseminni sem hún teldi æskilegt að yrðu gerðar og þær umbætur er að finna í þessu frumvarpi sem við ræðum hér nú. Það er alveg ljóst að það var einungis einn umsækjandi af þessum 23 sem fékk að láta þessa sýn sem hver umsækjandi bar í brjósti varðandi framtíð Ríkisútvarpsins í ljós við ráðherrann. Það var einungis einum umsækjanda gert það kleift.

Ástæðan fyrir því að ég tek þetta upp hér, herra forseti, er sú að ég tel að hér sé um að ræða svo veigamikið starf og svo veigamikið hlutverk ráðherrans. Hvað varðar samband menntamálaráðherra, hver sem hann er á hverjum tíma, og útvarpsstjóra þá verður að segjast eins og er að hér er ekki gætt þess hlutleysis sem ég teldi æskilegt og þeirrar hlutlægni sem ég teldi eðlilegt að væri til staðar þegar ráðið er í svona veigamikið starf. Starf sem fer inn í rætur þjóðmenningar okkar, í rætur hins lýðræðislega stjórnskipulags sem við höfum hér á landi. Ég hefði því haldið að í frumvarpi sem lýtur að Ríkisútvarpinu og því hvernig þar eigi að höndla með mál, þar þyrfti að vera sérstaklega fyrirskrifað á hvern hátt það sé tryggt að engri pólitík sé komið að þegar ráðið er í störf á borð við störf ríkisútvarpsstjóra.

Þegar við vorum að fjalla um málið í menntamálanefnd fengum við upplýsingar um hvernig Frakkar fara að því að ráða sinn ríkisútvarpsstjóra. Það er afar athyglisvert. Ég leyfi mér að hleypa hér að endursögn sem ég hef hér í punktum mínum frá fundi þar sem við vorum upplýst um þetta, hvernig Frakkar fara að því að ráða útvarpsstjóra. Mér skilst að það sé sömuleiðis vandað til, þó ekki sé kannski með alveg sama hætti þegar fréttamenn eru ráðnir, til þess að tryggja að ekki sé um nein pólitísk tengsl að ræða. Ráðningarferlið í Frakklandi er þannig, en það er ekki langt síðan að þar var ráðinn sjónvarpsstjóri og um starfið sóttu um 30 manns, að skipað var sérstakt ráð vísra manna til að fara yfir allar umsóknir sem höfðu borist og forseti Frakklands, það var nú hvorki meira né minna en forseti Frakklands, sem kom að því að skipa þetta ráð til að tryggja eins mikinn trúverðugleika og mögulegt væri. Ráðið valdi síðan úr hópi þessara 30 fimm einstaklinga sem töldust hæfir eftir að farið hafði verið ítarlega yfir hvaða hæfniskröfur væri verið að gera. Þær voru að sjálfsögðu ljósar áður en auglýst var. Þessir fimm aðilar voru síðan allir kallaðir til viðtals og hittu þetta ráð. Eftir þann fund var óskað eftir greinargerð frá þeim um framtíðarsýn þeirra, hvernig þeir sæju fyrir sér að þeir mundu sinna starfi sínu og á hvern hátt ríkissjónvarpsstöðin mundi þroskast undir þeirra umsjá á næsta tiltekna fimm eða sjö ára tímabili. Til að skila þessari greinargerð fengu þeir ákveðinn undirbúningstíma og aðstoð sérfróðra aðila. Þeir máttu leita sér aðstoðar við að útbúa greinargerðina, sem átti að lýsa sýn þeirra til starfsins.

Eftir að umræddar greinargerðir lágu fyrir voru þær settar á netið. Þær voru öllum ljósar sem vildu kynna sér þær. Eftir að ráðið hafði kynnt sér greinargerðir þessara fimm umsækjenda var birt rökstudd niðurstaða ráðsins fyrir ráðningunni. Hvers vegna fara Frakkar svona að? Hvers vegna telja þeir nauðsynlegt að hafa reglur af þessu tagi um ráðningu sjónvarpsstjóra á ríkissjónvarpsstöðinni í Frakklandi? Rökstuðningurinn er sá að þetta er valdamikill maður. Það skiptir máli að vel sé til vandað og algerlega sé tryggt og þjóðin geti verið viss um að sá hæfasti hafi verið ráðinn og það séu málefnalegar forsendur fyrir öllum þáttum ráðningarferlisins fyrir niðurstöðu ráðsins.

Mér finnst nú eitt og annað sem við megum læra af Frökkum og ég geri ráð fyrir að þetta sé með svipuðu sniði hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar. Að fólk átti sig á að þegar ráðið er í valdamikil störf þar sem um er að ræða þjónustu við hið opinbera þá skipti verulegu máli að faglega sé á málum haldið að hægt verði að skapa sátt um niðurstöðuna og farin sé örugglega besta leið sem kostur er á.

Ég tel afar mikilvægt að um Ríkisútvarpið verði sköpuð þannig umgjörð að hún tryggi ráðningu sem er málefnaleg og fagleg. Því miður hefur það ekki verið hingað til. Pólitísk íhlutun og pólitísk ítök ríkisstjórnar eða meiri hluta á Alþingi hafa verið óviðunandi í gegnum tíðina og sérstaklega áberandi kannski nú hin seinni árin. Það er ekkert í því frumvarpi sem við fjöllum hér um sem bendir til að þessum pólitísku ítökum eigi að linna. Ekkert því miður. Auðvitað vekur það manni ugg og veldur tortryggni í garð alls málsins og gerir það að verkum að við sem höfum andmælt því höfum talið fram margar forsendur og margar ólíkar ástæður fyrir því hvers vegna við getum ekki fallist á þessa aðferð og þessa leið ríkisstjórnarinnar. Þetta er ein af þeim ástæðum.

Nú er það svo að við sem förum hér með löggjafarvaldið eigum að vera starfi okkar vaxin að því leytinu til að við eigum að skoða alla þætti mála eins vel og mögulegt er og til þess er okkur gefinn tími í nefndum þingsins, til að fara yfir alla þessa þætti. En þetta er einn af þeim þáttum sem ekki var heimilað, eða ekki gefinn tími til að ræða í nefndinni milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga og er það mjög miður. Það gerir kannski líka að verkum að umræðan um málið eftir á verður ekki eins málefnaleg og hefði getað verið ef við hefðum getað viðrað rök okkar og tekist á um þau í nefndinni.

Af því að ég er að fjalla hér um ráðningarmál þá kemur það fram í þskj. 333 á þessu þingi, þar sem menntamálaráðherra svarar fyrirspurn hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar um mannaráðningar hjá Ríkisútvarpinu, að Ríkisútvarpið hefur ekki farið að lögum varðandi ráðningar. Samkvæmt lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna á að auglýsa laus störf við ríkisstofnanir en það er ljóst af þessu svari að Ríkisútvarpið hefur ekki sinnt þeirri skyldu sinni af hvaða ástæðum sem það nú er. Það er talið upp í þessu svari að frá árinu 1997 hafi nánast allir dagskrárgerðarmenn í sjónvarpi verið ráðnir sem verktakar og starfað sem verktakar og ekki er auglýst eftir fólki í slík störf. Í svarinu segir einnig að fimm starfsmenn hafi verið ráðnir sem launþegar án undangenginna auglýsinga.

Að mínu mati þarf að skoða mun betur og með mun yfirgripsmeiri hætti á hvern hátt ráðið er í stöður hjá þeirri stofnun sem við erum að fjalla um og ég held að það sé mat okkar margra sem höfum fjallað um þessi mál á vettvangi menntamálanefndar.

Hæstv. menntamálaráðherra talar fjálglega um það, bæði í viðtölum og hér á Alþingi, að eitt af hennar meginmarkmiðum með því að leggja fram þetta frumvarp og breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag sé að efla Ríkisútvarpið, styrkja stöðu þess, og hún talar um veigamikið og fjölþætt hlutverk þess. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst þessar yfirlýsingar ráðherra oft hafa fremur holan hljóm og hugur ekki fylgja máli. Ég sé í hendi mér að sú stofnun sem hér er að verða til er ekki þannig úr garði gerð, eða það er ekki að sjá af frumvarpinu, að hún komi til með að verða öflugri stofnun en sú sem við höfum verið að horfa upp á engjast í fjárhagskröggum núna síðustu árin.

Er ég þá komin að því að fjalla hér um mál er tengjast fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Þar finnst mér nauðsynlegt að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ég hef haft uppi varðandi afnotagjöldin sem hafa verið gagnrýnd harkalega af, að því er ég tel, litlum en háværum hópi. Í þeim háværa hópi eru sennilega flestir fylgismenn Sjálfstæðisflokks eða þeir sem aðhyllast stefnuna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að kynna í málefnum Ríkisútvarpsins — hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt mál á þingi sem gera ráð fyrir að skylduáskrift, sem þeir kalla svo, að Ríkisútvarpinu sé lögð niður og Ríkisútvarpið verði svo að endingu selt. Til marks um það er mál á þskj. 54 á þessu löggjafarþingi en hv. þm. Mörður Árnason gerði góða grein fyrir því í máli sínu. Hann benti á að 40% þeirra stjórnarþingmanna sem skrifa undir nefndarálitið frá menntamálanefnd hafi átt aðild að því máli á einhverju stigi og vilji þar af leiðandi að Ríkisútvarpið verði selt. Það stendur hér stórum stöfum varðandi tímaáætlun í lok þessa frumvarps að hvorki meira né minna en fyrir árslok 2006 vilji hv. þingmenn Pétur Blöndal og Birgir Ármannsson, sem situr nú í forsetastóli, að Ríkisútvarpið hf. verði selt.

Ég verð að segja að yfirlýsingar af því tagi sem liggja fyrir í þessum þingskjölum auka manni ekki tiltrú á að Ríkisútvarpið hf. geti nokkru sinni orðið öflug menningarstofnun og þær auka manni ekki trú á orð og yfirlýsingar hæstv. menntamálaráðherra um að hún vilji efla Ríkisútvarpið. Það á þá eftir að renna mikið vatn til sjávar á þingflokksfundum Sjálfstæðisflokksins ef hæstv. menntamálaráðherra ætlar að fylgja þeim orðum sínum eftir. Til þess þyrfti hún að berjast við sterka þingmenn úr röðum sjálfstæðismanna þar sem eru þeir hv. þingmenn sem nefndir hafa verið í tengslum við þetta frumvarp á þskj. 54.

Hvernig sjá menn svo fyrir sér að þessi afnotagjöld, sem hafa lent í ákveðinni ófrægingarherferð, muni nú þróast? Jú, samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í stað afnotagjalda verði tekinn upp nefskattur. Í frumvarpinu segir um tekjustofnana að skattstjórar muni samhliða álagningu opinberra gjalda leggja þennan nefskatt á og gjaldskyldan muni hvíla á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru og þeim lögaðilum sem eru skattskyldir. Nánar er gerð grein fyrir þessu í 12. gr. frumvarpsins og gjaldið er fellt í krónutölu upp á 13.500 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila. Síðan koma undanþágur frá gjaldinu. Þeir eru undanþegnir sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraða eða þurfa að fá það gjald fellt niður, það er frekar skilgreint í lögunum um málefni fatlaðra og ég er ekki með á takteinum nákvæmlega hverjir þeir eru.

Svo er sagt í 2. tölulið 12. gr. að tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess í útvarpi eða í öðrum miðlum eigi að vera hluti af tekjustofninum og svo aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða í tölulið nr. 3. Það hefur hins vegar ekki komið nein skýring frá stjórnarliðum eða hæstv. ráðherra á því hvaða tekjur það gætu mögulega orðið sem menn sæju

fyrir sér undir tölulið 3 í 12. gr., aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Hvað kom svo í ljós í umfjöllun nefndarinnar um þennan nefskatt? Auðvitað kom í ljós að það eru tvær hliðar á því máli eins og var svo sem vitað. Í umsögn frá ríkisskattstjóra — sem fyrir einhvern misgáning hafði ekki fengið frumvarpið til umfjöllunar strax í upphafi, það var ekki fyrr en 8. mars að embætti ríkisskattstjóra var sent bréf þar sem óskað var eftir umsögn um málið — komu athyglisverðir hlutir fram. Þar segir t.d. að verði frumvarpið að lögum verði sú grundvallarbreyting á tekjusamsetningu Ríkisútvarpsins frá því sem verið hefur að brott falli afnotagjöld fyrir veitta þjónustu sem borið hafa virðisaukaskatt en í stað þeirra komi tekjur af umræddum nefskatti.

Sú breyting tekjusamsetningar hefur ein og sér ekki áhrif á innskattsrétt Ríkisútvarpsins, segir þar, en gæti hugsanlega skipt sköpum varðandi skráningu þess á grunnskrá virðisaukaskatts og þannig á bæði innskattsrétt og skyldu til innheimtu virðisaukaskatts af sölu er fellur innan skattskyldusviðsins.

Með öðrum orðum er verið að tala um það að ef tekjur Ríkisútvarpsins, segjum af sölu auglýsinga, koma til með að lækka skyndilega kemur Ríkisútvarpið til með að detta út af þessari virðisaukaskattskrá sem þýðir að ekki verður lengur hægt að telja fram innskatt á móti útskatti, sem þýðir þá að Ríkisútvarpið kemur til með að þurfa að greiða allan sinn innskatt sem lokagreiðandi og rétturinn til að leggja á útskatt kemur til með að falla niður.

Ráðuneytisstarfsmenn komu til okkar í menntamálanefndinni og tjáðu okkur að þetta væri ekki yfirvofandi hætta því að þarna væru einhverjar 40 millj. kr. upp á að hlaupa og ég verð nú að segja að með tilliti til þess að menn eru farnir að hugsa um það að taka Ríkisútvarpið í þrepum út af auglýsingamarkaði þá er það auðvitað fyrirsjáanlegt í nánustu framtíð að tekjur af auglýsingasölu komi til með að geta lækkað umtalsvert og þar af leiðandi sé ég ekki annað en sú hætta sem ríkisskattstjóri gerir okkur grein fyrir í umsögn sinni geti verið fyrir hendi fyrr en varir.

Ríkisskattstjóri gerir að umtalsefni í umsögn sinni umsögn Fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, en í henni eru tiltekin áætluð áhrif á tekjur ríkissjóðs af því ef Ríkisútvarpið hf. teldist vera í blandaðri starfsemi að því er virðisaukaskatt varðar. Ríkisskattstjóri segist ekki fá séð að til slíks geti komið miðað við fyrirliggjandi frumvarp enda verður af frumvarpinu ekki ráðið að Ríkisútvarpinu hf. sé ætlað að stunda nokkra þá starfsemi sem fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts. Í því sambandi bendir ríkisskattstjóri á að móttaka skattfjár felur ekki í sér blöndun starfsemi í þeim skilningi að leiði til takmörkunar á innskattsrétti.

Það er sem sagt niðurstaða embættis ríkisskattstjóra að gjald til Ríkisútvarpsins beri að flokka sem skatt, þar af leiðandi megi ekki leggja á það virðisaukaskatt eins og hefur verið gert með afnotagjöldin. Það var nú eitt af því sem áhöld voru um, hvort menn hefðu gert sér grein fyrir í menntamálanefnd, stjórnarliðarnir, að afnotagjöldin hafa borið virðisaukaskatt en nefskatturinn kemur ekki til með að gera það, ekki leggur maður skatt ofan á skatt. Ríkisskattstjóri segir að skattur af þessari tegund, sem leggist jafnt á alla óháð tekjum og eignum, heiti nefskattur þar sem það sé bara nefið á hverjum og einum sem þar ræður. Hann segir að kostur nefskattsins sé helstur sá að álagning hans sé einföld og auðvelt að fylgjast með skattgreiðslunum en helstu ókostur hans sé að hann taki ekki tillit til greiðslugetu og sé íþyngjandi fyrir tekjulága, þ.e. tekjulágir greiði þá hærra hlutfall tekna sinna í skattinn en þeir sem hærri tekjurnar hafa. Af þessum ástæðum telur ríkisskattstjóri að það sé mjög sjaldgæft að nefskattar séu lagðir á, a.m.k. af þeirri stærðargráðu sem veruleg geti talist og það er ekki annað að heyra á umsögn ríkisskattstjóra en að honum finnist þetta veruleg stærðargráða, þessar rúmar 13.500 kr. á ári á hvern greiðanda.

Það er gaman að umsögn ríkisskattstjóra sem fer í skemmtilega söguskýringu þar sem hann fjallar um það að fyrr á öldum hafi nefskattar verið algengir en þeir séu að mestu horfnir í dag. Í umsögninni eru nefnd tvö þekkt dæmi úr skattasögunni, en það eru annars vegar skatturinn sem Ríkharður II. Englandskonungur lagði á 1380 til að fjármagna stríðið við Frakkland. Sá skattur leiddi nú hvorki meira né minna en til bændauppreisnarinnar 1381. Hins vegar vísa þeir félagar, Indriði H. Þorlaksson ríkisskattstjóri og Sigurjón Högnason, til tilraunar á síðari tímum til að leggja á verulegan nefskatt en það var þegar stjórn Margrétar Thatcher í Englandi lét lögleiða nefskatt í stað nokkurs konar fasteignagjalda til að fjármagna starfsemi sveitarfélaga. Þeim skatti var komið á á árunum 1989–1990 og hann mætti verulegri andstöðu. Milljónir manna neituðu að borga hann og náðu mótmælin hámarki, segir ríkisskattstjóri, með óeirðum á Trafalgar Square í lok mars 1990 — það er nú ekki lengra síðan — og andstaðan innan Íhaldsflokksins leiddi m.a. til þess að Margrét Thatcher sagði af sér um haustið. Arftakar hennar lækkuðu skattinn og afnámu hann frá og með 1994.

Ósagt skal látið hvort ríkisskattstjóri er að spá hér fyrir um örlög nefskattsins á Ríkisútvarpið, nefskattsins sem á að leysa afnotagjöldin af hólmi, en mér segir svo hugur að þeir sem hafa verið háværir og gagnrýnt harkalega afnotagjöld Ríkisútvarpsins komi ekki til með að sætta sig við nefskatt þann sem hér er lagður á. Óánægjan á eftir að verða sú sama ef hún á ekki eftir að magnast. Ég fæ ekki betur séð á umsögn ríkisskattstjóra en að þessi skattur eigi eftir að koma mjög ójafnt niður á fólki og að hann sé virkilega til þess fallinn að valda óánægju og jafnvel, eins og ég segi, verða ekki síður óvinsæll en afnotagjöldin. En afnotagjöldin eru, og það er mín bjargfasta skoðun, hjá þorra þjóðarinnar bara talin vera af hinu góða. Hvers vegna? Vegna þess að þorri, þjóðarinnar — ég þori að fullyrða það héðan út þessum stól — gerir sér grein fyrir því að afnotagjöldin sem fólk greiðir í hverjum einasta mánuði og sér á Vísareikningnum, eða það fær gíróseðilinn inn um lúguna og greiða úr buddunni sinni í hverjum mánuði þessi afnotagjöld, að það er að borga inn í stofnun sem það á sjálft. Það á Ríkisútvarpið og það finnur fyrir því í buddunni sinni í hverjum mánuði. Þess vegna getur þjóðin gert kröfu á Ríkisútvarpið um að það standi sig í stykkinu, sé fólki að skapi og fólk hringir til Ríkisútvarpsins af því það hefur umboð í gegnum það að það greiðir afnotagjald í hverjum mánuði og kvartar undan því sem það telur að það þurfi að kvarta

undan, óskar eftir ákveðinni þjónustu sem það telur sig eiga rétt á eða geta fengið og þar fram eftir götunum. Þjóðin finnur í gegnum afnotagjöldin að hún á hlutdeild í Ríkisútvarpinu. Í mínum huga er þessi vissa fólks um sína eign og áhrif í Ríkisútvarpinu í gegnum gjaldið mikils virði. Ég sé ekki annað en að þessi tengsl rofni þegar farið verður að innheimta nefskattinn. Ég þori að fullyrða að enginn gerir sér grein fyrir því á sama hátt og viðkomandi gerir sér grein fyrir að hann er að borga afnotagjöld til Ríkisútvarpsins, að hann er líka að greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra einhvern nefskatt á hverju ári. Það er eitthvað sem er innheimt með opinberum gjöldum alveg á sama hátt og hugmyndin er að innheimta nefskattinn fyrir Ríkisútvarpið.

Reyndar þegar ég nefni skattinn í Framkvæmdasjóð aldraðra vitum við líka að ríkisstjórnin hefur oftar en ekki og hefur haft það jafnvel nánast fyrir reglu að skerða Framkvæmdasjóð aldraðra á hverju einasta ári með lögum. Það er gert í fjárlögunum. Ég spyr: Verður sá plagsiður endurtekinn eða yfirfærður á Ríkisútvarpið og nefskattinn vegna Ríkisútvarpsins? Hvað ætlar útvarpsstjóri þá að segja sem kvartaði við menntamálanefnd um fjárhagsstöðuna og hafði um það mjög ákveðnar skoðanir hvernig þyrfti að bæta fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins til þess að það gæti staðið við hlutverk sitt? Verður það raunin að nefskatturinn komi til með að lúta niðurskurði meiri hluta á Alþingi ef svo bíður við að horfa? Ég sé hér ákveðna hættu sem ég tel eðlilegt og rétt að vara við og er hún ein af þeim rökum sem ég get tínt til í stuðningi mínum við afnotagjöldin og lýsir því af hverju ég óttast þennan nefskatt og tel að hann verði ekki til neinna bóta.

Í umsögn ríkisskattstjóra segir að helsti gallinn við nefskatt sé tengslaleysi hans við gjaldþol manna. Í fyrirliggjandi tilviki, segir ríkisskattstjóri, að það sé brugðist við því með því að undanþiggja hina tekjulægstu gjaldinu. Enn fremur eru þeir sem komnir eru yfir tiltekinn aldur undanþegnir. Frítekjumörkum fyrir fast krónugjald fylgja ákveðin vandamál vegna þeirra sem eru sitt hvoru megin næst mörkunum, sem vakið getur spurningu um jafnræði. Sama á við þegar litið er til mismunandi skattlagningar hjóna eftir því hvort annað eða bæði eru ofan þessara marka. Þá eru skattfrelsismörk samkvæmt frumvarpinu með þeim annmarka að eingöngu er miðað við almennar tekjur, þ.e. launatekjur en ekki fjármagnstekjur. Ríkisskattstjóri bendir þingheimi á það, og ég ber þau skilaboð hingað yfir í þennan sal, að allstór hópur manna hafi miklar tekjur af eignum en lágar launatekjur og vera má að einhver hópur þeirra sem svo er ástatt um verði samkvæmt þessu undanþeginn gjaldinu. Er eitthvert réttlæti í því, spyr ég héðan úr þessum ræðustóli Alþingis? Svar mitt er nei.

Ríkisskattstjóri segir að fyrir aldursmörkunum séu engin rök færð fram. Tekjulágir aldraðir yrðu þá þegar undanþegnir vegna lágra tekna en aldursmörkin leiða til þess að tekjuháir aldraðir yrðu undanþegnir á meðan mun tekjulægri yngri skattaðilar bæru skattinn.

Frá skattalegu sjónarmiði hefur nefskattur á einstaklinga fáa kosti, segir ríkisskattstjóri, en marga galla. Helstu rökin með honum eru framkvæmdalegs eðlis, þ.e. hann er einfaldur í framkvæmd og auðveldur í eftirliti. Sé litið til þeirra röksemda og jafnframt gengið út frá því að æskilegt sé að rekstur Ríkisútvarpsins sé kostaður með sömu fjárhæð úr hendi hvers manns má benda á að einfaldara væri að lækka persónuafslátt manna sem nemur gjaldfjárhæðinni og lögbinda framlag til Ríkisútvarpsins sem nemur hinni sömu fjárhæð á mann. Skattaleg áhrif yrðu mikið til hin sömu, gallarnir færri og framkvæmdin einfaldari.

Þessi hugmynd er kannski ekki svo afleit. Ég tel hana vera nýtt innlegg í umræðuna. Ég tel hana þess virði að hún sé skoðuð. Ég vil fá viðbrögð við þessari hugmynd ríkisskattstjóra, hvort það væri kannski ráð að gera þetta svona, að lækkaður persónuafsláttur geti kannski skilað bestum árangri í þessum efnum og geti orðið tryggasti tekjustofn Ríkisútvarpsins og um þessa aðferð mætti kannski ná einhvers konar sátt.

Sömuleiðis vil ég nefna hér aðferð sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt til. Hún er sú að við höfum talið eðlilegt að binda afnotagjöldin við fasteignir en ekki við hausa þannig að það sé þá tryggt að hver einasta fasteign, hvort sem hún er í eigu lögaðila eða einstaklings, beri afnotagjald. Þá gætu húseigendur sem leigja húseignir sínar innheimt afnotagjaldið af leigjendum sínum í gegnum leigugjöldin. Þetta mætti líka vera þannig að þegar fasteignagjöldin eru innheimt þá er afnotagjaldið bara einn liður í þeirri innheimtu. Ekkert af þessu hefur fengist rætt. Ekkert af þessu fékkst rætt í menntamálanefndinni og ég sé ekki að við komum til með að eiga von á mikilli umræðu um þessi atriði hér í þessari lotu, þessari 2. umr. um frumvarpið og ég tel það mjög miður

Svo ég haldi áfram að rýna í umsögn ríkisskattstjóra þá er vakin athygli okkar á því að í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins komi fram að kostnaður við innheimtu afnotagjalda hafi verið um 70–80 milljónir króna á ári. Það er auðvitað dágóð upphæð og fólk hefur haft áhyggjur af að það þurfi kosta svona mikið að innheimta afnotagjöldin. Samkvæmt kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir því að þessi fjárhæð sparist, við breytingarnar, við það að það verði lagður á nefskattur. Er þetta skýrt í kostnaðarumsögninni með því að sérstök innheimta falli niður og eftir því sem fjármálaráðuneytið telur þá muni innheimta nefskattsins verða bara hluti af innheimtu opinberra gjalda og þar af leiðandi að því er virðist án þess að það komi nokkur aukakostnaður á það. En við þetta gerir ríkisskattstjóri athugasemd. Hann bendir á að fjöldi einstaklinga, sem ekki greiðir tekjuskatt eða önnur opinber gjöld af ýmsum ástæðum muni verða krafinn um gjald til Ríkisútvarpsins. Það kemur til með að hafa í för með sér að einhver aukning verður á öllum innheimtuumsvifum og það mun leiða til aukins innheimtukostnaðar.

Ég tel að þeir sem sömdu þetta frumvarp hafi ekki áttað sig á því að til væri fjöldi einstaklinga sem ekki greiðir tekjuskatt eða önnur opinber gjöld og þar er t.d. um að ræða fólk sem vegna bóta greiðir ekki slíkan skatt eða vegna einhvers konar ívilnana skattstjóra vegna millifærslu á persónuafslætti og fleiri atriði telur skattstjóri upp.

Varðandi lögaðila bendir ríkisskattstjóri á að gjaldskyldir yrðu samkvæmt frumvarpinu um 26.000 lögaðilar. Af þeim greiddi um helmingur tekjuskatt eða önnur gjöld til ríkissjóðs. Nýir skattgreiðendur úr röðum lögaðila yrðu því um 13.000. Þá er vert að hafa í huga, segir ríkisskattstjóri,

að ætla má að verulegur hluti hinna nýju skattgreiðenda yrðu félög sem ekki eru starfandi og hafa því engar tekjur til að greiða gjaldið af.

Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins er reiknað með að ekki verði unnt að innheimta gjaldið hjá þúsundum lögaðila og það mat dregur ríkisskattstjóri ekki í efa, en gerir athugasemd við að ekki er fjallað um afleiðingar þess eða hvaða áhrif það muni hafa. Skattyfirvöldum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að leggja gjaldið á alla tekjuskattskylda lögaðila án nokkurra heimilda til að fella það niður. Þar með þurfa að falla undir þetta þau félög sem ekki eru starfandi og hafa engar tekjur til að greiða gjaldið af. Til hvers ætlast ríkisstjórnin í þessum efnum eða hæstv. menntamálaráðherra? Ætlast menntamálaráðherra til þess að ríkisskattstjóri fari að eyða í það tíma og kostnaði og mannafla að innheimta þetta gjald, þennan nefskatt, hjá félögum sem ekki eru starfandi og hafa ekki tekjur til að greiða þetta gjald af? Ætla má, eftir því sem umsögn ríkisskattstjóra segir hér, að þessir lögaðilar yrðu mögulega nokkur þúsund félög sem ekki eru lengur með nokkra starfsemi, hafa engar tekjur og eiga engar eignir og í sumum tilvikum finnast jafnvel ekki forsvarsmenn þessara félaga. Þess vegna gerir ríkisskattstjóri ráð fyrir því að vangreidd útvarpsgjöld muni safnast upp með dráttarvöxtum þar til gerð verði krafa um gjaldþrot og félaginu slitið í lok þess og það er auðvitað ekki gert nema með ærnum tilkostnaði. Fyrir fáum árum var lögfest einfölduð aðferð til slíta á félögum sem ekki eru lengur virk. Forsendan fyrir að fara þá leið sem farin hefur verið núna örfá síðustu árin er sú að félagið skuldi ekki opinber gjöld. Nú kemur þetta til með að breytast. Með álagningu útvarpsgjaldsins yrði þessi leið, þ.e. að slíta félagi án þess að það sé með miklum tilkostnaði, útilokuð í þeim tilvikum sem menn eða félög koma til með að skulda uppsöfnuð útvarpsgjöld.

Í lok umsagnar ríkisskattstjóra segir að skattyfirvöld hafa um nokkurra ára skeið án árangurs talað fyrir því að tekin verði upp viðurlög við því að félög skili ekki framtölum og skýrslum, meðal annars til að knýja óvirk félög til afskráningar. Segja má að álagning útvarpsgjalds muni koma til með að hafa slík áhrif og að því leyti muni upptaka þess verða af hinu góða þótt vafi leiki á um hagkvæmni þeirrar leiðar.

Með vísan til framangreinds sem ég hef rakið, hlaupið á og stiklað á stóru í umsögn ríkisskattstjóra þá segir ríkisskattstjóri í lokin að ekki verði hjá því komist að draga í efa að sú tillaga frumvarpsins að afla Ríkisútvarpinu tekna með álagningu nefskatts sé heppileg.

Færustu menn á sviði skattamála draga sem sagt mjög í efa að þessi aðferð, nefskattsleiðin, sé heppileg. Ég get ekki annað sagt en að við það situr. Ekki höfum við rætt þetta til neinnar hlítar í menntamálanefndinni. Ekki hefur verið varpað upp neinu sérstöku ljósi svo sem á þessi sjónarmið ríkisskattstjóra önnur en þau að við lásum auðvitað þessa umsögn. Við sitjum þá uppi með þessar efasemdir ríkisskattstjóra og spurning er hvað við ætlum að gera með þær. Í öllu falli er það sjónarmið mitt í þessum efnum að hér sé um málefnalega ábendingu að ræða sem óeðlilegt sé annað en að taka til einhvers konar umfjöllunar og bregðast á einhvern hátt við, að það sé alla vega ekki hægt að samþykkja þennan nefskatt nema með opin augun og að undangengnu því að taka afstöðu til þeirra efasemda sem koma fram í máli ríkisskattstjóra.

Ég ætla ekki í þessari ræðu minni, herra forseti, að fara í þessar Evrópureglur sem hv. þm. Mörður Árnason er vel kunnur. Hann tók í ræðu sinni afar ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill spyrja hvort hv. þingmaður telji að það sé langur tími eftir af ræðunni?)

Ég sé að það er kominn kannski tími á matarhlé. Ég tel ekki vera langan tíma eftir. En ég mundi samt kjósa að fá að gera hlé á ræðu minni núna en taka upp þráðinn til að ljúka henni að loknu hléi.

[Fundarhlé. — 19:30]

[20:01]

Kolbrún Halldórsdóttir (frh.):

Frú forseti. Ég get ekki látið hjá líða að geta þess að mér var tjáð í kvöldverðarhléi að búið væri að dreifa á Alþingi frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Ég gat þess í upphafi máls míns áðan, þegar ég fór yfir hlutafélagavæðingaræði ríkisstjórnarinnar, að það væri eitt af þeim málum sem væru á næsta leiti þótt enn hafi ekki verið búið að dreifa því. En það er sem sagt komið hér. Þar er enn eitt málið sem BSRB og BHM eiga eftir að senda okkur umsagnir um, sem verða á sömu nótum og allar umsagnirnar sem þessi stéttarfélög hafa skrifað hingað til vegna hlutafélagavæðingar ríkisstofnana sem hingað til hafa farið í umsagnarferli. Þar verður örugglega sama upp á teningnum og er í Ríkisútvarpinu hf. Hér er verið að brjóta rétt á starfsmönnum, loka inni sjálfsagðar upplýsingar, taka ríkisstofnanir undan lögum um upplýsingamál, stjórnsýslulögum, undan lögum um umboðsmann Alþingis og undan lögunum um opinbera starfsmenn, réttindi þeirra og skyldur.

Ég sakna þess að stjórnarliðar hafi ekki notað tækifærið í allri þessari umræðu um hlutafélagavæðinguna til að útskýra hvers vegna það ríður svo á að kippa öllum þessum lögum úr sambandi. Hvers vegna er svo mikilvægt að fækka því fólki sem starfar undir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna? Hvaða skilgreiningar eiga að gilda um þá starfsmenn sem starfa í almannaþjónustu, ef ekki lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna?

Mér finnst ríkisstjórnin á miklum villigötum. Menn neita að horfast í augu við að eðli þeirra starfa sem undir þau lög heyra er slíkt að eðlilegt er að um þessi störf gildi sérstök lög og sérstakar reglur. Hér um að ræða fólk sem starfar í þágu hins opinbera, þjónustu þjóðarinnar, og sinnir hlutverkum sem varða t.d. öryggi, ég nefni lögregluna. Ríkisútvarpið er reyndar ein af þeim stofnunum í samfélaginu sem á að gæta öryggis okkar. Öryggismálin heyra líka undir matvælarannsóknastofurnar sem nú á að fara að háeffa. Næst á dagskrá eru svo Flugmálastjórn og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Enn fækkar því þeim starfsmönnum í þjónustu hins opinbera sem fá að starfa undir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég fæ ekki röksemdir frá stjórnarliðinu um það hvers vegna þeim er þetta svo mikið í mun. Hvaða hjal er þetta um sveigjanleikann einatt, sýknt og heilagt, sem við vitum öll að er eingöngu

hugsaður fyrir forstjóra sem stjórnarliðar vilja að fái sem mest svigrúm til að ráða og reka fólk, og þó aðallega til að reka það? Einkavæðingaráráttan er á fullri siglingu. Menn eru í óða önn við að hlutafélagavæða ríkisstofnanir burt séð frá hlutverkum stofnana og því sem viðkomandi stofnanir eiga að standa vörð um. Hér sjást menn á engan hátt fyrir í háeffunum sínum.

Svo að ég stikli aðeins á nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar og því sem málflutningur okkar í þessum ræðum hefur snúist um þá höldum við því fram, minni hlutinn í menntamálanefnd, að hér sé í sjálfu sér engin stefna og fullkomlega óljóst með hvaða hætti þessi nýja stofnun, Ríkisútvarpið hf., kemur til með að sinna því hlutverki sem almannaútvarp þarf að standa vörð um og þarf að sinna samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum um hlutverk slíkra stofnana. Við teljum fullkomlega óljóst hver eigi að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva. Sú sem hér stendur telur að það hefði verið eðlilegt að heimila umræðu um þetta frumvarp, þ.e. málefni Ríkisútvarpsins, á sama tíma og umræðan færi fram um aðra fjölmiðla, almenn umræða um fjölmiðlalög.

Það hefur ævinlega verið keppikefli hæstv. menntamálaráðherra að skilja þessa hluti að og heimila ekki umræður um hvort tveggja í senn. Til marks um þetta er beiðni stjórnarandstöðuflokkanna og fulltrúa stjórnarandstöðunnar í fjölmiðlanefnd, sem skilaði af sér mikilli fjölmiðlaskýrslu síðastliðið vor. Aftast í þeirri skýrslu getur að líta bréf, bókun þar sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni lýsa yfir mikilvægi þess að heildstætt sér horft til hlutanna og málefni Ríkisútvarpsins tekin til umfjöllunar á sama tíma og frumvarp um fjölmiðla.

Nú háttar svo til, frú forseti, að lögfræðinganefnd sem hæstv. menntamálaráðherra setti á laggirnar fyrir skömmu er um það bil að skila af sér frumvarpi um fjölmiðla. Það frumvarp á að leysa af hólmi eldri fjölmiðlalög, lög nr. 53/2000, útvarpslög, sem hafa nú gegnt sínu hlutverki um nokkurt skeið. Hæstv. menntamálaráðherra sér fyrir sér að hið nýja frumvarp komi til með að leysa þessi almennu útvarpslög af hólmi. Ákveðnir kaflar í því væntanlega frumvarpi koma til með að ná yfir Ríkisútvarpið.

Einn af þeim köflum sem ég man eftir í fljótu bragði sem kemur til með að varða Ríkisútvarpið jafnt og aðra fjölmiðla lýtur að sjálfstæði fréttastofa. Það er meginánersla Fréttamannafélags Ríkisútvarpsins og reyndar Blaðamannafélags Íslands líka að tryggt sé að fréttastofur Ríkisútvarpsins, sem ég tel að eigi að vera tvær, þ.e. sjónvarps- og hljóðvarps, njóti sjálfstæðis frá öllum hagsmunaaðilum. Þá erum við ekki bara að tala um útvarpsstjóra eða stjórnvöld heldur líka hagsmunaaðila úti á markaði, t.d. þeirra sem eiga viðskiptalegra hagsmuna. Það vita allir sem vita vilja að stór og öflug fyrirtæki hefðu ekkert á móti því að komast í þá aðstöðu að geta haft áhrif á fréttaflutning eða dagskrá svo öflugs fjölmiðils sem Ríkisútvarpsins.

Í þessu sambandi langar mig að gagnrýna hæstv. menntamálaráðherra, að ekki skuli vera heimilað að ræða um fjölmiðlafrumvarpið á sama tíma og rætt er um frumvarp um Ríkisútvarp. Ég held því fram að með því séu hlutirnir gerðir óþarflega flóknir og kergja vakin í fólki með því að verða ekki við þeirri sjálfsögðu kröfu að þetta verði allt skoðað á sama tíma.

Ég hef fyrir framan mig tvær umsagnir úr bunkanum sem barst menntamálanefnd við umfjöllun um málið. Það er annars vegar umsögn frá stjórn Blaðamannafélags Íslands og hins vegar umsögn Félags fréttamanna sem farið var yfir gaumgæfilega í nefndinni. Það er athyglisvert að Félag fréttamanna gerir fyrst og fremst kröfu um að staðið verði við þau réttindi starfsmanna, áunnin réttindi, lífeyrisréttindi og önnur réttindi, sem starfsfólk hefur tilkall til. Menn telja að því sé ekki sinnt og í raun og veru brotið gegn því með þessu nýja frumvarpi. Félagið gerir skýlausa kröfu um að menn haldi samningsrétti sínum og félagið starfi áfram sem fag- og stéttarfélag fréttamanna. Félagið ætlar samkvæmt áformum sínum að halda áfram aðild að BHM en samkvæmt frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir að þetta félag verði samningsaðili við hið nýja Ríkisútvarp hf.

Síðan gera fréttamenn hjá Ríkisútvarpinu athugasemd við að í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og öðrum lögum sem snúa að starfsmönnum ríkisins sé kveðið á um mikilvæg réttindi og víðtækar skyldur. Eftir því sem ég best veit og okkur var tjáð á fundi menntamálanefndar var þessi umsögn kynnt félögum í Félagi fréttamanna og um hana ríkir mikil sátt í þeirra hópi. Þau segja að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna séu þess eðlis að eðlilegt sé að þau gildi áfram eftir formbreytinguna, eftir hlutafélagavæðinguna. Ég verð að segja að það er engin von til þess. Fréttamönnum getur ekki orðið að ósk sinni í þessum efnum því að það er alls ekki ætlun ríkisstjórnarinnar eða hæstv. menntamálaráðherra að heimila að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gildi áfram eftir háeffun. Það er meginatriði í málinu, einn megintilgangur hæstv. ráðherra með þessu öllu er að koma opinberum starfsmönnum í annað fyrirkomulag en ríkir með lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Fréttamenn hafa áhyggjur af því að þessi háeffun geti valdið því að fréttastofum í landinu fækki. Eins og nú er háttað hjá Ríkisútvarpinu eru starfandi tvær fréttastofur, þ.e. önnur hjá sjónvarpi og hin hjá hljóðvarpi. Yfir þær er sett fréttasvið. Þessar fréttastofur eru að öðru leyti sjálfstæðar og í umræðu og umfjöllun um fjölbreytni fjölmiðla, fjölræði og hið lýðræðislega hlutverk fjölmiðla af þessu tagi, hefur verið fjallað um að eðlilegt og sjálfsagt sé að reynt sé að standa vörð um þessar tvær fréttastofur.

Nú held ég að það sé vel þess virði að fá einhver svör frá hæstv. menntamálaráðherra og einhver sjónarmið í þessum efnum. Hvernig sér hún þetta fyrir sér. Ekki gátu höfundar frumvarpsins sagt okkur nokkurn skapaðan hlut um þetta í menntamálanefndinni, ekki var það fólgið í þeirra sýn til frumvarpsins eða til framtíðarhlutverks Ríkisútvarpsins að þar yrðu starfandi tvær sjálfstæðar fréttaritstjórnir, svo sannarlega ekki. Ekkert slíkt var innifalið í þeirra hugmyndum eða hugmyndafræði. En Félag fréttamanna leggur mikla áherslu á að þessar tvær sjálfstæðu fréttastjórnir, ritstjórnir, fái áfram að starfa þótt af formbreytingunni verði. Í því sambandi er reyndar lögð til í umsögn þeirra breytingartillaga varðandi samvinnu um dagskrárgerðina og samkvæmt tillögu meiri hlutans kemur hún til með að falla út. Reyndar leggur Félag fréttamanna það

til að Ríkisútvarpinu hf. verði gert að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni, líðandi stundar og sömuleiðis að Ríkisútvarpinu sé gert að vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða varða almenning.

Síðan vilja fréttamennirnir hafa eftirfarandi setningu í lagasetningunni, með leyfi forseta:

„Fréttaþjónustu RÚV annast tvær sjálfstæðar fréttaritstjórnir þ.e. Fréttastofa útvarpsins og Fréttastofa sjónvarpsins."

Ég lýsi því hér með yfir, frú forseti, að þessa tillögu styð ég. Og ef svo fer að þessi hugmynd, frávísunartillaga okkar *í minni hluta menntamálanefndar, verði felld í atkvæða*greiðslu, sem raunsæið segir mér að megi gera ráð fyrir, þá kann að vera að það komi til á síðari stigum þessa máls, í 3. umr., að einhvers konar breytingartillögur líti hér dagsins ljós frá minni hlutanum og þá er ég þess fylgjandi og fýsandi að tryggt verði með einhverjum hætti í lögunum að í öllu falli verði eftir breytinguna starfandi tvær sjálfstæðar *fréttastofur. Það væri í samræmi* við yfirlýsingar hæstv. menntamálaráðherra varðandi fjölræði í fjölmiðlum og það væri í samræmi við vilja fjölmiðlanefndar sem skilaði af sér skýrslunni síðasta vor og ég nefndi áðan.

Ég tel afar mikilvægt að slíkri fjölbreytni sé viðhaldið og tryggt sé að þarna verði ekki um neina einhæfni að ræða. En vissulega er hætta á því í okkar smáa samfélagi þar sem smæð fjölmiðla í sjálfu sér veldur því að fáir fjölmiðlar hafa bolmagn til að reka öflugar fréttastofur. Nú er ég ekki að segja að þær fréttastofur sem starfa í dag séu endilega að sinna hlutverki sínu eins og best verður á kosið því að ég vildi gjarnan sjá miklu öflugri fréttastofur við Ríkisútvarpið en raun ber vitni í dag. Ég teldi einboðið, ef menn vildu í alvöru standa vörð um lýðræðislega umræðu í landinu, að verulegt átak þyrfti að gera í því hvernig fjárframlögum til stofnunarinnar er varið. Ég get ímyndað mér að fréttastofan mundi vera það fyrsta sem fengi aukið fjármagn, ef til þess kæmi að eitthvað yrði sett inn í stofnunina, því að ég ímynda mér, ég er kannski of bjartsýn, að fólk átti sig á að fjölmiðill á borð við Ríkisútvarpið þarf að hafa fréttastofu sem hefur bolmagn til að kafa djúpt ofan í mál. Það er ekki forsvaranlegt að fréttastofur Ríkisútvarpsins þurfi að skauta á yfirborði mála og geti aldrei kafað djúpt í málin eða gert sjálfstæðar fréttaskýringar vegna þess að fjármunir séu ekki til staðar til að sinna þeim sjálfsagða hluta af starfi öflugrar fréttastofu. Ef það er í alvöru einhver meining á bak við orð hæstv. menntamálaráðherra, að hún vilji efla Ríkisútvarpið og hið almenna hlutverk þess, þá hlýtur það að gilda um fréttastofurnar líka. Ég skora því á hæstv. ráðherra að standa með þeim sjónarmiðum sem vilja standa vörð um báðar fréttastofurnar, bæði fréttastofu útvarpsins og fréttastofu sjónvarpsins. Það tryggir margt í senn og gæti orðið til þess að bjarga ýmsu í sambandi við fjölbreytnina í flóru fréttastofanna.

Fleiri þætti nefnir Félag fréttamanna í umsögn sinni, m.a. að upplýsingalögin þurfi að gilda áfram þó svo að Ríkisútvarpið verði hlutafélagavætt. Ég get sagt það sama um þá hugmynd fréttamannanna og ég sagði um hina, að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gætu virkað áfram eða náð áfram yfir Ríkisútvarpið hf. Um það eru alveg skýr sjónarmið í meiri hlutanum, það er enginn vilji fyrir því að upplýsingalög að einu eða neinu leyti gildi. Því til staðfestingar getum við litið á frumvarp, sem mér skilst að sé nýkomið úr efnahags- og viðskiptanefnd, frá hæstv. viðskiptaráðherra sem varðar hlutafélög í opinberri eigu en *þar eru engar vonir að hafa um að þessi opinberu hlutafélög* sem verið er að búa til hérna í gríð og erg komi til með að heyra að nokkru leyti undir upplýsingalögin, því að eina ákvæðið í því frumvarpi sem varðar einhvers konar aðgang að upplýsingum er að finna í 5. gr. sem er breyting við 80. gr. laganna um hlutafélög.

Setningin sem 5. gr. hefur að geyma og á að tryggja aðgang *að upplýsingum er svohljóðandi*, með leyfi forseta:

„Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund." Punktur.

Þetta er nú allur aðgangurinn að upplýsingunum sem menn gera ráð fyrir að sé í hinum opinberu hlutafélögum eftir því sem næst verður komist í því frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi Íslendinga.

Hjá ríkisstjórninni eða stjórnarflokkunum stendur enginn vilji til þess að upplýsingalögin nái á nokkurn hátt yfir þessi nýju hlutafélög sem verið er að stofna til hægri og vinstri, aðallega hægri.

Ég gæti farið í löngu máli, frú forseti, yfir þau sjónarmið sem fréttamenn telja að þurfi að tryggja og koma fram í umsögn þeirra en læt mér nægja að gera að lokum grein fyrir punkti sem varðar sjálfstæða umfjöllun. Af því að ég var að tala um fréttaritstjórnirnar þá segja fréttamenn í umsögn sinni að ákveðin trygging þurfi að vera fyrir því að umfjöllun á fréttastofunum sé sjálfstæð. Þeir vilja að í frumvarpinu komi fram að fréttastofurnar eða fréttaritstjórnirnar séu sjálfstæðar gagnvart útvarpsstjóra, sömuleiðis að þær verði sjálfstæðar gagnvart markaðsdeild og annarri þeirri starfsemi Ríkisútvarpsins hf. sem á sitt undir auglýsendum eða kostun efnis. Þá vilja fréttamenn að tryggt sé að við ráðningar fréttamanna sé farið að faglegum sjónarmiðum og að forsendur fyrir ráðningunni séu öllum ljósar og að fréttamenn gangist undir hæfnispróf áður en þeir eru ráðnir og í þessum punkti vilja fréttamenn líka tryggja að stofnunin hafi örugga tekjustofna. Allt þetta eru hlutir sem ég hef orðað í máli mínu og ættu að geta orðið til þess að einhvers konar trygging verði fyrir sjálfstæði þeirra sem fjalla um eða eiga að sinna hinu lýðræðislega hlutverki. En ekki eru miklar vonir til þess að eftir þeim ábendingum verði farið, slíkur er vilji stjórnarflokkanna.

Ég gerði að umfjöllun í upphafi máls mína ályktun þá sem starfsmannafundur Ríkisútvarpsins samþykkti, starfsmannafundur sem haldinn var í dag þar sem starfsmenn Ríkisútvarpsins óska eftir skýrari upplýsingum frá stjórnvöldum um hvernig fyrirtæki stjórnvöld sjá fyrir sér á grunni hins gamla Ríkisútvarps. Ég reyndi að gjóa augunum á fréttir eða þefa uppi einhverja fréttaumfjöllun áðan í matarhléi en fann ekki að ríkisstjórnin eða hæstv. menntamálaráðherra hefði nokkuð brugðist við því ákalli starfsmanna. En ég tel alveg einsýnt að það verði að gera því að hér erum við að fjalla um það alvarleg mál og alvarlegar ávirðingar sem starfsmennirnir koma með og enda á því að skora á Alþingi að eyða óvissu um stofnunina sem yrði

leidd í lög með þessu nýja frumvarpi og óskað er eftir því að búin verði til löggjöf sem dugi.

Frú forseti. Ég fer að ljúka máli mínu, ég hef tæpt á þeim punktum sem mér þóttu mikilvægastir að kæmu fram. Ég vil að lokum segja þetta um þá áráttu stjórnvalda að breyta ríkisstofnunum í hlutafélög að ég tel tímabært að stjórnvöld skoði hug sinn í þessum efnum og fari ofan í saumana á því hvort ekki sé hægt að horfa til þess kerfis sem við sjáum í nágrannalöndum okkar, t.d. á Norðurlöndunum, þar sem menn hafa ekki sömu sögu að segja um ósveigjanleika ríkiskerfisins og hér virðist vera upp á teningnum en búið er að halda þeirri staðhæfingu svo að þjóðinni að ríkiskerfið sé svo ósveigjanlegt að það verði helst að háeffa allt ef hlutirnir eigi að fúnkera. Þetta tel ég vera mikla bábilju og nauðsynlegt að hrekja hana. Eftir lestur lagatexta eins og t.d. laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna fullyrði ég og er sannfærð um að með góðum vilja megi innleiða mun meiri sveigjanleika inn í hið opinbera kerfi og inn í þær opinberu stofnanir sem hafa með almannaþjónustu okkar að gera í dag. Ég tel að með góðum vilja stjórnvalda og forstöðumanna þeirra stofnana megi gera gríðarlegt átak í þeim efnum. Ég er algerlega sannfærð um að innan þess kerfis sem við búum við í dag er hægt að búa til þennan sveigjanleika sem í orði kveðnu núverandi ríkisstjórn segist vilja.

Ef fólk er ekki tilbúið til að takast á við það verkefni að innleiða sveigjanleika inn í þær ríkisstofnanir og það kerfi sem við höfum í dag vil ég leyfa mér, frú forseti, að fullyrða að það er ekki það sem menn vilja, það er eitthvað annað. Þá kem ég náttúrlega að þeim kjarna í stefnu Sjálfstæðisflokksins sem manni virðist vera sá einn að draga úr útgjöldum hins opinbera. Hvernig gera menn það? Með því að hlutafélagavæða stofnanirnar, fækka starfsfólki, veikja stofnanirnar þar með, þannig að alveg tryggt sé að ríkisstjórnin hafi tögl og hagldir með sín sterku ráðuneyti sem hafa ekki dregið úr umsvifum sínum á síðustu árum heldur þvert á móti. Hér er í sjálfu sér verið að opna fyrir það að ríkisstjórnin geti náð einhvers konar alræðisvaldi í hinu opinbera kerfi okkar. Það er auðvitað vilji hinnar valdasjúku ríkisstjórnar. Hún vill hafa hér tögl og hagldir, beita þeim áhrifum sem hún mögulega getur og það þjónar vilja ríkisstjórnarinnar að hafa ríkisstofnanir veikar. Og ein af stofnununum sem núverandi ríkisstjórn er verst við er Ríkisútvarpið. Þess vegna er kappið búið að vera svona mikið að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Síðan á að halda áfram að draga þar saman, skera utan af almannaþjónustuhlutverkinu allt sem getur talist til samkeppnisrekstrar þannig að uppi stendur útvarpsstjóri, ráðinn af menntamálaráðherra eftir samtal, ekki í Downingstræti 10, heldur Sölvhólsgötunni og þannig getur hæstv. menntamálaráðherra eftir því sem vilji hennar stendur til reynt að hafa síðan áhrif á það litla sem eftir verður, almannaþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins.

Ég ætla að fá að ljúka máli mínu, frú forseti, á tilvitnun í ræðu Harðar Áskelssonar, kantors við Hallgrímskirkju í Reykjavík, sem hann flutti á málþingi Bandalags íslenskra listamanna sem ég gat um í upphafi máls míns, en hann hefur í starfi sínu sem tónlistarmaður skrifað greinar um Ríkisútvarpið og mikilvægi þess fyrir tónlistina. Hann hélt erindi á umræddu málþingi þar sem hann spurði um hlutverk Ríkisútvarpsins, menningarhlutverk þess, sem hann taldi vera í mjög miklu uppnámi og hann taldi það vera í uppnámi fyrst og fremst vegna þess að verið væri að takast á um gildismat. Hann gerir þetta gildismat að umræðuefni í ræðu sinni og talar um tengsl þessarar stofnunar við listamennina og listmenninguna og telur að Ríkisútvarpið og sjónvarpið eigi að vera í hlutverki fræðanda, gagnrýnanda og uppörvanda.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Það ætti að halda vakandi umræðu um listir, það ætti að vera með fingurinn á púlsinum, gefa hlustendum innsýn í listalífið og að vera á staðnum þar sem hlutirnir eru að gerast. Það ætti í auknum mæli að kalla til samstarfs þær stofnanir sem fremst standa á menningar- og menntasviðinu, það á að örva listalífið. Það sem best er gert á sviði lista á að vera boðstólum hjá sjónvarpi og útvarpi, sem allir landsmenn eiga saman."

Að lokum, frú forseti, vitnar Hörður Áskelsson til orða nóbelsskáldsins og segir:

„Sú var tíð, segir í bókum, að íslenska þjóðin átti aðeins eina sameign sem metin var til fjár. Það var klukka."

Hörður Áskelsson segir í ræðu sinni að löngu sé kominn brestur í þessa klukku, eins og klukkuna í sögu skáldsins og að elstu menn muni hljóm hennar skærari, og heimfærir Hörður Áskelsson þessi orð nóbelsskáldsins upp á þá Íslandsklukku sem Bandalag íslenskra listamanna fjallaði um á málþingi sínu, Íslandsklukkuna sem honum finnst fólgin í Ríkisútvarpinu, klukkuna sem nú er veist að á tíma þegar verið er að rífa hana niður til sölu á hlutabréfamarkaði, eins og Hörður Áskelsson kantor orðar það í erindi sínu.

Ég er sannfærð um að hér er einungis fyrsta skrefið stigið í þeim efnum að Sjálfstæðisflokknum verði að ósk sinni, þeirri ósk sem hv. þingmenn Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Pétur H. Blöndal hafa lýst í frumvarpi sem hefur verið til umfjöllunar, þ.e. þeirri ósk að Ríkisútvarpið verði á endanum sett á sölulistann, ef ekki að öllu leyti þá örugglega að flestu leyti. Koma þarf í veg fyrir það. Þess vegna segir stjórnarandstaðan í menntamálanefnd nei takk við þessu frumvarpi og flytur frávísunartillögu þá sem hér hefur verið til umfjöllunar.

[20:31]

Útbýting:

Framhaldsskólanám við hæfi fullorðinna nemenda, 722. mál, þáltill. AKG o.fl., þskj. 1058.

Rannsóknir á áhrifum rafmagnsveitulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, 737. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 1073.

Störf í álverum, 768. mál, fsp. ÖJ, þskj. 1121.

[20:32]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og hefur eflaust ekki farið fram hjá neinum ræðum við frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. og ætla ég að nota tækifærið og koma inn á nokkur atriði. Rætt hefur verið þó nokkuð ítarlega um málið í dag og ekki er ástæða til að fara yfir öll þau atriði. En mig langar aðeins að byrja á að segja að eins og við vitum þá hefur verið unnið að þessu frumvarpi lengi, eiginlega mjög lengi,

og við höfum orðið vör við háværar kröfur, ekki síst frá Ríkisútvarpinu, um að breyta rekstrarformi þess. Það hefur þótt frekar stirt og talin þörf á breytingum. Margar leiðir hafa verið ræddar gegnum tíðina og svo ég segi bara fyrir hönd míns flokks þá hefur ýmislegt verið þar í deiglunni. Menn hafa ályktað um ýmis rekstrarform og lengi framan af var rætt um sjálfseignarstofnun en menn hurfu frá því þegar aðstæður fóru að breytast á markaði og umræðan um Ríkisútvarpið breyttist. Stóru tíðindin í þessu máli eru eflaust þau hvernig breytingar á fjölmiðlamarkaði hafa orðið til þess að breyta nokkuð viðhorfum fólks til Ríkisútvarpsins. Þá vísa ég til þess að það er meiri sátt um að Ríkisútvarpið sé útvarp okkar allra, útvarp allra landsmanna. Það er reyndar svipuð þróun og hefur verið að gerast í öðrum löndum í kringum okkur og ég held að sé enginn, a.m.k. ekki inni í þingsalnum einmitt núna, sem deilir um mikilvægi Ríkisútvarpsins. (Gripið fram í.)

Til að fara aðeins nánar í það þá get ég sagt fyrir sjálfa mig að maður hafði alltaf þá hugmynd í kollinum framan af að það að háeffvæða Ríkisútvarpið væri það sama og að selja það. Sú umræða stóð lengi vel og það var kannski ekki síst vegna þess að fyrir mörgum árum voru uppi efasemdir um að Ríkisútvarpið ætti að vera í almannaeigu. En eins og ég sagði áðan tel ég að sú skoðun sé ekki lengur við lýði. Þegar maður fór að rýna í lögin eins og þau eru núna og við núverandi aðstæður þá er mjög auðvelt og einfalt að setja verðmiða á Ríkisútvarpið og selja það með manni og mús með einfaldri heimild í fjárlögum. Það er ekkert flóknara en það. Þannig að hefði verið meiri hluti fyrir því á Alþingi væri búið að gera það. Mér finnst í umræðunni að fólk geri sér ekki alveg grein fyrir þessari stöðu en svona er hún.

Að mínu mati er því stærsta breytingin í frumvarpinu fólgin í 1. gr. þess þar sem stendur skýrum stöfum, með leyfi forseta:

„Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil."

Hingað til, þegar ríkisstofnunum hefur verið breytt í hlutafélög og ákveðið að selja ekki þann eignarhlut, hefur orðalagið í lögunum verið að sala hlutafjár væri óheimil, með leyfi forseta: „nema með samþykki Alþingis".

Í þessu tilfelli er þessi fyrirvari numinn á brott til að leggja áherslu á að ekki eigi að selja Ríkisútvarpið hf. og jafnframt að tryggja að nýja lagasetningu þurfi frá Alþingi til að svo geti orðið. Þess vegna tekur 1. gr. af öll tvímæli um sölu Ríkisútvarpsins og það finnst mér vera stærstu tíðindin í þessu frumvarpi og mjög ánægjuleg. Það er í rauninni grunnurinn fyrir því að ég stend að þessu máli. Það er alveg ljóst að vilji beggja stjórnarflokka í þessu máli er skýr. Það stendur ekki til að selja Ríkisútvarpið og ég er þess reyndar fullviss að það mun lifa lengi í eigu okkar allra.

Virðulegi forseti. Eins og við munum voru uppi áform um það á síðasta þingi að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag eins aðila. Því er ekki að neita að við það fyrirkomulag voru gerðar athugasemdir af hálfu ESA og þá var velt upp öðrum rekstrarformum og einkahlutafélagsformið þótti ekki henta fyrir svo stórt fyrirtæki sem RÚV er, enda er það félagsform einkum sniðið að einstaklingsrekstri og rekstri smáfyrirtækja. Við samanburð á sjálfseignarstofnun og hlutafélagi þótti hlutafélagsformið henta betur enda gildir um hlutafélag ítarleg og skýr löggjöf, leikreglur eru þar allar vel þekktar og fjöldi fordæma til um hvernig leysa beri úr einstökum málum. Þá þótti hlutafélagsformið henta mun betur til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um fjárhagslegan aðskilnað almannaútvarps frá samkeppnisrekstri. Við munum að það var mat ESA að sú leið að gera Ríkisútvarpið að sameignarfélagi gengi ekki nægjanlega langt þar sem í sameignarfélagsforminu fælist ótakmörkuð ábyrgð ríkisins á skuldbindingum RÚV.

Með þessum breytingum verður Ríkisútvarpið betur í stakk búið til að bregðast við samkeppni og takast á við hraðar breytingar sem eru að verða á fjölmiðlamarkaðnum. Við erum að skapa fyrirtækinu ramma sem er sambærilegur við þann sem samkeppnisfyrirtæki búa við, hlutafélagsformið. Innan þess hafa stjórnendur þess rýmri hendur til að taka mikilvægar ákvarðanir um rekstur inn.

Virðulegi forseti. Í dag hafa hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar haldið því fram úr þessum ræðustóli að Framsóknarflokkurinn standi ekki lengur vörð um Ríkisútvarpið. Ég er þessu algerlega ósammála. Til að byrja með vil ég vitna í stefnu Framsóknarflokksins um málefni Ríkisútvarpsins, en þar segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu og sjálfstæði þess eflt. Hraða ber endurskoðun laga um Ríkisútvarpið þar sem m.a. stjórnskipulag stofnunarinnar verður endurskilgreint og mið tekið af nýju fjölmiðlaumhverfi. Skoðaðar verði mismunandi leiðir til að standa undir rekstrarkostnaði. Uppbyggingu og rekstri landshlutaútvarps verði haldið áfram og rekstrargrundvöllur tryggður."

Þetta er ályktun okkar framsóknarmanna frá flokksþinginu í fyrra þannig að hún er nokkuð ný af nálinni. (Gripið fram í.) Hér segir að taka verði tillit til nýs fjölmiðlaumhverfis og það er nákvæmlega það sem verið er að gera. Vegna þess hve umhverfið hefur breyst, og við höfum séð þróunina hér, hefur myndast sátt um að ríkið eigi að eiga og reka Ríkisútvarpið. Sú staða var ekki uppi fyrir nokkrum árum. Grunntónn okkar er að það sé meginatriði að ríkið eigi fyrirtækið og standi vörð um það. Ég ítreka að við framsóknarmenn samþykktum ekki hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins fyrr en þessi sátt hafði myndast og þar með allt aðrar forsendur en áður.

Ég ítreka einnig að rekstrarformið er ekki aðalatriðið heldur hitt að tryggt sé að Ríkisútvarpið verði áfram í eigu þjóðarinnar. Það er enginn pólitískur vilji til að selja Ríkisútvarpið og verður vonandi ekki. Ég er þess fullviss að eftir að við höfum gengið í gegnum þessar breytingar muni Ríkisútvarpið lifa lengi í eigu þjóðarinnar allrar þar sem haldið verður áfram á þeirri faglegu braut sem útvarpið er þekkt fyrir og hlutafélagavæðing þess mun gera því kleift að ganga í endurnýjun lífdaga.

[20:41]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Saga hv. þingmanns um afstöðubreytingu Framsóknarflokksins í þessu máli er athyglisverð. Í raun og veru ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo, sem er kannski ekkert óeðlilegt, að flokkurinn hafi breytt nokkrum sinnum um skoðun í samræmi við breytingar í samfélaginu.

Það er auðvitað þannig í ýmsum málum og verður að teljast eðlilegt. En mér sýnist því miður, frú forseti, að þessi breyting sem orðið hefur á skoðun Framsóknarflokksins í þessu máli sé fyrst og fremst vegna samstarfsflokksins í ríkisstjórninni. Ég tel að hv. þingmaður hafi í rauninni fært ágæt rök fyrir því þegar hún talaði um að náðst hefði sátt um ákveðna hluti, sátt um að Ríkisútvarpið hefði ákveðnu hlutverki að gegna. Það er augljóst mál að ekki þurfti að ná sátt við neina aðra en hluta af Sjálfstæðisflokknum um það mál. Aðrir hafa verið þessarar skoðunar mjög lengi. Það er því augljóst að það er samstarfið við Sjálfstæðisflokkinn sem hefur hrakið Framsóknarflokkinn í það far sem hann er í nú, þ.e. frá því að hafa haft þá skoðun að eðlilegast væri að Ríkisútvarpið væri sjálfseignarstofnun. Hann stóð nokkuð lengi í fæturna gagnvart þeirri skoðun en síðan kom eitthvert undarlegt tímabil, sem ég held að ekki nokkur maður hafi skilið, þegar rætt var um hið svokallaða sameignarfélag sem reyndist vera eitthvað sem enginn botnaði í raun og veru í hvað var, það er sérkennilegt að einn aðili ætli sér að eiga eitthvert sameignarfélag. Það var hugsanlega til þess að reyna að tefja málið eitthvað af hálfu Framsóknarflokksins sem endaði svo með því að tapa málinu algerlega fyrir Sjálfstæðisflokknum og það er leitt til þess að vita.

Frú forseti. Það sem mér leikur hugur á að vita hjá hv. þingmanni er að það kom fram í störfum menntamálanefndar að þessi merka setning í 1. gr., sem hv. þingmaður byggði alla afstöðubreytingu Framsóknarflokksins á, væri í raun og veru nákvæmlega sama eðlis og (Forseti hringir.) fyrri setning (Forseti hringir.) sem verið hefur, þ.e. að áfram þarf bara einfalda lagabreytingu á Alþingi ef menn vilja selja eða breyta.

[20:43]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson nefndi að breytingar hefðu orðið vegna samstarfsflokksins. Ég ítreka þá skoðun mína að ég er afskaplega ánægð með að við skulum standa frammi fyrir þeirri víðtæku sátt að ekki standi til að selja Ríkisútvarpið. Þannig var það ekki hér áður fyrr. Og án þess að ég sé að vitna í einstaka þingmenn heldur í fólk úti í samfélaginu þá hafa augu hörðustu einkavæðingarsinna nú opnast fyrir því að Ríkisútvarpið þarf að vera áfram í eigu þjóðarinnar. Þeir sýna nú vilja sinn í verki með því að færa útvarpið í þann búning, sem gerir því kleift að keppa við aðra risa á markaði, að vera sjálfstætt og vera það almannaútvarp sem við viljum eiga og halda áfram í eigu þjóðarinnar. Það er nákvæmlega vegna þess sem framsóknarmenn eru tilbúnir að taka þetta skref til fulls.

Um þetta ríkti ekki sátt hér áður og hefði aldrei komið til greina að fara þessa leið. Við fögnum því auðvitað mjög að sú leið skuli farin. Varðandi setninguna í 1. gr. frumvarpsins þá tel ég að það sem hún gefur til kynna sé auðvitað þessi skýri vilji, hér er alls ekki verið að setja neina klásúlu í fjárlögin um að selja Ríkisútvarpið heldur er þetta skýr vilji Alþingis. Það þarf mjög mikið til til að breyta þessu og þetta er nýtt þegar verið er að hlutafélagavæða ríkisfyrirtæki. Þetta verður hlutafélag í opinberri eigu. Ég er þess fullviss að þetta hefur meira gildi en hv. þingmaður hélt fram áðan.

[20:46]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað vonandi að hv. þingmaður hafi rétt fyrir sér varðandi það að engin hætta sé á ferðum. Því ég er fyllilega sammála hv. þingmanni í því að það er ekki vænleg framtíðarsýn að selja Ríkisútvarpið. Ég hins vegar er ekki eins öruggur með mig og hv. þingmaður og ég held að óskhyggja hv. þingmanns leiði hann nokkuð áleiðis vegna þess að það hefur komið fram að það eru ákveðnir aðilar í samstarfsflokki hv. þingmanns sem eru enn þeirrar skoðunar að það eigi að selja Ríkisútvarpið og Ríkisútvarpið sé óþarft.

Ég er ansi hræddur um að þetta sé aðeins tímabundinn áhugi hjá þessum hópi sem því miður er allt of áhrifamikill í stjórnarsamstarfinu. Það skyldi þó ekki vera að hluti af skýringunni væri sá að ákveðnir aðilar, sem þessum hópi af einhverjum ástæðum er í nöp við, eru að reka hér fjölmiðla í samfélaginu. Og meðan þannig sé ástatt telji þessi hópur eðlilegt að eitthvert „mótvægi" sé við þá fjölmiðla. Það sé fyrst og fremst skýringin á þessu. En að þessi setning sem hv. þingmaður byggir allt sitt á, breyti einhverju, held ég sé rangt hjá hv. þingmanni og vitna aftur til þess sem ég sagði áðan að á fundi í menntamálanefnd voru í heimsókn m.a. nokkrir lögfræðingar sem höfðu komið nálægt þessum texta. Þar var fullyrt að þessi setning breytti engu miðað við þær setningar sem áður höfðu verið notaðar. Það væri alveg jafnt á með komið, þ.e. auðvitað væri ekki hægt að breyta þessu nema með lagabreytingu á Alþingi og það væri nóg að gera það með einföldum meiri hluta á þinginu. En það er ljóst að til að breyta þessum hlutum þarf einfaldan meiri hluta á Alþingi. Það hefur legið ljóst fyrir að ekki dygði að gera slíkt með einfaldri samþykkt (Forseti hringir.) í fjárlögum.

[20:48]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að ákveðnir þingmenn innan samstarfsflokksins hafa viljað selja Ríkisútvarpið. Til að mynda einn af þeim, sem er hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, sagði það í andsvari í dag að hann gerði sér grein fyrir að það væri enginn pólitískur vilji til að selja Ríkisútvarpið og því vildi hann standa að því að koma Ríkisútvarpinu í það rekstrarform sem mundi hæfa stofnuninni. (Gripið fram í.)

Ég hef því tröllatrú á að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson meini vel það sem hann segir og standi að þessu máli í góðri trú eins og fram hefur komið í hans máli. Það er auðvitað þannig að ef pólitískur vilji væri til að selja Ríkisútvarpið hefði verið mjög einfalt að gera það eins og lögin standa núna.

Varðandi samkeppni og annað og hvernig fjölmiðlamarkaðurinn er þá er það meining okkar að fréttaflutningur og dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu, og aðallega fréttaflutningurinn, verði áfram sá traustasti sem fyrirfinnst í landinu, óháður og án allra klafa. Við sjáum, og sem betur fer sjá flestir landsmenn það, að það er gríðarlega mikilvægt fyrir þjóðina að hafa aðgang að slíkum fréttaflutningi. Nú er ég ekki að leggja dóm á aðra fjölmiðla í landinu. En við verð-

um að geta treyst því að hér sé almannaútvarp sem er óháð aðilum á markaði og ég held að við séum flestöll sammála um það.

[20:50]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Mér sýnist hafa komið fram í hinu fyrra andsvari að hv. þm. Dagný Jónsdóttir er fullkomlega sannfærð um að með frumvarpi því sem hún styður sé ekki veruleg hætta á því að Ríkisútvarpið fari úr þjóðareigu þótt það verði hlutafélag. Ég ætla þess vegna ekki að rekja úr þingmanninum garnirnar frekar hvað það varðar.

Ég tók eftir því, bæði í ræðu þingmannsins og andsvörum fyrr í dag að vitnað var í flokksþing Framsóknarflokksins frá 2005 og, eins og ég segi, í stefnubreytinguna frá 2005 þar sem Framsóknarflokkurinn hefur tvö markmið þótt sjálfseignarstofnunin sé farin. Það er annars vegar þjóðareigan, sem ég tek undir af heilu hjarta, og hins vegar að sjálfstæði Ríkisútvarpins verði eflt.

Þá er fróðlegt, vegna þess að þetta mál hefur verið svo lengi í undirbúningi eins og við vitum, að fá að vita frá þingmanninum í fyrsta lagi hvort hann lítur svo á að sjálfstæði Ríkisútvarpins sé nú eflt með þessu frumvarpi sem við erum að afgreiða og í öðru lagi í hverju sú efling felst í frumvarpinu? Það er talað um sjálfstæði þessa almannaútvarps. Þegar talað er um það er fyrst og fremst átt við að það sé sem óháðast annars vegar stjórnmálalegum hagsmunum og hins vegar viðskiptalegum hagsmunum. Mig langar að vita ef sjálfstæðið er eflt á annað borð hvort átt er við stjórnmálalega hagsmuni eða viðskiptalega hagsmuni. Og hvaða greinar það eru, hvaða ráðstafanir það eru í frumvarpinu sem efla sjálfstæðið á þessum tveimur vængjum.

[20:52]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jú, það er rétt sem hv. þm. Mörður Árnason kom inn á að í samþykktum okkar er kveðið á um að efla sjálfstæði Ríkisútvarpins. Ég tel að við séum einmitt að gera það með þessu frumvarpi. Hv. þingmaður spyr: Hvernig?

Til að fara yfir nokkra punkta þar að lútandi vil ég fyrst nefna að með því að stofna hlutafélag eykst sveigjanleikinn. Það gerir RÚV kleift að takast á við nýja tíma og breyttar aðstæður. Þar af leiðandi verður Ríkisútvarpið samkeppnishæfara sem treystir undirstöðurnar mjög mikið. Útvarpsstjórinn ber nú ábyrgð á dagskrárgerð en áður var það pólitískt skipað útvarpsráð. Ég tel þetta vera gríðarlega mikilvægt atriði í að efla sjálfstæði Ríkisútvarpins.

Tekjustofninn er styrkur. Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpins hf. Þetta er breyting vegna þess að áður komu t.d. tillögur frá ráðherra um framkvæmdastjóra deilda og eins og lögin eru í dag gefur útvarpsráð umsögn um starfsfólk dagskrárgerðar. Eftir þessar breytingar mun þetta ekki vera hlutverk útvarpsráðs. Ég tel það vera mjög af hinu góða að þetta valdsvið færist yfir til útvarpsstjóra. Þetta eru þau atriði sem ég tel stuðla að eflingu sjálfstæðis Ríkisútvarpins. Um það geta verið skiptar skoðanir en það er alla vega mitt mat á þessu.

[20:54]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Þetta var auðvitað góð tilraun til svars en fyrri hlutinn var mjög sérkennilegur að með hlutafélagavæðingunni efldist Ríkisútvarpið og yrði þess vegna samkeppnishæfara. Samkeppnishæfara á hvaða markaði? Erum við að tala um Ríkisútvarpið sem er með markaðsstöðu í eigu ríkisins eða erum við að tala um Ríkisútvarp sem er almannaútvarp?

Mig er farið að gruna að hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur sé ekki ljóst að á þessu er nokkur munur og þess vegna er kannski rétt að spyrja í framhaldi af því. Það gerir Ríkisútvarpið ekki sjálfstæðara í sjálfu sér að geta keppt betur eða meira við Skjá 1, Sirkus, Stöð 2, Sýn o.s.frv., annaðhvort eitt sér eða þá í tengslum við einhvern af þessum aðilum á móti hinum. Þeir eru nú bara tveir, það er því annar á móti hinum eins og fram hefur komið og við höfum hlustað á, ég og hv. þingmaður í menntamálanefnd, frá fulltrúa menntamálaráðherra, að geti komið til greina. Að stofnuð séu sjálfstæð dótturfélög eða dótturfélag með öðrum m.a. til að keppa við þriðja félagið. Er það aukið sjálfstæði? Er það aukið sjálfstæði frá viðskiptalegum hagsmunum? Nei. Það einmitt setur almannaútvarpið, ef við erum að meina það á annað borð, í þá stöðu að vera háð viðskiptalegum hagsmunum. Annars vegar hugsanlegu samstarfi en hins vegar fyrst og fremst auglýsendum og kostun. En það vandamál á ekkert að leysa með þessu frumvarpi.

Hitt er þess virði að ræða að hv. þingmaður telur að sjálfstæðið felist í að útvarpsstjóri fái öll völd. Þá langar mig að vita hvað hv. þingmanni finnst um það að útvarpsstjórinn er ráðinn af stjórn sem í er ríkisstjórnarmeirihluti kosinn á Alþingi og sú stjórn, sem er kosin árlega, getur rekið útvarpsstjórann hvenær sem er. Finnst henni það vera sjálfstæður útvarpsstjóri sem svo háttar um?

[20:56]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég stend við þá skoðun mína að Ríkisútvarpið sem Ríkisútvarpið hf. verði samkeppnishæfara. Hv. þingmaður spyr hvort ég sé þá að meina samkeppnishæfara sem almannaútvarp eða í samkeppni við önnur fjölmiðlafyrirtæki? Það sem ég er að koma á framfæri er að það eru ekki síst starfsmannamál og rekstrarumhverfi sem munu gera það sveigjanlegra. Ríkisútvarpið stendur betur ef það er ekki að bögglast í stirðu rekstrarumhverfi. Þetta snýst líka um dagskrárgerð og ráðningar og fleira sem ég tel að pólitískt skipað útvarpsráð hafi haft of mikil afskipti af hingað til. Það hefur ekki verið unnt að bregðast við breytingum á markaði mjög hratt vegna þessa.

Þetta snýst því ekki bara um peninga. Þetta snýst ekki um auglýsingar. Við höfum verið mjög jákvæð gagnvart því í menntamálanefnd, eins og hv. þingmaður vísaði til, hvort draga ætti eitthvað úr hlutdeild Ríkisútvarpins á auglýsingamarkaði. Mér finnst það alveg sjónarmið sem á fullkomlega rétt á sér og er jákvæð gagnvart. því.

Varðandi það hins vegar, sem hv. þingmaður kom inn á hér áðan, hvort völd útvarpsstjórans væru of mikil þá held ég að nauðsynlegt sé að útvarpsstjóri geti rekið sína stofn-

un, (**MÁ:** ... búin að mæla fyrir sjálfstæði ...) þ.e. þá stofnun sem hann starfar fyrir, vel. Þegar kemur að pólitískt skipuðu útvarpsráði yfir útvarpsstjóra er það ákveðið aðhald sem ég tel mjög gott að hafa alla vega fyrst um sinn til að byrja með.

Ég sé að hv. þingmaður er ekki sammála mér en þetta eru mínar skoðanir. Ég er þannig að ég hef tröllatrú á þessu fólki og að hið pólitískt skipaða útvarpsráð muni ekki vera að fetta fingur út í það sem mun gerast þarna. Enda verða hendur þeirra bundnar. Þeir munu ekki fara að skipta sér af dagskrárgerð og ráðningum innan stofnunarinnar. Það gerir útvarpsstjóri og hann ber fullkomna ábyrgð á því.

[20:58]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Sú umræða sem hér hefur átt sér stað í dag hefur um margt verið fróðleg. Það hefur víða verið komið við eins og eðlilegt er þegar svo stórt mál er rætt eins og framtíð Ríkisútvarpsins. Samt sem áður er víða hægt að bæta einhverju við þessa umræðu og ég mun leitast við að fara yfir það frá ýmsum hliðum. En vegna þess andsvars sem hér var áðan held ég að ekki sé óeðlilegt að byrja ræðu mína þar sem frá er horfið í andsvörum, vegna þess að þarna er auðvitað verið að tala um býsna stóran hlut, þ.e. sjálfstæði Ríkisútvarpsins og stjórnskipulag þess sem skiptir miklu máli.

En aðeins áður, vegna þess andsvars sem ég átti við hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur hér áðan, þar sem við ræddum m.a. afstöðubreytingu og þróun á skoðunum Framsóknarflokksins í þessu máli þá er það auðvitað þannig að við sem höfum verið að horfa á vanda Framsóknarflokksins, höfum haft af honum ákveðnar áhyggjur. Vegna þess að flokkurinn á merka sögu að baki og það er ekkert skemmtiefni fyrir okkur sem lifum og hrærumst í stjórnmálum að sjá einn flokk engjast svo í vanda sínum, eins og Framsóknarflokkurinn hefur gert í þeim vanda sem hann hefur átt við að stríða undanfarið.

En ég held að þetta litla dæmi sem við ræddum hér áðan um þróun skoðunar Framsóknarflokksins á þessu máli, þ.e. hvernig flokkurinn hefur á látlausum flótta undan samstarfsflokknum verið að breyta um skoðun, sé kannski eitthvað sem flokkurinn þyrfti að staldra örlítið við og velta fyrir sér hvort ekki væri hægt að læra eitthvað af. Vegna þess að þannig var fyrir ekkert allt of mörgum árum að býsna margir treystu því að Framsóknarflokkurinn gæti haldið aftur af Sjálfstæðisflokknum í ýmsum áhugamálum Sjálfstæðisflokksins. Mér heyrist, því miður fyrir Framsóknarflokkinn, mjög víða nú að fólk sé hætt að gera ráð fyrir slíku. Því er nú ver og miður. Sjálfstæðisflokkurinn virðist því nú vera einráður í þessu meirihlutasamstarfi og þrátt fyrir einstaka tilraunir Framsóknarflokksins til að snúa við af þessari óheillabraut þá virðist það ekki vera nægjanlega sannfærandi þannig að fólk trúi því.

Ég held t.d. að Ríkisútvarpið hafi verið eitt af þessum málum sem margir gerðu ráð fyrir að Framsóknarflokkurinn mundi hafa sem eins konar lokavarnarmúr í að láta ekki valta yfir sig. Það leit þannig út býsna lengi. Ég man eftir ræðum hér úr þessum ræðustóli þar sem hv. þingmenn Framsóknarflokksins margir hverjir stóðu nokkuð keikir og sögðu aldrei, aldrei hlutafélag um Ríkisútvarpið. Þar eru ekki mörg ár síðan. En svo kom þetta undarlega tímabil sem ekki nokkur maður skildi þegar allt í einu var komið inn sameignarfélag. Það verður kannski að hæla fulltrúum Sjálfstæðisflokksins fyrir klókindi í þeim efnum, því ég trúi að þar hafi mönnum verið nokkuð ljóst mjög snemma að slíkt yrði aldrei samþykkt af ESA svo að það væri ekkert vandamál að eyða nokkrum mánuðum í að láta Framsóknarflokkinn halda að þetta væri einhver lausn fyrst ekki mátti setja háeff á þetta. Og láta síðan tilskipunina koma að utan og taka þá málið. Því þá var Framsóknarflokkurinn auðvitað kominn upp við vegg og átti ekki margar leiðir úr þeim vanda eins og komið hefur í ljós. Nú situr Framsóknarflokkurinn uppi með að leið Sjálfstæðisflokksins hefur verið valin og það eina sem Framsóknarflokkurinn hefur á að benda er sérkennilegt setningarbrot, og ég verð að segja það eins og er, frú forseti, að ég hélt ég ætti ekki eftir að upplifa það og ætlaði eiginlega að leiða hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur í þá gildru, að rifja upp þessa setningu í andsvari. En hv. þingmaður gerði það sjálfur svo ég þurfti ekkert á því að halda. En eins og ég segi, ég hélt að framsóknarmenn mundu gleyma þessari setningu, sérstaklega hv. framsóknarþingmenn sem hafa setið fundi í menntamálanefnd þar sem þessi setning var rædd og það kom fram sem ég held að flestir hafi vitað að þessi setning er auðvitað ekkert hald ef á annað borð er einhver áhugi á því að selja þetta hlutafélag, eins og önnur hlutafélög sem seld hafa verið af ríkisstofnunum sem breytt hefur verið í hlutafélög. Þessi setning veitir þar af leiðandi enga meiri vörn en þær setningar sem sagðar hafa verið áður.

Slagurinn verður auðvitað áfram um hvort sá áhugi er fyrir hendi eða ekki, og ég verð að segja eins og er út frá þessari sögu um það hvernig Framsóknarflokkurinn hefur þróast í þessu máli, að því miður óttast maður að ef framhald verður á, sem ég vona að þjóðin sjái til að verði ekki en í stjórnarsamstarfi þessara flokka, þá þurfi ekki að líða allt of mörg ár þar til Framsóknarflokkurinn er kominn í hóp þeirra sem tala opinberlega um vilja Sjálfstæðisflokksins í málinu, þ.e. þingmenn eins og hv. þm. Pétur Blöndal sem er hreinskilinn að vanda í þessum efnum og talar auðvitað hreint út hver vilji þeirra er. Það er auðvitað skoðun út af fyrir sig sem þarf að ræða. Ég held að það sé ansi einföld útlistun á raunveruleikanum að nú sé allt í einu gífurleg samstaða um það, miklu meiri en áður hefur verið, að ekki eigi að selja Ríkisútvarpið. Ég held að sá hópur innan Sjálfstæðisflokksins sem hefur verið þeirrar skoðunar sé álíka stór og hann hefur alltaf verið og muni bara leita færis í að koma því fram.

Frú forseti. Hér var áðan rætt um stjórn Ríkisútvarpsins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir vildi meina að í hinni breyttu stjórn fælist m.a. stóraukið sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Það er hægt að taka undir að vissulega er það form sem verið hefur á útvarpsráði úrelt og kominn tími til að gera á því breytingar. En því miður hefur ekki verið stigið nægjanlega langt að mínu mati og okkar samfylkingarmanna til að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar, þ.e. sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart hinu pólitíska valdi. Það er auðvitað afskaplega óheppilegt að stjórn Ríkisútvarpsins verði áfram skipuð meiri hluta ríkisstjórnarmeirihlutans. Það fellur ekki að

þeim hugmyndum að stofnunin sé sjálfstæð gagnvart pólitískum meiri hluta á Alþingi. Þetta skal gerast árlega og þar af leiðandi er enginn möguleiki á að það verði tímabil sem þessi stjórn verði með öðrum meiri hluta en ríkisstjórnarmeirihlutinn er. Það verða þá í mesta lagi einhverjir mánuðir. Það væri hægt að nálgast þetta á margan hátt ef menn hefðu endilega viljað kjósa stjórnina á þennan hátt, það hefði t.d. verið hægt að hafa kjörtímabil hennar eitthvað annað en kjörtímabil til Alþingis. Þannig að það vissu það allir, hvort sem þeir voru í meiri hluta eða minni hluta að sá meiri hluti sem væri í dag gæti verið orðinn annar við næstu stjórn. Það mundi ekki fylgja, þannig að það væri hægt að tryggja að það væri ákveðin fjarlægð þarna á milli.

Það virðist ekki vera vilji til þess þannig að það er augljóst mál að ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur áhuga á að halda þessum tengslum. Hver sem ástæðan er fyrir því, það getur hver og einn auðvitað leikið sér með það að velta því fyrir sér hvernig á því standi. En ég benti á í andsvari áðan við hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, að það gæti verið að ákveðinn hluti Sjálfstæðisflokksins hefði sérstakan áhuga á að Ríkisútvarpið sem slíkt væri með ákveðnum styrk nú um stundir. Hugsanlega vegna þess að það væru einhverjir aðilar sem þessum hópi hefur að því hefur virst á undanförnum missirum verið eitthvað uppsigað við, af ástæðu sem ég ætla ekki að reyna að útskýra, en hefur blasað við um nokkurt skeið. Það gæti verið hugsanleg skýring á þessum áhuga að halda styrk Ríkisútvarpsins, og við skulum vona að hann dugi til þess, en ekki verið þó tilbúnir til að gefa stofnuninni það sjálfstæði, sem ég held að flestir séu sammála um að sé nauðsynlegt ef stofnunin á yfirleitt að ná að dafna. En þrátt fyrir ákvæðin sem eru í 9. gr. um stjórnina er ekkert útilokað að þetta gangi. En þessi hætta er sannarlega til staðar. Við skulum ekki gleyma að þessi sama stjórn fer síðan með það mikla vald að ráða og reka eða leysa útvarpsstjóra frá störfum, sem hefur síðan gífurlega mikið vald um starfsemina alla saman. Það liggur alveg ljóst fyrir að við þessar kringumstæður þegar útvarpsstjóri hefur í raun og veru ekkert svigrúm í ráðningartíma sínum, þ.e. getur átt von á því hvenær sem er að vera leystur frá störfum, þá er sú hætta alltaf til staðar að viðkomandi embættismaður hugsi sig um hvort líkur séu á við hina eða þessa ákvörðun að hann haldi starfi sínu.

Þarna hefði líka verið hægt að fara ýmsar leiðir til að tryggja aukið sjálfstæði, m.a. með því að hafa ráðningartímann lengri, hafa hann eins og er reyndar með forstöðumenn, og sérkennilegt að ekki skuli vera horft til þess, að forstöðumenn í ríkisstofnunum eru nú ráðnir til fimm ára. Þannig að það er sérkennilegt að það skuli ekki vara farin sama leið og þar við þessa stofnun, eða þetta hlutafélag, eins og það er nú hugsað. Eða horft til annarra landa þar sem þetta eru jafnvel sex eða sjö ár, þar sem menn líta á þetta sem mikilvægan þátt í að stofnanirnar geti dafnað og þær séu klárlega í ákveðinni fjarlægð frá hinu pólitíska valdi.

Frú forseti. Það er ein nálgun í þessu máli sem hefur verið nokkuð nefnd hér í dag og er býsna mikilvæg og er eiginlega algjörlega óskiljanlegt hvernig á því stendur að stjórnarmeirihlutinn hefur ekki sinnt því sem skyldi, en það er að gera tilraun til að ná sem víðtækastri sátt um Ríkisútvarpið. Þetta er stofnun sem ég trúi að muni starfa um ókomna tíð í samfélaginu og það er mjög nauðsynlegt að um hana ríki sem allra mest sátt. Þetta er stofnun sem er rekin fyrir almannafé að stórum hluta til og gegnir gífurlega mikilvægu hlutverki í menningarlegu tilliti og í mótun fjölmiðlunar í landinu. Þannig að um svona stofnun þarf að ríkja gífurleg sátt.

Í mínum huga, frú forseti, er það skylda ríkisstjórnar hverju sinni að reyna að ná slíkri sátt. Vegna þess að það er ekki hægt að gera stofnun það, ég tali nú ekki um eftir þá tíð sem við höfum horft upp á, ég veit ekki hvað ég á að fara langt aftur í tímann, að búa við þá óvissu sem ríkt hefur um stofnunina, m.a. vegna mikils áhuga stórs hluta Sjálfstæðisflokksins á að selja hana og vegna þess sem á stundum hefur að minnsta kosti hefur sýnst, að það ætti eiginlega að svelta hana til hlýðni. Þessi óvissa hefur auðvitað leikið stofnunina grátt. Það er alveg klárt mál að það er kominn tími til að því tímabili linni.

Þess vegna m.a. er það mjög alvarlegur hlutur að koma hér fram með frumvarp sem er keyrt í gegnum þingið á þann hátt sem við höfum að minnsta kosti fram að þessu séð gerast, þ.e. í menntamálanefndinni, mér liggur við að segja í miðjum klíðum, sem er þó kannski að hluta til ósanngjarnt vegna þess að það er ekki eins og frumvarpið hafi ekki verið til umfjöllunar hjá nefndinni í nokkurn tíma og var auðvitað líka búið að vera í örlítið breyttri mynd á síðasta ári einnig í nefndinni. En út af fyrir sig er ekki hægt að ásaka formann nefndarinnar eða meiri hluta nefndarinnar fyrir að hafa ekki gefið sér þokkalegan tíma til að taka á móti gestum. Þó svo að við höfum gert athugasemdir við að við teldum að það þyrfti að fá nokkra í viðbót, í raun og veru bara örfáa í viðbót. Hefði ekki átt að vera mikið vandamál að tryggja það.

Af einhverjum ástæðum er sú ákvörðun tekin í meiri hlutanum að nú sé komið að endapunkti. Nú skuli ekki vera gefinn meiri tími í þetta og það á þeim tímapunkti þegar nokkurn veginn er búið að ljúka heimsóknum en ekki búið að gefa sér neinn tíma í nefndinni til að ræða frumvarpið sem slíkt. Það var aldrei reynt að ræða um hvað það væri sem nefndarmenn hefðu áhuga á eða teldu að mætti betur fara. Enginn tími notaður til þess. Nú þurfti bara að ljúka málinu og klára og koma því inn í þingsal. Þetta er eiginlega alveg með ólíkindum. Vegna þess að þegar við horfum örlítið fram í tímann þá eru alþingiskosningar árið 2007 og allar líkur á að það verði breytt stjórnarsamstarf og ég færði nokkur rök fyrir því hér áðan að það er eins gott að breyting verði á ríkisstjórnarsamstarfi, bæði fyrir stofnunina Ríkisútvarpið og fyrir íslenska þjóð, en þá blasir við að ný ríkisstjórn verður að fara að skoða þessi mál upp á nýtt og gera einhverjar breytingar á þessum lögum. Þetta er mjög slæmt og ég held að það hefði mátt koma í veg fyrir þetta, þ.e. ef örlítið meiri vinna hefði verið lögð í að reyna að ná sátt um málið. Þá hefði verið hægt að tryggja miklu víðtækari sátt svo það hefði verið nokkuð víst að það væru að minnsta kosti ekki gerðar stórvægilegar breytingar sem mundu raska á einhvern hátt framtíðaráætlunum stofnunarinnar þó svo skipt yrði um ríkisstjórn.

Þetta er sama, frú forseti, og ég tel vera skyldu stjórnvalda gagnvart breytingum t.d. á skólakerfinu. Þar erum við

líka með viðkvæma starfsemi sem er afskaplega mikilvægt að ríki sem víðtækust sátt um þegar breytingar eru gerðar. Það er ekki hægt fyrir kerfi eins og skólakerfið, alveg eins og er með stofnun eins og Ríkisútvarpið, að búa við þá óvissu að við hver stjórnarskipti verði alltaf nýjar áherslur og umskipti. Svona starfsemi á að vera yfir það hafin. Þess vegna er það mikill ábyrgðarhluti þess stjórnarmeirihluta sem hér ræður för að velja þá leið að keyra þetta, ég vil segja eiginlega í eins mikilli ósátt og möguleiki var. Leitað var að því er virtist leiða til að skapa ósátt. Ekkert gert í því — þrátt fyrir það, frú forseti, sem er auðvitað athyglisvert vegna þess að núna er kominn í salinn hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, sem ég ætla að eyða örstuttum tíma í að hæla fyrir vinnubrögð, því að hv. þingmaður hefur lagt sig fram um svo eftir hefur verið tekið í menntamálanefnd, að reyna að ná sem mestri sátt um mál, hagað vinnubrögðum þannig að um það hefur verið, ég vil segja nokkuð mikil ánægja í nefndinni — þar til allt í einu á þessum tiltekna fundi að öllu er snúið við og nú skal bara keyrt í deilur.

Frú forseti. Ég hefði kosið að hv. þingmaður hefði skipt um kúrs í einhverju öðru máli vegna þess að þetta mál er svo mikilvægt. Það fjallar um svo mikilvæga stofnun að ekki gengur að sýna slíkt ábyrgðarleysi að keyra það í gegn í bullandi ágreiningi, ég tala nú ekki um þegar við fáum það sterklega á tilfinninguna í minni hlutanum að reynt sé að auka á ágreininginn. Vinnulagið er með þeim hætti að reynt er að auka ágreininginn, reynt er að draga hann allan fram, ekkert gert til að reyna að ná sátt um stærri mál í frumvarpinu.

Frú forseti. Ég fullyrði að mikill möguleiki hefði verið á að ná sátt um það. Og það hefði mátt byrja á því fyrr en á þessum tiltekna fundi, það hefði örugglega skapað meiri möguleika ef það hefði verið gert strax í upphafi. En þetta vinnulag var valið, og ekkert nema gott um það að segja, að gefa góðan tíma í viðræður og gestakomur til nefndarinnar út af málinu.

Frú forseti. Ég skil vel ákveðnar áhyggjur sem koma fram í ályktun starfsmannafundar Ríkisútvarpsins sem samþykkt var á fundi þeirra í dag, en þar segir, með leyfi forseta:

„Starfsmenn furða sig líka á því að ekki hafi verið tekið nokkurt tillit til umsagna sem bárust menntamálanefnd Alþingis. Spyrja má um tilganginn með að setja fólk í vinnu við slíka álitsgjöf.“

Frú forseti. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt og í raun þyrfti forsætisnefnd Alþingis að velta fyrir sér þessum setningum í þeirri ályktun. Ég vænti þess að forsætisnefnd velti því fyrir sér þegar ályktunin verður send vonandi til forsætisnefndar hvort þetta sé svo að nefndir þingsins — þetta er raunverulega mjög alvarleg ásökun um vinnubrögð að nefndir þingsins, þó að í þessu tilfelli sé aðeins verið að tala um menntamálanefnd — leyfi sér að setja fólk í vinnu úti um allan bæ, úti um allt land og það sé bara einhver leikaraskapur, það sé ekkert með það gert. Því miður, frú forseti, virðist í þessu tilfelli vera allt of mikið til í þessum setningum, vegna þess að þegar búið var að breyta um kúrs í störfum nefndarinnar þá kom þetta í raun og veru í ljós. Að vísu var tekið tillit til nauðsynlegra ábendinga frá ESA en þaðan fengum við enga gesti. Ef eitthvað er getur maður dregið þá ályktun að það væri verra að vera gestur á fundum í menntamálanefnd, a.m.k. þegar verið er að fjalla um ákveðin mál eins og þetta mál, því að ekki verður vart við það í störfum meiri hlutans að hlustað hafi verið á einn einasta gest.

Ég vakti athygli á því áðan að hv. varaþingmaður menntamálanefndar virtist líklega ekki hafa hlustað á suma gesti sem komu til nefndarinnar vegna þess að hv. þingmaður talaði eins hér áðan og við 1. umr. þegar Framsóknarflokkurinn var í alsælu yfir setningu sem einhver snjall lögfræðingur Sjálfstæðisflokksins hafði rétt fram og framsóknarmenn tóku gleði sína og voru í gleðivímu lengi. En ég hélt að sú gleðivíma hefði horfið þegar lögfræðingar komu til menntamálanefndar og bentu á að þessi setning hefði enga merkingu umfram þær setningar sem notaðar hefðu verið fram til þessa þegar verið var að breyta ríkisstofnunum í hlutafélög. Alveg jafnt þá og nú við þessa setningu er bara einföld ákvörðun meiri hluta þingsins, að sjálfsögðu, sem þarf til að gera breytingu á. Þarna er enginn munur á.

Frú forseti. Fyrst ég er byrjaður að fjalla um ályktun starfsmannafundar Ríkisútvarpsins er kannski rétt að fara yfir fleiri þætti í ályktuninni. Það er önnur setning sem er einnig afskaplega auðvelt að skilja. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þær virðast nú hafa endað“ — þ.e. þessar gömlu deilur eða mismunandi áherslur ríkisstjórnarflokkanna — „í óútfylltri ávísun til framtíðar.“

Í óútfylltri ávísun til framtíðar. Þetta er mjög skiljanlegt af þeirri einföldu ástæðu að menn sjá ekki hver framtíðarsýnin er í frumvarpinu. Svo virðist vera fyrst og fremst að verið sé að breyta þessu í hlutafélag, væntanlega til þess að liðka til á ákveðnum þáttum, ekki síst gagnvart starfsfólkinu. En það verður að segjast eins og er að ef það er meginábuginn þá skilur maður eiginlega ekki af hverju ríkisstjórnarflokkarnir koma ekki fram með frumvarp um hvernig þeir vilja að starfsmannamálum sé háttað í ríkisstofnunum. Af hverju þarf alltaf að fara þessar krókaleiðir til að ná því fram? Af hverju er ekki komið fram með almenn lög um hvernig réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna eiga að vera, ef það er óánægja með slíkt í ríkisstjórnarmeirihlutanum? Maður þarf líklega ekki að nota orðið „ef“ því að það blasir við að mikil óánægja er með það.

Það er ekki aðeins í þeirri merkingu sem við getum horft á hina óútfylltu ávísun vegna þess að í ályktuninni kemur einnig skýrt fram og segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Starfsmenn gera alvarlegar athugasemdir við að ekki liggi ekki enn fyrir hve miklu fjármagni nýja félagið á að ráða yfir í upphafi.“

Frú forseti. Þetta er grafalvarlegt mál. Ég kom inn á þetta í andsvari við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson í morgun, að það er algjörlega með ólíkindum að farið skuli vera með slíkt mál úr nefnd án þess að fyrir liggi mat á eigum, mat á eiginfjárstöðu stofnunarinnar, ekki síst vegna þess að minnst er á þetta í frumvarpinu þar sem er talað um að lagðar skuli 5 millj. kr. í hlutafé, a.m.k. 5 millj. kr. í hlutafé. Og við skiljum hugtakið „að minnsta kosti“. Þegar frumvarpið var lagt fram gat maður vissulega skilið að

þetta væri ekki allt saman þaulkannað og skoðað, þetta var líka á þeim árstíma að ársreikningar fyrir Ríkisútvarpið lágu líklega ekki fyrir. En nú liggur hreinlega fyrir að eiginfjárstaða Ríkisútvarpsins er neikvæð. Þessar 5 milljónir munu því ekki duga. Ef engar breytingar verða á verður það fyrsta verk stjórnarinnar að lýsa yfir gjaldþroti. Samkvæmt hlutafélagalögum væri það skylda stjórnarinnar. En það hefur komið fram, m.a. í heimsóknum til menntamálanefndar, að vilji er til þess að slíkt gerist ekki og vinna er í gangi milli menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins um að fara yfir þessi mál. Sú vinna stendur yfir núna, að fara yfir þessi mál. Upplýst var að allt í þeim efnum væri óljóst, nema að eiginfjárstaðan um síðustu áramót væri neikvæð og þessar 5 milljónir mundu ekki duga til að rétta það við. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson endurtók það sem kom fram á fundum nefndarinnar að sá vilji væri til staðar og hv. þingmaður ákallaði hæstv. ráðherra, bæði menntamála og fjármála, um að hæstv. ráðherrar væru örugglega reiðubúnir til að koma hér og lýsa því yfir að tryggt yrði að eiginfjárhlutfallið yrði ekki neikvætt.

Þannig er það samt sem áður. Og því er eðlilegt að starfsmennirnir veki athygli á að þetta liggi ekki fyrir núna, þegar umræðan ef hafin og ég geri ráð fyrir að þetta muni ekki liggja fyrir miðað við fyrri vinnubrögð og að þetta muni ekki liggja fyrir þegar umræðunni lýkur. Þess vegna er farið fram með óvissu. Í rauninni hefði málið allt saman átt að vera þannig — því að fyrir lá þegar við vorum að afgreiða fjárlög að það var vilji ríkisstjórnarinnar að fara þessa leið með Ríkisútvarpið — að þær tölur lægju fyrir og hefðu átt að vera tilbúnar. Ef rétt hefði verið að þessu staðið má segja að ekki væri óeðlilegt að vera með frumvarpið í nefndinni í vor en ljúka ekki málinu fyrr en á haustdögum þegar allt liggur fyrir og samþykkja það síðan samhliða fjárlögum þannig að dæmið væri gert upp um leið. Það væru auðvitað vinnubrögð sem væru til fyrirmyndar. En það er eitthvað annað sem ræður hraðanum en að vanda vinnubrögð sem mest og þess vegna erum við í þessari stöðu.

Frú forseti. Það er meira segja þannig að í umsögn Ríkisútvarpsins, útvarpsstjórans, kemur fram þetta sama áhyggjuefni vegna þess að þar er vakin athygli á því hver staða Ríkisútvarpsins er í fjárhagslegu tilliti. Ég held að full þörf sé á að rifja það örlítið upp, líka starfsmannanna vegna í Ríkisútvarpinu sem hafa hugsanlega þá tilfinningu að þeir séu eitthvað öðruvísi en aðrir sem koma í heimsókn til nefndarinnar. En hægt er að fullyrða við starfsmennina að útvarpsstjórinn sjálfur, yfirmaður þeirra, fékk alveg nákvæmlega sömu meðhöndlun hvað þetta varðar.

Í umsögninni segir m.a., með leyfi forseta:

„Um langt árabil hefur verið verulegur halli á rekstrinum“ — þ.e. hjá Ríkisútvarpinu — „og er eigið fé stofnunarinnar neikvætt. Á þessu er nauðsynlegt að taka áður en nýtt hlutafélag verður skráð.“

Þetta er dagsett, frú forseti, 17. febrúar 2006. Þar er það komið hreint og klárt að eigið fé stofnunarinnar er neikvætt, þ.e. var það um síðustu áramót, staðfest af útvarpsstjóra.

Áfram heldur útvarpsstjóri, með leyfi forseta:

„Þessum taprekstri verður ekki mætt einvörðungu með hagræðingu.“

Þetta er býsna mikilvægt, frú forseti, að taprekstrinum verður ekki mætt einvörðungu með hagræðingu. Hér er sagt berum orðum: Það þarf að bæta fjármagni inn í stofnunina. Það er ekki nóg að eigið fé stofnunarinnar verði bara rétt til að tryggja eitthvað lögformlegt, það þarf aukið fjármagn inn.

Síðan heldur áfram, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur Ríkisútvarpinu tekist að hagræða verulega í rekstri, enda ítrekað verið farið ofan í rekstur einstakra deilda. Ekki verður séð að hægt sé að ganga mikið lengra á því sviði án þess að skerða þjónustuna.“

Frú forseti. Getur það verið að á bak við þetta liggi einhvers staðar hjá einhverjum hópi að leiðin til þess að ná sínum markmiðum fram um að selja stofnunina sé að halda hugsanlega áfram að svelta hana til hlýðni? Að það eigi að draga úr þjónustunni? Þetta vitum við ekki vegna þess að það liggur ekki fyrir hvernig á að taka á eiginfjárhlutfalli eða fjármálum stofnunarinnar almennt. Það liggur bara hreinlega alls ekkert fyrir. Svörin sem við fengum í menntamálanefnd voru þau að ráðuneyti fjármála og mennta væru að skoða málið, væru að fara yfir eignir stofnunarinnar, væru að velta því fyrir sér hvernig ætti að fara með skuldir stofnunarinnar við ríkissjóð, hvort það ætti að láta stofnunina borga þær, hugsanlega á einhverjum árum, eða hvort ríkið ætlaði að gefa þær eftir eða hvernig ætti að fara með þetta. Það liggur ekkert fyrir, allt saman í skoðun. Þrátt fyrir það, og það var athyglisvert, var það á sama fundinum sem meiri hluti menntamálanefndar breytti algjörlega um kúrs, hætti að hafa tíma til þess að ræða málið og nú þurfti að drífa málið í þingsalinn. Hver ástæðan var er okkur auðvitað enn þá algjörlega hulið því að engar skýringar höfum við fengið og var þó oft búið að gefa í skyn að þetta væri þannig mál að eðlilegt væri að reyna að ná einhverri samstöðu um málið.

Frú forseti. Það er auðvitað alveg með ólíkindum að þessi sami ríkisstjórnarmeirihluti sem lenti í miklum hremmingum með ekki mjög óskylt mál, þ.e. fjölmiðlafrumvarpið svokallaða, skuli ekki hafa lært nokkurn skapaðan hrærandi hlut, þ.e. virðist algjörlega skorta hæfileikann til þess að yfirfæra. Vissulega lærði ríkisstjórnarmeirihlutinn eitthvað gagnvart fjölmiðlafurmvarpinu. Þar var vinnubrögðum algjörlega breytt, leitað eftir samráði, skipuð nefnd allra flokka og hvað kom í ljós? Í ljós kom það sem stjórnarandstaðan hafði ætíð sagt að ef gerð verður tilraun til þess að ná sátt í málinu mun hún nást. Þannig held ég að þetta sé líka með Ríkisútvarpið af þeirri einföldu ástæðu að nákvæmlega eins og með fjölmiðlafrumvarpið er það meginatriðið, sem ég er sannfærður um að er mikill meiri hluti fyrir á Alþingi, þ.e. að tryggja farsæla framtíð Ríkisútvarpsins. Það er til staðar nákvæmlega eins og var varðandi fjölmiðlamálið, að allir voru tilbúnir og reiðubúnir til þess að kanna stöðuna á fjölmiðlamarkaðnum og kanna hvort til þess þyrfti að setja lög og þá með hvaða hætti.

Nú heyrum við þær fréttir að væntanlegt sé á næstu dögum frumvarp inn í þingið sem góðar líkur eru á að náist sátt um. Ég held að ekki sé alveg búið að ganga frá því endanlega en góðar líkur séu á því. Á þessum svipaða tíma breytir allt í einu meiri hlutinn algjörlega um kúrs í menntamála-

nefnd. Frú forseti, ég verð að segja að því meira sem maður veltir þessu fyrir sér því meira undrandi verður maður á málinu. Hver er ástæðan fyrir þessu? Hún hlýtur einhvern tíma að koma í ljós, vonandi upplýsir þessi umræða hvað veldur. Ef ekki verðum við í versta falli að bíða eftir því að sagnfræðingar framtíðarinnar komist að því hvað gerðist í meiri hlutanum.

Maður getur auðvitað velt ýmsu upp. Skömmu eftir þetta kom í ljós að bullandi ágreiningur var í ríkisstjórnarflokkunum, að vísu um allt annað mál. Getur verið að klókindi stóra flokksins í ríkisstjórnarsamstarfinu hafi enn einu sinni verið á ferðinni? Þarna var þó mál, þ.e. Ríkisútvarpið, sem Framsóknarflokkurinn lengi vel stóð í lappirnar í, í raun og veru ótrúlega lengi miðað við hvað hann hefur verið fljótur að snúast. Getur verið að klókindin hafi verið þau að láta Framsóknarflokkinn ekki geta stoppað þetta mál þrátt fyrir að deilur væru um annað mál á milli ríkisstjórnarflokkanna, sem blasir nú við, að hin nýja stofnun hæstv. iðnaðarráðherra verður stoppuð í iðnaðarnefnd af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í nefndinni? Sama hefðu auðvitað fulltrúar Framsóknarflokksins getað gert í menntamálanefnd, nákvæmlega það sama, hefðu hugsanlega getað stillt þessum málum upp gegn hvort öðru og sagt við Sjálfstæðisflokkinn: Ja, við hleypum ekkert Ríkisútvarpinu út úr nefndinni ef þið ætlið að stoppa hæstv. viðskiptaráðherra í því að koma sinni stofnun í gegn. Svoleiðis hlutir hafa nú líklega gerst áður í þessu stjórnarsamstarfi.

Frú forseti. Margt bendir til þess að það skeið sem ég lýsti örlítið áðan í ræðu minni í sögu Framsóknarflokksins sé orðið þannig að mátturinn sé gjörsamlega horfinn, ekki sé einu sinni eftir máttur til þess að hugsa taktíska leiki. Þess vegna endurtek ég það sem ég sagði áðan að þetta skeið í sögu Framsóknarflokksins er um margt sorglegt. Við höfum fylgst með þessum flokki gera í gegnum söguna ýmislegt merkilegt og standa lengi vel í ístaðinu gagnvart Sjálfstæðisflokknum. Það var m.a.s. talað um það oft með nokkuð digrum rómi af framsóknarmönnum hvernig þeir gætu alltaf staðið gegn Sjálfstæðisflokknum. Og gleymum því ekki að það er í raun og veru ótrúlega stutt síðan ýmsir forkólfar Framsóknarflokksins notuðu slagorðið Allt er betra en íhaldið. En það er önnur tíð sem við lifum í dag. Ekki bara að hætt sé að nota slík slagorð heldur virðist sem æ minni munur sé verða á flokkunum. Það er eðlilegt að maður ræði það þegar við ræðum málefni Ríkisútvarpsins því að það var lengi vel eitt af þeim málum sem Framsóknarflokkurinn gat alltaf bent á: Ja, við stoppum nú Ríkisútvarpið, þar vilja þeir einkavæða, sögðu framsóknarmennirnir. Þeir náðu að stoppa það en nú er önnur tíð og nú er leið Sjálfstæðisflokksins gengin. Huggun framsóknarmanna harmi gegn er ein pínulítil setning sem því miður fyrir þá hefur enga skýringu á afstöðu þeirra í málinu. (**Gripið fram í:** Það má lengi ...) Það má ýmislegt gera, hv. þingmaður, það er rétt og spurning hvort ekki liggi ýmislegt að baki akkúrat því að margir hv. þingmenn í Sjálfstæðisflokknum, sem eru ekki jafnhreinskilnir og hv. þm. Pétur Blöndal, hugsi ekki ýmislegt um það hvaða leiðir eru færar inni í framtíðinni þegar búið er að tugta Framsóknarflokkinn til í þessum efnum.

En við höfum alltaf þann möguleika, þjóðin, að stoppa þessa þróun. Við teljum, og ég veit að a.m.k. meiri hluti hv. þingmanna hér í salnum er sammála mér um að nauðsynlegt sé fyrir þjóðina og Ríkisútvarpið að hér verði breyttur stjórnarmeirihluti eftir næstu alþingiskosningar og þá er auðvitað hægt að bjarga því sem bjargað verður í þessum efnum.

Frú forseti. Ég var að fara yfir umsögn Ríkisútvarpsins og var að fjalla um taprekstrinn sem þar hefur verið um allt of langt skeið. Ég var áðan búinn að nefna að margt virtist benda til að það væri að hluta til skipulagt, þ.e. að reyna að svelta stofnunina til hlýðni þannig að hún væri meðfærilegri og þannig væri hægt að tryggja frekar ákveðnu máli farveg. Það hefur heyrst á máli ýmissa þingmanna að það verði að gera breytingar á stofnuninni því að hún lifi ekki mikið lengur svona. Það er hægt að taka undir það. Það er lífsnauðsynlegt fyrir stofnunina að breyting verði á þeirri þróun sem þar hefur verið.

Frú forseti. Ég ætla að halda áfram að vitna í þessa umsögn frá Ríkisútvarpinu og þar sem ég gerði nokkurn útúrdúr á þessari tilvitnun held ég að ég byrji aftur á sömu málsgrein og ég hóf lestur á áðan, með leyfi forseta:

„Þessum taprekstri verður ekki mætt einvörðungu með hagræðingu. Á undanförnum árum hefur Ríkisútvarpinu tekist að hagræða verulega í rekstri enda ítrekað verið farið ofan í rekstur einstakra deilda. Ekki verður séð að hægt sé að ganga mikið lengra á því sviði án þess að skerða þjónustuna. Þá er ýmis kostnaður þess eðlis að litlu verður um hnikað auk þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir því að öllum starfsmönnum verðið boðið starf hjá hinu nýja félagi. Loks ríkir mikil óvissa með ýmsa kostnaðarliði, taprekstrinum verður því einnig að mæta með tekjuaukningu."

Frú forseti. Þetta er auðvitað bara áframhaldandi lýsing á staðreyndum á því hvernig rekstrinn er og að þetta verði ekki leyst öðruvísi en með auknum tekjum. Ég mun síðar í ræðu minni einmitt fjalla um þær leiðir sem rætt er um að fara í tekjuöflun fyrir Ríkisútvarpið hf.

Í umsögn Ríkisútvarpsins, sem ég er nú að vitna í, er rétt að enda á því að tala um það sem segir í umsögninni um eigið fé, en þar segir, með leyfi forseta:

„Það er nauðsynlegt að tryggja hinu nýja félagi eigið fé svo að það þoli sveiflur í rekstrinum og áföll sem alltaf geta komið upp. Hversu hátt eiginfjárhlutfallið á að vera er matsatriði en endurskoðendur stofnunarinnar leggja til 30% eða hærra, samanber meðfylgjandi bréf þeirra dagsett 11. janúar 2006."

Frú forseti. Ég hef nokkuð áður rætt einmitt um þennan þátt og vakti athygli á því að starfsmenn á fundi sínum í hádeginu gerðu það einnig og það af eðlilegum ástæðum. Til þess að ljúka tilvitnunum held ég að ég haldi áfram og fari í það bréf sem vitnað var í í umsögn Ríkisútvarpsins, þ.e. bréf frá endurskoðanda Ríkisútvarpsins, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að auðvitað standi til að reka Ríkisútvarpið með hagnaði í framtíðinni er saga síðustu ára mikill taprekstur og það þrátt fyrir að efnahagslíf hér á landi hafi verið í miklum blóma. Samkeppni er mikil á þeim markaði sem Ríkisútvarpið er á, bókfært eigið fé Ríkisútvarpsins er nú líklega orðið neikvætt."

Frú forseti, það kom fram einmitt í umsögninni áður,

sem er dagsett um mánuði frá þessu bréfi, að þá er bókfært eigið fé orðið neikvætt. En það er varfærni endurskoðendanna sem ræður því að þeir segja „líklega orðið neikvætt" því að þá er væntanlega 11. janúar, sem þetta er ritað, ársreikningi fyrir árið 2005 líklega ekki lokið.

Áfram held ég, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið hefur notið fjárhagslegs trausts vegna þess að það er ríkisstofnun. Ólíklegt verður að teljast að Ríkisútvarpið nyti mikils fjárhagstrausts ef ríkisábyrgðar nyti ekki við."

Að lokum:

„Það er niðurstaða okkar að ekki væri óeðlilegt að Ríkisútvarpið hefði um 30% eiginfjárhlutfall eða jafnvel hærra þegar því verður breytt í hlutafélag."

Frú forseti. Hér liggur fyrir mat endurskoðanda stofnunarinnar. Það liggur fyrir strax 11. janúar 2006. Þrátt fyrir það er, eins og ég hef áður nefnt, búið að upplýsa menntamálanefnd um að í ráðuneytum mennta og fjármála eru menn í viðræðum og skoðunum um það hvernig eigi með þessi mál að fara og það eina sem við höfum fengið er að það verði tryggt að þegar þetta er allt saman frágengið og búið að skrá hlutafélagið og það að taka til starfa þá verði það tryggt að það verði „eðlilegt", eins og það er orðað, „eðlilegt eiginfjárhlutfall".

Frú forseti. Ég hef trú á því að það geti verið nokkuð vandmeðfarið þetta orð „eðlilegt", vegna þess að þarna segja endurskoðendur stofnunarinnar að það þurfi að vera 30%. Á fundi í menntamálanefnd kom hins vegar fram að allt önnur skoðun er uppi í ráðuneytunum. Þar var talað um mun lægri tölu. Mér sýnist að mikil hætta sé í raun og veru á ferðum ef það verður niðurstaðan. Vegna þess að það er augljóst mál að við þær miklu breytingar sem stofnunin er að fara í og miðað við það hvernig staðan hefur verið í stofnuninni, látlaus taprekstur, búið að éta upp allt eigið fé, þá er það alveg ljóst mál að á þessum markaði þar sem tækniþróun er ör, mikill tækjakostur nauðsynlegur, hlýtur að þurfa að koma til töluvert fjármagn ef menn ætla að ná að sigla þessari skútu áfram á þann hátt, sem okkur heyrist að sé vilji mikils meiri hluta Alþingis, að sómi verði að rekstri stofnunarinnar.

Þetta er sem sagt allt á huldu en af einhverjum ástæðum varð það niðurstaða meiri hluta menntamálanefndar að nauðsynlegt væri að ljúka umfjöllun um málið áður en m.a. þessir hlutir lægju fyrir. Þetta er auðvitað sérkennilegt en það er margt sérkennilegt sem við höfum þurft að búa við í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þetta er bara eitt af því.

Frú forseti. Það er fleira sem komið er inn á í ályktun starfsmannafundarins frá því í hádeginu. Það er út af fyrir sig ekki lítill kafli sem þar er minnst á. Því þar segir, með leyfi forseta:

„Það er lágmarkskrafa að réttindi starfsmanna verði tryggð, sérstaklega fullur biðlaunaréttur, aðild allra starfsmanna að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og áframhaldandi aðild starfsmanna að núverandi stéttarfélögum innan Ríkisútvarpsins. Starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa um árabil þolað láglaunastefnu og talið að réttindin, sem eru eign starfsmanna, mundu að einhverju leyti vega upp á móti lágum launum."

Frú forseti. Þetta eru eðlilegar áhyggjur starfsmanna. Það er væntanlega þessi kafli sem verið er að vísa í þegar hér rétt áður, sem ég var búinn að lesa, er spurt um tilganginn, eins og segir hér, með því að setja fólk í vinnu við slíka álitsgjörð, þ.e. að gera umsagnir um frumvörp til menntamálanefndar, koma í heimsókn til nefndarinnar og upplifa síðan, þegar fólk er búið að leggja mikið á sig, að ekkert hefur verið á það hlustað. Ekkert hefur verið á það hlustað. Ekkert mark tekið á því. Það er alvarlegt mál sem hlýtur að koma til skoðunar hér á þinginu, hvort það geti verið að Alþingi sjálft sé að láta fólk sinna slíkri vinnu án þess að nokkur tilgangur sé með því. Að það sé eingöngu verið að sýnast.

Það er einnig athyglisvert að bera saman það sem ég var að lesa nú úr ályktuninni og það sem segir í athugasemdum með frumvarpinu. En þar segir, með leyfi forseta:

„Tryggilega er búið um réttindi núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins, samanber nánar ákvæði til bráðabirgða II."

Frú forseti. Það var augljóst mál að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, talsmaður meiri hluta nefndarinnar hér, trúði þessari setningu. Það var alveg greinilegt að þrátt fyrir að nefndinni hefðu borist mjög ítarleg gögn — og ég hef ákveðið að fara hér aðeins í gegnum eina umsögn af nokkrum umsögnum sem bárust til nefndarinnar varðandi réttindi starfsmanna — var trú meiri hluta nefndarinnar á þessari einu setningu slík að það var alveg sama hvað gestir nefndarinnar sendu nefndinni eða sögðu á fundum nefndarinnar, á það hefur ekkert verið hlustað. Þrátt fyrir að færð hafi verið sterk rök fyrir því að ekki sé verið að tryggja réttindi starfsmanna.

Nú getur það auðvitað verið skoðun meiri hluta Alþingis að það eigi ekki að tryggja réttindi starfsmannanna. En hvernig stendur á að hv. þingmenn hafa ekki dug í sér til að viðurkenna það? Af hverju þennan blekkingarleik? Af hverju er verið að halda einhverju fram sem stenst ekki? Það er athyglisverður kafli einmitt í þessu samhengi hér í umsögn samtakanna BSRB og BHM. Með leyfi forseta vil ég vitna aðeins í það sem stendur framarlega í umsögn þeirra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í landinu eru lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sem ætlað er að gilda við aðstæður sem þessar." — Þ.e. þegar stofnunum ríkisins er breytt í hlutafélög eða þær lagðar niður. — „Það er auðvitað óþolandi að það sé gert aftur og aftur við þessi skilyrði að setja sérstök lög sem taka almennu lögin um ríkisstarfsmenn úr sambandi þegar á þau reynir."

Síðan segir, sem er sérstaklega athyglisvert, frú forseti:

„Ef það er mat þingmanna að réttindi ríkisstarfsmanna séu þannig að þeim þurfi að breyta, á auðvitað að gera það með því að breyta almennu lögunum þannig að þessi ómögulega staða komi ekki upp aftur og aftur. Þá þurfa ríkisstarfsmenn heldur ekki að vera með væntingar um starfsöryggi sem ekki stenst þegar á reynir. Óréttlætið birtist líka í að það gerist oft en ekki alltaf. Svo virðist vera að þegar breytingarnar snerta litlar stofnanir með fáa starfsmenn þá séu almennu lögin látin gilda en þegar sambærilegar breytingar ná til stærri stofnana eru almennu lögin tekin úr sambandi. Þetta er afleit lagaframkvæmd sem ber merki um hentistefnu og óhreinskilni."

Frú forseti. Ekki er annað að heyra en að þetta sé af-

skaplega þörf ábending. Ég skora því á þingmenn meiri hlutans að koma fram með sinn vilja. Það er vissulega skoðun út af fyrir sig að þessi lög eigi hreinlega ekki að gilda en þeir yrðu menn að meiri með því að setja fram skoðanir sínar á því hvernig þeir vilji hafa þetta og koma þá með breytingar við almennu lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það er hinn eðlilegi framgangsmáti. En ekki gera þetta með þessum hætti, þ.e. að taka lögin úr sambandi þegar henta þykir en hafa ekki jafnræðisregluna að leiðarljósi í þessum efnum. Ef það er, eins og segir hér í þessari ályktun, vilji meiri hluta þingmanna að hafa þessi lög öðruvísi þá eiga menn að ganga fram og breyta þeim.

Frú forseti. Ég sagði að í þessum umsögnum væru sterk rök færð fyrir því að réttindin héldu ekki þrátt fyrir það sem sagt væri í athugasemdum með frumvarpinu. Ég held áfram tilvitnunum og er nú kominn hér nokkuð inn í umsögnina þar sem gerðar eru athugasemdir varðandi breytingar á réttarstöðu starfsmanna. En hér segir, með leyfi forseta:

„Árin 1993 og 1996 voru sett hér skýr og einföld lög, þ.e. upplýsinga- og stjórnsýslulög, sem gilda áttu um stjórnsýsluna til að borgurum sé gert kleift að fylgjast með og kynnast athöfnum og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í almenningsþágu. Í stað þess að stofnanirnar taki mið af þessum lögum þá er rekstrarformi þeirra breytt svo þær þurfi ekki lengur að lúta þessum reglum. Af hverju leita stjórnvöld ekki annarra leiða sem tryggi þann sveigjanleika sem stjórnendur telja sig þurfa að sækjast eftir? Með frumvarpinu er verið að færa Ríkisútvarpið hf. undan ákvæðum stjórnsýslulaga, upplýsingalaga, reglum um auglýsingar á lausum störfum, o.s.frv."

Hér er m.a. minnst á það að ekki þarf að auglýsa störf og við sjáum það einmitt í frumvarpinu að m.a. hið valdamikla starf útvarpsstjóra virðist ekki þurfa að auglýsa miðað við textann. Að vísu getur stjórn væntanlega ákveðið að gera slíkt. En hún þarf ekki að gera það til að uppfylla lagatextann. Það eru ekki gerðar kröfur til útvarpsstjóra um þekkingu á ákvæðum sviðum, menntun eða neitt þess háttar, heldur þarf útvarpsstjóri eingöngu að uppfylla sömu skilyrði og stjórnarmenn og út af fyrir sig allt gott um það að segja. En það hlýtur að hafa komið til athugunar að velta þessum möguleika upp og alveg klárlega hefði komið upp umræða um það, ef menntamálanefnd hefði átt einhverja umræðu um innihald frumvarpsins sín á milli. Þá hefði það alveg ábyggilega komið upp og hefði verið hægt að velta fyrir sér hvaða leið væri vænlegust í þeim efnum.

Frú forseti. Í þessari umsögn BSRB og BHM er víða komið við. Hér er m.a. vitnað til svokallaðra aðilaskiptalaga, sem eru nr. 72/2002. Þeir segja hér að samkvæmt þeim lögum eigi Ríkisútvarpið hf. að yfirtaka gildandi ráðningarsamninga með réttindum og skyldum sem þar greinir. Það eru færð hér sterk rök fyrir því að frumvarpið geri ekki ráð fyrir því að eftir þessum lögum sé farið. Eru það þá lög nr. 2 sem sveigt er hjá í þessu frumvarpi. Hvað er nú átt við með því að samkvæmt lögunum eigi að yfirtaka gildandi ráðningarsamninga? Jú. Hér segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Í ráðningarsamningi Ríkisútvarpsins við starfsmenn sína er sérstaklega tekið fram að um réttindi og skyldur starfsmanns fari eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins."

Það er allt svo ákveðinn hluti þar inni í ráðningarsamningnum að eftir þessu skuli farið. Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Jafnframt er tilgreint í ráðningarsamningi í hvaða deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfsmaður greiðir. Er það álit BSRB og BHM að þessi réttindi eigi að fylgja starfsmönnum til Ríkisútvarpsins hf. eins og skýrt er samkvæmt aðilaskiptalögunum" — þ.e. 3. gr. þeirra laga. „Hins vegar virðist sem frumvarpshöfundar séu ekki að fylgja aðilaskiptalögunum að öllu leyti."

Þannig að það virðist vera ljóst, og kemur fram hér síðar, að ekki er að öllu leyti verið að taka upp það sem segir í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Næsti kafli í þessari umsögn fjallar sérstaklega um eitt atriði, sem er biðlaunarétturinn. Það er nákvæmlega það ákvæði til bráðabirgða sem vitnað var til í greinargerð með frumvarpinu, þ.e. þar sem fullyrt var að tryggilega sé búið um réttindi núverandi starfsmanna, samanber ákvæði til bráðabirgða II. Hér segir, með leyfi forseta:

„Í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu segir að um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996. Þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2008. Í athugasemdum frumvarpsins um ákvæði til bráðabirgða II er nánar skýrt hvað átt er við með þessu. Segir þar að meginreglan sé sú að réttur til biðlauna flyst ekki til hlutafélagsins. Hins vegar sé gerð sú undanþága frá meginreglunni að biðlaunarétturinn flyst til hlutafélagsins til 31. desember 2008. Þessi tilhögun er rökstudd með því að miklar skipulagsbreytingar séu fram undan hjá Ríkisútvarpinu hf. sem flestar verði komnar fram fyrir árslok 2008. Þeir sem eiga biðlaunarétt og missa starf sitt vegna niðurlagningar stöðu fyrir 31. desember 2008 munu ekki njóta þeirra réttinda samkvæmt frumvarpinu."

Þannig að lokadagurinn er 31. desember 2008. Ef einhver störf eru lögð niður eftir það er þessi biðlaunaréttur horfinn. Svo segir hér áfram, með leyfi forseta:

„Ef það er mat löggjafans að verið sé að bjóða sambærilegt starf hjá Ríkisútvarpinu hf. og hjá Ríkisútvarpinu, eiga öll réttindi að fylgja við ráðningu, þar með talin biðlaunaréttindi, samanber aðilaskiptalögin."

Frú forseti. Ég verð að segja að þetta getur varla verið miklu skýrara. Ef störf eru fyllilega sambærileg hlýtur auðvitað allt að fylgja nema frá því sé gengið með samningum að eitthvað annað komi á móti einhverju. En svo virðist ekki vera í þessu. En áfram er haldið og þetta er á margan hátt býsna fróðleg lesning þegar allt er samantekið, með leyfi forseta:

„Með því að fella niður biðlaunarétt eftir 31. desember 2008 er að mati BSRB og BHM verið að skerða réttindi þeirra starfsmanna Ríkisútvarpinu sem njóta biðlaunaréttar."

Þetta virðist vera nokkuð ljóst. Þannig er það auðvitað ef fólk hefur biðlaunarétt í dag, hefur haldið biðlaunarétti sínum til 31. desember 2008, en falli hann brott þá er augljóslega verið að skerða réttindin. Ég verð að segja alveg eins og er að það hefði verið miklu hreinlegra að segja það í greinargerðinni að það væri verið að skerða réttindi, t.d.

biðlaunarétt, en þó ekki fyrr en 31. desember 2008. Það væri aðlögunin sem gefin væri. Þessi feluleikur er eiginlega alveg óskiljanlegur, að það sé verið að reyna að blekkja á einhvern hátt. Svo vel hefur það gengið að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, lögfræðingurinn sjálfur, hefur algerlega kokgleypt þetta og heldur þessu látlaust og stöðugt fram þrátt fyrir að þessi umsögn hafi borist nefndinni, þrátt fyrir það að fulltrúar þessara samtaka hafi setið fund hjá nefndinni og farið yfir málið mjög greinilega og skýrt. Ekkert dugar. Það sem segir í greinargerðinni, það sem sagt hefur verið á einhverjum meirihlutafundum, eða þar sem ákvörðun hefur verið tekið í málinu, það skal standa. Alveg sama hvað fram kemur.

Er að furða að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafi á fundi í hádeginu í dag orðið hvumsa yfir því að fólk hafi verið kallað í alls konar vinnu, látið skila pappírum og það kallað á fundi en svo sé ekkert eftir því farið. Það er ekki skrýtið þótt fólk sé hissa á þessu.

Áfram er haldið, frú forseti, og kemur nú mjög athyglisverður kafli. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þar sem starfsmenn njóta ekki lengur ýmissa réttinda sem fylgdu starfi þeirra sem ríkisstarfsmenn er ekki um að ræða sambærilegt starf hjá RÚV hf. Eiga þeir starfsmenn sem hafna starfi hjá félaginu því rétt á biðlaunum hafi þeir verið ráðnir fyrir 1. júlí 1996, samanber 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um réttindi og skyldur. Þegar Flugstöð Leifs Eiríkssonar var hlutafélagavædd fengu þeir starfsmenn sem höfnuðu starfi hjá félaginu biðlaun. BSRB og BHM leggja áherslu á að sama þurfi að tryggja fyrir starfsmenn RÚV sem ákveða að taka ekki starfi hjá RÚV hf."

Þetta er auðvitað býsna mikilvægt. Þegar við höfum kynnt okkur hvað gerst hefur í þessu hefur komið í ljós að unnið var í samkomulagi við aðila og lögð í það gífurleg vinna. Það er voðalega sérkennilegt að ekki skuli hægt, þegar menn ganga þessa leið, að tryggja bætur fyrir það sem tekið er af fólki. En meðan menn viðurkenna ekki að réttindi séu skert er auðvitað ekki von á að neitt slíkt sé í boði. Það er kannski alvarlegast í þessu að skerðingin skuli ekki viðurkennd.

Upptalningunni í þessari umsögn um skerðingu á réttindum er ekki lokið. Nú er komið að því að líta á hvernig þetta snýr að fólki í hinni svokölluðu B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Hér segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu segir að starfsmaður RÚV sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfrest í hálft starf eða meira geti ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann láti af því starfi."

Það er sjónarmið út af fyrir sig, að þetta eigi að vera svona, en það sem vekur athygli er að hér er jafnræðisreglan ekki viðhöfð. Hér segir áfram, með leyfi forseta:

„BSRB og BHM benda á það ójafnræði sem ákvæðið til bráðabirgða hefur í för með sér þar sem jafnræðisreglu er ekki gætt. Fjölmörg dæmi eru um fyrrverandi starfsmenn ríkisins sem eru í dag í starfi samhliða töku lífeyris. T.d. á það við um starfsmenn Póstsins og Símans sem er mjög stór hópur starfsmanna."

Hér er því gert upp á milli starfsmanna eftir stofnunum. En það eru engin rök færð fyrir þeirri tilhögun. Það er erfitt að trúa því að þeir sem að þessu frumvarpi standa viti ekki hvað þeir eru að gera. Það hvarflar auðvitað stundum að manni að þannig sé það. Svo björt eru augun í hv. þingmönnum þegar þeir koma í þennan ræðustól og fullyrða allt annað en hér er sagt. Það virðist a.m.k. svo að hv. þingmenn trúi því að öll réttindi séu tryggð og engin réttindi skert. Það er slæmt og væri auðvitað eðlilegra að sömu þingmenn segðu: Okkar mat er að það eigi að skerða réttindin á þennan hátt. Þeir ættu að færa rök fyrir því af hverju þeir vilja það í stað þess að fara í feluleik og halda því fram að réttindin séu ekki skert þegar við blasir að svo er.

Þetta átti við um starfsmenn sem greiða í svokallaða B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hvernig horfir málið við hinum, sem borga í A-deildina? Áfram segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Hver er réttarstaða starfsmanna sem greiða til A-deildar LSR í dag og nýrra starfsmanna samkvæmt frumvarpi um RÚV hf.?

Mun verða tryggt að starfsmenn geti áfram verið í LSR? Möguleikar starfsmanns sem greiðir í A-deild LSR til áframhaldandi aðildar að LSR er háð nokkrum skilyrðum. Sé ekki gengið tryggilega frá því í lagafrumvarpinu yrði aðildin háð samþykki RÚV hf. og að hlutafélagið tæki á sig þær skuldbindingar sem henni fylgja."

Frú forseti. Staðan er sú að þar sem ekkert er tryggt í frumvarpinu er það algjörlega undir fyrirtækinu komið, hlutafélaginu Ríkisútvarpinu hf., hvort það samþykki að starfsmenn fái að halda áfram að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þá verður hlutafélagið að taka á sig þær skuldbindingar sem því fylgja. Það liggur ekkert fyrir um hvort svo verður. Það verður eiginlega að segjast eins og er, að það er eiginlega lágmarkskrafa til hv. þingmanna sem tjá sig um þetta mál af hálfu meiri hlutans að þeir svari því að tryggt verði að þannig verði frá málum gengið. Í raun væri það lágmark að hæstv. fjármálaráðherra eða hæstv. menntamálaráðherra, helst báðir, fullyrti að þannig yrði frá málum gengið með samningum, að þessi réttindi verði ekki tekin af fólki. Það væri a.m.k. í samræmi við það sem sagt er í greinargerðinni, að ekkert muni eiga sér stað af því sem ég hef farið yfir í umsögn BSRB og BHM. Það blasir við að þessi samtök hafa fylgst með málinu og vita gjörla hvað er á ferðinni.

Það er afar sérkennilegt að ekki hafi verið betur yfir þessi mál farið með þessum samtökum til að athuga hvaða enda þarf að hnýta til að tryggja ákveðin réttindi, og síðan væri bara klárt að einhver önnur réttindi ætti að skerða. Þá væri hugsanlega hægt að semja um einhverjar bætur fyrir það. En það virðist ekki opnað fyrir slíka samninga og trúarsetningunni er haldið á lofti, að ekki sé verið að skerða nokkurn skapaðan hlut og allt sé tryggt. Sumir hv. þingmenn hafa jafnvel haldið því fram að allt sé betur tryggt en nokkru sinni fyrr. Svo mikil virðist trú einstakra þingmanna geta verið að þeir trúi þessu fullkomlega.

Það kemur fleira fram í umsögnum um málið sem ég ætla að láta liggja á milli hluta, a.m.k. að þessu sinni. En ég tel að í umsögnum og því sem ég hef fjallað um í framhaldi af því hafi verið sýnt afar glögglega fram á að réttindi

starfsmanna haldi ekki fyllilega. Því miður hafa engin rök verið færð fyrir því af hálfu meiri hlutans. En því er haldið fram í greinargerð með frumvarpinu. Þetta er eitt af því sem órætt var í menntamálanefnd þegar tekin var vinkilbeygja og ákveðið að nú væri tíminn á þrotum sem hægt væri að gefa sér til umfjöllunar um málið.

Frú forseti. Ég hef í ræðu minni vitnað í ályktun frá starfsmannafundi Ríkisútvarpsins frá því í hádeginu í dag. Ég hef nýtt mér tilvitnanir í hana til að taka fyrir þau mál sem þar er á minnst. Ég er eiginlega kominn að lokum þessarar ályktunar. En þar segir, með leyfi forseta:

„Eitt það versta sem fyrir getur komið er áframhaldandi óvissa næstu árin, af því að ný lög hafi ekki verið nóg vel úr garði gerð. Starfsmenn skora á Alþingi að eyða óvissu um stofnunina með skiljanlegum lögum sem duga."

Frú forseti. Þetta er meginatriðið í öllu þessu máli. Ég hef fjallað um málið en vil verja í það örfáum orðum nú. Það hefur auðvitað verið vakin athygli á því að töluvert magn af hugmyndum um vinnubrögð liggur fyrir, hugmyndum um hvernig við getum mótað framtíðarsýn fyrir Ríkisútvarpið. Það hefur m.a. komið fram að allir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lagt fram gögn um það á Alþingi.

Við í Samfylkingunni höfum lagt fram tillögu til þingsályktunar um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp. Þar er mikið af gögnum og hugmyndum. Við höfum hins vegar ekki lokað okkur inni í einu eða neinu í þeim efnum. Við höfum litið svo á að svo mikilvæg væri stofnunin að það væri nauðsynlegt að reyna að mynda sem mesta samstöðu um hvernig við tækjum á þessu mikla verkefni. Það hefur mjög lengi legið fyrir að við værum reiðubúin í slíka vinnu með öðrum stjórnmálaflokkum til að freista þess að ná þannig utan um stofnunina. Því miður, frú forseti, hefur því algjörlega verið hafnað af hálfu ríkisstjórnarmeirihlutans og engin skýring fengist á því hvernig á því stendur. Hvað veldur hinni undarlegu vegferð stjórnarmeirihlutans í þessu máli? Þrátt fyrir að hafa rekist á stóran og mikinn vegg í fjölmiðlafrumvarpinu, hafa lært af því máli, þá skortir að því er virðist yfirfærsluhæfileikann, til að færa það yfir á önnur mál, þótt málið tengist meira að segja fjölmiðlum eins og þetta mál. En ég hef áður um það fjallað og ætla ekki að orðlengja það.

Það eru fleiri þættir sem mætti koma að og ég ætla a.m.k. að fara yfir einn enn. Ég nefndi fyrr í ræðu minni að tekjustofnar fyrirtækisins væru býsna mikilvægir. Ég verð að segja eins og er, að því miður sýnist mér stjórnarmeirihlutinn hafa valið afar óheppilega leið, svo ekki sé meira sagt, með þeim tekjustofnum sem fyrirtækinu eru ætlaðir. Meiri hlutinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að nefskatturinn væri allra meina bót í þessum efnum. Það er eiginlega með ólíkindum hvernig sú niðurstaða fékkst. Í greinargerð er reyndar vitnað í starfshóp sem skoðaði þetta og benti á nokkrar leiðir. Hún nefndi reyndar þessa leið en ýmsa fleiri möguleika. Það er ljóst að auðvitað koma mun fleiri möguleikar til greina. Ég verð að segja eins og er, að mér sýnast flestar leiðirnar vænlegri en sú sem valin hefur verið.

Frú forseti. Um þetta var heldur ekki hægt að gefa sér tíma í menntamálanefnd til að ræða, um hvaða leiðir væru vænlegastar til tekjuöflunar. Það er athyglisvert í þessu samhengi að skoða umsögn ríkisskattstjóraembættisins um nefskattinn. Maður hefði ætlað að þegar unnið væri að slíku frumvarpi þá væri þekkingar leitað þar sem hana er helst að finna. Þegar menn velta fyrir sér sköttum er ekki óeðlilegt að leita til ríkisskattstjóraembættisins og athuga kostina. Ég verð að segja að ég hef ekki í langa tíð séð jafnhressilega jarðarför á einni hugmynd. Ég tala nú ekki um þegar það er í umsögn ríkisskattstjóraembættisins þegar kemur að sérsviði stofnunarinnar. Það má segja að í þessari umsögn sé í raun og veru gengið frá þessari hugmynd. Það er eiginlega með ólíkindum að þrátt fyrir að þetta hafi legið í menntamálanefnd skuli ekkert hafa verið á það hlustað og ekki hreyfður litli fingur til að leita annarra leiða. En það er væntanlega vegna þess sem kemur fram í ályktun sem ég hef nokkrum sinnum vitnað til, frá því í hádeginu, að upplifun fólks sem sendir inn umsagnir, a.m.k. til menntamálanefndar í þessu máli, er sú að á það sé ekkert hlustað og ekkert eftir því farið.

Frú forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt vegna þess að þessi umsögn er á margan hátt býsna merkileg og eins og ég sagði kemur frá ríkisskattstjóraembættinu þar sem við skulum nú ætla að sé fyrir hendi allveruleg þekking á sköttum.

Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Helsti ókostur nefskatts er að hann tekur ekki tillit til greiðslugetu og er íþyngjandi fyrir tekjulága, þ.e. að þeir greiða hærra hlutfall tekna sinna í skattinn en þeir sem hærri hafa tekjurnar. Af þessum ástæðum er sjaldgæft að nefskattar séu lagðir á, ..."

Frú forseti. Í raun og veru hefði þessi litli hluti eða þessar þrjár setningar átt að duga meiri hlutanum til þess a.m.k. að velta málinu fyrir sér. Nei, nei, það var greinilegt að einhvers staðar annars staðar var búið að taka ákvarðanir vegna þess að þá reynslu hef ég af þeim hv. þingmönnum sem sitja í menntamálanefnd að þeir hafa alveg örugglega allir áttað sig á því hvað hér var á ferðinni en hafa því miður ekki ráðið för.

Frú forseti. Hér er líka til upprifjunar og fróðleiks í þessari ágætu umsögn ríkisskattstjóraembættisins farið yfir ýmis mál sem eru fróðleg og lýsandi fyrir svona undarlegar hugmyndir eins og nefskatt.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Fyrr á öldum voru nefskattar algengir en eru að mestu horfnir í dag. Tvö þekkt dæma úr skattasögunni eru annars vegar skattur sem Ríkharður II. Englandskonungur lagði á 1380 til að fjármagna stríðið við Frakkland. Skattur þessi leiddi til bændauppreisnarinnar 1381. Hins vegar er tilraun á síðari tímum til að leggja á verulegan nefskatt þegar stjórn Margrétar Thatcher í Englandi lét lögleiða nefskatt í stað nokkurs konar fasteignagjalda til að fjármagna starfsemi sveitarfélaga."

Frú forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að gera örstutt hlé hér á upplestrinum úr þessari merku umsögn vegna þess að allt í einu þegar ég les þetta dettur mér í hug, svo sérkennilegt sem það nú er, að ýmsir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa haft alveg sérstakt dálæti á Margréti Thatcher. Það skyldi þó ekki vera að það væri skýringin á nefskattinum að Margrét Thatcher sjálf hafi notað þessa aðferð og þá hafa sumir trúbræður hennar talið að það væri sjálfgert að nota nefskatt. Fyrst að frú Margrét Thatcher

gerði það hljóti að vera hægt að gera það hér. (Gripið fram í.) Að vísu, hv. þingmaður, er þetta talinn hluti af skýringunni á því að hún missti völdin en svo mikil getur hrifningin, hv. þingmaður, verið á einstökum stjórnmálaleiðtogum að bara það að eitthvað hafi verið gert séu næg rök til þess að þá sé óhætt að gera það aftur. Telja þá væntanlega ýmsir hv. þingmenn úr þessum hópi að nú séu aðstæður á Íslandi *kannski eitthvað örlítið öðruvísi en voru í* Bretlandi á þessum tíma og geta hugsanlega huggað sig við að þessi nefskattur þeirra er ekki alveg jafn hár og nefskattur Thatcher og þeir hugsa þá kannski að afleiðingarnar verði ekki eins miklar. En lykilatriðið er þetta: Hann er alveg jafnóréttlátur og hjá Margréti Thatcher en þetta er stefna sumra hv. þingmanna í Sjálfstæðisflokknum. Það er ekkert verið að velta fyrir sér réttlæti í skattheimtu á þeim bæ. Við höfum ekki orðið vör við það í þessum sölum. Nei, það er vaðið fram með hverja svokallaða skattalækkun af annarri. og hvaða skattalækkanir eru þetta? Jú, fyrir sérvalinn hóp sem þessir ágætu hv. þingmenn hafa alveg sérstakt dálæti á. Þá er þeim alveg sama þótt skattar hækki hjá öllum öðrum. Þeir mæta aftur og aftur og tilkynna að skattar hafi verið lækkaðir af því að þeir voru lækkaðir hjá þessum tilgreinda hópi.

Þannig er það í raun og veru með þennan nefskatt líka. Þegar hann er farinn þá er í raun og veru hægt að horfa á það þannig að verið sé að lækka skatta hjá þeim tekjuhæstu vegna þess að ef þetta væri gert eftir ýmsum öðrum leiðum sem tækju mið af tekjum t.d. þá *mundu hinir tekjuhærri* borga hærra hlutfall en hinir tekjulægri og jafnvel mundu þeir tekjulægstu þá ekki borga neitt.

En þessi skattur, nefskattur, er í anda Thatcher og er í anda þar af leiðandi ríkisstjórnarinnar og við, hv. þingmenn, eigum kannski ekkert að vera mjög hissa á því að þessi ríkisstjórn fari þessa leið. Þetta er í anda ríkisstjórnarinnar. Réttlæti eða jöfnuður í gegnum skattkerfið er eitthvað sem þeir hafa algjörlega litið fram hjá. Að því leytinu til er þetta líklega eðlileg niðurstaða.

Frú forseti. Höldum aðeins áfram með sögu frú Thatcher í Englandi:

„Skattinum var komið á 1989–1990. Skattur þessi mætti mikilli andstöðu, milljónir manna neituðu að borga hann og náðu mótmælin hámarki sínu með óeirðum á Trafalgar Square í lok mars 1990. Andstaða innan Íhaldsflokksins leiddi m.a. til þess að Margaret Thatcher sagði af sér um haustið. Arftakar hennar lækkuðu skattinn og afnámu hann frá og með 1994."

Frú forseti. Þetta var sögulegt yfirlit frá ríkisskattstjóraembættinu um nefskatt og hefði nú einhver haldið að þetta gæti dugað en því er ekki svo fyrir að fara. Það er hægt að vitna miklum mun meira og ég ætla að vitna örlítið meira reyndar í þessa ágætu umsögn og held nú áfram, með leyfi forseta:

„Eins og að framan segir er einn helsti galli við nefskatt tengslaleysi hans við gjaldþol manna. Í fyrirliggjandi tilviki er brugðist við því með því að undanþiggja hina tekjulægstu gjaldinu. Ennfremur eru þeir sem komnir eru yfir tiltekinn aldur undanþegnir. Frítekjumörkum fyrir fast krónugjald fylgja ákveðin vandamál vegna þeirra sem eru sitt hvoru megin næst mörkunum, sem vakið getur spurningu um jafnræði. Sama á við þegar litið er til mismunandi skattlagningar hjóna eftir því hvort annað eða bæði eru ofan markanna. Þá eru skattfrelsismörk samkvæmt frumvarpinu með þeim annmarka að eingöngu er miðað við almennar tekjur, þ.e. launatekjur o.þ.h. en ekki fjármagnstekjur. Allstór hópur manna hefur miklar tekjur af eignum en lágar launatekjur og yrði samkvæmt þessu undanþeginn gjaldinu."

Frú forseti. Er *nema von* að maður velti enn fyrir sér réttlætinu? Auðvitað á maður ekki að láta þetta koma sér á óvart. Þetta er í anda skattstefnu ríkisstjórnarinnar. Þarna er bent á það svart á hvítu að stóreignamenn sem hafa miklar fjármagnstekjur en litlar launatekjur, nei, þeir þurfa ekki að borga nefskattinn. Þeir eru í þessum hópi sem ríkisstjórnin er alltaf að fjalla um sem lækkaðir hafa verið skattarnir á og það á auðvitað að halda áfram á sömu braut.

Áfram, frú forseti, með umsögn ríkisskattstjóraembættisins. Er nú fram haldið, með leyfi forseta:

„Fyrir aldursmörkunum eru hins vegar engin rök færð fram. Tekjulágir aldraðir yrðu þá þegar undanþegnir vegna lágra tekna en aldursmörkin leiða til þess að tekjuháir aldraðir yrðu undanþegnir á meðan mun tekjulægri yngri skattaðilar bæru skattinn."

Þegar við því meira að segja skoðum það sem er verið að gera tilraun til að sýna eitthvert örlítið réttæti þá eru líka slíkir gallar á því að þeir blasa við og æpa framan í okkur. Það er líka hægt að benda á og þarna bendir ríkisskattstjóraembættið *einmitt á muninn á hinum yngri og eldri burt séð* frá tekjum. En það sem mun líklega verða stærsti vandinn í þessu er að þetta á að ná alveg niður í 16 ára börn. Við höfum lög um það að einstaklingar eru börn fram að 18 ára aldri, eru ekki sjálfráða fyrr. Þrátt fyrir það eiga þau að borga nefskattinn. Þeim fjölskyldum sem eru með unglinga á þeim aldri er íþyngt verulega. Skattleysismörkin eru í þessu tilfelli með þeim hætti að manni sýnist að velflestir unglingar á þessum aldri sem hafa atvinnu muni þurfa að borga.

Áfram er haldið, með leyfi forseta, í umsögn ríkisskattstjóraembættisins:

„Frá skattalegu sjónarmiði hefur nefskattur á einstaklinga fáa kosti en marga galla. Helstu rökin með honum eru framkvæmdalegs eðlis, þ.e.a.s. hann er einfaldur í framkvæmd og auðveldur í eftirliti."

Þetta hafa verið, frú forseti, helstu rök stjórnarmeirihlutans. Hér sé um að ræða einfalt mál í framkvæmd og ódýrt. Það hins vegar kemur í ljós hjá ríkisskattstjóraembættinu að þetta er ekki alveg svona einfalt. Það eru á þessu ýmsar flækjur og augljóst mál að það mun kalla á einhvern kostnað meira að segja að innheimta hann af þeirri einföldu ástæðu að ýmsir þurfa að borga hann sem eru ekki annars í innheimtu hjá embættinu.

Þeir segja hér, svo ég hafi bara þessa tilvitnun stutta, með leyfi forseta:

„Mun það hafa í för með sér að einhverja aukningu innheimtuumsvifa og innheimtukostnaðar."

Þetta verður því ekki alveg ókeypis eins og fram hefur verið haldið en eru þó þeir einu kostir sem til staðar eru.

Niðurlag umsagnar ríkisskattstjóra er býsna slungið en um leið mjög skýrt vegna þess að hér segir, með leyfi forseta:

„Með vísan til alls framangreinds verður ekki hjá því komist að draga í efa að sú tillaga frumvarpsins að afla Ríkisútvarpinu tekna með álagningu nefskatts sé heppileg."

Ekki verður hjá því komist að draga í efa að hún sé heppileg. Þetta er auðvitað kurteisislegt orðalag embættismanna og ber að taka það sem slíkt en textinn sem ég hef verið að vitna til segir okkur ósköp einfaldlega að þetta er afar óheppileg leið og er þá vægt til orða tekið. Eins og ég sagði áðan og endurtek hér held ég að í einhverjum flýti eða í þeim vanda að ná saman innan einhvers hóps, sem við í stjórnarandstöðunni vitum ekkert hver var, hafi hugsanlega þessi niðurstaða fengist af þeirri einföldu ástæðu að menn gátu ekki náð saman um einhverjar aðrar leiðir. Þá hafi þessi leið verið þannig að allir aðilar hafi verið mátulega mikið á móti henni þannig að menn gætu sæst á hana þannig að enginn hafi orðið sigurvegari í þeirri deilu. Miðað við niðurstöðuna er ekki annað að sjá en í raun og veru hafi allir tapað því að leiðin er ein sú slakasta sem hægt var að fara.

Þetta er líka sérkennilegt í ljósi þess að gerð hefur verið viðhorfskönnun meðal þjóðarinnar um þessi mál vegna þess að við vitum að lengi hefur verið deilt um hin svokölluðu afnotagjöld sem hafa verið lýði og eru við lýði mjög víða um heim. Það er nauðsynlegt þegar maður segir að þetta hafi verið ein óheppilegasta leiðin sem valin var að fara aðeins yfir hvaða leiðir voru hugsanlega í þessu. Það hefðu verið eðlileg vinnubrögð í menntamálanefndinni að þar hefði verið farið yfir þessa möguleika og vegnir og metnir kostir og gallar. En því miður var ekki gefinn tími til þess þannig að ég verð að fara stuttlega yfir þá möguleika sem blasa hvað best við. Ég útiloka þó að ekki að þeir séu miklum mun fleiri og þeir eru auðvitað miklum mun fleiri en það er nauðsynlegt að þeir komi hér fram.

Ég nefndi að gerð hefði verið viðhorfskönnun af IMG Gallup fyrir Ríkisútvarpið árið 2002 og þar kom í ljós að 41% aðspurðra vildu að Ríkisútvarpið yrði fjármagnað með beinum framlögum úr ríkissjóði. Væntanlega þá á fjárlögum með þjónustusamningi til einhverra ára eins og við höfum nokkur dæmi um. Það var ekkert verið að fara neinar flóknar leiðir í því heldur bara að ákveðið framlag rynni til stofnunarinnar. Þá væri eðlilegt að í þeim þjónustusamningi væri skilgreint nákvæmlega hvaða þjónustu væri verið að kaupa af stofnuninni og hún ætti að sinna. Þetta er auðvitað leið sem á margan hátt er örugglega ein sú einfaldasta. En auðvitað hafa menn á henni skiptar skoðanir eins og hérna sést. En það var þó stærsti hópurinn, 41%, sem taldi sig vilja fara þessa leið. 33% voru með afnotagjöldum einstaklinga 18 ára og eldri. 33%. Og 26% með nefskatti. Þegar þessar þrjár leiðir eru bornar saman kemur í ljós að nefskatturinn er óvinsælastur af þessu. Trúi ég þó að allir hafi gert ráð fyrir að það væri miðað við 18 ára aldur þegar hann yrði innheimtur og síðan auðvitað ýmsir möguleikar, að minnsta kosti, eins og í afnotagjöldunum að afsláttur yrði hjá öryrkjum og eldri borgurum.

Aðrar leiðir eru til staðar. Ef ég fer stuttlega yfir helstu möguleikana í þessu getum við sagt að afnotagjöldin eru kerfi sem hefur verið lengi við lýði en hefur verið mjög umdeild leið á margan hátt. Kostirnar eru auðvitað þeir að þetta er öruggur tekjustofn og hann veitir Ríkisútvarpinu ákveðið sjálfstæði. Það er engin spurning um það. Samt sem áður er sjálfstæðið ekki meira en að Ríkisútvarpið hefur alltaf þurft að sækja um hækkun til að láta afnotagjöldin halda í við verðlag o.s.frv. Það hefur gengið misjafnlega. Því það hefur ekkert verið neitt sjálfvirkt í því. Auðvitað væri hægt að hugsa sér einhverja viðmiðun þannig að sjálfstæðið væri mun meira hjá stofnuninni ef sú leið væri farin. En gallarnir eru þeir m.a. að innheimtukostnaður er töluverður, hefur verið eitthvað kringum tæpar 80 millj. á ári. Innheimtuaðferðir hafa verið umdeildar. Það hefur verið leitað að tækjum og svona. Þetta hefur þótt frekar hvimleitt. Fyrirtæki hafa sloppið nokkuð vel frá þessu gjaldi þannig að það hefur verið umdeilt líka. Síðan það sem ég nefndi áðan að þetta hefur ekki fylgt verðlagi. Það er galli fyrir stofnunina þannig að þetta hefur rýrnað verulega á ákveðnum tímum. Þessu til viðbótar má reyndar vekja athygli á að þó afnotagjöldin hefðu fylgt verðlagi, sem þau hafa sem sagt ekki gert, virðist margt benda til að kostnaður í svona stofnun eins og Ríkisútvarpinu hafi vaxið jafnvel meira en verðlagsþróun af ýmsum ástæðum. Það er þannig auðvitað hluti af göllunum þegar þörfunum er ekki mætt.

Ég sagði áðan að þessi aðferð væri notuð mjög víða um lönd og hefur á margan hátt reynst býsna vel. En það sem sker okkur úr við flestar og líklega allar aðrar þjóðir er að afnotagjöldin hjá okkur hafa verið miklum mun hærri en annars staðar. Bretland er þekktast fyrir afnotagjaldið. Þar er þetta að því er ég best veit ekki mjög umdeildur tekjustofn og jafnvel alls ekki umdeildur. En þar er gjaldið um helmingi lægra en hjá okkur þannig að ekki verður eins vart við það. Annars staðar á Norðurlöndunum er þetta líka mun lægra en hér. Þetta sem sagt hefur verið notað og þetta er eitthvað sem hefði verið eðlilegt að menntamálanefnd hefði skoðað hvort ætti að halda áfram eða ekki.

Um nefskattinn hef ég fjallað og hann hefur þennan kost að vera skilvirkur og til þess að gera einfaldur og ódýr í innheimtu. En gallarnir eru verulegir eins og bent hefur verið á og ekki síst á að ekki er gerður greinarmunur á greiðslugetu þeirra sem borga þurfa. Þetta getur lagst afskaplega misjafnlega á fjölskyldur, t.d. þar sem unglingar eru á heimili.

Ein leið hefur verið nefnd líka sem er einhvers konar fasteignaskattur þar sem lagt er gjald á fasteign. Þar eru kostirnir þeir að það gjald gæti verið mun lægra en bæði afnotagjaldið og nefskatturinn því það eru fleiri sem mundu greiða og þetta mundi leggjast jafnar á fólk og fyrirtæki, lögaðila. Gallarnir eru líklega helstir þeir að fasteignaskatturinn er ekki vinsæll skattur. Það er ekki heldur heppilegt að ríki og sveitarfélög séu að leggja á sambærilegan skatt. Það hefur ekki verið. En kosturinn er sem sagt sá að grunnurinn er alveg klár. Upphæðin mundi dreifast betur á einstaklinga og fyrirtæki. Það yrði minna sem hver og einn mundi greiða þannig að það virðist benda til að vera mun jafnari leið en nefskatturinn og hefur þó alla kosti nefskattsins virðist vera. Síðan væri hægt að fara tekjuskattsleiðina svokölluðu, þ.e. taka ákveðið hlutfall af tekjuskatti einstaklinga og lögaðila sem rynni þá til Ríkisútvarpsins. Það væri til þess að gera einfalt að gera þetta. Bara ákveðið hlutfall sem mundi renna til Ríkisútvarpsins og það væri hægt að hafa það þess vegna fast og síðan mundi það hækka í takt

við að tekjuskattsstofninn mundi vaxa með auknum hagvexti t.d. Þarna væri ákveðin tenging og töluvert frjálsræði til handa stofnuninni. Hún væri ekki eins háð ákvörðunum hér á þingi þó það væri þannig að alltaf væri hægt að breyta þessari prósentu. Hún væri í lögum og það væri hægt að taka það hvenær sem er. Að því leytinu til væri þetta svipað og er með afnotagjaldið. Það er hægt að hoppa með það fram og til baka.

Ég nefndi líka, og það var það sem var niðustaðan í Gallup-könnuninni, fjármögnun á fjárlögum. Það er ljóst að það er líklega einfaldasta leiðin, þ.e. að gerður yrði þjónustusamningur við Ríkisútvarpið, eins og gert er við ýmsar aðrar stofnanir, til einhverra ára í senn og fjárhæðin þar með tilgreind. Stærsti gallinn við þetta er sá að þetta þyrfti ætíð að fara í gegnum bæði ríkisstjórnarmeirihluta og Alþingi og það væri hægt að krukka í þetta.

Þetta eru sem sagt nokkrir þeir möguleikar sem fyrir liggja en verður að segjast eins og er að því miður var ekki gefinn tími til að fjalla um í menntamálanefndinni. Það er alveg klárlega þannig að með því að fara ítarlega yfir þessar leiðir þá er þetta dæmi um það sem varla er hægt að trúa, að menn skiptist í stjórnmálaflokka eftir því hvaða leið er farin. Hér hefði átt að vera verið hægt að taka þessi mál fyrir á skipulegan hátt, komast að því hvar réttlætinu væri best fyrir komið, annars vegar gagnvart stofnuninni og hins vegar gagnvart greiðendum og velja þá leið sem vænlegust þætti eftir að búið væri að fara yfir slíkt.

Frú forseti. Það er eiginlega nauðsynlegt og kemur alltaf upp í hugann með reglulegu millibili hvernig á því stendur að ekki var vilji til að leita eftir að ná samstöðu um mál þessarar stofnunar. Ég hef sagt það nokkrum sinnum áður í ræðu minni að ég átta mig ekki á því enn þá hvernig á því stendur. En vonast eftir að við fáum skýringar á því í þessari umræðu.

Hv. þm. Mörður Árnason fór yfir nefndarálit okkar í minni hluta menntamálanefndar og gerði það með þeim hætti óþarfi er að fara yfir það nokkuð frekar. Þar er komið inn á öll þau mál sem skipta hvað mestu máli og vakin athygli á því sama og kom m.a. fram á starfsmannafundinum í hádeginu hjá Ríkisútvarpinu að það er því miður stórhætta á að því ástandi sem ríkt hefur hjá stofnuninni linni ekki með samþykkt þessa frumvarps. Það verði áfram þessi mikla óvissa um framtíð stofnunarinnar. Það blasir við og kemur fram í áliti okkar í minni hlutanum að ljóst sé að það þurfi innan skamms að taka lagarammann upp til endurskoðunar til að tryggja að samstaða og friður sé um öflugt og sjálfstætt almannaúvarp. Þetta er stærsta málið í þessu. Þetta er verkefni sem ríkisstjórn á hverjum tíma hefur þegar verið er að fjalla um stofnanir eins og Ríkisútvarpið. Það er sorglegt að ríkisstjórn gefist upp við verkefni sín eins og kemur fram augljóslega í þessu máli. Ég held að því miður sé hluti af því ákafi Sjálfstæðisflokksins til að nýta nú tækifærið meðan Framsóknarflokkurinn er í sínum vanda að ganga frá málinu. Klára málið, taka ekki áhættuna á því að Framsóknarflokkurinn gæti hugsanlega skriðið upp á fæturna aftur og reist fyrri merki. Nú skal sæta lagi. Því miður virðist staða Framsóknarflokksins vera orðin sú að ekki er einu sinni tími til að velta fyrir sér taktískum möguleikum í að þrátt fyrir að vera í þessu ömurlega stjórnarsamstarfi, að koma þá að minnsta kosti einhvers staðar við vörnum.

Ég held að þetta mál sé táknrænt fyrir þetta stjórnarsamstarf. Framsóknarflokkurinn talar mjög digurbarkalega um hvað ekki megi gera við Ríkisútvarpið, hvert sé verkefnið við Ríkisútvarpið, gefst síðan upp smám saman þangað til uppgjöfin er orðin algjör. Algjör eins og við sjáum í þessu frumvarpi. Svo algjör er hún að það er bent á eina litla setningu í 1. gr. sem þeim hefur verið afhent sem hálmstrá til að halda í, til að gera tilraun til að réttlæta fyrir sjálfum sér að styðja frumvarpið. Þetta er sorglegt og ekkert annað hægt um það að segja að svo aumur geti einn stjórnmálaflokkur orðið að láta fara svona með sig. Það birtist svo í ýmsu hvernig Sjálfstæðisflokkurinn er farinn að líta á samstarfsflokkinn.

Ég hef minnst á mál sem er alkunna og er mjög áberandi í umræðunni nú um stundir, þ.e. hin nýja stofnunarhugmynd hæstv. iðnaðarráðherra þar sem hver háttvirtur þingmaðurinn af öðrum úr Sjálfstæðisflokknum gengur fram og segir að við þetta verði ekki unað. Þetta muni aldrei ná fram að ganga. Þrátt fyrir að málið hafi farið í gegnum ríkisstjórnina. Þar hefur ekki frést af nokkurri mótstöðu. Þar var málið bara gleypt, væntanlega sem hluti af einhverjum pakka sem stjórnarflokkarnir hafa þurft að semja um. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins virðist búinn að samþykkja frumvarpið. Samt sem áður segja fjölmiðlar frá því að hver einasti nefndarmaður í nefndinni sem átti að fjalla um málið úr Sjálfstæðisflokknum sé á móti málinu.

Það er augljóst mál að skilaboðin frá Sjálfstæðisflokknum eru þau að Framsóknarflokkurinn er bara hér til að fylla upp í stóla. Hann hefur ekkert um málin að segja. Við förum fram með þau mál sem okkur sýnist og stoppum þau mál sem okkur sýnist. Það sem merkilegt er, jú, það heyrist örlítið í hæstv. ráðherra. Svona stöku sinnum heyrist í hæstv. ráðherra í fjölmiðlum sem segir að málið verði samþykkt fyrir vorið. Og leitar nú leiða til að koma því í gegn. Ég vonast til þess, frú forseti, að fá að sitja fund með morgni þar sem þetta merka frumvarp hæstv. ráðherra verður kynnt.

Ég verð að segja eins og er að það væri skemmtilegt að við fengjum fleiri slíkar kynningar áður en mál eru lögð fram, áður en umræða hefst á þingi eða að við fáum þessu dreift á pappír, að við fengjum kynningu frá sjálfum ráðherranum. Ég hef skilið það svo að hæstv. ráðherra ætli að kynna þetta sjálfur eða einhver sem veit alla vega ekki minna um frumvarpið en hæstv. ráðherra. Það verður fróðlegt að fara yfir þessa kynningu og heyra um þetta mikla og stóra mál.

Þrátt fyrir að þetta komi upp í svona vandræðagangi þá er það á margan hátt til fyrirmyndar að allir þingflokkar á Alþingi fái sérstaka kynningu á málum áður en við förum að undirbúa okkur undir umræður. Ég er alveg viss um að ef þetta mál hefði farið í slíkan farveg liti það allt öðruvísi út í dag. Þá væri verið að leita eftir víðtækri samstöðu um mikilvægt mál og ég er alveg klár á því að allir þingflokkar á Alþingi hefðu tekið því fagnandi og mætt með opnum hug til þess að reyna að ná samstöðu um málið. Því miður var sú leið ekki farin en hver veit hvert þessi vandi ríkisstjórnarflokkanna leiðir okkur í framtíðinni? Það verður framtíðin úr að skera en við bíðum spennt eftir því að sjá

hvert framhaldið verður.

Frú forseti. Þótt ekki séu margir stjórnarliðar í salnum þá vill svo vel til að einn hv. þingmaður er hér úr þeim merka flokki, Framsóknarflokknum, sem hlýðir á mál mitt. Ég verð að segja það alveg eins og er, og ég held að ég tali fyrir munn ábyggilega a.m.k. flestra hv. þingmanna í stjórnarandstöðunni, þegar ég segi að við erum tilbúnir til þess að aðstoða Framsóknarflokkinn við það að rísa upp aftur í þessu stjórnarsamstarfi — ég segi ekki að það þurfi að vera neitt meira, ég sé að það fer um ýmsa hv. þingmenn — til þess að bjarga því máli sem við erum að ræða. Ég er viss um að ef Framsóknarflokkurinn fengi aðstoð við það gæti það jafnvel hjálpað Framsóknarflokknum inn í framtíðina.

Ég held að það sé til þess vinnandi, sjáið þið, að þetta mál sé svo mikilvægt að ég er jafnvel tilbúinn til þess að hjálpa Framsóknarflokknum örlítið inn í framtíðina ef við björgum þessu máli. Ég er viss um að við erum flest tilbúin til þess þó svo að við munum að sjálfsögðu ekki hlífa þeim flokki í næstu alþingiskosningum enda á hann það ekki skilið. En ég er alveg viss um að það yrði skemmtilegra að mæta frambjóðendum Framsóknarflokksins í komandi alþingiskosningum ef hann hefði aðeins reist sig við. Ég held því að við ættum öll að koma örlítið til liðs við flokkinn í þessu endurreisnarstarfi sem gæti farið fram á ýmsan hátt en það væri táknrænt að byrja það t.d. í þessu máli: að rísa nú upp aftur, rifja upp skoðanir flokksins í gegnum tíðina og halda þeim fram. Síðan gæti framtíðin orðið alla vega og kannski líklegust sú að þessi flokkur sem, eins og ég hef nokkrum sinnum sagt, á afskaplega merka sögu en allir eiga *sinn tíma og margt bendir til þess að tími flokksins sé senn* liðinn. Það er auðvitað spurning hvort það gerist með því að flokkurinn fari í ýmsar áttir eða renni heill eitthvert. Það er erfitt að sjá fyrir í dag. (Gripið fram í.) Já, rétt, en margt bendir til þess að flokkurinn sé þannig að líklegast sé að hann muni fara í mismunandi áttir. Ætla ég ekki að gerast meiri spámaður í þeim efnum en orðið er en ítreka að þetta er allt saman sagt með góðri meiningu til Framsóknarflokksins vegna þess að ég hef lengi borið, kannski að mati sumra, of hlýjan hug til Framsóknarflokksins í ýmsum efnum. Það verður að viðurkennast að sá hlýhugur hefur breyst mikið meira í meðaumkun í seinni tíð og það kannski bera ummæli mín nokkuð með sér. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður, ég var að tilkynna að ég ætlaði ekki að gerast meiri spámaður í þessum efnum en orðið er og geri ráð fyrir því að hver liðsmaður Framsóknarflokksins geri sjálfur upp hug sinn hvernig framtíðin verður.

Frú forseti. Ég held að ég farið yfir flest þau mál sem *hér koma við sögu en tel mig þó eiga töluvert eftir*, m.a. á ég eftir að fara yfir rekstrarform, af hverju við höfum talið annað form hentugra en hlutafélagaformið. Þar sem það hefur nokkuð verið rætt í dag held ég að ég fari ekki mjög nákvæmlega yfir þann þátt. Ég tel þó nauðsynlegt og ætla að hafa það síðasta stutta kaflann í ræðu minni að vekja athygli á hluta af athyglisverðri umsögn talsmanns neytenda. Hann horfir eðlilega á þessi mál út frá sjónarhorni neytanda og það eru þeir sem notfæra sér Ríkisútvarpið og fjölmiðlun. Þar af leiðandi er eðlilegt að horfa til þess finnst mér, að hluta til a.m.k., sem þar segir. Talsmaður neytenda, sem er nýtt embætti og er að þreifa sig nokkuð áfram í því að móta það embætti, kemur nokkuð víða við en ég ætla eingöngu að taka það sem snýr að rekstrarforminu úr umsögn Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda.

Það segir hér um rekstrarform og arðsemiskröfur, með leyfi forseta:

Ég tel að í greinargerð með frumvarpinu (bls. 10–11) sé ekki sýnt fram á að hagsmunum og réttindum neytenda – notenda þjónustu Ríkisútvarpsins – sé betur borgið með því að Ríkisútvarpinu sé breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Lít ég þá annars vegar til þess að af því virðist leiða að lög á borð við upplýsingalög, nr. 50/1996, með síðari breytingum, og stjórnsýslulög, nr. 37/1993, með síðari breytingum — sem taka til „stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga“ — gildi ekki um Ríkisútvarpið; er það að mínu mati ekki til þess fallið að bæta stöðu notenda útvarpsþjónustu í almannaþágu. Hins vegar tel ég að hlutafélagsformið sé ætlað fyrir rekstur með arðsemismarkmið — en ég tel óljóst hvort arðsemi eigi samkvæmt frumvarpinu að vera tilgangur Ríkisútvarpsins framvegis. Verði sýnt fram á nauðsyn formbreytingar tel ég að hagsmunum notenda útvarpsþjónustu í almannaþágu sé betur borgið með því að Ríkisútvarpið sé sjálfseignarstofnun eins og nefnt er sem valkostur á sama stað í greinargerð með frumvarpinu. Um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur gilda lög nr. 33/1999; þar eru ítarleg og skýr ákvæði um stjórnun og fjárhagslegan aðskilnað (sjá t.d. 29. gr. þeirra laga) sem samrýmast vel þeim sjónarmiðum sem nefnd eru í greinargerðinni (bls. 11 og 12) til stuðnings vali á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Sjálfseignarstofnun er að mínu mati hentugt form fyrir rekstur *sem hefur almannaþjónustu sem megintilgang*. Sjálfseignarstofnun hefur arðsemi ekki sem rekstrartilgang heldur rennur hugsanlegur arður af starfseminni aftur inn í reksturinn til þess að sinna markmiðinu með honum og þar með til notenda þjónustunnar. Þá er sjálfseignarstofnun með takmarkaða ábyrgð enda er hún ekki tengd neinum eigendum þar eð stofnendur skilja sig frá rekstri sjálfseignarstofnunar þegar hún er sett á fót.

Frú forseti. Þetta er mjög athyglisvert sjónarmið sem kemur fram hjá talsmanni neytenda og er eiginlega með ólíkindum að menntamálanefnd skuli ekki hafa gefið sér tíma til þess að velta þessum möguleika fyrir sér, bera hann saman við hlutafélagaformið, bera hann saman við núverandi form og átta sig á því hvað væri betra til að ná þeim markmiðum sem fram eru sett. Við höfum að vísu heyrt að það eru ansi margir, heyrðum það á ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur að trúarbragðafræðin í Sjálfstæðisflokknum hafi alveg náð inn í Framsóknarflokkinn. Það er augljóslega *þannig að ekki er gefinn neinn tími til þess að ræða neitt* annað form en hlutafélagaformið. Ekki nóg með það heldur skal hlutafélagaformið vera með þeim hætti eins og gengur og gerist á markaðnum með hvert annað fyrirtæki.

Það var mjög athyglisvert í menntamálanefndinni þegar fulltrúar annarra fjölmiðla komu. Sérstaklega var athyglisvert að heyra í fyrrverandi framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins sem, ef ég man þetta rétt, talaði um að þetta frumvarp og ef það yrði að lögum væri algjör bastarður inn í þennan rekstur af þeirri einföldu ástæðu að ef frumvarpið yrði samþykkt væri verið að sleppa, eins og hann orðaði það, göllunum við ríkisstofnunina, göllunum við hlutafélag-

ið, þ.e. helstu göllunum vegna þess að það væri raunverulega ríkisábyrgð á hlutafélaginu, en taka kostina úr báðum kerfum og búa til nýtt. Þetta taldi núverandi framkvæmdastjóri eða forstjóri — maður kann ekki alveg að vera viss um það hvaða titlar eru notaðir — 365 miðla að gengi hreinlega ekki upp og þá út frá sjónarmiðum annarra á þessum markaði, þ.e. að þessi samkeppnisstaða væri með slíkum ólíkindum að hún gæti hreinlega ekki gengið.

Það er ein óvissan varðandi þetta frumvarp að væntanlega verður áfram kært eða gerðar athugasemdir til ESA um þessi mál. Það er því til viðbótar við þá óvissu sem hér hefur mest verið fjallað um í dag. Óvissan er því raunverulega úr öllum áttum og því verr og miður virðist það blasa við, eins og skilmerkilega er fjallað um í nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar, að ekki sé verið að skapa þann frið, þá sátt um þessa mikilvægu stofnun sem virðist blasa við að mikill meiri hluti hv. alþingismanna hafi áhuga á a.m.k. ef tekið er mark á því sem sagt er. Því miður virðist einhver hluti, og ég vil leyfa mér að fullyrða einhver hluti hv. þingmanna í Sjálfstæðisflokknum, ekki hafa áhuga á slíku, hver sem ástæðan er. Ég held að það sé sama ástæða og er fyrir því að menntamálanefnd fékk ekki að ljúka málinu með sómasamlegum hætti. Það liggur þar eitthvað á bak við sem ég tel að sé nauðsynlegt að hv. þingmenn leggist á eitt við að reyna að grafa upp í umræðunni: Hver er ástæðan fyrir því að þessi leið er farin í eins mikilli ósátt og hugsanleg er í þessu máli? Hvernig stendur á því að það er valið? Hvernig stendur á því að ekki er reynt að ljúka málinu á sómasamlegan hátt, heldur keyrt með það í eins mikinn ágreining og hægt er? Það er ekkert gert, frú forseti, til þess að reyna að ná sáttum, ekki tilraun, ekki lyft litla putta til þess. Svo öruggur virðist stjórnarmeirihlutinn í lagasetningu sinni að ekki einu sinni er sett inn endurskoðunarákvæði sem væri hugsanlegt að setja ef menn telja að það þyrfti að fara yfir einhver mál, að menn væru að gera tilraunir með eitthvað. Ekkert slíkt er sett inn sem oft hefur verið gert hins vegar þegar menn eru með stór mál á ferðinni og telja að sé kannski ekkert óeðlilegt að þurfi einhvern tíma til að átta sig á hvernig gangi. Ekkert slíkt er sett á. Óvissunni er haldið opinni í allar áttir og ég segi: Því er nú verr og miður.

Frú forseti. Að lokum þetta: Þrátt fyrir það að hér blasi við að keyrt verði í gegn óheillafrumvarp fyrir Ríkisútvarpið þá verðum við þó að lifa í þeirri trú að eftir kosningar 2007 gefist tækifæri til þess að leiðrétta þann ranga kúrs sem í er stefnt með þessu frumvarpi. Þótt það sé ljóst, frú forseti, að við munum að sjálfsögðu reyna að gera allt sem í okkar valdi stendur, við í minni hluta menntamálanefndar og þeir sem styðja okkar álit, til þess að bæta það frumvarp sem hér liggur fyrir, verð ég að segja eins og er að margt bendir til þess að stjórnarmeirihlutinn sé ákveðinn í því að keyra þetta í þessari mynd vegna þess að það kemur í ljós að þrátt fyrir að margar mjög góðar umsagnir og góðar heimsóknir í menntamálanefndina hefðu átt að duga til þess að opna augu meiri hlutans í nefndinni þá hefur það ekki gerst. Þar af leiðandi er minni trú á því að það gerist hér í salnum en að sjálfsögðu munum við reyna eins og kostur er að bæta frumvarpið en, frú forseti, í seinasta lagi á haustþingi 2007 má búast við því að hér liggi fyrir annað frumvarp um Ríkisútvarpið.

[23:01]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir fróðlega og efnismikla ræðu þar sem víða var komið við og ýmsum steinum velt upp og kíkt undir þá, kannski látnir í sama farið aftur. Ég tók samt eftir því, hæstv. forseti, að í lok ræðu sinnar sagði hv. þingmaður eitthvað á þá leið að þingmenn þyrftu kannski að sameinast um að reyna að finna út úr því hvað stjórnmálaflokkunum gengi til í þeirri málsmeðferð sem komið hefur upp í þessu máli. Því ég tek undir þau viðhorf hv. þingmanns að ef lagt hefði verið í að ná sátt í málinu hefði það sjálfsagt tekist. En alls ekki í þeim búningi sem málið er.

Þá veltir maður fyrir sér, ég geri það eins og hv. þingmaður, hvers vegna málið fór allt í einu á þessa fleygiferð úr menntamálanefnd. Ég held kannski að málið sé svolítið öðruvísi vaxið en hv. þingmaður nefndi. Það gæti nefnilega verið að það væri þannig að menn hafi sameinast um að kippa málinu á fullri ferð úr nefndinni hingað inn í þing og þegar búið væri að keyra það hér í gegn með samþykki Framsóknarflokksins þyrfti ekki lengur á neinum skrautsýningum eða tímatöf að halda við nein önnur frumvörp sem væru á leiðinni, hvorki kynningar, „slide-show" eða neitt slíkt vegna þess að þá mundi koma í ljós að þeir sem nú hafa náð fram áhugamálum sínum um einkavæðingu og stefnu sem mörkuð væri af því, mundu styðja ákveðið frumvarp sem þeir hafa lýst yfir að þeir styddu ekki.

[23:03]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað eðlilegt að hv. þingmaður velti þessu fyrir sér og komi með tilgátu. Ég held að það sé mjög þarft að við skoðum þetta og reynum að átta okkur á þessu. Ég er alveg sannfærður um að það er eitthvað í þá veruna sem hv. þingmaður er að fara, sem er skýringin á þessu. Það er eitthvað tengt samstarfi ríkisstjórnarflokkanna hvernig að þessu er staðið, ég er alveg sannfærður um það.

Ég veit ekki hvort hv. þingmaður heyrði þann hluta ræðu minnar þar sem ég fjallaði einmitt um að svo neðarlega, ég sagði nú því miður, væri Framsóknarflokkurinn kominn að það virtist ekki einu sinni vera orka eftir til að horfa á taktískar hliðar í stjórnarsamstarfinu, þ.e. Framsóknarflokkurinn áttaði sig ekki einu sinni á því að reyna að láta málin vegast eitthvað á, þannig að Framsóknarflokkurinn væri þá í einhverri stöðu til að segja: hingað og ekki lengra, gagnvart ákveðnum málum.

Það getur vel verið að hv. þingmaður hafi rétt fyrir sér að samningurinn hafi gengið út á að ákveðnir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins fengju að láta ljós sitt skína í nokkurn tíma í ákveðnu máli til að koma skilaboðum út. En þegar þetta væri komið í gegn væri því lokið. Við auðvitað bíðum og sjáum. Ég efast um að við fáum hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans til að gefa okkur nokkrar skýringar, að minnsta kosti hér í ræðustól. En það er kannski hægt að fara aðrar leiðir til að fá þær. Við sjáum hver raunveruleikinn verður þegar fram líða stundir. En ég held að það sé alveg ljóst að við sem höfum miklar efasemdir í þessu máli hljót-

um að nýta okkur allan okkar rétt í að reyna að hafa áhrif á hvernig málið fer í gegnum þingið. Við skulum þá a.m.k. reyna að tryggja, herra forseti, að (Forseti hringir.) sá tími sem þessir hv. þingmenn fá að njóta sín verði sem allra lengstur.

[23:05]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef eins og hv. þingmaður veitt því athygli að ákveðinn ráðherra hefur lýst því yfir í fjölmiðlum undanfarna daga, að eftir nokkurn tíma mundi ákveðið mál fara í gegnum þingið eftir nokkrum aðdraganda. Ég hef dregið þá ályktun að miðað við þær viðtökur sem mörg mál þess hæstv. ráðherra hafa fengið í þinginu væri ekki líklegt að sá hæstv. ráðherra treysti mikið á stuðning stjórnarandstöðunnar. Ef hæstv. ráðherra treystir sér að fullyrða í fjölmiðlum að samt sem áður fari þetta mál í gegn hlýtur eitthvað annað að búa að baki en væntanlegur stuðningur stjórnarandstöðunnar.

Í ljósi þeirra hugleiðinga dró ég þá ályktun að málið lægi þannig að sagt hefði verið á milli manna að ef þetta færi hér í gegn óbreytt og í góðu lagi, þá gæti eitthvað annað gerst. Einhverjar vonir búa í brjósti hæstv. ráðherra um að þetta mál renni mjög snyrtilega í gegn. Það er svo sem gaman að fara á það bíó sem boðið verður upp á og best að þiggja það.

[23:07]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það væri á margan hátt fróðlegt að fá þá kynningu sem hæstv. ráðherra hefur boðað til — þannig blasir það við okkur — af því að einhver vandræði eru í stjórnarsamstarfinu. En ég held að það sé rétt hjá hv. þingmanni að ég trúi varla að hæstv. ráðherra geri ráð fyrir að stjórnarandstaðan muni hlaupa upp og bjarga málinu. Ég hef ekki trú á að svo sé. Það getur því alveg passað hjá hv. þingmanni að þannig sé í pottinn búið að ýmislegt hafi verið gert á bak við tjöldin. Ég trúi að hv. þingmaður þekki örlítið betur til a.m.k. sumra hv. þingmanna sem hafa verið að tala þvert á hæstv. ráðherra í þessu tiltekna máli. Ég get alveg leyft mér að trúa að eitthvað sé til í þeirri kenningu. En mér finnst samt hv. þingmaður hafa of mikla trú á Framsóknarflokknum í þessu máli. Ég er ekki viss um að hann hafi svo mikinn kraft sem hv. þingmaður telur að þarna geti leynst á bak við einhvers staðar og að búið sé að tryggja málinu farveg.

Hins vegar er alveg ljóst, herra forseti, að hæstv. ráðherra gengi vart svo langt í fjölmiðlum og við höfum heyrt, eins og hv. þingmaður bendir á, nema eitthvað standi þar að baki. Vegna þess að hæstv. ráðherra hefur þurft að þola nokkuð hér í þinginu í vetur varðandi ýmis mál. Það hlýtur því að vera orðin býsna erfið staða hjá hæstv. ráðherra ef eitt málið enn lendir í ógöngum.

Að vísu eru dæmi þess að þegar sýndur hefur verið ákveðinn samstarfsvilji hefur verið hægt að lagfæra mál fyrir hæstv. ráðherra til að liðka örlítið fyrir þeim. (Forseti hringir.) Það er spurning í þessu máli sem við vitum ekkert um því við vitum ekki hvort einhver leið er í því.

[23:10]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Eitthvað minntu þessi síðustu orðaskipti mig á véfréttina í Delfí en nokkuð erfitt var að ráða í hvað menn væru að fara. Við erum að fjalla um frumvarp um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins og eins og fram hefur komið af hálfu talsmanna minni hluta menntamálanefndar, hv. þm. Marðar Árnasonar og hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, leggur hann til að frumvarpinu verði vísað frá. Í nefndaráliti er gerð rækileg grein fyrir þeirri afstöðu en í upphafi segir á þá leið að frumvarpið skapi Ríkisútvarpinu ekki til frambúðar þann starfsramma sem hæfi og þar af leiðandi ekki þann starfsfrið sem sé þeirri stofnun nauðsynlegur. Minni hlutinn segir að breyting Ríkisútvarpsins í hlutafélag væri mjög varhugavert skref sem í langflestum tilvikum öðrum hafi leitt til sölu viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis. Þá er bent á að enn séu margir lausir endar í frumvarpinu og málatilbúnaði í tengslum við það og að málið sé vanreifað. Á þeirri forsendu er lagt til að því verði vísað frá. Að þessu mun ég víkja síðar.

Ég vona að hv. formaður menntamálanefndar hlýði á mál mitt. Hann hefur verið hér í húsinu og ég geri ráð fyrir því að hann sé staddur á skrifstofu sinni og fylgist með umræðunni því að ég kem til með að nefna ýmsa þætti sem fram komu í framsöguerindi hans og í málum sem hann hefur staðið að á Alþingi ásamt félögum sínum öðrum úr Sjálfstæðisflokknum og einnig ríkisstjórnarflokkunum. Sem kunnugt er koma þau nú hvert á fætur öðru, frumvörpin frá Stjórnarráðinu, þar sem gert er ráð fyrir hlutafélagavæðingu og markaðsvæðingu samfélagsþjónustunnar. Þar eru ríkisstjórnarflokkarnir mjög samstiga, nánast eins og síamstvíburar, en sá er munurinn á þeim tveimur flokkum að hvað Sjálfstæðisflokkinn varðar er hans pólitíska stefna og pólitíska markmið að berjast fyrir, en Framsóknarflokkurinn er hins vegar að svíkja áður gefin fyrirheit og loforð. Hann setur þessi svik hins vegar í búning geysilegrar sigurgöngu, hann sé að sveigja Sjálfstæðisflokkinn af leið, sé að ná fram miklum og mikilvægum breytingum á frumvörpum. Þannig er það verk Framsóknarflokksins, eða svo eigum við að skilja, að í 1. gr. frumvarps til laga um Ríkisútvarpið hf. sé kveðið á um að sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess séu óheimil. Hér frammi í hliðarherbergi er annað frumvarp sem nýkomið er úr prentsmiðjunni, frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sem sagt einkavæðing á sölukerfi áfengis og tóbaks, en í 7. gr. segir, með leyfi forseta:

„Öll hlutabréf í ÁTVR hf. skulu vera eign ríkissjóðs. Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í ÁTVR hf.“ — Og hér kemur væntanlega sigur Framsóknarflokksins: — „Sala ÁTVR hf. eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess eru óheimil.“

Auðvitað freistast maður til að taka þessu eins og hverju öðru gríni, þessum málflutningi Framsóknarflokksins sem í hverju málinu á fætur öðru lyppast niður og lætur Sjálfstæðisflokkinn og markaðssinnana þar valta yfir sig.

Ég ætla að fara yfir það í nokkrum orðum hvað veldur því að ég kemst að þeirri niðurstöðu að Ríkisútvarpið eigi ekki að gera að hlutafélagi. Áður ætla ég aðeins að víkja að

því sem fram kom hjá hv. formanni menntamálanefndar, Sigurði Kára Kristjánssyni, í ræðu hans fyrr í dag þar sem hann sagði að frumvarpið tryggði betur réttindi starfsmanna en aðrar hliðstæðar lagabreytingar. Ég kom upp í andsvari við hv. þingmann og kvaðst vilja staðnæmast við biðlaunaréttinn, biðlaunarétt starfsmanna. Í frumvarpinu um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins er biðlaunarétturinn fyrir það fyrsta tímabundinn, nær til ársins 2008. Það er sennilega sá tími sem menn ætla sér til að losa sig við starfsmenn innheimtudeildar Ríkisútvarpsins. En hann er einnig takmarkaður að öðru leyti, hann er takmarkaður að því leyti að ef starfsmaður ekki tekur starf hjá Ríkisútvarpinu hf. á hann ekki rétt til biðlauna. Ég hef nefnt dæmi um hið gagnstæða, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem var ríkisfélag, gert að hlutafélagi fyrir fáeinum árum. Réttur starfsmanna þar var sá að tækju þeir ekki starf hjá hlutafélagi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar áttu þeir rétt á biðlaunum. Biðlaunaréttur starfsmanna Ríkisútvarpsins er rýrari hvað þetta snertir. Hann er tímabundinn fyrir það fyrsta, eins og ég nefndi, og hann er rýrari einnig að þessu leyti. Ég tel alveg einsýnt að þetta muni enda í málaferlum. Það er verðugt fyrir hv. formann menntamálanefndar, lögfræðinginn Sigurð Kára Kristjánsson, að íhuga að ekki alls fyrir löngu féll dómur gegn Reykjanesbæ í máli starfsmanns vatnsveitna bæjarins, sem ég hygg að hafi flust yfir til Hitaveitu Suðurnesja, og naut ekki sömu lífeyriskjara og hann áður hafði haft en í ljósi fyrirheita sem gefin höfðu verið vann hann mál um biðlaunarétt. Ég held að það sé alveg augljóst mál að allt muni loga í málaferlum gagnvart Ríkisútvarpinu hf. ef þessu ákvæði lagafrumvarpsins verður ekki breytt. Ég held að það sé alveg augljóst mál.

Ég ætla að staðnæmast við annað atriði af því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson staðhæfir að í frumvarpinu sé betur staðið við réttindi starfsmanna en við hliðstæðar lagabreytingar áður. Ég ætla að nefna lífeyrisréttindi hjá starfsmönnum Pósts og síma. Þó að það gerðist ekki við upphaflegu lagabreytinguna gerðist það síðar að starfsmenn Pósts og síma öðluðust rétt til þess að njóta lífeyrisréttar úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þótt þeir væru á sama tíma í starfi. Ef þeir höfðu á annað borð öðlast þennan rétt, náð tilskildum aldri en voru áfram í vinnu, gátu þeir notið þessa réttar jafnframt því sem þeir fengu kaup frá hlutafélaginu. Þetta er annað dæmi sem sýnir að staðhæfing þingmannsins er röng. Hún stenst ekki.

Annað sem ég nefndi í andsvari mínu fyrr í dag varðar þá staðhæfingu formanns menntamálanefndar að Ríkisútvarpið verði betur sett sem hlutafélag en áður. Ég spurði ítrekað hvort þingmaðurinn, hv. formaður menntamálanefndar Alþingis, mundi fyrir sitt leyti vinna að því að Ríkisútvarpið hefði eigi minna skattfé eftir breytinguna en það hefur nú í formi afnotagjalda. Ef það á að vera betur sett eftir breytinguna en áður þarf að bæta í. Við þurfum að fá svar frá hv. þingmanni á hvern hátt hann ætli að tryggja aukið fjármagn til Ríkisútvarpsins. Á hvern hátt á að tryggja aukið fjármagn til Ríkisútvarpsins ef það á að vera betur sett að þessu leyti? Mundi hann styðja aukna skattheimtu frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og mundi hann tryggja það til frambúðar? Þá vek ég athygli á því að hv. þingmaður er kominn í hrópandi mótsögn við sjálfan sig því að hann hefur staðið að lagafrumvörpum á Alþingi sem gera ráð fyrir sölu Ríkisútvarpsins, að Ríkisútvarpið verði selt. Það er reyndar stefna sem margir samflokksmenn hans hafa boðað áður, og eins og ég mun vísa í eru samþykktir frá landsfundum Sjálfstæðisflokksins og yfirlýsingar ýmissa talsmanna hans sem eru í þessa veru. Hv. þingmaður hefur ásamt þeim félögum sínum, hv. þm. Pétri Blöndal og Birgi Ármannssyni, flutt frumvarp um breytingu á útvarpslögunum sem er ótækt en sennilega sérkennilegasta frumvarp sem hefur komið fram á þessu sviði, a.m.k. sem ég hef séð.

Hv. þingmaður hefur að vísu sagt sig frá frumvarpinu núna, á þessu þingi, kannski vegna þess að hann er formaður menntamálanefndar þingsins og þarf að tala fyrir hlutafélagavæðingu og skattheimtu til Ríkisútvarpsins. Það má vera að það sé skýringin á því, og ekkert slæmt um það að segja. Hv. þingmaður hefur gert grein fyrir að gera þurfi fleira en gott þykir, hann hafi sín sjónarmið enn sem áður en beygi sig undir meirihlutavilja. Það er vissulega hægt að virða líka en þetta eru grundvallarsjónarmið hans engu að síður, að hann ætlar að beita sér fyrir því, væntanlega í framtíðinni, að Ríkisútvarpið verði selt og þá fæ ég illa skilið þær digru yfirlýsingar um að Ríkisútvarpið verði betur sett, fjárhagslega, en það var fyrir hlutafélagavæðingu.

Hvers vegna segi ég að frumvarp þessara ágætu þingmanna sé eitt sérkennilegasta frumvarp sem fram hefur komið í þinginu? Ástæðan er sú að ekki er nóg með það að þessir þingmenn af frjálshyggjukanti Sjálfstæðisflokksins vilji einkavæða Ríkisútvarpið, þeir vilja jafnframt ríkisvæða yfirráð yfir dagskrárgerð í landinu. Ég veit ekki hvort menn hafa almennt gert sér grein fyrir því hversu stórfengleg lagasmíð þetta yrði, ef hún yrði að veruleika. Frumvarpið gerir nefnilega ráð fyrir að eftir að Ríkisútvarpið hefur verið selt verði eftir sem áður starfandi útvarpsráð í landinu og það á að kjósa á Alþingi. Það er ríkisstjórnarmeirihlutinn sem á að ráða þar sem annars staðar. Og hvað á þetta ríkisrekna útvarpsráð að gera eftir að Ríkisútvarpið verður selt? Jú, fjallað er um skyldur útvarpsráðs í frumvarpinu — og hér kemur einn frumvarpssmiðurinn, hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hér segir, með leyfi forseta:

„Útvarpsráði er heimilt að sjá til þess að hljóðvarpað sé til annarra landa." — Gott og vel, hugsa stórt. — „Dagskrár skv. 1. mgr. skulu m.a. fela í sér almenna fréttaþjónustu og starfrækja vettvang fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða varða almenning. Þær skulu innihalda fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri og þess skal gætt sérstaklega að á boðstólum sé fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Enn fremur skal m.a. vera á dagskrá efni á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Veita skal almenna fræðslu og sjá til þess að send sé út fræðsludagskrá í samráði við fræðsluyfirvöld og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega." — (**PHB:** Geturðu ekki stutt þetta?) Ég er ekki á móti þessu, en við eigum eftir að botna þetta allt saman. — „Veita skal almenna fræðslu og sjá til þess að send sé út fræðsludagskrá í samráði við fræðsluyfirvöld og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega."

Hið besta mál.(**Gripið fram í:** Má ekki vera betra.) (**Gripið fram í:** Hörkumál.) (Gripið fram í.) Þarna er sem

sagt kveðið á um skemmtiefni, almenna fréttaþjónustu o.s.frv. Og áfram eru tíundaðir þættir sem allir eru af hinu góða. En bíðum við, síðan er fjallað um útboðsskyldu og hér segir, með leyfi forseta:

„Útvarpsráð skal bjóða út skipulag starfs síns, gæðaeftirlit og gerð og rekstur einstakra þátta þeirrar hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár sem það er ábyrgt fyrir samkvæmt ákvæðum 8. gr. Enn fremur skal það bjóða út útsendingu, dreifingu og öryggisþjónustu.

Útvarpsráð skal skilgreina einstaka þætti dagskránna, gera kröfulýsingu og setja gæðastaðla.

Útboðin skulu vera til þriggja ára lengst. Við útboðin skal farið eftir lögum um framkvæmd útboða. Útvarpsráð skal fylgjast með framkvæmd útboða og leggja mat á gæði þeirra. Fyrir liggi hver á höfundarrétt hverju sinni."

Hafa menn hugleitt hvað hér er verið að segja? (**Gripið fram í:** Já.) Útvarpsráð sem endurspeglar stjórnarmeirihlutann í landinu hverju sinni á að leggja mat á framkvæmd útboða og gæði þeirra og stýra með öðrum orðum því sem ég vísaði til, útboðum á m.a. fréttatengdu efni. Ef þetta er ekki pólitísk ríkisvæðing veit ég ekki hvað hún er. Þetta er svo galið að engu tali tekur. Svo þykjast þessir menn vera að tala á móti Ríkisútvarpinu eins og það er skipulagt núna og leggja til pólitísk yfirráð yfir dagskrárgerð í landinu, alveg grímulaust. Ég er alveg hissa á því hve litla umfjöllun það frumvarp hefur fengið í fjölmiðlum. Það á svo sannarlega skilið mikla og ítarlega umfjöllun, þetta frumvarp af frjálshyggjuvæng Sjálfstæðisflokksins á Alþingi. Það er búið að flytja það margoft og hefur greinilega fengið allt of litla umræðu í þinginu. Það er greinilega ekki metið að verðleikum.

Síðan er ... (Gripið fram í.) — rosalegar bollaleggingar, segir hv. þingmaður og er bara orðinn feiminn við sjálfan sig og eigin afurðir. (**SKK:** Ne-hei.) Auðvitað er þetta rosalegt, að ætla sér með skattheimtu að taka peninga, setja þá undir pólitískt kjörið útvarpsráð sem á að stýra útboðum á dagskrárgerð í landinu og leggja m.a. mat á fréttatengt efni. Þetta er Sjálfstæðisflokkurinn. Þetta eru hægri sinnar í Sjálfstæðisflokknum sem í alvöru eru að leggja þetta til og eru að biðja Alþingi í alvöru að samþykkja þetta frumvarp um pólitísk yfirráð og stýringu á m.a. fréttaefni í landinu.

Síðan er þetta náttúrlega stefna Sjálfstæðisflokksins eins og ég gat um áðan, og það er ekkert nýtt. Ég ber að vissu leyti virðingu fyrir Sjálfstæðisflokknum í þessum málum. Ég ítreka, og hef oft sagt það, að menn sem vilja gera þess vegna Ríkisútvarpið að hlutafélagi og fara með það alveg út á markað og nýta sér kosti hlutafélagsformsins eru menn sem eru sjálfum sér samkvæmir. Ég get tekið ofan fyrir þeim. (Gripið fram í.) Hins vegar þegar þeir koma síðan í öðru gervi og öðru líki og fara að tala fyrir aukinni skattheimtu og segja að Ríkisútvarpinu verði betur borgið í þeirra höndum eftir að það hefur verið gert að hlutafélagi vegna þess að þeir ætla að sjá því fyrir svo miklum skattpeningum. Þá fara að renna tvær grímur á menn, og menn fara að spyrja nánar út í hvað raunverulega vakir fyrir mönnum.

Aðeins um afstöðu stjórnarflokkanna. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins ályktaði árið 1996 eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að markmið, rekstur og fjármögnun Ríkisútvarpsins, ekki síst sjónvarpsins verði endurskoðuð með tilliti til hagkvæmni og aukinnar samkeppni, og að samkeppnisstaða fjölmiðla verði jöfnuð með afnámi lögboðinna áskriftargjalda og jafnframt tryggt að stofnunin fari ekki með öðrum hætti í ríkissjóð."

Er ekki verið að gera það núna? Þetta er þá væntanlega eitthvað tímabundið. Það segir a.m.k. Viðskiptaráð Íslands sem sagði í erindi til nefndasviðs Alþingis, efnahags- og viðskiptanefndar, dagsett 22. febrúar, sem álit við frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem fjallar um opinber hlutafélög.

Kostir þess að breyta stofnunum í hlutafélag eru aðallega þeir að það einfaldar einkavæðingu í kjölfarið auk þess sem ábyrgð stjórnenda er skýrari. Gallarnir eru hinsvegar þeir að stofnanir sem verða að hlutafélögum hafa meiri tilhneigingu til að hegða sér eins og einkaaðilar, t.d. er aukin hætta á því að stofnunin hefji samkeppni við einkaaðila. Það hefur lengi verið stefna Viðskiptaráðs að ríkið eigi að hætta þeirri starfsemi sem einkaaðilar geta innt jafn vel eða betur af hendi. Ráðið telur því að almennt sé heppilegt að breyta stofnun ekki í hlutafélag nema það sé gert sem undanfari einkavæðingar."

Sjálfstæðisflokkurinn er að segja í þessari ályktun frá 1996, að lögboðin áskriftargjöld verði afnumin og, með leyfi forseta, „jafnframt tryggt að stofnunin fari ekki með öðrum hætti í ríkissjóð."

Nú er það nefskatturinn, er það ekki? Er ekki Sjálfstæðisflokkurinn farinn að brjóta þarna gegn eigin samþykktum? Ég hefði haldið það. (Gripið fram í.) Ha? Nei, ég er að vísa í samþykkt Sjálfstæðisflokksins frá árinu 1996. Ég var síðan að sýna fram á skilning Viðskiptaráðs á hlutafélagavæðingu sem það taldi ekki vera til góðs nema sem undanfara sölu. Annars væri það til ills, en það auðveldaði hins vegar söluna.

Þetta var frá árinu 1996 en árið 2003 ályktaði landsfundur flokksins í mars það ár um fyrstu skrefin í markaðsvæðingu Ríkisútvarpsins, með leyfi forseta:

„Skylduáskrift að fjölmiðlum verði afnumin nú þegar. Íslenskir neytendur eiga sjálfir að ráða hvort og hvaða fjölmiðla þeir kaupa. Endurskoða skal hlutverk ríkisins á þessum markaði."

Í tengslum við þennan sama landsfund Sjálfstæðisflokksins var eftirfarandi haft eftir þáverandi menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins í fréttum útvarps 23. mars 2003, með leyfi forseta:

„Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra segir Sjálfstæðisflokkinn vilja afnema skylduáskrift að Ríkisútvarpinu náist samkomulag um að breyta rekstrarfyrirkomulagi stofnunarinnar. Flokkurinn vilji gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi en Framsóknarflokkurinn hafi hindrað það."

Þess má einnig geta að 37. þing SUS ályktaði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„SUS telur mikilvægt að hafist verði handa við að undirbúa einkavæðingu á Íslandspósti, Landsvirkjun, Rafmagnsveitu ríkisins, orkuveitum sveitarfélaga, Ríkisútvarp-

inu og að Rás 2 verði seld þegar í stað."

Síðan höfum við náttúrlega dæmi um frumvörpin sem sjálfstæðismenn hafa sett fram. Þá má geta þess í þessum samtíningi að ýmsir aðrir talsmenn Sjálfstæðisflokksins hafa talað í þessa veru. Þannig sagði Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, í janúar 1992, með leyfi forseta:

„Ég held einfaldlega að Ríkisútvarpinu sé eins og öðrum opinberum rekstri markaður ákveðinn tími. Og ég held að sá tími sé einfaldlega liðinn ... Ég tel að það sé nauðsynlegt að leggja Ríkisútvarpið niður."

Kjartan sagði á þessum tíma að taka ætti fyrir allar auglýsingar á Ríkisútvarpinu, breyta því í hlutafélag, selja hlutabréfin og, með leyfi forseta, „stefna að því að innan fimm ára verði ríkið alfarið hætt þessum rekstri", þ.e. fyrir 1997 ef þessar dagsetningar eru látnar gilda.

Þetta eru þær yfirlýsingar sem eru teknar nánast af handahófi frá Sjálfstæðisflokknum í þessum efnum.

Síðan hefur hann fengið því framgengt að stíga þessi fyrstu skref, og vesalings Framsókn nær því fram að fá eina setningu í lagagreinina um að það megi ekki selja — núna. Það er búið að vera í öllum þessum lögum, þetta var í bankalögunum líka og er í símalögunum. Auðvitað er ekkert að marka þetta, ekki nokkurn skapaðan hlut.

Sá maður sem hefur þó komið auga á þetta og haft döngun í sér til að halda því á lofti er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Þegar Framsóknarflokkurinn hóf flóttann í haust skrifaði hv. þingflokksformaður flokksins grein í Morgunblaðið, 3. nóvember. Hann sagði, með leyfi forseta:

„... að hvort RÚV verði sameignarfélag, sjálfseignarstofnun eða hlutafélag þá breytir það í sjálfu sér litlu hvað varðar stofnunina sem almenningseign."

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson svaraði í blaðagrein í sama blaði nokkrum dögum síðar og kvað þetta, með leyfi forseta, „hraustlega mælt í ljósi þess, að hlutafélagavæðingunni hefur verið hafnað. Flokksþing Framsóknarflokksins 2001 ályktaði orðrétt „Ríkisútvarpinu verði ekki breytt í hlutafélag" og sú samþykkt stendur enn óhögguð. Á næsta flokksþingi, sem var 2003, var bætt við að „breyta skal rekstrarformi Ríkisútvarpsins í sjálfseignarstofnun". Loks var ályktað á þessu ári á flokksþingi Framsóknarflokksins að „mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu". Samþykktirnar eru í eðlilegu samhengi og mynda skýra stefnu flokksins. Síðari samþykktirnar styrkja þá fyrstu, sem hafnar hlutafélagavæðingu RÚV."

Þetta var tilvitnun í blaðagrein eftir hv. þingmann Framsóknarflokksins, Kristin H. Gunnarsson, frá síðasta hausti. Þetta er túlkun hans á afstöðu og afstöðubreytingu Framsóknarflokksins í málinu.

Þetta er sem sagt um afstöðu stjórnarflokkanna. Stefna Sjálfstæðisflokksins og ásetningur hans er kýrskýr. Hann vill að Ríkisútvarpið verði markaðsvætt, það verði lagt niður. Því er lýst yfir, tíminn er liðinn. Það er ekki hægt að gera annað við þessar aðstæður því að ekki má niðurlægja Framsóknarflokkinn meira en þessu nemur. Það er ljóst. Síðan er náttúrlega á hitt að líta líka, að aðstæður í þjóðfélaginu kunna að hafa áhrif á Sjálfstæðisflokkinn einnig, tímabundið. Hann telur fjölmiðlaveldið, eða taldi til skamms tíma kannski, í þjóðfélaginu hafa verið sér mótdrægt — það kann að verða breyting á því — og Ríkisútvarpið ekki kannski allra róttækasti fjölmiðill í heiminum hvað varðar gagnrýni á stefnu ríkisstjórnar og það sem stjórnarflokkarnir aðhafast, með fullri virðingu fyrir Ríkisútvarpinu sem hefur gert marga hluti stórvel.

Það kann að skýra þetta að einhverju leyti.

Hæstv. menntamálaráðherra og útvarpsstjóri hafa talað mjög ákaft fyrir hlutafélagavæðingu. Í blaðagrein í Morgunblaðinu hinn 19. janúar sl. sagði útvarpsstjóri, Páll Magnússon, með leyfi forseta:

„Nú er rétt í þann mund að hefjast á Alþingi umræða um breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins á grundvelli frumvarps menntamálaráðherra þar að lútandi. Einhverjum kann í fljótu bragði að þykja sem þetta skipti ekki miklu máli, — formið sé aukaatriði en innihaldið aðalatriði. Ekkert er fjær lagi. Þvert á móti má færa fyrir því gild rök að óbreytt rekstrarfyrirkomulag beri í sér dauðann sjálfan fyrir þessa merku stofnun. Og það sem helst geldur þessa úrelta fyrirkomulags er einmitt innihaldið — sjálf dagskrá Ríkisútvarpsins — sem er jú þegar allt kemur til alls eini lífstilgangur stofnunarinnar.

Núverandi rekstrarform kemur beinlínis í veg fyrir að Ríkisútvarpið verði rekið með skilvirkum og árangursríkum hætti. Það leiðir til verri nýtingar á fjármunum en ella væri, sem aftur þýðir að minna fé verður til ráðstöfunar í sjálfa dagskrána — útvarp og sjónvarp. Gagnvart notendum og eigendum — þjóðinni — er þetta helsta meinsemdin í núverandi fyrirkomulagi og sú afdrifaríkasta þegar til lengri tíma er litið: minni og verri dagskrá fyrir sama eða meiri pening. Aðrar birtingarmyndir þessa úrelta forms lúta svo að stjórnskipulaginu, — t.d. sérkennilegu ferli þegar kemur að ráðningum í ýmsar lykilstöður. Man einhver eftir „fréttastjóramálinu"?"

Ég man eftir fréttastjóramálinu. Ég hugsa að þjóðin muni öll eftir því. Ef fréttastjóramálið hefði komið upp á annarri stöð hefði það aldrei orðið að máli, einfaldlega vegna þess að almenningur í landinu hefur ekki sama aðgang að öðrum fjölmiðlum og hann hefur að Ríkisútvarpinu vegna þess að hann á það og hefur tengsl í starfsemina, getur nýtt sér upplýsingalögin og eitt kannski til viðbótar. Þar er starfsfólk sem býr við sæmilegt starfsöryggi, a.m.k. betra og traustara en gerist á öðrum stöðum. Það er staðreynd.

Þegar jafnvel fréttastjórum og fréttamönnum hefur verið sagt upp á öðrum fjölmiðlum hefur það ekki komið nokkrum manni við. Ég gæti nefnt marga sem koma upp í hugann þar sem undarlega var staðið að ráðningum og ekki síður uppsögnum án þess að nokkur gæti hreyft við málinu. Blaðamanni var sagt upp á Fréttablaðinu ekki alls fyrir löngu sem hafði gagnrýnt forsvarsmenn blaðsins. Þegar þeir voru inntir eftir því hvað ylli því að honum hefði verið sagt upp sögðu þeir einfaldlega að það kæmi mönnum ekki við, þeir mundu ekki tjá sig um efnið. Nú hef ég ekki forsendur til að meta það mál, alls ekki. Ég er hins vegar að segja að munurinn á fjölmiðli í eigu þjóðarinnar og undir hennar forsjá annars vegar og einkareknum miðli hins vegar kemur þarna í ljós.

Fréttastjóra í ríkisstofnun eins og Ríkisútvarpinu væri ekki sagt upp skýringalaust eins og gert var á Stöð 2 ekki alls fyrir löngu. Hvorki viðkomandi fréttastjóri né hlustend-

ur fengu nokkrar skýringar. Það kom þeim ekki við. Þetta er sá heimur sem við erum að fara með Ríkisútvarpið í. Svo leyfa talsmenn stjórnarmeirihlutans sér að tala um þetta sem einhverja nútímavæðingu. Svona er verið að hverfa aftur til fortíðar, húsbóndaveldis, húsbænda og hjúa. Þetta er slík hugsun. Þetta er forneskjuhugsun og á að heyra til liðinni tíð. Það sem gerir vinnustaði sterka og ekki síst fjölmiðla eru sterkir einstaklingar. Hvar er trúin á einstaklinginn hjá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins? Er þetta ekki flokkur einstaklinganna? Er þetta bara flokkur einstaklingsins, eins einstaklings, sem á að ráða yfir öllum öðrum? Út á hvað gengur lagabreytingin? Draga á úr vægi almennra starfsmanna, réttindum þeirra, en færa völdin á eina hönd. Þetta er sú hugsun að starfsmenn séu tæki þess sem veit og kann, hins góða stjórnanda sem er ráðinn fyrir ofurfé af því að hann býr yfir svo miklum mannkostum og stjórnvisku til að stýra okkur hinum. Þetta er gömul, úrelt og hættuleg hugmyndafræði og á að heyra til liðnum tíma.

Í því formi þar sem eignarrétturinn er við lýði er erfiðara við að eiga. Þó hefur verkalýðshreyfing verið að sækja fram og reynt að treysta og styrkja réttindi launafólks, jafnvel innan slíkra aðstæðna. En það er erfiðara um vik en þegar eignarrétturinn og forsjáin er hjá þjóðinni.

Það er því alveg réttmætt að spyrja: Man einhver eftir fréttastjóramálinu? Já, við munum nefnilega allt of vel eftir því.

Útvarpsstjóri heldur svo áfram og segir, með leyfi forseta:

„Því ber að fagna fyrirhuguðum breytingum á rekstrarformi Ríkisútvarpsins — og ég tel mig tala þar fyrir munn alls þorra starfsmanna og stjórnenda stofnunarinnar. Í því sambandi má minna á bréf sem stjórn Starfsmannasamtaka RÚV sendi öllum þingmönnum fyrir skemmstu, þar sem skorað var á þá að breyta rekstrarforminu."

Við skulum hafa sem fæst orð um það bréf, en staðreyndin er sú að frá öllum samtökum starfsmanna Ríkisútvarpsins koma mjög ströng varnaðarorð gagnvart breytingunum. Síðast í dag fékk Alþingi ályktun almenns starfsmannafundar um nýtt fyrirtæki, Ríkisútvarpið hf., svo að vísað sé til fyrirsagnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Starfsmenn Ríkisútvarpsins óska eftir skýrari upplýsingum frá stjórnvöldum um hvernig fyrirtæki stjórnvöld vilji búa til á grunni hins gamla Ríkisútvarps. Bent hefur verið á opin ákvæði í frumvarpinu og mismunandi áherslur ríkisstjórnarflokkanna í málefnum stofnunarinnar til margra ára. Þær virðast nú hafa endað í óútfylltri ávísun til framtíðar. Við teljum okkur vera í vinnu hjá þjóðinni og landsmenn eigi rétt á því að vita hvert stefni með fjölmiðilinn þeirra.

Starfsmenn gera alvarlegar athugasemdir við að ekki liggi enn fyrir hve miklu fjármagni nýja félagið á að ráða yfir í upphafi.

Starfsmenn furða sig líka á því að ekki hafi verið tekið nokkurt tillit til umsagna sem bárust menntamálanefnd Alþingis. Spyrja má um tilganginn með því að setja fólk í vinnu við slíka álitsgjöf.

Það er lágmarkskrafa að réttindi starfsmanna verði tryggð, sérstaklega fullur biðlaunaréttur, aðild allra starfsmanna að LSR og áframhaldandi aðild starfsmanna að núverandi stéttarfélögum innan RÚV. Starfsmenn RÚV hafa um árabil þolað láglaunastefnu og talið að réttindin, sem eru eign starfsmanna, mundu að einhverju leyti vega upp á móti lágu launanum.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa sýnt mikla þolinmæði á löngu og leiðinlegu breytingaskeiði stofnunarinnar. Það hefur verið von þeirra að betri tímar gætu runnið upp að því loknu. Eitt það versta sem fyrir getur komið er áframhaldandi óvissa næstu árin, af því að ný lög hafi ekki verið nógu vel úr garði gerð. Starfsmenn skora á Alþingi að eyða óvissu um stofnunina með skiljanlegum lögum sem duga."

Væntanlega til að tryggja starfsemi stofnunarinnar og þau réttindi sem starfsfólkið þar býr við. (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn er hrifinn af þessu.) Já, þetta er ágætur texti sem kemur frá fundi starfsmanna.

Ég er líka hrifinn af öðrum texta sem vitnað var í fyrr í dag. Hv. þm. Mörður Árnason vitnaði í leiðaraskrif Þorsteins Pálssonar, fyrrum formanns Sjálfstæðisflokksins og hæstv. forsætisráðherra. Þar kveður við heldur annan tón en hjá fyrrum, eða sennilega núverandi flokksfélögum hans á Alþingi, sjálfstæðismönnunum sem standa að frumvarpinu sem hann vísar til sem rauðkuhugmyndafræði.

Þorsteinn Pálsson segir í grundvallaratriðum þetta í leiðaranum: Fram til þessa hefur verið víðtæk sátt um Ríkisútvarpið, og sú sátt hefur verið þverpólitísk og náð frá hægri og yfir til vinstri. Það er hefð, segir Þorsteinn Pálsson, að ósátt hafi verið frá hægri hvað varðar innkomu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkað, að mönnum hafi þótt Ríkisútvarpið fá heldur fríar hendur á auglýsingamarkaði. Núna sé það hins vegar að gerast að sáttinni sé einnig sagt upp frá vinstri vegna þess að fyrirtæki sem er gert að hlutafélagi er ekki nema að hluta til sjálfsaflandi en nýtur greiðslna úr ríkissjóði eða af skattfé, það hljóti að þurfa að vera undir almennum reglum sem tryggja jafnræði og sé opið fyrir öllum upplýsingum. Það sé ekki hægt að fela slíku fyrirtæki ráðstöfun skattfjárins án þess að lúta á einhvern hátt almenningi, eiganda sínum. Þegar það gerist að Ríkisútvarpið er fjarlægt eiganda sínum á þann hátt sem gert er með frumvarpinu sé þessari sátt sagt upp. Þorsteinn Pálsson segir orðrétt, með leyfi forseta, í leiðaranum sem birtist föstudaginn 31. mars sl.:

„Rökin fyrir því að reka Ríkisútvarp með skattpeningum jafnframt þátttöku á samkeppnismarkaði auglýsinganna hanga vissulega á hálmstrái eða í mesta lagi á rótarhvönn. Þau fela í sér svo verulegt frávik frá almennum leikreglum. Ríkisstjórnin er að kippa þessu haldi í burtu. Hún hefur vitaskuld þingmeirihluta til þess að koma málinu fram. En hætt er við að hún setji með því móti í uppnám framtíðarsátt um ríkisrekið útvarp. Það eru einfaldlega of mikil menningarverðmæti í húfi til að sú áhætta sé réttlætanleg."

Þorsteini Pálssyni, fyrrum formanni Sjálfstæðisflokksins, finnst það vera óásættanleg áhætta, að sú áhætta sé einfaldlega ekki réttlætanleg að samþykkja það lagafrumvarp sem nú liggur fyrir þinginu og er til umræðu í kvöld.

Ég spyr: Hvað hefðu þeir sagt, og hvað segja þeir, eldri hógværari sjálfstæðismenn, sem eru margir, sem eru fylgjandi frjálsu blönduðu markaðskerfi en vilja engu að síður standa vörð um vissa grunnþætti í velferðarþjónustu og menningarstarfsemi? Hvað segir t.d. maður eins og Jón

Þórarinsson, fyrrum dagskrárstjóri, hjá sjónvarpinu? Ég vona að ég sé ekki að gera honum upp skoðanir, ég tel hann standa til hægri í stjórnmálum, en engu að síður er hann talsmaður menningarinnar. Hann skrifaði grein í Morgunblaðið föstudaginn 11. mars á síðasta ári um framlag Ríkisútvarpsins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og í þeirri grein furðar hann sig á afstöðu manna til samstarfs Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hann segir, með leyfi forseta:

„Margt er nú rætt um fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins, m.a. í yfirgripsmikilli samantekt í Morgunblaðinu nýlega (Ríkisfjölmiðill í tilvistarkreppu, Morgunblaðið 6.3. 2005). Þar og víðar í þessari umræðu hefur verið talin hin mesta nauðsyn fyrir útvarpið að létt væri af því „framlagi" til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem á þessu ári er sagt nema 118,5 millj. kr. Látið er líta svo út sem þetta sé hreinn „framfærslustyrkur", sem útvarpið hafi verið blekkt eða kúgað til að taka á sig, og hvergi er á það minnst að neitt komi á móti „framlaginu" eða útvarpið fái neitt fyrir snúð sinn. Af þessum ástæðum þykir mér ástæða til að rifja upp nokkrar staðreyndir um þetta mál, sumpart sögulegar en sumpart bara bláberar staðreyndir."

Rakið er síðan hvernig Sinfóníuhljómsveitin hefur átt samstarf og framlag til Ríkisútvarpsins í áranna rás. Jón Þórarinsson endar greinina á því að segja, með leyfi forseta:

„Hitt er svo hörmuleg staðreynd að Ríkisútvarpið hefur ekki hirt um að notfæra sér heimildirnar" — þ.e. til þess að nýta sér hljómleika sveitarinnar — „nema að nokkrum hluta, en það er framkvæmdaatriði sem ætti að vera umhugsunarefni fyrir dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins."

Ég verð að segja að mér hefur fundist fara of mikið fyrir því í seinni tíð í umræðunni um Ríkisútvarpið, að menn væru uppteknir við, og þá er ég að vísa til stjórnvalda, að losa Ríkisútvarpið undan ýmsum menningarlegum skyldum sínum, t.d. Sinfóníuna, í stað þess sem menn sem vildu verja þennan fjölmiðil gerðu áður, og ekki bara verja hann heldur gera hann að því sem hann er orðinn, ein öflugasta menningarstofnun landsins, þ.e. að kalla skyldurnar til stofnunarinnar, að búa svo um að hún tæki á sig skyldur. Það sem Jón Þórarinsson segir hins vegar í þessari grein er að það sem menn kalla bagga og skyldur og vísi í sem eins konar framfærslustyrk sé alrangt því að auðvitað hafi Ríkisútvarpið notið framlags Sinfóníuhljómsveitarinnar og eigi að nýta sér sem allra best á komandi tímum.

Ég hef vitnað í yfirlýsingu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, í yfirlýsingar núverandi útvarpsstjóra, Páls Magnússonar, og ég hef einnig vísað í yfirlýsingar hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, um að Ríkisútvarpið verði betur sett hvað stjórnsýslu og fjárráð snertir eftir breytinguna. Hef ég um þetta mjög miklar efasemdir. Við skulum ekki gleyma því að núverandi ríkisstjórn og núverandi stjórnarmeirihluti hefur skammtað Ríkisútvarpinu fjármagnið á undanförnum árum, allar götur frá 1995 þegar Framsókn og Sjálfstæðisflokkur tóku saman. Hvernig skyldi það hafa gengið?

Í ítarlegri úttekt sem birtist í Morgunblaðinu sunnudaginn 6. mars á síðasta ári eftir Björn Jóhann Björnsson segir m.a. um fjárhagshliðina, með leyfi forseta:

„Þegar afkoma Ríkisútvarpsins síðustu árin er skoðuð sést fljótt að stofnunin glímir við mikinn rekstrarvanda sem undið hefur upp á sig. Á þetta bæði við um sjónvarpið og útvarpið en þess skal getið að hlutur sjónvarpsins í tekjum og útgjöldum RÚV er jafnan um 75%. Síðast skilaði Ríkisútvarpið tekjuafgangi árið 1997, upp á 86 milljónir króna. Síðan þá hefur verið látlaus taprekstur, alls upp á ríflega 1.400 milljónir króna. Mestur varð hallinn árin 1998, þegar lífeyrisskuldbindingar starfsmanna komu inn með fullum þunga, síðan 2001 og 2003, eða yfir 300 milljónir króna hvert ár. Um svipað leyti og RÚV tók á sig auknar lífeyrisskuldbindingar var stofnuninni gert að leggja árlega til fjármagn til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þegar Menningarsjóður útvarpsstöðva var lagður niður og eldri lög um hljómsveitina tóku gildi."

Síðan er hallinn og fjárhagsþrengingarnar raknar. Síðar segir, með leyfi forseta:

„Forráðamenn RÚV benda á að tekjur stofnunarinnar á síðustu árum hafi ekki fylgt launaþróun í landinu. Séu afnotagjöldin uppreiknuð miðað við launavísitölu drógust þau saman um 19% á árunum 1994–2004, auglýsingatekjur hafa með sama útreikningi lækkað mun minna en heildartekjur drógust saman um 15% á liðnum áratug, miðað við launavísitöluna. Sé miðað við neysluvísitölu án húsnæðis hækkuðu tekjurnar hins vegar um 25% frá árinu 1994, á meðan vísitalan hækkaði á sama tíma um 30%. Auglýsingatekjur hafa hlutfallslega ekki aukist í tekjustofninum og numið árlega um 700–800 milljónum króna undanfarin ár. Þrátt fyrir aukna samkeppni á fjölmiðlamarkaðnum, m.a. með tilkomu Fréttablaðsins, hefur RÚV náð að halda sínum hlut, sem var rúm 16% árið 2003, miðað við hreinar auglýsingatekjur."

Margt annað fróðlegt kemur fram í greininni en sérstaklega vil ég vísa í það sem lýtur að starfsmannahaldinu og rekstrinum því að um þann þátt segir, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið hefur eftir megni reynt að hagræða í rekstri sínum og t.d. hefur starfsmönnum fækkað verulega undanfarin ár, eða um 15% frá 1996. Það ár voru fastráðnir starfsmenn að meðaltali 378 en voru um 320 á síðasta ári. Bæði er um raunfækkun að ræða og meiri verktöku á sumum deildum."

Verktökuhugsunin er nokkuð sem ekki hefur alltaf verið til fyrirmyndar hjá Ríkisútvarpinu. Stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar sem segjast bera hag Ríkisútvarpsins fyrir brjósti og segjast vilja búa vel að stofnuninni eru ekki beinlínis trúverðugir í ljósi þessara staðreynda, hvernig Ríkisútvarpið hefur verið látið drabbast niður, ekki heimilað að hækka afnotagjöldin þannig að þau haldist í takt við launavísitölu. Eins og fram kom dróst hún saman á árabilinu 1994–2004 um 19% séu þau uppreiknuð miðað við launavísitöluna.

Ríkisútvarpið bregst engu að síður þannig við að draga saman seglin, segja upp starfsfólki og mér finnst sláandi að frá 1996 til ársins 2004 hafi fastráðnum starfsmönnum fækkað um 15%. Þetta gerist þegar stofnunin er undir handarjaðri alls þessa óskaplega góða velviljaða fólks sem segist allt fyrir stofnunina vilja gera. Hins vegar höfum við í stjórnarandstöðunni hvað eftir annað hvatt til þess að hlaupið yrði undir bagga með Ríkisútvarpinu. Allt sem þarf til að svo verði gert er viljinn. Það þarf engar kerfisbreytingar,

engar formbreytingar — það þarf pólitíska vilja. Þegar þessi mál hafa verið rædd í þingsalnum og stjórnarþingmenn hafa verið spurðir hvort þeir séu tilbúnir að styðja breytingar til að styrkja fjárhag Ríkisútvarpsins og hvort það vaki fyrir þeim með kerfisbreytingum og lagabreytingum að beina meira fjármagni úr almannasjóðum eða frá almenningi til stofnunarinnar hefur svarið alltaf verið neikvætt. Núna, á þessum viðkvæma punkti, á ögurstundu, þegar við stöndum frammi fyrir hugsanlegum grundvallarbreytingum á lögum um Ríkisútvarpið neita menn hins vegar að svara. Þá leiða menn málið hjá sér.

Í ljósi þessa finnst mér dapurlegt að forsvarsmenn Ríkisútvarpsins, sumir hverjir, skuli kalla á þessa breytingu. Reyndar kemur það fram í álitsgerðum frá Ríkisútvarpinu og útvarpsstjóra, að hann telji að gera þurfi ýmsar breytingar hvað fjárhaginn varðar til að styrkja eiginfjárstöðu Ríkisútvarpsins. Hann hefur nefnt það og kemur fram í álitsgerðum hans og yfirlýsingum, að heppilegt væri að taka skuldir við ríkissjóð sem m.a. eru tilkomnar, eftir því sem ég skil, af vangreiddum gjöldum til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, a.m.k. að hluta til, og snúa þeim yfir í hlutafé sem síðan rynni til stofnunarinnar að nýju.

Síðan er hitt sem var nú pínulítill brandari við 1. umr. málsins, þegar ágætur þingmaður úr stjórnarliðinu talaði um 5 milljarða framlagið til Ríkisútvarpsins sem átti að fylgja lagabreytingunni. Hann hafði hreinlega ekki trúað að það gæti verið satt að það væru bara 5 millj. Þetta er framlagið sem á að fylgja með í heimanmund. Þetta er sem sagt hátturinn sem að lagabreytingunum er staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Sannast sagna finnst mér þetta ekki óskaplega trúverðugt.

Hvað varðar stjórnsýsluna, og þar vísa ég aftur í yfirlýsingar forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar, forsvarsmanna Ríkisútvarpsins, talsmanns menntamálanefndar og stjórnarmeirihlutans á Alþingi, að Ríkisútvarpið verði betur sett eftir að það verður hlutafélagavætt en það er nú með tilvísan í stjórnsýslu. Ég staðhæfi að allt sem gera þarf í Ríkisútvarpinu í því efni er hægt að gera án þess að breyta stofnuninni í hlutafélag. Hægt er að breyta innra skipulagi Ríkisútvarpsins án þess að því sé breytt í hlutafélag. Hér á eftir mun ég gera grein fyrir frumvarpi sem við höfum lagt fram í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þar sem við tökum sérstaklega á þessu. Fyrir okkur vakir að skera á hin pólitísku yfirráðatengsl, núverandi skipan útvarpsráðs þar sem stjórnarmeirihlutinn er ráðandi. Við viljum víðari skírskotun, víðari tengingu og einnig gera alla innri stjórnun stofnunarinnar miklu markvissari en hún er núna.

Hvaða leiðir fara aðrar þjóðir, hvað gera aðrar þjóðir í þessum efnum? Það er allur gangur á því. Ég tek eftir því að þegar talsmenn fyrirkomulagsins vísa í aðrar þjóðir er alltaf tveimur löndum sleppt, Danmörku og Bretlandi. Menn segja að aðrar þjóðir séu allar með ríkisútvarp sem hlutafélög, Norðmenn eru með hlutafélagarekstur, Svíar, Finnar o.s.frv. — en hvað með Dani? Hvað með Breta? Hafa menn hugleitt það að engin ríkisstofnun, ekkert ríkissjónvarp eða -útvarp á Norðurlöndum hefur verið eins árangursríkt í sölumennsku og Danmarks Radio? Það gat framleitt og selt til 42 Evrópulanda hinn margverðlaunaða þátt Matador, Króníkuna, Taxa, Rejseholdet og Örninn. Hvaða fyrirtæki framleiðir þessar myndir? Ríkisstofnunin Danmarks Radio. Það er ekki hlutafélag, það er ríkisstofnunin Danmarks Radio.

Síðan kemur hér eitthvert trénað lið úr gamalli stjórnmálahugsun og segir að ekkert sé hægt að gera af viti nema stofnuninni sé breytt í hlutafélag. Þarf ekki bara hugkvæmni? Þarf ekki bara dugnað, atorku, fjármuni og stuðning til þess að ná árangri? Sú árátta að hugsa í formi einvörðungu, að allt lagist ef maður breytir formi, er algjörlega út í hött. Ríkisútvarpinu hefur verið haldið í fjársvelti á undanförnum árum og þess vegna hefur fjarað undan því. Íslendingar hafa smám saman verið að styðja betur við kvikmyndaiðnaðinn og alls kyns listsköpun, mættum gera það miklu betur, miklu myndarlegar, og þá einnig við þessa stofnun, í framleiðslu hennar. Eins og Danir hafa gert og náð verulegum árangri.

Bretar eru nýbúnir að ganga frá skýrslu um BBC, kalla hana Green Paper. Hún er mjög merkilegt plagg. Ég er með skýrsluna hérna, Review of the BBC's Royal Charter: A strong BBC, independent of government. Hún kom út fyrir réttu ári, í mars, og það er magnað að lesa það sem fram kemur hjá mennta- og menningarmálaráðherra Breta, Tessa Jowell, a.m.k. á þeim tíma sem skýrslan birtist. Ég vil vitna í inngangsorð hennar í skýrslunni, með leyfi forseta:

„BBC er, engu síður en heilbrigðiskerfið, inngróinn hluti af bresku þjóðlífi. BBC er ætíð til staðar og öllum til afnota, stöðugt að reyna að ná í hæstu hæðir gæða. BBC þarf, engu síður en heilbrigðisþjónustan, að taka stöðugum breytingum svo því takist að starfa á eins markvissan hátt í framtíðinni og það hefur gert hingað til."

Þetta segir Tessa Jowell, menningarmálaráðherra Breta, í formála að skýrslu um framtíð breska útvarpsins BBC sem út kom fyrir réttu ári, í mars árið 2005, undir því heiti sem ég vísaði í.

Menningarmálaráðherrann breski minnir á að skýrslan um BBC sé hin sjöunda sinnar tegundar frá stofnun BBC árið 1927. Reglulega hafi farið fram endurskoðun á starfseminni og þeim lagagrunni sem BBC hvílir á. Margt hafi breyst, ekki síst á seinni hluta 20. aldarinnar. Þannig hafi BBC verið eina sjónvarpsstöðin árið 1955 og eina löglega útvarpsstöðin fram til ársins 1973. Frá 1997, þegar síðast hafi farið fram endurskoðun af þessu tagi, hafi sjónvarpsrásum fjölgað um helming á Bretlandi og séu nú um 400 talsins og frá sama tíma hafi útvarpsstöðvum fjölgað um 50% og séu nú um 300 talsins. Þá hafi aðgengi almennings að útvarps- og sjónvarpsefni aukist gríðarlega í margvíslegu formi. Internetið komi til með að bjóða upp á enn frekari möguleika þannig að fólk muni eiga þess kost að ákveða sína eigin dagskrá.

Hvað þýðir þetta fyrir BBC? Nú vitna ég aftur í ráðherra menningarmála Breta í formálsorðum hennar, með leyfi forseta:

„Þessarar spurningar urðum við að spyrja. Hvers ætlast fólk til af BBC, nú þegar framboð á efni er eins mikið og raun ber vitni? Við komumst að þeirri niðurstöðu að mestu máli skipti að vita hver væri vilji eigenda BBC, þeirra sem borga brúsann, greiða reikningana. Við ákváðum að snúa okkur til þeirra."

Og áfram heldur Tessa Jowell, með leyfi forseta:

„Með skoðanakönnunum, með tilstilli rýnihópa, opinna umræðufunda, með hjálp internetsins fengum við sjónarmið þúsunda og aftur þúsunda. Skoðanir þessa fólks voru afar skýrar. BBC nýtur trausts og stuðnings milljóna. BBC er talið hafa hlutverki að gegna sem fréttamiðill og kjölfesta í upplýstu lýðræðissamfélagi. Hlutverk almannaútvarps nýtur skilnings og stuðnings. Og þótt fólk, milljónum saman, nýti sér og njóti alls þess sem ný tækni býður upp á lítur það svo á að BBC eigi framtíðina fyrir sér í heimi nýrrar fjölmiðlunar. Ef nokkuð er, þá er litið á almannaútvarp sem enn þýðingarmeira eftir því sem markaðsstöðvunum hefur fjölgað."

Staða BBC er vissulega ekki óumdeild. Ráðherrann bendir á að sumum þyki stofnunin ekki nógu skemmtileg, of ápekk öðrum stöðvum, ekki svara kröfum ungs fólks nægilega vel, þá sé viðskiptalífið gagnrýnið á ýmsa starfsemi á vegum BBC sem betur væri, að þess mati, komin hjá markaðsfyrirtækjum og þannig mætti áfram telja.

Niðurstaðan er sú, að mati Tessu Jowell, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin er meðvituð um stórkostlegt framlag BBC til þjóðlífs og menningar, heima og heiman. Við erum einnig sammála meiri hluta Breta sem vilja að fjölmiðlunarveröld framtíðarinnar njóti áfram krafta BBC. Og við erum einnig sammála því að BBC þurfi að laga sig nýjum aðstæðum. Þjóðin þarf á BBC að halda til að halda uppi háum gæðum, stöðugri endursköpun þar sem nýjungum og hæfileikaríku fólki er komið á framfæri svo þjóðin fái að kynnast sjálfri sér; en við viljum jafnframt BBC sem sýnir öðrum stöðvum og framlagi þeirra virðingu."

Í skýrslu bresku ríkisstjórnarinnar eru settir niður fjórir meginþættir.

Í fyrsta lagi er skapaður friður um BBC í eins konar sáttmála til tíu ára en þá er ráðgert að næsta endurskoðun fari fram, þ.e. 2016.

Í öðru lagi skal stofnunin áfram fjármögnuð með áskriftargjöldum. Þetta hefur annmarka segja skýrsluhöfundar en þeir telja þetta engu að síður enn vera skásta kostinn. Þeirri niðurstöðu höfðu Íslendingar komist að fram til þessa, fram að nefskattinum sem nú á að fara að setja á.

Ég get sagt frá því að í nefnd sem ég veitti formennsku og var sett á laggirnar 1989, á vegum þáverandi ríkisstjórnar, um ný útvarpslög, var farið mjög rækilega yfir þennan þátt. Niðurstaða okkar sem vorum í þeirri nefnd var sú að við ættum að halda okkur við afnotagjöldin. Í þeirri nefnd voru til fróðleiks Eiður Guðnason alþingismaður, Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri Ríkisútvarpsins, Erna Indriðadóttir deildarstjóri, Jón Óttar Ragnarsson sjónvarpsstjóri, Helgi Guðmundsson, fulltrúi í útvarpsréttarnefnd, Magdalena Schram blaðamaður, Þorgeir Ástvaldsson útvarpsstjóri og Arnþrúður Karlsdóttir sem jafnframt var ritari nefndarinnar. Þá störfuðu með nefndinni Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, og Þórunn J. Hafstein, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu.

Nefndin var ekki sammála um alla hluti. Ágreiningurinn snerist hins vegar ekki um afnotagjöldin sem slík heldur um auglýsingar. Þar vildu talsmenn einkastöðvanna að Ríkisútvarpinu yrðu takmörk sett í þeim efnum. Ég var hins vegar ekki fylgjandi þeirri skoðun af tveim ástæðum.

Annars vegar tel ég auglýsingar ekki vera slæmar. Auglýsingar eru hvorki góðar né slæmar, þær eru góðar ef þær eru upplýsandi, þá eru þær þjónusta við fólk og fyrirtæki. Ef þær eru blekkjandi eða upplýsa ekki eru þær að sjálfsögðu slæmar. Hins vegar er það slæmt sem Ríkisútvarpið hefur gert allt of mikið af, kostunin, að hleypa fyrirtækjum í dagskrána með svokallaðri kostun þar sem þau eru þá farin að stýra dagskrárgerðinni og hafa áhrif á hana. Það er slæmt, afspyrnuslæmt.

Hin ástæðan fyrir því að ég vildi ekki hverfa frá auglýsingum á þessum tíma var praktísk, auglýsingar væru tæplega þriðjungur eða þar um bil af rekstrartekjum Ríkisútvarpsins og það gæti hreinlega ekki án þeirra tekna verið. Ég hafði trú á því og hef enn trú á því að það verði torsótt að afla Ríkisútvarpinu tekna sem tekjutapinu nemur ef það yrði af auglýsingatekjunum. Það er praktísk ástæða og málefnaleg.

Þetta var útúrdúr, ég var að tala um annan þátt í niðurstöðum nefndar bresku stjórnarinnar um nýjan grunn fyrir BBC til 10 ára. Þar er lagt til að áskriftargjöld verði áfram tekjugrunnur BBC. Ég mun á eftir fara yfir þá gagnrýni sem fram hefur komið í ítarlegu máli frá ríkisskattstjóra um hversu óvarlegt og óhyggilegt sé að fara út á þá braut að fjármagna Ríkisútvarpið með svokölluðum nefskatti sem kemur þá hlutfallslega harðar niður á láglaunafólkinu en þeim sem hafa hærri laun. Þetta er mjög vafasamur skattur að því leyti. Það eru ábendingar sem fram koma t.d. frá Alþýðusambandi Íslands, Öryrkjabandalaginu, ef ég man rétt — þó skal ég ekki fullyrða um það, ég mun að sjálfsögðu fara yfir það á eftir — en frá ýmsum aðilum hafa komið ábendingar í þá veru og mjög rækilega rökstuddar af hálfu ríkisskattstjóra.

Í þriðja lagi bendir nefnd bresku stjórnarinnar á að hún telji að BBC eigi að vera heimilt að færa út kvíarnar að vild hvað tækni snertir. Hvað efnistökum viðkemur, hins vegar, er því beint til stofnunarinnar að leggja megináherslu á það sem kallað er almannaútvarp, Public Service. Þetta er umhugsunarverður þáttur vegna þess að við erum alltaf að takast á um þetta í ríkisrekstrinum við talsmenn einkaframtaksins. Við heyrðum það ekki alls fyrir löngu að Samtök verslunar og þjónustu, held ég að það hafi verið, skömmuðu ríkisstjórnina og ríkisvald fyrir að heimila opinberum stofnunum að keppa t.d. á sviði tölvubúnaðar og tölvuvinnslu margvíslegrar og á öðrum sviðum þar sem samkeppni væri fyrir hendi því þetta væri mjög bagalegt og hefti einkaframtakið. Ég hef hins vegar jafnan sagt að ef við heimilum ekki opinberri starfsemi að blómstra á þessu sviði og leita hagkvæmari kosta, jafnvel þótt það sé á sviðum þar sem aðrir eru einnig að hasla sér völl, klippum við af þessari starfsemi vaxtarsprotann. Þá klippum við vaxtarsprotann af.

Mér finnst athyglisverðar þessar ábendingar nefndar bresku stjórnarinnar þegar hún segir — hún er með varnaðarorð gagnvart efninu — að BBC eigi að fara varlega hvað efnið, prógrömmin, snertir í samkeppni við einkastöðvarnar, að þar eigi að sýna ákveðna tillitssemi og aðhaldssemi og íhaldssemi kannski, en ekki hvað varðar tæknimöguleika, þ.e. að bjóða upp á nýjar lausnir, ný samskiptaform og nýja tækni. Ég er þessu alveg sammála. Ég held að ekki

eigi að skerða möguleika Ríkisútvarpsins hvað þetta snertir. Þarna held ég að Bretarnir séu á hárréttri braut og gott ef ég hef ekki heyrt hv. þm. Mörð Árnason — af því að hann er hér í salnum — iðulega leggja mjög ríka áherslu á þetta sem Bretar kalla Public Service-innihald ríkisútvarpsins, að það sinni menningarlegum skyldum sínum myndarlega.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir stjórnkerfisbreytingum hjá BBC. Annars vegar skal vera framkvæmdastjórn og hins vegar nokkuð sem Bretar kalla „Trust", sem í þessu tilviki mætti einfaldlega þýða sem útvarpsráð. Framkvæmdastjórn BBC, innri stjórnsýslan, á að vera ábyrg gagnvart þessu ráði sem síðan á að svara til ábyrgðar gagnvart þjóðinni, þ.e. útvarpsráð. Hugsunin er sú að útvarpsráð verði ekki tæki ríkisstjórnarinnar hverju sinni heldur tengist almenningi og er það í samræmi við vinnuaðferð skýrsluhöfunda, sem áður segir, en þeir leituðu til þjóðarinnar í allri sinni eftirgrennslan og sögðu sem svo: Við eigum að skapa BBC lagagrundvöll eða rekstrarskilyrði til komandi ára. Hvern eigum við að spyrja álits? Eigandann, þjóðina. Það er mjög merkilegt að kynna sér þessa skýrslu, ekki bara efnið og það sem hér kemur fram heldur efnistökin og aðferðina, nálgunina.

Ég held að þetta nefnilega skipti allt saman máli. Ferlið sem menn fara til að komast að niðurstöðu skiptir nefnilega máli líka. Ekki er náttúrlega saman að jafna vinnubrögðum Breta og því sem við erum vitni að hér á landi, en sem kunnugt er gengur frumvarp ríkisstjórnarinnar út á það að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi með einu hlutabréfi sem verði sett undir einn ráðherra. Hún eða hann eftir atvikum skipar stjórn en að undangenginni kosningu hér í þessum sal þar sem stjórnarmeirihlutinn hverju sinni tryggir sér sinn meiri hluta og hann á síðan að fara með völdin að því leyti að sjá til þess að útvarpsstjórinn og hans fólk fari að almennum lögum. Að öðru leyti er útvarpsstjórinn einráður um framkvæmd dagskrár og mannaráðningar. Þetta er óskaplega mikil þrenging frá því sem nú er þannig að ég segi: Ólíkt hafast þeir að, menntamálaráðherrar Bretlands og Íslands.

Þetta er sem sagt sú leið sem Bretarnir fara og þá kemur að því að spyrja nánar, maður er nú byrjaður að skauta utan í það: Hvaða leið vill íslenska ríkisstjórnin fara? Jú, það er frumvarpið sem við erum að ræða, þ.e. að Ríkisútvarpið hf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins, eins og við þekkjum hér af 1. gr. frumvarpsins. Án þess að ég ætli að fara ítarlega í einstakar greinar frumvarpsins þá er hér eins og í öðrum lögum um Ríkisútvarpið vísað í margvíslegar skyldur útvarpsins og er athyglisvert að ýmsir þeir sem skila áliti til menntamálanefndar eru gagnrýnir hvað þennan þátt varðar, hvað varðar menningarlegar skyldur. Menn hefðu viljað hnykkja á ýmsum þáttum þar. En síðan þegar kemur að stjórnsýslunni er ástæða til að staldra örlítið við. Í III. kafla frumvarpsins er stjórnskipulag Ríkisútvarpsins hf. tekið til umfjöllunar. Þar kemur fram að menntamálaráðherra fari með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu hf. en að um réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins hf. skuli mælt nánar fyrir í samþykktum félagsins Í 9. gr. frumvarpsins er síðan kveðið á um stjórn þessarar stofnunar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hvert. Hana skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Áður en kosið er til stjórnar á aðalfundi skulu fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi ásamt jafnmörgum til vara og skulu þeir kosnir í stjórn félagsins.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, bú þeirra hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta og þeir skulu hafa óflekkað mannorð."

Síðan er nánar fjallað um þá þætti. En það er undarlegt fyrirkomulag að stjórnin skuli kosin á aðalfundi og að hana skuli skipa fimm menn og jafnmargir til vara en viðkomandi skulu áður kosnir hlutbundinni kosningu á Alþingi, sem þýðir að stjórnarmeirihlutinn ræður hverjir þarna sitja. Þetta er náttúrlega alveg fráleitt og í ljósi allrar þeirrar umræðu sem fram hefur farið um pólitísk tengsl og pólitísk yfirráð er þetta aldeilis alveg fráleitt og í hrópandi mótsögn við það sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans hafa látið í veðri vaka í umræðu um þessi mál á undanförnum árum. Þar hefur verið talað um að skera á eða draga úr pólitískum afskiptum. Fyrir mitt leyti hef ég aldrei verið andvígur því nema síður sé að fulltrúar Alþingis komi að stjórnsýslu Ríkisútvarpsins á einhvern hátt. Ég hef hins vegar viljað að þeir kæmu þar að sem fulltrúar viðhorfa og fulltrúar almennings að því leyti að vera tengiliðir þá inn í þingsalinn og þaðan út í þjóðlífið með upplýsingar miklu frekar en sem ráðandi aðilar. Ég tel mjög mikilvægt að stofnunin sé að öllu leyti opin, ekki síst stofnun sem á að vera kjölfestan í fréttamiðlun í landinu, menningar- og fréttastofnun sem skiptir okkur öll mjög miklu máli að sé sem allra sterkust. En þar þurfa einnig að koma fleiri aðilar til. Nei, þetta er sem sagt niðurstaða stjórnarmeirihlutans, þ.e. stjórnarmeirihlutinn á að ráða samsetningu útvarpsráðs eða öllu heldur endurspeglast meirihlutavaldið hér í þingsalnum og í Stjórnarráðinu í útvarpsráði. Þetta er því alveg fráleitt og í hrópandi mótsögn við það sem menn hafa verið að segja, nánast allir, nánast allt þjóðfélagið á undanförnum árum. Ég ítreka að ég er því alls ekki andvígur að alþingismenn komi þarna við sögu en þá sem fulltrúar viðhorfa, fulltrúar flokka, fulltrúar sjónarmiða en ekki sem valdboðendur.

Starfssvið stjórnarinnar er ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni í dag um þetta efni, að í raun er útvarpsstjórinn mjög háður þessum aðilum vegna þess að þeir geta ráðið hann og þeir geta sett hann af. Það er stjórnarmeirihlutinn sem hefur þessi völd yfir einvaldinum í Ríkisútvarpinu. Þó að hvorki hv. þm. Mörður Árnason né ég mælum því bót að menntamálaráðherra skipi útvarpsstjórann — ef ég heyrði rétt það sem hv. þingmaður sagði í umræðunni fyrr í kvöld — er þarna komin ákveðin fjarlægð við útvarpsráðið sem er ekki fyrir hendi í þessum lagabreytingum. Þarna hefði þurft að koma allt annars konar breyting til sögunnar og að mínum dómi sú að útvarpsráðið réði útvarpsstjórann. Ég væri ekki hræddur við það ef það byggði ekki á pólitísku meirihlutavaldi sem endurspeglaði ríkisstjórnarmeirihlutann á hverjum tíma.

Starfssvið stjórnar er líka að taka ákvarðanir um lán og ábyrgðir o.s.frv. og samþykkja fjárhagsáætlun og þar fram

eftir götunum. Ég ætla ekki að staðnæmast við annað sem snýr að starfssviði stjórnarinnar en það fjallar fyrst og fremst um mjög almenna þætti. Annað er á hendi útvarpsstjórans sem jafnframt er framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins eins og kemur síðan fram í 11. gr. frumvarpsins. Þar segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins hf. Í samþykktum félagsins má skilgreina nánar starfssvið útvarpsstjóra."

Þetta er alveg gjörsamlega óaðgengilegt og fráleitar lagabreytingar að okkar dómi.

Síðan eru það tekjustofnar Ríkisútvarpsins og þar, sem kunnugt er, á að fara inn á þá braut að hafa nefskatt sem er jafnhár skattur innheimtur af tekjulágum sem tekjuháum. Einhverjir hópar eru undanþegnir gjaldinu. Engu að síður er tekjulágu fólki gert að greiða hann. Ég tel að hægt sé að fara aðrar leiðir ef menn vilja hverfa frá iðgjaldinu, afnotagjaldinu sem að mörgu leyti er mjög gallað. Það er að mörgu leyti gallað form þó að menn hafi ekki treyst sér til að hverfa frá því hingað til hér á landi. Og eins og ég gat um áðan heldur BBC enn þá tryggð við þetta gjald og telur að þrátt fyrir allt sé það skásta innheimtuleiðin. En vilji menn hverfa frá því þá held ég að aðrar leiðir séu færar. Við höfum þar bent á einhvers konar tengingu við fasteignir og að það væri heppilegra form.

Síðan er vísað í lögin um hlutafélög. Eins og við þekkjum klifar ríkisstjórnin sífellt á því að hún sé að koma með stórkostlega réttarbót hvað varðar opinber hlutafélög og felst í því að ljósmyndarar mega koma á aðalfundi hjá hinum opinberu hlutafélögum. Stórfenglegast af öllu er að um það er rætt að alþingismenn, ef það eru ríkishlutafélög og bæjarstjórnarmenn í sveitarfélögum — ég er ekki alveg viss um hvort þetta hafi náð fram að ganga eða ekki en þetta hefur verið rætt í efnahags- og viðskiptanefnd — fá að koma á þessa fundi og bera fram skriflegar spurningar. Þetta er stórfenglegt.

Með því að gera stofnun að hlutafélagi, og þar með Ríkisútvarpið, jafngildir það ákvörðun um að gera það að markaðsfyrirtæki, draga úr mikilvægi þess sem þjónustustofnun sem eigi að vera opin og öllum ljós og gera hana að markaðsstofnun sem á að geta hagað sér eins og fyrirtæki á markaði, geta falið viðskiptaleyndarmálin og sé ekki heft af mannskapnum í þessum sal og fjölmiðlum á þann veg að þurfa stöðugt að vera að upplýsa um áform sín í heimi samkeppninnar. Þetta eru bara tveir heimar. Hvora leiðina viljum við fara? Viljum við fara með Ríkisútvarpið á markaðsbrautina og gera það að fyrirtæki í samkeppni við önnur fyrirtæki í fjölmiðlum eða viljum við hafa þetta opna þjónustustofnun sem sinnir almannaútvarpi? Ég vil það. Þetta er ágreiningurinn sem er uppi í grundvallaratriðum. Þá segi ég og horfi til þess sem Bretarnir segja varðandi BBC. BBC á að fara varlega þegar kemur að því að keppa við aðrar stöðvar um efni sem þær geta auðveldlega sinnt, færa út kvíarnar til að bæta tækni og þjónustu sína, ekki setja neinar hömlur á stofnunina að því leyti. Þetta er nokkuð sem ég tel að við ættum a.m.k. að hyggja að. Hins vegar skal það viðurkennt að það er ekki auðvelt að finna hvar markalínurnar eiga að liggja. Auðvitað vill maður að ríkisútvarp geti boðið upp á efni sem höfðar til mjög margra, er vinsælt og þar af leiðandi eftirsótt af fyrirtækjum sem eru algjörlega á markaði. Þetta er kannski hægara sagt en gert.

Þetta er sem sagt sú leið sem ríkisstjórnin vill fara með frumvarpi sínu.

Langar mig þá til að víkja að frumvarpi sem við höfum sett fram, í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum sett það fram á tveimur þingum og hefur það fallið í góðan jarðveg hjá mörgum sem hafa kynnt sér málið. Í greinargerð með frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um Ríkisútvarpið sem hafa þann tilgang að renna styrkari stoðum undir rekstur þess og efla lýðræðislega stjórn þess með beinni þátttöku starfsmanna og kjörinna fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi í yfirstjórn þess.

Flutningsmenn telja að Ríkisútvarpið hafi miklum lýðræðislegum og menningarlegum skyldum að gegna auk þess sem það er öryggistæki fyrir alla landsmenn. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins og að það hafi góðar tekjur svo að það rísi undir skyldum sínum. Stöðugur og traustur rekstur þess er kjölfesta í lýðræðislegri umræðu í þjóðfélaginu og tryggir hlutlæga umfjöllun og þátttöku landsmanna í landsmálum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórnsýslu og stjórnarformi Ríkisútvarpsins sem fela í sér að dagskrárráð og framkvæmdastjórn skipi veigamikinn sess í rekstri þess.

Frumvarpið byggist á núgildandi ákvæðum um hlutverk Ríkisútvarpsins en í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skerpt verði á skyldum Ríkisútvarpsins til að sinna innlendri dagskrárgerð.

Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til ný skipan og hlutverk framkvæmdastjórnar. Lagt er til að framkvæmdastjórn beri ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins og í þessari grein er samsetning hennar og valdsvið skilgreint. Lagt er til að fulltrúi dagskrárráðs eigi sæti í framkvæmdastjórn með málfrelsi og tillögurétt til að styrkja tengsl innan stofnunarinnar. Flutningsmenn telja rétt að áhrif starfsmanna í stjórn stofnunarinnar verði efld til þess að stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum, fagmennsku og samábyrgð.

Í 4. gr. er gerð tillaga um að útvarpsstjóri verði skipaður af ráðherra en samkvæmt tillögu dagskrárráðs. Verði frumvarpið að lögum verður tillaga dagskrárráðs bindandi en þannig er lýðræðisleg skipun tryggð betur en nú. Hlutverk dagskrárráðs við mannaráðningar verður því aðeins að gera tillögu um útvarpsstjóra." — Þetta eru einu afskiptin eða aðkoma dagskrárráðs að mannaráðningum við Ríkisútvarpið samkvæmt tillögum okkar í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboð.

„Samkvæmt frumvarpinu tekur dagskrárráð yfir flest störf útvarpsráðs. Lagt er til að ráðið verði skipað fulltrúum þingflokkanna, sveitarfélaga, Neytendasamtakanna og Bandalags íslenskra listamanna auk þess sem útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar hljóðvarps og sjónvarps og fulltrúi starfsmanna eigi sæti í ráðinu. Dagskrárráð verði ekki umsagnaraðili um mannaráðningar eða skipan mála innan stofnunarinnar eins og útvarpsráð er samkvæmt gildandi lögum ef frá er talin skipun útvarpsstjóra. Höfuðhlutverk þess verði að fjalla um útsenda dagskrá og er brýnt að þannig verði búið um hnútana að gagnrýni og fyrirspurnir fái skriflega afgreiðslu frá stofnuninni. Ráðið á að endur-

spegla ólík sjónarmið í þjóðfélaginu en ekki valdahlutföll, auk þess sem aðild starfsmanna stuðlar að tengslum við innra starf stofnunarinnar. Við skipun í ráðið skal þess gætt að bæði byggðasjónarmið og kynjasjónarmið séu höfð til hliðsjónar.

Ákvæði gildandi laga um framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins í 5. mgr. 9. gr. fellur brott með vísan til 3. gr. frumvarpsins." — Þetta eru lagatæknileg atriði. Og enn fjallar hér um lagatæknileg atriði í greinargerð með frumvarpinu. — „Þá er einnig gerð tillaga um breytingu á 6. mgr. 9. gr. laganna er fjallar um mannaráðningar að teknu tilliti til efnisákvæða frumvarpsins.

Þá er í frumvarpinu lagt til að sérstök lög verði sett um afnotagjöld Ríkisútvarpsins þar sem kveðið verði nánar á um gjaldið, stofn þess og innheimtu. Hingað til hafa gjöldin alltaf verið miðuð við skráð viðtæki með þeirri undantekningu að ekki er innheimt nema eitt gjald á hverju heimili þar sem viðtæki er skráð. Hins vegar er lögð til sú grundvallarbreyting frá gildandi lögum að stofn afnotagjalds verði íbúðir og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á. Með þessu er afnotagjaldinu fundinn nýr farvegur sem tryggir jafnræði milli notenda og Ríkisútvarpinu eðlilegar tekjur af afnotagjaldi. Því er lagt til að gjaldið verði framvegis miðað við fjölda íbúða í landinu og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á. Því er slegið föstu að hverri íbúð fylgi réttur til að nýta þá þjónustu sem Ríkisútvarpið veitir landsmönnum. Fyrir þann rétt sé síðan greitt afnotagjald eftir nánari reglum sem settar verða í sér lögum."

Svo að ég fari aðeins nánar yfir þetta, ég vísaði áðan í 3. gr., um framkvæmdastjórnina, að þar sitji útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar allra deilda Ríkisútvarpsins og jafnmargir fulltrúar kjörnir af starfsmönnum, einn frá hverri deild, og fulltrúi dagskrárráðs en hann hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Útvarpsstjóri er formaður framkvæmdastjórnar og er framkvæmdastjóri fjármáladeildar varamaður hans.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á almennum rekstri, mannaráðningum, samræmingu á starfi deilda og annarri stjórn Ríkisútvarpsins.

Hjá framkvæmdastjórninni hvílir ábyrgðin á mannaráðningum. Hins vegar er það náttúrlega svo í stórri stofnun að einstakar deildir, einstök svið ráða einstaklingana til starfa en það er mikilvægt, að sjálfsögðu, að ábyrgðin sé skilgreind, hvar hún eigi að liggja.

Sem áður segir skipar ráðherra útvarpsstjóra til fimm ára í senn. Það er í samræmi við reglur sem gilda almennt um embættismenn, en hann gerir það að tillögu dagskrárráðs sem yrði bindandi.

„Menntamálaráðherra" — segir hér í 5. gr. — „skipar í dagskrárráð Ríkisútvarpsins eftir hverjar alþingiskosningar einn fulltrúa tilnefndan af hverjum þingflokki, tvo fulltrúa tilnefnda af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúa tilnefndan af Neytendasamtökunum, einn fulltrúa tilnefndan af Bandalagi íslenskra listamanna, útvarpsstjóra, framkvæmdastjóra hljóðvarps og sjónvarps og einn fulltrúa tilnefndan af starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Dagskrárráð skiptir með sér verkum."

Dagskrárráð er miklu víðtækara en útvarpsráð sem við þekkjum núna, og eins og ég gat um áðan er þetta spurning um að vera fulltrúi viðhorfa frekar en valdboðs. Þar eru komin til sögunnar Samband íslenskra sveitarfélaga, Neytendasamtökin, Bandalag íslenskra listamanna og fleiri aðilar. Jafnan er gætt að því að starfsmenn eigi sína fulltrúa, í þessu tilviki einn fulltrúa sem starfsmenn tilnefna.

Þetta dagskrárráð á samkvæmt lagafrumvarpi okkar að fjalla um útsenda dagskrá Ríkisútvarpsins og fylgjast með að ákvæði 3. og 5. gr. laganna séu haldin en í þeim greinum er kveðið á um skyldur Ríkisútvarpsins. Síðan segir hér:

„Athugasemdum dagskrárráðs skal svara skriflega sé þess óskað."

Þarna er enn verið að tala um gagnsæi og aðhald sem er nauðsynlegt, að sjálfsögðu, í þessari stofnun eins og öllum öðrum stofnunum. Við skulum ekki gleyma að í hlutafélögum er iðulega um mikið aðhald að ræða, mjög mikið aðhald. Hvaðan kemur það? Það kemur frá hluthöfum. Það eru þeir sem mæta á fundi og tryggja að starfsemin sé rekin samkvæmt því sem þeir vilja helst og best, og yfirleitt er það til þess að tryggja þeim arð, en látum það vera. Það er til þess. Þegar menn segja að hlutafélagsformið sé gott form og að menn hafi fengið góða reynslu er það rétt. Ég tek undir það. Það á hins vegar bara við um ákveðnar aðstæður. Aðrar ekki. Þegar hlutabréfið er eitt og er sett undir einn ráðherra er eitthvað mjög undarlegt að gerast og við nýtum aldeilis ekki þá kosti sem þetta form hefur upp á að bjóða.

Síðan kemur hér fram að dagskrárráð komi að jafnaði saman mánaðarlega og oftar ef þörf krefur og geti haft frumkvæði að dagskrártillögum. Það er ekkert bindandi, en það getur haft frumkvæði að tillögum.

Síðan segir í 7. gr. að útvarpsstjóri annist ráðningu starfsmanna, þó jafnan að tillögu framkvæmdastjórnar ef um starfsfólk dagskrár er að ræða.

Svo að ég vísi aftur í 3. gr., þar kemur í ljós að ábyrgðin á mannaráðningum er hjá framkvæmdastjórninni. Útvarpsstjóri annast ráðninguna, fer með formlegheitin, en þó jafnan að tillögu framkvæmdastjórnar ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Til að koma í veg fyrir að útvarpsstjóri ráði einn, manni einn fréttastofurnar og alla dagskrárgerðarmenn, þarf framkvæmdastjórnin að koma þar við sögu.

Síðan eru það tekjustofnarnir sem áður segir, og þar erum við með tillögu um að gjaldstofn afnotagjaldsins miðist við íbúðir og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á. Um afnotagjöld og innheimtu þeirra fari eftir ákvæðum laga um afnotagjöld Ríkisútvarpsins, og það er nokkuð sem yrði að ganga sérstaklega frá.

Samkvæmt þessu frumvarpi yrðu gerðar umtalsverðar breytingar á stjórnsýslu Ríkisútvarpsins, tengslum hennar við Alþingi og framkvæmdarvaldið auk þess sem lagt er til að afnotagjald í þeirri mynd sem nú tíðkast yrði lagt niður.

Svo að ég fari í örstuttu máli yfir helstu þættina yrði útvarpsráð lagt niður og í þess stað kæmi dagskrárráð sem fyrst og fremst sinnti því hlutverki að sjá til þess að Ríkisútvarpið sinnti lögbundnum skyldum sínum og veitti stofnuninni þannig faglegt og lýðræðislegt aðhald. Dagskrárráð hefði ekki afskipti af innri stjórnsýslu Ríkisútvarpsins að öðru leyti en því að útvarpsstjóri skyldi jafnan skipaður með samþykki dagskrárráðs. Ráðið byggði ekki á pólitískum valdahlutföllum, heldur væri við skipan þess reynt að tryggja aðkomu mismunandi viðhorfa í samfélaginu. Ekki

yrði skorið á tengsl Ríkisútvarpsins við Alþingi því að allir þingflokkar skyldu tilnefna fulltrúa í dagskrárráð ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bandalagi íslenskra listamanna og Neytendasamtökunum. Æðstu menn stjórnsýslu Ríkisútvarpsins ættu einnig sæti í dagskrárráði auk fulltrúa starfsmanna. Framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins ætti samkvæmt þessu frumvarpi að bera ábyrgð á allri stjórnsýslu stofnunarinnar og væri útvarpsstjóri ábyrgur gagnvart henni. Framkvæmdastjórn væri skipuð forsvarsmönnum deilda Ríkisútvarpsins auk fulltrúa starfsmanna. Útvarpsstjóri í umboði framkvæmdastjórnar annaðist ráðningu starfsmanna en þegar um væri að ræða ráðningu þeirra sem önnuðust dagskrárgerð skyldi ætíð byggt á samþykki framkvæmdastjórnar. Þá er gerð tillaga um að afnotagjöld í núverandi mynd yrðu lögð niður og þess í stað yrðu fasteign íbúða og atvinnuhúsnæði stofn gjaldsins. Gert er ráð fyrir því að um gjöldin, fyrirkomulag og innheimtu, yrðu sett sérstök lög, sérlög. Í frumvarpinu er byggt á ákvæðum í núgildandi lögum um hlutverk Ríkisútvarpsins en skerpt á skyldum þess varðandi íslenskt dagskrárefni.

Þetta er sá valkostur sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum boðið upp á. Við höfum lagt áherslu á það, ásamt félögum okkar í stjórnarandstöðunni, að reyna að ná saman um þverpólitíska lausn í þessu máli. Er það gerlegt? Já, það er það. Ef við gefum okkur að Sjálfstæðisflokknum sé alvara með að hann vilji ekki og ætli sér ekki að selja Ríkisútvarpið — við höfum okkar grunsemdir en gefum okkur þetta, hann vilji hins vegar bæta stjórnsýslu stofnunarinnar þannig að hún verði markvissari og betri, við gefum okkur líka að Framsóknarflokkurinn sé sama sinnis — er hitt í rauninni tæknilegt úrlausnarefni. Ef menn láta af þessari hörðu hlutafélagslínu en horfa einvörðungu á markmiðin, hvað það er sem menn vilja ná, held ég að menn gætu náð saman.

Mætti ekki þá reisa nákvæmlega sömu kröfu á mig, og okkur sem er svo uppsigað við hlutafélagsformið? Jú, vissulega. En þá spyr ég á móti: Er það órýmilegt? Er ekki bara skiljanlegt að menn vilji ekki sætta sig við formbreytingu sem hefur í för með sér réttindaskerðingu fyrir starfsfólk? Og að stofnun sé fjarlægð almenningi með að taka hana undan upplýsingalögum? Við eyddum miklum tíma í upplýsingalögin á sínum tíma, miklum tíma í vandaða yfirferð. Menn töldu það skipta svo miklu máli að stjórnsýslan og hið opinbera væri öllum opið. Hvaða stofnun ætti að vera opnust af öllum stofnunum? Er það ekki Ríkisútvarpið sem er þungamiðjan í fréttaflutningi í landinu? Er það ekki hún sem á að vera opnust af öllum? Ég hefði haldið það. Þó að stjórnarandstaðan hafi orðað það sem möguleika í einhvers konar málamiðlun að skoða önnur rekstrarform, hugsanlega einkaréttarlegs eðlis þó að ég sé ekki hrifinn af því — en gefum okkur að við séum að reyna að ná saman um einhverja málamiðlun — skulum við ekki gleyma því að það felur engu að síður í sér að við fjarlægjumst þessi lög sem kveða á um opnun, gagnsæi og aðgang almennings í gegnum upplýsingalög og önnur lög sem eiga einnig að standa vörð um réttindi starfsmanna. Það skiptir líka máli þegar um er að ræða þá sem sinna ýmsum störfum þar sem reynir á frelsi og sjálfstæði einstaklinganna. Þá er ég að horfa til fréttamannanna.

Hæstv. forseti. Af því að við höfum svo góðan tíma hér í fámenninu í kvöld langar mig að fara svolítið yfir þær umsagnir sem bárust menntamálanefnd um þetta frumvarp. Sumt af því hefur komið fram hér áður við umræðuna og ég ætla ekki að hafa langt mál um það svo að við séum ekki að tvítaka okkur hér en víkja að ýmsum þáttum sem mér finnst skipta máli. Ég skipti þessum athugasemdum í nokkra flokka.

Í fyrsta lagi er sá flokkur sem gagnrýnir frumvarpið á viðskiptalegum forsendum, eigum við að segja frá hægri eða eigum við að segja bara á viðskiptalegum forsendum? Þá er ég að horfa til aðila á borð við Viðskiptaráð Íslands og Samtök atvinnulífsins, fyrirtækja á borð við 365 fjölmiðla, Skjá 1, Útvarp Sögu og hugsanlega fleiri aðila einnig sem segja að Ríkisútvarpinu verði heimilað samkvæmt þessum lögum að fara of langt inn á samkeppnismarkað. Þannig segir hér í áliti sem menntamálanefnd barst frá Viðskiptaráði, með leyfi forseta:

„Viðskiptaráð hefur margoft látið í ljós þá skoðun að reglur um samkeppni þjóni ekki tilgangi sínum fyrr en ríki og sveitarfélög dragi úr þeim rekstri sínum sem keppir við einkaaðila og hindrar þannig aðgang að markaðnum. Þess vegna hefur Viðskiptaráð mælt fyrir því að starfsumhverfi ríkisfjölmiðlanna verði endurskoðað. Hefur ráðið einkum lagt það til að RÚV verði gert að hlutafélagi með það að markmiði að selja að minnsta kosti hluta þess.

Viðskiptaráð fagnar því að Ríkisútvarpið verði sett í nútímalegt rekstrarform, sbr. 1. málsl. 1. gr. frumvarpsins.“ — Það er tilvísun í hlutafélagavæðinguna. — „Hlutafélagaformið skerpir á hlutverki og ábyrgð stjórnenda. Þá ber að fagna því að hlutverk útvarpsins sé tilgreint í 3. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að félagið muni halda sig innan þess ramma sem þar er veittur og standi ekki í samkeppni um dagskrárefni við einkarekna fjölmiðla.“

Síðan heldur áfram án þess að ég ætli að fara nánar út í þá sálma. Hér er að finna umsögn frá sama aðila, Viðskiptaráði Íslands, sennilega tekið af vefsíðu Viðskiptaráðsins en er að finna í gögnum menntamálanefndar þar sem kveður við svipaðan tón. Hér segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi menntamálaráðherra er verið að blása til sóknar ríkisrekstrar gegn einkarekstri sem hefur þegar haslað sér völl á markaðnum. Þessi framganga ríkisins spillir heilbrigðum rekstrarskilyrðum á fjölmiðlamarkaði. Þannig liggur í augum uppi að ef frumvarpið fjallaði ekki um RÚV heldur fyrirtæki í einhverri annarri atvinnustarfsemi í landinu sæist glögglega hve frávik frá eðlilegum leikreglum markaðarins eru hrópandi í frumvarpinu. Að sama skapi hefur Viðskiptaráð margoft bent á það að ríkinu beri skylda til að sporna gegn frekari útgjaldaþenslu með því að gæta aðhalds í rekstri sínum, draga úr starfsemi hins opinbera og lækka álögur á skattgreiðendur. Fyrirliggjandi frumvarp um RÚV hf. er síst til þess fallið að uppfylla slíkar skyldur.“

Síðan eru miklar vangaveltur um heilbrigða samkeppni sem svo er nefnd í þessu áliti og skrifum sem birtust á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands.

Það er eitt athyglisvert í því sem ég las hér upp áðan, þ.e. þar sem segir að það kæmi glögglega í ljós ef fjallað væri um einhverja aðra atvinnustarfsemi en Ríkisútvarpið. Þá sæist glögglega hve hrópandi frávikin í frumvarpinu eru

frá því sem kallað er eðlilegar leikreglur markaðarins.

Staðreyndin er sú að við erum ekki að tala um hverja aðra atvinnustarfsemi. Ríkisútvarpið sinnir menningarlegum skyldum og því er ætlað að axla ábyrgð og sinna skyldum sem eru þess vegna ekki markaðsvænar, svo að við notum það orðalag. Sá er mergurinn málsins. Við erum að fjalla um annars konar starfsemi. Þannig hefur verið á það bent að þegar ESA-dómstóll eða samkeppnisyfirvöld á hinu Evrópska efnahagssvæði nálgast þessi viðfangsefni horfi þau til slíkra þátta en síðan horfi aðrir aðilar á hina menningarlegu þungamiðju, hinar menningarlegu skyldur. Þar hefur m.a. verið vísað í aðra evrópska stofnun, Evrópuráðið. En Viðskiptaráðið leggur áherslu á að Ríkisútvarpið sem og reyndar aðrar stofnanir hjá ríkinu haldi sig á mottunni og færi sig ekki yfir á svið þar sem eru önnur fyrirtæki.

Hér er ég með umsögn frá Samtökum atvinnulífsins, og reyndar tvær því að það er tæpur ársmunur á þeim. Fyrri umsögnin er frá því að frumvarpið var fyrst lagt fram í reyndar annarri mynd. Þá átti útvarpið að verða — ja, hvað átti það að verða? Átti það ekki að verða sameignarfélag, eða hvað? (**MÁ:** Jú, sameignarfélag.) Sameignarfélag, það vafðist fyrir mörgum að finna út hvað það þýddi, hverjir sameigendurnir væru því að þegar frumvarpið var síðan lesið var eigandinn bara einn og hann var ríkið. Menn áttu erfitt með að átta sig á því hvað vekti eiginlega fyrir ríkisstjórninni.

Þá var það svo, þegar það frumvarp kom fram, að allt ætlaði að farast, svo mikill var ákafinn að reyna að koma málinu í gegn. Þetta yrði bókstaflega að verða að lögum fyrir vorið var okkur sagt. Síðan leið og beið. Mikil andstaða myndaðist við frumvarpið í þjóðfélaginu almennt og sú andstaða var vel þekkt hér innan þingsins einnig þannig að úr varð að frumvarpinu var frestað. Nú eru allir guðslifandi fegnir að sá óskapnaður varð ekki að lögum. Það frumvarp var að mörgu leyti enn þá vitlausara en þetta þegar kom að ýmsum innviðum í stjórnsýslunni. Ætla ég ekki að fara nánar út í þá sálma en ég hef heyrt ýmsa aðstandendur þess frumvarps hrósa happi yfir því að það náði ekki fram að ganga á sínum tíma. Þannig er það oft með lagasmíð og breytingar sem verið er að gera af því tagi sem hér er til umfjöllunar að það er hyggilegt að fara varlega í sakirnar. Bretar gefa sér nokkur ár til þess að ræða lagagrunninn undir breska ríkisútvarpinu og síðan gefa þeir stofnuninni frið í áratug eða svo þangað til aftur er farið af stað. Menn fylgja stöðugt tíðarandanum og því sem talið er vera til bóta á hverjum tíma.

Í seinni álitsgerð Samtaka atvinnulífsins er vísað í fyrra álit því að hér segir í miðri umsögninni, með leyfi forseta:

„Hið nýja frumvarp felur í sér vissa framför frá því sem áður var, sem einkum felst í því að ráðgert er að hlutafélag í 100% eigu ríkisins verði stofnað um reksturinn í stað sameignarfélags áður. Þá er það til bóta að gert er ráð fyrir þeim möguleika að fjárhagslegur aðskilnaður verði milli útvarps í almannaþágu og annarrar hugsanlegrar starfsemi Ríkisútvarpsins."

Það er nefnilega það. Þetta er atriði sem þyrfti líka að ræða mjög rækilega. Hvað eiga menn nákvæmlega við með þessu? Eru menn að feta sig inn í þau landamærafræði sem ég vísaði til varðandi BBC og ég tók að vissu leyti undir áðan eða er það eitthvað annað? Ég er sannfærður um að *mín skilgreining á því hvar þessi landamæri ættu að liggja* eru á allt öðrum stað en skilgreining landamærafræðinga Samtaka atvinnulífsins.

Hér eru ítarlegar álitsgerðir frá Samtökum atvinnulífsins frá því í fyrra sem ég hirði að sjálfsögðu ekki um að rekja, og ekki heldur frá ýmsum aðilum. Hér er Rithöfundasambandið með álit og er það nú komið inn í bunkann hjá mér því að ég ætlaði að halda mig við fyrirtækjahópinn í álitsgjöfum. Það eru annars vegar samtökin, þ.e. Viðskiptaráð eins og það heitir núna og Samtök atvinnulífsins, og síðan koma einstakar fyrirtækjasamsteypur og hér er heilmikið plagg frá 365 fjölmiðlum, undirritað af Ara Edwald, forstjóra þess fyrirtækis. Þar er því haldið fram að frumvarpið samræmist ekki ákvæðum EES-samningsins um ríkisstyrki og harðlega er gagnrýnt að frumvarpið víki frá grundvallarsamkeppnisreglum, eins og hér er talið.

Ég ætla að lesa niðurlagið orðrétt, með leyfi forseta:

„Burt séð hins vegar frá því hvaða heimildir íslensk stjórnvöld kynnu að hafa gagnvart Evrópureglum til að víkja frá grundvallarsamkeppnisreglum hlýtur að sæta furðu að stjórnvöld vilji leggja til skipan á sviði fjölmiðlarekstrar sem felur í sér algert stílbrot frá þeirri þróun sem orðið hefur í umhverfi annarrar atvinnustarfsemi á Íslandi á undanförnum árum. Nægir þar að vísa til breytinga á fjarskiptamarkaði og fjármálamarkaði og umræðu um stöðu Íbúðalánasjóðs, svo aðeins tvö dæmi séu nefnd.

Það fyrirkomulag órökstuddrar mismununar og ójafnrar samkeppnisstöðu sem hér er verið að leggja til er tímaskekkja og 365 miðlar hljóta að treysta því að frumvarpið verði ekki óbreytt að lögum."

Þarna er mjög hörð gagnrýni frá hægri, frá viðskiptalífinu, nokkuð sem ég get alls ekki tekið undir, og allra síst þegar vísað er í stofnanir á borð við Íbúðalánasjóð sem þessi samtök vilja feig. Hins vegar hef ég ákveðinn skilning á þessu viðhorfi, ekki síst þegar ákvörðun er tekin um það að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið og halda með það inn á markað. Þá finnst mér þessi gagnrýni, því miður liggur mér við að segja því að ég hef verið og er mikill stuðningsmaður Ríkisútvarpsins, og þessir aðilar hafa meira til síns máls, það er mín skoðun. Ég er sannfærður, sérstaklega í ljósi yfirlýsingar sem aðilar eins og Ari Edwald fyrir hönd 365 fjölmiðla gefa, um að þetta standist ekki EES-reglur, um að þessi mál eigi eftir að lenda fyrir dómstólum. Það eru ekki bara biðlaunin og réttindaskerðingin hjá starfsmönnum heldur á þetta án efa eftir að fara þangað inn.

Eitt mjög slæmt er að gerast innan Evrópusambandsins, og ég held að ég tali fyrir hönd mjög margra algjörlega óháð því hvaða skoðun menn hafa á Evrópusambandinu, og það er að dómstólar eru að verða sífellt meira pólitískt mótandi um framvinduna. Þá gerist það þannig að sá sem setur reglurnar, lög eða reglur, setur reglur mjög almenns eðlis. Síðan eru saumaðir inn í þær reglur alls kyns fyrirvarar til að koma í veg fyrir eitthvað sem hagsmunaaðilar eða þrýstihópar vilja hafa áhrif á. Dómstólarnir horfa hins vegar frekar til grunnreglunnar og hirða minna um fyrirvarana. Þetta er þróun sem á sér í sífellt ríkari mæli stað innan Evrópusambandsins segja þeir sem glöggt þekkja til þeirra mála.

Þetta voru 365 fjölmiðlar. Hér er, enn í mjög ítarlegu máli, álitsgerð frá sömu aðilum frá því í fyrra sem ég læt liggja á milli hluta. Eins er hér Skjárinn með umsögn um frumvarpið. Þar er gagnrýni, ekki síst á auglýsingatekjurnar, frumvarpið er gagnrýnt frá þeirri hliðinni. Sú gagnrýni hefur komið fram hjá þessum aðilum í langan tíma þannig að það er í sjálfu sér ekkert nýtt. Skjárinn vísar einnig í athugasemdir sem koma frá Samtökum atvinnulífsins og tekur undir þær. En á þeim bæ er líka mikil gleði yfir því mikla framfaraspori sem þeir telja felast í því að Ríkisútvarpið verði gert að öllu leyti að hlutafélagi.

Síðan er álitsgerð frá Útvarpi Sögu. Í því áliti kemur fram nokkuð nýstárleg tillaga því að útvarpsstjóri þar, Arnþrúður Karlsdóttir, er með þá tillögu að í stað þess að gjald verði greitt til Ríkisútvarpsins eins verði greiðandanum heimilað að velja á milli útvarpsstöðva, að hann greiði það gjald sem um er rætt, 13.500 kr., en merki við til hvaða stöðvar, fyrirtækis, hann vilji láta gjaldið renna. Þetta minnir svolítið á trúarbrögðin, hvort menn vilji láta peningana renna til — reyndar er þar nú ekki eins mikið valfrelsi en menn geta þó valið milli þjóðkirkju og Háskóla Íslands. Eða geta menn valið á milli annarra trúarhópa? Svo mun, að ég hygg, ekki vera. En þarna kemur fram tillaga frá Útvarpi Sögu. Og þarna er enn gagnrýni á þessa aðstöðu Ríkisútvarpsins.

Síðan er það Ríkisútvarpið sjálft. Það sendir ítarlega greinargerð frá útvarpsstjóranum og samstarfsmönnum hans þar sem lögð er áhersla á að félaginu verði tryggt eðlilegt eigið fé frá byrjun. Þetta er hlutur sem er enn óleystur. Eins og ég gat um áðan hefur útvarpsstjóri gert tillögu um að skuldum Ríkisútvarpsins við ríkissjóð verði snúið yfir í hlutafé og þær látnar renna til stofnunarinnar að nýju. Þetta eigi a.m.k. að hluta til að leysa vanda Ríkisútvarpsins. En stóra spurningin er þessi: Hvernig kemur stofnuninni til með að reiða af þegar fram líða stundir? Þetta er ekkert bara spurning um byrjunina heldur einnig hvernig að henni verði búið til frambúðar. Lögð er einmitt áhersla á að rekstrarforsendur verði skýrar hvað varðar tekjur og gjöld. Það eru mjög skiljanlega ábendingar og óskir sem koma frá Ríkisútvarpinu, útvarpsstjóra og samstarfsmönnum hans.

Síðan erum við komin í annan flokk umsagnaraðila, menningartengdra aðila. Ég vil taka fram að ég sleppi fjölmörgum aðilum sem hafa sent inn athugasemdir um þetta frumvarp. Ég gat um það áðan í yfirferð minni að margir aðilar sem tengjast menningu, menntun og listum vilja ríkari áherslu í lagafrumvarpinu á skyldur Ríkisútvarpsins í menningarlegu tilliti.

Í umsögn Málvísindastofnunar Háskóla Íslands er áhersla lögð á þýðingar, í sjónvarpi sérstaklega, á íslenskt tal eða texta. Þau hafa staðnæmst við orðið „jafnan“ og vilja hafa „ætíð“, að það sé alltaf þýtt, ætíð en ekki jafnan. Það er sjónarmið þeirra. Sama kemur frá Íslenskri málstöð. Þar er lögð rík áhersla á þýðingarnar og íslenskt tal. Hér er umsögn frá íslenskuskor Háskóla Íslands. Þar er einnig lögð áhersla á að hnykkt sé á skyldum Ríkisútvarpsins og í þessu tilviki varðandi bókmenntir og aðra þætti einnig.

Þetta voru hinir menningarlegu aðilar, og þeir eru fleiri. Síðan eru það aðilar sem láta sig öryggið varða, ríkislögreglustjórinn og Landssamband lögreglumanna, sem leggja áherslu á að Ríkisútvarpið eigi að sinna nauðsynlegri öryggisþjónustu. Það er ekki beint í anda frumvarps þeirra hv. þm. Péturs H. Blöndals og Birgis Ármannssonar, og hér áður Sigurðar Kára Kristjánssonar, sem vildu láta bjóða út öryggisþáttinn.

Hér eru fleiri aðilar, t.d. Orðabókin. Svo er talsmaður neytenda með allítarlega umfjöllun. Hann er þeirrar skoðunar að afnotagjald, eins og verið hefur við lýði, hafi verið vel til þess fallið að notendur greiði fyrir þjónustu Ríkisútvarpsins og að ekki sé æskilegt í sjálfu sér að rjúfa tengsl þjónustu og gjalds. Hann hefur sem sagt efasemdir um þetta. Hann reifar einnig aðra þætti, og segir m.a., með leyfi forseta:

„Ekki er vikið að því í frumvarpinu hvernig notendum Ríkisútvarpsins er fært að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi útvarpsþjónustu í almannaþágu. Ég tel í þessu sambandi æskilegt að komið verði á fót lýðræðislega skipuðu ráði notenda útvarpsþjónustu í almannaþágu – neytendaráði – einkum ef ofangreind formbreyting til hlutafélags verður samþykkt eins og frumvarpið gerir ráð fyrir enda er sú breyting, sem sagt, ekki til þess fallin að bæta stöðu notenda; má þá auka gegnsæi, aðhald og áhrif notenda með þessu móti í staðinn. Hugsanlega má koma slíku ráði á fyrir fleiri ljósvakamiðla með því að setja ákvæði um það í almenn útvarpslög. Tel ég neytendaráð til þess fallið að veita ljósvakamiðlum stuðning og aðhald.“

Þetta eru athyglisverðar vangaveltur sem fram koma hjá talsmanni neytenda sem gagnrýnir nefskattinn, telur þá breytingu ekki horfa til framfara. Síðan segir hann um sjálfa formbreytinguna, rekstrarformsbreytinguna, með leyfi forseta:

„Ég tel að í greinargerð með frumvarpinu (bls. 10–11) sé ekki sýnt fram á að hagsmunum og réttindum neytenda – notenda þjónustu Ríkisútvarpsins – sé betur borgið með því að Ríkisútvarpinu sé breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Lít ég þá annars vegar til þess að af því virðist leiða að lög á borð við upplýsingalög, nr. 50/1996, með síðari breytingum, og stjórnsýslulög, nr. 37/1993, með síðari breytingum — sem taka til „stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga“ — gildi ekki um Ríkisútvarpið; er það að mínu mati ekki til þess fallið að bæta stöðu notenda útvarpsþjónustu í almannaþágu. Hins vegar tel ég að hlutafélagsformið sé ætlað fyrir rekstur með arðsemismarkmið — en ég tel óljóst hvort arðsemi eigi samkvæmt frumvarpinu að vera tilgangur Ríkisútvarpsins framvegis. Verði sýnt fram á nauðsyn formbreytingar tel ég að hagsmunum notenda útvarpsþjónustu í almannaþágu sé betur borgið með því að Ríkisútvarpið sé sjálfseignarstofnun eins og nefnt er sem valkostur á sama stað í greinargerð með frumvarpinu. Um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur gilda lög nr. 33/1999; þar eru ítarleg og skýr ákvæði um stjórnun og fjárhagslegan aðskilnað (sjá t.a.m. 29. gr. þeirra laga) sem samrýmast vel þeim sjónarmiðum sem nefnd eru í greinargerðinni (bls. 11 og 12) til stuðnings vali á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Sjálfseignarstofnun er að mínu mati hentugt form fyrir rekstur sem hefur almannaþjónustu sem megintilgang. Sjálfseignarstofnun hefur arðsemi ekki sem rekstrartilgang heldur rennur hugsanlegur arður af starfseminni aftur inn í reksturinn til þess að sinna markmiðinu með honum og þar

með til notenda þjónustunnar. Þá er sjálfseignarstofnun með takmarkaða ábyrgð enda er hún ekki tengd neinum eigendum þar eð stofnendur skilja sig frá rekstri sjálfseignarstofnunar þegar hún er sett á fót.

Vikið er að því í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins (bls. 20) að sú krafa sé í vaxandi mæli gerð til fyrirtækja sem reka útvarp í almannaþágu að þau „skili jafnvel hagnaði". Einnig er í inngangi almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu (bls. 7) fjallað um þann skilning Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) að taka þurfi tillit (3. tl.) til „sanngjarnrar framlegðar" af rekstri og (4. tl.) til „sanngjarnrar arðsemiskröfu". Á hinn bóginn má skilja uppsetningu 3.–5. gr. frumvarpsins og ummæli í greinargerð (bls. 8) á þá lund að „starfsemi sem sé viðskiptalegs eðlis" sé frávik frá almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins."

Síðan heldur talsmaður neytenda áfram í alllöngu og ítarlegu máli. Ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma en vek athygli á þeim sjónarmiðum að hann gagnrýnir þessa kerfisbreytingu, þessa rekstrarformsbreytingu, á þeirri forsendu að ekki hafi verið sýnt fram á að hún þjóni þeim markmiðum sem lagasmiðirnir tala sjálfir fyrir. Það væri nær að fara aðrar leiðir til að ná þessum markmiðum. Síðan er talsmaður neytenda með ýmsar ábendingar sem varða auglýsingar.

Annar aðili, talsmanni neytenda skyldur, þ.e. Neytendasamtökin, er einnig með álitsgerð um frumvarpið. Neytendasamtökin segjast ekki taka afstöðu til rekstrarforms Ríkisútvarpsins en leggja áherslu á að það eigi að vera í eigu almannavaldsins og eru með ýmsar aðrar ábendingar einnig. Neytendasamtökin telja að betur þurfi að skýra ýmsar greinar frumvarpsins, t.d. 3. gr. sem tíundar hlutverk Ríkisútvarpsins, hún þurfi að verða ítarlegri. Þá er vikið að fjármögnun Ríkisútvarpsins og sagt að upphæð nefskatts sem kynnt sé í frumvarpinu sé mjög há og komi illa við mörg heimili þar sem stálpaðir unglingar eða ungt fólk býr enn í foreldrahúsum. Neytendasamtökin minna á að skyldu áskrift að Ríkisútvarpinu með afnotagjöldum hafi reynst óvinsæl hjá mörgum og að hætt sé við því að nefskattur sem er jafnhár og frumvarpið gerir ráð fyrir verði ekki síður óvinsæll. Neytendasamtökin mæla með því að skoðað verði hvort ekki eigi að flétta saman mismunandi fjármögnunarleiðum, þ.e. nefskatti sem yrði lægri en fram kemur í frumvarpinu og fjárveitingum sem ákveðnar yrðu af Alþingi, auk auglýsinga og kostunar. Neytendasamtökin vísa síðan í sjónarmið sem fram koma í umsögn Hollvina Ríkisútvarpsins um akademíska stjórn stofnunarinnar en það mun hafa verið við frumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi um Ríkisútvarpið sf., sameignarfélag. Sitthvað fleira kemur fram í þessari álitsgerð.

Síðan væri hægt að staldra við og hafa mjög langt mál um þær deilur sem hafa risið vegna hljóðfæraeignar. Þá er það náttúrlega fiðlan fræga sem hefur verið til umfjöllunar en ástæða þess að ég minnist á þetta er sú að ég er með fyrir framan mig umsögn frá starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem telur ekki nægilega ljóst hvernig löggjafinn vilji að málum verði háttað gagnvart Sinfóníunni í framtíðinni. Það er önnur saga og annað frumvarp þó að það sé nátengt þessu.

Þá erum við, hæstv. forseti, farin að nálgast álitsgerðir frá starfsmannafélögum og reyndar ýmsum almannasamtökum. Áður en ég kem að þeim vísa ég í álitsgerðir frá samtökum kvikmyndagerðarmanna sem hafa viljað að Ríkisútvarpið kæmi betur til móts við þá. Hér eru ítarlegar greinargerðir sem fylgja áliti þeirra þar sem m.a. er farið yfir íslenska dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu og nokkuð sem vert væri að fara nánar í saumana á síðar við þessa umræðu.

Ég ætla einnig að láta hitt bíða hér örlítið, mjög athyglisverða umsögn frá ríkisskattstjóra, en víkja hins vegar að álitsgerðum starfsmannafélaganna, frá Landssambandi eldri borgara og öðrum aðilum. Ég var búinn að víkja að Landssambandi lögreglumanna sem lagði áherslu á öryggishlutverk Ríkisútvarpsins. Hér er Kennaraháskóli Íslands sem segir að tryggja þurfi vandaða útvarpsþjónustu í almannaþágu með bæði hljóðvarpi og sjónvarpi þar sem metnaður er lagður í fjölbreytta dagskrárgerð til fræðslu og skemmtunar fyrir alla aldurshópa.

Það er athyglisvert hve vel allar helstu mennta- og menningarstofnanir landsins vilja búa að Ríkisútvarpinu. Það er einhugur um það, og afskaplega sorglegt að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn séu að hrifsa þessa stofnun úr hendi þjóðarinnar og þröngva henni út á markaðinn. Ég er sannfærður um að það er í andstöðu við yfirgnæfandi meiri hluta starfsmanna og yrði væntanlega í andstöðu við alla eða a.m.k. flesta ef málin fengju nægilega góðan tíma til umfjöllunar.

Landssamband eldri borgara sendir ekki langa umsögn. Þar er vísað í öryggishlutverkið, og stuðningi lýst við afnotagjöldin. Landssambandið segir að afnotagjöldin séu viðtekin fjármögnunarleið í nágrannalöndunum og verulegt umhugsunarefni hvort hróflað skuli við því formi.

Alþýðusamband Íslands varar í umsögn sinni við nefskattinum, ef ég man rétt. Alþýðusambandið rifjar það upp að á síðasta ári hafi sambandið gefið umsögn um breytingu á Ríkisútvarpinu í sameignarfélag en andstöðu verið lýst af hálfu ASÍ við þá breytingu, bæði á rekstrarforminu og fjármögnun Ríkisútvarpsins. Hér segir, með leyfi forseta:

„ASÍ var og er þeirrar skoðunar að víðtækt hlutverk RÚV í almannaþágu, bæði í óháðri fréttamiðlun og menningarlegu hlutverki, sé þess eðlis að afar mikilvægt sé að RÚV verði með öruggum hætti áfram í almannaeigu.

ASÍ telur mikilvægt að standa vörð um sjálfstæði RÚV og telur að það megi gera með því að taka upp svipað fyrirkomulag og þekkist víða, þ.e. að starfsmönnum og sjálfstæðum aðilum utan stofnunar verði auk þings og ráðherra gert að skipa fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Sem fyrr lýsir ASÍ efasemdum sínum við fyrirhugaða breytingu á fjármögnun RÚV, þ.e. með sérstökum nefskatti í stað afnotagjalda eins og fram kom í fyrri umsögn. Jafnframt má benda á, að með því að breyta fjármögnun RÚV með þessum hætti getur það leitt til röskunar á samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fjölmiðlafyrirtækjum, sem innheimta afnotagjöld.

Verði af fyrirhuguðum breytingum á rekstrarformi RÚV, leggur ASÍ áherslu á, að í hvívetna og með sýnilegum og virkum hætti verði fylgt lögum um aðilaskipti að fyrirtækjum og réttarstaða allra starfsmanna sem margir eiga allan starfstíma sinn hjá stofnuninni verði tryggð. Mörg undanfarin ár hefur og mörgum starfsmönnum RÚV

verið haldið á endurteknum tímabundnum ráðningarsamningum og eins konar verktökusamningum. ASÍ leggur áherslu á að öllum þessum starfsmönnum verði tryggð sama réttarstaða og annarra starfsmanna RÚV ef og þegar breytingarnar fara fram. Mikilvægt er að ráðherra gefi skýrar yfirlýsingar hér að lútandi svo þeir starfsmenn sem ekki hafa notið fullnægjandi réttarstöðu njóti sömu réttinda og fast starfslið RÚV. Þá er og bent á, að til þess að tryggja sjálfstæði starfsmanna gagnvart stjórn og framkvæmdastjóra er og nauðsynlegt að lögin geymi sérstök ákvæði um málefnalegar, rökstuddar og áfrýjanlegar uppsagnir."

Undir þetta tek ég með Alþýðusambandi Íslands. Verð ég að segja að þetta er ljóður á ráði RÚV til nokkurra ára, þ.e. hve það hefur tíðkast innan stofnunarinnar að ráða fólk til verktöku. Með því móti er starfsöryggi fólksins minna og réttarstaðan rýrari að ýmsu leyti. Ég tek undir þessar ábendingar Alþýðusambands Íslands.

Umsögn stjórnar Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins um frumvarp um Ríkisútvarpið hf., með leyfi forseta:

„Stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins fagnar því að hlutverk Ríkisútvarpsins eigi áfram að vera að reka útvarp og sjónvarp í almannaþágu. Hins vegar telja samtökin það óviðunandi að eigendurnir, það er fólkið sem byggir þetta land, eigi samkvæmt frumvarpinu ekki neina leið til að koma athugasemdum á framfæri um dagskrá og fréttir stofnunarinnar. Hvergi í frumvarpinu er að finna ákvæði um hvernig farið skuli með athugasemdir og ábendingar frá almenningi.

SSR leggur til að í frumvarpið verði sett inn sérstakt ákvæði um umboðsmann hlustenda. Sá hafi það hlutverk að taka við kvörtunum og ábendingum og fylgjast með því að fyllstu óhlutdrægni hafi verið gætt í fréttaflutningi, frásögnum, túlkunum og dagskrárgerð. Enn fremur telur SSR að Ríkisútvarpið sem fyrirtæki í almannaeign skuli lúta upplýsingalögum."

Það þýðir í reynd að stofnuninni ætti ekki að breyta í hlutafélag vegna þess að hlutafélög, eðli máls samkvæmt, eru undanþegin upplýsingalögum.

Áfram segir um einstaka liði, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að greinilegar komi fram í lagatexta innihald skýringargreinar við I. kafla um að ekki megi selja neitt af hinu nýja fyrirtæki, hvorki í heild né í hlutum þar með talin dótturfyrirtæki, án nýrrar lagasetningar."

Varðandi II. kafla eru einnig gerðar athugasemdir um mögulegar breytingar og síðan segir að það sé verulega óljóst við hvað sé átt í 4. gr., hvers konar fyrirtæki gæti verið um að ræða og hvernig rekstri þess skuli háttað.

Þar er vikið að lagagrein sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að standa að annarri starfsemi en kveðið er á um í 3. gr. sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti."

Hérna vill stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins að skýrar sé kveðið á um hvernig rekstrarfyrirkomulag gæti fyrirtæki haft sem er til að mynda að hluta til í eigu Ríkisútvarpsins hf. og að hluta til í eigu fyrirtækis á almennum markaði. Nánar er vikið að þessu.

Síðan er áhersla lögð á að starfsmenn haldi öllum áunnum réttindum sínum. Þá er þess krafist að setningunni sem er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Ríkisútvarpið hf. skal bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins" verði breytt og hún hljóði svo: „Ríkisútvarpið hf. skal bjóða sama starf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins."

Að öðru leyti vísa starfsmannasamtökin til umsagna BSRB, BHM og Rafiðnaðarsambandsins um réttindi starfsmanna. Ýmsar nánari ábendingar eru í þessari umsögn frá stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins sem eru eins konar regnhlífarsamtök, en athygli vakin á því að tekið er undir þær ábendingar sem koma fram hjá BHM, BSRB og Rafiðnaðarsambandinu.

Stjórn Blaðamannafélagsins er með álitsgerð þar sem vakin er athygli á ýmsum þáttum. Ég staðnæmist við það sem hér segir undir það síðasta, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frumvarpinu ræður útvarpsstjóri aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins hf. Lagt er til í frumvarpinu að nánar verði kveðið á um starfssvið útvarpsstjóra í samþykktum félagsins. Þá er útvarpsstjóri samkvæmt frumvarpinu æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar Ríkisútvarpsins.

Stjórn BÍ telur rétt að skilgreina betur starfssvið útvarpsstjóra í lögunum, eða að lögin kveði á um að settar verði sérstakar reglur sem tryggi sjálfstæði ritstjórna gagnvart útvarpsstjóra."

Það er eitt athyglisvert líka hjá Blaðamannafélaginu og reyndar margt í umsögn þess. Stjórn Blaðamannafélagsins leggur t.d. til að fleiri aðilar en Alþingi fái að skipa fulltrúa í stjórn hlutafélagsins, m.a. starfsmenn Ríkisútvarpsins, og að slíkt eigi sér fordæmi í nágrannalöndum okkar. Það er vísað til NRK í Noregi í því sambandi. Ítarlegar er fjallað um mikilvægi þess að tryggja sjálfstæði ritstjórna gagnvart flokkspólitískri eða efnahagslegri íhlutun, það megi m.a. gera með því að kveða á um að setja þurfi innri reglur sem fjalli m.a. um skilyrði áminningar og brottvikningar.

Þar er, hæstv. forseti, vísað í lög og reglur sem eru við lýði núna, eru í Ríkisútvarpinu núna. Menn sitja hér með prjóna og sauma og reyna að stoppa upp í göt á hlutafélagalögum til þess að reyna að nálgast það fyrirkomulag sem við erum með núna og er verið að eyðileggja með þessu frumvarpi.

Frá Hollvinasamtökunum kemur ítarleg greinargerð sem ég ætlaði að vera búinn að taka fyrir áður en ég kæmi inn í álitsgerðir stéttarsamtakanna. Ég ætlaði að víkja aðeins að Hollvinasamtökunum sem eru mjög merkileg samtök, stofnuð til þess að verja og vernda Ríkisútvarpið. Fyrir nokkrum árum var vitað hvert stefndi, við höfðum heyrt þennan ásetning og yfirlýsingar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem vildu leggja Ríkisútvarpið niður, markaðsvæða það, selja það og leggja niður eins og framkvæmdastjóri flokksins orðaði það, tími þess væri einfaldlega liðinn. Ég hef grun um að Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins hafi sprottið upp úr því andrúmslofti þó að þar sé eflaust fólk komið að úr ýmsum áttum.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Grundvallarstefna Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins er andstaða við hlutafélagavæðingu þess. Samtökin telja að með því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi verði hlutverki

þess sem þjóðarútvarps ógnað. Ríkisútvarpið hefur hingað til haft skyldum að gegna umfram það sem markaðsfyrirtæki sinna, svo sem mikilvægu öryggishlutverki og framleiðslu á íslensku menningarefni fyrir útvarp og sjónvarp. Vegna eðlis hlutafélaga er ljóst að með því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi rofna þau tengsl sem það hefur haft sem þjóðarútvarp með menningarlega og samfélagslega ábyrgð. Þess vegna leggjast samtökin gegn frumvarpi þessu.

Í 1. grein frumvarpsins er að vísu ákvæði um að ekki megi selja félagið eða hluta þess og hnykkt á því í athugasemdum með frumvarpinu að engin áform séu um slíkt. En öllum lögum má breyta sé fyrir því meiri hluti á Alþingi og Hollvinasamtökin minna á að sporin hræða vegna þess að hingað til hafa opinber fyrirtæki sem breytt hefur verið í einkafyrirtæki nær undantekningarlaust verið seld.

Á Alþingi heyrast háværar raddir um að rétt sé að einkavæða Ríkisútvarpið og meirihlutavilji þingsins getur breyst fyrr en varir. *Minna má á að frumvarp um einkavæðingu* Ríkisútvarpsins liggur nú fyrir þinginu. ...

Hollvinasamtökin gera einnig athugasemd við 3. mgr. 3. greinar, þar sem fjallað er um skylduna að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni o.s.frv. Samtökin telja brýnt að það komi skýrar fram að efla beri framleiðslu innlendrar dagskrárgerðar."

Áfram fjalla Hollvinasamtökin um ýmsar greinar frumvarpsins, leggja áherslu á rækt við heilbrigða samfélagsumræðu og vilja láta ítreka skyldu Ríkisútvarpsins til hlutlausrar umfjöllunar og síðan er vísað í orðalag og æskilegt orðalag sem *ég ætla ekki að fara nánar út í*. Varðandi stjórnskipulagið gera Hollvinasamtökin athugasemdir við völd ráðherra sem þau telja vera of mikil.

Síðan segir hér, með leyfi forseta:

„Víða í nágrannalöndum okkar er æðsta stjórn ríkisútvarps skipuð fulltrúum ýmissa fjölmennra hópa í þjóðfélaginu. Innan Hollvinasamtakanna hefur verið rædd sú hugmynd að æðsta stjórn Ríkisútvarpsins verði að hluta til akademísk, þ.e. í henni ættu sæti lýðræðislega kjörnir fulltrúar stjórnmálaflokka á Alþingi ásamt fulltrúum almennings, eigenda útvarpsins, þeirra sem nýta sér þjónustu þess. Ýmsar hugmyndir hafa verið nefndar um stærð akademíunnar, allt frá 10 manns upp í 20–30. Þar eigi sæti fulltrúar ýmissa almannasamtaka, íþróttahreyfingar, verkalýðshreyfingar, háskólasamfélagsins, blaðamanna, nýbúa og ekki síst starfsmanna Ríkisútvarpsins; það má hugsa sér að í þessu ráði verði jöfn skipting kynjanna og þar verði fulltrúar allra landshluta.

Ráðið kæmi saman einu sinni til tvisvar á ári og seta í því væri mikilsverð viðurkenningar- og virðingarstaða. Í það væri valið hið hæfasta fólk með víða sýn yfir samfélagið. Meðal helstu verkefna þess væri að velja útvarpsstjóra til ákveðins tíma (þriggja til fimm ára), sem ætti að okkar mati að vera menningar- og fjölmiðlamaður."

Hér held ég að vanti eitthvað aðeins inn í en svo segir áfram, með leyfi forseta:

„Hollvinasamtökin telja þó að það gæti skipt miklu hvort ný lög um hlutafélög gætu a.m.k. tryggt upplýsingaskyldu og gagnsæi í rekstri hlutafélagsins."

Nú er það komið fram að frumvarp ríkisstjórnarinnar í þeim efnum gerir það ekki, og langt í frá.

Síðan er ítrekuð andstaðan við hlutafélagsvæðinguna og sagt að samkvæmt ákvæðinu geti menntamálaráðherra ákveðið að leggja fram meira hlutafé en 5 millj. Það er þessi makalausa upphæð sem þingmaðurinn ágætur hélt að væri 5 milljarðar, og láir honum enginn. Það tók enginn eftir því í þingsal þegar það var sagt fyrst, það bara hlyti að vera rétt, 5 milljarðar. Það voru hins vegar 5 millj., bara svona vasapeningur.

Þetta voru Hollvinasamtökin sem eru samtök fólks sem er vinveitt Ríkisútvarpinu, þessari vinsælu stofnun sem þjóðin öll vill vel, hygg ég, og við gerum það að sjálfsögðu úr mörgum stjórnmálaflokkum. Það eru undantekningar, þeir aðilar sem vilja þessa stofnun feiga, leggja hana niður eða segja að hennar tími sé einfaldlega liðinn. Mönnum þykir almennt vænt um Ríkisútvarpið og þessi samtök eru stofnuð m.a. til að koma í veg fyrir að spellvirki verði unnin á þessari stofnun. Ég lít svo á að með þessu lagafrumvarpi *sé einmitt verið að gera það*.

Það eru fleiri samtök innan Ríkisútvarpsins sem létu frá sér heyra. Félagar í Útgarði, félagi innan Bandalags háskólamanna, sendu frá sér eftirfarandi ályktun, með leyfi forseta:

„Félagsmenn Útgarðs hjá Ríkisútvarpinu telja að ákvæði um réttindi starfsmanna í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf., séu ekki nægjanlega skýr. Þess vegna tökum við undir umsögn BSRB og BHM um frumvarpið í öllum atriðum. Félagsmenn óska eftir því að greinarbetri ákvæði um réttindi starfsmanna verði sett inn í lagafrumvarpið og lögin og að þau ákvæði *tryggi að starfsmenn haldi lífeyrisréttindum* sínum, biðlaunarétti, veikinda- og orlofsrétti svo nokkuð sé nefnt. Vísum við í lög um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands frá því í maí 1997. Í þeim eru ákvæði um réttindi starfsmanna þar sem tekið er nákvæmar á málum starfsmanna og óskum við eftir því að þau verði höfð til hliðsjónar."

Þetta er Útgarður, félag háskólamanna innan Ríkisútvarpsins í aðskiljanlegum störfum.

Síðan er annað BHM-félag sem er Félag fréttamanna og síðan er SRÚ, Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins sem er innan BSRB.

Í umsögn Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Umsögn Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins (SRÚ) um frumvarp um Ríkisútvarpið hf.

SRÚ vill halda samningsrétti sínum, fyrir hönd núverandi starfsmanna og þeirra sem ráðast eftir breytingu á rekstrarformi. SRÚ ætlar að vera áfram innan BSRB.

SRÚ vill að félagsmenn, bæði núverandi og þeir sem ráðast eftir breytingu á rekstrarformi, verði í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

SRÚ vill leggja áherslu á að allir félagsmenn SRÚ haldi núverandi réttindum sínum

SRÚ vill að starfsmönnum verði boðin sömu eða sambærileg störf eftir breytingu.

Að öðru leyti vísar SRÚ til umsagnar BSRB og BHM."

Fyrir hönd stjórnar SRÚ ritar Gunnar Magnússon, formaður félagsins, undir þessa álitsgerð.

Er ég þá kominn að ítarlegustu álitsgerðinni sem fjallar

um réttindi starfsmanna. Ætla ég að fara nokkuð ítarlega í þessa umsögn svo og umsögn ríkisskattstjóra en vil gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. forseta þingsins hve lengi standi til að halda þessum þingfundi áfram.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseta finnst rétt að taka það fram, fyrst að hv. ræðumaður spyr, að ætlunin er að halda nokkuð áfram þannig að ræðumanni ætti að gefast kostur á að ljúka ræðu sinni.)

Að ljúka ræðu minni? Það get ég gert með styttri útgáfu eða lengri útgáfu. Ég held að enginn geti sakað mig um að hafa ekki fjallað á mjög málefnalegan hátt um þetta frumvarp. Ég geri það efnislega, ég hef sett mig mjög vel inn í þetta mál en ég á þess kost að fjalla um þá þætti sem hér eru eftir í síðari ræðum, bæði við 2. umr. málsins og einnig við 3. umr., og í því ljósi spyr ég hæstv. forseta hve lengi hún ætli að halda þessum fundi áfram því að lengd ræðutíma míns ræðst af ákvörðun hæstv. forseta.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti hefur engu við það að bæta að þingfundi verður haldið áfram þannig að ef hv. þingmaður kýs að ljúka ræðu sinni ætti að vinnast tóm til þess, en hann hefur auðvitað önnur tækifæri til.)

Verða þá aðrir þingmenn kallaðir í pontu?

(**Forseti** (JBjart)**:** Vill hv. þingmaður gera forseta grein fyrir því hversu lengi hann hyggst halda áfram?)

Ég gæti lokið máli mínu á tiltölulega skömmum tíma og látið það sem eftir stendur af ræðunni bíða annarrar ræðu, að ég lyki sem sagt máli mínu núna fljótlega. En ég get líka haldið áfram og lokið þeirri umfjöllun sem ég er með hér á borðinu. Það er einfaldlega ákvörðun hæstv. forseta.

(**Forseti** (JBjart)**:** Hv. þingmanni er það fullkomlega í sjálfsvald sett.)

Þá ætla ég að halda ræðu minni áfram af því að ég fæ ekki svör um það hvað vakir fyrir forseta um framhald þessa þingfundar sem er orðinn nokkuð langur. Eins og mönnum er kunnugt eru fundir í þingnefndum í fyrramálið og hefði ég haldið að æskilegt væri að ljúka fundi núna, eða fresta fundi öllu heldur. Enn þá eru margir á mælendaskrá en það þarf að vinnast ráðrúm til að kalla þá til sem ekki eru hér í salnum ef þeir ættu að hefja ræður sínar nú þannig að þetta er ástæðan fyrir því að ég hef verið að leita eftir þessum upplýsingum hjá hæstv. forseta. Ef ég fæ engin svör við þessu er ekkert um annað að gera en að halda tali mínu hér áfram.

Ég var að fara yfir álitsgerðir sem menntamálanefnd hafa borist. Ég flokkaði þessar álitsgerðir niður í meginflokka. Það eru álitsgerðir viðskiptalegs eðlis, álitsgerð frá Viðskiptaráði, álitsgerð frá Samtökum atvinnulífsins og síðan fyrirtækjum innan þessara samtaka, 365 fjölmiðlum, Skjánum, Útvarpi Sögu og fleiri aðilum.

Síðan eru það menningarlegir aðilar, þ.e. sem tengjast menningu, menntun og listum, sem vilja hnykkja á þeim ákvæðum frumvarpsins sem kveða á um skyldur Ríkisútvarpsins gagnvart menntuninni og listum.

Síðan eru aðilar á borð við talsmann neytenda, Neytendasamtökin og Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins sem eru mjög merk samtök og eru stofnuð til að standa vörð um þessa merku menningarstofnun. Það er athyglisvert að í álitsgerð Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins er mjög rík áhersla á að Ríkisútvarpinu verði ekki breytt í hlutafélag. Það er tekið fram í upphafi álitsgerðarinnar, og í niðurlagi hennar er það sjónarmið og sú afstaða ítrekað.

Í fjórða lagi eru hagsmunasamtök starfsmanna. Ég er búinn að vísa í álitsgerð frá Alþýðusambandi Íslands sem í eru ýmsar athugasemdir við frumvarpið. Ég er búinn að vísa í álitsgerð frá eins konar regnhlífarsamtökum starfsmanna og síðan eiginlegum stéttarfélögum, í Útgarð, í Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins og ætlaði að fara að teygja mig yfir í ítarlegustu umfjöllunina sem er frá BSRB og BHM en gleymdi þá umsögn Félags fréttamanna sem er athyglisverð fyrir ýmissa hluta sakir. Hún er ítarleg, hún er í 13 liðum og svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Umsögn Félags fréttamanna um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

1. Félagið tekur ekki afstöðu til þess hvaða rekstrarform verður ákveðið fyrir stofnunina. Megináhersla félagsins er sú að öll réttindi félaga í FF haldist.

2. Félag fréttamanna krefst þess að félagsmenn verði áfram í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það er besta trygging fyrir því að áunnin lífeyrisréttindi haldist, eins og stefnt er að og vilji er til hjá stjórnvöldum.

3. Félagið gerir skýlausa kröfu um að halda samningsrétti sínum og starfa áfram sem fag- og stéttarfélag fréttamanna. Félagið ætlar áfram að halda aðild sinni að BHM.

4. Í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og öðrum lögum er snúa að starfsmönnum ríkisins er kveðið á um mikilvæg réttindi okkar og víðtækar skyldur. Við viljum að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gildi áfram um félaga í FF eftir formbreytingu. Um réttindamál starfsmanna er að öðru leyti vísað í og tekið undir sjónarmið sem fram koma í sameiginlegu áliti BHM og BSRB um frumvarpið.

5. Hjá RÚV eru starfandi tvær sjálfstæðar fréttaritstjórnir sem heyra undir fréttasvið. Félag fréttamanna vill tryggja að svo verði áfram. Við leggjum til að bætt verði við 7. lið 3. gr. frumvarpsins ákvæði þar um og greinin hljóði þá svo: „Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða. Fréttaþjónustu RÚV annast tvær sjálfstæðar fréttaritstjórnir þ.e. fréttastofa útvarpsins og fréttastofa sjónvarpsins.“ Tvær ritstjórnir eru nauðsynlegar til þess að viðhalda fjölbreytni, samkeppni á fjölmiðlamarkaði sér í lagi hjá ljósvakamiðlum þar sem eignarhald er ekki fjölbreytt. Tæknilega tryggir það þar að auki mun hnitmiðaðri umfjöllun og fréttaþjónustu að önnur ritstjórn sinni útvarpi og hin sjónvarpi. Eins og kunnugt er er netmiðlun frétta hjá RÚV samhæfð.“

Þetta lýtur að innra skipulagi stofnunarinnar sem Félag fréttamanna vill að hugað verði að við þessa lagabreytingu.

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„6. Félag fréttamanna lýsir ánægju með orðalagið víðtæka fréttaþjónustu og teljum því að í frumvarpinu felist það markmið að fréttaþjónusta skuli efld til muna frá því sem nú er. Til að tryggja að öflug fréttaþjónusta nái til allra aldurshópa og allra landsmanna verður að vera tryggt í lögunum að útbreiðsla fjölmiðilsins vaxi fremur en minnki frá því sem nú er.

7. Við teljum að það eigi að vera kveðið á um það í

frumvarpinu að RÚV hf. verði fjölmiðill sem reki að lágmarki tvær útvarpsrásir og eina sjónvarpsrás. Ef einhver þessara rása yrði skilin frá RÚV hf. eru forsendur fyrir sterkum fjölmiðli sem á að ná til alls almennings brostnar.

8. Við viljum að upplýsingalögin gildi um RÚV hf. því það er í eigu almennings."

Þetta er sama áherslan og kom fram hjá Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins, að upplýsingalögin taki til þessarar stofnunar. Það þýðir, hæstv. forseti, að stofnunin verði áfram opinber stofnun en ekki gerð að hlutafélagi vegna þess að upplýsingalögin ná ekki til hlutafélaga.

Enn segir hér, með leyfi forseta:

„9. Okkur þykir réttur/aðgengi almennings, þ.e. eigenda RÚV, vera fyrir borð borinn í frumvarpinu því hvergi er getið um hvernig hann getur haft áhrif og komið sínum skoðunum á framfæri við RÚV. Þetta aðgengi verður að vera skýrt hjá fjölmiðli sem almenningur á og rekinn er í þágu þjóðarinnar. Sama gildir um tækifæri almennings til að nálgast upplýsingar um fjölmiðilinn og dagskrárstefnu hans. Almenningi er ekki tryggður sá réttur með lögum um hlutafélög í ríkiseigu, þrátt fyrir ákvæði um opna aðalfundi slíkra hlutafélaga.

10. Eldveggir til að verja sjálfstæða umfjöllun.

a. Tryggja þarf í frumvarpinu fullkomið sjálfstæði fréttaritstjórnanna gagnvart útvarpsstjóra.

b. Jafnframt þarf að tryggja fullkomið sjálfstæði fréttaritstjórnanna gagnvart markaðsdeild og annarri þeirri starfsemi RÚV hf. sem á sitt undir auglýsendum eða kostendum efnis.

c. Tryggja þarf við ráðningar fréttamanna að farið sé að faglegum sjónarmiðum, forsendur séu öllum ljósar og fréttamenn gangist undir hæfnispróf áður en þeir eru ráðnir.

d. Tryggja þarf stofnuninni örugga tekjustofna.

11. Starfssvið útvarpsstjóra er ekki skýrt skilgreint í frumvarpinu. Þó virðist viðurkennt að þörf sé á slíkri skilgreiningu. Þannig segir í 11. gr. frumvarpsins um útvarpsstjóra: að í samþykktum félagsins megi nánar skilgreina starfssvið hans. Réttara er að gera það strax í frumvarpinu sjálfu. Þá kemur fram í 11. grein frumvarpsins að útvarpsstjóri sé æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar á vegum Ríkisútvarpsins. Ef starfssvið útvarpsstjóra er ekki skilgreint getur það valdið því að sjálfstæði fréttastjórna sé nákvæmlega jafnmikið eða jafnlítið og útvarpsstjóri ákveður hverju sinni.

12. FF telur afnotagjöld bestu leiðina til að fjármagna Ríkisútvarpið hf. Engin krafa er af hálfu ESA um að leggja afnotagjöldin niður, eins og sjá má af því að önnur ríkisútvörp í Evrópu halda sig við þessa fjármögnunarleið. Í umræðu um almannaútvarp BBC hefur niðurstaðan alltaf orðið sú að halda afnotagjöldum áfram. Einnig má nefna NRK sem verið hefur hlutafélag í meira en áratug, en heldur samt afnotagjöldum. FF telur afnotagjöldin tryggja sjálfstæði fyrirtækisins mun betur en nefskattur.

13. Ekki verður séð af frumvarpinu að tryggt sé að öllum fréttamönnum hjá RÚV verði áfram boðið sama starf. Þetta nægir Félagi fréttamanna ekki. FF gerir skýlausa kröfu um að fréttamenn haldi störfum sínum."

Þetta er frá Félagi fréttamanna. Þetta er um margt mjög athyglisverð umsögn en eins og hér kemur fram tekur Félag fréttamanna í sjálfu sér ekki afstöðu til rekstrarformsins. Það staðnæmist við tiltekna þætti, við réttindi starfsmanna sérstaklega og tekur þar undir álitsgerð BSRB og BHM. Síðan er lögð áhersla á að Ríkisútvarpið heyri áfram undir upplýsingalög sem í mínum huga er krafa um að stofnunin verði ekki gerð að hlutafélagi því að þar með er það farið undan upplýsingalögum.

Síðan eru settar fram ýmsar tillögur um fyrirkomulag fréttastofanna, um tvær ritstjórnir og annað af því tagi og í lokin er vikið sérstaklega að starfssviði útvarpsstjóra. Félagið vill láta skilgreina starfssvið hans betur og skýrar en nú er gert og koma í veg fyrir að of mikil völd séu sett á hendur eins aðila með því móti.

Síðan er áhersla á að útvarpið haldi sig við afnotagjöldin, þetta sé sú leið sem útvarpsstöðvar í löndunum sem við iðulega og oftast berum okkur saman við hafi hjá sér, að þrátt fyrir alla galla sé þetta heppilegasta fyrirkomulagið.

Hæstv. forseti. Þá er ég kominn að umsögn BSRB og BHM um þetta frumvarp en það er ítarlegasta lögfræðilega úttektin sem gerð er af hálfu starfsmannasamtaka á þessum lagabreytingum.

Í fyrsta lagi gera þessi heildarsamtök innan almannaþjónustunnar, BSRB og BHM, athugasemdir um stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er lagt til að Ríkisútvarpið (RÚV) verði gert að sjálfstæðu hlutafélagi í eigu íslenska ríkisins. BSRB og BHM þykir með ólíkindum sú aðferð sem beitt er gagnvart starfsmönnum þegar stofnunum ríkisins er breytt í hlutafélög eða þær lagðar niður. Í landinu eru lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sem ætlað er að gilda við aðstæður sem þessar. Það er auðvitað óþolandi að það sé gert aftur og aftur, við þessi skilyrði, að setja sérstök lög sem taka almennu lögin um ríkisstarfsmenn úr sambandi þegar á þau reynir. Ef það er mat þingmanna að réttindi ríkisstarfsmanna séu þannig að þeim þurfi að breyta á auðvitað að gera það með því að breyta almennu lögunum þannig að þessi „ómögulega" staða komi ekki upp aftur og aftur. Þá þurfa ríkisstarfsmenn heldur ekki að vera með væntingar um starfsöryggi sem ekki stenst þegar á reynir. Óréttlætið birtist líka í því að þetta gerist oft en ekki alltaf. Svo virðist vera að þegar breytingarnar snerta litlar stofnanir með fáa starfsmenn þá séu almennu lögin látin gilda en þegar sambærilegar breytingar ná til stærri stofnana eru almennu lögin tekin úr sambandi. Þetta er afleit lagaframkvæmd sem ber merki um hentistefnu og óhreinskilni.

Samtökin spyrja því, hver sé tilgangurinn með því að stofna hlutafélag um Ríkisútvarpið. Er það gert til þess eins að breyta réttarstöðu starfsmanna Ríkisútvarpsins og að RÚV hf. þurfi ekki að fylgja þeim lágmarkskröfum gagnvart starfsmönnum sínum sem gerðar eru til opinberra stofnana innan stjórnsýslunnar? Bent hefur verið á að þessi breyting minni um margt á kennitöluskipti í atvinnurekstri, þar sem vinnuveitendur eru að reyna að komast hjá því að standa við samninga sína við starfsmenn. Hlutafélagsformið á að mati samtakanna fyrst og fremst við þegar um er að ræða samkeppnisstarfsemi með arðsemissjónarmið að leiðarljósi en markmiðið með rekstri RÚV hefur verið og á að vera að veita þjónustu, sinna menningarskyldum og öryggishlutverki en ekki skapa eigendum sínum arð."

Þetta eru almennar athugasemdir varðandi stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið frá stærstu heildarsamtökum, reyndar einu heildarsamtökum opinberra starfsmanna, samtaka í almannaþjónustu, BSRB og BHM. Má að sönnu tala um Kennarasambandið sem slík heildarsamtök en það á ekki aðild að þessu máli, er ekki með starfsmenn hjá Ríkisútvarpinu innan sinna vébanda eins og gefur augaleið.

Hér er sem sagt talað um hentistefnu og óhreinskilni af hálfu löggjafans og bent á að þetta háttalag minni á kennitöluskipti, menn færi sig úr einu formi yfir í annað til þess að hafa réttindi af fólki. Réttilega er bent á að hér voru sett lög á sínum tíma, árið 1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Lögunum sem um það mál giltu var þá breytt og það olli miklum deilum hér í þessum þingsal og ég minnist þess að ég stóð lengi í ræðustól til að koma í veg fyrir að þau lög yrðu að veruleika. Þá glímdum við við þrjá lagabálka sem allir gengu út á að skerða réttindi launafólks. Það voru lög um réttindi og skyldur, lög um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og lög um vinnudeilur sem tóku til alls markaðarins. Okkur tókst að breyta sumum ákvæðum í þessum lögum, okkur tókst að koma lífeyrisfrumvarpinu út úr þinginu og gerbreyta því í samningum þannig að þegar upp var staðið, hvað þau lög snertir, varð um þau bærileg sátt eins og oft vill verða þegar menn gefa sér tíma og leita í alvöru eftir sameiginlegri lausn.

Það tókst ekki nema að óverulegu leyti varðandi þennan lagabálk, lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 70/1996. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að þegar biðlaunarétturinn var afnuminn, eins og gert var með þeim lögum — hann var takmarkaður því að biðlaunarétturinn tekur ekki til starfsmanna sem ráðnir eru eftir að þau lög komu til framkvæmda 1. janúar 1997. Hann gildir einvörðungu um starfsmenn sem eru ráðnir fyrir þann tíma. Þeir áttu hins vegar, og eiga, að njóta biðlaunaréttar.

Nú, með þessu frumvarpi, er verið að hafa þennan rétt af fólki. Hér leyfa menn sér að koma upp, talsmenn frumvarpsins, þeir hafa leyft sér að koma hér upp og segja að í engu sé verið að skerða rétt starfsmanna. Það er verið að skerða réttinn, og það er verið að gera það á tvennan hátt varðandi biðlaunaréttinn. Hann er takmarkaður við tímann fram til 2008. Þá ætla menn að vera búnir að leggja niður innheimtudeild afnotagjaldanna og lögin eiga að taka til þess fólks, væntanlega, en þau eiga ekki að taka til fólks sem ekki vill starfa hjá hlutafélaginu Ríkisútvarpi og það er gagnstætt því sem gert var varðandi starfsmenn Flugstöð Leifs Eiríkssonar svo að tekið sé dæmi sem kemur upp í hugann. Þetta er gert þrátt fyrir að í lögunum sé þessi réttur afdráttarlaus og hvað snertir starfsmenn hlutafélaga hefur það verið staðfest fyrir dómstólum að fólkið á þennan rétt ef það tekur ekki starf í fyrirtæki sem breytt er í hlutafélag. En ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn vill greinilega láta draga sig fyrir dómstóla til að tryggja starfsfólki þennan rétt. Það er svívirðileg framkoma við fólk að hafa þennan hátt á og ekki of djúpt í árinni tekið í þessu orðalagi sem ég hef hér vísað í í álitsgerð BHM og BSRB um þessa almennu breytingu á lögunum.

Í öðru lagi eru hér athugasemdir varðandi breytingu á réttarstöðu starfsmanna. Hér fyrst er fjallað um réttindi samkvæmt kjarasamningi og ráðningarsamningi.

Í álitsgerð heildarsamtakanna segir, með leyfi forseta:

„Stofnunin RÚV verður lögð niður og fer þá um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Kemur þetta fram í II. kafla ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpinu.

Hvað þýðir þetta nákvæmlega varðandi réttarstöðu starfsmanna RÚV þegar stofnunin verður lögð niður og hlutafélagið tekur við rekstrinum? Ekki verður betur séð en að baki frumvarpinu búi sú hugsun að breytt skuli réttarstöðu þeirra ríkisstarfsmanna, sem starfa hjá RÚV, án þess þó að annar aðili en ríkið taki við starfseminni. Áfram á RÚV hf. að lúta stjórn ríkisvaldsins og það ber áfram ótakmarkaða ábyrgð á starfseminni. Með öðrum orðum þá er verið að setja lög um að starfsmenn RÚV hf. verði áfram starfsmenn ríkisins án þess þó að um kjör þeirra, réttindi og skyldur, gildi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986. Árin 1993 og 1996 voru sett hér skýr og einföld lög, þ.e. upplýsinga- og stjórnsýslulög, sem gilda áttu um stjórnsýsluna til þess að borgurum sé gert kleift að fylgjast með og kynnast athöfnum og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í almenningsþágu. Í stað þess að stofnanir taki mið af þessum lögum þá er rekstrarformi þeirra breytt svo þær þurfi ekki lengur að lúta þessum reglum! Af hverju leita stjórnvöld ekki annarra leiða sem tryggi þann sveigjanleika sem stjórnendur telja sig þurfa að sækjast eftir? Með frumvarpinu er verið að færa RÚV hf. undan ákvæðum stjórnsýslulaga, upplýsingalaga, reglum um auglýsingu á lausum störfum o.s.frv. Eins og að ofan greinir mun þetta m.a. hafa þau áhrif að RÚV hf. mun ekki þurfa að fylgja lágmarkskröfum sem gerðar eru til stjórnsýslunnar né þarf það að fylgja ákvæðum upplýsingalaga um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Skýtur það skökku við að ríkisútvarp sem hefur það meginhlutverk að reka hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu eins og lýst er í 3. gr. frumvarpsins, þurfi ekki að lúta stjórnsýslu- og upplýsingalögum eins og aðrar stofnanir sem sinna almannaþjónustu. Sú leið að opna á einhvers konar upplýsingaskyldu svokallaðra opinberra hlutafélaga í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög), er að mati BSRB og BHM ekki nægjanlegt þar sem sú upplýsingaskylda er mjög takmörkuð."

Á þetta ber að leggja ríka áherslu, hæstv. forseti. Ég hef áður komið inn á þessa þætti, en hér voru fyrir aðeins fáeinum árum sett lög sem eiga að tryggja upplýsingaskyldu stjórnvalda. Hvar í ósköpunum ættu þessi lög betur heima en hjá ríkisútvarpi, útvarpi í eigu almennings í landinu sem á að sinna menningarskyldum og vera þungamiðjan, kjölfestan í fréttamiðlun í landinu?

Í álitsgerðinni segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Samkvæmt aðilaskiptalögunum, nr. 72/2002, á RÚV hf. að yfirtaka gildandi ráðningarsamninga með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir. Þá eiga starfsmenn RÚV hf. að njóta réttinda og bera skyldur í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Kjarasamningurinn á því að gilda þar til honum verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til fram-

kvæmda.

Í aðilaskiptalögunum, nr. 72/2002, segir um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum:

„3. gr. Launakjör og starfsskilyrði.

Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað á að færast yfir til framsalshafa.

Framsalshafi skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Ákvæði þetta gildir ekki um rétt starfsmanna til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerðum sem staðfestar hafa verið af fjármálaráðuneyti. Það getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum í þeim sjóðum sem um er að ræða. Skiptir þá ekki máli hvort starfsmaður starfar áfram hjá fyrirtækinu eða hluta þess eftir aðilaskipti eða ekki.

Ákvæði þetta á ekki við um aðilaskipti að fyrirtækjum sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta. "

Samkvæmt þessu ber nýjum atvinnurekanda, eða framsalshafa eins og hann er kallaður í lögunum, að virða launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir fyrri atvinnurekanda, þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Þá eiga réttindi og skyldur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi sem fyrir hendi eru á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað að færast yfir til nýja atvinnurekandans. Áunnin réttindi, svo sem orlofsréttindi eða veikindaréttur, flytjast jafnframt með yfir til nýs atvinnurekanda. Þetta þýðir að þó nýr aðili taki við þá eiga laun og önnur starfskjör starfsmanna ekki af þeirri ástæðu einni að taka breytingum. Í ráðningarsamningi Ríkisútvarpsins við starfsmenn sína er sérstaklega tekið fram að um réttindi og skyldur starfsmanns fari eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt er tilgreint í ráðningarsamningi í hvaða deild LSR starfsmaður greiði. Er það því álit BSRB og BHM að þessi réttindi eigi að fylgja starfsmönnunum til RÚV hf. eins og skýrt er samkvæmt aðilaskiptalögunum. Hins vegar virðist sem frumvarpshöfundar séu ekki að fylgja aðilaskiptalögunum að öllu leyti."

Hæstv. forseti. Hér kemur síðan að biðlaunaréttinum sem ég hef áður gert að umfjöllunarefni en í álitsgerð BSRB og BHM segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu segir að um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2008. Í athugasemdum frumvarpsins um ákvæði til bráðabirgða II er nánar skýrt hvað átt er við með þessu. Segir þar að meginreglan sé sú að réttur til biðlauna flyst ekki til hlutafélagsins. Hins vegar sé gerð sú undanþága frá meginreglunni að biðlaunarétturinn flyst til hlutafélagsins til 31. desember 2008. Þessi tilhögun er rökstudd með því að miklar skipulagsbreytingar séu fram undan hjá RÚV hf. sem flestar verði komnar fram fyrir árslok 2008. Þeir sem eiga biðlaunarétt og missa starf sitt vegna niðurlagningar stöðu eftir 31. desember 2008 munu ekki njóta þeirra réttinda samkvæmt frumvarpinu.

Ef það er mat löggjafans að verið sé að bjóða sambærilegt starf hjá RÚV hf. og hjá RÚV eiga öll réttindi að fylgja við ráðningu, þar með talin biðlaunaréttindi, samanber aðilaskiptalögin.

Með því að fella niður biðlaunarétt eftir 31. desember 2008 er að mati BSRB og BHM verið að skerða réttindi þeirra starfsmanna RÚV sem njóta biðlaunaréttar. Með þessari löggjöf er verið að koma í veg fyrir að ríkisstarfsmenn fái notið réttinda sem þeir hafa áunnið sér í starfi og er það andstætt eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar.

Í frumvarpinu er ekki minnst á réttarstöðu starfsmanna sem heyra undir bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur hafni þeir starfi hjá RÚV hf. Þar sem starfsmenn njóta ekki lengur ýmissa réttinda sem fylgdu starfi þeirra sem ríkisstarfsmenn er ekki um að ræða sambærilegt starf hjá RÚV hf. Eiga þeir starfsmenn sem hafna starfi hjá félaginu því rétt á biðlaunum hafi þeir verið ráðnir fyrir 1. júlí 1996, sbr. 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um réttindi og skyldur. Þegar Flugstöð Leifs Eiríkssonar var hlutafélagavædd fengu þeir starfsmenn sem höfnuðu starfi hjá félaginu biðlaun. BSRB og BHM leggja áherslu á að sama þurfi að tryggja fyrir starfsmenn RÚV sem ákveða að taka ekki starfi hjá RÚV hf."

Hér vil ég gera eina leiðréttingu á því sem ég sagði áðan, lögin um réttindi og skyldur tóku gildi 1. júlí eins og hér kemur fram en ekki 1. janúar 1997, og er ég þá að rugla því saman við lífeyrisréttindalögin sem tóku gildi í ársbyrjun 1997. Eins og ég gat um áðan tókst stjórnarandstöðunni og verkalýðshreyfingunni að ná frumvarpinu út úr þinginu og koma því inn á samningsborð. Var um það samið fram á haustið 1996 og urðu allir sæmilega ásáttir um niðurstöðuna.

Það er einmitt vikið að niðurstöðunni í næsta kafla í þessari umsögn BSRB og BHM en þar segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu segir að starfsmaður RÚV sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfrest í hálft starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

Við rekstrarformsbreytinguna verður skerðing á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild LSR í dag. Iðgjöld hans miðast við þau laun sem hann hafði þegar staða hans var lögð niður og breytast iðgjaldagreiðslurnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Með öðrum orðum, það verður eins konar frysting á launanum. Hefur hækkun launa starfsmanna hjá RÚV hf. því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs.

BSRB og BHM benda á það ójafnræði sem ákvæðið til bráðabirgða hefur í för með sér þar sem jafnræðisreglu er ekki gætt. Fjölmörg dæmi eru um fyrrverandi starfsmenn

ríkisins sem eru í dag í starfi samhliða töku lífeyris. T.d. á það við um starfsmenn Póstsins og Símans sem er mjög stór hópur starfsmanna. Þá er stór hópur ríkisstarfsmanna sem eru í B-deild LSR og njóta lífeyris síns samhliða því að starfa á vinnumarkaðinum í tímavinnu eða lágu starfshlutfalli.“

Hæstv. forseti. Þetta er atriði sem starfsmenn hafa spurt mjög mikið eftir, þ.e. lífeyrisréttur þeirra. Þá er á það að líta að þeir eiga ekki lengur hald í viðmiðun við laun eftirmanns í starfi eins og tíðkast, þeir taka ekki mið af launum *starfsmanns í Ríkisútvarpinu hf., heldur eru iðulega fundnir* viðmiðunarhópar annars staðar í hinu opinbera kerfi eða þeir fylgja svokallaðri meðaltalsreglu sem gildir um laun opinberra starfsmanna og er þá horft á föst dagvinnulaun. Þó er á það að líta að þau hafa þróast mjög hagstætt fyrir lífeyrisþegann allar götur frá því að það kerfi var tekið upp í ársbyrjun 1997 þannig að að því leyti hafa menn ekki orðið fyrir skerðingu. Um það er hins vegar að ræða þegar starfsmaður sem gegnir stöðu sem flokkast undir almenn störf en fær síðan stjórnunarhlutverk innan hlutafélagsins, heldur sig á gömlu lífeyrisréttindunum, nýtur ekki ávinningsins sem þá kemur í launaumslagið. Hann hækkar iðulega í launum en nýtur þess ekki í ávinningi lífeyrisréttinda. Þetta er sú skerðing sem menn standa frammi fyrir í B-deild sjóðsins.

Hvað varðar A-deild lífeyrissjóðsins segir hér, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er ekki einu orði minnst á réttindi starfsmanna sem greiða í A-deild LSR. Aðeins er fjallað um lífeyrisgreiðslur skv. 24. gr. laga nr. 1/1997 en sú grein á eingöngu við um B-deild LSR. Í fyrra frumvarpinu um RÚV sf. var eftirfarandi ákvæði:

„Í 6. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku laganna eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins haldi þeim réttindum.“

Hver er réttarstaða starfsmanna sem greiða til A-deildar LSR í dag og nýrra starfsmanna samkvæmt frumvarpi um RÚV hf.?

Mun verða tryggt að starfsmenn geti áfram verið í LSR? Möguleikar starfsmanns sem greiðir í A-deild LSR til *áframhaldandi aðildar að LSR er háð nokkrum skilyrðum.* Sé ekki gengið tryggilega frá því í lagafrumvarpinu yrði aðildin háð samþykki RÚV hf. og að hlutafélagið tæki á sig þær skuldbindingar sem henni fylgja. Er því nauðsynlegt að mati BSRB og BHM að gengið sé tryggilega frá því að allir starfsmenn RÚV hf. eigi rétt á því að vera í LSR, og að það nái einnig til nýráðinna.

BSRB og BHM vísa í því sambandi á 3. gr. í aðilaskiptalögunum sem fjallað er um hér að framan, þ.e. að aðilaskipti geti aldrei leitt til skerðingar á áunnum lífeyrisréttindum úr þeim sjóðum sem um er að ræða.“

Ég ítreka, hæstv. forseti, að það er ekkert tæknilega lagalega sem á að standa í vegi fyrir því að núverandi starfsmenn og nýráðnir starfsmenn Ríkisútvarpsins hf. verði áfram innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem óneitanlega gefur þeim ríkari réttindi en flestir aðrir sjóðir ef vilji er fyrir hendi hjá löggjafanum og stjórn stofnunarinnar, eða hlutafélagsins ef af því verður að við samþykkjum þetta frumvarp sem því miður allt of margt bendir til að verði ofan á. Þá er þetta atriði sem þarf að fá svör við. Það væri fróðlegt að heyra álit formanns menntamálanefndar, sem ég vænti að sé hér á svæðinu að fylgjast með umræðunni, hugsanlega í andsvari á eftir þegar ég lýk ræðu minni. Ég geri ráð fyrir að hann sé á svæðinu eða einhver fulltrúi ríkisstjórnarinnar eða stjórnarmeirihlutans að fylgjast með þessari ræðu sem ég flyt hér kl. að verða 3, vegna þess að þingið er ófært um eða óviljugt til að upplýsa mig um hve lengi stendur til að halda þessum þingfundi áfram. Ég hef *áður lýst því yfir að ég láti lengd ræðu minnar ráðast af* ásetningi stjórnar þingsins hvað þetta snertir. Ég get alveg fullvissað hæstv. forseta um að ég get staðið hér lengi enn og haldið áfram. Ég mun að sjálfsögðu krefjast þess að fulltrúar stjórnarmeirihlutans mæti þá í þingsal og hlusti á það sem hér er sagt um þessar lagabreytingar, um skerðingar sem eru að verða á réttindum starfsfólks, og svari fyrir gjörðir ríkisstjórnarinnar og áform í þeim efnum. Þess vegna vil ég fá að vita tvennt: Hvað hyggst stjórn þingsins halda þessum fundi lengi áfram? Gætu mætt hér á svæðið, í þingsal, fulltrúar ríkisstjórnarinnar til að svara fyrir það sem hér er verið að gagnrýna?

(**Forseti** (BÁ)**:** Varðandi fyrra atriðið sem hv. þingmaður spurði um vill forseti geta þess að áform forseta eru að halda þingfundi áfram til að reyna að þoka umræðunni um þetta mál áfram. Varðandi síðara atriðið skal forseti ganga úr skugga um það hvort formaður menntamálanefndar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, er ekki nærstaddur eða aðrir þeir sem hv. þingmaður óskaði eftir.)

Ég mun gera hlé á ræðu minni þangað til þeir eru mættir í þingsal. (**MÁ:** ... óbundnir ...)

(**Forseti** (BÁ)**:** Samkvæmt upplýsingum forseta er hv. formaður menntamálanefndar að koma í salinn þannig að það ætti ekki að vera ...)

Ég held ekki áfram ræðu minni fyrr en hann er kominn hingað í salinn. Það er verið að halda áfram þingfundi hér rétt fyrir kl. 3 um nótt og ég fæ engin svör við því þegar ég spyr hversu lengi eigi að halda áfram. Ég mun láta ræðutíma minn ráðast af því. Ég vil fá upplýsingar um þetta efni og ég ætlast þá til þess að þeir sem eru í forsvari fyrir þetta frumvarp séu á staðnum, (Gripið fram í.) hlýði á umræðuna og svari fyrir þetta frumvarp (Gripið fram í.) sem mun skerða réttindi starfsfólks.

(**Forseti** (BÁ)**:** Við því verður orðið, hv. þingmaður.) (**MÁ:** Hvar er formaðurinn?)

Hér er menntamálaráðherra komin í salinn og ég mun þá halda áfram ræðu minni. Ég hef verið að fara yfir þær skerðingar sem frumvarp hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnarinnar hefur í för með sér fyrir starfsfólk Ríkisútvarpsins. (Gripið fram í.) Ég skal fara mjög rækilega yfir þetta. Ég fæ engin svör við því hve lengi eigi að halda þessum fundi áfram og ég mun ekki hætta ræðu minni fyrr en ég fæ svör um það. Ég mun ekki gera það. Ég get vel farið mjög rækilega yfir það sem ég hef sagt og skal fúslega gera það.

Ég var að rekja skerðingar sem fólk yrði fyrir varðandi lífeyrisrétt og ég var að hrekja þau ósannindi sem voru borin hér á borð fyrr í dag við umræðuna af hálfu formanns menntamálanefndar þegar hann fullyrti að við þessa laga-

breytingu yrðu réttindi starfsmanna í engu skert. Það var líka ranglega fullyrt að við þessa lagabreytingu væri betur staðið við bakið á starfsmönnum en við hliðstæðar lagabreytingar hér áður, þegar opinberri starfsemi væri breytt í hlutafélög. Þetta er rangt, þetta eru ósannindi. Ég hef rakið hvernig starfsmenn Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hefðu notið betri réttinda hvað varðar biðlaunaréttinn en starfsmönnum Ríkisútvarpsins eru ætluð. Ég hef einnig rakið það hvað varðar lífeyrisréttindin að þau eru lakari hjá starfsmönnum Ríkisútvarpsins við þessa hlutafélagabreytingu en var hjá starfsmönnum Pósts og síma. Í báðum tilvikum er um lakari réttindi að ræða þannig að yfirlýsingar hv. formanns menntamálanefndar um þetta efni eru rangar. Ég hef farið yfir þær skerðingar sem fólk verður fyrir við þessar breytingar. Ég hef furðað mig á því þegar lög voru sett hér árið 1996, mjög umdeild lög sem skertu biðlaunarétt starfsmanna ríkisins. Og enn á að skerða hann núna með þessu frumvarpi.

Það á enn að taka af þeim sem þó héldu réttinum árið 1996, það á að skerða þennan rétt enn þá núna. Hugsa sér, hvílík framkoma gagnvart fólkinu. Nú vil ég fá að vita eitt: Hvað vakir fyrir stjórnvöldum varðandi lífeyrisréttindi nýráðinna? Á að heimila þeim inngöngu í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins? Það er dýrara fyrir atvinnurekandann, það kostar 15,5% en ekki 12% eins og um er að ræða í almennu lífeyrissjóðunum frá næstu áramótum. Það er dýrara. Eru þessar breytingar til þess gerðar að hafa réttindin af fólki? Er verið að gera það? Hvers vegna getum við ekki fengið svör við því hvað vakir fyrir stjórnvöldum í þessu efni? Hver eru áform hæstv. menntamálaráðherra hvað þetta snertir? Menntamálaráðherra kemur til með að hafa á sinni hendi hlutabréfið í Ríkisútvarpinu. Fyrir hverju ætlar menntamálaráðherra að beita sér hvað þetta varðar, eigandinn, handhafi hlutabréfsins? Eða á að skjóta sér á bak við nýja útvarpsstjórann og nýja pólitíska útvarpsráðið, láta það ákveða það og þvo hendur sínar? Hvað vakir fyrir hæstv. ráðherra hvað þetta snertir? Við verðum að fá svör við þessum spurningum.

Í álitsgerð BSRB og BHM er vikið að gjaldskyldunni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til í frumvarpinu að hlutafélagið hafi frá 1. janúar 2008 tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu tekjuskatts. Afnotagjöld falla niður frá sama tíma. Þetta sérstaka gjald verður lagt á einstaklinga og lögaðila og er lagt til í frumvarpinu að það verði 13.500 krónur af hverjum gjaldanda. Samtökin lýsa áhyggjum sínum af því að þetta gæti leitt til hækkunar fyrir heimili með unglinga eldri en 16 ára. Ekki er nógu skýrt kveðið á um það í frumvarpinu að gjaldið nái ekki til námsmanna 16 ára og eldri þar sem segir: „Væntanlega næði gjaldið ekki til námsmanna sem væru 16 ára og eldri þar sem almennt má gera ráð fyrir að þeir falli undir þau tekjumörk sem ákvæðið tekur mið af, sbr. lög nr. 235/1999, um málefni aldraðra". Hafa skal það í huga að íslenskir framhaldsskólanemar stunda gjarnan launavinnu samhliða skólagöngu sinni og hafa því margir hverjir nokkrar tekjur."

Síðan er vikið að öryggisþætti RÚV og segir hér, með leyfi forseta:

„Eitt af meginhlutverkum RÚV er að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu eins og segir í 11. tl. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Verið er að veikja öryggishlutverk RÚV með því að hlutafélagið heyri ekki undir lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjórnsýslulög né önnur lög er tryggja sanngjarna og óhlutdræga meðferð mála."

Hér minni ég á þær áherslur sem komu frá ríkislögreglustjóra og Landssambandi lögreglumanna. Þó að þeir aðilar væru ekki með ákveðnar skoðanir á hlutafélagavæðingunni sem slíkri lögðu þeir áherslu á þessa þætti.

Þá segir hér, með leyfi forseta:

„BSRB og BHM leggja mikla áherslu á að tryggt verði að RÚV hf. virði rétt stéttarfélaga starfsmanna innan RÚV sem gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, til að semja áfram við RÚV hf. fyrir hönd núverandi starfsmanna og nýráðna. Við rekstrarformsbreytingu ríkisstofnana sl. ár hafa stéttarfélög sem eiga félagsmenn innan þeirra stofnana haldið áfram að gera kjarasamninga við hlutafélögin sem stofnuð hafa verið. Sama ætti að gilda um stéttarfélög innan RÚV, þ.e. að ekkert sé því til fyrirstöðu að þau haldi áfram að semja við RÚV hf. um laun og önnur starfskjör félagsmanna sinna."

Síðan er vikið að starfsmannaráðunum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ástæða er til að vekja athygli á þeim miklu völdum yfir mannahaldi og dagskrárgerð sem samkvæmt frumvarpinu eru færð í hendur útvarpsstjóra, sem ráðinn er af útvarpsráði sem endurspeglar stjórnarmeirihluta á Alþingi hverju sinni. Hér ber að hafa í huga að jafnhliða er dregið úr starfsöryggi starfsmanna Ríkisútvarpsins eins og fram kemur annars staðar í þessari greinargerð. Í kjarasamningum BSRB og BHMR og ríkisins árið 1980 (sbr. 5. gr. samkomulags BSRB og ríkisins frá 20. ágúst 1980 um málefni opinberra starfsmanna og 5. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna og ríkisstjórnarinnar frá 8. september 1980) var samið um að auka starfsmannalýðræði og voru í kjölfarið settar reglur um starfsmannaráð í ríkisstofnunum. Á grundvelli samninganna frá 1980 fengu Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins og Starfsmannafélag sjónvarps fulltrúa (hvort félag fyrir sig) í Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins. Það er skýlaust brot á þessu samkomulagi að rifta því einhliða eins og gert er með frumvarpinu.

Að öllu framangreindu virtu er það eindregin afstaða BSRB og BHM að leggja til að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga."

Hér er vísað í kjarasamningana frá árinu 1980. Í samkomulaginu sem hér var vísað til og ég minnist mjög vel — þá sem starfsmaður ríkissjónvarpsins, það var undirritað 20. ágúst 1980, þeir Ragnar Arnalds fjármálaráðherra og Kristján Thorlacius, þáverandi formaður BSRB, undirrituðu samkomulagið — segir í 5. gr. eins og áður er vikið að, með leyfi forseta:

„Í þeim ríkisstofnunum þar sem vinna 15 manns eða fleiri verði komið á fót starfsmannaráðum sem fjalli um starfstilhögun og fleiri mál er varða starfsmennina. Sett verði reglugerð um skipun og verkefni starfsmannaráða sem unnin er af nefnd skipaðri fulltrúum beggja samningsaðila."

Nú er það svo að þessi ákvæði í kjarasamningnum frá 1980 náðu ekki fram að ganga í mörgum stofnunum.

Reyndar hef ég trú á því að traustast hafi verið kveðið á um þetta í Ríkisútvarpinu. Við náðum því, bæði starfsmannafélag sjónvarpsins og starfsmannafélag útvarpsins sem hér var vikið að, að fá einn fulltrúa, hvort félag, í framkvæmdastjórnina og það er gert á þessum grundvelli. Ég þekki þetta vel. Ég var þá formaður starfsmannafélags sjónvarpsins og átti um langt árabil sæti í framkvæmdastjórninni á grundvelli þessa samkomulags, þessa kjarasamnings. Hæstv. menntamálaráðherra segir þessu einfaldlega einhliða upp, riftir þessu samkomulagi og gott ef ekki var einhvern tíma sagt að það væri ekki í átt við nútímastjórnarhætti að burðast með fyrirkomulag af þessu tagi, það heyrði til liðnum tíma. Eða var það misskilningur hjá mér? Ég man ekki betur en að talað væri í þessa veru. Og nú vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra: Er ráðherrann til viðtals um að breyta þessu, um að tryggja starfsmönnum með lögum aðkomu að stjórn stofnunarinnar? Ég legg áherslu á að í álitsgerðum fjölmargra stéttarfélaga um þetta frumvarp er einmitt vikið að þessum þætti. Í margvíslegum lögum og tilskipunum sem við setjum sjálf hér á landi og tökum við frá Evrópu er lögð áhersla á aðkomu starfsmanna. (Gripið fram í.) En þegar á reynir — og þetta eru ekki bara einhverjar almennar reglur — er þetta framkoman. Þá er samningum og því sem af þeim hlýst rift einhliða. Þetta er nokkuð sem við verðum að fá algerlega afdráttarlaus svör við áður en umræðunni um Ríkisútvarpið lýkur.

Það er annað atriði sem ég hef einnig komið inn á sem ég tel grundvallaratriði að breyting verði gerð á. Hef ég þann fyrirvara mjög skýran að auðvitað vil ég ekki að þetta frumvarp verði yfir höfuð að lögum. Staðreyndin er sú að eftir því sem menn hugsa þetta mál betur og gaumgæfilegar því verr líst þeim á frumvarpið. Þeim fjölgar núna sem segja að hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnin sé að segja upp þeirri sátt sem hefur verið um Ríkisútvarpið og hefur náð frá hægri til vinstri. Við sjáum það í álitsgerðum sem berast — það heyrast stunur úr hliðarherbergi þar sem menntamálaráðherrann og formaður menntamálanefndar sitja, nenna ekki að hlusta á þennan málatilbúnað þar sem verið er að tala um grafalvarleg mál, þar sem verið er að hafa réttindin af fólki og grafa undan Ríkisútvarpinu og þeirri breiðu pólitísku sátt sem hefur verið um þetta frumvarp. Ég vísa í álitsgerðir sem við höfum vitnað í frá viðskiptalífinu, frá fyrirtækjum á markaði sem telja að Ríkisútvarpið eigi ekki að gera tvennt í senn, fá gjöld, skatta, frá borgurum landsins og njóta auglýsingatekna.

Þetta hefur alla tíð verið nokkuð umdeilt. Engu að síður er það rétt hjá Þorsteini Pálssyni, fyrrum formanni Sjálfstæðisflokksins, að þó að þetta hafi verið gagnrýnt frá hægri og frá viðskiptalífinu hafi engu að síður ríkt um þetta almennt sátt. Við sjáum það í þeim álitsgerðum sem liggja fyrir þinginu að sú sátt er að rofna, og sáttin til vinstri er líka að rofna þegar þessi stofnun er tekin frá þjóðinni og ýtt út á markaðstorgið eins og gert er með þessu frumvarpi. Menn skulu ekki taka það léttilega hvað þeir eru að gera hvað þetta snertir. Ég blæs á það þegar fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sem sjálfir standa að frumvarpi og styðja frumvarp um að leggja niður Ríkisútvarpið og selja það koma hingað núna og segjast ætla að tryggja Ríkisútvarpinu tekjustofna til frambúðar. Hvers konar rugl er þetta? Hvers konar vingulsháttur er þetta? Á að trúa svona málflutningi? Þetta er ríkisstjórnin og þetta er stjórnarmeirihlutinn sem hefur staðið að því að svelta Ríkisútvarpið, halda því í fjársvelti á undanförnum árum. Við umræðuna hefur verið bent á það að á árabilinu 1994–2004 rýrnuðu tekjustofnar Ríkisútvarpsins um 19% í hlutfalli við uppreiknaða launavísitölu. Þetta lét þessi ríkisstjórn viðgangast sem nú segist ætla að tryggja Ríkisútvarpinu gull og græna skóga og bjarta framtíð.

Hver trúir á svona ríkisstjórn? Hver trúir á svona stjórnarmeirihluta og hver trúir á málsvara ríkisstjórnarinnar sem í öðru orðinu segist vilja leggja Ríkisútvarpið niður, selja það og svelta það, og kemur svo í hinu orðinu og segist ætla að tryggja því trausta tekjustofna til framtíðar? Á að taka svona fólk alvarlega? Ætla starfsmenn Ríkisútvarpsins og ætlar þjóðin að leggja traust á svona málflutning? Ég geri það ekki. (Gripið fram í.) Þetta er bara skop og grín og glens. Þegar menn taka Ríkisútvarpið, þessa gömlu stofnun sem hefur verið með þjóðinni frá 1930 ... Þetta er orðið eins konar frjálshyggjupartí í hliðarherbergi, bara glens og gaman og fliss því að fólkinu sem er sett til ábyrgðar í þjóðfélagi okkar finnst þetta ekki meira virði en svo. Mér finnst þetta vera umhugsunarefni fyrir þjóðina, og þetta er umhugsunarefni fyrir okkur öll. (**Gripið fram í:** Og fyrir forseta þingsins?) Og fyrir forseta þingsins sem neitar að gefa mér svör um það hvenær hann hyggist ljúka þessum þingfundi.

Stendur það enn að ég geti ekki fengið svör við því?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti ítrekar það sem áður hefur verið sagt, ætlunin er að halda þingfundi áfram og leitast við að þoka þessari umræðu áfram.)

Þá vil ég fá upplýsingar um það, ef hann vildi láta svo lítið, hæstv. forseti, að svara mér því hvort framhald verði á umræðum að lokinni ræðu minni.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti getur ekki svarað því á þessari stundu en á alveg eins von á því að svo geti orðið.)

Við erum hér með allítarlega álitsgerð frá ríkisskattstjóra og ætla ég að fara yfir hana (Gripið fram í.) því að hún er fyrir margra hluta sakir mjög athyglisverð. — Hvert þó í logandi, hæstv. forseti, ég hef gleymt að vísa í umfjöllun Öryrkjabandalags Íslands. Það eru mistök sem ég verð að leiðrétta og mun leiðrétta hið snarasta. Umsögn Öryrkjabandalags Íslands sem er undirrituð af framkvæmdastjóra þess er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál, heildarlög. Vill Öryrkjabandalagið koma á framfæri eftirfarandi:

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um tekjustofna Ríkisútvarpsins. Í 1. tölul. 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um sérstakt gjald, nefskatt, sem innheimtur verði af öllum þeim einstaklingum sem eru skattskyldir. Lítur Öryrkjabandalagið svo á að ef innheimta á flatan skatt af öllum skattskyldum einstaklingum þá hljóti stjórnvöld að taka til endurskoðunar laun þeirra sem fá greitt samkvæmt almannatryggingalöggjöfinni. Hingað til hafa öryrkjar fengið afslátt á afnotagjöldum RÚV og því mikilvægt að laun þeirra samkvæmt almannatryggingalöggjöfinni hækki svo ekki komi til kjaraskerðingar.

Öryrkjabandalag Íslands leggur áherslu á að þó svo að

rekstrarformi Ríkisútvarpsins verði breytt þá beri stofnuninni að gæta jafnræðis í þjónustu við notendur og endurspegla í dagskrárgerð sinni fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Í 9. tölul. 3. gr. frumvarpsins um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins, er kveðið á um skyldur Ríkisútvarpsins til að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, „þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa". Í athugasemdum við lagafrumvarpið eru eðlilegar þarfir minnihlutahópa ekki skilgreindar eða hverjir það eru sem tilheyra minnihlutahópum, hvort um er að ræða konur, fólk með fötlun, fólk með annað móðurmál en íslensku o.s.frv. Er það mat Öryrkjabandalags Íslands að 9. tölul. 3. gr. frumvarpsins sé of víðtækur og geti orðið til þess að ákvarðanir verði of matskenndar og orsaki ójöfnuð meðal notenda þjónustu Ríkisútvarpsins. Má í þessu sambandi benda á dóm Hæstaréttar nr. 151/1999 sem viðurkenndi skyldu Ríkisútvarpsins til að haga gerð og útsendingu framboðsumræðna þannig að aðgengilegt væri heyrnarlausum."

Undir þetta skrifar fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands Hafdís Gísladóttir, framkvæmdastjóri samtakanna.

Hæstv. forseti. Ég ætla að víkja hér að álitsgerð ríkisskattstjóra. Hann hefur sitthvað við þetta frumvarp að athuga og gerir grein fyrir því í allítarlegu máli sem hann kom til menntamálanefndar Alþingis um miðjan marsmánuð. Þar er vísað í frumvarpið — ég þarf eiginlega að hafa það hjá mér til að þetta rími allt saman, hæstv. forseti. Ríkisskattstjóri vísar fyrst í 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins en þar er vikið að tekjustofnunum. Í 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Tekjustofnar Ríkisútvarpsins hf. eru sem hér segir:

1. Samkvæmt sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003. Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, öðrum en dánarbúum, þrotabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga. Skal gjaldið nema 13.500 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald fellt niður skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

2. Tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess í útvarpi eða í öðrum miðlum.

3. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Við álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að frátöldu ákvæði 98. gr.

Hinn 15. febrúar og 15. maí ár hvert skal fjármálaráðuneytið greiða Ríkisútvarpinu hf. fyrir fram í hvort sinn fjárhæð sem svarar til áætlaðs fjórðungs heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt þessari grein.

Stjórn félagsins skal setja gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna."

Eins og gefur að skilja er fjallað um þetta ákvæði í greinargerð með frumvarpinu. Þar er fjallað um það í athugasemdum sem eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í 4. kafla hinna almennu athugasemda við frumvarpið (Tekjustofnar fyrirtækisins) var gerð grein fyrir því að í frumvarpi þessu er á því byggt að frá og með 1. janúar 2008 verði hætt að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum (útvarpsgjaldi). Vísast til þess sem þar sagði um þessa breytingu og rökin fyrir henni.

Í samræmi við þessa breytingu er í 12. gr. frumvarpsins lagt til að frá og með 1. janúar 2008 skiptist tekjustofnar Ríkisútvarpsins hf. í þrennt:

1. Sérstakt gjald sem lagt verður á einstaklinga og lögaðila.

2. Tekjur af auglýsingum og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess í útvarpi og öðrum miðlum.

3. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Tekjur skv. 1. tölul 1. mgr. ákvæðisins yrðu 13.500 kr. af hverjum gjaldanda og mundu skila alls um 2.470 milljónum kr." — þ.e. 2 milljörðum 470 millj. — „miðað við full skil, en gert er ráð fyrir að afnotagjaldið skili Ríkisútvarpinu um 2.500 milljónum kr. á árinu 2005. Eðlilegt er að fjárhæð nefskattsins verði endurskoðuð þegar nær dregur því að breyting á tekjustofnum Ríkisútvarpsins hf. kemur til framkvæmda. Almennt mætti þó miða við að haga skattlagningunni þannig að hvert þriggja manna heimili yrði nokkurn veginn jafnsett eftir sem áður, sem mundi þýða að gjaldið lækkaði fyrir fámennari heimili, en hækkaði fyrir heimili þar sem fullorðnir einstaklingar 16 ára og eldri væru 4 eða fleiri. Væntanlega næði gjaldið ekki til námsmanna sem væru 16 ára og eldri þar sem almennt má gera ráð fyrir að þeir falli undir þau tekjumörk sem ákvæðið tekur mið af, sbr. lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Hvað varðar ráðstöfun á tekjum skv. 1. tölul. 1. mgr. ber að taka fram að Ríkisútvarpið hf. verður fyrst og fremst útvarp í almannaþágu, sbr. 3. gr. frumvarps þessa. Komi hins vegar til annarrar starfsemi af hálfu félagsins, sem tengist fyrrgreindri meginstarfsemi, þarf að halda fjárreiðum vegna þess rekstrar aðskildum, þar á meðal starfsemi sem fellur undir samkeppisrekstur. Á grundvelli samkeppnissjónarmiða verður félaginu óheimilt að nota tekjur sínar til að greiða niður kostnað af öðrum rekstri, enda sé ekki um að ræða starfsemi sem telst til útvarps í almannaþágu í skilningi 3. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar 2. tölul. 1. mgr. er lagt til að heimilt sé að birta auglýsingar er tengjast dagskrárefni þess í útvarpi og öðrum miðlum. Hér er um að ræða breytingu frá gildandi rétti, en þar er heimil gjaldtaka fyrir auglýsingar í „hljóðvarpi og sjónvarpi". Ástæða þykir að kveða með skýrum hætti á um það að Ríkisútvarpinu hf. verði heimilt að birta auglýsingar í öðrum miðlum en útvarpi að teknu tilliti til niðurstöðu umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3845/2003. Í málinu var kvartað yfir því að Ríkisútvarpið notaði tekjur sínar til þess að byggja upp vefinn www.ruv.is, en hluti hans væri fjármagnaður með afnotagjöldum á sjónvarp og útvarp. Niðurstaða umboðsmanns var m.a. sú að sala Ríkisútvarpsins á auglýsingum til birtingar á heimasíðunni gæti ekki talist heimil gjaldtaka fyrir auglýsingar í „hljóðvarpi og sjónvarpi" skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 122/2000.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að helmingur tekna vegna gjaldsins sé greiddur fyrir fram þann 15. febrúar og 15. maí

ár hvert af hálfu fjármálaráðuneytisins. Eftirstöðvar gjaldsins mundu greiðast á tímabilinu frá ágúst til desember í samræmi við innheimtu annarra opinberra gjalda.

Í 4. mgr. eru fyrirmæli um að setja skuli gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna og er þar átt við gjaldtöku skv. 15. gr. útvarpslaga. Er það í verkahring stjórnar að setja slíkar gjaldskrár, í reynd auðvitað í samráði við daglega stjórnendur sem fara með auglýsingamál og fjármál fyrirtækisins."

Það er stjórnin sem setur þessar reglur um fjárstreymi inn í Ríkisútvarpið að hluta til varðandi gjaldtöku fyrir auglýsingar sem er væntanlega svipað fyrirkomulag og við búum við nú, en spurningin er um hitt sem lýtur að skattheimtunni sem væntanlega þyrfti þá að ráðast af ákvörðunum Alþingis enda segir hér í 3. liðnum: „Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða."

Nú ætla ég að forvitnast um það hvernig ríkisskattstjóri tekur á *þessum málum. Hann er þekktur fyrir að fara mjög* rækilega og málefnalega í saumana á lagafrumvörpum sem varða skattamál. Hér segir ríkisskattstjóri, með leyfi forseta:

„Í 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins er lagt til að einn tekjustofna Ríkisútvarpsins hf. verði sérstakt gjald sem skattstjórar skuli leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda og eftir þeim reglum sem gilda um álagningu þeirra gjalda. Er gjaldskyldu ætlað að ná til allra þeirra er bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skv. lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, jafnt manna sem lögaðila, með ákveðnum undantekningum þó sem settar eru fram með almennum hætti. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, bæði í 4. kafla almennra athugasemda og í athugasemdum við 12. gr., er með þessu lagt til að hætt verði að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum, en þess í stað fái Ríkisútvarpið tekjur af „nefskatti". Umrætt gjald er í frumvarpinu sett fram sem skattur og fær ríkisskattstjóri ekki annað séð en að sú framsetning samrýmist fræðilegum skilgreiningum á skatti. Horfir hann þá til þess að ákvörðun gjaldsins er ætlað að vera einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds."

Að sjálfsögðu hlaut það að vera ríkisvaldið sem ákvarðaði upphæð þessa skatts eins og reyndar kemur fram í lagagreininni og í umsögn um hana.

„Í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins er eftirfarandi lagt til varðandi framkvæmd skattheimtunnar: „Við álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að frátöldu ákvæði 98. gr." Í tilefni af orðalagi ákvæðisins vekur ríkisskattstjóri athygli á að með lögum nr. 129/2004 var heiti laganna nr. 90/2003 breytt í lög um tekjuskatt. Tók sú breyting gildi 31. desember 2005. Þá gerir ríkisskattstjóri athugasemd við þá fyrirætlun að 98. gr. laga nr. 90/2003 sé ekki að nokkru leyti ætlað að eiga við um umrætt gjald. Í 1. mgr. 98. gr. er kveðið á um skyldur skattstjóra til að tilkynna álagningu opinberra gjalda. Samkvæmt ákvæðinu skal m.a. senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skulu skattstjórar auglýsa rækilega, þar með talið í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Þá skulu skattstjórar senda viðkomandi innheimtumönnum ríkissjóðs skrá yfir þá sem á hafa verið lagðir skattar. Samrit þeirrar skrár skal sent ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Réttaráhrif stjórnvaldsákvarðana markast af birtingu þeirra, sbr. 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ljós má því vera nauðsyn þess að birta álagningu umræddra nefskatts þeim er álagningunni sæta. Ákvæði um kærur álagningar gjalda í 99. gr. laga nr. 90/2003 er samkvæmt frumvarpinu ætlað að ná til umræddra nefskatts. Auglýsing um lok álagningar skv. 1. mgr. 98. gr. markar upphaf kærufrests. Þá þarf vart að fjölyrða um nauðsyn þess að innheimtumönnum ríkissjóðs sé tilkynnt um álagningu þeirra gjalda sem þeim er ætlað að innheimta, þar með talið álagningu hins fyrirhugaða nefskatts. Að framangreindu virtu sér ríkisskattstjóri ekki ástæðu til annars en að umræddar reglur 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 verði látnar taka til gjalds samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins."

Þetta er sem sagt allt í góðu lagi.

„Á fylgiskjali II með frumvarpinu er að finna umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið. Í umsögninni er m.a. fjallað um virðisaukaskattsskyldu Ríkisútvarpsins. Við þá umfjöllun vill ríkisskattstjóri auka eftirfarandi:

Útvarpsþjónusta fellur undir skattskyldusvið virðisaukaskatts eins og sviðið er afmarkað í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Í 3.–6. gr. þeirra laga er kveðið á um það, á hverjum hvíli skattskylda og um skráningarskyldu þeirra. Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og skila honum í ríkissjóð hvílir almennt á hverjum þeim sem í atvinnuskyni selur eða afhendir vörur ellegar innir af hendi þjónustu sem fellur undir skattskyldusviðið. Jafnframt hvílir slík skylda á ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum þeirra að því leyti sem þau selja í samkeppni við atvinnufyrirtæki vörur eða þjónustu sem fellur undir skattskyldusviðið. Þeim sem skattskyldir eru ber að tilkynna starfsemi sína til skráningar hjá skattstjóra. Skráning er forsenda innskattsréttar og réttra skila skattsins. Í 5. mgr. 5. gr. er sett það skilyrði skráningar að tekjur af sölu virðisaukaskattsskyldrar vöru og þjónustu séu að jafnaði ekki lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar.

Verði frumvarpið að lögum verður sú grundvallarbreyting á tekjusamsetningu Ríkisútvarpsins frá því sem verið hefur að brott falla afnotagjöld fyrir veitta þjónustu sem borið hafa virðisaukaskatt, en í stað þeirra koma tekjur af umræddum nefskatti. Sú breyting tekjusamsetningar hefur ein og sér ekki áhrif á innskattsrétt Ríkisútvarpsins, en gæti hugsanlega skipt sköpum varðandi skráningu þess á grunnskrá virðisaukaskatts og þannig á bæði innskattsrétt og skyldu til innheimtu virðisaukaskatts af sölu er fellur innan skattskyldusviðsins. Virðisaukaskattsskil Ríkisútvarpsins síðastliðin þrjú ár gefa þó ekki tilefni til að ætla að svo muni verða. Virðisaukaskattsskyld velta að frátöldum afnotagjöldum hefur numið 18–20% hærri fjárhæð en nemur þeim kostnaði er innskattur hefur verið reiknaður af. Að því gefnu, að hvorki verði umtalsverð lækkun tekna Ríkisútvarpsins af auglýsingum og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess, né að umtalsverð hækkun verði á kostnaði vegna aðfanga sem bera virðisaukaskatt, verður ekki annað ráðið en að skrá beri Ríkisútvarpið hf. á grunn-

skrá virðisaukaskatts.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins eru tiltekin ætluð áhrif á tekjur ríkissjóðs af því ef Ríkisútvarpið hf. teldist vera í blandaðri starfsemi að því er virðisaukaskatt varðar. Ríkisskattstjóri fær ekki séð að til slíks geti komið miðað við fyrirliggjandi frumvarp, enda verður af frumvarpinu ekki ráðið að Ríkisútvarpinu hf. sé ætlað að stunda nokkra þá starfsemi sem fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts. Í því sambandi bendir ríkisskattstjóri á að móttaka skattfjár felur ekki í sér blöndun starfsemi í þeim skilningi að leiði til takmörkunar á innskattsrétti.

Eins og að framan greinir er það niðurstaða embættisins að gjald til ríkisútvarpsins beri að flokka sem skatt. Skattar af þeirri tegund sem hér er um að ræða hafa verið kallaðir nefskattar þar sem þeir leggjast jafnt á alla óháð tekjum og eignum. Kostur nefskatts er helstur sá að álagningin hans er einföld og auðvelt er að fylgjast með skattgreiðslum. Helsti ókostur nefskatts er að hann tekur ekki tillit til greiðslugetu og er íþyngjandi fyrir tekjulága, þ.e. að þeir greiða hærra hlutfall tekna sinna í skattinn en þeir sem hærri hafa tekjurnar. Af þessum ástæðum er sjaldgæft að nefskattar séu lagðir á, a.m.k. af stærðargráðu sem veruleg getur talist.

Fyrr á öldum voru nefskattar algengir en eru að mestu horfnir í dag. Tvö þekkt dæma úr skattasögunni eru annars vegar skattur sem Ríkharður II. Englandskonungur lagði á 1380 til að fjármagna stríðið við Frakkland. Skattur þessi leiddi til bændauppreisnarinnar 1381.“ — Þetta gerist nokkuð dramatískt hjá ríkisskattstjóra. Hann segir áfram, með leyfi forseta:

„Hins vegar er tilraun á síðari tímum til að leggja á verulegan nefskatt þegar stjórn Margaret Thatcher í Englandi lét lögleiða nefskatt í stað nokkurs konar fasteignagjalda til að fjármagna starfsemi sveitarfélaga. Skattinum var komið á 1989–1990. Skattur þessi mætti mikilli andstöðu, milljónir manna neituðu að borga hann og náðu mótmælin hámarki sínu með óeirðum á Trafalgar Square í lok mars 1990. Andstaða innan Íhaldsflokksins leiddi m.a. til þess að Margaret Thatcher sagði af sér um haustið. Arftakar hennar lækkuðu skattinn og afnámu hann frá og með 1994.“

Þetta er umhugsunarefni fyrir okkur, held ég að hljóti að vera. (**JBjarn:** ... ráðherrann.) Já, enda eru þarna ákveðnar vísbendingar og sögulegar tilvísanir sem sumir ættu kannski að taka svolítið alvarlega. En áfram segir, með leyfi forseta:

„Eins og að framan segir er einn helsti galli við nefskatt tengslaleysi hans við gjaldþol manna. Í fyrirliggjandi tilviki er brugðist við því með því að undanþiggja hina tekjulægstu gjaldinu. Enn fremur eru þeir sem komnir eru yfir tiltekinn aldur undanþegnir. Frítekjumörkum fyrir fast krónugjald fylgja ákveðin vandamál vegna þeirra sem eru sitt hvoru megin næst mörkunum, sem vakið getur spurningu um jafnræði. Sama á við þegar litið er til mismunandi skattlagningar hjóna eftir því hvort annað eða bæði eru ofan markanna. Þá eru skattfrelsismörk skv. frumvarpinu með þeim annmarka að eingöngu er miðað við almennar tekjur, þ.e. launatekjur o.þ.h. en ekki fjármagnstekjur. Allstór hópur manna hefur miklar tekjur af eignum en lágar launatekjur og yrði samkvæmt þessu undanþeginn gjaldinu.

Fyrir aldursmörkunum eru hins vegar engin rök færð fram. Tekjulágir aldraðir yrðu þá þegar undanþegnir vegna lágra tekna en aldursmörkin leiða til þess að tekjuháir aldraðir yrðu undanþegnir á meðan mun tekjulægri yngri skattaðilar bæru skattinn.

Frá skattalegu sjónarmiði hefur nefskattur á einstaklinga fáa kosti en marga galla. Helstu rökin með honum eru framkvæmdalegs eðlis, þ.e. hann er einfaldur í framkvæmd og auðveldur í eftirliti. Sé litið til þeirra röksemda og jafnframt gengið út frá því að æskilegt sé að rekstur Ríkisútvarpsins sé kostaður með sömu fjárhæð úr hendi hvers manns má benda á að einfaldara væri að lækka persónuafslátt manna sem nemur gjaldfjárhæðinni og lögbinda framlag til ríkisútvarpsins sem nemur hinni sömu fjárhæð á mann. Skattaleg áhrif yrði mikið til hin sömu, gallarnir færri og framkvæmdin einfaldari.

Samkvæmt frumvarpinu ber einnig að leggja sama skatt á lögaðila og menn. Fyrir þeirri tilhögun eru ekki færð nein sérstök rök í greinargerðinni. Skattar á fyrirtæki, sem ekki eru tengdir hagnaði þeirra hafa verið á undanhaldi en hér er snúið af þeirri braut.

Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins (á fylgiskjali II með frumvarpinu) kemur fram að kostnaður við innheimtu afnotagjalda hafi verið 70–80 milljónir króna á ári og er gert ráð fyrir því að sú fjárhæð sparist. Er þetta skýrt með því að sérstök innheimta falli niður og innheimta nefskattsins verði hluti af innheimtu opinberra gjalda. Varðandi þetta atriði skal bent á að nokkur fjöldi einstaklinga, sem ekki greiðir tekjuskatt eða önnur opinber gjöld (vegna bóta, ívilna skattstjóra, millifærslu á persónuafslætti o.fl.) mun verða krafinn um gjald til Ríkisútvarpsins. Mun það hafa í för með sér einhverja aukningu innheimtuumsvifa og innheimtukostnaðar.

Hvað lögaðila varðar skal bent á að gjaldskyldir yrðu samkvæmt frumvarpinu um 26.000 lögaðilar. Af þeim greiddi um helmingur tekjuskatt eða önnur gjöld til ríkissjóðs. Nýir skattgreiðendur úr röðum lögaðila yrðu því um 13.000. Þá er vert að hafa í huga að ætla má að verulegur hluti hinna nýju skattgreiðenda yrði félög sem ekki eru starfandi og hafa því engar tekjur til að greiða gjaldið af.

Í kostnaðarumsögninni er reiknað með að ekki verði unnt að innheimta gjaldið hjá þúsundum lögaðila. Verður það mat ekki dregið í efa. Ekki er fjallað um afleiðingar þess eða hvað áhrif það muni hafa. Skattyfirvöldum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að leggja gjaldið á alla tekjuskattsskylda lögaðila, án nokkurra heimilda til að fella það niður. Ætla má að meðal þessara lögaðila yrðu nokkur þúsund félög sem ekki eru lengur með nokkra starfsemi, hafa engar tekjur og eiga engar eignir og í sumum tilvikum finnist ekki forsvarsmenn. Vangreidd útvarpsgjöld muni því safnast upp með dráttarvöxtum þar til gerð verði krafa um gjaldþrot og félaginu slitið í lok þess með ærnum tilkostnaði. Fyrir fáum árum var lögfest einfölduð aðferð til slita á félögum sem ekki eru lengur virk. Forsenda fyrir að fara þá leið er að félagið skuldi ekki opinber gjöld. Með álagningu útvarpsgjaldsins yrði þessi leið útilokuð í mörgum tilvikum.

Skattyfirvöld hafa um nokkurt skeið án árangurs talað fyrir því að tekin verði upp viðurlög við því að félög skili ekki framtölum og skýrslum, m.a. til að knýja óvirk félög

til afskráningar. Segja má að álagning útvarpsgjalds muni koma til með að hafa slík áhrif og að því leyti muni upptaka þess verða af hinu góða, þótt vafi leiki á um hagkvæmni þeirrar leiðar.

Með vísan til alls framangreinds verður ekki hjá því komist að draga í efa að sú tillaga frumvarpsins að afla Ríkisútvarpinu tekna með álagningu nefskatts sé heppileg."

Þetta segir ríkisskattstjóri en meiri hluti nefndarinnar hefur hins vegar sitthvað við athugasemdir ríkisskattstjóra að segja og víkur þar sérstaklega að virðisaukaskattsþættinum. En varðandi bæði framkvæmd og ekki síður sanngirnisþáttinn í nefskattinum hljótum við að verða að hlusta á ríkisskattstjóra og ég held að það væri ráðlegt fyrir stjórnmálamennina sem standa fyrir þessum lagabreytingum að leiða hugann að þeim dæmisögum sem ríkisskattstjórinn vísar til, annars vegar til skattálagningar Ríkharðs II. árið 1380 sem leiddi til bændauppreisnar árið eftir og hins vegar til nefskattsins illræmda sem Thatcher-ríkisstjórnin innleiddi árið 1989 og varð að hluta til þess valdandi að Margrét Thatcher sagði af sér embætti sem forsætisráðherra árið eftir.

Ég er búinn að fara yfir ýmsa þætti þessa máls og ætla núna að rifja upp meginþættina sem lúta að réttindum starfsmanna stofnunarinnar. Ég ætla að taka það í nokkrum þemum, fyrst það sem segir almennt.

Þegar ríkisstofnun er breytt í hlutafélag hætta starfsmenn hennar að vera starfsmenn ríkisins og verða þess í stað starfsmenn viðkomandi hlutafélags þrátt fyrir að ríkið beri áfram ótakmarkaða ábyrgð á starfseminni. Ég ætla að gera grein fyrir helstu atriðum sem falla niður en ekki er um að ræða neina tæmandi upptalningu af minni hálfu. Ég gæti í síðari ræðu minni að sjálfsögðu reynt að stoppa eitthvað í götin en ég ætla að víkja að helstu þáttum.

Þá er þess að geta að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki lengur um réttarstöðu starfsmanna. Helstu atriðin sem falla niður við þessa lagabreytingu eru í fyrsta lagi andmælarétturinn. Áminningarskyldan fellur niður. Skiptir það einhverju máli? Skiptir áminningarskyldan einhverju máli? Já, hún skiptir máli fyrir þann einstakling sem til stendur að reka úr starfi. Þá getur skipt máli að hann hafi fengið tækifæri til að bæta sig í starfi, leiðrétta misskilning ef um slíkt er að ræða og forða því þannig að honum verði sagt upp, hugsanlega að ósekju. Þýðir þetta að samtök opinberra starfsmanna — þetta eru áhersluatriði frá þeim komin sem ég er að vísa í — vilji halda hlífiskildi yfir fólki sem ekki sinnir starfi sínu? Nei, alls ekki. Það er enginn að tala um það. Það er verið að tala um að komið sé fram við fólk á sanngjarnan hátt og það er verið að tala um að því sé forðað að fólki sé að ósekju sagt upp störfum, hugsanlega vegna misskilnings eða vegna þess að það hafi ekki gert sér grein fyrir einhverju sem var ámælisvert í vinnu þess eða vinnubrögðum og hægt var að laga. Við minnumst þess að þegar frumvarp um afnám áminningarskyldunnar kom fram í þinginu urðu mikil viðbrögð við því á meðal starfsmanna innan almannaþjónustunnar og ekki alls fyrir löngu var athyglisvert viðtal í útvarpi þar sem kennari í stjórnunarfræðum við Háskóla Íslands — hann var reyndar að tala fyrir meiri sveigjanleika í þessum efnum — lét þess getið að menn einblíndu hugsanlega um of á einstaka starfsmenn sem ekki stæðu sig og gleymdu því að sá sem ekki risi undir skyldunum væri hugsanlega sá sem hefði brottrekstrarvaldið á hendi, þ.e. forstöðumaðurinn, og þar væri iðulega að finna brotalamirnar. Það er hætt við því að einmitt þeir forstöðumenn í stofnunum og fyrirtækjum sem ekki ráða almennilega við starf sitt reki fólk skýringalaust. Hinir sem ráða vel við starfið fara að settum lögum og reglum, finna að við viðkomandi starfsmann og gefa honum tækifæri til að bæta sig. Ef það er ekki gert er honum sagt upp og það er fullkomlega löglegt. Þetta er sem sagt réttur sem fellur niður þegar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki lengur en það gerist sjálfkrafa að þau falla úr gildi þegar opinberri stofnun er breytt í hlutafélag.

Skriflegur rökstuðningur fyrir uppsögn — sú skylda er ekki fyrir hendi í hlutafélagi. Ákvæði um aðgang almennings að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda finnst mér reyndar að megi gjarnan missa sig. Það er ekki gott, hvorki fyrir starfsmann né stjórnanda, hygg ég. Þegar fólk sækir um störf tel ég að það sé ekki til góðs fyrir neinn að hafa þá kvöð að þurfa að upplýsa umsækjendur um störf, jafnvel þá sem ekki fengu starfið. Ég hef ákveðnar efasemdir um þetta og rætt hefur verið um að þessu ákvæði megi gjarnan farga. Þannig er það náttúrlega í þessu reglugerðarverki öllu, bæði þessum lögum og reglugerðum, að sitthvað þarf endurskoðunar við og er stöðugt verið að vinna að endurskoðun á. Það á samt ekki að taka það úr sambandi með þessum hætti.

Uppsagnarfresturinn breytist. Þagnarskyldan er einfaldlega öryggisatriði í ýmsum stofnunum á sviði heilbrigðismála, löggæslu og hugsanlega einnig í útvarpi við einhverjar aðstæður. Þegar ég heyrði það ekki alls fyrir löngu — ég held að það hafi verið sjálfur hæstv. forsætisráðherra þjóðarinnar sem vék að því að það gæti komið til greina að slökkviliðsmenn á Keflavíkurflugvelli yrðu núna við yfirfærsluna starfsmenn Leifsstöðvar og það er náttúrlega nokkuð sem ekki gengur en er dæmigert um mál af þessu tagi, þegar hlutirnir eru ekki hugsaðir til enda. Slökkviliðsmaður eða sjúkraflutningamaður sem er settur undir hlutafélag hefur ekki þau réttindi sem opinber starfsemi veitir honum, ekki heldur þær skyldur. Það er hlutur sem einnig þarf að hyggja það.

Þannig er t.d. verkfallsréttur opinberra starfsmanna ekki eins rúmur og annarra. Á það að vera svo? Ég hef haft ákveðnar efasemdir um það en þó verðum við að viðurkenna og horfast í augu við að það er ekki það sama að loka verslun og sjúkraflugi. Það er ekki hið sama. Það er ekki það sama að leggja niður löggæslu og öryggisgæslu hvers kyns og ýmsa aðra atvinnustarfsemi. Það verður einfaldlega að horfast í augu við það þó að ég sé þeirrar skoðunar að ef starfsfólk hefur rúm völd og sjálfsákvörðunarrétt sýnir reynslan að fólk gætir öryggis og sýnir sanngirni. Slysin verða fyrst og fremst þegar verið er að togast á um línurnar.

Skylda að hlíta breytingum á störfum og verksviði, óbreytt launakjör, réttindi o.s.frv. — þetta er eitt af því sem breyttist með lögunum 1996, hygg ég. Þá voru sett inn ákvæði sem skylda starfsmenn til að hlíta boðum um tilfærslur í starfi ef það er á sömu kjörum, það er ekki verið að rýra réttindin og kjörin hjá fólki. Ég nefni þetta sem

dæmi um margvíslegan sveigjanleika sem hefur komið til sögunnar innan hinna opinberu rekstrarforma, sveigjanleika sem ekki var alltaf fyrir hendi fyrr á tíð. Ef við rifjum það upp hve mikið hefur breyst á undanförnum 2–3 áratugum var það svo, a.m.k. þegar ég var að byrja í starfi hjá Ríkisútvarpinu og um alllangt árabil gilti það um þá stofnun eins og flestar aðrar opinberar stofnanir að það þurfti að fá leyfi fyrir hverju stöðugildi frá hinu miðstýrða fjármálaráðuneyti. Þetta er löngu liðin tíð. Sveigjanleiki allur og sjálfsákvörðunarréttur stofnana er núna mun meiri en áður var. Þessar sífelldu kvartanir um að allt sé svo svifaseint og að ekki sé hægt að athafna sig hjá opinberum stofnunum, þess vegna sé nauðsynlegt að breyta þeim í hlutafélög, standast einfaldlega ekki. Sveigjanleiki er fyrir hendi. Það er óvefengjanleg staðreynd.

Síðan er náttúrlega biðlaunaréttur, ég hef farið í allítarlegu *máli yfir hann og hvernig ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn* hyggst skerða þessi réttindi frá því sem kveðið er á um þau í núgildandi lögum. Með þessu lagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið er sá réttur skertur. Þetta lýtur að réttindum og lögum þeim skyldum.

Síðan eru önnur lög, þ.e. lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stéttarfélög í hlutafélögum semja undir lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938. Það er annað kjaraumhverfi að því leyti. Síðan munu gilda lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla sem eru í gildi enn nema um annað sé samið. Síðan eins og ég gat um áðan gilda ólíkar reglur, mismunandi reglur um verkföll starfsmanna. Það hefur verið allur gangur á því í Ríkisútvarpinu og er það svo að strangari reglur gilda um þetta efni en í einkareknu stöðvunum. Hins vegar hefur komið til þess að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa lokað stofnuninni. Það var m.a. gert í byrjun október 1984 í upphafi margra vikna verkfalls opinberra starfsmanna en það var vegna þess að stjórnvöld höfðu þá einhliða hýrudregið starfsmenn. Laun sem menn áttu inni áttu ekki að greiðast og voru ekki greidd. Það olli því að starfsmenn lögðu niður vinnu.

Síðan hef ég farið yfir það hvernig núgildandi kjara*samningur muni gilda þar til nýr samningur verður gerður* eða kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Þá eiga réttindi og skyldur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað að færast yfir til nýja atvinnurekandans. Sú staða kemur hins vegar vafalaust upp fljótlega eftir rekstrarformsbreytinguna að nýr ráðningarsamningur verður gerður við starfsmenn. Þá er óvíst hvernig tekst til að semja um sambærileg rétt*indi þegar nýr kjarasamningur verður gerður*. Það sem er bagalegt í þessu efni er hve erfitt það er að fá upplýsingar frá talsmönnum þessa frumvarps, frá hv. formanni menntamálanefndar og hæstv. menntamálaráðherra, um hvað þessir talsmenn ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans hyggist gera, á hvern hátt þau hyggist beita sér fyrir hönd starfsmanna þegar til kastanna kemur. Þetta er nokkuð sem menn vilja einfaldlega fá svör við.

Eins og fram hefur komið munu upplýsingalögin og stjórnsýslulög ekki gilda um RÚV hf. eins og þau gilda um ríkisstofnunina Ríkisútvarp. Upplýsingaréttur almennings og upplýsingaskylda stjórnvalda um RÚV hf. verður þannig ekki lengur til staðar. Jafnræðisreglan, andmælaréttur, rannsóknarregla, meðalhófsregla o.s.frv. gilda ekki lengur um starfsemi RÚV hf.

Síðan er það sá réttur sem ég hef hamrað hér á, þ.e. biðlaunarétturinn samkvæmt ákvæði til bráðabirgða nr. II. Biðlaunarétturinn flyst til hlutafélagsins en einvörðungu til 31. desember árið 2008. Þeir sem eiga biðlaunarétt og missa starf sitt vegna niðurlagningar stöðu eftir 31. desember 2008 munu ekki njóta þeirra réttinda samkvæmt frumvarpinu. Með þessu er verið að skerða réttindi þeirra starfsmanna RÚV sem njóta biðlaunaréttar sem þeir hafa áunnið sér í starfi og er það andstætt eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar að mati lögfræðinga. Það stangast á við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar að mati lögfræðinga. Hér er *ég að vísa í álit lögfræðinga stéttarfélaganna*. BSRB og BHM hafa sameiginlega mótað afstöðu sína í þessu máli. Sem sagt, réttindi starfsmanna sem heyra undir bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur sem hafna starfi hjá RÚV hf. eru ekki tryggð í frumvarpinu. Þar sem starfsmenn njóta ekki lengur ýmissa réttinda sem fylgdu starfi þeirra sem ríkisstarfsmenn er ekki um að ræða sambærilegt starf hjá RÚV hf. vegna þess að þeir njóta ekki fullra réttinda.

Ég vísa í dómsmál sem hafa gengið, mál gegn Reykjanesbæ. *Starfsmaður vatnsveitna flutti til hlutafélags*, ég held að það hafi verið Hitaveita Suðurnesja þó að ég þori ekki alveg að fullyrða um það, nema hvað honum hafði verið heitið því að halda alveg óskertum réttindum sem reyndist svo ekki vera. Það voru lífeyrisréttindin og önnur réttindi sem ég hef minnst á. Það var farið í mál fyrir hönd mannsins og hann vann það. Og ég spyr: Er það þetta sem menn vilja hjá Ríkisútvarpinu? Ég get alveg fullyrt að það verða málaferli út af þessu. Ég get alveg fullyrt það. Ég hef meira að segja heyrt þegar í fólki sem íhugar málaferli. Ég er sannfærður um að stéttarfélögin munu bakka það upp. Þess vegna spyr ég: Er það ekki siðaðra manna háttur að reyna að ná frekar samkomulagi um málið? Væri ekki *heppilegt fyrirkomulag* að reyna að semja um þessa þætti? Ég ítreka að helst vildi ég að sjálfsögðu að þetta frumvarp yrði hreinlega ekki að lögum, því yrði skotið á frest eða hreinlega vikið út af borðinu — það vildi ég helst. En að sjálfsögðu þarf að reyna, ef þrjóskan víkur ekki úr huga stjórnarmeirihlutans eru að sjálfsögðu allar breytingar á frumvarpinu sem bæta réttarstöðu starfsmanna mikilvægar.

Það er mikilvægt að hafa í huga að ráðningarvernd verður engin hjá RÚV hf. og hægt verður að segja starfsmönnum upp án andmæla, rökstuðnings eða áminningar þannig að þrátt fyrir að *biðlaunaréttur* fylgi til 31. desember 2008 verður alltaf hægt að segja starfsmönnum upp þó að ekki sé verið að leggja starf niður.

Muna menn hvað gerðist hér fyrir 3–4 dögum þegar starfsmanni bílaumboðs var sagt upp störfum vegna þess að hann hafði keypt bíl frá öðru umboði? Ég gantaðist með það í pistli sem ég skrifaði að samkvæmt lögum og reglum væri þess vegna hægt að segja einstaklingi upp hjá RÚV sem hefði áskrift að Stöð 2. Ég er ekki að gera því skóna að slíkt gerðist, alls ekki. Ég hef ekki nokkra trú á því og segi

þetta svona nánast í gríni en þó fylgir sú alvara að réttarstaðan er þessi, hún er breytt að því leyti að verndin sem einstaklingurinn hefur hjá hinu opinbera, innan almannaþjónustunnar, er ríkari, hún er meiri. Það er hlutur sem við eigum ekki að taka léttilega, alls ekki.

Síðan er það lífeyrisrétturinn. Við rekstrarformsbreytinguna verður skerðing á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild LSR í dag. Iðgjöld hans miðast við þau laun sem hann hafði þegar staða hans var lögð niður og breytast iðgjaldagreiðslurnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Með öðrum orðum verður eins konar frysting á launaunum. Hefur hækkun launa starfsmanna hjá RÚV hf. því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs.

Lífeyrisréttur starfsmanna A-deildar er að sjálfsögðu ólíkur því sem á við um B-deildina. Í þessu lagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið hf. er ekki einu orði minnst á réttindi starfsmanna sem greiða í A-deild LSR. Aðeins er fjallað um lífeyrisgreiðslur samkvæmt 24. gr. laga nr. 1/1997 en sú grein á eingöngu við um B-deild LSR. Möguleikar starfsmanns sem greiðir í A-deild LSR til áframhaldandi aðildar að LSR eru háðir nokkrum skilyrðum. Sé ekki gengið tryggilega frá því í lagafrumvarpinu yrði aðildin háð samþykki RÚV hf. og að hlutafélagið taki á sig þær skuldbindingar sem henni fylgja.

Þetta eru í grófum dráttum þau áhersluatriði sem ég hef sett fram varðandi réttindi starfsmanna. Í umfjöllun minni um frumvarpið hef ég nálgast málin frá mörgum hliðum. Ég hef talað um stofnunina sem slíka, það menningarlega félagslega hlutverk sem hún sinnir og hvaða áhrif rekstrarformsbreytingin hefur á stofnunina til að sinna þessu hlutverki. Síðan hef ég rakið hvernig aðrar þjóðir bera sig að. Í sumum samanburðarríkjum okkar er vissulega hlutafélagsform á ríkisútvörpunum og það á við víða annars staðar á Norðurlöndunum, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, en fram til þessa hafa Danir og Íslendingar verið með ríkisstofnun. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að Danir hafi verið einna duglegastir við að koma framleiðslu sinni á framfæri víða um heim, selt vinsæla sjónvarpsþætti til yfir 40 landa — og geri aðrir betur — en þó búa þeir við sama fyrirkomulag og Íslendingar hafa búið við um árabil og verða seint sakaðir um að vera ekki sveigjanlegir í sínu umhverfi öllu saman.

Ég ætla að leyfa mér að ítreka spurningu mína til hæstv. forseta þingsins um hvað vaki fyrir hæstv. forseta varðandi framhald á þessum fundi. Ég skal alveg heiðarlega segja hæstv. forseta hvað vakir fyrir mér. Hér er fjöldi manns á mælendaskrá, einstaklingar sem eru ekki á svæðinu og ég vil vita eða fá einhverjar upplýsingar um hvað vakir fyrir forseta þingsins. Ég mundi ljúka máli mínu núna á næstu mínútum ef ég fengi að vita að þingfundi lyki við það.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti hefur í hyggju, hv. þingmaður, að halda þingfundi áfram enn um sinn. Eftir því sem forseta sýnist eru einhverjir ræðumenn væntanlegir í þinghúsinu sem eru á mælendaskrá. Þingfundi verður haldið áfram enn um sinn.)

Nú, við erum með nefndarálit sem fylgja þessu frumvarpi, bæði frá meiri hluta menntamálanefndar og minni hlutanum. Þau eru ekki mikil að vöxtum en í þeim er farið yfir — sérstaklega meiri hlutinn tíundar mjög rækilega hverjir komu á fund nefndarinnar til að fjalla um þetta frumvarp. Það er sagt hvert frumvarpið hafi farið til umsagnar og umfjöllunar en hv. formaður menntamálanefndar brást hinn versti við þegar því var lýst yfir af hálfu stjórnarandstöðu á þingi að frumvarpið hefði verið rifið út úr nefnd. Vildi hann meina að það hefði fengið mjög vandaða, ítarlega og málefnalega umfjöllun í þinginu og í nefndinni. Reyndar heyrði ég hrósyrði í garð hv. formanns nefndarinnar fyrir verkstjórn hans í þessu máli. Hins vegar vekur það athygli mína þegar ég fer yfir umsagnir þeirra sem fengu frumvarpið til umfjöllunar hve margt þeim þykir vera óljóst í frumvarpinu, hve mjög álitsgjafarnir sem margir hafa lagst mjög vel yfir frumvarpið telja það gallað að mörgu leyti og óljóst.

Það var athyglisvert að á mjög fjölmennum fundi sem haldinn var í Ríkisútvarpinu í dag, troðfullt mötuneyti Ríkisútvarpsins í Efstaleitinu, að þar var einróma samþykkt ályktun þar sem það er sérstaklega dregið fram hve óljóst og gloppótt um margt frumvarpið er. Það er talað um óútfyllta ávísun til framtíðar. Síðan segir að starfsmenn geri alvarlegar athugasemdir um að ekki liggi enn fyrir hve miklu fjármagni nýja félagið eigi að ráða yfir í upphafi. Starfsmenn furða sig líka á því að ekki hafi verið tekið nokkurt tillit til umsagna sem bárust menntamálanefnd Alþingis. Þá horfðu menn að sjálfsögðu á þau frumvörp sem komu úr þessari áttinni, frá starfsmannasamtökum og stéttarfélögum, og það má til sanns vegar færa að engar breytingar eru gerðar á frumvarpinu til að koma til móts við sjónarmið þessara aðila. En ályktun almenns starfsmannafundar til Alþingis um nýtt fyrirtæki, Ríkisútvarpið hf., var sett í hólf allra þingmanna undir kvöldið. Þessi ályktun er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Starfsmenn Ríkisútvarpsins óska eftir skýrari upplýsingum frá stjórnvöldum um hvernig fyrirtæki stjórnvöld vilji búa til á grunni hins gamla Ríkisútvarps. Bent hefur verið á opin ákvæði í frumvarpinu og mismunandi áherslur ríkisstjórnarflokkanna í málefnum stofnunarinnar til margra ára. Þær virðast nú hafa endað í óútfylltri ávísun til framtíðar. Við teljum okkur vera í vinnu hjá þjóðinni og landsmenn eigi rétt á því að vita hvert stefni með fjölmiðilinn þeirra.

Starfsmenn gera alvarlegar athugasemdir við að ekki liggi ekki enn fyrir hve miklu fjármagni nýja félagið á að ráða yfir í upphafi.

Starfsmenn furða sig líka á því að ekki hafi verið tekið nokkurt tillit til umsagna sem bárust menntamálanefnd Alþingis. Spyrja má um tilganginn með að setja fólk í vinnu við slíka álitsgjöf.

Það er lágmarkskrafa að réttindi starfsmanna verði tryggð, sérstaklega fullur biðlaunaréttur, aðild allra starfsmanna að LSR og áframhaldandi aðild starfsmanna að núverandi stéttarfélögum innan RÚV. Starfsmenn RÚV hafa um árabil þolað láglaunastefnu og talið að réttindin, sem eru eign starfsmanna, mundu að einhverju leyti vega upp á móti lágu launanum.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa sýnt mikla þolinmæði á löngu og leiðinlegu breytingaskeiði stofnunarinnar. Það

hefur verið von þeirra að betri tímar gætu runnið upp að því loknu. Eitt það versta sem fyrir getur komið er áframhaldandi óvissa næstu árin, af því að ný lög hafi ekki verið nógu vel úr garði gerð. Starfsmenn skora á Alþingi að eyða óvissu um stofnunina með skiljanlegum lögum sem duga."

Ég skal játa það, hæstv. forseti, að ég var áður búinn að vitna í þessa ályktun, gott ef ég var ekki búinn að lesa hana alla upp orðrétt en mér fannst bara kominn tími til, af því að það er langt síðan ég hóf ræðu mína, að minna á þessi ágætu orð frá starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Ég hef hins vegar ekki farið yfir nefndarálit frá minni hluta menntamálanefndar þar sem færð eru rök fyrir því að þessu frumvarpi verði vísað frá. Hér eru færð rök fyrir því í allítarlegu máli og ætla ég nú að fara yfir þessar röksemdir.

Fyrst eru hér fáeinar línur sem eru almenns eðlis. Hér segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er ekki skapaður til frambúðar sá starfsrammi sem Ríkisútvarpinu hæfir og þar með ekki sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur. Með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag væri stigið varhugavert skref sem í langflestum tilvikum öðrum hefur leitt til sölu viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis. Þá gera margir lausir endar í frumvarpinu og málatilbúnaði í tengslum við það að verkum að málið er vanreifað."

Aðeins innskot hér sem verður aldrei of oft ítrekað, þær stofnanir sem hafa verið gerðar að hlutafélögum með jafnvel lagaákvæðum um að ekki standi til að selja þær hafa í nánast öllum tilvikum verið seldar, ekki öllum, ekki Pósturinn, en í nánast öllum tilvikum verið seldar. Auðvitað er að mörgu leyti rökrétt að ef maður ætlar að nýta sér hlutafélagaformið gerir maður það að fullu, það er rökrétt. Ég virði það sjónarmið alveg, og skil. En hitt virði ég ekki að telja fólki trú um að ekki standi til að selja, vinna fólk þannig til fylgilags við viðkomandi frumvarp og koma aftan að því síðar. Það eru mikil fræði hvernig einkavæðingarsinnar hafa borið sig að á undanförnum áratugum.

Ég minnist þess að hingað til lands kom maður að nafni Pirie, dr. Pirie. Hann var í heimsókn hjá annaðhvort Vinnuveitendasambandinu eða Verslunarráðinu, gott ef það var ekki hið síðara. Dr. Pirie setti fram 10 reglur. Verslunarráðið kallaði reglurnar „10 boðorð dr. Piries". Þetta var eins konar handbók í því hvernig ætti að einkavæða. Handbókin laut ekki að verklaginu sjálfu, heldur hvernig ætti að fara að gagnvart starfsmönnum stofnana og þjóðinni. Dr. Pirie var með alls konar trix í þessu, ég man að eitt boðorðið kvað á um að það ætti að fara varlega í að segja fólki allan sannleikann. Ég skal athuga hvort ég get ekki fundið þessi boðorð dr. Piries. Þetta gæti verið ágætt fyrir ríkisstjórnina ef hún lendir í vandræðum með frekari einkavæðingaráform sín, kannski gæti hún lært eitthvað svolítið af dr. Pirie.

Síðan hafa fleiri trúboðar komið hingað til lands. Hingað kom á sínum tíma í boði þáverandi hæstv. fjármálaráðherra, Friðriks Sophussonar, Ruth nokkur Richardson. Hún hafði verið fjármálaráðherra í heimalandi sínu, Nýja-Sjálandi, og gert þar mikinn óskunda og usla. Hún kom hingað og ég minnist þess að hún hélt vakningarsamkomu á vegum fjármálaráðuneytisins á Hótel Loftleiðum. Það var geysilegt ljósasjó og Ruth Richardson predikaði þarna yfir stútfullum sal, mjög rakspíruðum af forstöðumönnum frá ríkisstofnunum. Við vorum þarna einnig frá samtökum launafólks. Friðrik Sophusson, þáverandi fjármálaráðherra, var mjög kurteis hvað þetta varðar og viljugur að hleypa gagnrýnendum sínum að borði. Ég minnist þess að hann gerði það og heimilaði okkur sem vorum með gagnstæð sjónarmið að gagnrýna predikarana. Ég man að ég átti orðastað á þessari samkomu við Ruth Richardson. Við vorum ekki á sama máli og það kom mjög berlega í ljós á þessum fundi.

Þetta var um Ruth Richardson og dr. Pirie, og útúrdúr af minni hálfu. Ég er að fjalla um álit minni hluta menntamálanefndar sem gerir tillögu um það að þessu frumvarpi verði hreinlega vísað frá. Í minnihlutaálitinu er farið yfir meginatriði málsins og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Lagarammi sá sem reynt er að marka starfsemi Ríkisútvarpsins með frumvarpinu er ekki ljós. Alls er óvíst að Ríkisútvarp það sem á að starfa eftir frumvarpinu verði raunverulegt almannaútvarp. Skilgreining frumvarpsins á hlutverki RÚV og skyldum er óglögg, þrátt fyrir ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu og forvera þess að kröfu ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Í stað þess að móta Ríkisútvarpinu framtíðarstefnu hefur sá kostur verið tekinn að halda að mestu áfram því róli sem fyrirtækið hefur verið á síðan rekstrarumhverfi þess gjörbreyttist við afnám einkaleyfis árið 1985. Ólíklegt er að þessi lagarammi dugi Ríkisútvarpinu til lengdar. Reglur Evrópusambandsins eru í örri þróun á þessu sviði, og keppinautar Ríkisútvarpsins innan lands hafa uppi kröfur um að það noti ekki ríkisstuðning sinn til að bæta stöðu sína í samkeppni á ljósvakavettvangi umfram það sem eðlilegt getur talist fyrir almannaútvarp. Þá er ekki sennilegt að hin nýja fjármögnunarleið, nefskattur, sem á að taka upp í stað útvarpsgjaldsins, efli samstöðu meðal almennings við Ríkisútvarpið, einkum ef dagskrárframboð þess dregur dám af kröfum auglýsenda og kostenda á svipaðan hátt og í markaðsstöðvunum.

Meðmælendur frumvarpsins halda því fram að með breytingum á yfirstjórn sé losað um þau flokkspólitísku tök á Ríkisútvarpinu sem því hefur lengi verið þrándur í götu. Því miður er engin trygging fyrir því í frumvarpinu að pólitískri íhlutun linni. Að ýmsu leyti hefur menntamálaráðherra og ríkisstjórnarmeirihluti á Alþingi hverju sinni meiri möguleika en áður á að beita áhrifum sínum hvað varðar starfsemi og rekstur Ríkisútvarpsins. Frumvarpið er því ekki þess eðlis að það skapi frekari sátt að þessu leytinu. Efasamt er að frumvarpið stangist á við tilmæli Evrópuráðsins um sjálfstæði almannaútvarps frá 1994 og 1996."

Strax í þessum upphafsorðum er vikið að nokkrum þáttum, annars vegar því sem augljóst er að mun gerast, að samkeppnisaðilar Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaði eru líklegir til að sækja „rétt sinn" fyrir ESA-dómstólnum. Þetta eru hlutir sem við hreinlega getum ekki sagt neitt um en það er mjög líklegt að hér eigi allt eftir að loga í málaferlum eftir að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn tóku þá ákvörðun að byrja að rugga bátnum eins og hér hefur verið gert.

Síðan er atriði númer tvö í þessu minnihlutaáliti sem vikið er að og það er sú hætta að flokkspólitísk ítök og yfirráð yfir Ríkisútvarpinu muni ekki fara dvínandi heldur sé þvert á móti verið að auka möguleikana á þeim ítökum. Við

höfum farið mjög vel yfir það í umræðu um málið í dag. Það liggur hreinlega í því að áfram verður stjórnarmeirihlutinn látinn ráða. Það kýs stjórn stofnunarinnar og það er endurspeglun á stjórnarmeirihlutanum hverju sinni sem síðan ræður útvarpsstjóra, útvarpsstjóra sem verður nær einráður, alvaldur, einvaldur um framkvæmd dagskrár og allt mannahald í stofnuninni. Hann ræður og hann rekur fólk. Menn hafa spurt: Horfa menn þá eitthvað sérstaklega til einstaklinga í því efni? Nei. Menn eru að horfa til fyrirkomulags og þá skiptir ekki máli hver einstaklingurinn er. Auðvitað skiptir það alltaf máli. Það er einstaklingsbundið hvernig menn koma fram, að sjálfsögðu, en við erum fyrst og fremst að tala um fyrirkomulagið, ekki einstaklingana. Við erum að tala um fyrirkomulag sem er til mjög langs tíma. Við skulum ekki gleyma því. Síðan segir áfram í álitsgerð minni hluta menntamálanefndar, með leyfi forseta:

„Löngu var kominn tími til þess að skapa Ríkisútvarpinu nýjan lagaramma og gera því auðveldara að vera sjálfstætt og öflugt almannaútvarp. Frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi er því miður ekki fullnægjandi. Það varð til sem málamiðlun milli stjórnarflokkanna tveggja, og milli andstæðra afla innan Sjálfstæðisflokksins, og hefur síðan smám saman verið lagfært þannig að standist lágmarkskröfur Eftirlitsstofnunar EFTA um samkeppnisaðskilnað á ríkisrekinni útvarpsstöð. Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu með háeffuninni miðast við fyrirtæki í rekstri með hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi en ekki almannaþjónustu þar sem eðlilegt þykir að allar viðeigandi upplýsingar liggi fyrir og að vald einstakra stjórnenda sé temprað. Gagnsæi í starfsemi á ekki að hafa að leiðarljósi við rekstur Ríkisútvarpsins hf. heldur er þvert á móti hætt við að breytingin leiði til leyndar og pukurs."

Ég vísa, hæstv. forseti, og vitna í álitsgerð minni hluta menntamálanefndar um háeffvæðingu Ríkisútvarpsins. Í þeirri álitsgerð er vikið sérstaklega að vinnubrögðum stjórnarflokkanna í þessum málatilbúnaði öllum. Segir þar um það efni, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ýmsa vankanta síðari áratugi í dagskrárframboði, rekstri, mannaráðningum o.fl. lítur yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga enn svo á að Ríkisútvarpið sé einhver dýrmætasta sameign þjóðarinnar og treystir því betur til frétta og fróðleiks en öllum öðrum fjölmiðlum. Þar skiptir máli að í 76 ár hefur Ríkisútvarpið verið áhrifarík menningar- og uppeldisstofnun, hjálparhella í atvinnulífi til sjávar og sveita og miðill fyrir lýðræðisumræðu og afþreyingu. Staða Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps á Íslandi á liðinni öld var svo sterk að ekki verður víða til jafnað í Evrópu."

Ég held að þetta séu orð að sönnu. Hér er talað af sömu væntumþykju um Ríkisútvarpið og Bretarnir gerðu í skýrslu sinni um BBC sem ég vísaði til áðan. Þar vísaði ég í formálsorð breska menningarmálaráðherrans þegar skýrsla um BBC kom út: Review of the BBC's Royal Charter. A strong BBC, independent of government, í marsmánuði árið 2005, fyrir nánast réttu ári. Áfram segir í álitsgerð minni hluta menntamálanefndar, með leyfi forseta:

„Í flestum nálægum ríkjum er litið svo á að þegar um slíka þjóðfélagsstofnun er að ræða beri stjórnmálamönnum að leita sem breiðastrar samstöðu um nauðsynlegar breytingar í tímans rás. Hér er einfaldast að minna á Bretland, þar sem stjórnmálaflokkarnir hafa borið gæfu til einstakrar samvinnu um þjóðarútvarpið BBC þrátt fyrir grimmileg átök um næstum alla aðra grunnþætti í bresku samfélagi á 20. öld." — Það er nefnilega það. Þetta eru sömu hughrifin og ég varð fyrir og var að lýsa. Áfram segir, með leyfi forseta:

„Núverandi ríkisstjórn hefur ekki litið svo á þessi mál að nein þörf væri á samstarfi eða samráði um breytingar á Ríkisútvarpinu. Jafnvel eftir að þjóðin knúði ríkisstjórnina til samvinnu við stjórnarandstöðuflokkana um tilhögun fjölmiðlamála var ákveðið að stjórnarflokkarnir skyldu áfram véla um Ríkisútvarpið, þrátt fyrir eindregnar óskir stjórnarandstöðunnar um að þessi mál væru bæði undir í vinnunni að fjölmiðlamálum. Þessi munur á vinnubrögðum menntamálaráðherra að fjölmiðlamálum annars vegar og málefnum RÚV hins vegar er undarlegur og vekur ýmsar spurningar.

Ekki hefur ráðherranum þó tekist betur til en svo að frumvarpinu frá fyrra þingi, sem þá stöðvaðist, var breytt verulega vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA og héldu þær breytingar áfram fram á síðustu dvalarstundir frumvarpsins í menntamálanefnd. Rétt er að minna á að bréf Eftirlitsstofnunarinnar og íslensku ráðuneytanna um þetta átti upphaflega að binda trúnaði, loksins þegar þau fengust afhent í nefndinni. Við það var ekki hætt fyrr en ljóst varð að slík binding væri á svig við upplýsingalög. Athyglisvert er einnig að mikilvægt bréf ESA, sem leiddi til breytingartillagna frá meiri hlutanum, var ekki kynnt í menntamálanefnd fyrr en 24. mars en er dagsett 20. janúar."

Hæstv. forseti. Ég sá í þeim gögnum sem fylgdu umsögnum úr menntamálanefnd bréf eða álitsgerð frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd þar sem sérstaklega er fundið að þessu og þetta tíundað.

„Þegar þessi ferill málsins er hafður í huga er í sjálfu sér viðeigandi að meiri hluti menntamálanefndar skuli að lokum hafa tekið málið út úr nefndinni gegn atkvæðum stjórnarandstæðinga. Við bentum þá á að enn hefði ekki verið rætt við fulltrúa tveggja lykilstofnana vegna málsins, annars vegar Ríkisendurskoðunar sem á að annast endurskoðun hlutafélagsins og hafa meðal annars eftirlit með aðskilnaði samkeppnisrekstrar svokallaðs frá almennum rekstri, hins vegar Samkeppniseftirlits, en í þess hlut kemur meðal annars að taka á málum sem varða samkeppni á markaði auglýsinga og kostunar, en á hvort tveggja leggur Eftirlitsstofnun mikla áherslu í bréfi sínu til íslenskra stjórnvalda dags. 30. janúar. Þá var á það bent að ekki hefði verið farið yfir tilmæli Evrópuráðsins um almannaútvarp (f.o.f. R (96) 10 um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps, samþykkt 4. ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðlastefnu, Prag 1994). Þess var óskað að afgreiðslu málsins yrði frestað þar til fyrir lægju upplýsingar um eiginfjárstöðu hins nýja hlutafélags, sem fulltrúi úr menntamálaráðuneytinu taldi að yrði innan 2–3 vikna, en þeirri ósk var hafnað.

Af þessu má vera ljóst að rannsókn nefndarinnar í málinu er áfátt á mikilvægum sviðum. Auk þess var aldrei efnt til umræðu um einstök atriði málsins innan nefndarinnar með þeim hætti að metnar væru tillögur um breytingar frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar og þess ekki freistað á

nokkurn hátt að ná saman um frumvarpið í heild eða einstaka hluta þess.“

Niðurstaðan er síðan tíunduð undir þessum liðum:

„a. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,

b. eftirlitshlutverk Ríkisendurskoðunar og Samkeppniseftirlits er óljóst og ókannað hvort þessar stofnanir búa yfir faglegri hæfni til að skera úr um viðkvæm álitamál sem varða fjárhagslegan aðskilnað milli starfsemi á sviði almannaútvarps og á sviði markaðsstöðvar,

c. ekki er gert ráð fyrir viðeigandi gagnsæi í starfsemi og rekstri Ríkisútvarpsins, t.d. með því að um það gildi upplýsingalög,

d. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum,

e. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu“ með tilnefningum frá almannasamtökum, sbr. m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,

f. engin ákvæði frumvarpsins tryggja að innlent efni aukist í dagskrá Ríkisútvarpsins,

g. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá“ virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar tvö“ og þetta er atriði sem við þurfum náttúrlega að fá svör við frá ráðherra um hvað vaki fyrir stjórnvöldum í þessum efnum, að sjálfsögðu. Hér er vísað í mörg álitamál sem eðlilegt er að ríkisstjórnin, stjórnarmeirihlutinn og talsmenn hans geri grein fyrir. Svo að ég haldi áfram, með leyfi forseta:

„h. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni“ og hér höfum við samþykktina frá í dag sem ég las upp áðan þar sem starfsmenn tala um óútfyllta ávísun til frambúðar þegar alvarlegar athugasemdir um að ekki liggi enn fyrir hve miklu fjármagni nýja félagið eigi að ráða yfir, og lýsa þeir furðu á því að ekki hafi verið tekið tillit til umsagna sem bárust til menntamálanefndar og þá horfa þeir væntanlega til þeirra umsagna sem stéttarfélögin og heildarsamtök starfsmanna hafa sett fram og eru ítarlega unnar álitsgerðar lögfræðinga. Síðan segir, með leyfi forseta:

„i. nefskattur sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda.“ — Þetta er sjónarmið sem kom á dramatískan hátt fram í skemmtilegri umsögn ríkisskattstjóra þar sem hann vísaði í reynslu Ríkharðs II. árið 1380 sem leiddi til bændauppreisnar árið eftir og nefskatts Margrétar Thatcher 1989 sem olli því að hún hrökklaðist frá völdum 1990. Kannski gerist eitthvað svipað hér. (**Gripið fram í:** Er það hægri stjórnar ...?) Já, þetta er sennilega og vonandi hlutskipti þessarar stjórnar sem er með í hliðarherbergi núna á færibandi hvert frumvarpið á fætur öðru. Það er eitt sem þingið hlýtur að leiða hugann að, hvers konar handarbakavinnubrögð þetta eru af hálfu stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

Við höfum verið sökuð um að tala lengi í málum. Við höfum verið sökuð um málþóf. Ég fullyrði að þeir sem hafa talað hér hafa talað af málefnalegri þekkingu og eru að reyna að knýja á um svör við spurningum sínum. Síðan er náttúrlega hitt, að þegar menn verða þess áskynja að stjórn þingsins ætlar að koma í bakið á stjórnarandstöðunni með því að reyna að flýta umræðunni, með því að reyna að ljúka umræðunni þótt margir séu á mælendaskrá, fara menn að spyrja sig ýmissa spurningu.

Skýringin á því hve lengi ég tala nú er sú að ég ætla ekki að láta stjórn þingsins komast upp með það að slíta þessari umræðu eins og vakir greinilega fyrir henni og ganga þannig erinda stjórnarmeirihlutans á Alþingi. Mér finnst furðulegt að geta ekki upplýst mig um það hve lengi standi til að halda þessum fundi áfram þegar augljóst má vera að ég er að reyna að koma í veg fyrir að aðrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar verði hlunnfarnir, að þeir vakni upp við það á morgun að eiga ekki kost á að koma inn í umræðuna vegna þess að henni var haldið áfram svo lengi inn í nóttina. Þetta er ástæðan fyrir því að ég er að tala lengur, miklu lengur en ég hafði ætlað mér að gera.

Síðan er undir bókstafnum j í þessum niðurstöðukafla minni hluta menntamálanefndar, með leyfi forseta:

„j. fjárhagsleg staða hlutafélagsins sem frumvarpið gerir ráð fyrir er í óvissu og ráðgert hlutafé svo lítið að félaginu virðist ætlað að hefja starfsemi sína með neikvæða eiginfjárstöðu,

k. ekki hefur verið gengið frá ráðstöfun þeirra verðmæta sem Ríkisútvarpið býr nú yfir í söfnum sínum og ekki fyrirhugaðir samningar við aðra rétthafa um þau,

l. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa borið við að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins, sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi.“ — Þegar þetta allt er tekið saman leggur minni hluti menntamálanefndar til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá, með leyfi forseta:

„Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Undir þetta rita hv. þm. Mörður Árnason, sem er framsögumaður, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Hæstv. forseti. Mig langar undir lok ræðu minnar að velta svolítið vöngum yfir lýðræðislegum þáttum sem tengjast þessu máli, lýðræðinu. Annars vegar er það svo að við í stjórnarandstöðunni erum stundum sökuð um að beita ólýðræðislegum vinnubrögðum með því að tala mikið og lengi í málum og torvelda þannig lýðræðislegum meiri hluta á Alþingi að ná sínu fram. Er þetta rétt? Það er rétt að gerum við allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir alvarleg slys í löggjöf. Þegar ég hugsa til baka óska ég þess að við hefðum stundum staðið vaktina betur og ég heyri það úr stjórnarmeirihlutanum einnig að sumir eru þeirrar skoðunar t.d. varðandi lög um auðlindir í jörðu sem samþykkt voru á árinu 1998. Þá hefðum við betur reynt að standa þessa vakt saman.

Þegar á heildina er litið, þegar litið er á yfirgnæfandi meiri hluta lagafrumvarpa sem fara í gegnum þingið renna þau á mjög markvissan og skilvirkan hátt í gegnum Al-

þingi. Um mjög mörg mál er tiltölulega mikil sátt. Í rauninni heyra þau til undantekninga, málin sem við tökumst harkalega á um. Ef ekki er um að ræða meiri háttar ágreining leiða menn hann til lykta í rökræðu á tiltölulega skömmum tíma. Þetta er hin almenna regla. Það heyrir til algerra undantekninga að málin komist í hnút. Ég ætla að nefna Kárahnjúka, Íslenska erfðagreiningu, einkavæðingu Landssímans og vatnalögin. Í öllum þessum tilvikum erum við að tala um grundvallaratriði, í sumum tilvikum um meiri grundvallaratriði en öðrum. En þegar við erum t.d. að festa í lög ákvæði um eignarrétt á vatni til langrar framtíðar þurfum við að vanda okkur. Þá megum við ekki horfa í það þótt það taki nokkra daga, við erum að tala um fáeina daga, til að reyna að koma vitinu fyrir þá sem hafa valdið á hendi. Á endanum er það stjórnarmeirihlutinn sem hefur valdið á sinni hendi. Það eina sem við erum að gera og eina vopnið sem við höfum er að reyna að hægja á hraðanum.

Ég er t.d. alveg sannfærður um að núna fyrst gera margir sér grein fyrir afleiðingum þess að taka Ríkisútvarpið og henda því út í markaðsumhverfið. Ég er alveg sannfærður um að margir eru núna fyrst að gera sér grein fyrir þessu. Það er aðeins vegna þess að það hefur aðeins hægt á hraðanum.

Væri það til góðs að taka frumvarp sem liggur hér í hliðarherbergi og fjallar um að gera Áfengisverslun ríkisins að hlutafélagi, og bara ganga frá því á morgun með afbrigðum? Það er meiri hluti fyrir þessu í þinginu, væri okkur sagt. Á ekki meiri hlutinn að ráða því? Nei. Það væri ekki æskilegt.

Ég vil segja að auki að þegar um er að ræða stofnun eins og Ríkisútvarpið, sem ég tel einnig heyra til þessara grundvallarmála, stofnun sem við eigum öll og höfum öll átt allar götur frá 1930 þegar það varð til og berum hygg ég öll tilfinningar til þeirrar stofnunar, þá höfum við mismunandi skoðanir á hvernig eigi að starfrækja hana og reka hana. Við höfum mismunandi skoðanir á því og ég efast ekki um að margir þeirra, og undanskil ég þá sem vilja leggja hana niður, sem telja hlutafélagaformið besta rekstrarformið, að það vaki ekkert annað en gott fyrir þeim líka. Gefum okkur að við séum öll að reyna að gera gagn með tillögum okkar, þá hefur ekkert okkar leyfi til að knýja vilja okkar fram með hraði. Það á að leita allra leiða og gefa langan tíma áður en starfsemi og stofnun af þessu tagi er rifin upp með rótum og breytt í grundvallaratriðum. Það hefur enginn rétt til að beita meirihlutavaldi með hraði til að knýja slíkar breytingar í gegn.

En er þetta ekki búið að vera lengi í umræðunni? kynni einhver að spyrja. Nei, þetta er ekki búið að vera lengi í umræðunni. Það er ekki lengra síðan en í haust að Framsóknarflokkurinn sagði okkur að ekki kæmi til greina að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Það er ekki lengra síðan en í haust. Það var þá sem aðrar útlistanir komu til sögunnar þar sem sagt var að ályktanir þinga Framsóknarflokksins opnuðu á þann möguleika að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi að því tilskildu að það yrði áfram í þjóðareign. Þá kom sú útlegging til sögunnar og ég vitnaði áðan í blaðagrein eftir hv. þm. Kristin H. Gunnarsson þar sem hann rekur þetta mál, þar sem hann rekur álitsgerðir og ályktanir þinga Framsóknarflokksins og hvernig þær ber að skoða sem eina heild. Mér fannst það sannfærandi hvernig hann setti málin fram. Ekki er lengra síðan en í haust að við stóðum frammi fyrir þeim veruleika að Framsóknarflokkurinn mundi ekki heimila hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Síðan breytist það. Gott og vel. Fyrir ekki svo ýkjalöngu var Sjálfstæðisflokkurinn að tala fyrir því að Ríkisútvarpið væri búið með sinn tíma og ætti að leggja það niður og selja það. Það eru frumvörp til umræðu sem ganga út á þetta, nákvæmlega þetta. Það sem nú er að gerast er að gerast á skeiði breytinganna, þar sem hugmyndir eru að kvikna, þar sem hugmyndir eru að fæðast og deyja. Við erum á tíma mikillar gerjunar hvað varðar Ríkisútvarpið. Á slíkum tíma á að gefa svigrúm. Það á að gefa sér góðan tíma til að íhuga málið. Það hefur enginn ráðherra rétt til að gera annað en nákvæmlega það að fara sér hægt.

Svo ég klári þetta aðeins með vinnubrögð ríkisstjórnarinnar þá er það ótækt að við höfum áætlun um störf þingsins sem gerir ráð fyrir að við ljúkum þinghaldinu í byrjun maímánaðar, en hvað gerist nú? Að óvörum koma inn frumvörp sem gera ráð fyrir grundvallarbreytingum. Við heyrum nú síðustu daga um ágreininginn sem er um frumvörp hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra um nýjar stofnanir og endurskoðun á starfseminni. Síðan er frumvarp sem rétt sisvona gerir Flugmálastjórn að hlutafélagi. Á að afgreiða það á nokkrum dögum? Eða stendur til að efna til vorþings eða sumarþings? Gott og vel. Alveg sjálfsagður hlutur. Við skulum bara hafa það í allt sumar en þarf þá ekki að gera það með einhverju skipulagi og einhverjum fyrirvara þannig að menn viti að hverju þeir ganga?

Þetta vildi ég, hæstv. forseti, segja um lýðræðið í þessari stofnun, að okkar hlutverk og okkar tæki sem við höfum er að reyna að hægja örlítið á óðagotinu, á þróuninni, óðagotinu þegar það gerist hvað verst. Ég fullyrði að á undanförnum árum hefur með þessu móti iðulega tekist að koma í veg fyrir stórslys.

Ég vísaði áðan í lífeyrisfrumvarpið sem kom fyrir þingið vorið 1996, sem tókst að henda út úr þinginu sem betur fer. Við þurfum ekki að fara lengra en í þetta frumvarp sem nánast allir álitsgjafar segja að hafi þó batnað frá því að það birtist í vor. Þó skal ég ekkert fullyrða um það fyrir mitt leyti. Ég er ekkert viss um að það hafi gert það. En engu að síður eru til mörg dæmi um lagafrumvörp sem hafa notið góðs af því og þar með þjóðin, að þau voru ekki keyrð í gegn.

Eitt frumvarp vil ég nefna í því efni. Það var frumvarp um vatnsveitur. Það var liður í þessari stóru endurskoðun á vatnalögunum. Endurskoðun á vatnalögunum hefur verið að birtast í ýmsum frumvörpum á undanförnum árum og önnur er í burðarliðnum, eru á færibandinu. Eitt af þeim frumvörpum var frumvarp um vatnsveitur. Það átti að klára það í einu vetfangi í þinginu. Það tókst að koma því út úr þinginu. Það var að nýju sent til álitsgjafa í þjóðfélaginu sem fóru í saumana á frumvarpinu. Sest var yfir málið sumarlangt og um haustið náðist breiðari sátt um útkomuna. Ég þekki það vel því ég fylgdist vel með því starfi. Ég held að það hafi verið mjög til góðs að það frumvarp náði ekki strax fram að ganga. Þannig er hægt að taka fjöldann allan annan af lagafrumvörpum sem hafa gott af því að fá að bíða. Við náðum því sem betur fer að fresta því að vatna-

lögin nýju yrðu gild fyrr en haustið 2007 þannig að stjórnarandstöðunni eða hugsanlega þeim sem nú eru við stjórnvölinn gefist kostur á að skipta um skoðun, skoða málin aðeins nánar og okkur í stjórnarandstöðunni gefst þá tækifæri til að afnema þessi lög ef við komumst til valda, ef þjóðin verður svo lánsöm að henni takist næst að skipta um stjórn í landinu, sem ég held að sé fyrir löngu orðinn tími til og eins er það með þetta frumvarp um Ríkisútvarpið.

Ég held að hyggilegt væri að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn endurskoði núna sinn gang og íhugi það hvort ekki væri ráðlegt að skjóta þessu máli á frest, láta það liggja yfir sumarið í samræmi við þær tillögur sem stjórnarandstaðan hefur sett fram um að vísa málinu frá.

Ég læt þá þessari ræðu minni lokið en ítreka mjög hörð mótmæli mín við vinnubrögðum stjórnar þingsins sem ég furða mig eiginlega á að skuli hafa gengið erinda stjórnarmeirihlutans á Alþingi núna með því að neita mér um upplýsingar um hvenær þessum þingfundi ljúki ef ég ljúki máli mínu, þar sem augljóst mátti vera að ég var að reyna að koma í veg fyrir að þingmenn sem eru á mælendaskrá en trúðu því að þingfundi mundi ljúka fyrr í kvöld eða í nótt, jafnvel einhvern tíma upp úr miðnættinu eins og hefur tíðkast á þinginu í vetur. Ég var að reyna að koma í veg fyrir að þeir yrðu hlunnfarnir þar sem þeir voru farnir úr húsi trúandi því að málinu yrði frestað, að þingfundi yrði frestað. Aðra skýringu hef ég ekki á því að geta ekki svarað því hvenær þessum fundi ljúki. En eitt get ég alveg fullvissað stjórn þingsins um að þetta er ekki til þess að auðvelda samskiptin í þinginu.

[05:12]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Klukkan er nú 12 mínútur gengin í 6 og umræða sú sem hér stendur yfir hefur staðið samfleytt að undanteknu hálftíma matarhléi í eina 15 tíma, rúma. Við sem höfum verið við hana alla höfum verið í salnum eða einhvers staðar í námunda við hann í þessa 15 tíma. Venjulegur vinnudagur er svona 8, 10–12 tímar. Menn fara að þreytast eftir að komið er mikið meira af þeim (**PHB:** Þreytast?) og vinnan slakari en ella.

Ég vildi þess vegna spyrja hvað vakir fyrir forseta um framhald fundar og kannski fá skýringar líka á því svari sem hann veitir ef fundur á að halda áfram, hvernig stendur á því að hann á að halda áfram. Forseti á að geta veitt slík svör. Forseti er embættismaður þingmanna. Hann er kosinn á þinginu, hann er ekki skipaður af konungi, þó að sumir forsetar kunni að álíta það, eða búinn til af guði almáttugum, heldur er hann kosinn á þinginu. Þingmenn hafa kosið hann sem embættismann sinn og hann á að geta svarað til um þessa hluti.

Forseti á líka að vita það að ef hann fer fram með ósanngjörnum hætti (Gripið fram í.) er því auðvitað svarað — forseti, ég bið um næði í stólnum. Það er ákveðinn hv. þingmaður sem gengur hér fram og aftur í hvert skipti sem ég kem í þennan stól með hróp og köll sem hann getur ekki einu sinni haft skiljanleg þannig að hægt sé að svara þeim eða bregðast með einhverjum hætti við þeim (**PHB:** Ég nefni ...) og ég bið forseta um að útvega mér næði í þessum sal meðan ég er að ræða um fundarstjórn forseta eða ella bæta við þann tíma sem þessi hv. þingmaður stelur frá mér með þessum hætti. Ég vil að forseti svari þessu, fer fram á það við hann að hann gefi þessi svör og hyggst ræða síðar um þau við hann þegar þau hafa verið veitt.

[05:15]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Svo háttar til, í tilefni orða hv. þingmanns um það hvað forseti hyggist fyrir, að hér í þinghúsinu hafa í alla nótt verið þingmenn sem bíða þess að komast á mælendaskrá, m.a. hv. þm. Pétur H. Blöndal sem forseti hugðist gefa orðið að lokinni ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar.

[05:16]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég hef aldrei kynnst svona vinnulagi, að ekki sé hægt að gefa upp hvernig þingið eigi að starfa. Það stendur ekkert á okkur sem erum í stjórnarandstöðu og viljum ræða þetta mál að ræða málin. Ef sá er vilji þingsins og um það samstaða að hér verði talað sólarhringum saman, ef það er ætlunin að svo sé gert, er bara eins gott að það sé tilkynnt fyrir fram og þá taka menn ákvörðun um hvort þeir gera það.

En að stjórna þinginu eins og við höfum ítrekað upplifað, og ekki síst hér í nótt, finnst mér algjör frágangssök. Ég velti því fyrir mér hvernig stjórn þingsins upplifi sjálfa sig. Ég velti því hreinlega fyrir mér hvort æðstu stjórnendur þingsins ættu ekki að fara til sálfræðings í meðferð því framkoma á þingi, á svona stórum vinnustað (Gripið fram í.) — ég velti því fyrir mér, svo geta aðrir velt öðru fyrir sér. Ef það er ætlunin að halda samfelldan þingfund sólarhringum saman, tvo sólarhringa eða lengur, er eins gott að forseti komi einfaldlega fram með þá ósk sína og þá tökum við því bara. Þinginu er hvort sem er stýrt með valdboði en ekki í samstarfi, í engu samstarfi heldur í fullkomnu valdboði. Verði svo þá er spurt hvort hátign þingsins þóknist að taka þingfund sólarhringum saman og þingmenn, sem neyðast til að lúta því valdboði, geta þá tekið þátt í því á þann hátt ef nauð rekur til og ekki er annars úrkosta.

Frú forseti. Ef það er ætlunin með þeirri valdbeitingu sem hér er höfð í frammi að keyra þingfund fram til morguns og áfram þá viljum við fá að heyra það. En þessi stjórn þingsins er alveg forkastanleg.

[05:19]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti vill beina því til hv. þm. Jóns Bjarnasonar að gæta hófs í orðavali, (**JBjarn:** Það á að gæta hófs í störfum.) en í tilefni orða hv. þingmanns vill forseti taka það fram að enn eru 11 þingmenn á mælendaskrá og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur verið á mælendaskrá frá því snemma í dag tilbúinn að taka þátt í umræðunni um leið og hv. þm. Ögmundur Jónasson lyki sinni ræðu.

[05:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er augljóst að ekki er hægt um vik fyrir forseta að segja nákvæmlega til um það hvenær þing-

fundi ljúki þegar hv. þingmenn hafa ekki látið svo lítið að gefa það upp hversu langar ræður þeirra yrðu. Hér eru þingmenn sem bíða eftir að komast að og eðlilega reikna þeir með tiltölulega eðlilega löngum ræðum til að komast að í umræðunni. Það hefur einmitt gerst í nótt að hér hafa beðið þingmenn og ætla sér að fá að taka til máls og ljúka sínum ræðum um þetta mál. Það er mér óskiljanlegt, hæstv. forseti, yfir hverju menn eru að kvarta. Eðlilega er ekki hægt að ljúka fundi á meðan menn bíða eftir að komast á mælendaskrá og sumir þingmenn hafa ákveðið að halda það langar ræður að einhvern tíma hefði það verið kallað málþóf. En það er eðlilegt að þeir þingmenn sem vilja komast að fái að gera það. Ég treysti því, hæstv. forseti, að svo verði og menn fái að komast að samkvæmt sínum óskum á þessum þingfundi.

[05:21]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Aðeins ein lítil leiðrétting. Það er rangt að forseta hafi ekki verið kunnugt um hve lengi ég hygðist tala. Ég hef margoft sagt það í ræðu minni að ég vildi koma í veg fyrir að fólk sem farið er úr húsi, er á mælendaskrá og vill tala (**Gripið fram í:** En Pétur er í húsi.) — ég vissi ekkert um það, ég var að sjá hv. þm. Pétur H. Blöndal núna, hann hefur ekki verið hér í salnum. (**Gripið fram í:** Hann er búinn að vera hér í allan dag.) Ha, ég hef ekki séð hann. Hann hefur ekki verið í salnum og af hverju var ekki hægt að segja mér þetta? Hvers vegna var ekki hægt að segja mér þetta heldur jafnan talað til mín í vefréttastíl þegar ég bauð það að stytta mál mitt ef ég fengi að vita hvert framhaldið yrði? (**Gripið fram í:** Þetta er afar ...)

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti biður þingmenn um að standa ekki í samræðum hér úr ræðustól.)

Ég er að gera grein fyrir því hvernig stóð á því að ég spurði ítrekað forseta svara, fékk þau ekki. Ég er að gera grein fyrir því að það vakti fyrir mér að koma í veg fyrir að þingfundi yrði slitið og þeir þingmenn sem eru á langri mælendaskrá og eru farnir úr húsi yrðu hlunnfarnir um réttinn til að taka til máls. Ég hef margoft gert grein fyrir þessu. Síðan er mér bent á hv. þm. Pétur H. Blöndal og aðra sem hafa verið á mælendaskrá. Hvers vegna í ósköpunum var ekki hægt að segja mér þetta?

[05:23]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Í tilefni orða hv. þm. Ögmundar Jónassonar vill forseti árétta að forseti hefur oftar en einu sinni úr þessum forsetastól í nótt látið vita að forseti hygðist halda áfram með mælendaskrána og að hv. þm. Pétur H. Blöndal er samkvæmt viðvistarskrá búinn að vera í húsi síðan í gær. Það hefur legið fyrir öllum þingmönnum, kannski ekki hv. þingmanni í ræðustól en öðrum hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem hér hafa verið.

[05:24]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Það er fjarri mér að vilja hindra hv. þm. Pétur H. Blöndal í að taka til máls um þetta efni. En ég vona að mér fyrirgefist, af því að ég er nýliði á þinginu, að ég man ekki eftir fundi sem staðið hefur jafnlengi á þeim tíma sem ég hef verið hér og man ég þó eftir þeim fundi lengstum sem stóð til kl. 4. Sú tilkynning sem við fengum um þennan fund á þingflokksfundi eftir venjulegri leið var á þann veg að væntanlega yrði kvöldfundur á þessum degi um þetta mál.

Nú vill svo til, forseti, að á morgun er annar dagur eða réttara sagt í dag er annar dagur en í gær. Það er líka vinnudagur og fastur punktur í þeim vinnudegi hjá mér er fundur sem er boðaður kl. 10.15, að ég hygg, í menntamálanefnd, sem er ein af nefndum þingsins sem hér starfar, og þangað til hann hefst eru sem sé 4 tímar og, að ég hygg, 45 mínútur sem er ekki mikill svefntími. En mig langar að spyrja forseta að því hvort þetta sé algengt á þinginu og séu vinnubrögð sem menn sætta sig við, að mæta á nefndarfundina eftir nokkurra tíma svefn og þurfa í raun og veru að skera af þeim tíma þá stund sem fer til undirbúnings fyrir slíkan fund. Á morgun á að ræða tvö frumvörp. Það er frægt frumvarp um grunnskóla og enn þá frægara frumvarp um æskulýðsstarf sem hv. fjarstaddur þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Ásta Möller, hefur undirbúið og hefur m.a. sett fáheyrð skilyrði í um sýningu sakavottorðs við umsókn í starf. Ég þarf að undirbúa mig undir þetta og hugðist gera það á morgun með því að vakna á mínum venjulega tíma einhvers staðar á milli 7 og 8 og koma mér í vinnuna. Mig langar að spyrja að því, af því að ég veit að forseti hefur mikla þingreynslu og er öllum þessum hnútum ákaflega kunnugur, hvernig þetta gangi fyrir sig á Alþingi Íslendinga.

[05:27]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég velti því stöðugt fyrir mér hver það sé sem stýri fundi í raun. Fundi hefur gjarnan verið frestað þó menn séu á mælendaskrá. Rök forseta eru þau að einn þingmaður, sem hér er í salnum núna, vilji endilega fá að halda ræðu sína og þess vegna hafi hann haldið þessum fundi svona lengi. Hver stýrir eiginlega þinginu? Það er upplýst í upphafi dagsins, skilaboð til þingmanna innan þingflokka, að það eigi að vera kvöldfundur og það eru þær einu upplýsingar sem þingmenn fá um þingstörfin. Gott og vel. Það var að vísu ekki tekið fram hvaða kvöld það væri, það er rétt, það var ekki tekið fram hvaða kvöld það væri sem ætti að vera kvöldfundur, hvort það væri fram á næsta kvöld, en ég leit samt þannig á að þetta væri það kvöld sem er nú löngu liðið.

Ég verð að telja það eitt brýnasta mál þingsins að taka fyrir stjórn forseta þannig að með einhverjum hætti sé hægt að reiða sig á ákvarðanir og stjórn hans. Stjórn þingsins á ekki bara að ganga erinda ríkisstjórnarinnar og fara eftir þeirri ákvörðun sem hún kann að taka eftir því sem líður á daginn eða nóttina. Það er ekki svo að mínu viti.

Sú tilkynning sem hafði borist til okkar sem þingmanna var að það ætti að vera kvöldfundur óháð því hve margir væru þá í sjálfu sér á mælendaskrá. Eins og hefur iðulega verið hefur umræðu verið frestað og einstakir þingmenn hafa hvað það varðar ekki verið að taka að sér stjórn þingsins.

Ég velti því fyrir mér, frú forseti, hvaða skýringu forseti geti gefið á því að hérna var boðaður kvöldfundur og síðan var því breytt án þess að tilkynnt væri um nokkuð annað, ekki hægt að gefa upp hvenær fundi lyki og að því er virtist vegna þess að forseti virtist ekki hafa neina stjórn á því og það væru einhverjir aðrir sem virtust stýra því. Ég bið forseta að segja mér hver það er sem stýrir fundi og hefur hann þá ótakmarkað vald til þess án samráðs við nokkurn annan að gera það með þeim hætti sem hér er gert.

[05:30]

Drífa Hjartardóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustól til að svara hv. þm. Jóni Bjarnasyni varðandi stjórn þingsins, um fundarstjórn forseta. Þeir forsetar sem verið hafa á þessum fundi hafa stjórnað honum afskaplega vel. Það var ákveðið að halda kvöldfund. Þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson hóf sína ræðu klukkan rúmlega 11 í gærkvöldi þá hefði maður haldið að hægt yrði að hleypa hv. þm. Pétri H. Blöndal í ræðustól kl. hálfeitt eða eitt. En nú er klukkan að verða hálfsex. Ég legg til að menn fari að stytta mál sitt í þessari umræðu um fundarstjórn forseta og hleypi hv. þm. Pétri H. Blöndal að, sem hefur beðið æðilengi. Það hefur enginn haldið þingmönnum svo lengi hér inni nema stjórnarandstaðan, með málþófi sem hefur staðið æðilengi.

Ég hef hlustað á þetta í alla nótt og fylgst vel með. Mér finnst að menn geti ekki kvartað undan því að fundur standi lengi þegar þeir teppa ræðustólinn endalaust. Ég hvet menn til að fara að stytta í þessu og leyfa þeim þingmanni sem bíður eftir að fá orðið að komast að.

[05:32]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Ég hef skýrt, hæstv. forseti, hvað olli því að ég talaði þetta lengi, a.m.k. að hluta til. Ég fékk ekki viðhlítandi svör frá forseta þingsins, að ég tel. (Gripið fram í.) Alltaf var svarað út í hött og í véfréttastíl. En nú ætla ég að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta þingsins hve lengi þessi fundur eigi að vera. Ég fer ekki úr þinghúsinu fyrr en umræðunni hefur verið frestað, einfaldlega vegna þess að ég treysti því ekki að umræðunni verði ekki lokið. Það er ástæðan fyrir því að við berum okkur að eins og við gerum, að við treystum ekki stjórn þingsins fyrir þessu máli.

Við gerum okkur grein fyrir því að hér átti að koma í bakið á okkur. Þetta eru hlutir sem eru geymdir en ekki gleymdir. Nú spyr ég hæstv. forseta þingsins: Hve lengi kemur þessi þingfundur til með að standa því að okkur er haldið í þinghúsinu? Nú er það hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hve lengi verður þessum fundi haldið áfram? Ég óska eftir svörum, skýrum svörum frá hæstv. forseta þingsins.

[05:33]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Hv. þm. Ögmundur Jónasson spyr hve lengi forseti ætli að halda þingfundi áfram. Það er heldur erfitt fyrir forseta að gera úr forsetastól nokkur plön um þinghaldið þegar menn halda eins langar ræður og hv. þingmaður hefur haldið. En forseti ætlar a.m.k. að halda þingfundi áfram enn um sinn og gefa hv. þm. Pétri H. Blöndal orðið.

[05:34]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Það er ákveðin tilbreyting í því að halda ræðu klukkan hálfsex að morgni. Það er á vissan hátt skemmtilegt en í þessari umræðu höfum við hlustað á miklar langlokur. Þetta er að sjálfsögðu málþóf. Ég sakna þess nú að hv. þm. Mörður Árnason skuli horfinn úr þingsalnum því ég ætlaði að fjalla um hans ræðu. Mér finnst að hann sem íslenskufræðingur ætti að geta meitlað hugsun sína betur í orð en hann gerði, með því að halda svona langa ræðu. Það er nefnilega miklu erfiðara að halda stutta ræðu en langa, frú forseti. Þetta er málþóf og þetta er valdabarátta. Þetta er barátta stjórnarandstöðunnar því að hún ætlar sér að ráða yfir vissum málum eins og hún gerði í eina tíð fyrir löngu síðan þegar ég fór inn á þing árið 1995. En það er liðin tíð.

Ég er tilbúinn í að tala á hverjum morgni til kl. 7. Ég er alveg til í það að vera að fram í ágúst ef því er að skipta. Ég vil nefnilega að meiri hluti þjóðarinnar sem kýs meiri hluta Alþingis fái að ráða. Ég er hlynntur lýðræði, frú forseti. Ég vil ekki að minni hlutinn nái völdum með einhverri valdabaráttu sem ekki er lýðræðisleg. Þess vegna mun ég standa mína plikt. Ég sé ekkert að því að halda ræðu kl. hálfsex að morgni og mér finnst það skemmtileg tilbreyting.

Frumvarpið sem við ræðum hér um við 2. umr. og nefndarálit frá hv. menntamálanefnd gengur út á að stofna hlutafélag um RÚV. Þetta er ekki endilega óskafrumvarpið mitt. Ég hef flutt frumvarp sem hefur verið miklu lengur í umfjöllun hjá hv. menntamálanefnd, þ.e. síðan 8. febrúar. En frumvarpið var lagt fram 18. október. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir því að hlutafélagavæða RÚV og selja það að auki.

Ég veit að það er ekki meiri hluti á Alþingi fyrir sölu á RÚV, ekki enn þá, frú forseti. En tímarnir breytast sem betur fer. Fyrir nokkrum árum, fyrir um áratug, fannst mörgum í þessum sal bráðnauðsynlegt að opinberir starfsmenn afgreiddu peninga yfir deskinn í bönkunum. Menn gátu ekki ímyndað sér að aðrir en embættismenn sæju um þann verknað og þá gjörð. Ég man eftir miklum ræðum sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hélt af því tilefni, þegar átti að fara að hlutafélagavæða bankana og selja þá. Þá var eins og himinn og jörð væru að falla saman. Alls konar óáran átti að dynja yfir. En auðvitað kemur í ljós að ríkið á ekkert að standa í þessum viðskiptum frekar en því að reka útvarpsstöð, að sjálfsögðu ekki. Hvað er ríkið að gera með fjölmiðil? Það getur vel verið að Göbbels og fleiri slíkir hafi byrjað á því að nota fjölmiðla til að koma áróðri í gegn en það er löngu liðin tíð.

Einu sinni var meira að segja talið nauðsynlegt að opinberir starfsmenn framleiddu sement á Íslandi. Ég held að enginn sé á þeirri skoðun lengur. Ég hugsa að eftir fimm eða tíu ár muni menn furða sig á því að nokkur skuli hafa látið sér detta í hug að ríkið ætti að reka fjölmiðil, sem auk þess verður alltaf pólitískur vegna þess að ríkið er í eðli sínu pólitískt. Útvarpsráð verður alltaf pólitískt.

Ég ætla rétt aðeins að ræða örstutt um frumvarp mitt. Ég gerði það reyndar í 1. umr. þannig að ég ætla ekki að endurtaka mig. Ég ætla ekki að falla í þann pytt sem margir þeir ræðumenn sem hér hafa talað í umræðunni í dag, í kvöld og

í nótt, hafa fallið í, að fara hring eftir hring og ræða alltaf sömu hlutina. Ég ætla ekki að minnast á það en má til með að nefna eina hugmynd sem nefnd er í frumvarpi mínu, þ.e. um skattlagninguna. Ég held að hún sé miklu betri en hugmyndin í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra. Sú hugmynd gengur einfaldlega út á að lækka persónuafslátt, það kemur nákvæmlega eins út og er miklu einfaldari framkvæmd. Það kemur betur út og leiðir ekki til þess furðulega fyrirbæris sem annars verður, að ef menn fara rétt yfir mörkin sem eru í dag um 800 þús. kr., þ.e. fritekjumarkið á ári, ef þeir fara eina krónu umfram þá borgi þeir 20 þús. kr. í skatt. Það er sennilega hæsti jaðarskattur sem til er. Ég vonast til að hv. menntamálanefnd ræði frumvarpið mitt áfram og sérstaklega skattlagningarþáttinn.

Menn hafa í kvöld rætt mikið um að upplýsingalög gildi ekki um hlutafélög en þau gildi um stofnanir ríkisins. Í dag var dreift nefndaráliti og tillögum nefndar, hv. efnahags- og viðskiptanefndar, sem ég veiti forstöðu og þar er einmitt tekið á vandamálinu með opinber hlutafélög. Þar er gert ráð fyrir því að kjörnir fulltrúar eigenda, þ.e. þingmenn þegar ríkið er eigandi eða sveitarstjórnarmenn þegar sveitarstjórn er eigandi, megi mæta á aðalfundi og koma með skriflegar fyrirspurnir, nákvæmlega eins og í upplýsingalögunum. Þá er búið að ná því fram. Menn geta spurt í opinberu hlutafélagi. Það er greinilegt að menn hafa ekki verið að hlusta á umræðuna í dag enda er náttúrlega ekki nokkur einasta hemja að vera með svona málþóf af því að það drepur alla umræðu. Ég ætlaði að fara í andvör við hv. þm. Mörð Árnason. Ég bara gat það ekki, hann talaði svo lengi og ég vissi ekki hvenær hann mundi klára. Öll málefnaleg umræða dettur niður auk þess sem maður heldur ekki út að hlusta á menn tala í sex tíma, aftur og aftur, hring eftir hring. (**ÖJ:** Það er afskaplega fróðlegt að hlusta á þig.) Það ætla ég að vona.

Þingmönnum hefur borist ályktun almenns starfsmannafundar um nýtt fyrirtæki í Ríkisútvarpinu. Hún er reyndar ódagsett, sem er mjög ófaglegt, en er að öðru leyti mjög jákvæð því að í henni segir að starfsmenn RÚV hafi um árabil þolað láglaunastefnu. Ég veit það ekki. Það getur vel verið, frú forseti. En það er þá ákveðin von, ef RÚV verður selt, um að hið sama gerist og í bönkunum, að launin margfaldist. Þeir vonast kannski til þess, ég veit það ekki. Það er meira að segja orðið vandamál í bönkunum hvað launin hafa hækkað mikið vegna þess að lífeyrisrétturinn er farinn að sliga þá. Það á sérstaklega við um eftirlaunaþega. Svo segja starfsmennirnir að þeir skori á Alþingi að eyða óvissu um stofnunina með skiljanlegum lögum sem dugi. Við erum einmitt að gera það. Ég sé því ekki annað en þetta sé mjög jákvæð ályktun.

Hins vegar verð ég að setja spurningarmerki við samstarf hv. þm. Ögmundar Jónassonar við BSRB. Hann er formaður þar og hefur beitt þeim samtökum mjög pólitískt. Hann hefur breytt þeim samtökum í pólitísk samtök. Nú væri það allt í lagi ef fólk gæti gengið í þau samtök, sem það vilja, og þeir farið út sem það vilja. En ég hef fengið símtöl frá mjög mörgum opinberum starfsmönnum sem neyðast til að borga til þessara samtaka til að fjármagna áróður gegn eigin skoðunum. Þeir eru látnir fjármagna áróður gegn eigin skoðunum. Ef það er ekki skoðanakúgun af verstu gerð, frú forseti, þá veit ég ekki hvað á að kalla það.

Því hefur verið haldið fram að BSRB hafi verið á móti vatnalagafrumvarpinu. Fjöldi manns í þessu landi er hlynntur vatnalagafrumvarpinu og margir þeirra eru opinberir starfsmenn. Þeir eru látnir fjármagna svona áróður gegn eigin sannfæringu. Þetta gengur ekki, frú forseti. Þetta gengur ekki og þarna er hreinlega verið að misnota stéttarfélögin. Það er meira að segja lagaskylda að borga í þessi stéttarfélög til hv. þm. Ögmundar Jónassonar, þrátt fyrir að menn vilji ekki vera félagsmenn. Þeir komast ekki hjá því að fjármagna þennan ósóma.

Ég ætla ekki að ræða eins lengi og margir aðrir en nú lendi ég í því að þurfa að greiða atkvæði um þetta frumvarp. Ég er ekki vanur því að sitja hjá við frumvörp, frú forseti, því að ég tek afstöðu til mála. Ég tel það vera hlutverk mitt. Ég tel að þetta frumvarp sé skref í áttina og ég mun því styðja það. Ég held að það sé betra en að sjálfsögðu verður það alltaf þannig, sama hvort RÚV er hlutafélagavætt eða ekki, að það verður alltaf meiri hluti á Alþingi sem ræður hvernig fer. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson sagði í ræðu sinni aftur og aftur og talaði um orðin sem Framsóknarflokkurinn hefði fallið fyrir, þ.e. að RÚV hf. yrði ekki selt. Hann var alltaf að gagnrýna þá fyrir það en þetta orð heldur að sjálfsögðu svo lengi sem meiri hluti er fyrir því á Alþingi. Ef meiri hluti myndast á Alþingi fyrir því að selja RÚV seinna meir, þegar menn eru farnir að átta sig á að ríkið á ekki að standa í svona bisness, þá verður þetta að sjálfsögðu afnumið hvort það sem það er hlutafélag eða stofnun í ríkinu. Það breytir engu. Ef meiri hluti er á Alþingi fyrir að einkavæða RÚV þá verður það gert. Ef það er ekki meiri hluti þá verður það ekki gert. Það verður ekki gert núna, sýnist mér. Þess vegna styð ég þetta frumvarp eins og það liggur fyrir. Ég vil heldur hafa fréttamenn og aðra sem um ræðir sem starfsmenn hlutafélags en opinbera starfsmenn eða embættismenn.

Mér þykir þessi umræða dálítið skrýtin, sérstaklega ræða hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Hann talar með svo mikilli tilfinningasemi um fyrirtækið. Þetta er bara fyrirtæki, það er ekkert annað. RÚV er enginn einstaklingur. Maður elskar ekki RÚV. Maður hatar ekki RÚV heldur. Fyrir mér er þetta bara fyrirtæki, eins og hvert annað fyrirtæki, spítali, síldarverksmiðja eða hvað það er. Ég sé ekki mun á því. En ég hvorki elska né hata RÚV. Ég legg það ekki í vana minn að elska eða hata fyrirtæki. En ég styð þetta frumvarp vegna þess að það stefnir í rétta átt.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–22. mál.

Fundi slitið kl. 05:47.

100. FUNDUR

miðvikudaginn 5. apríl,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Málsókn vegna meintra brota á Svalbarðasamningnum, fsp. MÞH, 511. mál, þskj. 748.

Til sjávarútvegsráðherra:

2. Lokun veiðisvæða, fsp. SigurjÞ, 468. mál, þskj. 695.
3. Innlausn fiskveiðiheimilda, fsp. SigurjÞ, 536. mál, þskj. 783.
4. Leiguverð fiskveiðiheimilda, fsp. VF, 611. mál, þskj. 895.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Þjónusta við börn og unglinga með geðraskanir, fsp. VF, 482. mál, þskj. 713.
6. Samningar við hjúkrunarheimili, fsp. ÁRJ, 483. mál, þskj. 714.
7. Slys á börnum, fsp. KJúl, 504. mál, þskj. 737.
8. MFS-einingin á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, fsp. ÁÓÁ, 563. mál, þskj. 817.
9. Gjaldtaka á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, fsp. ÁRJ, 643. mál, þskj. 948.

Til fjármálaráðherra:

10. Skattkerfið og fjárfestingar í sprotafyrirtækjum, fsp. BjörgvS, 515. mál, þskj. 752.
11. Vaxtabætur vegna endurbóta á húsnæði, fsp. KJúl, 559. mál, þskj. 813.
12. Skattlagning styrkja úr sjúkra- og styrktarsjóðum, fsp. JóhS, 644. mál, þskj. 949.
13. Upplýsingar í ársreikningum um lán til stjórnenda fyrirtækja, fsp. JóhS, 663. mál, þskj. 972.

Til landbúnaðarráðherra:

14. Viðhald sauðfjárveikivarnagirðinga, fsp. JÁ, 582. mál, þskj. 844.
15. Viðarnýtingarnefnd, fsp. ÍGP, 601. mál, þskj. 885.

Til dómsmálaráðherra:

16. Boð til heyrnarskertra um viðvarandi hættuástand, fsp. MÞH, 598. mál, þskj. 882.
17. Upplýsingar ef meiri háttar slys eða hamfarir verða, fsp. MÞH, 599. mál, þskj. 883.
18. Flutningur verkefna Þjóðskrár, fsp. BjG, 657. mál, þskj. 964.

Til viðskiptaráðherra:

19. Samkeppnisstaða fiskverkenda, fsp. SigurjÞ, 587. mál, þskj. 862.
20. Meðferð mála hjá Samkeppniseftirlitinu, fsp. SigurjÞ, 627. mál, þskj. 920.
21. Lánveitingar til stjórnenda fyrirtækja, fsp. JóhS, 656. mál, þskj. 963.

Til iðnaðarráðherra:

22. Vatnsafl og álframleiðsla, fsp. MÁ, 650. mál, þskj. 957.

Tilkynning um dagskrá.

[12:01]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Klukkan hálffjögur í dag fer fram utandagskrárumræða um útreikning bóta hjá Tryggingastofnun ríkisins. Málshefjandi er hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Hæstv. heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[12:01]

Útbýting:

Stjórn fiskveiða, 448. mál, brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1122.

Athugasemdir um störf þingsins.

Samráð við utanríkismálanefnd um varnarmál.

[12:02]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Lögum samkvæmt ber ríkisstjórninni að hafa samráð við utanríkismálanefnd um meiri háttar mál sem varða utanríkisstefnuna. Það eru uppi viðsjár í varnar- og öryggismálum. Hæstv. utanríkisráðherra lýsti því á fundi utanríkismálanefndar að það yrði haft gott samráð við nefndina um stöðu og þróun þeirra mála. Það endurtók hæstv. forsætisráðherra í ræðustól Alþingis og hv. formaður utanríkismálanefndar talaði um að haft yrði gott samráð við nefndina í þessum málum.

Síðastliðinn föstudag hófust samningaviðræður á milli Bandaríkjamanna og Íslendinga. Það hafa komið mjög misvísandi skilaboð úr þeim viðræðum. Hæstv. utanríkisráðherra kvaðst mjög bjartsýnn eftir þær viðræður en hæstv. forsætisráðherra sagði að ekkert nýtt hefði komið fram. Það var sömuleiðis alveg ljóst að það var meiningarmunur á milli hæstv. utanríkisráðherra og forsætisráðherra um hvert stefna ætti. Hæstv. utanríkisráðherra talaði með þeim hætti að það var ljóst af máli hans að hann taldi að það væri einboðið að halda áfram tvíhliða varnarsamningnum við Bandaríkin og það var erfitt að skilja hann öðruvísi en svo að það væri forgangsatriði og ekki ætti að skoða aðra möguleika í stöðunni.

Hæstv. forsætisráðherra sagði hins vegar á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins að skoða ætti aðra möguleika og nefndi sérstaklega möguleika á því að tryggja öryggi Íslendinga með einhverjum hætti í samstarfi við Evrópusambandið. Við þessar aðstæður, frú forseti, finnst mér nauðsynlegt að viðhorf ríkisstjórnarinnar og stefna eða eftir atvikum stefnuleysi sé kynnt utanríkismálanefnd eins og loforð liggja fyrir um. Því spyr ég hæstv. forseta og hæstv. utanríkisráðherra sem hér er staddur: Með hvaða hætti á að efna loforð um samráð við utanríkismálanefnd og þær skyldur sem lög setja á ríkisstjórnina í þessu máli?

[12:04]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Með hvaða hætti á að efna þau loforð?

spyr þingmaðurinn. Að sjálfsögðu með því að funda með utanríkismálanefnd. (**ÖJ:** Það var ekki gert.) Þannig er það gert. Ég hef mætt í tvígang persónulega á fundi utanríkismálanefndar á undanförnum tveim mánuðum til að fara yfir þetta mál. Það hefur ekkert vantað upp á það af minni hálfu að mæta á fundi nefndarinnar til að gera grein fyrir þessum málum og ég mun að sjálfsögðu halda því áfram. Annars bendi ég þingmanninum á að það er umræða um utanríkismál í fyrramálið. Þar mun gefast tækifæri til að ræða þessi mál.

Ég hef alla tíð frá því að ég tók sæti í utanríkismálanefnd og frá því að ég var þar formaður lagt ríka áherslu á að utanríkisráðherrar á hverjum tíma ættu gott samstarf við nefndina og það hef ég sjálfur reynt að gera. Hér er mál á dagskrá fundarins á eftir sem varðar líka hagsmuni Íslands, sem ég mun tala um í utanríkismálanefnd þegar það skýrist nánar, Svalbarðamálið, og þannig verður það meðan ég er utanríkisráðherra.

[12:05]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. utanríkisráðherra hefur hann sýnt það með verkum sínum að hann hefur haft mjög náið samráð og gott samstarf við utanríkismálanefnd sem ég vil sérstaklega þakka honum fyrir. Eins og hv. þingmenn heyrðu á því hvernig hv. 1. þm. Reykv. n., Össur Skarphéðinsson, byggði upp mál sitt þá var það ekki á þeim forsendum að hæstv. utanríkisráðherra hefði ekki sýnt utanríkismálanefnd góðan samstarfsvilja heldur var hann með mælsku sinni að reyna að sýna fram á að sundurlyndi ríkti innan ríkisstjórnarinnar í þessu máli, sem er ekki rétt. Ég get fullvissað hv. þingmann um að hæstv. utanríkisráðherra og ég sem formaður utanríkismálanefndar munum áfram leggja okkur fram um að eiga gott samstarf við stjórnarandstöðuna og raunar alla utanríkismálanefndarmenn um þetta mál.

[12:07]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að vekja máls á þessu efni í upphafi þingfundar. Það vekur athygli að ríkisstjórnin með hæstv. utanríkisráðherra í fararbroddi virðist vilja reyna til þrautar tvíhliða samningaviðræður við Bandaríkjastjórn án þess að vilja skoða aðra kosti í stöðunni og er ég þar ekki að horfa til faðmlagsins við önnur NATO-ríki í því efni. Það bjóðast aðrir kostir einnig til að tryggja öryggi Íslands til frambúðar og ég tel að á þeim tímamótum sem Íslendingar eru nú þá eigum við að efna til þverpólitískrar umræðu um þá kosti sem nú bjóðast Íslendingum í þessari stöðu.

Það er í sjálfu sér eðlilegt að sú umræða fari fram á vettvangi Alþingis og í utanríkismálanefnd þingsins. En varðandi viðskilnað Bandaríkjastjórnar og Bandaríkjamanna á Miðnesheiði þá er eðlilegt að annar vettvangur verði fundinn fyrir þá vinnu. Ég minni á þingsályktunartillögu sem rædd var í síðustu viku og borin fram af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænu framboði um nefnd, þverpólitíska nefnd sem taki á því verkefni sérstaklega. Sú tillaga er komin til umfjöllunar í utanríkismálanefnd þingsins en taki hæstv. utanríkisráðherra til máls að nýju við þessa umræðu þætti mér æskilegt að heyra viðhorf hans til þeirrar tillögu sérstaklega.

[12:08]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Lög um þingsköp Alþingis segja í 24. gr.:

„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum.“

Það kom mér því sem utanríkismálanefndarmanni verulega á óvart í morgun á fundi nefndarinnar að ekki skyldi vera á dagskrá nein skýrsla um það hver staðan væri í samningaviðræðunum við Bandaríkjamenn.

Hver er það sem metur hvað er meiri háttar? Hver er það sem metur hvað er samráð? Er það nefndin undir forustu formanns á hverjum tíma sem á að meta það og kalla eftir samráði eða er það hæstv. ráðherra á hverjum tíma sem metur það hvort ástæða sé til að hafa samráð við nefndina? Utanríkismálanefndin hlýtur að eiga að hafa á því sjálfstæða skoðun hvort rétt sé að krefja hæstv. ráðherra og framkvæmdarvaldið um samráð og að farið sé að lögum. Þegar ósk þess efnis var borin upp á fundinum í morgun var engu líkara en formaður nefndarinnar, hv. þm. Halldór Blöndal, teldi það sitt hlutverk að sitja og bíða eftir því að hæstv. ráðherra þóknaðist að hafa samráð við nefndina. Helst lítur út fyrir að hæstv. ráðherra sitji og bíði eftir því að Bandaríkjamenn segi hvað þeir vilji gera og hvað þeir ætli að gera. Það er í raun búið að mynda keðju manna sem sitja og bíða og ekkert gerist. Ég tel það engan veginn ásættanlegt sem nefndarmaður í utanríkismálanefnd að fá fréttir af svona mikilvægu máli eingöngu úr fjölmiðlum og hafa á því enga þekkingu eða engar upplýsingar til að leggja mat á þær fréttir sem fram koma í fjölmiðlunum. Miðað við þau lög sem gilda og 24. gr. þingskapa ber að hafa samráð og það var ekki innt af hendi. Það er því ekki verið að fara að lögum í þessu máli.

[12:11]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hér ræðum við mikilvægt mál sem mjög margir í þjóðfélaginu eru uppteknir af þessa dagana. Það er alveg rétt að við erum á mjög mikilvægum sögulegum krossgötum í varnarmálum á Íslandi og það hlýtur að vera sjálfsögð og eðlileg krafa af hálfu stjórnarandstöðunnar að hún fái aðgang að upplýsingum um gang mála á hverjum tíma. Það er sjálfsögð og eðlileg krafa og það er að sjálfsögðu hlutverk stjórnarandstöðunnar að veita stjórnvöldum aðhald í þessu máli.

Ég hefði sjálfur viljað sjá að sett hefði verið í gang eins konar þverpólitísk vinna þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka fengju að koma að borðinu til að sinna þessu máli og þessu máli eingöngu. Mér finnst að þegar við höfum gert það á hinu háa Alþingi, valið þá lausn í erfiðum málum, þá hafi okkur farnast vel. Hér er um að ræða sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna, mál sem á margan hátt gengur þvert á allar pólitískar línur. Það eru áhöld um hvort ríghalda eigi áfram í varnarsamninginn við Bandaríkja-

menn. Það eru líka áhöld um hvort við eigum að leita leiða varðandi nánara samstarf við aðrar Evrópuþjóðir. Ég hef hlustað með kostgæfni á ráðherra ríkisstjórnarinnar tjá sig um þessi mál og mér sýnist að þeir séu að skoða alla þessa hluti, en mér finnst að þeir mættu ganga lengra í því að greina þjóðinni frá gangi mála á hverjum tíma þó að vissulega hljóti maður að sýna því skilning að í sumum tilfellum sé nauðsynlegt að gæta trúnaðar. Ég hefði til að mynda viljað sjá hæstv. utanríkisráðherra koma fram að kvöldi 15. mars sl., þegar tilkynnt var að Bandaríkjamenn væru að fara, og tala þar með skýrum hætti til þjóðarinnar og greina henni frá því hver staðan væri í raun og veru. (Forseti hringir.) Ég beið þá allt kvöldið en ég sá honum ekki bregða fyrir.

[12:13]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. utanríkisráðherra að koma hingað og halda því fram að haft hafi verið eðlilegt samráð við nefndina. Fyrsti fundurinn í þessu ferli, samningaferlinu við Bandaríkjamenn, var á föstudaginn. Við höfum haft misvísandi upplýsingar um hvað fór fram á þessum fundum. Það er fullkomlega eðlilegt að hæstv. ráðherra hafi samráð við utanríkismálanefnd, hann greini henni frá gangi viðræðna, frá því hvaða markmið eru uppi og hver sé stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli, undir þeim trúnaði sem þar ríkir. Það hefur hæstv. ráðherra ekki gert.

Lögin segja að það eigi að hafa samráð. Ég held að hæstv. ráðherra hefði gott af því að heyra þau viðhorf sem eru í nefndinni. Við vitum að hingað til hefur hæstv. utanríkisráðherra metið rangt allar vísbendingar sem komið hafa fram í málinu. Hann var eini maðurinn á Íslandi sem hélt fram á síðustu stund að herinn væri ekki að fara þegar allir aðrir, m.a. hæstv. forsætisráðherra, töldu að það væru allar líkur á því.

Ég held, frú forseti, að það sé þeim mun meiri nauður sem rekur til samráðs þegar ljóst er að uppi er skoðanaágreiningur á milli hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra. Það er mergurinn málsins. Hæstv. utanríkisráðherra hefur talað þannig að það sé bara eitt í þessari stöðu sem sé að halla sér að Bandaríkjamönnum áfram og endurnýja og útfæra tvíhliða samninginn við Bandaríkjamenn á meðan hæstv. forsætisráðherra hefur sagt alveg skýrt að við eigum að skoða aðra kosti. Hann hefur sagt það alveg skýrt að við eigum að kanna þá möguleika sem felast í nánara samstarfi í Evrópu. Þarna eru uppi tveir mismunandi skoðanapólar og ástæðan fyrir því að þessir herramenn vilja ekki ræða við utanríkismálanefnd kann að felast í því að þeir vilja ekki að þessi ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar komi fram.

[12:15]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það má eflaust margt gagnrýna í störfum mínum sem ráðherra fyrr og síðar. Þó held ég að það sé afar ósanngjarnt að gagnrýna mig fyrir að hafa ekki eðlilegt samráð við nefndir þingsins og ég vísa slíkum áburði einfaldlega á bug. Það hefur ekkert gerst í þessu máli sem er þess eðlis að það kalli á ásakanir af þessu tagi, enda er þetta mál í þeim farvegi sem það er núna, á frumstigi. Það er rétt sem forsætisráðherrann sagði og eftir honum var haft: Það gerist ekkert nýtt í þessu máli eftir fundinn á föstudag fyrr en eftir mánuð eða svo, eða eftir einhverjar vikur. Það liggur alveg fyrir.

Það er dapurlegt að í hvert einasta skipti sem einhver alvarleg mál koma upp skuli hv. þm. Össur Skarphéðinsson aldrei geta neitað sér um að krækja sér í einhvern smávegis skammtíma pólitískan ávinning út úr því, sama hversu málið er alvarlegt.

[12:16]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að taka þessa umræðu og lýsi ákveðinni furðu á því að hæstv. utanríkisráðherra sé hálfpartinn súr yfir því að þurfa að svara hvernig viðræðurnar hafi gengið fyrir sig, sérstaklega í ljósi þess að maðurinn hefur lýst því yfir að það hafi verið sérstaklega bjart yfir þeim viðræðum. En núna virðist vera sem hann telji sem svo að tíma hans sé jafnvel illa varið að þurfa að svara þingmönnum á Alþingi um stöðu viðræðnanna. Mér finnst það vera mjög undarleg afstaða hjá hæstv. utanríkisráðherra í málinu.

Fleira hefur vakið furðu mína í yfirlýsingum hæstv. utanríkisráðherra svo sem það að Bandaríkjamönnum verði látið það eftir að meta varnarviðbúnað þjóðarinnar, alfarið. Ég vil þá minna á að þetta eru sömu stjórnvöld og sækjast eftir því að sitja í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sem á einmitt að meta öryggismál og ófriðarhættu víða um heim. Menn geta ekki metið þá hættu hér heima fyrir, en samt telja þeir sig þess umkomna að sitja í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna til að taka ákvarðanir m.a. um stríð eða viðskiptaþvinganir víða um heim. Mér finnst þetta ekki fara saman. Það væri fróðlegt ef hæstv. utanríkisráðherra gæti séð eitthvað örlítið af tíma sínum í að fara yfir það mál, hvers vegna við getum ekki metið varnarþörfina hér heima en farið síðan út um öll heimsins horn til að meta öryggismál og ófriðarhættu, frú forseti.

[12:18]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Þessar umræður hafa ekki komið á óvart og þar sem hv. þm. Suðurk., Jón Gunnarsson, veik nokkrum orðum að fundarstjórn minni í utanríkismálanefnd í morgun vil ég láta þess getið að ég fullvissaði utanríkismálanefndarmenn um það að hugur utanríkisráðherra og minn stæði til þess að samráð yrði haft um þessi mál eins og heitið hafði verið. Eins og fram kom í ræðu hæstv. utanríkisráðherra er málið nú á því stigi að ekki er tímabært að taka upp umræður um það innan utanríkismálanefndar en auðvitað verður það gert á þeim tíma sem málið verður þroskað og á þeim tíma sem eðlilegt er að utanríkisráðherra taki málið fyrir á þeim vettvangi.

Við vitum það, þingmenn, að þegar unnið er að málum verða viðræðurnar, umræðurnar og undirbúningurinn að sjálfsögðu að komast á ákveðið stig til að það hafi þýðingu og tilgang og til að það sé málinu til góðs og þroska að fara að reifa það á þverpólitískum vettvangi innan utanríkis-

málanefndar. En við vitum að umræður þar eru oft viðkvæmar og við vitum líka að ekki eru neinar nákvæmar og skýrar reglur um það hversu mikið af því sem þar er frá sagt megi fara í almennar umræður í þjóðfélaginu þó svo að skýrt sé kveðið á um það að algjör trúnaður skuli ríkja um hvað sem sagt er á þeim vettvangi. Ég álít að við þingmenn séum allir sammála um að nauðsynlegt sé að vinna að þessu máli með gát. Við hljótum að bera ríkar skyldur til þess að gæta öryggis lands og þjóðar í hvívetna og þess vegna skulum við ekki á þessu stigi vera að brigsla mönnum um óheiðarleika í vinnubrögðum (Forseti hringir.) eins og hér hefur verið gert. Ég leyfi mér í lengstu lög að vona (Forseti hringir.) að gott hafi gengið til þeim þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem hér hafa tekið til máls.

(**Forseti** (JóhS): Forseti biður hv. þingmenn að virða ræðutíma.)

[12:21]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Vandræðagangur og viðbragðsleysi einkenna mjög svo framgöngu hæstv. utanríkisráðherra í þessu máli. Ætli miðvikudagurinn 15. mars hafi ekki verið einhver svartasti dagur í sögu Sjálfstæðisflokksins lengi? Síðan þá hefur hæstv. forsætisráðherra haldið nokkuð vel á málinu, talað af töluverðri skynsemi og talað í austur á meðan hæstv. utanríkisráðherra talar í vestur og það er augljóst að þeir stefna hvor í sína áttina.

Maður hlýtur að spyrja hvort undirlægjuháttur Sjálfstæðisflokksins gagnvart Bandaríkjamönnum geri íslenskum stjórnvöldum það ókleift að leiða þetta mál farsællega til lykta, enda hefur samráðsleysið sem hér er gagnrýnt í dag kallast ákaflega vel á við pukrið og leyndina í kringum brottför varnarliðsins og brottför hersins af Miðnesheiði sem held ég að flestum hafi verið fyrir löngu ljós, nema kannski forustumönnum sjálfstæðismanna í orði kveðnu.

Fyrir liggur að hæstv. utanríkisráðherra ætlar ekki í Evrópuleiðangurinn með hæstv. forsætisráðherra, það er löngu orðið ljóst. Þar liggur ágreiningurinn klárlega og skýrlega. En auðvitað þarf að taka hérna þverpólitíska umræðu um kosti og galla varnarmálanna, hvar við getum hugsanlega leitað samstarfs og hver varnarþörfin sé af því að kannski er hún nánast engin þegar allt kemur til alls, en það þarf að sjálfsögðu að skoða það mjög gaumgæfilega.

Umkomuleysi hv. forustumanna Sjálfstæðisflokksins í málinu er átakanlegt. Eins og viðbrögðin voru 15. mars þegar skýrt var frá fréttunum miklu hefur viðbragðsleysið verið algjört og það er eiginlega með ólíkindum hvernig hæstv. utanríkisráðherra hefur pukrast með málið allar götur síðan, þetta stóralvarlega og mikla mál sem hann sagði sjálfur að menn ættu ekki að hafa í flimtingum. Þess vegna er það átakanlegt að hæstv. utanríkisráðherra sjái ekki kosti þess að leita samráðs við utanríkismálanefnd eins og honum ber að gera.

Málsókn vegna meintra brota á Svalbarðasamningnum.

Fsp. MÞH, 511. mál. — Þskj. 748.

[12:23]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Það fer vel á því að við höldum áfram og hefjum fyrirspurnir, höldum áfram með þeirri fyrirspurn sem ég hyggst bera upp við hæstv. utanríkisráðherra. Þó að sumir vilji líta í austur og aðrir í vestur tel ég líka brýnt að við höfum hugfast að það eru fleiri höfuðáttir og ein þeirra er norður. Við megum ekki missa sjónar á norðrinu þó að við séum nú að horfa til beggja átta hér í Norður-Atlantshafi, austur og vestur, norðrið er líka til staðar.

Það sem mig langar til að ræða aðeins um við hæstv. utanríkisráðherra er hið svokallaða Svalbarðamál. Við Íslendingar höfum um nokkuð margra ára skeið eldað grátt silfur við Norðmenn út af yfirráðum yfir því svæði. Deilur hófust við Norðmenn á síðasta áratug og þær deilur standa í raun og veru enn. Þær hafa ekki verið leystar, við höfum ekki fundið lausn á þessum málum. Segja má að málið hafi legið í láginni núna í nokkur ár eftir að samið var milli Íslendinga, Norðmanna og Rússa um veiðar í Barentshafi eftir Smugudeiluna svokölluðu, en málið liggur samt sem áður óleyst.

Ástæðan fyrir því að ég setti saman þessa litlu spurning mína sem ég hyggst bera upp við hæstv. utanríkisráðherra er sú að í janúar blossaði upp í Noregi umræða um að Norðmenn ættu hugsanlega að lýsa yfir 200 sjómílna efnahagslögsögu umhverfis Svalbarða. Ég hef undanfarin ár, eftir að ég varð þingmaður, tekið þátt í umræðum um skýrslu utanríkisráðherra til þingsins, en reyndar verður sú umræða hér á morgun aftur og við hlökkum öll til hennar. Ég hef tekið þátt í þeirri umræðu og ég hef a.m.k. síðustu tvö árin tekið eftir því að hæstv. utanríkisráðherra, ekki sá sem nú er heldur forveri hans, hafi upplýst þingið um að vinna stæði yfir varðandi undirbúning að málsókn gegn Noregi fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag vegna meintra brota á Svalbarðasvæðinu. Þá erum við m.a. að tala um brot á hinni svokölluðu jafnræðisreglu sem er mjög mikilvægur burðarbiti ef svo má segja í hinum svokallaða Svalbarðasamningi sem var gerður árið 1920, eftir fyrri heimsstyrjöld, og hefur verið í gildi allar götur síðan. Við Íslendingar gerðumst fullgildir aðilar að þeim samningi árið 1996, ef ég man rétt.

Ég kem hér upp, virðulegi forseti, til að bera upp þá spurningu til hæstv. utanríkisráðherra:

Hvað líður undirbúningi að málsókn gegn Noregi fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag vegna meintra brota á Svalbarðasamningnum?

[12:26]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn. Það var í ágúst 2004 sem ríkisstjórnin ákvað að hafinn skyldi undirbúningur málsóknar gegn Noregi fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag vegna hins svokallaða Svalbarðamáls. Ákvörðun þessi var tekin vegna þess að að mati íslenskra stjórnvalda hafa Norðmenn ítrekað brotið gegn

ákvæðum Svalbarðasamningsins frá 1920 á undanförnum árum.

Norsk stjórnvöld komu árið 2004 í veg fyrir endurnýjun samningsins um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum með ósanngjörnum og óraunhæfum kröfum um stóraukna hlutdeild Noregs í heildaraflanum og misbeittu að okkar dómi jafnframt meintum fullveldisréttindum sínum á Svalbarðasvæðinu með því að takmarka síldveiðar á svæðinu við 80 þús. lestir án nokkurra vísindalegra röksemda. Tilgangur umræddrar takmörkunar var augljóslega sá að torvelda skipum hinna eigenda, ef svo mætti segja, síldarstofnsins að ná aflahlut sínum og styrkja þannig samningsstöðu Noregs í síldarviðræðunum. Norsk stjórnvöld beittu svipaðri takmörkun í fyrra og tóku þá jafnframt einhliða ákvörðun um hækkun aflahlutar síns sem íslensk stjórnvöld neyddust til að svara í sömu mynt til að halda hlut sínum í heildarveiðinni. Í ár hafa Norðmenn enn hækkað aflahlut sinn og höfum við orðið að bregðast við því með samsvarandi hækkun.

Þessi óábyrga afstaða norskra stjórnvalda sem stefnir sjálfbærni veiða úr hinum mikilvæga norsk-íslenska síldarstofni í hættu hefur valdið okkur miklum vonbrigðum. Því miður eru engin teikn á lofti um að hún muni breytast og útlit fyrir að norsk stjórnvöld muni áfram virða viðeigandi ákvæði Svalbarðasamningsins að vettugi. Málsókn virðist því vera eina leiðin til að vernda lögmæta íslenska hagsmuni á Svalbarðasvæðinu en þess er einnig að geta að fyrir utan fiskveiðihagsmuni geta aðildarríkin að Svalbarðasamningnum einnig átt mikilvæga hagsmuni að verja á landgrunni Svalbarða.

Undirbúningur málsóknar gegn Noregi vegna Svalbarðamálsins er tvíþættur. Annars vegar hefur verið aflað ítarlegrar lögfræðilegrar álitsgerðar og unnið er að frekari lögfræðilegum rannsóknum sem vonast er til að ljúki á næstu vikum eða mánuðum. Hins vegar hafa verið haldnir tvíhliða samráðsfundir með fjölda annarra aðildarríkja Svalbarðasamningsins. Þeir fundir hafa verið gagnlegir og almennt hafa komið fram lík sjónarmið af hálfu þessara ríkja hvað varðar réttarstöðu Svalbarðasvæðisins. Enn fremur hefur verið rætt um möguleika viðkomandi ríkja til að verða aðilar að væntanlegu dómsmáli með svonefndri meðalgöngu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og standa vörð um hagsmuni sína sem aðildarríki Svalbarðasamningsins. Hver úrslit verða í því efni verður auðvitað að koma í ljós.

Undirbúningur málsóknarinnar er að mínum dómi vel á veg kominn og þegar það verður tímabært mun ég gera utanríkismálanefnd nánari grein fyrir stöðu málsins þegar það hefur skýrst frekar.

[12:30]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það vakti athygli mína að hæstv. ráðherra fullyrti hér að Norðmenn hefðu brotið Svalbarðasamninginn og jafnframt að ákvörðun hefði verið tekin í ríkisstjórn um að stefna Noregi eða fara í málssókn gegn Noregi fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag og sú ákvörðun hefði verið tekin í ágúst 2004 eða fyrir 20 mánuðum síðan.

Ef hæstv. ráðherra og ráðgjafar hans eru þess fullvissir að Norðmenn hafi brotið þennan samning, þarf þá 20 mánuði til að safna gögnum um málið áður en hægt er að stefna þeim? Spurning mín er sú: Eftir hverju er verið að bíða?

Það má ekki verða að vana hjá okkur þegar önnur ríki brjóta á okkur gagnkvæma samninga að við setjumst þá bara niður og bíðum. Við hljótum að þurfa að fara af stað og leita réttar okkar. Ef sannfæringin er fyrir hendi, eins og hæstv. ráðherra sagði hér, um að brot hafi átt sér stað á milliríkjasamningi, þá eigum við að sjálfsögðu að leita allra þeirra úrræða sem við höfum til að leita réttar okkar.

[12:31]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svarið. Ég hefði viljað sjá að það væri meiri gangur í þessu máli, að það gengi hraðar fyrir sig. Þetta mál er búið að taka mjög langan tíma. Það var búið að láta fara fram ákveðna vinnu áður en þetta ferli fór af stað. Það var farið í ákveðna vinnu á sínum tíma þegar við deildum hvað mest og harðast við Norðmenn um fiskveiðar í Barentshafi, og þegar skarst í brýnu milli Íslendinga og Norðmanna einmitt á Svalbarðasvæðinu var farið í þessa vinnu.

Mér finnst svolítið skrýtið að taka þurfi svona langan tíma að komast að niðurstöðu í þessu máli, hvaða leið eigi að fara til að halda á lofti sjálfsögðum og eðlilegum rétti okkar Íslendinga á þessu svæði. Hér er um gríðarlega hagsmuni að ræða og ekki bara fiskveiðihagsmuni heldur líka hagsmuni varðandi olíu og gas og hugsanlega fleiri náttúruauðlindir.

Ég minni á að þessa dagana eru í raun og veru að gerast stórtíðindi til að mynda við Norður-Noreg. Norðmenn eru að fara út í umfangsmikla olíuvinnslu og gasvinnslu við Finnmörku í Norður-Noregi. Margir eru sannfærðir um það, og það hefur verið í fréttum, að hugsanlega séu einar stærstu, ónýttu olíubirgðir heimsins í dag einmitt faldar undir botni Barentshafs. Eyjaklasinn Svalbarði er í Barentshafi. Þarna eru miklir hagsmunir í húfi.

Ég hef oft velt því fyrir mér hvort ekki væri hugsanlega hægt að leita leiða til að samninga við Norðmenn í þessum málum. Hefur það verið fullreynt að leita einhvers konar samninga við Norðmenn í þessum málum? Við vitum það, bæði ég og eflaust líka hæstv. utanríkisráðherra, jafnmiklir Noregsvinir og við erum, að við eigum jú mjög mikla og góða hagsmuni og að mörgu leyti mikla og góða samleið með Norðmönnum. Því langar mig að spyrja þeirrar spurningar: Er einhver möguleiki á að hægt sé að semja um þessa hluti?

[12:33]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Auðvitað er það svo í þessum málum og öðrum milliríkjamálum milli vinaþjóða að reynt er að ná niðurstöðum með samningum og við mundum helst vilja gera það þannig. Ég hef sagt það alveg skýrt við hinn norska kollega minn og aðra sem ég hef talað við um þessi mál, og það hafa fyrirrennarar mínir einnig gert, að ef ekki næst samningar þá er það líka siðaðra manna háttur í samskiptum að leggja mál fyrir dómstóla. Til þess eru þeir. Þess vegna höfum við ákveðið, ef ekki næst samningar, að

halda þeirri leið opinni að fara með málið fyrir dómstólinn í Haag. Það var ákveðið í ágúst 2004.

Hins vegar eru þessi mál þannig vaxin að þau eru ekki hrist fram úr erminni eins og einhver venjuleg kæra fyrir innanlandsdómstóli. Slíkt mál kallar á verulegan lögfræðilegan undirbúning sem nú hefur verið unnið að og verður haldið áfram að vinna að með aðild alþjóðlegra sérfræðinga, erlendra sérfræðinga. Þess vegna kallar þetta mál á tímafrekan undirbúning og það er þess vegna sem það er ekki komið lengra en raun ber vitni. Það þarf að vanda allan málatilbúnað í máli sem þessu.

Svo vildi ég leiðrétta, virðulegi forseti, aðeins það sem hv. þm. Jón Gunnarsson sagði áðan. Hér er ekki um að ræða gagnkvæman samning milli Íslands og Noregs. Hér er um að ræða fjölþjóðlegan samning frá 1920 sem Íslendingar gerðust aðilar að u.þ.b. 75 árum eftir að hann var fyrst gerður. Það eru því miklu fleiri ríki, tugir ríkja, sem þarna eiga hagsmuna að gæta sem við getum vonandi að einhverju leyti fengið í lið með okkur í þessu máli.

Umræðu lokið.

Lokun veiðisvæða.

Fsp. SigurjÞ, 468. mál. — Þskj. 695.

[12:36]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Íslenska fiskveiðistjórnarkerfið er algerlega ónýtt, sama á hvaða mælikvarða það er notað. Það kemur minni afli upp úr sjó en fyrir daga þess, það hefur valdið byggðaröskun, það kemur ekki fram í launaumslagi sjómanna að það bæti einhverju þar við heldur þveröfugt, það hefur skert tekjur sjómanna. Það er sama hvernig á það er litið, þetta er kerfi sem skilar engu.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur ætíð fyrir hverjar einustu kosningar boðað að hann ætli að breyta einhverju. En nú þegar hann er kominn í embætti sjávarútvegsráðherra og getur breytt þá er hann orðinn eins og kontóristi sem bara vinnur í kerfinu og ætlar engu að breyta.

Fyrirspurnin sem ég ber hér upp varðar þá stýringu sem er lokun svæða. Sú stjórn sem fer fram á miðunum, sem ekki skilar neinum árangri, felst ekki eingöngu í því að verið sé að ákveða hvað á að koma upp af afla á hverju ári, heldur felst einnig í henni að loka svæðum og friða svæði. Hafsvæðið í kringum Ísland er orðið eins og jarðfræðikort. Það er allt merkt einhverjum lokuðum svæðum. Þar með er ekki öll sagan sögð því að auk þessara merkinga eru svokallaðar skyndilokanir sem Hafró framkvæmir án tilstuðlan sjávarútvegsráðuneytisins og e.t.v. væri kortið enn þá svartara ef allt væri tínt til.

En fyrirspurn mín lýtur að því hvort farið hafi fram mat á einhverjum árangri af því að loka þessum svæðum. Ég get ekki séð að það hafi farið fram, ég hef fylgst með sjávarútvegsmálum lengi en það er ekki að sjá. Þetta var talsvert í umræðunni á síðasta ári vegna þess að þá var stórum hafsvæðum lokað í Breiðafirði. Þegar gerð var rannsókn á þeim fiski sem þar var verið að vernda kom í ljós að stór hluti hans var orðinn gamall hægvaxta fiskur sem ekki skilaði nokkru með því að vernda hann því þó að hann hefði verið lengur í hafinu var ekki að sjá að hann hefði bætt við sig í einu né neinu í þyngd.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort gerð hafi verið einhver úttekt á þessu og hverju það hafi yfirleitt skilað að loka þessum svæðum. Ég hef ekki rekist á þau gögn. Það væri fróðlegt að fá það fram hvort það hafi verið gert því að menn eru ekki bara að gera eitthvað, það hlýtur að vera einhver tilgangur með þessu. Ef verið er að vernda eða loka svæðum hlýtur að vera hægt að mæla þetta að einhverju leyti. Við sjáum það ekki í því að verið sé að auka fiskveiðiheimildir með þessari lokun eða þessu kvótakerfi. Það er orðið löngu tímabært að hæstv. sjávarútvegsráðherra segi okkur frá því hverju þetta kerfi er að skila (Forseti hringir.) og þessar svæðalokanir.

[12:39]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Á þingskjali 695 spyr hv. þm. Sigurjón Þórðarson eftirfarandi spurninga:

„1. Eru til athuganir á árangri skyndilokana?

2. Hver er árangur af svæðalokunum sem staðið hafa yfir í langan tíma?“

Hér er um að ræða tvenns konar spurningar. Það verður að taka fram að skyndilokanir voru mun algengari á árum áður. Um það var tekin ákvörðun á sínum tíma, m.a. í samráði við hagsmunaðila, bæði útvegsmenn stærri og smærri skipa og sjómenn, að reyna að stefna að því að fækka skyndilokunum. Þá var niðurstaðan sú að fjölga reglugerðarhólfum. Þessi mál eru auðvitað þess eðlis að þau þurfa stöðugt endurskoðunar við. Að mínu frumkvæði var hafist handa við það í vetur að fara yfir þessi mál að nýju með fulltrúum sjómanna og raunar líka fulltrúum útvegsmanna til að átta sig á hvort ástæða væri til að taka upp þessa ákvörðun og endurskoða hana eitthvað vegna margvíslegra og breyttra aðstæðna.

Hv. þingmaður spyr hvort til séu athuganir á árangri af skyndilokunum og árangri af svæðalokunum. Því er til að svara að árið 2004–2005 var gerð könnun á ferli skyndilokana og þeim árangri sem hægt er að greina með slíkum aðgerðum. Frá þessu var greint í fjölriti nr. 114 hjá Hafrannsóknastofnun árið 2005. Það heitir Skyndilokanir á þorskveiðar í botnvörpu á Vestfjarðamiðum og var unnið af þremur starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar. Vangaveltur hv. þingmanns um að ekkert hafi verið gert í þessum efnum til að meta þetta reynast ekki á rökum reistar frekar en margt annað sem hv. þingmaður heldur fram.

Niðurstöður af þessum athugunum eru m.a. þær að þó ein afmörkuð skyndilokun til skamms tíma komi líklega aðeins að takmörkuðu leyti í veg fyrir veiðar á smáfiski þá sé oft í kjölfar nokkurra lokana gripið til reglugerðarlokana til lengri tíma sem annars hefðu ekki komið til framkvæmda. Þess vegna má ætla að skyndi- og reglugerðarlokanir hafi reynst þýðingarmiklar í því að draga úr veiðum á smáfiski og þar með brottkasti.

Árið 1994–1995 var enn fremur gerð athugun á áhrifum svæðafriðunar á vöxt og viðgang þorsks á Vestfjarðamiðum sem þrír starfsmenn Hafrannsóknastofnunar unnu. Þetta

birtist í fjölriti nr. 123 frá Hafrannsóknastofnun árið 2006 og er nú í prentun. Rannsóknin var gerð með merkingum á friðunarsvæðinu norðaustur af Horni, Hornbanka í Reykjafjarðarál sem margir þekkja og hefur verið nokkuð umræddur. Þar hefur verið lokað alveg fyrir tog- og línuveiðar síðan 1993, reglugerðarhólfinu norður af Horni sem aðeins er opið fyrir veiðum frá hausti og fram á miðjan vetur, auk þriggja samanburðarsvæða sem eru opin fyrir veiðum, m.a. í Djúpál.

Helstu niðurstöðurnar af þessari rannsókn voru þær að hlutfall smáþorsks undir 55 sentimetrum við merkingu, sem síðan endurheimtist við stærð undir 55 sentimetrum, var langhæst á opna svæðinu í Djúpál og langlægst á fiski sem merktur hafði verið á alfriðaða svæðinu norðaustur af Horni. Munurinn á þessu var um sexfaldur eða 25% á móti 4%. Enn fremur kom í ljós að fiskur merktur á friðunarsvæðinu endurheimtist síðar en fiskur merktur á opnum svæðum og var þá gjarnan orðinn kynþroska og genginn af friðunarsvæðinu til hrygningar við Vestur- og Suðvesturland. Þannig náði sá fiskur að taka út meiri vöxt og skila veiðunum auknum afrakstri.

Frekari rannsóknir af þessu tagi fóru fram á árinu 2004 og 2005 norður af Horni og friðuðum og opnum svæðum við Norðausturland. Enn fremur var kannað botndýralíf á bæði friðuðum og opnum svæðum á sama tíma, m.a. með neðansjávarmyndatökum, og sýnatöku á lífríki botnsins. Niðurstaðna úr þessum rannsóknum er að vænta síðar á þessu ári.

Ég tek undir það með hv. þingmanni að auðvitað er þetta er mál af því tagi, eins og ég sagði reyndar áðan, sem stöðugt þarf endurskoðunar við. Þessar svæðalokanir og hólfalokanir eru alltaf viðkvæmt mál og auðvitað mörg álitaefni í þessum efnum. Hins vegar hygg ég að flestir séu þeirrar skoðunar að þetta sé ein aðferðin sem við eigum að beita við fiskveiðistjórn. Það er einfaldlega ekki þannig að við eigum eingöngu að beita einni aðferð, hvort sem það eru sóknartakmarkandi eða aflatakmarkandi aðferðir. Við verðum líka að beita aðferðum sem lúta að veiðarfærastýringu og stýringu á veiðum inn á einstök hafsvæði. Það erum við að reyna að gera og ég hygg að því þurfi að beita með markvissum hætti í framtíðinni.

[12:43]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög þörf fyrirspurn. Það er sjálfsagður og eðlilegur hlutur að við höfum þessi mál til stöðugrar endurskoðunar. Svæðalokanir er ein af þeim breytum sem við getum notað til stjórna fiskveiðum. Það er ekki þar með sagt að svæðalokanir eigi alltaf endilega rétt á sér. Það er með þær eins og mörg önnur mannanna verk að þær geta verið misjafnlega vel heppnaðar.

Ég hefði sjálfur viljað sjá hér útfærslu á fiskveiðistjórn á Íslandsmiðum sem væri eins og frændur okkar og vinir í Færeyjum gera. Þeir beita einmitt svæðalokunum. Þeir beita síðan sóknarstýringu og veiðarfærastýringu og það hefur gefist vel. Svæðastýringin er eins og ég sagði áðan, ein af þeim breytum sem við getum notað. Ég verð þó að segja að það hlýtur að vera kominn tími til að endurskoða margar af þeim lokunum sem við beitum við Ísland í dag, því að þær eru mjög umfangsmiklar og margar þeirra hafa verið í gildi í mjög langan tíma. Þetta eru atriði sem við verðum alltaf að vera með til stöðugrar endurskoðunar. Við þurfum líka að fara að innleiða nýja (Forseti hringir.) hugsun í fiskveiðistjórnina, þ.e. að hugsa meira um vistfræði.

[12:44]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði að það væri ekki á rökum reist sem ég sagði en því miður hef ég rétt fyrir mér. Ég segi því miður vegna þess að þegar kafað er ofan í þessa hluti kemur í ljós að það er jafnvel ekki búið að vinna úr 10 ára gömlum merkingum, ég spurðist fyrir um það í síðustu viku. Það voru 10 ára gamlar merkingar og menn voru ekki búnir að fara yfir þau gögn. Það hefur ekki verið lögð áhersla á þetta í rannsóknum heldur hafa menn alltaf lagt áherslu á það að telja fiska til þess að ákveða hvað hægt verði að veiða á næsta ári. Þannig eru vinnubrögðin. Þessu viljum við í Frjálslynda flokknum breyta. Nú stendur t.d. yfir fiskatalning, svokallað togararall, þar sem verið er að telja fisk upp á það hvað megi veiða á næsta ári og þetta er *arfavitlaus aðferð*. Það er miklu nær að stýra veiðiálagi þannig að þegar mikill afli er á slóðinni þá geti menn skilað miklum fiski á land í stað þess að treysta á einhverja talningu sem er misgóð.

Annað sem ég vil benda á og hefur verið mjög gagnrýnt, m.a. af útgerðarmönnum á Snæfellsnesi, er hvernig er staðið að þessu. Það er nánast eingöngu notaður mælistokkur þegar verið er að ákveða hvenær á að loka svæðum. Það er sagt: Ef fiskur er undir 55 sm þá er beitt lokun Hafrannsóknastofnunar. Ég er á því að þetta sé alveg ótækt og sérstaklega í ljósi þess að menn hafa lofað því að fara yfir þessa hluti, að fara í gegnum það hvað fiskurinn sé gamall. Hvort hann sé að stækka og ef hann er ekki að stækka en er samt smár hvort einhver tilgangur sé með því að loka svæðinu. Ég segi: Það er algerlega tilgangslaust að vera að loka fyrir veiðar á gömlum hægvaxta fiski eins og hefur verið gert og það þarf virkilega að fara yfir þessa hluti og skoða þá með gagnrýnum hætti.

[12:47]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði hérna. Svæðastýring er breyta sem við þurfum að beita við fiskveiðistjórn og veiðarfærastýring er sömuleiðis hlutur sem við þurfum að beita við fiskveiðistjórn og það erum við auðvitað að gera í vaxandi mæli.

Ég tek sígilt dæmi, þ.e. þær breytingar sem við höfum verið að gera á möskvastærð á netafiski sem er auðvitað dæmi um að við erum að beita veiðarfærastýringum og við erum líka að gera það með þeim hætti þegar við erum að loka fyrir togveiðar víða um landið. Við höfum verið að gera þetta með býsna markvissum hætti og býsna grimmum og hörðum hætti. Við höfum verið að loka fyrir t.d. togveiðar víða á hefðbundinni togslóð og við höfum gengið nokkuð hart fram í þeim efnum. Þetta þurfum við hins vegar stöðugt að hafa til endurskoðunar vegna þess að aðstæður í lífríkinu eru að breytast. Við vitum að hitastig í sjónum

hefur verið að breytast og þetta kallar auðvitað á að við þurfum stöðugt að hafa þetta undir. Það er enginn nýr sannleikur að við þurfum að gera það. Þetta er bara hluti af daglegu starfi yfirvalda á öllum tímum að reyna að fara yfir þessa hluti.

Eins og ég nefndi áðan í ræðu minni þá var á sínum tíma tekin ákvörðun um að reyna að fækka skyndilokunum og gera það þannig að bærilegt væri vegna þess að þótt skyndilokanirnar séu nauðsynlegar á margan hátt þá ollu þær hins vegar líka ákveðnum erfiðleikum við veiðarnar. Menn voru kannski að stíma um langan veg inn á hafsvæði og síðan var öllu lokað þegar menn voru búnir að vera þar að veiðum í fáeina daga eða ekki einu sinni það. Þess vegna var samkomulag um það á sínum tíma að reyna að ganga þá heldur lengra í reglugerðarlokunum og hafa skyndilokanirnar væntanlega færri og það tókst.

Nú hafa aðstæður hins vegar verið að breytast og þá þurfum við að fara yfir þessa hluti aftur. Það erum við svo sem að gera alla daga en með skipulegri hætti, að minni ósk, er verið að gera það núna.

Umræðu lokið.

Innlausn fiskveiðiheimilda.

Fsp. SigurjÞ, 536. mál. — Þskj. 783.

[12:49]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég er með aðra spurningu til hæstv. ráðherra. Hún er um það hvort ríkið ætti að innleysa til sín fiskveiðiheimildir sem ekki eru nýttar á yfirstandandi fiskveiðiári og endurúthluta þeim eða jafnvel taka viðkomandi tegundir út úr kvóta. Á síðasta ári brunnu inni, ef svo má að orði komast, tugir þúsunda tonna af aflaheimildum af ýmsum fisktegundum, svo sem sandkola, skrápflúru og sömuleiðis voru ekki nýtt nokkur þúsund tonn af grálúðu. Það má ætla að þjóðarbúið hafi orðið af milljarða tekjum einungis vegna þess að grálúðan var ekki nýtt í samræmi við fyrirliggjandi aflaheimildir á síðasta fiskveiðiári. Það verður mjög fróðlegt að heyra svar hæstv. ráðherra við þessari spurningu. Ef svar hans er nei er augljóst að ráðherra er enn og aftur að taka sérhagsmuni fram yfir almannahagsmuni.

Fiskveiðistjórnarkerfið er auðvitað algjör della út frá líffræðilegum forsendum kerfisins sjálfs, þ.e. að hægt sé að nota ákveðinn hluta af veiðiheimildum í hverri tegund til að skipta yfir í veiðiheimildir á allt öðrum tegundum. Þetta er svona álíka og ef hægt væri að skipta á því að í stað þess að veiða þrjár hrefnur mætti breyta því í veiðileyfi á einum hnúfubak eða steypireyði eða hverju sem er. Hvernig litist mönnum á að það væri hægt að breyta veiðirétti á fjórum rjúpum í eina grágæs? Þetta er auðvitað hrein og klár della og það er alveg stórundarlegt að menn skuli hafa þetta hér í lögum og reglum og vera að hefta atvinnurétt með svona vitleysu. En ég á kannski ekki sérstaklega von á því að hæstv. ráðherra taki vel í þetta vegna þess að hann er eiginlega orðinn eins og kontóristi. Hann vill ekki breyta neinu. Hann er kosinn til þess að móta stefnu en nú er eins og hann sé kominn inn í eitthvert kerfi þar sem hann vill engu breyta.

Það kom fram í svörum um daginn að hæstv. ráðherra vildi ekki einu sinni leyfa bændum í landinu að nýta veiðiréttinn í eignarlöndum sínum, og þá á ég við fjöruborðið, því ef opnuð væri glufa í þessu kerfi sem hann er að vinna í og ætlar ekki að breyta, þá væri kerfið jafnvel hrunið yfir hann. Ég er á því að menn verði að fara að spyrja sig gagnrýnna spurninga og átta sig á því hvernig þeir ætli í rauninni að hafa framtíð sjávarútvegsins í landinu. Er það þannig að sjávarþorpin eigi að koma með betlistaf og sníkja út byggðakvóta eins og var gert núna t.d. á Vestfjörðum eða ætla menn í rauninni að fara að breyta einhverju og standa við þau orð sem þeir voru kosnir út á, m.a. fyrir síðustu kosningar og þar áður, að menn væru að vinna að almannahagsmunum? Eða er eingöngu verið að passa sérhagsmuni fyrir þá sem eflaust greiða nokkrar krónur eða jafnvel nokkrar milljónir í kosningasjóði viðkomandi manna?

[12:52]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr hvort ráðherra telji að ríkið ætti að innleysa til sín fiskveiðiheimildir sem ekki eru nýttar á yfirstandandi fiskveiðiári og endurúthluta þeim. Í gildandi lögum um stjórn fiskveiða eru ákvæði sem lúta að þessu. Það eru ýmsar heimildir til að auka sveigjanleika í þessu kerfi, m.a. með því að flytja aflamark á milli ára og enn fremur að fiska umfram aflamark að einhverju leyti til að búa til ákveðna sveigju og síðan er sú tegundatilfærsla sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni.

Við ræddum þessa tegundatilfærslu mjög mikið fyrir fáeinum árum þegar þau mál voru sérstaklega til umræðu á grundvelli fyrirliggjandi frumvarps og á þeim tíma var tekin ákvörðun um að þrengja möguleika á tegundatilfærslunum. Það var gert m.a. til að koma til móts við þau sjónarmið sem hv. þingmaður var með en menn vildu ekki ganga lengra af ýmsum ástæðum vegna þess að það gat valdið erfiðleikum, ekki síst hjá minni útgerðum sem þá létu til sín heyra.

Við vitum líka að það eru ákveðnar reglur sem gilda um hvað menn verði að fiska á ári hverju til að halda veiðirétti sínum. Á sínum tíma var tekin ákvörðun um að þrengja þessar heimildir, þ.e. að auka veiðiskylduna og koma í veg fyrir að menn gætu ár eftir ár komist undan því að veiða það sem þeim bæri að veiða og þetta hafði auðvitað margs konar áhrif. Þetta var eitt af þeim málum sem líka var gagnrýnt, m.a. af þeim útgerðarmönnum sem höfðu verið að leigja til sín aflaheimildir en þeir töldu að með þessu værum við að þrengja að leiguheimildunum og möguleikum manna til að hasla sér völl t.d. eins og hv. þingmaður hefur oft verið að vitna til í ræðu sinni, með nýliðuninni. Ég er að vísu ekki sammála því. Ég tel að það sé eðlilegt að sú regla sé almenn að menn séu að fiska sem mest af aflaheimildum sínum og þess vegna hafi það verið eðlilegt að auka veiðiskylduna. Ég tel hins vegar ekki ástæðu til þess, eins og hv. þingmaður var að tala um hér, að gerðar yrðu annaðhvort upptækar eða keyptar af mönnum aflaheimildir sem þeir ekki nýttu. Ég tel miklu eðlilegra að hafa þessar reglur þannig að þær séu almennar sem hvetja til þess og gera það

að verkum að menn verði að veiða sem mest af aflaheimildum sínum. Auðvitað geta komið upp aðstæður eins og við þekkjum eins og t.d. kom upp í rækjunni þegar rækjan veiddist ekki og efnahagslegar forsendur voru ekki lengur til að veiða rækjuna. Þá komu auðvitað upp tilvik eins og þau sem hv. þingmaður er að nefna og það hefur líka komið upp í einstökum tegundum eins og grálúðu og fleiri tegundum en almennt talað tel ég að þetta sé ekki stórvandamál. Auðvitað er það þannig að útgerðarmenn sjá fyrst og fremst hag sínum best borgið með því að reyna að fénýta þessar aflaheimildir með því að veiða þær. Og það er auðvitað þannig sem við sjáum að þetta er að gerast og það er í mjög fáum tilvikum auðvitað sem það gerist að aflaheimildir brenna inni. Það er við tilteknar aðstæður eins og ég var að nefna sem gera það að verkum að það er mjög erfitt fyrir menn að líta á þessar aflaheimildir.

[12:55]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst eðlilegt að löggjöfin að þessu leyti miðist við það meginmarkmið að fiskurinn sé veiddur. Það er tilgangur þess að gefa út veiðiheimildir yfir höfuð, að tilteknir aðilar sem fá þær í hendur veiði þann fisk sem þeim er heimilt að veiða.

Í því skyni hafa verið sett í löggjöfina ákvæði um veiðiskyldu. Þau eru hins vegar mjög rúm og veita handhöfum veiðiréttarins heimildir, töluvert svigrúm til þess að veiða ekki, þær heimildir sem þeir hafa undir höndum og framselja gegn gjaldi. Ég hygg að það megi segja almennt um þessi úrræði laganna að veiðiskylduákvæði er ekki nógu stíft og veiðileiguákvæði er allt of rúmt og ég held að menn þurfi að skoða hvort tveggja til úrlausnar á þessum vanda.

[12:56]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða sýnir í hnotskurn hvaða rugl þetta er sem við erum komin í. Hér voru að berst fréttir um niðurstöður úr togararalli Hafrannsóknastofnunar. Stofnvísitalan er 15% lægri en í fyrra. Við erum enn að hjakka í sama farinu, gröfumst dýpra og dýpra. Við höfum ekki náð neinum árangri. Ýsan er grindhoruð, stóri árgangurinn frá 2003, holdafarið lélegt og það er fundarfall í sjávarútvegsnefnd á morgun. Af hverju skyldi það vera? Það er þetta sem við eigum að vera að ræða, það er þetta árangursleysi sem við í Frjálslynda flokknum höfum ítrekað verið að benda á. Hinir flokkarnir, sérstaklega ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki viljað hlusta á okkur og ég hlýt að spyrja: Hvenær ætla menn eiginlega að fara að vakna?

[12:58]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Núverandi fiskveiðistjórnarkerfi var innleitt á sínum tíma til að vernda fiskstofna. Helst gat maður ályktað þegar maður hlustaði á hæstv. ráðherra tala áðan að kerfið væri til að vernda útgerðarmenn og hagsmuni þeirra. Það er ekki svo. Kerfið er sett á til að vernda fiskstofnana í hafinu í kringum Ísland og eftir því sem okkur er sagt byggir það á mjög vísindalegum rökum og nákvæmum útreikningum. Því hlýtur það að vera stórundarlegt þegar búið er að reikna út veiðiþol ákveðinna stofna og ákveðinna tegunda og gefa út kvóta á þær tegundir, að menn megi og geti í stórum stíl ákveðið að breyta þeim tegundum í eitthvað annað og hefja veiðar á stofni sem líka var búið að reikna út veiðiþol á, langt umfram það sem gefið var út í kvóta. Þetta kerfi er orðið galið og við hljótum að verða að fara að velta fyrir okkur hvernig við ætlum að bregðast við því að fiskverndin virkar ekki. Stofnarnir eru alltaf að minnka.

[12:59]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég spurði hæstv. sjávarútvegsráðherra einfaldra spurninga hvort hann ætlaði að taka heildarhagsmuni fram yfir sérhagsmuni. Svar var ekki mjög skýrt. Það var svona já-nei, já-nei og farið í einhverja hringi og vitnað í kerfið og reglur og niðurstaðan virtist að hann ætlaði engu að breyta. Hann væri að vinna í þessu kerfi og væri hálfgerður þræll þess.

Ég er á því að með þessu svari undirstriki hann í raun inni að hann er kontóristi. Það er ekkert annað. Það er átakanlegt að hæstv. ráðherra sem er búinn að lofa fólki breytingum, ekki bara einu sinni heldur fyrir hverjar einustu kosningar sem hann hefur verið í framboði, að þegar til kastanna kemur þá segist hann ekki ætla að taka heildarhagsmuni þjóðarinnar fram yfir sérhagsmuni. Hér kom upp í ræðustól hv. þingmaður Magnús Þór Hafsteinsson með nýjar og sorglegar fréttir af því að stofnvísitalan hefði lækkað í þorskinum. Þetta er átakanlegt. Síðan kemur hæstv. ráðherra hér eflaust í lokasvari sínu og heldur því fram að hann ætli ekki að breyta neinu. Þetta sé allt undir stjórn. En þetta er ömurleg staða og ömurlegt af hæstv. ráðherra að bjóða upp á þessa umræðu, bjóða sjávarbyggðunum m.a. á Vestfjörðum upp á að þurfa að fara með betlistaf í hendi til að fá að veiða fisk sem þeir hafa gert frá fornu fari.

Umræðu lokið.

Leiguverð fiskveiðiheimilda.

Fsp. VF, 611. mál. — Þskj. 895.

[13:01]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Við ræðum hér í dag fiskveiðar og fiskveiðistjórn. Mörgum verður heitt í hamsi og skyldi kannski engan undra. Þessar umræður hafa fylgt þjóðinni um margar aldir og sjávarútvegur er þýðingarmikill fyrir Íslendinga.

Ákveðin kaflaskil urðu í umræðunni 1983 þegar sett voru lög um fiskveiðikvótann eða aflaheimildirnar og sameiginleg auðlind þjóðarinnar var gefin fáum útvöldum. Þessi lög eða gjöf hefur valdið deilum síðan og á eflaust eftir að gera um ókomna tíð.

Aftur urðu ákveðin kaflaskil 1990 þegar ákveðið var að heimila frjálst framsal veiðiheimilda. Þetta leiðir af sér að þeir sem áður fengu veiðiheimildir gefins geta nú látið þær ganga kaupum og sölum og jafnvel, hugsanlega, braskað með þær. Þeir sem eru kvótalausir tala um lögleysu á sama

tíma og kvótaeigendur tala um að sala veiðiheimilda sé nauðsynleg til að stuðla að hagræðingu og bættri nýtingu heimildanna.

Frú forseti. Nú eru mögulega komin enn ein kaflaskilin í fiskveiðum okkar Íslendinga, samráð um verðlagningu veiðiheimilda. Hvorki stjórnvöld né verðlagseftirlit hafa gert athugasemdir í þá veru en getur verið að stjórnvöld séu hér sofandi á verðinum fyrir samráði líkt og var t.d. varðandi olíusamráðið?

Frú forseti. Í kjölfar greinaskrifa í Morgunblaðinu í marsmánuði vil ég fá að bera upp eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra um leiguverð fiskveiðiheimilda:

1. Telur ráðherra að samráð eigi sér stað um verðlagningu fiskveiðiheimilda á markaði, en þar virðist leiguverð víðast það sama?

2. Hefur ráðherra staðið fyrir skoðun á því hvernig verðmyndun á leiguverði fiskveiðiheimilda á sér stað? Ef svo er ekki, hyggst ráðherra standa að slíkri skoðun?

[13:04]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Valdimar L. Friðriksson spyr mig tveggja spurninga:

„1. Telur ráðherra að samráð eigi sér stað um verðlagningu fiskveiðiheimilda á markaði, en þar virðist leiguverð víðast það sama?

2. Hefur ráðherra staðið fyrir skoðun á því hvernig verðmyndun á leiguverði fiskveiðiheimilda á sér stað? Ef svo er ekki, hyggst ráðherra standa að slíkri skoðun?“

Ég vil leyfa mér að svara þessum spurningum í samhengi vegna þess að það fer betur á því. Ég vek athygli á því að verð á leigumarkaði hefur síðustu ár verið býsna stöðugt. Árlega eru einhverjar sveiflur, þær ráðast fyrst og fremst af framboði og eftirspurn eins og gengur, auk þess sem verð á mörkuðum hefur þar áhrif á. Lækkun gengisins síðustu daga hefur leitt til þess að verð á þorski hefur hækkað nokkuð að undanförnu og eins hefur verð á skötusel hækkað vegna meiri afla í þeirri tegund.

Kvótaþing starfaði á tímabilinu 1. september 1998 til 31. maí 2001. Á Kvótaþingi áttu aðilar viðskipti með aflamark á opinberum tilboðsmarkaði. Eftir að Kvótaþingið var lagt af hefur verið skylt að gefa upp verð aflamarks í viðskiptum og skráir Fiskistofa það og birtir opinberlega á vef sínum. Viðskipti með aflamark fara núna fram á frjálsum markaði. Fiskistofa hefur það hlutverk að skrá upplýsingar um verð aflamarks sem fram kemur frá tilkynnanda og birta upplýsingar á vef stofnunarinnar eftir því sem heimilt er samkvæmt upplýsingalögum. Sé verð í tilkynningu um færslu aflamarks á milli skipa í eigu tveggja eigenda bersýnilega langt undir því sem almennt er, er óskað eftir skriflegum útskýringum og að þeim fengnum er flutningur aflamarks staðfestur.

Fiskistofu er ekki heimilt samkvæmt lögum að hafna flutningi aflamarks á þeim grundvelli að verð sé með einhverjum hætti óeðlilegt. Eftirlitsskylda Fiskistofu í gildandi lögum miðar að því að tryggja að áhafnir skipa séu ekki látnar taka þátt í kaupum útgerðar á aflaheimildum, enda er slíkt óheimilt samkvæmt lögum um skiptaverðmæti á greiðslujöfnuði innan sjávarútvegsins. Sá tilgangur kemur fram í lögum um stjórn fiskveiða en þar segir að Fiskistofa megi ekki staðfesta flutning aflamarks nema fyrir liggi staðfesting frá Verðlagsstofu skiptaverðs um að samningur sé í gildi milli áhafnar og útgerðar um fiskverð til hlutaskipta. Ég vil vekja athygli á í þessu sambandi að forustumenn sjómanna hafa einmitt bent á að umkvörtunum og ásökunum um að sjómenn séu að taka þátt í kvótakaupum hafi fækkað mjög á seinni árum og það virðist benda til þess að þetta eftirlit hafi þar með verið að virka, bæði vegna upplýsingagjafar verðlagsstofunnar og eins vegna eftirlits Fiskistofu.

Ef ég vík frekar að spurningu fyrirspyrjanda verður að segja að almennt ráða seljendur meiru um verð þegar eftirspurn er meiri en framboðið og þannig hefur það verið í mörgum tilvikum, þó ekki öllum. Ekki er unnt að segja að um sé að ræða samráð en vitanlega liggur alltaf á borðinu, m.a. vegna upplýsingagjafar Fiskistofu, hvaða verð hefur verið að fást fyrir hverja tegund á hverjum tíma og seljendur taka vitaskuld mark á því þegar þeir bjóða aflaheimildir til sölu. Ég tel það ekki vísbendingu um að um samráð sé að ræða þegar það gerist að verð leitar í eina átt eða er svipað á tilteknum tíma. Það er að mínu mati eingöngu til merkis um að menn vinna samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir á markaðnum og þær upplýsingar, eins og ég hef verið að rekja, eru býsna opnar, bæði vegna ákvæðis um verðlagsstofuna og líka vegna þess að Fiskistofa leggur fram þessar upplýsingar. Síðan eru auðvitað kvótamiðlanir sem vinna á þessum vettvangi og þær afla upplýsinga um kvótaverðið á hverjum tíma. Það er því ljóst að þessi viðskipti milli óskyldra aðila eru mjög mikil. Um er að ræða þúsundir viðskipta sem eiga sér stað þannig að ég hygg að ekki sé gott að koma við samráði, jafnvel þótt einhver kysi að reyna það.

Það er líka ljóst af því sem ég hef verið að segja að það eru býsna skýrar reglur um hvernig leiguviðskiptin ganga fyrir sig og hver sé í raun ramminn sem útgerðarmönnum er ætlaður. Engu að síður er það svo að mínu mati að sitthvað þyrfti að fara yfir í þessum efnum og margt sem mætti betur gera og ég tel eðlilegt að þessi mál séu endurskoðuð sérstaklega í ljósi þess. Við höfðum reynslu af Kvótaþinginu. Það fyrirkomulag gekk ekki og var mikil óánægja með það hjá öllum sem reyndu að vinna innan þess kerfis. Ég held því að það séu ákveðin víti til að varast. Það er hins vegar ljóst að verðmyndun er ekki alveg augljós og þess vegna tek ég undir það sem ég tel að komið hafi fram í máli hv. þingmanns að fara þurfi fram skoðun á því hvernig verðmyndunin fer fram og hvort hægt sé að koma henni fyrir með skynsamlegri hætti.

[13:09]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ekki hefur verið skoðað hvort samráð á sér stað um verðlagningu á leiguheimildum á markaði. Samt fullyrðir hæstv. ráðherra að ekki sé um samráð að ræða þó að verðið sé í flestum tilfellum það sama, alveg sama hver það er sem hefur milligöngu um viðskiptin.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Veit hæstv. ráðherra hve margir hafa milligöngu um viðskipti á leigu-

kvóta? Eins langar mig að spyrja hann: Telur ráðherra að hægt sé að gera út fiskiskip með því að leigja kvóta á því verði sem nú gildir í þessum nytjategundum okkar og fara um leið að öllum lögum og reglum sem um þennan iðnað gilda en ná samt sem áður að gera út þannig að ekki sé halli á þeirri útgerð? Hefur ráðherra hugmynd um hvernig samsetningin er á þeim bátum sem gera út á leigukvóta, samsetning á fiski, stærð og annað því um líkt, og hvort hún er öðruvísi á þeim bátum en bátum sem eru með eigin kvóta? Hvað varðar leigumarkaðinn þá hefur hann að sjálfsögðu öll svæsnustu einkenni seljendamarkaðar, alveg sama í hvaða föt menn reyna að klæða hann. Þessi markaður er, hefur verið og mun verða, að óbreyttu kerfi, eingöngu seljendamarkaður.

[13:10]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það eru nokkuð augljós einkenni á þessum markaði, sérstaklega varðandi viðskipti á aflaheimildum í þorski, að það eru mjög fáir aðilar sem ráða yfir stærstum hluta af þeim heimildum sem fara á leigumarkað. Ég hygg að u.þ.b. fjögur fyrirtæki í aflamarkskerfinu séu ráðandi í framboðinu á heimildum til leigu. Sennilega bjóða þau fram langstærstan hluta þess sem selt er á milli aðila og hluti þeirra veiðiheimilda sem fer á markað er ekki nema um fjórðungur eða rúmlega það af því sem má veiða í heild. Leigumagnið af heildinni er lítið og það eru fáir aðilar sem ráða stærstum hluta þess. Þetta eru mjög alvarleg einkenni á þessum markaði, virðulegi forseti, og ég held að menn þurfi að setja reglur í þessum viðskiptum til að tryggja jafnræði á milli seljenda og kaupenda.

[13:11]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði að verðmyndunin væri ekki alveg augljós og ég er ekki hissa þó að hann segi það. Sannleikurinn er auðvitað sá að það eru stórir aðilar sem ákveða verðið. Út frá hverju gera þeir það? Þeir ákveða þetta verð út frá fjármögnunarmöguleikum á veiðiréttí og því hvað hægt er að fá fyrir þetta á markaðnum. Niðurstaðan er sú að það er í raun og veru ekki hægt að gera út á leigukerfinu, það er einhvers konar viðbótargeta, og þeir sem eru í því kerfi hafa mjög bága afkomu. Þetta er auðvitað gjörsamlega óviðunandi fyrirkomulag og veldur því að nýliðar í útgerð eiga enga möguleika í raun og veru til að komast inn í útgerðina að neinu gagni.

Það þyrfti auðvitað að taka á þessu máli því það er ekki hægt að kalla þetta neitt annað en okur í skjóli þeirra reglna sem hér gilda (Forseti hringir.) þar sem þeir sem eiga miklar veiðiheimildir þurfa í raun og veru ekki að veiða (Forseti hringir.) nema fjórða partinn af þessu.

[13:13]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég er sannfærður um að þeir sjómenn víða um land sem horfa á þessa umræðu hrista höfuðið yfir svörum hæstv. ráðherra. Hann talar um að það þurfi að skoða þetta eins og það séu bara eðlileg viðskipti sem þarna eiga sér stað.

Við verðum að gæta að því að í þessum leiguviðskiptum fara sjö tíundu hlutar af verðmæti aflans til þeirra sem koma hvergi nærri vinnunni heldur hafa aflaheimildirnar frá okkur, þjóðinni, til umráða, en koma ekkert nærri þeirri vinnu að sækja sjóinn. Þeir sem fara í þau verk þurfa að greiða viðkomandi a.m.k. sjö tíundu hluta í leyfi fyrir að fara í vinnuna. Þetta er algjört rugl og alveg með ólíkindum ef menn ætli að halda þessu áfram.

Hvers vegna er þetta svona? Menn tala alltaf um einhverja hagræðingu. Það hefur ekki orðið nein hagræðing, alls ekki, það er langt í frá. Það er engin hagræðing að þessu. Út úr greininni hafa stundum runnið 3–4 milljarðar (Forseti hringir.) eina helgi, tugir milljarða suma mánuðina og hverjir borga (Forseti hringir.) brúsann? Það gera sjómenn landsins í leiguverði og lágu verði fyrir þann afla sem landað er.

(**Forseti** (ÞBack): Ég minni hv. þingmenn á að virða ræðutíma.)

[13:14]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það fyrirkomulag sem er á leigu aflaheimilda á Íslandi er versta form arðráns sem ég hef nokkurn tíma orðið vitni að. Það er alveg með ólíkindum að við skulum láta það líðast að verið sé að mergsjúga og arðræna heiðarlega sjómenn, duglega unga menn sem vilja allt til þess vinna að koma undir sig fótunum með sínu einkaframtaki í útgerð, að þeir séu arðrændir og féflettir með jafnskipulegum hætti og gert hefur verið á Íslandi mörg undanfarin ár. Það er ríkisstjórnarflokkunum báðum, Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki, til háborinnar skammar og verður þeim báðum ávallt til háborinnar skammar að hafa búið til þetta kerfi. Það á ekki að búa til svona óréttlæti á Íslandi í dag, það á hreinlega ekki að líðast.

Það skal verða okkar fyrsta verk í Frjálslynda flokknum þegar við komumst til valda að afnema þetta kerfi og sjá til þess að ungir, heiðarlegir og duglegir menn geti á nýjan leik komið undir sig fótunum í útgerð á Íslandi.

[13:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum með „snilldarlega“ útfært kvótakerfi sem er beinlínis sérhannað til að velja úr aflanum. Það getur ekki gert neitt annað. Leigufyrirkomulagið í sjávarútveginum gerir ekkert annað en að ýta undir það, því þegar krafan um að veiða eingöngu stærsta og verðmætasta fiskinn til að standa undir leigukjörunum gengur fyrir nýtingu fiskstofnanna þá er ekki von á góðu. Ég held að það sé mikil meinsemd í þessu leigukerfi eins og það er og framsalskerfinu eins og það reyndar er í aflaheimildunum, vegna þess, eins og ég sagði áðan, að krafan um arðsemina gengur fyrir en nýtingarsjónarmiðin víkja.

[13:17]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þeim hv. þingmönnum sem þátt tóku í umræðunni. Hún var fjörug eins og búast mátti við. Ráðherra talaði um að það væri margt sem betur mætti gera og skoða og

ég skildi hann þannig að hann tæki undir þá ábendingu að skoða hvernig verðmyndun á leiguverði fiskveiðiheimilda eigi sér stað og ég tel það vera bráðnauðsynlegt. Svona rétt til að botna þetta þá stendur spurningin enn þá um samráð eða ekki samráð varðandi verðmyndun á veiðiheimildum. Hins vegar veltir maður því jafnframt fyrir sér hvort sala veiðiheimilda sé í raun og veru brot á sjálfum hegningarlögunum. Þetta er smáviðbót inn í umræðuna því að miðað við 253. gr. hegningarlaga má ekki nota sér eins og þar segir, með leyfi forseta:

„Hafi maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér með löggerningi hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig að bersýnilegur munur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, sem fyrir þá koma eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, þá varðar það ...“ o.s.frv.

Maður veltir því fyrir sér, frú forseti, hvort með túlkun þessarar lagagreinar sé sala veiðiheimilda hreinlega lögbrot og jafnframt veltir maður því enn og aftur fyrir sér hvað „framsal aflaheimilda“ þýðir í raun og veru. Er það í raun ekki hrein og bein afhending eða er virkilega hægt að túlka það svo að það sé heimild til að selja veiðiheimildir?

[13:19]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram.

Menn verða að hafa í huga að spurningin um aflamarkskerfi eða sóknarkerfi er eitt og spurningin um hvort hafa eigi framsalskerfi er annað. Við tökum eftir því að jafnvel í löndum þar sem menn búa við sóknarstýringu, eins og t.d. í Færeyjum, búa menn líka við framsal. Ég tók eftir að vitnað var í viðtal við fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Færeyja á dögunum, Jörgen Niklassen, sem hefur komið hingað til lands, m.a. að frumkvæði Frjálslynda flokksins. Hann sagði að það væri bráðnauðsynlegt að hafa framsal í sóknarkerfi þeirra, m.a. til að stuðla að því að draga úr sóknartengdum kostnaði.

Ég vil því undirstrika það að spurningin um aflamarkskerfi eða sóknarkerfi er allt önnur en spurningin um framsalskerfi. Út af fyrir sig væri auðvitað hægt að hafa kvótakerfi þar sem ekki væri framsal. Ég tel það hins vegar ekki skynsamlegt. Ég held að eðlilegra sé að hafa framsal. Hins vegar er það alveg rétt sem hér hefur komið fram að þá þarf þetta framsal að vera þannig að það sé algjörlega gagnsætt, að það leiði ekki til þess að sjómenn taki þátt í kvótakaupum. Ég held að það sem við höfum verið að gera í þessum efnum á undanförnum árum hafi verið skref í rétta átt. Við sjáum það á viðbrögðum forustumanna sjómanna, t.d. eins og formanns Sjómannasambands Íslands, Sævars Gunnarssonar, sem sagði nýlega að áberandi minna væri um það að sjómenn tækju þátt í kvótakaupum núna en áður.

Hér var m.a. spurt um hversu margir hefðu haft milligöngu um kvótamiðlun. Ég veit það ekki nákvæmlega en þeir eru allnokkrir, ég þekki a.m.k. nokkur dæmi um það. Hv. þingmaður spurði jafnframt hvort hægt væri að leigja kvóta og gera út eingöngu á leigukvóta. Ég held t.d. að það sé ekki hægt í þorski en það er hins vegar örugglega hægt í ýmsum öðrum tegundum sem þannig stendur á um. Það er alveg rétt að t.d. í þorski er klárlega seljendamarkaður. Það er hins vegar ekki í ýmsum öðrum tegundum sem minni eftirspurn er eftir. Það eru líka dæmi um kaupendamarkaði í þessum kvóta þótt svo sé ekki í okkar stærstu nytjategund.

Ég ítreka að ég held að um þetta þurfi að gilda skýrari reglur en við (Forseti hringir.) höfum í dag og gagnsærri.

Umræðu lokið.

Þjónusta við börn og unglinga með geðraskanir.

Fsp. VF, 482. mál. — Þskj. 713.

[13:21]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég ber fram fyrirspurn til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem er svohljóðandi:

1. Hvað líður athugun ráðuneytisins á tillögum sem fram koma í skýrslu Kristjáns Más Magnússonar frá 31. ágúst 2004 um „skilgreiningu þriggja þjónustustiga í málefnum barna og unglinga með geðraskanir og aðgerðir til að auka samþættingu þjónustunnar“?

2. Ef nefnd hefur verið sett í málið, hverjir eiga sæti í henni, hvenær hóf hún störf og hvenær á hún að ljúka störfum?

3. Hvað líður vinnu við samþættingu á þjónustu og meðferðarúrræðum fyrir börn með geðraskanir?

Við vinnslu þessarar skýrslu kom m.a. fram að í sumum sveitarfélögum hefur verið erfið staða þar sem þörf er á að aðstoða börn með geðraskanir og aðstandendur þeirra. Yfirleitt er það fjárskortur og jafnvel úrræðaleysi sem stendur í veginum og því eðlilegt að sveitarfélögin hafi haft miklar væntingar til heilbrigðisráðuneytisins um úrlausnir í framhaldi af framtaki ráðherra með ráðningu verkefnastjóra sem skilaði af sér hinni góðu skýrslu „Samhæfing í málefnum barna og unglinga með geðraskanir“.

Væntingarnar hafa varla minnkað við frétt sem birtist á vefsíðu heilbrigðisráðuneytisins fyrir rúmu ári, þann 9. febrúar 2005. Þessi frétt er tilefni fyrirspurnarinnar og tel ég rétt að lesa hana hér upp, með leyfi forseta:

„Tillögur um samþættingu þjónustu við börn með geðraskanir. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur um skeið haft til umfjöllunar tillögur verkefnisstjóra um samþættingu þjónustu við börn með geðraskanir sem skilaði ráðherra skýrslu sinni í haust.

Í október 2003 tilkynnti Jón Kristjánsson, ráðherra um þá ákvörðun sína að ráða verkefnisstjóra til heilbrigðisráðuneytisins sem fengi það hlutverk að gera tillögur um samþættingu þjónustu og meðferðarúrræða á þessu sviði. Yrði vinna hans jafnframt liður í vinnu að stefnumótun fyrir málaflokkinn. Kristján Már Magnússon, sálfræðingur, var ráðinn til þessa verkefnis. Hann tók til starfa í febrúar 2004 og skilaði ráðherra skýrslu með úttekt sinni og tillögum í lok ágúst.“

Áfram segir:

„Að undanförnu hafa tillögur verkefnisstjórans verið til skoðunar hjá aðstoðarmönnum ráðherra þeirra ráðuneyta

sem helst koma að málaflokknum, það eru heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið.“

Frú forseti. Það ætti öllum að vera ljóst að það er nauðsynlegt að grípa snemma inn í þegar um geðraskanir barna og unglinga er að ræða og tryggja þeim greiningu og sem besta aðstoð til að gera þeim og aðstandendum þeirra lífið auðveldara. Við lestur skýrslunnar kemur í ljós að ekki er lengur jafnnauðsynlegt að fylgjast með líkamskvillum grunnskólanemenda en á móti er aukið ákall eftir þjónustu vegna hegðunar- og vanlíðunarvandamála. Jafnframt kemur í ljós að þetta er ekki í fyrsta sinn sem skilað er skýrslu um þetta mál. Það hefur vakið athygli mína hversu langan tíma hefur tekið að svara þessari fyrirspurn en ég vænti þess að það sé ekki merki um að þurft hafi að sækja hana undir stól, frú forseti.

[13:25]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt hvað líði athugun ráðuneytisins á tillögum sem fram komu í skýrslu Kristjáns Más Magnússonar frá ágústlokum 2004 um „skilgreiningu þriggja þjónustustiga í málefnum barna og unglinga með geðraskanir og aðgerðir til að auka samþættingu þjónustunnar“.

Því er til að svara að þann 10. október 2003, á alþjóðageðheilbrigðisdaginn, tilkynnti heilbrigðisráðherra að hann hefði í hyggju að ráða verkefnisstjóra til heilbrigðisráðuneytisins til þess að gera tillögur um hvernig best væri að tryggja að börn og unglingar með geðraskanir fengju sem skilvirkasta þjónustu af hálfu þeirra sem koma að þessum málum. Áður en ráðherra tilkynnti þessa ákvörðun var haft samráð við menntamálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga og var þeim gerð grein fyrir þessum áformum og ákveðið að haft yrði samráð um framvinduna.

Í ársbyrjun 2004 var verkefnisstjórinn ráðinn og skilaði hann tillögum sínum, eins og fram hefur komið, í ágúst sama ár. Tillögurnar eru settar fram sem ábendingar um ýmislegt sem betur má fara í þessu efni og um það hvernig skilgreina megi betur þau þjónustustig sem hér um ræðir. Þar sem tillögurnar taka til þriggja þjónustustiga og margra þjónustukerfa er mikilvægt að hafa samráð um umfjöllun þeirra. Ráðuneytin hafa skoðað tillögurnar, aðstoðarmenn ráðherranna hafa lagt mat á þær og nú er ætlunin að taka næstu skref í því skyni.

Önnur spurning er svohljóðandi:

„Ef nefnd hefur verið sett í málið, hverjir eiga sæti í henni, hvenær hóf hún störf og hvenær á hún að ljúka störfum?“

Því er til að svara að ekki hefur verið skipuð sérstök nefnd um þetta málefni. Hins vegar hefur verið ákveðið að fela nefnd sem hefur haft umsjón með framkvæmd stefnumótunar ríkisstjórnarinnar um málefni langveikra barna að taka þessar tillögur til skoðunar og útfæra þær nánar, m.a. kostnaðarmeta þær og vinna þær frekar þannig að taka megi afstöðu til þeirra. Þá er ætlunin að nefndin skoði hvernig hrinda mætti þeim í framkvæmd, en tillögurnar eru mjög breiðar og nokkuð almenns eðlis.

Í þessari nefnd eiga sæti Margrét Björnsdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Guðni Olgeirsson frá menntamálaráðuneytinu, Hallgrímur Guðmundsson frá fjármálaráðuneytinu og Þorgerður Benediktsdóttir frá félagsmálaráðuneytinu. Nefndinni verður einnig falið að eiga samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin hefur starfað ötullega að verkefni sínu hingað til og er hún því vel til þess fallin að halda á þessu máli áfram. Það fellur líka vel að upphaflegum viðfangsefnum nefndarinnar því að í henni sitja fulltrúar þeirra ráðuneyta sem hlut eiga að máli.

Í þriðja lagi er spurt:

„Hvað líður vinnu við samþættingu á þjónustu og meðferðarúrræðum fyrir börn með geðraskanir?“

Eins og fram hefur komið hefur verið innt af hendi undirbúningsvinna við þessa samþættingu, en það er öllum ljóst að mikilvægt er að halda áfram og tryggja bestu mögulegu þjónustu fyrir þennan skjólstæðingahóp heilbrigðis-, félags- og menntakerfis auk sveitarfélaganna.

Ég vil einnig draga fram að nú er verið að hrinda í framkvæmd nefndaráliti varðandi geðheilbrigðismál barna og unglinga sem skilað var til heilbrigðisráðherra í nóvember sl. Hluti þeirra tillagna sem þar koma til framkvæmda munu bæta hag þeirra barna og unglinga sem hér um ræðir. Þá vil ég gera grein fyrir því að ég hef ákveðið að fá sænskan ráðgjafa, sérfróðan um geðheilbrigðismál og geðheilbrigðisþjónustu, til að skoða með okkur Íslendingum með hvaða hætti við getum eflt þjónustu við þennan tiltekna hóp. Ráðgjafinn kemur til starfa með heilbrigðisráðuneytinu um miðjan maí og bind ég miklar vonir við störf hans.

Ég hef fullan hug á að eiga gott samstarf við alla þá sem koma að þessum málum og mun leggja mitt af mörkum til þess að svo verði á næstunni. Ég tel að það mjög virðingarvert að hv. þingmaður taki upp málefni barna með geðraskanir af því að það er hópur sem ég er sammála honum um að hlúa þarf vel að.

[13:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Það er vissulega þörf umræða sem hér er á ferðinni. Það kom vel fram í umræðu utan dagskrár á dögunum, um þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir, að það er ekki verið að gera neitt nema tala. Verið er að vinna í nefndum en það er ekki búið að bæta þjónustuna.

Fyrir síðustu kosningar gáfu framsóknarmenn og ríkisstjórnin út fréttatilkynningar um að það ætti að vera forgangsmál að þjóna þessum hópi, börnum og unglingum með geðraskanir. Síðan hefur ekkert gerst. Nýverið kom ákall frá barna- og unglingageðdeild til yfirvalda um að gera eitthvað í málunum og enn er bara verið að tala. Það er ekki nóg að vinna í nefndum, það þarf aðgerðir og þær þarf strax. Það hefur aldrei verið jafnslæmt ástand í málefnum þessara sjúklinga, þessara barna og þessara ungmenna, eins og í dag, því miður. Það er ekki nóg að tala um að hingað komi sérfræðingar frá útlöndum og að nefndarvinna sé í gangi. (Forseti hringir.) Það þarf að bæta ástandið strax.

[13:30]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum dögum áttum við ágæta utandagskrárumræðu um málefni barna með geðraskanir og það úrræðaleysi sem foreldrar og börn standa frammi fyrir varðandi þjónustu fyrir þau. Það er á svo mörgum sviðum sem efla þarf þjónustuna og samþætta hana og þá sérstaklega nærþjónustuna sem er orðið mjög brýnt að efla, bæði í heilsugæslunni og í skólunum og svo sérfræðiþjónustuna.

Ég tel að þær skýrslur sem unnar hafa verið og þær nefndir sem hafa skilað af sér tillögum í gegnum árin séu þegar orðnar það ítarlegar og með það góðar ábendingar að það þurfi í raun og veru ekki annað að en að einhenda sér í að vinna samkvæmt tillögunum og leggja fjármagn í þennan málaflokk. En það þarf að hafa gott samstarf við sveitarfélögin, (Forseti hringir.) því að töluverður kostnaður mun koma á þau líka.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Herra forseti. Oft hefur maður orðið fyrir vonbrigðum í lífinu en aldrei nokkurn tímann eins miklum og núna, held ég. Ef við drögum saman í nokkur orð það sem ráðherrann sagði nákvæmlega þá var það að skýrslunni var stungið undir stól. Það hefur nákvæmlega ekkert verið gert. Ég er ekki hissa þó að tekið hafi hátt í þrjá mánuði að fá ráðherra til að koma hingað upp og svara þessari fyrirspurn, þetta er elsta fyrirspurnin á þinginu. Það er ósköp eðlilegt því að þarna var komið við einhvern kaun.

Ég verð að viðurkenna, frú forseti, að mér finnst það algjörlega til háborinnar skammar fyrir heilbrigðisráðherra, þegar búið er að leggja svona mikla vinnu í þessa frábæru skýrslu og samantektir og komið er fullt af tillögum til úrbóta, að það komi í ljós núna að skýrslan hefur bara legið undir stól í tvö ár og það hefur nákvæmlega ekkert verið gert. En hverju var lofað? Jú, að setja þetta í aðra nefnd.

Þetta er alveg til háborinnar skammar, herra forseti og mikil niðurlæging fyrir þingið og fyrir ráðherrann. Það er ekki oft sem sá er hér stendur verður orðlaus. En ég lagði líka, út af fréttinni sem ég lagði út af áðan, svipaða fyrirspurn bæði til félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra. Félagsmálaráðherra benti einungis á heilbrigðisráðuneytið þrátt fyrir að í fréttinni frá heilbrigðisráðuneytinu komi fram að þessi þrjú ráðuneyti væru að skoða þetta mál saman. Menntamálaráðherra sá enga einustu ástæðu til að svara þessu þó að við séum að tala um vandamál í grunnskólunum. Þetta er þjónusta sem þarf að sinna þar. Nei, menntamálaráðherra svarar þessu ekki einu sinni.

Málið er einfaldlega að þessi góða skýrsla, sem unnin var í ágúst 2004 og hampað var á ráðstefnu og gefin út fréttatilkynning um í febrúar 2005, hefur verið undir stól hjá heilbrigðisráðherra. Þetta er ekki sú fyrsta, það kemur fram í þessari skýrslu að (Forseti hringir.) margar aðrar skýrslur um sambærileg málefni hafa verið unnar en það hefur ekkert verið gert með þær.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti minnir hv. þingmenn á að ávarpa ráðherra sem hæstvirtan.)

[13:33]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tel enga þörf fyrir hv. þingmann að æsa sig eins mikið og hann gerði hér. (**VF:** Ég er hneykslaður.) Ég skil ekki hvaða þörf er á því. Ég hef heyrt hv. þingmann segja áður að hann hafi aldrei orðið fyrir eins miklum vonbrigðum á ævinni og með þetta og hitt málið. Það er því ekki í fyrsta skipti sem við heyrum þessi miklu vonbrigði hjá hv. þingmanni.

Eins og kom fram í fyrra svari mínu er búið að fela nefndinni sem fer með stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sem er öflug nefnd og þessi ráðuneyti eiga aðild að, að skoða þessar tillögur alveg sérstaklega og útfæra þær nánar og kostnaðarmeta þær. (Gripið fram í.) Það er vegna þess að tillögurnar eru tiltölulega víðfeðmar og almenns eðlis. Við erum að setja þetta í farveg svo hægt sé að skoða þessar tillögur betur og kostnaðarmeta þær. Síðan mun þessi nefnd líka koma með hugmyndir um hvernig hægt er að koma tillögunum í framkvæmd. (Gripið fram í.)

Ég er nokkuð ánægð með að við séum búin að fá til liðs við okkur sænskan sérfræðing sem var sérstakur ráðgjafi sænsku ríkisstjórnarinnar í geðheilbrigðismálum. — Nú yfirgefur hv. þingmaður salinn. Það var leitt, því að ég er að svara fyrirspurn hans. Ég veit ekki til hvers ég ætti að halda áfram með svar mitt ef hann kemur ekki til baka. — En ég vil þá bara segja þingheimi sem hér situr að ég er nokkuð ánægð með að hafa fengið einn færasta sænska sérfræðinginn á þessu sviði til að aðstoða okkur við geðheilbrigðismálin og þá sérstaklega þau sem snúa að börnum. Ég átta mig ekki á hvers vegna hv. þingmaður þarf æsa sig svo mikið yfir þessum málum, þau eru í mjög góðum farvegi. En hann er farinn og hefur greinilega ekki áhuga að heyra þessi svör neitt frekar.

Umræðu lokið.

Samningar við hjúkrunarheimili.

Fsp. ÁRJ, 483. mál. — Þskj. 714.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um samninga við hjúkrunarheimili og legg fyrir hana eftirfarandi spurningar:

1. Hversu mörgum hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu sem ríkið greiðir reksturinn á er ráðstafað af öðrum en opinberum aðilum, svo sem félagasamtökum? — En þar á ég við stuðningsfélög hinna ýmsu sjúklingahópa.

2. Telur ráðherra ástæðu til að taka upp samninga við hjúkrunarheimili þar sem t.d. félagasamtök ráðstafa hjúkrunarrýmum?

Við vitum öll hvernig ástandið er í hjúkrunarmálunum hér á landi. Það skortir verulega hjúkrunarpláss, 350 manns bíða í brýnni þörf. 90 aldraðir eru inni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi við óviðunandi aðstæður en búið að lækna fólkið og það bíður eftir hjúkrunarrýmum. Það er mjög dýrt.

Á sínum tíma þegar hjúkrunarheimili voru byggð voru þau mörg hver byggð upp á vegum félagasamtaka og styrktarfélaga. Félögin sem greiddu fyrir plássin í upphafi hafa síðan ráðstöfunarrétt yfir þeim enn þá áratugum síðar þó svo að ríkið hafi greitt fyrir reksturinn í áratugi. Ég spyr að þessu í ljósi þess að fjöldi aldraðra er inni á Landspítala og getur ekki útskrifast. Það er ríkinu mjög dýrt. Verið er að borga 30–50 þús. kr. fyrir hvern sjúkling á dag á Landspítalanum. Það eru hátt í 15 milljónir á mánuði sem fara bara í það að geta ekki útskrifað þessa sjúklinga. Landspítali – háskólasjúkrahús hefur forgang með sjúklinga inn á tvö hjúkrunarheimili sem eru Vífilsstaðir og Sóltún. En það dugar ekki til. Ástandið er svona þrátt fyrir það. Á sama tíma úthluta félagasamtök plássum inn á hjúkrunarheimilin.

Þess vegna spyr ég hvort hæstv. ráðherra sjái ástæðu til að taka upp samninga við þessi hjúkrunarheimili til þess að létta á Landspítalanum við að útskrifa þá sjúklinga sem þar eru og grynnka í þeim hópi fólks sem er í brýnni þörf eftir vistun. Við vitum að þegar er valið inn á hjúkrunarheimilin af Landspítalanum er farið eftir hjúkrunarþyngd og það er alveg rétt að gera það. Það á auðvitað fara eftir hjúkrunarþyngd, þeir sem eru í mestu þörfinni eiga að ganga fyrir.

En ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún telji sig geta farið í slíkar samningaviðræður við hjúkrunarheimilin, sérstaklega í ljósi þess að ríkið hefur verið að greiða fyrir reksturinn á öllum þessum plássum í áratugi.

[13:38]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt hversu mörgum hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu sem ríkið greiðir reksturinn á sé ráðstafað af öðrum en opinberum aðilum, svo sem félagasamtökum og hins vegar hvort ég telji ástæðu til að taka upp samninga við hjúkrunarheimili þar sem t.d. félagasamtök ráðstafa hjúkrunarrýmum.

Því er til að svara að hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu eru 1.479 og eru þau öll rekin á daggjöldum utan 40 hjúkrunarrými fyrir aldraða á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Eignarhald á þeim stofnunum sem reka umrædd hjúkrunarrými er mismunandi. Aðeins tvö hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu eru alfarið í eigu ríkisins en það er Sólvangur í Hafnarfirði og Vífilsstaðir í Hafnarfirði. Þá eru rýmin 40 á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í eigu ríkisins. Að öðru leyti er eignarhald með ýmsu móti, ýmist eru heimilin í eigu félagasamtaka, einkaaðila, sveitarfélaga eða blanda af þessu. Hvað varðar ráðstöfun þá er tæpast hægt að segja að félagasamtök eða aðrir ráðstafi hjúkrunarrýmum, a.m.k. er ekki um fullan og skilyrðislausan ráðstöfunarrétt að ræða.

Eins og þingmenn margir þekkja gilda ákveðnar reglur um vistun fólks í hjúkrunarrými sem kveðið er á um í lögum um málefni aldraðra og reglugerð um þjónustuhóp aldraða og vistunarmat aldraðra, nr. 791/2001. Hjúkrunarheimilin eiga að fara eftir þessum reglum við ráðstöfun hjúkrunarrýma og skulu þau sjá til þess að þeir gangi fyrir sem lengst hafa beðið með mjög brýna þörf samkvæmt vistunarmati. En maður spyr sig: Er þannig í reynd?

Í samningi um rekstur Sóltúns í Reykjavík er kveðið á um að Landspítali – háskólasjúkrahús eigi forgang að 90% rýma þar fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga, en hjúkrunarrými á Sóltúni eru alls 81. Sama fyrirkomulag er varðandi ráðstöfun þeirra 50 hjúkrunarrýma sem eru á Vífilsstöðum sem ríkið á en Hrafnista rekur. Þar eru níu af hverjum tíu heimilismönnum, eða 90%, vistaðir inn af öldrunardeildum Landspítala – háskólasjúkrahúsi en 10% heimilismanna eru tekin inn samkvæmt hefðbundnum inntökureglum. Það má því segja að þessum tveimur heimilum, Sóltúni og Vífilsstöðum, sé skylt samkvæmt samningi að taka 90% heimilismanna beint af spítölunum. Hin fara eftir hinum almennu reglum.

Hv. þingmaður spyr hvort ég telji ástæðu til að taka upp samninga við hjúkrunarheimilin þar sem t.d. félagasamtök ráðstafa hjúkrunarrýmunum. Ef hér er átt við að taka upp samninga áþekka þeim sem ég nefndi áðan þá finnst mér koma til greina að gera það. Það er ekki búið að taka neina ákvörðun um það, en ég verð að deila þeim hugleiðingum mínum, sem eru ofarlega í huga mínum núna, eftir að hafa reynt að kynna mér málaflokkinn eins hratt og ég hef getað upp á síðkastið. Ég hef farið um Landspítala – háskólasjúkrahús og séð að þar er hópur fólks sem liggur inni. Þetta er svokallaður fráflæðisvandi, eins og það hljómar nú illa það orð. Þetta eru veikir aldraðir sem geta samt verið á hjúkrunarheimili og ættu að vera þar í ódýrari rýmum en eru á spítalanum eins og hér hefur verið dregið fram.

Á sama tíma hef ég skoðað rannsóknir sem gerðar voru í Hafnarfirði í tengslum við umræðuna sem varð um Sólvang. Þar kom í ljós að meira en helmingur þeirra sem voru á biðlista svaraði því til í rannsókn eða könnun að hann gæti verið heima ef hann fengi meiri heimahjúkrun og meiri þjónustu frá félagsþjónustu sveitarfélagsins. Helmingurinn á biðlistanum þurfti eiginlega ekki að vera þar heldur gat verið heima. Í sömu könnun voru einnig spurðir þeir sem voru inniliggjandi á Sólvangi. Meira en helmingur þeirra sagði líka að þeir hefðu getað verið lengur heima ef þeir hefðu fengið meiri heimahjúkrun og meiri félagsþjónustu frá sveitarfélaginu.

Maður spyr sig að því hvað hér sé uppi. Er verið að taka inn að hluta til sjúklinga sem ekki þurfa sjúkrahúsvist? Veitum við of litla þjónustu heima með heimahjúkrun og félagsþjónustu sveitarfélaga? Eru sjúklingar sem ættu að vera á hjúkrunarheimili í of dýrum rýmum inni á spítala? Erum við búin að stofnanavæða of mikið? Erum við með hóp fólks í of dýrum úrræðum miðað við þau úrræði sem viðkomandi gæti verið í og fengið þar fullkomlega viðeigandi þjónustu?

Ég tel að sú spurning sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir bar hér upp sé mjög athyglisverð. Ég er ekki tilbúin til að kveða upp úr með það hvort við breytum inntökureglunum. En það er mjög umhugsunarvert að sjá þessa dreifingu á eldri borgurum og að velta því fyrir sér hvort við séum á réttri leið í þessum málum.

[13:44]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn og svar ráðherrans. Ég tel reyndar að hæstv. ráðherra fari ákaflega vel af stað í sínu mjög erfiða ráðuneyti sem er með sí-breytilegar þarfir.

Staðreyndin er sú að þjóðin er að eldast og þess vegna verðum við að búa þannig í haginn að við getum mætt aukinni eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum. Við þurfum nauðsynlega að undirbúa þjóðfélagið undir þessar miklu breytingar. Stefnan hefur verið sú að aldraðir geti verið sem allra lengst heima. Þess eru dæmi á dvalarheimilum, t.d. eins og á dvalarheimilinu Kirkjuhvoli á Hvolsvelli, að þar hefur hjúkrunarrýmum verið fjölgað, m.a. vegna þess að ef ekki eru einnig hjúkrunarrými á dvalarheimilunum þarf oft að aðskilja hjón ef annað verður veikt en hitt er heilbrigðara. Ég hvet hæstv. ráðherra til dáða í þessum efnum og veit að hún mun gera sitt allra besta til að sinna þessum þörfum.

[13:45]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að bera fram þessa fyrirspurn og eins ráðherra fyrir svörin. Ég heyri ekki betur en hæstv. ráðherra hafi fullan skilning á því í hverju vandinn liggur og hvernig hægt væri að byggja upp mannúðlegri, betri og ódýrari þjónustu. Nú er bara að *sjá* hvort hæstv. heilbrigðisráðherra hafi afl, dug og kraft sem ráðherra Framsóknarflokks í núverandi ríkisstjórn til þess að fylgja hugmyndunum eftir. Það þýðir ekki að tala stöðugt um uppbyggingu hjúkrunarheimila. Við höfum ekkert að gera við fleiri hjúkrunarheimili. Það eru laus pláss á hjúkrunarheimilunum til að taka við sjúklingunum á Landspítalanum, en það verður að vera hægt að reka hjúkrunarheimilin, það þarf að vera hægt að greiða fólki laun til að reka þau. Sveitarfélögin þurfa fjármagn til að sinna sívaxandi hópi aldraðra inni á heimilunum, ekki með vitjun og þrifum einu sinni í viku heldur þjónustu þannig að aldraðir geti verið heima.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka umræðuna og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég heyri að hún hefur verið að kynna sér þessi mál og ég fagna því að hún tekur jákvætt í þá hugmynd sem ég bar fram í fyrirspurn um að semja sérstaklega við hjúkrunarheimilin um að Landspítalinn hafi forgang. Það eru mjög dýrir einstaklingar í dýrum rúmum þar inni eins og við höfum margoft bent á og ráðherra gerir sér grein fyrir, en það vantar heimaþjónustu, það er alveg ljóst.

Á dögunum spurði ég hæstv. ráðherra hvort hún teldi ástæðu til að koma á sjúkrahústengdri heimaþjónustu fyrir aldraða af Landspítalanum. Hún taldi svo ekki vera. Ég tel fulla ástæða til að skoða það líka því við vitum að stór hluti þeirra sem eru á biðlistum og þeirra sem eru á spítala telja sig geta verið heima ef næg þjónusta væri fyrir hendi, en svo er ekki. Heimaþjónustu vantar og það vantar líka hjúkrunarpláss þar sem Landspítalinn hefur ekki forgang inn á önnur heimili en þau tvö sem við nefndum. Það þarf því að *taka á þessum málum*.

Stærsta vandamálið og stærsta áhyggjuefnið er hvernig á að reka þau hjúkrunarheimili sem við höfum. Það þýðir lítið að tala um að byggja upp ný hjúkrunarheimili ef menn hafa ekki vilja til að greiða fólkinu í umönnunarstéttunum almennileg laun. Því verður að breyta og á því verður hæstv. ráðherra að taka í ríkisstjórninni því án þess lendum við í miklu stærri vanda en þeim sem ég er að brydda upp á í sambandi við sjúklingana á Landspítalanum.

Ég hvet því hæstv. ráðherra til að skoða samningaleiðina sem ég bendi á við hjúkrunarheimilin til að leysa vandann. Síðan þarf auðvitað að taka sérstaklega á heimaþjónustunni því það er ódýrasta leiðin og sú sem flestir vilja. Flestir vilja vera heima eins lengi og þeir geta og við viljum líka gera fólki það kleift.

[13:48]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tel eðlilegt að skoða hvort fara eigi í þá vinnu að láta stífari reglur gilda um hverjir komast inn á hjúkrunarheimilin. Það er eðlilegt að það verði skoðað þó ég vilji ekki kveða algerlega upp úr með hvort það verði niðurstaðan. Það þarf líka að skoða vistunarmatið. Það er framkvæmt á mjög mörgum stöðum og ég tel ástæðu til að skoða hvort við eigum að fækka þeim hópum sem gera vistunarmat.

Þegar maður sér niðurstöður eins og fengust í Hafnarfirði, þar sem helmingurinn af biðlistanum gæti verið heima ef hann fengi meiri þjónustu heim, spyr maður sig hvað sé í gangi. Af hverju er biðlistinn svona? Af hverju er þá ekki reynt að mæta þessum þörfum fyllilega heima? Það er líka rétt sem hér hefur verið bent á að það er vandi að ráða inn fólk til að sinna þessari þjónustu. Á það bæði við um heimahjúkrunina og félagsþjónustu sveitarfélaga. Það eru því ýmis vandamál á ferðinni í þessu sambandi.

Áðan var sagt að það þyrfti líklega ekki að byggja fleiri hjúkrunarrými. Ég held að það sé ekki hægt að taka svo sterkt til orða. Reyndar er búið að byggja upp fjölmörg hjúkrunarrými úti á landi eins og í Dalabyggð. Þar eru fleiri en 30 pláss fyrir 100 íbúa sem eru 67 ára og eldri. Hægt er að vista meira en 30% af eldri borgurum Dalabyggðar inni á stofnunum. Það er auðvitað ótrúlega há tala. Þannig er þetta víða á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu eru plássin fyrir 100 íbúa 67 ára og eldri svipuð og á Norðurlöndunum, en samt er þörf á að byggja meira. Maður spyr sig því: Af hverju er staðan svona? Ég tel að bæta þurfi við plássum á höfuðborgarsvæðinu en að leggja eigi meginþungann á næstu árum á að þjónusta meira heima og í öðruvísi og fjölbreyttara formi en er í dag á sambýlum og minni einingum.

Umræðu lokið.

Slys á börnum.

Fsp. KJúl, 504. mál. — Þskj. 737.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um slys á börnum. Fyrirspurnin er nokkuð sértæk vegna þess að ég spyr um fjölda slysa á börnum við leik á snjóþotu eða á vélknúnum sleðum.

Samkvæmt vef landlæknisembættisins verða hér á landi

um 5–6 þúsund slys á ári og þar af eru börn 14 ára og yngri talsvert stór hluti. Frá árinu 2002 hefur góð samræmd slysaskráning verið í uppbyggingu en samkvæmt upplýsingum á vef landlæknisembættisins og slysaskráningar er hún ekki komin í fullkomið horf, þ.e. það vantar enn þá töluverðar upplýsingar frá mörgum aðilum, sérstaklega landsbyggðinni, í hana auk þess sem þar er eingöngu byggt á grófu yfirheiti á slysaflokkum.

Verulega gott eftirlit er með börnum í skipulegu tómstundastarfi eða íþróttum en hins vegar eru börn ekki undir eftirliti þegar þau eru ein úti að leika sér. Það er auðvitað gott að börn séu talsvert úti að leika sér en engu að síður þarf að fræða þau og kynna fyrir þeim hvernig best sé að leika sér án þess að slys verði.

Ég tel mikilvægt að við höfum góðar og ítarlegar upplýsingar um slys og mismunandi slysaflokka barna til að forvarnir gegn þeim geti verið sem öflugastar. Þegar kemur að leik á snjóþotu þá vitum við að þá fáu daga sem börn hafa snjó til þess er kannski kappið meira en forsjáin að hlaupa út og leika sér og því verða slysin. Því miður hefur maður heyrt af alvarlegum slysum eins og höfuðkúpubrotum við slíkan leik. Því þykir mér áhugavert að heyra frá hæstv. heilbrigðisráðherra um tölur yfir þau slys svo við höfum einhverja mynd af því. Auk þess þykir mér áhugavert að heyra frá hæstv. ráðherra hvort í bígerð sé að fara af stað með einhvers konar forvarnaátak til að koma í veg fyrir slík slys vegna þess að við höfum séð að forvarnir gegn t.d. slysum við hjólreiðar, þ.e. hvatning til barna um að vera með hjálma við hjólreiðar hafa skilað sér verulega vel og gengið vel. Það er því spurning hvort ekki þyrfti að taka upp slíkt líka varðandi fleiri leiki, t.d. leik á tækjum eins og sleðum.

[13:54]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Spurt er: „Hversu mörg börn yngri en 15 ára slösuðust við leik á snjóþotum, sleðum og vélsleðum á árunum 2000–2005? Svar óskast sundurliðað eftir árum, aldri, kyni og búnaði."

Því er til að svara að sundurliðaðar upplýsingar með þeim hætti sem þingmaðurinn óskaði eftir liggja ekki fyrir á landsvísu. Upplýsingarnar sem ég hef eru hins vegar úr Slysaskrá Íslands sem byggja á upplýsingum frá slysadeild LSH. Þær eru byggðar á gögnum frá árinu 2004 þar sem upplýsingar um slys á börnum úr Slysaskrá Íslands voru tengdar við ítarlegri upplýsingar slysadeildar. Gögnin gefa ekki möguleika á öðru en að leita í skrifuðum athugasemdum að snjóþotum, sleðum og vélsleðum. Ekki er því möguleiki að finna ítarlegri upplýsingar um þessi slys fyrir öll árin sem spurt er um án þess að skoða gögn slysadeildar, annarra sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana en slíkt tekur langan tíma og til þess þarf mikinn mannskap.

Í meðfylgjandi upplýsingum er auk þess einungis um að ræða slys sem skráð voru á slysadeild LSH og tölurnar eru því hærri þegar litið er til landsins í heild.

Varðandi komur barna á slysadeildina slösuðust samtals 13 börn á snjóþotum og sleðum árið 2004, átta drengir og fimm stúlkur. Eitt ársgamalt barn, þrír drengir og ein stúlka sem voru þriggja ára, tveir fjögurra ára drengir, tvær fimm ára stúlkur, ein sjö ára stúlka, einn 11 ára drengur og tvö 12 ára gömul börn, drengur og stúlka.

Vegna fyrirspurnarinnar og svaranna er rétt að fram komi að Slysaskrá Íslands geymir upplýsingar um slys þar sem skráð eru meiðsl og upplýsingar um eignatjón í umferðaróhöppum. Einungis eru skráðar lágmarksupplýsingar, annars vegar um slysið og hins vegar um slasaða og ökutæki. Þar eru skráðar eftirfarandi breytur: Staðsetning, dagsetning, tími slyss og tegund, þ.e. vinnuslys, heima- og frítímaslys, flugslys, sjóslys, íþróttaslys, skólaslys og önnur slys. Jafnframt eru áverkar flokkaðir, þ.e. banaslys, mikil meiðsl, lítil meiðsl og skráðar athugasemdir um slys og slasaða einstaklinga.

Af ofangreindu má sjá að Slysaskrá Íslands veitir ekki ein og sér möguleika á upplýsingum um slys sem tengjast snjóþotum, sleðum og vélsleðum. Þær upplýsingar liggja á einstökum stofnunum og eru skráðar með mismunandi hætti. Á LSH er hins vegar sá möguleiki fyrir hendi að skrá svokallaðan vörukóða. Þeir eru um 2.200 talsins og hefur reynslan á slysadeild LSH sýnt að skráning vörukóðana er ófullkomin. Ástæða þess er sú að erfitt er fyrir starfsfólk að finna og skrá kóðann. Áformað er að bæta úr þessu með því að bæta leitarhugbúnaðinn með skráningarkerfi þegar efni leyfa. Þá má og nefna að vörukóðarnir voru þýddir á íslensku árið 1996 og þykir sú þýðing oft og tíðum ekki nægilega lipur. Þýðingin er nú í endurskoðun og er nokkuð á veg komin.

Hv. þingmaður spyr einnig hvort ráðherra telji að grípa þurfi til aðgerða til að auka öryggi barna við notkun á þessum búnaði. Því er til að svara að Árverkni, slysavarnir barna og unglinga við Lýðheilsustöð, hefur staðið fyrir upplýsingagjöf og áróðri til fjölda ára í samstarfi við Umferðarstofu um að börn noti hjálma þegar þau renna sér á sleðum og snjóþotum eins og á hjólum. Í fræðsluefni frá Umferðarstofu, Umferðarskóli ungra vegfarenda, sem sent er öllum forskólabörnum, eru börn og foreldrar fræddir um hvernig á að renna sér, hvar sé öruggt að renna sér og þar er einnig hvatt til hjálmanotkunar. Í fræðsluefni sem dreift er í ung- og smábarnavernd til foreldra 0–6 ára gamalla barna er ítrekað að foreldrar gæti að því að börn renni sér einungis á öruggum svæðum þar sem ekki er hætta á árekstrum við hluti og þau noti hjálma. Einnig er á það bent að börnin eigi að sitja þegar þau renna sér en liggja ekki á maganum til að forðast alvarlega áverka á hálsi og hrygg sem valdið geta lömun.

Ég vil að lokum nefna það að í máli sem þessu skiptir fræðsla og forvarnir miklu máli og ég tel að víða sé vel unnið á þeim vettvangi. Að mínum dómi er ekki efni til að grípa til annarra sérstakra aðgerða en hér hefur verið drepið á en halda þeim áróðri áfram sem við höfum nú þegar hafið. Svo er auðvitað mjög brýnt að hvetja þá sem bera ábyrgð á ungum börnum að axla almennt ábyrgð sína og passa vel upp á börn að leik.

[13:58]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Mér finnst þetta mjög áhugaverð fyrirspurn frá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur og full ástæða til að kanna hluti sem þessa. Ég bý í snjóþungu byggðarlagi, þó

núna sé snjór í mun skemmri tíma en þegar ég var að alast upp. Samt sem áður verðum við einmitt vör við áhættuþætti eins og þegar snjóaði á dögunum, að þá fara börnin ungu strax á þotum á óæskilega staði, þrátt fyrir aðvaranir og annað. Hins vegar er hjálmanotkun skylda í fjallinu okkar í lyftunni sem er ekki á öllum stöðum hvort sem fólk er á snjóþotu, bretti eða hverju sem er.

En ég hef áhuga á að vita hvort Árvekni, sem hæstv. heilbrigðisráðherra nefndi, hafi einhverjar tölur um slys af því að þeir sinna þessari upplýsingagjöf eins og hæstv. ráðherra kom inn á.

[14:00]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Forseti. Þessi fyrirspurn og svör ráðherra vekja mann til umhugsunar um öryggi barna og slysaskráningu. Ég held að það sé alveg ljóst að bæta þarf slysaskráningu hvað varðar börn. Fyrir nokkrum árum ræddum við ítarlega í þinginu að koma þyrfti á sérstakri slysaskráningu fyrir börn. Það er alveg ljóst að bæta þarf ástandið í slíkri slysaskráningu.

Síðan tel ég fulla ástæðu til að íhugað verði hvort eigi að setja hjálmaskyldu á börn sem eru á snjósleðum, snjóþotum eða að leik við slíkar aðstæður. Það er ekkert síður hættulegt að detta af sleða á fullri ferð en af hjóli eða lenda í árekstri á sleða en á hjóli.

Ég held að full ástæða væri til að huga að því að koma slíku ákvæði í lög. Þetta er (Forseti hringir.) mikið öryggisatriði.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. En mér finnst töluvert alvarlegt mál ef við höfum ekki samræmda slysaskráningu fyrir landið allt heldur séum við eingöngu að fá upplýsingar frá höfuðborgarsvæðinu. Landsbyggðina virðist vanta algerlega inn í þetta og þar eru snjóþungu svæðin. Á höfuðborgarsvæðinu eru færri dagar til leikja á snjóþotum.

Ég vil því skora á hæstv. heilbrigðisráðherra að drífa í að koma þessari samræmdu slysaskráningu, sérstaklega hvað börnin varðar, í samt lag og koma henni í það lag að hægt sé að nálgast upplýsingar um landið allt. Ekki bara höfuðborgarsvæðið. Það er ekki nægjanlegt.

Herra forseti. Þá tel ég, og það kemur líka fram á vefsíðu landlæknisembættisins um slys, að góðar upplýsingar úr slíkri sjúkraskrá séu forsenda þess að hægt sé að ná góðum árangri í forvörnum. Hún sé forsenda þess. Á árinu 2004 voru skráð hvorki fleiri né færri en 7.000 slys á börnum á höfuðborgarsvæðinu. 7.000 slys sem skráð eru hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Þetta er mjög mikill fjöldi og þar af voru tæplega 4.200 heima- og frítímaslys. Þetta er augljóslega mál sem við verðum að skoða.

Þarna er landsbyggðin ekki inn í. Þetta er eingöngu Landspítali – háskólasjúkrahús. Augljóst er að við þurfum að taka okkur á og ég vil hvetja nýjan heilbrigðisráðherra til að gera skurk í þessum efnum. Láta í það fjármagn svo skráning sé skipulega samræmd vegna þess að öðruvísi verða (Forseti hringir.) forvarnirnar ekki öflugar og auk þess tel ég að grípa eigi til aðgerða og (Forseti hringir.) hvetja til hjálmanotkunar við allan búnað við frístundir. Ekki bara hjólreiðar.

[14:03]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Spurt var um m.a. hvaða upplýsingar Árvekni hefur almennt undir höndum. Ég get ekki svarað því á þessari stundu. En það er alveg ljóst, eins og kom fram í fyrra svari mínu, að 13 slys voru skrásett árið 2004 á höfuðborgarsvæðinu á snjóþotum og sleðum. 13 slys á höfuðborgarsvæðinu. Verið er að bæta skráninguna eins og kom fram áðan og hvatt er til þess að börn noti hjálma við sleðanotkun eins og við hjólanotkun. Sá áróður er því í gangi og hefur verið um nokkurt skeið. Við sjáum að vaxandi fjöldi barna notar hjálma á sleðum núna.

Ég held að þingmenn allir muni það þegar þeir voru yngri og voru á sleðum, það var enginn með hjálm, ekki nokkur maður. Og enginn með hjálm á skíðum. Það er því að aukast að krakkar noti hjálma sem betur fer. Ég kýs að túlka það svo að Árvekni – slysavarnir barna, Lýðheilsustöð og almenn fræðsla í samfélaginu sé að skila sér.

En auðvitað mun þessi áróður halda áfram. Hann er mjög mikilvægur af því slys sem verða á sleðum geta verið mjög alvarleg, geysilega alvarleg. Þess vegna er mjög brýnt að koma því líka á framfæri, eins og ég gerði í fyrra svari mínu, að börn eiga að sitja svo þau slasi sig sem minnst ef þau lenda í einhverju.

Umræðu lokið.

MFS-einingin á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Fsp. ÁÓÁ, 563. mál. — Þskj. 817.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég hreyfi við máli sem snertir afar mikilvæga þjónustu í heilbrigðiskerfi okkar. Um er að ræða svokallaða þjónustu MFS-eininga sem útleggst: Meðganga, fæðing og sængurlega innan Landspítalans. Þessi þjónusta hefur verið framúrskarandi en ég þekki hana á eigin skinni og hef notið hennar með mín eigin börn.

Hugsunin á bak við MFS er m.a. að verðandi foreldrar fái samfleytta þjónustu sömu ljósmæðra í meðgöngu, fæðingu og sængurlegu, ásamt því að veita verðandi foreldrum persónulega þjónustu og fræðslu þar sem leitast er við að mæta þörfum og óskum hvers og eins.

Skal stefnt að því að fjölskyldan sameinist sem fyrst eftir fæðinguna og styrki þannig tengslamyndun. MFS-ljósmæður hafa því annast mæðraeftirlit frá upphafi, foreldrafræðslu og fæðingarhjálp. Konur sem njóta MFS-þjónustunnar hafa átt kost á 6 til 24 klukkustunda sængurlegu í Hreiðrinu svokallaða, en eftir það fá konurnar þjónustu sömu MFS-ljósmæðra heim eftir þörfum.

Herra forseti. Nú er búið að loka þessari frábæru þjónustu og nú þegar er hætt að taka við nýjum konum í þá

þjónustu. Síðustu konurnar sem munu fæða innan þessa kerfis fæða í sumar. Við þetta hefur þjónustu við fjölskyldur hrakað, m.a. vegna þess að nú hafa konur ekki rétt á að hafa sömu ljósmæðurina í öllu ferlinu, líka í mæðraverndinni.

Með umræddri lokun hefur sömuleiðis verið dregið úr valkostum fyrir fjölskyldur. Núna mun mæðraverndin vera að öllu leyti innan heilsugæslunnar en mæðravernd innan MFS var eina mæðraverndin sem var eftir hjá Landspítalanum. Margir eru ósáttir við þetta og þar á meðal foreldrar og ljósmæður. Mikil ánægja hefur verið með þjónustu MFS-einingar, og því langar mig að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra nokkurra spurninga.

Er ráðherra tilbúinn að tryggja áframhaldandi þjónustu svokallaðrar MFS-einingar innan Landspítala – háskólasjúkrahúss?

Ef ekki, verður þjónustan og núverandi frelsi einstaklinga til að velja um mismunandi þjónustu tryggt annars staðar og þá með hvaða hætti?

Hvernig verður sú aðstaða nýtt sem MFS-einingin hefur notið verði þjónustan lögð niður á Landspítalanum?

Hve margar konur hafa valið þjónustu MFS-einingarinnar á undanförnum árum og hversu hátt hlutfall er það af heildarfjölda kvenna sem eignast hafa börn á spítalanum?

Hvað kostar þjónusta MFS-einingarinnar í samanburði við aðra þjónustu Landspítalans sem varðar meðgöngu, fæðingu og sængurlegu?

[14:08]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Spurt er: „Er ráðherra tilbúinn að tryggja áframhaldandi þjónustu svokallaðrar MFS-einingar innan Landspítala – háskólasjúkrahúss?"

Því er til að svara að einingin MFS, eða meðganga, fæðing og sængurlega, var stofnuð árið 1994 og hefur frá þeim tíma veitt góða þjónustu og verið um margt til fyrirmyndar. Á þessu tímabili hafa þó ýmsar aðstæður breyst. Gerður var samningur sem nýlega var endurnýjaður milli sjálfstætt starfandi ljósmæðra og Tryggingastofnunar ríkisins um að sinna heimaþjónustu þannig að konur gætu farið snemma heim.

Miðstöð mæðraverndar var stofnuð árið 2002 og er hún innan heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, og myndar þar kjarna starfseminnar en allar heilsugæslustöðvar á Stór-Reykjavíkursvæðinu hafa nú sérstakar ljósmæður til að sinna mæðravernd og sumar hafa í raun margar ljósmæðrastöður.

Þjónusta sambærileg við MFS-þjónustuna stendur konum til boða á heilsugæslustöðvunum og er það almenn skoðun að þar sé henni best fyrir komið.

Í öðru lagi spyr þingmaðurinn: „Ef ekki, verður þjónustan og núverandi frelsi einstaklinga til að velja um mismunandi þjónustu tryggt annars staðar og þá með hvaða hætti?"

Því er til að svara að ég tel að þær skipulagsbreytingar sem nú eiga sér stað í mæðravernd á höfuðborgarsvæðinu bjóði konum meira og betra val en áður. Aðeins 10% kvenna hafa komist að í MFS hingað til en nú gefst konum kostur á að velja sér ljósmóður á sinni heilsugæslustöð og hún getur að mjög miklu leyti fylgt konunni eftir alla meðgönguna. Samhliða þeim breytingum gefst mun fleiri konum en verið hefur kostur á að fæða í Hreiðrinu svokölluðu á LSH en þar fara fram fæðingar sem ekki krefjast mikillar sérhæfðrar aðstoðar.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvernig verður sú aðstaða nýtt sem MFS-einingin hefur notið verði þjónustan lögð niður á Landspítalanum?"

Samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjórum kvennasviðs á LSH verður MFS-aðstaðan enn betur nýtt en verið hefur. Í stað þess að 280 konur fæði í Hreiðrinu geta eftir yfirstandandi breytingar um 700 konur fætt þar.

Í fjórða lagi er spurt: „Hve margar konur hafa valið þjónustu MFS-einingarinnar á undanförnum árum og hversu hátt hlutfall er það af heildarfjölda kvenna sem eignast hafa börn á spítalanum?"

Þar sem erfitt hefur reynst að manna MFS-einingunna og ýmis vandkvæði hafa komið upp við framkvæmd þessa kerfis, er það mjög breytilegt frá ári til árs hve margar konur hafa fætt í MFS. Árin 1995–2001 voru það um 200 konur á ári. Árin 2001–2002 voru það um 400 konur, en árin 2002–2005 um 300 konur. Er það um 10% af heildarfjölda.

Í fimmta lagi er spurt: „Hvað kostar þjónusta MFS-einingarinnar í samanburði við aðra þjónustu Landspítalans sem varðar meðgöngu, fæðingu og sængurlegu?"

Virðulegi forseti. Því er til að svara að ekki er alveg einfalt að bera saman kostnað við starf á fæðingargangi þar sem ljósmæður starfa eingöngu við fæðingar og kostnað MFS-einingarinnar þar sem ljósmæður sinna konum á meðgöngu, fæðingu og sængurlegu. En ef heildarlaun er skoðuð eru laun MFS-ljósmæðra 6–7% hærri, en það skýrist að hluta til af því að aukinn kostnaður er við bakvaktir MFS-ljósmæðra og útköll vegna fæðinga.

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður hefur með spurningum sínum beint sjónum okkar að breytingum á þeirri þjónustu sem veitt er konum um meðgöngu, fæðingu og sængurlegu á höfuðborgarsvæðinu nú um stundir. Ég tel að MFS-einingin hafi sannarlega átt fullan rétt á sér á sínum tíma og hafi skilað góðu verki. Ég er hins vegar líka sannfærð um að þær breytingar sem nú er verið að gera munu svara kalli tímans og þær munu efla enn frekar þjónustuna við þennan mikilvæga hóp skjólstæðinga heilbrigðisþjónustunnar. Samfella í þjónustu er vel tryggð. Konur fá þjónustu sem næst heimahúsum innan vébanda heilsugæslunnar og öryggis er gætt eftir því sem frekast er unnt.

Ég tel að sú þróun sem er að verða á MFS-þjónustunni eða þjónustu gagnvart konum sem eru á meðgöngu, í fæðingu og sængurlegu, sé mjög vel fyrir komið í þessu nýja kerfi sem hefur tekið eiginlega við af MFS-kerfinu.

[14:12]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Langflestar fæðingar eru eðlilegar fæðingar og eðlilegur hluti í lífi hverrar konu. Ég tel að við verðum að horfa á þá þjónustu út frá því og varast að sérhæfa þjónustuna um of. MFS-hugmyndafræðin er mjög góð og henni er fylgt eftir að mestu leyti innan heilsugæslunnar. En einnig eru sjálfstætt starfandi ljósmæður sem hafa fram að þessu getað unnið samkvæmt þeirri hugmyndafræði.

Ég tel að við verðum á sama tíma að horfa á fæðingar úti um allt land og varast það að dregið sé úr fæðingarþjónustu vítt og breitt um landið og eins eigum við að horfa til fleiri valmöguleika en til hátæknisjúkrahúsanna (Forseti hringir.) og fæðingardeildarinnar (Forseti hringir.) sem var mjög þægileg og góð fyrir fæðandi konur.

[14:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Forseti. Þetta er verðug umræða um MFS-einingunа á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem hefur gefist mjög vel. Það sem mér finnst vera aðalatriðið er að sængurkonur eigi valkost. Það var einmitt umræðan hér þegar verið var að leggja niður Fæðingarheimilið á sínum tíma. Þá var ekki lengur valkostur fyrir konur sem voru að fæða því þær urðu allar að fara inn á Landspítala.

Síðan kom upp valkosturinn með MFS og hæstv. ráðherra segir að sambærileg þjónusta verði í heilsugæslunni. Ég spyr: Munu ljósmæðurnar í heilsugæslunni koma inn á spítalann og vera viðstaddar fæðinguna eða aðstoða við fæðingu? Það held ég ekki. Að minnsta kosti skilst mér það ekki. Þá er það náttúrlega ekki sambærileg þjónusta.

Aftur á móti spyr ég mig hvort það sé jákvætt að mun fleiri geta nýtt sér Hreiðrið til að fæða og þá aðstöðu sem þar er. En ég velti þá fyrir mér hvort það sé sambærileg þjónusta sem heilsugæsluljósmæðurnar (Forseti hringir.) eru að veita.

[14:15]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Það veldur mér töluverðum vonbrigðum að heyra að hæstv. ráðherra ætli ekki að beita sér fyrir því að opna MFS-einingunа aftur vegna þess að ég tel að þar sé verið að skerða enn frekar valfrelsi kvenna sem eru að fara að fæða börn til þess með hvaða hætti og við hvaða aðstæður þær kjósa að fæða börn sín.

Mér finnst því miður vera tilhneiging og hafa verið tilhneiging á undanförnum árum, bæði eftir lokun Fæðingarheimilisins og síðan núna, að spítalavæða fæðingar. Það finnst mér uggvænleg þróun vegna þess að eins og komið var hér inn á eru flestar fæðingar eðlilegar og ganga vel og mér finnst við ekki eiga almennt að spítalavæða fæðingar. Konur verða að hafa valkosti, eða foreldrar vegna þess að þeir taka nú þátt í þessu saman, það verða að vera fjölbreyttir möguleikar í tengslum við fæðingar og aðstæður.

En þessi spítalavæðing finnst mér varhugaverð og ég tel að við verðum að fara að leita (Forseti hringir.) annarra leiða.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég vil þakka ráðherra fyrir svör hennar og þeim þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu. En ég vil lýsa gríðarlegri óánægju og vonbrigðum með svar hæstv. heilbrigðisráðherra. Hæstv. ráðherra viðurkennir að hér sé um að ræða mikilvæga þjónustu sem hafi verið bæði framúrskarandi og góð. En af hverju er þá verið að breyta því sem vel er gert og mjög mikil ánægja er með? Það er alveg ljóst að það er verið að skerða þjónustu og það er verið að skerða valfrelsi fjölskyldna. Ég skil ekki hvernig hæstv. ráðherra getur komið hér fram og sagt að eftir þessa breytingu muni konur og fjölskyldur hafa meira val en áður. Meðan MFS var við lýði gat fólk leitað til heilsugæslunnar. Nú á að setja alla í sama mót hvað það varðar. Það er skerðing á valkostum. Það er búið að gera nóg af því í þessum málaflokki.

Það er ótrúlega gott að geta notið aðstoðar sömu ljósmóður í öllu ferlinu, líka eftir fæðinguna. Það mun breytast núna. Það var einn af stærstu kostum MFS-einingarinnar. Það var einn kjarninn í þeirri hugmyndafræði sem ljósurnar í MFS tefldu fram. Það er líka komið fram að fólk er tiltölulega ósátt við þessa breytingu.

Það er síðan allt önnur spurning, að auka sambærilega aðstoð og finna má í Hreiðrinu. Ég get alveg tekið undir að við eigum að gefa fleiri konum og fjölskyldum kost á að fæða í Hreiðrinu og njóta þeirrar aðstöðu. Það á að vera markmið okkar allra.

En það gengur ekki, að mínu mati, að leggja niður þjónustu sem allir eru ánægðir með því ekki eru það kostnaðarrök sem kalla á það, þar sem ráðherrann staðfesti við þessa umræðu að óljóst sé hvað kostnaður varðandi MFS-einingunа sé mikill. Það virðast því ekki vera kostnaðarleg rök sem kalla á þetta.

Þannig að eftir stendur að þjónustan versnar og valfrelsi er skert. Ég skora á hæstv. ráðherra að sýna djörfung og dugnað í þessu máli og koma þessari góðu þjónustu aftur á koppinn. Fólk var ánægt með hana og þetta var skynsamleg leið til að tryggja nægjanlegt valfrelsi í málaflokki sem hefur þurft að þola allt of mikinn skort og (Forseti hringir.) skerðingu á valfrelsi hingað til.

[14:18]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég get nú ekki áttað mig á því að við séum að spítalavæða fæðingar. Ég held að það sé nákvæmlega það sem ekki er verið að gera. Þróunin hefur verið sú að við erum einungis að veita þá þjónustu sem þörf er á hverju sinni varðandi fæðingar. Þannig að ég get ekki tekið undir að við séum að spítalavæða fæðingar almennt.

Það er einmitt þannig að sængurlegan hefur verið að stórbreytast á undanförnum árum. Hún er miklu styttri núna en nokkurn tímann áður. Það er undantekning ef konur liggja lengi inni. Þá er það vegna þess að eitthvað mikið hefur verið að. Svo það er aldeilis ekki verið að spítalavæða fæðingar í dag. Það er þvert á móti verið að reyna að standa að þeim á eins náttúrlegan hátt og hægt er í hverju tilviki fyrir sig.

Varðandi MFS-þjónustuna er búið að efla heilsugæsluna á þessu sviði og það er þannig að sama ljósmóðirin getur fylgt konu eftir meira og minna alla meðgönguna og eftir fæðingu líka. Þar er mikil samfella. Ég tel líka að það sé mjög jákvætt að með þessum breytingum, eins og hér kom fram í fyrra svari mínu, að samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjórum kvennasviðs á LSH, þá verður MFS-aðstaðan nýtt enn betur en áður. Í stað þess að 280 konur fæða í Hreiðrinu þá munu þessar breytingar bjóða þeirri stöðu heim að um 700 konur geti fætt þar.

Ég tel því að við sinnum þjónustu við konur á með-

göngu mjög vel bæði í fæðingu og á sængurlegu og að sú þróun sem hefur átt sér stað upp á síðkastið bjóði upp á mjög góð úrræði.

Umræðu lokið.

Gjaldtaka á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Fsp. ÁRJ, 643. mál. — Þskj. 948.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um mismunun sjúklinga með gjaldtöku á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Þar á ég við annaðhvort mismikla gjaldtöku fyrir sambærileg veikindi eða jafnvel enga og mikla gjaldtöku annars vegar.

Við höfum verið að ræða undanfarið skýrslu sem yfirmenn og sérfræðingar hjá Tryggingastofnun ríkisins gerðu um réttlátari notendagjöld í sjúkratryggingunum í heilbrigðisþjónustunni. Það hefur verið mjög mikilvæg umræða. Það er auðvitað nauðsynlegt að bregðast við ef í ljós kemur að mikill ójöfnuður er orðinn í heilbrigðiskerfinu.

Mér finnst ástæða til að beina athyglinni að sjúklingum sem njóta þjónustu við Landspítala – háskólasjúkrahús og mismunandi greiðslur sem þeir búa við. En 15. mars. síðastliðinn skrifaði krabbameinssjúklingur, sem skrifar undir grein sína sem öryrki, í Morgunblaðið og vakti athygli á þeirri mismunun sem krabbameinssjúklingar búa við, sem eru í meðferð á Landspítalanum. Hann lýsir því hvernig hann fer á göngudeildina, kemur á þriggja vikna fresti, fær sneiðmynd og sprautur o.s.frv. Hann segir hér, öryrkinn, að fyrir þessa læknisþjónustu borgi hann yfir 100.000 kr. á ári, eftir að hann er kominn með afsláttarkort.

Á sama tíma þarf krabbameinssjúklingur sem er lagður inn á K-deild Landspítala – háskólasjúkrahúss og fær meðferð þar, ekki að borga neitt, hann fær ókeypis þjónustu. Þarna eru tveir krabbameinssjúklingar, annar borgar yfir 100.000 kr. á ári, með afsláttarkorti, og hinn borgar ekki neitt. Þarna er auðvitað komin upp staða sem við þurfum aðeins að huga að.

Ég spyr því hæstv. heilbrigðisráðherra: Finnst ráðherra eðlilegt að mismuna sjúklingum, svo sem krabbameinssjúklingum, með gjaldtöku eins og gert er á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, eftir því hvort þeir fá meðferðina á göngudeild eða á legudeild?

Hefur hæstv. ráðherra áform um að koma til móts við sjúklinga sem bera mikinn kostnað af meðferð á göngudeildum sjúkrahúsanna? Ég er hér bara með dæmi um sjúkling sem borgar 100.00 kr. á ári fyrir krabbameinsmeðferð. Það eru mun verri dæmi til.

Það er hægt að fá skattafslátt vegna mikils kostnaðar í heilbrigðiskerfinu. Það þarf að huga að því á skattframtali. Það eru greiddir styrkir úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna eða verkalýðsfélaganna, en þeir eru skattlagðir, eins og hefur komið fram hér í umræðunni.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann að huga að jöfnuði þannig að það verði (Forseti hringir.) komið til móts við þá sjúklinga sem eru að sækja þjónustu sína á göngudeildina, (Forseti hringir.) sem er auðvitað hagkvæmari fyrir spítalann, en kostnaðarsamari fyrir sjúklinginn?

[14:24]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt hvort ráðherra finnist eðlilegt að mismuna sjúklingum, svo sem krabbameinssjúklingum með gjaldtöku, eins og gert er á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, eftir því hvort þeir fá meðferð á göngudeða legudeild. Það er líka spurt: Hefur ráðherra áform um að koma til móts við sjúklinga sem bera mikinn kostnað af meðferð á göngudeild sjúkrahúsa?

Því er til að svara að lög um almannatryggingar gera ráð fyrir að ef sjúkratryggður einstaklingur þarf að ráði læknis á sjúkrahúsvist að halda þá sé honum tryggð ókeypis sjúkrahúsvist. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Lögin gilda óháð því hvort um er að ræða krabbameinssjúklinga eða sjúklinga með annars konar sjúkdóma. Þetta er bara hin almenn regla sem er háð læknisfræðilegu mati. Matið á því hvort sjúklingur eigi að leggjast inn á sjúkrahús eða hvort meðferð fari fram á göngudeild sjúkrahúss er hjá læknum. Þeir geta væntanlega metið fólk með sömu sjúkdóma á mismunandi hátt, þ.e. hvort leggja einhverja þurfi inn vegna hugsanlegra aukaverkana af því viðkomandi er í ákveðnu líkamlegu ástandi o.s.frv. Þarna er um læknisfræðilegt mat að ræða þar sem skorið er úr um hvort meðferðin fari fram á göngudeildinni eða með innlögn.

Ef hægt er að veita þjónustuna á göngudeildum sjúkrahúsa gilda sambærilegar reglur um gjaldtöku og ef þjónustan er veitt utan sjúkrahúsa á einkastofum sérgreinalækna. Göngudeildarþjónustan telst vera sambærileg þeirri þjónustu sem veitt er á einkastofum sérgreinalækna og því ekki hægt að hafa gjaldtökuna lægri á göngudeildum sjúkrahúsa. Gæta verður að samkeppnislögum í þessu sambandi.

Hvort áform séu um að koma til móts við sjúklinga sem bera mikinn kostnað af meðferð á göngudeildum sjúkrahúsa, þá vil ég benda á að það er gert með ýmsu móti og vil ég nefna hér nokkur atriði í því sambandi. Til dæmis er komið til móts við sjúklinga þannig að ef kostnaður fer umfram 18.000 kr. þá á sjúklingurinn rétt á afsláttarskírteini sem leiðir til lækkunar á gjöldum. Sambærilega tölur eru 6.000 kr. fyrir börn og 4.500 kr. fyrir aldraða og öryrkja. Ég geri mér grein fyrir að í því tilviki er hér um ræðir þarf viðkomandi að greiða miklu hærri upphæðir.

Annað dæmi um hvernig komið er til móts við sjúklinga sem bera mikinn kostnað af læknismeðferð, er að heimilt er, samkvæmt reglugerð, að endurgreiða sjúklingi útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar ef útgjöldin teljast umtalsverð miðað við tekjur fjölskyldunnar. Þarna er sem sagt heimild í reglugerð og Tryggingastofnun ríkisins sér um þessar greiðslur eftir að búið er að meta viðkomandi og þá hve mikinn kostnað hann hefur borið. Það er þá tengt við fjölskyldutekjur og hvort þetta teljist umtalsverður kostnaður. Þannig að þar er líka möguleiki að koma til móts við þá sem bera mikinn kostnað af meðferð sinni.

Virðulegur forseti. Undanfarið hefur verið rætt um að

sjúklingum sé mismunað í notendagjöldum fyrir heilbrigðisþjónustu. Þetta hefur verið almenn umræða í samfélaginu í tengslum við skýrslur sem Tryggingastofnun gerði. Ég tel að þegar sjúklingar fá ókeypis sjúkrahúsvist, afsláttarskírteini sem leiða til lægri gjalda fyrir heilbrigðisþjónustuna, eða fá endurgreitt frá Tryggingastofnun ríkisins vegna kostnaðar við læknishjálp, lyf og þjálfun, þá sé um jákvæða ívilnun að ræða en ekki mismunun. Í því sambandi vil ég benda á að það er megininntak velferðarkerfisins að koma til móts við þá sem bágast eiga í samfélaginu með þessum úrræðum. Það er því mjög erfitt að kalla þetta mismunun því þetta er á almennum nótum, þ.e. að sumir fá afslætti en aðrir ekki, því af hverju fær fólk afslætti? Það hefur verið samstaða um að veita þeim afslætti sem þurfa á því að halda. Það er mjög auðvelt að hrópa á stjórnmálamenn: Einfaldið þið kerfið, einfaldið þið kerfið. En það er eðlilegt að það sé flókið af því við erum að koma til móts við ákveðna aðila sem eiga erfiðara með að standa undir kostnaði en aðrir.

Auðvitað væri mjög jákvætt að einfalda kerfið. En ég bendi á að það verður aldrei mjög einfalt. Eðli kerfisins felur það í sér að það getur ekki orðið mjög einfalt.

[14:29]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjandanum Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að hreyfa þessu máli. Að heyra þá tölu að krabbameinssjúklingur í „velferðarríkinu" Íslandi greiði 100.000 kr. á ári eftir að hafa fengið afsláttarkort vegna meðferðar sinnar, finnst mér ekki hægt. Það er ekki boðlegt fyrir sjúklinga á Íslandi, sem eiga við jafnalvarleg veikindi að stríða og krabbamein er að þurfa að greiða slíkar upphæðir. Þetta er tala frá einum sjúklingi. Við höfum ekki fengið tölur frá öðrum og því er hægt að ímynda sér að þær geti verið bæði hærri og lægri.

En það sama hver talan er þá er þetta allt of hátt. Þetta er eitthvað sem verður að fara í gegnum. Það hefur verið mín skoðun lengi að gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu sé komin úr öllu hófi og hana verði að taka til gagngerrar endurskoðunar. Og sömuleiðis verði að einfalda leiðir og aðgengi fólks að möguleikum (Forseti hringir.) tryggingakerfisins.

[14:30]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn um mismunun krabbameinssjúklinga sem koma á göngu- og legudeild. Við heyrum oft, hæstv. forseti, talað um mismunun í heilbrigðiskerfinu og mismunandi gjaldtöku og að það þurfi að einfalda og samræma gjaldið. Ég tel að það sé rétt. Það á að samræma gjaldið á þann hátt að gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu sé minni en hún er nú, þar með yrði hún einfölduð. Ef gjaldtakan væri dregin til baka þyrfti ekki að hafa þessar flóknu reglur um jákvæða ívilnun fyrir sjúklinga.

Reglur um gjaldtöku á göngudeildunum hafa verið settar vegna samkeppnissjónarmiða við einkareknar stofur en ég tel að það eigi að horfa á þær út frá sjónarmiðum (Forseti hringir.) sjúklingsins, spítalans sem sparar mikla fjármuni á göngudeildarþjónustunni.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti. Ég verð að segja að ég varð fyrir vonbrigðum með hæstv. ráðherra. Hann ætlar ekki að taka á þessu. Það verður að ríkja jöfnuður í velferðarkerfinu og í gjaldtökunni. Vissulega á sjúkrahúsvist að vera ókeypis. Það á ekki að íþyngja veiku fólki með gjaldtöku. Það borgar skatta meðan það er heilbrigt en þegar það er orðið veikt þá kemur velferðarkerfið til móts við það og léttir undir. Það er óeðlilega mikill munur á sjúklingi sem lendir inni á legudeild og borgar ekkert og sjúklingi sem er á göngudeild og borgar um 100 þús. kr. — öryrki sem borgar lægra gjald og er með afsláttarkort. Þetta gengur ekki. Við verðum að skoða þennan ójöfnuð í kerfinu. Það þarf að skoða þessa gjaldtöku alveg eins og aðra gjaldtöku í sjúkratryggingunum. Sérfræðingar benda á að þarna sé orðinn óeðlilega mikill munur. Hér er bara talandi dæmi um að þetta gengur ekki svona.

Hæstv. ráðherra bendir á að í almannatryggingalögunum er heimild til að endurgreiða mikinn sjúkrahúss- eða heilbrigðiskostnað en það er mjög tekjutengt og það er tengt við allar tekjur fjölskyldunnar, líka makans. Það er mjög erfitt þegar aðalfyrirvinna fjölskyldu verður veik og frá störfum og maki þarf kannski að leggja á sig viðbótarvinnu til þess að sjá fjölskyldunni farborða að þá eru þær tekjur teknar til viðmiðunar þegar á að endurgreiða. Oftar en ekki er ekki endurgreitt vegna þess að tekjutengingin er svo mikil.

Það verður að taka á þessum hlutum og ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða þetta betur og fara í þessa vinnu. Það er ekki hægt að láta þetta viðgangast. Þarna er ójöfnuðurinn orðinn allt of mikill í kerfinu. Það verður að gæta réttlætis og jafnaðar í velferðarkerfinu.

[14:34]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Reynt er að koma til móts við þá sem verða fyrir miklum útgjöldum. (**Gripið fram í:** Allt of lítið.) Hið almenna er að afsláttarskírteinin duga fyrir mjög marga. Ég geri mér grein fyrir því að þegar upphæðirnar verða svona háar eru afsláttarskírteinin hlutfallslega lítill hluti af heildarupphæðinni. Það byrjar að tikka inn við 18 þús. kr., sem dugar langflestum, en þegar upphæðirnar eru orðnar mjög háar er það hlutfallslega miklu lægri hluti af heildarútgjöldum viðkomandi.

Þá kemur hinn möguleikinn til, sem hér hefur verið gerður að umtalsefni, að hægt er að endurgreiða útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar ef útgjöldin teljast umtalsverð miðað við tekjur fjölskyldunnar, þá fer það að koma til skoðunar. Ég tel því eðlilegt að látið verði reyna á þá leið í þessum tilvikum, ég bendi á að það eru þarna tvær leiðir. Líklega duga afsláttarskírteinin ekki eins vel fyrir fólk sem er með svona háar upphæðir og fyrir aðra. En þá ætti líka að koma til hinnar reglunnar þar sem hægt er að aðstoða ef útgjöldin eru að verða umtalsverð miðað við tekjur fjölskyldunnar.

Umræðu lokið.

[14:35]

Útbýting:

Kvennaskólinn á Blönduósi, 693. mál, þáltill. AHB o.fl., þskj. 1023.

Skoðanakannanir, 769. mál, fsp. MÞH, þskj. 1130.

Sumartími og skipan frídaga, 729. mál, þáltill. GÞÞ o.fl., þskj. 1065.

Tollalög og tekjuskattur, 733. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1069.

Trjáræktarsetur sjávarbyggða, 727. mál, þáltill. GHj o.fl., þskj. 1063.

Skattkerfið og fjárfestingar í sprotafyrirtækjum.

Fsp. BjörgvS, 515. mál. — Þskj. 752.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra sem hljóðar svo:

„Er til athugunar að nota skattkerfið í auknum mæli til að auka áhuga fjárfesta á sprotafyrirtækjum? Ef svo er, hvernig?“

Ástæða fyrirspurnarinnar er sú að ég tel að við þurfum að nota skattkerfið í miklu meira mæli til að efla sprotafyrirtækin og hátækniiðnaðinn og leita leiða til að fá aukið fjármagn inn í þessar greinar með ívilnunum í gegnum skattkerfið og endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði. Það er úrelt leið að ausa út styrkjafé til nýsköpunarfyrirtækja hvers konar, sprotafyrirtækja og hátækniiðnaðar. Við eigum miklu frekar að fara þá leið að endurgreiða og ívilna í gegnum skattkerfið. Þar hefur verið talað um norsku leiðina þar sem 20% af rannsóknar- og þróunarkostnaði skilgreindra verkefna eru endurgreidd upp að ákveðinni upphæð, 10 milljónir, 20 milljónir eða 100 milljónir. Þetta er mjög góð og gagnsæ aðferð til að ívilna sprotafyrirtækjum og greinum í hátækni hvers konar sem verið er að stofnsetja, sérstaklega af því að 70% af þróunarverkefnum eru almennt launakostnaður. Þetta fer því allt með einum eða öðrum hætti í ríkissjóð og þetta er miklu betri leið en flókið kerfi ógagnsærra styrkja og ívilnandi lána sem skila sér illa til baka.

Í þessu sambandi er mjög athyglisvert að skoða hagtölur um hlutfall verðmætasköpunar í hátækniiðnaði hvers konar. Árið 1995 var hlutfall hátækniiðnaðar í verðmætasköpun 0,6%. Níu árum síðar, 2004, var það orðið 3,9%, 852 milljarðar, hafði verið 451 milljarður árið 1995 og hefur orðið gífurleg breyting þar á. En á síðustu árum hefur hægt á þessari þróun og hún er eiginlega stopp og þarf að leita leiða til að efla hátækni- og sprotagreinar með sérstökum hætti. Verðmæti hátæknigreina var árið 1998 talið vera um 5 milljarðar og verðmætasköpun eftir greinum árið 2003 var tæp 4% á sama tíma og áliðnaðurinn skapaði um 1,2% af þessu. Það er því fróðlegt að skoða ýmsar hagtölur, sérstaklega til að sjá hve aukningin hefur verið mikil á síðustu árum í svokölluðum hátæknigreinum, upplýsingatækni, framleiðslu lyfja, lækningatækjum og sérhæfðum vélbúnaði, sem skapa nú, eins og áður sagði, um 4% af landsframleiðslunni en hafa hægt mjög á sér og þarf að leita leiða (Forseti hringir.) til að efla þessi fyrirtæki.

[14:39]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Skattumhverfi íslenskra fyrirtækja er með því besta sem þekkist og nýtist sprotafyrirtækjum jafnt sem öðrum. Tekjuskattur fyrirtækja er með þeim lægsta sem þekkist í okkar helstu viðskiptalöndum og tryggingagjald er mun lægra en víðast hvar. Þá hefur eignarskatturinn verið afnuminn en brottfall hans er afar mikilvægt skref að því markmiði sem íslensk stjórnvöld hafa stefnt markvisst að á undaförnum árum sem er að gera skattumhverfi íslenskra fyrirtækja fyllilega samkeppnishæft við skattareglur annarra ríkja.

Jafnframt hafa stjórnvöld lagt áherslu á að skattbreytingarnar væru almennar en ekki sértækar þannig að þær nýttust öllum sem atvinnurekstur stunda. En alltaf má gera betur ef duga skal. Fyrir liggur að þróunin í löndunum í kringum okkur hefur verið í þá átt að draga úr skattlagningu fyrirtækja og því hefur bilið á milli okkar og þeirra verið að minnka að undanförnu. Einstakir þættir þessarar þróunar eru nú til sérstakrar athugunar hjá sérfræðingum fjármálaráðuneytisins en jafnframt hef ég nýverið skipað sérstaka nefnd sem hefur það hlutverk að fara yfir skattkerfið til að varpa ljósi á hvaða þættir það eru sem gera Ísland samkeppnishæft og skilvirkt.

Ýmis þau atriði sem sérfræðingar ráðuneytisins eru að skoða og útfæra um þessar mundir varða sprotafyrirtæki fremur en önnur þó að áhersla sé áfram lögð á almennar breytingar. Þar má nefna að nýlega hefur verið gefin út reglugerð um lengri aðlögunartíma varðandi fyrirframskráningu í virðisaukaskattskerfinu en mörg sprotafyrirtæki, einkum í hátækniiðnaði, starfa oft í langan tíma með tilheyrandi kostnaði áður en þau geta hafið sölu og framleiðslu á vöru eða þjónustu.

Þá hefur verið lagt fram frumvarp á Alþingi um breytingar á skattskyldu samlagshlutafélaga sem talið er skapa stofnanafjárfestum, svo sem lífeyrissjóðum, aukið svigrúm til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum. Einnig hefur verið skipuð nefnd til þess að skoða sérstaklega þær leiðir sem ýmis nágrannaríki okkar hafa farið, m.a. Noregur, í að efla rannsóknar- og þróunarstarf með sérstökum skattalegum ívilnunum og er niðurstöðu að vænta á næstu mánuðum hvað það varðar.

[14:41]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög athyglisverð umræða og mjög mikilvægt að við skoðum sértækar leiðir til að koma til móts við nýsköpunarfyrirtæki og fyrirtæki sem eru í þróun og eru með mikinn þróunarkostnað. Ég tel verulega illa búið að slíkum fyrirtækjum hér á landi. Þó að við séum hér með lágan tekjuskatt á fyrirtæki þá nýtist það þessum sprotafyrirtækjum ekki neitt vegna þess að þau skila ekki tekjum. Talað er um allt að 10–15 ár sem upphafsár fyrirtækja af þessu tagi, þ.e. áður en afurð þeirra verður arðbær.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér verði ríkisvaldið að koma með sértækar leiðir. Það er ekki nóg að leggja áherslu

á almennar reglur fyrir fyrirtæki vegna þess að fyrirtæki sem er í uppbyggingu og fyrirtæki sem er komið yfir þróunarkostnaðinn eru í eðli sínu gjörólík og þurfa gjörólíka nálgun hvað þetta varðar. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda, ég tel (Forseti hringir.) að við eigum að skoða norsku leiðina mjög vel hvað varðar endurgreiðslu á þróunarkostnaði.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það mátti lítið greina í svörum hæstv. fjármálaráðherra um hans pólitísku viðhorf í þessu máli, hvaða leiðir hann vildi sjá farnar og einhverjar vísbendingar nýs fjármálaráðherra um það hvernig hann vildi búa að þessum fyrirtækjum.

Sprota- og nýsköpunarfyrirtækin og hátæknigreinarnar verða að fá svigrúm til að verða til. Þeim duga ekki hinar almennu reglur þó svo að þær dugi þeim síðar. Þau verða að fá einhvers konar ívilnandi svigrúm til að eflast og þróast og þar er norska leiðin, einhvers konar útgáfa af henni, mjög vænleg. Ég hefði viljað heyra hæstv. fjármálaráðherra svara því fyrir sitt leyti, sem leiðandi stjórnmálamaður í landinu, hvort það væri leið sem hann vildi sjá og teldi færa, burt séð frá einhverjum nefndum og nefndaskipunum.

Stjórnvöld á Íslandi hafa á síðustu árum tekið mjög hraustlega á í málefnum stóriðjunnar svo vissulega er mjög umdeilt. Lengi má deila um það hvort of langt hafi verið gengið, en það er ekki til umræðu hér. Þar hafa menn ekki hikað við að beita ívilnandi aðferðum og alls konar bænaskrám o.s.frv. til að laða að erlenda fjárfesta og stóriðjurekstur hvers konar. Stóriðjuframkvæmdir hafa, má segja, tröllriðið allri atvinnuumræðu á Íslandi um árabil.

Ég tel að nýsköpun, hátækni og sprotafyrirtæki séu mikilvægasti þátturinn í umræðum um atvinnumál og tengist að sjálfsögðu menntun og rannsóknum og þeim hlutum líka. Þessi fyrirtæki þurfa að fá pólitískar vísbendingar frá stjórnvöldum um það hvert stefnir. Ég skora á hæstv. fjármálaráðherra að kveða upp úr um það hvort hann telji koma til greina að fara ívilnandi leið eins og gert er í Noregi með því að greiða til baka 20–30% af rannsóknar- og þróunarkostnaði skilgreindra verkefna upp að ákveðnu marki. Annað eru óboðleg svör, (Forseti hringir.) virðulegi forseti.

[14:45]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er sjálfsagt alveg hárrétt hjá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur að nýsköpunarfyrirtækjum dugir ekki bara hið almenna umhverfi og orsakirnar eru augljósar eins og kom fram hjá henni, þetta tekur langan tíma. Það væri kannski rétt að bæta einu atriði við líka sem er í hinu almenna umhverfi, það er tekjuskattur einstaklinga, að það stig sem hann er á hérna miðað við nágrannalönd okkar gerir það að verkum að fyrirtæki hér eru vel samkeppnisfær um að fá til sín sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum.

Ég verð hins vegar að segja að miðað við þann áhuga sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sýnir þessu máli þá virðist ekki koma fram í máli hans — hann kannski veit betur — hvað ég hef verið að leggja áherslu á þessari umræðu. Það sem bæði ég og ríkisstjórnin höfum verið að leggja áherslu á að undanförnu, bæði sem fjármálaráðherra og fyrr sem sjávarútvegsráðherra, er styrkjapátturinn í þessu sem vissulega er ívilnandi aðgerð fyrir fyrirtæki sem þessi.

Það er þá fyrst rétt að nefna Vísinda- og tækniráð, nýendurskipulagt og með auknum fjármunum til rannsóknarstarfseminnar, og það er Tækniþróunarsjóðurinn sem var hluti af þeirri endurskipulagningu, sem var nýr sjóður, og svo er það AVS verkefnið sem komið var á fót í sjávarútvegsráðuneytinu í minni tíð þar og síðast en ekki síst aukið fjármagn til Nýsköpunarsjóðs. Þessir þrír sjóðir sem ég nefndi vinna allir á forsendum samkeppni þannig að þau verkefni sem sótt er um fé til í þá eru metin á faglegum grundvelli og niðurstaðan fæst þar. Ég hef talið að þetta væri hin rétta leið til að fara en hins vegar vegna þess að mikill áhugi er á skattahliðinni hef ég ákveðið að skoða hana líka, (Forseti hringir.) herra forseti, þannig að hægt sé að vega og meta og bera saman þessar tvær leiðir áður en við tökum ákvarðanir um frekari ívilnanir.

Umræðu lokið.

Vaxtabætur vegna endurbóta á húsnæði.

Fsp. KJúl, 559. mál. — Þskj. 813.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Nú eru komin hátt í tvö ár síðan bankar og sparisjóðir hófu samkeppni við Íbúðalánasjóð um veitingu íbúðalána. Síðan þá hafa Samtök banka og verðbréfafyrirtækja kvartað undan því að samkeppnisstaða þeirra, banka og sparisjóða gagnvart Íbúðalánasjóði, sé ójöfn. Þar er nefnt til sögunnar t.d. að Íbúðalánasjóður njóti ríkisábyrgðar en þurfi ekkert að greiða fyrir hana. Líka er nefnt að kröfur um eiginfjárhlutfall séu mun vægari gagnvart sjóðnum en bönkunum og sömuleiðis er rætt um að sjóðurinn sé undanþeginn því að greiða tekjuskatt í ríkissjóð svo eitthvað sé nefnt.

Það sem mér finnst þó meira um vert og mikilvægara og meira áhyggjuefni, kemur fram í ágætri grein, Úrval á íbúðalánamarkaði, sem birtist í Viðskiptablaði Morgunblaðsins 16. febrúar sl. og er í raun fréttaskýring og úttekt á íbúðalánamarkaðnum og er tekin saman af Grétari Júníusi Guðmundssyni. Greinin er um margt fróðleg, þar kemur m.a. fram að ekki eingöngu sé samkeppnisstaða banka annars vegar og Íbúðalánasjóðs hins vegar ójöfn, heldur sé lántakendum mismunað eftir því hvar þeir taka lánin. Í greininni kemur fram og er bent á að lántakendum sé mismunað samkvæmt skattalögum eftir því hvar þeir taka lán til meiri háttar endurbóta á íbúðarhúsnæði. Er þar tiltekin sérstaklega 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, en þar segir að vaxtagjöld myndi rétt til vaxtabóta þegar um er að ræða lán frá Íbúðalánasjóði sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á húsnæði til eigin nota.

Virðulegi forseti. Ég legg því fram hér fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra, sem hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á 68. gr laga

nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, þannig að lántakendur hjá öllum lánastofnunum hafi sama rétt til vaxtabóta vegna lána sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota?

Eins og fram kom í upphafi máls míns er ekki langt síðan þessi ágæta samkeppni um lántakendur hófst og því geri ég ráð fyrir og vænti þess að hér sé um einhvers konar mistök að ræða, þ.e. að þetta sé þáttur sem ríkisvaldið eigi eftir að taka á og vænti þess að heyra þau svör hér, vegna þess að ef ekki þá er auðvitað óþolandi ef lántakendum er mismunað með þessum hætti í gegnum vaxtabótakerfið.

[14:50]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég held að vandfundið sé það tíu ára skeið í Íslandssögunni þar sem meiri breytingar hafa orðið á bankakerfinu en hér hafa orðið að undanförnu. Sjálfsagt er það rétt hjá hv. þingmanni að þá kemur ýmislegt upp sem menn hafa ekki endilega séð fyrir að væri vandamál við hina gömlu skipan en verður það þegar ný skipan og nýtt fyrirkomulag kemst á. Þannig er því sjálfsagt farið með það atriði sem hún nefndi í fyrirspurn sinni.

Þrátt fyrir þær miklu breytingar sem hafa orðið á þessum málum hjá okkur að undanförnu má kannski segja að ekki sjái enn alveg fyrir endann á breytingunum. Enn er verið að skoða nýja möguleika og nýjar breytingar. Ég geri ráð fyrir því að sá þáttur sem hún nefndi sérstaklega verði skoðaður við þá yfirferð og fyrr en síðar fáist úrlausn í þeim efnum sem þar voru nefnd.

[14:52]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að miklar breytingar hafa átt sér stað á banka- og lánamarkaði á síðustu árum og missirum, sérstaklega hvað varðar húsnæðislánin þar sem almennu bankarnir eru komnir mjög sterkt inn sem lánveitendur til húsnæðislána. Þá er rétt að skoða lögin sérstaklega og gloppurnar í þeim og hv. fyrirspyrjandi bendir á eina slíka sem mismunar lántakendum klárlega. Það er augljóst að þetta er hagsmunamál fyrir margar fjölskyldur og sumar mjög mikið sem kaupa gamalt húsnæði sem þarfnast verulegra endurbóta til að það sé almennilega íbúðarhæft til framtíðar. Þá er mikilvægt að fólk hafi sama rétt til vaxtabóta burt séð frá því hvar lánin eru tekin, þurfi það að ráðast í verulegar endurbætur á húsnæði til eigin nota. Þess vegna er ástæða til að skora á hæstv. fjármálaráðherra að beita sér fyrir grundvallarbreytingum til að laga kerfið um leið og þróunin á sér stað.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna því auðvitað að einhver yfirferð sé í gangi yfir kerfið í heild sinni. Engu að síður tel ég að þegar upp kemur að beinlínis sé verið að mismuna fjölskyldum í landinu í gegnum vaxtabótakerfið þá sé það atriði sem eigi ekki heima í yfirferð heldur verði að leiðrétta slíkt jafnóðum. Ef við ætlum að fara að líta alltaf á þetta í yfirferð í stærra samhengi mun þessi mismunun halda áfram enn eitt skattaárið og kannski annað og annað á meðan nefnd er að fara yfir málið. Það hlýtur að vera óþolandi fyrir það fólk sem fyrir þessu verður.

Það er ekki nóg með, virðulegi forseti, að þessi ríkisstjórn hafi skert vaxtabæturnar með þeim hætti að þær hafa ekki fylgt verðlagsþróun og skerðist sömuleiðis núna hjá fjölmörgum fjölskyldum vegna breytinga á fasteignamati heldur kemur þetta núna, að það sé mismunun og henni eigi ekki að kippa í liðinn. Ég hefði haldið að þegar svona breytingar verða fyrir tilstuðlan hins opinbera þá verði það að vera sveigjanlegt í því að koma til móts við fólk og taka á svona málum þegar þau koma upp.

Svör hæstv. ráðherra valda mér því verulegum vonbrigðum vegna þess að stundum er rétt að setja hluti í nefnd, stundum er rétt að skoða málin og fara vel yfir þau. En við margar aðstæður á hreinlega að taka á málunum strax. Þegar hreinlega er verið að mismuna fólki á að taka á málum strax og laga löggjöfina en ekki þvæla málum í nefnd.

[14:55]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Mér þykir nú yfirleitt leiðinlegt að valda fólki vonbrigðum, en ég held að miðað við þau svör sem ég var að gefa og miðað við yfirlýsingar forsætisráðherra að undanförnu um þau mál sem ég var að reifa hérna, eigi hv. þingmaður ekki að þurfa að hafa miklar áhyggjur af því að það muni dragast á langinn að breytingar verði á þeim málum sem ég var hér að lýsa og þær muni þá leysa þann vanda sem hún var sérstaklega að nefna. Ég vona að ég hafi þá með síðari ræðu minni aðeins dregið úr vonbrigðunum.

Umræðu lokið.

Skattlagning styrkja úr sjúkra- og styrktarsjóðum.

Fsp. JóhS, 644. mál. — Þskj. 949.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Tilefni þeirrar fyrirspurnar sem hér er lögð fram til fjármálaráðherra er nýlegt viðtal við Árna Heimi Jónsson menntaskólakennara sem greindist með illkynjað krabbamein en hann hefur barist við þennan sjúkdóm í langan tíma. Þessi einstaklingur hefur mótmælt því að lífsnauðsynleg læknishjálp sé skattstofn fyrir ríkið og margir taka undir þessi mótmæli og fjölda þingmanna misbýður hreinlega þessi skattlagning.

Fram kom í viðtalinu við Árna að í fyrra greiddi hann að jafnaði 10 þús. kr. í komu- og rannsóknargjöld á mánuði. Hann sótti um styrk í sjúkrasjóð Kennarasambandsins og fékk 53 þús. kr. í styrk en þurfti að greiða 36% í staðgreiðsluskatt af fjárhæðinni. Þetta er auðvitað fráleit skattlagning, virðulegi forseti, ekki síst í ljósi þess hve sjúkra- og styrktarsjóðir verkalýðshreyfingarinnar spara samfélaginu mikið með slíkum styrkjum sem nýtast vel sem forvarnir og einnig vegna endurhæfingar sjúkra.

Nú er það svo eftir því sem fram hefur komið að þessir

styrkir hafa ekki alltaf verið skattlagðir og var endurgreiðsla á sjúkra- og endurhæfingarkostnaði almennt skattfrjáls allt fram til ársins 2002. En samkvæmt því sem fram kom í Morgunblaðinu nýlega hefur orðið ákveðin stefnubreyting hjá skattyfirvöldum og eins og það var orðað fóru einstaka starfsmenn hjá Skattstofunni að leggja á styrkinn skatt.

Í Morgunblaðinu kom orðrétt fram, með leyfi forseta:

„Árið 2004 gaf ríkisskattstjóri hins vegar út ákvarðandi bréf um að fyrrgreindir styrkir skyldu vera staðgreiðsluskattskyldir og á síðasta ári kom úrskurður frá yfirskattanefnd sem staðfesti þá túlkun ríkisskattstjóra á skattalögum.“

Það er því ljóst, virðulegi forseti, að það vaknar sú spurning hvort þessi skattlagning hafi yfirleitt lagastoð. Samkvæmt því sem fram kom í fréttinni hafa forráðamenn sjúkrasjóðanna mótmælt henni harðlega við bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra en án árangurs. Því er eðlilegt, virðulegi forseti, að nú sé spurt:

1. Hversu miklar skatttekjur hafði ríkissjóður af framlögum og styrkjum úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaganna á árunum 2004 og 2005?

2. Telur ráðherra að skattlagning sjúkrastyrkja hafi lagastoð?

3. Hvaða stefnubreyting varð á árinu 2002 þegar farið var að leggja skatt á sjúkrastyrki án þess að til lagabreytinga hafi komið?

4. Telur ráðherra skattlagninguna eðlilega og ef svo er, með hvaða rökum?

5. Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingu á þessari skattlagningu? Og það er kannski mikilvægasta spurningin.

Vonandi hefur þessi umræða sem Árni Heimir Jónsson setti af stað orðið til þess að það hafi orðið viðhorfsbreyting í fjármálaráðuneytinu og við fáum að heyra hér svör við því að ráðherra muni endurskoða þessa óréttlátu skattlagningu á sjúklinga.

[14:59]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vildi í upphafi geta þess að það eru nokkuð margir liðir í þessari fyrirspurn þannig að svarið gæti orðið nokkuð langt og ef mér tekst ekki að klára það í fyrri ræðu minni mun ég freista þess að klára það í síðari ræðunni.

Fyrsta spurningin er: „Hversu miklar skatttekjur hafði ríkissjóður af framlögum og styrkjum úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaganna á árunum 2004 og 2005?“

Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum fyrir árið 2005 vegna tekna sem aflað var á árinu 2004 fengu 11.174 framteljendur framlög eða styrki úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaga á því ári, samtals 852 millj. kr. Veittar voru skattalegar ívilnanir, samtals 122 millj. kr., á móti þeim greiðslum á grundvelli 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, en það heimilar skattyfirvöldum að lækka þessar greiðslur, t.d. vegna skerðingar á gjaldþoli framteljenda. Stofn til tekjuskatts og útsvars nam þannig um 730 millj. kr. en af þeim greiddu umræddir einstaklingar 169 millj. kr. í tekjuskatt í ríkissjóð og 94 millj. kr. í útsvar til sveitarfélaga eða samtals 263 millj. kr. Þess má geta að framlög og styrkir frá stéttarfélögum voru að jafnaði 2,5% af skattskyldum tekjum þeirra framteljenda sem þeirra nutu eða liðlega 76 þús. kr. á ári á hvern styrkþega.

Sambærilegar tölur fyrir árið 2004 vegna tekna sem aflað var á árinu 2003 voru 10.724 framteljendur og námu heildarframlög 843 millj. kr. Þar af var skattaleg ívilnun á grundvelli 65. gr. samtals 121 millj. kr. og skattstofninn því 722 millj. kr. Af þeim stofni greiddu þessir tæplega 11 þúsund einstaklingar 162 millj. kr. í tekjuskatt til ríkisins og 93 millj. kr. í formi útsvars til sveitarfélaga eða samtals 255 millj. kr. Framlög og styrkir frá stéttarfélögum voru að jafnaði 2,8% af skattskyldum tekjum styrkþega eða tæplega 79 þús. kr. á ári á hvern þeirra. Af þessu sést að meðalgreiðsla framlaga og styrkja úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaganna lækkaði lítillega á hvern styrkþega milli áranna 2003 og 2004.

Önnur spurningin er: „Telur ráðherra að skattlagning sjúkrastyrkja hafi lagastoð?“

Í II. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, ásamt síðari breytingum, eru taldar upp skattskyldar tekjur. Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum er greinir í lögum um tekjuskatt, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Lagastoð um skattlagningu sjúkrastyrkja er að finna í 2. tölul. a-liðar 7. gr. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Tryggingabætur, meðlög og styrkir. Skaðabætur og vátryggingafé vegna sjúkdóms, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar aðrar skaðabætur og vátryggingabætur ...“

Þriðja spurningin er: „Hvaða stefnubreyting varð á árinu 2002 þegar farið var að leggja skatt á sjúkrastyrki án þess að til lagabreytinga hafi komið?“

Sjúkrastyrkir hafa ávallt verið skattskyldir. Ágreiningur hefur hins vegar risið um það hvort styrkir þessir væru frádráttarbærir eða ekki og má í því sambandi nefna úrskurð yfirskattanefndar nr. 803/1997 og tvo nýrri úrskurði, nr. 237/2005 og 383/2005. Fyrir 1. júlí 2001 voru sjúkrastyrkir ekki staðgreiðsluskyldir, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, en frá og með 1. júlí 2001 voru sjúkrastyrkir staðgreiðsluskyldir, sbr. reglugerð nr. 500/2001, um breytingu á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum. Eðlilegra þótti að taka staðgreiðsluna af strax í stað þess að menn fengju skattinn í bakið síðar.

Skattframkvæmd hefur verið einsleit hvað þetta varðar. Með aukningu á styrkjum stéttarfélaga og betri forskráningu á framtöl hefur skattlagning vegna þeirra aukist hin síðari ár. Á árinu 1998 greiddu stéttarfélög í atvinnugrein 91200 307 milljónir alls í styrki samanborið við 909 milljónir árið 2005. Þar af voru 232 milljónir greiddar í sjúkradagpeninga árið 1998 en 565 milljónir árið 2005. Samtals eru þessar greiðslur árið 1998 307 miljónir, 1999 471 milljón, 2000 274 milljónir, 2001 783 milljónir, 2002 853 milljónir, 2003 743 milljónir, 2004 747 milljónir og 2005 909 milljónir.

Herra forseti. Ég mun ljúka svarinu í síðari ræðu minni.

[15:04]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Stundum verður kerfið svo skrýtið að maður fær á tilfinninguna að það sé bara þarna kerfisins vegna. Þetta mál er dæmi um slíkt. Á hvaða leið erum við þegar við erum farin að skattleggja styrki úr sjúkra- og styrktarsjóðum? Hvaða þörf kallar á slíka skattlagningu? Af hverju erum við svo föst í hugsanagangi kerfiskarlsins og möppudýrsins að kerfið krefst skattlagningar af styrkjum til veiks fólks?

Ég skora á hæstv. fjármálaráðherra að breyta þessu í snarhasti. Eins og vinnulagið er í þinginu þá er valdið hjá honum. Einnig ber að minna á orð sem fallið hafa í umræðunni að það rennur úr fleiri tímaglösum en þingsins þessa dagana. Sýnum því dug og gerum það rétta í þessu máli því að upphæðirnar sem hér er um að ræða skipta ríkissjóð engu máli.

[15:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Greiðslur úr styrktar- og sjúkrasjóðum stéttarfélaga eru almennt ætlaðar til að taka á tekjumissi fyrirvinnu og bæta mönnum tekjutap. Þetta er hluti af launagreiðslu, þ.e. launagreiðendur greiða þetta framlag samkvæmt kjarasamningum eða lögum eftir atvikum. Ég lít svo á, hæstv. forseti, að þessar greiðslur eigi að vera undanþegnar skatti þegar þær eru greiddar út. Ég tel að sú framkvæmd sem tekin var upp árið 2001, og hæstv. ráðherra lýsti áðan, sé ekki eðlileg. Ef lagastoð skortir tel ég að hæstv. fjármálaráðherra eigi að beita sér fyrir að slík lagastoð verði sett inn í lög.

[15:06]

Valdimar L. Friðriksson:

Herra forseti. Það er ástæða til að þakka hv. fyrirspyrjanda Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég verð að viðurkenna að það kemur manni afskaplega spánskt fyrir sjónir að menn skuli sjá þarna pott til að sækja í einhverja aukaskatta, einhverja jaðarskatta. Að vísu hefur ráðherra ekki unnist tími til í umræðunni að svara síðustu spurningunni en ég bíð spenntur eftir því svari og skora eins og aðrir á ráðherra að beita sér fyrir breytingu á þessari skattlagningu, því eins og komið hefur fram er verið að bæta upp tekjumissi fólks og þeirra sem virkilega þurfa á þessu að halda. Það má í raun og veru segja að verið sé að auka á misskiptingu með því að taka skatt af þessum nauðsynlegu styrkjum sem fólk þarf virkilega á að halda við erfiðar aðstæður.

[15:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Forseti. Ég tek undir áskoranir þingmanna til hæstv. ráðherra um að beita sér fyrir breytingu á þessari óréttlátu skattlagningu. Fyrr í dag töluðum við um aukna skattbyrði sjúklinga af því að ríkið er að taka inn auknar tekjur af veiku fólki. Sjúkrasjóðirnir koma til móts við útgjöld fólks í heilbrigðiskerfinu og tekjumissi og hæstv. fjármálaráðherra er að taka inn peninga af þessu mótframlagi frá sjúkrasjóðunum. Ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra svari ekki síðustu spurningunni játandi hér á eftir. Það er algjört siðleysi að vera með skattlagningu eins og þessa. Það verður að koma til móts við veikt fólk annaðhvort í heilbrigðiskerfinu eða með því að leggja þessa óréttlátu skattlagningu niður.

[15:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda Jóhönnu Sigurðardóttur og tel það alveg fráleitt að greiðslur úr sjúkrasjóðum verkalýðsfélaganna séu skattlagðar. Ég vil lýsa því yfir að það er stefna og ósk og krafa verkalýðshreyfingarinnar almennt að þessar greiðslur verði undanþegnar skatti.

Eins og hæstv. ráðherra er kunnugt hef ég óskað eftir viðræðum við hann og ráðuneytið sem formaður BSRB um að þessi mál verði tekin til endurskoðunar en ég stíg í pontu fyrst og fremst til að lýsa stuðningi við málflutning hv. fyrirspyrjanda Jóhönnu Sigurðardóttur.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Ég þakka ráðherra svörin. Ég held að það sjáist og heyrist á svari ráðherra hvað þessir sjúkrasjóðir eru mikilvægir þegar um er að ræða 10–11 þúsund manns sem á ári hverju hafa fengið styrki úr þessum sjóðum upp á 700–800 milljónir. Þetta eru mjög mikilvægir styrkir og aðstoð, bæði við samfélagið í heild og þá einstaklinga sem þurfa á því að halda. Því er það til skammar fyrir ríkisvaldið og nær auðvitað engri átt að skattleggja greiðslur úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaganna sem einstaklingar borga í.

Ég held að breytingin sem gerð var árið 2002 sé mjög vafasöm framkvæmd, að setja þessar greiðslur inn í staðgreiðsluna, og ég held að það sé raunar vafasamt að hægt sé að skattleggja þær. Ef svo er að lögin séu með þeim hætti að hægt sé að skattleggja þær þá á auðvitað að breyta þeirri framkvæmd. Ég er alveg viss um að mikill meiri hluti er fyrir því í þjóðfélaginu og jafnvel í þinginu, ég efa það ekki. Af því að ég hef heyrt að mörgum þingmönnum blöskrar að þetta skuli skattlagt þá er ég sannfærð um að meirihlutavilji er fyrir því á Alþingi að koma með frumvarp og gera það að lögum að þessar greiðslur verði undanþegnar skattlagningu.

Það er auðvitað óeðlilegt að ríkisvaldið, sem hefur hækkað verulega komu- og rannsóknargjöld þannig að fólk á í miklum erfiðleikum með að standa undir útgjöldum vegna þess, skuli í ofanálag skattleggja smástyrk sem þessir einstaklingar fá úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaga. Ég trúi því og treysti að hæstv. ráðherra bregðist nú við með þeim hætti að leggja til að skattlagning á þessum styrkjum verði undanþegin. Það er ekki bara hægt að vísa í 65. gr. skattalaga þar sem heimild er til lækkunar á tekjuskattsstofni, einhverjar smáskattaívilnanir ef um er að ræða veikindi eða slys. (Forseti hringir.) Málið er svo stórt að það verður að breyta lögum.

[15:12]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þá tek ég til við lesturinn aftur en það er svar við fjórðu spurningu hv. fyrirspyrjanda: „Telur ráð-

herra skattlagninguna eðlilega og ef svo er, með hvaða rökum?"

Sjúkrastyrkir teljast til skattskyldra tekna skv. 2. tölul. a-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Um frádrátt frá slíkum tekjum fer eftir 2. mgr. 30. gr. nefndra laga. Í því ákvæði felst að beinn kostnaður við öflun teknanna leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á og má frádráttur hvers árs ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar.

Það leiðir af tilvísun 2. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003 til 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laganna um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri, að við skilgreiningu á beinum kostnaði ber að fara eftir almennum reglum um rekstrarkostnað eftir því sem við á með þeim takmörkunum sem ákvæðið sjálft mælir fyrir um. Persónuleg útgjöld eru því ekki heimil til frádráttar sem rekstrarkostnaður. Útgjöld, m.a. vegna líkamsræktar, sjúkraþjálfunar, krabbameinsskoðunar, ættleiðingar, glasafrjóvgunar, tannviðgerða, skoðunar hjá Hjarta- og lungnastöðinni, heilsufarstryggingar, gleraugnakaupa og hjálpartækja, teljast persónulegur kostnaður sem ekki kæmi til álita að heimila til frádráttar sem rekstrarkostnað. Verður að telja þá reglu sem að framan greinir, um að persónuleg útgjöld sé ekki heimilt að draga frá skattskyldum tekjum, samræmast jafnræðissjónarmiðum í skattframkvæmd og þeirri meginreglu að allar tekjur séu skattskyldar nema þær séu sérstaklega undanþegnar samkvæmt lögum. Ríkisskattstjóri hefur með ákvörðun frá 22. nóvember 2004 staðfest þessa framkvæmd með áliti sínu. Ég vil auk þess vísa til heimildarinnar til ívilnunar.

Að lokum fimmta spurningin: „Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingu á þessari skattlagningu?"

Að störfum er nefnd sem á að endurskoða skattalögin eins og þau eru í dag og hafa verið frá því 1988. Nefndin á skoða hvernig þau hefur reynst. Skattkerfi okkar byggist á því að hafa mjög fáar undanþágur og því hlýtur það að koma til athugunar hjá nefndinni hvort við eigum að gera breytingar þar á og þá mun þetta verða skoðað. Ég vænti þess að nefndin skili (Forseti hringir.) af sér á hausti komanda.

Umræðu lokið.

Upplýsingar í ársreikningum um lán til stjórnenda fyrirtækja.

Fsp. JóhS, 663. mál. — Þskj. 972.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þessi fyrirspurn til fjármálaráðherra er flutt í ljósi niðurstöðu héraðsdóms í Baugsmálinu og fjallar um þann þátt sem snýr að upplýsingum í ársreikningum um lán til stjórnenda fyrirtækja. Fram hafa komið athyglisverðar og vel rökstuddar ábendingar sérfræðinganna Stefáns Svavarssonar og Áslaugar Björgvinsdóttur, sem bæði eru dósentar við Háskólann í Reykjavík, sem nauðsynlegt er að Alþingi fjalli um. Stefán hefur m.a. kallað eftir því að samræma þurfi lög um hlutafélög, skattalög og lög um ársreikninga og telur að skrá eigi öll lán fyrirtækja í ársreikning. Áslaug hefur m.a. sagt að löggjafinn hafi ekki innleitt með réttum hætti tilskipun Evrópusambandsins en 43. gr. ársreikningslaga hafi verið ætlað að innleiða félagaréttartilskipun sambandsins um framsetningu ársreikninga.

Þar er sérstakt ákvæði um að tilgreina skuli lán og fyrirgreiðslur sem stjórnendur, hluthafar og móðurfélög fá frá hlutafélögunum en niðurstaða héraðsdóms hafi verið sú að túlka lagagreinina þröngt og með því litið svo á að hún eigi aðeins við formlegar lánveitingar. Að mínu mati hefur niðurstaða héraðsdóms skapað ákveðna réttaróvissu sem Alþingi ber að taka á því það er ekki hægt að líða að í ljósi einhverrar óvissu um hvað sé lán í skilningi ársreikningslaga geti stjórnendur fyrirtækja dulbúið sér tekjur í formi skattfrjálsra lána.

Í fróðlegum fyrirlestri sem Áslaug Björgvinsdóttir hélt nýlega kom fram að það bjóði heim misnotkun ef bara eigi að vera gegnsæi um formlegar lánveitingar en ekki hinar óformlegu fyrirgreiðslur. Einnig bendir Áslaug á að viðskiptalán þurfi að vera uppi á borðinu til að menn geti þá lagt sjálfstætt mat á hvort þau séu lögmæt. Hún bendir á að lán til tengdra aðila geti falið í sér mikla áhættu fyrir fjárhag félaga. Þetta eru þarfar og gagnmerkar ábendingar sem stjórnvöldum og Alþingi ber að taka mark á.

Spurningin er hvort ráðherra telji að það þurfi að samræma lög um hlutafélög, skattalög og lög um ársreikninga eins og sérfræðingar hafa bent á opinberlega og að skrá eigi öll lán fyrirtækja í ársreikninga hvort sem um er að ræða formleg eða óformleg lán. Enn fremur er ráðherra spurður að því hvort hann telji miðað við lagatúlkun héraðsdóms í Baugsmálinu að mistök hafi orðið við innleiðingu félagatilskipunar Evrópusambandsins um framsetningu ársreikninga. Loks er hæstv. ráðherra spurður að því hvort breyta þurfi ársreikningslögum til að skýrt liggi fyrir hvað eru lán í skilningi laganna.

Lagasetning um viðskiptalífið hefur legið í þá átt að auka gegnsæi og tryggja betur vernd minni hluthafa. Dómur héraðsdóms um Baugslánin gengur gegn þessu. Því er ráðherra spurður þeirra spurninga sem ég hef hér gert grein fyrir.

[15:18]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Baugsmálið svokallaða er eitthvert umdeildasta mál sem hefur komið fyrir dómstóla landsins á síðari tímum. Þar hefur nú fallið dómur í héraðsdómi sem hv. þingmaður vísar til. Því máli hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Endanlegur úrskurður af hálfu dómsvaldsins liggur því ekki fyrir. Ég get því ekki litið svo á að það ríki einhver réttaróvissa enn sem komið er eins og hv. þingmaður vísar til.

Íslensk stjórnskipan byggist auðvitað á þrískiptingu ríkisvaldsins. Það er ástæðulaust að fara með langt mál um það hér í þingsölum. Miðað við hvernig umræðan hefur verið um þetta mál, hvernig hún hefur þróast og hvað fram hefur komið, reyndar bæði utan og innan þingsalar, teldi ég afar óvarlegt af hálfu fjármálaráðuneytisins og fjármálaráðherra að gefa út skoðanir á úrskurði héraðsdóms en það er raunverulega það sem hv. þingmaður er að biðja um. Það

væri hægt að túlka sem íhlutun hvað varðar dómsvaldið og ég held að það væri mjög óskynsamlegt í stöðunni eins og hún er nú.

Með því ætla ég hvorki fyrir mína hönd né annarra að afsala mér málfrelsi hvað varðar dómsniðurstöður yfirleitt og þá kannski sérstaklega þær er varða pólitísk umfjöllunarefni en það á alls ekki við í þessu tilfelli. Baugsmálið er að mínu mati á engan hátt pólitískt og því væri rangt af mér að blanda mér inn í það mál á þann hátt sem hv. þingmaður biður um.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég er ákaflega hissa á hv. þingmanni, eins þingreyndur og hann er, að reyna að draga málið inn í þingsali á þennan hátt. Ég held að það sé algerlega ótímabært að það sé gert. Hér er um að ræða mál sem hefur verið áfrýjað og ég sé ekki neitt sem kallar eða knýr á um að ráðuneytið eða fjármálaráðherra úttali sig um það á þessu stigi. Þvert á móti tel ég að það væri afar óráðlegt miðað við hvernig þessum málum er háttað þessa dagana.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa furðu minni á þessu svari hæstv. ráðherra. Hér er ráðherrann hreinlega að koma sér hjá því að svara eðlilegum spurningum. Þær spurningar sem hér eru lagðar fram hafa ekkert með það að gera hvort málið er enn fyrir dómstólum eða ekki.

Ef ráðherra lítur til þeirra spurninga sem ég er að spyrja um þá er ég að spyrja um lögfræðilegt atriði, hvort samræma þurfi lög um hlutafélög, skattalög og lög um ársreikninga. Niðurstaða héraðsdóms var sú að óformlegar lánveitingar þyrfti ekki að skrá í ársreikninga og sérfræðingar hafa haldið því fram að það sé eðlilegt að í ársreikningum séu öll lán skráð, hvort sem þau eru formleg eða óformleg.

Ég kalla það réttaróvissu þegar það liggur fyrir að sérfræðingar hafa tjáð sig um að það beri að skrá öll lán fyrirtækja í ársreikninga, hvort sem þau eru formleg eða óformleg, og er það ekki það eðlilega?

Hver er t.d. skoðun ráðherra á því? Telur hann að öll lán, *alveg burt séð frá þessum dómi, eigi að vera skráð í* ársreikninga hvort sem þau eru formleg eða óformleg? Það væri mjög gott að frá fram svar hæstv. ráðherra við því. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að ráðherra geti svarað því þó málið sé fyrir dómstólunum. Það er bara verið að koma sér með penum hætti hjá því að svara hér eðlilegum spurningum.

Það er líka spurt hvort tilskipun Evrópusambandsins um ársreikninga hafi ekki verið innleidd með réttum hætti, þar sem um er að ræða innleiðingu á félagarétti tilskipunar sambandsins á framsetningu ársreikninga. Mér finnst að ráðherrann geti nú svarað því, alveg burt séð frá þessu dómsmáli, hvort hann telji að þessi tilskipun Evrópusambandsins hafi verið innleidd með réttum hætti. Það er engin íhlutun í störf dómskerfisins eða (Forseti hringir.) þau mál sem þar er verið að fjalla um. Þess vegna lýsi ég furðu minni á því ef ráðherrann ætlar engu að svara í þessu efni.

[15:23]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. þingmaður vísar sérstaklega í fyrirspurn sinni til niðurstöðu héraðsdóms í áfrýjuðu máli, einhverju umdeildasta máli sem rekið hefur á fjörur dómskerfisins á undanförnum árum, og kallar eftir umsögn um dóminn meðan málið er hjá Hæstarétti. Ég held að í máli sem þessu sé það mjög óvarlegt, þó ekki sé meira sagt, af fjármálaráðherra að fara að lýsa skoðun á niðurstöðu héraðsdóms eða draga ályktanir af henni. Ég sé ekkert sem knýr á um það. Því áður en varir mun Hæstiréttur hafa úrskurðað í málinu og það verður auðvitað endanleg niðurstaða í því dómsmáli.

Ég verð enn og aftur að lýsa furðu minni á því að hv. þingmaður skuli á þennan hátt draga efnisatriði þessa máls hér inn í þingsali og reyna að knýja á um að fjármálaráðherra og fjármálaráðuneytið blandi sér í það á þann hátt sem hægt væri að túlka sem svo að verið væri að reyna að hafa áhrif á niðurstöðu Hæstaréttar.

Umræðu lokið.

Um fundarstjórn.

Form fyrirspurnar.

[15:24]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Mér fannst af orðum hæstv. ráðherra að verið væri að bera mér á brýn að formgalli væri á þessari fyrirspurn af því að í henni er minnst á Baugsmálið. Ég mun þá gera aðra tilraun til að leggja fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra þar sem ég tek út þetta um Baugsmálið og spyr hann beint hvort hann telji að breyta þurfi skattalögunum og samræma lög um hlutafélög, skattalög og lög um ársreikninga, hvort hann sé sammála því að mistök hafi verið gerð við innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins og hvort hann telji rétt að breyta ársreikningslögunum til að skýra hvað er lán í skilningi laganna.

Ég mun því verða við ósk sem mér finnst liggja í orðum hæstv. ráðherra að taka út allar tilvísanir í Baugsmálið og leggja fram aðra fyrirspurn í þessu efni.

[15:25]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það breytir engu um eðli málsins þótt orðið Baugur sé tekið út úr fyrirspurninni. (Gripið fram í.) Eftir að fyrirspurnin liggur fyrir á þennan hátt þá breytir það nákvæmlega engu og tilgangurinn er sá hinn sami hjá hv. fyrirspyrjanda. Svarið verður að sjálfsögðu það sama.

[15:26]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti mælist til þess að athugasemdin snúist þá um fundarstjórn forseta.

[15:26]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Athugasemdin snýst um fundarstjórn forseta. Því ég var að ræða um það við forseta hvort það gæti verið að form-

galli væri á þessari fyrirspurn sem gæfi ástæðu til að endurtaka hana. Nú segir hæstv. ráðherra að það breyti engu hvort þarna stendur Baugsmál eða ekki, sem sýnir að hæstv. ráðherra var að koma sér hjá því að svara þessari fyrirspurn.

Ég íhuga að flytja þessa fyrirspurn aftur og verða þá þessi orð um Baugsmálið tekin út.

[Fundarhlé. — 15:27]

Umræður utan dagskrár.

Útreikningur bóta hjá Tryggingastofnun ríkisins.

[15:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í Morgunblaðinu 26. mars sl. var fyrirsögn fréttar að leitað væri lausna á vanda Tryggingastofnunar ríkisins. Vandamálið sem hingað til hefur snúið að bótaþegum sem eiga rétt á lágmarkstryggingabótum frá Tryggingastofnun ríkisins og eldri borgurum og öryrkjum hefur nú snúist upp í innbyrðis vanda stofnunarinnar.

Á undanförnum árum hefur lágmarkstryggingaréttur bóta þessara þjóðfélagsþegna verið skertur eins og þekkt er um 45% vegna atvinnutekna þannig að lækkun útgreiddra bót er 4.500 kr. fyrir hverjar 10 þús. kr. sem eldri borgari vinnur sér fyrir. Tekjur úr viðkomandi lífeyrissjóði til sama fólks skerða allar bætur nema grunnlífeyrinn eftir sömu reglu. Fjármagnstekjur einstaklinga skerða bætur frá Tryggingastofnun að hálfu miðað við aðrar tekjur, þ.e. það er deilt í þær með tveimur áður en skert er.

Árið 2003 voru gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar sem fólu það í sér að upp var tekinn endurreikningur bóta með því að byggja á upplýsingum úr skattframtölum bótaþega. Þær flóknu reglur sem gilt hafa um bætur lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins hafa nú vaxið stofnuninni yfir höfuð. Sú mikla skerðing sem lífeyrisþegar verða fyrir á bótagreiðslum frá TR, hafi þeir tekjur, hefur verið mikið til umræðu hjá samtökum eldri borgara og öryrkja á undanförnum árum. Þetta er nú orðið að sérstöku innanbúðarvandamáli í starfsemi Tryggingastofnunar. Þar ráða menn ekki lengur við að leysa úr þeim flækjum og vandamálum sem ríkisstjórnin hefur beitt sé fyrir að setja í lög og reglur.

Umboðsmaður Alþingis hefur vakið athygli hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á þeirri stöðu að lífeyrisþegar sem fengu eitthvað ofgreitt árið 2004 og voru krafðir um endurgreiðslu árið 2005, en áttu andmælarétt, hefðu ekki fengið neina úrlausn sinna mála og engin svör frá Tryggingastofnuninni. Yfir þúsund andmælabréf bárust stofnuninni vegna endurgreiðslukröfu á hendur lífeyrisþegum. Upplýst er að vinna sé hafin við að skoða þessi andmæli en sú vinna er á algjöru frumstigi nú á öðrum ársfjórðungi ársins 2006. Tryggingastofnun ríkisins telur orsakir þessa fyrst og fremst stafa af manneklu og þá ekki síður af fjárskorti og einnig því að aðlaga hafi þurft tölvukerfi stofnunarinnar þessu nýja verkefni að skerða tekjur bótaþega.

Í því sambandi má minna á að Tryggingastofnun hefur á undanförnum árum fengið mörg hundruð milljónir í hönnun tölvukerfis, bæði á fjárlögum og aukafjárlögum, og nú síðast 75 millj. kr. á aukafjárlögum ársins 2005. Hæstv. ráðherra skýrði frá því í áðurnefndu blaðaviðtali að þrír starfsmenn hafi verið ráðnir til stofnunarinnar og að fjölga þurfi þeim enn meira og styrkja starfsemi Tryggingastofnunar. Ráðherra greindi frá því að verkefni stofnunarinnar hafi aukist samhliða lögum um almannatryggingar frá 2003. Stjórnvöld þurfa að takast á við það verk sem nú liggur fyrir og miðað við svarbréf Tryggingastofnunar til umboðsmanns Alþingis liggur fyrir að enn muni líða 6–8 mánuðir, miðað við verkefnastöðu, áður en unnt er að svara þeim þúsund andmælabréfum sem Tryggingastofnuninni hafa borist.

Í svarbréfi Tryggingastofnunar sem undirritað er af forstjóra stofnunarinnar til umboðsmanns Alþingis segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Tryggingastofnun hefur ítrekað gert viðkomandi ráðuneyti grein fyrir stöðu mála og óskað leyfis til þess að ráða fleira fólk til að vinna í málunum án árangurs. Ekki hefur andmælendum verið gerð grein fyrir þessu enn vegna vonar um að úrbætur fáist. Það er dapurt að starfa við þessar aðstæður en vissulega enn verra fyrir okkar skjólstæðinga."

Vegna þessa flækjukerfis sem löggjöfin hefur markað um rétt eldri borgara og öryrkja og birtist í því réttleysi að bótaþegar tapa mestu af tekjum sínum með skerðingarreglum hjá Tryggingastofnun og sköttum. Samanlagt fara yfir 8 þús. kr. af hverjum 10 þús. kr. aftur til ríkissjóðs allt þar til samsettar lágmarksbætur hafa lækkað úr 108 þús. kr. á mánuði niður í skattleysismörk sem eru vegna of lágs persónusafsláttar enn þá undir 80 þús. kr. á mánuði. Vandinn af flækjuregluverkinu er orðinn ofviða starfsfólki Tryggingastofnunar eins og málum er nú háttað.

Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt til á hv. Alþingi að 50 þús. kr. frítekjumark verði tekið upp vegna lífeyristekna úr lífeyrissjóði fólks gagnvart bótum Tryggingastofnunar og Landssamband eldri borgara hefur krafist þess að 40% frítekjumark verði tekið upp á tekjum eldri borgara. Það væri mikil kjarabót af slíku, hæstv. forseti. Það þýddi að þeir sem lægstar hafa afkomutekjur hér á landi yrðu ekki fyrir þeirri bröttu skerðingu sem nú á sér stað. Eigum við ekki frekar að einfalda og lagfæra lögin og regluverkið í stað þess að auka vandann og fjölga starfsfólki Tryggingastofnunar?

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til 50 þús. kr. frítekjumark og það hafa Landssamtök eldri borgara einnig gert og tekið undir. Getur ráðherra hugsað sér slíka útfærslu? Væri ekki betra að einfalda lög og reglur um tekjutryggingar og skerðingar og draga þannig úr miklu og flóknu eftirlitskerfi Tryggingastofnunar fremur en að fjölga starfsfólki? (Forseti hringir.) Hvað hyggst ráðherra leggja til að gert verði í þessum málum? Hvað (Forseti hringir.) líður störfum samstarfsnefndar undir formennsku Ásmundar Stefánssonar um réttindi og kjör eldri borgara?

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér eru nokkrar spurningar frá hv. þingmanni sem lúta beint að kjörum eldri borgara og snúa

að frítekjumarki og tekjutengingum. Starfandi er nefnd undir formennsku Ásmundar Stefánssonar og sú nefnd, sem forsætisráðherra skipaði, á einmitt að ná sem bestri sátt um mörg þeirra álitamála sem hv. þingmaður nefndi hér. Ég tel því að það væri í hæsta máta óeðlilegt að ég færi að úttala mig núna um þau atriði þar sem þau eru til skoðunar í nefnd Ásmundar Stefánssonar fyrir stjórnvöld en nefndin á að skila niðurstöðum í haust.

Varðandi það að einfalda allar reglur vil ég benda á að almannatryggingakerfi okkar og velferðarkerfi er byggt upp á því að reyna að aðstoða þá sem minna mega sín, þá sem þurfa á hjálpinni að halda, og þá þurfa auðvitað að koma til ákveðnar reglur til að koma aðstoðinni þangað. Eðli málsins samkvæmt hljóta því að koma til reglur sem hægt er að kalla flóknar reglur. Það er ekki hægt að hafa kerfið mjög einfalt af því að þá værum við ekki að jafna til þeirra sem á því þurfa að halda.

Varðandi stöðuna hjá Tryggingastofnun og þann drátt sem er núna á svörum frá stofnuninni vegna ofgreiddra bóta og þess andmælaréttar sem fólk hefur nýtt sér þá vil ég sérstaklega benda á að þennan vanda má rekja til lagabreytinga frá árinu 2002. Þær lagabreytingar voru samþykktar samhljóða á Alþingi, það voru allir sammála um þær. Megintilgangur þeirra var að koma til móts við álit umboðsmanns Alþingis varðandi skilgreiningu á tekjuhugtaki laga um almannatryggingar og laga um málefni aldraða en umboðsmaður beindi þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að fram færi endurskoðun á þessum lögum og reglugerðum með stoð í þeim.

Einnig var, með lögum nr. 74/2002, verið að taka tillit til athugasemda í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá september 1999 um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar ríkisins varðandi tekjutengdar bætur almannatrygginga og greiðslu bóta. Tilgangurinn með lagabreytingunum var því að sjá til þess að Tryggingastofnun ríkisins greiddi réttar bætur til réttra aðila á réttum tíma. Það átti að greiða rétt, hvorki of né van, og það voru allir sammála þessu. Til þess að stofnunin geti framkvæmt þessa skyldu þarf hún á hverjum tíma að hafa réttar upplýsingar um þau atriði sem skipta máli við ákvörðun bótaréttar og útreikning bóta.

Ef um er að ræða tekjutengdar bætur greiðir stofnunin þær á grundvelli áætlunar og samtímaeftirlits með tekjum lífeyrisþega sem síðan eru gerðar upp árlega við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum. Við það uppgjör koma í ljós van- eða ofgreiðslur frá Tryggingastofnun. Það kom í ljós og árið 2005 var í fyrsta sinn farið að innheimta ofgreiðslur hjá lífeyrisþegum með tilheyrandi tilkynningum til lífeyrisþega og drætti á bótagreiðslum. Heildarfjárhæð vangreiðslna á árinu 2004 var ríflega 800 millj. kr. sem skiptist á 19.500 einstaklinga. Búið er að greiða út núna þessar vangreiddu bætur.

Hins vegar var heildarfjárhæð ofgreiðslna um 1,8 milljarðar sem skiptist á tæplega 15 þúsund einstaklinga. Þarna kom upp vandi. Það kom í ljós, og það er mjög fróðlegt, og ég vil benda hv. þingmönnum á það, að 85% af ofgreiðslunum mátti rekja til söluhagnaðar eða fjármagnstekna lífeyrisþeganna sem voru að fá ofgreitt. Það voru fyrst og fremst aldraðir lífeyrisþegar. Viðkomandi áttu ekki rétt á þeim bótum sem þeir fengu af því að þeir voru betur staddir en reglurnar sögðu til um. 85% þeirra voru með fjármagnstekjur. Þetta verða menn að hafa hugfast.

Varðandi fjárbeiðni frá Tryggingastofnun ríkisins þá var í maí 2002 lögð fram beiðni vegna fyrirsjáanlegs viðbótarkostnaðar vegna nýju laganna. Sú beiðni var upp á 16 millj. kr. Á fjárlögum ársins 2003 fékk Tryggingastofnun ríkisins 10 millj. kr. Síðan er hægt að rekja í seinna svari mínu þær fjárveitingar sem Tryggingastofnun hefur fengið, en hún hefur fengið um 30 millj. kr. af 36 millj. kr. beiðni fram til ársins 2006.

Núna er hins vegar komin ný beiðni frá Tryggingastofnun ríkisins sem við erum að skoða. Hún er vegna þess að það er svo mikill þungi á þessum málum hjá stofnuninni að því þarf að styrkja hana enn frekar og það erum við með til skoðunar. (Forseti hringir.) Við erum að vinna að þeim málum í tengslum við fjárlagagerð næsta árs.

[15:42]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Skilaboð ríkisstjórnarinnar til okkar sem erum öryrkjar eru alveg kýrskýr: Ekki vinna, ekki spara fé og giftið ykkur alls ekki, því að þá verða bæturnar skertar um helming á móti. Þó er það einmitt þetta sem er okkur kannski jafnvel meira en öðrum mikilvægt, að vinna til að hjálpa okkur við að halda heilsu, að spara því að það er nú jafnan efnaminnsta fólkinu mikilvægast og að treysta fjölskylduböndin.

Ég hvet hæstv. heilbrigðisráðherra til þess að réttlæta ekki flækjurnar í almannatryggingakerfinu á fyrstu dögum sínum í embætti, heldur leita leiða til þess að draga úr þeim og raunar að afnema tekjutengingu við tekjur maka, því hvaða hugsun er það að þeir sem búa við örorku eigi að treysta á maka sinn um framfærslu ævina alla? Hugsum við þannig í atvinnuleysistryggingakerfinu? Nei. Hugsum við þannig um námsmenn? Nei. Af því að atvinnulausir og námsmenn eru venjulegt fólk og við teljum að venjulegt fólk eigi sem einstaklingar hver og einn rétt til fullrar framfærslu.

Við teljum eðlilegt að öryrkjar eigi að treysta ævina alla á framfærslu maka síns að verulegu leyti og skömmtum þeim aðeins 45 þús. kr. á mánuði. Ég hvet hæstv. heilbrigðisráðherra til að afnema það. Ég held að það sé eitthvert mikilvægasta jafnréttismálið sem hægt er að taka á á Íslandi í dag því að auðvitað bitnar þetta fyrst og fremst á fötluðum konum.

Lengi getur vont versnað og þær endurkröfur upp á tæpa 2 milljarða á lífeyrisþega (Forseti hringir.) sem gerðar hafa verið núna á síðustu mánuðum sýna auðvitað að framkvæmdin á þessu flækjufótarkerfi er algerlega óviðunandi og ráðherra (Forseti hringir.) verður að leita leiða til að einfalda það.

[15:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hafa tekið upp þessa umræðu og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Vandinn er auðvitað nokkuð margþættur eins og hér hefur komið fram. Útreikningurinn á bótum hjá Tryggingastofnun hefur verið með nokkuð miklum frávikum frá því sem

reglur kveða á um. Stærstur hlutinn virðist vera vegna ónákvæmni í áætlunargerð bótaþega í upphafi hvers árs um tekjur sínar. Bæði hefur verið þar um ofáætlun að ræða, sem leitt hefur til vangreiddra bóta til bótaþega, og hins vegar vanáætlun á tekjum sem hefur þá leitt til ofgreiðslu bóta. Margt kemur þar til en það hefur verið sérstaklega nefnt vegna vanáætlunar á tekjum að mjög erfitt hafi verið fyrir bótaþega að meta auknar fjármagnstekjur í upphafi hvers árs eins og ráðherra nefndi.

Við hljótum að horfa vonaraugum á nefnd Ásmundar Stefánssonar sem mun væntanlega skila í haust og koma með nokkrar tillögur til úrbóta á þessu kerfi, eins og kom fram í máli ráðherra. Við verðum líka að horfa til þess þegar er farið í innheimtu á ofgreiddum bótum að það verði gert með mannúðlegum hætti. Við reynum að nefna það svo og ráðherra hefur auðvitað beitt sér fyrir því en með öllum ráðum verður að bæta upplýsingar Tryggingastofnunar ríkisins til bótaþega og flýta svörum til þeirra sem eiga við núverandi vanda að stríða.

Fyrst og fremst, hæstv. forseti, þarf að bæta samtímaeftirlit, Tryggingastofnun þarf að vera í beinni tengingu við staðgreiðsluskrá og það þarf að auka kynningu til lífeyrisþega og auka samstarf við fjármálastofnanir þar sem fjármagntekjurnar koma til.

Ég vil nefna það hér að það hefur tekist nokkuð vel til hjá (Forseti hringir.) Lánasjóði íslenskra námsmanna við tekjuáætlanir (Forseti hringir.) og hugsanlega er hægt að líta til reynslu þeirra.

[15:47]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir að taka upp þetta mál hér á hv. Alþingi vegna þess að þetta beinir sjónum okkar að því hvað almannabótakerfið er orðið flókið sem birtist í þeirri mynd að tölvukerfi og mannafli Tryggingastofnunar ríkisins ræður ekki orðið við að halda utan um bótaflokkana, greiðslur samkvæmt þeim miðað við skerðingarákvæði, og þá hlýtur eitthvað mikið að vera að. Tryggingastofnun ríkisins hefur bent á það mörg undanfarin ár að til þess að greiða réttar bætur þurfi stofnunin að búa yfir góðum tölvubúnaði og hafa mannafla til að sinna því. Við því hefur verið orðið að einhverju leyti en greinilega ekki nóg.

Hæstv. forseti. Vandann má að miklu leyti rekja til þess að bótaflokkarnir eru of margir, grunnlífeyririnn er of lágur. Samkvæmt hugmyndafræði núverandi ríkisstjórnar er lögð áhersla á að tryggja bætur til þeirra sem á þurfa að halda, þ.e. að grunnlífeyririnn er lágur og síðan byggðir mismunandi bótaflokkar þar ofan á og allir þessir bótaflokkar skerðast svo vegna tekna og tekna maka. Þetta er orðið mannskemmandi, ég tel að það sé brot á mannréttindum að tekjutengja lífeyrisgreiðslur einstaklinga, örorkuþega og ellilífeyrisþega við tekjur maka. Það er nær að greiða hærri lífeyri, gera fólki kleift að vinna og taka síðan tekjur umfram skattleysismörk í gegnum skattkerfið í staðinn fyrir að (Forseti hringir.) byggja þetta upp eins og gert er í dag.

[15:49]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hv. málshefjandi Guðjón Arnar Kristjánsson fór ágætlega yfir sviðið hér áðan í upphafsræðu sinni og ég held að það dyljist engum sem hlustaði á mál hans að þessi mál eru hreinlega í tómu tjóni og það þarf að skera þetta kerfi upp. Þetta er orðið allt of flókið, stjórnsýslan er farin að lifa fyrir kerfið en ekki öfugt og það er eitthvað mikið að þegar það skortir stórkostlega fjármuni á hverju ári til þess að bæta hér úr. Það þarf að ráða fleira fólk, það þarf stöðugt að endurnýja tölvukerfi, endurbæta tölvukerfi fyrir tugmilljónir króna á hverju ári til þess að ráða við kerfi sem virðist vera farið að vaxa yfir allar þorpagrundir, er orðið svo flókið að manni dettur helst í hug að mannlegur máttur ráði hér engu um, þetta er orðið eins og vísindaskáldsaga, hrollvekja. Þá er eitthvað mikið að og þá er kominn tími til að skera kerfið upp.

Við hljótum að hvetja hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til þess að sjá til þess að farið verði í þá vinnu að einfalda þetta kerfi. Skerðingarákvæðin eru til að mynda mjög ósanngjörn og þau halda öldruðum og öryrkjum við fátæktarmörk og þetta er okkur til skammar. Við í Frjálslynda flokknum höfum sex sinnum á jafnmörgum þingum lagt fram lítið frumvarp sem gengur út á að fólk skuli hafa tryggan lágmarkslífeyri.

Hér var talað um að fjármagnstekjur hefðu orðið til þess að fólk hefði verið krafið um að greiða til baka tryggingabætur, fjármagnstekjur. Í Noregi getur fólk haft fjármagnstekjur þó að það sé öryrkjar eða aldraðir og það skerðir ekki lífeyrisrétt þeirra. Þetta ýtir til að mynda mjög undir sparnað hjá fólki, að fólk spari til mögru áranna.

Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að kynna sér hvernig reglurnar eru í Noregi því ég hygg að þær gætu orðið okkur fyrirmynd að nýju og réttlátara kerfi.

[15:51]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér alltaf tilefni til þess að ræða almannatryggingakerfið og kjör eldri borgara og öryrkja. Þessi umræða hefur hins vegar verið heldur óljós enda fór málshefjandi út um víðan völl í ræðu sinni hér áðan þannig að óljósar spurningar og óljós málatilbúnaður kallar auðvitað á óljós svör.

Samandregið, hæstv. forseti, sýnist mér að hv. þingmaður hafi í fyrsta lagi verið að leita álits hæstv. ráðherra á tillögum hv. þingmanna Frjálslynda flokksins um 50 þús. kr. frítekjumark áður en til bótaskerðinga kæmi. Í öðru lagi spurði hv. þingmaður hvort ekki væri betra að einfalda lög og reglur í stað þess að fjölga starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins og í þriðja lagi vildi hv. þingmaður fá að vita hvað liði störfum samstarfsnefndar um réttindi og kjör eldri borgara.

Í fyrsta lagi, hæstv. forseti, held ég að það sé rétt eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra hér áðan að við bíðum niðurstöðu þeirrar nefndar sem nú er að störfum áður en gengið verður til frekari uppstokkunar í almannatryggingakerfinu. Það má vel vera að tillögur Frjálslynda flokksins komi þar til skoðunar eins og hverjar aðrar.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, held ég að við séum öll sam-

mála um að yfirleitt sé til bóta að einfalda lög og reglur.

Í þriðja lagi, sem er auðvitað aðalatriðið í þessu máli, verða menn að viðhalda þeirri samstöðu sem hér hefur ríkt um samhjálp og samtryggingu sem hefur komið svo vel fram í almannatryggingakerfi okkar. Það er fyrst og síðast það sem við verðum öll að horfa til og það er til mikils unnið ef áframhaldandi samstaða næst um þau efni.

[15:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Forseti. Bótakerfi almannatrygginga er orðið svo flókið í meðförum þessarar ríkisstjórnar sem stöðugt er að lappa upp á löngu úrelt kerfi og lagasetningu að þeir sem vinna við það eru hættir að ráða við þann flækjufót. Slæmt var það en mikið hefur það versnað. Það er enginn vilji til þess að taka strax á augljósum vanköntum kerfisins. Ekki er verið að endurskoða lífeyristryggingarnar í heild, hvað þá almannatryggingarnar. Heilbrigðisráðherra vill ekki taka lögin um málefni aldraðra til endurskoðunar, það kom fram hér í fyrirspurnatíma á dögunum. Allt á að bíða nefndar forsætisráðherra undir forustu Ásmundar Stefánssonar, sem virðist ekki vera langt komin í vinnunni. Enn er verið að rífast um það hver beri mestu skattbyrðina. Aldraðir og öryrkjar sitja uppi með óskiljanlegt kerfi og reglur um afkomu sína og Tryggingastofnun er svelt þannig að hún getur vart skilað því hlutverki sínu að afgreiða og reikna út bætur og svara fyrirspurnum vegna fjárskorts.

Það þarf að einfalda kerfið, það þarf að minnka tekjutengingar og auðvitað afnema tekjutengingar við tekjur maka og koma á afkomutryggingu, eins og við höfum lagt til. Endurkröfur á lífeyrisþega vegna ofgreiðslu eru árvissar, 15 þúsund manns á ári lenda í því með öllum þeim óþægindum, leiðindum og stórfelldum vandræðum sem þeim fylgja hjá mörgum og ekkert er gert til að bæta ástandið. Á meðan Norðurlandaþjóðirnar hvetja lífeyrisþega sína til að reyna að bæta við sig tekjum til að geta leyft sér eitthvað aukalega í ellinni situr okkar fólk í fátæktargildrum og undir endurkröfuhótunum. Ekkert er gefið eftir í tekjutengingunum.

Lífeyrisþegar líða fyrir ástandið og ríkisstjórnin vanrækir algjörlega málaflokkinn. Hún hefur eitt ár til að gera bragarbót á þessu en það er bara beðið eftir Ásmundi. Hér er handónýt ríkisstjórn á ferðinni sem er búin að gefast upp. Þetta er eins og annað, það lýsir í hnotskurn vanvirðingu stjórnarflokkanna við aldraða og öryrkja.

[15:56]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir mjög málefnalegan og mjög skýran málflutning. Það er mjög mikilvægt að taka þetta málefni til umræðu hér á Alþingi, en þótt málflutningurinn hafi verið skýr og málefnalegur er því ekki að leyna að verkefnið er flókið.

Staðreyndin er sú að þetta lýtur að tveimur þáttum, annars vegar framkvæmd á verkefnum Tryggingastofnunar. Það er augljóst að hún ræður ekki við verkefnið að fullu og ég tek undir með hv. málshefjanda að það er mikilvægt að tryggja henni tæki og mannskap til þess að sinna þeim verkefnum sem hún á að sinna.

Síðan vil ég einnig taka undir með hv. málshefjanda að það er mikilvægt að kerfið byggi á gagnsæjum og skýrum reglum. En við skulum ekki gleyma því að skýrar og gagnsæjar reglur eru ekki sjálfkrafa ávísun á meira réttlæti. Flókið kerfi getur einmitt verið komið til sögunnar vegna þess að menn eru að ná fram ýmsum réttlætissjónarmiðum og þetta er hlutur sem við megum ekki gleyma. Við eigum ekki að setja samasemmerki á milli flækjustigsins og réttlætisins. Þarna þurfum við að gæta að því að gerast ekki of alhæfingasöm.

Á tvo þætti vil ég leggja áherslu þegar snýr að breytingum á því kerfi sem við búum við. Annars vegar vil ég taka undir með hv. málshefjanda sem að því leyti rímaði kröfur aldraðra, Landssambands eldri borgara, að tryggja öldruðum og öryrkjum frítekjumark í tekjum, ég held að þetta sé mjög mikilvægt.

Hitt sem er mjög mikilvægt, og þar tek ég undir með hv. þm. Þuríði Backman, (Forseti hringir.) að aftengja tekjutryggingu við tekjur maka.

[15:58]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Jú, við erum sjálfsagt öll sammála um að það beri að viðhalda samstöðu um tryggingakerfi og samhjálparkerfi. En slíkt kerfi þarf þó að mínu viti örugglega að vera þannig uppbyggt að það tryggi fólki lágmarksafkomu. Það gerir núverandi tryggingakerfi ekki. Ef eldri borgari fær 10 þús. kr. í tekjur tapar hann 4.500 kr. úr bótunum. Síðan er hann skattlagður um 3.672 kr. vegna skatts. Hann heldur sem sagt eftir innan við 2.000 kr. í tekjur. Hvað hefur hann þá uppskorið? Hann hefur farið úr 108 þús. kr., sem eru hámarksbætur, niður í 104 þús. kr. hjá Tryggingastofnun og heldur síðan eftir tvöþúsundkalli í rauntekjur til viðbótar við þetta. Sem sagt, hann lækkaði úr 108 niður í 104 þúsund.

Hæstv. ráðherra. Það sem ég er að vara við með því að koma þessu máli inn í umræðuna er að forðast að gera kerfið flóknara, forðast að fara þá leið að ef við höldum áfram með þessar útfærslur, skerðingar og tekjutengingar, skattlagningar og lágan persónuafslátt þar sem skattleysismörk eru undir 80 þús. kr. á mánuði þá erum við með kerfi sem er ekki réttlátt, það tryggir ekki lágmarksafkomu. Meðan við erum með slíkt kerfi megum við ekki festa okkur í því að það sé aðalmarkmið heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins að sjá til þess að Tryggingastofnun geti haldið áfram að fara eftir þeim flóknu reglum sem búnar hafa verið til. Það verður að einfalda þær. Það hlýtur að vera markmið.

Ég vil óska ráðherra velfarnaðar í því að takast á við það markmið í framtíðinni.

[16:00]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og er sammála málshefjanda, hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, að forðast ber að flækja kerfið enn frekar, að sjálfsögðu ber að forðast það. Hins vegar er eðlilegt að slíkt kerfi sé nokkuð flókið. Það ríkir samstaða um það. Ég vil sérstaklega þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem tók

einmitt undir það að ekki er samasemmerki á milli flókins kerfis og óréttlætis. Það er ekki þannig að þótt kerfi verði flóknara þeim mun óréttlátara verði það, alls ekki. Við erum að reyna að koma til móts við þá sem þurfa á því að halda og þá hljóta að koma til reglur sem fela í sér að kerfið verður flókið. Það er bara þannig. Ég vil sérstaklega þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að draga það mjög skýrt fram í sínu máli því það var mikið sannleikskorn í því sem hann sagði hér.

Varðandi Tryggingastofnun ríkisins þá hefur verið komið til móts við óskir stofnunarinnar um meiri stuðning vegna lífeyristryggingasviðsins. Á árinu 2003 voru veittar 10 milljónir til að mæta útgjaldaaukningu í starfsmannahaldi hjá stofnuninni, 20,3 milljónir voru veittar í rekstrargrunninn og einnig á fjáraukalögum 2005. Það er því búið að styrkja Tryggingastofnun en þetta er samt ekki nóg. Ég er nýbúin að heimsækja stofnunina og geri mér grein fyrir að það þarf að styrkja hana enn frekar og við munum vinna að því.

Ég vil líka draga fram að það er mjög mikilvægt að Tryggingastofnun sé í góðu samstarfi við notendahópa sína, þ.e. ellilífeyrisþega og öryrkja. Ég tel að það samstarf sé ágætt en það þarf sjálfsagt að efla það enn frekar.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég segja að tekjutengingarnar, sem hér hafa verið gerðar að umræðuefni, eru grimmar, þær bíta mjög snemma. Nefnd Ásmundar Stefánssonar er að skoða þær. Ásmundur er mjög lipur, fljótur að setja (Forseti hringir.) sig inn í mál og ég hef mikla trú á því (Forseti hringir.) að það komi góðar tillögur frá nefndinni. Þar sitja líka eldri borgarar við borðið þannig að ég bind miklar vonir við það starf.

[16:03]

Útbýting:

Þjónusta við psoriasis- og exemsjúklinga, 770. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1132.

[Fundarhlé. — 16:03]

[18:01]

Útbýting:

Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, 746. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 1082.

Skráning miðhálendis Íslands sem heimsminja UNESCO, 747. mál, þáltill. HHj o.fl., þskj. 1083.

Umferðarlög, 718. mál, frv. VF o.fl., þskj. 1054.

Viðhald sauðfjárveikivarnagirðinga.

Fsp. JÁ, 582. mál. — Þskj. 844.

[18:02]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Það þótti nokkuð til marks um búskaparhætti bænda áður hversu vel og snyrtilega þeir héldu við túngörðum sínum. Þetta er svo enn þó nú séu þessi mannvirki ekki lengur úr torfi og grjóti. Girðingar eru bændum nauðsyn vegna bústarfa sinna og engum bændum finnst það gott að nágrannar hafi tilefni til að kvarta yfir lélegu viðhaldi girðinga og flækingi fjár af þeim sökum um lendur annarra manna. En sá bóndi sem lengstan hefur túngarðinn í landi þessu hefur þó enn mikilvægara hlutverk að rækja en að koma í veg fyrir að rolluskjátur rangli á milli bæja eða hrútur lembi lömb á öðrum bæjum í óþökk eigandans.

Þessi bóndi, sjálfur hæstv. landbúnaðarráðherra, ber ábyrgð á baráttu Íslendinga gegn sjúkdómum í búfé. Þessir sjúkdómar eru sumir, t.d. riðuveikin, afar illvígir. Útrýming þeirra getur tekið áratugi eins og dæmin sanna. Afar mikilvægur hluti þessara baráttu er háður með girðingarnetið, gaddavírinn og girðingarstaurinn að vopni. Það hefur náðst árangur sem er gríðarlega mikilvægur en það má ekki láta deigan síga. Slíkt getur valdið óbætanlegu tjóni. Sauðfjárveikivarnagirðingarnar eru að drabbast niður. Að slíkt skuli vera að gerast er til marks um stórfellt ábyrgðarleysi. Gríðarlegt tjón getur orðið vegna ástands þessara girðinga ef riða eða aðrir sjúkdómar berast á milli svæða af þeim sökum.

Því miður er hæstv. landbúnaðarráðherra með „brynju slitna, sundrað sverð og syndagjöld“, eins og skáldið sagði, eða öllu heldur slitna víra, brotna staura og brostið net. Hæstv. ráðherra hefur langt í frá staðið sig í þessum málum. Höfuðástæða vandans er nefnilega fjárskortur. Þetta staðfestir Sigurður Sigurðarson, dýralæknir á Keldum, í viðtali við Bændablaðið um daginn. Hann þekkir þessi mál betur en aðrir menn. Þar kom fram, og ég hef einnig fengið það staðfest hjá öðrum bændum, að fé hefur farið í mörgum tugum yfir varnarlínur og tjón sumra bænda er mikið vegna þess að auðvitað verður að slátra fénu þegar til þess næst. En það tjón er hjóm eitt hjá því tjóni sem er boðið heim með slugsi hæstv. landbúnaðarráðherra í þessum málum.

En þó ég hafi reynt að vekja hann af dvalanum áður með fyrirspurnum og þingmáli hrýtur hann enn í fleti sínu og umfjöllun Bændablaðsins þann 28. febrúar ber það með sér.

Því spyr ég hæstv. landbúnaðarráðherra: Telur ráðherra að ástand sauðfjárveikivarnagirðinga sé viðunandi og að nægilegt fjármagn sé til ráðstöfunar til að viðhalda þeim? Ef ekki, til hvaða ráðstafana hefur ráðherra gripið eða hyggst grípa til að tryggja sauðfjárveikivarnir í landinu?

[18:05]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er orðið sjaldan sem maður heyrir í þinginu svona harðskeyttar og skemmtilegar ræður á fallegu íslensku máli. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hvað hann hefur sett textann vel saman og hnýtt í hann góðum skömmum.

Það er einfalt að segja frá því að ég álít að ástand varnargirðinganna sé alls ekki viðunandi og er þeirrar skoðunar að þrátt fyrir að mikið hafi verið tekið á og miklir peningar verið lagðir í margar varnargirðingar á síðustu árum, eru því miður, eins og hv. þingmaður lýsti, miklir veikleikar í varnargirðingum. Margt breytist. Miklar ferðir eru um landið og menn hafa farið óvarlega með girðingar. Við stöndum frammi fyrir því að verið er að klippa þær í sundur af ferðamönnum um landið o.s.frv.

Þetta er heilmikið vandamál sem hv. þingmaður minnist

á. Ég verð að segja fyrir mig hvað fjármagn varðar, þá hefur það ekki fengist í fjárlögum eins og þyrfti til þessara varnarlína. Varnarlínurnar eru náttúrlega gríðarlega margar í landinu. Sumar eru varðaðar með ám og vötnum og aðrar eru í þessum girðingum sem margar eru orðnar gamlar og þurfa mikið viðhald og standast engan veginn tímans tönn.

Ég verð að segja fyrir mig að meira fjármagn þarf í fjárlögum til þeirra verkefna. Ég mun reyna að fylgja því eftir og sé að ég á þar góðan bandamann í hv. þingmanni og örugglega í þinginu eftir svona hnarreista ræðu hér.

Hvað varðar síðari spurninguna skipaði ég í apríl nefnd til að endurskoða alla þá þætti sem varða búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim. Þar með talið skipulag varnarlínanna. Ég held að miðað við breytt ástand þurfum við að fara líka yfir það. Núverandi kerfi varnarlína á rætur að rekja til miðbiks síðustu aldar og er landinu samkvæmt þessu fyrirkomulagi skipt í 37 varnarhólf. Hvorki meira né minna en 37 varnarhólf. Tel ég nauðsynlegt að yfirfara forsendur þess í ljósi breyttra aðstæðna.

Á síðustu árum hafa orðið umfangsmiklar breytingar í landbúnaði hér á landi. Sauðfjárframleiðendum hefur fækkað og framleiðslan minnkað og æ fleiri íbúar sveitanna stunda önnur störf. Önnur starfsemi en sauðfjárbúskapur er farinn að skipta miklum mun meira máli en áður og vaxandi óánægja er með þær takmarkanir sem lög og varnir gegn búfjársjúkdómum setja ýmsum öðrum atvinnurekstri og tómstundastarfsemi. Vil ég kanna hvort unnt sé að koma til móts við þessi sjónarmið án þess að slaka á sjúkdómavörnunum, sem ég virði mikils og tel náttúrlega og get sagt úr þessum stól að við höfum náð á síðustu árum og áratugum alveg gríðarlegum árangri í baráttunni við riðu og aðra sjúkdóma. Okkar séreinkenni í búskap er hið heilbrigða búfé og góða ástand sem hér ríkir.

Ég hef aldrei farið í launkofa með að sá maður sem hv. þingmaður nefndi hér til sögunnar, Sigurður Sigurðarson dýralæknir, hefur auðvitað unnið þrekvirki í málinu og verið mikill baráttumaður fyrir að taka fast á þeim sjúkdómi. Ég held að það hafi skilað okkur miklu þó það beri nú á því á nýjan leik að riðan skjóti upp kollinum. En þetta voru að verða afar fá tilfelli á síðustu árum en hefur aðeins fjölgað aftur, því miður.

Hæstv. forseti. Ég vil standa að þessu öllu sem best. Ég vona að sú nefnd sem ég hef skipað til að fara yfir þetta breytta viðhorf og hvort hægt sé að mæta þessu með öðrum hætti, fækka hólfum, einfalda línur og kerfi, skili mér sem fyrst tillögum. Svo mun ég áfram leita eftir að sækjast eftir því fjármagni sem er mikilvægt til að viðhalda hinum fornu varnarlínum meðan þær eiga að standa sem slíkar.

[18:10]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Því miður var ræða hæstv. ráðherra staðfesting á því sem ég sagði, að vandamálið er virkilega mikið. Menn hafa greinilega misst svolítið sjónar á hversu mikilvægar þessar girðingar eru og sjúkdómavarnirnar. Af því að þessi barátta tekur svo gríðarlega langan tíma. Það er kannski skiljanlegt að almenningur og jafnvel einhverjir fleiri missi eftirtektina á því hversu mikilvægt þetta er. En það hefur náðst, eins og hæstv. ráðherra sagði, gríðarlega mikill árangur í baráttunni við riðuveiki og aðra sjúkdóma. En það er auðvelt að missa þann árangur niður á mjög stuttum tíma ef eitthvað gerist af því tagi sem t.d. ónýtar girðingar bjóða heim.

Staðið hefur verið afar illa að viðhaldi girðinga á undanförnum árum. Að minnsta kosti veit ég að sums staðar hafa þær hreinlega staðið opnar með götum. Menn hafa rutt þeim niður ef þær hafa verið fyrir þeim. Þeir virðast ekki hafa hugmynd um til hvers þessar girðingar eru, sumir hverjir sem fara um heiðarlönd.

Það er líka þannig að ekki hefur einu sinni verið staðið almennilega að því að gamlar girðingar hafi verið hreinsaðar í burtu þegar hinar nýju hafa verið settar upp, þegar endurnýjun hefur farið fram. Það þarf að taka þetta allt til endurskoðunar. Ég tek undir með hæstv. ráðherra. Það er alveg full ástæða til að fækka hólfum. Það kann að vera alveg rétt og kom fram í umfjöllun um málið í fyrra.

En aðalatriði málsins er að ráðherra verður að standa sig betur í að ná fjármunum til að halda við girðingunum. Hann má ekki sætta sig við annað en að hægt sé að halda þeim í forsvaranlegu ástandi. Það er óásættanlegt að við gefum eftir í þessari baráttu.

[18:12]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni góð brýningarorð til mín og okkar í landbúnaðarráðuneytinu og yfirdýralæknisembættinu og þá hvatningu sem hann hefur flutt þingheimi um þetta gríðarlega alvarlega verkefni sem menn hafa sett lög um.

Vissulega er það svo að þingið lætur heilmikla peninga árlega til baráttu við þennan sjúkdóm og ber að þakka það vel.

Ég trúi að hægt sé að ná einhverjum breytingum fram í þessu. En að því verki loknu verða menn að fylgja því vel eftir að þær línur og þær varnir sem menn hafa sett upp standi og séu í góðu lagi. Bæði að girðingar og varnarhólfin búi við það öryggi að ekki sé mikil hætta á að inn á þau komi fé frá svæðum þar sem sjúkdómar eru. Og síðan er þetta stóra mál sem okkur ber sérstaklega að hafa í huga, ákveðin svæði sem eru algerlega riðufrí. Okkur ber að leggja allan kraft í að verja þau því að þau eru gríðarleg auðlind í baráttunni við þennan sjúkdóm. Það skiptir miklu máli.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa brýningu og hina ágætu umræðu.

Umræðu lokið.

Viðarnýtingarnefnd.

Fsp. ÍGP, 601. mál. — Þskj. 885.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Virðulegi forseti. Fyrsta þingsályktunartillaga mín sem ég flutti á Alþingi 1995 fjallaði um á hvern hátt bæri að nýta trjávið sem til fellur við grisjun. Tillagan var samþykkt

vorið 2003. Skógrækt er að verða alvöruatvinnugrein á Íslandi. Á ári hverju fellur talsvert til af trjáviði vegna grisjunar. Það er þegar til talsvert magn af trjábolum, t.d. á Mógilsá, í Hallormsstað og í Heiðmörk. Ég hef það á tilfinningunni að stjórnvöld sýni þeirri náttúruauðlind ekki nægilega mikinn áhuga. Það er því nauðsynlegt að gera áætlanir um hvernig nýta beri þennan við í framtíðinni.

Við verjum miklum peningum í landshlutabundin skógræktarverkefni á ári hverju. Þar hefur hæstv. landbúnaðarráðherra ekki hrotið í fleti sínu, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson komst að orði. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur verið mjög ötull að verja fé til skógræktar í landinu og er það vel. Við verjum líka miklum peningum til Skógræktar ríkisins og þetta er að hluta til verkefni Skógræktar ríkisins að gera tillögur um hvernig nýta beri þennan við.

Ég tel reyndar mjög brýnt og nauðsynlegt að gefa þessum hlutum gaum, hvernig nýta beri þann trjávið sem til fellur við grisjun. Hér er um mjög atvinnuskapandi verkefni að ræða og hér eru verkefni sem Vinstri grænir mundu sjálfsagt kalla að væri eitthvað annað. Þetta er mjög vistvænt og margir Íslendingar hafa sýnt þessu áhuga, þar á meðal Guðmundur Magnússon, trésmiður á Flúðum, sem hefur verið að gera mjög merkilegar tilraunir, t.d. hvernig hægt er að nýta lerki sem klæðningu á hús. Við sjáum líka að á Egilsstöðum eru innviðir á skrifstofu Skógræktar ríkisins úr íslenskum viði. Innviðir kirkjunnar á Djúpavogi eru úr íslenskum viði o.s.frv. Hér er í rauninni um spennandi verkefni að ræða. Spennandi verkefni fyrir arkitekta, verkfræðinga, trésmiði og listafólk.

Þess vegna hef ég lagt fram spurningar til hæstv. ráðherra í þremur liðum.

1. Í hverju er starf viðarnýtingarnefndar fólgið?

2. Hverju hefur hún áorkað frá því að hún tók til starfa?

3. Hvernig er fyrirhugað að nýta allan þann við sem til verður vegna aukinnar skógræktar í landinu?

[18:17]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni þessa fyrirspurn. Sá sem þannig spyr og flytur ræðu eins og hv. þingmaður gerði hér er að hugsa um framtíðina og hina nýju skógarauðlind. Það var sennilega hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sem fyrstur fór að hugsa um úrvinnslu þessarar auðlindar og fyrir það vil ég þakka.

Eins og hann minntist á var þingsályktun að hans frumkvæði samþykkt hér í þinginu 2003 og viðarnýtingarnefnd var stofnuð 13. október 2004 í framhaldi af því. Nefndin starfar sjálfstætt og heyrir ekki undir landbúnaðarráðuneytið. Að nefndinni standa Skógrækt ríkisins, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins, BYKO, landsbundnu skógræktarverkefnin, Landssamtök skógareigenda, Skógræktarfélag Íslands, Trétæknirágjöf og Viðarmiðlun Skógræktar ríkisins. Formaður nefndarinnar er Eiríkur Þorsteinsson.

Vegna umræðu í þá veru að ráðuneytið skipaði sérstaka nefnd til að kanna úrvinnslu, nýtingu og markað á skógarafurðum taldi ráðuneytið eðlilegra að það styrkti ofangreinda nefnd fremur en að skipa nýja, í framhaldi af þingsályktuninni eins og ég sagði hér, og varð það niðurstaðan. Því hefur landbúnaðarráðherra styrkt viðarnýtingarnefnd þrisvar sinnum af ráðstöfunarfé sínu og nú um áramótin var nefndinni veitt hálf milljón kr. af sameiginlegu ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar. Þetta sýnir að stjórnvöld eru nú ekki alveg sofandi.

Leitað var til formanns nefndarinnar um upplýsingar um starf nefndarinnar og kemur þar fram að meginmarkmið nefndarinnar er að finna nýtingu á grisjunarvið úr fyrstu og annarri grisjun. Verksvið viðarnýtingarnefndar skiptist í þrjá höfuðþætti: Viðarmiðlun, skógarverkefni og vöruþróunarverkefni. Til að sinna þessum þáttum hefur nefndin m.a. ákveðið, skilgreint og fjármagnað einstök verkefni, unnið að vöruþróun á grisjunarviði úr íslenskum skógum, sinnt fræðslu og unnið að markaðssetningu á skógarafurðum.

Í öðru lagi spyr hv. þingmaður:

„Hverju hefur nefndin áorkað frá því að hún tók til starfa?"

Viðarnýtingarnefnd hefur unnið markvisst að vöruþróun þar sem lögð er áhersla á nýtingu á við sem kemur úr fyrstu og annarri grisjun. Þau vöruþróunarverkefni sem staðið hafa upp úr eru í fyrsta lagi flísar sem eru notaðar til að klæða veggi og er verið að skoða kaup á vélum og búnaði til að koma af stað framleiðslu. Í öðru lagi stiklur sem eru 15–20 cm langir viðarbútar sem raðað er saman og mynda gangstíg og plön. BYKO hefur nú þegar selt þessa vöru. Hesthúsabásar eru úr lerki, nú þegar hafa tvö hesthús verið innréttuð með þessu. Í dag er verið að kanna með framleiðendur sem vilja hefja framleiðslu á þessu. Reykflís, verið er að skoða möguleika á frekari markaðssetningu á þessum vöruflokki og þá í neytendaformi. Spænir til að nota undir húsdýr, þessi vara er enn á tilraunastigi. Svo er það að lokum efni sem notað er í skólunum.

Í þriðja lagi spyr hv. þingmaður:

„Hvernig er fyrirhugað að nýta allan þann við sem til verður vegna aukinnar skógræktar í landinu?"

Nytjaskógrækt er ört vaxandi og er stunduð um allt land undir merkjum landshlutabundinna skógræktarverkefna. Þau eru enn ung að árum og því litlar sem engar afurðir komnar úr þeim skógum. Ár frá ári hafa afurðir frá þessum skógum Skógræktarinnar aukist og tala má um vísi að timburframleiðslu. Þrátt fyrir litla framleiðslu í dag er full ástæða til að vera vakandi og undirbúinn þegar skógarnir fara að gefa af sér marktækar afurðir. Það verður þó vart fyrr en eftir 20–40 ár sem framleiðslan fer að skila sér í einhverjum mæli.

Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009, sem iðnaðarráðherra hefur lagt fram er kafli um að efla beri rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun sem byggir á sérkennum lands og þjóðar og líkleg er til árangurs um verðmætasköpun á landsbyggðinni. Vil ég taka undir þennan þátt sem mjög mikilvægan.

Ég vil hér segja fyrir mig að ég tel að það séu mjög miklir möguleikar í þessu og það sé mjög mikilvægt að fylgja þessari hugsun eftir. Við höfum verið í samstarfi við nágrannalöndin, landbúnaðarráðuneytið og Skógrækt ríkisins um framtíð okkar og átt samvinnu við þá um þetta. Ég sé þetta fyrir mér sem sérstaka íslenska afurð sem verður eftirsótt t.d. hér í íbúðarhús, þ.e. efnið úr skógunum, og svo

til þess að auðga líf okkar í landinu með því að sem flestir læri að nota efnið frá skóginum.

[18:22]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir svarið og fagna því að sjálfsögðu hvað gert hefur verið. Ég vildi þó sjá að menn gerðu enn þá meira. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að gera áætlun um hvernig beri að nýta þennan trjávið í framtíðinni því ég veit til þess að t.d. á Mógilsá og í Heiðmörk og á Hallormsstað er þegar farið að fella tré og þar liggja þau eða er staflað upp og trjáviðurinn er ekki nýttur sem skyldi. Ég geri mér mjög glögga grein fyrir því að allt tekur þetta sinn tíma og það er að verða ákveðin þróun í þessum efnum en við þurfum líka að nýta þennan tíma vel vegna þess að hér er um heilmikil náttúruauðæfi að ræða. Við gætum verið að spara gjaldeyri eða skapa atvinnu og það eru ýmis verkefni sem tengjast þessu sem eru spennandi. Þar má t.d. nefna verkefni sem eru í skólum landsins og heita „Lesið í skóginn" sem verða til þess að unga fólkið okkar gerir sér grein fyrir því hverju skógurinn getur skilað. Hér eru líka félagasamtök eins og Félag trérennismiða sem eru að framleiða mjög fallega listmuni úr íslenskum trjáviði. Ég tel að Skógrækt ríkisins verði að hafa alveg ákveðið frumkvæði í þessum efnum. Við þurfum líka að fjárfesta í vélum, stórvirkum tækjum sem eru til þess fallin að fella tré. Ég hef átt þess kost að vera í Svíþjóð og skoða slík tæki, það tekur kannski ekki nema eina og hálfa mínútu að fella stórt tré og fletta af því greinunum. Þetta er nokkuð sem er nauðsynlegt að kaupa hérna á Íslandi og fara að þróa þessi mál vegna þess að hér er um heilmikil verðmæti að ræða og verkefnið er jákvætt og spennandi. En ég þakka fyrir það sem gert hefur verið.

[18:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er vert að minnast þess að skógarnir eru farnir að hafa mikil áhrif bæði á búsetu í sveitum og menningarlíf okkar. Það hefur komið í ljós að Íslendingar koma hlutfallslega jafnoft í skóg og Danir og fleiri, en áhuginn fyrir skógunum hér hjá almenningi er mjög mikill enda hafa skógar Skógræktar ríkisins, eða þjóðarinnar, verið markvisst opnaðir og skapaðar þar gönguleiðir til þess að vekja athygli á því hvað skógarlundurinn og skógurinn skiptir miklu máli. Hér í búsetunni skiptir það mjög miklu máli, gerir landið meira aðlaðandi sem gerir það að verkum að við sjáum hækkað jarðaverð og meiri áhuga fyrir sveitinni. Skógurinn er hluti af þeirri miklu breytingu sem dregur menn að landinu og gerir það að verkum að þar vill fólk búa. Það eru mörg svona ný atriði sem þar skipta mjög miklu máli og skógurinn er þar einn hluti.

Ég verð að segja fyrir mig að ég fagna líka áhuga fyrirtækjanna í landinu og fólksins, stóru fyrirtækjanna sem koma inn í þetta samstarf og sjá í því tækifæri til þess að hjálpa til við að búa til úr skógunum efni og auðlind, það ber að þakka. Þar eru gríðarleg tækifæri eins og ég fór hér yfir sem þegar liggja fyrir í starfi viðarnýtingarnefndar. Ég hygg að það sé grunnur að mikilli framtíð hvað verkefni varðar í úrvinnslu skógarafurða okkar í framtíðinni. Svo vil ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn og þann áhuga sem hann hefur sýnt málinu um svo langa hríð.

Umræðu lokið.

Boð til heyrnarskertra um viðvarandi hættuástand.

Fsp. MÞH, 598. mál. — Þskj. 882.

[18:27]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra um boð til heyrnarlausra og heyrnarskertra um viðvarandi hættuástand. Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp með þessa fyrirspurn er sú að ég fór að hugleiða þessi mál eftir að jarðskjálfti reið hér yfir á dögunum, allsnarpur jarðskjálfti sem átti upptök sín í nágrenni við Krísuvík. Þá þótti mér verulega áfátt hvernig staðið var að því að koma skilaboðum til almennings um það hvað hefði verið hér á ferðinni og líka segja raunar frá því að hér væri í raun og veru ekki nein hætta á ferðum.

Í framhaldi af því fór ég einmitt að hugleiða þetta: Hvernig skyldi vera staðið að því að koma upplýsingum til heyrnarskertra og heyrnarlausra? Þetta fólk heyrir jú ekki í útvarpi. Það kom fram þegar jarðskjálftinn reið hér yfir á dögunum að netsamband lá niðri um tíma eða var mjög tregt a.m.k. inn á okkar helstu fréttaveitur. Það voru engar upplýsingar á sjónvarpsskermi nema á textavarpi en fyrir fólk sem var statt einhvers staðar án þess að hafa nærri sér sjónvarpstæki eða tölvu, heyrnarskert eða heyrnarlaust fólk, þá gat verið mjög erfitt að ná í þær upplýsingar.

Nú er mér kunnugt um það eftir ágæt kynni mín af varaþingmanni okkar í Frjálslynda flokknum, Sigurlín Margréti Sigurðardóttur, að fólk sem býr við þessa fötlun notar mjög mikið farsíma og notar þá möguleikana til þess að senda SMS-skilaboð sín á milli. Farsímarnir eru litlir og léttir og handhægir og þar af leiðandi eru þeir mjög skilvirkir til notkunar fyrir þennan hóp þjóðfélagsþegna bæði til þess að senda frá sér upplýsingar en líka til að taka við upplýsingum. Því datt mér í hug að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra sem er jú fyrir almannavörnum í þessu landi, hvort fyrir hendi sé einhvers konar formlegt skipulag sem gengur út á að hægt sé að koma skilaboðum til heyrnarlausra og heyrnarskertra þegar hættuástand skapast og er viðvarandi, til að mynda með því að senda út svona smáskilaboð í gegnum farsímakerfið þannig að þetta fólk fengi þá upplýsingar um það hvað væri á seyði með skilvirkum hætti. Þetta kallar að sjálfsögðu á að einhvers staðar sé haldið utan um í einhverjum gagnagrunni eða einhverri miðstöð símanúmer, en hvað um það, þetta er sú spurning sem ég vildi hér bera hér upp í dag við hæstv. dómsmálaráðherra.

[18:30]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni þessa fyrirspurn hans. Þetta mál hefur verið rætt á milli Almannavarna og Félags heyrnarlausra og meginniðurstaðan er sú

að Almannavarnir greiddu fyrir því að skilaboð til heyrnarlausra gætu birst í textavarpi sjónvarpsins auk þess sem mögulegt væri ef þörf reyndist að láta upplýsingatexta ganga yfir sjónvarpsskjáinn samfara útsendingu á öðru efni. Síðan, eins og hv. þingmaður nefndi, er tæknin orðin þannig að SMS-skilaboð eða smáskilaboðin eru að verða æ algengari og það er nú þannig að ef hættuástand skapast geta heyrnarlausir sent smáskilaboð að eigin frumkvæði í símanúmerið 112 til Neyðarlínunnar og fengið þaðan svör og upplýsingar. Neyðarlínan er einnig að taka upp þjónustu við heyrnarlausa á þann veg að senda út smáskilaboð til þeirra ef nauðsyn krefst.

Ef við lítum á nýlega æfingu, almannavarnaæfinguna Bergrisann, sem haldin var á dögunum þá var skilaboðum komið til íbúa á því svæði með smáskilaboðum í farsíma þannig að í því efni sátu allir við sama borð eða sama tæki, ef þannig má orða það. Auk þess sem hringt var í síma þeirra sem hafa farsíma og hafa skráð farsíma hjá þeim sem senda út slík boð, þá var reynt að nota smáskilaboðin í þeim tilgangi.

Varðandi skráninguna er það viðfangsefni sem hver og einn verður að huga að, því að það er ekkert eftirlit með því hvar fólk býr eða hjá hverjum það skráir síma sína o.s.frv. Það eru líka vandræði varðandi síma oft á tíðum ef menn nota það sem er kallað frelsissíma og kort sem ekki eru skráð á neinn þá getur það verið vandamál þannig að það er mikið undir því komið hjá þessum boðunaraðilum að þeir sem vilja láta boða sig sjái til þess að koma þeim upplýsingum til einhvers miðlægs skráningaraðila sem ber ábyrgð á öryggi þeirra við almannavarnaaðstæður þannig að þessir aðilar geti látið í sér heyra á þann hátt sem helst um er samið fyrir fram þannig að menn viti nákvæmlega hvaða boðleið er best fyrir hvern og einn. Það er ekki við því að búast að Almannavarnir eða Neyðarlínan hafi slíkar upplýsingar endilega á skrá hjá sér og alls ekki að fyrra bragði þannig að það er líka mikið undir því komið að fólk láti Neyðarlínuna vita um einhver sérgreind mál eins og þessi ef það vill fá boð á einhvern sérstakan hátt.

Það er unnið að þessum málum, það er leitað þeirra úrræða og notuð sú tækni sem best er til þess að ná til sem flestra ef hættuástand skapast. Við erum hins vegar því miður þannig sett vegna stærðar landsins að ekki hafa allir landsmenn aðgang að þessum smáskilaboðum eftir því hvar þeir eru staddir í landinu þannig að við hljótum að treysta mjög á Ríkisútvarpið eða útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar við almenna boðun auk hins almenna símkerfis svo lengi sem það er nothæft. Það fer náttúrlega eftir því hvernig aðstæður eru í hættuástandi.

[18:34]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir svörin. Mér heyrist þó vera full ástæða til að þessi mál verði tekin til skoðunar og athugunar og hvort ástæða sé til að fara út í að komið verði upp einhvers konar kerfi þar sem hægt er að nota þessa nýju tækni, þ.e. farsímana, til þess að koma upplýsingum til þessa fólks. Textavarpið er gott svo langt sem það nær, sjónvarpið er svo gott líka svo langt sem það nær að því tilskildu að þar séu birtar upplýsingar. En fólk er ekki alltaf í tengslum við þessi tæki, það er ekki alltaf í nágrenni við þau. GSM-útbreiðslan er alltaf að verða betri og betri um land allt og GSM-símar eru í dag á flestum fjölförnustu stöðum landsins, þó að enn séu gloppur í kerfinu þá fækkar þeim stöðugt.

Ég held að 10% þjóðarinnar flokkist undir að vera heyrnarskert eða heyrnarlaus þannig að sá hópur er ótrúlega stór. Það eru náttúrlega fyrst og fremst þeir sem eru heyrnarlausir sem þyrftu á þessu að halda og ég held því að svona til vonar og vara væri það alveg þess virði að þetta yrði skoðað mjög vandlega og að jafnvel yrði farið út í að safna saman símanúmerum hjá þessu fólki þannig að stjórnvöld, yfirvöld gætu komið boðum til þeirra með skjótum og öruggum hætti ef einhverja mikla vá ber skyndilega að höndum, náttúruhamfarir, stórslys eða annað. Sem betur fer höfum við Íslendingar blessunarlega sloppið við þetta mörg undanfarin ár en maður veit jú aldrei og einmitt þegar svona lagað gerist er orðið af seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í hann.

[18:36]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði hefur verið samstarf af hálfu Neyðarlínunnar við þessa aðila og ég á von á því að jafnvel á morgun eða innan mjög skamms tíma verði kynnt hvað er til boða fyrir heyrnarlausa. Það er algjörlega rangt hjá hv. þingmanni að halda því fram að þetta sé eitthvað í lausu lofti, það er ekki. Það er verið að vinna að þessu og það er notuð sú tækni sem best er í hverju tilviki til þess koma boðum til fólks. Það hefur ekki reynt á þetta nema með æfingum. Á æfingu sem haldin var fyrir tíu dögum kom t.d. í ljós varðandi GSM-símana að það eru vandræði ef fólk er með svokölluð frelsisnúmer, þ.e. óskráð farsímanúmer, en fólk getur látið skrá þessi númer líka hjá Neyðarlínunni. Það er því ákveðið frumkvæði sem einstaklingurinn verður að hafa sjálfur til þess að vera inni í þessu kerfi og ekki við því að búast að ríkisvaldið sé að hlutast til um það, því ef menn láta ekki skrá sig og láta ekki skrá númer sín þá hefur enginn þau númer og þess vegna getur Neyðarlínan ekki náð í upplýsingar um númerið eða nálgast menn í gegnum slík númer.

Mér finnst því að hv. þingmaður geri lítið úr því starfi sem hefur verið unnið, sem er mikið og eins og ég segi verður væntanlega kynnt og þá munu menn átta sig á því betur í hverju það felst.

Umræðu lokið.

Upplýsingar ef meiri háttar slys eða hamfarir verða.

Fsp. MÞH, 599. mál. — Þskj. 883.

[18:38]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Þessi síðari fyrirspurn mín til hæstv. dómsmálaráðherra er á vissan hátt rökrétt framhald af hinni fyrri og hún á rætur að rekja til sama viðburðar og ég ræddi

um áðan, þ.e. jarðskjálfta sem varð hér á dögunum. Þá var ég mjög óánægður með hvernig staðið var að miðlun upplýsinga til almennings, eða ég taldi að sá viðburður hefði leitt til þess að alvarlegar gloppur hefðu komið fram í því hvernig Ríkisútvarpið fer að því að miðla upplýsingum um svona hamfarir til almennings. Eins og kunnugt er hefur ein af helstu röksemdunum fyrir því að réttlæta tilvist Ríkisútvarpsins verið að það gegndi mikilvægu öryggishlutverki.

Ég flutti fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra fyrir einni viku og þar kom t.d. fram að upplýsingar sem eru látnar rúlla yfir sjónvarpsskjáinn birtust ekki fyrr en rúmum hálftíma eftir að skjálftinn reið yfir. Það var heldur ekki sagt frá þessum skjálfta á Rás 1 Ríkisútvarpsins fyrr en hálftíma eftir að skjálftinn hafði riðið yfir. Sem betur fer urðu engin slys eða neitt tjón af völdum skjálftans en mér finnst það í raun og veru ekki skipta miklu máli, mér finnst aðalatriðið að upplýsingum sé komið út til fólks eins fljótt og auðið er með öllum tiltækum ráðum þegar svona lagað gerist því fólk verður eðlilega mjög áhyggjufullt og veltir því fyrir sér hvað hafi verið að gerast og það var greinilegt að mikil þörf var fyrir upplýsingar um hvað hér hefði verið á ferðinni.

Í framhaldi af því fór ég að hugleiða hvort fyrir hendi væri, og reyndar reikna ég með því að svo sé, einhver aðgerðaáætlun um upplýsingar ef meiri háttar slys eða hamfarir verða hér á landi, hvort stjórnvöld hafi samræmda aðgerðaáætlun um hvernig staðið skuli að dreifingu upplýsinga til almennings ef meiri háttar slys eða hamfarir verða. Ef svo er, spyr ég hvernig áætluninni sé háttað.

[18:41]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Mér virðist af ræðu hv. þingmanns að hann sé annars vegar að tala um viðburði eins og jarðskjálfta, sem er fréttnæmur í sjálfu sér, og hins vegar meiri háttar slys og hamfarir. Ég svara hér spurningu varðandi meiri háttar slys og hamfarir en ég get ekki svarað fyrir Ríkisútvarpið varðandi hvenær það telur nauðsynlegt að rjúfa dagskrá sína og segja frá einhverjum atburðum sem hafa orðið, t.d. jarðskjálfti og slíkt, Ríkisútvarpið hefur sérstakt mat varðandi sínar fréttir.

Samkvæmt lögum er það meðal verkefna ríkislögreglustjórans að annast viðvaranir vegna yfirvofandi eða viðvarandi hættuástands. Í neyðarskipulagi Almannavarna er að finna leiðbeiningar um hvernig viðvörunum og nauðsynlegum upplýsingum verði komið til almennings. Ríkislögreglustjóri og Ríkisútvarpið hafa gert með sér samkomulag sem felur í sér að útvarpið nefni fulltrúa til starfa við Samhæfingarmiðstöð Almannavarna og eru þeir boðaðir út við tilteknar aðstæður. Almannavarnir hafa jafnan treyst á Ríkisútvarpið sem fyrsta tæki við miðlun upplýsinga til almennings en samkvæmt útvarpslögum er öllum útvarpsstöðvum skylt að láta lesa og án endurgjalds tilkynningar frá Almannavörnum, lögreglu og skyldum aðilum. Góð samvinna hefur verið milli Almannavarna og annarra fjölmiðla en Ríkisútvarpsins.

Í aðgerðum upplýsir almannavarnadeild ríkislögreglustjórans fjölmiðla um atburðinn eftir því sem við á og gefur leiðbeiningar um viðbrögð. Í vissum almannavarnaaðgerðum er gert ráð fyrir því að fjölmiðlar fái boð um leið og lögregla, slökkvilið og aðrir slíkir. Þá hefur verið komið upp tengingu til beinna útsendinga frétta frá Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Allt er þetta hugsað til þess að mikilvægar upplýsingar berist til almennings eftir því sem þörf og aðstæður kalla á hverju sinni.

Í þessu samhengi má geta þess, eins og ég gat um áðan, að nýverið breytti Neyðarlínan boðunarkerfi sínu þannig að nú má koma boðum til íbúa á svokölluðu áhrifasvæði jarðelda í Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli með smáskilaboðum og talskilaboðum. Sú aðferð mun geta nýst við rýmingu fleiri svæða í framtíðinni en hafa verður í huga að geta kerfisins er takmörkuð. Það eru með öðrum orðum ýmsar áætlanir uppi um það hvernig viðvörunum verður komið til sem flestra ef á þarf að halda. Engu að síður verða menn að gera sér grein fyrir að seint verður náð til allra þótt yfirvöld geri sitt besta og reyni að setja upp raunhæfar áætlanir. Sumir eru ekki nálægt fjölmiðlum, aðrir eiga þess ekki kost að nýta sér þá, sumir skilja ekki málið o.s.frv. Almannavarnir munu vitanlega gera sitt besta en hlutur einstaklingsábyrgðar og nágrannahjálpar má þó ekki gleymast.

Ég tel því að hér sé kerfi sem gripið er til ef þær aðstæður skapast sem spurt er um í fyrirspurninni, meiri háttar slys eða hamfarir. Þetta kerfi hefur verið notað og ég tók þátt í æfingunni Bergrisinn á dögunum og þar var m.a. æft hvernig ætti að miðla upplýsingum til almennings, á hvaða stigum ætti að halda blaðamannafundi o.s.frv., sem er mikilvægur þáttur í því ef almannavarnaástand skapast.

Hitt er annað mál sem ég ætla ekki að ræða hér, enda finnst mér fyrirspurnin ekki snúast um það hvenær Ríkisútvarpið segir frá atburðum sem eru að gerast án þess að þetta almannavarnaástand hafi skapast og það er ekki annarra en þeirra sem stjórna Ríkisútvarpinu að taka ákvarðanir um það. Þessar umræður urðu t.d. töluverðar eftir jarðskjálftana 17. júní árið 2000. Þá var verið að ræða um hvaða miðill hefði fyrst sagt frá þeim fréttum og hvernig þær fréttir hefðu borist, þannig að alltaf þegar jarðskjálftar verða hér munu vakna spurningar um það sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni. Svar mitt snýst í raun og veru ekki um það því ég er að tala um það þegar við erum búin að virkja það kerfi sem virkjað er við meiri háttar slys eða hamfarir.

[18:45]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu eru hamfarir afstætt hugtak en ég kalla það hamfarir þegar verður jarðskjálfti upp á rétt tæplega 5 á Richter örskammt frá þéttbýlasta svæði landsins. Þá kalla ég það hamfarir. Þá tel ég brýnt að komið sé á framfæri við almenning skilaboðum um hvað var að gerast og ekki síst, við skulum ekki vanmeta það, skilaboðum um að engin hætta sé á ferðum. Mér finnst það mjög mikilvægt og það ætti alls ekki að draga úr því.

Það er á vissan hátt ágætt að heyra að hér sé fyrir hendi kerfi og viðbragðsáætlanir. Þó það nú væri í landi þar sem náttúruhamfarir geta dunið yfir hvenær sem er. Það sem vakir fyrir mér með þessum fyrirspurnum er einmitt að þær verða til af ákveðnu tilefni. Mér finnst einmitt svona lagað tilefni, þegar svona lagað gerist, þó allt hafi nú farið vel, eigi að verða til þess að við förum yfir það í þjóðfélaginu,

líka hér í sal hins háa Alþingis, hvernig í raun og veru var brugðist við því sem gerðist og hvort það sé ekki eitthvað sem betur mætti fara.

Það er það sem vakir fyrir mér með þessum fyrirspurnum, bæði með fyrirspurn minni í dag til hæstv. dómsmálaráðherra og líka fyrirspurn minni til menntamálaráðherra fyrir viku. Ég er að kalla eftir umræðu um hvað betur mætti fara þegar svona lagað gerist og á vissan hátt að reyna að vekja, ekki síst yfirvöld sem bera ábyrgð á þessu og hafa vissulega staðið sig vel að mörgu leyti. Ég er alls ekkert að reyna að draga neitt úr því eða gera lítið úr því góða starfi sem unnið hefur verið. En ég er að hvetja til þess að yfirvöld skoði líka vandlega hvort ekki sé eitthvað sem betur mætti fara svo við séum þá virkilega vel undirbúin (Forseti hringir.) loksins þegar hætta steðjar að.

[18:48]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég sé fyrir mér þetta ástand sem hv. þingmaður er að lýsa. Það verði jarðskjálfti og það koma væntanlega fljótlega fréttir í Ríkisútvarpinu en honum finnst þær ekki koma nógu snemma, ef ég skil hann rétt, um hvað er að gerast. Ef jarðskjálftinn er þess eðlis að mannskaðar verði eða tjón á eignum eða hætta fyrir fólk er stofnað til almannavarnarástands og þá fer ákveðið kerfi í gang. Það er það kerfi sem Almannavarnir stýra og náin samvinna er á milli Ríkisútvarpsins og Almannavarna og ákveðnar áætlanir um boðun.

Ef þetta eru ekki þannig hamfarir, ég er ekki að deila við hv. þingmann um að jarðskjálftar séu hamfarir, ef þetta er ekki þannig jarðskjálfti að ástæða sé til að lýsa yfir almannavarnarástandi þá er það ekki gert. Þá fer málið ekki í þann farveg. Þá verða væntanlega sagðar fréttir af því að jarðskjálfti hafi orðið og hann hafi mælst þetta og þetta. Hann hafi ekki valdið neinu tjóni og síðan koma væntanlega fréttir um eftirskjálfta o.s.frv. Þetta er eins og við vitum.

Mér finnst að hv. þingmaður sé að ræða um hvað sé eðlilegt að líði langur tími frá því að skjálfti verður þar til sagt er frá honum í Ríkisútvarpi. Sem gamall blaðamaður, hann hefur sjálfur starfað á ljósvakamiðli, veit hann að þetta er náttúrlega undir því komið hvernig menn meta sem fara með stjórn frétta og ráða yfir dagskránni og ráða yfir aðgangi að hljóðnemanum hvað sé nauðsynlegt að rjúfa dagskrána fljótt ef það gerist ekki í fréttatíma til að segja frá að svona atburðir hafi gerst.

Mér sýnist að allt sé réttmætt í sjálfu sér sem þingmaðurinn segir. Auðvitað vill almenningur fá fljótt fréttir um þetta en það er eitthvað sem þeir stjórna sem stjórna Ríkisútvarpinu.

Umræðu lokið.

Flutningur verkefna Þjóðskrár.

Fsp. BjG, 657. mál. — Þskj. 964.

[18:50]

Fyrirspyrjandi (Bjarkey Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Stjórnvöld samþykktu árið 1994 eitthvað á þessa leið, með leyfi forseta:

Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt.

Byggðaáætlanir síðustu ára hafa geymt þessi góðu áform en á henni hafa litlar sem engar efndir orðið. Í þeirri byggðaáætlun sem nú er verið að vinna var hreinlega ekki gert ráð fyrir flutningi opinberra starfa til landsbyggðarinnar en því hyggst nú hv. iðnaðarnefnd reyna að breyta. Ekki að það skipti máli í sjálfu sér þar sem ekki hefur verið unnið eftir henni fram til þessa.

Í mínum huga er atvinnuuppbygging á landsbyggðinni forsenda byggðar utan höfuðborgarsvæðisins. Því miður hefur verið svo undanfarin ár að störfum hefur fækkað á landsbyggðinni og áhrifa þess gætir víða í smærri byggðarlögum. Eins og fram kom í svari hæstv. fjármálaráðherra hér á dögunum við fyrirspurn hv. þingmanns Sigurjóns Þórðarsonar hafa um 3.000 ný störf orðið til hjá hinu opinbera en öll á höfuðborgarsvæðinu. Það getur skipt sköpum fyrir landsbyggðina að stjórnvöld hafi skilning á þörfum hennar og stóriðja smærri byggðarlaga geti verið fólgin í tveimur til tíu störfum frá hinu opinbera. Hvert starf skiptir máli.

Frú forseti. Vissulega ber að þakka fyrir þau störf sem nýlega hafa verið flutt á vegum dóms- og félagsmálaráðuneytisins, þ.e. innheimtumiðstöð sekta til Blönduóss og Fæðingarorlofssjóðs til Hvammstanga og Skagastrandar. Þetta er þeirra stóriðja.

Áhugi fólks er mikill og margfeldisáhrif oft töluverð í litlum samfélögum. Þar er líka mun minni starfsmannavelta en hér á höfuðborgarsvæðinu að mínu viti því fólk vill gjarnan búa í sinni heimabyggð en hrökklast jafnvel í burtu þar sem störfin hafa verið að tínast smátt og smátt í burtu.

Hjá sýslumannsembættum fer fram margs konar afgreiðsla og skráning, svo sem firmaskráning, afgreiðsla vegabréfa, ökuskírteina, útgáfa ýmissa leyfa og svo mætti lengi telja. Ég tel að það verksvið sem Þjóðskrá hefur með höndum falli mjög vel að þeim störfum sem starfsmenn sýslumanna á landsbyggðinni sinna nú. Ég tel að þetta séu einmitt störf sem kjörið er að flytja út á land og raunar óþarfi að flytja þau fyrst til dómsmálaráðuneytisins og síðan eitthvert annað eins og hæstv. fjármálaráðherra nefndi um daginn.

Því spyr ég: Telur ráðherra að verkefni Þjóðskrár, sem samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 54 frá 1962 á að flytja til dómsmálaráðuneytisins, geti að einhverju eða öllu leyti flust til sýslumannsembættanna í Ólafsfirði og á Siglufirði?

[18:53]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Dómsmálaráðuneytið hefur markað þá stefnu að styrkja sýslumannsembættin með að færa til þeirra ýmis verkefni. Þannig verður ritstjórn Lögbirtingablaðs flutt til Víkur í Mýrdal og starfsemi bótanefndar til Siglufjarðar. Þá hefur verið ákveðið að Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar verði á Blönduósi og er starfið þar þegar hafið. Framleiðsla vegabréfa verður flutt til sýslumannsins í Keflavík nú í vor. Fasteignasölueftirlit, meðferð ættleiðingarmála, staðfesting skipulagsskrár, og eftirlit með sjóðum, happdrættiseftirlit, útgáfa leyfa og eftirlit með útfararþjónustu, málefni skjalaþýðenda, leyfisveitingar og eftirlit með öryggisþjónustu í atvinnuskyni eru meðal þeirra málaflokka sem stefnt er að flytja frá ráðuneytinu með sama hætti á næstunni.

Flutningur Þjóðskrár til dómsmálaráðuneytisins ræðst af frumvarpi sem nú er til meðferðar á þingi en þar kemur fram að tengsl Þjóðskrár og verkefna á sviði dómmálaráðuneytis hafa vaxið mikið á síðustu árum. Þjóðskráin er þannig undirstaða ýmissa verkefna sem dómsmálaráðuneytið og stofnanir þess hafa með höndum, svo sem skráningar útlendinga, veitingar dvalarleyfa og útgáfu vegabréfa og ökuskírteina. Þá er Þjóðskrá og gagnasafn hennar ein helsta heimild um margháttuð málefni einstaklinga á sviði sifjaréttar, svo sem um faðerni barna, ættleiðingar, forsjár barna, stofnun og slit hjúskapar og staðfestrar samvistar, skráningar sambúðar og slit hennar, svo og um ríkisfang, mannanöfn og fleira.

Er það ætlun dómsmálaráðuneytisins að hagnýta þessi tengsl með því að fela Þjóðskrá aukin verkefni t.d. hvað varðar útgáfu vegabréfa og annarra skilríkja og umsjón með verkefnum ráðuneytisins á sviði löggjafar um mannanöfn.

Þegar dómsmálaráðuneytið hefur tekið við hlutverki Hagstofu Íslands við starfrækslu Þjóðskrár, ef lagafrumvarpið verður samþykkt, mun ráðuneytið í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur hennar leggja mat á hvernig best er að tengja starfsemi Þjóðskrár öðrum verkefnum á vegum ráðuneytisins og stofnunum þess, ekki síst sýslumannsembættunum.

Auk þess verður tekið mið af því að á vegum ráðuneytisins er unnið markvisst að því að efla alla rafræna vinnslu og rafræna þjónustu. Umsvif starfsmanna Þjóðskrár taka að sjálfsögðu mið af fjölda þeirra sem til þeirra leita og þeir eru langflestir á höfuðborgarsvæðinu en höfuðstöðvar Þjóðskrár eru við Borgartún í Reykjavík.

Dómsmálaráðuneytið hefur markað sér þá meginstefnu að úrlausn einstakra verkefna sé ekki bundin við höfuðborgina heldur sé litið til landsins alls og mun það eiga við um verkefni Þjóðskrár eins og önnur á starfssviði ráðuneytisins. Ég tel á hinn bóginn ekki tímabært að gefa fyrirheit um flutning verkefna Þjóðskrár fyrr en náðst hefur að móta framtíðarsýn fyrir stofnunina í samráði við stjórnendur hennar og starfsfólk. Enda verði það frumvarp sem liggur fyrir þinginu samþykkt á þessu þingi.

Af því að spurt er sérstaklega um sýslumannsembættin í Ólafsfirði og Siglufirði þá liggur fyrir að það hefur verið samþykkt bæði á Siglufirði og Ólafsfirði að sameina þessi sveitarfélög. Það verður því ekki sýslumannsembætti á Ólafsfirði og Siglufirði. Ég tel víst að það verði til frambúðar sýslumannsembætti á Siglufirði og eins og ég sagði er þegar unnið að því í samvinnu við sýslumanninn á Siglufirði að starfsemi bótanefndar flytjist þangað. Ef það eru fleiri verkefni sem hann hefur hug á að taka að sér er ráðuneytið að sjálfsögðu reiðubúið til viðræðna við hann um það og treystir embættinu mjög til að sinna þeim verkefnum sem hæfa því.

[18:57]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til að hrósa hæstv. dómsmálaráðherra fyrir að sýna jafnmikla og góða viðleitni til að flytja verkefni út á land, verkefni sem hefur verið sinnt í Reykjavík. Það er full ástæða að geta þess sem vel er gert í þessum efnum.

Hér hefur verið talað um verkefni Þjóðskrár. Ég hygg og hef sagt það áður á þinginu að þessi verkefni séu vel til þess fallin að vera flutt út á landsbyggðina. Líka verkefni sem Hagstofan hefur haft með höndum. Það er nú þannig að það hafa orðið mjög miklar tækniframfarir á mörgum undanförnum árum, tölvutengingar og annað verða sífellt betri. Maður skyldi ætla að ýmiss konar fjarvinnsla, jafnvel þar sem er verið að fara með stóra gagnabanka, ætti í eðli sínu að vera tiltölulega einföld og þyrfti ekki heldur að vera svo dýrt að koma því þannig fyrir að svona verkefni yrðu unnin úti á landsbyggðinni. Því það er rétt eins og hv. fyrirspyrjandi gat um áðan í ræðu (Forseti hringir.) sinni, að á litlu stöðunum úti á landi getur þetta orðið stóriðja.

[18:58]

Fyrirspyrjandi (Bjarkey Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Já, ég tek undir það. Ég verð að lýsa ánægju minni með þau störf sem hæstv. dómsmálaráðherra lýsti yfir að væri hægt að flytja og væri í bígerð að flytja. Vissulega eru sýslumannsembættin að sameinast. Við erum hins vegar með tvo starfsmenn í Ólafsfirði sem vinna þar á sýsluskrifstofunni og geri ég ráð fyrir að aukin verkefni þurfi til til að staða þeirra falli ekki niður. Því verður öðruvísi háttað eftir einhver ár þegar samgöngurnar verða orðnar betri.

Það var ánægjulegt að heyra að það eru greinilega mörg verkefni sem hægt er að flytja. Ég fór sjálf niður í Þjóðskrá einmitt í morgun og náði mér þar í eitt vottorð. Mér fannst það starf vera þess háttar að það gæti verið hvar sem er. Það er auðvitað bara brotabrot af því sem þar fer fram. En með tilliti til þess sem verið hefur í byggðaáætlun undanfarin ár og loforð um flutning starfa er þetta að gerast núna bara síðasta ár að verið er að flytja störf.

Í framhaldi af því sem ráðherra upplýsti áðan mundi ég vilja spyrja hann um öll þau starfssvið sem hann taldi upp hvort eitthvað er fyrirhugað hvert þessi störf eiga að fara eða hvort það er algerlega ófyrirséð. Þetta séu bara hugmyndir um það sem hægt er að gera enn þá eða hvort hugsunin er komin eitthvað lengra.

[19:00]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Fyrst þarf að taka ákvörðun um það í

ráðuneytinu hvaða verkefni ráðuneytið er tilbúið að flytja út fyrir sínar dyr. Við höfum skilgreint það. Við höfum kynnt þetta fyrir öllum sýslumönnum í landinu. Við vorum með fund forstöðumanna ráðuneytisins í síðustu viku og þar kynnti ég þetta enn og aftur. Við ætlum ekki í ráðuneytinu að gefa fyrirmæli um það hvert þessi verkefni eigi að flytjast. Við viljum að óskir komi frá viðkomandi sýslumönnum og bæjarfélögum, ef svo ber undir. Þeir þekkja best aðstæður á sínum stað, húsnæði og annað slíkt. Við tökum síðan afstöðu til þess ef fram koma slíkar óskir. Þannig ósk kom frá sýslumanninum á Siglufirði varðandi störf bótanefndar og verið er að vinna að því. Þetta þarf ákveðinn undirbúning og menn þurfa að setja sig inn í málið en við viljum að sá háttur sé hafður á að frumkvæðið komi frá sýslumönnum. Við erum búin að leggja á borðið ákveðnar kræsingar og ef menn vilja þiggja þær þá er þeim það að sjálfsögðu heimilt. Ef enginn vill sinna því þá sitjum við að þeim kræsingum áfram.

Umræðu lokið.

Lánveitingar til stjórnenda fyrirtækja.

Fsp. JóhS, 656. mál. — Þskj. 963.

[19:02]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Frumvarp sem ég hef lagt fram á Alþingi, um breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti, felur í sér ákvæði um aukna vernd minni hluthafa, heimild til að beita stjórnvaldssektum við markaðsmisnotkun og ákvæði um að setja í lög og lengja eignarhaldstíma lykilstjórnenda í fjármálastofnunum á hlutabréfum sem þeir kaupa í eigin félögum. Fjármálagjörningar einstakra lykilstjórnenda, sem ég kalla siðlausa, hafa einmitt verið gagnrýndir, þ.e. þegar þeir kaupa hlutabréf í eigin fjármálastofnun, fá til þess lán hjá þeirri fjármálastofnun sem þeir stjórna og enginn veit á hvaða kjörum, eiga bréfin í stuttan tíma og græða hundruð milljóna á örskömmum tíma á þessum fjármálagjörningum og eru meira að segja iðulega varðir fyrir gengistapi í kaupum á hlutabréfum og þurfa enga áhættu að taka eins og aðrir sem kaupa hlutabréf.

Þetta gengur auðvitað ekki og því hef ég í því frumvarpi sem ég nefndi áðan lagt til að ákvæði um lágmarkseignarhaldstíma stjórnenda séu fest í lög. Þar kemur einnig fram að mikilvægt sé að skoða þau ákvæði hlutafélagalaga og laga um fjármálafyrirtæki er varða lánveitingar til stjórnenda og að ákvæði þess efnis séu þrengd. Sömuleiðis þurfi að taka á lánveitingum fyrir hlutabréfum í eigin hlutafélögum með veðsetningu í sjálfum bréfunum en bann við slíkri veðsetningu er m.a. í norskum lögum.

Tilefni þessarar fyrirspurnar sem ég hef lagt fyrir hæstv. viðskiptaráðherra er að ég hef áhuga á að vita hvort hæstv. ráðherra sé að huga að slíkri lagabreytingu, ekki síst í ljósi þess að þegar ráðherra svaraði fyrirspurn minni í upphafi þings í október sl., um viðskipti fruminnherja á fjármálamarkaði, kom fram að ráðuneytið hafði til skoðunar hvort rétt væri að lögbinda tiltekinn eignarhaldstíma á hlutabréfum sem stjórnendur kaupa í eigin fyrirtækjum og að lengja hann einnig. Sömuleiðis kom fram í svari hæstv. viðskiptaráðherra að hún teldi rétt að kanna hvort núgildandi ákvæði 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem fjalla um lánveitingar til stjórnenda fjármálafyrirtækja, geti talist fullnægjandi en þau kveða á um frelsi fjármálafyrirtækja til að ákveða sérkjör til framkvæmdastjóra í lánveitingum, ef það svo kýs. Aftur á móti voru ákvæði fyrir nokkrum árum í lögum um fjármálafyrirtæki þess efnis að lánveitingar til stjórnenda skuli á engan hátt frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra viðskiptavina, sem ég tel eðlilegt.

Skoðun mín er sú að afnema eigi með lögum að stjórnendur fjármálafyrirtækja fái einhver sérkjör í lánveitingum, t.d. til hlutabréfakaupa, sem eru allt önnur og betri en annarra sem kaupa hlutabréf. Í Danmörku og Svíþjóð eru t.d. ákvæði sem banna lán til framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja á öðrum kjörum en almennt tíðkast.

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða þau ákvæði hlutafélagalaga og laga um fjármálafyrirtæki er varða lánveitingar til stjórnenda fyrirtækja? Ef svo er, verður flutt frumvarp á þessu þingi þar að lútandi?

2. Hver er skoðun ráðherra á því að stjórnendur fyrirtækja geti fengið lán fyrir hlutabréfum í eigin hlutafélögum með veðsetningu í bréfunum sjálfum? Telur ráðherra rétt að breyta lögum til að koma í veg fyrir slíkt?

[19:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í 1. mgr. 104. gr. laga um hlutafélög er að finna almennt bann við því að hlutafélag veiti m.a. stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán. Slíkar lánveitingar eru almennt ekki taldar til framdráttar starfsemi hlutafélaga og gera má ráð fyrir að þær sæti ófullnægjandi athugun og geti leitt til óréttmæts hagnaðar lántakenda á kostnað félaganna.

Í greininni eru þó vissar undantekningar frá banninu. Þannig geta starfsmenn fengið lán við kaup á hlutum í félaginu sem þeir vinna hjá eins og síðar verður vikið að. Lána má til móðurfélags og veita venjuleg viðskiptalán. Loks gilda sérákvæði um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir en ekki ákvæðin í hlutafélagalögunum. Ákvæðin eru byggð á dönskum lögum. Í Danmörku hafa fræðimenn fjallað um lánsákvæðin í 115. gr. og 115. gr. a í dönsku hlutafélagalögunum og dómar hafa fallið en ákvæðunum hefur þó ekki verið breytt. Ekki hafa verið færð fram rök fyrir því að nauðsyn beri til að gera það hér á landi og breyta þá lögunum en fylgst verður með þróun þessara mála. Bent skal á að í nýlegum héraðsdómi reyndi á ákvæði laga um ársreikninga varðandi lán. Komu síðan m.a. fram hugleiðingar um það hjá fræðimönnum hvort innleiðing ákvæða laga um ársreikninga á grundvelli starfs fjármálaráðuneytisins væri fullnægjandi miðað við EES-rétt, en í málinu reyndi á skýrleika refsiheimildar. Dómnum hefur reyndar verið áfrýjað.

Vakin skal athygli á því að í dönsku hlutafélagalögunum er aðeins kveðið á um sekt sem refsingu fyrir brot á lánsákvæðum laganna. Hér á landi er miðað við sekt eða fangelsi varðandi fjölmörg brot sem upp eru talin í 153. gr. laga um

hlutafélög. Er það á valdi dómara að kveða upp úr um það hvort til sektar eða fangelsisdóms kann að koma með tilliti til atvika í hverju máli. Er ekki sjáanlegt að nauðsynlegt sé að breyta þessari grein hlutafélagalaganna.

Hvað snertir ákvæði um innlánsstofnanir og aðrar fjármálastofnanir er rétt að vísa til svars míns við fyrirspurn sama fyrirspyrjanda fyrr á þessu þingi um viðskipti fruminnherja á fjármálamarkaði. Þar kemur m.a. fram að um lánveitingar til framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja sé fjallað í 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þar sem kveðið sé á um að lánveitingarnar séu háðar samþykki stjórnar og að ákvarðanir skuli bókaðar. Heimild fjármálafyrirtækja til að lána framkvæmdastjóra er undantekning frá meginreglu 104. gr. hlutafélagalaga sem leggur bann við slíkum lánveitingum.

Svar við annarri fyrirspurn: Eins og fram hefur komið í svari mínu gildir bann 1. mgr. 104. gr. laga um hlutafélög við lánum m.a. til stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra ekki um kaup starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum. Spyrja má hvort heimild skv. 2. mgr. 104. gr. til að lána starfsmönnum fyrir hlutum, sem er út af fyrir sig góð regla, taki til þeirra starfsmanna sem jafnframt eru stjórnendur eða stjórnarmenn. Það er ekki alveg óyggjandi hvernig skilja beri orðið „starfsmaður" í þessu sambandi. Í dönskum rétti hafa menn komist að niðurstöðu um allþrönga túlkun sem ólíklegt er þó að fylgt hafi verið hér á landi. Þannig telur danska atvinnu- og félagaskráin og fræðimenn að ekki megi lána framkvæmdastjórum til kaupa á hlutum. Í því sambandi beri að hafa í huga að heimildin til að lána starfsmönnum byggist á 23. gr. 2. félagsréttindatilskipunarinnar en þar hefur verið gengið út frá uppbyggingu kerfis til að örva almenna starfsmenn til að eiga í viðkomandi félögum. Fræðimenn ganga jafnvel lengra að því leyti að þeir telja að sama eigi að gilda um framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur. Aðrir stjórnendur eiga með öðrum orðum heldur ekki rétt á láni. Í dönskum rétti er hins vegar gengið út frá því að starfsmenn, sem sitja samkvæmt ákvæðum um aðild starfsmanna í stjórnum félaganna, eigi að eiga rétt á lánum enda mundu þeir ella sitja skör lægra hvað kjör snertir en starfssystkini þeirra og slíkt kynni að leiða til þess að þeir vildu síður taka að sér stjórnarstörf.

Vandséð er að stjórnendur hlutafélaga hér á landi, sem jafnframt eru starfsmenn félaganna, geti ekki eins og aðrir starfsmenn þeirra fengið lán innan hóflegra marka til kaupa á hlutum þannig að þörf sé á að girða fyrir slíkt í lögum.

[19:10]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég dreg þá ályktun af svari ráðherra að stjórnendur fjármálafyrirtækja ráði allt of miklu hér á landi um lagasetningu. Ég vil vísa til þess sem hæstv. ráðherra sagði fyrr á þessum vetri sem svar við fyrirspurn minni að í Danmörku og Svíþjóð væru ákvæði sem banna lán til framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja á öðrum kjörum en almennt tíðkast. Ég er ekki að tala um að banna eigi lán til stjórnenda fjármálafyrirtækja, heldur að þeir fái þau á sömu kjörum og aðrir sem fá lán í bankanum. Af hverju í ósköpunum ættu stjórnendur að fá lán á öðrum kjörum en aðrir?

Ég batt vonir við það sem hæstv. ráðherra sagði þegar hún svaraði fyrirspurn minni fyrr á þessum vetri en þá sagði ráðherrann orðrétt:

„Á hinn bóginn telur ráðuneytið rétt að kanna hvort núgildandi ákvæði 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki geti talist fullnægjandi til að ná þeim markmiðum sem að var stefnt og getið var hér að framan."

Er það svo að hæstv. ráðherra hefur látið skoða þetta ákvæði og telur hún að það sé fullnægjandi eða telur hún það sem ég tel rétt að gera, að rétt sé að endurvekja það ákvæði sem var til hér fyrir nokkrum árum og fellt var brott úr lögum, um að lánveitingar til stjórnenda fjármálafyrirtækja skuli á engan hátt frábrugðnar sambærilegri fyrirgreiðslu og til annarra viðskiptavina? Þetta var í lögum hér á landi, hvernig sem á því stendur að það var fellt úr gildi fyrir nokkrum árum síðan, og þetta er í lögum í Danmörku, eins og ráðherrann nefndi fyrr á þessum vetri, og í Svíþjóð. Ég spyr ráðherra beint út: Af hverju í ósköpunum og hver eru rökin fyrir því og skýringin að stjórnendur fái lán í þeim fyrirtækjum sem þeir stjórna á allt öðrum kjörum en aðrir viðskiptavinir? Það er í fyllsta máta óeðlilegt og ég verð að lýsa vonbrigðum með það, virðulegi forseti, ef það er niðurstaða ráðherra að lögin skuli standa óbreytt og að þessir stjórnendur fái áfram einhver sérkjör á lánum sínum umfram aðra.

[19:12]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það svar sem ég gaf fyrr í vetur stendur. Ég hef ekki útilokað að gera breytingar hvað varðar 57. gr. laganna og get að því leyti til tekið undir með hv. þingmanni að ég tel að það komi vel til greina. Þó að það hafi ekki orðið enn að ég hafi lagt fram frumvarp sem kveði á um það vil ég alls ekki útiloka að það geti orðið. (**JóhS:** Eftir hverju er verið að bíða?) Það er nú svo, af því að hv. þingmaður spyr eftir hverju verið sé að bíða, að það er ýmsu að sinna og þetta er til athugunar í ráðuneytinu ásamt ýmsu öðru sem við erum að fjalla um. Hv. þingmaður þekkir það vel, þar sem hún situr í efnahags- og viðskiptanefnd, að við erum þar með fjölmörg mál og þess vegna erum við ekki komin lengra en raun ber vitni hvað varðar þessa grein, 57. gr., en ég útiloka alls ekki að af því geti orðið á næsta þingi.

Umræðu lokið.

Vatnsafl og álframleiðsla.

Fsp. MÁ, 650. mál. — Þskj. 957.

[19:13]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Í upphafi er mér bæði skylt og ljúft að segja frá því að kveikjan að þessari fyrirspurn eru upplýsingar úr ágætri bók, nýrri, Andra Snæs Magnasonar, sem heitir Draumalandið, þar sem hann fjallar m.a. um tölur frá viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu og hæstv. ráðherra um vatnsafl og álframleiðslu.

Í þremur ritum frá viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu og undirstofnunum þess einhvers konar á síðustu 11 árum, það eru ritin Lowest energy prices frá 1995, Orka á Íslandi frá 2003 og Doing business in Iceland, 3. útg. frá 2004, er því haldið fram að nýtanlegt vatnsafl á Íslandi til raforkuframleiðslu sé 30 teravött alls. Það er sagt að það sé nýtanlegt með hagkvæmum hætti og að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða, eða eins og segir í ritinu Doing business in Iceland, frá 2004, með leyfi forseta, á ensku: „Technically, ecologically and economically feasible hydropower."

Spurt er um það í fyrsta lagi hvort þessum tveimur ensku ritum sé enn dreift meðal lysthafa erlendis, en tvö ár eru liðin frá útgáfu annars þeirra.

Í öðru lagi er spurt við hvaða virkjunarkosti sé miðað í þessum bæklingum sem segja frá teravöttunum 30, en sem kunnugt er hafa u.þ.b. 7 teravött þegar verið virkjuð, og þegar menn fara að reyna að telja saman þá virkjunarkosti sem fyrir hendi eru eins og rithöfundurinn Andri Snær Magnason gerir, hann lendir í ákveðnum vandræðum því hann verður að taka nánast alla þá virkjunarkosti sem kunnir eru um vatnsafl á Íslandi, þar á meðal virkjunarkosti sem að vísu hafa verið nefndir en menn hafa ekki haft hugmyndaflug, hin síðari ár, til að láta sér detta í hug að mundu nokkurn tíma vera „feasible", svo notað sé kynningarmál iðnaðarráðuneytisins, af umhverfisástæðum.

Í þriðja lagi er spurt að því hvort enn standi sú tala, milljón tonn, sem hæstv. ráðherra hélt fram í mars í fyrra að væri hámark ársframleiðslu á áli á Íslandi. Það gerði hún á iðnþingi og endurtók það svo í fréttum í útvarpinu.

[19:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eftir því sem lausleg könnun starfsmanna iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis kemst næst er bæklingurinn Lowest Energy Prices ekki í dreifingu neins staðar svo vitað sé. Enda er hér um að ræða 11 ára gamalt rit sem gefið var út í tíð Sighvats Björgvinssonar í stóli iðnaðarráðherra. Hið sama gildir um þriðju útgáfu ritsins Doing Business in Iceland sem út kom árið 2004, og gefið var út af Fjárfestingarstofu. Sú útgáfa er ekki í dreifingu. Ritið hefur komið út á hverju ári síðan árið 2003 og nú síðast fyrr á þessu ári. Nýrri útgáfum á því að vera dreift í stað þeirra sem eldri eru, auk þess sem tekið er fram í bæklingnum að nýjustu uppfærslu hverju sinni megi finna á vef Fjárfestingarstofu, www.invest.is.

Svarið við annarri spurningu. Tölur um virkjanlegt vatnsfall og jarðvarma hafa breyst nokkuð í tímans rás. Á orkuþingi árið 1981 skýrði Haukur Tómasson, forstöðumaður Orkustofnunar, frá mati sínu á vatnsorku landsins. Reiknaðist honum til að staðarorka þeirrar úrkomu sem á landið fellur væri um 285 teravattstundir ári og er þá miðað við að hver vatnsdropi skilaði allri fallorku sinni allt til sjávar, sem auðvitað er ekki gerlegt.

Til að nálgast líklega tölu um tæknilega nýtanlega orku voru aðeins þeir árkaflar notaðir þar sem rennslisorkan var yfir eitt megavatt á hvern fimm kílómetra kafla. Með þessu móti var tæknilega nýtanleg vatnsorka metin vera 64 teravattstundir á ári og hefur þá hvorki verið tekið tillit til hagkvæmni né umhverfisáhrifa.

Fyrir um það bil 30 árum var annarri aðferð beitt til að meta virkjunarkosti. Var þá farið í gegnum hugmyndir um virkjunarkosti vatnsorkunnar, en sumar þeirra voru þá byggðar á fremur veikum grunni. Kostnaður var lauslega metinn og aðeins teknir með í reikninginn þeir vatnsorkukostir sem voru taldir hagkvæmir. Niðurstaðan var, að miðað við gefnar forsendur, væri framleiðslugetan 45 teravattstundir á ári.

Sem viðmið um hagkvæmni settu menn framleiðslukostnað í nýjum kjarnorkuverum. Ljóst var að margir af þessum orkukostum yrðu umdeildir svo sem virkjanir sem skertu rennsli í þekktustu fossum landsins. Því var þriðjungur sleginn af og niðurstaðan var talin 30 teravattstundir á ári.

Í riti iðnaðarráðuneytisins frá 1994 um innlendar orkulindir til vinnslu raforku, voru virkjunarhugmyndir endurskoðaðar og þá talið að tæknilegur möguleiki á hagkvæmum kostum væri um 42 teravattstundir á ári. Ekki var lagt mat á það í ritinu hvort virkjunum kunni að vera hafnað eða tilhögun breytt vegna umhverfisröskunar. Þar sem flestum smærri virkjunarkostum var sleppt má segja að heildarmatið hafi verið óbreytt.

Ég reikna hins vegar með að með spurningu sinni sé hv. þingmaður að vísa til Orku Íslands, upplýsingarits um orkumál, sem Orkustofnun og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið gáfu út í nóvember árið 2003. Í því riti segir m.a., með leyfi forseta:

„Enda þótt Ísland búi yfir miklum ónýttum orkulindum eru þær ekki óþrjótandi. Einungis er til lauslegt mat á stærð orkulindanna og því er allnokkur óvissa þegar kemur að því að meta hve stór hluti þeirra er nýtanlegur, bæði með tilliti til tæknilegra möguleika, hagkvæmni og umhverfissjónarmiða. Oftast er miðað við að nýtanlegt vatnsafl sé 30 teravattstundir á ári og jarðhiti til raforkuvinnslu 20 teravattstundir, eða alls 50 teravattstundir á ári. Þá er búið að draga frá þann hluta sem áætlað er að ekki verði virkjaður af umhverfisástæðum."

Í ritinu segir sem sagt aðeins að oftast hafi verið miðað við 30 teravattstundir á ári í nýtanlegu vatnsafli. Stundum hefur sú viðmiðun raunar verið dregin í efa eins og orkumálastjóri gerði t.d. á ársfundi Orkustofnunar árið 2004 þar sem hann taldi að ef til vill væri réttara að tala um 26 teravattstundir á ári í stað 30 teravattstundir í virkjanlegu vatnsafli en 23 í stað 20 í háhita.

Forstjóri íslenskra orkurannsókna hefur sömuleiðis greint frá því opinberlega að með tilliti til ýmissa forsendna megi draga í efa svo mikla orkugetu úr virkjanlegu vatnsafli en trúlega megi hins vegar bæta við þegar rætt sé um virkjanlegan jarðvarma. Að framansögðu má ljóst vera, að enginn listi er til sem gefur nákvæmlega þessar 30 teravattstundir á ári sem oft hefur verið miðað við.

Sem svar við þriðju spurningu. Í ávarpi mínu á iðnþingi fyrir um ári síðan fjallaði ég nokkuð um stóriðjumál. Það markaði ég hins vegar ekki neina stefnu sem miðar að einhverri ákveðinni ársframleiðslugetu álvera hér á landi og hef ekki í hyggju að gera svo. Hv. þingmaður hefur því rangt eftir mér úr fyrrgreindu ávarpi. Hitt er aftur rétt að í viðtölum við fjölmiðla í kjölfar iðnþings lét ég hafa eftir mér að stóriðjan bjargaði ekki öllu þótt svo hún væri góð

með öðru. Einhvern (Forseti hringir.) tíma kæmi að því að við yrðum að draga úr framleiðslu á áli og það væri ekki æskilegt að ganga lengra í þeim efnum. Ég hef ekki skipt um skoðun hvað það varðar. (Gripið fram í.)

[19:22]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni Merði Árnasyni fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Það hefði verið fengur ef hæstv. ráðherra hefði haft meiri tíma til að svara.

En mig langar að benda hæstv. ráðherra á að orkumálastjóri, Þorkell Helgason, sagði á fundi 16. október 1999, fyrsta kynningarfundi fyrir verkefnið „Maður – nýting – náttúra", sem var undanfari rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar um vatnsafl og jarðvarma, að af þessum 64 teravattstundum sem væri allt virkjanlegt vatnsafl á Íslandi, væru svona 40 til 45 teravattstundir sem væri mögulegt tæknilega að virkja. Síðan þyrftu menn að slá af einum þriðja eða einum fjórða vegna umhverfissjónarmiða eða vegna þess að hagkvæmni gæti hafa verið vanmetin. Þá standa eftir, sagði Þorkell Helgason 1999, *20 til 30 teravattstundir*. Hæstv. ráðherra verður væntanlega að hætta að reikna með þessum 30 teravattstundum.

[19:23]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Það er út af fyrir sig ánægjulegt til þess að vita að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafa undir forustu núverandi hæstv. ráðherra dregið til baka þær upplýsingar sem áður voru hafðar fyrir satt um að hámark vatnsorku sem væri hægt að nýta hér og stæðist öll umhverfispróf, væri 30 teravattstundir. Það er auðvitað út af fyrir sig ánægjulegt að hæstv. ráðherra skuli ekki koma með nýja tölu í þessu skyni, heldur vitna í undirmenn sína sem hafi verið með lægri tölur, 26 teravattstundir fyrir nokkrum árum.

En það eru ekki nema eitt og hálft ár, hygg ég, eitt og hálft til tvö ár, síðan þessi sami ráðherra, að mig minnir, í eigin líkama, eða að minnsta kosti í formi sendisveitar var á alþjóðaorkuþingi í Ástralíu, að kynna þessa miklu paradís með Lowest Energy Prices, þar sem mætti nota 30 teravattstundir án umhverfisáhrifa.

Um síðari hlutann verð ég að segja, forseti, að ég sætti mig ekki við að ráðherra komi hér og neiti eigin orðum á iðnþinginu og í fréttum sem af því voru sagðar. Að vísu er ræðu ráðherra hæstv. ekki lengur að finna á vef ráðuneytis hennar. En þessa tölu má bæði sjá í fréttabréfi Samtaka iðnaðarins og í frétt sem sögð var í Ríkisútvarpinu kl. 18, 20. mars í fyrra. Þar segist iðnaðarráðherra geta nefnt að milljón tonn sé eitthvað sem vel sé hægt að ráða við en síðan þurfi að fara að spyrna við fótum og leggja meiri áherslu úrvinnslu úr áli og annað slíkt.

Enn gleggri er sú frásögn sem eftir henni var höfð í fréttabréfi Samtaka iðnaðarins (Forseti hringir.) og sá partur af ræðunni sem rithöfundurinn Andri Snær Magnason (Forseti hringir.) tók af heimasíðu iðnaðarráðuneytisins á sínum tíma og (Forseti hringir.) birtir í bók sinni og ég skora á iðnaðarráðherra að hafna hér ef hún þorir.

[19:26]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Við skulum ekkert vera að æsa okkur yfir þessu. Málið er einfaldlega þannig að þessa ræðu hélt ég ekki á iðnþingi (**KolH:** Hvar þá?) sem vitnað er til. Ég hélt hana aldrei. (**MÁ:** Hélstu aldrei ræðuna?) Ég hélt aldrei þessa ræðu. Það hefur sama ræðan verið inn á vef ráðuneytisins allan tímann. Ef hún er ekki lengur inn á vefnum þá veit ég ekki hvað hefur gerst. Hún var þar síðast þegar ég athugaði það.

Það er ræðan sem ég flutti á þessu margumtalaða iðnþingi. Þannig er þetta. Það er ósatt sem hefur verið sagt, bæði af hálfu þessa rithöfundar og eins hér af hálfu hv. þingmanns, að ég hafi flutt ræðu á iðnþingi þar sem ég hafi talað um eina milljón tonna.

Hins vegar er það rétt að í framhaldi af því iðnþingi áttu fjölmiðlar við mig viðtöl og þá lét ég orð falla sem eru rétt eftir mér höfð hérna, að þegar það væri komið í milljón tonn þá vil ég fara að spyrna við fótum. Ég get alveg staðið við að það verður ekki endalaust haldið áfram að framleiða ál á Íslandi.

Mér finnst þetta vera óþarfaumræða. Hvort þetta eru 30 eða 26 teravattstundir eða hvað það er í vatnsafli. Þetta eru ákveðin fræði. (Gripið fram í.) Hins vegar er allt annað mál hvað við viljum nýta af þessu vatnsafli. Að sjálfsögðu viljum við ekki nýta allt það vatnsafl sem tæknilega er hægt að nýta. Við viljum ekki nýta það allt út af umhverfisástæðum. Þetta er ekki spurning um hvað stendur í einhverri bók.

Þar að auki get ég sagt hæstv. þingmanni að ég hef aldrei komið til Ástralíu og veit ekkert hvað hefur verið lagt þar á borð. En þetta er ekki þannig að það sé búið að ákveða einhverjar 30 teravattstundir og síðan ætli ríkisstjórnin að halda áfram þangað til það sé komið upp í 30 teravattstundir. Þetta er ekki svona og það hljóta hv. þingmenn að vita. Auðvitað er þetta ekki svona. Þetta er tala sem kemur upp og ég fór yfir í ræðu minni hvernig hún varð til.

En það er allt annað mál hvað ríkisstjórnin sem nú situr telur rétt — og svo koma náttúrlega einhvern tíma aðrar ríkisstjórnir — að nýta af þessu vatnsafli. Ég geri mér fulla grein fyrir að það (Forseti hringir.) verður numið staðar áður en við komum að viðkvæmustu stöðunum.

Umræðu lokið.

Út af dagskrá voru tekin 19.–20. mál.

Fundi slitið kl. 19:28.

101. FUNDUR

fimmtudaginn 6. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra.

Fjarvistarleyfi:
Guðlaugur Þór Þórðarson, 4. þm. Reykv. n.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fréttatilkynning frá Hafrannsóknastofnun.

[10:31]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að ræða fréttatilkynningu sem kom frá Hafrannsóknastofnun í gær. Enn eina ferðina fáum við slæmar fréttir af uppbyggingu okkar dýrmætustu fiskstofna. Þorskurinn og ýsan eru nánast í frjálsu falli. Þessi fréttatilkynning segir okkur að stofnvísitala þorsks hafi lækkað um 15% frá því í fyrra. Með öðrum orðum: Fiskifræðingarnir fundu 15% minna af þorski en á síðasta ári. Þetta er enn ein slæm frétt af viðkomu þorskstofnsins.

Ég minni á að í fyrra fundu fiskifræðingarnir nálega 20% minna af þorski en árið þar á undan þannig að fallið heldur áfram. Það er augljóst þegar maður les áfram í þessari fréttatilkynningu. Árgangar 2001 og 2004 eru mjög lélegir, 2003-árgangurinn er talinn frekar lélegur, árgangur 2002 er nærri meðallagi, nýjasti árgangurinn 2005 er talinn í meðallagi. Síðan kemur í ljós að holdafar þorsksins er enn verra en í fyrra og var það þó slæmt. Það var eitt það versta frá því að mælingar hófust árið 1996. Maður hlýtur að spyrja sig: Hvar endar þetta? Á hvaða vegferð erum við?

Þegar við skoðum síðan niðurstöðuna varðandi ýsuna þá er ýsan líka í falli. Þar er nú kominn fram stærsti árgangur sögunnar, 2003-árgangurinn. Það kemur í ljós að hann er grindhoraður, hann hefur ekki nóg að éta. Það er viðvarandi fæðuskortur í hafinu og við hljótum að spyrja okkur á hvaða vegferð við erum. Ég verð að segja að við í Frjálslynda flokknum erum hundleiðir á að koma upp ár eftir ár með aðvörunarorð um að við séum á vitlausri leið og að menn þurfi að hugsa þessa hluti upp á nýtt. Við erum hundleiðir á að ekkert skuli hlustað á varnaðarorð okkar eða það sem við höfum að segja. Við erum orðnir hundleiðir á að fá ár eftir ár sömu fréttirnar sem valda sífellt meiri vonbrigðum og áhyggjum.

[10:34]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er árvisst að umræður hefjist um stofnstærð þorsksins þegar Hafrannsóknastofnun birtir fyrstu upplýsingar úr svokölluðu togararalli, þ.e. upplýsingar um stofnvísitölu þorsksins. Ég vil hins vegar vara menn við því að draga allt of víðtækar ályktanir af þeim upplýsingum sem þar liggja fyrir.

Tökum dæmi frá árinu 2004, þá kom fram að stofnvísitalan hefði hækkað um 25%. Stofnstærðarmatið sem kom tveimur mánuðum síðar leiddi í ljós hækkun upp á 11,6%. Aflareglan leiddi af sér 4 þús. tonna minnkun þannig að það er varhugavert að reyna að draga allt of víðtækar ályktanir af þessum upplýsingum. Auðvitað gefa þær ákveðnar vísbendingar en þær eru ekki til þess fallnar að draga svo víðtækar ályktanir, hvorki varðandi aflaheimildir eða stærð þorskstofnsins. Það sem vantar á er bæði upplýsingar um aflagreinda vísitölu og aldursgreindan afla. Það liggur ekki fyrir fyrr en í vor. Það er fyrst þá sem við getum dregið hinar raunverulegu ályktanir enda kemur fram í tilkynningu Hafrannsóknastofnunar, sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni, með leyfi virðulegs forseta:

„Ekki er beint samband á milli stofnvísitölu þorsks í stofnmælingu og viðmiðunarstofns fjögurra ára og eldri sem notaður er í aflareglu til að reikna aflamark."

Stofnvísitalan í fyrra var t.d. 50% hærri heldur en árið 2001. Enginn gladdist yfir því enda engin ástæða til þess. Það var ekki ástæða til þess vegna þess að við megum ekki draga allt of miklar ályktanir. Það eru hins vegar athyglisverðar ábendingar í þessari skýrslu, m.a. þær að við sjáum að 2005-árgangurinn er við meðaltal, sem er býsna ánægjulegt í ljósi þess, eins og hv. þingmaður nefndi, að við höfum séð hvern árganginn á fætur öðrum sem hefur verið langt undir því. Það eru líka ánægjulegar fréttir af því að vísbendingar virðast um betra fæðuaðgengi þorsksins varðandi loðnuna. Við sjáum að það er í samræmi við upplýsingar og fréttir sem berast daglega til mín frá sjómönnum allt í kringum landið um mikil og góð aflabrögð.

Kjarni málsins er þessi: Við höfum ekki verið að ná árangri, það er alveg hárrétt. En hins vegar er ýmislegt athyglisvert sem komið hefur fram. Við höfum brugðist við. Ég hef verið að draga úr möskvastærð og draga úr loðnuveiðum, reyna að minnka þær til að bæta fæðuaðgengi þorsksins. Vonandi verður það til einhverrar hjálpar.

[10:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Árlega verða umræður um vandamál þorskstofnsins. Hann heldur áfram að minnka. Það virðist vera eins með hann og Framsóknarflokkinn, að hann eygi það eitt að skreppa saman og það er auðvitað alvarlegt mál, þá er ég að tala um þorskstofninn en ekki Framsóknarflokkinn, að þetta skuli ganga svona illa hjá okkur.

Mér finnst full ástæða til að menn fari yfir heildarstefnuna í þessu öllu. Ég er á þeirri skoðun að menn eigi að gefa umgengninni um lífríkið í hafinu meiri gaum en gert er. Hvar er nú sú trú Íslendinga, þegar barist var í þorskastríðunum, að ekki megi ganga um lífríkið eins og togararnir gerðu á þeim tíma?

Hvað eru Íslendingar að gera núna? Nú veiðum við langstærstan hluta af öllum afla okkar með botnlægum dregnum veiðarfærum. Er ekki ástæða til að hæstv. sjávarútvegsráðherra gefi því gaum og menn fari virkilega í endurskoðun á hvernig við göngum um lífríkið? Það þætti ekki par gott að haga sér svona uppi á landi, það er a.m.k. ljóst. Ég hef áður sagt að það er full ástæða til að fram fari umhverfismat á öllum veiðarfærum sem notuð eru í hafinu. Þeim ætti ekki að sleppa í hafið nema að menn hafi gengið úr skugga um að þau séu boðleg í umgengninni við lífríkið. Þetta er stórverkefni sem þarf að ráðast í og það á að láta náttúruna njóta vafans meðan menn hafa ekki leyst það verkefni af hendi.

Þetta er að mínu viti það sem menn þurfa að taka á núna. Við erum í raun að fylgjast með öndunarvélinni og ástandi sjúklingsins. A.m.k. virðist það liggja fyrir okkur á hverju einasta ári að fá vondar fréttir.

[10:38]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Skilar stjórnkerfi fiskveiða þeim árangri sem að var stefnt þegar við tókum það upp? Skilar það þeim árangri að vernda fiskstofnana og byggja þá upp? Ég held að allir sem fylgjast með þessum málum viti hvert svarið við þessum tveimur spurningum er. Eftir sem áður berja stjórnvöld höfðinu við steininn og neita að horfast í augu við að þróunin er önnur en að var stefnt.

Samt er haldið áfram með sömu aðferðir, með sömu stefnu og sömu stjórntæki. Það er alveg sama þótt við sjáum stóra nytjastofna okkar minnka ár eftir ár. Svörin eru þau sömu og við heyrðum hjá hæstv. ráðherra áðan. Við skulum ekki fara á taugum. Við skulum vera róleg og horfa á þetta með ró í hjarta. En þegar maður sér þróunina eins og hún hefur verið um langt skeið þá hljóta mælingar sem þessar að hringja einhverjum bjöllum. Þótt við getum verið sammála um að vera ekki of snögg að draga ályktanir þá hljóta samt sem áður svona vísbendingar að hringja bjöllum.

Stofnvísitalan í þorski er að lækka og hefur lækkað núna þrjú ár í röð. Það hljóta að vera alvarleg tíðindi, jafnvel þótt þorskárgangur síðasta árs virðist í meðallagi stór.

Hvað gerist síðan í ýsunni? Þar hefur stofnvísitalan hækkað gífurlega á undanförnum árum. Eftir sem áður er ekki veitt það magn af ýmsu sem allir þeir sem til þekkja telja í lagi að veiða. Ég man eftir því þegar kvótinn fyrir þetta ár var gefinn út, á grundvelli stærsta árgangs sem sögur fara af, þ.e. árgangs 2003. Sá fiskur er þriggja ára núna og kominn inn í veiði en þegar kvótinn var gefinn út voru rökin þau að hann mætti ekki vera of hár því að það gæti haft slæm efnahagsleg áhrif á útgerðina. Aftur á móti var sagt að stofninn sjálfur, þ.e. fiskurinn í sjónum, væri nægilega mikill til að veiða meira. Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort það komi til greina að auka ýsukvótann.

[10:40]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Þau tíðindi sem við ræðum í dag og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson vakti máls á, um 15% lækkun á stofnvísitölu þorsksins, eru að sjálfsögðu enn einn áfellisdómurinn yfir kvótakerfinu. Vandinn er ekki bara braskið með veiðiheimildirnar og byggðaröskunin, sem kvótakerfið hefur valdið á síðustu árum, gríðarleg tilfærsla á auðæfum í sameign þjóðarinnar, heldur ekki síður rányrkjan sem kerfið augljóslega veldur. Kvótakerfið elur af sér rányrkju á lífríki hafsins, rányrkju sem rústar hafsbotninum í kringum Ísland.

Viðbrögð hæstv. sjávarútvegsráðherra við þessum tíðindum, við enn einum válegum tíðindum, enn einni vísbendingunni um hörmungar í hafinu út af veiðarfæranotkun okkar Íslendinga, út af rányrkjunni sem kvótakerfið elur af sér, eru engin. Viðbrögð hæstv. sjávarútvegsráðherra eru engin önnur en að láta hörmungarnar ríða yfir og aðhafast ekkert.

Auðvitað á að fara fram umhverfismat, heildstætt mat á notkun á veiðarfærum og áhrifum þeirra á lífríkið á sjávarbotninn í kringum Ísland. Að sjálfsögðu ættu hin vitrænu pólitísku viðbrögð hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að gera eitthvað slíkt. Um það ætti ekki að þurfa að deila í þingsal. Svo sjálfsögð viðbrögð væru það enda um að ræða grundvallaratvinnugrein þjóðarinnar, fiskveiðarnar sjálfar. Það er ekki nóg með að áhrif kvótakerfisins séu þau að veikja byggðir landsins heldur er augljóst að það elur af sér rányrkju sem rústar hafsbotninum. Við hljótum að kalla eftir ögn meira afgerandi viðbrögðum frá hæstv. sjávarútvegsráðherra.

[10:43]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Þær ræður sem hér hafa verið haldnar hljóta að vekja upp notalega fortíðarþrá í brjósti hæstv. sjávarútvegsráðherra. Þetta eru nákvæmlega sömu ræðurnar og hæstv. ráðherra flutti fyrr á árum meðan hann var andstæðingur kvótakerfisins. Hann benti þá á nákvæmlega sömu afleiðingar kvótakerfisins og hv. þingmenn hafa reifað.

Við megum ekki gleyma því að kvótakerfið var upphaflega ekki sett upp fyrir bankana eða fjármálalífið heldur til að vernda fiskstofna. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að menn hafa gert ýsustofninn að umræðuefni. Núna búum við við einhvern stærsta ýsustofn sem hefur fram komið og það kemur fram í skýrslunni að holdafar ýsunnar er ákaflega rýrt. Það er vegna þess að það er ekki nægileg fæða fyrir ýsuna. Við þessar aðstæður, ef menn væru að hugsa um hámarksafrakstur úr hafinu og hugsa um það sem stofninum væri fyrir bestu, mundu menn gefa ýsuveiðar frjálsar. Það er hið rétta líffræðilega svar við þeirri stöðu sem komin er upp gagnvart þeirri tilteknu tegund.

Hvers vegna íhugar hæstv. sjávarútvegsráðherra ekki að gefa ýsuveiðar frjálsar? Það er vegna þess að það mundi veikja undirstöður lánveitinga til útgerðarinnar. Það mundi hugsanlega veikja undirstöður bankakerfisins. Nú er svo komið að fjármálalífið og bankarnir eru farnir að stjórna fiskveiðunum. Það er ekki staða stofnanna sem ræður því hvaða ákvarðanir við tökum heldur hagsmunir bankanna. Ég spyr hæstv. sjávarútvegsráðherra: Er ekki kominn tími til að hann rifji upp sínar gömlu ræður? Er hann ekki reiðubúinn, sem ábyrgur ráðherra, að berjast fyrir því að veiðin á ýsu verði við þessar aðstæður gefin frjáls?

[10:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þetta eru engan veginn ánægjulegar fréttir hversu mikið sem menn í Stjórnarráðinu reyna að draga í efa að þær séu jafnalvarlegar og þær eru settar fram, þ.e. að 15% í stofnvísitölu þorsksins hafi ekki sömu áhrif og mat á heildarstofninum, annars vegar veiðistofninum og hins vegar leyfðri veiði. En sú þróun sem við höfum séð á undanförnum árum er hins vegar mjög dapurleg og gefur engar vísbendingar um að við séum á réttri leið með nýtingu okkar á fiskveiðilögsögunni.

Það er ekki með nokkrum rökum lengur hægt að halda því fram, hæstv. forseti, að kvótakerfið, eins og það hefur verið notað á undanförnum árum og áratugum, hafi fært okkur ávinning við uppbyggingu þorskstofnsins. Við skulum heldur ekki gleyma því að ýsustofninn stækkaði mest þegar mest veiðiálag var á honum, samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun og Landssambandi íslenskra útvegsmanna, þegar smábátarnir fengu að veiða ýsuna frjálsa þá stækkaði ýsustofninn mest. Núna liggur fyrir að ýsan hefur ekki nægilegt fæði. Það ánægjulega við útbreiðslu hennar er hins vegar að hún er allt í kringum land og er þar af leiðandi á mjög stórri beitufæðisslóð.

Ef við lítum hins vegar á dreifingu þorsksins kemur í ljós að megnið af þorskinum er í útköntunum umhverfis Ísland. Í djúpköntunum. Það bendir til að þorskurinn sé að færast frá landinu miðað við það sem áður var og þar af leiðandi sé hann að talsverðu leyti upp í sjó þannig að það kann að vera mikil óvissa í þessari mælingu.

[10:47]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ræða hæstv. sjávarútvegsráðherra hér áðan olli miklum vonbrigðum. Það er ekki að sjá að það sé nein stefnubreyting í gangi. Hann flutti nánast efnislega sömu ræðuna og var flutt hér í fyrra þegar okkur bárust líka slæmar fréttir af gangi þorskstofnsins. Þá hafði ég uppi sterk varnaðarorð um hvert stefndi og því miður eins og ég sagði áðan, það er allt að koma í ljós. Ég er búinn að hafa rétt fyrir mér allan tímann, í mörg ár.

En núna finnst mér vera kominn tími til að hlusta. En því miður sjáum við bara sinnuleysi og dáðleysi hjá stjórnvöldum. Þessir menn vita í raun og veru ekki sitt rjúkandi ráð. Hér um daginn kom hæstv. sjávarútvegsráðherra upp í ræðustól og sagði að forsenda fyrir því að byggja upp þorskstofninn væri að skjóta hrefnur. Hvað ætlar ráðherrann að skjóta margar hrefnur til að byggja upp þorskstofninn? Tvær, tuttugu, tvö hundruð, tvö þúsund, tuttugu þúsund? Þessu verður hann að svara.

Þessir menn hafa hegðað sér hérna í mörg ár eins og guðir, telja sig vita hve margir fiskar eru í sjónum. Telja sig geta stjórnað þessu alveg upp á hár. En þetta eru menn sem ráða ekki einu sinni við að slökkva sinuelda vestur á Mýrum. Hvernig í ósköpunum dettur þeim þá í hug að þeir ráði við það upp á hár hvernig eigi að byggja upp þorskstofninn eða ýsustofninn? Hvernig í ósköpunum dettur þeim það í hug?

Hvernig er nú árangurinn? Við sjáum það fyrir framan okkur. Það er að gerast nákvæmlega það sem við í Frjálslynda flokknum höfum verið að vara við árum saman. Við erum að gera hlutina vitlaust og náum ekki árangri. Við höfum margoft bent á þær leiðir sem eru til úrbóta, hvernig mætti stjórna fiskveiðum hérna með betri hætti en gert hefur verið mörg undanfarin ár. Og ná árangri.

Virðulegi forseti. Tími minn leyfir ekki að ég fari yfir það hér og nú í smáatriðum en ég get bent á að á heimasíðunni minni, magnusthor.is, er að finna margar greinar sem hafa verið skrifaðar um langan aldur um hvað eigi að gera til að ná hér upp fiskstofnum. Hvað eigi að gera til að hægt sé að endurreisa byggðirnar. Því við skulum gera okkur grein fyrir því að takist okkur ekki að byggja upp þessa fiskstofna þá kallar það á áframhaldandi byggðaröskun. Það kallar á að veiðiheimildirnar haldi áfram að safnast á færri og færri hendur. Það kallar á áframhald stóriðjustefnunnar í þessu landi. Áttið ykkur á því. (Forseti hringir.)

[10:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta var snjallt ráð hjá hv. þm. Magnúsi Þór til að stytta mál sitt að benda bara á heimasíðu sína. (Gripið fram í.) Ég hvet hann til að gera það oftar svo hann geti flutt hér stuttar og snarpar ræður. (**Gripið fram í:** Ýmsir eiga nú ágætar heimasíður.) Ýmsir eiga nú heimasíður, það er rétt.

Virðulegi forseti. Það er von að menn taki þetta mál upp í ljósi þeirra frétta sem komu í gær. En eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur bent á er ekki beint samband á milli þeirra talna og síðan endanlegs mats á veiðistofninum.

En hinu er ekki að leyna að það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af því hvernig til hefur tekist hvað varðar uppbyggingu þorskstofnsins. Því þar hefur satt að segja hvorki gengið né rekið á síðastliðnum 20 árum.

Það er hins vegar ekki hægt að fullyrða að þar með talið sé öll fiskveiðistjórn árangurslaus. Við sjáum að árangur hefur náðst í öðrum tegundum og jafnvel miklu meiri en menn hafa ætlað eins og t.d. varðandi ýsustofninn. Þar hefur verið leyft að veiða meira af ýsu í mörg ár en ráðlagt hefur verið af fiskifræðingunum en engu að síður er stofninn ákaflega sterkur og fer stækkandi. Þannig að það er ekki hægt að slá fram alhæfingum í þessu efni.

Það sem ég held að við ættum að einblína á er hvað það er sem er öðruvísi varðandi þorskstofninn og aðra stofna. Þar held ég að séu fáein atriði sem við ættum að skoða.

Í fyrsta lagi er þorskstofninn sá sem er langverðmætastur. Það þýðir að veiðin í hann og álagið hefur verið mest, ásóknin í að veiða hrygningarstofninn hefur verið mest þar. Ég held að það sé mjög alvarlegt mál.

Í öðru lagi held ég að netaveiðar hafi verið mjög slæmar, sérstaklega á þeim tíma sem þorskurinn er að hrygna. Ég held að friðunin sé ekki nógu mikil á þeim tíma.

Þá held ég líka, virðulegi forseti, að loðnuveiðar séu mjög slæmar fyrir viðgang þorskstofnsins, svo ég nefni þrjú atriði sem ég tel (Forseti hringir.) að séu öðruvísi hvað varðar þorskstofninn en aðra fiskstofna.

[10:52]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að taka undir með hæstv. sjávarútvegsráðherra að það eru vonbrigði að fá svona skýrslur æ ofan í æ. En ég lýsi samt sem áður furðu á að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur ekkert gefið í skyn hér í umræðunni, og aldrei síðan hann tók við embætti, að fara eigi að hugsa hlutina upp á nýtt. Heldur ætlar hann að halda áfram eins og kontóristi í sama kerfinu og þykist ekkert ráða við að breyta því með neinum hætti. Þó svo að hann hafi ætíð boðað, þegar hann hefur verið frambjóðandi, að hann ætli að breyta einhverju. En kerfið hefur einungis versnað og breyst til hins verra síðan hann tók við hér, hann hefur ýtt á hnappa og stutt hvert frumvarpið á fætur öðru sem hefur greitt byggðum landsins þung högg.

Ræðumaðurinn sem talaði á undan mér, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, minntist á eitthvert endanlegt mat. Við verðum að ræða það í þessu samhengi að endanlegt mat á veiðistofni er stundum metið jafnvel mörg ár aftur í tímann. Menn hafa misreiknað veiðistofna. Í kringum síðustu aldamót var t.d. veiðistofninn sem veitt var úr nokkrum árum fyrr reiknaður upp á nýtt og þá kom nýtt endanlegt mat. Þannig að hvað er endanlegt í þessu? Ég held að það sé vert að spyrja að því.

Þegar menn eru að spá fyrir um uppbyggingu áratugi fram í tímann eins og Hafrannsóknastofnun hefur gert en geta síðan ekki spáð fyrir um þorskstofninn á næsta ári þá finnst mér það ekki vera góðs viti. Ég er á því að löngu sé tímabært að fara að skoða þetta með gagnrýnum hætti, þetta gengur ekki. Við í Frjálslynda flokknum höfum bent á að með því að taka upp veiðar sem byggjast á því að nota sóknarstýringu þá fái menn mikinn afla þegar mikill afli er á slóðinni en ekki út frá einhverjum misgóðum reikniformúlum sem margsinnis hefur komið í ljós að (Forseti hringir.) virka ekki.

[10:54]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. n. hvatti mig til að rifja upp gömlu ræðurnar mínar. Það er nú gott að heyra það því ekki var hann alltaf sammála þeim þegar þær voru fluttar. En ég ætla aðeins að rifja mínar gömlu ræður upp.

Ég hvatti m.a. til þess á þeim tíma að við mundum leggja aukna áherslu á veiðarfærarannsóknir. Það er það sem við höfum verið að gera, m.a. með uppbyggingu veiðarfærarannsókna við Hafrannsóknastofnun á Ísafirði. Þangað er verið að ráða fleiri en einn sérfræðing til að stunda þessar rannsóknir svo það er augljóst að það er verið að leggja aukna áherslu á það.

Ég hef líka verið að hvetja til að við reyndum að nota veiðarfærastýringu. Er ekki verið að gera það? Er ekki verið að gera það t.d. með að taka ákvörðun um að minnka möskvastærð í neti? Er ekki verið að gera það með að beita hér svæðalokunum og skyndilokunum með ýmsum hætti?

Í þriðja lagi hef ég líka sagt að við þurfum að tryggja fæðuframboðið fyrir helstu nytjastofna okkar eins og þorsk og ýsu. Hver var ákvörðun mín í vetur? Hún var sú að banna flottrollsveiðar á loðnu. Ég hlustaði ekki á kröfur um að auka stöðugt loðnuveiðarnar. Ég hef verið að fá skammir fyrir það núna síðast í blöðunum, að ég hafi verið óábyrgur og ekki hlustað á þá sjómenn sem eru að veiða loðnuna og þess vegna hafi ég ekki viljað auka loðnuveiðarnar. Ég stóð fast á því að gera það ekki vegna þess að ég taldi mjög mikilvægt að láta loðnuna njóta vafans og tryggja að fæðuframboð væri til staðar.

Hvað kemur fram í þessari skýrslu núna? Það kemur fram að það hafi fundist mikil loðna bæði í mögum þorsks og ýsu. Og þeir sem hafa verið að tala við sjómenn vítt og breitt um landið, eins og ég hef verið að gera, við höfum heyrt það frá þessum mönnum að það hefur sjaldan eða aldrei verið annað eins af loðnu í mögum þorsks og ýsu eins og einmitt núna. Er það ekki til marks um að það hafi orðið einhver breyting? Auðvitað verðum við að binda vonir við það.

En ég er fyrstur manna til að viðurkenna að við höfum ekki náð þeim árangri í uppbyggingu á þorskstofninum eins og við höfðum vonast til. Þess vegna þurfum við að fara yfir þessi mál. Ég hlustaði hins vegar mjög grannt eftir því, en ég varð ekki var við að menn kæmu með nein snilldarráð í þessari umræðu. Einn hv. þingmaður lagði bara áherslu á að við vissum ekki neitt og þess vegna ekki til neins að gera nokkurn skapaðan hlut. Vegna þess að við vissum ekki neitt og gætum ekki einu sinni slökkt elda vestur á Mýrum og þess vegna væri til einskis barist að reyna að glíma við að byggja upp þorskstofninn eða eiga við þessa hluti. Vegna þess að svo mikil óvissa væri þessu undirorpin.

En ég fagna því að hv. 1. þm. Reykv. n. (Forseti hringir.) skuli vera farinn að sjá að það var mikið vit í mínum gömlu ræðum og (Forseti hringir.) þess vegna hef ég verið að framkvæma mínar gömlu ræður.

Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra.

[10:57]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Heimurinn tekur sífelldum breytingum, jafnvel á þeim tiltölulega stutta tíma sem líður milli þess sem utanríkisráðherra gerir grein fyrir þeim utanríkismálum sem efst eru á baugi hverju sinni hér á Alþingi. Þar sem fyrir nokkrum mánuðum virtist stefna í friðsamlegri átt hefur nú upp úr soðið og ógnir sem menn sáu ekki fyrir þá eru nú helsta viðfangsefni líðandi stundar. Nægir þar að nefna ógnvænlega þróun vegna ráðagerða Íransstjórnar sem virðist stefna að því að koma sér upp kjarnavopnum. Vonir stóðu til að kominn væri á viss stöðugleiki í Afganistan en þar hefur talíbönum vaxið ásmegin á ný og hafa þeir grafið undan friði með ofbeldi og árásum. Í Írak hefur því miður ekki náðst að mynda ríkisstjórn og ofbeldisverk, mannrán og dráp hafa færst í vöxt vegna mikillar spennu á milli sjíta og súnníta. Íslensk stjórnvöld hafa reynt að leggja sitt af mörkum m.a. með endurteknum fjárframlögum til sjóðs á vegum Atlantshafsbandalagsins sem vinnur að þjálfun öryggissveita heimamanna í Írak. Við fráfall Yassers Arafats skapaðist nýtt tækifæri til lausnar deilna Palestínumanna og Ísraelsmanna þar sem hann hafði um árabil verið talinn þrándur í götu friðar. Útlitið var nokkuð bjart, þar til þingkosningar voru haldnar á palestínsku heimstjórnarsvæðun-

um í lok janúar 2006 þar sem hin herskáu Hamas-samtök sigruðu. Nú eru einnig nýafstaðnar kosningar í Ísrael og ekki er ljóst hvaða áhrif staðan, sem upp er komin, mun hafa á framtíð friðarferlisins. Þá eru þær hörmungar sem verða af völdum náttúruhamfara engu síðri óvissuþáttur. Til að bregðast við þeim vanda sem upp kemur fyrirvaralaust víðs vegar um heim hefur Ísland skipað sér á bekk þeirra ríkja sem fyrst lögðu af mörkum til nýs sjóðs á vegum Sameinuðu þjóðanna sem á að fjármagna viðbrögð við slíkri vá.

Frú forseti. Langt er nú um liðið frá því kalda stríðinu lauk. Má vera að kominn sé tími til að hætta sífelldum tilvísunum í þann tíma, sem yngra fólk þessa lands þekkir aðeins af bókum eða kannski helst kvikmyndum, líkt og mín kynslóð seinni heimsstyrjöldina. En til þess að skýra stöðu öryggis- og varnarmála okkar tíma er þó enn nauðsynlegt að líta um öxl. Þetta á einnig við um þá stöðu sem ég geri að öðru höfuðviðfangsefni þessarar skýrslu minnar til Alþingis í dag. Þar á ég vitaskuld við varnir Íslands í ljósi brottflutnings varnarliðsins sem í áratugi hefur tryggt öryggi lands og þjóðar.

Miklar vonir voru bundnar við það, fyrir 15 árum, að nú hæfist skeið án átaka í sögu mannkyns. Því miður varð raunin allt önnur. Við hrun Sovétríkjanna og lok kalda stríðsins leystust úr læðingi öfl þjóðernishyggju og valdabaráttu sem lengi höfðu kraumað undir. Uppi voru þó vonir um að hægt væri að vinna í sameiningu að því að tryggja stöðugleika og frið.

Samdráttur í herafla Bandaríkjanna í Vestur-Evrópu, hinu heföbundna svæði NATO, hófst þá þegar. Átökin á Balkanskaga undir lok síðustu aldar drógu Atlantshafsbandalagið út fyrir skilgreint aðgerðasvæði sitt til suðausturs þar sem fylla þurfti tómarúm í kjölfar hruns kommúnismans, sem í ljós kom að Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið höfðu ekki bolmagn til að gera.

Lengst af síðustu öld stöfuðu ógnir fyrst og fremst af óvinveittum þjóðríkjum. En í breyttri heimsmynd var svo komið að þjóðir heims stóðu frammi fyrir fjölmörgum ólíkum hættum, allt frá óvinveittum einræðisríkjum og flóknum þjóðernisátökum til fámennra hryðjuverkahópa. Mönnum varð einnig ljósari nauðsyn þess að líta til ógna á borð við farsóttir og meiri háttar umhverfisslysa við hagsmunagæslu þjóða. Hnattvæðingin gerði það að verkum að jafnvel fjarlægustu vandamál virtust nálæg.

Þrátt fyrir að ný, alþjóðleg, hryðjuverkaöfl hafi gert vart við sig á þessum tíma var það þó ekki fyrr en í kjölfar árásanna á New York og Washington 11. september 2001 að alþjóðasamfélagið horfðist beint í augu við þá ógn sem af þeim stafar. Þar með var lokið skeiði aðlögunar að breyttum aðstæðum í kjölfar kalda stríðsins og frá þeim degi hafa áherslur í öryggis- og varnarmálum gerbreyst.

Meginbreytingin á öryggismálum heimsins er sú að helstu viðfangsefni þeirra stofnana sem við eigum aðild að hafa færst til. Miðausturlönd, Asía og Afríka eru vettvangur átaka og óstöðugleika í samtímanum. Ráðstöfun og staðsetning herafla hefur í síauknum mæli miðast við það.

Ekki er því óeðlilegt að Atlantshafsbandalagið, með Bandaríkin í broddi fylkingar leitist við að miða varnarviðbúnað sinn við þessar breyttu aðstæður. Þó er það svo, eins og allar bandalagsþjóðir okkar gera ráð fyrir, að hinar óheföbundnu ógnir samtímans eru ekki takmarkaðar landfræðilega og því er nauðsynlegt að viðbúnaður til að mæta þeim sé hvarvetna fyrir hendi.

Atlantshafstengslin eru jafnmikilvæg fyrir gagnkvæmt öryggi Evrópu og Bandaríkjanna og þau hafa verið um áratuga skeið. Fimmta grein Norður-Atlantshafssamningsins um sameiginlegar varnir er enn þá kjarnaákvæði sem stendur fyllilega fyrir sínu. Sú eðlilega þróun sem átt hefur sér stað samfara því að sjónir manna hafa beinst að nýjum og oft fjarlægum ógnum má ekki verða til þess að við höldum ekki vöku okkar heima fyrir.

Þetta kom glöggt í ljós á þeim fundum sem ég hef átt með ráðamönnum bandalagsríkja okkar að undanförnu þar sem ég lagði áherslu á að ræða varnar- og öryggismál í ljósi breyttra aðstæðna. Þrátt fyrir að nágrannaríki okkar geti ekki slegið föstu nákvæmlega hvaða ógnum þurfi að gera ráð fyrir telur ekkert þeirra sig geta verið án tryggra varna, þar á meðal loftvarna. Í bæklingi sænska landvarnaráðuneytisins frá október 2004 um varnarstefnu Svíþjóðar segir þannig meðal annars að herinn skuli standa vörð um lögsögu landsins og fullveldi þess.

Samfara því sem Atlantshafsbandalagið hefur tekið að sér verkefni utan landsvæða bandalagsþjóðanna hafa orðið breytingar á kjarnastarfseminni. Stefnt er að því að koma á fót viðbragðssveit, sem mun telja 60 þúsund manns, til þess að bregðast við með 30 daga fyrirvara hvar í heiminum sem þess er þörf. Gert er ráð fyrir að viðbragðssveit þessi verði að fullu starfhæf á næsta ári. Unnið er að því að miða starfsemi bandalagsins við að styðja slíkar aðgerðir hvað varðar fjarskipti, flutninga og upplýsingaöflun, auk þess að manna sjálfar sveitirnar.

Innan Evrópusambandsins hefur verið unnið að því smám saman að byggja upp getu til sameiginlegra aðgerða. Því starfi er þó hvergi nærri lokið og sambandið hefur ekki, og mun ekki í fyrirsjáanlegri framtíð, öðlast hernaðarlega burði til aðgerða af því tagi sem NATO sinnir nú þegar. Lögð hefur verið áhersla á að starfsemi og verkefni Atlantshafsbandalagsins annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar skarist ekki og að skýr verkaskipting sé nauðsynleg. Á þetta einkum við um verkefni sem falla undir friðargæslu. Evrópusambandið hefur fram til þessa helst sinnt því hlutverki að taka yfir aðgerðir NATO þegar friðvænlegar horfir, eins og á Balkanskaga, eða að fjármagna friðargæslu, eins og í Darfúr í Súdan. Atlantshafsbandalagið starfar á miklu breiðari grunni á sviði öryggismála en Evrópusambandið. Það hefur ekki því hlutverki að gegna að tryggja hernaðarlegt öryggi aðildarríkja sinna, það er ekki varnarbandalag og ekki í stakk búið til að taka á sig slíkar skuldbindingar. Viðbúnaður Evrópusambandsins er ekki miðaður við sameiginlegar varnir líkt og á við um Atlantshafsbandalagið. ESB hefur t.d. ekki það herstjórnarskipulag sem til þarf. Þá þarf að hafa í huga í þessu samhengi að aðild að NATO og ESB eiga mestan part sömu ríki, sem hafa aðeins yfir að ráða einum her. Oft gengur treglega að fá Evrópuríki til að senda menn á vettvang þegar aðgerðir eru skipulagðar og flest þeirra eru treg að auka útgjöld sín til varnarmála. Það gefur því augaleið að samkeppni milli ESB annars vegar og NATO hins vegar um varnarviðbúnað

er með öllu óhugsandi og hefði neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir öryggi í álfunni og víðar.

Bandaríkin hafa verið leiðandi í umbreytingarferli Atlantshafsbandalagsins. Áherslan hefur færst til austurs og breytingar á herskipulagi þeirra hafa verið umfangsmiklar. Breytingarnar hafa átt sér stað hvarvetna þar sem herlið Bandaríkjanna er staðsett, jafnt innan lands sem utan. Eins og alkunna er eiga Bandaríkin nú, ásamt bandamönnum, í erfiðum átökum í Írak og Afganistan og hafa þau því kappkostað að staðsetja herafla sinn þar sem hann nýtist sem best. Að sama skapi hefur verið reynt að draga saman seglin eftir fremsta megni þar sem ógnir eru minni. Herlið hefur verið dregið að mestu frá Balkanskaga og önnur ríki Atlantshafsbandalagsins munu framvegis annast mannfrekustu þætti starfsins í Afganistan.

Þrátt fyrir að NATO hafi unnið að því að aðlagast breyttri heimsmynd er bandalagið eftir sem áður varnarbandalag. Munurinn frá fyrri tíð er sá að ógnir miðast ekki lengur við landamæri. Hryðjuverkamenn við rætur Hindu Kush-fjalla geta nú skipulagt og hrint í framkvæmd árás í 10 þúsund kílómetra fjarlægð á Manhattan eyju. Því hefur verið horft til þess af hálfu bandalagsins að grípa til aðgerða til að forða því að illviljaðir aðilar nái að láta til skarar skríða. Rétt er að minnast þess að 5. gr. Atlantshafssáttmálans hefur aðeins einu sinni verið beitt. Það var eftir árásir al Qaeda á Bandaríkin fyrir tæpum fimm árum.

Mikið starf hefur einnig verið unnið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, sem eru að ganga í gegnum eigið þróunarferli. Starfsmenn samtakanna eru að störfum víða um heim við mannúðaraðstoð, friðargæslu og önnur verkefni í þágu friðar og stöðugleika. Íslensk stjórnvöld hafa ávallt lagt mikla áherslu á starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðarins. Hérlendis hefur verið breið samstaða um þátttöku okkar í starfi samtakanna og framboð til setu í öryggisráðinu kjörtímabilið 2009–2010 er liður í viðleitni okkar til þess að axla þar aukna ábyrgð. Við höfum mælt fyrir umbótatillögum sem miða að því að gera starf Sameinuðu þjóðanna markvissara og breyttu skipulagi sem endurspeglar nýja heimsmynd. Má þar nefna friðarnefndina svonefndu, sem leiðtogar aðildarríkjanna komu sér saman um að koma á fót á fundi þeirra í fyrra til að betur mætti sinna fjölbreyttum verkefnum á sviði friðargæslu og uppbyggingarstarfs í kjölfar ófriðar en áður hafði verið gert. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 15. mars sl. að stofna nýtt mannréttindaráð í stað gamla mannréttindaráðsins sem sætt hafði vaxandi gagnrýni á undanförnum árum, einnig af okkar hálfu. Ísland greiddi atkvæði með nýju ráði þótt sú málamiðlun sem náðist hafi ekki uppfyllt þær væntingar sem hérlend stjórnvöld höfðu til þess. Hins vegar var enn verri kostur að sitja uppi með gamla ráðið. Ísland lýsti því yfir að ríki sem kerfisbundið brjóta skuldbindingar sínar á sviði mannréttinda eða sæta refsiaðgerðum af hálfu öryggisráðs SÞ vegna mannréttindabrota verði ekki studd til setu í ráðinu. Kosið verður til nýja ráðsins 9. maí næstkomandi. Í því munu eiga sæti samtals 47 ríki og verður fyrsti fundur ráðsins haldinn 19. júní. Ísland hefur aldrei boðið sig fram til setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, en í ljósi mikilvægis hins nýja ráðs verður slíkt íhugað síðar meir. Mannréttindi eru mikilvægur þáttur í utanríkisstefnu Íslands. Þegar mannréttindi og samningar þar um eru virtir að vettugi leiðir slíkt oft til óstöðugleika og vopnaðra átaka. Aðeins verður komið á varanlegum friði og öryggi með virku lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum og alþjóðalögum þar um.

Frú forseti. Samfara breytingum á starfsemi NATO hefur þátttaka Íslands í starfi bandalagsins stóreflst. Ísland hefur axlað mikilvæga ábyrgð á sviði friðargæslu, t.d. með því að reka flugvelli í Pristína í Kosovo og Kabúl í Afganistan. Fyrirsjáanlegt er að verkefni bandalagsins á sviði uppbyggingar og friðargæslu muni aukast í framtíðinni og er þar þörf á kröftum allra bandalagsþjóðanna. Með þátttöku í starfi hermálanefndar bandalagsins frá árinu 1998 hefur Ísland haft aðgang að ákvarðanatöku og upplýsingum um skipulag og fjármögnun aðgerða NATO, auk þess sem þar eru ræddar og metnar þær hættur sem að friðargæsluliðum kunni að steðja.

Aðild að NATO og varnarsamningurinn við Bandaríkin hafa verið hornsteinar öryggisstefnu Íslands í meira en hálfa öld. Þrátt fyrir að ætla mætti annað af umræðunni að undanförnu, hefur varnarsamstarfið svo sannarlega tekið mið af breyttri heimsmynd. Bókanir voru gerðar um framkvæmd varnarsamningsins árið 1994 og aftur 1996 með þetta í huga. Aðlögun að breyttum aðstæðum á Íslandi hefur átt sér stað undanfarin 13 ár og málflutningur okkar hefur verið í samræmi við þann skilning að aðstæður væru breyttar. Þó ekki svo breyttar að fórna mætti loftvörnum sem skilgreind þörf væri fyrir innan Atlantshafsbandalagsins.

Hverju sem menn áttu von á verður ekki hjá því litið að 15. mars sl. var vissulega sögulegur dagur og einhliða ákvörðun bandarískra stjórnvalda meðan á viðræðum stóð voru mikil vonbrigði og hnekkir fyrir varnarsamstarfið. Íslensk stjórnvöld höfðu gert tillögur sem fólu í sér að þau tækju á sig gríðarlegan kostnað, m.a. til að áfram mætti tryggja trúverðugar lágmarksvarnir í landinu.

Ekki er rétt að útiloka að til endurskoðunar komi á varnarsamningnum eða jafnvel uppsagnar hans. En í ljósi þess að bandarísk stjórnvöld ítrekuðu skuldbindingar sínar samkvæmt varnarsamningnum var fyrsta skrefið að Ísland og Bandaríkin ættu viðræður um framhald samstarfsins. Þær hljóta að snúast um hvernig megi tryggja varnir landsins í kjölfar ákvörðunar Bandaríkjaforseta að kalla loftvarnasveitir frá Íslandi og draga að öðru leyti stórlega úr starfsemi varnarliðsins. Markmið viðræðnanna er að ná niðurstöðu sem íslensk stjórnvöld telja að uppfylli skilyrði um fullnægjandi og æskilegan varnarviðbúnað vegna Íslands.

Fyrsti fundur samninganefnda Íslands og Bandaríkjanna fór fram 31. mars sl. Bandaríkjaher vinnur að gerð nýrrar varnaráætlunar fyrir Ísland sem geri Bandaríkjunum kleift að standa við skuldbindingar sínar í varnarsamningnum án fastrar viðveru herflugvéla hér. Á fundinum 31. mars lagði íslenska samninganefndin fram spurningar varðandi áætlunargerðina og ræddi áhersluatriði stjórnvalda í þessu efni. Bandaríkjamenn gera ráð fyrir frekari kynningu og samráði um áætlunina eftir nokkrar vikur. Umsjón með áætlunargerðinni hefur Evrópuherstjórn Bandaríkjanna en Ísland er á hennar svæði.

Um allt svæði Atlantshafsbandalagsins gildir sú regla að

orrustuþotur verða að geta flogið með skömmum fyrirvara í veg fyrir flugvélar sem hætta getur stafað af. Því er þeim NATO-ríkjum sem ekki eiga orrustuþotur tryggð aðstoð þeirra sem eiga þannig búnað. Þetta gildir um Slóveníu, Lúxemborg, Eystrasaltsríkin þrjú og nú Ísland. Ólíkt hinum hefur Ísland tvíhliða varnarsamning við Bandaríkin, sem áfram á að standa við að þeirra sögn. Þess vegna fara nú fram tvíhliða viðræður milli Íslands og Bandaríkjanna um með hvaða hætti megi tryggja þetta. Þótt vonir standi til að við bandarísk stjórnvöld semjist um lausn sem stjórnvöld hér á landi telja fullnægjandi þarf jafnframt að ræða málið innan Atlantshafsbandalagsins.

Í því samhengi ber að hafa í huga að Atlantshafsbandalagið er í reynd eins konar samtryggingarkerfi þar sem aðildarríkin skuldbinda sig að koma hvert öðru til aðstoðar sé öryggi þeirra ógnað. Þetta þýðir að öll aðildarríkin taka á sig að kosta töluverðu til eigin varna og varna heildarinnar. Þegar við Íslendingar urðum aðilar að bandalaginu 1949 gerðum við þann fyrirvara að það hefði ekki í för með sér að við þyrftum að koma upp eigin her. Framlag okkar til bandalagsins var aðstaðan sem við veittum varnarliðinu á grundvelli varnarsamningsins. Undanfarin ár höfum við smátt og smátt tekið aukinn þátt í aðgerðum á vegum bandalagsins með íslensku friðargæslunni, aðstoð við loftflutninga o.fl. Í ljósi nýrra aðstæðna í íslenskum öryggis- og varnarmálum er eðlilegt að líta til Atlantshafsbandalagsins enn frekar en áður. Fyrir því hef ég þegar fært gild rök. En það segir sig sjálft að eðlilegt framlag af okkar hálfu hlýtur að felast í aukinni þátttöku og auknu framlagi til aðgerða bandalagsins. Öðruvísi greiðum við ekki áskriftina að samtryggingunni. Viljum við geta treyst á aðstoð á örlagastundu verðum við að kosta einhverju til eins og aðrir.

Einsýnt er að við munum taka að okkur rekstur Keflavíkurflugvallar. Rekstur alþjóðaflugvallar er óháður vörnum eða afskiptum erlendra ríkja hjá þjóðum almennt. Þegar varnarsamningurinn var gerður 1951 ríktu þær aðstæður að við vorum ekki fær um að taka þetta verkefni að okkur sökum smæðar og kunnáttuleysis og starfsemin var nánast óaðgreinanleg frá hernaðarflugi. Hins vegar hefur það verið stefna íslenskra stjórnvalda áratugum saman að aðskilja borgaralegt og hernaðarlegt flug og frá því Flugstöð Leifs Eiríkssonar var byggð hefur hlutur Íslands í rekstri borgaralegs flugs verið töluverður. Við höfum nú um nokkurt skeið undirbúið, og boðið í samningum við Bandaríkjamenn, að taka að fullu að okkur rekstur og viðhald Keflavíkurflugvallar eins og alþjóð er kunnugt.

Vangaveltur um framtíðarnýtingu þess svæðis sem heyrir undir varnarsamninginn og mannvirkjanna þar eru ótímabærar. Þar er á ferðinni flókið úrlausnarefni sem vinna þarf í nánu samráði við bandarísk stjórnvöld á næstunni.

Ég tel að stefna eigi að því að einkafyrirtæki annist rekstur Keflavíkurflugvallar eins og tíðkast víða annars staðar. Þá væri stofnað hlutafélag í eigu ríkisins um rekstur flugvallarins en ekki látið staðar numið þar heldur yrði félagið einkavætt í framhaldinu. Innlendum og erlendum fjárfestum byðist með þessu vænlegur fjárfestingarkostur en rétt er að undirstrika að engar ákvarðanir liggja enn þá fyrir í því efni.

Þyrlubjörgun er þjónusta sem er í sjálfu sér óháð varnarliði eða erlendum stjórnvöldum, og sem almennt er viðurkennt meðal þjóða að stjórnvöld þurfa að tryggja. Í okkar stóra og fámenna landi, og víðáttumiklu lögsögu, hefur verið mikill stuðningur að geta treyst á veru bandarísku þyrlusveitarinnar. Þeim getum við þakkað björgun fjölmargra mannslífa. En þetta verkefni er þess eðlis að það er sjálfsagt að við tökum það nú að okkur að fullu, líkt og við gerðum með gæslu landhelginnar við upphaf síðari heimsstyrjaldar, með allnokkrum aðdraganda frá því að við hlutum fullveldi.

Mikið starf hefur verið unnið til þess að efla öryggi á sviði löggæslu og hryðjuverkavarna. Ísland hefur tekið virkan þátt í samvinnu ríkja í baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi sem miðar að því að hefta för flugumanna og fjármagns á þeirra vegum. Hverjum þeim sem fer um Keflavíkurflugvöll ætti t.d. að vera ljóst að þar er allur viðbúnaður stóraukinn frá því sem áður var. Sama á við hvað varðar öryggi í höfnum landsins þar sem teknir hafa verið upp staðlar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar vegna hryðjuverkavarna. Áfram verður haldið að byggja upp getu hérlendis til að takast á við alþjóðaglæpastarfsemi, smygl af ýmsu tagi þar með talið á vopnum og eiturlyfjum, mansal og aðra vá. Sem fyrr verður þetta gert í nánu samstarfi við önnur ríki, ekki síst samstarfsríki okkar í Schengen en einnig í samvinnu við bandarísk stjórnvöld.

Hryðjuverkamenn svífast einskis þegar þeir reiða til höggs. Þær forkastanlegu hótanir og ofbeldi sem við sáum í kjölfar birtingar teikninga í Jótlandspóstinum staðfesta hversu auðveldlega friðsöm lýðræðisríki geta orðið að skotmarki öfgamanna. Hin nýja heimsmynd kennir okkur umfram allt að óræðar ógnir eru víða og að nauðsynlegt er að vera á varðbergi gegn þeim.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um átök milli menningarheima, en hið rétta er að lýðræðis- og mannréttindasinnar um gervallan heim standa frammi fyrir ógn af hendi öfgamanna sem sveipa sig trúarklæðum. Nauðsynlegt er að fulltrúar ólíkra trúarsamfélaga eigi samráð og skoðanaskipti til þess að eyða gagnkvæmri tortryggni og grafa þar með undan óvild og hatri. Aðeins þá verður hægt að afhjúpa misnotkun hryðjuverkamanna á hinni merku íslamstrú og íslömskum gildum.

Ekki stafar lengur ógn af Rússlandi og rétt er að minna hér á að Atlantshafsbandalagið á ágætt samstarf við Rússland á vettvangi NATO-Rússlandsráðsins. Umsvif rússneska flotans hafa þó aukist nokkuð á liðnum árum og æfingar hans eru orðnar árlegur viðburður á Norður-Atlantshafi. Fyrir tveimur árum varð skipa þeirra vart innan efnahagslögsögu okkar og vakti það nokkrar áhyggjur vegna umhverfismála. Við viljum því tryggja góð samskipti til að fyrirbyggja að skortur á upplýsingum geti alið á tortryggni á milli landanna. Áhugi á góðu samstarfi við Ísland er fyrir hendi meðal ráðamanna í Moskvu, eins og fram kom á nýlegum fundi mínum með rússneska utanríkisráðherranum og rússnesk stjórnvöld eru tilbúin að ræða samninga um samskiptareglur og tilkynningarskyldu milli skipa og flugvéla rússneska heraflans annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands hins vegar. Við viljum öryggissamstarf við þessa granna okkar í austri, eins og aðra góða granna og ábyrga aðila.

Frú forseti. Mikið starf er enn fyrir höndum svo að vinna megi úr þeirri stöðu sem upp er komin í varnarsamstarfinu við Bandaríkin. Þrátt fyrir að ákvörðun bandarískra stjórnvalda, og ekki síst með hvaða hætti hún bar að, hafi valdið vonbrigðum, felast jafnframt tækifæri í þessari nýju stöðu.

Stjórnarandstæðingar hafa haldið fram að stjórnvöld hafi vanrækt að skoða öryggismál þjóðarinnar í ljósi breyttra aðstæðna og gera viðeigandi skýrslur og tillögur þar um. Slíkar fullyrðingar standast ekki.

Á árinu 1993 kom út skýrsla sem unnin var á vegum stjórnvalda um öryggis- og varnarmálin eftir kalda stríðið. Að skýrslunni vann nefnd sem í voru þingmenn úr stjórnarflokkunum og embættismenn úr forsætis- og utanríkisráðuneyti. Niðurstöður hennar byggðust meðal annars á fundum nefndarinnar með fulltrúum Bandaríkjastjórnar og annarra NATO-ríkja og háttsettum fulltrúum bandalagsins.

Á árinu 1999 vann starfshópur utanríkisráðuneytis greinargerð um öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót. Í henni var fjallað eins og sjá má af efnisyfirliti skýrslunnar um helstu öryggis- og varnarhagsmuni, breytingar í alþjóðamálum og aðlögun að breyttu umhverfi í öryggis- og varnarmálum. Skýrar niðurstöður eru í skýrslunni sem og tillögur sem ýmist hefur verið hrint í framkvæmd eða eru á framkvæmdastigi.

Í viðræðum við bandarísk stjórnvöld um varnarmál Íslands, sem hófust fyrst fyrir 13 árum, hafa íslensk stjórnvöld, eins og kunnugt er, haft afar skýra stefnu um hvaða lágmarkshervarnir þyrfti í landinu og miðað þar við stefnu og viðbúnað nágrannaríkja.

Tal um andvara- og sinnuleysi stjórnvalda í varnar- og öryggismálum er því út í hött.

Frú forseti. Eins og ég hef rakið hér að framan hefur þungamiðja öryggismála færst austur á bóginn. Svipaða sögu er að segja um þungamiðju viðskipta og efnahagsumsvifa. Helstu hagvaxtarsvæði heimsins eru nú að finna í Austur- og Suður-Asíu. Um þessar mundir er Japan þriðja mesta efnahagsveldi heims á eftir Evrópusambandinu og Bandaríkjunum. Það má fastlega búast við því að þjóðarframleiðsla í Kína og Indlandi nálgist þjóðarframleiðslu efnahagsveldanna þriggja innan fárra áratuga. Þessar tvær fjölmennustu þjóðir veraldar hafa á síðustu árum hafist handa um víðtækar efnahagsumbætur sem miðað hafa að því að auka frjálsræði í viðskiptum og koma á markaðshagkerfi. Sá mikli hagvöxtur sem þessi ríki hafa náð á undanförnum árum hefur skapað forsendur til þess að bæta lífskjör almennings. Í raun má tala um eina mestu lífskjarabyltingu í mannkynssögunni í þessu samhengi vegna þess hve mikill mannfjöldi á þarna hlut að máli.

Það skyldi því engan undra að vestræn fyrirtæki hafi tekið að sýna Asíu vaxandi áhuga á undanförnum árum. Íslensk fyrirtæki eru þar engir eftirbátar fyrirtækja í nágrannalöndum okkar. Er í því sambandi skemmst að minnast velheppnaðrar farar íslenskrar viðskiptasendinefndar til Indlands síðastliðinn febrúar undir forustu menntamálaráðherra sem var staðgengill minn við það tækifæri. Íslensk fyrirtæki hafa stóraukið umsvif sín í Asíu, til að mynda á sviði sjávarútvegs, lyfjaframleiðslu og ýmiss konar þjónustu. Þess er og að vænta að þessi áhugi muni enn vaxa og umsvif íslenskra fyrirtækja í þessum heimshluta stóraukist á næstu árum og áratugum og taki til enn fleiri sviða viðskipta. Efnahagsuppgangurinn í Asíu getur skapað nánast óþrjótandi tækifæri á komandi árum.

Utanríkisviðskiptastefna okkar hlýtur því í vaxandi mæli að beinast að því markmiði að efla viðskiptasamstarf milli Íslands og ríkja í Austur- og Suður-Asíu. Þegar hafa verið stigin mikilvæg skref í þá átt. Segja má að fyrsta skrefið hafi verið opnun sendiráðs Íslands í Peking árið 1995. Sex árum síðar var sendiráði Íslands í Tókíó komið á fót og nú í ár var opnað sendiráð í Nýju-Delí. Ísland hefur því stofnað sendiráð í öllum þremur helstu efnahagsveldum Asíu.

Stigvaxandi þróun í átt til frjáls markaðshagkerfis hefur ásamt hnattvæðingunni leyst úr læðingi mikil framfaraöfl í Asíu. Sum ríki og héruð í austan- og sunnanverðri álfunni hafa á undanförnum áratugum náð undraverðum árangri í efnahagsuppbyggingu en það er mikill og stöðugur hagvöxtur í Kína og nú á Indlandi sem mun sennilega breyta ásýnd heimsins.

Frá því að Kínverjar hófu umbætur í þjóðarbúskapnum um 1980 hefur efnahagsþróun í Kína verið ævintýri líkust. Haldi hagvöxtur áfram með sama hraða og nú, að öðru óbreyttu, verður þess eigi langt að bíða að 100 milljón fjölskyldur í Kína hafi svipaðar ráðstöfunartekjur og gerist að meðaltali í Evrópu. Á undanförnum árum hefur náðst markverður árangur í að efla viðskiptatengsl Íslands við Kína. Ísland hefur gert tvíhliða samninga við ríkið um vernd fjárfestinga, loftferðir og ferðamál auk tvísköttunarsamnings. Í síðasta mánuði hófust viðræður milli íslenskra og kínverskra stjórnvalda um könnun á hagkvæmni þess að gera fríverslunarsamning milli ríkjanna. Skili sú könnun jákvæðri niðurstöðu má gera ráð fyrir að eiginlegar viðræður um gerð fríverslunarsamnings milli ríkjanna geti hafist. Ísland er fyrsta ríkið í Evrópu sem Kínverjar hafa fallist á að ræða við um hugsanlega fríverslun. Þessi áfangi er því til marks um þann góða árangur sem náðst hefur í að efla viðskiptatengsl milli Íslands og Kína frá stofnun sendiráðsins í Peking.

Árangur Indverja á sviði efnahagsmála er ekki síður markverður en árangur Kínverja. Hagvöxtur á Indlandi hefur verið með mesta móti síðustu árin. Hafa Indverjar náð einkar athyglisverðum árangri á sviði hátækniiðnaðar og þjónustustarfsemi. Er ljóst að margvísleg tækifæri eru fyrir íslensk fyrirtæki á Indlandi. Helsta markmiðið með stofnun sendiráðs Íslands í Nýju-Delí er að stórefla viðskiptatengsl milli Íslands og Indlands. Nú þegar hafa verið stigin merk skref í þá átt. Í því samhengi má nefna að stefnt er að undirritun loftferðasamnings við Indland á þessu ári. Þá standa nú yfir viðræður um gerð tvíhliða fjárfestingarsamnings og tvísköttunarsamnings við Indverja og standa vonir til að viðræðum um gerð þessara samninga megi ljúka á þessu ári. EFTA-ríkin hafa einnig lýst yfir eindregnum áhuga sínum á að gera fríverslunarsamning við Indland en ekki er víst hversu fljótt slíkar viðræður geti hafist. Það er hins vegar ljóst að opnun sendiráðsins í Nýju-Delí mun stórauka möguleika á að efla samskiptin milli Íslands og Indlands.

Þótt Kína og Indland séu oft nefnd í sömu andrá þegar fjallað er um efnahagshorfur í heiminum, þá eru ríkin tvö mjög ólík og beinn samanburður varasamur. Vandi fylgir

vegsemd hverri og um leið og ríki komast til aukinna áhrifa á alþjóðavettvangi eru gerðar meiri kröfur til þeirra hvað varðar lýðræðislegt stjórnarfar og ábyrga þátttöku í samfélagi þjóðanna. Þegar til lengri tíma er litið verður lýðræðið vafalaust mesti styrkleiki Indverja. Þegar Indlandi er hælt sem fjölmennasta lýðræðisríki heims endurspeglar það hvort tveggja aðdáun umheimsins á því að svo stór og fjölbreytileg þjóð hafi þrátt fyrir erfiðleika staðið saman vörð um lýðræðið og þau gildi sem í því felast og trú á því að það sé forsenda stöðugleika og nýsköpunar í Suður-Asíu.

Ólíkt því sem verið hefur hjá nágrönnunum í Asíu hefur efnahagslíf Japana gengið í gegnum skeið stöðnunar á undanförnum árum. Nú eru hins vegar á lofti vísbendingar um að batamerki séu á japanska þjóðarbúinu. Japanskt efnahagslíf er enn í fremstu röð í heiminum og þar er að finna margvísleg tækifæri í viðbót við þau fjölmörgu viðskiptasambönd sem íslensk fyrirtæki hafa þegar komið sér upp þar.

Frú forseti. Hér hefur verið stiklað á stóru um samstarf Íslands við helstu ríki Asíu á viðskiptasviðinu. Aukin samskipti við þau eru einnig til marks um aðlögun okkar að breyttri heimsmynd. En þótt athyglin hljóti að beinast öðru fremur að þessum ríkjum eru fleiri áhugaverðir markaðir í Asíu þar sem mikilvægt er að hlúa að viðskiptatengslum. Þannig hafa EFTA-ríkin lokið við gerð fríverslunarsamnings við Singapúr og síðastliðinn desember undirritaði ég fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna við Suður-Kóreu. Nú standa yfir viðræður milli þeirra og Tælands um gerð fríverslunarsamnings og af þeirra hálfu hefur verið undirrituð samstarfsyfirlýsing við Indónesíu. Einnig má benda á að verið er að kanna möguleika á gerð fríverslunarsamnings við Malasíu.

Í desember síðastliðnum sat ég ráðherrafund Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Hong Kong. Niðurstaða hans varð sú að stefnt skyldi að því að ljúka viðræðum í svonefndri Doha-lotu á þessu ári. Enn ber þó talsvert í milli aðila og bendir því ýmislegt til að erfitt geti orðið að ná þeim markmiðum um fríverslun sem aðildarríkin settu sér á fundinum í Hong Kong. Hætta á því undirstrikar mikilvægi samstarfs EFTA-ríkjanna í viðræðum um fríverslun við önnur ríki – og þá einkum við ríki í Asíu. Þrátt fyrir þetta ber að undirstrika mikilvægi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar við að búa svo um hnútana að auka megi viðskipti ríkja á milli. Sem dæmi má nefna að meðaltollar í Kína voru rúm 40 af hundraði en lækkuðu í sex af hundraði eftir að Kína gerðist aðili að stofnuninni árið 2001.

Þrátt fyrir að mér hafi orðið tíðrætt um tíðindi og tækifæri í Asíu er ekki svo að samskipti við nágrannaríki okkar séu í doða. Meginþorri utanríkissamskiptanna er eftir sem áður við nágranna okkar og helstu bandamenn beggja vegna Atlantshafs. Ég hef lagt áherslu á að eiga fundi með starfssystkinum á Norðurlöndunum og hjá öðrum vinaþjóðum, þar sem ég hef átt hreinskiptin og gagnleg samtöl um þau mál sem efst eru á baugi. Samfara því sem skimað er eftir tækifærum í Asíu er mikilvægt að halda vöku sinni gagnvart nýjum möguleikum sem kunna að leynast á vel þekktum mörkuðum.

Evrópa er mikilvægasti markaður Íslendinga. Viðskipti Íslands við önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu nema um 70 af hundraði af utanríkisviðskiptum okkar. Reynsla undanfarinna ára sannar hversu traustan grunn samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur skapað fyrir viðskipti okkar við Evrópu.

Það mun áfram verða stöðugt viðfangsefni að kanna hvar í heiminum kunni að mega finna ný tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki. Hér hlýtur atvinnulífið vitaskuld að varða veginn. Hlutverk stjórnvalda er að gæta þess að íslensk fyrirtæki búi við sömu og helst betri samkeppnisskilyrði og fyrirtæki frá öðrum ríkjum, sérstaklega samkeppnislöndum okkar.

Frú forseti. Ég hef í máli mínu einkum beint sjónum að tvennu. Annars vegar að auknum samskiptum Íslands við Asíuríki og tækifærum fyrir íslensk fyrirtæki þar, hins vegar að varnarmálum Íslendinga og varnarsamstarfinu við Bandaríkin. Það er skylda stjórnvalda að gæta hagsmuna Íslands og öryggis eftir bestu getu í nýju umhverfi. Undan þeirri ábyrgð mun ríkisstjórnin ekki skorast.

[11:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir mjög skilmerkilega ræðu. Hún byggir á greiningu á þeim breytingum sem átt hafa sér stað í heiminum. Þetta er gagnlegur og góður grunnur fyrir umræðuna í dag.

Málflutningur hæstv. ráðherra var skýr, ekki síst að því leyti hve hallur hann er undir stefnu núverandi Bandaríkjastjórnar, þess vegna hefði ræðan getað komið beint frá Pentagon. Afstaðan til mannréttindabrota í heiminum er dæmi þar um. Fullkomið gagnrýnisleysi á yfirgang hervelda nna með Bandaríkin í broddi fylkingar, ekki orð um pyndingar og mannréttindabrot sem sannanlega hafa verið framin á þeirra vegum. Heimsmyndin verður þannig mjög einsýn og sannast sagna hrýs mér hugur við því ef slík heimssýn réði afstöðu fulltrúa Íslands í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sem ríkisstjórnin kappkostar að ná fram með óheyrilegum fjáraustri. Að öllu þessu mun ég víkja í ræðu minni á eftir og einnig því fyrirhyggjuleysi sem ríkisstjórnin og reyndar aðrir stjórnmálaflokkar einnig, að Vinstri hreyfingunni – grænu framboði undanskilinni, hafa sýnt varðandi viðskilnað Bandaríkjamanna frá herstöðinni á Miðnesheiði.

Það sem ég vildi hins vegar staðnæmast við í þessu stutta andsvari er sú yfirlýsing hæstv. ráðherra að hann sjái það fyrir sér að rekstur Keflavíkurflugvallar verði einkavæddur og seldur. Er ekki tími til að líta með öðrum augum á þennan grunnþátt í öryggismálum þjóðarinnar sem flugvöllurinn óneitanlega er og verður í ríkari mæli eftir að Bandaríkin til allrar lukku eru nú að hafa sig á brott þaðan.

[11:29]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af einhverjum ástæðum var þetta fyrirsjáanlegt andsvar frá hv. þingmanni. Það sem ég segi í þessari ræðu hvað þetta varðar er auðvitað skoðun mín á því hvernig hægt er að sjá fyrir sér framtíðarrekstrarfyrirkomulag á alþjóðaflugvellinum í Keflavík. Þá er ég ekki að tala um varnarhliðina eða þau atriði sem munu snúa að framtíðarvarnarsamstarfinu við Bandaríkin eða Atlantshafs-

bandalagið, heldur einungis rekstrinum á alþjóðaflugvellinum. Það eru til ýmsar fyrirmyndir um slíkan rekstur. Þær eru í öllum nálægum löndum. Yfirleitt er það þannig að einn aðili rekur flugvöllinn, gjarnan hlutafélag sem er þá ábyrgt fyrir allri starfsemi sem þar er, þar með talið rekstrinum á flugbrautum, snjómokstri, slökkviliði og öðrum slíkum þáttum en ber svo einnig ábyrgð á því að öllum skyldum sé fullnægt hvað varðar flugvernd og þá skilmála sem settir eru af Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Ég tel eðlilegt að við fetum okkur inn á svipaðar brautir í þessu efni eins og gert er í nálægum löndum, þó svo það kunni að taka einhvern tíma og gerist ekki í einu vetfangi eða strax. En það er brýnt að fá botn í það með hvaða hætti við ætlum að gera þetta á næstunni og síðan þurfum við að marka stefnu um það hvernig við viljum sjá þetta þegar fram í sækir. Það er það sem ég er að segja hér fyrir mína hönd. Hvort síðan kemur til greina að selja hlut í slíku hlutafélagi er auðvitað opin spurning en það hefur verið gert mjög víða í nálægum löndum, eins og ég veit að hv. þingmaður hefur kynnt sér sérstaklega, bæði sjálfur og í gegnum samtök þau sem hann er í forustu fyrir.

[11:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er góðra gjalda vert að ríkisstjórnin vilji fá botn í hvað hún raunverulega ætli sér í þessum efnum. Í mínum huga er flugvöllurinn óaðskiljanlegur hluti af öryggisviðbúnaði okkar þjóðar. Það á einnig við um Flugmálastjórn, það á einnig við um Landhelgisgæsluna. En ég vek athygli á að í öllum þessum tilvikum eru nú uppi áform og þegar komin fram frumvörp um að hlutafélagavæða og einkavæða þessa þjónustu.

Ég spyr hvort í ljósi þess sem einmitt er að gerast í útlöndum, þeim löndum sem hæstv. ráðherra vísar til þar sem menn eru að snúa áformum hvað þessa þætti varðar til baka, hvort ekki sé ráð fyrir Íslendinga að fara sömu leið og íslenska ríkisstjórnin endurskoði einkavæðingaráform sín hvað varðar alla þá þætti sem ég nefndi.

[11:33]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, þvert á móti. Ég er alveg ósammála hv. þingmanni. En varðandi reksturinn á flugvellinum í Keflavík þá er núna tækifæri til að koma því máli í búning. Við erum auðvitað með Flugstöð Leifs Eiríkssonar í ákveðnu formi. Hún er hlutafélag í eigu ríkisins, nýbúin að halda sinn aðalfund. Sá rekstur gengur mjög vel og hefur skilað ágætum arði og góðri tekjuniðurstöðu.

Það sem þarf að gera núna varðandi sjálfan flugvöllinn er auðvitað að ganga frá forminu á þessu. Ég bendi hv. þingmanni á að í nálægum löndum, bæði í Bretlandi, Danmörku og reyndar miklu víðar í Evrópu er til alveg ákveðið líkan af því hvernig eigi að reka svona flugvöll. Ég tel rétt að við skoðum það mjög vel og fordómalaust, hv. þingmaður, gagnvart eignarhaldi á slíku.

[11:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel ámælisvert að hæstv. utanríkisráðherra skuli ekki hafa skýrt betur frá gangi samningaviðræðna við Bandaríkjamenn. Ég tel það ekki síst í ljósi þess að hæstv. ráðherra sagði í gær að dagurinn í dag væri vettvangur til umræðu um slíka hluti. Ég ætla þó ekki að drepa frekar á það í þessu andsvari mínu.

Mér þótti merkilegt að í ræðu sinni eyddi hæstv. ráðherra nánast engum orðum í það sem ég tel vera svartasta blettinn á utanríkisstefnu þessarar ríkisstjórnar, þ.e. stuðningurinn við innrásina í Írak. Við sjáum hvert hún hefur leitt. Írak er í miðri borgarastyrjöld, tugir þúsunda saklausra borgara hafa týnt lífinu. Breska læknaritið Lancet setur reyndar töluna sem 100 þúsund.

Hans Blix, sem var yfirmaður vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna, sagði í íslenska sjónvarpinu í gær að það hefðu verið mistök hjá íslensku ríkisstjórninni að skoða ekki betur þau gögn sem lágu fyrir og voru grundvöllur ákvörðunar íslensku ríkisstjórnarinnar. Það hefur komið í ljós að allt það sem sagt var um gereyðingarvopn reyndist vera fals og blekkingar.

Hæstv. forsætisráðherra sagði í samtali við Blaðið á sl. hausti að ef hann hefði vitað að ekki væru gereyðingarvopn í Írak hefði hann ekki fallist á stuðning við innrásina. Ég túlka þetta svo að nú telji hæstv. forsætisráðherra að það hafi verið mistök af Íslendingum að styðja innrásina.

Ég hef spurningu til hæstv. utanríkisráðherra og aðeins eina og hún er þessi: Er hæstv. utanríkisráðherra sammála forsætisráðherra? Telur hann í ljósi þeirra upplýsinga sem síðar hafa komið fram um að gereyðingarvopn er ekki að finna Írak að stuðningur Íslendinga við innrásina hafi verið mistök?

[11:36]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að sú ákvörðun sem tekin var á þeim tíma af hálfu íslenskra stjórnvalda hafi verið rétt. Hún var tekin á ákveðnum forsendum á þeim tíma og ég tel að það hafi verið hárrétt ákvörðun.

Hins vegar hefur margt gerst í Írak síðan þá og hlutirnir hafa því miður ekki þróast að öllu leyti á þann veg sem menn gerðu sér von um. Hins vegar má deila um það hvort íraskra þjóðin sé verr stödd í heild sinni en hún var undir ógnarstjórn þess manns sem þá réði þar öllu. Það eru vonbrigði að ekki er búið að mynda nýja ríkisstjórn í Írak en það er gleðiefni að það var mikil þátttaka í lýðræðislegum kosningum. Lýðræðið er að festa þar rótum og vonandi ná forustumennirnir í landinu sem kosnir hafa verið í frjálsum kosningum að ná saman um það að skaffa landinu þá ríkisstjórn sem það á skilið og sem getur tekið við völdum og tekið utan um vandamál þessa merka ríkis.

[11:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. utanríkisráðherra íslenska lýðveldisins er sennilega eini utanríkisráðherra í Evrópu í dag sem telur að innrásin í Írak hafi ekki verið mistök. Hann situr enn fast við stuðning sinn. Hann er ekki eins og hæstv. forsætisráðherra sem hefur sagt að í ljósi upplýsinga sem fram hafa komið hafi það verið mistök.

Mig langar að spyrja hæstv. utanríkisráðherra annars sem tengist þessu máli. Við höfum rætt í þinginu hið svokallaða fangaflug. Mér hafa líkað vel þær skorinorðu yfirlýsingar sem hæstv. ráðherra hefur gefið í tengslum við það. Hæstv. ráðherra vildi þó ekki að íslenska ríkisstjórnin réðist í sjálfstæða rannsókn á því hvort Ísland hefði verið misnotað í þessu skyni. Ég minni á að Ísland hefur refsilögsögu í málum sem það varða sem nær út fyrir hina hefðbundnu lögsögu okkar.

Nú hefur Amnesty International sýnt fram á að a.m.k. ein flugvél fór hér um sem sannanlega hefur verið notuð til fangaflutninga. Ekki er vitað hvort það hafi verið gert í því tilviki. En klárt er að okkur ber skylda til þess að rannsaka málið og nú spyr ég hæstv. utanríkisráðherra: Eru þessar upplýsingar Amnesty tilefni til þess að ráðast í slíka rannsókn?

[11:38]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Slík rannsókn, ef af yrði, yrði reyndar á verksviði annars ráðherra, væntanlega dómsmálaráðherra. En miðað við þær upplýsingar sem fram eru komnar og hv. þingmaður vitnaði til sé ég ekki að nokkurt tilefni sé til þess því að í þessari löngu skýrslu er á einum stað vikið að Íslandi og þess getið að ein flugvél sem einhvern tíma hafi verið notuð í þessum tilgangi hafi lent í Keflavík í eitt skipti. Ekkert er fullyrt um að þar hafi ólöglegt athæfi verið á ferðinni.

Ég vil bara nota tækifærið út af því sem þingmaðurinn segir og ítreka okkar afstöðu í þessu máli sem er sú að við fordæmum lögbrot og mannréttindabrot hvar sem þau fara fram. Við höfum ekki ástæðu til að ætla að okkar landsvæði eða yfirráðasvæði, landhelgi eða lofthelgi hafi verið notuð í því skyni og þar við situr.

[11:39]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hann var nokkuð snubbóttur kaflinn hjá hæstv. utanríkisráðherra sem laut að brottför hersins frá Miðnesheiðinni, gangi varnarviðræðna og framtíð varnarsamningsins. Það verður vissulega dýrkeypt fyrir mannlífið á Suðurnesjum viðbragðsleysið og afneitunin sem forusta Sjálfstæðisflokks og ríkisstjórnin var í hvað varðaði framtíð og viðgang hersins á Miðnesheiðinni.

Það sem vakti mesta athygli mína og ég vildi spyrja hæstv. ráðherra út í er það sem hæstv. ráðherra segir í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Viðræðurnar hljóta að snúast um hvernig megi tryggja varnir lands í kjölfar ákvörðunar Bandaríkjaforseta að kalla loftvarnasveitir frá Íslandi og draga að öðru leyti stórlega úr starfsemi varnaliðs. Markmið viðræðnanna er að ná niðurstöðu sem íslensk stjórnvöld telja að uppfylli skilyrði um fullnægjandi og æskilegan varnarviðbúnað vegna Íslands."

Nú var það svo að hæstv. fyrrv. forsætisráðherra, Davíð Oddsson, skilgreindi það sem lágmark sýnilegra varna að hér væru fjórar þotur. Það var skýrt hjá hæstv. fyrrv. formanni Sjálfstæðisflokksins, fjórar þotur eða varnarsamningnum skyldi sagt upp. Annars gætu þeir farið, sagði hann.

Er hæstv. utanríkisráðherra sammála þessu? Hvert er að hans mati lágmark sýnilegra varna og inntak þeirra samningaviðræðna sem nú standa yfir hvað þetta varðar? Er eitthvað annað en fjórar þotur sem gerir sama gagn? Eða verða fjórar þotur að vera málið? Hvert er álit hæstv. utanríkisráðherra á því hvert sé lágmark sýnilegra varna hér á landi, ella skuli varnarsamningi sagt upp? Er hann á sömu skoðun og hæstv. fyrrv. ráðherra og formaður Sjálfstæðisflokks, Davíð Oddsson, hvað þetta varðar, sem hafði ákaflega afdráttarlausa skoðun á þessu máli? Fjórar þotur skyldu það vera, annars væri ekki um sýnilegar varnir að ræða.

[11:41]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ráðlegg þingheimi að fara varlega í að trúa túlkun hv. þingmanns á ummælum fyrrv. forsætisráðherra og utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar.

Okkar afstaða er sú að best hefði verið að þessar þotur væru hér áfram. Sá möguleiki er ekki lengur uppi á borðinu. Ég tel mjög varhugavert og jafnvel hættulegt að ætla að segja upp varnarsamvinnu við núverandi aðstæður þó að við getum ekki útilokað þann möguleika ef engir samningar nást eins og ég gat um í ræðu minni. Við þurfum að tryggja hér búnað sem við sjálfir metum vera fullnægjandi lágmarksviðbúnað, hvort sem það er í formi fastrar viðveru eða annars konar viðbúnaðar. Það er nokkuð ljóst að ekki verður föst viðvera af hálfu Bandaríkjamanna hér. Þá er spursmálið: Hvað getur komið í staðinn sem veitir fullnægjandi vörn að okkar mati og okkar bandalagsþjóða? Það er það sem þessar viðræður snúast um, hv. þingmaður. Það er það sem viðræðurnar snúast um, hvernig verður hægt að koma því fyrir. Það er sú varnaráætlun sem Bandaríkjamenn eru núna að leggja gríðarlega mikla vinnu í að undirbúa og sem Samfylkingin hefur séð sérstaka ástæðu til þess að nota til þess að snúa út úr ummælum mínum um það að við höfum ekki sérþekkingu í gerð slíkra varnaráætlana. Auðvitað höfum við það ekki. Það eru hermennirnir og herforingjarnir sem hafa slíka sérþekkingu og það er það sem þeir eru núna að vinna við og munu gera næstu vikurnar: að reyna að ljúka nýrri varnaráætlun því að varnarsamstarf byggist á því að fyrir liggi varnaráætlun. Það er verið að vinna að því að ljúka gerð nýrrar áætlunar í þessu efni. Nákvæmlega hvað í henni felst vitum við ekki á þessu stigi eða hvernig því verður við komið, viðbragðstími, tegundir af flugvélum, hvaðan þær komi o.s.frv. Aðalatriðið er það að við getum bægt frá ófyrirsjáanlegum ógnum sem hér kynnu að steðja að.

[11:43]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg ljóst af orðum hæstv. utanríkisráðherra að hér er um að ræða meginstefnubreytingu í viðhorfum íslenskra stjórnvalda til þeirra lágmarksvarna sem hér skuli vera. Það þarf engan túlk til að endursegja skoðun hæstv. fyrrv. ráðherra Davíðs Oddssonar á því hverjar væru lágmarksvarnir hér, lágmarksvarnarviðbúnaður, lágmark sýnilegra varna. Það skyldu vera fjórar þotur. Það er til margoft sagt á prenti eftir hæstv. ráðherra. Það þarf engan túlk til að endursegja það og um það þarf ekki að deila.

Það sem hæstv. utanríkisráðherra segir nú, að engar

mögulega sýnilegar varnir þurfi til að uppfylla varnarsamninginn að hans mati, hér komi augljóslega til greina að þeim vörnum verði sinnt annars staðar frá, mögulega Skotlandi, ég veit það ekki, hæstv. ráðherra kannski upplýsir það í seinna andsvari sínu hvað hann nákvæmlega á við. En hann er greinilega búinn að sætta sig við það, virðulegi forseti, að hér verði engar sýnilegar varnir og þeim verði sinnt annars staðar frá og það er grundvallarstefnubreyting (Forseti hringir.) á viðhorfum íslenskra stjórnvalda til varnarmála.

[11:45]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Viðræðurnar snúast um það hvernig hægt er að tryggja okkur sýnilegar varnir með fullnægjandi hætti. Orrustuþotur eru nokkuð fljótar í förum og þær geta brugðist við með stuttum fyrirvara ef þannig er um hnútana búið og það er þannig undirbúið að það sé gert. En auðvitað get ég ekki fullyrt um það hvers konar varnaráætlun það er sem okkur verður kynnt sem hugmynd Bandaríkjamanna á næsta fundi, það liggur alveg í augum uppi. Það kom strax í ljós eftir þessar viðræður af minni hálfu að slík áætlun liggur ekki fyrir núna. Það er verið að vinna í henni, það er það sem er verið að gera.

[11:46]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka utanríkisráðherra fyrir þá skýrslu sem hann flutti hér um utanríkismál og þá umfjöllun sem þar var um öryggis- og varnarmál sem hljóta að vera höfuðviðfangsefni okkar í utanríkismálum um þessar mundir.

Þegar utanríkisráðherra flutti skýrslu hér í þinginu í nóvember síðastliðnum fór átakanlega lítið fyrir þeirri umræðu. Ef ég man rétt voru ellefu línur í þeirri ræðu um öryggis- og varnarmál og var þó ærin ástæða til þess að gefa þeim málum gott rými í umræðunni vegna þeirrar viðkvæmu stöðu sem þá var uppi í málunum. Nú er sem sagt bætt um betur og fjallað ítarlega um þessi mál í ræðu utanríkisráðherra og fyrir það vil ég þakka.

Ég vil hins vegar, virðulegi forseti, láta það koma fram að ég fór að hugsa það þegar ég hlustaði á ræðu utanríkisráðherra hér áðan að til skamms tíma a.m.k. voru ítarlegar skriflegar skýrslur utanríkisráðherra lagðar fram í þinginu þar sem farið var yfir störf utanríkisþjónustunnar og hvaða verkefnum þar væri verið að sinna. Ef ég man rétt var þeirri ítarlegu skýrslu fylgt úr hlaði með munnlegri skýrslu ráðherra. Ég vildi gjarnan kalla eftir því og spyrjast fyrir um hvað líði slíkri skýrslu, því að auðvitað gefur hún þingmönnum betri innsýn í hvað er verið að vinna í utanríkisþjónustunni og utanríkisráðuneytinu en stutt ræða ráðherra.

Í nóvember lýsti ég yfir vonbrigðum með ræðu sem utanríkisráðherra þá flutti, ekki aðeins vegna þess hversu lítið var fjallað um öryggis- og varnarmálin heldur vegna þess að það væri átakanlegur skortur á almennri stefnumótun til framtíðar í utanríkismálum og það finnst mér líka vera upp á teningnum í þessari ræðu utanríkisráðherra.

Ég get skilið það, virðulegi forseti, að ráðherrar sem hafa setið lengi í sínum embættum og flutt Alþingi fjölmargar skýrslur og ræður um sína málaflokka geti ekki markað sér stöðu í hvert eitt sinn. En ég hefði haldið að nýr utanríkisráðherra notaði tækifærið í upphafi sinnar embættistíðar til að skerpa þær áherslur sem hann hefur og gera þinginu grein fyrir því hvernig hann vill forgangsraða málum í sínu ráðuneyti, hvar hans áherslur liggja.

Ég var á fundi nú nýverið með utanríkisráðherra Noregs og ég verð að segja að ólíkt finnst mér þeir hafast að, utanríkisráðherrar Noregs og Íslands, báðir nýir í sínum embættum og vilja væntanlega báðir setja sitt mark á málaflokkinn. Það var alveg ljóst að utanríkisráðherra Noregs leggur megináherslu á norðursvæðin, það er meginákerslumál hans í hans tíð sem utanríkisráðherra. Eitt hans fyrsta verk var líka að endurskipuleggja ráðuneyti sitt og kynna það ítarlega fyrir landsmönnum með hvaða hætti hann hygðist vinna í ráðuneytinu og hvernig það yrði skipulagt. En það hefur lítið farið fyrir slíku af hálfu hæstv. utanríkisráðherra sem hér situr.

Þetta þarf hins vegar ekkert að koma á óvart, virðulegur forseti, því að það er einhver átakanlegur skortur á vönduðum vinnubrögðum og almennri stefnumótun sem einkennir öll verk þessarar ríkisstjórnar. Það er ýmislegt aðhafst en helst ekkert fyrr en í óefni er komið. Stefna er ekki mótuð, stefna verður til einhvern veginn þegar einhver tekur ákvörðun, stjórnmálamenn eða hagsmunaaðilar eftir atvikum, og það er eiginlega sama hvert litið er. Eftir ellefu ára samfellda ríkisstjórnarsetu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks veit enginn hvert þeir stefna í öllum helstu málaflokkum þjóðarinnar. Það er vegna þess að stefna þeirra er að láta hlutina gerast einhvern veginn.

Þeir afneita tvöföldu kerfi í heilbrigðismálum en láta það verða að veruleika eftir bakdyraleiðum. Þeir afneita skólagjöldum í ríkisháskólum og bíða eftir að háskólarnir sjálfir taki af þeim ómakið og krefjist þess vegna fjárskorts. Þeir neita því að til standi að einkavæða RÚV en standa svo illa að lagasetningu að þær kröfur munu gerast háværar að það sé engin ástæða til þess að halda þeirri stofnun úti. Þeir neituðu að horfast í augu við framkvæmd varnarsamningsins og að hann væri ekki í samræmi við breytta heimsmynd eftir lok kalda stríðsins og gerðu ekkert til þess að skilgreina varnarþarfir okkar upp á nýtt. Nú sitja þeir með málið í fanginu, úrræðalausir og bíða eftir því að Bandaríkjamenn vinni nýja varnaráætlun fyrir Ísland. Þetta eru hinir viljugu og stefnuföstu ráðamenn Íslands. Þeir aðhafast ýmislegt, þeir búa til frumvörp um allt milli himins og jarðar sem sum væru betur óflutt, einmitt vegna þess átakanlega skorts á stefnumótun til framtíðar sem einkennir þau.

Í ljósi þessa þarf því ekki að koma á óvart þó að ríkisstjórnin viti ekki í hvorn fótinn hún á að stíga þegar kemur að því að marka Íslandi stöðu til framtíðar í samfélagi þjóðanna. Hvar liggja okkar brýnustu öryggishagsmunir og hvernig tryggjum við þá best? Hvernig ætlum við að haga samskiptum okkar við Evrópu þegar til framtíðar er litið? Hvert er erindi okkar inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og hverjar verða okkar meginákerslur? Þessum spurningum er ekki svarað af núverandi ríkisstjórn.

Utanríkisráðherra sagði í fjölmiðlunum eftir fund samninganefndar Bandaríkjanna og Íslands í síðustu viku að nú værum við að bíða eftir varnaráætlun frá Bandaríkjamönn-

um, við hefðum nefnilega ekki sérfræðiþekkingu til að vinna slíka áætlun. Nú segir ráðherrann hér í ræðustól að samfylkingarmenn hafi snúið út úr þessum orðum hans. Við snerum ekkert út úr þessum orðum hans, þau voru bara tekin eins og þau voru sögð og ég verð að játa að mér finnst leggjast lítið fyrir kappana í ríkisstjórninni að þeir skuli geta staðið frammi fyrir alþjóð og sagt þetta. Nú kann þetta að vera rétt, að menn hafi ekki þessa sérfræðiþekkingu, en þá er líka við utanríkisráðuneytið og ríkisstjórnina að sakast að hafa vanrækt að byggja upp þessa þekkingu hér innan lands.

Við höfum orðið átakanlega vör við skort á þessari þekkingu í umræðunni í kringum Íraksmálin. Eitt símtal frá Bandaríkjaforseta — eða ég veit ekki hvort það var kannski einhver annar sem hringdi — dugði til að tveir ráðherrar hlupu upp til handa og fóta og settu Ísland á lista þjóða sem voru viljugar til að fara í stríðsrekstur í Írak, allt undir því falska yfirskyni að Saddam Hussein ætti gereyðingarvopn sem hann gæti beitt með mjög litlum fyrirvara. Hans Blix, hinn sænski vopnaeftirlitsmaður Sameinuðu þjóðanna, hafði miklar efasemdir um að þetta væri rétt, hann hafði ekkert fundið sem benti til þess þrátt fyrir ítarlega leit. Hann bað um lengri frest en hann var hæddur og spottaður af ráðamönnum í Bandaríkjunum. Það var dapurlegt að fylgjast með því einelti sem Hans Blix varð fyrir á þessum tíma og íslensk stjórnvöld dönsuðu með. Þau dönsuðu með af því að þau höfðu hvorki pólitíska burði né faglega þekkingu til að takast sjálfstætt á við málið. Og eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson vitnaði til hér í gær, orða Hans Blix í Sjónvarpinu í gær, þá gagnrýndi hann að íslensk stjórnvöld skyldu ekki kynna sér þessi mál ofan í kjölinn eins og þau hefðu auðvitað getað gert.

Í viðræðum undanfarinna ára og missira við íslensk stjórnvöld hafa bandarískir ráðamenn sjálfsagt orðið átakanlega varir við þann skort sem hér er á sérfræðiþekkingu í ýmsu sem lýtur að utanríkis- og varnarmálum. Þess vegna hafa þeir auðvitað ákveðið að gera sitt til að bæta úr þessu með þeirri bókagjöf sem sendiherra Bandaríkjanna afhenti Þjóðarbókhlöðunni í gær, 200 bækur. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir að í fréttatilkynningu frá bandaríska sendiráðinu sagði einmitt að tilgangurinn með gjöfinni væri að hjálpa Íslendingum að byggja upp sérþekkingu á varnarmálum sem skortur væri á hér á landi. Þetta stóð í fréttatilkynningunni frá sendiráði Bandaríkjanna og staðfestir það sem utanríkisráðherra hefur sagt að sérfræðiþekking er ekki til staðar, hana skortir.

Það var líka einhvers staðar haft eftir bandarískra sendiherranum að það ætti ekki að leggja varnarmál í hendur hershöfðingjanna og ég er sammála sendiherranum í því efni. Það á ekki að leggja varnarmálin í hendur hershöfðingjanna. Stefna í varnar- og öryggismálum er pólitísk stefna sem snýst um að skilgreina það sem ógnað getur öryggi og fullveldi þjóðar, að átta sig á váboðunum og velja sér varnarviðbúnað. Varnar- og öryggismál lúta sömu lögmálum og löggæslumál, almannavarnir eða tryggingamál. Þegar við mótum stefnu á þessum sviðum þurfum við vissulega á margvíslegri sérfræðiaðstoð og fagþekkingu að halda en hún á að fara fram og vera veitt á forsendum þess sem ætlar að verða sér úti um varnir en ekki hins sem ætlar að veita þær.

Í nóvember minntist ég lítillega á hvernig Írar hefðu staðið að málum við að móta sér varnarstefnu um síðustu aldamót og það er athyglisvert að skoða það vegna þess að þeir eftirlétu það ekki hershöfðingjunum. Þeir byrjuðu þessa vinnu 1996, það lágu fyrir drög að stefnumótun 1998. Þeir buðu félagasamtökum og einstaklingum að koma með ábendingar og athugasemdir og það bárust 46 athugasemdir við þetta frá 27 einstaklingum og 19 stofnunum eða hópum. Síðan var fundað með allnokkrum fjölda þessara aðila sumarið 1999 og stefnan, sem var sameiginleg stefna írsku þjóðarinnar, lá fyrir árið 2000, unnin á þennan hátt.

Þetta er í takti við það sem Samfylkingin hefur lagt til sem vinnuaðferð í varnar- og öryggismálunum en Samfylkingin hefur talað hér fyrir tillögu oftar en einu sinni og líklega oftar en tvisvar um opinbera nefnd um öryggi og varnir landsins en fengið lítinn hljómgrunn vegna þess að hér eru mál lokuð inni í ráðuneytum og ráðherrar telja það til óþæginda að þurfa að hafa samráð við fólk sem er hugsanlega ekki sömu skoðunar og þeir, hvort sem það fólk kemur úr hópi sérfræðinga, hagsmunaaðila eða stjórnarandstöðu.

Samfylkingin hefur lagt mikla vinnu í að skoða utanríkismálin og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna og það hefðu aðrir flokkar átt að gera líka. Ástæðan fyrir þessari vinnu er einfaldlega sú að það urðu straumhvörf eftir að kalda stríðinu lauk. Heimurinn breyttist landfræðilega, hugmyndalega og hernaðarlega og Evrópa er allt önnur en hún var, staða Íslands og lega landsins hefur allt aðra þýðingu en hún hafði. Það er allt á hreyfingu nema Sjálfstæðisflokkurinn sem er fastur í hugmyndaheimi kaldastríðsáranna.

Það hefur reyndar orðið aðeins vart við það, virðulegi forseti, að það sé ákveðinn áherslumunur meðal stjórnarflokkanna í utanríkis- og varnarmálum. Sjálfstæðisflokkurinn virðist hallari undir samstarf eða öryggissamfélag við Bandaríkin og Framsóknarflokkurinn hallari undir öryggissamfélag við Evrópu. Formaður Framsóknarflokksins hefur sérstaklega gagnrýnt að það hafi ekkert nýtt komið fram í viðræðum við bandarísku sendinefndina í síðustu viku og hann hefur áður kvartað yfir seinagangi í þessum málum af hálfu utanríkisráðuneytisins. Hann hefur sem sagt litið meira til Evrópu og talað um öryggissamfélag við Evrópu en Sjálfstæðisflokkurinn er fastur í fortíðarviðjum og kemst ekki frá öllum stóru orðunum sem hann hefur haft uppi í þessum málum.

Virðulegur forseti. Hugtakið öryggissamfélag er mikilvægt þegar talað er um varnar- og öryggismál. Það tengist auðvitað varnarhagsmunum okkar en líka pólitískum og efnahagslegum hagsmunum. Öryggissamfélagið er þríþætt og það er ansi trosnað ef þetta þrennt fer ekki saman, þ.e. varnarhagsmunir, pólitískir hagsmunir og efnahagslegir hagsmunir.

Það er engum blöðum um það að fletta, virðulegur forseti, að við munum í framtíðinni fremur tengjast Evrópu en Bandaríkjunum. Þar verður okkar öryggissamfélag þegar til framtíðar er litið. Það er einfaldlega staðreynd sem leiðir af sífellt nánari tengslum okkar við Evrópu eins og í gegnum EES-samninginn og Schengen-samstarfið. Í þessu felst engin höfnun á samstarfi við Bandaríkin þar sem það á við en þetta er einfaldlega sú staðreynd sem leiðir af þeim ákvörð-

unum sem hér hafa verið teknar um stefnumótandi samstarf við Evrópu á mikilvægum sviðum í stjórnmálum, efnahagsmálum og borgaralegum vörnum.

Virðulegur forseti. Ég tel mjög mikilvægt að betur sé staðið að stefnumótun í öryggis- og varnarmálum en hér hefur verið gert á undanförnum árum af hálfu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og það verður einfaldlega verkefni Samfylkingarinnar í næstu ríkisstjórn að standa fyrir þeirri stefnumótun og útfæra hana þegar þar að kemur. Í utanríkis- og alþjóðamálum eigum við Íslendingar að vera frjálshuga boðberar nýrra hugmynda en láta ekki fyrir berast áttavillt í þoku kaldastríðsáranna.

[12:01]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það verður að segjast eins og er að ég beið með nokkurri eftirvæntingu eftir ræðu hv. formanns Samfylkingarinnar um þessi efni. Ég vænti þess að í henni mætti hugsanlega greina hvert væri innlegg Samfylkingarinnar til þeirra umræðna sem nú eiga sér stað um öryggis- og varnarmál í landinu. Þegar upp er staðið verður að segjast eins og er að í þessari ræðu kom ekkert nýtt fram, innlegg Samfylkingarinnar til þessara mála er það eitt að það eigi að endurskilgreina, hugsa upp á nýtt, leita tillagna og eitthvað þess háttar. Það má segja að það sé frekar rýrt innlegg þegar við veltum fyrir okkur framtíðinni í þessum efnum. Þegar við tökumst á við þau verkefni sem felast í þeirri stefnumótun sem óhjákvæmileg er í ljósi yfirlýsingar Bandaríkjamanna er nú betra að flokkarnir hafi eitthvað fram að færa í því, einhverja sýn, einhverja stefnumótun, einhverja stefnu aðra en bara þá að setjast niður og móta stefnu. Það er hins vegar innlegg Samfylkingarinnar í umræðuna. Það er ekki ljóst af ræðu hv. formanns Samfylkingarinnar hvert hún vill stefna, bara það að setjast niður og velta hlutunum fyrir sér.

Nú má segja að í ræðu hæstv. utanríkisráðherra hafi það viðhorf komið fram að við hljótum við aðstæður eins og þær eru nú að leita eftir því að tryggja varnir Íslands innan ramma varnarsamningsins ef það er unnt. Það er sú stefna sem ríkisstjórnin fylgir í þessu máli. Mér fyndist forvitnilegt að vita hvort það er afstaða Samfylkingarinnar líka eða hvort hún hefur einhverja aðra áherslu í þeim efnum eða hvort þetta er bara allt opið.

[12:03]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var nú hálfömurlegt yfirklór af hálfu þingmannsins Birgis Ármannssonar því að við stöndum hér andspænis því og höfum gert nú í hartnær 11 ár að ríkisstjórnin hefur ekkert aðhafst í þessum málum. Hún hefur ekkert aðhafst í þessum málum. Hún hékk eins og hundur á roði á því að hér skyldu vera fjórar herþotur og þyrlusveit sem því fylgdi. Hún vanrækti að skilgreina öryggis- og varnarhagsmuni Íslands og hún vanrækti hina borgaralegu hlið þessara mála. Samfylkingin hefur æ ofan í æ bent á þetta og hér skulu ekki sjálfstæðismenn koma upp og ásaka Samfylkinguna um að hún hafi ekki lagt ýmislegt til þessara mála.

Það er vissulega betra að flokkarnir hafi eitthvað fram að færa í þessum málum og hafi einhverja sýn og hér áðan lagði ég einmitt áherslu á þennan átakanlega skort á sýn og á því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi eitthvað fram að færa. Það er beðið eftir Bandaríkjamönnum, það er beðið eftir því að Bandaríkjamenn komi með útspil um það hvernig varnarmálum Íslendinga skuli hagað.

Samfylkingin vann sérstaka skýrslu um varnir gegn aðsteðjandi vá. Í þeirri skýrslu kemur skýrt fram hver okkar sýn á þessi mál er, þ.e. að það þurfi að semja um stöðu Íslands í varnar- og öryggiskerfi Atlantshafsbandalagsins og Evrópu án þess að stefna að uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin. Þess vegna viljum við að látið verði reyna á 7. gr. samningsins um Atlantshafsbandalagið og farið með þetta mál inn á vettvang NATO og þar verði unnið að okkar málum á næstu sex mánuðum.

[12:05]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. formaður Samfylkingarinnar vísaði í skilagrein stefnuhóps vegna framtíðarstefnu Samfylkingarinnar sem var til umræðu og var, að mér skilst, lögð fyrir á landsfundi Samfylkingarinnar vorið 2005. Ég minnist þess nú ekki að Samfylkingin hafi komist að niðurstöðu í þessum efnum eða að þessi texti hafi verið afgreiddur þar. Eftir því sem mér skildist á fréttum náðist ekki einu sinni samstaða um umræddan texta þannig að afgreiðslu þessa efnis var frestað.

Ég held að í þessum texta hafi einnig verið sagt eitthvað um það að sumir vildu helst slíta öllu hernaðarsamstarfi við Bandaríkin en aðrir vildu viðhalda því eins og kostur væri. Við teljum ráðlegt að viðurkenna þennan ágreining hiklaust og ég velti fyrir mér hvort þetta sé sterkt eða skýrt innlegg í þá umræðu sem hér á sér stað og hefur átt sér stað um öryggis- og varnarmál.

Enginn hefur í sjálfu sér velkst í vafa um hvað íslensk stjórnvöld hafa viljað gera í þessum efnum. Það hefur enginn getað ásakað stjórnvöld, ríkisstjórnina eða ríkisstjórnarflokkana, um að vafi léki á um það hver markmið þeirra væru. Það sama verður hins vegar ekki sagt um Samfylkinguna. Það hefur verið fullkomlega óljóst hér á síðustu árum frá stofnun Samfylkingarinnar hvaða stefnu Samfylkingin vildi hafa uppi í þessum málum, hvaða áherslu Samfylkingin vildi hafa. Niðurstaðan hefur alltaf verið sú hjá Samfylkingunni að það ætti að skipa einhverjar nefndir, það ætti að ræða málin opinskátt og hiklaust og allt er það gott og blessað. Á hinn bóginn hefur algjörlega skort á að Samfylkingin hafi lagt fram einhverja skýra stefnu um annað en að skipa nefndir.

[12:07]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi þá skilagrein frá framtíðarhópnum sem ég vitnaði í hér áðan og þingmaðurinn tók upp þá kemur þar fram, og það er heiðarlegt og rétt að það komi fram, að ekki eru allir á eitt sáttir innan flokksins í því máli, en stefnan er algjörlega skýr.

Ég geri ráð fyrir því að í Evrópumálum séu nú ekki allir á eitt sáttir í Sjálfstæðisflokknum. Innan vébanda flokksins eru ýmsir menn sem gjarnan mundu vilja stefna að aðild að

Evrópusambandinu. Það veit ég og það veit Birgir Ármannsson og það er auðvitað alveg sjálfsagt að viðurkenna það. En stefna flokksins er skýr, þ.e. menn ætla ekki inn í Evrópusambandið og vilja ekki ljá því máls að sótt sé um aðild þar.

Í Samfylkingunni er fólk sem er andstætt veru hers hér á landi, það er alveg ljóst. En stefnan er skýr, þ.e. að við viljum að Ísland sé aðili að Atlantshafsbandalaginu og við teljum ekki að það eigi að stefna að því að segja upp varnarsamningnum ef menn hafa ekki unnið að öðrum vörnum og þar stendur hnífurinn í kúnni. Þessi vinna hefur ekki farið fram á vegum stjórnmálaflokkanna eins og þurft hefði að gera. Það vinnur þetta enginn einn flokkur út af fyrir sig. Þetta er eitthvað sem við eigum að sameinast um og markmið okkar á að vera að tryggja þetta öryggissamfélag okkar þegar til framtíðar er litið.

Hver voru markmið sjálfstæðismanna í viðræðunum við Bandaríkjamenn? Jú, fyrst voru það sýnilegar varnir, fjórar þotur. Svo voru það lágmarksvarnir og það var ekki sagt hvað í þeim fólst. Nú eru það orðnar táknrænar varnir. Þetta hefur nú verið stefna Sjálfstæðisflokksins í þessum viðræðum við Bandaríkjamenn á undaförnum missirum og árum, fyrst sýnilegar varnir, svo lágmarksvarnir og svo táknrænar varnir. Það hefur orðið algjör kúvending í stefnu þessa flokks í þessu ferli (Forseti hringir.) eins og bent var á í umræðunni áðan.

[12:09]

Útbýting:

Framhaldsskólar, 715. mál, frv. EMS o.fl., þskj. 1051.

Framtakssjóður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, 646. mál, svar viðskrh., þskj. 1131.

Löggilding starfsheitis áfengis- og vímuefnaráðgjafa, 719. mál, frv. VF, þskj. 1055.

Samkeppnisstaða íslenskrar fiskvinnslu, 676. mál, svar viðskrh., þskj. 1127.

Stjórn fiskveiða, 448. mál, þskj. 1125.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, 616. mál, þskj. 1126.

[12:10]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir þá skýrslu sem hann gaf hér í sinni ræðu. Hann fór víða yfir eins og gengur í svona umræðu því að allt sem lýtur að utanríkismálum snertir okkur á margvíslegan hátt.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru uppi er eðlilegt að mest fari fyrir umræðum um öryggis- og varnarmál. Eins og fram kom í ræðu hæstv. utanríkisráðherra hafa aðildin að NATO og varnarsamningurinn við Bandaríkjamenn verið hornsteinar í öryggisstefnu Íslands í áratugi. Hér er því um mikilvægt mál að ræða, ekki síst í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi.

Eins og við vitum hafa íslensk stjórnvöld lengi unnið að því að ná niðurstöðu við Bandaríkjamenn um varnarmálin út frá varnarsamningnum. Hins vegar er því ekki að neita að sá grunur hefur verið uppi um nokkurt skeið að á þeim bænum væru áform um breytingar og um miðjan síðasta mánuð tilkynntu Bandaríkjamenn um ákvörðun sína í þessu efni. Mér fannst aðferðafræði Bandaríkjamanna á þeim degi ekki til fyrirmyndar. Sumir hafa orðað það á þann veg að þetta jaðri við dónaskap í samskiptum þessara ríkja og ég lýsi miklum vonbrigðum með það hvernig Bandaríkjamenn komu fram við okkur af þessu tilefni og tel að menn eigi að bæta ráð sitt í samskiptum hvað þetta varðar.

Við hljótum að gera kröfu um að Bandaríkjamenn ljúki samningaviðræðum við okkur sem allra fyrst og það er löngu kominn tími til þess að þeir geri hreint fyrir sínum dyrum í þessum málum. Sjálfur hefði ég helst viljað að Bandaríkjamenn héldu áfram að annast varnir okkar eins og þeir hafa gert um langa hríð. En veruleikinn er annar í dag þannig að breytingar eru fram undan í þeim efnum. Við blasir aukið samstarf okkar við Atlantshafsbandalagið um varnarmál. Við höfum um langt skeið verið aðilar að NATO og þar eru okkar samstarfsaðilar að þessu leyti og þar höfum við látið meira að okkur kveða á undanförnum árum en áður var. Við erum mun virkari þátttakendur í starfsemi NATO en áður var og við þær aðstæður sem nú eru uppi hlýtur að blasa við aukið samstarf við NATO.

Ég vil í því sambandi geta þess, eins og væntanlega mun koma fram hér í umræðunni í dag, að formaður íslensku þingmannanefndarinnar sem er fulltrúi Alþingis á NATO-þinginu hefur gert stjórnarnefnd NATO-þingsins grein fyrir stöðunni og við munum að sjálfsögðu gera það enn frekar. Fram undan er vorþing NATO-þingsins núna í maí og við munum á þeim fundi upplýsa um stöðuna. Mér skilst að það hafi komið ýmsum á óvart innan þeirra samtaka hvaða staða er komin upp.

Ég held hins vegar, virðulegi forseti, að sú umræða sem hefur verið uppi af einhverra hálfu um að auka tengsl við Evrópusambandsríkin hvað varðar öryggis- og varnarmálin sé alls kostar óraunhæf. Ég tek undir þau rök sem komu fram í ræðu hæstv. utanríkisráðherra hvað það varðar. Ég ætla svo sem ekki að fara nánar út í það en ég tek undir þau rök.

Eitt af því sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra var umfjöllun um aukinn þátt okkar í rekstri alþjóðaflugvallarins í Keflavík. Það blasir við að við munum þurfa að leggja töluvert miklu meira undir í þeim efnum og að ríkissjóður muni þurfa að koma mun meira að þeim rekstri en verið hefur. Það er einfaldlega staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Hins vegar vil ég taka undir það sem kom fram í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að það er ótímabært nú að taka upp umræðu um framtíðarnýtingu svæðisins sem heyrir undir varnarsamninginn og þau mannvirki sem þar eru. Þar er um að ræða flókið úrlausnarefni sem leysa þarf í nánu samstarfi við Bandaríkjamenn og reyndar NATO einnig. Ég tek undir það sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra að því leyti. Hins vegar varð ég nokkuð hugsi þegar ég sá í ræðu hæstv. ráðherra hugmyndir hans um að einkafyrirtæki reki Keflavíkurflugvöll, eða eins og þar kemur fram að stofnað verði hlutafélag í eigu ríkisins um rekstur flugvallarins og í framhaldinu verði félagið einkavætt með aðkomu innlendra og erlendra hluthafa. Að vísu vísaði hæstv. ráðherra, máli sínu til stuðnings, í fyrirkomulag sem við vitum að er víða í heiminum varðandi rekstur á flugvöllum. Ég lít svo á að hér hafi hæstv. ráðherra verið að viðra hugmyndir, því eins og hann reyndar tók fram liggja ekki fyrir neinar ákvarðanir í

þessu efni.

Ég vil rifja það upp líka að fyrrverandi utanríkisráðherra beitti sér fyrir því að Flugstöð Leifs Eiríkssonar var breytt í hlutafélag um rekstur flugstöðvarinnar. Við vitum að sá rekstur hefur gengið mjög vel og það félag er alfarið í eigu ríkisins og er dæmi um hvernig hægt er að breyta rekstrarformi ríkisstofnana í hlutafélög. Í framhaldinu hefur það gengið mjög vel og þetta fyrirtæki er mjög framsækið á sínu sviði. *Ég tel að til greina komi að Flugstöð Leifs Eiríkssonar taki einnig yfir flugbrautirnar en í öllu falli undirstrika ég þá skoðun mína að ríkið eigi að eiga þessar flugbrautir í hlutafélagsformi ef svo ber undir en ég tel hins vegar mjög koma til greina að ríkið leigi einkaaðilum rekstur flugbrautanna.* Það eru dæmi um slíkt fyrirkomulag í einhverjum löndum. Ég veit t.d. að í Ungverjalandi er slíkt fyrirkomulag fyrir hendi.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins víkja að umræðu sem hefur verið uppi um samskipti hæstv. utanríkisráðherra eða stjórnvalda við utanríkismálanefnd Alþingis. Það er mikilvægt í svona málum að þar sé gott samband og samskipti á milli, enda er kveðið á um það í þingsköpum. Ég veit að hæstv. utanríkisráðherra vill hafa góð samskipti við utanríkismálanefnd og ég treysti því að sjálfsögðu að svo verði. Hann hefur lagt sig fram um að hafa þau samskipti í lagi og ég veit að þannig verður það. Ég vildi bara rétt nefna þetta hér vegna umræðu sem verið hefur, t.d. í þingsölum í gær að ég held, varðandi þetta mál.

Varðandi varnar- og öryggismálin hefur stjórnarandstaðan í því máli eins og mörgum öðrum gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir ýmislegt og það er í þessu máli eins og öðrum auðvelt að sitja úti í horni og gagnrýna. Ég verð að segja í ljósi þeirrar umræðu sem hefur t.d. verið hér í dag að þá er hálfskondið á köflum að verða vitni að umræðum af hálfu Samfylkingarinnar um þessi mál því að þar er svona eins og í mörgum öðrum talað út og suður. En við skulum gefa þeim tækifæri til að skýra afstöðu sína í þessari umræðu og ég held að það sé hið besta mál.

Ég ítreka það að lokum varðandi varnarmálin að Bandaríkjamenn eiga næsta leik í stöðunni og við verðum að sjá hvaða hugmyndir koma þar fram og meta þær og svara fyrir að okkar leyti þegar þar að kemur.

Það er ýmislegt annað í þessu máli sem snertir okkur. Það blasir við að þær breytingar sem við stöndum frammi fyrir munu hafa ýmis áhrif á okkur Íslendinga. Þar er mörgum ofarlega í huga mál sem varða þyrlubjörgunarsveit hersins á Keflavíkurflugvelli sem hefur reynst okkur mjög mikilvæg *í gegnum tíðina og tekið þátt í björgun margra* mannslífa. Ég sé ástæðu til að nota tækifærið og færa henni þakkir fyrir það allt og lýsa aðdáun á störfum sveitarinnar að því leyti. En það er augljóst að við þurfum að leggja mikið í það að byggja upp þyrluflota Landhelgisgæslunnar og rekstur hennar. Ég held hins vegar að við ættum líka að líta í kringum okkur og kanna hvort við getum náð samstarfi við nágrannaþjóðir okkar og bræðraþjóðir varðandi eftirlit og öryggismál á hafsvæðinu við Ísland. Þar hafa þær oft verið til staðar og það ber auðvitað að þakka. Alþjóðleg umræða um öryggis- og varnarmál snýst nú á tímum meira um varnir og aðgerðir gegn ógn hryðjuverka. Heimsmyndin hefur að því leyti breyst á síðustu árum eins og við þekkjum og því hefur verið haldið fram að engin þjóð geti talið sig undanskilda í þeim efnum eða talið sig fría gegn þeirri vá. Þannig þurfum við auðvitað að hugsa í okkar málum.

Virðulegi forseti. Ég vil hins vegar rétt í lokin ítreka fyrir mitt leyti kröfuna til Bandaríkjamanna um að þeir geri sem fyrst hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli og í samskiptum við okkur Íslendinga í öryggis- og varnarmálum. Ég treysti að sjálfsögðu hæstv. utanríkisráðherra og ríkisstjórninni *vel til að fara með hagsmuni okkar í því mikilvæga máli.*

[12:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það getur vel verið að hv. þm. Magnús Stefánsson hafi röntgenaugu og geti gegnumlýst hæstv. utanríkisráðherra. Ég dreg það ekkert í efa að það sé einlæg sannfæring hv. þingmanns að hæstv. utanríkisráðherra hafi mikinn vilja til að hafa náið og gott samráð við utanríkismálanefnd. Staðreyndin er bara sú að hann hefur ekki gert það. Hv. varaformaður utanríkismálanefndar á auðvitað að standa vörð um nefndina og hjálpa okkur hinum í nefndinni sem viljum fá hann til samráðs og samtala um þetta.

Ég vek sérstaka eftirtekt á að það eru ákveðin atriði í þessum viðræðum sem hafa lekið út úr utanríkisráðuneytinu, t.d. sem varða ratsjárstöðvar sem bersýnilega eru í umræðunni á milli þessara tveggja samningsaðila. En hæstv. utanríkisráðherra kemur ekki og ræðir það mál t.d. við utanríkismálanefnd. Nei, *hann niðurlægir þingið með því að* láta okkur lesa um þetta í fjölmiðlum á formi einhverra slúðursagna sem að vísu rata á forsíður dagblaða. Þetta er bersýnilega leki sem kemur einhvers staðar annars staðar frá en þaðan. Hvers vegna getum við sem erum í nefndinni ekki fengið upplýsingar um þetta? Það eru þessir hlutir sem gera það að verkum að ég er mjög óhress með þann óvilja sem hæstv. utanríkisráðherra hefur sýnt til samráðs þó að hv. varaformaður utanríkismálanefndar sé annarrar skoðunar.

Að öðru leyti vekur það eftirtekt mína að hv. þm. Magnús Stefánsson getur fallist á að búnaðurinn, brautirnar verði í hlutafélagsformi í eigu ríkisins en hann er bersýnilega ósammála hæstv. utanríkisráðherra um að hleypa eigi öðrum aðilum inn í hlutafélagið, þ.e. hann vill að brautirnar verði í eigu ríkisins í formi hlutafélags. Hæstv. utanríkisráðherra talar um að hleypa innlendum eða erlendum aðilum þar inn. Þarna er greinilega ágreiningur uppi milli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í þessu máli.

[12:22]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi samskipti hæstv. utanríkisráðherra við utanríkismálanefnd þá ætla ég ekki að bæta neinu við það sem ég sagði áðan. Við munum að sjálfsögðu halda áfram að vinna saman að þeim málum og fjalla um þau í nefndinni.

Hvað varðar einkavæðingu eða formbreytingu á rekstri flugvallarins í Keflavík þá hefur engin ákvörðun verið tekin í þeim efnum eins og hæstv. ráðherra sagði áðan. Hins vegar geta menn lýst sjónarmiðum sínum hvað það varðar og ég hef lýst mínu sjónarmiði. Þetta er einfaldlega mál sem á

eftir að fara í gegnum og taka ákvarðanir um. Það er ekkert meira um það segja á þessari stundu.

[12:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég velti því fyrir mér hvort hv. varaformanni utanríkismálanefndar finnist það boðlegt að á forsíðum dagblaða séu vangaveltur um hvað gerst hafi í samningaviðræðum Bandaríkjamanna og Íslendinga, m.a. um fjórar ratsjárstöðvar. Þessar fregnir eru bersýnilega byggðar á einhvers konar heimildum, ekki koma þær frá stjórnarandstöðunni. Hvaðan hljóta þær að koma? Úr samninganefndinni eða úr utanríkisráðuneytinu. Af hverju er ekki gert hreint borð í þessum efnum og af hverju er ekki sagt frá því í þeim trúnaði sem ríkir í utanríkismálanefnd um hvað verið er að ræða? Það er það sem skiptir máli, frú forseti.

Sömuleiðis er mjög óljóst hver stefna ríkisstjórnarinnar er í samningunum við Bandaríkjamenn. Það kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að hann telji, með vísan í formann síns flokks, að það eigi að leita eftir samstarfi við aðrar þjóðir. Hann nefndi þessar þjóðir í ræðu sinni. Það hefur hins vegar komið fram, síðast í dag, hjá hæstv. utanríkisráðherra að hann telji að fyrst eigi að reyna til þrautar samninga við Bandaríkjamenn.

Ég spyr hv. þm. Magnús Stefánsson hvort ekki sé skynsamlegt að leita allra leiða, svo ég vísi beint í orð hæstv. forsætisráðherra, og kanna hvaða möguleikar eru í stöðunni, hafa allt á borðinu, alla valkosti þegar menn eru að reyna að ná einhvers konar lendingu. Ég tek eftir því að hæstv. utanríkisráðherra virðist vera annarrar skoðunar. Hann talar bara um Bandaríkjamenn á meðan Framsóknarflokkurinn talar um Evrópusambandið og hæstv. formaður Framsóknarflokksins hefur sérstaklega talað um að leita samstarfs við aðrar Evrópuþjóðir. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé ekki mál sem leita ætti álits utanríkismálanefndar á. Ég hefði talið það. Er ekki hv. (Forseti hringir.) varaformaður nefndarinnar sammála mér um það?

[12:25]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi það sem hv. þingmaður nefndi í fyrra andsvari sínu um slúðursagnir í blöðum, sem ég ætla ekki að leggja dóm á hvort sé rétt varðandi ratsjárstöðvarnar. Ég geri ráð fyrir að það mál komi til umfjöllunar í utanríkismálanefnd þegar þau mál skýrast. Hins vegar er aftur spurning um hvenær það er tímabært og hvenær mál eru orðin það þroskuð að hægt sé að taka þau til umfjöllunar.

Hvað varðar varnarsamstarfið við Bandaríkin og það sem hv. þingmaður vísaði í varðandi ummæli utanríkisráðherra þá er ég sammála því að við eigum að sjálfsögðu að ljúka viðræðum við Bandaríkjamenn og ná fram niðurstöðu í þeim viðræðum áður en við þreifum fyrir okkur annars staðar.

Hvað varðar NATO þá erum við auðvitað aðilar að Atlantshafsbandalaginu og ég og hv. þingmaður erum í samstarfi á þeim vettvangi ásamt öðrum. Að frátöldum Bandaríkjamönnum stendur okkur næst að NATO komi kannski meira að varnar- og öryggismálum okkar en verið hefur.

Ég ítreka að ég tel að við eigum að fá niðurstöður í þessar viðræður við Bandaríkjamenn og eins og ég sagði í ræðu minni hefði ég auðvitað kosið að þeir sæju um varnarmál okkar áfram eins og verið hefur. Sú staða er því miður ekki uppi en viðræður standa yfir og ég bíð eftir því og vonast til að niðurstaðan liggi fyrir sem fyrst.

[12:27]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sagði áðan í ræðu minni að það væri greinilega nokkur skoðanamunur milli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í þessum málum og að Framsóknarflokkurinn horfði kannski meira til Evrópu en Sjálfstæðisflokkurinn. Mér segir svo hugur um að setning sem farið hefur inn í ræðu hæstv. utanríkisráðherra sé kannski einhvers konar málamiðlun á milli þessara tveggja flokka. En þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki er rétt að útiloka að til endurskoðunar komi á varnarsamningnum eða jafnvel uppsagnar hans." — En síðan segir hann: „Í ljósi þess að bandarísk stjórnvöld ítrekuðu skuldbindingar sínar samkvæmt varnarsamningnum var fyrsta skrefið að Ísland og Bandaríkin ættu viðræður um framhald samstarfsins."

Ég vil því spyrja hv. þingmann, varaformann utanríkismálanefndar, hvort hann telji ekki rétt við þessar aðstæður, þegar ákveðin upplausn er í þessum varnarmálum, að þetta mál fari formlega inn á vettvang Atlantshafsbandalagsins. Þessi tvíhliða varnarsamningur er auðvitað gerður á grundvelli samningsins um Atlantshafsbandalagið og Bandaríkjamenn hafa tekið að sér varnir Íslands í samræmi við hann. Er ekki rétt að fara með málið inn á þann vettvang í stað þess að vera með það í þeim farvegi sem það er í núna, einvörðungu í þessum tvíhliða viðræðum?

Hitt sem ég vil spyrja um af því að ég fékk ekki svar við því áðan: Getur varaformaður nefndarinnar svarað hvernig á því stendur að við höfum ekki fengið inn í þingið skriflegar skýrslur utanríkisráðherra síðan í apríl 2004 þegar Halldór Ásgrímsson var utanríkisráðherra? Við höfum ekki fengið neinar skriflegar skýrslur um það sem verið er að vinna í utanríkisráðuneytinu síðan sjálfstæðismenn settust inn í það ráðuneyti. Slíkar skýrslur gefa okkur auðvitað góða innsýn í þá stefnumörkun sem þar fer fram (Forseti hringir.) en við höfum ekki fengið hana.

[12:29]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi skýrslur utanríkisráðherra til Alþingis. Hv. þingmaður spurði hvort ég hefði einhverjar skýringar á því af hverju þær hefðu ekki borist. Ég er því miður ekki sitjandi í þeim ráðherrastól þannig að ég get ekki svarað því. Ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður beini því þá til viðkomandi ráðherra. Ég get ekki útskýrt það mál.

Hvort ekki væri rétt fyrir okkur að fara með þetta mál formlega á borð NATO í stað þess að standa í viðræðum við Bandaríkin um málið. Ég tel það ekki vera. Við eigum í viðræðum við Bandaríkjamenn og þurfum að fá niðurstöður í þær viðræður sem fyrst. Hvað út úr þeim kemur get ég

ekki svarað á þessari stundu en ég tel ekki ástæðu til að fara með málið beint á borð NATO á þessu stigi málsins. Við eigum í viðræðum við Bandaríkjamenn á grundvelli tvíhliða varnarsamnings og við eigum auðvitað að ljúka þeim viðræðum sem fyrst.

[12:30]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst varðandi skýrslu utanríkisráðherra. Ég spurði sérstaklega um það í ræðu minni hér áðan hvernig á því stæði að hingað hefði ekki borist skrifleg skýrsla utanríkisráðherra um það sem unnið væri í utanríkisráðuneytinu og hvernig okkar utanríkisþjónusta hefði verið að vinna að málum víðs vegar um heiminn. Það er mjög mikilvægt að við höfum innsýn í það hér í þinginu og ég vænti þess að það sé mikilvægt fyrir þá sem sitja í utanríkismálanefnd. Hér var ég að ræða við varaformann utanríkismálanefndar sem hefði kannski átt að vera búinn að kanna hvort eitthvert slíkt plagg væri ekki á leiðinni — það hefði átt að vera hluti af hans starfsskyldu sem þingmanns og varaformanns utanríkismálanefndar, fyrst hann fer með það verkefni.

Ég ítreka að ég vil spyrja hvernig á því standi að skýrsla hefur ekki borist síðan í apríl 2004. Það er síðasta skriflega skýrslan sem komið hefur hingað inn um þessi mál.

Hvað varðar NATO þá er það nú einu sinni svo að það er gert ráð fyrir því sérstaklega í varnarsamningnum að farið sé með þessi mál inn á vettvang Norður-Atlantshafsbandalagsins ef menn telja endurskoðunar þörf. Ég geri ráð fyrir að sú uppákoma sem hér hefur orðið í þessu varnarsamstarfi kalli á einhvers konar endurskoðun á varnarsamningnum. Það er ljóst að eins og hann er framkvæmdur núna er framkvæmdin einhliða af öðrum aðilanum. Það er annar aðilinn sem ákveður einhliða hver framkvæmdin skuli vera og það breytir auðvitað talsverðu um eðli samningsins. Íslensk stjórnvöld hafa hingað til lagt áherslu á að hann skuli framkvæmdur tvíhliða. Annar aðilinn gæti ekki ákveðið framkvæmd samningsins. Það er breytt. Bandaríkjamenn hafa ákveðið einhliða framkvæmd samningsins og það hlýtur að kalla á endurskoðun hans.

[12:32]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekkert frekar að fjalla um skýrsluna. Ég held að það sé rétt að óska svara frá utanríkisráðuneytinu hvað það varðar.

Hvort þessi staða kallar á endurskoðun á varnarsamningnum? Ég held að það sé rétt að bíða og sjá hvað kemur út úr þessum tvíhliða viðræðum áður en menn fara að velta því mikið fyrir sér. Sú staða getur hugsanlega komið upp að við teljum þörf á að endurskoða þennan varnarsamning. Ég ætla ekkert að fullyrða neitt á þessu stigi.

NATO hefur verið gerð grein fyrir þessari stöðu eins og menn vita. Hæstv. forsætisráðherra gerði það á sínum tíma. Ég nefndi það í minni ræðu að við þingmenn sem erum fulltrúar Alþingis hjá NATO-þinginu höfum gert það og munum fylgja því eftir þannig að fulltrúar NATO-ríkjanna séu alveg klárir á því hver staðan er. En ég tel rétt að við bíðum eftir niðurstöðum tvíhliða samningaviðræðnanna og ég vonast til að þær liggi fyrir sem allra fyrst, ég tel það mjög mikilvægt. Ég tel það líka mjög mikilvægt að Bandaríkjamenn geri hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli.

[12:34]

Forseti (Drífa Hjartardóttir):

Forseti vill geta þess varðandi fyrirspurn frá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að í þingsköpum er ekkert um að utanríkisráðherra verði að skila inn skriflegri skýrslu til Alþingis.

[12:34]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka þakkir til hæstv. utanríkisráðherra fyrir skýran málflutning hér í dag. Ekki er þar með sagt að innihaldið hafi verið gott eða gleðilegt. Reyndar þykir mér mjög dapurlegt að heyra hve höll ríkisstjórnin er undir stefnu núverandi Bandaríkjastjórnar. Það var gott, og ég gat þess í andsvari fyrr í dag við ræðu hæstv. ráðherra, að fá greiningu ráðherrans og ríkisstjórnarinnar á þeim breytingum sem átt hafa sér stað innan NATO.

Ég ætla að gera þetta að umræðuefni hér á eftir og rökstyðja jafnframt hvers vegna ég tel að lausnir ríkisstjórnarinnar, og þess vegna einnig annarra stjórnmálaflokka hér á Alþingi, að undanskilinni Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, í varnarmálum gangi ekki upp. Þá er ég að vísa til NATO-flokkanna allra. Ég er að vísa til Sjálfstæðisflokksins, ég er að vísa til Framsóknarflokksins, ég er að vísa til Frjálslynda flokksins og ég er að vísa til Samfylkingarinnar. Allir þessir flokkar setja traust sitt á NATO. Ríkisstjórnin leggur höfuðkapp á að ná tvíhliða samningum við Bandaríkin en aðrir flokkar, og þá sérstaklega Samfylkingin, horfa á faðm NATO og líta á hann sem eins konar náðarfaðm.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem fer fyrir þingmannanefnd Íslands hjá NATO, hefur vakið máls á því að núverandi formaður þingmannaráðs NATO, Pierre Lellouche, horfi með velvilja til Íslands í þessu samhengi. Ég vek athygli á að sá maður hefur sýnt velvilja þegar grófustu mannréttindabrot hafa verið framin víðs vegar um heiminn, og vísa ég þar sérstaklega til innrásar Bandaríkjanna í Írak. En þegar henni var andæft á franska þinginu skar þessi NATO-foringi sig úr hvað varðaði eindreginn stuðning við Bandaríkin. Ég ætla að víkja að þessu öllu saman síðar og þá sérstaklega í lokin að þeim tillögum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sett fram, bæði varðandi viðskilnað við Bandaríkjamenn og einnig mengunarvarnir sérstaklega í því efni.

Fyrst um þann skýra tón sem fram kemur í ræðu hæstv. ráðherra og er samhljóma stefnu núverandi Bandaríkjastjórnar. Byrjað er á að víkja að tilraunum Írana, eða meintum tilraunum Írana, til að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Hvers vegna skyldu Íranar vilja koma sér upp kjarnorkuvopnum? Ætli það sé ekki sama ástæða fyrir því og varð til þess að Bandaríkjamenn komu sér upp kjarnorkuvopnum á sínum tíma, til að verjast og til þess að ógna. — Það hefur verið talað um ógnarjafnvægi í þessu efni. — Sama ástæða og þegar Bretar ákváðu að koma sér upp kjarnorkuvopnum og Frakkar, Rússar, Kínverjar, Indverjar, Pakistanar, Ísra-

elsmenn, Suður-Afríkumenn hugsanlega. Að öllum líkindum Norður-Kórea. Einnig hefur verið talað um að Ástralar og Suður-Kóreumenn séu að fikta eitthvað í þessum efnum þó minni líkur séu taldar á því. Allar þær þjóðir sem ég nefndi hafa sannarlega komið sér upp kjarnorkuvopnabúrum til að verjast og til að ógna öðrum.

Skyldu menn nú vera að hjálpa Írönum í þessu efni, draga úr ótta þeirra við að á þá verði ráðist? Er stefna Bandaríkjamanna gagnvart Íran í þessu efni líkleg til að draga úr vilja þeirra til að koma sér upp vopnabúri til að verjast og ógna öðrum? Nei. Hér fyrir nokkru voru í fréttum viðtöl við fólk sem er nýkomið frá Íran, Íslendinga. Það segir að þar óttist menn nú mjög yfirvofandi árás á landið. Menn hafa dæmin fyrir sér nú nýlega frá Írak. Hverjir voru þar í fararbroddi? Það var eina ríkið sem hefur beitt kjarnorkuvopnum. Það var Bandaríkjastjórn. Það voru Bandaríkin sem beittu kjarnorkuvopnum gegn Japönum árið 1945. Þetta er samhengi hlutanna sem við hljótum að verða að horfa á þótt ég taki fyrir mitt leyti undir að það á að reyna að stuðla að því að Íranar komi sér ekki upp kjarnorkuvopnum enda hafa þeir fallist á það í sáttmála sem þeir undirrituðu fyrir rúmum 35 árum, árið 1970, en það var sáttmálinn um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna. Þar eru þeir sér á báti varðandi hin ríkin sem ég nefndi hér áðan. En þetta er bara ekki leiðin.

Um samhljóminn við stefnu Bandaríkjanna. Það er það sem sagt er um Palestínu og Ísrael. Þar er ráðist sérstaklega á Yasser Arafat, nýlátinn leiðtoga Palestínumanna, og sagt að hann hafi verið þrándur í götu friðar. Það er vissulega stefnan frá Pentagon að tala svona. Aðrir hafa litið á Yasser Arafat sem fulltrúa hinna hófsömu afla. Hann viðurkenndi Ísrael, gagnstætt því sem ýmis önnur öfl innan Palestínu hafa gert. Hann viðurkenndi grænu línuna svokölluðu sem var dregin upp eftir hin blóðugu átök við stofnun Ísraelsríkis 1948–49. Hann viðurkenndi þá línu sem Sameinuðu þjóðirnar byggja sínar yfirlýsingar síðan á, og þýða að Palestínumönnum eru ætluð 22% af því landsvæði sem áður var Palestína, rúmur fimmtungur þessa lands. Nú stefnir hins vegar í að þeir fái innan við 10%, 9%, í sundurtættu landi og sundurgröfnu af apartheid-kynþáttamúr sem Ísraelsmenn eru að reisa og ætla að viðhalda. Ekki orð um það heldur er nú talað um öfgasamtökin Hamas.

Hvað hafa Hamas-samtökin aðhafst? Þau vinna sigur í lýðræðislegum kosningum. Þau hafa vissulega verið öfgafull á undanförnum árum en eru að draga þar úr, hafa einhliða lýst yfir vopnahléi, hafa gert það í eitt ár. En þegar þeir komast til valda nýtir hernámsliðið í Ísrael sér þá stöðu að svipta Palestínumenn öllum tekjum sínum. Halda skatttekjum til baka og gera stjórnvöld þannig fjárvana til að sinna skyldum sínum gagnvart almenningi og halda uppi einhverjum vísi að velferðarþjónustu. Eru menn búnir að gleyma hvers vegna uppreisnin í Palestínu, sú síðasta, hófst? Var það ekki eftir að Sharon — fyrrverandi böðullinn sem fór fyrir hryðjuverkasveitum sem myrtu menn tugum og hundruðum saman, bæði í átökunum við stofnun Ísraelsríkis og síðar í Líbanon — fór fyrir 2.000–3.000 manna liði upp á Musterishæðina í Jerúsalem og fór inn í Al Aqsa-moskuna en það varð þess valdandi að uppreisnin, hin síðasta, hófst. Ekki orð um þessa þætti heldur bara öfgafull stefna frá Pentagon.

Síðasta atriðið sem hæstv. ráðherra nefnir er framlag Íslands til viðlagasjóðs á vegum Sameinuðu þjóðanna vegna náttúruhamfara. Það finnst mér hið besta mál. Jafngott og hitt er slæmt að íslenska ríkisstjórnin skuli láta fé af hendi rakna til öryggissveita í Írak. Við ættum frekar að beina okkar kröftum og fjármunum í uppbyggilegt mannúðarstarf. Láta hina um hernaðinn og reyna þvert á móti að koma þeim úr þessu landi. Það vakti athygli mína að hlusta á hæstv. utanríkisráðherra Íslands segja að Írakar væru nú betur komnir en þeir voru fyrir fáeinum árum. Ekki ætla ég að leggja blessun mína yfir verk Saddams Husseins en að það heyrist ekki múkk, ekki eitt gagnrýnisorð, eftir pyntingarnar sem hernámsþjóðirnar hafa orðið uppvísar að í Abu Ghraib í Írak, eftir fjöldamorðin í Falluja, 700 manns, konur, börn, og karlar, lágu í valnum eftir að her Bandaríkjamanna fór að hætti nasista inn í borgina og drap menn af handahófi. Þetta gerðist eftir að fjórir bandarískir hermenn höfðu verið myrtir þar. Ekki orð um þetta.

Síðan, hæstv. forseti, víkur hæstv. utanríkisráðherra að þeirri eðlisbreytingu sem er að verða á NATO. Það er ágætlega um það fjallað. Að nú þurfi menn að horfa til heimsins alls. Áður hafi menn þurft að verjast ríkjum sem réðust á NATO-ríkin. Nú sé öldin önnur. Við lifum á hryðjuverkaöld. Það er talað um í ræðunni að til þess geti komið að grípa þurfi til aðgerða til að forða því að illviljaðir aðilar nái að láta til skarar skríða. Þar er vísað til hryðjuverkasamtaka.

Hér er vísað til breytinga sem orðið hafa á NATO á alllöngum tíma eða á 10. áratugnum og var stimplað rækilega inn á hálfrar aldar afmælinu í Washington árið 1999 og síðan ítrekað á Pragfundinum í kjölfarið að stefna að meiri sveigjanleika, að sveitum sem geti brugðist við og þá einnig brugðist við ógn. Þetta er grundvallarbreyting á þeim vinnureglum sem NATO hefur byggt á. Nú er það ekki árás sem skiptir máli heldur fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir ógnir.

Hverjum skyldi nú helst verða ógnað í heiminum? Skyldi það nú ekki vera það hernaðarveldi sem fer víðast með sínar klær? Það eru Bandaríkjamenn sem eru að verja sína olíuhagsmuni og hernaðarhagsmuni um heiminn allan. Það er gegn þeim sem þau öfl sem vísað er til eru að berjast. Bandaríkjamenn eru jafnframt ráðandi aðilar í NATO. Það er í þessu kompaníi sem við ætlum að finna vörn og öryggi fyrir Ísland. Ég held að þessi eðlisbreyting á NATO eigi að verða okkur til varnaðar. Við eigum að koma okkur út úr þessu bandalagi. Við eigum að segja skilið við NATO og treysta hagsmuni Íslands með öðrum hætti. Það gerum við best með því að fylgja réttlátum málstað og segja skilið við þá sem fara með ójöfnuði um heiminn.

Að lokum þetta, hæstv. forseti: Ég hef velt því fyrir mér hvernig á því standi að við skulum vera eini flokkurinn á Alþingi sem hefur viljað sýna fyrirhyggju hvað snertir viðskilnað Bandaríkjamanna frá Íslandi. Hvernig stendur á því að ríkisstjórnarflokkarnir, hvernig stendur á því að Frjálslyndi flokkurinn og hvernig stendur á því að Samfylkingin hefur aldrei tekið undir málatilbúnað okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði á undanförnum árum þegar við höfum aftur og ítrekað sett fram mál sem lúta að þeirri

stöðu sem nú er komin upp. Við höfum viljað markvissar og þverpólitískar viðræður í samráði við heimamenn á Suðurnesjum til að finna leiðir og vera við því búin að bandaríska herliðið yrði dregið til baka, sem var fyrirsjáanlegt og hefur verið fyrirsjáanlegt allar götur frá því kalda stríðinu lauk í byrjun 10. áratugarins. Hvernig stendur á að við vorum ein um þetta?

Ég held að ástæðan sé sú að menn hafi verið feimnir við NATO. Menn hafa verið feimnir við þessa umræðu um NATO. Við erum eini flokkurinn sem höfum aðgreint okkur frá þessari NATO-hyggju. Ég held að á þeim tímamótum sem við stöndum nú eigum við að opna hugann, og það ber öllum að gera það. Við eigum ekki að einblína á þann farveg sem NATO-flokkarnir eru að reyna að læsa okkur inni í. Ísland á að segja skilið við þetta hernaðarbandalag, standa utan hernaðarbandalaga og leita eftir að tryggja öryggi sitt með öðrum hætti. Ég mun víkja að þessu nánar í síðari ræðu minni, hæstv. forseti.

[Fundarhlé. — 12:49]

[13:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls þakka hæstv. utanríkisráðherra yfirferð um utanríkismálin almennt og af sjálfu leiðir, eins og hæstv. ráðherra vék að í ræðu sinni, að brottför varnarliðsins hefur orðið með þeim hætti að þetta er mál sem eðlilega er ofarlega á baugi.

Það hefur auðvitað valdið nokkru uppnámi hvernig Bandaríkjamenn stóðu að því að tilkynna okkur nánast einhliða að þeir mundu fara með herafla sinn og viðbúnað af landi brott á haustdögum. Ég held að enginn hafi búist við að þetta mál mundi bera að með þeim hætti sem það bar að. Hinu er ekki að leyna, hæstv. forseti, að m.a. sá sem hér stendur og fleiri í mínum flokki vöruðum strax við því sumarið 2003 að mjög margt benti til að Bandaríkjamenn mundu innan tíðar stefna á að fara með herinn og viðbúnað af landinu og færa herstyrk sinn til í veröldinni. Það er jú einmitt það sem hefur gerst og hæstv. utanríkisráðherra hefur svo sem gert grein fyrir því í ræðu sinni, sem eðlilegt er, að viðhorf til hernaðarvarna og átaka mótast af því að sem betur fer hefur verið frekar friðvænlegt í okkar heimshluta á undanförnum árum. Eftir fall Sovétríkjanna sálugu er auðvitað komin upp algerlega ný staða hér á norðurhluta hnattarins og á okkar svæði.

Það breytir hins vegar ekki þeirri skoðun okkar í Frjálslynda flokknum að við viljum hafa samstarf innan Norður-Atlantshafsbandalagsins og við viljum að Ísland sé í því bandalagi. Ég tel, hæstv. forseti, að NATO hafi átt sinn þátt í hversu friðvænlegt hefur verið í heimshluta okkar á undanförnum árum og áratugum. Við viljum sem sagt halda samstarfi við aðrar þjóðir innan Norður-Atlantshafsbandalagsins. En við teljum, eins og við létum í ljós þegar sumarið 2003, að eðlilegt væri að stjórnvöld færu að kanna aðrar áherslur í varnarmálum miðað við það sem mönnum sýndist geta dregið til varðandi aðstöðu Bandaríkjanna hér á landi og áherslur Bandaríkjamanna um hvar herafli þeirra ætti að vera staðsettur í veröldinni. Þá einnig með tilliti til þess auðvitað, að Bandaríkjamenn hafa verið mjög tengdir inn í átök eins og í Afganistan og Írak og það er á því heimssvæði sem ófriðlegast er í veröldinni, hæstv. forseti.

Þess vegna er ekki óeðlilegt að Bandaríkjamenn líti til þess hvar þeir vilja hafa herafla sinn staðsettan. Ég held að við Íslendingar getum verið sammála um að við getum ekki haldið því beinlínis fram, eins og nú horfir í okkar heimshluta, að hér sé ástæða til að hafa mikinn hernaðarviðbúnað. Þótt úr honum hafi verið dregið á undanförnum árum þá hefur íslenska þjóðin löngum verið þeirrar skoðunar að það væri ef til vill ekki nauðsynlegt að hafa hér her á friðartímum. Það hygg ég að hafi áður og fyrr átt við alla stjórnmálaflokka, hvort sem sú skoðun er nú breytt í núverandi ríkisstjórnarflokkum eða ekki, að hér þurfi að vera her einnig á friðartímum.

Við þurfum hins vegar, hæstv. forseti, að hafa varnarviðbúnað og fram hjá því verður ekki litið að sá varnarviðbúnaður snýr kannski að öðrum þáttum en áður voru meðan kalda stríðið var hér og við áttum ef til vill von á átökum hér milli ríkja á norðurslóðum. Það er algjörlega ljóst að við getum ekki séð fyrir, hvorki Íslendingar né aðrar þjóðir, hvar hin nýja vá í veröldinni lendir. Við gátum ekki séð fyrir árásina á Bandaríkin 11. september og við gátum ekki séð fyrir árásina á Breta í London né árásina á Spánverja. Þetta er auðvitað hin nýja hætta sem við stöndum frammi fyrir að hryðjuverkasamtök sem einhverra orsaka vegna hyggjast hafa áhrif með ofbeldisaðgerðum geta borið niður þar sem þau telja að vígstaða sé. Í því sambandi má t.d. minna á að ákveðnar teikningar sem birtar voru í dönskum blöðum hafa vakið ákaflega hörð viðbrögð og jafnvel svo að fólki í Danmörku hafi verið hótað líflátí þess vegna. Þannig að viðhorfin eru ýmis í veröldinni og margir telja því miður, að ofbeldi sé lausnin eða svarið við því ef fólk hefur misjafnar skoðanir. Við Íslendingar þurfum að ganga út frá því að þannig eru viðhorf fólks í veröldinni og við getum ekki sagt hér, þótt við séum á eyju úti í miðju Atlantshafi, að slík viðhorf snerti okkur Íslendinga ekki. Það snerti jú alla heimsbyggðina þegar ráðist var á Bandaríkin eins og menn muna.

Hitt er annað mál, hæstv. forseti, að við í Frjálslynda flokknum teljum að það eigi að leita samstarfs eins og staðan er nú við nágrannaþjóðir okkar um nokkuð af því sem m.a. hefur verið sinnt af Bandaríkjamönnum hér á landi og vil ég þá sérstaklega nefna öryggisþjónustu á hafinu, þ.e. rekstur þyrlubjörgunarsveitarinnar sem hefur sýnt sig að vera mikill öryggisstuðull fyrir okkur Íslendinga og sjófarendur almennt hér um Norður-Atlantshafið, að hafa getið treyst á að þessi þyrlusveit Bandaríkjamanna væri til staðar á Keflavíkurflugvelli. Það er auðvitað þannig að sá viðbúnaður sem við höfum hér hjá Landhelgisgæslunni með þyrlum okkar og góðum mannafla, hefur ekki náð að veita þá þjónustu sem Bandaríkjamönnum hefur verið kleift að veita með sinni tækni.

Það er algjörlega ljóst, hæstv. forseti, að við munum á næstu árum taka á okkur þann kostnað að reka alþjóðaflugvöllinn í Keflavík og allt sem því fylgir. Ég held að enginn ágreiningur sé með þjóðinni um að þannig muni það verða. Brottför varnarliðsins af Keflavíkurflugvelli hefur hins vegar margs konar áhrif, einkum á Suðurnesjum í atvinnulegu tilliti þó að ég haldi að þegar fram í sækir, þá verði til

fjöldamörg störf sem tengjast bæði eftirlits- og öryggishlutverki okkar frá Keflavíkurflugvelli og eins að reka flugvöllinn og ég tala nú ekki um vaxandi ferðamannaþjónustu. Þannig að ég hygg að innan tiltölulega fárra ára, eða sem vonandi styst tíma, muni fyllast í þau skörð sem tapast núna vegna brottfarar hersins að því er varðar störf. En það er hins vegar annað mál sem við verðum að sameinast um, stjórnvöld og verkalýðs- og sveitarfélög á Suðurnesjum að reyna að takast á við.

Ég vil hins vegar í lok ræðu minnar, hæstv. forseti, gera að umræðuefni mál sem ég held að skipti ákaflega miklu máli fyrir okkur Íslendinga í framtíðinni. Það eru mál sem m.a. hæstv. utanríkisráðherra vék að í ræðu sinni þar sem hann segir á þá leið, að það þurfi m.a. að líta til ógna á borð við farsóttir og mengunarslysa og að hagsmunagæsla þjóða þurfi að snúa að því. Það er algjörlega rétt, við munum væntanlega á næstu árum og jafnvel innan mjög skamms tíma, sjá risastór gas- og olíuflutningaskip sigla hér fram hjá ströndum okkar. Af þeim flutningum stafar auðvitað hætta. Norðmenn hafa valið sér þá leið að marka þessum skipum ákveðnar fastar siglingaleiðir sem eigi eru nærri strönd en 50 sjómílur. Í framtíðinni munu siglingar með olíu og gas úr norðurhluta Barentshafs og alla leið austan úr hafsvæðum norður af Rússlandi, Karahafi, að öllum líkindum liggja mjög nærri Íslandsströndum. Sennilega að miklu leyti norðan við landið vegna siglingar eftir sporbaug sem er stysta leiðin milli Barentshafsins og markaðssvæða í Ameríku.

Með minni ís hér við land, eins og spáð er á komandi árum, er næsta víst að þessi siglingaleið mun verða tekin í notkun fyrir þessa farma af olíu og gasi. Hér er um að ræða gríðarlega stór skip sem munu flytja þennan varning og það þarf verulega mikil viðbrögð til að aðstoða slík skip ef slys ber að höndum. Oft er sagt að ef slys geti orðið þá verði það. Það verður örugglega einhvern tíma, því miður.

Ég held að við þurfum að huga að því fyrr en seinna, hæstv. forseti, og hefði náttúrulega alltaf mátt huga að því, sérstaklega ef smíða á nýtt varðskip, hvort hægt sé að gera það svo öflugt til dráttar að það gæti dregið stór og þung skip eins og mörg hundruð þúsund tonna olíu- og gasflutningaskip. Þetta eru skip sem rista allt að 20 metrum og það þarf meira en lítið afl til að hreyfa þau. Við höfum séð einn dráttarbát hér við land sem dró skip af strandstað við suðurströndina sem væri sennilega af þeirri stærð sem hér þyrfti að koma til. En það þarf að bregðast við þessu fyrr en seinna hæstv. forseti. Þessar siglingar eru á næsta leiti og ég tel að varðandi öryggismálin, siglingaleiðirnar og mengunarmálin sem geta fylgt siglingum skipanna þá eigum við að taka upp víðtækt samstarf við Norðmenn og Rússa að þessu leyti. Ég heyrði í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að hann lýsti því, eftir viðræður við Rússa nýverið, að þeir hefðu áhuga á auknu samstarfi við okkur. Ég held að við ættum að taka því fegins hendi, einkum því er lýtur að þeim atriðum sem snúa að skipaflutningum með hættuleg efni í norðurhöfum því þar þarf að skipuleggja vel og það þarf að gera það í samstarfi við aðrar þjóðir, hæstv. forseti.

[13:45]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Það er eðlilegt að umræður um utanríkismál eins og nú stendur á skuli að verulegu leyti snúast um öryggis- og varnarhagsmuni okkar Íslendinga. Eins og við munum kom það okkur nokkuð í opna skjöldu þegar Bandaríkjamenn tóku af skarið og tilkynntu að þeir sæju sér ekki lengur fært að staðsetja hér á landi þotur sínar og þyrlur. Auðvitað varð mörgum heitt í hamsi vegna þess að við höfðum treyst á varnarsamning Bandaríkjanna og það góða samstarf sem við höfum átt um áratuga skeið. En heimurinn breytist og þeir hafa ekki lengur tök að að rækja varnarskyldur sínar með sama hætti og áður en það kom brátt í ljós að þeir vildu halda við varnarsamninginn og auðvitað hljótum við nú að horfa til þess hvernig við getum tryggt varnir og öryggi þjóðarinnar með öðrum hætti.

Hæstv. utanríkisráðherra minntist m.a. á þann möguleika að orrustuþotur í nálægum löndum, í Englandi, gætu tekið að sér eftirlit umhverfis Ísland og á Íslandi með sama hætti og gert er í Slóveníu, Lúxemborg og Eystrasaltsríkjunum. Þetta er kostur sem við hljótum að athuga mjög gaumgæfilega og einnig hljótum við að ætlast til þess að Bandaríkjamenn leggi skýrlega fram þær skoðanir og vilja þeirra til að standa við skuldbindingar sínar í þeirri nýju varnaráætlun sem nú er unnið að.

Segja má að upp úr standi við þessar umræður sú skýra yfirlýsing sem formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, gaf þegar hún rifjaði upp skilagrein frá framtíðarhópi Samfylkingarinnar þar sem segir að Samfylkingin vilji ekki segja upp varnarsamningnum. Formaður Samfylkingarinnar tók sérstaklega fram að þessi væri enn stefna Samfylkingarinnar að segja ekki upp varnarsamningnum við Bandaríkin þó svo að hv. þingmaður hafi að því leyti reynt að fara bil beggja með því að leggja upp úr varnarviðbúnaði Evrópusambandsins. Mun ég víkja að því síðar sem á hinn bóginn lýsir Evrópuáhuga Samfylkingarinnar og þeim vilja hennar að ganga í Evrópusambandið, sem er annað mál.

En aðalatriðið er sem sagt að þessir þrír stjórnmálaflokkar, Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Samfylkingin, virðast á þessu augnabliki allir vera sammála um að hugsa beri varnarhagsmuni og öryggishagsmuni Íslands á grundvelli varnarsamningsins og þrýsta á um að Bandaríkin standi við þær skuldbindingar sem þar hafa komið fram, með sama hætti og við viljum standa við skuldbindingar okkar. Þetta stendur upp úr að minni hyggju í þeim efnisatriðum sem stjórnarandstæðingar hafa lagt hér fram.

Í þessu ljósi þóttist ég kenna hjáróma hljóm frá gömlum tíma og gömlum skoðunum hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, þegar hún hafði sérstaklega við orð að við sjálfstæðismenn virtumst hallir undir öryggissamfélag við Bandaríkin. Það var einmitt þetta öryggissamfélag við Bandaríkin sem hún sjálf var að lýsa sem skoðun og stefnu Samfylkingarinnar.

Það hefur borið á því bæði í tillöguflutningi Samfylkingarinnar og líka í ræðum hennar á Alþingi í dag að við Íslendingar höfum ekki staðið okkur varðandi undirbúning nýrrar varnaráætlunar. Hv. þingmaður hafði við orð að það sýni vanrækslu ríkisstjórnarinnar að hafa ekki byggt upp sérfræðiþekkingu í varnar- og öryggismálum á Íslandi.

Þessi ummæli koma nokkuð á óvart vegna þess að þau falla af munni hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem lengst af sínum pólitíska ferli var andvíg aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu. Ég man satt að segja ekki eftir því fyrr en þá nú að hv. þingmaður hafi látið orð falla á þá lund að skilja megi sem svo að hún telji að við eigum að koma upp vísi að íslenskum her hér á landi, sem hlýtur að vera forsendan fyrir því að við getum byggt hér upp sérfræðiþekkingu í varnarmálum sem ekki verður gert án þess að um her sé að ræða. Broslegt var að heyra hv. þingmann halda því fram að í Írlandi séu það ekki herforingjarnir sem marki stefnuna í varnar- og öryggismálum heldur alls konar félagasamtök úti í bæ á þeim forsendum að til þeirra hafi verið leitað um hugmyndir að ýmsum atriðum varðandi öryggis- og varnarmál Íra. Auðvitað er það á valdi hins írska hers að byggja upp slíka varnaráætlun og slíka stefnu eins og hér á landi en við Íslendingar verðum hins vegar nú að taka á okkur meiri ábyrgð en áður að því leyti að sérfræðingar okkar hljóta að koma með beinni hætti en áður að varnaráætlun okkar Íslendinga eftir að Bandaríkjamenn kjósa að draga flugvélar sínar héðan á brott. Við þessar breyttu kringumstæður hljótum við að leggja okkur fram um að axla okkar byrði, taka meiri þátt í vörnum en verið hefur. Það hefur líka komið fram í sambandi við yfirlýsingar m.a. hæstv. utanríkisráðherra að við munum leita eftir samstarfi um rekstur á þyrlum og öðrum slíkum öryggisbúnaði við nálægar þjóðir.

Það er öldungis rétt sem fram kom hjá utanríkisráðherra að þessi nýja staða hlýtur að varpa upp þeirri spurningu hvernig rétt sé að standa að rekstri flugvallarins í Keflavík og flugstöðvarinnar. Ég er fullkomlega sammála því að rétt sé að greina þann rekstur frá almennum rekstri ríkisins og stofna sérstakt félag um rekstur flugvallarins og flugstöðvarinnar með sjálfstæðan fjárhag. Reynslan hefur raunar sýnt að þá sé affarasælast að hugsa sér hlutafélag í því sambandi. Gerð var könnun á því á meðan ég var samgönguráðherra af Gunnari Finnssyni, sem vann þá hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni, hvort slík rekstrareining gæti staðið undir sér. Það kom í ljós á þeim tíma að flugumferð væri ekki nægileg til að halda uppi sömu þjónustu á flugvellinum og nú er. Hins vegar hefur alþjóðlegt flug um flugvöllinn vaxið svo mjög á þeim tíu árum sem síðan eru liðin að ekkert á að vera því til fyrirstöðu að hægt sé að reka ekki aðeins Keflavíkurflugvöll heldur helstu flugvelli landsins undir sérstökum hatti sem sérstök fyrirtæki, sem geti staðið undir sínum rekstri og þó veitt sömu þjónustu og nú er og við svipuðu verði, kannski lægra verði en nú er. Það mál opnast nú eftir að herþoturnar fara og við eigum þá að koma inn í það tómarúm sem þar hefur skapast. Fyrir tíu árum voru aðalerfiðleikarnir að sjálfsögðu fólgnir í því að Bandaríkjamenn höfðu á þeim tíma miklum þjónustuskyldum og rekstrarskyldum að gegna varðandi flugvöllinn.

Ég sagði áðan að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefði vísað mjög til Evrópu í sambandi við varnir okkar Íslendinga en lagði þó höfuðáherslu á að Samfylkingin vildi semja á grundvelli varnarsamningsins við Bandaríkin, sem ég tel vera góð teikn því vitaskuld hefur Evrópusambandið ekki því hlutverki að gegna að tryggja hernaðarlegt öryggi aðildarríkja sinna, það er ekki varnarbandalag og getur ekki tekið á sig slíkar skuldbindingar.

Við brostum margir þegar við sáum í fjölmiðlum að Samfylkingin hefði nú stofnað þverpólitíska nefnd um varnar- og öryggismál og skipað Jón Baldvin Hannibalsson formann þeirrar nefndar. Við brostum í fyrsta lagi vegna þess að það sýnir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er með þessum hætti að sneiða fram hjá Össuri Skarphéðinssyni, varpa skugga á hann sem fyrsta fulltrúa Samfylkingarinnar í utanríkismálanefnd, taka það verkefni af honum sem sjálfsagt væri að hann mundi gegna ef Samfylkingin vildi á annað borð marka trúverðuga stefnu í utanríkismálum. Össur Skarphéðinsson er það að auki formaður sendinefndar okkar hjá NATO svo af þeim sökum má kannski segja að hann sé ekki heppilegur leiðtogi í jurtagarði Samfylkingarinnar í pólitískum skilningi.

En það er annað sem líka veldur því að maður hlýtur að telja að valið á Jóni Baldvini Hannibalssyni sem formanni þverpólitískrar nefndar í varnar- og öryggismálum sé heppilegt og það er að hann er sjálfur þverpólitískur í þessum málaflokki. Hann skilur þau sjónarmið sem sett eru fram og hafa verið sett í varnar- og öryggismálum síðastliðin 50 ár. Hann skilur líka þegar sjónarmiðum hefur verið hafnað í varnar- og öryggismálum á síðustu 50 árum því að hann hefur sjálfur haft allar þær pólitísku skoðanir á þessum tíma sem uppi hafa verið í varnar- og öryggismálum okkar Íslendinga. Við höfum raunar tekið eftir því nú, þegar við höfum horft á hann í sjónvarpi og hlustað á hann, að hann virðist kominn frá þeirri stefnu sem hann fylgdi þegar hann var utanríkisráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, og ég fylgdi honum fast að málum, og virðist nú kominn fram úr sjálfum sér og stefna að upphafi sínu og vera vinstri sinnaðri en hann hefur verið nokkru sinni fyrr á síðastliðnum 30 árum.

Ég vil að síðustu segja að það sé kannski eðlilegt að stjórnarandstaðan reyni að þyrla upp moldryki í þessu máli, reyna að nýta sér það í pólitískum skilningi eins og við höfum orðið vör við í þingsalnum, sérstaklega frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Auðvitað kemur ekki á óvart að hv. þm. Ögmundur Jónasson skuli segja hér að sú ógn sem helst steðji að okkur séu Bandaríkin. Þetta er sá tónn sem við höfum heyrt frá Alþýðubandalaginu alla tíð, frá Vinstri grænum og frá forvera Alþýðubandalagsins, og kemur ekki á óvart. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er samkvæmur sjálfum sér í utanríkismálum eins og hann hefur verið.

Ég hygg á hinn bóginn að það sé, eins og ég sagði áðan, líka eftirtektarvert að þrátt fyrir stóryrði hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og þrátt fyrir þann tón sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir reynir að gefa annað slagið hér í þingsalnum, þá skíni þó í gegnum ummæli hennar að hún sé sammála ríkisstjórninni um að við eigum að taka alvarlega á varnar- og öryggismálum okkar Íslendinga. Samfylkingin er sammála okkur í ríkisstjórnarflokkunum um að við eigum að láta reyna á það til þrautar að samkomulag náist við Bandaríkin á grundvelli varnarsamningsins, sem við getum vel við unað og sem tryggi öryggishagsmuni okkar í víðasta skilningi þess orðs. Þetta er það sem upp úr stendur. Það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kallar þríflokkana, samkomulag þríflokkanna um að standa saman um öryggishagsmuni okkar Íslendinga. Mér finnst þetta góður og

ágætur tónn.

Ég vil að síðustu taka undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni með því að segja að við hljótum að vanda okkur mjög þegar við stöndum fyrir því að byggja upp þyrlusveitir okkar og björgunarbúnað. Ég fagna því að fram er komið á Alþingi nýtt stjórnarfrumvarp um Landhelgisgæslu Íslands sem staðfestir og sýnir fram á að ríkisstjórnin hefur verið að vinna vel og ötullega að varnar- og öryggismálum okkar Íslendinga á síðustu árum. Það mun einnig koma fram í öðrum frumvörpum sem boðuð hafa verið af ríkisstjórninni.

[14:00]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir þá ræðu sem hann flutti okkur hér. Ég verð þó að segja eins og er að ég átti von á því að meira kjöt væri á beininu því að í raun er skýrslan að mestu leyti yfirlit yfir ástand mála á völdum svæðum í heiminum og upptalning á atriðum og ástandi sem nánast öllum er kunnugt. Það var lítið nýtt í þessari skýrslu, hún var nánast upptalning á staðreyndum sem fyrir liggja.

Ég held að það hafi verið hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem sagði oft úr ræðustóli þegar skýrslur eða annað því um líkt kom frá ráðherrunum að þetta væri heldur rýrt í roðinu. Í fjarveru hv. þingmanns verð ég að taka mér þau orð í munn. Þessi skýrsla er frekar rýr í roðinu ef við horfum á ástandið eins og það er á sviði utanríkismála á Íslandi í dag.

Ég saknaði þess í skýrslunni að þar væri einhver alvöruumfjöllun um stefnu ríkisstjórnarinnar, um framtíðarsýn hennar og hvernig hún ætlaði sér að bregðast við nýjustu atburðum á utanríkismálasviðinu, á sviði sem snertir Íslendinga beint og er ég þá að tala um brottför bandaríska varnarliðsins og hvernig að því var staðið að tilkynna okkur um hana. Ég mun því eins og margir fleiri að mestu halda mig við það málefni sem drepið er á í skýrslunni og tekur ansi góðan part af henni en það er varnarsamningurinn, samskiptin við Bandaríkin og sú staða sem nú er uppi.

Ég hefði að óreyndu átt von á því að ráðherra mundi nota tækifærið við skýrslugjöf og skýra þinginu frá einhverri afstöðu sem íslenska ríkisstjórnin hefði tekið sjálf einhliða gagnvart þessari einhliða tilkynningu Bandaríkjamanna um brottför varnarliðsins en það kveður því miður við sama tón og við höfum heyrt í fjölmiðlum, að við ætlum að bíða ákvarðana Bandaríkjamanna, að við ætlum að bíða eftir því, eins og segir í skýrslunni, að þeir móti varnarstefnu fyrir Ísland. Við ætlum að bíða eftir því að þeir skýri okkur frá því hverjar þeirra óskir eru varðandi áframhald varnarsamningsins.

Þegar maður fer yfir viðbrögð íslensku ríkisstjórnarinnar við atburðunum virðist orðið bíða vera lykilorð í málinu en það vantar orð eins og ákvarðanataka, sjálfstæði og að taka ábyrgð á eigin málum inn í það sem við höfum séð. Það er ekkert annað en hreinn og klár dónaskapur við íslensk stjórnvöld að meðan verið er í samningaviðræðum við Bandaríkjamenn um framtíð varnarsamningsins og hvernig á að uppfylla hann sé einhliða tilkynnt um brottför flugvélanna og varnarliðsins í heild sinni. Enn og aftur virðast viðbrögðin vera þau að hæstv. utanríkisráðherra ætlar að mæna til Bandaríkjamanna í þeirri von að þeir færi honum eitthvað annað en hann sjálfur vildi en gerir kannski að þeirra mati sama gagn.

Í skýrslunni er sagt frá því að fyrsti fundur samninganefnda Íslands og Bandaríkjanna hafi verið haldinn 31. mars. Við erum búin að hlusta á það oft á þingi af vörum hæstv. utanríkisráðherra að samningaviðræður séu í gangi og slíkt þó að það hafi nú breyst eftir því sem passað hefur hverju sinni hvað þær viðræður eru kallaðar en hér segir að þann 31. mars hafi fyrsti fundur samninganefnda Íslands og Bandaríkjanna verið haldinn. Bandaríkjaher vinnur að gerð nýrrar varnaráætlunar fyrir Ísland. Það er sagt fullum fetum í skýrslunni að við séum að bíða eftir því að Bandaríkjaher vinni að gerð nýrrar varnaráætlunar fyrir Ísland. Hingað komu sem sagt á fund, sem kallaðist samningafundur, 26 samningamenn frá Bandaríkjunum eftir að einhliða hafði verið tilkynnt um brottför varnarliðsins og sögðu okkur að þeir væru að vinna að gerð nýrrar varnaráætlunar fyrir Ísland.

Hefði ekki verið eðlilegt, og í samræmi við varnarsamninginn, að þeir hefðu verið búnir að gera sér grein fyrir hvernig þeir ætluðu að rækja skyldur sínar áður en þeir tilkynntu okkur einhliða að þeir ætluðu í burtu með sinn viðbúnað héðan. Nú ætla þeir að vinna að gerð nýrrar varnaráætlunar fyrir Ísland og eftir að hafa átt í þessum viðræðum við Bandaríkjamenn til margra ára veltir maður því fyrir sér hvað það taki langan tíma. Það má segja að tíminn sé hugtak sem skiptir miklu máli í þessu efni, ekki síst fyrir Suðurnesin og þá sem starfað hafa hjá Bandaríkjaher á flugvellinum. Í skýrslunni kemur fram að Bandaríkjamenn gera ráð fyrir frekari kynningu og samráði um áætlunina, þessa nýju varnaráætlun, eftir nokkrar vikur. Það væri rétt að spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvað nokkrar vikur þýða í þessu sambandi. Nokkrar vikur geta í mínum huga verið allt frá því að vera 2–3 og upp í það að vera 6–8. Getur það verið að við ætlum að bíða í 2–3 mánuði jafnvel eftir því að Bandaríkjaher nái að vinna að gerð nýrrar varnaráætlunar fyrir Ísland og tilkynna okkur hver hún er? Mér þætti vænt um ef hæstv. utanríkisráðherra gæti svarað þeirri spurningu.

Við verðum náttúrlega að horfast í augu við það að samningataktíkin hefur algerlega brugðist í þessum samningum við Bandaríkjamenn. Hinn sífelldi söngur íslenskra ráðamanna um að hér þyrftu að vera 4 þotur og ekkert annað en 4 þotur og ekki væri hægt að semja um neitt annað, þetta væri lágmarksviðbúnaður og hér yrðu 4 eða 15 orrustuþotur, hefur orðið til þess að Bandaríkjamenn hafa gefist upp á viðræðum við samninganefndina og hæstv. utanríkisráðherra og ákveðið að héðan í frá muni þeir beita einhliða ákvörðunum í samskiptum við hæstv. ríkisstjórn sem hefur neitað að viðurkenna breytta heimsmynd og breytt öryggisumhverfi. Mér finnst orð hæstv. utanríkisráðherra í skýrslunni benda til þess að við séum að bíða eftir því að þeir segi okkur einhliða hver hin nýja varnaráætlun fyrir Ísland verður og að við bíðum eftir því að fá að vita af henni.

Það kemur fram í skýrslunni að heimsmynd og öryggisumhverfi hafi breyst afskaplega mikið eftir 11. september 2001 þegar hryðjuverkamenn réðust á New York og Washington og því held ég að allir sem fylgjast með varnar- og

öryggismálum hafi gert sér grein fyrir. Þrátt fyrir að árið 2001 hafi orðið gerbreyting í umhverfinu sem við þekkjum, heimsmyndinni og öryggisumhverfinu, héldu íslenskir ráðamenn samt sem áður áfram að tala um að hér væri ekki um neitt að semja varðandi sýnilegar varnir annað en 4 eða 15 orrustuþotur. Þeir hafa hangið á þeim eins og hundar á roði og niðurstaðan verður þessi.

Niðurstaðan er skýr. Einhliða brottför sem fyrst. Við vitum ekki hér á þingi hvenær herinn fer, hvenær þoturnar fara. Það er engin aðlögun, það er engin fyrirliggjandi framtíðarsýn, það er ekkert plan B. Þetta er í raun snautleg niðurstaða eftir allan þann tíma sem búið er að eyða í svokallaðar samningaviðræður og hlýtur að vera erfið niðurstaða fyrir formenn Sjálfstæðisflokksins fyrr og nú. Þeir hafa reynt að telja þjóðinni trú um að þeir væru í svo góðu vinfengi við ráðamenn vestra að það þyrfti ekkert að óttast um framtíðarvarnir landsins. Við vitum að í langan tíma hafa formenn Sjálfstæðisflokksins tekið þetta mál í faðm sér og haldið öðrum frá því og bera því einir ábyrgð á því klúðri sem nú blasir við.

Þegar Bandaríkjamenn tilkynntu um brottför töluðu ráðherrarnir í ríkisstjórninni um nauðsyn þess að bregðast fljótt við þeim vanda sem brottför hersins skapaði á Suðurnesjum. Loksins virtust þeir tilbúnir til að ræða um starfsmannamál hersins, hvernig fara ætti með land innan varnarsvæða og nauðsyn þess að íslensk stjórnvöld hefðu skoðun og áhrif á hvernig farið yrði með mannvirki á Vellinum. Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa í þrjú ár reynt að ná fundi utanríkis- og forsætisráðherra til að ræða málefni Keflavíkurflugvallar en ekki haft erindi sem erfiði.

Ég var ánægður með þá staðreynd að ráðherrar, sem yfirleitt hafa skammað mig blóðugum skömmum þegar ég hef komið í þennan ræðustól til að tala um starfsmannamál og svæðisbundin málefni sem tengjast varnarliðinu og varnarsamningnum, sýndu loks á því skilning að varnarsamningurinn hefði áhrif á atvinnulíf og efnahag á Suðurnesjum þó að samningurinn sjálfur snerist að sjálfsögðu að mestu leyti um öryggi og varnir landsins. Tillögum þeirra um að setja á fót samstarfsnefnd heimamanna og ríkisins vegna ástandsins var fagnað af heimamönnum sem snarlega skipuðu sína fulltrúa í nefndina en síðast þegar ég vissi hafði ríkið ekki skipað sína fulltrúa og eftir því er verið að bíða á Suðurnesjum.

Versta staða sem getur komið upp er sú að það sé verið að bíða og bíða og bíða. Það er búið að bíða nógu lengi eftir einhverri niðurstöðu. Nú höfum við ákveðna niðurstöðu í höndunum og það hlýtur að vera skylda hæstv. utanríkisráðherra og ríkisstjórnarinnar allrar að taka frumkvæði í málinu, taka á málinu eins og sjálfstæð ríkisstjórn og setja fram óskir sínar og kröfur í málinu en ekki bíða eftir því að þeim verði rétt eitthvað sem Bandaríkjamönnum dettur í hug að láta okkur hafa.

Utanríkisráðherra mótmælir því í skýrslu sinni að íslensk stjórnvöld hafi vanrækt það að skoða öryggismál þjóðarinnar í ljósi breyttra aðstæðna og gera viðeigandi skýrslur og tillögur þar um. Það kemur fram í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra að þessar fullyrðingar standist ekki og að það sé stjórnarandstaðan sem sé að tala um þetta.

Til marks um það hvað ríkisstjórnin hefur staðið sig vel í málinu kemur fram í skýrslunni að á árinu 1993 kom út skýrsla sem unnin var á vegum stjórnvalda um öryggis- og varnarmálin, fyrir 13 árum. Það er annar parsus í skýrslunni sem segir að á árinu 1999 hafi starfshópur utanríkisráðuneytisins unnið greinargerð um öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót, fyrir 7 árum. Hvað segir hæstv. utanríkisráðherra sjálfur í upphafi skýrslu sinnar? Hann segir, með leyfi forseta:

„Heimurinn tekur sífelldum breytingum, jafnvel á þeim stutta tíma sem líður milli þess sem utanríkisráðherra gerir grein fyrir þeim utanríkismálum sem efst eru á baugi hverju sinni hér á Alþingi."

Það líður eitt ár á milli þessara skýrslna og hæstv. utanríkisráðherra segir sjálfur að heimurinn breytist mikið á einu ári og vitnar síðan í skýrslu sinni til þess að fyrir 13 árum og fyrir 7 árum hafi ríkisstjórnin látið vinna skýrslur um öryggis- og varnarmál þannig að hún standi sig nokkuð vel í því að leggja mat á stöðuna í öryggis- og varnarmálum.

Í skýrslunni segir hæstv. ráðherra einnig að allt hafi gerbreyst við hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001. Þá hafi heimsmyndin breyst og þá hafi öryggissamfélagið breyst. Það var árið 2001 og samt er verið að vísa í skýrslu sem ríkisstjórnin lét gera fyrir 13 árum og fyrir 7 árum, og standi sig þar af leiðandi nokkuð vel.

Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar varðandi hina miklu flutninga sem við munum sjá á hafinu í kringum Ísland á næstu árum. Það eru mikil plön uppi um olíu- og gasvinnslu úti fyrir norðurströnd Noregs og úti fyrir ströndum Rússlands. Það er alveg ljóst að þó ekki gangi eftir nema brot af þeim áætlunum sem þar er verið að tala um munu flutningar í risatankskipum, olíuskipum og skipum sem flytja fljótandi gas verða gífurlegir á hafinu í kringum Ísland. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort þetta hafi verið rætt við Norðmenn, sem munu hagnast mikið á þessari vinnslu og munu þurfa að halda þessari þjóðleið héðan og til Bandaríkjanna eins öruggri og hægt er, um það hvort taka ætti upp einhvers konar samstarf um eftirlit, öryggi og björgun á þessu hafsvæði. Norðmenn munu þurfa að fara þarna í gegn með mikið af stórum tankskipum fullum af olíu og fljótandi gasi.

Það sama á við um Rússa að ekki sé nú talað um Bandaríkjamenn því þeir munu verða stærstu kaupendur að þeirri orku sem kemur þarna norðan frá. Telja þeir sig ekki þurfa að leggja neitt af mörkum til þess að hafsvæðið verði öruggt og eftirlit verði á þessu. Þegar svona rúta er komin í gang sem þarna um ræðir hljóta menn að velta því fyrir sér hvort þar verði ekki skotmark hryðjuverkamanna og nauðsynlegt að bregðast við því.

Samfylkingin hefur sagt að við eigum að byggja á grundvelli varnarsamningsins. Það er rétt. Við höfum bent á 7. gr. samningsins sem setur tímamörk á Bandaríkjamenn. Ef farið er eftir 7. gr. hafa menn sex mánuði til að ganga í þá vinnu að endurskoða samninginn. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Kemur ekki til greina að setja tímapressu á Bandaríkjamenn núna? Ætlum við enn og aftur að láta þá tala við okkur í mörg ár og niðurstaðan verður engin?

[14:16]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Utanríkismálaumræðan í Alþingi er ævinlega spennandi umræða. Hér er farið vítt yfir sviðið og hæstv. utanríkisráðherra hefði að mínu mati að ósekju mátt fara víðar yfir sviðið en hann gerði en hann velur að dvelja við tvö meginefni, þ.e. Asíu, tengsl okkar þangað austur og sjónarmið okkar varðandi það sem er að gerast þar og svo auðvitað mál málanna hér: væntanlegt brotthvarf hersins frá Keflavíkurflugvelli. Í þeim efnum er að mörgu að hyggja og ég minni á þingsályktunartillögu sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum flutt á Alþingi varðandi það á hvern hátt við sjáum fyrir okkur veruleikann í því og hvernig við getum á skynsamlegan hátt tekist á við þá staðreynd að herinn er um það bil að fara. Ég verð að segja að sem baráttukona fyrir friði sýti ég það ekkert, ég græt það ekki þó að Bandaríkjaher sé að yfirgefa landið en ég gagnrýni hins vegar stjórnvöld fyrir að hafa með sofandahætti látið undir höfuð leggjast að undirbúa það sem nú þarf að gerast í þessum efnum. Þeir hafa haft nægan tíma þessir stjórnarherrar okkar til að undirbúa brottför hersins en hafa flotið sofandi að feigðarósi ef má orða það svo. Þeir hafa látið undir höfuð leggjast að grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar hefðu verið og standa nú frammi fyrir því að þurfa að grípa til aðgerða sem kannski er ekki hægt að undirbúa jafn vel og hefði þurft að gera ef menn hefðu gripið til aðgerðanna fyrr.

Svo blöskrar mér satt að segja í máli hæstv. utanríkisráðherra hversu átakamiðuð hans ræða er og tek undir þau orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar að það mætti halda að rót ræðunnar sé komin beint frá Pentagon. Það er alveg með ólíkindum að hæstv. utanríkisráðherra skuli leyfa sér þá hluti sem hann leyfir sér hér sérstaklega þegar hann fer orðum um nýlátinn leiðtoga Palestínumanna, Yasser Arafat, þegar hann kallar hann þránd í götu friðar fyrir botni Miðjarðarhafs. Hæstv. utanríkisráðherra veit það auðvitað að Yasser Arafat lagði sig fram um að ná friði fyrir botni Miðjarðarhafs og fékk fyrir vinnu sína í þeim efnum friðarverðlaun Nóbels. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað telur hann að akademían sem veitti þau verðlaun hafi haft að leiðarljósi þegar sú ákvörðun var tekin? Það voru a.m.k. ekki sömu sjónarmið og hæstv. utanríkisráðherra lepur upp eftir ríkisstjórn Bandaríkjanna og þeim sem fara með völdin í Pentagon.

Það sem mig langar til að gera að aðalumfjöllunarefni ræðu minnar, frú forseti, eru áform okkar Íslendinga um að leggja nú lóð á vogarskálarnar í vinnu við að viðhalda friði í heiminum, þ.e. framboð okkar til öryggisráðsins. Við skulum ekki gleyma því eina einustu stund að Sameinuðu þjóðirnar og líka öryggisráðið voru settar á laggirnar og stofnuð til að viðhalda friði í heiminum, ekki til að efna til átaka eins og því miður hefur verið gert jafnvel í nafni Sameinuðu þjóðanna. Nú langar mig til að ráða hæstv. utanríkisráðherra heilt í þessum efnum því ég geri mér grein fyrir því að við stefnum hraðbyri í þessa átt sem hefur verið gagnrýnd og má auðvitað deila um hvort rétt sé að við fölumst eftir þessu sæti og förum í þetta framboð en gott og vel. Það er búið að taka þá ákvörðun og þeirri ákvörðun verður eflaust haldið en þá spyr ég sjálfa mig: Hvað ætlum við Íslendingar að gera í öryggisráðinu? Hvernig ætlum við að fara með okkar atkvæði þar? Hvernig ætlum við að sinna því ábyrgðarmikla starfi sem sett verður á okkar herðar í öryggisráðinu ef svo fer að við fáum þar sæti?

Ég óttast það mest af öllu og ég tel ræðu hæstv. utanríkisráðherra gefa það til kynna að hann og íslensk stjórnvöld — verði sama ríkisstjórn við völd þegar og ef þar að kemur að við tökum sæti í öryggisráðinu, að einungis verði lapin upp einhver utanríkisstefna Bandaríkjanna og við verðum einungis í öryggisráðinu til að veita stuðning, veifa og brosa við þeim ákvörðunum sem Bandaríkjastjórn leggur til að teknar verði og eins og við vitum eru þær ekki ákvarðanir friðar. Svo sannarlega hefur Bandaríkjastjórn og Bandaríkin í öryggisráðinu ekki verið boðberar friðar eða friðflytjendur.

Hins vegar er ein ályktun öryggisráðsins öðrum fremur í mínum huga til þess fallin að koma á friði og viðhalda honum. Það er ályktunin frá árinu 2000, ályktun nr. 13/25, sem mikið hefur verið um fjallað og haldnir margir fundir um og mikil fræðsla átt sér stað um. Þetta er tímamótaályktun í mínum huga, ályktun sem er sú fyrsta sem tekur á afleiðingum stríðsátaka í veröldinni fyrir konur, ályktun sem viðurkennir hlutverk kvenna í að fyrirbyggja og leysa átök, ályktun sem kallar á fulla þátttöku kvenna í öllu friðar- og öryggisstarfi í veröldinni. Síðan þessi ályktun 13/25 tók gildi hefur hún verið notuð óspart bæði af konum og körlum úti um allan heim til að safna stuðningi fyrir og þrýsta á um jafna þátttöku karla og kvenna í friðarferli. Grasrótarsamtök kvenna í ýmsum stríðshrjáðum löndum hafa notað ályktunina sem tæki til að þrýsta á um aukinn hlut þeirra í samfélags- og friðaruppbyggingu, ekki síst í kosningum og stjórnarskrárnefndum. Það er búið að þýða hana á um það bil 70 tungumál og það er verið að fræða fólk úti um allan heim um þau áhrif sem hún mögulega getur haft og nú langar mig til að segja hæstv. utanríkisráðherra frá því hvers vegna það er svo mikilvægt að leita til kvenna við uppbyggingu friðar og því að viðhalda friði í veröldinni.

Hér hef ég með mér í ræðustól, frú forseti, skýrslu sem heitir „Konur, stríð og friður“, skýrslu sem gefin var út árið 2002 og skrifuð er að frumkvæði UNIFEM sem er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Skýrsluna hafa skrifað þær Elisabeth Rehn og Ellen Johnson Sirleaf sem nú er orðin forseti í Afríkuríkinu Líberíu, fyrsta konan til að vera lýðræðislega kjörin í Afríkuríki. Það er búið að vera athyglisvert að fylgjast með því hvernig hún formúlerar sig sem sá leiðtogi sem hún er og hvernig hún eða ég alla vega tengi það við þá reynslu sem hún fékk af þeirri skoðun sem henni var falið að gera á afleiðingum stríðsátaka fyrir konur. Ég treysti því og veit að Ellen Johnson Sirleaf kemur til með að marka djúp spor í sögu örugglega allrar Afríku í þessum efnum. Hún er sannur friðflytjandi og boðberi friðar og hún veit hvað getur mögulega orðið til þess að friði í þessum ríkjum verði við haldið.

Í þessari skýrslu, herra forseti, eru sagðar sögur kvenna sem eiga það sameiginlegt að hafa þurft að takast á við hörmungar stríðsátaka á ýmsan hátt. Hér er t.d. sögð saga kvenna í Kolumbíu sem hafa tapað öllu, misst eiginmenn sína og syni, landið sitt og eigur í borgarastyrjöldinni og í átökum eiturlyfjabaróna. Hér er sögð saga kvenna í Kosovo

í Bosníu, kvenna sem lýsa því hvernig þær voru numdar á brott af óvinahermönnum, hvernig þeim var komið fyrir í nauðgunarbúðum þar sem þeim var nauðgað og þær þvingaðar til að ganga með börn kúgara sinna og morðingja eiginmanna sinna. Hér er sögð saga kvenna í Rúanda sem var nauðgað í þeim tilgangi einum að smita þær af HIV-veirunni og svona get ég lengi áfram talið. Það er talað um konur í Austur-Tímor, hér er sagt frá konum í Kongó, Guatemala, Afganistan og víðar og allar hafa þær sömu hryllingssögunarnar að segja. Þær eru svipaðar. Þær greina frá því hvernig kjarni átaka í veröldinni hefur breyst, hvernig aðferðir stríðandi fylkinga hafa þróast yfir í að ryðjast inn á heimili óbreyttra borgara og inn í líkama kvennanna. Ofbeldi gegn konum er beinlínis notað í meðvituðum og ætluðum tilgangi. Það er notað til að niðurlægja og vanvirða konur og eiginmenn þeirra, syni þeirra og dætur og má segja að nú svo sé komið að konur og stúlkur séu orðnar stærsti hópur fórnarlamba stríðsátaka.

Svo gerist það, herra forseti, að sú reynsla sem þessar konur búa yfir býr til nýjan veruleika. Hún hefur á einhvern hátt í sér fólgin þau sannindi sem gefa okkur von um að til sé leið út úr þessum vopnuðu átökum milli þjóða og þjóðarbrota. Hún gefur okkur von um að konur sem öflugir friðarboðar geti haft veruleg áhrif í þessum efnum og ekki síst einmitt þær konur sem sjálfar hafa mátt þola hörmungar *stríðsátaka á eigin skinni.*

Sögurnar um það hvernig konur hafa nýtt þessa eigin reynslu sína í að byggja upp frið í sínum samfélögum og viðhalda honum eru mjög áhrifaríkar. Þær spanna allt frá sögum um hvernig konur í Ghana sem höfðu verið flóttamenn frá Líberíu hafa t.d. tekið að sér að læra byggingatækni til að geta byggt ný hús handa fjölskyldum sínum. Þessar sögur segja frá því hvernig konur í Afganistan hafa reynt að nýta sér aðferðir til að komast hjá ógnarstjórnum, ofbeldi og átökum í Afganistan með því teikna upp kort af borgum og bæjum og búið sér til neðanjarðarleiðir til að setja upp skóla fyrir stúlkur, skýli fyrir fólk sem þarf að leita sér læknishjálpar, hvernig þær hafa útbúið störf fyrir aðrar konur og hvernig þær á leynilegan hátt hafa komið upplýsingum um þessa þætti til skila til kynsystra sinna. Hörmungarnar sem konur hafa þurft að þola í stríðsátökum hafa kennt þeim að lifa af og þær hafa líka kennt þessar aðferðir við að búa til frið. Það er algerlega nauðsynlegt að karlarnir í heiminum, karlarnir sem ráða lögum og lofum í öryggisráðinu, sitja við borðið þar sem okkur er sagt að sé verið að semja um frið hleypi konunum að. Ef hæstv. utanríkisráðherra Geir Haarde getur farið með eina bón frá löggjafarsamkundunni, a.m.k. frá mér og ég er viss um okkur fleirum sem hér sitjum þá er það bón um að setja það á oddinn að konum í veröldinni verði gert kleift að setjast við þessi borð þar sem samið er um frið og honum við haldið. Að nýta þessa reynslu sem búið er að kortleggja og sýna okkur fram á að hefur í sér falinn þennan neista, þessa kunnáttu sem getur skipt sköpum fyrir áframhaldandi uppbyggingu friðar í heimunum. Ef það er eitthvað batterí í allri veröldinni sem á að viðhalda friði þá er það öryggisráðið og takist það ætlunarverk okkar Íslendinga að eignast þar sæti er lífsnauðsynlegt að við sýnum þá döngun og það sjálfstæði að við komum að því borði með nýjar hugmyndir. Og hugmyndir á borð við þær sem Elisabeth Rehn og Ellen Johnson Sirleaf greina frá í þessari skýrslu eru hugmyndir sem við *höfum kannski tækifæri til að fara lengra* með, hugmyndir sem við getum mögulega tryggt að skjóti rótum. Þar með værum við að gerast boðberar friðar á alþjóðavettvangi og það er mikilvægt að Íslendingar verði: herlaus þjóð í herlausu landi, boðberar friðar á alþjóðavettvangi. Það er mín ósk að við verðum.

[14:30]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir greinargóða skýrslu um utanríkismál. Það er skýrt í mínum huga að við þurfum að leggja mjög mikið upp úr þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi. Við þurfum að gera okkur sýnileg á alþjóðavettvangi. Ég tek undir með hæstv. utanríkisráðherra að við þurfum að gæta hagsmuna Íslands og öryggis eftir bestu getu í nýju umhverfi.

Í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar áðan kom m.a. fram að Ísland ætti að standa utan hernaðarbandalaga og gæta hagsmuna sinna með öðrum hætti. Í hinu nýja umhverfi og við hinar nýju ógnir sem við okkur blasa er sennilega aldrei jafnmikilvægt og nú að fylkja liði með öðrum vinaþjóðum til að beina ógninni frá. Það er alkunna að þjóðir standa betur að vígi ef þær leggja saman krafta sína *en hver í sínu horni.*

Við sjáum einnig þá þróun sem er að verða innan Evrópusambandsins. Evrópusambandið hefur beint sjónum sínum að öryggis- og varnarmálum með sérstakri stefnumótun á því sviði. Það er einnig staðreynd að NATO hefur verið eftirsótt af ríkjum sem eru að feta brautina í átt til lýðræðis sem ákveðið takmark á leiðinni en ekkert ríki getur í raun þróast eðlilega ef öryggi þjóðarinnar er ekki tryggt.

Hæstv. forseti. Atburðirnir 11. september 2001 munu ekki líða neinum úr minni. Þá má segja að kaflaskipti hafi orðið í alþjóðamálum. Hryðjuverk voru orðin alþjóðleg og án landamæra. Baráttan gegn hryðjuverkum var skyndilega mjög áþreifanleg og hefur síðan þá tekið verulegan tíma og athygli alþjóðastofnana, stjórnmálamanna og fræðimanna. Þannig hefur Atlantshafsbandalagið t.d. ákveðið að gera baráttuna gegn hryðjuverkum að forgangsmáli innan bandalagsins. Bæði NATO og aðildarríki þess þurfa að gera ráð fyrir hugsanlegum árásum með sýkla-, efna- og geislavopnum og hafa tiltækar viðbragðsáætlanir. Hlutverk Atlantshafsbandalagsins hefur þannig tekið stakkaskiptum. Í tengslum við það hefur ótti þjóða heims við að hryðjuverkamenn kæmust yfir gereyðingarvopn magnast. Enginn getur séð fyrir þær hrikalegu afleiðingar sem það gæti haft ef hryðjuverkamenn beittu slíkum vopnum. Það er ákaflega mikilvægt að tryggt sé að öll meðferð geislavirkra efna sé trygg og örugg og notuð í friðsamlegum tilgangi eins og við orkuframleiðslu.

Efni mega hvorki vera aðgengileg óviðkomandi aðilum né skaðleg fyrir umhverfið. Þróun mála undanfarin missiri sýnir svo ekki verður um villst að hryðjuverkamenn beita nú öðrum aðferðum en áður. Í stað sjálfsmorðsárása virðast þeir líklegri til að nota vopn sem unnt er að beita úr fjarlægð. Ekki síst þurfa þjóðir heims að vera á verði gagnvart því gríðarlega umhverfistjóni sem hryðjuverkamenn geta

valdið. Enginn getur því í raun haldið því fram að hann sé öruggur og þurfi ekki á vörnum að halda. Varnarlaust ríki er líklegt til að draga að sér athygri slíka manna og kjörið tækifæri til að vekja athygli á tilteknum málstað. Við getum ekki sætt okkur við að vera slíkt ríki. Varnarlaus veikjum við líka þá öryggiskeðju sem NATO myndar. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn. Ísland vill að sjálfsögðu ekki njóta þess vafasama heiðurs að vera veikasti hlekkurinn í keðjunni. Í þessu ljósi verðum við að meta stöðu okkar innan NATO og mikilvægi varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna.

Aðild okkar að NATO og tvíhliða varnarsamningur okkar við Bandaríkin hafa verið einn af hornsteinum íslenskrar utanríkismálastefnu í meira en hálfa öld. Staða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna hefur verið stöðugt til umfjöllunar sl. ár. Í samræmi við áratugalangt og vinsamlegt samstarf Íslands og Bandaríkjanna er ákaflega mikilvægt að þjóðirnir leysi þessi mál hið allra fyrsta. Því er þó ekki að leyna að það olli okkur verulegum vonbrigðum hversu aðferðafræði bandarískra stjórnvalda var klaufaleg og lítt í samræmi við það sem við áttum von á.

Það þarf ekki að taka að fram að við höfum ekki eingöngu verið þiggjendur í samstarfi, því er fjarri. Við höfum lagt til nauðsynlega aðstöðu sem er einstök í Norður-Atlantshafi og pólitíska stuðning við okkar vinaþjóð. Það er einu sinni þannig að í svona samstarfi leggur hvor aðili eitthvað af mörkum. Við höfum lagt okkar til og svo má deila um það hvort annar aðili leggi enn meira inn í samstarfið.

Að sjálfsögðu erum við þakklát fyrir þá aðstoð sem varnarliðið hefur veitt okkur á ögurstundu. Það þarf ekki að hafa mörg orð um mikilvægi þyrlusveitar varnarliðsins sem hefur komið til aðstoðar oft við mjög erfiðar aðstæður. Afstaða okkar í málinu hefur alla tíð verið skýr. Hér þarf að vera lágmarksviðbúnaður. Ísland sem NATO-ríki getur ekki verið eitt án varna enda væri Ísland þannig veikur hlekkur í varnarkeðju Atlantshafsbandalagsins. Þótt kalda stríðinu sé lokið hafa orðið til nýjar ógnir eins og ég ræddi ítarlega áðan.

Í viðræðum íslenskra stjórnvalda hafa verið reifaðar hugmyndir um að Ísland tæki aukinn þátt í greiðslu kostnaðar við rekstur Keflavíkurflugvallar. Við höfum talið eðlilegt að skoða það enda hefur hlutverk Keflavíkurflugvallar breyst undanfarin ár og ekkert náttúrulögmál að við tökum takmarkaðan þátt í kostnaði. Hins vegar er það alger lágmarkskrafa að hér verði trúverðugar varnir með tilliti til legu og hlutverks landsins, mikillar flugumferðar og fyrirsjáanlegrar aukinnar skipaumferðar á Norður-Atlantshafi. Eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kom að áðan sjáum við það fyrir að siglingar olíuskipa munu aukast mjög ekki síst vegna mikillar olíuöflunar og gasöflunar bæði við Noreg og Rússland og því þurfum við að hafa víðtækt samstarf við okkar vinaþjóðir. Viðræðurnar við Bandaríkin munu halda áfram næstu vikurnar og utanríkismálanefnd mun fylgjast náið með framvindu málsins í góðu samráði við hæstv. utanríkisráðherra eins og verið hefur.

Hæstv. forseti. Undanfarin missiri hefur verið unnið kappsamlega að eflingu íslensku friðargæslunnar. Ísland hefur komið sér á kortið á alþjóðavettvangi og leyst af hendi krefjandi verkefni sem við getum verið stolt af. Þetta er metnaðarfullt verkefni og Ísland hefur getið sér gott orð á alþjóðavettvangi fyrir framlag sitt. Við höfum talið að best færi á að reka eigin sveit borgaralegra friðargæsluliða sem sinna sérhæfðum þörfum eins og læknar, hjúkrunarfólk, flugumferðarstjórar, slökkviliðsmenn og lögreglumenn svo einhver dæmi séu tekin í stað þess að leggja eingöngu til fjármuni í sameiginlega sjóði alþjóðastofnana. Það hefur verið mjög ánægjulegt að heyra hve þessum íslensku friðargæsluliðum og flugstarfsmönnum hefur vegnað einstaklega vel og er til þess tekið í alþjóðasamstarfi hve Íslendingarnir hafa staðið sig einstaklega vel.

Hæstv. forseti. Ég tel að við eigum að halda áfram á þeirri braut að efla íslensku friðargæsluna og finna okkar farveg innan þeirrar starfsemi. Þannig getum við sem friðelskandi þjóð lagt okkar af mörkum til friðar og öryggis í heiminum svo um munar.

Nú liggur fyrir frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna en nauðsynlegt er að hafa ákveðinn lagaramma utan um starfsemi af þessu tagi, m.a. um réttarstöðu starfsmanna og hlutverk friðargæslunnar að öðru leyti. Það er orðið tímabært að setja slík lög enda hefur íslenska friðargæslan fest sig í sessi sem hluti af utanríkisstefnu Íslands. Utanríkismálanefnd hefur fylgst með uppbyggingu friðargæslunnar og mun halda því verki áfram.

Hæstv. forseti. Í ljósi þess að Ísland hefur verið að láta alþjóðamál til sín taka í stöðugt meiri mæli en áður hefur einnig aukin áhersla verið lögð á störf Sameinuðu þjóðanna í íslenskum utanríkismálum. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gegnir lykilhlutverki í varðveislu friðar og öryggis í heiminum og er mun virkara en áður var og pólitískt vægi þess meira. Þannig má segja að það sé eðlilegt framhald að Ísland sækist eftir sæti í ráðinu og axli þar ábyrgð eins og hin Norðurlöndin hafa gert. Íslenska ríkið er reiðubúið að axla ábyrgð á alþjóðavettvangi og nýtur til þess stuðnings hinna Norðurlandanna við framboðið. Kosningabaráttan verður vafalaust erfið en lærdómsrík fyrir okkur og eins og kom fram í máli hæstv. utanríkisráðherra munu Íslendingar einnig fara að gera sig gildandi meira í mannréttindamálum á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Hæstv. forseti. Hæstv. utanríkisráðherra gerði í ræðu sinni grein fyrir þróun viðskiptamála innan EFTA. Íslensk fyrirtæki hafa sótt fram á erlendum vettvangi á undanförnum missirum með undraverðum árangri. Það er okkar stjórnmálamanna að skapa rammann utan um starfsemina og gera þetta kleift. Íslensk stjórnvöld hafa svo sannarlega gert það. Innan EFTA hefur ötullega verið unnið að gerð fríverslunarsamninga við önnur ríki og er það vel. Því verki verður haldið áfram en frjáls viðskipti eru okkur öllum til hagsbóta. Hæstv. ráðherra gat þess að hann hefði verið á fundi WTO í Hong Kong. Þar var ég líka á vegum Norðurlandaráðs og fylgdist þar með samningaviðræðum. Það var mjög athyglisvert og fróðlegt að hlusta og verða vitni að því hvað íslenska sendinefndin frá þremur ráðuneytum stóð sig einstaklega vel. Það var utanríkisráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið og einstaklega var skemmtilegt að sjá það og athyglisvert hvað íslenska utanríkisþjónustan er vel metin og það er alltaf gott að verða vitni að því. En lotunni er ekki lokið en vonandi fer að sjá

fyrir endann á því.

Áður ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, vil ég taka undir með hæstv. utanríkisráðherra varðandi Keflavíkurflugvöllinn að stefna að því að einkafyrirtæki annist rekstur Keflavíkurflugvallar eins og tíðkast annars staðar. Ég tel mikil sóknarfæri í því og tel sjálfsagt að ríkið sé ekki að vasast í því sem það þarf ekki að gera. Til þess eru margir oft betur fallnir en ríkið og ég vil taka undir skoðun hæstv. utanríkisráðherra.

Virðulegur forseti. Utanríkismálin eru fjölskrúðugur og spennandi vettvangur og það er óhætt að gera ráð fyrir að opin umræða um utanríkismál eigi eftir að verða dýpri og meira krefjandi í nánustu framtíð.

[14:42]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að taka undir lokaorð síðasta ræðumanns, hv. þm. Drífu Hjartardóttur, um ræðu utanríkisráðherra eða þann þátt sem vék að framtíðarrekstrarfyrirkomulagi á Keflavíkurflugvelli sem ég held að sé fyrir utan þessa almennu varnarmálaumræðu sem hefur átt sér stað í dag sennilega mesta fréttin sem fram hefur komið í umræðunum vegna þess að sú sýn sem hæstv. utanríkisráðherra lýsti er ný framtíðarsýn varðandi rekstrarfyrirkomulagið.

Ég er sammála hv. þm. Drífu Hjartardóttur um að það er mikilvægt til framtíðar að tryggja að einkaaðilar geti komið að þeim þáttum í rekstri sem þeir eru betur færir um að sinna en opinberir aðilar. Eins og dæmi frá fjölmörgum öðrum nágrannalöndum ber vitni um er rekstur flugvallar einmitt þáttur í því. Þar er ekki um að ræða opinbera stjórnsýslu eða aðra slíka þætti sem eðli málsins samkvæmt hljóta að liggja hjá hinu opinbera. Þarna er um að ræða rekstrarþætti sem mikilvægt er að einkaaðilar hafi með höndum. Ég fagna því þessu atriði sérstaklega í ræðu hæstv. utanríkisráðherra.

Að öðru leyti vil ég líka þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir umfjöllun hans um aðra þætti, þ.e. um stöðuna í öryggis- og varnarmálum. Ég held að það sé mikilvægt að stefna ríkisstjórnarinnar liggi skýr fyrir um næstu skref í viðræðunum við Bandaríkjamenn. Ég held að hæstv. utanríkisráðherra hafi lýst þeirri stefnu mjög hreinskilið og skynsamlega áðan. Það er langt í frá að um eitthvert pukur eða leynd sé að ræða í þeim efnum eins og sumir talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa látið í veðri vaka, bæði í umræðunni í dag og eins á liðnum dögum, langt í frá. Það liggur ljóst fyrir með hvaða hætti ríkisstjórnin nálgast þessi mál og mér finnst með ólíkindum að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar geti haldið því fram að hægt sé með einhverjum skynsamlegum hætti að nálgast þau mál öðruvísi.

Eins og hér hefur margoft verið rakið stöndum við frammi fyrir nýjum aðstæðum eftir yfirlýsingu Bandaríkjamanna frá 15. mars síðastliðnum. Við þurfum að takast á við að breytingar verða á fyrirkomulagi varnarmála ef þær áætlanir Bandaríkjamanna ganga eftir að draga burtu flugsveit sína héðan. Í ljósi þess stöndum við frammi fyrir því verkefni sem vissulega hefur verið viðvarandi verkefni íslenskra stjórnvalda í þessum efnum að meta þörfina fyrir varnir hér, hverjar þær eru, gegn hvaða ógnum við þurfum að búa okkur og með hvaða hætti það verði skynsamlegast gert.

Enginn efast um að varnarþörfin hefur breyst frá dögum kalda stríðsins. Veruleikinn hefur endurspeglað það. Það hefur komið fram í breyttum viðbúnaði varnarliðsins á síðastu árum. Það hefur komið fram í þeim bókunum sem hafa verið gerðar við varnarsamninginn bæði 1993 og 1996. Auðvitað er fráleitt að halda því fram eins og gert hefur verið af hálfu margra talsmanna stjórnarandstöðunnar í dag að íslensk stjórnvöld hafi með einhverjum hætti sofið á verðinum og ekki fylgst með þróuninni. Öðru nær. Þessi mál hafa stöðugt verið á dagskrá ríkisstjórnar Íslands, íslenskra stjórnvalda og menn verið að takast á við breyttar aðstæður.

Hinu er ekki að leyna að það hefur skort á að af hálfu stjórnarandstöðunnar hafi komið fram skynsamlegt eða efnislegt innlegg í þá umræðu. Það hefur fremur verið kvartað yfir formsatriðum, kvartað yfir nefndarskipunum og einhverjum slíkum þáttum en það hefur ekki mikið efnislegt komið frá stjórnarandstöðunni í þeim efnum.

Ef við veltum fyrir okkur þeim þáttum sem við þurfum að hafa í huga varðandi varnarskipulagið þá hefur það breyst frá dögum kalda stríðsins að innrás erlends herafla eða árás af hálfu óvinveitts ríkis, sú ógn er ekki sú sama og áður. En breyttar aðstæður hafa kallað á ný viðfangsefni eins og líka hefur verið rakið. Með þessu er ég hins vegar alls ekki að segja að þörfin fyrir hefðbundnar varnir og í okkar tilviki sérstaklega loftvarnir sé horfin. Hún hefur vissulega breyst vegna breyttra aðstæðna. En sú þörf að verja landið yfirvofandi ógn er alls ekki horfin. Ég mun koma nánar inn á það síðar í þessari umræðu en hins vegar held ég að á þessari stundu sé rétt að benda á að ef flugsveit Bandaríkjanna fer frá Keflavíkurflugvelli og ekkert kemur í staðinn þá er Ísland eina aðildarríki NATO, eina landið í hinum vestræna heimi sem ekki býr við einhverjar loftvarnir. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir þá sem tala kæruleysislega um að við þurfum engar varnir af þessu tagi. Að ekkert ógni okkur. Það gefur okkur tilefni til að spyrja: Hvað þá með nágrannaþjóðirnar? Hvað með Norðmenn? Hvað með Dani? Hvað með Svía? Allar þessar þjóðir telja sig þurfa að halda uppi landvörnum, þar á meðal loftvörnum, með ýmsum hætti og talsverðum tilkostnaði.

Það má spyrja alveg eins og þeir hv. þingmenn gera sem spyrja hvað ógnar okkur? Hvaða þörf fyrir varnir höfum við? Þá getum við snúið spurningunni upp á nágrannaþjóðirnar. Hvað er það nákvæmlega sem er að ógna Norðmönnum sem gerir að verkum að þeir halda úti öflugum herafla miðað við stærð landsins og fjölda þjóðarinnar? Hvað með Dani? Hvað með Svía? Auðvitað er það svo að allar þjóðir tryggja varnir sínar með einhverjum hætti, ekki bara með yfirlýsingum heldur líka með raunverulegum varnarviðbúnaði. Það sama á við um okkur Íslendinga. Þótt ógnin sé önnur en áður þá verðum við með viðbúnaði að tryggja okkur gegn hugsanlegri ógn sem getur komið með litlum fyrirvara, óvænt og úr óvæntum áttum.

Svo maður noti líkingu þá getum við sagt: Við læsum húsinu okkar þó við vitum ekki nákvæmlega um einhvern tiltekinn þjóf sem ætlar að að brjótast inn til okkar. Við höldum uppi löggæslu þó við vitum ekki fyrir fram hverjir

muni brjóta af sér, hvernig og hvenær. Það eru ákveðnir grunnþættir í starfsemi ríkisvaldsins sem verður að halda uppi. Það sama á við um varnir og aðra slíka þætti

Ef við víkjum örfáum orðum að þeim þáttum sem geta ógnað okkur í nýjum heimi þá eru sumar þessar hættur á mörkum þess að vera hernaðarlegs eðlis eða lögreglumálefni. Skýrasta dæmið um það er hættan sem stafar af alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi eins og hefur raunar verið komið inn á í umræðunni. Þessi ógn af hryðjuverkastarfsemi er raunveruleg gagnvart okkur eins og öðrum vestrænum ríkjum þótt enginn geti sagt fyrir með vissu hversu mikil eða aðkallandi sú ógn er. En hún er raunveruleg. Dæmin frá undanförnum árum sem hér hafa verið rakin sanna það. Við verðum að hafa viðbúnað til að bregðast við slíkri starfsemi.

Önnur ógn sem er vissulega í eðli sínu löggæsluverkefni en snertir öryggi ríkisins með beinum og óbeinum hætti er alþjóðleg glæpastarfsemi. Alþjóðavæðing og breyttar aðstæður í umheiminum gera að verkum að hættur af því tagi eru nær okkur Íslendingum en nokkru sinni fyrr.

Í þriðja lagi má svo nefna hættur sem kalla fyrst og fremst á borgaraleg viðbrögð, svo sem hættur sem steðja að flugöryggi, öryggi sjófarenda, mengunarvörnum og slíkum þáttum. Í því sambandi liggur fyrir, eins og hér hefur verið rakið, að þessir þættir eru sérstaklega mikilvægir fyrir okkur Íslendinga sem eyju í norðanverðu Atlantshafi þar sem miklar flugsamgöngur og miklar skipaferðir eiga sér stað og kalla á viðbrögð með ýmsum hætti af okkar hálfu. Þessir þættir eru utan við hið hefðbundna svið öryggis- og varnarmála. En þeir snerta þó varnir eða öryggi almennings og hagsmuni þjóðarinnar með þeim hætti. Það er eðlilegt að gefa þeim nokkurn gaum í þessari umræðu.

Virðulegi forseti. Hæstv. utanríkisráðherra fór vel yfir í ræðu sinni með hvaða hætti við Íslendingar höfum í auknum mæli gefið þessum nýju ógnum gaum og hvernig við getum enn aukið okkar þátt í að halda uppi öryggi almennings í þessum efnum. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta en vil þó undirstrika að þessar breyttu aðstæður munu óhjákvæmilega kalla á meiri viðbúnað okkar Íslendinga á ýmsum sviðum. Um leið verðum við að búa okkur undir meiri útgjöld á þessum sviðum.

Ég er, virðulegi forseti, ekki mikill áhugamaður um aukin opinber útgjöld en hins vegar eru þetta þættir sem snerta grunnskyldur ríkisvaldsins og þess vegna verðum við að leggja það á okkur sem til þarf til að hafa þessa þætti í lagi. Þá erum við auðvitað að tala um löggæslu. Við erum að tala um landhelgisgæslu. Við erum að tala um almannavarnir og aðra þá þætti sem snúa að því að vernda öryggi borgaranna með ýmsum hætti.

Ég vil líka minna á að þegar á undanförnum árum stjórnvöld hafa beitt sér fyrir ráðstöfunum til að bregðast við hinum breyttu aðstæðum í heiminum og tryggja öryggi borgaranna hefur slíkum hugmyndum oftar en ekki verið mætt af hálfu stjórnarandstöðunnar á þingi með jafnvel flissi og útúrsnúningum um íslenskan her, íslenska leyniþjónustu og margt þess háttar. Ég spyr: Muna hv. þingmenn eftir umræðunni fyrir tveimur árum um eflingu sérsveitar lögreglunnar? Muna menn eftir umræðum fyrir fáum vikum um nýja greiningardeild ríkislögreglustjóra? Þau viðbrögð bera að mínu mati annaðhvort vott um fullkomna pólitíska tækifærismennsku eða lýsa algeru skilningsleysi á þeim breyttu ógnum sem að öryggi Íslendinga geta steðjað. Ég velti líka fyrir mér hvort af sama toga sé andstaða sumra hv. þingmanna við atriðum eins og þátttöku okkar Íslendinga í hermálanefnd NATO eða friðargæslustörfum eða svo dæmi sé tekið uppbyggingarstarfi í Írak. Ég bendi þessum hv. þingmönnum á að með aðgerðum af þessu tagi eru íslensk stjórnvöld að takast á við breytta heimsmynd, takast á við breyttar aðstæður, nýjar ógnir.

Ég nefndi í upphafi, hæstv. forseti, að í rauninni hafi í þessari umræðu fátt nýtt komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar í þessum efnum. Ég verð þó að segja að hugsanlega, ef marka má orð hv. formanns Samfylkingarinnar, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, er stefna þess flokks eitthvað að skýrast. Það hefur valdið okkur áhugamönnum um þessi málefni töluverðum áhyggjum á undanförnum árum hversu Samfylkingin hefur verið reikandi í afstöðu sinni til öryggis- og varnarmála. Það er eins og sá flokkur hafi verið gersamlega ófær um að móta sér skýra stefnu á þessu sviði. En það er kannski að gerast núna. Ég vil leyfa Samfylkingunni að njóta vafans í þeim efnum. Ég las það út úr orðum hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur áðan að það væri eindregin skoðun Samfylkingarinnar að það bæri að standa vörð um samstarf okkar innan Atlantshafsbandalagsins. Það er auðvitað fagnaðarefni. Ég gat ekki skilið orð hennar öðruvísi en svo að hér væri að þeirra mati þörf fyrir sýnilegar varnir af einhverju tagi. Það finnst mér töluvert skref. Ef ég hef skilið orð hennar rétt finnst mér það töluvert skref frá þeirri umræðu sem oft hefur átt sér stað um að allt væri óljóst um hvort sú þörf væri fyrir hendi.

Ég velti fyrir mér hvort Samfylkingin hafi algerlega varpað fyrir róða þeim hugmyndum sem voru vissulega uppi innan þess flokks, alla vega fyrir fáeinum missirum og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir m.a. orðaði á fundum, að Evrópusambandsaðild gæti komið í stað varnarsamstarfsins við Bandaríkin. Ég velti fyrir mér hvort þeirri skoðun hafi algerlega verið lagt og hvort Samfylkingin geri sér nú grein fyrir að varnarhagsmunum Íslendinga sé best borgið í varnarsamstarfi við Bandaríkin og á grundvelli Atlantshafsbandalagsins. Mér finnst það mikilvægt vegna þess eins og hæstv. utanríkisráðherra rakti í ræðu sinni er Evrópusambandið alls ekki valkostur að þessu leyti.

Hæstv. forseti. Það eru fleiri þættir sem vert væri að koma inn á og mun ég hugsanlega gera það í umræðum á eftir. Ég legg þó áherslu á að mikilvægt er að við náum samstöðu um að (Forseti hringir.) tryggja hagsmuni okkar Íslendinga að þessu leyti en til þess verðum við að gera okkur grein fyrir hvaða ógnir eru (Forseti hringir.) fyrir hendi og hvernig eigi við þeim að bregðast.

[14:57]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður flutti ágæta, skýra og skorinorða ræðu og ég var að mörgu leyti mjög sammála því sem kom fram í máli hans. Hins vegar hnaut ég um eitt og það var þegar hann var að alhæfa um stjórnarandstöðuna og hvernig stjórnarandstaðan hefði hagað málflutningi sínum í varnar- og öryggismálum þjóðarinnar.

Hv. þm. Birgir Ármannsson sagði eitthvað á þá leið að fátt hefði verið um fína drætti varðandi það sem hugsanlega gæti komið í stað þeirrar stefnu sem íslensk stjórnvöld hefðu lagt áherslu á. Að ásakanir um að íslensk stjórnvöld hefðu sofið á verðinum væru með öllu tilhæfulausar og annað þar fram eftir götunum. Þá brá ég nú við og þess vegna langaði mig að koma í ræðustól til að benda einmitt hv. þm. Birgi Ármannssyni á að við í Frjálslynda flokknum sættum okkur ekki við að sitja undir þessum ásökunum.

Strax sumarið 2003 talaði ég fyrir því að við Íslendingar yrðum að leita nýrra leiða til að leysa þessi mál því það væri augljóst að Bandaríkjamenn væru á förum og við yrðum að gera okkur grein fyrir því. Þá hvatti ég mjög til þess, skýrt og skorinort á opinberum vettvangi, að Íslendingar leituðu annarra leiða í varnarsamstarfi og þá innan NATO. Ég get bent hér á tvær greinar. Annars vegar útvarpserindi sem ég flutti í Speglinum í ágúst 2003 og er á vefsíðu Frjálslynda flokksins þar sem ég fer yfir þessa hluti og kem með tillögur sem ég fæ ekki betur séð en íslensk stjórnvöld séu að fylgja nánast orðrétt eftir núna þegar ljóst er að Bandaríkjamenn eru að fara, þ.e. að leita hófanna um hvort ekki sé hægt að finna einhverja fleti á áframhaldandi samstarfi við aðrar NATO-þjóðir. Þetta vildi ég sagt (Forseti hringir.) hafa, virðulegi forseti. Mér fannst ekki rétt að vega að okkur með þessum hætti.

[15:00]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar ef ég hef með einhverjum hætti gert Frjálslynda flokknum rangt til í ræðu minni. Ég verð að játa að ég hafði ekki kynnt mér efni þeirrar greinar sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson vísaði til og verð að segja að það hefur farið fram hjá mér.

Á hinn bóginn held ég að vegna þeirrar hugmyndar sem hann nefndi um hugsanlegt varnarsamstarf við aðrar þjóðir Atlantshafsbandalagsins en Bandaríkjamenn á sviði varnarmála að ef menn nálgast þessi mál kalt og yfirvegað hljóti menn að komast að þeirri niðurstöðu að slíkir kostir hljóti að vera aftar í röðinni en varnarsamstarfið við Bandaríkin, einfaldlega vegna þess að Bandaríkin er það ríki sem hefur langöflugustu tækin, öflugasta viðbúnaðinn, öflugasta heraflann til að aðstoða aðra í þessum efnum. Evrópa er ekki og hefur ekki verið aflögufær á sviði varnarmála. Evrópumenn hafa byggt varnir sínar á samstarfi við Bandaríkjamenn vegna þess að Evrópuríki innan NATO hafa einfaldlega ekki haft þann herafla og þau tæki sem nauðsynleg hafa þótt til að halda uppi fullnægjandi vörnum.

Hins vegar verð ég að segja að ef sú staða kemur upp að ekki sé raunverulega grundvöllur fyrir áframhaldandi varnarsamstarfi við Bandaríkin þá hljóta menn auðvitað að skoða aðra kosti. Menn hljóta að skoða aðra kosti. En fram að þessu og raunar áfram álít ég að varnarsamstarf (Forseti hringir.) við Bandaríkin sé heppilegasta leiðin.

[15:02]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að grundvöllurinn að varnarsamstarfinu við Bandaríkin hafi brostið fyrir þó nokkrum árum og öllum ætti að vera það ljóst. Ég held heldur ekki að það sé alveg fyllilega rétt mat að NATO-þjóðirnar hafi ekki verið aflögufærar fram til þessa. Ég get bara minnt á að í gær fengu Norðmenn afhenta fyrstu af fimm nýjum freigátum frá skipasmíðastöð á Spáni.

Norðmenn eru að endurnýja sinn sjóher nánast frá grunni. Þeir eru að láta smíða fyrir sig nýjar freigátur, fimm stórglæsileg og mjög vel búin skip. Þeir eru að fara að kaupa sex nýja kafbáta, nýja tundurduflaslæðara, nýja tundurspilla og nýjar þyrlur. Eftir nokkur ár, árið 2009, stefnir í að norski sjóherinn verði orðinn einn öflugasti sjóher við Norður-Atlantshaf. Þarna eru að verða stórbreytingar.

Ég hygg að það sé einmitt vegna þess að Norðmenn eru svo framsýnir að þeir gera sér fyllilega grein fyrir að Norður-Atlantshaf mun hvernig sem allt fer í alþjóðastjórnmálum áfram verða mjög mikilvægt svæði í heiminum þegar öryggishagsmunir Evrópu og Norður-Ameríku eru annars vegar.

[15:03]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er í raun og veru ekkert óskaplega ósammála hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni. Það er alveg rétt eins og hann bendir á að Norðmenn t.d. hafa byggt upp öflugar varnir á ýmsum sviðum. Sama má segja um margar aðrar þjóðir Atlantshafsbandalagsins, nágrannaþjóðir, jafnvel fremur litlar þjóðir sem þrátt fyrir smæð sína í heimssamhenginu hafa lagt töluvert til varnarmála og hafa talið að þrátt fyrir endalok kalda stríðsins væri mikilvægt að halda uppi öflugum vörnum. Um þetta erum við sammála.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því horft að Bandaríkin eru langsamlega öflugasta ríki Atlantshafsbandalagsins. Það ríki sem býr yfir langsamlega bestum tækjum til að standa að vörnum. Þess vegna er rökrétt að fyrst sé reynt að tryggja varnirnar á grundvelli varnarsamstarfs við Bandaríkin áður en aðrir kostir eru skoðaðir.

[15:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umræður um það hvaða NATO-ríki Íslendingar eigi sérstaklega að binda trúss sitt við eftir að Bandaríkjamenn sögðu okkur upp. Ég tel að við eigum að hugsa á mun róttækari vísu og nota þessi tímamót sem við erum á núna til að hugsa málin alveg upp á nýtt og hvort okkur sé ekki betur borgið utan hernaðarbandalaga. Ég tel að öryggi Íslands verði betur tryggt með þeim hætti.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þetta karp hér á þingi um þennan þátt málsins heldur víkja að viðskilnaði Bandaríkjamanna við Ísland og þá stöðu sem fyrirsjáanleg var. Það er fallega gert hjá hv. þingmanni og skiljanlegt að hann vilji sýna ríkisstjórnarflokkunum, og þá sérstaklega Sjálfstæðisflokknum, samstöðu í því erfiða máli. Því erfitt er það. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn reyndar einnig, ríkisstjórnin, sýndi alveg undravert fyrirhyggjuleysi í því máli. Ég ætla að leyfa hv. þingmanni að hafa þessa þanka fyrir sig.

Hitt vil ég gagnrýna þegar hann segir að af hálfu stjórnarandstöðunnar hafi engar tillögur komið fram. Engin mál, aðeins vikið að einhverjum óljósum tillögum um nefndar-

skipan og þar fram eftir götunum. Þegar málin hafi verið könnuð hafi ekkert verið á bak við slíkt. Ég er með í höndunum fjölmargar tillögur sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur lagt fram aftur og ítrekað á undanförnum árum með tillögum um hvernig brugðist skuli við þeim vanda sem við stöndum nú frammi fyrir og var fyrirsjáanlegur. Í þessum gögnum gerum við ítarlega grein fyrir því hvers vegna við teljum að (Forseti hringir.) allt þetta hafi verið fyrirsjáanlegt.

[15:07]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki var það ætlun mín að gera hv. þm. Ögmundi Jónassyni eða öðrum flokksfélögum hans í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði rangt til í þessum efnum. Ég þekki vel afstöðu þess flokks sem hefur verið skýr í gegnum tíðina og falist í að óþarft væri fyrir okkur Íslendinga að hafa sérstakan varnarviðbúnað eða eiga aðild að varnarbandalagi eins og Atlantshafsbandalaginu. Þetta er alveg skýr og klár afstaða sem enginn hefur verið að velkjast í vafa um í gegnum árin.

Þegar ég sagði að ekki hefðu komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar að mínu mati skýrar tillögur um hvernig ætti að bregðast við varnarþörf í breyttu umhverfi ætlaðist ég ekki til þess af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að sá flokkur kæmi með innlegg í það vegna þess að sá flokkur hefur sagt að slíkur viðbúnaður sé óþarfur.

Eins og ég segi er þetta afskaplega heiðarleg afstaða og í sjálfu sér virðingarverð af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en að mínu mati er þetta ekki raunsæ afstaða vegna þess að í heiminum er margs konar vá sem menn þurfa að bregðast við og verja sig gegn. Þótt menn sjálfir séu friðelskandi og friðsamir er staðan samt sem áður sú að menn geta þurft að bregðast við og verjast öðrum sem ekki eru eins innréttaðir. Það er sá veruleiki sem við búum við. Þótt yfirlýsingar um ævarandi hlutleysi eða vopnleysi séu vissulega virðingarverðar þá held ég að þær veiti okkur lítið hald í ótryggum heimi.

[15:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þannig er dæmið yfirleitt sett upp gagnvart okkur að okkar afstaða sé hvorki raunsæ og jafnvel að hún sé ekki lýðræðisleg í þeim skilningi. Að baki henni búi ekki meirihlutavilji. Ef þjóðin væri spurð hvernig hún teldi öryggi sínu best varið eftir ítarlega umræðu um það efni hef ég þá trú á að okkar málstaður nyti meirihlutafylgis.

Ég held nefnilega að þessum gamla trénaða málstað um að við getum ekki varið okkur nema hvíla í náðarfaðmi hernaðarbandalags, að sú hugsun sé einfaldlega víkjandi. Ég held að þeim fjölgi sem sjá að réttlátur sanngjarn málstaður sem fylgt er á alþjóðavettvangi er miklu vænlegri til að tryggja öryggi okkar en að vera í slagtogi með (Forseti hringir.) yfirgangsríkjum og yfirgangsfólki.

[15:10]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann vel að vera að fleiri séu sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni en kjósa hann. Hins vegar er það svo að við höfum haft samanburðinn í gegnum tíðina milli þeirra flokka sem hafa lagt áherslu á að standa vörð um varnir landsins með varnarsamstarfi við Bandaríkin og með aðild að Atlantshafsbandalaginu og hins vegar þeirra stjórnmálaafla sem barist hafa gegn slíkri aðild. Niðurstaða kosninga í gegnum 60 ár hefur verið afskaplega skýr í þessum efnum. Það er sá mælikvarði sem lagður verður á vilja þjóðarinnar í þessum efnum. En vissulega kann að vera að það séu eitthvað fleiri sem eru sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni en greiða flokki hans atkvæði í kosningum.

Ég efast þó um að hann hafi meiri hluta þjóðarinnar á bak við sig í þessu máli frekar en í öðrum málum þar sem hann (Forseti hringir.) talar stundum digurbarkalega um mikinn stuðning við sinn (Forseti hringir.) málstað.

[15:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Út af ummælum hv. þm. Birgis Ármannssonar til hv. þm. Ögmundur Jónassonar þá væri þingmanninum hollt að minnast þess að hér voru einu sinni merkir stjórnmálaleiðtogar sem sögðu að hér ætti aldrei að vera her á friðartímum. Hæstv. utanríkisráðherra lýsti því mjög vel í ræðu sinni í morgun að hann teldi að nú væru friðartímar. Það væri ekki hætta á árásum frá hinum hefðbundna gamla óvini úr kalda stríðinu.

Hv. þingmaður sneri eiginlega á haus gamalli aðferð úr alþjóðastjórnmálum og hann skammaði Kína en átti við Albaníu. Hv. þingmaður spurði nefnilega út í áherslu Samfylkingarinnar á Evrópusambandið hvaða varnir áhrærði. Nú er það svo að aðallega tveir flokkar hafa nefnt þetta. Samfylkingin lítillega en sá sem hefur lagt mesta áherslu á þetta undanfarið er hæstv. forsætisráðherra. Það er Framsóknarflokkurinn.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. Birgi Ármannssyni að til skamms tíma tjóir ekki að leita til Evrópusambandsins um varnir Íslands. Þeir eru ekki í færum til að veita þær. Hins vegar ef horft er til lengri tíma hygg ég að það yrði önnur niðurstaða. Varnarmálin eru í mikilli gerjun innan Evrópusambandsins. Það var ekki jafn mikil samstaða um neitt í undirbúningi stjórnarskrárinnar — sem ekki var samþykkt að lokum — og um þörfina fyrir sameiginlega varnarstefnu. Innri kjarninn í Evrópusambandinu: Frakkland, Þýskaland og Benelux-löndin hefur ráðið öllum breytingum sem þar hafa orðið síðustu 20 árin. Þessar þjóðir eru algerlega sammála um nauðsyn sameiginlegrar varnarstefnu og þótt ekki sé hægt að finna innan Evrópusambandsins svipað ákvæði og 5. gr. í Atlantshafsbandalagssamningnum er alveg ljóst að eins og þróunin er kynni þetta geta orðið að veruleika fyrir árið 2015 sem er (Forseti hringir.) einmitt árið sem „albanían" í huga hv. þingmanns hefur nefnt sem ár inngöngu í ESB.

[15:14]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki um það dæma hvort Samfylkingin líkist meira Kína eða Albaníu. Um það getur hv. þm. Össur Skarphéðinsson ábyggilega vitnað betur enda þekkir hann sjálfsagt frá fornu fari betur til í þeim löndum en ég.

En hitt verð ég að segja að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur verið í hópi þeirra þingmanna Samfylkingarinnar sem hefur talað hvað skýrast um aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og á stundum um varnarsamstarfið við Bandaríkin. Ég hef á tilfinningunni að hann sé einn úr þeim hópi gamalla alþýðubandalagsmanna innan Samfylkingarinnar sem náði að útskrifast úr Alþýðubandalaginu og náði að útskrifast af Þjóðviljanum. Ég ætla því ekki að efast um heilindi hans í þeim efnum. Hins vegar er mér ljóst að innan hans flokks eru margir sem ekki eru komnir jafn langt á þróunarbrautinni, svo vitnað sé til orða hæstv. viðskiptaráðherra af öðru tilefni fyrr í vetur.

Varðandi þá framtíðarsýn um Evrópusambandið sem sumir hafa nefnt þá hefur það verið þannig í gegnum árin að áhugamenn um Evrópusambandið, einkum innan Samfylkingarinnar, hafa jafnan verið fundvísir á það sem þeir telja á hverjum tíma að hljómi best í sambandi við að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið. Fyrir svona tveimur til þremur árum var það svolítið í tísku hjá ákveðnum hópi innan Samfylkingarinnar að tala í þá veru að varnarsamstarfið við Bandaríkin væri liðið undir lok og það væru ný rök fyrir Íslendinga til að ganga í Evrópusambandið. Ég verð að segja að það er mér nokkuð ánægjuefni að þetta sjónarmið virðist hafa vikið í málflutningi Samfylkingarinnar og það sjónarmið að byggja beri á grunni Atlantshafsbandalagsins er orðið miklu meira ráðandi.

[15:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gleðst yfir þeirri blessun sem hv. þingmaður leggur yfir pólitíska skólagöngu mína. Nú man ég ekki lengur hvaða ár hv. þingmaður er fæddur en sennilega í kringum þann merkisatburð í mannkynssögunni lauk ég grunnskólaprófi mínu í pólitík og vil ekki af tillitssemi við mína góðu félaga í Samfylkingunni upplýsa í hvaða stjórnmálaflokki það var.

Hitt verð ég að segja að enn er hv. þingmaður að rekja það fyrir þingheimi hvað það sé fáránlegt að tengja saman varnir og Evrópusambandið. Ég velti fyrir mér af hverju hann leggi svona mikla áherslu á það. Er það vegna þess að það er einn maður sem í þessari umræðu hefur öðrum fremur nefnt aukin tengsl við Evrópusambandið sem lið í auknu öryggi Íslands? Það er hæstv. forsætisráðherra. Er þetta enn einn parturinn af þeim dulda ágreiningi sem virðist vera að koma upp millum Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í varnar- og öryggismálum? Ég velti því fyrir mér. (Forseti hringir.)

[15:17]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Össur Skarphéðinsson eigi ekki að vera að leggja aðra merkingu í orð mín en beinlínis má lesa út úr þeim. Varðandi afstöðu hæstv. forsætisráðherra til Evrópusambandsins hef ég áður sagt úr þessum stól að ég deili ekki þeirri framtíðarsýn hans að Ísland verði komið í Evrópusambandið árið 2015.

Ég held líka að það sé rangt mat hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að Evrópusambandið verði í færum um það árið 2015 að halda uppi öflugri öryggis- og varnarstefnu. Það er fullkomlega óvíst hvert framhaldið á því verður. En mér sýnist að þróunin innan Evrópusambandsins sé ekki í þá átt að þeir sem þar vilja ganga lengst í átt til sameiginlegrar stefnu á þessum sviðum og raunar sameiginlegrar stefnu og dýpkunar sambandsins að öðru leyti, mér sýnast aðstæður og tíðarandinn ekki (Forseti hringir.) vera þeim í hag. Mér finnst því ólíklegt að þróunin verði í þá átt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsir.

[15:19]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir ágæta ræðu sína þar sem hann öðru fremur dró upp af mynd af stöðu alþjóðastjórnmála nú um stundir. Sem von var lagði hæstv. utanríkisráðherra mesta áherslu á varnarmál okkar Íslendinga og í ljósi þessarar óvissu stöðu sem upp kom eftir að Bandaríkjastjórn tilkynnti um brottflutning varnarliðsins. Í umræðunni sem hefur fylgt hafa eins og eðlilegt er varnarmálin verið þungamiðjan. En við höfum í þessum sal áður rætt þetta gjörbreytta landslag í öryggismálum eftir lok kalda stríðsins og árásanna á tvíburaturnana í New York. Í hugum okkar flestra er það þetta tvennt ef við lítum til baka til sögunnar sem markar afgerandi tímamót.

Eitt af því sem hæstv. utanríkisráðherra fjallaði um í sinni ágætu ræðu var hvernig þyrfti að gera sér skýra grein fyrir því hvernig ný heimsmynd með nýjum ógnum hefði orðið til þess að bæði Bandaríkjamenn og NATO hefðu gerbreytt varnarviðbúnaði sínum og allri hugsun í öryggismálum. *Eins og við vitum er hætta á hefðbundnum styrjöldum þjóðríkja ekki lengur helsta ógnin við öryggi alþjóðasamfélagsins.* Hins vegar hefur varnarviðbúnaður þjóða og hernaðarbandalaga lengst af miðast við að svara slíkri hættu. En hinar nýju ógnir, svo sem hryðjuverk og skipuleg glæpastarfsemi kalla auðvitað á nýjar lausnir. Ég held að ég sé ekkert að taka of stórt upp í mig um það með því að segja að ekki bara við heldur alþjóðasamfélagið almennt er stöðugt að reyna að fóta sig á því hvernig bregðast eigi við þessu breytta öryggisumhverfi eða þessum breyttu og nýju ógnum.

Það sem hryðjuverkaógnin gerir og felur í sér hversu erfitt er að fóta sig stundum er að hún nýtir sér þessa veikleika sem felast í styrk þjóðfélagsgerðar okkar. Það kann að hljóma þversagnarkennt en helsti styrkur og grunngildi vestrænna þjóða: frelsi, lýðræði, jafnrétti og mannréttindi gera það jafnframt að við stöndum jafn berskjölduð og við gerum stundum gagnvart hryðjuverkamönnum vegna þess að það er mun auðveldara fyrir hryðjuverkamenn að leyna sér og vega úr launsátri í opnu og frjálsu samfélagi sem við viljum standa vörð um en þar sem skorður eru settar við frelsi manna.

Gagnvart hryðjuverkum hafa bein varnarviðbrögð Vesturlanda annars vegar falist í að fara með hernaði á hendur hryðjuverkamönnum og hins vegar hafa þær falist í því vandasama verki að auka mátt og svigrúm lögregluyfirvalda heima fyrir og þá bæði svigrúm lögregluyfirvalda til eftirlits og rannsókna. Vandinn sem nýlega var ræddur í þessum sal í tengslum við frumvarp sem hæstv. dómsmálaráðherra lagði fram felst í að efla varnirnar án þess að

þrengja að grunngildum eins og mannréttindum og réttarstöðu borgaranna.

Víða í hinum vestræna heimi og hjá nánustu nágrannaríkjum okkar hefur milljónum og milljörðum verið varið í að styrkja heri, leyniþjónustur og löggæsluyfirvöld. Sá viðbúnaður hefur eftir því sem fréttir segja komið í veg fyrir margar hrottalegar og alvarlegar árásir. En við höfum líka dæmi um voðaverk sem ekki hefur tekist að koma í veg fyrir, eins og hryðjuverkin í London og Madrid.

Bandaríkjastjórn horfir til þessara breyttu aðstæðna og þær liggja til grundvallar umfangsmiklum breytingum sem Bandaríkjastjórn hefur gert á herafla sínum. Í ljósi þess að vettvangur óstöðugleika og átaka hefur færst til í heiminum er stefnt að því í Bandaríkjunum að fækka um helming í herliði þeirra í Evrópu með tilheyrandi lokun varanlegra stórra herstöðva. Í staðinn er í stefnu Bandaríkjamanna lögð aukin áhersla á uppbyggingu og þjálfun viðbragðssveita sem hægt er þá að beita með litlum fyrirvara hvar sem er í heiminum með því að taka á ógnum sem eru fjarlægar slíkum höfuðstöðvum.

Þessi endurskipulagning á herafla Bandaríkjamanna er um margt skiljanleg og boðar brotthvarf varnarliðsins, ber að skoða í því ljósi. Þrátt fyrir að friðvænlegt sé um að litast í okkar heimshluta nú um stundir og ekki liggi endilega ljóst fyrir hvaðan okkur stafar mest hætta þá eru hinar nýju óhefðbundnu ógnir einmitt þess eðlis að þær gera ekki boð á undan sér. Til skamms tíma þótti hryðjuverkaógnin mjög fjarlæg okkar norðlægu slóðum. En nú er hún staðreynd vegna þess að deilur, átök og skemmdarverk í kjölfar birtingar Jótlandspóstsins á skopmyndum af Múhameð spámanni minna okkur óþyrmilega á að hætta getur steðjað að okkar heimshluta, ekkert síður en öðrum heimshlutum. Við verðum að vera undir það búin að mæta þessum hættum.

Áhersla ríkisstjórnarinnar á loftvarnir er að þessu leyti að mínu mati hárrétt. Við verðum að hafa í huga að tugþúsundir flugvéla fljúga um íslenska flugstjórnarsvæðið á hverju ári. Við þekkjum annars staðar frá í heiminum hrikalegar afleiðingar þess að hryðjuverkamenn nái flugvélum á sitt vald. Þess vegna finnst mér alveg ljóst að Íslendingar geti ekki verið án varna.

Þegar við tölum um varnir og nýjar ógnir verðum við á ákveðinn hátt að gera greinarmun annars vegar á því sem ógnað getur lögsögu og fullveldi íslenskrar þjóðar og þá erum við að tala um árásir óvinaríkja. Hins vegar tel ég að við þurfum í þeirri umræðu sem fram undan er að greina á milli þessa og hins vegar almannavarna í mjög víðtækum skilningi þess orðs, þ.e. vörnum almennra borgara gagnvart þessum nýjum ógnum og hvers konar annarri vá. Þótt við séum að ræða utanríkismál finnt mér ástæða til að halda þessu til haga vegna þess að segja má að utanríkismál fyrst og fremst fjalli um hernaðarógnir og varnarmálaumræðan sem tengist varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og brottflutningi þess fjallar fyrst og fremst um það og það eru utanríkismál. Svo eru almannavarnir almennt á ákveðinn hátt líka utanríkismál vegna þess að í nútíð og framtíð hljótum við að standa vörð um varnir borgaranna gagnvart öðrum ógnum í víðtæku samstarfi og með samningum við önnur ríki. Hvort sem við horfum þar til okkar næstu nágranna eða annarra Evrópuþjóða eða á vettvangi þeirra þjóða sem starfa innan NATO. Það eru innanríkismál í rauninni sem það varðar. Það lýtur að innra öryggi borgaranna gagnvart annarri vá og öðrum ógnum en beinlínis hernaðarlegum ógnum.

Í þessari umræðu ekki síst nú á dögunum þegar við vorum m.a. að ræða nýtt frumvarp frá ríkislögreglustjóra sem fjallaði um að fækka og stækka lögregluumdæmum landsins og koma á fót svokallaðri greiningardeild þá er þetta öryggi borgaranna stundum haft í flimtingum. Höfð m.a. í flimtingum þessi greiningardeild sem talað var um að koma á fót og hvort þörf væri fyrir hana. Það er stundum gefið til kynna í umræðunni um varnarmál að ekkert hafi verið gert af hálfu stjórnvalda. Við höfum ekkert hugað að því að mæta breyttum tímum, annars vegar því að varnarliðið færi brott og hins vegar að bregðast við þessum breyttu tímum og þessum nýju ógnum.

Mig langar í þessari umræðu, frú forseti, að nefna nokkur atriði sem mér finnst mjög mikilvæg í þessu samhengi og mér finnst að við ættum meira að hafa í þessari umræðu og horfa þá til þess sem við þá þegar höfum gert. Þar á meðal má nefna nýja fjarskiptastöð lögreglunnar sem er samræmd landsdekkandi öryggis- og neyðarfjarskiptakerfi fyrir alla þá viðbragðsaðila sem koma almennt að öryggismálum þjóðarinnar. Það er eitt sem hefur verið komið á fót og hefur verið unnið að mörg undanfarin ár. Þeir sem koma að þessari samhæfingarstöðu eru allir þeir aðilar sem þurfa að koma að almannavörnum í víðasta skilningi þess orðs, þ.e. lögreglustjórarnir, Flugmálastjórn, Landhelgisgæslan, slysavarnafélög, Neyðarlínan, landlæknir, sóttvarnalæknir, Rauði krossinn og fleiri, Vegagerðin og svo ýmsar vísindastofnanir.

Það má segja í rauninni sem svo að það sem við þurfum að gera sé að koma á fót skipulagi sem miðar að því að vernda og aðstoða borgarana og tryggja vernd þeirra gagnkvæmt ýmsum öðrum ógnum, takast á við afleiðingar slysa og náttúruhamfara og svo auðvitað það sem alltaf er verið að ræða aftur og aftur og mönnum finnst ekki endilega nærtækast, þ.e að takast á við hættur eða ógn af mannavöldum vegna hryðjuverka. Ég held að óhætt sé að halda því fram að við búum að einu besta almannavarnaskipulagi til að glíma við hvers konar svona afleiðingar og ekki eingöngu vegna stríðsástands heldur vegna annarra ógna og erum meðal fyrstu þjóða til að beita almannavarnaskipulagi gagnvart öðrum ógnum en stríðsástandi.

Ég vil líka í þessu samhengi leggja áherslu á að það var búið að koma á fót svokallaðri sérsveit lögreglunnar strax árið 1982. Tilefni þess var ærið á sínum tíma og sýndi þörfina á að íslenska lögreglan hefði burði til að takast á við alvarlegustu tilvik, hryðjuverkatilvik. Síðan hefur statt og stöðugt og síðast að mig minnir á síðasta ári verið leitast við og veitt fjármagn til að efla þessa sérsveit. Við verðum í þessu samhengi að hafa í huga að á Norðurlöndunum öllum og reyndar í öllum löndum Evrópu er það fyrst og fremst hlutverk lögreglu að takast á við hryðjuverkastarfsemi. Það gætir oft þess misskilnings í almennri umræðu að það sé hlutverk herja landanna. En meira að segja í sumum löndum er lögreglu heimilt að leita aðstoðar hers í svona tilvikum. Í öðrum tilvikum er það bannað. Herinn höfum við engan.

Þetta er það sem ég vildi, frú forseti, leggja aðaláherslu á að við reynum að dýpka og víkka aðeins þessa umræðu þegar við erum að tala um öryggismálin og ógnirnar sem að okkur steðja. En að við bindum okkur ekki og festumst í þeim hjólförum að tala einungis um varnarliðið í því samhengi. Það er margt annað sem við þurfum að gefa góðan gaum í þessu samhengi.

Mig langaði að endingu, frú forseti, vegna þess að orð hæstv. utanríkisráðherra um rekstur Keflavíkurflugvallar virðast hafa vakið mesta athygli og kannski að ófyrirsynju. Hæstv. utanríkisráðherra lýsti því sem sinni framtíðarsýn að rekstur flugvallarins yrði einkarekinn og jafnframt að hann yrði einkavæddur til lengri tíma litið. Það er spurning hvort það er fyrsta og fremsta viðfangsefnið í dag að horfa til rekstrarformsins á Keflavíkurflugvelli. Ég held að það sé ýmislegt annað sem standi okkur nær en. En sjálfsagt að hæstv. ráðherrann geri grein fyrri sinni framtíðarsýn.

Ég verð hins vegar að segja hvað varðar rekstur og rekstrarþætti flugvallarins sem slíks, snjómokstur, slökkvilið og annað að ég svo sem ekkert því til foráttu að það sé rekið í einhverju öðru rekstrarformi en beinlínis undir formennsku ríkisins. Ég vil hins vegar árétta að allt sem lýtur að rekstrinum þarna og Keflavíkurflugvelli sem landamærastöð og öryggiseftirlitinu sem þarna fer fram, hvort sem það er hlutverk til viðbótar hlutverki lögreglu og tollgæslu, þá samræmist það ekki minni framtíðarsýn að það sé einkavætt. Ég tel að slík verkefni eigi áfram sem hingað til að vera á höndum ríkisins og bý kannski að þeirri reynslu sem líður mér seint úr minni þegar ég fór í gegnum tiltekinn flugvöll í Boston, Logan-flugvöll, einum þremur vikum eftir hryðjuverkaárásirnar í New York og sá og þóttist skilja hvers vegna flugræningjarnir sem flugu á tvíburaturnana höfðu valið þennan flugvöll vegna þess hve öryggiseftirlitinu var þar háttað. Ég las seinna að hann hefði fengið lægstu einkunn allra flugvalla í Bandaríkjunum. Svo þegar ég spurðist nánar út í þetta var mér sagt að þetta væri einkarekstur. Einkavædd öryggisgæsla.

Ég gæti lýst því með ýmsu látbragði hvernig staðið var að því að leita að vopnum bæði í farangri og líka á okkur sem fórum þarna í gegn. Það má eiginlega segja að eftir þessa reynslu mótaðist þessi afstaða mín sem ég held að verði seint breytt: Flugvöllinn getum við rekið, snjómokstur, verslanir og aðra þjónustu sem einkarekstur en allt sem lýtur að öryggi og landamæravörslu lít ég þannig á að til lengri tíma litið eins og nú eigi að vera verkefni ríkisins.

[15:34]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég held að það sem skipti meginmáli í umræðunni sem hér hefur snúist að mestu leyti um varnar- og öryggismál sé að breið samstaða takist með sem flestum flokkum um burðarásana í utanríkisstefnu Íslands. Það hefur tekist í áratuganna rás. Nokkuð víðtæk samstaða hefur verið um það sem kalla má grundvallarþætti í utanríkisstefnu Íslendinga. Að því er varnir og öryggi áhrærir hafa flokkarnir, Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og jafnaðarmenn á síðustu öld verið í stórum dráttum sammála um að grundvallarásinn í vörnunum hafi verið Atlantshafsbandalagið. Útfærsla varnarsamningsins við Bandaríkin hefur sömuleiðis verið hinn öxullinn og kannski sá sem segja má að hafi fólgið í sér hina raunverulegu útfærslu.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og hefur margsinnis komið fram, að það skipti miklu máli að viðhalda þessari breiðu samstöðu. Hv. þm. Birgir Ármannsson gat þess í ræðu sinni áðan að andstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs væri ljós í þessum efnum. Það er alveg rétt. Þarna er alveg klár munur á Samfylkingunni og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við í Samfylkingunni höfum talið að Atlantshafsbandalagið eigi að vera ein af grundvallarstoðunum þarna og tvíhliða samningurinn líka.

Þetta er það sem skiptir máli í upphafi umræðunnar að minnsta kosti af minni hálfu. Ég tel að í þeirri stöðu sem nú er komin upp sé það alls ekkert sjálfgefið að menn haldi áfram þessum tvíhliða samningi. Ég held hins vegar að við eigum að skoða alla þá kosti sem felast í stöðunni, þar á meðal hvaða kostir felast í að útfæra hann með nýjum hætti. Það er hugsanlegt að það fullnægi þeim þörfum sem við höfum í dag. En það er líka hugsanlegt að út úr þeim samningaviðræðum sem nú eru í gangi við Bandaríkjamenn komi einhver niðurstaða sem leiði til þess að hvorki sé þörf á þessum tvíhliða samningi né heldur rétt sé af okkur við þessar aðstæður að byggja varnir okkar á honum. Mér finnst skipta mestu að við skoðum hvaða kosti við eigum. Einn af þeim kostum er sá að útfæra tvíhliða samninginn. Hæstv. utanríkisráðherra hefur sagt að í krafti þeirra skuldbindinga sem koma fram í samningnum og Bandaríkjamenn hafa ítrekað að þeir vilji standa við, sé líklegt að við náum niðurstöðu sem feli í sér nægilegar varnir a.m.k. varðandi hugsanlega hernaðarvá. Það kann vel að vera að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra. Þetta er eitt af því sem þarf að skoða.

Á hinn bóginn hafa líka komið fram hugmyndir um að við eigum að skoða samstarf á annan hátt. Ég er t.d. einn af þeim sem eru þeirrar skoðunar að við þessar aðstæður eigi menn að kanna hvaða kostir felast í aukinni samvinnu núna og síðar við Evrópusambandið. Ég er að þessu leytinu til sammála formanni Framsóknarflokksins sem hefur sagt alveg skýrt að þetta sé eitt af því sem eigi að kanna. Hitt vil ég þó segja alveg skýrt að eins og staðan er í dag innan Evrópusambandsins er enginn vafi í mínum í huga að Evrópusambandið núna er ekki fært um að tryggja varnir Íslendinga. Við þurfum hins vegar að skoða hvaða þróun er þar í gangi.

Ég tel af þeirri takmörkuðu vitneskju sem ég hef en þó nokkra af þróun þeirra mála að hún sé slík að það gæti orðið breyting á þessu innan tiltekins tíma. Það eru sennilega fáir málaflokkar innan Evrópusambandsins þar sem þróunin er jafnör og nákvæmlega í þessum efnum. Innri kjarni Evrópusambandsins, Frakkland, Þýskaland og Benelux-löndin hafa alltaf verið drifkraftur breytinga innan Evrópusambandsins. Við þurfum ekki annað en að horfa til myntbandalagsins til að sjá það. Hægt er að nefna fleiri dæmi. Reynslan hefur sýnt að það sem þessi lönd vilja, því ná þau fram. Ef þau ná ekki samstöðu innan Evrópusambandsins um þætti sem þau telja knýjandi fara þau ein af stað. Reynslan sýnir að þau rífa Evrópusambandið með sér. Staðan innan Evrópusambandsins í varnarmálum er breytt að því leyti til líka að fleiri ríki eru komin þar inn sem horfa

með nokkuð jákvæðum hætti til þess að Evrópusambandið taki að sér aukið varnarhlutverk. Það er nauðsynlegt í þessum efnum að gera sér grein fyrir að þegar undirbúningur var í gangi fyrir stjórnarskrá Evrópusambandsins, sem síðar var felld, voru ákveðin atriði sem enginn ágreiningur ríkti um. Það ríkti t.d. enginn ágreiningur um að stefna bæri að sameiginlegri varnarstefnu.

Ég tel að þetta hljóti að vera einn þeirra þátta sem þurfi að skoða á þeim tímamótum sem Íslendingar standa í dag. Við þurfum í því ferli að gera okkur grein fyrir hvaða möguleikar eru með auknu samstarfi við Evrópusambandið. Ég vísa sérstaklega til þess í þessu samhengi að innan Alþingis Íslendinga eru stjórnmálaflokkar sem vilja ganga nær Evrópusambandinu. Samfylkingin hefur sagt alveg skýrt að hún telur að láta eigi á það reyna. Ég hef mörgum sinnum sagt að ég tel að Íslandi væri betur borgið innan sambandsins en utan. Ég tel að þróunin í varnarmálunum auki frekar á gildi slíkrar þátttöku. En formaður Framsóknarflokksins hefur líka sagt þetta. Hann hefur meira að segja gengið lengra og sagt það alveg skýrt að hann telji að árið 2015 verði Ísland komið inn í Evrópusambandið. Þetta þurfum við allt að skoða þegar við förum yfir þá mynd sem blasir við núna. Þá skiptir máli að gera sér grein fyrir því.

Hæstv. utanríkisráðherra hefur áréttað mjög rækilega í ræðu sinni fyrr í dag að allt umhverfið er breytt. Hann nefndi sérstaklega að hefðbundnir óvinir á hernaðarsviði, eins og Rússar, eru ekki lengur fyrir hendi. Hæstv. ráðherra nefndi sérstaklega að okkur stafaði ekki lengur nein ógn af þeirri þjóð. Samningsaðili okkar í þeim tvíhliða samningi sem nú er í gangi gengur lengra og segir það hreint út að okkur stafi engin hernaðarógn af neinni þjóð í okkar heimshluta. Þá er spurningin við þessar aðstæður hvort við getum ekki gefið okkur góðan tíma til að vega og meta þá kosti sem eru fyrir hendi og velta því fyrir okkur hvort hugsanlega í framtíðinni væri hægt að ná svipuðu stigi öryggis og varna í tengslum við Evrópusambandið alveg eins og Eystrasaltslöndin hafa í dag. Þetta er auðvitað ekki sjálfgefið. Ég er ekki að slá því föstu að þetta sé afdráttarlaust mögulegt. En ég tel að þetta sé sterkur möguleiki og ég er þeirrar skoðunar að Evrópusambandið sé að þróast með þessum hætti

Þegar ég nálgast þessi varnar- og öryggismál skipti ég þeim, ólíkt hv. þm. Jónínu Bjartmarz, gjarnan fyrir sjálfum mér í tvennt. Annars vegar varnarþáttinn og hins vegar öryggisþáttinn. Ljóst er að það er miklu brýnni tímanlegri nauður sem rekur okkur til einhvers konar lausnar á þeim vanda sem blasir við í öryggismálunum núna þegar sú staða er allt í einu komin upp að Bandaríkjamenn ætla í burtu. Við höfum í áranna rás byggt upp mjög mikilvægt samstarf við þá varðandi öryggi á hafinu. Þetta samstarf hefur bjargað hundruðum mannslífa. Við sem fiskveiðiþjóð getum að sjálfsögðu ekki hugsað til þess að fara inn í veturinn þegar veður eru válynd án þess að vera búin að binda alla hnúta þar. Við þurfum að gera þetta tiltölulega hratt en hefðum getað gefið okkur meiri tíma til að undirbúa þetta. En við þurfum líka að horfa til framtíðar í þessum efnum.

Þá verðum við að skoða landfræðilega legu Íslands. Við verðum líka að skoða hvaða breytingar eru að verða í kringum okkur. Í umræðunni kom fram hjá tveimur eða þremur hv. þingmönnum að staða Norðmanna er að breytast að því leyti til að þeir hyggja nú á miklu meiri olíu- og gasvinnslu í norðurhöfum en áður og umferð um íslenska hafsvæðið frá norðri verður meiri af þeim sökum. Það leggur okkur ríkari skyldur á herðar, en líka þeim. Við þurfum að sjá um öryggið á því mikla hafsvæði, en það leggur líka ákveðnar skyldur þeim á herðar.

Norðmenn eru þess vegna þjóð sem við hljótum að skoða samstarf við varðandi öryggið á hafinu. Sömuleiðis blasir það við að jafnvel þó við mundum verða okkur úti um þau tæki sem Landhelgisgæslan hefur skilgreint að þurfi til að geta tryggt nægilegt öryggi á hafinu, þá eru ákveðin svæði sem við munum eigi að síður eiga erfitt með að sinna. Ég nefni t.d. svæði sem er syðst í efnahagslögsögu okkar og utan hennar á Reykjaneshrygg og suður fyrir suðurodda Grænlands. Það gerir að verkum að við hljótum líka að leita samstarfs þá við Danmörku fyrir hönd Færeyja og Grænlands. En síðan má ekki gleyma öflugum nágranna okkar í vestri sem við rekjum nú mikinn skyldleika til, þ.e. Kanadamenn. Það er líka ljóst að umferð af þeirra hálfu á þessu svæði mun aukast. En landfræðileg lega þeirra er líka þannig að óhjákvæmilegt er annað en að við skoðum við þessi tímamót með hvaða hætti og hvort við getum tekið upp einhvers konar öryggissamstarf við þá á hafinu.

Ég held að núna við þær aðstæður sem ríkja þurfum við að skoða þennan þátt, öryggisþáttinn, og þá séu það þessar fjórar þjóðir sem við þurfum sérstaklega að kanna hvort hægt sé að ná öflugu samstarfi við á næstu árum til að tryggja öryggi þeirra sem fara um hafsvæði okkar. Síðan þurfum við að einbeita okkur að því hvernig vörnum landsins verður best við komið. Það er tvíhliða samningurinn, eins og fram hefur komið hjá hæstv. utanríkisráðherra. En við verðum líka að skoða þá möguleika sem felast í aukinni samvinnu við Evrópuþjóðirnar.

Þetta eru þeir þættir sem ég vildi leggja mesta áherslu á. Ég hef áður gagnrýnt hæstv. utanríkisráðherra fyrir að mér finnst ríkisstjórnin hafa verið ákaflega sein til varðandi öryggisþáttinn. Það mátti vera ljóst fyrir lifandis löngu í hvað stefndi. Hv. þm. Birgir Ármannsson hefur ítrekað í dag spurt eftir stefnu Samfylkingarinnar. Hann hefur talað eins og Samfylkingin hafi ekki lagt fram neinar hugmyndir í þessum efnum. Samfylkingin tók einmitt sérstaklega fyrir öryggisþáttinn og nauðsynlegt samstarf sem þyrfti til að Íslendingar gætu tekið það að sér, sem var tillaga Samfylkingarinnar í skýrslu sem hún sendi frá sér, að mig minnir í mars árið 2004. Því er með engu móti hægt að segja að ekki hafi verið aðdragandi að þessu. Sömuleiðis er óhjákvæmilegt þegar menn ræða öryggismálin að rifja upp að Landhelgisgæslan gerði seint á síðasta ári opinskáar ákveðnar hugmyndir sem hún hafði um nauðsynlegan tækjabúnað sem þyrfti að afla svo Íslendingar gætu tekið þetta að sér. Mér er reyndar kunnugt um að slíkar áætlanir hafi verið töluvert lengur á ferli á djúpu hafi innan Landhelgisgæslunnar. Menn hafa vitað í hvað stefndi. Hún lagði jafnframt fram kostnaðargreiningu og miðað við þær tölur sem þar komu fram, 7–8 milljarðar, mætti ætla að ýmsu viðbættu að kostnaður við það væru 10 milljarðar.

Þegar hæstv. utanríkisráðherra var spurður út í þetta í lok nóvember á síðasta ári talaði hann með þeim hætti að

þetta væri óþarft. Hann var spurður sérstaklega að því af fréttamanni Ríkisútvarpsins hvort ekki væri þörf á úttekt af þessu tagi. Hæstv. ráðherra svaraði því einfaldlega til að það væri ekki tímabært. En auðvitað var það fyrir lifandis löngu tímabært.

Frú forseti. Það eru örfáir þættir aðrir sem mig langar í lok ræðu minna að drepa á. Ég spurði hæstv. utanríkisráðherra að því í andsvari fyrr í dag hvort hann væri ekki sammála þeirri skoðum sem hefur komið fram hjá hæstv. forsætisráðherra að ef menn hefðu haft í höndunum þá vitneskju sem þeir hafa nú um stöðu gereyðingarvopna við upphaf innrásarinnar í Írak í því landi, þá hefðu þeir ekki veitt stuðning Íslands við innrásina. Þá kom alveg skýrt fram hjá hæstv. forsætisráðherra, hann talar með þeim hætti að ég get ekki dregið aðra ályktun af því en hann telji að innrásin og stuðningur við hana hafi verið mistök. Ég spurði hæstv. utanríkisráðherra að þessu í morgun og mér til mikillar furðu sat hann fast við sinn keip. Hann er bersýnilega þeirrar skoðunar að enn sé hægt að réttlæta stuðning Íslands við innrásina í Írak.

Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa algerri andstöðu við það sjónarmið. Ég tel að það sé svartasti bletturinn á ferli núverandi ríkisstjórnar. Ég tel að ekkert hafi gerst í sögu hennar sem hefur verið jafnskammarlegt og sem hefur verið jafnilla staðið að og einmitt það. Við sjáum afleiðingarnar. Landið er á barmi borgarastyrjaldar. Enginn endir er í augsýn varðandi átökin sem þar eru. Írak er orðið að gróðrarstíu fyrir hermdarverkamenn og þaðan streyma menn í önnur lönd sem eru reiðubúnir til að inna af höndum hræðilega glæpi. Auðvitað sáu menn þetta ekki fyrir. En hins vegar hefðu menn á þeim tíma átt að fara að lögum og þeir hefðu átt að taka þessa ákvörðun með öðrum hætti en í skjóli nætur bara af tveimur mönnum eftir samráð við sendiherra Bandaríkjanna.

Það er rétt að rifja hér upp að innan Framsóknarflokksins hefur verið mikil andstaða við þetta. Yfirgnæfandi hluti fylgismanna flokksins, þeirra sem eftir eru, eru á móti þessum kafla í sögu flokksins. Einstakir þingmenn hafa reifað andstöðu sína við það, m.a. varaformaður flokksins.

Frú forseti. Ég tel að nauðsynlegt sé að læra af þessu. Eitt af því sem við eigum að læra er að ráðamenn eiga aldrei að hrapa að ákvörðunum eins og þessari. Þeir verða að sinna lögunum og leggja svona ákvarðanir undir utanríkismálanefnd á þann hátt sem lög kveða á um.

[15:49]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæst. forseti. Það eru helst tvö atriði í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem mig langar til að staldra við. Annars vegar mátti ráða af ræðu hans breytta afstöðu Samfylkingarinnar, að því er ég tel, gagnvart því að einhverja lausn sé að finna á öryggis- og varnarmálum Íslands í sambandi við Evrópusambandið. Hann hefur raunar greinilega þá framtíðarsýn að Evrópusambandið kunni einhvern tíma í óskilgreindri framtíð að verða þess eðlis að það hafi eitthvert afl á þessu sviði en hv. þingmaður viðurkennir að það sé ekki raunsætt að líta til sambandsins í því samhengi, a.m.k. ekki að svo stöddu eða til skemmri tíma. Mér finnst áhugavert að heyra þetta frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni vegna þess að á undanförnum árum hafa ýmsir flokksfélagar hans talað á þann veg að þarna mætti finna einhverja lausn á breyttri stöðu Íslands í öryggis- og varnarmálum.

Varðandi þetta atriði eða framtíðarsýnina að þessu leyti þá nefndi ég áðan í umræðunni að mér sýnist hafa komið verulegir hikstar í þróunina í átt til dýpkunar á samstarfi Evrópusambandsríkjanna og til útvíkkunar á starfssviði þess um leið. Ég held að það sé með engu móti hægt að spá því eins og hv. þingmaður gerir að þróunin verði í þá veru, sem ýmsir stjórnmálamenn og embættismenn innan Evrópusambandsins vissulega vilja, að Evrópusambandið taki öryggis- og varnarmálin yfir. Ég á ekki von á því, ég held að þróunin verði í aðra átt.

Varðandi hitt atriðið verð ég að gera athugasemd við þau ummæli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar (Forseti hringir.) að stefna Samfylkingarinnar hafi verið skýr í þessum efnum og (Forseti hringir.) minni á að á flokksþingi 2005 reyndist (Forseti hringir.) flokknum ómögulegt að koma sér saman um niðurstöðu í þeim efnum.

(**Forseti** (JóhS): Ég vil biðja hv. þingmenn að virða ræðutímann.)

[15:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skoða þetta út frá þeirri þróun sem er innan Evrópusambandsins. Ég sagði alveg skýrt að ég teldi að í bráð væri staðan innan Evrópusambandsins þannig að það gæti ekki tryggt varnir Íslands. En hv. þingmaður má ekki gleyma því að við erum innan Atlantshafsbandalagsins og 5. gr. þess bandalagssamnings veitir okkur vörn. Hún segir að verði ráðist á eitt ríki sé það árás á þau öll. Við njótum sem sagt verndar Atlantshafsbandalagsins.

Hæstv. utanríkisráðherra hefur sagt það sjálfur að engir hernaðarváboðar séu í augsýn. Ég er því þeirrar skoðunar að innan tíu ára hafi Evrópusambandið breyst að því leyti til að það yrði kleift fyrir sambandið að veita okkur þá tryggingu sem á þarf að halda. Við yrðum samt innan Atlantshafsbandalagsins fram að því og eftir það og nytum eftir sem áður þeirrar verndar sem 5. gr. í stofnsamningi bandalagsins veitir okkur. Það ættu því ekki að vera hundrað í hættunni.

Ég tel að varnar- og öryggismálin séu aukin ástæða fyrir okkur til að skoða aðild að Evrópusambandinu. Það ásamt þeim sérkennilegu hræringum sem orðið hafa á stöðu íslensku myntarinnar ætti líka að vera önnur ástæða. Niðurstaða mín er sú að eins og tímarnir eru að þróast og eins og staðan er í dag séu komin upp ýmis atriði sem gera það að verkum að við ættum að skoða aðild að Evrópusambandinu miklu nánar en áður. Það er í fyrsta lagi staða krónunnar og nauðsyn okkar að taka upp evru hér á landi, ég tel að það sé ekki hægt nema við göngum í Evrópusambandið. Í öðru lagi eru það varnar- og öryggismálin. Ég tel að eftir tíu ár verði Evrópusambandið komið með sameiginlega varnarstefnu og nægilegt afl til þess að geta tryggt öryggi þjóðar eins og Íslendinga, sérstaklega miðað við þá stöðu sem er í okkar heimshluta. Í þriðja lagi tel ég að sú vernd sem við höfum af veru okkar í Atlantshafsbandalaginu hljóti að vera mikil trygging fyrir öryggi okkar ef í einhvers konar odda

skerst með ófyrirséðum hætti í dag.

[15:54]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er jafnósammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni varðandi evruna og ég er varðandi sýn hans á hvernig Evrópusambandið muni þróast hvað varðar öryggis- og varnarmál (Gripið fram í.) og að það verði eitthvert skjól fyrir okkur í öryggis- og varnarmálum að verða í framtíðinni aðilar að Evrópusambandinu. Ég held að það sé haldlítil trygging og ég tel raunar, bara til að nefna þetta með evruna, að það væri ekki bara gagnslaust til að leysa úr okkar málum á sviði efnahagsmála að verða aðilar að evrusamstarfinu heldur stórhættulegt á þeirri forsendu að ef við gengjum þá leið misstum við mikilvægt stjórntæki á sviði peningamála, yrðum háð sveiflum í efnahagslífi annars staðar, sem eru með margvíslegum hætti mjög ólíkar þeim sveiflum sem við búum við hér á landi. Ég held því að það yrði, bæði til skemmri og lengri tíma, mikið óráð fyrir okkur efnahagslega að gerast aðilar að evrusamstarfinu.

Varðandi öryggis- og varnarmálin þá nefndi ég það í fyrra andsvari mínu að ég hefði, eins og sjálfsagt fleiri, átt í vandræðum með að átta mig á hver stefna Samfylkingarinnar hefði verið í þessum efnum og hverjar áherslur hennar væru. Ég nefndi það fyrr í dag að mér þætti sú stefna hugsanlega vera að skýrast og ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. Össur Skarphéðinsson geti tekið undir það með mér að stefna Samfylkingarinnar í þessum efnum sé að skýrast og að hið langa óvissutímabil sem var varðandi afstöðu Samfylkingarinnar til öryggis- og varnarmála sé með einhverjum hætti að líða undir lok.

[15:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þrátt fyrir hina ágætu orða-akróbatík hv. þm. Birgis Ármannssonar sem klifar á því að stefna Samfylkingarinnar sé óljós í þessum efnum þá hefur hún legið fyrir sennilega fjögur síðustu ár. Það kann að vera rétt hjá hv. þingmanni að skömmu eftir stofnun Samfylkingarinnar hafi hún ekki verið með niðurneglda stefnu í þessum málum. En a.m.k. töluvert inn í það tímabil sem ég var formaður Samfylkingarinnar lá það alveg ljóst fyrir að Samfylkingin byggði á ferns konar stoðum í utanríkisstefnu sinni, aðild að Norðurlandaráði, Sameinuðu þjóðunum, Atlantshafsbandalaginu og um varnir og útfærslu tvíhliða samningsins. Þetta hefur legið alveg skýrt fyrir. Það sem hefur hins vegar vantað á að þetta hafi verið fullnægjandi er auðvitað sú staðreynd að utanríkisstefnu Sjálfstæðisflokksins hefur verið fylgt með þeim hætti (Gripið fram í.) að það hefur ekki tekist að ná útfærslu á tvíhliða samningnum. Hæstv. utanríkisráðherrum Sjálfstæðisflokksins og þar á undan Framsóknarflokksins mistókst í að tryggja samstarfið við Bandaríkin. Allt sem þeir hafa sagt um mikilvægi þess að hafa hér herþotur hefur hæstv. utanríkisráðherra étið ofan í sig, síðast í dag. Nú er engin nauðsyn á því. Allar þær bumbur sem barðar voru um nauðsyn þess að hafa ameríska herlið á Íslandi eru sprungnar, þær liggja eins og hráviði, brotnar úti í móa. Nú koma talsmenn Sjálfstæðisflokksins og segja án þess að blikna að það sé nægilegt að hafa, eins og mig minnir að hæstv. utanríkisráðherra hafi orðað það í morgun, „færanlegar flugsveitir". Er það virkilega svo að við eigum að láta það duga sem varnir að það séu hugsanlega einhverjar sveitir í Englandi eða Ameríku sem komi hingað stundum? Eigum við að fallast á að hér á landi verði einhvers konar fjórða flokks herstöð, þ.e. tóm hús og ein flaggstöng, og svo geti Ameríkanar komið þegar þeir vilja og þegar þeim hentar? Það finnst mér ekki sæmandi (Forseti hringir.) sjálfstæðri fullvalda þjóð.

[15:58]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir ágæta og yfirgripsmikla ræðu þar sem komið var að ýmsum stórum málum sem lúta að utanríkismálum og mig langar til að leggja orð í belg eftir því sem tími leyfir og ástæða er til að fara yfir af því fjölmarga sem hægt er að taka til umfjöllunar undir þessum lið.

Ég vil fyrst staðnæmast við þá stöðu sem uppi er í samningum við Bandaríkjamenn um dvöl erlends herliðs hér á landi. Það er mjög athyglisvert að það skuli hafa orðið niðurstaðan hjá Bandaríkjamönnum að taka einhliða ákvörðun um að kalla hersveitir sínar heim. Það er líka mjög athyglisvert sem fram kemur í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að í raun hafi engin hætta verið skilgreind hér á landi eftir að múrinn hrundi árið 1989 eða þegar Sovétríkin féllu saman tveimur árum síðar. Þetta er í raun og veru í samræmi við sjónarmið mín í þessum efnum, að eftir að þeir atburðir urðu sem ég nefndi þá hafi ekki verið neinar forsendur til að halda því fram að hér á landi væri nokkuð hættuástand sem kallaði á að við þyrftum að hafa erlent herlið hérlendis okkur til varnar.

Það er líka athyglisvert sem kemur fram í ræðu hæstv. utanríkisráðherra og alveg í samræmi við skoðanir mínar eða mat mitt, en hér kemur fram að eftir að þessir atburðir gerðust fyrir hálfum öðrum áratug þá stafi engin hætta af Rússlandi.

Ég vil rifja það upp að þegar Íslendingar féllust á að hér yrði erlent herlið skömmu eftir síðari heimsstyrjöld þá var það sammæli allra þeirra sem að því stóðu að íslenskur her yrði hér ekki á friðartímum. Ég hygg að almenn sátt hafi verið meðal þjóðarinnar um að hafa þann skilning á málinu að herinn væri hér okkur til varnar meðan ófriðlega horfði í okkar heimshluta og þegar það ástand hefði breyst og friðvænlegt væri orðið væri engin ástæða til að hafa her og hann ætti þá að fara. Miðað við þetta stöðumat er nú orðið ljóst, hálfum öðrum áratug eftir að þeir atburðir gerðust sem leiddu til þess að hingað kom her, að eðlilegt er að herinn fari og ég fagna því. Ég hef ætíð verið í hópi þeirra manna sem líta svo á að sjálfstæð þjóð eigi ekki að hafa erlendan her í sínu landi nema þegar aðstæður eru með þeim hætti að hún þurfi á því að halda til að verja sína hagsmuni. En það er að mínu mati hluti af sjálfstæði þjóðar að vera ekki með erlendar hersveitir í landinu jafnvel þó þær séu vinveittar.

Ég held að í þeirri stöðu sem við erum í núna þurfum við auðvitað að svara ákveðnum spurningum. Það liggur fyrir að það er ekki nein hætta sem að okkur steðjar og það er ekki ástæða til að hafa hér erlendan her og þá þurfa menn

að vita, eins og hæstv. ráðherra varpar fram í ræðu sinni, hvað telst fullnægjandi og æskilegur varnarviðbúnaður okkar vegna. Ég held að íslensk stjórnvöld eigi að kappkosta að svara því fyrir sitt leyti, marka sér ákveðna stefnu í þeim efnum þannig að við höfum sjálfstætt mat á því hvað við teljum nauðsynlegt að sé fyrir hendi og síðan geta þau unnið út frá þeirri stefnumörkun. Ég tel að aðild að NATO sé ef til vill fullnægjandi. Ég er að mörgu leyti sammála því sem fram kemur í ræðu hæstv. ráðherra þar sem hann lítur á NATO sem nokkurs konar vátryggingafélag og ég hygg að það megi færa sannfærandi rök fyrir því að aðildin að NATO ein og sér sé fullnægjandi til að tryggja hagsmuni okkar um þessar mundir.

Mig langar aðeins að drepa á eitt atriði sem tengist þessu sem hefur verið mikið til umræðu í fjölmiðlum en minna í þessari umræðu í dag en það eru áhrifin af brottför hersins á atvinnumál. Mig langar að draga fram nokkrar staðreyndir í þeim efnum til að benda á að áhrifin eru minni en ætla mætti og ekki ástæða til að menn fyllist miklum ótta um að alvarlegt ástand kunni að vera fram undan á Suðurnesjum þar sem af eðlilegum ástæðum hefur verið mest um störf á vegum hersins.

Í upphafi síðasta árs voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins um 640. Ef við skoðun þróun á Suðurnesjum á síðustu 6 árum, frá 1998–2004, þá hefur þeim sem starfa þar samkvæmt tölum Hagstofunnar fjölgað um 540 á þeim sex árum. Ég hygg að ég geti fullyrt að þeim hafi fjölgað á síðasta ári líka því það er mjög mikill þróttur í byggingarstarfsemi á Suðurnesjum eins og allir sjá sem þar keyra um, þar er verið að byggja gríðarlega mikið af íbúðum og verið að gera lóðir byggingarhæfar, þannig að það hefur verið mikil fjölgun á störfum á síðustu árum og svo líka hitt að Suðurnesin eru auðvitað hluti af vinnumarkaði höfuðborgarsvæðisins og um það bil helmingur þeirra sem starfa á vegum hersins eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu þannig að áhrifin á íbúafjölda á Suðurnesjum verða þá ekki nema í mesta lagi um það bil helmingurinn af þessum störfum ef allt fer á versta veg, um 300 störf sem eru þá ekki nema 3% eða 4% af heildarvinnuafli svæðisins.

Því til viðbótar vitum við að allmörg störf verða áfram við flugvöllinn þrátt fyrir að herinn fari þannig að ef við tökum tillit til allra þessara þátta og svo þess sem ég hygg að allir séu sammála um, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir aðgerðum til að koma til móts við hugsanlegan samdrátt í störfum þá held ég að sé engin ástæða til að hafa áhyggjur af atvinnumálum á Suðurnesjum á næstu árum. Þó hugsanlega kunni að vera eitthvað um skamman tíma þá á ég ekki von á því miðað við þessa tölu og það ástand sem er í dag í atvinnumálum.

Það væri meiri ástæða til að hafa áhyggjur af áhrifunum á atvinnumál á öðrum stöðum landsins þar sem umsvif hersins hafa verið, og þar er ég fyrst og fremst að tala um ratsjárstöðvarnar. Það hefur verið umtalsverður hlutur í fámennum byggðarlögum eins og í Bolungarvík, á Norðausturlandi og við Hornafjörð þannig að ég hygg að eðlilegt væri að ríkisstjórnin beitti aðgerðum til að koma til móts við samdrátt sem kann að verða á þeim stöðum því hann er ekki minni. Ég hygg að hlutfallslega sé hann meiri og jafnvel erfiðari fyrir þessi byggðarlög en það sem kann að verða á Suðurnesjum. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra af því að það komi ekki neitt fram í ræðu hans um framtíð ratsjárstöðvanna, hvernig staða þess máls er, hvort búið sé að ákveða að með brottför hersins verði þeim lokað eða hvort þær verði starfræktar áfram.

Ég vil taka undir áform um að Íslendingar bregðist við brottför hersins og þyrlusveita hans með því að koma sér upp eigin sveitum, öflugum þyrlusveitum sem geta þjónustað bæði land og mið, sem er full ástæða til. Við vitum að vísu að þetta mun kosta verulegt fé en við erum vel í stakk búin til að takast á við þann kostnað bæði stofnkostnað og rekstur. Við erum eitt af ríkustu þjóðfélögum veraldar og getum vel staðið að öryggismálum með myndarlegum hætti.

Mig langar að leggja áherslu á að ég tel nauðsynlegt að þyrlusveitin verði öflug, 3–4 þyrlur og að þær verði staðsettar um landið í samræmi við hlutverk þeirra þannig að það verði ævinlega þyrlur sem næst fiskiskipaflotanum eða siglandi umferð um landið þannig að sem styst sé að fara til að sækja veika og sjúka ef það þarf að gerast eða skipbrotsmenn og koma þeim til lands, til sjúkrahúss á höfuðborgarsvæðinu. Ég held að það væru skynsamleg áform að Landhelgisgæslunni með öflugri þyrlusveit væri dreift um landið í samræmi við þetta og hefði starfsstöðvar eða viðbragðsstöðvar, ekki bara hér á höfuðborgarsvæðinu heldur á Vestfjörðum og Norðurlandi. Þetta kunna að verða að einhverju leyti færanlegar starfsstöðvar eftir því hvernig staðsetningin er á flotanum og því sem á að fylgjast með en ég held að þetta væri nauðsynlegt til að veita gott öryggi.

Virðulegi forseti. Það væri ástæða til að fara yfir margt fleira. Ég tek eftir því að hæstv. ráðherra víkur ekkert að aðildinni að Evrópusambandinu sem er auðvitað eitt af stóru pólitísku viðfangsefnunum í utanríkismálum og hefði auðvitað verið ástæða til að fara yfir stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim efnum en út af fyrir sig skil ég það sem svo að stefnan sé skýr hvað það varðar. Það eru ekki nein áform um að sækja um aðild að Evrópusambandinu og ég er sammála þeirri stefnu og tel að við ættum ekki að huga neitt að því á næstunni. Það er ekkert sem kallar á að við þurfum að fara þar inn fyrir dyr til að tryggja hagsmuni okkar. Þvert á móti hygg ég að hagsmunum okkar sé líklega betur borgið utan Evrópusambandsins. Það væri þá frekar viðfangsefni til að velta fyrir sér á komandi árum hvort við ættum að vera áfram aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu eða ganga úr því og standa algerlega utan við.

Ég vil nefna Íraksmálið aðeins sem er örlítið drepið á í ræðu hæstv. utanríkisráðherra. en ráðherrann dregur fram stöðuna eins og hún er í dag. Þar hefur ekki náðst að mynda ríkisstjórn, ofbeldisverk, mannrán og dráp eru daglegt brauð og það má segja að borgarastyrjöld sé í landinu sem er auðvitað afleiðing af innrásinni. Innrásin var mikil mistök sem Bandaríkjamenn og Bretar hefðu ekki átt að standa að og hefðu betur fylgt þeim alþjóðlegu leikreglum sem þeir hafa undirgengist og að sumu leyti haft forgöngu um að koma á fót eftir síðari heimsstyrjöldina. Ef þeim hefði borið gæfa til að fylgja þeim reglum sem þjóðir heims hafa komið sér saman um og er að finna í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna þá hefðu menn ekki anað út í þetta vanhugsaða stríð sem því miður hefur ekki skilað neinum árangri til

góðs fyrir einn eða neinn. Það má segja eins og ég held að Hans Blix hafi nefnt að hið eina jákvæða væri kannski að Hussein er ekki lengur við völd en það er ansi miklu kostað til að koma honum frá. Tugir þúsunda manna látnir og þar að auki hermenn og ég held að það sé gjald sem menn séu ekki tilbúnir til að halda fram að hafi réttlætt þá aðgerð. Þetta ætti að vera mönnum lexía í þeim efnum að skynsamlegt sé að beita sér fyrir því að þjóðir heims fari að alþjóðareglum sem þær hafa komið sér saman um. Íslendingar eiga ekki að vera í því hlutverki að styðja við bakið á þjóðum sem brjótast út úr þeim leikreglum og veita þeim pólitíska og siðferðilegan stuðning í þeim efnum. Þvert á móti. Við eigum að vera í hópi þeirra þjóða sem ævinlega hvetja þjóðir heims, sérstaklega herveldin, til að virða þær leikreglur sem settar hafa verið því það er okkar öryggistæki fyrst og fremst að fá herveldi samtímans til að fallast á leikreglur í alþjóðasamskiptum og virða þær. Það er afleitt þegar ýtt er undir að einstök ríki eins og Bandaríkin komist upp með að sniðganga þessar reglur og endurskilgreina mikilvæg hugtök í alþjóðasáttmálum eins og varðandi stríðsglæpamenn og annað slíkt sem Bandaríkjamenn hafa gert og er þeim satt að segja til verulegrar skammar svo ég víki kannski aðeins að því sem nærtækast er að minnast á, þ.e. fangelsið í Guantanamó og allt sem því fylgir.

Virðulegi forseti. Tími minn er búinn að sinni þannig að ég læt umfjöllun minni lokið. Það er af svo mörgu að taka og því er margt ósagt í þessu en ég læt staðar numið.

[16:13]

Útbýting:

Áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa, 741. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1077.

Hrefnuveiði, 772. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 1134.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 730. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1066.

Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 731. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1067.

Sauðfjárveikivarnir, 654. mál, svar landbrh., þskj. 1135.

Stjórn fiskveiða, 353. mál, þskj. 1124.

[16:14]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum skýrslu hæstv. utanríkisráðherra Geirs H. Haardes um utanríkismál sem hann flutti þinginu í morgun. Ég verð að segja í upphafi máls míns að það olli mér þó nokkrum vonbrigðum að hæstv. utanríkisráðherra var í umræðunni fyrr í dag hvergi fús til að viðurkenna það að innrásin í Írak hefði verið mistök, hefði verið röng ákvörðun á sínum tíma. Mér þykir það mjög miður því að ég hygg að allir sem líta um öxl og skoða þessi mál af réttsýni og yfirvegun hljóti að sjá að þetta voru mikil og mjög afdrifarík mistök. Þessi innrás hefði aldrei átt að verða. Mig langar að minna á að við í Frjálslynda flokknum vöruðum allt frá upphafi mjög við því að farið yrði í þessa innrás. Við sendum ítrekað frá okkur sterk varnaðarorð í aðdraganda innrásarinnar. Ég man eftir því að þá nótt sem innrásin hófst sendum við frá okkur yfirlýsingu til allra fjölmiðla þar sem við hörmuðum að til þessara aðgerða hefði verið gripið. Allar götur síðan höfum við mótmælt þessari innrás, andmælt henni af fullum krafti, enda hefur hún leitt af sér ólýsanlegar hörmungar fyrir tugþúsundir, jafnvel hundruð þúsunda saklauss fólks, bæði íbúa í Írak en einnig fólks í Bandaríkjunum sem misst hefur ástvini sína, hermenn. Fjöldi manns, tugir þúsunda, hundruð þúsunda, hefur þurft að sæta limlestingum og öðrum þjáningum af völdum þessa vanhugsaða atburðar og við sjáum engan veginn fyrir endann á þeirri atburðarás sem hrundið var af stað með þessu voðaverki sem hófst í mars árið 2003.

Það er alveg rétt sem komið hefur fram hjá mörgum ræðumönnum á undan mér að ástandið í Írak núna er í rauninni ekkert annað en borgarastyrjöld. Þetta var neisti sem kveikti í mikilli púðurtunnu, hleypti af stað atburðarás sem nánast hefur verið stjórnlaus síðan. Ég minni á að Hans Blix var í viðtali í Kastljósi í gærkvöldi og mér fannst hann lýsa því ákaflega vel hverjar afleiðingarnar hefðu orðið. Hann lýsti því líka ákaflega vel hvernig þetta fór allt af stað og hvernig menn voru í raun og veru búnir að missa tökin á ástandinu löngu áður en innrásin hófst. Málin hefðu þróast með þeim hætti að það var nánast orðið ómögulegt að koma í veg fyrir innrásina mörgum vikum áður en hún fór af stað. Hernaðarvélin var byrjuð að mala og þegar hún var komin á fulla ferð var hún nánast orðin óstöðvandi. Því fór sem fór en þetta hefði aldrei þurft að verða.

Að sjálfsögðu erum við öll sammála um að Saddam Hussein var harðstjóri en ég get ekki tekið undir það, virðulegi forseti, og mun aldrei geta tekið undir það að réttlætanlegt hafi verið að fórna svona mörgum mannslífum, að leiða svona miklar þjáningar yfir fjölda saklauss fólks fyrir það að losna við þá ríkisstjórn sem var í Írak. Þarna er verið að greiða allt of háu verði fyrir það litla sem áunnist hefur.

Hæstv. utanríkisráðherra notaði annars mikið af tíma sínum til að ræða einkum um tvennt, viðskiptatækifæri og möguleika Íslendinga í Asíu og síðan ástandið sem upp er komið í varnarmálum íslensku þjóðarinnar. Ég kom upp í andsvör áðan og minnti á að við í Frjálslynda flokknum hefðum bent á það fyrir nokkrum árum, þ.e. sumarið 2003, að við Íslendingar þyrftum að hugsa varnarmálin upp á nýtt. Þá hafði kvisast að Bandaríkjamenn hefðu greint íslenskum stjórnvöldum frá því rétt fyrir kosningarnar í maí 2003 að þeir hygðust fara héðan af landi brott með flugvélar sínar, herþotur. Þjóðinni var ekki sagt frá þessu fyrr en eftir alþingiskosningarnar. Af hverju var það gert? getur maður svo sem spurt. Það er stjórnvalda að svara fyrir það, en við fengum ekki að vita það fyrr en sumarið 2003 að þetta væri raunin. Við í Frjálslynda flokknum mynduðum okkur strax skoðun á því hvaða stefnu bæri að taka. Ég greindi til að mynda frá því í útvarpserindi, sem ég flutti í fréttaþættinum Speglinum í ágúst árið 2003, hverjar skoðanir mínar væru í þessu máli. Þar benti ég á að við værum í NATO og við værum þar fullgild þjóð og ættum að sjálfsögðu að leita leiða til að ná fram samstarfi við aðrar NATO-þjóðir ef það væri svo að Bandaríkjamenn væru að fara. Mér finnst íslenska ríkisstjórnin á margan hátt allt of íhaldssöm við að velta upp nýjum möguleikum og nýjum lausnum á þeim vanda sem við stöndum nú frammi fyrir. Mér finnst íslensk stjórnvöld hafa bundið trúss sitt allt of lengi og allt of fast við hala Bandaríkjamanna. Við sjáum núna að það hefur heldur betur verið að binda ráð sitt við

refshala að hengja sig aftan í þá, því að sú ríkisstjórn sem nú er í Bandaríkjunum og hefur verið um nokkurra ára skeið er alls ekki góð stjórn og það er alls ekki góður félagsskapur að vera í slagtogi með þeim slánum sem þar ráða nú ferðinni. Það verður bara að segjast alveg eins og það er, virðulegi forseti.

Ég talaði um það áðan að áherslur í varnarmálum margra nágrannaþjóða okkar væru að breytast og benti á að það er kannski ekki alveg rétt að aðrar Evrópuþjóðir innan NATO séu svo vanmáttugar að þær hafi hugsanlega ekki áhuga á að efna til einhvers konar samstarfs við okkur Íslendinga. Nú er ég alls ekki að segja að það sé nauðsynlegt að kópera það varnarsamstarf sem við höfum verið í við Bandaríkin og að þær áherslur sem Bandaríkjamenn hafa haft hér í hersetu sinni, fjórar orrustuþotur, til langs tíma einnig kafbátaleitarflugvélar, ratsjárstöðvar, hlustunarstöðvar fyrir kafbátaumferð og annað þess háttar, séu endilega þær sem henta mundu Evrópuþjóðum NATO. Að sjálfsögðu yrðu áherslurnar að einhverju leyti öðruvísi. Það þarf ekki að vera neitt slæmt í sjálfu sér þó að svo sé.

Ég hef um nokkurt skeið fylgst mjög grannt með frændum okkar í austurvegi, þ.e. Norðmönnum, og hvað þeir hafa verið að gera. Það er mjög áhugavert að fylgjast með því og í aðra röndina dáist ég að dugnaði þeirra og framsýni í þessum málum. Ég greip með mér tvær þykkar skýrslur sem komu út nýverið, norskar skýrslur um þá möguleika og í raun og veru þær áætlanir sem Norðmenn hafa á þeim svæðum sem þeir kalla norðursvæði, þ.e. Norðurhöfin. Þetta eru skýrslur sem voru unnar á vegum norska utanríkisráðuneytisins og það er hægt að nálgast þær á netinu. Þeir hafa kallað saman hóp bestu sérfræðinga sinna til að fara yfir hvaða áskoranir bíða þeirra á norðursvæðunum en einnig hvaða möguleikar eru fyrir hendi í framtíðinni. Ég hef sagt það áður að mér finnst íslensk stjórnvöld vera allt of blind á norðursvæðin og þá möguleika sem felast í þeim. Við erum allt of upptekin af því að horfa til austurs og vesturs en gerum allt of lítið af því að gá til norðurs. Mér finnst að þar mættu íslensk stjórnvöld og utanríkisráðuneytið sérstaklega leggja miklu meiri áherslu á sín störf.

Sú staða sem nú er komin upp í varnarmálunum er að sjálfsögðu erfið. Þetta er mikil áskorun og þetta er á vissan hátt vandi sem við stöndum frammi fyrir en bæði áskoranir og vandamál kalla á lausnir. Þetta kallar á það að við Íslendingar sýnum ákveðna djörfung og hugmyndaauðgi. Þetta kallar á það að við öll, ekki endilega ríkisstjórnarflokkarnir heldur allir stjórnmálaflokkar, séum reiðubúin til að velta upp nýjum möguleikum og hugsa nýjar lausnir í þessum málum, að við séum ekki um of bundin á klafa íhaldssemi, að við séum ekki um of menguð af hugsunarhætti kalda stríðsins, heldur reynum að losa okkur frá þessu öllu saman og sjáum hvaða möguleika við höfum í framtíðinni. Ég er alveg sannfærður um það, virðulegi forseti, að hin landfræðilega lega Íslands gerir það að verkum að við skiptum ekkert minna máli nú en til að mynda á árum seinni heimsstyrjaldarinnar þegar Ísland var miðstöð varna, bæði á sjó og í lofti, var miðstöð fyrir skipaumferð yfir Norður-Atlantshafið á milli Norður-Ameríku og Evrópu en líka á milli Evrópu og Norðvestur-Rússlands, Norður-Ameríku og Norðvestur-Rússlands. Ísland hefur ekkert færst til á hnettinum. Lítum aðeins á það sem er að gerast núna. Hvað er að gerast norður af okkur? Jú, við vitum að það er að hefjast hlýskeið. Við getum deilt um ástæður þess að þetta hlýskeið er að hefjast en ég held að enginn velkist í vafa um það í dag að nýtt hlýskeið er að renna upp. Ísinn í Norðurhöfum er að hopa. Þetta veitir marga möguleika.

Í Barentshafi er að hefjast umfangsmikil olíuvinnsla og gasvinnsla, t.d. á mjallhvítarsvæðinu sem er norður af Hammerfest í Finnmörku í Norður-Noregi. Rússar eru einnig að hefja mikla olíuvinnslu og gasvinnslu austar í Barentshafi, austur við Novaja Zemlja og austur af Hvítahafi undan ströndum Síberíu. Mikilvægustu markaðir þessara þjóða fyrir olíu og gas eru í Norður-Ameríku, í Kanada og Bandaríkjunum og jafnvel sunnar, í Suður-Ameríku. Það er alveg ljóst að til að koma þessum náttúruafurðum á markaði, þ.e. olíu og gasi, þá mun siglingaleiðin fram hjá Íslandi skipta mjög miklu máli. Ég hygg, virðulegi forseti, að bara þetta eitt og sér hljóti að gefa mikla möguleika fyrir okkur Íslendinga, ekki síst í varnar- og öryggismálum en líka ákveðin viðskiptatækifæri. Þarna verðum við að vera á verðinum.

Ég hef talað um að Norðmenn séu á margan hátt mjög framsýnir í þessum efnum. Ég nefndi það áðan í andsvari að Norðmenn væru núna nánast að byggja upp nýjan flota. Það er alls ekki orðum aukið að segja það. Í gær fengu þeir afhenta fyrstu freigátuna af fimm. Freigátan Fridtjof Nansen var afhent frá skipasmíðastöð á Spáni, mjög öflugt og stórglæsilegt skip, 133 metrar á lengd, 17 metrar á breidd og 5.300 tonn, skip sem getur borið þyrlu og er sérhannað til að vera í Norðurhöfum. Þetta er einungis fyrsta skipið af fimm. Árið 2009 á að vera búið að afhenda öll þessi skip.

Norðmenn ætla líka að kaupa sex nýja tundurskeytabáta, sex nýja kafbáta, sex tundurduflaslæðara og 14 þyrlur. Þetta eru innkaup sem eiga að eiga sér stað fram til ársins 2010. Þegar þessar fjárfestingar eru að baki, auk mikilla fjárfestinga sem þeir hafa lagt í á örfáum undanförnum árum við að byggja upp flota sinn með strandgæsluskipum. Norski strandgæsluflotinn er mjög öflugur í dag, stórglæsilegur. Þegar þessum fjárfestingum verður lokið verða Norðmenn komnir með einn öflugasta flotann í Norður-Atlantshafi. Hvers vegna skyldu Norðmenn gera þetta? Þeir eru óvitlausir, þeir sjá fram í tímann. Við Íslendingar hugsum í örfáum árum, þeir hugsa yfirleitt í áratugum. Þeir vita nefnilega, gera sér fulla grein fyrir því að varnar- og öryggishagsmunir þeirra liggja á hafinu. Það eru siglingaleiðirnar, olíuvinnslan og fiskimiðin sem þeir munu þurfa að verja í framtíðinni. Það er alveg augljóst þegar maður les þær skýrslur sem hafa verið skrifaðar af norska utanríkisráðuneytinu að það sem Norðmenn leggja mesta áherslu á í framtíðinni varðandi norðursvæðin eru annars vegar pólitískur stöðugleiki, þ.e. öryggis- og varnarmál og sjálfbær þróun, sjálfbær nýting náttúruauðlinda. Það er þetta tvennt sem þeir horfa fyrst og fremst til. Hinar miklu fjárfestingar í nýjum norskum flota, mjög öflugum flota, eru að sjálfsögðu réttlættar með þessu.

Ég er sannfærður um það, virðulegi forseti, að sú nýja staða sem nú kemur upp þegar Bandaríkjamenn fara frá Íslandi mun bjóða upp á möguleika til aukins samstarfs til að mynda við Norðmenn. Við eigum að skoða það með opnum

huga að leita einmitt þeirra leiða að athuga hvort þeir séu ekki reiðubúnir til að eiga við okkur samstarf sem væri þá innan ramma NATO. Við getum t.d. boðið þeim upp á ýmsa aðstöðu. Við erum með flugvelli, við erum með hafnir. Þeir hafa mikilla hagsmuna að gæta á hafinu austur af okkur, þeir hafa líka mikilla hagsmuna að gæta á hafinu norður af okkur. Aðrar þjóðir sem nefna má til leiks eru að sjálfsögðu Danmörk, Færeyjar og Grænland. Það þarf ekki að nefna meira. Þeir eru nú þegar eins og gráir kettir í Reykjavíkurhöfn og er ekkert nema gott eitt um það að segja.

Virðulegi forseti. Tími minn er á þrotum. Heilt á litið hef ég ekki miklar áhyggjur af framtíð okkar í öryggis- og varnarmálum. Við eigum að sjálfsögðu að vera áfram í NATO, þar erum við fullgildir meðlimir. Ég er sannfærður um að við munum finna lausn á þeim vanda sem nú hefur steðjað að okkur um skamma hríð.

[16:30]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég fjallaði í fyrri ræðu minni um skýrslu hæstv. utanríkisráðherra vítt og breitt, vakti athygli á þeim mikla samhljóm sem er í málflutningi hæstv. ráðherra við öfgafulla stefnu Bandaríkjastjórnar, núverandi stjórnar Georges Bush og tók nokkur dæmi þar að lútandi, afstöðuna til mannréttindabrota, afstöðuna til Miðausturlanda, Palestínu, Írans, Íraks og áfram mætti telja. Ég sýndi fram á hve vafasamt það væri að binda sig við fortíðina. Ég get í sjálfu sér tekið undir með hæstv. utanríkisráðherra í því efni því að hann veltir því fyrir sér í upphafi máls síns hvort ef til vill sé kominn tími til að hætta sífelldum tilvísunum í fyrri tíma en hann gerir það engu að síður sjálfur þegar hann fer að velta vöngum yfir framtíðaráformum. Sannast sagna hefur mér þótt menn ganga nokkuð langt í þeim efnum og fulltrúar annarra flokka en Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa fyrst og fremst litið til NATO um varnir Íslands. Menn hafa deilt um til hvaða NATO-ríkis eigi að horfa, hvort eigi að fara línuleið hæstv. utanríkisráðherra og ríkisstjórnarinnar, a.m.k. utanríkisráðherra. Hæstv. forsætisráðherra hefur haft aðrar áherslur, en utanríkisráðherra hefur viljað horfa til tvíhliða samnings við Bandaríkin en aðrir hafa horft til NATO-ríkjanna. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum hins vegar hvatt til þess að málin verði skoðuð á alveg nýjum forsendum og hvort heppilegra gæti verið að tryggja öryggishagsmuni Íslands utan hernaðarbandalaga. Við erum reyndar eindregið á þeirri skoðun og teljum að á þessum tímamótum eigi menn að opna hugann og hyggja að því hvort þetta gæti verið ráðlegur kostur.

Hluti af hinu liðna er náttúrlega tal um fyrirhyggju eða fyrirhyggjuleysi. Ég ætla ekki að fara að velta mér upp úr því þótt ríkisstjórnin hafi óumdeilanlega sýnt mikið fyrirhyggjuleysi. Hún hefur ekki svarað kalli okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem aftur og ítrekað höfum flutt þingmál á Alþingi þar sem við höfum hvatt til þess að við værum undirbúin nákvæmlega undir það sem nú er að gerast og var fyrirsjáanlegt allar götur frá því í byrjun 10. áratugarins en þá lauk hinu kalda stríði. Við höfum sýnt fram á það í þingmálum okkar hvernig þróunin hefur verið. Stöðugt hefur verið dregið úr viðbúnaði Bandaríkjamanna á Miðnesheiði og fólki fækkað. Ég ætla ekki að gera þetta í sjálfu sér að umræðuefni nú en minna á áhersluþætti sem við höfum vakið máls á. Þeir lúta að fólkinu, þeir lúta að landinu, þeir lúta að verkefnum sem þarf að sinna og ég ætla að víkja örlítið að þeim þáttum.

Varðandi fólkið er að sjálfsögðu mikilvægast að sjá til þess að aðstæður skapist fyrir blómlegt atvinnulíf á Suðurnesjum. Reyndar er það svo að þrátt fyrir mikla fækkun hjá Bandaríkjaher á undanförnum árum sem hefur verið umtalsverð — íslenskir starfsmenn voru í byrjun tíunda áratugarins yfir 1000, voru í ársbyrjun 2005 komnir niður í 674 — hefur það ekki leitt til atvinnuleysis. Í greinargerð með þingmáli okkar segir, með leyfi forseta:

„Þannig nam fækkunin á tímabilinu 30. apríl 2003 til 31. desember 2004 a.m.k. 535 störfum. Í því sambandi er afar eftirtektarvert að þessa sér ekki eins stórlega stað og ætla mætti í atvinnuleysistölum á Suðurnesjum án þess að lítið sé gert úr þeim vanda sem þetta hefur skapað, sérstaklega fyrir viðkomandi einstaklinga og fjölskyldur."

Að sjálfsögðu er það fyrst og fremst í tengslum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Hún og þjónustustarfsemi sem henni tengist hefur verið að blása út þar sem fólk hefur fengið atvinnu og er það vel.

Annað sem snýr að starfsmönnum eru starfslokin hjá Bandaríkjaher. Tryggja þarf að haldið sé utan um hagsmuni starfsmanna og einkum þeirra sem ekki fá störf. Þar þarf að ganga fram með kröfur um biðlaun, að starfsmönnum verði greitt fé sem þeir nýti til að laga sig að nýjum aðstæðum. Þetta er áhersluatriði sem við höfum viljað brýna fyrir stjórnvöldum.

Síðan er það landið. Mikla mengun er að finna á þessu svæði og hvarvetna þar sem Bandaríkjamenn hafa verið með herstöðvar hér á landi. Hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, einkum hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, ítrekað vakið máls á þessu og m.a. flutt tillögur til þingsályktunar. Sú síðasta er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta fara fram rannsókn á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu og hernaðarumsvifa á Íslandi og hættum sem eru núverandi hernaðarumsvifum samfara. Einnig verði gerð úttekt á lagalegum álitaefnum þessu tengdum.

Rannsókn beinist sérstaklega að eftirfarandi þáttum:

1. grunnvatnsmengun,
2. jarðvegsmengun,
3. frágangi spilliefna og sorphauga,
4. umhverfishættu sem stafar af núverandi hernaðarumsvifum,
5. réttarfarslegum hliðum málsins varðandi skaðabótaskyldu erlendra og/eða íslenskra stjórnvalda gagnvart landeigendum í þeim tilfellum sem mengun hefur orðið og skyldu þeirra til að hreinsa menguð svæði.

Jafnframt verði reynt að áætla kostnað við hreinsun þeirra svæða sem mengast hafa."

Þetta er úr þingsályktunartillögu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti á 130. löggjafarþingi.

Dæmin hræða bæði hvað varðar jarðvegs- og grunnvatnsmengunina og einnig varðandi réttarfarslegu hliðina. Það er atriði sem ástæða er til að skoða núna í ljósi þess

sem fram undan er. Bændur fyrir austan í grennd við Heiðarfjall, þar sem Bandaríkjamenn ráku herstöð allar götur frá því á sjötta áratugnum þar til henni var lokað í byrjun þess áttunda, hafa árangurslaust reynt að leita réttar síns gagnvart Bandaríkjunum og Bandaríkjaher og ekki fengið nokkra einustu aðstoð frá íslenskum stjórnvöldum. Meðal annars hefur verið leitað til dómstóla í því efni og í báðum tilvikum sem leitað var til dómstólanna var málunum vísað frá, bæði 1997 og 2001, en Hæstiréttur vísaði málinu frá *dómi vegna þess að íslenskir dómstólar hefðu ekki lögsögu* í málinu. Hér vísa ég í ræðu þáverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni á sínum tíma. Þarna er talað um réttarfarslegar flækjur og á þeirri forsendu hafi málinu verið vísað frá. Þetta er atriði sem íslensk stjórnvöld þurfa núna að fara rækilega í saumana á í aðdraganda þess að samið verður við Bandaríkjamenn um brottför hersins. Þetta sýnir náttúrlega þá fyrirhyggju sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sýndi og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur jafnan sýnt í þessu máli. Við höfum *viljað undirbúa það sem í vændum var og vera reiðubúin til* að takast á við þau verkefni sem núna blasa við. Þetta er annar þátturinn. Fyrsti laut að fólkinu, þessi laut að landinu, en síðan eru það verkefnin.

Við þurfum að takast á við mörg verkefni á komandi árum, sitthvað sem lýtur að öryggi þjóðarinnar, björgunarstarfi og öðru slíku sem bandarískt herinn hefur sinnt að hluta til. Þetta eru atriði sem við þurfum að sjálfsögðu að hyggja að og þá hvernig við eflum starfsemi sem þessu tengjast. Ég vil vísa í því sambandi í nýja samþykkt Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna en þeir héldu 11. *þing sitt ekki alls fyrir löngu en þar segir m.a.*, með leyfi forseta:

„Til að geta brugðist við þeim hættum sem steðjað geta að samfélagi okkar er algjörlega nauðsynlegt að hafa stór, öflug og vel þjálfuð slökkvilið, (björgunarlið) sérstaklega í ljósi breytinga á vörnum landsins. Kjölfestan í bráðaþjónustu við samfélagið er í slökkviliðunum. Það er því nauðsynlegra nú, við breyttar aðstæður í varnarmálum þjóðarinnar, en nokkru sinni áður að efla og stækka slökkviliðin hér á suðvesturhorninu."

Þetta segir í ályktun 11. þings Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna en það var haldið fyrir fáeinum dögum.

Mér finnst sérstök ástæða til að vekja athygli á þessu nú í tengslum við þá yfirlýsingu hæstv. utanríkisráðherra að hann eigi sér þá draumsýn að Keflavíkurflugvöllur verði einkavæddur. Ég hefði haldið að menn stefndu í gagnstæða átt hvað þetta varðar og tækju öll þau frumvörp og allar þær hugmyndir sem snúa að því að einkavæða og markaðsvæða grundvallaröryggisþjónustu í landinu, hvort sem það er landhelgisgæsla, það hafa verið áform um að einkavæða hana eða hlutafélagavæða. Það hefur verið talað um — nú *er dottið úr huga mér hvaða önnur áform voru uppi.* Það var Landhelgisgæslan og það er núna Keflavíkurflugvöllur og ef ég hef það rétt eftir mun hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hafa viðrað þá hugmynd í ræðu í Reykjanesbæ nýlega að hann sæi þann möguleika fyrir sér að slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli yrði hugsanlega rekið eða sæi það fyrir sér sem hluta af Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. Sem sagt, menn eru á þeim buxum að taka þessa grundvallaröryggisþjónustu og setja hana út á markað. Þetta finnst mér alveg fráleitt og sýna alveg fádæma fyrirhyggjuleysi.

Það er ýmislegt annað náttúrlega sem lýtur að þessum skiptum. Hverjir eru eignaraðilar að flugvellinum og mannvirkjum á Keflavíkurflugvelli? Þarna er margt mjög óljóst. Sumt er í eigu Bandaríkjanna, annað í eigu Atlantshafsbandalagsins, NATO, og síðan er annað og væntanlega *landið í eigu Íslendinga, en hverra?* Hvað á ríkið? Hvað eiga sveitarfélög? Hvað heyrir til einstaklinga hugsanlega? Allt eru þetta þættir sem þarf að kortleggja. Við lögðum til að í stað þess að vísa öllum þessum þáttum til utanríkismálanefndar á óljósan hátt eins og gert hefur verið, verði skipuð þverpólitísk nefnd til að fara yfir þessa praktísku þætti málsins sem lúta að viðskilnaði hersins vegna mannahaldsins, vegna landsins, mengunar og annars slíks, vegna eignarhalds á landinu og vegna ýmissa verkefna sem óhjákvæmilega færast yfir á íslenskar hendur. Um þetta fluttum við þingmál og eigum enn eftir að fá því svarað hvers *vegna ríkisstjórnin bregst ekki jákvætt* við þeim tillögum okkar um þverpólitískt samstarf að þessum málum.

[16:45]

Útbýting:

Kostnaður við rannsókn Baugsmálsins, 641. mál, svar dómsmrh., þskj. 1136.

Skattaumhverfi íslenskra kaupskipaútgerða og farmanna, 724. mál, þáltill. KLM og GAK, þskj. 1060.

[16:45]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Eins og vænta má hefur víða verið komið við í þeirri umræðu sem nú er að ljúka. Það er í samræmi við uppleggið í ræðu minni að meginumræðuefni þessarar reglubundnu umræðu um utanríkismál hefur verið staðan í varnar- og öryggismálum þjóðarinnar í kjölfar nýjustu tíðinda um varnarsamstarfið við Bandaríkin. Þar er vissulega margs að gæta og að mörgu að hyggja eins og fram hefur komið í dag.

Eitt atriðið í þeim efnum eru atvinnumálin á Suðurnesjum. Þau eru náttúrlega sérmál sem ég tel að okkar efna*hagslíf og hagkerfi muni fyllilega ráða* við að leysa úr, eins og fram kom m.a. hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni hér áðan, þó það kunni að taka einhvern tíma að leiða þau mál öll til lykta. Hér er ákveðið aðlögunartímabil á ferðinni en það er líka mjög mikilvægt að staðið verði þannig að þeim málum að sérhæfður starfskraftur glatist ekki og það verði hægt að ganga frá ráðningarmálum manna sem fyrst um leið og þessi mál skýrast öll.

Margt er hins vegar enn óljóst í þessum efnum og mun ekki skýrast fyrr en nánar liggur fyrir hvernig varnarsamstarfinu sjálfu verður fyrir komið í framtíðinni. Það er *einmitt um það sem viðræðurnar milli Íslands og Bandaríkjanna snúast en þær munu halda áfram eftir fáar vikur* eins og fram hefur komið af minni hálfu. Eitt af því sem er óljóst í því efni, sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi og ég hygg að fleiri hafi drepið á, er spurningin um ratsjárstöðvarnar. Það er auðvitað mjög mikilvægt mál.

Bandaríkjamenn kosta reksturinn á þessum stöðvum. Þær eru mikilvægur hluti af loftvarnaeftirliti á Norður-Atlantshafi í þágu Bandaríkjanna, Íslands og annarra bandalagsþjóða en þær skipta reyndar líka miklu máli fyrir okkar flugumferðarsvæði vegna þess að þær gera kleift að reka það með hagkvæmari hætti en ella væri. Það er minna bil á milli flugvéla, þær geta farið tíðar um o.s.frv. sem skiptir máli í rekstrinum á flugumsjónarsvæðinu okkar. Því miður er ekki alveg ljóst hvernig þessu máli verður fyrir komið til framtíðar en ég tek undir að það er mjög brýnt að fá botn í það mál og við erum að vinna í því að reyna að fá svör og komast að niðurstöðu um þessar stöðvar.

Ég vil hins vegar segja það varðandi sjálfan varnarþáttinn í þessu að mér finnst það hafa komið fram í þessari umræðu, og mér finnst það mjög mikilvægt, að þrátt fyrir allt virðist svo vera að hægt sé að ná samstöðu um tvö grundvallaratriði milli þriggja stjórnmálaflokka á Alþingi. Fjórði stjórnmálaflokkurinn hefur jafnframt lagt á það mikla áherslu í þeirri umræðu að aðgreina sig frá þeirri samstöðu, vill ekki vera með í henni. Það er að mörgu leyti alveg rökrétt og í samræmi við það sem áður hefur komið fram um þessi mál, ekki bara núna þessa dagana heldur um langa hríð. En þessi tvö atriði sem flokkarnir þrír virðast vera alveg sammála um eru aðildin að Atlantshafsbandalaginu og það að halda eigi áfram varnarsamstarfi við Bandaríkin á grundvelli varnarsamningsins frá 1951. Mér finnst það mjög mikilvægt að Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Samfylking virðast vera sammála um og enginn hefur kannski undirstrikað það betur en hv. þm. Ögmundur Jónasson í áhuga sínum og ákafa við að draga fram sérstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Reyndar vil ég bæta því við að ég heyri ekki betur en Frjálslyndi flokkurinn sé sama sinnis og stærri flokkarnir þrír hvað þetta varðar. Þetta er náttúrlega mikilvægt.

Hins vegar verður síðan að láta á það reyna, og það er það sem varnarviðræðurnar snúast um, með hvaða hætti fyrirkomulag þessara mála verður í framtíðinni. Um það snúast viðræðurnar.

Ég vil þá aftur víkja að því sem ég gat um hér í andsvari fyrr í dag. Ég tel að það hafi verið snúið út úr ummælum mínum á þann veg að ég hafi sagt að Íslendingar ætluðu að láta Bandaríkjamönnum eftir allt mat á varnarþörf hér vegna þess að við hefðum ekki sérfræðiþekkingu í þeim efnum. Ég sagði að við gætum ekki gert hernaðarlegar varnaráætlanir vegna þess að við hefðum ekki sérfræðiþekkingu hvað það varðar. Það er málefni sem herforingjunum er alls staðar látið eftir, það er sjálft varnarskipulagið sem byggist svo auðvitað á pólitískum forsendum sem m.a. við setjum. (Gripið fram í.) Bókagjöfin skiptir engu máli í þessu sambandi og það er nú eiginlega ótrúleg tilviljun að þessar bækur, sem löngu var búið að ákveða að gefa, skuli hafa verið afhentar í gær. Ég saknaði þess reyndar að sjá engan fulltrúa frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði við það tækifæri en það er kannski hægt að bæta úr því með því að Vinstri hreyfingin bregði sér í Þjóðarbókhlöðuna.

Í alvöru talað, virðulegi forseti, þá er náttúrlega mikilvægt að það er upplýst að í grunninn eru stóru flokkarnir þrír sammála um gömlu forsendurnar í þessu máli, þ.e. aðildina að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið við Bandaríkin. Hitt er úrvinnsluatriði sem nú er upp komið, hvernig við getum tryggt hér fullnægjandi varnir eða varnarviðbúnað við þessar breyttu aðstæður. Um það munu viðræðurnar snúast og ég geri mér góðar vonir um að við náum þar ásættanlegri lendingu eða niðurstöðu áður en langt um líður.

Ég ætla ekki að víkja frekar að einstökum atriðum öðrum. Ég hef ekki talað mikið um ESB-aðild Íslands, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vakti athygli á, og það er vegna þess að ég er nýbúinn að flytja ræðu um það á öðrum vettvangi, sem liggur fyrir á heimasíðu utanríkisráðuneytisins, og tala þar að sjálfsögðu fyrir sjálfan mig og mitt ráðuneyti.

Ég vil síðan undirstrika það, vegna ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar hér áðan, að það sem ég hef sagt hér um rekstur á flugvellinum eru hugmyndir sem engar ákvarðanir hafa verið teknar um. Ég geri mér alveg grein fyrir því að skoðanir kunna að vera skiptar um það í hvaða formi eigi að reka sjálfan flugvöllinn. En eitt er að annast þar eðlilega stjórnsýslu í samræmi við skuldbindingar sem við höfum gengist undir, m.a. á vettvangi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, og þær skyldur sem við höfum í því efni, og hitt er síðan hinn almenni rekstur á vellinum, þar á meðal á flugstöðinni og því sem henni tilheyrir. Alls staðar á nálægum flugvöllum er litið á slíkt sem atvinnurekstur og þess vegna á að búa því búning sem hæfir slíkri starfsemi að mínum dómi. Það er síðan til nánari útfærslu hvernig það verður best gert, hvernig það verður hagkvæmast, hvernig hægt er að koma því best fyrir gagnvart starfsfólki, viðskiptavinum og öðrum. Viðskiptavinir eru þá ekki bara farþegarnir, það eru líka flugfélögin og aðrir sem eiga leið um völlinn, en þetta tel ég að séu mál sem hljóti að vera hægt að finna niðurstöðu á áður en langt um líður. Þar er lykilatriði, eins og ég sagði hér í andsvari fyrr í dag, að ganga fordómalaust að verki en ekki hlaðinn fordómum eins og mér heyrist stundum hv. þm. Ögmundur Jónasson vera þegar kemur að tilteknum rekstrarformum sem eru bara tæki til þess að komast að góðri niðurstöðu en ekki markmið í sjálfu sér, tæki en ekki markmið.

Að öðru leyti vil ég þakka þingmönnum fyrir ágætar umræður sem hafa endurspeglað ákveðna hluti og ég get ekki sagt að ég sé neitt sérstaklega óánægður með. Ég er auðvitað óánægður þegar snúið er út úr fyrir mér eða hermt upp á mig eitthvað sem ég hef ekki sagt. Það er nú eitt af því sem við búum við í þessum bransa, nóg um það. Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

[16:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. utanríkisráðherra orðaði það eitthvað á þá leið að Vinstri hreyfingin – grænt framboð vildi ekki vera með í mótun á stefnu um lausnir og leiðir til að tryggja varnir Íslands. Við teljum okkur eiga fullt erindi í þá umræðu þótt það sé alveg rétt hjá hæstv. formanni Sjálfstæðisflokksins og utanríkisráðherra að stóru flokkarnir þrír, ég held að hann hafi talað um það svo — og verður mér þá hugsað til stórra flokka og lítils málstaðar, það er nú ekki alltaf samræmi á milli stærðar flokka og málstaðarins — en að stóru flokkarnir þrír, og átti hann þá við Sjálfstæð-

isflokk, Framsóknarflokk og Samfylkingu, væru sammála um gömlu forsendurnar. Þetta er alveg rétt.

Við teljum hins vegar að við stöndum nú á tímamótum og við eigum að endurskoða þessar gömlu forsendur til þess að tryggja okkur í nýjum tíma í framtíðinni. Þar er það okkar mat að öryggi Íslands yrði betur borgið utan hernaðarbandalaga en innan.

Ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra um eitt atriði og það snýr að Miðausturlöndum og Palestínu. Það geri ég í ljósi ummæla í ræðu hans varðandi Hamas-samtökin og Arafat. Styðja Íslendingar eða íslenska ríkisstjórnin þá stefnu Ísraela að beita ríkisstjórn Palestínumanna aðhaldsaðgerðum, halda skattfé frá stjórnvöldum á meðan Hamas er við völd, styðjum við þetta? Eða ætlum við að mótmæla þessu og mótmæla jafnframt apartheid-múrnum sem verið er að reisa í Palestínu?

[16:57]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú kannski eðlilegra að tala um gömlu forsendurnar sem ég nefndi sem gömlu hornsteinana tvo í utanríkis- og öryggismálastefnu Íslands. Ég ætla að halda mig við það framvegis í umræðum um þetta en ég hins vegar vakti bara athygli á því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur markað sér algjöra sérstöðu hvað þessa hornsteina varðar og vill ekki styðja sig við þá, ólíkt hinum flokkunum fjórum. Þar er sú sérstaða sem ég dró fram og ég hygg nú að þingmaðurinn harmi það ekkert að sú sérstaða sé fram dregin af mér eða öðrum.

Varðandi Palestínu og Ísrael vona auðvitað allir friðelskandi menn að það takist að leiða menn þar að samningaborði og til sátta. En ein forsendan fyrir því að slíkt geti gerst, miðað við úrslit kosninga á báðum þessum stöðum, er sú að Hamas-hreyfingin viðurkenni tilverurétt Ísraels og að hún hafni valdbeitingu og þeim aðferðum sem hún hefur beitt hingað til. Hvorugt hafa þeir viljað gera og þess vegna hafa Ísraelsmenn gripið til þess ráðs sem þeir hafa nú gripið til, sem vissulega er óyndisúrræði. Ég hef ekki tekið afstöðu til þess hvort það sé réttlætanlegt við þær aðstæður sem þarna eru núna. En aðalatriðið er það að báðir þessir aðilar gangi þannig til verks að þeir geti talað saman og að þeir geti komist að niðurstöðu sem hægt verður að lifa við og sem heimsbyggðin öll þráir að geti orðið.

[16:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekkert sérstaklega að halda uppi málsvörn fyrir Hamas-samtökin en í tilefni þeirra orða að menn gangi þannig til verks að þeir geti talað saman: Eiginkona leiðtoga Hamas er í hjólastól, lömuð, eftir árás ísraelska hersins á heimili þeirra. Hamas lýsti fyrir ári síðan einhliða yfir vopnahléi. Hamas er kjörið í lýðræðislegum kosningum. Nú er það þrándur í götu friðarviðræðna, áður var það Yasser Arafat. Sjá menn ekki hvað er að gerast?

Sameinuðu þjóðirnar hafa ályktað — nú er talað fjálglega um samþykktir Sameinuðu þjóðanna — um Ísrael. Palestína átti samkvæmt grænu línunni, sem dregin var eftir blóðuga styrjöld 1948–1949, að vera sem nemur 22%, rúmum fimmtungi, af gömlu Palestínu. Nú er hún komin innan við 10%, 9% sundurtætt. Og hernámsliðið heldur skattheimtum, Ísraelar innheimta skatta í Palestínu og þegar kosin eru stjórnvöld sem ekki eru þeim að skapi er peningunum haldið til baka. Síðan er talað um það að menn þurfi náttúrlega að koma þannig fram að þeir geti talað saman. Hvar er ábyrgðin, hvar liggur ábyrgðin? Ég bara spyr. Og ætla Íslendingar virkilega ekki að fordæma svona aðfarir apartheid-stjórnar, ofbeldisstjórnar, hernámsliðs? Ég bara spyr.

Það gildir mig einu hvort menn tala um gamlar forsendur eða gamalt grjót. En það er alveg rétt hjá hæstv. utanríkisráðherra að það er greinarmunur, mikill munur, grundvallarmunur, á stefnu þeirra flokka sem horfa fyrst og fremst til hernaðarbandalagsins NATO um öryggi Íslands og hinna sem vilja (Forseti hringir.) leita nýrra leiða og tryggja öryggi Íslands utan hernaðarbandalaga.

[17:02]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Örlítið meira um gamla stefnu og gamaldags stefnu. Í ræðu minni fór ég aðeins yfir nýjar hugmyndir sem stór hluti heimsbyggðarinnar er núna að opna eyru sín fyrir, þ.e. hugmyndir er lúta að þátttöku kvenna í friðaruppbyggingu í heiminum. Ég hefði vænst þess af hæstv. utanríkisráðherra að hann eyddi að minnsta kosti einu orði eða einni setningu í lokaræðu sinni á þessar hugmyndir og varð fyrir vonbrigðum með að hann skyldi ekki gera það. Mig langar því til vita hvort hæstv. ráðherra hafi einhver svör um hvort ekki sé kominn tími til að Íslendingar reyni að tileinka sér nýjar hugmyndir í þessum efnum, hugmyndir sem byggja á að yfirgefa hinar gömlu leiðir þar sem einungis er skoðað vopnavald, vopnaður friður, ógnaröryggi og þvílíkir hlutir sem hernaðarbandalagið NATO predikar, sem ríkisstjórn Bandaríkjanna predikar, og sem íslensk stjórnvöld hafa fylgt eftir í blindni.

Það er einmitt þetta sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur viljað leiða hér inn á sviðið og leiða inn í umræðuna og fær allt of lítil viðbrögð við. Það er auðvitað til skammar að stjórnvöld hér skuli alltaf ýta þeim málflutningi út af borðinu með því að brosa í kampinn og segja að við viljum ekki vera með. Sannleikurinn er sá að hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði eru hugmyndir um að fara aðrar leiðir. Við fáum aldrei málefnaleg svör frá þessari ríkisstjórn um það hvort við höfum ekki talsvert til okkar máls.

Af hverju er það sem stjórnvöld vilja ekki ljá þessum nýju leiðum þanka? Það er vegna þess að menn eru hræddir, kannski hræddir við refsingu frá foringjanum handan við hafið. Kannski hræddir um að fá ekki að vera með í þessum leik sem er úreltur og gamaldags leikur sem byggir á ógnarjafnvægi og vopnavaldi.

[17:04]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður talar alltaf með sínum hætti um Atlantshafsbandalagið og á allt öðrum forsendum en flestir þingmenn. Reyndar má segja það um alla þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Atlantshafsbandalagið er náttúrlega varnarbandalag sem varð til af

brýnni nauðsyn á sínum tíma og sem þjóðirnar í Mið- og Austur-Evrópu hafa þráð og keppst við að reyna að komast inn í og vera með í til að gæta hagsmuna sinna og verjast. Svo má búa til alls kyns orðaleppa um þær hugsjónir allar saman. Ég ætla ekki að blanda mér í það.

Vegna þess sem hv. þingmaður sagði um UNIFEM í fyrri ræðu sinni og ég hafði nú punktað hjá mér en mér láðist að nefna það, þá vildi ég bara að það kæmi fram að frá því í fyrra hefur framlag íslenska ríkisins til UNIFEM margfaldast. Ég hef beitt mér sérstaklega fyrir því og fengið sérstakt tilskrif frá UNIFEM á Íslandi í þakklætisskyni vegna þess. Ég tel að UNIFEM sé að gera mjög merkilega og góða hluti víða í heiminum og við eigum að reyna að leggja okkar litla lóð á þær vogarskálar eins og við gerum núna miklu víðar en áður í sambandi við ýmis verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna og annarra undirstofnana þeirra til að láta gott af okkur leiða.

Þetta vildi ég bara nefna. Ég man ekki tölurnar nákvæmlega, hvort þetta eru 20 millj. sem við erum að leggja í það, sem er mjög mikil aukning. En ég held að það komi allt í góðan stað niður þó svo ég deili kannski ekki öllum hugmyndum þingmannsins um hlutverk kvenna á vígvellinum eða ekki á vígvellinum í sambandi við þessi alþjóðamál. Ég er ekki alveg viss um að ég skilji alltaf nákvæmlega hvað hún er að fara í þeim efnum.

[17:06]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit að ríkisstjórnin hefur hækkað framlag sitt til UNIFEM og það er sannarlega vel og á auðvitað að þakka það. Það er gott til þess að vita að ríkisstjórnin skuli vera að taka eftir því starfi sem unnið er hjá UNIFEM og ég veit að þeir fjármunir sem hafa verið látnir til þess starfs héðan koma í góðar þarfir og fara í góð verkefni.

Hins vegar tel ég að ríkisstjórnin megi kíkja betur t.d. á þann litteratúr sem UNIFEM gefur út. Af því að bókagjöfin frá því í gær kom hér aðeins til tals í frammíkalli hjá mér áðan þá finnst mér kaldhæðnislegt að sjá sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi koma með 200 bækur um hernaðarlegar varnir til íslensku þjóðarinnar á þessum tíma. Það er auðvitað kaldhæðnislegt að þetta skuli gerast einmitt núna þó að hæstv. utanríkisráðherra segi að það sé tilviljun. Ég er ekkert að ætla þessu neitt annað en að það sé tilviljun. En það er samt alveg ótrúlega kaldhæðnislegt að sjá þetta gerast nú.

Í lok þessarar umræðu er kannski rétt að brýna hæstv. utanríkisráðherra til að bæta þá í þetta bókasafn, að við sitjum ekki uppi með að háskólinn hafi kannski það eitt til málanna að leggja í varnar- og friðarmálum sem stendur í einhverjum amerískum bókmenntum, hvernig eigi að fara að. Þær aðferðir sem Bandaríkjamenn beita í þessum málum hafa nú ekki reynst vel. Þannig að ég ætla að vona að það sé hægt að koma rausnarlega til móts við háskólann eða þjóðina með því að setja inn í bókasafnið litteratúr um frið. Þar á meðal litteratúr sem UNIFEM hefur gefið út og Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út. Því auðvitað verðum við að sjá til þess að þarna sé ákveðinn ballans og nýju hugmyndirnar fái sama sess og ekki síðri en þær gömlu.

[17:08]

Útbýting:

Álbræðsla á Grundartanga, 726. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1062.

Fundi slitið kl. 17:10.

---

102. FUNDUR

mánudaginn 10. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, stjfrv., 731. mál, þskj. 1067. — 1. umr.
2. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 730. mál, þskj. 1066. — 1. umr.
3. Skráning losunar gróðurhúsalofttegunda, stjfrv., 713. mál, þskj. 1049. — 1. umr.
4. Landmælingar og grunnkortagerð, stjfrv., 668. mál, þskj. 978. — 1. umr.
5. Úrvinnslugjald, stjfrv., 714. mál, þskj. 1050. — 1. umr.
6. Norðurlandasamningur um almannaskráningu, stjtill., 609. mál, þskj. 893. — Fyrri umr.
7. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 610. mál, þskj. 894. — Fyrri umr.
8. Samningur um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, stjtill., 662. mál, þskj. 970. — Fyrri umr.
9. Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Suður-Kóreu, stjtill., 671. mál, þskj. 981. — Fyrri umr.
10. Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, stjfrv., 682. mál, þskj. 998. — 1. umr.
11. Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, stjtill., 683. mál, þskj. 999. — Fyrri umr.
12. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 685. mál, þskj. 1002. — Fyrri umr.
13. Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 686. mál, þskj. 1003. — Fyrri umr.
14. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 687. mál, þskj. 1004. — Fyrri umr.
15. Samningur um tölvubrot, stjtill., 692. mál, þskj. 1022. — Fyrri umr.
16. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 634. mál, þskj. 933. — 1. umr.
17. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 694. mál, þskj. 1024. — 1. umr.
18. Framsal sakamanna, stjfrv., 667. mál, þskj. 977. — 1. umr.

19. Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, stjfrv., 669. mál, þskj. 979. — 1. umr.

20. Dómstólar og meðferð einkamála, stjfrv., 670. mál, þskj. 980. — 1. umr.

21. Fullnusta refsidóma, stjfrv., 675. mál, þskj. 991. — 1. umr.

22. Almenn hegningarlög, stjfrv., 712. mál, þskj. 1048. — 1. umr.

23. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 748. mál, þskj. 1085. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Jón Kristjánsson félmrh., 4. þm. Norðaust.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.

[15:02]

Útbýting:

Bílaleigur, 379. mál, þskj. 1011.

Faggilding o.fl., 361. mál, þskj. 1013.

Raforkuver, 728. mál, frv. JBjarn o.fl., þskj. 1064.

Rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, 298. mál, nál. utanrmn., þskj. 1142.

Samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofninum í Norður-Atlantshafi, 542. mál, nál. utanrmn., þskj. 1144.

Samstarf vestnorrænna landa í orkumálum, 299. mál, nál. utanrmn., þskj. 1143.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa og umhverfisvernd, 543. mál, nál. utanrmn., þskj. 1145.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, 297. mál, nál. utanrmn., þskj. 1141.

Stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál, þskj. 1010.

Upplýsingaréttur um umhverfismál, 221. mál, þskj. 1012.

Athugasemdir um störf þingsins.

Staðan í hjúkrunarmálum.

[15:04]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Fyrir tæpri viku fór hér fram umræða um störf þingsins sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hafði frumkvæði að og beindi hún máli sínu þá til hæstv. heilbrigðisráðherra. Tilefnið var þá sem og nú hjá mér, hæstv. forseti, að óska eftir svörum og viðbrögðum hæstv. ríkisstjórnar varðandi það neyðarástand sem nú ríkir í hjúkrunar- og dvalarheimilum hér á landi. Á það sérstaklega við um hjúkrunar- og dvalarheimili sem eru rekin sem sjálfseignarstofnanir.

Ég beini orðum mínum sérstaklega til hæstv. forsætisráðherra þar sem það kom í ljós í þeirri umræðu sem hér varð um störf þingsins fyrir viku að hæstv. heilbrigðisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra köstuðu boltanum á milli sín fram og til baka. Ég tel að báðir hæstv. ráðherrar og þá sérstaklega hæstv. fjármálaráðherra hafi gert sig uppvísa að því að standa ekki undir þeirri ábyrgð sem honum ber varðandi þann málaflokk sem snýr að öldruðum.

Vissulega er það hæstv. heilbrigðisráðherra sem fer með málefni á heilbrigðissviði en það er fjármálaráðherra sem ber ábyrgð á því að í fjárlögum sé afgreitt fjármagn til rekstrar dvalar- og hjúkrunarheimila hvort heldur sem sjálfseignarstofnana eða þeirra sem reknar eru af opinberum aðilum. Inn í þennan rekstur vantar sárlega fjármagn til að (Forseti hringir.) standa undir viðeigandi þjónustu og því krefst ég þess, hæstv. forseti, að forsætisráðherra gefi hér skýr (Forseti hringir.) svör varðandi þennan málaflokk.

[15:07]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég átti mjög fínan og málefnalegan fund sl. föstudag með góðum fulltrúum þeirra kvenna sem hafa verið í setuverkfalli. Það er alveg ljóst að þær vilja svipuð laun og verið er að borga fyrir sambærileg störf hjá sveitarfélögunum.

Ég verð að viðurkenna það, hæstv. forseti, að ég hef miklar áhyggjur af þessari deilu. Það er vegna þess að hún getur bitnað á þjónustunni sem íbúum þessara stofnana er veitt. Seinna í dag mun samninganefnd samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu sem reka hjúkrunarheimilin funda ásamt stéttarfélaginu Eflingu. Það er mjög eðlilegt í stöðunni því að það eru heimilin sjálf og stéttarfélagið sem semja um taxtana. Ég mun að sjálfsögðu fylgjast mjög náið með því sem kemur út úr þeim fundi og þróun mála í framhaldinu af því að ég hef áhyggjur af þeirri þjónustu sem íbúar þessara stofnana fá. Ég tel að það verði að leysa þessa deilu en það er mjög snúið mál. Ég ítreka að fundur minn sl. föstudag á Hrafnistu í Reykjavík með fulltrúum þeirra kvenna sem hafa verið í setuverkfalli var mjög góður, málefnalegur og uppbyggilegur.

[15:08]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli, máli sem er brýnt að verði leyst nú þegar af hálfu ríkisstjórnarinnar, af hálfu heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra, og það verði nú þegar samið þannig um kjör fólks sem vinnur á þessum hjúkrunarheimilum að þangað fáist fólk til starfa og að aðstæður þeirra sem þar starfa verði viðunandi.

Borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, Dagur B. Eggertsson, sagði í fjölmiðlum í gær að ríkisstjórnin hefði verið í samfelldu 10 ára setuverkfalli í málefnum aldraðra og það er auðvitað alveg rétt því að það er alveg sama hvar borið er niður, hvort við tölum um lífeyristryggingar aldraðra, þann skort sem er á þjónustu inni á hjúkrunarheimilum, launakjör starfsmanna sem þar starfa eða hvort við erum að tala yfirleitt um skort á hjúkrunarrýmum í landinu og sérstak-

lega á höfuðborgarsvæðinu. Á öllum þessum sviðum hefur ríkisstjórnin vanrækt þennan málaflokk, hún hefur vanrækt málefni aldraða og nú koma þeir og halda því fram að þeir ætli að setja þennan málaflokk í sérstakan forgang eftir 10 ára samfellt setuverkfall.

Ég ætla að minna á það að ég gerði samkomulag sem borgarstjóri við þáverandi heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson árið 2002. Þáverandi fjármálaráðherra og núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins sagði þá að engar fjárhagslegar forsendur væru fyrir því samkomulagi sem gert var — og sú hefur reynst raunin. Þeir hafa tekið Framkvæmdasjóð aldraða í rekstur, notað helminginn af honum í rekstur í stað þess að fara í uppbyggingu á málefnum aldraða. Þeir hafa tekið þetta fé úr málaflokknum og notað það í annað og þess vegna (Forseti hringir.) er raunin sú núna að það er samfellt 10 ára setuverkfall í málefnum aldraða.

[15:11]

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Það var afar athyglisvert að hlusta á síðasta ræðumann tala um að ekkert hefði gerst í byggingu vegna aldraða í Reykjavík. R-listinn hefur akkúrat ekkert gert í Reykjavík. Síðasta hjúkrunarheimilið sem var byggt er Skógarbær og það voru sjálfstæðismenn búnir að plana. Loforð sem hv. þingmaður talar um var loforð um að Eir og Hrafnista mundu byggja 100 rými. En allt um það.

Það sem málið snýst hér um er fyrst og fremst fólk sem starfar á þessum sjálfseignarstofnunum og hefur miklu lægri laun en það fólk sem starfar á hjúkrunarheimilum sveitarfélaganna. Þarna á milli er orðin gjá sem auðvitað verður að brúa. Það fólk sem sinnir þessari þjónustu á hjúkrunarheimilum er allt of lágt launað. Það leggur fram mikla vinnu, óeigingjarna vinnu, og við verðum svo sannarlega að mæta þeirri kröfu sem hefur komið þar fram.

Aðeins vegna ummæla hæstv. heilbrigðisráðherra í útvarpsviðtali ekki fyrir löngu þar sem vitnað var til orða minna um að 720 millj. lægju inni á reikningi hjá heilbrigðisráðuneytinu. Þetta er orðin hálfgerð hringavitleysa. Það fæst ekki fólk til að sinna þeim öldruðu og sjálfseignarstofnanirnar geta ekki tekið inn fólk og þar af leiðandi lækkar reikningurinn frá Tryggingastofnun ríkisins til útborgunar.

Hæstv. heilbrigðisráðherra talaði um að þetta væri reikningur sem lægi vegna byggingarkostnaðar, að það fé hefði ekki verið nýtt til að byggja hjúkrunarheimili. Það er alrangt. Ég er með bréf frá fjármálaráðuneytinu vegna ummæla sem komu fram í fjárlaganefnd og hér segir, með leyfi forseta:

„Stofnkostnaðarafgangur vegna byggingar hjúkrunarheimilis er ekki innifalinn í þessum 720 milljónum sem fjármálaráðuneytið hefur sýnt okkur." — Virðulegi heilbrigðisráðherra. Það er eitthvað að. Það þarf að skerpa á sambandi (Forseti hringir.) milli þessara tveggja ráðuneyta, það er greinilegt.

[15:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Hjúkrunar- og öldrunarþjónustan er í algjöru uppnámi og hér eru stjórnarliðar að rífast um það hver eigi að taka á málinu. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur bara verulegar áhyggjur — en gerir ekki neitt. (**KolH:** ... fjármálaráðherra.) (Gripið fram í.) En fjármálaráðherra situr hér og tekur ekki einu sinni þátt í umræðunni. (**Gripið fram í:** Þetta er fáránlegt.) Þetta er algjör vanvirðing við það fólk sem sinnir umönnunarstörfum og þetta er algjör vanvirðing við þá öldruðu sem þurfa þjónustu.

Í síðustu viku var tveggja daga lágmarksþjónusta á átta hjúkrunarheimilum og ef umönnunarstéttirnar segja upp eins og allt stefnir í verður lítil sem engin þjónusta. Sjálfstæðisframbjóðendur í borginni lofa öldruðum öllu fögru en þeir sem ráða hér, flokksbræður þeirra, gera ekki neitt. Þeir halda að sér höndum. Umönnunarstéttirnar á hjúkrunarheimilunum hafa sýnt aðdáunarvert langlundargeð í kjarabaráttu sinni. Þetta eru þúsund manns, 99% konur, með 100 þús. kr. á mánuði, kannski 120 þús. ef þær hafa verið lengi í þessum störfum. Þetta eru laun sem oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni kallaði „þjóðarskömm". Það er rétt, þessi launakjör starfsfólksins eru hneyksli og þau eru ekki boðleg fyrir þau erfiðu og mikilvægu störf sem þeir sinna.

Það eru fundir í dag. Það eru fundir hjá Eflingu síðdegis og það eru fundir þeirra sem reka hjúkrunarheimilin með starfsfólkinu. En þetta ástand breytist ekki nema tekið verði á daggjöldunum og það geta þeir sem hér sitja gert. Hækkun til þessa fólks verður að rúmast innan daggjaldanna. Lausnin er hér og hvernig stendur á því að menn sitja aðgerðalausir, lýsa yfir áhyggjum en aðhafast ekki neitt? (**KolH:** Það er enginn vilji.) Það er enginn vilji til nokkurra aðgerða og ég ítreka það, öll umönnunarþjónusta mun lamast (Forseti hringir.) ef ekkert verður að gert og ég spyr hæstv. ráðherra: Ætla þeir nú ekki að taka á honum stóra sínum og leysa málið?

[15:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það liggur ljóst fyrir að ófaglærðir starfsmenn á öldrunar- og heilbrigðisstofnunum munu funda um málefni sín og að jafnvel komi til fjöldauppsagna ef ekki verður brugðist við þessum málum. Þau hafa iðulega verið rædd hér í Alþingi og fengið vægast sagt ákaflega lítil viðbrögð af hálfu stjórnarliða.

Þó að menn lýsi núna, eins og hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, yfir miklum áhyggjum af þessari deilu er ekki hægt að finna því stað að svo hafi verið til skamms tíma. Þarf ekki að vitna nema til umræðu um fjárlögin, til ræðu sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson flutti þegar hann mælti fyrir áliti 1. minni hluta sem ég var samþykkur. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Töluverð umræða hefur spunnist um bið eftir fullnægjandi þjónustuúrræðum og um aðbúnað íbúa hjúkrunarheimila sem mörg hver fullnægja engan veginn lágmarkskröfum sem eðlilegt er að gera til slíkrar starfsemi. Þjónusta utan stofnana hefur á sama tíma staðið í stað eða jafnvel dregist saman þrátt fyrir yfirlýst markmið um að hana beri að auka. Fyrirliggjandi frumvarp" — þ.e. fjárlagafrumvarpið — „gefur ekki til kynna að stjórnvöld ætli að taka á þessum vanda á næsta ári né er þar að finna nein fyrirheit um framtíðaruppbyggingu þessarar þjónustu. 1. minni hluti gerir því tillögu um auknar fjárveitingar til þessa málaflokks."

Þetta var við afgreiðslu fjárlaga í desember síðastliðnum. Ríkisstjórnarflokkarnir höfnuðu þessari viðbótarfjárveitingu. Þeir höfðu ekki mikinn áhuga á að taka á málinu. Núna koma menn hér upp þegar allt er komið í óefni og segja: Við höfum miklar áhyggjur af þessum málum og þurfum endilega að leysa þau. (**Gripið fram í:** ... gera það.)

[15:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það vekur athygli að hæstv. fjármálaráðherra þegir hér þunnu hljóði og telur sig greinilega ekkert þurfa að segja við umönnunarstéttirnar sem búa við hungurlaun í þessu þjóðfélagi. Hæstv. heilbrigðisráðherra segir að hún hafi áhyggjur. En það er ekki nóg að hafa áhyggjur, virðulegi forseti. Það þarf að höggva á hnúta og það er orðin þjóðarnauðsyn að ráðherrarnir hristi af sér doðann, hætti að benda hvor á annan og leysi þetta mál.

Ráðherrarnir komast engan veginn upp með annað en að leysa málið nú þegar, enda finnur maður það úti í samfélaginu að þjóðin gerir kröfur til þess og að enginn undansláttur í þessu máli af hálfu ráðherranna verður liðinn. Allt of stór hópur, ekki síst í umönnunarstörfum, hefur orðið undir í góðæri liðinna ára og það verður að gera þjóðarátak til að snúa þessari þróun við.

Við í Samfylkingunni höfum lagt til á Alþingi að þegar í stað fari fram hlutlaus rannsókn og endurmat á störfum láglaunahópanna, að lögð verði fram aðgerðaáætlun um hvernig auka megi hlut þeirra í tekjuskiptingunni og bæta kjör þeirra og aðbúnað með stjórnvaldsaðgerðum og í kjarasamningum.

Á flokksstjórnarfundi hjá Samfylkingunni síðasta laugardag var samþykkt ályktun þar sem þess var krafist að nú þegar yrðu laun umönnunarfólks á hjúkrunar- og dvalarheimilum hækkuð til samræmis við það sem gert hefur verið hjá Reykjavíkurborg. Það er grundvallaratriði til að hægt sé að bæta aðbúnað aldraða að það verði gert, að kjör þessa hóps verði leiðrétt.

Ég spyr, virðulegi forseti: Er ekki kominn tími til að ráðherrarnir stígi nú niður úr fílabeinsturninum og viðurkenni að aldraðir og umönnunarstéttir hafa gjörsamlega verið sett til hliðar í stjórnartíð þeirra? Auðvitað er besta kjarabótin fyrir þetta fólk að greiða atkvæði gegn þessari ríkisstjórn í næstu kosningum.

[15:20]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það gerist ekki af sjálfu sér að fólk rísi upp eins og lágtlaunað starfsfólk á hjúkrunarheimilum hefur nú gert en starfsfólkið segir einfaldlega: Við látum ekki lengur búa okkur þau kjör og það vinnuálag sem raun ber vitni.

Þótt þetta gerist ekki af sjálfu sér — það kostar þrek, baráttuþrek, að rísa upp og henda baráttufána á lofti — var hitt löngu fyrirsjáanlegt, þ.e. í hvert óefni stefndi. Hér vísa ég í fjölda blaðagreina frá stjórnarandstöðunni, ítrekaðrar umræður á Alþingi og ég vil sérstaklega nefna varnaðarorð og bókanir hv. þm. Jóns Bjarnasonar við fjárlagaumræðuna í desember þar sem hann lét bóka að fyrirsjáanlegt væri að öldrunarstofnanir og hjúkrunarheimili yrðu í fjárhagsvanda og gætu ekki risið undir þeim kjarasamningum sem nauðsynlegt væri að gera til að hægt væri að reka þessar stofnanir.

Ég ætla að nota þetta tækifæri til að fagna því að nú, í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna — það er kannski engin tilviljun — virðist vera að skapast þverpólitísk samstaða um að taka á þessum málum. Þá hvet ég til þess að ekki verði einvörðungu horft til hjúkrunarheimilanna heldur til Landspítalans, til Landakots, til fólks sem starfar á allt of lágum launum í fötlunargeiranum. Ég hvet hæstv. fjármálaráðherra til að beita sér fyrir því að upp verði teknir samningar við þessar stofnanir, við hjúkrunarheimilin, við dvalarheimili aldraðra sem lengi hafa bankað á dyrnar til að leggja áherslu á réttmætar kröfur sínar.

Fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ítreka ég þau orð sem komu í upphafi þessarar umræðu frá hv. þm. Þuríði Backman um að við stöndum heils hugar að baki (Forseti hringir.) slíkum kröfum.

[15:22]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er oft hægt að finna til hlutteknings með hæstv. fjármálaráðherra í erfiðri stöðu eins og nú er uppi og hægt að skilja að hann þori ekki að taka þátt í umræðunni hér og falli frá orðinu þegar ekki eru til peningar til að verða við allra óskum.

Hér er hins vegar augljóslega knýjandi úrlausnarefni á ferðinni. Hið neyðarlega er að í ljós kom á fundi fjárlaganefndar að um síðustu áramót voru til ráðstöfunar 720 millj. í sjóðum í daggjöld til hjúkrunarheimilanna. Peningarnir til að leysa vandann, vandann í daggjöldunum sem allir vissu að var til staðar, voru fyrir hendi. Heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra höfðu í úthlutunum Alþingis á fjármunum til daggjalda hjúkrunarheimila miklu meira en nægilegt fé til ráðstöfunar, og samkvæmt mínum heimildum eru þessar 700 millj. enn til ráðstöfunar.

Við hljótum þess vegna að skora á hæstv. ráðherra að koma sér nú saman um hvor beri ábyrgð á því að verja því fé sem Alþingi hefur þegar veitt þeim til að leysa þennan vanda. Peningarnir eru þarna. Það eru líka peningar frá Reykjavíkurborg, einar 360 millj. á biðreikningi sem bíða eftir því að hæstv. forsætisráðherra sjái til þess að ríkisstjórn Íslands uppfylli samkomulag sitt við Reykjavíkurborg.

Við hljótum að kalla eftir því að hæstv. forsætisráðherra taki þátt í þessari umræðu því að ég heyrði ekki betur en að aðstoðarmaður hæstv. forsætisráðherra hrópaði um það á götum í Reykjavík í gær að þetta væri algert ófremdarástand hjá hæstv. forsætisráðherra og það yrði auðvitað bara að ganga í málin og laga það hjá hæstv. forsætisráðherra. Það er knýjandi að við fáum að vita hér á hinu háa Alþingi hvort tvær stefnur eru orðnar uppi í forsætisráðuneytinu, ein hjá hæstv. forsætisráðherra og önnur hjá aðstoðarmanni hans. (Forseti hringir.)

[15:24]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Vissulega á hæstv. heilbrigðisráðherra að hafa áhyggjur sem fagráðherra. Spjótin standa á fjármála-

ráðherra í þessari deilu. Vandamál og rekstur dvalar- og hjúkrunarheimilanna í dag og heilbrigðisstofnana um land allt verður ekki leyst og faglegar kröfur verða ekki reistar nema að fjármálaráðherra, og félagsmálaráðherra líka, komi þar að. Hæstv. heilbrigðisráðherra á að hafa áhyggjur því að faglegar kröfur er ekki hægt að reisa vegna fjárskorts.

Það var fyrirsjáanlegt að þessi staða kæmi upp. Hitt var aftur á móti ekki fyrirsjáanlegt að lægstlaunaða fólkið í heilbrigðisþjónustunni mundi hafa það þor og þann dug sem það hefur í dag til að rísa upp og láta ekki bjóða sér þetta lengur. Hvers vegna lætur það ekki bjóða sér þetta lengur? Vegna þess að launamunurinn á milli þeirra sem starfa hjá sjálfseignarstofnunum og stofnunum sem reknar eru á vegum sveitarfélaga er orðinn allt of mikill hjá lægst launaða starfsfólkinu. Ég dáist að kjarki og þori Reykjavíkurborgar að ríða á vaðið, og fengu forráðamenn höfuðborgar okkar skömm í hattinn fyrir að brjótast út úr þeim samningum sem giltu og hafa gilt um lægstlaunuðu stéttirnar sem eru að mestu kvennastéttir.

Það verður að gera þessum stofnunum kleift að annast eðlilegan rekstur. Þetta vita flestir nema hæstv. ríkisstjórn virðist ekki vita það. Það þarf að grípa til ráðstafana núna, það er ekki hægt að bíða eftir fjárlögum næsta árs. Þá verða þeir starfsmenn farnir sem núna eru um það bil að ganga út, og fleiri starfsstéttir líka. (Forseti hringir.) Það veldur mér miklum vonbrigðum, hæstv. forseti, að hvorki fjármálaráðherra (Forseti hringir.) né forsætisráðherra hafa látið í sér heyra við þessa umræðu og gefið einhverjar vísbendingar um hvað fram undan væri.

[15:27]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Mér hefur fundist aðeins skorta á í þessari umræðu að hv. þingmenn fögnuðu því að forstjórar fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu hafa boðað til fundar með samninganefnd Eflingar í dag til að ræða þá stöðu og þær kröfur sem upp eru komnar. Það hlýtur að vera, alveg sama hvernig á það er litið, fyrsta skrefið til að leysa þetta mál að samningsaðilarnir, vinnuveitandinn og launþeginn, hittist og fari yfir málin til að leita að lausn.

Það var rætt um að til væru peningar á reikningum fjármálaráðuneytisins. Það er út af fyrir sig rétt að þar eru til peningar. En það hefur einhver misskilningur komið upp hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, þeir eru til vegna þess að byggingaframkvæmdir töfðust, ekki vegna þess að það séu fjármunir sem áttu að fara til bygginganna, heldur vegna þess að þá komu ekki hjúkrunarrými til rekstrar sem fjármunirnir áttu að renna til. Það var það sem hæstv. heilbrigðisráðherra var að reyna að segja í útvarpsviðtalinu.

Þessi umræða þróaðist reyndar út í að ræða sérstaklega málefni hinna lægstlaunuðu. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði það og rennur honum út af fyrir sig blóðið til skyldunnar því að hann er forsvarsmaður eins landssambands sem er með hóp þar innan borðs sem það á við um, BSRB. Ég get vel tekið undir það með honum að þar er fólk sem er á lágum launum. Ég mun eiga samtöl við forsvarsmenn þeirra síðar í vikunni og hef mikinn áhuga á að ræða þau mál við þá. Staðreyndin er sú, frú forseti, að það hefur reynst býsna erfitt í gegnum tíðina einmitt að leiðrétta kjör þeirra því að það hefur viljað brenna við að aðrir aðilar klifri síðan upp eftir bakinu á þeim. Ef við eigum að (Forseti hringir.) leysa þetta mál þurfum við að finna nýjar aðferðir, aðrar en þær sem við höfum haft til þess hingað til.

Um fundarstjórn.

Þátttaka ráðherra í umræðu.

[15:29]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil tala um fundarstjórn forseta vegna þess að ég held að það hafi ekki farið fram hjá nokkrum manni í þingsalnum þegar hæstv. fjármálaráðherra ákvað að falla frá orðinu í upphafi þessarar umræðu. Hér hóf þingmaður, Þuríður Backman, þessa umræðu með því að beina ákveðnum spurningum til hæstv. heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra. Heilbrigðisráðherra svaraði en fjármálaráðherra féll frá orðinu, ákvað að taka ekki þátt í þessari umræðu í upphafi hennar.

Það hefði auðvitað breytt talsverðu fyrir umræðuna alla ef hann hefði komið hér upp og talað eins og aðrir í umræðunni og axlað sína ábyrgð á málinu strax í upphafi umræðunnar í stað þess að fara að eins og Berlusconi, koma á lokamínútu umræðunnar þannig að þau orð sem hann lét hér falla væru ekki undir í umræðunni þegar hún fór fram. Ég hlýt að mótmæla því, virðulegur forseti, að ráðherrar standi þannig að málum og að forseti stýri fundi með þeim hætti.

[15:30]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill taka fram að gefnu tilefni að hann heyrði ekki betur en að hv. málshefjandi beindi fyrirspurninni til hæstv. forsætisráðherra.

[15:31]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Mér finnst hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vera mjög ósanngjörn í garð hæstv. forseta. Eins og kom fram hjá hæstv. forseta beindi reyndar hv. þm. Þuríður Backman orðum sínum til forsætisráðherra en eins og menn vita er skipting mála í Stjórnarráðinu eins og um hefur verið rætt í þessu máli. Fyrst kom upp til andsvara hæstv. heilbrigðisráðherra. Þegar mér var gefið orðið strax þar á eftir fannst mér einfaldlega að ekki væri rétt upp á það hvernig umræðan gæti þróast að við kæmum upp tveir ráðherrar í röð. Ég féll því frá orðinu en bað um það aftur þegar fram kom hjá mörgum hv. þingmönnum að þeir óskuðu sérstaklega eftir því að heyra afstöðu fjármálaráðherrans í málinu.

Svo kemur fjármálaráðherrann upp og þá er hæstv. forseti sakaður um að fara illa með vald sitt sem forseti. Ég hugsa að það hafi verið a.m.k. fimm þingmenn sem hvöttu sérstaklega til þess að fjármálaráðherrann kæmi upp og tjáði sig um málið. Svo gerir hann það og þá er hæstv. forseti skammaður fyrir það. Mér finnst það vera ósanngjarnt, frú forseti.

[15:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir með hæstv. fjármálaráðherra, þarna er vægast sagt ómaklega vegið að forseta. Að auki verð ég að segja, virðulegi forseti, að það er afskaplega hlægilegt að heyra hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur segja þetta. Hún hefur unnið á öðrum stöðum eins og við þekkjum og ég þekki vinnubrögð hennar þaðan ágætlega. Hún passaði sig alltaf sérstaklega á því (Gripið fram í.) með forseta borgarstjórnar að allir væru búnir að tala sig algerlega tóma áður en viðkomandi kom upp og svaraði fyrirspurnum. (Gripið fram í.) Ef hér er um slík vinnubrögð að ræða er alveg augljóst hvaðan þau eru komin. Ég verð að viðurkenna að oft er fólk ekki sjálfu sér samkvæmt en þetta hlýtur að vera einhvers konar met. (**ISG:** ... harma að hefna.)

[15:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að koma inn í þá umræðu sem var hér núna en ég ætla hins vegar að tala um fundarstjórn forseta. Hæstv. forseti hreyfði þeirri hugmynd þegar hann kynnti mál, ef ég hef tekið rétt eftir, að rædd yrðu saman fyrstu tvö málin. Ég vil leyfa mér að andmæla því og fer fram á að málin verði rædd hvort í sínu lagi.

[15:34]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Af því að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson kaus að flytja umræðuna yfir götuna eins og hann á vanda til, yfir í borgarstjórn Reykjavíkur, sá ég mig knúinn til að taka aðeins málstað hæstv. forseta sem fyrrverandi forseti borgarstjórnar Reykjavíkur með nokkra reynslu af því að þurfa að stýra fundum af þessu tagi.

Ég verð að segja að miðað við þá stöðu sem uppi er á hjúkrunarheimilum í landinu og miðað við athafnaleysi ríkisstjórnarinnar og þögn hæstv. forsætisráðherra í dag sé það ákaflega skiljanleg ákvörðun af hæstv. forseta Alþingis að láta hæstv. fjármálaráðherra þá aðeins tala þegar enginn gæti svarað honum. (Gripið fram í.)

Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 1. umr.

Stjfrv., 731. mál (heildarlög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands). — Þskj. 1067.

[15:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og frumvarp sem forsætisráðherra leggur fram umbreyting á lögum um Vísinda- og tækniráð. Markmið frumvarpsins er að endurskipuleggja alla starfsemi iðnaðarráðuneytisins sem fjallar um tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun í þeim tilgangi að gera hana markvissari og árangursríkari. Slík endurskipulagning er nauðsynleg í ljósi breyttra atvinnuhátta vegna aukinnar samkeppni um erlend samstarfsverkefni og vegna þess að skapast hefur svigrúm til að færa meira af verkefnum út á almennan markað. Með endurskipulagningu er unnt að ná fram samlegðaráhrifum sem eru langt umfram þann árangur sem vænta má ef starfsemin er rekin í aðskildum einingum. Einnig er horft til þess að með endurskipulagningunni má auka árangur af samstarfi við háskóla og fyrirtæki. Til að ná þessum markmiðum er lagt til að ný stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, verði til við sameiningu Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Starfssvið þessara þriggja stofnana er að mörgu leyti hliðstætt og skarast að nokkru leyti, enda er hlutverk þeirra allra að vinna að nýsköpun og atvinnuþróun í þágu samkeppnisstöðu landsins og bættra lífskjara. Hvatinn að sameiningunni er fyrst og fremst þörf fyrir sterkari starfseiningar og vaxandi krafa um sveigjanleika og meiri árangur.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður þekkingarsetur sem erlendis eru nefnd „Center of expertise". Í þekkingarsetri tengjast saman tæknirannsóknir með tengsl við rannsóknir í háskólum og háskólasetrum annars vegar og þróunarstarfsemi fyrirtækja hins vegar. Þar verður miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem fást við hvers konar nýsköpunarvinnu. Þar verður að finna frumkvöðlasetur sem aðstoðar sprotafyrirtæki og frumkvöðla við þróun nýsköpunarhugmynda og veitir þeim aðstoð við að vaxa fyrstu rekstrarárin. Þá verður unnið að greiningu á stöðu og þróun atvinnulífs og byggðarlaga, m.a. til að unnt verði að bregðast við aðsteðjandi vanda hverju sinni með öllum þeim tækjum sem þekkingarsetrið Nýsköpunarmiðstöð Íslands mun búa yfir.

Efling starfseminnar á landsbyggðinni er ein af forsendum þessara breytinga. Atvinnuþróunarfélög og atvinnuráðgjafar fá veigameira hlutverk en áður með því að stefnumótun og framkvæmd verkefna verði í auknum mæli færð heim í hérað. Þekkingarsetur á landsbyggðinni verða þungamiðja atvinnusóknar sem einkum mun byggja á helstu styrkleikum atvinnulífsins á viðkomandi svæði og getu þess til að ná árangri á alþjóðlegum samkeppnismarkaði. Einkum er horft til uppbyggingar þekkingarsetra á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum (Miðausturlandi) enda hefur styrking landshlutakjarna á þessum stöðum verið eitt af markmiðum byggðaáætlana stjórnvalda.

Háskólasetur Vestfjarða og Þekkingarsetur Austurlands mynda nú þegar kjarna vaxtar í þekkingarsetrum á þessum stöðum. Háskólinn á Akureyri og sú starfsemi sem fer fram í rannsókn á Nýsköpunarhúsinu og enn frekari vöxtur rannsókna- og nýsköpunarstarfsemi í væntanlegum Tæknigarði er sú umgjörð sem mun mynda kjarna starfseminnar þar.

Það er ljóst að með þessum tillögum vill iðnaðarráðuneytið blása til nýrrar sóknar í rannsóknum og atvinnuþróun um allt land. Slíkrar sóknar og endurnýjunar er þörf enda eru framfarir örar, og til að njóta bættra lífskjara í framtíðinni verða að koma til nýjar áherslur sem atvinnuþróunin getur byggt á.

Hlutverki Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er í frumvarpinu skipt í sex meginþætti sem raktir eru í 2. gr. frumvarpsins.

Í fyrsta lagi er lagt til að stofnuninni beri að stuðla að

framförum í atvinnulífinu með þekkingarmiðlun og stuðningsþjónustu við frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki, m.a. með rekstri þjónustumiðstöðva. Þá ber stofnuninni að efla samstarf á milli rannsóknastofnana, háskóla og fyrirtækja og styrkja tengsl þeirra við atvinnuþróunarfélög.

Í þriðja lagi skal stofnunin stunda tæknirannsóknir, þróun, greiningar og prófanir, mælingar og vottanir. Í fjórða lagi ber henni að greina stöðu og þróun búsetuskilyrða og atvinnulífs í landinu og vinna áætlanir sem hafa það að markmiði að stuðla að samkeppnishæfni atvinnulífs og treysta byggð í landinu.

Í fimmta lagi að fara með málefni sérstakra sjóða eftir því sem nánar er kveðið á um í frumvarpinu og loks í sjötta lagi að fjármagna verkefni á grundvelli samninga, t.d. vaxtarsamninga, til að ná tilteknum markmiðum í atvinnuþróun.

Í II. kafla frumvarpsins eru ákvæði um starfsemi þjónustumiðstöðvar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Þjónustumiðstöð sem þessi hefur verið rekin um nokkurt skeið hjá Iðntæknistofnun Íslands undir heitinu Impra og hefur starfsemi hennar þótt gefa góða raun. Ekki er lagt til með frumvarpinu að breyting verði gerð á starfsemi Impru að öðru leyti en því að hún mun taka þeim breytingum sem fylgja samþættingu starfseminnar við sambærilega starfsemi sem rekin er á þróunarsviði Byggðastofnunar.

Í III. kafla frumvarpsins eru ákvæði um þá rannsóknastarfsemi sem starfrækja skal á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands undir heitinu Íslenskar tæknirannsóknir. Lagt er til að í starfseminni skuli áhersla lögð á hagnýtar rannsóknir og vöruþróun í þágu nýsköpunar atvinnulífsins auk þess sem stundaðar skuli grunnrannsóknir á afmörkuðum sviðum sem hafa þjóðhagslega þýðingu.

Í IV. kafla er lagt til að stofnaður verði sérstakur sjóður á grundvelli fjármálastarfsemi Byggðastofnunar er nefnist Byggðasjóður. Hlutverk hans verði að veita ábyrgðir á lán banka sem m.a. eru veitt til stofnunar fyrirtækja, nýrra fjárfestinga og nýsköpunar á landsbyggðinni. Lagt er til að Byggðasjóði verði heimilað að veita ábyrgðir með allt að 75% ábyrgðarþátttöku sjóðsins. Fimm manna stjórn sjóðsins verði skipuð til þriggja ára í senn en hlutverk hennar verði að setja reglur um starfsemi hans og skilyrði fyrir veitingu ábyrgða sem háðar eru samþykki fjármálaráðherra. Veiting lánsábyrgða er vel þekkt aðferð og eru starfræktir lánsábyrgðarsjóðir í nær öllum Evrópulöndum sem gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja fyrirtækjum aðgang að fjármagni. Opinberir aðilar í nágrannalöndum veita slíka þjónustu og hefur hún þótt gefa góða raun.

Í V. kafla er lagt til að Tækniþróunarsjóður verði vistaður í Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Tækniþróunarsjóður starfar í dag á grundvelli laga nr. 4/2003, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Ekki eru lagðar til breytingar á hlutverki sjóðsins og úthlutunarreglum við flutninginn. Lagt er til að hlutdeild atvinnulífsins í stjórn sjóðsins verði aukin og Samtök atvinnulífsins tilnefni tvo menn í stjórn sjóðsins en á móti falli niður að formaður tækninefndar sitji í stjórninni og annar maður tilnefndur af Rannsóknastofnunum atvinnulífsins.

Í VI. kafla er lagt til að starfræksla tryggingardeildar útflutnings verði færð frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Lagt er til að heiti sjóðsins verði breytt og hann kallaður Tryggingarsjóður útflutnings í stað tryggingardeildar útflutnings. Ekki er með flutningnum lagt til að gerðar verði breytingar á hlutverki og starfsemi sjóðsins að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins tilnefni einn mann af fimm í stjórn sjóðsins heldur verði einn stjórnarmanna skipaður af Samtökum atvinnulífsins. Sjóðurinn flytur með sér eigið fé og heldur skyldum sínum gagnvart viðsemjendum sínum.

Hæstv. forseti. Hér er í hnotskurn lagður grunnur að nýrri sókn í atvinnuþróun sem mun fyrst og fremst byggja á innleiðingu nýrrar þekkingar og færni sem er forsenda uppbyggingar og endurnýjunar atvinnulífsins í stað þess sem látið hefur undan síga vegna breyttra ytri aðstæðna. Mikilvægt er að allir landshlutar og allir landsmenn fái sömu tækifæri til að taka átt í þeirri endurnýjun sem færa mun þeim ný og vel launuð störf. Þessar breytingar eru nauðsynlegt andsvar við þeirri stöðnun sem annars blasir víða við.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[15:44]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra út í þetta mál og þá sérstaklega út í verkefni sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er falið samkvæmt lögum. Í 53. gr. er m.a. fjallað um að hún eigi að vinna að endurbótum í byggingariðnaði og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð. Hún á að vinna að hagnýtum jarðfræðirannsóknum, kynningu á niðurstöðum rannsókna og veitingu upplýsinga um byggingarfræðileg efni, aðstoð og eftirlit með byggingarefnum og byggingarframkvæmdum og nauðsynlegri rannsóknaþjónustu í þeim greinum sem stofnunin fæst við.

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra: Hvað á þetta skylt við byggðamál og málefni landsbyggðarinnar?

[15:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þingmaður koma óþarflega neikvæður inn í þessa umræðu með því að koma fram með spurninguna: Hvað á þetta skylt við byggðamál? Eins og við höfum oft talað um á hv. Alþingi koma byggðamálin víða við. Sú starfsemi sem hv. þingmaður nefndi og fer fram núna í Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins getur alveg fallið inn í þá stofnun sem við erum að tala um, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, án þess að það verði nokkuð til vandkvæða, og frekar henni til framdráttar.

Að sjálfsögðu eru þessi verkefni sem við erum að tala um að verði vistuð í Nýsköpunarmiðstöð Íslands af ýmsum toga. Það er ekki allt sem beinlínis er hægt að tala um að sé á sviði atvinnuþróunar. Þó fellur þetta ágætlega saman og þess vegna er lagt til að þessar stofnanir þrjár verði að einni stofnun. Ég sé mikil tækifæri því samfara, ekki síst fyrir landsbyggðina, og þegar tímar líða fram (Forseti hringir.) getur störfum fjölgað þar.

[15:47]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði út í þetta málefni eingöngu vegna þess að í athugasemdum með frumvarpinu er þess getið að 15. september 2004 hafi hæstv. ráðherra skipað nefnd til að skoða samruna Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar. Síðan heldur málið áfram. Þann 2. febrúar 2005 er haldið áfram, þann 30. september 2005 er niðurstöðu skilað og mælt með því að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun verði felldar saman, sameinaðar. En það er ekkert talað um Byggðastofnun fyrr en í lokin þar sem sett er fram að Byggðastofnun standi sig ekki nógu vel. Það er engin undirbúningsvinna líkt og hafði gerst tvisvar sinnum áður að því að taka Byggðastofnun inn í þetta.

Þess vegna spyr ég: Þegar Byggðastofnun dettur inn í þetta á síðustu stundu, hvað á það þá skylt við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og annað slíkt? Eins og er ítrekað kemur fram í athugasemdum í lokin að allt í einu dettur Byggðastofnun inn eins og af himnum ofan (Forseti hringir.) og þá þarf að koma því apparati einhvers staðar fyrir.

[15:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekkert launungarmál að í fyrstu var unnið að sameiningu þessara tveggja stofnana, þ.e. Iðntæknistofnunar og RB. Síðan bætist Byggðastofnun inn í þetta þegar hún hefur lent í erfiðleikum. (**KLM:** Ja-á.) Það er ekkert launungarmál. Byggðastofnun lenti í erfiðleikum. Eru ekki allir hv. þingmenn klárir á því að það þurfti að taka á málefnum Byggðastofnunar (**Gripið fram í:** Gott að ...) eftir að — Hver hefur orðið hérna? Þá lá fyrir að Byggðastofnun var komin í erfiðleika og það þurfti að taka á því. (Gripið fram í.) Þar fer að miklu leyti fram, á þróunarsviðinu, atvinnuþróunarstarf sem fellur mjög vel að því sem við erum að vinna að í Iðntæknistofnun. Þess vegna er þessi leið farin.

Auðvitað er líka hagræðing í ríkisrekstri í því að sameina þrjár stofnanir. Það er hluti af málinu. Við nýtum fjármagnið betur með því að gera þetta með þessum hætti.

[15:49]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Með þessu frumvarpi er verið að breyta Byggðastofnun. Ég tel þá rétt að gera að einhverju leyti upp það starf sem hefur farið þar fram. Eitt þeirra mála sem er ólokið er ásakanir fyrrum stjórnarformanns Byggðastofnunar, Kristins H. Gunnarssonar, á hendur fyrrum forstjóra. Hann lét þungar ásakanir falla um lögbrot fyrrum forstjóra í lok síðasta árs á Útvarpi Sögu.

En svo undarlegt sem það er var viðkomandi fyrrum forstjóri leystur út með tugmilljóna starfslokasamningi. Við bentum ríkislögreglustjóra á að þarna væri maður sem væri sakaður um lögbrot af fráfarandi stjórnarformanni leystur út með starfslokasamningi. Við vöktum athygli ríkislögreglustjóra á málinu. Við rákum á eftir því og upp úr dúrnum kom að það sem stæði í veginum fyrir því að hægt væri að (Forseti hringir.) ganga í málið væri það að hæstv. iðnaðarráðherra hefði ekki svarað neinu um málefnið hjá ríkislögreglustjóra. (Forseti hringir.) Þess vegna vil ég spyrja, frú forseti, hvort von sé á að hæstv. (Forseti hringir.) iðnaðarráðherra svari.

(**Forseti** (SP): Forseti biður hv. þingmenn að virða þann ræðutíma sem þeim er skammtaður.)

[15:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér hefur hæstv. iðnaðarráðherra mælt fyrir allmikilli nýbreytni í skipan byggðamála, rannsókna og nýsköpunar sem lýtur að byggðamálum. Er þar sjálfsagt að mörgu að hyggja. Það var með stolti sem Byggðastofnun var flutt til Sauðárkróks og höfuðmiðstöðvar hennar settar þar niður. Það sem ég spyr ráðherrann um er: Það stendur hvergi í þessu frumvarpi að höfuðstöðvarnar skuli vera áfram á Sauðárkróki eða ég hef a.m.k. ekki séð það þó að það sé sagt í orðum, en verður það svo? Í öðru lagi: Hvaða þættir þessarar nýju stofnunar eiga að vera þar formlega vistaðir, þ.e. að starfsfólk við aðalstöðvarnar á Sauðárkróki (Forseti hringir.) vinni?

[15:52]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að það stendur ekki í frumvarpstextanum að höfuðstöðvarnar skuli vera á Sauðárkróki, heldur er það í valdi ráðherra. Ég hef sagt mjög skýrt að þær skuli vera á Sauðárkróki þannig að ég held að það þurfi ekkert að ræða frekar. Þar verður sem sagt yfirstjórn þessarar nýju stofnunar, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, og það þýðir að þar fer fram stjórnsýsla. Eins reikna ég með að sú starfsemi sem Byggðasjóði tengist fari fram á Sauðárkróki, og kannski eitthvað fleira. Þetta eru náttúrulega hlutir sem ekki er búið að móta alveg til enda en það er a.m.k. ákveðið að starfsfólki verður ekki fækkað. Ég held að það sé kannski aðalatriðið og það sem hv. þingmaður er að velta fyrir sér.

[15:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra hefur ekki skilið mig til fulls, enda kem ég betur að þessu máli seinna. Hvað fyrir mér vakir er hversu mjög eigi þá að efla Sauðárkrók sem miðstöð byggðamála í landinu, ekki hvort störfin verði þar óbreytt. Ég vil sjá að þessu sé þá fylgt eftir með þeim hætti að þarna verði efling, þarna verði raunmiðstöð byggðamála. Ég vildi fá ítarlegri svör frá hæstv. ráðherra hvað það varðar.

Einnig sakna ég þess hér að ekki skuli vera minnst á möguleika á öflugu samstarfi við Hólaskóla sem er á sviði höfuðmiðstöðva Byggðastofnunar á Sauðárkróki ef það verður svo áfram, sem ég vona. Það er minnst á samstarf við Þekkingarsetrið á Ísafirði, Háskólann á Akureyri og á Egilsstöðum sem er bara hið besta mál. Einmitt í Skagafirði er þó einn öflugasti byggðaskóli landsins, að öllum hinum ólöstuðum, og mér hefði fundist að þetta ætti að tengja (Forseti hringir.) með mjög rækilegum hætti saman til efl-

ingar (Forseti hringir.) hvoru tveggja.

[15:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg innilega sammála hv. þingmanni með að það er mikilvægt líka á Sauðárkróki að tengja saman háskólastarf, rannsóknir og starfsemi fyrirtækja eins og er gert svo myndarlega í Verinu þar sem við vorum bæði viðstödd þegar það var formlega opnað fyrir skömmu. Það sem frumvarpið ber í sér gefur svo mörg tækifæri, einmitt á landsbyggðinni, til uppbyggingar í líkingu við það sem á sér stað á Sauðárkróki.

Þó að við höfum sérstaklega talað um Ísafjörð, Akureyri og Egilsstaði í þessu sambandi, þegar talað er um þekkingarsetur, höfum við líka alltaf haldið því til haga að við erum að tala um miklu fleiri staði þar sem kominn er vísir að þekkingarsetrum. Þau þekkingarsetur er hægt að efla og skapa þannig ný tækifæri fyrir landsbyggðina.

[15:55]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði til við samruna Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Í umræðunni hefur komið fram að upphaflega stóð til að Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins rynnu saman en að á síðari stigum hafi Byggðastofnun verið bætt í þann hóp. Ég verð að segja fyrir mína parta að ég hefði talið réttara að láta Byggðastofnun standa þarna fyrir utan og leysa með öðrum hætti þann vanda sem hún er í.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki ástæðu til að einkavæða þá starfsemi sem Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur haft með höndum. Er ástæða til að halda þeirri starfsemi úti (Forseti hringir.) af hálfu hins opinbera?

[15:57]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel fjarri lagi að hægt sé að einkavæða þessar stofnanir í heild sinni. Það er hins vegar alveg sjálfsagt og ég kom inn á það í ræðu minni að úthýsa einhverri af þeirri starfsemi sem þarna fer fram. Það verður að sjálfsögðu farið í gegnum það hvaða starfsemi það gæti verið. Það kemur bara í ljós í vinnuferlinu fram undan.

Í sambandi við það sem hv. þingmaður nefndi varðandi Byggðastofnun, að það hefði átt að leysa mál hennar með öðrum hætti, er það ekki í samræmi við það sem varð niðurstaða ríkisstjórnarinnar.

[15:58]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held reyndar að auðveldlega væri hægt að koma því fyrir að einkavæða Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og gera bara sérstakan samning við ríkið varðandi þá starfsemi sem lýtur að því og þjónustu við fyrirtæki þess en hleypa restinni út á markað.

Varðandi síðan Byggðastofnun og Byggðasjóð, í þessu frumvarpi kemur fram að Byggðasjóði er ætlað að veita ábyrgðir á lán. Fram til þessa hefur Byggðastofnun sem forveri Byggðasjóðs veitt lán til atvinnuuppbyggingar og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Mig langar til að upplýsast um það hjá hæstv. ráðherra hvaða munur sé annars vegar á lánum frá ríkinu og hins vegar á lánsábyrgð. Telur ráðherra að það sé í eðli sínu einhver munur á þessu tvennu? Ég á erfitt með að koma auga á þann mun.

[15:59]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé talsverður munur þarna á. Ég gæti kannski spurt hv. þingmann til baka: Telur hann ekki t.d. í sambandi við Íbúðalánasjóð að það mundi skipta máli þar hvort bara væri verið með beinar lánveitingar eða ábyrgðir? Í þessu tilfelli erum við að tala um Byggðasjóð og hann hefur þá heimild samkvæmt ákveðnum skilmálum að ábyrgjast lán frá bönkunum. Þetta er fyrirkomulag sem nágrannaþjóðir okkar hafa notað, mjög margar Evrópuþjóðir og Bandaríkjamenn reyndar líka.

Ég tel að þetta sé framför miðað við þær breyttu aðstæður á markaði sem eru staðreynd. Byggðastofnun hefur misst frá sér áhugaverða viðskiptavini á síðustu árum vegna þess að bankarnir hafa sinnt landsbyggðinni betur. Ekkert nema gott er um það að segja, og í raun mjög jákvætt, en engu að síður viljum við ekki sleppa alveg hendinni af málinu með því að þessi sjóður hafi þá möguleika á að ábyrgjast lán bankanna þegar skortur er á veðum eða öðru.

[16:00]

Sigurjón Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég bar upp spurningu í andsvari við hæstv. ráðherra. Það má vera að af því tími minn var knappur hafi hún ekki heyrt lokaspurninguna í andsvarinu. Þess vegna langaði mig að vita hvort mögulegt væri að fá að endurtaka spurninguna. Ég er viss um að hæstv. ráðherra hefur í raun viljað svara þessari spurningu vegna þess að hún varðar embættisfærslu hennar, þ.e. hvers vegna hún hafi ekki svarað ríkislögreglustjóra þegar hann spurði hana út í ásakanir sem fráfarandi stjórnarformaður Byggðastofnunar hefur haft uppi um störf (Forseti hringir.) fráfarandi forstjóra sem er leystur út með tugmilljóna starfslokasamningi. (Forseti hringir.) Ég er á því að það sé mjög þarft að fá þetta á hreint.

[16:01]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti bendir hv. þingmanni á að hann er að ræða um fundarstjórn forseta og á ekki að ræða efnislega um málið. (**Sigurjþ**: Nei, nei, ég var bara að ...) Forseti vill líka benda hv. þingmanni á að hann er á mælendaskrá í þessu máli og getur komist að með spurningar sínar. (**Sigurjþ**: Endilega.)

[16:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og at-

vinnuþróun. Við ræðum þetta mál í framhaldi af nokkrum sviptivindum milli stjórnarliða í kringum þetta mál. Þegar ég fór að kynna mér það áttaði ég mig á að það væri að mörgu leyti eðlilegt að svolítil átök hefðu orðið um málið, einfaldlega vegna þess að hér er á ferðinni mál sem hefur tekið snöggum breytingum undir lokin á undirbúningi þess.

Til að byrja með ætla ég að segja að mér líst alveg prýðilega á þá hugmynd að sameina í Nýsköpunarmiðstöð Íslands þá starfsemi sem er hjá Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Ég tel að það mál hafi verið mjög vel undirbúið enda setti hæstv. ráðherra nefnd í málið, ef ég man rétt, einhvern tímann seinni partinn á árinu 2004. Nefndin vann vel að þessu máli og síðan komu fram þessar tillögur. Já, það var í september 2004 sem hæstv. ráðherra skipaði þessa nefnd og síðan kom tillaga Vísinda- og tækniráðs sem tók undir tillögu starfshópsins um að sameina þessar tvær stofnanir í desember 2004. Síðan er unnið í framhaldi af þessum niðurstöðum alveg þangað til í lok september árið 2005, en þá er niðurstöðum skilað með greinargerð til hæstv. ráðherra um sameiningu þessara tveggja stofnana sem ég nefndi hér áðan.

Svo segir í þessari greinargerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Á grundvelli jákvæðrar niðurstöðu nefndarinnar ákvað iðnaðarráðherra að undirbúa sameiningu stofnananna. Þeirri ákvörðun var þó frestað þegar nánari skoðun leiddi í ljós að enn meiri ávinningi mætti ná með víðtækari sameiningu á allri starfsemi ráðuneytisins að nýsköpun og atvinnuþróun."

Hins vegar er ekki gerð nein grein fyrir því hver þessi „nánari skoðun" var, hvernig hún fór fram. Hvergi er á það minnst að einhver vinna hafi verið lögð í það að skoða eitthvað nákvæmlega hvort þetta væri góð hugmynd. Hins vegar er greinilegt að ákvörðun var tekin í haust sem leið um að bæta Byggðastofnuninni þarna við, ofan á þessa miklu ágætu vinnu sem hafði farið fram. Það má eiginlega lýsa þessu þannig að þegar búið er að teikna og vanda vel til húss, hanna það og byggja, sé allt í einu hrönglað upp einhverjum skúr við hliðina. Það er gert bara á augalifandi bragði, timbrað upp einhverri viðbót við hugmyndina. Það er það sem við erum að sjá hér. Og allt þetta plagg ber þess merki að svona hafi verið unnið að málinu enda var það þannig að Byggðastofnun, eins og menn muna, rak upp á sker í haust sem leið. Þá var allt í einu allt þrotið þar enda full ástæða til því að ekki hefur verið staðið þannig að rekstri þeirrar stofnunar á undanförnum árum að vel gæti farið. Það hlaut að enda með vandamálum þar.

Þá bregða menn fyrir sig því bjargráði að taka þetta ágæta mál sem hér hafði verið undirbúið og bæta vandamálinu við sem menn höfðu í höndunum þegar þar að kom. Í ljósi þess verða menn auðvitað að skoða hvort þetta sé skynsamlegt. Ég segi fyrir mitt leyti að til að byrja með líst mér ekki mjög vel á þetta. Auðvitað verðum við að fara yfir þetta í starfi nefndarinnar og velta fyrir okkur með hvaða hætti þetta gæti orðið skynsamlegt. Ég geld mikinn varhuga við því að framlögum til byggðamála og þeirri starfsemi sem hið opinbera hefur með höndum til að styrkja hinar veiku byggðir landsins sé blandað með einhverjum þokukenndum hætti saman við aðra starfsemi eins og stefnir í að menn geri þarna.

Ég held að það sé ákaflega hættulegt og muni geta valdið því að sú starfsemi sem átti að sameina í þessum tveimur stofnunum verði fyrir einhvers konar tortryggni og geti jafnvel orðið fjötur um fót að hluta til þeirri ágætu starfsemi sem þar er á ferðinni. Ég tel líka að það sé mjög nauðsynlegt að þegar menn fást við byggðamálefni þar sem þarf að koma til móts við byggðir sem eiga í vanda með fjárframlögum eigi menn ekkert að vera feimnir við að gera það. Það á hiklaust að gera það og koma til móts við byggðir og hjálpa þeim í vandamálum. Það þarf að vera skýrt og klárt hvað menn eru að gera þar. Þess vegna vil ég grípa tækifærið og nefna að ég tel að það þurfi að skoða mjög vandlega hvort sú leið að taka ábyrgð á lánum sé sú rétta. Mín skoðun hefur lengi verið sú að þetta ætti fyrst og fremst að gera með styrkjum til fyrirtækja á þeim svæðum þar sem vandinn er uppi. Ef koma þarf til móts við hugmynd sem menn hafa um rekstur eða stofnun fyrirtækja á slíkum svæðum og það vantar upp á að slík starfsemi fái fjármögnun af því að menn telja grundvöllinn ekki nægilega góðan getur styrkur Byggðastofnunar orðið til þess að hugmynd verði áhugaverð og standi undir sér. Þá vita menn líka alveg hvað verið er að leggja fram. Það er allt skýrt um það. Þegar hins vegar er lánað, veruleg áhætta tekin vegna hugmyndar sem er kannski ekki allt of ljóst hvort muni ganga upp vita menn mjög lítið hver áhættan er. Það er óljós áhætta og það er sams konar áhætta á ferðinni þegar kemur að einhvers konar ábyrgðarhlutverki eins og því sem verið er að lýsa hér. Þess vegna tel ég ástæðu til að menn skoði þessa hluti mjög vandlega í framhaldinu og velti þeim fyrir sér.

Ég tel það vera ákveðinn skaða að þetta skuli hafa borið að með þeim hætti, það mál sem hér er til umræðu. Ég held að jafnvel þótt menn hefðu orðið dálítið fangnir af þeirri hugmynd að sameina Byggðastofnun þessum tveimur stofnunum hefðu menn áður en það var gert átt að ganga það til enda að sameina þær tvær stofnanir sem þarna var hugmyndin að sameina og skoða það síðan í framhaldinu, úr því aðdragandinn var ekki lengri en þessi, hvort hugsanlegt væri að sameina einhverja hluta af Byggðastofnun, eða Byggðastofnun alla, við þá stofnun sem þarna stóð til að gera. Ég hef reyndar miklar efasemdir um að öll starfsemi sú sem á að tilheyra Byggðastofnun geti orðið hluti af þessari stofnun. Ég held að það sé miklu skynsamlegra að hafa þessi mál í skýrari farvegi en hann verður með þessu.

Við fengum, og það var nokkuð tekið eftir því, kom í fjölmiðlum — okkur var boðið, aldrei þessu vant, stjórnarandstöðunni, að fá kynningu á málinu áður en því var dreift í þinginu. Við fengum tækifæri til að spyrja út í málið. Sú kynning var ágæt. Það hittist að vísu þannig á að hún lenti á þannig tíma að ekki margir höfðu tækifæri til að vera við hana. Ég var þar og mér fannst það sem kom út úr þeirri kynningu ekki breyta þessari skoðun sem ég hef verið að lýsa. Ég fékk reyndar að hluta til svolitla staðfestingu á því sem ég óttaðist sem er það að litið verði á þessa stofnun í framhaldinu að einhverju leyti sem Byggðastofnunina, með ákveðnum greini, að það muni þá valda ákveðinni tortryggni þegar kemur að því að beina kröftum hennar til einstakra mála. Það væri mjög vont ef sá áróður yrði uppi að nú væru menn búnir að stofna eitthvert enn þá stærra bákn sem væri með byggðamálin og það væri óljóst hvað þessi stofnun setti í raun og veru mikið af kröftum sínum og fjár-

munum til byggðamála og hvað færi í raun og veru til þeirra mála atvinnuþróunar sem hér er á ferðinni, sem allt er gott um að segja.

Ég hef ekkert nema gott að segja um starfsemi þá sem Byggðastofnun hefur haft undir höndum nema að því leyti til að mér finnst að á undanförnum árum hafi verið grafið undan þeirri starfsemi. Henni hefur verið tvístrað út og suður og það hefur ekki verið skynsamlega að þeim hlutum staðið. Ég hefði talið miklu nær að menn reyndu að skýra hlutverk Byggðastofnunar en nota hana áfram sem það verkfæri sem menn hafa í höndunum til að koma þeim verkefnum áfram sem Alþingi hefur tekið ákvörðun um að styrkja. Þetta finnst mér vera aðalinntakið í því sem ég vil koma hér á framfæri.

Það kom síðan líka fram í andsvörum áðan og hefur komið fram í fjölmiðlum — hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fór í andsvar við hæstv. ráðherra og í þeim spurningum sem hann bar fram kom með svipuðum hætti fram tortryggni hvað það varðar að slá saman þeirri starfsemi sem þarna er hugsað að gera. Reyndar lagði hann fram spurningu um hvort ekki væri ástæða til að einkavæða eitthvað af þessu. Hæstv. ráðherra tók undir að sumt af þessu mætti einkavæða eða fela öðrum aðilum með einhverjum tilteknum hætti heldur en að þessi stofnun sæi um þá hluti sjálf.

Það er auðvitað ekki hægt að útiloka neina slíka hluti. Það verður alltaf að skoðast á hverjum tíma hvað er skynsamlegt að svona stofnanir láti vinna sjálfar með sínu starfsfólki og hvað er skynsamlegt að kaupa sem þjónustu af öðrum aðilum. Ég hef ekki neina fordóma gagnvart því að þjónusta sé keypt af sjálfstætt starfandi fyrirtækjum og það er sjálfsagt að menn skoði það alltaf á hverjum tíma hvað er skynsamlegast í því.

Þetta er hins vegar ekki gagnrýnin frá minni hendi, heldur er mín gagnrýni fyrst og fremst fólgin í því sem ég hef fært hér fram. Við höfum t.d. annað mál í höndunum sem er uppkast að stefnumótandi byggðaáætlun. Í þeirri áætlun er, þó svo að það sé ekki sett fram með nægilega skilmerkilegum og skýrum hætti í tillögugreininni, gert ráð fyrir stóru hlutverki Byggðastofnunar í framkvæmd þeirrar áætlunar.

Ég tel að þess vegna sé full ástæða til að menn skoði í samhengi hvernig eigi að fara með þessa hluti og hvort það sé skynsamlegt að leggja niður Byggðastofnun og fella starfsemi hennar undir aðra þá starfsemi sem þarna er. Það er líka ákveðið að hafa allt öðruvísi samsetningu stjórnar Byggðasjóðs, eða hvað hann á nú að heita í þessu plaggi. Þar er gert ráð fyrir að hæstv. iðnaðarráðherra skipi þrjá menn en fjármálaráðherra tvo. Menn geta velt fyrir sér hvernig samsetning slíkrar stjórnar verður. Ég ætla ekki að vera með getgátur hér um það hvernig hún verður en það virðist nokkuð ljóst að hún verður með einhverjum öðrum hætti en stjórn Byggðastofnunar hefur verið fram að þessu. Spurningin er hvort hæstv. ráðherra fer yfir það hér hvernig hún lítur á og hvaða markmiðum hún telur að þurfi að ná með skipun þessarar stjórnar eða hvort Byggðasjóður, eða starfsemi hans, sé allt í einu orðinn af allt öðru tagi en byggðastuðningurinn sem var fólginn í starfsemi Byggðastofnunar, eða hefur verið á undanförnum árum.

Ég tel að Alþingi hefði haft miklu betra af því að fara í gegnum einhvers konar tillögur um endurskoðun á Byggðastofnuninni sjálfri og starfsemi hennar sem Byggðastofnunar og glíma við það að ná pólitískri samstöðu um hvað slík stofnun ætti að gera, hver væru verkefni hennar, því að ég er svo sannarlega sammála því að margt mætti endurskoða og færa til betri vegar af því sem stofnunin hefur verið að gera. Ég tel t.d. að lánastarfsemin þurfi algerrar endurskoðunar við.

Það sem mér finnst skipta mestu máli í tengslum við Byggðastofnun og mér finnst vera mikilvægast í starfsemi hennar er að hún sé sjálfstæð og að hún verði gerð sjálfstæð með þá möguleika að skoða hugmyndir um byggðaþróun, um tækifæri einstakra svæða og byggða, um þá þróun sem hægt er að spá fyrir um, fara yfir hugmyndir um t.d. samgöngubætur og meta hvað þær geta gert fyrir einstök svæði. Svo má nefna alls konar hugmyndir um atvinnuþróun, átök í menntamálum eða öðru slíku sem hægt er að gera til að koma til móts við veikar byggðir. Þetta er allt saman sagt að sé hægt að gera í þessari stóru nýju stofnun sem hér á að fara að samþykkja. Ég efast ekkert um að jákvæður vilji til að koma til móts við veikar byggðir búi að baki. Ég held hins vegar að þetta sé aðferð sem menn þurfi að skoða mjög vandlega, og það er full ástæða til að muna eftir að undirbúningurinn að málinu hvað þetta varðar hefur haft mjög skamman aðdraganda. Það er í raun verið að bæta Byggðastofnun inn í þetta á þessum vetrarmánuðum. Það er ekki góður aðdragandi að málinu. Ég tel þess vegna að það sé ýmislegt sem iðnaðarnefndin þarf að skoða þegar málið kemur til hennar. Ég er á þeirri skoðun að þá þurfi menn fyrst og fremst að fara yfir það hvort sú leið að bæta Byggðastofnun þarna við sem slíkri sé skynsamleg, hvort það væri skynsamlegt að taka einhvern hluta af þeirri starfsemi sem hefur verið tengd Byggðastofnun og hafa inni í þessari nýju stofnun og hafa Byggðastofnun þá minni í sniðunum en með afmarkaðra hlutverk en hún hefur haft, eða hvort Byggðastofnun eigi að leggjast þarna inn með alla sína starfsemi. Hvernig í ósköpunum ætla menn þá að sjá til þess að það sé allt skýrt sem viðkemur kostnaði vegna byggðamála og kostnaði vegna annarrar starfsemi sem þarna er á ferðinni?

Það sem aldrei má gerast er að tortryggni verði vakin upp sem geti komið niður á annarri starfsemi þessarar stofnunar vegna þess að menn líti þannig á að verið sé að nýta stofnunina í þeim tilgangi að ná einhverjum markmiðum í byggðamálum og að ekki sé alveg ljóst með hvaða hætti það verði gert. Í því er engin skynsemi og getur vakið upp tortryggni gagnvart annarri þeirri starfsemi sem þarna á að fara fram, og vandamálum sem engin ástæða er til.

Ég ætla ekki að hafa þetta meira núna, hæstv. forseti. Það hefði auðvitað verið gaman að ræða svolítið um þessi vandamál stjórnarliða í málinu en ég fæ tækifæri til þess síðar.

[16:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Ég vildi bara leiðrétta það strax að það hafi ekki verið fyrr en núna á vetrarmánuðum sem Byggðastofnun kom

inn í þessa umræðu. Það er ekki rétt. Það er í framhaldi af því að eiginfjárhlutfall er komið niður fyrir 8% sem ég fæ fyrirtækið Stjórnhætti til að greina helstu valkosti varðandi framtíðarþróun Byggðastofnunar. Þetta fyrirtæki skilar mér skýrslu í maí 2005. Það er sem sagt rétt að verða ár síðan. Í framhaldi af því skipaði ég nefnd til að vinna að málinu og móta tillögur um framtíðina og sú nefnd er skipuð í júní 2005. Í þeirri nefnd eru m.a. Páll Magnússon, aðstoðarmaður minn sem var formaður, og Berglind Svavarsdóttir, Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, Magnús Stefánsson alþingismaður og Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu. Eftir að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson varð ráðherra tók Einar Oddur Kristjánsson sæti hans í nefndinni.

Þetta mál er búið að vera alllengi til umfjöllunar í ráðuneytinu hvað varðar Byggðastofnun. Ég heyri að hv. þingmaður hefur efasemdir um að þetta sé rétt, að fara í málið eins og raun ber vitni, að sameina þessar þrjár stofnanir, og vill í raun að Byggðastofnun haldi áfram í svipuðu formi. Ég skil hann a.m.k. svo. Hvernig mundi hann þá vilja leysa mál Byggðastofnunar, mundi hann þá vilja leggja verulega mikið fjármagn inn í stofnunina til að bæta eiginfjárstöðuna? Það væru sennilega einhverjir milljarðar króna. Er það leiðin sem hann teldi að hefði verið rétt og halda þá áfram með stofnunina í svipuðu formi?

[16:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir að það sé ekkert hægt að komast undan skuldbindingum stofnunarinnar. Ég ímynda mér ekki að hægt sé að komast undan þeim með því að snara henni inn í þennan hóp sem hér er um að ræða. Það hlýtur að þurfa að uppfylla þær skuldbindingar sem stofnunin hefur tekið á sig.

Ég er hins vegar á þeirri skoðun að lánamál stofnunarinnar eigi auðvitað að taka til endurskoðunar. Ég hef um það efasemdir að það sé rétta leiðin að vera mikið í þessari lánastarfsemi. Ég held að styrkir gætu verið skynsamlegri, aðkoma ríkisins að því að styðja við starfsemi á veikum svæðum gæti verið skýrari en lánastarfsemi.

Svo er hitt sem hæstv. ráðherra var að segja, að þetta hefði ekki gerst bara yfir vetrarmánuðina. Það sem stendur í þessu plaggi sem við höfum hér fyrir framan okkur er að sú nefnd sem undirbjó sameiningu þessara tveggja stofnana, Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, skilaði niðurstöðum sínum 30. september 2005. Á grundvelli jákvæðrar niðurstöðu nefndarinnar ákvað iðnaðarráðherra að ákveða sameiningu stofnananna. Það er þá sem menn skila af sér. Það getur ekki hafa verið fyrr en í framhaldi af því sem hæstv. ráðherra ákvað að starfsemi hinnar nefndarinnar sem er að fjalla um Byggðastofnun ætti að fara í að sameina störf þessara tveggja nefnda í því frumvarpi sem hér er komið fram.

En þetta er nú bitamunur en ekki fjár. Það er a.m.k. ljóst að þessi sameining byrjar ekki að ganga fyrr en eftir að sú nefnd sem hæstv. ráðherra nefndi skilar af sér. Það hefur verið að gerast í vetur og ég segi að mér (Forseti hringir.) finnst þetta ekki trúverðug niðurstaða.

[16:26]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í dagsetningar. Eins og ég sagði áðan var það sem sagt fyrir um ári sem ég fékk greiningu fyrirtækisins Stjórnhátta ehf. um Byggðastofnun.

Ég vil bara halda því til haga að það er ekki þannig að Byggðastofnun sé gjaldþrota. Byggðastofnun var komin á það stig að farið var út í þessa vinnu, komin niður fyrir 8% regluna hvað varðar eigið fé.

Síðan ætla ég að segja að hv. þingmaður telur að það væri affarasælla að fara út í styrki til fyrirtækja en lánveitingar. Það kemur mér mjög á óvart að hv. þingmaður skuli halda þessu fram. Okkur eru mjög mikil takmörk sett í sambandi við að styrkja atvinnulífið með beinum styrkjum, m.a. út af EES-samningnum og samkeppnismálum. Við getum ekki styrkt fyrirtæki sem er í samkeppni við annað fyrirtæki. Það er augljóst. Hins vegar er ákveðið svigrúm sem varðar fyrirtæki á landsbyggðinni en það þarf þá að vera einhver nýsköpun í því eða annað sem samræmist reglum Evrópska efnahagssvæðisins.

Það að fara í að styrkja fyrirtæki með beinum fjárframlögum er eitthvað sem ég hélt að væri ekki mikið uppi í umræðunni í dag.

[16:27]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mig hafa vitneskju um að það sé leyfilegt að styrkja fyrirtæki með fjárframlögum. Ég veit ekki betur en að það hafi líka verið gert þótt það hafi verið í smærra mæli en lánastarfsemin sjálf. Auðvitað eru ábyrgðir og lánveiting þar sem áhætta er tekin langt fram yfir það sem verið er að gera á hinum almenna markaði ekkert annað en styrkjastarfsemi. Menn geta ekki haldið einhverju öðru fram. Það eru auðvitað styrkir fólgnir í því. Sú ábyrgðarhugmynd sem hér er sett fram í frumvarpinu er styrkur og auðvitað eru ábyrgðir peningar þegar kemur að því að þær muni að einhverju leyti falla á viðkomandi ábyrgðartaka.

Þess vegna hljóta menn að þurfa að skoða þetta í heildina. Niðurstaða nefndarinnar sem fjallaði um Byggðastofnun var sú að gerð yrði grundvallarbreyting á fjármögnunarstarfsemi Byggðastofnunar þannig að hún yrði fjárhagslega sjálfbær. Ég held að þetta sé jafngildi þess að komast að þeirri niðurstöðu að leggja eigi þessa lánastarfsemi niður. Ef menn ætla að reka lánastarfsemi vegna þess að veikar byggðir þurfi á meiri stuðningi að halda en annars staðar er til staðar hlýtur það að kosta peninga. Þá hljóta menn að ganga lengra en er gert annars staðar. Ef á að líta þannig á að þetta sé ekki sjálfbært nema að sams konar árangur náist af lánastarfseminni og hjá öðrum lánafyrirtækjum er alveg klárt að það þýðir ekkert að reka slíka lánastarfsemi. Menn geta ekki gert sömu kröfu ef þeir ætla sér að styðja við atvinnulíf á landsbyggðinni til að fá arð af lánastarfseminni eins og annars staðar.

[16:30]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Hér erum við að ræða frumvarp um Nýsköp-

unarmiðstöð Íslands. Það sem mér finnst helst undarlegt í þessu máli öllu saman er að vera búin að sitja fundi í iðnaðarnefnd þar sem verið er að ræða framtíð Byggðastofnunar og lesa það svo í blaði daginn eftir að henni sé kannski ætlað allt annars konar hlutverk.

Mér finnst kannski eins og hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og Kristjáni Lúðvík Möller, ég hef efasemdir um að draga Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins inn í þetta því það sem hér kom fram áðan varðandi það finnst mér eins og fleirum ekki endilega eiga samleið með Byggðastofnun þó svo að hæstv. ráðherra væri að færa rök fyrir því.

Eins og fram hefur komið hefur Byggðastofnun helst verið sú stofnun sem fyrirtæki á landsbyggðinni hafa leitað til til að koma á fót starfsemi sem enginn annar hefur viljað veita lánsfé í. Ég tek undir það með þeim þingmanni sem talaði áðan að ef markmiðið er að stofnunin verði sjálfbær þá er þetta kannski komið á almennan lánamarkað hvort sem er og ekki þörf fyrir hana, þ.e. ef stefna stjórnvalda er sú að Byggðastofnun sé rekin eins og hver önnur lánastofnun.

Annað finnst mér líka vera athugunarvert í þessu frumvarpi og ég hef efasemdir um að fyrirtæki á landsbyggðinni hafi þennan greiða aðgang. Ég var að lesa tillögu til Vísinda- og tækniráðs, vegna stefnumótunar. Afskaplega vel orðað plagg sem mér sýnist að Nýsköpunarmiðstöð Íslands eigi að byggja á. Mér finnst ekki vera neitt fast í hendi í því þegar ég horfi til landsbyggðarinnar sem mér finnst Byggðastofnun fyrst og fremst eiga að þjóna. Ég get alveg tekið undir að hér kom fram áðan að Byggðastofnun hafi komið seint inn í. Ráðherra svarar því til að það sé ekki eins seint og við töldum. En þá er kannski líka undarlegt að iðnaðarnefnd hafi ekki haft vitneskju um að þetta væri í farvatninu eða það kom a.m.k. ekki fram á fundi hennar sem ég sat þar sem framtíðarstefna Byggðastofnunar var rædd.

Það kemur fram í þessu frumvarpi að hópurinn fjallaði um samþættingu, sem hér hefur aðeins verið rædd, og ég sé alveg færi á því að í sameinaðri starfsemi Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins fari fram sá tæknilegi hluti. Vissulega er það svo að þeir sem leita til Byggðastofnunar og einnig stofnunin sjálf geta haft hag af því að geta nýtt sér það sem fer fram í hinum tveimur stofnununum. En ég er alltaf svolítið efins við eitthvað eitt risastórt og hef ekki trú á að þetta sé endilega til einföldunar þótt vissulega megi einfalda þetta kerfi. Það er alveg þörf á að einfalda það og það hefur komið fram í umræðunni og ég er ekkert fráhverf því, fólk er að sækja um jafnvel á marga staði vegna sömu hluta. En það er eitt að einfalda kerfið en annað að skella öllu saman í eitt stórt. Það hlutverk sem Byggðastofnun hefur og er aðeins rakið hér, ég er hrædd um að það gæti orðið undir af því það er hvergi kveðið skýrt á um hve nákvæmlega, eða mér finnst það að minnsta kosti ekki, hver hefur hvað undir höndum. Hér er rakið að fjármögnunarhlutverkið fellur undir fjármögnun verkefna og veitingu lána. Og einnig að atvinnuþróunin er nátengd starfsemi nýsköpunarmiðstöðvar Impru á Iðntæknistofnun.

Impra og Nýsköpunarmiðstöðin og það sem þar hefur farið fram í tengslum við Byggðastofnun eru þættir sem alveg er hægt að sameina en það er alger óþarfi að leggja þetta allt undir eitt. Það hefur verið talað um að Byggðastofnun sinni grundvallarhlutverkum ekki nægilega vel. Það get ég tekið undir. En ég tel ekki að það sé vegna þess að ekki sé vilji til þess heldur kannski fyrst og fremst það sem hér hefur komið fram áður en það er fjárvöntun. Fjárvöntun Byggðastofnunar er auðvitað ekkert leyst í sjálfu sér með því að skella stofnuninni saman við hinar tvær.

Starfshópurinn gerir tillögur um eftirfarandi efnisatriði, með leyfi forseta:

„Að grundvallarbreytingar verði á fjármögnunarstarfsemi Byggðastofnunar þannig að hún verði fjárhagslega sjálfbær.

Fjármögnunartæki og vinnubrögð verði þróuð sem miða að því að efla samstarf við fjármálafyrirtæki sem geri fjármögnun atvinnustarfsemi á landsbyggðinni auðveldari.

Árangur á sviði byggðamála verði aukinn með skýrri stefnumótun stjórnvalda, ásamt bættri og skýrari forgangsröðun verkefna.

Sérstaklega verði hugað að frekari samhæfingu eða samþættingu starfsemi Byggðastofnunar, Impru og Iðntæknistofnunar með það að markmiði að tryggja sterka stöðu og sýnileika byggðamála í þeirri starfsemi sem ætlað er að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun.“

Ég er alltaf svolítið efins um að hlutunum sé miðstýrt úr svona stóru apparati, þá verði hætta á að landsbyggðin verði undir og þessi litlu fyrirtæki, að einstaklingar sem fá þessar hugmyndir fái ekki fyrirgreiðslu frá bönkum vegna þess að þeir telja hugmyndina ekki arðbæra. Svo er auðvitað spurningin um ábyrgðir, styrki eða lán. Það má líka velta fyrir sér hvort það er eitthvað sem t.d. einyrkjum stendur til boða eins og verið hefur að einhverju leyti í gegnum Byggðastofnun.

Ég tek undir það með hv. þm. Jóni Bjarnasyni sem sagði hér áðan í andsvörum sínum að það væri miklu frekar að tengja Byggðastofnun við háskólana sem eru á svæðinu, bæði Hólaskóla og Háskólann á Akureyri og nýta þannig þá þekkingu sem þar er til staðar. Það er talað um að í Nýsköpunarmiðstöð Íslands eigi að vinna að greiningu á stöðu og þróun atvinnulífs og byggðarlaga þannig að hægt sé að bregðast við aðsteðjandi vanda hverju sinni. Þetta hefur líka verið á byggðaáætlun og átti að gera og vera búið að gera held ég, en hefur ekki verið gert, svo það er ekki nóg að hafa eitthvað fallegt á blaði sem ekki vex eða verður eitthvað.

Það er talað líka um að samstarf stofnunarinnar verði mótað í gegnum vaxtarsamninga og ég er alveg á því. Við erum með vaxtarsamning í Eyjafirði sem hefur reynst alveg ágætlega. Af hverju er ekki hægt að halda áfram á sömu forsendu? Af hverju þarf að breyta þessu til að það sé hægt? Við vitum að þær þekkingargreinar sem hér hafa verið að byggjast upp hafa fyrst og fremst verið á höfuðborgarsvæðinu en ekki á landsbyggðinni. Ég sé ekki endilega að það breytist. Mér finnst ekki vera færð rök fyrir því í þessu frumvarpi að það breytist þrátt fyrir að stofnanir sameinist hér. Enda kemur fram að það hafi ekki náðst að fylgja því eftir núna og ég sé ekki að það breytist með þessu. Eins og ég segi, ég held að þetta verði flókið. Ég held að þetta verði stórt. Þetta verði ólíkt og að auki ekki þessi samkeppnishæfni eða nýsköpun, hvað þá lífskjörin. Eins og ég segi, ég

átta mig ekki á því hvernig þetta virkar. Þetta er allt mjög fallegt hér á blaði en mér finnst ekkert í sjálfu sér vera komið sérstaklega inn á það sem við vorum t.d. í hv. iðnaðarnefnd að fjalla um að væri fyrst og fremst verkefni Byggðastofnunar.

Það er reyndar farið ofan í samkeppnisstöðu atvinnulífsins og þar eru raktar fjórar meginástæður sem eru taldar liggja til grundvallar því að stofnanirnar séu sameinaðar. En þar er t.d. Byggðastofnun ekki tekin fram í lið 2, heldur eingöngu sameining Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Reyndar er rætt um sameiningu matvælarannsókna fjögurra opinberra rannsóknastofnana.

Hlutverk Impru er, eins og hér segir, í hnotskurn að hlúa að nýsköpun í atvinnulífinu og vera tengiliður. Hún rekur þetta frumkvöðlasetur sem mér sýnist að stefnt sé að, að Nýsköpunarmiðstöðin eigi að vera. Hér eru þessi nánu tengsl við þróunarstarfsemi Byggðastofnunar með innleiðingu klasasamstarfs. Hæstv. ráðherra hefur talað um að stofnanir eins og Impra, klasasamstarfið og frumkvöðlasetrin hafi gengið ljómandi vel og þá velti ég fyrir mér af hverju þurfi að breyta þessu ef þetta gengur allt svona ágætlega. Vissulega eins og ég sagði hér í upphafi er margt sem hægt er að einfalda. Mér finnst þetta ekki vera einföldun og þegar ég hef verið að lesa þetta þá hef ég ekki rekið mig á að þetta einfaldi málin. Eins og hér hefur verið sagt þá er þetta að mörgu leyti töluvert ólíkt en að sama skapi er líka mjög margt líkt. Marga þætti er hægt að sameina en ekki endilega heilu stofnanirnar.

Það er sagt að byggðaáætlun sé eitt tæki stjórnvalda til að jafna atvinnuskilyrði og bæta samkeppnishæfni. Þar á Nýsköpunarmiðstöðin að koma að byggðarannsóknum. Þetta hefur verið hlutverk Byggðastofnunar og eitt af því sem hefur átt að gera er að kanna, eins og síðar kemur fram, hvernig þetta hefur gengið og fara ofan í að greina svæði og greina bæði flutninga og brottflutninga, atvinnu og annað því um líkt, þróun búsetuskilyrða og atvinnulífs. Það hefur ekki verið gert nema að mjög litlu leyti og það er alltaf líka spurning, af því Byggðastofnun tengist landsbyggðinni órjúfanlega, þá veltir maður því alltaf fyrir sér hvað hefur gerst. Það er búið að rannsaka margt og margar skýrslur sem liggja fyrir en það hefur ekki breytt því að þróunin er samt sem áður sú að fólk er enn að flytja til höfuðborgarsvæðisins. Ég er alls ekki á móti því og tel mjög gott að það sé að því hugað að einfalda það kerfi sem snýr að nýsköpun og fjármögnun og öðru því um líku. En mér finnst þetta samt sem áður ekki vera nákvæmlega rétt nálgun.

Yfirlýsingar frá hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem sitja í iðnaðarnefnd hafa verið á þann veg að þeir séu mjög mótfallnir þessu. Þannig að einhvers staðar steytir á. Ég tel líka að ekki verði eins auðvelt fyrir lítil fyrirtæki eða einstaklinga sem eru að fara af stað með einhverjar hugmyndir að komast í þessar lánsábyrgðir. Það hefur gjarnan verið þannig að lánastofnanir eru ekki mjög tiltækar þegar kemur að því að lána fé í rekstur úti á landsbyggðinni þar sem þeim þykir ábyrgðin ekki nægjanleg og ef ríkið ætlar einungis að ábyrgjast hluta, eins og hér hefur einhvers staðar komið fram, getur það reynst þeim fjötur um fót að verða sér úti um það viðbótarfjármagn sem þarf til að koma viðskiptahugmynd á koppinn. Enda kemur hér líka fram að í sjálfu sér er ekki búið að útfæra þessa lánsábyrgðarhugmynd.

Það er líka áhugavert að lesa skýrslu Byggðastofnunar. Þeirra tillögur í byggðastefnunni eru að færa frumkvæði, framtak og fjármagn út á landsbyggðina, að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft en vera ekki einungis þiggjendur úr stórri stofnun.

Í þessari skýrslu Byggðastofnunar kemur líka fram að hún hefur oft viðrað hugmynd um stofnsetningu sérstakra þróunarsetra á landsbyggðinni, sem byggja á klasamyndun atvinnuþróunarfélaga, háskóla og rannsóknarstofnana atvinnuveganna, til að efla félagslegar forsendur búsetu á landsbyggðinni, veita atvinnuráðgjöf og aðstoða við stofnun nýrra fyrirtækja, auka rannsóknar- og þróunarstarf á landsbyggðinni og tengja það rannsóknar- og þróunarstarfi á höfuðborgarsvæðinu, og veita fjármagn til rannsókna og nýsköpunar.

Þessar hugmyndir eru allar til og maður veltir því fyrir sér hvers vegna hola þarf þessu öllu niður í eina stóra stofnun. Miklu frekar ætti að leggja áherslu á hugmyndir Byggðastofnunar um samstarf við heimamenn til að finna þessar nýju atvinnugreinar sem eru til og laða fyrirtæki til sinna staða fyrir utan náttúrlega stefnu stjórnvalda í byggðamálum sem hefur ekki heldur verið fylgt eftir, að flytja störf út á land.

Ég tel að þessum afskiptu stöðum og þessum litlu stöðum sem eru alltaf að reyna að draga til sín fólk og fé verði ekki gert auðveldara að nálgast þekkingu eða fjármagn, sérstaklega fjármagn, til að koma á starfsemi í sinni heimabyggð. En ég tek enn og aftur fram að vissulega þarf að gera eitthvað í starfsemi Byggðastofnunar og fyrst og fremst þarf að tryggja henni fé þannig að hennar eigið fé verði áfram fyrir ofan 8%. Það leysir ekki vanda hennar að setja hana inn í eina stóra Nýsköpunarmiðstöð.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra í bili. Það er hægt að fara út um víðan völl þar sem þetta mál tengist mjög mörgu. Ég get þá komið hér upp aftur þar sem næsta mál á dagskrá tengist þessu töluvert. Læt ég þetta duga í bili.

[16:50]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Það kom margt fram hjá hv. þingmanni í hennar ræðu.

Ég varð nú satt best að segja svolítið undrandi á því að hún óttaðist mest þá stærð sem yrði á stofnuninni. Við þurfum auðvitað að hugsa stórt og vera stórhuga þegar við erum að tala um uppbyggingu á landsbyggðinni.

En það er eitt sem ég vil sérstaklega spyrja hv. þingmann um. Það er þáttur atvinnuþróunarfélaganna sem eru víða á landsbyggðinni. Mig langaði að spyrja hver skoðun þingmannsins væri á þeirra stöðu innan þess nýja kerfis sem við erum að kynna hér. Í hvaða stöðu vill hv. þingmaður sjá atvinnuþróunarfélögin gagnvart þessu frumvarpi?

[16:51]

Bjarkey Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Gjarnan hefur verið gortað af því hér að at-

vinnuþróunarfélögin hafi haft mikið að segja, sem þau og hafa gert.

Ég tel að þeim sé ekki betur borgið með því að búa til þetta nýsköpunarmiðstöðvarbatterí. Ég vil miklu frekar að Byggðastofnun verði miðlæg í því að stýra vinnu út í atvinnuþróunarfélögin. Þar erum við komin með eina stofnun sem er kannski í mun meira sambandi við atvinnuþróunarsjóðina en einhver ein deild í Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Ég er ekkert viss um að það sé betra kerfi til að takast á við þau verkefni sem atvinnuþróunarfélögin sýsla við hvert á sínum stað. Að tengja atvinnuþróunarfélögin, byggðastefnuna, við Byggðastofnun, við háskólana og þau þekkingarsetur sem við erum með — þetta er allt saman hægt að tengja inn í Byggðastofnun sem er að mínu viti betra en að þetta verði einhver ein deild inni í stóru nýsköpunarbatterii.

[16:53]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér enn eitt frumvarp frá hæstv. iðnaðarráðherra, ráðherra byggðamála, sem snýr að byggðamálum og byggðaþróun. Þann 1. janúar árið 2000 tóku í gildi ný lög um Byggðastofnun sem m.a. færðu þann málaflokk úr forsætisráðuneytinu yfir í iðnaðarráðuneytið. Hæstv. ráðherra hefur hér flutt frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, þar sem stofna á Nýsköpunarmiðstöð Íslands og það er vissulega fallegt nafn. Ef það verður að lögum, og þau taka gildi eins og áætlað er 1. janúar árið 2007, verður sá dagur útfarardagur Byggðastofnunar. Það er ekki hægt að líta á það öðruvísi en svo að Byggðastofnun verði lögð niður og það hafi þá verið á ráðherraferli hæstv. iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, sem ég hef oft gagnrýnt fyrir framgöngu í byggðamálum og annað slíkt. Þá verður verkið fullkomnað og Byggðastofnun endanlega lögð af í sinni mynd.

Aumt er það hlutverk, virðulegi forseti, að mínu mati. En kannski um leið staðfesting á, ég var næstum búinn að segja á aumingjagangi, því dugleysi sem þar hefur verið. Ég skal þó taka það skýrt fram að ég held að það sé m.a. stundum vegna þess að ráðherrann kemst ekki áfram með sum mál sem hún hefur kannski áhuga á vegna samstarfsflokksins Sjálfstæðisflokksins. En oft og tíðum held ég að það hafi fyrst og fremst verið vegna þess að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið er ekki rétta ráðuneytið til að fara með þennan málaflokk eins og komið hefur á daginn. Iðnaðarráðuneytið hefur verið allt of upptekið af öðrum málum og byggðamálin sem slík hafa verið olnbogabarn hæstv. iðnaðarráðherra frá því hún tók við þeim. Áður en barnið fer í grunnskóla verður það svo borið út. Aumt er það.

Það er hægt að hugga sig við að sá tími sem hæstv. iðnaðarráðherra fer með þennan málaflokk styttist óðum. Við kjósum næsta vor og vonandi lýkur þessu þá. En segjum nú að svo ólíklega fari að ríkisstjórnin haldi völdum og hæstv. iðnaðarráðherra fái að sitja áfram í ráðuneyti sínu. (**KÓ:** Enginn vafi.) Þetta frammíkall frá hv. þm. Sjálfstæðisflokksins, Kjartani Ólafssyni, sýnir að hugur hans stendur til að starfa með Framsóknarflokknum og skil ég það vel enda hefur sjálfstæðismönnum tekist vel að reka hann til ýmissa óhæfuverka.

En aftur að því sem ég sagði. Mér sýnist að verkið verði fullkomnað þegar búið er að leggja Byggðastofnun niður. Hæstv. iðnaðarráðherra þarf ekki lengur að standa skil á byggðaáætlun, hvað þá skýrslu um byggðaáætlun eins og hún á að flytja Alþingi núna samkvæmt lögum um Byggðastofnun — sú skýrsla hefur verið í „copy/paste"-formi eins og frægt varð þegar hæstv. iðnaðarráðherra lagði fram í þriðja skiptið sömu skýrsluna og flutti hana sem skýrslu um byggðamál. Þetta hef ég gagnrýnt mjög og ráðherra hefur tekið það mjög óstinnt upp þegar fjallað hefur verið um byggðamál á þann hátt. Vitna ég þá til frægrar lokaumræðu um byggðaáætlun hér við fyrri umræðu í þinginu. Ég ætla ekki að hafa það eftir en fræg urðu þau ummæli.

Virðulegi forseti. Fyrsti liður í athugasemdum við lagafrumvarpið er undir fyrirsögninni Aðdragandi. Þar kemur fram að hinn 15. september 2004 skipaði hæstv. ráðherra starfshóp til að gera tillögur um endurskipulagningu tæknirannsókna. Síðan er því lýst hvernig það var gert. Þessi nefnd, þessi starfshópur, sem skipaður var skrifstofustjóra iðnaðarráðuneytisins, einum deildarstjóra í Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og forstöðumanni á Iðntæknistofnun, skilaði niðurstöðum til iðnaðarráðherra 5. nóvember 2004. Það varð niðurstaða hópsins að unnt væri að efla opinberar tæknirannsóknir með því að sameina starfsemi Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Síðan fer þetta í ákveðinn feril eða ofan í skúffu og bíður. Nema hvað að næst gerist það að iðnaðarráðherra skipar 2. febrúar 2005 nefnd sem skyldi m.a. gera tillögur um verkefni um innra skipulag nýrrar stofnunar um tæknirannsóknir. Gott og vel. Þar er áfram unnið og skipað í nefnd. Þar voru m.a. forstjóri Iðntæknistofnunar og forstjóri Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins og fleiri. Sú nefnd skilaði niðurstöðu sinni til ráðherra með greinargerð dagsettri 30. september 2005. Með leyfi forseta stendur hér:

„Á grundvelli jákvæðrar niðurstöðu nefndarinnar ákvað iðnaðarráðherra að undirbúa sameiningu stofnananna. Þeirri ákvörðun var þó frestað þegar nánari skoðun leiddi í ljós að enn meiri ávinningi mætti ná með víðtækari sameiningu á allri starfsemi ráðuneytisins að nýsköpun og atvinnuþróun."

Síðan kemur kaflinn um Byggðastofnun og það sem Byggðastofnun á og ætti að gera í sambandi við atvinnuþróun og byggðamál. Þá kemur kaflinn þar sem fjallað er um að erfiðleikar séu í rekstri Byggðastofnunar og fjallað er um hvernig eiginfjárhlutfall þeirra fór niður fyrir ásættanlega prósentu o.s.frv. Svo kemur, með leyfi forseta:

„Í ljósi þessarar stöðu fól iðnaðarráðuneytið ráðgjafafyrirtækinu Stjórnhættir ehf. að greina helstu valkosti varðandi framtíðarþróun Byggðastofnunar. Í skýrslu fyrirtækisins: Framtíðarþróun Byggðastofnunar – Greining á meginvalkostum, frá 5. maí 2005, segir m.a.: „Meginniðurstaða greiningar á stöðu Byggðastofnunar er að þrátt fyrir að ýmsar jákvæðar umbætur hafi verið gerðar á undanförnum árum á stofnunin samt sem áður við alvarlegan vanda að stríða. Stofnunin er ekki það forustuafl í málaflokknum sem ætla mætti og sinnir ýmsum grundvallarhlutverkum ekki nægilega vel. Fjárhagsstaðan er mjög erfið og fátt bendir til þess að fjármögnunarstarfsemin geti orðið fjárhagslega sjálfbær.""

Í frumvarpinu sem hæstv. iðnaðarráðherra leggur fram

er sagt að stofnunin sé ekki það forustuafl í málaflokknum sem ætla mætti og erfiðleikar steðji að. Það er á þeim tímapunkti sem menn smella saman fingrum, setja á nýja nefnd stjórnarliða, framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, undir forustu Páls Magnússonar að fara í gegnum þetta mál. Þeir skila frá sér ákveðnum tillögum. En þeir skila hvergi frá sér tillögum um að sameina t.d. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun. Það dettur einhvers staðar af himnum ofan á lokastigi málsins og er ekki farið í gegnum það á jafnfaglegan hátt og ég gerði að umtalsefni áðan í þeim nefndum sem getið er um hér áður. Þess vegna vakti það athygli mína hvers vegna þetta dettur svona fram. Því var það sem ég í stuttu andsvari við hæstv. iðnaðarráðherra, eftir að hún hafði flutt flutningsræðu sína, spurði um þetta. Þá kom fram að Byggðastofnun er þarna bætt við vegna þessara erfiðleika hennar sem hér er m.a. fjallað um og sett er fram á svo skilmerkilegan hátt. Ekki af mér, sem þingmanni, nú þýðir ekki að skamma mig, virðulegi forseti, heldur af því fyrirtæki sem var falið að fara í gegnum þetta, sem heitir Stjórnhættir ehf.

Virðulegi forseti. Ég held ég geti tekið undir og verið dálítið hlynntur þeim tveimur þáttum sem ég hef gert að umtalsefni, þ.e. sameiningu Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar. Ég held að það sé ekki óskynsamlegt. En mér finnst alveg út í hött að ætla að leggja Byggðastofnun sem slíka niður, setja hana þarna inn í þetta og leysa vandann með því.

En ég vil líka halda því til haga, virðulegi forseti, sem ég hef sagt hér að ég er samt ekkert yfir mig hrifinn af starfsemi Byggðastofnunar. Hef ekki verið það og hef fengið staðfestingu á því í frumvarpinu sem hæstv. ráðherra setur fram þar sem hún fjallar um Byggðastofnun í greinargerð sinni og ég las hér áðan: „Stofnunin er ekki það forustuafl í málaflokknum sem ætla mætti og sinnir ýmsum grundvallarhlutverkum ekki nægilega vel."

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi síðast komið inn í Byggðastofnun haustið 1999. Ég man ekki hvort ég hef átt eitt símtal þangað síðan. Það símtal olli mér jafnmiklum vonbrigðum og annað sem ég hef leitað til þeirrar stofnunar með. Þess vegna get ég ekki sagt að Byggðastofnun hafi verið að standa sig og ég hef fengið staðfestingu á því í áliti hæstv. ráðherra sem hún setur fram í frumvarpi sínu.

En ég er samt sem áður þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að hafa Byggðastofnun en að lagfæra þurfi hana mikið frá því sem nú er. Það má alveg skoða að breyta henni í takt við breytingar sem hafa átt sér stað í bankakerfinu og öðru. Fræg eru ummæli ýmissa sem hafa hætt að sækja til Byggðastofnunar eftir lánum því þeir hafa einfaldlega fengið betri lán í bönkum. En svo eru aðrir aðilar á landsbyggðinni sem ekki hafa fengið lán í bönkum og er úthýst þar. Fá ekki fyrirgreiðslu. Þeim er jafnmikið úthýst í Byggðastofnun en fá svo aðgerðir og lausn á málum sínum í gegnum sparisjóðina, sem er stjórnað á svolítið á annan hátt en stóru bönkunum þegar kemur til ýmissa þátta á landsbyggðinni.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að það skal enginn halda því fram að ég sé að mæla með lánum eða framlögum til einhverra þeirra hluta sem eru vonlausir. Það er bara til að kasta peningum út um gluggann. Það er ekki meiningin. Það þarf að gera þetta öðruvísi. Það er full þörf á að hafa Byggðastofnun í breyttri mynd, öflugri en hún hefur verið og taka jafnvel upp ýmsa aðra þætti. Ég hef t.d. alltaf saknað þess að Byggðastofnun gæti ekki haft meira fé til að kaupa hlutafé í fyrirtækjum, fyrirtækjum sem verið er að stofna eða fyrirtækjum sem verið er að endurskipuleggja fjárhagslega. Hlutafé væri þá til sölu á sanngjörnu verði og um leið og viðkomandi fyrirtæki færi að ganga gætu aðrir hluthafar eða nýir keypt það og peningunum væri svo rúllað inn.

Sama má eiginlega segja um stofnstyrki. Ég sakna þess oft, virðulegi forseti, og hef sagt það áður að mér finnst það dálítið góð aðferð sem Norðmenn tóku upp þegar þeir höfnuðu Evrópusambandsaðild, þeir tóku upp ýmsa hluti úr byggðastarfsemi Evrópusambandsins og eru með það hjá sér. Þar á meðal t.d. stofnstyrki. Við höfum séð á eftir fyrirtækjum fara til Noregs vegna þess að stofnstyrkjasjóðir eru notaðir þar til að efla atvinnustarfsemi og koma nýrri á. Það höfum við ekki séð hér nægjanlega gert.

Virðulegi forseti. Tími minn í 1. umr. um þetta mál er að renna út en ég hef nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra sem ég vona að hún svari á eftir þegar við erum búin að ræða málið. Í þeim köflum þar sem fjallað er um Nýsköpunarmiðstöð Íslands, t.d. í fyrsta kafla, tek ég eftir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem slík á ekki að hafa sjálfstæða stjórn. Hvers vegna á ekki að vera stjórn yfir henni? Byggðasjóður á að hafa fimm manna stjórn. Tækniþróunarsjóður á að hafa sjö manna stjórn. Tryggingarsjóður útflutnings á að hafa fimm manna stjórn. Ég held ég sé búinn að fara yfir þetta það vel að ég sjái ekki fleiri apparöt sem á að mynda út úr þessu. En stofnunin sem slík, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, þetta fallega nafn, á ekki að hafa stjórn yfir sér. Hvers vegna er það? Einhver ástæða er fyrir því og hlýtur að vera rétt að fá hana fram hér á eftir.

Virðulegi forseti. Ég ætla rétt í lokin að fjalla um það sem kom fram áðan hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni þar sem hann m.a. ræddi um Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun og taldi að það mætti, ef ég skildi hann rétt, háeffa þær eins og menn segja stundum og jafnvel taka þær frá ríkissjóði og gera þær að sjálfstæðum stofnunum sem seldu þjónustu sína eins og þær gera í dag sem ríkisstofnanir. Því vil ég spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort það hafi verið rætt vegna þess að hæstv. iðnaðarráðherra hefur verið dugleg að flytja frumvörp um að háeffa ýmislegt en ekki þetta. Hvers vegna er það ekki gert?

Ég tek t.d. eftir að Iðntæknistofnun Íslands er með heildartekjur upp á 530 millj. kr. Sértekjur upp á 330 millj. kr. og ríkissjóður gefur með þeirri stofnun 200 millj. kr. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er með um 300 milljónir á fjárlögum en sértekjur eru 200 millj. kr. Ríkissjóður er að greiða þar með 100 millj. kr. Þarna er verið að greiða 300 millj. kr. með þessum tveimur stofnunum, ef svo má að orði komast. Sem betur fer, og ég tek undir það sem hér hefur komið fram, eru þær stofnanir með mikla þjónustu sem seld er út á markaðinn til þeirra sem kaupa þjónustu og því eru þessar miklu sértekjur sem þarna eru. En engu að síður kostar þetta 300 milljónir. Var það skoðað í nefndarvinnunni að gera þetta? Þetta segi ég, virðulegi forseti, vegna þess að Byggðastofnun, þ.e. byggðaáætlunin var með rétt um 340 milljónir, ef ég man rétt, og eitthvað var

það eitt í viðbót sem var með um 300 milljónir þannig að samtals voru um 650 millj. kr. sem fara í gegnum þessa tvo fjárlagaliði. Ég veit að iðnaðarráðherra mun vafalaust svara því á eftir að byggðamál séu líka í öðrum ráðuneytum, það er sannarlega rétt, að einhverjar upphæðir, engar stóruppheæðir, en eitthvað er það samt sem fer í gegnum önnur ráðuneyti til byggðamála. Til dæmis menningarsamningar úr menntamálaráðuneytinu.

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram tvær, þrjár spurningar til hæstv. ráðherra. Ég er mjög ósáttur við að það skuli vera nauðsynleg að búa þetta til svona, að gera það með því að leggja niður Byggðastofnun og ráðast svona að byggðaaðgerðum ef svo má að orði komast.

Ég minni á, virðulegi forseti, að við nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar höfum flutt um það frumvarp á Alþingi að taka þennan málaflokk frá iðnaðarráðuneytinu og færa hann yfir í forsætisráðuneytið. Ég hef sannfærst enn meira um það, ef einhvern tíma hefur verið efi í mínum huga, að það er hin rétta leið. Að betra sé að fara aftur fyrir 1. janúar árið 2000 þegar málaflokkurinn var þar, þó að það hafi ekki verið neitt sérstakt heldur hjá þeim hæstv. forsætisráðherra sem þá var. En held ég samt sem áður að betra sé að hafa byggðamálin þar vegna yfirstjórnar forsætisráðherra á öllum þeim ráðuneytum og ráðherrum þar sem byggðamálin eru því þau koma við ýmis ráðuneyti. Það er kannski hluti sem hæstv. byggðamálaráðherra hefur stundum kvartað yfir, þ.e. að ráðuneytin fylgi ekki eftir þeim málum sem samþykkt eru í byggðaáætlun. Ég tók nokkur dæmi af atriðum sem falin voru öðrum ráðuneytum í síðustu byggðaáætlun, eins og t.d. menntamálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu, en ekkert var gert með. Það var eins og það hefði ekki verið ætlun þeirra ráðuneyta og ráðherra að fylgja þeim málum eftir. Það kom fram síðast, virðulegi forseti, og var rætt þá og ótal atriði tekin sem dæmi um það í þessari 21 spora áætlun, eða hvað á að kalla það, sem var í gildi síðast.

Virðulegi forseti. Ég held, því miður, að ég geti ekki stutt þetta frumvarp eins og það liggur fyrir. (**Gripið fram í:** Nú!) Ég vona að hæstv. ráðherra virði það að ég geti ekki veitt henni stuðning í þessu. En ég hef reynt að færa fyrir því rök eins og ég hef verið að gera og ég vænti þess að við fáum ekki önnur eins fúkyrði yfir okkur eins og voru í restina af umfjöllun um byggðaáætlun hér fyrir skömmu.

[17:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það veldur mér verulegum vonbrigðum að heyra að hv. þingmaður ætlar ekki að styðja þetta góða mál, framfaramál fyrir land og þjóð. Satt að segja var mjög erfitt að átta sig á hver skoðun hans er á þeim málaflokki sem er til umfjöllunar þar sem ræða hans var full af þröngsýni og í raun ákveðinni íhaldssemi, ef ég má orða það þannig.

Hann talar um að Byggðastofnun sé ekki að standa sig. En samt má ekki sameina hana öðrum stofnunum. Þetta finnst mér mjög einkennilegt. Ég tel að með því að raða hlutum betur upp, hlutum sem varða stuðning við atvinnulífið og atvinnuþróunarmál getum við náð miklu meiri árangri. Þetta hafa nánast allir verið sammála um sem hafa fengið kynningu á þessu máli á síðustu vikum, að þetta geti horft mjög til framfara. Þessu vil ég halda til haga.

Hv. þingmaður lagði fram nokkrar spurningar. Af hverju er ekki stjórn yfir Nýsköpunarmiðstöðinni? Það er stefna ríkisstjórnarinnar að ríkisstofnanir skuli ekki hafa yfir sér stjórn heldur heyri þær beint undir viðkomandi ráðuneyti. Þar að auki verður stefna í þessum málaflokki mótuð í Vísinda- og nýsköpunarráði, sem verður til með breytingu á lögum um Vísinda- og tækniráð.

Af hverju eru stjórnir yfir sjóðunum? Það er vegna þess að þeir eru sjálfstæðir. Þeir eru það sjálfstæðir að þeir mega ekki taka mið af því sem er hugsanlega niðurstaða í atvinnuþróun eða tækniþróun í Nýsköpunarmiðstöðinni sjálfri.

Hvers vegna ekki meiri einkavæðing? heyrðist mér hv. þingmaður spyrja um líka. Eins og kom fram í máli mínu áðan munum við fara yfir hvaða starfsemi megi hugsanlega úthýsa af þeirri starfsemi sem fer fram í þessum stofnunum. Ég tel að þar séu ákveðin sóknarfæri líka.

[17:15]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði í lokin, sem mér finnst bera merki innan úr ráðuneytinu, kannski aðstoðarmanns hennar sem unnið hefur mest að málinu. Hvaða verkefni sjá þau fyrir sér að úthýsa megi úr Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins? Mér finnst af svörum hæstv. ráðherra að það sé búið að skoða það töluvert mikið. Af hverju fylgir það þá ekki með í greinargerðinni til rökstuðnings fyrir þessu máli?

Er það kannski þannig, vegna þess að þau verkefni sem þarna er um að ræða hafa verið mikið á verkefnalista aðstoðarmanns iðnaðarráðherra, má ég kannski spyrja, af því að ég nefni hann, er eitthvað til í því sem sagt hefur verið og spurt hefur verið um og getum við fengið svar við því í ræðustóli Alþingis: Er forstjórastarf Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands kannski ætlað aðstoðarmanni hæstv. iðnaðarráðherra?

Ég kippi mér svo sem ekkert upp við það virðulegi forseti, þó að ég valdi hæstv. iðnaðarráðherra, ráðherra byggðamála, vonbrigðum. Ég get því miður ekki annað. Það er vegna þess sem ég fór yfir hér, slæms ástands í byggðamálum, slæms reksturs Byggðastofnunar, eins og kemur fram í greinargerð ráðherrans. (Gripið fram í.) Það kemur fram þar. Það getur verið að ráðherra telji sig vera hér með góð mál, en ég segi það alveg hiklaust, og það er ekki nein þröngsýni, það er engin íhaldssemi, að ég er mjög ósáttur við margt í starfsemi Byggðastofnunar. En ég sagði það líka í ræðu minni að ég vildi efla hana enn meira sem sjálfstæða stofnun vegna ástandsins í byggðamálum frekar en að leggja hana niður, kasta rekum á hana 1. janúar 2007 eins og ætlað er, frekar en að steypa henni inn í þetta apparat vegna þess að ég held að það verði ekki betra fyrir minni byggðarlögin í landinu. (Forseti hringir.)

[17:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður er ekki sannfærandi í málflutningi sínum. Nú ætti hann að venda sínu kvæði í kross og styðja eins og eitt mál frá mér. Við erum að tala um mikið framfaramál fyrir landsbyggðina. Og einmitt vegna þess að stofnunin er þetta stór eru tækifærin á landsbyggðinni meiri. Við erum að tala um þekkingarsetur út um allt land. Þetta er nákvæmlega það sama og aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við eru að gera. Hann talar um að Byggðastofnun sé ómöguleg en samt má ekki fara út í þetta. Það er ekki hægt að bjóða upp á svona málflutning.

Hv. þingmaður kemur svo hér og talar um að nefnd sú sem starfaði á mínum vegum hafi ekki lagt til að horft yrði til þessa samruna. Hér segir, með leyfi forseta, í einni af tillögum nefndarinnar:

„Sérstaklega verði hugað að frekari samhæfingu eða samþættingu starfsemi Byggðastofnunar, Impru, Iðntæknistofnunar [...] með það að markmiði að tryggja sterka stöðu og sýnileika byggðamála í þeirri starfsemi sem ætlað er að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun."

Það er einmitt þetta sem við erum að gera. Við ætlum að efla þekkingarsetrin, það kemur líka fram í greinargerðinni. Sá hv. þingmaður sem hér talaði áðan virtist ekki hafa gert sér grein fyrir því að það er stóra málið í þessu öllu saman.

Hvað varðar það að úthýsa starfsemi þá hefur það ekkert verið skoðað mjög nákvæmlega en engu að síður tel ég að þar séu ákveðin tækifæri. Það verður farið betur yfir það. Hins vegar er það fráleitt, eins og ég sagði áðan, að hugsa sér að þessar stofnanir sem slíkar verði seldar. Þarna fer fram frumkvöðlastarfsemi og þarna er frumkvöðlasetur, þarna eru grunnrannsóknir á sviði tæknirannsókna, handleiðsla, þúsundir viðtala á hverju ári við aðila í atvinnulífinu og atvinnurekendur og leiðsögn veitt í þeim málum. Það kemur því ekki til greina að þessi starfsemi verði einkavædd að mínu mati. Hins vegar eru áreiðanlega einhverjir þættir þar innan dyra sem mætti úthýsa.

(**Forseti** (RG)**:** Ég bið þingmenn í salnum að gefa ræðumönnum betra hljóð.)

[17:19]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra kallar eftir stuðningi við þetta mál. Því miður held ég að það sé ekki hægt, þó að allir, eins og hún orðar það, séu að verða sammála um það eftir kynningu. Mér hefur ekki heyrst svo. Mér hefur heyrst að margir í samstarfsflokknum, Sjálfstæðisflokknum, séu nú ekki par hrifnir af þessu frumvarpi. (Gripið fram í.) Við skulum sjá hvort tekst að snúa upp á handleggina á þeim. Við eigum vonandi eftir að heyra í einhverjum á eftir, vegna þess að væntanlega er það svo, virðulegi forseti, að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn, almennir þingmenn, ætla ekki að skila auðu við þessa umræðu.

Virðulegi forseti. Hér er mikið rætt um þekkingarsetur. Það er gott og góðra gjalda vert sem gert hefur verið þar en ég minnist þess að menn þurftu að ganga á milli Heródusar og Pílatusar við að tryggja rekstur t.d. þekkingarseturs Þingeyinga á Húsavík rétt fyrir jól. Það gekk mjög erfiðlega og það var bara rétt á síðustu metrunum sem það var rétt við. (Gripið fram í.) Ég veit að ef ráðherra getur komið upp á eftir mun hún örugglega koma og berja sér á brjóst og segja: Ég reddaði þeim þáttum á síðustu stundu. Vafalaust er það svo.

Það sem ég kvartaði yfir, virðulegi forseti, og skil ekki alveg er, eins og kom fram í andsvari mínu, hvað eiga verkefni núverandi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, skv. 53. gr. laga um þá stofnun, eins og það að vinna að hagnýtum jarðfræðirannsóknum, kynna niðurstöður rannsókna og veita upplýsingar um byggingafræðileg efni, aðstoða við eftirlit með byggingaefnum og byggingaframkvæmdum — með öðrum orðum að rannsaka brotþol steinsteypu eða veðrunarþol steinsteypu — hvað eiga þau skylt við stofnun sem á líka að fjalla um byggðamál? (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Það þarf einstaka sinnum að rannsaka brotþol steypu á landsbyggðinni. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, þess þarf annað slagið. En það sem verst er og ég kvarta yfir, og það er engin þröngsýni í því, hér verið að kasta rekum á Byggðastofnun, á byggðaáætlun. Hér þarf hæstv. ráðherra hvorki að leggja fram byggðaáætlun, með þeim óþægindum (Forseti hringir.) sem því fylgir fyrir hæstv. ráðherra, né að nota „copy/paste" til að búa til skýrslur sem löngu hafa verið fluttar áður.

[17:22]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Með þeim frumvörpum sem rædd eru í dag hvort í sínu lagi, má segja að við stöndum að sumu leyti yfir brunarústum byggðastefnu stjórnarflokkanna sem hefur beðið skipsbrot á síðustu árum. Hér er verið að leggja Byggðastofnun niður í þeirri mynd sem við þekkjum hana án þess að farið hafi fram nein pólitísk stefnumarkandi (Gripið fram í.) umræða um hlutverk, árangur og framtíðarsýn stjórnvalda í byggðamálum. Það er alveg klárlega ýmislegt ágætt í þeim málum sem hér eru til umræðu og mun ég fara yfir það, en þar er ekki tekið á því sem mestu máli skiptir og mun ég greina það á eftir.

Fyrst vildi ég lýsa sérstaklega eftir hægri uppreisnarmönnunum, sjálfstæðismönnunum sem fóru hér mikinn fyrir helgina en virðast nú hafa koðnað algerlega niður, enda voru þeir fjórir sem fyrir uppreisninni fóru hver með sína skoðunina. Einn vildi flytja þetta allt í Eyjafjörðinn, annar vildi selja þetta og einkavæða og sá þriðji eitthvað enn annað. Þannig að sú sýndarmennska Sjálfstæðisflokksins í byggðamálum fór fyrir lítið og undirstrikaði kannski betur en nokkuð annað stefnuleysið sem flokkurinn hefur í byggðamálum og þann tvískinnung sem uppi er í Sjálfstæðisflokknum í byggðamálum.

Segja má Framsóknarflokknum til hróss að hann hefur þó nokkuð trúverðuga málafylgju í byggðamálum og hefur á liðnum árum að mörgu leyti barist fyrir því að efla byggðir landsins þó að árangurinn sé jafnlítill og raun ber vitni. Sjálfstæðisflokkurinn hefur þvælst fyrir þessari þróun, þessum ágætu stefnumiðum Framsóknarflokksins og þó að þau hafi fæst gengið eftir og séu kannski mörg orðin ansi úrelt og gamaldags, og minni meira á byggðastefnu fortíðarinnar, var þó a.m.k. heill hugur á bak við þau.

Þess vegna hlakkaði ég sérstaklega til þess í dag að hlusta á uppreisnarmennina úr Sjálfstæðisflokknum, (**Gripið fram í:** Hvar eru þeir?) iðnaðarnefndarmennina og fleiri sjálfstæðismenn í þinginu, fara hér mikinn fyrir þeirri nýju byggðastefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn boðar og hlýtur að vera að berja trumburnar og kalla eftir með þeirri uppreisn sem hér var boðuð fyrir helgina en hefur nú koðnað niður í eitt lítið andsvar við ráðherra byggðamála þegar hún hélt ræðu sína áðan. Svo dapurleg er framganga Sjálfstæðisflokksins í þessu máli og svo dapurleg er sýndarmennska sjálfstæðismanna í málinu að það er bókstaflega átakanlegt að ganga inn í þessa umræðu í dag, hafandi orðið vitni að því hvernig uppreisnin frá hægri koðnaði niður og varð að engu eða kannski verra en að engu. Þeir höfðu nákvæmlega ekkert fram að færa annað en það að einn vildi fara með stofnunina norður í Eyjafjörð, annar á Krókinn og sá þriðji vildi selja, einkavæða allt heila klabbið.

En þessi sýndarmennska Sjálfstæðisflokksins í byggðamálum verður að sjálfsögðu eins og rauður þráður í gegnum þær umræður sem hér munu fara fram um þessi frumvörp til laga, annars vegar um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun og hins vegar um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Þar í raun og veru er um að ræða eitt af stóru málunum í íslenskri pólitík, hvernig til hefur tekist í byggðamálum. Því skyldi maður ætla að fram færi umræða á Alþingi, líka af hálfu sjálfstæðismannanna sem leiddu uppreisnina í nokkra klukkutíma á föstudaginn um það hvernig koma eigi byggðamálunum fyrir í framtíðinni. En það kom ekkert út úr því, nákvæmlega ekki neitt. Það er það sem við eigum að ræða í dag um leið og við ræðum frumvarp til laga frá iðnaðarráðherra sem kveður á um að Byggðastofnun verði lögð niður án þess að fram hafi farið stefnumarkandi umræða um hvað taki við, hver árangurinn sé af starfi Byggðastofnunar síðustu árin og hvernig viljum við haga því í framtíðinni.

Byggðastofnun var að sjálfsögðu ekki komið á fót til að verða að pólitískri vinnumiðlun fyrir stjórnarflokkana. (Gripið fram í.) Það er alveg á hreinu þó að sumum hafi kannski að einhverju leyti virst hún breytast í það þá er það ekki byggðapólitíkin sem við eigum að ná sátt um, heldur um alvörubyggðastofnun eða byggðapólitískt fyrirkomulag byggðamála sem skiptir máli og er leiðandi afl í því að rétta hlut þeirra byggða sem á þurfa að halda og byggir undir vaxtarsvæðin í jaðri höfuðborgarinnar á Vesturlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum og á þessum 50–70 km radíus í kringum höfuðborgina. Síðan á að sjálfsögðu að marka stefnu til framtíðar í því.

Það er ýmislegt sem við verðum að koma inn á í þeirri umræðu sem skiptir verulegu máli og það er ekki síst stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki sem er allt of lítill og enginn. Það er þar sem ég hef mestar efasemdirnar um þau frumvörp sem við ræðum í dag, þ.e. að steypa saman annars vegar sértækum byggðaaðgerðum og hins vegar almennum stuðningi við nýsköpunar- og sprotafyrirtæki. Ég held að það eigi ekki saman, það kallar á tortryggni um starfsemina. Þó að þetta frumvarp sé ágætt um margt og markmiðslýsingin ágæt hef ég mjög djúpstæðar efasemdir um að við eigum að leggja niður Byggðastofnun, steypa henni saman við Nýsköpunarsjóðinn og stuðninginn við atvinnulífið, sprotafyrirtæki nýsköpunar, án þess að fram hafi farið umræða um það. Ég held að þetta eigi ekki heima og saman í einni stofnun, að byggðastuðningur, skýr og gagnsær í þeim farvegi, eigi ekki heima með stuðningi og fjármagni inni í sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Stuðningskerfi atvinnulífsins á að standa þar fyrir utan þótt því sé haldið úti að einhverju leyti af hinu opinbera og á ekki að skarast við byggðastuðninginn og byggðaþróunarrannsóknir sem eiga að vera hlutverk Byggðastofnunar.

Þá vildi ég aðeins koma inn á hvernig við ættum að styðja við nýsköpunar- og sprotafyrirtækin sem er hlutverk Nýsköpunarsjóðsins að byggja undir. Ég held að við ættum að fara norsku leiðina þar. Í stað þess að einblína á lán og styrki eigum við að endurgreiða sprota- og nýsköpunarfyrirtækjunum tiltekinn hluta af þróunarkostnaði, 20% eins og gert er í Noregi. Af þessum 20% eru 70% launakostnaður. (**Gripið fram í:** ... Evrópusambandinu.) Þetta er að sjálfsögðu eitt af leiðarljósunum frá Evrópusambandinu sem er svo gagnlegt að taka inn í umræðuna um byggðamál. Þetta er sú þróun og þær leiðir sem farnar hafa verið erlendis og koma í staðinn fyrir misvelheppnaðan fjáraustur af einhverri tegund. Það er miklu heilbrigðara og eðlilegra að endurgreiða þróunar- og rannsóknarkostnað hjá sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem oft eru að þróa framleiðsluvöru sína í ár og áratugi og þurfa á þolinmóðu fjármagni að halda. Það er algjört grundvallaratriði til að byggja undir nýsköpunar- og sprotafyrirtæki að mínu mati.

Þegar kemur að beinum framlögum tel ég að það eigi frekar að fara þá leið að styrkja fyrirtæki sem verið er að stofna, hvort sem í hlut eiga fyrirtæki sem hægt er að styrkja út frá byggðasjónarmiði eða nýsköpunar- og sprotafyrirtæki á suðvesturhorninu og vaxtarsvæðum þar í kring. Það á að láta þeim í té styrki í stað lána eða lánsábyrgða. Það er miklu gegnsærra og skýrara að styrkja nýsköpunarfyrirtækin beint, að styrkja fyrirtækin úti á landi beint, þau fyrirtæki sem Byggðastofnun eða viðkomandi atvinnuþróunarsjóður telur að séu vænleg og styrkja þurfi. Beinir styrkir eru miklu skilvirkari og vænlegri leið auk þess að endurgreiða fyrirtækjunum eins og ég gat um áðan. Það er leið sem víða er farin í Evrópu og hefur gefist sérstaklega vel í Noregi — að endurgreiða nýsköpunar- og sprotafyrirtækjunum allt að 20% af þróunarkostnaði af tiltekinni og skilgreindri upphæð, sem þar eru 10 millj. kr. á ári. Slík framlög og slíkar ívilnanir skipta þessi fyrirtæki mjög miklu máli og er mikilvægt að það komi til.

Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra í fyrirspurnartíma í þinginu fyrir helgi hvort sú leið, hin norska leið endurgreiðslu þróunar- og rannsóknarkostnaðar, kæmi að hans mati til greina. Hann tók nú nokkuð undir það þótt loðinn væri í svörum og vísaði til þess að hann mundi innan skamms kynna einhverjar slíkar tillögur. Þannig skildi ég hæstv. fjármálaráðherra, sem þó var óvenjuloðinn í svörum og myrkur í máli um margt, — og er það nú hægt, spyrja menn hér, en honum tókst það þarna — að til stæði að fara leið endurgreiðslna á rannsóknar- og þróunarkostnaði í stað þess að lána eða veita fyrirtækjunum lánsábyrgð. Það er miklu betri leið að mínu mati og það er sú leið sem við eigum að marka.

Þetta eru tvö ólík hlutverk, annars vegar byggðastuðningur, byggðarannsóknir, rannsóknir á byggðaþróun, rannsóknir á árangri einstakra verkefna og átaka sem ráðist er í, hvort sem það eru stórbrotnar virkjunar- eða stóriðjuframkvæmdir eða annars konar byggðaframkvæmdir. Það efast t.d. enginn um byggðaleg áhrif af stofnun Háskólans á Akureyri. Byggðaleg og samfélagsleg áhrif af Háskólanum á Akureyri verða aldrei flokkuð undir annað en að vera stórbrotin. Háskólinn hefur gjörbreytt mannlífinu þar nyrðra, breytt því mjög og skapað alveg nýtt samfélag. Nú er Háskólinn á Akureyri tekinn sem dæmi um fyrirmyndarframkvæmd, kannski eina raunverulega byggðaframkvæmdin, ef hægt er að flokka hana sem slíka, sem hefur heppnast á liðnum árum. Það ætti að vísa veginn til annarra slíkra.

Í þessu sambandi er rætt um mikilvægi þess að efla þekkingarsetur og háskólamenntun úti á landi. Það er mjög mikilvægt. Þegar ég segi úti á landi er ég ekki bara að tala um, eins og kveðið er á um hér, Akureyri, Egilsstaði, Ísafjörð, Vestfirði og Austurland heldur líka Vesturland, Suðurland og Suðurnes. Á þessum stöðum hefur háskólakennsla þróast í gegnum fjarnám að miklu leyti í gegnum fræðslunetin eða símenntunarstöðvarnar eins og þær eru kallaðar. Þær voru settar á stofn hér, m.a. fyrir tilstuðlan fjárlaganefndar, fyrir nokkuð mörgum árum og eru annað dæmi um aðgerð sem hefur komið byggðunum feikilega vel. Þar hefur háskólanám þróast í gegnum fjarnám og um þessar mundir stunda um 150 manns háskólanám í fjarnámi í gegnum fræðslunetið á Suðurlandi. Þetta hefur vaxið ár frá ári og eftirspurnin er mikil. Í þetta háskólanám fer fólk sem ekki á þess kost, þó það búi ekki nema 50 til 150 kílómetra frá Reykjavík, að taka sig upp og stunda háskólanám nema í gegnum fjarnám á heimaslóðum.

Það átakanlega við þetta er að ríkisvaldið, hæstv. menntamálaráðherra, hefur ítrekað og margoft neitað, bæði hér í ræðustól á Alþingi og annars staðar, að koma að því að greiða fyrir þetta nám þó að ríkisins sé að greiða fyrir nám á háskólastigi. Menntamálaráðherra hefur vísað því frá sér og hefur sagt að það sé háskólanna að greiða en háskólarnir geta ekki greitt sérstaklega fyrir þetta enda fjársveltar stofnanir miðað við þá aðsókn sem þeim er. Við erum að tala um 10–15 millj. kr. á ári til þeirra fjögurra fræðsluneta eða símenntunarstöðva sem um er að ræða. Við erum að tala um lágar og hóflegar fjárhæðir í byggðalegu tilliti sem skila miklum ábata. Við erum að tala um mjög mikilvægar fjárfestingar í mannlífinu á stöðunum, mjög lágar upphæðir en þó nógu háar til að kippa fótunum undan starfsemi þessara stöðva. Ef ríkisvaldið kemur ekki að því að greiða þessum símenntunarstöðvum á Suðurlandi, Suðurnesjum, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra fyrir háskólanámið mun það einfaldlega leggjast af. Það er nokkuð átakanlegt og vonandi þarf ekki að fara svo. Vonandi þrauka þær fram að næstu kosningum.

Í málafylgju sinni um byggðamál nefndi hæstv. iðnaðarráðherra sérstaklega til sögunnar mikilvægi þekkingarsetranna enda hrópaði hún upp yfir sig áðan þegar ég nefndi þau. Það er gott. En það þarf líka að styrkja þekkingarsetrin eða koma þeim á fót á þeim svæðum sem ég nefndi hér áðan og teljast til jaðar- og vaxtarsvæða við höfuðborgina en kannski ekki til þeirra svæða sem eru í nauðvörn og eru mörg hver í enn meiri nauðvörn eftir tiltölulega árangurslitla byggðastefnu síðustu ára.

Það sem er verst er að hið opinbera skuli ekki koma að þeirri byggðaþróun sem t.d. vaxtarsvæðin kalla eftir. Segja má að þar sé um þrennt að ræða. Í fyrsta lagi þarf að stórbæta grundvallarsamgöngur á svæðunum, t.d. með því að tvöfalda Suðurlandsveg — það er verið að tvöfalda Reykjanesbrautina, sem betur fer hafðist það í gegn. Í öðru lagi þarf að efla háskólanám á svæðunum. Í þriðja lagi þarf að efla sveitarfélögin og færa til þeirra fleiri verkefni. Þetta eru þær aðgerðir sem sveitarstjórnarmenn og heimamenn á þessum svæðum kalla sérstaklega eftir. Þeir kalla ekki eftir lánveitingum, styrkjum eða stórbrotnum byggðaframkvæmdum í líki stóriðju og stórvirkjana heldur eftir því að þessum svæðum verði hjálpað til frekari bjargálna. Þar vega þyngst nútímalegar og öruggar samgöngur, og er ég þá fyrst og fremst að tala um aukið umferðaröryggi, háskólanám í héraði og öflug sveitarfélög sem sinna fleiri verkefnum en þau gera núna.

Þetta eru þær byggðaáherslur sem t.d. mátti lesa úr orðum sveitarstjórnarmanna víðs vegar að af landinu þegar þeir komu fyrir iðnaðarnefnd til að ræða byggðaáætlunina. Þar sat ég einn morgun í fjarveru hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur og var svo heppinn að hlýða einmitt á forustumenn frá sveitarfélögunum og samtökum sveitarfélaga víðs vegar að af landinu, hvort sem það var frá Suðurlandi, Vestfjörðum, Austfjörðum eða annars staðar. Allir sögðu þeir það sama. Mikilvægasti og dýrmætasti byggðastuðningurinn er í stórbættum samgöngum, aukinni menntun heima í héraði og stærri og sterkari sveitarfélögum. Samtakamáttur sterkra sveitarfélaga skiptir mjög miklu máli þegar verið er að reisa máttvana byggðir við eins og sannaðist kannski best austur á fjörðum þegar Austfirðirnir stóðu saman sem eitt sveitarfélag, sem einn baráttuhópur, fyrir stóriðju og virkjunarframkvæmdum eystra sem nú standa yfir.

Samtakamáttur sveitarfélaganna þar skipti öllu máli. Sterkari, stærri og færri sveitarfélög munu hafa meiri og betri áhrif í allri byggðaþróun hér en svo margt annað, meiri áhrif en mjög margvíslegur beinn byggðastuðningur upp á gamla móðinn. Það þarf að bæta samgöngurnar, efla menntunina og greiða menntunarmiðstöðvunum á jaðarsvæðunum fyrir háskólanámið en ekki að þvinga þær til að leggja starfsemi sína niður. Starfsemi þeirra leggst niður hafi forustumenn þekkingarmiðstöðvanna, fræðslunetanna eða símenntunarmiðstöðvanna ekki umfang, tíma eða tækifæri til að safna peningum eftir öðrum leiðum frá sveitarfélögunum eða frá fyrirtækjum í héraði. Að sjálfsögðu er mjög jákvætt að þau komi að rekstri menntastofnana en menn eiga ekki að þurfa að vafra um með söfnunarbaukinn til að bjarga lífi sinnar menntastofnunar frá mánuði til mánaðar og frá ári til árs. Það er óþolandi staða.

Það ber þeirri byggðastefnu kannski hryggilegast vitni hvernig komið er fyrir háskólamenntun og menntun á þessum svæðum en einnig sá þvergirðingsháttur sem uppi er hjá samgönguyfirvöldum í grundvallarframkvæmdum eins og þeirri að tvöfalda Suðurlandsveg sem ráðherra hefur ekki léð máls á. Hæstv. ráðherra fer undan í flæmingi og beitir fyrir sig villandi tölfræði. Allt skiptir þetta mjög miklu máli og þarf að koma inn í þessa umræðu.

En aftur undir lok ræðu minnar vil ég kalla eftir uppreisnarmönnunum frá hægri, sjálfstæðismönnunum sem fóru nánast hamförum í fjölmiðlum fyrir helgina, leiddu hér mikla uppreisn gegn byggðastefnu ríkisstjórnarinnar og byggðafrumvarpi hæstv. viðskiptaráðherra. Í þeim hefur ekkert heyrst síðan. Ég hélt að þeir mundu fjölmenna á mælendaskrána, gera meira en skjóta upp kollinum í einu og einu andsvari svona rétt til að sýna andlitið í húsinu og verða leiðandi afl í byggðaumræðu framtíðarinnar. Fyrir því fer nú mjög lítið þó þeir sjáist hér á hlaupum um húsið einn og einn. Ég hélt að þessir höfðingjar mundu fara fyrir nútímalegri framtíðarsýn í byggðamálum okkar Íslendinga. Vonbrigðin voru mjög sár þegar ég uppgötvaði að frá þessum ágætu þingmönnum var ekkert annað að hafa en ærandi grafarþögn.

En það verður vonandi bót á þar sem byggðaumræðan mun sjálfsagt standa eitthvað fram á nóttina, a.m.k. vel fram á kvöldið. Ég bíð spenntur eftir að heyra í þessum umbótasinnum og uppreisnarmönnum í Sjálfstæðisflokknum gegn byggðastefnu stjórnvalda og sérstaklega gegn samstarfsflokknum, Framsóknarflokknum, sem hlýtur að kenna til í bakinu eftir þessa uppreisn. En hver veit nema hún sé að fjara út og sátt hafi náðst. Það kemur kannski í ljós.

[17:42]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa sérstakri gleði yfir því hve hv. þingmaður var ánægður með stefnu Framsóknarflokksins í byggðamálum eins og kom skýrt fram í máli hans. Stefna Framsóknarflokksins og stefna ríkisstjórnarinnar kemur fram í þessu frumvarpi. Það er rétt að taka það fram að þetta er stjórnarfrumvarp og er lagt fram sem slíkt og felur þess vegna í sér stefnu ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna.

Það sem vekur hins vegar athygli, hæstv. forseti, er að nú hafa þegar þrír hv. þingmenn Samfylkingarinnar talað. Það verður að segjast eins og er að þeir hafa meira og minna talað út og suður og hver í sína áttina og í engu innbyrðis samræmi. Þess vegna hlýtur maður að spyrja, hæstv. forseti: Hver er stefna Samfylkingarinnar í byggðamálum?

[17:43]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú fyrst taka fram að ég var sérstaklega að lýsa yfir ánægju minni með velvilja Framsóknar í byggðamálum. Kannski ekki stefnuna enda hefur hún beðið hálfgert skipbrot. (**Gripið fram í:** Þú talaðir um stefnuna.) Ég sagði hér áðan að við stæðum að mörgu leyti yfir brunarústum byggðastefnu stjórnvalda með þessu frumvarpi hér í dag.

Ég hef hins vegar aldrei efast um heilindi Framsóknar í byggðamálum. Þó að flokkurinn hafi villst af leið og haldi úti nokkuð úreltri og óuppfærðri byggðastefnu hef ég aldrei efast um heilindin og pólitískan vilja Framsóknar til að efla byggðirnar. Það er öndvert við Sjálfstæðisflokkinn sem hefur mjög ótrúverðuga stefnu eða enga í byggðamálum og kom best fram í þeirri algeru sýndarmennsku sem átti sér stað fyrir nokkrum dögum þegar nokkrir þeirra þóttust leiða hér mikla uppreisn gegn byggðamálaráðherra, uppreisn sem koðnaði svo niður í að verða ekki neitt.

Stefna Samfylkingar í byggðamálum er að sjálfsögðu mjög umfangsmikil og liggur allri annarri stefnumörkun okkar til grundvallar. Hana er t.d. að finna í menntastefnu Samfylkingarinnar. Við viljum efla háskólamenntun úti á landi, efla háskólamenntun úti í héraði. Við viljum ráðast í sérstakt fjárfestingarátak í háskólamenntun úti á landi, úti í hinum dreifðu byggðum. Við viljum hjálpa þessum svæðum til bjargálna með þessum hætti sem er þvert gegn viljaleysi stjórnvalda sem hafa hafnað því ítrekað að greiða t.d. fyrir háskólanám í þeim þekkingarsetrum og menntastofnunum sem ég nefndi hér áðan. Við viljum einnig efla sveitarstjórnarstigið verulega. Færa aukin verkefni til sveitarfélaganna og hleypa þannig lífi í margar byggðir landsins. Í þriðja lagi viljum við ráðast í samgönguátak til að efla og nútímavæða samgöngur um landið.

[17:45]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fór svo sem ég átti von á að lítið yrði um svörin hjá hv. þingmanni.

Það er kannski eitt sem er rétt að taka fram í tilefni af því sem fram kom í andsvari hv. þingmann, en það er uppbygging háskóla um allt land. Það er eins og hv. þingmaður hafi ekki tekið eftir því hversu vel ríkisstjórnarflokkarnir hafa staðið að þeim málum undanfarin tíu ár eða svo.

Staðreyndin er hins vegar sú, hæstv. forseti, að Samfylkingin er stefnulaus í þessu máli eins og í öllum öðrum stórmálum. Þetta er það sem rekur sig í hverju málinu á fætur öðru að í ljós kemur að Samfylkingin hefur enga raunhæfa stefnu og í mesta falli viðurkennir að það sé ágreiningur uppi í flokknum eins og til að mynda í öryggis- og varnarmálum. Þetta er það sem blasir við þingheimi, hæstv. forseti.

[17:47]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Óttinn hlýtur að vera harður húsbóndi í pólitík en ótti framsóknarmanna við Samfylkinguna er slíkur að þeir vaða upp í öllum málflutningi okkar til að reyna með einhverjum óljósum hætti að gera hann tortryggilegan. En líklega er Samfylkingin eini flokkurinn sem hefur unnið að því á síðustu missirum að marka sér og þar með samfélaginu nútímalega byggðastefnu sem eitthvað er varið í, byggðastefnu sem skiptir einhverju máli fyrir samfélagið með margvíslegum hætti eins og fram hefur komið í dag og mun koma fram hér fram eftir kvöldi og nóttu.

Hvað varðar háskólamenntun úti á landi þá er það sérstaklega átakanlegt þegar framsóknarmennirnir og stjórnarliðarnir eru að hreykja sér af stöðu menntastofnana úti á landi, sem er með þeim hætti að Háskólinn á Akureyri þurfti að vísa nokkur hundruð nemendum frá í fyrra vegna þess að honum var nánast bannað að nýta sér undanþáguheimild sem hann hafði til að taka aðra inn í skólann en þá sem væru með formlegt stúdentspróf. Háskólinn á Akureyri nýtti sér þessa heimild í ríkum mæli og upp undir 40% af nemendum skólans var fullorðið fólk sem hafði ekki formlegt stúdentspróf en skólinn mat inn og var það mjög jákvætt af skólans hálfu. En til að spara peninga út af niður-

skurði stjórnvalda í menntamálum, sem hlýtur þar með að vera í byggðamálum því þarna er um að ræða eina best heppnuðu byggðaaðgerð sem fram hefur farið hér á landi lengi, þá þurfti skólinn að vísa held ég um 300 nemendum frá og leggja niður tvær deildir, allt til að spara peninga, allt út af pólitískri stefnumörkun stjórnarflokkanna í byggðamálum sem var sú að þvinga þessa prúðustu rós íslenskra byggðamála til að draga saman seglin og vísa nemendum frá svo hundruðum skipti. Það var nú glæsilegasti minnisvarðinn úr byggðamálaumræðunni í fyrra.

[17:49]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar aðeins að fara hér nokkrum orðum um ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. Hann hóf hana með mikilli raust líkt og hann væri að tala á útifundi hér á Austurvelli og fór mikinn um hvaða skoðanir við sjálfstæðismenn hefðum á þessu frumvarpi og gerði mér upp skoðanir hvað það varðar. Ég hef ekki farið í fjölmiðla og tjáð mig neitt um málið en ég mun hins vegar hlusta á þessa umræðu eins og ég hef gert og ég mun fylgjast með því hvort hv. þingmaður situr ekki hér fram á nótt með okkur og fylgist með eins og hann talaði um áðan.

Þetta er stjórnarfrumvarp sem er lagt fram af ríkisstjórn og ég vil taka þátt í þinglegri meðferð á þessu frumvarpi, hlusta á þá umræðu sem hér fer fram og fylgjast með henni. Auðvitað er margt sem við eigum að skoða í þessu máli og margt sem hugsanlega má betur fara og þá förum við að sjálfsögðu í þá vinnu.

Ég vil minna hv. þingmann á að við erum með umsagnir frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga um byggðamálin. Ég hef kynnt mér þær. Við erum með umsagnir í iðnaðarnefnd frá sveitarfélaginu Árborg þar sem Samfylkingin er í meiri hluta og ég hef kynnt mér þá umsögn og ég hef áhyggjur af því hvernig þeir svara og hvað við þurfum að gera í kjördæmi okkar gagnvart byggðamálum, þannig að ég horfi ekki af þeim glannaskap á þessi mál eins og hv. þingmaður. Ég hef líka lesið umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps um byggðaáætlunina þannig að þetta er háalvarlegt mál, við skulum bara fara klárt og skýrt yfir það.

Hvað varðar byggðaáætlunina, en hv. þingmaður hafði tækifæri til að fylgjast með umræðu um hana um daginn, þá eru samgöngur og menntamál punktar númer eitt og tvö í núverandi drögum að byggðaáætlun fyrir 2006 og 2009. Það er nú bara akkúrat það sem er aðalpunkturinn í þeirri byggðaáætlun.

[17:51]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var ánægjulegt að heyra frá einum upprreisnarmannanna núna. Ég gat ekki betur greint viðhorf hans en svo að hann væri nú ekki fjarri því að styðja þetta mál ef honum litist svo á hér eftir umræðuna. En þau voru harðari skeytin sem flugu frá nokkrum félögum hans fyrir helgina og þó að þessi hluti byltingargengisins hafi nú lýst því yfir að hann muni líklega styðja málið þá kalla ég að sjálfsögðu enn eftir sjónarmiðum þeirra sem fóru hér harðast gegn máli byggðamálaráðherra og hleyptu því í mikið uppnám og ollu sjálfsagt nokkrum titringi og óskunda á stjórnarheimilinu nú um helgina. Það hefur í litlu verið úr því bætt með þessu andsvari hjá hv. þingmanni, hann hlýtur að koma hér upp í ræðu og fara yfir það í smáatriðum og grundvallaratriðum hvernig byggðastefnu hann vill reka fyrst hann gaf til kynna að hann væri ekki sannfærður um þetta frumvarp frá byggðamálaráðherranum.

Hann vísaði sérstaklega í fræga umsögn um byggðaáætlun frá Grímsnes- og Grafningshreppi þar sem lagt var til að Byggðastofnun yrði lögð niður og mikill hamagangur varð úr því og þeir vildu meina að hún gegndi engu hlutverki lengur. Hv. þingmaður hlýtur því að fara yfir það með okkur á eftir hvernig framtíðarsýn hans í þessum málum er og fagna ég því eindregið að hann sá sér fært að vera við þessa umræðu í dag eftir það uppþot sem uppreisn þeirra félaganna olli hér fyrir nokkrum dögum síðan.

[17:53]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í framhaldi af þeirri ræðu sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hélt áðan langar mig til að spyrja hann um eitt atriði sem hann nefndi en það var að sveitarfélögin og fólkið úti á landi vildi ekki virkjanir og stóriðju. Nú háttar þannig til að aðilar á Reykjanesinu bregðast við breyttum atvinnuháttum þannig að þeir vilja byggja álver í Helguvík, eins og margoft hefur komið fram, og ég held að það sé einn þáttur sem við þurfum að fara yfir.

Mig langar líka að spyrja hv. þingmann um það sem kemur fram í 6. gr. þessa frumvarps, þar sem talað er um byggðakort fyrir Ísland, hvort hann þekki hvað það byggðakort nái langt yfir það kjördæmi sem við komum úr, Suðurkjördæmi. Það skiptir verulega miklu máli fyrir þessa byggðaáætlun og það starf sem við erum að vinna hér hvar byggðakortið á Íslandi fæst samþykkt. Það skiptir verulega miklu máli.

Það eru fleiri héruð en Suðurnesin sem hafa áhuga á orkufrekum iðnaði og orkuvinnslu og úrvinnslu úr orku í kjördæmi okkar, Suðurkjördæmi, og mér finnst að það eigi ekki að gera neitt lítið úr því. Þetta er stórmál og getur haft gríðarlega mikil áhrif rétt eins og virkjunin og álverið sem er verið að byggja á Austurlandi. Þannig að við skulum bara fara vel yfir alla þessa þætti og nálgast þá eins og ég nefndi hér varðandi stóriðjuna og virkjanir sem skipta máli fyrir landið allt og ekki síst Suðurkjördæmið.

Mig langar að spyrja hv. þingmann enn og aftur hvort honum finnist byggðakortið ekki skipta máli.

[17:55]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Svona kortagerð er voða skemmtileg og skiptir miklu máli.

Hv. þingmaður mætti nú láta það nægja að tala fyrir sjálfan sig og sleppa því að leggja mér það til að ég hafi verið að tala eitthvað sérstaklega gegn virkjunum og stóriðju. Ég var að sjálfsögðu ekki að tala neitt um það. Ég sagði að í forgangsröðun sinni væru sveitarstjórnirnar í dag á þessum jaðarsvæðum, þessum vaxtarsvæðum sem liggja í 50–100 km radíus út frá Reykjavík sérstaklega að kalla eftir þremur hlutum: Aukinni háskólamenntun, betri og bættari samgöngum og í þriðja lagi stærri, sterkari og öflugri sveit-

arfélögum. Það var þetta sem ég sagði. Ég sagði að þetta væri efst á listanum í stað þess að umræðan hverfðist eingöngu um stóriðju og virkjanir. Það eru bara staðreyndir málsins. Það er ekki það sem hin pólitíska umræða snýst um á þessum svæðum.

Álverið sem um er að ræða í Helguvík er m.a. viðbragð Sjálfstæðisflokksins — sem brást nú heldur betur bogalistin í varnarmálunum — við því að nú algjörlega að óvörum er herinn að fara. Það viðbragð líst mér alveg ágætlega á. Ég held að það hafi komið vel til greina í þeirri atvinnuuppbyggingu sem á að ráðast í á Suðurnesjunum til að bæta atvinnuástandið þar við brottför varnarliðsins og stjórnvöld brugðust íbúum þar algjörlega með því að sofa á verðinum, láta sem ekkert væri og reyna svo að láta líta út fyrir að ekkert væri að gerast, enginn her að fara og ekkert þyrfti að gera, engin aðgerðaáætlun í gangi.

Jú, jú, það er sjálfsagt að bregðast við því t.d. með að skoða álversframkvæmdir, það er alveg sjálfsagt mál. En í almennu og stærra samhengi er það ekki það sem aðrar byggðir á hinum jaðarsvæðunum eru að kalla eftir sem mikilvægustu þáttunum í eflingu byggða á svæðunum.

[17:57]

Útbýting:

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 720. mál, frv. BjarnB o.fl., þskj. 1056.

Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, 331. mál, nál. menntmn., þskj. 1146; 1147.

[17:58]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun á þskj. 1067, mál nr. 731. Mjög áhugaverð umræða hefur verið um málið hingað til og verður án efa fram á kvöld, enda um afar áhugavert frumvarp að ræða. Verið er að leggja til að stofnuð verði Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem muni heyra undir ráðuneyti iðnaðarins.

Virðulegi forseti. Mér þykir þetta áhugavert frumvarp vegna þess að í því er kveðið á um býsna spennandi leiðir, að sameina stofnanir sem fara með tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun undir eina stofnun, þ.e. stofnanir sem heyra undir iðnaðarráðuneytið. Það finnst mér afar áhugavert en ég hefði viljað sjá að gengið yrði lengra í þeim efnum, að fleiri stofnanir sem fara með atvinnuþróun yrðu settar inn í slíka nýsköpunarmiðstöð og þar á ég við stofnanir sem heyra undir önnur ráðuneyti en ráðuneyti iðnaðarins.

Virðulegi forseti. Það sem mér þykir sérkennilegt er hvernig byggðamálunum er hálfþvælt inn í þetta góða mál. Það vekur dálitla undrun mína og er augljóst af lestri frumvarpsins, ekki síst greinargerðarinnar, hvernig hugmyndir um að skella Byggðastofnun inn í Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafa í rauninni fallið af himnum ofan á einhverju stigi. Ég verð að segja, frú forseti, að byggðamálin hafa verið hornreka hjá ríkisstjórninni hingað til og mér finnst sú ráðstöfun, samkvæmt frumvarpinu, að setja Byggðastofnun inn í Nýsköpunarmiðstöð Íslands endurspegla það. Það finnst mér endurspegla að byggðamálin hafi verið hornreka.

Virðulegi forseti. Á bls. 9–11 í frumvarpinu er farið ágætlega yfir aðdraganda þess hvernig frumvarpið er til komið. Það er alveg augljóst af lestri greinargerðarinnar að í ferli með allt önnur markmið en styrkingu byggða í landinu er eins og menn hafi fengið einhverju hugdettu sem ekki hefur verið hugsuð alveg til enda. Þetta virðist vera einhvers konar redding af því að ráðherrann virðist alls ekki hafa ráðið við Byggðastofnun eða þann málaflokk sem flokkast undir byggðamál.

Frú forseti. Eftir að hafa lesið greinargerðina og sérstaklega aðdragandann þá þykir mér margt þar til fyrirmyndar ef stofna á nýsköpunarmiðstöð en það er ekki til fyrirmyndar hvernig byggðamálin allt í einu detta inn í þá vinnu og það ferli. Það finnst mér alls ekki til fyrirmyndar vegna þess að í aðdragandanum eru skipaðar tvær nefndir þar sem engir úr byggðamálageiranum innan stjórnsýslunnar koma að, heldur eingöngu fulltrúar Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Að mínu mati er margt sem bendir til þess að skynsamlegt sé að sameina þær stofnanir undir Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Virðulegi forseti. Það er skoðun mín að ákvörðun um að setja Byggðastofnun inn í slíka nýsköpunarmiðstöð — en undirbúningurinn hefur í rauninni miðað að allt öðru en að styrkja byggðir í landinu — hefði átt að koma í kjölfarið á markvissri stefnumótun í byggðamálum en ekki af himnum ofan meðan iðnaðarnefnd er enn og eiginlega rétt á upphafsstigum að fjalla um byggðaáætlun til fjögurra ára. Mér finnst þetta mál og aðdragandinn allur hinn undarlegasti og sérstaklega vegna þess að þeim mikilvæga málaflokki sem hefur verið hornreka í tíð ríkisstjórnarinnar skuli vera skellt inn í annars ágætt mál, ég vil taka það fram, annars ágætt mál um Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Mér finnst byggðamálin og Byggðastofnun og þau mál ekki eiga heima inni í þessu frumvarpi eins og staðan er nú. Frumvarpið er mjög gott að því leyti til er lýtur að uppbyggingu nýsköpunar í landinu og stuðningi við atvinnuþróun. En hver einasti maður sem les frumvarpið getur séð og það mjög glögglega að hér hefur einhvers konar „copy/paste“ vinna átt sér stað þar sem Byggðastofnun er skellt inn, sérstaklega í greinargerðina og lagagreinina, án samhengis við aðra þætti. Það finnst mér mjög slæmt.

Virðulegi forseti. Á bls. 12 og 13 er IV. kafli sem heitir: Samkeppnisstaða atvinnulífsins, sameining tæknirannsókna. Í þeim kafla eru færð mjög fín rök fyrir sameiningu á rannsóknarstarfsemi Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins en þar er ekki minnst einu orði á byggðamál eða Byggðastofnun, ekki einu orði, enda hefði það komið eins og skrattinn úr sauðarleggnum þar inn. Ég er því mjög efins um að þetta hefði átt að taka saman á þennan hátt og mér finnst það ekki vel gert hvernig reynt er að flétta Byggðastofnun inn í þetta ágæta frumvarp um Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Ég sagði það mína skoðun áðan, frú forseti, að sameina eigi stofnanir sem hafa með atvinnuþróun og nýsköpun að gera í landinu. Ég sagði líka að það væri skoðun mín að ég hefði jafnvel viljað sjá að hér væri gengið lengra í því og stofnanir sem heyri undir önnur ráðuneyti væru líka undir Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Atvinnumál og þróun þeirra hefur að mínu mati liðið fyrir þá skiptingu ráðuneyta sem við erum með nú, þ.e. þau verkefni sem ráðuneytin hafa með höndum. Mér hefur fundist þessi verkaskipting mjög gamaldags svo vægt sé til orða tekið. Atvinnumálin heyra undir fimm ráðuneyti. Þau heyra undir sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og samgönguráðuneyti. Við í Samfylkingunni höfum talið að búa ætti til eitt atvinnuvegaráðuneyti sem hefði þá heildarsýn yfir atvinnuþróun í landinu og undir slíku ráðuneyti ætti Nýsköpunarmiðstöð Íslands vel heima, enda kæmu fleiri stofnanir núverandi ráðuneyta inn í hana til að þetta skili sem bestum árangri.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði hefur mér þótt það afar gamaldags hvernig skipting ráðuneytanna er sem fara með atvinnumálin. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu eru atvinnuhættir afar breyttir hér á landi og við þurfum að fara að gera sprotafyrirtækjum, nýsköpunarfyrirtækjum og hátæknifyrirtækjum hærra undir höfði. Þessi angi atvinnulífsins hefur liðið fyrir það að við skulum skipta ráðuneytunum á þennan hátt. Slík fyrirtæki hafa ekki átt beint sameiginlegt athvarf innan stjórnkerfisins af því að nýsköpunar- og sprotafyrirtæki þurfa sérstakar aðgerðir á meðan þau eru að byggjast upp. Það tekur allt að 10–15 ár þar til þau hafa náð markmiðum sínum eða búið til afurð sem er söluvæn. Því hefði ég talið að þetta væri sú átt sem við ættum að fara í. Þegar ég heyrði af frumvarpinu fyrst leist mér svo á að hæstv. ráðherra væri að stíga einhver skref í slíka átt innan þess ramma sem hún hefur tök á, þ.e. að sameina stofnanir í ráðuneyti sínu. Þess vegna er mér algerlega fyrirmunað að skilja hvers vegna þeim viðkvæma málaflokki, byggðamálunum, eigi að þvæla inn í þetta mál. Ég tel byggðamálin ekki eins og sakir standa, hugsanlega í framtíðinni, eiga heima þarna undir vegna þess að byggðir landsins þurfa sértækar aðgerðir á meðan nýsköpunar- og sprotafyrirtæki þurfa almennari stuðning og því er maður hræddur við að upp geti komið innbyrðis mótsagnir við starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvarinnar sem veikja markmiðin með starfseminni, veikja stuðninginn við nýsköpun, rannsóknir og sprotafyrirtæki annars vegar sem síðan veikja byggðaþáttinn. Það er það sem kemur strax upp vegna þess að slíkir þættir þyrftu mismunandi stuðning. Ég tel ekki að byggðamálin geti að svo komnu máli fallið undir almennan stuðning við fyrirtæki í landinu, nýsköpunar- og sprotafyrirtæki, heldur verði að grípa til sértækra aðgerða. Því hefði ég viljað sjá, virðulegi forseti, að sá málaflokkur verði styrktur en hann yrði ekki samþættur, eða eins og það er ágætlega orðað af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, að byggðamálunum væri komið fyrir í kofa við höllina sem mætti kalla nýsköpunarmiðstöð.

Virðulegi forseti. Byggðamálin eru loðin fyrir. Við vitum að í þeim verkefnum og þeim byggðaáætlunum sem lagðar hafa verið fyrir þingið hafa verið býsna loðin markmið. Þessi málaflokkur hefur verið hornreka hjá ríkisstjórninni en með þessu tel ég að ástandið verði enn verra. Það sem þarf fyrir byggðirnar og uppbyggingu þeirra og verkefni sem tengjast byggðunum er skýr rammi um verkefnin og skýr markmið, utanumhald og ekki síst skilvirka eftirfylgni þannig að þau verkefni skili árangri. Upp á þetta hefur verulega vantað. Mér finnst sú þingsályktunartillaga um byggðaáætlun til fjögurra ára sem liggur fyrir þinginu endurspegla þetta vegna þess að þar eru sett upp verkefni með afar óljósum markmiðum og þau verkefni eru loðin, mjög loðin. Þar er heldur ekki skýrt kveðið á um hvað þau muni kosta eða hvað á að leggja til þeirra. Þetta eru fín orð á pappír en þau segja ekkert til um hver markmið ríkisstjórnarinnar eru.

Það er skoðun mín að við þurfum fyrst að fara í gegnum hvers konar byggðaáætlun við ætlum að setja til næstu fjögurra ára og klára það verkefni. Það hefur verið ágæt samstaða um það í iðnaðarnefnd að skerpa á þeim tillögum sem komu frá hæstv. ráðherra svo að um þau geti náðst góð og þverpólitísk sátt af því að byggðamálin eru þannig að um þau ætti að ríkja pólitísk sátt. En þá kemur mál sem er illa unnið, þ.e. að skella Byggðastofnun inn í Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Ég hefði talið að þetta hefði þurft að koma, eins og ég sagði áðan, frú forseti, í kjölfarið á stefnumótunarvinnu sem hefði skýr markmið fyrir byggðirnar í landinu en ekki sem hugdetta út af því að hæstv. ráðherra ræður ekki við málaflokkinn og hefur ekki ráðið við þessa stofnun. Og þegar svona óljós markmið eru sett, eins og við höfum séð í byggðaáætlunum frá hæstv. ráðherra á undanförnum árum og ekki síst þeirri sem nú liggur fyrir þinginu, þá er hætt við að peningar fuðri upp í málaflokknum vegna skorts á skýrum markmiðum og skilvirkri eftirfylgni því eftirfylgni er lykilorð í því sambandi ef við ætlum að ná árangri í þessum efnum.

Frú forseti. Ég vil samt ítreka, eins og ég sagði áðan, að ég styð það að stofnanir sem hafa með tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun að gera, séu sameinaðar. Ég styð það. Eins og ég sagði vil ég sjá gengið lengra í þessum efnum og til framtíðar litið verði fleiri stofnunum, sem hafa með atvinnuþróun og nýsköpun að gera, komið undir Nýsköpunarmiðstöð Íslands en byggðamálin eigi ekki heima þar eins og sakir standa vegna þess að við þurfum að fara í gegnum miklu betri vinnu, miklu skilvirkari vinnu með skýrari markmiðum og að Byggðastofnun eigi ekki að setja með þessum hætti inn í Nýsköpunarmiðstöð Íslands, auk þess sem það er illa gert í frumvarpinu. Það er alveg augljóst hverjum þeim sem les frumvarpið að miðað er að því að skapa nýsköpunarmiðstöð en Byggðastofnun datt af himnum ofan á lokasprettinum. Eflaust hefur hún verið dálítið vandræðabarn í ráðuneyti hæstv. iðnaðarráðherra og því hefur það verið þægileg tilhögun að skella henni inn í þessa miðstöð án þess að hugsa það til enda. Og það er sá varhugi sem ég vil gjalda að svo komnu máli við þetta, en engu að síður geri ég ráð fyrir að við munum fjalla rækilega um málið í nefndinni, enda hafa komið fram alvarlegar athugasemdir við það af hálfu samstarfsflokks ráðherrans, Sjálfstæðisflokksins, úr þeirra röðum. Ég geri því ráð fyrir að farið verði vel yfir málið þar og að við fáum að heyra sjónarmið þeirra í málinu vegna þess að ekki eru þeir á mælendaskrá sem hafa haft hvað hæst um frumvarpið, ekki eru þeir hér. Ég geri því ráð fyrir að þeir muni reifa sjónarmið sín í nefndinni þó svo að eðlilegra hefði verið fyrir okkur að fá merki og fá að vita hver sjónarmið þeirra raunverulega eru, af því að þau eru misjöfn, áður en nefndin

tekur til starfa.

Virðulegi forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu og ítreka það sem ég sagði. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem hv. þm. Jóhann Ársælsson reifaði, af því að hér hefur verið kallað eftir því hvaða afstöðu Samfylkingin hafi, að varhugavert væri að setja Byggðastofnun inn í Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Það hefði þurft að koma miklu betur að því máli í kjölfarið á stefnumótunarvinnu.

[18:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég segi bara að ég hefði aldrei trúað því að svona ungur hv. þingmaður, fulltrúi fyrir svona ungan stjórnmálaflokk, mundi flytja eins gamaldags ræðu og hv. þm. gerði. Ég trúi því að hún viti ósköp lítið hvað byggðamál eru því það á að sameina tæknirannsóknir og nýsköpun og atvinnuþróun en það má ekki nefna byggðamál í því sambandi. Hvað telur hv. þingmaður að byggðamál séu? Er það bara landbúnaður og sjávarútvegur, eða hvað? Hv. þingmaður segir (Gripið fram í.) að það eigi ekki að beita almennum aðgerðum í byggðamálum heldur einungis sértækum aðgerðum. Ég ætla þá að biðja hana að útskýra fyrir mér núna strax hvernig þær sértæku aðgerðir sem hún mælir svona sérstaklega með eru.

[18:18]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma í andsvar — ég hef ekki lent í því áður og kallaði þó mikið eftir því í umræðunni um vatnalög að hún ræddi þau mál við okkur. Ég hlýt því að fagna því að hún komi hér upp og ræði málin við okkur.

Hæstv. ráðherra hefur ekki hlustað nægilega vel á mig. Ég sagði að þegar kæmi að byggðamálum þyrfti að grípa til sértækra aðgerða en þess þyrfti ekki hjá nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum með sama hætti. Sértækar aðgerðir — t.d. hefur mikið verið fjallað um flutningsmálin sem íhaldið hefur stoppað í ríkisstjórn og hæstv. ráðherra þekkir vel, enda hefur hún gefist upp á að halda því máli til streitu. Það er eitt dæmi.

Byggðamál, frú forseti, það er von að hæstv. ráðherra spyrji hvað byggðamál séu vegna þess að hún hefur ekki náð utan um þann málaflokk frá því að hún tók við honum. Það er ekki nema von að hún spyrji hvað byggðamál séu.

Virðulegi forseti. Byggðamál eru nefnilega svo margt annað en það sem fram kemur í þessu frumvarpi. Byggðamál eru menningarmál, byggðamál eru menntamál, byggðamál eru samgöngumál og þá sýn skortir algerlega í þessu frumvarpi. (Gripið fram í.) Atvinnumál eru einn þáttur. Þau eru menningarmál, þau eru menntamál, þau eru samgöngumál og það er alveg augljóst á aðgerðum þessarar ríkisstjórnar að ríkisstjórnin áttar sig ekki á því. Þetta snýst um lífsgæði og lífsgæðin eru meira en atvinnumál. Þau eru líka menningarmál og þau eru ekki síst menntamál og samgöngumál skipta þar líka miklu máli. Þetta þarf að sambætta til að byggðastefna geti haldist til framtíðar.

[18:20]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að hv. þingmaður vill setja byggðamál í eitthvert hólf. Hún vill ekki tengja nýsköpun í atvinnulífinu við byggðamál. Það er það sem þetta mál snýst um. Við sjáum að það eru nýjungar sem þarf á landsbyggðinni. Það verður ekki bara haldið áfram með sjávarútveg og landbúnað ef hv. þingmaður heldur það. Það þarf nýjungar og þess vegna er það sem við viljum tengja byggðamálin við einmitt tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Út á það gengur þetta mál og það gengur út á að efla landsbyggðina á sviði háskólakennslu og þekkingarsetra. Ef hv. þingmaður er ekki búin að átta sig á því er kominn tími til að hún geri það.

Hv. þingmaður hefur haft mörg orð um það að ég standi mig illa í sambandi við byggðamál en einhverra hluta vegna hefur orðið viðsnúningur á landsbyggðinni á síðustu árum. Það hefur orðið viðsnúningur þannig að fólki líkar orðið betur að búa þar og það sér þar miklu fleiri tækifæri en áður. Það er einhver sú ánægjulegasta þróun sem hefur orðið í landinu á síðustu árum, þ.e. hvernig landsbyggðin hefur eflst.

[18:22]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði í ræðu minni áðan að ég skildi vel hvað hæstv. ráðherra væri að hugsa með þessu frumvarpi, þ.e. að sameina þessar tvær stofnanir, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Ég skildi vel hvað hún væri að fara með því og allt er það góðra gjalda vert. Ég sagði jafnframt til að undirstrika það hve við búum við gamaldags skipulag í ráðuneytunum að þau hefðu ekki fylgt takti atvinnuþróunar í landinu og því teldi ég að allar stofnanir sem hafa með atvinnumál að gera, undir öllum þeim ráðuneytum sem þær nú eru, ættu að sameinast í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Ég sagði líka að staðan í byggðamálum væri þannig í dag að ekki væri tímabært að gera þá breytingu sem hæstv. ráðherra leggur til, þ.e. að láta Byggðastofnun týnast inni í stærri nýsköpunarmiðstöð. Þegar málaflokkurinn stendur jafnhöllum fæti og raunin er er það ekki tímabært. Ef hér væri allt í himnalagi í byggðum landsins væri grundvöllur til að ræða það.

Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að draga Byggðastofnun út úr þessu annars góða frumvarpi sem ég tel að geti verið fyrsta skrefið í þá átt að sameina og taka verulega á í málefnum sprotafyrirtækja og nýsköpunar í landinu, á það hefur skort. Uppbygging þar hefur liðið fyrir þá stjórnskipan sem við búum við. Ég hefði því talið að hæstv. ráðherra hefði átt að draga Byggðastofnun út úr frumvarpinu vegna þess að byggðamálin eiga að svo komnu máli ekki heima þarna.

[18:24]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér ræðum við afar mikilvæg mál, nýsköpun og byggðaþróun og Byggðastofnun. Ég heyrði fyrst af þessu máli, og það kom mér mjög á óvart, á forsíðu Frétta-

blaðsins. Ég var strax jákvæður í garð þessa máls, taldi að það gæti orðið til góðs að framsóknarmenn væru að vakna til vitundar um að taka þyrfti til hendinni í byggðamálum, og ekki síst þegar fréttist af því að höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar ættu að vera á Sauðárkróki þar sem Byggðastofnun er nú.

Ég fór því með mikilli bjartsýni og jákvæðni í gegnum þetta mál. En þegar betur er að gáð fer maður að velta því fyrir sér hvað þessir málaflokkar eigi sameiginlegt. Þarna er t.d. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sem hefur með ýmsa staðla að gera og rannsóknir á húsum og prófanir, og síðan byggðamálin. Það er kannski ekki augljóst. Þegar tilurð málsins er skoðuð virðist ástæðan enda helst hafa verið sú að menn hafi verið í vandræðum með Byggðastofnun og ekkert vitað hvað þeir áttu að gera við hana. Þeir hafi því skellt henni inn í eitthvað annað til þess eins að þurfa ekki að ræða vandann. Sá er kannski meginkjarni þessa máls að hugmyndirnar eru ekki fullburða.

Í sjálfu sér hefði verið allt í lagi að ræða þetta, að fara í gegnum það t.d. hvort tengja ætti að einhverju marki Byggðasjóð, nýsköpun og margt fleira en það er mjög einkennilegt að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins sé þarna inni. Það hefur raunar ekkert verið skýrt hvaða erindi sú stofnun á þarna. Þegar farið er að kafa ofan í þetta mál þá er það einhvern veginn ekkert mjög ígrundað.

Ég var ekki síst jákvæður í upphafi í garð þessa máls vegna þess að það fréttist að margir sjálfstæðismenn væru mjög andsnúnir því. Ég taldi það jafnvel góðs viti vegna þess að sá tónn heyrðist frá ungum sjálfstæðismönnum sem eru andsnúnir því að farið sé út í einhverjar byggðaaðgerðir yfir höfuð, eru andsnúnir Byggðastofnun og álíta að sú 20 manna stofnun sé í rauninni uppspretta allrar eyðslu- og útgjaldagleði ríkisins. Það er af og frá. Byggðastofnun er afar lítil stofnun og ef horft er til þess hvernig aðrar ríkisstofnanir hafa þanist út þá er ólíku saman að jafna. En Byggðastofnun er alltaf litin hornauga, ekki veit ég hvers vegna. Það kemur mér því á óvart að þessir hv. þingmenn skuli ekki mæta til leiks og ræða þetta frumvarp sem þeir hafa þó tjáð sig um í fjölmiðlum að sé til óþurftar.

Við lestur frumvarpsins kemur í ljós að þessari nýju stofnun er ekki ætlað að vera á Sauðárkróki. Það kemur hvergi fram þó svo það hafi verið gefið í skyn og margir í Skagafirði trúi því jafnvel og það kemur ekkert fram að tengsl eigi að vera við þær menntastofnanir sem þar eru. En byggðamál eru alvörumál sem við ættum að ræða af fullum þunga og leggja kraft í. Þau snúast um það hvernig við sjáum Ísland framtíðarinnar fyrir okkur. Það er eins og sú ríkisstjórn sem nú situr að völdum ætli ekkert að gera. Þetta er í rauninni mjög alvarlegt því að í þessu frumvarpi er ekki að sjá að hugsað hafi verið fyrir því að Byggðastofnun eigi að lenda þarna inni. Það er eins og þetta hafi verið samtíningur til að redda þeirri stöðu sem upp var komin varðandi fjármagn Byggðastofnunar en samt á ekkert að gera. Það eiga ekki að fylgja þessu nýir fjármunir.

Þegar hæstv. iðnaðarráðherra flutti þetta mál spurði ég hana einfaldra spurninga um starfslokasamninga og það kom ekki til af góðu. Það kom til vegna þess að í þessu frumvarpi segir, í lokasetningu, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð umfram hugsanleg biðlaun.“

Það er talað um þetta eins og um sé að ræða einhverja smáaura.

Ef við lítum til þess hvað tveir fyrrum forstjórar Byggðastofnunar hafa fengið í biðlaun þá hefði ég kannski ekki gert svona mikið úr því að þetta sé einhver lág upphæð, alls ekki, því um tugi milljóna króna var að ræða. Og ekki nóg með það, — ég sé að hæstv. iðnaðarráðherra er að verða órótt og virðist ekki geta setið undir þessari ræðu — fráfarandi stjórnarformaður Byggðastofnunar sakaði annan þessara forstjóra sem hafði um 20 millj. í biðlaun, eða fékk í starfslokasamningi réttara sagt, um að hafa brotið af sér í starfi og það gerði hann í útvarpsviðtali og margtók til nokkur lögbrot að því er best verður séð. Við í Frjálslynda flokknum sendum afrit af þessum ásökunum til ríkislögreglustjóra og inntum hann síðan eftir hverjar lyktir þess máls hefðu orðið. Þá kemur fram í svari ríkislögreglustjóra að hann sé í rauninni að bíða eftir því að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra svari erindi sem ríkislögreglustjóri sendi til hæstv. ráðherra. Mér finnst þess vegna lokasetning þessa frumvarps vera frekar léttvæg miðað við þann gríðarlega kostnað sem hefur orðið áður vegna starfsloka forstjóra.

Nú er verið að sameina þrjár stofnanir í eina og það er nokkuð víst að einhverjir fá starfslokasamning. Þeir tveir sem höfðu stýrt Byggðastofnun, annar ekki nema í eitt og hálft ár, sá hinn síðari sem hafði unnið í eitt og hálft ár fékk um 20 millj. kr. þannig að það má ekki gera lítið úr þessu. En ég ætla ekki að gera þetta að aðalefni ræðu minnar þó svo mér finnist í rauninni miður að hæstv. iðnaðarráðherra hafi ekki svarað mér í andsvörum fyrr í dag og e.t.v. er það vegna þess að hún hefur einfaldlega svo vondan málstað að verja að hún telji betra að láta þögnina verða svarið og reyni að forða sér frá umræðunni um þetta mál eða ég veit ekki hvað en þetta er alla vega mjög viðkvæmt mál enda hlýtur það að vera svo. En við megum ekki gera lítið úr því.

Það sem ég ætlaði að ræða er að það er engin lausn að setja Byggðastofnun inn í einhverjar jafnvel óskyldar stofnanir og ætla síðan að láta vanda byggðanna leysast af sjálfu sér við það eitt. Þó koma þarna fram nýjar hugmyndir sem ég er í sjálfu sér opinn fyrir svo sem eins og starfrækslu Byggðasjóðs.

En það er margt sem vekur spurningar hvað varðar starfrækslu þessa nýja ábyrgðasjóðs. Það er t.d. hvernig fyrirtæki verða valin til þess að fá ábyrgð vegna þess að það er auðsýnt að það mun verða mjög mikil ásókn fyrirtækja í að fá ríkisábyrgð. Hvernig mun þá Byggðastofnun eða Byggðasjóður hinn nýi velja þau fyrirtæki úr sem eiga að fá þessa ríkisábyrgð og hvaða fyrirtæki eiga ekki að fá hana? Þetta er mjög mikilvæg spurning sérstaklega í ljósi þess að raunin hefur orðið sú að vextir Byggðastofnunar hafa verið heldur hærri en þeir sem bankakerfið hefur upp á að bjóða og staðan hefur orðið sú að Byggðastofnun hefur setið uppi með fyrirtæki sem bankarnir hafa ekki treyst sér til að lána og hafa ekki haft ábyrgðir sem bankarnir hafa kært sig um og þess vegna er staða Byggðastofnunar slæm, ekki vegna þess að endilega hafi verið illa vandað þar heldur vegna þess að Byggðastofnun hefur setið eftir með verri lántakendur. Það hefur oftar en ekki komið að því að ýmsar

stjórnvaldsaðgerðir hafa orðið til þess að fyrirtæki í sjávarbyggðum og víðar standa illa og hafa misst fiskveiðiheimildir. Þess vegna hefur Byggðastofnun hlaupið undir bagga. Sama má segja um að Byggðastofnun hefur setið uppi með það að lána til ferðamálafyrirtækja, ferðaþjóna og fleiri aðila sem bankastofnanir sem hafa talið að væru með ótryggt veð. En það er ekki ásættanlegt fyrir þjóðfélagið að ekki verði rekin ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni. Það eiga allir að sjá að það er einmitt mjög mikilvægt að rjúfa þann vítahring sem víða er á landsbyggðinni, það þarf að stofna ferðaþjónustufyrirtæki til að fá ferðamenn og til að það sé hægt að reisa slík fyrirtæki, þá þurfa að vera ferðamenn. Það þarf einhvern veginn að rjúfa þennan hring þannig að það séu reist hótel og aðstaða fyrir ferðamenn sem kannski ber sig ekki í byrjun en er örugglega þjóðhagslega hagkvæmt að komi á staðinn.

Ég vil nefna dæmi eins og sunnanverða Vestfirði sem er einn fallegasti staður landsins. Það þjónar heildarhagsmunum þjóðarinnar að þar séu reist mannvirki til að taka á móti ferðamönnum, að dreifa þeim um landið. Þar gæti Byggðastofnun einmitt komið til. En það er vert að fara yfir fleira og ég staldraði við það í andsvörum hjá hæstv. iðnaðarráðherra að það er uppgjöf, mjög mikil uppgjöf. Það verða engin ný störf í sjávarútvegi. Það er eins og þetta sé uppgjöf gagnvart því að gera nýja hluti í sjávarútvegi. Þessu erum við í Frjálslynda flokknum algerlega ósammála. Við sjáum einmitt tækifæri í sjávarútveginum en þá þarf kerfið auðvitað að vera með þeim hætti að nýliðum sé gert kleift að byrja í greininni. Það er athyglisvert að í athugasemd með frumvarpinu virðist þetta viðhorf koma að einhverju leyti fram en þar segir, með leyfi forseta:

„Samdráttur hefur verið í sjávarútvegi og landbúnaði en uppbygging þekkingargreina hefur aðallega verið á höfuðborgarsvæðinu og ekki nýst landsbyggðinni að sama skapi.“

Ég er á því að með því að gera öllum jafnt undir höfði til að stunda sjávarútveg þá getum við fengið fram nýsköpun í greininni og þá gætu nýliðar komist inn í greinina. Einn liðurinn í því er sá að fiskur fari á markað þannig að þeir sem vilji geti verkað fisk með sem hagkvæmustum hætti. Það er svo einkennilegt að sjálfstæðismenn sem stundum telja sig markaðshyggjumenn eru alveg á móti þessu, alveg, og sérstaklega hv. þm. Pétur H. Blöndal ef ég man rétt en hann leiðréttir mig ef mig misminnir. En svo koma jafnvel hv. þingmenn úr vinstri flokkum sem eru mjög til vinstri eins og Vinstri grænir, sem hafa skilning á þessu. Þetta er svo einkennilegt að ef það tengist landsbyggðinni og sjávarútvegi þá vilja sjálfstæðismenn alls ekki að markaðslögmálin ráði. Það þykir okkur í Frjálslynda flokknum mjög skrýtið, því það skortir nýliða í þennan atvinnuveg, sjávarútveginn. Þess vegna ættu menn í rauninni að horfa til þess hvað við getum gert. Eitt af því er að tryggja að menn geti komist inn í greinina. En ég er á því að það verði að horfa til fleiri þátta.

Í dag sakaði hæstv. iðnaðarráðherra hv. þingmenn um þröngsýni af því að þeir voru ekki sammála henni varðandi byggðamálin. En ég verð að vara hæstv. ráðherra við og ég er á því að hún ætti að líta í eigin barm vegna þess að álver virðast vera eina atvinnusköpunin sem hún sér tækifæri á til að stunda á landsbyggðinni. Við í Frjálslynda flokknum sjáum á hinn bóginn tækifæri í sjávarútvegi og í landbúnaði líka. En það er erfitt við að eiga þegar menn ætla að koma með nýjungar í landbúnaði, mig rekur t.d. minni til þess að einn ágætur bóndi hafi ætlað að fara í ísgerð, þá starfaði það kerfi sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa komið upp og hefur kostað ómælt fé, þannig að það var ekki hægt að sjá hvernig maðurinn ætti að fá starfsleyfi fyrr en eftir marga mánuði. Er þetta ásættanlegt? Ættu menn ekki einmitt að staldra við? Það eru tækifæri í landbúnaðinum. Og það þarf að minnka þá miðstýringu sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa komið á sem minnir um margt á sovéskt fyrirkomulag.

Það kemur fram á bls. 11 í þessu frumvarpi að nefnd manna úr stjórnarflokkunum, þar eru nokkrir hv. þingmenn svo sem Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson og síðan bættist enginn annar en Einar Oddur Kristjánsson í hópinn, gerði tillögu um hvernig ætti að taka á vanda Byggðastofnunar. Það er ekki að sjá að það sé í einu né neinu tekið tillit til þess í frumvarpinu.

En vandi Byggðastofnunar er ekki endilega vandi inni í stofnuninni. Þetta er vandi byggðanna sem endurspeglast í vanda þessarar stofnunar og vanda byggðanna má að miklu leyti rekja til þess hvernig Sjálfstæðisflokkurinn, sérstaklega með hjálp Framsóknarflokksins, hefur í rauninni hneppt atvinnuvegi landsbyggðarinnar í kvóta.

Fleira má nefna og vegna þess að hæstv. ráðherra hefur verið að fara yfir mál sín og viðhorf í þessu þá er mjög einkennilegt að þær breytingar sem hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir á umliðnum árum, svo sem að hækka rafmagnsverðið, eru ekki gerðar fyrir byggðirnar, alls ekki. Og til dæmis það að afrita skýrslu um byggðamál eins eða tveggja síðustu ára og koma með hana nær óbreytta inn í þingið sýnir ekki neinn metnað í þessu máli og hæstv. ráðherra hefur heldur ekki sett nein mælanleg markmið fram.

Við í Frjálslynda flokknum höfum mikinn metnað fyrir hönd byggða Íslands og við teljum að það sé skylda okkar sem erum á Alþingi að leggja fram almennilegar og veigamiklar tillögur og það gerum við m.a. í málefnahandbók flokksins þar sem við tvinnum byggðamálin inn í flest mál. Byggðamál eru ekki endilega einangruð í einni stofnun sem getur verið staðsett og verður vonandi staðsett áfram á Sauðárkróki heldur snertir hún menntamál, hún snertir atvinnuvegi landsbyggðarinnar ekki síst og samgöngur. Ég verð að segja að eftir að hafa komið með mikilli bjartsýni og jákvæðni að lestri þessa frumvarps þá hef ég orðið fyrir miklum eða talsverðum vonbrigðum, ég vil ekki segja miklum vegna þess að eftir að hafa farið í gegnum fyrri verk hæstv. ráðherra sem hafa snert byggðir landsins þá var kannski ekki við miklu að búast en þetta lýsir ekki miklum metnaði fyrir byggðir landsins, alls ekki.

[18:44]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun sem felur í sér verulega uppstokkun á lagaumhverfi byggðamála, nýsköpunarmála og annarra þátta sem tengst hafa starfsemi Iðntæknistofnunar, Rannsóknastofn-

unar byggingaiðnaðarins, Byggðastofnunar og Nýsköpunarsjóðs eða nýsköpunarverkefna. Gerð er tillaga um að sameina alla þessa starfsemi í eina stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Þær tillögur sem hér eru lagðar fram eru í sjálfu sér allrar athygli verðar og er alveg sjálfsagt að skoða þær mjög ítarlega og fara yfir það hvort breytingar á þessum málaflokki, í þá veru sem hér er verið að leggja til, geti þjónað markmiðum þessa starfs betur. Mér finnst alveg sjálfsagt að þessar tillögur séu skoðaðar mjög vandlega og menn eigi alls ekki að vera með neina fordóma fyrir fram gagnvart þeim, síður en svo. Ég vil þó taka fram í upphafi að þær viðamiklu breytingar sem hér eru lagðar til koma að vísu nokkuð seint inn í þingið til umfjöllunar og skoðunar og ég hygg að það sé nokkuð bratt farið að ætlast til að þingið afgreiði þetta mál fyrir þinglok í vor. Það eru aðeins eftir örfáir starfsdagar í þinginu samkvæmt þeirri dagskrá sem sett var upp og samþykkt sem starfsáætlun þingsins. Engu að síður er mjög gott að fá þetta mál fram þannig að það geti farið í vinnslu og umfjöllun.

Ég ætla að fara aðeins yfir einstakar greinar frumvarpsins og spyrjast fyrir um ákveðna þætti þar og byggðamálin almennt en ég ætla að byrja á yfirferð yfir sjálft frumvarpið og tæknileg atriði í því sambandi. Það verður alls ekki tæmandi, síður en svo, en mig langar þó til að nefna þar ákveðna þætti.

Í fyrsta lagi 1. gr. en þar stendur: „Nýsköpunarmiðstöð Íslands er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.“ Ef litið er til 1. gr. núgildandi laga um Byggðastofnun þá stendur þar: „Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.“

Ég veit ekki hvort þarna er um einhverja áherslubreytingu, að ræða að ekki skuli vera tekið upp í 1. gr. þessara laga að Nýsköpunarmiðstöð Íslands skuli vera stofnun í eigu ríkisins. Mér finnst að taka eigi af öll tvímæli um það þó að það komi síðan hvergi fram frekar í lögunum að það eigi ekki að vera svo að hún sé eign ríkisins. Af einhverjum ástæðum hefur verið talið nauðsynlegt að hafa það í núgildandi lögum um Byggðastofnun að hún sé í eigu ríkisins. Mér fyndist það eðlilegt, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem nú fer fram, sérstaklega meðal ríkisstjórnarflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, um einkavæðingu þjónustustofnana ríkisins, hlutafélagavæðingu og jafnvel sölu. Við höfum einmitt heyrt í þessari umræðu sjónarmið þingmanna Sjálfstæðisflokksins, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem hér hafa talað, sem hafa lagt áherslu á að þeir vildu sjá að þessi stofnun og þessi verkefni væru einkavædd og seld eða úthýst, eins og hæstv. ráðherra orðaði það og fleiri. Þess vegna teldi ég rétt að þarna væri afdráttarlaust kveðið á um að þessi stofnun væri í eigu ríkisins og heyrði undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, að þarna bættist inn „í eigu íslenska ríkisins“. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er einhver meining á bak við það að fella orðin „í eigu íslenska ríkisins“ burt miðað 1. gr. núgildandi laga um Byggðastofnun?

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði í landinu. Það er svo sem ágætismarkmiðssetning. Síðan er rakið í hverju það felst sem er „að stuðla að framförum atvinnulífsins, með þekkingarmiðlun og stuðningsþjónustu við frumkvöðla sprota- og nýsköpunarfyrirtæki, m.a. með rekstri þjónustumiðstöðvar“ — ég kem aðeins að því síðar að mér finnst skilgreiningar á þessum þjónustumiðstöðvum vera mjög ógreinilegar, hvaða hlutverki hver þjónustumiðstöð á að gegna og hver sé stjórnsýsluleg staða þeirra, sem ég tel að þurfi að skýra en ég kem væntanlega að því seinna ef mér vinnst tími til í þessari ræðu — og „að efla samstarf á milli rannsóknastofnana, háskóla og fyrirtækja og styrkja tengsl þeirra við atvinnuþróunarfélög“. Mér finnst það líka hið besta mál en ég kem væntanlega síðar að stöðu atvinnuþróunarfélaganna. Ég get kannski komið að því beint núna, frú forseti, og spurt hæstv. ráðherra um hugmyndir varðandi stjórnsýslulega stöðu atvinnuþróunarfélaganna. Atvinnuþróunarfélögin hafa verið hálfmunaðarlaus, bæði hvað varðar stjórnsýslulega stöðu og ekki hvað síst fjármagn, og þau hafa verið utanveltu á undanförnum árum að mínu mati. Mér finnst reyndar að atvinnuþróunarfélögin ættu að vera lykilstjórnsýslustöðvar í byggðamálum eða aðkomu hins opinbera að byggðamálum. Svo virðist ekki vera í þessu frumvarpi heldur finnast mér þau áfram vera eins konar hornrekur. Ég spyr hæstv. ráðherra: Getur hún greint frekar hvernig hún sér stjórnsýslulega stöðu, vöxt og fjármögnun, atvinnuþróunarfélaganna innan þessa lagabálks umfram það sem skilgreint er í þessu frumvarpi, sem mér finnst vera mjög óljóst og veikt? Ég hleyp nú yfir næstu liði en get í sjálfu sér tekið undir öll þau markmið sem þar eru sett en í e-lið er sagt að Nýsköpunarmiðstöð Íslands fari með málefni sérstakra sjóða eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, og ég kem svo aftur síðar að þessari óljósu stöðu hinna ýmsu sjóða sem ætlað er að fara undir þessa stofnun.

Í 3. gr. stendur: „Ráðherra skipar forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og ákveður starfssvið þeirra.“

Ég fæ ekki betur skilið en að hér sé verið að ráða forstöðumann samkvæmt hefðbundnum reglum um ráðningu forstöðumanna ríkisstofnana með þeim réttindum og skyldum sem um þá gilda. Ég vil inna hæstv. iðnaðarráðherra eftir því hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér. Þetta skiptir máli vegna þess að það hefur færst æ meira í vöxt af hálfu hins opinbera, ráðuneytanna, að setja á stofn stofnanir þar sem kveðið er á um að forstjórar eða framkvæmdastjórar séu ráðnir með öðrum hætti, þ.e. þeir lúta ekki þeim almennu reglum sem gilda um ráðningu opinberra starfsmanna, heimilt er að ráða þá á allt öðrum kjörum o.s.frv. Við þekkjum þetta hjá ýmsum stofnunum, hjá Fjármálaeftirlitinu, hjá Samkeppniseftirlitinu og fleiri tilvik þar sem forstjórar eða framkvæmdastjórar eru ráðnir nánast utan við lög og rétt miðað við það sem gildir um forstöðumenn stofnana ríkisins. Hér er það ráðherra sem ræður forstjóra beint, vafalaust að undangenginni auglýsingu og hefðbundnu ferli við ráðningu forstöðumanna ríkisstofnana. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort þetta sé ekki réttur skilningur hjá mér. Mér finnst það í sjálfu sér gott ef þessi háttur er hafður á og að það sé alveg óyggjandi.

Síðan hnýt ég um í 5. gr. þar sem verið er að tala um rannsóknastarfsemi á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Það er starfrækt undir heitinu Íslenskar tæknirannsóknir, en þar segir: „Starfsemin skal taka mið af ályktunum Vísinda- og nýsköpunarráðs en áhersla skal vera á hagnýtar rannsóknir og vöruþróun í þágu nýsköpunar atvinnulífsins og grunnrannsóknir á afmörkuðum sviðum sem hafa þjóðhagslega þýðingu.“ Það eru í fyrsta lagi þessi orð „hagnýtar rannsóknir“ sem ég hnýt um. Ég held að flestir sem stunda rannsóknir telji þær vera hagnýtar og tel að forðast eigi slíka orðanotkun eða að að hengja sig í sérstakar skilgreiningar hvað það varðar.

Í 7. gr. er talað um að með stjórn Byggðasjóðs fari fimm manna stjórn. Þarna kemur allt í einu Byggðasjóður inn og stjórnsýsluleg tengsl eða skipurit fyrir Byggðasjóð annars vegar og tengsl hans við Nýsköpunarmiðstöð Íslands hins vegar. Í Nýsköpunarmiðstöð Íslands er engin stjórn, þar er bara forstjóri, sem mér finnst allt í lagi, skipaður beint undir ráðherra samkvæmt lögum um embættismenn ríkisins. En þá kemur ég aftur að Byggðasjóði, þar er komin stjórn, fimm manna stjórn sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn og skulu tveir stjórnarmenn tilnefndir af fjármálaráðherra o.s.frv. Þarna sýnist mér vera kominn viss byrjunarferill að einhverjum stjórnskipulegum óskapnaði eða ekki réttri skipan því að Byggðasjóður þessi er áfram undir stjórn forstjóra og maður skyldi ætla að hann bæri a.m.k. ábyrgð á starfsemi Byggðasjóðs. Ég hefði gjarnan viljað fá að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra á ábyrgð og stöðu forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands gagnvart Byggðasjóði og verkefnum hans því að þarna er allt í einu sinni komin stjórn sem er milliliður og þar stendur meira að segja: „Iðnaðarráðherra velur formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður þóknun stjórnarmanna. Stjórn Byggðasjóðs tekur ákvarðanir um veitingu lánsábyrgða. Stjórninni er heimilt að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sjóðsins.“ Þarna er greinilega kominn einhver stjórnsýslulegur fingurbrjótur, að mér sýnist, ef forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á í sjálfu sér að vera yfirmaður þessa sjóðs.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á fjárhag Byggðasjóðs, hvort ekki sé gert ráð fyrir að til hans sé veitt fjármagn á fjárlögum eða opinbert fjármagn með öðrum hætti. Ef hann á eingöngu að fjármagna sig sjálfbært eins og sagt er eða kveðið er á um sé ég ekki beint tilganginn með sjóðnum því að sjóðurinn hlýtur að eiga að ráðstafa fé til þeirra verkefna sem honum er falið að veita fjármagn til og ekki þarf að búast við að það ávaxti sig að fullu innan sjóðsins. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra: Er það í raun og veru ætlunin að sjóðurinn reki sig fjárhagslega sjálfur án þess að til hans sé varið fjármagni með beinum hætti? Er hann þá í sjálfu sér byggðasjóður, er hann nokkur stuðningssjóður ef hann á að reikna með að starfa með þeim hætti? Það hefur náttúrlega verið vandamál Byggðastofnunar að henni hefur verið ætlað að lifa á eigin tekjum sem alls ekki gengur upp miðað við það hlutverk sem henni er falið.

Sama kemur síðan aftur upp með Tækniþróunarsjóð og ég spyr áfram: Hver er stjórnsýsluleg staða og ábyrgð forstjóra yfir stofnuninni Nýsköpunarmiðstöð Íslands gagnvart Tækniþróunarsjóði? Því þá er aftur komin sjóðstjórn eins og hér stendur í 11. gr.: „Í stjórn Tækniþróunarsjóðs sitja sjö menn sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins ...“ o.s.frv. Mér finnst allt í lagi að hugsa sér ráðgefandi nefnd eða fagráð sem er skipað með þessum hætti af fagaðilum en þegar komin er orðin stjórn þá fer maður að velta því fyrir sér hver sé hin stjórnsýslulega ábyrgð þeirra sem skipaðir eru í stjórn. Ég get ekki séð að það sé ljóst í þessu frumvarpi. Ef maður les frekar um hlutverk stjórnar og fagráða Tækniþróunarsjóðs þá er það alveg eins og með Byggðasjóð að þarna er komið eitthvert óskilgreint apparat sem á að bera ábyrgð á hlutum en virðist þó ekki bera ábyrgð á þeim. Því hlýtur það að vera forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar sem ber mestu lokaábyrgðina.

Sama kemur svo enn upp með nýjan sjóð sem heitir Tryggingarsjóður útflutnings. Þar er notað orðið stjórnarnefnd. „Með stjórn sjóðsins fer stjórnarnefnd sem í eiga sæti fimm menn.“ Þarna er komið nýtt hugtak í þessa stjórnun sem eykur enn á ákveðna óvissu eða rugling á því hver eigi að vera ábyrgð þessarar stjórnar og hver eigi að vera ábyrgð hins eiginlega framkvæmdastjóra, forstjóra sem skipaður er yfir þetta allt saman.

Ég vil þó, af því að tími minn er að verða búinn í fyrri ræðunni, undirstrika fyrst þá skoðun mína að ég tel að byggðasjóðir eða nýsköpunarsjóðir eins og hér er verið að leggja til að séu stofnaðir eða undirbyggðir eigi fyrst og fremst að miða að styrkjum til ákveðinna verkefna, ákveðinna þátta sem verið er að takast á við, en ekki á lánum. Þannig geta þeir gert miklu meira gagn. Ef verið er með lánveitingar þá er oft og tíðum krafist mótfjármagns eða lánsfjár til að koma til móts við framlög eða lán þessara sjóða og þeir aðilar sem verið er að veita fjármagn til hafa oft mjög takmarkaða möguleika til að koma með eitthvert mótframlag eða sinna hörðum kröfum um mótframlag sem hefur jafnframt skert möguleika fyrirtækja og einstaklinga til að njóta framlaga, styrkja og lána frá Byggðastofnun.

[19:05]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér tvö frumvörp, í fyrsta lagi frumvarp um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun og í öðru lagi frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. (**Iðnrh.:** Það er ekki byrjað.) Það er ekki byrjað, nei, en þau hanga samt saman.

Þetta frumvarp fjallar um nýja stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem á að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði í landinu. Ég legg til, frú forseti, að þarna standi „að auka hamingju í landinu“ því að ég sé engan mun á því að auka lífsgæði og hamingju. Þetta eru einhver fögur orð sem hér eru tekin upp.

Markmiðið er í rauninni það að sameina Byggðastofnun, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins undir einn hatt vegna þess að þessar stofnanir allar eru í vandræðum og alveg sérstaklega Byggðastofnun. Hún er í miklum vandræðum. Ég hef aldrei verið vinur Byggðastofnunar, frú forseti, og hef tjáð mönnum það alveg hreinskilnislega. Ég tel að Byggðastofnun hafi alltaf verið mistök, hún hafi skaðað landsbyggðina mjög mikið með því að

styrkja léleg fyrirtæki sem góð fyrirtæki þurfa þá að keppa við og verða undir. Það er verðbréfamarkaðurinn sem hefur stuðlað að miklum framförum á landsbyggðinni með því að dæla peningum í arðvænleg hlutabréf og hlutafélög, sérstaklega á Austfjörðum og Norðurlandi, Akureyri. Því miður fengu Vestfirðirnir of mikla styrki til að nota sér verðbréfamarkaðinn sem skyldi og þar af leiðandi eru vandræðin þar mikil.

Byggðastofnun stundaði lánveitingar og ráðgjöf og ég get svo sem fallist á að ráðgjöfin eigi rétt á sér en lánveitingarnar áttu aldrei rétt á sér, enda kom það í ljós. Þegar svo lánamarkaðnum óx fiskur um hrygg og hann fór að lána til fyrirtækja úti á landi dagaði Byggðastofnun náttúrlega uppi eins og hvert annað nátttröll og eftir sátu bara lélegustu skuldararnir. Hún var með dýrari lán en flestir aðrir þannig að hún varð ekki til góðs, hvorki fyrir lántakendur né byggðirnar. Í staðinn fyrir að jarða Byggðastofnun snyrtilega eins og hvert annað steintröll er henni skeytt saman við tvær aðrar stofnanir sem eru tiltölulega lífvænlegar, sérstaklega ef þeim yrði fundinn staður í einkaframkvæmd eða bara einkaeign, eins og Iðntæknistofnun á að vera. Hún stundar starfsemi á því sviði sem er bara bisness og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins vinnur mjög gott starf sem gæti alveg eins verið í höndum hlutafélagsins eins og hvers annars og veitt góðar rannsóknir til byggingariðnaðarins, enda er hún að selja rannsóknir út og ég held að það gangi bara vel og mundi ganga enn betur ef hún væri í einkaeign svo að maður tali ekki um Iðntæknistofnun sem ég held að líði mjög mikið fyrir að vera stofnun en ekki í einkaeign.

Ég er á móti nánast öllu sem hér kemur fram, því að ríkið skuli standa í nýsköpun — ég hef enga trú á því að opinberir starfsmenn sem vinna frá 9 til 5 og eðli máls samkvæmt eru frekar í varnarstöðu í lífinu en í sóknarstöðu, þess vegna eru þeir jú opinberir starfsmenn, geti stundað nýsköpun. Nýsköpun sem byggir á þeirri áhættu og framkvæmdagleði og frumkvæði sem þar er þörf og þess að vera vakandi líka kl. 11 og 12 á nóttunni. Ég hef enga trú á þessu. Ég hef sjálfur stundað nýsköpun með sæmilegum árangri og sem betur fer fékk ég enga opinbera styrki til þess.

Hér er talað um frumkvöðla og að Nýsköpunarmiðstöð eigum við að reka með þjónustu fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Ég held að menn ættu heldur að snúa sér að því að hætta að skattleggja nýsköpun en að búa til stofnun til að styðja hana. Nýsköpun í dag er skattlögð með allt of háum gjöldum fyrir skráningu hlutafélaga og alls konar kvöðum. Menn ættu að skoða það að aflétta þeim þannig að einstaklingar geti stofnað fyrirtæki án þess að ríkið sé að stoppa þá í því og hemja þá.

Það er talað um íslenskar tæknirannsóknir o.s.frv. og svo er talað um Byggðasjóð. Einasta hlutverk hans virðist vera að veita ábyrgðir á lán og ég vil taka það fram, frú forseti, að það er enginn munur á opinberri ábyrgð á láni og lánveitingum frá ríkinu. Það er akkúrat enginn munur á því. Ef ég er með ábyrgð ríkisins á 100 millj. fer ég í næsta banka og fæ lán eins og ríkið upp á 100 millj. Það er bara svo einfalt. Það er enginn munur hvort ríkið taki lánið fyrst og láni mér eða hvort ég fái ríkisábyrgð og taki lán. Það er enginn munur á ábyrgð ríkisins og láni frá ríkinu. Þetta vil ég að komi alveg skýrt fram. (**Gripið fram í:** ... skiptir ... ábyrgðina.) Hið eina sem gerist er að það á að undanþiggja sjóðinn gjaldtöku um ríkisábyrgðir. Það á sem sagt að gera það enn þá meira spennandi fyrir fólk að ganga á ábyrgðir ríkisins og rústa þeim. Þetta mun enda með ósköpum ef menn gæta sín ekki á því að fara varlega og sparlega með ríkisábyrgðir, bara nákvæmlega eins og með ríkisfé. Þetta mun að sjálfsögðu mismuna fyrirtækjum úti á landsbyggðinni. Þeir sem fá ríkisábyrgð blakta og standa sig þó að reksturinn sé allur í kjallaranum á meðan önnur fyrirtæki sem eru vel rekin og fá ekki ríkisábyrgð verða undir. Byggðastofnun mun því eftir sem áður skaða landsbyggðina eins og hingað til, eins og hún hefur gert alla tíð. Þetta vilja menn ekki sjá og geta ekki séð. Ég ætla ekki að ræða meira um Tækniþróunarsjóð. Það er sama, hann á að standa í einhverri nýsköpun o.s.frv. og ég er búinn að tala um það.

Tryggingasjóður útflutnings er líka fyrirbæri sem ég sé einmitt hjá einkageiranum. Þetta eru svokölluð kröfukaup og þegar ég stóð í atvinnurekstri ætlaði mitt fyrirtæki að fara út í kröfukaup en reyndist vera 10 árum of snemma í því. Kröfur komu miklu seinna. Kröfukaup felast í því hreinlega að einkaaðili kaupi kröfu á t.d. erlent fyrirtæki og selji hana svo aftur til viðkomandi lands. Þetta er í gangi um allan heim á vegum einkaaðila. Hvað er ríkið að kássast í þessu og drepa niður einkaframtak?

Ég held að ég hafi ekki miklu meira að segja um frumvarpið sem slíkt en það er kannski undarlegt í öllu því frjálsræði sem við stundum í dag og því að auka frjálsræði og í allri þeirri útrás og öllu þessu fína sem við höfum upplifað að menn skuli koma með svona sovétfyrirkomulag á nýsköpun og rannsókn, einmitt núna. Í stað þess að láta Byggðastofnun deyja drottni sínum eins og hún á að gera skuli hún vera spyrt saman við sæmilega heilbrigðar stofnanir þannig að úr verði einn allsherjarbræðrabani.

Það er rétt, frú forseti, að rannsóknir á Íslandi hafa stóraukist en ekki á vegum hins opinbera. Það eru einkafyrirtæki eins og deCode, Íslensk erfðagreining, það eru Actavis og Marel og fleiri, mörg fyrirtæki sem stunda rannsóknir, bara í bisness. Það hefur stóraukist sem betur fer og hefur leitt til mikillar hagsældar fyrir land og þjóð. Við þurfum að stuðla að þessu. Við þurfum að styrkja þetta með því að búa til gott og varanlegt og vinsamlegt kerfi fyrir fyrirtæki og það höfum við verið að gera undanfarið og megum gera enn betur, lækka skatta enn meira og gera allt kerfi miklu einfaldara.

Þá verð ég að lokum, frú forseti, að geta um tilurð frumvarpsins. Það var náttúrlega alveg með ólíkindum. Maður les í blöðunum um einhvern blaðamannafund þar sem var tilkynnt um frumvarp sem ekki var búið að samþykkja í stjórnarflokkunum. Hvert er eiginlega hlutverk þingflokka sem standa að ríkisstjórn ef ekki á einu sinni að þurfa að láta þá samþykkja það? Ef við hefðum viljað gera einhverjar breytingar á þessu, segjum svo, er það ekki hægt, það er búið að kynna frumvarpið. Svo er sagt að frumvarpið hafi verið kynnt. Jú, jú, það var kynnt og ég held að bara allir á þeim kynningarfundi hafi mótmælt. Svo heitir það að frumvarpið hafi verið kynnt Sjálfstæðisflokknum. Já, já. Og þar með liggur í loftinu að hann hafi samþykkt það með fögnuði. En það var ekki þannig. Menn eru ekkert fagnandi yfir

þessu. Ég er ekki sá eini, við erum a.m.k. tveir af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem erum ekki fagnandi yfir þessu frumvarpi og teljum að önnur leið hefði verið betri, leggja Byggðastofnun snyrtilega niður eða láta hana sinna bara ráðgjöf og fara þá leið að styrkja Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins með þeim hætti að það verði meira einkafrumkvæði þar og venjuleg viðskiptasjónarmið. En því miður var sú leið ekki farin og nú er spurningin — ég sit ekki í hv. iðnaðarnefnd sem hefur málið til umfjöllunar, því miður — hvernig iðnaðarnefnd tekur á þessu og hvort takist að laga eitthvað þennan óskapnað sem við stöndum hérna frammi fyrir, óskapnað sem felst í því að taka upp sjónarmið sem þóttu voðalega fín í Sovétríkjunum 1930–1950 og skipuleggja alla hluti ofan frá af grænu skrifborðunum þar sem allt vitið liggur og stýra öllu atvinnulífinu á þann hátt í staðinn fyrir að láta atvinnulífið blómstra og vaxa á eigin forsendum, láta fólkið sem vinnur á gólfinu taka ákvarðanir og láta nýsköpun eiga sér stað þar sem nýsköpun á að eiga sér stað, hjá einstaklingum sem vaka alla nóttina, standa vaktina og reyna að sjá út hvernig hagur þeirra getur vænkast og batnað með því að stunda rannsóknir og fara út í bisness.

[19:17]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef það er rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að þetta frumvarp sé eins og það hafi verið samið í Sovétríkjunum á árabilinu 1930 til 1950 þá er engum blöðum um það að fletta hvaða sögulegu persónu hv. þingmaður telur hæstv. iðnaðarráðherra gegna hlutverki fyrir hér í dag. Ég verð að játa að þó að hv. þm. Pétur H. Blöndal virðist að minnsta kosti í öðru hvoru máli vera ábyrgðarlaus af stjórnar athöfnum þá er ég alveg orðinn ruglaður í ríminu í þessari umræðu.

Sovétfyrirkomulag kallar hann þessi frumvörp og þó er mér ekki annað ljóst en að um sé að ræða stjórnarfrumvarp frá ríkisstjórn Íslands og veit ekki betur en að meiri hluti ráðherra í þeirri ríkisstjórn komi úr Sjálfstæðisflokknum. Og hélt til þessa að frumvarpið hefði verið kynnt í þingflokki Sjálfstæðisflokksins og hann stutt að það yrði lagt fram í þinginu.

En nú upplýsir hv. þingmaður að allir fundarmenn á þingflokksfundi Sjálfstæðisflokksins hafi mótmælt frumvarpinu. Þá hlýtur maður að spyrja: Á það líka við um ráðherrana? Því hér er nú um stjórnarfrumvarp að ræða og ég hygg að einir sjö ráðherrar sitji þingflokksfundi Sjálfstæðisflokksins ef mér skjöplast ekki. Eða hvernig er þessu eiginlega farið í Sjálfstæðisflokknum? Eigum við almennt að búast við að stjórnarfrumvörp sem hér koma fram séu í andstöðu við annan af stjórnarflokkunum og hafa þingflokkar þeirra ekkert um framlagningu þeirra að segja? Eða hvað býr hér að baki hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal?

Er Sjálfstæðisflokkurinn ekki sá sem stendur að flutningi þessa frumvarps og styður hann að meiri hluta til þetta sovétskipulag (Forseti hringir.) sem þingmaðurinn kallar svo?

[19:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sagði að það hefði verið kynning hjá þingflokknum. Þar voru ekki nándar nærri allir mættir. Þær raddir sem heyrðust þar voru gegn frumvarpinu. Nokkrir sögðu ekki neitt.

Það getur vel verið að þeir hafi bara verið hjartanlega sammála og mjög ánægðir. (Gripið fram í.) Það veit ég ekki. Það eru menn á móti þessu og það eru fyrirvarar við þetta frumvarp í Sjálfstæðisflokknum. Það er ekki spurning. Það eru fleiri en ég. Við erum að minnsta kosti tveir.

Svo er það spurningin hvort ég sé ábyrgðarlaus eða hvað sé að gerast. Ég hef alltaf haft efasemdir um Byggðastofnun og mér finnst að sagan taki undir með mér í því. Byggðastofnun stendur sig ekki vel enda, eins og ég hef fært rök fyrir, skekkir hún samkeppnisstöðu fyrirtækja úti á landsbyggðinni með því að styrkja sum fyrirtæki en önnur ekki. Það er alltaf slæmt því menn hafa tilhneigingu til að styrkja þau fyrirtæki sem illa ganga, sem eru illa rekin, og þau lenda þá í samkeppni við vel reknu fyrirtækin sem verða undir. Það er ekki gott.

Styrkir eru bara yfirleitt alltaf hættulegir og mjög vandmeðfarnir. Þannig að ég hef sjálfur verið á móti Byggðastofnun alla tíð og það hefur legið á hreinu. Ég var með mikinn fyrirvara í þingflokknum um þetta mál.

[19:21]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kemur mér ekkert á óvart að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi efasemdir um Byggðastofnun. Ég held að ræða þingmannsins um það efni sé full heilinda. Mig undraði bara þegar hann lét að því liggja í máli sínu að mikil andstaða hefði verið við málið í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Það hefur augljóslega ekki verið því að málið er hér flutt sem stjórnarfrumvarp. Sjö þingmenn Sjálfstæðisflokksins sitja sem ráðherrar í þeirri ríkisstjórn sem leggur málið fram sem stjórnarfrumvarp. Það fer nú nærri því að vera meiri hluti í þingflokknum því hann telur ekki mikið meira en 20 manns, held ég.

Það er því algerlega og fullkomlega á pólitíska ábyrgð Sjálfstæðisflokksins þó hv. þm. Pétur H. Blöndal geti auðvitað haft sína sérskoðun á því. Það vakti hins vegar athygli mína hvaða orðalag hv. þingmaður kaus að nota um tillöguflutning flokksbræðra sinna í Sjálfstæðisflokknum hér á Alþingi, að þeir séu í stjórnarfrumvörpum sem þeir standa að að leggja til við Alþingi Íslendinga sovétskipulag. Og þau frumvörp sem ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins leggur fram á Alþingi séu frumvörp í þeim anda sem lögð voru fram á sovéska þinginu á árabilinu 1930 til 1950. Mér fannst það lýsa svo miklum málefnaágreiningi að mér var næst að halda að hv. þm. Pétur H. Blöndal teldi sig vera starfandi í einhvers konar kommúnistaflokki sem ætlaði að miðstýra hér öllu atvinnulífi.

Mér finnst það miklar ýkjur og fjarri öllu sanni því þó hafa megi verulegar efasemdir um Byggðastofnun þá held ég að það sé nokkuð langt yfir markið skotið að líkja því við eitthvert Sovét-Ísland.

[19:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að endurtaka að það sem ég var að fjalla um var kynning fyrir þingflokkinn. Hún var sögð vera þannig að málið hefði verið kynnt fyrir þingflokki Sjálfstæðisflokksins, og bara búið. Ekki orð um hvort komið hefðu einhverjar neikvæðar raddir þar fram. Það er það sem ég var að gagnrýna.

Það komu fram neikvæðar raddir í þeirri kynningu. Hvort við erum hér með kommúnistaflokk eða ekki? Ríkisstjórnin hefur gert mjög marga og góða hluti. Hún hefur stundað einkavæðingu. Hún hefur selt bankana. Hún hefur gert mjög marga hluti, lækkað skatta og minnkað álögur á fyrirtæki. Ég er afskaplega ánægður með það.

Þó það komi eitt og eitt frumvarp sem er að mínu mati til skaða þýðir það ekki að ég sé einhvern veginn snúinn frá ríkisstjórninni. Langt í frá. Ég má hafa mína skoðun á þessu máli. Ég hef hana. Það vill svo til að ég hef stundum skoðanir sem kannski fara ekki alveg saman við skoðanir annarra. Ég hef aldrei nokkurn tímann sagt að við sjálfstæðismenn hugsum svona eða hugsum hinsegin. Ég er ekki beintengdur við heila allra sjálfstæðismanna, eins og sumir samfylkingarmenn eða vinstri grænir tala stöðugt: Við vinstri grænir eða við samfylkingarmenn ályktum svona eða hinsegin. Ég hef mína skoðun og hún fer yfirleitt saman við skoðanir flokksbræðra minna, þess vegna er ég nú í flokknum, og í öllum meginmálum sammála stefnu hans.

[19:25]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lokaorð hv. þingmanns voru þau að skoðanir hans færu yfirleitt saman við skoðanir flokksbræðranna og systkinanna. Ég held að í þessu máli sé nú ansi langur vegur frá því að svo sé. Þar sem þau sjónarmið eru líka uppi í hans þingflokki, eins og hann veit náttúrlega, að í þessu frumvarpi sé alls ekki gengið nógu langt í sambandi við byggðastefnu. Þannig að það er svolítið erfitt að nálgast flokkinn, virðist vera, í þessu máli. En ég vona nú að það standi allt til bóta.

Hv. þingmaður sagði að hann hefði gjarnan viljað að Byggðastofnun yrði látin deyja drottni sínum. Ég hefði reiknað með að hv. þingmaður teldi þó að þetta fyrirkomulag væri skárra en það sem nú er. Við erum þó að fækka ríkisstofnunum og fækka ríkisforstjórum. Af því hlýst nokkur hagræðing. Það hlýtur að vera jákvætt fyrir hv. þingmann.

Svo er það þetta með að við séum að stýra atvinnulífinu. Það er ekki rétt. Við erum ekki að stýra atvinnulífinu með þessu frumvarpi. Við erum hins vegar að gera nákvæmlega eins og aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við og þjóðir sem hafa náð árangri á sviði nýsköpunar, eins og t.d. Finnar. Við erum að efla þekkingarsetur um allt land þar sem kemur saman háskólastarfsemi, rannsóknarstarfsemi og síðan fyrirtækjastarfsemi. Í þessum þekkingarsetrum verða til hugmyndir sem síðan verða að atvinnutækifærum og fyrirtækjum. Þetta er það sem allar þjóðir eru að vinna að og ég veit að Íslendingar eru ekkert öðruvísi. Ég er því sannfærð um að þetta mál verður til að efla okkur í sambandi við sprotastarfsemi, sprotafyrirtæki, uppbyggingu þeirra og nýsköpun í landinu.

[19:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get vel trúað að hæstv. iðnaðarráðherra þyki erfitt að nálgast Sjálfstæðisflokkinn. Enda gerir hann það utan frá. Hann talar yfir hann. Hann ákveður á blaðamannafundi það sem við eigum að taka ákvörðun um. Það er kannski ekkert skrítið þó það sé erfitt að nálgast flokkinn.

[19:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á blaðamannafundinum sem haldinn var kynnti ég ekki frumvörp. Ég fór ekki með neitt frumvarp á þann fund. Það veit hv. þingmaður. Hins vegar kynnti ég þetta mál í meginatriðum enda hafði ég gert samkomulag við ráðherra Sjálfstæðisflokksins um það. Þeir styðja þetta mál að fullu. Ég get svo ekki svarað til um það hvernig þeir vinna gagnvart sínum þingflokki. Það er eitthvað sem hv. þingmaður veit meira um.

En þessi aðferð er ekki nein nýjung. Þetta er oft gert og yfirleitt eftir ríkisstjórnarfundi. Þá liggur frammi dagskrá um það sem hefur verið á dagskrá viðkomandi fundar og fjölmiðlar fá aðgang að þeirri dagskrá og hafa síðan samband við ráðherrana og fá upplýsingar.

Það sem hv. þingmanni líkaði kannski ekki í þessu sambandi var að við sýndum þarna hluta af þeim glærum sem voru kynntar á fundi með þingflokknum en því miður mættu ekki allir á hann. En einhverjir mættu.

Það sem ég er að segja er að það er svo mikil breidd. Ef hv. þingmenn mundu ná saman innan Sjálfstæðisflokksins um þetta mál er ég sannfærð um að þeir mundu einmitt mætast í þessu frumvarpi. Því hér er hin sannkallaða miðjuleið farin.

[Fundarhlé. — 19:29]

[20:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum hér að ræða frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Frumvarpið gengur út á að stofna Nýsköpunarmiðstöð Íslands og renna þar saman ýmsum verkefnum. Saman eigi þessi gjörð að geta orðið til þess, ef tilgangur frumvarpsins er rétt skilinn, að stuðla að því að hér verði betri þjónusta við nýsköpun og sprotafyrirtæki hvar sem er á landinu og stefnt er að því að efla atvinnustarfsemi almennt og stuðla að jákvæðri byggðaþróun.

Það hefur farið fram nokkur umræða um þessi mál í dag og menn hafa haft ýmis sjónarmið uppi sem er ekki óeðlilegt vegna þess að það liggur fyrir að skiptar skoðanir eru í þessu máli, hæstv. forseti. Ekki bara á milli stjórnar og stjórnarandstöðu heldur eru einnig verulega skiptar skoðanir milli ríkisstjórnarflokkanna. Hér var síðast í ræðustól hv. þm. Pétur H. Blöndal sem lýsti þessu frumvarpi sem það væri komið beint frá ráðstjórninni sálugu í Sovétríkjunum.

Við stjórnarandstæðingar höfum stundum notað þau orð að margt af verkum ríkisstjórnarinnar mætti nú ráða í með tilliti til þess að í landinu ríkti hálfgerð ráðstjórn. En látum það liggja á milli hluta. En þetta mátti ráða af orðum hv. þm. Péturs H. Blöndals hér áðan.

Það liggur auðvitað fyrir að það eru greinilega deilur milli stjórnarliða í málinu, Sjálfstæðisflokks annars vegar og Framsóknarflokksins, þó ekki liggi alveg ljóst fyrir eftir ræðu hv. þingmanns þegar hann nefndi sjálfan sig og örugglega einn til viðbótar, hversu víðtækur ágreiningurinn er. Það er kannski þess vegna sem hæstv. ráðherra hefur lýst því í viðtölum að hún teldi líklegt að Sjálfstæðisflokkurinn mundi samþykkja þetta mál að mestu leyti.

Þegar við ræðum byggðamál er afar erfitt að einangra þá umræðu. Byggðamál almennt og atvinnustarfsemi í landinu skiptir auðvitað allar byggðir verulegu máli. Það ætti varla lengur að þurfa vitnanna við í þeim efnum að það er atvinnustigið sem skiptir höfuðmáli um hvort fólk treystir sér til að setjast að á ákveðnum stöðum eða ekki. Fyrst spyr fólk hvort það hafi atvinnu og geti haft nægar tekjur og ef fólk ákveður að setjast að á einhverjum stað er það væntanlega vegna þess að fólk treystir á að hafa atvinnumöguleika. Síðan koma auðvitað fjöldamörg önnur atriði til skoðunar hjá hverri fjölskyldu fyrir sig eins og menntamál, dagheimilismál, menning og afþreying og síðast en ekki síst samgöngur, hvernig þær eru til og frá viðkomandi landsvæði. Allt skiptir þetta geysilega miklu máli þegar við erum að tala um byggðaþróunina í heilu lagi.

Hitt held ég að fari ekkert á milli mála, hæstv. forseti, að að sumu leyti hefur stefna ríkisstjórnarinnar veikt byggðirnar verulega. Ég held að þurfi ekki að nefna nema sjávarútveg í því sambandi og þá óvissu sem fylgt hefur því í sjávarbyggðunum að menn hafa ekki getað vitað til langs tíma eða jafnvel stutts, hvort atvinnuréttur inn sem byggir á sjávarfanginu yrði þar til staðar eða ekki. Þegar byggðirnar víða um landsbyggðina hafa veikst og atvinnuástandið og íbúðaverð hefur lækkað, þá kemur auðvitað að því eins og oft er að jafnvel þó að finna megi menn sem vilja fara af stað í atvinnurekstur í viðkomandi byggðarlögum þá eru lánskjörin þannig, eða lánamöguleikarnir að þeir eru oft og tíðum tengdir við eignir manna, menn þurfa oft að veðsetja eignir sínar persónulega til að fá fjármagn til að hefja atvinnustarfsemi. Og þegar munar jafnmiklu og gerir í dag, þ.e. að menn selja t.d. þokkalega gott einbýlishús í Reykjavík á um 50 millj. en kannski allt niður í 5 millj. á ákveðnum stöðum úti á landi, tíu sinnum minna verð, þá liggur það auðvitað í hlutarins eðli að ef menn þurfa að veðsetja eignir sínar til þess fá fé þá er veðhæfni manna afar misjöfn.

Byggðastofnun hefur á undanförnum árum verið lánastofnun landsbyggðarinnar einkum á þeim svæðum sem átt hafa erfiðast uppdráttar. Oft og tíðum hafa lánveitingar Byggðastofnunar orðið til þess að hægt hefur verið að viðhalda atvinnulífi eða snúa vörn í sókn á einstaka stað vegna þess að aðgangur að lánsfé hefur verið til staðar. Hinu er auðvitað ekkert að leyna að Byggðastofnun hefur oft tapað fjármunum út á lánastarfsemi sína. En við skulum heldur ekki gleyma því að í hlutverki stofnunarinnar felst að taka áhættu á að lána inn á atvinnusvæði þar sem þörf er fyrir og vissulega er það svo með Byggðastofnun, eins og er reyndar með Nýsköpunarsjóð einnig. Þar hefur verið tekin áhætta sem hefur ekki alltaf skilað sér. Það á auðvitað við um alla lánastarfsemi, hvort sem við erum að tala um Nýsköpunarsjóð eða Byggðastofnun.

Hæstv. forseti. Ég hef nokkrar efasemdir um þetta frumvarp, ég hefði viljað sjá að menn tækjust á við vanda Byggðastofnunar. Ég veit ekki nákvæmlega hver hann er. En ég heyrði hæstv. ráðherra segja, held ég í andsvari í dag, að það þyrfti einhverja milljarða inn í Byggðastofnun til að efla starfsemi hennar. Gott væri ef hæstv. ráðherra vildi upplýsa nánar í þessari umræðu hversu marga milljarða hér er um að ræða til að ná stöðu Byggðastofnunar í eðlilegt form að því er varðar lánveitingar og styrkveitingar eða aðkomu með hlutafé inn í fyrirtækið til að styrkja atvinnulíf.

Hér er einnig lagt upp, hæstv. forseti, að í stað lána geti komið til lánsloforð frá stofnunum og þá kannski gegn því að lánsábyrgð fáist frá ríkinu, slík ábyrgð verði sem sagt veitt og væntanlega er hún þá veitt vegna þess að áhættan er of mikil að mati þeirra sem sótt er um lán til. Þess vegna þurfi að sækja um ríkisábyrgð.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvernig þessar ríkisábyrgðir verði veittar. Eru það ráðuneytin eða ríkisstjórnin eða hvernig hyggjast menn veita þessa ríkisábyrgð? Við höfum einhvers staðar lög um ríkisábyrgðir ef ég man rétt, frá fyrri tíð og oft hafa verið sett lög um ríkisábyrgð á sérstökum skuldbindingum. Þá er sennilega nærtækast að minnast á undirbúning til álframkvæmda hér á landi og annað slíkt í því sambandi eins og lántökur vegna orkuöflunar.

Ég sé að tími minn flýgur nokkuð hratt áfram, hæstv. forseti, en ég vil víkja hér að 1. og 2. gr. frumvarpsins. Það er auðvitað fróðlegt að lesa greinarnar og einkum það sem sagt er um þær á bls. 17, þar sem segir að hér verði um að ræða sameiningu Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í Nýsköpunarsjóð Íslands. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Starfssvið þessara þriggja stofnana er hliðstætt og skarast að nokkru leyti, enda er hlutverk þeirra allra að vinna að nýsköpun og atvinnuþróun í þágu bættrar samkeppnisstöðu landsins og bættra lífskjara. Hvatinn að sameiningunni er fyrst og fremst þörf fyrir sterkari rannsókna- og starfseiningar og almennt vaxandi krafa um sveigjanleika og meiri árangur."

Gott og vel. Þetta eru ágæt orð á blaði. En ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki hefði verið nær að taka Byggðastofnun fyrir sérstaklega, gera starfsumhverfi hennar sveigjanlegra og stefna þar til meiri árangurs heldur en að fara þá leið sem hér er lögð til. Er það svo, hæstv. ráðherra, að menn séu kannski m.a. að fara þessa leið vegna þess að það eigi ekki að leggja mikla fjármuni inn í Nýsköpunarsjóð Íslands heldur eigi að láta þennan samruna stofnunarinnar bera lánastofnunina uppi að einhverju leyti? Samt er það ekki eins og lagt er upp í frumvarpinu vegna þess að í frumvarpinu er talað um að Byggðasjóður muni taka við útlánasafni, hlutafjáreign, handbæru fé og fullnustueignum Byggðastofnunar. Þá muni Byggðasjóður yfirtaka innlend og erlend lán sem stofnunin hefur tekið og útgefin láns- og hlutafjárloforð.

Þetta segir um Byggðasjóðinn sem á að vera starfandi

lánastofnun með sérstakri stjórn. Síðan segir um aðrar eignir, með leyfi forseta:

„Að öðru leyti tekur Nýsköpunarmiðstöð Íslands við eignum, réttindum og skyldum Byggðastofnunar."

Síðan er talað um annan sjóð, þ.e. Tryggingarsjóð útflutnings og í frumvarpinu segir að hann muni halda eignum og skuldbindingum tryggingardeildar útflutnings. Einnig segir að Tækniþróunarsjóður muni halda eignum og skuldbindingum Tækniþróunarsjóðs.

Hér er því í raun verið að tala um að búa til eina stofnun sem heitir Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Við þann samruna verða væntanlega einhverjar breytingar á mannaráðningum og sjálfsagt er það rétt sem hæstv. ráðherra sagði í dag, að forstjórum muni a.m.k. fækka. En það verða þrjár stjórnir yfir þessum sjóðum. Ein stjórn yfir hverjum sjóði.

Mér sýnist að þeir eigi að starfa nokkuð sjálfstætt en samt eiga þeir að taka mið af starfsemi hvers annars hvað varðar lánveitingar og markmið, ef ég hef tekið rétt eftir. Verið er að setja saman og búa til eina stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, en innan vébanda hennar starfa þrír lánasjóðir.

Síðan segir í athugasemdum um 1. gr., með leyfi forseta:

„Stuðningsþjónusta Impru og þróunarsviðs Byggðastofnunar verður samþætt og við það eflist stuðningurinn við atvinnuþróunarfélög og ráðgjafa."

Ég spyr hæstv. ráðherra. Hefði ekki nákvæmlega eins verið hægt að ná þessu fram varðandi atvinnuþróunarfélögin og ráðgjafana með því að efla Byggðastofnun og þróunarsvið hennar án þess að þetta rynni saman í eina stofnun? Hefðum við ekki kannski verið að ná sömu eða jafnvel betri markmiðum með að láta aðra starfsemi vera sér og Byggðastofnun sér? Þetta eru þær spurningar sem ég vildi leggja fyrir ráðherrann.

Um 2. gr. er vikið að fjármagni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Áfram verður tryggt fjármagn til starfsemi atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni ..."

Ég hef ekki séð að það væri sérstaklega tekið fram að lagt yrði nýtt fé í sjóðinn varðandi byggðalánin, þ.e. Byggðasjóðinn. Ég spyr hæstv. ráðherra, miðað við orð hennar í dag um einhverja milljarða inn í Byggðastofnun. Hvað erum við að tala um inn í þann sjóð svo hann verði starfhæfur með svipuðum styrkleika og aðrir sjóðir, Tryggingarsjóður útflutnings og Tækniþróunarsjóður? Þetta held ég að sé nauðsynlegt að fá upplýst fyrir fram því eins og ég sagði áður hef ég miklar efasemdir um frumvarpið. En það sem lýtur að markmiðum og tæknilegum útfærslum mun væntanlega skýrast betur í störfum iðnaðarnefndar og við munum sjálfsagt hafa betri upplýsingar eftir 1. umr. til að glöggva okkur á málinu svo það er kannski ekki rétt að slá málið af svona í upphafi, og gefa frumvarpinu séns. Auðvitað hljótum við að vilja að hægt sé að ná árangri varðandi byggðamálin. En það vantar mikið á. Eins og ég sagði er ekki til nein tæmandi upptalning á því hvað teljast byggðamál nema ef við segðum í stuttu máli eitthvað á þá leið að fyrir landsbyggðina hljóta byggðamál að vera það að ná svipuðum lífskjörum, svipuðum möguleikum til menningar, afþreyingar, samgangna, menntunar, starfa og fjölbreytileika og fólk býr við á Reykjavíkursvæðinu. Það hlýtur að vera markmið að við reynum að ná því að fólk á landsbyggðinni eigi nokkurn veginn jafna möguleika á við fólk sem býr á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þá er ég að tala um *Reykjavíkursvæðið í heilu lagi og jafnvel byggðirnar sem* hér eru næst þar sem er orðið innan við klukkutímaferðalag inn á Stór-Reykjavíkursvæðið þar sem menn geta nýtt sér alla þá þjónustu sem þar er til staðar.

Til að landsbyggðin haldi velli þarf að efla þar atvinnulíf, samgöngur, menntun og efla þarf jafnvel stuðning við atvinnulífið. Ef sú leið sem hér er farin getur náð þessum markmiðum ætla ég að lýsa yfir að ég verð ákaflega feginn. En það verður þá að sannfæra þann sem hér stendur um að með frumvarpinu séum við að fara leið sem muni skila okkur einhverjum árangri. Byggðaáætlanir undanfarinna ára hafa ekki skilað okkur neitt áfram. Þar hefur verið mikið af orðum og mikið af yfirlýsingum og mikið af stefnumálum. En það er ekki hægt að segja að okkur hafi miðað áfram hvað fjölmargar byggðir varðar.

Við sjáum það á Austurlandi núna við þær miklu framkvæmdir, að þar er gott atvinnuástand og þangað mun fólk sækja. En það er verra annars staðar á landsbyggðinni, án þess að ég sé að mæla með álverum í hverjum landsfjórðungi.

[20:21]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Við ræðum um Nýsköpunarmiðstöð Íslands, þ.e. frumvarp til stofnunar hennar, eða prísköpunarmiðstöðina eins og hún hefur verið kölluð í daglegu tali því þar á að steypa saman þremur stofnunum í eina. Félagar mínir í þingflokki Samfylkingarinnar sem með mér sitja í iðnaðarnefnd hafa farið yfir helstu áherslur okkar varðandi málið í ræðum fyrr í dag. Ég kem hér fyrst og fremst til að leggja áherslu á örfá atriði.

Það sem fyrst og fremst hefur vakið athygli okkar í þinginu og kannski almennings á þessu máli, sérstaklega á síðustu vikum, er sú uppreisn sem gerð hefur verið gegn stjórninni og hefur vakið ákveðnar spurningar um hvernig stjórnarfarið sé í landinu og hvernig sé staðið að meirihlutaákvörðunum í ríkisstjórninni og hver styður hvað og hver styður ekki hvað.

Kvað svo rammt að því áðan í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals að hann lýsti því yfir að þessi frumvörp væru sovétskipulaginu helst lík og hefðu getað verið flutt sem frumvörp á þingi kommúnistaflokksins í Ráðstjórnarríkjunum *sjálfum á árabilinu 1930 til 1950.* Þó það sé nú áður en ég fæddist, held ég að það sé um líkt leyti og Jósef Stalín réði þar ríkjum, einhver illræmdasti harðstjóri allra tíma.

Þegar gengið var á þingmanninn hvers vegna hann veldi samflokksmönnum sínum og stjórnarháttum þeirra þessar lýsingar, þá kvað hann að á þingflokksfundi þar sem þetta mál hefði verið kynnt með sjálfstæðismönnum hefðu allir sem hefðu talað mótmælt frumvarpinu. Þess vegna er nauðsynlegt að ganga eftir því hvernig þetta mál stendur eiginlega, hvort þingflokkur Sjálfstæðisflokksins sé bara í heilu lagi á móti því sem hér er flutt sem stjórnarfrumvarp. Því það er mikilvægt fyrir þingið að það sé ljóst hvað eru stjórnarfrumvörp og hvað eru frumvörp einstakra þing-

manna og hvaða mál megi búast við að hljóti brautargengi fyrir tilverknað stjórnarmeirihlutans. Þá kemur á daginn, hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal, að honum er kunnugt um einn þingmann í Sjálfstæðisflokknum auk sín sem sé á móti frumvarpinu. Ég hygg að það hljóti að vera hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem hefur verið sárt saknað í umræðunni í dag eftir að hafa farið nokkuð mikinn í fjölmiðlum þegar málið kom fyrst fram. En umræðunni er ekki lokið og við hljótum að vænta þess að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson komi hér og geri grein fyrir afstöðu sinni. En það liggur þá fyrir að það er aðeins öruggt um andstöðu tveggja þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

Við hljótum hins vegar að lýsa eftir því við 1. umr. málsins hver sé afstaða Sjálfstæðisflokksins til þess stjórnarfrumvarps sem liggur fyrir. Frumvarpið er flutt af ríkisstjórn Íslands og það er lágmarkskrafa að við 1. umr. um málið liggi fyrir hver sé afstaða stærsta þingflokksins sem sæti á á Alþingi til málsins. Ég tala nú ekki um þegar hann er annar stjórnarflokkanna sem að málinu koma. En meðan svo er ekki verðum við að telja að málið liggi þannig, líkt og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur hér lýst, að það séu í raun aðeins tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hafi um þetta efasemdir, hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, og aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þá þingmenn hans flestir í iðnaðarnefnd, séu því samsinna. Það er því öndvert við ýmsar þær fréttir sem borist hafa undanfarið sem hafa m.a. verið á þann veg að allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd séu andvígir málinu og muni ekki veita því brautargengi úr nefndinni til 2. umr. Ég held að mikilvægt væri að vita ef það er misskilningur eins og virðist mega ráða af orðum hv. þm. Péturs H. Blöndals sem segir að það séu aðeins tveir sjálfstæðismenn sem séu á móti frumvarpinu. Maður hlýtur að gefa sér að þeir styðji það nema þeir komi hér í ræðustólinn og tilgreini eitthvað annað því svo virðist vera að mikill stuðningur sé við málið hjá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd og nauðsynlegt að það sé leiðrétt ef svo er ekki. Það er að minnsta kosti venjan þegar ráðherrar senda samráðherra sinn fram með frumvarp sem er stjórnarfrumvarp þá sé við það tryggur stuðningur fyrir fram og líka að þau mál hafi verið kynnt í þingflokkum stjórnarflokkanna og samþykkt þar.

En það mátti ráða af ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals áðan að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins sé ekki lengur nein valdastofnun, heldur hafi þeir bara fengið kynningu á málinu en ekki tekið það til neinnar formlegrar afgreiðslu og það raunar á fásóttum fundi. Ekki hægt að skilja það öðruvísi en að þingflokksfundir Sjálfstæðisflokksins séu einhvers konar kynningarfundir fyrir ráðherra Framsóknarflokksins til að kynna þau mál sem þeir hyggjast flytja án þess að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hafi nokkuð um það að segja. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að fá af þessu nánari lýsingar þar sem samkvæmt lýsingum hv. þm. Péturs H. Blöndals voru allir sem tóku til máls á fundinum á móti frumvarpinu en þó vissi hann aðeins um einn þingmann annan en sjálfan sig sem væri í þeim þingflokki á móti því. Það verður þá að draga þá ályktun að allir þeir sem tóku til máls á þeim fundi hafi verið tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Þeir hafa þá kannski verið einir á þessum kynningarfundi hæstv. iðnaðarráðherra.

En allt um það. Við höfum út af fyrir sig í dag í Samfylkingunni lýst meginsjónarmiðum okkar til málsins. Það sýnist ekki vera ráðlegt að blanda saman í eitt þeim þætti málsins sem snýr að nýsköpun og þeim þætti sem snýr að byggðamálum. Það virðist að ýmsu leyti hafa verið vandað til þess verks að vinna að sameiningu á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun, en það að ætla að skeyta Byggðastofnun þar aftan við er óráðlegt og ekki gert til að þjóna málinu heldur kannski fyrst og fremst til að reyna að leysa hæstv. iðnaðarráðherra úr þeim mikla vanda sem hæstv. ráðherra hefur allt þetta kjörtímabil og kannski kjörtímabilið á undan líka verið í með byggðamálin og skjóta þeim með einhverjum hætti inn. Auk þess leggjum við á það áherslu að forsendurnar fyrir lánastarfsemi Byggðastofnunar séu mjög breyttar og full ástæða til að hverfa frá þeirri áherslu sem hefur verið á lánastarfseminni og leggja þess í stað fremur áherslu á að styrkja þau verkefni sem menn telja vera styrks verð en hverfa af braut lánveitinganna og ríkisábyrgðar svo sem eins og almennt er viðleitnin í ríkisrekstrinum á öllum sviðum. Ég held að það sé ekki annað en nútímaviðhorf í opinberri stjórnsýslu og fjármálum hins opinbera.

Ég verð að segja að manni sýnist sem frumvarpið sem hæstv. iðnaðarráðherra flytur hérna sé um margt gamaldags og miðist við einhvern veruleika sem var. Auðvitað er algerlega fráleitt að ætla að reka nýsköpunarmál, sem almennt skipta máli fyrir landið allt og ekki síst fyrir meginkjarna byggðarinnar sem er þrátt fyrir allt á suðvesturhorninu þar sem langstærstur hluti landsmanna býr, í einni stofnun undir einhverju sérstöku byggðaljósi. Nýsköpunarmálin skipta máli fyrir unga fólkið í Reykjavík og í kringum borgina, á höfuðborgarsvæðinu öllu, alveg eins og annars staðar á landinu. Um þau ber auðvitað að fjalla sem verkefni landsins alls en ekki í stofnun sem leggur sérstaka áherslu á þær byggðir sem helst eiga í vök að verjast í landinu á sama hátt og ekki ætti að nálgast byggðamálin út frá hinum þrönga sjónarhóli nýsköpunar.

Ég held að út af fyrir sig hafi það verið leitt í ljós með fullnægjandi hætti í umræðunni í dag hversu óheppilegt væri að steypa slíkri tvenns konar starfsemi saman í eitt og báðir málaflokkarnir séu þess eðlis að þá verði að nálgast með allt öðrum hætti.

Ég játa það við þessa umræðu að ég hef verið í hópi efasemdarmanna um ýmis þau verkefni sem ráðist hefur verið í undir flaggi byggðastefnu á undanförnum árum og áratugum. Á stundum virðist heldur mikið af fjármunum fara þar, vissulega af góðum hug en í heldur vonlítil verkefni. Það þyrfti að endurskoða þær áherslur sem þar hafa verið uppi. En þar sem ég er ekki sérfróður um byggðaþróunina og heldur ekki um þær byggðir sem hér eiga hlut að máli þá er hef ég fyrst og fremst, þetta kjörtímabil mitt hér á þinginu, verið áhorfandi og áheyrandi að þeirri umræðu. Ég get ekki sagt að sú reynsla sannfæri mann um annað en að hæstv. ríkisstjórn sé í algeru öngstræti með málaflokkinn í heild sinni. Það kom kannski pínlegast á daginn þegar hér var lögð fram í þinginu skýrsla, „copy/paste“ sem kallað er, meira og minna sama skýrslan um málaflokkinn og lögð hafði verið fram áður. Í raun hafði ekkert gerst nema að við

fengum fréttir af því að Byggðastofnun væri komin undir þær lágmarkskröfur sem gera verður til fjárhags slíkrar stofnunar eða þá að fréttir bárust af vandræðagangi í stjórn stofnunarinnar, átökum á milli stjórnarformanns og forstjóra hennar, af starfslokasamningum og öðrum misráðnum athöfnum á því sviði.

Hér hef ég fyrst og fremst orðið vitni að því að hæstv. iðnaðarráðherra hafi leitast við að halda uppi vörnum fyrir ógöngur á ógöngur ofan. Við höfum lítið séð af árangri í þessu starfi, af nokkru sem státa mætti sig af eða af stefnumörkun sem menn hafa náð saman um, sem gefið hefur tilefni til að setja kraft og fjármuni í mikilvæga leiðangra á þessu sviði. *Ég vil ekkert fullyrða um það.* Auðvitað vaknar sú hugsun hjá manni hvort menn hafi gefist upp á Byggðastofnun eins og hún hefur verið og þetta sé frumvarp um að hún verði lögð niður. Ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt verður störfum í mesta lagi haldið jafnmörgum á Sauðárkróki en svo verði þetta smátt og smátt hluti af hinni stóru stofnun og heyri sögunni til. Jafnvel hæstv. ráðherra virðist búin að gefast upp á eigin stofnun, þrátt fyrir að hafa tekið margan slaginn og stundum í heldur vonlítilli aðstöðu til að verja það sem þar hefur farið fram.

Virðulegur forseti. Ég árétta þá afstöðu mína að ég tel að það fari ekki vel á því að við sinnum nýsköpunarmálunum í stofnun sem sameinuð er úr þessum þremur stofnunum. Ég tel að það gæti farið vel á því, við eigum að skoða það vel í iðnaðarnefndinni, að sameina Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun og að þar hafi *málið að mörgu leyti verið vel undirbúið.* Sömuleiðis tel ég rétt að hverfa frá lánveitingum í þessari starfsemi og ábyrgðum, eins og menn hafa gert undanfarin ár, og leggja ríkari áherslu á byggðaaðgerðir í víðari skilningi, á að efla sveitarfélögin í að vinna að öflugri menntun á landsbyggðinni og betri samgöngum, eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson fór ágætlega yfir í dag. Styrkjum yrði síðan varið til þeirra verkefna sem menn telja að fórnandi sé fé fyrir, fé skattborgara og almennings, en hætta þessari lánastarfsemi. Enda sjáum við á fjárfestingum og neyslunni í íslensku samfélagi í dag að skortur á lánsfé er sannarlega ekki það sem hamlar atvinnuþróun og uppbyggingu í atvinnumálum á Íslandi í dag.

[20:37]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vildi koma nokkrum atriðum að við 1. umr., þessa byggðamálaumræðu, sem verður að flokkast sem slík.

Í fyrsta lagi vil ég halda til haga sjónarmiðum og stefnu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að byggðamál séu hluti af hinum almennu skilyrðum sem búsetu- og atvinnulífi er skapað um allt land. Það er fyrst og fremst á grunni hinna almennu skilyrða sem við eigum að vinna.

Þau almennu skilyrði sem ég vil leggja áherslu á eru t.d. vegagerð. Samgöngur um allt land eru hornsteinn að samkeppnishæfri byggð. Byggðastofnanir geta ekki komið í staðinn fyrir slíkt. Í fréttum í kvöld var kynnt skýrsla sem Hagfræðistofnun hafði unnið um ástand vega og hagkvæmni þess að ráðast í frekari vegaframkvæmdir. Ef ég tók rétt eftir var sagt að bæði á Vestfjörðum og Norðausturlandi, einmitt þeim landsvæðum sem mest þörf er á að skapa öflugan stuðning við byggð og búsetu, væri verulega mikil þörf á auknum vegaframkvæmdum. Fram kom að vegaframkvæmdir á Vestfjörðum og Norðausturlandi hefðu dregist svo aftur úr að talið væri að samgöngur þar væru um 15 árum seinna þar á ferð en t.d. á sambærilegum landsvæðum í Noregi.

Þetta þarf svo sem ekki að segja okkur hér. Við vitum þetta. Það þarf ekki að vinna skýrslu til þess. En það fyrsta sem skorið er niður af hálfu þessarar ríkisstjórnar til að bregðast við þenslu, sem verður fyrst og fremst á suðvesturhorninu, eru vegaframkvæmdir á Vestfjörðum, framlög til vega á Norðausturlandi og til vegagerðar um allt land. Þessu viljum við snúa við. Við teljum að efla þurfi stórlega vegagerð, einmitt á landsvæðum sem talið er að mest þurfi á byggða- og búsetuaðgerðum að halda. (**Iðnrh.:** Þetta snýst ekki um vegagerð.) Þetta snýst einmitt vegagerð, frú forseti. Þetta sýnir að hæstv. iðnaðarráðherra er á röngum vegi. Það eru verkin sem tala en ekki fjöldi stofnana.

Sama má segja um fjarskiptin. Okkur berast æ fleiri áskoranir frá íbúum og sveitarfélögum vítt og breitt um landið sem halda að það sé enn í höndum Alþingis að auka framlög til fjarskiptamála. Þar er allt stopp. Einkavæðing Íbúðalánasjóðs sem stendur nú fyrir dyrum, en afhenda á bankakerfinu Íbúðalánasjóð, verður ekki til að styrkja landsbyggðina. Síður en svo. Tilvera Íbúðalánasjóðs hefur tryggt samkeppnishæfni íbúa á landsbyggðinni til að fá lán til íbúðakaupa og byggingaframkvæmda.

Þessi grunnatriði skipta máli en ekki hvar stofnanir eru settar upp. Það eru verkin sem tala í þessu sem öðru. Meginvandi byggðamála og hæstv. ráðherra byggðamála er að halda að það sé hægt að horfa fram hjá því sem þörf er á og afsaka sig með því að setja upp stofnanir og hræra í stofnunum.

Hinn almenni grunnur um allt land er í raun forsendan fyrir samkeppnishæfri byggð og búsetu. Meðan sá grunnur er ekki tryggður af þessari ríkisstjórn skiptir ekki meginmáli hvar hún setur upp byggðastofnanir. En þá kem ég að því máli.

Það var með vissu stolti sem Byggðastofnun var flutt til Sauðárkróks á sínum tíma. Um það voru átök og skiptar skoðanir. En það var gert. Það var gert í þeirri trú að ætlunin væri að efla Byggðastofnun, að þar yrði þungamiðja Byggðastofnunar og starfsemi hennar vítt og breitt um landið ætti höfuðstöðvar, miðstöð og þunga, bæði hvað varðaði fagfólk, stjórnun og annað. En hún var ekki fyrr komin á Sauðárkrók en farið var að narta í hana, höggva úr henni og færa annað, t.d. norður á Akureyri. Akureyringar eru góðra gjalda verðir en það var farið að nota stofnunina sem slíka, búta hana niður og þjóna gæluverkefnum hæstv. iðnaðarráðherra. Einn meginvandinn núna er hve óljóst er hvernig þessi stofnun á að starfa.

Það skiptir máli hvort það á að höggva hana niður á Sauðárkróki. Hæstv. ráðherra segir tryggt að störfum verði ekki fækkað. Þetta snýst ekki bara um störf. Þetta snýst um verkefni og hvaða stöðu svona stofnun hefur þar sem hún er staðsett. Eigi að höggva Byggðastofnun enn meira niður en orðið er þá líst mér ekki á það. Í frumvarpinu er hvergi kveðið á um að hún skuli vera á Sauðárkróki. Það er sagt að

það sé samkvæmt ákvörðun ráðherra. Ef það er eindreginn vilji til að hún sé á Sauðárkróki, af hverju setjum við það þá ekki í lögin? (**Iðnrh.:** Heldur þú að ég standi ekki við þetta?) Þó hæstv. ráðherra sé alls góðs makleg í þeim efnum þá er staðreyndin sú að hún er ekki eilíf. Þannig eru málin einfaldlega.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á tengingu við háskóla og rannsóknarstofnanir. Ég er alveg sammála því. Byggðarannsóknir, grunnrannsóknir og rannsóknir á byggðamálum og nýsköpunarmálum og öðru slíku eiga eðlilega að tengjast háskóla- og rannsóknarstarfsemi í landinu og einmitt stofnunum sem hafa slík verkefni. Minnst er á samstarf við þekkingarsetrið á Ísafirði. Reyndar finnst mér þetta allt of smátt sem sett hefur verið í gang á Ísafirði. Auðvitað átti þar að reisa og stofna formlegan háskóla sem fengi skilgreind verkefni. En engu að síður er það nefnt og sömuleiðis þekkingarsetur á Egilsstöðum og samstarf við það.

En í Skagafirði er Hólaskóli, sem hefur kannski skóla ekki hvað minnst sinnt byggðaþróunarmálum, rannsóknum sem snúa að nýsköpun í atvinnulífi úti á landsbyggðinni. Ég nefni fiskeldið og ferðaþjónustuna, hestamennskuna og hrossaræktina. Það er ekki minnst einu orði á að byggja eigi upp þessa einingu, þessa sterku einingu í Skagafirði, þar sem miðstöðin á þó að vera. Mér er spurn: Hvers vegna er ekki horft til þess að höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar verði í raun byggðar upp í Skagafirði, að þar verði stjórnsýslan og rannsóknarstarfsemi rekin í tengslum við þann háskóla sem þar er starfræktur og hefur hvað öflugast sinnt verkefnum á þessu sviði? Mér finnst gott og eðlilegt að hafa með samstarf við háskóla og þekkingarsetur um land allt en hvers vegna er þessi skóli sniðgenginn í frumvarpinu?

Ég tel að hæstv. ráðherra verði að svara miklu skýrar til um stefnu sína varðandi uppbyggingu á starfseminni í Skagafirði. Það er ekkert svar að segja að störfum verði ekki fækkað. Það er ekkert svar þegar talað er um að byggja upp stofnun, auka verkefni hennar og gera hana stærri og væntanlega öflugri og með víðfeðmara hlutverk, að þar eigi ekki að fækka störfum. Ég vil sjá að hæstv. ráðherra komi með yfirlýsingu um að þar verði starfsemin stórefld í tengslum við höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar í öflugu samstarfi við byggða- og þróunarrannsóknir við Hólaskóla.

Menn geta deilt um vegferðina og það verður í sjálfu sér skoðað í nefnd, hvort hér sé farin rétt leið. En eigi að fara í hana þá á að gera það af heilum hug.

[20:48]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki á þessum kvöldfundi að hafa langt mál um þetta frumvarp heldur fara aðeins yfir nokkur grundvallaratriði. Menn hafa rætt hér í dag um meiningar um að sameina þetta. Ég hef ekki heyrt annað en öllum þyki það heldur illa grundað allt saman og engan stuðningsmann fundið fyrir því. Ég get sem sagt tekið undir það.

Aðalatriði mitt var að ræða hér um Byggðastofnun og byggðastefnu. Í mínum flokki, Sjálfstæðisflokknum, hefur það verið svo lengi sem ég man eftir mér, og var ég þó mjög ungur þegar ég hóf störf þar, að menn hafa alltaf viljað hefja byggðastefnuna til vegs og virðingar. Svo geta menn deilt um hvernig til hafi tekist. En það hefur margt verið vel gert í þeim efnum, annað hefur gengið miður.

Sem fulltrúi Sjálfstæðisflokksins tók ég þátt í störfum í haust um að athuga með framtíð Byggðastofnunar og starfssvið hennar. Þá þegar kom það fram að ég taldi þær áherslur sem voru hjá iðnaðarráðuneytinu mjög vanhugsaðar. Aðeins örfá orð um þetta.

Byggðastefna er stjórnmál. Byggðastefna er pólitík. Um byggðastefnu eiga því að fjalla þeir sem eru í pólitík, eru í stjórnmálum, alþingismenn og sveitarstjórnarmenn. Það er rangt að halda að byggðastefna sé einhver tæknileg útfærsla sem hæfi embættismönnum. Það getur aldrei verið. Embættismenn geta aldrei mótað og sett upp byggðastefnu, hversu góðir, grandvarir og velviljaðir sem þeir eru. Þetta er málið. Þetta er grundvallaratriði. Þess vegna hef ég verið á móti þessu frumvarpi.

Menn ræða nú um það, og ég heyri það héðan og þaðan, að það væri ástæða til að reyna að ná sáttum um þetta mál. Ég ætla ekki að segja neitt um það hér, virðulegi forseti. En ákaflega þykir mér það ósennilegt að ég geti sæst á þetta frumvarp. Það stendur þá varla steinn yfir steini af því sem nú stendur þar ef ég á að vera sáttur.

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp fer nú að lokum þessarar umræðu til iðnaðarnefndar og fær sína þinglegu meðferð þar. Svo verðum við að sjá til hver örlög þess verða.

[20:51]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hélt stutta en nokkuð skýra ræðu og augljóst var að hann styður ekki frumvarpið. Hann taldi málum þannig komið að ef hann ætti að geta stutt frumvarpið stæði ekki steinn yfir steini í þeim texta sem hér liggur fyrir.

Það var hins vegar býsna athyglisvert sem hv. þingmaður sagði og lagði út af, og hafði eiginlega sem grundvöll í málflutningi sínum, að byggðastefna er pólitík. Það er auðvitað hárrétt. Hv. þingmaður vitnaði til reynslu sinnar marga áratugi aftur í tímann, þ.e. um störf sín í Sjálfstæðisflokknum. Hann sagði að byggðastefna hefði ætíð verið í hávegum höfð þar. Það verður að segjast eins og er, frú forseti, að það er eitthvað annað en við flest höfum upplifað. Það má vera að fyrir þá innvígðu hafi verið fjallað á annan hátt um byggðastefnu en við höfum séð hana í framkvæmd. Það er ekki langt síðan að ráðherra á vegum Sjálfstæðisflokksins fór með byggðamál í landinu og afraksturinn af því var með því skelfilegra sem við höfðum séð, þ.e. ef byggðastefna felst í því að efla allar byggðir landsins en ekki eingöngu á afmörkuðu svæði.

Aldrei hefur öðrum eins árangri verið skilað en þegar þáverandi hæstv. forsætisráðherra, Davíð Oddsson, fór með þennan málaflokk, þ.e. í því að efla ákveðið landsvæði á kostnað annarra. Yfir þetta hefur farið einna gleggst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem hefur sagt — það er nú eitt af fáum tilfellum sem ég vísa í hann — að vissulega hafi byggðastefna í landinu skilað mjög miklum árangri. Þar hafi menn náð því fram sem þeir vildu, þ.e. að efla höf-

uðborgarsvæðið. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að á ákveðnu tímabili tókst það býsna vel. (Gripið fram í.)

Hæstv. ráðherra, fyrirgefðu. Ég heyrði ekki frammíkallið. Ég hélt að hæstv. ráðherra hefði sagt að það hefði ekki verið á þeim árum þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var stjórnarformaður í Byggðastofnun. Ég tók það þannig. En það er tímaskeið sem við þyrftum að gefa okkur tíma til að rifja upp. (Gripið fram í.) Ég skil það mjög vel að hæstv. ráðherra fari úr þingsal þegar rætt er um hv. þm. Kristin H. Gunnarsson. Það er ekki í fyrsta skipti sem það gerist þegar ég hef vitnað örlítið til þess hv. þingmanns að hæstv. ráðherra gengur úr sal. Við urðum vitni að því ekki alls fyrir löngu, þegar við ræddum um byggðaáætlun sem hæstv. ráðherra lagði hér fyrir, að þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði fór hæstv. ráðherra einnig úr sal. Kom síðan hér í lok umræðunnar og afgreiddi alla hv. þingmenn sem höfðu tekið til máls um byggðaáætlun á sama hátt. Orðin sem voru valin — ég held að það sé ekki rétt, frú forseti, að þau séu endurtekin vegna þess að ég ætla ekki að bjóða hæstv. forseta upp á að slá hér í bjöllu og veita vítur. Ég tel að hæstv. forseti, sem þá sat á stóli, sem er ekki sá sami og situr hér nú, hafi af einhverjum ástæðum ekki áttað sig nógu snemma til að gefa slíkt merki. En þannig var nú orðaval hæstv. ráðherra um þá umræðu sem ég taldi að á margan hátt hefði verið afskaplega róleg og stillt.

Ég vitnaði líka til hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar þegar hann sagði að byggðastefna væri pólitík. Ég notaði ákveðið tímabil til viðmiðunar um að það væri rétt hjá hv. þingmanni vegna þess að samflokksmaður hans náði býsna miklum árangri þó hann hafi orðið allt annar en ýmsir aðrir töldu nauðsynlegan. En það er vissulega nauðsynlegt að menn nálgist byggðamálin með því fororði að þar sé um stjórnmál að ræða, öðruvísi er það ekki hægt. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að við látum ekki svo pólitísk mál alfarið í hendur embættismanna sem eiga síðan að vinna úr einhverjum pappírum og skoðunum og skoða hluti og velta þeim fyrir sér. Það eru stjórnmálamennirnir sem eiga að taka ákvörðun. Það hefur því miður verið of algengt, m.a. hjá hæstv. iðnaðarráðherra sem nú situr, að embættismönnum hefur verið kennt um. En það er dæmi um að stjórnmálamennirnir taka ekki þá ákvörðun sem þeir eiga að gera og bera síðan ábyrgð á.

Við munum eftir afar góðu dæmi í þessu samhengi þegar sú tíð var að tískuorðið var fjarvinnsla, þannig átti að bjarga öllum byggðum landsins. Þá átti að færa störf út á land vegna þess að það skipti ekki máli hvar ákveðin störf væru unnin. Þá var nú hugrekki margra hæstv. ráðherra svo mikið að sett var niður nefnd ráðuneytisstjóra. Ráðuneytisstjórarnir, þ.e. embættismennirnir, fengu það merka verkefni að kanna hvað þeir gætu losað sig við marga starfsmenn undan sinni stjórn. Niðurstaðan varð að sjálfsögðu sú, sem ég held að flestir hafi búist við, að ráðuneytisstjórarnir töldu að það væri ekki hægt að færa neitt starf úr sínu ráðuneyti, ekki eitt einasta. Enda voru þau ekki færð mörg.

Þetta sýnir að það er ekki hægt, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson benti á, að ætlast til að embættismenn framkvæmi byggðastefnu nema búið sé að taka ákvarðanir um hvað á að gera. Þá eru embættismennirnir hinir réttu menn til að koma því fram. En það þarf að hafa hugrakka stjórnmálamenn til að taka ákvarðanir. Þannig hefði það átt að vera með fjarvinnsluna. Ráðherrarnir áttu að ákveða hvaða störf ætti að vinna í fjarvinnslunni og láta síðan embættismennina um framkvæmdina. En því miður skorti ráðherrana hugrekki og sumir stjórnarþingmenn sögðu meira að segja vítt og breitt um landið að því miður hefðu menn ekki ráðið við embættismennina. Það var meginskýringin á að þetta gekk ekki eftir. Menn réðu ekki við embættismennina.

Það er verið að segja það um ráðherrana að þeir hafi ekki ráðið við störf sín. Þeir hafi hreinlega ekki ráðið við störf sín. Það voru skýringar sem ýmsir hv. þingmenn gáfu á því að þeirra eigin ráðherrar náðu þessu mikla áhugamáli sínu ekki fram.

Frú forseti. Það er ýmislegt í því frumvarpi sem hér liggur fyrir sem ástæða er til að fjalla örlítið um þó það sé auðvitað rétt, eins og komið hefur fram, að iðnaðarnefnd mun væntanlega fara mjög nákvæmlega yfir þetta og velta fyrir sér hvort hér sé verið að finna málum farveg sem geti skilað betri árangri en hingað til. Við getum svo sem sagt að ekki þurfi að bæta margt til að skila meiri árangri. En þó er ekki ljóst að ýmislegt af því sem hér er nefnt komi til með að skila betri árangri en það sem við höfum haft.

Það er ljóst að lögð hefur verið töluverð vinna í að sameina tvær af stofnununum. Það hefur átt töluverðan aðdraganda og virðist margt benda til að nokkuð einsýnt sé að þá leið eigi að fara. En það sem veldur spurningunum er tengingin við byggðamálin, við Byggðastofnun. Hæstv. ráðherra hefur sagt að þegar það uppgötvaðist, eins og það hafi komið gífurlega á óvart, að eiginfjárhlutfallið var komið niður fyrir 8% þá varð paník og pat og þurfti að grípa til einhverra aðgerða. Þá virtist þessi leið allt í einu þægileg, getum við sagt, vegna þess að hitt var tilbúið og hægt að slengja þessu inn í sama pakkann.

Þetta er því miður svolítið dæmigert fyrir það hvernig menn hafa nálgast byggðamálin og reyndar fleiri mál hjá hæstvirtri ríkisstjórn. Henni virðist erfitt að horfa fram á við, skapa sér einhverja framtíðarsýn og átta sig á því hvert við eigum að stefna og hvaða leið er vænlegust til að ná því markmiði. Það virðist yfirleitt alltaf þurfa að bregðast við þegar eitthvað hefur gerst. Þannig var ekki hægt að skilja hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að nauðsynlegt hafi verið að bregðast í óvæntri stöðu. Allt í einu var eiginfjárhlutfall Byggðastofnunar komið á hættustig. Einhver hefði sagt að þetta hefði átt að vera hægt að sjá með einhverjum fyrirvara og vænlegra hefði verið að bregðast við slíku hættuástandi fyrr þannig að ekki þyrfti að grípa til þeirra úrræða sem gert var, að stoppa allar lánveitingar og setja stofnunina í frost. Þar með var lítið hægt að aðhafast. Þetta er ekki fyrirhyggja og ekki til fyrirmyndar.

Því er verr og miður en þetta gerðist svona. Þá var brugðið á það ráð að slengja þessu við þennan pakka sem virtist á þeim tíma langt kominn, ef ekki tilbúinn. Ýmislegt bendir a.m.k. til þess að reynt hafi verið að klastra þessu saman og reyna að láta þetta líta betur út en efni standa til. Ég verð að segja, frú forseti, að það er af þessum ástæðum mjög mikilvægt að iðnaðarnefnd gefi sér góðan tíma til að fara yfir málið. Við höfum því miður gert allt of mörg mistök á þessu sviði og er ekki á það bætandi. Við þurfum auð-

vitað að horfa til framtíðarinnar með meiri metnaði fyrir ýmsar byggðir landsins en sjá má af þessu, þótt hér sé auðvitað ýmislegt gefið í skyn og fallega orðað og markmiðin háleit. Það er nokkuð sem maður hefur oft séð áður. En því miður hefur árangurinn ekki verið í samræmi við hin fögru orð. Ég sé ekki að neitt bendi til þess að svo muni verða.

Ef við grípum hér niður í hlutverk og starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvarinnar sem boðuð er með þessu frumvarpi þá segir m.a. í d-lið, með leyfi forseta, að hlutverk hennar sé m.a. að: „greina stöðu og þróun búsetuskilyrða og atvinnulífs í landinu og vinna áætlanir sem hafa það að markmiði að stuðla að samkeppnishæfni atvinnulífs og treysta byggð í landinu í samræmi við ályktanir Alþingis í byggðamálum ...“

Frú forseti. Þetta er göfugt markmið og býsna vel orðað. Þessi liður vísar þannig séð fram á við og væri óskandi að eftir þessu væri hægt að fara. En mér finnst ég eitthvað kannast við þetta orðalag. Mér finnst ekkert nýtt í þessu orðalagi. Það má segja að það sem einu sinni hefur verið vel orðað megi nýta aftur og aftur en það er engin trygging fyrir því að aðgerðir fylgi frekar en hingað til. En það má segja að iðnaðarnefnd sem fer yfir þetta frumvarp fari einnig yfir byggðaáætlun sem liggur fyrir. Þar höfum við ýmis falleg orð en því miður höfum við áður farið í gegnum byggðaáætlanir sem hafa verið skreyttar fögrum orðum en ekki skilað tilætluðum árangri. Yfirleitt hefur skort á að gengið hafi verið frá verkefnum á þann hátt að ábyrgðin væri klár og tryggt fjármagn til að framkvæma hlutina.

Það vekur líka athygli, frú forseti, að í stjórn Byggðasjóðs er gert ráð fyrir því að það sé ekki aðeins iðnaðarráðherra sem tilnefni í stjórnina. Í fimm manna stjórn á hæstv. fjármálaráðherra að tilnefna tvo menn í stjórn. Þetta eru vísbendingar um að þarna sé samkomulag, væntanlega á milli stjórnarflokkanna, um að þeir hafi báðir aðgang að tilnefningum. Ég hef ekki séð að það hafi verið nauðsynlegt fram að þessu því að ég hef ekki tekið eftir öðru en í stjórn t.d. Byggðastofnunar hafi hæstv. iðnaðarráðherra séð til þess að hinn stjórnarflokkurinn hefði vægi í samræmi við sinn styrk. Hins vegar getur þó verið að það hafi verið einhver óánægja í hinum stjórnarflokknum með að ráðherrar frá þeim tilnefndu ekki í stjórnina. Að öðru leyti held ég að það sé vegna þess að þarna er sjóður og fjármagn sem eðlilegt kann að vera að hæstv. fjármálaráðherra komi nálægt. Þetta er vonandi bara tengt því.

Það kemur í ljós, eins og hér segir, að stjórn sjóðsins á að setja reglur um starfsemi sjóðsins en þær eru háðar því að hæstv. fjármálaráðherra samþykki þær. Það er ekki bara hæstv. iðnaðarráðherra sem á að fara yfir þessar reglur heldur á fjármálaráðherra að koma þar að og hafa bæði áhrif á það hvernig stjórnin er samansett og síðan reglurnar sem stjórnin á að starfa eftir.

Þessu er hins vegar ekki eins farið með Tækniþróunarsjóð. Þar er að vísu sjö manna stjórn en þar er kemur fjármálaráðherrann ekki við sögu heldur eru þar bæði landbúnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra sem tilnefna einn mann hvor í stjórnina og síðan Samtök atvinnulífsins. Þarna er munur og ég geri ráð fyrir því að á þessu séu auðvitað fullnægjandi skýringar sem ég vænti að iðnaðarnefnd fari gaumgæfilega yfir og kanni hvort þetta sé eðlileg skipan. Mér sýnist koma til greina að fleiri mundu tilnefna í stjórn Byggðasjóðs, eins og gert er með Tækniþróunarsjóð þar sem Samtök atvinnulífsins koma við sögu. Ég hefði haldið að tengja mætti þann sjóð samtökum, þess vegna Samtökum atvinnulífsins ef menn eru stöðugt með þessa tengingu við atvinnulífið. Það er auðvitað líka ákveðinn grundvöllur þegar horft er til Byggðasjóðs.

Við förum mismunandi leiðir að því að ákveða staðsetningar á stofnunum. Stundum hafa verið settar inn í frumvörp takmarkanir á því, þ.e. að stofnunin skuli þess vegna vera á ákveðnum stað eða ákveðnu svæði. Hér er hins vegar ekki um slíkt að ræða heldur segir í 24. gr., með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra ákveður staðsetningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.“

Ég tel að hæstv. ráðherra hafi gefið það út í fjölmiðlum, og hugsanlega hér í dag þótt það hafi farið fram hjá mér, að það sé í raun ákveðið hvar Nýsköpunarmiðstöð skuli staðsett, þ.e. að hún eigi að vera á Sauðárkróki. Það er þá spurning af hverju það er ekki í frumvarpinu. Eða er skýringin sú að það sé ekki þar með sagt að stofnunin eigi að vera þar til frambúðar, að þótt hæstv. iðnaðarráðherra sem nú situr vilji að hún sé staðsett þar vilji hugsanlega einhverjir aðrir sem hafa gert sér vonir um að komast í það ráðuneyti eiga möguleika á einhverju öðru.

Frú forseti. Ég sé að tíminn flýgur frá mér. Ég verði því að takmarka það sem ég ætlaði að fara yfir. Færð eru rök fyrir því, fjórar meginástæður er það kallað, sem kalla einkum á sameiningu stofnananna. Ég verð að segja, frú forseti, að mér sýnast þær að meginhluta snúa að sameiningu Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Það er lítið í þessum fjórum meginástæðum sem kallar á að Byggðastofnun sé þar með.

Það kemur líka ýmislegt fróðlegt fram í kaflanum um svæða- og byggðarannsóknir og jöfnun lífsgæða. Þar er enn fagurt orðalag sem ég held að flestir sem tekið hafa þátt í að reyna að varða leið inn í framtíðina með byggðaáherslum gætu tekið undir en hér segir, með leyfi forseta:

„Nýjar áherslur felast í hnotskurn í því að geta horfið frá því að þurfa stöðugt að fást við vandamál sem urðu til í fortíðinni í það að beita fyrirbyggjandi aðgerðum til þess að minnka vandamálin í framtíðinni.“

Frú forseti. Þetta er nákvæmlega það sem menn hefðu átt að gera í fortíðinni, þá sætum við ekki uppi með ýmis vandamál í nútíðinni, ef menn hefðu náð þessu. Ég trúi því m.a. að ef þetta hefði verið haft að leiðarljósi hefðu þau vandamál sem við höfum því miður þurft að horfa upp á í Byggðastofnun að undanförnu og undanfarin ár ekki komið upp. Ef menn hefðu horft til framtíðar og reynt að feta sig inn í framtíðina í stað þess að bregðast eingöngu við vandamálum sem upp eru komin, frú forseti, hygg ég að þetta frumvarp hefði orðið töluvert öðruvísi. En ég vona sannarlega að þetta geti verið leiðarljós inn í framtíðina.

[21:11]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta voru góð lokaorð hjá hv. þingmanni. Hann sagðist vonast til að þetta frumvarp gæti orðið leiðarljós inn í framtíðina. Það er svo sannarlega líka von

mín og í raun hef ég mikla trú á því að svo sé. Ég er sannfærð um að þetta sé gott mál og er stolt af því. Vissulega hef ég orðið fyrir einhverjum vonbrigðum með að hv. þingmenn skuli ekki jafnhrifnir af málinu og ég er en það er eins og lífið er. Ég heyri hins vegar að ýmsir hv. þingmenn vilja gefa því möguleika og ég er þakklát fyrir það. Ég held líka að það sé alveg rétt afstaða.

Eins og ég sé þetta mál þá eru þarna gríðarleg sóknarfæri. Með þessu frumvarpi gerum við nákvæmlega það sem aðrar þjóðir hafa verið að gera og mætti segja að við hefðum mátt vera fyrr á ferðinni með að byggja atvinnustefnu að verulegu leyti á þekkingariðnaði, með því að tengja saman háskólastarf, rannsóknir og starfsemi fyrirtækja í svokölluðum þekkingarsetrum.

Ég heyri að nokkuð miklar efasemdir eru um að rétt sé að blanda Byggðastofnun inn í þetta. Það er einmitt hið sama og þjóðir sem við höfum horft til hafa verið að gera. Þetta gera meira að segja Norðmenn, Innovasjon Norge er með byggðamál inni í sinni stofnun. Ég veit ekki um margar þjóðir sem leggja meiri áherslu á byggðamál en einmitt Norðmenn. Engu að síður er það með þessum hætti. Það er vegna þess að þessar þjóðir líta ekki á byggðamálin sem einangraðan málaflokk. Auðvitað þurfa byggðamál á því að halda að tengjast nýjungum og atvinnuþróunarstefnu eins og ég fór ég yfir áðan. Ég tel að við séum hér á réttri leið. Það má tala um fagurt orðalag og reyna að gera lítið úr því en það er staðreynd að þetta er hugsað þannig að þetta verði til að efla okkur til framtíðar sem þjóð og ekki síður landsbyggðina.

Hv. þingmaður Einar Oddur talaði um það að byggðastefnan væri pólitík. Ég er innilega sammála honum um það. Byggðastefna er pólitík og heyrir undir pólitískan ráðherra, sem er iðnaðar- og viðskiptaráðherra eins og við höfum skipað málum núna síðan 1. janúar árið 2000. Við höfum með þessu frumvarpi reynt að skerpa skilin. Eins og komið hefur fram fer stefnumótunin fyrir málaflokkinn fram í Vísinda- og nýsköpunarráði. Þar sitja ráðherrar, ekki bara einn ráðherra, ekki bara iðnaðar- og viðskiptaráðherra ef það er kannski ákveðið vandamál að hann hafi of mikil völd í þessum efnum, heldur fleiri ráðherrar. Þar er þessi stefna mótuð.

Hv. þingmaður hafði ekki svo mikið álit á embættismönnum og taldi að þeir ættu ekki að koma svo mikið að málum. Ég er ekki að öllu leyti sammála því. Ég tel að þegar stefnan hefur verið mótuð þá sé það hlutverk þeirra að starfa samkvæmt þeirri stefnu. Þegar við tölum t.d. um úthlutanir úr samkeppnissjóðum þá eru það að sjálfsögðu ekki pólitískar ákvarðanir sem þar fara fram heldur ákvarðanir sem teknar á faglegum forsendum og með fagleg sjónarmið í huga. Þar koma embættismenn að þótt stjórnmálamennirnir móti meginstefnuna.

Ég er ánægð með það hvað hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson var opinn fyrir því að skoða þessi mál í þaula. Hann segir, og það er mikið rétt, að það sé atvinnustigið sem skipti máli og þá erum við að tala um landsbyggðina. Einmitt það er mér í huga þegar ég tala fyrir þessu máli. Ég tel að við þurfum nýjungar á landsbyggðinni til að skapa þar störf og skapa þar betri skilyrði til framtíðar.

Hv. þingmaður spurði hvernig ábyrgðirnar yrðu veittar. Í frumvarpinu er kafli um það, með leyfi forseta:

„Lánsábyrgð er almennt veitt þannig að fyrirtæki leitar eftir þjónustu fjármálafyrirtækis, venjulega viðskiptabanka. Meti fjármálafyrirtækið umsóknina þannig að viðskiptahugmynd eða áætluð fjárfesting sé vænleg en áhættan of mikil er hægt að sækja um ábyrgð á láninu.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Þótt meginhugmyndin að baki lánsábyrgðum sé einföld þarf að útfæra hana nánar og er gert ráð fyrir að slíkt verði gert í reglum stjórnar sjóðsins og í samningum við fjármálafyrirtæki. Reglur stjórnar sjóðsins skulu háðar samþykki fjármálaráðherra.“

Að sjálfsögðu, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, kemur fjármálaráðherra að þessu máli vegna þess að verið er að fjalla um fjármuni ríkissjóðs. Það er ekki óeðlilegt að fjármálaráðherra komi að því.

Hv. þingmaður var að velta því fyrir sér hvort stjórnir yfir þessum sjóðum ættu að taka tillit hver til annarrar. Í rauninni er það ekki þannig, þær eru sjálfstæðar hver yfir sínum sjóði en þær eiga að taka mið af þeirri meginstefnu sem mótuð verður í Vísinda- og nýsköpunarráði.

Hv. þm. Helga Hjörvar finnst það gamaldags að nýsköpunarmál, sem skipti landið allt svona miklu máli, séu til umfjöllunar í stofnun sem er með sérstaka áherslu á byggðamál. Ég tel að þetta sé ekki eins og hv. þingmaður segir. Ég sé þetta þannig fyrir mér að nýsköpunarþátturinn sé aðalatriðið en hann eigi hins vegar við um landið allt, eins og hv. þingmaður reyndar sagði, og þótt byggðamálin séu mikilvæg má ekki gera of mikið úr því að þetta sé fyrst og fremst Byggðastofnun. Það er ekki þannig þegar þrjár stofnanir eru sameinaðar en byggðaþátturinn skiptir engu að síður miklu máli.

Hv. þm. Kristján Möller talaði um að þetta væri útfarardagur Byggðastofnunar og þetta væri aumt hlutverk hjá ráðherra o.s.frv. Ég ætla nú ekki að fara frekar út í það en hann spurði bókstaflega að því í lokin hvort það væri tillfellið að þetta væri kannski allt saman gert til að geta gert aðstoðarmann ráðherra að forstjóra. Ég segi bara: Þeir hv. þingmenn eða hverjir það nú eru sem setja slíkt á flot koma upp um sjálfa sig. Þeir hljóta þá sjálfir að vera í einhverju plotti. Að láta sér detta í hug að við förum út í þessar miklu breytingar á öllu þessu skipulagi til þess að koma einhverjum ákveðnum einstaklingi fyrir í forstjórastól, það er náttúrlega þannig ... (**ÁRJ:** Annað eins hefur nú verið gert.) — það getur verið að það hafi verið gert en það hefur ekki verið gert af hálfu framsóknarmanna. Það er einhver kratalykt af því ef það hefur verið gert.

Hv. þingmaður Vinstri grænna, sem fjallaði um stofnunina, var jákvæð gagnvart því að það mætti einfalda kerfið og taldi það gott og taldi vaxtarsamning í Eyjafirði hefðu reynst vel en hafði efasemdir um að þessar þekkingargreinar, sem hefðu fyrst og fremst starfað á höfuðborgarsvæðinu, mundu starfa á landsbyggðinni. Hún velti því fyrir sér hvort það mundi eitthvað breytast. Það er sjálfsagt bara eðlilegt að hafa efasemdir en hér stendur, með leyfi forseta:

„Efling starfseminnar úti á landi er ein af forsendum þessara breytinga. Þekkingarsetur á landsbyggðinni verður þungamiðja atvinnusóknar sem einkum byggist á helstu styrkleikum atvinnulífsins á viðkomandi svæði og getu þess

til að ná árangri á alþjóðlegum samkeppnismarkaði" o.s.frv.

Þetta ítrekar það sem ég hef hvað eftir annað sagt að við erum að breyta atvinnustefnunni í landinu með þessu frumvarpi og ég vonast til þess að ef hv. þingmenn hafa ekki áttað sig á því nú þegar þá muni þeir gera það í því starfi sem fram undan er í þinginu.

Ýmsir hafa verið að velta fyrir sér hvort það eigi að veikja atvinnuþróunarfélögin. Svo er heldur betur ekki. Ég vil fara yfir það í nokkrum atriðum:

1. Frumvarpið mun leiða til þess að áhrif heimamanna á stefnumótun og framkvæmd verkefna verði meiri en ella.

2. Endurskilgreining á stuðningsumhverfinu mun skapa sterkt bakland fyrir atvinnuþróunarfélögin.

3. Verkefnin verða færð í auknum mæli heim í héruð og samningar um þau gerð við heimamenn, t.d. atvinnuþróunarfélög. Með auknum verkefnum munu koma auknar þjónustugreiðslur.

4. Hin nýja stofnun tekur við samningum við atvinnuþróunarfélögin, tekur sem sagt við af Byggðastofnun.

5. Allar eignir og skuldir, varaskuldbindingar, flytjast til nýrrar stofnunar.

6. Ekki stendur til að minnka greiðslur til atvinnuþróunarfélaganna. Þvert á móti geta þau reiknað með auknum verkefnum.

7. Æskilegt er að úttekt verði gerð á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna svo mikilvægi þeirra verði sýnilegra.

8. Sú starfsemi sem fram mun fara í þekkingarsetrunum gæti fallið vel að annarri starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og á grundvelli þess kemur til greina að fela atvinnuþróunarfélögunum að annast hana.

Það eru sem sagt allir möguleikar opnir í sambandi við bæði tengsl við atvinnuþróunarfélögin og jafnvel það að þau verði ábyrg fyrir þessum þekkingarsetrum að einhverju eða öllu leyti. Við erum því mjög jákvæð fyrir því að tengja þetta allt saman því þarna er mikil þekking sem vissulega má ekki glatast.

Hv. þm. Jón Bjarnason var eitthvað smeykur um að þarna væri verið að lauma einhverju inn sem gæti verið í þágu einkavæðingar af því að það stendur ekki að þessi stofnun eigi að vera í eigu ríkisins. Það stendur í 1. gr. að hún heyri undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins. En þar sem um ríkisstofnun er að ræða tel ég að ekki þurfi að taka það sérstaklega fram. En það er ekki nokkur vafi á því að meiningin er sú að þetta sé ríkisstofnun sem heyri undir iðnaðarráðuneytið. Hvernig verður forstöðumaður ráðinn? Það er að sjálfsögðu samkvæmt starfsmannalögum þar sem um ríkisstofnun er að ræða. Hann velti fyrir sér Byggðasjóðnum, þ.e. hvort forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvarinnar væri ábyrgur gagnvart stjórn. Svo er ekki. Það er stjórnin sem er ábyrg og tekur ákvarðanir um ábyrgðir í Byggðasjóði og hann fær sínar tekjur í fyrsta lagi af ábyrgðagjaldi og í öðru lagi af ávöxtun eigin fjár.

Ég held, hæstv. forseti, að ég sé búin að fara nokkurn veginn yfir það sem sérstaklega var spurt um. Að sjálfsögðu er hægt að fara betur yfir þetta allt í hv. iðnaðarnefnd. Ég vil bara segja það að lokum að ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég hef mikla trú á þessu máli og hef mikla trú á því líka að við getum náð að samþykkja það nú í vor. Það er mjög mikilvægt að svo verði, ekki síst vegna þess að starfsfólk sem starfar hjá þessum stofnunum er óneitanlega í nokkurri óvissu meðan málið er opið. Þetta mál er vel unnið og það er vel kynnt. Þegar um svo róttækt mál er að ræða eru að sjálfsögðu ekki allir sannfærðir um það í fyrstu en ég trúi því að eftir því sem umræðan þróast muni það fá víðtækan stuðning á hv. Alþingi.

[21:26]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því í lok ræðu hæstv. ráðherra að hún telur þetta frumvarp vel kynnt. Mér hefur nú heyrst annað. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins er ekki á því að það sé mjög vel kynnt fyrir þeim, alla vega hafa þeir gert miklar athugasemdir við þetta.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra út í það vegna þess að þetta hefur verið rætt í ríkisstjórn og stimplað þar og sett fram. Hér á að setja þróunarsjóð og annað slíkt inn í Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Einn sjóður kemur upp í huga minn, í þessu stutta andsvari get ég ekki spurt um meira, sem er AVS-sjóðurinn svokallaði, aukið virði sjávarafla. Kom ekki til tals t.d. í ríkisstjórn að setja þann sjóð inn í þetta frumvarp, inn í Nýsköpunarmiðstöð Íslands? Af hverju eru þeir einir teknir sem hér eru nefndir en öðrum sjóðum sleppt?

Í öðru lagi, virðulegi forseti, af því að ég á nokkrar sekúndur eftir: Getur hæstv. ráðherra bara til upplýsingar svarað því hér hvenær skipunartími núverandi forstjóra Byggðastofnunar rennur út?

[21:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki svarað þessu með skipunartíma forstjóra því miður. Já, ég held því fram að þetta sé vel kynnt mál. Hvað varðar AVS-sjóðinn þá kom það ekki til tals, ég er ekki að bera víurnar í sjóði sem heyra undir önnur ráðuneyti. Það er einfaldlega þannig. Ef gerðar yrðu breytingar á Stjórnarráði Íslands, sem reyndar er til umfjöllunar, getur ýmislegt komið til greina í þeim efnum, jafnvel líka sjóðir sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið — það eru ýmsir möguleikar.

[21:28]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér segir svo hugur að þetta mál komi ekki aftur til umræðu í þinginu svona eins og það er. Þess vegna vil ég, með leyfi forseta, enn einu sinni vitna í það sem hæstv. ráðherra setur fram um Byggðastofnun. Rætt er um að Byggðastofnun eigi við alvarlegan vanda að stríða og sé ekki það forustumál í málaflokknum sem ætla mætti og sinni ýmsum grundvallarhlutverkum ekki nægilega vel. Að auki sé fjárhagsstaðan mjög erfið og fátt bendi til þess að fjármögnunarstarfsemi geti orðið fjárhagslega sjálfbær.

Hér er grafskrift Byggðastofnunar í raun og veru. Það er svo.

Virðulegi forseti. Mín síðasta spurning til hæstv. ráðherra um þetta mál er þessi: Er ráðherra ánægður með að leggja Byggðastofnun Íslands niður?

[21:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sem hv. þingmaður vitnaði nákvæmlega til sé niðurstaða skýrslu sem unnin var fyrir mig af ráðgjafarfyrirtæki en ekki beint mín orð. (Gripið fram í.) Nei, það getur verið, ég hef þá ekki hlustað nógu vel á hv. þingmann. En hvað það varðar að leggja niður Byggðastofnun þá verð ég að segja að stofnanir eru ekki aðalatriðið í mínum huga heldur starfsemin sem þar fer fram. Það skiptir mig engu máli hvort byggðamál eru til umfjöllunar í stofnun sem heitir Byggðastofnun eða í annarri stofnun sem heitir Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Það skiptir máli að vel sé unnið og það er markmiðið með þessu frumvarpi.

[21:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Byggðaáætlun er í smíðum og liggur hjá iðnaðarnefnd. Helsti gallinn á henni er sá að ekki er nógu markvisst gengið frá málum og ekki er nógu markvisst gengið frá því hver eigi að framfylgja þeim fyrirætlunum sem eru í byggðaáætlun. Byggðastofnun hefur verið sá aðili sem framfylgja hefur átt því sem tekin er ákvörðun um á hv. Alþingi hvað varðar byggðamál. Nú er þessi stofnun að gufa upp samkvæmt því fyrirkomulagi sem hér er lagt til og ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hún að sú nýsköpunarstofnun sem hér er verið að ræða um komi í raun og veru í stað Byggðastofnunar hvað framkvæmd byggðaáætlunar varðar? Hvernig telur hæstv. ráðherra að það muni koma út og er ekki ástæða til að ætla að ákveðin tortryggni geti verið uppi vegna framkvæmdarinnar ef svo er?

[21:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé ekki nokkra ástæðu til tortryggni. Ég held að það skipti ekki mestu máli hvað þessar stofnanir heita, aðalatriðið er hvað þær gera eins og ég sagði áðan. Að sjálfsögðu mun Nýsköpunarmiðstöðin taka við því hlutverki sem Byggðastofnun hafði lögum samkvæmt og mun hafa í þeirri byggðaáætlun sem nú er til umfjöllunar og verður vonandi afgreidd áður en þingi lýkur í vor. Þetta eru aukaatriði, við skulum ekki festa okkur í því hvað stofnanirnar heita.

Það vill svo til að höfuðstöðvar þessarar stofnunar verða á Sauðárkróki svo það hafi nú verið sagt úr þessum ræðustóli í þessari umræðu. Og hvort höfuðstöðvar 30 manna stofnunar eru á Sauðárkróki, eða 20 eða 120 manna stofnunar, ég held að það sé frekar Sauðárkróki í hag að þar séu höfuðstöðvar stærri stofnunar en minni.

[21:32]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta snýst að mínu viti alls ekki um stærð stofnunarinnar. Þetta snýst um trúverðugleika stjórnsýslunnar og hvernig þeim fjármunum skuli komið til skila sem tekin er ákvörðun um á Alþingi að renni til byggðamála. Þá er nauðsynlegt að það sé alveg skýrt hvað fari til byggðamála og hvað fari í aðra starfsemi. Ég get ekki betur séð en að þessari stofnun sé fyrst og fremst ætlað annað hlutverk en byggðahlutverkið. Ég hef ekkert á móti því, ég sagði það í umræðunni, mér finnst sú hugsun ágæt í frumvarpinu sem liggur fyrir um sameiningu þessara stofnana, en byggðahlutverkið verður greinilega mjög óljóst þarna og hætta er á að það geti orðið til þess að tortryggni vakni gagnvart annarri starfsemi sem þarna á í hlut. Ég tel að huga þurfi mjög vel að því í nefndarstarfinu.

[21:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Byggðahlutverkið, segir hv. þingmaður. Hvað er hann að tala um? Eins og þetta er í dag þá er hlutverkið fyrst og fremst lánastarfsemi og atvinnuþróunarstarfsemi, ásamt skýrslugjöfum og ýmsu öðru sem ég ætla ekki að fara frekar út í, m.a. vinna við gerð byggðaáætlunar o.s.frv.

Lánastarfsemin fellur niður eins og hér hefur komið fram. Í staðinn kemur Byggðasjóður og ábyrgðastarfsemi sem verður í þessari nýju stofnun. Atvinnuþróunarstarfsemin verður að sjálfsögðu rekin áfram á landsvísu. Það þarf ekki að hólfa atvinnuþróunarstarfsemi þannig niður að einhver sérstök atvinnuþróunarstarfsemi sé fyrir landsbyggðina og svo einhver sérstök atvinnuþróunarstarfsemi fyrir höfuðborgarsvæðið eða aðra landshluta. Þetta er atvinnuþróunarstarfsemi sem gildir fyrir landið allt og það er ekki landsbyggðinni í óhag.

[21:34]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég velti enn fyrir mér stjórnskipan í þessari hugsanlegu stofnun þar sem gert er ráð fyrir að sérstakur forstjóri verði settur yfir Nýsköpunarmiðstöð Íslands og undir hana heyri síðan hinir sjóðirnir jafnframt, bæði Byggðasjóður og tryggingardeild útflutnings. Þessar deildir eiga samt að hafa yfir sér sérstakar stjórnir. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins stendur að Byggðasjóður, Tryggingarsjóður útflutnings og Tækniþróunarsjóður starfi sem sjálfstæðar einingar með eigin stjórn, enda er hvergi gert ráð fyrir í frumvarpinu að þar séu ráðnir neinir starfsmenn heldur bara stjórn. Ég velti þá fyrir mér hvernig þessir sjóðir muni starfa stjórnsýslulega ef forstöðumaðurinn hefur ekkert með þá að gera, ef þessir sjóðir eiga að starfa á eigin ábyrgð en þó er hvergi gert ráð fyrir starfsmönnum hjá þeim.

[21:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta fyrirkomulag er til þess að sjálfstæði ríki í sambandi við ákvarðanatökur í Byggðasjóði. Þar er stjórn sem tekur ákvarðanir um ábyrgðir á grundvelli reglna sem settar eru af fjármálaráðherra en hins vegar eru mál undirbúin í Nýsköpunarmiðstöðinni og mál viðkomandi fyrirtækis geta hafa verið til umfjöllunar þar í sambandi við atvinnuþróunarstarf, frumkvöðlastarf eða frumkvöðlasetur eða hvað það getur verið. Þess vegna er mjög

mikilvægt að þar sé sjálfstæð stjórn sem tekur ákvörðun án þess að hafa komið að málinu áður. Hins vegar er málið lagt upp í hendur á viðkomandi stjórn þannig að það sé undirbúið í Nýsköpunarmiðstöðinni.

[21:37]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér sýnist þetta vera stjórnunarlegur óskapnaður en það má finna leið fyrir því, ég er ekkert að draga dul á það. En eins og þetta er sett fram sýnist mér þetta ekki vera gæfulegt eða lúta almennum venjulegum stjórnsýslureglum.

En ég vil svo spyrja hæstv. ráðherra: Til hvers erum við að þessu? Til hvers erum við að leggja allar þessar breytingar til? Þetta snýst náttúrlega fyrst og fremst um að fá aukið fjármagn inn í þennan málaflokk. Það snýst um það til að geta gert meira. Það snýst fyrst og fremst um það eða er ekki svo?

En ef við lítum á umsögn fjármálaráðuneytisins þá segir þar: „Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð umfram hugsanleg biðlaun."

Ég hélt að markmiðið væri að finna farveg fyrir bæði markvissari vinnubrögð og aukið fjármagn inn í þennan geira. Við erum öll sammála um að þar þarf aukið fjármagn. Það gerist ekkert nema við fáum aukið fjármagn, (Forseti hringir.) en svo kemur í ljós að það á ekki að leggja til neitt aukið fjármagn í sjálfu sér og þá spyr maður: Til hvers erum við að þessu?

[21:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta ekki rétt nálgun hjá hv. þingmanni. (**JBjarn:** Hvað?) Að segja að þetta snúist eingöngu um fjármagn. (**JBjarn:** Fyrst og fremst.) Vissulega snýst þetta að einhverju leyti um fjármagn eins og allt annað en það skiptir líka máli hvernig fjármagninu er varið. Við erum að tala um breytta stefnu í atvinnuþróunarmálum og að samþætta þá starfsemi sem er til staðar í dag. Eins og hún er í dag er þetta mjög ruglingslegt, það er alveg óhætt að fullyrða það. Með því að breyta þessu í þann farveg sem við erum að leggja til röðum við hlutum þannig upp að starfsemin verður skilvirkari og skilar meiru. Þegar talað er um að Byggðastofnun hafi lent inni í þessari starfsemi eins og eitthvert vandræðabarn þá er það alls ekki þannig. Við erum að fara að þessu eins og aðrar þjóðir eru að gera með því að tengja byggðamálin inn í almenna atvinnuþróunarstarfsemi og það mun skila sér. Það veit ég.

[21:39]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Sá stutti tíma sem við höfum til andsvara er auðvitað vandmeðfarinn en ég átti eftir að spyrja hæstv. ráðherra út í fjármögnunarhliðina á þessu dæmi öllu. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra í dag að ef menn hefðu viljað halda áfram með Byggðastofnun hefði þurft að bæta þar inn nokkrum milljörðum. Spurningin er því sú, frú forseti: Hvernig verður sá vandi leystur með stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar, á hún að fá með sér halann eða hvernig á að leysa fjármögnunardæmið?

Það vekur líka athygli mína þegar hin snubbótta umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um þetta frumvarp er skoðuð að þá kemur í ljós að þar er gert ráð fyrir því að rekstur þessara sameinuðu stofnana kosti 1,1 milljarð kr. sem er samanlagður kostnaður þessara þriggja stofnana, þ.e. rekstrarkostnaður, en hvergi er minnst á sértekjur stofnananna tveggja, þ.e. Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar, sem er upp á rúmlega hálfan milljarð. Það er spurning hvað verður um þennan hálfa milljarð í þessu fjármögnunardæmi, hvort þessi hálfi milljarður eigi að koma upp í þennan kostnað sem augljóslega er til staðar, þ.e. skuldbindingar Byggðastofnunar, eða hvort einhverjar aðrar leiðir eru skoðaðar í þeim efnum.

[21:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr um fjármögnun þessarar nýju stofnunar. Við erum að tala um þrjár stofnanir sem í dag eru að hluta til með fjárveitingar frá Alþingi og afla fjár að hluta til sjálfar. Það mun væntanlega halda áfram í svipuðu formi. Við erum að leggja af lánastarfsemina sem er ekki lengur sjálfbær en samkvæmt núgildandi lögum á hún að vera það. Það er m.a. skýringin á því.

Byggðasjóður fær tekjur eins og ég er búin að fara yfir áður og hv. þingmaður þekkir. Síðan eru heilmiklir peningar í tengslum við byggðaáætlun og það eru fjármunir sem verða til ráðstöfunar. Það er átak til atvinnusköpunar sem fer til Tækniþróunarsjóðsins og síðan er ekki ólíklegt að það fjármagn sem fer til endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar fari inn í þann sjóð líka. (Forseti hringir.) Þetta verður því miklu skilvirkara kerfi. Ég held að það sé alveg augljóst. Ég skora á hv. þingmann að viðurkenna það.

[21:42]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðherra að það getur vel verið að ákveðin hagræðing náist með þessu, ég ætla ekki að útiloka það, víðs fjarri. Það er mjög þarft verk að reyna að fara sem allra best með fjármuni þjóðarinnar. Það er trúlega jákvæði hlutinn í þessu. Hins vegar skil ég mjög vel allan vandræðaganginn með þetta vegna þess að það vandræðaástand sem við höfum á skipulagi Stjórnarráðsins kallar á svona vandræði. Hæstv. ráðherra sagði áðan að vissulega væru margir fleiri sjóðir sem væru, ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt, eðlilegt að hafa með í þessum pakka. Það vill bara svo illa til að þessir sjóðir heyra undir önnur ráðuneyti og hæstv. ráðherra fer ekki með þessa sjóði. Það hefur trúlega verið meginvandamálið við að teikna þetta upp þannig að skilmerkilegt væri, þ.e. að þetta næði allt saman og því náum við væntanlega ekki fram fyrr en við erum búin að stokka upp Stjórnarráðið.

Það er t.d. athyglisverð nálgun varðandi rannsóknarstofnanirnar, sem að ég held að ganga ætti miklu lengra í, þ.e. að tengja þær betur við háskólana. Það er auðvitað jákvætt í þessu frumvarpi þar sem fjallað er um að tengja það saman. Þar er hins vegar gengið allt of skammt. Við þurfum

(Forseti hringir.) að tengja þessar rannsóknastofnanir miklu betur við háskólana (Forseti hringir.) og það miklu fleiri en þessar.

[21:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ýmislegt sem ekki er tekið nákvæmlega fram í þessum lagatexta. Það er ekki hægt að segja allt í lögum og það að tengja rannsóknarstarfsemi betur við háskóla er eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins. Hv. þingmaður talar svo um einhvern vandræðagang en ég vil segja við hv. þingmann, af því að hann og ýmsir hafa efasemdir um þetta mál: Er ekki líklegt að við sem störfum í iðnaðarráðuneytinu höfum kannski aðeins forskot á hv. þingmenn hvað það varðar að vita svolítið um það sem við erum að tala? Verða ekki hv. þingmenn að treysta því að við séum ekki að leggja eitthvað til sem ekki verður þjóðfélaginu til framdráttar og landsbyggðinni líka. Ég held að hv. þingmenn verði að hafa það aðeins í huga (Gripið fram í.) að við sem störfum í ráðuneytinu erum með ákveðið forskot hvað varðar þá málaflokka sem undir ráðuneytið (Gripið fram í.) heyra og teljum rétt að gera þetta svona.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 1. umr.

Stjfrv., 730. mál (hlutverk og starfsemi sjóðsins). — Þskj. 1066.

[21:45]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum, á þingskjali 1066, 730. mál.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun og frumvarpi til laga um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð. Með því er Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tengdur við stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum rannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Helstu breytingar frá gildandi rétti sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu eru:

1. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins mun að meginstefnu til einungis taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Sjóðurinn mun veita lán og ábyrgðir í tilteknum tilfellum, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Sjóðurinn mun ekki veita styrki eins og heimild er fyrir samkvæmt gildandi lögum. Kveðið er á um að Nýsköpunarsjóður skuli taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs í störfum sínum.

2. Kveðið er á um heimild til handa Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, sbr. 5. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

3. Kveðið er á um að ekki skuli skipa stjórnarmann til lengri tíma en fimm ára. Stjórnin skal setja sér reglur um sjónarmið við mat á fjárfestingartækifærum og umsóknum um lán og ábyrgðir sem ráðherra staðfestir. Áréttað er að ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs séu endanlegar á stjórnsýslustigi.

4. Í frumvarpi þessu er lagt til að eigið fé Nýsköpunarsjóðs sé að lágmarki 3 milljarðar kr., sem muni taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs og að einungis megi ávaxta eigið fé, sem ekki er bundið í fjárfestingarverkefnum eða lánum, í samræmi við fjárfestingarstefnu sem kveðið verður á um í reglugerð og starfsreglum stjórnar. Skylda er lögð á Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins að útvista ávöxtun framangreinds eigin fjár.

5. Ákvæði um tryggingardeild útflutnings, sem verið hefur sérstök deild innan Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, eru felld úr gildi. Í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að tryggingardeild útflutnings verði vistuð innan þeirrar stofnunar.

6. Vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er lögð niður. Eigið fé hennar verður hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs, samanber ákvæði til bráðabirgða.

7. Kveðið er á um heimild til handa Nýsköpunarsjóði að gera afleiðusamninga til að verjast gengisáhættu.

8. Nánar er kveðið á um refsinæmi brota gegn lögunum.

9. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið muni ekki hafa eftirlit með lögunum, eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Talið er fullnægjandi að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með reikningum stofnunarinnar og hvernig hún ver eignum sínum.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessu frumvarpi verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[21:48]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur nú mælt fyrir frumvarpi um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem eru tíu ára gömul lög. Það vekur athygli mína og ég vil, virðulegi forseti, spyrja hæstv. ráðherra út í það, að ein starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins var sérstaklega skilgreind með sérstaka áherslu á landsbyggðina. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það rétt hjá mér að með þessu sé verið að fella það úr gildi?

[21:49]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður er að tala um framtakssjóðina svokölluðu. Nú er ég svolítið illa undirbúin að svara nákvæmlega hvernig fór með þá. En ég man ekki betur en að nú þegar sé búið að innlima þá í Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins þar sem þeir voru í raun kannski ekki alveg að skila því sem ætlast var til. Svo minnir mig líka að hv. þingmaður hafi verið með formlega fyrirspurn til mín um þetta mál þannig að þá koma nákvæmari svör.

[21:50]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fengið svar við þessari fyrirspurn frá hæstv. ráðherra. Þar er fjallað um þennan framtakssjóð með sérstaka áherslu á landsbyggðina. Hann var í upphafi einn milljarður en eigið fé hans hefur tapast mjög mikið. Það er lítill hluti eftir. Það kemur að vísu ekki fram í svarinu. En það kom fram í mjög svipuðu svari sem veitt var hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir tveimur eða þremur þingum síðan að þá var sá milljarður sem þar var lagður inn afhentur fjórum fjárfestingarfélögum sem bættu svo 125 milljónum við þær 250 milljónir sem fóru í hvern sjóð. En þá stóðu ekki eftir nema 593 milljónir. Ég tek fram að þetta var fyrir tveimur árum. Ég veit ekki hvernig staðan er núna.

Í þessum sjóði var lögð sérstök áhersla á landsbyggðina sem einkum átti að vera á sviði upplýsinga og hátækni. Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að það er sagt einkum en ekki eingöngu. Þess vegna spurði ég hæstv. ráðherra, og vil fá svar við því hér, hvort það sé ekki réttur skilningur minn á þeim breytingum sem hér er verið að gera á þessum lögum að ákvæðið um sérstaka áherslu á landsbyggðina falli brott og þess sakna ég mjög ef svo er að gerast, þ.e. að þetta sé að fara þarna út.

[21:51]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram hjá hv. þingmanni þá var þessi milljarður ekki að skila neitt sérstaklega miklu til landsbyggðarinnar. Ég man mjög vel hvernig þessi ákvörðun var tekin eða hvernig hún var rædd á hv. Alþingi. Það kom upp í hv. efnahags- og viðskiptanefnd — ég sat þar einmitt á þeim tíma — að leggja milljarð til hliðar og reyna að verja honum í upplýsingatæknifyrirtæki á landsbyggðinni. En þetta var ekki sérstaklega góð ráðstöfun að mínu mati þannig að ég held að ekki sé hægt að kalla það neitt stórmál þó að svona hafi farið. En ég skil það líka þannig eins og hv. þingmaður að við séum þá í raun að setja þessa fjármuni í sjóðinn, þ.e. það sem eftir er af þeim, og að engar sérstakar kvaðir séu á því fé.

[21:52]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Í þessu frumvarpi um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur flutt kemur það akkúrat fram sem hér kom fram í seinna andsvari. Það er verið að taka það sem eftir er af þeim 1.500 milljónum sem þarna voru settar inn, þ.e. milljarði af söluandvirði Fjárfestingarbanka atvinnulífsins plús 125 milljónum sem hvert fjárfestingarfélag lagði til. Það má koma fram að félög sem heita Fjárfestingarfélag Vestmannaeyja hf. í Vestmannaeyjum, Fjárfestingarfélag Austurlands á Reyðarfirði, Landsbankinn – Framtakssjóður ehf. á Akureyri og Framtakssjóður EFA í Reykjavík tóku að sér að varðveita þetta fé og ávaxta pundið og bæta við vegna þess að það var sett sem skilyrði um 125 millj. kr. mótframlag.

Eins og fram hefur komið átti að verja þessu til atvinnuuppbyggingar með áherslu á landsbyggðina eins og hér kemur fram, en einkum á sviði upplýsinga og hátækni. Eins og ég sagði áðan þá er það einkum en ekki eingöngu. Það er mikilvægt að þetta komi fram, virðulegi forseti, ef það er rétt að tæplega helmingur eða jafnvel minna sé eftir af upphæðinni. Það kemur fram í svari til hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar að því miður hafi tapast töluvert af því fé sem sett var í þessi fyrirtæki, þ.e. að fyrirtæki hafi lagt upp laupana, farið á hausinn, hætt starfsemi eða eitthvað svoleiðis þannig að féð hafi tapast og það er auðvitað mjög slæmt.

Þá liggur það sem sagt fyrir að með þessari breytingu er hin sérstaka áhersla á fjárfestingarstarfsemi á landsbyggðinni farin út.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að frá upphafsárum þessa ágæta sjóðs, þessarar ágætu hugmyndar sem þarna var lagt upp, kemur fram í svari, frá því fyrir tveimur árum, að þetta var lagt í ákveðin fyrirtæki sem eru svo talin upp. Því miður kemur það ekki fram í svarinu til mín eins og ég bað um vegna þess að ekki er haldið utan um hver þessara fyrirtækja starfa enn, hve margir vinna þar eða hver veltan sé. Það kemur ekki fram því miður. En ég þykist sjá að hér hefur t.d. verið fjárfest í mjög góðum fyrirtækjum eins og hinu margfræga fyrirtæki CCP hf. sem hóf framleiðslu og sölu á tölvuleikjum á netinu. Ég þekki nú ekki mikið þetta fyrirtæki en hef heyrt mikið látið af því í fréttum og að það gangi vel. Síðan eru hér á meðal því miður fyrirtæki sem ég ætla ekkert að nefna sem hafa hreinlega farið á hausinn eða hætt starfsemi.

Hins vegar kemur fram, virðulegi forseti, í svarinu til mín að með þessa sérstöku áherslu á landsbyggðina varð niðurstaðan sú að til 27 fyrirtækja var veitt fé á þessum upphafsárum en að ekkert hefur verið veitt úr þessum sjóði síðan árið 2000, ef ég skil svarið rétt. Flest þessara fyrirtækja voru í öðru hvoru Reykjavíkurkjördæminu eða 15 talsins. Tvö voru í Norðvesturkjördæmi, fimm í Norðausturkjördæmi, þrjú í Suðurkjördæmi og eitt í Suðvesturkjördæmi.

Það sem ég er að draga fram, virðulegi forseti, er að þessi ágæta hugmynd og sá ágæti hugur sem þarna er settur fram með þessum peningum hefur ekki nýst eins og lofað var og talað var um í byrjun til atvinnusköpunar á landsbyggðinni. Að mig minnir hefur m.a. verið fjárfest í fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu — það er svo sem ágætt og bara mjög gott. Ég er ekkert að sýta það neitt en vek hins vegar athygli á því að þetta var skilgreint svolítið öðruvísi — sem hafa verið að framleiða tískufatnað, sportlegan tískufatnað. Ef ég þekki þetta nafn rétt sem hérna kemur fram þá hef séð það í auglýsingum fyrir svona vörur. Ég enga ósk heitari en að það sé rétt að þessu fyrirtæki gangi mjög vel. En það sem hefur verið lagt í þessa starfsemi á höfuðborgarsvæðinu af þessum eyrnamerktu landsbyggðarpeningum nýtist ekki til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni og með því frumvarpi sem hér er lagt fram hverfur það endanlega að hægt sé að gera kröfu um það.

Virðulegi forseti. Það læðist að mér sá grunur að þessi sjóður hafi farið illa í byrjun. Hann tapaði svo miklu fé eins og kemur fram í svari til hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, að af þessu stóðu þá

aðeins 593 milljónir eftir. Þetta hefði að sjálfsögðu mátt nota í aðra starfsemi annaðhvort hjá fjárvana Byggðastofnun eða þessum Nýsköpunarsjóði.

Virðulegi forseti. Við hæstv. ráðherra þekkjum fyrirtæki m.a. í okkar kjördæmi sem hafa leitað eftir þolinmóðu fé. Það má segja að þau séu hátæknifyrirtæki. Þau eru ekki upplýsingafyrirtæki. En þessi fyrirtæki sem hefur vantað fé hafa ekki fengið það. Forsvarsmenn þeirra hafa hreinlega gefist upp á að ganga milli Heródesar og Pílatusar á höfuðborgarsvæðinu í stjórnum þessara sjóða, Byggðastofnunar og annarra til að reyna að afla fjár. Þeir hafa frábærar hugmyndir um m.a. tæki og vélar sem verið er að framleiða og mundu spara okkur töluverðan gjaldeyri ef við þyrftum ekki að flytja sams konar vélar inn. Þær eru jafnvel miklu betri en þær vélar sem eru á heimsmarkaði og mundu verða mjög góð útflutningsvara. Það hefur ekki tekist að halda áfram að þróa þá starfsemi vegna þess að forsvarsmenn þess fyrirtækis komu alls staðar að lokuðum dyrum.

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra kvartar yfir að ég styðji of fá mál frá henni. Því skal ég segja í lokin að einu (Gripið fram í.) sinni fyrir nokkrum árum síðan vildi svo til — það var á kosningaári. Það var árið 2003 — að Byggðastofnun var falið að nota 300 milljónir — ég man ekki hvaðan þær voru teknar — en Byggðastofnun var falið að nota þær til að kaupa hlutafé í ýmsum álitlegum fyrirtækjum, flestum ef ekki öllum úti á landi og það var gert. Ég hef stundum sagt að ég vildi óska þess að alþingiskosningar væru á hverju ári, ef ég hefði þetta í huga, þannig að peningar dyttu af himnum ofan í svona atvinnuskapandi verkefni eða til þess að kaupa hlutafé í fyrirtækjum, þ.e. að útvega þolinmótt hlutafé. Ég vildi að það væri þannig en því miður er þetta ekki svoleiðis. Þetta var bara 2003. En það getur vel verið að þetta verði 2007, þ.e. ef alþingiskosningar verða ekki fyrr en 12. maí 2007.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég láta koma fram um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og ég held að full þörf væri á því — og það getur vel verið að við verðum að gera það með fyrirspurn eða hvernig það verður nú — en þegar maður fer að lesa þessi gögn, frumvarpið sem hér er flutt, lögin um Nýskipunarsjóð og kynna sér það sem hefur verið lagt í hann, t.d. þá 4 milljarða sem komu þegar þessir sjóðir voru lagðir niður — hvað þeir hétu nú allir — og hvernig hefur tekist að ávaxta það pund og hvað þeir peningar hafa gagnast mikið í atvinnuuppbyggingu og koma til með að gefa mikið trukk í hugmyndir margra frumkvöðla og eldhuga — e.t.v. getum við vitnað í sum fyrirtæki sem vonandi lifa m.a. vegna þessara peninga, þessa þolinmóða fjár — þá vildi ég samt sem áður vekja athygli þingheims á því að sú tenging við landsbyggðina sem var í þessum milljarði sem ég gerði hér að umtalsefni hverfur. Sá skilningur minn er því miður réttur að það sé þannig enda hef ég fengið það staðfest hjá hæstv. iðnaðarráðherra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning losunar gróðurhúsalofttegunda, 1. umr.

Stjfrv., 713. mál (heildarlög). — Þskj. 1049.

[22:02]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda. Frumvarpið hefur það að markmiði að skapa skilyrði fyrir Ísland til að standa við skuldbindingar sínar í samræmi við ákvæði rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og ákvæði Kyoto-bókunarinnar við samninginn. Frumvarpið byggist á tillögum nefndar sem í áttu sæti fulltrúar umhverfisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Nefndin fékk á fund til sín aðila frá Umhverfisstofnun, landbúnaðarráðuneytinu, Orkustofnun, Hagstofunni, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Náttúruverndarsamtökum Íslands og landvernd. Auk þess kynnti formaður nefndarinnar drög að frumvarpinu á fundi með sérstakri samráðsnefnd iðnaðar- og umhverfisráðuneytis með fulltrúum álfyrirtækja á Íslandi.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögbundin verði ákvæði um þrjú meginatriði sem skapa forsendur fyrir stjórnvöld til að standa við skuldbindingar sínar varðandi Kyoto-bókunina. Í fyrsta lagi er að finna í frumvarpinu ákvæði um bókhald, um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

Í öðru lagi hefur það að geyma ákvæði um skráningarkerfi fyrir losunarheimildir og í þriðja lagi er kveðið á um upplýsingaskyldu fyrirtækja sem losa verulegt magn gróðurhúsalofttegunda. Áður en ég fer nánar í efni frumvarpsins vil ég fara stuttlega yfir þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist með aðild sinni að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunina við hann.

Umhverfisráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd samningsins hér á landi en sérstök samráðsnefnd átta ráðuneyta er starfandi sem ber ábyrgð á framkvæmd stefnumörkunar um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og fjallar um mál sem tengjast samningnum og framkvæmd hans.

Nú stendur yfir endurskoðun á stefnumörkun Íslands frá 2002 og er áætlað að henni ljúki á þessu ári. Markmið Kyoto-bókunarinnar er að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, fyrst og fremst í iðnríkjunum. Bókunin tekur til sex gróðurhúsalofttegunda og kveður á um að aðildarríki skuli takmarka losun þeirra miðað við losun árið 1990. Fyrsta skuldbindingartímabil bókunarinnar er fimm ár, 2008–2012. Mikilvægasti þáttur Kyoto-bókunarinnar er ákvæði um lagalega bindandi mörk fyrir losun gróðurhúsalofttegunda á því tímabili að því er varðar þau ríki sem getið er um í I. viðauka við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. Þessum ríkjum er gert að takmarka sameiginlega og hverju um sig losun gróðurhúsalofttegunda svo að samanlögð árleg losun þeirra á skuldbindingartímabilinu verði að meðaltali 5,2% minni en viðmiðunarárið 1990. Þessu markmiði skulu þau ná með því að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og með því að binda kolefni með ræktun en einnig er heimilt að nýta svokölluð sveigjanleikaákvæði bókunarinnar sem lúta að verslun með heimildir á milli

landa og fjármögnun verkefna sem draga úr losun í öðrum ríkjum.

Losunarheimild Íslands er 10% aukning miðað við losun árið 1990. Að auki hefur því verið lýst yfir að Ísland hyggist nýta sér ákvæði 14/CP.7 frá 7. aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins í Marrakesh sem oft hefur verið nefnt íslenska ákvæðið.

Ákvæðið heimilar að losun koldíoxíðs frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvers sem hefur starfsemi eftir 1990 og leiðir til meiri en 5% aukningar í útstreymi á skuldbindingartímabili bókunarinnar verður haldið utan við losunarheimild hennar eftir að losunarheimildir viðkomandi ríkis hafa verið fullnýttar. Ákvörðunin nær aðeins til þeirra ríkja þar sem losun var minni en 0,05% af heildarlosun koldíoxíðs iðnríkjanna árið 1990. Ströng skilyrði eru fyrir því að lönd geti tilkynnt einstakar framkvæmdir samkvæmt ákvörðun 14/CP.7. Gerð er krafa um notkun endurnýjanlegrar orku, að notkun hennar leiði til samdráttar í losun á heimsvísu, að besta fáanleg tækni sé notuð og að bestu umhverfisverndaraðgerða sé gætt við framleiðsluna. Ákvörðunin nær einungis til losunar koldíoxíðs að ákveðnu hámarki sem er 1,6 millj. tonna á ári að meðaltali á skuldbindingartímabilinu.

Losunarheimildir Íslands eru því tvíþættar, annars vegar má almenn losun gróðurhúsalofttegunda ekki aukast meira en 10% frá 1990 til 2008–2012, en hins vegar má losun sem fellur undir þau skilyrði, sem tiltekin eru í ákvörðun 14/CP.7, ekki vera meiri en 1,6 milljón tonn af koldíoxíði á ári að meðaltali.

Frumvarpið tekur ekki til allra þátta samningsins en er ætlað að lögfesta nauðsynlega grunn til að tryggja að við stöndum við skuldbindingar okkar. Bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis er grunnþáttur í framkvæmd loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókunarinnar. Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að reglur um framkvæmd bókhaldsins verði lögfestar.

Umhverfisstofnun, áður Hollustuvernd ríkisins, hefur haldið utan um bókhald vegna losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis í gróðri og jarðvegi hér á landi frá árinu 1996. Umhverfisstofnun skilar árlega í gegnum umhverfisráðuneytið tölulegum upplýsingum um losun og bindingu til skrifstofu loftslagssamningsins ásamt ítarlegri skýrslu. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar í gegnum árin á þessu bókhaldi í ljósi nýrra alþjóðlegra reglna um útreikninga af þessu tagi og nýrra og betri upplýsinga um ástand mála hér á landi. Bókhald Íslands má teljast í meginatriðum gott þó vissulega megi bæta ýmis atriði. Á skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar sem hefst árið 2008 verða gerðar ítarlegri kröfur en áður um gæði bókhaldsins. Nauðsynlegt er því að styrkja það enn frekar og er lagasetning um framkvæmd þess liður í þeirri viðleitni.

Ýmsir aðilar leggja til vinnu og upplýsingar fyrir bókhaldið og skýrsluna, einkum Orkustofnun og Landbúnaðarháskóli Íslands ásamt öðrum stofnunum landbúnaðarins. Gerð er tillaga í 2. mgr. 4. gr. um að Landbúnaðarháskóla Íslands verði falið að afla nauðsynlegra upplýsinga um bindingu kolefnis í jarðvegi og góðri. Einnig er lagt til að Landbúnaðarháskólinn beri ábyrgð á að taka saman upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og skila til Umhverfisstofnunar. Það verður í höndum Orkustofnunar að taka saman upplýsingar um orkumál sem nauðsynlegar eru vegna bókhaldsins.

Lagt er til að Umhverfisstofnun semji leiðbeiningar um hvernig skila eigi gögnum til stofnunarinnar og að gerð slíkra leiðbeininga verði í samráði við Orkustofnun og Landbúnaðarháskólann. Mikilvægt er að þróa aðferðir varðandi bókhald um gróðurhúsalofttegundir í náinni samvinnu við viðkomandi aðila. Lagt er til í 5. gr. frumvarpsins að sett verði ákvæði um skráningarkerfi en Íslandi ber samkvæmt Kyoto-bókuninni að setja á fót slíkt kerfi fyrir losunarheimildir áður en skuldbindingartímabilið hefst árið 2008. Skráningarkerfið heldur utan um þær heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem Ísland mun hafa á skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar. Það er rafrænn gagnagrunnur þar sem heimildir eru skráðar í sérstökum einingum sem hver um sig samsvarar einu tonni af ígildum koldíoxíðs. Þessar einingar eru sá gjaldmiðill sem alþjóðlegt kerfi úthlutunarheimilda og viðskipta með heimildir og úreldingu þeirra mun byggjast á. Öllu landskerfi mun tengjast miðstöð á vegum skrifstofu loftslagssamningsins í Bonn sem á að ganga úr skugga um að allar úthlutanir og færslur á einingum samræmist skuldbindingum viðkomandi ríkis samkvæmt Kyoto-bókuninni. Landskerfi geta tengst innbyrðis í gegnum miðstöðina og skráð tilflutning á heimildum á milli ríkja. Ríki geta einnig úthlutað hluta af heimildum sínum í kerfinu til einstakra fyrirtækja eða annarra aðila og geta slíkir aðilar þá sjálfir átt í viðskiptum í gegnum kerfið.

Á einfaldan hátt er hægt að lýsa muninum á milli bókhaldsins og skráningarkerfisins þannig að bókhaldið sé eins og bókhald fyrirtækja þar sem fært er inn debet og kredit en skráningarkerfið sé banki sem geymir raunveruleg verðmæti, í þessu tilviki losunareiningar.

Þriðja atriðið sem lagt er til í frumvarpi þessu er að skylda fyrirtæki sem losa meira en 30 þúsund tonn af ígildi koldíoxíðs á ári til að skila nákvæmum upplýsingum um losunina til Umhverfisstofnunar ár hvert. Þetta er mikilvægt til að tryggja að sem nákvæmastar upplýsingar fáist um losun frá stærstu verksmiðjunum sem losa gróðurhúsalofttegundir en eins og allir vita er vægi einstakra stórra verksmiðja í heildarlosun Íslands stórt. Lagt er til að ákvæðið nái yfir atvinnurekstur sem hefur starfsleyfi í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í starfsleyfi er atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun veitt heimild til ákveðinnar starfsemi og losunar. Mat á því hvort atvinnurekstur fellur undir kröfur þessarar greinar byggist á þeirri hámarksstarfsemi sem starfsleyfi heimilar og losun frá atvinnurekstrinum í fullum afköstum miðað við starfsleyfi. Kröfur um upplýsingagjöf munu ná bæði yfir atvinnurekstur sem hefur gilt starfsleyfi við gildistöku laganna og yfir nýja starfsemi.

Ég vil einnig árétta að meiri kröfur eru gerðar til upplýsinga um losun frá fyrirtækjum sem falla undir ákvörðun 14/CP.7 en almennt gerist. Þannig er mælst til þess að aðildarríki með verkefni sem uppfylla skilyrði ákvörðunarinnar veiti árlegum skýrslum upplýsingar um útstreymi frá iðnaðarferlum á hverja framleiðslueiningu, heildarútstreymi frá iðnaðarferlum þessara verkefna og mat á þeim sam-

drætti í útstreymi sem leiðir af notkun endurnýjanlegrar orku í þessum verkefnum. Hinu svokallaða íslenska ákvæði fylgja því einnig skyldur.

Til að setja niður nánari ákvæði um upplýsingaskyldur fyrirtækja er lagt til að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar um þær upplýsingar sem atvinnurekstri sem fellur undir lögin ber að skila til stofnunarinnar. Reglugerð þessi skal byggjast á leiðbeiningum vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, um losunarkvóta. Mikilvægt er að Umhverfisstofnun hafi samráð við þá aðila sem ber að skila inn upplýsingum við undirbúning reglugerðarinnar en rétt er að taka fram að Umhverfisstofnun hefur átt góða samvinnu við stóriðjufyrirtæki um að fá tölur um losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum. Hins vegar þurfa stjórnvöld skýra heimild til að gera kröfu um upplýsingar um losun og til að fara yfir upplýsingar til að staðfesta áreiðanleika þeirra.

Að lokum er lagt til að Umhverfisstofnun sé heimilt að taka gjald fyrir vinnu við yfirferð upplýsinga um losun sem fyrirtækjum sem falla undir 1. mgr. ber að skila til stofnunarinnar.

Rétt er að taka það fram í lokin að Ísland stendur vel hvað varðar skuldbindingar samkvæmt Kyoto-bókuninni. Frumvarpið sem hér er lagt fram hefur ekki að geyma tillögur um stjórnvaldsaðgerðir til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda umfram þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til. Því er fyrst og fremst ætlað að skjóta lagastoðum undir það kerfi sem Ísland þarf að koma sér upp til að sýna alþjóðasamfélaginu stöðu sína gagnvart skuldbindingum Kyoto. Ég tel þó rétt að skoða það enn frekar hvort þörf er á lagalega bindandi ákvæðum til að tryggja að losun gróðurhúsalofttegunda fari örugglega ekki upp fyrir heimildir Íslands, þótt að óbreyttu séu ekki líkindi til þess. Nefndin sem skilaði drögum að frumvarpi þessu hefur þess vegna fengið umboð til að starfa áfram og koma, ef ástæða þykir til, með tillögur að stjórntækjum til að gera stjórnvöldum kleift að stýra betur losun gróðurhúsalofttegunda á komandi skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar. Í þeirri vinnu verða m.a. skoðaðar ýmsar þær leiðir sem aðrar þjóðir hafa farið í þessum efnum, svo sem losun útstreymisheimilda og heimild til að krefjast starfsemi sem losar umtalsvert magn gróðurhúsalofttegunda um mótvægisaðgerðir, t.d. með bindingu kolefnis eða kaupum á heimildum.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til umhverfisnefndar að lokinni 1. umr.

[22:17]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir að þetta frumvarp skuli loks komið fram. Ég tel að það hefði átt leggja fram fyrir löngu. Auðvitað hafa stjórnvöld vitað síðan Kyoto-bókunin gekk í gildi að nauðsynlegt yrði að setja reglur af því tagi sem frumvarpið kveður á um. Ég sakna þess reyndar að ekki skuli vera meira í frumvarpinu. Ég hefði gjarnan viljað sjá gengið lengra í fyrsta skrefi en ég fagna því að nefndin skuli fá umboð til að starfa áfram og gera þá áframhaldandi tillögur um á hvern hátt við komum til með að standa við skuldbindingar okkar, hvernig við getum farið að því að standa við það meginmarkmið loftslagssamningsins að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi einhverja tímaáætlun fyrir störf nefndarinnar í þessum efnum. Hvað gerir hún ráð fyrir að það taki nefndina langan tíma að taka næsta skref í málinu, sem ég hefði haldið að allir þeir sem fylgjast með þessum málum hefðu viljað sjá tekið núna?

[22:19]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að nægur tími sé til stefnu. Frumvarpið sem hér er til umræðu er einungis, það er hárréttur skilningur hjá hv. þingmanni, fyrsta skrefið. Ég taldi nauðsynlegt að það kæmi fram á þessu þingi.

Nefndin var skipuð fyrir um það bil ári svo að ég vildi ekki bíða með að hún lyki störfum. Þess vegna er þetta gert með þessum hætti, að frumvarpið kemur fram núna. Ég hef ekki sett nefndinni tímamörk en það er hins vegar ljóst að það á ekki að þurfa að taka langan tíma að skoða framhaldið.

Það er hárrétt að við stefnum að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Við erum að vinna að því verki í samvinnu við aðrar þjóðir. Sameiginlegt markmið okkar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum öllum.

[22:20]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi óska að hæstv. umhverfisráðherra héldi vendinum meira á lofti til að halda fólki við efnið. Ég verð að segja að síðan stefnumörkun ríkisstjórnarinnar frá 2002 varðandi losunarmál var birt hefur allt of lítið gerst í þessum efnum.

Ég veit ekki til að búið sé að birta neinar niðurstöður eða upplýsingar um auknar rannsóknir á þeim þáttum sem hafa áhrif á útstreymi gróðurhúsalofttegunda, sem var eitt af þeim atriðum sem átti að fara í vinnu við, ásamt því að ákveðið var að dregið yrði úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Sú vinna er ekki farin að skila sér né að ráðist hafi verið í að efla fræðslu og upplýsingagjöf til almennings.

Ég vil halda því fram, frú forseti, að menn hafi legið á liði sínu frá 2002 og jafnvel fyrr, en a.m.k. frá 2002 þegar stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í losunarmálefnunum var samþykkt og birt. Sú stefnumörkun er í endurskoðun og mér þætti fróðlegt að fá heyra hæstv. umhverfisráðherra segja okkur frá árangrinum sem hefur náðst í þeim þáttum sem við stefndum að og höfum í orði kveðnu unnið að undanfarin fjögur, fimm ár. Ég sé ekki að nokkur árangur hafi náðst.

Mér finnst stefnumörkun ríkisstjórnarinnar frá 2002 hafa verið orð á blaði. Ég held að ef einhver árangur hefði orðið af því starfi sem menn sögðust þá ætla í þá hefði hæstv. umhverfisráðherra notað tækifærið í flutningsræðu sinni og montað sig svolítið af árangrinum. En úr því að hún gerir það ekki hef ég efasemdir um að árangur hafi orðið. Mér þætti gott að fá að heyra frá hæstv. umhverfisráðherra hvernig hún metur þessa stöðu.

[22:22]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er augljóst að ef við berum okkur saman við aðrar þjóðir þá er staða okkar frábær. Það er bara ekkert flóknara en það. Það eru ekki margar Evrópuþjóðir sem geta státað af annarri eins stöðu og við á Íslandi. Ef við lítum t.d. á Evrópusambandið eru flestar þjóðirnar þar í miklum vandræðum við að standa við skuldbindingar sínar. Það er ekki þannig á Íslandi. Það er ekki þannig hér.

Ég held að við ættum að vera stolt af þeirri góðu stöðu sem ríkir hjá okkur. Á umhverfisþingi sem haldið var í haust var einmitt sýnt fram á það, með tölulegum upplýsingum, hvernig við hefðum náð árangri á ýmsum sviðum. Ég veit að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sat umhverfisþingið og hafði tækifæri til að skoða þær tölulegu upplýsingar.

Stefnumörkunin er frá 2002 og er í endurskoðun núna og við stefnum að því að ljúka þeirri endurskoðun á þessu ári. Hvað snertir t.d. fræðslu til almennings höfum við einmitt lagt áherslu á þann þátt, sem ég tel gríðarlega mikilvægan í öllum umræðum um þessi mál.

[22:24]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Andsvar mitt og spurning er öllu jarðbundnari en fyrri hv. ræðumanns. Spurning mín varðar 6. gr. þar sem tiltekið er að sá atvinnurekstur sem undir þetta fellur losi meira en sem nemur 30 þús. koldíoxíðsígildistonnum á ári. Manni verður á að stöðvast við þessa tölu, 30 þús. tonn. Ég veit svo sem ekki mikið hvernig á henni stendur. Fari maður í athugasemdir við frumvarpsgreinina þá finnur maður enga athugasemd um þessa tölu, sem er þó eitt af meginatriðum frumvarpsins. Hvaða fyrirtæki falla þar undir?

Ég spyr þess vegna ráðherrann, af því að þetta er mjög mikilvægt: Hvernig er þessi tala til komin? Hvaða fyrirtæki eru það í stórum dráttum sem fara yfir 30 þús. koldíoxíðsígildistonn á ári?

[22:25]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er um að ræða mjög tæknileg mál. Ég hef ekki á reiðum höndum svör við því hvaða fyrirtæki mundu falla undir 30 þús. tonna ákvæðið. En ég tel að það sé einmitt nokkuð sem umhverfisnefnd hlýtur að kalla eftir svörum við.

[22:26]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Í þingsköpum er kveðið á um að við fyrstu umræðu ræði menn almennt um frumvörp. Það er sjálfsagt að gera það og ekki hægt að ætlast til að ráðherrar, þótt þeir eigi að kunna skil á mörgu, kunni skil á öllu í frumvörpum sínum, vegna þess að við vitum öll hvernig þau eru til komin.

Vissulega er það rétt að hægt er að kanna þetta í nefnd. Hér er hins vegar um að ræða höfuðatriði. Eitt af höfuðatriðum frumvarpsins, þ.e. til hvers það nær. Ef frumvarp er sett fram um refsingar við glæpum er tiltekið hvaða glæpur það er. Sá dómsmálaráðherra sem kæmi með frumvarp um að refsa mönnum fyrir einhvern glæp verður að standa skil á því hvaða glæpur það er o.s.frv. Ég ætlast til að umhverfisráðherra hæstv. geti svarað þessu um 30 þús. tonnin.

Ég spyr af ákveðinni ástæðu. Ég spyr vegna frétta sem mér hafa borist af því að í undirbúningi þessa frumvarps hafi ekki verið talað um 30 þús. tonn heldur um 15 þús. tonn. Ég spyr þess vegna tvöfalt í seinna andsvari mínu: Hvaða fyrirtæki fara yfir 30 þús. tonn og hvaða fyrirtæki eru á milli 15 þús. og 30 þús. tonna sem sett voru út úr frumvarpinu, að því ég hef heyrt, vegna kröfu atvinnurekanda þar um?

[22:27]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að notaðar eru sem viðmiðun almennar útstreymisheimildir, sem eru 3.610 þús. tonn. Þetta er tæplega 1% af því. Það er viðmiðunin sem notuð er. Hvað fyrirtækin snertir þá liggur það í augum uppi að það eru stóriðjufyrirtæki sem fara yfir þetta mark. Þetta eru stóriðjufyrirtækin í landinu.

[22:28]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar maður les þetta frumvarp yfir er við fyrstu sýn hægt að halda því fram að það hljóti að vera nokkuð jákvætt, og það er jákvætt að skrá og það er jákvætt að upplýsa.

Eins og kom fram í ítarlegri framsögu umhverfisráðherra er hér verið að koma á skráningar- og viðskiptakerfi vegna losunarheimilda, nokkurs konar rafrænum gagnagrunni, þar sem farið er yfir bókhald, skráningarkerfi og upplýsingaskyldu fyrirtækja — 30.000 tonn, eins og kom fram í orðaskiptum hv. þm. Samfylkingarinnar, Marðar Árnasonar, og ráðherrans, og ég ætla ekki að fara nánar út í það. Umhverfisstofnun og Landbúnaðarháskóli verða í aðalhlutverki. Það má setja reglugerð samkvæmt tillögum Umhverfisstofnunar og það verða heimildir um að sekta, allt að 100.000 kr. á dag, ef atvinnurekstur sinnir ekki upplýsingaskyldu sinni. Þessar aðgerðir eru samkvæmt Kyotobókuninni sem leggur aðildarríkjunum á herðar að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda.

Eins og kom fram í máli ráðherrans eru losunarheimildir Íslands tvíþættar. Almenna losunarheimildin um 10% frá 1990 og skilyrt losun sem er íslenska ákvæðið og er oft talað um almennt hjá okkur sem heimildaraukningu upp á 1,6 millj. tonna á ári að meðaltali. Þetta er nokkurn veginn megininnihald þess sem fjallað er um í frumvarpinu.

Nefndinni sem vann frumvarpið var ekki gert að koma með tillögur um stjórnvaldsaðgerðir til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. En nefndin bað sjálf um umboð til að halda áfram og skoða leiðir til að takmarka losun og tryggja þar með skuldbindingar samkvæmt Kyoto-bókuninni. Nefndin fékk það umboð. Nefndin bað um umboð og fékk það. Ég tek undir að það er undarlegt að fjórum árum eftir yfirlýsinguna frá 2002, og meira en tveimur árum eftir mjög ítarlega skýrslu um öðruvísi þróun á norðurslóð

en nokkurs staðar annars staðar í heiminum, og með tengingu Íslands við það, skuli ekki vera búið að setja vinnu í gang að frumkvæði ráðuneytisins og það er eiginlega það sem stingur mann í þessu frumvarpi. Að nefndin skuli hafa þurft að biðja um að fá að halda áfram til að skoða leiðir til að takmarka losun sem á að vera stóra málið og hefði átt að vera stóra málið sem við hefðum átt að vera að skoða á liðnum árum.

Þegar maður les þetta frumvarp, sem í eðli sínu er ágætt, æpir á móti manni algjör skortur á stefnumörkun og umræðu um stóriðjuþróun miðað við loftslagsbreytingar og þörf er á aðgerðum hjá ríkisstjórninni. Það er það sem skellur í andlitið á manni um leið og maður fer yfir þetta snyrtilega frumvarp um rafrænan gagnagrunn, jafnágætur og hann er.

Það er engin umræða eða vinna í gangi á Alþingi vegna hlýnunar á norðurslóð sem kemur ofan á aðrar loftslagsbreytingar sem lágu fyrir, m.a. eftir Kyoto-samkomulagið. Hæstv. umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, þekkir manna best vinnuna við rannsókn á loftslagsbreytingum á norðurhjara sem Robert Corell, ameríkur vísindamaður, vann eða hafði yfirumsjón með, en allt að 400 vísindamenn komu að því mikla starfi. Þar var sannað að hlýnun er að minnsta kosti tveimur og hálfum sinni meiri og hraðari á svæðinu í kringum norðurskautið, sem sagt á okkar landi, en annars staðar í heiminum. Þar var sannað að hitnunin er annars eðlis en sveiflurnar sem hafa verið í hitastigi á liðnum öldum og þeir sem þráast við að horfast í augu við hvað er að gerast benda oft á. Enda fóru vísindamennirnir mjög langt aftur í tímann í rannsóknum sínum á því sem var að gerast og sem allt saman kemur fram í hinni svokölluðu ACIA-skýrslu.

Þetta voru alvarlegar fréttir. Það er ástæða til að hafa miklar áhyggjur af loftslagsbreytingum á norðurhveli. Ef losun gróðurhúsalofttegunda veldur hitnun af þessu tagi á norðurhjara þá er þetta stórmál. Í ljósi þessa er ég mjög gagnrýnin yfir því að nefnd skuli hafa þurft að biðja um að halda áfram að skoða hvernig takmarka megi gróðurhúsalofttegundirnar.

Það hefði mátt búast við að Ísland, sem kynnti skýrsluna á sínum tíma, mundi bregðast við með einhverjum hætti og hafa metnað til að hafa frumkvæði í málinu. En það hefur ekki verið svo. Hér á Alþingi hefur engin umræða verið. Það hefur verið erfitt að fá þingið til að bregðast við með einhverjum hætti. Við báðum um að skýrsla um málið yrði flutt hér í þinginu þannig að hægt væri að ræða þær miklu upplýsingar sem þar komu fram. Það fékkst ekki. Við báðum um að haldinn yrði sameiginlegur fundur nefnda og hugsanlega utanríkisráðuneytis. Það var ekki samþykkt og náðist ekki fram. Við spurðum hvort hægt væri að halda einhvers konar ráðstefnu á vegum þingsins. Það var heldur ekki áhugi fyrir því. Hugmyndum og óskum frá Samfylkingunni var ágætlega tekið hverju sinni um þessar ólíku leiðir sem farið var fram á. En ekki varð af neinu.

Ég hlýt að benda á, virðulegi forseti, að í Noregi, næsta nágrannalandi okkar hér á norðurslóð, var brugðist við á annan hátt. Fyrir ári var sérstök ráðstefna eða samráðsfundur í norska þinginu um skýrsluna, ACIA-skýrsluna, og til þeirrar sérstöku ráðstefnu var fulltrúum af norrænum vettvangi boðið. Þar hefur líka verið unnið við stefnumörkun og áfram er verið að vinna með þessi mál í norska stórþinginu. Þannig er tekið á málum þar sem menn taka þessu af alvöru. Það var því merkilegra að norski fulltrúinn, Hill-Marta Solberg, sem leiðir núna norðurskautssamstarfið, var stjórnarandstöðuþingmaður. Í samvinnu við stjórnarandstöðuþingmanninn var öll þessi vinna sett í gang af hálfu þingsins og af hálfu stjórnarmanna þar.

Rússar leiða nú ráðherrasamstarfið á norðurskautssvæðinu og fulltrúi þeirra í þingmannasamstarfinu heldur því fram að þar sé verið að vinna með loftslagsmálin. Ég er sannfærð um að þátttaka Rússanna í norðurskautssamstarfinu, þegar verið var að fara í gegnum loftslagsbreytingarnar þar, hafi haft áhrif á að Rússarnir tóku sig til og gerðust aðilar að Kyoto-samkomulaginu. Þeir skutu þar með Bandaríkjamönnum ref fyrir rass sem ekki vilja koma nálægt neinu af þessu tagi.

Það er því erfitt að vita að hér er bullandi áhugi á því að vinna vel. Stjórnarandstaðan hefur sýnt áhuga á að vinna með stjórnarflokkunum í máli eins og þessu enda á slíkt mál ekki að snúast um stjórn og stjórnarandstöðu. Þetta er alvarlegt mál sem allir eiga að bregðast við og vinna saman að. En það er slegið á útréttar hendur og loksins þegar fram kemur þingmál snýst það um skráningu en ekki aðgerðir. Þess vegna get ég ekki annað, virðulegi forseti, en komið inn á þessi mál þó að þau séu ekki í frumvarpinu sem slíku.

Þar sem Ísland hefur fyrir löngu síðan skuldbundið sig samkvæmt Kyoto-samkomulaginu er svo erfitt að skilja hvernig stjórnarflokkarnir hafa hugsað sér að halda um þessi mál. Ef við lítum á tölur er ljóst að árið 2005 var framleiðslugeta í áliðnaði 270 þús. tonn af áli hér á Íslandi. Árið 2008 verður framleiðslugetan 786 þús. tonn samkvæmt samningum og skuldbindandi yfirlýsingum sem stjórnarflokkarnir hafa gert. Landsvirkjun ætlar að ræða við Alcan um raforku fyrir álverið í Straumsvík. Ef þær fyrirætlanir verða að veruleika verður framleiðslugetan árið 2010 1.066 þús. tonn af áli. Ef þetta verður með þessum hætti hefur árleg losun á CO_2 frá 1990 aukist um þessi 1.600 þús. tonn sem íslenska ákvæðið heimilar og það er þá fullnýtt.

Þá sýnist, virðulegi forseti, sem íslensk stjórnvöld ætli að eiga möguleika á að taka ákvarðanir sem koma til framkvæmda eftir 2012, taka þær núna eða fljótlega, en þær eigi að koma til framkvæmda eftir 2012, sem mun hafa meiri útblástur í för með sér en umsamið er. Þá getur Ísland ekki endurnýjað skyldur sínar samkvæmt Kyoto-samningnum óbreyttar ef það ætti að vera niðurstaðan. Það er þetta sem er svo óþægilegt við að vera í pólitík á Íslandi, að vera alþingismaður á Íslandi, að vera að vinna með fólki á Norðurlöndum, að vera að vinna með fólki á norðurskautssvæðinu þar sem þessi mál eru stöðugt til umræðu. Í öllum þessum löndum hafa menn áhyggjur af þróuninni en hér tala menn ekki saman. Hér er staðhæft fram og til baka. Þetta eru tölur sem við höfum náð fram með því að skoða hvað felst í samningum og yfirlýsingum frá ríkisstjórninni. En getum við fengið það staðfest? Nei. Hvað er sagt þegar við spyrjum um það eða segjum: Nú erum við komin þangað. Nú erum við komin of langt. Þá er bara sagt: skreytni, tómur áróður og árásir.

Að þessu leyti má segja að pólitíkin hér á Íslandi sé vanþroskuð. Ég hef átt frumkvæði að því ásamt öðrum að ná einhvers konar sameiginlegri vinnu hér í nefndunum með ráðuneytinu eða með einhverjum öðrum hætti en það hefur stöðugt verið slegið á þá hönd. Ég harma það. Á sama tíma horfi ég upp á að það er unnið á annan hátt í nágrannalöndunum.

Í samkomulagi sem ríkisstjórnarflokkarnir gerðu um 250 þús. tonna álver á Bakka við Húsavík eru skuldbindingar en enginn fyrirvari um að til innflutnings á losunarheimildum geti þurft að koma þó vitað sé að ef stækkun verður í Straumsvík, sem ég get einungis lauslega gert grein fyrir, verði íslenska ákvæðið fullnýtt. Samt er ekki einu sinni fyrirvari um að það geti þurft losunarheimildir. Þá komum við að þessu með losunarheimildir eða mengunarkvóta. Hefur einhver umræða farið fram um það hér á Alþingi hvort við viljum leyfa innflutning á mengunarkvóta? Nei. Hefur farið fram umræða hér á Alþingi um kosti þess og galla að kaupa mengunarkvóta miðað við það sem við viljum gera? Nei. Svoleiðis umræðu tökum við íslenskir þingmenn ekki á Alþingi.

Svo er það Helguvík. Í þeim tölum sem ég hef nefnt er Helguvík ekki inni. Mér skilst að það sé ekkert sem banni að álver verði reist í Helguvík ef fyrirtækið útvegar mengunarkvóta sem við vitum ekkert hvort íslensk stjórnvöld nú eða síðar vilja. En mér skilst að það sé ekkert sem banni að álver verði reist í Helguvík ef fyrirtækið útvegar mengunarkvóta og uppfyllir öll önnur skilyrði. Þá væri ekki einu sinni hægt að segja nei við því. Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. umhverfisráðherra hvort þetta er rétt hjá mér.

Þá komum við að því sem var eiginlega spurningin í upphafi. Hver er stefna Íslands í loftslagsmálunum? Nefndin á að fá að vinna áfram og koma með einhverjar tillögur um hvernig hægt sé að sporna gegn henni. En hver er stefna Íslands í þessum málum? Við höfum haft fjögur ár að minnsta kosti, reyndar fleiri frá því við byrjuðum að sækja fundi og taka þátt í þessu samkomulagi. Við hljótum að reikna með að taka þátt í nýju samkomulagi eftir 2012 og þá hlýtur að vera mikils virði að geta gengið til þess samkomulags með óbundnar hendur, þ.e. að það sé ekki búið að taka ákvörðun hér heima um að ganga lengra en við höfum samið um innan Kyoto því annað væri verulega ótrúverðugt.

Ég hlýt því í þessu annars ágæta máli — ég ætla að leyfa mér að halda því fram þar til við höfum skoðað það nánar í nefnd og ég treysti að mér muni áfram finnast það ágætt — að koma hér upp og rekja þetta í stuttu máli og kalla eftir viðbrögðum hæstv. umhverfisráðherra sem er okkar vörn í þessari ríkisstjórn gagnvart því að ekki sé of hratt farið, að ekki sé rangt farið að. Hún á að vera vörn okkar allra Íslendinga í umhverfismálunum og gæta að hag landsmanna, landsins alls, gæta þess að ekki sé vaðið í villu. Allt þetta ferli stjórnarflokkanna er ótrúverðugt og ég hvet hæstv. umhverfisráðherra til að gefa þessum málum sem ég hef hér farið yfir meiri gaum.

[22:46]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem upp til að leiðrétta misskilning varðandi starf nefndarinnar. Það var mjög skýrt tekið fram í erindisbréfi nefndarinnar að henni var falið tiltekið verkefni, m.a. að koma fram með tillögur um þau efni sem henni vannst ekki tími til að vinna þannig að ég taldi að brýnt væri að koma fram með þann hluta starfs nefndarinnar sem var tilbúinn og þess vegna er þetta frumvarp fram komið á þessum tímapunkti. En nefndin fékk leyfi til að ljúka störfum. Ég vil að það sé alveg skýrt að í erindisbréfi nefndarinnar var verksvið hennar skýrt tekið fram.

[22:47]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það ágætt ef það var á verksviði nefndarinnar frá upphafi að nefndin ætti að skoða leiðir til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Það er ekki seinna vænna ef ég á að segja eins og er. En það sem ég er að vísa til er í upphafskaflanum í athugasemdunum við lagafrumvarpið:

„Nefndin óskaði í skilabréfi sínu til umhverfisráðherra eftir áframhaldandi umboði hans til að fá að halda vinnu sinni áfram og skoða leiðir til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda til að tryggja að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt Kyoto-bókuninni. Féllst ráðherra á það."

Út af fyrir sig er það ekki stórmál hvort nefndin var að biðja um að fá að klára það sem henni hafði ekki unnist tími til af þeim verkefnum sem henni voru falin eða hvort hún bað um að fá að fara í verkefni sem henni hafði ekki verið falið. Mér finnst samt betra að það skuli hafa komið fram að umhverfisráðherra hafi falið nefndinni þetta frá upphafi.

[22:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum nýtt frumvarp hæstv. umhverfisráðherra til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda. Eins og komið hefur fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og sömuleiðis í andsvörum áðan hefðu margir viljað sjá þetta mál aðeins metnaðarfyllra en raun ber vitni. Stjórnarandstaðan hefur í gegnum tíðina frá því að loftslagsmálin voru tekin á dagskrá reynt að brýna ríkisstjórnina til dáða í þessum efnum, til aðgerða og til að marka sér stefnu til að setja sér framkvæmdaáætlanir og til að koma fram með frumvarp af því tagi sem hér er verið að leggja fram. Þess vegna fögnum við því skrefi sem hér er stigið, þó svo ég geti tekið undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að við hefðum viljað sjá þetta skref miklu stærra.

Þegar maður fer að rýna í þau gögn sem við höfum á Alþingi til að taka almennilega á þessu máli verða fyrir manni ýmsar fyrirspurnir sem núverandi stjórnvöld hafa þurft að svara frá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar undanfarin 5–6 ár. Þær fyrirspurnir hafa margar hverjar verið í þá áttina að við höfum viljað fá upplýsingar um hvernig stjórnvöld sjái fyrir sér þróun þessara mála. Þá höfum við verið

að spyrja annars vegar um á hvern hátt almenn losun Íslendinga á gróðurhúsalofttegundum komi til með að þróast á næstu árum og innan þess skuldbindingartímabils sem um ræðir þegar litið er til Kyoto-bókunarinnar og hins vegar höfum við spurt út í þróunina hvað varðar stóriðjuna.

Ég var að renna í gegnum þau svör sem við stjórnarandstöðuþingmenn höfum fengið við þessum fyrirspurnum okkar. Það er nú svo að þau miðast öll við ástand sem virðist heyra sögunni til, þ.e. við ástandið þegar fyrirsjáanleg stóriðjuverkefni voru stækkun álversins í Straumsvík upp í 420 eða 460 þúsund tonn, stækkun álversins hjá Norðuráli á Grundartanga upp í hæsta lagi 300 þúsund tonn og svo í þriðja lagi ný álverksmiðja austur á fjörðum með 320–330 þúsund tonna framleiðslu. Þetta eru þau áform sem svörin sem hingað til hafa verið gefin miðast við.

Síðan varð sprengingin mikla á þessum vetri þegar stóriðjuáformin tóku þvílíkan vaxtarkipp að til urðu hugmyndir um álver á Húsavík, álver í Helguvík og rafskautaverksmiðju á Katanesi og guð veit hvað. Við höfum ekki enn þá fengið útreiknaðar neinar spár varðandi losun allra þessara verkefna sem hægt er að byggja á. Ég hef haldið því fram og geri það enn hér og nú að þau ótrúlegu áform sem við sjáum í pípunum fari langt fram úr heimildum okkar því að lauslegur útreikningur minn gerir ráð fyrir að ef öll þessi áform ganga eftir förum við yfir 2,3 millj. tonna í losun við lok skuldbindingartímabilsins 2012. Og nú spyr ég hæstv. umhverfisráðherra: Er það ekki eitthvað í samræmi við þær tölur sem hún hefur á sínu borði? Ég trúi ekki öðru en hún og hennar menn hafi slegið einhverri mælistiku á þau áform sem hér hafa verið í umfjöllun bæði hjá hæstv. ráðherrum, eins og iðnaðarráðherra og hæstv. forsætisráðherra, og hjá ofurhugum í samfélaginu. 2,3 millj. tonn er lauslegur útreikningur minn ef öll ýtrustu áform verða að veruleika. Samt stendur hæstv. umhverfisráðherra í ræðustóli Alþingis og segir: Íslendingar standa vel. Staða okkar er frábær, sagði hún í andsvari áðan. En hæstv. umhverfisráðherra má þá líka muna eftir því að þegar við gengum frá loftslagssamningnum og Kyoto-bókuninni fengum við Íslendingar heimild til að bæta 10% losun við viðmiðunarárið 1990. Við fengum að auka losun okkar frá viðmiðunarárinu 1990 um 10% á meðan öll önnur iðnríki voru sett í mínus og Evrópusambandinu var að meðaltali gert að draga saman losun um 8%. Fyrir utan þessi plús 10% sem Íslendingar fengu fáum við frílosun fyrir stóriðju upp í 1,6 millj. tonna á skuldbindingartímabilinu. Er það nema von að Íslendingar standi vel þegar meðgjöfin er svo gríðarleg sem raun ber vitni. Mér finnst það ekki vera neitt til að vera stoltur af, eins og hæstv. umhverfisráðherra sagði áðan, að við ættum að vera stolt af því hvernig við stöndum. Ég er það ekki. Þegar áformin eru skoðuð annars vegar og þessar auknu heimildir sem við fengum hins vegar, þá er ég ekki stolt. Ég skammast mín miklu frekar en að vera stolt.

Þegar litið er til íslenska ákvæðisins sem ég hef kosið að kalla undanþáguákvæði Kyoto-bókunarinnar kemur á daginn að þeir þættir sem skilyrða þá heimild sem fólgin er í íslenska ákvæðinu, að af þeim þremur meginatriðum sem okkur er gert að uppfylla til að fá íslenska ákvæðið í gegn erum við að mínu mati að sveigja hraustlega ef ekki brjóta ákveðna þætti í því. Og nú ætla ég að fara yfir þessa ákvörðun, 14/CP.7, sem er hið íslenska ákvæði. Í 2. tölulið þess eru þrír stafliðir sem eiga að lýsa þeim skilyrðum á hvern hátt Íslendingar fái þessa heimild til að auka losun frá stóriðju um 1,6 millj. tonna á skuldbindingartímabilinu. Þá segir að okkur sé nauðsynlegt að hafa þrjá hluti í lagi, þ.e. að heildarkoldíoxíð viðkomandi aðildarríkis, þ.e. okkar Íslendinga í þessu tilfelli, hafi verið minna en 0,05% af heildarkoldíoxíðslosun ríkja í viðauka I árið 1990. Þetta ákvæði stöndumst við örugglega vegna þess að hér er um mjög lítið hagkerfi að ræða og þessar tölur gefa það til kynna að ákvæðið gildi einungis um verulega smá hagkerfi.

Í staflið b er skilyrði um að endurnýjanleg orka sé notuð og sú notkun leiði til þess að losun gróðurhúsalofttegunda á hverja framleiðslueiningu minnki og þá er auðvitað talað um framleiðslueiningu í iðnríkjunum sem í hlut eiga. Þarna set ég verulegt spurningarmerki við því að í mínum huga er virkjunum á borð við þær sem íslensk stjórnvöld eru að reisa fyrir stóriðjuframkvæmdir sínar verulega ábótavant að ýmsu leyti. Í mínum huga eru þær ekki að framleiða endurnýjanlega orku. Þær eru ekki sjálfbærar að því leytinu til að þær valda gríðarlegum náttúruspjöllum sem ekki verður séð fyrir endann á. Allt sem við getum lesið okkur til um virkjun á borð við Kárahnjúkavirkjun gefur okkur ekki bara vísbendingar heldur fullvissu um að umhverfisspjöllunum sé ekki lokið með byggingu virkjunarinnar. Því að ljóst er að áframhaldandi umhverfisspjöll af uppblæstri jökulleirs á gríðarlegu strandsvæði Hálslóns koma til með að verða gríðarleg. Ég set því spurningarmerki við þessa endurnýjanlegu orku og fullyrði að virkjanir okkar til stóriðju standast ekki kröfur stíflunefndar Sameinuðu þjóðanna sem skilaði fyrir 6–7 árum gríðarlega mikilli skýrslu um stíflur og virkjanir í veröldinni. Þar má lesa ákveðnar skilgreiningar um hvaða kröfur eigi að gera til stíflumannvirkja og virkjanamannvirkja til að þær geti talist endurnýjanlegar og þar brýtur Kárahnjúkavirkjun öll grundvallaratriðin. Mér finnst því það atriði vera verulega málum blandið að við séum að framleiða orku á endurnýjanlegan hátt.

Í síðasta lagi vil ég nefna, frú forseti, þriðja stafliðinn í skilyrðunum sem okkur voru sett til að fá að auka losun á þeim nótum sem íslenska ákvæðið kveður á um. Þar er talað um að við þurfum að tryggja að bestu umhverfisvenjur séu viðhafðar og besta fáanlega tækni sé notuð til að lágmarka iðnaðarferlalosun. Hér eru við líka á gráu svæði heldur betur ef ekki beinlínis brotleg því við vitum öll sem hér erum í þessum sal að hreinsunarbúnaður sá sem álverið í Reyðarfirði gerir ráð fyrir að verða búið er ekki besta fáanlega tækni, a.m.k. ekki sú tækni sem frændur okkar Norðmenn hugðust nota í áformuðu álveri Norsk Hydro, Reyðaráli, á sínum tíma en þar var gert ráð fyrir vothreinsibúnaði sem talinn er losa brennisteinsflúor betur frá eða a.m.k. hleypir því ekki út í andrúmsloftið með sama hætti og þurrhreinsibúnaður Alcoa í Fjarðaáli kemur til með að gera. Hvaða aðferð nota þeir Alcoa-menn til að koma brennisteinsefnunum eitthvert þangað sem þeir vilja helst ekki hafa þau eða við reynum að setja þeim einhverjar skorður? Þeir blása þeim upp í loftið í 70 eða 80 metra háum skorsteinum og út í andrúmsloftið fara þau. Þar sveima þau í vindrósinni sem reiknuð hefur verið út fyrir Reyðarfjörð aftur og aftur yfir bæjarfélagið, yfir byggðina með

ófyrirséðum afleiðingum varðandi heilsufar íbúanna.

Við erum ekki að nota bestu fáanlegu tækni þarna og ég spyr hæstv. umhverfisráðherra: Hvernig sér hún okkur standa að vígi þegar skoðunarnefndir Kyoto-bókunarinnar koma hingað? Við getum þakkað eftirlitsaðilum Kyoto-bókunarinnar fyrir það að frumvarpið skuli fram komið því auðvitað er búið að senda íslensku ríkisstjórninni ákúrur fyrir það að hún hafi ekki staðið nægilega vel að verki hingað til varðandi þessi mál, varðandi skráningu losunar og varðandi bókhald sem okkur er gert að halda. Ég trúi því að við eigum eftir að fá ákúrur fyrir þá þætti sem ég hef nefnt í íslenska ákvæðinu, staflið b og c í 2. tölulið sem gera það að verkum að mínu viti að það eru orðin veruleg áhöld um það hvort farið er að þeim reglum sem settar voru í Kyoto-bókuninni eða ekki.

Við erum með fleiri álitaefni varðandi Kyoto-bókunina og varðandi það hvernig farið er með þau ákvæði sem við teljum okkur skuldbundin af. Ég spyr t.d. hæstv. umhverfisráðherra: Hvað þýðir það þegar sagt er í bókuninni að á skuldbindingartímabili okkar sé okkur heimilt að losa 1.600 þúsund tonn á ári að meðaltali? Ég hef alltaf skilið það svo að við séum þá að skuldbinda okkur til að losa ekki meira en 1.600 þúsund tonn á hverju ári í þau fjögur ár sem skuldbindingartímabilið stendur, frá 2008–2012, en hæstv. iðnaðarráðherra túlkar það þannig að þar sé um að ræða heimild til að leggja saman alla losunina á þessum fjórum árum og taka meðaltalið af þeim fjórum og ef það fer ekki yfir 1.600 þúsund tonn þá séum við á græna ljósinu.

Ég man ekki hvort hæstv. umhverfisráðherra hafi staðfest þann skilning hæstv. iðnaðarráðherra. Hún kinkar kolli þannig að ég met það svo héðan úr þessum ræðustóli að hún sé sama sinnis og hæstv. iðnaðarráðherra í þessum efnum. Þá er það alveg ljóst sem hæstv. forsætisráðherra hefur gefið yfirlýsingar um úr þessum ræðustóli að núverandi ríkisstjórn ætlar að fara í þann leiðangur sem er hafinn eða að hefjast varðandi annað skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar að óska eftir gríðarlegri viðbót við losunarheimildir Íslands. Núverandi ríkisstjórn og hæstv. umhverfisráðherra eru afskaplega stolt af því hvernig málin standa. Ég endurtek það sem ég sagði áðan: Ég er ekki stolt. Mér finnst til minnkunar fyrir íslenska þjóð að farið skuli í þessa göngu, þennan leiðangur að sækja endalausar undanþáguheimildir til þess að við sem höfum stært okkur af hreinni náttúru, hreinu lofti, góðu heilsufari fólksins okkar út um allt land skulum fara í þennan leiðangur, heimildir til að auka mengunarlosunina af þessari stærðargráðu. Ég átel því núverandi ríkisstjórn nú sem fyrr fyrir þá stóriðjustefnu sem keyrð er hömlulaus.

Frú forseti. Ég nefndi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í losunarmálunum í andsvari áðan. Hún hefur ætlað sér að sinna einum sjö atriðum á síðustu fjórum árum þegar stefnumörkunin var kynnt og birt en ég ítreka það sem ég hef áður sagt: Núverandi ríkisstjórn hefur ekki að mínu mati staðið við eigin áform varðandi samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegunda t.d. á samgöngum. Eina sem núverandi ríkisstjórn hefur gert í þeim efnum er að setja á olíugjaldið sem hæstv. umhverfisráðherra hefur stært sig af oftar en einu sinni úr þessum ræðustóli og í fjölmiðlum. Það er eina aðgerðin sem hægt er að segja að gripið hafi verið til að reyna á einhvern hátt að stemma stigu við losun útstreymis gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum á Íslandi. Það eru einu almennu aðgerðirnar. Bílainnflutningur er gersamlega óheftur. Enn eru ekki nægilega ívilnandi gjöld eða álögur á þau ökutæki sem eru knúin umhverfisvænum orkugjöfum og fleira mætti nefna í þeim efnum sem núverandi ríkisstjórn þyrfti auðvitað að sinna og hefur ekki gert.

Ég nefni líka rannsóknir á þáttum sem hafa áhrif á útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Ég fullyrði að þær stofnanir sem starfa á þeim vettvangi hafa ekki fengið þá fjármuni sem óskað hefur verið eftir og þörf hefur verið á til að geta aukið rannsóknir á þessum þáttum á þeim nótum sem hefði þurft að gera. Til marks um það er andvaraleysi og að því er virðist hreinlega áhugaleysi núverandi ríkisstjórnar á niðurstöðu skýrslu Norðurskautsráðsins sem kom út öðru hvorum megin við áramótin 2004–2005. Þær niðurstöður voru svo sláandi að eðlilegt hefði verið að núverandi ríkisstjórn tæki traustlega á málum eftir að þær lágu fyrir en það var ekki gert. Fræðslu- og upplýsingagjöf til almennings hefur heldur ekki verið nægilega kröftug að mínu mati og sannarlega þörf á því að taka þar til hendinni. Eins og ég sagði áðan er hér um að ræða ákveðið skref sem getur orðið þess valdandi að við komum til með að standa nær því að uppfylla skuldbindingar okkar í þessum efnum en ella. En sannarlega er ekki nóg að gert því að hér liggur auðvitað fyrir að ná tökum á gríðarlegum vanda.

Ljóst er að þjóðir heims þurfa að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum, ekki neitt lítið heldur gríðarlega mikið á næstu áratugum ef nást á árangur í baráttunni við hlýnun andrúmsloftsins. Talan sem yfirleitt heyrist nefnd varðandi samdráttinn er 50–60% á næstu 50 árum ef það á að nást árangur. Það er því ekki lítið sem þarf að gera. Ríkisstjórn Íslands er svo sem ekki eina ríkisstjórnin sem dregur lappirnar í þessum efnum. Stærri ríkisstjórnir og öflugri standa sannarlega ekki vel að vígi í þessum efnum og hafa skellt skollaeyrum við þeim vísbendingum og merkjum sem við höfum. Þarf ekki að nefna aðra en Bandaríkjamenn og Ástrali orðum mínum til stuðnings.

Ég sé, frú forseti, að tíma mínum er rétt að ljúka í ræðustóli en ég segi enn og aftur að ég hefði viljað sjá tekið hraustlegar á málum en raun ber vitni. Mér þykir ríkisstjórn Íslands sýna afar lítinn metnað í þessum efnum. Staðfestir það sem ég hef haft fyrir augunum í svörum sem við stjórnarandstöðuþingmenn höfum fengið við fyrirspurnum okkar í gegnum tíðina að núverandi ríkisstjórn ætlar að daufheyrast við því ákalli sem loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna gengur út á, þ.e. að sýna í verki hraustlegan samdrátt í losun. Núverandi ríkisstjórn er á allt annarri vegferð. Hún er búin að sýna sig og sanna á alþjóðavettvangi sem sú ríkisstjórn sem leggst hvað lægst í þeim efnum að bjóða mengandi stórfyrirtækjum, mengandi álbræðslum inn í landið okkar og lætur sig einu gilda um náttúruverndargildi landsins. Eina sem hæstv. ríkisstjórn setur á oddinn er að geta sýnt fram á einhvern hagvöxt og þá er alveg sama með hvaða móti.

[23:09]

Mörður Árnason:

Forseti. Hv. þingmenn sem talað hafa á undan mér hafa farið ágætlega yfir þau mál sem tengjast frumvarpinu. Um frumvarpið ætla ég ekki mikið að segja á þessu stigi. Við eigum eftir að fara yfir það í nefndinni eins og nefnt var áðan og fá svör við ýmsum spurningum um það, t.d. um 30 þúsund tonnin, hvaðan sú tala er upprunnin og hvaða gildi hún hefur og fleiri mál. Mér sýnist þó að frumvarpið sé hið ágætasta. Það skiptir miklu máli að koma bókhaldinu og skráningarkerfinu í eins fullkomið lag og hægt er, m.a. vegna þess að án þess þrýstings sem bókhaldið og kerfið setja er viðbúið að menn reyni að skjóta sér undan því að sinna þessum efnum, skjóta sér undan því að taka ábyrgð á gerðum sínum. Þá er ég bæði að tala um stjórnvöld, fyrirtæki og allan almenning því auðvitað er þetta sameiginlegt áhyggjuefni okkar allra.

Hins vegar er rétt sem fram hefur komið, að það veldur vonbrigðum að hæstv. umhverfisráðherra anno domini 2006 skuli láta sér nægja að koma fram með frumvarp af þessu tagi og geta þess ekki með verki, með fleiri frumvörpum eða lagatillögutextum eða þá með yfirlýsingum í framsögu sinni, hver eigi að verða framtíðin í þessu efni, hvaða stefnu umhverfisráðherrann hafi í helstu umhverfismálum samtímans. Farið hefur verið yfir það í fyrri ræðum með hvaða hætti æskilegt hefði verið að fá þetta en ég vil aðeins ítreka að mér finnst eins og hæstv. umhverfisráðherra upplifi sjálfan sig á þröngum leikvelli, að hún hafi ekki burði eða svigrúm til að móta sér eigin stefnu í þessu efni heldur hrekist hún nokkuð undan þeim ramma sem aðrir setja.

Umhverfisráðherrann hefur t.d. í raun og veru aldrei sagt álit sitt á því hvort Íslendingum sé skynsamlegt og rétt að ná þeim kvótum sem Kyoto-bókunin leyfir okkur. Eitt er að hafa möguleika til að menga, annað er hvort við viljum menga. Umhverfisráðherrann hefur sett fram 12 sviðsmyndir á fundi um daginn sem haldinn var til að kynna frumvarpið og því eðlilegt að tengja þær saman við frumvarpið. En ég hef ekki heyrt hæstv. umhverfisráðherra lýsa því yfir að við eigum að nota allan kvótann eða hvort við eigum að reyna að spara okkur hann og mæta hugsanlega í næstu umferð með það afrek okkar að hafa ekki þurft að nota þann kvóta sem við lögðum til. Ég hygg að ef það gæti gerst mundi það skapa okkur siðferðilegt svigrúm til forustu og leiðsagnar á þessu sviði sem gæti verið okkur ákaflega dýrmætt.

Eins er með stóriðjuákvæðið sem stundum er kennt við þjóðina að ósekju. Vissulega höfum við það ákvæði og það byggir á ákveðnum rökum sem menn tóku mark á á þeirri samkomu þar sem þetta var ákveðið. En svo kemur næsta spurning: Eigum við að nota þetta ákvæði? Er þörf á því að við notum þetta ákvæði? Er kannski betra fyrir íslenskt samfélag í fyrsta lagi, í öðru lagi fyrir íslenska pólitík út á við að við notum það ekki? Þetta eru grunnspurningar sem mér hefði fundist eðlilegt að hæstv. umhverfisráðherra svaraði fyrir sinn hatt eins og málum er háttað. Aðrir ráðherrar eru óhræddir við yfirlýsingar af þessu tagi í sínum málaflokkum og jafnvel utan sinna málaflokka. Það er alveg ljóst að hæstv. iðnaðarráðherra miðar skýrt við það að heimildirnar báðar séu fullnýttar en í umhverfisráðherranum heyrist ekkert um það efni.

Það eru álitamál í þessu sem hæstv. umhverfisráðherra þarf að svara. Hún svaraði með einhverjum hætti í fyrirspurn um daginn þannig að ég gat ekki skilið það betur en svo að hæstv. umhverfisráðherra teldi að meðaltalsreglan væri góð og gild. Það kemur líka fram í fréttatilkynningu í síðustu viku þar sem frumvarpið var kynnt ásamt sviðsmyndunum 12 sem ég minntist á, að við höfum leyfi til þess að miða við meðaltalið í þessu. Ég skal ekki um það segja. Það kann að vera lögformlega rétt að það sé þannig.

Ég hef ekki heyrt hvort hæstv. umhverfisráðherra finnist það heppilegt að við miðum við meðaltalið í þessum efnum eða ekki, hvort henni finnist það skynsamleg pólitísk stefna ríkisstjórnar og þjóðar eða hvort henni finnist það kannski óskynsamlegt í fyrsta lagi vegna þeirrar mengunar sem þetta veldur og í öðru lagi þegar höfð er í huga sú vígstaða sem við höfum í framhaldi mála. Eins og kunnugt er verður þetta sennilega eitthvert helsta átakamál aldarinnar innan lands og utan.

Ég tek eftir því að sviðsmyndirnar 12 sem eru að mér sýnist afleiðing af mjög fínni vinnu, þær eru 12 vegna þess að verið er að leggja inn ... (**Gripið fram í:** Postularnir tólf.) Ja, í fyrsta lagi voru postularnir 12 og 12 er fögur tala. Búar voru líka 12 í dómum í gamla daga og eru enn á þeim germönsku svæðum þar sem þeir eru við lýði í kviðdómum Engilsaxa. En sviðsmyndirnar eru 12 hér vegna þess að í þeirri fyrstu er gert ráð fyrir afleiðingum af þeim stóriðjusamningum sem þegar eru klárir og ekki munu breytast nema náttúruhamfarir verði eða æðri máttarvöld grípi inn í. Síðan er stig af stigi bætt við, fyrst einum og einum af þeim sem eftir eru og síðan fleirum. Þetta kemur þannig út að í fjórum af sviðsmyndunum þar sem gert er ráð fyrir núverandi samningum plús einu álveri eru menn undir stóriðjuákvæðisviðmiðinu.

Í þremur af 12, þegar búið er að bæta við núverandi samninga tveimur af þeim kostum sem nefndir hafa verið, eru menn á mörkunum. Þá verður að nefna það líka að menn eru á mörkunum með koltvíoxíðið. Út af standa reyndar aðrar loftslagstegundir sem ekki eru í stóriðjuákvæðinu því að það fjallar bara um koltvíoxíð. Menn verða þess vegna að ná í það með einhverjum öðrum hætti, með því að hafa það út úr 10% í almennu hækkuninni eða einhverjum öðrum sem ég kann ekki svar við hvort menn kaupa þá sérstakar heimildir fyrir flúorlofttegundirnar og aðrar sem um er að ræða.

Í fimm af 12, þar sem gert er ráð fyrir fleiri framkvæmdum en þessum tveimur erum við yfir þessum mörkum. Í 12. sviðsmynd, þar sem talin eru saman öll þau áform sem nefnd hafa verið að undanförnu sem raunhæf, reyndar er sagt að ólíklegt sé að sú sviðsmynd verði vegna þess að menn mundu sennilega ekki þjappa öllum framkvæmdunum á tiltölulega stuttan tíma, þetta nær til 2020. En þar erum við yfir stóriðjuákvæðinu sem nemur milljón tonnum. Þó að það verði hugsanlega ekki gert á þessum tíma sýnir sviðsmynd 12 okkur ágætlega hver framtíðin gæti orðið ef menn ætla í öll þessi áform. Nú er ég bara að tala um mengunarkvótann og ekki um þær virkjanir sem stæðu á bak við.

Spurning sem ég vil gjarnan heyra hæstv. umhverfisráð-

herra svara er: Hvað telur hún æskilegt að við reiknum með á næstu áratugum, 2020 eða 2025, að við förum langt yfir stóriðjuákvæðið, sem er 1,6 milljónir tonna? Hvert telur hún fyrir Ísland inn á við að sé heppilegt mengunarhámark miðað við þessi ár? Hvernig telur hún okkur standa í samningum um Kyoto-tímabil tvö eða Kyoto-tímabil þrjú eða hvað sem þau tímabil eiga eftir að heita? Með þá ákvörðun kannski u.þ.b. árið 2010 að við ætlum ekki bara að klára þetta 1,6 milljóna tonna stóriðjuákvæði, heldur ætlum við á einhverjum tíma að taka milljón eða 2 milljónir tonna fram yfir?

Það þarf að hugsa þetta nokkuð langt fram í tímann og það er eðlilegt þegar þessar sviðsmyndir eru komnar að ráðherra taki til þeirra pólitíska afstöðu. Sviðsmyndirnar eru engin hugarleikfimi þó að vissulega fari þær eftir því hvað í þær er matað. Það sést vel að þær eru ekki hugarleikfimi á því hvernig hæstv. ráðherra kýs að kynna þær því að hún gerir það á blaðamannafundi um leið og hún kynnir það frumvarp sem hér er til umræðu. Þess vegna er rétt að hæstv. ráðherra skýri það út einmitt í þessari umræðu hvaða afstöðu hún hefur til úrslitanna úr sviðsmyndunum til þess sem kann að vera fram undan í mengunarefnum og segi okkur frá því sem mikilvægast er um þetta, hvernig hún sjái fyrir sér samningana um næstu lotu í þessum málum.

Við höfum heyrt þau svör áður frá hæstv. ráðherra að það sé alls óvíst um næstu lotu, hvort verði af öðru Kyoto-tímabili eða ekki. Við þökkum fyrir þær fréttir, höfðum reyndar heyrt þær áður vegna þess að öll heimsbyggðin veit að núverandi stjórnvöld í Bandaríkjunum og önnur í þeirra skjóli, m.a. í Ástralíu, hafa ekki hugsað sér að taka undir hugmyndafræði Kyoto-bókunarinnar heldur beita öðrum aðferðum. En menn þykjast jafnframt vita að úr þessu verður ekki skorið fyrr en u.þ.b. árið 2009 þegar í Bandaríkjunum verða kosningar. Það sem er ljóst, hvernig sem þetta verður, er að það verður settur mikill þrýstingur á Bandaríkjamenn, Ástrala og aðrar þjóðir, líka þær þjóðir sem nú sleppa vegna þess að þær teljast vera þriðja heims þjóðir og eiga þess vegna að fá að vinna að einhverju leyti upp það forskot — það er skrýtið að tala með þessum hugtökum en það verður að gera samt — sem iðnvæddu þjóðirnar hafa vissulega á þær í mengunarefnum og auðvitað í iðnvæðingu. Settur verður þrýstingur á þessar þjóðir og það er ákaflega líklegt að á næsta tímabili verði ekki um það að ræða að menn þurfi að reyna að toga sig niður á einhverja fortíð eins og meiningin var með Kyoto-bókuninni eða að komast aðeins áfram eins og Íslendingum var leyft og nokkrum öðrum þjóðum, heldur verði uppi kröfur um verulegan samdrátt.

Ef við mættum til samninga samkvæmt sviðsmyndum 5–7 værum við búin með allt það sem við áttum inni í Kyoto og yrðum að draga saman það sem við værum nýbúin að byggja upp. Ef við mættum til leiks með sviðsmyndir 8–12 værum við komin langt fram úr þessu vegna meðaltalsútreikninganna sem ríkisstjórnin trúir á og ætlar að sleppa með í þau nokkru ár sem um ræðir. Með sviðsmynd 12 erum við komin milljón fram út og þyrftum þá að herja það út með einhverjum hætti. Ef niðurstaðan yrði sú að menn segðu: Nú eruð þið búin að fá nóg, það verður ekkert stóriðjuákvæði hjá ykkur áfram, þið eruð búin að nýta það og teljist vera búin að fá ykkar skammt af iðnvæðingu og mengun, þá kynnum við að þurfa að skera niður ekki bara úr þessum 1,6 milljónum tonna heldur líka úr þeirri milljón sem við bættist. Með glannalegri pólitík í þessum efnum gæti því núverandi ríkisstjórn og sú næsta þess vegna verið að skerða mjög möguleika þeirra ríkisstjórna, landsmanna og fyrirtækja sem á eftir koma, því að auðvitað haga fyrirtækin sér eftir því hvaða framtíð kann að vera í vændum fyrir þau, það þekkjum við.

Ég vil gjarnan fá svör við þessum spurningum frá hæstv. umhverfisráðherra í nákvæmlega þessari umræðu vegna þess að hún hefur gefið undir fótinn með það, hún hefur beinlínis hvatt til þess að í kringum frumvarpið fari fram þessi umræða með þeirri ánægjulegu tengingu sem hún setti á blaðamannafundinum milli sviðsmyndanna sem sýna hugsanlega framtíð okkar í þessum efnum og frumvarpsins sem hún hefur kosið að takmarka við bókhald og skráningarkerfi.

[23:27]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel ástæðu til þess að taka þátt í umræðunni. Mér finnst ekki koma fram mikill metnaður í frumvarpi hæstv. umhverfisráðherra í þeim málum sem snúa að umhverfisráðuneytinu og stóriðjunni í landinu. Þó að maður vildi að allar verksmiðjurnar yrðu byggðar sem til stendur að byggja sem menn hafa uppi á borðunum hvað varðar framkvæmdir í stóriðju, þá vantar samt verulega upp á að það sé einhver skynsemi í þeirri stefnu sem uppi er. Leyfisveitandi verður samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum að veita leyfi fyrir öllum verksmiðjunum. Hvergi er neitt handfast fyrir hæstv. umhverfisráðherra eða stjórnvöld yfirleitt að koma í veg fyrir eða stjórna því með einhverjum hætti hvort eða hvenær fyrirtækin verða til. Ég bið menn um að benda mér á ef ég fer rangt með, en ég get ekki séð annað en málin liggi þannig.

Þess vegna finnst mér að það hefði verið lágmark að hæstv. ráðherra hefði komið með lagafrumvarp sem hefði gefið henni möguleika til þess að stoppa á einhverjum stað þegar kæmi að ákvörðunum, vegna þess að það hefur sýnt sig á síðustu vikum og mánuðum að það er mikil alvara í þeim sem eru að hugsa um að byggja upp stóriðju hérna og skuldbindandi ákvarðanir eru bókstaflega á næsta leiti. Þegar þær hafa verið teknar bera íslensk stjórnvöld alla ábyrgð á því að útvega þær losunarheimildir sem fyrirtækin þurfa. Það er líka peningur fólginn í því þó að það sé ekki annað. Þó að maður hafi ekki skoðun á því hvort það ætti að byggja öll þessi fyrirtæki, þá hlýtur það að skipta máli hvort stjórnvöld í landinu eigi að skaffa losunarheimildirnar, en þau þurfa að gera það að óbreyttu.

Ef gerðar verða skuldbindandi ákvarðanir um byggingu þessara álvera þá tel ég að íslensk stjórnvöld sitji uppi með það að þurfa að skaffa þessar heimildir og borga fyrir þær.

Samkvæmt þeim tölum sem við fengum að sjá fyrir u.þ.b. tveimur árum síðan í svari við fyrirspurn sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir bar fram voru eftir 417 þús. tonn miðað við að af byggingu Fjarðaáls yrði og stækkuninni í Norðuráli sem búið var að ákveða ásamt viðbótinni í járnblendiverksmiðjunni sem komin er fram. Þá eru eftir 417

þús. tonn í losun á CO_2 sem þýddi að einungis eitt verkefni gat bæst við samkvæmt þessu. Nú liggur það fyrir að búið er að taka ákvörðun um að ræða við framleiðendurna í Straumsvík um stækkun þar upp á 250 þús. tonn. Ef það verður niðurstaðan er kvótinn búinn samkvæmt því sem gefið er upp í svari hæstv. ráðherra. Í því svari stendur, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu vantar um 417 þús. tonn upp á að íslenska ákvæðið sé fullnýtt við byrjun skuldbindingartímabilsins. Hugsanlegt er að farið verði í aðrar framkvæmdir sem gætu fallið undir íslenska ákvæðið á skuldbindingartímabilinu, sem mundi þýða meira útstreymi en samkvæmt fyrrgreindum útreikningum."

Hér segir svo áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef heildarútstreymi frá stóriðju sem fellur undir íslenska ákvæðið yrði meira en sem svarar til þeirra heimilda sem þar er að finna, eða 1.600 þús. tonna CO_2, yrðu einstök fyrirtæki sem færu fram úr heimildum sínum að kaupa kvóta eða stuðla að bindingu kolefnis sem svaraði umframlosun fyrirtækisins."

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvar er hægt að finna því stað að þessi fyrirtæki þurfi að skaffa þennan kvóta eins og stendur í þessu svari? Ég get hvergi fundið því stað. Það yrði þá að gera sérstakt samkomulag við þessi fyrirtæki um að þau yrðu að skaffa losunarheimildir eða koma með mótvægisaðgerðir. Ég hef ekki heyrt um að slíkt samkomulag hafi verið gert eða að til standi að gera það.

Ég spyr einfaldlega: Er þetta ekki rangt sem kom fram í svari hæstv. umhverfisráðherra? Í lögum eða reglum sem gilda um uppbyggingu þessara fyrirtækja er hvergi gert ráð fyrir að þau flytji inn losunarheimildir eða þurfi yfirleitt að gera það. Á meðan ekki hafa verið settar reglur um úthlutun losunarheimilda og þeim reglum framfylgt geta fyrirtæki hafið starfsemi hér á landi án þess að verða sér úti um losunarheimildir. Þannig hafa stjórnvöld gengið frá málum, því að yfirlýsingin sem ríkisstjórnin lét fylgja Kyotobókuninni þegar hún var staðfest á Alþingi fjallaði um að íslensk stjórnvöld ætluðu ekki að notfæra sér sveigjanleikaákvæðin sem hægt var að grípa til gagnvart Kyoto-bókuninni. Ég álít að nú séum við þar stödd í þessu máli að aðgerða sé þörf strax.

Í dag voru að koma nýjar fréttir af Húsavíkurálverinu í viðtali við forstjórann í því fyrirtæki sem ætlar að reisa það álver. Hvað sagði hann? Hann sagði að þeir vildu gjarnan flýta framkvæmdum þar þannig að þær gætu hafist í beinu framhaldi af framkvæmdunum fyrir austan. Þær gætu því hafist eftir tvö ár við Húsavík. Væntanlega er það hugmyndin. Það væri mjög mikilvægt fyrir þá að geta haldið áfram þessum framkvæmdum og hagkvæmt fyrir þá, sagði hann. Það er á sama hátt hagkvæmt fyrir þá eins og Norðurál sem nú hefur flýtt þeirri framkvæmd að stækka verksmiðjuna í Hvalfirði af því að það er hagkvæmt að láta framkvæmdirnar haldast í hendur, að ekki verði stopp eða uppihald í þeim heldur verði sá áfangi kláraður. Það eru þeir að gera núna í Hvalfirði og það er nákvæmlega það sama og þeir segja núna fyrir austan, að skynsamlegt sé að hefja framkvæmdir við Húsavík.

Við höfum séð yfirlýsingarnar um Helguvík og áhuga Norðurálsmanna á þeim framkvæmdum, yfirlýsingar forstjóra Orkuveitunnar um að áhugi sé fyrir því að uppfylla þarfirnar í sambandi við raforkuframleiðslu handa þeim o.s.frv. Það á að taka þetta allt alvarlega. Mér finnst a.m.k. ástæða til að gera kröfu til þess að það sé þó það blóð í ríkisstjórninni að hún sitji ekki uppi með að borga fyrir losunarheimildirnar handa þessum álverum. En það er auðvitað ekki nóg, það þurfa líka að vera þau bein í ríkisstjórninni að hún komi fram með viðunandi vopn í höndunum til að hafa einhverja stjórn á því hvenær af þessum framkvæmdum verður. Eins og málin standa núna virðist ekki einu sinni vera áhugi fyrir hendi hjá hæstv. ríkisstjórn að gera það. Þetta er auðvitað hægt að gera með lagasetningu og það þarf ekkert mjög flókna lagasetningu til. Ef hæstv. ráðherra hefði t.d. þá skoðun að vissara væri að hafa málin með þeim hætti að unnt væri að skrifa undir íslenska ákvæðið óbreytt, þá væri hægt að setja mjög einföld lög sem gæfu ráðherranum möguleika á að stöðva framkvæmdir sem færu fram úr íslenska ákvæðinu. Þetta væri mjög einfalt ef menn vildu gera það. Til huggunar þeim sem hafa áhyggjur af því að ekki sé nóg um að vera á Íslandi, þá er rétt að menn átti sig á að það eru ekki nema sex ár þangað til þetta tímabil rennur út. Það er verið að byggja álver fyrir austan og ef af samningum verður í Straumsvík verður hafist handa þar fljótlega. Það verður nóg um að vera fram að þeim tíma, það er ekki lengra en sex ár þangað til þetta er búið.

Ráðherrar í íslensku ríkisstjórninni virðast hafa komist að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að láta þetta allt fljúga áfram og hafi fundið upp þá aðferð að reikna eigi þetta út með því að nota meðaltalsútreikning. Samkvæmt þeirri þýðingu sem ég hef fyrir framan mig á íslenska ákvæðinu er hægt að skilja orðalagið á tvo vegu. Það má skilja íslenska orðalagið þannig að um sé að ræða meðaltal innan hvers árs og eins að um sé að ræða meðaltal áranna sem um ræðir. Því miður er ákvæðið svona úr gerði gert og íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að túlka ætti það svona. Mér þætti gott ef hæstv. ráðherra staðfesti hér að aðrir aðilar, þ.e. samningsaðilar okkar, hafi staðfest sama skilning og að það sé ekki bara á Íslandi sem menn fóru að lesa ákvæðið með þessum gleraugum í haust, að sami skilningur hafi verið á því annars staðar að lesa ætti það svona þannig að ekki komi upp einhver misskilningur hvað þetta varðar.

Reyndar er mjög furðulegt ef menn hafa litið svo á að þetta ætti að vera meðaltalsákvæði því þá hafa menn ekki legið mikið yfir því hvað þeir voru að gera í samningsferlinu, einfaldlega vegna þess að verið var að tala um nýjar framkvæmdir. Kyoto-ferlið er allt hugsað í áföngum. Það er hugsað þannig að menn nái árangri og nái meiri árangri eftir því sem lengra líður. Hvernig á manni að detta í hug að mönnum hafi dottið sú snilldarhugmynd í hug í þessum samningum að gera ætti ráð fyrir vaxandi framleiðslu yfir tímabilið sem um var samið og að niðurstaðan yrði sú að framleiðslan væri komin langt yfir það meðaltal sem hafa mætti í samningnum þegar kæmi að lokum hans og því væri ekki hægt að skrifa undir sams konar samning eftir að tímabilinu lyki eins og um var rætt? Það er verið að segja okkur það hér.

Mér finnst ótrúlegt að það sé niðurstaðan að menn hafi samið á þennan hátt. Ég geri ráð fyrir að þegar verið var að semja um þessa hluti hafi menn horft á þetta sem ferli til

lengri tíma. Hverjum dettur þá í hug að hafa þessa aðferð við samninginn? Íslensk stjórnvöld hefðu átt að gera ráð fyrir að geta þurft að skrifa undir þennan samning óbreyttan eftir 2012. Þó svo að þau hafi haft það í huga að reyna að berjast fyrir því að fá útvíkkun á ákvæðinu þá liggur ekkert fyrir um það í dag að slíkt náist. Það er ömurlegt fyrir Íslendinga að taka þátt í alþjóðasamstarfi eins og þessu með því að mæta til leiks og þurfa að byrja á að viðurkenna að þeir geti ekki skrifað undir íslenska ákvæðið óbreytt, og ríflegt var það þó.

Ég taldi ástæðu til að koma upp og tala um þetta vegna þess að mér finnst íslensk stjórnvöld hafa gengið allt of langt, einfaldlega vegna þess að við erum ekki í neinum vanda. Það eru sex ár þangað til þetta tímabil er liðið. Menn eru með fangið fullt í stækkun stóriðjuvera og það er nógur tími til að ráðstafa því sem hugsanlega kæmi út úr samningaviðræðum þegar þar að kemur.

Það er eiginlega óskiljanlegt hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að þessu máli. Það er engin stefna uppi sem hægt hefur verið að merkja í gegnum tíðina heldur er einhvern veginn látið reka á reiðanum og menn eru að geta sér til um hvað verið sé að hugsa á stjórnarheimilinu. Menn hafa verið að ráða í það. Í vetur komu allt í einu upplýsingar frá ríkisstjórninni um það hvernig reikna ætti þetta út, þ.e. þessi meðaltalsútreikningur. Núna stendur málið þannig að það koma nýjar fréttir nánast í hverjum mánuði um nýjar og stórar fyrirætlanir, ekki nánast heldur í hverjum mánuði. Ekki eru nema fáeinir dagar síðan tekin var ákvörðun um að flýta stækkuninni í Hvalfirði. Í dag kom tilkynningin um áhuga þeirra fyrir austan á því að hefjast handa sem allra fyrst við Húsavík.

Ég held að það sé kominn tími til að hæstv. umhverfisráðherra taki á sig rögg í þessu máli og sjái til þess að ríkisstjórnin móti einhverja stefnu sem hún þorir að segja frá hver sé og að sú stefna verði þannig að Íslendingar geti talað sæmilega uppréttir fyrir henni á alþjóðavettvangi.

[23:44]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég ætla að leggja örfá orð inn í þessa umræðu um frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda. Hv. þingmenn Kolbrún Halldórsdóttir, Jóhann Ársælsson og fleiri sem hafa talað á undan mér hafa farið ítarlega í gegnum þetta.

Fyrir mér vakir að inna hæstv. umhverfisráðherra eftir því hvaða stefnu ríkisstjórnin ætlar að taka í framkvæmdum sem hafa gríðarleg áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Hér er um að ræða frumvarp til laga um skráningu. Það er ofboðslega gott alltaf að halda skrá yfir hlutina. En einhver veginn finnst mér vanta tilganginn og markmiðið. Eins og kemur fram í frumvarpinu erum við skuldbundin af alþjóðasamningum að halda skrá yfir hver þróunin er hjá okkur í losun gróðurhúsalofttegunda.

Við undirrituðum Kyoto-bókunina þar sem segir m.a. að markmið Kyoto-bókunarinnar sé að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda, fyrst og fremst í iðnríkjum. Bókunin tekur til sex gróðurhúsalofttegunda: koldíoxíðs, metans, nituroxíðs, vetnisflúorkolefnis, perflúorkolefna og brennisteinshexaflúoríðs. Bókunin kveður á um að aðildarríki skuli takmarka losun þessara lofttegunda miðað við losun árið 1990. Fyrsta skuldbindingartímabil bókunarinnar er fimm ár, 2008–2012.

Þetta er það sem við höfum skuldbundið okkur til. En það er ekki þar með sagt að við höfum þá jafnframt skuldbundið okkur til nýta þetta til hins ýtrasta eða teygja þetta umfram það sem í rauninni samningurinn felur í sér. Það er ekki heldur þar sem sagt að við eigum á þessu tímabili að taka þetta allt út. Sem betur fer og vonandi erum við ekki hinir síðustu mannlegu íbúar jarðarinnar. Við höfum þess vegna engan rétt til að tæma hér öll glös í botn, þar á meðal þennan kvóta sem settur er á losun gróðurhúsalofttegunda. Við höfum bara engan rétt til þess að tæma hann í botn. Ég hefði viljað sjá hæstv. umhverfisráðherra koma hér sem öflugan talsmann fyrir þeim málaflokki sem henni er trúað fyrir en ekki koma hér eins og skráningaraðili á eftir iðnaðarráðherra, álráðherranum sem við vitum að á sér sinn æðsta draum að hér standi álver hlið við hlið.

Í Spaugstofunni um daginn var spurt hvers Vesturbæingar eigi að gjalda þar sem þeir hafa ekki álver og hvers Miðbæingar eigi að gjalda í Reykjavík þar sem þeir fá ekki álver. Spaugstofan taldi að nýja hátæknisjúkrahúsið væri dulbúið álver. Þarna er að vísu verið að gera grín, en í alvöru þó. Svo kemur umhverfisráðherrann og býðst til að vera skráningaraðili á eftir iðnaðarráðherranum, að skrá mengunina niður sem iðnaðarráðherra er að berjast fyrir að fá. Hæstv. ráðherra hefur engu svarað um stefnu íslenska ríkisins við næstu samningalotu 2013, eða eftir að þessu tímabili lýkur. Hún er engin önnur en sú sem birtist í þeim áformum sem liggja hér fyrir um stóraukna mengandi stóriðju. Það er kannski það eina sem er talandi tákn fyrir þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur. En umhverfisráðherrann ætlar að koma hingað og vera reiðubúin að vera skrásetningaraðili og skrá þessar gróðurhúsalofttegundir. Ég spyr hæstv. umhverfisráðherra hvort henni finnist ekki réttara frekar að stíga fram og segja: „Bíðum við. Við höfum þessar hámarksheimildir. Fram úr þeim verður ekki farið. Ég mun berjast fyrir því að þær verði ekki einu sinni nýttar. Ég tel það samfélagslega og þjóðfélagslega skyldu okkar, skyldu gagnvart umheiminum, skyldu gagnvart framtíðinni, að við nýtum þær ekki í botn.“ Þetta væri miklu sannari og heiðarlegri framsetning af hálfu umhverfisráðherra heldur en að flytja hér frumvarp um að skrá mengunina frá þeim álverum sem eru fyrirhuguð. Fréttirnar eru sko aldeilis dæmalausar. Ég held að það væri ágætt ef hæstv. umhverfisráðherra gæfi einhverja umsögn um þær fréttir sem hafa heyrst síðustu daga. Í dag var frétt um að flýta ætti byggingu álvers við Húsavík. Það er ekki einu sinni farið að kanna orkuöflunina þar. En samt er þetta komið á fulla ferð.

Ég er alveg sammála hæstv. umhverfisráðherra sem hristir höfuðið yfir þessu öllu saman. En með þessu er verið að gegnsýra þjóðina. Það er álverið í Helguvík, stækkun í Straumsvík og Norðurál taldi að þeir væru að gera íslenska ríkinu alveg ofboðslegt gagn með að flýta stækkuninni á Grundartanga. Ég spyr: Er verið að gera málefnum umhverfisráðherra gagn eða hver er varðstaða umhverfisráðherra gagnvart þessu æði? Samtímis því að við heyrum fréttir af því að flýta eigi framkvæmdum við álbræðsluna á Húsavík, sem vonandi verður aldrei, þá birtist viðtal við

Davíð Oddsson seðlabankastjóra. Hann segir: „Við getum búist við að þurfa hækka vextina upp í 16%." Það er samtímis þessu rugli. Svo kemur umhverfisráðherra og segir: „Ég skal skrá niður þessar gróðurhúsalofttegundir." Það er það eina sem hún hefur að leggja til málanna. (**Gripið fram í:** Færa til bókar.) Hún ætlar að færa það til bókar og þá er það bara á aðra hliðina.

Frú forseti. Mér finnst þetta aldeilis dæmalaust og sú umræða sem nú fer fram í þjóðfélaginu. Hagfræðistofnun Háskólans þóttist vera að reikna núna út að menn græddu svo ofboðslega á álverum, sérstaklega ef þeir gerðu ekki neitt annað því ef þeir færu að gera eitthvað annað yrði gróðinn náttúrlega ekki eins mikill og reyndar enginn. Talað er um að við gætum jafnvel aukið hagvöxtinn um 1% með því að leggja landið allt undir álver. Svo koma aðrir og segja að þetta sé sá lélegasti bisness sem hægt er að leggja í. En við erum að fórna umhverfinu. Við erum að fórna framtíðarlífsmöguleikum okkar fyrir þetta æði. Umhverfisráðherrann og ríkisstjórnin hafa enga stefnu í umhverfismálum hvað þetta varðar. Það er bara sagt: „Við skulum skrá þetta niður."

Ég vil minna á það, frú forseti, að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt til að nú verði staldrað við, að stóriðjuframkvæmdirnar yrðu stoppaðar. Við höfum lagt fram tillögu til þingsályktunar um það að úr því Alþingi og ríkisstjórn séu þess ekki umkomin að stöðva þetta og vilji það ekki þá verði þjóðin að fá tækifæri til að stöðva þetta brjálæði. Við höfum þess vegna lagt til að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla verði þetta ekki stöðvað með öðrum hætti, og hún feli í sér að þjóðin taki afstöðu til þess hvort hún vilji halda áfram stóriðjuæðinu og þeim gríðarlegu umhverfisspjöllum sem fylgja stóriðjunni eða að þetta verði stöðvað. Við leggjum til að við ljúkum því sem núna er í byggingu en að öðru leyti verði þetta stöðvað. Þessi þjóðaratkvæðagreiðsla gæti farið fram samhliða sveitarstjórnarkosningum í vor.

Meira að segja er þessi álverksmiðja á Reyðarfirði ekki enn komin í gegnum umhverfismat. Af því hæstv. umhverfisráðherra er líka ráðherra skipulagsmála, hvernig má þá vera að hæstv. ráðherra láti það viðgangast að óáreitt skuli haldið áfram með þessa eina stærstu framkvæmd landsins, stærstu mengunarframkvæmd landsins, án þess að útgefin hafi verið viðhlítandi starfsleyfi, án þess að uppfyllt hafi verið lög um umhverfismat? Ég veit bara að menn fá ekki einu sinni heimild til að setja skúr eða gám niður til bráðabirgða á lóð sinni eða nálægt henni án þess að fá til þess tilskilin leyfi. En þarna virðist vera allt í lagi að brjóta öll lög.

Það er ekki bara eitt heldur allt varðandi stóriðjuframkvæmdir eins og þarna fyrir austan. Umhverfismatið á Kárahnjúkavirkjun má nefna til dæmis. Skipulagsstofnun taldi að þar yrðu svo mikil umhverfisspjöll að það réttlætti ekki þær gríðarlegu framkvæmdir. Samt sneri pólitískur ráðherra því við. Svo þegar kemur að byggingu verksmiðjunnar þá eru aftur öll lög brotin. Síðan kemur umhverfisráðherra og segir: „Jú, ég skal skrá niður þessi umhverfisspjöll, þessa mengun. En ég og ríkisstjórnin höfum enga stefnu hvað það varðar."

Ágætisgrein birtist í Morgunblaðinu 4. febrúar síðastliðinn. Það er viðtal við Árna Finnsson þar sem hann fjallar um hvað gerist 2013, hver verði stefna ríkisstjórnarinnar að loknu því tímabili sem um var samið til 2012. Engin svör hafa komið hér frá hæstv. umhverfisráðherra um það, engin stefna önnur en að þau muni reyna að snapa alla þá mengunarkvóta sem hægt verður að snapa upp. Það virðist vera stefnan, þ.e. að snapa mengunarkvóta fyrir þessa stóriðju í staðinn fyrir að axla ábyrgð gagnvart umhverfinu, gagnvart alheiminum og vinna á hinn veginn.

Frú forseti. Það er dapurt að þurfa að upplifa svona lagað. Einhver sagði hér um daginn að umhverfismálin væru svo mikil hornreka í þessari ríkisstjórn vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefur alla tíð verið á móti umhverfisráðuneytinu. Hann lagðist mjög hart gegn því þegar það var stofnað og þeim málaflokki sem því var ætlað að standa fyrir. Sumar lengstu ræður sem hafa verið haldnar hér á þingi fluttu þingmenn Sjálfstæðisflokksins gegn stofnun umhverfisráðuneytisins. Menn skyldu hafa það í huga þegar þeir meta hina afburðaslöppu stöðu umhverfismála hjá þessari ríkisstjórn. Kannski er það þetta sem við þurfum enn að búa við. Ekki þurfum við að vænta mikils umhverfisáhuga hjá Framsóknarflokknum. Það höfum við reynt. En við hefðum gjarnan viljað fá sterkari eða að minnsta kosti einhver viðbrögð frá Sjálfstæðisflokknum því við heyrum þó að minnsta kosti að innan þeirra raða er fólk sem hefur áhuga á umhverfismálum og vill standa sína plikt og meira en það, vill hafa áhrif og verða við þeim alþjóðlegu kröfum sem gerðar eru til þjóða í umhverfismálum. Þess vegna er svo dapurt að hér skuli einungis lagt til að skrá niður ósómann.

Frú forseti. Ég get bara ekki orða bundist eftir að hafa heyrt allar þessar fréttir í dag og í gær um álbræðslur sem eiga núna að koma hér á færibandi. Verksmiðjurnar virðast telja sér það til tekna og vonast til að fá prik hjá ríkisstjórninni ef þeir geta flýtt framkvæmdum, flýtt þeim. Samtímis kemur seðlabankastjóri og segir: „Þenslan er svo ofboðsleg og við megum búast við að þurfa að hækka stýrivextina í 16%." Það sagði hann í dag. Ríkisstjórnin tekur ekkert mið af neinu heldur er það álæðið sem rekur hana áfram. Síðan á umhverfisráðherra koma og skrá ósómann eins og þetta frumvarp hér ber vott um.

Ég held að það væri ágætt svona í lokin að vitna til forustugreinar Morgunblaðsins. Hún er reyndar frá 20. mars 2005. Morgunblaðið hefur stundum skrifað skynsamlega um umhverfismál og varað við álæðinu. Það er gert í þessum leiðara þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stóriðjustefnan, sem mótuð var hér á landi á sínum tíma, hafði það ekki síst að markmiði að nýta orkuna, sem býr í fallvötnunum, og skjóta fleiri stoðum undir atvinnulíf landsins. Nú er svo komið að frekari nýting vatnsorkunnar er orðin verulegum vandkvæðum bundin. Enn fremur má spyrja hvort brátt fari að verða komið nóg af álverum — hvort frekari fjölgun þeirra geti orðið til að gera íslenskt atvinnulíf einhæfara, fremur en fjölbreyttara, og að tekin sé óþörf áhætta með því að hafa þannig mörg egg í sömu körfu.

Allt þetta þarf að vega og meta áður en lengra er gengið í uppbyggingu stóriðju. Það þarf líka að meta áhrif stóriðju á aðrar atvinnugreinar, til dæmis ferðaþjónustu."

Við vorum einmitt að fá ályktanir í dag í tölvupósti frá

Samtökum ferðaþjónustunnar og fleirum þar sem varað var við frekari umhverfisspjöllum og uppbyggingu stóriðju og áhrifum þeirra á þennan mikilvæga atvinnuveg.

Það er sama hvert litið er. Varnaðarorðin koma um að við séum á rangri leið. En þá er það tillaga þessarar ríkisstjórnar að athuga hvernig hægt sé að sækja í meiri mengunarkvóta til að vinna meiri umhverfisspjöll, til að byggja fleiri álver, til að menga meira, til að vera með meiri ruðningsáhrif á íslenskt atvinnulíf, til að gera okkur enn háðari einhæfri stóriðju. Það er ekkert smámál ef eitt eða tvö erlend stórfyrirtæki, álfyrirtæki, eru komin með kannski milli 80% og 90% eða yfir 80% af allri raforkuframleiðslu landsmanna og gera svo líka ofan í kaupið kröfu til mengunarkvóta, sem svo má kalla, sem Ísland hefur yfir að ráða kannski til næstu áratuga eða alda.

Frú forseti. Í lokin skora ég á hæstv. umhverfisráðherra að standa með umhverfinu og berjast fyrir það en ekki koma bara eins og skráningaraðili eftir að allt er um garð gengið, eins og þetta frumvarp ber með sér, góðra gjalda vert svo langt sem það nær. En pólitíska stefnumörkun hefur það enga.

[00:03]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég vil bregðast við nokkrum atriðum sem hafa komið fram í þessari umræðu sem að mestu leyti hefur verið málefnaleg. En ég mun leiða hjá mér að svara ýmsum rangtúlkunum sem komið hafa fram í umræðunni.

Ég vil sérstaklega leggja áherslu á stefnu ríkisstjórnar Íslands, að við stöndum við skuldbindingar okkar varðandi Kyoto-bókunina og loftslagssamninga. Það er mikilvægt að ekki sé snúið út úr því með neinum hætti í umræðum á Alþingi. Þótt frumvarpið sem hér er til umræðu gangi ekki lengra en raun ber vitni þá hef ég þegar bent á að nefndin sem samdi frumvarpið fékk víðtækara verkefni sem hún á eftir að ljúka. Ég held því að rétt væri að þingmenn spöruðu stóru orðin og skoðuðu niðurstöðuna af þeirri vinnu þegar hún liggur fyrir. Hér er eingöngu um fyrsta skref að ræða í þessum efnum og ég bið þingmenn um að skoða málið þannig.

Ýmsir þingmenn hafa t.d. nefnt skýrslu Norðurskautsráðsins sem var kynnt í Reykjavík fyrir rúmlega ári síðan, í nóvember 2004. Það má segja að þar hafi verið birtar merkilegar niðurstöður sem hafi í raun forspárgildi fyrir það sem er að gerast í veröldinni varðandi breytingar af völdum útblásturs gróðurhúsalofttegunda.

Hverjir skyldu hafa verið í formennsku í Norðurskautsráðinu þegar sú skýrsla var unnin og kynnt? Það voru Íslendingar. Mér finnst ástæða til þess fyrir okkur að vera stolt af því framlagi og þeirri forustu sem við veittum í þeirri vinnu, seinni hluta hennar. Vinnan tók auðvitað lengri tíma en þau tvö ár sem við vorum í formennsku. En það er ljóst að við veittum við þá vinnu mjög afgerandi forustu. Þessi skýrsla hefur vakið mikla athygli um allan heim og er ástæða til að taka mark á niðurstöðum hennar.

Síðan skulum við horfa á raunveruleikann á Íslandi varðandi stóriðjuframkvæmdir, sem margir þingmenn hafa gert að umtalsefni. Hver skyldi hann vera? Um hvað höfum við tekið ákvarðanir? Jú, það standa yfir framkvæmdir við stækkun Norðuráls. Það er verið að byggja álver á Reyðarfirði. Þetta eru þær framkvæmdir sem teknar hafa verið ákvarðanir um. Það er mjög mikilvægt að fólk átti sig á því. Lengra erum við ekki komin í þeirri vinnu. Það er vissulega rétt að það er margt í umræðunni. En í dag veit enginn hvernig þau mál þróast og hvernig þeim lyktar. Síðan standa yfir viðræður milli Landsvirkjunar og álversins í Straumsvík. Menn gefa sér tímann til ársloka til að ljúka þeim og við vitum ekki enn hvort þær leiða til niðurstöðu.

Álver við Húsavík hefur verið nefnt. Það er ekki komið lengra en að vera á hugmyndastigi. Það standa yfir svokallaðar könnunarviðræður, og hefur verið gefin út viljayfirlýsing. Það er augljóslega á algjöru frumstigi. Mér finnst nauðsynlegt, þegar verið er að ræða þessi mál að við horfum á þau í takt við þann raunveruleika sem við blasir. Ég held að það sé ljóst að engum dettur í hug að farið verði í þrjár framkvæmdir í einu, svo stórar sem nefndar hafa verið. Það eru einfaldar ástæður fyrir því. Það eru orkumálin. Við höfum ekki raforku í þetta allt. Það eru umhverfisáhrifin og efnahagsmálin. Samspil þessa hlýtur að ráða því hvaða ákvarðanir við tökum að lokum. Við verðum auðvitað að skoða þessi mál heildstætt. Það þýðir ekki að vera í einu horni garðsins og grafa þar. Það þarf að skoða málin heildstætt og taka síðan ákvarðanir í framhaldinu sem henta okkur, bæði í umhverfismálum, í efnahagsmálum og jafnframt varðandi raforkuna. Hvenær getum við skaffað það sem til þarf til að mæta því sem við viljum gera í þessum efnum?

Hér var talað um að við hefðum fengið aukningu um 10% í almennum losunarheimildum gagnvart loftslagssamningnum á Kyoto-tímabilinu. Af hverju skyldi það hafa verið? Mér fannst vanta í umræðuna að það kæmi fram. Það eru mjög einfaldar skýringar á því. Það er vegna þess að yfir 70% af heildarorkunotkun okkar Íslendinga er af endurnýjanlegri orku. Engin þjóð í heiminum er í sömu stöðu og við hvað það varðar. Við erum einfaldlega heimsmeistarar. Það kemst engin þjóð með tærnar þar sem við höfum hælana hvað þetta snertir. Við erum hætt að nota olíu til húshitunar. Þetta er staðan hjá okkur á Íslandi. Ég tel að við getum glaðst yfir því hve góð hún er.

Hér voru einnig nefnd 1.600 þús. tonnin og meðaltalið. Hvað þýðir það? var spurt. Þetta er alþjóðleg túlkun. Þetta er ekki nein sértúlkun okkar á Íslandi. Þetta gildir bæði um almennar heimildir og séríslenska ákvæðið. Það er ekki nein sértúlkun okkar hér á landi. Þetta er hin alþjóðlega túlkun á þessu ákvæði.

Ég vil líka svara því sem nefnt var í umræðunni af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur þar sem hún talaði um metnaðarleysi gagnvart náttúrunni. Ég vísa því algerlega á bug, vísa því til föðurhúsanna að talað sé með þeim hætti um umhverfismál og stöðu þeirra í landinu. Hér er unnið að mjög metnaðarfullum áformum í náttúruvernd. Við erum að vinna samkvæmt náttúruverndaráætlun sem er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Rétt fyrir áramótin undirritaði ég friðlýsingu um Guðlaugstungur, Svörtutungur og Álfgeirstungur, 400 ferkílómetra svæði, gríðarlega mikilvægt svæði, varpsvæði fyrir gæsir og rústasvæði, sambærilegt við Þjórsárver. Varðandi Surtsey þá var verið að stækka friðlandið þar þannig að það nái bæði til eldstöðvarinnar

neðan sjávar og ofan og hafsvæðisins í kring. Við höfum unnið að mjög metnaðarfullum áformum um Vatnajökulsþjóðgarð sem mundi ná yfir bæði Skaftafellsþjóðgarðinn og svo yrði þjóðgarðurinn að norðanverðu. Ég tel að þetta séu metnaðarfyllri áform en nokkur þjóð í Evrópu hefur möguleika á að hafa á sínu borði. Það skortir því sannarlega ekki á metnað hvað snertir náttúruverndarmál hjá þessari ríkisstjórn.

Áðan var það nefnt, sem mér þótti afar lágkúrulegt, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði alla tíð verið á móti umhverfisráðuneytinu. Ég spyr: Hvað er hér á ferðinni? Ég vil rifja upp að það var Sjálfstæðisflokkurinn sem fyrstur setti á fót nefnd til að koma umhverfismálum undir einn hatt í stjórnarráðinu. Það var Geir heitinn Hallgrímsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sem setti þá nefnd á laggirnar. Það var 1975. Síðan var lagt fram frumvarp sem ekki náði fram að ganga hér í þinginu. Það hefur því aldrei skort á það og ég nefni þetta því til sönnunar að Sjálfstæðisflokkurinn hafi haft áhuga á umhverfismálum og beitt sér á þeim vettvangi. Það var svo aftur annað mál hvernig það bar að á sínum tíma að umhverfisráðuneytið var stofnað. Ég ætla ekki að fjölyrða neitt sérstaklega um það. Við þekkjum það öll.

Mér finnst að það hafi verið gott að finna þær jákvæðu undirtektir sem mér finnst ég hafa fengið hjá þingmönnum gagnvart þessu frumvarpi. Ég ítreka að hér er um fyrsta skref að ræða í þessum mikilvægu málum og ég vildi ekki bíða með að leggja fram frumvarp sem tæki sérstaklega til skráningar á losun gróðurhúsalofttegunda.

[00:15]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. umhverfisráðherra talaði um skýrslu Norðurskautsráðsins um loftslagsbreytingar. Benti okkur á að til marks um metnað íslensku ríkisstjórnarinnar, eftir því sem manni skildist, í loftslagsmálunum hafi Íslendingar verið í forsæti í Norðurskautsráðinu þegar skýrslan kom út. Það er auðvitað rétt. En hæstv. ráðherra sagði líka að það væri ástæða til að taka mark á skýrslunni.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra um það sem hæstv. forsætisráðherra sagði í fréttum sjónvarps í kvöld. Þar lét hann í veðri vaka að hlýnunin á norðurslóðum hefði í sér fólgin ýmis tækifæri fyrir okkur Íslendinga, m.a. opnuðust möguleikar fyrir okkur til að fara að bora eftir olíu á svæðinu kringum norðurpólinn.

Ég vil bara fá að heyra hæstv. umhverfisráðherra segja eitthvað um það hvort hún er sammála hæstv. forsætisráðherra um að skýrsla Norðurskautsráðsins um hlýnun í Norðurhöfum feli fyrst og fremst í sér tækifæri fyrir okkur Íslendinga til að bora eftir olíu. (Forseti hringir.)

[00:17]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta minnti mig á það þegar ég var nýtekin við sem umhverfisráðherra og fór í viðtal og yfirskriftin á viðtalinu varð þessi: Umhverfisráðherra sér tækifæri í loftslagsbreytingum. Nú skal ég skýra þetta svolítið.

Ég tel að þeir tímar sem við lifum núna, við erum að berjast á móti losun gróðurhúsalofttegunda, geti haft í sér fólgin ýmis tækifæri, t.d. í að sækja fram í að þróa tækni sem gerir okkur kleift að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ég var t.d. í Montreal nú í desember á fundi umhverfisráðherra á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þar var einn þekktasti sjónvarpsmaður Kanada og gerði þetta sérstaklega að umtalsefni. (Forseti hringir.)

[00:18]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta svar staðfestir metnaðarleysi ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Hvaða tækifæri ætli Kyrrahafsbúar, sem horfa fram á að missa landið sitt vegna hækkunar sjávarborðs, sjái í hlýnun lofthjúpsins? Þeir sjá engin tækifæri. Þeir sjá bara ógnina sem að þeim stafar.

Það er þetta sem íslenska ríkisstjórnin virðist ekki geta skilið. Hún hvítþvær hendur sínar og lýsir því yfir, jafnt hæstv. forsætisráðherra sem hæstv. umhverfisráðherra, að það skuli bara haldið áfram á þessu stóriðjufylliríi og sótt um frekari undanþáguheimildir til að geta mengað enn þá meira okkar hreinu og tæru náttúru, sem menn eru svo í aðra röndina að reyna að selja og stæra sig af. Reyna að stæra sig af einhverri náttúruverndaráætlun þar sem einungis er búið að friða núna eitt af fjórtán svæðum sem fyrir lá að friða. Og nota bene ekkert af þessum svæðum sem (Forseti hringir.) eru á náttúruminjaskránni kemur til með að ógna stóriðjufyrirtækjunum.

[00:19]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er alröng túlkun, hv. þingmaður. Það er alveg makalaust að leyfa sér að túlka og snúa út úr orðum mínum með þessum hætti. Það er skylda okkar að bregðast við aðstæðum sem veröldin er í. Hvernig getum við gert það öðruvísi en t.d. með því að nota þá þekkingu sem við höfum til að sækja fram og til að þróa aðferðir til að bregðast við þessari vá?

[00:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra talaði um að raunveruleikinn væri annar en verið væri að gefa hér til kynna. Það væri greinilega nógur tími til stefnu. Það mundi ekki verða af öllum þessum áformum. Við hefðum ekki raforku, við hefðum ekki umhverfið, við hefðum ekki efnahagslega stöðu til þess.

En hvaða tæki hefur hæstv. ráðherra til þess að koma í veg fyrir það? Hæstv. ráðherra hefur ekki lagt fram hér tillögur sem geta uppfyllt þá möguleika að það sé hægt að stöðva fyrirtæki af t.d. vegna útblástursins. Hæstv. ráðherra verður innan ríkisstjórnarinnar að skaffa fyrirtækjunum þær útblástursheimildir sem þarf að óbreyttum lögum og reglum ef þau kjósa að koma þessari starfsemi upp hérna. Það getur komið að því hvenær sem er. Það er alveg hægt að taka (Forseti hringir.) mark á því þegar nýjar fréttir berast af nýjum fyrirætlunum.

[00:21]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Forseti. Ég hef þegar lýst því að sú nefnd sem samdi þetta frumvarp er áfram að störfum og henni hefur verið gert að gera frekari tillögur ef þörf þykir.

Hvað það snertir að við höfum ekki nein úrræði í þessum efnum vil ég minna á að við höfum auðvitað lögin um mat á umhverfisáhrifum. Við höfum skipulagslögin. Framkvæmdir sem menn hugsa sér að fara í, eins og t.d. stóriðjuframkvæmdir, þurfa byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi frá sveitarfélögum og starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Þar að auki er það nú staðreynd að stóriðja hefur hingað til ekki verið sett á fót hér á landi án sérstakrar aðkomu stjórnvalda. Það hafa verið sett lög um stóriðjuverkefni og síðast voru sett lög um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. (Forseti hringir.) Það var 2003.

[00:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er bara þannig að nú er búið að breyta lagaumhverfinu. Það er engin þörf á að setja sérstök lög. Ef menn gera samning um að byggja upp álver í Helguvík og fá einhvern til að skaffa sér raforku og fara í gegnum umhverfismat samkvæmt þeim reglum sem liggja fyrir þá hefur hæstv. ráðherra engin tök á því að stoppa slíkt. Það er hvergi gert ráð fyrir því í lögunum um mat á umhverfisáhrifum að hæstv. ráðherra geti stoppað það af því að það passi ekki inn í efnahagsrammann hjá ríkisstjórninni eða eitthvað slíkt.

Það er ekki neitt þannig. Hæstv. ráðherra getur það ekki heldur þó það vanti losunarheimildir. Það er hvergi gert ráð fyrir því. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á losunarheimildunum eins og málin standa núna og hæstv. ráðherra þarf að láta hendur standa fram úr ermum. Það er stutt eftir af þessu þingi. Jafnvel þó að við verðum á sumarþingi er ekki víst að lög af þessu tagi yrðu komin þar í gegn. Hvenær á þetta að gerast? Það er verið að semja um Straumsvík. Ætli samningurinn geti ekki orðið til í haust? (Forseti hringir.)

[00:24]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að við höfum nægan tíma til stefnu til að skoða frekari lagasetningu og ákvæði hvað þetta snertir. Umhverfisráðherra er ágætlega fær um að bretta upp ermar þegar þess þarf.

[00:24]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var ágætt að heyra frá hæstv. umhverfisráðherra að hún væri tilbúin að bretta upp ermar. Ég held að það sé rækilega kominn tími til þess. Þetta litla frumvarp sem við erum hér að fjalla um er svona lítið hænuskref.

Ég er viss um að hæstv. ráðherra er ekki öfundsverð af að fara fyrir þessum málaflokki í ríkisstjórn sem hefur kannski ríkisstjórna mest fótum troðið íslenska náttúru.

Hæstv. ráðherra ræddi um metnaðinn. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því. Er það metnaður að þurfa að berjast gegn því á hæl og hnakka að jökulárnar í Skagafirði verði stíflaðar og eyðilagðar? Skjálfandafljót liggur undir ef álver verður á Húsavík og stækkar í þá veru eins og þar er vilji til. Skaftárveitur. Þær voru síðast í fjölmiðlum í gær. Langisjór. (Forseti hringir.) Er þetta metnaður að við þurfum að vera (Forseti hringir.) berjast á hæl og hnakka, frú forseti, fyrir þessum náttúruperlum.

(**Forseti** (SP): Ég bið hv. þingmann að virða ræðutíma.)

[00:25]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst nauðsynlegt að við ræðum þessi mál af yfirvegun og í samræmi við raunveruleikann.

[00:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála því að það þarf að ræða um raunveruleikann en ekki óraunveruleikann. Við vitum þess vegna hvaða frumvörp koma alltaf fyrst hér inn í þingið. Það eru frumvörp iðnaðarráðherra sem lúta að þeim þáttum sem umhverfisráðherra síðan ber ábyrgð á.

Ég vil spyrja hæstv. iðnaðarráðherra — ég biðst forláts, ég á við umhverfisráðherra, ég virði einlægan áhuga hæstv. umhverfisráðherra á málaflokknum: Hvaða skoðun hefur hún sem umhverfisráðherra á þessum álversframkvæmdum út frá umhverfissjónarmiðum og þeim hagsmunum sem hún er sett yfir í sínu ráðuneyti?

Álver í Helguvík. Stækkun í Straumsvík. Álver á Húsavík. Stækkun á Grundartanga. Álver í Reyðarfirði. Er þetta sú sýn (Forseti hringir.) sem hún ætlar að bakka upp í ríkisstjórn?

[00:27]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef þegar í þessari umræðu lýst afstöðu minni til þessara mála í heild sinni.

[00:27]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Maður heitir Pétur Reimarsson. Hann er verkefnisstjóri umhverfismála hjá Samtökum atvinnulífsins. Hinn 18. þessa mánaðar lýsti hann því yfir, ég er með frétt úr Ríkisútvarpinu, að þar sem skuldbindingar Íslendinga gagnvart Kyoto-bókuninni væru þjóðréttarlegs eðlis væri það ríkisstjórnarinnar að sjá til þess að nægar heimildir til koldíoxíðslosunar væru til staðar í landinu.

Er hæstv. umhverfisráðherra sammála þessari yfirlýsingu eða telur hún að það sé fyrirtækjanna að afla sér heimilda til koldíoxíðslosunar með öðrum hætti ef þær eru ekki fyrir hendi sjálfkrafa?

[00:28]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Margnefnd nefnd, sem ég hef greint frá að sé að störfum, mun einmitt skoða þessi mál og hvort rétt sé að festa í lög heimildir til að krefja fyrirtækin um mótvæg-

isaðgerðir, t.d. þá líka að útvega losunarheimildir ef þess gerist þörf.

[00:29]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hér er ekki um að ræða tæknilega úrvinnslu. Hér er um að ræða pólitíska stefnumótun. Umhverfisráðherra getur eiginlega ekki svarað svona. Hún verður að segja hvað henni finnst þegar hún er spurð á Alþingi Íslendinga um það. Er það þannig að það sé ríkisstjórnarinnar að afla þessara heimilda, þá jafnt fyrir alla sem það vilja, eða er það fyrirtækjanna sjálfra að gera það? Og er það þá þess fyrirtækis sem kemur næst á eftir þegar markinu hefur verið náð eða á það skiptast á þau öll?

Þetta er pólitísk spurning og stjórnmálamaður á að geta svarað henni en á ekki að vísa á nefnd tæknimanna til þess.

[00:30]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst með ólíkindum að heyra hv. þingmann tala á þennan hátt niður til kollega síns hér sem ég tel að hann hafi gert með því að segja að ráðherra eigi ekki að svara á þennan veg. Ég áskil mér rétt til þess að svara þeim spurningum sem til mín er beint með þeim hætti sem ég kýs sjálf.

Það er einfaldlega þannig að það er enn þá verið að skoða þessi mál og hvernig best sé að koma þeim fyrir. Hv. þm. Mörður Árnason verður að sætta sig við að ég svara þessu ekki öðruvísi að þessu sinni.

[00:31]

Mörður Árnason:

Forseti. Þetta skal vera ákaflega stutt. Umhverfisráðherra urðu á þau mistök að halda að hún hefði síðasta orðið í þessum sal og kemur með þann sleggjudóm að ég sé að tala niður til einhvers um þetta. Þegar ég segi að hæstv. ráðherra geti ekki svarað eða réttara sagt að ráðherra almennt geti ekki svarað svona spurningum þá er ég ekki þar með að kasta skít í Sigríði Önnu Þórðardóttur, hæstv. umhverfisráðherra nú, heldur er ég einfaldlega að benda á að umgengnishættir hér á þinginu verða að vera þannig að stjórnmálamenn sem hér hafa valist til þess að vera ráðherrar verða að svara pólitískum spurningum. Þeir geta svarað þannig að þeir hafi ekki gert upp hug sinn um þetta, að þeir séu að bíða eftir tiltekinni atburðarás eða samningaviðræðum við t.d. hinn stjórnarflokkinn, en þeir geta ekki svarað með því að þeir séu að bíða eftir embættismönnum, því það er þessi nefnd sem semur þessi lög, hún er ekkert annað. Hún er ekki þverpólitísk nefnd, það væri þó a.m.k. ástæða fyrir því að geta sagt þetta, að það sé verið að semja um málin annars staðar og ráðherra vilji ekki grípa inn í þær hugleiðingar. En hér er ekki um það að ræða, þetta er ósköp einfaldlega nefnd sem er skipuð — hverjum er hún skipuð? Í henni eiga m.a. sæti fulltrúar umhverfisráðuneytis, þ.e. ráðuneytis sem umhverfisráðherra stjórnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar, stofnunar sem undir umhverfisráðherra er sett. Þar eru líka fulltrúar Úrvinnslusjóðs, sem er í túninu hjá umhverfisráðherra og fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins.

Því miður er ekki hægt, það er ekki eðlilegt að ráðherra svari spurningum um vilja sinn með því að benda á þessa menn. Hún getur svarað með öðrum hætti eins og ég hef rakið og ég stend við það og frábið mér athugasemdir af því tagi sem ráðherra kemur hér fram með, þó að hér sé komið vel fram yfir miðnætti, vegna þess að hún verður bara að gjöra svo vel að undirgangast það að til hennar eru gerðar ákveðnar kröfur sem ráðherra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landmælingar og grunnkortagerð, 1. umr.

Stjfrv., 668. mál (heildarlög). — Þskj. 978.

[00:33]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um landmælingar og grunnkortagerð. Frumvarpið er samið af nefnd sem ég skipaði haustið 2004 og hafði það hlutverk að endurskoða lög nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð, einkanlega í því skyni að skilgreina hvert hlutverk hins opinbera ætti að vera í landmælingum og kortagerð.

Þó að gildandi lög um landmælingar og kortagerð séu ekki gömul, þá hefur mikil þróun orðið í tækni á sviði landupplýsinga á undanförnum árum. Einnig hefur starfsemi einkaaðila á því sviði vaxið mikið og hafa á stundum komið upp árekstrar á milli einkafyrirtækja og Landmælinga Íslands, sem leitt hafa til málareksturs fyrir samkeppnisyfirvöldum. Þá hefur starfsemi Landmælinga Íslands verið byggð upp svo að segja frá grunni eftir flutning stofnunarinnar á Akranes. Þessar breytingar kalla á endurskoðun á því lagaumhverfi sem stofnunin starfar í og á betri skilgreiningu á því hvert hlutverk hins opinbera á sviði landmælinga og kortagerðar eigi að vera.

Í 4. gr. frumvarpsins er leitast við að skilgreina hlutverk Landmælinga Íslands með nákvæmari hætti en áður. Gert er ráð fyrir að stofnunin dragi sig út úr þeim rekstri sem nú er í samkeppni við einkaaðila á almennum markaði en muni áfram tryggja að veigamiklum grunnverkefnum sé sinnt sem ekki er víst að markaðurinn sjái sér hag í að vinna á öllum tímum eða fyrir allt landið.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að stofnunin verði umhverfisráðuneytinu til ráðuneytis á fagsviðum sem hún starfar á og um stefnumótun á sviði landmælinga og opinberrar grunnkortagerðar.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að stofnunin reki sameiginlegt landshnitakerfi og hæðarkerfi fyrir allt Ísland. Þessi kerfi nýtast m.a. sem grunnur fyrir vöktunarkerfi svo sem á jarðskorpuhreyfingum, fyrir verklegar framkvæmdir, skipulagsvinnu og vegna margs konar leiðsögukerfa.

Í þriðja lagi skal stofnunin hafa frumkvæði að gerð og notkun staðla á sviði landupplýsinga og er tilgangurinn m.a. að tryggja gæði og samræmingu á þessu sviði hér á landi.

Í 4. tölulið 4. gr. er skilgreint það verkefni við grunnkortagerð sem Landmælingum Íslands er ætlað að sjá um, þ.e. gerð, viðhald og miðlun tiltekinna stafrænna þekja í

mælikvarðanum 1:50.000. Þetta eru upplýsingar eða svokallaðar þekjur á stafrænu formi um vatnafar, yfirborð, vegi og samgöngur, mannvirki, örnefni, stjórnsýslumörk og hæðarlínur. Markmiðið með þessu er að tryggja að tiltekin stafræn gögn af öllu landinu séu ávallt til og þeim viðhaldið. Við framkvæmd þessa verkefnis getur stofnunin aflað gagna frá einkaaðilum og falið einkaaðilum að vinna einstaka þætti og ég tel æskilegt að það verði gert í sem mestum mæli, t.d. með útboðum verkefna. Með ákvæðinu er leitast við að skýra nákvæmlega hvar mörk þessa verkefnis liggja til að forðast núning við hinn frjálsa markað og til að tryggja sem mest svigrúm einkaaðila á sviði landmælinga og kortagerðar.

Að lokum er stofnuninni ætlað að veita aðgang að þeim gögnum sem varðveitt eru í gagnasöfnum hennar og eiga faglegt samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök. Ákvæði frumvarpsins um höfundarrétt, miðlun upplýsinga og afnotarétt á gögnum eru óbreytt frá gildandi lögum. Gögn þau sem til verða hjá Landmælingum Íslands verða því sem fyrr háð höfundarrétti ríkisins og heimilt er að taka sérstakt gjald fyrir sölu á afnotum á efni í vörslu stofnunarinnar svo sem stafrænum þekjum og eldri gögnum. Hins vegar er gert ráð fyrir þeirri áherslubreytingu að stofnunin verði að stærstum hluta rekin á grundvelli opinberra fjárframlaga og sértekjur minnki. Kemur þetta til af því að stofnunin mun ekki lengur annast þau verkefni, t.d. útgáfu korta, sem verið hafa í samkeppni við einkaaðila á hinum almenna markaði. Stofnunin mun einungis sinna þeim afmörkuðu verkefnum sem skilgreind eru í 4. gr. frumvarpsins og afla tekna með þjónustugjöldum vegna þeirra verkefna og áðurnefndrar sölu á afnotum af gögnum.

Frú forseti. Ég hef hér rakið meginefni frumvarpsins og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til umhverfisnefndar.

[00:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Í því hlutafélagafári sem gengur yfir þessa stundina liggur við að maður undrist að hæstv. umhverfisráðherra skuli ekki leggja það til í þessu frumvarpi að Landmælingar Íslands verði hlutafélagavæddar. (Gripið fram í.) Það er hún ekki að gera heldur er verið að leggja það til að Landmælingar Íslands verði dregnar út úr samkeppnisrekstri og svona tæknilega séð má í sjálfu sér alveg fella sig við það að slíkur framgangsmáti skuli hafður og það skuli viðurkennt að það sé í almannaþágu að Landmælingar Íslands séu og verði áfram stofnun í eigu ríkisins. Það er auðvitað rétt sem kemur fram í ábendingu frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að næsta mál á dagskrá eða þarnæsta mál á dagskrá um Landhelgisgæslu Íslands kemur sennilega til með að vekja meiri umræðu en þetta mál.

Hins vegar langar mig til að gera hér örfáar athugasemdir, frú forseti, vegna þess sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Það er alveg ljóst að Landmælingar Íslands hafa á undanförnum árum haft á sér af hálfu löggjafarsamkundunnar verulega kröfu um sértekjur og stofnunin hefur einatt kvartað undan því að erfitt sé fyrir hana að ná upp í þessar sértekjur, eins og reyndar margar aðrar ríkisstofnanir. Ég veit ekki hvort Landmælingar hafa kvartað hærra eða jafnvel minna en aðrar af því að þær hafa auðvitað staðið sig mjög vel í að selja afurðir sínar, sín kort. En eitt af því sem ríkisvaldið hefur staðið fyrir er að stofnuninni hefur verið gert að vera á samkeppnismarkaði, að framleiða vöru sem skilar umtalsverðum sértekjum inn í sjóði stofnunarinnar, til þess að standa undir verulegum hluta af þeirri starfsemi sem er lögbundin sem varðar grunnkortagerðina.

Nú langar mig til þess að fá að heyra það frá hæstv. umhverfisráðherra að gert sé ráð fyrir því að Landmælingar fái þá fjármuni sem til þarf til að standa vel að verki varðandi skráningu sem nauðsynleg er fyrir þá grunnkortagerð sem áfram verður lögbundið verkefni Landmælinga Íslands. Ég held að yfirlýsing um það hljóti að verða að koma frá hæstv. umhverfisráðherra við 1. umr., að tryggt sé að þannig verði að verki staðið að Landmælingar Íslands fái þá fjármuni sem til þarf til þess að standa undir lögbundnu hlutverki. Samkvæmt fylgiskjali með þessu frumvarpi frá fjármálaráðuneytinu, fjárlagaskrifstofu þess, kemur fram að verkefni Landmælinga séu skýrð og einfölduð, það kemur fram að stofnunin hverfi af samkeppnismarkaði og að gert sé ráð fyrir að hún gæti áfram hagsmuna ríkisins á sviði höfundar- og afnotaréttar á öllu því efni sem stofnunin hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Sömuleiðis kemur fram að áfram sé gert ráð fyrir því að stofnunin geti aflað sér tekna á þann hátt sem verið hefur, þ.e. með sölu á afnotum af þessu efni, enda má þá gera ráð fyrir því að það verði sérhæfðari þjónusta að einhverju leyti og ekki eins mikil sala á vörum sem keppa á markaði við samkeppnisaðila sem skapa sértekjurnar. Hins vegar munu áfram koma einhverjar sértekjur fyrir sölu á þjónustu og fyrir afgreiðslu á þeim gögnum sem framleidd eru.

Áhrif frumvarpsins, eftir því sem fjármálaráðuneytið kemst að niðurstöðu um á kostnað ríkissjóðs, koma fram með þeim hætti að Landmælingar Íslands hverfa af samkeppnismarkaði og þar með er áætlað að þar verði stofnunin af 20 millj. kr. sértekjum á ári en á móti falli niður beinn kostnaður við samkeppnisreksturinn og fjárlagaskrifstofa gerir ráð fyrir því að fjárhagslegt tap stofnunarinnar vegna þessara breytinga verði metið á 6 millj. kr. á ári. Það er gert ráð fyrir að því verði mætt innan útgjaldamarkmiða langtímaáætlunar og ég hef ástæðu til þess að óttast að þessi umsögn fjárlagaskrifstofu sé ekki fullnægjandi fyrir stofnun sem þarf að sinna jafn umfangsmiklu hlutverki og kortagerðin er, grunnkortagerðin og rannsóknirnar og tæknin sem til þarf er auðvitað fjárfrekur þáttur þannig að ég held að það hljóti að þurfa að viðurkenna það hér við 1. umr. að stofnunin verði ekki verr sett en áður við þessa breytingu.

Ég verð að segja það líka, frú forseti, að mér finnst orðalagið sem kemur fram í frumvarpinu og lýtur að skilgreiningum verkefnanna í 4. gr. nokkuð óljóst. Í greinargerðinni er sagt að verkefni Landmælinga Íslands skv. 4. gr. muni þýða að stofnunin dragi sig út úr þeim rekstri sem nú telst vera samkeppnisrekstur.

„Með þessu ætti að draga úr núningi við einkafyrirtæki," segir í greinargerðinni, með leyfi forseta, og áfram: „og álitamálum sem gætu komið til kasta samkeppnisyfirvalda. LMÍ mun hins vegar tryggja að veigamiklum grunn-

verkefnum sé sinnt, sem ekki er víst að markaðurinn muni sjá sér hag í að sinna. Hins vegar geta einkafyrirtæki og aðrir aðilar komið að vinnu við slík grunnverkefni eða einstaka þætti þeirra."

Ég verð að segja, frú forseti, að mér finnst þetta nokkuð loðið orðalag í skilgreiningunum eða skýringunum með frumvarpinu og ekki vera alveg ljóst af þeim töluliðum sem taldir eru upp í 4. gr. hver þessi grunnverkefni nákvæmlega eru og hvernig megi vita að þar séu á ferðinni verkefni sem ekki sé víst að markaðurinn muni sjá sér hag í að sinna. Ég spyr hæstv. umhverfisráðherra: Gæti sú staða ekki komið upp að eitthvert einkafyrirtæki ákveddi að það væri tilbúið eða í stakk búið til að sinna einhverjum þáttum sem taldir eru upp í 4. gr. og þar með væri um leið kippt ákveðnum stoðum undan starfsemi Landmælinga Íslands? Ég óttast að þetta geti í sjálfu sér orsakað að einkafyrirtækin geti sótt á enn frekar en orðið er og jafnvel seilst inn á þetta verksvið og inn í þau verkefni sem þó virðast vera áskilin með 4. gr. Við vitum að einkafyrirtæki úti á markaði hafa gert kröfu um að Landmælingar Íslands verði einkavæddar og seldar. Það hafa komið fram yfirlýsingar frá einkaaðilum sem telja sig geta sinnt öllum þessum hlutverkum og þar af leiðandi er full ástæða til að óttast að núningurinn geti haldið áfram og kröfur einkaaðila og ásælni í þessi verkefni haldi áfram og geti haldið áfram að veikja Landmælingar Íslands.

Frú forseti. Þetta eru hugleiðingar mínar við 1. umr. og hæstv. umhverfisráðherra og við í umhverfisnefndinni þurfum auðvitað að fara vel yfir þessa þætti og það er eins og ég segi helst það sem lýtur að skilgreiningunum í 4. gr. og það sem lýtur að fjármálum stofnunarinnar sem ég er hugsi yfir nú við 1. umr.

[00:47]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tel ástæðu til að fagna þessu frumvarpi. Það hafa orðið miklar breytingar á þeirri starfsemi sem Landmælingar Íslands sinntu einar áður. Það er eðlilegt að taka tillit til þeirra breytinga með frumvarpi af þessu tagi, frumvarpi sem lætur markaðsaðila um samkeppnisrekstur en stillir Landmælingum þar á móti upp sem ríkisstofnun sem sér um tiltekin mál, sérstaklega um hæðakerfið og landshnitakerfið, og um að hafa tiltæk öll grunngögn sem hér eru talin upp og eðlilegt er að Landmælingarnar hafi.

Þótt einstök fyrirtæki kunni að láti mannalega sýnist mér að það skapi þeim ekki þann rétt að taka við því hlutverki sem Landmælingunum er falið hér og ég tel vera stjórnsýsluhlutverk, að minnsta kosti eins langt fram og séð verður.

Það vakna svo ýmsar spurningar sem við hljótum að fara í gegnum í nefndinni sem um þetta fjallar. Þær varða m.a. það sem um er fjallað í 7. gr. í fjármögnuninni, raunar líka í 5. gr. og ef til vill 6. líka. Þar vakna m.a. spurningar vegna orðalags sem ég vona að ráðherra geti skýrt fyrir mér á eftir. Í síðustu mgr. 7. gr. er tekið fram að miðað sé við að gjöld í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir séu þjónustugjöld. Gjaldskrá sú skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna, en mér er ekki ljóst hvort þessi málsgrein á við alla töluliðina, nr. 1, 2, og 3, í 7. gr. eða hvort hún á aðeins við þann síðasta, við þann þriðja.

Þetta skiptir auðvitað verulegu máli vegna þess að í þeim fyrsta er kveðið á um afnotasölu og höfundarrétt og mér skildist á ræðu ráðherra að þetta ætti að vera óbreytt frá því sem nú er. En þetta er eitt af þeim atriðum sem valdið hafa núningi og spennu á milli Landmælinga og einkaaðila, þ.e. Landmælingar hafa eðlilega krafist gjalds fyrir það efni sem stofnunin lætur af hendi. Eins og staðan er nú hafa Landmælingar sjálfdæmi um hvert það gjald er. Það er þeirra mat og verður ekki borið undir aðra og það hafa menn verið óánægðir með.

Nú má segja að réttlæting sé að baki slíku gjaldi, sú réttlæting að fyrirtæki sem notfæra sér efnið, og þá fyrst og fremst kaupendur, notendur efnisins, eigi þá að bera uppi kostnað við viðhald kerfisins og öflun nýrra upplýsinga. Sums staðar í samfélaginu er þetta haft með þessum hætti, ég nefni bílaskatta. Hin viðtekna réttlæting þeirra er sú að bíleigendur eigi að taka þátt í viðhaldi og uppbyggingu vegakerfisins. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að slíkt eigi við í þessu tilviki. Ég held að þessar upplýsingar séu ákaflega mikilvægar, ekki bara fyrir þá sem kaupa kort heldur fyrir allt það þekkingarsamfélag sem hér er fram undan. Ég held að það sé í sjálfu sér mjög mikilsvert markmið að upplýsingarnar og gögnin sem geymd eru hjá Landmælingum, og Landmælingar halda áfram að byggja upp og þróa, berist sem allra víðast um samfélagið og með sem allra minnstum kostnaði. Þannig að þessar grunnupplýsingar séu reiddar fram af almannavaldinu sem partur af þjónustu þess við Íslendinga og fyrirtækin sem við sögu koma, að sjálfsögðu þó þannig að greitt sé fyrir sem nemur kostnaði. Þetta er álitamál en ég spyr hvor kosturinn sé réttur í þessu. Er það þannig að síðasta málsgreinin eigi bara við 3. töluliðinn eða á hún við þá alla?

Þetta þarf að lýsast því ef við ætlum að koma á sæmilegri samvinnu og skjóta stoðum undir Landmælingarnar verður það að vera í þokkalegri sátt og með mjög skýrum samvinnuháttum milli hinnar opinberu stofnunar og þeirra einkaaðila sem koma við sögu.

Annað vil ég spyrja um í þessari ræðu sem ég skal þó ljúka mjög snemma. Það er um frumvarp sem sögur bárust af að væri í undirbúningi í forsætisráðuneytinu og að minnsta kosti einhverjir héldu að væri frumvarp sem væri almennt um afhendingu opinberra gagna og hvernig háttaði með höfundarrétt eða birtingargreiðslur fyrir þau gögn. En það hefði vissulega verið fróðlegt að fá slíkt frumvarp og kannski eðlilegt að settar séu heildarreglur um þetta því vandamál sem hér koma upp kringum Landmælingarnar og breytingarnar á þeim eiga víðar við í ríkisstofnunum og eiga við fleiri upplýsingar sem þar eru geymdar og eru í almannaeigu en það sem hér kemur við sögu. Ég vissi til að slíkt frumvarp var á leiðinni og var m.a. sagt það í fréttum frá mönnum utan Stjórnarráðsins þannig að ég er ekki að brjóta neins konar trúnað við aðra sem höfðu sagt mér þetta. Ég spyr. Af hverju er þetta frumvarp ekki samferða í gegnum þingið eða er von á því næstu daga?

[00:55]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Örfá orð um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð. Eins og kom fram í máli hæstv.

ráðherra er markmiðið með þessu frumvarpi að gera skarpari skil á milli þess sem telst vera nauðsynlegt að hafa í opinberri forsjá og hins sem er talið að geti unnist af fyrirtækjum í samkeppnisrekstri um þá málaflokka.

Mér finnst þessi nálgun ekki rétt. Sú nálgun sem ég vil hafa í svona umræðu er fyrst og fremst að leitað sé leiða til að þessi störf séu unnin á sem hagkvæmasta og öruggasta hátt. Landmælingar og kortagerð eru einn af grunnþáttum íslensks samfélags, íslensks atvinnulífs, og er í sjálfu sér ekki endilega markaðsvara sem slík. Ég vil því slá varnagla við að farið sé of langt í að skilgreina þessa starfsemi sem samkeppnisrekstur. Þetta er grunnþjónusta og það er reyndar þar sem verið er að draga mörk í þessu frumvarpi.

Hins vegar verðum við líka að horfa til þess að þetta skapar ekki möguleika til umfangsmikils starfs. Það getur verið mikilvægt fyrir stofnun eins og Landmælingar að hafa möguleika á sem fjölþættustum störfum þó hluti þeirra geti flokkast undir það að aðrir geti unnið þau. Það bæði eykur möguleika stofnunarinnar til að þróa tækni og þekkingu og gefur starfsmönnum meiri möguleika til að tileinka sér aukna færni og aukna þekkingu á þessu sviði, með því að þeim sé gefið svigrúm. Sá hvati sem fylgir slíkum möguleikum inn í stofnunina er gríðarlega mikilvægur, bæði faglega og starfslega séð og hvað lýtur að þróun og möguleikum einstaklingsins sem þar vinnur. Þessi þáttur í störfunum má alls ekki gleymast og hann má ekki vanmeta, sem mér finnst gert í þessu frumvarpi. Því fleiri þættir og því meiri möguleikar sem eru færðir út úr svona stofnun þeim mun þrengri bás er verið að marka henni og því starfsfólki sem þar vinnur. Það er engum hagkvæmt.

Ég er ekki sammála þeirri nálgun sem sett er upp hér að það sé nauðsynlegt að setja þessi verkefni út úr stofnuninni. Það má vel vera að það geti verið nauðsynlegt að gera þeim skil innan stofnunarinnar á þann hátt að þau séu reikningslega og rekstrarlega aðgreind og ekki sé verið að færa umfram það sem eðlilegt er á milli liða hvað það varðar. En mér finnst það alröng nálgun að stofnunin megi ekki vera í þessum verkefnum og ekki er hægt að færa þjóðhagsleg rök fyrir því að svo sé.

Það væri fróðlegt að vita hve mörg fyrirtæki hæstv. ráðherra telur að séu þess umkomin núna að taka að sér þau verkefni sem verið er að úthýsa eða útvista eða hvað menn vilja kalla þetta. Hvað eru þau mörg? Er ekki verið að færa þetta út í einkavædda einokun? Það er ekki nein samkeppni í sjálfu sér á markaðnum umfram það sem Landmælingar sjálfar gætu veitt með því að vera með þetta sem sérstakan rekstrarlið hjá sér. Þannig að sú hugmyndafræðilega nálgun sem hér er beitt finnst mér vera mjög takmörkuð og í rauninni mjög skammsýn.

Að sjálfsögðu eru þarna ákveðnir þættir sem ég geri ráð fyrir að geti fyllilega verið unnir á einhverjum samkeppnisgrunni. En eftir að hafa fengið forstjórann í heimsókn á þingflokksfund hjá okkur og eftir að hafa kynnt mér starfsemina þarna finnst mér þörfin fyrir það sem hér er verið að leggja til mjög svo orðum aukin, auk þess sem verið væri að lama stofnunina og þróunarmöguleika hennar með því að taka þessa þætti út. Það er ekki þjóðhagslega hagkvæmt.

Það er alveg ljóst, ef litið er á umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið, að verið er að skera niður stofnunina. Fjármálaráðuneytið metur það svo að verið sé að skera hana niður um 20 millj. kr. Ég hygg að það sé varlega áætlað því að stofnuninni hefur verið haldið í vissu fjársvelti af hálfu Alþingis. Á hana voru ofáætlaðar rekstrartekjur sem vitað var að hún mundi aldrei afla sér. Þannig var henni haldið í fjárhagslegri herkví til að lama hana og réttlæta úthýsinguna á þeim verkefnum sem hér er verið að leggja til. Það er verið að skera stofnunina niður, ég veit ekki um hve mörg starfsgildi en það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti upplýst hvað verið er að skera niður mörg störf hjá stofnuninni. Ég hygg að þar gæti verið um fimm til sex störf að ræða sem verið er að skera niður frá núverandi starfsemi, ef marka má þær tölur sem gert er ráð fyrir að hún spari við þetta.

Ég er ekki sammála þessu. Ég er ekki viss um að það verði gott fyrir stofnunina ef hún verður skorin svona niður, faglega og starfslega. Það var með miklu stolti sem þessi stofnun var flutt upp á Akranes. Þar átti hún að fá möguleika til að starfa og eflast en núna miðast allt við hvernig skera megi niður. Hvernig megi útvista eða úthýsa verkefnum og skera hana niður.

Í lokasetningu umsagnar fjármálaráðuneytisins er sagt að nettótap stofnunarinnar vegna þessara breytinga sé metið 6 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að því verði mætt innan útgjaldamarkmiða langtímaáætlunar, þ.e. að stofnuninni er ætlað að skera þar niður líka. Samkvæmt umsögn fjármálaráðuneytisins er því ekki einu sinni ætlunin að bæta henni upp það tjón sem hún verður fyrir fjárhagslega umfram tap á sértekjum. Það er ekki ætlunin heldur á hún líka að bera þann niðurskurð.

Mér sýnist því þegar á allt er litið að fyrst og fremst sé verið að skera niður þessa stofnun. Það er verið að skera af henni verkefni, skera af henni fjáröflunarmöguleika, skera af henni möguleika til að efla sig fræðilega og tæknilega og loks, eins og sagt er í lok umsagnar fjármálaráðuneytisins, á að skera hana áfram niður sem metið er á 6 millj. kr. á ári.

Ég ítreka að ég tel að þetta sé röng nálgun og vanhugsuð og að samkeppnissjónarmiðin séu ofmetin, að ekki sé metinn hagur stofnunarinnar sem slíkrar af því að hafa þessi verkefni inni og finna þeim þar farveg, a.m.k. að mestu leyti. Hér er hreinlega verið að skera stofnunina niður eins og þarna er sagt um 26 millj. kr. Ég hugsa að það sé varlega áætlað en fjármálaráðuneytið segir þarna að þetta sé niðurskurður upp á 26 millj. kr. í umsvifum stofnunarinnar.

Frú forseti. Ég held að það þurfi mjög nákvæma skoðun hvort það sé þjóðhagslega hagkvæmt að gera það með þeim hætti sem hér er verið að leggja til.

[01:06]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum ágæta umræðu um þetta mál og vil bregðast við nokkrum atriðum. Minnst hefur verið á fjárhagsstöðu stofnunarinnar og umsögn fjármálaráðuneytisins. Gert er ráð fyrir því að stofnunin selji kortalager sinn og þá verður að sjálfsögðu miklu minni umsýsla í kringum það en verið hefur fram til þessa því að stofnunin hefur verið með sölustarfsemi.

Það er áætlað réttilega, eins og kom fram í umræðunni, að stofnunin verði af 20 millj. kr. sértekjum á ári en þá fell-

ur líka niður beinn kostnaður við samkeppnisreksturinn. Fjárhagslegt tap vegna þessarar breytingar er metið á 6 millj. kr. á ári. Því verður mætt, stofnunin fær það bætt innan langtímaáætlunar. En það er auðvitað alveg ljóst að verið er að draga saman um tvö til þrjú störf. Ég vil geta þess sérstaklega að það er í raun og veru þegar orðið. Það eru starfsmenn sem gerðir voru starfslokasamningar við og renna þeir út í lok þessa árs en ekki er um neinn frekari niðurskurð á starfsemi stofnunarinnar að ræða þegar þeim starfslokasamningum lýkur.

Það var nefnt að verkefnin í 4. gr. væru ekki nógu ljós. Ég tel að þetta eigi að vera mjög vel skýrt. Verkefnin eru listuð niður í 4. gr. Reynt er að gera það á mjög einfaldan og skilmerkilegan hátt en í þessu lagafrumvarpi er verið að endurskilgreina og þrengja hlutverk stofnunarinnar frá gildandi lögum.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir velti fyrir sér hvort sá núningur sem verið hefur fyrir hendi við einkaaðila sem eru í samkeppnisrekstri haldi áfram og hvort kröfur einkaaðila um að koma frekar inn í þá starfsemi sem stofnuninni verður gert að sinna samkvæmt þessum lögum verði áfram. Það verður reynslan að leiða í ljós. Það er greinilegt að þróunin er gríðarlega hröð á þessu sviði. Nokkrir aðilar hafa þegar haslað sér þar völl, bæði verkfræðistofur og útgáfufyrirtæki. Reynslan verður að leiða það í ljós hvort þróunin verður eitthvað frekar í þessa átt.

Ég tel að það sé í raun og veru ágæt sátt um það frumvarp sem hér liggur fyrir. Það er sátt um það innan stofnunarinnar sjálfrar og ég tel að það geti orðið ágæt sátt um það líka úti á markaðnum. Mér finnst að okkur hafi tekist þokkalega vel að verða við þeirri gagnrýni og þeim núningi sem hefur verið gagnvart stofnuninni og þeim kærum sem hafa verið til meðhöndlunar hjá samkeppnisyfirvöldum. Ég geri mér því vonir um að þokkaleg sátt geti ríkt um þessi mál til framtíðar og bendi þá sérstaklega á markmiðsgreinina þar sem það er stafað að markmið laganna sé að tryggja að ávallt séu til staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um Ísland. Það er meginmálið að við stöndum vörð um að þetta hlutverk stofnunarinnar sé tryggt, sem síðan er nánar skilgreint í 4. gr.

Hv. þm. Mörður Árnason nefndi sérstaklega gjaldskrána og ákvæði í 7. gr. Ég tel ástæðu til að nefndin skoði þetta sérstaklega því að mér sýnist alveg hárrétt hjá þingmanninum að 1. töluliðurinn eigi ekki við þarna. Ég bið nefndina um að skoða þetta sérstaklega í sinni vinnu. Hv. þingmaður nefndi líka upplýsingafrumvarpið frá forsætisráðherra. Það liggur fyrir og bíður 1. umr. Það er mál nr. 690 og það fjallar um aðgang að upplýsingum.

Ég held að ég hafi svarað flestu sem menn nefndu hér. Hv. þm. Jón Bjarnason velti fyrir sér hvort mörg fyrirtæki ynnu á samkeppnisgrundvelli í þessum efnum. Já, það eru nokkur fyrirtæki, bæði verkfræðistofur og útgáfufyrirtæki.

[01:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði að til stæði að selja kortalagerinn eftir því sem mér skildist. Ég vildi aðeins fá heyra hvað það felur í sér að selja kortalagerinn, hvað þar er verið að selja.

Í öðru lagi dró ég fram í ræðu minni hagsmuni starfsmanna og stofnunarinnar, að geta haft sem fjölþættust verkefni til innri þróunar, bæði fyrir einstaklingana og stofnunina í heild. Í þeim efnum væri afar mikilvægt að geta einnig verið með ýmis verkefni þó að þau flokkuðust sem samkeppnismál. Ég þekki það bara frá rekstri þeirrar stofnunar sem ég veitti forstöðu á sínum tíma, ef skorin hefðu verið af henni öll verkefni sem einhver annar hefði getað unnið hefði kannski ekki orðið mikið eftir, a.m.k. hefði það þrengt mjög að henni faglega og möguleikum starfsmanna stofnunarinnar til að sækja fram, tileinka sér nýjungar o.s.frv. Hér á landi eru ekki svo mikil umsvif hvað þetta varðar og þess vegna óttast ég að með því að þrengja að henni þrengist einnig að henni á hinu faglega sviði og möguleikum hennar.

Ég spyr í lokin hvort ekki hafi verið kannað hvort setja mætti þessi rekstraratriði upp sem rekstrarlega sjálfstæða deild við Landmælingar Íslands, til að nýta samlegðaráhrifin sem oft eru nýtt, sem gæti jafnframt verið eins konar mælikvarði eða stuðull fyrir aðra aðila í samkeppni að miða við. Ég óttast (Forseti hringir.) frekar fákeppni á þessum markaði heldur en samkeppni, frú forseti.

[01:15]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvað kortalagerinn varðar þá þýðir það einfaldlega að stofnunin hættir sölustarfsemi á prentuðum kortum og selur lagerinn. Ég held líka að það sé alveg augljóst ef maður horfir á Landmælingar, að það er ekki heldur víst að Landmælingar Íslands kjósi að standa í deilum af því tagi sem stofnunin hefur staðið í á undanförnum árum.

Hvað snertir fákeppni tel ég þær áhyggjur ástæðulausar því það eru nokkrir aðilar sem eru færir um að taka þátt í samkeppni á þessu sviði.

[01:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi vekja athygli á þessum þáttum. Hægt er að koma þeim fyrir á ýmsan hátt í svona stofnun þótt samkeppnisrekstur sé. Ég tek alveg undir þau orð hæstv. ráðherra að ekki er fýsilegt fyrir stofnun að vera í stöðugum deilum við umhverfið um þá þætti sem verið er að vinna að og þá snýr það einmitt að löggjafanum að búa henni það umhverfi að slíkt geti gengið upp.

Ég tel að einn valkosturinn hefði verið sá að finna þessu svigrúm í stofnuninni eins og svo iðulega er gert. Fyrir utan það svo að þegar upp er staðið er verið að fækka starfsliði hjá stofnuninni og skera af henni verkefni. Það var metnaðarmál á sínum tíma að flytja stofnunina til Akraness, þá væri verið að flytja hana út á land o.s.frv. Þetta hefur oft verið notað sem skrautfjöður í þeirri umræðu. Þess vegna finnst mér það kannski minni skrautfjöður að nú skuli vera reynt að kanna hvernig megi skera hana niður. En málið fer til nefndar og þá verða allir þessir þættir skoðaðir.

[01:17]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ítreka það sem ég sagði fyrr að ágæt sátt er um frumvarpið og góð sátt um það af hálfu stofnunarinnar sjálfrar og það finnst mér vera mjög mikilvægt innlegg í umræðuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 1. umr.

Stjfrv., 714. mál (verkaskipting Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga o.fl.). — Þskj. 1050.

[01:18]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Frumvarp það sem ég mæli fyrir felur í sér breytingar á lögum um úrvinnslugjald. Lögin hafa tekið nokkrum breytingum frá því að þau voru samþykkt árið 2002 í ljósi reynslunnar af framkvæmd þeirra. Helsta breytingin sem hér er lögð til er að það verði hlutverk Úrvinnslusjóðs en ekki sveitarfélaga að tryggja að tölulegum markmiðum um hlutfall pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs sem fara skal í endurnýtingu og endurvinnslu verði náð. Er þessi breyting byggð á tillögu nefndar sem ég skipaði í fyrra.

Nefndinni var falið það verkefni að gera tillögur um skýra verka- og kostnaðarskiptingu milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga um þær tegundir úrgangs sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar umhverfisráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar, Úrvinnslusjóðs og Samtaka atvinnulífsins. Þá er í frumvarpi þessu einnig tekið mið af tillögum nefndar sem fjallar um framkvæmd móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga og starfa samkvæmt 2. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða við lög um úrvinnslugjald.

Tillögur um breytta verkaskiptingu milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga byggja á því að gildandi reglur úrvinnslugjaldslaga henta ekki fyrir pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgang. Til samanburðar má nefna úrgangsflokk eins og spilliefni þar sem stefnt er að því að ná öllum spilliefnum hvar sem þau falla til á landinu. Í þeim tilvikum er eðlilegt að ábyrgðin liggi hjá sveitarfélögum.

Hvað snertir pappa-, pappírs- og plastumbúðir á að endurvinna að lágmarki 25% af öllum umbúðaefnum í umbúðaúrgangi og árið 2012 verður sú krafa komin upp í 55%. Tvær meginástæður eru fyrir því að kerfi samkvæmt gildandi lögum hentar ekki fyrir umbúðaúrgang. Annars vegar verður Úrvinnslusjóður að greiða fyrir ráðstöfun úrgangsflokka vegna vara sem úrvinnslugjald er greitt af án tillits til áðurnefndra tölulegra markmiða. Úrvinnslusjóður verður því að greiða fyrir úrvinnsluumbúðaúrgang sem safnast saman þó svo sú söfnun fari yfir þau tölulegu markmið sem sett hafa verið. Hins vegar er skylt að ná áðurnefndum markmiðum í hverju einstöku sveitarfélagi eða a.m.k. á svæði hverrar svæðisáætlunar. Ljóst er að þetta fyrirkomulag verður dýrt sem leiðir til að leggja verður hærra úrvinnslugjald á umbúðir til að standa undir kostnaði. Kerfið verður því dýrara en nauðsynlegt er og einnig erfitt í framkvæmd þar sem ná þarf markmiðum í öllum sveitarfélögum. Rétt er að benda á að öll vandamál koma ekki upp við aðra flokka úrgangs sem falla undir lög um úrvinnslugjald þar sem gert er ráð fyrir að öllum slíkum úrgangi sé safnað og komið í endanlega förgun eða endurnýtingu.

Ég legg áherslu á mikilvægi þess að Úrvinnslusjóði verði falið það hlutverk að ná settum tölulegum markmiðum sem fram koma í reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, og að þeim megi ná á landsvísu. Tillögur þessar miða að því að tryggja að Úrvinnslusjóður hafi sveigjanleika til að ná þessum markmiðum á sem hagkvæmastan hátt. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn greiði þjónustuaðilum sem semja við hann tiltekna upphæð fyrir ákveðið magn af flokkuðum umbúðaúrgangi, enda liggi fyrir staðfesting frá úrvinnsluaðila um endurnýtingu. Ekki skiptir máli hvort þjónustuaðili sækir úrgang til fyrirtækis eða sveitarfélags. Auk þess greiðir Úrvinnslusjóður flutningsþóknun fyrir flutning frá þeim stað þar sem umbúðum er safnað til þess staðar þar sem endurnýting eða útflutningur fer fram.

Úrvinnslusjóður getur einnig ef hann telur þörf á boðið sveitarfélögum ákveðið gjald fyrir flokkaðan umbúðaúrgang sem kemur frá heimilum. Ég legg áherslu á að gert er ráð fyrir að gjald það sem sjóðurinn býður sveitarfélögum er greitt til að hvetja þau til söfnunar á pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangi frá heimilum. Það er síðan sveitarfélaganna að ákveða hvernig slíkri söfnun er háttað. Til dæmis gæti sveitarfélag boðið slíkt út til einkaaðila. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framkvæmd verði nánar útfærð í reglugerð samkvæmt tillögu að nýrri 4. mgr. 21. gr. laganna. Úrvinnslusjóður mun miða að gjaldi sem hann býður þjónustuaðilum og sveitarfélögum við það að markmið um hlutfall úrgangs sem fara skal í endurvinnslu náist. Með þessu fyrirkomulagi verður ekki þörf á að skilgreina nákvæmlega í lögum um úrvinnslugjald undir hvaða kostnaðarþáttum úrvinnslugjald þessa úrvinnsluflokks eigi að standa eins og nú er gert. Gjaldið mun þess í stað taka mið af þeim kostnaði sem Úrvinnslusjóður þarf að leggja í til að ná þeim árangri sem honum ber að ná. Með þessu er ætlað að tryggja Úrvinnslusjóði meira svigrúm til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið samanber 1. og 2. gr. frumvarpsins. Rétt er að benda á að gert er ráð fyrir að sjóðurinn greiði einnig hluta kostnaðar vegna flutnings á umbúðaúrgangi innan lands.

Til að tryggja enn frekar svigrúm sjóðsins til að ná tölulegum markmiðum fyrir pappa-, pappírs- og plastumbúðir er lagt til í a-lið 3. gr. frumvarpsins að Úrvinnslusjóði verði heimilt að ákveða fyrir hvaða umbúðategundir hann greiðir vegna endurvinnslu og endurnýtingar. Endurnýtingarleiðir fyrir pappa-, pappírs- og plastumbúðir eru ýmsar og tel ég mikilvægt að Úrvinnslusjóður hafi svigrúm til að safna þeim tegundum umbúðaúrgangs sem hagkvæmast er að safna.

Í frumvarpinu er lagt til að aukin ábyrgð verði lögð á Úrvinnslusjóð sem mun á móti hafa sveigjanleika til að gera nákvæmar áætlanir um hvort og þá hvaða greiðslur

eigi að bjóða sveitarfélögum og þjónustuaðilum fyrir flokkaðan umbúðaúrgang. Úrvinnslusjóður þarf tíma og sveigjanleika til að tryggja að tilætluðum árangri sé náð á sem hagkvæmastan hátt. Í þessu samhengi legg ég áherslu á að hér er ekki verið að leggja til að seinka móttöku á flokkuðum pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangi, en móttaka er þegar hafin á ákveðnum tegundum flokkaðs umbúðaúrgangs. Eðlilegt er að frekari og markvissari móttöku á pappa-, pappírs- og plastumbúðum, einkum frá heimilum, verði komið á í nokkrum skrefum. Í því skyni er mikilvægt að líta til þeirrar reynslu sem fengin er af framkvæmd laganna um næstu skref. Rétt er að taka skýrt fram að ekki eru lagðar til neinar breytingar á fyrirkomulagi annarra úrgangsflokka en þeirra sem falla undir pappa-, pappírs- og plastumbúðir. Það er mat nefndar sem falið var að koma með tillögur um breytta verka- og kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga og Úrvinnslusjóðs að sátt ríki hjá öllum aðilum um núverandi kerfi fyrir þá flokka sem ekki þarf að ná tölulegum markmiðum fyrir og falla undir lög um úrvinnslugjald.

Einnig eru lagðar til breytingar á lögunum er varða margnota flutnings- og safnumbúðir, heimild til yfirfærslu ábyrgðar á greiðslu úrvinnslugjalds frá framleiðanda og innflytjanda til kaupanda, ákvæði um sérstakt úrvinnslugjaldsskírteini auk annarra breytinga er varða m.a. tengsl við ný tollalög. Tillögur þessar voru unnar í nánu samstarfi við Úrvinnslusjóð, fjármálaráðuneyti, tollstjórann í Reykjavík og ríkisskattstjóra. Í samræmi við áherslu mína á að úrvinnslugjaldskerfið gangi vel fyrir sig er í frumvarpinu lagt til að heimilt verði að gefa út svokölluð úrvinnslugjaldsskírteini. Úrvinnslugjaldsskírteini verða gefin út af skattstjórum til þeirra sem flytja inn umbúðir, gerðar úr pappa, pappír eða plasti og seldar til þriðja aðila. Skírteinið veitir heimild til að kaupa umbúðir án úrvinnslugjalds af innflytjendum og innlendum framleiðendum.

Fyrirmynd úrvinnslugjaldsskírteinis er vörugjaldsskírteini heildsala sem útgefið er af skattstjóra. Þær forsendur eru settar fyrir útgáfu slíkra skírteina að umbúðirnar séu utan um vörur til útflutnings eða til nota utan um vörur sem fara á innanlandsmarkað svo og að umsækjandi hafi atvinnu af þessari starfsemi. Tilgangurinn er að einfalda innheimtu úrvinnslugjalds.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær nýjar reglugerðarheimildir. Annars vegar að ráðherra skuli setja reglugerð sem skilgreini hvað felist í greiðslu fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna. Skýra þarf betur hvaða kostnað Úrvinnslusjóði ber að greiða vegna annarra úrgangsflokka en umbúðaúrgangs. Nefnd sem falið var að gera tillögur um skýra verk- og kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga og Úrvinnslusjóðs benti á að réttast væri að gera módel fyrir ákveðna vísitölusöfnunarstöð til að nota við útreikninga á greiðslum til sveitarfélaga. Hins vegar er lagt til að sett verði reglugerðarákvæði um hvernig standa skuli að greiðslum til að ná þeim tölulegu markmiðum sem sett eru um endurnýtingu og endurvinnslu umbúðaúrgangs. Þannig verði heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði til samræmis við þær tillögur að framkvæmd sem ég greindi frá varðandi breytta ábyrgðarskiptingu milli sveitarfélaga og Úrvinnslusjóðs.

Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til umhverfisnefndar að lokinni 1. umr.

[01:28]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er árvisst að hæstv. umhverfisráðherra tali fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um úrvinnslugjald og ég hafði satt að segja ekki neinar áhyggjur af þessu máli. Ég hélt að þetta væri bara rútína, hæstv. umhverfisráðherra kæmi til með að mæla fyrir einhverri breytingu sem varðaði einhverjar krónutalsbreytingar á álögðum gjöldum eða eitthvað jafnsakleysislegt. Ég sat frammi við sjónvarpstækið og hlustaði á hæstv. ráðherra byrja ræðu sína og hún bara lengdist og varð efnismeiri og ráðherra bætti við fleiri og fleiri atriðum þannig að það fóru að renna á mig tvær grímur, svo ég sá mitt óvænna og sótti mér eintak af frumvarpinu og játa þá synd mína að hafa ekki undirbúið mig betur fyrir þennan fund heldur en raun ber vitni að ég las ekki þetta frumvarp.

Ég vil einungis segja það, frú forseti, að umhverfisnefnd vann á þessu þingi afar mikið verk tengt breytingum á þessum sömu lögum og einmitt þeim þáttum laganna er varða þær umbúðir sem hér um ræðir, þ.e. pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgang. Ef ég man rétt var það frumvarp jafnframt til meðferðar á síðasta þingi hjá nefndinni, þannig að það var talsvert mikil vinna lögð í það. Við fengum um þetta lærða fyrirlestra þar sem við fórum yfir dönsku lögin sem eru fyrirmynd laga okkar og úrvinnslugjaldið á þessa tegund umbúðaúrgangs er í raun reiknað út frá dönsku lögunum og þetta lærðum við allt saman og fórum vel ofan í.

En það sýnir í fyrsta lagi hversu flókin löggjöf hér er á ferðinni að okkur öllum hefur yfirsést, jafnt ráðherranum, starfsfólki ráðuneytisins sem og umhverfisnefndinni að hér þyrfti að standa að einhverju leyti öðruvísi að málum en við ákváðum að gera fyrr á þessu þingi. Ég held að lögin hafi farið í gegn í lotunni rétt fyrir jól. Við þurfum sem sagt eina ferðina enn að taka úrvinnslugjaldið inn í umhverfisnefnd. Ég segi ekki að ég tryggi mikinn fögnuð nefndarmanna þegar farið verður að skoða málið en auðvitað sé ég í fljótu bragði ekki neina meinbugi á því sem hér er lagt til. Þegar maður les þetta á handahlaupum og hlustar á ræðu hæstv. ráðherra sér maður ekki annað en að skynsamlegar úrbætur séu á ferðinni og nauðsynlegar til þess að þau lög sem við nú þegar höfum sett fúnkeri á þann hátt sem til stóð.

Ég ætla ekki að halda gáfulegri ræðu en þetta, frú forseti, um málið enda klukkan farin að halla í tvö og ekki við því að búast að maður sé kannski mjög skýr í kollinum þegar búinn er að standa þingfundur frá því um miðjan dag og kannski tilefni til þess í lok ræðu minnar, hæstv. forseti, að við fáum eitthvað að heyra frá forseta um það hversu lengi er gert ráð fyrir að þessi fundur haldi áfram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfundar.

[01:31]

Forseti (Þuríður Backman):

Vegna orða hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur vill forseti upplýsa að fyrirhugað er að halda eitthvað áfram fram á nóttina og taka fyrir mál hæstv. dómsmálaráðherra en enn er óákveðið hvenær fundi verður lokið eða frestað.

Landhelgisgæsla Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 694. mál (heildarlög). — Þskj. 1024.

[01:32]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Landhelgisgæslu Íslands sem felur í sér heildarendurskoðun á núgildandi lögum um Landhelgisgæsluna en þau eru frá árinu 1967. Má með sanni segja að þau lög hafi staðist tímans tönn enda vel úr garði gerð. Á þeim tæpu 40 árum sem liðin eru síðan lögin voru samþykkt hefur hins vegar oftar en einu sinni verið rætt á Alþingi og á vettvangi ríkisstjórnar að nauðsyn bæri til þess að skapa Landhelgisgæslu Íslands nýja lagaumgjörð. Með þessu frumvarpi er það gert og kynni einhver að segja að ekki hefði mátt tæpara standa þegar litið er til þeirra breytinga sem eru að verða á gæslu öryggis, leit og björgun í landinu og hafinu umhverfis það við brottför þyrlusveitar varnarliðsins.

Markmið frumvarpsins er í stuttu máli að skapa nýja umgjörð hinnar mikilvægu og fjölbreyttu starfsemi Landhelgisgæslu Íslands og veita ótvíræðar lagaheimildir til að hún geti þróast í samræmi við nýjar kröfur. Ég lít þannig á að með því frumvarpi sem ég flyt hér sé verið að skapa þann sveigjanleika í störfum Landhelgisgæslu Íslands að hún geti sinnt verkefnum á borð við það sem við viljum að hún sinni við núverandi aðstæður.

Í I. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir ákvæðum um stjórn Landhelgisgæslu Íslands, starfssvæði hennar og verkefni. Starfssvæðið er skilgreint skýrar en í núgildandi lögum og sama gildir um verkefni hennar, sbr. 4. og 5. gr. frumvarpsins. Nánari ákvæði um verkefni Landhelgisgæslunnar má síðan finna í III. kafla frumvarpsins. Í núgildandi lögum eru ekki nefnd mörg verkefni sem þegar er sinnt af Gæslunni og má þar nefna fiskveiðieftirlitið, öryggisgæslu á hafinu og leitar- og björgunarþjónustu við loftför, landamæraeftirlit og eftirlit samkvæmt lögum um siglingavernd og ákvæðum sambærilegra laga. Í 4. gr. eru þessi verkefni öll tíunduð sem kjarnaverkefni Landhelgisgæslu Íslands.

Þjónustuverkefni sem þegar er sinnt af Landhelgisgæslunni eru fjareftirlit með farartækjum á sjó, mengunarvarnir og mengunareftirlit, sprengjueyðing og hreinsun skotæfingasvæða, rekstur vaktstöðvar siglinga, móttaka og miðlun tilkynninga frá skipum og eru þau tíunduð í 5. gr. frumvarpsins. Þar er einnig gert ráð fyrir að stofnuninni sé heimilt að taka að sér ólögbundin verkefni þegar sérstaklega stendur á og er það nýmæli.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um lögregluvald og valdbeitingarheimildir tiltekinna starfsmanna Landhelgisgæslunnar. Í þessu sambandi má nefna að nokkur ákvæði frumvarpsins sækja fyrirmynd sína til lögreglulaga.

Þess má geta að hinn 28. febrúar síðastliðinn var ritað undir samning milli Landhelgisgæslu Íslands og embættis ríkislögreglustjóra um samstarf stofnananna. Tekur samningurinn til margvíslegra viðfangsefna á sviði löggæslu, leitar og björgunarmála og almannavarna en einnig til sameiginlegra æfinga og gagnkvæmrar þjálfunar. Þar sem starfsmenn Landhelgisgæslunnar verða að vera vopnum búnir til að sinna ýmsum verkefnum sínum er nauðsynlegt að kveða á um heimildir þeirra til að beita vopnum Gæslunnar og tilgreina þá starfsmenn sem hafa leyfi til vopnaburðar og er það gert í 8. gr. frumvarpsins.

V. kafli frumvarpsins fjallar um rekstur skipa og loftfara Landhelgisgæslu Íslands. Lagt er til það nýmæli að heimilað verði að bjóða út eða stofna hlutafélag um flugrekstur, skiparekstur eða tækniþjónustu Landhelgisgæslunnar með skilyrðum sem ráðherra setur. Þá verði tilgreint að Landhelgisgæslan skuli hafa leyfi fyrir þeirri starfsemi sem hún stundar hverju sinni og við slík verkefni lúti stofnunin eftirliti Flugmálastjórnar Íslands. Hér er verið að vísa til verkefna sem ekki falla undir meginhlutverk stofnunarinnar sem ríkisflugrekstraraðila.

Í núgildandi lögum er hlutverk Landhelgisgæslunnar við leitar- og björgunaraðgerðir á hafinu orðað með öðrum hætti en lagt er til í þessu frumvarpi. Þar segir að eitt af markmiðum Gæslunnar sé að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska og aðstoð við að bjarga bátum eða skipum sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland ef þess er óskað. Með orðalagi 13. gr. frumvarpsins er kveðið skýrar á um ábyrgðina. Varðandi báta og skip er ekki gert að skilyrði að óskað sé eftir aðstoð enda getur Landhelgisgæslan þurft að grípa inn í án óskar skipstjóra, t.d. til að koma í veg fyrir mengunarslys svo dæmi sé tekið. Kveðið er á um slíkan íhlutunarrétt í 15. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Hvað varðar björgunarlaun er nýmæli að ekki er kveðið á um skiptingu björgunarlauna að réttri tiltölu miðað við föst mánaðarlaun starfsmanna í áhöfnum heldur lagt til að farið verði eftir skiptareglu 2. mgr. 170. gr. c siglingalaga, nr. 34/1985. Er eðlilegt að í lögum um Landhelgisgæslu sé tekið mið af siglingalögum um þetta efni.

Loks má nefna að frumvarpið gerir ráð fyrir að felld verði úr gildi lagaákvæði um að laun og kjör starfsmanna sem vinna á sjó eða í lofti taki mið af samningum sem gerðir hafa verið á almennum vinnumarkaði þannig að ríkið gangi framvegis til samninga við viðkomandi stéttarfélög á sama hátt og á við um félög starfsmanna annarra ríkisstofnana.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni frumvarpsins frekar við þessa umræðu en vil í lok máls míns árétta nauðsyn þess að Landhelgisgæslu Íslands verði búin lagaleg umgerð sem geri henni kleift að sinna mikilvægum verkefnum sínum af festu og öryggi og með þeim tækjabúnaði sem til þess er nauðsynlegur.

Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar í hv. allsherjarnefnd.

[01:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði að þau lög sem nú giltu um Landhelgisgæsluna væru orðin nokkuð gömul. Við höfum fyrr fengið þessi rök inn á borð þingsins, að það séu rök fyrir því að endurskoða þurfi lög að þau séu orðin gömul. Oft eru þau kannski framsýnust þau lög sem eldri eru, ég minnist vatnalaganna t.d. Það eru því í sjálfu sér ekki rök að mínu mati. En hins vegar geta forsendur vel hafa breyst.

Mig langaði aðeins að inna hæstv. ráðherra frekar eftir þessum hugmyndum um hlutafélagavæðingu einstakra þátta í starfsemi Landhelgisgæslunnar, hvað það er komið langt á veg hjá honum í hugmyndum. Ég held það sé einsdæmi meðal þjóða að verið sé að einkavæða öryggisgæsluna, öryggismálin. En mig langar að heyra hjá hæstv. ráðherra hve hugmyndir hans í þeim efnum eru komnar langt.

Í 5. gr. er minnst á þjónustusamninga. Gert er ráð fyrir að hægt sé að bjóða þá út eða einkavæða. Síðasti liðurinn hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Landhelgisgæslu Íslands er heimilt í samráði við ráðherra að taka að sér ólögbundin verkefni með samningum þegar sérstaklega stendur á.“

Mundi t.d. þátttakan í hernaðinum í Írak eða Afganistan flokkast undir þennan lið þegar Landhelgisgæslan eða starfsmenn hennar eru sendir til slíkra starfa?

[01:40]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi hlutafélagavæðinguna þá er það ekki komið lengra í mínum huga heldur en í þessu frumvarpi segir því að það er ekki hægt að huga að því nema Alþingi veiti þær heimildir sem þarf. Hins vegar er það ekkert nýmæli hér, og það er ekki verið að finna neitt upp, þegar verið er að ræða um þetta því að aðrar þjóðir hafa farið út á þá braut að einkavæða þessa starfsemi með því að semja við einkaaðila t.d. um gæslu sinnar land- eða lofthelgi eða annast flugeftirlit eins og gert hefur verið í Ástralíu. Norðmenn notast við einkafyrirtæki og skip í einkaeign í sinni strandgæslu til að annast gæslu á sínu hafsvæði.

Varðandi 5. gr. er þetta ákvæði sem hv. þingmaður nefndi í greinargerð frumvarpsins rækilega útskýrt. Ég las það ekki upp en það hefur ekkert að gera með friðargæslu. Hér segir, með leyfi forseta:

„Hér getur verið um margs konar tilmæli að ræða sem beint er til LHG vegna tækjabúnaðar og sérhæfingar innan stofnunarinnar, t.d. með varðskipum, sjómælingaskipi, þyrlum eða flugvél. Hjá stofnuninni starfar sérhæft starfsfólk og stofnunin á mjög sérhæfðan tækjabúnað. Sem dæmi má nefna þyrlur sem hafa leyfi til yfirflugs yfir sjó. Einnig tæki til sprengjueyðingar, vélmenni og önnur tæki sem nota má í öðrum tilgangi en lögin segja til um, t.d. til að eyða hættulegum efnaúrgangi ...“

Þarna eru nefnd ýmis verkefni sem þessir aðilar geta sinnt. Það er ekki verið að tala þarna um neitt í sambandi við friðargæslu eða slíka hluti.

[01:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra er alltaf dálítið spaugsamur. Ég innti hann eftir þátttöku í hernaði og árásarstríði í Írak og Afganistan og þá talar hann um friðaraðgerðir. Ég er í sjálfu sér ekkert á móti því að Landhelgisgæslan komi að því að stuðla að friði á hafsvæðinu í kringum landið en ekki hernaði.

En varðandi hlutafélagavæðinguna þá vil ég bara í andsvari vara við þeirri nálgun sem kemur fram í orðum hæstv. ráðherra um einkavæðingu á þessum þáttum öryggismála. Þó að hæstv. ráðherra geti tínt til einhver ríki sem hafa glapist út á þá stigu með einhverja þætti þá hygg ég að þau séu fleiri sem gera það ekki. Ef við lítum t.d. til Bandaríkjanna held ég að þar sé ekki mikið um einkavædda öryggisþjónustu hvað viðkemur þjóðaröryggi. En hvort sem svo er eða ekki þá vil ég vara mjög eindregið við þeirri nálgun.

Úr því að við erum að ræða stöðu Landhelgisgæslunnar þá gæti hæstv. ráðherra kannski upplýst okkur um hvað gert hefur verið í hinum mikla fjárhagsvanda sem Landhelgisgæslan stendur frammi fyrir, bæði hvað varðar rekstur skipa og ekki hvað síst rekstur flugvélanna. Þyrlurnar hafa staðið óhreyfðar og ekki hefur verið hægt að vinna eðlilega við viðgerð eða skoðun á þeim vegna fjárskorts svo það hefur jafnvel ógnað því öryggi sem þær eiga að geta tryggt.

[01:44]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel algerlega ástæðulaust að draga upp þá mynd að Landhelgisgæslan búi við einhvern fjárskort. Það sem er verið að vinna við þyrlurnar er viðgerð, 3.000 tíma viðgerð, og er það í fyrsta sinn sem farið er í það á 11 ára starfstíma þyrlunnar. Ég tel einmitt að ef þannig hefði verið staðið að skipulagi flugrekstrar á vegum Gæslunnar hefði verið unnt að leysa þetta mál án þess að menn settu það upp sem eitthvert fjárskortsmál því þá hefðu menn hagað fjárstýringum í samræmi við það sem menn geta gert í hlutafélögum en geta ekki gert í opinberum rekstri. Ef menn hefðu talið að ástæða væri til að vinna þetta eftirlit í aukavinnu meira en gert hefur verið til að stytta tímann hefði það verið auðveldara ef hlutafélagsform væri um þennan hluta af rekstri Gæslunnar en ekki það ríkisstofnunarform sem er núna. (**Gripið fram í:** Þetta er bara skoðun ... ráðherrans.)

[01:45]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Hér erum við að ræða frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands. Ég get alveg tekið undir það með hæstv. dómsmálaráðherra að það geti verið mjög heppilegt að ræða málefni Landhelgisgæslunnar í því umhverfi sem við erum stödd í núna í ljósi þeirra tíðinda sem bárust frá Washington um varnarmálin.

Ég held að flestir í þessum sal og flestir Íslendingar vilji veg Landhelgisgæslunnar sem mestan þó það væri ekki nema vegna þeirrar ástæðu að við stundum sjávarútveginn af miklum krafti og þurfum að tryggja öryggi íslenskra sjómanna. Að sama skapi stundum við sömuleiðis öfluga ferðamennsku uppi á fjöllum og erum að markaðssetja Ís-

land sem slíkt ferðamannaland. Hluti af því er að sjálfsögðu að tryggja öryggi viðkomandi ferðamanna við alls konar aðstæður. Í því samhengi leikur Landhelgisgæsla Íslands lykilhlutverk.

Undanfarnar vikur að hefur staðið umræða um þyrlur Landhelgisgæslunnar og sú staða kom víst upp að báðar þyrlur Landhelgisgæslunnar voru frá á sama tíma. Ég held að sú staða hafi undirstrikað það að við þurfum að bæta kost Landhelgisgæslunnar hvað varðar þyrlurnar.

Við sjáum líka að mikil umræða er í samfélaginu um öryggishagsmunina og þá ekki síst út frá varnarmálunum. Mig langar að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann telji að starfsemi Landhelgisgæslunnar muni vaxa vegna brotthvarfs hersins og þá með hvaða hætti. Hver er framtíðarsýn hans á Landhelgisgæsluna í ljósi þess nýja umhverfis sem við erum í vegna brotthvarfs bandaríska hersins frá Miðnesheiði?

Í greinargerð þessara frumvarpa kemur einnig fram að Landhelgisgæslan hafi samstarf við aðrar þjóðir á sviði öryggismála. Mig langar því að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvers konar samstarf verið er að tala um í þessu samhengi. Er verið að tala um hernaðarlegt samstarf og þá við hverja? Í frumvarpinu og sömuleiðis í framsöguræðu hæstv. dómsmálaráðherra var nefnd hin nýja umgjörð Landhelgisgæslunnar. Því langar mig að spyrja: Er hér um að ræða einhvers konar efnisbreytingu á hlutverki Landhelgisgæslunnar? Hæstv. dómsmálaráðherra nefndi að sum af hinum eðlilegu verkefnum Landhelgisgæslunnar hafi ekki verið í lögum hingað til, svo sem fiskveiðieftirlitið. Það er alveg sjálfsagt að bæta út því. En erum við að feta einhverjar nýjar slóðir varðandi nýtt hlutverk Landhelgisgæslunnar? Svo langar mig einnig að spyrja beint út: Er verið að gera ráð fyrir einhvers konar hernaðarlegu varnarhlutverki Landhelgisgæslunnar eða er þetta bundið við klassíska öryggishagsmuni sem eru ekki hernaðarlegir, þ.e. ef hægt er að gera greinarmun á þessu?

Við sjáum að í greinargerð frumvarpsins er vísað í nokkrar skýrslur. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Við mat á öryggishagsmunum Íslands og gæslu þeirra hefur í vaxandi mæli verið litið til LHG. Í skýrslu nefndar á vegum ríkisstjórnarinnar um öryggis- og varnarmál frá 1993 er minnt á að öryggi ríkja sé ekki háð landvörnum eingöngu heldur komi fleiri þættir þar til álita. Þar er vikið að yfirráðum yfir náttúruauðlindum og sagt: „Íslendingar byggja tilveru sína á auðæfum hafsins. Verndun fiskveiðilögsögunnar og fiskstofna er meðal grundvallarhagsmuna þjóðarinnar. Alþjóðleg sókn í fiskstofna hefur aukist svo að þeir eru í hættu. Íslendingar hafa tryggt hag sinn með landhelgisbaráttu og hefur Landhelgisgæslan átt þar stóran hlut á liðnum árum.“ Einnig segir um umhverfisvernd: „Mengun hafsins og mengunarslys, ekki síst hvað kjarnorku snertir, en einnig hvers konar eitrun og úrgangur, notkun og vinnsla olíu og annarra auðæfa á hafsbotni, gætu stórskaðað undirstöður íslensks atvinnulífs. Langt út fyrir 200 mílna efnahagslögsöguna er vernd hafsins gegn öllum þessum hættum mikilsverð gæsla varanlegra öryggishagsmuna, sem tryggja þarf með alþjóðlegum samningum.“ Ljóst er að ekki er unnt að fylgja eftir slíkri gæslu nema með virku eftirliti á vegum LHG.

Þegar rætt er sérstaklega um varnir landsins segir í skýrslu þessarar nefndar frá 1993: „Öðru hverju hafa orðið umræður um aukinn hlut Íslendinga í vörnum lands síns. Áfram á að fylgja þeirri stefnu að íslenskir aðilar taki að sér þá þætti í störfum varnarliðsins, sem ekki krefjast annarra skuldbindinga en samræmast borgaralegum störfum. Sérstaklega þarf að líta á hlut Landhelgisgæslunnar í eftirlitsstörfum umhverfis landið, en það kom fram í samtölum nefndarinnar, einkum í Brussel, að áhugi er á því að nýta krafta Gæslunnar í þágu NATO.“

Snemma árs 1999 gaf utanríkisráðuneytið út greinargerð um öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót. Þar segir, þegar hagsmunum þjóðarinnar er lýst: „Sókn í fiskstofna í heiminum hefur aukist hröðum skrefum, en ofveiði og mengun ógna mjög víða þessari mikilvægu uppsprettu eggjahvítuefna fyrir mannkyn. Svo lengi sem íslenska þjóðin byggir afkomu sína á hafinu, mun því Landhelgisgæslan axla mikla ábyrgð af því að verja þessa auðlind fyrir ásókn annarra þjóða.““

Síðan stendur þarna aðeins neðar, með leyfi forseta:

„„Kanna þarf möguleika á hagnýtri þátttöku Íslands í norrænum friðargæslu- og björgunaræfingum með aðild Eystrasaltsríkjanna, en slíkar æfingar eiga sér nú stað undir merkjum Samstarfs í þágu friðar. Sérstaklega þyrfti að athuga hvort til greina kæmi að varðskip Landhelgisgæslunnar, eitt eða fleiri, tækju reglulega þátt í slíkum æfingum.“ Þá segir, þegar rætt er um tundurduflaslæðingar: „Brýnt er að Landhelgisgæslan hafi yfir að ráða mannskap og tækjum til að fást við tundurduflaslæðingar, vegna þess hve Íslendingar eru háðir samgöngum á sjó. Með tilkomu nýs varðskips Landhelgisgæslunnar skapast auknir möguleikar á því að útbúa skip og þjálfa áhafnir með þeim hætti að gagn sé að, komi til þess að tundurduflum verði komið fyrir í íslenskri efnahagslögsögu.““

Þetta stendur í greinargerð frumvarpsins og er vitnað þarna í skýrslu þessarar nefndar m.a. Vegna þessara orða langar mig að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann taki undir orð þessarar nefndar frá 1993 um að íslenskir aðilar taki að sér þá þætti í störfum varnarliðsins, sem ekki krefjast annarra skuldbindinga en samræmast borgaralegum störfum. Þetta tengist því sem ég kom inn á áðan. Sér hæstv. dómsmálaráðherra Landhelgisgæsluna fyrir sér vera að sinna hernaðarlegum störfum, koma í staðinn fyrir eitthvað sem Bandaríkjaherinn hefur verið að gera hingað til? Þetta tengist því sem ég nefndi áðan.

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er talað um ólögbundin verkefni. Hæstv. dómsmálaráðherra kom aðeins inn á það í andsvari áðan. Hér er ein stutt spurning sem tengist að sjálfsögðu hinu: Er gert ráð fyrir einhvers konar hernaðarlegu samstarfi í þessu tilliti? Gætu þessi ólögbundnu verkefni tengst með einhverjum hætti hernaðarlegri starfsemi umfram það sem stendur í greinargerðinni sem hæstv. dómsmálaráðherra las upp áðan? Þetta geri ég ráð fyrir að sé ekki tæmandi talning enda er kannski erfitt að gera það.

8. gr. frumvarpsins er um heimildir Gæslunnar til vopnaburðar. Stutt spurning: Er verið að auka heimildirnar? Eru þetta ekki bara sambærilegar heimildir og lögreglumenn hafa?

Síðan langaði mig að spyrja um hlutafélagavæðingu

hluta rekstursins í 25. gr. frumvarpsins. Þetta er nýmæli eins og komið hefur fram og mig langaði að athuga hvort hæstv. dómsmálaráðherra hafi dýpri rök fyrir opnun á því að stofna hlutafélag um flugreksturinn, skiparekstur eða tækniþjónustuna. Þarna er vísað í sveigjanleika og aukið svigrúm, hagkvæmni og hagræðingu í rekstri. Nú er auðvitað um að ræða starfsemi sem er kannski ekki í hefðbundnum samkeppnisrekstri. Liggur eitthvað þarna annað að baki en stendur í greinargerðinni? Verður hugsanlega hluti af rekstrinum t.d. færður út úr stofnuninni? Það barst í tal í andsvari áðan hjá hæstv. dómsmálaráðherra varðandi einkavæðingu. Stendur eitthvað til að einkavæða hluta af þessum rekstri? Er það næsta skref eftir að opnað er á þetta rekstrarform? Er ráðherrann til dæmis tilbúinn að útiloka að þetta verði einkavætt? Önnur spurning þessu tengd: Hvernig verður háttað með réttindi starfsmanna viðkomandi hlutafélags, þ.e. þeirra starfsmanna sem heyra undir þann rekstur sem yrði hlutafélagavæddur? Munu réttindi þeirra breytast einhvern veginn?

Að lokum koma nokkrar minni háttar spurningar. Ég vil spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort til standi að flytja Landhelgisgæsluna í heild sinni eða að hluta í Reykjanesbæ. Þá er sömuleiðis talað aðeins um kostnaðinn, en samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofunnar á frumvarpið ekkert að kosta. Er hæstv. dómsmálaráðherra bjartsýnn á að það takist í ljósi þess að hugsanlega verði að bæta nýjum verkum eða hlutverkum við eða er hann á því að þetta bæti kannski ekki neinu við starfsemi Landhelgisgæslunnar og muni þar af leiðandi ekki kosta meira?

Að lokum: Stendur til að fjölga í Landhelgisgæslunni á næstunni? Hvernig sér hæstv. dómsmálaráðherra fyrir sér fjölgun starfsmanna vegna hins nýja búnaðar, svo sem flugvélanna, þyrlna o.s.frv.? Hefur hann nokkrar upplýsingar um hvernig Landhelgisgæslan verður eftir til dæmis fimm ár varðandi starfsmannahald, staðsetningu, kostnað og annað slíkt?

Þessum örfáu spurningum langaði mig að koma að við 1. umr. Ég vona að hæstv. dómsmálaráðherra taki vel í að svara alla vega sem flestum þeirra.

[01:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Nú hagar svo til að það er búið að bera upp talsverðan hluta af þeim spurningum sem ég ætlaði að bera hér upp. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson gerði það hér áðan. Þarf ég ekki að endurtaka það. Ég vil ekki lengja þessa umræðu meira en þörf er á þar sem talsvert er liðið fram á nóttina. Þó vil ég víkja að einu atriði varðandi starfsemi Landhelgisgæslunnar á komandi tímum í ljósi þess hvernig varnar- og öryggismálum okkar er hagað um þessar mundir. Það er náttúrlega í fyrsta lagi varðandi þyrlusveitina og hvort hæstv. ráðherra geti upplýst hvað menn eru farnir að skoða í þá veru.

Í annan stað langar mig að víkja að því að fyrirhugaðar eru siglingar Norðmanna og sennilega Rússa meðfram landinu eða norðan við land sennilega aðallega þegar fram í sækir með gas og olíu úr norðurhöfum, Barentshafi. Það verða að líkindum nokkuð stór skip sem í framtíðinni munu sigla þessa leið áleiðis til Bandaríkjanna eða Kanada og við þurfum að bregðast einhvern veginn við í samræmi við það að þessar siglingar hefjast.

Við Íslendingar höfum löngum reynt að treysta á okkar varðskip til aðstoðar þegar eitthvað hefur bjátað á. Líkur eru á því að þegar þessar siglingar hefjast einhvern tíma í framtíðinni — og það er víst ekki svo langt í að Norðmenn hefji þessar siglingar — þá muni vafalaust þurfa að takast á við það að hér geti orðið vélarbilanir í skipum eða að önnur óhöpp geti orðið þess valdandi að hætta skapaðist á verulegu mengunarslysi.

Til að hreyfa þessi skip sem eru nokkur hundruð þúsund tonna jafnvel þarf alveg ótrúlega mikið afl. Það þarf nánast sérhannaða dráttarbáta til þess. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um þetta. Nú erum við væntanlega langt komin í því ferli að smíða nýtt varðskip. Það hefur svo sem verið talað um að það yrði öflugt, mun öflugra við að aðstoða skip og draga þau en skipin okkar eru nú. Við sáum líka þegar dregið var skip út af söndunum við Suðurland síðast að til þess þurfti óhemju kraftmikil skip. Það verður að vera hægt að bregðast við uppákomum í gas- og olíuflutningum norðan við land því vafalaust verða óhöpp í framtíðinni ef þessar siglingaleiðir verða almennt teknar upp við flutninga af olíusvæðum í Barentshafi. Þá þurfum við að geta brugðist við til að koma í veg fyrir að skipin reki jafnvel hér á land. Þessi skip sem rista margra metra. Þau eru jafnvel allt að 20 metra djúprista fulllestuð og geysilegt afl þarf til að hreyfa þau, draga þau til að koma í veg fyrir slys.

Unnin hefur verið skýrsla á vegum utanríkisráðuneytisins þar sem horft var til þessara átta. Ég held að Landhelgisgæslan hafi komið að því einmitt. Við horfum núna væntanlega til talsvert breyttra áherslna varðandi Landhelgisgæsluna og öryggishlutverk okkar vegna breytinga í varnarmálum, vegna verkefna við sjóbjörgun og rekstur þyrlusveitar sem við verðum mjög líklega að taka upp o.s.frv. Ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. ráðherra fara nokkrum orðum um það sem ég hef hér nefnt. Ég held að frumvarpið eins og það liggur hérna fyrir sé að mörgu leyti ágætlega unnið. Ég hef ekkert sérstakt við það að athuga. Þó er hægt að benda á að til stendur að einkavæða einhverja rekstrarþætti. Það er alla vega veitt til þess heimild. Það eru svo sem kannski engin sérstök plön um það. En alla vega er veitt til þess heimild og getur mönnum svo sem sýnst sitthvað um það, þ.e. ef af því verður að stofnað verði hlutafélag um skiparekstur, flug og tækniþjónustu o.s.frv. Ég sé það ekki alveg fyrir mér hvernig þessum málum verður háttað í framtíðinni, þ.e. öryggishlutverkinu sem mér sýnist að Landhelgisgæslan þurfi að sinna í meira mæli en kannski var meðan við höfðum varnarsamning og setulið frá Bandaríkjunum. Það vitum við ekki á þessari stundu og erum auðvitað að ræða þetta í svolítilli óvissu. En ég held að menn hljóti samt að horfa til þess að Landhelgisgæslan muni í framtíðinni hafa meira hlutverk og veigameira og verði kannski meiri þátttakandi í öryggismálum okkar, án þess að sá sem hér stendur geti svo sem neitt fullyrt um það. En það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra vildi fara um það nokkrum orðum hvaða sýn hann hefur á þann þátt málsins.

[02:04]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er orðið dálítið framorðið til að fara yfir þessi mál mjög ítarlega en þetta er stórmál, Landhelgisgæslan, störf hennar, skipulag og verkefni og ekki hvað síst til viðbótar við þá umræðu sem verið hefur undanfarið í ljósi þess að við erum svo lánsöm að fara að losna við herinn, herstöðina á Keflavíkurflugvelli, sem reyndar var fyrir löngu fyrirsjáanlegt. Í þeirri umræðu hefur verið rætt um aukið hlutverk og verkefni fyrir Landhelgisgæsluna. Inn á það hefur ekkert verið komið í þessari umræðu, enda komin hánótt og ekki svo mikið svigrúm til þess í sjálfu sér. Ég hefði samt talið rétt, og það gerist sjálfsagt í nefnd, að hlutverk, rekstur og umfang Landhelgisgæslunnar verði skoðað mjög vandlega í ljósi þeirrar breyttu stöðu og hvaða hlutverki hún getur gegnt.

Ítrekað hefur verið rætt um björgunarmálin og þá staðreynd að hér hafi verið staðsettar þyrlur á vegu Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli sem hafi gefið okkur ákveðið öryggi í björgunarstörfum. Það er alveg hárrétt að oft hefur verið gott að geta leitað til þessara flugvéla. Auk þess hafa þær líka átt yfir búnaði að ráða til að afgreiða eða taka eldsneyti á flugi og á svona gríðarlega stórum hafsvæðum, eins og eru í kringum okkur sem langt er til næsta lands, hefur það skipt miklu máli.

Hvaða möguleika Landhelgisgæslan hefur til að taka að sér þessa þætti svo vel sé þarf náttúrlega að fara mjög ítarlega í gegnum, því auðvitað viljum við að svo verði. Við fögnum því að herinn fari en við ætlum líka að axla þá ábyrgð að hér sé nægilegur björgunarbúnaður. Inn á þetta er ekkert komið í umfjölluninni hér og væri það þó nauðsynlegt. Þess vegna er fáránleg, alveg furðuleg sú nálgun ráðherra sem hann kom inn á að fara að hlutafélagavæða mikilvæga þætti í verkefnum Landhelgisgæslunnar. Þetta er alveg fáránlegt ekki síst í því ljósi sem við nú stöndum frammi fyrir þar sem við þurfum frekar að skoða það hvernig við getum eflt opinbera öryggisgæslu sem Landhelgisgæslan gæti tekið að sér, en þá er eins og áhuginn hjá ríkisstjórninni sé mestur að einkavæða hana. Það er sett fram sem einn af meginþáttum til að vinna að, eins og við höfum fengið að heyra á undanförnum dögum.

Ég hefði talið að þegar við erum að endurskoða lögin um Landhelgisgæsluna eigum við að skoða hvernig við ætlum að takast á við verkefnið um hafið norður undan. Vaxandi umferð er um Norður-Atlantshafið og mér finnst alveg einboðið að við könnum grundvöll þess að hér verði komið upp öflugri björgunar- og eftirlitssveit fyrir umferð um Norður-Atlantshafið. Þetta eru gríðarlega stór hafsvæði. Það þarf öflugan flota, öflugar flugvélar, tækni og búnað til að takast á við það hlutverk og við eigum að hafa frumkvæðið og bjóða fram samstarf um að byggja öfluga björgunarsveit fyrir Norður-Atlantshafið, sveit sem líka getur tekið að sér umhverfiseftirlit með flutningum sem þar eiga sér stað. Þetta hefði ég viljað sjá að kæmi inn í umfjöllun í greinargerð. Vafalaust er þessi greinargerð svo gömul að það hefur ekki verið tekið með þar þá. En nú er þetta búið að liggja ljóst fyrir árum saman reyndar að herinn væri að fara, og hvort sem væri.

Ég vil draga þetta fram og vil hvetja til þess að í hv. allsherjarnefnd verði kallað eftir hugmyndum, skilgreiningu á þörfum fyrir að hér verði allsherjarbjörgunarstöð, eftirlitsstöð fyrir Norður-Atlantshafið í samvinnu við þjóðir sem þar eiga hluta að eða hagsmuna að gæta, þ.e. Norðmenn, Englendinga, Skota, þess vegna Rússa, Kanadamenn, Grænlendinga, Dani og Færeyinga. Að kallað verði til hóps til að taka á því máli. Ég get ekki annað, frú forseti, en lagt öll mín orð í að þetta verði kannað. Það er miklu verðugra og mikilvægara hlutverk en að vera að ströggla við það hvort menn haldi hérna einni, tveimur eða þremur herþotum, eins og ráðherrar ríkisstjórnarinnar og ráðherrar Sjálfstæðisflokksins eru uppteknir við, skríðandi fyrir erlendum herveldum um hvernig megi viðhalda einhverjum herviðbúnaði sem er alveg fjarri öllu lagi. Við eigum fyrst og fremst að vera friðarþjóð og megum þakka fyrir að við getum losnað undan þessu oki sem við höfum verið sett undir með erlendri hersetu. Við eigum að grípa núna tækifærið og lýsa yfir hlutleysi, lýsa yfir að Ísland sé herlaust land, Ísland sé land sem muni beita sér fyrir eflingu friðar. Einn liður í því er að koma upp öflugri björgunar- og eftirlitsstöð sem starfi þess vegna á alþjóðlegum grunni en ekki á sviði hernaðar.

Frú forseti. Þetta var kannski það sem ég vildi leggja inn í umræðuna. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt. Þetta mundi þýða ákveðna framsýni. Verið væri að taka á þessu með ákveðinni framsýni og ákveðnum krafti, en strika burt barnalegar hugmyndir sem alltaf eru settar núna í öll frumvörp ríkisstjórnarinnar um að hlutafélagavæða þetta eða hitt, ræstinguna, viðgerðina og svo þessi náttúrlega ofboðslegu stórmerkilegu atriði í frumvarpi til laga um Landhelgisgæsluna, drottinn minn dýri. Verum svolítið stórhuga, lítum fram á við og lítum á hversu stóru hlutverki við getum gegnt þar, að hér verði ein allsherjarbjörgunarsveit, landhelgisgæsla á Norðurhöfum, hafsvæðum norður af umhverfis Ísland, norður um Svalbarða og allt til norðurpólsins.

[02:13]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þessar góðu og málefnalegu umræður um frumvarpið. En mér þykir leiðinlegt að koma hv. þm. Jóni Bjarnasyni í uppnám með því að tala um ákveðið frelsi og losna undan oki ríkisins, láta það ekki ráða öllu en (Gripið fram í.) við verðum að búa við það í öllum málum að menn hafi mismunandi skoðanir.

Varðandi það sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson vék að og var lykilatriði í spurningum hans var spurningin um hvort í frumvarpinu væri verið að mæla fyrir um að Landhelgisgæslan gæti tekið að sér hernaðarlegt hlutverk. Hvergi í frumvarpinu er vikið að því að Landhelgisgæslan taki að sér hernaðarlegt hlutverk. Það er talað um öryggisgæslu og björgun á hafi úti og í 1. tölul. 4. gr. segir, með leyfi forseta:

„Öryggisgæsla á hafinu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, samninga við önnur ríki og ákvæði laga.“

Tækjakostur Landhelgisgæslunnar er ekki þannig að hann sé til þess fallinn að Landhelgisgæslan taki að sér hernaðarleg verkefni og ekki er verið að hanna nýtt varð-

skip eftir þeim kröfum sem menn gera til t.d. herskipa. Litið er á tæki Landhelgisgæslunnar sem leitar- og björgunartæki og varðskipin sem varðskip en ekki sem herskip. Það er lykilatriði þegar menn velta fyrir sér hlutverki Gæslunnar, að hafa þetta í huga þegar rætt er um hana, að tæki sem hún notar eru þess eðlis að hún getur ekki tekið að sér hernaðarleg verkefni og getur ekki starfað sem sjóher.

Hins vegar er innan Gæslunnar sérþekking t.d. varðandi sprengjueyðingu sem hefur nýst í samvinnu við heri í nágrannalöndunum og hér hafa verið æfingar á vegum NATO sem sprengjueyðingardeildin hefur staðið fyrir og mun áreiðanlega þróast áfram.

Eins og hv. þingmaður las upp úr greinargerð frá 1999 gerðu menn ráð fyrir að undir merkjum sem var kallað samstarf í þágu friðar eða félagsskapur í þágu friðar sem var komið á laggirnar af Atlantshafsbandalaginu til að auðvelda ríkjum sem nú eru orðin aðildarríki Atlantshafsbandalagsins að laga sig að breyttum kröfum, þá var gert ráð fyrir að Landhelgisgæslan gæti þátt í því. Það hefur breyst og ég held að það sé ekki verkefni sem lengur er rætt um.

Einnig hefur áherslan á tundurduflaslæðingar minnkað frá því sem áður var en þar var gert ráð fyrir, og í áætlunum NATO er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að þau skip og sá tækjakostur sem hér er nýtist þótt hann sé ekki hernaðarlegs eðlis. Við vorum reiðubúnir til þess að láta þyrlusveit okkar sinna verkefnum með orrustuþotum Bandaríkjahers, eins og tilboð íslensku ríkisstjórnarinnar var í febrúar, því samstarf sveita eins og lögreglu og Landhelgisgæslu við þá sem sinna öryggisgæslu undir merkjum sjóhers kemur að sjálfsögðu til álita. En tækjakostur Landhelgisgæslunnar er ekki þannig úr garði gerður að hann geti sinnt hernaðarlegum verkefnum.

Ég held að með þessu svari ég mörgum af þeim spurningum sem komu fram frá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni. Um samstarf við aðrar þjóðir þá stendur til að gera samninga t.d. við Dani um samstarf milli Landhelgisgæslunnar og danska sjóhersins þá er það skilgreint verkefni Landhelgisgæslunnar sem landhelgisgæslu en ekki sem sjóhers og það lýtur að ýmsum verkefnum svo sem eftirliti með skipum og slíku sem falla vel að verkefnum Landhelgisgæslunnar fyrir utan leit og björgun.

Ég sat í nefndinni sem samdi þessa skýrslu sem út kom 1993 og hér er vitnað til. Þar er einmitt tekið fram að áfram eigi að fylgja þeirri stefnu að íslenskir aðilar taki að sér þá þætti í störfum varnarliðsins sem ekki krefjast annarra skuldbindinga en sem samræmast borgaralegum störfum. Þetta er alveg lykilatriði í öllu því sem íslensk stjórnvöld hafa sagt um þessi mál því það hefur ekki verið samþykkt á Alþingi að íslensk stjórnvöld geti tekið þátt í hernaðarlegum störfum eða hafi heimildir til þess að gera slíkt þannig að allt það sem við erum að tala um er þess eðlis að um borgaralega starfsemi er að ræða. Það á líka við um 8. gr. varðandi vopnin sem hv. þingmaður spurði um, það er eins og hérna segir, með leyfi forseta:

„Til þessa hafa starfsmenn Gæslunnar farið eftir reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna í þau fáu skipti sem þeir hafa þurft að nota vopn við störf sín. Aðstæður starfsmanna Landhelgisgæslunnar eru hins vegar nokkuð frábrugðnar því sem gerist í landi og því er talið nauðsynlegt að kveða skýrt á um vopnaburð starfsmanna Landhelgisgæslunnar og heimild þeirra til notkunar vopna."

Það er til þess að lagaheimildir fyrir þessu séu alveg skýrar en ekki sé verið að tala um að vopnaburður sé á annan veg en löggæsluaðilar hafa heimild til í löggjöf okkar.

Sama gildir um 5. gr. 2. mgr. Ég veit ekki hvort við höfum haft hugmyndaflug til að gera upptalninguna í greinargerðinni tæmandi en ef gert væri ráð fyrir að í þessu fælist einhvers konar hernaðarleg starfsemi þá hefði það náttúrlega verið tekið fram í greinargerðinni. En menn verða að huga að því að frumvarpið er ekki þannig úr garði gert að við séum að velta því fyrir okkur.

Í 25. gr. er hlutafélagsvæðingin sem menn eru að tala um. Það er mín skoðun og ég veit að menn geta verið ósammála því og verða uppnæmir yfir því en ég tel að þegar verið er að endurskoða löggjöf um stofnanir eins og Landhelgisgæsluna þá eigi að hafa slíkar heimildir í frumvarpi. Þegar ég var menntamálaráðherra og flutti frumvarp um háskóla þá var sams konar ákvæði líka sett í frumvarpið um háskóla sem hefur komið háskólanum vel með því að geta tekið þátt í starfsemi og haft aukið svigrúm. Og þótt háskólanum sé ekki breytt í hlutafélag þá hefur Háskóli Íslands geta tekið þátt í hlutafélögum og átt aðild að samstarfi við aðra á grundvelli ákvæða eins og þessa. Ég sé það fyrir mér að Landhelgisgæslan geti t.d. átt samstarf við aðra aðila á þessum grunni. Ég hef ekki hugsað það til hlítar. Varðandi réttindi starfsmanna þá færi það eftir því sem ákveðið yrði ef farið yrði út í þetta á annað borð.

Ég hef ekki svör við því hvort Landhelgisgæslan muni flytja sig um set. Það eru uppi áform sem ég hef andmælt um að reisa Háskólann í Reykjavík á svæðinu milli Nauthólsvíkur og Öskjuhlíðar, við Reykjavíkurflugvöll, og ef menn líta á þær skipulagshugmyndir og ef af þeim áformum verður, þá er gert ráð fyrir því að eitt hornið á því landi fari beinlínis inn í flugskýli Landhelgisgæslunnar þannig að það virðist frekar vera gert ráð fyrir háskólanum en Landhelgisgæslunni á athafnasvæði Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli. Þá liggur í hlutarins eðli að við getum ekki rekið flugstarfsemi Gæslunnar þaðan, þetta er atriði sem við verðum að skoða.

Varðandi kostnaðinn þá er það svo að með nýrri flugvél, nýju varðskipi og fjölgun þyrlna munu öll umsvif Landhelgisgæslunnar stóraukast og kostnaður við rekstur hennar mun náttúrlega vaxa. Þetta er eitt af því sem ég held að samstaða sé um á þingi og í ríkisstjórninni að menn vilji taka þetta að sér og eigi að axla þessa ábyrgð. Það er unnið hörðum höndum að því að undirbúa þetta og þá mun starfsmönnum einnig fjölga, ekki síst flugmönnum og tækniliði sem sinnir flugvélum við þessar breytingar.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson spurði um þyrlurnar. Hugmyndir okkar eru þær að hægt sé að halda úti fullkominni leitar- og björgunarþjónustu með þremur þyrlum af Super Puma gerð eða sambærilegum þyrlum. Ef það verði þá sé unnt að sinna þessu á viðunandi hátt.

Ég tel líka æskilegt að huga að því hvort ekki eigi að hafa minni þyrlu, hafa fjórar þyrlur, þessar þrjár stóru og eina minni sem væri þá til slíkra verkefna. Það væru þrjár þyrlur af sambærilegri gerð og Super Puman sem við erum

með núna, búnar afísingarbúnaði og öllum þeim búnaði sem þarf og þá væri þannig um hnúta búið að unnt væri að veita 24 tíma þjónustu sjö daga vikunnar allan ársins hring. Það verður aldrei hægt að fylla það skarð sem verður við að eldsneytisvél verður ekki hér í landi, það er engin þjóð í heimi önnur en Bandaríkjamenn sem halda úti björgunarsveitum og nota eldsneytisvélar. Við yrðum að hafa búnað um borð í varðskipum okkar til þess að þyrlurnar gætu tekið eldsneyti á lofti og það mundi stórauka radíus þeirra og athafnasvæði.

Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni þegar hann ræðir um olíu- og gasflutningana. Þeir flutningar eiga eftir að setja mikinn svip á alla skipaumferð umhverfis Ísland og við erum rétt að finna smjörþefinn af þessu. Ég hef í undirbúningi að efna til ráðstefnu næsta haust með hagsmuni Gæslunnar og okkar í huga varðandi þennan þátt til að menn geri sér gleggri grein fyrir því hvað í þessu felst og hef hafið undirbúning að því. Nýja varðskipið sem verið er að hanna á að hafa dráttarkraft til að geta glímt við þessi risaskip og við höfum tekið m.a. mið af því sem Norðmenn hafa verið að gera. Ég tel að samvinna okkar við Norðmenn í þessu efni eigi eftir að aukast. Þeir eru að endurnýja allan skipaflota sinn í raun og veru, bæði strandgæsluna og herskipaflota þannig að Norðmenn munu vera enn mikilvægari samstarfsaðili okkar á Norður-Atlantshafinu þegar fram líða stundir en nú er vegna þess hve mikla áherslu þeir leggja á endurnýjun á flotastyrk sínum. En þetta mun skýrast varðandi þyrlurnar. Það var sett af stað vinna til að undirbúa ráðstafanir í þeim efnum, þrjár vikur eru ætlaðar til undirbúnings bráðabirgðaráðstafana í þyrlumálunum, tveir mánuðir til að undirbúa langtímaáætlanir og ég á von á því að núna um páskana komi tillögur um hvernig við getum leyst þetta til bráðabirgða og síðan til langframa. Mér virðist ljóst af þeim upplýsingum sem ég hef fengið nú að þrjár stórar þyrlur dugi til að við getum talað um þetta af því öryggi sem við viljum að ríki hér á þessu sviði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[02:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta til að fá að heyra frá hæstv. forseta hvenær gert sé ráð fyrir því að þessum fundi ljúki. Ég verð að segja að mér finnst ekki góður svipur á umræðu af þessu tagi þegar farið er að taka fyrir viðamikið mál eins og t.d. það sem við höfum nú nýlokið við að ræða, Landhelgisgæslu Íslands, um miðja nótt. Málið hefði auðvitað fengið mun meiri þátttöku ef hér hefði verið fjallað um það á eðlilegum tíma á miðjum degi.

Fram undan eru ein sex mál í viðbót frá hæstv. dómsmálaráðherra. Hluti þeirra eru umdeild eins og dómstólar og meðferð einkamála þar sem fjallað er um bann við myndatöku í dómsölum, seinkun birtinga hæstaréttardóma. Þetta eru málefni sem fjölmiðlafólk hefur fjallað um í fjölmiðlum. Ég veit ekki til að neinir fjölmiðlamenn séu hér á þessum fundi, enda, frú forseti, var eingöngu tilkynnt um það á þingflokksfundum í dag að það yrði kvöldfundur í kvöld og kvöldfundir eru hér venjulega fram undir miðnætti og umburðarlyndi þingmanna heimilar forseta að keyra kvöldfundi jafnvel fram til kl. 1 en ekki mikið lengur. Það var ekki talað um neina næturfundi og nú erum við eins og ég segi komin langt inn í mál dómsmálaráðherra og við erum hvorki með formann allsherjarnefndar í salnum né varaformann í húsi. Ég segi, frú forseti, að ég tel mjög slæman svip á umræðu af þessu tagi. Við höfum keyrt þessa umræðu vel og við erum búin að ná mjög fínum dampi í umræðuna og við erum búin að ná mörgum málum inn í nefndir núna á þessum langa fundi en ég tel ekki alveg eðlilegt að honum verði haldið áfram mótmælalaust. Ég hvet hæstv. forseta til að segja okkur hvenær eigi að ljúka fundi. Ef það er bara eitt mál í viðbót sem verður tekið eða jafnvel tvö þá viljum við fá að vita það, en í öllu falli, hvað á að halda þessum fundi lengi áfram?

[02:28]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég er tilbúinn að vera hér og ræða þessi mál eins lengi og forseti ákveður en til að greiða fyrir störfum þessa fundar þá mundi ég mælast til þess við forseta að ég fengi að mæla fyrir tveimur litlum frumvörpum í viðbót, þ.e. frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsidóma sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og hins vegar frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands. Þetta eru tvö lítil frumvörp sem ég held að menn ættu að geta sameinast um að við gætum klárað.

[02:28]

Forseti (Drífa Hjartardóttir):

Forseti vill geta þess að hann mun taka fyrir þessi tvö mál, 25. mál, fullnustu refsidóma og 23. mál, Happdrætti Háskóla Íslands.

[02:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé nokkuð ásættanlegt að gera þetta með þessum hætti og tel að við höfum lokið ágætisdagsverki. Við eigum mörg hver að mæta á fundi kl. 8.30 í fyrramálið og ætli við getum ekki lokið því sem hæstv. ráðherra stakk upp á fyrir kl. 3? Ég geri ekki athugasemdir við að þannig verði að staðið.

[02:29]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Af því að ég hóf þessa umræðu þá lýsi ég því yfir að ég tel fullkomlega ásættanlegt að hæstv. dómsmálaráðherra mæli fyrir þessum tveimur málum og við létum þá fundinum lokið. Ég geri því ekki frekari ágreining um það mál, tel að það sé sjálfsagt rétt að afgreiða þessi mál til nefndarinnar nú þannig að ég felli mig alveg við þetta.

Fullnusta refsidóma, 1. umr.

Stjfrv., 675. mál (flutningur sektarinnheimtu til Blönduóss). — Þskj. 991.

[02:30]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Frumvarpið er liður í flutningi verkefna á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og stofnana þess til sýslumannsembætta utan höfuðborgarsvæðisins. Nánar tiltekið lýtur frumvarpið að breytingu á fyrirkomulagi hér á landi við framkvæmd innheimtu sekta og sakarkostnaðar á milli Norðurlandanna, en hingað til hefur hún farið fram fyrir milligöngu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Eins og kunnugt er hefur verið ákveðið að flytja innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landinu í heild til embættis sýslumannsins á Blönduósi, sbr. 1. mgr. 70. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 49 17. maí 2005, þar sem segir að dómsmálaráðherra sé heimilt að ákveða að innheimta sekta og sakarkostnaðar verði á hendi eins lögreglustjóra eða annars aðila á landsvísu.

Þann 17. nóvember 2005 var skipuð undirbúningsnefnd sem hafði það hlutverk að undirbúa og skipuleggja uppsetningu innheimtumiðstöðvarinnar, og hefur nú verið ákveðið að innheimtumiðstöðin verði sett á fót í áföngum, þar sem gert er ráð fyrir yfirfærslu verkefna á tímabilinu frá apríl og fram í nóvember 2006.

Lagt er til að hið nýja fyrirkomulag á framkvæmd innheimtu sekta og sakarkostnaðar taki líka til innheimtu slíkra krafna á milli Norðurlandanna, en eins og áður segir hefur sú vinnsla hingað til farið í gegnum ráðuneytið, samanber lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[02:31]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég get verið stuttorður um þetta mál en hæstv. dómsmálaráðherra er búinn að gera grein fyrir efni frumvarpsins. Mig langar aðeins að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra í ljósi þess að hér er verið að fylgja eftir ákvörðun um að flytja þessa starfsemi á Blönduós, en það var rætt hér á sínum tíma að mig minnir: Gæti hæstv. dómsmálaráðherra rifjað upp hversu mörg störf þetta eru? Hvað verður um þá starfsmenn sem unnið hafa þessa vinnu í Reykjavík? Hafa þeir fengið önnur störf sambærileg? Þessu máli tengt, stendur til af hálfu hæstv. dómsmálaráðherra að flytja fleiri verkefni út á land?

[02:32]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál önnur en að fagna því frumkvæði sem hæstv. ráðherra tók með flutningi á þessum verkefnum til sýslumannsembættisins á Blönduósi. Ég veit að þetta starf er allt komið í gang og vonast til að það byggist mjög hratt, eðlilega og vel upp.

Ég treysti því reyndar að hæstv. ráðherra, sem er þekktur fyrir það að taki hann að sér mál fylgir hann þeim eftir og keyrir þau áfram, hvort sem þau eru góð eða vond, ég treysti því að hann fylgi þessu máli rækilega eftir gagnvart því að þessi starfsemi byggist upp eins og væntingar standa til.

[02:34]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég hefði kannski átt að breyta þessu í hlutafélag og flytja það norður á Blönduós. Þá hefði gleði þingmannsins verið með öðrum brag hér. En það er rétt hjá þingmanninum að starfsemin hefur hafist á Blönduósi. Ég held að búið sé að ráða þar fjóra starfsmenn. Ég leit þar inn á laugardaginn og sá aðstöðuna og kynnti mér þau áform sem þeir hafa um að breyta húsnæði og öðru slíku þannig að þetta er komið af stað. Ég tel að í nóvember verði þetta komið í það horf sem það verður síðan í til frambúðar og þá verði þarna starfandi á milli 10 og 15 manns. Í sjálfu sér má segja að það sé ekki svo að verið sé að flytja fólk úr Reykjavík þangað norður heldur er verið að ráða fólk til starfa, m.a. var efnt til námskeiðs í skrifstofutækni sem 33 aðilar sóttu og síðan á að boða námskeið í bókhaldi fyrir fólk sem getur sinnt því. Þetta verkefni hefur vakið áhuga fyrir norðan og verður skemmtilegt að fylgjast með því hvernig það þróast.

Þeir sem hafa sinnt þessum verkefnum eru að segja má dreifðir um landið allt. Flestir í Reykjavík og þeir munu sinna öðrum verkefnum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu þegar það embætti tekur til starfa.

Það er athyglisvert þegar farið er ofan í þetta mál og það skoðað að útistandandi eru 1,7 milljarðar kr. í óinnheimtum sektum. Þá sjá menn að full ástæða var til þess annars vegar að taka á þessu máli og skoða hvernig þessari framkvæmd væri háttað og hins vegar að velta því fyrir sér hvort ekki ætti að flytja það til embættis sem þekkt er að því að standa vel að innheimtu sekta fyrir hönd ríkissjóðs. Vonandi tekst að innheimta alla þessa fjármuni. Ef þeir fara í gegnum einhvern sparisjóð á Blönduósi þá verður líka einhver vöxtur í þeim rekstri þar.

Varðandi fleiri verkefni þá hefur verið ákveðið að flytja bótanefnd sem er starfandi í Reykjavík til Siglufjarðar og að Lögbirtingablaðið verði gefið út frá Vík í Mýrdal, en í frumvarpinu um lögreglumálin, sem er til meðferðar í allsherjarnefnd, eru þessi verkefni tíunduð. Eins og ég svaraði í fyrirspurn á dögunum heldur ráðuneytið þessu ekki frekar að mönnum en að kynna að það sé tilbúið að stuðla að flutningi þessara verkefna út á landsbyggðina. Síðan er það sýslumannanna á hverjum stað að óska eftir að taka að sér verkefnin.

Við teljum nauðsynlegt að breyta lögum um þetta svo unnt sé að flytja þessa starfsemi með annarri innheimtu sekta á Blönduós. Ég vona að frumvarpið nái fram að ganga í vor þannig að þetta geti verið hluti af þeirri starfsemi sem er að þróast á Blönduósi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Háskóla Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 748. mál (einkaleyfisgjald og greiðsla vinninga í peningum). — Þskj. 1085.

[02:37]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands. Þar er lagt til að Happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Happdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga verði heimilt að greiða út peningavinninga í flokkahappdrættum án þess þó að fella niður einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands. Aftur á móti greiðir það happdrætti ákveðna hámarksfjárhæð í leyfisgjald, eða 150 millj. kr.

Fjárhæðin sem Happdrætti Háskóla Íslands greiðir rennur eftir sem áður í Rannsóknasjóð og Tækjasjóð samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003. Hagnist Happdrætti Háskóla Íslands á þessari nýskipan rennur hagnaðurinn til Háskóla Íslands.

Happdrætti DAS og SÍBS hafa um árabil óskað eftir að fá að greiða út vinninga í peningum. Samkvæmt núgildandi lögum hefur Happdrætti DAS heimild til að greiða vinninga út í bifreiðum, bifhjólum, bátum, búnaðarvélum, íbúðarhúsum og einstökum íbúðum, hljóðfærum, búpeningi, flugvélum og farmiðum til ferðalaga. Happdrætti SÍBS hefur leyfi til að greiða út vinninga í vörum.

Leiða má að því sterk sanngirnisrök að þessi happdrætti fái, í ljósi breyttra þjóðfélagsaðstæðna, leyfi til að greiða út vinninga í peningum. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um happdrætti, nr. 38/2005, kemur fram að í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sé verið að undirbúa breytingar á sérlögum um peningahappdrætti þar sem m.a. verður tekin afstaða til þess hvort afnema beri einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands til að greiða út peningavinninga og fella niður einkaleyfisgjald þess. Ríkissjóði verði bætt tekjutapið með sérstakri gjaldtöku á þá sem fá leyfi til að starfrækja peningahappdrætti. Horfið var frá þessum fyrirætlunum að sinni á grundvelli þeirrar leiðar sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi og er tillagan lögð fram í samráði við Happdrætti Háskóla Íslands.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[02:39]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Í frumvarpi þessu er lagt til að Happdrætti DAS og Happdrætti SÍBS verði heimilað að greiða út peningavinninga í flokkahappdrættum en Happdrætti Háskóla Íslands greiði eftir sem áður 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald til Tækjasjóðs. Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að einkaleyfisgjaldið verði að hámarki 150 millj. kr. á ári í ljósi þess að lögbundnu vöruhappdrættin fá einnig leyfi til að greiða út peningavinninga.

Ég tel þetta vera jákvætt skref í rétta átt. Ég hef aldrei skilið þá mismunun á happdrættum að sum happdrætti hafa einungis leyfi til að greiða út vinninga sína í vörum en önnur í peningum. Það er fagnaðarefni að hér sé verið að draga úr þeim mismun.

Mig langar samt að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort einhver önnur happdrætti standi út af og séu bundin því að greiða út vinninga sína í vörum. Hvort hér á landi séu einhver happdrætti sem ættu hugsanlega að heyra undir þessi lög og fá sama rétt og þessi happdrætti til að greiða út í peningum. Og ef einhver sambærileg happdrætti eru útistandandi, af hverju eru þau ekki með?

Síðan langar mig að spyrja í öðru lagi: Af hverju var horfið frá þeirri leið að afnema einkaleyfisgjaldið með öllu? Af hverju er þessi leið farin? Af hverju er þetta gjald ekki lagt niður? Við sjáum að hagnaður af Happdrætti Háskóla Íslands rennur til Háskóla Íslands en einkaleyfisgjaldið rennur í Tækjasjóðinn. Þetta ætti hvort tveggja að renna til háskólans, af hverju rennur ekki allur hagnaðurinn einfaldlega til Háskóla Íslands? Af hverju var horfið frá þeirri leið sem hæstv. dómsmálaráðherra kom aðeins inn á?

Að lokum er viðbótarspurning sem hæstv. dómsmálaráðherra ætti kannski að geta svarað sem fyrrverandi menntamálaráðherra: Lækkar ríkisframlag til Háskóla Íslands í samræmi við það einkaleyfisgjald sem fer til Tækjasjóðs? Er eitthvert samhengi þarna á milli sem hæstv. dómsmálaráðherra veit um, lækka þeir fjármunir sem renna í Tækjasjóðinn ríkisframlagið á einhvern hátt? Eru einhver tengsl þarna á milli sem hann getur upplýst okkur um?

[02:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Mál það sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur nú talað fyrir, um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, sætir örugglega nokkrum tíðindum. Sú sem hér stendur hefur líklega tvisvar sinnum tekið þátt í umfjöllun um happdrættismál í allsherjarnefnd í sinni tíð á Alþingi. Það verður að segjast eins og er að ævinlega hefur þá komið upp umræða um þetta einkaleyfisgjald Háskóla Íslands en það hefur verið nokkuð óvinsælt í háskólanum, m.a. hafa stúdentar mótmælt því kröftuglega og hafa viljað fá þetta fé til bættrar aðstöðu í háskólanum. Sömuleiðis hafa óskir frá happdrættum SÍBS og DAS verið nokkuð háværar í þau skipti sem þessi mál hafa borið á góma í allsherjarnefnd. Ég hef sjálf haft samúð með þeim sjónarmiðum og ég fagna því að nú skuli losað um þær hömlur sem hafa verið á þessum tveimur happdrættum að geta greitt út vinninga í peningum.

Ég fagna því í sjálfu sér líka sem hér kemur fram að málið sé unnið í samráði við Happdrætti Háskóla Íslands og tel að það gefi vísbendingu um að Happdrætti Háskóla Íslands felli sig við einkaleyfisgjaldið á þessum nótum, að á það skuli vera sett hámark upp á 150 millj. kr. Ég geri þá ráð fyrir að happdrættið eygi möguleika á að auka tekjur sínar en hlutfallslega kemur einkaleyfisgjaldið ekki til með að hækka heldur jafnvel lækka.

Áform um lagasetningu sem hæstv. ráðherra orðaði í ræðu sinni hafa þó verið sett á ís í bili enda telur hæstv. ráðherra greinilega að sátt náist um þessa leið. Ég vona sannarlega að svo verði og ég lýsi því yfir hér að ég kem ekki til með að setja mig upp á móti því að þetta mál verði sent út til umsagnar núna. Ég geri ráð fyrir að það verði sett á umsagnarlista í fyrramálið í allsherjarnefnd og að hægt verði

að afgreiða málið hratt og vel frá nefndinni ef um það ríkir sú sátt sem hæstv. ráðherra sagði okkur frá í ræðu sinni þegar hann fylgdi frumvarpinu úr hlaði. En ég bind vonir við að um þetta mál ríki sátt og það geti þá gengið í gegn án mikilla tafa.

[02:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég kem eingöngu í ræðustól til að lýsa yfir ánægju minni með að þetta skref skuli vera stigið og að hið svokallaða vöruhappdrætti SÍBS og happdrætti DAS fái nú að reiða út sína vinninga í peningum eins og Happdrætti Háskólans hefur fengið um áratugaskeið. Ég held að ekki sé mikið meira um þetta að segja.

Ég tel að þetta sé góð breyting og mun styðja þetta mál og vonast til að aðrir þingmenn Frjálslynda flokksins muni gera slíkt hið sama.

[02:45]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka góðar undirtektir undir frumvarpið. Ég sá það eftir að gengið hafði verið frá frumvarpinu að það hefði að sjálfsögðu átt að orða 1. gr. öðruvísi. Í greininni segir núna:

„Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald, þó ekki hærri fjárhæð en 150.000.000 kr.“

Það á að taka út orðið „einka“ þarna. Hann greiði leyfisgjald því hann er ekki lengur með einkaleyfi á rekstri peningahappdrættis. En þetta er leyfisgjald sem hann greiðir vegna þess m.a. að Happdrætti Háskóla Íslands hefur víðari heimildir til fjáröflunar en bara rekstur á flokkahappdrætti. Þá kem ég að þeirri spurningu sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson vék að mér: hvort einhver önnur happdrætti væru að borga út vinninga í vörum en ekki peningum.

Eins og hv. þingmenn vita eru happdrætti sem veita vinninga í bílum og öðru slíku eða með farseðlum og ferðalögum. Það er ekki verið að fjalla um þau hér heldur eru tvö happdrætti, happdrætti SÍBS og DAS, sem greiða út vinninga úr flokkahappdrætti með peningum. Það er sérstaða þessara happdrætta að þetta eru flokkahappdrætti og þessi tvö happdrætti fyrir utan Happdrætti Háskóla Íslands eru þau einu sem eru flokkahappdrætti. Ég mæli þannig ekki með því við nefndina að hún fari að taka upp þá reglu að öll happdrætti hafi leyfi til að greiða út vinninga í peningum. En síðan eru aðrir aðilar sem greiða vinninga í peningum eins og Lottóið og náttúrlega spilakassarnir og Getspáin og hvað þetta heitir allt saman eins og hv. þingmenn vita.

Þetta verða menn að hafa í huga og um það hefur styrinn hefur staðið að happdrætti SÍBS og DAS hafa talið samkeppnisstöðu sína gagnvart Happdrætti Háskóla Íslands skerta vegna þess að þeim hefur verið gert skylt að greiða út vinninga í öðru en peningum og því er verið að breyta með þessu frumvarpi.

Hv. þingmenn og hv. allsherjarnefnd kalla vafalaust fyrir sig forráðamenn Happdrættis Háskóla Íslands, stjórnarformann og framkvæmdastjóra og þeir munu vafalaust staðfesta það sem ég hef sagt að um þetta mál er góð sátt. Það má segja að gjaldið er ekki lagt niður vegna þess að það er mjög mikilvægt held ég að hafa þennan bundna tekjustofn í Tækjasjóði til að tryggja Tækjasjóði þessar öruggu eyrnamerktu tekjur. Það eru ekki mörg ákvæði í lögum orðið eftir sem tryggja ákveðnum sjóðum eyrnamerktar tekjur á þennan veg og menn sjá sér hag að því.

Satt að segja þegar hugað hefur verið að því að afnema þetta einkaleyfisgjald og afla ríkissjóði tekna í stað þess á annan hátt hefur það löngum vafist fyrir mönnum. Ég tel því að sú sátt sem við höfum náð um þetta sé þess eðlis að ég vona að líka náist sátt um málið í hv. allsherjarnefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–16., 18.–20. og 22. mál.

Fundi slitið kl. 02:50.

---

103. FUNDUR

þriðjudaginn 11. apríl,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, stjfrv., 731. mál, þskj. 1067. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 730. mál, þskj. 1066. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Skráning losunar gróðurhúsalofttegunda, stjfrv., 713. mál, þskj. 1049. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Landmælingar og grunnkortagerð, stjfrv., 668. mál, þskj. 978. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Úrvinnslugjald, stjfrv., 714. mál, þskj. 1050. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 694. mál, þskj. 1024. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Fullnusta refsidóma, stjfrv., 675. mál, þskj. 991. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 748. mál, þskj. 1085. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Kjararáð, stjfrv., 710. mál, þskj. 1046. — 1. umr.
10. Upplýsingalög, stjfrv., 690. mál, þskj. 1020. — 1. umr.
11. Vísinda- og tækniráð, stjfrv., 744. mál, þskj. 1080. — 1. umr.
12. Norðurlandasamningur um almannaskráningu, stjtill., 609. mál, þskj. 893. — Fyrri umr.
13. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 610. mál, þskj. 894. — Fyrri umr.

14. Samningur um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, stjtill., 662. mál, þskj. 970. — Fyrri umr.
15. Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Suður-Kóreu, stjtill., 671. mál, þskj. 981. — Fyrri umr.
16. Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, stjfrv., 682. mál, þskj. 998. — 1. umr.
17. Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, stjtill., 683. mál, þskj. 999. — Fyrri umr.
18. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 685. mál, þskj. 1002. — Fyrri umr.
19. Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 686. mál, þskj. 1003. — Fyrri umr.
20. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 687. mál, þskj. 1004. — Fyrri umr.
21. Samningur um tölvubrot, stjtill., 692. mál, þskj. 1022. — Fyrri umr.
22. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 634. mál, þskj. 933. — 1. umr.
23. Framsal sakamanna, stjfrv., 667. mál, þskj. 977. — 1. umr.
24. Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, stjfrv., 669. mál, þskj. 979. — 1. umr.
25. Dómstólar og meðferð einkamála, stjfrv., 670. mál, þskj. 980. — 1. umr.
26. Almenn hegningarlög, stjfrv., 712. mál, þskj. 1048. — 1. umr.
27. Náttúruminjasafn Íslands, stjfrv., 688. mál, þskj. 1009. — 1. umr.
28. Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, stjfrv., 695. mál, þskj. 1025. — 1. umr.
29. Framhaldsskólar, stjfrv., 711. mál, þskj. 1047. — 1. umr.
30. Álagning skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, stjfrv., 732. mál, þskj. 1068. — 1. umr.
31. Tollalög og tekjuskattur, stjfrv., 733. mál, þskj. 1069. — 1. umr.
32. Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, stjfrv., 734. mál, þskj. 1070. — 1. umr.
33. Jarðalög, stjfrv., 739. mál, þskj. 1075. — 1. umr.
34. Eldi og heilbrigði sláturdýra, stjfrv., 740. mál, þskj. 1076. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[12:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):
Klukkan fjögur síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um stefnu í málefnum barna og unglinga. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, verður til andsvara.

[12:02]

Útbýting:
Reykdalsvirkjun, 495. mál, svar iðnrh., þskj. 1139.
Samkeppnislög, 721. mál, frv. BjarnB o.fl., þskj. 1057.
Tekjuskattur, 774. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 1150.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðræður í varnarmálum.

[12:03]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:
Virðulegur forseti. Ástæða þess að ég kem hér upp um störf þingsins eru misvísandi og óljós skilaboð sem fengist hafa af viðræðum milli íslenskra stjórnvalda eða samninganefndar íslenskra stjórnvalda og samninganefndar Bandaríkjamanna út af varnarmálum. Skemmst er að minnast þess að fram hafa farið umræður um það að utanríkismálanefnd hafi ekki verið kölluð saman eða henni ekki gerð sérstök grein fyrir því sem fram kom á fundum samninganefndarinnar núna fyrir skemmstu. Það var viðtal við hæstv. forsætisráðherra í tilefni þessara viðræðna og þar kom fram að ekkert nýtt hefði komið fram í þeim viðræðum þegar samninganefndirnar hittust. Hæstv. utanríkisráðherra sagði í umræðum á þingi, þegar hann flutti skýrslu sína, að íslensk stjórnvöld hefðu spurt ýmissa spurninga, orðaði það með þeim hætti.

Nú sá ég í leiðara Morgunblaðsins á laugardaginn, og kom mér það dálítið spánskt fyrir sjónir, að þar var því haldið fram að í „samningaviðræðunum við Bandaríkjamenn á dögunum" — eins og segir hér, virðulegi forseti — „komu svo fram nýjar og forvitnilegar hugmyndir, sem lítil skynsemi væri í að vísa frá á þessu stigi." Þetta þykja mér nokkur tíðindi, virðulegur forseti, að Morgunblaðið skuli telja sig hafa upplýsingar um nýjar og forvitnilegar hugmyndir sem utanríkismálanefnd hefur ekki verið gerð grein fyrir. Forsætisráðherra hefur talað um að ekkert nýtt hafi komið fram og utanríkisráðherra talar um að það hafi verið spurt spurninga.

Þess vegna spyr ég, virðulegur forseti, hvað sé rétt í þessum efnum. Er Morgunblaðið að fara með fleipur og gefa í skyn að það viti eitthvað sem það veit ekki eða hefur það upplýsingar undir höfðum sem öðrum eru ekki útbærar?

[12:05]

Guðjón A. Kristjánsson:
Hæstv. forseti. Það væri ákaflega áhugavert að fá að vita hvað liggur í þessum mismunandi skilaboðum sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gerði að umræðuefni. Sagt var á fundum um daginn að utanríkismálanefnd yrði upplýst um málið og haldið vel upplýstri um stöðu þessara mála. Þess vegna er ekki óeðlilegt að spurt sé héðan úr þessum ræðustól hvort upplýsingar sem verið hafa í fjölmiðlum eigi við einhver rök að styðjast eða hvort misskilningur sé á

milli tveggja hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni.

[12:06]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Þetta er nokkuð merkilegt ferli sem nú er að eiga sér stað í varnarmálum Íslendinga. Þar er kannski merkilegast af öllu hvernig Sjálfstæðisflokkurinn er að einangrast í utanríkis- og varnarmálum með nokkuð afdráttarlausum hætti á þessum mánuði sem liðinn er frá 15. mars, einum þeim svartasta degi í langri sögu Sjálfstæðisflokksins þegar ósköpin öll dundu yfir. Og nú síðast lýsir hæstv. forsætisráðherra því yfir í ræðu í gær í einum af háskólum borgarinnar að að hans mati komi vel til greina að segja upp varnarsamningnum og líta frekar til samstarfs við Evrópuríkin í varnar- og öryggismálum. Þarna tekur hæstv. forsætisráðherra undir þau viðhorf sem Samfylkingin og stjórnarandstöðuflokkarnir hafa haldið uppi upp á síðkastið. Það er orðið að nokkuð þverpólitísku viðhorfi að líta frekar til Evrópulandanna í öryggis- og varnarmálum en til Bandaríkjanna og segja má að hæstv. forsætisráðherra hafi í gær verið að segja áralöngum undirlægjuhætti íslenskra stjórnvalda við Bandaríkjamenn stríð á hendur.

Nú er spurningin hvernig Sjálfstæðisflokkurinn og Morgunblaðið ætla að bregðast við þessari nýju stöðu þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur einangrast einhvers staðar úti á jaðrinum í varnar- og öryggismálum Íslendinga. Þessu hlýtur hæstv. utanríkisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins að svara í dag rétt eins og hann upplýsti í umræðum um utanríkismál í síðustu viku, að krafan um sýnilegu varnirnar og þoturnar fjórar sem fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, hafði margoft lýst afdráttarlaust yfir, væri orðin að einhverjum ósýnilegum vörnum sem yrði sinnt frá Skotlandi eða annars staðar frá, eða svo mátti skilja hæstv. ráðherra. Sýnilegu varnirnar voru því orðnar mjög ósýnilegar enda ógnin nokkuð ósýnileg og illa skilgreind, en þessu hlýtur hæstv. ráðherra að svara okkur í dag.

[12:09]

Mörður Árnason:

Forseti. Það þótti fáheyrð ósvífni hjá þeim hæstv. og hv. félögum Geir H. Haarde og Halldóri Blöndal þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson fann að því að utanríkisráðherra skyldi ekki hafa ráðgast við utanríkismálanefnd þingsins eftir viðræðurnar um daginn. Halldór Blöndal, hinn víðsýni og háttvirti og ágæti formaður utanríkismálanefndar, sagði að það yrði ekki gert fyrr en málin væru orðin nógu þroskuð til að þau gætu komist á borð þessarar nefndar.

Síðan gerist það að Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, segir í leiðara sínum á laugardag orð sem allir sem hafa vit á pólitík á Íslandi túlka þannig að þótt hæstv. utanríkisráðherra hafi ekki gengið á fund utanríkismálanefndar Alþingis hafi hann gengið á fund ritstjóra Morgunblaðsins og kynnt honum þær fersku og nýju hugmyndir sem Bandaríkjamenn hafa lagt á borðið.

Hér er eðlilega spurt: Ætlar Geir H. Haarde fyrr eða kannski miklu síðar að upplýsa Alþingi um þessar hugmyndir? Í öðru lagi er spurt í tilefni af orðum hæstv. forsætisráðherra um helgina: Hefur hæstv. utanríkisráðherra sagt hæstv. forsætisráðherra frá þessum nýju og fersku hugmyndum Bandaríkjamanna um varnarmál Íslands?

[12:10]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hafa forustumenn ríkisstjórnar Íslands misst málið? Hér hefur leiðtogi stjórnarandstöðunnar beint alvarlegum spurningum um öryggismál Íslands á hinu háa Alþingi til hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra og annaðhvort hafa þeir misst málið eða hvorki Geir Haarde né Halldór Ásgrímsson treysta sér til að tjá sig um málið sem hlýtur þá að endurspegla þann vandræðagang sem er á milli þeirra í því öllu. Enda stangast yfirlýsingar þeirra á og virðist ekki ein stefna uppi í ríkisstjórninni.

Þannig segir Halldór Ásgrímsson okkur að ekki sé útilokað að segja upp varnarsamningnum meðan hæstv. utanríkisráðherra beitir þeirri ótrúlegu samningatækni að lýsa því yfir á fundi sjálfstæðismanna á Akureyri að við Íslendingar eigum engra kosta völ annarra en samstarf við Bandaríkin. Við hljótum að undrast það hvernig Sjálfstæðisflokkurinn virðist vera að einangrast í varnar- og öryggismálum Íslands og spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvernig hann haldi á stöðu Íslands í þessum viðræðum þegar hann í upphafi þeirra lýsir því yfir opinberlega að okkur sé nauðugur einn kostur að taka þeim samningum sem Bandaríkjamenn bjóða okkur því við eigum engra kosta völ. Ég skil það vel að hæstv. forsætisráðherra sjái sig knúinn til þess að gefa þá þegar út opinbera yfirlýsingu þvert á yfirlýsingar hæstv. utanríkisráðherra um að því sé ekki þannig farið heldur komi vissulega til greina að segja varnarsamningnum upp, enda hlýtur hæstv. forsætisráðherra að reyna að tryggja að landið hafi þó einhverja samningsstöðu í þeirri neyðarlegu aðstöðu sem það er þegar bandaríska sendiráðið færir því 200 bækur um varnar- og öryggismál í staðinn fyrir herinn sem er að fara burt.

[12:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Við skulum nota þessar mínútur á hinu háa Alþingi til að festa okkur í minni þá mynd sem við blasir. Hér sitja forustumenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. ráðherrar, forsætisráðherra og utanríkisráðherra, og þegja þunnu hljóði. Það má vera að það sé úthugsuð taktík þennan morguninn í varnarviðræðum við Bandaríkjastjórn. Það má vel vera að þar að baki liggi djúp pólitísk hugsun. Ég held, frú forseti, að hún lýsi miklu frekar því að þessir ágætu menn, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra, hafa einfaldlega ekkert um málið að segja. Þeir hafa ekkert um málið að segja vegna þess að þeir eru að bíða eftir símtali frá Bandaríkjunum þar sem lagðar verða línurnar um framtíðina. Þeir eru að bíða eftir símtali frá Bandaríkjunum þar sem lagðar verða línurnar um framtíðina og þeir ætla síðan að segja já, fínt, takk, við skulum nota þetta. — Eða hvað? Um leið og þeir stíga út fyrir þröskuld þessa húss þá stendur ekki á þeim að halda lærða fyrirlestra við háskólann um öryggis- og varnarmál og framtíðina væntanlega eða tala bæði í austur og vestur samtímis um hvert skuli haldið í þessu máli. Hæstv. utanríkisráðherra í vestur og hæstv. forsætisráðherra í austur ef einhver skyldi efast um hvor stefnir hvert.

Mér þykir þessi uppákoma hér lýsa því að þessir ágætu menn hafa einfaldlega ekkert til málanna að leggja.

[12:14]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég hóf þessa umræðu um störf þingsins með því að vekja athygli á litlum og misvísandi upplýsingum sem íslenskir ráðamenn, ráðherrarnir í ríkisstjórninni, hefðu látið frá sér fara um viðræðurnar við Bandaríkjamenn nýverið. Ég spurði ákveðinna spurninga og hún er auðvitað alveg hrópandi sú þögn sem er á ráðherrabekknum sem svar við þeim spurningum. Hér sitja bara tveir hnípnir menn í vanda og hafa sammælst um einhvers konar þagnarbindindi í þingsölum, þagnarbindindi væntanlega vegna þess að þeir hafa báðir sagt of mikið. Hæstv. utanríkisráðherra hefur sagt of mikið við ritstjóra Morgunblaðsins og hæstv. forsætisráðherra hefur sagt of mikið á opinberum vettvangi um hvert beri að stefna í utanríkismálum sem er ekki sama stefna og hæstv. utanríkisráðherra hefur. Þeir hafa því sammælst um að best sé að þegja. Þegja hér í þingsölum og segja sem allra minnst.

Greinilegt er að það er rétt sem hefur verið sagt að ritstjóri Morgunblaðsins taki ráðherra á teppið og þeir eigi að skrifta fyrir honum, sem hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra hefur ekki viljað gera, en ég geri ráð fyrir að hæstv. utanríkisráðherra geri viljugur enda Morgunblaðið öflugur liðsmaður Sjálfstæðisflokksins og tekur upp hanskann fyrir flokkinn í þessum leiðara eins og endranær.

Virðulegi forseti. Hún er hrópandi þessi þögn af ráðherrabekknum og sérkennilegt að þeir ráðherrar skuli ekki telja sig þurfa að ræða þessi mál við þing eða þjóð en við ritstjóra Morgunblaðsins gildir öðru máli, enda eins og ég benti á, er þar haukur í horni.

Við hljótum að gera þá kröfu, virðulegi forseti, að utanríkismálanefnd verði kölluð saman og henni verði gerð grein fyrir þessum nýju og forvitnilegu hugmyndum sem settar eru fram og sem kynntar hafa verið ritstjóra Morgunblaðsins.

[12:17]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Þessi málflutningur Samfylkingarinnar hér í dag er nú bæði vandræðalegur og broslegur. Hér fór fram mjög ítarleg umræða af minni hálfu um þessi mál síðastliðinn fimmtudag þar sem ég gerði grein fyrir stöðu þessa máls og reyndar mörgu öðru af vettvangi utanríkismála. Það voru ekki allir viðstaddir þá umræðu sem hér hafa tekið til máls og úttalað sig um það sem ég sagði þar eða úttalað sig um samanburðarfræði sín á því sem ég hef sagt og hins vegar forsætisráðherra. Ég get fullvissað þingmenn um að þar er ekki ágreiningur.

Samfylkingin er auðvitað í miklum vanda með þetta mál eins og margoft hefur komið fram hér í þingsalnum. Samfylkingin hefur ekki getað upplýst þjóðina um hver hennar stefna er í þessu máli, enda eru þar margir gamlir herstöðvaandstæðingar, fólk sem marséraði um bæinn, Ísland úr NATO og herinn burt, eins og við vitum. Þetta fólk hefur ekkert erindi í dag með sinn boðskap. Samfylkingin ætti að huga betur að stefnumótun í sinni svokölluðu þverpólitísku nefnd um utanríkis- og varnarmál. Samfylkingin er eini stjórnmálaflokkurinn mér vitanlega sem hefur stofnað upp á eigin spýtur þverpólitíska nefnd. En það veitir ekkert af miðað við þær skoðanir og þann skoðanafjölbreytileika sem uppi er í þessum efnum innan Samfylkingarinnar þar sem flóran úr Alþýðubandalaginu gamla, Kvennalistanum og Alþýðuflokknum kemur saman. Það er ekkert skrýtið að þetta fólk telji sig knúið til að stofna þverpólitíska nefnd.

En ég frábið mér að það sé komið hér og snúið út úr ummælum mínum um þessi mál. Þau liggja fyrir og ég mun auðvitað gera utanríkismálanefnd þingsins grein fyrir þessu máli þegar það er tímabært eins og ég hef áður sagt í þessum þingsal og mun ekki standa á því af minni hálfu.

[12:19]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það er enginn ágreiningur um þessi mál í ríkisstjórninni. En að gefnu tilefni væri fróðlegt að vita hvað Samfylkingin vill í þessu máli. Það síðasta sem heyrðist frá Samfylkingunni í þessu máli er frá framtíðarhópnum 2004, og þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Um afstöðu til herbúnaðar Bandaríkjastjórnar á Íslandi eru skiptar skoðanir innan hópsins. Sumir vilja helst slíta öllu hernaðarsamstarfi við Bandaríkin en aðrir vilja viðhalda því eins og kostur er.

(Forseti (SP)**:** Forseti vill biðja þingmenn um að gefa hæstv. forsætisráðherra hljóð.)

Við teljum ráðlegt að viðurkenna þennan ágreining hiklaust en sameinast jafnframt um stefnu sem flestir flokksmenn telja horfa til hins betra og næstum allir geta sætt sig við.“

Þetta er það síðasta sem heyrðist frá Samfylkingunni um málið og á landsfundi Samfylkingarinnar í stjórnmálaályktun er ekki stafur um þetta mál. (Gripið fram í.) Þannig að það er náttúrlega alveg ljóst hvað er ofan á hjá Samfylkingunni í þessu máli. Það er stefna gamla Alþýðubandalagsins, hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Ég er að spyrja Samfylkinguna hér út úr og það er kominn tími til að hún sé einhvern tímann spurð út úr og komist ekki upp með að ráfa hér ávallt stefnulaus um þingsali. (Gripið fram í.)

Athugasemdir um störf þingsins.

Tóbaksvarnalög.

[12:20]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég ætla að taka hér til umræðu um störf þingsins mál sem skiptir mjög miklu en það er að Hæstiréttur dæmdi síðastliðinn fimmtudag ákvæði í tóbaksvarnalögum ógild. Í dómsorði segir svo:

„Verður að leggja til grundvallar niðurstöðu að með algjöru banni 6. mgr. 7. gr. laga nr. 6/2002 við að sýna tóbak á sölustöðum hafi löggjafinn farið út fyrir þau mörk, sem 75. gr. og 73. gr. stjórnarskrár setja,“ — þ.e. frelsi til atvinnu og frelsi til tjáningar.

Það þarf sem sagt að breyta lögum. Þegar Hæstiréttur fer svona í hlutverk stjórnlagadómstóls finnst mér reyndar, og hef sagt það áður, að hann eigi að vera fullskipaður, þ.e.

sjö, en þeir voru fimm hæstaréttardómarar sem felldu þennan dóm. Ég tel ástæðu til að ræða þetta hér í Alþingi, ekki síður en aðra dóma þar sem Hæstiréttur hefur kveðið upp úr um að lög frá Alþingi standist ekki stjórnarskrá, eins og dóma um öryrkja og kvótadóma.

Ég vil líka segja í þessu sambandi að umræða um tóbaksvarnir er með ólíkindum. Mér finnst hún mjög einkennileg. Nú er ég ekki reykingamaður sjálfur en mér ofbýður oft einstrengingsleg og kreddukennd umræðan sem minnir allt að því á trúboð. Það má t.d. ekki nefna tóbakstegundir í opinberri umræðu. Ég má ekki segja Camel eða ég veit ekki hvað þetta heitir allt, af því að ég er ekki reykingamaður. Þetta er alveg með ólíkindum. Ég má ekki segja að afi gamli hafi reykt þessa og hina tóbakstegundina. Ég má það ekki. Hvað er eiginlega að gerast? Það má ekki sýna fullorðnu fólki tóbak. Forsjárhyggjan er alveg með ólíkindum.

Þannig að ég vil vekja athygli á að hér hefur Hæstiréttur komist að því að Alþingi hafi sett lög sem eru í blóra við stjórnarskrána.

[12:22]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Í raun eru þetta tveir dómar sem þarf að lesa saman. Ég er hér með dómsmálið. Þetta er upp á 57 síður, hæstv. forseti, og ég hef ekki haft tíma til að lesa þetta yfir með kunnugum. En ég tek undir það að maður deilir ekki við dómarann, maður deilir ekki við Hæstarétt. En Hæstiréttur telur að farið hafi verið út yfir meðalhóf hvað varðar sérverslun með tóbak. Það má vel vera. En hvort þurfi að breyta lögum varðandi þessa sérverslun eða hvort við viljum áfram hafa sérverslun með tóbak, það er eitthvað sem við þurfum að skoða.

En það er ekki að ástæðulausu að hart er barist gegn tóbaksneyslu, sérstaklega barna og unglinga en einnig fullorðinna, og áhersla lögð á að fá fólk til að hætta að reykja því að skaðsemin er ótvíræð og þarf ekkert að vitna í fleiri rannsóknir hvað það varðar.

En sú leið sem við höfum farið, bæði auglýsingabannið og eins sú staðreynd að það er óheimilt að sýna tóbakið í *almennum verslunum*, er leið sem aðrar þjóðir eru nú að skoða, bæði Norðmenn og Kanadamenn. Það er trúlega ástæðan fyrir því að þetta ameríska fyrirtæki sækir svona hart inn á þennan litla íslenska markað sem skiptir í rauninni engu máli hvað varðar sölu, að fordæmið er fordæmisgefandi fyrir aðrar þjóðir sem líta hingað til okkar og sjá hvað þetta gefur góða raun og hve almenn ánægja er með þetta úti í þjóðfélaginu, og eru að hugsa sér að fara sömu leið. Þá fer þetta fordæmi að skipta máli á hinum stóru mörkuðum.

Um fundarstjórn.

Stjórn fundarins.

[12:25]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs hér til að finna því hvernig hæstv. forseti stýrir fundi. Þetta er annan daginn í röð sem umræður verða um stjórn þingsins þar sem hæstv. forseti raðar mönnum þannig niður að þeir hæstv. ráðherrar sem málið brennur á, sem fyrirspurnum er beint til, fá að tala síðastir í bæði skiptin. Í gær gerðist þetta og aftur núna. Það er því mjög erfitt fyrir okkur þingmenn sem hingað komum til að reyna að fá svör við ákveðnum spurningum að eiga við þá orðastað.

Mér finnst þetta ekki vera farsæl leið hjá hæstv. forseta til að stýra þinginu. Ég vil fyrir mitt leyti mótmæla þessum vinnubrögðum. Ég tel ekki að þetta sé eðlilegt, bara svo það komi alveg skýrt fram.

Í annan stað, frú forseti, er það svo að hér eru í gangi einhver erfiðustu mál í samskiptum okkar við aðrar þjóðir sem hafa komið fram lengi. Það vill svo til að sá málaflokkur hlítir sérstökum lögum. Þar segir að ríkisstjórnin eigi að hafa samráð við utanríkismálanefnd.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vekur athygli hv. þingmanns á því að hann er að ræða hér um fundarstjórn forseta en ekki efnislega um málið.)

Frú forseti. Eru þetta einhver ný vinnubrögð hjá hæstv. forseta? Hversu oft hafa þingmenn, þar á meðal ég, ekki komið hingað upp til að biðja um liðsinni og atbeina forseta til að þingnefndir fái starfað eðlilega. Ég var að koma að því í mínu máli.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti leggur áherslu á ...)

Hún getur auðvitað rekið mig úr stólnum ef hún vill.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti er hér að tala og leggur áherslu á að hér er þingsköpum fylgt. Það ber að ræða um fundarstjórn forseta, ekki efnislega um málið.)

(Gripið fram í.) Frú forseti. Hér er frá því greint af hæstv. forseta að það sé verið að ræða þingsköp. Það vill svo til að í lögum um þingsköp er nákvæmlega þetta atriði sem ég er hér að taka upp. Í lögum um þingsköp segir að það eigi að hafa samráð við utanríkismálanefnd um meiri háttar utanríkismál. Það eru lög. Ég kem hér upp til að spyrja hæstv. forseta hvernig hún ætli að greiða því atbeina að þau lög séu haldin. Hvernig ætlar hún, eða ætlar hún ekki, að hlutast til um að eðlilegt samráð sé haft við utanríkismálanefnd? Hér hefur það komið fram, og ég ætla ekki í neina efnislega umræðu um það, að hæstv. forsætisráðherra hefur sett fram ákveðnar hugmyndir um utanríkismál sem reyndar eru þess eðlis að þær falla vel að hugmyndum Samfylkingarinnar. Hæstv. utanríkisráðherra er allt annarrar skoðunar eins og hann hefur lýst. Erum við þá ekki komin að þeim tímapunkti að það eigi að hafa samráð við þingið um hvaða stefna á að vera uppi?

Ég spyr hæstv. forseta: Ætlar hann ekki að beita sér fyrir því að á morgun, þegar reglulegur fundur utanríkismálanefndar er haldinn, að þá komi hæstv. utanríkisráðherra, jafnvel þó það þurfi að draga hann með tólf hestum, til að uppfylla þingsköp og hafa samráð?

[12:28]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti sér að sjálfsögðu til þess að þingsköpum sé fylgt. En út af öðru sem hv. þingmaður spurði um þá fá ráðherrar orðið þegar þeir biðja um það samkvæmt þingsköpum.

[12:28]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég ætla að vanda mig við að halda mig við fundarstjórn forseta af því að ég er nefnilega ekki fylgjandi því að færa umræðuna yfir á röng málefni. Þegar ræða á um störf þingsins er oft verið að ræða eitthvað allt annað en störf þingsins og þegar ræða á um fundarstjórn forseta er verið að ræða allt annað. (Gripið fram í.) Þetta er fundarstjórn forseta.

Ég ræddi við hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrir fundinn vegna þess að það komu fram tvær hugmyndir um umræður um störf þingsins, að við skiptum með okkur tímanum, fengjum 10 mínútur hvort. Það varð ekki. Fundarstjórn forseta var þannig að mitt málefni, sem ég tel ekkert minna merkilegt, að Hæstiréttur hafi dæmt lög frá Alþingi ómerk, fékk bara tvær ræður. Mér finnst það ekkert ómerkilegra. Mér finnst það reyndar mikið merkilegra. En það fékk bara tvær ræður. Þetta er um fundarstjórn forseta.

Kjararáð, 1. umr.

Stjfrv., 710. mál (heildarlög). — Þskj. 1046.

[12:30]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um kjararáð. Frumvarpið er afrakstur starfs þverpólitískrar nefndar sem ríkisstjórnin skipaði hinn 30. janúar sl. til að fara yfir lög um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992. Nefndinni var falið að gera tillögur um breytingar á lögunum um Kjaradóm og kjaranefnd í ljósi reynslunnar og ábendinga sem fram höfðu komið um annmarka á þeim.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um aðdraganda þess að nefndin var skipuð en með úrskurði hinn 19. desember 2005 endurákvarðaði Kjaradómur laun þeirra aðila sem undir hann falla samkvæmt lögum nr. 120/1992. Úrskurðurinn fól í sér að hinn 1. janúar 2006 skyldu laun forseta Íslands hækka um 6,15% og laun annarra sem undir dóminn heyra að jafnaði um 8,16%. Frá sama tíma hækkuðu laun á vinnumarkaði almennt um 2,5%.

Úrskurðurinn vakti mikil viðbrögð aðila vinnumarkaðarins sem töldu nýgerðu samkomulagi um kjaramál stefnt í hættu. Eftir að hafa farið yfir málið og rætt við aðila vinnumarkaðarins og jafnframt við stjórnarandstöðuna ákvað ríkisstjórnin annars vegar að leggja til við Alþingi að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi með lagasetningu þannig að í stað þeirra hækkana sem þar voru ákveðnar kæmi 2,5% hækkun frá 1. febrúar 2006. Var þetta gert með lögum nr. 2/2006. Hins vegar ákvað ríkisstjórnin að endurskoða lögin í heild og leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir þinglok.

Nefndin, undir formennsku Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi ráðherra, hélt 11 fundi og hitti að máli formenn Kjaradóms og kjaranefndar, talsmenn Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og fulltrúa helstu félaga ríkisstarfsmanna. Nefndin skilaði af sér innan tilsetts tíma með bréfi, dags. 22. mars sl. Fullt samkomulag var í nefndinni um tillögurnar.

Það var niðurstaða nefndarinnar að gera þyrfti allnokkrar breytingar á lögum nr. 120/1992 í ljósi reynslunnar. Þannig hefði það skapað nokkur vandkvæði að hafa tvo úrskurðaraðila um kjaramál opinberra starfsmanna og í því væri fólgin hætta á misræmi. Vert væri að auka áhrif Alþingis um skipan einstaklinga til setu í úrskurðaraðilanum til að undirstrika ábyrgð þingsins á störfum hans. Taka bæri af skarið um stjórnskipulega stöðu úrskurðaraðilans því skiptar skoðanir væru uppi um það hvort hér væri á ferð lögbundinn gerðardómur eða sjálfstæð stjórnsýslunefnd. Þá bæri að leggja skýrari línur um það hverjir ættu að falla undir úrskurðaraðila en samkvæmt gildandi lögum gætti ekki fyllsta samræmis um það hverra kjör skyldu ákveðin með þessum sérstaka hætti. Loks væri ástæða til að skerpa á þeim viðmiðum sem úrskurðaraðilanum bæri að fara eftir.

Í því frumvarpi sem hér er mælt fyrir og nefndin samdi er brugðist við þessum annmörkum á gildandi lögum. Meginefni þess eru eftirfarandi: Komið verði á fót nýrri stofnun, kjararáði, sem leysir Kjaradóm og kjaranefnd af hólmi. Í hinu nýja ráði munu eiga sæti fimm menn valdir að meiri hluta af Alþingi, þ.e. þrír. Þá er tekið af skarið um að kjararáð sé sjálfstæður úrskurðaraðili á stjórnsýslustigi og að ákvörðunum þess verði ekki skotið til annarra stjórnvalda. Eftir sem áður verður hægt að bera ákvarðanir ráðsins undir dómstóla. Ætla má að eftirlit dómstóla muni fyrst og fremst lúta að því hvort ráðið hafi farið að lögum og að málefnaleg sjónarmið ráði för. Ekki verði um það að ræða að dómstólar endurskoði efnislega launaákvarðanir ráðsins.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á sjálfstæði ráðsins í störfum. Þannig mun það sjálft velja sér formann og setja sér starfsreglur. Í þágu sveigjanleika er kveðið á um að ráðið starfi í tveimur deildum. Þegar ákvarðanir verða teknar um laun forseta, þingmanna, dómara og ráðherra er ráðið fullskipað fimm mönnum. Ákvarðanir um laun annarra embættismanna, sem eru miklum mun fleiri, eru hins vegar teknar af þriggja manna deild innan ráðsins.

Með frumvarpinu er mörkuð sú stefna að lögbundinn úrskurðaraðili skuli einungis ákveða laun þeirra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að kjör þeirra geti ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Ráðinu sjálfu er ætlað að skera úr um hverjir uppfylli þessi skilyrði laganna aðrir en þeir sem lögákveðið er að falli undir ráðið. Þannig er ljóst að forseti, þingmenn, dómarar og ráðherrar heyra undir ráðið á grundvelli 3. gr. frumvarpsins. Sama á við um suma embættismenn á grundvelli sérákvæða í lögum, eins og t.d. ríkisendurskoðanda og umboðsmann barna. Til þess að ekki verði óeðlileg röskun á kjörum þeirra sem nú heyra undir Kjaradóm eða kjaranefnd er mælt fyrir um í bráðabirgðaákvæði að þeir heyri undir kjararáð uns annað hefur verið ákveðið. Það er þó alveg ljóst að meginreglan hlýtur að vera samningsfrelsi og ekki stendur til að fjölga þeim sem undir kjararáðið munu heyra.

Að því er varðar launaviðmið fylgir frumvarpið í meginatriðum ákvæðum núgildandi laga en sterklega er áréttað að kjararáð skuli ætíð taka til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Má þannig vera ljóst að ekki beri einungis að líta til þróunar kjara hjá sambærilegum hópum á vinnumarkaði. Er með þessu vonandi girt fyrir uppákomur eins og þá sem varð skömmu fyrir síðustu jól.

Þá er kjararáðinu heimilað að taka ákvarðanir um launakjör á nokkurra ára fresti og binda þau almennri launavísitölu þess á milli. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands, sem komu á fund nefndarinnar sem undirbjó frumvarpið, bentu á þessa aðferð og þótti rétt að gefa kjararáði færi á að fara þessa leið og kann það að þykja hentugt varðandi afmarkaða hópa sem undir ráðið heyra, ekki síst hina þjóðkjörnu. Vandinn er hins vegar að finna ábyggilega og nothæfa vísitölu og er kjararáðinu eftirlátið að velja hana ef svo ber undir í samráði við Hagstofu Íslands.

Um starfshætti kjararáðsins eru að öðru leyti þau nýmæli að kveðið er á um að því beri að birta ákvarðanir sínar og ástæðurnar fyrir þeim opinberlega á skipulegan og aðgengilegan hátt. Núverandi fyrirkomulag hefur nokkuð verið gagnrýnt fyrir að vera ógagnsætt og að ekki hafi alltaf legið ljóst fyrir hvernig ákvarðanir voru rökstuddar. Frumvarpinu fylgir ítarleg greinargerð þar sem m.a. er rakin saga löggjafar um sérstaka úrskurðaraðila um kjör opinberra starfsmanna. Því fylgja einnig greinargerðir núverandi formanna Kjaradóms og kjaranefndar ásamt fleira ítarefni sem mun auðvelda hv. Alþingi að taka afstöðu til málsins.

Það er afar mikilvægt að sátt ríki um skipan úrskurðaraðila um kjaramál helstu embættismanna ríkisins og um tilhögun ákvörðunar á kjörum þeirra. Þess vegna er það einkar ánægjulegt að fullkomin samstaða skyldi nást um þessar tillögur í nefndinni sem þær samdi, en í henni voru fulltrúar frá öllum flokkum sem eru starfandi á hv. Alþingi.

Ríkisstjórnin bindur vonir við að með frumvarpinu sé lagður grunnur að víðtækri sátt um þessi launamál ríkisins til frambúðar og þannig leggi Alþingi sitt af mörkum til að tryggja áframhaldandi frið á vinnumarkaði.

Frú forseti. Ég er kominn að lokum máls míns og að þessum orðum sögðum legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[12:40]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar hæstv. forsætisráðherra kemur fyrir hið háa Alþingi og ræðir um kjaramál þjóðkjörinna fulltrúa, þingmanna, ráðherra og annarra æðstu embættismanna, er óhjákvæmilegt að inna hæstv. forsætisráðherra eftir efndum á yfirlýsingum sínum og loforðum í þeim efnum fyrir, að ég hygg, rúmu ári síðan. En sem kunnugt er var þá þröngvað í gegnum þingið, í miklu tímahraki og með röngum tölulegum upplýsingum, eftirlaunafrumvarpi um alþingismenn og ráðherra sem kostað hefur ríkissjóði mörg hundruð milljónir króna umfram það sem ætlað var. Í því var m.a. að finna ákvæði sem gerði það að verkum að miklu yngri menn en áður gátu á sama tíma tekið sér drjúg eftirlaun og verið í stöðum á vegum hins opinbera.

Ég hygg að nú sé liðið ár síðan hæstv. forsætisráðherra lýsti því yfir að á þessu yrði ráðin bót og gerð yrði breyting á því frumvarpi þannig að menn gætu ekki hvort tveggja í senn þegið laun í stórum opinberum embættum og með hinni hendinni eftirlaun úr eftirlaunasjóðum hins opinbera, sem með eftirlaunalögunum voru gerð ansi rífleg. Unnið var lögfræðiálit í snatri til að breyta mætti þessu á þinginu fyrir ári síðan en svo virðist vera að hæstv. forsætisráðherra hafi ekki haft styrk eða fylgi til að fylgja yfirlýsingum sínum eftir. Og af því að við eigum því að venjast að forsætisráðherrar gangi eftir yfirlýsingum sínum og skili þeim inn í þingið hljótum við að nota þetta tækifæri og spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hvað dvelur orminn langa? Hvers vegna er þessi lágmarksleiðrétting á eftirlaunafrumvarpinu, sem hæstv. forsætisráðherra var sjálfur í eigin persónu búinn að lýsa yfir að yrði lagfærð, ekki komin?

[12:42]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef beitt mér fyrir því að samið væri frumvarp um þetta mál og lagt það fyrir forsætisnefnd þingsins. Ég og minn flokkur erum tilbúin að standa að slíku frumvarpi ef um það næst þverpólitísk samstaða. Sú samstaða hefur ekki náðst. Það er þingsins að flytja slíkt mál, þingið lagði til að eftirlaunalögunum yrði breytt. Ef samstaða næst um það í forsætisnefnd þingsins að flytja það frumvarp sem ég hef beitt mér fyrir að yrði undirbúið, þá er ég tilbúinn að styðja það. Það liggur alveg fyrir og hv. þingmaður veit það og ætti ekki að þurfa að spyrja um það. Hann hefði getað spurt um það í sínum eigin flokki.

[12:43]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsætisráðherra lýsti því sjálfur yfir að eftirlaunalögin yrðu leiðrétt og að hann, sem nýr forsætisráðherra yfir Íslandi, ætlaði að ganga í það. Nú er liðið ár síðan. Það er liðið eitt þing og nú er frestur til að skila málum á öðru þingi líka liðinn og ekkert bólar á málinu. Mér þykir það satt að segja ekki stórmannlegt af hæstv. forsætisráðherra að skýla sér nú ári síðar á bak við forsætisnefnd þingsins og það standi upp á forsætisnefnd þingsins að efna yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra. Ég hefði haldið, virðulegi forseti, að það væri verkefni forsætisráðherra í ríkisstjórn Íslands að efna sínar eigin yfirlýsingar. En fyrst þessi mikla andstaða er hljótum við einfaldlega að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Er það samstarfsflokkur hans í ríkisstjórn, Sjálfstæðisflokkurinn, sem stendur í veginum fyrir því að þessi lágmarksleiðrétting á eftirlaunalögunum verði gerð? Við fáum það þá alveg klárt og kvitt að það sé Sjálfstæðisflokkurinn sem varni því að yfirlýsingar forsætisráðherrans í þessu efni gangi eftir.

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að hæstv. forsætisráðherra hafði enga fyrirvara á yfirlýsingum sínum. Þær voru algerlega skilyrðislausar um að þetta yrði lagfært. Það sýnist þess vegna vera býsna mikil andstaða sem brýtur á bak aftur þennan eindregna vilja forsætisráðherra sem gerir það að verkum að hann nær málinu ekki fram í ríkisstjórn. Ég ítreka því spurninguna hvort Sjálfstæðisflokkurinn standi í vegi fyrir þessu og ef hæstv. forsætisráðherra fengi til þess tilstyrk stjórnarandstöðunnar, eins og hæstv. iðnaðarráðherra hefur leitað eftir í öðru máli, væri hæstv. forsætisráðherra þá tilbúinn til að afgreiða þessa leiðréttingu með tilstyrk stjórnarandstöðunnar í andstöðu við Sjálfstæðisflokkinn?

[12:45]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er afskaplega erfitt að eiga orðastað við

þennan hv. þingmann. Málflutningur hans er með þeim hætti að hann er hvorki í þessu máli né ýmsum öðrum sæmandi. (**Gripið fram í:** ... lítilmannlegt.) Það er mjög undarlegt, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan virðist aldrei geta unnað ráðherrum og þeim sem tala fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að fá málfrelsi í ræðustól. Þeir þola ekki að hér séu sögð ákveðin orð og byrja þá að æpa og öskra úti í sal. En það liggur alveg fyrir að það hefur verið samið frumvarp um þetta mál í forsætisráðuneytinu og sú afstaða forsætisráðherra liggur fyrir að ef breyta eigi þessum lögum verði að breyta þeim með tillögu frá þeim sömu aðilum og lögðu til breytinguna á sínum tíma. Það voru fulltrúar allra flokka á Alþingi í forsætisnefnd Alþingis. Það liggur fyrir. Og það hefur ekki náðst samkomulag um það. Þrátt fyrir tilraunir til þess hefur ekki náðst samstaða um það. Málið er svo einfalt. (**Gripið fram í:** Hver stoppar það?) Ég ætla ekki að segja neitt meira um það en það er algerlega rangt að halda því fram að það sé Sjálfstæðisflokkurinn sem stöðvi það mál.

[12:47]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst halda einu atriði til haga. Eftirlaunafrumvarpið svokallaða var í andstöðu við Vinstri hreyfinguna – grænt framboð (**Gripið fram í:** Ekki Steingrím.) og ég fyrir mitt leyti vil lýsa efasemdum um þær lagabreytingar sem hér voru til umfjöllunar, það sem kallað er einhver lágmarksbreyting á þessum lífeyrissjóðalögum. Ég hef ákveðnar efasemdir um það. Það hefði það í för með sér t.d. að einstaklingur sem færi til starfa í Ríkisútvarpinu, skulum við segja, gæti ekki jafnframt tekið eftirlaun en þegar búið væri að breyta því í Ríkisútvarpið hf. þá væri honum greið leið að fá slík laun. Ég segi að menn þurfi að hugsa þetta dæmi til enda. Ég hef mjög miklar efasemdir um þetta, eitthvert svona smink, einhvers konar andlitslyfting á þessi hörmulegu lög. Það er bara til ein leið hvað þetta varðar. Það er að afnema lögin. Það er engin millileið til. Bara burt með lífeyrisfrumvarpið, burt með þessi sérkjör. Sá kattarþvottur sem menn eru að tala um hér er ekki mér að skapi, aldeilis ekki. Það á hins vegar að taka þessi lög upp með rótum og afnema þau alveg. Það er enginn millileikur til, það er engin millilending til í því máli, engin. Burt með lögin og þessir aðilar eiga að sjálfsögðu að fara inn í þann lífeyrissjóð sem er þeim opinn, þ.e. A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og eiga að sæta sömu kjörum og aðrir sem starfa hjá hinu opinbera. Það gerist með því að fella þessi lög úr gildi. (Gripið fram í.) Það gerist ekki með því að fella þessi lög úr gildi, góði minn, var kallað utan úr sal, þá breytum við lögunum þannig að þessir aðilar fái innkomu í þann sjóð. Það er hið eðlilega í þessu máli.

Ég tek undir með hæstv. forsætisráðherra að það er mjög mikilvægt að það ríki sátt um launakjör þjóðkjörinna fulltrúa og embættismanna. Ég hef flutt frumvarp þar sem lagt var til að launakjör þjóðkjörinna fulltrúa verði á endanum borin upp til samþykktar af Alþingi. Það byggi ég á þeirri hugsun að það eigi undir öllum kringumstæðum að vera hægt að draga til ábyrgðar þá sem ákvarða launin. Það gerist í kjarasamningum. Þar eru samninganefndir, hvort sem það er fulltrúa atvinnurekenda, þess opinbera eða einkarekinna, eða launafólks. Í báðum tilvikum er hægt að draga þessa aðila til ábyrgðar. Það er það sjónarmið sem ég hef viljað halda mig við og tala fyrir á Alþingi.

Hins vegar eru mörg önnur sjónarmið uppi í þessu máli og nú hefur verið leitað eftir samstöðu um þá lausn sem liggur á borðinu. Ég mun fyrir mitt leyti styðja hana þótt ég vilji gera grein fyrir þeirri grundvallarafstöðu sem ég hef til þessara mála. En það hefur verið leitað eftir því að skapa um þetta sátt og þverpólitísk nefnd hefur verið að störfum sem hefur síðan borið málið undir þingflokka. Það hefur fulltrúi okkar gert og ég fyrir mitt leyti mun styðja þetta mál þó ég hafi viljað koma hingað upp til að gera grein fyrir þessu meginsjónarmiði sem ég hef.

Með þessu frumvarpi ná menn því fram, sem ég held að hafi verið breið samstaða um, að fækka þeim sem heyra undir þessa skipan, hvort sem það var Kjaradómur eða kjaranefnd. Þeim verður greinilega fækkað og þeir þá færðir yfir á svið almennra kjarasamninga. Það þykir mér eðlilegt.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins gera grein fyrir þessum meginsjónarmiðum við þessa umræðu. Ég geri ráð fyrir að þetta mál fari síðan til nefndar eins og hæstv. forsætisráðherra gat um og fái afgreiðslu í þinginu fyrir vorið.

[12:52]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns koma aðeins inn á það mál sem var rætt í andsvörum áðan, þ.e. eftirlaunafrumvarpið svokallaða og breytingar á því. Það er út af fyrir sig rétt, sem kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra, að hann hafi látið vinna drög að breytingartillögum við þau lög og kynnt þau fyrir stjórnarandstöðunni skömmu fyrir jólaleyfi ef ég man þetta rétt. Það var afstaða stjórnarandstöðunnar, úr því að farið er að tala um þetta mál þá vil ég segja það hér, í fyrsta lagi að þetta væri allt of seint fram komið, við vildum ekki afgreiða þetta í einhverjum hvelli rétt fyrir jól eins og gert var með frumvarpið sem varð að lögum á sínum tíma og menn höfðu mikið við að athuga. Við töldum einfaldlega að þannig ætti ekki að standa að þessu máli og þar að auki höfðum við efnislegar athugasemdir við frumvarpið og töldum það ekki ganga nægilega langt.

Mér skildist, virðulegi forseti, að það hefði orðið niðurstaðan að það kæmu önnur drög sem við gætum þá skoðað eftir jól en sú hefur ekki enn orðið raunin en það er svo sem ekki öll nótt úti enn í þeim efnum. En þetta vildi ég sagt hafa vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram.

Varðandi frumvarp til laga um kjararáð þá sýnist mér af lestri þess, þó hann sé kannski ekki mjög nákvæmur, að þar sé ágætt mál á ferðinni og það ætti að geta náðst um þetta frumvarp nokkuð víðtæk samstaða á þingi. Ég gagnrýndi það hér, þegar umræðan fór fram í þinginu um síðasta úrskurð Kjaradóms, að ekki væri nógu mikil samfella á milli Kjaradóms og kjaranefndar. Þar vísaði hvor á annan og Einbjörn togaði í Tvíbjörn sem togaði í Þríbjörn og svo vissi enginn hver væri upphafsmaður eða bæri ábyrgð á þeirri bólgu sem yrði í kjörum þeirra sem heyra undir Kjaradóm og kjaranefnd. Ég lagði á það áherslu að það yrði

að vera ein stofnun sem um þetta fjallaði og mér sýnist að það sé nú orðin raunin að hér sé eitt kjararáð þó það sé eftir sem áður tvískipt og fjalli annars vegar um þröngan hóp, sem eru þjóðkjörnir fulltrúar og dómarar, og hins vegar um aðra sem undir það heyra. En mér sýnist að það sé til mikilla bóta að hafa eitt kjararáð þó að það vinni tvískipt því það á að tryggja það að annar hópurinn viti hvað hinn er að gera og geti ekki skýlt sér bak við aðgerðir annarra. Ég tel því að þetta sé til bóta, virðulegur forseti.

Ég er þeirrar skoðunar, og sagði það líka þegar umræðan var um síðasta úrskurð Kjaradóms, að það ætti að stefna að því að fækka þeim sem heyrðu undir Kjaradóm og kjaranefnd. Það hefur verið gert núna. Hópurinn sem heyrði undir Kjaradóm hefur verið þrengdur og eins er stefnt að því, ef ég skil þetta frumvarp rétt, að kjararáð ákveði hverjir heyri undir ráðið og það muni reyna að vinna að því að fækka þeim aðilum. Ég er t.d. þeirrar skoðunar, virðulegur forseti, að engin ástæða sé til þess að ýmsir sem nú heyra undir kjaranefnd, eins og prestar og prófessorar, geri það. Prófessorar geta einfaldlega samið við sína háskóla og prestarnir við sína kirkju og geta gert kjarasamninga eins og aðrir hópar. Það getur verið að það eigi við um aðra líka sem heyra undir kjaranefnd, að það sé hægt að fækka talsvert í hópnum og mér sýnist að að því sé stefnt.

Þá er skerpt á ákvæðinu um tillit til almennrar launaþróunar í þessu frumvarpi og ég held að það sé líka kostur að það sé gert því eins og við vitum þá var það einmitt sú ákvörðun að Kjaradómur úrskurðaði þeim sem undir hann heyrðu laun sem voru ekki í samræmi við það sem um hafði verið samið á hinum almenna vinnumarkaði skömmu áður sem skapaði það uppreisnarástand sem hér varð skömmu fyrir jól.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi að kjararáðinu verði heimilt að ákvarða laun þeirra sem undir það falla sjaldnar en árlega, t.d. einu sinni á kjörtímabili, og launin breytist þess á milli eftir vísitölu. Þetta tel ég að geti verið ágætur kostur hvað varðar þingmenn, að einfaldlega sé úrskurðað um þeirra laun á kjördag og það sé birt daginn eftir kjördag og síðan fylgi það einhverri almennri launavísitölu fram að næsta kjördegi. Ég tel að það sé til bóta að það sé ákvæði inni í þessu frumvarpi sem gerir ráð fyrir því að þannig sé hægt að haga málum þó það sé auðvitað ekkert í þessu sem segir að það skuli gert.

Þá er kjararáði núna, samkvæmt þessu frumvarpi, gert skylt að birta ákvarðanir sínar og ástæður fyrir þeim opinberlega og á aðgengilegan hátt. Þetta tel ég, virðulegur forseti, að sé mjög mikilvægt atriði. Við höfum talað mikið um gegnsæi í stjórnsýslu og eitt af því sem ég held að hafi valdið þessum óróa og usla skömmu fyrir áramótin þegar Kjaradómur úrskurðaði var að rökin fyrir úrskurðinum lágu ekki fyrir fyrr en nokkrum dögum síðar þannig að menn áttuðu sig ekki á því hvað það var nákvæmlega sem Kjaradómur var að gera og hvaða tillit hann var að taka og hvert hann sótti sína viðmiðun. Ég tel því mjög mikilvægt að þegar kjararáð birtir ákvarðanir sínar geri það grein fyrir þeim opinberlega og rökstuðningurinn fylgi með. Ég tel að það sé mjög margt í þessu frumvarpi sem er til bóta við þessa fyrstu skoðun og ég geri ráð fyrir því að það verði ekki andstaða við þetta frumvarp í okkar hópi. En þetta fer náttúrlega til nefndar og þá verður það skoðað hvort eitthvað þurfi betri skoðunar við en það kemur þá bara í ljós í nefnd. En almennt talað, virðulegur forseti, sýnist mér að þetta frumvarp sé til mikilla bóta og geti tekið á ýmsum þeim annmörkum sem voru á lögunum og fært til betri vegar.

[13:00]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta hv. þingmann. Það er rétt sem hv. þingmaður sagði að það var haldinn fundur um þetta tiltekna mál skömmu fyrir jól og síðan að nýju eftir að þing kom saman eftir áramót. Ég vildi halda því til haga að það var haldinn annar fundur um málið vegna þeirra almennu athugasemda að ekki væri rétt að leggja fram það frumvarp sem hafði verið samið í sambandi við eftirlaunamálið skömmu fyrir jól, en síðan var haldinn annar fundur eftir áramót og að loknum þeim fundi var það mitt mat að ekki væri vilji til þess að flytja það af fulltrúum allra þingflokka á Alþingi eins og var þegar frumvarp var flutt um þetta mál þegar eftirlaununum var breytt. Það liggur alveg ljóst fyrir að það voru fulltrúar allra flokka sem beittu sér fyrir breytingunni á sínum tíma og það hlýtur að vera grundvallaratriði að þeir sömu flokkar séu tilbúnir til að standa að breytingum á málinu.

Ég vildi minna hv. þingmann á það að sá fundur var haldinn í byrjun þings og hún hlýtur að muna eftir því þegar hún rifjar það upp.

[13:01]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki draga það í efa, þó mig ræki ekki minni til þess hér áðan, að þessi fundur hafi verið haldinn í upphafi þings. Ég geri ráð fyrir því að þetta sé alveg rétt og skal staðfesta það þó mig hafi minnt að hann hafi verið fyrir jól.

En varðandi það að fulltrúar allra flokka hafi flutt eftirlaunafrumvarpið á sínum tíma í þingi þá er það rétt og það stendur líka upp á alla flokka á þingi að leiðrétta þau mistök sem þá voru gerð. Það var einfaldlega afstaða mín og margra annarra, og ég tjáði hana, að ekki væri nógu langt gengið í þessu frumvarpi í þá átt að leiðrétta þau mistök sem ég tel að hafi verið gerð með eftirlaunafrumvarpinu á sínum tíma.

[13:02]

Mörður Árnason:

Forseti. Áður en ég kem að því efni sem rekur mig upp í ræðustólinn verð ég að segja að ég hef fylgst nokkuð með mannlífinu þar sem ég er staddur hverju sinni eins og allir gera. Hér á þingi og í stjórnmálunum hefur mér orðið nokkuð starsýnt á ráðherrana. Það er örugglega ekki auðvelt hlutskipti að verða ráðherra og vera það lengi. Eitt af því sem breytir mönnum í því starfi er það að þegar menn verða ráðherrar eru þeir orðnir líkamningar valdsins — saman fer í einum manni bæði sú persóna sem hann hefur alltaf verið og síðan það vald sem hann hefur og ber.

Það kemur auðvitað þannig fram hjá ráðherranum að hann kann að eiga erfitt með á valdatíma sínum, eins og

valdsmenn allir fyrr og síðar, venjuleg heiðarleg samskipti við annað fólk vegna þess að afstaða annars fólks gagnvart ráðherranum, valdsmanninum, ber þess merki að hann er valdsmaður. Hann ákveður, hann ræður, hann getur breytt lífi manna, fjárhag þeirra, árangri þeirra í starfi og í persónulegu lífi og aðstæðum þeirra hvers kyns. Því er hætt við að menn hagi sér öðruvísi við valdsmanninn, við ráðherrann, en þeir mundu gera við hvern annan jafningja sinn eða kunningja sinn eða náunga eftir atvikum.

Hættan sem menn af þessu tagi standa frammi fyrir, þeir sem veljast til ábyrgðarstarfa af þessu tagi eða taka sér þau, þannig að við lítum til mannkynssögunnar, er auðvitað sú að það komi að þeim punkti að valdsmaðurinn kunni ekki lengur skil á sinni eigin persónu annars vegar og hins vegar þeim valdsþætti sem í starfinu felst. Hættan er sú að hann fari að taka framkomu manna við sig — sem oft einkennist af einhvers konar hagsmunahyggju, jafnvel smjaðri, undirlægjuhætti af ákveðnu tagi, a.m.k. þeim hyggindum að styggja ekki valdsmanninn, í okkar tilviki ráðherrann, að óþörfu, þannig að engin hætta sé á að hann taki ákvörðun sem er í óhag þeim sem við hann talar.

Ég held að þetta hljóti að vera erfitt og menn sem í þessum vanda lendi hljóti a.m.k. framan af að skoða mjög hug sinn og reyna að átta sig á þessu nýja lífi sem þeir hafa fengist við. Einu mega þó íslenskir ráðherrar fagna og það er það aðhald sem þeir hafa frá Alþingi Íslendinga. Þegar þeir koma þar er vonandi ekki um það að ræða að menn hagi sér við þá eins og öll hegðun manna við þá einkennist af því að þeir séu ráðandi valds heldur eru alþingismenn hér kjörnir til að halda að ráðherranum, vera honum sá spegill sem hann þarf á að halda, vera gagnrýnir á hann, tala við hann eins og hvern annan jafningja, vera jafnvel hortugir við hann og ókurteisir, sem hann hefur gott af. Auðvitað má það ekki ganga í öfgar út, það verður að gæta venjulegra samskipta en ég tel að ráðherrar og valdsmenn hafi gott af því að koma á Alþingi og tala við menn eins og fara gerir milli jafningja sem hafa verið kjörnir á sama hátt á Alþingi Íslendinga og jafnvel eru dæmi um það að þeir sem í ráðherrasætunum lenda hafa verið kjörnir með færri atkvæðum en þeir sem tala á þinginu. Það er engin skömm að því. Það er bara eins og lífið er og einn fer aðra leið en hinn, en ég tel að þetta sé mjög þarft.

Þess vegna, forseti, finnst mér að hæstv. forsætisráðherra ætti að skoða sinn hug með það að koma hér glaðbeittur og ánægður niður í þingið ofan frá valdstað sínum til umræðna við sína jafningja hér, ekki jafningja vegna þess að þeir séu jafnir honum að viti, gáfum reynslu eða störfum, sem eru jafnir honum vegna þess að þeir eru jafnmiklir fulltrúar alþýðu og almennings á Íslandi og hann. Þannig er það. Þess vegna, forseti, kann ég ekki við þá árás sem hæstv. forsætisráðherra gerði að hv. þm. Helga Hjörvar fyrir það eitt að hann hafi með nokkuð hortugum hætti en algerlega sanngjörnum bent forsætisráðherranum á að hann hefði gefið út ákveðna yfirlýsingu sem honum bæri, og honum einum, að standa við, engum öðrum, ekki þinginu, ekki forsætisnefnd þingsins, ekki öðrum flokkum enda gáfu þeir ekki út yfirlýsinguna með honum heldur bæri forsætisráðherranum sjálfum að standa við hana.

Ég tel að það væri affarasælla fyrir forsætisráðherrann, sérstaklega í þeim tilteknu vandræðum sem hann er nú í í pólitískum efnum, þó sjálfsagt rætist úr eins og oft gerist í einkalífi og opinberu lífi, að hugsa jákvætt og koma hér hress og ánægður í þingið til samskipta við okkur sem hér sitjum, jafningja hans, en berja frá sér lunta og valdsmannsleg hrokaviðbrögð af því tagi sem við horfðum upp á áðan. Þetta vil ég segja í mátulega góðu.

Hins vegar var þetta ekki erindi mitt hingað í ræðustólinn heldur það frumvarp til laga um kjararáð sem hér er til umræðu og um leið og ég tek undir þau orð síðustu hv. ræðumanna að margt sé til bóta í þessu frumvarpi og það sé þannig úr lagi gert að vonandi verði minna fjargviðri í framhaldinu um kjör þau sem hér um ræðir þá vil ég gera þá athugasemd af minni hálfu að ég tel að þetta frumvarp sé ekki mikið nær því en fyrri skipan að skapa þau skil sem ég tel vera nauðsynleg í þessum efnum milli embættismanna annars vegar, þar á meðal dómara eftir atvikum, og kjörinna fulltrúa hins vegar.

Hér er um allt aðra stöðu að ræða. Embættismaður er ráðinn til starfa. Hann er í vinnuréttarlegu sambandi, eins og það heitir á lögfræðimáli, við vinnuveitanda sinn sem í okkar tilviki er ríkisvaldið, og það eru dómarar að sínu leyti einnig þó þeir hafi auðvitað tiltekna sérstöðu sem stafar af þrískiptingu valdsins einkum. Hins vegar eru fulltrúar almennings sem eru kjörnir til starfa en ekki ráðnir þannig að þeir eru í raun og veru ekki í sams konar vinnuréttarlegu sambandi og embættismennirnir.

Embættismaðurinn er vonandi, og ég hygg að flest dæmi séu um það, ráðinn til starfa í samræmi við menntun sína og fyrri störf og það er eðlilegt að þeirra kjör taki mið af öðrum þeim sem hafa svipaða menntun og svipaða starfsreynslu og eru búnir svipuðum hæfileikum í starfi, bæði hjá hinu opinbera og á einkamarkaði. Það eru lögmálin í okkar samfélagi þar sem við erum enn á því stigi í mannkynssögunni að menntun og fyrri störf ráða launum og hæfileikar, og það er gott. Það er framþróun frá því að það var ættgöfgi eða samband við valdsmenn eða aðrir slíkir þættir sem réðu því. Einhvern tíma kann að koma að því að gamla Karli Marx verði að sínum vilja og menn fái laun í samræmi við þarfir sínar en leggi fram eftir getu. Ég hygg að það sé nokkuð langt í það þó ekki skulum við örvænta um slíkt.

Hinir þjóðkjörnu komast auðvitað í störf sín á allt annan hátt. Þar er ekki miðað við menntun eða fyrri störf og hæfileikar eru metnir á allt annan veg en gerist í starfsumsókn. Þeir eru einfaldlega kjörnir. Fólkið í landinu treystir ákveðnum mönnum til að vera fulltrúar sínir á þingi og þar með í ríkisstjórn alla jafna og það kýs sér líka forseta á öðrum grunni en eingöngu þeim hvert stigatalið væri í Bandalagi háskólamanna eða launaflokkurinn í verkalýðshreyfingunni.

Ég tel að þess vegna þurfi að skilja þetta miklu betur í sundur en gert hefur verið og mér þykja þau skil sem þó má sjá í þessu frumvarpi ekki vera nægileg. Ég kem ekki auga á stjórnviskuna í því að tala um tvær deildir í þessu kjararáði þar sem þrír eru í annarri deildinni, sem á að ákvarða laun þorra manna, og fimm í hinni, sem á að setjast yfir hina kjörnu fulltrúa. Það er auðvitað æskilegt að það sé sem mestur samhljómur þegar ákveðin eru kjör hinna kjörnu

fulltrúa en ég sé ekki að það þurfi ekki að vera samhljómur í hinu líka og viðmiðin eru ekki sjáanleg önnur milli þessara hópa í þessu frumvarpi þótt jákvætt sé að mínu viti og annarra sem hér hafa talað að miðað skuli meira við almenna launaþróun en hinn sérstaka samanburð við sambærilega hópa.

Ég tel sem sé í stuttu máli að ekki sé til neinn sambærilegur hópur við kjörna fulltrúa. Þeir hópar sem tala má um í tengslum við embættismennina séu hreinlega ekki til um hina kjörnu fulltrúa og það þarf ekki annað en líta yfir salinn og horfa á þingheim til að sjá að sem betur fer koma þingmenn og þar með ráðherrar alla jafnan úr ólíkum störfum. Þeir hafa ólíka menntun. Starfsreynsla þeirra er afar misjöfn og eðlileg viðmiðun þeirra sjálfra við hópa í samfélaginu hvað kjör varðar eða aðra stöðu fer líka gersamlega eftir hverjum og einum. Ég tel því að það eigi að nota allt aðrar aðferðir til að ákvarða laun hinna kjörnu fulltrúa. Það sé eðlilegt að marka þeim ákveðinn launastað en síðan eigi mjög stranglega að miða við almenna launaþróun og ekkert annað í breytingum á þeim launastað vegna þess að sambærileg störf eru ekki til.

Ég bendi á að það að miða við menntun, starfsreynslu og ábyrgð, sem algengt er á almennum vinnumarkaði hér og í okkar heimshluta og í opinberum störfum einneginn, á miklu síður við um laun hinna kjörnu fulltrúa. Þau á að ákvarða af öðru sem viðurkennt er í umræðum fyrr og síðar um þingfararkaup á Íslandi. Þau laun eiga að miðast við aðrar forsendur. Það eiga að vera laun sem duga í fyrsta lagi. Það eiga að vera laun sem gera mönnum kleift að einbeita sér að þessari vinnu, mikilvægri skulum við vona, fyrir umbjóðendur sína og fyrir samfélagið í heild án þess að freistast til að taka að sér önnur störf og það eiga að vera laun sem eiga að vera í einhvers konar tengslum við hin almennu laun og þar með ekki of há, eins og sumir hafa haldið fram, og það eiga líka að vera laun sem ekki freista manna til að þiggja óeðlilegar greiðslur eða greiða á efnahagslegum forsendum.

Ég vil segja þetta almennt til að þessi sjónarmið komist áfram til nefndar þeirrar sem fær frumvarpið til meðferðar og ég vona að í störfum sínum geti nefndin komið þessu þannig fyrir að meira mark verði tekið á þeim sjónarmiðum sem ég hef fært fram en gert hefur verið í undirbúningi frumvarpsins.

[13:16]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum skipan kjaramála alþingismanna og annarra æðstu embættismanna, forseta, ráðherra, dómara og annarra sem hafa á undanförnum árum heyrt undir kjaranefnd og Kjaradóm.

Ég hygg að í þessum efnum sé ekki um mjög margar leiðir að ræða, þ.e. að ákveða laun þeirra sem á einhvern hátt eru þjóðkjörnir til starfa. Það eru í raun og veru kannski aðeins tvær leiðir þó að segja megi með góðum vilja að nefndinni hafi tekist að fara hálfgerða millileið og kem ég að því síðar í ræðu minni. Í meginatriðum tel ég að skipan launamála þeirra sem kjörnir eru til starfa geti aðeins verið með tvennu móti, annars vegar að nefnd sem kosin er af Alþingi ákveði launin og hins vegar að einhver úrskurðaraðili sem hefur lagastoð eins og hér er verið að leggja til, og hafði áður í lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, ákveði launin.

Í þessum tillögum nefndarinnar sem samstaða hefur náðst um, og ég sé ekki neina ástæðu til að gera ágreining um og tel að þessu máli verði skipað eins og tillögurnar í frumvarpinu kveða á um, hefur nefndinni kannski tekist að hluta til að fara bil beggja þessara kosta sem ég taldi upp, þ.e. nefndin hefur komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að Alþingi skuli kjósa meiri hluta ráðsmanna eða þrjá af fimm. Þar með liggur það fyrir að Alþingi hefur samþykkt að setja málið í þennan farveg og skipar til þess þrjá fulltrúa. Í raun og veru er Alþingi því orðinn beinn aðili, ekki aðeins með lagasetningunni heldur einnig að því hverjir koma að þessum málum og leggja til niðurstöður. Því mætti líta svo á að Alþingi hafi í rauninni samþykkt niðurstöðuna þegar hún birtist og að samþykktu þessu frumvarpi.

Kjararáðinu er ætlað nýtt hlutverk því eins og segir í 3. gr. gegnir fullskipað kjararáð tvíþættu hlutverki en það ákveður laun æðstu embættismanna, handhafa ríkisvaldsins sem taldir eru upp í þeirri grein, og að viðbættum þeim sem ég hef áður talið upp eru þar einnig hæstaréttardómarar og héraðsdómarar og síðan ákveður fullskipað kjararáð hverjir heyri undir ráðið. Fullskipað kjararáð getur því tekið ákvörðun um það hvort allir þeir hópar sem heyrt hafa undir Kjaradóm og kjaranefnd á undanförnum árum eigi að vera þar til framtíðar eða hvort þeir eigi að færast undan ákvörðunum kjararáðs og semja um laun sín eins og flestar starfsstéttir í landinu gera.

Um þessi efnisatriði málsins og fyrirkomulag í ákvarðanatöku og hverjir muni hugsanlega heyra undir kjararáð í framtíðinni geri ég ekki ágreining. Ég tel að þarna hafi verið lögð til aðferð sem eðlilegt er að sé í þessum lögum, að kjararáðið geti tekið afstöðu til þess hvort allir hóparnir eigi að heyra undir ákvarðanir um laun eftir þessari aðferð eða hverjir eigi ekki að heyra undir úrskurði kjararáðs. Þá verður launum þeirra væntanlega skipað með öðrum hætti, með samningum við ríkisvaldið eða þær stofnanir sem viðkomandi hópar starfa hjá.

Niðurstaða mín er að tillaga sú sem gerð er í þessu frumvarpi um kjararáð sé vel ásættanleg leið til að leysa þessi mál. Mér finnst það liggja í hlutarins eðli og hef tjáð það áður á hv. Alþingi og opinberlega að alþingismenn og ráðherrar geti ekki verið leiðandi fyrirmynd um breytingar á kjörum í landinu. Þeir hljóta eðli málsins samkvæmt að taka mið af öðrum sambærilegum hópum og hins vegar almennri launaþróun í landinu og í þeim tillögum sem hér birtast er m.a. mælt fyrir um það, sem er nokkru skýrara en var áður, að ætíð skuli taka tillit til þess sem gerst hefur í þróun kjaramála á almennum vinnumarkaði eða eins og segir í niðurlagi 8. gr. frumvarpsins:

„Kjararáð skal ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði."

Í 10. gr. segir enn fremur:

„Kjararáð skal taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til."

Það liggur því skýrt fyrir í þessari stefnumótun í lögunum að þær launabreytingar sem kjararáð mun ákveða í framtíðinni skuli ætíð taka mið af þróun kjaramála á almennum vinnumarkaði og raunar einnig af öðrum verulegum breytingum sem orðið hafa á launum.

Hæstv. forseti. Ég tel að það geti auðvitað gerst sem var í raun og veru tilefni þess að þessi mál fóru í þann farveg sem þau fóru fyrir jólin og í kringum áramótin og varð til þess að úrskurður Kjaradóms var ekki látinn standa, þ.e. að á ákveðnum tímapunkti höfðu launabreytingar sem gengu eftir í þjóðfélaginu ekki verið settar inn í laun alþingismanna, þeirri ákvörðun hafði verið frestað. Það tengdist m.a. því, held ég, að mikill órói varð um mál, sem m.a. kom til umræðu áðan, varðandi lífeyriskjör ráðherra og alþingismanna. Kjaradómur lét viðmiðunarhækkun sem þá átti sér stað bíða en kippti henni svo inn í þennan úrskurð sem olli því fjaðrafoki sem um þetta varð. Það var að mínu mati misráðið að gera það úr því að sú viðmiðun hafði verið látin liggja. Og þá kem ég að því sem ég vildi sagt hafa, að ef Kjaradómur, eða kjararáð í framtíðinni, kemst að þeirri niðurstöðu af einhverjum ástæðum sem málefnalegar teljast, þrátt fyrir fyrirmæli í þessu frumvarpi, ef að lögum verður, að hækkanir skuli ekki ganga til alþingismanna og ráðherra, þá verði slíkt ekki leiðrétt eftir á, einu eða tveimur árum síðar, því að ég tel að slíkar leiðréttingar, þ.e. ef gengið hefur verið á skjön við þær viðmiðanir sem hafa verið settar fyrir ákveðnar stéttir í úrskurði, eigi eingöngu að gera þegar kjörtímabili er lokið.

Ég er út af fyrir sig ekki ósáttur við að slíkar ákvarðanir séu birtar mönnum strax eftir kjördag vegna þess að þeir sem eru í kjöri vita ekki nákvæmlega hvaða breytingar verða á launakjörum þeirra. Í raun og veru er þetta eina millibilsástandið til að úrskurða mönnum sem eru í starfi og hins vegar mönnum sem koma til með að taka við starfi launabreytingar. Ef svo vill til að eitthvað fari úrskeiðis, eins og má að hluta til færa rök fyrir varðandi þá deilu sem reis upp um áramótin, þá verður bara svo að vera út það kjörtímabil og menn geta ekki verið að hífa það inn einu eða tveimur árum síðar, slíkar lagfæringar verða að fara fram þegar alþingismenn hafa í raun og veru misst umboð sitt og aðrir hafa ekki tekið endanlega við. Ég held að þetta sé sá tímapunktur þar sem hægt er að leiðrétta ef eitthvað hefur farið verulega úrskeiðis og að mati ráðsins beri þess vegna að leiðrétta með einhverjum hætti en eins og segir í frumvarpinu ber kjararáðinu „að taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til".

Þarna er nokkuð fast að orði kveðið. Ég tel að lagagrein svona orðuð hefði m.a. orðið til þess að ráðinu hefði ekki verið heimilt að skilja eftir þá umræddu hækkun sem skilin var eftir á sínum tíma og miðað við þessa uppsetningu á lögunum hefði orðið að taka tillit til hennar og afgreiða hana en fresta því ekki að taka afstöðu til hennar og láta þá viðmiðun liggja eins og síðan varð raunin og varð til þess að viðbrögð við úrskurði Kjaradóms urðu veruleg í þjóðfélaginu, og er kannski ekkert að undra vegna þess að ekki voru gefnar nægilegar skýringar á því hvernig Kjaradómur komst að þeirri niðurstöðu fyrr en eftir á þegar miklar deilur höfðu risið í þjóðfélaginu sem nauðsynlegt var að lægja. Við í stjórnarandstöðunni töldum hins vegar að best hefði verið að taka dóminn úr sambandi fyrir áramót áður en hann kom til framkvæmda en það var ekki gert. Það hefði verið hægt að kalla þing saman og klára það en niðurstaðan varð önnur.

Vinna þeirrar nefndar sem sett var á laggirnar til að skoða þessi mál liggur nú fyrir og mér sýnist í meginatriðum að niðurstaða hennar sé ásættanleg leið í þessum málum en eins og ég sagði áðan eru leiðirnar kannski aðeins tvær í mínum huga. Annaðhvort höfum við svona dóm eða nefnd, sem ég vil kalla gerðardóm, sem festir niður launin okkar um ákveðinn tíma og annarra viðmiðunarhópa sem þeirra njóta, eða við tökum beina ábyrgð á þessu sjálf, a.m.k. hvað varðar laun alþingismanna í hv. Alþingi, með því að setja sérstakan starfshóp á vegum þingsins til að klára þessi mál. Eins og ég sagði áður virðist mér nefndin hafa komist að ákveðinni millileið en Alþingi ber auðvitað beina ábyrgð á þessum niðurstöðum, bæði með setningu laganna og ekki síður með því að skipa þrjá menn eða meiri hluta kjararáðsins.

Varðandi umræðuna um lífeyrismál sem vikið var örlítið að áðan þá virtist vera meiningarmunur á milli manna þar. Ef ég man það rétt sem fór okkar á milli, mín og hæstv. forsætisráðherra, í þeim málum þá lýsti ég þeirri skoðun minni að sá ágreiningur sem e.t.v. væri milli manna í því máli ætti að ræðast í þinginu og menn ættu að ræða þessi mál opinskátt. Ég tel að það sé alveg full þörf á því að við alþingismenn ræðum lífeyrismál okkar fyrir framan þjóðina og förum yfir stöðuna. Það er umdeilt sem gert var síðast í þeim málum og margir í þjóðfélaginu hafa staðið í þeirri meiningu að allir hópar sem við það áttu að búa hafi hagnast verulega á þeirri breytingu. Ég hygg að venjulegir óbreyttir þingmenn hafi ekki gert það varðandi lífeyrisréttindi sín. Þeir sem nú eru starfandi eiga að vísu val en breytingin færði alþingismönnum í raun og veru ekki sérstaka kjarabót að því er varðar lífeyrisréttindi þeirra. Hins vegar gegnir öðru máli um ráðherrana.

Hæstv. forseti. Aðeins í lokin. Ég held að við eigum ekki að vera feimnir við það, alþingismenn, að ræða um launakjör okkar. Þau eru ekkert til að fela á nokkurn hátt og við eigum að tala um slík mál eins og þau eru. Ég stóð sjálfur í því í áratugi að tala um kjör þeirrar stéttar sem ég vann fyrir, sem voru reyndar mín eigin laun eins og annarra skipstjórnarmanna, og ég tel ekki að alþingismenn þurfi á nokkurn hátt að bera sig undan því að ræða launakjör sín. Sú nefnd sem sett var í þetta mál, að ákveða hvernig þessum málum verður skipað, hefur hins vegar komist að sameiginlegri niðurstöðu og mér sýnist að eftir atvikum hafi tekist alveg þokkalega til.

[13:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Aðeins fáein orð. Mér líst prýðilega á þetta frumvarp á margan hátt. Ég held að þessi endurskoðun á lögunum um Kjaradóm og kjaranefnd hafi verið tímabær og góð.

Ég kem hins vegar upp út af því að ég vil gera athuga-

semdir við 8. gr. og ég tel að í henni sé innbyrðis ósamræmi sem muni auðvitað koma í ljós þegar á á að herða, það hlýtur að verða.

Aðeins um aðdraganda málsins. Eins og allir muna urðu mikil mótmæli vegna ákvörðunar Kjaradóms fyrir áramótin og eftir þá uppákomu sem því fylgdi var tekin ákvörðun um að endurskoða þessi lög. Ákvörðunin um endurskoðun var einhvers konar svar við mótmælum sem urðu vegna niðurstöðunnar fyrir áramótin. Þess vegna ætti að vera hægt að lesa út úr þessu frumvarpi einhvers konar viðbrögð sem gætu slegið á þá óánægju. Þegar grannt er skoðað þá finnst mér ekki líklegt að þessi ákvörðun, sem er fólgin í því að breyta lögunum með því að setja kjararáð í stað Kjaradóms og kjaranefndar, muni breyta þeim launakjörum sem mótmælt var á sínum tíma, þ.e. fyrir síðustu áramót, vegna þess að þegar 8. gr. er skoðuð þá segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Við úrlausn mála skal kjararáð gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar.“ Svo segir áfram: „Við ákvörðun launakjara skv. 4. gr. skal kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs skv. 3. gr. hins vegar.“

Hvað er þarna á ferðinni? Ef 3. og 4. gr. eru skoðaðar þá er þarna mikil flóra sem þarf að gæta samræmis á milli. 8. gr. gengur alveg upp þangað til kemur að síðustu málsgreininni en þar stendur, með leyfi forseta:

„Kjararáð skal ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.“

Nú vandast málið, hæstv. forseti, vegna þess að þegar menn hafa tekið tillit til og gætt samræmis milli þeirra aðila sem eiga laun sín undir þeim lögum sem hér eru og þurfa svo að láta þau kjör líka taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði þá virðast málin hreinlega hætta að ganga upp. Ég álít því að úr 8. gr. sé hægt að lesa, alveg þangað til kemur að síðustu setningunni, að komin sé upp nákvæmlega sama staða og fyrir áramót og ekki sé ástæða til þess að halda að laun alþingismanna og dómara hefðu verið metin neitt öðruvísi þó að þessi lög hefðu verið búin að taka gildi. Þá hlýtur að þurfa að svara þeirri spurningu: Er þessi lagasetning í raun og veru nokkurt svar við þeirri óánægju og mótmælum sem urðu vegna kjaradómsins í desember? Svar mitt við því er að svo sé ekki. Ég tel ekki að þetta sé niðurstaða sem komi til móts við þá óánægju. Það kann þó að vera að óánægjan brjótist út með öðrum hætti einfaldlega vegna þess að það hefur verið talað um að t.d. laun alþingismanna gætu verið ákveðin á fjögurra ára fresti en þau yrðu síðan látin halda verðgildi sínu með einhvers konar verðviðmiðun þess á milli. Eftir kosningar sem fara fram á fjögurra ára fresti væri þá gefið svigrúm til að taka út óánægju með hækkanir launa alþingismanna og dómara. En að öðru leyti get ég ekki séð að þessi lagasetning sé neitt svar við mótmælum sem urðu við niðurstöðu Kjaradóms fyrir áramótin.

Ég vil koma þessu á framfæri vegna þess að ég tel ástæðu til að menn horfist í augu við það að mat á þeim launakjörum sem hér er um að ræða er í rauninni ekki líklegt til að verða neitt annað en verið hefur, þó að þessum lögum verði breytt. Það getur orðið betra samræmi á milli þeirra sem eiga þarna undir vegna þess að það var kannski heldur lengra milli kjaranefndar og Kjaradóms en heppilegt var. Þarna ætti að vera tryggt að vel væri að málum staðið og mér finnst hugsunin í þessu öllu vera ágæt og ég styð málið en ég vil koma því á framfæri að ég tel ekki að það sé ástæða til að halda að mat á launum muni verða mjög frábrugðið því sem áður var en vísa þó til þess sem ég sagði áðan um samræmið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Upplýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 690. mál (endurnot opinberra upplýsinga, EES-reglur). — Þskj. 1020.

[13:42]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996. Frumvarp þetta er samið í því skyni að auka möguleika fyrirtækja og einkaaðila á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og gera þeim kleift að hagnýta þær til virðisaukandi starfsemi. Einnig eru með frumvarpinu uppfylltar skyldur íslenska ríkisins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 8. júlí 2005 um að fella tilskipun nr. 2003/1998, um endurnot opinberra upplýsinga inn í IX. viðauka við EES-samninginn. Frumvarpið gengur þó að hluta til lengra en tilskipun ESB, með víðtækari stefnumótun um endurnot opinberra upplýsinga sem m.a. felur í sér þrengri gjaldtökuheimildir á upplýsingum úr opinberum skrám. Einnig er kveðið á um að ríkið taki ekki gjald af höfundarrétti sínum af þessum upplýsingum. Er þetta gert til að reyna að auka enn frekar endurnot opinberra upplýsinga.

Fjármálaráðherra skipaði nefnd hinn 6. febrúar 2001 til að móta almenna stefnu um verðlagningu fyrir notkun opinberra upplýsinga. Afrakstur starfs nefndarinnar birtist í skýrslu er ber heitið „Verðlagning opinberra upplýsinga“ og kom út í desember 2002. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að sett yrðu lög um endurgjald fyrir notkun opinberra upplýsinga sem byggðu á þeirri meginreglu að verðlagning tæki mið af frjálsu aðgengi allra aðila gegn sanngjörnum þjónustugjöldum. Áhersla var lögð á að heildartekjur af sölu upplýsinga væru ekki hærri en nemur kostnaðinum við að afhenda, afrita eða dreifa þeim auk hóflegra afskrifta. Hverju stjórnvaldi væri þó heimilt að taka lægra gjald fyrir upplýsingar eða veita þær ókeypis. Voru rökin m.a. þau að allir, ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar nytu þess ávinnings sem opinberar upplýsingar hafa að geyma öllu samfélaginu til heilla.

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996. Frumvarp þetta er samið í því skyni að auka möguleika fyrirtækja og einkaaðila á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og gera

þeim kleift að hagnýta þær til virðisaukandi starfsemi. Einnig eru með frumvarpinu uppfylltar skyldur íslenska ríkisins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 8. júlí 2005, um að fella tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera inn í IX. viðauka við EES-samninginn. Frumvarpið gengur þó að hluta til lengra en tilskipun ESB með víðtækari stefnumótun um endurnot opinberra upplýsinga sem m.a. felur í sér þrengri gjaldtökuheimildir af upplýsingum úr opinberum skrám. Einnig er kveðið á um að ríkið taki ekki gjald af höfundarrétti sínum af þessum upplýsingum. Er þetta til þess gert að reyna að auka enn frekar endurnot opinberra upplýsinga.

Fjármálaráðherra skipaði nefnd hinn 6. febrúar 2001 til þess að móta almenna stefnu um verðlagningu fyrir notkun opinberra upplýsinga. Afrakstur starfs nefndarinnar birtist í skýrslu er ber heitið „Verðlagning opinberra upplýsinga" sem út kom í desember 2002. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að sett yrðu lög um endurgjald fyrir notkun opinberra upplýsinga sem byggðu á þeirri meginreglu að verðlagning tæki mið af frjálsu aðgengi allra aðila gegn sanngjörnum þjónustugjöldum. Áhersla var lögð á að heildartekjur af sölu upplýsinga væru ekki hærri en nemur kostnaðinum við að afhenda, afrita eða dreifa þeim auk hóflegra afskrifta. Hverju stjórnvaldi væri þó heimilt að taka lægra gjald fyrir upplýsingar eða veita þær ókeypis. Voru rökin m.a. þau að allir, ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar, nytu þess ávinnings sem opinberar upplýsingar hafa að geyma öllu samfélaginu til heilla.

Ríkisstjórnin samþykkti þá stefnumótun sem tillögurnar fólu í sér þann 13. desember 2002 og var forsætisráðherra falið að halda áfram meðferð málsins. Forsætisráðherra skipaði 3. september 2003 starfshóp til þess að undirbúa lagasetningu um verðlagningu á notkun opinberra upplýsinga sem byggði á niðurstöðum nefndar fjármálaráðherra. Halldór Árnason skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu var formaður starfshópsins. Aðrir í starfshópnum voru Arnar Þór Másson sérfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson skrifstofustjóri, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Sigríður Auður Arnardóttir skrifstofustjóri, tilnefnd af umhverfisráðuneyti, Gunnar Eydal skrifstofustjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Guðrún Johnsen hagfræðingur, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins. Guðrún Björk Bjarnadóttir lögmaður tók sæti Guðrúnar Johnsen á árinu 2005.

Starfshópurinn fékk þá dr. Pál Hreinsson lagaprófessor og Kristján Andra Stefánsson, fyrrverandi skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu, til liðs við sig við samningu lagafrumvarpsins. Enn fremur fékk starfshópurinn Jón Vilberg Guðjónsson, lögfræðing í menntamálaráðuneytinu, til að gera athugun á eignarhaldi ráðuneyta og stofnana á gögnum og upplýsingum og þeim takmörkunum sem endurnýting opinberra upplýsinga kann að vera háð vegna höfundarréttar þriðja aðila að gögnum eða hluta þeirra. Starfshópurinn sem skilaði sameiginlegri niðurstöðu lagði til að stefnumörkun um endurnot á opinberum upplýsingum yrði felld inn í upplýsingalögin, nr. 50/1996, sem sérstakur kafli. Það lagafrumvarp sem hér er mælt fyrir er óbreytt niðurstaða þessa starfshóps.

Stefnumörkun stjórnvalda sem fram kemur í þessu frumvarpi er byggð á þeirri forsendu að miklir möguleikar geti verið fólgnir í að skapa ný verðmæti úr upplýsingum sem eru í vörslu stjórnvalda, t.d. með því að tengja þær við aðrar upplýsingar og búa þannig til nýjar afurðir, ef svo má segja. Eftirspurn eftir opinberum upplýsingum til endurnotkunar hefur alltaf verið nokkur og fer vaxandi. Markmiðið er því að setja samræmdar lágmarksreglur um heimil endurnot þeirra opinberu upplýsinga sem almenningur á rétt til aðgangs að. Stjórnvöld skulu veita aðgang að upplýsingum þar sem því verður við komið á því formi eða með því sniði og á þeim tungumálum, sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Þegar upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi skal aðili geta valið á milli þess að fá aðgang að þeim á því formi eða prentaðar á pappír. Stjórnvöld skulu birta á heimasíðum sínum lista yfir þær skrár sem hafa að geyma upplýsingar í þeirra vörslu sem heimilt er að endurnota, svo og upplýsingar um þau skilyrði sem endurnotin eru bundin.

Sú stefnumörkun sem fram kemur í þessu frumvarpi leggur áherslu á hóflega verðlagningu á opinberum upplýsingum. Telji stjórnvald gjaldtöku nauðsynlega megi gjaldið að hámarki nema kostnaðinum við að afhenda, afrita eða dreifa upplýsingunum auk hóflegra afskrifta. Almennt skuli því ekki taka gjald fyrir söfnun eða framleiðslu gagna sem safnað er í opinberum tilgangi af stjórnvöldum. Þá leiðir einnig af þessari stefnumörkun að hið opinbera taki almennt ekki sérstaka þóknun fyrir endurnot á upplýsingum sem hið opinbera kann að eiga ýmist höfundarrétt að eða rétt samkvæmt 50. gr. höfundalaga. Eigi þriðji maður jafnframt réttindi yfir gögnunum samkvæmt höfundalögum falla gögnin utan við gildissvið þessa frumvarps.

Hlutaðeigandi stjórnvald skal setja sér gjaldskrá fyrir að veita aðgang að upplýsingum eða gögnum til endurnota fyrir einkaaðila sem ráðherra staðfestir. Gjaldskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda auk þess sem hún skal vera aðgengileg á heimasíðu stjórnvaldsins.

Vakin er athygli á því að sérlög og reglugerðir um verkefni ákveðinna stofnana veita nú rýmri heimildir til gjaldtöku fyrir upplýsingar úr opinberum skrám en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Má þar nefna Fasteignamat ríkisins, Landmælingar Íslands og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Þetta frumvarp haggar ekki þeim lagaákvæðum. Það er því í verkahring viðkomandi ráðuneytis að fara yfir þau ákvæði og leggja til nauðsynlegar breytingar sem samræmast anda þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í þessu frumvarpi.

Endurnot opinberra upplýsinga eru þó ekki leyfileg með hvaða hætti sem er. Ekki má endurnota þær þannig að það fari í bága við önnur lög eða réttindi þriðja manns. Engin einhlít regla gildir um höfundarrétt að verkum sem kunna að falla undir endurnýtingarheimild frumvarpsins. Meginregla höfundalaga er sú að höfundur verks er eigandi þess. Það ræðst af sambandi starfsmanns og atvinnurekanda hvort og með hvaða hætti höfundarréttur að verki, sem unnið er í þágu atvinnurekanda, yfirfærist frá starfsmanni til atvinnurekanda. Að lágmarki verður þó að ætla að stofnun öðlist óheftan nýtingarrétt á þeim verkum sem starfsmenn stofnunar hafa skilað af sér. Þannig má t.d. ætla að höfundarréttur að greinum, skýrslum, ljósmyndum og þess háttar

efni sem starfsmaður hefur gagngert unnið að til birtingar á vegum stofnunar yfirfærist til hennar, að svo miklu leyti sem slíkt er stofnuninni nauðsynlegt til starfsemi sinnar.

Upplýsingalögin taka almennt til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Ákvæði í kaflanum um endurnot opinberra upplýsinga sem hér er mælt fyrir tekur enn fremur til stofnana ríkis og sveitarfélaga og annarra opinberra aðila samkvæmt nánari skilgreiningu sem þar er að finna. Þó ná ákvæðin ekki til Ríkisútvarpsins, skóla, bóka- og skjalasafna, rannsóknarstofnana og menningarstofnana. Er það í samræmi við fyrrnefnda tilskipun Evrópusambandsins um endurnot opinberra upplýsinga.

Í 1. og 2. gr. frumvarpsins er kveðið skýrar en í gildandi upplýsingalögum á um afmörkun á upplýsingarétti almennings til samræmis við það sem lá að baki setningu laganna. Er það gert til að taka af allan vafa sem komið hefur upp við framkvæmd laganna, annars vegar með því að tiltaka þau gögn sem stjórnvöldum er skylt að veita almenningi aðgang að taki einvörðungu til fyrirliggjandi gagna í vörslu stjórnvalda og hins vegar með því að taka upp sérstakt ákvæði um að á stjórnvöld verði ekki lögð skylda til að útbúa ný gögn sérstaklega til að verða við beiðni.

Frú forseti. Ég hef hér stuttlega farið yfir þau helstu áhersluatriði sem fram koma í frumvarpi til laga um breytingu á upplýsingalögum og snúa að mestu um innleiðingu nýrra ákvæða um að heimila þriðja aðila endurnot á opinberum upplýsingum í virðisaukandi starfsemi. Að svo mæltu legg ég til að þessu frumvarpi verði vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[13:54]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, en eins og allir í þessum sal vita og þjóðin líka þá eru upplýsingalögin afar mikilvæg í stjórnsýslu- og stjórnkerfi okkar og hafa margítrekað sannað gildi sitt. Því skiptir miklu máli að þessi lög séu í stakk búin til að mæta því markmiði sem þau eiga að ná.

Hér er um að ræða frumvarp sem leggur til að lögleidd verði ákvæði um endurnot opinberra upplýsinga. Frumvarpið ku vera byggt á tilskipun Evrópusambandsins um endurnot opinberra upplýsinga þó að í því sé lagt til að gengið verði lengra í að þrengja gjaldtökuheimildir af upplýsingum og opinberum skrám og af höfundarrétti ríkisins á þessum upplýsingum en er í sjálfri tilskipuninni. Samkvæmt frumvarpinu verður stjórnvöldum víst skylt með ýmsum takmörkunum þó að veita aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál og það eru stjórnvöld sem ákveða hvort gögn sem heimilt er að veita aðgang að skulu sýnd eða veitt af þeim ljósrit eða afrit. Í þeim tilvikum sem stjórnvald ljósritar eða afritar gögn og lætur einkaaðila í té ber að taka gjald samkvæmt gjaldskrá sem forsætisráðherra ákveður.

Mig langaði að beina fyrstu spurningu minni til hæstv. forsætisráðherra um þessa gjaldskrá sem komið er inn á í 4. mgr. 4. gr. um að hann ákveði gjaldskrána. Er það réttur skilningur að hér sé um að ræða gjaldskrá sem byggist á meginreglunni um þjónustugjald, þ.e. að ekki megi rukka hærra verð en sem nemur þeim kostnaði sem hlýst af viðkomandi þjónustu? Hluti skilgreiningar á þjónustugjaldi er að ekki má rukka hærra verð fyrir en það sem viðkomandi þjónusta kostar. Þetta aðskilur t.d. þjónustugjald hjá skatti. Við höfum oft tekist á í þessum sal um þjónustugjald annars vegar og hins vegar skatt. Síðast man ég eftir umræðunni um skráningargjöld í Háskóla Íslands. Þar héldu margir stjórnarliðar að um væri að ræða þjónustugjald þrátt fyrir að þar hefði komið skýrt fram að það gjald var hærra en sem næmi kostnaði við skráninguna. Það var alveg ljóst að okkar mati að í því tilviki var ekki um þjónustugjald að ræða heldur upphæð sem var ákveðin í lögum og á meira skylt við skatt. En mig langar að spyrja, eins og ég segi, hæstv. forsætisráðherra hvort hér sé um að ræða þjónustugjald. Eða getur hann ákveðið hærra verð í þessari gjaldskrá? Ég man líka eftir því þegar almenningur var að nálgast útprentanir af dómum héraðsdómstóla. Þá þurfti, alla vega þegar ég kynntist því, að borga 100 kr. fyrir hverja blaðsíðu. Þá áttaði maður sig á því að það var ekki í neinu samræmi við þann kostnað sem hlaust af viðkomandi ljósritun. En þetta var ákveðið með sérstökum hætti í lögum hvað þetta varðar. Alla vega vil ég að fá það á hreint hvort hér sé um að ræða þjónustugjald.

Önnur spurningin til hæstv. forsætisráðherra lýtur að hugsanlegu tekjutapi viðkomandi stofnana. Hvernig verður því mætt? Verður eitthvert slíkt tekjutap. Í umsögn fjárlagaskrifstofunnar er sagt að frumvarpið muni hafa óveruleg áhrif á útgjöld ríkisins. En það er líka ágætt að taka undir meginmarkmið þessa frumvarps. Það er að sjálfsögðu jákvætt að auka eigi aðgang almennings að opinberum upplýsingum. Við eigum að stuðla að gegnsæju og opnu stjórnkerfi og allar gjörðir ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda eiga að þola dagsins ljós nema mjög ríkar ástæður séu til annars.

Þriðja spurning lýtur að punkti sem bent er á í umsögn fjárlagaskrifstofunnar. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Hugtakið stjórnvald er skilgreint mun víðtækara í 5. gr. en í 4. gr. frumvarpsins og nær til velflestra aðila sem starfa á vegum hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga. Undanþága er veitt fyrir skóla, rannsóknastofnanir og menningarstofnanir þótt hlutaðeigandi ráðherra verði heimilað að fella starfsemi stofnana á þessu sviði undir kaflann í heild eða að hluta til.“

Svo kemur þetta sem lýtur að minni spurningu, með leyfi forseta:

„Frumvarpið veitir takmarkaðar leiðbeiningar um flokkun aðila sem njóta undanþágu frá ákvæðum kaflans. Í athugasemdum eru nefnd dæmi um flokkun stofnana sem stunda rannsóknir án þess að fram komi hvaða munur er á stofnunum í hvorum flokki og að Iðntæknistofnun Íslands, Veiðimálastofnun, Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir falli ekki undir kaflann en það geri Landmælingar Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofa Íslands. Óskýrar flokkunarreglur valda ákveðnum vanda við kostnaðarmat frumvarpsins.“

Svo stendur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir með þessu frumvarpi.

Ef hæstv. forsætisráðherra treystir sér til að skýra og svara þessari athugasemd sem fjárlagaskrifstofan bendir á um að flokkunarreglur séu óskýrar, þá væri það til bóta fyrir okkur sem tökum við þessu máli í allsherjarnefndinni.

Mig langar einnig að spyrja um 6. gr. Hún lýtur að sérleyfissamningum. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Sérleyfissamningar um endurnot opinberra upplýsinga sem ekki uppfylla skilyrði 2. mgr. 28. gr. skulu renna út eigi síðar en 31. desember 2008.“

Mig langar að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort honum sé kunnugt um að slíkir sérleyfissamningar séu til staðar nú þegar. Hefur hið opinbera samið um svona sérleyfissamninga um nýtingu á opinberum upplýsingum sem samkvæmt þessari grein þyrfti þá væntanlega að rifta með einhverjum hætti.

Það er ýmislegt jákvætt í þessu frumvarpi að sjálfsögðu þó að við munum skoða þetta betur í nefndinni. Markmið frumvarpsins sem lýtur að því að auka möguleika fyrirtækja og einkaaðila á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og gera þeim kleift að hagnýta möguleika þeirra og stuðla að hagvexti og atvinnusköpun er í sjálfu sér jákvætt. Við eigum að opna fyrir okkar stjórnkerfi. Rauði þráðurinn, það sem liggur að baki upplýsingalögunum og stjórnsýslulögunum einnig sem voru sett á svipuðum tíma, er að gjörðir og ákvarðanir stjórnvalda eigi að þola dagsins ljós og það er um að gera að þessar opinberu upplýsingar geti nýst öðrum en einungis opinberum aðilum. En þetta munum við að sjálfsögðu skoða betur í allsherjarnefndinni og ekki síst með hliðsjón af þessari ákvörðun sem hefur verið tekin úti í Evrópu og hefur áhrif á framlagningu þessa frumvarps ef ég skil það rétt.

[14:02]

Mörður Árnason:

Forseti. Almennt ber að fagna þessu frumvarpi. Það er árangur starfs sem farið hefur fram innan lands og undir leiðsögn evrópskra reglna. Ég tek undir þann jákvæða tón sem fyrri ræðumaður, hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, viðraði fyrir hönd Samfylkingarinnar gagnvart þessu.

Einu tilteknu máli vildi ég gjarnan fá skýringu á. Það varðar verðandi 27. gr., næstsíðustu málsgrein hennar sem er að finna á bls. 3 í prentaðri útgáfu frumvarpsins. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ekki þarf að greiða fyrir endurnot á upplýsingum, sem falla undir ákvæði þessa kafla og eru háðar höfundarétti ríkis og sveitarfélaga, umfram það sem segir í 6. mgr., nema lög mæli sérstaklega svo fyrir.“ — Í 6. mgr. eru þjónustugjöld vegna vinnu við að útvega upplýsingarnar og reiða þær fram.

Það eru þessi síðustu orð, síðasti setningarhlutinn: „nema lög mæli sérstaklega svo fyrir“, sem ég vil spyrja um. Hvaða almennu forsendur skapa löggjafanum þá heimild að mæla sérstaklega fyrir um að ákveðnar upplýsingar séu háðar gjaldtöku? Hvaða upplýsingar er um að ræða eða hvers konar upplýsingar er hægt er að mæla fyrir um í sérlögum að heimta megi sérstakt gjald fyrir, umfram það þjónustugjald sem um er rætt.

Þegar maður fer í athugasemd um þessa grein á bls. 14 er þar ekkert frekar sagt. Það er aðeins endurtekið að önnur lög geti mælt svo fyrir að greiða þurfi fyrir endurnot á upplýsingunum. Það er ekki skýrt út með hvaða hætti það er. Það virðist almennur réttur þingsins að taka hvaða upplýsingar sem þinginu sýnist til handargagns og mæla fyrir um að sett séu á þau gjöld. Þá spyr maður auðvitað: Getur þá þingið, með ríkisstjórninni væntanlega, komið því svo fyrir í kreppu að fleiri og fleiri gögn eða upplýsingar séu gjaldlagðar, þ.e. settur á þær skattur, en ekki þjónustugjald, eftir því sem því sýnist? Eru engar reglur sem mæla fyrir um að sérstök skilyrði þurfi að uppfylla til að þetta sé hægt?

Það er ljóst í tilskipuninni, í 6. gr. tilskipunarinnar á bls. 20 í þessu plaggi, að þar er ekki miðað við að menn hagi sér svona. 6. greinin heitir „Meginreglur um gjaldtöku“ í tilskipun Evrópusambandsins og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef gjald er tekið skulu heildartekjurnar af því að láta í té og leyfa endurnotkun gagna ekki vera meiri en kostnaðurinn við söfnun, framleiðslu, fjölföldun og dreifingu auk sanngjarns hagnaðarhlutar af fjárfestingunni.“

Síðan er eitthvað um kostnaðartengingu o.s.frv. en hér er beinlínis mælt fyrir um að meginreglan sé sú að um þjónustugjöld sé að ræða. Þetta virðist hæstv. forsætisráðherra, flutningsmaður frumvarpsins, taka undir. Hann vill jafnvel ganga lengra, eða sú nefnd sem hann styðst við. Það er sérstaklega tekið fram í almenna V. kaflanum á bls. 9 í hinni prentuðu útgáfu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sú stefnumörkun sem fram kemur í þessu frumvarpi leggur áherslu á hóflega verðlagningu á opinberum upplýsingum og gengur þannig að hluta til lengra en 6. gr. tilskipunarinnar.“

Ég skil það þannig, og það hlýtur að eiga að skilja það þannig, að frumvarpshöfundarnir og flytjandinn telji að það gangi lengra gegn gjaldtöku, í átt að því að aflétta gjaldtöku en 6. gr. tilskipunarinnar leyfir.

Þarna segir einnig, með leyfi forseta:

„Þá leiðir einnig af þessari stefnumörkun að hið opinbera taki almennt ekki sérstaka þóknun fyrir endurnot á upplýsingum sem hið opinbera kann að eiga ýmist höfundarrétt að eða rétt skv. 50. gr. höfundalaga.“

Ég reyndi að finna staðinn í athugasemdum við frumvarpið, fann hann ekki en þetta er ákveðin stefna sem kemur fram. Ég tel að það sé góð stefna. Hún er sú að ekki einungis af lýðræðislegum ástæðum séu þessar opinberu upplýsingar látnar í té gegn vægu gjaldi, þ.e. þjónustugjaldi, heldur einnig og ekki síður vegna þess að þær upplýsingar sem sækja má í opinbera gagnabanka af einhverju tagi geta verið mjög mikilsverðar fyrir atvinnulíf og starfsemi af öllu tagi, sérstaklega á okkar stafrænu tímum, í því samfélagi sem nú er að verða til og við höfum leyft okkur að kalla þekkingarsamfélag, sem við stefnum öll að þótt deilur standi um það hvernig það eigi nákvæmlega að vera. Um það er fallegur kafli einhvers staðar í frumvarpsgögnunum sem ég vísa til eftir minni.

Það má kannski enn fremur minna beinlínis á stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem til er á prenti, þ.e. „Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið“ frá 1996. Í hana er vísað á bls. 6 í prentuðu útgáfunni, almennum kafla III, 2. gr., með leyfi forseta:

„Tryggt verði fullt jafnræði milli opinbers reksturs og einkareksturs á sviði upplýsingatækni og upplýsingaiðnaðar. Stjórnvöld auðveldi, með hjálp upplýsingatækninnar, aðgang að opinberum upplýsingum og þjónustu, til að jafna stöðu einstaklinga og fyrirtækja óháð búsetu eða efnahag. “

Það má enn fremur taka fallega kafla á bls. 4, í I. kafla almennra athugasemda við lagafrumvarp þetta. Þar segir út frá 6. gr., með leyfi forseta:

„Frumvarpið gengur þó að hluta til lengra en tilskipun ESB með víðtækari stefnumótun um endurnot opinberra upplýsinga sem m.a. felur í sér“ — þarna kemur auðvitað ástæðan fyrir því sem ég sagði áðan, túlkun minni sem ekki þarf lengur að vera túlkun — „þrengri gjaldtökuheimildir af upplýsingum úr opinberum skrám.“

Síðan kemur þessi setning sem er sérlega athyglisverð: „Einnig er kveðið á um að ríkið taki ekki gjald af höfundarétti sínum af þessum upplýsingum. Er þetta til þess gert að reyna að auka enn frekar endurnot opinberra upplýsinga.“

Þá kemur aftur að þessu. Þrátt fyrir alla þessa vel hugsuðu stefnu sem hér kemur fram, sem er margítrekuð í athugasemdum við frumvarpið, enda byggð á 6. gr. tilskipunarinnar, er sagt að Alþingi geti sem sé með lögum víkkað gjaldið út aftur þannig að ekki sé um þjónustugjald að ræða heldur í raun skatt sem komi þá eins og sértekjur inn í þær stofnanir sem um er að ræða. Það er gert í áður tilvitnaðri verðandi 27. gr. án skýringa.

Á bls. 23, í lok athugasemdanna, eru tilteknar nokkrar stofnanir sem nú hafa miklar sértekjur af sölu upplýsinga úr gagnaskrám sínum. Það er Hagstofa Íslands, úr þjóðskrá 75 millj. kr. árið 2002; Fasteignamat ríkisins, 20 millj. kr. af upplýsingum úr landskrá fasteigna og 100 millj. kr. að auki frá öðrum hlutum stjórnvalda; Skráningarstofan hf. hafði 28 millj. kr. tekjur af sölu upplýsinga, ótiltekinna og Landmælingar Íslands eru nefndar síðastar en þær höfðu 11 millj. kr. í tekjur af sölu upplýsinga á þessu ári.

Í gærkvöldi ræddum við um nýtt frumvarp frá umhverfisráðherra um Landmælingar. Ég verð að segja, þótt skömm sé að, að ég vissi ekki að frumvarpið væri komið fram sem við erum nú að ræða. Ég hafði það þess vegna ekki í höndunum þegar við áttum orðastað um frumvarp umhverfisráðherra um nýskipan Landmælinga, sem er ágætt frumvarp á margan hátt. En í því frumvarpi er áfram gert ráð fyrir að Landmælingar geti heimtað gjald fyrir upplýsingar sem þær selja frá sér. Í 7. gr. þess frumvarps eru þrír tekjuliðir nefndir. Tveir af þeim eru þjónustugjöld en sá fyrsti hljóðar svo að Landmælingar Íslands afli sér tekna, með leyfi forseta:

„Með sölu á afnotum af efni í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar ríkisins, sbr. 5. og 6. gr.“

Þetta stangast auðvitað á við það sem ég var áðan að lesa upp úr athugasemdum forsætisráðherra við frumvarp sitt, að einnig sé kveðið á um að ríkið taki ekki gjald af höfundarétti sínum af þessum upplýsingum.

Í landmælingafrumvarpi umhverfisráðherra sem flutt er á sama tíma, með svipuðu málsnúmeri, og rætt kvöldið áður en við ræðum frumvarp forsætisráðherra, er kveðið á um forsendulausa heimild nema að því leyti er varðar tilvísunina í höfundarréttinn. Sú tilvísun er sem sé efnislega gagnstæð yfirlýsingu forsætisráðherra í athugasemdum við frumvarp hans.

Nú skal þess getið að hugsanlega kann að vera um að ræða, hjá Landmælingum og öðrum þeim stofnunum sem nefndar eru hér, annan höfundarrétt en höfundarrétt ríkisins. En á því er líka tekið í frumvarpinu með skýrum hætti. Það er auðvitað ekkert leyfi til þess. Það hafa ríkisstofnanir ekki og almannavaldið hefur ekkert leyfi til að selja afnot af efni sem háð er öðrum höfundarrétti án þess að viðkomandi höfundum sé það bætt.

Þetta vildi ég spyrja um. Mér finnst vanta í frumvarpið skilyrði fyrir því hvaða upplýsingar hægt er að selja án þess að um þjónustugjald sé að ræða þannig að sértekjur myndist hjá stofnuninni. En slík sala er ekkert annað en skattur á þá sem kaupa, framleiðendur annars efnis og síðan kaupendur þess efnis sem framleitt er. Hugsunin virðist standa þvert gegn þeirri meiningu sem ég, hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnin og sennilega allt þingið erum sammála um, að best sé að hinar opinberu upplýsingar standi sem flestum til boða þannig að þær verði aflvaki og eldsneyti framleiðslu, atvinnustarfsemi, rannsókna og nýsköpunar á Íslandi.

[14:16]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Fyrst að því er varðar spurningu hv. síðasta ræðumanns, Marðar Árnasonar, vil ég endurtaka það sem ég sagði í framsögu minni og vitna beint í það. Ég sagði eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Vakin er athygli á því að sérlög og reglugerðir um verkefni ákveðinna stofnana veita nú rýmri heimildir til gjaldtöku fyrir upplýsingar úr opinberum skrám en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Má þar nefna Fasteignamat ríkisins, Landmælingar Íslands og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.“

Þetta frumvarp haggar ekki þeim lagaákvæðum, en síðan segir, sem er mikilvægt:

„Það er því í verkahring viðkomandi ráðuneytis að fara yfir þau ákvæði og leggja til nauðsynlegar breytingar sem samræmast anda þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í þessu frumvarpi.“

Sú stefnumörkun er skýr, eins og hv. þingmaður tók fram. Þá vil ég svara því sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson nefndi, þ.e. að talað er um að það sem innheimt er standi undir þeim kostnaði sem viðkomandi stofnun verður fyrir. Eins og hv. þm. Mörður Árnason sagði er stefna frumvarpsins að gera þessar upplýsingar sem aðgengilegastar og stuðla að því að þær verði nýttar.

Nú man ég það rétt að þegar hæstv. umhverfisráðherra kom með frumvarp sitt til ríkisstjórnar um breytingu á lögum er varða Landmælingar Íslands þá lá fyrir að sú ágæta stofnun mundi missa tekjur við þá breytingu. Þá er komið að því sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson spurði um: Hvernig verður því tekjutapi mætt?

Svarið er einfalt: Því tekjutapi verður að mæta á fjárlögum. Það liggur fyrir að þegar nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á lögum sem varða einstakar stofnanir mun framlag til nokkurra stofnana þurfa að hækka nokkuð til þess að andi þess frumvarps sem hér er flutt fái notið sín.

Að því er varðar spurningu hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar um sérleyfissamninga er mér ekki kunnugt um slíka samninga og get því miður ekki svarað því en vænti þess að hv. þingmaður fái skýr svör um það í meðferð nefndarinnar. Hið sama á við um það sem fjárlagaskrifstof-

an segir um að ekki sé nægilega skýrt hvaða stofnanir falli hér undir. Ég vænti þess að þær leiðbeiningar sem hér eru séu alveg nægilega skýrar en það liggur fyrir að viðkomandi ráðuneyti þurfa að koma með frumvörp til laga um breytingar til þess að andi þessara laga komist að öllu leyti til framkvæmda. Málið verður ekki endanlega skýrt fyrr en viðkomandi ráðuneyti hafa farið endanlega í gegnum það.

[14:20]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svör við spurningu minni um þetta. Ég skil hann þannig að misræmi sé milli þessara tveggja frumvarpa, frumvarps hans sem gerir ráð fyrir gjaldtöku fyrir upplýsingar á þann hátt að um þjónustugjald sé að ræða og síðan þessa töluliðar í greininni í frumvarpi umhverfisráðherra um skattheimtu í gegnum Landmælingar á þeim upplýsingum sem þær búa yfir.

Ég skil forsætisráðherra þannig að þessi viðbót við upplýsingalögin marki stefnu fyrir öll önnur ráðuneyti og að baki þeim lögum sem minnst er á í frumvarpinu þurfi að búa einhver tiltekin ástæða, einhver ákveðin forsenda, fyrir því að gjald sé heimt sem skattur, þ.e. umfram þá þjónustu sem að baki liggur fyrir afnot af upplýsingum sem opinberar teljast.

Þetta munum við í umhverfisnefnd skoða rækilega þegar við förum yfir frumvarpið um Landmælingarnar. Ég hvet til þess að allsherjarnefndarmenn íhugi einnig þessi orð hæstv. forsætisráðherra hér í stólnum, þetta svar hans við fyrirspurn minni, og skoði vandlega þau lög sem nú heimila gjaldtöku umfram þjónustugjöld, að ég tali nú ekki um frumvörp sem berast inn í þingið með slíkum ákvæðum.

[14:22]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil hvorki nota orðið þjónustugjald né skatt í þessu sambandi. Ég vænti þess að andi frumvarpsins sé skýr.

Að því er varðar Landmælingar Íslands get ég ekki staðfest það sem hv. þingmaður sagði hér, að það væri misræmi þarna í milli. Það var a.m.k. ætlunin að fullt samræmi væri milli þessara frumvarpa. Ef um eitthvert misræmi er að ræða verður að sjálfsögðu að líta á það en ég get ekki gert orð hv. þingmanns að mínum, en ef svo er mun verða farið yfir það í nefnd eins og hv. þingmaður sagði. Það verður að vera alveg ljóst að fullt samræmi sé í því sem þar er verið að gera. Frumvarp umhverfisráðherra er flutt í framhaldi af þeirri vinnu sem hér hefur verið unnin og þetta frumvarp byggir á.

Það má því segja að frumvarp umhverfisráðherra sé líka afrakstur þeirrar vinnu sem þarna er unnin og að því leytinu til átti það að vera ljóst að þarna væri fullt samræmi á milli. Ef svo er ekki verður að leiða það í ljós.

[14:24]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þótt ég sé nú hortugur og ókurteis er ég ekki að biðja hæstv. forsætisráðherra að gera mín orð að sínum. Ég er ánægður með það sem hann sagði hér, a.m.k. í fyrra andsvari sínu.

Það er ekki samræmi á milli þessara tveggja frumvarpa eins og ég hef sýnt og þess vegna þarf að skýra það sérstaklega þegar brugðið er út af meginstefnunni í frumvarpi forsætisráðherra. Því miður, eins og ég skýrði áður, hafði ég, og kannski fleiri, ekki séð eða kynnt okkur frumvarp forsætisráðherra nægilega áður en við tókum þátt í þessari umræðu en það verður auðvitað gert í nefndinni. Ég spyr hins vegar forsætisráðherra um það almennt — það var hluti af spurningunum mínum í upphafi: Hvers eðlis þurfa þær upplýsingar að vera sem hægt er að setja þau sérlög um sem ganga gegn meginstefnu frumvarpsins sem hann flytur, þ.e. að heimt sé af þeim þjónustugjald, við skulum orða það hlutlaust og segja endurgjald sem er umfram þau þjónustugjöld sem við erum öll sátt við að eðlileg séu á upplýsingarnar?

[14:25]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Svo að það sé ljóst voru það ekki mín orð að hv. þingmaður væri hortugur og ókurteis, hann hefur alls ekki verið það í þessari umræðu. Ég veit ekki af hverju hann kaus að gefa sjálfum sér þessa einkunn af þessu tækifæri, mér fannst það óþarfi. Að því er varðar þessi sérlög er hér fyrst og fremst verið að vísa til þess að það þarf að breyta ákveðnum lögum sem eru í gildi. Ég vænti þess að stefnumörkunin sé alveg skýr, enda væri það út í hött að setja þessi lög ef svo mætti fara fram hjá þeim í öðrum lögum að vild. Þá væri miklu betra að láta þetta eiga sig.

Það er hins vegar staðreynd að þetta er fyrir hendi í lögum, t.d. að því er varðar Landmælingar ríkisins, og því þarf að breyta til samræmis við þetta frumvarp. Það er fyrst og fremst það sem vitnað er til.

Síðan koma ýmis önnur undantekningartilvik fyrir í þessu frumvarpi. Það er náttúrulega ljóst að í sumum tilvikum er um að ræða ríkisstofnanir, ríkisfyrirtæki, í samkeppnisrekstri þar sem er beinlínis vikið frá. Þar má nefna frumvarp sem hér liggur fyrir á Alþingi, um Ríkisútvarpið. Sú stofnun er í samkeppni við aðrar stofnanir, það er ljóst. Síðan er um það að ræða að ef við deilum höfundarrétti með einhverjum öðrum þá gilda aðrar reglur, eins og skýrt kemur fram í frumvarpinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vísinda- og tækniráð, 1. umr.

Stjfrv., 744. mál. — Þskj. 1080.

[14:28]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð. Með lögum um Vísinda- og tækniráð sem Alþingi samþykkti í ársbyrjun 2003 um málefni vísinda og tækni voru þessi mál samræmd og færð upp á efsta stig stjórnsýslunnar. Í ljósi aukinnar samkeppni og alþjóðavæðingar þótti nauðsynlegt að tryggja svo sem kostur er á að fjármunir sem varið er til vísindarannsókna og tækniþróunar séu nýttir á markvissari hátt en áður var og

dugi til þess að ryðja nýrri þekkingu braut og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Í Vísinda- og tækniráði koma saman ráðherrar, vísindamenn og fulltrúar atvinnulífsins. Ráðið sem skipað er til þriggja ára í senn mótar stefnu í málefnum vísindarannsókna og tækniþróunar. Meginmarkmið stefnunnar er að treysta menningarlega og efnahagslega stöðu Íslands í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi þar sem höfuðáhersla er lögð á að auka úthlutunarfé opinberra samkeppnissjóða, að efla háskóla sem rannsóknastofnanir og endurskilgreina skipulag og starfshætti opinberra rannsóknastofnana.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvörpum iðnaðar- og viðskiptaráðherra um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun og frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Í fyrrnefnda frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir að sameina Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Byggðastofnun í nýja stofnun: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Miðstöðin verður þekkingarsetur þar sem saman koma tæknirannsóknir með tengsl við rannsóknir í háskólum og háskólasetrum annars vegar og þróunarstarfsemi fyrirtækja hins vegar. Með síðarnefnda frumvarpinu er Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tengdur við stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum rannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Þess vegna er lagt til í frumvarpinu að útvíkka starfsemi Vísinda-, og tækniráðs til samræmis þannig að það taki til umfjöllunar málefni atvinnuþróunar auk málefna vísinda-, tækni- og nýsköpunar eins og nú er gert. Útvíkkun starfsemi Vísinda- og tækniráðs með þessum hætti eykur þýðingu þess í stefnumótun ríkisstjórnarinnar í atvinnuþróun. Vegna þessarar viðbótar við verksvið ráðsins er lagt til að nafn þess taki breytingum til samræmis og það nefnt Vísinda- og nýsköpunarráð.

Þá er hér tillaga um að fulltrúum ráðsins verði fjölgað um tvo sem forsætisráðherra skipi án tilnefningar og komi þeir úr atvinnulífinu. Jafnframt er gert ráð fyrir að forsætisráðherra verði heimilt að kveðja allt að fjóra ráðherra til setu í ráðinu í stað tveggja nú. Eftir sem áður verða tvær nefndir starfandi á vegum ráðsins sem undirbúa málefni Vísinda- og tækniráðs á milli funda þess. Annars vegar er vísindanefnd sem undirbýr stefnu stjórnvalda á sviði grunn- og hagkvæmra vísindarannsókna. Hins vegar verður nýsköpunarnefnd sem undirbýr stefnu á sviði tækni, nýsköpunar og atvinnuþróunar. Náið samstarf þarf að vera á milli þeirra enda er um eina samfellda stefnu að ræða. Sú stefna þarf að taka til þátta sem fram til þessa hafa ekki verið á dagskrá ráðsins. Markmiðið er að vísinda- og nýsköpunarstefna ríkisstjórnarinnar geti orðið svo heildstæð að ýmiss konar sérstök stefnumótun verði samræmd með henni eða jafnvel falli inn í hana.

Hér er m.a. vísað til stefnumótandi byggðaáætlunar sem er á verksviði iðnaðarráðuneytisins. Byggðaáætlunin byggir nú þegar að talsverðu leyti á stefnu Vísinda- og tækniráðs og tekur einnig tillit til fjarskiptaáætlunar og stefnu í sveitarstjórnarmálum svo dæmi séu nefnd. Atvinnupólitísk stefnumótun Vísinda- og nýsköpunarráðs gæti orðið samnefnari slíkrar afmarkaðrar stefnumótunar.

Frú forseti. Ég vil taka fram af þessu tilefni að það hefur verið afar ánægjulegt að starfa í Vísinda- og tækniráði. Ég tel að þar hafi tekist afskaplega vel til og þeir fulltrúar sem þar hafa setið hafa jafnframt lýst yfir mikilli ánægju með starf í ráðinu. Þar er nú verið að vinna að stefnumörkun fyrir næstu þrjú ár og ég vil hvetja hv. alþingismenn til að kynna sér þá stefnumörkun sem þar fer fram. Ég tel mjög mikilvægt að atvinnulífið komi í ríkari mæli að þessu máli enda hafa fulltrúar atvinnulífsins lagt á það mikla áherslu. Ég tel að þarna sé mjög góður vettvangur til að marka stefnu fyrir hina nýju stofnun sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur mælt hér fyrir. Ég bind miklar vonir við að þessi skipan mála geti orðið til að efla samstarf milli menntastofnana, vísindastofnana, rannsóknastofnana og atvinnulífsins sem komi fram í störfum þeirrar stofnunar sem við erum hér að tala um og er m.a. forsenda þess að atvinnulífið hefur almennt lýst ánægju sinni yfir þessum breytingum með tilliti til þess að þeir komi í ríkari mæli að Vísinda- og tækniráði sem, ef þetta frumvarp verður að lögum, mun heita Vísinda- og nýsköpunarráð.

Gert er ráð fyrir að ákvæði þessa frumvarps taki gildi 1. september 2006 og þá komi þessir tveir nýju fulltrúar til setu í ráðinu til loka mars 2009. Eins og ég sagði áður er unnið að nýrri stefnumörkun í ráðinu sem mun taka gildi núna í maímánuði. En ég vænti þess að verði þetta frumvarp að lögum muni stefnumörkunin í framhaldi af því verða endurskoðuð og taki tillit til breyttra aðstæðna samþykki Alþingi þau frumvörp sem lúta að þessum málum.

Ég vildi svo, frú forseti, að þessum orðum sögðum leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[14:36]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar að leita mér upplýsinga vegna þess sem stendur í athugasemdunum með frumvarpinu um Vísinda- og tækniráð — en ég er reyndar á þeirri skoðun að það sé mjög gott mál og sú starfsemi sem þar er unnin sé bæði nauðsynleg og hafi tekist vel að því leyti til sem ég hef af henni heyrt.

Það stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Að frumkvæði Vísinda- og tækniráðs hefur verið unnið að sameiningu rannsóknastofnana.“

Og síðan svolítið neðar í textanum þar sem er verið að vitna til hvaða stofnanir er átt við:

„Einnig var fyrirkomulag stofnana iðnaðarráðuneytisins tekið til endurmats og er niðurstaðan sú að sameina beri Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Byggðastofnun í nýja stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.“

Ég spyr hvort Vísinda- og tækniráð hafi nokkurn tímann fjallað um sameiningu Byggðastofnunar og hinna stofnananna? Ég spyr líka vegna þess að í gögnum sem fylgdu frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun er vitnað til Vísinda- og tækniráðs og sagt, með leyfi hæstv. forseta:

Vísinda- og tækniráð tók undir niðurstöðu starfshópsins í ályktun ráðsins frá 17. desember. Þar segir að Vísinda- og

tækniráð styðji sameiningu Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins og beini því til iðnaðarráðherra að vinna áfram að þeirri sameiningu á grundvelli greinargerðar starfshóps iðnaðarráðherra um tæknirannsóknir með áherslu á náin tengsl við háskóla.

Þarna er hvergi talað um Byggðastofnun og hennar starfsemi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur Vísinda- og tækniráð nokkurn tíma fjallað um þá sameiningu?

[14:38]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Á þeim fundum sem ég hef setið í Vísinda- og tækniráði hefur almennt verið hvatt til að sameina alla skylda starfsemi. Ég tel það einmitt vera það sem verið er að gera. Það er verið að sameina í frumvarpi iðnaðar- og viðskiptaráðherra meginhluta atvinnu- og þróunarstarfsemi í landinu og tengja það við menntastofnanir og rannsóknastofnanir vegna þess að það er það sem skiptir meginmáli í nýsköpun.

Þetta hefur verið sá andi sem hefur verið í störfum Vísinda- og tækniráðs. Ég tel að þessar stofnanir falli afskaplega vel saman. Því það liggur fyrir að allar þessar stofnanir eru að vinna að atvinnuþróun. Ég sé enga ástæðu til að aðskilja sérstaklega atvinnuþróun eftir landshlutum. Atvinnuþróun í landinu í heild hlýtur að skipta meginmáli. Síðan munu starfa atvinnuþróunarfélög í einstökum landshlutum sem skipta meginmáli.

Með þessum hætti er verið að sameina kraftana og samræma þá og það er nákvæmlega í anda þess sem hefur verið rætt um í Vísinda- og tækniráði.

[14:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var að spyrja hvort Vísinda- og tækniráð hefði fjallað um þessa sameiningu, þ.e. Byggðastofnunar og hinna stofnananna. Það er greinilegt á þeim gögnum sem við höfum fengið í hendurnar í sambandi við sameiningu þessara stofnana að það hafði verið unnið verulega og vel að undirbúningi að því að sameina Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun. En síðar var greinilega tekin ákvörðun um að bæta Byggðastofnun inn í þetta. Þau gögn sem við höfum virðast eindregið benda til að Vísinda- og tækniráð hafi alls ekki fjallað um sameiningu Byggðastofnunar og þessara tveggja stofnana. Það er það sem ég var að spyrja hæstv. ráðherra um. Ég get vel skilið að hann hafi þessa skoðun sem hann lýsti að þetta fari vel saman og ástæða sé til að sameina sambærilegar stofnanir.

Ég hef verið að leita mér upplýsinga og reyna að átta mig á stöðunni um það hvernig menn hafi unnið að þessi máli og hvort menn hafi skoðað það með sama hætti hvað varðar Byggðastofnun eins og hinar stofnanirnar hvaða hagkvæmni fylgdi sameiningunni og hvað væri skynsamlegt að gera.

Málið er sett fram í þessum gögnum með þeim hætti að það má skilja það þannig að Vísinda- og tækniráð hafi fjallað um sameiningu Byggðastofnunar og hinna tveggja stofnananna.

En ég held að full ástæða sé til þess, og ég bið hæstv. ráðherra að svara því bara skýrt, að hafa þá skoðun að það hafi alls ekki þar verið fjallað um að sameina Byggðastofnun og hinar stofnanirnar.

[14:42]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hvort beri að sameina stofnanir eða ekki. Að endingu er það pólitísk ákvörðun. Það ekki ákvörðun ágætra embættismanna.

Ég vænti þess að hv. þingmaður sé ekki að tala um að Vísinda- og tækniráð eigi að ákveða þetta og það skipti meginmáli hvaða orð hafi fallið þar. En ég fullyrði að það sem þar er verið að gera er í anda þeirrar umræðu sem hefur verið í Vísinda- og tækniráði þegar ég hef setið þar. (**Gripið fram í:** Fjölluðuð þið um það?) Ég bið hv. þingmann að sýna þolinmæði. Hér er verið að flytja frumvörp í þeim anda.

En ef hv. þingmaður er andvígur því að fara út í þessar nýjungar og samræma þessa hluti við það sem almennt gerist í öðrum löndum og fara út í þessar mikilvægu breytingar verður hann að eiga það við sig. Ég ætla ekkert að hjálpa honum í þeim efnum.

Ég er sannfærður um að þetta er mjög mikilvægt mál, til mikilla bóta og nákvæmlega í anda alls þess sem hefur farið fram í Vísinda- og tækniráði. Að öðru leyti getur hv. þingmaður að sjálfsögðu óskað eftir því að fulltrúar úr því ágæta ráði komi til fundar við nefndir og fari yfir þetta. Ég vænti þess að hann muni gera þetta upp við sjálfan sig og taki um það pólitíska ákvörðun en leiti ekki aðallega í smiðju annarra í því sambandi.

Umræðu frestað.

Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 731. mál (heildarlög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands). — Þskj. 1067.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 730. mál (hlutverk og starfsemi sjóðsins). — Þskj. 1066.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skráning losunar gróðurhúsalofttegunda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 713. mál (heildarlög). — Þskj. 1049.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Landmælingar og grunnkortagerð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 668. mál (heildarlög). — Þskj. 978.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Úrvinnslugjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 714. mál (verkaskipting Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga o.fl.). — Þskj. 1050.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Landhelgisgæsla Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 694. mál (heildarlög). — Þskj. 1024.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fullnusta refsidóma, frh. 1. umr.

Stjfrv., 675. mál (flutningur sektarinnheimtu til Blönduóss). — Þskj. 991.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 748. mál (einkaleyfisgjald og greiðsla vinninga í peningum). — Þskj. 1085.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Kjararáð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 710. mál (heildarlög). — Þskj. 1046.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Upplýsingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 690. mál (endurnot opinberra upplýsinga, EES-reglur). — Þskj. 1020.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Heimsókn forseta skoska þingsins.

[14:50]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Ég vil vekja athygli hv. alþingismanna á því að forseti skoska þingsins, George Reid, er staddur á þingpöllum ásamt fylgdarliði. Forsetinn og fylgdarlið eru stödd hér á landi í boði Alþingis.

Ég vil fyrir hönd Alþingis bjóða forseta skoska þingsins, George Reid, og fylgdarlið velkomið í Alþingishúsið og vænti þess að heimsókn þeirra til Íslands verði til að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru á milli landanna. Alþingi vottar forseta skoska þingsins og skosku þjóðinni virðingu.

Ég bið hv. alþingismenn að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Vísinda- og tækniráð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 744. mál. — Þskj. 1080.

[14:51]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísinda- og tækniráð. Eins og kom fram í máli hæstv. forsætisráðherra er þetta frumvarp lagt

fram samhliða frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun þar sem lögð er til sameining Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins auk Byggðastofnunar.

Ég lýsti þeirri skoðun minni í umræðu um það mál í gær að ég teldi sameiningu Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins ágæta hugmynd og að það frumvarp sem við ræddum í gær og ég minntist á væri að mörgu leyti mjög gott nema Byggðastofnun væri þar skeytt inn í eins og skrattanum úr sauðarleggnum og ætti þar ekki heima. Ég ætla þó ekki að taka þá umræðu hér heldur vísa til orða minna um málið í gær hvað það varðar. Mér fannst ég þó þurfa að nefna það hér þar sem þessi mál tengjast að ég hef verulegar efasemdir um að rétt sé að spyrða byggðamálunum inn í þennan mikilvæga málaflokk og þá mikilvægu uppbyggingu að sameina stofnanir sem hafa með atvinnuþróun að gera.

Virðulegi forseti. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Vísinda- og tækniráð er margt ágætt og ljóst að þar er góður hugur að baki. Í fyrsta lagi vil ég nefna að í greinargerð með frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Meðal annars hefur skilningur aukist á mikilvægi vísindarannsókna fyrir efnahagslegar framfarir." Ég ætla að byrja á því að fagna því að loksins hafi fengist hjá þessari ríkisstjórn skilningur á mikilvægi vísindarannsókna fyrir efnahagslegar framfarir vegna þess að framlög til þessa málaflokks á undanförnum árum hafa ekki sýnt það að sá skilningur hafi verið fyrir hendi. Því fagna ég því að það sé þó alla vega komið í texta að menn telja að þeir skilji nú mikilvægi vísindarannsókna fyrir efnahagslegar framfarir vegna þess að við í Samfylkingunni höfum ítrekað bent á að aukið fjármagn þurfi til rannsóknastofnana í landinu og þá ekki síst til rannsókna innan háskólanna. Ég vonast til þess að samhliða svona yfirlýsingu og því að menn hafi öðlast skilning á mikilvægi þessa muni koma til aukið fjármagn til rannsóknastofnana og þá ekki síst til rannsókna innan háskólanna. Mér þætti vænt um að heyra frá hæstv. ráðherra hverjar þær fyrirætlanir eru og hvort menn hafi sett niður fyrir sér með hvaða hætti sú uppbygging ætti að vera innan háskólastofnana í landinu. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra greini okkur frá því hvort einhver markmið hafi verið sett og þá hver þau eru um aukin framlög til þeirra.

Virðulegi forseti. Þá er það alveg ljóst að við þurfum að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf hér í landi. Við getum ekki haldið áfram að einblína eingöngu á frumgreinar eins og gert hefur verið. Þarna vil ég nefna það nýjasta, þ.e. stóriðjan og þær sterku áherslur sem hafa verið á hana, heldur verðum við að fara að líta til annarra þátta atvinnulífsins og þar vil ég ekki síst nefna hátækniiðnaðinn.

Það er mín skoðun, frú forseti, að gamaldags verkaskipting ráðuneytanna hafi staðið slíkri uppbyggingu fyrir þrifum vegna þess að fimm ráðuneyti fara með atvinnumál í landinu. Það er augljóst þegar maður skoðar þá skiptingu að hún er löngu úr sér gengin og til að byggja upp fjölbreytt og öflugt atvinnulíf til framtíðar þurfi að taka til í Stjórnarráðinu og sameina atvinnuvegaráðuneyti.

Virðulegi forseti. Þá er það þannig að sóknarfærin til framtíðar eru í hátækninni. Í svari iðnaðarráðherra við ágætri fyrirspurn hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um hátækni- og nýsköpunargreinar kemur fram að framlag hátækniiðnaðarins til landsframleiðslu hefur aukist frá því að vera 0,2% árið 1990 í 3,9% árið 2004. Þetta er þó nokkur aukning en þó ekki nærri því eins mikil og hún ætti að vera. Það er áhugavert í þessu svari og ég tel að Vísinda- og tækniráð ætti að skoða það sérstaklega að verulega hefur hægt á vextinum í hátækniiðnaðinum á undanförnum árum, sem er auðvitað áhyggjuefni, og verðmæti hátæknigreina, þ.e. aukning milli ára hefur dregist verulega saman frá árinu 2000. Þetta er eitthvað sem verður að skoða sérstaklega og ég legg áherslu á vegna þess að við verðum að byggja hátækniiðnaðinum í landinu almennilegt umhverfi vegna þess að við viljum ekki missa þau úr landi af því að sóknarfærin þar eru gríðarleg og vaxtarmöguleikarnir mjög miklir eins og sjá má á þessu svari. Hátækniiðnaðurinn er ekki að skila nema 3,9% af landsframleiðslunni í dag þannig að ef einhvers staðar þá eru vaxtarmöguleikarnir þar og að byggja upp fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir unga fólkið í framtíðinni. Því verður að búa vel að þessum fyrirtækjum.

Þá vil ég aðeins koma inn á þann þátt að það verði að búa vel að þessum fyrirtækjum. Umhverfi fyrirtækja á Íslandi í dag er að mörgu leyti ágætt en það dugar ekki þessum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum að vera með hið almenna regluverk um umhverfi fyrirtækja. Lágur tekjuskattur á fyrirtæki dugar þessum fyrirtækjum ekki vegna þess að fyrstu 10–15 árin í sinni starfsemi skila þessi fyrirtæki ekki tekjum og eru þar af leiðandi ekki að greiða tekjuskatt og þar með gagnast þetta þeim ekki. Því tel ég, og við höfum talað fyrir því í Samfylkingunni, að það verði að koma til sértækar aðgerðir fyrir þessi fyrirtæki á meðan þau eru að byggja sig upp og afurð þeirra er að verða að verðmæti. Eins og ég segi er talað um að það geti tekið 10–15 ár og því þurfa þau önnur úrræði. Eitt þeirra úrræða er svokölluð norska leiðin. Það er sú leið að endurgreiða og ívilna í gegnum skattkerfið. Þar er endurgreitt um 20% af rannsóknar- og þróunarkostnaði skilgreindra verkefna upp að ákveðinni upphæð sem getur verið 10 milljónir eða 100 milljónir eftir því hvernig stefnumótunin fer fram. Þetta teljum við mjög góða aðferð og gagnsæja til að ívilna sprotafyrirtækjum á sínum uppvaxtarárum og hefði ég viljað heyra viðhorf hæstv. forsætisráðherra til þessarar leiðar að nota skattkerfið með þessum hætti og fara þessa norsku leið.

Hæstv. fjármálaráðherra svaraði fyrirspurn um þetta í síðustu viku, fyrirspyrjandi var hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, og sagði að vegna þess hve mikill áhugi væri á því að fara þessa leið þá teldi hann rétt að skoða það. Ég mundi þess vegna vilja heyra frá hæstv. forsætisráðherra hvernig hann líti á þessa leið og hvort hann sjái möguleika í því að taka hana upp hér á landi. Þetta tel ég mikilvægt, virðulegi forseti, að við ræðum vel vegna þess að það hefur sýnt sig að hið almenna regluverk fyrir fyrirtæki hér á landi er ekki að gagnast þessum sprotafyrirtækjum neitt og því verði að grípa til sértækra aðgerða.

Í lokin vil ég segja það aftur að ég tel að í hátækniiðnaðinum liggi sóknarfæri til framtíðar. Það er að mínu mati ekki viðunandi að hátæknifyrirtæki séu eingöngu að skila

tæplega 4% af landsframleiðslunni og ég tel að stuðningur hins opinbera á uppbyggingarárum og uppvaxtarárum þessara fyrirtækja sé gríðarlega mikilvægur. Því ber ég töluverðar væntingar til Vísinda- og tækniráðs í þá veru að hlúa betur að þessum málaflokki. Það er mikilvægt að Vísinda- og tækniráð fái verkfæri sem eru peningar að sjálfsögðu og gott lagaumhverfi. Sömuleiðis að umhverfi þessa Vísinda- og tækniráðs verði gott og þar tel ég norsku leiðina vera afar spennandi.

Ég hefði viljað heyra frá hæstv. ráðherra hvort lögð hefði verið fram einhvers konar áætlun um fjármagn til verkefna þessa ráðs. Þá hefði ég líka viljað heyra hver séu markmið ríkisstjórnarinnar um aukningu á framlögum á næstu árum til annars vegar rannsóknastofnana og þar er ég ekki síst að tala um rannsóknir innan háskólanna. Sömuleiðis hver hlutdeild hátækniiðnaðar hæstv. ríkisstjórn telur að sé æskileg í landsframleiðslunni vegna þess að ef við setjum okkur ekki markmið í þessum efnum verður okkur áreiðanlega minna úr verki. Mér þætti því mikilvægt að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvort einhver slík markmið hafi verið sett.

Virðulegi forseti. Þá hefði ég líka viljað heyra frá hæstv. ráðherra um það sem ég nefndi í upphafi ræðu minnar, þ.e. um viðhorf hans til sameiningar ráðuneyta og hvort hann telji ekki rétt að sameina þau fimm atvinnuvegaráðuneyti sem í dag fara með atvinnumálin og líka viðhorf hans til þessarar norsku leiðar sem og ég nefndi áðan.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu en ég óska eftir því að hæstv. ráðherra komi inn á þessi þrjú atriði sem ég spurði um.

[15:03]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil fyrst nefna að mér finnst mikils um vert þegar ríkisstjórn Íslands tekur til máls sem varðar nýsköpun, þróun og tækniframfarir. Þess vegna vil ég vera jákvæður í garð þessa máls. En þó ætla ég að benda á eitt og annað sem mér finnst vera umhugsunarefni.

Þá vil ég fyrst nefna að 1. gr. frumvarpsins endar með þeim orðum að það eigi að auka lífsgæði í landinu öllu. Mér finnst það vera orðið tímanna tákn að taka þurfi það fram í lagafrumvarpi að það eigi að ná til alls landsins. Það segir kannski sína sögu um hvernig byggðamálum er fyrir komið í landinu að þegar frumvarp er lagt fyrir þingið þurfi að taka það sérstaklega fram að það eigi að ná til alls landsins. Mér finnst þetta vera mjög sérstakt svo vægt sé til orða tekið.

Það er fleira sem ég vil nefna og mér finnst vert að taka til umhugsunar í þessari umræðu. Þegar verið er að ræða um vísindi þá snúast vísindi um gagnrýna hugsun þar sem menn velta hlutunum fyrir sér og láta þá lönd og leið ýmsa aðra hagsmuni og taka heldur rökhugsun um hvað sé rétt og hvað sé rangt. Mér finnst umhugsunarefni að þegar verið er að fara yfir hverjir eiga að skipa Vísinda- og tækniráð er lögð ofuráhersla á flokkspólitíska nefndarmenn í vísindaráði þar sem gagnrýnin hugsun á að ráða för. Ég get ekki betur séð en að leggja eigi enn meiri áherslu á það með þessu frumvarpi. Það væri þarft fyrir umræðuna að hæstv. forsætisráðherra segði frá hvað kallaði á að enn meiri áhersla væri á að hið flokkspólitíska vald setti enn fleiri fulltrúa í þessa nefnd. Það kemur fram að verið er að fjölga setu hæstv. ráðherra í þessu Vísinda- og tækniráði. Það væri ágætt að fá það fram hvað kallaði á það.

Í sjálfu sér tel ég að menn eigi að gera ákveðinn greinarmun á vísindum og tækni. Það kemur fram í frumvarpinu á bls. 3 að þessi deildaskipting sé ekkert skýr og menn eigi að vinna náið saman. Það má vel vera rétt. Auðvitað byggja tækniframfarir á vísindum. En hún er óneitanlega sérstök þessi ofuráhersla pólitískra flokka á að skipa og vera með sína fulltrúa í því hvernig eigi að fara fyrir gagnrýnni hugsun í landinu.

Fleira má nefna í þessu sambandi. Það er umhugsunarefni hvað hagsmunaaðilar eigi að ganga langt varðandi kostun á ýmsu. Það er vissulega jákvætt þegar atvinnulífið kemur inn í háskólana með ákveðin verkefni sem þarf að þróa. Það kom upp mál í síðustu viku þar sem Háskóli Íslands ákvað að kosta rannsóknarstöðu í auðlindafræðum, miklu pólitísku deilumáli. LÍÚ sá um að fjármagna kostun á þessum fræðum. Ég er á því að það sé mjög umdeilt frá hvaða kostunaraðilum Háskóli Íslands, sem á náttúrulega að vera miðstöð gagnrýnnar hugsunar í landinu, taki peningana.

Ég hef nefnt að þetta sé svona álíka, og ég sé að hæstv. forsætisráðherra brosir að þessu, og Háskóli Íslands taki við öðru máli sem snertir hæstv. forsætisráðherra, innflytjendur á hinum og þessum vímuefnum svo sem áfengi og tóbaki. Hvort þeir mundu kosta eina rannsóknarstöð í lýðheilsufræðum í Háskóla Íslands. Ég teldi það vafasamt. Fleira má nefna sem væri mjög vafasamt að Háskóli Íslands tæki að sér og hvaðan hann tæki kostunaraðila. Það má nefna rannsóknarstöð í samkeppnisrétti sem væri kostuð af olíufélögunum og fleira má nefna. Það er því um að gera að menn horfi á þessa hluti með gagnrýnum huga og fari í gegnum þetta mál.

Að lokum erum við mjög jákvæðir í Frjálslynda flokknum og þökkum í rauninni fyrir þann áhuga sem ríkisstjórnin sýnir þó með þessu frumvarpi. En við erum ekki endilega á að auka þurfi flokkspólitísk tök á þessum málaflokki. Alls ekki. Ég er á því að málinu og þessum málaflokki væri jafnvel betur borgið ef þessum flokkspólitísku tökum væri sleppt.

[15:10]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það komu nokkrar spurningar til mín frá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur. Fyrsta sem hún spurði um voru fjárframlög til þessa málaflokks. Nú er það svo með þennan málaflokk eins og flesta aðra að það skortir ávallt fé. Ég vil hins vegar nefna að á síðustu þremur árum hafa framlög til samkeppnissjóða aukist um helming. Það hefur því verið mikið áhersluatriði í starfi núverandi ríkisstjórnar. Það er líka rétt að halda því til haga þegar því er haldið fram að ekki hafi verið áhersluatriði hjá núverandi ríkisstjórn að auka fjármagn til nýsköpunar, rannsókna og háskólastarfsemi að síðan 1998 hafa framlög til háskóla í landinu aukist að raungildi um 80% á sama tíma og raungildi fjárlaganna hefur aukist um 20%. Þetta er sá málaflokkur þar sem hefur orðið langmest aukning. Auðvitað er þetta að verulegu leyti

vegna breyttra áherslna og aðstæðna í þjóðfélaginu, gífurlegrar fjölgunar nemenda. En það er algerlega rangt þegar því er haldið fram að þetta hafi ekki verið áhersluatriði hjá núverandi ríkisstjórn.

Eitt af því sem hefur verið fjallað um í Vísinda- og tækniráði er starfsemi Háskóla Íslands og sú stefnumótunarvinna sem þar fer fram. Undir þá stefnumótunarvinnu er tekið í drögum að stefnumótun fyrir Vísinda- og tækniráð fyrir næstu þrjú ár. Ég tel þess vegna mikilvægt að hv. þingnefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar kynni sér þá mikilvægu stefnumörkun sem þarna fer fram þar sem koma saman fulltrúar ráðuneyta, fulltrúar atvinnulífs, háskólastofnana og rannsóknastofnana. Ríkisstjórnin hefur tekið mikið tillit, eftir því sem nokkur kostur er, til þeirrar stefnumörkunar sem þarna hefur farið fram.

Ég vildi aðeins segja um þær efasemdir sem hafa komið fram hjá hv. þingmönnum um að Byggðastofnun sé hluti af þessu máli í víðara samhengi að ég er þeirrar skoðunar að menntun, vísindi, nýsköpun sé mikilvægasta mál ekki bara alls landsins heldur kannski sérstaklega landsbyggðarinnar. Það er afar þýðingarmikið að halda áfram að byggja upp það háskólastarf og þau þekkingarsetur sem hafa verið í uppbyggingu úti um land og er góður vísir að. Þess vegna finnst mér lykilatriði að þetta starf tengist einmitt Vísinda- og tækniráði sem verður Vísinda- og nýsköpunarráð. Ég hefði talið að ekkert gæti orðið landsbyggðinni jafnmikið til framdráttar og það starf.

Þess vegna er ég nokkuð undrandi á því af hverju menn sjá ekki það jákvæða í að tengja þetta betur saman. Ég hefði haldið að ekki síst landsbyggðin og hinar dreifðu byggðir gætu notið góðs af því vegna þess að það verður að viðurkennast að þessi starfsemi sem hér er verið að tala um hefur verið í meira mæli til umfjöllunar á höfuðborgarsvæðinu og er mikilvægt að breiða hana sem mest út um allt land. Það er hugsunin á bak við þetta.

Að því er varðar spurningu hv. þingmanns um hátækniiðnaðinn þá held ég að ég muni það rétt að svokallaður hátækniiðnaður sé talinn vera um 7–8% af okkar atvinnustarfsemi í dag. Það var nefnt á síðasta fundi Vísinda- og tækniráðs að ekki væri óeðlilegt að hafa það markmið að þetta hlutfall verði komið í 15% um eða eftir 2010.

Mér finnst eðlilegt að við setjum okkur markmið í því sambandi og eitt af því sem verið er að fjalla um í Vísinda- og tækniráði er með hvaða hætti við gætum staðið sem best að því. Þar hefur jafnframt verið fjallað um með hvaða hætti er best að standa við bakið á nýsköpun í fyrirtækjum í landinu, m.a. hvort hægt sé að gera það með skattalegum ráðstöfunum. Ég hef almennt verið þeirrar skoðunar að slíkar leiðir séu ákveðnum vandkvæðum bundnar vegna þess að það er oft erfitt að skilgreina á milli þess hvað er nákvæmlega nýsköpun og hvað er það ekki. Hvað eru rannsóknir og þróun? Það liggur t.d. alveg ljóst fyrir að fyrirtækið Íslensk erfðagreining er eingöngu rannsóknar- og þróunarfyrirtæki og nýsköpunarfyrirtæki þannig að öll útgjöld þess fyrirtækis eru af þeim toga. Þetta er eitt af því sem hin norska leið hefur tekið tillit til. Þar er sett ákveðið hámark vegna þess að menn hafa ekki talið að hægt sé að skilja þarna algerlega á milli og verulegum vandkvæðum bundið.

Þetta atriði er til athugunar hjá ríkisstjórninni og er verið að fara yfir það. Hæstv. fjármálaráðherra hefur komið með yfirlýsingar af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessu máli og það er til sérstakrar athugunar í fjármálaráðuneytinu.

Af því er varðar síðustu spurninguna hvort ég sé því fylgjandi að það verði aðeins eitt atvinnuvegaráðuneyti. Það er mál sem er núna til athugunar og er verið að fara yfir það. Persónulega er ég þeirrar skoðunar að það sé verulegum vandkvæðum bundið að allir atvinnuvegirnir verði í einu og sama ráðuneytinu. Ég ætla ekkert að útiloka það. En ég tel að atvinnumálin séu afar þýðingarmikil mál og það þurfi að breyta og sameina atvinnuvegaráðuneytin. Þar með talið erum við að tala um nýsköpun sem ég tel að þurfi að tengjast atvinnuvegunum í mjög ríkum mæli. Nýsköpunarmálin tengjast að sjálfsögðu líka menntun og rannsóknum á sviði allra atvinnuveganna og mjög náið menntamálaráðuneytinu.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það þurfi að sameina þessi mál betur en mér finnst að minnsta kosti í fyrsta áfanga ekki ráðlegt að flytja það allt saman í eitt ráðuneyti þó ég ætli ekki að útiloka það.

Ég vænti þess að með þessu hafi ég svarað spurningum hv. þingmanns.

[15:19]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir góð svör. Ég verð samt að segja að ég er honum ekki sammála um að skattaleiðir til að mæta þróunar- og rannsóknarkostnaði sprotafyrirtækja þurfi að vera svo miklum vandkvæðum bundnar. Ég tel að það væri lítið mál að skilgreina og marka skýran ramma utan um slíkar endurgreiðslur. Ástæðan fyrir því að mér finnst þetta athyglisverð leið er sú að með henni eru fyrirtæki ekki háð þeim sveiflum og þeim gríðarlega kostnaði sem fylgir því að sækja fé í þessa samkeppnissjóði. Það sem skiptir máli á uppbyggingartíma þessara fyrirtækja er stöðugleiki, stöðugleiki í innkomu og að þau geti gert áætlanir fram í tímann. Vandamálin sem tengjast þessum samkeppnissjóðum eru tíminn sem fer í að sækja féð og það kostar þessi fyrirtæki fé.

Ég vildi koma því á framfæri að mér finnst að við ættum að skoða þessa leið mjög ákveðið. Ég tel hana afar spennandi til að mæta þessum fyrirtækjum og mæta kostnaði þeirra. Ég hefði viljað heyra frá hæstv. ráðherra minni neikvæðni gagnvart þessari leið, að hún sé svo miklum vandkvæðum bundin. Ég hefði viljað heyra jákvæðari tón um að stefna bæri í þá átt.

Virðulegi forseti. Mig langar einnig að nefna það að aukning á framlagi til háskóla að raungildi 80% frá 1998 er nánast eingöngu bundið við fjölgun nemenda. Þarna hefur ekki komið neitt nýtt fé inn (Forseti hringir.) til háskólanna að öðru leyti, svo neinu nemi.

[15:21]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rangt að ekki hafi komið inn nýtt fé til háskólanna. Það hefur komið verulega mikið nýtt fé til háskólanna í landinu. Það er ekkert smáræði að það skuli hafa aukist um 80% að raungildi á þessum tíma.

Hvers vegna hefur það gerst? Það hefur gerst vegna þess

að okkur hefur tekist að auka verðmætasköpun í landinu gífurlega með efnahagsstefnu sem hefur skipt sköpum fyrir landið, sem stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt ótæpilega. Ef við hefðum ekki fylgt þeirri efnahagsstefnu hefðum við ekki getað gert þetta. Þar er því augljóst samband á milli, þeirrar efnahagsstefnu sem rekin hefur verið og aukningar sem við höfum getað sett til menntamála og heilbrigðis- og velferðarmála. Þetta hafa verið aðalábersluþættir ríkisstjórnarinnar.

Stuðningur við nýsköpun með skattalegum hætti er til athugunar. Það er vandkvæðum bundið en það er ekki útilokað. Það er ljóst. Ríkisstjórnin hefur ekki útilokað það. En það kemur líka til greina að halda áfram að auka fé til samkeppnissjóðanna. Í báðum tilvikum eru það útgjöld fyrir ríkissjóð. Ef það er hentugra fyrir atvinnulífið og atvinnulífið kýs frekar að það sé gert með sköttum þá höfum við alls ekki útilokað það. En vandkvæðin koma m.a. fram í því að það er ekki hægt að gera án takmarkana. Með því viðurkenna menn vandkvæðin á slíkri leið. Ég hef ekki fundið þau upp. Það hafa allir viðurkennt þau en við munum vinna áfram að málinu og mun koma niðurstaða í það fljótlega.

[15:23]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott að heyra að hæstv. forsætisráðherra er ekki uppfinningamaður vandkvæðanna. En varðandi háskólana verð ég að nefna að við vitum að orðið hefur sprenging í fjölgun nemenda. Þessi framlög til háskóla, þessi mikla aukning sem orðið hefur, hefur verið vegna fjölgunar nemenda. Hún hefur ekki svo neinu nemi farið til rannsókna innan háskólanna enda hefur það birst í að háskólarnir kalla eftir auknu rannsóknafé til að halda starfsemi sinni áfram, sérstaklega til að byggja upp nám á meistara- og doktorsstigi, sem er auðvitað undirstaða alvöru nýsköpunar. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að auðvitað helst þetta allt í hendur.

Vegna þess að ég hef bara einnar mínútu ræðutíma þá ætla ég ekki að ræða um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Henni hefur ítrekað verið gefin falleinkunn á undanförnum mánuðum og árum. Mér finnst því sérkennilegt að ráðherra standi hér og berji sér á brjóst vegna hennar.

En ég fagna því að það komi til greina að fara þessa norsku leið, að ívilna í gegnum skattkerfið þessum fyrirtækjum í uppbyggingu. Þótt við séum með ágætt umhverfi fyrir fyrirtæki sem eru komin á legg þá er það ekki jafngott fyrir fyrirtæki sem eru í uppbyggingu. Þetta eru eðlisólík fyrirtæki, fyrirtæki sem eru að byggja sig upp í þróun á fyrstu árum og síðan fyrirtæki sem eru orðin þroskuð og komin með mótaða afurð. Þetta eru eðlisólík fyrirtæki og þurfa því ólíka umgjörð fyrir starfsemi sína.

[15:25]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er skrýtin einkunnagjöf sem hv. þingmaður vill gefa efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Hagvöxtur á Íslandi hefur verið 60% undanfarin 10 ár. Það er ekkert land hér í kringum okkur sem hefur haft jafnmikinn vöxt. Hvaða einkunn fá þá þau lönd eða er það ekki vöxturinn sem skiptir máli? Er það ekki vöxturinn? (**KJúl:** Hvað með stöðugleikann?) Stöðugleikinn, auðvitað skiptir stöðugleiki máli en sem mestur vöxtur án þess að fórna stöðugleikanum. Hv. þingmaður kallar á meira fjármagn til háskóla, til heilbrigðismála en hvernig ætlar hv. þingmaður að útvega það fjármagn? Hvar á að ná í þá peninga? Það er ekki hægt að ná í þá öðruvísi.

Það þýðir ekkert fyrir Samfylkinguna, í máli eftir máli, að koma og segja: Það verður að fá meira í þetta og meira í hitt og segja svo að vöxturinn sé vandamál. Það bara gengur ekki upp. Hagvöxturinn er það sem skiptir máli. Það er það sem skiptir máli inn í framtíðina, um hvort við getum sett meira fjármagn, m.a. til háskólanna. Núna eru 165 doktorsnemar við nám við Háskóla Íslands, sem er mikil aukning. En við þurfum fleiri doktorsnema, það er rétt. Það er fullur stuðningur við það af hálfu ríkisstjórnarinnar, að halda áfram að efla Háskóla Íslands, efla menntun, þekkingu og vísindi í landinu. Það höfum við gert í miklum mæli á undanförnum árum og við ætlum að halda því áfram. En til þess þarf öflugt atvinnulíf og hagvöxt til að standa undir því. Hjá því komumst við ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um almannaskráningu, fyrri umr.

Stjtill., 609. mál. — Þskj. 893.

[15:28]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannaskráningu.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu sem gerður var í Stokkhólmi 1. nóvember 2004.

Gert er ráð fyrir að hinn nýi Norðurlandasamningur um almannaskráningu öðlist gildi 1. október 2006, enda hafi öll norrænu ríkin staðfest samninginn fyrir 1. júlí 2006. Samningurinn mun leysa af hólmi núgildandi samning sem gerður var 8. maí 1989 og öðlaðist gildi 1. október 1990.

Megininntak núgildandi samnings er að flutningur manna milli norrænu ríkjanna verður ekki skráður nema á grundvelli samnorræns flutningsvottorðs, sem svo er kallað. Með nýja samningnum verður samnorræna flutningsvottorðið lagt niður en í stað þess verða við flutninga fólks tekin upp rafræn samskipti og tilkynningar milli höfuðstöðva skráningaryfirvalda í hverju norrænu ríkjanna. Norrænu ríkin munu áfram skiptast á sömu grunnupplýsingum og verið hefur og áfram verður sá skilningur hafður í heiðri að Norðurlöndin séu, hvað almannaskráningu varðar, eitt skráningarsvæði. Þannig verður áfram tryggt að enginn geti átt lögheimili samtímis í tveimur norrænu ríkjanna. Áfram mun hvert ríkjanna um sig taka ákvörðun um skráningu lögheimilis hjá sér á grundvelli eigin löggjafar.

Sú nýbreytni í samningnum að taka við flutninga fólks milli norrænu ríkjanna upp rafrænar flutningstilkynningar í

stað samnorrænna flutningsvottorða kallar á breytingu á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum. Kveðið er á um þessa breytingu í 1. gr. frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings á þjóðskrá og almannaskráningu frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytisins sem forsætisráðherra leggur fram á yfirstandandi löggjafarþingi.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frumvarpi þessu verði vísað til 2. umr. og utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, fyrri umr.

Stjtill., 610. mál. — Þskj. 894.

[15:30]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Með þeirri þingsályktunartillögu sem forseti hefur kynnt er leitað heimildar til Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 16. janúar síðastliðinn.

Samningur þessi sem kveður á um allar heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2006 er nær samhljóða samningi aðila frá því í fyrra.

Meðal þess sem samkvæmt venju er kveðið á um í samningnum er að færeyskum skipum sé heimilt að landa loðnuafla sínum úr íslensku efnahagslögsögunni til vinnslu á Íslandi en þeim sé óheimilt að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu. Færeyingar hafa á undanförnum árum leitað mjög eftir því að fallið yrði frá þessum takmörkunum á möguleikum þeirra til manneldisvinnslu á loðnu um borð í veiðiskipum og í Færeyjum. Var fallist á það af hálfu Íslands að sjávarútvegsráðherra tæki til athugunar og ákvörðunar fyrir upphaf næstu loðnuvertíðar hvort þeim takmörkunum skuli aflétt og er kveðið á um það nýmæli í samningnum.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2006. Er þar um óbreyttar veiðiheimildir að ræða frá því í fyrra.

Ég legg til, virðulegi forseti, að tillögu þessari verði vísað til síðari umræðu og hv. utanríkismálanefndar að lokinni umræðu.

[15:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þetta er nokkuð hefðbundinn samningur um samskipti Íslendinga og Færeyinga að því er varðar veiðiheimildir og fátt sem kemur á óvart þar. Í raun er verið að tala um nánast sömu aflaheimildir.

Þó er eitt atriði í samningnum sem snýr að því að Færeyingar hafa á undanförnum árum sótt í að fá að fullvinna afla um borð í veiðiskipum, þ.e. uppsjávarafla og loðnu, og fyrirhugaðar eru viðræður um það fyrir 20. júní 2006 eftir því sem hér segir, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra Íslands tekur fyrir 20. júní 2006 til athugunar og ákvörðunar hvort þessum takmörkunum skuli aflétt."

Út af fyrir sig er mjög skiljanlegt að Færeyingar sæki á í þessum efnum því vissulega hafa menn verið að gera verðmæti úr loðnunni, bæði með að frysta hana í landi til manneldis og eins um borð í skipum úti á sjó. Færeyingum hefur verið heimilt á undanförnum árum að landa loðnu hér til frystingar á Íslandi. En það hefur ekki verið heimilt að frysta hana um borð í skipum eða fara með hana til Færeyja til frystingar. Og einungis hefur verið heimilt að landa aflanum til bræðslu annars staðar en utan Íslands.

Þetta mál verður vissulega snúnara fyrir okkur að leggjast algjörlega gegn breytingum í þessa veru, ekki síst þegar við Íslendingar höfum verið að taka upp vaxandi vinnslu um borð í veiðiskipum á uppsjávarfiski, bæði síld og loðnu, og höfum þannig verið að reyna að gera meiri verðmæti úr tiltölulega litlum aflaheimildum, eins og voru t.d. á síðustu loðnuvertíð.

En þetta mál er nú samt þannig vaxið að ekki er einfalt fyrir okkur Íslendinga að gefa eftir þessa heimild um fullvinnslu. Það markast m.a. af því að við höfum ýmsa aðra samninga. Við höfum t.d. samningana sem tengdust EES-samningnum á sínum tíma um veiðar á 3.000 lestum af karfa í íslenskri lögsögu og nokkurs meðafla, og hefur fyrirspurnum um hve mikill hann hafi verið á undanförnum árum verið svarað hér í þinginu. Það var alveg vitað frá fyrstu tíð frá því þessi samningur var gerður að Evrópusambandsþjóðirnar, einkum Þjóðverjar, Bretar og Frakkar hafa sótt á um að inn í þann samning kæmi fullnustuákvæði. Var mjög sótt á um það á sínum tíma þegar samningurinn var gerður og Íslendingar neituðu því. Veiðar þessara skipa ganga eingöngu út á að veiða afla og landa honum sem ferskfiski, annaðhvort hér á landi eða á fiskmörkuðum í viðkomandi löndum. Við höfum ekki viljað fallast á að opna inn á fullvinnslu varðandi samning Evrópusambandsins um þann afla sem það hefur mátt veiða í íslenskri lögsögu.

Með því að gefa þetta eftir við Færeyinga að leyfa þeim að fullvinna aflann um borð í veiðiskipum værum við búin að skapa okkur ákveðið fordæmi sem væri mjög snúið fyrir okkur þegar sótt yrði á um samninginn við Evrópusambandið. Því vafalaust mundi Evrópusambandið taka upp þá kröfu á nýjan leik, sem það hefur reyndar aldrei fallið frá og vakið máls á af og til. Síðast, ef ég man rétt, var veiðisvæði þess stækkað hér við land til að mæta að nokkru gagnrýni þess en ekki heimiluð fullvinnsla. Þess vegna vil ég benda á það, hæstv. forseti, sem er kannski leið í þessu máli.

Ég skil hins vegar mjög vel áhuga Færeyinga, sem eru mjög háðir fiskveiðum og verðmæti sjávarfangs, að þeir vilji gera sem mest verðmæti úr þessum heimildum. Vissulega höfum við Íslendingar gert mikil verðmæti úr samningum okkar og veiðiheimildum okkar úr norsk-íslensku síldinni sem m.a. hefur veiðst innan færeyskrar lögsögu og

ekki verið takmörk þar á.

Það sem ég held að væri kannski skref sem hægt væri að ganga í átt til Færeyinga, væri að breyta 2. mgr. 1. gr., þar sem segir:

„Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og utan Íslands ..." Hugsanlegt væri að bæta þarna inn í einu orði og segja: ... utan Íslands og Færeyja.

Þar með hefðum við eingöngu leyft Færeyingum að landa afla af loðnu sem veidd er á þessum tíma frá janúar til apríl, annars vegar til fullvinnslu á Íslandi og hins vegar til fullvinnslu í Færeyjum en hefðum ekki leyft fullvinnslu um borð í veiðiskipum og ef loðnunni væri landað annars staðar en utan Íslands og Færeyja yrði henni eftir sem áður eingöngu landað til bræðslu eins og lagagreinin er nú.

Þetta gæti verið leið sem við gætum farið í svona samningaviðræðum til að koma eitthvað til móts við óskir Færeyinga sem eru mjög skiljanlegar, án þess að búa til sérstakt fordæmi varðandi Breta, Þjóðverja og Frakka sem munu örugglega nýta sér ef við opnum þetta alfarið til að sækja á um rétt til að fullvinna afla um borð í veiðiskipum á miðunum við Ísland og munu reisa þá kröfu á nýjan leik.

Ég vildi benda á þetta, hæstv. forseti, og stinga þessu hér inn í umræðuna ef það gæti ef til vill orðið til að stíga þarna skref án þess að við værum þar með búin að búa til fordæmi um að semja við aðrar þjóðir um fullvinnslu á afla um borð í veiðiskipum innan íslenskrar lögsögu.

[15:39]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins þakka hv. þingmanni fyrir ábendingar hans í þessu efni hvað varðar 2. mgr. 1. gr. samningsins. Ég er sannfærður um að þær muni verða teknar til athugunar þegar gengið verður til afgreiðslu á málinu.

En eins og segir í sömu málsgrein mun sjávarútvegsráðherra Íslands taka til athugunar fyrir 20. júní næstkomandi hvort þessum takmörkunum skuli aflétt.

Ég þakka þingmanninum fyrir ábendingar hans.

[15:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem ekki í stólinn til að finna að neinu sem hæstv. utanríkisráðherra hefur sagt í þessu efni. Ég vil einungis nota tækifærið og segja að ég er í öllum aðalatriðum sáttur við þennan samning. Ég hlustaði með athygli og gaumgæfni á þau varnaðarorð sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson mælti áðan.

Ég er hins vegar almennt þeirrar skoðunar að við eigum að meðhöndla Færeyinga eins og okkur sjálfa. Ég er ákaflega hlynntur þeim og vinveittur og ég held að svo gildi um alla þingmenn. Ég hef stundum gert athugasemdir um eitt lítið atriði sem tengist fiskveiðisamningum okkar og þeirra, um veiðar þeirra á lúðu. Ég hef ekki verið sáttur við að þeim sé veitt opin heimild til tiltekinna veiða á lúðu sem ég held að eigi mjög erfitt uppdráttar. En það er önnur saga.

Þessi samningur sem hér liggur fyrir er mjög svipaður þeim sem áður hafa verið gerðir. Samningurinn frá fyrra ári sem vísað er til í þessari tillögu var okkur hagstæður um ýmislegt eins og t.d. kolmunnaveiðar og ekki síst mögu-leika til veiða á makríl. Almennt er ég þeirrar skoðunar að við eigum að efla samstarf okkar eins og hægt er við Færeyinga og reyndar aðrar grannþjóðir eins og Grænlendinga. Ég kem einungis hér til að lýsa fullum stuðningi við efni þessa máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, fyrri umr.

Stjtill., 662. mál. — Þskj. 970.

[15:41]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um heimild til handa ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Sviss, Íslands og Noregs sem gerður er vegna þátttöku Sviss í Schengen-samstarfinu og Dyflinnar-samningnum.

Sviss hefur nýlega lokið gerð samnings við Evrópusambandið um aðild að Schengen-samstarfinu og Dyflinnar-samningnum. Er stefnt að því að Sviss verði orðið fullgildur þátttakandi í Schengen-svæðinu árið 2008.

Í tengslum við þátttöku Sviss í Schengen-samstarfinu og Dyflinnar-samningnum var einnig nauðsynlegt að Sviss gerði samning við hin Schengen-ríkin tvö sem standa utan Evrópusambandsins, þ.e. Ísland og Noreg.

Efni þess samnings er tvíþætt. Annars vegar fjallar hann um hvernig samstarfi við Ísland og Noreg skuli háttað er varðar Schengen-samstarfið, þ.e. hvað varðar afnám persónueftirlits á landamærum innan Schengen-svæðisins og sameiginlegar reglur um hvernig staðið skuli að persónueftirliti á ytri landamærum Schengen-ríkjanna.

Hins vegar fjallar samningurinn um samstarf Sviss við Ísland og Noreg varðandi framkvæmd svonefnds Dyflinnar-samnings sem fjallar um meðferð beiðna um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríki Evrópusambandsins, Sviss, Noregi eða Íslandi.

Rétt er að árétta að samningurinn fjallar aðeins um hvernig samstarfi Sviss við Ísland og Noreg skuli háttað á framangreindum sviðum en hefur ekki í för með sér neina efnislega breytingu á stöðu Íslands í Schengen-samstarfinu.

Ég legg til, virðulegi forseti, að lokinni umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og til hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Suður-Kóreu, fyrri umr.

Stjtill., 671. mál. — Þskj. 981.

[15:43]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar

um heimild til handa ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Suður-Kóreu sem undirritaður var 15. desember 2005.

Samningurinn við Suður-Kóreu kveður á um tollfrjáls viðskipti með iðnaðarvörur og sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur. Kórea mun afnema tolla á flestum mikilvægustu útflutningsvörum Íslands frá og með gildistöku samningsins en samið var um stuttan aðlögunartíma fyrir niðurfellingu tolla á fáeinum viðkvæmum vörutegundum að hámarki fimm ár.

Mikil hefð er fyrir neyslu sjávarafurða í Kóreu. Fram til þessa hefur landið hins vegar lagt tolla á bilinu 10–20% á innflutning á íslenskum sjávarafurðum. Af þeim sökum standa vonir til að samningur þessi muni skapa aukin tækifæri fyrir viðskipti með sjávarafurðir milli Íslands og Kóreu. Þá kann Suður-Kórea einnig að vera áhugaverður markaður fyrir aðrar útflutningsvörur Íslendinga enda er mikill uppgangur í efnahagslífi landsins og margs konar viðskiptatækifæri að finna þar í landi.

Í samningnum er einnig að finna nánari ákvæði um vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, vernd hugverkaréttinda, samkeppnismál og opinber innkaup. Í tengslum við gerð samningsins gerðu Ísland, Liechtenstein og Sviss samning við Suður-Kóreu um gagnkvæma vernd fjárfestinga. Þá gerði Ísland tvíhliða samning við Suður-Kóreu um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur. Tel ég að þessir samningar allir séu íslensku atvinnulífi mjög til hagsbóta.

Legg ég til virðulegi forseti, að lokinni umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og til hv. utanríkismálanefndar.

[15:45]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. EFTA hefur reynst okkur ákaflega vel sem tæki til að ná hagstæðum fríverslunarsamningum við lönd sem eru nokkuð mikilvæg viðskiptalönd og eiga eftir að verða enn mikilvægari.

Hæstv. utanríkisráðherra gat þess réttilega að Suður-Kórea væri eitt af þeim löndum sem stundum væru kölluð ljón austursins. Ríki sem er að rífa sig upp af fádæma hörku á efnahagssviðinu og allt virðist þar í miklum uppgangi. Samningurinn er því ákaflega mikilvægur fyrir okkur. Ég hef ekki nokkrar athugasemdir við hann nema síður sé.

Á viðskiptasviðinu höfum við verið að renna hýru auga til fleiri landa í austrinu, landa eins og Kína. Hæstv. ráðherra hefur upplýst það hér í þinginu áður að í gangi sé þýðingarmikil vinna sem miðar að því að Ísland geri sérstakan fríverslunarsamning, tvíhliða hefur mér skilist, við Kína.

Mig langaði til að spyrja hæstv. ráðherra út í gang þess máls og hvort þar sé um að ræða samning sem gerður er fram hjá EFTA? Ef svo er langar mig líka að spyrja hann hvaða þýðingu það kynni að hafa fyrir framtíð EFTA sem samtaka sem við höfum notað sameiginlega, löndin sem að því standa, til að ná fríverslunarsamningum.

Í framhaldi af því vildi ég gjarnan að hæstv. ráðherra segði okkur hvort einhver vinna sé nú í gangi sem miðar að því að ná tvíhliða samningi um fríverslun við Kanada. Ég ætla ekki að eyða tíma í að rekja það mál. Við höfum oft rætt það hér. Hugur minn stendur mjög til þess. Ég minnist þess þegar Kanadamenn sendu hingað sendinefnd fyrir sennilega tíu árum. Það var að þeirra frumkvæði og þeir höfðu af ýmsum ástæðum mikinn áhuga á að ná slíkum samningi við okkur. Við höfum alltaf talist til mikils skyldleika við Kanadamenn og óvíða á kringlunni er að finna fleiri einstaklinga sem líta á sig sem Íslendinga en einmitt þar. Þess vegna eigum við að rækta það íslenska samfélag og tengslin við þá þjóð eins og hægt er.

Það komu upp hnökrar innan EFTA sem einkum vörðuðu skipasmíðar sem tengdust Norðmönnum. En því kem ég hér líka og hnýti þessu aftan við spurningu mína um Kína, hvort ekki sé mögulegt að við ráðumst í það sjálf að gera tvíhliða samning við Kanada þó það sé ekki hægt vegna þessara erfiðleika að ná nokkru landi fyrir tilstilli EFTA.

[15:48]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður nefnir hér nokkur mál til sögunnar sem ég skal með ánægju fjalla um. Það er rétt að mál það sem ég hef hér mælt fyrir byggist á samningi milli EFTA-ríkjanna sameiginlega og Suður-Kóreu. Það hefur verið stefna EFTA að reyna að gera sem flesta samninga af þessum toga við ríki sem skipta máli í viðskiptum fyrir aðildarríki EFTA. Að formi til eru þetta að vísu samningar sem hvert ríki gerir fyrir sig en unnið er að þeim sameiginlega á vettvangi EFTA.

Þegar hafa verið gerðir nokkrir slíkir samningar eins og ég rakti hér í ræðu minni síðastliðinn fimmtudag í umræðum um utanríkismál. Það hefur verið okkar stefna að fara frekar þá leið en að fara í tvíhliða viðræður vegna þess að það er einfaldara mál og skilar yfirleitt jafngóðum árangri. Það hefur verið okkar stefna upp á síðkastið.

Kínverjar hafa hins vegar kosið að reyna frekar að ná samningi við okkur eina. Við höfum að vísu reynt að koma því inn í EFTA-farveg en það hefur ekki tekist. Hvort það næst síðan samkomulag við Kínverja um fríverslunarsamning vitum við náttúrulega ekki enn þá. Í fyrra var undirrituð yfirlýsing þar sem staðfest var að áhugi væri fyrir hendi að fara í slíkar viðræður. Fyrsta viðræðulotan átti sér stað fyrir nokkrum vikum og gert er ráð fyrir að hittast aftur eftir fáar vikur hér heima í Reykjavík. Ég er vongóður um að þetta takist og ég tel að þetta muni skipta máli fyrir okkur í sambandi við útflutning á þennan stóra markað.

Varðandi önnur atriði vildi ég bara upplýsa það hér að EFTA-löndin hafa náð samningum við svokallað fríverslunarsvæði í suðurhluta Afríku. Það stendur til að undirrita þann samning fljótlega. Hann mun þá koma hingað til staðfestingar með sama hætti og það mál sem ég mælti hér fyrir. Þannig er ýmislegt í gangi á þessum vettvangi og búið að vera víða. Menn hafa líka verið að velta fyrir sér samningi við Taíland og fleiri ríki í Asíu.

En hvað varðar Kanada er það rétt sem þingmaðurinn gat um að það hefur ekki náðst samkomulag milli EFTA og Kanada sem þó var lengi talið að góðar líkur væru á að mætti ná. Ég skal ekki fullyrða núna hvernig það mál stendur nákvæmlega vegna þess að það er komin ný ríkisstjórn í

Kanada og ekki farið að reyna á hvort hún er viljugri til að semja um þetta en verið hefur. Ég get því heldur ekki svarað því hvort grundvöllur sé fyrir því að hefja einhvers konar tvíhliða viðræður um fríverslun við Kanada. En það er hugmynd sem sjálfsagt er að halda vakandi og láta reyna á ef þurfa þykir.

[15:51]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég held að það yrði ákaflega mikilvægt fyrir Íslendinga, ekki síst með tilliti til uppbyggingarinnar og hins hraða vaxtar í hagkerfi Kína, að okkur tækist að gera slíkan tvíhliða viðskiptasamning. Það er fagnaðarefni að Kínverjar leggi svo mikla áherslu á að halda góðum tengslum við okkur að þeir hafi frumkvæði að því að gera slíkan samning. Það er hægt að sjá vissar ástæður fyrir því að þeir kjósa að fara þessa leið en ekki í gegnum EFTA.

EFTA hefur jafnan reynt að fylgja eftir samningum sem Evrópusambandið hefur gert við ýmis ríki. Ég held að EFTA hafi ekki gert samninga við nokkurt ríki eða ríkjasvæði sem ESB hefur ekki áður gert slíkan samning við. Ef Íslendingar næðu svona samningi við Kína væru þeir með vissum hætti búnir að ná ákveðnu forskoti á ESB. Á meðan við erum í EFTA og utan ESB er ég þeirrar skoðunar að við eigum að gera allt sem við getum til að bæta okkar viðskiptastöðu. Þetta er góð leið að því.

Ég velti síðan upp, frú forseti, þeim möguleika að ef þetta gerist þá gæti það hugsanlega veikt EFTA. Á sínum tíma, þegar ég starfaði á vettvangi EFTA fyrir Alþingi Íslendinga og í ljós komu þessir hnökrar sem erfitt var að fjarlægja á gerð fríverslunarsamnings við Kanada af EFTA hálfu, var ég ákafur talsmaður þess að Íslendingar gerðu það bara sjálfir. Þá guldu menn innan EFTA varhuga við því. Þeir töldu að ef Íslendingar færu þá leið að gera slíkan samning væru þeir búnir að brjóta sig frá EFTA og það gæti veikt möguleika EFTA í framtíðinni. Það eru út af fyrir sig rök. Mér finnast þau ekki veigamikil.

Það er hins vegar alveg ljóst að við erum búin að gefa ákveðinn tón með því að reyna að ná tvíhliða samningi við Kína. Mér finnst því ekkert að því að við förum þá leið við aðrar þjóðir þar sem ekki hefur tekist á ná slíkum samningi gegnum EFTA. Samningurinn við Kanada á sér langa sögu. Það er, held ég, fullreynt. Hæstv. ráðherra sagði að það væri komin ný ríkisstjórn í Kanada. Það eru komnar þrjár nýjar ríkisstjórnir, muni ég rétt. Alla vega þrír nýir forsætisráðherrar í Kanada frá því við hófum þetta mál fyrst. Það gengur hvorki né rekur. Það er mál sem er ekki okkur að kenna. Það er mál sem tengist skipasmíðum Norðmanna og deilum Norðmanna og Kanada sem eiga í harðri samkeppni á því sviði. Ég held þess vegna að það sé farsælt fyrir okkur að feta í sömu slóð varðandi Kína. Ég held að við eigum að notfæra okkur þessa miklu vild sem við eigum að mæta hjá Kanadamönnum og eigum að reyna að koma svona samningi á. Ég held að það skipti máli.

Mig langar að varpa fram spurningu til hæstv. ráðherra: Telur hann að ef við förum í svona mál einir án atbeina EFTA geti það með einhverjum hætti veikt þau samtök?

[15:54]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel ekki að þetta geti skaðað EFTA með neinum hætti enda er þetta ekki gert á bak við EFTA heldur í fullu samráði og opnu ferli gagnvart EFTA. Okkar von er sú að EFTA-ríkin geti komið síðar meir inn í svipað ferli gagnvart Kínverjunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, 1. umr.

Stjfrv., 682. mál (sameiginlegt efnahagssvæði). — Þskj. 998.

[15:55]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Á þingskjali 999 er þingmál sem ég mun mæla fyrir hér á eftir og varðar staðfestingu á svokölluðum Hoyvíkur-samningi milli Íslands og Færeyja.

Hér mæli ég fyrir frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna þessa samnings en hann er gerður milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við áðurnefnda þingsályktunartillögu um heimild handa ríkisstjórninni að fullgilda áðurnefndan Hoyvíkur-samning. Ég leyfi mér að vísa til hennar varðandi tilurð og efni sjálfs samningsins.

Vegna framkvæmdar Hoyvíkur-samningsins hér á landi er hins vegar nauðsynlegt að gera margvíslegar breytingar á íslenskri löggjöf. Er það lagt til með frumvarpi því sem ég mæli nú fyrir. Frumvarpið varðar löggjöf sem heyrir undir dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti en frumvarpið var unnið af þessum ráðuneytum í samstarfi við utanríkisráðuneytið.

Miðar frumvarpið að því að tryggja að íslensk lög veiti Færeyingum og færeyskum fyrirtækjum þá réttarstöðu sem þeim skal tryggð samkvæmt ákvæðum Hoyvíkur-samningsins.

Ég legg til, virðulegi forseti, að þessu frumvarpi verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, fyrri umr.

Stjtill., 683. mál (sameiginlegt efnahagssvæði). — Þskj. 999.

[15:57]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Hér mæli ég fyrir þeirri þingsályktunartillögu sem ég áður gat um, um heimild til handa ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli rík-

isstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

Frá 1993 hefur verið í gildi fríverslunarsamningur milli Íslands og Færeyja. Sá samningur er hefðbundinn fríverslunarsamningur og var vörusvið hans takmarkað við viðskipti með iðnaðarvörur og sjávarafurðir. Í ljósi hinna nánu tengsla milli Íslands og Færeyja og vaxandi viðskipta á milli þjóðanna var áhugi meðal beggja aðila á að dýpka og breikka viðskiptasamstarf þjóðanna.

Af þeim sökum hófust viðræður um gerð nýs viðskiptasamnings milli Íslands og Færeyja vorið 2003. Lauk þeim með undirritun samningsins í Hoyvík í Færeyjum hinn 31. ágúst 2005.

Markmið Hoyvíkur-samningsins er að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Tekur samningurinn til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga, fjárfestinga og staðfesturéttar. Þá er í samningnum að finna ákvæði um samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoð og opinber innkaup. Megininntak samningsins er að Íslendingar og íslensk fyrirtæki skuli njóta sömu réttinda í Færeyjum og Færeyingar – og gagnkvæmt.

Þá er einnig vert að nefna að samningurinn mótar þau tímamót að þetta er fyrsti samningur sem Ísland gerir sem mælir fyrir um fulla fríverslun með landbúnaðarvörur. Má því segja að hér sé á ferðinni víðtækasti viðskiptasamningur sem Ísland hefur gert fram til þessa.

Framkvæmd samningsins skal vera í höndum sameiginlegrar nefndar samningsaðila. Jafnframt mælir samningurinn fyrir um stofnun ráðs samningsaðila sem skipað skuli ráðherrum frá Íslandi og Færeyjum sem er ætlað að vera pólitískur hvati við framkvæmd samningsins. Með samningnum er að öðru leyti ekki komið á fót sérstökum eftirlitsstofnunum með framkvæmd hans.

Viðskipti milli Íslands og Færeyja hafa aukist á undanförnum árum. Í dag eru Færeyjar mikilvægur og vaxandi markaður fyrir íslensk fyrirtæki. Vonir standa til þess að Hoyvíkur-samningurinn muni efla enn frekar viðskipti milli landanna tveggja jafnframt því sem honum er ætlað að skapa ramma utan um aukna samvinnu milli landanna á ýmsum öðrum sviðum.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Stefna í málefnum barna og unglinga.

[16:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Fyrir fimm árum samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar sem var flutt af þingmönnum úr öllum flokkum þar sem ríkisstjórninni var falið að undirbúa heildstæða stefnu í málefnum barna og unglinga. Á grundvelli stefnumótunarinnar átti að gera fimm ára framkvæmdaáætlun sem leggja átti fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi árið 2002. Það tók fimm ár að vinna skýrsluna sem lögð var fyrir Alþingi í lok síðasta þings. Engin framkvæmda- eða aðgerðaáætlun fylgdi, heldur upplýsti hæstv. forsætisráðherra að eftir fimm ára starf nefndar að skýrslugerð sem að komu 130 einstaklingar, m.a. helstu sérfræðingar á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu um málefni barna, yrði málið sett aftur í nefnd og nú í svokallaða fjölskyldunefnd forsætisráðherra.

Þessi gagnrýnisverðu vinnubrögð eru ekki þinginu bjóðandi og kaldhæðnislegt að í skýrslu forsætisráðherra komi fram það álit að nefndir væru ofnotaðar við úrlausn á vandamálum. Maður spyr: Hvers lags vinnubrögð eru þetta? Það er umhugsunar virði hvernig framkvæmdarvaldið hunsar vilja Alþingis sem fyrir fjórum árum átti að fá til umfjöllunar og staðfestingar aðgerðaáætlun í þessum málaflokki.

Heildstæð stefnumótun og framkvæmdaáætlun í málefnum barna og unglinga hefur verið í gildi í áratugi hjá hinum Norðurlandaþjóðunum og umboðsmaður barna hefur árlega í á annan tug ára kallað eftir slíkri stefnumótun hér á landi en án árangurs utan þeirrar þverpólitísku tillögu sem fimm ára nefndarstarf hefur byggt á. Afraksturinn er sú skýrsla sem hér er rædd. Í skýrslunni er að finna upplýsingar um mikla brotalöm í málefnum barna og unglinga, en þessum hópi tilheyra um 80 þús. landsmenn. Gagnrýni er mikil í skýrslunni á óskilvirkni kerfisins, að alla heildarsýn vanti í málaflokknum og að skortur sé á samhæfingu og pólitískri stefnumótun. Kallað er einnig eftir endurskoðun á verkaskiptingu milli ráðuneyta og stofnana sem sé orðin úrelt, óskýr og óhagkvæm.

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Hvað segir hann við þessari gagnrýni sem er mikill áfellisdómur um stöðuna í málefnum barna og ungmenna í stjórnsýslunni? Miklum agnúum er lýst á bóta- og velferðarkerfinu varðandi hag barna, m.a. að bætur velferðarkerfisins séu svo naumt skammtaðar að þær hrökkvi ekki fyrir lágmarksframfærslukostnaði og skorti þar mikið á enda væri fátækt fólk oft fast í svonefndri fátækragildru. Sérstaklega er nefnt að úrbóta sé þörf í málefnum fátækra barna, nýbúa, barna með geðraskanir og barna og ungmenna í vímuefnavanda. Einnig kemur fram hve fljótt dregur úr skólasókn ungmenna því að einungis innan við helmingur tvítugra ungmenna stundar nám.

Ástæða er til að spyrja hvernig hæstv. ráðherra ætlar að bregðast við í þessum efnum og hvort fylgt verði ágætum tillögum í skýrslunni um úrbætur í málefnum þessara hópa sem er afar brýnt að setja í forgang. Það er líka grafalvarlegt að í skýrslunni kemur fram að kynferðisleg misnotkun barna sé stórum útbreiddari en álitið hefur verið hingað til og nærri fimmta hvert barn sem nær 18 ára aldri hefur orðið fyrir henni, auk þess sem stór hópur barna, 5–10%, verður reglulega fyrir einelti í skóla.

Nefnt er einnig að slys á börnum og unglingum sem leita á slysadeild séu tíðust á Íslandi í Norðurlandasamanburði og hlutfallslega slasist helmingi fleiri börn á Íslandi en t.d. í Svíþjóð. Allt þetta, virðulegi forseti, sýnir að þörf er á skipulagðri aðgerð á framkvæmdaáætlun í málefnum barna og ungmenna hér á landi ekki síður en annars staðar á Norðurlöndunum. Þar hefur hún verið í gildi í áratugi.

Gallinn við þessa skýrslu er að hún tekur þó ekki á

heildstæðan hátt á því að bæta stöðu allra barna og ungmenna í samfélaginu, heldur miðast stefnumótun og aðgerðir nær eingöngu við afmarkaða hópa sem vissulega þarf að taka sérstaklega á. Tillagan sem samþykkt var á Alþingi gerir hins vegar ráð fyrir því að til komi stefnumótun sem tryggi hag og velferð allra barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búi þeim sem best og jöfnust skilyrði til þroska.

Ég hefði viljað sjá tillögur í málefnum ungbarnafjölskyldna en eitt brýnasta verkefni í málefnum þeirra er að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til börn komast í leikskóla og að vinna markvisst að því að gera leikskólann gjaldfrjálsan. Vildi ég gjarnan heyra afstöðu hæstv. forsætisráðherra til þessa brýna máls í málefnum ungbarnafjölskyldna.

Ég sakna þess líka að sjá ekki markvissar tillögur í málefnum fatlaðra barna í þessari skýrslu en úr því þarf að bæta þegar fimm ára framkvæmdaáætlun verður lögð fyrir Alþingi í samræmi við tillögu sem flutt var af þingmönnum í öllum flokkum á árinu 2001.

Um það spyr ég hæstv. ráðherra: Hvenær má vænta þess að þessi framkvæmdaáætlun verði lögð fyrir Alþingi til staðfestingar?

Hvað hefur fjölskyldunefndin gert sem fékk þetta mál til skoðunar fyrir ári síðan? Ég trúi því ekki sem ég hef heyrt að nefndin hafi nákvæmlega ekkert gert með þessa skýrslu á heilu ári, varla litið á hana og að engin framkvæmdaáætlun sé í undirbúningi. Ég trúi því að hæstv. ráðherra hafi önnur skilaboð til þingsins en þau sem ég hef heyrt.

[16:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það er mjög mikilvægt að mínu mati að málefni barna og ungmenna séu til stöðugrar umræðu í þjóðfélagi okkar og ekki síst á Alþingi. Þess vegna er mjög gott að þessi mál skuli koma hér til umræðu.

Eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram var nefnd sem þáverandi forætisráðherra skipaði haustið 2002 falið að undirbúa stefnu í málefnum barna og unglinga. Hún skilaði skýrslu til forsætisráðherra í lok mars á síðasta ári. Sú skýrsla var send Alþingi með bréfi þann 1. apríl sama ár og nokkrum dögum síðar ræddi ég efni hennar á hv. Alþingi í svari við fyrirspurn hv. málshefjanda í þessari umræðu. Margt af því sem kom fram í svörum mínum þar á einnig við nú, eins og hv. málshefjanda er kunnugt um.

Þann 1. febrúar í fyrra skipaði ég með samþykki ríkisstjórnarinnar nefnd til að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar og koma með tillögur í því augnamiði að styrkja stöðu hennar. Fjölskyldunefnd ríkisstjórnarinnar fékk það verkefni í fyrra að fara yfir þær tillögur sem í skýrslunni er að finna með það í huga að fella þær að öðrum tillögum sem miða að því að styrkja stöðu fjölskyldunnar í landinu. Ég tel eðlilegan farveg að fela fjölskyldunefndinni næsta skref í mótun opinberrar stefnu í málefnum barna og ungmenna, enda hlýtur slík stefna að vera hluti af opinberri stefnu í málefnum fjölskyldunnar. Mér er kunnugt um að fjölskyldunefndin hefur haft þessi málefni til umfjöllunar og skoðunar og fengið á sinn fund formann nefndar um stöðu barna og unglinga, hv. þm. Drífu Hjartardóttur sem nú situr á forsetastóli.

Af lestri þessarar skýrslu er augljóst að þar er að finna afskaplega mikilvægar upplýsingar um þennan málaflokk sem mjög skipulega eru settar fram og eru gagnlegar á allan hátt við umfjöllun þessara mála enda mun það starf koma að mjög góðu gagni, bæði við mótun stefnu í málaflokknum og við gerð áætlunar um framkvæmd hennar og eins í umræðunni almennt um málefni barna og ungmenna.

Nefndin setur fram sjö meginmarkmið í stefnu í málefnum barna og ungmenna sem hún telur vera brýnustu úrlausnarefnin á þessu sviði. Í fyrsta lagi að aðgerðir hins opinbera í þágu barna og ungmenna, stjórnun þeirra og framkvæmd séu ávallt markvissar, skilvirkar og árangursríkar.

Í öðru lagi að ávallt liggi fyrir heildstæðar og áreiðanlegar almennar upplýsingar um börn og ungmenni hérlendis.

Í þriðja lagi að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu.

Í fjórða lagi að efla heilsugæslu í skólum.

Í fimmta lagi að fjárhagslegur stuðningur hins opinbera við fátækar barnafjölskyldur sé nægur og skilvirkur.

Í sjötta lagi að forvarnir í greiningu og meðferð geð- og atferlisraskana hjá börnum og ungmennum verði aðgengilegar, skilvirkar og árangursríkar.

Í sjöunda lagi að börn af erlendum uppruna fái öflugan stuðning opinberra aðila til að aðlagast hinu nýja, íslenska samfélagi.

Ég vil hins vegar árétta það að þó að þetta ágæta starf hafi verið unnið og vinna að stefnumótun í þessum mikilvæga málaflokki haldi áfram er ekki þar með sagt að það sem gert er þurfi að bíða þess á allan hátt. Við hljótum ávallt að vera að vinna að þessum málum hvað sem líður þessu og öðru góðu starfi. Sem betur fer er hvern einasta dag unnið viðamikið starf er varðar börn og ungmenni og miklar framfarir hafa orðið á þessum sviðum. Ég nefni t.d. það að forsætisráðuneytið í samstarfi við Velferðarsjóð barna og þjóðkirkjuna er í mikilvægu átaki undir heitinu „Verndun bernskunnar". Á Alþingi hafa verið samþykktar tillögur um stórhækkaðar barnabætur sem verður til þess að styrkja stöðu barnafjölskyldna. Við höfum ákveðið að styrkja stöðu langveikra barna og foreldra þeirra, styrkja stöðu kjörforeldra og þannig mætti áfram telja. Á undanförnum árum hefur verið unnið mikið starf með því að efla menntun barna og ungmenna, styrkja skólastarfið í landinu, efla forvarnir í landinu og svo mætti lengi telja. Þetta mun halda áfram og ég er alveg viss um að hv. þingmaður mun nú sem hingað til halda áfram að vinna að þessum góðu málum, enda er fyrir því mikill áhugi á Alþingi. Þess sér stað í mörgum málum sem hafa (Forseti hringir.) verið unnin á undanförnum árum.

[16:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir eljusemina við vinnuna í þessum málaflokki og fyrir mjög góða framsöguræðu. Ég verð að segja að mér rann til rifja deyfðin og áhugaleysið sem skein af hæstv. forsætisráðherra í ræðu hans rétt í þessu. Mér finnst að forsætisráðherra íslensku ríkisstjórnarinnar þurfi að tala um þessi mál, málefni barna og ungmenna hér í landinu, af meiri ástríðu en hæstv. ráð-

herra gerði núna. Ég er kannski ekki sú manneskja sem á að gefa einkunnir í þessum stóli og auðvitað er ekki gott að vera að gera slíkt en ég verð að viðurkenna að þessar ofnotuðu úrlausnir, nefndaseta, endalaus nefndaseta í málefnum barna, eru bara orðnar úreltar og það kemur fram í þessari skýrslu sem við erum að ræða. Það er verið að kalla á aðgerðir, öflugar, og það er ekki nóg að heyra hæstv. forsætisráðherra segja: Við hljótum alltaf að vera að vinna að málefnum barna á hverjum degi.

Auðvitað erum við að því. En við gerum ekki nóg. Það er svo víða pottur brotinn og það er svo nauðsynlegt að þessi ríkisstjórn taki til hendinni á afmörkuðum sviðum. Það kemur fram í þessari skýrslu hvar helst þarf að taka til hendinni. Og það þarf aðgerðir. Hvaða flokkur er að reyna að segjast vera framkvæmdaflokkurinn í Reykjavíkurborg núna? Er það ekki Framsóknarflokkurinn? En hvar eru framkvæmdirnar í málefnum t.d. geðfatlaðra barna? (Gripið fram í.) Málefni geðsjúkra barna eru okkur ofarlega í huga. (Gripið fram í.) Ja, ég bara nefni þetta af því að geðsjúku börnin eru mér mjög ofarlega í huga. Við vitum að biðlistar á BUGL eru orðnir yfirfullir, það er hætt að taka börn á biðlista. Börnin eru jafnvel vistuð á fullorðinsgeðdeild ef neyðarinnlögn á barnageðdeild krefst þess að losa þurfi rúm. Við þekkjum deilur við sérfræðilækna um þjónustu sem bitnar á illa stöddum börnum og nú síðast heyrðum við að enginn einstaklingur væri í námi í barna- og unglingageðlækningum og ástæðan er sögð vera hin vonlausa staða sem málefni barna og ungmenna (Forseti hringir.) með geðraskanir eru í. (Forseti hringir.) Það eru þessi mál sem hæstv. forsætisráðherra á að vera að taka til skoðunar. Við krefjum hann svara um úrlausnir.

[16:13]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Sem formaður þeirrar nefndar sem skilaði þessari skýrslu sl. vor er ég afskaplega ánægð með að hún skuli vera rædd hér í sölum Alþingis. Við ræddum við fjölda fólks og ég vil meina að þó að nefndarstarfið hafi tekið langan tíma höfum við skilað af okkur afskaplega góðri skýrslu. Það sem við notuðum til grundvallar í upphafi var Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Við ræddum við fjölda manns sem sýslar með börn alla daga og það er ýmislegt sem við töldum, og teljum, að þurfi úrbóta við. Ég tel að svo sannarlega sé unnið að því alla daga eins og hæstv. forsætisráðherra sagði.

Það var rangt sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði áðan, að þessi skýrsla væri ekki notuð. Ég veit að hún er notuð hjá fjölskyldunefnd forsætisráðherra. Ég hef mætt fyrir nefndina og farið yfir skýrsluna með því fólki sem vinnur þar. Sem betur fer hefur alveg gríðarlega margt gott gerst síðan þessi nefnd hóf starf sitt.

Bara til að nefna eitt, hvað almennur efnahagur hefur batnað til muna þessi ár. Það er ekkert lítið sem bæði hagvöxtur og aukinn kaupmáttur hefur orðið öllum til góða, (Gripið fram í.) ekki síst barnafólki. Það er að þakka ríkisstjórn Íslands hve vel hefur tekist til. Við leggjum líka mikla áherslu á að vel sé hugað að þeim erlendu börnum sem flytjast til Íslands þannig að þau aðlagist samfélaginu. Ég held að við mættum taka okkur mikið á í því hvernig við tökum á móti erlendum borgurum og við leggjum í þessari skýrslu mikla áherslu á að heilsugæsla sé á öllum skólastigum.

[16:15]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. málshefjanda, Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir að taka þetta mál til umræðu og vekja athygli á þörfinni á að taka þennan málaflokk til gagngerrar endurskoðunar. Það er einfaldlega hægt að vitna í Bændablaðið, ekki ómerkara rit, en þar sjá menn að úrbóta er þörf. Þar var frétt af því að fámennir skólar reka sig á að börn með þroska-, atferlis- og geðraskanir koma í vaxandi mæli í sveitaskólana án þess að sérstaklega sé gert ráð fyrir því. Sent hefur verið erindi til Sambands íslenskra sveitarfélaga til að spyrja hvað er til ráða.

Það sýnir kannski í hnotskurn vanda málaflokksins að menn láta bara reka á reiðanum. Það kom skýrsla árið 2001 og síðan var skýrslan sett í aðra nefnd. Að vísu segir hv. formaður þeirrar nefndar, Drífa Hjartardóttir, að þessi skýrsla sé afskaplega góð. En síðan á ekkert að framkvæma af tillögum skýrslunnar. En mér finnst hún mjög hógvær þegar hún segir að hún sé bara ánægð með að engar framkvæmdir hafi orðið í kjölfar skýrslunnar, nema að taka skýrsluna fyrir í nýrri nefnd. Þar vonandi gagnast hún til góðra verka.

En þetta finnst mér lýsa afskaplega mikilli hógværð. Mér finnst hógværðin þó fullmikil í þessum mikilvæga málaflokki, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. forsætisráðherra lýsti því yfir í einu fyrsta áramótaávarpi sínu að í þessum málaflokki ætti að taka til hendinni. En niðurstaðan virðist því miður sú að setja eigi þennan málaflokk í enn eina nefndina. (Forseti hringir.) Ég er á því að þessi málaflokkur eigi betra skilið, (Forseti hringir.) frú forseti. (Forseti hringir.)

[16:17]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Athafnaleysi hæstv. forsætisráðherra og viðvarandi niðurskurður á barnabótum og öðrum stuðningi við fjölskyldufólk lýsir auðvitað sinnu- og áhugaleysi eins og ræða hæstv. forsætisráðherra sjálfs um þetta efni fyrr í umræðunni.

Hvernig er þessu máli varið? Það er þannig að á síðustu öld, fyrir meira en áratug, sagði umboðsmaður barna með skýrum hætti að við værum langt á eftir nágrannaþjóðum okkar að því leyti að við hefðum enga stefnu eða framkvæmdaáætlun í málefnum barna og ungmenna og úr því yrði að bæta. Síðan eru liðin 11 ár og enn kemur hæstv. forsætisráðherra án þess að framkvæmdaáætlun liggi fyrir. Þó vitum við öll að ef okkur er alvara í málaflokki, t.d. virkjunum og stóriðju, sem ætti að vera nærtækt hæstv. forsætisráðherra, þá gerum við framkvæmdaáætlun um hvernig ná eigi árangri.

Þessu máli hefur verið hreyft í þinginu í sjö ár. Það eru fimm ár síðan það var samþykkt en það var fjögur ár í einni nefnd. Hún skilaði drögum að stefnu. Nú hefur það verið í heilt ár í nefnd hjá Birni Inga Hrafnssyni, formanni fjölskyldunefndarinnar og aðstoðarmanni Halldórs Ásgríms-

sonar. En Björn Ingi Hrafnsson er enn ekki kominn með neina framkvæmdaáætlun fyrir ríkisstjórnina í málefnum barna.

Við hljótum auðvitað að kalla eftir því að oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík, sem býður sig fram til að sinna brýnustu hagsmunamálum barna og ungmenna í skólum og leikskólum, skili þessu verki áður en kemur að kosningum. Hæstv. forsætisráðherra sagðist hafa áhuga á að ræða þessi mál og þá hlýt ég að spyrja hann hvers vegna hann er ekki búinn að skila mér skýrslu (Forseti hringir.) um fátækt og félagslega stöðu barna sem honum bar að skila (Forseti hringir.) samkvæmt reglum þingsins þegar í janúar. (Forseti hringir.) Hann er kominn marga mánuði fram yfir (Forseti hringir.) með það. Ég hlýt að biðja hæstv. (Forseti hringir.) forseta að sýna mér biðlund meðan ég rukka hæstv. forsætisráðherra (Forseti hringir.) um skýrslu sem honum ber að vera búinn að leggja fram í (Forseti hringir.) þinginu og spyr (Forseti hringir.) hvenær sé von á henni og hvort hann muni ræða hana hér.

(**Forseti** (DrH): Ég bið hv. þingmann að taka tillit til annarra ræðumanna og virða tímamörk.)

[16:20]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með þessa umræðu og ræðu hæstv. forsætisráðherra. Skýrslan er vel unnin og nefndin tiltekur mörg mikilvæg mál. Það sem ekki síst stendur upp úr er að ríkisstjórnin hefur unnið að mörgum málum sem snerta málaflokkinn. Ég vil t.d. minnast á greiðslur til foreldra langveikra barna, fjölskyldunefnd forsætisráðherra, verkefni um verndun bernskunnar, stórauknar barnabætur o.s.frv.

Það er mikilvægt að ná fram heildstæðri samvinnu allra aðila um málefni barna. Þar er þáttur foreldra og samfélagsins stór. Kerfið skal hafa það að leiðarljósi að fjölskyldan sé númer eitt. Það þarf að styðja við hana. Við verðum að gæta okkar á því að sjúkdómavæða ekki vandamálin heldur mæta þeim þar sem þau eru, hvort sem er í skóla eða á heimili. Við þurfum því enn betri samþættingu skóla, heilsugæslu og félagsþjónustu og að því er unnið.

Heilbrigðisráðuneytið hefur brugðist við þessu með því að mynda þverfaglegt teymi fagfólks sem sinnir börnum og ungmennum. Slíkt samstarf gengur vel, til að mynda í Grafarvogi. Með þessu vinna ólíkir aðilar saman að því að nálgast vandann og styðja við fjölskyldur. Í dag var hæstv. heilbrigðisráðherra einmitt staddur í Reykjanesbæ, þar sem kerfið verður einnig tekið upp. Það er verið að vinna á þessum nótum víða um land.

Ég mótmæli orðum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um deyfð og sinnuleysi hæstv. forsætisráðherra. Hann fór í máli sínu yfir það sem ríkisstjórnin hefur gert til að vinna að málefnum barna. Hv. þingmaður talaði um aðgerðir framsóknarmanna og Framsóknarflokksins í Reykjavík. Ég veit ekki betur en að Vinstri grænir sitji einnig við stjórn í Reykjavíkurborg og við séum öll afar stolt af okkar verkum. Ég veit ekki alveg hvaðan sá málflutningur kemur.

Hæstv. forsætisráðherra setti málefni fjölskyldunnar í forgang og verkin tala sínu máli.

[16:22]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að þakka hv. málshefjanda fyrir góða yfirferð yfir þá skýrslu sem hér er til umræðu. Ég ætlaði að taka fyrir þann hluta sem snýr að skóla og heilsugæslu í málefnum barna og ungmenna. Þar segir í 4. tölulið kaflans um heilsugæslu í skólum, með leyfi forseta:

„Að heilsugæsla í skólum taki með skipulegum hætti til leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Efla skal unglingamóttökur í framhaldsskólum og á heilsugæslustöðvum og víkka starfssvið þeirra."

Ég er ekki sammála ræðumanninum sem var hér á undan mér og sagði að svo væri orðið mjög víða um landið, þetta tilraunaverkefni sem hefur verið starfrækt í Grafarvogi. Vissulega er mjög gott að heyra að segja eigi slíkt verkefni í gang í Reykjanesbæ en ég tel að það þurfi að gerast mun víðar.

Það hefur ítrekað komið fram, m.a. hjá kennurum, að verkaskipting milli skólans, sem sinna á kennslu, og heilsugæslunnar, sem sinna á heilbrigðisþjónustu, er ekki alltaf skýr. Mikið hefur verið talað um geð- og atferlisraskanir hjá börnum og ungmennum, hvort skólinn eigi að sinna því með starfsliði sínu eða hvort og hvenær eigi að vísa eigi vandanum frá skólanum til heilbrigðiskerfisins. Þessi óvissa bitnar á börnum og aðstandendum þeirra sem og úrvinda kennurum sem oft fást við vandamál sem þeir hafa ekki þekkingu eða menntun til að sinna. Sem dæmi um vanda barns má nefna sértæka námserfiðleika, þroskafrávik, hegðunarvanda, einelti og tilfinningalega erfiðleika.

Í skýrslunni er talað um að ná þurfi samkomulagi um skýrari og skilvirkari verkaskiptingu í þessum málum. Þær tillögur sem hér eru nefndar og margoft hafa komið fram eru að efla þurfi heilsugæsluna í skólum verulega þannig að frumþjónustu sé sinnt og þannig hægt að ráða bót á vandanum snemma. Ómeðhöndlaðar geð- og atferlisraskanir valda auknu álagi í skólum, í heilbrigðis- og félagsþjónustunni, og kosta okkur ómælt fé, fyrir utan að skerða möguleika barnanna til lífsgleði og almenns þroska.

Áðan var minnst á félagsþjónustuna í Grafarvogi en þar telja menn að þetta sé mjög góð viðbót við þá þjónustu sem fyrir var. Í því samhengi er vert að minnast á nýja barnið á heilsugæslustöð Akureyrar, þ.e. samstarf heimilislækna, mæðraverndar, ungbarnaverndar, fjölskylduráðgjafar og skólaheilsugæslu. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvenær er að vænta niðurstöðu (Forseti hringir.) fjölskyldunefndarinnar og er ekki ástæða til að nýta þessa reynslu víðar?

[16:24]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Ég vil hefja ræðu mína á að lýsa yfir undrun minni á ræðum þingmanna stjórnarandstöðunnar. Hér er um þverpólitískan málaflokk að ræða og ég tel ekki gott að fólk reyni að slá pólitískar keilur í þessu sambandi. Ég held að það hljóti að vera sammerkt með okkur öllum að vilja hag barna okkar og ungmenna sem mestan. Ég þakka þó hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að færa þetta mál til umræðu.

Í október árið 2001 skipaði Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, sjö manna nefnd sem undirbúa átti sam-

ræmda og heildstæða opinbera stefnu í málaflokknum. Fyrir þessari nefnd fór hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Drífa Hjartardóttir. Ég hef farið allvel yfir skýrsluna og tel nefndina hafa unnið gott starf að stefnumótun til framtíðar í málefnum barna og unglinga.

Í skýrslunni eru markmið og framkvæmdir tíundaðar í nokkrum ferlum, svo sem afskiptum hins opinbera af málefnum barna og unglinga, foreldrahæfni, heilsugæslu í skólum, börnum með geð- og atferlisraskanir, fátækum barnafjölskyldum, börnum útlendinga og hælisleitenda, og að síðustu viðmóti við börn. Allir þessir undirflokkar eru jafnmikilvægir en ég vil þó nota tækifærið og fjalla um þau mikilvægu markmið sem við Íslendingar eigum að tryggja með skipulegum framkvæmdum fyrir börn útlendinga og hælisleitenda. Þar ber hæst, eins og segir í skýrslunni, að tryggja fjármuni og mannafla til öflugrar fræðslu og íslenskukennslu í gegnum menntamálaráðuneytið. Tryggja ber þátttöku foreldra í skólastörfum barna sinna. Fræðsla um fjölmenningu verði stórlega efld. Tryggja ber túlkaþjónustu þegar hennar er þörf í mikilvægum samskiptum aðstandenda og/eða barna við opinberar stofnanir sem lúta að velferðarmálum.

Að lokum tel ég rétt að að rifja upp orð hæstv. forsætisráðherra þar sem hann áréttar að skýrsla nefndarinnar sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir fór fyrir mun áfram nýtast í þeim störfum sem fjölskyldunefndin hefur (Forseti hringir.) á borði sínu í dag. Ég hef trú á starfi hennar.

[16:27]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Svör hæstv. forsætisráðherra valda mér gífurlegum vonbrigðum. Í fyrsta lagi staðfesta þau að Framsóknarflokkurinn meinar ekkert með því að hafa börn og fjölskyldur í fyrirrúmi. Hann talar einungis um slíkt rétt fyrir kosningar.

Í annan stað staðfesta orð forsætisráðherra að það að vísa málinu til fjölskyldunefndarinnar, þessari skýrslu, var leið forsætisráðherra til að drepa málið.

Í þriðja lagi staðfesta orð forsætisráðherra að ráðherraræðið er algjört hér á landi. Þinginu er hreinlega gefið langt nef og vilji þingsins hunsaður. Þingið kallaði fyrir fjórum árum eftir framkvæmdaáætlun og heildarstefnumótun í málefnum barna og ungmenna. Umboðsmaður barna og allir flokkar á Alþingi hafa kallað eftir því sama í mörg ár.

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Veit forsætisráðherra að í skýrslu Íslands til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna árið 2003, sem starfar á grundvelli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en hlutverk hennar er að hafa eftirlit með að aðildarríkin virði barnasáttmálann, gáfu íslensk stjórnvöld, íslensk sendinefnd, þær upplýsingar að lögð væri áhersla á að í gangi væri heildarstefnumótun í málefnum barna sem væri að ljúka? Þetta var árið 2003.

Íslandi var hrósað sérstaklega fyrir að vinna að þessari heildarstefnumótun sem þá átti að ljúka. Hvað verður gert þegar barnaréttarnefndin kallar eftir þessari framkvæmdaáætlun? Þetta eru álitshnekkir fyrir Ísland hvernig að þessu hefur verið staðið gagnvart barnaréttarnefndinni og varðandi barnasáttmálann. Ég spyr hæstv. ráðherra: Veit hann að Ísland gaf þessa skýrslu á árinu 2003? Hvar er framkvæmdaáætlun og heildarstefnumótun í málefnum barna og ungmenna sem þingið hefur kallað eftir í mörg ár?

[16:29]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það veldur mér miklum vonbrigðum þegar hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar tala um, og virðast meina það, að enginn hafi áhuga á málefnum barna og ungmenna og málefnum fjölskyldunnar nema þeir. (Gripið fram í.)

Hver haldið þið að trúi þessu? Ég trúi að hver einasti þingmaður á Alþingi hafi áhuga á þessum málefnum. (**JóhS:** Hvar er framkvæmdaáætlunin?) Framkvæmdaáætlun, kallar hv. þingmaður ávallt á. Er ekki aðalatriðið það sem verið er að gera? Ég minni hv. þingmann á að þegar hún fór úr ríkisstjórn og hennar flokkur 1995 var atvinnuleysi hér á landi milli 6–7%. (**MÁ:** Kárahnjúkavirkjun, er það svarið?) Hvað ætli það hafi nú skipt máli fyrir fjölskyldurnar í landinu hve margir gengu hér atvinnulausir? Ætli það hafi ekki skipt nokkuð miklu máli?

Það er alveg rétt sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir sagði, að auðvitað skiptir ráðstöfunarfé, kaupmáttur og atvinna fjölskyldna í landinu jafnvel mestu varðandi það hvernig fjölskyldum og börnum líður. Það ræður mestu um hvað við getum gert fyrir börnin okkar. Það er náttúrlega út í hött að halda því fram, og er ekki samboðið hv. þingmanni, að ekki nokkur maður hafi áhuga á þessum málum nema hv. þingmaður sem hóf þessa umræðu. (Gripið fram í.)

Auðvitað hafa allir hv. þingmenn áhuga á þessu máli. Margt gott hefur verið gert þótt mikið vanti upp á. En það mun alltaf verða þannig. En við skulum líka leggja áherslu á að fjölskyldurnar sjálfar, foreldrarnir, bera mikla ábyrgð og þetta er ekki eingöngu málefni hins opinbera. Það má aldrei taka ábyrgðina af foreldrunum sjálfum.

Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, frh. fyrri umr.

Stjtill., 683. mál (sameiginlegt efnahagssvæði). — Þskj. 999.

[16:31]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Við tökum aftur til við umræðu um þingsályktunartillögu um fullgildingu samningsins sem ríkisstjórn Íslands, ríkisstjórn Danmerkur og heimastjórn Færeyinga gerðu í Hoyvík í ágúst á síðasta sumri.

Ég lýsti fyrr í dag þeirri skoðun að ég tel að við eigum að efla samskipti okkar við Færeyinga eins og hægt er og á alla lund. Við höfðum áður ágætan samning, hefðbundinn fríverslunarsamning við Færeyjar frá árinu 1992. Hann tók einungis til verslunar með sjávarafurðir og iðnvarning. Þessi samningur er hins vegar miklu dýpri og breiðari og má segja að hann taki til allra hugsanlegra viðskiptasamskipta okkar og Færeyinga. Honum svipar að ýmsu leyti til EES-samningsins. Við Íslendingar og fyrirtæki á okkar vegum munum hafa í Færeyjum sömu stöðu og þeir sem

þar eru sérstaklega skilgreindir sem Færeyingar samkvæmt þessum samningi. Það er gagnkvæmt, sem er ákaflega gott.

Ég er þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að efla tengslin við Færeyjar, ekki bara á viðskiptasviði heldur og á menningarsviðinu og öllum sviðum. Ég tel að þessar tvær þjóðir sem eru svona náskyldar annars vegar, og hins vegar grannþjóð okkar í vestri, Grænlendingar, eigum að hafa eins rík og náin samskipti og hægt er. Þessi samningur mun örugglega greiða fyrir samskiptum þjóðanna. Hann er líka visst fordæmi og lýsir inn í framtíðina að því marki að með honum er tekin upp fríverslun með landbúnaðarafurðir.

Ég tel óhætt að taka undir með hæstv. ráðherra sem sagði, þegar hann mælti fyrir málinu, að þetta væri að öllum líkindum víðtækasti viðskiptasamningur sem við hefðum gert. Ég held að við höfum aldrei gert nokkurn samning við einstaka þjóð eða ríkjasamband sem tekur til svo margra sviða. Að þessu leyti er þetta samningur um viðskiptafrelsi sem ber að hafa sem fordæmi í samskiptum okkar við aðrar þjóðir þegar fram líða stundir. Ég tel að auðvitað eigum við að stefna að því í framtíðinni að hafa frjáls viðskipti með landbúnaðarvarning við aðrar þjóðir, að teknu tilliti til krafna um hollustu og heilbrigðis sem sjálfsagt er að setja fram.

Ég minnist þess að þegar þáverandi utanríkisráðherra Davíð Oddsson fór til Færeyja til að gera þennan merkilega samning þá lýsti hann því í samtölum að þessi samningur sem hér er til umræðu væri þannig úr garði gerður að hægt væri að kippa fleiri þjóðum inn í hann. Hann vísaði þar sérstaklega til Grænlendinga. Ég tel að svona samning eigum við að taka upp við Grænland líka.

Ég er þeirrar skoðunar að samskipti þessara þriggja þjóða, með sem nánustum hætti, geti ekki gert annað en að styrkja þær allar. Við vitum að Færeyingar eru á fullri ferð í átt að því að verða frjáls og fullvalda þjóð. Við vitum líka að innan einhvers tíma, þótt vissulega verði það töluvert seinna en í Færeyjum, munu Grænlendingar krefjast fulls sjálfstæðis. Þeir hafa möguleika á að nota sjálfstæðið sem auðlind eins og við gerðum á sínum tíma. Þeir hafa margvísleg tækifæri til að skapa auð og verðmæti á Grænlandi.

Ég sé fyrir mér framtíð þar sem þessar þrjár þjóðir starfa náið saman á mörgum sviðum, menningarsviði, viðskiptasviði og síðast en ekki síst varðandi fiskveiðar. Ég er eins og menn vita þeirrar skoðunar að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið. Ég hef talað fyrir því, eins og hæstv. núverandi forsætisráðherra að við myndum ákveðið fiskstjórnarsvæði í norðurhöfum sem geri okkur kleift að hafa fullt sjálfstæði varðandi fiskauðlindina, líka þann þátt hennar að ákveða heildarkvótann sem eins og sakir standa yrði ella alltaf í höndum manna í Brussel. Það var hæstv. forsætisráðherra sem fyrstur kom fram með þessa hugmynd. Undir hana hafa ýmsir tekið og þar á meðal forsætisráðherra Svía.

Við slíkar aðstæður tel ég að þessar þrjár þjóðir gætu orðið sterkari saman, sérstaklega varðandi nýtingu og varðveislu auðlindanna í hafinu. Við höfum gert samninga við þessar tvær þjóðir, eins og þann sem hæstv. ráðherra utanríkismála reifaði fyrr í dag. Þar erum við að aðstoða Færeyinga og þeir okkur. Við höfum gert svipaða og eðlisskylda samninga við Grænlendinga varðandi fiskveiðar og að því eigum við að stefna.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra, af því ég sé það ekki í þessari tillögu og ekki í þessum samningum: En var það ekki svo, þegar Davíð Oddsson fór til Færeyja til að gera þennan samning á sínum tíma, að sérstaklega hafi verið reifað að mögulegt væri að Grænlendingar gætu gerst aðilar að þessum samningi ef þeir vildu?

Er eitthvað frú forseti, í samningnum sem við erum að ræða sem opnar á þann möguleika? Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um það vegna þess að það kom ekki fram í máli hans og ég sé það ekki í þessari tillögu eða í samningnum. En mér þætti vænt um ef hægt væri að staðfesta það.

[16:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég kom í pontu til að lýsa yfir stuðningi við þennan samning og markmið hans sem eru, eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Markmið Hoyvíkur-samningsins er að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Tekur samningurinn til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, staðfesturéttar; samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa. Mælir samningurinn fyrir um bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs, staðfestustaðar eða upprunastaðar vöru innan efnislegs gildissviðs hans. Þannig skulu Íslendingar og íslensk fyrirtæki njóta sömu réttinda í Færeyjum og Færeyingar — og gagnkvæmt."

Ég tel að hér sé um mikinn tímamótasamning að ræða við nágranna okkar Færeyinga og lýsi yfir miklum stuðningi og ánægju með að þessi samningur skuli hafa verið gerður.

Ég tek undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um að leita beri eftir samkomulagi og samningi við Grænlendinga, nágranna okkar. Hvort hann verði nákvæmlega í þessa veru skal ég ekkert fullyrða um en það væri mjög æskilegt að þjóðirnar í Norður-Atlantshafinu miðju hefðu sem besta gagnkvæma samninga og réttindi. Ég tel að það geti eingöngu orðið þessum eyþjóðum til framdráttar og auki samskipti þjóðanna á öllum sviðum. Ég tel það mjög eftirsóknarvert fyrir okkur, að standa þannig að málum.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég lýsi yfir stuðningi við þennan samning og vænti þess að slíkur samningur verði ef til vill gerður við Grænlendinga á næstunni. Ég spyr að því, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hvort eitthvað sé í veginum fyrir því að taka upp viðræður við Grænlendinga sem gætu verið í svipaða veru og þessi Hoyvíkur-samningur.

[16:40]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið með langri ræðu. Mig langar fyrst og fremst að lýsa sérstakri ánægju minni með þennan Hoyvíkur-samning. Ég tel að það skipti miklu máli að efla sem mest samvinnu við Færeyinga. Stundum er sagt að Færeyingar séu ekki útlendingar á Íslandi heldur gestir okkar. Á sama hátt skynjum

við að við erum ekki útlendingar heldur gestir þegar við komum til Færeyja. Mér finnst því mjög mikilvægt að efla sem mest samvinnu þessara landa á menningarsviði, á viðskiptasviði og á hinu félagslega sviði.

Þess má til gamans geta að Flugfélag Íslands hefur nýlega sett saman pakkaferðir til Færeyja þar sem Íslendingar fara í helgardvöl til Færeyja og kynnast með þeim hætti, til þess að gera á stuttum tíma, menningu Færeyinga. Við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að tengja þessar þjóðir sem allra best saman. Ég tel að þessi samningur hjálpi til við það.

Ég tek líka undir að við eigum að efla vestnorrænt samstarf og vinna með Grænlendingum eins og ætlunin er að vinna með Færeyingum. Ég er líka þeirrar skoðunar að við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að styrkja Færeyinga í sjálfstæðisbaráttu þeirra. Auðvitað eigum við ekki að stýra þeirri umræðu. Við eigum fyrst og fremst að styðja þá því að það er vilji margra í Færeyjum að Færeyjar verði sjálfstæð þjóð.

Færeyingar eiga marga góða fulltrúa sem kynnt hafa menningu Færeyja á Íslandi. Í morgun var einmitt viðtal við ágæta konu sem heitir Marentza Poulsen. Hún hefur borið saman menningarheimana á Íslandi og Færeyjum, flutt inn færeyska menningu og á þann hátt kynnt okkur fyrir ýmsu skemmtilegu sem er að gerast í Færeyjum. Á sama hátt er mjög merkilegt starf Poul Mohr sem er konsúll Íslands í Færeyjum og leggur mikið af mörkum í Færeyjum til að kynna Ísland og Íslendinga þar.

Ég átti þess kost í fyrrasumar að vera fararstjóri hjá Karlakór Rangæinga sem heimsótti Mannskór Thorshavnar og reyndar fór einnig til Klakksvíkur þar sem eru „17 Sangarar". Meðal annars er þar fyrrverandi innanríkisráðherra sem heitir Jógvan við Keldu. Hann er einmitt stjórnandi 17 Sangara og við getum, ef við stýrum þessu rétt, skipst á í svona menningarsamstarfi. Þetta skiptir þjóð okkar miklu máli og um leið skiptir þetta Færeyinga máli.

Ég kom fyrst og fremst til að lýsa mikilli ánægju minni yfir þessum samningi.

[16:43]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það kemur ekki á óvart að samningur þessi njóti víðtæks stuðnings á hinu háa Alþingi. Ég hlýt að fagna því og þakka þingmönnum sem tekið hafa til máls til að lýsa stuðningi sínum við hann.

Eins og fram kom í máli mínu og fleiri þingmanna er þetta er sennilega víðtækasti samningur sem gerður hefur verið og mest alhliða milli Íslands og annars lands. Það er rétt sem fram kom að honum svipar að nokkru til EES-samningsins, sem eru náttúrulega við miklu fleiri ríki.

Varðandi spurningar þingmanna um hugsanlega aðild Grænlands að þessum samningi þá vil ég bara segja fyrir mitt leyti að ég man ekki hvort það var rætt á þeim tíma að Grænlendingar gætu orðið aðilar að þessum samningi. En ef það er raunhæft og ef þeir óska þess þá get ég ekki ímyndað mér að nokkur maður hefði neitt á móti því, hvorki á Íslandi né í Færeyjum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 685. mál (mælitæki). — Þskj. 1002.

[16:44]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Hæstv. forseti. Með þingsályktunartillögu þessari, sem ég mæli nú fyrir, er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005 frá 11. mars 2005, um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB, um mælitæki. Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES- nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir í meginatriðum að vísa til greinargerðar er fylgir tillögunni auk gerðarinnar sjálfrar. Tilskipunin mælir fyrir um að aðildarríkin setji almennar reglur um aðferðafræði fyrir framleiðslu, markaðssetningu og áreiðanleika mælitækja, sem og prófanir, vottanir og eftirlit með mælitækjum sem um er að ræða í þessari tilskipun.

Eins og segir kallar ákvörðun þessi á lagabreytingar hér á landi. Núgildandi lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, veita ekki fullnægjandi lagaheimild til þess að setja í reglugerðir svo víðtækar og almennar reglur um aðferðafræði varðandi mælitæki, eins og tilskipunin kallar á. Ég hygg að þingmenn minnist þess að á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp um það efni af hálfu viðskiptaráðherra.

Ég legg til, frú forseti, að þessari umræðu lokinni verði tillögunni vísað til síðari umræðu og utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 686. mál (framleiðsla rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum). — Þskj. 1003.

[16:46]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Með þeirri þingsályktunartillögu sem ég mæli hér fyrir er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005, um breytingu á IV. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB, um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir. Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að meginstefnu til að vísa til greinargerðar er fylgir tillögunni, auk gerðarinnar sjálfrar. Markmið tilskipunarinnar er að hvetja til frekari notkunar á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Er þetta gert í því skyni að freista þess að draga úr umhverfisáhrifum raforkuframleiðslu sem ekki byggist á endurnýjanlegum orkugjöfum.

Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að hvert aðildarríki setji sér markmið um að auka raforkuframleiðslu sem byggir á endurnýjanlegum orkulindum. Þau markmið sem ríkin setja sér eru þó ekki bindandi. Hefur það því engar afleiðingar í för með sér þó að markmiðin náist ekki.

Frumvarp til breytinga á lögum til innleiðingar á tilskipuninni er í undirbúningi hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Nauðsynlegt er að gera breytingar á lögum varðandi tilkynningar um hlutfall raforkuframleiðslu úr endurnýjanlegum orkulindum og vottorð um uppsprettu orkunnar.

Ég legg til, frú forseti, að máli þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 687. mál (endurnot opinberra upplýsinga). — Þskj. 1004.

[16:48]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Með þeirri þingsályktunartillögu er ég mæli nú fyrir er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005, um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB, um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir. Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Hvað varðar efnisatriði þeirrar ákvörðunar sem hér um ræðir nægir að meginstefnu til að vísa til greinargerðar er fylgir tillögunni, auk gerðarinnar sjálfrar.

Tilskipunin mælir fyrir um lágmarkssamræmingu á reglum um endurnot þeirra opinberu upplýsinga sem almenningi er á annað borð heimill aðgangur að. Takmarkanir og skorður við slíkum endurnotum má setja í þágu persónuverndar og friðhelgi einkalífs annars vegar og höfundarréttar og lögverndar annarra hugverka hins vegar. Ákvæði tilskipunarinnar varða markmið og gildissvið, tengsl við reglur um aðgang að upplýsingum, meðferð umsókna og skilmála um endurnot upplýsinga, upplýsingaskyldu um réttháfa verndaðra verka, form aðgangs, gjaldtöku og jafnan rétt til að endurnýta upplýsingar.

Þá er kveðið á um að beiting tilskipunarinnar verði endurskoðuð eigi síðar en 1. júlí 2008. Unnið er að innleiðingu þessarar tilskipunar í forsætisráðuneytinu.

Virðulegi forseti. Ég legg ég til að máli þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um tölvubrot, fyrri umr.

Stjtill., 692. mál. — Þskj. 1022.

[16:50]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Frú forseti. Með þingsályktunartillögu þeirri er ég mæli nú fyrir er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar samnings um tölvubrot sem gerður var í Búdapest 23. nóvember 2001.

Tilurð samningsins, sem gerður er á vegum Evrópuráðsins, má rekja til ákvörðunar Evrópunefndar um afbrotamálefni haustið 1996 þar sem lýst var yfir nauðsyn þess að refsilöggjöf héldist í hendur við tækniþróun. Þróun upplýsingatæknisamfélagsins þótti kalla á samstillt alþjóðlegt átak svo bregðast mætti við nýjum tegundum afbrota sem ekki tækju tillit til þeirra landamæra sem valdsvið yfirvalda hvers ríkis væri bundið.

Í kjölfar ákvörðunarinnar skipaði ráðherranefnd Evrópuráðsins sérfræðinganefnd sem fékk það hlutverk að vinna að samningi um tölvubrot. Ráðherranefndin samþykkti drög að samningnum haustið 2001.

Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd 30. nóvember 2001 en hann öðlaðist gildi 1. júlí 2004. Hinn 1. mars sl. höfðu 38 aðildarríki Evrópuráðsins undirritað samninginn og þar af höfðu tólf ríki fullgilt hann. Kanada, Suður-Afríka, Japan og Bandaríkin höfðu einnig undirritað samninginn en þessi ríki tóku virkan þátt í gerð hans og öðluðust rétt til að gerast aðilar að honum á sama tíma og aðildarríki Evrópuráðsins. Bjóða má ríkjum sem hvorki eru aðildarríki Evrópuráðsins né tóku þátt í gerð samningsins aðild að honum.

Í inngangsorðum samningsins segir að mikilvægt sé að aðildarríki hans fylgi sameiginlegri stefnu á sviði refsiréttar sem miði að því að vernda þjóðfélagið gegn tölvubrotum, m.a. með því að setja viðeigandi lög og stuðla að samvinnu þjóða á milli. Fram kemur að samningnum sé ætlað að koma til viðbótar öðrum alþjóðasamningum er varða samvinnu á sviði sakamála og aðildarríkin eigi aðild að, og auðvelda málarekstur og öflun sönnunargagna vegna brota sem tengjast tölvukerfum og -gögnum.

Samningurinn um tölvubrot er fyrsti alþjóðasamningurinn sem fjallar um glæpi sem framdir eru um alnetið eða önnur tölvunet og á sérstaklega við um höfundarrétt, fölsun og svik tengd tölvum, barnaklám og brot gegn öryggi tölvukerfa, tölvuneta og tölvugagna. Hann felur einnig í sér heimildar- og málsmeðferðarreglur sem aðildarríkjum ber að innleiða svo koma megi fram rannsókn og saksókn einstaklinga og lögaðila.

Með samningnum er í senn brugðist við nýjum tegundum brota og nýjum tæknilegum aðferðum við framningu þekktra brota sem komið hafa fram samhliða þróun á sviði upplýsingatækni.

Gera þarf breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga, laga um meðferð opinberra mála og laga um fjarskipti til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem samningurinn um tölvubrot leggur aðildarríkjunum á herðar. Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur lagt fram á þessu löggjafarþingi frumvarp um nauðsynlegar lagabreytingar.

Ég legg til, hæstv. forseti, að máli þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framsal sakamanna, 1. umr.

Stjfrv., 667. mál (málsmeðferðarreglur). — Þskj. 977.

[16:54]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar vegna frekari þátttöku Íslands í samningi Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000 og bókun við hann. Um er að ræða ákvæði um þær málsmeðferðarreglur sem gilda skuli þegar beiðni er sett fram um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum á grundvelli fyrrnefnds samnings.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þegar gagnkvæm réttaraðstoð er veitt á grundvelli samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli ríkja Evrópusambandsins skuli fylgja þeirri málsmeðferð sem það ríki sem leggur fram beiðni tilgreinir sérstaklega að því tilskildu að hún brjóti ekki í bága við íslensk lög. Er þetta fráhvarf frá eldri reglu um réttaraðstoð milli ríkja en hún er sú að réttarbeiðni skuli framkvæmd samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem beiðni er beint til. Tilgangur nýrrar framkvæmdar er að gera það mögulegt að þær upplýsingar sem fást með réttaraðstoð séu tækar sem sönnunargögn í málsmeðferð í því aðildarríki sem biður um aðstoð. Íslensk stjórnvöld geta þó alltaf neitað að verða við framangreindum óskum ef málsmeðferðin mundi brjóta í bága við íslensk lög.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að verða skuli við beiðnum um yfirheyrslu vitna eða sérfræðinga í gegnum síma eða með myndfundi eftir því sem unnt er. Yfirheyrsla í gegnum síma skuli þó einungis leyfð ef viðkomandi vitni eða sérfræðingur samþykkir. Þetta nýmæli um yfirheyrslur í gegnum síma eða myndfundi er í samræmi við ákvæði samningsins.

Virðulegi forseti. Við samningu frumvarpsins var haft samráð við samgönguráðuneytið vegna ákvæða fyrrgreinds samnings um hleranir og var kannað hvort þau kölluðu á breytingar á lögum um fjarskipti. Reyndist svo ekki vera, a.m.k. ekki að svo stöddu. Í 19. gr. samningsins er að finna ákvæði um gagnkvæmar skyldur aðildarríkjanna í tengslum við hlerun fjarskipta sem fara um gervihnattasambönd, samanber umfjöllun á bls. 6 í frumvarpinu. Markmið 19. gr. er að bregðast við þeim aðstæðum þegar aðildarríki hyggst hlera símtal einstaklings sem staddur er á yfirráðasvæði þess en sjálft samtalið fer um svokallaða gátt sem staðsett er í öðru ríki. Engin gátt er hér á landi og ekki munu vera líkur til að svo verði í náinni framtíð. Ekki er því talin þörf á lagabreytingu vegna fyrrnefndrar 19. gr. að svo stöddu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, 1. umr.

Stjfrv., 669. mál (EES-reglur). — Þskj. 979.

[16:57]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í frumvarpinu er lagt til að reglugerð ráðsins (EB) nr. 2679/98 frá 7. desember 1998, um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna, verði tekin upp í íslenskan rétt en gerðin hefur verið felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir alvarlegar hindranir á frjálsum vöruflutningum milli aðildarríkjanna, svo sem vegna vegatálmana eða eyðileggingar á varningi. Í reglugerðinni er annars vegar mælt fyrir um skyldur aðildarríkjanna til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að fjarlægja slíkar hindranir og hins vegar komið á fót kerfi upplýsingaskipta á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar eða eftir atvikum Eftirlitsstofnunar EFTA ef slíkra hindrana verður vart.

Eins og fram kemur í greinargerð var upphaflega farin sú leið að innleiða reglugerðina með fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins til ríkislögreglustjóra. Það var gert á þeim grundvelli að rétt væri að ríkislögreglustjóri annaðist þær skyldur sem lagðar eru á íslensk stjórnvöld samkvæmt reglugerðinni, enda teldust þau tilvik sem reglugerðin fjallar um almennt til ólögmætra aðgerða. Auk þess gæfi forsaga reglugerðarinnar um þau tilvik sem undir hana féllu ekki tilefni til frekari aðgerða af hálfu íslenskra stjórnvalda. Eftirlitsstofnun EFTA gerði hins vegar athugasemd við þessa innleiðingu og taldi hana ekki fullnægjandi. Í ljósi þessa var kannað hvort unnt væri að fella reglugerðina inn í gildandi löggjöf. Þar sem reglugerðin tekur ekki aðeins til aðgerða sem lögregla getur þurft að grípa til verður hún ekki felld inn í lögreglulög, nr. 90/1996. Þá verður ekki séð að efni reglugerðarinnar eigi heima í öðrum gildandi lögum. Til að fullnægja 7. gr. EES-samningsins er því lagt til

að reglugerðin verði innleidd með sérstökum lögum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dómstólar og meðferð einkamála, 1. umr.

Stjfrv., 670. mál (dómstörf og kjör löglærðra aðstoðarmanna o.fl.). — Þskj. 980.

[17:00]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um dómstóla. Lögin eru frá árinu 1998 og hefur þeim aldrei verið breytt. Meginefni frumvarpsins lýtur að því að gera réttarkerfið skilvirkara með því að veita aðstoðarmönnum dómara auknar heimildir. Auk þess eru lagðar til breytingar á lögunum sem tímabærar þykja.

Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að dómstjóra héraðsdómstóls verði veitt heimild til að fela löglærðum aðstoðarmönnum héraðsdómara að fara með dómstörf að ákveðnu afmörkuðu leyti, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Hér er rétt að leggja áherslu á að um er að ræða heimild til dómstjóra en ekki skyldu og getur dómstjóri ákveðið, ef hann svo kýs, að nota heimildina aldrei. Eins og lögum er í dag skipað er aðstoðarmönnum ekki heimilt að fara með mál í eigin nafni heldur verður héraðsdómari sjálfur að ljúka þeim og á sína ábyrgð. Meginfjöldi þeirra dómsmála sem héraðsdómstólunum berast á hverju ári eru svonefnd útivistarmál, þ.e. mál þar sem þing er ekki sótt af hálfu stefnda eða þingsókn hans fellur niður áður en greinargerð er skilað af hans hálfu og dómur er lagður á málið eftir þeim gögnum sem stefnandi hefur lagt fram. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er dómstjóra m.a. heimilað að fela aðstoðarmanni að ljúka slíku máli endanlega í sínu nafni og ábyrgð. Með því móti sparast tími héraðsdómarans, auk þess sem niðurstaða málsins er í nafni þess sem í raun vann að málinu. Sama má segja um aðra möguleika sem dómstjóra eru opnaðir til að fela aðstoðarmanni einstök dómstörf; þeir eru til þess fallnir að létta verulega vinnuálagi af héraðsdómurum, sem þar með gefst aukinn tími til að sinna því hlutverki að leggja dóm á munnlega flutt mál, hvort sem þau eru einkamál eða opinber mál.

Þá er lagt til í frumvarpinu að dómurum, og þá eftir atvikum aðstoðarmönnum, verði heimilað að fallast með áritun á kröfu um staðfestingu lögveðréttar í útivistarmáli. Samkvæmt núgildandi reglum laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, verður að semja dóm í þeim málum þar sem fallist er á slíka kröfu en form þessara dóma hefur verið staðlað. Yrði af þessari breytingu töluverður vinnusparnaður fyrir héraðsdómstólana. Þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fela megi aðstoðarmönnum dómara ákveðin dómstörf er lagt til að starfsöryggi þeirra verði tryggt og að kjör þeirra verði ákveðin af kjaranefnd.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir nýmæli um birtingu dóma Hæstaréttar, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Heimilt verði að birta dóma á netinu sólarhring eftir uppkvaðningu hans en ekki samdægurs eins og verið hefur. Er frestinum ætlað að tryggja að málsaðilar fái hæfilegt ráðrúm til að kynna sér efni dómsins áður en hann verður gerður opinber á netinu. Þó að æskilegt sé að almenningur og fræðimenn hafi tök á að nálgast dóma Hæstaréttar, sem vegna fordæmisgildis geta augljóslega haft þýðingu fyrir aðra en málsaðila, þykir sem engum veigamiklum hagsmunum sé fórnað þó að almennri birtingu, aðgengilegri í sérhverri nettengdri tölvu, sé frestað um sólarhring. Það er hins vegar tillitssemi við aðila málsins, sem auðvitað dómurinn varðar mestu, að fá svolítinn tíma til þess að kynna sér efni hans eftir atvikum í samráði við lögmann sinn. Sérregla gildi um úrskurði sem kveðnir eru upp í þágu rannsóknar lögreglu, en þeir hafa iðulega að geyma upplýsingar um málavexti sem ekki þykir rétt að verði gerðar opinberar strax að úrskurði gengnum. Hafa verður í huga að upplýsingarnar lúta iðulega að málum sem enn eru til rannsóknar.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir banni við myndatökum og öðrum upptökum í dómhúsum, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Undanskildar eru þær upptökur sem fara fram á vegum dómstólsins sjálfs og eru þar hafðar í huga þær upptökur sem eðlilegar eru við rekstur dómstólsins, svo sem hljóðritun á framburði vitna og hefðbundin notkun öryggismyndavéla. Þá er rétt að undirstrika að gert er ráð fyrir því að dómstjóri geti heimilað myndatökur og aðrar upptökur í einstök skipti enda sé þess gætt að myndatökum og upptökum verði ekki beint að aðilum dómsmáls án þeirra samþykkis. Eru þetta að nokkru leyti sambærilegar reglur og í dönskum og norskum réttarfarslögum en hér er þó gengið skemmra en Danir og Norðmenn hafa ákveðið að gera því að þar eru einnig bannaðar myndatökur af sakborningum til eða frá þinghaldi. Nánar er fjallað um þetta í athugasemdum með 6. gr. frumvarpsins.

Í fjórða lagi hefur frumvarpið að geyma ákvæði er auka sjálfstæði dómara gagnvart dómstjóra, sbr. 4. gr. frumvarpsins, og koma í veg fyrir að dómari verði gegn vilja sínum ávallt settur í sama málaflokkinn, t.d. sakamál.

Í frumvarpinu er loks lagt til að hlutverk dómstólaráðs til þess að koma fram í þágu héraðsdómstólanna sameiginlega gagnvart almenningi verði aukið og heimilt verði að ráða sérstakan fulltrúa sem sinni samskiptum við fjölmiðla og aðra sem leita eftir sértækum upplýsingum sem varða málefni dómstólanna.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[17:05]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Hér erum við að ræða frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla og á lögum um meðferð einkamála.

Fyrsta atriðið sem mig langar að tæpa á hér við 1. umr. er hið aukna hlutverk aðstoðarmanna héraðsdómara. Hér er svo sannarlega verið að bæta við hlutverk aðstoðarmanna héraðsdómara og segja má að þetta sé mjög efnismikil

breyting, hún mun strax snerta viðkomandi mál eftir að þetta frumvarp verður samþykkt. Það ber einnig að vekja sérstaklega athygli á því að þetta frumvarp gerir ráð fyrir að aðstoðarmenn geti lokið málum endanlega og það er nýmæli. Að sama skapi verða aðstoðarmenn dómara einnig með heimild til að úrskurða um gæsluvarðhald. Í eðli sínu er gæsluvarðhald mjög róttækt rannsóknarúrræði. Eðli málsins samkvæmt er um að ræða saklausan mann sem settur er í fangelsi tímabundið vegna rannsóknarhagsmuna. Það er gert ráð fyrir að aðstoðarmenn geti þá úrskurðað um slík úrræði.

Þetta aukna hlutverk aðstoðarmanna héraðsdómara er réttlætt í greinargerð með ýmsum rökum og má þar nefna að þetta á að auka hagræði og skilvirkni. Þá kemur að því hagsmunamati sem við stöndum alltaf frammi fyrir, þ.e. aukið hagræði og skilvirkni eða jafnvel sparnaður versus réttaröryggi. Við þurfum alltaf að hafa þetta í huga. Við sjáum að í greinargerð þessa frumvarps er einnig vísað í að hið nýja fyrirkomulag muni fela í sér tímasparnað fyrir dómara og spara fjármuni. Við munum að sjálfsögðu skoða þetta vel og vandlega í allsherjarnefnd, ég ætla ekki að fella dóm hér við 1. umr. um hvort þetta sé skynsamlegt eða ekki. Þetta er breyting sem við þurfum að skoða og ég er opinn fyrir því. En við sjáum líka að með þessu aukna hlutverki aðstoðarmanna héraðsdómara verður þetta kerfi hugsanlega svolítið þunglamalegt í ljósi þess að einungis verður hægt að segja aðstoðarmanni héraðsdómara upp með dómi, sbr. 5. gr. Það er að sjálfsögðu til að tryggja sjálfstæði viðkomandi aðstoðarmanns vegna hans nýja og aukna hlutverks. Það má alveg velta því fyrir sér hvort kerfið verði eitthvað þunglamalegt en á móti kemur, sem er mjög mikilvægt, að þessir aðstoðarmenn vegna sinna auknu valdheimilda verða að öllu leyti sjálfstæðir. Ég sé að kjör þeirra eiga m.a. að vera ákveðin af kjaranefnd og væntanlega kjararáði eftir að það frumvarp verður samþykkt sem við ræddum fyrr í dag.

Þetta er mjög áhugaverð breyting. Í 2. gr. frumvarpsins er líka breyting sem gerir ráð fyrir að fresta birtingu dóma Hæstaréttar. Við 1. umr. vil ég lýsa efasemdum um þessa breytingu. Við sjáum að í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins stendur varðandi þetta ákvæði að gert sé ráð fyrir nýmæli við birtingu dóma Hæstaréttar en að nauðsynlegt þyki að setja í lög nýjar reglur í ljósi þeirra venja sem skapast hafi í tækniváðingu undanfarinna ára og heimilt verði að birta dóm á netinu sólarhring eftir uppkvaðningu en ekki samdægurs eins og verið hefur. Hér segir, með leyfi forseta:

„Er frestinum ætlað að tryggja að málsaðilar fái hæfilegt ráðrúm til að kynna sér efni dómsins áður en hann verður gerður opinber á netinu. Eðlilegt er að þessir hagsmunir málsaðila gangi framar hagsmunum almennings til þess að kynna sér efni dómsins."

Þetta veltir aftur upp spurningum varðandi hagsmunamat, þarna vegast tvenns konar hagsmunir á. Við þessa umræðu vil ég lýsa smáefasemdum við þetta nýmæli. Það er spurning hvort niðurstaða dómsins eða sjálfur dómurinn muni ekki jafnvel spyrjast út áður og þá til einstakra fjölmiðla en ekki til allra. Sumir fjölmiðlar gætu þá átt betri aðgang að dómnum, ef hægt er að fá dóminn frá málsaðilum, á meðan aðrir fjölmiðlar sitja ekki við sama borð hvað það varðar.

Einnig er hætta á að út spyrjist einhvers konar afbökuð útgáfa af niðurstöðu dómsins ef fjölmiðlar fá rangar upplýsingar um innihald dómsins þennan sólarhring sem hann er ekki opinber. Það er náttúrlega grundvallaratriði að hingað til hafa dómar verið birtir á sama hátt og lög og það hefur alltaf verið mjög ríkur þáttur í umfjöllun fjölmiðla um niðurstöður dómstóla að aðgengi þeirra að dómum sé hvað best. Við sjáum að umfjöllun fjölmiðla um niðurstöður dóma er mjög mikilvæg og hún skapar líka ákveðið aðhald og eftirlit með þessu þriðja valdi ríkisvaldsins.

Við höfum líka séð að þeir málsaðilar sem vilja ekki tjá sig strax eftir dómsuppkvaðningu geta sleppt því. Málsaðilar hafa nýtt sér það. Þess eru ítrekuð dæmi að fjölmiðlar rjúka til viðkomandi málsaðila eða lögmanna þeirra og vilji fá viðbrögð. Þá taka málsaðilar sér tíma til að skoða dóminn og segja eðlilega: Við viljum kynna okkur fyrst niðurstöðu dómsins áður en við tjáum okkur um hann. Ég sé því ekki alveg þann vanda sem þetta nýmæli á að bregðast við og ég er ekki alveg viss um að það nái því markmiði sem stefnt er að. Ég sé ekki að þetta sé vandamál í dag og ég sé ekki heldur að þetta sé rökstutt í greinargerð með mjög sterkum rökum. Ég hef því efasemdir um þetta.

Ég hef einnig efasemdir varðandi 6. gr. sem lýtur að banni á myndatökum í dómhúsi. Það er allt í lagi að það komi fram við 1. umr., svo skoðum við þetta bara í allsherjarnefndinni hægt og rólega.

Í athugasemdum um 6. gr. stendur í frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir nýmæli um bann við myndatökum og öðrum upptökum í dómhúsum. Undanskildar eru þær upptökur sem fara fram á vegum dómstólsins sjálfs, og eru þar hafðar í huga þær upptökur sem eðlilegar eru við rekstur dómstólsins, svo sem hljóðritun á framburði vitna og hefðbundin notkun öryggismyndavéla. Þá er gert ráð fyrir því að dómstjóri geti heimilað myndatökur og aðrar upptökur í einstök skipti með nánar greindu skilyrði, og er þar átt við upptökur er ekki snerta aðila dómsmáls, sem eru í dómhúsinu vegna málsins. Má hér hugsa sér myndatöku vegna almennrar fréttar um dómstólinn eða viðtals við dómara og svo framvegis.

Mjög hefur færst í vöxt að reynt sé að ná myndum af aðilum og vitnum í dómsmáli þegar þeir sinna erindum sínum í dómhúsum. Einkum á þetta við um sakborninga í opinberum málum. Þá er alkunna að þetta er mjög fallið til þess að valda þeim, einkum hinum síðastnefndu, ama og óþægindum. Hafa sakborningar af þessum sökum mjög freistað þess að hylja andlit sín er þeir ganga í dómsal. Á síðustu árum hefur jafnvel verið tíðkað að beina myndavélum inn í dómsali þegar dyr eru opnaðar á meðan á þinghaldi stendur, svo sem þegar nýtt vitni gengur í salinn. Hefur reynslan sýnt að í þeim tilfellum hefur hinn ákærði iðulega freistað þess að hylja andlit sitt einnig við þau tækifæri. Leiðir það aftur til þess að hinn ákærði þarf jafnan að hafa vara á sér að þessu leyti á meðan á þinghaldinu stendur, í stað þess að einbeita sér að málsvörn sinni. Þykir þessi aðstaða vera til þess fallin að auka á ójafnvægi málsaðila."

Við sjáum að markmiðið með þessu nýmæli í frumvarp-

inu er að draga úr óþægindum málsaðila. En það má velta því fyrir sér hvort það úrræði sem hér er boðið upp á nái því markmiði. Í staðinn fyrir að myndir séu teknar af aðilum í dómhúsinu má sjá fyrir sér að þær verði einfaldlega teknar þegar þeir ganga í dómhúsið. Þá er spurning hvort við náum því markmiði sem hér er stefnt að — þetta er í sjálfu sér róttæk aðferð sem nær kannski ekki að virka í ljósi þess hvernig fjölmiðlamenn kunna að bregðast við. Það er þá spurning hvort við eigum að fara þessa leið.

Blaðamenn hafa lýst efasemdum um þessi nýju úrræði, bæði varðandi frestun á birtingu dóma Hæstaréttar og bann við myndatökum. Þegar um er að ræða starfsemi fjölmiðla, og sérstaklega þegar með einhverjum hætti er verið að hefta starfsemi þeirra, þurfum við að fara mjög varlega. Það er hægt að taka undir það sem formaður Blaðamannafélagsins sagði, að skoða þyrfti betur hvort þetta nái tilætluðum markmiðum. Hvað myndatökur varðar held ég að það verði erfitt í ljósi þess hvernig fjölmiðlar munu laga sig að þessum nýja raunveruleika, myndir verða einfaldlega teknar af viðkomandi á leið í dómhúsið. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að koma í veg fyrir það þar sem menn eru þá á almannafæri.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra en svona við 1. umr. lýsi ég a.m.k. efasemdum, sem við ræðum síðan betur í allsherjarnefnd, um 2. gr. og 6. gr. Við munum að sjálfsögðu skoða betur hið nýja hlutverk aðstoðarmanna héraðsdómara sem er mjög áhugavert. Það vekur upp ákveðnar spurningar en getur að einhverju leyti verið réttlætanlegt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 712. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 1048.

[17:16]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Frumvarpið er samið af Ragnheiði Bragadóttur prófessor og felur í sér endurskoðun á tilteknum ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, nánar tiltekið á ákvæðum um eftirtalin brot:

Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, 194.–199. gr., sbr. 205. gr. laganna. Kynferðisbrot gegn börnum, 200.–202. gr., sbr. 204. gr. laganna og vændi, 206. gr. laganna.

Ég ákvað vorið 2005 að beita mér fyrir endurskoðun fyrrgreindra ákvæða á grundvelli umræðu þeirrar sem orðið hafði um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og kynbundið ofbeldi. Má m.a. nefna að hinn 21. mars 2005 barst dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bréf aðgerðahóps gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi með tillögum að úrbótum við gerð heildstæðrar aðgerðaáætlunar gegn slíku ofbeldi. Viðamestur er kaflinn þar sem kynnt eru ýmis sjónarmið og lagðar til breytingar er tengjast réttarkerfinu. Þar er sérstaklega vikið að kynferðisbrotakafla hegningarlaga.

Í ljósi þessa og vegna óska sem lagðar voru fram af hálfu frjálsra félagasamtaka um að fá að koma að sjónarmiðum um frumvarpið ákvað ég að hafa sérstakan hátt á aðdraganda þess að frumvarpið yrði tekið til umræðu hér á Alþingi.

Hinn 14. febrúar 2006 var frumvarpið lagt fyrir ríkisstjórn til kynningar. Jafnframt var það kynnt opinberlega og birt á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins þar sem gefinn var kostur á að koma á framfæri athugasemdum við það áður en það yrði lagt fyrir Alþingi. Einnig var haldin málstofa í lagadeild Háskóla Íslands hinn 3. mars síðastliðinn þar sem höfundur frumvarpsins ræddi efni þess. Var sú málstofa vel sótt.

Tvær skriflegar umsagnir bárust um frumvarpið innan þess frests sem gefinn hafði verið í kynningarferlinu, önnur frá Samtökum um kvennaathvarf og hin frá Atla Gíslasyni hæstaréttarlögmanni. Voru þær sem og aðrar ábendingar um efni frumvarpsins athugaðar gaumgæfilega og tekið mið af þeim eins og unnt var.

Þriðja umsögnin barst síðan eftir að tekin hafði verið ákvörðun um efni frumvarpsins en það var umsögn frá Mannréttindaskrifstofu Íslands og mun hún verða áframsend til allsherjarnefndar ásamt hinum umsögnunum.

Umsagnirnar eru til stuðnings frumvarpinu. Í þeim er að finna ábendingar sem eðlilegt er að skoðaðar séu, en umsagnaraðilar fagna þessu frumvarpi.

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í erindisbréfi mínu til Ragnheiðar Bragadóttur tel ég miklu skipta að við endurskoðun á fyrrnefndum ákvæðum í kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga verði byggt á traustum refsiréttarlegum grunni og tekið mið af alþjóðlegri þróun á þessu sviði auk íslenskrar lagahefðar. Þetta tel ég hafa tekist vel í því frumvarpi sem hér er til umræðu.

Frumvarpið byggist eins og fram kemur í almennum athugasemdum í fyrsta lagi á rannsóknum höfundar, bæði á löggjöfinni sjálfri og framkvæmd hennar. Til þeirrar rannsóknar telst könnun á dómum Hæstaréttar á þessu sviði undanfarna áratugi. Í öðru lagi var gerð könnun á löggjöf um kynferðisbrot í öðrum löndum. Í þriðja lagi var byggt á upplýsingum sem fram koma í ýmsum félagsfræðilegum og afbrotafræðilegum rannsóknum og gögnum og loks leitaðist höfundur við að kynna sér reynslu ýmissa aðila sem starfað hafa með þolendum brotanna.

Ljóst er að ákaflega vönduð vinna liggur að baki þessu frumvarpi af hálfu Ragnheiðar Bragadóttur prófessors. Gerir hún þeim tillögum sem fram koma í frumvarpinu ítarleg skil í greinargerð með frumvarpinu og vil ég vísa til þeirrar greinargerðar því þar er mikinn fróðleik að finna.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru eftirtalin:

Lagt er til að hugtakið nauðgun verði rýmkað mjög frá því sem nú er, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að önnur kynferðisnauðgun, nú 195 gr. hegningarlaganna, og misnotkun á bágu andlegu ástandi og því að þolandi getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, nú í 196. gr. laganna, teljist nauðgun. Við það munu þessi brot varða mun þyngri refsingu en nú er, eða fangelsi frá 1 ári og allt að 16 árum í stað fangelsis allt að 6 árum.

Þá er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að lögfest verði ákvæði um nokkur atriði sem verka skuli til þyngingar við

ákvörðun refsingar fyrir nauðgun. Það á við ef þolandi er barn yngra en 18 ára, ef ofbeldi geranda er stórfellt eða ef brotið er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt.

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögfest verði almennt ákvæði um refsiábyrgð vegna kynferðislegrar áreitni.

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði ákvæði um ítrekunaráhrif þannig að ítrekunartengsl verði á milli allra kynferðisbrotanna. Fyrra kynferðisbrot getur þá leitt til refsihækkunar ef dómþoli gerist sekur um kynferðisbrot að nýju.

Þá er í frumvarpinu lagt til að refsing fyrir samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára verði þyngd og verði refsimörkin hin sömu og fyrir nauðgun, þ.e. fangelsi frá 1 ári og allt að 16 árum, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Með því er lögð áhersla á hve alvarleg þessi brot eru þegar þau beinast gegn börnum og teljast þá nauðgun og kynmök við börn yngri en 14 ára alvarlegustu kynferðisbrotin í stað nauðgunar einnar áður.

Í 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir heimild til refsilækkunar eða refsibrottfalls þegar sá sem gerist sekur um samræði eða önnur kynferðismök gagnvart barni yngra en 14 ára er sjálfur á svipuðum aldri og þroskastigi og barnið.

Virðulegi forseti. Lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að upphaf fyrningarfrests kynferðisbrota miðist við 18 ára aldur brotaþola en ekki 14 ára eins og nú er. Þá verði refsihámark fyrir kynferðislega áreitni gagnvart börnum hækkað þannig að brot gegn yngstu börnunum muni fyrnast á lengri tíma en samkvæmt núgildandi lögum.

Ég vek athygli á að samkvæmt gildistöku ákvæðis frumvarpsins mun ákvæði 1. gr. frumvarpsins, ef samþykkt verður, einnig gilda um brot sem framin eru fyrir gildistöku laganna enda sé fyrningarfrestur þeirra ekki hafinn. Þetta þýðir að fyrningarfrestur brots sem framið hefur verið fyrir gildistöku laganna gegn brotaþola undir 14 ára aldri byrjar ekki að líða fyrr en brotaþoli verður 18 ára. Ef brotaþoli er hins vegar við gildistöku laganna orðinn 14 ára og fyrningarfresturinn byrjaður að líða er miðað við að eldri reglur gildi um brot og er í þessu sambandi tekið mið af niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 32/2004.

Loks er lagt til í 12. gr. frumvarpsins að ákvæði 1. mgr. 206. gr. um refsingu fyrir að stunda vændi sér til framfærslu falli niður. Til að koma til móts við sjónarmið um að vændi geti við það orðið sýnilegra er lagt til að lögfest verði ákvæði um refsinæmi þess að bjóða fram, miðla eða óska eftir kynmökum við annan mann í opinberum auglýsingum.

Ekki er í frumvarpinu lagt til að vændiskaup verði gerð refsiverð og vísa ég í því sambandi til umfjöllunar í greinargerð með frumvarpinu á bls. 36–37 í hinni prentuðu útgáfu. Þar kemur fram að rannsóknir hér á landi bendi til að vændi sé ekki síst að finna meðal barna á aldrinum 13–18 ára. Þá sýna rannsóknir að stór hluti vændismarkaðarins hér sé neðan jarðar enda alkunna að götuvændi tíðkist hér tæpast. Aðstæður hér á landi séu því aðrar en í Svíþjóð þegar refsiákvæði um vændiskaup var lögfest þar. Ég er sammála þessu mati höfundar frumvarpsins og tel í raun fráleitt að ætla að beita hér ákvæðum í refsilögum við brotum af þessu tagi sem eru sett í reglur í Svíþjóð til að bregðast við ástandi þar sem við þekkjum ekki hér á landi.

Þann 17. febrúar síðastliðinn var skilað skýrslu starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi og fleira á Norðurlöndum og víðar. Var sú leið að gera kaup á vændi refsiverð skoðuð sérstaklega og má í skýrslunni finna ítarlega greinargerð um þau álitaefni sem þurfa að vera á borðinu þegar þetta mál er rætt. Nefndarmenn komust ekki að sameiginlegri niðurstöðu um hvort gera eigi vændiskaup refsiverð en eftir lestur skýrslunnar taldi ég rök þeirra sem mæla fyrir slíkri leið ekki sannfærandi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[17:26]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar í andsvari mínu að beina til hæstv. dómsmálaráðherra spurningu um vændið. Ég og hæstv. dómsmálaráðherra erum ekki sammála um hvaða leið eigi að fara eins og komið hefur fram. Við erum ekki sammála um hvernig megi túlka reynsluna í Svíþjóð hvað varðar þær breytingar sem gerðar voru þar.

En mig langar að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra út í siðferðisleg skilaboð í löggjöf. Ég held að flestir séu sammála um að oft felast ákveðin siðferðisleg skilaboð í löggjöf, ekki síst í hegningarlögunum. Ég held að ef við færum þá leið sem ég er fylgjandi, þ.e. að gera kaup á vændi refsiverð, værum við að senda út mjög mikilvæg siðferðisleg skilaboð. Við getum síðan deilt um hvort reynslan í Svíþjóð er góð o.s.frv. Við gerum það væntanlega hér á eftir í ræðum okkar.

En í þessu stutta andsvari langar mig að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann telji það vera siðferðislega rétt að geta keypt líkama manneskju með þeim hætti sem vændi er? Er ég þá eingöngu að tala um hin siðferðislegu skilaboð sem í því felast. Ég veit ekki hvort hann treystir sér til að afmarka sig við það vegna þess að það eru auðvitað kostir og gallar við sænsku leiðina. Ég geri mér grein fyrir því. En ég vil bara reyna að einskorða þetta við siðferðislegu skilaboðin, hvort hann telji það verá siðferðislega réttlætanlegt að við höfum löggjöf sem gerir ráð fyrir því að hægt sé að kaupa líkama annarrar manneskju til afnota.

[17:28]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þær þjóðir sem hafa svipuð ákvæði í lögum og við og lagt er til í þessu frumvarpi hér séu ekki á siðferðislega lægra stigi en Svíar þótt þeir hafi sett þetta ákvæði í sín lög. Að það sé ekki hægt að leggja þann dóm á þjóðir að þær standi lakar siðferðislega en Svíar þótt þær hafi ekki lögfest þessi ákvæði.

Svíar eru að lögfesta þetta út af sérstökum vanda í sínu landi út af því að þar var mansal orðið áberandi og götuvændi var orðið áberandi og þeir ákváðu að grípa til þessara ráðstafana í því skyni að sporna við þessum vanda. Þetta snýst ekki um að flokka þjóðir eftir einhverri siðferðislegri mælistiku þegar við ræðum þetta mál.

[17:29]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hæstv. dómsmálaráðherra hafi misskilið mig. Ég hef kannski ekki verið nógu skýr. Ég er ekki að tala um að hann meti siðferðisstig þjóða eða beri siðferðisstig Svía saman við siðferðisstig annarra þjóða.

Ég er eingöngu að leita eftir skoðun hæstv. dómsmálaráðherra, hvort hann telji það siðferðislega rétt að hægt sé að kaupa líkama fólks með þessum hætti? Hver er hans skoðun á hinum siðferðislegu skilaboðum sem í því felast að hafa löggjöf sem gerir ráð fyrir að hægt sé að kaupa líkama með þessum hætti?

Ég er ekki að kalla eftir mati hans á siðferðisstigi Svía eða annarra þjóða, eingöngu hans eigin skoðun á því hvort það sé siðferðislega réttlætanlegt eða ekki út frá hans eigin siðferði og út frá þeim skilaboðum sem við viljum senda út í okkar löggjöf.

[17:30]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það frumvarp sem ég flyt hér í dag samræmist fullkomlega siðferðiskennd minni og ég tel að ekki sé verið að brjóta í bága við siðferði með því að flytja þetta frumvarp.

[17:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég fagna framkomnu frumvarpi hæstv. dómsmálaráðherra um breyting á almennum hegningarlögum, þ.e. þeim kafla er varðar kynferðisbrot og vil leyfa mér að segja að það sé auðvitað löngu tímabært að sá kafli í hegningarlögunum sé endurskoðaður.

Hins vegar hef ég leyft mér að gagnrýna hæstv. ráðherra fyrir það á hvern hátt hann hefur staðið að vinnunni við að endurskoða kaflann. Ég hefði talið réttara að hæstv. ráðherra tæki tilboði þeirra aðila í kvennahreyfingunni sem hafa boðist til að leggja gjörva hönd á plóg í þessum efnum og hafa beinlínis boðist til að ljá ríkisstjórninni hjálparhönd og miðla af reynslu sinni í þessum efnum. Þar er um að ræða t.d. þá aðila sem hafa starfað hvað mest með fórnarlömbum kynferðisofbeldis. Ég tel að það fólk sé búið að sanna yfirburðaþekkingu sína á þessum málaflokki og að mínu mati hefði það sannarlega verið gefandi fyrir höfund frumvarpsins að fá að hafa til liðsinnis og aðstoðar allt það fólk sem hafði boðið hæstv. ráðherra hjálparhönd í þessum efnum og hafði lagt til að heildstætt yrði tekið á þessum málum og unnið á dýptina á þeim út frá reynslunni sem þetta fólk er búið að afla sér.

Þetta er ekki sagt til að kasta nokkurri rýrð á Ragnheiði Bragadóttur, sem samdi frumvarpið, sannarlega ekki, því kunnátta hennar í lögum er auðvitað óumdeild. Sjálf sótti ég fyrirlestur Ragnheiðar í háskólanum þann 2. mars síðastliðinn þegar hún gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum í þessu máli og skýrði út fyrir viðstöddum með rökum á hvern hátt hún hafi komist að þeim niðurstöðum sem hún kynnir í frumvarpinu.

En svo ég bæti nú aðeins við óskir mínar, þá hefði ég auðvitað talið mjög ákjósanlegt að við hefðum haft meiri tíma til að ræða þetta frumvarp, en treysti mér engu að síður til að segja að allsherjarnefnd kemur auðvitað til með að taka góða umfjöllun um málið jafnvel þó svo að það verði eflaust sett í einhvern brennipunkt og athugað hvort hægt sé að afgreiða það frá Alþingi í vor. Við eigum eftir að sjá hvort það tekst. En auðvitað vita þeir sem í þessum sal sitja að það er ekki langur tími til stefnu í þeim efnum.

Varðandi efnisatriði frumvarpsins þá langar mig að fara nokkrum orðum um þrjá þætti þess. Það er í fyrsta lagi um nauðgunarákæruna, í öðru lagi um fyrningarfrestinn og í þriðja lagi um vændisákvæðið.

Ég fagna því auðvitað að breytingin á 194. gr. skuli vera að ganga í garð. Það er margt mjög gott í þeirri breytingartillögu eða þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. En þó hef ég ákveðnar efasemdir og efasemdir mínar varðandi breytingar á 194 gr. lúta að verknaðarlýsingunni, þ.e. þeirri staðreynd að enn skuli vera inni sá veigamikli þáttur þegar nauðgunin er skilgreind að samkvæmt 1. mgr. er skilyrði það að ofbeldi eða hótun um ofbeldi sé beitt við verknaðinn.

Nú er það svo að upp á síðkastið hefur verið umdeilt mál á hvern hátt verknaðaraðferðin skipti máli við nauðgun. Staðreynd málsins er auðvitað sú að nauðgun er grafalvarlegur glæpur sem hefur mjög miklar og varanlegar afleiðingar fyrir fórnarlambið. Þær eru andlegar og þær geta verið líkamlegar. En þær þurfa ekki að vera líkamlegar og þessi ofbeldisþáttur eða hótun um ofbeldi þarf ekki endilega að vera til staðar þó svo að um nauðgun sé að ræða. Auðvitað tekur höfundur frumvarpsins það með í reikninginn í 2. mgr. þar sem viðurkennt er að það teljist einnig nauðgun og varði sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér fórnarlambið á einhvern hátt vegna sjúkdóms eða andlegrar fötlunar til að hafa við viðkomandi samræði eða önnur kynferðismök. Það er líka getið um að til ofbeldis teljist svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti. En í mínum huga hefði mátt vera hér til skoðunar, og ég legg til að það verði verulega vel skoðað í allsherjarnefndinni, hvort samþykki fyrir kynmökum geti verið eitthvert atriði sem við ættum að taka hér til umfjöllunar og hvort það sé á einhvern hátt möguleiki að koma því inn í þessa lagagrein, að allt samræði, öll kynferðismök sem höfð eru við einstakling sem ekki hefur gefið samþykki sitt sé í raun nauðgun.

Þetta lýtur að því sem kallað hefur verið kynfrelsi kvenna og það er í raun og veru nýtt hugtak í þessum fræðum, að tala um kynfrelsi kvenna. En það byggir einmitt á þessari hugmyndafræði að öll kynferðismök og allt samræði þegar ekki liggur fyrir samþykki sé í raun nauðgun. Atli Gíslason, varaþingmaður minn hér á Alþingi, hefur fjallað um þessi mál í nokkrum blaðagreinum upp á síðkastið og mig langar að vitna hér til greinar sem hann skrifaði í Morgunblaðið fyrir skemmstu, þ.e. hinn 19. febrúar 2006, eftir að Ragnheiður Bragadóttir hafði kynnt þetta frumvarp. Atli hefur talað um sömu grein og ég geri hér að umtalsefni og hann segir í grein sinni, með leyfi forseta:

„Hér er sem fyrr lögð megináhersla á verknaðaraðferðina en grafalvarlegar og varanlegar andlegar afleiðingar nauðgana skipta minna máli. Er efnisleg breyting hvað verknaðaraðferðina varðar næsta lítil frá gildandi nauðgunarákvæði. Er það reyndar staðfest í efnismikilli greinargerð

með frumvarpinu þar sem meðal annars er tekið fram að eldri dómar í nauðgunarmálum hafi áfram fordæmisgildi varðandi refsinæmi háttseminnar. Það vekur athygli að í greinargerðinni er engu að síður staðhæft að með frumvarpinu sé dregið úr núgildandi áherslu á verknaðaraðferðir og meginákersla lögð á að með nauðgun fari fram kynmök án samþykkis. Hvað sem þeim ummælum líður er deginum ljósara af orðalagi frumvarpsgreinarinnar að nauðgun telst ekki framin nema beitt hafi verið ofbeldi eða hótunum. Verknaðarlýsingin er allt of þröng og áherslan röng. Hafi átt að leggja meginákerslu á að kynmök án samþykkis feli í sér nauðgun ber nauðsyn til að umorða ákvæðið þannig að það taki ótvírætt til allra nauðgunartilvika. Segja hreinlega að hver sem hefur kynmök við mann án samþykkis gerist sekur um nauðgun. Það orðalag samræmist 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs. Orðalag frumvarpsgreinarinnar gerir það ekki. Það gerir kynfrelsi kvenna lægra undir höfði en til að mynda friðhelgi bréfa og húsa. Samkvæmt hegningarlögum varðar það refsingu að hnýsast í bréf eða ryðjast inn í hús. Refsað er ef samþykki liggur ekki fyrir. Framanritað sjónarmið og fleiri hef ég rökstutt ítarlega í grein í Morgunblaðinu 12. desember 2005."

Frú forseti. Ég tek undir þessi sjónarmið Atla Gíslasonar, lögmanns, og tel að þau komi til umfjöllunar hjá allsherjarnefndinni þegar málið verður tekið fyrir þar.

Varðandi fyrningarfrestinn sem er annað atriði sem mig langar að gera að umtalsefni hér og í því máli hef ég snúist í ótal hringi. Ég hef verið stuðningsmaður þess frumvarps sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hefur lagt hér fram Alþingi um að fyrningarfrestur í kynferðisbrotum gegn börnum verði afnuminn. Ég hef verið stuðningsmaður þess og tel það vera réttlætissjónarmið að slíkt ákvæði næði fram að ganga, að þessi frestur yrði afnuminn. En svo hef ég skoðað hug minn og ég hef hlustað á Ragnheiði Bragadóttur og fleiri sérfræðinga sem fjallað hafa um þessa fyrningarfresti. Það er kannski komið þar í sögu minni í þessum efnum að ég er tilbúin til að sætta mig við ákveðin rök í þessu frumvarpi, sem hér koma fram, í frumvarpi Ragnheiðar Bragadóttur og í greinargerð hennar þar sem hún rökstyður hvers vegna hún fer ekki út í að afnema fyrningarfrestinn heldur að lengja hann með þeim hætti sem lagt er til.

Með þeirri lengingu sem hún leggur til í frumvarpinu erum við að tala um að fyrningarfrestur í svona brotum verði talsvert annar en hann er í dag, þ.e. að vægustu brotin yrðu þá fyrnd þegar fórnarlambið er 23 ára gamalt og alvarlegustu brotin væru fyrnd þegar fórnarlambið væri orðið 33 ára gamalt. Ég verð að segja að alltaf þegar ég horfi á þessi ártöl og þessar tölur þá fæ ég efasemdir. Ég hef sjálf reynslu af að hafa hitt konur sem mjög seint á ævinni eru að koma fram með áföll sín tengd svona brotum, og jafnvel eftir 33 ára aldur, þannig að ég held að hér sé þó um verulega úrbót að ræða því sambærilegur aldur miðað við lögin eins og þau eru í dag, er 29 ára. Þannig að þegar fórnarlömb alvarlegustu brotanna eru orðin 29 ára í dag, þá er málið fyrnt. Þetta yrði 33 ára, ef mér reiknast rétt til samkvæmt frumvarpi því sem hér liggur fyrir.

Eins og ég segi er ég opin fyrir því að ræða þessi mál og skoða hug minn í þessum efnum. Ég get svo sem ekki fullyrt neitt um það hér hvort verður ofan á í mínum huga, þ.e. hvort rétt sé að afnema fyrningarfrestinn alveg eða að fara þá leið sem hér er lögð til eða einhverja enn aðra leið sem gæti þá orðið samkomulagsatriði í hv. allsherjarnefnd.

Að lokum, frú forseti, varðandi vændisákvæðið þá er það mál sem ég hef borið fyrir brjósti og ég hef oftar en einu sinni, eins og hv. þingheimi er kunnugt, flutt hér mál sem lúta að þessari sænsku leið sem hæstv. ráðherra hefur ekki verið sáttur við, eða sammála. Í ræðu hans hér áðan eða þannig má skilja mál hans, frú forseti, þá segir hann svo frá þessari sænsku aðferð, þ.e. að gera kaup á vændi refsivert, að Svíar hafi einungis innleitt þetta ákvæði til að taka á götuvændi og því mansali sem var orðið verulegt vandamál í Svíþjóð.

Þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra. Svíar settu þetta ákvæði í lög í gegnum mjög yfirgripsmikla vinnu, það var jafnréttisvinna eða kvenfrelsisvinna sem sett var af stað og er í raun og veru hluti af risastórum lagabálki sem ber heitið „Kvinnofrid" og kemur inn á gríðarlega marga þætti, margar lagabreytingar sem varða ofbeldismál og kynbundið ofbeldi. Mergurinn málsins er nefnilega sá að Svíar hafa skilgreint vændi sem ofbeldi, kynbundið ofbeldi. Það var til þess að taka á því ofbeldi sem vændi er og viðgengst í vændi sem Svíar settu þetta ákvæði. Þannig að hæstv. ráðherra hefur ekki rétt fyrir sér og hann er faktískt að veikja undirstöðu Svíanna undir þetta ákvæði þegar hann heldur því fram hér að það hafi einungis verið sett til að taka á götuvændi og mansali.

Hins vegar hefur aðgerðin reynst afar öflug til að taka á götuvændi og mansali. Því bæði eru sýnileg merki um það í Svíþjóð og þau mjög skýr, að götuvændi hefur minnkað umtalsvert, nánast má segja að í Stokkhólmi heyri það sögunni til og það sem er til staðar er a.m.k. það viðráðanlegt og á það afmörkuðu svæði að það er ekki einu sinni Gamla gatan sem menn þekktu sem þá götu sem menn og konur buðu blíðu sína, heldur er í hæsta lagi hægt að segja að um ein gatnamót sé að ræða þar sem lögreglan þarf að skipta sér af því að götuvændi sé til staðar.

Varðandi þá hugmynd sem hér er lögð fram og hæstv. ráðherra styður, þ.e. að það skuli afnumið það refsinæmi sem gilt hefur í lögum hingað til að þeir sem leiðast út í að selja vændi teljist ekki lengur fremja refsinæman verknað. Það er sannarlega af hinu góða og ég lýsi stuðningi við að það ákvæði skuli sett fram með þeim hætti. Hins vegar vil ég meina að full efni standi til að við Íslendingar leiðum í lög þessa sænsku aðferð. Ég tel að þótt ekki væri nema til að gefa þá yfirlýsingu sem sænska ríkisstjórnin þorði að gera á sínum tíma að vændi sé óásættanlegt og það sé ofbeldi, í því felist ofbeldi, kynbundið ofbeldi í langflestum tilfellum. Það er í mínum huga mjög nauðsynlegt.

Í lok máls míns vil ég gera að umtalsefni skýrslu starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi og hæstv. ráðherra nefndi. Sjálf átti ég sæti í þessum starfshópi og ásamt hv. þm. Jónínu Bjartmarz og Ágústi Ólafi Ágústssyni skilaði ég lokaorðum eða niðurstöðum af þeirri vinnu. Ég vil taka fram að ég var ekki alls kostar sátt við niðurlag vinnunnar þar sem frumvarp Ragnheiðar Bragadóttur var kynnt, gott ef ekki var bara nánast sama dag eða daginn eftir að við höfðum skilað af okkur þessari vinnu vændis-

nefndarinnar. Ég hafði auðvitað séð fyrir mér að það gæti orðið meiri umræða um þessa vændisskýrslu en raun bar vitni. Hún var í sjálfu sér kæfð með því að hæstv. ráðherra lagði fram þetta frumvarp þar sem niðurstaða hans í málinu var kunngjörð án þess að hann færi í að kynna sér vinnu nefndarinnar eða niðurstöður þeirra aðila sem störfuðu í nefndinni.

En við þessir þrír þingmenn sem ég nefndi áðan áttum sameiginleg lokaorð í skýrslunni. Við erum þeirrar skoðunar að það eigi að breyta almennum hegningarlögum í þá veru að refsiábyrgðin vegna vændis sé færð af þeim sem neyðast til að selja aðgang að líkama sínum og yfir á þá sem búa til eftirspurnina, þ.e. yfir á kaupendurna. Við teljum einnig að það sé brýnt, þar sem margt bendir til að vændi sé vaxandi vandamál á Íslandi, og nefni ég bara vændisskýrslu dómsmálaráðherra frá 2002 máli mínu til staðfestingar, og því mjög tímabært að grípa til aðgerða. Við teljum að það þurfi að gefa gaum að tengslum vændis og mansals. Við teljum óraunhæft að ætla annað en að þeir sem stunda mansal horfi ekki síður til Íslands en annarra Norðurlanda sem markaðssvæðis og ég tel að við höfum vísbendingar í þá veru. Þótt enn hafi enginn verið sóttur til saka eða sannanlega verið upplýst um einhver slík brot hér á landi þá þykir mörgum þeirra sem vel þekkja til og hafa tjáð sig um málin á þessu sviði, að óforsvaranlegt sé að afneita því að viðskiptanet þeirra glæpasamtaka sem stunda mansal vítt og breitt um álfuna teygi sig hingað til Íslands. Mér finnst fólk loka augunum fyrir því að hér á Íslandi séu áberandi vísbendingar um að mansal sé til staðar. Við þekkjum öll fréttir Dagblaðsins sem hafa verið í sviðsljósinu síðustu daga. Ég spyr, hvað er það annað en vísbendingar um að mansal teygi anga sína hingað?

Hvers vegna er þá ekki réttlætanlegt að fara að með sama hætti og Svíarnir, að gera kaup á vændi refsivert og gera kaupendurna ábyrga? Nú er það svo að þeir einstaklingar sem leiðast út í vændi eru í langflestum tilfellum, eftir því sem þær rannsóknir sem ég hef kynnt mér sýna, á einhvern hátt fórnarlömb aðstæðna. Fórnarlömb mögulegrar misnotkunar á yngri árum eða fórnarlömb fátæktar eða annarrar félagslegrar aðstöðu sem er ekki sem skyldi og fleira mætti telja í þeim efnum.

Hæstv. forseti. Þegar öllu er á botninn hvolft tel ég hér fullt efni til langra umræðna um þetta mál. Ég geri ráð fyrir og vona að hv. alþingismenn taki málið til gaumgæfilegrar skoðunar. Ég veit að það koma til með að verða frjó og mikil skoðanaskipti og ég vona sannarlega að hv. formaður nefndarinnar sýni nú þann dug sem hann hefur sýnt í vinnu við önnur erfið mál hér í vetur, að opna á alla möguleika til breytinga. Því ég tel að við getum gert betur en þetta frumvarp segir til um.

Ég tel að svo mæltu, frú forseti, að málið sé í góðum höndum í allsherjarnefndinni, en eins og ég segi, treysti því að á því verði gerðar góðar breytingar í meðförum nefndarinnar.

[17:49]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Hér er verið að ræða um breyting á almennum hegningarlögum. Mig langar að nota tímann sem best og vinda mér í það sem ég er ekki sáttur við í þessu frumvarpi. Í fyrsta lagi er ég ekki sáttur við þá leið sem er farin í vændismálunum.

Ég sat í starfshópi ásamt öðrum þingmönnum á vegum dómsmálaráðuneytisins á sama tíma og þetta frumvarp var kynnt. Ég var hluti af þeim starfshópi sem komst að annarri niðurstöðu en hér er boðið upp á.

Hér er um að ræða frumvarp sem heimilar sölu á vændi. Nú þegar, samkvæmt núgildandi lögum eru kaupin leyfileg. Eftir að þetta frumvarp verður samþykkt er hér um að ræða háttsemi sem bæði verður leyfilegt að kaupa og selja. Með góðum rökum má því segja að hér sé verið að lögleiða vændi þó ekki sé leyfilegt að hafa milligöngu um það. Hins vegar verða kaupin leyfileg og sala verður leyfileg.

Í starfshópnum sem ég sat í komu m.a. fram áhyggjur lögreglumanna um að ef við færum þessa leið, þ.e. að heimila bæði söluna og kaupin, gætu ákveðnir erfiðleikar falist í því að reyna að ná í milligönguaðilann, dólginn sem við öll viljum reyna að ná í, sem er að nýta sér eymd annarra.

Í ljósi þess að við gerum bæði kaupandann og seljandann refsilausan verður kannski erfitt að ná í milligönguaðilann þar sem ekkert verður vitnið. Enginn hefur þá hag af því að koma fram og vitna gegn milligönguaðilanum. Þetta tel ég stóran galla. Að sama skapi tel ég þetta spurningu um siðferði. Eins og kom fram í andsvari mínu við hæstv. dómsmálaráðherra þá felast í löggjöf alls konar siðferðisleg skilaboð. Það er bara viðurkennt. Ég tel að það sé einfaldlega rangt að hafa löggjöf þannig að rétt verði og hægt að kaupa líkama manneskju með þeim hætti sem hér er verið að leggja til. Að sjálfsögðu er eðlismunur á viðskiptum með vörur og viðskiptum með fólk. Við verðum að finna þennan mun í hjarta okkar. Það er erfitt að sannfæra einhvern um þetta ef hann skynjar þetta ekki sjálfur. Ég held að það hefði verið miklu skynsamlegra, og það hefðu verið jákvæð og sterk skilaboð, að senda út í samfélagið að það sé einfaldlega rangt að kaupa manneskju með þeim hætti sem vændi er. Ég held að sama skapi að ef við gerum hlut kaupandans refsiverðan þá muni það draga úr eftirspurninni. Ég trúi því að mannskepnan sé í eðli sínu löghlýðin. Ef umhverfið gerir ráð fyrir að ákveðin háttsemi sé refsiverð, þ.e. kaupin, þá mun draga úr eftirspurninni. Og ef við drögum úr eftirspurninni þá drögum við úr framboðinu.

Ég held einnig að varnaðaráhrif slíkrar löggjafar yrðu mikil. Fram kom hjá starfshópnum, hjá prófessor sem samdi þetta frumvarp, að löggjöf hefur varnaðaráhrif, alls konar varnaðaráhrif. Ég held einmitt að ef við hefðum farið þá leið sem Svíar hafa farið, að gera kaupin refsiverð, þá hefðu varnaðaráhrifin verið mjög jákvæð.

Við þurfum að nálgast spurninguna um hver sé að brjóta á hverjum í þessu máli. Hver hefur valið? Það er kaupandinn sem hefur valið en ekki seljandinn. Kaupandinn er gerandi. Hann ákveður að kaupa líkama annarrar manneskju með þessum hætti. Aðstæður seljandans eru allt öðruvísi. Ég held að goðsögnin um hina hamingjusömu hóru sé einmitt það sem hún er. Hún er goðsögn. Ég held að hún sé ekki til staðar. Þó hægt væri að finna einhvern sem velur að selja líkama sinn með þessum hætti, hafi kosið það af fúsum og frjálsum vilja þá eigum við ekki að sníða löggjöf að

algjörum undantekningartilvikum. Ég er alveg sannfærður um að enginn leiðist út í vændi sjálfviljugur. Ég held að aðstæður vændisseljandans eigi að leysa með félagslegum úrræðum en ekki laga- og refsiúrræðum. Ég tel að vændissalan eigi að vera refsilaus og að við eigum að hjálpa viðkomandi aðila með félagslegum úrræðum. Ég held að sama skapi að með því að hafa þátt vændissalans refsilausan þá hjálpi það okkur að ná milligönguaðilanum því seljandi getur þá leikið stórt hlutverk við að ná dólgnum. Einnig tel ég að ef vændissalinn er refsilaus þá hjálpi það viðkomandi að brjótast út úr þeim vítahring sem vændið er, þ.e. leið hans að opinberum aðilum verður greið. Hann er ekki glæpamaður.

Við sjáum að núverandi löggjöf er mjög gölluð. Ísland er hið eina af Norðurlöndunum sem hefur svona löggjöf. Ekkert Norðurlanda nema Ísland hefur refsiábyrgð á vændisseljandanum og í okkar löggjöf í dag snýst aðalumræðan um það hvort það sé til framfærslu eða ekki. En þetta er mikill misskilningur hjá þeim sem bjuggu til þetta ákvæði í núgildandi lögum því alvarleikinn felst ekki í fjárlagslegum hagsmunum. Hann felst í allt öðrum hagsmunum. En til að sýna anda þeirra ákvæða sem nú eru í gildi má rifja það upp að til ársins 1992 var vændi í þeim kafla almennra hegningarlaga sem fjallaði um framfærslu og atvinnuhætti. Ég tel því að við ættum að færa refsiábyrgðina þangað sem hún á heima. Hún á heima hjá kaupandanum en ekki refsisalanum.

Heyrst hafa nokkrar röksemdir gegn því að fara sænsku leiðina, m.a. sú að vændið muni færast neðan jarðar. Ég spyr á móti. Er ekki vændið nú þegar neðan jarðar? Hver verður breytingin? Að sama skapi hefur verið bent á að hugsanlega verði hinir verri kúnnar, ef svo má kalla, eftir. Ég sjá ekki hvernig það geti orsakað að einhverjir verri aðilar standi eftir færum við sænsku leiðina. Fyrir mér er aðalatriðið að draga úr eftirspurninni og um leið úr framboðinu. Við eigum að útrýma markaðnum. Við eigum að búa til þannig umgjörð að færri líta á það sem neyðarúrræði að stunda vændi vegna þess að það verður ekki markaður fyrir það.

Mikið er deilt um reynsluna í Svíþjóð. Ég tel að reynslan í Svíþjóð hafi verið góð. Jafnréttismálaráðherra Svía hefur staðfest það. Skýrslur í Svíþjóð sýna að reynslan sé góð, að þeir séu á réttri leið, að dregið hafi úr mansali, að dregið hafi úr skipulegri verslun með manneskjur, að dregið hafi úr götuvændi. Ég tel nú talsvert vera unnið ef við náum þessum markmiðum.

Það hefur komið fram að það er einfaldlega áhættusamara að kaupa manneskju í Svíþjóð núna eftir að þessi leið var farin. Við sjáum líka að Finnar eru að skoða þessa leið. Stjórnarfrumvarp liggur fyrir finnska þinginu sem lýtur að því að fara sænsku leiðina og menn hafa spáð því að ef Finnar fara þessa leið þá muni Eistar gera það. Þetta komst jafnvel til tals í rússneska þinginu.

En að lokum varðandi vændið þá má rifja upp að 14 kvennasamtök og stofnanir hafa stutt að farin verði sænska leiðin. Þessi samtök sem berjast m.a. fyrir hagsmunum kvenna hafa metið það svo að öllum sé í hag að gera vændiskaup refsiverð og vændissöluna refsilausa.

Mig langar einnig að aðeins að nefna fyrninguna. Ég hef ítrekað lagt fram á þessu þingi frumvarp sem gengur út á það að afnema fyrningarfrest varðandi kynferðisafbrot gegn börnum. Eðli málsins samkvæmt vil ég ganga lengra en þetta frumvarp gerir því þetta frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra mun eingöngu lengja fyrningarfrestinn um fjögur ár, eingöngu fjögur ár. Samkvæmt núgildandi lögum eru öll kynferðisafbrot gagnvart börnum fyrnd þegar viðkomandi þolandi er 29 ára. Eftir samþykki þessa frumvarps mun markið færast til 33 ára aldurs. Þetta mun ekki taka til stórs hluta þolenda kynferðisofbeldis sem þeir verða fyrir sem börn. 40% þeirra sem leita til Stígamóta eru yfir 30 ára. Það er alveg augljóst að þessi málaflokkur hefur sérstöðu. Hún er nú þegar viðurkennd í löggjöf með því að hafa fyrningarfrestinn þannig að hann telur frá 14 ára aldri. Ég vil einfaldlega ganga lengra. Ég vil að hagsmunamatið á bak við fyrninguna vegi minna en hagsmunir þolenda þessara glæpa. Gerandinn á ekki að hagnast á aðstöðumun hans og barnsins. En það gerir hann núna vegna reglna um fyrningu og enn verður hætta á að við munum sjá sýknun vegna kynferðisofbeldis gegn börnum vegna fyrningar. Eftir að þetta frumvarp verður samþykkt er enn þá hætta á því. Það er nokkuð sem erfitt er að sætta sig við að enn þá verði hætta á að við munum sjá sýknun vegna fyrningar. Vísbendingarnar og tölfræðin sýna að fólk leitar sér hjálpar mjög seint í þessum brotaflokki. Það er m.a. grunnurinn að þeirri sérstöðu sem hér er á bak við.

Einnig má rifja upp að nú þegar höfum við til staðar í íslenskri löggjöf ófyrnanleg brot, mannrán, ítrekuð rán, landráð og manndráp. Þessi brot eru öll ófyrnanleg. Fram á níunda áratug síðustu aldar voru ófyrnanleg brot enn fleiri og mörg þeirra brota höfðu hámarksrefsingu sem var ekki ævilangt fangelsi. Þar af leiðandi er ég ekki sammála um að við séum að brjóta í blað eða skapa frávik í meginreglu refsiréttar með því að gera kynferðisafbrot gegn börnum ófyrnanleg því staðan er þannig að nú þegar höfum við ófyrnanleg brot. Ég tel einfaldlega að kynferðisafbrot gegn börnum eigi að vera í þeim flokki.

Það hafa 20.000 manns undirritað áskorun um að við samþykkjum frumvarp sem lýtur að því að afnema fyrningarfresti í kynferðisafbrotum gegn börnum. Langflestir fagaðilar sem vinna með börnum hafa mælst til að þessi leið verði farin, umboðsmaður barna, Barnaverndarstofa, barnaverndarnefnd Reykjavíkur, stjórn Barnaheilla, Samtök um kvennaathvarf, Mannréttindaskrifstofa Íslands o.s.frv.

Við höfum heyrt ákveðin mótrök gegn þessu frumvarpi. Ég er búinn að svara því að ég tel það ekki vera neins konar frávik ef við förum að gera brotin ófyrnanleg í ljósi þess að við höfum nú þegar ófyrnanleg brot í fyrsta lagi.

Í öðru lagi erum við nú þegar að taka margs konar tillit til sérstöðu barna í löggjöf okkar. Það er auðvitað rauði þráðurinn á bak við frumvarpið um að afnema fyrningarfrestinn. Í mínum huga snýst þetta bara um refsipólitíska ákvörðun. Þetta er ákveðin refsipólitísk ákvörðun sem Samfylkingin hefur tekið um að þessi brot eigi að vera ófyrnanleg.

Við höfum líka heyrt rök, og þau koma m.a. fram í þessu frumvarpi, sem eiga að vera gegn því að gera þessi brot ófyrnanleg. Í fyrsta lagi er vísað til þess að fyrningarreglur skapi aðhald á rannsóknaraðila í rannsókn sinni sé

fyrningarklukkan farin að tikka. Ég tel að þolendur þessara brota eigi ekki að líða fyrir slíkt aðhald. Það má líka rifja upp að nú þegar er að sjálfsögðu lagalegur áskilnaður um að rannsóknaraðilar sinni starfi sínu og rannsaki brotið. Það þarf ekki að birtast sem aðhald í fyrningarreglunum með þessum hætti.

Bent hefur verið á það í umræðunni að verði þessi brot ófyrnanleg muni viðkomandi aðilar ekki sinna rannsóknum á þessum brotum nægilega vel í ljósi þess að þeir hafi þá nægan tíma. Þetta heldur ekki vatni að mínu mati því nú þegar höfum við ófyrnanleg brot, svo sem manndráp, og ég sé ekki að lögreglan sé að taka sér óþarfa tíma í að rannsaka þau mál þótt þau séu ófyrnanleg.

Einnig hefur verið bent á að við breyttum nýlega fyrningarreglunum, fyrir tæpum tíu árum reyndar, og það eigi eftir að koma meiri reynsla á þær. Ég vísa til þess hvort við eigum þá að bíða þangað til við fáum sýknudóm vegna fyrningar sem reynir á ákvæðið eins og það breyttist 1998. Þá held ég að við værum búin að tapa ansi miklu.

Þá hefur einnig verið bent á að eftir því sem lengri tími líði verði erfiðara að sanna brot. Þetta á við öll brot og auðvitað veit viðkomandi þolandi um leið og hann sækir sér aðstoð að sönnunarstaðan mun verða erfiðari eftir því sem lengri tími líður. Hins vegar er niðurstaðan bara sú að þetta fólk leitar sér hjálpar svo seint á lífsleiðinni og það er grunnurinn bak við sérstöðu þessara brota. Ég tel þetta því ekki sterk rök gegn því að gera þessi afbrot ófyrnanleg.

Að lokum fagna ég því varðandi nauðgunarákvæðið að þar erum við að sameina þrjú ákvæði í eitt. Við höfum talað fyrir því að óeðlilegt sé að hafa þrjú ákvæði sem taki í raun og veru á sama verknaðinum. Þau voru nauðgun, ólögmæt nauðung og misneyting. Samkvæmt núgildandi lögum var t.d. ekki hægt að nauðga þroskaheftum einstaklingi eða rænulausum einstaklingi. Þá átti nauðgunarákvæðið ekki við. Það sýnir auðvitað galla núgildandi laga. Nauðganir á þessu fólki féllu ekki undir nauðgunarákvæðið. Það er mjög mikilvægt að verknaðaraðferðin fái ekki að ráða varðandi þessi brot heldur séu verndarhagsmunirnir aðalatriðið.

Það má velta því fyrir sér, og við munum skoða það í allsherjarnefnd, hvað gert verður með nauðgun sem gerist án ofbeldis og án hótana. Hvar mun það lenda í ljósi þess að frumvarpið gerir að skilyrði að annaðhvort sé um að ræða ofbeldi eða hótanir. Það má velta því fyrir sér — ég ætla ekki að taka tíma í það, ég ætla að klára mál mitt fljótlega — hvað verður um slíkan verknað. Í engilsaxneskum rétti er lögð áhersla á samþykki, hvort það hafi verið til staðar eða ekki. Það er leið sem við höfum ekki farið hér og frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því en auðvitað ættum við að skoða það. Verndarhagsmunirnir eru aðalatriðið og brotið gegn kynfrelsi viðkomandi, þetta á að vera í forgrunni.

Ég vil einnig að allsherjarnefnd skoði af fullri alvöru nauðgun af stórfelldu gáleysi. Umræða um það hófst annars staðar á Norðurlöndum fyrir 20 árum. Noregur hefur slíkt úrræði og má skoða hvernig til hefur tekist þar. En núna þarf að sjálfsögðu að sanna ásetning nauðgunar til allra efnisþátta verknaðarins. Það getur verið erfitt. Ef um er að ræða nauðgun af stórfelldu gáleysi lækka þessar kröfur og þá verður spurning um hvort viðkomandi gerandi hefði mátt vita að viðkomandi þolandi vildi þetta ekki. Þetta gæti verið áhugavert fyrir allsherjarnefnd að skoða.

Það á að breyta refsingunum. Maður fagnar því að inn kemur lágmarksrefsing í kynferðisafbrotum gegn börnum. Sú staða hefur verið óskiljanleg í núgildandi lögum að kynferðisleg misnotkun á barni nær upp í 12 ára fangelsi að hámarki en nauðgun á fullorðnum einstaklingi frá einu ári upp í 16 ár. Þessi munur hefur verið óskiljanlegur. Einnig er ástæða til að hvetja dómstóla til að nota nauðgunarákvæðið meira þegar kemur að kynferðisafbrotum gegn börnum. Allsherjarnefnd ætti síðan að skoða alvarlega hvort ekki ætti að hækka kynferðislegan lögaldur úr 14 árum. Fagaðilar hafa bent á að þetta veldur vandræðum. Annars staðar Norðurlöndum er kynferðislegur lögaldur eða sjálfræðisaldur hærri en hjá okkur.

Að lokum, af því að þingmenn eru orðnir óþreyjufullir og vilja byrja á atkvæðagreiðslu, er ástæða til að gagnrýna dómstóla landsins fyrir að virða ekki þann refsiramma sem löggjafinn ákveður í þessum í brotaflokki. Mér er óskiljanlegt að dómstólar hafi einungis ákveðið að nota refsirammann að fullu í fíkniefnamálum og manndrápum, en við höfum séð allt að níu eða tíu ára fangelsi í fíkniefnamálum. Meðaltal fangelsisvistar í nauðgunarmáli er eitt og hálft ár þrátt fyrir að refsiramminn sé frá einu ári upp í 16 ár.

Þetta eru skilaboð sem ég skil ekki. Þetta býður hættunni heim. Við höfum séð dæmi um að viðkomandi þolendur hafa tekið lögin í eigin hendur. Við höfum meira að segja dæmi um það í réttarframkvæmdinni. Það er ekki nóg að við náum fram réttlæti, það er þarf líka að líta út fyrir að við höfum náð réttlæti. Dómstólar eiga að hlusta á okkur í þessum sal, við höfum ákveðið refsirammann og refsiramminn í nauðgunum og kynferðisafbrotum gegn börnum er nægilega rúmur. Vandinn liggur hjá dómstólunum. Þeir eiga að nota hann í meira mæli en þeir gera núna. Sömuleiðis þarf að vera samræmi á milli alvarleika afbrotanna. Það er flestum óskiljanlegt að sjá að afbrot sem lúta að fjárdrætti varði í raun og veru þyngri refsingu en áralöng misnotkun á litlu barni. Þetta særir réttlætiskenndina og er ekki forsvaranlegt.

Við hér inni vitum að þetta snýst ekki bara um lagabreytingar. Við þurfum auðvitað að efla félagsleg úrræði. Við þurfum að efla fræðsluna og meðferðarúrræðin. Kennarar og heilbrigðisstarfsfólk og allir sem vinna bæði með börnum og konum sem lenda í slíku þurfa að vera vel með á nótunum og stunda öfluga endurmenntun svo hægt sé að vinna bug á því böli sem kynferðislegt ofbeldi er.

[18:07]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég átti reyndar von á að gert yrði hlé núna vegna atkvæðagreiðslna. Til umræðu er frumvarp til laga um breytingu á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga sem varða í fyrsta lagi nauðgunarmál og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, í öðru lagi kynferðisbrot gagnvart börnum og í þriðja lagi vændi.

Sameiginlegt þessum breytingum er fyrst og fremst aukin vernd barna og kvenna sem þolenda kynferðisofbeldis í hvaða formi sem er. Með frumvarpinu er komið til móts við breytingu á viðhorfum í samfélaginu til þessara mála sem

hafa verið að þróast á undanförnum árum, ekki síst fyrir tilstilli kvennahreyfinga.

Opinská og almenn umræða um kynferðisbrot sem hefur farið fram í samfélaginu á síðustu árum hefur gert það að verkum að ekki á nokkur maður að vera í vafa um að kynferðisbrot eru hluti af íslenskum veruleika. Það má öllum vera ljóst hve gríðarleg og varanleg áhrif kynferðisbrot hafa á líf og þroska einstaklinga sem verða fyrir því áfalli. Sú umræða sem hefur farið fram á síðustu árum hefur dregið mál upp á yfirborðið og jafnframt orðið til að einstaklingar, konur og karlar og ekki síst börn og ungmenni, eru meðvitaðri um stöðu sína og finna hjá sér kjark til að ræða um þau og leita sér aðstoðar.

Frumvarpshöfundur hefur jafnframt tekið mið af lagabreytingum í sömu veru í nágrannalöndum okkar. Frumvarpið ber með sér að það er samið af einstaklingi sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á þessum sviðum lögfræðinnar og er greinargerðin vel undirbyggð og hin vandaðasta. Er vert að draga þetta fram og þakka Ragnheiði Bragadóttur, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, fyrir þessa góðu vinnu.

Almennt vil ég segja að mér finnst þær lausnir sem frumvarpið felur í sér bera merki um skynsamlega nálgun og ákveðnu meðalhófi er fylgt án þess að missa sjónar á meginmarkmiði frumvarpsins sem er að tryggja aukna vernd þolenda sem eru fyrst og fremst konur og börn eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins.

Hins vegar verður að hafa í huga að misnotkun á börnum og vændi er alls ekki bundið við stúlkubörn og konur og verður að forðast að setja slíka merkimiða á misnotkun og kynferðislegt ofbeldi. Slíkt gæti orðið til þess að samfélagið sé ekki á sama máta á varðbergi gagnvart misnotkun á drengjum og það er varðandi misnotkun á stúlkum sem hefur verið meira í umræðunni. Í þessu sambandi vil ég benda á að íslenskar rannsóknir benda til þess að í aldursflokknum undir 18 ára séu strákar í meiri hluta þeirra sem falbjóða sig. Erlendar rannsóknir styðja þessar niðurstöður.

Ég vil fara nokkrum almennum orðum um ákveðna þætti frumvarpsins. Þannig vil ég sérstaklega fagna þeim breytingum á skilgreiningu á nauðgun sem felst í frumvarpinu. Ljóst er að skilgreiningin í núgildandi lögum er allt of þröng og gengur fyrst og fremst út frá því að nauðgun sé framkvæmd með ofbeldi eða undir hótunum um ofbeldi. Nauðgun við aðrar aðstæður felur í sér vægari refsingu, svo sem þegar þolandinn getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér sökum andlegrar fötlunar eða veikleika eða vegna ölvunar og áhrifa lyfja. Í öllum tilvikum er þó um að ræða þvinguð kynmök gegn vilja eða samþykkis viðkomandi.

Segja má að þessi skilningur brjóti gegn almennri vitund fólks á hvað telst vera nauðgun. Ákvæði frumvarpsins sem nú er til umræðu tekur fyrir þennan mismun, enda verður að líta svo á að kynferðisbrot gegn geðveiku fólki, þroskaheftu, sofandi eða meðvitundarlausu fólki, er jafnalvarlegt brot og nauðgun undir ofbeldi eða hótunum um ofbeldi.

Önnur ákvæði frumvarpsins sem ég tel sérstaklega ástæðu til að nefna varða þyngingu refsinga þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ungur aldur þolenda, þegar um sérstaklega ofbeldisfullt athæfi er að ræða eða ítrekað athæfi. Þá hlýt ég að fagna að ákvæðið um kynferðislega áreitni er gert ítarlegra og skilgreint hvað í hugtakinu felst, og jafnframt lengingu fyrningarfrests á kynferðisbroti sem beint er gegn börnum, svo fátt eitt sé nefnt af efnisatriðum sem frumvarpið tekur til.

Samkvæmt núgildandi lögum er vændi til framfærslu bannað svo og er hagnýting vændis bönnuð og er þar átt við milligöngumann, vændisdólginn svokallaða. Ákvæði íslenskra laga um vændi hafa sérstöðu meðal nágrannaþjóða, þ.e. að sala á vændi sér til framfærslu er bönnuð. Í Noregi, Finnlandi og Danmörku eru hvorki kaup né sala á vændi bönnuð. Svíþjóð sker sig hins vegar úr með því að banna kaup á vændi. Það er hin svokallað sænska leið sem deilt hefur verið um. Ég hef reyndar haldið því fram að ákvæði íslensku laganna, sem eru ólík því sem annars staðar gerist og banna fortakslaust skipulegt vændi, feli í sér ákveðna vörn í samfélaginu og sé ein ástæða þess að vændi er hér á landi ekki eins áberandi og í löndunum í kringum okkur. Ég tel að afnám ákvæðisins eins og nú er lagt til geti haft þau áhrif að vændi verði meira áberandi hér á landi en nú er. Hins vegar verður að benda á að ákvæði 12. gr. frumvarpsins, þar sem bannað er að auglýsa vændi á opinberum vettvangi, hafa áhrif til mótvægis. Álíka ákvæði eru t.d. í norskum lögum.

Ég get hins vegar fallist á þau rök að erfitt sé að standa frammi fyrir því að refsa öðrum aðilanum þegar tvo þarf til verknaðarins, og í tilviki íslenska ákvæðisins, þar sem þeim sem selur vændið er refsað, er það yfirleitt sá aðili sem stendur veikari í þeim samskiptum og þarfnast fyrst og fremst félagslegrar, fjárhagslegrar og sálrænnar aðstoðar til að hverfa frá iðju sinni.

Erfitt hefur verið að meta umfang og eðli vændis hér á landi og vantar frekari upplýsingar um það. Þó liggja fyrir upplýsingar um ákveðna sérstöðu hér á landi þar sem talið er að rúmlega helmingur þeirra sem taldir eru að stundi vændi hér á landi er ungt fólk undir 18 ára aldri sem oft er gert í neyð til að afla sér viðurværis og til að fjármagna neyslu. Jafnframt benda niðurstöður til þess að marktækt fleiri strákar en stelpur á þessum aldri hafa þegið greiðslu fyrir kynmök. Þá er götuvændi nánast óþekkt hér á landi. Jafnframt má nefna að talið er að vændi hafi aukist eftir að nektarstaðir hófu starfsemi á Íslandi.

Ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að fjalla ítarlega um hina svokölluðu sænsku leið í þessari umræðu enda er ekki lagt til sú leið verði farin í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Í skýrslu starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi og fleira á Norðurlöndum og víðar, og ég átti sæti í sem fulltrúi míns flokks, eru rökin gegn sænsku leiðinni rakin. Ég er tilbúin að taka þátt í þeirri umræðu við síðara tækifæri.

Þó vil ég í tilefni af orðum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar, benda á að Svíar hafa einir kosið þessa leið og það liggja ekki fyrir haldgóðar upplýsingar um áhrif hennar á þeim sjö árum sem það ákvæði hefur verið í gildi. Ekki hefur t.d. verið sýnt fram á að vændi hafi minnkað í Svíþjóð þótt götuvændi sé minna sýnilegt. Á þessum tíma hafa bæði Norðmenn og Danir tekið þessa leið til ítarlegrar skoðunar en ákveðið að fara hana ekki. Þá hefur ekki verið sýnt fram á varnaðaráhrif sænsku leiðarinnar. Þannig hefur ekki verið

sýnt fram á minnkað umfang vændis né að vændisaðilar njóti meiri verndar en áður. Þvert á móti hefur verið sýnt fram á að vændisumhverfi hefur orðið ofbeldisfyllra en áður. Það hefur færst undir yfirborðið. Erfiðara hefur reynst að hafa eftirlit með starfseminni og beita félagslegum úrræðum gagnvart þeim sem stunda vændi. Eins og ég sagði áðan er ég tilbúin til umræðu um þetta mál en vegna þeirra takmarkana sem við ákveðum hér sjálf milli þingflokkanna um tímamörk í þessari umræðu mun ég láta það bíða seinni tíma.

Ég vil í lokin segja að ég er nokkuð sátt við það frumvarp sem hér er til umfjöllunar eins og kom fram í ræðu minni hér á undan, sem var nokkuð hratt flutt.

Umræðu frestað.

Vísinda- og tækniráð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 744. mál. — Þskj. 1080.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Norðurlandasamningur um almannaskráningu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 609. mál. — Þskj. 893.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:17]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 610. mál. — Þskj. 894.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:18]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, frh. fyrri umr.

Stjtill., 662. mál. — Þskj. 970.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:18]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Suður-Kóreu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 671. mál. — Þskj. 981.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:19]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 682. mál (sameiginlegt efnahagssvæði). — Þskj. 998.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, frh. fyrri umr.

Stjtill., 683. mál (sameiginlegt efnahagssvæði). — Þskj. 999.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:20]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 685. mál (mælitæki). — Þskj. 1002.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:20]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 686. mál (framleiðsla rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum). — Þskj. 1003.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:21]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 687. mál (endurnot opinberra upplýsinga). — Þskj. 1004.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:21]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um tölvubrot, frh. fyrri umr.

Stjtill., 692. mál. — Þskj. 1022.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:22]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Framsal sakamanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 667. mál (málsmeðferðarreglur). — Þskj. 977.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 669. mál (EES-reglur). — Þskj. 979.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Dómstólar og meðferð einkamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 670. mál (dómstörf og kjör löglærðra aðstoðarmanna o.fl.). — Þskj. 980.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 18:23]

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 712. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 1048.

[18:37]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Maður er aðeins búinn að tapa þræði út af því sem gerst hefur hér í millitíðinni frá því ræða hv. þingmanns var haldin. En svo þráðurinn sé nú upptekinn þá rökstuddi hv. þingmaður með nokkuð yfirgripsmiklum hætti hvers vegna hún teldi sænsku leiðina ekki vænlega hér á Íslandi. Hún nefndi sem dæmi að aðeins Svíar hefðu tekið þessa leið upp. Aðrar þjóðir hefðu hafnað henni og nefndi hún Noreg og Danmörku í því sambandi.

Mig langar að það komi hér fram svo því sé til haga haldið að búið er að leggja fram stjórnarfrumvarp í finnska þinginu. Það er að öllum líkindum um það bil komið til afgreiðslu. Það er talið alveg víst að fyrir því sé þingmeirihluti. Gert er ráð fyrir því að ef Finnar samþykkja þetta frumvarp sitt fylgi Eystrasaltslöndin í kjölfarið.

Mér finnst mikilvægt að þetta sé sagt hér vegna þess að Finnland og Eystrasaltslöndin eiga gríðarlegra hagsmuna að gæta við að stöðva mansalið sem kemur að hluta til frá Eystrasaltslöndunum og mikið til í gegnum Finnland inn til Skandinavíu.

Það hefur sýnt sig að sænska aðferðin við að banna kaup á kynlífsþjónustu er virkt meðal í baráttunni gegn mansali. Stúlkurnar koma yfir landamæri Finnlands og Svíþjóðar og til Noregs og það er sannarlega þess virði að beita öllum þeim ráðum sem við höfum til að reyna að stöðva það flæði og hefur sænska leiðin reynst affarasæl í þeim efnum. Það skiptir hins vegar máli að Svíar séu ekki einir. Það skiptir máli að Finnar taki upp sömu aðferð og einnig baltnesku löndin, Eystrasaltslöndin og þess vegna Noregur. Mér fyndist það sannarlega saga til næsta bæjar og til fyrirmyndar ef úr norðurálfu bærust þau boð að vændi og mansal sé óásættanlegt og til þess höfum við þetta öfluga tæki.

[18:39]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í þeirri nefnd sem við báðar áttum sæti í, starfshópi sem skilaði skýrslu til dómsmálaráðherra um mismunandi löggjöf um vændi á Norðurlöndum, að ýmsar þjóðir voru að velta þessum hlutum fyrir sér. Málið tafðist reyndar í nefndinni, m.a. vegna þess að verið var að skoða hvað aðrar þjóðir væru að gera, alla vega skildi ég þannig töfina á skilum nefndarinnar.

Við vissum af því að það voru ákveðnar hugleiðingar í gangi í Finnlandi. En við höfðum ekki fengið neina staðfestingu frá öðrum þjóðum um þeirra skref. Ekkert sem hægt var að festa fingur á.

Hins vegar breytir það því ekki að við Íslendingar munum taka okkar ákvarðanir sem byggjast á okkar eigin veruleika í þessum málum. Veruleiki okkar hér á Íslandi árið 2006 er allur annar en veruleiki Svía á árinu 1999. Við vitum að götuvændi og mansal voru verulegt vandamál í Svíþjóð á þeim tíma. Við vitum líka um þá umræðu sem var þá í gangi um ofbeldi gagnvart konum. Þetta varð kveikjan að því að ákveðið var að fara þessa leið í Svíþjóð.

Birtingarmynd vændis hér á Íslandi er allt önnur. Götuvændi er t.d. ekki okkar veruleiki. Í Svíþjóð er sagt að vændi sé ofbeldi karla gagnvart konum en þrátt fyrir skort á rannsóknum sjáum við að birtingarmyndin er önnur hér. Af þeim fáu rannsóknum sem til eru sjáum við að ungir strákar stunda vændi í meira mæli en ungar stelpur.

Við getum ekki fært hugmyndafræði sem gengur út frá einum veruleika yfir á allt annan veruleika. Þannig að við megum ekki fylgja því sem aðrar þjóðir gera án þess að vega og meta hvort það hentar þeim aðstæðum sem eru hér á landi.

[18:42]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þingmanni að það hafi fyrst og fremst verið markmið Svíanna að koma í veg fyrir götuvændi. En það mátti merkja það af orðum hennar.

Það var verið að reyna að koma í veg fyrir ofbeldi og það var fyrst og fremst kynbundið ofbeldi, ofbeldi gagnvart konum, en auðvitað líka ofbeldi gagnvart drengjum því vændi er ofbeldi hvort sem það eru drengir eða stúlkur sem selja sig.

Hv. þingmaður leggur áherslu á það að samkvæmt rannsóknum hafi komið í ljós að fleiri drengir en stúlkur undir 18 ára aldri selji aðgang að líkama sínum eða falbjóði sig. Þessar rannsóknir hafa verið skoðaðar gaumgæfilega af fræðimönnum. Það hafa verið skrifaðar um það lærðar greinar að líklegt sé, út af þessum niðurstöðum sem vissulega eru til staðar í fleiri en einni og fleiri en tveimur rannsóknum, að stúlkur meti það öðruvísi en drengir hvort þær eru að falbjóða sig eða taka við greiða gegn kynmökum eða ekki. Það er því ekki hægt að taka þessar rannsóknir sem blákaldar niðurstöður, á bak við þær eru mismunandi sjónarmið drengja og stúlkna í þessum efnum. Það þarf að rýna aðeins meira í þær en hv. þingmaður gerir.

Að lokum vil ég spyrja hv. þingmann hvaða augum hún líti þá tillögu sem er hér komin í frumvarpinu og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson segir að megi í sjálfu sér túlka sem lögleiðingu vændis. Ég hallast að þeirri skoðun hans. Ég vil spyrja hv. þm. Ástu Möller hvaða augum hún líti það. Ég vil spyrja hana hvort henni finnist verjandi að með þessu frumvarpi séu sett ákvæði um að ekki megi auglýsa sölu á vændi en það megi, að því er virðist, stunda það. Það er allt í lagi með þetta svo fremi að ég sjái það ekki. Haldið því frá augunum á mér og þá er í lagi að það sé til staðar.

Mér finnst misvísandi skilaboð og ekki góð skilaboð í þeirri grein í frumvarpinu.

[18:44]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður dembir á mig spurningum. Ég hef nú ekki nema tvær mínútur til að svara. En ég skal reyna að gera mitt besta.

Við ræddum áðan um aðstæður hér á landi, að þær væru aðrar en í Svíþjóð. Af því að hv. þingmaður talaði um mansal er það náttúrlega ljóst að aðstæður hér á landi til að stemma stigu við mansali eru allt aðrar en á Norðurlöndunum þar sem landamærin eru opin á milli landa.

Við erum með einn inngang inn í landið. Við erum með haf allt í kringum landið þannig að ég þarf ekki að hafa mörg orð um það að aðstæður okkar eru allt aðrar. Það segir okkur enn frekar að við þurfum að velja leiðir sem við teljum bestar hverju sinni til þess að stemma stigu við mansali.

Varðandi rannsóknir um karla og konur, hverjir stundi vændi o.s.frv. Þrátt fyrir að ég hafi dregið fram, og það hefur ítrekað komið fram, bæði í skýrslu okkar og jafnframt í þeim rannsóknum sem þegar hafa verið gerðar, þessa niðurstöðu set ég ákveðinn fyrirvara við hana. Við segjum það í okkar skýrslu að við teljum að það þurfi að rannsaka þetta atriði mun nánar.

Við höfum ekki nægilegar upplýsingar um vændismarkaðinn sem er hér í dag til að fara að taka svona drastískar ákvarðanir eins og hv. þingmaður vill gera.

Hvort verið er að lögleiða vændi? Ég sagði að ég gæti fallist á þá leið sem lögð væri til í þessu frumvarpi. En jafnframt teldi ég að ákveðin hætta væri á því að vændi yrði sýnilegra með þessu móti. Ég tel að í því sem við höfum verið að gera hingað til, þ.e. banna sölu á vændi, hafi falist ákveðin varnaðaráhrif sem ég hefði nú gjarnan viljað hafa fleiri orð um en get ekki.

[18:46]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra um breytingu á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Ég vil byrja á að fagna því að þetta ágæta frumvarp er komið fram og lýsa ánægju minni með þá vinnu sem Ragnheiður Bragadóttir prófessor hefur lagt í greinargerð og athugasemdir með frumvarpinu og þá rannsóknarvinnu sem innt hefur verið af hendi. Margar góðar og gagnlegar upplýsingar liggja til grundvallar frumvarpinu. Segja má, eins og hæstv. dómsmálaráðherra gerði grein fyrir, að breytingarnar séu í fimm meginliðum. Til að eiga kost á að stytta mál mitt frekar get ég strax lýst stuðningi við þrjá megindrætti frumvarpsins hér og nú, þó með ákveðnum fyrirvara um þá vinnu sem eftir er í allsherjarnefnd, þ.e. þar sem frumvarpið kemur inn á fyrningarfrestinn í kynferðisbrotum gagnvart börnum annars vegar og hins vegar breytingin á svokölluðu vændisákvæði þar sem greinir á milli þeirrar afstöðu og tillögu sem gerð er í frumvarpinu og afstöðu minnar til þessara mála.

Það sem mér finnst ánægjulegast við frumvarpið eru breytingarnar sem gerðar eru á nauðgunarákvæðinu í 194. gr. og þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að fella niður 195. og 196. gr. Við eigum eftir að skoða nauðgunarákvæðið betur í allsherjarnefnd og þær breytingar sem eru lagðar til. Meginmálið er kannski að eins og verknaðaraðferðum brotsins hefur verið lýst hefur meginástæðan verið lögð á ofbeldið tengt brotunum. En það sem er hins vegar þungamiðjan í þessum brotum, þ.e. brotin gegn kynfrelsi fólks, hefur í rauninni fallið í skuggann.

Aðaláherslan í þessum málum á að vera að þetta sé brot gegn sjálfsákvörðunarrétti fólks varðandi kynlíf og frelsi þess og friðhelgi. Það er það sem er alvarlegast fyrir þolendur þessara brota. Þess vegna er í frumvarpinu núna, með breytingunum á þessum ákvæðum, mikilvægi þess undirstrikað að draga úr áherslunni sem verið hefur á

verknaðaraðferðum og meginátherslan hins vegar lögð á að kynmök við þolandann séu án samþykkis hans og þannig sé verið að brjóta gegn sjálfsákvörðunarrétti og athafnafrelsi viðkomandi þolanda gagnvart kynlífi.

Ég vil lýsa mikilli ánægju með þetta og þessi breyting á ákvæðinu eins og hún er, er í takt við breytingar sem gerðar hafa verið í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við og meira í takt við þær áherslur sem eru í breskum og írskum hegningarlögum hvað þetta varðar.

Hins vegar voru ákvæðin í 195. gr. og 196. gr. sem var sérstaklega ætlað að veita aukna vernd þeim sem þau ákvæði taka til, en gerðu í rauninni ekki — mér finnst mjög í áttina að þau brot sem þar féllu undir séu núna felld undir nýtt nauðgunarhugtak eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Við hljótum líka að fagna því að verið er að þyngja refsimörkin við samræði eða önnur kynferðismök við börn yngri en 14 ára. Fyrningarfresturinn lengist einnig gagnvart þeim brotum og þetta verður lagt að jöfnu við nauðgunarbrotin fyrir. Þetta er enn eitt. Það er líka til bóta í frumvarpinu að verið er að lengja fyrningarfrestinn í kynferðisbrotum gagnvart börnum og er hann miðaður við 18 ár. En með því að verið er að hækka refsimarkið í þessu mun þetta auðvitað fyrnast á lengri tíma. Þetta er nú allt það sem ég er mjög sátt við í frumvarpinu og styð eindregið og eins almennt ákvæði um refsiábyrgð vegna kynferðislegrar áreitni.

Hins vegar er ég síður sátt við að ekki skuli gengið lengra varðandi fyrningarfrest í kynferðisbrotum gagnvart börnum. Á síðasta þingi lá hér frammi þingmannamál, frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum þar sem gert var ráð fyrir að fyrningarfresturinn í kynferðisbrotum gagnvart börnum yrði afnuminn með öllu. Ég var þeirra skoðunar þá og er enn að það frumvarp hafi gengið of langt en taldi hins vegar og tel enn að mikil og sterk rök séu fyrir því að lengja frestinn í alvarlegustu kynferðisbrotunum. Því mikill munur er á refsihæð þessara brota og hversu alvarlegar afleiðingar þau hafa fyrir börn í það heila tekið.

Aðalathugasemdir mínar við frumvarpið lúta hins vegar að breytingunni á svokölluðu vændisákvæði. Mér fannst mjög athyglisvert, frú forseti, að lesa í gegnum athugasemdir Ragnheiðar Bragadóttur prófessors, sérstaklega þar sem hún rekur ítarlega helstu kosti og galla þess að leggja refsingu við kaupum á vændi. Þegar ég var búin að lesa þetta í gegn, bæði kostina og gallana eins og prófessorinn tínir þá hérna til, fannst mér svona hending ráða hver niðurstaðan yrði ofan á miðað við rökin sem hún færir.

Prófessorinn telur upp í fjórum liðum kosti þess að gera kaupin á vændi refsiverð. Þetta eru svo sem sömu kostir og sömu rök og við þrír hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson tíndum til í afstöðu okkar í svokallaðri vændisskýrslu. Ég ætla aðeins að fá að halda þeim hér til haga. Fyrstu rökin eru í rauninni þau að seljandi vændis sé illa settur félagslega og neyðist til að selja líkama sinn. En kaupandi vændis hafi val. Í þessu samhengi er lögð áhersla á þennan mikla aðstöðumun sem er á milli kaupanda og seljanda. Síðan það sjónarmið að líkami fólks eigi aldrei að vera söluvara. Með því að kveða á um það í hegningarlögum að refsivert sé að kaupa vændi þá erum við fyrst og fremst að leggja áherslu á það. Prófessorinn leggur líka áherslu á þau sterku siðferðislegu skilaboð til samfélagsins með að gera þessa háttsemi refsiverða.

Í öðru lagi leggur Ragnheiður Bragadóttir prófessor áherslu á almenn varnaðaráhrif þess að gera kaupin á vændi refsiverð sem geti leitt til að eftirspurnin eftir vændi minnki og síðan muni þá framboðið minnka í kjölfarið. Þetta er það sem hún tekur til.

Í þriðja lagi leggur hún áherslu á að ef eftirspurn eftir vændi minnki muni einnig draga úr mansali.

Í fjórða lagi þau rök að kaupandi vændis sem til stendur að ákæra sé viljugri til að bera vitni gegn vændismiðlara, ef þess er kostur að tekið verði tillit til samstarfsvilja hans við ákvörðun refsinga, samanber 9. tölulið 70. gr. hegningarlaganna.

Ragnheiður Bragadóttir gerir ítarlega grein fyrir göllunum líka, en mér finnst þeir mjög veigalitlir og vera léttvægir í þessu samhengi. Hún talar um litla reynslu af sænsku löggjöfinni. Heildarrannsókn hafi ekki farið fram og þá hlýt ég að spyrja: Hvenær almennt fer fram heildarrannsókn á afleiðingum nýrrar löggjafar? Ég minnist þess ekki svona í fljótu bragði að það sé alþekkt að slíkar rannsóknir fari fram.

Síðan nefnir hún að þó dregið hafi úr götuvændi í Svíþjóð séu vísbendingar um að vændi hafi færst í undirheimana með þeim afleiðingum að erfiðara sé að hafa eftirlit með því og veita þeim sem stunda vændi félagslega aðstoð. Þannig hafi staða vændismiðlara hugsanlega styrkst með því að kaupendur vændis verði ófúsari að bera vitni.

Þá segir, með leyfi forseta:

„Þótt mansal dragist saman í einu landi getur það þýtt samsvarandi aukningu í öðru landi.“ Þ.e. að mansal færist úr stað. Svoleiðis verður það auðvitað meðan þjóðir eru ekki allar með sömu löggjöfina að þessu leyti. Hún segir einnig: „Engin lausn er að flytja vandann til annarra landa heldur þarf samstillt átak þjóða til þess að taka á honum.“

En ég vil fyrst og fremst segja að við getum aldrei borið ábyrgð nema á eigin löggjöf. Eins og komið hefur fram í umræðunni hjá fyrri hv. þingmönnum hafa Svíar sett þessi lög. Í Finnlandi liggur fyrir stjórnarfrumvarp á þingi sem á eftir að afgreiða frá þinginu, en það er þó stjórnarfrumvarp. Maður hefur heyrt frá Eystrasaltslöndunum að þau muni síðan fylgja í kjölfarið með sambærilega löggjöf. Þetta dekkar töluverðan hluta af Norðurlöndum og nágrannalöndunum.

Það sem vakti sérstaklega athygli mína í athugasemdum prófessorsins er það sem hún segir, með leyfi forseta:

„Erfitt er að fullyrða nokkuð um hver almenn varnaðaráhrif lögfesting sænsku leiðarinnar mundi hafa, enda er ekkert vitað um það hverjir eru kaupendur vændis á Íslandi.“

Síðan segir hún:

„Hugsanlega fælir sænska leiðin frá þá kaupendur sem talist geta „venjulegir viðskiptavinir“, þ.e. þá sem kaupa þjónustu vændiskvenna sjaldan og stundum nánast fyrir tilviljun. Hins vegar er vafasamt að hún hafi áhrif á þá ofbeldisfyllri, sem hafa sterkari vilja til háttseminnar.“

Ég vil, frú forseti, fá að beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmálaráðherra, í ljósi breytinga á þessu ákvæði í frum-

varpinu, hvort hann hafi í hyggju að láta fara fram einhverjar frekari rannsóknir. Ef þetta eru rökin fyrir að málið sé ekki nægjanlega rannsakað í Svíþjóð og að rannsóknir séu ekki til á því hverjir séu kaupendur vændis, það séu jafnframt rök, hvort hugsunin sé þá sú, því við hljótum alltaf jafnt og þétt að skoða áhrif löggjafarinnar og breytingar, að ráðast í frekari rannsóknir á þessu.

Frú forseti. Þegar ég var búin að lesa í athugasemdunum rökin fyrir og gegn að gera kaupin refsiverð kom það mér á óvart að sjá hver niðurstaða prófessorsins var. Hún segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því sem fram hefur komið er ljóst að ýmis sannfærandi rök hafa verið færð fram bæði með og á móti því að lögfesta hér refsiákvæði um vændiskaup. Lagabreytingar verða að taka mið af þjóðfélagsviðhorfum og aðstæðum hverju sinni. Því er nauðsynlegt að frekari rannsóknir fari fram á vændi á Íslandi, umfangi þess og eðli og hvernig best sé að taka á því, áður en lagðar eru til lagabreytingar í ætt við þá sem gerð var í Svíþjóð. Þá er það einnig verðugt rannsóknarefni hvað ræður því að vændi er svo lítt til meðferðar í réttarvörslukerfinu, ekki síst í ljósi þess að vitað er að það er stundað hér í einhverjum mæli."

Í umræðunni áðan kom fram að samkvæmt frumvarpinu stendur til að fella úr hegningarlögunum að refsivert sé að selja vændi. Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að það sé rétt og eðlilegt, enda ákvæðið allt að því aldargamalt og í raun vekur furðu að það skuli enn vera í íslenskum hegningarlögum miðað við hversu þjóðfélagið hefur breyst og ýmis viðhorf í þjóðfélaginu. Hins vegar kom það mér mjög á óvart þegar hæstv. dómsmálaráðherra fjallaði um þetta mál áðan að þessu sé stillt upp þannig að í stað þessa ákvæðis komi fram annað ákvæði, eða gerð tillaga um annað ákvæði, sem sé ætlað að draga úr sýnileika vændisins. Ég get ekki séð að það sé stóra hættan í öllum þessum málum hvort vændi er meira eða minna sýnilegt. Þá finnst mér aðrir hagsmunir, sem við hv. þingmenn töluðum fyrir sem deildum skoðunum í vændisnefndinni, mun sterkari vitandi það samkvæmt skýrslum sem hafa verið unnar á vegum dómsmálaráðuneytisins að þeir sem hafa verið að bjóða vændi á Íslandi eru alla jafna þeir sem hafa orðið undir í samfélaginu. Börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun, ánetjast fíkniefnum og eftir atvikum fátækar konur frá Eystrasaltslöndunum eða einhverjum öðrum heimshlutum þar sem efnahagsleg staða manna er allt önnur. Þetta eru hagsmunir sem mér finnst vert að virða og vernda.

En það hvort vændið er sýnilegra eða ekki finnst mér ólíkt minni hagsmunir. En ég geri ráð fyrir að málið fái góða umfjöllun í allsherjarnefnd og síðan langa umræðu og ítarlega eftir að málið kemur úr nefnd.

Að endingu langar mig að segja eitt með tilliti til mansalsins. Ég las fyrirsögn í sænsku blaði sem fjallaði um umræðu í finnsku blaði um umræðu á finnska þinginu þegar málið var lagt þar fram fyrir tveimur árum. Fyrirsögnin var í þá veru að það væru tvær forsendur fyrir mansali. Önnur væri eftirspurn eftir vændi, eftir kynlífi til kaups. Hin væri fátækt í þessum nýfrjálsu ríkjum Evrópu.

Það eru því tvær leiðir til að draga úr mansalinu og sú sem er miklu nærtækari er með lögum, að reyna með almennum og sérstökum varnaðaráhrifum að draga úr þessari eftirspurn. Menn geta ekki endalaust talað þannig að það sé ekkert samhengi á milli mansals annars vegar, sem allir fordæma, og hegningarlagaákvæða um vændi hins vegar.

[19:02]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var spurður að því hvort ástæða væri til að rannsaka þessi mál frekar hér. Ég tel að þessi mál verði rannsökuð frekar og dómsmálaráðuneytið hefur á fáum árum sett tvo starfshópa í að fjalla um vændismálin. Áhugi lögfræðinga og félagsfræðinga á þessu sviði er vaxandi. Ég er sannfærður um að rannsóknir verði stundaðar í þessu efni. Ef það kemur til minna kasta að stuðla að því þá er ég síður en svo andvígur því að rannsakað verði frekar hvernig þessum málum er háttað hér á landi.

Ég veit hins vegar að þeim er allt öðruvísi háttað, og þarf engar rannsóknir til að sýna fram á það, en í Svíþjóð, Finnlandi og Eystrasaltsríkjunum. Við höfum ekki við nein sambærileg vandamála að glíma í þessu efni og þær þjóðir, sérstaklega þegar litið er til mansals. Við höfum miklu betri tæki og miklu betri aðferðir heldur en þær til að hindra mansal við landamæravörslu okkar. Í því efni eigum við að leggja áherslu á það sem ég er að boða í frumvarpi um nýskipan lögreglumála, áhættugreiningu, greiningardeildir, og slíka starfsemi á vegum lögreglunnar. Það er úrræði sem við eigum að nýta til að koma í veg fyrir mansal í landinu og herða landamæravörslu. Það er úrræði sem við eigum að sjálfsögðu að nýta og miklu virkari úrræði en þær leiðir sem menn fara í Svíþjóð og hugsanlega í Finnlandi og öðrum löndum.

[19:03]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna þessu svari hæstv. dómsmálaráðherra. Hann lýsir í svarinu vilja sínum til að rannsaka vændi nánar. En ég árétta að við búum að og eigum ákveðna rannsókn á þeim sem selja vændi hér á landi. Það er órannsakað, sem prófessorinn Ragnheiður Bragadóttir bendir á, hverjir eru kaupendur vændis á Íslandi. Ég get ekki annað en fagnað því að sú rannsókn eigi að fara fram.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þetta séu ekki rök fyrir því að fara ekki þá leið sem við höfum lagt til, að gera kaupin refsiverð. Ég árétta að ég hef ekki orðið þess vör, með löggjöf almennt, að fram fari einhvers konar heildarrannsókn á áhrifum löggjafar, hvorki á sviði refsiréttar né á öðrum sviðum löggjafarinnar, sem eru ein rökin fyrir að fara ekki þessa leið að mati prófessorsins.

En ég fagna, frú forseti, svari ráðherrans og þeim áhuga sem hann sýnir að vinna áfram í þessu máli.

[19:05]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Rannsóknir munu fara fram á þessu sviði af hálfu vísinda- og fræðimanna, bæði félagsfræðinga og lögfræðinga. Ég held að það sé tryggt að þessi mál verði rannsökuð áfram.

Ég tel hins vegar að Svíar séu í sömu sporum og lýst er í greinargerð prófessorsins. Þeir vilja gjarnan að þessi heildarúttekt fari fram á áhrifum þessarar löggjafar. Ég hef setið

fundi með sænska dómsmálaráðherranum þar sem hann hefur verið spurður um áhrif löggjafarinnar og hann hefur sagt: Við vitum að þetta hefur gerst. Við vitum að það hefur dregið úr götuvændi. Við vitum að við höfum kannski betri stýringu varðandi mansalið en við vitum ekki um heildaráhrifin. Við viljum gjarnan fá þá niðurstöðu líka. Það er það sem prófessorinn vísar til. Ef þessi rannsókn af hálfu Svía lægi fyrir þyrfti ekki að orða þetta svona en hún liggur ekki fyrir. Svíar sjálfir telja að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera úttekt á því hvernig þessi einstæða löggjöf hefur tekist. Engin önnur þjóð í heiminum hefur tekið þetta í lög sín.

[19:06]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla í þessu samhengi, vegna orða hæstv. dómsmálaráðherra sem ég fagna enn og afstöðu hans til frekari rannsókna á þessu sviði, að árétta að markmið laganna í Svíþjóð, þegar lögin voru sett um að gera kaup á vændi refsivert, var fyrst og fremst að draga úr ofbeldi gegn konum. Markmiðið var ekki að draga úr götuvændi. Það var ekki markmið í sjálfu sér.

Önnur afleiðing af þessum lögum er sú að Svíþjóð þykir ekki jafneftirsóknarvert land fyrir þá sem stunda mansal, fyrir milliliðina, og það þótti áður. Það er ekki jafneftirsóknarvert og önnur Norðurlönd, hvað þá önnur Evrópulönd. Ég átti þess hins vegar kost á dögunum að hlusta á sænska dómsmálaráðherrann þar sem hann lýsti mikilli ánægju með árangurinn af þessari löggjöf. Ég man ekki eftir því í nokkuð ítarlegri ræðu hans að hann legði sérstaka áherslu á að það þyrfti að rannsaka þetta frekar.

En það er ýmislegt annað sem við þyrftum líka að rannsaka, m.a. kynferðisbrot gagnvart börnum. Það hefur orðið mikil fjölgun mála, fjölgun tilkynninga til lögreglu. Menn velta því fyrir sér hvort brotunum sé að fjölga eða kærunum. Þegar það kemur til tals þá yppa menn öxlum og enginn veit hvers vegna svo er. Ég legg meira upp úr því að fara í viðamiklar rannsóknir á þeim brotum og ástæðum þess að tilkynningum og kærum fjölgar en að rannsaka mismunandi kynhegðun milli landa. Ég held við getum að hluta til stuðst við erlendar rannsóknir á þeim hópi sem kaupir sér vændi. Ég held að það sé ekki svo mikill munur á kúnnahópnum sem slíkum, kaupandanum, eftir því hvar hann býr á Norðurlöndunum. Ég vil fá að leggja áherslu á það, frú forseti.

[19:08]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með þetta frumvarp, bæði hvað varðar efnislegar breytingar sem í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði á almennum hegningarlögum sem og frumvarpinu að öðru leyti, þ.e. hve vel það hefur verið undirbúið, hversu ítarlegar athugasemdir fylgja því og hvað greinargerðin hefur í alla staði verið vönduð.

Mig langar í upphafi máls míns að rifja upp að á síðasta ári var til umfjöllunar í allsherjarnefnd frumvarp til breytinga á fyrningarreglunni sem hefur komið mjög til umfjöllunar í umræðunni í dag. Við afgreiðslu á því máli, sem komst reyndar ekki á dagskrá þingsins í kjölfarið, var niðurstaða meiri hluta nefndarinnar á sama veg og lagt er til í þessu frumvarpi, þ.e. að fyrningaraldurinn er hækkaður upp í 18 ár í frumvarpinu, sem er hið sama og meiri hluti allsherjarnefndar lagði til fyrir um ári síðan.

Í nefndaráliti allsherjarnefndar á þeim tíma beindi nefndin því til dómsmálaráðuneytisins að taka kynferðisbrotakafla hegningarlaganna til endurskoðunar. Það var síðan einungis nokkrum dögum, í mesta lagi vikum síðar, að dómsmálaráðherra hafði falið höfundi þessa frumvarps að semja frumdrög að frumvarpi um breytingar á tilteknum ákvæðum kynferðisbrotakaflans.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hefur víða verið leitað fanga við samningu þess. Ekki verður annað sagt en að frumvarpið geymi, með athugasemdunum, gríðarlegum fróðleik og yfirgripsmikla samantekt á þeim atriðum sem máli skipta þegar þau atriði sem hér eru til umfjöllunar eru skoðuð. Í þessu efni verður ekki annað sagt en að allsherjarnefnd sem fær þetta frumvarp til umsagnar og meðferðar fái sérstaklega gott veganesti vegna þess hvernig búið hefur verið um allan undirbúning að málinu. Mér þykir líka ástæða að geta þess, til marks um fagleg vinnubrögð í ráðuneytinu, að drög að frumvarpinu skyldu kynnt á heimasíðu ráðuneytisins áður en málið var endanlega lagt fyrir þingið.

Að öðru leyti vil ég segja um greinargerðina með frumvarpinu að þar eru þau viðkvæmu atriði sem hér eru til umfjöllunar, kynferðisbrot gegn börnum, vændi, nauðgun og önnur brot sem hér er verið að fjalla um, dregin fram í dagsljósið og allar hliðar málanna skoðaðar gaumgæfilega. Farið er yfir meira eða minna öll sjónarmið sem maður þekkir úr umræðunni á Alþingi. Dregin er saman lagaþróunin á öðrum Norðurlöndum. Kannaðir eru kostir og gallar við að fara hinar ólíku leiðir.

Í þeirri umræðu sem farið hefur fram í dag kannast maður við þessi sömu sjónarmið. Þeir sem hallast að annarri leið heldur en lögð er til í frumvarpinu tína beinlínis upp rökin sem er að finna í frumvarpinu, um aðra kosti í stöðunni.

Þetta er allt saman vegið og metið í frumvarpinu á mjög málefnalegan hátt og komist að niðurstöðu með afar sannfærandi rökum, að mínu áliti. Ég vil lýsa mig sammála öllum meginatriðunum í þessu frumvarpi þegar komist er að niðurstöðu um hvaða leið eigi að fara þegar tekist er á við vændi sem vandamál í þjóðfélaginu og hvaða úrræði við eigum að nýta okkur í refsilöggjöfinni vegna kynferðisbrota gegn börnum. Á fleiri stöðum en einum er komið inn á þau brot vegna þess að refsihámarkið fyrir kynferðislega áreitni gegn börnum er hækkað. Það leiðir til þess að kynferðisleg áreitni gegn börnum er brot sem fyrnist á lengri tíma en gildir samkvæmt hegningarlögum sem nú eru í gildi. Fyrningarfresturinn mun því ekki bara aukast um þessi fjögur ár, sem leiðir af reglunni um 18 ára viðmiðið. Af því að refsihámarkið er hækkað eykst fyrningarfresturinn í þeim brotum sérstaklega.

Frumvarpið eins og menn þekkja sem hafa kynnt sér það er upp á 50 síður. Efnisgreinar frumvarpsins eru þrjár blaðsíður en á 47 síðum er farið ofan í grundvöll þessara mála. Það segi meira en mörg orð um hversu vel hefur verið vandað til verksins.

Ég ætla ekki að flytja mjög langt mál en vil þó aðeins koma inn á nokkur atriði sem hafa verið áberandi í umræðunni í dag, m.a. um þá niðurstöðu sem hér er að finna um hvernig við eigum að taka á vændi í refsilöggjöfinni. Menn gagnrýna að ekki skuli farin sænska leiðin og vísa til að komið sé fram frumvarp í Finnlandi um að fara sænsku leiðina. Það eru í sjálfu sér engin ný tíðindi vegna þess að frumvarpið sjálft greinir frá því en eins og þar segir er óvíst um hver afdrif þess frumvarps verða í þjóðþinginu. Ekki hafa Danir farið þá leið eða Norðmenn. En við þá umfjöllun sem bíður okkar í nefndinni og hér á þinginu um vændismálin höfum við, auk þeirrar umfjöllunar sem er að finna í þessu frumvarpi, skýrslu vændisnefndarinnar. Því er úr nógu að moða þegar kemur að því að tína til sjónarmiðin um hvaða leið skuli farin í þessu efni.

Hér hefur verið talað um að lítið sé fyrir það gefandi að í frumvarpinu er leitast við að koma í veg fyrir að vændi sé sýnilegt í þjóðfélaginu. En það er líka ákveðið þjóðfélagsmein. Staðan er sú að jafnvel í dagblöðunum sem koma út á hverjum degi er hægt að bjóða líkama sinn til sölu án þess að lögreglan geti aðhafst á nokkurn hátt. Það er ekki sjálfgefið að viðkomandi sé að gera slíkt sér til framfærslu. Það kann að vera að aðstæður viðkomandi einstaklings séu þannig að hans háttsemi varði ekki við lögin eins og þau eru í dag.

Af þessari ástæðu er það mikilvægt að í frumvarpinu er lögreglunni fengið sérstakt tæki til að bregðast við þegar vændi er boðið opinberlega í auglýsingum. Ég tel að það sé sérstaklega mikilvægt skref til að vændi verði ekki sýnilegt. Ég tel að það hafi þýðingu í baráttunni gegn vændi.

Talað er um að hér sé verið að leggja það til að vændi verði lögleitt. Það stenst ekki að líta málið þeim augum. Um þetta er fjallað í löngu máli í frumvarpinu sjálfu og rökin fyrir þeirri leið sem hér er valin eru tínd til. Þar stendur það sjónarmið upp úr að sá sem býður líkama sinn til sölu þarf fyrst og fremst á félagslegum úrræðum að halda en ekki refsingu. Það eru þyngstu rökin fyrir því að sala vændis er ekki lengur refsiverð samkvæmt frumvarpinu.

Jafnframt er tekið mjög ítarlega á því í röksemdafærslu fyrir frumvarpinu hvers vegna það sé ekki líklegt til árangurs að velja þá leið að gera kaupin refsiverð. Þegar vændi er skoðað sem þjóðfélagslegt vandamál hljóta menn að reyna að komast að rótum vandans. Með sænsku leiðinni, svona einangraðri sem tiltekinni lausn, láta menn sig engu varða hvar rót vandans liggur. Það eru hin félagslegu úrræði sem langmestum árangri hafa skilað. Um það vitnar lögreglan og aðrir þeir sem um þessi mál hafa fjallað. Í tengslum við frumvarp um vændi sem áður hefur verið til meðferðar í allsherjarnefnd höfum við fengið fjölmarga aðila til að ræða við okkur á faglegum forsendum um þennan málaflokk. Eins og ég vék að hefur meira bæst í þann gagnabanka sem við getum leitað í til að viða að okkur fróðleik um þessi mál.

En það kemur fram hjá öllum þessum aðilum að það eru hin félagslegu úrræði sem mestu máli skipta. Mér þykir því einkennilegt hve mikil áhersla er lögð á hin siðferðislegu skilaboð sem felast í að gera kaupin refsiverð. Það má halda því fram að í því felist einhver siðferðisleg skilaboð. En felast ekki líka í því ákveðin siðferðisleg skilaboð að aflétta refsingunni af þeim sem býður fram líkama sinn til sölu? Mitt svar við því er: Að sjálfsögðu. Með því er undirstrikuð sú neyð sem viðkomandi er í og hversu óréttlátt það er að beita viðkomandi refsingu fyrir það sem hann gerir vegna bágra aðstæðna sinna.

Aðeins varðandi fyrningarfrest og kynferðisbrot gegn börnum. Ég tel að í þessu frumvarpi hafi verið færð fyrir því mjög sannfærandi rök. Þau eru á sömu nótum og meiri hluti allsherjarnefndar komst að í sinni umfjöllun í nefndaráliti frá því í fyrra og ég vék aðeins að í mínu máli. Það eru ákveðin prinsipp í refsilöggjöfinni sem hér er verið að reyna að varðveita. Að því leytinu til má segja að þau drög sem frumvarpshöfundur hefur skilað af sér fylgi þeim fyrirmælum að við endurskoðun lagaákvæðanna verði byggt á traustum refsiréttarlegum grunni og horft til íslenskrar lagahefðar.

Ég vil ekki að menn geri lítið úr mikilvægi þess að við sýnum ákveðna samkvæmni í því þegar við erum að hreyfa við refsilöggjöfinni. Það skiptir máli að við séum ekki með endalausar sérreglur hvað varðar fyrningu, refsihæfi einstakra brota o.s.frv. Það er mikil áhersla lögð á það í þessu frumvarpi sem að öllu leyti er í þessu samhengi faglegt og sannfærandi. Ég ítreka að ég er ekki síst ánægður með að þegar komist er að niðurstöðu um einstök álitaefni í þessu frumvarpi er það eftir að bæði sjónarmiðin hafa verið reifuð.

Þetta er nú allt sem ég vildi segja um þetta mál á þessu stigi. Ég ítreka ánægju mína með það góða veganesti sem allsherjarnefnd fær þegar hún fær þetta mál til umfjöllunar með þessu ítarlega rökstudda frumvarpi.

[19:21]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langaði að spyrja hv. formann allsherjarnefndar nokkurra spurninga. Hv. þingmaður heldur varla vatni yfir frumvarpinu og segist vera sammála öllum meginrökum þess.

Mig langar að spyrja: Koma einhverjar breytingar til greina af hans hálfu á þessu frumvarpi í ljósi þess sem hann sagði hér áðan? Þá er ég bara að hugsa um þá vinnu sem hefst núna í allsherjarnefndinni.

Í annan stað langar mig að spyrja hv. þingmann út frá siðferðislegu hliðinni. Finnst honum siðferðislega réttlætanlegt að hægt sé að kaupa líkama manneskju með þeim hætti sem vændiskaup eru? Er það siðferðislega rétt að það sé hægt?

Ef vændiskaup og vændissala eru í lagi, af hverju er þá ekki milligangan í lagi? Af hverju eru þá ekki auglýsingarnar í lagi? Ef við höfum löggjöfina þannig úr garði gerða að bæði salan og kaupin séu í lagi. Frumvarpið leggur það til að það sé hvort tveggja í lagi. Af hverju leggst þá hv. þingmaður gegn því að milligangan sé ólögleg eða auglýsingarnar?

Ég skynja ákveðinn tvískinnung varðandi þennan verknað. Menn vilja fordæma þennan verknað með því að banna auglýsingar á vændi en mönnum finnst í lagi bæði að kaupa vændi og selja. Hv. þingmaður talaði líka um að þetta sé ekki lögleiðing. Hvernig kemst hann að þeirri niðurstöðu í

því ljósi að bæði salan og kaupin eru leyfileg samkvæmt frumvarpinu?

Hv. þingmaður benti á að það þyrfti að komast að rótum vandans. Er ekki hluti af rótum vandans einmitt eftirspurnin, þ.e. kaupandinn? Kaupandinn á valið. Hann velur hvort hann kaupir viðkomandi einstakling eða ekki. Væri það ekki langskynsamlegasta leiðin til að komast að rótum vandans, eins og hv. þingmaður vill, að ná kaupandanum og draga úr eftirspurninni?

Hvað varðar fyrninguna þá talar hann um að hún varði prinsipp í refsilöggjöfinni. Vill hv. þingmaður t.d. breyta hegningarlögunum í þá átt að þau ófyrnanlegu brot sem nú eru til staðar verði fyrnanleg, svo sem manndráp, landráð, mannrán, ítrekuð rán o.s.frv. (Forseti hringir.) til að halda í þetta meinta prinsipp sem hann kom að?

[19:23]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsti hér ánægju minni með efnisatriði þessa frumvarps þegar komist er að niðurstöðu um hvernig við eigum að taka á því vandamáli sem vændi hefur verið í okkar þjóðfélagi. Í frumvarpinu er sænsku leiðinni hafnað. Það hefur verið sannfæring mín að það sé rétt að gera og mér finnst að í frumvarpinu hafi verið færð sannfærandi rök fyrir því hvers vegna sú leið er valin sem þar er gert.

Hvort það samræmist mínum siðferðislegu mælikvörðum að hægt sé að kaupa líkama manna, þá virðist hv. þm. Ágúst Ólafur vera haldinn þeirri blindni að einungis sé hægt að taka á þessu vandamáli með breytingu á refsilöggjöfinni. Þetta snýst ekki um það. Það eru fjölmargar aðrar aðgerðir sem stjórnvöld geta beitt til að taka á þeim vanda sem vændi getur verið. Með þeim aðgerðum eru þau að lýsa siðferðislegri vanþóknun sinni á stöðu þeirra sem notfæra sér bágar aðstæður fólks og á því félagslega vandamáli sem þeir sem bjóða líkama sinn til sölu eru í.

Það er kjarni málsins. Ég held að við þurfum að fara að beina umræðunni frá því hvaða siðferðislegu skilaboð Alþingi ætlar að fara að setja hér út með lagabreytingum og einblína frekar á vanda þeirra sem eru komnir í þá aðstöðu sem tengist vændinu. Það er miklu mikilvægara að mínu áliti.

Varðandi það hvort það komi til álita að gera breytingar á þessu frumvarpi þá er það að sjálfsögðu þannig. En ég er að lýsa ánægju minni með niðurstöðuna, um ákveðnar stórar spurningar sem velt er upp með því að hreyfa við þessum málaflokki. Að sjálfsögðu er engin ástæða til að útiloka breytingar sem við kunnum að reka okkur á í nefndarstarfinu að nauðsynlegt sé að gera. Hins vegar sé ég ekki fyrir mér neinar meiri háttar stefnubreytingar. Og varðandi fyrninguna er það meginprinsippið að alvarlegustu brotin séu ófyrnanleg og ég tel ekkert ósamræmi í að þeirri reglu sé (Forseti hringir.) viðhaldið þó að við séum með fyrningarreglu varðandi önnur brot.

[19:26]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður segir í svari sínu að þetta snúist ekki bara um refsilöggjöfina. Ég tók einmitt fram í ræðu minni að þetta snýst ekki bara um lagabreytingar. Ég lagði til að við þyrftum einnig að huga að félagslegum úrræðum. Það þarf ekkert að gerast hvort á annars kostnað.

En það er alveg ljóst að refsilöggjöfin getur haft áhrif. Hún hefur varnaðaráhrif. Hún gefur ákveðin skilaboð og hún getur dregið úr eftirspurninni. Ef við drögum úr eftirspurninni drögum við úr framboðinu.

Hv. þingmaður segir að við eigum ekki að einbeita okkur að siðferði heldur að vandanum. Vandinn liggur í að þetta þing treystir sér ekki til að senda þau siðferðislegu skilaboð að það sé rangt að kaupa líkama manneskju með þessum hætti. Þar liggur vandinn. Vandinn liggur líka í því að þetta þing treystir sér ekki til að segja að við eigum að einbeita okkur að svokölluðum rótum vandans sem er auðvitað kaupandinn. Það er engin sala án kaupanda.

Varðandi fyrninguna — hv. þingmaður talar um samkvæmni í refsilöggjöfinni og segir síðan að hann telji að alvarlegustu afbrotin eigi að vera ófyrnanleg. Nú er staðan sú að við höfum t.d. afbrot eins og ítrekuð rán og mannrán í þessum flokki. Telur hv. þingmaður að þau afbrot, ítrekuð rán, séu alvarlegri en kynferðisleg afbrot gegn börnum? Ég vona ekki og geri ekki ráð fyrir því. En af hverju eiga þá ekki kynferðisafbrot gegn börnum að vera í þessum flokki? Af hverju látum við gerandann njóta þess aðstöðumunar sem hann hefur í ljósi þess að hann brýtur á barni sem þekkir ekki leiðir til að leita sér aðstoðar með réttum hætti? Það er sérstaða þessara brota.

En lítum á þetta meinta prinsipp í refsilöggjöfinni. Prinsippið í refsilöggjöfinni er ekki meira en það að nú þegar eru til ófyrnanleg brot. Nú þegar er tekið tillit til barna í löggjöfinni. Það er nú ekki lengra síðan en á 9. áratug síðustu aldar að þá voru til mörg ófyrnanleg brot sem mörg voru með lága hámarksrefsingu. Þannig að hér er ekkert verið að brjóta neitt prinsipp. Hér er einungis verið að mælast til að þetta þing (Forseti hringir.) taki refsipólitíska ákvörðun og láti fara fram hagsmunamat, (Forseti hringir.) fyrningarrökin versus hagsmunir barnanna.

[19:28]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir nú býsna langt seilst að segja að vandinn sem tengist vændi snúist um að Alþingi treysti sér ekki til að senda út siðferðisleg skilaboð um hvernig fólk eigi að hegða sér. Ég veit ekki hvers konar ofurtrú þingmaðurinn hefur á þeim skilaboðum sem þingið sendir frá sér og ætlast til að það hafi síðan áhrif á mannlega hegðun. Þetta er ekki þannig að allt verði leyst með því annaðhvort að leyfa eða refsa fyrir einhver tiltekin brot. Ég ítreka að þegar kemur að vændi eiga að vera í forgrunni praktískar lausnir, forvarnir og félagsleg aðstoð við þá sem á henni þurfa að halda.

Auðvitað er þetta ekkert prinsippatriði varðandi fyrningu kynferðisbrota gegn börnum. Þetta snýst ekkert um að við viljum halda í prinsippið. Það er fjöldinn allur af öðrum rökum sem tíndur er til og það er einmitt vegna þess að við áteljum sérstaklega kynferðisbrot gegn börnum sem sérregla er smíðuð um í hegningarlögin, sérregla um fyrninguna sem þessi brot lúta. Það er sérregla sem nota bene er sambærileg sérreglunni sem hinar Norðurlandaþjóðirnar

hafa kosið að innleiða hjá sér. Engin þeirra hefur valið að fara leiðina sem hv. þingmaður leggur til, þ.e. að fella fyrninguna alfarið niður. Engin önnur þjóð hefur valið að fara þá leið. Ég tel að í frumvarpinu sé að finna afar sannfærandi rök og ákveðna samfellu sem mér finnst líka skipta máli þó hún sé ekki stóra prinsippið í þessum málaflokki. Það eru ákveðin refsipólitísk sjónarmið og hagkvæmnisrök sem koma hér til skoðunar. En auðvitað væri miklu þægilegra að standa hér upp sem málsvari þeirra sem hafa orðið fyrir þessum brotum og segja að það sé engin áhætta af því að aflétta fyrningunni. En málið er kannski ekki, þegar betur er að gáð, alveg svo einfalt.

[19:30]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson segir í ræðu sinni að sá sem falbjóði sig þurfi á félagslegum úrræðum að halda. Það er auðvitað hárrétt. Auðvitað þarf að grípa til félagslegra úrræða. Það þarf að efla þau úrræði sem eru til staðar því að þau eru nánast engin í dag. Þau eru allt of lítil og veik. Ég treysti þá á stuðning hv. þingmanns í þeim efnum, að sett verði í forgang að efla þau félagslegu úrræði sem þurfa að vera til staðar.

Hv. þingmaður talar um rót vandans. Hann segir: Er ekki rétt að við förum að rót vandans? Ég segi jú, auðvitað er það rétt. Hver er þá rót vandans? Í mínum huga og þeirra Svía sem settu lögin á sínum tíma og starfa eftir löggjöfinni í dag — nota bene, um 80% sænsku þjóðarinnar eru ánægð með sænsku löggjöfina. Það hefur ítrekað komið fram í skoðanakönnunum. Rót vandans í okkar huga, sem styðjum þessa leið, er sú að aldagömul viðhorf til kvenna lýsi sér í því að það skuli látið óátalið að líkamar kvenna skuli boðnir til sölu.

Viðhorf karla til kvenna, segi ég. Þetta er það sem kom fram hjá sænsku þingmönnunum sem settu löggjöfina á sínum tíma. Á því viðhorfi er alið, t.d. í tónlistarmyndböndum, ákveðnum tegundum fjölmiðla, sérstaklega ýmsum prentmiðlum og það birtist í eftirspurn eftir klámefni. Hvað er klám annað en mynd af vændi?

Við verðum að fara að setja samasemmerki á milli hlutanna og getum ekki verið skinheilög í þessu efni, sem mér finnst vera tilhneigingin í 12. gr. þessa frumvarps þar sem sagt er að ekki megi auglýsa kynlífsþjónustu eða kynmök við annan mann gegn greiðslu, það sæti sektum og fangelsi. Það er í mínum huga yfirlýsing um að það sé í lagi að þetta sé til bara ef það er ekki á síðum blaðanna. Mér finnst tvískinnungur í þessu máli og mér finnst þetta feimni eða hræðsla við að horfast í augu við rætur vandans.

[19:33]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég einfaldlega tel mig hafa hafnað þessum sjónarmiðum áður. Þetta eru sömu sjónarmiðin og hafa verið í umræðunni, þ.e. að gera þurfi breytingar á refsilöggjöfinni til að koma því sjónarmiði að hjá almenningi að eitthvað sé að því siðferðislega að sækjast eftir kaupum á líkama annarrar manneskju. Ég tel að það þurfi einfaldlega ekki breytingu á refsilöggjöfinni til að fólk átti sig á þessu. Ég tel að allur meginþorri almennings sé þessarar skoðunar. Það er bara þannig. Við þurfum ekki að breyta refsilöggjöfinni til að senda út skilaboð um hvernig okkur þykir almennt rétt að fólk hagi sér varðandi einstök mál, það bara er ekki þannig.

Hv. þingmaður getur treyst á stuðning minn við að auka félagsleg úrræði, sé sýnt fram á að þau komi að gagni. Ég tel að það eigi fyrst og fremst að nýta þau. Hv. þingmaður er í hópi þeirra sem hefur fyrst og fremst talað fyrir sænsku leiðinni. Ég hef frá upphafi þeirrar umræðu átt afar erfitt með að skilja hvers vegna menn líta á þá leið sem einhverja töfralausn. Menn tala um sænsku leiðina eins og hún sé hin heilaga ritning og hin eina sanna lausn í glímunni við vændi í heiminum. Það eru bara ekki til nein móttrök fyrir sænsku leiðinni. Þeim er bara öllum hafnað þvert á línuna. Þetta er ekki málefnaleg nálgun á því sem við erum að fjalla um. Það er ekkert hægt að horfa fram hjá því að við erum ekki eina þjóðþingið sem hefur velt því fyrir sér að taka upp sænsku leiðina. Það hafa aðrir gert, eins og ég hef bent á, og komist að sömu niðurstöðu og við.

En til þess að viðkomandi þingmenn, sem aðhyllast þá leið, eigi einhverja vonarglætu þá er þó í þessu frumvarpi sagt að enn sem komið sé ekki komin nægilega góð reynsla af sænsku leiðinni og henni er því að því leyti (Forseti hringir.) til ekki fullkomlega hafnað til allrar framtíðar.

[19:35]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Í þessum andsvörum kristallast sá ágreiningur sem áður hefur verið í umræðum um málið hér í þingsal og innan allsherjarnefndar þegar við höfum fjallað um þessi mál. Ég sé ekki að við eigum neitt auðveldari vegferð fyrir höndum í nefndinni en áður. Ég held að við eigum eftir að takast á um þessi grundvallaratriði.

Í lokaandsvari mínu við hv. þm. Bjarna Benediktsson vil ég einungis segja þetta: Mansal heyrir til skipulagðri glæpastarfsemi sem veltir orðið álíka miklum upphæðum í veröldinni og vopnasala og eiturlyfjasmygl. Samfélag þjóðanna hefur séð ástæðu til að gera um það alþjóðlegan samning sem kallaður er Palermo-samningurinn til að reyna að takast á við hina skipulögðu glæpastarfsemi í verslun með manneskjur. Það er óásættanlegt í samfélagi þjóðanna að látið skuli viðgangast að konur og börn gangi kaupum og sölum til kynlífsþjónustu, ekki síst á Vesturlöndum, jafnvel í okkar eigin landi. Þess vegna verður að beita öllum þeim aðferðum sem tiltækar eru til að stemma stigu við slíkum glæpum. (Gripið fram í.)

Því miður hefur ríkisstjórn Íslands ekki séð ástæðu til að lögleiða Palermo-samninginn þótt við séum búin að undirrita hann og það standi til að færa hann í íslensk lög. Mér fyndist sómi að því að innleiða sænsku leiðina, sem hefur reynst virkt tæki í baráttunni gegn mansali þótt ekki væri nema til þess að gefa út yfirlýsingu til stuðnings Svíum í þessum efnum, sem hafa verið brautryðjendur og farið gegn almenningsálitinu, sem hefur verið sterkt. Það hefur verið tregða í gangi við að ráðast gegn kaupendum vændis og verið feimni eða hræðsla við að tala við þá sem búa til eftirspurnina eftir konum og börnum sem seld eru mansali á milli landa. Mér hefði fundist sómi að því að Íslendingar gengju fram fyrir skjöldu og segðu við Svía: Við stöndum

með ykkur. Við lögleiðum líka sænsku leiðina af því að við viljum að úr norðurálfu komi þau skilaboð að það sé ekki ásættanlegt að konur og börn gangi (Forseti hringir.) kaupum og sölum í þessum tilgangi.

[19:37]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins til viðbótar varðandi sænsku leiðina þá er í sjálfu sér skiljanlegt að Svíar skuli almennt ánægðir með sænsku leiðina. En þar í landi var götuvændi sérstakt vandamál. Það er ekkert skrýtið að kaupendurnir hafi hlaupið í felur þegar búið var að innleiða í refsilöggjöfina sérstakt ákvæði sem bannar beinlínis kaupin og gefur lögreglunni veiðileyfi á þá þegar þeir gefa sig fram.

Vandinn við þetta atriði er kannski sá að það eru vísbendingar um að vændið eigi sér enn stað. Þegar við skoðum tölfræðina, um hve mörg mál hafi verið upplýst og afgreidd af lögreglunni og yfirvöldum á grundvelli þeirrar lagabreytingar sem þarna er um að ræða, eru það sorglega fá tilvik miðað við stærðina á vandamálinu sem við er að etja og umfang vændisstarfseminnar.

Hér er mansalið gert að umtalsefni. Eins og hv. þingmaður veit höfum við á umliðnum árum innleitt í refsilöggjöfina sérstök ákvæði til þess að sporna við mansali. Það hefur verið gripið til sérstakra aðgerða og eins og hv. þingmaður réttilega benti á tengist mansalið yfirleitt skipulagðri glæpastarfsemi. Skipuleg glæpastarfsemi er einmitt nákvæmlega sama orðið og notað er í öðru frumvarpi sem liggur hér fyrir þinginu þar sem fjallað er um greiningardeildir. Það hefur aldeilis heyrst hljóð frá stjórnarandstöðunni vegna greiningardeildanna sem einmitt er ætlað að rannsaka skipulagða glæpastarfsemi og skila áhættumati út af þeim. En miðað við þau orð sem hér féllu um nauðsyn þess að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi treysti ég því að hv. þingmaður hafi ekki út á það að setja að ríkislögreglustjóra verði veittar auknar heimildir til að gera það áhættumat sem þarf til að sporna við þeim vanda sem skipuleg glæpastarfsemi er, hvort sem þar er um að ræða fíkniefni, mansal eða aðra starfsemi sem flýtur yfir landamæri og við höfum orðið vör við í auknum mæli hér á landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álagning skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, 1. umr.

Stjfrv., 732. mál (EES-reglur). — Þskj. 1068.

[19:39]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar dóms EFTA-dómstólsins frá 24. nóvember 2005 varðandi skattalegt umhverfi alþjóðlegra viðskiptafélaga á Íslandi. Samkvæmt frumvarpinu verða sérreglur sem gilda um skattlagningu alþjóðlegra viðskiptafélaga afnumdar. Heimilt verður þó eftir sem áður að veita lágmarksaðstoð að fjárhæð 100 þús. evrur til slíkra félaga á hverju þriggja ára tímabili, enda innan ramma EES-regla um ríkisaðstoð. Jafnframt er í frumvarpinu kveðið á um að þessi takmörk eigi ekki við þegar starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga er alfarið utan gildissviðs EES-samningsins, eins og það er skilgreint í bókun 3 við EES-samninginn.

Ákvæði frumvarpsins ná jafnt til þess tíma sem eftir er hjá starfsemi þeirra félaga sem hafa starfsleyfi og til þeirrar starfsemi sem þegar hefur átt sér stað, þ.e. kveðið er á um að endurgreiða beri til ríkissjóðs ef mismunur á skattgreiðslum alþjóðlegs viðskiptafélags, annars vegar eftir lögum nr. 29/1999 og hins vegar samkvæmt almennum skattalögum, er meiri en sem nemur 100 þús. evrum á hverju þriggja ára tímabili.

Með frumvarpinu er því komið til móts við kröfur ESA varðandi þær sérreglur sem gilda um skattlagningu alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að afloknu þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög og tekjuskattur, 1. umr.

Stjfrv., 733. mál (fækkun tollumdæma o.fl.). — Þskj. 1069.

[19:41]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu eru því einkum lagðar til breytingar á þeim ákvæðum tollalaga sem fjalla um tollumdæmi og stjórn þeirra. Við undirbúning frumvarps þessa var farið vandlega yfir tillögur fyrirliggjandi frumvarps um breytta skipan lögreglustjórnar með tilliti til mögulegra breytinga á skipan tollumdæma. Jafnframt var horft til tölulegra upplýsinga um komur skipa og flugvéla og fjölda tollafgreiddra sendinga í hverju tollumdæmi eins og þau eru afmörkuð í dag til þess að mæla umfang tollamála í hverju umdæmi fyrir sig. Þær sýna glögglega að umfangið er mjög misjafnt milli umdæma og í sumum þeirra er það nánast ekki neitt. Til dæmis afgreiddu þeir tollstjórar sem gert er ráð fyrir að verði tollstjórar í stærri umdæmum næstum 90% af öllum aðflutningsskýrslum sem bárust til landsins á árinu 2004. Að teknu tilliti til þessara tveggja meginþátta er tillagan sú að tollumdæmi á landinu verði 8 talsins í stað 26 umdæma samkvæmt gildandi lögum.

Í meginatriðum er lagt til að tollumdæmin fylgi afmörkun lykilembætta hjá lögreglunni, þ.e. þeirra embætta þar sem sérstakar rannsóknardeildir lögreglu verða starfræktar. En þau verða samtals sjö. Þó er gert ráð fyrir að lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum gegni áfram hlutverki tollstjóra vegna legu eyjanna þrátt fyrir að ekki sé starfrækt rann-

sóknardeild við embættið. Jafnframt er lagt til að lögreglustjórinn á Seyðisfirði verði áfram tollstjóri, ekki síst vegna þeirra miklu umsvifa sem þar eru á sviði tollamála, bæði við stóriðjuframkvæmdir eystra og vegna reglubundinna ferjuflutninga til og frá landinu. Þá er gert ráð fyrir að umdæmi tollstjórans á Reykjavík nái yfir umdæmi lögreglustjóranna á Akranesi, Borgarnesi og Stykkishólmi í vestur, og þannig yfir tvö lykilembætti lögreglunnar. Í því sambandi er einkum horft til þess að enginn tollvörður er starfandi á þessu svæði eins og málum er háttað en tollstjórinn í Reykjavík hefur á að skipa öflugu liði tollvarða sem unnt er að samnýta án teljandi hindrana.

Eins og áður var bent á kalla miklar breytingar í starfsumhverfi tollstjóra á undanförnum árum óhjákvæmilega á breyttar áherslur við tolleftirlit. Nú er svo komið að þorri aðflutningsskýrslna er látinn tollstjóra í té með rafrænum hætti. Afleiðingin af þessu fyrirkomulagi er að dregið hefur úr beinu eftirliti við tollafgreiðslu vöru og byggist tolleftirlit nú að mestu á skipulagðri tollendurskoðun eftir að innflutt vara hefur verið afhent.

Allt tolleftirlit, þar með talin tollendurskoðun, mun á komandi árum í auknum mæli byggjast á skipulegri áhættugreiningu í því augnamiði að finna og takast á við skilgreinda áhættuþætti við inn- og útflutning. Ég tel að með fækkun og stækkun tollumdæma verði skipulag og stjórn tolleftirlitsins á landsvísu og hjá einstökum tollstjórum markvissara. Þá lít ég sérstaklega til mikilvægs eftirlits með innflutningi fíkniefna til landsins. Það er mitt mat að fækkun tollumdæma leiði til þess að auðveldara verði að byggja upp þá sérhæfingu hjá embættunum sem er grundvöllur viss eftirlits með innflutningi fíkniefna og öðrum ólöglegum innflutningi. Fækkun umdæma mun einnig auðvelda samvinnu á milli tollstjóra en nauðsynlegt er að auka sveigjanleika í nýtingu mannafla og tækja á landsvísu og tryggja með því að auknu álagi á einum stað verði mætt með liðsauka frá öðrum.

Önnur viðamikil breyting í starfsumhverfi tollstjóra er aukin áhersla alþjóðasamfélagsins á varnir gegn hryðjuverkum og útflutningseftirlit í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hryðjuverk. Tollyfirvöldum hefur verið falið veigamikið hlutverk við framkvæmd farmverndar, sem er einn þáttur í siglingavernd er miðar að því að tryggja vernd skipa og hafna. Færri og stærri embætti verða betur í stakk búin til þess að laga sig að nýjum og fjölbreyttum verkefnum.

Þá er í frumvarpinu lögð til breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, í því skyni að tryggja óbreytta skipan varðandi innheimtumenn ríkissjóðs þó svo að til fækkunar komi á tollumdæmum og þar með á tollstjórum, en samkvæmt gildandi lögum eru tollstjórar jafnframt innheimtumenn ríkissjóðs.

Minni háttar breytingar á nokkrum ákvæðum tollalaga er einnig að finna í frumvarpinu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruminjasafn Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 688. mál (heildarlög). — Þskj. 1009.

[19:45]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands. Með þessu frumvarpi er lagt til að sett verði sérlög um Náttúruminjasafn Íslands sem höfuðsafn, það er rétt að undirstrika það, sem höfuðsafn á sviði náttúrufræði í samræmi við ákvæði safnalaga, nr. 106/2001.

Í 5. gr. safnalaga er kveðið á um að höfuðsöfn skulu stofna með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra og í 5. mgr. 5. gr. laganna er Náttúruminjasafn Íslands tilgreint sem höfuðsafn á sviði náttúrufræði. Í bráðabirgðaákvæði safnalaga segir að ákvæði 5. mgr. 5. gr. komi ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið sérlög um safnið í samræmi við ákvæði laganna. Með frumvarpi þessu er því lagt til að fyrrgreind ákvæði safnalaga verði uppfyllt.

Í almennum athugasemdum frumvarpsins er forsaga Náttúruminjasafns Íslands rakin frá árinu 1884 auk þess sem greint er frá húsnæðismálum safnsins og tíðum flutningum þess svo vægt sé til orða tekið. Þá er greint frá tengslum safnsins við Náttúrufræðistofnun Íslands og þeim kaflaskilum sem urðu árið 1990 þegar umhverfisráðuneytið var stofnað og Náttúrufræðistofnun Íslands færð frá menntamálaráðuneytinu til hins nýja ráðuneytis. Jafnframt er því lýst í frumvarpinu að Náttúrugripasafnið hafi tilheyrt umhverfisráðuneytinu frá stofnun þess árið 1990 en á árinu 2001 hafi orðið þáttaskil þegar Alþingi setti safnalög en samkvæmt 2. gr. þeirra fer ráðherra menntamála með yfirstjórn málefna minja- og listasafna og til minjasafna teljast menningarminjasöfn og náttúruminjasöfn. En það má segja að ástæðan fyrir því að það hefur tafist að leggja þetta frumvarp fram sé að mun erfiðara en ráð var gert fyrir reyndist að leysa úr þeim vandamálum sem fylgja aðskilnaðnum sem ég gat um, þ.e. aðskilnaði og verkaskiptingu Náttúruminjasafns og Náttúrufræðistofnunar sem nú starfa samkvæmt lögunum frá 1992.

Í frumvarpinu er hlutverk Náttúrugripasafns Íslands skilgreint og gerð grein fyrir skipulagi þess og yfirstjórn. Auk almenns hlutverks safnsins sem höfuðsafns er gert ráð fyrir að safnið hafi jafnframt rannsóknarhlutverk eins og önnur höfuðsöfn samkvæmt safnalögum þó svo að Náttúrufræðistofnun Íslands verði vísindalegur og faglegur bakhjarl safnsins og annist að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, samanber lög nr. 60/1992. Þetta kemur fram í 3. gr.

Frumvarpið kveður á um að þessar stofnanir skuli hafa með sér náið samstarf sem skal grundvallast á sérstöku samkomulagi milli þeirra, samanber 3. gr. frumvarpsins. Samkvæmt núgildandi safnalögum hefur Náttúruminjasafn Íslands eitt höfuðsafna ekki rannsóknarskyldu, þ.e. bæði Listasafnið og Þjóðminjasafnið hafa slíka rannsóknarskyldu, en í frumvarpinu er því ætlað þetta hlutverk. Jafnframt er lögð til breyting á safnalögum til samræmis við þetta ákvæði þannig að safnalögunum verði þá breytt líka.

Ég hef rakið efni frumvarpsins í megindráttum, frú forseti, og sé í rauninni ekki ástæðu til að fjalla frekar um einstakar greinar þess. Það er að mínu mati brýnt verkefni að

við tökum þetta skref því það eru nokkuð mörg skref sem við þurfum að taka áður en við sjáum fullbúið safn á sviði náttúruminja því þetta er að mínu mati það skref, fyrsta skref sem nauðsynlegt er að taka til að forstöðumaðurinn geti farið í það að vinna að stefnumótuninni í samráði við ráðuneyti og fagaðila á þessu sviði og það getur tekið tíma. En sú vinna er afskaplega þýðingarmikil og hún þarfnast ramma og ramminn er lögin og lögin verða því að vera þannig úr garði gerð að það verði hægt að vinna að slíkri stefnumótun til lengri tíma fyrir náttúruminjar. Síðan eru önnur skref, þ.e. að vinna að þessari stefnumótun og huga að uppbyggingu Náttúruminjasafnsins þá m.a. í tengslum við húsnæði og fleira. En það hefur margt breyst í safnamálum á alþjóðavísu varðandi náttúruminjar, ekki síst á síðastliðnum 10–15 árum og það verður hið stóra verkefni hins nýja forstöðumanns í samráði við fagaðila að fara yfir hvernig best verði að hátta og haga stefnumótun á því sviði.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til hv. menntamálanefndar.

[19:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er komið fram langþráð frumvarp um Náttúruminjasafn Íslands og almennt séð er það auðvitað mikið ánægjuefni að þetta frumvarp skuli loksins komið fram eftir langa mæðu og ótrúlegar fæðingarhríðir eins og er að nokkru leyti rakið í nokkuð ítarlegri greinargerð með frumvarpinu.

Það sem veldur mér mestum áhyggjum þegar ég les þetta frumvarp, sem ég hef svo sem ekki haft tækifæri til að kynna mér neitt ítarlega, er umsögn fjármálaráðuneytisins því mér finnst hún sýna betur en nokkuð annað hversu mikið er óunnið sem varðar þær áætlanir sem þarf að gera varðandi uppbyggingu þessa safns. Ég verð að segja að ég treysti því og vona að í þessari umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sé ekki fólgin nein forsögn um enn frekari drátt á uppbyggingu Náttúruminjasafnsins en ítarlegar áætlanir um byggingu safnsins og starfsemi þess lágu fyrir fyrir svo mikið sem 15 árum síðan. Það er líka rakið að hluta til í greinargerð frumvarpsins.

Ég verð að segja að mér finnst sá undirbúningur sem fór fram í þeirri nefnd sem gerði grein fyrir og skilaði af sér tillögum til ráðuneytisins um Náttúrufræðihús í Reykjavík árið 1990, hefði mátt endurspeglast betur í þessu frumvarpi, a.m.k. í greinargerð eða fylgiskjölum en jafnvel og ekki síður í beinum lagatexta. Ég hef það á tilfinningunni að stefnumörkun um uppbygginguna vanti beinlínis. Ég hefði viljað sjá betur útfærðar hugmyndir í þessu frumvarpi, sérstaklega eftir allan þennan velting málsins í kerfinu í svo langan tíma. Ég held að ég muni rétt að það hafi verið 1985, en það kemur fram í greinargerðinni, sem Alþingi Íslendinga samþykkti mjög ítarlega og vel hugsaða ályktun um að skora á ríkisstjórnina að hraða, m.a. í samráði við áhugamenn og Náttúrufræðistofnun Íslands, undirbúningi að byggingu yfir nútímalega Náttúrufræðistofnun á höfuðborgarsvæðinu. Í ályktuninni var gert ráð fyrir að byggingarundirbúningur og fjárframlög til framkvæmdanna yrðu miðuð við að unnt yrði að opna safnið almenningi á árinu 1989 eða þegar 100 ár yrðu liðin frá stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags og Náttúrugripasafns á þess vegum. En eins og þingheimi er kunnugt var það að frumkvæði Hins íslenska náttúrufræðifélags sem þetta safn yfir höfuð varð til og það hefði sannarlega verið reisn yfir því að opna nýtt safn þegar 100 ár voru liðin frá stofnun þess ágæta félags. Það varð ekki en ég vil halda því fram hér að þessi þingsályktunartillaga og öll sú vinna sem í kjölfarið varð, mikið af henni undir umsjón og leiðsögn hv. fyrrverandi þingmanns Hjörleifs Guttormssonar en hann var 1. flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu og formaður nefndarinnar sem síðan skilaði tillögunni til ráðuneytisins, ég vil meina að þar hafi verið útfærðar hugmyndir um stefnuna og stefnumörkun sem hefði mátt nýta og megi kannski enn nýta í þágu þessa góða máls sem hér er mælt fyrir en í öllu falli er ýmislegt óunnið í málinu.

Mér finnst kannski tilefni til að fagna því að hér skuli þó vera þannig á málum tekið að það skuli vera viðurkennt hvernig komið er fyrir safninu og safnamununum eins og þeim er fyrir komið í dag. Þeir liggja margir hverjir undir skemmdum gæti ég trúað í geymslum Náttúrufræðistofnunar Íslands og alveg nauðsynlegt og lífsnauðsynlegt fyrir löngu síðan að ráða bót í þeim efnum.

Varðandi 2. gr. og viðbótina um rannsóknirnar inn í 2. gr. þá vil ég segja þetta: Ég hef á tilfinningunni að þar þurfi að skilgreina hluti betur. Mér finnst óljóst hvað við er átt og í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að ekki sé ljóst hvað við er átt eða á hvern hátt þessar rannsóknir geti farið fram eða eigi að fara fram og á hvern hátt þetta kemur við stofnunina sjálfa, Náttúrufræðistofnun Íslands. Það segir í greinargerð að í safnalögum sé ekki samræmi á milli safna og höfuðsafna hvað verkefni og verksvið snertir. Þannig hafi Náttúruminjasafn eitt höfuðsafna ekki rannsóknarskyldu samkvæmt 5. mgr. 5. gr. safnalaga og það sé ekki ljóst, eftir því sem hæstv. ráðherra segir, að höfuðsafn þurfi að uppfylla grundvallarskilyrði safna samkvæmt safnalögum um rannsóknarskyldu. Ég vil brýna það hér strax fyrir þingheimi að við verðum að sjá til þess að þetta leiði ekki til frekari tafa á málinu eða togstreitu og þetta rýri ekki gildi eða rannsóknarskyldu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Síðan um aðkomu umhverfisráðuneytisins á þessu máli þá vil ég segja að ég hef verið talsmaður þess að þetta sé unnið í nokkru samráði og það kom fram í svörum hæstv. menntamálaráðherra við fyrirspurn minni fyrr í vetur þegar ég var að inna hana eftir hvað liði þessu frumvarpi að mikið samráð yrði haft við umhverfisráðuneytið. Af þeim fljóta yfirlestri sem ég hef viðhaft á þessari greinargerð þá sé ég ekki eða finn ekki þessu samráði stað og sé ekki alveg á hvaða hátt umhverfisráðuneytið hefur komið að málinu en það mun örugglega skýrast í meðferð menntamálanefndar á frumvarpinu.

Ég mundi gjarnan vilja fá skýringu á orðalagi í 3. gr. sem lýtur að því að safnkostur Náttúruminjasafns Íslands ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar sé undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess og annarra aðila. Ég hef ekki áttað mig alveg á því hverjir þessir aðrir aðilar eru sem þarna gætu átt greiðan aðgang að safnakosti Náttúruminjasafns Íslands til rannsókna. Kannski er þetta almennt hugsað sem rannsóknarsafn fyrir

háskólanema og þá er það auðvitað vel. Ég tel mjög mikilvægt að safnið sé í beinum tengslum við Háskóla Íslands og get þess vegna verið talsmaður þess að Náttúruminjasafn fái veglegan sess og gott og viðeigandi húsnæði, helst sem næst Háskóla Íslands til að vera í sem nánustum tengslum við háskólaumhverfið og það fólk sem þar starfar. Eftir að hið glæsilega náttúruhús reis í Vatnsmýrinni þá finnst mér einboðið að sá reitur sem fyrir nokkuð mörgum árum var tekinn frá fyrir Náttúruminjasafn við hliðina á náttúruhúsinu verði skoðaður sem heimalóð fyrir þetta safn. Ég fagna þeirri hugmynd sem fram kemur í máli hæstv. ráðherra og í frumvarpinu að Náttúrufræðistofnun Íslands og safnið verði nátengd og vonandi þá undir sama þaki líka.

Ég vil gera athugasemdir við 5. gr. varðandi það að ekki skuli vera gerð krafa um að forstöðumaður safnsins hafi háskólamenntun. Samkvæmt orðanna hljóðan er gert ráð fyrir því að það sé nóg að hann hafi staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins. Ég tel alveg nauðsynlegt að það séu gerðar jafnríkar kröfur varðandi menntun til forstöðumanns og til forstjóra Náttúrugripasafns Íslands en samkvæmt 3. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands er gert ráð fyrir að forstjóri þeirrar stofnunar hafi háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Ég hefði talið eðlilegt að eitthvað svipað væri upp á teningnum hvað varðar forstöðumann safnsins.

Varðandi hlutverk eða skyldur þessa safns hef ég örlítið hugleitt hvort þetta sé nægilega vel skilgreint í frumvarpinu, hvort ekki megi kveða sterkara að orði og ég vitna í því sambandi til þjóðminjalaga og laga um Listasafn Íslands þar sem miklu nánar er farið út í það í beinum lagatexta á hvern hátt safnið eigi að starfa. Ég nefni 2. gr. í lögum nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, sem segir mjög ítarlega frá því á hvern hátt Listasafn Íslands skuli sinna hlutverki sínu. Ég sakna sambærilegrar greinar í þessu frumvarpi varðandi Náttúrufræðistofnun.

Með þessu frumvarpi er lagt til að starfsemi Náttúruminjasafns verði skipað með sambærilegum hætti og starfsemi annarra höfuðsafna og í því felist m.a. að Náttúruminjasafn Íslands verði að sjálfstæðri stofnun í stað þess að vera deild hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Að því hefur auðvitað verið stefnt og við sem höfum unnið að málefnum safnalaganna vitum að þetta var niðurstaða sem hefur verið unnið að og það er vel. En í frumvarpinu er gert ráð fyrir þessu nána samstarfi Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands og því segir í greinargerðinni að æskilegt sé á þeirri forsendu að kanna möguleika á því að stofnanirnar sameinist um húsnæði og aðstöðu fyrir þessa starfsemi.

Ég vil ítreka að þetta sé inni í greinargerðinni og við þetta var einmitt miðað í tillögum þeirrar nefndar sem ég fjallaði um áðan og skilaði af sér tillögum 1990 og í þeim tillögum var gerð ítarleg áætlun um á hvern hátt þessi tengsl gætu verið.

Frú forseti. Að lokum tel ég að það þurfi að skoða mjög gaumgæfilega þessa umsögn frá fjármálaráðuneytinu því mér finnst hún sýna að ýmsu sé ábótavant hvað varðar undirbúning. Það er ekki nægilegt að við samþykkjum frá Alþingi Íslendinga lög um Náttúruminjasafn Íslands ef við sjáum ekki fyrir okkur með hvaða hætti sú stofnun á að lifa eða hvers konar stofnun þetta eigi að verða. Þegar engin stefnumörkun um uppbygginguna er til staðar þá sé ég ekki annað en hér gætum við lent í verulegum vandræðum þegar á að fara að fjármagna safnið á fyrstu árunum sem það kemur til með að starfa og ég á auðvitað þá ósk heitasta að þessi stofnun komi til með að fá ríkulega fjármuni frá hinu opinbera til að ná að skjóta rótum og blómstra því það á hún sannarlega skilið eins og búið hefur verið að safngripunum og þessum þætti hingað til. Það er kominn tími til að við tökum myndarlega á. Til þess að það verði gert tel ég að það þurfi að gera áætlun um uppbygginguna og ég er sannarlega þess fýsandi að menntamálanefnd geti lagt sitt lóð á vogarskálarnar í þeim efnum og gert þetta mál á endanum þannig úr garði að virkilegur sómi verði að og að ríkisstjórnin átti sig líka á því að það þurfi að fylgja þessu máli vilyrði og vilji til að fjármagn verði sett í stofnunina svo hún nái að skjóta rótum og blómstra.

[20:02]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka góðar ábendingar frá hv. þingmanni og beini því sérstaklega til nefndarinnar að taka þær ábendingar vel til skoðunar. Ég vil þó árétta nokkur atriði. Í fyrsta lagi vegna þess inngangs sem er settur fram í athugasemdum með frumvarpinu. Ég taldi nauðsynlegt að menn sæju heildarmyndina, hvað er búið að gera og menn áttuðu sig á líka hvaða gögn liggja til grundvallar.

Ég veit að þeir nefndarmenn sem komu að undirbúningi þessa frumvarps á sínum tíma og skiluðu þessu til mín veltu því lengi fyrir sér hvort draga ætti inn í sjálfan lagatextann þessa skýrslu sem hv. þingmaður m.a. bendir á frá 1990. Menn eru sammála um að nauðsynlegt er að koma í gegn lögum sem eru rammalöggjöf, sem eru ekki niðurnjörvandi heldur rammi sem kemur til með að styðja við þá mikilvægu vinnu sem er næsta skref sem er stefnumótunarvinna forstöðumannsins. Hann þarf til þess ákveðið umhverfi sem snertir bæði hans umhverfi sem og annarra starfsmanna. Við höfum fengið þær upplýsingar að slík stefnumótunarvinna kemur til með að taka nokkuð langan tíma af því að hún er það umfangsmikil og hún er það þýðingarmikil. Lögin verða þess vegna að komast í gegn þannig að sú stefnumótunarvinna hafi stuðning í því frumvarpi sem er hér til umræðu.

Það kann vel að vera að menn meti það í þeirri stefnumótunarvinnu að draga inn það sem kemur fram í skýrslunni frá 1990. Menn hafa m.a. velt því fyrir sér hvort allt sem þar kemur fram, m.a. samvinna við HÍ og hvernig á að byggja upp það safn, hvort það sé í takt við nútímasafnastefnu eins og hún hefur þróast á umliðnum árum. Þess vegna tel ég mikilvægt að við mótum þessa umgjörð sem verði stuðningur fyrir forstöðumennina og þá starfsmenn sem verða hjá Náttúruminjasafninu þannig að við getum öll sammælst um að fara í þá vinnu, ráðuneyti, forstöðumenn og stofnunin ásamt öllum þeim fagaðilum sem hlut eiga að máli til að móta uppbyggilega safnastefnu á sviði náttúruminja.

[20:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að hæstv. menntamálaráðherra viðurkennir að auðvitað þurfi stefnumörkunin að fá rými og svigrúm og það þurfi að fara í þá vinnu. Ég fagna því líka að hún skuli benda á niðurstöður nefndarinnar frá 1990, að þær geti verið grunnur þó svo hún hafi kannski einhverjar efasemdir um að þær séu nægilega nútímalegar.

Varðandi síðan það sem hún segir um að hennar hugleiðingar ganga út á að það hefði getað orðið niðurnjörvandi og heftandi fyrir væntanlegan forstöðumann þessa safns að fá eitthvað slíkt um stefnumörkunina setta inn í lagatextann, þá vil ég meina að óþarfi sé að óttast slíkt. Við höfum t.d. í vetur verið að vinna í menntamálanefndinni að máli sem varðar stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og þar gagnrýndi ég einmitt í fyrstu umræðu að mér sýndist skorta ákveðið innra skipulag stofnunarinnar sem ég teldi eðlilegt að væri mælt fyrir um í lagatexta.

Í vinnu nefndarinnar síðan í því máli sem var mjög djúp og fín enduðum við með það í sjálfu sér að fyrirskrifa ákveðna stöpla í hið innra starf. Ég sæi fyrir mér að eitthvað svipað gæti gerst í vinnu nefndarinnar með þetta mál, þ.e. sú vinna sem nú liggur fyrir og hefur verið skrifuð út í skýrslum til menntamálaráðuneytisins verði skoðuð gaumgæfilega og kannað hvort ekki væri ráðlegt að setja einhverja þætti, einhverja stöpla úr þeirri stefnumótunarvinnu í þetta frumvarp til að ljóst sé á hvern hátt löggjafinn sér fyrir sér að þessi stofnun geti best fúnkerað.

[20:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmönnum sem eru í menntamálanefnd fyrir góða vinnu í tengslum við Árnastofnun og það frumvarp sem er komið núna út með nefndaráliti. Það hefur afskaplega góð vinna verið unnin í menntamálanefnd og það ber að þakka.

Ég vil þó geta þess að varðandi þetta frumvarp erum við að reyna að meginstefnu til að byggja það upp eins og lagarammann í kringum Listasafn Íslands og Þjóðminjasafnið af því að í safnalögum eru þrjú höfuðsöfn talin. Þar er ekki Árnastofnun af því að hún er annars eðlis. Þar er Þjóðminjasafnið, Náttúruminjasafnið og síðan Listasafnið þannig að við erum að reyna að haga umgjörð þessara höfuðsafna með svipuðum hætti. Þess vegna drögum við m.a. fram og hv. þingmaður kom inn á það áðan varðandi rannsóknarskylduna að Náttúruminjasafnið hafi ákveðna rannsóknarskyldu. Öll meginsöfn á alþjóðavísu hafa rannsóknarskyldu. Við gerum það reyndar með aðeins öðrum hætti og undirstrikum mikilvægi þessara tengsla við Náttúrufræðistofnun Íslands sem við teljum afar mikilvæga. Ég undirstrika það sem ég sagði í svari mínu fyrr í vetur til hv. þingmanns að ég tel mikilvægt að góð samvinna verði þarna á milli sem og á milli menntamálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis varðandi skipulagningu alla í þessu máli.

Engu að síður er það þannig að eitt er að sinna rannsóknarskyldu á sviði safna og annað á sviði fræða. Við vitum það og það er eitt og annað sem hefur komið upp sem við teljum rétt að Náttúruminjasafnið hafi þá svigrúm til þess að mæta óvæntri þörf varðandi rannsókn á t.d. uppsetningu stoðsýninga. Þess vegna er þetta ákvæði sett svona fram að það er möguleiki fyrir safnið og forstöðumenn þess að leita þá til annarra ef svo ber undir og ef svo háttar til. Menn hafa verið að nefna Veðurstofuna, Háskóla Íslands og fleira og fleira. Reyndar líka þá aðila sem við sjáum heyra undir þá grein sem hv. þingmaður kom inn á, þ.e. 2. mgr. 3. gr. hverjir þeir væru þessir aðrir aðilar. Ég sé fyrir mér eins og kemur fram í greinargerðinni að það séu aðilar eins og Háskóli Íslands og Veðurstofan.

[20:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Ég sé ekki annað, frú forseti, en við hæstv. ráðherra séum sammála um að hér þurfi að rísa sterk stofnun sem hafi alla burði til þess að vera öflug vísindastofnun og um leið nútímalegt safn. Ég minni á alla þá stefnumótunarvinnu sem átti sér stað þegar Þjóðminjasafn Íslands var opnað á nýjan leik. Við sjáum það náttúrlega í hendi okkar þegar við heimsækjum hið glæsilega safn Þjóðminjasafnið hvernig sú stefnumótunarvinna hefur skilað sér. Ég sé ekki annað en hér þurfi að fara fram eins og ég segi svipuð stefnumótunarvinna. Hvar nákvæmlega í ferlinu hún á sér stað getum við svo kannski komist að samkomulagi um en í öllu falli held ég að nefndin verði í sinni vinnu að skoða gaumgæfilega á hvern hátt hún geti komið að þeirri stefnumótunarvinnu. Mér finnst ekki óeðlilegt að löggjafinn sé með í því og leggi sín lóð á vogarskálarnar og tryggi að sjónarmið þingheims alls nái sem lengst í þessu máli. Það tel ég farsælt fyrir málið sjálft og hina væntanlegu stofnun.

[20:10]

Útbýting:

Alþjóðleg útboð, 608. mál, svar fjmrh., þskj. 1140.

Bið eftir endurhæfingu, 776. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1153.

Framhaldsskóli í Suðvesturkjördæmi, 775. mál, fsp. RG, þskj. 1152.

Hlutafélög, 404. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1164; brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1165.

Kostnaður við Baugsmálið, 642. mál, svar fjmrh., þskj. 1156.

Landshlutaverkefni í skógrækt, 555. mál, nál. landbn., þskj. 1159; brtt. landbn., þskj. 1160.

Launa- og starfskjör skráðra félaga í kauphöllinni, 420. mál, viðbótarsvar viðskrh., þskj. 1163.

Legurými og starfsmannafjöldi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 777. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1154.

Loðnuleit og loðnumælingar, 673. mál, svar sjútvrh., þskj. 1151.

Orkunýting jarðorkuvera, 449. mál, svar iðnrh., þskj. 1138.

Símtöl milli farsímakerfa, 539. mál, svar samgrh., þskj. 1148.

Skipting botnfisksafla, 778. mál, fsp. GHj, þskj. 1155.

Umferðarlög, 503. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1161; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1162.

Vinnsla uppsjávarfisks, 717. mál, fsp. GHj, þskj. 1053.

Þjóðarblóm Íslendinga, 455. mál, nál. landbn., þskj. 1157.

[20:12]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Ég er svo heppinn að hér hefur þegar farið fram rækileg umræða um þetta mál og ég þarf þess vegna ekki að vera langorður. Í henni hefur reyndar komið fram að hér er reyndar bara um hálft frumvarp að ræða eða réttara sagt þingmál sem einungis er skref í áttina að því að til verði raunverulegt náttúruminjasafn. Sú spurning vaknar miðað við hvað það er rýrt kjöt á beinum þeim sem mynda þessa frumvarpsgrein hvort hugsanlega hefði verið nær að flytja þingsályktunartillögu um að hefja það starf sem vinna þarf að til að koma upp þessu safni.

Það eru þrjú atriði sem ég ætla að minnast á og tek þá áhættu að það hafi áður verið gert. Það hefur verið gert í flestum atriðum. Í fyrsta lagi getur það orðið nokkur grautur að safnið á að tengjast Náttúrufræðistofnun mjög náið. Um það er tilskilið að gerður verði samningur samkvæmt 3. gr. en umbúnaður þessara tengsla er ekki annar og yfirmaður Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns er ekki sá sami. Það er erfitt að leysa það mál því umhverfisráðherra er hinn eðlilegi yfirstjórnandi Náttúrufræðistofnunar og vegna þess að um safn er að ræða verður að fallast á að menntamálaráðherra sé yfirstjórnandi þess. Þótt um sama fræðasvið, sömu rannsóknir og sömu náttúrugripi sé að ræða á báðum stöðum eru rannsóknir á náttúrunni eitt og safnastarfsemi annað og hvort krefst sinnar tækni og síns sviðs. Nefndin þarf ósköp einfaldlega að athuga mjög vandlega hvernig þessu er háttað og hvernig samningurinn getur litið út, hvernig sú samnýting fer fram um muni og annað sem tilskilin er í frumvarpinu og í athugasemdum við það. Nefndin þarf að sjá út hvernig minnst hætta verður á vandræðum og á því að úr þessu verði einhver grautur þar sem erfitt verði að leysa úr og geti brunnið við, t.d. á milli umhverfisráðherra og menntamálaráðherra sem ekki eru miklir vinir.

Þetta er ekki alveg ljóst í frumvarpinu. Náttúrufræðistofnun á t.d. að sinna rannsóknarskyldu Náttúruminjasafnsins en það segir þó ekki hreinlega heldur er það aðeins að verulegu leyti. Maður spyr strax: bíddu við, að hvaða leyti og að hvaða leyti ekki? Ég hef ekki fundið skýringar á því. Það er einmitt orðalag af þessu tagi sem getur valdið vandræðum að lokum.

Síðan verð ég að segja vegna umræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og hæstv. menntamálaráðherra um aðra aðila að ég er engu nær. Ég skil ekki hvað aðrir aðilar eru að gera inni í 2. mgr. 3. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Safnkostur Náttúruminjasafns Íslands ...“ þarna á væntanlega að vera sögnin „er“ „.... ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar er undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess ...“ þetta skil ég, safnkosturinn og vísindasöfnin eru undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess „.... og annarra aðila.“ Bíðum nú við! Er þá verið að tala um fræðslu- og sýningarstarfsemi annarra aðila og rannsóknir annarra aðila? Þetta er algerlega óskiljanlegt og ég bið hæstv. menntamálaráðherra að skýra þetta fyrir mér aftur til þess að hægt sé að vinna með þetta í nefndinni þegar þar að kemur.

Í öðru lagi er frumvarpið aðeins heit og síðan eru eftir efndirnar. Um húsnæðið vitum við ekkert meira að sinni en árið 1884 og höfum ekkert um það fram fært hér stjórnmálamenn annað en frómar óskir. Um starfslið þess stendur þó að ráðinn skuli einn maður og það er gott en þegar maður fer að líta á fé það sem veitt er til starfseminnar er það óljóst hvaða fé það er. Fjármálaráðuneytismenn segja í lok þessara frumvarpsskjala að á þessu ári verði þetta fé að koma af óskiptu fé menntamálaráðuneytisins. Það væri kannski ráð að vita núna hversu mikið það óskipta fé er og hvað hæstv. menntamálaráðherra ætlar sér að taka mikinn hlut af því til þess að undirbúa þessa stofnun á árinu — hann ætlar a.m.k. að ráða safnstjóra — og síðan hvað verður gert, hvað er fyrirhugað á næsta ári, því það verður að ganga frá því innan skamms í fjárlagavinnunni.

Þá er kannski rétt að spyrja að því líka hvernig sú úttekt á geymsluþörf safna gengur sem hæstv. menntamálaráðherra lýsti yfir að hann hefði ákveðið að láta fara í í umræðum á þinginu 1. febrúar sl., því ein af helstu vandræðum þeirra gripa sem nú tilheyra Náttúruminjasafninu er að það er geymt víðs vegar og á afar ófullkomnum stöðum. Þessi geymsluvandi leysist ekki við það að komið sé upp safnsölum heldur þarf safn af þessu tagi nokkuð sérstakar geymslur vegna þess að safnið er ekki eingöngu heild gripa heldur sýni úr náttúrunni sem menn þurfa að komast að við rannsóknir og við alls kyns skoðun. Þess vegna þarf að búa um geymslurnar með sérstökum hætti og öðrum en þegar um er að ræða söfn af öðru tagi.

Þriðja atriðið sem ég vil nefna er 5. gr. þar sem kveðið er á um hæfnisskilyrði safnstjórans. Ég er ekki mikill kröfugerðarmaður um nákvæm menntunarskilyrði þeirra sem ráðast í störf af þessu tagi en mér þykir þetta ekki mjög metnaðarfullt ákvæði að safnstjórinn skuli hafa háskólamenntun eða staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins. Þetta þurfum við að fara yfir í nefndinni. (Gripið fram í.) Gerir hv. þm. Össur Skarphéðinsson ráð fyrir að hér sé átt við einhvern sérstakan? Er það það sem veldur frammíkalli hans? Eða girnist þingmaðurinn e.t.v. þessa stöðu í framtíðinni? Það kynni að vera. En þá væri það orðað með öðrum hætti. Ef menntamálaráðherra hefði augastað á hv. þingmanni mundi hann kveða á um að safnstjórinn skyldi hafa bæði háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins, sem væri auðvitað æskilegt. En að öllu gríni slepptu væri rétt að fara í þetta og bera það saman við þær kröfur sem gerðar eru til sambærilegra manna.

Að lokum þetta. Það er ánægjulegt að sjá þetta þingmál í umræðunni eftir allan þennan tíma, sem vel og skemmtilega er rakinn í inngangi athugasemda. Björn Bjarnason, sýslumaður í Dölum, Benedikt Gröndal, Helgi Pétursson, Bjarni Sæmundsson og hvert stórmennið af öðru hefur komið nálægt þessu máli og hefur átt þátt í þessari sögu. Því miður er frumvarpið nokkuð seint á ferðinni. Ég minntist áðan á umræðurnar 1. febrúar og þá sagði hæstv. menntamálaráðherra mjög viturlega þegar hann var spurður hvort ekki þyrfti að hafa mikið samráð við menn á vettvangi um þetta að það væri til athugunar að ræða við náttúrufræðinga og náttúruvísindafólk áður en frumvarpið kæmi fram. En, með leyfi forseta, tel ég líka vel koma til greina að tefja ekki um of fyrir málinu þannig að þingið og sú nefnd sem m.a. hv. þingmaður situr í, þ.e. Kolbrún Hall-

dórsdóttir sem kom við sögu áðan, hv. menntamálanefnd hafi tækifæri til að fara gaumgæfilega yfir þetta mikilvæga mál. Þá er bara að ljúka þessari ræðu með því að fagna þeirri umræðu og að mér skilst ákvörðun sem tekin hefur verið á þinginu um að við komum saman eftir kosningar og höfum þá tíma í júnímánuði til að fara gaumgæfilega yfir þetta mál. Ég hlakka til að gera það. Þá er hægt að nota daginn til að skoða málefni Náttúruminjasafnsins og fara í vettvangsferðir um þá náttúru sem safnið á að endurspegla og síðan um kvöldið horfir maður á heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu. Ég get varla ímyndað mér betri ævi en að mega fást við þessi störf.

[20:23]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við höfum áður horft á ýmsar keppnir saman ég og hv. þm. Mörður Árnason og ég minnist þess að við horfðum á nokkra góða handboltaleiki að kvöldi til í þinghúsinu þegar var stund milli stríða. Mig minnir að við Íslendingar höfum unnið í öll skiptin sem við horfðum á þessa leiki en það virtist vera eitthvert happ þegar við horfðum á sjónvarpið. Því miður eigum við ekki fótboltalið í þetta sinn á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu en hvað veit maður þegar fram líða stundir. Aukning knattspyrnunnar er mikil og góð.

Ég vil sérstaklega þakka hv. þingmanni fyrir málefnalegar athugasemdir og góðar. Ég fór yfir það áðan að ég veit að hv. þingmaður hefur líka sinnt starfi sínu afar vel í menntamálanefnd í gegnum umfjöllunina á Árnastofnun sem nú liggur fyrir og menntamálanefnd kom með ágætis breytingar í þá veru að styrkja alla þá lagaumgerð. Ég efast ekki um að einmitt þær athugasemdir sem hv. þingmaður kom inn á m.a. út af því sem kemur fram í 3. gr. varðandi tengsl Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafnsins eru akkúrat það atriði sem m.a. leiddi til þess að frumvarpið hefur dregist þetta mikið, þ.e. að skera þarna á milli. Eftir að það gerðist á sínum tíma árið 1992 að Náttúruminjasafninu og Náttúrufræðistofnuninni var skipt upp hefur það reynst afar vandasamt að leysa úr því vandamáli sem fylgdi þeim aðskilnaði. Það er kannski fyrst og fremst það sem hefur leitt til þessa dráttar.

Ég tel rétt og ítreka það sem ég sagði að þingið fari vel yfir þessi atriði og fái náttúrufræðinga og fleiri til að fara yfir þær ábendingar sem hv. þingmaður og fleiri eflaust kunna að hafa í þessu merkilega máli sem ég veit að við getum orðið samhent og samhuga um.

[20:25]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það fer um mig við þetta hrós frá menntamálaráðherra og mig grunar að hér búi einhver fiskur undir steini, það getur ekki annað verið. En um málið sjálft skulum við hafa góða samvinnu og ég heiti því af minni hálfu og okkar samfylkingarmanna a.m.k. og stjórnarandstæðinga væntanlega allra, að við leggjumst yfir málið og skoðum sérstaklega þetta sem mér finnst standa út af í frumvarpinu að ekki er gerð skýr grein fyrir því hvernig þessi tengsl eiga að vera fyrir utan að menn óska sér þess að þau séu sem best.

Síðan vil ég ítreka það að gjarnan hefði ég viljað eiga betri samvinnu við menntamálaráðherra en raun ber vitni í miklu fleiri málum en þeim sem við ræðum hér en þess hefur ekki orðið kostur af ýmsum ástæðum, m.a. ýmsum ástæðum sem hæstv. menntamálaráðherra kannski getur sjálfur gert sér grein fyrir og veit um betur en ég.

[20:26]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni Merði Árnasyni það traust sem hann bersýnilega hefur á hv. 1. þm. Reykv. n. varðandi framtíð þessa safns sem hér er undir. Gott boð. Það er rétt að afþakka það strax ef svo skyldi nú fara að hv. þingmaður yrði einhvern tíma hæstvirtur.

Það gladdi mig líka að hv. þingmaður hét hæstv. menntamálaráðherra dyggum stuðningi menntamálanefndar við að fara yfir þetta mál. Það er nefnilega svo, frú forseti, að þegar ég fer yfir þetta frumvarp finnst mér sem það þurfi mjög á sterkum leiðbeiningum og vegvísum að halda. Mér finnst þetta frumvarp nefnilega bera vott um metnaðarleysi. Ég hef um langt skeið, reyndar frá því að ég fyrst tók þátt í stjórnmálum á Alþingi Íslendinga, fylgst með þessu máli og verið umhugað um að yfir Náttúruminjasafnið, eins og það heitir nú eða mun heita, verði byggt. Það verði komið húsi yfir þetta merka safn sem er það safn á Íslandi sem á sér hvað litríkasta og merkasta sögu á sínum fyrstu dögum. Því miður hefur alltaf skort stuðning við það mál og því miður verð ég að hryggja hæstv. menntamálaráðherra með því að metnaðarleysið hefur fyrst og fremst verið í hennar flokki. Það var hennar flokkur sem brá fæti fyrir þetta mál þegar það var komið á þokkalegan rekspöl, komið inn í fjárlög 1991 og 1992. Og allar götur síðan hefur Sjálfstæðisflokkurinn einhverra hluta vegna fremur rekið hornin eða eftir atvikum hnýflana í allar hugmyndir um að ná utan um það verkefni að reisa nægt húsnæði yfir þessa merku starfsemi. Það er þannig að Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt til menntamálaráðherra á þessum tíma sem ég gat um áðan og því miður hefur enginn verið á þessum málum þar.

Mér finnst að þetta metnaðarleysi sem ég er að gera að umræðuefni speglist í tilurð þessa frumvarps. Það er ágætt fyrir hæstv. menntamálaráðherra að koma hingað og segja að málið hafi verið svo flókið. Það sé svo ofboðslega flókið að skilja á milli Náttúruminjasafns annars vegar og Náttúrufræðistofnunar hins vegar. Það var ekki talið mjög flókið þegar menn réðust í þetta sem mig minnir að hafi verið í ársbyrjun 2002. Þá var því lýst í þessum sölum að það ætti að taka þrjá mánuði, það ætti að skila því máli strax í apríl á því ári. Það hefur tekið fjögur ár. Helminginn af þessum tíma hefur hæstv. núverandi menntamálaráðherra setið í embætti og vafalaust síst við hana að sakast í því efni. En það hefur tekið Sjálfstæðisflokkinn fjögur ár að koma með þetta frumvarp. Það finnst mér vera alveg í stíl við annað metnaðarleysi í þessu tiltekna máli.

Sömuleiðis verð ég líka að segja að þegar ég fer yfir umsögn fjármálaráðuneytisins rekur mig í rogastans. Fjármálaráðuneytið segir hreinlega að það hafi engar forsendur til að meta kostnað við að reka þetta safn. Það hafi heldur engar forsendur til að meta kostnað við það að koma upp

húsnæði yfir starfsemina. Því skyldi það ekki hafa neinar forsendur til þess? Vegna þess væntanlega að það eru engar áætlanir um það innan menntamálaráðuneytisins. Í því ráðuneyti hefur ekki neinn haft neinn áhuga á þessu máli og mér sýnist sem hæstv. núverandi ráðherra hafi ekkert meiri metnað en þeir sem á undan honum hafa komið. Hæstv. ráðherra leggur fram þetta frumvarp algerlega undirbúningslaust. Það er bersýnilegt að fjármálaráðuneytið hefur ekki haft nokkurt tilefni til að gera einhverjar þokkalegar kostnaðaráætlanir fyrir þessu.

Það kemur í ljós að samkvæmt frumvarpinu, ef að lögum verður, á safnið að taka til starfa væntanlega í næsta mánuði. Þá er ekki liðið hálft ár. Það er auðvelt að gera sér grein fyrir því út frá þeim tölum sem nefndar eru í umsögn ráðuneytisins að kostnaðurinn við málið bara á þessu ári gæti hlaupið á einhverjum tugum milljóna, 20–30 milljónum.

Hvar á féð að finnast til þess í aðþrengdu menntamálaráðuneyti? Það á að takast af einhverjum óskýrðum safnliðum. Eru þeir peningar til? Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra. Hefur hún það fyrir að þetta fjármagn til að reka safnið á þessu ári ef að lögum verður sé fyrir hendi? Það er sjálfsagt að alþingismenn spyrji hæstv. ráðherra. Menn hafa séð að það hefur verið erfitt fyrir ráðherra að finna fé í sjóðum til að standa straum af annarri lögbundinni starfsemi. Hvað þá þessari. Fyrirhyggjan er þannig að ekki er gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu sem nú er að sjálfsögðu orðið að lögum fyrir yfirstandandi ár að þetta verði.

Ég hef ekki neina sérfræðiþekkingu á náttúruminjasöfnum en ég hef skoðað þau ófá. Að minnsta kosti miðað við almenna borgara og alþingismenn þá gjörþekki ég það safn sem hér er undir. Það má segja að vottur af metnaði birtist í því að þetta safn eigi að sinna alhliða náttúrusögu. Það á ekki bara að vera safn sem sýnir einstaka og merka gripi eða eintök af tegundum heldur á að geta varpað ljósi á auðlindir landsins og ýmsa sögulega þætti. En það hvílir á því sú skylda að safna og skrá og það á að afla upplýsinga um náttúrusögu landsins. Þetta er vottur af framsýni. En sá vottur gufar upp fyrir mínum augum þegar ég les með hvaða hætti á að stýra þessu safni. Það hafa að vísu aðrir ágætir alþingismenn bent á á undan mér. En Drottinn minn, hvaða safn skyldi frekar vera til á Íslandi sem þarfnast menntunar í þeim fræðum sem tengjast því ef ekki er þetta. Ég tek undir með hv. þm. Merði Árnasyni að það á ekki að vera algild regla að heimta að menn sem ráðnir eru til mikilvægra starfa hjá ríkinu hafi alltaf margar háskólagráður á bakinu. Þetta er hins vegar mjög sértækt safn. Hér er um að ræða safn sem á að skrá, safna upplýsingum og safna minjum sem endurspegla náttúrusögu Íslands og náttúrufar. Skyldi maður ekki ætla að sá sem stýrði því starfi þyrfti að hafa nokkuð góða þekkingu á því og að sjálfsögðu sérfræðimenntun?

Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvað veldur því að þær menntakröfur sem gerðar eru til þessa forstöðumanns eru í reynd engar. Það er æskilegt að hann hafi háskólamenntun en hann á að hafa staðgóða þekkingu á safninu. Í fljótu bragði gæti maður haldið að þarna væri hæstv. menntamálaráðherra búinn að handvelja einhvern gæðing innan safnsins núna til að veita því forstöðu. Það er ekki endilega besta leiðin til að finna því farsæla stjórn inn í framtíðina.

Ég held ekki að það sé það sem gangi hæstv. ráðherra til. Þegar maður les greinargerðina með þessari grein kemur í ljós að ekki sé nauðsynlegt að mati hæstv. ráðherra að maður með háskólamenntun stýri safninu. Það gæti verið maður með ýmiss konar reynslu. Af einhverjum óskiljanlegum orsökum, kannski í heiðursskyni við hæstv. landbúnaðarráðherra að það er tekin til ein starfsstétt. Bændur. Það segir í greinargerðinni að það væri ákjósanlegt að maðurinn sem gæti stýrt Náttúruminjasafni Íslands væri bóndi. Hvers vegna? Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þetta safn á að skrá auðlindasöguna. Það á að skrá með hvaða hætti þjóðin hefur lifað af auðlindum sínum.

Vitaskuld geri ég ekki, og allra síst í návist hæstv. landbúnaðarráðherra, lítið úr bændum á Íslandi, síður en svo. En mér er algjörlega fyrirmunað að skilja hvers vegna bændur eru teknir sérstaklega til sem ákjósanleg stétt til að stýra Náttúruminjasafni Íslands. Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra því ég er gamall sjóari: Hvers eigum við gamlir sjómenn að gjalda? Hvers vegna má ekki taka til einhverja aðra stétt sem líka má sannarlega segja að sé partur af undirstöðu þessa lands og sögu þessarar þjóðar. Þetta er mér algjörlega hulið.

Auðvitað er þetta smáatriði en það sýnir, hæstv. forseti, að þetta mál er fráleitt hugsað til hlítar. Ég skal fúslega viðurkenna að ég er sennilega bara þingmaður með slaka meðalgreind miðað við þingmenn Sjálfstæðisflokksins. En gæti hæstv. menntamálaráðherra skýrt þetta út fyrir mér?

Það sem mér finnst skipta máli þegar menn leggja fram frumvarp eins og þetta er að fram komi skýr sýn um hvert á þessi leiðarvísir sem er í frumvarpi af þessum toga að leiða. Við vitum að sá hluti Náttúrufræðistofnunar sem hefur verið safnastarfsemin hefur goldið fyrir það áratugum saman að hafa ekki húsnæði. Þessi húsnæðisskortur hefur auðvitað stafað af áhugaleysi þeirra sem hafa stýrt þessum málum og það hafa verið ráðherrar Sjálfstæðisflokksins síðustu áratugina. En gott og vel. Guð láti gott á vita. Nú kemur það fram í máli hæstv. ráðherra að hún vill taka á þessum málaflokki, vill honum vel. En það er tómt mál að tala um að gera eitthvað átak í þessum málum með því einu að samþykkja lög á síðasta endaspretti þingsins ef það er ekki alveg ljóst að þetta á að leiða til þess að loksins verði þeim áfanga náð að reist verði híbýli yfir þessa starfsemi.

Mig langar að spyrja hæstv. menntamálaráðherra: Hvaða áætlanir hefur hún um það og hvaða vinna er í gangi í ráðuneytinu sem á að ná því marki sem við unnendur safns af þessum toga höfum slegist fyrir í óþökk eins tiltekins stjórnmálaflokks núna bráðum í 16 ár?

[20:37]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er hálfhlessa yfir þeim hlýindum sem stöfuðu frá ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem mér fannst merkileg fyrir margra hluta sakir.

Ég er hins vegar innilega sammála honum hvað það varðar að við eigum og erum að stefna að því að koma hér

upp alvörustofnun á þessu merkilega sviði. Við viljum þess vegna gera þetta með myndarlegum hætti. Ef hv. þingmaður hefur hlustað á það sem ég hef sagt fyrr í dag í þessari umræðu þá er það algert lykilatriði að hér verði samþykkt lög, ákveðinn rammi til að taka þetta skref sem er svo mikilvægt og það er stefnumótunin sem slík.

Það er gríðarleg stefnumótun eftir og ég tel mikilvægt að þá stefnumótun muni forstöðumaðurinn leiða sem hv. þingmaður er mjög hæfur til að gegna. Það er alveg ljóst að hv. þingmaður Mörður Árnason undirstrikaði það að hv. þingmaður Össur Skarphéðinsson gæti fyllilega gegnt forstöðumannsstarfinu í þessari merkilegu stofnun. En ég tel brýnt að forstöðumaðurinn hafi svigrúm og tækifæri til þess og stuðning. Bæði stuðning frá ráðuneytinu en líka fjárhagslegan til að sinna þessari stefnumótun í samráði þá fyrst og fremst við fagaðila, ráðuneytið en ekki síður ráðuneyti umhverfismála sem ég veit að hv. þingmaður var í forstöðu fyrir á sínum tíma.

En ég vil sérstaklega vekja athygli á því, með leyfi forseta, sem stendur í greinargerðinni á bls. 4. Þar segir m.a.:

„Unnið var á vegum umhverfisráðuneytis að undirbúningi hins nýja safns 1990–1992 með það fyrir augum að starfsemi gæti hafist í nýju húsi árið 1995 ... Málið strandaði þegar fjárlaganefnd Alþingis samþykkti ekki tillögu ríkisstjórnarinnar ...“

Ég veit ekki betur en Sjálfstæðisflokkurinn hafi setið í þessari ríkisstjórn. Það er ekki rétt sem hefur komið fram hjá hv. þingmanni að Sjálfstæðisflokkurinn hafi staðið í vegi fyrir þessu máli. (Forseti hringir.) Miklu frekar hefur Sjálfstæðisflokkurinn stuðlað að því að (Forseti hringir.) þetta mál komist áfram en því miður ekki nægilega vel og með jafnöflugum hætti og allir vildu séð hafa.

[20:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit allt um það mál, hvernig þau runnu til lykta hérna haustið 1992. Það var ég sem var að slást við Sjálfstæðisflokkinn. Að vísu honum til afbötunar er rétt að rifja upp að fyrirvaralítið sigldi þjóðin inn í dálítið erfiða kreppu. Menn þurftu að ráðast í að draga saman. Eitt af því sem menn gerðu þá að kröfu Sjálfstæðisflokksins var að taka út úr fjárlagafrumvarpinu 10 millj. kr. framlag til að hefja starfið. Auðvitað var það fjarri því að vera nægilegt til að ráðast í einhverjar framkvæmdir af neinu tagi. Kostnaðurinn þá árið 1991 var áætlaður 1 milljarður.

Það var hins vegar fyrsta skóflustungan sem skipti máli. Þá var það komið á blað. Þetta þekkir hæstv. ráðherra af fjölmörgum verkum sem hún hefur komið að. Menn verða að byrja. Menn verða að ná því inn á fjárlög svo hægt sé að halda áfram. Það tókst ekki. Síðan hafa sleitulaust setið ráðherrar Sjálfstæðisflokksins og ekkert hefur gerst.

Hæstv. ráðherra sagði að fram undan væri gríðarlega mikið stefnumótunarstarf. Hvað hafa þá ráðherrar Sjálfstæðisflokksins verið að gera í 16 ár? Hvað hefur hæstv. ráðherra verið að gera í þessi tæp tvö ár sem hún hefur setið? Auðvitað veit ég að hún hefur haft mörgu öðru að sinna en það kemur bara fram í þessu frumvarpi að engin áætlun er um hvað þetta kostar. Það er engin áætlun um hvað þetta kostar einu sinni á þessu ári. Það hefði verið lágmark að menn hefðu vitað hvað þetta hefði kostað á þessu ári.

Að öðru leyti er þetta jákvætt skref. Sjálfsagt að þetta mál fari í gegn á þessu þingi og sem fyrst. Ég hef látið mín viðhorf koma fram en mig fýsir að vita, kannski af því ég hef þennan feril að baki, hvernig stendur á því að ráðherrann telur að ekki sé þörf á manni til að stýra þessari stofnun sem hefur sérfræðimenntun í þeim fögum (Forseti hringir.) sem tengjast safninu?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, 1. umr.

Stjfrv., 695. mál (heildarlög). — Þskj. 1025.

[20:42]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum. Frumvarp sama efnis var lagt fram á 127. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Sú meginbreyting hefur verið gerð á frumvarpinu frá fyrri útgáfu þess að skýrar er kveðið á um rétt löggjafans til að hafa afskipti af sýningu, sölu og dreifingu kvikmynda og tölvuleikja til verndar velferð barna. Það er rétt að undirstrika þessi sjónarmið með stoð í þeim sjónarmiðum sem koma fram í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Í hinu tilvitnaða stjórnarskrárákvæði segir að börnum skuli tryggja í lögum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefjist. Eins og rakið er í athugasemdum með því frumvarpi sem varð að lögum árið 1995 nr. 97 heimilar ákvæðið undantekningar frá öðrum reglum mannréttindakafla stjórnarskrárinnar ef slíkar undantekningar eru nauðsynlegar til verndar börnum. Er því ljóst að tjáningarfrelsi 73. gr. stjórnarskrárinnar stendur ekki í vegi fyrir að lögfestar verði reglur um bann við aðgangi barna að ofbeldiskvikmyndum og tölvuleikjum, sem og kvikmyndum og tölvuleikjum sem kunna að ógna velferð þeirra.

Í samræmi við þetta er talið rétt að löggjafinn hafi afskipti af sýningu, sölu og dreifingu kvikmynda og tölvuleikja til verndar velferð barna og ungmenna. Ég vona að við þurfum ekki að deila um þetta atriði.

Við samningu frumvarps þessa var einnig tekið mið af þeirri stefnu sem þegar hefur verið mörkuð í ríkisstjórn, að opinber eftirlitsstarfsemi skuli ekki vera umfangsmeiri en þörf er á, samanber lög um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27 frá 1999. Samkvæmt lögunum starfar sérstök ráðgjafarnefnd, skipuð af forsætisráðherra að framkvæmd laganna og skal starf nefndarinnar miða að því að opinberar eftirlitsreglur séu í samræmi við þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því, sem og að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera. Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur hefur meðal annars fjallað um eftirlitsstarfsemi á vegum Kvikmyndaskoðunar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Í bréfi til menntamálaráðherra, dags. 1. ágúst 2000, benti nefndin á að með lögum nr. 47/1995 væri ekki gætt jafnræðis milli atvinnugreina þar sem eftirlit Kvikmyndaskoðunar beindist aðallega að starfsemi kvikmyndahúsa og dreifingaraðila myndbanda, en sjónvarpsstöðvar væru nánast að öllu leyti undanþegnar því beina eftirliti sem lögin kveða á um.

Lagði nefndin til að Kvikmyndaskoðun yrði lögð niður og lög um hana felld úr gildi, en barnaverndarsjónarmiða yrði gætt með öðrum hætti en lögin gerðu ráð fyrir. Með frumvarpinu er einnig fylgt eftir þeim sjónarmiðum er liggja að baki heildarendurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar frá árinu 1995, einkum að því er varðar, eins og ég gat um áðan, 73. gr. um heimildir stjórnvalda til að setja tjáningarfrelsi mörk, m.a. til verndar siðgæði og í þágu allsherjarreglu.

Frá árinu 1996 hefur ráðherranefnd Evrópuráðsins haft þemaeftirlit með efndum aðildarríkja Evrópuráðsins á skuldbindingum sínum. Meðal þema sem sætt hafa skoðun eru tjáningar- og upplýsingafrelsi. Í skýrslu ráðherranefndar Evrópuráðsins frá júlí 2003 kemur fram að ástæða sé til þess að taka til skoðunar reglur um kvikmyndaeftirlit á Íslandi. Í skýrslunni segir nánar að lög um skoðun kvikmynda hér á landi leggi bann við framleiðslu og dreifingu ofbeldiskvikmynda og að sex manna kvikmyndaskoðunarnefnd, skipuð af menntamálaráðherra, skoði allar kvikmyndir fyrir opinbera sýningu þeirra. Í skýrslu ráðherranefndarinnar er dregin sú ályktun að hið lögmælta fyrirkomulag sem er á skoðun kvikmynda hér á landi kunni að fela í sér brot gegn stjórnskipunarvernduðum rétti gegn ritskoðun, sbr. 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Í niðurstöðukafla skýrslu ráðherranefndarinnar segir að endurskoða beri fyrirkomulag kvikmyndaskoðunar hér á landi sem felist í því að allar kvikmyndir séu skoðaðar fyrir sýningu þeirra.

Í samræmi við þetta sem ég hef nú sagt tel ég rétt að kvikmyndaskoðun af hálfu ríkisvaldsins, eins og hún hefur lengi verið framkvæmd hér á landi samkvæmt settum lögum, nú síðast lögum nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, verði afnumin, enda ber sú skipan sem gilt hefur öll einkenni ritskoðunar. Í samræmi við þau sjónarmið sem hér hefur verið lýst og m.a. koma fram í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bannað verði að sýna ungmennum undir lögræðisaldri ofbeldiskvikmyndir og tölvuleiki eða kvikmyndir og tölvuleiki sem ógna velferð barna og bönnuð verði sala og önnur dreifing á slíku efni til barna undir lögræðisaldri, þó þannig að allar kvikmyndir megi hafa til sýningar opinberlega fyrir börn sem náð hafa 14 ára aldri, enda horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða forsjáraðila, eins og segir í 4. gr. frumvarpsins.

Ábyrgðaraðilar samkvæmt frumvarpinu eru þeir sem framleiða kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar eða notkunar hér á landi, hafa kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar, leigu, sölu eða annarrar dreifingar í atvinnuskyni, eftir því sem við á í hverju tilviki. Ábyrgðaraðilarnir bera ábyrgð á framkvæmd laganna undir eftirliti Barnaverndarstofu og lögreglu. Felur þetta í sér eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að ábyrgðaraðilar skuli setja sér verklagsreglur sem taka til mats á kvikmyndum og tölvuleikjum að fyrirmynd viðurkenndra erlendra skoðunarkerfa. Verklagsreglurnar skulu jafnframt taka til framkvæmda við eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum í kvikmyndahúsum, sölustöðum kvikmynda og tölvuleikja og myndbandaleigum. Í verklagsreglunum skal enn fremur lýsa ferli vegna kvartana neytenda um framkvæmd laganna. Framangreindar reglur skulu birtar almenningi opinberlega á vefsíðu ábyrgðaraðila, kvikmyndahúsum, sölustöðum og myndbandaleigum. Þar skal jafnframt tilgreina nafn matsstjóra og ábyrgðaraðila. Barnaverndarstofu er heimilt að láta fara fram úttekt á framangreindum verklagsreglum og framkvæmd þeirra á kostnað viðkomandi ábyrgðaraðila.

Í öðru lagi er ábyrgðaraðila skylt að meta eða láta meta allar kvikmyndir og tölvuleiki sem ætlaðar eru til sýningar eða notkunar fyrir börn undir lögræðisaldri. Það er nýmæli að meta skuli tölvuleiki og kvikmyndir sem sýndar eru í sjónvarpi. Niðurstöður mats skulu birtar opinberlega og þeim viðhaldið í gagnagrunni sem almenningur skal hafa aðgang að.

Í þriðja lagi er ábyrgðaraðilum skylt að láta þess getið alls staðar þar sem það á við ef kvikmynd eða tölvuleikur telst vera ofbeldiskvikmynd eða -tölvuleikur eða kvikmynd eða tölvuleikur telst ógna velferð barna.

Í fjórða lagi: Ábyrgðaraðilum er skylt að merkja greinilega kvikmyndir og tölvuleiki og umbúðir þeirra um matsniðurstöðu og það hvort mynd eða leikur er aðeins ætlaður til sýningar eða notkunar fyrir fullorðna einstaklinga

Skylt er að geta um mat kvikmynda eða tölvuleikja í auglýsingum og annars konar kynningu á þeim og geta þess ef mynd eða leikur er einungis ætlaður til sýningar eða notkunar fyrir fullorðna.

Í sjötta lagi er ábyrgðaraðilum skylt að hafa eftirlit með því að aðgangur að sýningum og afhending á kvikmyndum eða tölvuleikjum sé fyrir hendi. Í þessu felst jafnframt nýmæli þar sem ekkert slíkt eftirlit er nú viðhaft á sölustöðum fyrir tölvuleiki.

Í sjöunda lagi hefur Barnaverndarstofa eftirlit með framkvæmd mats á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikjaeftirlit með framkvæmd mats á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja með framangreindum úttektum. Barnaverndarstofa fer einnig með stöðvunarheimild á sýningu eða dreifingu kvikmyndar eða tölvuleiks og tekur þátt í endurmati á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks.

Brot á ákvæðum frumvarpsins eða laganna varða refsingu eða fangelsi í allt að sex mánuði.

Að öðru leyti, frú forseti, vísa ég til ákvæða frumvarpsins og ítarlegrar greinargerðar þess og vænti þess að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntamálanefndar.

[20:50]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er ástæða til að gleðjast yfir því að þetta frumvarp skuli vera komið fram. Um það hefur verið spurt og það er auðvitað einkum það nýmæli að þessar reglur

taka nú til nýrrar tækni, til tölvuleikja sem orðin er ein helsta tómstundaiðja og raunar námsgagn má segja hjá börnum og unglingum á voru landi. Það kynni að vera að upp úr þeim spretti, a.m.k. heldur einn ágætur fræðimaður því fram af Proppé-ættinni, að upp úr þeim spretti hugsanlega listform sem kæmi þá úr tölvunum og hefði undirstöðu sína þar. Algengara, a.m.k. um skeið, hefur hitt verið að tölvuleikirnir hafa fyrir utan náttúrlega og ágæta skemmtun svona heldur siglt nær ströndinni og fréttir borist af því að þar fari fram bæði ofbeldi og klám af ýmsu tagi sem börnum er ekki hent. Það var því nokkuð beðið eftir þessu og ánægjulegt að það er komið fram.

Ég verð svo að segja að sú meginbreyting önnur sem hér er gerð, þ.e. að leggja Kvikmyndaskoðun ríkisins eða hvað hún nú heitir, af held ég að sé líka jákvæð. Tímarnir hafa sennilega breyst og það er eðlilegra að haga þessu með öðrum hætti fyrir utan þessa tæknilegu ábendingu um að hér sé ritskoðun á ferðinni sem engum datt nú í hug fyrr en þeir góðir vinir okkar í Evrópu, Evrópuráðið í þetta sinn, bentu okkur á það. Við þökkum fyrir það og lögum það náttúrlega þegar okkur er á þetta bent. En við sem höfum haft áhyggjur af tjáningarfrelsi og viljað veg þess sem mestan og staðið á móti ritskoðun, hjá okkur hefur þetta ekki borið fyrir í sjóndeildarhringnum fyrr en nú. Það er svo.

Þessum breytingum sem verða, þ.e. þeim að matið er ekki lengur hjá ríkisstofnun á því hvaða aldur skal bundinn við hverja kvikmynd eða tölvuleik gerir það að verkum að matsmenn verða fjölmargir væntanlega eða a.m.k. geta verið það fræðilega og má búast við að annars vegar annist hinir stærri, a.m.k. hinir stærri dreifendur og framleiðendur þetta sjálfir með einhverjum hætti. Hins vegar skipti hinir minni hugsanlega við einhverja sérfræðinga eða einhver fyrirtæki sem menn hafa komið sér upp í þessu skyni. Þess vegna er ákaflega mikilvægt á þessum tímamótum að skýringar allar og matsaðferðir séu á hreinu. Það rekst maður á strax í þessu frumvarpi að það er ekki svo.

Þær skilgreiningar sem hafðar eru í 4. og 5. tölulið 1. gr. um ofbeldiskvikmynd eða tölvuleik heitir það annars vegar og hins vegar kvikmynd eða tölvuleik sem ógnar velferð barna, eru heldur óljósar og ekki vel orðaðar. Það er í athugasemdunum vitnað í að þetta sé hermt eftir orðalagi í útvarpslögum. Það er nú ekki alveg rétt. Til dæmis er talað um það í 5. tölulið 1. gr. að kvikmynd eða tölvuleikur sem ógnar velferð barna sé kvikmynd eða tölvuleikur þar sem inntak, efnistök eða siðferðisboðskapur geti vegna orðfæris eða athafna haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna. Þetta er nú orðið ansi mikið af stórum orðum í einni setningu sem veldur því að í raun og veru er ekkert orðið eftir af þeirri merkingu sem höfundur væntanlega hefur ætlast til að mætti út úr þessu lesa vegna þess að það ekki inntakið sjálft eða efnistökin eða siðferðisboðskapurinn sem geta haft alvarleg skaðvæn áhrif á þrefaldan þroska barns heldur aðeins ef orðfæri eða athöfn fylgi með. Þetta er orðið álíka flókið og trúarbragðadeilur kristinna safnaða hér fyrr á tímum og raunar enn þann dag í dag þar sem menn deildu um hinn þríeina Guð, um merkingu sakramentisins og annað merkilegt þar sem maður þarf að vera innvígður í launhelgum til þess að fá hinn rétta skilning. Annað dæmi má kannski nefna af marxistum 20. aldar og kannski fleiri öfgastefnum á þeirri öld, t.d. frjálshyggjunni. Halldór Laxness lýsti einhvern tíma samræðum marxista um hinar æðri hagfræðilegu og stéttarlegu kenningar þannig að það væri eins og tvö skip ræddust við út við sjóndeildarhring með þokulúðrum.

Þetta er svolítið þokulúðurslegt sérstaklega þegar þessar skilgreiningar eru svo bornar saman við 3. gr. þar sem tekið er fram hvernig þetta á að vera í verklagsreglunum. Þar er önnur skilgreining en í 1. gr. því að í verklagsreglunum á að taka mið af barnaverndarsjónarmiðum, og er nú gott að það er, og einkum litið til þessa: söguefnis, orðfæris, beitingar ofbeldis, sýningar nektar og kynlífs og neyslu fíkniefna.

Með ofbeldi, nekt, kynlífi og neyslu fíkniefna er auðskilið hvað við er átt og einungis það álitamál þarna hvað er átt við með fíkniefnum, hvort það eru þá aðeins ólögleg fíkniefni eða hvort það eru líka lögleg fíkniefni. Ég ætla ekki að fara að snúa út úr en það skiptir auðvitað máli að samfélagið horfist í augu við sjálft sig hvað þetta varðar hér og annars staðar. En um söguefnið verður allt óljósara hvernig á að dæma. Ég held að við verðum að gera þetta með einhverjum hætti skýrara. Það er auðvelt að snúa út úr skilgreiningum af þessu tagi og kannski ósanngjarnt af mér að gera það en það er hins vegar grundvallarmál þegar verið er að setja þetta mat út fyrir þessa einu ríkisstofnun þar sem menn geta þá byggt á einhvers konar hefð sem byggst hefur upp og einhvers konar matsaðferðum sem orðið hafa til og menn vita af jafnvel þó að ekki sé beinlínis hægt að skrifa þær út, að menn hafi leiðbeiningar við þær verklagsreglur sem þeir eiga að búa sér til og þær leiðbeiningar verða að vera skýrar.

Ég vil svo bara bæta við að Barnaverndarstofu er hér falið nýtt hlutverk og mikilvægt og það verður að gera henni kleift að sinna því hlutverki. Ég vil í því sambandi efast mjög um það mat — enn ræðum við um fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins — sem kemur fram í fylgiskjali frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins en er haft eftir menntamálaráðuneytinu, sem hér er persónugert, og sagt að það hafi upplýst að það áætli að þessi verkefni svari til eins starfs eða nálægt 5 millj. kr. og auk þess þurfi að kaupa búnað fyrir 0,5 millj. kr. Ég spyr sérstaklega um þessar upplýsingar sem hafðar eru eftir menntamálaráðuneytinu sem greinilega hefur rætt við fjárlagaskrifstofuna því að ég efast um að þetta sé svo. Ég held að þetta verði mun meira og einkum í upphafi þessa starfs tel ég að þetta verði miklu meira álag á Barnaverndarstofuna en þessu nemur.

Ég vil svo segja að lokum að eitt af því sem við þurfum að taka til athugunar í samráði við Barnaverndarstofu og alla þá aðra sem láta sig þetta mál skipta eða koma því við með einhverjum hætti, er hvernig Barnaverndarstofa á að fara að því að hafa alla þá yfirsýn sem henni er skylt að hafa. Hún á að hafa eftirlit með því að ábyrgðaraðilarnir, sem svo eru nefndir, fari rétt að. Hún á að geta tekið út verklagsreglurnar sem menn eiga að búa sér til og hún hefur nýjar heimildir til þess. Í staðinn fyrir ritskoðunina getur Barnaverndarstofa stöðvað sýningar eða dreifingu á efni sem henni ekki líkar og telur ekki vera rétt metið.

Ein af spurningunum sem vakna við þetta er: Á að vera

tilkynningarskylda til Barnaverndarstofu? Eiga ábyrgðaraðilarnir svokölluðu að segja Barnaverndarstofu frá því þegar inn kemur nýtt efni og hvernig það er metið? Mér sýnist það vera eitt af því sem þarf að spyrja um eða einhverjar aðrar þær aðferðir sem gera Barnaverndarstofu kleift að sinna því hlutverki sem hún hér hefur og er ákaflega mikilvægt.

Þrátt fyrir þessa gagnrýni tel ég að hér sé um merkilegt mál að ræða og vona að við komumst til þess á þessu þingi í júní að fara yfir þetta meðfram Náttúruminjasafninu og ég vona að heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu taki ekki of mikinn tíma frá okkur þegar þar að kemur. Ég endurtek að ég hlakka til þessa kafla ævi minnar sem hefst á sumarþinginu í júní. Ég sé fyrir mér að gott veður verður ríkjandi og náttúran við Tjörnina og kringum Reykjavík blómstrandi og í góðu standi, allir í góðu skapi á þinginu og við í menntamálanefnd fáumst annars vegar við að skoða barnaefni í kvikmyndum og tölvuleikjum og hins vegar við að ræða við menn um náttúru landsins og það gagn sem má hafa af henni í söfnum áður en við ljúkum deginum á kránum hérna í kringum okkur að horfa á heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu. Þetta er yndislegt og ég vil nota tækifærið til að þakka stjórnendum þingsins og hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar fyrir að gefa okkur þetta tækifæri til samveru við góð og þörf verk bæði fyrir þjóðina alla og persónur okkar sjálfra sem hér vinnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 711. mál (viðskiptabraut og afnám samræmdra prófa). — Þskj. 1047.

[21:02]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á gildandi lögum um framhaldsskóla Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögunum. Annars vegar er lagt til að bóknámsbrautir framhaldsskóla verði fjórar í stað þriggja eins og er í núgildandi lögum. Hins vegar er lagt til að fella niður ákvæði í 24. gr. laganna um samræmd stúdentspróf í tilteknum greinum.

Með því að bóknámsbrautir framhaldsskóla verði fjórar í stað þriggja eins og er nú er lagt til að til viðbótar tungumálabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut komi viðskipta- og hagfræðibraut. Með setningu núgildandi laga var námsbrautum til stúdentsprófs fækkað verulega. Ætlunin var að viðskiptanám yrði skilgreint sem starfsnám og viðkomandi starfsgreinaráði falið að gera tillögur þar um. Á undanförnum árum hefur hlaupið mikill vöxtur í háskólanám á sviði viðskipta, fjármála og hagfræði. Sú breyting er í samræmi við þróun í atvinnulífi og þjóðlífi almennt. Hafa bæði framhaldsskólar og viðtökuskólar á háskólastigi kallað eftir því að viðskipta- og hagfræðibraut verði tekin upp aftur sem bóknámsbraut og lagt er til að við því verði orðið í 1. gr. frumvarpsins.

Um þá breytingu sem frumvarp þetta felur í sér, að fella niður ákvæði 24. gr. gildandi laga um samræmd stúdentspróf í tilteknum greinum, vísa ég til umfjöllunar í greinargerð frumvarpsins um það hvenær umrætt ákvæði komi inn í framhaldsskólalögin og um framkvæmdina fram að þessu.

Eins og fram kemur í athugasemdunum getur tilgangur samræmdra prófa verið margþættur. Þau eru t.d. notuð til að athuga hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð eða til að veita upplýsingar um skólahald, tengsl kennsluhátta og námsárangurs. Þeim er ætlað að vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur og veita nemendum, forsjáraðilum og skólum, þar með talið viðtökuskólum, upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda.

Frú forseti. Um sögulega umfjöllun samræmdra prófa vísa ég enn og aftur í greinargerð með frumvarpinu en söguna má rekja aftur til ársins 1929. Ef við hverfum til nútímans komu í ljós við framkvæmd samræmdra stúdentsprófa árið 2005 ýmsir annmarkar og nemendur sáu lítinn tilgang með prófunum, auk þess sem lítil merki sáust um að skólar á háskólastigi kölluðu eftir því að nemendur hefðu lokið slíkum prófum. Nokkrir framhaldsskólanna hafa talið það vandkvæðum bundið að bæta samræmdum stúdentsprófum við prófahald sem þar hefur tíðkast um árabil, bæði í lok vor- og haustannar. Þykir sýnt að prófin í núverandi mynd henti misvel einstökum nemendum, námsbrautum og framhaldsskólum.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að 2. og 3. málsl. 2. mgr. og 4. mgr. 24. gr. gildandi laga falli brott og með því verða samræmd lokapróf í framhaldsskóla í tilteknum greinum aflögð. Verði frumvarp þetta að lögum nú á vorþingi er við það miðað að samræmd lokapróf í framhaldsskóla verði ekki haldin á vorönn yfirstandandi skólaárs, enda miðar gildistökuákvæði frumvarpsins við að lögin taki þegar gildi.

Samhliða því sem samræmd stúdentspróf verða felld niður í núverandi mynd verður unnið að frekari athugun á kostum og göllum samræmds prófmats á framhaldsskólastigi í tengslum við tíu punkta samkomulag menntamálaráðuneytis og Kennarasambands Íslands um bætt skólakerfi og væntanlega heildarendurskoðun á lögum um framhaldsskóla. Ég tel það vera mikilvægan lið í því starfi sem fram undan er að meta heildstætt hvaða leið sé heppilegust til framtíðar varðandi gæðamat og námsmat, m.a. með hliðsjón af niðurstöðu starfshóps um námsmat á framhaldsskólastigi og áformum um breytta námsskipan. varðandi gæðamatið og námsmatið

Meðal kosta sem sérstaklega þarf að gefa gaum er hvort skynsamlegt sé að tekin verði upp einstaklingsmiðuð rafræn könnunarpróf, líkt og nú er verið að þróa m.a. á Norðurlöndunum. Kom það m.a. til umræðu í starfshópi um námsmat og voru fulltrúar nemenda, kennara og fleiri í þeim hópi. Slík próf gefa möguleika á að koma til móts við þarfir einstakra nemenda og skóla, ásamt því að geta nýst viðtökuskólum og fræðsluyfirvöldum. Tilgangur könnunarprófanna væri fyrst og fremst að veita nemendum og skólum upplýsingar um stöðu einstakra nemenda í viðkomandi námsgrein þannig að unnt yrði að taka mið af því í áfram-

haldandi námi nemandans, bæði á meðan hann er í námi á framhaldsskólastigi og að því námi loknu. Þetta atriði var eins og ég gat um rætt í vinnu þess starfshóps sem fjallaði um samræmd próf.

Mikilvægt er að frumvarp þetta, verði það að lögum, taki þegar gildi þar sem gildandi lög kveða á um að nemendur geti ekki lokið stúdentsprófi án þess að hafa lokið samræmdum stúdentsprófum í tilteknum greinum. Eins og ég sagði áðan og ég ítreka enn skiptir þetta máli gagnvart þeim nemendum sem hyggjast ljúka stúdentsprófi á komandi vori.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir innihaldi frumvarps þessa og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til 2. umr. og hv. menntamálanefndar.

[21:07]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns hlýt ég að fagna því að hæstv. ráðherra hafi ákveðið að láta af því að halda til streitu framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum. Þetta hefur verið baráttumál okkar samfylkingarmanna í langan tíma og við hljótum auðvitað að fagna því að nú sé að verða að veruleika að framkvæmd samræmdra stúdentsprófa verði aflögð.

Eins og ég sagði höfum við í Samfylkingunni barist gegn þessum samræmdu stúdentsprófum í langan tíma, fyrst árið 2003 þegar hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, sem þá var varaþingmaður, tók málið upp við þáverandi ráðherra menntamála, Tómas Inga Olrich, og krafðist þess að framkvæmd prófanna yrði a.m.k. frestað, ef ekki hætt við hana alfarið. Þetta var í febrúar 2003. Þá sagði ráðherrann nei, það kæmi ekki til greina. Allar götur síðan þar til nú hafa ráðherrar Sjálfstæðisflokksins haldið til streitu framkvæmd samræmdu stúdentsprófanna. Við hljótum auðvitað að fagna því að nú hafi loksins verið hlustað á okkur eftir allan þennan tíma. Við fórum í fundarferð í framhaldsskólana á vordögum 2003, það er gaman að segja frá því í þessari umræðu, þar sem við mótmæltum þessum samræmdu stúdentsprófum. Nú er þetta orðið að veruleika.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta sé upphafið að því að Sjálfstæðisflokkurinn fari að sýna það í verki að hann ætli að láta af þeirri miðstýringaráráttu sem hann hefur sýnt í framhaldsskólunum, bæði með þessari framkvæmd á stúdentsprófum og eins því sem hefur birst okkur í hugmyndum um skerðingu á námi til stúdentsprófs.

Eins og hæstv. ráðherra kom réttilega inn á í ræðu sinni sýndi auðvitað framkvæmd þessara prófa að þau áttu engan veginn heima í framhaldsskólunum eins og þau voru. Háskólarnir sáu ekki ástæðu til að taka tillit til þeirra þar sem gert er ráð fyrir mismunandi og fjölbreyttum inntökuskilyrðum milli deilda. Sömuleiðis var augljóst að með þessum prófum væri verið að fara í það far að hér yrðu á endanum afar einsleitir skólar á framhaldsskólastigi.

Virðulegi forseti. Ég vil í lokin segja að við eigum að byggja framhaldsskólana þannig upp að hér verði fjölbreyttir skólar. Ég skora á Sjálfstæðisflokkinn og hæstv. menntamálaráðherra að gera gangskör að því að láta af miðstýringaráráttu í fleiri þáttum á framhaldsskólastigi og í skólakerfinu öllu um leið og ég fagna því að þessu baráttumáli okkar samfylkingarmanna sé loksins svarað með svo jákvæðum hætti sem raun ber vitni með þessu frumvarpi.

[21:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil sameinast í þeirri gleði sem skein skært úr ræðu hv. þingmanns yfir þessu frumvarpi. Ég tel mikilvægt og brýnt að þetta fari í gegn. Ég vil reyndar fagna því sérstaklega sem kom fram í lokin varðandi það sem hv. þingmaður ræddi um miðstýringu. Ég tel af og frá að mikil miðstýring hafi verið í gangi en engu að síður fagna ég því að hv. þingmaður sé reiðubúin að fara í þá vegferð að losa um t.d. námskrárnar sem hafa verið sérstaklega til skoðunar núna og verða til skoðunar í samvinnu Kennarasambands Íslands og ráðuneytisins í áðurnefndu tíu punkta samkomulagi. Fram hafa komið hugmyndir, sem ég tel afar fýsilegt að verði skoðaðar gaumgæfilega, um að losa um kjarnann þannig að frelsi skólanna verði meira til að móta sér námskrá. Ég vonast til að ég og hv. þingmaður getum sammælst um það að auka svigrúmið og færa það meira til skólanna.

Varðandi það að samræmdu prófin hafi verið sérstakt baráttumál Sjálfstæðisflokksins þá vil ég geta þess sérstaklega að þegar samræmdu prófin voru samþykkt á sínum tíma í þinginu greiddi enginn flokkur því mótatkvæði. Vissulega var Samfylkingin ekki til þá en enginn þingmaður forvera hennar á þingi, m.a. nokkrir sem enn sitja á þingi, greiddi atkvæði gegn samræmdu prófunum. Vissulega hafa flokkar skipt um nafn og kennitölu í millitíðinni og heita núna nýju nafni og nýtt og öflugt fólk er sest á þing, eins og hv. þingmaður sem hefur sýnt mikinn metnað varðandi menntamálin. Ég fagna því einnig að við erum sama sinnis varðandi samræmdu prófin. Við vorum hvorugar á þingi þegar þetta var samþykkt á sínum tíma og þess vegna vil ég undirstrika að aðkoma okkar er með svipuðum hætti hvað það varðar að við viljum samræmdu prófin í burtu, því að við teljum, eða mér heyrðist það á hv. þingmanni, að þau séu til þess fallin að minnka sjálfstæði skólanna varðandi skólastefnu sína og mótun.

[21:13]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það hvernig málið bar að á sínum tíma þá er alveg ljóst að mótmælin gegn samræmdu prófunum byrjuðu í rauninni strax þegar reglugerðin leit dagsins ljós og við og forverar Samfylkingarinnar, þeir flokkar sem stóðu að Samfylkingunni og fólk innan þeirra raða, sáum í hvað stefndi með framkvæmdina. Menn sáu að þetta mundi leiða til aukinnar miðstýringar og til mikillar einsleitni í skólakerfinu og framhaldsskólakerfinu.

Ég verð auðvitað að segja að hæstv. ráðherra, og ekki bara hæstv. ráðherra heldur forverar hennar, sjálfstæðismenn í ráðherrastóli menntamála, töpuðu þessu máli vegna þess að mótmæli nemenda voru svo kröftug, mótmæli kennara og síðan okkar þingmanna í Samfylkingunni. Það var alveg ljóst að eitthvað hlaut að gefa eftir í þessu máli og hrósa ber hæstv. ráðherra fyrir að hafa séð það í hendi sér að þetta gengi ekki til lengdar og fyrir að hafa hlustað á

þessi mótmæli sem voru kröftug en líka afar málefnaleg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðalög, 1. umr.

Stjfrv., 739. mál (breytingar og skýringar á lögunum). — Þskj. 1075.

[21:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég verð að segja fyrir mig að ég er farinn að hlakka til páskanna. (**MÁ:** En sumarsins?)

Ég mæli hér fyrir frumvarpi á þskj. 1075, frumvarpi til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004. Frumvarp þetta er lagt fram til breytinga á núgildandi jarðalögum, nr. 81/2004, sem leystu af hólmi eldri jarðalög. Hin nýju jarðalög færðu löggjöf um jarðir inn í nýja öld og breyttu umhverfi landbúnaðarins. Undirbúningur að gerð nýju jarðalaganna var allur hinn vandaðasti og margir aðilar tengdir landbúnaði veittu umsagnir. Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu í meðferð landbúnaðarnefndar Alþingis. Í því frumvarpi sem hér um ræðir er stefnt að því að bæta jarðalögin með því að auðvelda framkvæmd þeirra en frumvarpið felur ekki í sér neinar verulegar efnisbreytingar á ákvæðum laganna.

Í 10. gr. jarðalaga segir að ekki þurfi að tilkynna um eigendaskipti þegar lögaðilar eiga jarðir. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að undantekning þessi verði felld brott. Í frumvarpinu er lagt til að það verði gert að sérstöku skilyrði að hnitasettur uppdráttur fylgi umsókn um stofnun nýs lögbýlis er sýni á ótvíræðan hátt legu umræddra lands.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að fellt verði niður undantekningarákvæði 3. mgr. 38. gr. jarðalaga, um auglýsingaskyldu við sölu á leigulóðum, jörðum og jarðahlutum í þeim tilvikum þegar leigutaki hefur haft land á leigu í a.m.k. 20 ár og á eigin kostnað lagt í verulegar ræktunarframkvæmdir á landinu og þannig aukið verðmæti þess umtalsvert.

Ástæða þess að ég legg til þessa breytingu er sú að túlkun ákvæðisins hefur reynst erfið þar sem orðalagið „verulegar ræktunarframkvæmdir" er einkar óljóst og matskennt og sama má reyndar einnig segja um orðalagið að framkvæmdir hafi „aukið verðmæti lands umtalsvert". Þess ber að geta að sú skylda hvílir almennt á stjórnvöldum að gæta jafnræðis við ráðstöfun eigna ríkisins eins og umboðsmaður Alþingis hefur lagt sérstaka áherslu á. Taka verður fram að með frumvarpinu er ekki verið að útiloka sölu leigulands til leigutaka án undangenginnar auglýsingar ef sérstök rök standa til þess að óska slíkrar heimildar Alþingis.

Í núgildandi ákvæði 2. mgr. 39. gr. er mælt fyrir um það að við ákvörðun samkvæmt 1. mgr. greinarinnar um hvaða ríkisjarðir skuli ekki selja skuli landbúnaðarráðuneytið leita umsagnar viðkomandi fagstofnana ríkisins eftir því sem við á. Landbúnaðarráðuneytið fer með forræði ríkisjarða nema undantekningar séu á því gerðar með lögum. Slíkar undantekningar eru allnokkrar og er því fjöldi jarða sem aðrir ríkisaðilar hafa forræði yfir. Ég tel óeðlilegt að landbúnaðarráðuneytið leiti umsagnar vegna þeirra jarða sem ráðuneytið hefur ekkert með að gera. Af þessum sökum er lagt til í 4. gr. frumvarpsins að viðkomandi forráðaaðili beri umsagnarskylduna en ekki landbúnaðarráðuneytið.

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins legg ég til að auknir verði möguleikar óðalsbænda til þess að veðsetja jarðir sínar til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á óðalsjörð. Óðalsjarðir eru sérstakt eignarform og eiga sér langa sögu bæði hérlendis og á Norðurlöndum. Af 42. gr. jarðalaga leiðir að eignarformið mun hverfa úr íslenskri löggjöf á nokkrum áratugum með fráfalli núverandi óðalsbænda og maka þeirra. Óðalsjarðirnar erfast eftir almennum reglum.

Samkvæmt núgildandi lögum geta óðalsbændur einungis veðsett óðalsjörðina til tryggingar greiðslu framkvæmdarlána frá Lífeyrissjóði bænda eða Orkusjóði. Áður var Lánasjóður landbúnaðarins en nafn hans var fellt brott með lögum frá árinu 2005 sem veittu heimild til sölu sjóðsins. Sú breyting skerti til muna möguleika óðalsbænda til lántöku á hagstæðum kjörum. Ég tel að þessi breyting feli í sér réttarbót fyrir óðalsbændur og geri þeim kleift að standa jafnfætis öðrum bændum landsins við öflun lánsfjár til framkvæmda og uppbyggingar hjá hverri þeirri lánastofnun sem þeir kjósa að eiga viðskipti við.

Á fylgiskjali með frumvarpi þessu er að finna kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins og læt ég nægja að vísa þangað. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar er fylgir frumvarpinu og athugasemda með frumvarpinu.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og landbúnaðarnefndar.

[21:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér varð bylt við undir ræðu hæstv. ráðherra. Er hugsanlegt að skilningarvitin hafi brugðist mér að þessu sinni? Heyrði ég rétt, að hæstv. landbúnaðarráðherra væri að beita sér fyrir lagabreytingum sem leiði til þess að óðalsjörðin muni hverfa sem hugtak úr íslenskum lögum? Fyrr átti ég á dauða mínum von en því að þessi ágæti hæstv. landbúnaðarráðherra, sem alltaf hefur verið dygg stoð fyrir allt sem er gamalt og gott, skuli vera forkólfur að slíkri breytingu. Ég dreg mjög við mig að lofa hæstv. ráðherra stuðningi við þetta. Ég tel að óðalsbóndinn sé tignarheiti sem fylgt hafi landbúnaði á Íslandi frá upphafi sögunnar. Mér er mjög til efs að hæstv. landbúnaðarráðherra hafi nokkurn sögulegan rétt til að verða sá maður sem ýtir þessu fyrir ætternisstapa.

Á hinn bóginn langar mig að spyrja: Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra, sem alltaf hefur barist fyrir byggð og því að jarðir og land þjóðarinnar væru í byggð, skuli ekki nota ferðina, fyrst hann á annað borð er að breyta jarðalögum, og beita sér fyrir breytingum sem girða fyrir að auðkýfingar í mínu kjördæmi fari ekki sem logi yfir akur og kaupi upp jarðir um allt land og komi í veg fyrir að þeir sem vilja festa rætur í moldinni geri það? Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að hann hefur ekki beitt sér fyrir breytingu til að koma í veg fyrir þessa svakalegu þróun sem hefur átt sér stað undir forustu hans?

Hann hefur reyndar ekki beitt sér fyrir því en hann hefur látið það átölulaust, þrátt fyrir allt það sem hann hefur sagt um vilja sinn til að land sé byggt og til að efla hag og rétt smábænda og afkomenda þeirra.

[21:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað óðalsjörðina varðar þá er hún leifar af hinu gamla konungsríki, konungshugsjóninni. Elsti sonurinn tók við óðalinu og margar þessar jarðir hafa síðan verið í fjötrum ættardeilna og átaka. Það er ekki víst að elsti sonurinn vilji búa o.s.frv. og þær hafa því verið illa settar í löggjöfinni og eru úreltar í löggjöfinni. Við stofnuðum lýðveldi 1944 og það hefur tekið við.

Hins vegar er ég sammála hv. þingmanni um að við skulum tala um óðalið og óðalsjörðina, það er tignarlegt nafn. Óðal Brúnastaðamanna eru t.d. Brúnastaðir, mikil óðalsjörð en lýtur almennum rétti og börnin öll jöfn að því að geta tekið þar við búi svo dæmi séu nefnt.

Hvað varðar hitt, með auðkýfingana, stóð ég nú frammi fyrir því þegar ég tók við landbúnaðarráðuneytinu fyrir sjö árum að þá voru jarðir ekki verðmætar eignir á Íslandi. Margur fór fátækur frá sínu ævistarfi. Nú er sveitin í tísku og jarðir seljast dýrt, jafnvel svo að okkur sundlar. Íbúðarverð í Reykjavík norður hefur á einu ári hækkað um 45%. Jarðir hafa hækkað mikið og eru mjög eftirsóttar í dag.

Ég hef talað um að fara yfir málefni þeirra sem eru í raðuppkaupum en ég fagna öllum þeim, bæði ríkum og fátækum, sem hafa viljað eignast land og setjast að í sveitinni. Þetta er nýtt ævintýri og þá þróun má ekki stöðva. En ég lofa hv. þingmanni hins vegar því að farið verður yfir það hvort menn séu að kaupa landið til að leggja jarðirnar í eyði. Það væru skemmdarverk. Ég veit að margir þeirra sem keypt hafa jarðir eru líka að byggja upp mikið starf. Það verður að vanda sig í allri þeirri yfirferð og það mun ég auðvitað gera með landbúnaðarnefnd og Alþingi á næsta þingi.

[21:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki ætla ég að núa hæstv. landbúnaðarráðherra um nasir þeim örlögum sem Framsóknarflokkurinn horfist nú í augu við. Hann á sennilega sístan þátt í þeim. En ekki undrar mig að hæstv. landbúnaðarráðherra skuli vera í flokki sem er að tapa fylgi sínu á landsbyggðinni meira en áður þegar hann fer í fylkingarbrjósti þeirra sem vilja leggja af óðalstignina. Ég er hissa á því. Aldrei átti ég von á að þessi hæstv. ráðherra mundi gera það en lengi skal manninn reyna. Það kann að vera í takt við tímans flaum og kannski er ekkert sem getur snúið því, það kann að vera rétt hjá hæstv. ráðherra.

Ég varð hins vegar fyrir meiri vonbrigðum varðandi svar hæstv. ráðherra við síðari spurningu minni. Við vitum að það er fólk sem fer um landið í krafti nýfengins auðs og kaupir upp jarðir. Sjálfsagt er að menn geri það og sjálfsagt er að gleðjast yfir því að landspildur bænda skuli verðmætari en áður. En þetta er gert beinlínis í þeim tilgangi að festa sér hlunnindi og ekki til að byggja upp, í fæstum tilvikum. Við höfum dæmi um það, sem við höfum lesið um í blöðum, að menn séu að kaupa upp fjölmargar jarðir og gætu aldrei staðið undir þeirri kvöð að byggja þær upp þótt sumir geri það í einstökum tilvikum.

Þó að ég hafi glaðst yfir verðþróun varðandi jarðnæði bænda, sem gerir þeim auðveldara um vik að bregða búi ef svo fer, er þróunin mér ekki að skapi. Hún veldur því að jarðir komast í hendur manna sem ætla sér ekki að rækta jörðina eða byggja þar neitt sérstakt upp, manna sem t.d. eru að slægjast eftir því að eignast vatn, en hæstv. ráðherra beitti sér fyrir því með öðrum ráðherrum að nýtingarréttur á vatni var gerður að séreignarrétti. Þar með voru búin til hlunnindi sem verða verðmæti í framtíðinni. Þetta er ástæðan.

[21:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég minnist þess frá því er vatnalögin voru til umræðu að hv. þingmaður sagði úr þessum stól að sú lagasetning mundi engin áhrif hafa, og var þar skynsamur og framsýnn eins og í mörgu öðru. Það munu allir finna að vatnið er nægt á Íslandi og frjálst og enginn sá eignarréttur á því að menn muni hamla öðrum um vatn. Það er bara pólitískur áróður.

Það eru ekki bara þeir sem bregða búi sem hafa hag af þróuninni. Segja má að þeir sem eiga landið og fjárfesta hafi bæði betri veð og meiri möguleika, geta þess vegna selt hluta af jörð sinni og látið aðra byggja þar nýbýli sem hefja starfsemi. Þetta hefur gjörbætt hag sveitamanna og breytir sveitinni. Við sjáum þar miklar breytingar sem mönnum finnast sárar í svipinn en það er gríðarlega gaman að sjá nýja atvinnustarfsemi ná fótfestu. Þar er íslenski hesturinn en hrossabúgarðar munu verða fleiri en kúabú áður en varir. Þar er fólk að gera góða hluti í íslenskum sveitum. Það er þáttur í því að menn sækjast eftir landi.

Hvað varðar hlunnindin þá hafa þau alltaf verið eftirsótt af auðugum mönnum. Við munum Thorsarana og við munum fleiri og fleiri sem keyptu upp lönd. En bændur eru sem betur fer fastheldnir á sínar jarðir og ættirnar tryggar þannig að menn sitja fast. Við skulum ekki hafa svo miklar áhyggjur af því. En ég hef lofað bæði búnaðarþingi og Alþingi að fara yfir þessi mál faglega og grípa þar ekki til neinna úrræða nema að vel athuguðu máli. Sveitin er í mikilli sókn, er vinsæl í dag og að mörgu leyti í miklu betri stöðu en fyrir fimm eða tíu árum.

Örlög Framsóknarflokksins eru kannski svipuð og Alþýðuflokksins 1995 eða 1971. Eftir langt og gjöfult samstarf við Sjálfstæðisflokkinn virðist fylgi okkar ekki mikið. En ég er sama sinnis og hv. þingmaður var 1995, (Forseti hringir.) að það er alls ekki sanngjarnt.

[21:29]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var orðin fróðleg umræða og hefði gjarnan mátt vera áframhald á henni.

Frumvarpið sem hér er til umræðu er að ég held að flestu leyti til bóta. Þó verð ég að viðurkenna að hjá mér vakna spurningar varðandi 4. gr. En samkvæmt núgildandi lögum skal landbúnaðarráðuneytið leita umsagnar viðkomandi fagstofnana ríkisins um hvaða ríkisjarðir skuli ekki

selja. Landbúnaðarráðuneytið fer með forræði ríkisjarða nema undantekningar séu á því gerðar með lögum, sbr. 33. gr. jarðalaga. Í athugasemdum segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er ákvæðið orðað á almennari hátt svo að aðrir forráðaaðilar en landbúnaðarráðuneytið beri einnig samráðsskyldur samkvæmt ákvæðinu en slík skylda sé ekki lögð á ráðuneytið vegna jarða sem það hefur ekki forræði yfir."

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að um töluvert margar jarðir væri að ræða. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort fjöldi þessara jarða sé þekktur og þeirra forráðaaðila. Þurfa þeir þá undir engum kringumstæðum að hafa samráð við landbúnaðarráðuneytið vegna sölu heldur eingöngu þann sem forráð hefur, t.d. varðandi kirkjujarðir. Það má vera að ég misskilji þetta ákvæði, en verður ekkert samráð við landbúnaðarráðuneytið í þeim tilvikum sem aðrir forráðaaðilar eru að jörðunum?

[21:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil á margan hátt áhyggjur hv. þingmanns sem er að velta því fyrir sér hvaða jarðir þetta eru. Ég hef nú ekki tölu yfir það en það væri fróðlegt að fara yfir það.

Ég hygg samt sem áður að flestar þær jarðir sem undir önnur ráðuneyti heyra séu sérstakar jarðir sem heyra t.d. undir kirkjumálaráðherra, dóms- og kirkjumálaráðuneytið og Biskupsstofu. Undir menntamálaráðuneyti heyra margar jarðir og einhverjar undir fleiri aðila og svo eru það auðvitað þjóðgarðar, Þingvellir og fleiri, sem eru annars staðar. Fæstar þessar jarðir munu vera til sölu nema þá hjá Biskupsstofu og kirkjumálaráðuneytinu. Ég hygg að það sé nú með flestar þessar jarðir að komi þær til sölu þá koma þær einnig hér til umfjöllunar, það þarf heimild Alþingis til sölunnar í fjárlagafrumvarpi. Ef ég man þetta rétt þá held ég að kirkjujarðirnar séu háðar því ákvæði einnig.

En því miður, hv. þingmaður, ég hef ekki tölur yfir þessar jarðir en býst nú við að þær séu til og skal útvega þær og koma þeim í hendur hv. þingmanni. En þetta er nú svona þar sem við teljum eðlilegt að hver beri ábyrgð á því sem undir hann heyri og fari með það eftir þeim lögum sem gilda. Þess vegna sjái landbúnaðarráðuneytið um það sem þess er og dóms- og kirkjumálaráðuneytið um það sem þess er og menntamálaráðuneytið um þær jarðir sem því tilheyra o.s.frv. Það eru ýmsar jarðir — ég hygg að Laugarvatn, Reykholt og fleiri skólastaðir séu undir menntamálaráðuneyti.

En ég held að það sé ekkert í þessu gert fremur en hjá okkur nema jarðir sem heyra undir 38. gr. og bændurnir eiga kauprétt að sem seljast beint en hvað allar aðrar jarðir varðar þarf leyfi frá þinginu til að selja þær

[21:34]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég vek athygli á að ég velti þessu fyrir mér í framhaldi af þeirri umræðu sem hefur verið um að reyna að koma á einhverjum reglum um jarðasölu þar sem, eins og nefnt var áðan, auðmenn eru að kaupa upp jarðir og aukin hætta er á að ábúð á jörðum leggist af.

Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hann hafi áhuga á að skoða það með landbúnaðarnefnd og hv. þingmönnum með hvaða hætti sé hægt að mynda heildarlög sem taki á því og tryggi ábúð á jörðum vítt og breitt um landið. Ég er að horfa á það hvort þessi 4. gr. geri með einhverjum hætti erfiðara um vik að setja á heildarlög varðandi jarðasölu t.d.

[21:35]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei. Þessi grein snýr í sjálfu sér ekkert að því. Reglur eru mjög skýrar um jarðasölu, a.m.k. þær sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Bændur eiga kauprétt eftir sjö ár núna eftir nýju lögunum og geta keypt sínar jarðir sem þeir hafa setið vel og eiga beinan kauprétt að því eftir að ákveðið opinbert mat hefur farið fram á eigninni og jörðinni sem Ríkiskaup annast og fer með.

Síðan eru allar jarðir sem seldar eru á frjálsum markaði, þær eru bara seldar hæstbjóðanda og auglýstar sem slíkar. Þannig að það er alveg skýrt. Þessar jarðir eru í sjálfu sér ekki þær sem helst er verið að tala um í þessum raðuppkaupum. Ég held að það sé nú vissara að gæta sín samt í þeirri umræðu því ég held að margir þeir sem séu að kaupa jarðir geri það í góðum tilgangi. Við verðum bara að greina þetta í sundur. Við verðum að fara yfir hvað er að gerast á markaðnum og síðan meta viðbrögðin, hvað er rétt að gera til að breyta.

Sveitarstjórnirnar höfðu hér áratugum saman réttinn til að byggja hverja einustu jörð sem fór í eyði. Þær fylgdu því ekki eftir. Þær treystu sér ekki að ná því. Jarðir fóru í eyði og þeim datt ekki í hug að nota lögin sem þeir höfðu í höndunum til að byggja jarðirnar og skipa svo fyrir að eigandinn yrði að setja ábúendur á jörðina. Þær gerðu það ekki. Þannig að það var ekki nein trygging fyrir því.

En þetta er auðvitað mjög vandmeðfarið. Við þurfum að horfa hér mjög til nágrannalanda eins og Noregs og kannski Danmerkur. Hvernig fara þau að þessu? Það þarf auðvitað að leggja skyldur á þá sem eignast landið skýrari en eru. Það er gott að heyra að þingmenn vilja fylgjast með þessum hlutum og vilja vera með í að skoða þá út frá þeirri grundvallarskoðun sem menn hafa, og er góð, að jarðir skuli vera byggðar.

[21:37]

Útbýting:

Kvótastaða báta sem voru í sóknardagakerfinu, 779. mál, fsp. KLM, þskj. 1166.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi og heilbrigði sláturdýra, 1. umr.

Stjfrv., 740. mál (heilbrigðiseftirlit og eftirlitsgjald). — Þskj. 1076.

[21:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi á þingskjali 1076, en um er að ræða frumvarp til laga um breyting á

lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Hæstv. forseti. Í núverandi 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum, er kveðið á um með hvaða hætti gjald vegna þeirrar heilbrigðisskoðunar sem fram fer í sláturhúsum eftir ákvæðum 3. kafla laganna er innheimt.

Eins og fyrirkomulagið er nú samkvæmt gildandi lögum er eftirlitsgjaldið innheimt sem ákveðin krónutala á hvert kíló kjöts, nánar sundurgreint eftir tegundum, og rennur það í sjóð í vörslu landbúnaðarráðherra. Einnig kemur fram í núverandi 11. gr. að eftirlitsgjaldið skuli miðast við raunkostnað og því sé ætlað að standa straum af heilbrigðiseftirliti kjötskoðunarlækna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hætt verði að innheimta gjald fyrir heilbrigðiseftirlit eftir ákveðinni krónutölu sem ákveðin var í lögum. Þess í stað verði innheimta heilbrigðiseftirlitsgjaldsins byggð á gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur. Áfram er gert ráð fyrir að gjaldið taki mið af raunkostnaði við eftirlitið og skal gjaldskrá byggjast á því.

Í núverandi lögum er ekki nægilega tryggt að gjaldtaka sem miðar við fasta krónutölu endurspegli raunverulegan kostnað við eftirlit. Ekki er hentugt að breyta þurfi lögum ef kostnaður eykst eða minnkar við eftirlitið og með því að heimila ráðherra að setja gjaldskrá um eftirlitið er betur hægt að endurspegla raunverulegan kostnað við það.

Af lögmætisreglu stjórnsýsluréttar leiðir að ráðherra er einungis heimilt að innheimta raunkostnað af eftirliti. Í frumvarpinu er sérstakur eftirlitssjóður í vörslu ráðherra lagður niður en gjöldin munu þess í stað renna beint til Landbúnaðarstofnunar sem framkvæmir eftirlit.

Hæstv. forseti. Með frumvarpinu er skilgreint til hvaða þátta heilbrigðiseftirlitið nær en í núverandi lögum er ráðherra falið að setja nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins og um innheimtu kostnaðar vegna þess. En eftirlitið sjálft er ekki skilgreint í núverandi lögum heldur í reglugerð. Þó er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ráðherra hafi áfram ákveðnar heimildir til að kveða nánar á um framkvæmd eftirlitsins og innheimtu eftirlitsgjaldsins.

Við gerð frumvarpsins var stuðst við reglugerð Evrópusambandsins nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit með fóðri, matvælum, heilbrigði dýra og dýravernd, enda er reglugerðin ítarleg og má telja æskilegt að mörgu leyti að íslenskur réttur sé samræmdur Evrópurétti á þessu sviði. Evrópugerðin hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn en svo kann þó að verða síðar, enda hafa viðræður átt sér stað í þá veru.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að ef þörf er á viðbótareftirliti með sláturafurðum skuli viðkomandi sláturleyfishafi eða framleiðandi greiða fyrir slíkt eftirlit sérstaklega en kostnaður af því verði ekki innifalinn í hinu almenna eftirliti sem mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins.

Þetta er í anda þess að þeir sem þarfnast nánara eftirlits, ef til vill vegna verri aðstöðu eða verri heilbrigðisstöðu, borgi þann kostnað sjálfir. Þannig ætti það að vera framleiðendum til hagsbóta að hafa ástand búa sinna með þeim hætti að ekki þurfi að koma til sérstakra prófana vegna smitefna hjá þeim. Með þessu er jafnframt tryggt að kostnaði vegna sýnatöku hjá einstökum framleiðendum sé ekki velt yfir á stéttina í heild sinni, sem eykur kostnað allra framleiðenda og leiðir til hækkunar verðlags.

Á fylgiskjali með frumvarpi þessu er að finna kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið og læt ég nægja að vísa þangað. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar er fylgir frumvarpinu og athugasemda með frumvarpinu.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 22. og 32. mál.

Fundi slitið kl. 21:42.

104. FUNDUR

miðvikudaginn 19. apríl,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Náttúruminjasafn Íslands, stjfrv., 688. mál, þskj. 1009. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, stjfrv., 695. mál, þskj. 1025. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Framhaldsskólar, stjfrv., 711. mál, þskj. 1047. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 712. mál, þskj. 1048. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Álagning skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, stjfrv., 732. mál, þskj. 1068. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Tollalög og tekjuskattur, stjfrv., 733. mál, þskj. 1069. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Jarðalög, stjfrv., 739. mál, þskj. 1075. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Eldi og heilbrigði sláturdýra, stjfrv., 740. mál, þskj. 1076. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Ríkisútvarpið hf., stjfrv., 401. mál, þskj. 517, nál. 1037 og 1117, brtt. 1038. — Frh. 2. umr.
10. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 402. mál, þskj. 518, nál. 1039, brtt. 1040. — 2. umr.
11. Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, stjfrv., 734. mál, þskj. 1070. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde utanrrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh., 1. þm. Norðaust.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

Útbýting:

Meðferð opinberra mála, 780. mál, frv. BjarnB, þskj. 1167.

Kveðjur.

[12:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til þingstarfa á ný eftir páskahlé og vona að þeir hafi notið hvíldar yfir hátíðisdagana með fjölskyldum sínum. Sérstaklega býð ég velkominn til starfa hv. 5. þm. Norðaust., Steingrím J. Sigfússon, sem tekur nú sæti á ný á Alþingi og vona að hann hafi náð fullum starfskröftum að nýju.

Varamaður tekur þingsæti.

[12:03]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 8. þm. Reykv. n., Kolbrúnu Halldórsdóttur, dags. þann 18. apríl:

„Þar sem ég get ekki af einkaástæðum sótt þingfundi næstu vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að fyrsti varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavíkurkjördæmi norður, Atli Gíslason lögmaður, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Atli Gíslason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný á Alþingi.

Athugasemdir um störf þingsins.

Tóbaksvarnalög – eftirlaunafrumvarp – starfsáætlun þingsins.

[12:04]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég vil aftur taka til máls um störf þingsins af því að Hæstiréttur felldi dóm þann 6. apríl sem varðar tóbaksvarnalögin. Umræðan á síðasta fundi þar sem þetta var rætt, 11. apríl, var mjög knöpp þar sem vegna tímaleysis komust einungis tveir ræðumenn að, hv. þingmenn, til að ræða málið. Það sem Hæstiréttur kemst að niðurstöðu um er eftirfarandi. Hann segir, með leyfi forseta:

„Verður að leggja til grundvallar niðurstöðu að með algjöru banni 6. mgr. 7. gr. laga nr. 6/2002 við að sýna tóbak á sölustöðum hafi löggjafinn farið út fyrir þau mörk, sem 75. gr. og 73. gr. stjórnarskrár setja." — Þetta segir Hæstiréttur og segir sem sagt að þessi lagasetning stangist á við stjórnarskrána, þ.e. það ákvæði stjórnarskrárinnar sem tryggir atvinnufrelsi og tjáningarfrelsi.

Nú hafa menn iðulega komið hér upp um dóma Hæstaréttar þar sem lög eru sögð ekki standast stjórnarskrána, t.d. um kvóta- og öryrkjadóma. Ég tel mjög mikilvægt að Alþingi ræði það vegna þrískiptingar valdsins þegar Hæstiréttur dæmir lög frá Alþingi ógild. Ég hef líka bent á að í slíkum dómum, þegar Hæstiréttur fer í hlutverk stjórnlagadómstóls, ætti hann í rauninni að vera fullskipaður, það ættu alltaf allir sjö dómarar Hæstaréttar að kveða upp slíka dóma. Í þessu dæmi voru einungis fimm dómarar Hæstaréttar sem kváðu upp dóminn.

Ég tel mjög mikilvægt að hv. heilbrigðis- og trygginganefnd, sem þetta mál heyrir undir, setjist niður og geri breytingar eða tillögu um breytingu á þessum umræddu lögum þannig að þau standist stjórnarskrá.

[12:06]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir að vekja athygli á þessu máli og þeim dómi Hæstaréttar sem féll þann 6. apríl sl. og varðar tóbaksvarnalögin. Þessi dómur er merkilegur fyrir margra hluta sakir og niðurstaða hans er kannski sú að þegar tóbaksvarnalögin voru sett, þ.e. þetta ákvæði um að banna að þessar vörur sem þó eru löglegar og háðar einkasölu frá ríkinu séu sýnilegar í búðum — að slík regla brjóti gegn 73. og 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Hvað segir þessi dómur okkur? Hann ætti náttúrlega að kenna löggjafanum að ganga ekki of langt gegn stjórnarskrárvörðum réttindum einstaklinga en nauðsynlegt er, jafnvel þó svo að tilgangurinn að baki slíkri reglusetningu kunni að vera góður eða göfugur. Þetta hlýtur náttúrlega að leiða hugann að því frumvarpi sem nú er til meðferðar í hv. heilbrigðisnefnd. Ég fæ ekki betur séð en að það frumvarp hljóti að vera í töluverðu uppnámi vegna þess að í því er kveðið á um einhverjar hörðustu takmarkanir í þessum málaflokki sem um getur í Evrópu, eða í heiminum. Ég skora á heilbrigðisnefnd að taka þetta mál og þennan dóm til vandlegrar umfjöllunar í tengslum við það frumvarp.

Síðan er ástæðulaust að sleppa því, frú forseti, að nefna það að þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem niðurstöður Hæstaréttar í málum eru ræddar hér, þar sem rétturinn kemst að þeirri niðurstöðu að löggjafinn hafi farið út fyrir heimildir sínar. Þá eru alltaf fastagestir í ræðustól Alþingis sem krefjast þess að einhverjir, fyrst og fremst ráðherrar, segi af sér. Ég nefni sem dæmi hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Steingrím J. Sigfússon og Ögmund Jónasson. Maður veltir því fyrir sér í ljósi þeirra krafna sem margoft hafa (Forseti hringir.) komið fram: Ætla þessir hv. þingmenn að sæta ábyrgð því að það voru þeir sem samþykktu þau lög sem nú hafa verið dæmd sem brot (Forseti hringir.) á stjórnarskránni? Ætla þeir að segja af sér? Eða hvernig ætla þeir að axla ábyrgð sína sem hluti af löggjafanum?

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmenn hafa hér ákveðinn tíma til að flytja sitt mál og eiga að virða það.)

[12:09]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Í hv. heilbrigðisnefnd er til meðferðar frumvarp um breytingar á tóbaksvarnalögunum þar sem aðallega er fjallað um bann við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum. Ég hef ekki orðið vör við annað en að í nefndinni sé mikill einhugur um að afgreiða frumvarpið óbreytt úr þeirri nefnd og vil ég árétta það vegna orða hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar.

Hins vegar hafa gengið núna tveir dómar Hæstaréttar og má segja sem svo að dómarnir hafi staðfest það að löggjafanum sé heimilt að setja skorður við því að heilsuspillandi vörur á borð við tóbak séu í augsýn annarra viðskiptavina en þeirra sem vilja kaupa það. Hæstiréttur segir jafnframt í öðrum dómnum að hann telji gengið of langt með því og farið þá út fyrir mörk 73. og 75. gr. stjórnarskrárinnar, ákvæðanna um tjáningarfrelsi og atvinnufrelsi, með því að þetta bann sé einhlítt og nái líka til sérverslana með tóbak. Það mun vera ein slíkrar tegundar í landinu eftir því sem ég best veit. Mér finnst sjálfsagt að hv. heilbrigðisnefnd taki málið til skoðunar í nefndinni og fari yfir dóminn og hugi að því hvort ástæða sé til að breyta lögunum þannig að sú verslun sé þá undanskilin þessu einhlíta banni.

[12:10]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir að taka þetta mál upp, enda er þetta athyglisverður dómur sem hann vísar til. Segja má að ljóst sé af þessum dómi, annars vegar eins og hv. þm. Jónína Bjartmarz benti á, að löggjafanum er heimilt að setja vissar takmarkanir gagnvart viðskiptum með tóbak á grundvelli heilbrigðisforsendna en hins vegar er líka ljóst af dómnum að löggjafanum er ekki heimilt að setja hvaða takmarkanir sem er. Í sjálfu sér eru það kannski helstu nýmælin, að mínu mati, í dómnum að undirstrikað er að gæta verður meðalhófs þegar settar eru reglur af þessu tagi. Það er ekki sama hvaða reglur eru settar eða hvernig þær eru mótaðar, það verður að taka tillit til meðalhófssjónarmiða og taka tillit til stjórnarskrárákvæða sem vernda atriði eins og atvinnufrelsi og tjáningarfrelsi. Mikilvægt er að það verði haft í huga þegar hv. heilbrigðisnefnd tekur málið til frekari umfjöllunar, bæði að því er varðar það tiltekna efnisatriði sem fjallað var um í dómnum og eins önnur atriði sem geta orkað tvímælis út frá atvinnufrelsis- og raunar tjáningarfrelsissjónarmiðum líka.

Ég nefni í því sambandi atriði í núgildandi tóbaksvarnalögum sem kveður á um verulegar takmarkanir fyrir fjölmiðlaumfjöllun um tóbak þar sem m.a. er bannað að nefna einstakar tóbakstegundir á nafn í fjölmiðlum öðruvísi en að vara við skaðsemi þeirra. Það er alveg ljóst, að mínu mati, að þetta atriði er á mjög gráu svæði þegar litið er til samspils tjáningarfrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar og þeirrar heimildar sem löggjafinn hefur til að takmarka verslun og umfjöllun um tóbak.

Mikilvægt er að þetta atriði verði einnig skoðað (Forseti hringir.) ásamt öðrum þeim atriðum í nýju frumvarpi til tóbaksvarnalaga sem vissulega geta einnig stangast á við frelsisreglur stjórnarskrárinnar.

[12:13]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil að gefnu tilefni taka upp annað mál en hér hefur verið rætt. Það hefur ítrekað komið fram í fjölmiðlum að eftirlaunamálið svokallaða væri strand í forsætisnefnd. Meðal annars hefur verið haft eftir hæstv. forsætisráðherra að það skorti samstöðu í forsætisnefnd Alþingis til að gera breytingar á lögunum. Haft var líka eftir forsætisráðherra að ekki væri við samstarfsflokkinn í ríkisstjórn að sakast, heldur væri ágreiningur um málið í forsætisnefnd.

Þetta er alrangt og óþolandi að liggja undir því ámæli að forsætisnefnd sitji á málinu. Síðast í gærkvöldi kom fram í sjónvarpsfréttum að eftirlaunamálið væri til meðferðar í forsætisnefnd. Jafnvel þótt reynt hafi verið að leiðrétta það af formanni þingflokks Samfylkingarinnar, Margréti Frímannsdóttur, er enn haldið áfram að hamra á því að málið sé strand í forsætisnefnd. Hið rétta í málinu er að forsætisnefnd var í nóvembermánuði sl. kynnt lögfræðiálit um málið sem unnið hafði verið fyrir forsætisráðuneytið og engin ósk fylgdi frá forsætisráðherra eða ráðuneyti hans um að forsætisnefnd mundi beita sér fyrir lagabreytingu á eftirlaunalögunum.

Málið er því ekki til meðferðar í forsætisnefnd og hefur ekki verið. Einu afskiptin voru þau að lögfræðiálit var kynnt í forsætisnefnd í nóvember sl. Það er allt og sumt. Það er mikilvægt að hæstv. forseti Alþingis greini frá því og staðfesti að afskipti forsætisnefndar hafi ekki verið önnur en þau sem ég hef hér lýst. Beini ég þeirri ósk til hæstv. forseta því að mikilvægt er að hið rétta komi fram í þessu máli.

[12:14]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Í tilefni þessara orða hv. þingmanns vill forseti taka fram eftirfarandi: Síðasta vor, þann 25. apríl 2005, sendi forsætisráðuneytið þáverandi forseta Alþingis lögfræðilegt álit sem hafði verið unnið fyrir ráðuneytið um heimild löggjafans til ákveðinna breytinga á lögum um eftirlaun forseta Íslands, alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara. Í álitinu kemur m.a. fram að hægt sé að breyta lögunum en varhugavert sé að hreyfa við lífeyrisréttindum sem þegar hafi tekið gildi vegna eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar. Álit þetta var unnið í kjölfar umræðna sem höfðu farið fram í fjölmiðlum.

Hæstv. forsætisráðherra sagði við fjölmiðla, m.a. ríkissjónvarpið þann 24. janúar 2005, að hann vildi breyta lögunum og hafa um það samráð við aðra á Alþingi í því skyni að ná samstöðu um málið. Í bréfi forsætisráðuneytisins til forseta Alþingis í apríl í fyrra er ekki sett fram nein ósk um viðbrögð við lögfræðiálitinu. Álitsgerðin kom ekki til umræðu í forsætisnefnd fyrr en 7. nóvember sl. og aftur þann 11. nóvember sl.

Í samráði við forseta Alþingis boðaði forsætisráðherra formenn flokkanna til fundar þann 5. desember sl. og lagði þar fram drög að frumvarpi til breytinga á lögum um eftirlaun forseta Íslands o.fl. sem byggðust á áðurnefndu lögfræðiáliti. Eins og fram kom í umræðum á Alþingi síðasta dag fyrir páska töldu formenn stjórnarandstöðuflokkanna að of lítill tími hefði verið til að afgreiða málið fyrir jólahlé, auk þess sem efniságreiningur var um frumvarpsdrögin. Nýr fundur var haldinn með formönnum flokkanna þann 16. janúar sl. en þar kom enn fram efniságreiningur, svo og mismunandi sjónarmið um hverjir ættu að standa að framlagningu málsins. Forseti hefur litið svo á að þessi frumvarpsdrög séu trúnaðarmál á þessu stigi.

Síðan í janúar hefur þetta mál ekki verið til umræðu í þinginu svo að forseta sé kunnugt nema hvað að því var vikið í 1. umr. um frumvarp til laga um kjararáð þann 11. apríl sl. og ekki í forsætisnefnd utan hvað um það var spurt á fundi nefndarinnar nú í morgun.

Niðurstaðan er því sú að um málið hefur ekki náðst efnisleg samstaða og þar af leiðandi hefur frumvarpið ekki komið á borð forsætisnefndar.

[12:17]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér kennir ýmissa grasa í umræðu um störf þingsins, nú síðast hugmyndir um að gera einhvers konar lýtalækningar á makalausu lífeyrisfrumvarpi þeirra hæstv. forsætisráðherra, núverandi og fyrrverandi. Þetta frumvarp var flutt á ábyrgð þeirra og á þeirra vegum. Ég vil ítreka það sem áður hefur komið fram frá mér við umræðuna að ég mun ekki taka þátt í einhverjum málamyndagerningi til að lappa upp á þetta frumvarp. Það á að rífa þessi makalausu lífeyrislög upp með rótum og setja alla þá sem undir lögin heyra inn í almenna lífeyrissjóði þar sem þeir eiga heima. Ég mun beita mér fyrir slíku hvort sem frumvarpið kemur nú á síðustu dögum þingsins inn í þingið eða ekki.

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til að lýsa vonbrigðum yfir því að þinghaldið skuli nú komið í fullkomið uppnám. Það er búið að henda fyrri starfsáætlun þingsins og án samkomulags og án tilraunar til samráðs við stjórnarandstöðuna er sett niður dagskrá m.a. með umdeildum málum í dag um Ríkisútvarpið. Og á færibandi ríkisstjórnarinnar bíða fjölmörg mál sem eru umdeild, ekki aðeins innan þings heldur í þjóðfélaginu almennt. Ég segi, ef framlengja á þinghaldið í vor á að virða þær reglur sem eru og eiga að vera við lýði. Ég spyr hæstv. forseta: Hvernig stendur á því að hér er ekki venjulegur fyrirspurnatími í dag? Það bíða afgreiðslu og svara fjöldi fyrirspurna frá þingmönnum. Hvernig stendur á því að þessu hefur nú öllu verið vikið til hliðar? Ég hvet til samkomulags og samráðs við stjórnarandstöðuna því að þingið er núna komið í fullkomið uppnám. (Gripið fram í.)

[12:19]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt að það kennir ýmissa grasa í umræðum um störf þingsins og kannski ekki að ástæðulausu. Í dag er miðvikudagurinn 19. apríl og hér áttu að vera fyrirspurnir á dagskrá, það eru einar 32 fyrirspurnir sem bíða afgreiðslu. Um 211 hefur þegar verið svarað en 32 fyrirspurnir bíða enn svara frá hæstv. ráðherrum. Við vorum að vonast til þess að eitthvað af þeim yrði á dagskrá í dag. Ekkert samráð var haft við þingflokksformenn, alla vega ekki þingflokksformenn stjórnarandstöðunnar um þær breytingar sem gerðar hafa verið á fyrirhugaðri dagskrá og hingað til hefur það verið fastur liður að við tökum fyrir fyrirspurnir á miðvikudögum.

Við erum í dag með þrjú mál á dagskrá, tvö af þeim í 2. umr. og eitt í 1. umr. Síðan bíða 11 mál 1. umr. frá ríkisstjórninni og 12 mál bíða 2. umr., það bíða 5 mál 3. umr. og 7 mál bíða síðari umr. og þarna erum við bara að tala um mál ríkisstjórnarinnar. Ekki er enn búið að setja á blað öll þau mál sem bíða frá stjórnarandstöðunni og eiga vonandi eftir að fá eðlilega fyrirgreiðslu og afgreiðslu í þinginu. Þau eru ekki sett upp. Starfsáætlun þingsins er ónýt, því miður, vegna þess að hér hafa verið sett fram mörg ágreiningsmál sem hafa ekki einu sinni fengið eðlilega umfjöllun í nefndum. Og hvað varðar þetta svokallaða samráð sem hæstv. forsætisráðherra hefur verið að bíða eftir um lífeyrisfrumvarpið þá er það þannig að ekki hefur verið rætt við forustumenn flokkanna síðan í janúar. Risinn, Framsóknarflokkurinn, sefur á því frumvarpi og er líklega ekkert að rumska.

[12:21]

Mörður Árnason:

Forseti. Sú tilkynning sem þú fluttir rétt áðan er að mínu viti fáheyrð og ákaflega undarleg. Í henni er tekið fram að tiltekin frumvarpsdrög séu trúnaðarmál en þau muni ekki koma fram nema samkomulag sé um þau. Næsta spurning er: Hverjir eru það sem eiga að gera það samkomulag? Eru það þingmenn? Eru það örfáir menn? Er það forseti og forsætisráðherra? Hvernig er hægt að halda frumvarpsdrögum sem trúnaðarmáli gagnvart þeim sem eiga að ná um það samráði? Samráð hefur ekki farið fram. Það er kannski m.a. vegna þess að það lögfræðiálit sem hér var líka rætt og komið er upp núna í fyrsta sinn að til sé, vegna þess að ég

geri ráð fyrir að þeir sem það hafa séð hafi haldið trúnaðinum, er væntanlega líka trúnaðarmál. Þó er verið að ræða í fjölmiðlum þessa dagana og í almennri umræðu þessi lífeyrismál. Á það benti, ég held ég fari rétt með, Jóhann Hauksson blaðamaður, í Fréttablaðinu að það væri dómur í máli sem varðaði Landsbankann, ég held að það hafi verið þannig, Landsbanka og Seðlabanka sem hafi fallið á öfugan veg við það sem Halldór Ásgrímsson, hæstv. forsætisráðherra, heldur fram. En lögfræðiálitið er trúnaðarmál.

Nú þarft þú, forseti, að gera hreint fyrir þínum dyrum og skýra fyrir okkur hvers vegna þetta er trúnaðarmál, eða sem betra væri, að opinbera þá pappíra sem þú hefur hér skýrt frá.

[12:23]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Menn fara mikinn í umræðum um störf þingsins og ég held að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi gleymt einhverjum flutningsmönnum þegar hann var að ræða um eftirlaunafrumvarpið en hann mun örugglega leiðrétta það við gott tækifæri.

Ég vil aðeins ræða eitt út af því að hér hafa menn verið að gagnrýna störf þingsins, þ.e. að hér hafi ekki verið haft nægt samráð við stjórnarandstöðu í tengslum við starfsáætlun og starfshætti þingsins. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér þykir þetta afskaplega sérkennilegur málflutningur. Það er alveg vitað og við þekkjum það að afskaplega mikið samráð er haft við stjórnarandstöðuna hvað þetta varðar. En það segir sig hins vegar alveg sjálft og það sér hver maður að ef menn standa í málþófi, ef hingað kemur þingmaður og talar í sex tíma og aðrir eru að halda ræður í einhverja klukkutíma, hefur það áhrif á störf þingsins. Sér það ekki hver maður? (Gripið fram í.) Er það ekki frekar einfalt? (**Gripið fram í:** ... að breyta fundarsköpum.) Og er það virkilega þannig, virðulegi forseti, að mönnum finnist það eðlilegt að ef menn taka upp á því í stjórnarandstöðu, í minni hluta á þinginu, að vera í málþófi þá eigi menn bara að skúbba málum í burtu? Er það virkilega svo að mönnum lítist þannig á að þeim finnist það lýðræðislegt og eðlilegt að í hvert skipti sem stjórnarandstaðan ákveður að fara í málþóf eigi hún að ná fram sínum vilja? Ég held að hver maður sjái að það gengur ekki upp. Ef menn hafa áhyggjur af starfsáætlun og starfsháttum þingsins hjá stjórnarandstöðunni þá ættu þeir eðlilega að líta í eigin barm og kannski fara aðeins að takmarka sig í þessum málþófsræðum. Það sér hver maður. Það vita allir að þegar menn halda sex tíma ræður er það ekki vegna þess að menn ætla að koma einhverjum efnisatriðum á framfæri. Menn eru að reyna eitthvað annað.

[12:26]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það er farið úr einu í annað og ég ætla að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið varðandi tóbaksfrumvarpið.

Það liggur fyrir að Hæstiréttur telur að Alþingi hafi gengið of langt gagnvart sérverslun með tóbak að setja þeim sömu skilyrði og almennum verslunum, þ.e. að tóbak og vörumerki tóbaks sé ekki sýnileg viðskiptavinum. Í sjálfu sér má segja að þetta sé skiljanleg og rökræn niðurstaða hjá Hæstarétti og það segir sig sjálft að þeir sem fara í sérverslanir með tóbak sæki þangað gagngert til að kynna sér og kaupa slíka vöru.

Á hinn bóginn hlýt ég að vekja athygli á því að Hæstiréttur segir í dómsorði sínu að hann teldi það samrýmast ákvæðum stjórnarskrár um tjáningar- og atvinnufrelsi að setja skorður við því að heilsuspillandi vörur á borð við tóbak séu í augsýn annarra viðskiptavina en þeirra sem vilja kaupa þær. Taldi Hæstiréttur að löggjafanum sé heimilt að setja slíkar skorður á tóbaksauglýsingar í almennum verslunum.

Dómur Hæstaréttar segir okkur hins vegar að við þingmenn þurfum að fara varlega þegar við erum að fjalla um þætti sem geta takmarkað athafnafrelsi manna. En á hinn bóginn er ég þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að löggjöf um tóbak eigi að vera tiltölulega ströng. Ég tel að stjórnvöld eigi að beita þeim aðferðum sem þau hafa yfir að ráða til að minnka reykingar. Auglýsingabann á tóbak er einn liður í því. Annar er bann við reykingum á opinberum vettvangi, þar með á veitinga- og skemmtistöðum. Tóbaksreykingar eru nefnilega ekki einkamál þeirra sem reykja þó þeir skaði sjálfa sig vissulega einna mest. Það er bæði að beinn og óbeinn kostnaður er verulegur og þannig sýna nýlegar íslenskar rannsóknir að miðaldra karlar sem að staðaldri reykja pakka eða meira á dag stytti meðalævina um 13 ár og konur um 10 ár. Þetta finnst mér vera samfélagsleg sóun.

Jafnframt verður líka að horfa til þess að heilbrigðiskostnaður vegna afleiðinga reykinga er verulegur og skattpeningar landsmanna standa straum af því. Ljóst er að hv. heilbrigðis- og tryggingarnefnd hefur til umfjöllunar frumvarp um breytingar á lögum um tóbaksvarnir og mér sýnist það sjálfgefið að nefndin taki dóm Hæstaréttar til athugunar og styðji bæði hv. formann nefndarinnar og Pétur Blöndal.

[12:28]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því í upphafi ræðu minnar að lýsa yfir vanþóknun á því hvernig hæstv. forseti stýrir þinghaldinu, að fella niður fyrirspurnatíma og setja fundi á laugardögum án þess að hafa nokkuð samráð við stjórnarandstöðuna. Ég er á því að miklu nær hefði verið að fara í vinnu hvernig ætti að haga þinghaldinu áfram. Ég átta mig í rauninni ekki á hvað hæstv. forseta gengur til nema það að hún sé að egna stjórnarandstöðuna, og ræða sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson flutti virðist vera í sömu átt, í stað þess að reyna að ljúka þingstörfum. Eða þá eins og ég mæli með að gert verði hlé á þinghaldi í byrjun næsta mánaðar og síðan verði þráðurinn tekinn upp að nýju í júní. Mér finnst það vel koma til greina.

En það er annað sem ég vildi vekja athygli á. Það er þessi grátbroslega umræða sjálfstæðismanna um atvinnufrelsi út af sérverslun með tóbak. Mér finnst þetta vera ömurlegur málflutningur eða grátbroslegur réttara sagt, sérstaklega í ljósi þess að þessir sömu menn hafa svipt heilu þorpin á landsbyggðinni atvinnuréttindum sínum og þá eru þeir ekki mættir í ræðustól, heldur má jafnvel heyra núverandi hæstv. forsætisráðherra í kjölfar dóms um atvinnufrelsi í sjávarútvegi tala um að það þyrfti að breyta stjórnar-

skránni, það þyrfti jafnvel að tryggja það að þessi þorp fengju aldrei atvinnuréttinn á ný. Þá var hann mættur í fjölmiðla að ræða um það. Ég er þess vegna á því að menn ættu að hugsa sinn gang og forgangsraða. Hvað eru virkilega þörf mál að taka upp á þingi? Er það sérverslun með tóbak eða eru það þorpin á landsbyggðinni sem hafa verið svipt atvinnuréttindum sínum?

Breyting á starfsáætlun.

[12:30]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti átti í morgun fund með formönnum þingflokka og þar komu vissulega fram andmæli frá stjórnarandstöðuflokkunum við fundarhaldið. En forseti áformar að halda fund með formönnum að nýju næstkomandi föstudag enda kom fram ósk um það á fundi í morgun. Forseti vonar að mál skýrist eitthvað á þeim fundi.

Um fundarstjórn.

Starfsáætlun þingsins.

[12:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er góðra gjalda vert að efna til fundar á föstudagsmorgun um þinghaldið. Ég tel hins vegar að sá fundur eigi að vera í dag. Við þurfum sameiginlega að taka ákvörðun um þinghaldið. Hér hefur verið talað um málatilbúnað af hálfu stjórnarandstöðunnar sem málþóf. Það er alrangt enda sagt af mönnum sem væntanlega hafa ekki kynnt sér þær ræður sem hér hafa verið fluttar um Ríkisútvarpið, um vatnalögin eða annað sem mikill ágreiningur er um í þjóðfélaginu — og mönnum liggur mikið á hjarta.

Hæstv. forseti. Nú þarf að upplýsa um það hve lengi þessi þingfundur eigi að standa. Ég vek athygli á því að þegar langar ræður hafa verið fluttar, oft langt fram á morgun, eins og gerðist hér fyrir páska, var það í bland vegna þess að stjórnandi þingsins, hæstv. forseti, neitaði að svara öllum spurningum sem fram voru bornar um þinghaldið og hve lengi stæði til að halda þingfundi áfram. Stjórn þingsins verður því að líta í eigin barm og axla sína ábyrgð í því efni.

Ég held að við eigum að komast að samkomulagi um það núna hve lengi þessi þingfundur eigi að standa. Það er búið að tilkynna okkur einhliða að þingfundi verði framhaldið eftir þingflokksfund sem lýkur kl. 6, en hversu lengi? Hversu lengi á þessi þingfundur yfirleitt að standa? Forsenda þess að menn nái saman, nái samkomulagi um þinghaldið, er að menn tali hreint út um þessi efni. Hvað vakir fyrir framkvæmdarvaldinu? Hvað vakir fyrir stjórn þingsins? Það getur ekki verið ásetningur manna að halda til streitu öllum þeim fjölda mála, tugum þingmála, sumum mjög umdeildum, sem umturna ýmissi veigamikilli starfsemi hér á landi. Það getur ekki verið ásetningur stjórnvalda, framkvæmdarvaldsins, stjórnar þingsins, að koma þessum málum öllum í lög fyrir vorið.

Við auglýsum eftir því að ríkisstjórnin geri hreint fyrir sínum dyrum og stjórn þingsins boði til raunverulegs samráðs um lok þingsins í vor.

[12:33]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti taka fram að þingfundi verður haldið áfram að loknum þingflokksfundum frá kl. 6. Það verður fundað áfram fram á kvöldið. En það fer að sjálfsögðu nokkuð eftir því hversu mikið hv. þingmönnum liggur á hjarta hve langur sá þingfundur verður.

[12:34]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ekki fannst mér þetta innlegg hæstv. forseta verða til þess að friðvænlegra yrði í þessum sölum. Ég skildi orð hæstv. forseta á þann veg að þingmenn yrðu þá settir á fund fram á nótt, þótt frídagur sé á morgun, ef þeir stytta ekki mál sitt eins og hæstv. forseta þóknast. Nú er það þannig að hér er fyrst á dagskrá í dag mál sem er ákaflega umdeilt, mál sem er alveg ljóst að stjórnarandstaðan er ákaflega andstæð, mál sem stjórnarliðið hefur ekki náð að flytja þokkaleg rök fyrir. Í því máli eru þó sáttafletir. En það er alveg sama hvað reynt er af hálfu stjórnarandstöðunnar, ekki virðist nokkur vilji af hálfu ríkisstjórnarinnar til að reyna að finna flöt á því máli.

Illt er að eggja óbilgjarnan. Núna höfum við það, þegar við horfum yfir veturinn, að búið er að riðla í einu og öllu hinni upphaflegu starfsáætlun. Fallið hefur verið frá öllum skipulögðum nefndardögum, þeir hafa verið fluttir til. Hæstv. forseti segir svo núna að fundur verði haldinn á föstudaginn til að kanna hvort hægt sé að ná einhverju samkomulagi um það hvernig halda eigi þinghaldinu áfram.

Nú get ég trúað hæstv. forseta fyrir því að mér er ekkert að vanbúnaði að sitja hér langt fram á vorið. Það er ekkert verra fyrir stjórnarandstöðuna á þessu kosningasumri að þinghald verði fram að sveitarstjórnarkosningum ef þess þarf. Ég sé ekki að mál séu að þróast með þeim hætti fyrir ríkisstjórnina að henni væri mikill akkur í því. Staðreyndin er einfaldlega sú að þau mál sem liggja fyrir þinginu eru sum stór og umdeild. En það er ekkert þeirra svo brýnt að það þurfi að leggja í meiri háttar ófrið til að koma þeim fram. Ég spyr því hæstv. forseta hvort hún muni nú ekki hlutast til um einhvers konar viðræður milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það deiluefni sem hér er á dagskrá síðar í dag. Því það er auðvitað, svo menn tali alveg hreint út, það mál sem mestur styr mun standa um og það verður mikill styr. Það er alveg ljóst. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson á, ef hann nennir, örugglega eftir að fá tækifæri til að hlusta á fleiri langar ræður um það mál vegna þess hve vanreifað það er af hálfu ríkisstjórnarinnar.

En við þingmenn þurfum að vita hvert er fyrirhugað skipulag þingsins í dag. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur í tvígang spurt hæstv. forseta út í það en fær engin svör. Hæstv. forseti segir að haldið verði áfram fram á kvöldið. En á morgun er frídagur. Sumir þingmenn þurfa að komast til sinna heimahaga eins og hefð er fyrir á slíkum dögum.

Ég endurtek spurningu hv. þm. Ögmundar Jónassonar: Hversu lengi á að halda áfram í kvöld? Ef hægt verður að fá svar við því kynnu kannski umræður um fundarstjórn forseta að skemmast.

[12:37]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti tilkynna að ekki er gert ráð fyrir að þingfundur verði fram yfir miðnætti í kvöld.

[12:37]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ekki byrjar það nú vel, þinghaldið, eftir páskaleyfi. Mér heyrist sem hæstv. forseti ætli sér að taka þingheim og henda honum ofan í þrælakistuna, skella lokinu aftur og snúa lyklinum í lás. Og við verðum hér sennilega fram að kjördegi 27. maí næstkomandi. Gott og vel.

Ég lýsi hins vegar eftir því að haft verði samráð við stjórnarandstöðuna en líka stjórnarþingmenn um það hvernig við hyggjumst ná landi varðandi þinghaldið nú á vordögum. Ég tel það mjög brýnt. Hér hefur ítrekað komið fram að mörg stór og þung mál bíða afgreiðslu. Ég hygg að það væri okkur öllum fyrir bestu að við settumst niður og ræddum það og kæmumst að samkomulagi um hvernig við ætlum að haga þinghaldinu það sem eftir er.

Ef við ætlum að halda áætlun á að hætta föstudaginn 4. maí. Ég fæ ekki betur séð, ef það á að takast, en að við höfum þá í mesta lagi sjö daga til að vinna hér í þingsalnum. Það er líka gert ráð fyrir einhverjum nefndardögum, tveimur eða þremur. Við vitum ekkert um hvenær þeir eiga að vera. Sennilega ekki fyrr en eftir helgi.

Mér finnst sú staða sem nú er upp komin, eins og þetta lítur út núna, stefna í mikið óefni. Ég hygg að það væri okkur öllum hollast að setjast niður og fara yfir það hvenær við ætlum að ljúka þinginu nú á vordögum. Á að ljúka því þann 4. maí eins og fyrirhugað er eða stendur til að halda áfram eitthvað lengur? Þetta þarf að ræða. Það þarf líka að taka ákvörðun um hvaða mál þingmenn geta sæst á að eigi að hljóta afgreiðslu þannig að við getum þá lokið störfum þingsins með fullri reisn og fullum sóma.

Ég vil beina þeim orðum til virðulegs forseta að hún taki þetta til gaumgæfilegrar athugunar þannig að við forðumst að lenda í algerum hnút. Það er engum til framdráttar.

[12:40]

Mörður Árnason:

Forseti. Tvær yfirlýsingar hafa nú komið um það hvernig ljúka eigi þingfundi í dag. Sú fyrri fólst í einhvers konar yfirlýsingu um að það færi eftir því hvað menn væru langorðir í dag, og er sérkennileg. Hinni síðari fagna ég. Hún var á þann veg að þá hefur forseti fallið frá því að láta þingfund fara eftir lengd ræðutíma hjá einstökum mönnum en ætlar ekki að halda áfram lengur en til miðnættis. Ég tel að það sé heppilegt og ég lít á það sem lærdóm sem forseti hafi dregið af því sem gerðist hér um daginn.

Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson ræddi áðan í miklum tón um sex tíma ræðu Ögmundar Jónassonar. Þess skal getið, þannig að það sé fest á bækur og skráð á net, að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson var ekki viðstaddur þá ræðu. Það var kannski eðlilegt vegna þess að sá flutningur stóð fram til kl. hálfsex þann dag sem þar var um að ræða. Þeir sem fyrst áttu að fara á nefndarfundi morguninn eftir fengu til svefns og undirbúnings þann tíma frá hálfsex, 5.30, til 8.15. (Gripið fram í.) Ég hygg að það hafi verið. Um það má fræðast betur hjá þeim sem fóru á fyrstu fundina. Ég átti þá annan fund á seinni tímanum, kl. 10.15, en ég vona að hinir hafi vaknað og haft gaman af.

Þessi sex tíma ræða Ögmundar Jónassonar fór fram við skilyrði sem eiginlega er ekki hægt að kalla annað en víggrafastyrjöld. Forsetar þingsins sem þá voru, en aðalforseti þingsins var þá staddur á Írlandi að heimsækja starfsbróður sinn og fleiri fyrirmenn í því landi, hv. þm. Jónína Bjartmarz og Birgir Ármannsson, voru þráspurð að því hér á göngum ásamt fleiri stjórnarliðum, þar á meðal menntamálaráðherra hæstv. sem var hér um nóttina — það var gaman að því að hún skyldi lúta svo lágt að vera hér. Og fleiri glaðir sjálfstæðismenn voru hér líka þessa nótt og fóru mikinn. Þeir voru spurðir hér í ræðustóli, það gerði Ögmundur Jónasson þegar hann var að flytja ræðuna, hvernig ætti að ljúka þingfundinum sem þá var. En þá voru aldrei veitt svör.

Þannig að í raun og veru var það sem gerðist þar misbeiting, vil ég segja, fundarstjórnarvalds þessara tveggja forseta og væntanlega þá á ábyrgð þess forseta sem þingið kaus sem sinn forseta ...

(**Forseti** (SP)**:** Forseti gerir athugasemd við að hv. þingmaður tali um misbeitingu forsetavalds og biður hann að gæta orða sinna.)

Ég skal gera það, forseti. Ég verð að fá þann tíma sem ég þarf til þess. Það er kannski ekki rétt að tala um misbeitingu forsetavalds en ákaflega sérkennilega beitingu forsetavalds á þessum tíma sem varð til þess að fundurinn stóð til kl. 6 og varð til þess að umrædd ræða varð eins löng og raun ber vitni. Ég held að menn eigi að tala um þennan fund í því (Forseti hringir.) ljósi sem við sem vorum á honum munum eftir honum.

[12:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Við ræðum um fundarstjórn forseta og ég held að við getum öll sem hér erum inni verið sammála um að hún hefur verið til mikillar fyrirmyndar og ekkert út á hana að setja. Enda hefur ekki komið fram nein efnisleg gagnrýni á fundarstjórn forseta. Ég átta mig ekki á því af hverju menn eru að ræða þetta jafnlengi og raun ber vitni.

Nema, virðulegi forseti, menn séu kannski að reyna eitthvað annað. Það má vera. Það er þá spurningin hvað það er. Mér finnst hæpið að menni kvarti undan því að þingfundir séu langir ef menn eru svo í því, sem menn hafa ekkert farið í felur með, a.m.k. ekki hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að beita málþófi þangað til þeir fá sitt fram. Það segir sig sjálft að ef hér er stundað málþóf þurfa þingfundir að vera langir.

Hér er verið að ræða fundarstjórn forseta og ég held að niðurstaðan sé sú, eftir að við höfum hlustað á þessar ræður, að hún er til fyrirmyndar. Menn koma í löngum röðum undir þessum lið án þess að gagnrýna það með efnislegum hætti. Ég vona að fundarstjórn verði jafngóð og verið hefur fram til þessa.

[12:45]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson nefndi það áðan í umræðu um störf þingsins að stjórnarandstaðan ætti að líta í eign barm varðandi það hvað þingstörf hafa dregist, hvað þau eru komin í óefni, og í upplausn auðvitað. Ég held að það sé, virðulegi forseti, mjög mikilvægt fyrir stjórnarliða og þá kannski sérstaklega ráðherrana að líta í eigin barm og skoða það hvenær þeir koma með mál til þingsins. Við ræddum t.d. rétt fyrir páskahlé frumvarp iðnaðarráðherra um Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem, eins og við vitum, miklar deilur eru um í stjórnarflokkunum. Það frumvarp var lagt fram til Alþingis 6. apríl þó svo að það hafi fengið þingmálsnúmer fyrir 1. apríl eins og lög gera ráð fyrir. Okkur þingmönnum var sýnt það 6. apríl. Það kom þá til umræðu og það var vissulega þörf á að ræða það mál virkilega vel, virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að það var rætt 6. apríl og það er ábyggilega ætlun, a.m.k. hæstv. iðnaðarráðherra með mótmælum sjálfstæðismanna að vísu fyrir því stjórnarfrumvarpi, að afgreiða það mál núna fyrir 4. maí. Það skal engan furða, virðulegi forseti, að menn þurfi að ræða þessi mál nokkuð mikið. Byggðaáætlun situr líka inni hjá iðnaðarnefnd og er ekki mikið verið að vinna með, að mér skilst. Hún á eftir að koma ásamt fjöldamörgum öðrum málum.

Virðulegi forseti. Ég gagnrýni það líka og tek undir þá gagnrýni á fundarstjórn forseta, á stjórn forseta Alþingis á starfsáætlun, að í dag skuli t.d. ekki vera fyrirspurnadagur eins og lög gera ráð fyrir. Komið hefur fram að 32 fyrirspurnir bíða svars. Starfsáætlun Alþingis var kippt úr sambandi á fundi með forseta ekki alls fyrir löngu. Virðulegi forseti. Það eina sem stendur eftir af þessari áætlun er fyrirsögnin, og það er frekar aum niðurstaða ef fyrirsögnin og forsíðan er það eina sem stendur eftir en allt innvolsið er farið.

Hér er t.d. verið að breyta í þriðja skipti starfsáætlun um nefndadaga sem við vitum að eru mjög þýðingarmiklir þar sem farið er vel yfir mál. Þeim var hent út, þeim nefndadögum sem áttu að hefjast á föstudaginn kemur og standa fram á mánudag, og enginn veit hvenær þeir eiga að vera. Stjórnarliðar ættu að líta í eigin barm, þar með talinn hæstv. forseti Alþingis með þá dagskrá sem hér er algjörlega farin fyrir bí. Það þýðir ekkert að afsaka þetta með löngum ræðum og ætla að keyra þingið áfram með því að taka málfrelsi af mönnum. Við vitum hvernig það er stundum á lokadögum þegar verið er að semja um hvernig mál eigi að fara í gegn, þá er þingmönnum bannað að taka þátt. Það er algjörlega óásættanlegt form og ég skil ekki af hverju (Forseti hringir.) ráðherrar og yfirstjórn þingsins láta þetta sífellt fara í þetta ófremdarástand.

[12:49]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er alveg greinilegt að dagskrá þingsins, störf og stjórnin er komin verulega úr skorðum. Í dag átti samkvæmt uppsettri dagskrá að vera fyrirspurnadagur sem hefð hefur verið fyrir. Lög um þingsköp mæla svo fyrir um að til þess skuli vera settir ákveðnir dagar.

Ég er t.d. með fyrirspurn sem er ósvarað. Eins og hefur komið fram eru fyrirspurnirnar 32 en reyndar bíða 34 fyrirspurnir munnlegs svars. Ég hef fengið útskrift um þær. Ég er sjálfur með fyrirspurn sem var dreift 16. mars sl. Hún fjallar um ívilnanir stjórnvalda til álvera, hvernig stjórnvöld geta ívilnað álverum sérstaklega, í tilefni viðtals við hæstv. iðnaðarráðherra sem ber álver sérstaklega fyrir brjósti. Ég vildi fá það skýrt út hvernig ívilnanir stjórnvalda til álvera eru af því að hún kom inn á það í fréttaviðtali að hægt væri að ívilna álverum, sérstaklega á landsbyggðinni, umfram önnur fyrirtæki. (Forseti hringir.) Þessa spurningu, frú forseti ...

(**Forseti** (SP): Hv. þingmaður er hér að ræða um fundarstjórn forseta en ekki efnislega um fyrirspurn sem hann hefur lagt fram.)

Frú forseti. Ég kem að efnislegum atriðum sem varða þingsköp Alþingis sem hæstv. forseti er ábyrgur fyrir. Þessi spurning var borin fram 16. mars. Í þingskapalögum segir í 49. gr., með leyfi forseta:

„Á sérstökum þingfundi skal forseti taka á dagskrá fyrirspurnir er útbýtt hefur verið í síðasta lagi þremur virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að henni var útbýtt.“ — Ég vona að hæstv. forseta sé kunnugt um þingsköpin.

Þessi fyrirspurn er orðin mánaðargömul og ég bjóst við að hún kæmi þá á dagskrá í dag því nú er fyrirspurnadagur. Ég spyr þá hæstv. forseta:

Er það forsvaranleg fundarstjórn og starfshættir þingsins að fella svo á brott þennan fyrirspurnadag?

Hvenær get ég þá vænst þess að forseti uppfylli lögin um þingsköp Alþingis og ég fái fyrirspurn minni svarað?

[12:51]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Gagnrýni á fundarstjórn forseta, efnisleg gagnrýni, er sú að starfsáætlun þingsins stenst ekki, að ekki er gert ráð fyrir fyrirspurnatíma í dag eins og við eigum að geta reiknað með, að enn bíða 32 fyrirspurnir svars, að stefnt er að því að ljúka þingi 4. eða 5. maí. Eldhúsdagur er áætlaður 3. maí og ég spyr hæstv. forseta: Er búið að slá þá tímasetningu af? Listi yfir forgangsmál ríkisstjórnarinnar liggur ekki fyrir. Það er vaxandi ágreiningur um það frumvarp sem sett er á dagskrá í dag, frumvarpið um Ríkisútvarpið. Það er vaxandi ágreiningur, og deginum í dag hefði verið betur varið í að ræða þann ágreining og með hvaða hætti væri hugsanlega hægt að leysa hann með því að taka málið aftur inn í nefnd og ræða það betur. Það hefur margoft komið fram hjá fulltrúum Samfylkingarinnar, hv. þingmönnum, í menntamálanefnd að þeir telja að þar hafi málið ekki verið fullrætt.

Við, hv. þingmenn Samfylkingarinnar, fórum fram á það að fjölmiðlafrumvarpið svokallaða sem okkur er sagt að sé nánast tilbúið yrði rætt samhliða þessu frumvarpi um Ríkisútvarpið og þeim breytingum sem þar á að gera. Það stendur ekki lengur til boða, einfaldlega vegna þess að eftir því var ekki farið og þessi mál ekki tekin saman í umræðu í menntamálanefnd þannig að það er útilokað að ræða það. Við erum líka með á dagskránni mál frá félagsmálaráðherra allt of seint fram komin sem þarf samt að afgreiða fyrir 1. maí.

Virðulegi forseti. Auðvitað snýr þetta að fundarstjórn

forseta en það snýr ekkert síður að því að hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstjórn virða ekki starfsáætlun þingsins og virða ekki margítrekaðar óskir sem hafa komið fram frá hæstv. forseta um að menn virði þau tímamörk sem eru sett til að leggja hér fram mál, (**RG:** ... meira eða minna.) heldur setja þau fram þegar þá lystir og síðan flýja þeir umræðu í þinginu. (Gripið fram í.) Forsætisnefnd á þá kannski ekki margra kosta völ annarra en verða við því að þau séu rædd. Þá ræðum við þau, og við ræðum þau vel og við ræðum þau lengi.

[12:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ítreka þá gagnrýni sem ég hef sett fram og aðrir þingmenn einnig, að hér skuli ekki í dag vera á dagskrá þingsins fyrirspurnir til ráðherra. Við þessa umræðu um störf þingsins og um fundarstjórn forseta hefur verið vísað í langar ræður og stuttar, og þar á meðal í ræðu sem ég flutti inn í morgunsárið fyrir páska. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að vekja athygli á þeim kringumstæðum sem þá voru uppi og eru að hluta til skýrandi í þessu efni.

Síðan vil ég segja hitt gagnvart málatilbúnaði hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um að stjórnarandstaðan stundi málþóf í þessu máli. Það er af og frá. Vissulega hafa verið haldnar langar ræður en þær hafa verið efnisríkar, innihaldsríkar þar sem menn hafa m.a. fjallað um stjórnarfyrirkomulag þjóðarútvarpsstöðva á Norðurlöndunum. Í málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar hefur m.a. verið vísað í þetta. Það hefur verið farið yfir stöðuna hjá öðrum útvarpsstöðvum og skýrslugerðir í því efni. Ég vísa þar t.d. í tiltölulega nýútkomna skýrslu frá breska útvarpinu, BBC. Þá hefur verið farið rækilega og ítarlega yfir réttindamál starfsmanna. Er þetta málþóf? Er það málþóf að tala um hvernig eigi að fjármagna Ríkisútvarpið, hvort heppilegt sé að taka upp nefskatt, svo að dæmi sé tekið? Þar er vísað í málflutning ríkisskattstjóra svo að dæmi sé tekið. Að sjálfsögðu er þetta ekki málþóf, þetta er málefnaleg umræða sem skiptir máli.

En hvernig hefur ríkisstjórnin hagað sér og málsvarar hennar? Þar hefur einfaldlega verið staðhæft að það að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi sé gott. Punktur. Nánast ekkert annað. Gott rekstrarform, segja menn. Punktur. Síðan þegar óskað er svara og rökstuðnings fyrir þeirri afstöðu hefur staðið á henni. Ég hef grun um að menn vilji ekki efna til nokkurrar umræðu um málefnaleg rök í þessu máli. Þau hafa verið sett fram, hæstv. forseti, af hálfu stjórnarandstöðunnar á skýran, markvissan og skipulegan hátt og ég vísa því til föðurhúsanna að tala um slíkan málflutning sem málþóf. Það er rangt. Það stenst einfaldlega ekki.

[12:58]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek til máls undir liðnum um fundarstjórn forseta og mun einmitt fjalla um fundarstjórn forseta.

Í fyrsta lagi vil ég nefna það að í dag átti, eins og komið hefur verið inn á, að vera fyrirspurnatími. Ég á inni liggjandi fyrirspurn sem er komin langt á annan mánuð í bið og er það ekki í fyrsta skipti sem það hendir mig. Það er með hreinum ólíkindum hvernig fyrirspurnir eru afgreiddar hérna. Ráðherrarnir virðast velja fyrirspurnir sem þeim hentar að svara þegar þeim hentar að svara þeim, eins og konfektmola úr öskju, sem er náttúrlega fyrir neðan allar hellur. Ekki er farið eftir málsnúmerum. Ég hef áður skorað á hæstv. forseta að taka sig til og beina því til ráðherra að þeir svari fyrirspurnum á skikkanlegum tíma og velji ekki úr þær auðveldustu til að svara og geymi þær sem eru þeim erfiðari eins og verið hefur.

Virðulegi forseti. Það er annað mál sem ég vildi aðallega gera að umtalsefni hér. Að mínu mati hefur stjórn þingsins verið algjör skrípaleikur á undanförnum vikum. Það var fundur til kl. 5.30 að morgni í þarsíðustu viku sem er auðvitað ekki boðlegt. Ég tel að okkur þingmönnum sé mismunað með slíkum vinnubrögðum þegar það er enginn fyrirvari trekk í trekk um kvöld- og næturfundi. Þeim er dembt yfir okkur með engum fyrirvara þannig að við sem höfum að börnum að huga heima við (Forseti hringir.) höfum ekki aðstöðu (Forseti hringir.) eða getu til að gera ráðstafanir.

(**Forseti** (SP)**:** Er hv. þingmaður að bera þinghaldið saman við skrípaleik?)

(**Gripið fram í:** Hvað ... tala um?) (**SigurjÞ:** Vítahring ...) Ég er að lýsa minni sýn á það sem hér hefur verið í gangi að undanförnu og ég er að rökstyðja það.

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður og aðrir hv. þingmenn. Forsetar sem sitja hér hverju sinni stýra þinghaldi í samræmi við þingsköp.)

Frú forseti. Ég er að lýsa minni sýn á þetta vegna þess atburðar sem hér varð þegar við vorum á fundi til kl. 6 að morgni. Það er verið að mismuna okkur þingmönnum vegna mismunandi möguleika okkar á að standa hér í ræðustól og taka þátt í umræðum á kvöld- og næturfundum sem eru settir á með engum fyrirvara. Það er það sem ég er að tala um. Slík vinnubrögð eru auðvitað ekki eins og hjá fólki, frú forseti, vegna þess að það er réttur okkar þingmanna að geta verið hér þegar umræður eru í gangi, það er réttur okkar að geta tekið þátt í þeim umræðum sem við kjósum og með þessu er beinlínis verið að hamla okkur sem erum með börn heima við og getum ekki með stuttum fyrirvara komið hingað á miðnætti og staðið til kl. 6 á morgnana.

Frú forseti. Þegar ég var á mælendaskrá um Ríkisútvarpið lenti ég í (Forseti hringir.) því að það vofði yfir mér alla nóttina að þurfa að hringja út barnapíu eða hreinlega mæta með barnið hér um miðja nótt. Með það fór ég heim það kvöld og slík vinnubrögð (Forseti hringir.) ganga auðvitað ekki, frú forseti.

[13:01]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hér er rætt um fundarstjórn forseta og ég get tekið undir það að sjálfsögðu að starfsáætlun þingsins sem var gefin út í haust hefur raskast allverulega. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Ég vil hins vegar segja að ég tel að hæstv. forseti þingsins beri ekki sök í því máli, ég held að ýmislegt annað spili þar inn í. (Gripið fram í.) Já, ýmsar ástæður, virðulegur þingmaður.

Hér hefur líka verið rætt um samráð milli stjórnar þingsins og forustu þingflokkanna. Ég hef verið starfandi þingflokksformaður um skeið og ég verð að segja af minni

reynslu að mér hefur fundist hæstv. forseti hafa lagt sig mjög fram um að eiga gott samráð einmitt við forustumenn þingflokkanna. Að sjálfsögðu er það hins vegar þannig að oft og tíðum eru uppi skiptar skoðanir og ágreiningur um þinghaldið og ýmislegt sem því fylgir. Þá er það auðvitað forsetinn sem heggur á hnúta og ræður för. Það er auðvitað í valdi forseta að ákveða dagskrá þingsins hverju sinni og það er einfaldlega þannig, og við hinir hv. þingmenn verðum auðvitað bara að lúta því þó að ... (**ÖJ:** ... að hætti Framsóknar er nú ekki rismikið.)

Ég vil bara ítreka það þrátt fyrir frammíkall hv. þm. Ögmundar Jónassonar að samráð forseta við forustumenn þingflokkanna hefur verið með ágætum. Það er það sem ég er að segja og ég vil biðja hv. þingmann að sitja á sér, hann getur talað úr ræðustól á eftir.

Ég held, virðulegur forseti, að það sé mjög góð tillaga hjá forseta sem kom fram í morgun að forseti setjist á föstudaginn niður með forustumönnum þingflokkanna og reyni að ná einhverri niðurstöðu um það hvernig við ætlum að halda þessu starfi áfram. Ég held að það sé bara mjög gott að gera það á föstudaginn og styð það eindregið.

Ég held að það væri mjög gott líka að við mundum bara láta hér staðar numið með umræðuna um fundarstjórn forseta. Ég held að allt sé komið fram — eða ég geri ráð fyrir því — sem menn hefðu viljað að kæmi hér fram. Ég legg til að við hefjum hér umræðu um þau mál sem eru á dagskránni. Mönnum liggur mikið á hjarta að fá að ræða um Ríkisútvarpið þannig að ég skora á forseta að reyna að hefja þá umræðu sem allra fyrst og við förum síðan yfir þessi mál á föstudaginn og reynum að ná niðurstöðu í það hvernig við ætlum að halda áfram þingstörfum. Mjög mörg mikilvæg mál bíða umræðu og við höfum svo sem nógan tíma fram undan, en við þurfum bara að komast að niðurstöðu um hvernig við ætlum að nýta hann til þess að ljúka umfjöllun um þau fjölmörgu mál sem fyrir liggja. Það er einfaldlega verkefnið fram undan en ég tel mikilvægt að við hefjum nú þegar eða a.m.k. sem allra fyrst að ræða þau mál sem eru hér á dagskrá í dag. Við munum ekki kippa starfsáætlun þingsins í liðinn með því að lengja þessa umræðu öllu frekar.

[13:04]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég skil svo sem vel áhuga hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, á að hraða umræðu um einkavæðingu Ríkisútvarpsins sem hér er á dagskrá og önnur einkavæðingarfrumvörp sem eru á færibandi á eftir og Framsókn er nú sérstakur dráttarklár fyrir, þ.e. í einkavæðingunni.

Það sem ég ætlaði að víkja að við hæstv. forseta, og ítreka spurningu mína, varðar fyrirspurnir. Það er kveðið á um það í 49. gr. þingskapa Alþingis sem ég vitnaði til áðan hvernig fara skuli með fyrirspurnir til ráðherra. Það hefur verið hefðbundið að miðvikudagar hafa verið teknir frá fyrir fyrirspurnir. Nú liggja 34 fyrirspurnir ósvaraðar.

Samkvæmt þingsköpum er gert ráð fyrir, eins og segir, með leyfi forseta:

„Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að henni var útbýtt."

Margar af þessum fyrirspurnum eru miklu eldri, mánaðargamlar, jafnvel eldri. Ég velti því fyrir mér hvernig hæstv. forseti ætlar að meðhöndla það að taka ekki þessar fyrirspurnir á dagskrá eins og þingsköp kveða á um, heldur fella niður hefðbundinn fyrirspurnatíma eins og átti að vera í dag.

Ég spyr hæstv. forseta, úr því að ekki þarf að fara lengur að strengum þingsköpum: Hvenær verða þessar fyrirspurnir teknar fyrir ef þær verða það þá nokkuð? Lok þingsins eru jú dagsett í vor.

Ég vil líka halda til haga hér og spyrja forseta: Hvaða meðferð eiga þingmannamál, þingmannafrumvörp, að fá hér í þinginu? Mér vitanlega er ekki neitt raunverulegt þingmannamál komið út úr nefnd. Mál stjórnarandstöðuþingmanna fá enga umfjöllun í nefndum almennt — það er alveg hrein undantekning að þau komi hér til 2. umr. Fjöldi mála sem þingmenn stjórnarandstöðu bera hér fram kemur aldrei á dagskrá.

Hins vegar er okkur att í að ræða stöðugt bunka eftir bunka af frumvörpum ríkisstjórnarinnar. Er eðlileg stjórn þingsins að mál þingmanna fái enga eðlilega meðferð í þingnefndum eða af hálfu Alþingis? Ég spyr forseta. Ef við metum nú hvernig á að ljúka þingstörfum í vor viljum við að sjálfsögðu að mál stjórnarandstöðuþingmanna, þingmanna sem eru búnir að leggja mikla vinnu í sín mál, verði líka tekin fyrir með eðlilegum hætti.

Á það skortir verulega, frú forseti.

[13:07]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti taka það fram að vonir standa til þess að hefðbundinn fyrirspurnatími verði hér haldinn í næstu viku, næstkomandi miðvikudag.

Forseti vill jafnframt láta þess getið að hann hefur lagt áherslu á það að sem flestum fyrirspurnum væri svarað í þinginu. Þannig hefur fyrirspurnatímum verið fjölgað og þeir hafa líka verið lengdir þannig að það hefur gefist nokkuð gott tækifæri til að svara hér fyrirspurnum enda hefur núna í vetur yfir 200 fyrirspurnum frá hv. þingmönnum verið svarað.

[13:08]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur staðið nú í rúma klukkustund um störf þingsins og síðan fundarstjórn forseta hefur dregið það berlega fram að starfsfyrirkomulag Alþingis er óviðunandi, að það er ekki mögulegt lengur að vinna samkvæmt starfsáætlun eins og hún hefur viðgengist á liðnum árum. Það er alveg ljóst og leynist engum að í ljósi yfirvofandi þingloka og hins langa sumarhlés iðka ráðherrar þann leik að henda hér inn í Alþingi frumvörpum og gera kröfu um að þau verði að lögum fyrir sumarhlé. Það er búið að fara í gegnum það ítrekað við flutning frumvarps Samfylkingarinnar sem sú er hér stendur er 1. flutningsmaður að ásamt þingflokksformanni Samfylkingarinnar — það frumvarp liggur að sjálfsögðu óafgreitt í allsherjarnefnd — að það er sökum þess að þingið er stúkað niður í hálfsársfyrirkomulag sem við náum ekki að vinna okkur út úr málum eins og þessum. Það er óviðunandi að það skuli vera staðreynd að þinginu sé ætlað að fara heim fyrstu daga maímánaðar og koma til starfa aftur fyrsta virkan dag eftir

1. október. Það er óviðunandi vegna þess hvernig starfsáætlunin verður þegar þessi þinglok nálgast.

Þetta er ekki svona í neinu öðru þingi í kringum okkur. Þetta er sérstakt fyrirkomulag á Alþingi og hefur gjarnan verið nefnt fyrirkomulag þess að menn þyrftu að komast heim í sauðburð og koma ekki aftur fyrr en eftir réttir. Það er ekki þörf á því lengur, virðulegi forseti. Við getum ekki leyft okkur að setja niður starfsáætlun sem nær yfir örfáar vikur að hausti og örfáar vikur að vori og senda þingið síðan heim. Ég undirstrika að það er ekki verið að senda þingmenn heim í frí, eins og oft er talað um í fjölmiðlum, en Alþingi starfar ekki í fimm mánuði á ári og það er áður en þetta fimm mánaða hlé byrjar sem ráðherrarnir hamast hver af öðrum við að senda frumvörpin sín inn í þingið og gera kröfu um að þau verði afgreidd.

Þessu verður að linna og, virðulegi forseti, ég óska þess að þegar þingi lýkur í vor setjist stjórn og stjórnarandstaðan saman yfir þau mál.

[13:11]

Mörður Árnason:

Forseti. Úr ræðustól forseta kom áðan í miðju máli hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur sú athugasemd við aðfinnslur hennar um fundarstjórn kvöldið góða, þegar haldin var sex tíma ræðan og verið var að til klukkan 6 því að hv. þm. Pétur Blöndal tók við af hv. þm. Ögmundi Jónassyni það kvöld og talaði til klukkan 6, að farið hefði verið að þingsköpum. Sá forseti sem þetta sagði er aðalforseti þingsins og hún sagði þetta í apríl og hefur þá væntanlega verið búin að gleyma því sem hún sagði sjálf í október þegar þing var sett með þeirri ágætu ræðu forseta þingsins, nýkjörinnar þá, að nú ætti að snúa við hinu stóra skipi Alþingis hvað starfshættina varðaði og gera þá fjölskylduvænni, gera þá þannig að menn gætu unnið í sæmilegum friði og sæmilegum áföngum það mikilvæga starf sem okkur hefur verið falið.

Þetta entist sem sé hálfan vetur og síðan er núna stefnan orðin sú hjá forsetanum að farið skuli að þingsköpum. Það er það sem eftir er af hinni fjölskylduvænu stefnu forsetans frá því 1. október að farið skuli að þingsköpum.

Nú er það svo að þessa nótt var ég — af því að í þessu máli sem hér verður rætt á eftir og var rætt þarna þessa nótt var og er ég framsögumaður minni hluta menntamálanefndar og sem slíkur ber ég meiri ábyrgð en eingöngu á sjálfum mér. Það er allt í lagi að það komi fram í framhaldi af ræðu Katrínar Júlíusdóttur og þessari athugasemd forseta að tveir næstu ræðumenn úr mínum flokki, á eftir þeim Ögmundi Jónassyni og Pétri Blöndal, voru þannig staddir þessa nótt að þeir voru einir heima með börn. Ég átti erfitt með það, þó að ég vissi að þeir mundu báðir hlýða kallinu með einhverjum hætti, að vekja þá upp og biðja þá að koma niður í þing til þess að vera við öllu búnir og þurfa þá að útvega pössun fyrir börnin það sem eftir lifði nætur. Er hin fjölskylduvæna stefna forseta Alþingis að menn séu settir í þessa stöðu?

Að þingsköpum? Já, hugsanlega. En þingsköp segja líka í 8. gr. að forseti stjórni ekki aðeins umræðum, heldur sjái líka um að allt fari fram með góðri reglu. Ég geri ráð fyrir að algengasta túlkun þeirrar greinar, og hin sjálfsagða, sé sú að þingmenn hagi sér sæmilega, séu ekki með ólæti, rifrildi eða uppþot. En það á líka við um forsetana, þeir verða að gæta að því að fundunum sé stjórnað með góðri reglu, forseti.

[13:15]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Forseti virðist kippa sér upp við það þegar við höfum farið hér í gegnum störf þingsins og hvernig þetta blasti við fólki. Þessu var líkt við skrípaleik og ég er á því að hæstv. forseti ætti að tryggja að þetta líti allt vel út og fari vel fram. Einn liður í því fyrir hæstv. forseta væri einmitt að halda þennan fund um störf þingsins, ekki á föstudaginn heldur nú þegar, gera hlé á þessum fundi og fara í gegnum það hvernig þinghaldinu á að vera háttað næstu daga í stað þess að halda áfram í algjörri ósátt.

Í rauninni hefðu átt að vera hér fyrirspurnir. Fjöldi fyrirspurna bíður. Hæstv. forseti vildi eitthvað bera í bætifláka fyrir það að þær væru ekki hér á dagskrá og sagði að það væri vegna þess að meiri tíma hefði verið varið til fyrirspurna en áður. Ég er ekki viss um að svo sé. Það þarf að fara í gegnum það. Að vísu byrja menn fyrr á daginn, á hádegi, en þar á móti hefur sjaldan verið haldið áfram eftir þingflokksfundi, eftir klukkan sex á miðvikudögum. Það hefur þó komið fyrir. Ég er á því að einfaldlega þurfi að fara í gegnum þetta.

Einnig hefur komið fram í umræðunni um störf þingsins að ráðherrar velji sér fyrirspurnir. Það ber á því og ég vil minna hæstv. forseta — við erum að ræða um störf hans — að sumum fyrirspurnum, mjög mikilvægum, er ósvarað. Maður veltir fyrir sér hvort einfaldlega sé verið að komast hjá því að svara umræddum fyrirspurnum. Ég nefni fyrirspurn sem ég er sjálfur með, um Samkeppnisstofnun, hvort í raun hafi fjölgað — eða hvort verklag hafi batnað við það að leggja Samkeppnisstofnun niður og taka upp Samkeppniseftirlit. Ég er á því að það hafi verið yfirvarp og þess vegna vil ég fá skýr svör. Ég held að þar hafi allt annað legið að baki en látið var í veðri vaka. Ég er á því að Samkeppnisstofnun hafi hreyft við málum sem stóðu stjórnarflokkunum of nærri og þess vegna hafi verið hreyft við því máli. Þess vegna þarf að fá skýr svör hvað það varðar, hvort fjölgað hafi málum sem fara þar í gegn eða ekki.

Þetta eru mál sem þarf að fá svör við og ég vona að hæstv. forseti standi ekki í vegi fyrir því með því að slá fyrirspurnum á frest meðan það blasir við að miðvikudagarnir eru venjulega teknir undir fyrirspurnir. (Forseti hringir.)

[13:18]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Satt best að segja hélt ég sem einn af nýliðunum á þingi að ég væri nánast einn um þá skoðun að þinghald gengi hér ekki nógu vel fyrir sig en miðað við umræðuna í dag er nokkuð ljóst að svo er ekki. Að minnsta kosti virðist stjórnarandstaðan almennt vera sammála um ákveðna óreglu á þinghaldi og er það mjög slæmt. Ég verð að viðurkenna að þetta kemur mér mjög mikið á óvart, að hér á hinu háa Alþingi skuli menn ekki hafa hlutina, hafa starfið, starfsáætlunina, í fastari skorðum. Ég átti von á meiru en það er annað sem ég hef lengi velt fyrir mér og mér finnst endurspeglast svolítið í dag í umræðunni, þetta svokallaða ráðherraræði. Ég get því miður ekki séð, frú forseti, að hér sé það löggjafarvaldið sem ráði, hinn almenni

þingmaður eða þingmeirihluti. Fyrst og fremst virðist þetta vera spurning um ráðherrann, hann virðist ákveða hvað er tekið fyrir, hvenær og hvernig, hvað má ræða og hvað ekki. Ég verð að viðurkenna að mér finnst það afskaplega einkennilegt og mun taka það fyrir nánar síðar á þessu þingi.

Ég tek undir með þeim sem hafa kvartað yfir að ekki skuli vera fyrirspurnadagur í dag. Samkvæmt dagskrá hefði hann einfaldlega átt að vera. Það er afskaplega svekkjandi fyrir okkur nýliðana að það skuli ekki haldið þar sem okkur gefst tækifæri þar til að eiga orðastað við ráðherra um hin ýmsu mál sem brenna á okkur og einnig á almenningi. Hér liggja fyrir margar góðar fyrirspurnir, þar á meðal ein um hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ, fyrirspurn sem kom upp hjá þeim er hér stendur eftir áskorun frá Kvenfélagi Mosfellsbæjar, Salome Þorkelsdóttur og fleirum. Jafnframt átti ég á síðasta fyrirspurnadegi, frú forseti, orðastað við heilbrigðisráðherra þar sem kom í ljós það sem þingmenn óttast oft, að ráðherraræðið er algjört, m.a. að því leyti að þrátt fyrir að hér séu samþykkt ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður er að tala um fundarstjórn forseta.)

Já, ég er að gera það, frú forseti. Það kom í ljós við fyrirspurn um daginn að skýrslu sem unnin var fyrir þingið var einfaldlega stungið undir stól. Það var skýrsla um geðraskanir barna og unglinga og það, frú forseti, finnst mér gjörsamlega ótækt, það vald sem ráðherrann hefur. (Forseti hringir.)

[13:22]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla enn og aftur að furða mig á þessari fundarstjórn, að halda hér áfram með þessi mál í stað þess að reyna að ná samkomulagi, reyna að halda fund. Mér finnst þetta mjög sérstakt verklag, að þegar það er ágreiningur eigi að böðlast áfram í stað þess að reyna að ná samkomulagi. Ég er á því að hæstv. forseti mundi skora nokkur stig ef hún tæki þó ekki nema 10 mínútna fund og léti á það reyna hvort hægt væri að ná samkomulagi. Kannski ræður hæstv. forseti engu um þinghaldið, eða vill hafa hlutina með þessum hætti, böðlast áfram í algjöru ósamkomulagi og fella niður fyrirspurnatíma í stað þess að halda stuttan fund og kanna hvort vilji sé til þess að ná samkomulagi um verklagið.

Ég lýsi algjörri furðu á slíkum vinnubrögðum. Það sætir undrun að menn vilji hafa þetta svona. Svo kippa menn sér upp við það í forsetastóli að einhver líki vinnubrögðunum við skrípaleik. Hvað má kalla það annað ef menn eru svona viðkvæmir fyrir því að þetta sé kallað skrípaleikur og vilja síðan ekki kanna hvort hægt sé að ná samkomulagi? Mér finnst þetta stórundarlegt, frú forseti.

Ríkisútvarpið hf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 401. mál (heildarlög). — Þskj. 517, nál. 1037 og 1117, brtt. 1038.

[13:23]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Áður en ég hef mál mitt vil ég fá að grennslast fyrir um það hjá hæstv. forseta hvort hæstv. menntamálaráðherra sé í húsi og verði viðstödd þessa umræðu þar sem dagskrá hefur verið breytt til að koma þessu máli að og fyrirspurnir teknar út. Þetta mál er álitið svo merkilegt og mikilvægt, sem það að sjálfsögðu er, að ég hefði talið að gerðar yrðu ráðstafanir til að hæstv. menntamálaráðherra væri í húsi. (**Gripið fram í:** Það er vitað.)

(**Forseti** (SP)**:** Út af orðum hv. þingmanns vill forseti taka fram að hæstv. menntamálaráðherra er ekki í húsi, en ég mun hins vegar gera ráðstafanir til að koma beiðni hv. þingmanns til hennar.)

Frú forseti. Ég vonast a.m.k. til þess að hæstv. menntamálaráðherra hlýði þó á mál þeirra sem hér munu tala í dag. Ég er með nokkrar spurningar sem ég vil beina til hæstv. menntamálaráðherra þannig að ég óska eftir því að ráðherrann sé með kveikt á sjónvarpinu sínu og fylgist með þessari umræðu þar sem ég mun vænta þess og óska eftir að fá svör við þeim spurningum sem ég er með.

Virðulegi forseti. Það eru engar deilur um það að fjölmiðlaumhverfið hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum og áratugum og því er auðvitað mikilvægt að skoða Ríkisútvarpið, stöðu þess og hlutverk í því samhengi. Nú, þegar 21 ár er síðan einkaleyfi RÚV var afnumið, þykir mér það vægast sagt undarlegt að þegar gera á svo gagngerar breytingar á lögunum um Ríkisútvarpið sé það ekki gert betur en raun ber vitni. Þeim stóru pólitísku spurningum sem uppi hafa verið á undanförnum árum og þeim deiluefnum sem verið hafa uppi á undanförnum árum varðandi Ríkisútvarpið og rekstur þess er ekki svarað með þessu frumvarpi. Megninu af þeim er ekki svarað með þessu frumvarpi. Vil ég þar nefna fjármögnunina þar sem gerðar eru breytingar á fjármögnuninni þar sem að mínu mati afar vond leið er valin, eitthvað sem er alls ekki til þess fallið að skapa sátt um fjármögnun Ríkisútvarpsins, þ.e. nefskatturinn sem áætlað er að taka upp.

Síðan vil ég líka nefna í þessu sambandi að mér finnst undarlegt að í þessu frumvarpi skuli pólitískum ítökum gefið framhaldslíf með ákveðnum hætti. Ég fer betur yfir það í ræðu minni á eftir.

Þá finnst mér líka sérkennilegt að tækifærið skuli ekki vera notað, núna þegar verið er að taka svo gagngert á málum Ríkisútvarpsins, til að blása lífi í innlenda dagskrárgerð með frumvarpinu. Það er ekkert minnst á hana. Ég mun nefna fleiri atriði í ræðu minni, frú forseti, og þá ekki síst það rekstrarform sem valið hefur verið, þ.e. að fara þá leið að háeffa Ríkisútvarpið. Það er afar umdeild leið og mun ég fara yfir það hér á eftir. Það er ekki sýnilegt hvert markmiðið nákvæmlega er með því að gera það, taka það form fram yfir t.d. sjálfseignarformið sem hefur gefist mjög vel við rekstur á opinberum stofnunum og þeim stofnunum sem reknar eru fyrir almannafé. Ríkisútvarpið er ekki eins og hvert annað fyrirtæki og verður ekki eins og hvert annað fyrirtæki vegna þess að það verður rekið fyrir fé skattborgaranna. Á það hefur rækilega verið bent í blaðagreinum og leiðurum og ætla ég líka að fara betur yfir það hér á eftir.

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að það er mikilvægt að breyta lögum um Ríkisútvarpið. Um það hefur verið nokkur sátt og lengi hefur verið kallað eftir því til þess að

Ríkisútvarpið ætti hægara um vik að starfa í því fjölmiðlaumhverfi sem við búum við í dag. Þetta fjölmiðlaumhverfi, eins og ég sagði áðan, frú forseti, hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum og því auðvitað mikilvægt og tímabært að skoða Ríkisútvarpið, stöðu þess og hlutverk í því samhengi. Því hefði, að mínu mati, verið skynsamlegra og skynsamlegast að taka umræðuna um Ríkisútvarpið samhliða umræðunni um ný fjölmiðlalög. Í fjölmiðlanefndinni svokölluðu hefur verið farið mjög djúpt í málin og þar hefur átt sér stað mikil umræða um fjölmiðlamarkaðinn og hvernig hann lítur út í dag. Þetta var þverpólitísk nefnd. Það hefur verið talið mikilvægt eftir þær miklu deilur sem hér urðu um fjölmiðlalögin fyrir tveimur árum að um þetta yrði þverpólitísk samstaða. Þess vegna finnst mér sérkennilegt hvers vegna Ríkisútvarpið og málefni þess og hlutverk og framtíð hafi ekki verið rædd í því samhengi og hvers vegna hæstv. menntamálaráðherra hefur kosið að beita ekki þeim farsælu vinnubrögðum að reyna að ná pólitískri samstöðu um almannaútvarpið Ríkisútvarpið.

Ég hefði talið affarasælast að vinnubrögð yrðu með þeim hætti, þ.e. sett í farveg þverpólitískrar nefndar og reynt að ná sátt um þessa mikilvægu stofnun. Það er staðreynd að við viljum að hér sé rekið almannaútvarp, raunverulegt almannaútvarp, og samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið er ljóst að almenningur í þessu landi lítur á Ríkisútvarpið sem mjög mikilvæga stofnun og treystir henni vel fyrir fréttaflutningi og öðru slíku. Því er það mjög mikilvægt að um þessa starfsemi sé friður, starfsfriður. Til þess að svo sé er mikilvægt og hefði verið affarasælast, að mínu mati, að þetta hefði verið sett í þverpólitíska nefnd.

Virðulegi forseti. Það virðist vera sem núverandi ríkisstjórn hafi ekki talið neina þörf á samstarfi eða samráði um breytingarnar á Ríkisútvarpinu. Það er nefnt í nefndaráliti frá minni hluta menntamálanefndar að jafnvel þó að þjóðin hafi knúið ríkisstjórnina til samvinnu við okkur í stjórnarandstöðunni um tilhögun fjölmiðlamála þá var ákveðið að stjórnarflokkarnir skyldu halda áfram að véla um Ríkisútvarpið þrátt fyrir eindregnar óskir okkar um að þau mál færu undir í vinnunni um fjölmiðlamálin. Þetta, frú forseti, verður að teljast undarlegt, vægast sagt. Að mínu mati væri mikilvægt að fá fram hjá hæstv. ráðherra hvers vegna hún hafi talið að betra væri að fara þessa leið, þ.e. að taka Ríkisútvarpið út úr umræðu um fjölmiðlalögin og koma með það fram með þessum hætti í ósátt við stjórnarandstöðuna.

Ég sé að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar gengur hér inn. Það kemur líka fram í nefndaráliti minni hlutans að ekki hafi verið sátt um að taka málið út úr nefnd. Það hafi ekki verið farið að óskum minni hlutans um að kalla til nefndarinnar t.d. fulltrúa Ríkisendurskoðunar sem eiga að annast endurskoðun þessa hlutafélags og hafa m.a. eftirlit með aðskilnaði samkeppnisrekstrar frá almennum rekstri sem kveðið er á um í frumvarpinu. Síðan var ekki orðið við óskum um að aðili kæmi frá Samkeppniseftirlitinu, en það kemur í hlut eftirlitsins að taka málum sem varða samkeppni á markaði varðandi auglýsingar og kostun.

Því er það mér algerlega óskiljanlegt hvers vegna menn vilja keyra þetta mál svona í gegn í stað þess að setja það í farveg sáttar og samráðs líkt og gert er í fjölmiðlamálinu. Það væri áhugavert að fá að heyra og vita hvers vegna menn hafa ákveðið að fara aðra leið með Ríkisútvarpið en fjölmiðlamálin almennt.

Hæstv. forseti. Minni hluti menntamálanefndar gerir mjög alvarlegar athugasemdir við meðferð þessa máls í minnihlutaálitinu. Þeir segja m.a. að af þessu megi vera ljóst að rannsókn nefndarinnar í málinu sé áfátt á mikilvægum sviðum. Þeir segja jafnframt í þessu nefndaráliti að aldrei hafi verið efnt til umræðu um einstök atriði málsins innan nefndarinnar með þeim hætti að metnar væru tillögur um breytingar sem lagðar hefðu verið fram hjá fulltrúum stjórnarandstöðunnar. Og þess hafi ekki verið freistað á nokkurn hátt að ná saman um frumvarpið í heild, hvað þá einstaka hluta þess.

Þetta þykir mér, virðulegi forseti, afar miður vegna þess að hér er, eins og áður sagði, um gríðarlega mikilvægt mál að ræða.

Frú forseti. Það hafa fjölmargir aðilar skilað inn umsögn um þessi mál, það eru gerðar athugasemdir við fjölmörg atriði og ég ætla að fara inn á nokkur þeirra. Í fyrsta lagi vil ég nefna að í þessu frumvarpi er engin raunveruleg tilraun gerð til að skilgreina hlutverk almannamiðils í framtíðinni. Það er ekki lagt til að sett verði nein mörk á, t.d. hlutfall innlendrar dagskrárgerðar og miðlunar, þannig að áfram er gert ráð fyrir að RÚV miðli ódýru amerísku efni af miklum móð. Þetta þykir mér miður og mun koma betur inn á það í ræðu minni.

Það kemur manni á óvart þegar þetta frumvarp hefur verið lagt fram núna, í fyrsta lagi hversu klaufalega er tekið á helstu álitaefnum og líka af hve fjarska litlum metnaði tekið er á þeim, þó svo þetta sé önnur atrenna með þetta mál, því þetta kom líka fram hér á síðasta þingi, en þá var hæstv. ráðherra rekin til baka með það vegna þess hversu illa það var unnið. Þetta frumvarp er að mínu mati ekki betur unnið nema síður sé. Maður hefði vonast til að nú yrði betur að málum staðið en þá.

Virðulegi forseti. Það eru hér eins og ég sagði nokkur atriði sem mig langar að taka á. Í fyrsta lagi, eins og við höfum við sagt í stjórnarandstöðunni og ég tel, þá er með þessu frumvarpi verið að gefa pólitískum ítökum framhaldslíf. Vegna þess að þó svo eigi afnema útvarpsráð og leggja það niður í núverandi mynd þá á að skipa stjórn sem áfram á að endurspegla valdahlutföll á Alþingi. Það á áfram að endurspegla valdahlutföll á Alþingi nema núna verður stjórnin fimm manna þannig að það verða þá þrír frá þingmeirihluta og tveir frá stjórnarandstöðu.

Virðulegi forseti. Þetta atriði hefur verið afar umdeilt. Að stjórn slíkrar stofnunar, sem hefur jafnmikið menningarlegt og lýðræðislegt hlutverk og Ríkisútvarpið og enginn efast um mikilvægi þess fyrir utan þá þingmenn sem hafa viljað selja Ríkisútvarpið, endurspegli valdahlutföll á Alþingi. Við erum flest sammála um að Ríkisútvarpið gegni mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Því skil ég ekki og við í Samfylkingunni höfum ekki skilið hvers vegna menn vilja ríghalda í þetta form.

Síðan er enn gefið í í rauninni í þessu frumvarpi hvað pólitísku ítökin varðar, vegna þess að þessi stjórn sem er skipuð af ríkisstjórn, þ.e. meiri hluti hennar er skipaður af ríkisstjórnarflokkum hverju sinni, þá er enn gefið í núna

með hin pólitísku ítök með því að þessi stjórn ræður öllu um hvaða útvarpsstjóri er ráðinn og hvenær hann er rekinn.

Það, frú forseti, finnst mér afar varhugavert vegna þess ef við ætlum að eyða tortryggni í garð Ríkisútvarpsins og veita metnaðargjörnum útvarpsstjórum starfsfrið frá stjórn sem er að meiri hluta skipuð ríkisstjórnarflokkum hverju sinni og ætlum að gefa þessum útvarpsstjóra starfsfrið og tækifæri til að setja mark sitt á stofnunina, þá getur hann ekki unnið undir þeim kringumstæðum að séu störf hans ekki þóknanleg ríkisstjórn hverju sinni, þá geti stjórnin rekið hann.

Á þessu verður að taka, frú forseti, vegna þess að við getum ekki sæst á þessa leið. Og mér finnst þetta með eindæmum ófrjó niðurstaða hjá ríkisstjórninni að ætla að fara slíka leið, sérstaklega vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið um pólitísk ítök innan Ríkisútvarpsins. Ég hefði haldið að menn vildu gera þetta af meiri metnaði og veita þessari stofnun raunverulegt sjálfstæði til að starfa. Það á að skapa Ríkisútvarpinu skarpa lagagrind sem skilgreinir almannaútvarp en það á að afnema þessi sterku pólitísku ítök. Þegar útvarpsstjóri er farinn að búa við það á hverjum degi að yfir honum hangi uppsagnarbréf sé ekki farið að vilja ríkisstjórnar hverju sinni, þá erum við komin inn á brautir sem mér hugnast illa og veit að fleirum hugnast illa.

Virðulegi forseti. Eins og ég kom inn á eru fjölmargir sem hafa skilað inn umsögnum um þetta mál. Það eru t.d. fjölmargar umsagnir þar sem menn hafa gagnrýnt að ekki skuli aðrir en pólitískt skipaðir fulltrúar komast að í stjórn og fjölmargir aðilar hafa líka lagt til að einhvers konar neytendaráð eða akademía yrði sett á laggirnar innan Ríkisútvarpsins sem væri einhvers konar ráðgefandi akademía. Eina slíka hugmynd hefur verið komið inn á t.d. í minnihlutaáliti menntamálanefndar og síðan einnig í umsögn talsmanns neytenda. Neytendasamtökin nefna þetta líka og umsögn starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins og sömuleiðis Blaðamannafélags Íslands, þar sem fjallað er um ónóga aðkomu eigenda og starfsmanna, þ.e. eigenda, almennings og starfsmanna að stjórnun þessa fyrirtækis. Mér þykir afar miður að á þær umsagnir þar sem þessum skoðunum hefur verið lýst hafi ekki verið hlustað. Af einhverjum ástæðum virðist sem ríkisstjórnin vilji halda því til streitu að valdahlutföll á þingi muni áfram stjórna Ríkisútvarpinu.

Ég hefði viljað fá, frú forseti, að heyra frá hæstv. menntamálaráðherra svör við því hvers vegna menn ætla að halda þessu svona. Hvað sé t.d. á móti því að fá tvo utanaðkomandi inn í stjórnina þannig að það verði ekki ríkisstjórnarmeirihluti sem stýrir Ríkisútvarpinu. Mörður Árnason hefur nefnt þá hugmynd að eðlilegt væri að t.d. tveir frá starfsmönnum Ríkisútvarpsins kæmu þar inn eða tveir utanaðkomandi. Þar með þyrfti að ná samstöðu um málin innan stjórnarinnar en ekki kæmu skipanir úr ráðuneytinu um stjórn útvarpsins heldur þyrftu menn að koma sér saman um niðurstöðu sem er auðvitað farsælast þegar um er að ræða stofnun eins og Ríkisútvarpið, sem á að vera dínamísk, og á að vera kraftmikil og þar á að fara fram menningarleg stefnumótun að mörgu leyti og þar eiga raddir allra að heyrast og fólkið í landinu, úr hinum ýmsu hópum á að fá efni við sitt hæfi.

Því hefði ég talið þetta eðlilegt og mundi vilja fá að heyra rök hæstv. menntamálaráðherra eða hæstv. formanns menntamálanefndar, hvaða rök þeir telja að fari gegn því að stækka stjórnina, afnema þessi hlutföll þannig að það verði ekki lengur ríkisstjórnarmeirihluti ráðandi í útvarpsráði og hvað það sé sem mæli gegn því að tekin verði upp svokölluð akademía eða neytendaráð.

Ég vil nefna hér það sem segir í umsögn Félags fréttamanna um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Okkur þykir réttur/aðgengi almennings þ.e. eigenda RÚV vera fyrir borð borinn í frumvarpinu því hvergi er getið um hvernig hann getur haft áhrif og komið sínum skoðunum á framfæri við RÚV. Þetta aðgengi verður að vera skýrt hjá fjölmiðli sem almenningur á og rekinn er í þágu þjóðarinnar. Sama gildir um tækifæri almennings til að nálgast upplýsingar um fjölmiðilinn og dagskrárstefnu hans."

Þá segir í umsögn Alþýðusambands Íslands um þetta mál, með leyfi forseta:

„ASÍ telur mikilvægt er að standa vörð um sjálfstæði RÚV og telur að það megi gera með því að taka upp svipað fyrirkomulag og þekkist víða, þ.e. að starfsmönnum og sjálfstæðum aðilum utan stofnunar verði auk þings og ráðherra gert að skipa fulltrúa í stjórn stofnunarinnar."

Eins og ég nefndi áðan kemur fram svipuð athugasemd frá Neytendasamtökunum þar sem þau taka undir þau sjónarmið sem fram komu í umsögn Hollvina Ríkisútvarpsins, um akademíska stjórn Ríkisútvarpsins, um frumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi. Þeir segja hér, með leyfi forseta:

„Það er að mati Neytendasamtakanna afar mikilvægt að ekki sé hægt að stýra Ríkisútvarpinu út frá flokkspólitískum forsendum."

Frú forseti. Það er ekki bara einhver pólitískur leikur af hálfu stjórnarandstöðunnar að leggja til að tekið verði upp einhvers konar akademískt ráð og/eða að stjórnin verði stækkuð og hún hætti að endurspegla valdahlutföll á Alþingi, vegna þess að sama niðurstaðan kemur frá hinum fjölbreyttustu hópum í samfélaginu. Stjórn Blaðamannafélagsins leggur til að fleiri aðilar en Alþingi fái að skipa fulltrúa í stjórn félagsins. Til dæmis leggur hún til að starfsmenn Ríkisútvarpsins fái þar aðild og nefnir að slíkt eigi sér fordæmi í nágrannalöndum okkur, útvarpsráð NRK sé til að mynda skipað níu mönnum og þar af séu þrír fulltrúar starfsmanna. Hún segir líka að þannig megi stuðla að því að önnur sjónarmið en flokkspólitísk ráði för hjá stjórn hlutafélagsins, t.d. við ráðningu útvarpsstjóra.

Þetta er einmitt kjarni málsins, frú forseti. Þetta er ekki bara einhver leikur hjá stjórnarandstöðunni til að finna ágalla á frumvarpinu eins og menn hafa reynt að halda hér fram, heldur er þetta raunverulegt áhyggjuefni. Ég skil þess vegna ekki af hverju menn ákveða að halda málinu svona til streitu. Af hverju er ekki reynt að ná samstöðu um það?

Frú forseti. Mig langar að spyrja áður en ég held áfram hvort hæstv. ráðherra sé að fylgjast með umræðunni eins og ég óskaði eftir og hvort ég geti búist við að fá svör við einhverjum af þeim spurningum sem ég hef beint til hennar varðandi vinnubrögð og aðdraganda þessa máls.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti mun kanna hvort von er á ráð-

herra til Alþingis eða hvort ráðherra er að fylgjast með umræðunni.)

Takk fyrir það, frú forseti. Það er aðallega vegna þess að ég hefði viljað að það væri tryggt að hún heyrði spurningar mínar þannig að hún gæti brugðist við þeim í lok þessarar umræðu.

Virðulegi forseti. Það eru fleiri sem hafa komið inn á þetta mál eins og ég sagði áðan. Ég nefni t.d. að stjórn starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins gagnrýnir sömuleiðis að eigendurnir, þ.e. fólkið í landinu, eigi ekki aðkomu að Ríkisútvarpinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar telja samtökin það óviðunandi að eigendurnir, það er fólkið sem byggir þetta land, eigi samkvæmt frumvarpinu ekki neina leið til að koma athugasemdum á framfæri um dagskrá og fréttir stofnunarinnar. Hvergi í frumvarpinu er að finna ákvæði um hvernig farið skuli með athugasemdir og ábendingar frá almenningi."

Frú forseti. Ég teldi réttast að hv. menntamálanefnd gerði breytingar á frumvarpinu milli umræðna til að koma til móts við þá fjölmörgu aðila sem gagnrýna þetta atriði af því að þetta skiptir máli. Vonandi ætla menn ekki að fara að tryggja pólitíska íhlutun um ókomna framtíð eða að það leiki a.m.k. vafi á því til einhverrar framtíðar. Það hefur ríkt tortryggni sem ég hefði haldið að menn vildu eyða með þessu frumvarpi en svo er ekki. Mér finnst mikilvægt að fá skýringar á því hvers vegna svo er.

Virðulegi forseti. Fleiri atriði vil ég líka nefna hér. Mér finnst áhugavert það sem kemur fram í umsögn Blaðamannafélags Íslands. Þar er t.d. komið talsvert inn á sjálfstæði ritstjórna. Stjórn Blaðamannafélagsins segir í umsögn sinni að hún telji að í frumvarpinu þurfi að árétta sjálfstæði ritstjórna gagnvart flokkspólitískri eða efnahagslegri íhlutun. Hún leggur til að það megi gera með því að kveða á um að setja þurfi innri reglur sem fjalli m.a. um skilyrði áminningar og brottvikningar, svo dæmi séu tekin. Sömuleiðis telur stjórn Blaðamannafélags Íslands rétt að skilgreina betur starfssvið útvarpsstjóra í lögunum, að lögin kveði á um að settar verði sérstakar reglur sem tryggi sjálfstæði ritstjórna gagnvart útvarpsstjóra.

Ég get tekið undir þetta, sér í lagi við þær aðstæður sem útvarpsstjóra er gert að vinna við samkvæmt frumvarpinu, þ.e. með hugsanlega brottvikningu hangandi yfir sér ef störf hans eru ekki þóknanleg meiri hluta á Alþingi hverju sinni. Ég skora á hæstv. menntamálaráðherra að laga þetta, að eyða þessu. Margar góðar hugmyndir hafa verið lagðar fram um það hvernig tryggja megi sjálfstæði ritstjórna, hvernig tryggja megi að útvarpsstjóri geti starfað í friði. Ein þeirra er m.a. sú að útvarpsstjóri sé skipaður eins og þjóðleikhússtjóri, að hann sé skipaður til fimm ára og hafi þá þau fimm ár til að setja mark sitt á stofnunina og fái tækifæri til að vera sjálfstæður í störfum sínum. Ég tel gríðarlega mikilvægt að svo sé og þannig verði eytt allri tortryggni í garð stofnunarinnar.

Þessar hugmyndir hafa verið lagðar fram og lagðar fyrir nefndina. Þær voru líka reifaðar hér við 1. umr. um málið. Þeim hefur verið svarað þannig að þeim hefur verið hafnað, þ.e. hvergi er að sjá í breytingartillögum eða öðru að tekið verði tillit til þessara tillagna. Mér finnst að rökstyðja þurfi það miklu betur en gert hefur verið. Það þarf að rökstyðja vel hvers vegna menn ætla að halda áfram á þeirri braut sem verið hefur, þ.e. að láta Ríkisútvarpið lulla í þessu fari og með hættu á að það skapist tortryggni gagnvart því. Það er eitthvað sem við eigum að reyna að losa okkur við.

Frú forseti. Ég vil líka koma inn á fleiri þætti. Einn þeirra er innlend dagskrárgerð. Það hafa komið fram ábendingar, bæði í umsögnum og öðru, að þegar gera á svo miklar breytingar á Ríkisútvarpinu þá sé lag að blása lífi í innlenda dagskrárgerð. Ég hefði viljað sjá slíkt gert í þessu frumvarpi. Í 1. umr. um málið í þinginu var töluvert mikil umræða um innlenda dagskrárgerð og hlutfall innlendrar dagskrárgerðar í dagskrá Ríkisútvarpsins. Það var mjög góð umræða. Í því samhengi var spurt hvert markmiðið með rekstri almannaútvarps ætti að vera, hvort þar eigi að vera áfram erlent afþreyingarefni sem sé í beinni samkeppni um áhorf á því sviði við einkareknar stöðvar. Það var beinlínis gerð krafa um það við 1. umr. að hlutfall innlendrar dagskrárgerðar yrði skilgreint í lögunum. Ég tók undir þessa hugmynd og fannst hún afar athyglisverð og að hana ætti að ræða frekar. Mér fannst nefndin eiga að taka þetta til ítarlegrar umræðu. Það hefur greinilega ekki verið gert því að engin merki eru um að menn ætli sér í neinar slíkar skilgreiningar. Því hefði verið gott að fá að heyra með hvaða rökum þessi hugmynd var blásin út af borðinu, þ.e. að skilgreina hlutfall innlendrar dagskrár í lögum um almannaútvarpið Ríkisútvarpið.

Það er skoðun mín, frú forseti, að þegar Ríkisútvarpið er tekið til svo gagngerrar endurskoðunar og gagngerar breytingar eru gerðar á því eigi að nota tækifærið og blása til raunverulegrar sóknar í innlendri dagskrárgerð. Þarna er ég aðallega að tala um barnaefni, menningartengt efni og fréttatengt efni. Ég er hér líka með umsögn frá Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda. Það er býsna merkilegt að þar kemur fram að við sýnum ekki nóg af innlendu efni og að það hafi farið minnkandi. Það finnst mér mikið áhyggjuefni vegna þess að svo á auðvitað ekki að vera. Glæsileg stofnun eins og Ríkisútvarpið sem hefur tæknina, mannskapinn og þekkinguna, og ástæðuna af því Ríkisútvarpið á að vera almannaútvarp, á auðvitað að vera í fararbroddi hvað varðar sýningar á góðu, vönduðu, innlendu efni. Það á ekki síst við um barnaefnið þar sem innlent og mjög vandað efni skiptir miklu máli. Það þýðir ekki að bjóða börnum bara upp á eldgamlar teiknimyndir og amerískt efni eða annað ódýrt efni því að þau þurfa að fá gott innlent efni í bland.

Frú forseti. Ég ætla að eins að fá að nefna nokkur atriði sem Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda nefnir í umsögn sinni hvað þetta varðar. (Gripið fram í.) Þar segir m.a. að stjórn Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda leggi megináherslu á að lögin um Ríkisútvarpið hf. hafi þann tilgang að efla RÚV sem útvarp í almannaþágu. Því takmarki megi meðal annars ná með því að auka ...

(**Forseti** (RG)**:** Ég bið þingmenn að gefa ræðumanninum hljóð. Ég kýs um leið að upplýsa að það mun vera von á menntamálaráðherra til þingsins og jafnframt að það verður tryggt að spurningar sem fram koma í máli ræðumanns verður komið til ráðherrans. Það verður tryggt að ráðherra fái þær í hendur.)

Ég þakka fyrir það, frú forseti. Í þessari umsögn segir að

þessu takmarki, þ.e. að RÚV sé útvarp í almannaþágu, megi ná með því að í auka verulega sýningar á innlendu sjónvarpsefni, svo sem leiknum sjónvarpsþáttum og heimildamyndum sem endurspegla íslenskan veruleika.

Ég get tekið undir þetta vegna þess að þarna segir líka að þannig geti RÚV orðið öflugt menningartæki, betri samfélagsspegill og eflt skilning Íslendinga á eigin samfélagi og umheiminum. Undir þetta get ég tekið og hefði kosið að sjá að menn blésu til myndarlegrar sóknar í innlendri dagskrárgerð samhliða þeim breytingum sem verið er að gera á Ríkisútvarpinu.

En það er eins og menn séu í svo miklum asa og miklum flýti að háeffa Ríkisútvarpið að menn gleymi algjörlega innihaldinu eða skilji það vísvitandi eftir, innihaldi almannaútvarps til nánustu framtíðar, (Gripið fram í.) vegna þess, frú forseti, að ekki er tekið á allra stærstu málunum. En það er innihaldið sem á að skipta máli. Menn eiga að flýta sér hægt og taka innihaldið og gera það að aðalmarkmiði en ekki rekstrarformið bara af því að Sjálfstæðisflokkurinn er hér í einhvers konar trúboði fyrir háeffun. (**SKK:** Lestu 3. greinina.)

Frú forseti. Hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni er mikið mál að fá að tala hér. (Gripið fram í.) Ég bíð þess að heyra seinni ræðu hans og sömuleiðis vona ég að hann fari í andsvör við 2. umr. eða þá að hann geti beðið með að fara í andsvör við mig þegar ég hef lokið ræðu minni ef hann þarf að koma einhverju að, fá svör við einhverjum spurningum. En ég held að samkvæmt þingsköpum geti ég ekki rætt við hann hér, maður á mann, úr ræðustólnum þó ég gjarnan hefði viljað.

Frú forseti. Ég hefði viljað koma inn á fleiri atriði hvað varðar innlenda dagskrárgerð. Ég nefndi það áðan að við værum ekki með nægilega hátt hlutfall af innlendu dagskrárefni og sömuleiðis sem ekki er keypt þá frá sjálfstæðum framleiðendum. Í umsögn Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda kemur fram að í úttekt sem kvikmyndagerðarmenn hafa gert á dagskrá RÚV árin 2003 til byrjunar ársins 2006, komi fram að þar nái hlutfall dagskrár frá sjálfstæðum framleiðendum aldrei hærra hlutfalli en 2,5–3%. Dagskrá frá Evrópulöndum nær ekki nema 30% af útsendri dagskrá og innlend dagskrá nær ekki hærra en að vera 7,5% af útsendri dagskrá.

Þeir segja einnig að úttektin sýni að RÚV hefur ekki náð að uppfylla skilmála Evrópusambandsins um hlutfall efnis frá Evrópu. Það er því auðséð að staðan gagnvart innlendum framleiðendum er ekki góð og bent er á að ýmsar þjóðir sem við Íslendingar miðum okkur við á öðrum sviðum séu með ákvæði um að ákveðið hlutfall af dagskrá skuli framleitt af sjálfstæðum innlendum framleiðendum. Má t.d. nefna að hjá BBC er þetta hlutfall 25% og nefnd eru líka Kanada, Danmörk og Írland, að þar séu í gildi reglur um almannaútvarp með svipuðum skilyrðum.

Þetta, frú forseti, hefði mér þótt afar mikilvægt að taka inn í lagagerðina, að við settum okkur einhver markmið, a.m.k. að við færum upp úr þessu 7,5% hlutfalli af dagskránni, að við settum okkur einhver áform um að hækka það hlutfall. Það væri skoðað samhliða þeirri vinnu sem fram er fara varðandi Ríkisútvarpið.

Frú forseti. Það er skoðun mín að RÚV, Ríkisútvarpið, eigi að vera leiðandi í miðlun á vönduðu innlendu efni og vil ég nefna barnaefni. Í samantekt sem gerð hefur verið hefur komið í ljós að það eru einhverjar örfáar mínútur á dag samtals sem raunverulegt íslenskt barnaefni birtist hjá Ríkisútvarpinu. Ef ekki væri fyrir Stundina okkar væri það ekkert. Þarna tel ég mikilvægt að grípa inn í því ég tel mikilvægt fyrir börnin að eiga líka kost á því vegna þess að þau eru ekki neinir annars flokks neytendur þjónustu Ríkisútvarpsins heldur eiga þau að vera a.m.k. á sama stað og aðrir og ég tel að þau eigi að þjónusta ekki síður en okkur fullorðna fólkið.

Frú forseti. Nóg um innlenda dagskrárgerð í bili en ég hefði kannski í lok þessarar ræðu um dagskrárgerðina viljað beina þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra hvort til standi að setja sér einhver markmið um að hækka hlutfall af innlendri dagskrárgerð, að það verði hækkað hjá Ríkisútvarpinu og hvaða rök hún hafi gegn þeirri tillögu að sett verði ákvæði um að ákveðið skilgreint hlutfall í dagskrá Ríkisútvarpsins verði innlent. Hvaða rök eru gegn því að fara þá leið vegna þess að þeirri leið hefur augljóslega verið hafnað í meðförum nefndarinnar?

Frú forseti. Nú ætla ég aðeins að nefna að í tillögu til þingsályktunar um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp sem hv. þm. Mörður Árnason flutti ásamt fleirum úr Samfylkingunni á síðasta þingi er talsvert af mikilvægum hugmyndum og mikilvægum ábendingum um hvaða leiðir hægt er að fara til að tryggja að Ríkisútvarpið verði alvörualmannaútvarp. Vil ég hvetja þingheim til að lesa þá tillögu vegna þess að hún er afar góð og mjög ítarleg og mikið af upplýsingum að finna í henni. Þar er vísað í Prag-samþykkt frá 1994 þar sem er að finna mikilvæga skilgreiningu á almannaútvarpi.

Þar segir, þetta er lausleg þýðing, með leyfi forseta, að almannaútvarp skuli:

„... tryggja að umtalsverður hluti dagskrárefnis sé frumframleiddur, sérstaklega kvikmyndir, sjónvarpsleikrit og annað listrænt efni, og gera sér grein fyrir nauðsyn þess að nýta sjálfstæða framleiðendur og starfa með kvikmyndageiranum.“

Mér finnst mikilvægt að fram komi að þetta er sú tilhneiging sem hefur verið alls staðar í kringum okkur, þ.e. að skilgreina innlenda dagskrárgerð með skýrum hætti í lögum um almannaútvörp í kringum okkur.

Frú forseti. Næst ætla ég að víkja máli mínu að rekstrarforminu. Ekki er hægt að fara í gegnum þessa umræðu öðruvísi en að ræða rekstrarformið. Hér hafa menn talað eins og það sé hin eina mögulega leið og eina leiðin sem eitthvert vit er í, það sé að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi, þ.e. að háeffa Ríkisútvarpið. Frú forseti. Þessu hef ég verið algjörlega ósammála og þessu hafa líka flokksfélagar mínir verið ósammála og er tekið ágætlega á því í minnihlutaáliti menntamálanefndar.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu með háeffuninni miðast við fyrirtæki í rekstri með hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi en ekki almannaþjónustu þar sem eðlilegt þykir að allar viðeigandi upplýsingar liggi fyrir og að vald einstakra stjórnenda sé temprað. Gagnsæi í starfsemi á ekki að hafa að leiðarljósi við rekstur Ríkisútvarps-

ins hf. heldur er þvert á móti hætt við að breytingin leiði til leyndar og pukurs."

Frú forseti. Þetta skiptir máli vegna þess að hætt er við þegar búið er að háeffa Ríkisútvarpið að upplýsingar um ákveðna þætti starfseminnar fari undir yfirborðið og erfitt verði að nálgast þær. Vil ég þar t.d. nefna að í umsögn Félags fréttamanna um frumvarpið er sagt að þeir vilji að upplýsingalögin gildi um RÚV hf. því að það er í eigu almennings.

Sömuleiðis þótti mér athyglisvert í þessu sambandi að lesa merkilegan pistil eftir fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins, Þorstein Pálsson, sem núna er orðinn ritstjóri hjá Fréttablaðinu. Mér þótti afar merkilegt að lesa leiðara frá honum sem var í Fréttablaðinu föstudaginn 31. mars sl. Þar fer hann mjög hörðum orðum um háeffun á Ríkisútvarpinu og kallar þetta öfugsnúna hugmyndafræði hjá ríkisstjórninni að vilja breyta rekstrarforminu yfir í Ríkisútvarpið hf. Hann bendir á það eins og minni hluti menntamálanefndar gerir í nefndarálitinu að hlutafélagaformið henti fyrirtækjum í ríkiseigu sem ekki nota skattpening í rekstur. Hins vegar gegni öðru máli um stofnanir sem séu alfarið reknar fyrir peninga skattborgaranna eða a.m.k. að meginhluta.

Þetta er einmitt kjarni málsins, frú forseti. Hann segir í þeim leiðara réttilega — og ég ætla að fá að fara aðeins yfir nokkur atriði þar. Þar segir hann réttilega að hlutafélög séu gott rekstrarform og að það henti líka fyrirtækjum í ríkiseigu sem ekki nota skattfé. Til dæmis nefnir hann réttilega að skynsamlegt hafi verið að breyta Símanum í hlutafélag enda var það alfarið rekið fyrir sjálfsaflafé og það fyrirtæki greiddi líka arð í ríkissjóð. Öðru máli gegni um fyrirtæki eða stofnanir sem alfarið eru reknar fyrir skattpeninga vegna þess að, segir með leyfi forseta, „eðli máls samkvæmt gilda aðrar leikreglur um meðferð skattpeninga borgaranna en sjálfsaflafé."

Þarna er sett spurningarmerki við að fyrirtæki, sem er í eigu ríkisins alfarið og fær töluverða fjármuni frá almenningi, sé rekið á sama hátt og fyrirtæki á markaði, þar sem leynd mun hvíla á upplýsingum og fleira í þeim dúr auk þess sem Ríkisútvarpið er auðvitað í samkeppni á fjölmörgum sviðum ljósvakans við önnur fyrirtæki í landinu. Við skulum alveg hafa það á hreinu að í dag er Ríkisútvarpið að skekkja samkeppnisstöðu á markaði. Það verður auðvitað að hafa það í huga líka og einmitt þess vegna enn þá mikilvægara að hlutverk þess sem almannaútvarps sé mjög vel og ítarlega skilgreint.

Það sem mér þykir líka merkilegt í þessum leiðara er að þar segir, með leyfi forseta:

„Nú ætlar ríkisstjórnin að víkja til hliðar öllum almennum reglum sem gilda um meðferð skattpeninga að því er varðar rekstur Ríkisútvarpsins. Þar á meðferð skattpeninga að lúta reglum einkaeignarréttarins án þess að skilyrði hans um sjálfsaflafé sé fyrir hendi. Auka má skilvirkni hvarvetna í ríkiskerfinu með því að afnema þessar reglur að fullu og öllu. Eru menn reiðubúnir að taka afleiðingunum af því? Svarið er nei. Hvaða önnur sjónarmið geta gilt um meðferð skattpeninga í stærstu menningarstofnun ríkisins?"

Frú forseti. Mér finnst þetta afar áhugaverður leiðari og það er alveg hárrétt sem þar er nefnt að það er eitt að hlutafélagavæða Símann, eða þá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sem verður rætt hér á eftir þessu máli, sem afla sér allra sinna tekna sjálfar. En það er allt annar handleggur að háeffa og hlutafélagavæða stofnun eins og Ríkisútvarpið.

Frú forseti. Í ágætum pistli eftir Össur Skarphéðinsson, sem ég sá á heimasíðu hans, er einmitt komið inn á þetta og fjallar hann um fyrrgreindan leiðara og dregur fram öll helstu aðalatriðin, en nefnir jafnframt að málflutningur hv. þm. og formanns Samfylkingarinnar, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, í þessum efnum hefur verið nákvæmlega á þessa lund. Mikill samhljómur er með Þorsteini Pálssyni og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Hann dregur fram að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi sagt í umræðum á þingi að Samfylkingin hafi talað fyrir sjálfseignarstofnun og að ávinningurinn af því að RÚV væri rekin sem sjálfseignarstofnun væri að hennar mati þríþættur. Össur nefnir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi væri sjálfseignarstofnun þekkt rekstrarform í almannaþjónustu sem sæti að opinberu fé eða afmörkuðum tekjustofnum og því reynsla af því fyrirkomulagi. Í öðru lagi væri form sjálfseignarstofnunar einkaréttarlegs eðlis líkt og hlutafélög og gæfi því RÚV það aukna sjálfstæði og svigrúm sem stofnunin þyrfti á að halda. Í þriðja lagi væri líklegt að sjálfseignarformið næði að skapa ákveðna sátt um RÚV."

Frú forseti. Mér finnst mikilvægt að þetta komi fram og að þeir sem tala svo blint fyrir að við eigum að háeffa Ríkisútvarpið umfram það að gera það að sjálfseignarstofnun þurfi að rökstyðja mál sitt miklu betur vegna þess að hér er ekki eins og um hvert annað fyrirtæki sé að ræða. Ég verð að viðurkenna, frú forseti, að mér þykir líka dálítið óþægilegt að þeir sem helst fara fyrir umræðunni um frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. séu sömu einstaklingar og lagt hafa fram frumvarp um að selja stofnunina. Ég verð að viðurkenna, frú forseti, að mér finnst þetta óþægileg staða. Það er óþægilegt að vinna í þingsölum við þær kringumstæður í þessum málum vegna þess að auðvitað skapar þetta tortryggni í brjóstum okkar að þetta sé fyrsta skrefið í sölu á Ríkisútvarpinu. Það er ekki sú leið sem við teljum að eigi að fara og teljum að hér eigi að reka öflugt Ríkisútvarp sem almannaútvarp. Vissulega höfum við tekið undir að það þyrfti að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins. En að sjálfseignarstofnunarformið væri miklu betur til þess fallið að ná markmiðum um öflugt almannaútvarp til framtíðar.

Þegar hv. formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson, var í fyrri sinni ræðu að mæla fyrir nefndaráliti meiri hlutans, þá talaði hann eins og Ríkisútvarpið væri hvert annað venjulegt fyrirtæki. Það var alveg augljóst af máli hans að hann var ekki að hugsa um RÚV sem almannaútvarp. Út frá því hefur augljóslega ekki verið unnið í nefndinni þegar framsögumaður meiri hlutans talar með þeim hætti. Það finnst mér, virðulegi forseti, áhyggjuefni vegna þess eins og ég hef sagt er Ríkisútvarpið ekki venjulegt fyrirtæki. Það er það auðvitað ekki núna og verður það ekki þó það verði komið háeff fyrir aftan vegna þess að það er rekið fyrir fé skattborgaranna.

Þegar fyrirtæki er rekið fyrir fé skattborgaranna er það óviðunandi að um það gildi ekki heldur upplýsingalög. Það er óviðunandi í alla staði. Í þessu trúboði hafa framsóknarmenn af einhverjum ótrúlegum ástæðum hoppað á vagninn

með sjálfstæðismönnum í að háeffa Ríkisútvarpið. Það hentar að háeffa ýmislegt. Það eru mörg fyrirtæki í samkeppnisrekstri sem er rétt að háeffa. En ekki Ríkisútvarpið. Það á hreinlega ekki við.

Frú forseti. Mér þykir rétt í þessu ljósi að nefna að í nefndaráliti minni hlutans er lögð fram með rökstuddri dagskrá tillaga um frávísun þessa máls. Ein ástæðan sem nefnd er til frávísunar, þær eru fjölmargar, er sú að ekki sé gert ráð fyrir viðeigandi gagnsæi í starfsemi og rekstri Ríkisútvarpsins, t.d. með því að um það gildi upplýsingalög.

Frú forseti. Ég óska eftir að fá að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra gagnvart þessari gagnrýni sem fram hefur komið á að háeffa eða hlutafélagavæða Ríkisútvarpið í því ljósi að ekki er um venjulegt fyrirtæki að ræða og getur ekki orðið meðan það er rekið fyrir peninga skattborgaranna. Þá getur það ekki orðið venjulegt fyrirtæki. Ég vil fá að heyra viðhorf hennar gagnvart þeirri gagnrýni sem fram hefur komið og sömuleiðis vil ég fá að heyra viðhorf hennar og heyra ástæður þess að upplýsingalög eigi ekki að gilda um þetta fyrirtæki þannig að við skattborgararnir sem greiðum inn í fyrirtækið fáum upplýsingar um hvað þar fer fram.

Frú forseti. Eins og ég nefndi hafa fjölmargar góðar umsagnir komið um þetta mál. Það er ein sem hefur beinlínis fjallað um rekstrarformið. Mér finnst það afar áhugaverð umsögn en hún er frá talsmanni neytenda. Talsmaður neytenda segir í umsögn sinni að í greinargerð með frumvarpinu sé ekki sýnt fram á að hagsmunum og réttindum neytenda, þ.e. þeirra sem noti þjónustu Ríkisútvarpsins, sé betur borgið með því að Ríkisútvarpinu sé breytt í hlutafélag í eigu ríkisins.

Þar nefnir hann, og vil ég, með leyfi forseta, grípa niður í orð hans og lesa úr þessari umsögn. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Lít ég þá annars vegar til þess að af því virðist leiða að lög á borð við upplýsingalög, nr. 50/1996, með síðari breytingum og stjórnsýslulög, nr. 37/1993, með síðari breytingum — sem taka til „stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga“ — gildi ekki um Ríkisútvarpið; er það að mínu mati ekki til þess fallið að bæta stöðu notenda útvarpsþjónustu í almannaþágu. Hins vegar tel ég að hlutafélagsformið sé ætlað fyrir rekstur með arðsemismarkmið — en ég tel óljóst hvort arðsemi eigi samkvæmt frumvarpinu að vera tilgangur Ríkisútvarpsins framvegis.“

Frú forseti. Það er talsmaður neytenda sem nefnir þetta. Hann segir jafnframt í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Verði sýnt fram á nauðsyn formbreytingar tel ég að hagsmunum notenda útvarpsþjónustu í almannaþágu sé betur borgið með því að Ríkisútvarpið sé sjálfseignarstofnun eins og nefnt er sem valkostur ...“ Og er nefnt í greinargerð með frumvarpinu.

Talsmaður neytenda telur að hagsmunum neytendaþjónustunnar sé betur borgið ef Ríkisútvarpið er rekið í formi sjálfseignarstofnunar. Þetta finnst mér afar áhugavert, frú forseti, að heyra og þetta er rökstutt mjög ítarlega í þessari umsögn og ætla ég aðeins að halda áfram að fara yfir hana. En þar segir einnig, með leyfi forseta:

„Um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur gilda lög nr. 33/1999; þar eru ítarleg og skýr ákvæði um stjórnun og fjárhagslegan aðskilnað (sjá til að mynda 29. gr. þeirra laga) sem samrýmast vel þeim sjónarmiðum sem nefnd eru í greinargerðinni ... til stuðnings vali á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Sjálfseignarstofnun er að mínu mati hentugt form fyrir rekstur sem hefur almannaþjónustu sem megintilgang. Sjálfseignarstofnun hefur arðsemi ekki sem rekstrartilgang heldur rennur hugsanlegur arður af starfseminni aftur inn í reksturinn til þess að sinna markmiðinu með honum og þar með til notenda þjónustunnar. Þá er sjálfseignarstofnun með takmarkaða ábyrgð enda er hún ekki tengd neinum eigendum þar eð stofnendur skilja sig frá rekstri sjálfseignarstofnunar þegar hún er sett á fót.“

Frú forseti. Mér finnst þetta mjög mikilvægt og færð eru rök fyrir þessu í fleiri þáttum. En það sem mér finnst vera mikilvægast í þessu er að ef Ríkisútvarpið verður Ríkisútvarpið hf. þá gilda ekki um það upplýsingalög. Það gilda ekki um það samkvæmt þessari umsögn stjórnsýslulög. Þetta form hentar ekki Ríkisútvarpi sem hefur þjónustu við almenning að leiðarljósi en ekki arðsemissjónarmið. Þetta finnst mér afar mikilvægur punktur, frú forseti, og mikilvægt að það hafi komið hér fram

Á þetta eigum við auðvitað að hlusta og þess vegna verð ég alltaf ákveðnari í þeirri skoðun minni að þetta sé afar illa ígrundað. Þetta er orðið heilagt. Þetta eru orðin trúarbrögð hjá Sjálfstæðisflokknum að háeffa allt, algjörlega óháð því hvaða markmiðum þeir ætla að ná með rekstrinum. Þetta eru orðin trúarbrögð og þetta hentar ekki, frú forseti. Þetta hentar ekki Ríkisútvarpinu að vera að rekið í þessu formi. Mér finnst að fyrir því hafi verið færð mjög góð rök og ég hef farið yfir nokkur þeirra.

Frú forseti. Það á ekki að mínu mati að háeffa bara til háeffa. Það hentar ekki RÚV að gera það og ég hefði viljað sjá að Framsóknarflokkurinn í það minnsta spyrnti við fótum, eða þá setti af stað einhverja sýningu þar sem þeir þættust spyrna við fótunum, en hoppuðu ekki svona auðveldlega á vagninn.

Ég vil enn og aftur taka fram að auðvitað fer um mann þegar vinnubrögðin hafa verið með þeim hætti sem ég rakti hér í upphafi. Þetta mál hefur verið keyrt í gegn algerlega af ríkisstjórninni eða orðið til í einhverju samkomulagi innan ríkisstjórnarinnar. En ekki hefur verið tekið þverpólitískt á því eins og á fjölmiðlamálinu í heild sinni og þetta varð til í leynd og pukri. Og síðan það að þeir sem helst fara fyrir málinu á þingi eru sömu menn og lögðu til að selja ætti Ríkisútvarpið. Þetta er ekki, frú forseti, mjög sannfærandi fyrir okkur sem viljum reka öflugt almannaútvarp til framtíðar og við erum á móti því að Ríkisútvarpið verði selt. Ég verð að viðurkenna og vera einlæg að þetta er ekki mjög sannfærandi.

Frú forseti. Ég get ekki lokið máli mínu nema að fjalla örlítið um nefskattinn sem á að setja á landsmenn samkvæmt frumvarpinu. Ég tel nefskattinn afar vonda leið til að fara til að fjármagna Ríkisútvarpið og mér finnst þetta arfavond hugmynd. Hún mismunar borgurum landsins. Hún getur leitt til mikils álags á stórar fjölskyldur þar sem ungmenni yfir 16 ára eru í heimahúsum. Það getur lagt miklar álögur á slíka hópa.

Frú forseti. Þetta er pólitík sem mér líkar illa, þessi nefskattur. Honum hefur verið mótmælt í fjölda af umsögnum.

Mér finnst þetta svo sem vera dæmigert fyrir hugmyndaleysi ríkisstjórnarinnar að þegar afnotagjöldin eru umdeild, og vissulega eru þau umdeild, þá dettur mönnum ekkert annað í hug en að leggja nefskatt á menn.

Mér þykir afar merkilegt að í umsögn ríkisskattstjóra er slíkri leið beinlínis mótmælt harðlega.

Þar er sagt að helsti ókostur nefskatts sé að hann taki ekki tillit til greiðslugetu og hann sé íþyngjandi fyrir tekjulága. Ríkisskattstjóri gagnrýnir þessa leið mjög harðlega og segir hana í rauninni gamaldags vegna þess að hann rekur hér sögu nefskatts og greinir frá því í umsögninni að fyrr á öldum hafi nefskattar verið algengir en séu að mestu horfnir í dag og þetta sé því gamaldags. En það sem mér þykir allra mikilvægasti kaflinn í þessari umsögn ríkisskattstjóra er að allstór hópur manna hefur miklar tekjur af eignum en lágar launatekjur og yrði undanþeginn nefskattinum. Þessi ríkisstjórn ætlar því enn einu sinni að leggja skatt á venjulega launamenn og algjörlega óháð tekjum og stórir fjármagnstekjuskattsgreiðendur verða undanskildir greiðslu á þessum skatti vegna þess að það eru ákveðin frítekjumörk. Það segir hér að þá verði skattfrelsismörk samkvæmt frumvarpinu með þeim annmarka að eingöngu sé miðað við almennar tekjur, þ.e. launatekjur og þess háttar, en ekki fjármagnstekjur. Þetta skiptir mjög miklu máli vegna þess að í fyrirliggjandi tilviki er þetta þannig að sá hópur sem hefur mjög lágar launatekjur en mjög háar tekjur af eignum þarf ekki að greiða þennan skatt.

Þetta finnst mér klassískt dæmi um það hvernig þessi ríkisstjórn hugsar eða réttara sagt hversu stutt hún hugsar málið. Hún hugsar málin ekki til enda og á hverjum bitnar það svo á endanum? Jú, það bitnar á þeim tekjulægstu og það bitnar á fjölskyldunum. Það bitnar á þeim fjölskyldum þar sem unglingar yfir 16 ára aldri búa í heimahúsum og hafa einhverjar örlitlar tekjur en þó ekki nægilegar til að standa á eigin fótum.

Frú forseti. Þessi skattur á eftir að verða afar umdeildur. Hann felur í sér mismunun milli borgaranna eftir fjölskyldustærð og því hvernig menn skila skatti sínum, hvort það er í gegnum tekjuskatt eða fjármagnstekjuskatt. Við vitum að venjulegt launafólk hefur enga möguleika á að breyta skatttekjum sínum yfir í fjármagnstekjuskatt. Það geta hins vegar hinir efnameiri sem lifa á eignum en lágum launatekjum. Þetta gengur auðvitað ekki. Þetta er ekki sú leið sem við eigum að fara til að fjármagna Ríkisútvarpið. Þetta er ekki gert til að skapa sátt um það hvernig Ríkisútvarpið er fjármagnað.

Annað sem mér finnst líka mikilvægt að nefna í þessari umsögn ríkisskattstjóra, sem mér þykir merkilegt, að samkvæmt þessu frumvarpi er líka ráðgert að skattleggja lögaðila. Þá bendir ríkisskattstjóri á að lögaðilar sem yrðu gjaldskyldir samkvæmt frumvarpinu eru um 26 þúsund. Hann nefnir að af þeim hafi um helmingur greitt tekjuskatt eða aðra skatta til ríkissjóðs. Því væru nýir skattgreiðendur úr röðum lögaðila 13 þúsund þegar þetta frumvarp hefur verið gert að lögum. Þá segir líka í þessari umsögn að vert sé að hafa í huga að ætla mætti að verulegur hluti hinna nýju skattgreiðenda yrðu félög sem ekki séu starfandi og hafi því engar tekur til að greiða gjaldið af.

Frú forseti. Þetta er afar merkileg umsögn og ég vil hvetja menn til að lesa hana vel vegna þess að þar koma fram mjög sterk sjónarmið gegn þessari leið, gegn því að fara nefskattsleiðina, þar sem bent er á að bæði mismuni hún borgurunum og taki ekkert tillit til greiðslugetu og að með henni sleppi í rauninni þeir sem hafa háar fjármagnstekjur en lágar launatekjur.

Sömuleiðis vil ég benda á í þessu sambandi að ASÍ nefnir þessa sömu fjármögnunarleið. Þeir lýsa yfir efasemdum við þessa fyrirhuguðu breytingu á fjármögnun Ríkisútvarpsins og hafa farið ágætlega yfir það og ég ætla ekkert að endurtaka það hér.

Frú forseti. Ég ætla að fara að ljúka máli mínu en það eru fleiri atriði sem mér þykja afar óljós og vægast sagt líka sérkennileg. Vil ég þar t.d. nefna að það hlutafé sem ætlað er til Ríkisútvarpsins hljómar eins og lélegur brandari frekar en einhver raunveruleiki. (Gripið fram í.) Þetta er ekkert annað en skrípaleikur, svo það orð sé notað hér í annað skipti í dag. Þetta segir manni kannski dálítið hvert menn eru fara. Það er ekki verið að búa til hlutafélag, hvers vegna ætla menn að halda því til streitu með þessum hætti og segja síðan lélegan brandara í frumvarpinu með því að ætla að leggja til 5 milljónir í hlutafé til þessarar stofnunar?

Starfsmenn Ríkisútvarpsins eru afar uggandi um stöðu sína verði þetta frumvarp að lögum. Mér finnst mikilvægt að halda því til haga en hv. þm. Ögmundur Jónasson og fleiri hafa farið hér ítarlega yfir það. Við fengum nýlega ályktun frá starfsmannafundi um þetta frumvarp þar sem óskað er eftir skýrari upplýsingum um það hvernig fyrirtæki stjórnvöld vilji búa til á grunni hins gamla. Síðan lýsa starfsmenn furðu á að ekki hafi verið tekið nokkurt tillit til umsagna sem bárust menntamálanefnd. Þeir spyrja hérna, sem mér finnst mjög viðeigandi spurning og er líka viðeigandi í mörgum öðrum málum að spyrja þessara spurninga, um tilganginn með því að setja fólk í vinnu við slíka álitsgjöf. Við þekkjum það öll sem hér störfum að ráðherrarnir semja um það sín í milli hvaða mál eigi að fara í gegn. Það kemur fram í umsögnunum að þetta skipti í rauninni engu máli. Það koma fram kröftug mótmæli en á þau er ekki hlustað trekk í trekk, í máli eftir máli. Það er ekkert skrýtið, það var að mínu mati spurning um tíma hvenær álitsgjafar, sem í rauninni er kallað í í fullkominni sýndamennsku, færu að efast um að tíma þeirra væri vel varið við að gefa Alþingi álit á þeim málum sem fyrir liggja.

Þetta er ekki gott fyrir þingið. Þetta er ekki gott fyrir störf okkar í framtíðinni því að svona álitsgjöf er gríðarlega mikilvæg, en á hana verður þá líka að hlusta. Á hana hefur ekki verið hlustað í þessu máli frekar en öðrum.

Frú forseti. Ég vil líka taka undir þær kröfur starfsmanna að réttindi þeirra verði tryggð þegar þetta frumvarp hefur orðið að lögum og tek ég undir það sem hér hefur verið sagt um þau mál.

Frú forseti. Örstutt í lokin. Ég nefndi það við 1. umr. um málið að það væru nokkur atriði sem væru óljós, t.d. í 4. og 5. gr. frumvarpsins. Þetta eru ofsalega opnar greinar, ég hnaut um textann í 4. og 5. gr. frumvarpsins, Önnur starfsemi og Fjárhagslegur aðskilnaður. Mér finnst ekki skýrt í frumvarpinu hvað ríkisfyrirtækinu Ríkisútvarpinu hf. verði heimilt að gera umfram skilgreininguna á hlutverki þess sem almannaútvarps. Miðað við textann í frumvarpinu virð-

ist nánast allt leyfilegt ef fjárhagur þess verkefnis verður aðskilinn frá rekstrinum sem snýr að almannaútvarpi og skyldum þess, samkvæmt 3. gr. Ef maður skoðar þetta í samhengi við 12. gr. sér maður að þarna er allt opið í þessum efnum.

Mér finnst þetta óskýrt og það er óskýrt hvaða samkeppnisrekstur RÚV má fara í. Ég spyr hvort ekki sé eðlilegt að setja þessu einhver mörk. Það hefur ekki komið fram í þessari umræðu hvort þetta eigi að vera alveg opið. Við höfum séð t.d. að stuttermabolir hafa verið til sölu á vefsíðu Ríkisútvarpsins. Eru menn að tala um slíka starfsemi? Ætla menn hugsanlega að fara að selja sjónvarpstæki og bara ef þau eru merkt Ríkisútvarpinu sé það í lagi? Hvað eru menn að fara með þessu? Þetta er svona eitt atriði sem mér hefur í rauninni þótt allt of opið og einmitt vegna þess að við verðum að hafa í huga að Ríkisútvarpið er ekki eins og hvert annað fyrirtæki.

Frú forseti. Í lokin vil ég nefna að mér finnst afar mikilvægt að fréttastofurnar séu varðar og að réttur fréttastofu til sjálfstæðrar umfjöllunar sé tryggður. Samfylkingin hefur lagt fram þingsályktunartillögur og annað í þeim efnum. Sömuleiðis kemur það líka fram í umsögn Félags fréttamanna að mjög mikilvægt sé að setja eldveggi til að verja sjálfstæða umfjöllun fréttastofa. Ég vil gjarnan taka undir það. Þar segir, með leyfi forseta:

„Tryggja þarf í frumvarpinu fullkomið sjálfstæði fréttaritstjórnanna gagnvart útvarpsstjóra."

Þar segir jafnframt að tryggja þurfi fullkomið sjálfstæði fréttaritstjórnanna gagnvart markaðsdeild og annarri þeirri starfsemi RÚV hf. sem á sitt undir auglýsendum eða kostendum efnis.

Þá segir (Gripið fram í.) jafnframt í þessari umsögn að tryggja þurfi ...

(**Forseti** (RG)**:** Gera svo vel og gefa ræðumanni gott hljóð.)

Þá segir í þessari umsögn að tryggja þurfi við ráðningar fréttamanna að farið sé að faglegum sjónarmiðum, forsendur séu öllum ljósar og fréttamenn gangist undir hæfnispróf áður en þeir eru ráðnir. Síðan segir jafnframt að tryggja þurfi stofnunni örugga tekjustofna.

Frú forseti. Á þetta verðum við einnig að hlýða. Þetta er auðvitað mjög mikilvægur þáttur í þessu máli eins og svo fjölmörg önnur svið sem hefðu átt að vera undir í þessari vinnu við breytingar á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmörg svið sem hefðu átt að vera undir ef menn hefðu unnið þetta almennilega en ekki í einhverjum bakherbergjum hjá ráðherranum og ríkisstjórninni, unnið þetta með fólkinu og lesið umsagnirnar, farið yfir þær og reynt að ná einhverri góðri sátt og samstöðu um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið. Það var ekki gert heldur ætla menn að keyra málið í gegn nánast óbreytt eftir umfjöllun nefndarinnar. Það eina sem hefur verið breytt er einhverjir vandræðalegir þættir sem snúa að Eftirlitsstofnun EFTA eða ESA. Í raun verð ég að harma að svo hafi verið vegna þess að ég hefði auðvitað kosið, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að menn hefðu tekið þetta í þverpólitískan farveg. Menn hefðu tekið þetta í þann farveg með að vinna þetta með starfsmönnum og fleirum hjá Ríkisútvarpinu, vinna þetta með fagaðilum en ekki í bakherbergjum í þeim eina tilgangi að því er virðist, að háeffa Ríkisútvarpið, sama hvar. Það er ekki leiðangur sem mér hugnast vegna þess að það er innihaldið sem skiptir máli. Á því hefur ekki verið tekið hér. Og að menn skuli leggja hér fram frumvarp með þó svona miklum breytingum á Ríkisútvarpinu án þess að taka á stærstu pólitísku spurningunum og álitaefnunum, eins og pólitísku íhlutunina og fjármögnunina, að menn skuli koma hér með frumvarp án þess að taka á því finnst mér alveg með hreinum ólíkindum.

Frú forseti. Ég hef lokið ræðu minu um þetta mál a.m.k. í bili en ég hlakka til umræðunnar sem eftir er. Ég hvet stjórnarþingmenn til að sitja hér og fylgjast með þessari umræðu vegna þess að ég er alveg viss um að þeir verða einhvers vísari og vegna þess að þeir eiga ekki endalaust að láta orð ráðherra nægja um það hvernig þeir eigi á endanum að greiða atkvæði. Þeir eiga að vera sjálfstæðir.

[14:45]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hélt yfirgripsmikla ræðu áðan og endaði hana með því að segja að innihaldið skipti máli. Það er akkúrat það sem skiptir miklu máli þegar verið er að fara yfir frumvarp eins og við erum að gera nú, að innihaldinu sé það þokkalega þjappað saman þannig að ekki sé um eilífðarendurtekningar að ræða. Ég er sannfærður um það, frú forseti, að þeir sem hlusta á þessar ræður og eru búnir að heyra tugum sinnum talað um sama efni þeim finnst að hv. þingmenn eigi að huga að því að innihald ræðnanna skipti máli.

Síðan vil ég koma að því að hv. þingmaður er afskaplega tortryggin og fælin á háeffun. Mig langar að spyrja hv. þingmann: Hefur það komið fram að ríkisstofnanir sem hafa verið háeffaðar hafi brugðist samfélaginu? Það má nefna margar stofnanir sem breytt hefur verið í hlutafélög, ýmist seldar eða ekki. Má þar nefna banka, síma, ýmiss konar almenningsþjónustu, svo sem fraktflutninga, landflutninga og fleira og fleira mætti nefna. Ræða hv. þingmanns virðist ganga út á að ekkert gangi upp nema það sé ríkisstofnun. Þess vegna langar mig að spyrja að þessu.

Þá langar mig jafnframt að spyrja að því hver eigi að borga afnotagjöld RÚV. Mér fannst á hv. þingmanni að nefskatturinn væri ómögulegur, það væri nánast allt ómögulegt nema hún fann einhverja sem borga fjármagnstekjur og þeir ættu að borga brúsann. Hvernig sér hv. þingmaður í raun að þetta fyrirtæki afli sér tekna?

[14:48]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það er merkilegt að sitja hérna úti í sal og hlusta á andsvar sem er dómur á innihald ræðu minnar. Það fannst mér merkilegt.

Frú forseti. Varðandi eignarformið þá kom ég skýrt og skorinort inn á það í ræðu minni að hlutafélagaformið henti mörgum fyrirtækjum mjög vel. Það hentaði að hlutafélagavæða Símann. Það hentar augsýnilega að hlutafélagavæða ÁTVR. (**KÓ:** ... samfylking ...) Má ég klára? Hv. þingmaður, þú spurðir mig einna tveggja spurninga og gefðu mér færi á að svara þeim. Svo getur þú komið hér upp í annað andsvar ef þú ert með fleiri spurningar.

(**Forseti** (RG)**:** Við skulum ekki ávarpa þingmenn beint.)

Frú forseti. Ég sagði það skýrt í ræðu minni, og þetta sýnir að hv. þingmaður var ekki að hlusta á hana, ég sagði það skýrt og skorinort að það hentaði í mörgum tilfellum að hlutafélagavæða, t.d. Símann. Það hentaði með bankana af því að menn voru alltaf í þeim leiðangri að fara að selja þá. Síðan hentar það líka þeim ríkisfyrirtækjum sem ekki eru rekin að meginuppistöðu með skattfé. Það er lykilatriði. Á þennan hluta ræðu minnar hefur hv. þingmaður augljóslega ekki hlustað vegna þess að ég sagði þetta mjög skýrt. Þegar um er að ræða að fyrirtæki sem rekið er fyrir skattfé þá sé mjög vafasamt að rétt sé að reka það sem hlutafélag.

Að auki nefnir hv. þingmaður það og spyr mig hvort ég telji að þessi fyrirtæki hafi orðið slæm við að verða hlutafélög. Það tel ég ekki af þeirri ástæðu sem ég nefndi hér áðan. En þá vil ég spyrja hv. þingmann: Þau fyrirtæki eða stofnanir í ríkiseigu sem hafa verið gerð að sjálfseignarstofnunum, hafa þau orðið slæm við það? Við höfum ekki fengið nein svör við því hvers vegna ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn er svo andsnúinn því að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun. Því þarf líka að svara hér, frú forseti.

[14:50]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil endurtaka spurningar mínar til hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur um hver eigi að greiða og með hvaða hætti, ef það gæti komið í seinna andsvari.

Ég vil jafnframt fara örfáum orðum um það þegar hið fyrra frumvarp um Ríkisútvarp var lagt fyrir þá áttum við þess kost í menntamálanefnd að fá fjölmarga inn til nefndarinnar til skrafs og ráðagerða. Þá minnist ég þess að það komu aðilar frá öðrum fjölmiðlum sem í dag eru samkeppnisaðilar og munu verða samkeppnisaðilar RÚV hf. Þeir óttuðust mjög um hag sinn þegar búið væri að breyta Ríkisútvarpinu í hf., það yrði straumlínulaga og það færi að mynda virkilega samkeppni á þessum markaði. Þessir aðilar óttuðust þetta og töluðu um það í nefndarstarfi. Mér fannst það vera besti vitnisburður fyrir því að þá mundum við nýta þá fjármuni sem borgararnir greiða til þessarar starfsemi sem allra best til handa hlustendum. Við mundum hafa meiri gæði og þjónustan væri betri. Þetta sögðu þessir aðilar klárlega.

Svo vitnar hv. þingmaður í forustugrein Fréttablaðsins sem Þorsteinn Pálsson skrifar og þar kemur þetta sama fram. Hann kærir sig ekkert um að fá þennan ríkisfjölmiðil í samkeppni á sama grunni og önnur félög og fyrirtæki á þessum markaði. Við gerum okkur grein fyrir því að almenningshlutverkið verður aðskilið í bókhaldi. Það verður skilgreint sérstaklega og aðskilið í bókhaldi þannig að við þurfum ekki að óttast þann þátt að þessi stofnun reyni ekki að standa sig á þeim vettvangi.

Ég vil endurtaka spurningu mína að lokum: Hver á að borga? Eru það þessir fjármagnseigendur?

[14:52]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hver á að borga? spyr hv. þingmaður. Við höfum talað fyrir því að fara blandaða leið. En hvaða leið sem við mundum á endanum velja, því það eru fjölmargar leiðir sem hægt er að fara, þá það er lykilatriði að sú leið verði ekki íþyngjandi fyrir hina tekjulægstu, og að þeir sem greiði þetta séu þeir sem greiði tekjuskatt eða skatt af launatekjum sínum, meðan fjármagnseigendur, sem er allstór hópur manna sem eins og segir í umsögn ríkisskattstjóra gefur upp það lágar launatekjur en greiðir hins vegar mikinn fjármagnstekjuskatt, mundu falla undir frítekjumarkið og þyrftu því ekki að greiða þennan nefskatt. Það er ósanngjörn leið, frú forseti, og það er ekki sú leið sem við í Samfylkingunni viljum fara til að fjármagna Ríkisútvarpið. Ég nefni enn og aftur að það eru fjölmargar leiðir til og margar hafa verið nefndar og við viljum fara blandaða leið þannig að hún sé ekki að íþyngja einum hópi á meðan öðrum er sleppt við skatt. Það er lykilatriði, frú forseti.

Það sem ég vil segja að lokum er að það skiptir verulegu máli að við byggjum öflugt almannaútvarp til framtíðar og að Ríkisútvarpið verði í almannaeigu. Mér heyrist hv. þingmaður tala hér um Ríkisútvarpið eins og það sé sjálfsagt og eðlilegt að þetta sé fyrirtæki í samkeppni á markaði. Það er ekki sú sýn, frú forseti, sem ég hef á Ríkisútvarpinu heldur er þetta almannaútvarp sem hefur þjónað menningarlegu og lýðræðislegu hlutverki í samfélaginu. Við eigum að láta öðrum eftir að standa í samkeppni um bandarískt eða erlent afþreyingarefni sem nóg er af hér, ekki Ríkisútvarpið.

[14:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)***:**

Frú forseti. Vandinn við það málþóf sem er í gangi um þetta mál sem og mörg önnur er að það er afskaplega erfitt að eiga málefnalega umræðu við þingmenn vegna þess að maður veit aldrei hvenær ræðan er búin. Hv. þingmaður hóf ræðu sína eftir mat kl. 1.30 og ég vissi ekki hvort hún mundi tala í 10 mínútur eða hálftíma, tvo tíma eða sex tíma. Síðast þegar þetta mál var til umræðu beið ég í sex klukkutíma til kl. hálfsex að morgni til að halda ræðu sem hv. þingmaður hefur greinilega ekki lesið því hún kvartar undan því að Ríkisútvarpið falli ekki undir upplýsingalög.

Þannig vill til að fyrir Alþingi liggur mál, 404. mál sem hv. efnahags- og viðskiptanefnd er búin að afgreiða út frá sér og þar stendur, með leyfi frú forseta:

„Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram komu er lagt til að kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, sé heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir. Meiri hlutinn telur að með því að leyfa skriflegar fyrirspurnir á aðalfundum verði auðveldara en ella að afla upplýsinga um opinber hlutafélög sem áður voru opinberar stofnanir og lutu þá sem slíkar m.a. upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.“

Þarna er komið inn á það að upplýsingalög og stjórnsýslulög gildi um þessi fyrirtæki eftir að búið væri að hlutafélagavæða þau því að þessi fyrirtæki, RÚV og fleiri, verða einmitt opinber hlutafélög. Hefði hv. þingmaður verið hér þegar ég hélt ræðu mína eða lesið hana síðan og fylgst með umræðunni þá hefði hann vitað að þetta sjónarmið hefði komið fram og Ríkisútvarpið mun hlíta upplýsingalögum að þessu leyti.

[14:56]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get sagt hv. þingmanni það, vonandi til léttis, að ég hlustaði á ræðu hans undir morgun þar sem það vofði yfir mér að þurfa að koma hingað til að flytja mína ræðu því ég var á eftir honum á mælendaskrá og þess vegna fylgdist ég auðvitað með umræðunum í sjónvarpinu heima hjá mér í þeirri von þó að ég þyrfti ekki að kalla út barnapíu um miðja nótt til að mæta hingað í þann leik sem hér átti sér stað á þessum tíma.

Ástæðan fyrir því að það kom ekki fram í máli mínu að ég hefði hlustað á ræðu hv. þingmanns er sú að það er stór munur á því hvort opinbert hlutafélag falli undir upplýsingalög eða hvort þingmenn geti sent þeim skriflegar fyrirspurnir á aðalfundi. Það er himinn og haf þarna á milli og við í Samfylkingunni höfum sagt það klárlega að við viljum að Ríkisútvarpið falli undir upplýsingalög. Svo einfalt er það. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hefur lagt fram tillögur hér á þingi í þá veru. Það er klárlega okkar skoðun að það að senda skriflegar fyrirspurnir á aðalfundi falli ekki undir upplýsingalög, frú forseti. Ég held að hv. þingmaður ætti að skoða þetta aðeins betur. Ef hann sættir sig við það sem skattgreiðandi að eina aðkoma almennings og eiganda þessa fyrirtækis að upplýsingum um reksturinn séu í gegnum skriflegar fyrirspurnir þingmanna eða annarra á aðalfundum þá verð ég fyrir vonbrigðum með hv. þingmann vegna þess að við skattgreiðendur höfum rétt á því að fá allar þær upplýsingar sem við þurfum og viljum frá þessu fyrirtæki og því á það að sjálfsögðu að falla undir upplýsingalög.

[14:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Í hv. efnahags- og viðskiptanefnd var frumvarp hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur einmitt haft til hliðsjónar við vinnslu þessa máls og mörg atriði tekin úr því inn í þetta frumvarp og m.a. sú grein sem ég nefndi hérna. Það er engin takmörkun á því hvað þingmenn geta spurst fyrir um á aðalfundi hjá RÚV þannig að það er í rauninni enginn munur á því að spyrjast þar fyrir og spyrja samkvæmt upplýsingalögum og þar af leiðandi er sú röksemd sem hv. þingmaður nefndi fallin fyrir róða, þ.e. að þessi félög lúti ekki upplýsingalögum. Þau gera það ekki í dag. Það er rétt. En ég reikna með því að fyrst menn eru svona uppteknir af þessu og vilja gjarnan fá meiri upplýsingar þá munu þeir styðja frumvarp ríkisstjórnarinnar sem er á þskj. 520.

[15:00]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður vitnar hér til þess að það er tekin ein grein, greinin sem hv. þingmaður nefndi. Ég veit ekki hvort ég þarf að segja það aftur en sú skoðun okkar er skýr að Ríkisútvarpið á að falla undir upplýsingalög verði það að hlutafélagi. Það á að falla að fullu undir upplýsingalög. Láta sér það nægja að þingmenn geti sent skriflegar fyrirspurnir á aðalfundi. Fyrirgefið, mér finnst þetta eins og lélegur brandari, frú forseti. Og segja að þar með sé sú röksemd fallin að Ríkisútvarpið falli ekki undir upplýsingalög. Þetta er eins og lélegur brandari og ég tel mig ekki þurfa að svara því frekar. Þetta á auðvitað að falla undir upplýsingalög alfarið.

Frú forseti. Að lokum vil ég — ég gleymdi því í fyrra andsvari mínu — biðja hv. þingmann afsökunar á því hvað ég talaði stutt. Hann hafði greinilega gert ráð fyrir að ég yrði hér mun lengur miðað við orð hans í upphafi andsvarsins. En ég skal reyna að taka mig á næst þegar við erum að ræða góð mál hér í þingsölum.

[15:01]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir spurði um það í upphafi ræðu sinnar hvernig stæði á hjá hæstv. menntamálaráðherra. Nú er það auðvitað svo að þetta mál er á forræði þingsins eins og menn segja og vissulega er staddur hér hinn knái og ágæti hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar. En hann kemur ekki í stað menntamálaráðherra.

Það er ekki þannig að ég eða aðrir telji að ráðherra eigi nauðsynlega að vera viðstaddur allar umræður um sín mál. Þetta mál er hins vegar alveg sérstakt. Það er lagt ofurkapp á að koma því í gegn, ekki bara í gegnum nefndina, þaðan sem það var tekið vanbúið, heldur í gegnum þingið með miklum forgangi á öll önnur mál. Það er varið hér heilum þingdögum og heilli þingnótt fram til kl. 6, fram til kl. 6 stóðu fulltrúar meiri hlutans í forsetastóli fyrir því að þetta mál væri rætt og það kýlt áfram. Þegar um svona mál er að ræða, sem augljóst er að ráðherrann sjálfur hæstv. leggur mikla áherslu á, þá finnst mér full ástæða til að gera ráð fyrir að ráðherrann sé viðstaddur.

Ég hef aflað mér upplýsinga um það hjá starfsmönnum sem geyma prótókoll þingsins að hæstv. ráðherra hefur ekki beðið um fjarvistarleyfi frá þingstörfum í dag.

Það er þannig í þingsköpum, þó menn glotti að því, að þingmenn eiga að mæta til þingfundar. Að minnsta kosti siðferðislega er það þannig að ef þeir geta ekki mætt í máli sem kemur þeim beinlínis mjög mikið við, eins og háttar til um hæstv. menntamálaráðherra og frumvarp hans um Ríkisútvarpið hf., þá eiga þeir að skýra það út fyrir þinginu og biðja um fjarvistarleyfi nema að svo standi á að þeir komi þá síðar.

Ég vil því spyrja — mér þótti svar forseta áðan heldur klént, en það var efnislega þannig að það væri kontóristi uppi í menntamálaráðuneyti sem tæki niður beinar spurningar til ráðherrans og þeim mundi verða svarað síðar, kannski skriflega, hver veit, eins og á aðalfundum hinna opinberu hlutafélaga samkvæmt hv. þm. Pétri Blöndal?

Ég vil spyrja forseta um það hvernig standi á með ráðherra. Er hann væntanlegur eða er hann í einhverjum þeim önnum að hann geti ekki komið hingað? Ef hann er það þá fer ég fram á að málinu verði frestað. Það verði tekið út af dagskrá og tekið inn á dagskrána aftur þegar hæstv. ráðherra getur látið svo lítið að vera viðstaddur umræðu um það.

[15:04]

Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):

Hv. 7. þm. Suðvest. Katrín Júlíusdóttir spurði eftir ráð-

herra og lét í ljós áhuga á að spurningar hennar kæmust örugglega til ráðherra. Hún gerði ekki beinlínis kröfu um að ráðherra yrði mættur meðan hún héldi ræðu sína.

Forseti gerði ráðstafanir til þess að kallað yrði eftir því hvort það væri ekki alveg öruggt að menntamálaráðherra kæmi til Alþingis og jafnframt að það yrði tryggt að spurningar þingmannsins yrðu teknar niður og kæmust til menntamálaráðherra.

Forseta var tjáð að menntamálaráðherra væri á leið til þings. Forseti mun að sjálfsögðu kanna nú hvað líður för menntamálaráðherra.

[15:05]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Auðvitað væri æskilegt að hæstv. ráðherra væri einhvers staðar áheyrandi að þessari ræðu sem ég ætla að flytja. Því í henni kem ég inn á spurningar sem ýmsir hafa fleygt til hæstv. ráðherra og ekki fengið fullnægjandi svör við. Hins vegar dugar mér alveg að hafa hv. formann menntamálanefndar svona fyrstu klukkutímana í minni ræðu. Hann hefur nú sýnt það, sá ágæti hv. þingmaður, að hann hefur glögg skil á því efni sem hér liggur undir þó ég sé honum í öllum grundvallaratriðum ósammála. Ekki alveg öllum, en langflestum.

Það gleður mig alveg sérstaklega að hafa hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson hér viðstaddan umræðuna vegna þess að ég get nú vart hugsað mér skondnara, jafnvel ömurlegra, hlutskipti en hv. þingmanns. Nú er það svo að hv. þingmaður berst með kjafti og klóm fyrir því að koma þessu frumvarpi hér í gegn, en það er ekki lengra liðið en eitt ár frá því að hann var flutningsmaður að öðru frumvarpi þar sem hann vildi hafa allt aðrar áherslur. Ég velti því fyrir mér hvað valdi þessum umskiptum hv. þingmanns.

Á köflum hefur hv. formaður menntamálanefndar skipt um skoðun stundum jafnvel svo títt að það hefur verið erfitt að fylgjast með því. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur flutt einhverjar glæsilegustu ræður allra sölumanna sem nokkru sinni hafa verið fluttar í sölum Alþingis. Hér fyrr á árum, þegar hann kom til þessarar umræðu, var hann enn þeirrar skoðunar að það ætti að selja Ríkisútvarpið. Enda flutti hann frumvarp í fyrra sem sagði beinlínis að Ríkisútvarpið skyldi selt fyrir lok þessa árs, 2006. Þegar ég spurði hv. þingmann eftir þessu í 1. umr. málsins var hann enn við sama heygarðshornið.

Hins vegar var kominn skrekkur í hv. þingmann þegar við komum til 2. umr. Ég spurði þá formann menntamálanefndar hvort hann væri enn þeirrar skoðunar að það bæri að selja Ríkisútvarpið. Þá komu einhverjar undarlegar málalengingar hjá hv. formanni nefndarinnar. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Hann hafði bersýnilega verið tekinn á kné ráðherrans og flengdur eins og óþægur strákur. Hann kom hérna eins og fermingardrengur með húfuna í hönd og bukkaði sig og beygði fyrir þeirri stefnu sem er að finna í frumvarpinu og vildi ekki kannast við það, þegar ég spurði hann í andsvari hér við upphaf 2. umr., að hann vildi enn selja Ríkisútvarpið. Svar hv. þingmanns var efnislega á þá lund að það væru ekki aðstæður fyrir sölu núna og þess vegna styddi hann þetta. Hann var með öðrum orðum búinn að láta af sinni gömlu hugsjón um að selja Ríkisútvarpið. Nú er allt í lagi að gera það bara að hlutafélagi. Reyndar hlutafélagi í því formi, frú forseti, sem leiðtogi lífs hans í efnahagsmálum, hv. þm. Pétur H. Blöndal, sagði að væri ekki 10 aura virði. Hann sagði það í umræðum um frumvarp þeirra þremenninganna, hv. þingmanna.

Mér er líka svolítið skemmt, frú forseti, að heyra að hv. þm. kallar nú fram í. Að hann sé enn kominn á hið upphaflega form skoðunar sinnar. Þá er hv. formaður menntamálanefndar búinn að skipta, að því er mér telst til, fjórum sinnum um skoðun. Hann er með öðrum orðum farinn að minna töluvert á gengi íslensku krónunnar sem fer upp og niður, en því miður yfirleitt niður, undir stjórn þessarar ríkisstjórnar.

Ég hef furðað mig á þessu, frú forseti, vegna þess að ég hef reynt hv. þingmann að því að hann er skeleggur talsmaður fyrir vondum málstað. Hann stóð hvað fastast í brimskaflinum fyrir ríkisstjórnarliðið þegar við vorum að ræða vatnalögin. Hann má eiga það að hann flutti þó bestu rökin fyrir þeim sjónarmiðum sem ríkisstjórnin hafði í því annars vonda máli. Þau rök voru hins vegar ekki nógu góð. En þar skorti ekki staðfestuna. Nú er það aftur á móti svo að málið er orðið ákaflega erfitt fyrir ríkisstjórnina. Það er kominn upp urgur í liði hennar. Framsóknarflokkurinn er nú búinn að skilja að hann var plataður í enn eitt skiptið. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson átti nú töluverðan þátt í því og sýndi mikla, jafnvel aðdáunarverða, hugkvæmni í því að snúa út úr ábendingum Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, og plata Framsóknarflokkinn til að fallast á að háeffa þessa ágætu stofnun.

Það sem mér finnst þó merkilegast, frú forseti, við framgöngu hv. þingmanns, formanns menntamálanefndar, og ég kem að síðar í minni ræðu, er að hluti af því farteski sem hv. þingmaður er að berjast fyrir að koma hér í gegnum þingið er nefskattur. Það hefur enginn lagt fram betri rök gegn nefskatti en hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Hann gerði það í þingmáli sem hann flutti með hv. þingmönnum Pétri H. Blöndal og Birgi Ármannssyni og þar var í 13 liðum hrakin með snilldarlegum hætti röksemdarfærsla hæstv. menntamálaráðherra fyrir nefskatti og hugkvæmni hv. þingmanns og samflutningsmanna hans og söguleg þekking kom jafnvel hv. þingmönnum eins og Einari Má Sigurðarsyni, Jóhanni Ársælssyni og Merði Árnasyni á óvart. Kalla þeir þó ekki allt ömmu sína í þeim efnum.

Hv. þingmaður gat þess t.d. að á dögum genginna konunga í Bretlandi hefði nefskattur leitt til bændauppreisnarinnar 1643. Hann gat þess líka, svona í framhjáhlaupi, að síðast þegar taka átti upp nefskatt í Bretlandi hefði það leitt til þess að annað goð hv. þingmanns var af stalli fellt. Það var Margrét Thatcher.

Þetta er rakið í kafla í frumvarpinu sem hv. formaður menntamálanefndar flutti í fyrra en kaflinn hét: Frumvarp menntamálaráðherra. Þar var rakið í 13 liðum af hverju það væri fáránlegt og út í hött og, eins og þeir sögðu, hv. flutningsmenn, ekki 10 aura virði að samþykkja frumvarp með nefskatti.

Nú hefur þessi hv. þingmaður, ungur sem hann er að árum en sem betur fer að öðlast reynslu, algerlega snúist í hring. Hann kemur hingað. Hann berst af hugrekki ljónsins fyrir því að ná í gegn nefskatti.

Frú forseti. Ég vænti þess að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson skýri fyrir þingheimi, þá kannski helst fyrir sjálfum sér, hvað veldur því að hann hefur á einu ári hringsnúist í þessu máli. Mig langar að spyrja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson: Er hann enn sömu skoðunar og hann var í fyrra um nefskattinn? Ef hann hefur fallið frá þeirri skoðun sem hann hafði á honum langar mig að fá að vita hvað veldur skoðanaskiptum hans. Ef hann hefur enn þá sömu skoðun og í fyrra, sem mér finnst ólíklegt miðað við önnur skoðanaskipti hans í þessu máli, langar mig að spyrja: Hvernig stendur þá á því að hann er hér fremstur í flokki manna við að koma þessum nefskatti í gegnum hið háa Alþingi?

Þetta var nú, frú forseti, það sem ég vildi í upphafi máls míns gleðja hv. formann menntamálanefndar með. Ég tel nefnilega að í honum sé fólgið pólitískt efni og mér er raun að því þegar menn sóa sínu góða pólitíska kapítali og innstæðu með framferði af þessu tagi.

Ég þarf ekki að upplýsa þingheim eftir fyrri ræður sem ég hef haldið hér um þetta mál að þetta frumvarp er að mínu mati ótækt. Ég er efnislega algerlega á móti því. Ég er á móti flestum meginatriðum þessa frumvarps. Ég er algjörlega á móti því að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Ég er hins vegar sammála þeim markmiðum sem hafa komið fram, t.d. í máli formanns menntamálanefndar, að það sé nauðsynlegt að skapa Ríkisútvarpinu meiri lipurð og sveigjanleika á markaði til að geta brugðist við nýjum og breyttum aðstæðum. Til þess eru ýmsar leiðir.

Ein leið er hlutafélagaformið. Ég fer í engar grafgötur með að fyrir fyrirtæki sem lifa af sjálfsaflafé, jafnvel þótt þau séu í eigu ríkis eða sveitarfélaga, er hlutafélag heppilegt form. Þó er ég þeirrar skoðunar að það sé ákaflega óheppilegt að opinber fyrirtæki eða stofnanir sem eru að uppistöðu reknar fyrir skattpeninga almennings séu settar yfir í hlutafélagaformið. Allra síst tel ég það sé gerlegt með þeim hætti sem hér er lagt til. Það er nefnilega blekking sem ríkisstjórnin heldur fram, að hér sé búið til sjálfstætt hlutafélag. Eitt af því sem hæstv. menntamálaráðherra hefur talað mikið um í þeim fjölmörgu ræðum og andsvörum sem hún hefur flutt á þingi er að meginmarkmiðið sé að gera Ríkisútvarpið hf. að sjálfstæðu hlutafélagi.

Enginn í þessum sal hefur jafnmikla þekkingu á því *hvernig hlutafélagamarkaðurinn virkar* og hver eru lögmál hans eins og formaður efnahags- og viðskiptanefndar. Sá ágæti þingmaður Pétur H. Blöndal lýsti því yfir í umræðu, þar sem hann tók sérstaklega fyrir sitt eigið frumvarp, að það væri með engu móti hægt að kalla Ríkisútvarpið hf., yrði frumvarpið samþykkt, sjálfstætt hlutafélag. Ég er sammála honum um það.

Hann benti á að samkvæmt frumvarpinu kýs ekki einu sinni handhafi hlutabréfsins, sem er bara eitt í þessu fyrirtæki, stjórn félagsins. Handhafi hlutabréfsins, hæstv. menntamálaráðherra, verður að taka pólitískum skipunum frá meiri hlutanum á þingi. Honum er stillt upp við vegg með því að skipa í reynd pólitíska stjórn. Menn geta haft skoðanir á því, jákvæðar eða neikvæðar. En það þýðir hins vegar, frú forseti, að Pétur H. Blöndal kemst að þeirri niðurstöðu að við slíkar kringumstæður sé ógerlegt að tala um að slíkt hlutafélag sé sjálfstætt. Ég hef í reynd hina efnislegu niðurstöðu hv. þm. Péturs H. Blöndals fyrir því þegar ég segi að það er blekking hjá ágætum þingmönnum stjórnarliðsins sem rembast eins og rjúpa við staur við að koma þessu frumvarpi í gegn og segja að búið verði til sjálfstætt hlutafélag úr RÚV.

Ég er að sjálfsögðu í meginatriðum og mest á móti því að þetta opnar fyrir sölu á RÚV. Það segir að vísu í 1. gr. frumvarpsins að það megi ekki selja RÚV eða hluta úr því. Framsóknarmanninum Hjálmari Árnasyni, hv. formanni þingflokksins, þótti nokkurt hald í þessari grein þegar hann hélt ágæta ræðu þar sem hann skýrði fyrir hönd Framsóknarflokksins af hverju flokkurinn hefði beygt af leið við 1. umr. Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði að hann mundi loksins treysta sér til að styðja að Ríkisútvarpið yrði háeffað vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefði lofað að það yrði ekki selt, það væri meira að segja búið að fá staðfestingu á því með því að í 1. gr. frumvarpsins er þessi klásúla um að það megi ekki selja neitt. Þess vegna hlustaði ég grannt eftir því þegar hér urðu orðaskylmingar milli háttvirtra þingmanna og hæstv. menntamálaráðherra þar sem hún gekkst við því, hreinskilnislega, að þrátt fyrir allt væri hægt að selja. Það þyrfti ekki annað en samþykki Alþingis með sérstökum lögum.

Ég veit að hv. þingmaður og formaður menntamálanefndar kannast við það úr þingsögunni að í fjárlagafrumvarpinu ár hvert eru svokölluð „þrátt fyrir ákvæði". Það eru ákvæði sem segja að þrátt fyrir að ekki megi eyða fjármunum sem aflað er samkvæmt sérstökum lögum nema með tilteknum hætti þá skuli þeir samt teknir í ríkissjóð. Þessi „þrátt fyrir ákvæði" eru auðvitað til marks um að þingið getur hvenær sem það vill, bara með einni samþykkt í þessum sölum, séð til þess að Ríkisútvarpið verði selt.

Nú er það svo, frú forseti, að það liggja auðvitað fyrir yfirlýsingar fjölmargra þingmanna Sjálfstæðisflokksins um að það eigi ekki að selja Ríkisútvarpið. Margir góðir og gegnir sjálfstæðismenn halda því fram að það sé rétt að RÚV verði alltaf í almannaeigu. En það eru að verða breytingar á þessum viðhorfum. Þessar breytingar verða með kynslóð nýrra stjórnmálamanna eins og hv. þm. Birgis Ármannssonar og Sigurðar Kára Kristjánssonar. Þeir tilheyra vaskri sveit ungra hugsjónamanna af hægri vængnum, hinum svokallaða frjálshyggjuvæng í Sjálfstæðisflokknum. Þessi vængur hefur á síðustu árum rutt sér til rúms með nokkuð stórtækum hætti. Fulltrúar þessa vængs eru komnir inn í borgarstjórn Reykjavíkur eða eru á leiðinni þangað. Ég rifja það upp að einn af pólitískum samherjum þessara ungu þingmanna, Gísli Marteinn Baldursson varaborgarfulltrúi, missti það út úr sér hér í aðdragandanum að kosningabaráttunni að það kæmi hugsanlega til greina einhvern tímann í framtíðinni að selja Orkuveitu Reykjavíkur.

Hv. þm. Birgir Ármannsson og Sigurður Kári Kristjánsson hafa árum saman barist fyrir því, innan vébanda ungliðasveitar Sjálfstæðisflokksins, að samþykktar væru ályktanir og tillögur undir drynjandi trumbuslætti um að Ríkisútvarpið ætti að selja. Þetta er með öðrum orðum, frú forseti, skoðun alls yngri hluta Sjálfstæðisflokksins. Við vitum að tímanum vindur fram og þeir sem eru í framlínu hverju sinni í stjórnmálunum þokast úr henni og nýjar kynslóðir taka við. Sú kynslóð sem þessir tveir hv. þingmenn sem ég

nefndi áðan mun fyrr en seinna setjast að völdum í Sjálfstæðisflokknum eins og sama kynslóð mun taka yfir valdatauma í öllum öðrum flokkum. Ég óttast að þegar búið er að ná þeim áfanga sem þessir menn berjast fyrir í dag, að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið, þá verði þeir reiðubúnir til að stíga stærri skref. Ég óttast það. Ég treysti því ekki þegar sagt er í dag að RÚV verði ekki selt. Ég treysti því enn síður, frú forseti, þegar ég les frumvarp sem þessir háttvirtu þrír þingmenn fluttu hér í fyrra.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson dró sig af einhverjum undarlegum ástæðum út af því frumvarpi nú í ár. Gæti verið, frú forseti, að það tengdist þeirri staðreynd að hv. þingmaður var orðinn formaður menntamálanefndar og það þótti ekki nægilega trúverðugt að formaður nefndarinnar, sem átti að vinna að háeffun Ríkisútvarpsins í gegnum þingið, væri á frumvarpi sem beinlínis lyti að sölu RÚV? Þar var hann þó þangað til hann brast kjarkinn á þessu ári og fór að sikksakka með skoðanir sínar í þessu efni.

Mig langar að rifja það upp fyrir þingheimi að í áðurnefndu frumvarpi er birt tímaáætlun um hvað þessir herramenn mundu gera ef þeir hefðu völdin í landinu og mættu móta stefnuna. Tímaáætlunin sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson flutti með svo glæsilegum hætti í vel reifuðu frumvarpi, byrjar svona eins og frumvarpið lítur út í dag:

„Apríl 2006. Frumvarp samþykkt.

1. júlí 2006. Hlutafélag, RÚV hf., stofnað.

Fyrir árslok 2006. Útvarpsráð skilgreinir verkefnin og vinnur fjárhagsáætlun fyrir 2007.

Gerir samning við RÚV hf. um framkvæmd allra verkefna þess árið 2007.

Fyrir árslok 2006. Útvarpsráð fer á fjárlög fyrir 2007."

Síðan kemur hér: „Fyrir árslok 2006. RÚV hf. selt."

Þarf frekari vitnanna við? Kynslóðin sem nú er komin í fremstu víglínu í flokknum, farin að stýra þyngstu nefndum þingsins, mun fyrr en seinna öðlast þau völd innan Sjálfstæðisflokksins að hún geti látið svona hugsýnir — ég vil nú ekki kalla þetta hugsjónir — rætast. Það kemur að því að aðrir og enn yngri menn en þessir ágætu tvímenningar sem ég nefndi hér til sögu, uppalningar þeirra úr SUS, úr Heimdalli, sem þeir hafa árum saman fengið til að samþykkja ályktanir um að selja eigi RÚV, munu líka þokast inn í þingmannaliðið hjá Sjálfstæðisflokknum þegar þessir ágætu herramenn verða komnir þar til enn frekari valda en þeir hafa í dag ef Guð og lukkan lofar þeim. Það er þá sem þeirri áætlun, sem ég las hér upp um söluna á RÚV, verður hrint í framkvæmd. Þetta er það sem ég óttast mest við þetta frumvarp.

Afstaða margra þingmanna Sjálfstæðisflokksins liggur fyrir. Afstaða heilla félaga í Sjálfstæðisflokknum liggur fyrir. Afstaða stærsta félags innan Sjálfstæðisflokksins liggur fyrir, afstaða Heimdallar og öflugustu og virkustu samtakanna, Samtaka ungra sjálfstæðismanna. Þannig er alveg ljóst hver framtíðarsýnin er.

Frú forseti. Fyrir tíu árum voru aðrir menn, yngri en þeir eru í dag, sem höfðu líka hugsjónir. Þeir náðu því á sínum tíma fram að flokkurinn gerði að opinberri stefnu sinni að hefja partasölu á Ríkisútvarpinu. Þeir náðu því í gegn eftir áralanga baráttu á landsfundum Sjálfstæðisflokksins sem hófst upp úr 1990, að það yrði stefna Sjálfstæðisflokksins að selja Rás 2. Eins og hv. þingmenn sem hafa sögulegt minni muna eftir þá lagði Sjálfstæðisflokkurinn í kosningar árið 1995 með tvennt að leiðarljósi, sem með nokkuð skoplegum hætti var svo skilgreint af góðvini mínum og hæstv. forseta, fyrrverandi formanni Alþýðuflokksins Jóni Baldvini Hannibalssyni, með svofelldum hætti: Sjálfstæðisflokkurinn vill efla guðskristni í landinu og selja Rás 2.

Ég veit ekki hvort honum hefur tekið hið fyrrnefnda en mér leikur efi á því. En með þessu frumvarpi stígur hann a.m.k. töluvert skref í áttina að því að gera að veruleika draumsýn hinna ungu manna sem börðust fyrir þessu upp úr 1990.

Í samhengi við þessa umræðu er rétt að menn hafi það í huga að eitt af því sem þeir þingmenn stjórnarandstöðunnar sem harðast hafa andæft þessu frumvarpi og bent á með beittum rökum er fjárhagsstaða RÚV. Eitt af afrekum 20 ára skeiðs Sjálfstæðisflokksins í menntamálaráðuneytinu er það að fjárhagur RÚV er ákaflega erfiður. Vitum við hve erfiður hann er? Það veit enginn maður.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, lögfræðingur, ætlar sér með þessu frumvarpi að gera það sem hann mundi aldrei ná í gegn á almennum markaði ef hann væri starfandi á almennri lögfræðiskrifstofu úti í bæ og ég kæmi til hans og bið hann um að skrá fyrir mig hlutafélag og það væri ekki klárt hver eiginfjárstaða þess væri. Hann fengi aldrei að skrá það. Þetta veit hv. þingmaður. En hann er samt sem áður með frumvarp um að búa til hlutafélag úr RÚV án þessu að vita hver eiginfjárstaða hlutafélagsins verður. Á almennum markaði mundi það aldrei fást í gegn vegna þess að enginn endurskoðandi mundi treysta sér til að skrifa upp á slíkt. Heiðarlegum lögfræðingum, eins og hv. formanni menntamálanefndar, mundi aldrei koma það til hugar.

Þetta, frú forseti, er auðvitað langrar umræðu vert. Þetta speglar vel flumbruganginn og þá hrákasmíð sem er á ákveðnum köflum þessa frumvarps, að menn skuli láta koma sér til hugar að samþykkja frumvarp um Ríkisútvarpið án þess að vita hver eiginfjárstaðan er, án þess að vita hver eignastaðan er, eins og hv. þm. Mörður Árnason hefur bent á með sterkum rökum.

Þetta er þannig að fræðilega gætu skuldunautar hins nýja félags, ef samþykkt verður, gengið að því á fyrsta degi og gert það gjaldþrota, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði í sinni fyrstu ræðu. Hann sagði ekki hægt að hafa þetta sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð ríkisins því að þá væri ekki hægt að gera það gjaldþrota. Þessa tilvitnun get ég fundið og lesið upp fyrir háttvirtan þingmann.

Það ekki svo að ég haldi því fram að það sé sérstakt keppikefli fyrir formann menntamálanefndar að gera Ríkisútvarpið gjaldþrota. En hann tók svona óheppilega til orða. Staðreyndin er þessi: Enginn maður á Íslandi veit hver eiginfjárstaða Ríkisútvarpsins er. En allir sem bera skynbragð á lögin vita að á almennum markaði fengist samkvæmt hlutafjárlögum ekki skráð félag án þess að menn hefðu slíka grundvallarþekkingu á stöðu þess. Svo koma þessir menn og segja, þegar við spyrjum þá út í aðferðafræðina: Lesið hlutafélagalögin.

Hv. þm. Mörður Árnason gekk hér hart að hæstv. menntamálaráðherra til að spyrja hana út í ákveðna hluti

sem vörðuðu samþykktir og þjónustusamninga. Þá sagði hæstv. menntamálaráðherra ekki einu sinni heldur þrisvar sinnum: Farðu og lestu hlutafélagalögin. En í 13. töluliðum hlutafélagalaganna eru liðir sem varða einmitt samþykktir stjórnar. Þar er auðvitað um allt aðra hluti að ræða en þá sem í lögunum, í 8., 10. og 11. gr., er vísað til samþykktar. Það er verið að tala um ábyrgð Ríkisútvarpsins, dagskrárstefnu og skilgreiningu almannaútvarps. Engum lifandi manni kemur til hugar að fara og leita svara við slíkum skilgreiningum í hlutafélagalögunum. En hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er genginn úr salnum og það þykir mér miður því að þetta var enginn smáútúrdúr hjá mér.

Ég var kominn þar niður í minni ræðu að ég var að undirstrika tengslin milli þeirrar fjárhagslegu stöðu sem Sjálfstæðisflokkurinn er að setja Ríkisútvarpið í núna með hlutafélagavæðingunni og þeirrar vegferðar flokksins sem hefur leitt til þess að árum saman hefur þessi menningarstofnun verið fjársvelt. Og hins vegar sömu áforma innan Sjálfstæðisflokksins.

Ég rifjaði upp að það hefur verið draumur margra manna sem nú eru komnir til áhrifa í Sjálfstæðisflokknum að hefja partasölu á Ríkisútvarpinu. Byrja á Rás 2. Hvað segir í 3. gr. þessa frumvarps? Þar kemur það alveg skýrt fram að samkvæmt hinum nýju lögum mun Ríkisútvarpið ekki axla þá skyldu að reka Rás 2. Þar segir að að lágmarki verði að hafa eina hljóðvarpsrás og eina sjónvarpsrás. Ég hlustaði með athygli á þegar hv. þm. Mörður Árnason spurði hv. menntamálaráðherra hvað þetta þýddi. Hvort þetta þýddi að það væri hægt að selja eða leggja niður Rás 2. Svar hennar var ákaflega eftirtektarvert. Það var þetta: Það verður hinnar faglegu stjórnar og útvarpsstjóra að ákveða.

Með öðrum orðum, frú forseti. Við alþingismenn sem lítum á Rás 2 sem hluta af nútímalegri menningu og burðarás og burðarstoð undir nýgilda tónlist Íslendinga, við sem teljum að Rás 2 eigi áfram að vera til og gegna því hlutverki sem hún hefur, við mundum við slíkar aðstæður ekki hafa neitt um það að segja. Það kemur skýrt fram í frumvarpinu. En það kemur líka skýrt fram í þeim svörum sem hv. þm. Mörður Árnason fékk frá hæstv. menntamálaráðherra. Hún sagði það bara alveg skýrt. Það verður ekki mitt hlutverk. Það verður ekki hlutverk Alþingis. Það verður hlutverk faglegrar stjórnar og útvarpsstjóra.

Við getum svo deilt um það hvort stjórn, sem er kosin pólitískri kosningu fyrst og fremst með það markmið í huga að tryggja ítök Sjálfstæðisflokksins sem hefur gert það að forgangsverkefni núna í 20, 30 ár að hafa undirtökin í þessari stofnun, sé hægt að kalla faglega stjórn. En það er aukaatriði í þessum hluta ræðu minnar.

Stórir hópar stjórnmálamanna innan Sjálfstæðisflokksins vilja selja Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpið er í erfiðri fjárhagslegri stöðu. Það er formleg stefna flokksins alls að leggja niður eða selja Rás 2. Og núna er verið að setja inn í frumvarpið heimild til að gera það og það er kórónað með því að hæstv. ráðherra tekur af skarið og segir: Alþingi mun ekki fá að koma að því. Þá segi ég: Það þarf ekki frekari vitnanna við. Það er þetta sem ég óttast. Ef hæstv. ráðherra hefði fyrir sitt leyti skýrt þetta með þeim hætti að að sjálfsögðu mundi Alþingi fá að koma að því ef leggja ætti Rás 2 af, þá hefði ég andað svolítið rólegra. Ráðherra tók hins vegar algerlega af skarið með þetta mál.

Mig langar að spyrja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson hvers konar vinnubrögð honum finnist það vera að ætla sér að pressa þetta mál í gegn með þessum mikla hraða, án þess að menn fái að skoða nákvæmlega ýmsa þætti og reyna að svara ýmsum spurningum sem vakna við meðferð málsins á þingi, og vita ekki einu sinni hver eiginfjárstaðan er. Finnst hv. þingmanni að þetta séu boðleg vinnubrögð?

Af því að hv. þingmaður er sá sem núna hefur ábyrgðina á þessu máli í höndum sínum hér á meðan það er innan þingsins langar mig að spyrja hann: Hvaða nauður rekur til að það verður að samþykkja þetta núna? Af hverju taka menn sér ekki tíma og skoða t.d. hina fjárhagslegu stöðu og komast að því hver hún er? Þannig að hæstv. ríkisstjórn gæti nú hugsanlega, ef hún ætlar sér eigi að síður að ljúka þessu máli, reitt af höndum það fé sem þarf til að koma hinu nýja hlutafélagi á þokkalega fjárhagslegan grunn. Þetta eru engin vinnubrögð. Þau eru til skammar. Þau mundu verða flautuð út af eins og hv. þm. Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir jafnan um það sem honum finnst ekki áferðarfallegt í stjórnmálum og annars staðar. Þetta er ekki áferðarfallegt.

Frú forseti. Ég gat þess fyrr í ræðu minni að það hefði í reynd verið mögulegt að ná markmiðum sveigjanleika og lipurðar sem við, ég og hv. þm. Sigurður Kári, erum sammála um að séu æskileg, með fleiru móti en því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Einn möguleiki er sá að gera það að sjálfseignarfélagi. En af hverju vilja menn ekki gera það að sjálfseignarfélagi? Ríkisstjórnin hefur sagt það alveg skýrt fyrir sitt leyti í öðru máli og óskyldu hvers vegna hún tekur hlutafélagaformið fram yfir sjálfseignarformið.

Hér í þinginu liggur fyrir annað frumvarp. Það er frumvarp sem miðar að því að gera rannsóknastofur matvælarannsóknastofnana ríkisins að hlutafélagi. Renna þeim saman og hlutafélagavæða. Ég hef lýst stuðningi við það frumvarp. Ástæðan er sú að eðlismunur er á stofnun af því tagi eða fyrirtæki og Ríkisútvarpinu. Þessi einfaldi munur, sem einu sinni var nú grundvallarregla að virða í Sjálfstæðisflokknum, felst í því að þessi nýja hlutafélagavædda matvælarannsóknastofa er rekin af sjálfsaflafé en Ríkisútvarpið er að uppistöðu rekið fyrir fjármuni almennings.

Hæstv. forsætisráðherra reifaði það mál mjög vendilega í ræðu sem hann flutti þegar hann mælti fyrir frumvarpinu um að háeffa rannsóknastofnanir matvælaiðnaðarins. Hann sagði hreinskilnislega að menn hefðu skoðað tvenns konar form, sjálfseignarfélag í atvinnurekstri annars vegar og hlutafélag hins vegar. Í greinargerðinni, sem hæstv. forsætisráðherra las upp, segir eftirfarandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Til greina kom sá möguleiki að reka sameinaðar matvælarannsóknastofur í formi sjálfseignarstofnunar. Niðurstaða athugunar var sú að auðveldara yrði að fá fleiri aðila til að taka þátt í hlutafélagi þegar fram í sækir en í sjálfseignarstofnun. ... Sjálfseignarstofnanir eiga almennt mun erfiðara með að fá aukin stofnframlög en hlutafélög að auka hlutafé sitt eða breikka hópinn sem leggur þeim til fé.“

Skýrara er nú tæpast hægt að tala. Þarna segir Halldór

Ásgrímsson, hæstv. forsætisráðherra, að ástæðan fyrir því að menn velja hlutafélagsformið fram yfir form sjálfseignarfélags sé sú að það er hægt að selja félagið í pörtum. Það er hægt að fá nýja hluthafa inn í það ef reksturinn gengur illa.

Frú forseti. Gæti verið að þegar skorið er til hjartans og nýrnanna þá sé það einmitt þetta sem líka vakir fyrir mönnum með Ríkisútvarpið? Gæti verið að sú hugsun sem þarna er sett fram á algerlega tæru formi tengist þeirri staðreynd að það á að skilja Ríkisútvarpið eftir í miklum fjárhagslegum vandkvæðum? Hvað gerir nýtt hlutafélag sem á ekki fyrir útgjöldum en á hugsanlega kost á að selja einhverjar eigur sínar eða taka inn nýja aðila sem leggja fram nýtt hlutafé? Í öllum venjulegum tilvikum sjálfstæðra hlutafélaga mundi þetta gerast. Er ekki RÚV sjálfstætt hlutafélag? Jú. Það er meginþráðurinn, sá allra rauðasti, í orðum þeirra sem mæla fyrir frumvarpinu. Er hugsanlegt að næsta skref verði kannski eftir eitt ár eða tvö ár að standa upp og benda á þá staðreynd að enn eigi hlutafélagið í fjárhagserfiðleikum? Það sé ekki hægt að skera meira niður, og þá ber nú að hafa í huga að niðurskurðurinn síðan 1996 í mannafla er 15% og tekjurnar til 2004 hafa minnkað miðað við launavísitölu um 19% — heimild mín í þessum efnum er nýleg úttekt Morgunblaðsins.

Við þessar aðstæður sjáum við fyrir okkur framtíð þar sem Ríkisútvarpið er í fjárnauð, en það er orðið að hlutafélagi, það er búið að skera öll þau fitulög sem hægt er að skera. Þá er auðvelt að koma fram og segja: Það er ekki nema einn kostur eftir og hann er sá að láta af hendi einhverja starfsemi. Leggja t.d. Rás 2 inn í hlutafélag með öðrum aðilum og fá þá peninga á móti. Selja eigur til að hafa fyrir rekstri. Það gera sjálfstæð hlutafélög þegar þau lenda í erfiðleikum.

Það er þetta sem vakir fyrir Sjálfstæðisflokknum. Það á að halda RÚV áfram hangandi á horriminni og það á að fara eftir þessari möntru sem kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra um að hlutafélagaformið væri æskilegra vegna þess að það væri auðveldara að fá nýja hluthafa inn í slíkt félag heldur en sjálfseignarfélagið. Þetta er mergurinn málsins. Þetta er það sem ég óttast. Það er þess vegna sem ég gruna Sjálfstæðisflokkinn um græsku í þessu máli. Sá grunur er á rökum reistur, ekki bara vegna þess að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur skipt um skoðun á lykilatriðum — ég vona að hv. þm. Pétur Blöndal sé enn sömu skoðunar og hann, ásamt hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, var í fyrra um nefskattinn. Í glæsilega vel orðuðu plaggi sem einmitt fjallaði um það. En þetta er það sem ég óttast, frú forseti. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur líka gagnrýnt að fyrirtæki eins og stofnun verði gert að hlutafélagi á því formi sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur sagt að slíkt félag sé ekki 10 aura virði. Það væri gaman að fá fram hvort hv. þingmaður sé enn þá sömu skoðunar og hann var í fyrra á því (Gripið fram í.) og hvort hv. þingmaður muni standa við stóru orðin sem hann lét falla í þeirri ræðu og greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi. Þó vissulega verði það á öðrum forsendum gert en mínum. (Gripið fram í.)

Pétur H. Blöndal hefur flutt skýrustu ræðurnar gegn þeim aðferðum til fjármögnunar á Ríkisútvarpinu hf. sem ég hef enn heyrt nokkurn flytja. Reyndar var það stutt af þeim ágætu þingmönnum sem þá fluttu frumvarpið — hv. þingmaður gæti kannski upplýst mig um hvort ástæðan fyrir því að formaður menntamálanefndar er ekki lengur á frumvarpinu með honum sé sú að hv. þingmaður hafi kannski tilkynnt honum að hann hafi skipt um skoðun. Þetta er mér hulið. En ég bíð eftir að fá upplýsingar um það.

Hv. þingmaður flutti hér þingmál ásamt þingbræðrum sínum, þeim Birgi Ármannssyni og einhverju sinni Sigurði Kára Kristjánssyni, þar sem hann tók fram skurðhnífinn og svo að segja fletti hold frá beini þegar hann var að ræða um nefskattinn. Hv. þingmaður telur upp, sýnist mér, eina 13 liði sem hann segir að séu neikvæðir við nefskattinn. Hann segir í fyrsta lagi að þessi leið flæki skattkerfið og lagasafnið og bendir á að lög um Ríkisútvarpið séu ekki skattalög. Þó er það svo að ríkisskattstjóri hefur sýnt fram á í umsögn sinni að gjaldið, nefskatturinn, sem hér á að leggja á er ekkert annað en skattur og segir að miðað við öll hugtök og skilgreiningar skattafræðanna sé ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en að þarna sé um að ræða skatt.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi þess vegna alveg sérstaklega að þeim sem ætluðu að kynna sér skattkerfið, hugsanlega með það fyrir augum að ætla sér að stofna fyrirtæki, mundi yfirsjást þessi skattur vegna þess að hans er hvergi getið nema þá í lögum um Ríkisútvarpið hf. Hvaða manni dytti í hug að leita í þeim lögum til að reyna að finna þann kostnað sem felst í því að reka fyrirtæki? Þó að hv. þm. Pétur H. Blöndal geti þess ekki sérstaklega er þessi leið hins vegar algerlega í andstöðu við málflutning margra sjálfstæðismanna á þessu þingi sem miðar að því að draga úr kostnaði við að setja upp sjálfstæð hlutafélög. Ég er sammála þeim um þetta. Ég flutti sjálfur þingmál um þetta fyrir þremur árum. Á þessu ári flutti hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, hugsanlega með einhverjum af þessum ágætu þingmönnum, sérstaka tillögu um að draga úr kostnaði við að setja á stofn fyrirtæki. Einn af þeim sem flutti það frumvarp með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni berst núna eins og ljón fyrir því að auka kostnaðinn, þ.e. hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sem var einn af flutningsmönnunum.

Ég verð að segja hv. þm. Pétri H. Blöndal til hróss að ég tel að sú aðferð sem hann reifar í frumvarpi sínu sé miklu geðfelldari en nefskatturinn. Ég tel líka að hún sé meiri jöfnunaraðgerð, þ.e. hún kemur betur út fyrir þá sem eru fjárvana og þeim sem verður féskylft í lífinu af einhverjum ástæðum.

Pétur H. Blöndal nefndi að gjaldið yrði að sérstökum skatti með sérstakri innheimtu sem flækja mundi kerfið mjög mikið. Hann bendir á að ekki sé með nokkrum hætti hægt að benda á einhver rökræn tengsl við þetta gjald og það gjald sem menn greiða í Framkvæmdasjóð aldraða. Ég er algerlega sammála hv. þingmanni. Ég tel að hefði hv. þingmaður hugsað þetta enn lengra, en hann hefur kannski af tillitssemi við hæstv. ríkisstjórn og kannski sérstaklega hæstv. menntamálaráðherra ekki viljað segja kjarnann í þessu máli, sem er sá að með þessari aðferð er verið að fela nefskattinn.

Það kemur líka fram í hinni ágætu umsögn Péturs H.

Blöndals og þeirra sem fluttu hið upphaflega frumvarp, sem Sigurður Kári hljópst svo í brott frá, að af tillögu menntamálaráðherra leiðir að fyrirtæki sem eru skattskyld eiga líka að greiða þetta gjald. Það kemur fram í frumvarpi þessara ágætu þingmanna að þetta séu 22 þúsund fyrirtæki. Í umsögn ríkisskattstjóra kemur fram að þetta séu 28 þúsund fyrirtæki. Ríkisskattstjóri leiðir getum að því að 13 þúsund þessara fyrirtækja séu í raun ekki með lífsmarki, séu ekki á hreyfingu. Hann getur þess sérstaklega að fyrir tilstilli ágætra þingmanna var fyrir nokkrum árum búin til leið — gott ef hv. þm. Pétur H. Blöndal kom ekki að því líka — sem auðveldaði slit á slíkum félögum sem segja mætti að væru ekki lengur með lífsmarki.

Þessi aðferð, sem fyrrverandi framkvæmdastjóri Verslunarráðsins ætti að hafa kynnt sér, leiðir til að þess að þessi lagalega leið til að slíta óvirkum litlum fyrirtækjum, án þess að verið sé að knýja þau í gjaldþrot, verður ómerk. Þetta þýðir, og það eru ekki mín orð heldur ríkisskattstjóra, að það er hugsanlegt að á annan tug þúsunda lögaðila, á annan tug þúsunda lítilla fyrirtækja verði í reynd knúin í gjaldþrot með öllum þeim kostnaði og leiðindum sem því fylgir, því að farvegurinn í gegnum kerfið til að slíta þessum félögum án gjaldþrots er ekki lengur til. Það var Verslunarráðið, sem hv. þm. Birgir Ármannsson var einu sinni framkvæmdastjóri fyrir, sem barðist árum saman fyrir að ná einmitt þessari flýtimeðferð í gegnum kerfið og geta leitt til endanlegra loka slíkra félaga, slita, án þess að knýja þau í gjaldþrot. Hvað skyldi sá ágæti hv. þingmaður segja í dag? Það er verið að berja hann til hlýðni eins og marga aðra þingmenn sjálfstæðismanna, verið að berja hann til að fylgja frumvarpi sem hv. þm. Pétur H. Blöndal ásamt ríkisskattstjóra hafa sýnt í sameiningu fram á að eyðileggur ákaflega virk og góð ákvæði í skattalögunum sem voru sett að frumkvæði Verslunarráðsins fyrir nokkrum árum.

Það eru undarleg endaskipti á hlutunum. Af því að ég heyri úr hliðarherbergi að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson er kominn hingað og farinn að hlusta á umræður, væntanlega til að taka þátt í þeim, þá langar mig að leggja spurningu fyrir hv. þingmann. Fyrr í vetur flutti hann frumvarp sem miðaði að því að draga úr kostnaði við að stofna fyrirtæki. Hér liggur fyrir frumvarp með ranglátum nefskatti, sem leiddi til bændauppreisnar í Bretlandi 1643, eins og ég veit að hv. þingmaður man. Ef þetta frumvarp verður samþykkt þýðir það að kostnaðurinn við að stofna fyrirtæki eykst um einn tíunda, ríflega. Það bætast við 13.500 kr. Og það sem verst er, ef einhverjir af skjólstæðingum hv. þingmanns ætla sér að stofna fyrirtæki og ætla að gera það vel — kannski eftir þeim kúnstarinnar reglum sem menn hugsanlega læra uppi í háskóla þegar Pétur H. Blöndal sinnir þar stundakennslu, sem ég held að hann geri enn þá — ætla að rannsaka málið, ætla að vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera, þá munu þeir aldrei komast að því með því að fara í lagasafnið, t.d. í lög um skatt, því að annars staðar er kominn nýr feluskattur sem ríkisstjórnin þorir ekki að setja inn í skattalögin af því að hún vill fela nefskattinn. Þetta er algerlega andstætt því sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson stóð og reif sig hásan, alla vega niður í þind, í 45 mínútur fyrr á þessum vetri til þess að andæfa.

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill vekja athygli hv. ræðumanns á því að forseti mun kalla til atkvæðagreiðslu innan einnar til tveggja mínútna. Hv. ræðumaður hefur þann kost að ljúka ræðu sinni á þeim tíma eða fresta henni til klukkan sex, vegna þess að á milli klukkan fjögur og sex er gert ráð fyrir þingflokksfundi.)

Frú forseti. Ég er nú eiginlega ekki byrjaður á hinni eiginlegu ræðu minni. Þetta er aðeins til að vekja eftirtekt á nokkrum staðreyndum og vekja eftirtekt á því að hér eru ágætir þingmenn að láta berja sig út í að samþykkja frumvarp sem er algerlega gegn því sem þeir eru búnir að segja hér í vetur. Ég undanskil hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, af því að ég veit að hann er tekinn þjösnalegum tökum af stjórnarliðinu til að skipta um skoðanir eftir því sem þarf. Ég hef ákveðna samúð með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni vegna þess að ég veit að hann hafði ákveðinn hugsjónaþrótt fyrir hinum litla í atvinnulífinu þegar hann lagði fram frumvarp sitt í vetur. Nú er hann píndur til að greiða atkvæði með vitleysu sem gengur alveg þvert á það sem hann sagði þá.

Frú forseti. Ég mun þá kjósa hið ágæta boð um að fresta ræðu minni.

(**Forseti** (JóhS): Hv. 1. þm. Reykv. n. frestar ræðu þá ræðu sinni.)

Umræðu frestað.

Náttúruminjasafn Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 688. mál (heildarlög). — Þskj. 1009.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 695. mál (heildarlög). — Þskj. 1025.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 711. mál (viðskiptabraut og afnám samræmdra prófa). — Þskj. 1047.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 712. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 1048.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]

Atli Gíslason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Vegna atkvæðagreiðslu um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, um kynferðisbrot, vil ég gera grein fyrir því að ég tel að 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins um nýtt orðalag á nauðgunarákvæðum 194. gr. almennra hegningarlaga tryggi ekki réttarvernd kynfrelsis, fyrst og síðast kvenna, og fullnægi ekki 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands um friðhelgi einkalífs. Kynfrelsi sé með greininni skipað á lægri og lakari sess en öðrum einkalífsréttindum, svo sem bréfleynd, friðhelgi heimilisins og veitt lakari vernd en öðrum líkamsárásarbrotum.

Ég geri kröfu til þess að allsherjarnefnd íhugi þetta mál alvarlega og gaumgæfi vel og breyti orðalagi 1. mgr. 2. gr. Greiði ég atkvæði með því að frumvarpið fari til nefndar með þessu fororði.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Álagning skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 732. mál (EES-reglur). — Þskj. 1068.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tollalög og tekjuskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 733. mál (fækkun tollumdæma o.fl.). — Þskj. 1069.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Jarðalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 739. mál (undanþága frá auglýsingaskyldu, tilkynningarskylda til sveitarfélaga o.fl.). — Þskj. 1075.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Eldi og heilbrigði sláturdýra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 740. mál (heilbrigðiseftirlit og eftirlitsgjald). — Þskj. 1076.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 16:03]

[18:00]

Útbýting:

Reyksíminn, 583. mál, svar heilbrrh., þskj. 1176.

Sjúkraflutningar innan lands með þyrlu, 501. mál, svar heilbrrh., þskj. 1170.

Sjúkraflutningar innan lands með flugvélum, 500. mál, svar heilbrrh., þskj. 1171.

Sjúkraflutningar til og frá Íslandi, 502. mál, svar heilbrrh., þskj. 1169.

Störf rannsóknarnefndar flugslysa 2005, 783. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1180.

Störf rannsóknarnefndar sjóslysa 2005, 782. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1179.

Útgáfa krónubréfa, 781. mál, fsp. KLM, þskj. 1168.

Ríkisútvarpið hf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 401. mál (heildarlög). — Þskj. 517, nál. 1037 og 1117, brtt. 1038.

[18:01]

Össur Skarphéðinsson (frh.):

Frú forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni þegar nauðsynlegt var að gera hlé að ég var að rifja upp þær harkalegu ádrepur sem hv. þm. Pétur H. Blöndal ásamt félögum hans tveimur, þar á meðal formanni menntamálanefndar, höfðu gefið frumvarpi menntamálaráðherra sem við ræðum nú, og á ég fyrst og fremst við þann part sem lýtur að nefskatti. Eins og ég gat um, frú forseti, er nefskattur einhver ranglátasti skattur sem hægt er að hugsa sér. Hann er föst upphæð sem leggst á alla. Hann tekur ekkert mið af greiðslugetu manna eða tekjum. Og enginn hefur sýnt með jafnsterkum rökum fram á það í þessu þingi hvað nefskatturinn er ranglátur eins og formaður efnahags- og viðskiptanefndar en það er auðvitað fróðlegt að sjá að sá ágæti þingmaður reið ekki einn í herför sinni á hendur hæstv. menntamálaráðherra í þessu efni. Hann hafði tvo til reiðar, sveina smáa, knáa og efnilega. Báðir höfðu nægilega vitsmunalegt atgervi til að skynja að gagnrýni hv. þm. Péturs H. Blöndals var á rökum reist.

En það voru engir aukvisar sem fóru í þennan leiðangur með hv. formanni efnahags- og viðskiptanefndar. Þetta var einn af varaforsetum þingsins, hv. þm. Birgir Ármannsson, og hinn var hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, eins og fram hefur komið.

Í ræðu minni áðan var ég þar staddur þar sem ég var að

undra mig stórum á sinnaskiptum hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Sinnaskiptin, frú forseti, felast í því að í fyrra flutti þessi hv. þingmaður þingmál þar sem reifaðir voru stórkostlegir veikleikar að hans dómi og samflutningsmanna á nefskattsákvæði í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra. Nú hins vegar berst þessi ágæti þingmaður með kjafti og klóm eins og ljón fyrir því að ná þessu ákvæði í gegn.

Ég rifjaði það líka upp í lok fyrri kafla ræðu minnar að það ákvæði er sérstaklega andstætt þeim markmiðum í frumvörpum sem lögð hafa verið fram af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins á þessu þingi. Það vinnur beinlínis gegn markmiðum þeirra um að auðvelda fólki að stofna fyrirtæki. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, ekki síst hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, hafa flutt mörg þingmál í einu eða öðru formi þar sem hvatt er til þess að fólki verði auðveldað að stofna lítil fyrirtæki í kringum viðskiptahugmyndir. Við í Samfylkingunni höfum tekið undir þetta. Við höfum alltaf fylgt þeirri stefnu að ýta eigi undir einstaklingsþróttinn, framtak einstaklingsins sem að okkar viti er einn af aflvökum þeirrar kvarnar sem mylur gullið inn í samfélagið sem við byggjum svo aftur velferðarkerfið á.

Í umræðum fyrr í vetur rifjaði ég það upp, virðulegi forseti, sem snerist um þingmál hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar að Íslendingar eru að ýmsu leyti öðruvísi en aðrar þjóðir að því er varðar þennan frumkvæðisþrótt. Kannanir hafa sýnt að hvergi er jafnmikill vilji meðal nokkurrar þjóðar á vesturhveli að setja á stofn fyrirtæki í kringum viðskiptahugmyndir sínar og á Íslandi. Má rifja það upp, virðulegi forseti, að hér á landi er það sérstaklega hlutur kvenna sem liggur eftir varðandi stofnun fyrirtækja í kringum viðskiptahugmyndir. Þó höfum við séð að slík fyrirtæki sem konur af hugviti sínu smíða í kringum slíkar hugmyndir eru jafnan líklegri en hugmyndir okkar af hinu kyninu til að ná fram að ganga, þetta sýna kannanir. Það er af því að þær leggja af stað með betri undirbúning og þær virðast á stundum vera varfærnar og þurfa að minna kapítal til að hefja sitt starf. Ef hægt væri að ná sama hlutfalli kvenna til að stofna lítil fyrirtæki í kringum viðskiptafyrirtæki hér á landi og karla, mundi hagvöxtur aukast um hálft prósent. Þessar upplýsingar fékk ég á sínum tíma hjá Háskólanum í Reykjavík. Ég nefni þetta vegna þess að nefskatturinn hækkar um einn tíunda hluta þann kostnað sem þarf að ráðast í til að stofna svona fyrirtæki. Þess vegna er nefskatturinn gersamlega öndverður þeim hugmyndum sem sjálfstæðismenn hafa lagt fram sem miða að því að auðvelda mönnum að setja á stofn fyrirtæki. Þannig rekur hvað sig á annars horn í þessu lufsulega frumvarpi sem hefur bersýnilega ekki verið til þrautar hugsað og sem er opið í a.m.k. mörgum hornunum, að ég segi ekki, af því að mér kemur Framsóknarflokkurinn í hug, í báða enda.

Pétur H. Blöndal tók 13 dæmi um vonsku nefskattsins. Ég hafði í fyrri minni ræðu rifjað upp nokkur þessara atriða og ég var kominn að atriði fjögur þar sem sérstaklega var bent á að afleiðing þess að nefskatturinn er settur á er m.a. sú að 22 þúsund lögaðilar þurfa að greiða hann. Af þeim eru að mati ríkisskattstjóra 13 þúsund sem eru líklega svokölluð sofandi fyrirtæki, fyrirtæki sem eru ekki starfandi og sem allt í einu fá á sig þennan skatt. Hverjar verða afleiðingar þess? Fyrirtækin fara að skulda, það koma dráttarvextir, upphæðin hækkar. Keisarinn fær ekki greitt það sem hann krefst af þegnunum og þá rekst af stað ferli sem að lokum endar með gjaldþroti. Það segir klárt og kvitt í umsögn ríkisskattstjóra að líklegt sé að þetta geti hrakið þennan fjölda fyrirtækja í gjaldþrot. Það segir meira. Bent er á af Indriða Þorlákssyni ríkisskattstjóra að fyrir nokkrum árum, fyrir atbeina þingmanna sem hafa áhuga á að greiða götu smáfyrirtækja og koma í veg fyrir að fyrirtæki séu hrakin með ónauðsynlegum kostnaði í það leiðindaferli sem endar í gjaldþroti, var sérstök leið til að sjá um slit slíkra félaga. Ríkisskattstjóri bendir á að nefskatturinn í þessu frumvarpi, sem er ekki einu sinni partur af skattalögunum, leiðir til þess að það ferli verður ekki lengur virkt. Þá erum við aftur komin í þá stöðu sem við ræddum mörgum sinnum fyrir nokkrum árum að gríðarlegur fjöldi fyrirtækja og einstaklinga sem þeim tengjast voru rekin í gjaldþrot. Enginn græddi á því nema einhverjir lögmenn úti í bæ og hvers kyns kostnaður ónauðsynlegur féll á ríkið. Talið var á þeim tíma, ætli það séu ekki 8–9 ár síðan, að ríkið þyrfti að axla kostnað sem svaraði til 50–70 þús. kr. fyrir hvert gjaldþrot. Þetta dæmi hefur bersýnilega ekki verið reiknað til enda og á þetta er tryggilega bent af þeim sem mótmæltu svo harkalega þessum nefskatti. Þetta voru þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Einn af þeim var hv. þm. Birgir Ármannsson.

Hv. þm. Birgir Ármannsson hefur getið sér gott orð fyrir þekkingu á efnahagsmálum og málum sem tengjast rekstri fyrirtækja enda hefur þingmaðurinn ákaflega góða reynslu að baki. Hann var framkvæmdastjóri Verslunarráðs og það var einmitt Verslunarráðið sem tók þessi mál upp á sínum tíma og mig langar að spyrja hv. þm. Birgi Ármannsson: Hvað veldur því að hann er núna allt í einu farinn að berjast gegn því sem hann áður barðist fyrir? Ég veit að hv. þm. Birgir Ármannsson mun tæpast gera tilraun til að svara því. Svarið liggur alveg ljóst fyrir. Þessi hv. þingmaður er eins og aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins laminn til hlýðni við frumvarpið þótt í því sé margt sem margir þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru andstæðir.

Við erum í þessu máli, frú forseti, að rata í svipaðar ógöngur og í umræðunni um fjölmiðlalögin hér um árið. Það er rétt að rifja það lítillega upp. Þá ræddi þingheimur frumvarp til laga um eignarhald á fjölmiðlum og ekki fyrirfannst einn einasti maður í röðum stjórnarliða sem studdi það. Það þurfti ekki að spyrja um okkur í stjórnarandstöðunni. Við vorum frá upphafi algerlega á móti því frumvarpi. En það kom aldrei fram hverjir það voru í liði stjórnarinnar sem studdu frumvarpið. Ástæðan er sú að það var fyrst og fremst rekið af persónulegum metnaði hæstv. þáverandi forsætisráðherra. Það var enginn annar sem studdi hann í þessu persónulega stríði við ímyndaða óvini í heimi fjölmiðlanna.

Þetta mál er alveg eins vaxið. Það er líka rekið af persónupólitískum metnaði hæstv. menntamálaráðherra. Hún sést ekki fyrir í málinu. Hún hefur ekki getað skýrt út fyrir okkur hvaða nauðsyn er á að samþykkja málið svona hratt. Bent hefur verið á m.a. af hennar eigin þingmönnum að skafankar eru á frumvarpinu, það eru upplýsingar sem ekki liggja fyrir. Það hefur ekki einu sinni tekist að fá í meðförum menntamálanefndar umfjöllun um það af hálfu sérfræð-

inga hvort sá aðskilnaður, sem t.d. á að vera gerður frumvarpinu samkvæmt á samkeppnisrekstrarlegum þáttum Ríkisútvarpsins og hins vegar rekstri almannaútvarpsins sem slíks, standist og sé heldur og hvort þeir brunaveggir sem þar eru reistir séu það þéttir að logar geti aldrei leikið á milli. Hugsa sér, frú forseti. Verið er að samþykkja frumvarp um rekstur á mikilvægustu menningarstofnun ríkisins og Íslendinga. Uppfylla þarf ákveðin skilyrði sem sett eru af alþjóðlegum samningum sem við erum aðilar að og í nefndinni fellst meiri hlutinn ekki á það að sérfræðingar frá opinberum skattyfirvöldum séu fengnir til að leggja mat sitt á það hvort slíkum skilyrðum sé fullnægt. Þetta er eftir öðru, frú forseti.

Ég er þeirrar skoðunar að nefskatturinn sé þess eðlis að mjög erfitt sé að réttlæta hann. Skattheimtan er ákaflega ósanngjörn. Gjaldið á að tengjast gjaldgreiðslum í Framkvæmdasjóð aldraðra og það á að leggjast á sömu einstaklinga og greiða það gjald. Þetta þýðir að ekki er lagt á þá sem eru yngri en 16 ára og ekki eldri en þá sem eru 70 ára og það leggst ekki heldur á þá sem voru með tekjur undir skattleysismörkum. Útvarpsgjaldið leggst með sama hætti á þennan sama hóp og síðan bætast lögaðilarnir við.

Það er hægt að finna margt athugavert við skattheimtu af þessu tagi. Auðvitað er skiljanlegt að þeir sem eru 70 ára og eldri greiði ekki gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, sem beinlínis hefur það að markmiði að bæta stöðu aldraðra. En það er þó ekki réttlátt að leggja fast gjald á þá sem eru vinnandi og hafa tekjur rétt yfir skattleysismörkum og hafa jafnvel fyrir börnum að sjá og þar af leiðandi ómegð, eiga með öðrum orðum erfitt með að draga fram lífið, en leggja útvarpsgjaldið ekki á þá í hópi aldraðra sem hafa háar tekjur, lífeyrisgreiðslur eða fjármagnstekjur. Við vitum að sem betur fer er sá hópur töluvert stór. Þá spyr ég, frú forseti, og þá kemur að grundvallarspurningu: Er þetta jafnræði?

Stenst það jafnræðisregluna, sem við höfum sett í stjórnarskrána, að þeir sem eru vel efnum búnir en eru komnir yfir sjötugt þurfi ekki að greiða nefskattinn en þeir sem eru ungir, með lágar tekjur, kannski rétt fyrir ofan skattleysismörk og hafa fyrir ómegð að sjá, verða að greiða hann? Erum við þá ekki komin í hring, þegar við tölum um að draga úr jaðarsköttum, vegna þess að þetta kerfi býður ekki upp á það? Ef maður hefur eina krónu yfir mörkunum þá borgar maður 13.500 kr. gjald. Þar er engin jöfnun á milli. Það er ekki oft, frú forseti, sem ég tek undir með hinum hægri sinnuðustu í hópi þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Ég verð þó að segja að sú hugmynd er jákvæðari sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur lagt fram, um að réttlátara sé að tengja þetta gjald við persónuafsláttinn vegna þess að það hefur ákveðin jöfnunaráhrif. Það þýðir að þeir sem eru lægstir í tekjum greiða minna. Sú aðferð er þrátt fyrir allt miklu jákvæðari en nefskatturinn sem hér er lagður fram.

Ég hef í máli mínu drepið aðeins á það að ríkisskattstjóri hefur lagt mat sitt á nefskattinn. Ég velti því fyrir mér hvort krafturinn og þunginn í Sjálfstæðisflokknum til að ná þessu máli í gegn sé slíkur að engin rök hríni á honum. Ríkisskattstjóri lagði í ákaflega mergjuðu máli fram hörð andmæli gegn nefskattinum. Hann taldi upp margvíslegar röksemdir. En það sem mér finnst skipta máli er að hæstv. menntamálaráðherra hafnaði því alfarið, bæði við 1. umr. og líka við 2. umr. málsins, að hægt væri að líta á þetta sem skatt. Ég tel þó að það sé með engu móti hægt að rökstyðja þá afstöðu hæstv. ráðherra.

Eftir að hafa þaullesið ræðu ráðherrans hef ég hvergi fundið eitt einasta orð þar sem hún reynir að rökstyðja þetta. Hún fer með möntruna sína eins og páfagaukur með einhverja þulu sem búið er að kenna honum. Þegar hún er spurð um röksemdirnar fyrir því af hverju þetta sé ekki falin skattheimta þá verður fátt um svör, þá er vísað út og suður. Það er ekki vísað í ríkisskattstjóra. Ástæðan er sú, frú forseti, að ríkisskattstjóri hefur komist að sömu niðurstöðu og við í stjórnarandstöðunni. Hann segir að þetta sé ekkert annað en skattur. Í umsögn sinni telur hann fram ýmis rök sem leiða hann að þeirri niðurstöðu, þ.e. að framsetningin á nefskattinum í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra falli algerlega að fræðilegum skilgreiningum á skatti. Ríkisskattstjóri horfir sérstaklega til þess að ákvörðun á gjaldinu hverju sinni á að vera algerlega einhliða ákvörðun ríkisvaldsins án þess að það sé neitt sérgreint endurgjald. Þetta þýðir samkvæmt skattafræðunum að í reynd sé um skatt að ræða.

Við í stjórnarandstöðunni höfum líka bent á að það á sér stað merkilegur feluleikur með nefskattinn. Ef þetta er skattur, hvar eiga ákvæði um hann heima? Væntanlega í skattalögunum, í lögum um tekjuskatt. Það er ekki gert ráð fyrir því að þar verði minnst á þennan nefskatt sem ríkisskattstjóri sýnir svo tryggilega fram á að er bara partur af venjulegri skattheimtu. Þar er hvergi minnst á hann. Ástæðan er sú að það er verið að fela þetta. Sjálfstæðisflokkurinn er að fela það að hér skuli kominn enn einn feluskatturinn.

Ég ætla ekki að þreyta þingheim með því að rifja upp fyrri runur um margvíslegar tegundir nýrra gjalda sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur víða plantað inn í lögin og notar síðan til að fjármagna lækkun á tekjuskattshlutfalli hinna hæst launuðu. En það er staðreynd að síðan 1995 er sennilega hægt að finna hátt á fjórða tug nýrra gjalda sem eru eins og þessi nýi nefskattur hæstv. menntamálaráðherra falin á víð og dreif í lögunum. Sjálfstæðisflokkurinn segir að þetta séu ekki skattar heldur gjöld en niðurstaðan er hin sama. Þetta er í anda hinnar hægri sinnuðu hugmyndafræði frjálshyggjunnar sem ryður sér svo harkalega til rúms í Sjálfstæðisflokknum, að draga úr tekjutengdri skattlagningu en reyna að taka sem mest með beinum gjöldum eins og þessum, sem helgast ekki af tekjum þeirra sem greiða heldur af ákvörðun ríkisins. Nefsköttunum er dritað út um allt í lögunum og eru sennilega samtals farnir að skila einhverjum milljörðum fyrir ríkissjóð á ári. Sjálfstæðisflokkurinn telur þetta hvergi fram sem skattahækkanir. Sá ágæti prófessor, Stefán Ólafsson, sem rækilegast hefur flett ofan af skattahækkunarstefnu Sjálfstæðisflokksins síðustu missiri hefur heldur ekki enn þá ráðist í að taka þessi gjöld, hvar sem þau eru, rekja með hvaða hætti þau leiða til hækkunar á þjónustu og varningi og ná fram þeirri upphæð sem þetta nemur samtals fyrir almenna borgara í landinu. Allt það sem Sjálfstæðisflokkurinn segir um skattahækkanir eða skattalækkanir er hjóm eitt, blekkingar. Hann tekur aldrei með í reikninginn þessi felugjöld, feluskatta, hina nýju nefskatta sem er að finna svo víða.

Bara til að ljúka þessu og leggja áherslu á skæðadrífu

þessara nýju gjalda þá vil ég rifja upp að hér fóru í gegnum þingið í fyrra lög um siglingavernd. Þar var að finna níu skatta, níu ný gjöld sem lögð voru á ýmiss konar hafnartengda starfsemi en voru öll þess eðlis að þegar upp var staðið lentu þau sem auknar álögur á varning og þjónustu sem almenningur keypti. Þessi nefskattur er enn eitt dæmið um slíkt.

Ríkisskattstjóri finnur líka að þeirri aðferðafræði sem beitt er í frumvarpinu, margvíslega tæknilega örðugleika sem ég ætla ekki að rekja hér. Hann bendir t.d. á að partur af feluleik ríkisstjórnarinnar varðandi skatteðli þessa nýja nefskatts birtist í að upphæðin sé ekki auglýst í Lögbirtingablaðinu. Ríkisskattstjóri spyr: Hvernig eiga þeir sem sækja gjaldið fyrir keisarann af þegnunum, láta menn gjalda skattinn, að vera klárir á því með hvaða hætti á að framkvæma gjaldheimtuna og ráðast í hana? Þetta er eðlileg tæknileg athugasemd hjá ríkisskattstjóra sem spyr: Hér er um skatt að ræða, hvers vegna á ekki að fara með hann samkvæmt venjulegum skattalögum og af hverju er hann ekki settur inn í skattalög? Ég hef svarað því nú þegar.

Eðli nefskattsins er að hann leggst jafnt á alla, algerlega óháð því hvort um er að ræða sárafátækan einstakling eða ofurríkan. Auðvitað fylgja ákveðnir kostir slíkri skattlagningu. Álagningin er í sjálfu sér einföld. Það þarf ekki að beita útreikningum til að komast að því hvað einstaklinguriinn á að greiða því allir, jafnt blásnauðir sem hinir sterkríku, eiga að greiða hið sama. En ókostirnir eru að sjálfsögðu margvíslegir. Skatturinn tekur ekkert tillit til getu einstaklingsins til að inna af höndum greiðslu og er þess vegna mjög íþyngjandi fyrir þá sem eru tekjulágir. Þeir greiða hærra hlutfall af tekjum sínum í skatt af þessu tagi en hinir. Þetta er því andstætt eðlilegum leikreglum skattheimtu og engin rök færð fyrir þessu.

Það vill svo einkennilega til að þeirri röksemd sem ég flyt hér hefur líka verið beitt af þeim sem ég gat um áðan, sem hægt er að kalla hina hægri sinnuðustu í Sjálfstæðisflokknum, þá sem hafa verið hvað mest á móti skattheimtu. Þeir hafa eigi að síður dregið fram hið ójafna og rangláta eðli þessa skatts.

Þegar menn hófu að heimta skatta af þegnum sínum af margvíslegu tilefni var stór hluti af skattheimtunni nefskattar af þessu tagi. En vegna þess hversu ranglátir þeir voru og vegna þess að þeir lögðust jafnt á háa sem lága þá lögðust þeir af í tímans rás vegna þess að almenningur, hinn skattpíndi almúgi, gerði í mörgum tilvikum í veraldarsögunni uppreisn gegn skattheimtu af þessu tagi.

Ég nefndi áðan, frú forseti, skattinn sem Ríkharður II. Englandskonungur lagði á, sem leiddi til þess að það varð bændauppreisn í Englandi á sínum tíma. Ég vil leiðrétta það hér að ég nefndi þá ártalið 1643 en það var 1381 sem uppreisnin átti sér stað vegna þess að skatturinn var leiddur í lög af mikilli hörku árið áður, þ.e. 1380.

En síðasta dæmið um mikla reiði almennings á okkar parti jarðarkringlunnar út af skatti af þessu tagi er nefskatturinn frægi sem Margrét Thatcher lagði á. Hugmyndir um hann fóru að heyrast í þann mund sem ég kom til náms þar en ég held að hann hafi ekki verið leiddur í lög fyrr en um 10 árum síðar. Hann var í gildi þrjú eða fjögur ár en var að lokum afnuminn að fullu vegna harkalegra mótmæla. Við þekkjum öll afleiðingar þessa fyrir þann stjórnmálamann sem hrinti honum í framkvæmd. Hún var felld af stalli en hafði áður þótt óbilandi leiðtogi og líkleg til að ríkja lengi.

Út frá skattalegum sjónarmiðum má segja að þessi háttur á gjaldtöku sé ranglátur og flókinn að ýmsu leyti eins og hann er framkvæmdur samkvæmt þessum lögum. Hægt væri að einfalda málið töluvert en það sem skiptir þó öllu máli er að um hann ríkir ósátt og ófriður, jafnt af hálfu stjórnarandstöðunnar sem innan raða stjórnarliða.

Margir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa í tímans rás andæft gjaldtöku af þessu tagi. Mörgum sinnum hafa þeir stigið fram á hinu háa Alþingi og ráðist gegn ýmiss konar skattheimtu af þessu tagi, nú síðast í þessu tiltekna máli. Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa fært fram 13 röksemdir gegn þessu og það skondna í málinu og skringilega er sú staðreynd að formaður menntamálanefndar var aðili að þeim málflutningi. Hann benti á þessar 13 röksemdir í þingmáli sem hann lagði fram í fyrra. Því hlýt ég að endurtaka spurningu mína til þingmannsins, sem virðist fjarstaddur: Hvað veldur sinnaskiptum hans? Er það trúverðugt, frú forseti, að stjórnmálamaður skipti með þessum hætti algerlega um skoðun á minna en ári? Það er ekki trúverðugt.

Frú forseti. Ég hef áður getið þess að ég lít svo á að þetta frumvarp brjóti allar þær meginreglur sem minn flokkur hefur staðið fyrir. Það er rétt að rifja það upp að Samfylkingin hefur tamið sér ákaflega frjálslynd viðhorf gagnvart atvinnulífinu. Við höfum heldur ekkert farið í launkofa með að við teljum ekki að ríkisvaldið eða hið opinbera eigi að standa að einhvers konar rekstri sem er í samkeppni við markaðinn. Markaðurinn er alltaf að breytast. Umhverfið er alltaf að breytast.

Á sínum tíma var það alveg sjálfsagt að hér væri eitt símafyrirtæki sem sæi um alla símaþjónustu landsins og það væri rekið af ríkinu. Ástæðan var augljós. Þegar það fyrirtæki komst á legg og var byggt upp voru ekki neinir einstaklingar eða fyrirtæki í landinu sem gátu reitt af höndum fjármagn til að byggja það upp. Ríkið tók það að sér alveg eins og ríkið hefur tekið að sér að byggja upp margvíslega þjónustu sem þarf að byggja upp og er kostnaðarfrek í fámennu landi.

Á sínum tíma þegar tækninni vatt fram kom í hlut annars fyrirtækis í félagslegri eigu, Orkuveitu Reykjavíkur, í gegnum fyrirtækið Línu.Net að verða brautryðjandi að netvæðingunni inn á heimili landsmanna. Muna menn nú hvernig það fyrirtæki var hrakið af sjálfstæðismönnum? Muna menn nú hvernig allt var lagt í sölurnar til að níða það fyrirtæki niður? Eftir stendur að það bjó til nýtt umhverfi á tiltölulega skömmum tíma, skapaði nýja samkeppni og þegar önnur fyrirtæki voru komin inn á þann markað var það auðvitað selt, sú starfsemi látin öðrum í té alveg eins og Síminn var síðan látinn öðrum í té með samþykki Samfylkingarinnar. Við lögðumst með því að samkeppnisrekstur Símans yrði settur í hlutafélag og hlutafélagið yrði síðan í hæfilegum áföngum og á réttum tíma selt á markaði. Þannig er einfaldlega dynur tímans. Hann er margvíslegur og hann er stundum hávær og hljóðbær, tóntegundirnar eru mismunandi. En það koma tímamót þar sem aðstæðurnar breytast og það gerðist í tilviki Símans. Við höfum alltaf

verið með þá grundvallarreglu, Samfylkingin og jafnaðarmenn, að þegar um er að ræða samkeppnisrekstur þá sé sjálfsagt að hlutafélagavæða hann og í tímans rás á réttri tímasetningu að einkavæða hann. Þetta hefur verið skoðun mín, þetta er skoðun félaga minna.

Hin hliðin á þessari grundvallarreglu er sú að þegar um er að ræða fyrirtæki í opinberri eigu sem hefur verið rekið að uppistöðu fyrir almannafé þá hentar hlutafélagaformið ekki. Þá er það einfaldlega öfugsnúið form til að varðveita og fara vel með hið opinbera fé. Hvers vegna? Vegna þess að við þekkjum það að til þess að það sé farið vel með skattfé almennings þarf virkt aðhald og virkt aðhald er aldrei hægt að veita nema hægt sé að fá upplýsingar um rekstur slíks fyrirtækis. Þau fyrirtæki sem ríkið hefur rekið hafa verið með ýmsu móti. Það hafa verið sameignarfélög, það hafa líka verið sjálfseignarfélög sem hafa verið í atvinnurekstri. Það er form sem hentar opinberum rekstri ákaflega vel. Það á það sameiginlegt með hlutafélagsforminu að það veitir sveigjanleika og lipurð, það gefur færi á því að gefa stjórnendum ákaflega mikla möguleika til að ráða rekstrinum eins og stjórn viðkomandi sjálfseignarfélags kýs að fela þeim. Um þetta eru sérstök lög sem voru sett 1993, endurbætt 1999.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi grundvallarregla hafi að engu leyti breyst. Fyrirtæki sem eru rekin fyrir opinbert skattfé en ekki sjálfsaflafé, eiga að vera innan þessa rekstrarforms. Það þýðir að hv. þingmenn í tilviki ríkisfyrirtækja eða sveitarstjórnarfulltrúar í tilviki fyrirtækja í eigu sveitarfélaga, hvort heldur er í minni hluta eða meiri hluta, eiga alla jafna kost á því að krefjast upplýsinga. Krafan um upplýsingar tryggir gagnsæi. Krafan um upplýsingar og skyldan til að veita upplýsingar af hálfu þeirra sem með valdið fara í viðkomandi stofnunum byggir aðhaldið og tryggir að vel sé farið með fé almennings.

Ef rekstur af þessu tagi sem er ekki háður sjálfsaflafé að uppistöðu heldur skattpeningum, ef þetta er hlutafélagsform eins og gert er ráð fyrir hér í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra, þá er það alger úrslitaforsenda til þess að tryggja góða meðferð þess fjár sem þar er fest að kjörnir fulltrúar þeirra sem eiga fyrirtækin, sem hafa lagt peninga gegnum skattgreiðslur til að byggja þau upp eigi alltaf kost á því að veita stjórnendum fyrirtækisins virkt aðhald. Það er aldrei hægt að tryggja það nema með því að þeir hafi réttinn til upplýsinga og það er þetta, frú forseti, sem gerði það að verkum að þegar ég og hugsanlega núverandi forseti sátum saman í ríkisstjórn með fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins, Þorsteini Pálssyni og öðrum ágætum sjálfstæðismönnum, þá höfðum við m.a. frumkvæði að því til að tryggja að sett væru ný og endurbætt lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda, reyndar á öllum málum á mörgum sviðum, t.d. á sviði umhverfismála, vegna þess að það er alls staðar sama meginreglan sem gildir. Í nútímaþjóðfélagi er það krafan um upplýsingar af hálfu þeirra sem eru almenningur eða fulltrúi almennings og skyldan til að veita upplýsingar af hálfu þeirra sem fara með fé og fara með valdið fyrir almenning, eða fulltrúa almennings, sem býr til eftirlit og aðhald.

Á síðustu dögum höfum við séð það alveg ljóslega fyrir okkur að hér í þinginu er komin ný kynslóð þingmanna sem virðist ekki skilja þetta. Það er eins og þessi gamla meginregla jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna frá okkar sameiginlegu tíð okkar í ríkisstjórn sé ekki lengur í gildi. Hæstv. menntamálaráðherra vísar í hlutafélagalög og segir að þetta sé svo sveigjanlegt rekstrarform og það sé þess vegna sem það sé svona gott að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi.

Það þurfti þennan sama formann Sjálfstæðisflokksins sem ég minntist á rétt áðan til að skrifa þrjá leiðara í dagblaðið sem hann ritstýrir núna, Fréttablaðið, til að skýra út þessa meginreglu fyrir hæstv. menntamálaráðherra. Þorsteinn Pálsson setti þetta fram með ákaflega glöggum og skýrum hætti. Hann sagði að eins og menntamálaráðherrann beitti hlutafélagaforminu gagnvart Ríkisútvarpinu þá væri í besta falli hægt að kalla það öfugsnúna beitingu og hann undirstrikaði það fyrir hæstv. menntamálaráðherra að það þyrfti alltaf að gera greinarmun á því hvort fyrirtæki ræki sig sjálft fyrir fé sem það aflar eins og t.d. ÁTVR eða hvort það væri rekið fyrir fé skattborgara. Og hann benti á að í tímans rás hefðu menn komið upp t.d. þessu rekstrarformi, sameignarfélagi í atvinnurekstri og sett um það sérstök lög, til að reka slíka starfsemi. Sú starfsemi og það rekstrarform hefur gefist ákaflega vel. Þetta notum við t.d. til að reka ýmsar menntastofnanir og hjúkrunarstofnanir og einmitt vegna þess að þetta fyrirtækjaform er sett undir upplýsingalög og stjórnsýslulög þá eru bæði réttindi eigendanna almenningstryggð í krafti upplýsingalaga en líka réttindi starfsmannanna í krafti stjórnsýslulaga. Það er ekki hægt að taka geðþóttaákvarðanir, eins og núverandi útvarpsstjóri gerði þegar hann var sjónvarpsstjóri á Stöð 2, og reka fréttastjórann af því að duttlungar hans sögðu honum það þann daginn án þess að skýra það, vegna þess að fólkið sem starfar fyrir fólkið, starfsmennirnir sem starfa í fyrirtækjum sem við eigum, hafa rétt gagnvart okkur. Sá réttur felst í því að við eigendurnir eða fulltrúar okkar geta ekki sagt þeim upp störfum eða rekið þá án þess að skýra þá ákvörðun, færa fyrir henni rökstuddar ástæður og veita viðkomandi réttinn til að andmæla. Þetta skiptir höfuðmáli fyrir mig sem jafnaðarmann. Þetta skiptir að sjálfsögðu höfuðmáli fyrir þá sem í reynd vinna hjá sjálfum sér, þ.e. fólkið sem vinnur fyrir okkur, fólkið sem vinnur fyrir almenning og á þessu verður að gera skýran greinarmun. Þessi réttur hefur líka verið goldinn verði.

Þeir sem starfa hjá opinberum fyrirtækjum hafa tryggara umhverfi að þessu leyti. Við höfum líka, kjörnir fulltrúar fólksins, búið við annars konar tryggingu í umhverfi okkar sem er að ýmsu leyti meiri en hægt er að finna á einkamarkaði, þ.e. starfsmenn okkar, fólksins hafa ýmiss konar kjör sem eru umfram kjör á markaði. En þeir hafa goldið þetta með því að laun þeirra eru verri þannig að í gegnum tíðina hafa margir tekið þann kost að starfa frekar hjá ríkinu heldur en á frjálsum markaði vegna þess að það er betri vörn gegn ýmsum áföllum og aðsteðjandi vá sem jafnan er hægt að segja að geti komið upp á frjálsum atvinnumarkaði en gerist ekki þarna. En menn greiða þetta því verði að þeir sættast á laun sem sagan sýnir að eru töluvert lægri, en þeir hafa ákveðnar tryggingar sem eru meiri fyrir lífeyri sínum og öðru þegar sígur á seinni hluta ævinnar og það er eftirsóknarvert og menn vega þetta og meta. Það er hins vegar ekki hægt að taka það versta úr báðum heimum, snúa sam-

an úr því einhvern vöndul og búa til hf. um opinbert fyrirtæki sem sætir ekki þeim skuldbindingum sem felast í lögum um upplýsingakvaðir á hendur stjórnvalda eða stjórnsýslulögum. Það er hæstv. menntamálaráðherra að gera hér. Ég held að hún hafi einfaldlega ekki skilið þetta. Ég held að hún skilji ekki þessa einföldu skilgreiningu sem við höfum alltaf gert, jafnaðarmenn og sjálfstæðismenn, á því hvernig á að gæta fjár almennings. Það er gert með þessum hætti, frú forseti.

Mér þótti athyglisvert og býsna sérkennilegt viðhorf þegar hæstv. menntamálaráðherra svaraði fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins. Hann tók hana eins og krakka á kné sér og agaði hana, sýndi henni fram á með snjallri röksemdafærslu en einfaldri sem fólst einungis í því að rifja upp stefnumið Sjálfstæðisflokksins úr fortíðinni og hæstv. menntamálaráðherra gerði sjálfa sig svo smáa að hún sté fram á við fjölmiðla og sagði að orð þessa vandaða stjórnmálamanns, Þorsteins Pálssonar, bæri að lesa og túlka með hliðsjón af því að hann væri nú starfsmaður hjá 365 miðlunum. Í þeim orðum ráðherrans fólst að sjálfsögðu það að ritstjóri Fréttablaðsins væri reiðubúinn til að varpa fyrir róða eigin sannfæringu, grundvallarskoðunum til að ganga hagsmuna eigenda þess sem Sjálfstæðisflokkurinn kallar á degi hverjum Baugsmiðlana. Hugsanlega er hægt að varpa ásökunum af þessu tagi á einhverja fjölmiðlamenn. Við í stjórnarandstöðunni höfum mörgum sinnum fengið á okkur ásakanir af þessu tagi. En þegar ungur stjórnmálamaður sem hefur náð þeim áfanga að vera treyst fyrir einum mikilvægasta málaflokki þjóðarinnar leyfir sér að svara gagnrýni með svo ómálefnalegum hætti, leyfir sér að segja um fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins sem allir þekkja að því að vera vandaður maður, að hann sé í reynd litaður af skoðunum eigenda Baugsmiðlanna svokölluðu þá held ég að menn séu komnir niður á ákveðið plan sem við höfum ekki séð árum saman í opinberri umræðu. En það verður hver að fljúga sem hann er fiðraður.

Mér þótti það markvert, frú forseti, þegar ég sá síðan í miðopnu Morgunblaðsins að útvarpsstjóri, opinber embættismaður, hlutlaus væntanlega, skrifaði grein og tók í sama streng. Ég vil segja það alveg skýrt að ég tel að Páll Magnússon útvarpsstjóri hafi lítillækkað sig með þeim málflutningi. Ég tel að með þeirri grein hafi hann stigið inn á völl stjórnmálanna. Hann kaus af fúsum og frjálsum vilja að stíga þessa glímu með hæstv. menntamálaráðherra og grein hans var svipuð atlaga að fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins. En hún var um leið partur af þeim átökum sem eru hér í þessum sölum. Það má auðvitað velta því fyrir sér, svo ég leyfi mér þann munað að hugsa upphátt, eins og ég geri stundum, hvort þetta sé besta leiðin til að tryggja að útvarpsstjóri sé frjáls og óháður embættismaður.

Til að taka af öll tvímæli vil ég segja það alveg skýrt að ég er ekki að væna núverandi útvarpsstjóra um að ganga pólitískra erinda eins flokks. En ljóst er þó að í þessu máli gerði hann meira en að lyfta undir hornið með ráðherra sem var í bölvuðum vanda stödd. Mér þótti athyglisvert að sjá að orðtak beggja var hið sama í þessum yfirlýsingum þeirra. Báðum þeirra var það til minnkunar. En ég vona að útvarpsstjóri ætli sér ekki með frekari hætti að taka þátt í pólitískum átökum af þessu tagi. Það er ekki gott fyrir útvarpið. Það er ekki gott fyrir mál af þessu tagi þegar útvarpsstjórinn sjálfur er orðinn beinn og persónulegur þátttakandi en ég tel að hann hafi orðið það þegar hann steig inn á völlinn með atlögu sinni að Þorsteini Pálssyni með þessum hætti.

Frú forseti. Ég er ekki einn, eða við þingmenn stjórnarandstöðunnar, um að segja að það sem sýnir og speglar verstu vinnubrögð sem við höfum lengi séð, af því að stofnunin sem hér er undir er svo mikilvæg, er hvernig menn nálgast fjármál Ríkisútvarpsins og ég hef lítillega gert að umræðuefni fyrr í ræðu minni. Ég treysti Morgunblaðinu þegar það talar um Ríkisútvarpið. Morgunblaðið gerði úttekt á fjárreiðum Ríkisútvarpsins fyrir skömmu, komst að því að á árunum 1996–2004 höfðu tekjur Ríkisútvarpsins af útvarpsgjaldinu skroppið saman miðað við launavísitölu sem svarar 19%. Auglýsingatekjur höfðu á þessu tímabili eitthvað minnkað líka en á þessum árum hefur stofnunin safnað skuldum. Þegar við komum að þeim tímapunkti að breyta hugsanlega rekstrarforminu og komast inn í nýtt umhverfi, búa til svokallað sjálfstætt hlutafélag, og Pétur H. Blöndal, vitrasti maður þingsins um fyrirtækjarekstur, segist ekki gefa 10 aura fyrir sjálfstæði þess hlutafélags með góðum rökum þá er það alla vega lágmark að menn viti hver fjárhagsstaðan er. Ég hef áður rakið að svo er ekki. Það er enginn vilji til að staldra við með málið og láta grafast fyrir um hver eiginfjárstaðan er.

Ég hef lýst því hér, og því hefur ekki verið mótmælt, að ekkert hlutafélag á almennum markaði væri hæft til skráningar eða fengist skráð ef ekki lægi fyrir hver eiginfjárstaða þess væri. Enginn endurskoðandi með virðingu fyrir sjálfum sér mundi nokkru sinni taka það í mál, ekki einu sinni leggja það til, og enginn lögfræðingur mundi fást í slíkan verknað. En hér erum við með í höndunum öflugasta bólvirki íslenskrar menningar, Ríkisútvarpið, og það á að breyta rekstri þess, gjörbreyta, og menn ætla að búa svona illa um hnúta. Þeir ætla að skilja eftir marga lausa enda, eins og t.d. fjárhagsstöðuna. Hvað segir fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins um þetta? Hann hefur líka haft skoðun á því. Hann skrifar leiðara Fréttablaðsins 5. apríl. Hann fjallar þar, frú forseti, um aðskilnað Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins og segir, með leyfi forseta:

„Staðreynd er að ríkisstjórnin ætlar ekki að svara til um eiginfjárstöðu Ríkisútvarpsins og fjárhagsstöðu Sinfóníuhljómsveitarinnar fyrr en eftir að áformaðar skipulagsbreytingar hafa verið festar í lög. Til þess hefur hún allan rétt. Það kann að vera stjórnunaraðferð.

Stjórnunaraðferð af þessu tagi getur hins vegar einvörðungu þýtt tvennt: Annaðhvort er undirbúningurinn í skötulíki eða ekki er allt með felldu um raunveruleg áform að reka hér menningarútvarp og sjónvarp með nokkurri reisn og af þeim metnaði sem einn getur yfir höfuð verið réttlæting fyrir rekstrinum."

Virðulegi forseti. Þetta er fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, ritstjóri dagblaðs hér, einn af þeim mönnum sem áratugum saman hafa af hálfu Sjálfstæðisflokksins setið hvað lengst í ríkisstjórn. Og hann segir það hreint út að það frumvarp sem við erum að ræða sé þannig að annaðhvort sé undirbúningur þess í skötulíki eða að ekki sé allt með felldu um tilganginn. Þó að hér sé um mætan mann að

ræða held ég að honum skjátlist. Hann segir að það sé annaðhvort eða. Ég er þeirrar skoðunar að hvort tveggja sé rétt. Ég held að undirbúningur þessa frumvarps sé í algeru skötulíki.

Það er í fyrsta lagi fjárhagsstaðan. Það veit enginn hver hún er. Það veit enginn hverjar eignir Ríkisútvarpsins eru og hugsanlega ekki heldur skuldirnar. Þá er ég sérstaklega að vísa til viðskilnaðar Sinfóníuhljómsveitarinnar og RÚV en ekki liggur alveg ljóst fyrir hvar hið fjárhagslega borð er í þeim efnum.

Ég vísa líka til samþykktanna sem sérstaklega eru nefndar í þremur greinum þessa frumvarps og varða jafnmikilvæg málefni og skilgreiningu á starfssviði útvarpsstjóra og skilgreiningu á því hvað felst í ríkisreknu almannaútvarpi. Ég vísa í þriðja lagi til þess að þjónustusamningur, sem m.a. er ætlað það hlutverk að skilgreina menningarhlutverk Ríkisútvarpsins, liggur ekki heldur fyrir. Fjárhagsstaðan liggur ekki fyrir. Samþykktir félagsins liggja ekki fyrir. Þjónustusamningurinn, sem má skilgreina sem lykilatriði í hlutverki félagsins, liggur ekki heldur fyrir. Þetta hnígur allt að einni niðurstöðu. Undirbúningurinn er í skötulíki og það er rétt hjá fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins. En ég held að það sé líka rétt, sem hann telur sem kost nr. 2, að hugsanlega sé ekki allt með felldu varðandi markmiðið.

Þá kem ég að því sem ég hef lítillega reifað hér áður: Ég er ekki viss um að það sé tilviljun að það eigi að skilja við Ríkisútvarpið í fjárhagslegri rúst þegar því er fleygt inn á almenna markaðinn með þessum hætti. Það fær í tannfé 5 millj. kr. Íslenskar matvælarannsóknir hf., sem er verið að stofna með öðru frumvarpi, fá hundrað sinnum meira. Þær fá hálfan milljarð í tannfé. Þetta er alveg ótrúlegur munur. Af hverju er þessi klemma sett á Ríkisútvarpið? Er hugsanlegt, frú forseti, að það tengist 3. gr. frumvarpsins þar sem sagt er að það sé ekki skylda hins nýja hlutafélags að reka nema eina hljóðvarpsrás og eina sjónvarpsrás? Er hugsanlegt að þetta tengist líka þeirri staðreynd að hæstv. forsætisráðherra hefur skýrt það út tvisvar sinnum í þinginu í vetur hvaða röksemdir ríkisstjórnin notar þegar hún er að velja á milli hlutafélagsformsins og forms sjálfseignarfélags í atvinnurekstri?

Hæstv. forsætisráðherra hefur sagt: Sjálfseignarformið veitir svipaðan sveigjanleika, veitir svipaða dínamík og lipurð í rekstri. En hann hefur líka sagt: Það veitir ekki sömu möguleika og hlutafélagsformið til að ná inn nýju fé í formi nýrra hlutafélaga. Við höfum sem sagt taflmennina setta upp á borðinu svona: Ríkisútvarp sem er í fjársvelti með neikvæða eiginfjárstöðu og á ekki að fá neitt í tannfé. Við höfum ákvæði sem segir að það sé ekki skylda að reka nema eina útvarpsrás og eina sjónvarpsrás. Við höfum síðan yfirlýsta stefnu Sjálfstæðisflokksins sem segir: Það á að fara í bútasölu á Ríkisútvarpinu með því að byrja á því að selja Rás 2. Verið er að opna á stefnuna sem Samband ungra sjálfstæðismanna og Heimdallur börðust fyrir í sjö ár frá 1988–1995 en þá varð það að opinberri stefnu Sjálfstæðisflokksins. Síðan geta menn leikið fram taflmönnunum.

Við getum leikið fram taflmanninum sem stendur fyrir bága fjárhagsstöðu. Hvernig leikum við honum til lífs? Með því að fara að því sem hæstv. forsætisráðherra sagði að væri aðalkostur hlutafélagaformsins, að fá inn nýja aðila með nýtt fjármagn. Það er mögulegt samkvæmt 3. gr. frumvarpsins. Það er beinlínis sagt í 4. gr. að Ríkisútvarpið megi standa fyrir því að setja hluta af starfsemi sinni inn í ný félög í samkeppnisrekstri ef hægt er að skilgreina viðkomandi rekstrarþátt sem samkeppnisrekstur. Það er vel hægt að hugsa sér þær aðstæður að fjársvelt Ríkisútvarp, með útvarpsstjóra sem kannski vill leysa málið svona og hefur stjórnina að baki sér, ákveði að leggja Rás 2 inn í nýtt hlutafélag á móti t.d. einhverjum af útvarpsstöðvum einhverra þeirra fjölmiðlarisa sem aðrir eru á markaði.

Ef ég, sem kjörinn fulltrúi Íslendinga, er á móti þessu get ég með einhverjum hætti haft áhrif á það hér á Alþingi Íslendinga? Nei. Það segir alveg skýrt í 4. gr. og í greinargerð með henni að þetta sé heimilt. Í 1. umr. málsins var hæstv. menntamálaráðherra spurð að því hvort það væri mögulegt að leggja Rás 2 með þessum hætti inn í hlutafélag sem væri þá í eigu RÚV og einhvers einkafélags á markaði. Hæstv. ráðherra sagði: Það er ekki mitt mál. Ég get ekki gefið skipanir með eða móti því og Alþingi ekki heldur. Og hún nefndi tvo aðila til sögunnar: útvarpsstjóra og faglega stjórn Ríkisútvarpsins samkvæmt þessu frumvarpi. Nú gef ég lítið fyrir faglega stjórn sem er búin til af pótintátum þeirra sem fara með meiri hluta í þessum sal. En fyrir liggur þó að menntamálaráðherranum er bara sagt að þetta sé hægt og þingið getur ekki komið í veg fyrir það. Hún sagði hins vegar, svo öllu sé til haga haldið, að ekki væri hægt að selja slíkt hlutafélag. En ef við setjum okkur í þær kringumstæður að RÚV sé enn frekar féskylft en nú og ekki fáist meiri peningur gegnum hinn óvinsæla nefskatt og það sé búið að skera inn að beini og það sé engin fita eftir til að flá af, hvað gerist þá? Er þá ekki ein leiðin sú að koma á hnjánum til meiri hluta þingsins og æskja leyfis til að fá að selja hlutafélagið, selja þessa eign, RÚV sem búið er að leggja Rás 2 inn í? Að sjálfsögðu. Og þá er hugsanlega hægt að réttlæta það með sama hætti og núna að útvarpsstjóri vilji það alveg eins og það er helsta röksemd þeirra sem mæla með þessu frumvarpi að útvarpsstjóri vilji það af því að hann telji að annars muni Ríkisútvarpið hrörna og hugsanlega deyja. Greinar þess ágæta manns í Morgunblaðinu voru lesnar upp aftur og aftur.

En ef það væri nú þannig við þessar aðstæður að illa áraði fyrir ríkissjóð, ekki kæmi meiri peningur frá þinginu og búið væri að fækka starfsmönnum meira en hægt væri að búa við og engin leið fær önnur en að fara í vendingar af þessu tagi. Við gætum hugsað okkur til viðbótar að þá væri hin nýja kynslóð Sjálfstæðisflokksins komin til valda, mennirnir sem hafa barist fyrir því að selja RÚV og sérstaklega Rás 2. Hver ætlar þá að standa gegn þessu? Enginn, held ég, nema þá auðvitað heilbrigð stjórnarandstaða. Ekki þessir ágætu þingmenn sem ekki hafa kjark eða hryggjarstykki til að standa á vilja sínum gegn vilja ráðherranna. Þetta er partur af ráðherraræðinu sem við höfum séð þróast á síðustu 14–15 árum, ráðherrarnir fótumtroða þingræðið, þeir troða vilja sínum í gegn í andstöðu við vilja þingmanna eða þá við afskiptaleysi þeirra eins og í þessu máli. Það eru mjög fáir þingmenn sem beinlínis segja það í liði stjórnarinnar að þeir styðji þetta frumvarp en þeir

hengslast til að gera það alveg eins og það fannst ekki kjaftur í þessum sal utan ríkisstjórnar sem af einhverri ástríðu eða innlifun studdi fjölmiðlalögin. Þau urðu að veruleika. Það þurfti þjóðaruppreisn og öflugan forseta til að koma í veg fyrir það hervirki.

Þetta held ég því miður, frú forseti, að sé einn af þeim möguleikum sem gætu uppteiknast í framtíðinni. Það er þess vegna sem ég lagði upp í þennan stutta kafla ræðu minnar með því að segja að ég held að fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins hafi rétt fyrir sér um hvort tveggja: Frumvarpið er að undirbúningi í algeru skötulíki. Á því eru lausir endar og það er ekki hugsað til þrautar og, eins og Þorsteinn Pálsson sagði, ekki er allt sem sýnist og hef ég þá rökstutt það.

Frú forseti. Ég rifjaði það upp hvernig formaður Sjálfstæðisflokksins, hinn gamli, tók hæstv. ráðherra á kné sér og útskýrði fyrir henni nokkur undirstöðuatriði í rekstri ríkisfyrirtækja. Hæstv. ráðherra svaraði, eins og ég hef hér rakið, með atbeina útvarpsstjóra — sem þó skyldi aldrei hafa gerst því ég tel að þar hafi hann farið út fyrir þann völl sem honum er haslaður í því embætti, en auðvitað hefur hann fullt málfrelsi og má segja það sem hann vill, en þá er hann orðinn partur af stjórnmálunum.

Þorsteinn Pálsson gerði tilraun til að skýra þetta allt saman út fyrir formanni menntamálanefndar og ráðherranum sem leggur frumvarpið fram. Hann skrifaði um þetta gagnmerka ritstjórnargrein þar sem hann bendir á að ríkisstjórnin hafi kosið að gera breytingar á umhverfi Ríkisútvarpsins með því að setja það í hlutafélagarekstur. Á þessu stigi málsins hefur formaður Sjálfstæðisflokksins fyrrverandi ekki grunað neinn um græsku í þessu efni en hann segir hins vegar, með leyfi virðulegs forseta:

„Hugmyndafræðin að baki þessu er nokkuð öfugsnúin. Hlutafélög eru gott rekstrarform. Það hentar líka fyrirtækjum í ríkiseigu sem nota ekki skattpeninga í rekstur. Þannig var skynsamlegt að breyta Símanum í hlutafélag á sínum tíma. Það fyrirtæki greiddi arð í ríkissjóð."

Og þá kemur að því sem er mergur málsins og sem hinni nýju kynslóð Sjálfstæðisflokksins virðist fyrirmunað að skilja og þeim sem síst skyldi: varaformanni flokksins, leiðtogaefni framtíðarinnar. Áfram segir, með leyfi forseta:

„Öðru máli gegnir um stofnanir sem alfarið eða að uppistöðu til eru reknar fyrir skattpeninga. Eðli máls samkvæmt gilda aðrar leikreglur um meðferð skattpeninga borgaranna en sjálfsaflafé."

Frú forseti. Það er alveg makalaust að þetta gæti verið skrifað upp úr stefnuskrá Samfylkingarinnar. Hér talar fyrrv. formaður Sjálfstæðisflokksins og gerir hnífskarpan greinarmun á annars vegar ríkisfyrirtæki sem er rekið af sjálfsaflafé og hins vegar ríkisfyrirtæki sem er rekið að uppistöðu fyrir peninga skattborgaranna. Þetta er nákvæmlega eins og Samfylkingin og jafnaðarmenn hafa verið að segja. Hv. þm. Kjartan Ólafsson, sem fyrr í dag gerði að umræðuefni þennan sama leiðara Þorsteins Pálssonar, hefði átt að lesa lengra. Þetta er það sem skiptir öllu máli. Hlutafélagaformið hentar fyrirtækjum sem reka sig sjálf, sem afla sinna tekna sjálf en það hentar ekki — að dómi oddvitans í því kjördæmi sem hv. þm. Kjartan Ólafsson hefur þann heiður að vera fulltrúi fyrir í þingsölum — þeim ríkisstofnunum sem eru reknar fyrir skattpeninga almennings. Ég vil ekki raska ró hv. þingmanns með því að rifja upp það sem ég hef sagt hér fyrr í dag í þessum efnum en það hefði verið hollur fyrirlestur fyrir hv. þm. Kjartan Ólafsson af því að ég held að hann sé á röngum slóðum í sínum hugsunum eins og hefur komið fram í athugasemdum hans í dag.

En það eru ákveðin rök fyrir þessu sem ég hef að hluta til rakið. Það gilda almennar reglur um rekstur stofnana hins opinbera. Þær reglur varða það t.d. hvernig við ákvörðum laun. Þær varða réttindi starfsmanna eins og t.d. uppsagnir og með hvaða hætti er að þeim staðið og ekki síst andmælaréttinn sem skiptir höfuðmáli, finnst mér, varðandi slík réttindi.

Síðast en ekki síst er það upplýsingaskyldan. Formaður Sjálfstæðisflokksins gerir þetta að umræðuefni og hann segir, með leyfi forseta:

„Þetta regluverk gildir ekki vegna þess að það er vilji löggjafans að opinber fyrirtæki og stofnanir séu svifasein og þyngri í vöfum en hlutafélögin."

Og nú ættu þessir herramenn sem sitja þarna í afherbergi, og eru sennilega farnir að sperra eyrun því hér er verið að vitna í fyrrverandi formann þeirra, að hlusta, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæða þessara almennu reglna er sú að þær eru eina leiðin til að tryggja gegnsæi og jafnræði og koma í veg fyrir misnotkun skattpeninga."

Frú forseti. Þetta er formaður Sjálfstæðisflokksins sem hér leiddi sinn flokk um töluverðan tíma. Fyrrv. framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins sem hétu þá öðru nafni, einn af þeim mönnum sem hefur mótað hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins á þeim tíma þegar hann var að flytja sig inn í núverandi afstöðu til ríkisrekstrar. Þorsteinn Pálsson var partur af byltingunni í Sjálfstæðisflokknum á sínum tíma sem var kölluð uppreisn frjálshyggjunnar. Það er hann sem segir hér klárt og kvitt að það sé tvennt sem sé alger forsenda þess að hægt sé að tryggja gætilega og heppilega meðferð á peningum almennings í landinu. Þetta tvennt eru upplýsingalög og stjórnsýslulög.

Formaður Sjálfstæðisflokksins er ekkert að skafa utan af því. Það er ekkert me-he hér. Hann segir það klárt og kvitt að það sé eina leiðin — það er ekki ein leiðin, það er eina leiðin — til að tryggja gagnsæi og jafnræði og koma í veg fyrir misnotkun skattpeninganna. Af þessu mætti draga þá ályktun, án þess að ritstjóri Fréttablaðsins og formaður Sjálfstæðisflokksins segi það, að sú leið sem hér er verið að fara af núverandi varaformanni Sjálfstæðisflokksins leiði til misnotkunar skattpeninga. Formaður Sjálfstæðisflokksins segir að þetta sé eina leiðin til að tryggja að skattpeningar séu ekki misnotaðir, þ.e. upplýsingalög og stjórnsýslulög, og ég veit að þeir sem hafa kynnt sér lögfræði verða fljótir að gagnálykta að frumvarpið, sem fer aðra leið, leiði þá líklega til misnotkunar á skattpeningum. Er það hin nýja uppreisn frjálshyggjumannanna í Sjálfstæðisflokknum? Eru þeir komnir í algeran hring? Þetta er eins og segir í kvæðinu: Að lokum, á undanhaldinu, fer maður svo hratt yfir að maður kemur aftan að sjálfum sér. Það er það sem hefur gerst í tilviki hv. formanns menntamálanefndar. Hann hefur farið svo hratt yfir að hann er kominn aftan að sjálfum sér.

Girnd hans og fýsn til að uppfylla einhverjar trúarlegar skyldur gagnvart markaðsvæðingunni. Fýsn hans og löngun til að fá frjálshyggjuverðlaun Heimdallar, háeffa allt sem hreyfist og síðan að einkavæða leiðir til þess að hann er komin aftan að því sem hefur verið meginreglan af hálfu Sjálfstæðisflokksins varðandi meðferð opinbers fjár og hún hefur leitt hann í það öngstræti að hann er kominn á slóðir sem leiða í einstigi, einstigi misnotkunar á skattpeningum almennings. Það er ekki ég sem er að halda þessu fram, það er fyrrv. formaður Sjálfstæðisflokksins. Ég hef verið að lesa orðrétt eftir honum.

Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir. Ég veit ekki hver á að hjálpa þeim mönnum sem án raka og án skýringa ætla að velja þessa leið sem fremstu hugsuðir hinnar fyrstu kynslóðar frjálshyggjumanna í Sjálfstæðisflokknum. Þeir sem leiddu flokkinn á þá braut sem hann er núna — ég gæti andmælt þeirri leið að ýmsu leyti en hún hefur haft margt gott í för með sér — höfðu þessa grunnreglu. En hin nýja kynslóð frjálshyggjumanna er búin að gleyma öllu eða hún hefur kannski aldrei lært neitt. Hún er nefnilega haldin blindri trú en þessir garpar sem ég hef hér verið að vitna til hugsuðu. Það er munurinn á þeim og ýmsum þeirra sem núna reka forustu Sjálfstæðisflokksins að þeir virðast ekki skilja þetta einfalda prinsipp sem hér er um að ræða.

Það má kannski, frú forseti, rifja það upp að fyrir utan það að vera fyrrv. formaður Sjálfstæðisflokksins var Þorsteinn Pálsson eitt sinn fjármálaráðherra líka. Er það rangt munað hjá mér? (Gripið fram í.) Það er rétt hjá mér. Það var einmitt á því skeiði hans sem þessi grundvallarregla var lögð. (Gripið fram í.) En hv. formaður Sjálfstæðisflokksins núverandi er svo önnum kafinn við að klúðra öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar að hann má ekkert vera að því að leiða hugann að þessu. Er ekki svo, hv. þingmaður? (Gripið fram í.) Það gleður mig, frú forseti, að þetta litla innskot formanns menntamálanefndar bendir til þess að hann sé þrátt fyrir allt ekki búinn að missa húmorinn. En miðað við þá póla sem hér eru andstæðir í salnum þá legg ég ekki í að blanda mér í þessa umræðu, enda þyrfti ég þá sennilega að höggva til beggja handa.

Frú forseti. Í leiðara sem Þorsteinn Pálsson skrifaði líka gefur hann þessari aðferð einkunn sem Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að nota hér undir forustu formanns menntamálanefndar, Sigurðar Kára Kristjánssonar, sem hefur málið á sinni könnu og sinni ábyrgð, eins og ég veit að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson frá Skarði gerir sér mætavel grein fyrir. Það er þingmönnum örugglega til fróðleiks og upplýsingar að hlusta á þá einkunn sem fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins gefur þessari aðferð. Hann segir, með leyfi forseta:

„Nú ætlar ríkisstjórnin að víkja til hliðar öllum almennum reglum sem gilda um meðferð skattpeninga að því er varðar rekstur Ríkisútvarpsins. Þar á meðferð skattpeninga að lúta reglum einkaeignarréttarins án þess að skilyrði hans um sjálfsaflafé sé fyrir hendi.“

Frú forseti. Sú grundvallarregla sem hér er lögð af fyrrverandi fjármálaráðherra og formanni Sjálfstæðisflokksins var ítarlega rökstudd í riti sem ungir forustumenn Sjálfstæðisflokksins gáfu út fyrir tveimur til þremur áratugum. Allir urðu síðar að forustumönnum í Sjálfstæðisflokknum og einn þeirra er hér enn á dögum, hæstv. dómsmálaráðherra, sem auðvitað hefur öllu gleymt í þessum efnum. En þar kom þetta skýrt fram. Einkunnin er sem sagt þessi: Ríkisstjórnin ætlar að víkja til hliðar öllum reglum sem gilda um meðferð skattpeninga að því er varðar rekstur Ríkisútvarpsins. Af hverju gerir hún það? Af hverju grípa menn til þess? Af því að þetta eru trúarbrögð. Af því að það er persónupólitískur metnaður hæstv. menntamálaráðherra að ná frumvarpinu í gegn. Af því að einhverju verður blessaður ráðherrann að ná í gegn, en það er ekkert sem rekur á eftir því. Það er ekkert sem segir, fyrir utan fjárhagsörðugleika Ríkisútvarpsins, að vinda verði bráðan bug að því að breyta umhverfi Ríkisútvarpsins.

Meðan ég man, frú forseti, hefur Ríkisútvarpið eitthvað breyst með nýjum útvarpsstjóra? Já, það hefur breyst. Ríkisútvarpið hefur t.d. sýnt nýja leikni í að hreyfa sig hratt á markaði. Það hefur sýnt áður óþekkta færni við að verða sér úti um lykilstarfsmenn sem skiptir máli í þessu nýja samkeppnisumhverfi. Undir forustu Páls Magnússonar hefur Ríkisútvarpið satt að segja sýnt allan þann sveigjanleika og lipurð sem einkennir hlutafélög, sem sýnir einfaldlega að það er fremur spurning um menn frekar en form að hægt sé að fóta sig í þessu nýja umhverfi. Auðvitað veit ég að ýmsu þyrfti að breyta til þess einmitt að gefa nýjum og vöskum útvarpsstjóra tækifæri til að taka ákvarðanir með skjótum hætti og til að geta breytt stefnu hins þungt siglandi hafskips.

Eins og staðan er í dag eru skafankar á lögunum. Ég er ekkert að skafa utan af því. Lögin segja að þrír ráðherraráðnir framkvæmdastjórar skuli vera yfir lykildeildum í stofnuninni. Það þýðir auðvitað að maður sem hefur sýn og maður sem vill vinna hratt á hugsanlega í erfiðleikum með að koma fram stefnu sinni við ákveðnar aðstæður, eins og hugsanlega gæti gerst hjá núverandi útvarpsstjóra. En þá breytum við bara lögunum að þessu leyti. Það er ekkert sem segir að ekki sé hægt að breyta lögunum eða setja sérstök lög um Ríkisútvarpið sem byggðust á sjálfseignarforminu, sem tekur nákvæmlega á þessum þáttum og gerir þar með Ríkisútvarpið að miklu liprari skútu á hinni erfiðu siglingu sem bíður þess efalítið á næstu árum.

Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa einmitt talað aftur og aftur um nauðsynina á að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi til að gera það sveigjanlegra og liprara. Nú vill svo til að margir af þeim mætu mönnum sem hér hafa talað hvað ákafast hafa sem betur fer orðið sér úti um menntun sem gerir þeim kleift að tala af nokkru viti um þessi mál. Einn af þeim, formaður menntamálanefndar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, stendur þó betur að vígi en allir hinna. Hann kemur úr Verslunarskólanum. Það er gild menntastofnun sem hefur margan ungan manninn og unga konuna sent á vit lífsins með ákaflega góðum undirbúningi. Hvernig rekstur er á Verslunarskólanum, frú forseti? Það er sjálfseignarfélag í atvinnurekstri. Ef það dugði til að mennta hinn ágæta þingmann, Sigurð Kára Kristjánsson, og koma honum til manns með þeim ágætum sem við sjáum hér nánast dag hvern, hvers vegna skyldi það þá ekki duga líka til að reka Ríkisútvarpið? Eru Íslendingar og fjölmiðlamál þeirra eitthvað öðruvísi en t.d. Breta? Örugglega, ég hugsa að fjölmiðlalíf hinnar bresku þjóðar mundi að allra

dómi dæmast miklu flóknara og yfirgripsmeira en okkar.

Frú forseti. Af því að nú gengur í salinn hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson frá Skarði, sem einmitt varð sér úti um menntun á menningarsvæði Engilsaxa, þá er rétt að rifja það upp að BBC, sem er sú útvarpsstofnun í heiminum sem nýtur mestrar virðingar, er rekin á sérstöku formi sem sagt er um í greinargerðinni sem fylgir þessu frumvarpi að komist næst því að vera ígildi sjálfseignarfélags í atvinnurekstri að íslenskum lögum. Þá má spyrja: Ef það dugar BBC að vera rekið sem sjálfseignarfélag í atvinnurekstri, af hverju skyldi það þá ekki duga Ríkisútvarpinu? Getur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson greint mér frá því hvers vegna reka þarf íslenska Ríkisútvarpið sem hlutafélag og hvers vegna ekki er hægt að reka það sem sjálfseignarfélag í atvinnurekstri ef það dugar bresku þjóðinni að nota sjálfseignarformið fyrir BBC?

Það er hugsanlegt að Sigurður Kári Kristjánsson, formaður hv. menntamálanefndar, grípi til svipaðra athugasemda og svara og hæstv. menntamálaráðherra, sem sagði að það þyrfti hlutafélagsform til að Ríkisútvarpið gæti hreyft sig á nýjum mörkuðum sem væru að koma upp fyrir nýja þjónustu og nýjar afurðir, hugsanlega í tengslum við að markaðssetja einhver af þeim miklu menningarverðmætum sem stofnunin býr yfir. Þetta er svar sem rétt er að brjóta til mergjar.

Ef við stillum aftur upp Ríkisútvarpinu og BBC þá vitum við, sem dag hvern njótum sjónvarps með því að horfa á breska þætti á öllum sjónvarpsrásunum sem hér eru í boði, að BBC er í óðaönn út um allan heim að selja þætti, selja framleiðslu, selja hin bresku menningarverðmæti. Það getur gert það án þess að móðurfélagið sé á hlutafélagsformi. Af hverju skyldi Ríkisútvarpið ekki geta það líka? Af sjálfu leiðir að þessi röksemd menntamálaráðherra fellur um sjálfa sig.

Ég bíð því enn eftir að fá skýr svör um það af hverju við getum ekki sæst á að breyta umhverfi Ríkisútvarpsins, gera það sveigjanlegra, gera það hraðskreiðara, veita útvarpsstjóranum aukið sjálfstæði og möguleika til að taka skjótar ákvarðanir, taka burt ráðherraskipaða yfirmenn einstakra deilda og gera það innan ramma sjálfseignarfélags í atvinnurekstri. Ég veit vel að það er ekki það sem hv. þingmanni og formanni menntamálanefndar þykir æskilegast. Hugsanlega vildu sumir í þessum sal ekki heldur fallast á sjálfseignarfélag í atvinnurekstri, en við gætum náð sátt um það. Það er það sem skiptir máli. Þá gætum við orðið sammála um að upplýsingalög giltu og þar með væri tryggð skylda yfirmanna til að veita ákveðnar upplýsingar aðrar en þær sem lúta að samkeppnisrekstri. Sömuleiðis væri virtur réttur okkar, fulltrúa almennings, eða almennings sjálfs, til að fá þær upplýsingar sem hann vill og þar með væri veitt aðhaldið sem þarf að rekstri stofnunarinnar til að tryggja að það gerist ekki sem Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, kallaði misnotkun á almannafé.

Af hverju getum við ekki sæst á þetta? Hefur ekki formaður menntamálanefndar verið hér önnum kafinn í ræðum sínum, og á sem betur fer tvær eftir, við að segja að menn vilji ná sátt í þessu máli? Hefur hæstv. menntamálaráðherra tekið sér nokkurt orð jafnoft í munn undir umræðu um frumvarpið og orðið sátt? Hefur ekki hæstv. ráðherra hrósað sér af því sem hún hafi lagt af mörkum, slegið af til að ná sátt í fjölmiðlamálinu? Af hverju getum við ekki náð sátt í þessu máli? Hvað er svona óskaplega andstætt vilja hv. formanns menntamálanefndar varðandi sjálfseignarfélag í atvinnurekstri? Af því að ég hef hlustað á allar ræður þingmannsins, rifjaði ég það upp að hann hefur sjálfur sagt í umræðu um þetta frumvarp að hægt sé að nota sjálfseignarfélag í atvinnurekstri. Það sé bara að hans dómi ekki eins heppilegt og hitt. Allt í lagi, menn þurfa að slá af, en í þessum orðum hv. þingmanns felst viðurkenning á því að sjálfseignarfélagsformið sé brúklegt. Það er hins vegar alveg rétt hjá honum, sem hann hefur líka bent á í ræðum sínum, að það er ekki eins slípað form og agað og hlutafélagsformið.

Ég hef ekki legið á þeirri skoðun minni, og tala bara hreint út um það, að ég gruna Sjálfstæðisflokkinn um græsku. Ég gruna hann um að vilja selja Ríkisútvarpið og parta af því. En ef menn á annað borð vilja sátt um málið, af hverju er ekki hægt að ná því um þetta form? Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og stjórnarliðið ná þá fram því markmiði sínu að gera fyrirtækið sveigjanlegra, gera það hraðskreiðara, en við sem erum hræddir við hlutafélagsvæðinguna fáum á móti tryggingu fyrir því að það yrði miklu erfiðara að selja RÚV, það væri ekki ómögulegt en það yrði miklu erfiðara og það væri ekki hægt að selja það í pörtum. Það væri með öðrum orðum ekki hægt að fara þá leið sem menn ætla sér að fara með réttu varðandi Matvælarannsóknir hf. að taka inn nýtt hlutafé í áföngum, m.a. til að hleypa nýjum að og líka til að tryggja rekstrarstöðu félagsins. Ég held að hv. þingmaður ætti að velta þessu fyrir sér.

(**Forseti** (RG)**:** Forseti vill inna hv. þingmann eftir því hvort mikið sé eftir af ræðu hans þar sem áformað er að taka matarhlé milli klukkan hálfátta og átta. Ef þingmaðurinn á enn eftir af ræða málið fer forseti þess á leit að hann geri hlé á máli sínu nema hann sé að ljúka á næstu mínútum.)

Ég er fjarri því að ljúka því, frú forseti. Ég á töluvert eftir, ég á t.d. eftir að fara yfir frumvarpið sjálft.

(**Forseti** (RG)**:** Þá vildi forseti óska eftir því að þingmaðurinn gerði hlé á máli sínu svo unnt sé að gera hlé á fundinum milli klukkan hálfátta og átta.)

Að sjálfsögðu verð ég við þeirri bón.

[19:30]

Útbýting:

Hlutafélög, 444. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1183; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1184.

Kostnaður við meðferð langveikra barna erlendis, 602. mál, svar heilbrrh., þskj. 1174.

Tekjutenging bóta frá Tryggingastofnun, 604. mál, svar heilbrrh., þskj. 1178.

[Fundarhlé. — 19:31]

[20:05]

Össur Skarphéðinsson (frh.)**:**

Frú forseti. Ég ræddi í ræðu minni áðan töluvert um þá skoðun sem formaður Sjálfstæðisflokksins gamall, Þorsteinn Pálsson, hefur á því hvernig á að skilja á milli annars

vegar þeirra fyrirtækja sem eru í opinberum rekstri og eru rekin af eigin aflafé og hinna sem fjármögnuð eru algerlega eða að mestu leyti af skattfé.

Ég var kominn þar að ég var að skýra sjónarmið mín varðandi það hvernig best eigi að veita slíkum fyrirtækjum aðhald, þannig að ljóst sé að skattpeningur almennings sé ekki misnotaður. Þar skiptir meginmáli að virk upplýsingaskylda sé af hálfu þeirra sem stjórna þessum fyrirtækjum, þannig að almenningur í landinu eða fulltrúar hans eigi glöggan kost á að fylgjast með öllu. Í upplýsingasamfélagi okkar skiptir það öllu máli til að aðhaldið sé í lagi og ljóst sé að vel sé farið með almannafé.

Ég hjó eftir því að einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sagði í ræðu í dag að það væri gert ráð fyrir að almenningur hefði þennan upplýsingarétt með breytingum sem á að gera á frumvarpi sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur lagt fram um opinber hlutafélög. Nú er það svo, frú forseti, að Samfylkingin gekk alveg sérstaklega eftir því fyrr í vetur hvort ekki ætti að leggja fram frumvarp um opinber hlutafélög. Það var sérstaklega gengið eftir því af hálfu hv. þm. Marðar Árnasonar sem innti þann ráðherra sem fer með þau mál, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerði Sverrisdóttur. Þingmaðurinn spurði hvort ekki væri rétt miðað við það mikla háeffunaræði sem ríkir í garði ríkisstjórnarinnar að breyta almennum hlutafélagalögum með þeim hætti að sérstaklega væri gert ráð fyrir að hlutafélög sem væru í opinberri eigu þyrftu líka að sæta þessari upplýsingaskyldu og sömuleiðis ættu stjórnsýslulög einnig að gilda um þau.

Ég minnist þess ákaflega vel að heldur fátt var um svör hjá hæstv. ráðherra. Þó tilkynnti hún síðar að það væri eitt af þeim málum sem á skrá hennar væri fyrir veturinn að leggja fram slíkt frumvarp. Ég minnist þess að ráðherrann sagði þá að hún hefði ekki hugleitt það sérstaklega að skjóta slíkum ákvörðunum um opinber hlutafélög inn í lögin. En ég man líka að hún sagði að ef tilefni gæfist og upp kæmu sterk rök fyrir því þá mundi hún skoða það með tiltölulega opnum huga.

Síðan kom það frumvarp. Það frumvarp var heiftarlega gagnrýnt af okkur. Það frumvarp var ekki fararinnar virði. Í því var nefnilega ekki gert ráð fyrir einu eða neinu sem gerir að verkum að almenningur í landinu, eða fulltrúar hans, ættu með einhverju móti kost á að fá slíkar upplýsingar. Hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem hér kom upp í dag, ég held að það hafi verið Kjartan Ólafsson eða annar álíka vænn yfirlitum, spurði hvort við þingmenn Samfylkingarinnar gerðum okkur ekki grein fyrir að það væri verið að breyta þessu frumvarpi hæstv. viðskiptaráðherra þannig að gengið væri til móts við óskir okkar og kröfur í þessum efnum. Það kom í ljós þegar ég fór að skoða málið, því þetta hafði nú farið fram hjá mér, að sú lítilvæga breyting sem verið er að gera á frumvarpi viðskiptaráðherra felst í að alþingismenn mega fyrir náð guðs og miskunn stjórnvalda skjóta fram fyrir aðalfund skriflegri spurningu. Líkast til var það hv. þm. Pétur H. Blöndal sem gat þessa í dag en ekki hv. þm. Kjartan Ólafsson. En hvorugur er verri fyrir það.

Ég hins vegar gef ákaflega lítið fyrir þessa breytingu. Hún felur það ekki í sér að alþingismaður, sem er óánægður með þau skriflegu svör sem hann fær á aðalfundi opinbers hlutafélags, geti gengið eftir því á fundinum sjálfum. Það sem hann getur gert er í besta falli það að senda aftur inn skriflega fyrirspurn sem þá verður væntanlega svarað á aðalfundi eftir ár. Þetta er nú ekki mikil miskunn af hálfu stjórnvalda. Ég get ekki sagt að í þessu felist mikil gæska og alls ekkert tilefni til að halda því fram að þarna sé verið að innleiða inn í hlutafélagalögin ákvæði sem tryggi upplýsingaskyldu eigenda og stjórnenda félagsins. Síður en svo.

Það frumvarp sem kemur hér við sögu og hæstv. viðskiptaráðherra hefur flutt er að öllu leyti þannig að það er ekki viðunandi og alls ekki með nokkru móti hægt að halda því fram að um það gildi þau lög og þær reglur sem við teljum að séu algerlega nauðsynlegar til að hægt sé að tryggja að slík félög sem rekin eru fyrir skattpening almennings séu rekin þannig að tryggt sé að ekki sé úr hófi gáleysislega farið með fé.

Það er líka margt í því frumvarpi sem er verulega úr takti við þróun tímans. Reyndar er það svo, frú forseti, og vert að upplýsa þingheim um það, rifja það upp fyrir honum, að Samfylkingin lagði einmitt fram frumvarp eftir að hafa séð frumvarp hæstv. viðskiptaráðherra sem var í ýmsum meginatriðum algerlega frábrugðið þessari hugmynd stjórnarliðsins sem það telur að sé nægilega vel úr garði gerð til að fullnægja þeim kröfum sem við viljum að félag eins og hlutafélag um Ríkisútvarpið yrði að sætta sig við. Ég vil því nota þetta tækifæri til að lýsa því alveg sérstaklega hvað ég varð fyrir miklum vonbrigðum með það frumvarp og hvað mér þótti það vera rýrt að innihaldi. Ég átti satt að segja von á allt öðru því að ég er í hópi þeirra þingmanna sem hafa, ég segi nú kannski ekki pólitískt dálæti á hæstv. viðskiptaráðherra, en ég hef virt hana fyrir þrek og dugnað, ekki síst fyrir það hvernig hún hefur tekið hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins og lagt þá á kné sér og flengt eins og lítil börn ef henni hefur þótt svo við horfa. Sannarlega hafa gefist tilefni til þess á ríkisstjórnarheimilinu á hinum síðustu og verstu dögum þess, að hirta litlu angana í Sjálfstæðisflokknum sem gerast nú æ uppvöðslusamari, að vísu undir forustu hins vitra lappa hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem hefur eiginlega leitt herförina á hendur hæstv. viðskipta- og byggðamálaráðherra með þeim árangri að ég hef stundum af mildi hjarta míns fundið til samúðar gagnvart henni.

En eins og ég sagði, frú forseti, ég hef virt þann ágæta ráðherra fyrir þann kjark og hugrekki sem hún hefur til að ráðast á erfið mál. Það sem hún gerir og hefur ástríðu fyrir finnst mér hún oft gera vel. Í þessu tilviki er ekki hægt að halda því fram að mikill hugur hafi fylgt máli hjá ráðherranum. Eins og hún sagði í upphaflegu svari sínu við hv. þm. Mörð Árnason hafði hún ekki hugleitt að leggja fram slíkt frumvarp. Það var ekki fyrr en stjórnarandstaðan stappaði niður fæti sínum og skók að henni hramminn þegar hér kom fram frumvarp á frumvarp ofan um háeffun og hugsanleg einkavæðingaráform um ríkisfyrirtæki, sem hún loksins hengslaðist til að leggja fram eitthvað sem hægt var að kalla drög að almennilegu frumvarpi. En það er ekki hægt að kalla það meira en drög.

Ég minnist þess úr umræðunni sem hér var að strax í 1.

gr. þess frumvarps var skafanki sem við í Samfylkingunni töldum að væri nú alls ekki í takt við þá þróun sem hefur verið varðandi hlutafélagavæðingu og breytt rekstrarform á ríkisfyrirtækjum.

Í 1. gr. þessa frumvarps iðnaðar- og viðskiptaráðherra segir, með leyfi forseta:

„Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem hið opinbera á að öllu leyti.“

Þetta er að okkar dómi síður en svo nægilega sveigjanlegt og alls ekki að því er varðar t.d. sum af þeim fyrirtækjum sem hér liggja undir í umræðu þó að ekki sé það á dagskrá þessa fundar. Ég er hér, virðulegi forseti, að vísa til t.d. frumvarps um háeffun Matvælarannsóknastofnunar sem hæstv. forsætisráðherra lagði fram með þeim orðum að það ætti að selja hlut af hlutafé þess.

Við í Samfylkingunni lögðum hins vegar fram frumvarp sem segir það alveg klárt og kvitt að samkvæmt okkar skilgreiningu er opinbert hlutafélag félag sem íslenska ríkið eða sveitarfélag hefur sömu tengsl við og ríkið hefur við dótturfélög. Þetta þýðir á mannamáli að hlutafélög sem ríki eða sveitarfélög fara með meiri hluta atkvæða í eru seld undir slík lög en það er ekki þannig að sveitarfélögin eða ríkið þurfi að eiga þau að öllu leyti, heldur er nægilegt að þau fari með meiri hluta atkvæða í slíkum félögum. Auðvitað er mikill munur á nálgun okkar annars vegar og hins vegar stjórnarliðsins, ekki bara gagnvart RÚV hf. heldur gagnvart opinberum hlutafélögum almennt. Við höfum líka talið að í samþykktum um slík félög megi jafnframt áskilja að það þurfi, jafnt í sveitarstjórnum sem og á Alþingi, að áskilja meiri hluta atkvæða í viðkomandi stjórn eða þá í tilviki sumra félaga á Alþingi, til þess að það væri hægt að samþykkja sölu. Við höfum farið að þessu leyti eftir því fordæmi sem hefur komið fram í frábærri stjórnun Reykjavíkurlistans á sínum fyrirtækjum. Reykjavíkurlistinn hefur t.d. sett slíkt ákvæði inn í samþykktir sínar um Félagsbústaði.

Það er athyglisvert að hinn ágæti ungi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Birgir Ármannsson, virðist ekki fremur en ýmsir af hinum ungu tyrkjum Sjálfstæðisflokksins skilja muninn á opinberu fyrirtæki sem er rekið af sjálfsaflafé og hins vegar fyrirtæki sem er rekið að öllu leyti fyrir peninga almennings. (**MÁ:** Hann hefur þá ekki lesið Þorstein Pálsson.) Hv. þm. Birgir Ármannsson hefur örugglega ekki lesið Þorstein Pálsson, hvorki leiðara hans né hinar ágætu greinar hans þegar hann var á sama aldri og þingmaðurinn er núna og var einmitt að vígjast til þeirrar frjálslyndu íhaldsmennsku sem einkennir glæstan feril þess ágæta stjórnmálamanns. En Birgir Ármannsson, minnist ég, kom einmitt hér upp í andsvari til þess að spyrja formann Samfylkingarinnar, (Gripið fram í.) já, formann Samfylkingarinnar hvernig í ósköpunum stæði á því að hún og sá flokkur sem hún tilheyrir andæfði hér hlutafélagsvæðingu Ríkisútvarpsins en hefði sjálf staðið fyrir því að háeffa Félagsbústaðina í Reykjavíkurborg.

Frú forseti. Á þessum tveimur fyrirtækjum er sá augljósi munur að Félagsbústaðir er fyrirtæki, var borgarstofnun, sem malar eigendum sínum gull. Má ég rifja það upp, frú forseti, fyrir þessum hv. þingmanni af því að hann virðist ekki hafa fylgst með því hversu vel ... (Gripið fram í.) Ég tel að hv. þingmaður ætti nú að spyrja formann þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, sem þarna er einmitt staddur, um það. Um það er nokkur ágreiningur millum hans og ýmissa annarra sem standa að borgarstjórn Reykjavíkur. Það vill nú svo til að það er einmitt ágætur borgarfulltrúi sem hann er að tala við núna. En munurinn á Félagsbústöðum annars vegar og Ríkisútvarpinu hins vegar er þessi og hann er alveg kristaltær: Félagsbústaðir hafa að uppistöðu til — hér er ég að vísa í skilgreiningu fyrrum formanns Sjálfstæðisflokksins — að uppistöðu til verið reknir fyrir sjálfsaflafé. Reyndar er það svo að vegna þenslu á húsnæðismarkaði fyrst og fremst hefur það fyrirtæki skilað í hagnað, mjög til armæðu ýmissa sem hafa gagnrýnt það ágæta fyrirtæki, fjórum milljörðum á síðasta ári.

Ríkisútvarpið er hins vegar rekið fyrir fé skattborgaranna. Það þýðir að munurinn á þessum tveimur fyrirtækjum er svo augljós að ég ætti ekki að þurfa að draga hann upp fyrir jafnreyndum og greindum þingmanni eins og hv. þm. Birgi Ármannssyni. En þess vegna samrýmist hvort tveggja stefnu Samfylkingarinnar að hlutafélagavæða fyrirtæki eins og Félagsbústaði annars vegar en hins vegar andæfa algjörlega hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Ástæðan er sú að uppruni rekstrarfjár kemur úr alls eðlisóskyldum áttum, það er munurinn. Þetta er nauðsynlegt að skýra hérna vegna þess að hv. þm. Birgir Ármannsson á það ekki skilið að ég skilji hann eftir í þessu kviksyndi skilningsleysis á eðli fjármagns í opinberri eigu. En það er því miður einn af fáum ágöllum í máli hv. þingmanns sem ég hins vegar ítrekað verð var við þegar hann kýs að tjá sig um efnahagsmál. Vil ég beina þeim vinsamlegu tilmælum til hv. þingmanns að hann alla vega láti vera að reifa mikið fjárreiður opinberra fyrirtækja þangað til hann hefði gengið á skóla hjá sínum gamla mentor, fyrrum formanni Sjálfstæðisflokksins og lært grundvallarhugtök. Það er alveg með ólíkindum að hver ungi þingmaðurinn á fætur öðrum, sem þó hefur útskrifast með láði úr skóla frjálshyggjunnar innan stuttbuxnadeildar Sjálfstæðisflokksins, skuli koma hér og vaða með þessum hætti elginn í villu og svíma.

Þetta atriði er eitt af þeim sem er stóri munurinn á nálgun okkar í Samfylkingunni gagnvart opinberum hlutafélögum annars vegar og hins vegar nálgun Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn eða Sjálfstæðisflokkur dagsins í dag skilur ekki þennan grundvallarmun sem ég hef hér verið að lýsa og þó er nú rétt að upplýsa t.d. fyrrverandi framkvæmdastjóra Verslunarráðs um að samkvæmt viðhorfum og vel rökstuddum skoðunum formanns Sjálfstæðisflokksins sem var, þá er eina leiðin til þess að koma í veg fyrir misnotkun á fé skattborgaranna í opinberum rekstri fyrirtækja sú að beita þeim kvöðum sem upplýsingalög setja á stjórnendur slíkra fyrirtækja. Sá ágæti maður nefndi einnig stjórnsýslulögin þó að hægt sé að færa sterkari rök til að andmæla því viðhorfi. Mér finnst að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins ættu að fara að reyna að gera sér grein fyrir þessu. Út af fyrir sig held ég líka að það væri hollt fyrir formann þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að setja sig aðeins inn í hugarheim ritstjóra Fréttablaðsins og hins gamla formanns Sjálfstæðisflokksins, því að ég verð nú að viðurkenna það með fullri virðingu fyrir hinum góða baráttufélaga hv. þm. Ögmundi Jónassyni að mér

finnst stundum sem nokkuð skorti á að hann skilji þau lögmál sem hreyfingar auðmagnsins leika eftir. Hv. þingmaður hengir sig stundum í formið alveg eins og þingmenn Sjálfstæðisflokksins en nálgast það frá öðru sjónarhorni.

Ef eitthvað er með viðskeytinu hf. fær hv. þingmaður grænar bólur (**ÖJ:** Nei.) og honum rennur vatn, tiltölulega kalt, milli skinns og hörunds. Nú grípur hv. þingmaður fram í og segir að þetta sé rangt hjá mér og þá bið ég hann afsökunar. Þá sé ég enn og aftur í þessu máli eins og í svo mörgum öðrum að þótt ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson nálgumst þau hvor úr sinni áttinni þá höfum við væntanlega sama (Gripið fram í.) viðhorf á því, sömu skoðun á því hvaða hlutafélög, hvaða ríkisfyrirtæki væri hugsanlega hægt að setja undir þetta form. En jafnvel þó að þetta hafi verið misskilningur hjá mér hefði hann samt sem áður gott af því að kynna sér viðhorf Þorsteins Pálssonar vegna þess að þar sér hann kristallast í sinni tærustu mynd viðhorf frjálslyndra íhaldsmanna, en þeir eru að verða svo fáir vegna þess að þeir sem töldu sig vera fulltrúa frjálslyndisins hafa teygt sig svo langt yfir til hægri að þeir eru í sjálfu sér orðnir fulltrúar öfganna.

Ég vil nú ekki hætta hinni þinglegu vináttu minni og fyrrverandi framkvæmdastjóra Verslunarráðsins með því að telja hann til þess hóps en þó verð ég að segja að þau rök sem ég hef áður flutt fyrir máli mínu hníga mjög að því að hann sé því miður genginn í þau björg. Hins vegar hef ég reynt þann ágæta þingmann að því að hann kann að hugsa, meira að segja standandi, og það er nú ekki öllum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins gefið — meira að segja ekki öllum ráðherrum en ég ætla nú ekki að nefna nein nöfn í því sambandi — að hann hefur sýnt að hann getur nálgast málin á hlutlægan og fordómalausan hátt þannig að lengi er von á einum, hv. þingmaður. Þetta var aðeins ferðin sem ég vildi nota til þess að hvetja hv. oddvita þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þess að upplýsa sjálfan sig svolítið um frjálslynd viðhorf á hinum væng stjórnmálanna því að það er alltaf gott þegar andstæð sjónarmið kallast á, þá er á stundum mjög gott að mæla sín eigin sjónarmið við vel rökstudd viðhorf hófstilltra einstaklinga sem tilheyra öðrum mönnum. Menn eiga að bera virðingu fyrir andstæðingum sínum þó að þeir séu ekki í sama flokki og sér í lagi mönnum sem hafa sýnt það á ferli sínum að það á að taka mark á þeim. Því miður held ég og hef óljósan, lævísan grun um að t.d. ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson séum meira sammála um að það beri að taka mark á þeim orðum Þorsteins Pálssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins sem var, en t.d. eins af þeim ágætu þingmönnum úr hans kjördæmi sem gengur í fótspor hans, situr hér í salnum í kvöld, hv. þm. Kjartans Ólafssonar, sem hefur satt að segja í umræðum í þessu máli ekki náð jafnlangt í skilningi á því hvar ber að greina á milli varðandi rekstur opinberra fyrirtækja eins og annar ágætur þingmaður sem var fyrir það kjördæmi, Suðurlandskjördæmi, Þorsteinn Pálsson.

Ég var í ræðu minni hér, frú ... (Gripið fram í.) Nú heyrði ég ekki frammíkall hv. þingmanns þannig að ég get ekki svarað til um þá hugsanlegu spurningu sem í því fólst. En þetta litla frávik mitt, sem laut að því að reyna að upplýsa hv. formann þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hófst af því að ég var að skýra hér hina mismunandi nálgun gagnvart opinberum hlutafélögum Sjálfstæðisflokksins annars vegar og Samfylkingarinnar hins vegar. Það kann að vera að þar sé Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Samfylkingin líka á svipuðu róli eins og í svo mörgum öðrum grundvallarmálum, þó ekki öllum.

En það sem skorti algjörlega í nálgun Sjálfstæðisflokksins í þessu frumvarpi sem átti að réttlæta að hægt væri að gera hlutafélag úr Ríkisútvarpinu er að sjálfsögðu ákvæðið um upplýsingaskylduna og um sömu skyldur og er að finna í stjórnsýslulögunum, því að það er einmitt ágætt að það skuli vera formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem skapar þau hughrif hjá mér að mér finnst að það sé nauðsynlegt að undirstrika það gagnvart þeim þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem hér eru í dag að fyrirtæki í opinberri eigu, hvort sem þau eru hlutafélög eða ríkisstofnanir, eiga að lúta allt öðrum lögmálum en fyrirtæki sem eru á markaði. Fólkið sem vinnur hjá opinberum fyrirtækjum er að vinna fyrir okkur, fólkið er að vinna fyrir fólkið. Oft og tíðum er það þannig að það starfar í umhverfi sem er tiltölulega öðruvísi og tryggara en á almennum markaði. Það hefur í sumum tilvikum og í flestum tilvikum traustari lífeyrisgrunn.

Það hefur líka traustari rétt gagnvart duttlungum yfirmanna og þannig á það að vera hjá fólki sem vinnur fyrir fólkið, að það geldur fyrir þetta. Allt sýnir að það fær fyrir vinnuafl sitt lægra verð en gerist á almennum vinnumarkaði. Menn eru hins vegar reiðubúnir til að sæta því vegna þess að menn búa við tryggara umhverfi. Eitt af því er nákvæmlega sá réttur sem er að finna t.d. í lögum um opinbera starfsmenn og í stjórnsýslulögum sem gerir það að verkum að atvik geti ekki orðið eins og við höfum séð t.d. á einkareknu fjölmiðlunum þar sem duttlungar einstakra yfirmanna verða til þess að jafnvel öðrum lægra settum yfirmanni er sparkað af engri sýnilegri ástæðu.

Við sem lítum svo á að við eigum að verja rétt þess fólks sem hefur kosið okkur, erum þeirrar skoðunar og helst er ég þeirrar skoðunar að það ætti ekki að vera hægt að reka fólk út af duttlungum einhverra manna. Ég á kannski erfiðara um vik með að setja slíkar reglur eða stuðla að því á almennum markaði, en hins vegar get ég það gagnvart fyrirtækjum sem eru rekin fyrir það fjármagn sem mér og öðrum þingmönnum á Alþingi Íslendinga er treyst til að fara með.

Fólk sem vinnur fyrir fyrirtæki sem eru byggð upp fyrir fjármuni sem almenningur á, á að hafa þann rétt að ekki sé hægt að vísa því úr starfi án þess að gefnar séu fullnægjandi ástæður og án þess að það hafi andmælarétt og geti þar af leiðandi leitað atbeina stéttarfélags síns. Þetta er eitt af því sem er varið í lögum um opinbera starfsmenn og í stjórnsýslulögum. Það er alveg ljóst í mínum huga að ég tel ekki verjanlegt að taka ríkisfyrirtæki, gera það að hlutafélagi og beinlínis með það að markmiði, a.m.k. sem hluta af markmiðssetningunni, að með því eigi að vera auðveldara að reka fólk, lækka laun þess eða skerða kjör þess að einhverju marki. Það er ekki verjanlegt gagnvart fólki sem vinnur fyrir fyrirtækið sem það hefur sjálft byggt upp með eigin fjárfestingum fyrir atbeina ýmissa farvega ríkisins og hins opinbera eins og skattkerfisins.

Þetta vildi ég gera algerlega skýrt. Í því frumvarpi sem

þingmenn Samfylkingarinnar lögðu fram, með hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í broddi fylkingar, var þetta í gadda slegið. Það var tvennt sem skipti höfuðmáli fyrir utan þau ákvæði sem ég hef fyrr nefnt um það svið sem slík lög eiga að spanna. Það eru ákvæðin um upplýsingar og ákvæði sem eru sambærileg þeim sem er að finna í stjórnsýslulögunum.

Upplýsingaskyldan er stóri munurinn á þessum frumvörpum, aðhaldið sem það færir okkur. Aðhaldið skiptir svo miklu máli, eins og Sjálfstæðisflokkurinn taldi einu sinni áður en hann gekk í björgin.

Í því frumvarpi sem við höfum lagt fram er gert ráð fyrir að það sé einungis ein undantekning að því er varðar upplýsingaskylduna. Það varðar samkeppnisrekstur. Það getur auðvitað komið upp sú staða að úfar rísi eða ágreiningur um hvort tiltekið atriði sem kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn eða á Alþingi mundi óska upplýsinga um. Hver á að skera úr um það? Í nálgun okkar gagnvart þessu vandamáli höfum við sagt að það sé Samkeppnisstofnun sem eigi að skera úr um það.

Ég lít svo á að þessi nálgun geri það að verkum að hægt er í sumum tilvikum að stofna opinbert hlutafélag sem er ekki beinlínis ætlunin að selja og þar sem lipurðin og sveigjanleikinn er til staðar. En þar sem réttur fólksins til að krefjast upplýsinga og knýja þar með fulltrúa sína bæði á kjörnum samkundum, og líka á fjölmiðlum, því fjölmiðlar eru sannarlega með vissum hætti fulltrúar fólksins því þeir eiga að alltaf að vera í uppreisn og andstöðu við ríkjandi valdhafa, sama hverjir þeir eru. Þetta tvennt skiptir öllu máli.

Ástæðan fyrir því að við höfum lagt svo mikla áherslu á þetta er að við óttumst að ef þessi upplýsingakvöð er ekki á opinberum stofnunum sé hugsanlegt að sú staða komi upp, eins og er að koma upp með háeffun RÚV, að slíkt rekstrarform sameini það versta úr báðum heimum, þ.e. bæði úr opinbera kerfinu og líka einkarekstrinum.

Við vitum öll sem höfum komið nálægt opinberum rekstri sem alþingismenn að það koma alltaf upp ákveðin dæmi og það sjást alltaf ákveðin merki um ábyrgðarleysi bæði í meðferð valds en líka í meðferð fjármuna hjá opinberum fyrirtækjum þar sem virkt aðhald öflugra hluthafa skortir. Hið jákvæða sem er við lýði í hlutafélagaforminu á almenna markaðnum er að þar eru margir hluthafar sem eiga sinn hlut sem vilja verja hann og ávaxta og það eru þeir sem veita stjórnunum sem kjörnar eru til forustu í slíkum félögum virkt aðhald. Peningarnir verja sig.

Í félögum sem eiga að vera hlutafélög með þeim hætti sem Ríkisútvarpið er sett upp með má segja að þar sameinist hættan á óábyrgri meðferð fjármuna, óábyrgri meðferð valds, vegna skort á því aðhaldi sem felst í upplýsingakvöðinni og líka vegna þess að þar skortir virkt aðhald hluthafa og hins vegar er líka skortur á gagnsæi og takmörkun á upplýsingum.

Í tilviki Ríkisútvarpsins hf. yrðu upplýsingarnar ekki aðgengilegar vegna þess að ríkisstjórnarliðið þverskallast við að ákvæði upplýsingalaga nái til þess. Ég hirði ekki hætis hót um þær léttvægu breytingar á frumvarpi viðskiptaráðherra um opinber hlutafélög sem heimila alþingismönnum að senda skriflegar fyrirspurnir á aðalfund.

Það má kannski orða með þeim hætti að þessi fyrirtæki eru sett á sérstakan bás þar sem þau lúta hvorki því aðhaldi sem markaðurinn veitir né því aðhaldi sem opinberir aðilar eiga að veita slíkum fyrirtækjum, fólk eins og við sem sitjum hér sem kjörnir fulltrúar. Þetta leiðir auðvitað til þess að menn fyllast tortryggni þegar þeir sjá þessa sókn í að háeffa opinber fyrirtæki sem felur það eitt í sér að þau eru tekin, ef svo má að orði kveða, úr réttarumhverfi hins opinbera og flutt yfir í umhverfi einkaréttarins. Við höfum auðvitað séð ákveðin dæmi um þetta.

Prinsippið í þessu máli á að vera að meðan fyrirtæki eru í opinberri eigu eða hafa aðgang að mörkuðum tekjustofnum sem koma frá almenningi, þá eiga fulltrúar fólksins sem þetta fé er sprottið frá, sérstaklega þingmenn og sveitarstjórnarmenn, rétt á tilteknum upplýsingum til að gegna því aðhaldshlutverki sem þeim ber og aðeins þannig fá þeir gætt hagsmuna hinna raunverulegu hluthafa, almennings í landinu. Það skiptir engu máli þó að því sé haldið fram að handhafi hlutabréfsins, einn einstakur ráðherra, geti veitt slíkt aðhald. Það er auðvitað firra. Það er almenningur í landinu og fjölmiðlarnir sem hann hefur með einum eða öðrum hætti yfir að ráða sem einir geta gert það, virðulegi forseti.

Ég hef sagt í ræðu minni, og fer ég nú bráðum að koma að frumvarpinu sjálfu, að margir lausir endar séu óhnýttir í frumvarpinu. Stundum minnir það mig á illa prjónaða gamla peysu sem hefur með einhverjum hætti lent í tætara. Hún er öll á tvist og bast, hangir saman en endarnir lafa alls staðar út úr. Það sést vel þegar við skoðum frumvarpið og berum það saman við þær skyldur sem fyrirtæki eins og Ríkisútvarpið hf. á að uppfylla samkvæmt hlutafélagalögum. Eitt af því sem hlutafélagalögin segja alveg klárt og kvitt er að slíkt fyrirtæki á að hafa ákveðnar samþykktir. Í þeim samþykktum á að koma fram tilgangur félagsins og með hvaða hætti það skilgreinir starfssvið sitt. Það er vísir að þessu í því frumvarpi sem hér liggur undir í umræðunni.

Það kemur, ef ég man rétt, virðulegi forseti, fram í þremur greinum þessa frumvarps að vísað er til samþykkta. Það er ekki gert með neinum almennum hætti eins og stundum er að finna. Það segir í 8. gr. um umboð menntamálaráðherra, með leyfi forseta:

„Um réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins hf. skal mælt nánar fyrir í samþykktum félagsins."

Frú forseti. Auðvitað er það svo að það eru drög að lýsingu á skyldum félagsins, þó varla réttindum þess, í 3. gr. frumvarpsins. En maður skyldi nú ætla að ekki væri ofrausn af þeim sem leggja fram frumvarp eins og þetta sem varðar framtíð, uppbyggingu og samkeppnishæfni merkustu menningarstofnunar íslenska samfélagsins þó hugsanlega megi nefna jafnoka þeirrar stofnunar í formi ýmissa gróinna menntastofnana eins og háskólans og gamalla skóla hér á landi.

En ég hugsa að í 76 ára sögu Ríkisútvarpsins hafi engin stofnun komið fram sem hefur verið jafnoki hennar að virðingu og ástúð þjóðarinnar. Sérstaklega á árunum fyrri. Segja má að Ríkisútvarpið hafi verið hið ósýnilega net sem tengdi landsmenn saman og það má segja að sama hafi verið hvar menn bjuggu. Einn þráður, ekki sýnilegur mannlegu auga, batt þá alla saman. Við höfum margar frásagnir af því

hvernig það var nánast helgistund í afskekktum sveitum á þeim tíma sem útvarpið var opið. Fyrstu ár þess, þegar það raunar var rekið á hlutafélagaformi af því ríkið hafði ekki burði til að ráðast í uppbyggingu þess á þeim tíma, var það einungis opið hluta úr degi.

En þetta var vefurinn sem óf sig um allt land og miðlaði þróun málsins, varðveitti málið og miðlaði sögulegri þekkingu og má með vissum hætti segja að hafi ávaxtað hið menningarlega pund og skilað ærinni rentu.

Maður skyldi ætla að slík stofnun þyrfti að hafa skýrt markaða stefnu. En hvar er sú stefna? Jú. Það segir um skyldur Ríkisútvarpsins að það eigi að mæla nánar fyrir um þær í samþykktum félagsins. Ég hef ekki séð þær samþykktir. Í upphafi umræðunnar um þetta mál var gengið harkalega eftir því af hálfu þingmanna stjórnarandstöðunnar að þessar samþykktir lægju fyrir. Það er ekki nóg að gera eins og nú er gert á allra síðustu dögum umræðunnar að þeim er fleygt inn í menntamálanefnd en við sem sitjum utan hennar og störfum í öðrum nefndum þingsins en höfum ærinn áhuga á þessu málefni og berum hag Ríkisútvarpsins fyrir brjósti, höfum ekki séð þær. Auðvitað eru samþykktir eitthvað sem ætti að liggja fyrir til umræðu lengi.

Það er eitt af því sem varðar það hvort menn komist að einhvers konar ásættanlegri niðurstöðu um þá mörkuðu stefnu inn í framtíðina sem Ríkisútvarpið á að fylgja. Í þremur greinum frumvarpsins er minnst á samþykktir en þær hafa ekki fylgt þessu frumvarpi. Þær gerðu það í fyrra á meðan þetta var sameignarfélag, áður en Framsókn var plötuð upp úr skónum og plötuð til þess að fallast á hlutafélagaformið fylgdu samþykktirnar. Þær gufuðu allt í einu upp. Það er hugsanlegt að þær séu komnar fram aftur í einhvers konar formi.

Eitt af þeim atriðum sem átti sérstaklega að mæla fyrir um og er í 11. gr. varðar starfssvið útvarpsstjóra. Maður skyldi ætla þegar um er að ræða stofnun af þeirri gerð sem Ríkisútvarp allra landsmanna er þar sem á að setja upp samkvæmt lögunum alvaldan útvarpsstjóra, þá lægi fyrir hvert starfssvið hans ætti að vera. Það er gróflega útfært í frumvarpinu en þó með þeim hætti að það er erfitt að sjá nákvæmlega hvert hans hlutverk er fyrir utan að sagt er að hann eigi að vera sjálfstæður og sterkur og hafa frumkvæði. Það átti að mæla nánar fyrir um þetta eða skilgreina starfssviðið í samþykktunum. Ég hef ekki séð þessar samþykktir. Þingmenn hafa almennt ekki séð þær þó að hugsanlega hafi einhverjir í meiri hlutanum séð þær upp á síðkastið, ég hef ekki séð þær. Það hefur verið spurt eftir þessum samþykktum.

Það er rétt að rifja upp hvað hæstv. menntamálaráðherra sagði þegar tveir hv. þingmenn Samfylkingarinnar inntu hana eftir þessum samþykktum. Þá sagði hæstv. ráðherra: Um þær gildir bara það sem segir í hlutafélagalögunum. Við þingmenn Samfylkingarinnar fórum í þessi hlutafélagalög og þar var ekkert hægt að finna sem sagði t.d. fyrir um hvernig réttindi Ríkisútvarpsins ættu að vera eða skyldur, vegna þess að þar er um sértæk hugtök og skilgreiningar að ræða sem gilda ekki almennt um hlutafélög.

Ég velti því fyrir mér hvernig á því stóð að hæstv. menntamálaráðherra hefur allt fram á þennan dag farið með þessar samþykktir eins og mannsmorð. Enginn hefur fengið að sjá þær. Sömuleiðis liggur það alveg fyrir að skilgreiningin á því hvað er almannaútvarp í ríkiseign er mjög óskýr í þessu frumvarpi. Þegar hæstv. ráðherra var innt eftir því af Merði Árnasyni hver þessi skilgreining væri og hvar hún ætti að birtast sagði hæstv. ráðherra að þetta mundi koma fram í þjónustusamningi sem gerður yrði við Ríkisútvarpið af hálfu ríkisins. Hver á að gera þann samning? Það er menntamálaráðherra. Það er sem sagt menntamálaráðherrann sem á í reynd að útfæra — þá væntanlega án frekari umræðu hér á hinu háa Alþingi — þá skilgreiningu sem við eigum að vinna eftir og varðar almannaútvarp í ríkiseign. Þetta er lykilhugtak, þetta er rauður þráður í þeim samþykktum sem t.d. Evrópuráðið hefur gert fyrir sitt leyti um það hvernig á að reka almannaútvarp. Við höfum ekkert séð af þessu. Hæstv. ráðherra hefur ekki talið þörf á því að leggja fyrir þingið drög að samþykktum eða drög að þjónustusamningi þar sem lykilhugtök væru skilgreind og þar sem skýrt væri út hvaða sýn það er sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin vilja hafa á framtíð Ríkisútvarpsins.

Frú forseti. Við höfum rætt um það og deilt um það í þessari umræðu hvort þetta rekstrarform sem verið er að klæða Ríkisútvarpið í sé í rauninni þess eðlis að hægt sé að halda því fram með traustum rökum að í því felist sama sjálfstæði og hlutafélög á almennum markaði búa við. Ég tel það af og frá. En það vill svo til að hv. þingmenn þurfa ekki að taka mig trúanlegan um það. Í ræðum sem sjálfstæðisþingmenn hafa flutt hér, eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur hann komist að nákvæmlega sömu niðurstöðu. Ég hóf mína ræðu á því að vísa í orð hv. þingmanns og sagði að hann hefði eftir skoðun á frumvarpinu komist að því að það uppfyllti einfaldlega ekki þau skilyrði sem eru sett sem forsenda fyrir því að fyrirtæki geti starfað sem sjálfstætt hlutafélag.

Hv. þm. Pétur Blöndal gerði sérstaklega að umræðuefni stjórn Ríkisútvarpsins. Það er nú einhver kostulegasta smíð sem ég hef lengi séð og ég skil satt að segja ekki á hvaða slóðum sá hugarheimur er sem tókst að grafa úr fylgsnum sínum þetta afskræmi sem liggur fyrir í 9. gr. frumvarpsins. Þar er því haldið fram fullum fetum að kjósa eigi stjórn félagsins á aðalfundi á tilteknum tíma á hverju ári. Í frumvarpinu segir „kjósa“. Hver á að kjósa? Jú, það er einn tiltekinn ráðherra, hæstv. menntamálaráðherra, en er hann sem handhafi hins eina hlutabréfs frjáls að því að kjósa hvern sem er? Nei. Viku áður en aðalfundurinn fer fram skal Alþingi kjósa fimm menn og hluthafinn er lögum samkvæmt bundinn þeirri kvöð að hann verður að skipa þessa fimmmenninga í stjórn Ríkisútvarpsins. Þetta er það sem hæstv. ráðherra kallar faglega stjórn.

Hver er munurinn á þessu og núverandi pólitískri stjórnun á Ríkisútvarpinu sem felst í útvarpsráði? Hann er allnokkur. Þessi háttur er miklu verri en sá sem við höfum í dag. Í dag er það þó þannig að útvarpsráð er kosið til nokkurra ára þannig að þeir sem taka sæti í því hafa vissu fyrir því að sitja ákveðna tímalengd og ef þeir hafa stefnu sem þeir vilja fylgja af sannfæringu hjarta síns en sem kann að vera í andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar, ef svo verkast vill, þá hafa þeir tíma til þess að koma þeirri stefnu sinni í framkvæmd. Þeir þurfa ekki að lúta því agavaldi sem fyrirvaralaus svipting setu í stjórninni hefur í för með sér.

Ég nota viljandi orðin „fyrirvaralaus svipting“ vegna þess að ákvæðið sem ber að lesa í 1. mgr. 9. gr. segir að stjórnarmenn skuli kosnir árlega. Það þýðir að það eru hæg heimatökin hjá heimaríkum ráðherra að skipta út manni sem ekki stendur sína plikt og lýtur því valdi sem flokkur hæstv. ráðherra hverju sinni vill. Þetta þýðir í reynd að ráðherra hverju sinni hefur meiri möguleika á því að skipta út óþægum stjórnarmönnum en hann hefur í dag. Af því er ekki hægt að álykta annað en að hin pólitísku tök ráðherrans verði meiri eftir að búið er að samþykkja þetta frumvarp en þau eru í dag. Þetta hefur í för með sér að menn geta ekki með nokkrum hætti kallað þetta form form opinbers hlutafélags.

Hv. þm. Pétur Blöndal kemst svo að orði, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra segir í 1. gr. að Ríkisútvarpið sé sjálfstætt hlutafélag.“

Hvernig getur það verið sjálfstætt þegar það er í eigu ríkisins sem er eini eigandinn og m.a.s. stjórnin er kosin með furðulegum hætti? Til þess að uppfylla skyldu hlutafjárlaga skal kjósa stjórn á aðalfundi, en sú stjórn skal vera kosin af Alþingi áður. Og hv. þm. Pétur Blöndal og leiðtogi sjálfstæðismanna í efnahagsmálum slær á lær sér í óeiginlegri merkingu af forundran og hann er svo hissa að hann segir, með leyfi forseta:

„Hvers lags kosning er það? Þetta er ekki sjálfstætt hlutafélag fyrir tíu aura.“

Þetta eru orð hv. formanns efnahags- og viðskiptanefndar. Þetta eru orð þess manns sem líklegt er að kynni ef Sjálfstæðisflokkurinn ber gæfu og þjóðin ógæfu til þess að hann verði áfram í ríkisstjórn, sem guð forði okkur frá, hugsanlega að verða næsti viðskiptaráðherra. Þetta er talsmaður Sjálfstæðisflokksins í þessum sölum í efnahags- og viðskiptamálum. Hann er sá maður sem hefur einna mesta reynslu í þingliði flokksins af viðskiptum. Hver er dómur hans um þá fullyrðingu menntamálaráðherra að hér sé um sjálfstætt hlutafélag að ræðað? Hann segist ekki gefa tíu aura fyrir það. Hann segir með öðrum orðum, frú forseti, að málflutningur hæstv. ráðherra sé tóm della og ekki ætla ég að rengja annan eins mann og hv. þm. Pétur H. Blöndal í því efni.

Hins vegar er nauðsynlegt að fjalla svolítið meira um kosninguna. Hvert er meginhlutverk hins pólitískt kjörna meiri hluta í stjórn Ríkisútvarpsins hf.? Jú, það er að ráða útvarpsstjóra. Það þýðir í reynd að útvarpsstjóri er ráðinn pólitískri ráðningu samkvæmt þessu. Það þýðir líka vegna þess hversu auðvelt hæstv. ráðherra á samkvæmt lögunum með að skipta út stjórnarmönnum að hann hefur lítið skjól af hinni kjörnu stjórn félagsins hverju sinni. Við slíkar aðstæður, frú forseti, er alveg ljóst að gefa verður þeim sem gegnir stöðu útvarpsstjóra hverju sinni skjól af löngum ráðningartíma. En hver er ráðningartími útvarpsstjóra? Það er ekkert talað um hann. Það er hugsanlegt að það verði að finna í samþykktunum en það er hvergi ákvæði um það í lögunum. Ég tel að það verði að negla það í lögin að útvarpsstjóri hverju sinni hafi tiltölulega rúman og langan ráðningartíma ella gæti veiklyndur útvarpsstjóri sem er undir járnhæl pólitísks meiri hluta stjórnar í slíku félagi farið að laga sig að því sem hann telur vera vilja stjórnarinnar hverju sinni og þar með í reynd orðið framlenging af hinu pólitíska valdi.

Þetta, frú forseti, er hætta sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þetta er hætta sem Evrópuráðið sem hefur fjallað töluvert mikið um fjölmiðlamál hefur einmitt látið til sín taka.

Það vill svo til, frú forseti, að árið 2000 voru í Slóveníu gríðarleg átök um fjölmiðlalög sem voru ekki óskyld þeim deilum sem urðu hér heima á Íslandi. Þau mál gengur reyndar skrefi lengra en hér á Íslandi. Þau leiddu til þess að lokum að þjóðaratkvæðagreiðsla var um það mál þar sem heiftarlega var tekist á um m.a. pólitíska ráðningu útvarpsstjóra. Því máli lyktaði með algjörri kyrrstöðu og miklum erfiðleikum vegna þess að ríkisstjórnin vann þjóðaratkvæðagreiðsluna en mjög naumlega eða með 0,2%.

Sárin sem urðu vegna þess munu því seint gróa. En í því máli var það svo að stjórnarandstaðan óskaði eftir að fjölmiðlaskrifstofa Evrópuráðsins gæfi álit sitt á því hvort ráðningartími útvarpsstjóra, sem þá var fjögur ár samkvæmt lögum slóvensku ríkisstjórnarinnar, samrýmdist skilningi Evrópuráðsins á þeim tilmælum sem send hefðu verið frá því.

Ríkisstjórnin vildi ekki afla umsagnar Evrópuráðsins. Að því leyti til var hún alveg eins og ríkisstjórn Íslands og hæstv. menntamálaráðherra að hún lagði ekki í að láta skoða hvort þetta frumvarp sem við erum að ræða uppfylli skuldbindingar sem má finna í tilmælum Evrópuráðsins og við teljum að okkur beri skylda til að fara að.

Þá var það þannig að tveir þingmenn á slóvenska þinginu sem áttu sæti í Evrópuráðinu tóku það upp hjá sjálfum sér að óska umsagnar fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins. Skrifstofan varð við því. Eitt af því sem skrifstofan benti sérstaklega á var að stjórn hins nýja ríkisútvarps var að meiri hluta til skipuð fulltrúum ríkisstjórnarinnar. Það var þessi stjórn sem réð útvarpsstjórann og fjölmiðlaskrifstofa Evrópuráðsins sagði að vegna þess að útvarpsstjóri væri skipaður af pólitískum meiri hluta yrði hann að búa við ráðningartíma sem væri það langur að hann þyrfti ekki að óttast skömmu eftir að hann tæki við embætti að hann mundi hugsanlega missa embættið vegna þess að stjórninni mislíkuðu gjörðir hans og hann mundi þess vegna óbeint eða meðvitað fara að laga sig að því sem hann teldi að hinn pólitískt skipaði meiri hluti vildi. Þetta kallaði fjölmiðlaskrifstofa Evrópuráðsins freistinguna um það að falla í gryfju hins pólitíska valds og lagði til að ráðningartíminn yrði lengdur úr fjórum upp í sjö ár.

Hér er ekki einu sinni talað um að lágmarkstíminn sé eitt ár. Hér getur pólitískt skipuð stjórn Ríkisútvarpsins hf. rekið útvarpsstjórann þegar henni býður svo við að horfa. Hann hefur enga vörn af löngum ráðningartíma, ekkert skjól af því að hafa vissu um að sitja í embætti tiltekinn tíma. Hann getur verið rekinn eftir ár ef ósvífnum og ofbeldisfullum meiri hluta býður svo við að horfa.

Við höfum í vaxandi mæli horft fram á að ríkisstjórnin eftir langa setu er farin að fótumtroða þingræði. Hún er farin að iðka það sem við höfum kallað ráðherraræði og ég hef stundum kallað rassvasalýðræði og felst í að einn, eins og gerðist í fjölmiðlalögunum, hugsanlega tveir ráðherrar, formenn stjórnarflokkanna, bókstaflega taka afganginn af rík-

isstjórninni og þingmeirihlutann og stinga því öllu saman í rassvasann og fara með það eins og þeim sýnist til að ná sínum vilja fram. Það er við slíkar aðstæður sem sú staða er hugsanlega komin upp og við þurfum ekki að hugsa mjög langt aftur í tímann til að sjá fyrir okkur stöðu þar sem ráðríkur foringi stórs stjórnmálaflokks þykist hafa tök á öllu.

Fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, mislíkaði við ríkisstofnun, þ.e. Þjóðhagsstofnun, og gaf út fyrirmæli um að hún yrði lögð niður út af því einu að sú stofnun sá fyrir efnahagsvandann árinu áður en hann gerðist. Stofnunin hélt alltaf áfram að sinna þeirri skyldu sinni að greina váboðana sem urðu stærri. Það var fyrrum formaður Sjálfstæðisflokksins sem hefndi sín á þeirri stofnun með því að leggja hana niður.

Það er þess vegna ekki út í hött sem ég segi að vel sé hægt að hugsa sér aðstæður þar sem harðráður og skapríkur formaður í stórum stjórnmálaflokki gæti komist að þeirri niðurstöðu að það væri farsælast fyrir hann og hans pólitíska umhverfi að skipt væri um útvarpsstjóra og gæfi skipun um það til hins pólitískt skipaða meiri hluta. Ef þetta væri Sjálfstæðisflokkurinn þyrfti ekki að hafa áhyggjur af Framsóknarflokknum vegna þess að hann lufsast alltaf með.

Það er þess vegna, frú forseti, sem ég held því fram alveg fullum fetum að ákvæðin um útvarpsstjórann í þessum lögum stangast á við túlkun fjölmiðlaskrifstofunnar á tilmælum Evrópuráðsins.

Ég hef fyrr í ræðu minni farið nokkuð hlýjum orðum um getu hv. formanns menntamálanefndar til að greina þau vandkvæði pólitískt sem verða að vegi hans sem formanns í þeirri nefnd. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur sagt það hreint út af því hann skilur þetta mál, að það þurfi ekkert að senda þetta frumvarp til umsagnar fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins vegna þess að Íslendingum beri engin skylda til að fara eftir því. Hann vill ekki fara eftir því vegna þess að hann veit að þetta frumvarp sem honum hefur verið falið að troða í gegnum þingið stenst ekki tilmæli Evrópuráðsins. Svo einfalt er það nú, virðulegi forseti.

Ég hef í nokkuð stuttu og kjarnyrtu máli miðað við umfang málsins farið yfir þau viðhorf sem ég og sá stjórnmálaflokkur sem ég tilheyri hafa til þessa frumvarps. Við teljum að frumvarpið sé óvandað og á því séu lausir endar. Ég hef rakið það vel. Þær samþykktir sem vísað er til í ákvæðum frumvarpins liggja ekki fyrir til almennrar skoðunar hjá þingmönnum. Þjónustusamningurinn sem hæstv. ráðherra hefur sagt að eigi að skilgreina hlutverk Ríkisútvarpsins liggur ekki fyrir. Fjárreiður Ríkisútvarpsins eru með öllu óljósar. Hv. þm. Mörður Árnason hefur hvað tærast orðað það svo að deginum eftir að hlutafélagið verður að veruleika gætu lánadrottnar gengið að því með kröfur sína og gert það gjaldþrota. Af því eiginfjárstaða þess er neikvæð.

Það sem meginmáli skiptir er þó í mínum huga tvennt. Þetta frumvarp opnar á sölu. Þeir sem bera frumvarpið fram, eins og þeir þingmenn sem hafa haft sig mest í frammi, hv. þm. Birgir Ármannsson og Sigurður Kári Kristjánsson, eru opinberir talsmenn sölu Ríkisútvarpsins. Þeir hafa lagt fram frumvarp sem gerir ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði selt fyrir lok þessa árs. Að vísu er það svo að formaður menntamálanefndar bilar annað veifið í hnjánum og hrökklast til og frá, skekst stundum eins og strá í vindi undan gustinum sem gengur úr herbúðum ríkisstjórnarinnar og aðallega Sjálfstæðisflokksins en mestan tímann er hann þó með sölu. Hann hefur t.d. náð þeim áfanga að vera sölusinni um það bil tvo þriðjunga af þeim tíma sem þetta frumvarp hefur verið í 2. umr. en hinn þriðjunginn hefur hann bilað aðeins í hnjánum.

Það liggur fyrir að opinber stefna Sjálfstæðisflokksins síðan 1995 er að selja Rás 2. Það liggur fyrir samkvæmt þessu frumvarpi að í 3. gr. er opnað á að Rás 2 verði seld eða lögð niður. Það segir einfaldlega að það eigi ekki að vera skylda Ríkisútvarpsins að reka nema eina hljóðvarpseða sjónvarpsrás. Það liggur fyrir að hæstv. menntamálaráðherra hefur sagt í svari til tveggja þingmanna Samfylkingarinnar, sem báðir eru hér í salnum í kvöld, að ef sú staða kemur upp að þörf sé á að leggja Rás 2 inn í nýtt félag sem væri hugsanlega í sameign RÚV og fjölmiðlarisa á almennum markaði, þá er ekkert innan þessara fjögurra veggja sem við stöndum nú innan sem getur komið í veg fyrir það. Það er því alveg ljóst að samkvæmt skilgreiningu menntamálaráðherra þá getur útvarpsstjóri og það sem hún hefur svo rausnarlega kallað faglega stjórn Ríkisútvarpsins hf. ákveðið að leggja Rás 2 inn í slíkt félag. Ég hef fært rök að því að meðvitað sé verið að stefna Ríkisútvarpinu eða halda því í fjárhagslegum vanda til þess hugsanlega að þegar sú staða kemur upp að einkavæðingarkynslóðin, RÚV-sölumennirnar innan Sjálfstæðisflokksins eru komnir til aukinna valda og meiri en í dag, menn eins og formaður menntamálanefndar, þá sé hægt andspænis fjárþröng og fjársvelti útvarpsins að fá samþykkti fyrir því að hlutafélag þar sem t.d. Rás 2 væri komið inn í yrði selt.

Ekki síst þessum hlutum er ég algerlega á móti þessu frumvarpi. Ég hef sömuleiðis farið skýrt yfir það sem er sameiginleg skoðun Samfylkingarinnar í dag og manna eins og Ögmundar Jónassonar, formanns þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og jafn ólíks stjórnmálamanns honum og fyrrum formanns Sjálfstæðisflokksins Þorsteins Pálssonar, að það verður að gera greinarmun á fyrirtækjum í opinberri eigu sem eru annars vegar rekin fyrir sjálfsaflafé og hins vegar rekin fyrir skattpeninga almennings. (**Gripið fram í:** Alveg hérrétt.)

Ég hef rifjað upp þau orð sem Þorsteinn Pálsson skrifaði í leiðara um daginn þar sem hann sagði að eina, ekki ein, heldur eina leiðin til að koma í veg fyrir misnotkun á almannafé væri að tryggja þann rétt sem almenningur hefur í krafti upplýsingalaga gagnvart slíkum félögum. Það er þess vegna sem hann sagði að það væri öfugsnúið að fara þá leið sem Sjálfstæðisflokkurinn er að fara hér í dag og það er þess vegna sem hann sagði líka að annaðhvort væri undirbúningur þessa frumvarps í skötulíki eða annað byggi undir en látið væri í veðri vaka.

Ég er nú reyndar þeirrar skoðunar að hvort tveggja sé rétt. Undirbúningurinn er í skötulíki og það býr annað undir. Að minnsta kosti af stórum hluta Sjálfstæðisflokksins, allri yngri deildinni, býr það undir að það á að selja RÚV. Við skulum ekki gleyma því að sennilega stærsti hluti flokksins, öflugasta félagið, Heimdallur og flest félögin innan SUS eru með þá opinberu stefnu að selja eigi RÚV. Við vitum að öllu vindur fram, tímanum og líka nýjum

kynslóðum og þetta er fólkið sem ræður ungliðadeildunum í dag en á morgun mun það ráða flokknum og þá mun það berjast fyrir því, að ekki bara Rás 2 verði seld heldur Ríkisútvarpið allt. Það tel ég að komi ekki til greina. Ég tel að ekki komi til greina að breyta um rekstrarform á stofnun eins og Ríkisútvarpinu, jafnmikilvægri og hún er, sem geri það að verkum að upplýsingalög ná ekki yfir stofnunina þannig að við getum ekki notað það virka aðhald sem felst í að æskja upplýsinga í gegnum kjörna fulltrúa um gang rekstrar fyrirtækisins og þar sem stjórnsýslulög eða ígildi þeirra eru heldur ekki virk til að vernda rétt starfsmannanna. Þessi skortur á gagnsæi og þessi skortur á upplýsingum gerir það að verkum að ég get með engu móti samþykkt þetta frumvarp.

Ég hef líka fært rök að því hér að þetta frumvarp herðir hin pólitísku tök meiri hlutans á stjórn útvarpsins og þar með á hinum nýja alvaldi sem verður innan og yfir Ríkisútvarpinu hf., útvarpsstjóra. Þá er ég ekki að hugsa um neinn tiltekinn einstakling heldur líka um alla framtíð. Þetta frumvarp virðist beinlínis sniðið til að ráðherra úr pólitískum flokki hafi sterkari tök á stjórnun Ríkisútvarpsins eftir samþykktina en hingað til. Þó vitum við að oft keyrði um þverbak. Við vitum að Sjálfstæðisflokkurinn hefur áratugum saman lagt allt kapp á að hafa sem sterkust tök á Ríkisútvarpinu. Og hann hefur sannarlega stjórnað því og sérstaklega einstökum hlutum þess.

Það var ekki að ófyrirsynju að stjórnmálamenn eins og ég kölluðu Ríkissjónvarpið bláskjá því eins og menn vita hefur það verið þannig um árabil að aðgangurinn að Ríkisútvarpinu og sérstaklega þessum hluta þess hefur verið flokksskírteini í Sjálfstæðisflokknum þó sem betur fer sé það að breytast þó megi finna alveg splunkuný dæmi um það.

Af því ég horfist í augu við gegnan sjálfstæðismann er rétt að segja að stjórnmálaskoðanir eiga ekki að koma í veg fyrir að menn fái vinnu hjá opinberu fyrirtæki en þær eiga heldur ekki að vera aðgöngumiði. Það er algjörlega út í hött að einn pólitískur flokkur einoki stærsta og merkasta miðil sem þar að auki er í eigu almennings í landinu. Þannig hefur það verið og verði þetta frumvarp að veruleika verður það þannig um þá framtíð sem þau lög munu gilda. Staða útvarpsstjóra eins og um hnútana er búið í þessu frumvarpi er veik vegna þess að ráðning hans er ekki tímasett, hún er ekki til ákveðins tíma þannig að pólitískt skipað útvarpsráð eða stjórn, sem er líka veikara en áður vegna þess að það er hægt að skipta um það árlega, getur skipt honum út hvenær sem er. Ég undirstrika það enn og aftur að Evrópuráðið telur æskilegt að ráðningartími útvarpsstjóra sem er ráðinn af sambærilegum pólitískum meiri hluta og verður samkvæmt þessu frumvarpi sé sjö ár. Það er vert að undirstrika að Evrópuráðið hefur sagt í umsögn um svipað frumvarp sem sett var í gegnum þing í öðru Evrópuríki að ella gæti útvarpsstjóri freistast til þess að laga ritstjórnarstefnu fjölmiðilsins að vilja hins pólitíska meiri hluta til að auka líkur sínar á endurráðningu.

Það eru þess vegna engin sjáanleg rök fyrir því að maður með þær pólitísku skoðanir sem ég hef, að flokkur með þau pólitísku sjónarmið sem Samfylkingin hefur greiði atkvæði með þessu frumvarpi. Það er þess vegna sem Samfylkingin og stjórnarandstaðan hefur lagt það til að þessu máli verði vísað frá og það er rökstutt í tólf liðum í þingskjali sem hér liggur fyrir og ég mun greiða því atkvæði.

Að lokum, frú forseti. Eitt hefur ekki verið nefnt í ræðu minni en gæti orðið tilefni langrar umfjöllunar í seinni hluta og það er hlutur Framsóknarflokksins. Hvar er Framsóknarflokkurinn í þessari umræðu? Ég lýsi eftir Framsóknarflokknum. Ég hef haldið drjúga stund ræðu um þetta frumvarp, um háeffun Ríkisútvarpsins og þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa verið í salnum og tekið þátt með ýmsum hætti en hér hefur varla borið á einum einasta fulltrúa Framsóknarflokksins fyrir utan þann sem nú situr í hinum hlutlausa sessi forseta beint fyrir aftan mig. Framsóknarflokkurinn var sá flokkur sem hélt fjallræður úr þessum stóli, sem hélt bergnumdar ræður á flokksþingum sínum um það að fyrr skyldi hann á knjánum liggja en að hann féllist á að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Nú liggur hann á hnjánum, rúinn fylgi, rúinn trausti, rúinn öllum trúverðugleika, rúinn þeim stefnumiðum sem hann sjálfur lagði upp með. Er nema von að flokkurinn sé í þeirri stöðu sem hann er núna þegar hann aftur og aftur lætur Sjálfstæðisflokkinn beygja sig til óhæfuverka?

Það eru ekki nema tvö ár, ef ég man rétt, síðan Framsóknarflokkurinn samþykkti með hátíðlegu klappi á aðalfundi miðstjórnar að hann mundi aldrei fallast á að Ríkisútvarpið yrði að hlutafélagi. Núna kemur formaður flokksins fyrstur manna fram á liðnu sumri til þess að færa þjóðinni þá blekkingu að tilmæli og álitsgerð sem kom frá ESA væri þess eðlis að ekki væri hægt að túlka hana með öðru móti en því að Ríkisútvarpið yrði að vera gert að hlutafélagi. Þegar málið er síðan skoðað kemur í ljós að það er rangt. Það er rétt að rifja það upp fyrir þingheimi og þeim sem hlusta á þessa ræðu að mánuðum saman var þessum úrskurði ESA haldið leyndum fyrir þjóðinni, fyrir fjölmiðlum og fyrir þinginu. Því var haldið fram í fjölmiðlum af hálfu forustu stjórnarflokkanna að þessi tilmæli væru þess eðlis að það yrði að háeffa Ríkisútvarpið. Framsóknarflokkurinn lét plata sig með þessum hætti. Þeir menn sem sögðu að þeir mundu fyrr dauðir liggja en fallast á að líka það vígi mundi falla féllust að lokum á hlutafélagavæðinguna út af þessu.

Hvað kemur svo í ljós? Þegar loksins er skoðað hvað felst í tilmælunum er það í fyrsta lagi að verið er að aðskilja samkeppnisreksturinn frá almannaútvarpsrekstrinum og að koma verður í veg fyrir að ríkið beri ótakmarkaða ábyrgð á félaginu. Hvort tveggja er hægt að gera með því að hafa stofnunina á formi sjálfseignarfélags í atvinnurekstri. Það er það form sem ég tel að eigi að beita. Það skiptir miklu máli í núverandi rekstrarumhverfi vegna þess að það kemur í fyrsta lagi í veg fyrir sölu eða gerir hana mjög erfiða og kemur í veg fyrir bútasölu sem hlutafélagavæðingin gerir mögulega. Það færir stofnunina inn á svið einkaréttarins þannig að það nýtur kosta þeirrar sveigju sem býr í hlutafélögum í dag. Það er ekkert sem segir að kosti hlutafélaganna sem er að finna í lögum um þau sé ekki hægt að taka upp og setja í lög um Ríkisútvarpið, ekki neitt.

Að síðustu vil ég segja þetta: Menn tala stundum og sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn um Ríkisútvarpið eins og það sé hálfgerður garmur. Það er rétt að að ýmsu leyti hefur

Ríkisútvarpinu ekki á sumum sviðum tekist nægilega vel upp en á mörgum öðrum hefur því tekist stórkostlega vel upp af naumum fjárráðum. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að með nýjum útvarpsstjóra fæ ég ekki betur séð en að Ríkisútvarpið sé orðinn sá ljósvakamiðill sem hreyfir sig örast á vinnumarkaðnum. Við munum það þegar stjörnur voru keyptar frá vinsælasta þætti Ríkissjónvarpsins. Þá leið ekki sólarhringur áður en útvarpsstjóri var búinn að fá aðrar betri eða jafngóðar þannig að ekki virtist nú skortur á háeffun þá há hreyfanleika og hröðu skriði Ríkisútvarpsins og yfirmanna þess.

Auðvitað er það þannig að það á að taka burt ráðherraráðningarnar á yfirmönnum þessara þriggja stóru deilda RÚV sem hvort eð er allar hafa verið skipaðar af einhverjum pamperum og pótintátum úr Sjálfstæðisflokknum, alltaf verið pólitísk skipun, alltaf verið notuð sem bitlingar. Það er það sem er að bitna á Ríkisútvarpinu núna.

Þegar hæstv. menntamálaráðherra leyfir sér að kvarta undan því að ekki sé hægt í núverandi samkeppnisumhverfi að bjóða upp á að þarna sé einhver tiltekinn fjöldi yfirmanna ráðinn beint af ráðherra þá er hún að kvarta undan því að búið er að fylla þarna hvert rúm, drepa í hverja smugu af hennar eigin liði. Áfellisdómurinn sem er að falla er yfir hennar eigin gjörðum og hennar flokks.

Því miður er það þannig, frú forseti, að ég tel svona í nafni lýðræðisins að mál sé til þess að leyfa öðrum að komast að til þess að viðra sín viðhorf en það er margt sem ég á eftir að segja. Ég verð að láta það bíða betri tíma og þakka, forseti, fyrir stillingu gagnvart löngum ræðutíma mínum.

[21:23]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Mér þótti þetta langt mál, hátt og snjallt hjá þingmanninum og er ekki að svara því í neikvæðum dúr með þessari upptroðslu hér í stólinn heldur að segja frá því, af því að á það var minnst, að drög að samþykktum fyrir hlutafélagið Ríkisútvarpið hf. komu fram seint og um síðir í menntamálanefnd. Mér láðist að ræða um þessar samþykktir í framsöguræðu minni fyrir nefndaráliti minni hlutans og biðst afsökunar á því. Það var kannski vegna þess að í yfirferð minni yfir þær samþykktir sá ég ekkert í þeim merkilegt eða umfram það sem ég held að standi í nánast öllum samþykktum hlutafélaga og er aðeins farið eftir því formi sem tilgreint er í hlutafélagalögunum sem ég las hvað þetta varðaði fyrir hæstv. menntamálaráðherrasællar minningar.

Á þremur stöðum í frumvarpi því sem hér er til umræðu er hins vegar vitnað til samþykkta félagsins. Það er gert í 8. gr. þar sem talað er um að um réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins hf. skuli mælt nánar fyrir í samþykktum félagsins. Lestur minn á þessum samþykktardrögum hefur ekki leitt til þess að ég hafi séð á þessi réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins minnst enda veit ég ekki alveg hvað það ætti að vera að gera í þessum samþykktum. Það er því ekki í samþykktunum.

Í öðru lagi er talað um að starfssvið stjórnar ákveðist í samþykktum félagsins, samanber hlutafélagalögin, og þau gera það vissulega en ekkert umfram það sem hlutafélagalagagreinin segir til um.

Í þriðja lagi er talað um að það megi í samþykktum félagsins skilgreina nánar starfsvið útvarpsstjóra og í stuttu máli hefur sú heimild ekki verið nýtt í þeim drögum sem liggja fyrir.

Þetta vildi ég að kæmi fram í umræðunni og hef tækifæri til þess sjálfur að fara betur í þessi mál síðar í kvöld eða á morgun eða eftir helgi.

[21:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Fræg persóna úr íslenskum bókmenntum sagði í frægu bókmenntaverki: „Minn herra á öngvan vin.“ Þess vegna gleður það mig að það skuli af öllum mönnum vera hv. þm. Mörður Árnason sem í vináttuskyni við hæstv. menntamálaráðherra og mig kemur hér upp til þess að upplýsa mig um að þessar samþykktir hafi seint og um síðir komið fram. Ég er honum þakklátur fyrir að láta mig vita af því en það er svo að þessar samþykktir samkvæmt þeim greinum sem um þær fjalla, þ.e. 8., 9. og 11. gr., benda til þess að samþykktirnar ættu að vera stefnumarkandi fyrir RÚV. Auðvitað er ekkert slíkt að finna sem sýnir ásamt öðru að þetta frumvarp og verknaðurinn allur er í skötulíki. Hann er illa undirbúinn, hann er ekki hugsaður. Þetta frumvarp er lagt hérna fram og því á að þrýsta í gegn þó að skorti upplýsingar um fjárhagsstöðu, þó skorti ákvæði sem virði almennar reglur sem við höfum sett um meðferð opinbers fjár af þeirri ástæðu einni að það er pólitísk nauðsyn á því fyrir persónuna sem gegnir embætti mentamálaráðherra.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur engum málum komið hér í gegn einhverra hluta vegna, hugsanlega vegna þess að þau eru ekki nægilega vel undirbúin. Þetta er til marks um það og henni er það persónuleg nauðsyn sem stjórnmálamanni að ná þessu frumvarpi í gegn. Það er ekkert annað sem rekur á eftir því, engin þörf á að verið sé að ýta svona hálfköruðu verki í gegnum þingið.

Það er sem sagt fyrst og fremst hégómi hæstv. ráðherra sem ræður því að það á að kýla þetta mál í gegn jafnilla undirbúið og það er, eins og kemur fram í því að samþykktirnar komu ekki fram fyrr en eftir dúk og disk.

[21:27]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Ég vona að mér fyrirgefist að halda aðeins áfram í tilefni af þessum orðaskiptum okkar um samþykktirnar.

Það er sannarlega furðulegt að á þremur stöðum í þessu frumvarpi skuli minnst á samþykktir félagsins og síðan komi drög að samþykktunum þar sem ekkert er sem uppfyllir þessa þrjá staði eða svarar því kalli sem er á þessum þremur stöðum. Hins vegar er hvergi í frumvarpinu minnst á þjónustusamning sem menntamálaráðherra ætlar sér að gera við Ríkisútvarpið og það er ekki stafur um það í frumvarpinu. Eins og ég vakti athygli á í framsöguræðu minni mundum við ekki vita af þessum þjónustusamningi nema vegna þess að um hann er spurt í bréfi frá Eftirlitsstofnun ESA frá 30. janúar, sem reyndar var ekki sýnt nefndinni fyrr en 24. mars, þ.e. um daginn. Þar var minnst á þennan

þjónustusamning þannig að Eftirlitsstofnun EFTA spurði ráðuneytin tvö hvort ekki væri alveg öruggt að þessi þjónustusamningur yrði gerður opinber vegna þess að það væri skylda samkvæmt viðskiptareglum Evrópusambandsins vegna samkeppninnar á markaði. Við eigum það að þakka Eftirlitsstofnun EFTA að við vitum að menntamálaráðherra ætlar sér að gera þennan þjónustusamning sem er eitt af lykilatriðunum í hinni nýju stjórnskipan Ríkisútvarpsins.

Þetta er dæmi um það hvernig þetta frumvarp er. Það er þrisvar sinnum minnst á samþykktirnar en það er ekkert gert með þær. En á þennan mikilvæga stað í skipuriti hins nýja ríkisútvarpsfyrirtækis er ekkert minnst í frumvarpinu.

[21:29]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hygg að það séu orðnir sex eða sjö tímar síðan hv. þm. Össur Skarphéðinsson hóf ræðu sína og hefur farið vítt og breitt yfir þetta mál þannig að ekki er hægt að koma víða við í sjálfu sér í stuttu andsvari en það eru tveir þættir sem mig langaði aðeins að koma hér inn á.

Það er það sem kom fram í hans ræðu oftar en einu sinni að hann talar til starfsfólks Ríkisútvarpsins, til starfsfólks sem starfar hjá ríkinu þar sem um er að ræða stofnanir, mér finnst hann tala niður til þess fólks. Ég ætla að lýsa hvernig.

Hann talar um að þetta fólk sætti sig við að vera á lágum launum vegna þess að atvinnuöryggi sé mikið og lífeyrisréttindin séu betri en hjá öðrum og þetta er stofnun. Ég þekki margt fólk sem vinnur í stofnunum á vegum sveitarfélaga og ríkis og það hefur metnað til að vaxa í starfi og vinna vel og metnað til þess að komast upp metorðastigann, fá hærri laun og betri lífeyrisréttindi. Það er nákvæmlega það sem við erum að gefa fólki kost á á hinum almenna vinnumarkaði, þ.e. að efla sig, og gefa því frelsi og tækifæri til að vinna sig upp. Ég veit að hv. þingmaður ætlar sér ekki að tala með þessum hætti niður til fólks og við eigum ekki að gera það hér. En mér finnst þessi blær á að tala um stofnun með þeim hætti að þar sé hugsanlega fólk sem sætti sig við að vera á lágum launum af því að ekki sé ætlast til þess sama af því og öðrum, ég vil ekki að svona sé talað um fólk sem vinnur hjá stofnunum eins og hefur komið fram.

Ég vænti þess að það sé meiri metnaður innan Samfylkingarinnar og þess sem er formaður Samfylkingarinnar hverju sinni en að vilja bara lúra á stallinum (Forseti hringir.) á lágum launum.

[21:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að það eru sex, sjö tímar frá því ég hóf mína ræðu en þá ber þess nú að geta að það voru nokkur hlé þar á milli af þingsins hálfu. Hv. þingmaður á sannarlega hrós skilið fyrir að hafa setið hér mestalla ræðuna og hlustað á. Ég dreg þá ályktun af ræðu hv. þingmanns að hann hafi samt ekki hlustað nógu vel.

Það sem ég sagði var að fólk sem vinnur hjá hinu opinbera býr við betri kjör að tvennu leyti. Aukið atvinnuöryggi vegna þess að það hefur ákveðinn réttindi sem leiða til að ekki er hægt að segja því upp samkvæmt duttlungum t.d. yfirmanns fjölmiðils, eins og gerst hefur og við ræddum hér áðan. Sömuleiðis hefur það töluvert traustari lífeyrisrétt. Á móti kemur að fólk sem vinnur á almennum markaði hefur samkvæmt öllum gögnum sem fyrir liggja hærri laun en réttindi þess að öðru leyti, eins og ég nefndi áðan, eru minni.

Það þýðir ekki það að menn horfi ekki til allra þessara þátta þegar þeir ákveða sér ævistarf og þýðir lítið fyrir hv. þingmenn að fara að reyna að kenna mér það. Það vill svo til að ég er giftur einum sem einmitt tók þessa hluti mjög til athugunar og skoðunar þegar hún valdi sér starfsferil. En sem að verðleikum og eljusemi ávann sér einmitt, eins og hv. þingmaður gat um að ætti að vera vilji þeirra sem starfa hjá ríkinu, möguleika til þess m.a. að stýra stofnunum af hálfu ríkisins.

Út af fyrir sig ræður hv. þingmaður hvort hann kýs eftir þriggja, fjögurra tíma ræðu þar sem ég hef reynt málefnalega að fara yfir þetta frumvarp, að hans svar við þeirri ræðu sé að reyna að mistúlka orð mín eða gera mig að einhverjum mannhatara. Ég er það ekki og ég læt mig það í réttu rúmi liggja þó hv. þingmaður reyni það. En var mín ræða þannig að hann sá engan málefnalegan veil á henni nema þetta?

[21:34]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók það fram í fyrra andsvari mínu að þetta var yfirgripsmikil og löng ræða þannig að það er ekki hægt að fara inn á marga þætti. Það kom fram í ræðu hv. þingmanns og hann vitnaði þó nokkuð oft í ritstjóra Fréttablaðsins, Þorstein Pálsson, og fór um þann ágæta mann nokkrum orðum.

Mig langar til, með leyfi forseta, að rifja upp það sem sagt var um þann mann úr ræðustóli fyrr í vetur þar sem hv. þingmaður Mörður Árnason segir:

„Maðurinn sem velst, hver er hann? Það er gamall stjórnmálamaður, fyrrverandi sendiherra, nú á nokkuð vænum eftirlaunum, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins sem enn gegnir pólitískum störfum fyrir þann flokk. Hann situr í stjórnarskrárnefnd skipaður af Sjálfstæðisflokknum."

Þetta er tilvitnun í Mörð Árnason um ritun sögu Alþingis, sögu stjórnarráðsins, þingræðisins og áfram, með leyfi forseta:

„... hvort Alþingi ætli sér að verða eins konar endurmenntunarstöð fyrir fyrrverandi formenn Sjálfstæðisflokksins." Segir hv. þingmaður. Ég spyr. Mér finnst að hinn ágæti ritstjóri verði orðinn hálfgerður endurmenntarstjóri Samfylkingarinnar. Hún les upp úr hans ágætu greinum og hann er orðinn einhvers konar endurmenntunarstjóri fyrir Samfylkinguna. Það má fagna því þar sem hv. þingmaður segir líka, með leyfi forseta:

„Það er auðvitað fróðlegt að vita hvað Þorsteini Pálssyni finnst um þingrofið 1931 eða myndun ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens ..."

Við skulum fá svör við þessu hjá Samfylkingunni.

[21:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Fróðlegt væri líka að vita skoðun Þorsteins Pálssonar á því hvernig eftirleikur ríkisstjórnarmyndunar Gunnars Thoroddsens hafði áhrif á hans eigin feril.

Kannski veit Kjartan Ólafsson meira um það en margir. Ég hef að minnsta kosti nasasjón af því. En það er sennilega eitthvað sem ekki verður skrifað í sögu þingræðisins heldur sögu Þorsteins Pálssonar sjálfs. Það verður hver að bera ábyrgð á sínum orðum.

Hv. þingmaður Mörður Árnason kaus að taka svona til orða um Þorstein Pálsson. En allt af því sem hv. þingmaður las hér upp hefði ég talið sæmdaryrði, sérstaklega af sjónarhóli þingmanns Sjálfstæðisflokksins. Er það ekki jákvætt og lofsvert að hafa unnið störf í þágu þjóðar sinnar sem sendiherra? Mér finnst það minnsta kosti jákvætt sem fyrrverandi ritstjóri þriggja dagblaða að hafa sinnt slíkri stöðu. Það voru alla vega ánægjuríkir kaflar á mínum starfsferli. Væri ég sjálfstæðismaður þætti mér fátt meiri sæmdarauki en að vera falinn sá trúnaður að vera formaður Sjálfstæðisflokksins.

Ég hef af reynslu minni af Þorsteini Pálssyni, bæði í stjórnarskrárnefnd þar sem við höfum tekist harkalega á og í ríkisstjórn þar sem við tókumst líka harkalega á þó við sætum þar við sama borð, verið þeirrar skoðunar og ekkert legið á því að Þorsteinn Pálsson er með vönduðustu stjórnmálamönnum sem ég hef unnið með og kynnst. Harður í horn að taka, erfiður stundum en heiðarlegur.

Hann er heiðarlegur í skoðunum sínum. Þess vegna var það ósæmilegt af hæstv. menntamálaráðherra að brigsla honum um að hann væri að ganga erinda eigenda miðla sinna þegar hann var ekkert að gera annað en að setja fram sínar eigin vönduðu skoðanir, þekktar til áratuga, alla vega síðan árið 1993 þegar við settum saman sem ríkisstjórn á Alþingi lög, einmitt um bætur á upplýsingalögum (Forseti hringir.) og stjórnsýslulögum.

[21:38]

Útbýting:

Einkahlutafélög, 445. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1185; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1186.

Réttarstaða samkynhneigðra, 340. mál, nál. allshn., þskj. 1181; brtt. allshn., þskj. 1182.

[21:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Við höfum verið að ræða hér í dag frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. Hef ég setið undir allri þeirri umræðu sem farið hefur fram hér í dag og einnig er við ræddum þetta mál fyrir páska.

Það hefur komið skýrt fram frá þeim talsmönnum stjórnarandstöðunnar sem hafa fært rök fyrir því að þetta þingmál er í hálfgerðu skötulíki og þyrfti auðvitað að vinna mun betur. Það var tekið út úr menntamálanefnd í ósátt. Eru fulltrúar okkar í stjórnarandstöðunni sem sitja í nefndinni á því að málið hafi verið þar illa reifað og vanbúið að koma hér til umræðu. Það hefur auðvitað sýnt sig í umræðunni í dag, og líka þegar við ræddum það fyrir páska, að hér vantar margt upp á og að mörgum spurningum sem varpað hefur verið fram hér hefur ekki verið svarað.

Reyndar hafa félagar mínir í Samfylkingunni sem talað hafa í dag farið ítarlega yfir málið og þess vegna þarf ég ekki að hafa ræðu mína eins langa og ég taldi þar sem búið er að fara yfir ýmsa þætti sem ég tel ástæðulaust að endurtaka.

Ég tel hér vera um að ræða mjög alvarlegt mál sem mér er ekki sama um. Ég er gamall starfsmaður Ríkisútvarpsins, kom þangað fyrst til starfa fyrir 36 árum, mér er hlýtt til þess og margir af samstarfsmönnum mínum frá upphafi eru enn að störfum hjá Ríkisútvarpinu. Þess vegna langar mig aðeins til að byrja á að ræða um starfsmannaþáttinn vegna þess að það var líka það síðasta sem rætt var hér af þeim þingmanni sem talaði í málinu á undan mér og í þeim andsvörum sem voru áður en ég hóf ræðu mína. Þar var skipst á skoðunum um starfsmennina.

Mig langar að fara aðeins yfir ályktun sem almennur starfsmannafundur Ríkisútvarpsins sendi frá sér eftir að þessi umræða hófst í þinginu, ályktun sem ég geri ekki ráð fyrir að hafi komið til umræðu í menntamálanefnd þegar málið var þar til umfjöllunar vegna þess hve seint hún barst okkur. En hún lýsir vel afstöðu starfsmannanna til þessa frumvarps og áhyggjum þeirra vegna þess hvernig það er útbúið.

Í þessari ályktun sem starfsmennirnir senda frá sér eftir starfsmannafund óska þeir eftir því að fá skýrari upplýsingar frá stjórnvöldum um það hvernig fyrirtæki stjórnvöld vilja búa til á grunni hins gamla Ríkisútvarps. Mig undrar ekki að þeir spyrji um það vegna þess að það er ákaflega óljóst eins og hefur vel komið fram í umræðunni. Hér er talað um að þetta fyrirtæki eigi að verða hlutafélag sem er ákaflega umdeild leið. Þeirri hugmynd sem við í Samfylkingunni höfum talað fyrir er hafnað, að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun sem er fyrirkomulag sem hefur gefist mjög vel. Það þekkjum við frá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa verið reknar undir því formi. Ég vil nefna t.d. mörg hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu sem hafa einmitt verið rekin með því fyrirkomulagi.

Starfsmennirnir á starfsmannafundinum benda á að mörg opin ákvæði séu í frumvarpinu og mismunandi áherslur ríkisstjórnarflokkanna í málefnum stofnunarinnar til margra ára. Það er alveg rétt. Framsóknarflokkurinn hefur alveg þangað til núna viljað standa vörð um Ríkisútvarpið en hann hefur greinilega orðið undir þegar þetta mál var keyrt í gegnum ríkisstjórnina. Hér lýsa starfsmennirnir áhyggjum sínum yfir því. Þetta hefur sem sagt endað í frumvarpinu sem er í rauninni, eins og þeir benda á, óútfyllt ávísun til framtíðar.

Þeir segja hér, starfsmennirnir, með leyfi forseta.

„Við teljum okkur vera í vinnu hjá þjóðinni og landsmenn eigi rétt á því að vita hvert stefni með fjölmiðilinn þeirra."

Þetta er alveg rétt. Landsmenn eiga rétt á því að vita hvert stefnir. Það hefur komið fram hér í umræðunni í dag — ég vil minna á að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir nefndi það í framsögu sinni þar sem hún fór yfir málið — að það eru margir lausir endar, t.d. hvað varðar pólitísk afskipti, þau verða áfram, afskipti stjórnvalda yfir stofnuninni eins og búið er um hnútana í þessu frumvarpi.

Það er ýmislegt annað sem er líka áhyggjuefni, nefskatturinn og fjármögnunin sem ég tel vera afleita leið. Við í Samfylkingunni höfum bent á það að þetta er óréttlát leið. Eins og kemur fram í minnihlutaálitinu sem hv. þm. Mörður Árnason mælti fyrir hér fyrir páska eru ekki miklar líkur á því að það verði mikil sátt og samstaða með Ríkisútvarp-

inu þegar búið er að setja þennan óréttláta nefskatt. Ég ætla aðeins að koma inn á hann á eftir vegna þess að við í Samfylkingunni teljum nefskatt vera ákaflega óréttláta skattlagningu. Það hefur sýnt sig t.d. í nefskattinum sem gengur til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Nefskattar hafa oftar en ekki ekki skilað sér til þeirra verkefna sem þeim er ætlað. Við þekkjum það þegar að þrengir að í ríkisrekstrinum koma bandormar inn í þingið þar sem kveðið er á um það að þrátt fyrir að ákveðinn skattur eigi að fara til ákveðinna málefna skuli ekki nema hluti af því sem innheimt hefur verið ganga til þess verkefnis sem ætlast er til. Við þekkjum það með Framkvæmdasjóð aldraðra þar sem það hefur gerst ítrekað á a.m.k. undanförnum 10–12 árum og jafnvel lengur að þessi skattur hefur ekki skilað sér til þeirra verkefna sem honum var ætlað. Auðvitað er það líka áhyggjuefni þegar hann snýr að Ríkisútvarpinu.

Ég átti sæti í útvarpsráði í átta ár og þegar afnotagjöldin voru gagnrýnd kom þessi leið oft til umræðu. Þá var það helsta áhyggjuefni ríkisútvarpsmanna að nefskatturinn væri skattur sem ekki mundi skila sér á réttan stað. Það er ekkert skrýtið að menn hafi áhyggjur af því.

Það er líka áhyggjuefni, finnst mér, í sambandi við þetta frumvarp að engin ákvæði eru um að auka innlenda dagskrárgerð sem ég tel vera mjög mikilvægt atriði í allri þjónustu Ríkisútvarpsins, að sinna innlendri dagskrárgerð, sérstaklega hvað snýr að ungu fólki og börnum. Ríkisútvarpið hefur ákveðið uppeldishlutverk og því ber að sinna menningarþættinum. Það hefur ákveðnar skyldur í þá átt og það er enginn metnaður hjá menningarmálaráðherra þjóðarinnar til að auka þann þátt sem snýr að innlendri dagskrárgerð. Ég furða mig á því, það vantar allan metnað í þá átt. Áfram á að reka Ríkisútvarpið af almannafé en sem sagt stendur núna til að fara þá umdeildu leið sem nefskatturinn er.

Þess má geta að eftir að einkaleyfi Ríkisútvarpsins var afnumið 1986 urðu deilur um einmitt það hvernig Ríkisútvarpið var fjármagnað og ýmis fleiri deiluefni komu í kjölfarið vegna samkeppnisstöðu þeirra sem komu sem frjálsir fjölmiðlar inn á markaðinn.

Ég var að fjalla um starfsmennina og ætla að gera það aðeins áfram. Þeir segja í ályktun starfsmannafundarins að þeir geri alvarlegar athugasemdir við að ekki liggi enn fyrir hve miklu fjármagni nýja félagið á að ráða yfir í upphafi. Það hefur einmitt verið komið aðeins inn á það hér í dag hvað allt er óvíst um peningalegu hliðina. Það kom einmitt fram hér í umræðunni fyrr að ekki hefur verið upplýst hver fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins er, það er ekki vitað, og í ljósi þess er ekki hægt að skrá þetta hlutafélag á hlutafélagamarkaði.

Starfsmenn segja í ályktun sinni að þeir furði sig á því að ekki hafi verið tekið nokkurt tillit til umsagna sem bárust menntamálanefnd Alþingis og spyrja um tilganginn með því að setja fólk í vinnu við slíka álitsgjöf. Það er auðvitað niðurlægjandi og algjör vanvirðing við þá sem eru beðnir að senda inn umsagnir að ekki skuli vera farið yfir þær og ekki kallaðir til allir þeir sem ástæða þykir til að kalla til þegar svona stórt mál er til umfjöllunar í nefnd eins og þetta mál Ríkisútvarpsins sem var til umfjöllunar í menntamálanefnd. Það er ámælisvert, finnst mér, og ég furða mig á því að stjórnarliðar í nefndinni skuli kasta þannig til höndunum við umfjöllun í nefndinni. Ég trúi því ekki að þetta mál verði samþykkt á Alþingi án þess að verða kallað aftur til nefndarinnar. Það er auðvitað full ástæða til að gera það því að svo margar athugasemdir hafa komið um málið bara hér í umfjölluninni og kemur náttúrlega vel í ljós að þetta mál er alls ekkert útrætt. Ég leyfi mér að efast um að umræða um málið hafi verið nokkur í menntamálanefnd. (**MÁ:** Engin.) Engin, segir fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni, Mörður Árnason. Það er alveg ljóst að hún hefur engin verið. Það er afleitt þegar svona mál eru til umfjöllunar í nefndum að ekki skuli vera umræða um málin innan nefndarinnar áður en þau eru afgreidd þaðan. Það er kannski ástæðan fyrir því að það þarf að taka svona langan tíma á þingi í að ræða mál eins og þetta. Svo kvarta menn yfir því að þingmenn tali lengi. Ég furða mig á slíkum athugasemdum þegar ljóst er að engin umræða fór fram í nefndinni um málið. Ég skil vel þá þingmenn sem er annt um Ríkisútvarpið, eru jafnvel gamlir starfsmenn, að þeim sé dálítið niðri fyrir og þeim liggi mikið á hjarta hér í ræðustól Alþingis þegar málið er til umfjöllunar í ljósi þess hvernig málið kemur inn í þingið frá menntamálanefnd.

Ég er enn að fjalla hér um ályktun starfsmannafundarins og þeir segja hér að það sé lágmarkskrafa að réttindi starfsmanna verði tryggð, sérstaklega fullur biðlaunaréttur, aðild allra starfsmanna að LSR og áframhaldandi aðild starfsmanna að núverandi stéttarfélögum innan Ríkisútvarpsins. Starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa um árabil þolað láglaunastefnu og talið að réttindin sem eru eign starfsmanna mundu að einhverju leyti vega upp á móti lágum launum. Þetta eru atriði sem voru einmitt til umræðu í andsvörum áðan. Hér eru starfsmennirnir auðvitað að lýsa því að þeir voru tilbúnir og hafa starfað lengi við Ríkisútvarpið þrátt fyrir að laun hafi verið lægri en á öðrum fjölmiðlum vegna þess að þeir öðluðust ákveðin eftirlaun og réttindi sem þeir mátu meira en þau laun sem þeir höfðu. Það er auðvitað afleitt, eins og komið hefur í ljós, að það er algjör óvissa um það hver réttindi þeirra verða eftir að frumvarpið verður að lögum, sem ég vona nú að verði ekki.

Hér var einn hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins að tala um að talað væri niður til opinberra starfsmanna og niður til starfsmanna Ríkisútvarpsins. Mér finnst þessi framkoma niðrandi við þá dyggu starfsmenn Ríkisútvarpsins sem hafa starfað þar áratugum saman, margir hverjir, og standa núna frammi fyrir því að réttindi þeirra eru í algjöru uppnámi og þeir vita ekkert hver þessi réttindi verða, réttindi sem þeir telja auðvitað eign sína. Það væri fróðlegt að vita hvernig hæstv. menntamálaráðherra ætlar að standa að því að tryggja þessi réttindi. Hafa farið fram einhverjar viðræður við starfsmenn Ríkisútvarpsins um þau? Eru einhverjir samningar tilbúnir eða á að fara að semja við þá um biðlaun og annað sem þeir kalla hér eftir? Það væri fróðlegt að vita, frú forseti, hvort hæstv. menntamálaráðherra fylgist með þessari umræðu. Ég hef ekki orðið vör við að menntamálaráðherra hafi svarað nokkurri einustu spurningu sem hefur komið fram í dag og varla látið svo lítið að vera í þinghúsinu, a.m.k. hefur hún ekki komið inn í þingsalinn allan þann tíma sem þetta hefur verið rætt frá því að þing hófst hér um hádegið þótt ég hafi séð að hún væri stimpluð inn í þinghúsið þegar þingflokksfundir voru haldnir hér síðdegis.

Ýmsar spurningar vakna þegar maður fer yfir þetta mál og full ástæða er til þess að fá svör frá hæstv. ráðherra. Ég tek líka eftir því að formaður menntamálanefndar, sem er náttúrlega með forræði á málinu hér við 2. umr., lætur ekki svo lítið að vera viðstaddur þegar verið er að ræða þessi mál. (Gripið fram í.) Er hann í húsinu, frú forseti, eða hæstv. menntamálaráðherra, er hún í húsinu?

(**Forseti** (JBjart)**:** Hv. formaður menntamálanefndar Sigurður Kári Kristjánsson er ekki í húsi eins og er. Sama gildir um hæstv. menntamálaráðherra. Ef hv. þingmaður óskar hins vegar eftir því að hv. formanni menntamálanefndar og hæstv. ráðherra verði gert viðvart að viðveru þeirra sé óskað í þingsal er sjálfsagt að forseti komi því til skila.)

Á það að þurfa þegar verið er að ræða svona mikilvægt mál að þingmaður sem stendur í pontu og er með fyrirspurnir til stjórnarliða sem hafa þröngvað málinu inn í þingið í ósátt í nefndinni kalli eftir því að stjórnarliðar séu viðstaddir, þeir sem bera ábyrgð á málinu, þar á meðal formaður nefndarinnar? Finnst stjórnarliðum þetta við hæfi? Ég spyr. Mér finnst lágmark að formaðurinn sitji hér og hlýði á þær fyrirspurnir sem koma fram hjá ræðumönnum. Það er greinilega ekki bara verið að sýna starfsfólki Ríkisútvarpsins lítilsvirðingu. Það er verið að sýna öllum þeim sem eru í umræðunni algjöra lítilsvirðingu með því að sjá ekki sóma sinn í því að vera hér viðstaddir þegar rætt er jafnmikilvægt mál og framtíð Ríkisútvarpsins sem er sameign allrar þjóðarinnar, þetta menningarfyrirtæki sem við eigum öll saman og sem á nú að fara að gera söluvænt með þessu frumvarpi. (**MÁ:** Kalla á formanninn.) Að sjálfsögðu á að kalla hér á formanninn. Ég óska eftir því formlega að það verði kallað á hann og hann verði hér viðstaddur.

Ég hef líka ýmsar fyrirspurnir til hæstv. menntamálaráðherra sem ég tel fulla ástæðu til að fá svarað. Ég hef tekið eftir því að hún hefur ekki svarað nokkurri einustu spurningu sem hefur komið hér fram í dag, enda ekki komið inn í þingsalinn. Ég velti fyrir mér hvort ég eigi að bíða hér eftir því að hv. þingmaður, formaður menntamálanefndar, sjái sóma sinn í að sýna sig í þinghúsinu. Ef menn hafa ekki tíma til að vera við umræðuna þýðir ekkert að halda henni áfram, við skulum bara hætta þessu, fresta fundi þangað til stjórnarliðar sem eru búnir að koma þessu máli hérna inn í þingið í þessum búningi eru tilbúnir til að vera hér og hlusta.

Ég verð að segja bara eins og starfsmenn Ríkisútvarpsins í ályktuninni að þeir hafi sýnt mikla þolinmæði á löngu og leiðinlegu breytingaskeiði stofnunarinnar. Ég hef sýnt bara nokkra þolinmæði hér við að hlusta á allar umræðurnar í dag og allar þær spurningar sem hæstv. menntamálaráðherra hefur fengið án þess að nokkur komi til að svara þeim. Halda menn að þetta sé bara einhver leikur eða eitthvert grín? Þetta er alvarlegt mál sem við erum að ræða hér, framtíð Ríkisútvarpsins, og það er lágmark að stjórnarliðar sjái sóma sinn í að vera viðstaddir umræðuna.

Ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður, formaður nefndarinnar, hafi séð þessa ályktun þannig að ég ætla aðeins að halda áfram að fjalla um hana þangað til hann sér sóma sinn í að mæta hér. Ég vil gjarnan fá upplýsingar um það hvort hann — ég fagna því að hann er kominn hér í hliðarherbergi. (Gripið fram í.) Það er gott að hv. þingmaður er búinn að heyra hana alla og hann hefur gott af því að hlusta á hana, herra forseti.

Eins og ég sagði hér áðan segja starfsmennirnir í ályktun sinni að þeir hafi sýnt mikla þolinmæði á löngu og leiðinlegu breytingaskeiði stofnunarinnar, og það er rétt. Það hefur verið von þeirra að betri tímar gætu runnið upp að því loknu, en það versta sem fyrir gæti komið er áframhaldandi óvissa næstu árin vegna þess að ný lög hafi ekki verið nógu vel úr garði gerð. Starfsmenn skora á Alþingi að eyða óvissu um stofnunina með skiljanlegum lögum sem duga.

Þetta er það sem við í stjórnarandstöðunni og minni hluti menntamálanefndar krefjumst líka. Við höfum sýnt fram á, bæði í minnihlutaálitinu og í umræðunum hér, að þetta frumvarp er handónýtt og það á að vísa því frá enda erum við með frávísunartillögu. Ef ekki verður það að fara til nefndarinnar og vinnast betur því að það er ekki hægt að bjóða almenningi, eigendum Ríkisútvarpsins, upp á það að málið fari og verði samþykkt sem lög í þessum búningi.

Fyrst að hv. formaður nefndarinnar er mættur þá er ég hér með fyrirspurn sem ég óska eftir að fá svar við. Það er svo að virtir endurskoðendur og lögfræðingar hafa sagt við mig að það sé ekkert hægt að gera í rekstrinum hjá Ríkisútvarpinu í þessum nýja búningi sem ekki er hægt að gera í núverandi rekstrarformi. Hér er alltaf verið að tala um að það eigi að fara að bæta og gera reksturinn sveigjanlegri en sérfræðingar segja að það sé ekkert sem ekki er hægt að gera við núverandi rekstrarform sem sé auðveldara við þá tegund hlutafélags sem lögð er til hér. Ég spyr, virðulegi forseti: Hvað vinnst við þessa breytingu? Hvaða rekstrarhagræðingu gefur breytt rekstrarform? Hvað verður hægt að gera sem ekki er hægt að gera núna? Það hefur enginn svarað því. Ég hef ekki orðið vör við að það hafi komið nein svör við þeirri spurningu. Þessu verður að svara afdráttarlaust. Það er verið að leggja upp í mikinn leiðangur og það er ekki einu sinni hægt að upplýsa hvað vinnist við breytingarnar.

Við höfum bent á það hér, fulltrúar Samfylkingarinnar, að við þessa breytingu er ekki skapaður til frambúðar sá starfsrammi sem Ríkisútvarpinu hæfir. Með þessu frumvarpi kemur ekki sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur og starfsmennirnir kalla eftir í sinni ályktun. Við teljum að verið sé að stíga mjög varhugavert skref með því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi — við þekkjum að þegar ríkisfyrirtæki hafa verið gerð að hlutafélögum hefur sala yfirleitt komið í kjölfarið. Eins og starfsmennirnir benda líka á, og margir sem talað hafa hér á undan mér, eru margir lausir endar í frumvarpinu og málatilbúnaði í tengslum við það og vil ég þá nefna sérstaklega það sem kom hér fram áðan í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þar sem hann talaði um þjónustusamninginn, hann hefur hvergi komið fram, hann er aðeins nefndur á einum stað. Og samþykktirnar sem vísað er til — það kom fram í andsvari að ekki er tekið á þeim þáttum sem vísað er til í frumvarpinu hvað varðar þessar samþykktir.

Við höfum verulegar efasemdir um að ríkisútvarp sem á að starfa eftir þeim lögum sem verða til ef þetta frumvarp verður samþykkt, sem ég vona að verði ekki, verði raunverulegt almannaútvarp. Ég verð að segja að ég hef veru-

legar áhyggjur af því ákvæði í lögunum þar sem gert er ráð fyrir að einungis verið rekin ein útvarpsrás og ein sjónvarpsrás, það er ákvæði um það. Ég hef einnig áhyggjur af framtíð Rásar 2, en ég tel Rás 2 vera mjög mikilvægan þátt í rekstri Ríkisútvarpsins. Ég hef áhyggjur af framtíð íslenskrar dægurtónlistar t.d. ef Rás 2 verður ekki rekin áfram. Ef maður fylgist með útvarpi á þeim rásum sem leika létta tónlist verður maður var við að Rás 2 hefur sinnt íslenskri dægurtónlist mjög vel og kynnt hana, gert það frá því að hún var sett á laggirnar 1986. Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að vera með þætti á Rás 2 og þar var unnið mikið og gott starf í þágu íslenskrar dægurtónlistar og er enn.

Ég veit að nokkrir af stjórnarliðum, og þar með talinn hv. formaður menntamálanefndar, eru á þeirri skoðun að það eigi að selja Rás 2 og Sjálfstæðisflokkurinn hefur ítrekað ályktað um það. Það er því áhyggjuefni að rekstur og framtíð Rásar 2 skuli ekki vera tryggð í þessu þingmáli.

Það er líka verulegt áhyggjuefni að halda á áfram pólitískum afskiptum. Við höfum lýst því yfir í Samfylkingunni og það kemur vel fram í greinargerð með þingmáli okkar um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp — ég er einn af flutningsmönnum þess en hv. þm. Mörður Árnason er 1. flutningsmaður — sem var lagt fram á síðasta þingi. Þar höfum við einmitt bent á að það hafi verið bagalegt fyrir Ríkisútvarpið hve mikil pólitísk afskipti hafa verið af því. Það er ekki að ástæðulausu að ríkissjónvarpið skuli hafa fengið nafnið Bláskjár á sínum tíma. Í greinargerð með þingmáli okkar segir, og ég ætla að lesa upp úr greinargerðinni með því. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá hefur einn stjórnmálaflokkanna, Sjálfstæðisflokkurinn, lagt á það kapp síðustu tvo áratugi að koma flokksmönnum sínum í sem flestar lykilstöður innan Ríkisútvarpsins og ráða þar dagskrá í veigamiklum atriðum. Flokkurinn hefur haft yfirstjórn Ríkisútvarpsins með höndum í menntamálaráðuneytinu og innan meiri hluta útvarpsráðs í 16 ár af þeim 19 sem liðin eru frá upphafi nútímans í útvarpsmálum á Íslandi 1985. Tök flokksins á Ríkisútvarpinu hafa dregið úr faglegum styrk þess, veiklað vinnuanda innan Ríkisútvarpsins og dregið úr trausti almennings í garð þess. Til að Ríkisútvarpið geti gegnt hlutverki sínu sem almannaútvarp þarf þessu ástandi að linna."

Þessi orð sem ég les upp úr greinargerð með þingmáli okkar um Ríkisútvarpið frá því í fyrra eiga við í dag. Það er ljóst að þessu mun ekki linna með því frumvarpi sem við erum að ræða hér því að áfram á stjórnarmeirihluti á Alþingi að kjósa meiri hluta stjórnar, þeir eiga að fá þrjá af tveimur þó að í mjög mörgum umsögnum hafi verið lagt til að hafa annan hátt á. Það hefur ekkert verið hlustað á þá sem hafa gert athugasemdir við þetta efni við nefndina. Stjórnin, sem er ákveðin af meiri hluta á þingi, ræður öllu, hún ræður útvarpsstjórann og verkefnum hans og þannig verður útvarpsstjórinn háður stjórnvöldum og það er auðvitað afleitt. Eins og minnst hefur verið á hér í dag hefur í mörgum umsögnum sem bárust nefndinni verið bent á að full ástæða sé til að hafa fleiri fulltrúa í stjórninni, fulltrúa eigenda, fulltrúa almennings. ASÍ benti á að sjálfstæði stofnunarinnar væri mjög mikilvægt og það ætti að heimila félagasamtökum að eiga fulltrúa í stjórninni. Hollvinasamtökin hafa bent á að þarna beri að hafa akademíska stjórn. Stjórn Blaðamannafélagsins hefur líka bent á að það sé mikilvægt að stofnunin hafi sjálfstæði og bendir á að t.d. í norska ríkisútvarpinu NRK sé níu manna stjórn og þar séu þrír frá starfsmönnum. Það hafa fleiri bent á að full ástæða sé til að starfsmenn fái fulltrúa í stjórn. Stjórn Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins hefur líka óskað eftir því að þar komi inn fulltrúar frá þeim, og aðrir fulltrúar almennings ættu auðvitað að koma þangað.

Ekki eru nein ákvæði um það til hversu langs tíma útvarpsstjóri eigi að vera skipaður. Það væri fullkomlega eðlilegt að um hann giltu sömu reglur og um aðra yfirmenn ríkisstofnana, t.d. að ráða hann til fimm ára eins og er með þjóðleikhússtjóra. Það er ekki það sem Ríkisútvarpið þarf núna að það skapist tortryggni um stofnunina, það er nóg komið af slíku. Það þarf trúverðugleika og það þarf að ríkja traust gagnvart stofnuninni. Það gerist ekki meðan pólitísk afskipti eru eins og gert er ráð fyrir.

Það er full ástæða til þess að minnast aðeins meira á íslenskt efni. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa bent á að hlutur innlendrar kvikmyndagerðar hefur minnkað í Ríkisútvarpinu. Þar ætti Ríkisútvarpið auðvitað að vera í fararbroddi og á því ætti að taka sérstaklega. Menntamálaráðherra ætti að hafa metnað í þá veru að auka íslenska kvikmyndagerð. Sama verður eiginlega að segja um barnaefnið og ég nefndi það áðan að Ríkisútvarpið hefur mikilvægt uppeldishlutverk. Barnaefni á að endurspegla þann íslenska veruleika sem við lifum í. Börn sem t.d. fylgjast með sjónvarpi og sjá alltaf erlendar myndir, erlendar teiknimyndir, myndir úr allt öðrum veruleika en þau alast upp í — á vissan hátt er verið að svíkja þau því að þau eiga rétt á því að fá umfjöllun um lífið eins og það er á Íslandi. Það hefur líka komið í ljós í könnunum að barnaefni er mjög lítið, það er jafnvel bara í örfáar mínútur á hverjum degi sem íslenskt barnaefni er á boðstólum fyrir börn hér á landi. Mest er þetta talsett erlent efni sem börnum er boðið upp á.

Ég spyr, frú forseti: Telja menn það ásættanlegt að Ríkisútvarpið, almannaútvarpið sem hefur miklu menningarlegu hlutverki að gegna, skuli ekki hafa meiri metnað en svo að ekki sé boðið upp á íslenskt barnaefni? Ég furða mig á að nýr mennta- og menningarmálaráðherra skuli ekki hafa meiri metnað en frumvarpið sýnir hvað þetta varðar.

Eins og ég nefndi í upphafi erum við í Samfylkingunni ósátt við þetta rekstrarform, hlutafélagaformið sem á að fara að setja á Ríkisútvarpið. Það rekstrarform hefur venjulega hagnað að leiðarljósi en ekki almannaþjónustu. Þar hefur sjálfseignarformið verið farsælla. En það sem ég verð nefna hér alveg sérstaklega er upplýsingaþátturinn. Það er algjörlega óviðunandi að hér skuli ekki gilda upplýsingalög og að menn geti ekki kallað eftir upplýsingum á Alþingi frá þessari stofnun.

Þegar Póstur og sími var gerður að hlutafélagi og var að öllu leyti í eigu ríkisins þá var öll upplýsingagjöf stöðvuð til þingmanna. Það er mjög erfitt fyrir þingmenn sem eiga að veita stjórnvöldum aðhald, staða stjórnarandstöðunnar er að veita stjórnvöldum aðhald, að geta ekki kallað eftir neinum upplýsingum. Þegar þetta hefur verið gagnrýnt í umræðunni hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal talað um að í breytingartillögu eða frumvarpi frá honum sé lagt til að þingmenn geti komið með skriflegar fyrirspurnir á aðalfundi.

Þetta er gjörsamlega óviðunandi og ekki boðlegt.

Ég vil nefna varðandi upplýsingagjöf um hlutafélag í ríkiseigu að þegar Póstur og sími var slíkt félag og kallað var eftir upplýsingum þá lögðum við þingmenn Samfylkingarinnar fram frumvarp um breytingu á lögum til að tryggja að hlutafélögum sem væru að hluta til eða að öllu leyti í eigu ríkisins, bæri að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinber málefni og ríkisfyrirtækjum. Þetta frumvarp erum við búin að flytja ítrekað. Það hefur aldrei fengist afgreitt úr nefnd. Mælt hefur verið fyrir því nokkrum sinnum en það hefur ekki fengist samþykkt. En það væri full ástæða til þess að koma einmitt með slíka breytingu núna ef menn ætla að keyra þetta mál í gegn. Ég er þá að vísa til breytingar á hlutafélagalögum en það liggja reyndar slíkar breytingar fyrir þinginu og mætti skoða þær þegar breyting hv. þm. Péturs Blöndals verður hér til umfjöllunar, ef hún fær afgreiðslu.

Ég sagði áðan að ég vildi gjarnan koma aðeins inn á þennan rangláta nefskatt og benti á að slíkir skattar skila sér oftast ekki til þess verkefnis sem þeir hafa verið settir til eins og hjá Framkvæmdasjóði aldraðra, sem er talandi dæmi um svona nefskatt. Hann lendir líka mjög ranglátlega á fólki. Til dæmis, af því að á nú að fara að sömu reglum og um nefskattinn í Framkvæmdasjóð aldraðra, þá greiða þeir sem orðnir eru sjötugir ekki til Ríkisútvarpsins, sama hversu efnaðir þeir eru. Hálaunamenn sem komnir eru yfir sjötugt þurfa ekki að borga neitt en ungu barnafjölskyldurnar eða fólk á miðjum aldri með meðaltekjur og jafnvel með mörg börn á heimili þarf að borga fyrir hvern og einn. Þessi nefskattur sem fara á að setja á fólk er því ákaflega óréttlátt gjald.

Það hefur líka verið bent á að 22 þúsund lögaðilar þurfi að greiða þennan skatt og þar af eru 13 þúsund svokölluð sofandi fyrirtæki. Þessi fyrirtæki eru ekki starfandi en verða krafin um þessi gjöld og munu því fá dráttarvexti. Það verður dýrt fyrir ríkið að innheimta þennan skatt. Ríkisskattstjóri benti á í umsögn sinni að þetta gæti hrakið mörg þessara fyrirtækja út í gjaldþrot og það er ríkinu líka mjög dýrt, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á í ræðu sinni hér á undan og ég ætla ekki að endurtaka.

Ég hef bent á öryrkjana í umræðunni um nefskattinn því að allir öryrkjar þurfa að borga þennan nefskatt enda þótt að aldraðir yfir sjötugt greiði hann ekki. Þetta verður íþyngjandi fyrir öryrkja, sérstaklega þá sem hafa lítið annað en almannatryggingagreiðslur. Aldraðir undir sjötugu hafa margir hverjir lítið meira en almannatryggingagreiðslurnar. Tíu þúsund aldraðir eru með tekjur um 100 þús. kr. á mánuði og þetta fólk, sem ekki er orðið sjötugt, þarf að fara að greiða þennan nefskatt. Það er verulega íþyngjandi fyrir hjón t.d. að fá þennan skatt ofan á aðra skattheimtu og tekjutengingar lífeyrisgreiðslna. Þarna er enn einu sinni verið að ráðast að hópum eins og öryrkjum og öldruðum sem eru á lægstu greiðslunum.

Það er ýmislegt hér sem ég ætlaði að ræða en búið er að fara ágætlega yfir af félögum mínum sem töluðu á undan mér og ég ætla því ekki að lengja þessa umræðu sérstaklega. Þó vil ég nefna nokkur atriði í nefndarálitinu sem ég ætla að leggja áherslu á og eru áhyggjuefni hvað varðar þessa lagasetningu. Þar er bent á að þessi lagarammi dugi Ríkisútvarpinu líklega ekki til lengdar. Það er verulegt áhyggjuefni því að við vitum að þróunin hjá Evrópusambandinu er mjög ör á þessu sviði og við þurfum auðvitað að fylgjast með því sem þar er að gerast.

Við viljum líka að losað verði um flokkspólitísku tökin á Ríkisútvarpinu eins og ég nefndi áðan. Það gerist ekki með þessu frumvarpi óbreyttu. Það skapast ekki frekari sátt um Ríkisútvarpið með þessu frumvarpi. Á það hefur líka verið bent að menntamálaráðherra virðist ætla að keyra málið í gegn vegna þess að hún hefur ekki náð neinu máli í gegnum þingið frá því hún varð ráðherra og þess vegna skuli þetta mál fara í gegn hvað sem tautar og raular. Ég ætla að vona að skynsemin verði látin ráða þegar þetta mál er annars vegar því það er áhyggjuefni ef það fer í gegnum þingið á þessum nótum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra en minni á að Ríkisútvarpið er ein dýrmætasta sameign þjóðarinnar og almenningur treystir því betur en öðrum miðlum í fréttaflutningi og sömuleiðis er það mikilvægur miðill í fróðleik og öðrum menningarlegum þáttum. Við verðum að hugsa vel um hvað við gerum með Ríkisútvarpið sem við erum búin að eiga í 76 ár. Við megum ekki láta eitthvert óðagot og óþreyju í menntamálaráðherra verða til þess að þetta mál fari í gegnum þingið eins og það lítur út nú. Ég treysti því að menn sjái til þess að málið fari aftur til nefndarinnar og þeir þættir sem hafa verið gagnrýndir hér verði skoðaðir betur. Þar held ég að kalla þurfi til bæði Ríkisendurskoðun og Samkeppniseftirlitið eins og stjórnarandstaðan bendir á í nefndaráliti sínu, því að þeir aðilar fengust ekki kallaðir til nefndarinnar og auðvitað þarf að fá miklu nánari upplýsingar um ýmsa þætti sem koma fram í minnihlutaálitinu.

Ég læt máli mínu lokið og vonast til að hæstv. ráðherra svari þeim fyrirspurnum sem ég bar fram í máli mínu áðan nema hv. formaður menntamálanefndar sé með svör á takteinum við þeirri fyrirspurn sem ég bar fram til hans sem snýr að því hvað rekstrarformið í frumvarpinu gerir sem núverandi rekstrarform stofnunarinnar getur ekki gert til að bæta og hagræða.

[22:27]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í upphafi ræðu sinnar lýsti hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir því yfir að vinnubrögð stjórnarmeirihlutans í hv. menntamálanefnd hefðu verið ámælisverð. Þessari yfirlýsingu mótmæli ég algerlega sem rangri, vegna þess að hún stenst enga skoðun frekar en fleiri yfirlýsingar og fullyrðingar sem fram komu í ræðu hv. þingmanns.

Því var haldið fram að málið hefði ekki verið rætt í nefndinni. Hvernig má það vera að frumvarp eins og þetta, sem er til meðferðar í nefnd í rúma tvo mánuði á átta eða níu fundum sé ekki rætt þar? (**Gripið fram í:** Það hefur aldrei verið rætt.) Hvernig má það líka vera að það sé eitthvað athugavert sé við það að málið sé afgreitt úr nefndinni í ósátt við stjórnarandstöðuna? Það er ekkert nýtt að slíkt sé gert. Við erum oft ósammála um efnisatriði einstakra mála og það er nú kannski vegna þess að við skipum okkur í mis-

munandi stjórnmálaflokka.

Ég vil hins vegar benda hv. þingmanni á að ekki voru allir fulltrúar stjórnarandstöðunnar ósáttir við að málið yrði afgreitt úr nefndinni. Ég minni á að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, sem er formaður þingflokks Frjálslynda flokksins, var sammála því að ljúka afgreiðslu málsins innan nefndarinnar. Af hverju skyldi það vera? Það er vegna þess að málið var fullrætt þar og ekkert ámælisvert við þau vinnubrögð.

Að lokum langar mig að varpa fram spurningu til hv. þingmanns, vegna þess að hún lýsti því yfir að ekki hefðu allir umsagnaraðilar sem skiluðu inn umsögnum og óskuðu eftir að koma fyrir nefndina verið kallaðir fyrir nefndina: Hvaða umsagnaraðilar voru ekki kallaðir fyrir nefndina?

[22:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Forseti. Ég hélt að hv. þingmaður ætlaði að koma hér upp til að svara þeirri fyrirspurn sem ég lagði fyrir hann varðandi grundvallaratriði sem snúa að þeirri lagasetningu sem hv. þingmaður mælir hér fyrir, og standa vörð um ráðherrann sinn sem sér ekki sóma sinn í því að koma hér inn í þingið meðan verið er að ræða þetta hér.

Það hefur komið fram hjá þeim fulltrúum sem sitja í nefndinni að málið var ekkert rætt milli nefndarmanna. Það getur vel verið að það hafi verið rætt við einhverja gesti, það er náttúrlega venjan ef það koma fyrirspurnir frá nefndarmönnum til gestanna. En málið var ekkert rætt og þess vegna er svona löng umræða hér í þinginu vegna þess að það er ekki búið að ræða málið til hlítar. Sú umræða á auðvitað að fara fram í nefndinni, hún á ekki að koma hér öll inn í þingið, þó að það sé svo sem ágætt. Ég hef ekki heyrt annað en að fulltrúar í stjórnarliðinu kvarti og kveini yfir því að þingmenn viðri hér skoðanir sínar og þeim sé dálítið niðri fyrir þegar verið er að ræða hér jafnmikilvægt mál og rekstrarform Ríkisútvarpsins.

Svo talar hv. þingmaður um að það sé ekkert óeðlilegt að ósætti sé milli stjórnar og stjórnarandstöðu um ýmis mál. Það er auðvitað alveg rétt. En ég hefði talið að það þyrfti að vera sátt um mál eins og Ríkisútvarpið. Þetta er sameign allrar þjóðarinnar og það er mikilvægt að sátt ríki um þá stofnun. Það þarf að vinna þannig í nefndinni að svo sé og ég gagnrýni að það skuli ekki hafa verið gert.

Varðandi umsagnaraðila þá getur vel verið að það hafi verið misskilningur hjá mér að þessir aðilar sem ég nefndi hafi ekki komið fyrir nefndina en verið með umsögn. Ég veit a.m.k. að óskað var eftir því að fleiri kæmu fyrir nefndina og það var ekki orðið við því að því er mér skildist. Ég tel mikilvægt að mál eins og rekstrarform Ríkisútvarpsins sé ítarlega rætt í nefnd og það náist sátt um það þegar það kemur úr nefndinni en ekki að málið sé rifið út í ósætti (Forseti hringir.) þegar slík almannaeign er til umfjöllunar.

[22:32]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var eins og mig grunaði að hv. þingmaður hefur ekki kynnt sér málið nægilega vel þrátt fyrir að telja sig vera í þeirri stöðu að geta fullyrt að vinnubrögð í nefndinni hafi verið ámælisverð. Þau voru nefnilega ekkert ámælisverð og engum umsagnaraðilum var neitað að koma fyrir nefndina, síður en svo. Þeir voru allir kallaðir fyrir nefndina og sumir þeirra oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Það kom í ljós hér í andsvari hv. þingmanns að það virtist örla á einhverjum misskilningi af hennar hálfu. Sem betur fer viðurkenndi hv. þingmaður það.

En ég leyfi mér að bregðast við slíkum fullyrðingum og gagnrýna það þegar þau vinnubrögð sem ég viðhef ásamt stjórnarmeirihlutanum í menntamálanefnd eru kölluð ámælisverð. Þau eru það ekki. Hins vegar er rétt að fram komu beiðnir um að aflað yrði álits Evrópuráðsins fyrir nefndina en við því var ekki orðið og ég gerði grein fyrir því í ræðu minni í 2. umr. að ég teldi ekki ástæðu til þess enda tilmæli Evrópuráðsins ekki bindandi fyrir hið háa Alþingi. Það er hér sem löggjafarstarfið fer fram, herra forseti, það erum við sem förum með löggjafarvaldið en ekki Evrópuráðið.

Það er líka rétt að eftir því var óskað að ríkisendurskoðandi og Samkeppniseftirlitið kæmu fyrir nefndina en ég taldi að það væru engin efni til þess að fá þessa tvo aðila. Það er vegna þess að þessir tveir aðilar starfa samkvæmt lögum og það er engu við þau lög að bæta. Menn geta lesið um það í lögum um Samkeppniseftirlitið og um Ríkisendurskoðun hvaða verkefnum þessar stofnanir sinna og hvert hlutverk þeirra er og þar við situr.

Varðandi spurningu hv. þingmanns um hvað vinnist með því að breyta rekstrarfyrirkomulaginu, (Forseti hringir.) þá bendi ég hv. þingmanni á að lesa frumvarpið. (Forseti hringir.) Upplýsingar um það koma þar fram.

[22:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hv. þingmaður viðurkenndi að hann neitaði nefndinni um að fá bæði Ríkisendurskoðun og Samkeppniseftirlitið inn þó svo að þingmenn sem sátu í nefndinni hefðu talið fulla ástæðu til þess að fá þessa aðila til að fjalla um málið. Það er ekki formannsins að meta það hvort ástæða sé til að fá Ríkisendurskoðun eða Samkeppniseftirlitið til að fjalla um málið. Hann á auðvitað að verða við því þegar nefndarmenn telja ástæðu til þess að fá þá aðila.

Auðvitað samþykkir formaður nefndarinnar ekki að störf nefndarinnar hafi verið ámælisverð. Hann vill auðvitað ekki viðurkenna það. En það var það vissulega, m.a. það að kalla ekki til aðila eins og Ríkisendurskoðun og Samkeppniseftirlitið í þessu máli.

Síðan vil ég óska eftir því hér með, forseti, að hv. þingmaður fari rækilega yfir það og svari hér spurningum starfsmanna Ríkisútvarpsins sem þeir leggja fram í ályktun frá almennum starfsmannafundi, sem ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður hafi fengið, því að hér eru allmargar spurningar og margt óljóst sem starfsmenn óska eftir að fá upplýsingar um. Hvað verður um réttindi starfsmanna? Hafa verið gerð ... (**SKK:** Það stendur í frumvarpinu.) Nei, það stendur ekki í frumvarpinu. (**SKK:** Jú.) Nei, það gerir það ekki. Og hvernig á að semja um biðlaunarétt? Hvað með lífeyrisréttindin o.s.frv.? Þessu er öllu ósvarað. (**SKK:** Lestu frumvarpið.) Og hv. þingmaður getur ekkert snúið sér út úr því með því að segja mér að lesa frumvarpið. Ég er löngu búin að lesa frumvarpið og það er löngu tímabært að

stjórnarliðar, sem eru að reyna að keyra þetta mál hér í gegn, svari þeim spurningum sem koma frá starfsmönnum í þessari ályktun, þeir eiga rétt á því. Þá þýðir lítið fyrir flokksbræður hv. þingmanns að tala hér um að það sé verið að tala niður til starfsmanna. (Forseti hringir.) Það er verið að koma lítilsvirðandi fram við starfsmennina með því að svara ekki þessum spurningum.

[22:36]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið athyglisverð og skemmtileg umræða hérna í dag eins og hún var fyrir páska þegar hún hófst hér, 2. umr. um þetta ágæta mál, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. Hér hefur verið komið inn á fjöldamarga þætti sem tengjast frumvarpinu með beinum hætti og haldnar yfirgripsmiklar ræður, langar og stuttar, en allar nokkuð góðar. Ég ætla að leggja sérstaklega út af því sem liggur allri þessari málafylgju til grundvallar sem er: Af hverju ríkisrekstur á fjölmiðli, af hverju ríkisrekstur á útvarpi og sjónvarpi frekar en ríkisrekstur á dagblaði? Eins og til að mynda sölumenn Ríkisútvarpsins í Sjálfstæðisflokknum taka sérstaklega til í greinargerð með öðru máli sínu sem fjallar um sölu Ríkisútvarpsins þar sem þeir líkja því og leggja að jöfnu fáránleika þess að ríkið reki útvarp og sjónvarp eins og ríkið reki dagblað. En áður en ég byrja á ræðu minni sem fer hér um víðan völl, fyrst um sinn aftur til ársins 1926, þá fram til ársins 1930, örlítið til ársins 1916 þegar sá merki vísindamaður Lee dee Forest gerði fyrstu tilraun til útvarpssendinga í Bandaríkjunum í tengslum við forsetakosningar það ár í Bandaríkjunum og var Íslendingum til mikilla hvata sem þar voru staddir ytra til að hefja útvarpsrekstur hér heima, sem hófst fyrst árið 1925 þegar H.f. Útvarp tók til starfa með sérleyfi frá Alþingi til útvarpsreksturs. Sú útvarpsstöð tók formlega til starfa árið 1926, einkarekin útvarpsstöð með sérleyfi frá Alþingi og sendi út með gloppum og hléum út árið 1928 og var þá komið í mikið þrot.

Jónas Jónsson frá Hriflu hafði þau orð um þá útvarpsstöð, það var deilt um útvarp þá eins og nú, og Jónas sagði svo eftirminnilega, með leyfi forseta:

„Sá útvarpsrekstur var átak hinnar menningarlausu um mál sem þeir réðu ekki við."

Hann hafði þau eftirmæli um útvarpsreksturs H.f. útvarps árið 1928, og bætti svo við að það hefði verið gróðavegur fyrir fjárbrallsmenn, eins og Jónas orðaði það.

Áður en ég hef mál mitt formlega ætla ég að spyrja hæstv. forseta hvort hægt væri að óska eftir því að hæstv. menntamálaráðherra yrði viðstaddur umræðuna og fulltrúi Framsóknarflokksins, helst formaður eða varaformaður Framsóknarflokksins, þeir mætu menn. Þáttur Framsóknarflokksins í þessu ríkisútvarpsmáli er rannsóknarefni út af fyrir sig og sjálfstætt mál í sjálfu sér og þess vegna ætla ég að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta hvort það væri einhver vegur að óska eftir því kurteislega að formaður eða varaformaður eða þá starfandi þingflokksformaður yrði viðstaddur ræðu mína sem fjallar m.a. mjög mikið um Framsóknarflokkinn. Helst hæstv. menntamálaráðherra líka.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti getur gert hæstv. menntamálaráðherra viðvart um að hv. þingmaður óski eftir því að hann verði kallaður til. Hins vegar held ég að það væri sérkennilegt ef orðið yrði við þeim tilmælum hv. þingmanns að kalla til ráðherra eða þingmenn sem ekki tengjast meðferð málsins sérstaklega.)

Jú, virðulegi forseti, framsóknarforingjarnir tengjast málinu sérstaklega að mínu mati. Þetta er stjórnarfrumvarp og það er í rauninni þáttur Framsóknarflokksins í þessu máli sem er hvað merkilegastur og dapurlegastur kannski og verður til þess að málið kemur fram eftir þá útreið sem Ríkisútvarpið sf. fékk hér fyrir nokkrum mánuðum þegar Framsóknarflokkurinn fullyrti að það mundi aldrei yfir hann ganga að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi. Það væri algjört grundvallaratriði að félagið yrði sameignarfélag en ekki hlutafélag.

Núna, eftir að undansláttur Framsóknar við Sjálfstæðisflokkinn hefur leitt til þess að hann er rúinn öllum sínum meginmálum og pólitískum prinsippum hlýtur það að vera eðlileg krafa að einhver af forustumönnum Framsóknarflokksins sé við þessa umræðu um þetta grundvallarmál. Þess vegna óska ég eftir því við virðulegan forseta að þeim boðum verði prúðmannlega komið til einhvers af forustumönnum flokksins hvort þeir sjái sér fært að vera hérna við umræðuna, hvort einhver þeirra gæti verið þátttakandi í henni með beinum hætti hérna í salnum, þar sem þingmönnum ber jú skylda til að vera við þingumræður ef þeir eiga þess einhvern kost, þannig að ég óska formlega eftir því að þessum óskum mínum verið komið til bæði formanns Framsóknarflokksins og hæstv. menntamálaráðherra, að þeir verði við þessa umræðu og ræðu mína hér í kvöld, sem eins og ég segi tengist mjög Framsóknarflokknum.

Áður en ég fer nokkrum orðum um einstaka þætti þessa frumvarps sem er ekki bara gallað heldur má kalla það ákaflega klasturslega og hráa smíð og varla boðlegt til 2. umr. í Alþingi. Svo gallað kom málið inn og svo gallað er málið hér af hálfu menntamálaráðherra, að afstaða Framsóknar í þessu máli hlýtur að verða okkur að miklu umræðu- og rannsóknarefni þegar við förum yfir þetta mál. Fyrir nokkrum mánuðum töluðu forustumenn Framsóknarflokksins sig hása úr ræðustól þingsins og víðar um að ekki kæmi til greina að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Það væri algjör frágangssök af þeirra hálfu. Það mátti skilja nokkra forustumenn Framsóknarflokksins þannig að það mundi hreinlega þýða stjórnarslit ef Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að keyra það í gegn að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi enda væri það, mátti skilja á þeim, stórt skref í þá átt að Ríkisútvarpið yrði selt. Þar stæði hins vegar Framsóknarflokkurinn í lappirnar, það væri ekki til sölu, enginn undansláttur gefinn, enginn afsláttur gefinn og hvergi yrði hvikað frá sannfæringu Framsóknarflokksins, og var margítrekað frá landsfundum flokksins, að ekkert yrði gefið eftir í ríkisútvarpsmálinu, það yrði ekki hlutafélag. Þetta var eitt af þeim örfáu prinsippum sem Framsóknarflokkurinn ætlaði að standa við þegar flest væri fokið af flokknum og hann orðinn ansi dapurlegur ásýndar eftir nánast takmarkalausa undirlægju við Sjálfstæðisflokkinn árum saman.

Nú hefur Framsóknarflokkurinn eiginlega án nokkurra útskýringa eða sérstaks aðdraganda hvikað frá þessu máli. Það hafa engin pólitísk skilaboð komið frá flokknum um af

hverju þessi viðsnúningur varð á stefnu flokksins, af hverju það var algjört grundvallaratriði fyrir nokkrum mánuðum síðan að Ríkisútvarpið yrði sameignarfélag en ekki hlutafélag, af hverju það er í lagi núna. Flokkurinn hefur kúvent í þessu prinsippmáli og hefur komið með mjög óljós skilaboð síðan. Þess vegna lýsi ég eftir framsóknarmönnum hérna úr ræðustóli Alþingis, þeir hafa verið jafn sjaldséðir hérna við umræðuna um Ríkisútvarpið eins og kannski framsóknarmenn eru í dag á meðal kjósenda.

Þeir verða að gefa okkur skýringar á því af hverju undanslátturinn frá meginmálum og prinsippum Framsóknarflokksins átti sér stað í máli Ríkisútvarpsins. Máli sem markar að mínu mati skref í átt að einkavæðingu Ríkisútvarpsins verði Sjálfstæðisflokkurinn áfram við völd með einhverja undirlægju og hækju undir arminum eins og Framsóknarflokkurinn hefur gengið fram í síðustu málum. En það þýðir ekki að kenna hækjunni um heltina í þessu máli frekar en öðrum, það er eitt af stefnumálum Sjálfstæðisflokksins að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi og Framsóknarflokkurinn lætur sig hafa það og eltir Sjálfstæðisflokkinn í þeirri ferð.

Hvað varðar efnisatriði málsins og það sem mér finnst standa sérstaklega út af borðinu þar, ég mun koma inn á það í ræðu minni á eftir, lýtur að fjármögnun útvarpsins, svo sem með nefskatti, að setja það á fjárlög eða á áframhaldandi notkun afnotagjalda. Ítök stjórnarflokkanna í útvarpinu eru að mínu mati ekki losuð með þessu, því fer fjarri. *Í raun og veru er verið að búa svo um hnútana að ef* stjórnarfarið í landinu er eins og núna sé hægt að gera útvarpsstjóra að einhvers konar pólitískum seppa Sjálfstæðisflokksins, þó svo að það sé ekki þannig núna, en að það verði þannig búið um hnútana til framtíðar.

Það sem er verst við þetta mál er að með því er verið að rjúfa 76 ára gamla sátt um Ríkisútvarpið. Það hefur yfirleitt ríkt nokkuð pólitísk sátt um rekstur útvarpsins, að útvarpið skuli ríkisrekið. (Gripið fram í.) Upp á sáttina hefur kannski einna helst vantað á síðari árum þegar Sjálfstæðisflokkurinn byrjaði að berjast fyrir því að útvarpið yrði einkavætt.

Þegar litið er til baka og í bókina Útvarp Reykjavík – Saga Ríkisútvarpsins 1930–1960, eftir Gunnar Stefánsson, segir svo á einum stað um tilurð útvarpsins, með leyfi forseta:

„Andstæðingar framsóknarmanna og alþýðuflokksmanna skipulögðu nú liðsafla sinn. Íhaldsflokkurinn var stofnaður 1924 og Sjálfstæðisflokkurinn varð til 1929 með samruna Íhalds- og Frjálslynda flokksins. Höfuðmálgagn þessara samtaka var Morgunblaðið en Vísir studdi þau einnig. Geysihörð og illvíg pólitísk átök settu mestan svip á blöðin. Það var hart barist um sálirnar á þessum árum en þegar útvarp kom til sögunnar var sú stefna strax mörkuð, og um hana fullt samkomulag, að það skyldi standa utan við stjórnmáladeilur. Í reynd þýddi það að útvarpið mátti heita utan átaka um þjóðfélagsmál. Útvarpið var einn þáttur ríkisvaldsins en hinar stríðandi stjórnmálafylkingar komu sér saman um að halda því í því skjóli."

Þessi sátt hefur að miklu leyti ríkt um að hið opinbera skuli halda úti ríkisútvarpi þangað til það sáttarof gerðist með þessu máli sem við ræðum hér í dag.

Annað sem ég ætlaði að ræða sérstaklega og lýtur að efni og inntaki málsins er að hér skuli ekki tekið á umfangi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Það er feikilega mikið í dag og á þessum örlitla markaði hljótum við að þurfa að gæta sanngirni gagnvart hinum fjölmiðlunum, gagnvart einkareknu ljósvakamiðlunum, blaðamiðlunum og netmiðlunum ef því er að skipta. Að mínu mati á að takmarka töluvert mikið umfang Ríkisútvarpsins á auglýsinga- og kostunarmarkaði einfaldlega til að tryggja einkareknu ljósvakamiðlunum rými á markaðnum. Við búum í svo litlu landi, hér er örmarkaður þar sem fjölmiðlarnir slást um mjög afmarkaðar upphæðir til rekstursins og þar er forskot Ríkisútvarpsins náttúrlega töluvert. Hér er í rauninni verið að leggja lokahönd á það að *sáralítill munur* verði á hinu svokallaða almannaútvarpi, Ríkisútvarpinu, og hinum hefðbundnu markaðsstöðvum að flestu leyti nema Ríkisútvarpið hefur heilmikið forskot í formi nefskatts, ef hann gengur eftir, og afnotagjalda í dag án þess að umfang þess á auglýsingamarkaði sé takmarkað svo nokkru nemi. 365 miðlar gera ítarlegar athugasemdir við þetta í umsögn sinni um málið sem ég mun vísa til á eftir.

Það voru mikil vonbrigði þegar málið um Ríkisútvarpið sf. hraktist til baka fyrir nokkrum mánuðum af því að ég taldi að þá kæmi þetta mál fram í nýrri mynd og endurskoðað þar sem tekið væri á þessu, af því að það væri undirliggjandi sátt um að takmarka umfang Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði um leið og hlutverk þess væri skilgreint upp á nýtt, að almannaútvarpinu væri mörkuð sérstaða og *það skilgreint í byrjun nýrrar aldar. Þegar verið væri* að setja ný lög um Ríkisútvarpið skipti mestu máli að marka Ríkisútvarpinu nýtt hlutverk, skilgreint hlutverk sem væri annað en hinna hefðbundnu markaðsmiðla, jafnágætir og prýðilegir og þeir eru, þeir reka öflugar fréttaþjónustur og miðla ágætu efni, mikið til erlendu, en á þeim og Ríkisútvarpinu er sáralítill munur.

Hitt sem ég hefði viljað sjá í frumvarpi um ríkisútvarp er einhvers konar skilyrði um hlutdeild innlends dagskrárefnis í dagskrá stöðvanna. Ég efast ekkert um að það er vilji þeirra sem fara fyrir Ríkisútvarpinu að auka hlutdeild innlends efnis. Það er metnaður til þess hjá mörgum sem á stöðinni starfa. En að mínu mati á löggjafinn að marka það þannig að það verði skilyrt hver hlutdeild innlends efnis sé í dagskrá Ríkisútvarpsins. Þá tel ég að nefskattsleiðin sé að mjög mörgu leyti óheppileg leið til að fjármagna útvarpið. Það væri miklu farsælla að setja Ríkisútvarpið á fjárlög, gera slíkan samning til nokkurra ára í senn, fimm ára fjárlagasamning, í stað þess að taka upp nefskattinn.

Ég held að afnotagjöldin hefðu verið miklu skárri kostur áfram og til framtíðar en að fara út í nefskatt sem er erfitt að jafna gagnvart fólki eftir tekjum og aðstöðu þess. Ég held að það sé ósanngjörn leið. Það væri miklu farsælla að setja Ríkisútvarpið á fjárlög þó að það sé kannski alls ekki aðalmálið í þessu efni. Það er að sjálfsögðu rekstrarformið. En fyrir því hef ég ekki heyrt nein rök sem sannfæra mig um að breyta eigi Ríkisútvarpinu í hlutafélag og að það eigi t.d. ekki að vera sjálfseignarstofnun eða ríkisstofnun áfram, því enda þótt hlutafélagaformið henti vel hvers konar hagnaðarrekstri og hagnaðarsjónarmiðum á það ekki við um samfélagslegan rekstur af neinu tagi.

Ég var nokkuð sannfærður um að það kæmi fram í þess-

ari endurskoðun og nýju frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið að takmarka hlutdeild og umfang útvarpsins á auglýsingamarkaði, sem ég held að sé í kringum 30% í dag, örugglega milli 50 og 60% á sviði ljósvakamiðlunar, mjög umfangsmikið. Auðvelt er að færa ýmis rök fyrir því að Ríkisútvarpið þurfi og eigi að vera á auglýsingamarkaði hvað varðar aðgengi þeirra sem vilja auglýsa til almennings. Í auglýsingum koma að sjálfsögðu fram margs konar upplýsingar sem eiga erindi við fólk, það er ekki málið, en út af smæð markaðarins tel ég sanngirnismál gagnvart einkareknu miðlunum að það sé takmarkað mjög. Við eigum að skoða það á einhverju árabili að færa hlutdeildina niður í kannski 15–25% í einhverjum skrefum um leið og hlutverk útvarpsins verði skilgreint algerlega upp á nýtt. Og meginmálið sem þetta frumvarp snýst fyrst og fremst um, fyrir utan fjármögnun og rekstrarform, er hlutverk útvarpsins til framtíðar. Endurskilgreining á almannaútvarpinu og pólitísk tilraun til að endurskilgreina hlutverk og markmið útvarpsins þannig að það standi undir nafni sem almannaútvarp, sem geri annað og meira en að dreifa og miðla til okkar aðkeyptu afþreyingarefni og skemmtiþáttum í miklum mæli og meira og minna sömu sjónvarpsdagskrá og er að finna á hinum íslensku stöðvunum og þeim erlendu stöðvum sem stórum hluta almennings gefst færi á að kaupa aðgang að.

Ríkisútvarpið hefur að miklu leyti þróast yfir í það á síðustu árum og áratugum að senda út mikið af misgóðu erlendu sjónvarpsefni, vissulega margt ágætt, sem margir sækja í en það getur ekki verið hlutverk ríkisrekins fjölmiðils að senda út miðlungsgott og í mörgum tilvikum lélegt, erlent afþreyingarefni. Það hlýtur að verða að sinna hlutverki sínu á sviði fréttaþjónustu og samfélagslega tengdri þjónustu og því að miðla og stuðla að framleiðslu á íslensku dagskrárefni, íslenskri dagskrárgerð. Það hefur margoft komið fram í umræðum og hlýtur að vera algjört grundvallarmál.

Þar sem menntamálaráðherra mistekst hvað gróflegast í þessu fljótfærnislega, klasturslega og illa gerða frumvarpi sínu er að endurskilgreina hlutverk Ríkisútvarpsins til framtíðar. Með þeirri skilgreiningu sem er að finna í frumvarpinu núna — þó að liðunum hafi kannski fækkað um rúmlega 10, ég held að þeir hafi verið 32 í frumvarpinu um Ríkisútvarpið sf. í fyrra, um hlutverk almannaútvarpsins Ríkisútvarpsins — er í sjálfu sér verið að þenja Ríkisútvarpið yfir allt. Það getur í rauninni hafist handa við hvers konar miðlun og samkeppnisrekstur á sviði miðlunar ef frumvarpið gengur eftir og eins og hinn valdamikli útvarpsstjóri hefur í raun og veru lyst til að beita sér fyrir.

Þarna bregst hæstv. menntamálaráðherra bogalistin hrapallega, þ.e. að endurskilgreina Ríkisútvarpið upp á nýtt. Þess vegna er frumvarpið það fljótfærnislega og óboðlega klastur sem það er, og hefur vakið þær illvígu pólitísku deilur sem nú eru uppi á Alþingi um Ríkisútvarpið. Það er sáttarof, raunverulegt sáttarof um Ríkisútvarpið í fyrsta sinn í marga áratugi og kannski hefur aldrei fyrr verið deilt á eins flokkspólitískum nótum um framtíð og tilurð Ríkisútvarpsins og núna, fyrir utan kannski hin vanmáttugu áhlaup örfárra þingmanna Sjálfstæðisflokksins að því að selja Ríkisútvarpið. Vissulega eru það hinir sömu menn, þ.e. sölumenn Ríkisútvarpsins úr Sjálfstæðisflokknum, sem eru þeir einu sem taka til máls hér úr stjórnarliðinu við 2. umr. um Ríkisútvarpið og eru á mælendaskrá um þetta mál, að ég held. Það eru þeir félagar, hv. þingmenn Pétur Blöndal, Birgir Ármannsson og Sigurður Kári Kristjánsson, sem sýna þó þá pólitísku viðleitni að taka þátt í umræðunni þó að kannski gangi misvel að útskýra fyrir fólki af hverju sölumenn Ríkisútvarpsins mæla núna fyrir því að það verði ekki selt en samt gert að hlutafélagi. Það er ákaflega ótrúverðugt, ákaflega óheppileg staða í þessu pólitíska máli að Sjálfstæðisflokkurinn skuli með annarri hendinni berjast fyrir því að Ríkisútvarpið verði selt og einkavætt en reyni með hinni að sannfæra almenning um að Ríkisútvarpið eigi að vera áfram í ríkiseigu, það sé einungis verið að hlutafélagavæða það til að auðvelda og straumlínulaga reksturinn, gera það hraðskreiðara í kapphlaupinu um auglýsingapeningana úti á auglýsingamarkaðnum, hraðskreiðara í kapphlaupinu um besta og vinsælasta sjónvarpsfólkið, og það eigi ekki að selja það.

Að sjálfsögðu er Sjálfstæðisflokkurinn að stíga skref í átt að sölu á Ríkisútvarpinu. Ég efast a.m.k. ekki um það. Það er þeirra að sannfæra okkur um að svo sé ekki. Hins vegar veldur undirlægja Framsóknarflokksins mér hryggð í þessu máli, af því að ég trúði því fyrir ári síðan að hann meinti það þegar hann sagði að hann mundi aldrei nokkurn tímann standa að því í ríkisstjórnarsamstarfi að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Ég trúði því þegar framsóknarmenn sögðu þetta þá, kannski eins og ég trúði því að Framsóknarflokkurinn ætlaði að standa vörð um Íbúðalánasjóð, en það er önnur umræða.

Þáttur Framsóknarflokksins í málinu er með algerum ólíkindum. Þess vegna óskaði ég eftir því við virðulegan forseta þegar ég hóf mál mitt um hálfellefuleytið, að þeim boðum yrði komið til varaformanns og formanns Framsóknarflokksins og í þriðja lagi þingflokksformanns eða einhvers fulltrúa þessara þriggja, að framsóknarmaður léti sjá sig í þingsalnum, að framsóknarmaður yrði við umræðuna sem rökræddi við mig í kvöld um framtíð og rekstrarform Ríkisútvarpsins og af hverju Framsóknarflokkurinn hefði hvikað frá því grundvallaratriði sínu að Ríkisútvarpið yrði aldrei gert að hlutafélagi. Sameignarstofnunin sem var fyrir nokkrum mánuðum sá átakapóstur sem Framsóknarflokkurinn boðaði að yrði í stjórnarsamstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn — af hverju seldi Framsóknarflokkurinn Sjálfstæðisflokknum þetta prinsipp líka? Var það gjaldið fyrir forsætisráðherrabýttin um árið, eða hvað? Átti Framsóknarflokkurinn ekkert inni hjá Sjálfstæðisflokknum? Af hverju fór salan fram? Af hverju seldi Framsóknarflokkurinn þetta pólitíska prinsipp, að Ríkisútvarpið yrði ekki gert að hlutafélagi?

Við þessu og svo mörgu öðru í frumvarpinu ætla ég að fá svör. Þau munu koma svona af og til frá fulltrúum frá Sjálfstæðisflokki, enda eru þeir nokkrir hér við umræðuna og hafa verið allan tímann og er ástæða til að fagna því í sjálfu sér að þeir skuli þó sjá ástæðu til þess sem Framsóknarflokkurinn gerir ekki. Ég er ekki sammála því mati hjá virðulegum forseta að Framsóknarflokkurinn sé ekki hlutaðeigandi eða komi þetta mál í sjálfu sér ekki við. Þetta er stjórnarfrumvarp. Framsóknarflokkurinn fer með forsætið í

ríkisstjórninni, jafnundarlegt og það er í sjálfu sér, þess vegna er málið að sjálfsögðu á pólitísku forræði hæstv. forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, rétt eins og hæstv. menntamálaráðherra, sem ég óskaði sérstaklega eftir líka áðan að yrði beðin um að vera við umræðuna hér í þingsal. Ég trúi því að á næstu mínútum birtist bæði hæstv. menntamálaráðherra og ef hæstv. forsætisráðherra er vant við látinn þá hinn spræki og yfirlýsingaglaði varaformaður Framsóknarflokksins sem fór á kostum í miklu Morgunblaðsviðtali fyrir nokkrum dögum og virðist, ef rétt má skilja ýmsa aðra þingmenn flokksins, hafa valdið svo miklum deilum í Framsóknarflokknum að þar sé varla nokkrum manni út sigandi lengur án þess að efna til enn þá meiri illinda og kannski þess vegna láta þeir ekki sjá sig við umræðuna í kvöld þar sem við hljótum fyrst og fremst að ræða um það hlutverk Ríkisútvarpsins af hverju ríkið á að reka fjölmiðil.

Frjálshyggjumennirnir svöruðu því fyrir sitt leyti í frumvarpinu sínu. Þeir sögðu að það ætti ekki að gera það frekar en að reka ríkisdagblað eða ríkistímarit, ríkisrekið Séð og heyrt eða ríkisrekið Morgunblað og töldu það mikið fáránleikaleikhús og mikinn skopleik að hugsa sér að ríkið ræki fjölmiðil. Þeir hinir sömu hafa nú að einhverju leyti snúið við blaðinu af því að þeir segja að ekki standi til að selja útvarpið, það sé ekki markmiðið með frumvarpinu að einkavæða Ríkisútvarpið, heldur einungis að gera reksturinn nútímalegri og hægari fyrir þá sem hann hafa með höndum. Þá hljótum við að gera athugasemdir við það að frumvarpið skuli ekki taka á pólitískum ítökum stjórnmálaflokkanna í Ríkisútvarpinu, pólitísku kverkataki sem birtist sérstaklega í hinu fræga fréttastjóramáli í fyrra.

Við hljótum að spyrja verði Ríkisútvarpið hf. frumvarp að lögum: Gæti fréttastjóramálið átt sér stað eftir það, er von á öðru fréttastjóramáli? Ég held það, ég held að þetta hafi í sjálfu sér ekki tekið fyrir það að stjórnarflokkarnir á hverjum tíma, og sérstaklega þeir sem nú sitja í örvæntingu sinni yfir stöðu mála, reyni að troða inn einhverjum pólitískum fulltrúum sínum til að hafa pólitísk áhrif og pólitíska íhlutun í útvarpið. Í frumvarpinu er ekki tekið á því máli. (Gripið fram í.) Það gæti verið. Ítök stjórnmálaflokka og stjórnarflokkanna eru ekki losuð í málinu, kverkatakið er áfram á Ríkisútvarpinu.

Það er einkum tvennt sem stendur upp úr sem mér þykir dapurlegt. Frumvarpið er misheppnuð málamiðlun stjórnarflokkanna við að setja ný lög um Ríkisútvarpið. Frumvarp er sáttarof á 70 ára gamalli sátt um Ríkisútvarpið og með því misheppnast hæstv. menntamálaráðherra algjörlega og fullkomlega að endurskilgreina hlutverk Ríkisútvarpsins. Þess verður einnig að geta að það er mjög undarlegt að menntamálaráðherra skuli hafa legið svo á. Kannski vegna skorts á minnismerkjum eftir mjög brokkgeng ár í menntamálaráðuneytinu að koma einhverju stóru máli í gegn, setja þessi lög og boða sérstök fjölmiðlalög um leið. En þessu var hraðað inn í þingið án þess að nokkurn tíma væri útskýrt af hverju þetta færi þá ekki saman. En það er nú vatn undir brúna.

Ég held að frumvarpið um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins sé enn einn naglinn í pólitíska líkkistu Framsóknarflokksins og muni reynast Framsóknarflokknum mjög erfitt þegar fram í sækir að útskýra það fyrir fólki af hverju hann féllst líka á að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið alveg eins og hann féllst líka á að afhenda bönkunum endanlega yfirráðin yfir íbúðalánunum á dögunum. Þegar nýr hæstv. félagsmálaráðherra var spurður af hverju, þá hafði hann ekki hugmynd um það. Ekki var búið að segja honum af hverju Framsóknarflokkurinn er að hvika frá því líka. Af hverju studdi Framsóknarflokkurinn innrásina í Írak á sínum tíma? Og núna þetta, af hverju er Framsóknarflokkurinn með Sjálfstæðisflokknum í þeirri vegferð sem ég held að leiði til þess, ef þeir stjórnarflokkar fá áframhaldandi umboð, að Ríkisútvarpið verði selt. Þó svo að gera þurfi lagabreytingu að sjálfsögðu og flytja um það sérstakt lagafrumvarp þá er það sú pólitíska vegferð sem ég held að Sjálfstæðisflokkurinn sé á, þ.e. að einkavæða og selja Ríkisútvarpið. Það ræður för að mínu mati. Það er sú niðurstaða sem ég dreg af þessu misheppnaða og vonda frumvarpi frá hæstv. menntamálaráðherra þar sem hver mistökin reka önnur í málafylgjunni allri. Þetta er ákaflega raunalegur minnisvarði sem hæstv. menntamálaráðherra er að reisa sér með frumvarpinu þar sem öll fjögur meginatriði málsins sem hér eru nefnd til sögunnar eru misheppnuð.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag í eigu ríkissjóðs um rekstur Ríkisútvarpsins ... Í öðru lagi er mælt fyrir um afnám afnotagjalda og álagningu sérstaks útvarpsgjalds. Í þriðja lagi eru gerðar breytingar á stjórnun. Í fjórða og síðasta lagi er mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á fjárreiðum reksturs sem fellur undir útvarp í almannaþágu og annars reksturs."

Frumvarpinu mistekst að mínu mati í öllum veigamestu þáttunum og sérstaklega því sem öllu máli skiptir: Af hverju eigum við að halda úti ríkisútvarpi fyrir fleiri milljarða á ári af skattpeningum almennings? Af hverju á það fyrirbæri heima í hlutafélagi? Við þessu hafa engin svör komið.

Ég ætla aðeins að líta til baka og rifja upp af hverju við erum að reka ríkisútvarp og hvað varð til þess að sú vegferð hófst að hér voru sett lög um ríkisútvarp á sínum tíma því það hlýtur að liggja því algjörlega til grundvallar, sagan kennir okkur það. Af hverju erum við að halda úti ríkisútvarpi? Af hverju á almenningur að borga á þriðja milljarð af skattfé sínu til að halda úti ríkisútvarpi? Það er ekki til að halda úti pólitískum snata fyrir Sjálfstæðisflokkinn eða einhvers konar ríkisstjórnarútvarpi, enda hafa starfsmenn þar komið í veg fyrir það, þrátt fyrir áhlaup ríkisstjórnarflokkanna á sjálfstæði stofnunarinnar hvað eftir annað, sérstaklega fréttastofunnar að svo verði. Það er fróðlegt, skemmtilegt og gagnlegt að líta til sögunnar um þessi atriði.

Fyrsti reglulegi dagskrárdagur Ríkisútvarpsins var 21. desember 1930 og var sagan fram að þeim degi nokkuð skemmtileg og skrautleg. Þann 18. mars 1926 talaði Magnús Guðmundsson ráðherra fyrstur Íslendinga í útvarp á Íslandi þar sem hann opnaði útvarpið, sem þá hét Hf. útvarp. Það var árið 1925 sem Alþingi samþykkti lög um að Hf. útvarp mætti starfa og veitti því sérstakt sérleyfi til þeirra starfa.

Um það hafði Jónas frá Hriflu þau orð sem ég hafði hérna áðan að með stofnun á Hf. útvarpi væri komið fram,

með leyfi forseta: „Átak hinna menningarlausu um mál sem þeir réðu ekki við.“ Það voru eftirmál Jónasar um útvarpið, gróðavegur fyrir fjárbrallsmenn, sagði Jónas frá Hriflu á sínum tíma og var mikill andstæðingur þessarar tilraunar og sérstaklega hafði hann nöpur orð um það síðar meir.

Hf. útvarp sendi út með hléum út árið 1928 og einnig var öðru útvarpi, einkaútvarpi, manni að nafni Cook, veitt starfsleyfi af Alþingi norður á Akureyri, og það tók til starfa 16. maí 1925 en starfaði stutt og gekk illa. Síðan voru lög um einkarétt ríkisins á útvarpi sett árið 1929 og hófst þá í framhaldinu af því undirbúningur að Ríkisútvarpinu eins og við þekkjum það í dag. Þetta er mjög skemmtileg saga sem í raun og veru byrjar með sögu og innreið símans á Íslandi. Til að átta sig á því af hverju hið opinbera á að halda úti fjölmiðli, ríkisútvarpi, er fróðlegt að lesa sér örlítið til um hvað frumkvöðlunum gekk til sem leiddu það á sínum tíma, að einungis tíu árum eftir að í fyrsta sinn var tilraunaútvarpað í Bandaríkjunum, sem var árið 1916, var byrjað að útvarpa á Íslandi, sem er í rauninni merkilega stuttur tími. Og einungis fjórum árum síðar, 21. desember 1930, hóf Ríkisútvarpið rekstur sinn eftir nokkurra ára mjög brottgengan og erfiðan útvarpsrekstur einkaaðila sem einn hv. þingmaður hafði þau orð um eftir að þeim rekstri lauk.

Magnús Torfason sagði þá í umræðu um ríkisrekstur á útvarpi í febrúar 1929, með leyfi forseta:

„Það hefði að sjálfsögðu átt vel við að lýsa raunasögu þessa fyrirtækis frá því að það var stofnað 1925 en hún er svo ömurleg að lítil skemmtun verður af og því sleppi ég því.“

Það gekk sem sagt mjög illa að reka Hf. útvarp og urðu töluverð pólitísk átök um það sem ég kem inn á hér á eftir.

Um útvarpið sagði sá snjalli og skemmtilegi maður Sigurður Nordal í erindi sínu sem nefndist Útvarpið og bækurnar og var sent út fyrsta reglulega dagskrárdag Ríkisútvarpsins, með leyfi forseta:

„Í dag, þegar útvarpsstöð ríkisins tekur til starfa, hefst hin fjórða öld, útvarpsöldin. Að vísu hefur hún átt sér nokkurn aðdraganda. Ritsími og talsími, loftskeyti og hljóðritar, allt raftæki eins og útvarpstækin, hafa búið menn undir hana ...

Í hverju þessi nýju tímamót verða fólgin, getur framtíðin ein vitað í öllum atriðum. En sumt má þegar sjá í hendi sér. Einangrunin minnkar í sveitunum, fréttir berast ört og reglulega um allt land, tónlistin verður daglegt brauð fyrir hvern þann sem hefur viðtæki. En hver áhrif hefur þetta á það sem fyrir er? Hljóta t.d. blöðin ekki að breytast stórum? Geta þau verið að flytja út um sveitir fréttir, sem útvarpið hefur þegar flutt fyrir löngu? Nenna menn að lesa tímarit og bækur þegar þeir hafa öll þessi ógrynni af fyrirlestrum og upplestri?

Útvarpið er alls staðar á bernskuskeiði, er enn á miklu færri heimilum en síðar mun verða, og á stórum eftir að breyta starfsháttum sínum. Sú kynslóð sem nú stjórnar útvarpinu og hlustar á það er alin upp við bækur og blöð og heldur ósjálfrátt í hvort tveggja. Í kjölfar hinnar verklegu byltingar sem gerir útvarpsstarfsemina mögulega getur átt eftir að koma andleg bylting, þó að það hljóti að taka lengri tíma.“

Menn bundu því miklar væntingar við útvarpið sem mjög margar hverjar gengu eftir enda hafði það að sjálfsögðu gífurleg áhrif á miðlun menningar, afþreyingar og frétta til landsmanna allra, sérstaklega í ljósi þeirra hörmulegu samgangna sem þá voru um Ísland og aðgengi annarra en þeirra sem bjuggu hér í Reykjavík að afþreyingu, menningu og fræðslu hvers konar. Menningarlegt og öryggislegt gildi útvarpsins var mikilvægt í hugum manna og eins og ég nefndi hér áðan blönduðust inn í pólitískar deilur, enda voru þeir stjórnmálaflokkar sem við þekkjum og þau stjórnmálaöfl sem hafa tekist á síðan verið að taka á sig myndir á þessum tíma og pólitísk átök voru gífurlega hörð. En það var algjör útgangspunktur stjórnmálamannanna á þeim tíma mitt í þeim geysihörðu átökum og miklu harðari pólitísku átökum en við þekkjum í dag, þegar allt virðist stundum renna eftir sama farveginum. Þar tókust menn á í fullri alvöru um ríkisrekstur á atvinnutækjum, einkarekstur o.s.frv.

Þarna var sátt um Ríkisútvarpið og mikið lagt upp úr því að viðhalda þeirri sátt að Ríkisútvarpið ætti að stuðla að jöfnuði, hlutleysi og sanngirni og því að þjappa Íslendingum saman í eina menningarheild og Ríkisútvarpið yrði að nokkurs konar miðju í samfélaginu sem hefði ríku öryggis- og menningarlegu hlutverki að gegna. Að útvarpið mundi gera landið allt að einni menningarheild, var hinn rauði þráður í viðhorfi manna á þessum tíma.

Af fyrstu skrefum í útvarpsrekstri á Íslandi, til að varpa ljósi á tilurð Ríkisútvarpsins og þess mikilvæga hlutverks sem það hefur gegnt allar götur frá 1930, í samfélaginu og á að gegna áfram að mínu mati, sem annaðhvort stofnun í eigu ríkisins eða sjálfseignarstofnun. En alls ekki sem hlutafélag, því það er engin leið að fá neina fullvissu fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn sæti ekki lagi og stígi næsta skref fljótlega með þrautpíndan og útbrunninn Framsóknarflokkinn í eftirdragi og einkavæði Ríkisútvarpið og þvingi því í gegnum þingmeirihluta sinn hér á Alþingi og þeirrar ömurlegu stöðu sem hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson er í, þar sem hann virðist hafa komist að þeirri niðurstöðu að allt sé falt fyrir forsætisráðuneytið. Hann láti í raun og veru hvað sem er yfir sig ganga.

Ég nefndi hérna áðan stuðning framsóknarmanna við innrásina í Írak sem besta dæmið um hve hvikulir þeir eru og að allt sé falt fyrir völdin, allt fyrir íhaldið, segja þeir núna. Tryggvi Þórhallsson, sem var forsætisráðherra þegar lögin um Ríkisútvarpið voru sett, sagði eins og frægt var: Allt er betra en íhaldið. Sá mæti maður sat hér að völdum og er nú kannski átakanlegast af öllu að rifja upp þann stórhug sem var að baki lagasetningarinnar um Ríkisútvarpið ekki síst af hálfu framsóknarmanna sem fóru með landstjórnina og þá þeirra dapurlegu sporgöngumanna sem fara með völdin í dag. Rúnir öllum pólitískum prinsippum, búnir að selja þetta allt saman frá sér.

Einn af þeim sem stóð að stofnun Hf. útvarps á þeim tíma var Ottó B. Arnar símfræðingur. Hann fékk Jakob Möller alþingismann til að flytja frumvarp á Alþingi 1924, átta árum eftir að tilraunaútsendingarnar hófust í Bandaríkjunum. Í bókinni sem ég vitnaði í áðan, um sögu útvarpsins, segir að hann hafi fengið sérleyfi til handa sér til að reka víðboð. Víðboð á Íslandi. Frumvarpið var ekki rætt, segir hér, með leyfi forseta, en vísað til allsherjarnefndar. Á næsta þingi 1925 var það lagt fram aftur af sama þing-

manni. Til fróðleiks og skemmtunar hefst frumvarpið svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórninni veitist heimild til að veita hlutafélagi sem Ottó B. Arnar, símfræðingur, Kristján Bergsson, forseti Fiskifélagsins, Lárus Jóhannesson, hæstaréttarmálaflutningsmaður, Sigurður Sigurðsson, forseti Búnaðarfélagsins og Þorkell Þorkelsson, forstjóri Veðurstofunnar, ætla að stofna sérleyfi til að reka útvarp næstu næsta 10 ára skeið, frá því að stöðin tekur til starfa gegn þeim skilyrðum og með þeim hlunnindum er nú skal greina."

Í 4. lið frumvarpsins segir að ríkið eigi kauprétt að stöðinni eftir 10 ár fyrir virðingarverð hennar. Þetta var hugsun löggjafans á þeim tíma. Í bókinni segir síðan, með leyfi forseta:

„Þetta frumvarp var allmikið rætt á Alþingi og voru þingmenn yfirleitt þess fýsandi að hefja útvarpsstarfsemi í landinu. Þó virtust þeir telja að með leyfi til einkarekstrar væri aðeins tjaldað til einnar nætur, ríkið hlyti brátt að koma til. Litu menn þá einkum til Landssímans sem þess aðila er tæki að sér rekstur útvarps. Sú stofnun treysti sér ekki til þess þá og vildu menn því fallast á að hið væntanlega hlutafélag fengi rekstrarleyfi."

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Ásgeir Ásgeirsson, Framsóknarflokki, var einn helsti formælandi málsins. Hann vildi að skýrt kæmi fram að félagið mætti ekki vera gróðafélag heldur félag áhugamanna sem vinna vilja fyrir þjóðina. Hann hreyfði því að stofnað yrði almenningshlutafélag í líkingu við Eimskipafélag Íslands og mætti ríkið leggja til þess nokkurt fé. Um menningarhlutverk útvarps sagði Ásgeir: „Það snertir skóla, kirkjur, Alþingi, leikhús o.s.frv. og því næst sjávarútveginn og aðra atvinnuvegi.""

Menningargildi útvarpsins var mönnum ákaflega hugleikið á þessum tíma og það liggur í því að ríkið setur lögin um Ríkisútvarp nokkrum árum seinna, almannaútvarp. Enda var tekist mikið á um það í þinginu hvert ætti að vísa málinu. Í bókinni góðu segir einnig, með leyfi forseta:

„Annars var þingmönnum ekki síður í huga gildi útvarps sem öryggistækis fyrir sjómenn enda kom til orða að vísa málinu til sjávarútvegsnefndar, þótt allsherjarnefnd yrði fyrir valinu. Þetta má þykja undarlegt en á sér þá skýringu að nýlega höfðu orðið mannskæð sjóslys."

Þar hefði útvarpið skipt miklu um miðlun upplýsinga.

Eftir nokkrar umræður og deilur á Alþingi og breytingar á frumvarpinu var það samþykkt og afgreitt sem lög frá Alþingi á því ári, 1925. Þar var mikið tekist á um, eins og nú, hvernig Ríkisútvarpið ætti að fjármagna sig og í meðförum þingsins hafði sá kostur til fjáröflunar verið valinn að sérleyfi fengist til að flytja inn og selja viðtæki. Síðar var horfið frá því og það leyfi var ekki veitt heldur ákveðið að hver notandi skyldi greiða stofngjald og síðan árgjald. Það að Hf. útvarp fengi ekki leyfi til að flytja inn og selja viðtæki varð til að útvarpið gekk aldrei sem skyldi og Ottó B. Arnar og samstarfsmenn hans töldu þetta vera úrslitaatriði en honum sagðist svo frá löngu síðan, með leyfi forseta:

„Útvarpsleyfið fékkst en ekki einkasöluleyfið og þótti þá mörgum sem þessi tilraun væri fyrir fram dauðadæmd, enda kom það á daginn. Afnotagjaldið varð að vera mun hærra en upphaflega var áætlað þar sem það var eini tekjustofn útvarpsins og jafnframt hindraði það efnaminna fólk í að fá sér útvarpstæki. Árgjaldið var ákveðið 50 krónur og þar með hófst útvarpið."

Þar með hófst sem sagt útvarpsrekstur á Íslandi, einkarekið útvarp, Hf. útvarp sem þessir frumkvöðlar hrintu úr vör og ráku með höppum og glöppum næstu missiri og gekk mjög illa. Um þriggja til fjögurra ára skeið, á 3. áratug 20. aldarinnar, má því segja að útvarpsrekstur á Íslandi hafi verið í þessu formi og aðdragandi þess að Ríkisútvarpið var stofnað og sú að mörgu leyti glæsilega 76 ára saga hófst sem við þekkjum í dag og ræðum nú á nokkurri ögurstundu um framtíð útvarpsins, rekstrarform, hlutverk o.s.frv.

En áður en ég hverf alveg frá þessum frumkvöðlum útvarpsrekstrar á Íslandi vildi ég vitna aðeins í grein sem nefndur Ottó B. Arnar skrifaði í Morgunblaðið sumarið 1925 og dregur skýrt og skilmerkilega fram hvað þessum stórhuga mönnum gekk til með því að stofna Hf. útvarp. Þar segir Ottó í greininni Útvarp, í Morgunblaðinu, með leyfi forseta:

„Útvarp er nefnd sú hagnýting þráðlauss firðtals að dreifa út eða boða mönnum í ræðu alls konar fréttir, fróðleik og annað sem gagnlegt er og skemmtilegt. Enn fremur er með sama útbúnaði hægt að senda út söng og hljóðfæraslátt og hvers konar hljóð sem er. Senditæki þau sem eru notuð í þessum tilgangi framleiða sveiflur í ljósvakanum en áður en þau láta þær frá sér fara ..."

Hann útskýrir síðan fyrir Íslendingum hvernig tæknin gerir þetta undur kleift. Síðan fer hann ýmsum orðum um mikilvægi þess að reka hérna almannaútvarp sem miðlar, fræðir og skemmtir.

Þar með hófst útvarpsrekstur á Íslandi og er rakið í þessari ágætu bók, Útvarp Reykjavík, eftir Gunnar Stefánsson, með nokkuð litríkum og skemmtilegum hætti þótt sitt sýnist sjálfsagt hverjum um túlkanir hans á atburðum og pólitík í þessu máli. En til gamans, fyrst ég er að tala um þessa sögu má geta þess að þetta útvarp opnaði Magnús Guðmundsson, ráðherra í íhaldsstjórn Jóns Þorlákssonar, sem var kosinn frá völdum hér ekki löngu síðar og við tók stjórn Framsóknarflokksins þar sem Tryggvi Þórhallsson var forsætisráðherra.

En Magnús ráðherra opnaði útvarpið á Íslandi 18. mars 1926. Það var í fyrsta sinn sem Íslendingur talaði í útvarp hér á Íslandi. Hann ræddi sérstaklega um gildi útvarps í strjálbýlu landi, og segir Magnús, ... (**MÁ:** Skömmu eftir vatnalögin.) já, skömmu eftir að vatnalögin frægu voru sett hér á Alþingi. (**MÁ:** Var það Jón Þorláksson?) Það var Jón Þorláksson. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti biður hv. þingmenn að gefa hv. 7. þm. Suðurkjördæmis tækifæri til að flytja ræðu sína.)

Þetta voru fyrstu orðin sem hljómuðu í íslensku útvarpi, með leyfi forseta:

„Yfir höfuð að tala er ég þess fullviss að útvarpið á hingað mikið erindi og mér virðist eðlilegt að við þessa miklu og merku uppgötvun mannsins séu ýmsar vonir tengdar. Ég hef reynt að kynna mér þetta mál talsvert og afla mér skýrslna um reynslu erlendis. Og ég þykist hafa komist að raun um að þar er þessi uppgötvun í miklum hávegum höfð og fjöldi hugvitsmanna vinnur árlega að endurbótum á henni. ...

Ein afleiðing fámennisins hér er sú að hver notandi útvarpsins verður að greiða hærra gjald fyrir notkunina en erlendis. Allir munu vel skilja hvers vegna svo hlýtur að vera því að engum dylst það að hér á landi er fyrst um sinn ekki unnt að vænta fleiri notenda en eins til tveggja þúsunda en í milljónalöndum skipta notendur tugum og hundruðum þúsunda. Það verður því hlutfallslega miklu erfiðara og dýrara fyrir oss en aðrar þjóðir að halda þessu fyrirtæki uppi, jafnvel þótt ekki sé gert ráð fyrir gróða af því."

Þetta á nú bara nokkuð ágætlega, virðulegi forseti, við stöðuna hér í dag þegar við ræðum um afnotagjöld, nefskatt o.s.frv. Og þeir sem hafa talað fyrir áframhaldandi afnotagjöldum eins og einn fulltrúa starfsmanna Ríkisútvarpsins sem kom á fund menntamálanefndar nefndi, G. Pétur Matthíasson, þá er mikil sátt um afnotagjaldaleiðina í mörgum löndum eins og t.d. í Bretlandi. En þá hlýtur það að þurfa að skoðast að þar eru gjöldin svo lág vegna fjölmennisins. Hér þurfa þau að vera það há og þess vegna hefur reynst erfitt að viðhalda þeirri sátt sem ætti að ríkja um útvarpið meðal þeirra sem það eiga og það nota.

Áfram segir Magnús Guðmundsson ráðherra, með leyfi forseta:

„Áður en ég lýk máli mínu vil ég leyfa mér að þakka forgöngumönnum þessa fyrirtækis þá fyrirhöfn, það starf og þau fjárframlög sem þeir hafa lagt á sig, því að ég er þess fullviss að það hafa þeir frekar gert af áhuga fyrir málinu en af gróðavon.

Að svo mæltu lýsi ég því yfir að útvarpsstöðin er frá og með þessum degi opnuð til afnota og óska að hún verði stofnendum til gleði og notendum til gagns og ánægju."

Þannig lauk ávarpi Magnúsar, því fyrsta sem flutt var í útvarpi á Íslandi, árið 1926 mörgum árum áður en Bylgjan hóf starfsemi sína 1985, þegar einkaleyfi ríkisins á útvarpsrekstri hafði loksins verið aflétt.

Það er fróðlegt að lesa um viðhorf og tilgang þessara stjórnmálamanna á þessum tíma og þeirra einstaklinga sem stóðu að stofnun útvarps þegar við erum að gera okkur grein fyrir því hve mikilvægt er að halda úti útvarpi.

En einkaútvarpið strandaði. Sumarið 1926, eftir nokkurra mánaða rekstur segir Guðmundur Jónmundsson í grein í Verði að hér hafi nokkrir framtakssamir menn komið á fót útvarpsstöð að vonandi sé að hún starfi sem mest og best. Í bókinni Sögu útvarpsins segir síðan, með leyfi forseta:

„... tefji það enn fyrir því að stöðin geti fullnægt þeim kröfum sem æskilegt væri að mega gera til hennar, að enn hafi landsmenn ekki almennt fengið sér móttökutæki. Vonandi verði þess ekki langt að bíða. En einkaútvarpið gekk ekki sökum þess að einkasöluleyfi hafði ekki hlotnast því. Þjónustan var einnig af þeim sökum ófullnægjandi og almennur ágreiningur um það hvernig standa skyldi að útvarpsrekstrinum. Segir í Útvarpsárbók 1930 að starf Félags útvarpsnotenda hafi á fyrstu árunum einkum verið fólgið í því að glíma við Hf. útvarp sem félagsmönnum þótti ekki starfrækja útvarpið svo að til þjóðþrifa yrði, stöð þessi væri allt of afllítil en álögur þungar."

Segja má að stöðin hafi runnið sitt skeið á enda. Hinn 15. mars skrifar Lárus Jóhannesson Tryggva Þórhallssyni forsætisráðherra ítarlega greinargerð um málið og segir að ef stöðin fái ekki leyfi til að selja tæki sé ekki annað fyrirsjáanlegt en starfsemin leggist niður. Þá hefur a.m.k. einhver starfsemi áfram verið. Hún muni svo endanlega hafa lagst niður örskömmu síðar því að 17. apríl er samþykkt þingsályktun þar sem skorað er á landstjórnina að hefja útvarp að nýju. Í Íslendingi, 29. júní 1928, er þess geti að útvarpsstöðin Reykjavík sé fyrir nokkru hætt. Þó mun hafa verið útvarpað öðru hverju, t.d. um jólin 1928. Segja má að eftir það hafi útvarpsrekstur stöðvast tímabundið á Íslandi þangað til Ríkisútvarpið hóf svo göngu sína.

Það var 28. ágúst 1927 sem stjórnarskipti urðu í landinu eins og ég gat um áðan. Þá tók við ráðuneyti Framsóknarflokksins undir forsæti Tryggva Þórhallssonar. Tryggvi fór sjálfur með atvinnu- og samgöngumálin og heyrði útvarpið undir hann. Skipaði hann nefnd um Ríkisútvarpið sem vann hratt og vel. Hún hélt fyrsta fund sinn þá um haustið og þegar Alþingi kom saman, snemma árs 1928, var lagt fram frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á víðvarpi. Því fylgir greinargerð sem er fróðlegt plagg um stöðu útvarpsmála, eins og hún horfði við á þessum tíma. Þar með var brautin nokkuð bein og rekstur á Ríkisútvarpi hófst. Söguna þekkjum við og hingað erum við komin í umræðum um hlutverk og framtíð Ríkisútvarpsins.

Mig langar að lokum að vitna í skemmtileg ummæli hjá framsögumanni meiri hlutans á fundi Alþingis, á 40. löggjafarþingi 1928. Gunnar Sigurðsson segir hér um útvarpið, með leyfi forseta:

„Að því er snertir rekstur útvarpsstöðva þá er hann mjög mismunandi í hinum ýmsu löndum. Flest ríki virðast þó hallast að því annað tveggja að reka það sjálf eða hafa hönd í bagga með því, því að reynslan vill alltaf verða sú að þegar slík fyrirtæki eru rekin af einstaklingum hugsa þeir fyrst og fremst um sinn hag. Alveg eins og t.d. ef Síminn væri einkaeign þá mundu eigendurnir kinoka sér við að leggja línur þangað sem lítilla tekna væri von."

Það er vegna þessa, virðulegi forseti, sem ég tel réttlætanlegt að hið opinbera verji töluverðum fjármunum af skattfé almennings til að reka fjölmiðil á Íslandi. Ég tel að ríkisvaldið eigi að tryggja nokkra grundvallarþætti í miðlun upplýsinga og menningarefnis. Ég tel að hið opinbera eigi að halda úti fjölmiðli sem starfræki öfluga fréttaþjónustu. Fréttaþjónusta Ríkisútvarpsins og ríkissjónvarpsins er að mörgu leyti afskaplega góð. Hún er stundum framúrskarandi og aðdáunarverð á köflum, þegar fréttamenn fá svigrúm til að sinna hlutverki sínu eins og skyldi. Ég tel hins vegar aldrei sjálfsagt að ríkið reki fjölmiðil. Það er aldrei sjálfsagt að ríkið reki útvarp og sjónvarp frekar en að ríkið reki dagblað. En ég tel réttlætanlegt að ríkið reki vel skilgreindan fjölmiðil sem hafi ákaflega afmarkað hlutverk sem flokka megi sem almannaútvarp sem gegni fyrst og fremst hlutverki í miðlun og fjölmiðlun sem einkaaðilar ekki sinna. Ég tel að ríkið eigi ekki að halda úti ljósvakamiðli sem er fyrst og fremst í grimmri samkeppni við markaðsmiðla. Ég nota ekki orðið markaðsmiðla í neikvæðri merkingu um þá fjölmiðla, þeir sinna margvíslegu hlutverki, skemmtilegu og merkilegu á köflum. En til þeirra gerum við einfaldlega allt aðrar kröfur.

Við getum ekki gert sömu kröfur um hlutleysi og miðlun á innlendu efni til einkarekinna ljósvakamiðla eins og við getum gert til ríkisútvarps, ríkisrekins ljósvakamiðils.

Því fer fjarri. Mér voru það því djúpstæð vonbrigði þegar menntamálaráðherra lét þessa klasturslegu smíð frá sér, sem þetta frumvarp um Ríkisútvarp hf. er. Þar er ekki ráðist í boðlega eða viðunandi skilgreiningu á útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þar er meira og minna allt talið upp sem hægt er að telja upp en engin afmörkun eða skilgreining sett fram, engin pólitísk stefnumörkun um hlutverk, umfang og tilgang útvarpsins að finna. Þar er t.d. ekkert fjallað um hlutfall af innlendu efni í bland við það erlenda og hvort einhverju eigi að breyta í því samhengi.

Erum við einfaldlega að gera Ríkisútvarpið hraðskreiðara, öflugra og grimmara í samkeppni við einkareknu miðlana en það er nú? Erum við að gefa því meira forskot og gera einkareknum ljósvakamiðlum erfiðara fyrir að starfa og dafna á þessum litla markaði? Já, að mínu mun samþykkt frumvarpsins þrengja verulega að hlutverki einkareknu fjölmiðla. Það mun auka forskot útvarpsins verulega og það tel ég að við eigum ekki að gera.

Við eigum að afmarka Ríkisútvarpið á þessum litla markaði þannig að einkareknir miðlar fái þrifist við hlið Ríkisútvarpsins og RÚV gegni fyrst og fremst afmörkuðu vel skilgreindu hlutverki sem tengist frétta- og samfélagsmiðlun og hins vegar miðlun á innlendu sjónvarpsefni, sem Ríkisútvarpið hvetur til framleiðslu á og gert væri af sjálfstætt starfandi framleiðendum úti í bæ. En Ríkisútvarpið væri hvati að framleiðslu á því og verkkaupi. Ég tel að útvarpið eigi alls ekki að framleiða það sjálft heldur versla við íslenska kvikmyndaframleiðendur á hinum frjálsa markaði.

Hið opinbera ætti að mínu mati, með frumvarpi til laga um Ríkisútvarp, að takmarka svigrúm og umfang Ríkisútvarpsins, trappa það niður á einhverju árabili, afmarka hlutverkið og skilgreina upp á nýtt og gefa einkareknu miðlunum aukið svigrúm til að starfa á þessum litla markaði. Því til glöggvunar ætla ég aðeins að tæpa á umsögn sem menntamálanefnd barst frá 365 ljósvakamiðlum þar sem segir, með leyfi forseta:

„365 miðlar gáfu á síðasta löggjafarþingi umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. ... Sú umsögn er endursend ... Skal einnig áréttað í upphafi að 365 miðlar telja algjörlega órökrétt að leiða framtíðarfyrirkomulag Ríkisútvarpsins til lykta með þeim hætti sem hér er fyrirhugað, án tengsla við löggjöf um fjölmiðla, sem boðuð hefur verið."

Þetta tek ég undir, virðulegi forseti. Það er einkar athyglisvert að þessi mál skuli ekki til umræðu hlið við hlið, á svipuðum tíma eða að búið sé að setja heildarlögin um fjölmiðla áður en nýtt frumvarp til laga um RÚV er lagt fram. Ekki liggur svo á því máli þótt ekki sé nema einn vetur eftir af kjörtímabilinu.

Áfram segir í umsögninni frá 365 miðlum, með leyfi forseta:

„Þótt þetta frumvarp sé eingöngu sé sett fram út frá hagsmunum RÚV hefur lögfesting þess áhrif á allan fjölmiðlamarkaðinn og langt út fyrir þetta eina fyrirtæki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir áframhaldandi fjáraustri af almannafé til eins fyrirtækis sem á í samkeppni við einkafyrirtæki í nákvæmlega sömu starfsemi. Slíkt skekkir samkeppnisstöðu með ýmsum hætti, t.d. bæði á auglýsingamarkaði og við innkaup á innlendu afþreyingarefni. Er það vafalaust rétt sem útvarpsstjóri kemur inn á í grein í Morgunblaðinu 19. janúar síðastliðinn, að núverandi dagskrá má framleiða með hagkvæmari hætti en nú er gert. Það mun fría upp mikla fjármuni sem RÚV getur beitt í samkeppni við einkafyrirtæki sem þurfa að standa á eigin fótum. Þessi atlaga að heilbrigðum rekstrargrundvelli fjölmiðlafyrirtækja er án efa mikil hindrun í vegi fyrir aukinni fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun."

Ég get að mörgu leyti tekið undir síðustu orðin sem ég las úr umsögninni, að þetta frumvarp er að miklu leyti atlaga að stöðu einkarekinna ljósvakamiðla á markaði. Til lengri tíma litið er frumvarpið atlaga að þessum miðlum. Ég veit ekki hvort það er í beinu framhaldi af atlögu sem gerð var að rekstri ljósvakamiðla og fjölmiðla í eigu Baugs fyrir nokkru, þegar fjölmiðlalögin voru gerð afturræk úr þinginu með sögulegum hætti, þegar forseti lýðveldisins beitti málskotsréttinum í fyrsta sinn í lýðveldissögunni. En burt séð frá því hvort það tengist frumvarpinu þá er það að mínu mati atlaga að rekstrargrundvelli fjölmiðlafyrirtækja. Undir það tek ég í umsögn 365 miðla, sem ég vitna hérna í, að þetta er atlaga að rekstrargrundvelli einkarekinna ljósvakamiðla. Gefa á Ríkisútvarpinu hf., sem óskilgreindu almannaútvarpi og kannski fyrst og fremst markaðsstöð, gífurlegt forskot á einkareknu ljósvakamiðlana í þeirri hörðu samkeppni um auglýsingafjármuni og kostun sem til staðar eru okkar litla markaði í okkar fámenna landi. Sérstaða íslensks samfélags felst í fámenni í stóru landi og kallar að mínu mati á að við afmörkum umfang Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og skilgreinum sérstaklega afmarkað hlutverk þess við miðlun á fréttum og samfélagslega tengdu efni annars vegar og innlendu efni hins vegar. Það yrðu því gerð mikil mistök ef frumvarp þetta yrði að lögum frá Alþingi. Það væru mikil mistök og atlaga að rekstrargrundvelli einkarekinna ljósvakamiðla.

Áfram aðeins, með leyfi forseti, í þessari umsögn 365 miðla:

„Í sjálfu sér var eðlilegast ef ríkið vill greiða fyrir ákveðna dagskrárgerð eða dreifingu dagskrár í dreifðum byggðum, að slíkt yrði boðið út og Ríkisútvarpið hf. keppti um þau verkefni á jafnréttisgrundvelli, eins og þingmannafrumvarp hefur verið flutt um og þekkt er varðandi vegagerð og ýmis opinber þjónustuverkefni. Má telja víst að slíkt fyrirkomulag næði markmiðum þjónustu með hagfelldari hætti fyrir skattgreiðendur en það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir tillögu um."

Þá nefna þeir sérstaklega í umsögn sinni um frumvarpið að ekki hafi komið fram skýr rök fyrir því að það samræmist ekki ákvæðum EES-samningsins um ríkisstyrki, sé í andstöðu við markmið samkeppnislaga og tryggi ekki ásættanlegt jafnræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri. Segir hér að 365 miðlar séu sammála því áliti.

Ég tel, virðulegi forseti, að leiða megi líkur að því að þetta frumvarp geri það að verkum að samkeppnisstaðan skekkist enn frekar og einkareknir ljósvakamiðlar eigi enn erfiðara uppdráttar en áður. Ég hef talað fyrir því árum saman að umfang Ríkisútvarpsins á auglýsinga- og kostunarmarkaði verði takmarkað töluvert frá því sem nú er og hinu að útvarpið verði sett á fjárlög.

Aftur að því sem varðar tilgang og tilverurétt Ríkisút-

varpsins sem slíks. Ég tel að Ríkisútvarpið hafi tilverurétt. Ég tel að ríkið eigi að halda úti ljósvakamiðli sem hafi annað hlutverk en að keppa í grimmri og blóðugri samkeppni um auglýsingafé við einkareknu ljósvakamiðlana. Það á að hafa skýrt skilgreint menningar- og fréttahlutverk og samfélagslegt hlutverk. Ríkisútvarpið sinnir þessu hlutverki að mörgu leyti með miklum sóma. En það er líka í allt of miklum mæli í samkeppni við einkareknu miðlana um erlent afþreyingarefni sem það hefur að mínu mati ekkert með að gera til lengri tíma litið. Það á að einbeita sér að allt öðrum hlutum og þar þarf pólitísk forusta að koma til og það á að kveða á um það í frumvarpinu um Ríkisútvarpið.

Ég tek sérstaklega undir það sem segir í nefndaráliti okkar í minni hluta menntamálanefndar, með leyfi forseta:

„Meðmælendur frumvarpsins halda því fram að með breytingum á yfirstjórn sé losað um þau flokkspólitísku tök á Ríkisútvarpinu sem því hefur lengi verið þrándur í götu. Því miður er engin trygging fyrir því í frumvarpinu að pólitískri íhlutun linni."

Ég tel að þetta vegi þungt í því að ekki er hægt að styðja þetta frumvarp eins og það liggur fyrir hér af því að pólitískri íhlutun linnir ekki þannig að hægt sé að draga þá ályktun af þessu frumvarpi. Það eru mikil vonbrigði, rétt eins og það að hæstv. menntamálaráðherra heyktist á því að skilgreina hlutverk og tilgang Ríkisútvarpsins sem ríkisrekins ljósvakamiðils í þessu frumvarpi. Það mistekst algjörlega. Tilraunin, ef tilraun skyldi kalla, er svo misheppnuð að hún er nánast hlægileg af því að í markmiðalýsingunni um hlutverk og skyldur má segja að verið sé að þenja útvarpið yfir allt og ekkert.

Í frumvarpi til laga, sem við ræðum hér, segir, með leyfi forseta:

„Útvarpsþjónusta í almannaþágu felur í sér eftirfarandi:

1. Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

2. Að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps"-rás.

Þar rekur mig aftur í vörðurnar, virðulegi forseti. Ég ætlaði að spyrja hæstv. menntamálaráðherra að því, ef hún hefði komið hingað í kvöld eins og ég óskaði eftir þegar ég hóf mál mitt, hvort með þessari setningu í 2. gr. væri verið að fela útvarpinu að hætta rekstri Rásar 2. Það er alla vega ekki kveðið skýrt á um það að Rás 2 skuli haldið úti. Ég held nefnilega að Rás 2, eins og hún hefur þróast á síðustu árum, falli algjörlega undir það sem ég var að lýsa hér áðan. Hún hefur markað sér mjög skýrt hlutverk sem er fyrst og fremst að miðla nýrri og gamalli íslenskri popptónlist, sem er mjög mikilvægt og virðingarvert og glæsilegt hlutverk fjölmiðils. Það er kannski eitt af bestu dæmunum um hlutverk ríkisrekins miðils en því hlutverki sinna einkareknu ljósvakastöðvarnar mjög illa og lítið, allt of lítið. Í því felast rökin fyrir tilverurétti Rásar 2 og um leið rökin fyrir því að ríkið skipti sér af fjölmiðlarekstri almennt. Ég hef margoft sagt að ekki sé sjálfsagt að ríkið standi í fjölmiðlarekstri ef hann miðar ekki að öðru en að drepa niður einkarekna fjölmiðlastarfsemi og kæfa alla samkeppni á fjölmiðlamarkaði. En rökin eru vissulega til staðar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur rofið sátt um Ríkisútvarpið á síðustu árum. Margir hafa það á tilfinningunni að flokkurinn sé einatt að gera tilraunir til að brjóta það undir sig með pólitískum hætti, beita pólitískum ítökum og pólitískri íhlutun í starfsemi þess og miðlun. Þetta hefur gengisfellt starfsemina í hugum einhverra. Atlaga og áhlaup Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í einu feikilega illa heppnuðu tilfelli mistókst. Ég held að flokkunum hafi þá ekki tekist það sem þeir ætluðu sér einfaldlega af því að starfsfólkið lét ekki hina pólitísku áhlaupsmenn komast upp með það sem þeim gekk til.

Hér segir einnig, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið á að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni."

Orðalagið gæti ekki verið opnara og loðnara en akkúrat hér. Stiklað er á einhverju orðalagi eins og „eðlilegt" og „fullnægjandi" og „sem almenningi þyki" — ég veit ekki hvernig á að mæla það. Algjörlega er horfið frá þeirri tilraun sem maður þó taldi að stæði yfir með því grátbroslega frumvarpi sem kom fram í fyrra þegar Framsóknarflokkurinn ætlaði nánast að standa og falla með því að Ríkisútvarpið yrði sf. en ekki hf. Þá var þó gerð tilraun til að skilgreina hlutverk stofnunarinnar en það virðist nánast hafa runnið út í sandinn. Það voru mikil vonbrigði að í þessu frumvarpi skyldi ekki gerð tilraun til þess að skilgreina hlutverk stofnunarinnar og vegur það þyngst í þeirri skoðun minni að frumvarpið sé ekki boðlegt. Það er fyrst og fremst þetta sem ræður viðhorfum mínum, það er að framtíðarhlutverk útvarpsins sem almannamiðils og almennt hlutverk þess skuli ekki skilgreint upp á nýtt. Það kemur mjög vel fram í niðurstöðu nefndarálitsins eins og ég nefndi áðan.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Þar sem

a. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,

b. eftirlitshlutverk Ríkisendurskoðunar og Samkeppniseftirlits er óljóst og ókannað hvort þessar stofnanir búa yfir faglegri hæfni til að skera úr um viðkvæm álitamál sem varða fjárhagslegan aðskilnað milli starfsemi á sviði almannaútvarps og á sviði markaðsstöðvar,

c. ekki er gert ráð fyrir viðeigandi gagnsæi í starfsemi og rekstri Ríkisútvarpsins, t.d. með því að um það gildi upplýsingalög ..."

Ég held að það sé algjört grundvallaratriði að um Ríkisútvarpið gildi upplýsingalög. Ég óskaði eftir því fyrr í kvöld að virðulegur forseti fengi í salinn einhvern af forustumönnum Framsóknarflokksins. Ég veit ekki hvort hann hefur fengið viðbrögð frá Framsóknarflokknum. Engin sérstök?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill taka fram að hann hefur ekki hlutast til um að einstakir þingmenn Framsóknarflokksins yrðu kallaðir til umræðunnar hér.)

Það tekur mjög á mig, forseti, að Framsóknarflokkurinn skuli lagstur á flótta í þessu máli. Mér finnst það átakanlegt. Það væri miklu stórmannlegra að flokkurinn kæmi hingað í þingsalinn og útskýrði það borubrattur og borginmannlegur fyrir þjóðinni, fyrir þeim kjósendum sem eftir eru, af hverju

hann hefði fallið frá því meginprinsippi sínu að Ríkisútvarpið skyldi aldrei gert að hlutafélagi. Af hverju það breyttist á einu sumri, ef svo má segja, af því að útreiðina fékk það frumvarp fyrir ári. Síðan kom þetta klastur hingað inn einhvern tíma í haust, þetta klastur sem á að verða að nýjum lögum um Ríkisútvarpið hf. Framsóknarflokkurinn hefur ekki gert aðra tilraun til þess að útskýra þetta en þá að við 1. umr. um málið talaði, að mig minnir, einn framsóknarmaður. Út úr því kom ekki það sem ég vænti og ég mun sæta lagi við 2. umr. um málið — ég er bara rétt kominn af stað með fyrri ræðu mína og á þá síðari eftir í umræðunni síðar í vor — og freista þess að ná tali af framsóknarmanni um þetta mál. Það skiptir mig mjög miklu máli að vita af hverju þessi fyrrverandi félagshyggjuflokkur fór í þann leiðangur, sem ég tel að hann sé lagður af stað í með Sjálfstæðisflokknum, að háeffa og síðar einkavæða Ríkisútvarpið. Ég ætla bara að spyrja framsóknarmennina beint að því: Er það framtíðarmarkmiðið að selja og einkavæða Ríkisútvarpið?

Ég fæ engin svör við því af því að Framsóknarflokkurinn er fjarverandi þessa umræðu. Hann hefur t.d.ekki látið sjá sig við þessa umræðu í dag nema þegar fulltrúi hans sat í forsetastóli, var að sjálfsögðu þar ekki þátttakandi í þessum umræðum. En hv. þm. Jónína Bjartmarz var á mælendaskránni á undan mér og ég var svo glaður yfir því þegar umræðan hófst hér í hádeginu að framsóknarmaður talaði á undan mér, þá gæti ég hlustað á framsóknarmann útskýra sinnaskiptin og af hverju flokkurinn hefði fallið frá þessu pólitíska prinsippi án þess að gera einu sinni tilraun til að útskýra það fyrir almenningi, íslensku þjóðinni. Þá hefði ég getað hlustað á framsóknarmann tala, farið í andsvör við hann og óskað sérstaklega eftir því að framsóknarmaðurinn yrði viðstaddur umræðuna og hlustaði á ræðu mína og kæmi jafnvel í andsvör við mig og ætti við mig rökræður um framtíð Ríkisútvarpsins. Að sjálfsögðu byggist þessi þáttur löggjafarstarfsins hér í þingsal á því að við erum að rökræða, yfirleitt með mjög málefnalegum hætti, um hin og þessi þjóðmál, t.d. um það af hverju Ríkisútvarpið á að verða hlutafélag. Af hverju á að setja það sem á ekki að vera ágóðarekstur, rekstur sem að verulegu leyti er háður skattfé almennings, yfir tveir milljarðar á ári, — af hverju á slíkur rekstur heima í hlutafélagaformi en ekki sem sjálfseignarstofnun sem hefur hentað gífurlega vel sem rekstrarform utan um alls konar almannaþjónustu, alls konar þjónustu í almannahag, alls konar samfélagsleg verkefni sem eru ekki framkvæmd af því fólki og þeim félagasamtökum í ágóðaskyni, þó að það hljómi kannski sérkennilega fyrir sumum, t.d. rekstur á skólum, framhaldsskólum, háskólum, barnaskólum, rekstur á heilbrigðisstofnunum, alls kyns samfélagslegur rekstur sem hefur það markmið að bæta samfélagið og sinna hlutverki sem samfélagið þarf á að halda. Þar hefur sjálfseignarstofnunarformið hentað afskaplega vel, komið mjög vel út. Það er ekki fyrr en að síðari tíma sjálfstæðismenn, einhvers konar uppreisnarmenn af hægri vængnum, telja sig knúna til þess. Þessar stofnanir verði að vera hlutafélög af því að það sé svo miklu betra að reka þær þannig.

Við fórum í gegnum heilmikla umræðu um þetta í fyrra þegar illu heilli var ákveðið að leggja Tækniskólann niður og setja hann inn í annan skóla sem einkahlutafélag í stað þess að fara þá bestu leið sem slíkar stofnanir geta farið í sem er sjálfseignarstofnanir. Það fyrirkomulag hentar vel utan um hvers konar samfélagslegan rekstur sem ekki er í ágóðaskyni, þar sem ekki er heppilegt að ríkisstofnanir eða ríkið sjálft hafi með það að gera heldur sjálfseignarstofnanir sem hafi þetta markmið. Þetta er mjög undarlegt og við þessu ætlaði ég að fá svör frá Framsóknarflokknum. Þess vegna óskaði ég eftir því við virðulegan forseta fyrir einum og hálfum klukkutíma bráðum að einhver af forustumönnum Framsóknar, t.d. hæstv. landbúnaðarráðherra, sem fer með himinskautum í fjölmiðlum þessa dagana um íslenska pólitík innan lands og viðhorfin til utanríkismálanna, yrði hér viðstaddur. En hann hefur ekki látið sjá sig og ekki sagt orð um Ríkisútvarpið sem þó er mjög veigamikill þáttur í íslensku samfélagi. Heilbrigði samfélagsins liggur að vissu leyti því til grundvallar að hér sé fjölmiðlarekstur nokkuð heilbrigður og hér sé starfrækt ríkisútvarp með skýrt skilgreint markmið í frétta- og samfélagsmiðlun annars vegar og miðlun á innlendu efni hins vegar til mótvægis við einkarekna markaðsmiðla sem hafa ekki sama hlutverk og við getum ekki gert sömu kröfur til, þó að þeir sinni að mörgu leyti samfélagslegu hlutverki líka. Til dæmis er rekin hér mjög umfangsmikil fréttaþjónusta af einkareknum miðlum, bæði á ljósvakanum og í prentuðu máli.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseta leikur nokkur forvitni á að vita hvort hv. þingmaður telur að hann eigi langt eftir af ræðu sinni.)

Já, töluvert langt eftir.

(**Forseti** (BÁ)**:** Þá biður forseti hv. þingmann að gera hlé á ræðu sinni þar sem ekki eru áform um að halda þingfundi áfram hér fram eftir nóttu og er miðað við að umræðu verði frestað fram á föstudag og mun þá áfram verða haldið 2. umr. um Ríkisútvarpið hf. Er þá gert ráð fyrir að hv. þingmaður haldi áfram ræðu sinni. Málið er því tekið af dagskrá þessa fundar. Þar sem hv. þingmaður hefur gert hlé á ræðu sinni er honum heimilt að yfirgefa ræðustólinn.)

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10.–11. mál.

Fundi slitið kl. 00:05.

---

105. FUNDUR

föstudaginn 21. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Ríkisútvarpið hf., stjfrv., 401. mál, þskj. 517, nál. 1037 og 1117, brtt. 1038. — Frh. 2. umr.

2. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 402. mál, þskj. 518, nál. 1039, brtt. 1040. — 2. umr.

3. Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, stjfrv., 734. mál, þskj. 1070. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.

Sumarkveðjur.

[10:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Fundur er settur á Alþingi. Ég óska alþingismönnum, starfsmönnum Alþingis og landsmönnum öllum gleðilegs sumars.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 5. þm. Norðvest., Guðjóni A. Kristjánssyni, dagsett 19. apríl:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi, Pétur Bjarnason framkvæmdastjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan en 1. varamaður listans, Steinunn K. Pétursdóttir, er forfölluð."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf frá 1. varamanni Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi, Steinunni K. Pétursdóttur, dagsett 19. apríl:

„Vegna mikilla anna hef ég ekki tök á að taka sæti Guðjóns A. Kristjánssonar, 5. þm. Norðvesturkjördæmis, í fjarveru hans næstu viku."

Pétur Bjarnason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Um klukkan hálftvö í dag, að loknu hádegishléi, fer fram utandagskrárumræða um manneklu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hæstv. heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Athugasemdir um störf þingsins.

Hækkun olíuverðs.

[10:33]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hlýjar kveðjur forseta í tilefni sumars og ég vil sömuleiðis fyrir hönd þingmanna óska forseta gleðilegs sumars og þakka fyrir samstarfið á liðnum vetri.

Ástæðan fyrir því að ég kem upp og kveð mér hljóðs eru fregnir sem við heyrum í fjölmiðlum af mjög vaxandi verði á olíuvörum hér á landi. Þetta kyndir undir verðbólgu. Þessi þróun á sér ferns konar rætur. Í fyrsta lagi er það þróun á heimsmarkaði sem ekki er hægt að segja að ríkisstjórnin eða við Íslendingar ráðum við. Þar er annars vegar skortur á hráolíu, skortur á búnaði til að vinna hana og sömuleiðis pólitísk spenna. En það sem hefur hins vegar leitt til þeirrar gríðarlegu verðsprengingar á olíuvörum hér á landi er sú staðreynd að krónan hefur nánast hrapað niður úr öllu valdi. Þetta leiðir til þess að olíuverð hækkar. Það kemur inn í verðlagið. Þetta leiðir til þess að það verður að mæta því með viðnámsaðgerðum sem m.a. felast í því að vextir munu hækka. Það er eitt af því sem fólkið tekur á sig. Vaxtahækkanir, verðtrygging skuldbindinga fólks gagnvart bönkunum leiðir til þess að húsnæðisskuldir og almennar skuldir hækka sömuleiðis og kaupmátturinn rýrnar Það er spurning með hvaða hætti hægt er að grípa til ráða til að reyna að vinna gegn þeirri þróun.

Hæstv. ríkisstjórn hefur sagt að um sé að ræða verðbólguskot sem gangi yfir, þetta sé kúfur. Sömuleiðis hefur hún sagt að gengið muni ná öðru og hærra jafnvægi en er í dag. Með öðrum orðum, þessi röksemdafærsla réttlætir það að gripið sé til tímabundinna ráðstafana og því spyr ég hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé ekki sammála Samfylkingunni sem hefur lagt fram frumvarp um að um tímabundið skeið verði álögur ríkisins á olíuvörum lækkaðar. Nú hefur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson tekið undir með Samfylkingunni og mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann ætli ekki að renna í slóð hans og beita sér fyrir tímabundnum aðgerðum af þessu tagi til að draga úr verðbólguskotinu.

[10:35]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það er auðvitað ýmislegt til í því sem hv. þingmaður hefur nefnt í ræðu sinni hvað varðar orsakir fyrir því að olíuverð hefur hækkað og hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér. Hins vegar er málum þannig háttað og hefur sú þróun sem á sér stað í efnahagslífinu leitt til þess að við þurfum að skoða þetta mál í heild sinni, án þess að vera kannski sérstaklega að einblína á þessa einu tilteknu vörutegund þó hún sé auðvitað bæði mikilvæg og sérstæð. Og að þær aðgerðir sem við grípum til séu byggðar á því að taka mið af heildarþróun efnahagsmálanna en ekki því hvernig einstakar vörutegundir þróast. (**Gripið fram í:** Hvað með Íbúðalánasjóð?) Sú þróun getur verið býsna hröð og skjótt skipast veður í lofti hvað varðar olíuverð, við gætum átt eftir að sjá einhverjar frekari breytingar á næstunni en hverjar þær verða get ég ekki sagt neitt nákvæmlega til um. Eins og sakir standa held ég að við verðum að horfa til heildarinnar hvað þetta varðar og til þess hvernig málin munu þróast hjá okkur áður en við förum að velta fyrir okkur einhverjum aðgerðum eins og hv. þingmaður er að boða í máli sínu.

[10:37]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég óska þingmönnum gleðilegs sumars og

þeim öðrum sem heyra þá kveðju mína, einnig góða sumarkveðju til virðulegs forseta.

Heldur fannst mér snautleg viðbrögð hæstv. fjármálaráðherra við þeirri alvarlegu stöðu sem hér er uppi í þróun efnahagsmála og verðbólgu, þenslu og viðskiptahalla og reyndar gífurlegs óöryggis sem hefur orðið í efnahags- og atvinnulífi Íslendinga. Hæstv. ráðherra sagði að skoða þyrfti málið heildstætt. Já, en hvað ætlar hæstv. ráðherra þá að skoða? Að skoða málið heildstætt, eins og hæstv. ráðherra sagði, eru bara innantóm orð ef ekki er gerð nánari grein fyrir því.

Við erum í bullandi verðbólgu. Við erum í mjög alvarlegri stöðu með íslensku krónuna. Þetta er að gerast þrátt fyrir að hér hafi verið góðæri á undanförnum árum og áratugum. Undanfarin 10–15 ár hafa ekki nein stóráföll verið önnur en þau að sitja uppi með þessa ríkisstjórn, sem fer að nálgast kannski hamfarir að sitja uppi með. (Gripið fram í.)

Fyrir ári var rætt um hvernig ætti að taka á jöfnun flutningskostnaðar, t.d. út á land. Þessar hækkanir á eldsneyti sem við stöndum frammi fyrir eru ekki aðeins gríðarlega íþyngjandi fyrir einstaklinginn, hlaupa út í verðlagið og verðbólguna, heldur stórauka þær flutningskostnað út um land og skerða samkeppnisstöðu atvinnulífsins þar. Ríkisstjórnin hefur lofað aðgerðum hvað það varðar almennt séð en ekkert hefur gerst. Það á að taka á málinu heildstætt, sagði hæstv. ráðherra. Já, gerðu eitthvað, hæstv. ráðherra?

[10:39]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil sömuleiðis taka undir sumarkveðju til þingmanna og forseta Alþingis með þakklæti fyrir *veturinn*.

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra kom hér og skilaði enn einu sinni auðu í sambandi við efnahagsmál, því miður. Ríkisstjórnin situr eins og púkinn á fjósbitanum og fitnar við það m.a. að hin stríðsglaða ríkisstjórn Bandaríkjanna með Bush í broddi fylkingar á í deilum við Írana, við það hækkar olíuverð í heiminum. Ætlar ríkissjóður Íslands að nota þetta sem féþúfu til að belgja út ríkissjóð og halda því áfram?

Virðulegi forseti. Ef það er rétt að eldsneytið hafi hækkað um 30 kr. frá áramótum er ríkissjóður Íslands að fá um 6 kr. í virðisaukaskatt í viðbót af hverjum einasta lítra sem kemur frá og með áramótum. Með öðrum orðum, ef bílnotandi tekur rúma 80 lítra er það 500 kr. aukalega frá áramótum í ríkiskassann, til hæstv. fjármálaráðherra Árna Mathiesens. Síðan verður þessi stríðsrekstur líka til þess að setja verðbólguna — ekki í neitt skot heldur kannski varanlega í 6–7%, sem hækkar svo skuldir heimilanna, afborganir og annað slíkt. Á almenningur að taka þetta allt á sig? Meðal annars þennan stríðsrekstur Bush Bandaríkjaforseta?

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Má ekki vænta þess að hann fari að koma með frumvarp um tímabundna lækkun, eins og það heitir alltaf, á olíugjaldinu úr 45 í 41 kr.? Á það ekki að renna út 1. júlí nk.? Í öðru lagi, má kannski ekki vænta þess að hæstv. fjármálaráðherra fari að viðurkenna það að skattheimta af umferð á Íslandi er heimsmet og það væri kannski ástæða til að lækka olíugjaldið meira en um þessar 4 kr. plús það sem hér hefur verið spurt um varðandi bensínálögur á landsmenn.

[10:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er komið svo að gengi er farið að hríðfalla og efnahagsmálin standa í rauninni í miklu uppnámi. Hæstv. forsætisráðherra segir að vísu að allt sé í fínu lagi í hvert skipti sem við hann er talað, en það er það auðvitað ekki og í mikinn vanda stefnir í þjóðfélaginu. Almenningur í landinu og sérstaklega skuldsett ungt fólk stendur frammi fyrir því að skuldir þess eru að hækka mjög mikið og verða mjög íþyngjandi viðbætur. En ríkisstjórnin segir að þetta sé allt í góðu lagi, efnahagsstjórnin er í mjög góðu lagi, segir ríkisstjórnin. En það er ekki þannig. Þessar sveiflur eru óþolandi og það fer ekki fram umræða hér um hvernig eigi að taka á málinu til framtíðar. Hæstv. ríkisstjórn ætlar ekki að gera neitt í því. Það þarf að ræða það í fullri alvöru í Alþingi hvernig menn ætla að taka á þessum málum til framtíðar lítið. Ég hvet til þess að það verði t.d. farið að ræða um þingmál Samfylkingarinnar um gjaldmiðilinn, hvort horfa eigi til þess að taka upp annan gjaldmiðil en íslensku krónuna í framtíðinni. Það er ekki skammtímalausn. Það er hins vegar lausn sem þarf að ræða og full ástæða er til að gera þegar menn sjá slíka framtíð sem er fram undan núna.

Ríkisstjórnin hefur enga stefnu hvað varðar orkumál. Það sem við höfum séð á undanförnum árum er hvatning ríkisstjórnarinnar með lagasetningu til að menn kaupi dýrari og eyðslufrekari bíla. Það var mokað inn jeppum með slíkum aðgerðum fyrir nokkrum árum og það er keyrt um á *hverjum skúffubílnum eftir annan vegna* þess að tollakerfið hvetur til þess. (**Gripið fram í:** ... ríkisstjórninni að kenna?) Þetta er stefna að vísu, ég veit ekki hvort hún er meðvituð, en þetta er stefna.

[10:44]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að hækkanir á heimsmarkaðsverði á olíuvörum hafi áhrif á útsöluverð á þeim á Íslandi og áhrifa gengisbreytinga á krónunni mun óhjákvæmilega sjá stað sömuleiðis. Það sem menn eru að tala um væntanlega eru gjöldin sem á þessar vörur eru lögð á Íslandi. Ég bendi á að við beittum okkur fyrir mjög mikilvægri kerfisbreytingu í þeim efnum 1999 þegar aflagt var hlutfallslegt vörugjald á bensín og olíuvörur. Í staðinn fyrir það var tekin upp föst krónutala og sú krónutala hefur verið nánast óbreytt frá 1999, hefur einu sinni hækkað, það var árið 2003. Í millitíðinni reyndar var einu sinni gerð breyting þar sem þetta gjald var lækkað tímabundið í þrjá mánuði vegna þess að það var fyrirsjáanlegur kúfur í þessu efni. (Gripið fram í.) Það var gert þá. Það er ekkert sem bendir til þess, því miður, að um sé að ræða eitthvert sérstakt tímabundið ástand í þessum efnum núna.

Hins vegar er mikilvægt að gera kerfisbreytingar sem hvetja til minni bensíneyðslu og það gerðum við með mjög mikilvægri breytingu, þar sem Samfylkingin reyndar reyndi að þvælast fyrir í nokkur ár, þegar við tókum upp olíugjald sem hvetur fólk til þess að kaupa í fyrsta lagi ódýrari elds-

neytisgjafa, sem er dísilolían, og í öðru lagi að kaupa tæki sem eyða minna eldsneyti, sem eru dísilbílarnir. Þetta er mjög merkileg breyting sem komst loksins í gildi fyrir ári síðan þrátt fyrir kvakið í Samfylkingunni og baráttuna gegn þeirri breytingu. Þetta er breyting sem núna mun fara að skipta mjög miklu máli þegar menn sjá mismuninn á eldsneytisverðinu, annars vegar í bensíni og hins vegar í dísilolíu, og svo að vita það að dísilbílarnir eyða miklu minna (Gripið fram í.) eldsneyti, færri lítrum á 100 km en bensínbílarnir. (Gripið fram í.) Ég hvet fólk til að hugleiða þetta og aðrar aðgerðir til að draga úr notkun á eldsneyti.

Virðisaukaskattsmálið er sérmál og það er rangt sem þingmaðurinn heldur fram hvað það varðar. Það er bara rangt. (**Gripið fram í:** Nei, nei.)

[10:46]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er rétt að innrásin í Írak, sem við áttum aðild að fyrir tilverknað ríkisstjórnarinnar, hefur leitt til hækkunar á olíuverði á heimsmarkaði. Meginatriðið er þó þetta: Þróun bensínverðs á síðustu vikum og hugsanlega á komandi vikum sýnir okkur svo ekki verður um villst að tilrauninni með íslensku krónuna er lokið.

Það er einfaldlega ekki við það búandi fyrir almenning í nútímalegu og alþjóðlegu viðskiptasamfélagi að fá á sig 25% gengisfellingu á örfáum mánuðum. Að búa við einhvers konar tilraunastarfsemi með gjaldmiðil, minnstu flotkrónu í heimi, sem sveiflast í verðlagi um tugi prósenta á örfáum vikum, sem aftur hefur áhrif á hina sérískensku verðtryggingu, sem aftur hækkar skuldir heimilanna um 45 milljarða, jafnvel þó þetta væri bara skot en ekki skeið, og gerir það um leið að verkum að almenningur hér býr við hæstu vexti í heimi.

Þróun bensínverðsins ásamt verðbólgu og vaxtaþróun í landinu sýnir okkur, svo ekki verður um villst, að það er algerlega nauðsynlegt að taka gengisstefnu landsins til rækilegrar endurskoðunar. Því svo illa er hægt að spá fyrir um þróun mála hér í þessu landi að þær spár sem við deildum um við fjármálaráðherra hér fyrir aðeins nokkrum mánuðum, spár um þróun efnahagsmála á Íslandi á þessu ári, eru langt í frá að ganga eftir. Öll viðvörunarorð okkar hér við fjárlagaumræðuna, um að vextirnir yrðu hærri, um að verðbólgan yrði hærri, um að gengismálin þróuðust á verri veg, eru að ganga eftir.

Það verður forvitnilegt að heyra hæstv. fjármálaráðherra (Forseti hringir.) fara yfir hver er staðan í forsendum fjárlaga.

[10:48]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er ágætis sumarbyrjun hjá hinu háa Alþingi að skora á hæstv. ríkisstjórn og fjármálaráðherra að lækka álögur á eldsneyti. Það er algjört grundvallaratriði. Eins og þetta horfir við stórum hluta almennings er nú bensínkreppa. Það þarf að skila til baka. Það er sanngjörn krafa almennings og okkar stjórnmálamanna að stjórnvöld endurskoði álögur á eldsneyti, endurskoði samsetningu á eldsneytisverði, og lækki þær að minnsta kosti tímabundið. Lækkunin þyrfti helst að vera varanleg en að minnsta kosti lækki álögur á eldsneyti tímabundið.

Hæstv. utanríkisráðherra gerði olíugjaldið að umtalsefni. Sú aðgerð mistókst því miður út af háu olíugjaldi. Það munar einungis örfáum krónum á lítra af dísil og bensíni, því miður. Þó að dísilbíllinn eyði minna er hvatinn allt of lítill og þetta hefur ekki orðið almenningi sú kjarabót sem lagt var upp með og þarf að vera.

Það er engum blöðum um það að fletta að álögur stjórnvalda á Íslandi á eldsneyti og bensín eru hærri en almennt þekkist annars staðar á Vesturlöndum og það er það sem núna gerir bílnotendum erfitt fyrir. Þess vegna er sú krafa uppi að stjórnvöld lækki álögur á eldsneyti, að minnsta kosti tímabundið, og komi þannig til móts við það erfiða ástand sem er á olíumörkuðum heimsins.

Ríkissjóður hagnast að sjálfsögðu á þessum olíuhækkunum út af tekjum af virðisaukaskatti sem aukast verulega. Það er því sanngjörn og réttlát krafa að ríkisstjórnin komi til móts við það, taki undir með Samfylkingunni og taki undir með einstökum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, eins og hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni í Blaðinu í dag, og lækki álögur á eldsneyti. Þó að ráðherrabekkur sjálfstæðismanna virðist vera að móast við (Forseti hringir.) er ástæða til að skora á þá að hlusta á þessar raddir.

[10:50]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það var sérstaklega athyglisvert að hlusta á ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Hann er örugglega eini talsmaður græningjaflokks í heiminum sem prédikar að lækka eldsneytisverð. Hann spyr síðan: Hvað er heildstætt? Hvað er heildstæð umræða? Það er umræða um hagvöxt, (**Gripið fram í:** Hann er að gagnrýna okur.) launaþróun, kaupmáttinn, framleiðsluspennuna, gengisbreytinguna, viðskiptahallann og um stöðu ríkissjóðs.

Það var reyndar bara einn af hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem fór í slíka umræðu hér, hv. þm. Jóhann Ársælsson, og ég verð að hrósa honum fyrir það. Hv. þm. Helgi Hjörvar hafði hins vegar fyrir jólin mestar áhyggjur af þensluáhrifum skattalækkana en nú hefur hann snúið við blaðinu í þessu eins og Samfylkingin í flestum efnum.

Hins vegar verður að hrósa hv. þm. Kristjáni Möller. Hann er samur við sig í sinni umræðu um kostnað af eldsneytisverði og það er reyndar mjög sjaldgæft innan Samfylkingarinnar sem snýr jafnan við blaðinu í öllum málum eins og fram hefur komið víðar.

Þegar verið er að tala um að fólk sé haft að féþúfu er vert að benda á að þeim fjármunum sem menn eyða í eldsneytiskaup í dag hefði væntanlega verið eytt í eitthvað annað og af þeim vörum sem þá hefðu verið keyptar er líka innheimtur virðisaukaskattur. Því held ég að stefna ríkissjóðs bitni ekki neitt sérstaklega á þessari þróun eins og hún hefur verið.

Þetta þarf að skoða í heild sinni, frú forseti. Við erum að ræða hér um efnahagsmálin, a.m.k. reyndu það sumir. Við erum að skoða þetta út frá stöðu ríkissjóðs, út frá því hvernig verðlag þróast og hvernig gengið þróast ásamt þeim öðrum þáttum sem ég nefndi.

Ég verð þó að minna á að rauði þráðurinn í öllum þeim skýrslum og öllum þeim álitum sem gefin hafa verið um

stöðu mála í banka- og efnahagskerfinu á Íslandi hefur verið sá að það sé hin (Forseti hringir.) sterka staða ríkissjóðs sem geri hlutina þó þannig að menn þurfi ekki að hafa stórar áhyggjur. Þeirri stöðu þurfum við að (Forseti hringir.) viðhalda. Það heitir að skoða málið í heild sinni. (Gripið fram í.)

[10:53]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. utanríkisráðherra að það er ekki hægt að kenna ríkisstjórninni um allt það sem tengist hækkunum á bensínverði. Það er alveg ljóst að þróun á heimsmarkaði og í heimsstjórnmálum leiðir til þess að bensínverð er að hækka.

Ég hef verið að rekja hér afleiðingar þessarar hækkunar. Hún leiðir til þess að það fer af stað verðbólgusprenging. Húsnæðisskuldirnar hækka, vextirnir hækka og allt umhverfi almennings verður miklu erfiðara. Þá kemur að þætti hæstv. forsætisráðherra. Hann hefur sagt að þetta sé kúfur sem gangi yfir. Ef svo er þá er fyllilega réttlætanlegt að grípa til tímabundinna ráðstafana eins og við höfum áður gert. Það lagði Samfylkingin til. Það er stjórnarandstaðan að leggja til hérna.

En það kemur í ljós að hæstv. utanríkisráðherra er ósammála formanni Framsóknarflokksins og forsætisráðherra. Hjá hæstv. utanríkisráðherra, formanni Sjálfstæðisflokksins, kemur fram að þetta sé ekki kúfur. Hann boðar að við séum að fara inn í varanlegt verðbólguskeið. Það er það sem skiptir máli.

Nú ætti hæstv. utanríkisráðherra aðeins að reyna að slaka á. Ég veit að hann hefur vonda samvisku og hann er ráðvilltur í þessu máli. En það eru þrjár skoðanir hjá Sjálfstæðisflokknum. Það er í fyrsta lagi hæstv. utanríkisráðherra sem er ósammála forsætisráðherra og segir að þetta sé ekki verðbólgukúfur heldur séum við að fara inn í verðbólguskeið. Hann vill ekki grípa til tímabundinna ráðstafana.

Hæstv. fjármálaráðherra, sem nú er hlaupinn úr salnum, er annarrar skoðunar. Hann vill skoða málið og hann útilokar ekki að grípa til þessara ráðstafana. Síðan kemur hinn ungi Tyrki Sjálfstæðisflokksins, sem ekki þorir að tala hér í dag, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem tekur í fjölmiðlum í dag undir með stjórnarandstöðunni og leggur til að ráðist verði í tímabundnar aðgerðir vegna þess að hann er ósammála formanni sínum. Hann segir að þetta sé verðbólgukúfur. En hæstv. (Forseti hringir.) utanríkisráðherra er annarrar skoðunar.

Frú forseti. Það er óskynsamlegt af formanni Sjálfstæðisflokksins að (Forseti hringir.) tala svona. Hann ætti heldur að vera meira heima og sinna (Forseti hringir.) efnahagsmálunum en vera að flengjast um allan heim. Ekki verður það til að lækka olíuverðið.

[10:56]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Nú er liðinn sá tími sem er ætlaður fyrir þessa umræðu. Forseti vill taka fram að fleiri hv. þingmenn eru hér á mælendaskrá, þar á meðal hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sem hv. þingmaður vék að hér áðan. Forseti taldi ástæðu til að taka það fram. (Gripið fram í.)

[10:56]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(ber af sér sakir)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ámælisvert að fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar geri því hér skóna að utanríkisráðherra sinni ekki störfum sínum og skyldum þó hann sitji ekki hvern dag í Alþingi vegna þess hann þarf að mæta á fundi annars staðar.

Hv. fyrrv. umhverfisráðherra, Össur Skarphéðinsson, hefur sjálfur setið í ríkisstjórn og veit alveg hvernig þetta er. Þetta er ómerkilegur málflutningur, ómaklegur, ósannur og á ekki við nokkur rök að styðjast og er þar af leiðandi fullkomlega óafsakanlegur. Það er ekkert sem réttlætir það að bera fram slíkar ásakanir.

Ég ætlaði hins vegar að segja við þennan hv. þingmann, sem sagði í útvarpi í morgun að hann byggist nú við að fjármálaráðherra kæmi bráðum skríðandi í Alþingi með frumvarp út af olíugjaldsmálum — það er það sem heitir á máli Samfylkingar að leggja fram frumvarp á Alþingi, það er að skríða inn í þingið með frumvarpið. (**Gripið fram í:** Það er nú ekki komið enn þá.) Ég hef ekki haldið því fram, virðulegi forseti, að verðbólgan sé komin hér til að vera. (Gripið fram í.) Það er ekki verðbólgukúfur, það er ekki verðhækkunarkúfur hvað varðar olíuna. Hv. þingmaður getur flett þessu upp. Ég tel því miður ekki að sú hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu sem við horfum nú fram á sé tímabundin.

Það er það sem ég er að tala hér um, virðulegi forseti. Það er ömurlegur málflutningur hjá Össuri Skarphéðinssyni, eins og fyrri daginn, að snúa svona út úr umræðum manna, reyna að búa til ágreining í umkomuleysi sínu í Samfylkingunni og málefnaskorti og þrátt því sem hann er þar í. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill benda á að hv. þingmaður og utanríkisráðherra ber af sér sakir og það ber að ræða um það efni. Því umræðunni um störf þingsins er lokið. Þeim tíma er lokið. Hins vegar eru hv. þingmenn sem hafa óskað eftir að kveðja sér hljóðs um fundarstjórn forseta.)

Um fundarstjórn.

Dagskrá fundarins.

[10:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að þessi mál verði tekin til frekari umræðu á þingi. Þetta eru mál sem brenna á og falla undir þann dagskrárlið sem við höfum verið með um utandagskrárumræður. Ég held við ættum að óska eftir að slík utandagskrárumræða yrði tekin hér upp.

En ég vildi samt byrja á að óska virðulegum forseta gleðilegs sumars, starfsmönnum Alþingis og hv. þingmönnum, með þakklæti fyrir veturinn og samstarfið í vetur.

Það er hins vegar ekki góð byrjun á sumarstarfi þingsins það samráð sem hefur verið um fyrirkomulag á dagskrá hér. Ég vil fyrir hönd okkar í Samfylkingunni mótmæla því að til að mynda dagskráin í dag sé ekki í nokkru samráði við

þingflokksformenn. Við höfum ekki rætt um að þau þrjú mál sem eru á dagskrá, önnur ekki, komi hér inn. Við höfum þvert á móti óskað sérstaklega eftir að mál sem þurfi m.a. að afgreiða frá hæstv. félagsmálaráðherra, nauðsynlegt að koma þeim út til umsagnar, verði tekin á dagskrá. En þau eru ekki á dagskrá í dag.

Hér eru tiltölulega umdeild mál og ekki síst það mál sem nú á aftur að hefjast umræða um, þ.e. RÚV. Það er alveg ljóst að það er vaxandi ágreiningur um það mál, ekki bara hér í þingsölum heldur líka úti í þjóðfélaginu og meðal starfsmanna RÚV. Það hafa vaknað svo margar spurningar í þessari umræðu.

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður er að tala um fundarstjórn forseta og á ekki að ræða efnislega um það frumvarp sem er á dagskrá.)

Það er ekki efnisleg umræða um frumvarpið. Ég er aðeins að óska eftir að hæstv. forseti beiti sér fyrir að þetta mál komi aftur inn til menntamálanefndar. Þannig að þeir þingmenn sem hér hafa staðið með málefnalegar umræður og sett fram spurningar fái fund í menntamálanefnd til að þeim spurningum sé svarað. Það snýr að fundarstjórn forseta.

Fundur með formönnum þingflokka hefur verið boðaður nú kl. 1 og við munum að sjálfsögðu, virðulegi forseti, fara fram á að þessi umræða verði stöðvuð og haldinn verði fundur í menntamálanefnd í það minnsta milli 2. og 3. umr.

[11:01]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ítreka að dagskrá þingsins er án samvinnu og án samráðs við stjórnarandstöðuna. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt áherslu á að öllum þeim frumvörpum sem ekki er beinlínis aðkallandi að afgreiða nú undir lok þinghaldsins verði vikið til hliðar og Alþingi taki til umræðu þau mál sem brenna á þjóðinni. Þar er ég að sjálfsögðu að tala um efnahagsmálin.

Ég er að tala um skattamálin, aðgerðir til að tryggja stöðu þeirra stofnana sem sinna öldruðum og fötluðum þannig að þær geti greitt starfsfólki sínu mannsæmandi laun. Við heyrum formenn stjórnarflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, koma fram í fjölmiðlum og segja að allt sé í lukkunnar velstandi hjá heimsins skuldugustu þjóð. Við heyrum hæstv. iðnaðarráðherra koma fram í fjölmiðlum og (Forseti hringir.) boða fagnaðarerindi álveranna. (**GÞÞ:** Er þetta fundarstjórn forseta?) (Forseti hringir.) Ég er segja, hæstv. forseti, að það er okkar krafa (Forseti hringir.) að þessum málum verði vikið til hliðar og að hér fari fram umræða um þau mál sem brenna á þjóðinni.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti ítrekar að hv. þingmenn sem kveðja sér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta ber að ræða um það mál en ekki efnislega um frumvörp eða annað sem þeir vilja koma á framfæri.)

Hæstv. forseti. Ég er að gera grein fyrir því hvers vegna og á hvaða forsendum ég gagnrýni fundarstjórn forseta (**Gripið fram í:** Málþóf.) og þinghald nú undir lok þings. (**Gripið fram í:** Málþóf.) Ég krefst þess að ég fá leyfi til þess og fái svigrúm til þess að koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Ég tel að það eigi að víkja til hliðar háeffvægingargæluverkefnum ríkisstjórnarinnar sem hún setur í forgang þegar brýnt er að taka brennandi mál, efnahagsmálin, til umræðu í þinginu.

Ég tek undir með hv. þingflokksformanni Samfylkingar, um að (**Gripið fram í:** Talsmanni.) það er mikilvægt að hið umdeilda frumvarp um Ríkisútvarpið fari aftur til nefndar og fái rækilega skoðun þar. Við umræðuna hafa komið fram mörg álitamál, ekki aðeins gagnrýni á frumvarpið heldur og mörg álitamál sem verða að fá umræðu í nefndinni. Það verður að kalla til fulltrúa utan úr þjóðfélaginu til að upplýsa okkur og varpa ljósi á málið á nýjan leik. En ég tek undir þá kröfu sem fram hefur komið, hún er sameiginleg krafa stjórnarandstöðunnar.

[11:04]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseta finnst nokkuð sérstakt, þegar búið er að boða fund forseta með þingflokksformönnum í hádegishléi, skuli menn koma fram með svona kröfur í upphafi þingfundar.

[11:04]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég kem ekki upp til að ræða efnislega þau ágreiningsmál sem hafa verið reifuð í morgun heldur til að ræða um fundarstjórn forseta. Forseti þingsins veitir mönnum leyfi til að taka til máls undir ýmsum ákvæðum þingskapa. Eitt þeirra er að menn geta komið og tekið til máls til að bera af sér sakir. Formaður Sjálfstæðisflokksins kvaddi sér hljóðs áðan til að bera af sér sakir. Það er honum auðvitað frjálst. Hann taldi að ég hefði borið á hann sakir en það kom lítið fram um það í máli hans. Mál hæstv. utanríkisráðherra snerist eingöngu um það að bera sakir á þann er hér stendur. Mér er auðvitað alveg sama um það þótt hæstv. utanríkisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, komi og helli yfir mig úr myrkri sálar sinnar og allri þeirri örvilnan sem í huga hans býr yfir þeirri stöðu sem upp er komin. Honum er frjálst að gera það. Ég er alveg maður til að taka því.

En ég er líka maður til að viðurkenna það þegar mér verður á og biðjast afsökunar á því. Ég er eiginlega hingað kominn til að bera á mig sakir. Ég ætla að biðja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánssonar afsökunar á því að ég sagði áðan, í ræðustól, að hann hefði ekki haft kjark til að kveðja sér hljóðs og gera grein fyrir afstöðu sinni í því máli sem við ræddum þá. Hann hafði gert afstöðu sína mjög ljósa í fjölmiðli í morgun þar sem hann tók undir með þeim málflutningi sem ég hafði uppi áðan. Ég taldi einsýnt að hann yrði að láta þetta sjónarmið koma fram vegna þess að það er t.d. úr takti við formann Sjálfstæðisflokksins. Ég hafði hins vegar ekki gert mér grein fyrir því að hv. þingmaður hafði kvatt sér hljóðs en sökum þess hve margir höfðu gert það kom forseti honum ekki að. Það var því rangt af mér að halda því fram að hann hefði viljandi ekki reynt að koma fram skoðunum sínum og ég bið hann afsökunar á því.

[11:07]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Það er gaman að sjá þegar hv. þingmenn koma upp í ræðustól Alþingis með skottið á milli lappanna

og biðjast afsökunar. Það er með þennan þingmann, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að (**Gripið fram í:** Er þetta um fundarstjórn forseta?) hann neyðist endalaust til að skipta um skoðanir. (Gripið fram í.) Þær eru orðnar svo miklar, sveiflurnar í málflutningi hans, að hægt væri að hætta að tala um sveiflur í genginu. Þær eru minni háttar miðað við það sem heyra má á málflutningi hv. þingmanns.

Frú forseti. Ég bað ekki um orðið til að eiga orðastað við hv. þm. Össur Skarphéðinsson. (**SJS:** Af hverju varstu þá að því?) Ég bað hér um orðið undir liðnum um fundarstjórn forseta vegna þeirra ummæla sem hér voru látin falla af hálfu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur sem hefur óskað eftir því og krafist þess að frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. verði tekið aftur inn í menntamálanefnd, til efnislegrar umræðu þar.

Um þessa kröfu og þetta mál er það að segja að ég sé ekki ástæðu til að taka afstöðu til þeirrar kröfu fyrr en 2. umr. er lokið og sjá hvort eitthvað nýtt kemur fram í tengslum við þetta mál sem leiðir til þess að nauðsynlegt verði að taka málið aftur til umfjöllunar í nefndinni.

Hins vegar get ég upplýst hv. þingflokksformann Samfylkingarinnar, Margréti Frímannsdóttur, um að ég hef setið yfir öllum þeim ræðum sem haldnar hafa verið um frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. Í þeirri umræðu hefur ekkert nýtt komið fram. Allar ræður stjórnarandstöðunnar hafa verið sama gamla tuggan um sömu atriði og komu fram við 1. umr. um málið, gamlar lummur sem heyrst hafa í umræðu um þetta mál.

Úr því sem komið er og eins og staðan er nú í umræðunni sé ég enga ástæðu til að málið verði tekið inn í menntamálanefnd til meðferðar að lokinni umræðunni. Við skulum sjá hvað gerist að lokinni 2. umr. Ég tel, frú forseti, enga ástæðu til annars en að frumvarp um Ríkisútvarpið hf. verði tekið á dagskrá í dag og 2. umr. um það mál lokið. Að henni lokinni skulum við setjast niður og sjá hvort ástæða sé til að taka málið aftur til meðferðar í menntamálanefnd. Enn sem komið er sé ég enga ástæðu til þess að svo verði gert. Ekkert nýtt hefur komið fram í því máli þrátt fyrir að hv. þingmenn, margir hverjir, hafi haldið ræður dag sem nótt (Forseti hringir.) svo klukkutímum skiptir, frú forseti.

[11:10]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrr til að ræða um fundarstjórn forseta og þinghaldið og hlaut fyrir gagnrýni af hálfu forseta þingsins, sem mér finnst misskipta svolítið gagnrýninni. Vísa ég þar t.d. í málflutning þess hv. þingmanns sem á undan mér talaði og hóf umræðu sína á allt öðru en því sem tengist á nokkurn hátt stjórn fundarins.

Hæstv. forseti benti réttilega á að boðað hefði verið til fundar með formönnum þingflokka kl. eitt. Það er alveg rétt. Fundarboðið kom rétt áður en þingfundur hófst. Ég spyr hæstv. forseta: Hvers vegna í ósköpunum var ekki boðað til þessa fundar í morgun?

Fyrr í vikunni var þinghaldið komið í fullkomna upplausn (Gripið fram í.) og við gagnrýndum ráðleysi stjórnar þingsins og gagnrýndum framkomu ríkisstjórnarinnar gagnvart stjórnarandstöðunni. Ég trúði því, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin og stjórn þingsins mundu reyna að vinna heimavinnu sína og kæmu núna undirbúin til leiks. Hvers vegna í ósköpunum var ekki boðað til fundar fyrr í morgun og málin rædd áður en þingfundur hófst?

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að gagnrýna þessi vinnubrögð harðlega.

[11:12]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti hefur lagt sig fram um að hafa samráð og funda reglulega með formönnum þingflokka. Það hefur hins vegar ekki náðst samstaða um hvernig ljúka beri umræðu um málið sem er núna á dagskrá. Það er ekkert óeðlilegt við að boða til fundar með þingflokksformönnum í hádegishléi. Það hefur margoft verið gert áður.

[11:12]

Margrét Frímannsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er rétt að minna þingmanninn sem hér stendur á að hér sé rætt um fundarstjórn forseta. En ég segi eins og hv. þingflokksformaður Vinstri grænna, að kannski hefði mátt hafa orð á því við hv. þingmann sem hér *talaði áðan. Hún er misskipt gagnrýnin úr ræðustól* forseta, sem er ekki vanalegt.

Við þingflokksformenn höfum átt mjög gott samstarf við forseta þingsins fram að þessu en ekki um þá dagskrá sem hér er í dag. Við höfum rætt um nauðsyn þess að fara vel yfir mál sem á að afgreiða og þyrfti að afgreiða, ef ekki verður um það mjög mikill málefnalegur ágreiningur. Það á að fara til félagsmálanefndar, mál frá hæstv. félagsmálaráðherra. Við erum líka tilbúin til að afgreiða með stuttum fyrirvara aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að lækka verð á olíu og bensíni.

Við þessa umræðu um RÚV hefur komið fram að vaxandi ágreiningur er um málið í þingsölum og vaxandi ágreiningur um það úti í þjóðfélaginu og eins meðal starfsmanna RÚV. Er þetta málefnaleg umræða umfram það sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kom með hér áðan? Af því að það er leyfilegt, virðulegur forseti, að tala um að skottið á milli lappanna á mönnum þá held ég að þannig hafi það verið allan tímann í störfum hans í menntamálanefnd.

[11:14]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti biður hv. þingmenn um að gæta að orðum sínum. (**Gripið fram í:** Nú?) Þessi áminning á við um alla hv. þingmenn, að sjálfsögðu.

[11:14]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegur forseti. Mér þótti gott að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir minntist á það að af hálfu forseta hefur verið leitast við að eiga gott samstarf við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar. Ég get vitnað um það. (**MÁ:** Hvað veist þú um það?) Virðulegur forseti. Ég get vitnað um það vegna þess að ég er varaformaður þingflokks sjálfstæðismanna og hef oft þurft að hlaupa í skarðið fyrir þingflokksformanninn, svo að ég útskýri það fyrir hv. þm. Merði Árnasyni. (**MÁ:** Það hefur verið gott samráð við þig.) Virðulegi forseti. Það var afskaplega gott að formaður þingflokksins, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, vísaði til

þess. Og ég bíð eftir því að hv. þm. Ögmundur Jónasson geri það líka þegar hann kemur upp og fer mikinn.

En um hvað snýst þetta mál? Af hverju eru menn alltaf að fara upp undir liðnum um fundarstjórn forseta og ræða eitthvað allt annað? Það er pólitískur ágreiningur um eitt mál. Hann er mikill innan þingsins. Það er ekkert nýtt. Hér koma menn upp í fullri alvöru og fara fram á að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hætti við ákveðið mál vegna þess að stjórnarandstaðan er í málþófi. (**Gripið fram í:** Málþófi?) Ástæðan fyrir því að við erum hér dag eftir dag að ræða fundarstjórn forseta, þótt það liggi fyrir að ekkert er athugavert við fundarstjórn forseta, er sú að stjórnarandstaðan er á móti viðkomandi máli. Það er ástæðan fyrir því að sumir þingmenn halda ræður klukkutímum saman. Ég vek athygli á því að þetta eru fínir ræðumenn. Þeir geta klárað mál sitt á mun skemmri tíma og þurfa ekki nein námskeið til þess. Jafnvel eru hv. þingmenn mjög góðir ræðumenn, sem halda ræðu í sex tíma vegna þess að þeir ætla með málþófi að reyna að koma málum frá sem meiri hluti er fyrir í þinginu.

Ég bið þingheim að hugsa þetta alla leið. Er það virkilega svo að mönnum þyki lýðræðislegt og réttlátt að svona vinnubrögð séu viðhöfð? Vilja menn, virðulegur forseti, að þingið okkar sé með þannig að þegar stjórnarandstaðan fer í málþóf geti hún stoppað mál sem meiri hluti er fyrir? Virðulegur forseti. Ég segi nei. Það liggur fyrir að ef menn halda langar ræður og eru með málþóf þá þurfum við að halda langa fundi.

Ef menn vilja hafa þann háttinn á er ekkert annað sem réttkjörinn meiri hluti á þinginu getur gert, ekkert annað.

[11:17]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég verð að segja að mér kom mjög mikið á óvart að hæstv. forseti skyldi ekki hafa samráð við þingflokksformenn stjórnarandstöðuflokkanna áður en sú dagskrá var sett fram sem hér er í dag. Ég skildi orð hæstv. forseta svo á miðvikudag, þegar það var harðlega gagnrýnt að forseti ákveddi einhliða dagskrá þingsins sem gengur á vissan hátt á svig við þingsköp, að haft yrði samráð á föstudag og rætt þá frekar um dagskrá þingsins. Ég skildi það þannig að þar væri verið að tala um dagskrá þingsins í dag. Nú er hún birt án þess að nokkurt samráð sé um hana haft og að auki er hún síðan hafin á föstudegi og boðað samráð um dagskrá dagsins í hádeginu. Þetta er a.m.k. allt öðruvísi en ég skildi orð hæstv. forseta á miðvikudag.

Ég tek líka undir orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar, ég tel að nú sé miklu mikilvægara fyrir þingið að taka fyrir þau mál sem brenna í raun á þjóðinni, efnahagsástandið, stöðu gengismála og fjármála, skuldasöfnunina, neyðarástandið á elli- og hjúkrunarheimilum. Þetta eru málin sem á að taka fyrir.

Ég lít svo á að hæstv. forseti eigi einmitt að fylgjast vel með hjartslætti þjóðarinnar, því sem er að gerast utan þingsala, og þannig raða áhersluefnum inn á þingið.

Örstutt um það mál sem hér er sett á dagskrá, mér fannst mjög athyglisverð inn í umræðuna grein Þorsteins Pálssonar í Fréttablaðinu í gær. Mig minnir að hann hafi einmitt út af afskiptum útvarpsstjóra (**Gripið fram í:** Um fundarstjórn forseta?) af umræðunni kallað útvarpsstjóra þul ríkisstjórnarinnar í sjónvarpinu. Þegar umræðan er komin á þennan vettvang og þennan veg eiga menn að fara að hugsa um hvort við séum með frumvarp í réttu ferli eins og frumvarpið um Ríkisútvarpið. Þetta finnst mér líka að forseti þingsins eigi að gaumgæfa mjög vandlega. Erum við ekki komin bara út í hreina þráhyggju eða ofsatrú af hálfu einkavæðingarsinna (Forseti hringir.) Ríkisútvarpsins?

[11:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vona að það sé á sínum stað að ræða undir þessum lið um undirbúning fundarhaldsins hverju sinni, að það geti fallið undir fundarstjórn forseta. Það er þannig í rússnesku Dúmunni að fundur hvers dags hefst á umræðum um dagskrá fundarins. Til þess er ætlaður hálftími, ef þörf krefur, að ræða verkefni dagsins. Fundurinn gengur síðan sjálfur frá dagskránni, með atkvæðagreiðslu ef með þarf. Það er í grunninn mjög lýðræðislegt fyrirkomulag og er kannski til umhugsunar að taka það upp hér — ef hv. þingmenn vilja aðeins leggja eyrun við og hafa hemil á kæti sinni. Það er auðvitað hin almenna fundavenja og samkvæmt fundarsköpum að fundurinn sjálfur ræður dagskrá sinni.

Þessu er öðruvísi háttað á Alþingi Íslendinga og það er auðvitað forsetinn sem leggur lokahönd á undirbúning dagskrár. Það leiðir af sjálfu að það er ákaflega mikilvægt að um þá dagskrá sé reynt að hafa sæmilegt samkomulag. Menn takast síðan eftir atvikum á um það sem er á dagskránni þegar búið er að ganga frá henni. Ég held að það sé óheppilegt, frú forseti, að dag eftir dag sé ágreiningur um sjálfa dagskrána og það virðist ekki hafa verið reynt að hafa samráð um það hvort samstaða gæti þá verið um það hvaða mál væru á dagskránni.

Á miðvikudaginn var vikið til hliðar fyrirspurnadegi og annað mál einhliða sett á dagskrá, samkvæmt ákvörðun forseta væntanlega. Síðan endurtekur þetta sig í dag. Ég hefði t.d. talið æskilegt að menn hefðu í gær eða í morgun fundað, þótt ekki væri nema til að ræða það eitt hvort hægt væri að hafa eitthvert samkomulag um það hvað yrði á dagskránni í dag og hvernig fundarhaldinu yrði háttað.

Það er fleira en bara dagskráin sem þarf að athuga. Starfsáætlun þingsins er orðin breytt. Það stóð til að nefndir héldu fundi, það yrðu nefndadagar, og við vitum ekki einu sinni hvenær þeir þá verða. Ég held að þetta gangi ekki fram með mjög skilvirkum hætti og ég held að virðulegur forseti verði að horfast í augu við það að þingmenn hafa ýmis efni til þess að gera athugasemdir við þetta vinnulag og þessa fundarstjórn eða þetta skipulag þinghaldsins.

Ég held líka að þingið geti ekkert einangrað sig og sína vinnu frá andrúmsloftinu í þjóðfélaginu og ég hef miklar efasemdir um að þjóðin telji brýnast að Alþingi fjalli núna um þessi hlutafélagafrumvörp ríkisstjórnarinnar í stað þess að taka t.d. fyrir verðbólgumálin, efnahagsmálin, kjaramálin og ýmislegt sem þar hangir á spýtunni og það ástand sem er í (Forseti hringir.) þjóðfélaginu. Ég bið virðulegan forseta að hafa í huga að það eru ýmis efni til að menn geri athugasemdir.

[11:24]

Mörður Árnason:

Forseti. Í Rómaveldi hinu forna, þegar Róm var það sem við köllum lýðveldi, res publica, háttaði svo til um stjórnarskrá þeirra Rómverja að leyfilegt var að kippa úr sambandi hinum venjulega gangi mála með senatinu og konsúlunum, pretorunum, edílunum og öllum þeim embættismönnum sem þar voru fyrir hendi, en konsúlarnir eins og við munum sátu tveir í eitt ár og höfðu neitunarvald hvor á annan. Þannig var stjórnkerfið að vísu tiltölulega lýðræðislegt ef maður tekur hinn frjálsa hluta Rómaveldis en var nokkuð þungt í vöfum.

Leyfilegt var að kjósa einn mann til ábyrgðar og valda. Diktator hét hann. Það mátti kjósa hann í þann tíma sem þyrfti þegar neyðarástand kom upp. Hann gat kippt úr sambandi öllu því stjórnkerfi sem fyrir hendi var og gefið út tilskipanir, t.d. þegar innrás var gerð eða þegar efnahagsástandið var þannig að það þurfti að grípa til sérstakra ráðstafana, og það mátti kjósa hann í sex mánuði samtals.

Ég sé ekki betur en að nú hafi sá voði færst að þjóðinni að forseti þingsins hafi með svipuðum hætti tilnefnt sjálfan sig diktator yfir Alþingi Íslendinga og kosið sjálfan sig ...

(**Forseti** (SP)**:** Forseti gerir athugasemd við þennan málflutning hjá hv. þingmanni og beinir til hans að lesa og kynna sér þingsköp Alþingis þar sem kemur ótvírætt fram hvaða vald forseti Alþingis hefur til að setja mál á dagskrá hér og annað því um líkt.)

Forseti. Ég skil ekki þessa athugasemd og get því ekki farið eftir henni. Það sem ég segi er það að ég saka forseta Alþingis alls ekki um það að hafa ekki farið að þingsköpum frekar en ég saka senatið um það á sínum tíma í Róm að hafa ekki haft leyfi til að kjósa þennan diktator. Senatið kaus diktatorinn og hér hefur forseti þingsins tekið sér það vald að kjósa sjálfan sig sem diktator, diktator sem kippti úr sambandi starfsáætluninni, sem ekki hefur samráð við þingflokksformenn um störf þingsins og setur sjálf án nokkurs samráðs þau mál á dagskrá sem henni þykja brýnust. Hver skyldu þau mál nú vera, á tímum þar sem olíuverð hefur aldrei verið hærra, á tímum þar sem hlutabréf falla, á tímum þar sem krónan sígur í gengi og á tímum þar sem fjölmörg mál eru á ferð innan þingsins sem krefjast brýnna úrlausna?

Við fjölluðum í menntamálanefnd í morgun um frumvarp um framhaldsskóla og það þarf að samþykkjast hér ef koma á í veg fyrir þann skrípaleik að boðað verði í vor til samræmdra prófa sem enginn vill. Er það á dagskrá? Eru gengismálin á dagskrá í þinginu? Hverjar eru þær brýnu ráðstafanir sem diktator þingsins telur sig þurfa að fylgja fram hér núna? Stofnun hlutafélags (Forseti hringir.) um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

[11:27]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti hlýtur að velta fyrir sér hvaða tilgangi þessi málflutningur hjá hv. þingmanni þjónar og spyr hvort eigi að skilja það svo að forseti sé með ofbeldi þegar á dagskrá þingsins er tekið stjórnarfrumvarp sem er afgreitt með eðlilegum hætti með þingmeirihluta út úr menntamálanefnd þingsins.

[11:27]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er augljóst mál að nokkur ókyrrð er í þingsal og væntanlega ýmsar skýringar þar á. Það er hins vegar afskaplega áberandi hversu mikið ójafnvægi ríkir hjá hv. þingmönnum stjórnarliðsins, sérstaklega hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Ýmsar skýringar geta á því verið og ekki ólíklegt að ágæt grein sem birtist í dagblaði í gær sé þar á meðal þar sem farið er sérstaklega yfir rökleysuna og hið vanbúna frumvarp sem hér er stöðugt sett á dagskrá.

Eins og fram kom í máli virðulegs forseta telur virðulegur forseti að frumvarpið hafi verið eðlilega afgreitt út úr nefnd. Það má til sanns vegar færa að það var eðlilega tekið út úr nefndinni að því leytinu til að meiri hluti nefndarmanna samþykkti að málið væri út úr nefndinni tekið.

Frú forseti. Ég man ekki betur en að ég hafi áður í þingsal beint því til virðulegs forseta að nokkuð yrði farið yfir vinnubrögð í nefndum. Þetta mál er skólabókardæmi um það hvernig ekki á að vinna mál í nefndum. Ótal gestir voru vissulega kallaðir til, það var kallað eftir áliti ótal aðila en því miður, virðulegi forseti, var ekkert á þá hlustað. Ekki nóg með það, heldur var engin umræða í nefndinni um allar þessar álitsgerðir, um öll þessi viðtöl. (Gripið fram í.) Það var ekkert rætt í nefndinni. Hugsanlega er meiri hlutinn svo skyni skroppinn og svo valdfastur að umræður í meiri hlutanum hafi átt sér stað. Í nefndinni sjálfri, hv. formaður menntamálanefndar, var engin umræða á milli meiri hluta og minni hluta um þetta mál. (Gripið fram í.) Þrátt fyrir athugasemdir okkar þegar málið var tekið út úr nefndinni virtist þrýstingurinn vera slíkur á meiri hluta nefndarinnar einhvers staðar annars staðar frá en í nefndinni að það varð að afgreiða málið út á þeim fundi (Forseti hringir.) sem er afar óvenjulegt, virðulegi forseti ...

(**Forseti** (SP)**:** Hv. þingmaður er hér að ræða um fundarstjórn forseta, ekki um störf í menntamálanefnd.)

Hárrétt, virðulegi forseti. Ég er hins vegar rétt ókominn að því að tengja þetta við fyrri orð mín um það að virðulegur forseti þurfi að hafa eftirlit með því, eins og þingsköp gera ráð fyrir, hvernig störfum í nefndum er háttað. Áður en virðulegur forseti fer að fjalla um það hér af forsetastóli að allt hafi verið eðlilegt í nefndum þarf virðulegur forseti að kynna sér hvernig störfum var háttað í nefndinni. Ég er að fara (Gripið fram í.) yfir það að að mínu mati voru þau störf (Gripið fram í.) ekki eðlileg, virðulegi forseti, vegna þess að ekki var gefinn tími til að ræða þetta mál í nefndinni (Gripið fram í.) eins og eðlilegt hefði verið. (Gripið fram í.) Þetta mál er þess eðlis að um það þarf samstöðu og það er búið að fara yfir það mjög vel í umræðum hvers vegna það er mikilvægt og því miður (Forseti hringir.) var ekki gefinn tími til þess í nefndinni.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að forseti hafi tekið af mér nokkurn tíma mun ég ljúka ræðu minni hér.

[11:31]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég hafði gaman af því þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem hefur snúið til baka á hið háa Alþingi fór yfir fundarsköp rússnesku Dúmunnar og taldi að við ættum að hafa þau til fyrirmyndar í störfum okkar hér í

þinginu. Það vakti hins vegar athygli mína að hv. þingmaður sem hefur verið nefndarmaður í Norðurlandaráði skyldi ekki — ja, úr því að ég sé hérna hv. þm. Ögmund Jónasson í salnum — víkja að fundarsköpum sænska þingsins þar sem málum er þannig komið fyrir að einungis talsmenn nefnda hafa málfrelsi um einstök mál og geta einungis talað í 30 mínútur um hvert mál. Ef við hefðum tekið upp sænsku fundarsköpin værum við ekki í þeirri stöðu sem nú er upp komin.

Frú forseti. (**Gripið fram í:** Þá væri Sjálfstæðisflokkurinn ...) Hér hefur ýmislegt verið sagt um það hvernig frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. var afgreitt út úr hv. menntamálanefnd. Ýmsar fullyrðingar hafa verið settar fram þeirri skoðun ýmissa þingmanna til stuðnings að taka eigi málið út af dagskrá og jafnvel senda það aftur í hv. menntamálanefnd. Ég vil taka það fram af þessu tilefni, frú forseti, að ekkert óeðlilegt er við það að efnislegur ágreiningur sé um þingmál í nefndum, ég tala nú ekki um stjórnarfrumvörp. Það gerist mjög oft þegar við fjöllum um einstök mál en það að slíkur efnislegur ágreiningur sé uppi þýðir ekki að ekki megi afgreiða málið út úr nefndinni. Það var gert í þessu tilviki. Það var efnislegur ágreiningur um málið en hins vegar töldum við í stjórnarmeirihlutanum, hv. þingmaður ...

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill benda hv. þingmanni á það að hann er að ræða hér um fundarstjórn forseta, ekki um störf í nefndum.)

Nei, nei. Fyrirgefðu, frú forseti, en ég ætlaði að leiða að fundarstjórn forseta með þessum inngangi mínum. Það var algjörlega eðlilega staðið að meðferð málsins innan nefndarinnar. Það kom fullbúið hingað inn í umræðuna, og það sem er merkilegt og hv. þm. Einar Már Sigurðarson á að vita, er að formaður þingflokks Frjálslynda flokksins, hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, var sammála okkur um það að afgreiða málið út úr nefndinni þrátt fyrir að hann væri kannski ekki efnislega sammála því sem í frumvarpinu stendur. En hann er eini hv. þingmaðurinn sem tók á þessu máli af einhverri skynsemi.

Frú forseti. Ég legg til að við höldum áfram að ræða þetta mál í 2. umr. og ég legg til að að þeirri umræðu lokinni verði tekin afstaða til þess hvort ástæða sé þá til að taka málið inn í nefnd. Því miður er það þannig, (Forseti hringir.) eftir því hvernig umræðan hefur verið um þetta frumvarp, að ekkert nýtt hefur komið fram í þeirri umræðu sem leiðir til þess að það þurfi að taka aftur inn í nefnd.

[11:34]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegur forseti. Mér sýnist að sá spádómur sem ég hafði uppi þegar ég kom í ræðustól fyrir tveimur sólarhringum, þ.e. á miðvikudaginn þegar við ræddum líka um fundarstjórn forseta, að hér stefndu málin í algeran hnút, sé núna orðinn að veruleika.

Við sem erum á hinu háa Alþingi erum núna búin að sólunda nálega 50 mínútum í umræður um fundarstjórn forseta. Við hefðum getað notað þessar mínútur til að ræða um miklu meira aðkallandi og mikilvægari hluti, eins og til að mynda stöðu efnahagsmála. Það er heldur betur ekki vanþörf á að ræða hana í þingsalnum. Mér sýnist að ríkisstjórnin sé algerlega ráðþrota í þessu ástandi þar sem eldsneytisverð er að fara í hæstu hæðir, verðbólgan rýkur til himna eins og flugeldur, vextir hækka og lífskjör almennings í landinu stórversna frá degi til dags.

Ég geri það að tillögu minni, virðulegi forseti, að núna verði gert hlé á þingfundi þannig að formenn þingflokka komi saman, ræði þessa stöðu og reyni að finna einhverja leið út úr þeirri torfæru sem við höfum ratað í. Ég sagði á miðvikudag og ég segi það enn að þetta er engum til framdráttar, þetta ástand sem núna er í þinginu. Það rennur mjög hratt úr stundaglasinu. Við höfum ekki mikinn tíma til stefnu, mörg aðkallandi mál bíða afgreiðslu og við getum ekki leyft okkur að eyða tímanum í svona rugl dag eftir dag. Við verðum hreinlega að setjast niður og finna einhverja lausn á þessu, komast að sameiginlegri niðurstöðu um það hvernig við ætlum að lenda þessum málum.

Mér finnst því miður, ég verð að segja það, að fundarstjórn forseta hafi ekki verið að fullu laus við það að sæta ámælum. Hvers vegna í ósköpunum var ekki fundur með formönnum þingflokka í morgun? Ég fæ í símann minn SMS-skilaboð í morgun kl. 10.15, korteri áður en þingfundur á að hefjast: „Fundur hjá forseta kl. 13 í dag, 21. apríl, formenn þingflokka.“ Svo stendur hérna: „Hver var að hringja? Sendu SMS í 118. Já er svarið.“ Þetta eru skilaboðin til formanna þingflokka korteri áður en þingfundur á að hefjast þegar allt er í hnút í þinginu.

Ég segi það enn og aftur, virðulegur forseti, ég mælist til þess að nú verði gert hlé á þingfundi og að við formenn þingflokka hittumst og ræðum málið með hæstv. forseta.

[11:37]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég kem hér til að taka undir þau orð hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar að hér verði gert hlé og að stjórnendur þingsins, forsetar og þingflokksformenn, komi saman og ræði um framhaldið. Ég hefði talið skynsamlegast að það hefði verið gert í gær áður en dagskrá var send út en þetta er nú staðreynd, við stöndum frammi fyrir þessu.

Hér hafa verið bornar fram mjög alvarlegar athugasemdir við það hvernig þingi er fram haldið. Þetta er orðið eins og ofsatrú, þessi fórn Ríkisútvarpsins. Það að fórna Ríkisútvarpinu er orðið eitthvert ofsatrúarmál í þingsal þannig að ekki má halda uppi eðlilegum þingstörfum. Ég skora á hæstv. forseta að beita sér fyrir því að hlé verði gert á fundum þingsins og að menn fari yfir það hvernig störf þingsins geti haldið áfram í dag með eðlilegum hætti eftir því sem tök eru á.

[11:39]

Mörður Árnason:

Forseti. Um fundarstjórn forseta er það fyrst að segja að ég bað áðan um að fá að bera af mér sakir vegna þeirra ummæla sem forseti viðhafði í ræðustól eftir ræðu mína síðast. Forseti hefur nú svarað því með því að ekki sé ástæða til að leyfa mér að bera af mér sakir. Það merkir í mínum huga að sakirnar séu engar og má þá gagnálykta sem svo að það hafi verið óþarfi af forseta að viðhafa þau ummæli sem hún hafði á eftir ræðu minni.

Um fundarstjórn forseta í öðru lagi vil ég segja það að í

dag hefur forseti sett þrjú mál á dagskrá, Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveitina sem eru tengd mál og síðan hið ágæta frumvarp um hlutafélagavæðingu ÁTVR sem talið er næstmikilvægasta og -brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar á þeim tímum þegar efnahagsmálin eru eins og þau eru og þegar við erum með önnur frumvörp í þinginu sem þarf að afgreiða hratt. Ég nefndi áðan framhaldsskólann. Það er kannski lítið mál í samanburði við önnur, m.a. þau frumvörp um atvinnumál sem þarf að afgreiða fyrir þinglok og í nokkru hasti, umræður um hvað á að gera fyrir mánaðamót í málefnum fólks frá hinum nýju ríkjum Evrópusambandsins og innflutning þess hingað.

Ég skil vel með hvaða hætti forseti tekur þá ákvörðun að reyna að koma áfram málum eins og Ríkisútvarpsmálinu. Það er nokkurn veginn eina málið sem hæstv. menntamálaráðherra hefur flutt á þinginu sem einhverju skiptir og möguleiki er á að þingmeirihlutinn komi í gegn. Ég hef ekki staðið í neinu þrasi til að fá málið stöðvað, mér hefur ekki komið það til hugar að hlutirnir gerist þannig hér. Ég sagði hins vegar í menntamálanefnd og vil endurtaka það hér að vegna þess, forseti, að málið var vanbúið þaðan, vegna þess að ekki fóru fram umræður þar um efni málsins, vegna þess að ekki voru kallaðir til, að kröfu okkar, tveir aðilar sem kom í ljós á síðustu stigum gestakomu, umsagna og heimsókna að skiptu verulegu máli, vegna þess að neitað var þeirri kröfu að fá til þess bæran aðila eða reyndar var hafnað þeirri kröfu að fá fjölmiðladeild Evrópuráðsins til að fara í gegnum frumvarpið, mundi málið óhjákvæmilega taka meiri tíma í þingsalnum en ástæða er til.

Það verð ég að segja, og þess vegna ræði ég enn um fundarstjórn forseta, að þarna virðist forseti hafa hitt sjálfa sig fyrir því hún á að hafa eftirlit með störfum nefnda og á þess vegna að vita hvenær mál eru orðin nógu þroskuð í nefndunum til að hægt sé að taka þau út og ræða í þingsalnum af fullu viti. Það á ekki við um þetta mál og þess vegna er eðlileg sú krafa að það verði sett inn í nefndina aftur.

[11:42]

Einar Már Sigurðarson:

Virðulegi forseti. Ég náði ekki í fyrri ræðu minni að fara yfir það mál sem kannski er stærst sem snýr að þessu þar sem ég þurfti að gera miklar athugasemdir við fullyrðingar sem hér komu fram varðandi störf í menntamálanefnd. Það hefur nokkuð verið rætt um vald forseta og er eðlilegt að það sé gert undir þessum dagskrárlið. Það efast enginn um vald virðulegs forseta yfir störfum þingsins og skipulagi þess. Hins vegar snýst þetta að sjálfsögðu um það hvernig með það vald er farið. Ákveðnar hefðir hafa skapast í því að samráðsferli sé í gangi þegar verið er að skipuleggja dagskrá þingsins, ég tala nú ekki um lok þingsins, og taka mið af starfsáætlun þess. Þegar starfsáætlun er þar að auki tekin úr gildi hlýtur að vera enn meiri ástæða til samráðsins.

Því miður upplifir maður ástandið núna eins og þetta sé hjá litlum börnum sem ekki hafa þroska til að ræða saman og ræða sig niður á samkomulag. Það er algjörlega óþolandi að þinghaldinu sé þannig fram haldið (**Gripið fram í:** Litlum börnum, já.) þannig að það er eðlilegt að gera þá kröfu að þessi samráðsvettvangur forseta með þingflokksformönnum sé nýttur til hins ýtrasta til að koma þinghaldinu í eðlilegan farveg.

Frú forseti. Það var mun algengara fyrr á árum að gert væri hlé á þingfundum til að halda fundi með þingflokksformönnum til að leysa úr slíkum vanda. Það verður að segjast eins og er, frú forseti, að ég held að þann sið ætti að taka upp aftur. Það leysir ekkert mál að halda málum svo til streitu eins og hér hefur verið gert af virðulegum forseta. Það er alveg ljóst og hefur verið margítrekað að það mál sem hér er stöðugt sett á dagskrá er þess eðlis að það er eðlilegt að um það sé gífurlega mikil umræða, m.a. vegna þess að í nefndinni var ekki gefinn tími til að fara eðlilega yfir málið, og kanna hvort einhverjir samkomulagsfletir væru á þessu mikilvæga máli. Til þess var ekki gefinn tími og þess vegna lá algjörlega fyrir að í þingsalnum þyrfti að fara fram mikil umræða. Það virðist sem svo sé einnig í samfélaginu, að þessi umræða sé nú mjög að magnast og það gæti m.a. verið skýring á hinni miklu ókyrrð og þrákelkni að halda þessu máli stöðugt á dagskrá og að því er virðist hvort sem það er með orðum eða óbeinum hótunum um að það verði hér á dagskrá þar til umræðu er lokið.

Virðulegur forseti. Ég minni á ágæt vinnubrögð virðulegs forseta varðandi annað frumvarp sem hér var í hnút í þinginu fyrir nokkru síðan, ef ég man rétt frumvarp um jarðrænar auðlindir, sem virðulegur forseti beitti sér fyrir að væri aftur tekið inn í nefndina. Og hver varð lausnin á því? Jú, það liðkaði fyrir öllu saman þannig að ég held að (Forseti hringir.) virðulegur forseti ætti að íhuga það að gera slíkt hið sama varðandi það mál sem hér er á dagskrá á eftir.

[11:45]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég hef tekið eftir því í þessari umræðu að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins undra sig á því að þingmenn úr liði stjórnarandstöðunnar skuli koma hér og óska eftir því að fá vitneskju um hvernig halda eigi á því máli sem er til umræðu síðar í dag. Það mál er ákaflega umdeilt. Þeim finnst það alger óþarfi og vísa til þess að innan stundar verði haldinn fundur með formönnum þingflokka og forseta.

Frú forseti. Sá fundur var auglýstur úr forsetastóli, ef ég man rétt, á þriðjudag eða miðvikudag. Það er með ólíkindum, þegar komið er svo nálægt þinglokum og jafnmörg mál eru óafgreidd og jafnmikið uppnám er í þingstörfum og nú er, að menn skuli leggja fram starfstilhögun af þessu tagi. Hér er mál sem er umdeilt, mál sem stjórnarandstaðan hefur ákveðnar óskir um, og ekki er leitað eftir þeim óskum fyrr en eftir nokkra daga.

Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði í ræðu sinni fyrr á þessum morgni, efnislega orðaði hann það svo, að það væri óðagot af stjórnarandstöðunni að vilja ekki bíða eftir fundi sem yrði síðar í dag. (**Gripið fram í:** Ha?) Ég sagði að efnislega hefði það verið þetta sem hv. þingmaður sagði. Hann kann að hafa sagt það með öðrum orðum og gefið það tryggilega til kynna með frammíköllum — skjálftinn í taugakerfi þingmannsins yfir stöðu mála virðist hafa heltekið hann. En ég verð að segja og taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er sérkennileg

stjórn á þingi þegar ekki er gerður reki að því að setjast með stjórnarandstöðunni á tímum eins og þessum heldur er fundur settur marga daga fram í tímann. Mér finnst það skrýtið. Mér finnst það skrýtið með tilliti til þess að hér hófst fundur kl. 10.30 og það hefði verið í lófa lagið að hafa fund með formönnum þingflokka fyrir þann tíma.

Síðasta miðvikudag hófst fundur á hádegi, klukkan tólf, og mönnum hefði verið í lófa lagið að hafa fund þann morgun áður en nefndarfundir hófust til að ræða það mál við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar eftir þeim upplýsingum sem ég hafði úr umræðum um einmitt það atriði síðar sama dag. Þá hafði það ekki verið gert. Það er því alveg fullkomlega eðlilegt að þingmenn stjórnarandstöðunnar geri athugasemdir við verkstjórn af þessu tagi. Það er ekki síst þess vegna sem menn eru óánægðir og skilja ekki hvers vegna ekki er gerður reki að því að reyna að kanna hvort mögulegt sé að ná einhvers konar sáttafleti, og þá þýðir ekki að setja einhverja fundi fram í tímann.

Ríkisútvarpið hf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 401. mál (heildarlög). — Þskj. 517, nál. 1037 og 1117, brtt. 1038.

[11:49]

Björgvin G. Sigurðsson (frh.):

Virðulegi forseti. Mér er sérstakur heiður að því að fá að tala saman tvær árstíðir. Ég talaði út veturinn í fyrradag fram yfir miðnætti þegar virðulegur forseti gerði hlé á þingfundi þangað til núna í dag og held ég því glaður áfram í sumarbyrjun með ræðu mína um Ríkisútvarpið hf.

Ég ætla aðeins að fara yfir helstu drættina í ræðu minni þar sem ég var staddur síðast. Ég sagði þar að leiða mætti rök að því að frumvarpið Ríkisútvarpið hf. væri með einhverjum hætti áhlaup á einkarekna ljósvakamiðla á Íslandi. Íslenskur ljósvakamarkaður er ákaflega takmarkaður að stærð og umfangi og kakan er mjög lítil í sjálfu sér. Öflugur ríkismiðill með gífurlegri meðgjöf frá hinu opinbera í formi afnotagjalda — nefskatts ef þetta frumvarp nær fram að ganga, sem verður vonandi ekki — sem er orðinn að hlutafélagi, sem gerir hann mun straumlínulagaðri í samkeppninni við einkareknu miðlana, verður bókstaflega áhlaup á einkareknu ljósvakamiðlana sem hafa að sjálfsögðu átt mjög erfitt uppdráttar á því tæplega 21 ári sem þeir hafa verið starfandi á Íslandi.

Ég finn margt annað að þessu vonda frumvarpi, þessu klasturslega, fljótfærnislega og illa ígrundaða frumvarpi sem er ekkert annað en pólitískt sáttarof um Ríkisútvarpið, rof á sátt sem hefur haldist meira og minna um tilveru og grundvallaratriði í rekstri RÚV allt frá því að það hóf göngu sína fyrsta eiginlega rekstrardaginn 21. desember árið 1930. Ríkisútvarpið hóf göngu sína formlega daginn áður, 20. desember 1930, og ég rakti í fyrri hluta ræðu minnar síðasta vetrardag aðdragandann að stofnun Ríkisútvarpsins þegar H.f. Útvarp fékk sérleyfi frá Alþingi til að starfa og var undanfari Ríkisútvarpsins. H.f. Útvarp hét það og starfaði með gloppum í þrjú ár þangað til það fór í þrot mestmegnis vegna ónógs og óviðunandi rekstrargrundvallar.

Þá kallaði ég mjög eftir því í ræðu minni á síðasta vetrardag hvar Framsóknarflokkurinn væri við þessa 2. umr. um Ríkisútvarpið hf. Hér er kominn í sal einn góður framsóknarmaður, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, og fagna ég því mjög, og hér í morgun hitti ég fullt af framsóknarmönnum, bæði á fundi menntamálanefndar og hérna frammi í matsal, og ég efast ekkert um að þeir eru að hlusta. Ég fann það á þeim nokkrum að áeggjan mín síðasta vetrardag um að þeir kæmu hér og væru við umræðuna og tilvitnun mín í Jónas frá Hriflu og fleiri framsóknarhetjur þegar verið var að stofna og búa til Ríkisútvarpið — það var stjórn Tryggva Þórhallssonar sem hleypti því af stokkunum, stjórnin sem var kosin 1927 þannig að Framsóknarflokknum er málið skylt. Ég tengi það sérstaklega því að fyrir ári var flutt á Alþingi Íslendinga mikill bastarður sem hét Ríkisútvarpið sf. og það var málamiðlun á milli ríkisstjórnarflokkanna, málamiðlun á milli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, sölumanna Ríkisútvarpsins í Sjálfstæðisflokknum en nokkrir þeirra eru á sérstöku frumvarpi um að selja Ríkisútvarpið. Málamiðlun á milli sölumanna Ríkisútvarpsins í Sjálfstæðisflokknum og framsóknarmanna sem hafa alltaf talað fyrir því að Ríkisútvarpið verði áfram ríkisútvarp og verði ekki einkavætt eða selt og alls ekki gert að hlutafélagi.

Málamiðlun náðist í fyrra og í þinginu leit ljós bastarðurinn Ríkisútvarpið sf. sem var illa unnið og óboðlegt mál og hraktist út úr þinginu og endaði á ruslahaugum ríkisstjórnarinnar við þinglok í fyrra og ekkert varð úr. Málið kom svo aftur inn sem Ríkisútvarpið hf. í vetur litlu betra og tíðindin fólust kannski fyrst og fremst í því að Framsóknarflokkurinn var búinn að gefa eftir. Undansláttur Framsóknarflokksins í málefnum Ríkisútvarpsins var hafinn af fullum krafti og flokkurinn var búinn að fallast á þá kröfu Sjálfstæðisflokksins að Ríkisútvarpið skyldi gert að hlutafélagi. Ég spurði þingheim á miðvikudaginn, síðasta vetrardag, hverju þetta sætti. Við því fékk ég engin svör og ég óskaði sérstaklega eftir því að formaður Framsóknarflokksins, varaformaður Framsóknarflokksins eða þingflokksformaður Framsóknarflokksins yrðu við umræðuna og tækju þátt í henni og svöruðu minni einföldu spurningu: Af hverju er í lagi núna, 2006, að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi sem kom ekki til greina árið 2005? Þess vegna lýsi ég eftir Framsóknarflokknum. Ég skora á Framsóknarflokkinn að koma hér og taka þátt í 2. umr. um Ríkisútvarpið hf. en það hafa þeir ekki gert.

Sölumenn Ríkisútvarpsins úr Sjálfstæðisflokknum hafa hins vegar tekið þátt í umræðunni. Þeir hafa látið svo lítið að koma hér upp og reyna að sannfæra þingheim og þjóð um að nú eigi að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag en ekki eigi að selja það. Ríkisútvarpið eigi að vera í varanlegri eigu ríkisins sem hlutafélag. Sömu mennirnir, hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson og Pétur H. Blöndal, eru á sama tíma með mál í þinginu um að selja Ríkisútvarpið. Þar leggja þeir það að jöfnu að ríkið reki ljósvakamiðil og að ríkið reki tímarit eða að ríkið reki ríkisdagblaðið, hugmynd sem hefur verið hlegin út af borðinu árum saman. Þeir leggja að líkum, sölumenn Ríkisútvarpsins úr Sjálfstæðisflokknum, fáránleika þess, þann skopleik sem það er að þeirra mati, að ríkið reki fjölmiðil á ljósvakasviði og að ríkið reki dagblað. Nú koma þessir

sömu menn, þessir ágætu þingmenn, hingað upp og reyna að sannfæra þingheim og þjóð um afstöðu sína. Þeim finnist vissulega að það eigi að selja Ríkisútvarpið en þeir ætli samt ekki að selja það og þeir séu ekki að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag af því að þeir ætli að selja það heldur af því að þá gangi Ríkisútvarpinu betur að keppa við einkareknu ljósvakamiðlana.

Förum þá aðeins yfir á hinn vænginn, væng einkareknu ljósvakamiðlanna. Hvernig gengur þeim? Þeim hefur gengið nokkuð illa á síðustu árum. Stöð 2, Bylgjan, Stjarnan, Útvarpsstöðin og margir aðrir eftirminnilegir og skemmtilegir fjölmiðlar hófu göngu sína árið 1985 þegar einkaleyfi ríkisins á ljósvakamiðlum var afnumið. Síðan þá hefur gengið á ýmsu og frumkvöðlarnir fóru klárlega margir hverjir mjög illa út úr því eins og oft gerist. Hinum einkareknu miðlum hefur gengið nokkuð erfiðlega að fóta sig á fjölmiðlamarkaði einfaldlega af því að hann er smár og á honum ríkir grimm samkeppni. Við hljótum að þurfa að skoða það ofan í kjölinn að Ríkisútvarp, með það forskot sem felst í meðgjöf hins opinbera, sé nú gert að hlutafélagi þannig að því gangi enn betur að keppa við einkareknu miðlana, hvort sem við köllum það markaðsstöðvar eða einkarekna miðla. Þá spyrjum við: Af hverju Ríkisútvarp? Það er ekki sjálfsagt að ríkið reki fjölmiðil. Það er ekki sjálfsagt að ríkið reki ljósvakamiðla frekar en að ríkið reki dagblað ef það er illa gert eða með einhverjum óskilgreindum og furðulegum hætti í bullandi samkeppni á markaðslegum forsendum við markaðsmiðlana. Ég tel að markaðsmiðlarnir eigi að fá rými á markaði til að blómstra og lifa og keppa við Ríkisútvarpið og veita okkur neytendum fjölmiðla á Íslandi þá þjónustu sem nútíminn kallar eftir. Þeir eiga að miðla upplýsingum, fréttum og fjölbreyttu skemmtilegu efni og Ríkisútvarpið á síðan að fylla upp í rammann með því að miðla fyrst og fremst efni sem við getum ekki gert kröfur um að einkareknu miðlarnir miðli.

Ég tel að ríkið eigi að halda úti fjölmiðli. Ég tel að ríkið eigi að halda úti ljósvakamiðli sem sinnir mjög afmörkuðu og skilgreindu hlutverki. Ég tel að ríkið eigi að halda úti fjölmiðli sem sinnir öflugri fréttaþjónustu eins og Ríkisútvarpið gerir með miklum sóma. Ríkisútvarpið hefur á að skipa mörgum ákaflega færum fréttamönnum og fréttaþjónustan þar er góð. Hún hefur staðið undir væntingum og hún er ein helsta réttlæting fyrir tilveru Ríkisútvarpsins að mínu mati. Þó að einkareknir miðlar, NFS, 365 miðlar, reki einnig mjög öfluga og góða fréttaþjónustu þá verður þar skemmtileg samkeppni og út úr því koma öflugar og góðar fréttastofur í sjónvarpi og síðar Fréttastofa Ríkisútvarpsins sem er ákaflega góð fréttastofa. En auk þessa á Ríkisútvarpið að sinna samfélagslegu hlutverki, menningarlegu hlutverki, öryggishlutverki og því að halda úti óháðri hlutlausri fréttaþjónustu af samfélagi okkar.

Til að samfélag okkar sé lýðræðislegt, gagnsætt og gott á ríkið að halda úti ljósvakamiðlum. Það eru rökin. Til að gæta sanngirni og réttlætis gagnvart einkareknu ljósvakamiðlunum á að mínu mati að skilyrða umfang innlendrar dagskrárgerðar í rekstri Ríkisútvarpsins, það á að takmarka umfang Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði, takmarka það verulega. Umfang Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði er líklega yfir 30%, 32–34%, og ef við tökum ljósvakamiðlana út úr, auglýsingamarkaðinn þar, þá er það líklega yfir helmingur. Þetta er of hátt hlutfall og gefur einkareknum fjölmiðlum ekki svigrúm til að eflast og gefur þeim ekki rekstrarlegt svigrúm við hliðina af því að markaðurinn er svo lítill.

Öðru máli gegndi kannski ef fjölmennari þjóð byggi eyjuna Ísland. En meira að segja Bretar fara þessa leið með BBC, þ.e. að takmarka verulega og jafnvel banna auglýsingar á ákveðnum rásum. Ég tel að auglýsendur eigi að hafa aðgang að Ríkisútvarpinu. Ég tel það nauðsynlegt. Auglýsendur eiga erindi við almenning og almenningur þarf að hafa aðgengi að upplýsingum frá auglýsendum. Það er ekkert ómerkilegur áróður sem frá þeim dynur. Það eru líka nauðsynlegar upplýsingar um allt milli himins og jarðar sem snerta hið daglega líf.

Ég tel að takmarka eigi umfang Ríkisútvarpsins á auglýsinga- og kostunarmarkaði töluvert mikið og gæta þannig sanngirni varanlega gagnvart einkareknu ljósvakamiðlunum, burt séð frá því hver á þá og rekur í dag, algjörlega burt séð frá óbeit margra sjálfstæðismanna á Baugi eða eigendum 365 miðla, algjörlega óháð því ofstæki sem hefur oft gætt hjá mörgum sjálfstæðismönnum gagnvart þeim sem reka og eiga fyrirtækið Baug og miðlana sem það á og rekur að hluta til. Sú óbeit rak að mínu mati Sjálfstæðisflokkinn til þeirrar ófremdargjörðar sem fjölmiðlafrumvörpin voru fyrir tveimur árum síðan og þau enduðu svo í ruslafötunni eftir ákaflega hraksmánarlega útreið ríkisstjórnarinnar í sölum Alþingis. Síðan hafa fjölmiðlamálin verið ríkisstjórn Íslands ákaflega óþægur ljár í þúfu og nú er boðað nýtt fjölmiðlafrumvarp. En samt þarf endilega að samþykkja lög um Ríkisútvarpið hf. án þess að fyrst sé búið að setja boðuð heildarlög um fjölmiðla. Þetta er skrípaleikur. Þetta er farsi, þetta er fáránlegt. Það er hægt að leiða það því líkur að fyrst og fremst sé verið að drífa þetta mál áfram til að hæstv. menntamálaráðherra nái einhverju máli fram á þeim tveimur og hálfa ári sem hún hefur setið í menntamálaráðuneytinu, en þaðan hefur nú ekki mikið komið.

En nú skal ná stóru máli fram og þá skal nútímavæða Ríkisútvarpið. En það klastur sem fyrir þinginu liggur og veldur þeim löngu og hörðu pólitísku deilum sem nú standa yfir í þingsölum og svo fjarri fer að sjái fyrir endann á er til komið af því að málið kom vanbúið frá menntamálaráðherra. Hæstv. menntamálaráðherra mistókst með málefni Ríkisútvarpsins. Hæstv. menntamálaráðherra er búin að rjúfa pólitíska sátt um Ríkisútvarpið með þessu máli. Það *eitt og sér og út af fyrir sig er hörmulegur pólitískur atburður* af því að þegar lög um Ríkisútvarpið voru sett á Alþingi árið 1929 ... (**Gripið fram í:** ... komið í verk.) Komið litlu í verk. Ég kem að því síðar. Þá erum við að tala um hæstv. menntamálaráðherra. Helst því að einkavæða tækninámið þannig að það kosti tækninema nokkur hundruð þúsund að þreyta það nám og þeir eigi ekki kost á því í opinberum skóla. Það er nú hæsti minnisvarði hæstv. menntamálaráðherra hingað til.

En aftur (**Gripið fram í:** Lítið í blöðunum.) að Ríkisútvarpinu. Ríkisútvarpið var stofnað með lögum frá Alþingi, þegar lögin voru sett, þegar H.f. Útvarp hafði farið í þrot sem hér hafði starfað sem einkarekið útvarp. Það var fyrsta útvarpið sem hóf göngu sína hér formlega árið 1926 ein-

ungis tíu árum eftir að vísindamaður hafði í fyrsta sinn útvarpað í Bandaríkjunum í tilraunaútsendingu í tilefni af bandarísku forsetakosningunum árið 1916. Einungis níu árum eftir það voru hafnar tilraunaútsendingar á Íslandi og einungis ári síðar höfðu framsýnir frumkvöðlar hafið útvarpsrekstur á Íslandi með útvarpsstöðinni H.f. Útvarpi sem Magnús Guðmundsson ráðherra talaði fyrstur manna í í mars árið 1926. Ég rakti það nokkuð ítarlega í ræðu minni af því þá var ég að draga fram af hverju við rekum ríkisútvarp. Það er stóra spurningin. Af hverju rekum við ríkisútvarp? Af hverju verjum við þúsundum milljóna af skatti almennings til fjölmiðlareksturs? Það er ekkert sjálfgefið mál. Þeim peningum þarf að verja vel og þess vegna er það fyrsta spurningin sem við hljótum að spyrja og kalla eftir svörum við áður en ég spyr Framsóknarflokkinn aftur að því af hverju nú megi hlutafélagavæða Ríkisútvarpið þegar það var algjört skilyrði af þeirra hálfu, pólitískt prinsipp af þeirra hálfu, að það yrði að vera sjálfseignarstofnun í eigu ríkisins eða sameignarfélag eða eitthvað slíkt en alls ekki hlutafélag.

Nú er Framsóknarflokkurinn horfinn, bæði úr þingsölum og í skoðanakönnunum, og frá honum hefur ekkert heyrst í þessu máli, ekki frekar en öðrum undanslætti Framsóknarflokksins gagnvart Sjálfstæðisflokknum. Þeir hljóta að koma í dag og svara fyrir undansláttinn og ræfildóminn gagnvart Sjálfstæðisflokknum í öllum málum, í mörgum stórum málum. Við hljótum að kalla eftir því að framsóknarmenn geri grein fyrir afstöðu sinni í dag. Þeir sáust ekki í þingsölum síðasta vetrardag, á miðvikudaginn, þegar 2. umr. hófst eftir páskahlé um Ríkisútvarpið hf. Ég hlýt að nota þetta tækifæri til að skora á Framsóknarflokkinn að standa a.m.k. fyrir máli sínu og útskýra fyrir þingi og þjóð af hverju það er í lagi núna að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi. Á að selja það? Eru þeir algerlega sannfærðir um að Sjálfstæðisflokkurinn sé heill í því þó að sölumenn hans í málefnum Ríkisútvarpsins segi nú að þeir vilji ekkert endilega selja, alla vega ekki strax, og núverandi ríkisstjórn ætli ekki að selja útvarpið. Það er ár eftir af kjörtímabilinu.

Að mínu mati er þetta skref sjálfstæðismanna í átt að því að selja Ríkisútvarpið. Það er pólitísk vissa mín, sérstaklega út frá því að nokkrir af öflugustu og mest áberandi þingmönnum sjálfstæðismanna í mörgum málum, eins og byggðamálum, frjálshyggjuuppreisninni í byggðamálum á dögunum var leidd af sömu mönnum. Þetta eru hægri mennirnir í Sjálfstæðisflokknum, þetta eru erfðaprinsarnir í flokknum. Þeir vilja selja Ríkisútvarpið algjörlega refjalaust.

En aftur að Framsóknarflokknum. Ég verð að fá svör við því frá framsóknarmönnum í fyrsta lagi af hverju þeir telji að við eigum að reka áfram ríkisútvarp og í öðru lagi af hverju þeir telja það réttlætanlegt núna, sem ekki kom til greina af þeirra hálfu fyrir 12 mánuðum, að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Hvað breyttist? Var eitthvað selt? Er þetta gjald fyrir eitthvað annað í ríkisstjórnarsamstarfinu? Er þetta framlenging á forsætisráðherradómi Halldórs Ásgrímssonar? Hvað er í gangi? Af hverju er í lagi að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi núna þegar það kom ekki til greina fyrir nokkrum mánuðum síðan? Ég skora á Framsóknarflokkinn að svara þessum spurningum á Alþingi í dag og næstu daga vegna þess að því fer fjarri að við sjáum fyrir endann á umræðu um Ríkisútvarpið hf.

Aðeins um rekstrarformið áður en ég kem frekar að tilgangi Ríkisútvarpsins. Það að Ríkisútvarpið eigi að vera hlutafélag í eigu ríkisins gerir það að einhvers konar tveggja heima bastarði. Þetta er vond breyting að mínu mati, algjörlega fráleit breyting. Að sjálfsögðu á að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun ef ekki er lengur þörf á að það verði stofnun í eigu ríkisins. Tveggja heima bastarður með vopn í höndum til að ganga milli bols og höfuðs á viðkvæmum rekstri einkareknu ljósvakamiðlanna er hörmulegur minnisvarði, hæstv. menntamálaráðherra.

Síðan á að dylja áskriftarsjónvarpið fyrir notendum, fyrir þjóðinni sem borgar, fyrir skattgreiðendum, með því að leggja af afnotagjaldskerfið og taka upp nefskatt, sem ég held að sé versta leiðin sem var í boði til að fjármagna Ríkisútvarpið, versta leiðin sem var í boði gagnvart fjárhagslegu sjálfstæði stofnunarinnar. Ég held að það væri betri leið að setja Ríkisútvarpið á fjárlög og ég held það væri betri leið að hafa afnotagjaldskerfið áfram frekar en að fara nefskattsleiðina. Ég held að það verði miklu betra að hafa afnotagjaldskerfið áfram, sem er líklega sú leið sem tryggir best fjárhagslegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins og sjálfstæði þess gagnvart hinu pólitíska valdi eftir því hvernig það er skipað hverju sinni.

Ég held að versta leiðin sé að breyta opinberri fjármögnun á Ríkisútvarpinu í nefskatt sem er algjörlega fráleit leið að mínu mati. Þá væri betra að hafa gömlu afnotagjöldin sem víðast hvar er sátt um og eru víðast hvar viðhöfð, en hefur verið erfitt að viðhalda sátt um hér á landi af því þau eru svo há vegna þess að þjóðin er fámenn. Í Bretlandi eru afnotagjöldin hjá BBC miklu lægri, fólk finnur ekki eins fyrir þeim og um þau er ekki deilt eins og hér. Nefskattur þar sem erfitt er að jafna eftir því hvernig stendur á hjá heimilunum er hörmuleg fjáröflunarleið fyrir Ríkisútvarpið og er enn eitt sem gerir það að verkum að sáttin um það til framtíðar mun rofna. Ég tel að með þessu frumvarpi sé Sjálfstæðisflokkurinn að rjúfa pólitísku sáttina um Ríkisútvarpið og varða veginn fram á við sem er að þeirra mati að selja Ríkisútvarpið og einkavæða það.

Ég er sannfærður um að Sjálfstæðisflokkurinn hefur það að markmiði, a.m.k. margir þingmanna hans, að einkavæða og selja Ríkisútvarpið og það sáttarof sem hér er uppi í málefnum Ríkisútvarpsins er örugglega liður í þeirri þróun að spyrja af hverju sé ekki alveg eins gott að selja það.

Talandi um hlutverk Ríkisútvarpsins og til að svara spurningunni: Af hverju ríkisútvarp? Það hlýtur fyrst og fremst að eiga að hafa það hlutverk að sinna því sem aðrir fjölmiðlar sinna ekki, að sinna því sem einkareknu fjölmiðlarnir sinna ekki, svo sem öflugri fréttaþjónustu, samfélagslega tengdu efni, menningarlega tengdu efni, öryggishlutverki og því að stuðla að framleiðslu á vönduðu innlendu sjónvarpsefni. Ég tel að Ríkisútvarpið eigi að framleiða sem minnst af því sjálft. Það á að framleiða af sjálfstæðum kvikmyndaframleiðendum úti í bæ. Það er mikil þekking og mikil kunnátta í samfélaginu og þar hefur skapast góður jarðvegur fyrir að framleiða framúrskarandi íslenskt sjónvarpsefni. Það vantar hins vegar fjármagn, það vantar hvatann. Ég tel að Ríkisútvarpið eigi fyrst og fremst

að sinna því hlutverki, fyrir utan fréttaþjónustuna, menningarlega hlutverkið og öryggishlutverkið, að stuðla að og sýna innlent dagskrárefni, auðvitað í bland við vandað fyrsta flokks erlent efni eins og sjónvarpið og Ríkisútvarpið gerir að miklu leyti, af því að RÚV er að mörgu leyti frábær fjölmiðill, það vantar ekki. Þar er fullt af ákaflega góðu og hæfu starfsfólki og þar innan dyra er mikil þekking. Um þetta eigum við að standa vörð. Við eigum að standa vörð um það góða sem þar er gert og skilgreina hlutverk Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps til framtíðar, afgreiða þannig hver vilji hinna pólitísku afla er, hver vilji löggjafans og framkvæmdarvaldsins er, og veita því síðan sjálfstæði og frelsi til að sinna því hlutverki.

Til dæmis má lesa út úr frumvarpinu, sem kveður á um að það skuli halda úti a.m.k. einni hljóðvarpsrás, að það eigi að selja Rás 2. Ég held að Rás 2 sé mjög gott dæmi um tilverurétt Ríkisútvarpsins. Rás 2 sinnir hlutverki sem einkareknar útvarpsstöðvar sinna í allt of litlum mæli, sem er að spila, leika og miðla og þar með hvetja til framleiðslu á innlendri popptónlist. Rás 2 hefur staðið sig frábærlega í þessu hlutverki. Þessa þróun hafa leitt á liðnum árum einstaklingar eins og Ólafur Páll Gunnarsson, Andrea Jónsdóttir, Guðni Már, Magnús Einarsson og margir fleiri frábærir útvarpsmenn sem verður til þess að Rás 2 heldur úti mjög fínni dagskrá í miðlun á innlendri popptónlist, auk þess að vera með mjög vandaða og skemmtilega dagskrárgerð um það sem er að gerast í erlendri popptónlist líka, tónlist sem er ekki endilega mikið spiluð og er ekki á vinsældalistunum, þættir eins og Rokkland á Rás 2, hjá Ólafi Páli. Þetta eru frábærir þættir og Rás 2 á að halda úti. Hún er gott dæmi um hlutverk og tilgang Ríkisútvarpsins, sem er að sinna menningarlegu, innlendu hlutverki sem aðrir gera ekki. Ég held að Rás 1 sé að gera það að miklu leyti líka. Hún er að miðla efni sem einkastöðvarnar sinna ekki í miklum mæli.

Þetta á að skilgreina og það er algert grundvallaratriði og á að vera meginþátturinn og inntakið í þessu frumvarpi, af því að inntakið skiptir mestu máli þó að rekstrarformið geri það líka, sérstaklega út af þeirri tortryggni sem er uppi í garð Sjálfstæðisflokksins í þessum málum. Ég treysti Sjálfstæðisflokknum varla í nokkru máli og alls ekki í þessu máli. Ég held að það sé metnaðarmál hjá mörgum af öflugustu stjórnmálamönnum sjálfstæðismanna að selja Ríkisútvarpið.

Ég tel að það eigi ekki að stíga það skref, enda ætla ég að fara aðeins yfir það á eftir og vitna í umsögn umboðsmanns neytenda sem er mjög góð að þessu leyti og fjallar um það hvers vegna setja eigi samfélagslegan rekstur sem er ekki í ágóðaskyni eða hagnaðarskyni inn í hlutafélag. Þetta er þversögn sem gengur ekki upp. Undir þetta tekur ritstjóri Fréttablaðsins, Þorsteinn Pálsson, og hefur fært mjög öflug rök fyrir því að það sé einfaldlega fráleit ráðstöfun að setja samfélagslegt þjónustufyrirtæki eins og ríkisútvarp inn í hlutafélag þar sem um er að ræða meðferð á gífurlega miklum skattfjármunum. Það stendur ekki steinn yfir steini í röksemdafærslu hvorki sjálfstæðismanna né framsóknarmanna af því þeir hafa ekki rökstutt það. Af hverju hlutafélag? Af hverju þarf að hlutfélagavæða stofnunina? Bara af því að það er einhvers konar pólitískt æði í Sjálfstæðisflokknum fyrir því að hlutafélagavæða allt á milli himins og jarðar án þess að það sé eitthvert samræmi í því. Sumt er ágætt að hlutafélagavæða en annað er einfaldlega fráleitt, eins og Ríkisútvarpið.

Skilgreiningin á hlutverki útvarpsins í frumvarpinu er því einfaldlega allt of víð. Útvarpið samkvæmt henni á og getur keppt við einkareknu miðlana um allt milli himins og jarðar á öllum sviðum en ekki er verið að sníða því þann stakk sem á að gera að mínu mati. Frumvarpinu og frumvarpshöfundi, hæstv. menntamálaráðherra, bregst bogalistin í öllum meginatriðum hvað frumvarpið varðar, þar með talið umfang á auglýsingamarkaði, hlutfall af innlendu dagskrárefni í dagskrárgerð, rekstrarformið, fjáröflun, fjárhagslegt sjálfstæði og það hvernig útvarpið er fjármagnað. Frumvarpshöfundi bregst algjörlega bogalistin þegar kemur að skilgreiningu á hlutverki RÚV og sérstaklega því að gera útvarpið að hlutafélagi, einkanlega þegar ekki eru í gildi lög um hlutafélög í opinberri eigu hvað varðar upplýsingagildi og fleira sem það varðar, sem er algjört grundvallaratriði.

Þessi feluleikur hvað varðar áskriftarsjónvarpið, þetta dulda áskriftarsjónvarp í formi nefskatts er einfaldlega skrípaleikur sem gengur ekki upp og ég er sannfærður um að nefskattur er versta leiðin. Hún er framhald á pólitísku kverkataki stjórnarflokkanna á Ríkisútvarpinu. Um leið og við felum stofnuninni nýtt hlutverk til langrar framtíðar, svo hún megi dafna hér sem mest megi á sínu afmarkaða sviði, þá er verið að viðhalda hinu pólitíska kverkataki á útvarpinu með nefskattinum og því hvernig stjórnarflokkarnir ætla sér að kjósa í hina nýju stjórn. Pólitískt kverkatak er framlengt áfram. Þá þarf að sjálfsögðu að tryggja sérstaklega sjálfstæði fréttastjóra fréttastofanna beggja gagnvart mjög valdamiklum útvarpsstjóra sem verður með frumvarpi þessu. Þá skipta að sjálfsögðu engu máli einstakar persónur og einstakir leikendur sem nú eru á sviðinu um tíma. Við erum að tala um þetta óháð persónum og leikendum og þeim prýðilega og grandvara manni sem nú er útvarpsstjóri, það skiptir ekki máli. Við erum að tala um þetta óháð persónum. En verið er að fela útvarpsstjóra gífurleg völd innan stofnunarinnar til að reka fólk og að sjálfsögðu til að ráða fólk og reka sjónvarpið og stofnunina og þess vegna þarf að tryggja mjög vel sjálfstæði fréttastofanna, sjálfstæði fréttastjóra gagnvart valdamiklum útvarpsstjóra, og að sjálfsögðu síðan fréttamanna gagnvart sínum ritstjóra.

Oft hefur verið talað um að tæknin mundi eyðileggja afnotagjöldin, tæknin mundi granda afnotagjöldunum. Þess vegna yrðum við að fara aðrar leiðir, taka upp nefskatt, setja útvarpið á fjárlög eða finna aðrar leiðir til að fjármagna það með opinberu fé. Því fer hins vegar víðs fjarri, eins og bent var á í meðförum menntamálanefndar, að svo hafi farið. Tæknin hefur ekki eyðilagt afnotagjöldin. Þess vegna tel ég að það sé miklu vænlegri leið að viðhalda afnotagjöldunum frekar en að taka upp nefskatt, sem mér finnst versta hugsanlega leiðin til að fjármagna Ríkisútvarpið. Mér finnst það vond leið að öllu leyti. Verið er að dylja áskriftarsjónvarpið og verið er að viðhalda pólitísku kverkataki á Ríkisútvarpinu. Afnotagjöldin eru sjálfstæður gjaldstofn sem er að mörgu leyti mjög mikilvægur og ágætur en hann fer hins vegar mjög í taugarnar á mörgum greið-

endum og sérstaklega þegar verið er að reyna að komast að því hvort fólk sé með viðtæki o.s.frv.

Ég ætla aðeins að vitna í umsögn frá umboðsmanni neytenda sem mér þótti prýðileg og sérstaklega þar sem umboðsmaðurinn er að fjalla um rekstrarformið. Það gerir hann nokkuð skilmerkilega í sinni ágætu umsögn, ég kem að því á eftir. Ég vitnaði líka í umsögn frá 365 miðlum í fyrri hluta ræðu minnar síðasta vetrardag þar sem fullyrt var að frumvarp um Ríkisútvarpið hf. væri hrein og klár pólitísk atlaga stjórnarflokkanna að einkareknum ljósvakamiðlum. Ég ætla ekki að fullyrða um það, það eru ansi stór orð, ég ætla samt að koma inn á það á eftir í máli mínu og vitna meira til þeirrar ágætu umsagnar sem kom fram frá 365 miðlum og er undirrituð af Ara Edwald forstjóra 365 miðla, fyrrverandi aðstoðarmanni ráðherra í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins. Þetta eru þung orð og áhrifamikil þegar þau koma úr þeirri átt.

Umboðsmaður neytenda telur það sérdeilis fráleita leið að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi þegar það hefði átt að gera það að sjálfseignarstofnun, eins og hann færir mjög máttug og öflug rök að að gera skuli, vegna þess að með því að gera það að hlutafélagi náist engin markmið fram ef markmiðið er ekki að selja Ríkisútvarpið. Ef markmiðið er ekki að selja útvarpið eða hluta þess sé þetta ekki vænleg leið eða fær sem eigi að fara til að tryggja útvarpinu góðan rekstrargrundvöll til framtíðar, af því að ef maður á annað borð vill halda út ríkisútvarpi er sjálfsagt mál að finna því þann besta búning sem völ er á. Ég kem að því á eftir sérstaklega. — Ég finn ekki akkúrat eins og stendur umsögn umboðsmanns neytenda, ég fæ hana sjálfsagt í hendur á eftir, einhvers staðar liggur hún.

Ég held að mjög mikilvægt sé að við greinum svolítið þessar hörðu ásakanir sem t.d. koma fram í umsögn frá 365 ljósvakamiðlum til menntamálanefndar og er undirrituð af Ara Edwald forstjóra 365 miðla þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Þótt þetta frumvarp sé eingöngu samið út frá hagsmunum RÚV hefur lögfesting þess áhrif á allan fjölmiðlamarkaðinn og langt út fyrir þetta eina fyrirtæki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir áframhaldandi fjáraustri af almannafé til eins fyrirtækis sem á í samkeppni við einkafyrirtæki í nákvæmlega sömu starfsemi. Slíkt skekkir samkeppnisstöðu með ýmsum hætti, t.d. bæði á auglýsingamarkaði og við innkaup á erlendu afþreyingarefni. Er það vafalaust rétt sem útvarpsstjóri kemur inn á í grein í Morgunblaðinu 19. janúar sl. að núverandi dagskrá má framleiða með hagkvæmari hætti en nú er gert. Það mun fría upp mikla fjármuni sem RÚV getur beitt í samkeppni við einkafyrirtæki sem þurfa að standa á eigin fótum."

Síðan kemur, með leyfi forseta, sú setning sem vakti mikla athygli í nefndinni og mikla athygli mína:

„Þessi atlaga að heilbrigðum rekstrargrundvelli fjölmiðlafyrirtækja er án efa mikil hindrun í vegi fyrir aukinni fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun."

Þó að þetta komi frá hagsmunaaðila eru þetta þung orð og hljóta að verðskulda ítarlega umræðu á Alþingi. Ef það er svo að frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. sé atlaga að rekstri einkarekinna fjölmiðla er það grafalvarlegt mál, sérstaklega þar sem það getur ekki verið pólitískur tilgangur að búa svo um hnúta að leggja eigi í atlögu gagnvart viðkvæmum fjölmiðlarekstri á einkamarkaði, ef það eru afleiðingarnar af frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. (**HHj:** Það er eini tilgangurinn.) — og kannski eini tilgangurinn, kallar hv. þm. Helgi Hjörvar fram í — þá er það grafalvarlegt mál ef þetta er atlaga númer tvö að rekstri einkarekinna fjölmiðla. Ef atlaga númer eitt var áhlaup ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar á sínum tíma að rekstri frjálsrar fjölmiðlunar á Íslandi í formi fjölmiðlafrumvarpanna hér um árið, er þetta atlaga númer tvö og nú í gegnum Ríkisútvarpið, til að efla Ríkisútvarpið gífurlega en veikja um leið einkareknu fjölmiðlana að sama skapi og síðan að selja Ríkisútvarpið. Ef þetta er pólitískur tilgangur, pólitískt markmið og sá pólitíski veruleiki sem við hrærumst í er það grafalvarlegt mál og það er þetta sem ég ætlaði að ræða sérstaklega við Framsóknarflokkinn hérna í dag. (Gripið fram í.)

Hvar er Framsóknarflokkurinn? Fyrir um þremur korterum lýsti ég eftir Framsóknarflokknum við umræður um þetta mál hér í dag. Enginn þeirra lét sjá sig í umræðum um málið síðasta vetrardag, á miðvikudag. Einn framsóknarmaður var á mælendaskrá, hv. þm. Jónína Bjartmarz, sem sat hér um hríð á miðvikudagseftirmiðdag í forsetastól, var á undan mér á mælendaskrá. Yfir því varð ég mjög glaður. Þá gæti ég hlýtt á ræðu — kemur hv. þm. Dagný Jónsdóttir í salinn og mun hún vonandi og örugglega svara öllum mínum spurningum — en í fyrradag ætlaði ég að hlýða á ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz, fara í andsvör, spyrja hana út úr einmitt þeim spurningum hvort það gæti verið sem haldið væri fram að frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. væri pólitísk atlaga ríkisstjórnarinnar að einkareknum fjölmiðlum í landinu. Þessu er haldið blákalt fram af þeim sem í hlut eiga. Og af hverju ættu þeir að halda því fram ef ekkert væri á bak við það annað en kapphlaup við annan miðil um rekstrarform? Þessir menn eru bara að kalla eftir heilbrigðum reglum. Þeir sem reka einkareknu miðlana vilja ekki fá neina meðgjöf frá ríkinu, þeir vilja fá heilbrigðar og heiðarlegar leikreglur í öll tækifæri á við aðra miðla, einkarekna og ríkisrekna, til að keppa á samkeppnisgrunni. Af því að það er nú svo að með því að setja lög um Ríkisútvarpið hf. með þeirri pólitísku meðgjöf sem tvö þúsund og eitthvað milljónir eru á ári, er að sjálfsögðu verið að skekkja hlutina, það er frávik frá heilbrigðum samkeppnisreglum í samfélaginu.

Það getur vel verið að það sé pólitísk ákvörðun okkar að sætta okkur við að um verði að ræða frávik frá heilbrigðum samkeppnisreglum í samfélaginu með þeim hætti að Ríkisútvarpið keppi auk hinnar pólitísku meðgjafar í formi skattpeninga almennings í formi nefskatts nú en afnotagjalda áður, keppi þannig frjálst og takmarkalaust á auglýsingamarkaði við einkareknu miðlana, þá er það auðvitað mjög mikið frávik frá heilbrigðri samkeppni í samfélaginu. Að mínu mati er ekki hægt að sætta sig við að þetta frávik sé eins og það er núna. Þess vegna vil ég ekki gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi, heldur sjálfseignarstofnun. Þess vegna vil ég takmarka mjög umfang Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði á einhverju árabili, það þarf ekki að gerast einn, tveir og þrír, fara úr 32–33% af auglýsingamarkaði niður í 20%, kannski á tíu árum. Leiðirnar eru færar, þær eru til staðar, við þurfum ekki að gera þetta núna. En þetta á að vera póli-

tíska markmiðið, auk þess að skilgreina skýrt hlutverk útvarpsins, skilyrða umfang af innlendu efni í dagskrá o.s.frv. Þessi þunga ásökun kemur frá 365 ljósvakamiðlum, undirrituð af Ara Edwald, og þar er þetta kallað atlaga. Þar er þetta atlaga að heilbrigðum rekstrargrundvelli fjölmiðlafyrirtækja og mikil hindrun fyrir aukinni fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun. Grafalvarlegt mál og þeir hljóta að ætla að svara þessu, þeir sem við félagshyggjumenn höfum þó helst getað litið til sem okkar fulltrúa í ríkisstjórn Íslands, framsóknarmennirnir, sem fyrir ári sögðu að það kæmi aldrei til greina að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi.

Nú er það hins vegar veruleiki að fram er komið stjórnarfrumvarp þar sem lagt er til að Ríkisútvarpið verði hlutafélag án þess að hlutverkið sé skilgreint upp á nýtt, án þess að umfang stofnunarinnar, fjölmiðilsins hf. væntanlega á auglýsingamarkaði sé sett og án þess að hlutur af innlendri dagskrá í dagskrám miðlanna sé sett. Þess vegna spyr ég þessara spurninga: Af hverju eigum við að sætta okkur við þetta frávik frá heilbrigðum samkeppnisreglum í samfélaginu? Er þetta frávik ekki allt of mikið? Og ef það er hrein og klár ógnun við rekstur á einkareknum ljósvakamiðlum í landinu er einfaldlega ekki hægt að halda þessari vegferð áfram? Þá verðum við að staldra við og skoða hvert við ætlum að fara með þessu frumvarpi.

Auðvitað á að nútímavæða rekstur Ríkisútvarpsins, auðvitað á að finna því hlutverk til framtíðar. Ég vil halda úti ríkisútvarpi sem hefur skýrt skilgreint hlutverk og fer á kostum þar sem það á að fara á kostum, eins og það gerir að miklu leyti, og er í öðru en því að keppa við einkarekna ljósvakamiðla með miklu forskoti sem væri jafnvel hægt að segja að væri gífurlegt forskot á þeim litla markaði sem við hrærumst í, með rúmlega 2.000 milljónir á ári í meðgjöf frá ríkinu í samkeppni við einkarekna ljósvakamiðla. Ég spyr þeirrar spurningar — og hún er nátengd og órofa tengd spurningunni sem ég spurði áðan og hef svarað fyrir mitt leyti, af hverju ríkisútvarp? Fyrst svörum við henni og síðan þessari: Hvernig er sanngjarnast að koma því fyrir á fjölmiðlamarkaði þannig að frjáls fjölmiðlun fái einnig þrifist á vegum einkaaðila á íslenskum fjölmiðlamarkaði? Það er mjög mikilvægt og það er jafnmikilvægt og ríkisútvarp.

Ríkisútvarpið á að vera vörður um öfluga, hlutlausa fréttaþjónustu. Ríkisútvarpið á að vera vörður um ákveðið öryggishlutverk, menningarþjónustu, samfélagslega þjónustu, miðlun á efni og upplýsingum sem ekki endilega og ekki er hægt að gera kröfu um að einkareknu miðlarnir sinni með sama hætti þó að þeir sinni henni oft líka. Það má alls ekki tala svo að einkareknu miðlarnir séu á einhverju flikkflakki með ómerkilegt efni sem nái engu máli. Þeir bera fram frábært efni, þar er framleitt mikið af íslensku efni og að sjálfsögðu verulegt flóð af hvers konar umræðuefni, á NFS og ýmsum fleiri stöðvum. En við erum að tala um framleiðslu á innlendu leiknu efni, okkur vantar slíkt efni og það er það sem ég kalla eftir líka um leið og við skilgreinum hlutverk útvarpsins upp á nýtt eins og ég hef komið hér inn á.

Ég geri sérstaklega að umræðuefni í dag, eins og ég gerði síðasta vetrardag, þá ásökun, má segja, eða fullyrðingu forstjóra 365 miðla, Ara Edwalds, um að Ríkisútvarpið hf. sé atlaga að frjálsri ljósvakamiðlun í landinu. Ég ætla ekki að fullyrða að svo sé, en það má draga þá ályktun og spyrja Framsóknarflokkinn og að sjálfsögðu Sjálfstæðisflokkinn, sem ég tel að sé ekki á annarri vegferð en þeirri að selja Ríkisútvarpið, það hafa engin önnur rök komið fyrir því af hverju það eigi að vera hlutafélag: Ef Framsóknarflokkurinn vill ekki selja Ríkisútvarpið, hann hefur margsagt það og við skulum bara gefa okkur að svo sé, af hverju gaf flokkurinn þá eftir? Af hverju sló hann af við Sjálfstæðisflokkinn? Af hverju gerði hann það? Hvernig ætlar hann að tryggja þetta? Er það líka mat framsóknarmanna að í Ríkisútvarpinu hf. geti falist atlaga eða stórkostleg ógnun við stöðu einkarekinna ljósvakamiðla á Íslandi? Þetta eru stórar spurningar sem ég bíð í ofvæni eftir að heyra framsóknarmenn svara í umræðunni í dag, í andsvörum. Ég er alveg viss um að hægt væri að liðka til fyrir því að þeir komist að, þeir hafa verið eins og jójó upp og niður mælendaskrána, þeir fáu sem ætluðu að tala. Ég veit ekki hvort hv. þm. Jónína Bjartmarz hvarf af mælendaskrá en hún var í marga daga eða margar vikur fyrir ofan mig þar en húrraði niður stigann með hv. þm. Birgi Ármannssyni sem var líka fyrir ofan mig.

Við þurfum að fá svör við þessum spurningum og við eigum að ræða hver sé tilgangurinn með rekstri ríkisútvarps. Hvert má frávikið frá heilbrigðum samkeppnisreglum á fjölmiðlamarkaði vera í samfélaginu í formi meðgjafar og ýmissa annarra forréttinda frá hinu opinbera sem hinir fjölmiðlarnir njóta ekki? Við þurfum að viðhalda pólitískri sátt um Ríkisútvarpið. Það er mjög mikilvægt að mínu mati og það stóð upp úr þegar ég fór fyrir nokkrum dögum síðan, og tæpti aðeins á í þinginu í fyrradag, í gegnum þá pólitík sem lá undir og að baki stofnunar Ríkisútvarpsins. Þá var það vilji manna sem komu fullkomlega sitt úr hverri áttinni pólitískt, úr fylkingum sem voru gráar fyrir járnum og barist var út um víðan heim um þessar stefnur. Það voru kommúnistar, jafnaðarmenn, sósíalistar, hægri menn og framsóknarmenn sem deildu hart í sínum blöðum sem þá háðu miklar orrustur á blaðamarkaði hér á landi. Þetta var 11 eða 12 árum eftir að Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur voru stofnaðir. Þarna var Sjálfstæðisflokkurinn að verða til með samruna Íhalds- og Frjálslynda flokksins. Þarna var flokkakerfið okkar, litrófið frá hægri til vinstri, að taka á sig mynd. En pólitísk sátt skyldi ríkja um Ríkisútvarpið. Því skyldi haldið utan við hinar pólitísku deilur, það skyldi ekki farast í eldi hinna pólitísku dægurdeilna. Um þetta stóðu frumkvöðlarnir vörð alveg þangað til núverandi hæstv. menntamálaráðherra kemur fram með illa ígrundað, grunnhyggið og vanhugsað frumvarp um Ríkisútvarpið hf. og rýfur þá pólitísku sátt sem ríkt hefur um Ríkisútvarpið. Þetta frumvarp er sáttarof, atlaga að einkarekinni fjölmiðlun segja margir, og má halda fram með réttu, sérstaklega í ljósi stjórnmálasögunnar, og tengja það við atlöguna sem fjölmiðlafrumvarpið var að einkareknum ljósvakamiðlum á þeim tíma og sem öll sú dapurlega saga þáverandi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, síðan Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, hefur verið á sviði fjölmiðlunar og lagasetningar um fjölmiðla.

Nú boðar hæstv. menntamálaráðherra nýtt fjölmiðlafrumvarp sem þó hefur ekki komið hér í þingsali en samt á fyrst að setja ný lög um Ríkisútvarpið þó að boðað frum-

varp sé rétt handan við hornið. Að sjálfsögðu hefði átt að bíða með að setja sérstök lög um Ríkisútvarpið þangað til hitt væri komið fram, af því að stærð Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaðnum er svo mikil, það er svo stór hluti af fjölmiðlamarkaðnum að það verður aldrei skilið þar frá og aldrei sett vitleg lög um fjölmiðla nema Ríkisútvarpið liggi þar algjörlega til grundvallar.

En aðeins frá umsögn 365 ljósvakamiðla og ásökun þeirra og ýmissa annarra um það að frumvarp Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks um Ríkisútvarpið hf. sé atlaga að frjálsri fjölmiðlun í landinu, ásökun sem við verðum að fara í gegnum af því að hún á sér stoð í raunveruleikanum. Hvort sem hún er að fullu rétt eða ekki er þetta atlaga númer tvö að rekstri frjálsra fjölmiðla á ljósvakamarkaði í einkaeigu og að sjálfsögðu hefur hún áhrif á alla fjölmiðlun í landinu, upp úr og niður úr.

Í umsögn frá talsmanni neytenda, því glögga, skemmtilega og nytsama embætti sem fyrir ekki svo löngu var stofnað, sem Gísli Tryggvason skrifar undir, kemur ýmislegt skemmtilegt og athyglisvert fram, sérstaklega í ljósi þeirrar umræðu sem nú stendur yfir. Þar segir talsmaður í umsögn sinni og ég ætla fyrst að vitna örlítið í hana áður en ég legg út af henni og spyr Framsóknarflokkinn sérstaklega fleiri spurninga út úr þeirri umsögn sem tengist þó sömu málum, sem er undansláttur Framsóknar gagnvart Sjálfstæðisflokknum varðandi rekstrarform RÚV, af því að ég skil ekki þann undanslátt. Ég hef haft samúð með Framsóknarflokknum og hef alltaf séð fyrir mér að þessir jafnaðarmanna- og félagshyggjuflokkar væru eiginlegir bandamenn í ríkisstjórn þegar búið væri að koma Sjálfstæðisflokknum í varanlega og langa stjórnarandstöðu. Þess vegna skil ég ekki undansláttinn. Þess vegna skil ég ekki af hverju fulltrúar hinna félagslegu viðhorfa á ríkisstjórnarheimilinu gefa eftir á þessu sviði. Það er ekki bara það að mig langi til að vekja einhverja sérstaka athygli á því til að gera Framsóknarflokkinn ótrúverðugan. Mér var hins vegar krossbrugðið þegar ég uppgötvaði að Framsóknarflokkurinn hefði gefið eftir í þessu mikilvæga grundvallarmáli sem tekur til þess að við búum í lýðræðislegu, opnu og gagnsæju nútímasamfélagi, af því að þar gegnir ríkisútvarp svo veigamiklu hlutverki og skiptir svo miklu máli. Þess vegna var ég svo hryggur yfir þessari eftirgjöf, þessu undanhaldi Framsóknarflokksins sem hlýtur nú að vera að snúast upp í einhvers konar martröð sé allt tekið saman sem á bak við það hraða undanhald undan einkavæðingaræðinu sem runnið er á Sjálfstæðisflokkinn einmitt þessa dagana þar sem engu á að eira og ekkert á að skilja eftir. Það er með ólíkindum.

Ég trúi ekki að Framsóknarflokkurinn ætli ekki að standa í lappirnar, ætli ekki hreinlega að láta brjóta á þessu máli og skipta aðeins um pólitíska gír, þó ekki væri nema til að bjarga pólitísku lífi flokksins, en um hana verður væntanlega kosið eftir ár. (Gripið fram í.) Já, það væri það að mörgu leyti, af því að þau félagslegu og ágætu sjónarmið sem hann hefur staðið fyrir til sjávar og sveita í næstum 90 ár — hann verður 90 ára á þessu ári, ég man ekki hvaða dag hann var stofnaður en Alþýðuflokkurinn var stofnaður 12. mars 1916, Framsókn líklega í september. — Kinkar nú hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason kolli og færist bros yfir andlit hans þegar hann hugsar til baka, (Gripið fram í.) til þeirra félagshyggjumanna sem fóru fyrir flokknum hans þá og hann hugsar ábyggilega hlýlega til í dag þegar flokkurinn er einhvern veginn að sogast inn í svarthol Sjálfstæðisflokksins þar sem engu er eirt.

Sjálfstæðisflokkurinn stendur ágætlega þá plikt. Um það dylst engum hugur að þar er á ferðinni einhver blanda af íhalds- og hægri flokki þar sem hægri sjónarmiðin eru að ryðja sér mjög til rúms núna á einu ári eftir að Davíð Oddsson fór í Seðlabankann. Eftir að Davíð Oddsson fór er eins og eitthvað hafi brostið í flokknum. Einkavæðingarsinnar á öllum sviðum vaða uppi og virðist ein afleiðingin af þeirri uppivöðslustarfsemi vera sú að tortíma Framsóknarflokknum, af því að auðvitað ferst hann í bálinu. Auðvitað verður úti um Framsókn í þessu einkavæðingaræði. Það er ár til kosninga og það er eins og að kaupa þurfi friðinn á stjórnarheimilinu svo dýru verði að gefið sé eftir alls staðar og í öllum málum og yfir því er ég einfaldlega hryggur. Það hryggir mig pólitískt að svo sé komið fyrir félagshyggjuflokknum, sem t.d. hefur átt mjög gott samstarf við önnur félagsleg stjórnmálaöfl í Reykjavík í 12 ár, í 12 ára býsna glæsilegu stjórnarsamstarfi Reykjavíkurlistans í Reykjavík þar sem þessir flokkar unnu mjög vel saman. Ég sá alltaf fyrir mér sama munstur í landspólitíkinni, að félagsleg stjórnmálaöfl mundu taka höndum saman og koma Sjálfstæðisflokknum í ákaflega langa stjórnarandstöðu, koma Sjálfstæðisflokknum frá völdum, binda endi á einkavæðingarvitleysuna og reisa við samfélagsleg sjónarmið í stjórnmálunum, að Íslandi verði stjórnað út frá sjónarmiðum félagshyggju og jöfnuðar þar sem samfélagsleg sjónarmið, heilbrigðar leikreglur og jöfn tækifæri ráði ríkjum.

Ég skora á Framsóknarflokkinn að koma með okkur í þann leiðangur af því að enn er lag, það er enn þá ár til kosninga. Það eru 14 mánuðir til kosninga og ég skora á Framsóknarflokkinn að standa nú í lappirnar gagnvart Sjálfstæðisflokknum sem ætlar að einkavæða allt frá flugbrautunum til Íbúðalánasjóðs og Ríkisútvarpsins. Þessar hamfarir, þetta áhlaup að samfélagslegum rekstri í samfélaginu, sem Sjálfstæðisflokkurinn er nú að gíra sig upp í ári fyrir kosningar og virðist ætla að tortíma Framsóknarflokknum í leiðinni, af því að ég held að bakland flokksins láti ekki bjóða sér upp á það. Ég held að bakland Framsóknarflokksins hafi nánast brostið þegar ríkisstjórn Íslands og Halldór Ásgrímsson lýstu yfir stuðningi við innrásina í Írak. Ég held að þar hafi nánast brostið stuðningurinn við Framsóknarflokkinn víða um land þó að margir kjósendur séu að sjálfsögðu tryggir sínum flokki og allir flokkar eigi eitthvert grunnfylgi sem fylgir þeim næstum því hvert sem er. Það brast næstum því þegar við fórum í bandalag hinna viljugu og máttugu þjóða og fórum inn í Írak, sem var hörmulegur afleikur hjá stjórnarherrunum. Ég hélt að Framsóknarflokkurinn hefði fundið það þá og í ýmsum öðrum málum að hann hefur gengið allt of langt. Hann hefur gengið allt of langt gegn hjartanu í Framsóknarflokknum sem hætti næstum því að slá af því að flokkurinn virðist vera að þurrkast út víða um land. (**Gripið fram í:** Og hér í þingsalnum.) Og hér í þingsalnum líka. Þó að tveir mjög prýðilegir framsóknarmenn séu hér núna og þátttakendur í umræðunni skora ég á Framsóknarflokkinn að standa í fæt-

urna gagnvart Sjálfstæðisflokknum, gefa ekkert eftir og koma Sjálfstæðisflokknum varanlega frá landsstjórninni á Íslandi og í ákaflega langa stjórnarandstöðu. Ég skora á framsóknarmenn að koma með okkur jafnaðarmönnum og félagshyggjumönnum í þennan leiðangur. Koma Sjálfstæðisflokknum út af stjórnarheimilinu og í langvarandi stjórnarandstöðu, koma Sjálfstæðisflokknum í varanlega stjórnarandstöðu og binda endi á það einkavæðingaræði sem er runnið á ríkisstjórnina, er runnið á Sjálfstæðisflokkinn með sölumenn sjálfstæðismanna í málefnum RÚV í fararbroddi. Þó að þeir hafi nú breitt yfir kennitöluna tímabundið til að koma þessu frumvarpi í gegn og reyni að láta líta út fyrir að tilgangurinn sé ekki að selja útvarpið, enda þótt hann sé að sjálfsögðu enginn annar hjá mönnum sem hafa flutt um það þingmál að selja eigi Ríkisútvarpið og það sé jafnfáránlegt að ríkið haldi úti ljósvakamiðli og að ríkið haldi úti dagblaði eða tímariti. Trúverðugt er það nú ekki.

Aðeins frá Framsókn og yfir í talsmann neytenda. (Gripið fram í.) Jú, jú, það tengist líka. En það er nú góður framsóknarmaður, ef hann er það.

Í upphafi umsagnar sinnar fjallar talsmaður neytenda um rekstrarform og arðsemiskröfu. Ég vil taka það fram að umsögn umboðsmanns neytenda er mjög góð umsögn, mjög vandvirknislega unnin, á fínum pappír og hún er mjög innihaldsrík. Hún tekur til grundvallarþátta í tilurð og inntaki stofnunarinnar RÚV sem við ræðum hér. Talsmaður neytenda hittir þar naglann á höfuðið. Það er auðvitað hans hlutverk að hafa skoðun og áhrif á lagasetningu um Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpið er að sjálfsögðu eitt af mikilvægustu tækjum neytenda í íslensku samfélagi.

Með leyfi forseta, segir umboðsmaður neytenda:

„Ég tel að í greinargerð með frumvarpinu (bls. 10–11) sé ekki sýnt fram á að hagsmunum og réttindum neytenda — notenda þjónustu Ríkisútvarpsins — sé betur borgið með því að Ríkisútvarpinu sé breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Lít ég þá annars vegar til þess að af því virðist leiða að lög á borð við upplýsingalög, nr. 50/1996, með síðari breytingum og stjórnsýslulög, nr. 37/1993, með síðari breytingum — sem taka til „stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga“ — gildi ekki um Ríkisútvarpið; er það að mínu mati ekki til þess fallið að bæta stöðu notenda útvarpsþjónustu í almannaþágu. Hins vegar tel ég að hlutafélagsformið sé ætlað fyrir rekstur með arðsemismarkmið — en ég tel óljóst hvort arðsemi eigi samkvæmt frumvarpinu að vera tilgangur Ríkisútvarpsins framvegis.“

Óljóst, segir umboðsmaður neytenda, hvort arðsemi eigi að vera tilgangurinn samkvæmt frumvarpinu. Það er að sjálfsögðu ekki, það er ekki eitt af markmiðum frumvarpsins nema það sé dulið markmið.

Áfram segir:

„Verði sýnt fram á nauðsyn formbreytingar tel ég að hagsmunum notenda útvarpsþjónustu í almannaþágu sé betur borgið með því að Ríkisútvarpið sé sjálfseignarstofnun eins og nefnt er sem valkostur á sama stað í greinargerð með frumvarpinu. Um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur gilda lög nr. 33/1999.“

Síðar segir, virðulegi forseti, og kem ég þá að kjarna málsins:

„Sjálfseignarstofnun er að mínu mati hentugt form fyrir rekstur sem hefur almannaþjónustu sem megintilgang. Sjálfseignarstofnun hefur arðsemi ekki sem rekstrartilgang heldur rennur hugsanlegur arður af starfseminni aftur inn í reksturinn til þess að sinna markmiðinu með honum og þar með til notenda þjónustunnar. Þá er sjálfseignarstofnun með takmarkaða ábyrgð enda er hún ekki tengd neinum eigendum þar eð stofnendur skilja sig frá rekstri sjálfseignarstofnunar þegar hún er sett á fót.“

Þetta er mjög glöggt fram sett, virðulegi forseti, af því að sjálfseignarstofnunarformið hefur kannski verið svolítið fljótandi fyrir mörgum. Við ræddum það töluvert hér í þinginu í fyrravetur þegar verið var að ræða um einkavæðingu Tækniháskóla Íslands, þegar íhaldið fór að einkavæða skólakerfið, þegar enn eitt einkavæðingaræðið rann á Sjálfstæðisflokkinn og þá í skóla- og menntamálum ef við tökum þá umræðu upp hér síðar.

Í orðum talsmanns neytenda um sjálfseignarstofnanir er kjarni málsins falinn. Stofnunin yrði mjög sjálfstæð, líka frá hinu pólitíska valdi, ef tækist að sníða henni þann stakk sem þarf. Ég ætla að koma sérstaklega inn á það seinna í dag hvernig best er að koma fyrir stjórn á stofnuninni.

Aðeins lengur og áfram um umboðsmanninn af því að ég hrósa af fyllstu alvöru áliti talsmanns neytenda — (Gripið fram í.) jú, jú, flutti um það tillögur — af því að hann gerir þetta vel.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Vikið er að því í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins (bls. 20) að sú krafa sé í vaxandi mæli gerð til fyrirtækja sem reka útvarp í almannaþágu að þau „skili jafnvel hagnaði.“ Einnig er í inngangi almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu (bls. 7) fjallað um þann skilning Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) að taka þurfi tillit (3. tl.) til „sanngjarnrar framlegðar“ af rekstri og (4. tl.) til „sanngjarnrar arðsemiskröfu.“ Á hinn bóginn má skilja uppsetningu 3.–5. gr. frumvarpsins og ummæli í greinargerð (bls. 8) á þá lund að „starfsemi sem sé viðskiptalegs eðlis“ sé frávik frá almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins.

Ég tel að neytendur hafi hagsmuni af því að hugsanlegur viðskiptalegur arðsemistilgangur með Ríkisútvarpinu verði í meðförum Alþingis skýrður betur og afmarkaður frá almannaþjónustuhlutverkinu — m.a. vegna valkvæðs ákvæðis í 13. tl. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins um að útvarpsþjónusta í almannaþágu feli m.a. í sér „[a]ð taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, [...]“. “

Talsmaður neytenda leggst þétt gegn því að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi, leggst mjög ákveðið gegn því og færir sannfærandi og tær rök fyrir því af hverju sjálfseignarstofnunarformið henti svo vel — það er mín skoðun og reynslan hefur líka sýnt það — utan um almannaþjónustu hvers konar. Við höfum nefnilega langa hefð fyrir því í íslensku samfélagi að samfélagslegur rekstur margvíslegur, rekstur á skólum, rekstur á heilbrigðisstofnunum, menningarlegur rekstur og ýmiss konar annar rekstur sé settur í sjálfseignarstofnanir og það hefur gefist okkur einstaklega vel. Öflug samfélagsþjónusta, sjálfstæð og frjáls frá afskiptum sem hún vill vera sjálfstæð og frjáls frá. Það hentar að sjálfsögðu mjög vel að frjáls félagasamtök og einstaklingar taki sig saman og reki ýmiss konar al-

mannaþjónustu án þess að það sé gert í hagnaðarskyni. Það er t.d. mjög heppilegt form fyrir skólarekstur ýmiss konar, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, að nota sjálfseignarstofnunarformið. Út úr því koma að mörgu leyti sjálfstæðar, öflugar og glæsilegar stofnanir í menntamálum, þannig að það er ekki málið.

Hefðin segir okkur og sagan kennir okkur að sjálfseignarstofnunarformið er ákjósanlegt form utan um rekstur á stofnun eins og Ríkisútvarpinu og um það er ekki einu sinni deilt hér. Það hefur ekki verið deilt um það það sem af er 2. umr. um Ríkisútvarpið hf. hvort sjálfseignarstofnunarformið sé óhentugt. Sölumennirnir í Sjálfstæðisflokknum hafa ekkert talað um það sérstaklega af hverju það kom ekki til greina. Þeir segja bara að þetta form sé enn þá betra. Það er örugglega betra ef útvarpið verður einkavætt og selt. Þá er þegar búið að gera stofnunina að hlutafélagi og einfaldari lagabreytingu þarf til að selja það. En þeim verður ekki kápan úr því klæðinu, sérstaklega ef áskorun mín til framsóknarmanna hér fyrir skömmu gengur eftir og þeir láta nú af undanslættinum, undirgefninni og lítilþægninni gagnvart sjálfstæðismönnum. Ef þeir koma nú í pólitískan leiðangur sem gæti staðið áratugum saman með okkur jafnaðarmönnum og félagshyggjufólki og taki við landstjórninni eftir næstu kosningar, komi einkavæðingarliðinu í Sjálfstæðisflokknum einfaldlega frá, sendi frjálshyggjuna þangað sem hún á heima, í varanlega stjórnarandstöðu. Þannig á hið pólitíska litróf að sjálfsögðu að vera á Íslandi og þannig ættu næstu kosningar að sjálfsögðu að ganga fram, að við mundum loksins losna við Sjálfstæðisflokkinn úr Stjórnarráðinu, að við mundum loksins senda hægri menn, senda nýfrjálshyggjuna, senda frjálshyggjuliðið allt saman í varanlega stjórnarandstöðu. Þá væri nú árangri náð og þá skiptir það ekki máli hvort á bak við samstarfið er einn flokkur, tveir eða þrír. Það skiptir máli að mynda öflugt pólitískt bakland á bak við nýtt ríkisstjórnarmynstur, rétt eins og við höfum gert í svo mörgum sveitarstjórnum með glæsilegum árangri, í Reykjavík í 12 ár, í Árborg núna í 4 ár. Mjög farsælt og gott samstarf er í bæjarstjórn Árborgar á milli Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins sem hefur gengið mjög vel.

Ég get nefnt mörg önnur dæmi. Ég held að flokkarnir séu að bjóða fram saman víða. Í Reykjanesbæ er A-listi, í Hveragerði er A-listi, í Garðabæ er sameiginlegt framboð Framsóknar, Samfylkingar og óháðra og Vestmannaeyjalisti er samstarf um óháð stjórnmálaafl ýmissa félagshyggju- og jafnaðarmanna. Mörg eru dæmin og glæsileg. Akraneslistinn, Samfylkingin núna, mjög vel heppnað samstarf félagshyggju og jafnaðarmanna um pólitískt samstarf og pólitíska stjórnun á sveitarfélögunum í anda jafnaðar, félagshyggju og samfélagslegra gilda. Það eru þessi samfélagslegu gildi, félagshyggjan og jöfnuðurinn, sem víkja þegar Sjálfstæðisflokkurinn ræður för. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn er stóri bróðir í stjórnarsamstarfinu víkja þessi grundvallarsjónarmið hvert á fætur öðru.

Ef við berum samfélagið saman við það hvernig það var þegar flokkarnir hófu vegferðina fyrir tíu, ellefu árum þá hefur mikið breyst til hins verra. Þá er ég ekki að tala um hin jákvæðu áhrif af EES-samningnum sem færði Íslendingum að mörgu leyti efnahagslega gullöld. Þau voru ekki Davíð Oddssyni, Sjálfstæðisflokki eða Framsóknarflokki að þakka. Þau voru framsýni jafnaðarmanna að þakka en það er allt annað mál.

Við eigum að slá pólitískri skjaldborg um félagsleg sjónarmið, um Ríkisútvarpið, um Íbúðalánasjóð, um félagslega þjónustu í landinu, um heilbrigðiskerfið og um menntakerfið, á milli þessara flokka og þá skiptir engu máli hvað flokkarnir heita í sjálfu sér. Flokkar um jöfnuð og félagshyggju, þau stjórnmálaöfl sem kenna sig við það, þau stjórnmálaöfl sem eru annað en Sjálfstæðisflokkurinn, sem er hægri flokkur, frjálshyggjuflokkur. Þar er eins og brostið hafi margra ára stíflur eftir að Davíð Oddsson fór. Þó að menn geti deilt um stjórnarhætti hans og pólitísk markmið í lífinu þá sat hann á þessum hægri öfgasjónarmiðum sem að mörgu leyti vaða nú uppi í Sjálfstæðisflokknum og gera það að verkum að aumingja Framsóknarflokkurinn þeytist með í þessa hörmulegu vegferð og allt á núna að einkavæða og háeffa á örskömmum tíma korteri fyrir kosningar.

Nú verður þessu að ljúka, þ.e. ekki ræðu minni, heldur vegferð framsóknar- og sjálfstæðismanna, og ég skora á þá að koma hér upp og svara þessu: Af hverju á að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi? Grunar Framsóknarflokkurinn Sjálfstæðisflokkinn ekki um græsku? Treystir hann virkilega sölumönnum Sjálfstæðisflokksins í málefnum Ríkisútvarpsins, friðardúfunum sem — nei, nei, bara breyta þessu í hf. og varanlega í eigu ríkisins. Fráleitt mál. Ég hef komið mörgum áskorunum á Framsókn á framfæri hér og beint mörgum spurningum til framsóknarmanna, bæði um framtíð Framsóknarflokksins og Ríkisútvarpsins og held áfram með ræðuna.

Ég var að fjalla um talsmann neytenda og mun nú halda því áfram.

(**Forseti** (DrH)**:** Nú verður gert hlé á þessum fundi til kl. 13.30.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:59]

Umræður utan dagskrár.

Mannekla á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

[13:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Nýverið kom fram í fjölmiðlum að 100 hjúkrunarfræðinga vanti til starfa á LSH og að mannekla komi niður á þjónustu við sjúklinga. Mikill skortur er líka á sjúkraliðum og aðstoðarfólki en fram hefur komið, m.a. hjá landlækni, að á Íslandi séu hlutfallslega miklu færri hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar starfandi en annars staðar á Norðurlöndum og er munurinn tvö- til þrefaldur. Fram kom að 20 deildir sjúkrahússins væru undirmannaðar og að starfsfólk hefði áhyggjur af mistökum vegna álagsins. Meðal annars hefur komið fram að vegna ástandsins hafi sjúklingum verið haldið sofandi í öndunarvél lengur en þörf krefur og að fólk þurfi að bíða lengur eftir brýnum aðgerðum sem sýnir alvarleika málsins.

Þessi staða er því grafalvarleg, svo alvarleg að ástæða er til að ræða hana á þessum vettvangi og leggja fyrir hæstv.

heilbrigðisráðherra nokkrar spurningar af því tilefni. Fram hefur líka komið að ekki sé útlit fyrir að ástandið batni á næstunni, að sögn hjúkrunarforstjóra Landspítalans. Sífellt fleiri störf hlaðast á herðar hjúkrunarfræðinga sem margir hverjir vinna nær allar helgar tvöfaldar vaktir og mikla yfirvinnu. Sama gildir um sjúkraliða.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún sé sammála því sem fram hefur komið í ályktun á fundi hjúkrunarráðs LSH fyrir skömmu og hvort hún muni láta fara fram sérstaka rannsókn á því að mannekla hafi komið niður á gæðum þjónustunnar, að öryggi sjúklinga sé ógnað og mistök hafi verið gerð vegna mikils álags á starfsfólk. Sé svo er sannarlega ekki við starfsfólk LSH að sakast eins og hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða eða ófaglært starfsfólk. Þetta fólk sem býr við mjög erfiðar aðstæður og ómanneskjulegt vinnuálag á sannarlega hrós skilið fyrir að halda þetta út og hefur iðulega gert kraftaverk við að bjarga mannslífum. Við getum verið stolt af þessu heilbrigðisstarfsfólki og þeim verðmætum sem starf þess skilar okkur.

Nú hefur þetta starfsfólk, virðulegi forseti, eins og hjúkrunarfræðingar, sent út neyðaróp og ákall til stjórnvalda og löggjafarþingsins. Mælirinn er fullur. Það er búið að fá meira en nóg. Það er að kikna undan þeim óviðunandi aðstæðum sem því eru búnar og varar við því að hættan á mistökum aukist vegna þessa gífurlega álags sem það er undir.

Það er því ekki bara starfsfólksins vegna sem grípa þarf strax til aðgerða heldur er þetta ófremdarástand fullkomlega óboðlegt, bæði starfsfólki, sjúklingum og aðstandendum þeirra. Hjúkrunarfræðingarnir segjast ekki geta hlaupið hraðar eftir göngum sjúkrahússins til að veita brýna þjónustu og bjarga mannslífum. Þeir mótmæla réttilega þeirri óvirðingu sem störfum þeirra er sýnd, knúið er á um sífellt meira vinnuálag þannig að unnið er undir öryggismörkum og segja hjúkrunarfræðingar að mistök séu óhjákvæmileg undir því gífurlega álagi sem þeim er búið.

Nú er spurningin sú hvort ríkisstjórnin ætli, hæstv. heilbrigðisráðherra, að svara þessu neyðarópi og ákalli frá starfsfólki LSH því að ábyrgðin er stjórnvalda. Þau geta ekki látið þetta ófremdarástand viðgangast lengur.

Því er hæstv. ráðherra líka spurð að því hvort hún hyggist grípa til bráðaaðgerða vegna ástandsins nú, eins og t.d. að ráða fleira aðstoðarfólk til starfa. Eins spyr ég ráðherrann um langtímaúrræði sem sannarlega eru nauðsynleg, bæði vegna fjöldatakmarkana í hjúkrunarfræðinámi — fjölga þarf brautskráðum hjúkrunarfræðingum úr 118 í 140–150 árlega að mati formanns hjúkrunarfræðingafélagsins, Elsu B. Friðfinnsdóttur — og eins að búast megi við að fjöldi starfandi hjúkrunarfræðinga muni á næstunni eiga rétt á að fara á lífeyri samkvæmt 95 ára reglunni. 40% starfandi hjúkrunarfræðinga eru fædd á sjötta áratug síðustu aldar og má því ætla að mannekla í hjúkrun verði nánast óviðráðanleg innan fárra ára að mati formanns hjúkrunarfræðinga ef ekkert verður að gert.

Loks spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað vantar marga hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og ófaglærða til að hægt sé nú að halda uppi lágmarksþjónustu og að öllum öryggiskröfum sé fullnægt? Hvernig hyggjast stjórnvöld mæta langtímaþörf fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða? Og ég spyr hæstv. ráðherra: Er ekki nauðsynlegt að marka stefnu í mönnun heilbrigðisstofnana eins og Sjúkraliðafélag Íslands hefur lengi kallað eftir?

Ég spyr líka í þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra: Hve mikil þjónusta hefur verið keypt af verktakafyrirtækjum í hjúkrun á þessu og síðasta ári og hver er launamunur hjá þeim sem starfa við hjúkrun hjá verktakafyrirtækjum annars vegar og á LSH hins vegar miðað við sambærilega starfsreynslu og menntun?

[13:39]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur beint til mín nokkrum spurningum um mönnun á Landspítalanum. Það skal tekið fram í upphafi að vandinn sem um er spurt er hvorki nýr né séríslenskt fyrirbrigði. Skortur á hjúkrunarfræðingum og öðrum fagstéttum í heilbrigðisþjónustu til starfa er alvarlegt og vaxandi vandamál í mjög mörgum löndum. Hér er um alþjóðlegt vandamál að ræða. Þess vegna t.d. setti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin þessi vandamál á oddinn og ákvað að helga 7. apríl síðastliðinn mannafla í heilbrigðisþjónustu. En þar var m.a. kynnt á fundi sem haldinn var hér á landi vinna heilbrigðisráðuneytisins við gerð mannaflaspáa.

Sumar stéttir í heilbrigðisþjónustu hér á Íslandi eru mjög vel mannaðar. Ég vil nefna t.d. að læknar eru á Íslandi 13,4% fleiri á 100 þús. íbúa en hjá næstu þjóð sem kemur á eftir okkur, Svíum. Tannlæknar eru 16,4% fleiri en hjá næstu þjóð sem kemur á eftir, Dönum. Næsta þjóð sem kemur á eftir okkur með hjúkrunarfræðinga er hærri en við. Hjá næstu þjóð sem er á undan okkur eru 2,2% færri starfandi hjúkrunarfræðingar á hverja 100 þús. íbúa, í Finnlandi sem er þó fjölmennari. Þjóðirnar þar fyrir ofan eru með talsvert fleiri hjúkrunarfræðinga en við, 10,8% færri á Íslandi en í Svíþjóð, 12,3% færri hér á landi en í Danmörku en 41,1% færri hér á landi en í Noregi þar sem eru langflestir hjúkrunarfræðingar miðað við annars staðar á Norðurlöndunum. Við erum sem sagt 2,2% færri hér í hjúkrunarfræðingastöðum heldur en í Finnlandi.

Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi starfa 5.250 manns í 3.450 stöðugildum. Þar eru hjúkrunarfræðingar í 950 dagvinnustöðugildum. Vegna þessa vanda sem við blasir hef ég að undanförnu átt fundi með stjórnendum spítalans, fulltrúum hjúkrunarráðs, forsvarsmönnum sjúkraliðafélagsins, forsvarsmönnum ófaglærðra á öldrunarstofnunum og stjórnendum þeirra stofnana.

Hv. þingmaður spyr hvort ráðherra hyggist grípa til bráðaaðgerða eða langtímaaðgerða til að sporna gegn manneklu á LSH, hvort ástæða sé til að ætla að biðlistar lengist og hvort loka þurfi deildum.

Því er til að svara að á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eru þegar hafnar ýmsar aðgerðir sem miða að því að bæta starfsumhverfi og stuðla að meiri festu og draga úr starfsmannaveltu. Sett hefur verið stefna í starfsþróun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra sem hefur það að meginmarkmiði að tryggja nægan fjölda hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri til að hrinda stefnunni í framkvæmd sem hefur störf 1. maí næstkomandi. Einnig verður stofnað starfsþróunarráð til að styðja við verkefnið.

Á tveimur deildum sjúkrahússins er nú unnið að tilraunaverkefni sem miðar sérstaklega að því að styðja við störf hjúkrunardeildarstjóra varðandi starfsmannastjórnun og m.a. er lögð áhersla á að bjóða þeim námskeið, framhaldsnám og aðra endurmenntun.

Ég hef nú þegar rætt við hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, um nauðsyn þess að kanna leiðir til að fjölga námsplássum. Það var einmitt gert fyrir nokkrum árum með góðum árangri en það eru fleiri sem sækja um að komast í hjúkrunarfræðinám en hleypt er inn í deildina.

Einnig er spurt: Hvað vantar marga hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og ófaglærða til að hægt sé að halda uppi lágmarksþjónustu og tryggja að öllum öryggiskröfum sé fullnægt? Hvernig hyggjast stjórnvöld mæta langtímaþörf fyrir þessar stéttir?

Þjónustan sem veitt er á LSH er almennt talað góð, á mörgum sviðum framúrskarandi. Starfsmenn leggja sig fram um að tryggja öryggi sjúkra. Öryggi sjúklinga er eitt af áhersluatriðum framkvæmdastjórnar á síðastliðnu og yfirstandandi ári og þar má nefna mál eins og rafrænar sjúkraskrár, rafræn lyfjafyrirmæli og átak í skráningu hvað það varðar, og einnig velta menn því fyrir sér hvað hægt er að gera til að fyrirbyggja skort á starfsfólki.

Varðandi spurninguna um hve mikla þjónustu við hefðum keypt af verktakafyrirtækjum í hjúkrun á þessu ári og um launamuninn hjá þeim og hinum sem starfa við hjúkrun á LSH er því til að svara að á síðasta ári var keypt af fyrirtækjum sem vinna hjúkrunarfræðistörf utanaðkomandi vinna fyrir 53,5 millj. en heildarkostnaður með launatengdum gjöldum fyrir hjúkrunarfræðinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er 5,3 milljarðar. Það er um 1% sem er verið að kaupa af þessum fyrirtækjum. Ekki eru hins vegar haldbærar upplýsingar um launakjör hjúkrunarfræðinga hjá verktakafyrirtækjunum.

Að lokum er spurt hvort ráðherra sé sammála ályktun hjúkrunarráðs LSH sem kom fram fyrir skömmu. Það er þannig að ég hef kynnt mér bæði hjá landlæknisembættinu og hjá deild gæðamála og innri endurskoðunar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hvort vitað sé um einhver ákveðin atvik eða mistök sem beint sé hægt að rekja til þessa vinnuálags hjá hjúkrunarfræðingum (Forseti hringir.) en samkvæmt upplýsingum mínum er ekki nein bein atvik hægt að rekja með óyggjandi hætti til þess.

[13:44]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ljóst er að mikið álag hefur verið á starfsfólki sem sinnt hafa umönnun sjúklinga á nokkrum deildum Landspítala – háskólasjúkrahúss allt frá því stofnað var til háskólasjúkrahússins á sínum tíma. Álagið var mest á öldrunar- og lyflækningadeildum en er nú orðið viðvarandi á nær öllum deildum sjúkrahússins.

Þessi staða kom berlega í ljós á almennum fundi hjúkrunarfræðinga sem haldinn var 5. þessa mánaðar þar sem lýst var yfir miklum áhyggjum vegna skorts á hjúkrunarfræðingum þar sem nú vantar um 100 hjúkrunarfræðinga til starfa. Uppsöfnuð þreyta braust fram og ástandinu var lýst eins og það er. Það var ekki verið að fegra eða hylma yfir ástand sem allir eru ósáttir við. Þessum lýsingum var ekki vel tekið af stjórnendum spítalans en landlæknir hefur tekið undir áhyggjur og lýsingu hjúkrunarfræðinganna.

Vinnuálagið á sjúkrahúsinu er óheyrilegt. Stöðugt kvabb um að mæta á aukavaktir er óþolandi til lengdar og við það ástand sem nú ríkir á öldrunarheimilum og í öldrunarþjónustunni er alveg fyrirsjáanlegt að álagið muni eingöngu aukast. Erfitt er að fá ófaglært starfsfólk. Sjúkraliðar eru ekki síður undir miklu álagi og erfitt er að fá þá líka til starfa. Gerð er óheyrileg krafa um sparnað og hagræðingu innan stofnunarinnar sem hefur komið niður á faglegri þjónustu, hefur komið niður á heilbrigði starfsmannanna og sjúklinganna.

Það verður að leita eftir samráði við þessa fagaðila og ófaglærðra um úrlausnir og líta á fleiri þætti en sparnað og hagræðingu þegar við erum að líta til heilbrigðisþjónustunnar á svo mikilvægri stofnun eins og Landspítali – háskólasjúkrahús er.

[13:47]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Hér er verið að ræða mjög þarft málefni sem er mönnun á Landspítalanum. Útgjöld til heilbrigðismála hafa vaxið umfram landsframleiðslu og er það alþjóðlegt vandamál. En hér á landi hefur hún vaxið miklu meira en annars staðar þannig að við trónum efst á toppi á þeim lista.

Þetta er mjög hættuleg þróun og það vita allir að þetta gengur ekki til eilífðarnóns því þá enda þjóðir heims í að framleiða bara fyrir heilbrigðiskerfið. Það gengur ekki.

Það sem ég held að sé vandamálið er að heilbrigðiskerfið íslenska er niðurnjörvað í ríkisrekstri. Eins og öll önnur fyrirtæki framleiða spítalar vöru og þjónustu og nota til þess fjármögnun og fólk. Það er bara svo einfalt. Vandinn er stjórn, forgangsröðun og hagræðing. Hvers vegna eru t.d. læknar með miklu hærri laun en aðrir háskólamenn? Hafa menn spurt sig að því? Hafa stjórnendur spurt sig að því? Og hvað er lækningin stór hluti af starfi læknanna? Eru þeir allan daginn að lækna eða eru þeir að gera eitthvað annað? Hvernig er háttað verkaskiptingu lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og annarra? Er skynsemin höfð að leiðarljósi? Er verið að minnka skriffinnsku? Gæta menn að því að vinnuálag sé ekki of mikið á vissum stéttum? (**JBjarn:** Er þetta fulltrúi Sjálfstæðisflokksins?) Er það fólk sem skipuleggur og stjórnar meðvitað um þann gífurlega kostnað sem þetta leiðir til fyrir skattgreiðendur og lakari þjónustu? Hafa menn áttað sig á því hvað vinnuálag eykur mikið hættuna á mistökum sem aftur kosta meiri vinnu, meira álag og meiri kostnað.

Ég held að stjórnendur Landspítalans þurfi að bæta enn um betur og auka gæðaeftirlit og gæðastjórnun og bæta stjórnunina og gæta þess sérstaklega að þær stéttir sem eru undirmannaðar verði ekki undirmannaðar lengur og þá kannski skera niður þær stéttir sem eru yfirmannaðar, sem eru læknarnir.

[13:49]

Pétur Bjarnason:

Frú forseti. Landspítali – háskólasjúkrahús er fjölmennasti vinnustaður landsins en þar vinna rétt um 5.000 manns.

Kostnaðarliðir sjúkrahússins og heilsugæslunnar hafa vaxið og þeir munu vaxa í samræmi við aukna þörf. Eftirspurn eftir þjónustu hefur einnig vaxið. Hún mun vaxa áfram.

Nauðsynlegt er að ekki verði slakað á kröfum til þeirrar góðu þjónustu sem við njótum og að öryggi sé til staðar. Það öryggi fæst ekki nema með góðu starfsfólki sem býr við starfsöryggi og starfsánægju. Það er rétt sem hæstv. heilbrigðisráðherra sagði áðan, að vandinn er ekki nýr. Hann er eigi að síður brýnn og það verður að taka á honum. Einnig er ljóst að niðurskurður sem hefur verið í rekstri sjúkrahússins bitnar á þjónustu við sjúklinga. Fjárveitingar til stofnunarinnar eru einfaldlega of litlar.

Formaður læknaráðs Landspítala – háskólasjúkrahúss sagði eftir áramót að horfur væri á að segja þyrfti upp allt að 200 starfsmönnum að óbreyttu. Ástandið ógnar öryggi sjúklinga. Fækkun starfsmanna eykur álag á starfsfólk sem eftir verður og auknar kröfur um vinnuframlag vegna vaxandi yfirvinnu sérfræðistarfsfólks, einkum hjúkrunarfræðinga, sömuleiðis. Sparnaður hefur orðið til þess að sjúklingar fá minni þjónustu en áður. Þeir koma inn veikari en fyrr og þeir eru útskrifaðir fyrr. Starfsfólkið leggur sífellt meira á sig en því eru takmörk sett hvað hægt er að ganga hart að því.

Það er einkennileg umræða sem fram fer um svokallað hátæknisjúkrahús sem á að rísa í einhverri óljósri framtíð. En á sama tíma er öllum ljóst að við búum þegar við hátæknibjónustu og hátæknibúnað á sjúkrahúsunum í dag. Aðstaðan er frábær og starfsfólkið leggur mikið á sig. Er ekki hægt að finna jöfnuð á milli þessara sjónarmiða? Draga úr hástemmdri umræðu um væntanlegt hátæknisjúkrahús en hlúa að þeirri öflugu hátækni- og sérfræðiþjónustu sem við búum sannarlega við í dag og veita henni möguleika á að nýta (Forseti hringir.) mannafla sinn og þekkingu? Liður í því er að búa starfsfólkinu sæmandi umhverfi og kjör.

[13:51]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Skortur á ákveðnum fagstéttum innan spítalans hvort sem átt er við hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða eða aðrar stéttir kemur niður á sjúklingum vegna lakari þjónustu, kemur niður á almenningi vegna lengri biðlista en ella og á starfsfólkinu vegna slítandi starfsumhverfis. Í þessari umræðu vil ég einblína á öryggi sjúklinga. Mig langar að fara yfir atriði sem ekki er víst að þjóð og þing átti sig á.

Árið 2005 voru 30.000 innlagnir á Landspítala – háskólasjúkrahús. Landlæknir hefur bent á að sé svipuð tíðni mistaka hér á landi og rannsóknir sýna erlendis þá mætti ætla að 3.000 óhöpp eða misfellur hafi átt sér stað á Landspítalanum í fyrra. Þar af mætti ætla að 600 þessara óhappa á Landspítalanum hafi verið alvarleg. Samkvæmt þessari tölfræði sem á sér stoð í fjölmörgum erlendum rannsóknum sem landlæknir hefur bent á kemur í ljós að ætla má að 180 dauðsföll hafi verið á Landspítala vegna óhappa árið 2005 og hefði mátt koma í veg fyrir 90 þeirra dauðsfalla.

Þetta eru ótrúlegar tölur en við komumst ekki hjá því að ræða þær. Sé ástandið hérlendis eins og það er erlendis deyr einstaklingur á Landspítalanum fjórða hvern dag vegna óhapps sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir. Á móti hefur verið bent á framúrskarandi starfsfólk í íslenska heilbrigðiskerfinu. Það skiptir án efa öllu máli fyrir öryggi sjúklinga. En við getum ekki fullyrt án rannsókna að þessi veruleiki sem er margstaðfestur erlendis eigi ekki við Ísland.

Auðvitað er ástæða fyrir mistökum í heilbrigðiskerfinu margs konar. En ein af þeim ástæðum getur verið mannekla og slítandi starfsumhverfi. Sé eitthvað í heilbrigðiskerfinu sem eykur hættuna á mistökum í heilbrigðiskerfinu eigum við að bregðast hratt og vel við því.

[13:53]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Mig langar í upphafi ræðu minnar að minna á þann góða vitnisburð sem starfsemi og starfsmenn Landspítalans almennt fengu hjá Ríkisendurskoðun í skýrslu hennar og mati á góðum árangri af sameiningu sjúkrahúsanna.

Í öðru lagi vil ég, frú forseti, koma á framfæri í umræðunni að fjöldi sjúklinga jafnt og starfsmanna, ekki einungis sem ég hef heyrt frá heldur ýmsir aðrir, vitna um mjög góða þjónustu á Landspítalanum og góða og örugga umönnun. Þær raddir heyrast því miður allt of sjaldan í þessum sal, sem er þá ekki til að hafa góð áhrif á sjálfsmynd starfsmanna og á starfsánægju þeirra almennt. Það dregur úr því. Þjónustan er góð en því miður kallar skortur á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum á of mikið vinnuálag og aukavaktir langt umfram það sem æskilegt er.

Mönnun sjúkrahúsanna er auðvitað grundvallaratriði fyrir gæðum þjónustunnar og hún skiptir líka meginmáli fyrir gott og aðlaðandi starfsumhverfi og þess vegna þarf að huga að því að tryggja fullnægjandi mönnun bæði í bráð og lengd.

Hæstv. heilbrigðisráðherra gerði í ræðu sinni grein fyrir vinnu sem fer fram innan ráðuneytisins og hjá landlækni og hugmyndum eða tillögum sem hún á von á frá landlækni um að bæta starfsskilyrði með því að létta álagið á þessar stéttir með breytingum á verklagi. Það sem er alvarlegast er að skorturinn er fyrirsjáanlegur og verður vaxandi á næstu árum. Fyrirsjáanlegur er meiri skortur en við búum við núna ef ekkert verður að gert.

Sókn í hjúkrunarfræði er mun meiri en báðir háskólarnir á Akureyri og Háskóli Íslands geta tekið á móti og þeir eru að útskrifa mun færri hjúkrunarfræðinga en þörf er á. Þarna eru sóknarfæri sem þarf að leysa í samstarfi hæstv. heilbrigðisráðherra og hæstv. menntamálaráðherra, að fjölga nemum í hjúkrunarfræði. Svo þarf auðvitað að aðgreina sérstaklega þann kostnað sem háskólastarfsemi sjúkrahúsanna ber með sér, klíníska kennsluna, að skilgreina hana sérstaklega í fjárveitingum (Forseti hringir.) til sjúkrahúsanna.

[13:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Jónínu Bjartmarz að starfsfólk sjúkrahúsanna fær góðan vitnisburð. En það fær ríkisstjórnin hins vegar ekki. Enda á hún hann ekki skilið. Það er með ólíkindum hve úti á þekju stjórnvöld virðast vera í þessum efnum þegar mannahaldið

er annars vegar. Hjúkrunarfræðingar hafa bent á þetta um árabil. Það hafa sjúkraliðar einnig gert. Í málgagni Sjúkraliðafélags Íslands, Sjúkraliðanum, hefur aftur og ítrekað ár eftir ár verið bent á og sýnt fram á með markvissum hætti í hvað stefndi í þessum efnum.

Árið 2002 var gerð könnun sem leiddi í ljós að yfir 800 sjúkraliða vantaði á vinnumarkað til að svara eftirspurn. Hefði þurft 300 til viðbótar árlega. Nú stefnir hins vegar í fækkun í þessari stétt. Hingað til hafa menn einblínt á stöðu sjúklinganna á sjúkrahúsunum eðlilega. En sinnt þá minna um aðstæður starfsfólksins, vinnuálagið, vaktafyrirkomulagið, en að sjálfsögðu er þetta nátengt og samtengt. Því meira vinnuálag, þeim mun minni þjónusta. Því minni aðhlynning, hæstv. forseti, þeim mun færra fólk sækir inn í þessar stéttir.

Nú stefnir í óefni. Nú þarf að gera eitthvað og það þarf að gera eitthvað markvisst. Sem betur fer eru hafnar viðræður milli hjúkrunarfræðinga, að því er ég best veit, og stjórnvalda og fyrir fáeinum dögum einnig við Sjúkraliðafélag Íslands.

Hæstv. forseti. Fylgst verður náið með hver framvindan verður í þessum efnum og hvort núna verði raunverulega gripið til aðgerða sem duga.

[13:58]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Skortur á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum til starfa innan heilbrigðisþjónustunnar er viðvarandi og hann á við um allar heilbrigðisstofnanir landsins. Hann er ekki bundinn við Landspítalann eingöngu. Vandinn er heldur ekki bundinn við Ísland. Hann er alþjóðlegur. Vandinn er hins vegar brýnn. Hann varðar öryggi sjúklinga og starfsaðstæður á heilbrigðisstofnunum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að sterk tengsl eru á milli mönnunar innan hjúkrunar og vinnuálags annars vegar og hættu á mistökum í meðferð sjúklinga hins vegar.

Um síðustu aldamót bentu kannanir til að það vantaði að manna um 300 stöðugildi hjúkrunarfræðinga og um 320 stöðugildi sjúkraliða samkvæmt stöðuheimildum á landinu öllu. En mun meira ef miðað var við þörf. Líklegt má telja að vandinn hafi aukist fremur en hitt á síðustu árum. Þörf fyrir menntafólk innan hjúkrunar eykst jafnt og þétt. Þar kemur til að þjóðin er að eldast. Stærri árgangar hjúkrunarfræðinga eru að fara á eftirlaun og aðsókn í sjúkraliðanám hefur minnkað verulega.

Við Íslendingar erum hins vegar betur í stakk búnir til að takast á við þetta verkefni en flestar aðrar þjóðir. Því ólíkt því sem gerist annars staðar í heiminum er aðsókn og áhugi ungs fólks á hjúkrunarnámi mikill. Þá eru heilbrigðisstofnanir í stakk búnar að taka við fleiri nemendum. Aðgangstakmarkanir í hjúkrunarfræðideildir Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri gera það hins vegar að verkum að aðeins um helmingur nemenda halda áfram námi eftir samkeppnispróf. Vandinn hjá okkur er því tæknilegur, ekki kerfisbundinn og því auðveldara að leysa hann.

Jafnframt þarf að gera átak til að auka áhuga ungs fólks á sjúkraliðanámi og þar með einnig möguleikum ófaglærðs fólks í umönnunarstörfum að auka þekkingu sína.

Virðulegi forseti. Ég hef nokkrum sinnum vakið athygli á þessum vanda hér á hinu háa Alþingi á undanförnum árum. Ég legg áherslu á að heilbrigðis- og menntamálaráðherrar og stjórnendur heilbrigðisstofnana og kennslustofnana taki höndum saman til að leysa þennan vanda til lengri og skemmri tíma. Þörfin er brýn og aðstæður hagstæðar til að takast á við hann.

[14:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Það er alvarlegt áhyggjuefni sá doði og það ráðleysi sem birtist í orðum hæstv. ráðherra þegar hún er að svara fyrir það alvarlega neyðarástand sem ríkir á Landspítalanum. Mér finnst það vera köld kveðja til hjúkrunarfræðinga, þau skilaboð sem hér koma frá hæstv. ráðherra, sem hafa sent út alvarlega aðvörun til stjórnvalda. Ég spyr: Ætlar hæstv. ráðherra ekki að taka mark á þeim aðvörunum? Það virðist vera ef marka má orð hæstv. ráðherra að hún telji það ekki vera neitt vandamál eða hún taki undir það sem hafi komið fram hjá hjúkrunarfræðingum að mannekla hafi komið niður á gæðum þjónustunnar, öryggi sjúklinga sé ógnað og mistök hafi verið gerð vegna mikils álags á starfsfólki. Ráðherrann virðist ekki trúa því. Og meðan hún trúir því ekki er ekki von til þess að ráðherra geri mikið í málinu.

Ráðherrann verður að standa frammi fyrir því og horfast í augu við það að vinnuálagið er að drepa þetta starfsfólk á spítalanum. Það kviðir því að mæta í vinnu, það er hrætt við að gera mistök undir þessu gífurlega álagi. Andvaraleysi stjórnvalda og skilningsskortur sem hér kemur m.a. fram hefur knúið þetta fólk til að vinna undir öryggismörkum og það er sífellt undir þrýstingi að taka að sér fleiri og fleiri sjúklinga. Þetta er verulegt áhyggjuefni, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra skuli nánast ekkert ætla að gera í málinu. Það eina sem kemur fram er að hæstv. ráðherra hafi rætt við menntamálaráðherra til að kanna hvaða leiðir hægt er að fara til að fjölga námsplássum. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur ráðherra og ríkisstjórn ef ekkert á að gera.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hún reiðubúin til að leita eftir samráði við sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga um að leysa það vandamál sem við blasir? Í fyrsta lagi bráðaaðgerðir (Forseti hringir.) og síðan langtímaaðgerðir sem þarf að takast á við. Er hún tilbúin til að setjast að borðinu með þessum aðilum og ræða þessi mál af fullri alvöru?

[14:02]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það kom mjög skýrt fram í fyrri ræðu minni að ég tek fullt mark á þeim skilaboðum sem ég hef fengið. Það er líka búið að bregðast við og það er annað í farvatninu. Það er alveg ljóst að sjúkrahúsið sjálft hefur brugðist við. Þar er verið að setja verkefni í gang sem miða einmitt að því að bæta ástandið. Ég nefndi það í fyrri ræðu minni, (**JóhS:** Bráðaástandið?) já, bráðaástandið. Verið er að ráða núna t.d. ritara til að vinna fram eftir á kvöldin til að minnka álagið á hjúkrunarfræðingunum og fleiri slík atriði sem miða að innra skipulagi sjúkrahússins. Það er því algjörlega fráleitt að halda því fram að ekkert sé verið að gera, það er bara ekki þannig.

Mér finnst líka mikilvægt að draga það fram að ég hef

verið að hefja viðræður við hæstv. menntamálaráðherra til að skoða framtíðina. Það eru hjúkrunarfræðingarnir og sjúkraliðarnir sem eru mesta framtíðarvandamálið og ekki síst sjúkraliðarnir, sem frekar fáir hafa gert hér að umtalsefni. Ég hef mun meiri áhyggjur af stöðu sjúkraliða í framtíðinni en af stöðu hjúkrunarfræðinga þó að umræðan hér snúist mest um hjúkrunarfræðingana, það er líka vandi þar. En ég hef meiri áhyggjur af sjúkraliðunum í framtíðinni.

Af umræðunni sem hér hefur orðið um dauðsföll vil ég sérstaklega taka fram, eins og ég gerði í fyrri ræðu minni, að ekki er hægt að rekja nein tilfelli með óyggjandi hætti til manneklu. Hins vegar eru tengsl á milli manneklu og mistaka í starfi og það er alveg rétt.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það sem hér hefur komið fram hjá nokkrum hv. þingmönnum að þjónustan á LSH er mjög góð. Hins vegar hafa sumir ekki sett sig úr færi um að tala um að hún sé léleg. Þar er ég ekki að meina ákveðnar starfsstéttir á spítalanum, alls ekki. Ég vil nefna bara Morgunblaðið. Ég átta mig ekki á af hverju Morgunblaðið í leiðurum ræðst að LSH með mjög ómaklegum hætti. Ég hef áhyggjur af því (Forseti hringir.) vegna þess að starfsemi sjúkrahússins er mjög öflug og ég er stolt af henni þó að margt megi þar bæta eins og ávallt.

Ríkisútvarpið hf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 401. mál (heildarlög). — Þskj. 517, nál. 1037 og 1117, brtt. 1038.

[14:05]

Björgvin G. Sigurðsson (frh.):

Frú forseti. Þá held ég áfram með ræðu mína sem nú hefur tekið yfir tvær árstíðir. Hún hófst síðasta vetrardag, var frestað skömmu eftir miðnætti þegar sumardagurinn fyrsti var runninn upp og heldur nú áfram og er ánægjulegt að standa hér í sumarsólinni og ræða þetta alvarlega mál.

Ég hef sérstaklega gert að umtalsefni stöðu Framsóknarflokksins í málinu og kallaði eftir því að talsmenn þeirra í umræðunni síðar í dag eða síðar við 3. umr. geri okkur grein fyrir því hvað varð til þess að Framsóknarflokkurinn lét undan kröfu Sjálfstæðisflokksins um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi en ekki sjálfseignarstofnun. Eða að fara aðrar leiðir til að tryggja félagslegt eignarhald og félagslegt hlutverk RÚV. Hef ég lagt fram ýmislegt í þann orðabelg um að bjarga bæði Framsóknarflokknum og Ríkisútvarpinu úr klóm Sjálfstæðisflokksins. Verður gaman og fróðlegt að heyra hvernig framsóknarmenn taka þessari umræðu og útskýra það fyrir þingi og þjóð af hverju þeir slógu svona undan einkavæðingarofstækinu í Sjálfstæðisflokknum, af því að engum blandast hugur um hvar þeir standa enda hafa þeir verið nokkuð sprækir við umræðuna síðustu daga, hv. þingmenn Pétur Blöndal, Birgir Ármannsson og Sigurður Kári Kristjánsson sem eru mjög einbeittir sölumenn Ríkisútvarpsins. Þeir hafa staðið sig ágætlega að því leyti, hafa borið uppi þau frjálshyggjusjónarmið að koma Ríkisútvarpinu frá. En síðan eru margir fletir og það eru svo margar mótsagnir í afstöðu og framgöngu Sjálfstæðisflokksins í þessu máli og nú síðast sú ásökun sem ég rakti áðan frá forsvarsmönnum 365 og fleiri aðilum um að Ríkisútvarpið hf. eins og það lítur út hér sé áhlaup ríkisvaldsins og ríkisstjórnarinnar á einkarekna ljósvakamiðla á Íslandi, áhlaup númer tvö ef við teljum áhlaup númer eitt vera fjölmiðlafrumvörpin sem kolféllu hér hvert um annað endilangt fyrir nokkrum dögum.

Ég hef skorað á Framsóknarflokkinn að spyrna við fótum og losa sig úr þessari ömurlegu ánauð sem er að valda því að flokkurinn stendur nú frammi fyrir pólitísku afhroði, tel ég vera, ef hann réttir ekki út kútnum, stendur í lappirnar gagnvart Sjálfstæðisflokknum og losar sig úr þessari einkavæðingar- og frjálshyggjuspennitreyju sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur náð að festa hann í og kasta inn í klefa þar sem hann megi sín ákaflega lítils í því pólitíska litrófi sem nú er uppi og virðist vera að tapa öllum sínum félagslegu einkennum. Allt fyrir þetta brokkgenga, árangurslitla stjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn sem virðist vera að leiða þjóðina inn í verðbólgu, vaxtaokur og gengisflökt sem á sér vart sinn líka. Þetta eru minnisvarðarnir. Svona skilur þessi hörmulega hægri stjórn við og síðustu verkin sem á að inna af hendi áður en ríkisstjórnin fellur í kosningunum eftir ár er að koma nokkrum samfélagslegum stofnunum eins og Ríkisútvarpinu í hlutafélagaform svo að auðveldara verði að selja það þegar þannig árar.

Það verður spennandi að vita, af því að fyrir ári síðan kom það ekki til greina af hálfu Framsóknarflokksins að gefa neitt eftir, aldrei skyldi RÚV verða hlutafélag, hvort þeir eftir ár verði búnir að gefa eftir hvað varðar söluna líka og hvort Ríkisútvarpið verði þá einkavætt og þeir verði búnir að gleyma því öllu saman af hverju þeir vildu ekki einkavæða í fyrra. Hvort Pétur Blöndal, Birgir Ármannsson og Sigurður Kári, frjálshyggjuarmurinn í Sjálfstæðisflokknum nái að leiða þá inn á þessar brautir líka, af því að áhrif þessara þriggja manna í Framsóknarflokknum virðast vera nokkuð ótæpileg. Gefið er eftir í hverju málinu á fætur öðru af því að þessir menn spruttu upp einhvern veginn eftir formannsskiptin og forustuskiptin í Sjálfstæðisflokknum í fyrra. Nú fara frjálshyggjumennirnir hamförum í Sjálfstæðisflokknum. Nú skal allt hlutafélagavætt og allt einkavætt, allt sem hönd á festir. En það er eins og eitthvað hafi gefið eftir og viðnámið sé ekki lengur neitt. Hið félagslega viðnám hefur minnkað við einkavæðingarofstækið í Sjálfstæðisflokknum sem við jafnaðar- og félagshyggjumenn litum þó alltaf til á því sorglega skeiði íslenskrar stjórnmálasögu sem ríkisstjórnarsamstarf síðustu ellefu ára vissulega er. Við litum þó alltaf til þess að það væri félagslegt viðnám í ríkisstjórninni sem væri að finna í Framsóknarflokknum og það hefur oft verið til staðar. Framsóknarmenn mega eiga það sem þeir eiga og allt í lagi með það, ég er ekki að halla á það.

En nú er eins og eitthvað hafi gefið eftir og þeir hafi bara gefist upp, lagt frá sér vopnin, lagt til hliðar hin félagslegu sjónarmið og Sjálfstæðisflokkurinn vaði yfir Framsóknarflokkinn á skítugum skónum þannig að meira að segja meginmálið, pólitísku prinsippin falli, ekki bara afstaða til dægurmála. Nógu alvarleg er afstaðan til innrásarstríða eins og hins ólögmæta innrásarstríðs í Írak þegar ríkisstjórnin, Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson, hæstv. ráðherrar á þeim tíma leiddu þá skömm yfir íslensku þjóð-

ina að styðja við ólögmætt innrásarstríð í Írak með ömurlegum afleiðingum. Ég hélt að þar hefði verið einhver botn, þar lá við að baklandið brysti hjá Framsóknarflokknum. Ég hélt að það hefði verið einhvers konar botn í tilverunni og þeir mundu nú spyrna við fótum, sýna Sjálfstæðisflokknum í tvo heimana og láta þá bara brjóta á, bjarga þó lífi og pólitískri framtíð flokksins, falla með reisn í þessu stjórnarsamstarfi. Láta brjóta á til að bjarga stofnunum eins og Ríkisútvarpinu, grundvallarstofnunum í íslensku samfélagi frá Sjálfstæðisflokknum og bjarga þannig lífi sínu og losa sig úr klóm Sjálfstæðisflokksins. En Framsóknarflokkurinn hefur ekki gert þetta enn þá. Ég hef mjög verið að skora á hann í ræðu minni bæði í dag og í fyrri hluta hennar á miðvikudaginn að gera slíkt á næstu missirum og koma með jafnaðarmönnum og félagshyggjufólki í þá pólitísku vegferð sem yrði til þess að Sjálfstæðisflokkurinn færi í langvarandi og varanlega stjórnarandstöðu hérna um árabil og helst áratuga skeið rétt eins og samstaða félagslegu aflanna í borginni varð til þess að koma Sjálfstæðisflokknum loksins frá völdum í borginni 1994. Síðan má segja að Reykjavík hafi blómstrað eftir að hún losnaði undan ægivaldi Sjálfstæðisflokksins sem fékk þar jafnvel hreinan meiri hluta, töluvert undir 50% atkvæða út af óheppilegri atkvæðadreifingu, sama og flokkurinn er að stóla á núna víða um land. Uppgangur sjálfstæðismanna í borginni eftir að kosningabandalag jafnaðar- og félagshyggjumanna brast er náttúrlega viðvörun um hvað gerist ef samstöðuna brestur hjá félagslegu öflunum. Önnur viðvörun til félagslega þenkjandi fólks um hvað gerist ef samstöðuna brestur. Einn hleypur út undan sér og gerist hækja Sjálfstæðisflokksins þó að mjög ranglátt sé að kenna alltaf hækjunni heltina, það er ranglátt því að auðvitað er heltin Sjálfstæðisflokknum að kenna en ekki hækjunni, hún einfaldlega styður undir arminn.

Enn önnur viðvörun til félagslega þenkjandi fólks er að sjálfsögðu frumvarpið sem við ræðum hérna í dag, þ.e. einkavæðingarárátta sjálfstæðismanna og það áhlaup sem nú stendur yfir að samfélagslegum markmiðum á Íslandi og í leiðinni það áhlaup sem sumir segja að standi yfir gagnvart einkareknum ljósvakamiðlum sem nú um stundir eru margir hverjir í eigu fyrirtækja og athafnamanna sem eru mjög svo í óþökk Sjálfstæðisflokksins og hafa haft horn í síðu þeirra athafnamanna og beitt ótrúlegustu meðulum til að koma höggi á þá. Sú sorgarsaga verður rakin betur síðar. En allt tengist þetta hvert öðru af því að líklega er þetta frumvarp um Ríkisútvarpið hf. angi og framhald af þeirri skrýtnu málafylgju sem fjölmiðlalögin voru hérna fyrir nokkrum missirum og urðu að þeim skrípaleik sem kannski hafi flýtt því mjög að Davíð Oddsson hætti í pólitík, ég veit það ekki. Svo hrikalega fór sá farsi og svo illa fór sá skrípaleikur með Sjálfstæðisflokkinn sem hefur ekki borið barr sitt síðan og er mjög mildilega sagt ótrúverðugur þegar kemur að umræðum um fjölmiðlun, fjölmiðlalög og setningu hvers konar fjölmiðlalaga á Íslandi, ótrúverðugur mildilega sagt, til að leyfa þeim nú að njóta vafans og sanngirninnar.

Meginumræðuefni ræðu minnar hér hefur annars vegar verið tilgangurinn með Ríkisútvarpinu og hins vegar fjármögnun hins opinbera á útvarpinu, þetta skiptir meginmáli, annars vegar hlutverk RÚV og hins vegar fjármögnunin.

Í Morgunblaðinu 20. apríl birtist nokkuð athyglisverð grein eftir Guðlaug Stefánsson, sem er hagfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins, sem áður mátti nú kannski heita eitt af vígum Sjálfstæðisflokksins þar sem þeir ættu alla vega í hús að venda. Nú gera talsmenn frá Samtökum atvinnulífsins mjög alvarlegar athugasemdir við frumvarpið um RÚV og í fyrirsögn sinni að greininni spyr Guðlaugur Stefánsson hagfræðingur: „Hvað er að frumvarpi um RÚV?“

Það er náttúrlega fjöldamargt — svo að ég svari spurningunni — eins og ég hef rakið hér í dag og á miðvikudaginn, en hann kemur með mjög glöggar athugasemdir í þessa veru sem styðja mjög undir þann málflutning sem stjórnarandstaðan hefur haft uppi.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið hf. felur í sér að stofnað verði hlutafélag um rekstur RÚV í 100% eigu ríkisins. Brýnt er að með lögunum verði staðfest að útvarps- og sjónvarpsrekstur er ekki lögvarin einokunarstarfsemi ríkisins, eins og áður var, heldur atvinnustarfsemi sem hverjum og einum er frjálst að stunda sem hefur til þess tilskilin leyfi.“

Ég vek athygli á það sem segir í framhaldinu er algjört grundvallaratriði, þeir eru ekki að finna að smáatriðum. Þeir finna að undirstöðum frumvarpsins, sem löngu eru fallnar að mínu mati af því að þetta frumvarp er klastur, illa ígrundað og illa unnið klastur af hálfu hæstv. menntamálaráðherra og er hæstv. ráðherranum, virðulegi forseti, mjög til pólitískrar háðungar. Minnisvarðinn mikli sem hæstv. menntamálaráðherra ætlaði sér að reisa með þessu frumvarpi hefur snúist upp í skopleik af hálfu meiri hlutans.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Í umsögn Samtaka atvinnulífsins til Alþingis var komist að þeirri niðurstöðu að frumvarpið samræmdist ekki ákvæðum EES-samningsins um ríkisstyrki og tryggði ekki viðunandi jafnræði milli aðila í útvarps- og sjónvarpsrekstri. Nú liggur fyrir álit meirihluta menntamálanefndar Alþingis. Er þar lítið horft til þessa sjónarmiðs og aðeins lagðar til óverulegar breytingar á upphaflegu frumvarpi.

Fjármögnun RÚV felur í sér ríkisstyrk.“ — Það sem ég talaði um hérna áðan. — „Er þetta staðfest í bréfaskiptum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) við íslensk stjórnvöld. Reglur EES-samningsins um ríkisstyrki gilda um frumvarpið. Stjórnvöldum ber því að tilkynna efni þess til ESA og er óheimilt að hrinda nýrri ríkisaðstoð í framkvæmd fyrr en samþykki liggur fyrir frá ESA.“

Síðar segir í greininni eftir Guðlaug Stefánsson hagfræðing hjá Samtökum atvinnulífsins:

„Vandamálið er stærst á markaði eins og þeim íslenska þar sem ríkisstyrktri stöð er einnig heimiluð tekjuöflun með sölu auglýsinga.“

Það sem ég gerði mjög að umtalsefni mínu hér fyrir hádegi, það forskot sem ríkið veitir Ríkisútvarpinu, það frávik frá eðlilegum samkeppnisreglum annars vegar á atvinnumarkaði, verður að réttlæta með mjög ítarlegum og nákvæmum hætti og það er gert að sjálfsögðu með því að endurskilgreina hlutverk almannaútvarpsins frá grunni og í öðru lagi liggur því algjörlega til grundvallar að takmarka

umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði þannig að það verði eitthvað sem megi segja eðlilegt á þeim litla markaði sem við búum á og gefi einkareknum ljósvakamiðlum rými til rekstrar. (Gripið fram í.) Eðlilegt að mati mínu væri að umfang RÚV á auglýsingamarkaði færi ekki yfir 15% eftir einhver tiltekin ár, kannski á áratug. Það er 30% í dag, 50–60% á sviði ljósvaka, það færi niður í 25%, 20%, 15%, væri u.þ.b. viðmiðið sem umfang að heildarauglýsingamarkaði. (Gripið fram í.) Búinn að stúdera málið vel. Þetta væri mjög farsæl leið, annars vegar sanngjörn gagnvart útvarpinu, sanngjörn gagnvart auglýsendum, sanngjörn gagnvart hlustendum, neytendum, okkur sem eigum útvarpið — ef Sjálfstæðisflokknum tekst ekki að selja það — okkur sem eigum útvarpið til að (Gripið fram í.) nálgast upplýsingar frá auglýsendum, Framsóknarflokknum og öðrum auglýsendum. Ég sá að Framsóknarflokkurinn er byrjaður að auglýsa í sjónvarpi fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor, snemma á ferðinni, nýtir sér miðilinn. Það var reyndar á Stöð 2.

Það þarf því að draga mjög úr og skilgreina og takmarka umfang RÚV á auglýsingamarkaði um leið og við skilgreinum hlutfall af innlendu, leiknu dagskrárefni í dagskrá stöðvanna og svo í að endurskilgreina alveg frá grunni tilgang og markmið með ríkisreknum fjölmiðli, sem sjálfstæðismennirnir, sölumennirnir, hæðast mjög að í frumvarpi sínu og leggja að líkum við það að ríkið ræki tímarit eða ríkisdagblað, eins og 1. flutningsmaðurinn að þessu frumvarpi, Pétur H. Blöndal, hefur oftsinnis sagt. Honum finnst það fáránlegt að ríkið reki fjölmiðil en samt eru þessir sömu sjálfstæðismenn, sölumennirnir sömu, að berjast fyrir því að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi en ekki selt. Hver í ósköpunum á að trúa þessari vitleysu? Hver á að trúa svona tvískinnungi?

Af hverju geta sjálfstæðismenn ekki staðið við sitt? Af hverju geta sölumennirnir ekki hent af sér hempunni og verið svolítið heiðarlegir í málflutningi? Það væri nú bragur að því. (Gripið fram í.) Jákvætt skref í átt að hverju, hv. þingmaður? Í átt að því að selja RÚV? (Gripið fram í.) Nákvæmlega. Þess vegna er þessi tortryggni, þess vegna kemur ekki til greina að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi af því að við treystum ekki Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum kannski síður en áður var til að móast við, þó að ég voni að þeir muni taka áfrýjun minni alvarlega og standa nú í lappirnar og koma með okkur félagshyggjumönnum og -konum á Íslandi í þann pólitíska leiðangur sem sendir Sjálfstæðisflokkinn í pólitíska útlegð og varanlega stjórnarandstöðu hér á Alþingi Íslendinga.

Í framhaldi af orðum Guðlaugs um vandamál á ríkisstyrktri stöð sem heimilt er að afla tekna með auglýsingum segir, með leyfi forseta:

„Kjarninn í reglunum er sá að aðstoð fær því aðeins staðist að hún sé nauðsynleg til að greiða kostnað af þjónustu í almannaþágu. Styrkur umfram þetta mark er óheimill."

Sem sagt að mati ESA er styrkur umfram það sem telst til þjónustu í almannaþágu óheimill ríkisstyrkur til RÚV. Þar komum við akkúrat að kjarna málsins. Þess vegna þarf almannaþjónustuhlutverkið að vera svo skýrt, þess vegna þarf hlutverk RÚV að vera eitthvað annað en að keppa við markaðsstöðvarnar, einkareknu stöðvarnar, um þætti eins og Lífsháska og Aðþrengdar eiginkonur og hvað þetta allt heitir, af því að það er verið að nota skattpeninga, ríkisstyrki til þess að kaupa slíka annars flokks ameríska afþreyingu, það er að mati ESA óheimilt og er að sjálfsögðu fáránlegt í sjálfu sér. Þess vegna þarf að endurskilgreina almannaútvarpið áður en það er hægt að réttlæta það eða ráðast í það að ríkisstyrkja fjölmiðilinn með þessum hætti.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Í reglunum felst að litið er á RÚV hf. sem verktaka sem uppfylla skal tilteknar skyldur. Forsenda undanþágu er að kröfur um almannaþjónustu RÚV séu vel skilgreindar."

Nákvæmlega. Þær eru óskilgreindar hins vegar í frumvarpinu. Þar mistekst hæstv. menntamálaráðherra algjörlega í algjöru grundvallaratriði undir frumvarpinu, mistekst að skilgreina þetta, og þess vegna er frumvarpið húmbúkk sem á ekki að fara hér áfram inni á hinu háa Alþingi, það á að fara aftur í nefndina, aftur í vinnu þannig að það komi boðlegt til Alþingis en ekki sem það fljótfærnislega klastur sem það er.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Í heild felur greinin hins vegar ekki í sér nothæfa skilgreiningu. Engar mælanlegar kröfur eru þar um skyldur RÚV." — Sem sagt engar mælanlegar kröfur. — „Frumvarpið jafngildir því að ríkið tryggði verktaka árlega 2.500 milljónir króna þar sem verklýsingin hljóðaði upp á að byggð skyldu blámáluð hús í þjóðlegum stíl" — í anda Sjálfstæðisflokksins — „en engar kröfur gerðar um magn, umfang eða verkskil."

Sem sagt, það er verið að veita útvarpinu ríkisstyrk og forskot, frávik frá heilbrigðri og eðlilegri samkeppni upp á 2.500 milljónir á ári án þess að það sé skilgreint með neinum boðlegum eða vitlegum hætti í frumvarpinu af hverju þessi ríkisstyrkur á að koma til og ESA, Eftirlitsstofnun EES segir einfaldlega og blákalt að sá ríkisstyrkur sé óheimill. Og þar sem óheimilt er að ríkisstyrkja til annars en þess sem er í almannaþágu, atvinnufyrirtæki á markaði, þá er þetta frumvarp þverbrot á reglum ESA um almannaþjónustuhlutverkið, það liggur bara fyrir. Þess vegna er fráleitt að frumvarpið gangi hér áfram, algjörlega fráleitt, 2.500 millj. kr. frávik frá eðlilegum samkeppnisreglum og heilbrigðri samkeppni í landinu af því að það er ekki skilgreint í frumvarpinu til hvers eigi að nota ríkisstyrkinn í almannaþágu. Þetta er nú svo opið og loðið að það er eins og hæstv. menntamálaráðherra hafi bara gengið frá skrifborðinu með frumvarpið hálfkarað. Svo losaraleg eru vinnubrögðin og svo illa er frumvarpið úr garði gert.

Áfram segir Guðlaugur Stefánsson, með leyfi forseta:

„Skilgreiningin er arfur gamalla lagaákvæða um RÚV. Hún miðast ekki við afurðir RÚV heldur að það tryggi sjálfkrafa góðan árangur að leggja RÚV til fjármuni og tryggja þar fólki vinnu. Þessi viðhorf eru tímaskekkja sem horfið hefur verið frá á öðrum sviðum, t.d. varðandi opinber framlög til kvikmyndagerðar og rannsókna- og þróunarmála. Slík framlög eru síður tengd ákveðnum stofnunum en í vaxandi mæli verkefnabundin miðað við skilgreind markmið."

Sem sagt, frumvarpið er tætt hér sundur og saman með mjög málefnalegum hætti af hagfræðingi Samtaka atvinnu-

lífsins. Það er ekki einhver gólandi kommúnisti sem sjálfstæðismenn geta afgreitt frá sem slíkan, sem einhvern pólitískan sendiboða vinstri manna til að koma höggi á málið. Þetta er maður úr hinni áttinni.

Áfram segir hér, með leyfi forseta:

„Vegna gagnrýni leggur meiri hluti menntamálanefndar til að lappað verði upp á skilgreininguna með því að færa til 13. og 14. tölulið 3. greinar. Þetta eru ekki viðunandi viðbrögð. Skilgreiningin í heild á ekki við í nútímalegri löggjöf. Þessi í stað þurfa að koma mælanlegar kröfur um það hvaða þjónustu skattgreiðendur eiga að fá frá RÚV fyrir þann styrk sem hlutafélaginu er ætlaður."

Hlutafélaginu er ætlaður styrkur upp á 2.500 milljónir á ári og það eru engar mælanlegar kröfur á almannaþjónustuna settar fram í frumvarpinu. Algjörlega óboðlegt.

Áfram, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er engin ákvæði að finna um að óháður aðili skuli annast eftirlit með því að RÚV sinni í raun þeim skyldum sem opinber fjármögnun þess gerir ráð fyrir. Þessu má jafna við að í samningi ríkisins við verktaka væri öllu verkeftirliti sleppt. Slíkt er auðvitað fráleitt. Breyting á RÚV í hlutafélag felur í sér stóraukið sjálfstæði þess, sem fjarlægist þar með afskipti pólitísks framkvæmdarvalds. Það er jákvætt en gerir um leið kröfu til þess að hlutverkið sé vel skilgreint og eftirlit virkt."

Hlutverkið er óskilgreint og eftirlitið er ekkert, það er kjarni málsins.

Áfram örlítið, með leyfi forseta:

„Ýmis erlend fordæmi eru um eftirlit með ríkisstyrktum útvarpsrekstri. Má þar t.d. benda á breska fjarskiptaeftirlitið OFCOM, sem annast eftirlit með því að BBC uppfylli skyldur um þjónustu í almannaþágu."

BBC, sem meira að segja íhaldsflokkurinn í Bretlandi lét í friði í sínu einkavæðingarofstæki, sem nú hefur skilað sér til Íslands mörgum, mörgum árum eftir að það galt afhroð í Bretlandi.

Rétt í lokin, „Víti til varnaðar," segir Guðlaugur Stefánsson, með leyfi forseta:

„Á dögunum ógilti EFTA-dómstóllinn ákvörðun ESA um lánastarfsemi Íbúðalánasjóðs (ÍLS). Málefni ÍLS og RÚV eru sambærileg að því leyti að í báðum tilvikum reynir á undanþágu skv. 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Íslensk stjórnvöld lögðu hart að ESA að veita undanþágu í máli ÍLS. EFTA-dómstóllinn taldi hins vegar vafa leika á því að fyrirkomulagið stæðist og hefði ESA borið skylda til að opna formlega rannsókn. Málið staðfestir aukna festu í túlkun EES-löggjafar á þessu sviði og kröfu um að ríkisstyrkir raski ekki samkeppni. Hliðstæða þróun má greina í dómaframkvæmd dómstóla ESB."

Síðan kemur kjarni málsins, með leyfi forseta:

„Dómurinn ætti að verða víti til varnaðar. Í frumvarpi um RÚV skortir nothæfa skilgreiningu á því hvað RÚV á að gera sem og eftirlit með því hvað það gerir í raun. Alþingi væri sómi að því að ráða bót á þessu með nútímalegri ákvæðum og forðast nýleg mistök í hliðstæðu máli."

Frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. er víti til varnaðar um vonda vinnu við lagasetningu. Þetta er vont frumvarp, það er illa ígrundað og það fellur á prófinu í öllum meginatriðum, hvað varðar skilgreiningu á hlutverki almannaútvarpsins, hvað varðar fjármögnun þar sem farin er versta leiðin, nefskattur, en ekki sú besta og boðlegasta sem væru annaðhvort fjárlög eða áframhaldandi afnotagjöld eins og ég rakti hér í fyrri hluta ræðu minnar þegar ég fjallaði um fjármögnunarleiðirnar sem í boði eru. Umfang RÚV er ekki takmarkað, hlutfall leikins innlends sjónvarpsefnis í dagskrárgerð er ekki skilgreint með neinum hætti og svo mætti lengi telja. Fyrir rekstrarforminu eru engin rök, það eru engin rök fyrir að hlutafélagavæða RÚV, nema eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal kallaði fram í hér áðan, það er skref í átt að því að selja útvarpið, þar staðfesti sölumaður Sjálfstæðisflokksins í málefnum RÚV tilgang Sjálfstæðisflokksins í þessu máli sem er að sjálfsögðu að selja Ríkisútvarpið. Í þessu máli stendur ekki steinn yfir steini, þetta er víti til varnaðar um vond vinnubrögð hér á Alþingi af hálfu meiri hlutans, að koma með svo illa unnið, illa ígrundað mál, klastur inn á Alþingi og það bíður vonandi skipbrot í þingstörfunum í vor og megi það aldrei verða að lögum óbreytt.

Það vildi ég segja rétt að lokum, virðulegi forseti, megi frumvarpið um Ríkisútvarpið ekki verða að lögum og ég vona að Framsóknarflokkurinn sjái að sér og geri kröfu um það í ríkisstjórnarsamstarfinu að þetta mál, þetta skref í átt að einkavæðingu Ríkisútvarpsins verði ekki stigið.

[14:31]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður hélt þó nokkuð langa ræðu sem byrjaði í vetur og stendur enn í sumar ef þannig mætti orða. Það voru mörg bónorð í þessari ræðu hv. þingmanns og hún var tileinkuð Framsóknarflokknum að stórum hluta.

En mig langaði að koma sérstaklega að einu atriði sem hv. þingmaður kom inn á og það er það sem hann sagði að frumvarpið væri pólitísk atlaga ríkisstjórnarinnar að einkareknum fjölmiðlum. Þar vísaði hann í ummæli 365 fjölmiðla og mig minnir að þetta hafi verið tilvitnun í umsögn Viðskiptaráðs.

Það er þannig að við erum að horfa á ríkisrekstur í samkeppni í þessu tilfelli og í því felst pólitísk afstaða okkar og ef svo má segja reyndar annarra Evrópuþjóða einnig. Ég vil segja þá skoðun mína að ég er ekki sammála því að Ríkisútvarpið hf. sé pólitísk atlaga að einkareknum fjölmiðlum. Ríkisútvarpið verður eftir þessa breytingu betur í stakk búið til að sinna sínu hlutverki sem almannaútvarp. Það er greinilegt að við erum á réttri leið með að efla Ríkisútvarpið miðað við þau viðbrögð sem þetta hefur fengið. Er það ekki einmitt það sem allir hafa rætt um á hinu háa Alþingi, að reyna að efla Ríkisútvarpið? Enda kom það fram í máli hv. þingmanns að hann var ekki að lýsa þeirri skoðun sinni að hann væri endilega sammála þessu.

Þess vegna segi ég að ég tel að Samfylkingin verði að fara að svara því hvort viðhalda eigi ríkisreknum fjölmiðlum eða ekki. Við í Framsóknarflokknum viljum það, en hvað vill Samfylkingin?

[14:33]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samfylkingin vill Ríkisútvarp. Vel skilgreint almannaútvarp. Það er ekki spurning um það. Ég

tek undir það sjónarmið að túlka megi frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. sem pólitíska atlögu að einkareknu ljósvakamiðlunum í landinu. Ég tek undir þau sjónarmið. Þótt ég sé ekki að fullyrða að svo sé þá held ég að leiða megi að því líkum. Ég tel að túlka megi frumvarpið eins og það lítur út, sérstaklega í samhengi við fjölmiðlalögin fyrir tveimur árum sem voru að mínu mati hrein og bein pólitísk atlaga að fjölmiðlum í eigu Baugs, sé einnig partur af þeirri atlögu ef svo mætti segja. Áhlaup sjálfstæðismanna að fjölmiðlum Baugs nr. 2. Ég held það megi leiða líkum að því þó það verði að koma í ljós hvernig fer fyrir frumvarpinu áður en það verður ljóst.

Forskot Ríkisútvarpins er það mikið með þessu móti. Það er engin endurskilgreining á hlutverki þess og 2.500 millj. kr. meðgjöf frá ríkinu í hlutafélag er gífurlegt forskot í samkeppninni. Það er gífurlegt frávik frá heilbrigðri og eðlilegri samkeppni. Ég tel að í því felist atlaga að svigrúmi einkarekinna ljósvakamiðla til rekstrar á íslenskum fjölmiðlamarkaði sem er lítill og þess vegna á að takmarka umfang Ríkisútvarpins á auglýsingamarkaði. En ekki að gefa í eins og gert er í frumvarpinu án þess að endurskilgreining eigi sér stað á hlutverkinu og umfang þess á auglýsingamarkaði takmarkað í áföngum á næstu árum.

Ég þakka að sjálfsögðu hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur framsóknarmanni fyrir að veita mér andsvar og svara með þeim hætti ákalli mínu til Framsóknar um félagslega samstöðu um mikilvægustu gildin í íslensku samfélagi og skora að sjálfsögðu á hana að taka bónorði mínu í síðara andsvari sínu.

[14:35]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að komast loksins í andsvar við hv. þingmann sem ég óskaði eftir á síðasta vetri. Þegar ræðan hófst var vetur, nú er komið sumar. Það lýsir þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um þetta mál hér á hinu háa Alþingi. Ég fagna því að ræðunni sé lokið.

Það voru nokkur atriði í ræðu hv. þingmanns sem vöktu athygli mína og þar á meðal þetta með að takmarka þátttöku Ríkisútvarpins á auglýsingamarkaði. Hv. þingmaður talaði fyrir því að heimildir Ríkisútvarpins á auglýsingamarkaði verði takmarkaðar umfram það sem nú er.

Hv. þingmaður lætur líta út fyrir að Ríkisútvarpið sé mjög umsvifamikið á auglýsingamarkaði. En eftir því sem ég kemst næst er það þannig að Ríkisútvarpið ræður yfir um 13% af auglýsingamarkaði í fjölmiðlum. Mér finnst mikilvægt að hafa það í huga þegar menn eru að ræða um stöðu þess á auglýsingamarkaði.

Mér finnst athyglisvert að hv. þingmaður, sem er þingmaður Samfylkingarinnar, heldur fram ákveðnum sérsjónarmiðum í sínum flokki. Ég sakna þess að þessum sjónarmiðum séu ekki gerð skil t.d. í nefndaráliti minni hlutans þar sem á þetta er ekki minnst og mig langar að spyrja af hverju.

Það sem ég hef áhuga á að vita er hvernig hv. þingmaður sér fyrir sér að þátttaka Ríkisútvarpins á auglýsingamarkaði verði takmörkuð. Hvernig á að útfæra þá hugmynd? Ég er ekki að segja að ekki geti til þess komið þegar (Forseti hringir.) pólitískur vilji stendur til þess að takmarka aðgengi Ríkisútvarpins að auglýsingum. Ég vil bara fá að vita hvernig á að gera það. (Forseti hringir.)

[14:38]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef hv. þingmaður átti við þau sjónarmið mín að takmarka eigi umfang Ríkisútvarpins að auglýsingamarkaði til að gefa einkareknu miðlunum aukið rými til rekstrar, þá eru þau held ég uppi hjá mjög mörgum í Samfylkingunni. Nefndarálitið tekur ekki á öllum þáttum málsins. Það eru hinar breiðu línur og samstaða stjórnarandstöðunnar í málinu sem fram koma í mjög góðu og vönduðu nefndaráliti.

Ég hef mínar eigin skoðanir á Ríkisútvarpinu og spyr engan mann um leyfi fyrir þeim En að sjálfsögðu á ég marga skoðanabræður. Að mínu mati er það algert grundvallaratriði að skilgreina almannaþjónustuhlutverkið.

Af hverju eigum við að borga 2.500 millj. á ári af opinberu fé til fjölmiðlarekstrar? Til að spyrja hv. þingmann sem er frumvarpshöfundur að því að selja eigi Ríkisútvarpið: Af hverju er hann að berjast fyrir því núna að ríkið borgi 2.500 millj. á ári með fjölmiðli sem hann vill ekki taka beint undir að eigi að takmarka umsvif þess á auglýsingamarkaði á móti þannig að einkareknir miðlar, sem ég hefði haldið að honum væru kærir, einkarekstur í hvaða mynd sem er, ættu aukið rými til rekstrar því fjölmiðlamarkaðurinn er smár hérna.

Þess vegna verðum við að gæta þeirrar sanngirni að takmarka umsvif Ríkisútvarpins og draga saman á einhverju árabili. Hvernig útfærum við það? Það eru ýmsar leiðir til þess. Margar leiðir til þess. Erlendar fyrirmyndir og aðrar. Það er bara tæknilegt atriði að útfæra það. Það er ekkert mál.

En ég vildi spyrja hv. þingmann á móti. Hvað varð um áformin um söluna í fyrsta lagi? Og í öðru lagi: Tekur hann undir þau orð Ara Edwalds, forstjóra 365, að í frumvarpinu megi finna áhlaup ríkisstjórnarinnar á einkarekstur í fjölmiðlun á Íslandi?

[14:40]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr að því hvað varð um áformin um söluna sem hv. þingmanni er svo umhugað um. Ég get alveg sagt hv. þingmanni það einu sinni enn. Ég held ég sé búinn að fara yfir þetta mál og svara þessari spurningu svona tíu, tuttugu sinnum í þessari umræðu. Hvað varð um áformin? Áformin urðu undir eins og hv. þingmaður veit. Ég hef gert grein fyrir því bæði í umræðum á þingi og opinberlega í fjölmiðlum. Ég lít þannig á að þessum spurningum sé öllum svarað.

Svar hv. þingmanns var ágætt að því leyti að það varpaði ljósi á að í rauninni er klofningur innan minni hlutans varðandi þetta mál. Það er ekki þannig að Samfylkingin gangi í takt í málinu. Ég minni t.d. á að hv. þm. Mörður Árnason upplýsti við 1. umr. að Samfylkingin hefði í sjálfu sér ekkert á móti hlutafélagaforminu svo lengi sem uppfyllt yrðu ákveðin skilyrði varðandi félagið. Svo sem að það yrði

háð upplýsingalögum. Síðan talar hv. þm. Össur Skarphéðinsson fyrir því að Ríkisútvarpið megi ekki hlutafélagavæða heldur gera að sjálfseignarstofnun.

Auðvitað er það þannig að ekki er minnst á þessi sjónarmið, sem hv. þingmaður gerir að umtalsefni um auglýsingarnar í nefndarálitinu, vegna þess að minni hluti nefndarmanna er ekki sammála um það. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, sem því miður er farin af þingi, mundi aldrei taka í mál að Ríkisútvarpið yrði tekið af auglýsingamarkaði.

Ég vil hins vegar taka fram að fyrir mína parta sé ég ekkert því til fyrirstöðu að það verði gert í náinni framtíð. Það má vel vera að Ríkisútvarpið verði dregið út af auglýsingamarkaði í (Forseti hringir.) náinni framtíð. En það er ekki pólitísk samstaða um það að sinni.

[14:42]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Samfylkingin marsérar í takt í þessu máli. Það sem kom algerlega í veg fyrir hlutafélagaformið að okkar mati er að það vantar lög um hlutafélög í opinberri eigu og upplýsingaskyldu þeirra. Það er algjört grundvallaratriði fyrir slíkum breytingum.

Að hinu leytinu hentar einfaldlega sjálfseignarstofnunarformið miklu betur utan um rekstur Ríkisútvarpins en hlutafélagaformið. Það var niðurstaðan í málinu þó svo að ýmsar leiðir kæmu til greina. Það kom líka til greina að hafa þetta ríkisstofnun áfram. Þetta var bara besta leiðin og hana á að fara að sjálfsögðu.

Hvað varðar söluna á Ríkisútvarpinu þá upplýsir hv. þingmaður að hann sé klárlega á þeirri skoðun enn þá. Það eru viðhorfin sem ráða för í Sjálfstæðisflokknum að selja eigi útvarpið. Þetta var hins vegar einhver tímabundin málamiðlun fyrir því að þau urðu undir sagði hann, undir væntanlega Framsóknarflokknum sem náði því þó fram að útvarpið væri ekki selt í einu vetfangi heldur gert að hlutafélagi. En viðhorfin eru uppi áfram.

Það sem eftir stendur er bara pólitískt markmið um að takmarka umfang Ríkisútvarpins á auglýsingamarkaði til að vera sanngjarn gagnvart einkareknu miðlunum á þeim litla markaði sem við búum á. Það á alls ekki að mínu mati að taka það út af auglýsingamarkaði. Það á heldur alls ekki að mínu mati að taka upp nefskatt til að fjármagna það hvað varðar opinbera hlutann. Alls ekki. Það á frekar að notast við afnotagjöldin áfram því þau eru að mörgu leyti ágæt leið til fjármögnunar og miklu betri en nefskattur sem er fráleit leið.

Verst er að stuðningsmenn frumvarpsins hafa einhvern veginn ekki einu sinni gert tilraun til að útskýra fyrir okkur fyrir sitt leyti hvert hlutverk þess nýja almannaútvarps á að vera í framtíðinni. Það skiptir mestu máli og hefur rekið þá málefnalegu og góðu umræðu áfram sem hefur staðið núna í nokkra daga.

[14:44]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við höfum í nokkra daga verið að ræða ný lög um Ríkisútvarp hf. Ég verð að viðurkenna að ég hef orðið þess mjög áskynja eftir síðustu ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, að Samfylkingin talar ekkert einu máli hvað þetta frumvarp varðar.

Sérstaklega á það annars vegar við um háeff-málið þar sem kemur fram hjá hv. þingmanni að hann vilji ekki að Ríkisútvarpið fari í grimma samkeppni, eins og hann kallar það, við fjölmiðla á þessum markaði. Það má svo sem til sanns vegar færa að það sé ekki ætlan ríkisins að vera í grimmri samkeppni við frjáls fyrirtæki á þessum markaði.

Það hefur komið fram hjá hv. þingmanni að Ríkisútvarpið eigi að draga sig af auglýsingamarkaði. Þá er spurningin, hv. þingmaður: Hvernig eigum við að fjármagna Ríkisútvarpið? Hann talar um að það vanti skilgreiningu á almenningshlutverkinu. Mig langar að heyra frá hv. þingmanni hvernig hann skilgreinir það. Eigum við að sjá Ríkisútvarpið sem lítið snoturt skúffufyrirtæki úti í bæ sem hefur lítið verkefni? Mér finnst að metnaður þeirra sem tala um almenningshlutverk útvarpsins sé brostinn. Menn tala bara ekki sama máli hvað almenningshlutverk og almennt hlutverk Ríkisútvarpins varðar. Ég vildi gjarnan fá að heyra frá hv. þingmanni hvað hann á við í þessu máli.

[14:46]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er greinilegt að sölumenn sjálfstæðismanna í þessu máli eru slegnir út af laginu. Þeir skilja ekki einu sinni málið lengur ef marka mátti hv. þingmann sem var í hina röndina með einhvern ómálefnalegan útúrsnúning, eitthvað sem er ekki svara vert, um skúffufyrirtæki og eitthvað þess háttar.

Auðvitað viljum við standa vörð um og reka hérna alvöru Ríkisútvarp sem hefur skilgreind markmið en er ekki fyrst og fremst ríkisstyrktur fjölmiðill í bullandi samkeppni við markaðsstöðvarnar um sama efni.

Ég hugsa að hv. þingmaður hafi ekki lesið grein Þorsteins Pálssonar, fyrrverandi 1. þingmanns Suðurlands og þingmanns sjálfstæðismanna á Suðurlandi, núverandi ritstjóra Fréttablaðsins sem hefur greint þetta mál ákaflega vel, öndvert við útúrsnúningana og misskilninginn sem rann hér upp úr hv. þingmanni áðan sem virðist hreinlega ekki átta sig á um hvað málið snýst, ef ég gat skilið hann rétt. Þetta er líka hans eina innlegg í umræðuna.

En sölumennirnir eru í einhverjum frígír. Þeir vita ekkert hvað þeir eiga að gera. Þeir segjast hafa orðið undir. Auðvitað vilja þeir selja. Er það ekki hv. þingmaður? Viljið þið ekki selja enn þá? Eða hvað? Af hverju er ríkisstyrktur fjölmiðill, með 2.500 millj. kr. meðgjöf á ári í bullandi samkeppni við einkareknu miðlana um sama hlutverk og sama efni?

Ég skora á hv. þingmann að lesa grein Þorsteins Pálssonar, fyrrverandi þingmanns sjálfstæðismanna á Suðurlandi. Hann hefði ákaflega gott af því. Hún er upplýsandi og glögg greining á fáránleika þess ... (Gripið fram í.) og trúlega hefur þingmaður kosið hann gegn Davíð Oddssyni í formannskjörinu 1991 ef marka má heimildir.

Í greininni kemur glöggt fram hve fráleit ráðstöfun það er að ganga svo fram sem ríkisstjórnarflokkarnir gera í þessu máli núna, og maður hefði nú kannski vænst þess að hv. þingmaður léti í það skína af hverju þessi skopleikur

væri uppi af hálfu sölumanna Sjálfstæðisflokksins í málinu núna.

[14:49]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er til 2. umr. frumvarp til laga um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Hlutafélag sem er síðan aðdragandi að því að selja Ríkisútvarpið í heilu lagi eða í pörtum.

Það er vert að rifja upp, frú forseti, að það var stolt þjóð sem hóf útsendingar nýs Ríkisútvarps árið 1930. Útvarpið reyndist fljótt verða eins konar sál þjóðarinnar og sameinaði hana í sókn til nýrra tíma. Það var ekki aðeins boðberi frétta og veðurfregna, heldur var það aflvaki menningar- og sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og þeirri baráttu lýkur í raun aldrei. Ríkisútvarpið tók sér bólfestu í innstu djúpum þjóðarsálarinnar og varð sem órjúfandi hluti af hjartslætti hennar.

Það er þessum hjartslætti sem nú á að fórna með frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Sáttin um Ríkisútvarp þjóðarinnar er rofin af þeim sem ganga erinda græðginnar, allt skal verða falt. Það var að vísu löngu vitað að frjálshyggjuöflin í Sjálfstæðisflokknum vildu selja Ríkisútvarpið og að núverandi menntamálaráðherra gengi erinda þeirra. Við höfum samþykktir frá Sjálfstæðisflokknum á undanförnum árum og harðan baráttuvilja ungliðahreyfingar hans sem hafa verið með það á oddinum á undanförnum árum að það bæri að einkavæða og selja Ríkisútvarpið.

Í þessari umræðu nú er meira að segja nýráðinn útvarpsstjóri, Páll Magnússon, búinn að blanda sér með ákveðnum hætti inn í umræðuna því hann getur ekki hamið óþreyju sína í að verða framkvæmdastjórinn í hinu einkavædda útvarpi. Hann skrifar greinar í blöð til dýrðar einkavæðingu Ríkisútvarpsins sem er í raun stórpólitískt mál og hefur það ræklega speglast í umræðunni hér á Alþingi undanfarna daga.

Ég held að öllu félagshyggjufólki þyki það afar döpur staðreynd að forusta Framsóknarflokksins skuli ganga svo fús undir það jarðarmen með Sjálfstæðisflokknum að fórna Ríkisútvarpi þjóðarinnar mótspyrnulaust. Reyndar kemur okkur kannski ekkert á óvart í þeim efnum nú.

Við munum hvernig fór fyrir Landssímanum. Fyrst var hann hlutafélagavæddur og gefnar hástemmdar yfirlýsingar um að hann yrði aldrei seldur. Þetta væri bara formbreyting. Varla var fyrr búið að breyta honum í hlutafélag en undirbúningur að sölu hófst. Sölu í bútum. Fyrst var rætt um hvort ætti að selja hann í bútum en á endanum var hann seldur í heilu lagi. Reyndar þvert gegn vilja þjóðarinnar ef marka má þær skoðanakannanir sem t.d. þjóðarpúls Gallups gerði varðandi afstöðu þjóðarinnar til sölu á Landssímanum með grunnnetinu og öllu sem því tilheyrði. Þá var afgerandi meiri hluti, 70–80%, sem sagðist andvígur því að Síminn yrði seldur, nokkrum vikum áður en að salan fór fram. En þrátt fyrir yfirlýsingar um annað var hann seldur.

Enda fer vilji sjálfstæðismanna í þessum efnum ekkert leynt. Hann liggur alveg fyrir. Á vissan hátt er hægt að virða Sjálfstæðisflokkinn fyrir að koma alveg hreint til dyranna og segja: Ætlunin er að selja Ríkisútvarpið. Við höfum hér frumvarp á Alþingi sem flutt er af nokkrum áhrifaþingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem gengur beinlínis út á að það verði selt.

Í þessu frumvarpi þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem nú liggur fyrir, um breytingu á útvarpslögum, á þskj. 54, segir um einkavæðingu Ríkisútvarpsins, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, verði felld úr gildi 1. janúar 2007, en nánar tilgreind ákvæði þeirra verði tekin upp í útvarpslög, nr. 53/2000. Stofnað verði hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins og það selt."

Svo einfalt og klárt.

Við höfum upplifað það hér að einstaka stjórnarliðar reyna að slá um sig sauðargæru og segja: Nei, nei, þetta er bara formbreyting, það er ekki ætlunin að selja. En til hvers er þá verið að hlutafélagavæða?

Þegar hæstv. menntamálaráðherra lagði þetta frumvarp fram hér fyrir um ári síðan um hugmyndir að breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins þá sagði ráðherrann að það væri ekki hægt að breyta því í hlutafélag. Á Ríkisútvarpinu lægi fyrir sjálfseignarstofnunarform og aðspurð sagði hún að það væri ekki hægt að breyta því í hlutafélag vegna þess að ef ætti að breyta því í hlutafélag væri tilgangurinn með því að selja. Það var ekki ætlunin þá. En nú er ekkert til fyrirstöðu að breyta því í hlutafélag. Allir vita að fyrirtækjum er breytt í hlutafélag til að geta selt þau í pörtum eða í heilu lagi. Annars væri maður ekki að því.

Þetta vita framsóknarmenn líka enda ályktuðu þeir á flokksfundum sínum að þeir væru andvígir hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins, þeir væru andvígir því að fórna Ríkisútvarpinu. Þegar það kemur síðan inn á þing, inn í ríkisstjórnina, inn í forustu Framsóknarflokksins er ekkert til fyrirstöðu að fórna Ríkisútvarpinu. Þetta skýrir sig í þeim málum sem Framsóknarflokkurinn er nú að leggja hér fram. Hann er búinn að berjast hér fyrir í þinginu að einkavæða vatnið, að færa auðlindina vatn undir séreignarákvæði. Næsta mál hjá Framsóknarflokknum var einkavæðing á Rafmagnsveitum ríkisins. Nú liggur fyrir frumvarp um að fórna Íbúðalánasjóði. Þannig að það eru engin takmörk fyrir því í rauninni á hvaða braut Framsóknarflokkurinn er. (Gripið fram í.) Það er alveg hárrétt hjá Magnúsi Stefánssyni sem kallar hér fram í. Frumvarpið er ekki komið fram því það á að einkavæða hann áður. Það á að afhenda bönkunum Íbúðalánasjóð áður en frumvarpið kemur fram. (Gripið fram í.) Svona er nú hraðinn í einkavæðingaræðinu. Meira að segja sagði hæstv. forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins í ræðu á ársfundi Seðlabankans, að hann hefði óskað eftir að þetta gengi fram með hraði.

Þó einstaka framsóknarmenn vilji ekki við þetta kannast þá er það nú þetta sem gerist hér inni í þingsölum og þess vegna þarf engum að koma á óvart þótt þeir hafi hér lagst flatir fyrir einkavæðingu á Ríkisútvarpinu.

Það er líka vert að horfa til þess sem ýmsir aðilar höfðu verið að segja um þetta frumvarp og ég vil hér nefna sérstaklega Þorstein Pálsson, sem er fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, forsætisráðherra, og er nú ritstjóri Fréttablaðsins. En hann hefur einmitt verið að vara við því að hér væri verið að vinna rangt verk á röngum forsendum og niðurstöðurnar væru þess vegna rangar. Kveður þar svolítið við annan tón. En t.d. af því að hv. þm. Magnús Stef-

ánsson er að velta fyrir sér hver afstaða Framsóknarflokksins sé, þá er hún alveg ljós, þetta er ríkisstjórnarfrumvarp, hér erum við að fórna Ríkisútvarpinu.

En þessu kyngir forusta Framsóknarflokksins enda er gamla samvinnuhugsjónin og félagshyggjan djúpt niðri í skúffu að minnsta kosti hjá forustu flokksins. Þannig held ég a.m.k. að hinn almenni félagsmaður Framsóknarflokksins upplifi það. Þeir sem reyna að ærnta þar á bæ eru undir eins kveðnir í kútinn og settir út af sakramentinu hjá Framsóknarflokknum ef þeir eru með mótbárur gegn þessari stefnu flokksstjórnarinnar.

En Þorsteinn Pálsson hefur mikla reynslu, m.a. í starfi fjölmiðla. Í ritstjórnargrein 5. apríl síðastliðinn í Fréttablaðinu veltir hann einmitt upp efasemdum um heilindin á bak við hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. En þar segir, með leyfi forseta:

„Annaðhvort er undirbúningurinn í skötulíki eða ekki er allt með felldu um raunveruleg áform um að reka hér menningarútvarp og sjónvarp með nokkurri reisn og af þeim metnaði sem einn getur yfir höfuð verið réttlæting fyrir rekstrinum."

Þetta eru nokkuð stór orð af manni sem þekkir mjög vel til, bæði innan ríkisreksturs og einnig á fjölmiðlamarkaðnum þegar hann segir að þetta frumvarp sé í skötulíki. Það er líka athyglisvert að heyra hvernig þessi umræða hefur þróast. Bæði núverandi útvarpsstjóri Páll Magnússon og hæstv. menntamálaráðherra snerust til varnar og reyndu að tala sig frá þeim rökum sem þarna var beitt af hálfu Þorsteins Pálssonar.

Það verður að segjast, frú forseti, að þáttur útvarpsstjóra í þessu máli er mjög sérkennilegur. Ég hefði talið að útvarpsstjóri ætti að vera ráðinn sem hlutlaus aðili pólitískt séð í svona stórpólitísku deilumáli og ætti að halda sig til hlés, hugsa meira um hag stofnunarinnar á hverjum tíma. En hann hefur blandað sér inn í þessa umræðu afdráttarlaust og það er athyglisvert að heyra hvernig Þorsteinn Pálsson lítur á þau orð og þau inngrip. Um einmitt þessi inngrip útvarpsstjóra sýnir það í hvaða ferli þetta mál er. Í ágætri grein sem Þorsteinn Pálsson ritstjóri Fréttablaðsins og fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins ritar í gær, á sumardaginn fyrsta, og fjallar einmitt um þessi inngrip útvarpsstjóra og sýnir í hvaða ferli þetta mál er. En þar segir svo, með leyfi forseta:

„Útvarpsstjóri hefur síðan kvatt sér hljóðs á síðum Morgunblaðsins með greinaskrifum í tvígang til þess að ítreka ummæli ráðherrans um þetta efni.

Útvarpsstjóri er jafnframt þeirri stöðu sinni þulur á fréttastofu sjónvarpsins og er maklega virtur fyrir það. Með því að blanda sér í opinbera umræðu um eitt mesta pólitíska deilumál þessa þings á þann veg sem hann hefur gert kemur hann auk heldur fram sem eins konar þulur ríkisstjórnarinnar í málinu. Sennilega er það í fyrsta skipti sem útvarpsstjóri gerist með svo skýrum hætti þátttakandi í stjórnmáladeilum."

Þulur ríkisstjórnarinnar. Frú forseti. Við höfum líka upplifað þá miklu valdbeitingu sem hér hefur verið höfð í frammi við að keyra þetta mál í gegnum þingið. Þetta er orðið eitthvað trúarlegt ofstæki af hálfu flutningsmanna frumvarpsins, eins og það að einkavæða Ríkisútvarpið sé eitt brýnasta mál þingsins, einmitt á þessum vordögum. Komið að þinglokum. Miklu stærri mál hrannast nú upp. Staðan í efnahagsmálum. Staðan í fjármálum. Staðan í atvinnumálum og óöryggið sem fylgir þessum gríðarlega viðskiptahalla. Neyðarástand á sjúkrahúsum vegna þess að kjör starfsfólks á sjúkrahúsum og öldrunarheimilum eru svo lág og skortur á starfsfólki. Kjör aldraðra. Það er um of að taka á öllum þessum málum en þau fást ekki rædd. Þau fást ekki tekin fyrir með þeim hætti að árangur verði. En hitt, að einkavæða Ríkisútvarpið, að koma Ríkisútvarpinu sem fyrst á sölulista í bútum, eða í heilu lagi, það er kappsmálið.

Frú forseti. Mér gefst tækifæri til að ræða þetta mál enn frekar í síðari ræðu minni og þess vegna ætla ég ekki að lengja mál mitt nú. En ég skora á þjóðina að berjast fyrir stöðu þjóðarútvarps. Látum ekki einkavæðingaröflin, nýfrjálshyggjuöflin komast upp með að fara svo aftan að hlutunum að ná því að fórna Ríkisútvarpinu á altari einkavæðingar og græðgi fjármagnsins. Segjum hér stopp og heitum því að berjast gegn því að þetta frumvarpi nái nokkurn tíma fram að ganga.

Ég skora á framsóknarmenn sem enn hafa í sér einhverja félagshyggjutaug að taka þátt í þessari baráttu með okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[15:05]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég vil gera nokkur ákvæði frumvarps um Ríkisútvarpið hf., þ.e. samkeppnis- og hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins, að umtalsefni.

Fyrst vil ég víkja að ákvæði til bráðabirgða, 2. og 3. mgr. Í 2. mgr. segir:

„Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins."

Þetta þýðir á mæltu máli að þarna inn fara allar eignir og nettóniðurstaða þessa eigna- og skuldasafns myndar hlutaféð sem menntamálaráðherra á samkvæmt 3. mgr. að ákveða. Við þetta bætast síðan 5 millj. kr. í framlagi. Ef eignir Ríkisútvarpsins í dag verða metnar 20 milljarðar kr. þá verður hlutaféð 20 milljarðar kr. og 5 millj. kr. Séu eignirnar metnar 100 milljarðar kr. þá verður meðlagið í hlutafélaga- og samkeppnisreksturinn 100 milljarðar kr. og 5 millj. kr.

Þetta segir þó ekki alla söguna um þær eignir sem þarna eru í húfi. Meðal eigna Ríkisútvarpsins eru ómetanlegar þjóðargersemar sem eru í þjóðareign. Þetta eru þjóðminjar, þetta er saga þjóðarinnar. Þarna eru fágætar upptökur, afar merkilegar heimildir, svo sem viðtöl við þjóðþekkta karla og konur sem settu sterkan svip á og mótuðu þjóðlíf 20. aldar og síðari hluta 19. aldar. Þarna er að finna upplestur þjóðskálda, svo sem nóbelsskáldsins. Þarna er að finna gagnmerk útvarpsleikrit og sögulega fréttaþætti af miklum tíðindum 20. aldar. Þarna er að finna ákaflega dýrmæta menningarþætti, útvarpserindi, fræðsluerindi, fróðleik og vísindi. Þarna er að finna plötusafn og upptökur sem eiga engan sinn líka hér á landi að ógleymdri Stradivaríusarfiðlunni sem var í fréttum metin á annað hundrað milljóna kr. Ef til vill gæti ríkisstjórnin spilað á hana í anda þegar Róm

hins íslenska efnahagslífs brennur. Þarna eru ótaldir ótal fleiri munir. Ríkissjóður leggur fram allar þessar eignir og menntamálaráðherra á að ákveða heildarfjárhæðina.

Þessar eignir verða ekki metnar til fjár. Þær eru þjóðareign rétt eins og Þingvellir, eins og Gullfoss, eins og handritin á Árnastofnun, rétt eins og þjóðminjar á Þjóðminjasafni og málverkin okkar í Listasafni Íslands og fleira mætti nefna. Þorra þjóðarinnar þætti a.m.k. fráleitt að hlutafjár- og einkavæða þessar gersemar. Sér einhver fyrir sér Þjóðminjasafnið hf., Handritasafn Árnastofnunar hf., Þingvelli hf. eða Gullfoss hf.? Það er að mínu mati jafnfráleitt að samkeppnis- og hlutafélagavæða þjóðargersemar okkar sem Ríkisútvarpið hefur unnið á undanförnum áratugum. Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra: Hefur verið hugsað um þetta? Með fullri virðingu fyrir hæstv. menntamálaráðherra þá getur hún ekki metið ómetanlegar þjóðargersemar til fjár. Við höfum vítin til að varast þau, svo sannarlega.

Muna ekki allir þegar Landsbankinn og Búnaðarbankinn voru einkavæddir og gefnir, að þeim fylgdu ótrúlegar gersemar sem voru ekki einu sinni teknar inn í verðið. Þá á ég við málverk og fleira úr þjóðareign. Þær þjóðmenningarlegu eignir RÚV, þjóðararfleifðin sem ég hef gert að umtalsefni, verður að taka undan hlutafjár- og samkeppnisvæðingunni ef sjálfstæðismenn og framsóknarmenn, þ.e. ef ríkisstjórnin vill halda þessu frumvarpi til streitu. Það verður að taka þessar gersemar undan.

Frumvarpið gefur auk þess fullt tilefni til að óttast um þessar eignir. Segjum að reynt yrði að meta þær til fjár og þær yrðu metnar á 100 milljarða eða 200 milljarða kr., væri það ekki vatn á myllu Samtaka atvinnulífsins og þeirra sem segja frumvarpið í blóra við EES-reglur? Ég er hræddur um það. Ég kem betur að því síðar.

Af hverju er ástæða til að óttast um þessar gersemar? Jú, það er vegna þess að frumvarpið veitir ekki tryggingu fyrir því að þær verði ekki seldar. Ég ætla að færa frekari rök að því. Í 1. gr. frumvarpsins segir:

„Ríkisútvarpið hf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil."

Í greinargerðinni segir að engin áform séu uppi um að selja hluti í félaginu. En hvað skyldi þessa grein þýða? Jú, hlutaféð verður ekki selt. En það er ekkert því til fyrirstöðu, miðað við þetta orðalag, að einstakar eignir félagsins verði seldar þótt hlutaféð verði eftir. Það er hægt að selja fiðluna til að fjármagna kaup á bandarískum gaman- eða spennuþáttum. Það er ekkert því til fyrirstöðu. Ríkisútvarpið getur keypt lausafé og selt lausafé og selt þessar þjóðargersemar án nokkurra breytinga á lögum. Það er eingöngu ef hlutafélagið sem slíkt verður selt, hlutafé þess, að það brýtur í bága við 1. gr. Við höfum séð þetta á einkamarkaði þegar bankarnir gengu inn í fyrirtæki, þegar þeir voru búnir að gleypa hvert einasta fyrirtæki á landinu, að þeir seldu innan úr þeim allt mögulegt og seldu síðan nafnið sem eftir stóð í áframhaldandi rekstur. En þá var búið að selja allar verðmætustu eignirnar áður. Það er einfalt að gera við Ríkisútvarpið samkvæmt þessu lagafrumvarpi. Það er hægt að strippa hlutafélag eignum án þess að það sé selt. Það er engin trygging í 1. gr. fyrir því að við höldum þeim þjóðargersemum sem ég hef gert að umtalsefni.

Skyldu vera einhver önnur ákvæði í lögunum sem taka á þessum vanda? Skyldi hafa verið hugsað fyrir þessu? Í 4. gr. frumvarpsins segir:

„Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að standa að annarri starfsemi en kveðið er á um í 3. gr. sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti."

Er einhver trygging þarna? Nei, hún er ekki þarna, þetta er opinn víxill. Síðan hefur meiri hluti menntamálanefndar lagt til breytingar á 4. gr. og bætt við hana nýrri 2. mgr. sem hljóðar svo:

„Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að miðla áður framleiddu efni í eigu félagsins, svo sem rituðu máli, hljómplötum, hljóðsnældum, geisladiskum, myndböndum og margmiðlunarefni."

Enn þá er frítt spil varðandi þjóðargersemarnar. Enn er það í húfi að þær verði bitbein á samkeppnismarkaðnum. Síðan segir í nýrri tillögu að 3. mgr. 4. gr., og takið nú vel eftir:

„Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að sjá til þess að frumflutt dagskrárefni félagsins verði varðveitt til frambúðar."

Svo mörg voru þau orð. Þeim er heimilt, af hverju stendur ekki skylt þarna? Það er full ástæða að óttast um þjóðargersemarnar. Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um verkefni stjórnarinnar. Hún á að taka ákvarðanir í meiri háttar málum. Það stendur hvergi að hún eigi að passa upp á þessar þjóðargersemar. Samkvæmt 11. gr. hefur útvarpsstjóri nánast alræðisvald til að kaupa og selja eignir og gera hvað sem vantar til og nota þær til að fjármagna samkeppnisrekstur. Þá er ég hræddur um að hljóð heyrist úr horni og ESA-kærur birtist, kærur til Samkeppnisstofnunar, málaferli fyrir dómstólum o.s.frv.

Hvar eru sérákvæðin í þessu frumvarpi um Ríkisútvarpið, um þjóðargersemarnar? Ég held því fram að ríkið sé vörslumaður þessara eigna, rétt eins og ríkið er vörslumaður Þingvalla, Gullfoss, handritanna, en sé aldrei heimilt að selja þjóðareignir. Aldrei. Það er ekki minnst á þessar gersemar í greinargerð með frumvarpinu. Það eru engar tryggingar fyrir því að þessi menningararfleifð fari ekki fyrir bí. Það er óásættanlegt.

Vilji ríkisstjórnin halda þessu frumvarpi til streitu, þessu ólánsfrumvarpi, þá er það lágmarkskrafa að þessar gersemar verði teknar undan, settar undir sjálfseignarstofnum eða sérstaka ríkisstofnun. Sjálfseignarstofnunarformið er ágætt að því leyti að það er gott eftirlit með því og tilgangi slíkrar stofnunar verður ekki breytt nema að uppfylltum mjög þröngum skilyrðum. Þetta frumvarp má óbreytt aldrei verða að lögum. Það er atlaga að menningu okkar.

Í annan stað vil ég fjalla um atriði sem er nátengt þessum þætti, nátengt þessum gersemum, þ.e. eignir þeirra hundruða listamanna, rithöfunda, leikara og útvarpsmanna sem lagt hafa Ríkisútvarpinu ómetanlegt lið frá því það var sett á stofn. Þetta heitir höfundarréttur. Hann er undirorpinn friðhelgi eignarréttar samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins. Hefur verið hugað að því? Hefur verið hugað að því að ríkið geti framselt þessi réttindi, höfundarréttinn, til hlutafé-

lags í samkeppnisrekstri? Það er ekki að sjá að svo sé gert. Listamennirnir, útvarpsmennirnir, rithöfundarnir, réttindi þeirra eru samkeppnis- og hlutafélagavædd án þess að þeir hafi verið spurðir. Þeir eru seldir eins og fé á fæti. Það hefur hvorki verið leitað samþykkis eða samráðs við þá. Þeir eiga þó langstærstan þáttinn í því að skapa þær þjóðargersemar sem ég hef gert að umtalsefni.

Hvað skyldi segja um þetta mikla álitamál í frumvarpinu? Ekki neitt. Það er endurtekning á gömlu útvarpslögunum þegar eignin var undir ríkinu. En vel að merkja, það er verið að búa til sjálfstæða lögaðila, sjálfstæða lögaðila í samkeppnisrekstri. Ekki ríkisfyrirtæki með starfsmönnum með réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna eða annað slíkt, ekki alþingisstofnun eða neitt slíkt. Það er verið að búa til hlutafélag í samkeppnisrekstri. Það segir þarna í nýrri 3. mgr. 4 gr., eða tillögu að nýrri málsgrein, niðurlagi hennar:

„Er félaginu enn fremur heimilt að hafa til útláns, sölu og dreifingar valið dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt."

Enda sé gengið frá slíkum samningum. Það þarf að gera nýja samninga alveg upp á nýtt. Ef það tekst ekki, vilji rétthafarnir eða erfingjar þeirra ekki semja við Ríkisútvarpið hf. í samkeppnis- og einkarekstri, hvað verður þá um þetta efni? Skyldi ekki verða svo að það yrði í uppnámi? Verður það ekki í uppnámi? Megum við þá vænta þess að fá ekki að njóta flutnings þessa efnis í endurflutningi? Er það það sem blasir við? Hefði nú ekki verið nær að ganga til samninga við höfundarréttarsamtökin áður en frumvarpinu var ýtt á flot og spyrja: Viljið þið vera með? Viljið þið taka þátt í þessu? Viljið þið gefa okkur vilyrði fyrir því að þetta geti gengið eftir? Það er ekki orð um það í þessu frumvarpi. Það er ekki orð í greinargerð. Ég sé ekki umsagnir frá STEF, höfundarréttarsamtökum sem fara með þessa hagsmuni. Ég sé ekki að það hafi verið leitað til þeirra. Ég skil það ekki. Þetta er ekki sérstaklega vel hugsað, að minnsta kosti ekki lögfræðilega. Væri ekki rétt að fá vilyrði frá höfundarréttarhöfum, eigendum þessara gersema, fyrir því að það mætti hlutafélagavæða þá og henda þeim út í samkeppnisrekstur?

Getur Alþingi flutt réttindi hundruða eða þúsunda listamanna og fleiri, lífs eða liðinna, yfir í hlutafélags- og samkeppnisrekstur með einu lagasetningarpennastriki? Mitt svar er nei. Ég þykist vita að samningur Ríkisútvarpsins í dag við þessa höfundarréttarhafa mæli ekki fyrir um flutning þeirra réttinda yfir í samkeppnisrekstur þar sem þessar gersemar eru í húfi, í reiptogi, í samkeppni, kærumálum til Evrópu o.s.frv.

Ég beini þessum spurningum auðvitað til hæstv. menntamálaráðherra og geri kröfu um skýr svör um framsalið. Ég verð í þessu sambandi líka að minna hæstv. ráðherra á að hér á landi eru í gildi höfundarréttarlög. Fólki er ekki sama við hverja það semur. Mér er alls ekki sama við hvern ég sem. Ég get ekki samið við Jón Jónsson úti í bæ um réttindi ef hann hleypur og framselur þau án minnar vitundar. Það getur Jón Jónsson úti í bæ ekki gert nema hafa samþykki mitt samkvæmt samningum. Hefur ríkið það í krafti Ríkisútvarpsins? Meginregla höfundarréttarlaganna er að höfundur að bókmenntaverki eða listaverki á eignarrétt á því með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir. Þetta er grunnstefið í þessum lögum. Meginreglan er því sú að réttur Ríkisútvarpsins í dag verður ekki framseldur án samþykkis.

Síðan er í lögunum víða tryggður réttur þessara höfunda varðandi breytingar og þegar rætt er um flutning verks í útvarpi þá nær það bæði til hljóðvarps og sjónvarps. Það er óheimilt að breyta verki án samþykkis, búa til safndiska eða eitthvað slíkt, taka hluta út úr efni og skeyta því saman við annað, án samþykkis höfundar. Ríkisútvarpið hf. verður með þetta safn, ef það er þá rétt að því komið, í gíslingu.

II. kafli laganna skýrir ákaflega vel hvað ég er að fara í þessum efnum um takmarkanir á höfundarrétti, að það megi gera þrjú eintök til einkanota. Ef á að gefa út meira eða endurflytja þarf samning. Það þarf gagnkvæman samning. Það er bara þannig og ég ítreka það. Það er engum sama um það við hvern hann semur. Algengasta og skiljanlegasta dæmið í þessu er að maður leigi út íbúðarhúsnæði. Leigjandinn getur ekki framleigt húsnæðið nema í leigusamningnum sé áskilinn réttur til þess. Ég hygg að það sama gildi um höfundarréttinn.

Það segir beinlínis í 28 gr. laganna að framsalshafa sé ekki heimilt að framselja öðrum höfundarréttinn án samþykkis. Það stendur líka í þeirri grein, hafi nú verið samið um það í samningum að það megi framselja höfundarréttinn:

„Þrátt fyrir slíkt framsal ber framseljandinn áfram ábyrgð á efndum skuldbindinga sinna við höfund."

Hvað þýðir þetta á mannamáli? Jú. Það þýðir að ríkið er í ábyrgð fyrir Ríkisútvarpið hf. gagnvart höfundunum. Er það ekki ríkisstyrkur? Ríkisábyrgð, er það ekki ríkisstyrkur? Þannig hef ég skilið það. Þarf ekki að hugsa um þetta áður en Samtök atvinnulífsins, Verslunarráð og aðrir reiða til höggs til að drepa Ríkisútvarpið hf. í dróma? Er þetta ekki eitt vopnið í vopnabúrinu? Ég hygg að svo sé.

Íslenska ríkið er bundið Bernarsáttmálanum til verndar bókmenntum og listaverkum. Við höfum staðfest þann alþjóðasamning, Bernarsáttmálann. Heimild til þess var veitt með lögum nr. 80/1972. Þar er m.a. skilgreining á hugtakinu bókmenntir og listir. Það nær yfir hvers kyns form. Það nær líka yfir útvarpsefni og þar fram eftir götunum.

Þar kemur fram að höfundar bókmennta og listaverka hafi einkarétt til að leyfa eftirgerðir. Þar kemur líka fram að höfundar þeirra hafi einkarétt á að leyfa að verk þeirra séu flutt í útvarpi og sjónvarpi o.s.frv., endurgerð verksins og þar fram eftir götunum. Ég verð að segja alveg eins og er, það er afar óvarlegt að samþykkja þetta frumvarp óbreytt að þessu leyti. Það er glapræði. Hreint glapræði. Sú vinna sem þarf að leggja í varðandi þjóðargersemar og höfundarréttinn er ekki vinna sem maður klárar á einni helgi eða einni viku. Það þarf að hugsa þetta djúpt. Það þarf að finna út hvaða gersemar þetta eru. Það þarf að finna hvað er í húfi. Það þarf að fara fram eignakönnun. Ég veit hins vegar að þessar þjóðargersemar hafa verið í fjársvelti undanfarin ár. Ríkisútvarpið hefur margsinnis beðið um fjármagn til að varðveita þessar gersemar en ekki fengið.

En fyrir mér er þetta slík vinna að ríkisstjórnin ætti að kalla þetta frumvarp til baka, nota sumarið í að fara yfir þetta mál og leggja það fyrir að hausti. Það eru gríðarlegir hagsmunir í húfi.

Hugaði hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins ekki að þessum verulegu vafamálum áður en þeir fóru að leika sér að þessu fjöreggi íslenskrar menningar, menningararfleifðinni sem RÚV varðveitir fyrir okkur? Enginn ráðherra menningar getur leikið sér að þessum eldi, farið jafnóvarlega með menningargersemar eða höfundarréttindi þeirra sem sköpuðu þær. Frumvarpið er algjörlega óforsvaranlegt.

Í þriðja lagi vil ég gera að umtalsefni þátt sem er fyrir mér ekki síður mikilvægur en það eru starfsréttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins. Það er lýðræðislegur réttur þeirra og það er lýðræðislegur réttur þjóðarinnar, okkar allra, sem tengist því líka.

Í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu er fjallað um réttindi starfsmanna. Þar er þeim lýst í mjög óljósu máli. Það vakna ótrúlega margar spurningar við lesturinn, a.m.k. fyrir lögmann eins og mig. Ég sé fyrir mér ótrúlega mörg málaferli af því að ekki er hugað að öllu. Þar segir að þegar stofnunin verði lögð niður fari um réttindin samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum um aðilaskipti.

Í lögunum um aðilaskipti er það þannig að starfsmaður sem fer frá einum aðila, þ.e. til Ríkisútvarpsins hf. í þessu tilviki, heldur öllum starfsréttindum sínum hvaða nafni sem þau nefnast. Hvað gerir frumvarpið ráð fyrir? Það gerir ráð fyrir að svo sé ekki. Lögfestir undanþágu frá því varðandi biðlaunarétt, varðandi lífeyrisrétt og varðandi starfskjörin almennt séð.

Það segir í skýringum með þessu bráðabirgðaákvæði að tilgangur þess sé að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins verði „tryggð með“ — segir orðrétt — „eðlilegum hætti og sambærileg öðrum tilvikum um breytingar á rekstrarformi ríkisstofnana, samanber ákvæði í frumvörpum um Rafmagnsveitur ríkisins og Matvælarannsóknir hf.“ Út úr þessu ákvæði má lesa bara eitt: Að starfsréttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins, lífeyrisréttindi og biðlaunaréttur þeirra, verði skert með sama hætti og gerðist þegar Síminn, Rafmagnsveitur ríkisins og Matvælastofnun voru hlutafélagavædd.

Það segir beinlínis í skýringunum að biðlaunaréttur starfsmanna falli niður, þeir fara inn á almenn réttindi. Það fer ekki milli mála að frumvarpið felur í sér alvarlega kjaraskerðingu og verulega skerðingu á starfsöryggi. Af því að því var haldið hér á lofti í umræðunni um athugasemdir um störf þingsins síðastliðinn miðvikudag að menn hefðu áhyggjur af stjórnarskránni — það er auðvitað heilagasta skylda okkar sem þingmanna að hafa áhyggjur af henni, að hafa áhyggjur af mannréttindum, það er frumskylda okkar — þá er það nú svo að frumvarpið mælir fyrir um lífeyrisskerðingu. Þeir karlar og þær konur sem starfa hjá Ríkisútvarpinu mega búast við slíkri skerðingu. Ef minnsti vafi er á því að svo sé — í mínum augum er það ekki — nægir það til þess að draga ætti þetta frumvarp til baka. Lífeyrisréttindi njóta friðhelgi samkvæmt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Sama gildir um biðlaunaréttinn ef hann er skorinn niður. Ég lít á hann sem verðmæti sem varin séu af stjórnarskránni.

Menn hafa þungar áhyggjur af því að ekki sé hægt að leiðrétta þau mistök sem Alþingi gerði rétt fyrir jól 2002, ef ég man rétt, varðandi eftirlaun alþingismanna og ráðherra vegna þess að það hafi orðið til þess að einhverjir fyrrverandi stjórnmálamenn, sem hafa orðið sendiherrar eða tekið upp störf á öðrum vettvangi og horfið af þingi, hafi notfært sér þessi mistök. Mér skilst að þeir séu teljandi á fingrum annarrar hasndar. Nú er staðan sú að ekki er hægt að lagfæra mistökin frá 2002 vegna þess að með slíkri breytingu yrði farið á skjön við stjórnarskrána.

Sömu menn, sömu hv. alþingismenn og ráðherrar sem tala svona, mæla fyrir um að lífeyrisréttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins séu skert og biðlaunarétturinn tekinn af. Sér er nú hver vitleysan eða þversögnin. Starfsöryggi og uppsagnarréttur er skertur líka. Það var sagt í eina tíð að það væri í lagi að hafa ríkisstarfsmenn á lægri launum vegna þess að þeir væru umvafðir réttar- og starfsöryggi, lífeyrisréttindum og öðru slíku. Það sem tekið er af þeim í fyrsta lagi og ég vil nefna fyrst er starfsöryggi að því er varðar uppsagnir og málsmeðferðarreglur við uppsögn. Það gildir á hinum almenna vinnumarkaði að ekki þarf að segja starfsmanni upp með rökstuðningi eða af málefnalegum ástæðum. Þar nægir skrifleg uppsögnin ein. Rétt eins og þegar fréttastjóra Stöðvar 2, sem hafði staðið sig með miklum sóma í starfi, var sagt upp fyrirvaralaust, að vísu greidd laun á uppsagnarfresti en henni var gert að rýma skrifborðið sitt sama dag og hverfa af vettvangi. Allir sem hafa lent í slíku vita hversu mikil móðgun og ærumeiðing felst í slíkri athöfn. Ætlast er til að starfsmenn Ríkisútvarpsins búi við þetta og að þeir starfsmenn sem endurráði sig fari inn á þessi kjör.

Hvað er að því að láta öll þessi réttindi fylgja inn í Ríkisútvarpið? Hvað er að því að hafa Ríkisútvarpið hf. gagnsætt með lýðræðislegum reglum, lýðræðislegum réttindum starfsmanna? Ég hefði haldið að það hefði orðið sterkara fyrir bragðið. Starfsmanni Ríkisútvarpsins sem endurræður sig, ef það slys verður að þetta frumvarp verði að lögum, er hægt að segja upp störfum daginn eftir án nokkurrar rökstuddrar ástæðu. Ef alræðisvaldsútvarpsstjórinn er nú svo góður að svara einhverju þá skiptir engu máli hvort það er málefnalega rökstutt eða ekki. Starfsmaðurinn á enga úrkosti vegna þess að uppsögnin er lögleg þó að hún sé ómálefnaleg. Útvarpsstjóri getur hreinlega sagt við viðkomandi starfsmann: Ég ætla að segja þér upp ef þú lækkar ekki í launum um 30.000 kr. á mánuði. Ég vil ekki lækka í launum, segir þá starfsmaðurinn. Þá er þér sagt upp með þriggja mánaða fresti.

Frumvarpið er aðför að starfskjörum starfsmanna Ríkisútvarpsins og það brýtur gegn stjórnarskrárvörðum eignarréttindum þeirra. Það er líka aðför að lýðræðislegum réttindum almennings. Ef einhver minnsti vafi er á stjórnarskrárbrotum á að túlka þann vafa stjórnarskránni í hag og starfsmönnunum í hag. En það er líka aðför að lýðræðislegum réttindum starfsmanna og miklu fremur lýðræðislegum réttindum almennings. Af hverju segi ég það? Jú, vegna þess að með hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins eru tekin úr sambandi afar mikilvæg lögbundin og lýðræðisleg réttindi. Hvað er ég þá að tala um? Jú, ég er að tala um það að verið sé að kippa úr sambandi aðgengi að umboðsmanni Alþingis. Það er verið að kippa úr sambandi þeirri gríðarlega mikilvægu lýðræðislegu tryggingu sem felst í umboðsmanni Alþingis. Þetta fer utan hlutverks hans. Það er verið

að kippa úr sambandi stjórnsýslulögum gagnvart starfsmönnum og gagnvart almenningi. Ég er að tala um almenning líka, hlustendur og þá sem eiga skipti við Ríkisútvarpið. Það fara út allar grundvallarlýðræðisreglur stjórnsýslulaga um rökstuðning, um meðalhóf, um vanhæfi og hvað sem er, jafnræðisreglan. Allt þetta fer út. Öllu þessu er kippt burt með einu löggjafarpennastriki. Og þar fyrir utan er upplýsingalögunum kippt úr sambandi, öll þessi lagafrumvörp sem mynda kjarnann í því að íslenskt þjóðfélag sé opið lýðræðislegt þjóðfélag, gegnsætt lýðræðisþjóðfélag, og algjör grundvallaratriði.

Ég get bara sagt að eftir að þessi lög voru sett á síðasta áratug 20. aldarinnar breyttist starf mitt sem lögmaður. Það varð allt miklu auðveldara. Það var hægt að skrifa stjórnvöldum og fá skýr svör. Það var ekki þannig áður að hægt væri að biðja um upplýsingar. Það var ekki þannig. Lýðræðislegt aðhald að Ríkisútvarpinu hf. er einfaldlega skert verulega. Lýðræðislegur réttur hvers einstaklings, einstaklingsfrelsið sem sjálfstæðismönnum er svo gjarnt að tala um á tyllidögum, frelsi hvers einstaklings til að gera sig gildandi gagnvart Ríkisútvarpinu hf. er horfið. Það er borið fyrir borð. Ríkisútvarpið hf. hefur frítt spil.

Það minnir mig á það, þegar búið er að henda þessum lýðræðislegu réttindum almennings og starfsmanna út, hvert skyldi þá vera hlutverk útvarpsþjónustu í almannaþágu? Hvert skyldi nú vera eitt hlutverkið? Samkvæmt 5. tölul. 3. gr. er það að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana og gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Er nú ekki laglegur heimanmundurinn að fara af stað með því að kippa lýðræði almennings í burtu og byggja á stjórnarskrárvafasömum lagasetningaraðferðum og segja svo: Jæja, Ríkisútvarpið hf., nú átt þú að stunda lýðræði. Það verður búið að taka lýðræðið úr sambandi þegar Ríkisútvarpið hf. er stofnað og einræða það.

Fyrir mér er þetta bláköld forræðishyggja og enn á ný opinbera Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn fjandsamlega afstöðu sína til ríkisstarfsmanna, hreina og klára fjandsamlega afstöðu til ríkisstarfsmanna. Það skyldu starfsmenn þeirra ríkisstofnana sem enn hafa ekki verið einkavæddar og hent út á guð og gadd samkeppnisreksturs hugleiða. Það segir beinlínis í þessu frumvarpi: Við viljum ekki að þið hafið þau réttindi sem þið hafið í dag. Hlutafélagavæðing ríkisstofnana er sama sem starfskjaraskerðing. Það er brýnt að ríkisstarfsmenn hafi þetta í huga, bæði í kosningunum í vor og alþingiskosningum að ári og æ síðan.

Í fjórða lagi ætla ég að fjalla um það í ræðu minni að nú hefur það gerst að í Morgunblaðinu í gær voru birtar tvær auglýsingar undir sömu fyrirsögninni. Fyrirsögnin er: „Frumvarpið um Ríkisútvarpið er meingallað". Önnur auglýsingin er frá Samtökum atvinnulífsins og hin er frá Viðskiptaráði Íslands. Í auglýsingu Samtaka atvinnulífsins, sem er úr umsögn þeirra til menntamálanefndar um frumvarpið og er dagsett 15. febrúar 2006, segir orðrétt:

„Samtök atvinnulífsins telja því nú að frumvarpið samræmist ekki ákvæðum EES-samningsins um ríkisstyrki, sé í andstöðu við markmið samkeppnislaga og tryggi ekki ásættanlegt jafnræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri. Með vísan til framanritaðs geta Samtök atvinnulífsins ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd."

Texti viðskiptaráðsins er úr Skoðun Viðskiptaráðs Íslands sem dagsett er 24. febrúar 2006 og þar segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi menntamálaráðherra er verið að blása til sóknar ríkisrekstrar gegn einkarekstri sem hefur þegar haslað sér völl á markaðnum. Þessi framganga ríkisins spillir heilbrigðum rekstrarskilyrðum á fjölmiðlamarkaði. Þannig liggur í augum uppi að ef frumvarpið fjallaði ekki um RÚV heldur fyrirtæki í einhverri annarri atvinnustarfsemi í landinu sæist glögglega hve frávik frá eðlilegum leikreglum markaðarins eru hrópandi í frumvarpinu."

Hverjir skyldu nú vera að vígbúast ef þetta yrði að lögum? Hverjir eru að vígbúast? Þessu var fylgt eftir með grein sem hér hefur verið gerð grein fyrir, ítarlegri og rökstuddri grein eftir Guðlaug Stefánsson hagfræðing, sem starfar hjá Samtökum atvinnulífsins, þar sem hann fjallar um það ríkið geti ekki — ég umorða það — gefið slíkt meðlag með Ríkisútvarpinu hf. að það skerði samkeppnisstöðu.

Ég hef nefnt að ríkið verður í ábyrgðum fyrir höfundarréttinn. En skyldi það ekki verða vopn í væntanlegu stríði Stöðvar 2 eða þeirra tveggja risa sem núna eru á fjölmiðlamarkaði gegn Ríkisútvarpinu, að Ríkisútvarpið hf. fær þjóðargersemarnar? Skyldi Ríkisútvarpið hf. ekki hafa eitthvert forskot? Hefur ríkið eitthvert leyfi til að afhenda einum rekstraraðila, einum sjálfstæðum lögaðila í samkeppnis- og hlutafélagarekstri þessi ómetanlegu auðæfi sem eru efni, uppspretta í hundruð sjónvarps- og útvarpsþátta, bæði með hreinum endurflutningi og svo annarri vinnslu, til kvikmyndagerðar, sjónvarpsþáttagerðar og til allra mögulegra hluta? Skyldi það ekki verða vopn í baráttunni sem fer í hönd?

Með því að færa allar eignir RÚV í dag til Ríkisútvarpsins hf. sem ég segi að hæstv. menntamálaráðherra geti ekki metið en sem má ætla að kunni að hlaupa á hundruðum milljarða ef menn reyndu það. Skyldi það meðlag með Ríkisútvarpinu hf. verða samþykkt niðri í Evrópu hjá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA? Ég er hræddur um ekki, fyrir utan svo milljarðaframlagið á hverju ári. Þetta frumvarp er sem sé vopnabúr illdeilna, illvígra samkeppnisdeilna. Í húfi eru þjóðargersemarnar og í húfi eru eignarréttindin, höfundarrétturinn, réttindi starfsmanna og í húfi eru lýðræðisleg réttindi hlustenda og áhorfenda.

Ég spurði mig þegar ég fór að kynna mér þetta mál: Skyldi það vera tilgangurinn að samkeppnisúrskurður Samkeppnisstofnunar sem vænta má, illdeilurnar, eða ESA eða dómar innan lands, innlendra dómstóla eða EFTA-dómstólsins gangi endanlega af Ríkisútvarpinu dauðu? Skyldi Ríkisútvarpið hf. rísa undir þeim málaferlum? Er frumvarpinu ætlaður fyrsti leikurinn eins og það er? Er það fyrsti leikur í að kviksetja Ríkisútvarpið? Ég ætla nánast að svo sé miðað við hvernig það er úr garði gert. Kviksetja menningarstarfsemi sem til þessa hefur verið rekin án gróðahyggju, án peningahugsunar, á öðrum forsendum en að skila arði, ekki peningalegum arði, heldur menningarlegum arði til þjóðarinnar sem við höfum fengið svo ríkulega að það hálfa væri nóg. Þessu á að fórna á sviði samkeppnis-

rekstrar. Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands hafa þegar vígbúist og vilja einkavædda einokun á fjölmiðlasviðinu og þar eru bara tveir fyrir. Það eru miðlar í eigu Baugs og fleiri annars vegar og það eru Síminn og Skjár einn og sumir spá því að Morgunblaðið falli inn í þann hóp. Skyldu þessir tveir aðilar ekki berjast um erfðagóssið þegar það er búið að kviksetja eða steypa Ríkisútvarpinu í glötun? Þá er eina spurningin hvor nær fengnum, sem ég get alveg eins kallað í þessum ræðustól, ránsfenginn.

Eitt enn, frú forseti. Ég hef verið þeirrar skoðunar að vilji standi til þess að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins að gera það að sjálfseignarstofnun. Ég veit að það eru mjög margir sem hugsa þannig og ég hef reyndar verið sannfærður um það í viðtölum við fjölda manns. Sjálfseignarstofnuninni eru settar skýrar reglur í lögum sem ég ætla ekki að fara yfir en þær lúta eftirliti Ríkisendurskoðunar sem heyrir að því er ég best veit beint undir Alþingi og það eru varanlegar og góðar tryggingar fyrir því að tilgangi verði ekki breytt o.s.frv.

Á bls. 11 í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um samanburð á hlutafélagsforminu og formi sjálfseignarstofnunar.

Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við samanburð á sjálfseignarstofnun og hlutafélagi þótti hlutafélagsformið henta betur enda gildir um hlutafélög ítarleg og skýr löggjöf, leikreglur eru þar allar vel þekktar og fjöldi fordæma til um hvernig leysa beri úr einstökum málum."

Eru þetta rök eða er þetta fullyrðing? Ég hallast að því síðarnefnda vegna þess að í textanum segir: „Við samanburð á sjálfseignarstofnun og hlutafélagi þótti hlutafélagsformið henta betur ..." Hvar er þessi samanburður? Hann liggur ekki fyrir í þeim gögnum sem ég hef skoðað. Það er enginn samanburður fyrir hendi, ekki nokkur. Þegar svona veigamiklar ákvarðanir eru teknar eiga að liggja fyrir skjöl, ítarleg skjöl, samanburður og skýrslur sérfræðinga. Ég fullyrði að þegar menn setja á stofn sjálfseignarstofnun eru sjálfseignarstofnuninni settar samþykktir, reglur, tilgangur og þar fram eftir götunum. Það er ekkert vandamál að setja vandaðar, skýrar samþykktir, tilgangslýsingu, leikreglur fyrir RÚV sem sjálfseignarstofnun með öllum þeim kostum sem fylgja hlutafélagsforminu en sneiða af alla þá galla sem fylgja því, því að þeir eru líka til.

Rökin hér eða rökleysan eða fullyrðingin er fyrirsláttur. Það ber allt að sama brunni, það verður að hugsa málið algjörlega upp á nýtt og fresta því fram á næsta þing. Einkavædd einokun hefur ekki skilað almenningi í landinu nokkrum sköpuðum hlut. Hefur almenningur haft hag af einkavæðingu bankanna sem voru í ríkiseign? (**Gripið fram í:** Sumir.) Sumir. Almenningur? (**Gripið fram í:** Nei, ekki almenningur.) Ég sagði almenningur. Það eru einstaklingar, (**Gripið fram í:** Einstaklingar, já.) eigendur þeirra sem græða milljarða. Höfum við séð lækkun á kostnaði bankanna frá því að þeir voru einkavæddir? Höfum við séð vaxtakjörin lækka? Höfum við séð þess stað að við höfum notið milljarðagróða þeirra á hverju ári? Nei. Það eru tekin þvílík gjöld af manni að maður þorir ekki að ganga sömu megin götu og dyrnar á bankanum eru vegna ótta við að það fari ekki eitthvað inn á kreditkortið.

Það er enginn hagur af því. Sér einhver haginn af samkeppni á tryggingamarkaði, olíumarkaði, að vísu er undantekning þar? Nei, almenningur hefur ekki séð það í buddunum sínum, ekki í fjárhag heimilanna. Vextir hafa ekki lækkað og þjónustugjöldin hafa rokið upp. Þetta skilur hver maður. Af yfirdrættinum er okurlán. Nei, það hefur ekki komið króna í budduna hjá almenningi og verið er að skerða þjónustu við almenning með því að samkeppnis- og hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Það er því verið að skerða réttindi almennings. Meira að segja var ein samkeppnisaðgerðin sú að einkavæða jarðarfarir og við það hækkuðu þær um mörg hundruð prósent.

Frú forseti. Hvernig sem á málin er litið er frumvarpið atlaga að þeim þjóðargersemum sem ég gerði að umtalsefni. Það er atlaga að höfundum sem gerðu þær, bjuggu þær þjóðargersemar til. Það er atlaga að starfsmönnum Ríkisútvarpsins og það er atlaga að lýðræðislegum réttindum þeirra sem hlusta, horfa og eiga skipti við Ríkisútvarpið.

[15:57]

Pétur Bjarnason:

Frú forseti. Aðkoma mín að þessu máli er með frekar litlum fyrirvara og undirbúningur kannski ekki eins og vert væri og ég vonast til að fá annað tækifæri til að gera betur síðar þar sem þess má vænta að ræða mín verði að einhverju leyti sundurlaus og styttri en annars hefði verið.

Ég hef ekki tekið þátt í þessum umræðum öðruvísi en sem áhorfandi úti í bæ. Ég hef fylgst með fréttum, ég hef skoðað og hlýtt á ræður þingmanna, ég hef lesið frumvarpið yfir og nefndarálit. En ég vil segja að af því sem ég hef kynnt mér um málið finnst mér einna athyglisverðust sú ræða sem hér var flutt núna rétt áðan af hv. þm. Atla Gíslasyni. Ég hvet menn til að kynna sér þau sjónarmið sem þar komu fram og þær upplýsingar um þau gífurlegu verðmæti, bæði hlutlæg verðmæti og önnur sem liggja í Ríkisútvarpinu, verðmæti í starfsmönnum og í efni sem þar er nánast ómetanlegt. Ég held að rétt sé að gefa því fullan gaum, auk þess sem hv. þm. talar af mikilli reynslu og þekkingu um réttindi starfsmanna. Að sjálfsögðu hafa menn miklar áhyggjur af þeim við þær breytingar sem fyrirhugaðar eru í þessum efnum því að við höfum séð hvernig farið hefur bæði hvað snertir lífeyrisréttindi og biðlaunarétt starfsmanna í ýmsum þáttum einkavæðingar að undanförnu og þau spor hræða.

Ég fagna því engu að síður að fá að segja nokkur orð um RÚV og fjalla aðeins um málefni þess vegna þess að ég hef kynnst starfsemi Ríkisútvarpsins af eigin raun, fyrst sem fréttaritari um langt árabil bæði á landsbyggðinni og hér á höfuðborgarsvæðinu, ég hef annast þar dagskrárgerð, lestur í útvarp, þýðingar o.fl. Ég hef fylgst með svæðisstöðvum, m.a. vestur á Ísafirði, fylgst með hvernig hún varð til í mjög slæmri aðstöðu til þeirrar sem nú er sem er að mörgu leyti til fyrirmyndar, og ég hef starfað á þeirri stöð. Þar að auki tók ég þátt í að stofna hollvinasamtök um Ríkisútvarpið og hef fylgst með ágætu starfi þeirra.

Það er algjörlega nauðsynlegt að mikilvægi Ríkisútvarpsins verði virt og tryggt að það skuli hafa varanlegan sess sem menningarstofnun og almannaútvarp í eigu allra

landsmanna. Því ber samkvæmt lögum núna að gæta óhlutdrægni, vernda skoðanafrelsi og halda uppi fjölbreyttum skoðunum. Ríkisútvarpið er eina útvarpsstöðin sem hefur þetta lögbundna hlutverk og því er brýnt að standa vörð um það.

Það er skylda Ríkisútvarpsins að efla íslenska dagskrárgerð og því þarf að vera kleift að framleiða miklu meira innlent efni en nú er gert. Meginhlutverk þess á að vera metnaðarfull innlend dagskrárgerð og að standa vörð um tunguna og menninguna. Það er forsenda þess að við viljum hafa ríkisrekinn fjölmiðil og það er þjónusta sem íslensk þjóðin vill og sem hún á rétt á.

Það er nauðsynlegt að Ríkisútvarpinu verði tryggðir traustir tekjustofnar til að geta rækt menningarlegt hlutverk sitt myndarlega. Ég tel heppilegast að gera það af fjárlögum. Það eru ýmsir annmarkar á því afnotagjaldi sem nú er en nefskatturinn er engu betri og ég kem nokkuð að því síðar.

Í löndunum allt í kringum okkur er rekið öflugt ríkisútvarp og þykir sjálfsagt og eðlilegt. Ég hef hvergi heyrt gild rök fyrir því að breyta ætti RÚV í hlutafélag. Margir hafa sagt að það mundi liðka fyrir ýmsum þáttum í rekstrinum ef RÚV yrði hlutafélag í eigu ríkisins. Þá gæti stofnunin brugðist fljótt við samkeppni og verið skjót til ákvarðana. Á móti má spyrja: Hvað er því til fyrirstöðu að stofnun sé breytt þannig að hún bregðist skjótt við samkeppni þótt hún sé ekki gerð að hlutafélagi? Hv. síðasti ræðumaður kom einmitt inn á gildi t.d. sjálfseignarstofnunar í þessu sambandi og á hvern hátt slík stofnun gæti gegnt sama hlutverki að mestöllu leyti og hlutafélag.

Í hlutafélagi felst hins vegar að til greina kæmi að selja það hlutafélag. Það eina sem til þarf er að fella burt eina málsgrein úr lögunum. Það er óhætt að segja að fordæmin séu slæm ef um er að ræða hlutafélag í eigu ríkisins því að það er og hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar að einkavæða þau. Það sýna dæmin. Ég held að minnsta vísbending í þá átt væri beinlínis hættuleg fyrir íslenska menningu, fyrir öryggi landsmanna, sem ekki má gleyma, og ekki síst fyrir aðra fjölmiðla með tilliti til þeirrar samþjöppunar sem á sér stað í þeim geira.

Ég vil í þessu sambandi minna á tillögu til þingsályktunar sem Frjálslyndi flokkurinn hefur flutt oftar en einu sinni og eftir því sem ég best veit síðast á 130. löggjafarþingi 2003–2004. Allir þingmenn Frjálslynda flokksins fluttu þessa tillögu til þingsályktunar, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Nefndin ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.“

Þessi leið held ég að væri miklu vænlegri eins og komið hefur fram hjá mörgum þingmönnum, að vanda til verksins, gefa sér tíma til að vinna það frekar en setja fram frumvarp sem er gert eins og það sem hér liggur frammi og er mjög umdeilt, ekki bara á Alþingi heldur víðs vegar í þjóðfélaginu eins og umsagnir, blaðaskrif og almenn umræða í þjóðfélaginu hefur sýnt fram á.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni var ýmislegt rætt um gildi útvarpsins. Meðal annars var talað um að það væri, eins og ég gat um áðan, viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar. Það ætti að gefa almenningi kost á fræðslu, menningarefni og ýmsu öðru sem er ekki svo vinsælt að aðrir ljósvakamiðlar sjái sér hag í að flytja það. Slíkur fjölmiðill sem á að flytja efni sem er nauðsynlegt en e.t.v. ekki til þess fallið að auka á sölu á að vera í þjóðareign og hann á að vera fjármagnaður af almenningi úr ríkissjóði. Þess vegna var það álit flutningsmanna að Ríkisútvarpið ætti að halda áfram að vera til sem sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign. Í þessari greinargerð var gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið yrði fjármagnað að fullu á fjárlögum hvert ár, t.d. innan ramma áætlunar eða þjónustusamnings til þriggja til fimm ára í senn.

Í greinargerð með þessari þingsályktunartillögu er margt fróðlegra hluta annarra en ég vil líka minna á frumvarp til laga sem hefur verið flutt oftar en einu sinni um textun. Ég er ekki farinn að sjá að hlutafélag yrði líklegra til þess að kosta til textun sjónvarpsefnis sem er mjög brýnt, sem er líka mjög dýrt og hefur verið vanrækt. Það er auðvelt að sjá það með samanburði við aðrar þjóðir. Það vantar mjög mikið á að textun sé hér svipuð og gerist sæmilegt í nágrannalöndum og þá er ég ekki að miða við BBC sem er fremst í flokki eftir því sem ég best veit í því.

Ég hef rekið mig á að það er almennur misskilningur að textun sjónvarpsefnis sé fyrst og fremst ætluð mjög heyrnarskertu fólki en svo er alls ekki. Hún er ætlað okkur hinum sem erum heyrnarskert að einhverju marki en e.t.v. ekki álitin fötluð vegna þess. Hins vegar er það svo að þegar fólk sem svo er ástatt fyrir horfir á sjónvarp og hlustar á það sem þar fer fram á það mjög erfitt með að greina á milli einstakra hljóða og þess vegna eru þeir sem þurfa á þessu efni að halda geysilega margir og miklu fleiri en almennt er álitið. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu vegna þess að þetta er eitt af fjölmörgu sem þetta hlutafélag um RÚV þarf að taka á og kosta. Þetta er eitt af fjölmörgu sem er ekki til þess fallið að gefa beinan arð hverju sinni en er afar brýnt og nauðsynlegt.

Mér finnst eftir því sem ég hef séð að vinnubrögð við undirbúning þessa frumvarps og málatilbúnað séu frekar hroðvirknisleg. Málefni Ríkisútvarpsins hefðu átt að vera til umræðu með öðrum fjölmiðlamálum sem bíða úrlausnar hérna en ekki rekið áfram eins og raunin hefur orðið á. Ég tel að þau lög sem nú verða sett, verði þetta frumvarp samþykkt sem ég vona svo sannarlega að verði ekki að óbreyttu, muni veikja stöðu og starfsemi Ríkisútvarpsins og herða pólitískt kverkatak ráðandi stjórnvalda hverju sinni á þessari stofnun. Það er ekki þetta sem Ríkisútvarpið hefði helst þurft á að halda því að pólitísk völd þar og áhrif hafa verið mikil um langa hríð.

Samtökin Hollvinir Ríkisútvarpsins sendu Alþingi umsögn sína um fyrirhugað frumvarp og ég leyfi mér, virðulegi forseti, að vísa til þess. Þar er m.a. lögð áhersla á eftirfarandi punkta, með leyfi forseta:

Í fyrsta lagi andstöðu við hlutafélagavæðingu RÚV sem er grundvallarstefna samtakanna enda öll einkavæðingaráform þjóðarfjölmiðilsins fráleit.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að RÚV sé alveg óháð framkvæmdarvaldinu á hverjum tíma.

Í þriðja lagi metnaðarfull innlend dagskrárgerð á að vera

meginhlutverk RÚV þar sem höfuðáhersla er á mál, menntun og menningu. Opinber útvarpsrekstur á að vera vörður lýðræðis með þjóðinni sem bægir frá sérhagsmunafullri flokkspólitík.

Það er stefna hollvinasamtakanna í fjórða lagi að æðsta stjórn RÚV verði skipuð fulltrúum fjölmennra hópa samfélagsins svo víðfeðmar skoðanir fái notið sín og víðtæk þekking. Það væri líka viðfangsefni slíkrar yfirstjórnar að tryggja sjálfstæði almannaútvarpsins. Með nýju lögunum verður hlutafélagið RÚV „losað undan ýmsum lögum og reglum sem gilda sérstaklega um ríkisrekstur svo sem varðandi fjárreiður, upplýsingagjöf, starfsmannahald og lántökuheimildir." Hér er beint vísað í texta. Hollvinasamtökin telja mjög miður að þjóðin eigi ekki aðgang að öllum upplýsingum varðandi þau atriði sem hér voru nefnd og vilja að stjórnsýsla sé gagnsæ.

Hollvinasamtök RÚV telja að þjóðarútvarp eigi að mestu leyti að vera rekið fyrir skattpeninga og ekkert til sparað að efla stofnunina til að vera sverð og skjöldur íslenskrar menningar og lýðræðis.

Meðan ég þekkti til málefna Framsóknarflokksins var mjög eindregin afstaða þess flokks um að standa vörð um Ríkisútvarpið. Sérstaklega var mikil andstaða við allar hugmyndir um einkavæðingu þess, um hlutafélagavæðingu og annað sem því viðkom. Svo ég fór að velta fyrir mér: Hvað hefur gerst? Hefur eitthvað breyst hjá Framsóknarflokknum?

Ég hef reyndar alls ekki fylgst mikið með ályktunum hans eða störfum, ég skal alveg viðurkenna það. Til að hressa upp á þetta fletti ég upp ályktunum flokksþinga til þess að sjá hvort eitthvað væri breytt. Á vef Framsóknarflokksins eru þrjár ályktanir. Þær eru ekki frá því í gamla daga þegar ég þekkti til mála hans en þær eru frá 2001, 2003 og 2005. Það er greinilegt að á þessum tíma hefur flokkurinn af einhverjum ástæðum breytt verulega um áherslur og sveigst til þeirra áherslna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft í þessum efnum: einkavæðingar, hlutafjárvæðingar eða hvað það er, ég veit það ekki.

Í ályktunum frá flokksþingi 2001 stendur, með leyfi forseta:

„Að löggjöf um Ríkisútvarpið verði endurskoðuð með það að markmiði að tryggja hlutleysi þess og sjálfstæði og að stofnuninni verði áfram gert kleift að rækja mikilvægt menningarhlutverk sitt."

Síðan segir:

„Ríkisútvarpinu verði ekki breytt í hlutafélag en í tengslum við endurskoðun löggjafar um Ríkisútvarpið verði kannað hvort rétt sé að breyta því í sjálfseignarstofnun. Fjárhagur Ríkisútvarpsins verði efldur til að tryggja enn betur útsendingarstyrkleika þess á landsbyggðinni."

Þarna sýnist mér vera markmið í ályktun flokksins 2001 sem er nokkuð í anda þess sem var í Framsóknarflokknum lengst af og ég þekkti í þessum efnum og var samþykkur þá.

Síðan kemur flokksþing 2003. Þá er aðeins farið að breyta um áherslur.

Ef ég má vitna í það, með leyfi virðulegs forseta:

„Ríkisútvarpið skal stunda sjónvarps- og útvarpsrekstur í þágu þjóðarinnar á breiðum grundvelli." Gott og vel.

Síðan segir:

„Breyta skal rekstrarformi Ríkisútvarpsins í sjálfseignarstofnun sem verði laus við viðskiptaleg, stjórnmálaleg eða önnur hagsmunatengsl."

Þarna er mjög greinilega farið að breyta um áherslur frá 2001.

Hér reyndar segir fleira:

„Sjálfseignarstofnunin RÚV yrði þannig sjálfstæður miðill, sem rekinn yrði á jafnréttisgrundvelli við önnur fjölmiðlafyrirtæki. Tryggja skal rekstur RÚV með þjónustusamningi við ríkið."

Í ályktun flokksþings síðasta árs, 2005, segir:

„Mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu og sjálfstæði þess eflt. Hraða ber endurskoðun laga um Ríkisútvarpið þar sem m.a. stjórnskipulag stofnunarinnar verður endurskilgreint og mið tekið af nýju fjölmiðlaumhverfi. Skoðaðar verði mismunandi leiðir til að standa undir rekstrarkostnaði."

Þarna virðist vera búið að sleppa ýmsu sem ályktað var um 2001. Það kann vel að vera að einhver rök séu fyrir því en það kemur ekki fram á þessari heimasíðu og ég þekki ekki hver þau kunna að vera.

Eins og ég gat um í upphafi mun ég ekki fjalla efnislega um frumvarpið að þessu sinni en það eru rétt einstök atriði sem ég vildi þó víkja að. Það er spurning um hvernig eigi að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins. Með því að setja Ríkisútvarpið á fjárlög er verið að taka af sameiginlegum tekjum okkar allra til þess að kosta þennan nauðsynlega öryggis- og menningarþátt í íslenska þjóðlífinu. Hins vegar velta menn mikið vöngum yfir því hvort ætti að hafa nefskatt. Margir hafa verið því fylgjandi og m.a. hefur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar lýst því yfir í viðtali að nefskattur sé miklu heppilegri fjármögnunarleið fyrir Ríkisútvarpið en afnotagjald.

Aftur á móti hefur ríkisskattstjóri sett fram miklar efasemdir um kosti nefskattsins. Hann segir m.a. að kostur nefskatts sé helst sá að einfalt sé að leggja hann á og auðvelt að fylgjast með skattgreiðslu. Aftur á móti telur hann til ókosta nefskattsins að hann taki ekki tillit til greiðslugetu og sé íþyngjandi fyrir tekjulága, þ.e. tekjulágir greiða hærra hlutfall tekna sinna í skattinn en þeir sem meira hafa handa á milli. Hann talar um nefskatt af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir en talað er um í upphafi 13.500 kr. á þá sem greiða sem innheimtur verði frá 1. jan. 2008.

Gert er ráð fyrir því að tekjulágir séu undanþegnir nefskattinum. Hvaða tekjur er verið að tala um: Er verið að tala um launatekjur? Er verið að tala um fjármagnstekjur? Er ekki alltaf dálítið erfitt að ákveða tekjur og ráðstöfunarfé hvers aðila? Það hefur sýnt sig vera stundum annmörkum háð. Síðan segir að þeir sem eru orðnir 70 ára eða eldri séu undanþegnir.

Úr umsögn ríkisskattstjóra segir, með leyfi forseta:

„Frítekjumörkum fyrir fast krónugjald fylgja ákveðin vandamál vegna þeirra sem eru sitt hvorum megin næst mörkunum, sem vakið getur spurningu um jafnræði. Sama á við þegar litið er til mismunandi skattlagningar hjóna eftir því hvort annað eða bæði eru ofan markanna. Þá eru skattfrelsismörk samkvæmt frumvarpinu með þeim annmarka að eingöngu er miðað við almennar tekjur, þ.e. launatekjur og

þess háttar en ekki fjármagnstekjur. Allstór hópur manna hefur miklar tekjur af eignum en lágar launatekjur og yrði samkvæmt þessu undanþeginn gjaldinu.“

Sömuleiðis er gert ráð fyrir að tekjuskatturinn leggist ekki bara á einstaklinga heldur líka á lögaðila þannig að fyrirtæki mundu borga þetta gjald óháð tekjum þeirra eða hagnaði.

Virðulegur forseti. Það er svo vissulega tilefni til þess að fjalla um mjög margt fleira í þessu. Ég tek undir það sem margir hafa sagt í dag að þetta frumvarp er mjög viðsjárvert. Ég óttast mjög að verði það að lögum séu þar afskaplega slæmir hlutir að gerast.

Ég vil leyfa mér að ljúka þessari ræðu með niðurlagi í umsögn Hollvinasamtaka RÚV, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þjóðarútvarp okkar er almannaútvarp sem á alls ekki að heyra til fyrirtækjarekstrar með kröfu um hagnað og arðsemi. Ríkisútvarpið er menningarstofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki í almannaþjónustu. Við höfum þegar einkastöðvar sem reknar eru með arðsemina eina að leiðarljósi og fjölmiðlum í einkaeigu er hvorki skylt að gæta hlutleysis né sinna menningar- og öryggishlutverki. Þá kröfu getum við þó gert óhikað til þjóðarútvarps í almannaeigu.“

[16:18]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. þm. Pétri Bjarnasyni fyrir ágæta og hófstillta ræðu. Hv. þingmaður tók fram að hann ætlaði ekki að fjalla um frumvarpið sem slíkt en hann vék að ýmsum málum sem snerta rekstur Ríkisútvarpsins og fjölmiðla almennt. Ég heyrði hv. þingmann ekki fjalla mikið um afstöðu síns flokks til Ríkisútvarpsins eða til fjölmiðla en hins vegar eyddi hann töluverðum tíma í að rekja ályktanir Framsóknarflokksins sem lúta að Ríkisútvarpinu.

Ég vil í tilefni af því taka fram að meðan Framsóknarflokkurinn er í ríkisstjórn verður Ríkisútvarpið ekki selt. Það er alveg ljóst. Hins vegar er mjög eðlilegt að með þeim breytingum sem orðið hafa á fjölmiðlaumhverfinu á liðnum árum verði líka afstöðubreyting hjá stjórnmálaflokkunum til Ríkisútvarpsins. Það er samt einkennilegt þegar látið er að því liggja að vegna þess að með þessu frumvarpi á að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag með þeim takmörkunum sem koma fram í 1. gr. frumvarpsins um að það verði ekki selt, það eigi að vera í þjóðareigu, muni Framsóknarflokkurinn hugsanlega einhvern tíma samþykkja að Ríkisútvarpið verði selt, en vitað er að það eru ekki nema einn eða tveir af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins á þingi sem eru talsmenn þess að það verði selt. Nú er ekki þingmeirihluti fyrir sölu og meðan Framsóknarflokkurinn er í ríkisstjórn verður það ekki selt að öllu óbreyttu. Þetta eru ákveðnar ávirðingar sem bornar eru á flokkinn. En af því tilefni að hv. þingmaður sá ástæðu til að rekja ályktanir Framsóknarflokksins og hvernig þær hafa breyst í gegnum tíðina vildi ég árétta það, frú forseti, að Ríkisútvarpið verður ekki selt á meðan Framsóknarflokkurinn er í ríkisstjórn og ég get ekki séð fyrir mér að hægt sé að mynda neinn annan stjórnarmeirihluta sem gæti verið hlynntur því að selja Ríkisútvarpið.

[16:20]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu að Framsóknarflokkurinn muni aldrei standa að því að selja Ríkisútvarpið og ég vona svo sannarlega að til þess komi heldur aldrei.

Hins vegar vil ég aðeins leiðrétta það að égýjaði ekkert að því að Framsóknarflokkurinn ætlaði að selja Ríkisútvarpið. Ég nefndi það aldrei. Ég nefndi hins vegar þann ótta minn að hlutafélagavæðing gæti orðið til þess að af sölu yrði. Ég bendlaði Framsóknarflokkinn ekkert við það enda þótt hv. þingmaður hafi gert það og lagði mér þar með orð í munn sem ekki er rétt.

Það er hins vegar ekki rétt heldur að ég hafi ekki fjallað um áherslur Frjálslynda flokksins en kannski hefur þingmaðurinn misst af því. Ég nefndi þær leiðir sem Frjálslyndi flokkurinn hefur ítrekað reynt að fara og bent á til þess að fjalla um málefni Ríkisútvarpsins. Hann hefur flutt þingsályktunartillögu í tvígang a.m.k. um að stofna til nefndar sem hefði það verkefni að undirbúa frumvarp af þessu tagi, undirbúa það á vandaðan hátt og gera það þannig úr garði að hægt væri að koma því í gegnum þingið með samþykki og sátt þingmanna og þeirra sem eiga að tryggja það að þessi stofnun verði okkur jafnmikilvæg og raun ber vitni.

Ég fór aðeins yfir þetta og sagði réttilega að ég hef afskaplega lítið fylgst með Framsóknarflokknum og ekki haft sérstaka löngun til þess fyrr en tilefni vakna eins og þessi. Ég var bara að velta því fyrir mér, og geri það stöðugt, hvað hefði gerst, af hverju þessar breytingar hefðu orðið, því að þegar ég starfaði innan Framsóknarflokksins þá starfaði ég líka hjá RÚV og fylgdist mjög vel með öllum ályktunum um Ríkisútvarpið. Þess var sérstaklega gætt að reyna að standa vörð um þá stofnun af hálfu Framsóknarflokksins sem taldi sig vera þá alveg sérstakan málsvara hennar. Það var þetta sem ég vildi gera að umræðuefni og benda á, ekki hitt að ég segði að hann mundi selja Ríkisútvarpið eða annað í þeim dúr.

[16:22]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Talsmenn þess í þinginu að selja Ríkisútvarpið voru þrír eða fjórir, ég held að þeir séu aðeins tveir núna. Það er því ljóst að ekki er stjórnarmeirihluti fyrir því og eins og ég sagði verður Ríkisútvarpið ekki selt að óbreyttri ríkisstjórn. En það hefur aftur og aftur verið komið inn á það í umræðunni, ekki endilega kannski hv. þm. Pétur Bjarnason, að með því að Framsóknarflokkurinn hafi lagt aðrar áherslur í ályktunum sínum núna, í gjörbreyttu fjölmiðlaumhverfi, en hann gerði fyrir einhverjum árum síðan hafi orðið einhver stefnubreyting og afstöðubreyting innan flokksins til þess að Ríkisútvarpið eigi að vera í þjóðareigu.

Hið rétta er að til skamms tíma töldu menn að Ríkisútvarpið yrði helst varið sem þjóðareign með því að það væri sjálfseignarstofnun frekar en hlutafélag. Nú hafa menn hins vegar sett inn í þetta frumvarp jákvætt og ótvírætt ákvæði um að það verði ekki selt og eigi að vera áfram þjóðareign. Framsóknarmenn sjá að það tryggir heldur ekkert að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareign að hafa það sem sjálfseignarstofnun, því að eins og hv. þm. Pétur Bjarnason benti

réttilega á væri hægt, eftir að þetta frumvarp verður að lögum, að selja það með því að breyta einu ákvæði. Það væri líka hægt þó svo að lög mundu kveða á um það núna að Ríkisútvarpið væri sjálfseignarstofnun. Það er líka hægt að breyta þeim lögum. Tryggingin er því engin í rekstrarforminu sem ákveðin verður.

Meginmálið er að það er ekki stjórnarmeirihluti fyrir að selja það. Ég get heldur ekki ímyndað mér, eins og menn hafa talað í stjórnarandstöðunni, að þótt breyting verði á ríkisstjórnarmeirihluta einhvern tíma í framtíðinni að Ríkisútvarpið verði selt þá. Svo mikill samhugur finnst mér vera í þinginu um að Ríkisútvarpið verði áfram sameign þjóðarinnar að ekki sé hægt að sjá það neins staðar í náinni framtíð að annar háttur verði hafður á.

[16:24]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru aðrar áherslur og það er ekkert sem bendir til þess að Framsóknarflokkurinn vilji selja RÚV. Það er gott að heyra og ég efast ekkert um það. Þetta er ekki stefnubreyting, sagði hv. þingmaður, og það er ekki stefnubreyting í málefnum Ríkisútvarpsins af hálfu Framsóknarflokksins.

Mér finnst, satt að segja, þetta frumvarp vera bein yfirlýsing um stefnubreytingu þar sem ályktanirnar sem ég vitnaði í áðan færast fyrst og fremst úr því að menn eru andvígir hlutafjárvæðingu yfir í það í næstu lotu að verða hlynntir sjálfseignarstofnun og í þriðju lotu að nefna það ekki en fara síðan yfir í hlutafjárvæðingu. Með því að samþykkja það frumvarp sem hér er lagt fram þýðir ekkert að segja mér að ekki sé um stefnubreytingu að ræða. Það hefur orðið mikil stefnubreyting á þessum árum og hún er mjög ljós með þessu frumvarpi. Það er ekki með nokkrum rökum hægt að halda öðru fram og frumvarpið er sönnun þess.

Það kann vel að vera, og er vafalaust rétt, að ekki sé neinn meiri hluti á þinginu núna fyrir því að selja Ríkisútvarpið. Þetta snýst kannski ekki alveg um það, vegna þess að við vitum hvað hefur gerst og við vitum hve miklu auðveldara er að markaðssetja hlutafélag, hvað það er miklu viðkvæmara fyrir hugmyndum af því tagi, hvort sem það yrði þessi meiri hluti, sem ég er ekki viss um að verði hér til eilífðarnóns eða ég rétt leyfi mér að vona það, eða einhver annar meiri hluti. Hlutafjárvæðingin auðveldar a.m.k. mjög þessa leið ef einhverjum kynni að hugnast að fara hana.

[16:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það eru nokkur atriði sem mig langar að fara yfir hér í sambandi við þetta frumvarp þó að það hafi nú þegar verið nokkuð rækilega rætt og þar á meðal af hálfu flokkssystkina minna. Ég hef ekki átt þess kost fyrr að tjá mig um þetta mál og ætla að leyfa mér að nefna nokkur atriði í sambandi við það, flest almenn eðlis og þau sem lúta að stöðu málsins, sögu útvarpsins og því hvernig ég teldi eðlilegast að vinna að málefnum þeirrar stofnunar og þar á meðal því að setja lög eða endurskoða þau lagaákvæði sem um Ríkisútvarpið gilda.

Aðdragandi þessa frumvarps er mjög dapurlegur. Það hlýtur að vera þannig, frú forseti, að það séu heldur vonbrigði en hitt, ef menn eru eðlilega þenkjandi almennt, svona í lýðræðislegum skilningi sagt, að þurfa að standa frammi fyrir harðvítugum deilum og ágreiningi um málefni þessarar mikilvægu menningarstofnunar sem Ríkisútvarpið er. Þó að enginn annar mælikvarði væri lagður á málið en slíkur hlytu það strax að teljast vonbrigði að menn skuli ekki bera gæfu til og ná að reyna að standa sæmilega saman um málefni Ríkisútvarpsins. En auðvitað er ekki á góðu von, því að hæstv. ríkisstjórn hefur hér fylgt því verklagi sem hún hefur iðulega gert, að gefa nánast ekkert fyrir sjónarmið annarra aðila en sín eigin og þá gildir yfirleitt einu hvort um er að ræða sjónarmið sem stjórnarandstaðan sérstaklega ber fram eða fjöldahreyfingar í landinu, almenningur o.s.frv.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með málefni þessarar stofnunar í einn og hálfan áratug. Ég hef orðað það áður hér í hörðum deilum um ýmislegt sem á daga útvarpsins hefur drifið í gegnum misgæfusama stjórn Sjálfstæðisflokksins á þeirri stofnun að Sjálfstæðisflokkurinn hafi nánast lagt Ríkisútvarpið í einelti. Þar hafa t.d. verið uppi þau sjónarmið að reyta helstu skrautfjaðrirnar af stofnuninni. Lengi vel var það alveg sérstakt hugðarefni ungra sjálfstæðismanna að koma Rás 2 fyrir kattarnef því það virtist fara alveg sérstaklega í taugarnar á mönnum þar á bæ að þetta ríkisfyrirtæki, þessi menningarstofnun sem Ríkisútvarpið er, næði jafngóðum árangri í nútímanum gagnvart léttri dagskrárgerð og miðlun efnis af því tagi sem Rás 2 sérstaklega hefur orðið þekkt fyrir. Það má ekki, það passar ekki inn í formúlurnar, það er greinilega mjög óæskilegt að mati hægri manna að allar kenningarnar um hina lamandi og dauðu hönd ríkisrekstrarins skuli afsannast og hrynja, t.d. í því að Ríkisútvarpið hefur náð glæsilegum árangri í því að byggja upp, samhliða sinni hefðbundnu og alvörugefnu dagskrá á Rás 1, glæsilegt afþreyingarútvarp, blandað menningarefni og tónlist, eins og Rás 2 er.

Framsóknarflokkurinn þóttist lengi vel ætla að standa í lappirnar í þessu máli og ályktaði um það hér á árum áður að ekki kæmi til greina að hrófla við Ríkisútvarpinu og breyta því í hlutafélag. Það fór með það eins og fleiri fögur fyrirheit framsóknarmanna að það reyndist heldur endasleppt. Síðan koma menn náttúrlega hér og bera fyrir sig að tímarnir séu svo breyttir. Það er alltaf voðalega auðvelt að útskýra það þannig þegar menn taka kúvendingar í grundvallarmálum að tímarnir séu breyttir og saka þá jafnvel andstæðingana um að þeir hafi ekki áttað sig á því. Það er mjög vinsæl aðferð. Eins og menn hafi bara einkahandhöfn á því að fylgjast með að hlutirnir séu að breytast í veröldinni.

En það er nú ekki held ég þannig að Framsóknarflokknum hafi tekist að sannfæra þjóðina um að hann sé eini nútímalegi flokkurinn á Íslandi og eini flokkurinn sem hefur áttað sig á að tímarnir séu breyttir. (**Gripið fram í:** Okkur hefur líka tekist ...) Enda hefur ekkert breyst í þessum efnum, nákvæmlega ekki neitt. Nákvæmlega ekki neitt sem út af fyrir sig rökstyður það sérstaklega að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi nú, frá því sem átti við fyrir þremur, fimm, átta, tíu árum, að minnsta kosti tólf árum, fjórtán árum. Kannski má segja að ef farið er mikið lengra aftur séu orðn-

ar aðrar aðstæður. En frá því að ný samkeppnislög tóku gildi á Íslandi upp úr 1990, 1992, ef ég man rétt, hefur sáralítið breyst í raun. Við búum í aðalatriðum við sama samkeppnisrammann, menningarhlutverk, almannaútvarpshlutverk Ríkisútvarpsins er nákvæmlega óbreytt.

Það hefur í rauninni eiginlega ekkert breyst síðan 1928 ef út í það er farið, svo maður rifji það nú aðeins upp fyrir Framsóknarflokknum. Það var þannig þegar verið var að stofna til Ríkisútvarpsins og er athyglisvert að kynna sér þá sögu og lærdómsríkt fyrir þá sem ekki hafa haft fyrir því, að þá verður mönnum það ljóst og reynslan reyndar sýndi það að sannarlega við aðrar aðstæður og að því leyti vissulega hvað rekstur snerti og tæknilega möguleika að einkareksturinn mundi ekki ná að uppfylla það hlutverk um menningarútvarp og almannaþjónustuútvarp sem menn vildu. Um það var samstaða. Ekki var deilt um það þegar verið var að stofna til Ríkisútvarpsins að ríkið yrði að koma til sögunnar og taka þá starfsemi að sér. Nei. Það voru kannski skiptar skoðanir um einstök útfærsluatriði en í aðalatriðum ríkti góð samstaða um að stofna Ríkisútvarp. Það hefur varðað meira og minna meiri háttar vegamót í sögu Ríkisútvarpsins að ekki hefur verið deilt um sjálft undirstöðuhlutverk ríkisins að þessu leyti.

Árið 1928 skilaði nefnd niðurstöðum sem þá hafði verið að störfum, reyndar skilaði hún af sér fyrir áramót 1927, og var það síðan á dagskrá Alþingis þegar það kom saman snemma árs 1928. Hverjar voru nú meginniðurstöður þeirrar nefndar um útvarpsreksturinn með hliðsjón af því að hafa skoðað uppbygginguna í nálægum löndum og velt fyrir sér aðstæðum í þessum efnum? Þær voru að það stefndi nú allt í að hafa fáar en orkumiklar stöðvar. Það yrðu sem sagt ekki margar litlar einkareknar stöðvar sem mundu ná árangri. Stöðvarnar yrðu reistar fyrir ríkisfé og símastjórnir mundu annast rekstur þeirra og viðhald fjarskiptanna vegna. Að sjálft víðvarpið, eins og það var kallað þá, útvarpsnafnið kom síðar með lögunum sjálfum, væri oftast í höndum sérstakra félaga með eftirliti eða íhlutan stjórnvalda. Og í fjórða lagi, leggi menn nú eyrun við, víðvarpið er talið menningartæki handa alþýðu manna og eru því settar skorður við því að einstaklingar ábatist af því fjárhagslega.

Hvað hefur nú breyst? Víðvarpið er talið menningartæki handa alþýðu manna og eru því settar skorður við því að einstaklingar ábatist af því fjárhagslega. Menn voru í raun staddir við nákvæmlega sömu landamærin og þeir eru enn í dag hvað þetta varðar. Að skilgreina eðli þessarar starfsemi og finna henni form og búa um hana í samræmi við það. Hvað er þetta? Þetta er í dag alveg nákvæmlega eins og það var 1928, ekki hefðbundinn atvinnurekstur rekinn í gróðaskyni. Hann er það ekki. Í því liggur grundvallarvitleysan með þetta hlutafélagaform, eins og reyndar ritstjóri Fréttablaðsins hefur bent ágætlega á. Og hefur nú mikið farið aftur sjálfstæðismönnum frá því þeir lutu leiðsögn þess manns ofarlega á síðustu öld.

Fyrir svo utan að ekki er hægt að horfa fram hjá því, og það ættu framsóknarmenn að viðurkenna allra manna fyrstir, að sporin hræða mjög í þessum efnum. Menn bera fyrir sig 1. gr., að standi ekki til að selja, sem reyndar má, eins og hv. þm. Atli Gíslason fór yfir, auðveldlega fara á bak við og komast fram hjá með því að halda hlutafénu í eigu ríkisins en reyta fyrirtækið niður og selja út úr því eignir, úthýsa starfsemi o.s.frv. Allt í samræmi við lagabókstafinn. Ekki króna seld af hlutafénu sjálfu. Þannig er hægt að fara að hlutunum og er svo sem þekkt.

En aðallega er það þó staðreynd, frú forseti, sem verður ekki hrakin og er skjalfest í þingsögunni, hægt er að fletta upp á henni í fjölmiðlum, að loforð núverandi stjórnarflokka þegar kemur að því að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög um að ekki eigi að einkavæða þau eða selja hafa reynst einskis virði. Þau hafa alltaf reynst einskis virði. Þegar Pósti og síma var breytt í hlutafélag var svarið og sárt við lagt að ekki stæði til að selja fyrirtækið. Þetta væri bara formbreyting, sagði þáverandi hæstv. samgönguráðherra, Halldór Blöndal. Til að leggja áherslu á orð sín vakti hann athygli á þeirri staðreynd að það yrði bara gefið út eitt hlutabréf í fyrirtækinu, þá hlytu allir að sjá að ekki yrði farið að rífa af því eitthvað horn og selja það. Ég man að ég spurði hann hvort hlutabréfið yrði úr stáli til að undirstrika þetta enn frekar.

En hvað gerðist? Áður en við var litið var búið að skipta fyrirtækinu upp og hafinn undirbúningur að því að einkavæða það. Þegar bankarnir voru gerðir að hlutafélögum stóð í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu að ríkið mundi ekki selja af hlut sínum fyrstu fjögur árin eftir að lögin yrðu sett. Það var svikið. Það var ekki yfirlýsing í ræðu ráðherra. Þetta var ekki í framsöguræðu ráðherra. Það var ekki „statement" af því tagi sem fyrrverandi samgönguráðherra flutti um Símann. Nei. Það stóð í greinargerð stjórnarfrumvarpsins, að þetta mundi ekki verða gert, en það var samt svikið. Við þekkjum þessa sögu. Sporin hræða. Það þýðir ekki fyrir hv. þingmenn Framsóknarflokksins annað en að horfast í augu við þá staðreynd að þeir sem tortryggja yfirlýsingar af þessu tagi hafa ástæðu til í ljósi reynslunnar. Þegar menn eru ekki vandaðri að virðingu sinni en þetta, þegar menn selja æru sína ekki dýrara verði en þetta að menn standi ekki einu sinni við skrifleg fyrirheit í greinargerðum með stjórnarfrumvörpum, þá er nú ekki von á góðu.

Við sjáum alveg hvað er í vændum þeim megin frá. Það verður auðvitað hafinn hernaður á Ríkisútvarpið hf. frá fyrsta degi. Ég held að hlutafélagabreytingin sé alveg sérstaklega vitlaus vegna þess að hún býr til vandamál. Hún býr til margs konar vandamál að óþörfu sem er hægt að vera laus við með því að hafa skilgreininguna hreina. Láta formið endurspegla að þetta er ekki atvinnurekstur í samkeppnis- eða einkagróðaskyni, heldur menningarstarfsemi, almannaþjónusta og er byggð upp og rekin sem slík og í þeim tilgangi. Sem ríkisfyrirtæki, sem B-hlutastofnun í eigu ríkisins, er Ríkisútvarpið þar af leiðandi miklu betur statt gagnvart árekstrum við einkareksturinn en ef það væri tekið og fært yfir í fyrirtækjaumhverfið í formi hlutafélags þó ríkið eigi það áfram. Þetta liggur alveg í augum uppi. Ég get nefnt mönnum eitt dæmi sem menn gerðu rétt í að fara aðeins yfir og læra af þegar menn stofnuðu flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. Þá var ég einn manna um að vara við að gera það eins og það var gert, ef ég man rétt um árið 2000.

Hvað gerðu menn? Þá voru menn illa haldnir af hlutafélagssýkinni sem fyrr og þáverandi utanríkisráðherra og nú-

verandi hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, kom með frumvarp um Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. Hvað var í því frumvarpi? Þar var öllu grautað saman, rekstri á starfsemi ríkisins í flugstöðinni Keflavík, verslunarrekstri í samkeppni við aðra verslunarrekendur og utanumhaldi á fasteignum ríkisins. Það var sem sagt allt sett inn í eitt félag og kallað hf. Ég sagði: Þetta mun aldrei ganga. Þetta mun frá fyrsta degi skapa vandræði. Það verða klögumál. Það verða kærumál. Aðrir verslunareigendur munu aldrei una þessu og var engin ástæða til. Hvað gerðu þeir? Þeir kærðu málið eftir öllum mögulegum farvegum og fyrir dómstólum og höfðu sitt auðvitað fram. Ríkið var hrakið til að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi. Af hverju eru menn þá að þessu? Af hverju er menn að búa sér til vandamál af þessu tagi? Af hverju horfast menn ekki í augu við að þetta er óskynsamlegt og svona á ekki að gera þetta?

Þetta er alveg nákvæmlega eins með Ríkisútvarpið. Það á að grauta öllu saman í eitt hlutafélag. Menningarhlutverkinu, menningararfinum sem virðist eiga að færa með inn í hlutafélagið og þeim almannaskyldum sem út af fyrir sig er vonandi ekki umdeilt að Ríkisútvarpið hefur með hendi, eru ekki flokkaðar undir neinn samkeppnisrekstur. Og svo hinu, eins og miðlun afþreyingarefnis, sem auðvitað einkaaðilarnir munu klaga og kæra og kvarta undan að sé rekið með ósanngjörnum hætti í samkeppni við þá í skjóli af ríkistekjunum og hinni lögvernduðu stöðu hlutafélagsins í eigu ríkisins. Þetta liggur alveg í augum uppi. Verið er að bjóða upp í svona dans. Það er ákaflega dapurlegt.

Hver eru svo eiginlega rökin fyrir því að það þurfi að breyta þessu í hlutafélag? Eru það rökin að hlutafélagaformið sé svo vel þekkt? Er það það? Hvað stendur eftir þegar búið er að afhjúpa að þetta er ekki starfsemi sem eðli sinnar vegna á nokkurt erindi inn í þetta fyrirtækjafyrirkomulag sem hlutafélögin eru? Það er ósköp lítið.

Ég vil gera athugasemdir við að ég held að menn séu ekki að leggja hér til góða lausn hvað varðar tekjustofn Ríkisútvarpsins. Ég held að þessi nefskattur sé stórgallaður sem slíkur. Auðvitað vitum við að afnotagjöldin eins og þau eru í dag hafa verið mikið bitbein og á þau hefur verið ráðist. Það eru bæði rök með þeim og á móti. Menn hafa lengi viðurkennt að það gæti verið ástæða til að skoða það. Ýmsar ágætar hugmyndir hafa komið fram um að gera þetta þá öðruvísi, t.d. sú sem er í frumvarpi okkar þingmanna Vinstri grænna, að þetta væri þá sett inn í einhvern breiðan almennan skattstofn eins og álagningarstofn fasteignagjalda og tekið sem lítil prósenta af einhverjum slíkum stórum skattstofni sem ekki væri óeðlilegt eða ósanngjarnt að nota. Þetta er gert í mörgum öðrum tilvikum, að fundin er slík viðmiðun fyrir viðlagasjóðsgjöldum eða einhverju öðru slíku og tekjustofn Ríkisútvarpsins væri að sjálfsögðu ekki óeðlilegur í því sambandi. Auðvitað er að mörgu leyti eðlilegast að þessi ríkisstarfsemi væri einfaldlega greidd úr ríkissjóði, kæmi yfir fjárlög hverju sinni. Ég hygg að flestir vildu það nú helst. Nema af einni ástæðu og hún er sú að menn hafa aldrei treyst því að Ríkisútvarpið fengi þá tekjur sínar án vandræða og barnings ár frá ári. Menn óttast að setja Ríkisútvarpið inn í umhverfi þar sem þarf að slást fyrir fjárveitingum á hverju einasta ári við afgreiðslu fjárlaga og þann óstöðugleika og þá erfiðleika sem því gætu verið samfara, m.a. vegna þess að það hefur alls ekki ríkt nógu vinsamlegt andrúmsloft í garð Ríkisútvarpsins á mjög löngu tímabili.

Núverandi ríkisstjórn hefur t.d. búið mjög illa að Ríkisútvarpinu. Fimmtán ár Sjálfstæðisflokksins yfir Ríkisútvarpinu eru ár sveltis, hörmunga. Dreifikerfið grotnar niður. Ríkisútvarpið hefur aldrei fengið þær tekjur sem því var ætlað til að halda því við og byggja það upp. Framlög til Ríkisútvarpsins hafa rýrnað að raungildi og það hefur mátt standa í mjög erfiðum aðgerðum innan húss bara til halda sjó og það safnar skuldum. Getur varla tekið þátt að sínu leyti í rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar o.s.frv.

Stjórnarfyrirkomulagið sem yfir Ríkisútvarpið yrði dæmt með því að gera það að svona hlutafélagi er alveg fullkomlega óviðeigandi og út í hött í ljósi þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Það er að mínu mati alveg fráleitt að fara með þessa mikilvægu almannaþjónustu og menningarstarfsemi inn í hlutafélag og setja þar einhvern einn útvarpsstjóra sem alvald, líka yfir dagskrárgerð. Það er alveg furðuleg hugmynd satt best að segja. Honum er ekki fisjað saman þeim manni sem á að fara með verkefni sín samkvæmt 11. gr. frumvarpsins. „Útvarpsstjóri er framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins hf. og skal uppfylla skilyrði 2. mgr. 9. gr. Hann er jafnframt æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar." Þetta heyrir allt undir hann.

Með því að ráða einn mann í krafti stjórnarmeirihlutans sem settur verður inn í fyrirtækið sem hlutafélag, gegnum Alþingi að vísu, fá menn öll völd í hendur einum manni. Er það sú lýðræðislega og breiða aðkoma sem mönnum finnst eðlileg að þessari mikilvægu menningar- og almannaþjónustustofnun? Ég segi nei. Margar þjóðir, og þar á meðal t.d. Evrópusambandið í tilmælum sínum, eru að vísa veginn í alveg gagnstæða átt, segja: Við skulum breikka baklandið á bak við þessar stofnanir og leyfa sem flestum að koma að, koma sínum sjónarmiðum á framfæri, tryggja að svona starfsemi sé rekin í sem allra bestum og mestum tengslum við samfélagið og ólík sjónarmið komi þar að, að listamenn, menningarstofnanir og skólar o.s.frv. geti verið þar þátttakendur.

Hlutverk Ríkisútvarpsins á Íslandi er líka geysilega mikilvægt sem hluta af fjölmiðlasamfélaginu eða fjölmiðlaumhverfinu í landinu. Það dapurlega er að hæstv. ríkisstjórn hefur eiginlega klúðrað öllu sem hægt er að klúðra í þessum málum. Það voru þó bundnar vonir við að hún væri að komast á spor aftur þegar hún var búin að gefast hér upp í fjölmiðlamálinu fræga sumarið 2004 og setti þau mál í þverpólitíska vinnu og betra seint en aldrei, átti kannski ekki góða kosti í stöðunni eftir þær hrakfarir sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafði farið hér í júní- og júlímánuði 2004. En af einhverjum undarlegum ástæðum þrjóskaðist ríkisstjórnin alltaf við, og gerir enn, að leyfa Ríkisútvarpinu að vera með í þeirri heildarskoðun á fjölmiðlaumhverfinu í landinu sem að öðru leyti var verkefni þeirrar nefndar — og er enn að gera og spillir fyrir því að hægt sé að ná utan um málin í heild sinni og standa að einhverjum skynsamlegum og heildstæðum aðgerðum í þessum efnum.

Rök fyrir nauðsyn þess að setja rammalöggjöf um fjölmiðla á Íslandi verða ekki aðskilin frá stöðu og hlutverki

Ríkisútvarpsins, það er bara ósköp einfaldlega augljóst mál. Það skiptir gríðarlega miklu máli þegar við förum að velta því fyrir okkur: Hvað er ásættanleg samþjöppun eða nauðsynleg dreifing í fjölmiðlun til þess að hægt sé að binda vonir við að hún sé sæmilega sjálfstæð og komi sem flestum sjónarmiðum til skila, sinni sínu hlutverki nógu vel, veiti það aðhald sem hún á að gera o.s.frv.? Þá skiptir staða Ríkisútvarpsins, almannaútvarps sem hlutlægs, óháðs vonandi, miðils sköpum. Það segja margir að þeim mun betur sem búið sé að öflugu Ríkisútvarpi þeim mun síður sé ástæða til að hafa áhyggjur af því sem gerist á einkamarkaðnum í þessum efnum og öfugt. Þeim mun veikara sem Ríkisútvarpið sé þeim mun lakar sem búið sé að því til að sinna sínum skyldum þeim mun hættulegri sé óhófleg samþjöppun á einkamarkaðnum, og þetta er alveg rétt. Það er því eins og hver annar barnaskapur að reyna að halda því fram og reyna að færa fyrir því einhver rök að þetta eigi ekki að skoðast í samhengi. Hvernig stendur þá á því að ríkisstjórnin býður upp á þverpólitískt starf þegar kemur að því að skoða rammalöggjöf um fjölmiðla en hafnar öllu samstarfi og allri samstöðu um Ríkisútvarpið? Það er undarleg þráhyggja. Þar er sjálfsagt Sjálfstæðisflokkurinn sem slær taktinn eins og venjulega en framsóknarmenn láta sér lynda að lötra með.

Ég hef orðað það svo, frú forseti, að mér finnist að um Ríkisútvarpið eigi að ríkja friðarskylda, þetta sé stofnun eða starfsemi af því tagi að menn eigi að hefja hana upp yfir venjubundnar pólitískar deilur og það sé nánast ekki leyfilegt að vera að knýja fram róttækar breytingar, grundvallarbreytingar, á þessari starfsemi nema menn hafi gert allt sem hægt er a.m.k. að því undangengnu til að ná samstöðu um þær breytingar og helst eigi ekkert að gera nema í sátt um þessi mál, eins og menn hafa gjarnan reynt að hafa þetta með svona mikilvægar grundvallarleikreglur í samfélaginu og ýmis mikilvæg mál. Menn hafa t.d. almennt talið það ákaflega óæskilegt að standa að breytingum á stjórnarskránni eða breytingum á kosningalögum eða öðru slíku öðruvísi en í sæmilegri sátt og menn hafa oft lagt mikið á sig til þess eins og kunnugt er.

Af hverju reyna menn þetta ekki með Ríkisútvarpið? Er mönnum ekkert heilagt? Er ríkisstjórnin ekkert farin að velta því fyrir sér hvar hún er á vegi stödd þegar þetta gengur svona í hverju málinu á fætur öðru að það er sagður sundur friðurinn um sumar helgustu sameignir og mikilvægustu stofnanir þjóðarinnar? Það er dálítið merkilegt ef ríkisstjórnin er ekkert hugsi yfir því og hennar fylgjendur. Eru óbreyttir þingmenn stjórnarliðsins sáttir við að vera í því hlutskipti hér aftur og aftur að greiða fyrir því að svona málum frá ríkisstjórn sé troðið hér í gegn í harðri andstöðu? Það er ekki mjög gæfulegt finnst mér.

Á það hefur verið bent og ég þarf ekki að endurtaka það að réttindi starfsmanna eru hér ekki tryggð eins og skyldi, að það er mikil andstaða við þetta mál. Hún kemur vissulega úr ýmsum áttum, sumpart mismunandi, gagnstæðum, þegar kemur að andstöðu við frumvarpið en ég held að það hljóti nú að vega nokkuð þungt að í samkeppnisumhverfinu er greinilega engin hrifning af þessu frumvarpi, það er gagnrýnt mjög harkalega. Samtök atvinnulífsins og slíkir aðilar telja þetta frumvarp alls ekki ganga. Aðrir færa fyrir því býsna þung rök, eins og ritstjóri Fréttablaðsins, að það sé grundvallarmisskilningur að fara með þessa starfsemi, þessa ríkisstarfsemi sem er með lögverndaðar tekjur og sinnir svona hlutverki sem á ekkert skylt við venjulegan samkeppnisrekstur, inn í hlutafélagaformið. Ég er því algerlega sammála. Það er bara eins og hver önnur vitleysa, það bara stenst ekki þegar betur er að gáð. Öll rökin sem stundum eru flutt fyrir því að hlutafélagsformið sé svo þekkt og gott og það sé svo agandi og geti af sér svo góðan rekstur er eins og hvert annað bull. Auðvitað er það ekki formið sem þarna skiptir máli heldur hvernig á hlutunum er haldið. Þetta er ekki atvinnurekstur af því tagi að samkeppnin agi menn til og knýi fram hagkvæmustu vinnubrögðin eins og menn væru að framleiða kex eða eitthvað svoleiðis í samkeppni við einhverja aðra. Það er bara eins og hvert annað rugl og það sjá það allir menn. Sú menningar- og þjónustustarfsemi sem þarna fer fram er af allt öðrum toga.

Alla þessa hluti þarf því að athuga rækilega og það er út af fyrir sig fagnaðarefni, frú forseti, að það skuli hafa orðið um það samstaða að taka málið til nefndar milli 2. og 3. umr. og skoða þar rækilega þær athugasemdir og ábendingar sem hér hafa verið að koma upp. Þær eru fjölmargar og maður treystir því að það verði gert í alvöru. Maður treystir því að menn vandi sig í svona mikilvægu og stóru máli og skoði vel þær fjölmörgu athugasemdir, þá gagnrýni og þau sjónarmið sem sett hafa verið fram núna á undanförnum dögum, bæði innan þings og utan. Umræðan um þetta mál er að þyngjast úti í þjóðfélaginu, það er loksins að komast á dagskrá þar. Fólk er að átta sig á því hvað er að gerast og ríkisstjórnin gerir rétt í því að hafa það í huga. Ég held að ríkisstjórnin eigi ekki orðið það mikið inni hjá almenningi eftir keyrslu sína að undanförnu að henni sé nú hollast að fara að hugsa sinn gang.

Ég held að það sé alveg ljóst að langgæfulegustu vinnubrögðin hér, frú forseti, væru þau að taka þetta mál og setja það í milliþinganefnd í sumar með rammalöggjöfinni um fjölmiðla, að það yrði farið yfir þetta í heild sinni og saman, málefni Ríkisútvarpsins og lög um það og svo þá rammalöggjöf um fjölmiðla almennt sem er í raun og veru fullbúin í drögum hjá þeirri nefnd sem hefur lokið störfum og reyndar dapurt að það mál skuli ekki hafa a.m.k. komið hér fram og því verið dreift þannig að menn hefðu það til hliðsjónar, þó ekki væri nema það, í þingskjali.

Þetta voru, frú forseti, þær athugasemdir sem ég vildi við þetta tækifæri koma sérstaklega á framfæri.

[16:55]

Frsm. meiri hluta menntm. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Frú forseti. Nú sér fyrir endann á þessari umræðu sem staðið hefur mjög lengi, haldnar hafa verið margar ræður og langar, jafnvel tímamet verið slegin í þessu máli enda ljóst að mörgum hv. þingmönnum er mikið niðri fyrir.

Ég hafði hugsað mér að fara yfir ýmis þau efnisatriði sem fjallað hefur verið um hér í 2. umr. af hálfu margra hv. þingmanna og í sjálfu sér er af nógu að taka. Hins vegar er það þannig að náðst hefur samkomulag milli formanna þingflokkanna um að málið verði tekið til umræðu á ný í hv. menntamálanefnd milli 2. og 3. umr. og ég tel að það sé

mikilvægt til þess að hægt sé að greiða fyrir þingstörfum að ég leyfi mér að bíða með að fjalla um þessi efnisatriði sem ég hafði hugsað mér að taka fyrir í þessari ræðu og fjalla um þau þá í umræðu innan nefndarinnar og þá við 3. umr. ef tilefni er til.

Ég vil þó nefna eitt af mikilvægustu atriðunum sem hafa komið fram hér sem ég tel að skipti máli í þessari umræðu og er kannski það eina nýja sem komið hefur fram í umræðunni: Við 1. umr. þessa máls lýsti hv. þm. Mörður Árnason sinni skoðun og Samfylkingarinnar á því að það væri í sjálfu sér hægt að fallast á það að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi að undangengnum ákveðnum skilyrðum, svo sem því að þetta hlutafélag yrði látið sæta upplýsingalögum eða væri undir upplýsingalög fellt, a.m.k. skildi ég hv. þingmann svo.

Undir umræðum um þetta mál hefur hér verið dreift nefndaráliti og breytingartillögum 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar þar sem tekið er á þessu máli en þetta eru breytingartillögur frá nefndinni við frumvarp um breyting á lögum um hlutafélög á þskj. 1087, 404. mál.

Þar er lögð til sú breyting að inn í 4. efnismálsgrein 5. gr. frumvarpsins verði fellt inn ákvæði sem segir, með leyfi forseta:

„Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags, kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum, ef ríkið er eigandi, og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum, ef sveitarfélagið er eigandi, er heimilt að sækja aðalfund með rétt til þess að bera fram skriflegar fyrirspurnir."

Í nefndaráliti með þessari breytingartillögu er hún þannig skýrð út, með leyfi forseta:

„Í 5. gr. frumvarpsins láðist að taka fram að heimild fjölmiðla til þess að sækja aðalfund taki aðeins til opinberra hlutafélaga og leggur meiri hlutinn því til að það verði lagfært."

Í tengslum við þessa grein fóru fram ítarlegar umræður um hvort ekki væri eðlilegt að kjörnum fulltrúum yrði einnig gert heimilt að sitja þá fundi. Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram komu er lagt til að kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, sé heimilt að sækja aðalfund með rétt til þess að bera fram skriflegar fyrirspurnir. Meiri hlutinn telur að með því að leyfa skriflegar fyrirspurnir á aðalfundum verði auðveldara en ella að afla upplýsinga um opinber hlutafélög sem áður voru opinberar stofnanir og lutu þá sem slíkar m.a. upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.

Ég tel, frú forseti, og það er ástæðan fyrir því að ég nefni þetta hér í þessari ræðu, að ég tel að með þessari breytingartillögu, verði hún að lögum, sé að miklu leyti komið til móts við þau sjónarmið sem fram komu í umræðunni um þetta frumvarp. Ég vona að það geti þá leitt til þess að menn gangi sáttari frá borði eftir að málið hefur verið rætt í hv. menntamálanefnd milli 2. og 3. umr. en á það á auðvitað eftir að reyna, en ég bind vonir við að svo verði.

Eins og ég sagði hér áðan, frú forseti, er svo sem af mörgu að taka um þessa umræðu, hún hefur verið löng og ströng og væri kannski ástæða til þess að fara yfir fleiri atriði hér. En eins og ég sagði hyggst ég sleppa því við þessa umræðu með það að markmiði að greiða fyrir störfum þingsins og í trausti þess að við getum tekið þessi atriði til umfjöllunar í hv. menntamálanefnd þegar málið verður tekið þar upp að lokinni þessari umræðu. (Gripið fram í.) Já, þetta er, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, yfirlýsing um það að málið verður enn og aftur tekið (Gripið fram í.) til efnislegrar umfjöllunar í hv. menntamálanefnd og ég geri ráð fyrir að hv. þm. Einar Már Sigurðarson sæki fundi nefndarinnar og fagni þessari yfirlýsingu minni.

Að svo búnu, frú forseti, læt ég þessari ræðu um þetta mál lokið hér.

[17:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson segir að nú sjái fyrir endann á þessari umræðu. Það er í sjálfu sér rétt að fyrir endann sér á 2. umr. um þetta umdeilda þingmál. En 2. umr. lýkur í meiri ágreiningi en dæmi eru um, um frumvarp eða þingmál, í langan tíma nema ef vera skyldi vatnalögin.

Við umræðuna í dag og á undanförnum dögum hafa komið fram ný álitamál, sum mjög alvarlegs eðlis, og ég vísa þar sérstaklega í ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar. Álitamál sem snúa að höfundarrétti, sem snúa að eignum Ríkisútvarpsins, sem snúa að réttindamálum starfsmanna og eignaupptöku og hugsanlegum stjórnarskrárbrotum í þeim efnum. Ég tel það vera mjög mikilvægan áfangasigur fyrir stjórnarandstöðuna að fá því framgengt að málið skuli nú tekið aftur til umfjöllunar í menntamálanefnd þar sem nefndarmönnum gefst tækifæri til að varpa ljósi á málið með hliðsjón af þeim upplýsingum og ábendingum sem hér hafa komið fram.

En ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs í andsvari var sú að spyrja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson hvernig hann muni bregðast við komi fram tillaga í þinginu um að Ríkisútvarpið hf. verði selt. Því hann átti aðild að frumvarpi um að Ríkisútvarpið yrði lagt niður og selt. Hann gekk úr skaftinu á þessu þingi því hann fékk það hlutverk fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og hæstv. menntamálaráðherra að reyna að sannfæra þjóðina um að Ríkisútvarpið væri nú óhult í nýrri lagaumgjörð, fjárhagslega og rekstrarlega.

En hvernig mundi hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson greiða atkvæði komi fram tillaga þess efnis að selja hið (Forseti hringir.) háeffvædda Ríkisútvarp? Ég vil fá skýr svör.

[17:05]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson líti þannig á að ég sitji hér fyrir einhverjum rannsóknarrétti og sé skuldbundinn til að veita honum svör um hvað eina sem honum dettur í hug.

Ég þykist vita eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson að slík tillaga sem hann vísar til muni ekki koma fram. Ég hef farið yfir það margoft í umræðum um málið að ég hef verið þeirrar skoðunar að ríkið eigi ekki að reka fjölmiðil. Það hefur hins vegar ekki verið stemning fyrir þeim sjónarmiðum, hvorki hjá hv. þingmanni né öðrum þingmönnum hér á hinu háa Alþingi né úti í þjóðfélaginu. Við höfum því orðið

undir í þeirri umræðu. Ég tel afar ólíklegt að slík tillaga komi fram. En sjónarmið mitt hefur alltaf verið skýrt í þessu máli og hv. þingmaður veit hvað það er.

Úr því að hv. þingmaður talar um það í upphafi að mikill ágreiningur sé um þetta mál og 2. umr. yrði lokið í meiri ágreiningi en í flestum málum sem hér hefðu verið rædd á hinu háa Alþingi, þá vil ég benda hv. þingmanni á að ekki er ágreiningur á milli stjórnarflokkanna um hvernig eigi að afgreiða þetta mál. Ágreiningurinn er kannski fyrst og síðast á milli stjórnarandstöðuflokkanna. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hv. þingmanni hvort hann telur að stjórnarandstöðuflokkarnir gangi samstiga í málinu.

Það vill nefnilega þannig til að hv. þm. Mörður Árnason lýsti því yfir við 1. umr. að hann hefði í sjálfu sér ekkert á móti hlutafélagaforminu að segja svo lengi sem upplýsingalög mundu gilda um Ríkisútvarpið. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur hins vegar lýst andúð á hlutafélagaforminu og vill gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun. Svo kemur (Forseti hringir.) hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og vill hvorugt, vill að (Forseti hringir.) Ríkisútvarpið í óbreyttri mynd fari á fjárlög.

[17:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stjórnarandstaðan hefur verið mjög samstiga í málflutningi sínum um Ríkisútvarpið hf. Við teljum frumvarp ríkisstjórnarinnar vera afleitt og við viljum að því verði vísað frá. Við stöndum sameinuð í þeim málatilbúnaði.

Ég vil minna hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson á að einn samflutningsmanna hans að frumvarpi um að leggja Ríkisútvarpið niður og selja það, hv. þm. Pétur H. Blöndal, hefur sagt að það sé skref í rétta átt að færa stofnunina inn í þennan búning því þá verði auðveldara að selja fyrirtækið þegar fram líða stundir.

Hv. þm. svaraði ekki spurningu minni um hvernig hann mundi greiða atkvæði tillögu um að selja Ríkisútvarpið hf. Hvað það varðar að hv. þingmanni sé stillt upp frammi fyrir einhvers konar rannsóknarrétti þegar ég spyr hann einfaldra spurninga þá er ég bara að spyrja fyrir hönd þingheims væntanlega og þjóðarinnar þegar helsti talsmaður ríkisstjórnarinnar um að sannfæra þing og þjóð um að Ríkisútvarpið hf. verði í öruggum höndum fjárhagslega og rekstrarlega er sami maður og flutti þingmál og það nýlega um að Ríkisútvarpið yrði lagt niður og selt, og gerir sig sekan um eins mótsagnakenndan málflutning og raun ber vitni, þá er ekki annað en eðlilegt að menn óski eftir skýrum svörum.

Ég spyr aftur: Hvernig mundi hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson greiða atkvæði kæmi fram tillaga í þinginu að Ríkisútvarpið hf. yrði selt? Hvernig mundi hann greiða atkvæði?

[17:09]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vísa til fyrri svara minna um þetta mál. Ég sagði áðan að ég væri enn þá sömu skoðunar varðandi ríkisrekstur á fjölmiðlum. Hv. þingmaður getur bara lesið í skoðanir mínar í tengslum við svar sitt hvað það varðar.

En hitt er annað mál af því við tölum um ágreininginn milli stjórnarandstöðunnar. Það er rétt að stjórnarandstaðan er samstiga um að máli þessu verði vísað frá. En hv. þm. Ögmundur Jónasson, ég er hræddur um að hann muni ekki taka undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að breyta eigi Ríkisútvarpinu í sjálfseignarstofnun. Ég er líka hræddur um að hann taki ekki undir það með hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni að taka eigi (Forseti hringir.) Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði eða hv. þm. Merði Árnasyni um að (Forseti hringir.) það megi svo sem breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag svo lengi sem ákveðin skilyrði eru uppfyllt.

[17:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Að gefnu tilefni vil ég geta þess strax í upphafi að ég hlustaði á ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar hérna áðan. Ég var í hverju einasta orði sammála því sem hv. þm. Atli Gíslason sagði um rekstrarform útvarpsins og hvernig bæri að reka það, út af því sem hv. þingmaður nefndi um ágreining. Látum það nú vera.

Það var ákaflega merkilegt að hlusta á ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Ég notaði töluverðan tíma í ræðu minni um daginn til að sýna fram á hvernig hann hefur sikksakkað frá því að vilja selja Ríkisútvarpið og frá því að segja að hann sé enn sömu skoðunar og hann var í upphafi. Ég hélt satt að segja að hv. þingmaður væri búinn að læra að menn þurfa að standa í lappirnar. Svo kemur hann hér núna og er spurður um hvort hann mundi styðja það ef fram kæmi tillaga um að selja Ríkisútvarpið. Hv. þingmaður treystir sér ekki til að svara því.

Það vill svo til að þessi hv. þingmaður er ekki venjulegur þingmaður. Hann er sá sem ber ábyrgð á málinu á ferð þess í gegnum þingið. Það er fullkomlega eðlilegt að menn spyrji út í þetta einmitt út af fortíð þingmannsins í þessu. Hann getur ekki haldið sig við eina skoðun.

Mig langar að spyrja hv. þingmanninn að öðru. Hann lagði fram frumvarp með tveimur öðrum þingmönnum þar sem hann taldi upp í 13 snjöllum liðum ákaflega góða röksemdafærslu gegn því að menn tækju upp nefskatt til að afla tekna fyrir Ríkisútvarpið. Nú kemur þessi hv. þingmaður og berst með kjafti og klóm fyrir því að nefskattur verði samþykktur.

Má ég spyrja, frú forseti, hv. þingmann hvað veldur því að hann hefur skipt um skoðun? Ég spyr vegna þess að ég hélt hér langa málefnalega ræðu um daginn þar sem ég spurði hann þeirrar spurningar ásamt 18 öðrum spurningum sem var að finna í ræðu minni. Ég taldi að framsögumaður meiri hlutans mundi svara því í ræðu sinni. En hann heyktist á því. Svo ég læt mér (Forseti hringir.) nægja að spyrja út í nefskattinn.

[17:13]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr hvort ég hafi skipt um skoðun varðandi nefskattinn. Því er til að svara að þegar við á annað borð höfum komist að þeirri niðurstöðu, meiri hluti þjóðarinnar og meiri hluti þingheims, að rétt sé að

halda úti ríkisútvarpi verður einhvern veginn að fjármagna það félag. Þá er spurning hvaða kostir eru í stöðunni.

Í fyrsta lagi að innheimta afnotagjald. Það vill þannig til að sú leið er bæði kostnaðarsöm og líka haldin þeim annmörkum að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, telur að slík innheimta standist ekki þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist samkvæmt EES-samningnum.

Þá er önnur leið sem er að setja þetta félag á fjárlög. Ég verð að segja að það er leið sem mér hugnast ekki. Ég tel að þriðja leiðin, nefskattur, sé þó skömminni skárri. Ég átta mig hins vegar á því og hef sagt að auðvitað er það með nefskattinn eins og aðra skatta, honum fylgja gallar eins og honum fylgja kostir.

En ég er þeirrar skoðunar að nefskatturinn sé skásti kosturinn af þeim sem í boði eru. Ég bendi hv. þingmanni á að sú leið sem lögð er til í frumvarpinu til fjármögnunar á félaginu mun leiða til þess að útgjöld hinnar venjulegu fjölskyldu, þorra fjölskyldna í landinu, munu lækka. Það tel ég skref í rétta átt.

Þess vegna tel ég að skynsamlegra sé að fara þá leið heldur en margar aðrar. Ég styð að álögur á heimilin í landinu lækki og (Forseti hringir.) minnki og ég geri ráð fyrir að hv. 1. þm. Reykv. n. (Forseti hringir.) sé sammála mér um það.

[17:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég á varla orð, ég er svo undrandi á orðum hv. þingmanns. Þessi hv. þingmaður lagði fram þingmál hér, frumvarp til laga. Í því var sérstakur kafli þar sem farið var yfir frumvarp menntamálaráðherra. Þar segir beinlínis — kaflinn heitir frumvarp menntamálaráðherra. Þar er tekið sérstaklega fram á tveimur blaðsíðum hversu ranglátur nefskatturinn sé. Hv. þingmaður færir með nokkurri snilld á þessum tveimur blaðsíðum rök að því að nefskatturinn sé ranglátur og ekki eigi að setja hann á. Hann kemur með aðra aðferð sem er miklu skynsamlegri ásamt félögum sínum.

Nú kemur hv. þingmaður og hefur algjörlega skipt um skoðun. Hv. þingmaður þorir heldur ekki að gangast við því lengur að hann er einn af helstu prédikurum sölutrúboðsins gagnvart Ríkisútvarpinu.

Mér verður ekki oft orða vant, frú forseti, í ræðustól. En hér er þingmaðurinn að berjast fyrir því að það verði sampykkt sem (Forseti hringir.) hann skýrði manna best út í fyrra að væri ranglátt. (Forseti hringir.)

[17:16]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður þreytist ekki á að minna á að ég sé þeirrar skoðunar að ríkið eigi ekki að reka fjölmiðil og telur að ég hafi skipt um skoðun í því sambandi.

Það hef ég ekki gert. Ég veit ekki hvað ég þarf að segja hv. þingmanni það oft, annaðhvort heyrir hann illa eða skilur ekki það sem ég er að segja í þessum efnum. Ég hef hins vegar sagt að ekki sé pólitískur vilji, hvorki hér á Alþingi né annars staðar, til að fara í þetta söluferli. Þá veltir maður því fyrir sér hvað eigi að gera? Ég hef talið að það sé skylda mín sem þingmanns og sem handhafa löggjafar- og fjárveitingavalds að tryggja að farið sé skynsamlega með peninga og að ríkisstofnanir séu reknar með skynsamlegum hætti. Ég tel að hlutafélagaformið sé það skynsamlegasta sem við höfum í þessu sambandi.

Þannig er það og það er alveg sama hvað hv. þingmaður nefnir það oft og tönnlast oft á því að (Forseti hringir.) ég hafi skipt um skoðun í þessu máli. Sannleikurinn er sá (Forseti hringir.) að það hef ég ekki gert.

[17:17]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem hér aðallega í andsvar við hv. þingmann til að fagna yfirlýsingu hans sem formanns menntamálanefndar um að málinu verði vísað til nefndarinnar aftur. Mér fannst þó skorta nokkuð á það hjá hv. þingmanni að fara yfir tilganginn með því. Er ekki öruggt að hv. þingmaður ætlar sem formaður nefndarinnar að beita sér fyrir því að þar fari þá fram umræður um frumvarpið sem slíkt og að tíminn verði nýttur vel til að kanna hvort hægt verði að ná samstöðu um einhverjar lagfæringar á því? Nema niðurstaðan verði sú að gallarnir séu svo miklir að ekki vinnist tími nú á vordögum til að bæta það svo mikið að um það geti orðið sátt? Það hefur komið fram í umræðum í þinginu og víðar í samfélaginu að sátt um þessa stofnun er mjög mikilvæg. Ég er klár á því að ekki mun standa á fulltrúum minni hlutans í nefndinni að fara vel yfir þetta mál ef hægt er að finna einhverjar leiðir til að bæta það.

Það kemur glöggt í ljós hér við umræðuna að hv. þingmaður hefur kynnt sér mjög vel — hann hefur áður flutt frumvörp um þessa stofnun — fjármögnunarleiðir. Hv. þingmaður heldur því fram að einungis sé um þrjár leiðir að ræða og rekur þær nokkuð. Hann kemst síðan að þeirri niðurstöðu að nefskatturinn sé skásta leiðin þrátt fyrir alla gallana sem hv. þingmaður er sérfræðingur í.

En hann nefnir aðeins tvennt til viðbótar, þ.e. afnotagjöld og fjárlög. Ég verð að spyrja hv. þingmann hvort við þessa miklu rannsóknarvinnu hafi ekki verið kannaðar ýmsar leiðir í gegnum skattkerfið, eins og m.a. ríkisskattstjóri bendir á? Í skýrslu sem mig minnir að hafi verið unnin af hálfu Ríkisútvarpsins er m.a. bent á að það sé möguleiki að nota fasteignir sem skattstofn (Forseti hringir.) í þessu tilviki svo möguleikarnir eru að sjálfsögðu mun fleiri.

[17:20]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt. Auðvitað eru til fleiri leiðir. Þetta eru þær þrjár meginleiðir sem menn hafa rætt í tengslum við þetta mál og við getum svo sem tekið það til umræðu þegar málið fer aftur til nefndar milli 2. og 3. umr.

Úr því að hv. þm. Einar Már Sigurðarson vék hér að því að hann fagnaði því að málið yrði tekið inn í nefndina til frekari umræðu og velti því fyrir sér hver tilgangurinn með því væri þá er rétt að upplýsa hv. þingmann um að mér er ekkert á móti skapi að málið verði rætt efnislega enn og aftur í nefndinni eins og gert var við meðferð málsins eftir 1. umr.

Ég vil þó benda hv. þingmanni á að málið fer til hv.

menntamálanefndar til meðferðar að kröfu stjórnarandstöðunnar. Ég hlakka til að fá að heyra hv. þingmann upplýsa mig um hvað það er sem hann telur að sé órætt í tengslum við þetta mál. Ég bíð eftir því að fá einhverjar formlegar óskir frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar um hvað eigi að fara fram á þessum fundum. Ég geri ráð fyrir að stjórnarandstaðan óski eftir því formlega að einhverjir tilteknir gestir verði kallaðir fyrir nefndina. En enn sem komið er á ég í töluverðum erfiðleikum með að upplýsa hver tilgangurinn með því að kalla málið inn í nefnd er — það eru jú hv. þingmaður og hans meðreiðarsveinar sem hafa óskað eftir því. Það væri þá frekar á hans sviði að upplýsa mig um hvað hann hyggst fyrir með þessari kröfu sinni.

[17:22]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að það hefur verið krafa okkar í stjórnarandstöðunni að málið komi aftur inn til nefndar. Það er rétt að fagna því að stjórnarliðar skuli hafa stigið það skref til sátta að taka málið aftur inn og um leið að sjálfsögðu að viðurkenna að hugsanlega sé hægt að bæta málið eitthvað í nefndarstarfinu.

Ég trúi því ekki að menn ætli að fara að sitja fundi með engum tilgangi. Það er alveg ljóst að við höfum óskað eftir fleiri gestum en ég geri ekki ráð fyrir að það sé mikill fjöldi. Meginkrafa okkur hefur einmitt verið umræða í nefndinni til að leita betri leiða.

En ég vek athygli á — ég hef aðeins eina mínútu sem er nú orðin hálfskert núna — að hv. þm. Mörður Árnason á hér eftir ræðu. Ég geri ráð fyrir að megininntak þeirrar ræðu verði einmitt útlistun á þeirri kröfu okkar að málið verði tekið aftur upp í nefndinni.

Hv. þingmaður tilkynnti í ræðu sinni hér áðan, sem var mjög athyglisvert, að enginn ágreiningur væri innan stjórnarflokkanna í málinu. Það er fróðleg yfirlýsing frá einum af sölumönnum Sjálfstæðisflokksins gagnvart Ríkisútvarpinu sem hefur ítrekað það hér að (Forseti hringir.) hann sé áfram sölumaður og (Forseti hringir.) tekur væntanlega undir það með hv. þm. Pétri H. Blöndal að þetta frumvarp sé skref í þá átt.

[17:23]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það má vel vera að annar þingmaður en hv. þm. Einar Már Sigurðarson geti upplýst mig um tilganginn með því að ræða málið milli 2. og 3. umr. í hv. menntamálanefnd. Ég hlakka til að heyra hvað hv. þm. Mörður Árnason hefur um það að segja. Ég geri ráð fyrir að minni hlutinn óski formlega eftir að fá tiltekna gesti eða einhver efnisatriði málsins sérstaklega rædd á fundum nefndarinnar.

En það sem skiptir mestu máli, frú forseti, varðandi andsvar hv. þingmanns er að hann lýsti því yfir að hann fagnaði því að stjórnarmeirihlutinn væri með því að taka málið aftur upp í hv. menntamálanefnd milli 2. og 3. umr. að stíga skref til sátta í þessu máli. Þetta er merkileg yfirlýsing og ég fagna henni. Í henni felst viðurkenning á (Forseti hringir.) samningsvilja og sáttfýsi stjórnarmeirihlutans í þessu máli. Ég verð að vona að hv. stjórnarandstöðuþingmenn (Forseti hringir.) sýni sama samningsvilja.

[17:24]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason):

Forseti. Þetta hafa verið fróðlegar umræður hér þessar síðustu. Einkum þau andsvör sem hér hafa farið fram því að í fyrsta sinn í sögu þessara frumvarpa — það frumvarp sem nú er rætt er framhald af frumvarpi frá í fyrra — hafa af stjórnarliða hálfu verið nefnd orðin samningar og sættir.

Það er ánægulegt að þær umræður sem hér hafa farið fram — þetta mun vera þriðji dagur þeirra og þær hafa stundum staðið fram á nótt, hin fræga nótt hefur orðið mönnum minnisstæð, bæði stjórnarliðum og okkur stjórnarandstæðingum, og ég vona þeim forsetum þingsins sem þá sátu, þeim hv. þm. Jónínu Bjartmarz og Birgi Ármannssyni — virðast hafa borið einhvern árangur, a.m.k. í orðfæri hv. formanns menntamálanefndar Sigurðar Kára Kristjánssonar.

Nú veit ég ekki hvernig það fer þó ég voni hið besta því vinnubrögðin í þessu máli öllu, frá því í fyrra og ekki síður ef maður tengir það nú saman við fjölmiðlamálið, sællar minningar og ævarandi, hafa verið þannig að sættir og samningar hafa ekki verið það sem hefur vakað fyrir hæstv. menntamálaráðherra og þeim stjórnarliðum sem hafa komið að þessu.

Þetta mál hefur verið keyrt áfram eins vitlaust og það nú var og einu sættirnar og einu samningarnir sem gerðir hafa verið hafa verið gerðir við Eftirlitsstofnun EFTA, ESA. Þar hafa menn sem sé lotið valdinu að utan, vegna þess, eins og Sigurður Kári Kristjánsson upplýsti, að við gætum lent í kærínum frá því apparati, frá Evrópusambandinu, ef frumvarpið og lögin sem hugsanlega spretta upp af því verða ekki í samræmi við þær kröfur sem þar eru gerðar.

Það er rétt að rifja það upp strax að samningar og sættir voru ekki þau orð sem hv. formaður menntamálanefndar viðhafði síðan um tilmæli Evrópuráðsins sem Ísland er þó aðili að og sótti þá fundi þar sem þessi tilmæli voru samþykkt og gefin út. Hv. formaður menntamálanefndar hafnaði beiðni um að úr því ekki næðist í neinn sérfræðing til að skýra reglur eða tilmæli ESA í samhengi við þetta frumvarp yrði leitað til fjölmiðladeildar Evrópuráðsins sem okkur er að góðu kunn frá því í fjölmiðladeilunni. Hann hafnaði því á þeirri forsendu að tilmæli Evrópuráðsins byndu okkur ekki að þjóðarrétti.

Sú eina tilslökun sem hefur verið gerð í þessu máli, og reyndar er það saga sem þarf að segja, þó það verði nú ekki gert í þessari 2. umr., hefur verið gerð í skugga skipana og hugsanlegra málaferla sem við eigum á hættu að lenda í frá Evrópusambandinu góða, sem sem betur fer tekur oft fram fyrir hendurnar á íslenskum stjórnvöldum.

Þessi vinnubrögð héldu svo áfram í menntamálanefnd þegar málið var komið þangað núna í síðara skiptið með þeim hætti að málið var tekið vanbúið út úr nefndinni. Ekki voru boðaðir þeir gestir sem beðið var um á síðasta snúningi fyrir utan Evrópuráðsmálin og sú umræða var í raun ekki hafin sem er eðlileg um stórt mál af þessu tagi milli stjórnar og stjórnarandstöðu og einstakra þingmanna að sjálfsögðu innan nefndarinnar. Sú umleitan til sátta um einhvers konar málamiðlun eða niðurstöðu fór aldrei fram.

Þess vegna var það eðlileg krafa stjórnarandstöðunnar, og hefur verið frá upphafi þessa máls, að úr því yrði bætt. Það þurfti til þess þrjá sólarhringa og þessa frægu nótt sem er mönnum í fersku minni, einkum þáverandi hæstv. forsetum, Jónínu Bjartmarz og Birgi Ármannssyni, og hæstv. menntamálaráðherra sem staddur var hér um nóttina og fór mikinn, að vísu ekki í ræðustól. Það er ánægjulegt að þessi tími hafi þó borið þennan árangur.

Áður en ég svara spurningum þeirra félaga hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar og hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar — eða réttara sagt þó einkum hinum síðarnefnda um hvernig við viljum láta vinna málið, þ.e. hvernig við óskum eftir, svo allt sé nú orðað þinglega og kurteislega, að málið sé unnið í nefndinni ef til nefndarfundarins kemur, því að ekki má gleyma að fyrir liggur frávísunartillaga frá minni hlutanum í menntamálanefnd og aldrei að vita nema einhverjir stjórnarliðar sjái að sér og veiti henni liðsinni þannig að við þurfum ekki að hafa meiri áhyggjur af þessu frumvarpi — ætla ég að fara stuttlega yfir þau meginatriði sem hafa orðið þess valdandi að við tökum afstöðu gegn frumvarpinu og viljum vísa því frá.

Segja má að fyrir utan ýmis smærri atriði sé það einkum í fimm pörtum og einn af þeim varðar réttindi starfsmanna sem eru ófrágengin og er illa sinnt í frumvarpinu þó að allur tími í heiminum hafi í raun gefist til að ganga frá þeim málum þannig að starfsmenn séu við þau þolanlega sáttir þó að fjölmörg fordæmi, því miður allt of mörg, séu fyrir því að ganga frá þeim réttindum við færslu ríkisstofnunar í hlutafélagsform og þó að mikil reynsla sé fyrir því að ef ekki er gengið frá þeim endar það með málaferlum og leiðindum sem eru bæði til fjárskaða og til ama þeim sem að því standa. Hér hefur því verið spáð að það verði enn svo. Ég ætla ekki að fjalla frekar um þau mál heldur vitna sérstaklega til ræðna hv. þingmanna Einars Más Sigurðarsonar og Ögmundar Jónassonar. Ég átti þess ekki kost að hlusta gerlega á ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar en það sem ég heyrði var hann einnig að skýra, a.m.k. í hluta ræðu sinnar, þessi réttindi og það hafa fleiri gert.

Í öðru lagi, sem er eitt af aðalmálunum í frumvarpinu þó að það varði að mínu viti ekki meginkjarna málsins en kemur honum þó allmikið við, eru hugmyndirnar um fjáröflun. Það er rétt sem áðan kom fram að afnotagjaldið eða útvarpsgjaldið eins og það heitir opinberlega hefur ýmsa galla og hafði strax árið 1985 þegar einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarpssendinga á Íslandi var afnuminn. Ég hef verið duglegur við að taka undir það. Sumum finnst ég hafa verið fullduglegur við það að við þyrftum að huga að afnotagjaldinu og því yrði að breyta. Það væri sennilega, eins og vinsælt er að segja í þessum stól, barn síns tíma. Þó er það ekki brýnna mál gagnvart Evrópusambandinu en svo að í endurskoðun á hinum konunglega sáttmála, Royal Charter, sem rekstur og starfsemi BBC í Bretlandi byggist á, er kveðið á um það að afnotagjöldin í Bretlandi skuli haldast á því tímabili sem þar er tiltekið, þ.e. fram til ársins 2016. Þeir hjá BBC eru því ekki hræddari við hið mikla vald Evrópusambandsins en svo að þeir ætla að halda þessu. Hins vegar segja þeir, kannski eitthvað svipað og aumingi minn, að þegar þessu lýkur sé eðlilegt að kanna möguleika á því að taka upp aðrar fjármögnunarleiðir og gera sér þess vegna grein fyrir vandamálinu um afnotagjöldin. Það vandamál er m.a. það að í Bretlandi eins og annars staðar er hægt að losna við afnotagjöldin með því að taka á móti sjónvarpsefni í gegnum tölvur og þannig viðurkennir BBC að framtíðin liggi ekki í þeirri fjármögnunarleið.

Ég tek undir og hef áður gert þá galla sem eru á afnotagjaldinu en á því er náttúrlega einn stór kostur og hann er þessi beina tenging sem fæst milli áhorfenda og hlustenda og síðan Ríkisútvarpsins sjálfs. Í staðinn fyrir afnotagjaldið hefur sú ein hugmynd verið uppi að leggja á nefskatt. Nefskattur er, eins og lýst hefur verið í umræðunni, gjarnan með tilvitnun í hinn ágæta texta ríkisskattstjóra, ósanngjarn skattur. Hann getur verið réttlætanlegur til skamms tíma þegar á að gera einhvers konar átak þar sem öll þjóðin á að taka saman en hann er ósanngjarn vegna þess að hann er ekki miðaður við neins konar tekjur og fer þess vegna villur vegar í því hlutverki skattheimtunnar að vera til tekjujöfnunar sem er eitt af helstu hlutverkum í samfélagi af okkar gerð eða samfélagi eins og við viljum hafa það. Ég hygg að elsti nefskattur á Íslandi hafi verið sá, þingheimi til upplýsingar og skemmtunar ef nefna má, að einhvern tíma var samþykkt af Alþingi að Íslendingar allir ættu að reiða fram þann skatt í þjóðarþágu að yrkja níðvísu um norskan konung og það var gert og má segja að þar hafi verið vel að verki staðið og sjálfsagt að endurtaka það ef þarf gagnvart ókurteisu og freku fólki í útlöndum og kannski innan lands líka.

Við samfylkingarmenn höfum sagt um þetta: Það er engin patentlausn, það er engin ein leið til að fjármagna ríkisútvarp. Allar leiðir hafa sína kosti og allar hafa þær sína galla. Það sem við höfum sagt, m.a. í þingsályktunartillögu sem við fluttum í fyrra er: Setjumst niður, stjórnmálamenn, starfsmenn Ríkisútvarpsins og forustumenn þess, aðrir fjölmiðlamenn, fulltrúar almennings og förum yfir þessi fjármögnunarmál. Við höfum bent á að það sem best kynni að vera væri einhvers konar blönduð leið sem drægi úr ókostum hinna einstöku leiða. Menn töluðu um þetta áðan, hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson, Össur Skarphéðinsson og Einar Már Sigurðarson. Allmargar leiðir hafa verið nefndar, t.d. tenging við tekjuskatt, sem er auðvitað ein fyrsta hugmyndin sem manni dettur í hug.

Hv. þm. Pétur Blöndal hefur verið með athyglisverða hugmynd um að lækka persónuafslátt sem þessu nemur sem hefði þann kost að þá fengist ákveðin tekjutenging og tillit tekið til tekna manna, þó að sú leið kunni að hafa aðra ókosti. Menn hafa nefnt fjárlög að sjálfsögðu. Hægt er að draga úr hinum mikla ókosti við fjárlagaleiðina, sem er sá að þingið ákveður á hverjum tíma hversu hátt framlagið á að vera, með því að gera langtímasamning sem stjórnmálaflokkarnir reyndu að standa allir að og stæðu síðan við þangað til næsti samningur er gerður.

Menn hafa líka nefnt, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson tók fram áðan, hugmynd sem ég hygg að eigi upphaf sitt hjá Ríkisútvarpinu sjálfu í hugleiðingum sem þar voru, a.m.k. heyrði ég þetta fyrst hjá Þorsteini Þorsteinssyni sem þar er markaðsstjóri, góður drengur og duglegur tekjuöflunarmaður fyrir Ríkisútvarpið. Menn hafa líka nefnt rásargjald, þ.e. að borguð væru afnot af þeirri auðlind sem hljóðvarps- og sjónvarpsrásirnar eru innan Ríkisútvarpsins.

Menn hafa með sama hætti nefnt auglýsingagjald, þ.e. einhvers konar skatt á auglýsingar í öðrum ljósvakamiðlum sem þá væri á sett í samkomulagi þar sem Ríkisútvarpið tæki það á sig að minnka sínar eigin tekjur af auglýsingum og kostun, sem er auðvitað enn ein leiðin í tekjuöflun Ríkisútvarpsins.

Ef menn vilja setjast yfir þetta í rólegheitum koma margar aðrar leiðir til greina en sá nefskattur sem einn er uppi hafður í allri þessari umræðu og látið eins og ekkert annað sé til. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur farið yfir þetta í ræðu sinni í 2. umr. og læt ég lokið umfjöllun minni um þetta atriði.

Meginmálið í gagnrýni okkar á frumvarpið, meginatriðin í þeim breytingum sem við viljum standa að á núverandi stjórnkerfi Ríkisútvarpsins má kannski nefna í þrennu lagi. Í fyrsta lagi að Ríkisútvarpið verði raunverulegt almannaútvarp, afmarki stöðu sína með þeim hætti, skýri hlutverk sitt á nýjum tímum, sem að vísu eru orðnir 20 ára gamlir í tilviki Ríkisútvarpsins, geri með því þann samfélagslega samning við einkarekstur í þessum geira, við markaðsstöðvarnar sem halda sér uppi sjálfar án ríkisstyrks, að það sé skýrt hlutverk Ríkisútvarpsins að verða almannaútvarp.

Í öðru lagi teljum við í stjórnarandstöðunni og samfylkingarmenn sem ég tala fyrir, að grunnforsenda fyrir öllum breytingum á Ríkisútvarpinu — við héldum satt að segja í bernsku okkar að um þetta væri samstaða — væri sú að aflétta þar pólitískum ítökum, flokkspólitískum ítökum, persónupólitískum ítökum einstakra ráðherra og valdsmanna, aflétta þar þeim tökum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur talið sér rétt og skylt að hafa síðustu tíu, fimmtán, tuttugu árin með mannaráðningum og dagskrárstjórn af ýmsu tagi. Það er ekki gert í frumvarpinu.

Í þriðja lagi höfum við gagnrýnt harðlega þær breytingar á rekstrarformi sem hér eru lagðar til, þ.e. að stofna hlutafélag í stað þess að halda Ríkisútvarpinu sem ríkisstofnun, sem auðvitað kemur vel til greina með ákveðnum lagabreytingum og aldrei hefur í raun verið farið út í að kanna, hugsanlega að undanteknu frumvarpi Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, eða sem við samfylkingarmenn höfum talið betra, að breyta Ríkisútvarpinu í sjálfseignarstofnun sem hæfir ákaflega vel fyrirtæki af þessu tagi í atvinnurekstri, þ.e. ef meiningin er sú að fyrirtækið sé almannaútvarp og sé ekki í samkeppni við aðrar stöðvar nema að því leyti sem sjálfsagt er og leiðir af því að stunda útvarpsrekstur.

Það er þetta þrennt sem við höfum talað um. Ég hef gert það í ræðu sem tók þrjá tíma að flytja og ýmsir hv. þingmenn hafa kennt við málþóf, flestir án þess að hafa verið viðstaddir ræðuna, vegna þess að þar fór ég mjög rækilega yfir þessa þrjá þætti í framsögu fyrir nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar.

Hlutafélagsformið verð ég þó að tala aðeins meira um. Það er rétt hjá hv. formanni menntamálanefndar, Sigurði Kára Kristjánssyni, að hvorki ég né aðrir samfylkingarmenn — ég ætla ekki að tala fyrir fleiri þingmenn, ég treysti mér til að tala fyrir okkur 20 samfylkingarmenn hér, þriðjung af þingliðinu — við erum ekki á móti hlutafélagi í sjálfu sér, ekki á móti því hugtaki eða því rekstrarformi í sjálfu sér. En við teljum að það rekstrarform eigi einkum við fyrirtæki í atvinnurekstri en sé ekki gott rekstrarform fyrir fyrirtæki sem styrkt er af almannafé. Við fundum þetta út sjálf og höfum verið þessarar skoðunar nokkuð lengi en hins vegar var ánægjulegt að fá með í þetta lið fyrrverandi lærimeistara ýmissa ungra sjálfstæðismanna, Þorstein Pálsson, sem nú er ritstjóri Fréttablaðsins og hefur skrifað um þetta ágætar greinar, nú síðast í gær grein sem heitir: Samkeppni en ekki rekstrarform tryggir hagkvæmni. Ég er að vísu ekki fullkomlega sammála fyrirsögn greinarinnar en tel ákaflega margt gott í þeirri grein. Af því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er hérna viðstaddur, langar mig að lesa hluta af grein Þorsteins Pálssonar, fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, undir millifyrirsögninni: Ríkisstyrkt hlutafélög yfirleitt verst rekin.

Að formi til er þessi grein Þorsteins Pálssonar svar við skrifum útvarpsstjóra sem hefur talið sig knúinn að skipta sér af þessari deilu um Ríkisútvarpið. Hann segir í grein sinni, með leyfi forseta:

„Útvarpsstjóri segir í grein sinni að eina ástæðan til þess að stofna hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins sé sú að það rekstrarform tryggi betri nýtingu á skattpeningum almennings. Nú veit útvarpsstjóri eins vel og hver annar að hlutafélagaformið hefur ekkert að segja varðandi rekstrarhagkvæmni fyrirtækja.

Tilgangur rekstrarformsins er sá einn að auðvelda eiginfjáröflun án þess að eigendur beri meiri ábyrgð en nemur hlut þeirra. Takmörkun ábyrgðar er með öðrum orðum höfuðröksemd hlutafélagaformsins.

Mörg hlutafélög eru illa rekin og nýta tekjur sínar illa. Almennt er viðurkennt að verst séu þau hlutafélög rekin sem að meira eða minna leyti byggja afkomu sína á ríkisstyrkjum. Og almennt er litið svo á að ríkisstyrkir spilli heiðarlegri samkeppni.“ — Þetta segir Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands.

Þetta er gott fyrir sjálfstæðismenn að hafa í huga vegna þess að kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA, stofnunarinnar ESA, byggjast einmitt á þessu fyrst og fremst að grannskoða fyrirkomulag ríkisútvarpsmála hér og reyndar víðar vegna ríkisstyrkja sem kunni að spilla heiðarlegri samkeppni og ekki eigi að veita nema sérstakar ástæður séu til.

Þorsteinn Pálsson heldur áfram, með leyfi forseta:

„Að þessu athuguðu verður ekki séð að sú fullyrðing útvarpsstjóra standist að tryggja eigi betri nýtingu fjármuna með hlutafélagaforminu einu. Og ekki verður því trúað að hann eða ríkisstjórnin vilji færa fram þau rök að markmiðið sé að spilla heiðarlegri samkeppni á markaði.

Verði frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. að lögum mun almenningur eiga greiðari aðgang að ýmsum upplýsingum varðandi rekstur einkarekinna almenningshlutafélaga á þessu sviði en ríkisfyrirtækisins. Það segir nokkra sögu.“

Þar kemur Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, fyrrverandi framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, að því sem hefur verið einn af kjarnapunktunum í gagnrýni okkar á þessa vitleysu með hlutafélagið og hvernig hún er fram sett í frumvarpinu sem er að ríkishlutafélagið sameinar það versta úr tveimur heimum. Annars vegar það viðskiptaform í kringum samkeppnisfyrirtæki sem fær forskot vegna mikils ríkisstyrks en hins

vegar er það í eigu almennings án þess að almenningur geti fengið neinar upplýsingar um gang þess og rekstur.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og fleiri hv. þingmenn úr þeim flokki hafa bent á að búið sé að ráða bót á þeim vanda með því að í hlutafélagafrumvarpi sem er á leið hér í gegnum þingið leyfist þingmönnum að koma með skriflegar fyrirspurnir á aðalfund. En eins og ég hef vakið athygli á áður eru tímar Bakkaskipsins sem fréttamiðils á Íslandi liðnir fyrir nokkrum árum. En Bakkaskipið var þannig að það var skipsferð sem kom til Íslands einu sinni á ári ef voraði vel og flutti tíðindi utan úr heimi, t.d. hvort kóngar væru enn við völd sem Íslandi stjórnuðu og hvort enn væri friður eða stríð í Evrópu frá því um haustið þegar síðasta skip fór.

Í svipuðum dúr er þessi upplýsingastefna hjá Sjálfstæðisflokknum, að þingmenn megi koma með skriflegar fyrirspurnir einu sinni á ári, væntanlega á svipuðum tíma og Bakkaskipið kom á vorin, og fái henni svo svarað á aðalfundinum. Ef þeir sætta sig ekki við þau svör verða þeir að bíða í ár í viðbót til að koma með næstu fyrirspurn. Og þannig koma upplýsingarnar. En Þorsteinn Pálsson, sem er hagvanur, bendir hins vegar á það með okkur ýmsum hér að ef fyrirtæki er skráð á markaði er því skylt að gefa Kauphöllinni, fyrir utan auðvitað hluthöfum sínum, nákvæmar upplýsingar um rekstur og þá viðburði sem gætu raskað rekstri og stofnað hlutafé í hættu miklu meira en einu sinni á ári, nema menn sérstaklega vilji. Ríkisútvarpið hf. þarf því ekki að svara spurningum nema einu sinni á ári meðan önnur fyrirtæki á þessum sama markaði þurfa að haga sér með allt öðrum hætti vegna þess að þau taka þátt í markaðssamfélaginu sem Ríkisútvarpið ætlar sér ekki að gera þótt það sé algerlega opið að það fyrirtæki verði í bullandi samkeppni áfram við markaðsstöðvarnar.

Það er vissulega rétt, eins og ég sagði áðan, að almannaútvarp er ekki eitthvað hreint og tært, þ.e. það hlýtur að standa í einhvers konar samkeppni, þó ekki sé annað en með fréttaflutningi, þá eru menn auðvitað komnir í ákveðna samkeppni. Þorsteinn Pálsson, sem ég ætla að vitna til aftur til heiðurs þeim unga lærisveini hans, hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, segir um þetta með sínu orðalagi, með leyfi forseta, þetta hér.

„Þeir sem horfa á viðfangsefnið út frá sjónarmiðum samkeppnismarkaðarins þurfa vissulega að sætta sig við að sveigt sé hjá ýmsum almennum samkeppnisleikreglum. En það hlýtur á hinn bóginn að vera málefnaleg lágmarkskrafa af þeirra hálfu að fylgt sé almennum reglum um meðferð almannafjár og alþjóðlegum skuldbindingum um ríkisstyrki."

Jafnvel þótt eingöngu séu lesnar greinar Þorsteins Pálssonar í Fréttablaðinu sem eru nú orðnar þrjár talsins hygg ég, eða fjórar, og tekið mark á þeim mundi málflutningur Sjálfstæðisflokksins batna mjög í þessu efni. Ég hygg að ef hæstv. menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins tæki í alvöru mark á Þorsteini Pálssyni — ég verð nú að viðurkenna að hann er kannski ekki uppáhaldsstjórnmálamaður minn eða beinlínis leiðtogi lífs míns — mundi hæstv. menntamálaráðherra draga frumvarpið til baka og fara að vinna það öðruvísi. (Gripið fram í.)

Í lok þessa kafla ræðu minnar, sem ég ætlaði að hafa stutta og verður stutt — ég bið hv. þingmann að stilla sig, það er kaffi hérna frammi í sal og ágætt að hvíla sig aðeins áður en næsta umræða byrjar — ætla ég að segja þetta: Menn hafa velt fyrir sér af hverju frumvarp sem er svona illa unnið, af hverju frumvarp sem ekki er haft um neitt samráð, af hverju frumvarp sem augljóst er að ekki verður sátt um á þinginu og ekki annars staðar, er fram keyrt með þessum hætti. Ég held að það sé í rauninni tvennt. Það sé annars vegar metnaður menntamálaráðherra sem ég hef fjallað um nokkuð áður en hins vegar sé þörfin ósköp einfaldlega sú að menn eru að reyna að standa í eltingarleik við Eftirlitsstofnun ESA og við reglur Evrópusambandsins og við reglur Evrópuráðsins um ríkisútvarpsmál eða almenn útvarpsmál á Íslandi.

Ef um þetta verður 3. umr. hyggst ég í henni gera stuttlega grein fyrir þróun Evrópuréttar á þessu sviði og hvað gerst hefur síðustu 20 árin í því máli. Ég þakka Ólafi F. Friðrikssyni fyrir að hafa ljáð mér og reyndar gefið mér eintak af BA-ritgerð sinni um þetta mál, sem heitir Ríkisreknir fjölmiðlar á samkeppnismarkaði. En þar kemur mjög skýrlega og glöggt í ljós, sem menn vissu svo sem, hvernig rétturinn er að þróast og hvaða sviptingum má gera ráð fyrir á næstunni í þessum efnum. Það skiptir miklu máli að Íslendingar geri sér grein fyrir því að þær ákvarðanir sem teknar eru, séu í samræmi við þá þróun og standi ekki beint á móti henni þannig að þær séu í augljósri andstöðu við þær.

ESA hefur ekki leyft þetta frumvarp. Það er ekki þannig. ESA hefur ekki samþykkt þetta frumvarp með neinum hætti. ESA hefur gert athugasemdir við núverandi skipan mála. Hún hefur rætt við fulltrúa ráðuneytisins um hvað geti tekið við. En ESA tekur enga afstöðu til neins fyrr en frumvarpið er fullsmíðað og ekki fyrr en í raun að það yrði þá kært til Eftirlitsstofnunar ESA. En nú er í gangi eins og menn vita tvö mál fyrir eftirlitsstofnuninni þar sem núverandi fyrirkomulag Ríkisútvarpsins er til umræðu.

Kannski er það vitlausasta við frumvarpið að það skapar einmitt ekki sátt. Það skapar engan samningsvilja. Ef það verður óbreytt að lögum verða þau lög ekki til frambúðar, verða ekki til langframa. Í fyrsta lagi gagnvart Evrópusambandinu, Eftirlitsstofnun ESA og þeirri þróun sem þar fer fram.

Í öðru lagi vegna þess að frumvarpið, að því er mér sýnist og rakið hefur verið m.a. í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, stangast á við þau tilmæli sem hafa komið um almannaútvarp hjá Evrópuráðinu.

Í þriðja lagi vegna þess að keppinautar, það eru bara ósköp einfaldlega yfirlýsingar frá þeim um það, munu ekki sætta sig við þessa skipan. Það veldur hver á heldur og við eigum eftir að sjá hvernig unnið verður úr frumvarpinu sem má túlka á ýmsan veg þegar kemur að framkvæmd þess. En eins og málin standa núna eru keppinautarnir engu nær, og það er ekki að vænta neinnar sáttar á ljósvakamarkaðnum eða vettvanginum almennt um frumvarpið.

Í fjórða lagi er augljóst að ekki er pólitísk sátt um frumvarpið og ekki sú sátt meðal almennings um Ríkisútvarpið nú og í væntanlegri framtíð, ef þetta verður samþykkt, sem þarf að vera, sem er undirstaða þess að almannaútvarp geti starfað á þann hátt sem það á að gera í lýðræðis- og menn-

ingarsamfélagi af okkar tagi.

Ég fagna því eins og ég gerði í upphafi ræðu minnar að málið skuli hafa þróast þannig að frumvarpið verði tekið á ný inn í menntamálanefnd ef því verður hreinlega ekki vísað frá í lok 2. umr. Ég tel að þegar að þeim fundum kemur með nefndinni þurfi að minnsta kosti að gera þetta: Það þarf að ráðgast við starfsmenn að nýju og fulltrúa stéttarsamtaka þeirra um réttindamálin. Athuga þarf fjárhagsstöðuna upp á nýtt og fá af því fréttir hvernig gengur að koma fjárhagsstöðu hins væntanlega Ríkisútvarps hf. upp í núllið þannig að hið nýja fyrirtæki verði ekki gert gjaldþrota á fyrsta degi starfsemi sinnar. Það þarf að kalla inn, eins og við báðum um í nefndarstarfinu fyrir 2. umr., fulltrúa Samkeppniseftirlits og Ríkisendurskoðunar til að skýra hvernig þær stofnanir ætla að sjá um annars vegar innra eftirlit og hins vegar ytra eftirlit. Ekki eingöngu á rekstrarsviði, heldur einnig á sviði sem tekur til fjölmiðlunarmálanna sjálfra, en nú er ekki fyrir hendi í þeim stofnunum að því ég veit að minnsta kosti, ég hef ekki heyrt í fulltrúum þeirra, nein sú þekking eða kunnátta sem gerir það að sjálfsögðum hlut. Eftir slíku eftirliti er sérstaklega kallað í bréfunum frá Eftirlitsstofnun ESA eins og menn geta kynnt sér í gögnunum sem menntamálanefnd býr yfir. En frá því er ákaflega takmarkað gengið í frumvarpinu og raunar ekki.

Af menntamálaráðuneytisins hálfu þarf að skýra betur hvers konar þjónustusamning menntamálaráðherra hyggst gera við Ríkisútvarpið en meðan á umfjölluninni stóð í menntamálanefnd í fyrra, svo ég nefni það nú, og núna, er ákaflega óljóst hvort sá samningur yrði gerður og hvernig hann væri. Hann kom ekki við sögu núna fyrr en hann fannst í nokkrum línum í spurningu ESA til menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins um hvort sá þjónustusamningur yrði ekki örugglega gerður opinber. Svarið hlýtur að verða já, vegna þess að ekki ætla menn að láta dæma sig í Evrópudómstólnum þess vegna.

Að þessu loknu þarf það að gerast í nefndinni sem ekki gerðist við fyrri umfjöllun og olli því að málið kom vanbúið úr henni og olli því að umræðan hér hefur verið svo löng sem raun ber vitni, það þarf að fara fram alvöruumræða innan nefndarinnar um stöðu mála, um gagn þeirra ákvæða sem í frumvarpinu eru nú, og um tillögur þær og hugmyndir sem hafa komið frá stjórnarandstöðunni í þessu efni. Ef þetta gerist skulum við vona að við mætum til 3. umr. með þau orð að leiðarljósi sem hv. þingmaður og formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson, nefndi í fyrsta sinn af hálfu stjórnarliða í tveggja vetra umræðu okkar um Ríkisútvarpið: Samningsvilji og sættir.

[18:00]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Hv. þm. Mörður Árnason talaði hér stutt mál en kjarnyrt og náði nokkuð vel að leggja fram kjarnann í afstöðu Samfylkingarinnar til þessa máls. Það gleður mig sannarlega að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, er nærstaddur og hlýðir á mál mitt. Ég varð þess áskynja þegar hv. þingmaður hélt sína ræðu hér áðan, þó að stutt væri, að hann hafði ekki skilið ákveðin lykilatriði. Hv. þingmaður, sem ber ábyrgð á málinu hér í gegnum þingið, kaus að svara ekki nokkrum af þeim spurningum sem ég varpaði fram í ræðu sem miðað við aðstæður málsins var tiltölulega stutt af minni hálfu þó að hún hafi tekið fjóra tíma. Ég átti von á því að hv. þingmaður mundi svara spurningunum.

Það er óhjákvæmilegt að rifja það hér upp að í þessari umræðu hefur varla sést til hæstv. menntamálaráðherra. Þingmenn Samfylkingarinnar óskuðu sérstaklega eftir því að hæstv. ráðherra mundi svara tilteknum spurningum sem fyrir hana voru lagðar og ekki var hægt að ætlast til þess að hv. formaður menntamálanefndar svaraði. Sérstaklega vil ég rifja það upp að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir gerði hlé á máli sínu þegar hæstv. forseti, Rannveig Guðmundsdóttir, sat í forsetastóli og óskaði eftir því að fá svör frá ráðherra við tilteknum spurningum, svör við spurningum sem okkur í Samfylkingunni leikur hugur á að fá svör við. Þau boð voru borin af hálfu hæstv. ráðherra til þingmannsins í gegnum hæstv. forseta að ráðherra mundi sjá til þess að spurningarnar yrðu allar teknar niður og þeim yrði svarað. Þetta voru spurningar sem ég vildi gjarnan fá svör við, m.a. með hvaða hætti skilgreining á almannaútvarpi kæmi fram í þjónustusamningi eða eftir atvikum samþykktum félagsins. Ekki var hægt að skilja þau skilaboð sem hæstv. forseti gaf á annan hátt en þann að ráðherra ætlaði að svara. Og nú spyr ég þann ágæta þingmann sem gegnir hlutverki forseta: Er það þá svo að hér ljúki 2. umr. án þess að hæstv. menntamálaráðherra svari einni einustu spurningu af þeim sem fyrir hana eru lagðar þrátt fyrir að hún hafi sent þinginu skilaboð um að svörin bærust? Var þá hæstv. menntamálaráðherra að skjóta sér undan umræðunni og gefa þinginu röng boð? Það er hægt að komast að þeirri niðurstöðu.

Á öllum mínum ferli hef ég einungis einu sinni óskað eftir því að ráðherra yrði færður í sal til þess að hlýða á spurningar. Ég ætla ekki að fara að raska ró hæstv. ráðherra og fá hana flutta hingað með valdi í salinn til þess að hlusta á ákveðnar spurningar og reyna að knýja fram viðhorf sem augljóst er að komu ekki vegna þess að hæstv. ráðherra hefur klárlega ekki hugsað þetta mál til þrautar. Þá ályktun dreg ég af því að hafa hlustað á hverja einustu ræðu hér í þinginu og á andsvör hennar og ræður tvær í 1. umr.

Hv. formaður menntamálanefndar gerði því skóna í ræðu sinni áðan að forustumenn Samfylkingarinnar gætu ljáð máls á því að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi. Ég hafna því alfarið. Ég skildi t.d. hv. þingmann þannig að hv. þm. Mörður Árnason, sem hér talaði áðan, hefði einhverju sinni orðað það með þeim hætti. Mig langar þess vegna að lesa hér örstutt, með leyfi forseta, eina setningu upp úr ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar.

Þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið mundi sóma sér vel sem sjálfseignarstofnun eins og Viðskiptaháskólinn á Bifröst er og Háskólinn í Reykjavík var til skamms tíma."

Frú forseti. Má ég bæta við þessa upptalningu. Það er ein merk skólastofnun sem með nokkrum hætti kemur við sögu okkar þings, a.m.k. þingheims þess sem hér situr í dag. Formaður menntamálanefndar, sem hér hefur svo skörulega talað oft, gekk menntaveginn í gegnum Verslunarskóla Íslands og komst vel að manni út úr þeim skóla (Gripið fram í.) eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hvert er rekstrarformið á þeim skóla, þessum framverði

einkaframtaksins? Hann er sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Með öðrum orðum, það form sem við höfum verið að mæla hér fyrir, frú forseti.

Og til að það liggi alveg skýrt fyrir hver afstaða forustu Samfylkingarinnar er rifja ég það hér upp að við 1. umr. talaði hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrir hönd Samfylkingarinnar og lýsti stefnu hennar með ákaflega skorinorðum hætti. Grunnkjarninn í máli hennar var sá að það væri skoðun Samfylkingarinnar að fyrirtæki sem væru í opinberri eigu, sem ekki væru rekin fyrir sjálfsaflafé, ættu ekki að vera á hlutafélagsforminu.

Af því að hv. þm. Jónína Bjartmarz er hér inni, fulltrúi Framsóknarflokksins, þess flokks sem varla hefur opnað munninn í þessari umræðu, þá er rétt að rifja það upp að kjarninn í máli formanns Samfylkingarinnar eftir að hún hafði lokið sinni röksemdafærslu var eftirfarandi.

Eftir að hafa rakið efnislegar forsendur málsins sagði hv. þingmaður, með leyfi forseta:

„Við í Samfylkingunni höfum talað fyrir því, eins og Framsóknarflokkurinn gerði til skamms tíma, að þetta væri sjálfseignarfyrirkomulag."

Það liggur því algjörlega skýrt fyrir hver stefna Samfylkingarinnar er í þessum efnum. Það þýðir hins vegar ekki að Samfylkingin sé á móti hlutafélögum. Það kom glöggt fram í máli hv. þm. Marðar Árnasonar hér áðan.

Við skiptum ríkisfyrirtækjum í tvennt. Það eru annars vegar þau fyrirtæki sem eru rekin að uppistöðu til fyrir skattpeninga almennings í landinu og hins vegar þau sem eru rekin fyrir sjálfsaflafé. Ríkisútvarpið tilheyrir fyrri fyrirtækjaflokknum. Þau fyrirtæki er best að reka á formi sjálfseignarfélags. Það er hefð fyrir því formi, það hefur reynst vel. Fjölmargar þjónustustofnanir eru þannig reknar og sækja rekstrarfé sitt beint í ríkissjóð. Hins vegar eru svo þau félög sem ríkið á og eru rekin að mestu leyti fyrir sjálfsaflafé. Við höfum sagt það alveg skýrt og skorinort að við erum ekki á móti því að slík félög verði gerð að hlutafélögum.

Það er alveg rétt, sem komið hefur fram hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, sem er lögfræðingur að mennt og þekkir hlutafélagaformið ábyggilega betur en margir, hefur lært um það, að það hefur mikla kosti í för með sér, það er sveigjanlegt. Það gefur kost á hröðum ákvörðunum og skútan verður nokkuð hraðskreið á því formi. En herra minn trúr. Höfum við ekki séð undir forustu nýs útvarpsstjóra að fá fyrirtæki á markaði hreyfa sig jafnhratt og Ríkisútvarpið, sem í þessari umræðu hefur fengið þá einkunn að vera stöðnuð stofnun, úrelt og hægfara.

Sáum við hvað gerðist þegar nýr útvarpsstjóri var sestur við stjórnvöl og samkeppnisaðilinn, 365 miðlar, hirtu af honum stjörnu úr vinsælasta þættinum? Ekki var liðinn sólarhringur þegar útvarpsstjóri var búinn að ráða til sín ekki bara einn heldur tvo úr hópi hinna bestu hjá samkeppnismiðlunum. Og hvað er það þá sem þarf að breyta í fyrirkomulagi og formi á rekstri Ríkisútvarpsins? Ég er búinn að spyrja um þetta formann nefndarinnar og hæstv. menntamálaráðherra en engin svör hafa borist. Ég kemst næst kjarna málsins með því að draga þá ályktun að það þurfi að breyta lögunum þannig að þeir þrír ráðherraráðnu framkvæmdastjórar sem nú er að finna innan stofnunarinnar verði lagðir niður og til þess sé verið að troða þessum lögum í gegn. Það er til þess að búa til alvaldan útvarpsstjóra, útvarpsstjóra sem hefur skýra sýn og hefur þá möguleika og svigrúm til þess að fylgja þeirri stefnu án þess að það verði valdskörun, sem sannarlega má segja miðað við núverandi fyrirkomulag laganna að sé fyrir hendi. Það er auðvitað umhendis að hugsa sér öflugan útvarpsstjóra með skýra framtíðarsýn sem hann hefur mótað í samráði við sína stjórn og hins vegar þrjá framkvæmdastjóra sem sækja umboð sitt ekki til stjórnarinnar heldur til ráðherra. Það er alveg klárt að þar er hætta á ákveðnu tvíveldi og ég er sammála gagnrýnendunum úr Sjálfstæðisflokknum um það. Það er hins vegar hægt að breyta því einfaldlega með lagabreytingum hér, leggja þær stöður niður. Þá erum við komin með það straumlínulagaða form sem þarf.

Ég hef oft í þessum umræðum sagt við formann nefndarinnar að það sé hægt að finna sáttaflöt í þessu máli, það er hægt að finna sameiginlega víðfeðma snertifleti. Það er auðvitað eitt af því sem á að ræða. Ég lít hins vegar svo á að stjórnarliðið reki málið af engri sannfæringu, af engri ástríðu og af engum þrótti. Menn hafa einfaldlega enga sérstaka trú á þessum málflutningi. Meira að segja hinn ágæti formaður nefndarinnar hefur sjálfur sagt í ræðustól að það form sem við höfum talað fyrir sé í sjálfu sér ágætt en það henti ekki að hans mati nægilega vel en það hentar þó. Og þar hefur hann sótt rök og orð beint í frumvarpið vegna þess að í greinargerðinni kemur alveg skýrt fram að sjálfseignarformið kemur vel til greina, það fellur að úrskurði ESA og það gefur ákveðna möguleika sem hlutafélögin ráða yfir, sem er sveigjan, mýktin og lipurðin. Það er ekkert sem segir að ekki sé hægt að nota sömu uppistöðu og við höfum forskrift að í hlutafélagalögunum til þess að búa til sjálfseignarfélag um þetta.

Hvers vegna ætti nú hv. þm. Sigurður Kári eða hæstv. ráðherra að hlusta á slíkt af minni hálfu? Vegna þess að þau hafa bæði sagt, og þó sérstaklega ráðherra, að það sé ekkert sem sé jafnbrýnt og að sátt ríki um Ríkisútvarpið. Það sé stofnun sem hafi mikilvægu menningarhlutverki að gegna sem sé viðkvæmt og sem menn hafi kannski ekki gengið nægilega vel um. Þess vegna skipti svo miklu máli að skapa um hana breiða samstöðu og breiða sátt. Sá möguleiki er fyrir hendi. Hann er sá að menn taki höndum saman og stofni um hana sjálfseignarfélag. Ég geri mér alveg grein fyrir því að lögin gömlu um sjálfseignarfélögin frá 1998 eða 1999 duga ekki fyrir þá stofnun sem Ríkisútvarpið er. Það þyrfti að gera sérlög um sjálfseignarstofnunina Ríkisútvarpið. En það væri hægt að gera það og búa til þá straumlínulöguðu byggingu sem þarf til þess að hægt sé að stýra stofnuninni og hjálpa henni til þess að hreyfa sig hratt í nýju samkeppnisumhverfi. Sá er sáttaflöturinn í þessu máli. En það er enginn vilji, finnst mér, til þess að hlusta á það. Hæstv. ráðherra nennir ekki einu sinni að koma í umræðuna, hún vill ekki rökræða þetta, þetta er einhvers konar trúaratriði hjá henni. Þó hefur það komið fram, sérstaklega hér í 1. umr., í rökræðum við hv. þm. Mörð Árnason, að hún hafði einfaldlega ekki hinn rétta skilning eða þekkingu á hlutafélagalögunum þegar hún var að reyna að andmæla hv. þm. Merði Árnasyni sem rakti lögin, sérstaklega það sem tengist samþykktinni. Það er því alveg klárt að ef vilji

er fyrir hendi væri hægt að gera þetta.

Hvers vegna ættu menn að fara sér hægar í þessu máli og kanna þennan sáttaflöt? Ekki bara af því að ríkisstofnunin sem um ræðir er viðkvæm og skapa þarf frið og sátt um hana, heldur líka vegna þess að menn eru hér að fara með ólög. Ég segi það hreint út að það eru blekkingar þegar verið er að halda því fram að það hlutafélag sem hér er verið að stofna sé sjálfstætt hlutafélag sem sé að eðli til eins og önnur hlutafélög á markaði. Það er margt sem mælir gegn því. Það er í fyrsta lagi, eins og félagi hv. þingmanns, Pétur H. Blöndal, hefur sagt, hlutafélag sem er beinlínis með stjórn sem er knúin upp af aðila utan frá, verður aldrei sjálfstætt hlutafélag. Það er ekki tíu aura virði, sagði hv. þm. Pétur Blöndal hér í þingræðu, að halda slíku fram, og ég er honum algjörlega sammála um það.

Það er annað, og nú vildi ég að hv. þm. Sigurður K. Kristjánsson mundi hlýða á mitt mál. Ég þarf að koma til hans ákveðnum spurningum og ákveðnum upplýsingum. En ég get þá beðið aðeins með það, frú forseti, og tekið þá fyrir atriði sem ég tel að sé algjörlega nauðsynlegt að leggja þunga áherslu á vegna þess að það er meginkjarninn í þeirri nálgun sem við í Samfylkingunni höfum haft.

Ég sagði hérna áðan að við skiptum ríkisfyrirtækjum í tvennt, þau sem eru rekin fyrir peninga almennings, skattfé, og hin sem eru rekin fyrir fé sem þau afla sjálf með rekstri sínum. Við sem höfum í áranna rás, og fyrirrennarar okkar, staðið fyrir því að setja ramma um hvernig samfélagið eigi að vera rekið, við höfum alltaf gert okkur grein fyrir því og í vaxandi mæli eftir því sem tíminn hefur liðið, að það er nauðsynlegt að setja ákveðið regluverk til þess að tryggja að hið opinbera fé sem liggur í þessum opinberu stofnunum sé nýtt með sem bestum hætti. Á almennum markaði þar sem hlutafélög eru ríkjandi eru það hluthafarnir sem leika þetta hlutverk. Féð ver sig alltaf sjálft vegna þess að það hefur hirði, þ.e. hluthafarnir sem hafa lagt fé í fyrirtækið með því að kaupa sér hlutabréf, þeir eru varðhundarnir og varðgæsluliðið sem sér um að ekki sé misfarið með peningana. Því er hins vegar ekki til að dreifa í opinberum fyrirtækjum sem eðli máls samkvæmt skiptast ekki í smáa hluti sem einstakir hluthafar úti í samfélaginu eiga og verja.

Þess vegna þarf með einhverjum hætti, frú forseti, að tryggja algjörlega að við slíkar aðstæður sé farið vel með féð og stjórnendunum sé veitt aðhald og það er ekki hægt að gera nema með einu móti. Með því að það sé sú kvöð á stjórnendunum að veita upplýsingar og það sé sá réttur á eigendunum, fólkinu í samfélaginu að geta krafist þeirra. Upplýsingalögin. Um þetta vorum við sammála, jafnaðarmenn og Sjálfstæðisflokkurinn, þegar við sátum saman í ríkisstjórn og það var þá sem þetta regluverk var sett. Það voru settar reglur um upplýsingaskyldu. Reyndar ekki einungis á sviði fyrirtækjarekstrar, heldur á ýmsum sértækum málasviðum eins og umhverfismálum.

Hv. þm. Mörður Árnason gerði hér góða grein fyrir þeim viðhorfum sem frjálslyndir sjálfstæðismenn hafa fylgt gagnvart þessari tegund rekstrar í gegnum árin. Hann las upp úr greinum sem fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins Þorsteinn Pálsson hefur skrifað þar sem hann leggur fram með ákaflega skörpum hætti þetta nákvæmlega sama sjónarmið sem við sem hér höfum talað í dag og formaður Samfylkingarinnar, sem ég vísaði til áðan, höfum lagt sem grunninn að nálgun okkar þegar við veltum rekstrarforminu fyrir okkur .

Ég ætla ekki að eyða tíma í að fara djúpt í það sem Þorsteinn Pálsson sagði. En þó er nauðsynlegt að undirstrika eitt. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að það væri bara ein leið fær til þess, eins og hann orðaði það, að koma í veg fyrir misnotkun á peningum skattborgaranna sem liggja í opinberum stofnunum. Það væru upplýsingalög. Hann sagði ekki að það væri ein af nokkrum leiðum. Hann sagði að það væri einungis ein leið. Það er þess vegna sem við höfum sagt að það sé grundvallaratriði af okkar hálfu að samþykkja ekki hlutafélag um stofnun af þessu tagi. Það hafa engin rök komið fram fyrir því.

En sú spurning sem ég vil leggja fyrir hv. þingmann með vísun í þá menntun sem hann hefur heyjað sér og ég gerði að umræðuefni hér fyrr í máli mínu, spurningin varðar einmitt hlutafélagið Ríkisútvarpið hf. og fjárreiður þess. Það hefur komið fram í þessari umræðu að eitt sem ekki hefur fengist botn í er hver eiginfjárstaða Ríkisútvarpsins sé. Það er orðið að almennu umræðuefni úti í samfélaginu. Fjölmiðlar hafa skrifað um það og þeir vita það ekki. Það veit það enginn. Formaður menntamálanefndar veit það t.d. ekki. Hæstv. ráðherra veit það ekki heldur. Ég veit það ekki.

Það er þess vegna sem hefði verið eðlilegt að fresta samþykkt þessa máls. En þá er komið að kjarna málsins. Eina sem við vitum varðandi þetta er að eiginfjárstaða Ríkisútvarpsins er neikvæð. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson heldur því fram að hér sé um að ræða venjulegt hlutafélag og þetta verði sjálfstætt hlutafélag. Ég ætla hins vegar að biðja hv. þm. Sigurð Kára að benda mér á lagastoð fyrir að hægt sé að skrá hlutafélag þar sem ekki liggur fyrir vitneskja um eiginfjárstöðuna. Ég ætla að halda því fram að það sé ekki hægt. Það er þess vegna sem það er algjörlega út í hött að halda því fram að þetta sé venjulegt hlutafélag sem leiki eftir almennum hlutafélagareglum. Það er enginn lögfræðingur með virðingu fyrir sjálfum sér, a.m.k. ekki úr Verslunarskólanum sem mundi leyfa sér að reyna að skrá slíkt hlutafélag. Það er enginn endurskoðandi með virðingu fyrir sjálfum sér, né heldur þeir sem enga virðingu hafa fyrir sjálfum sér sem mundu leggja til að slíkt hlutafélag væri skráð því það er ekki hægt. Það, meðal annarra þátta er ástæðan fyrir því að formaður Sjálfstæðisflokksins sagði að undirbúningur þessa frumvarps væri í skötulíki. Ástæðan fyrir að hann notaði það orð var einmitt í beinu samhengi og beinu framhaldi af umræðu af hans um að það væri ekki ljóst hver fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins væri. Þetta verður að liggja alveg kristaltært fyrir.

Loksins gerist það, frú forseti, að hér rekur framsóknarmenn og konur inn á fjörur Alþingis. Það er nauðsynlegt þess vegna líka að leggja áherslu á að framsóknarmenn voru plataðir í þessu máli. Þeir voru plataðir af Sjálfstæðisflokknum og beittir blekkingum. Eins og menn muna var það svo þegar hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, Magnús Stefánsson og Dagný Jónsdóttir voru öll saman á landsfundi miðstjórnar Framsóknarflokksins fyrir þremur, fjór-

um árum, var ein samþykkt gerð sem upp úr stóð og vakti fréttaefni. Hún var sú að Ríkisútvarpið yrði aldrei gert að hlutafélagi. Það lá alveg ljóst fyrir. Þeir vildu hafa það sem sameignarfélag. Síðan kom úrskurður í fyrra, þegar það frumvarp hafði verið lagt fram, frá ESA. Á grundvelli þess úrskurðar, sem haldið var í pukursleynd mánuðum saman og hvorki fjölmiðlar né Alþingi fengu að sjá, hvað þá menntamálanefnd, hv. formaður menntamálanefndar á þó hrós skilið fyrir að hann reyndi sitt til að rífa það álit út, var álitið túlkað með þeim hætti að það væri bara ein leið fær og hún væri sú að fara hlutafélagsleiðina.

Það var þess vegna sem forustumenn úr Framsóknarflokknum komu fram og útskýrðu afstöðubreytingu sína gagnvart háeffuninni, með því að það væri til að fella form Ríkisútvarpsins að úrskurði ESA. Hvað gerist svo þegar maður les úrskurð ESA? Þá kemur í ljós að hann snýst aðallega um tvennt. Í fyrsta lagi fjárhagslegan aðskilnað og kínamúra á millum samkeppnisrekstrarins annars vegar og hins vegar rekstrar almannaútvarpsins. Hvað sést í frumvarpinu? Það er gert. Hins vegar að ríkið mætti ekki vera með ótakmarkaða ábyrgð.

Þegar maður skoðar úrskurðinn mætti allt eins segja að hann hefði verið sniðinn til að kalla fram frumvarp um að Ríkisútvarpið ætti að vera rekið á formi sjálfseignarfélags. Vegna þess að sjálfseignarfélag tryggir að ríkið hefur ekki ótakmarkaða ábyrgð. Slíkt félag hefur einungis takmarkaða ábyrgð. Það kemur fram í þessu frumvarpi, sem væri hægt að setja í hvaða frumvarp sem er um Ríkisútvarpið, að þar er gerður aðskilnaður á millum samkeppnisrekstrarins og síðan rekstrar almannaútvarpsins. Þannig að það er bara rangt sem sjálfstæðismenn sögðu við þjóðina og við framsóknarmenn að það væri krafa frá ESA að þetta yrði gert að hlutafélagi. Að sjálfsögðu er ekkert slíkt að finna. Þegar maður les síðan frumvarpið kemur í ljós að þar segir að sjálfseignarformið mundi duga en frumvarpshöfundar telja að hlutafélagaatrennan henti betur.

Þá er nú rétt að upplýsa hv. þingmenn Framsóknarflokksins um hvernig formaður þeirra hugsar í þessum efnum. Hann hefur flutt hér, gamall endurskoðandi, gjörþekkir þessi mál, fínar ræður tvisvar sinnum í vetur þar sem hann hefur skýrt muninn á hlutafélagi annars vegar og sjálfseignarfélagi hins vegar. Hann hefur skýrt af hverju og við hvaða kringumstæður menn velji sjálfseignarfélagið og við hvaða kringumstæður þeir velji hlutafélagið. Formaður Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, lýsti því mjög skeleggleg að í sumum tilvikum veldu menn hlutafélagaformið vegna þess að það gæfi færi á að fá nýtt hlutafélag inn í félagið. Með öðrum orðum að selja hluta úr því. (Gripið fram í.) Nýtt hlutafélag. Þannig að það væri leið til að fá nýja eigendur að slíku fyrirtæki.

Gæti það verið frú forseti, að þetta sé einmitt ástæðan fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn fór með blekkingum gagnvart Framsóknarflokknum, plataði hann upp úr skónum og knúði Framsóknarflokkinn til að breyta um afstöðu? Kynni það að vera vegna þess að það eru trúarbrögð innan Sjálfstæðisflokksins að einkavæða Ríkisútvarpið og þetta er skref í áttina að því, frú forseti? Ég sé að loksins bregður upp glampa skilnings í augum hins ágæta þingmanns hv. Ísólfs Gylfa Pálmasonar. Loksins er að renna upp fyrir honum að hann hefur verið plataður upp úr skónum.

Það er önnur meginástæða þess að Samfylkingin er tortryggin á þetta frumvarp og hún er óttaslegin gagnvart því. Það liggur fyrir að það er eindreginn söluvilji gagnvart Ríkisútvarpinu hjá fjölmörgum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, og ekki bara þingflokksins. Ég mundi giska á að meira en helmingur hins skipulagða hluta Sjálfstæðisflokksins vildi selja Ríkisútvarpið. Í þeim hópi er t.d. hv. þingmaður, sem nú kemur í gættina, Guðlaugur Þór Þórðarson, og hefur verið frá því hann hóf störf í Sjálfstæðisflokknum. Allur yngri hluti Sjálfstæðisflokksins, Samband ungra sjálfstæðismanna og Heimdallur sem er fjölmennasti hluti flokksins, er þeirrar skoðunar að það eigi ekki bara að háeffa Ríkisútvarpið heldur eigi að selja það. Það eru þrír þingmenn sem hafa lagt fram frumvarp um það og þetta er ástæðan fyrir því að ég er hræddur við að stíga þetta skref. Þess vegna vil ég frekar fara sjálfseignarleiðina vegna þess að það þýðir að það er ekki hægt að fara í þá partasölu á Ríkisútvarpinu sem ýmsir þingmenn innan Sjálfstæðisflokksins hafa viljað, sem Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti formlega árið 1995 eftir sjö ára baráttu ýmissa dyggra frjálshyggjumanna innan flokksins en þá var það samþykkt að selja ætti Rás 2. Nú kemur það fram skýrt í þessu frumvarpi að sú kvöð liggur einungis á Ríkisútvarpinu hf. að hafa eina hljóðvarpsrás. Eina sjónvarpsrás. Það þýðir einfaldlega að Ríkisútvarpið þarf ekkert að reka Rás 2.

Þegar þingmenn stjórnarandstöðunnar spurðu hæstv. menntamálaráðherra að því hér í umræðum fyrr í meðferð málsins hvort þetta þýddi t.d. að Alþingi gæti, ef það vildi, komið í veg fyrir að Rás 2 yrði seld ef það væri fyrirhugað. Þá sagði hæstv. menntamálaráðherra að það yrði aldrei hennar mál og það yrði aldrei mál þingsins. Ef þessi lög yrðu samþykkt væri það mál tveggja aðila, útvarpsstjóra og stjórnar Ríkisútvarpsins. Það þýðir einfaldlega að þetta frumvarp sem hér er verið að samþykkja er óútfylltur tékki og þeir sem geta fyllt hann út eru útvarpsstjóri og stjórn Ríkisútvarpsins. Þeir geta selt Rás 2 ef þeim býður svo við að horfa, ef Sjálfstæðisflokkurinn heldur áfram þessu 20 ára fjársvelti sem hann hefur haldið stofnuninni í, þá er hugsanlegt að það verði skrefið sem menn neyðast til að stíga. Hvernig ætla menn þá að bregðast við? Jú. Þá koma menn, m.a. formaður þingflokks Framsóknarflokksins og segir: Við höfum hald í 1. greininni þar sem sagt er að það megi ekki selja Ríkisútvarpið hf. Hvaða máli skiptir það?

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason og Magnús Stefánsson hafa báðir áralanga reynslu af störfum í fjárlaganefnd og hvað er það sem einkennir fjárlagafrumvarpið umfram öll önnur frumvörp sem við samþykkjum hér á hinu háa Alþingi? Það eru hinar frægu „þrátt fyrir" greinar. Það eru greinar sem segja að þrátt fyrir lög sem búið er að setja sé hægt að gera hitt og þetta. Það þýðir einfaldlega, eins og rakst upp úr hæstv. ráðherra þegar talsmaður Samfylkingarinnar gekk eftir því hér í umræðum, að ef menn vilja samt sem áður þrátt fyrir þessi lög selja hluta af Ríkisútvarpinu eða Ríkisútvarpið allt, er það hægt með samþykkt Alþingis.

Það eru þessi atriði sem gera það að verkum að ég mun aldrei samþykkja þetta frumvarp. Ég tel að hér sé verið að brjóta grundvallarreglur í rekstri opinberra stofnana og hv. formaður fjárlaganefndar á að gera sér grein fyrir því, alveg

eins og fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins gerir. Hérna er hluti af Sjálfstæðisflokknum að ná fram áralöngu markmiði sínu, að stíga skref sem opnar á möguleika á að selja hluta af Ríkisútvarpinu. Þetta er það sem einstakir þingmenn hafa barist fyrir árum saman.

Til að kóróna þetta koma nú menn eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og berjast fyrir því eins og ljón, að við á þessu háa Alþingi samþykkjum t.d. hluti eins og nefskatt. Það getur verið að sumir telji að það sé allt í lagi. En það var sá hv. þingmaður sem færði snjöllust rök gegn því í fyrra, ásamt félögum sínum Birgi Ármannssyni og Pétri H. Blöndal, að það væri röng leið. Hún væri út takti við skattalögin og hún leiddi til ójafnaðar. Og svo koma þessir sömu menn núna og gera allt sem þeir geta til að samþykkja það sem þeir sögðu í fyrra að væri vitlaust og rangt. Hvað er að svona fólki? Hv. þm. Pétur H. Blöndal getur kannski svarað mér því á eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:29]

Útbýting:
Staðfest samvist, 784. mál, frv. GÖg, þskj. 1187.

Út af dagskrá voru tekin 2.–3. mál.

Fundi slitið kl. 18:29.

---

106. FUNDUR

föstudaginn 21. apríl,
að loknum 105. fundi.

Dagskrá:
Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES og atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 771. mál, þskj. 1133. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:31]

Dagskrármálið var of seint fram komið. – Samþ. með 36 shlj. atkv. að taka það til meðferðar.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES og atvinnuréttindi útlendinga, 1. umr.

Stjfrv., 771. mál (ríkisborgarar nýrra aðildarríkja). — Þskj. 1133.

[18:32]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Eins og kunnugt er tók stækkun Evrópska efnahagssvæðisins gildi 1. maí 2004 er 10 ríki gerðust aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til viðbótar þeim sem fyrir voru. Gildistöku reglna samningsins um frjálsa för launafólks var frestað um tvö ár að því er varðar ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands og taka því formlega gildi 1. maí nk. Eldri aðildarríkjum samningsins, þar með talið Ísland, er þó heimilt að taka einhliða ákvörðun um að fresta gildistöku þessara reglna allt fram til ársins 2009.

Að höfðu samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins og að teknu tilliti til aðstæðna á íslenskum vinnumarkaði er lagt til með frumvarpi þessu að ríkisborgurum framangreindra ríkja verði heimilt að koma hingað til lands í atvinnuleit og ráða sig til starfa hér á landi án sérstakra atvinnuleyfa. Nokkur þensla hefur ríkt á íslenskum vinnumarkaði á síðustu missirum og hefur dregið verulega úr atvinnuleysi sem mældist einungis 1,5% í mars sl. Hafa íslensk fyrirtæki því leitað út fyrir landsteina eftir vinnuafli.

Stefna stjórnvalda við útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa hefur verið að veita ríkisborgurum nýju aðildarríkjanna að samningum um Evrópska efnahagssvæðið forgang umfram ríkisborgara frá ríkjum utan svæðisins. Með þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til er forgangur ríkisborgara ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins undirstrikaður enn frekar. Ég vil ítreka það hér að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að skapa skilyrði fyrir fulla atvinnu, bætt lífskjör og bætt starfsskilyrði á svæðinu. Það telst því felast í skuldbindingum einstakra stjórnvalda samkvæmt samningnum að þau veiti launamönnum sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja forgang fram yfir ríkisborgara ríkja utan svæðisins að því er varðar aðgengi að innlendum vinnumarkaði. Mun þeirri stefnu áfram verða framfylgt við framkvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga og atvinnurekendur í samræmi við það hvattir til að leita eftir vinnuafli á sameiginlegum innri markaði.

Reynsla undanfarinna tveggja ára hefur sýnt að nokkur hreyfanleiki er með ríkisborgurum þessara ríkja enda þótt fráleitt sé að tala um að flóðgáttir opnist í þessu sambandi. Ég vil undirstrika það hér. Full ástæða er til að fylgjast grannt með þróun mála og að mínu mati er það forsenda þess að við veitum EES-samningnum gildi að því er varðar frjálst flæði vinnuafls frá öðrum aðildarríkjum samningsins. Því er gert ráð fyrir að atvinnurekendur tilkynni til Vinnumálastofnunar um ráðningu ríkisborgara frá þessum ríkjum þar sem fram komi nafn atvinnurekanda, kennitala og

heimilisfang ásamt nafni útlendingsins, kennitölu og aðsetri hans hér á landi. Gert er ráð fyrir að ráðningarsamningur fylgi tilkynningunni þar sem útlendingum eru tryggð laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Þetta er að mínu mati afar þýðingarmikið atriði sem við verðum að fylgja vel eftir. Miðað er við að tilkynningin berist stofnuninni innan 10 virkra daga frá ráðningu. Skal Vinnumálastofnun halda skrá yfir þá útlendinga sem koma frá framangreindum ríkjum til að starfa hér á landi. Það skal þó taka fram að þessi skráning kemur ekki í veg fyrir að umræddir ríkisborgarar þurfi að sækja um EES-dvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga. Tilgangur þessarar tilkynningarskyldu atvinnurekenda er að fylgjast með framvindu mála svo unnt sé að hafa yfirsýn yfir þá sem koma hingað til landsins, m.a. til að gæta þess að þeir njóti þeirra réttinda sem gilda á innlendum vinnumarkaði. Jafnframt er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun afhendi stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem umræddir ríkisborgarar starfa afrit af ráðningarsamningi útlendingsins óski stéttarfélagið eftir því, enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi.

Virðulegi forseti. Með þessu er verið að undirstrika mikilvægi þess að innkoma erlendra fyrirtækja og erlends starfsfólks raski ekki því kerfi sem viðgengist hefur hér á landi á vinnumarkaðnum. Er því áhersla lögð á að sú viðtekna venja að aðilar vinnumarkaðarins fylgist með að kjarasamningar séu haldnir hér á landi verði viðhaldið en ástæða þótti til að styrkja það tímabundið með þessum hætti. Aðildarsamningur EES gerir jafnframt ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum á aðlögunartímanum. Er hér einnig átt við að stéttarfélag geti óskað eftir ráðningarsamningum ótilgreindra útlendinga er starfa hjá tilteknum atvinnurekanda. Er þá miðað við að einhverjar vísbendingar séu fyrir hendi sem gefa tilefni til gruns um að ákvæði kjarasamninga séu virt að vettugi hjá hlutaðeigandi atvinnurekanda.

Ég vil því nota þetta tækifæri og höfða til ábyrgðar fyrirtækjanna hér á landi til að virða gildandi kjarasamninga við ákvörðun launa og annarra starfskjara íslenskra jafnt sem erlendra starfsmanna sinna. Við þurfum öll að standa vörð um sameiginlega hagsmuni okkar og tryggja efnahagslegt og félagslegt öryggi þeirra sem hér dvelja og starfa. Framangreindri skráningarskyldu atvinnurekenda er jafnframt ætlað að leiða til þess að unnt sé að meta áhrif stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins sem og að tryggja að unnt sé að bregðast í tíma við aðstæðum sem kunna að leiða til alvarlegrar röskunar á íslenskum vinnumarkaði. Er jafnframt litið til þess að slík skráning geri stjórnvöldum kleift að veita þessum útlendingum nauðsynlegar upplýsingar um lög og reglur sem gilda um störf á íslenskum vinnumarkaði.

Þá er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði veitt heimild til að leggja dagsektir á atvinnurekendur láti þeir hjá líða að skrá framangreinda ríkisborgara sem starfa hjá þeim. Mér þykir mikilvægt að stofnunin geti gripið til slíkra aðgerða til að tryggja að umrædd tilkynningarskylda verði virt.

Í viðræðum við Alþýðusamband Íslands og samtök aðila atvinnulífsins var enn fremur samkomulag um að ég feli starfshópi þar sem fulltrúar stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins munu eiga sæti að fara yfir málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Þetta er brýnt verkefni og áætlað er að því ljúki 1. nóvember nk. Markmiðið með yfirferðinni er að fara yfir stöðu útlendinga sem starfa hér á landi, þar á meðal þeirra sem starfa á grundvelli þjónusturéttarins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en mikilvægt er að fjölgun erlendra fyrirtækja og útlendinga raski ekki þeim reglum og samskiptahefðum sem mótast hafa á íslenskum vinnumarkaði, þar á meðal að ráðningarsamningar starfsmanna beint við vinnuveitendur sína verði áfram ríkjandi ráðningarform hér á landi. Meðal annars verði skoðað hvort ástæða sé til að styrkja það vinnumarkaðskerfi sem fyrir er til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Er starfshópnum ætlað að meta hvort ástæða sé til að setja ítarlegri reglur um tilkynningarskyldu þjónustuveitanda sem kemur með starfsmenn sína hingað til lands. Enn fremur er starfshópnum ætlað að koma fram með tillögur til félagsmálaráðherra um hvernig bæta megi framkvæmdina innan stjórnkerfisins í því skyni að tryggja að útlendingar dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar um útlendinga sem eru að störfum hér á landi verði til. Jafnframt að kanna hvaða leiðir séu færar til að auka upplýsingagjöf og aðstoð við erlent starfsfólk sem starfar hér.

Ég vil áður en ég lýk máli mínu að sinni undirstrika það að ég tel að við Íslendingar höfum full tækifæri til að vinna vel úr því tæki sem felst í þeim hluta EES-samningsins sem varðar frjálsa för. Við höfum langa og góða reynslu af þessu vinnuafli á Íslandi, ekki síst Pólverjum sem hafa verið og eru enn fjölmennasti einstaki hópur fólks frá öðrum löndum hér á landi. Rannsóknir sýna að mjög hátt hlutfall útlendinga sem eru hér á landi eru í vinnu og hlutfallið að þessu leyti hærra en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það er jákvætt og þannig viljum við hafa það áfram.

Við Íslendingar búum við mjög hátt hlutfall vinnandi fólks, hvort sem um er að ræða konur, karlmenn eða þá sem komnir eru af léttasta skeiði. Í öllum þeim flokkum erum við mjög há í alþjóðlegum samanburði og er það vel. Við eigum að sjálfsögðu að ganga út frá því að hið sama gildi um þá sem hingað koma erlendis frá.

Ég vil jafnframt nefna það að ætli fólk af erlendu bergi brotið að vinna hér á landi til lengri tíma og festa rætur þá læri það tungumálið okkar. Íbúum af EES-svæðinu hefur ekki verið gert skylt að stunda íslenskunám hingað til og svo verður ekki heldur nú eftir 1. maí. Við þurfum að fara sérstaklega yfir það hvernig við getum með jákvæðum hætti hvatt fólk til íslenskunáms og ég tel að nýskipað innflytjendaráð sé mjög góður vettvangur til að fjalla um það mál. Innflytjendaráð er nú á fullri ferð við að forgangsraða verkefnum og undirbúa stefnumótun varðandi aðlögun innflytjenda og þar er að mörgu að hyggja. Markmið þessa starfs er að sjálfsögðu að allir séu fullir þátttakendur í samfélagi okkar hvers lenskir sem þeir eru. Á sínum tíma komu forfeður okkar hingað frá öðrum löndum og á tímabilum hafa Íslendingar sótt til annarra landa, svo sem Vesturheims og jafnvel Ástralíu í atvinnuleit.

Við getum sjálf nýtt okkur EES-samninginn og ákvæði

hans um frjálsa för og það eigum við að sjálfsögðu að gera. Við eigum að nýta okkur kosti samningsins að þessu leyti sem öðru og við eigum líka að nýta okkur kosti erlends vinnuafls.

Það hefur verið tekið eftir því á alþjóðavettvangi hve vel við höfum tekið á móti flóttamönnum og hve vel þeir hafa aðlagast í samfélaginu um allt land og víða um land, svo sem á Vestfjörðum. Þar hefur fólk af erlendu bergi brotið svo sannarlega auðgað samfélagið. Þannig á það líka að vera.

Ég læt máli mínu lokið að sinni en ég hef tækifæri til að fjalla nánar um þetta mál síðar. Að lokinni umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[18:43]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að bera fram nokkrar spurningar til hæstv. félagsmálaráðherra. Eru þær upplýsingar réttar að hægt sé að fresta því um þrjú ár til viðbótar að þetta lagafrumvarp öðlist gildistöku? Ef svo er, hvers vegna í ósköpunum liggur þá á því að draga frumvarpið inn í þingið á síðustu metrunum áður en við ljúkum þingstörfum í vor? Hvers vegna er ekki hægt að fresta þessu?

Ég hef heyrt mjög alvarlegar aðvörunarraddir innan úr verkalýðshreyfingunni gegn því að þetta frumvarp verði samþykkt. Ég get til að mynda minnt á grein sem Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, skrifaði á vef félagsins þann 4. apríl sl. undir fyrirsögninni „Svartur dagur hjá íslensku launafólki". Þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Það er einnig alveg ljóst að frjálst flæði erlends vinnuafls mun stórskaða það markaðslaunakerfi sem viðgengist hefur á íslenskum vinnumarkaði á liðnum árum og áratugum."

Þetta sagði formaður Verkalýðsfélags Akraness. Hann spyr þeirrar eðlilegu spurningar: Hvers vegna í ósköpunum gerir ríkisstjórnin þetta núna þegar við sjáum það til að mynda að fleiri hundruð manns eru að missa vinnuna suður á Keflavíkurflugvelli á þeim tíma þegar við erum mjög líklega að sigla inn í djúpa efnahagslægð, hugsanlega kreppu? Það er himinhátt eldsneytisverð, hækkandi vextir, gengi krónunnar fellur og það er allt sem bendir til þess að lífskjör almennings í landinu muni versna mjög verulega á næstu mánuðum.

Þess vegna kem ég hér upp, virðulegi forseti, til að spyrja hæstv. ráðherra að því hvers vegna í ósköpunum liggi á því að gera þetta núna.

[18:45]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svarið við þessu er mjög einfalt. Það þarf að fresta þessu máli með lögum. Ef ekkert er að gert verður frjáls för vinnuafls opin 1. maí. Við erum bundin samkvæmt samningum til að opna þá skilyrðislaust. Lagabreytingin sem hér er um að ræða er sú að skrá vinnuaflið og gæta þess að ráðningarsamningar séu haldnir. Ef við breytum því ekki með lögum fyrir 1. maí þá opnast þetta einfaldlega og án nokkurrar skráningar. Þess vegna er málið komið hér inn núna.

Varðandi hinar almennu forsendur að öðru leyti þá rakti ég það í inngangsræðu minni að atvinnuleysi er sem betur fer mjög lítið á Íslandi og við ætlum okkur að halda uppi fullri atvinnu hér á landi.

[18:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Það sem er meira en gagnrýnisvert við vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og félagsmálaráðherra í þessu máli er hve seint það er komið fram. Staðan er sú að ef þetta frumvarp verður ekki að lögum fyrir 1. maí eða eftir örfáa daga, þá fellur niður aðlögunarfresturinn sem við og fleiri lönd nýttum okkur 1. maí 2004 þegar 10 ríki urðu aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Áhrifin eru að sameiginlegi vinnumarkaðurinn mun að fullu koma til framkvæmda gagnvart þessum aðildarríkjum. Með þessum afleitu vinnubrögðum er löggjafarþingið knúið til afgreiðslu á málinu á einn eða annan hátt á örfáum dögum ef aðlögun á ekki að falla úr gildi nú 1. maí og óheft frjáls för opnast til landsins frá þessum ríkjum sem eru Eistland, Lettland, Litháen, Kýpur, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvers vegna var málið ekki komið fyrr til þingsins svo við hefðum haft nokkurn tíma til undirbúnings? Því alltaf var vitað að aðlögunin mundi falla niður 1. maí 2006 en möguleikar fyrir okkur sem aðra ESB aðila að Evrópska efnahagssvæðinu var að framlengja aðlögun allt til ársins 2011. Sá möguleiki er fyrir hendi. Það er afar mikilvægt að Ísland undirbúi sig vel áður en að fullu opnast fyrir frjálsa för til atvinnu- og búseturéttar þessara þjóða hér á landi. Þá er ég ekki bara að hugsa um Íslendinga, heldur og ekki síður að við getum tekið sómasamlega og vel á móti því fólki sem hingað leitar eftir búsetu og vinnu. Og við getum sem best aðlagað okkur að þeim breytingum út frá mennta-, menningar-, búsetu- og félagslegum sjónarmiðum. Sannarlega á okkar land að vera opið fyrir þessum þjóðum sem munu auðga og gera okkar þjóðfélag fjölbreyttara. En það er skylda okkar gagnvart Íslendingum og innflytjendum og öðrum sem dvelja hér til skemmri eða lengri tíma, að undirbúa okkur fyrir þessa breytingu og aðlögun útlendinga að þjóðfélagsháttum hér, þannig að sómi sé að fyrir okkur og að koma þessa fólks til landsins sé farsæl í alla staði bæði fyrir það og okkur Íslendinga.

Það höfum við ekki gert að mínu mati, virðulegi forseti, og þess vegna veldur það mér áhyggjum að knýja eigi þetta mál í gegn á örfáum dögum þannig að málið muni ekki hljóta eðlilega þinglega meðferð og fá álit hjá aðilum vinnumarkaðarins og annarra aðila eins og þeim sem unnið hafa að málefnum innflytjenda með eðlilegum umsagnartíma.

Við verðum að leggja mat á þá reynslu sem aðrar þjóðir hafa af frjálsri för fólks frá hinum ólíku þjóðum til að þekkja og læra hvernig best er að búa okkur undir að taka á

móti fólki frá nýjum aðildarríkjum ESB sem óska að koma hingað til lengri eða skemmri tíma. Þekkja hvernig á að bregðast vandamálum við sem aðrar þjóðir hafa glímt við í þessu sambandi o.s.frv.

Við höfum hingað til sem betur fer, ekki orðið mikið vör við harkalega árekstra hér á landi milli ólíkra menningarhópa. En sífellt heyrum við um atburði erlendis frá um harkaleg átök milli innflytjenda og innfæddra og af því þurfum við að læra. Því margt bendir til að innflytjendum muni fjölga verulega hér á landi við þessa breytingu en áætlað er að erlendir ríkisborgarar og útlendingar hér á landi séu nú um 20.000 manns. Grundvallaratriði er að ólíkir menningarhópar eiga að geta átt friðsamlega sambúð sem felst í því að jafnræði ríki á öllum sviðum og að ekki myndist stéttaskipting þannig að aðlögun verði eðlileg og ekki myndist hér eins konar útlendingagettó.

Þetta er mikilvægt innlegg inn í þessa umræðu og um þetta hefur t.d. Eiríkur Bergmann tjáð sig og er ástæða til að vísa til þess sem hann sagði nýlega í Fréttablaðinu. Þar ræðir hann þessi mál og í fyrirsögn greinarinnar segir að hætta sé á að útlendingagettó myndist í Breiðholtinu. Hann vísar til ýmissa landa þar sem óvenjulega mikil harka hefur verið í samskiptum innflytjenda og innfæddra. Hann telur að ekki hafi verið nægileg aðlögun að því sem koma skyldi hér á landi og hann spyr hvað stjórnvöld og stjórnmálaflokkar hafi gert til að mæta þessari aðlögun sem við nú stöndum frammi fyrir, til að við lendum ekki í sömu þjóðfélagsátökum milli menningarhópa eins og átt hafa sér stað í öðrum löndum Evrópu. Hann vitnar til þess að Íslendingar hafi tekið upp danska og norska löggjöf í innflytjendamálum en sú danska sé sú harkalegasta sem til sé í Evrópu. Hann segir síðan, með leyfi forseta:

„Við erum í þeirri einstöku aðstöðu að geta brugðist við þróuninni. Það er enn tími til þó að hann sé naumur og við hefðum átt að vera búin að bregðast við fyrir löngu."

Það er einmitt þetta sem ég er að vitna til. Ég tel að við hefðum átt að nýta þessa aðlögun miklu betur og undirbúa okkur betur fyrir það sem koma skal og til þess höfðum við virkilega tíma. Það er sannarlega brýnt með vísan til þess að vandlega sé farið yfir hver réttarstaða innflytjenda er samkvæmt gildandi lögum og hvort jafnræðis sé þar gætt í samræmi við stjórnarskrána. Og einnig hvort réttarstaða þeirri standist t.d. alþjóðlega samninga sem Ísland hefur staðfest.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Liggur fyrir einhver úttekt á hvaða áhrif það hefði ef verulegur fjöldi innflytjenda kæmi hingað til búsetu og atvinnu í kjölfar þeirra breytinga sem fylgja þessum lögum? Hefur verið lagt eitthvert mat á hvaða áhrif það hefði þegar við förum inn í þessa opnun nú? Ísland er þegar orðið fjölmenningarlegt samfélag sem er auðvitað af hinu góða en við höfum ekki sem skyldi skoðað í kjölinn réttarstöðu þess fólks sem hingað flytur.

Það verður auðvitað ekki fram hjá því litið að það er ákveðin hætta á að það fólk sem hingað flytur, ef það verður margt ófaglært fólk, fari í láglaunastörf sem gerir það verkum að erfiðara verður að hækka þessi lágu laun og hefði auðvitað verið betra fyrir hagsmuni láglaunastéttanna hér á landi að betur hefði gengið að hækka þessi smánarlaun. Fróðlegt væri að fá fram skiptingu á því hvaða atvinnustéttum þessir 20.000 erlendir ríkisborgarar tilheyra og væri ágætt að fá það fram við meðferð þessa máls.

En ég vil spyrja hæstv. ráðherra einnar mikilvægrar spurningar varðandi þessa lagasetningu: Hvað rekur svona á eftir að falla frá þeirri aðlögun sem við höfum haft? Og í ljósi þessa stutta tíma sem við höfum nú til að afgreiða málið í þinginu væri ráðherra þá reiðubúinn til að beita sér fyrir lagasetningu sem framlengdi aðlögunina, segjum til næstkomandi áramóta þannig að hún tæki þá gildi og við nýttum tímann til undirbúnings eins og kostur væri? Lagasetningin nú mundi þá einungis fela í sér að við framlengdum aðlöguninа t.d. til næstkomandi áramóta og nýttum þann tíma til nauðsynlegrar stefnumótunar í málefnum innflytjenda og þingið hefði þá eðlilegan tíma til þess að fjalla um málið. Ráðherra upplýsir að nú eftir að þessi lög hafa verið samþykkt verði ASÍ og SA boðið til samráðs um hvað eigi að taka við 1. maí næstkomandi. ASÍ hefur m.a. lagt áherslu á að skoðaðar verði hugsanlegar breytingar sem gera þurfi í kjölfar þessarar opnunar.

En ég spyr hæstv. ráðherra: Væri það ekki boðlegra fyrir þingið og málið í heild að hugmyndin um laga- og reglugerðir og breytingar sem þurfa að fylgja og ASÍ hefur kallað eftir, lægju fyrir áður en fallið verði frá aðlöguninni? Þess vegna spyr ég um þessa mánuði, hvort það væri ekki skynsamlegra að standa þannig að málinu.

Svo er hitt að æskilegt væri að fá frekari reynslu á lögin um starfsleigur áður en til þessarar opnunar kemur því það er höfuðnauðsyn að ná utan um þau undirboð sem hér hafa viðgengist í of ríkum mæli þar sem gengið er gegn grundvallarréttindum launafólks um kaup og kjör.

Varðandi stefnumótun í málefnum innflytjenda vitna ég t.d. til greinar Baldurs Kristjánssonar um málefni innflytjenda núna nýlega. En hann er formaður nefndar fyrrverandi félagsmálaráðherra sem gerði tillögu um innflytjendaráð og er varaforseti Evrópunefndar um kynþáttamálefni. Í grein Baldurs kemur fram að unnar hafa verið tillögur um hvernig standa skuli að samþættingu ólíkra hópa sem innflytjendaráð gerði um stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda.

Ég spyr: Af hverju fylgir sú tillaga ekki þessu frumvarpi? Hvað hefur verið gert með hana? Ég spyr hvort þetta frumvarp hafi verið borið undir innflytjendaráð og hvort það sé sammála því að nú sé tímabært að fara í þá opnun sem hér er lögð til. Því það er auðvitað afar slæmt að ekki skuli liggja fyrir stefnumótun í þessu máli sem t.d. hefur verið rætt hér á þingi og að ekki liggi fyrir allar þær breytingar sem ASÍ hefur verið að kalla eftir í tengslum við bæði starfsmannaleigurnar og þessa breytingu sem við erum að fjalla hér um, frjálsa för launafólks.

Það væri auðvitað freistandi að fara hér yfir ítarlegt minnisblað sem var lagt fyrir miðstjórn ASÍ 22. febrúar síðastliðinn um þetta mál og þetta frumvarp sem við fjöllum hér um. Þar er í löngu máli fjallað um hvaða breytingar þarf að gera varðandi þetta mál, t.d. aðhald með starfsemi þjónustufyrirtækja auk aukinnar upplýsingagjafar og aðstoð við erlent verkafólk, leita leiða til að koma í veg fyrir og draga eins og kostur er úr hættunni á gerviverktöku o.s.frv., sem ég hef ekki tíma til að fjalla um hér. En það eru ýmsar ábendingar, ýmsar tillögur, ýmsar breytingar á reglugerðum

og lögum sem ASÍ telur að þurfi að vinna að til að við séum sæmilega í stakk búin til að opna hér fyrir meira en gert hefur verið.

Það virðist líka vera ágreiningur um þetta mál innan verkalýðshreyfingarinnar og vitna ég þar til ályktunar stjórnar Starfsgreinasamband Austurlands en þar kemur fram að reynslan sýni að íslensk löggjöf sé ekki tilbúin að taka á málum sem upp hafa komið og í ljósi mikillar þenslu er hætt við að aukið eftirlitslaust flæði launafólks muni grafa undan grundvallaratriðum velferðarkerfisins. Í ljósi þessa ágreinings, sem t.d. virðist vera í þessu máli innan verkalýðshreyfingarinnar en þar er ekki samstaða um þetta, þá spyr ég: Er boðlegt að bjóða þinginu hér upp á örfáa daga til að gera þetta mál að lögum? Ég kalla eftir því hvort hæstv. ráðherra sé tilbúinn til að fresta þessari breytingu þannig að við mundum framlengja aðlögunina um nokkra mánuði þannig að við værum betur undirbúin að taka á þessu máli.

Í því minnisblaði sem ég vitnaði til frá ASÍ var fjallað um aðlögun í tengslum við innkomu þessara nýju aðildarríkja árið 2004. Þá var niðurstaðan sú að 12 af 15 aðildarríkjum ESB ákváðu að nýta sér aðlögunarfrestinn og sama gildir þá um Ísland og Noreg. Nú er það nokkuð misjafnt hvernig þessar þjóðir ætla að taka á þessum málum. En engu að síður er mjög brýnt að það sem ég hef hér nefnt verði skoðað sérstaklega.

Ég vil segja það, virðulegi forseti að við eigum fyrst og fremst að setja metnað okkar í að vel sé tekið á móti þessu fólki og það verði ekki annars eða þriðja flokks þjóðfélagsþegnar. Að því lúta áhyggjur mínar nú, að við höfum ekki undirbúið okkur nægilega vel í þessu efni og það er auðvitað grundvallaratriði, m.a. til að sporna gegn kynþáttafordómum og að hér geti sprottið upp þjóðernisöfgaflokkar eins og víða hefur gerst og það er mikilvægt að sátt ríki milli ólíkra menningarhópa hér á landi.

Ég tala auðvitað fyrir, eins og fjölmargir aðrir, fjölmenningarlegu samfélagi þar sem jafnrétti ríkir og jafnræði milli þegnanna og gagnkvæm virðing fyrir ólíkum þjóðfélagshópum. En ég gagnrýni harðlega hvernig vinnubrögð ríkisstjórnarinnar hafa verið í þessu máli og að hún skuli ekki að minnsta kosti hafa komið fyrr með þetta mál inn í þingið. Þetta er bara ekki boðlegt. Og að við séum ekki betur undirbúin fyrir þessa opnun en raun ber vitni. Þess vegna ítreka ég þær spurningar sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra í þessu máli.

[18:59]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram um hve seint þetta mál er fram komið í þinginu. Ég geri mér grein fyrir að viðræður hafa farið fram milli félagsmálaráðuneytisins eða fulltrúa þess og aðila á vinnumarkaði þannig að menn hafa nokkuð að byggja á þegar þeir senda frá sér greinargerðir nú í næstu viku. En jafnvel þær umræður fóru allt of seint af stað. Því það var fyrirséð að 1. maí yrði nákvæmlega hinn 1. maí. Þá yrðum við að vera búin að ganga frá þessum málum þannig að allt var fyrirséð í þessum efnum.

Það er einnig fyrirséð að vinnumarkaðurinn mun opnast á hinu Evrópska efnahagssvæði að fullu leyti, einnig gagnvart þeim ríkjum sem fengu aðild að Evrópusambandinu á árinu 2004. Þannig að spurningin er ekki hvort, heldur hvernig eigi að opna vinnumarkaðinn. Líka hvenær, en fyrst og fremst hvernig. Um hvað snýst málið? Málið snýst um að tryggja að lágmarkskjör sem samið er um í íslenskum kjarasamningum haldi.

Hæstv. ráðherra vísar í nefnd sem sett verður á laggirnar til að véla um hvernig staðið skuli að málum. En ég vil minna hæstv. ráðherra á að fyrir liggur frumvarp í þinginu frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem unnið var af núverandi þingmanni, Atla Gíslasyni, hv. varaþingmanni, sem geirneglir að svo verði. Sem geirneglir að íslenskir samningar haldi. Við erum frábrugðin ýmsum öðrum ríkjum, þar á meðal hinum Norðurlöndunum, a.m.k. Svíþjóð sem stendur nú í mikilli deilu, eða sænsk verkalýðshreyfing, um hvort virða beri sænska kjarasamninga á sænskum vinnumarkaði, svokallað Vaxholmmál, að við erum með í íslenskum lögum ákvæði þess efnis að íslenskir kjarasamningar eigi að halda. Það sem hins vegar hefur skort á er eftirlitið. Við höfum gagnrýnt það í frumvörpum og lögum sem ríkisstjórnin fékk samþykkt hér á Alþingi hve skammt er gengið í þessum efnum. Eftirlitsvaldið er fengið Vinnumálastofnun en trúnaðarmönnum verkalýðsfélaga er ekki tryggt það aðgengi sem okkar frumvarp gerir ráð fyrir.

Á þetta vil ég aðeins minna, hæstv. forseti. En ítreka að á þessu stigi ætla ég ekki að hafa mörg orð eða þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um þetta mál. Við leggjum áherslu á að því sé flýtt. Það komi strax til umsagnar hjá aðilum á vinnumarkaði þannig að þingnefndin geti farið yfir málið með gögn í höndum frá þessum aðilum í næstu viku því eitt er víst að við verðum að komast að niðurstöðu og klára málið áður en 1. maí rennur upp.

[19:04]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir því að þetta mál þarf að afgreiðast með hraði. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að nefndin þurfi að fara mjög vandlega yfir það hvort þetta sé rétta leiðin sem hér er lögð til. Ég held að verkalýðshreyfingin og vinnumarkaðurinn í landinu séu alls ekki undir það búin að taka við frjálsri för launafólks núna í vor. Ég get tekið undir allt sem sagt hefur verið í þeim ræðum sem haldnar hafa verið hér á undan en til viðbótar vil ég segja að lágmarkslaun á Íslandi eru bara ekki nógu há til að vinnumarkaðurinn fari ekki úr skorðum við þetta, vegna þess að inn í landið munu koma margir útlendingar til að vinna á þessum lágmarkslaunum og það mun setja allan vinnumarkaðinn að öðru leyti úr skorðum. Það er ekki auðvelt að koma í veg fyrir að svo fari að fólk með kannski ágætisstarfsmenntun, jafnvel iðnmenntun, komi hingað og fari að vinna á lágmarkslaunum, bæði í iðnaði og öðrum störfum, og við það muni allt fara úr skorðum.

Ég tel að verkalýðsfélögin og hið opinbera hafi alls ekki unnið heimavinnuna sína á þeim tíma sem liðinn er. Við þurfum á öllum þeim fresti að halda sem fyrir hendi getur verið til þess að undirbúa okkur undir þessa frjálsu för eins og hún mun verða. Þann frest eiga menn að skoða vandlega

núna hvort ekki eigi að taka sér, vegna þess að ég sé ekki að það græðist mikið á því að opna með þeim hætti sem hér er lagt til en það gæti hins vegar orðið mikið tjón vegna þeirrar stöðu sem upp getur komið.

Verkalýðsfélögin koma auðvitað sjónarmiðum sínum að núna eftir að málið verður komið til nefndar, en ég legg mikla áherslu á að menn gefi sér ekki að þetta eigi að vera niðurstaðan heldur að skoða verði vandlega að taka sér lengri tíma til aðlögunarinnar og nýta hann betur. Ef það verður ekki gert tel ég að samningar verkalýðsfélaga og kjör fólks í mörgum greinum geti raskast mjög verulega og að við eigum eftir að sjá verulegan samdrátt í launakjörum fólks sem býr við beina samkeppni frá því fólki sem á nú möguleika á því að koma til Íslands ef svona fer. Þessu vildi ég koma á framfæri. Þó svo að tíminn sé stuttur vonast ég til að menn noti hann vel og kynni sér vandlega þau sjónarmið sem verkalýðsfélögin hafa fram að færa í þessu máli.

[19:07]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í stuttu andsvari mínu áðan þá klóra ég mér svolítið í höfðinu yfir þessu máli, ég átta mig ekki alveg á hvað hér er í gangi ef ég á að vera alveg hreinskilinn. Ég veit ekki betur en að stjórnvöld geti frestað gildistöku þessara reglna fram til ársins 2009. (Gripið fram í.) Svo kom fram í sjónvarpsfréttum í gær að aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, sem hlýtur að eiga eitthvað undir sér í þessu máli, lýsi því yfir að íslenskur vinnumarkaður sé alls ekki tilbúinn til að taka við öllum þeim útlendingum sem menn eiga von á að sækja muni til Íslands. Það er víða pottur brotinn í þessum málum hjá okkur Íslendingum en þarna kom fram að Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, hafi mjög alvarlegar efasemdir um að rétt sé að gera þetta núna með þessum hætti, með þessum mikla flýti, og að stjórnvöld hefðu að sjálfsögðu átt að nýta heimildina til að fresta gildistöku þessara laga svo undirbúa mætti málið betur.

Mig langar líka, virðulegi forseti, til að minna enn og aftur á mjög sterk viðvörunarorð sem Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, hefur viðhaft varðandi þetta mál. Tími okkar er skammur núna og ég ætla ekki að vera langorður en ég vil nota tækifærið og benda þingmönnum á að kynna sér það sem Vilhjálmur hefur skrifað á heimasíðu verkalýðsfélagsins á Akranesi. Hann hefur uppi mjög sterk varnaðarorð gegn því að þetta frumvarp verði afgreitt núna.

Í stuttu andsvari mínu áðan minnti ég á að það eru blikur á lofti í efnahagsmálum á Íslandi. Við gætum staðið frammi fyrir samdrætti, við gætum hugsanlega staðið frammi fyrir auknu atvinnuleysi. Hér skín ekki alltaf sólin, það er ekki alltaf þannig að hér sé hið svokallaða góðæri allan sólarhringinn alla daga ársins áratugum saman. Að sjálfsögðu munum við lenda í niðursveiflu. Þegar allt er saman tekið og ég skoða málið, les athugasemdir við frumvarpið, þær upplýsingar sem þar liggja fyrir, skoða þau gögn sem borist hafa frá verkalýðshreyfingunni, þau viðvörunarorð sem forkólfar hennar hafa haft uppi, þá hlýt ég að setja mjög stórt spurningarmerki við málið og ég lýsi því yfir að ég mun hafa fullan fyrirvara í þessu máli. Ég er sjálfur áheyrnarfulltrúi í félagsmálanefnd og við hljótum að skoða þetta mjög vandlega þar og þá einmitt og ekki síst, virðulegi forseti, velta því fyrir okkur hvort ekki sé skynsamlegra að leita leiða til að fresta gildistöku málsins eins og við höfum heimildir til í stað þess að reyna að kýla það í gegn núna á mettíma.

Ég segi þetta fyrst og fremst vegna þess að ég hef áhyggjur af íslenskum atvinnumarkaði og þróuninni þar. Ég tel að ef hingað flæði útlendingar til að leita sér að vinnu, frá Póllandi, Tékklandi, Ungverjalandi, Slóveníu, Slóvakíu, Eistlandi, Lettlandi og Litháen, gæti það valdið okkur Íslendingum töluvert miklum vandræðum.

Ég er ekki að segja þetta, og það má enginn skilja mín orð með þannig, af því að ég hafi eitthvað á móti útlendingum, alls ekki. Ég sé hins vegar fyrir mér að þetta geti leitt til þess að við lendum í vandamálum af félagslegum toga vegna þess að hér verði spenna á vinnumarkaði í náinni framtíð, ekki vegna þess að hér sé svo mikil eftirspurn eftir vinnuafli heldur miklu frekar að svo mikil eftirspurn verði eftir vinnu að hér verði hugsanlega aukið atvinnuleysi, það harðni á dalnum. Í ljósi þess finnst mér hreinlega óskynsamlegt, virðulegi forseti, og ég ítreka það, óskynsamlegt af ríkisstjórninni að fara út í þetta núna.

[19:11]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem orðið hefur um þetta mál. Sú gagnrýni hefur verið áberandi að málið sé seint fram komið og spurt hvers vegna gripið sé til þessara aðgerða núna.

Ég vil segja í því sambandi að þegar ég kom að þessu máli á dögunum, rétt eftir að ég tók við embætti félagsmálaráðherra, þá var sú staða uppi að reiknað var með að aðgengi að íslenskum vinnumarkaði opnaðist 1. maí. Aðilar vinnumarkaðarins litu málið nokkuð ólíkum augum. Ég byrjaði á því að heimsækja þá til að fá fram sjónarmið þeirra í málinu. Framvindan varð einfaldlega sú að samkomulag náðist um þetta með heildarsamtökum atvinnulífsins og ASÍ og aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ segir í viðtali við Morgunblaðið þann 5. apríl að því megi segja að ekki sé eðlismunur á þeim leiðum sem ASÍ hefur lagt áherslu á og þeim sem farnar eru í frumvarpinu. Síðan segir hann að þeir hafi samþykkt áhersluatriði sem samtökin ætli að fylgja eftir í starfshópnum sem félagsmálaráðherra muni skipa.

Það tók tíma að ná samkomulagi um þetta en ég taldi mikilvægt að hin stóru samtök atvinnulífsins gætu liðið þetta frumvarp. Ég tel að það sé nægur tími til að ræða það, 2. umr. um frumvarpið er eftir og ég mun geyma mér frekari rökræður til þeirrar umræðu, en ég heyri að það gætir nokkurrar óþolinmæði í þinginu um að senda málið til 2. umr. (Gripið fram í.) Hins vegar vil ég náttúrlega svara þeim spurningum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fyrir mig.

Ég er búinn að svara þeirri meginspurningu hvers vegna málið er seint fram komið. Það var vegna þess að það tók tíma að ná samkomulagi um það. Hún spyr um úttekt á málinu. Ég tel að það sé eitt meginatriðið í þessu frumvarpi

að gert er ráð fyrir starfshópi sem fylgist með áhrifum þess, ég tel að það sé mjög mikilvægt atriði í frumvarpinu. Síðan á sá starfshópur að fylgjast með því hvaða áhrif opnunin hefur. Það er meginatriði í þessu frumvarpi líka og meginatriði þess að um það náðist samkomulag að leggja það fram svona. Hvað rekur á eftir því að falla frá þeirri aðlögun sem við höfum haft? Við erum með verulegt erlent vinnuafl á vinnumarkaðnum hér. Við höfum þurft á erlendu vinnuafli að halda. Við erum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og höfum skyldur þar og þess vegna höfum við ákveðið að opna með þessum hætti. Það er mjög áríðandi að menn hafi það í huga að hér er verið að opna með skráningu og með öryggisventli um að farið verði eftir kjarasamningum hér á landi.

[19:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst þetta nú ósköp þunn svör hjá hæstv. ráðherra. Mér fannst hann alls ekki svara þeirri spurningu af hverju málið er svona seint fram komið. Hæstv. ráðherra og fyrrverandi ráðherra og ríkisstjórnin hafa haft marga mánuði til að undirbúa þetta mál og leggja það hér fyrir þingið. Það er ekki boðlegt að þingið hafi aðeins fimm daga til að fjalla um það. Þetta er stórt mál í mínum huga. (Gripið fram í.) Ég nenni nú ekki að svara hv. þm. Pétri Blöndal.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra af því hann svaraði því ekki: Telur hann ekki eðlilegra að við höfum tímann fram til næstu áramóta, setjum lög núna sem gefa okkur aðlögun fram að þeim tíma, undirbúum stefnumótun og þær reglur, lagabreytingar og tillögur sem ASÍ hefur sett í málinu sem við teljum nauðsynlegt að komi fram. Hæstv. ráðherra segir: Við ætlum að setja niður nefnd í málið til að skoða það. En er ekki eðlilegt að þær tillögur liggi fyrir áður en Alþingi er gert að samþykkja þetta frumvarp eða samþykkja að falla frá þessari aðlögun?

Ég spyr t.d. um tillögur frá innflytjendaráði um hvernig standa skuli að samþættingu ólíkra hópa. Hvar eru þær tillögur? Liggja þær fyrir? Hvað með stefnumótun almennt í málefnum innflytjenda? Liggur það fyrir af hálfu stjórnvalda? Mjög mikil gagnrýni er í samfélaginu frá einstaka aðilum sem hafa kynnt sér þessi mál vel, að við séum alls ekki tilbúin í þá opnun sem hér á að fara fram.

Þess vegna finnst mér og spyr hæstv. ráðherra hvers vegna ekki sé hægt að fresta þessari opnun fram til áramóta. Við samþykkjum lög um að 1. maí — sem er náttúrlega úrslitaatriði að verði gengið frá lögum, að málinu verði frestað til næstkomandi áramóta. Ég held að staðreyndin sé sú að það séu fyrst og fremst Samtök atvinnulífsins sem eru að knýja á um þetta en ekki verkalýðshreyfingin (Forseti hringir.) enda er ekki samkomulag innan verkalýðshreyfingarinnar um málið.

[19:17]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka að samkomulag náðist við framlagningu frumvarpsins við hin stóru samtök atvinnulífisins, það liggur fyrir. Það er einfaldlega þannig að ég tel að þessi aðferð sé ásættanleg. ASÍ og Samtök atvinnulífsins töldu þessa aðferð vera ásættanlega, þess vegna legg ég frumvarpið fram. Mér finnst þetta vera ásættanlegt og er því ekki fylgjandi því að fara þá leið sem hv. þingmaður nefnir. (**Gripið fram í:** Af hverju gerðirðu það ekki fyrr?)

Það er nú svo að frumvarpið var tilbúið öllu fyrr og hefði getað farið á dagskrá á Alþingi og ég var búinn að biðja um það, en ég ætla ekki að ræða um það í sjálfu sér. Ég tel að tími gefist til að ræða frumvarpið en ég tel að þessi aðferð sé ásættanleg.

Spurt var um innflytjendaráð, hvað líði stefnumótun þess. Fyrir liggur skýrsla frá innflytjendaráði um hvað að þeirra mati á að hafa forgang í málefnum innflytjenda og í ráðuneytinu er verið að vinna að þeim málum. Ég hef lýst því yfir að það er áherslumál í ráðuneytinu að fara yfir málefni innflytjenda, eins og ég lýsti í framsöguræðu minni, ég kom inn á það. Ég ætla ekki að hafa í rauninni fleiri orð um það að sinni. En ég tel að þingið hafi ráðrúm til að fjalla um þetta mál (Forseti hringir.) og vona að það nái fram að ganga.

[19:20]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hvorki boðlegt né ásættanlegt fyrir þingið að taka við málinu frá ríkisstjórninni með þeim hætti sem hér er lagt til. Það eru örfáir dagar síðan málið var lagt fyrir þingið og það hefði verið hægt að leggja það fyrir þingið fyrir mörgum mánuðum ef ríkisstjórnin og ríkisvaldið bæru einhvern minnsta snefil af virðingu fyrir vinnubrögðum í þinginu. Þetta er bara ekki boðlegt. Málið er hreinlega ekki tilbúið til framlagningar fyrir þingið þar sem ætlast er til að það sé samþykkt á örfáum dögum.

Hér upplýsir ráðherra að verið sé að vinna að stefnumótun í málefnum innflytjenda og þeim tillögum sem innflytjendaráð hefur lagt fyrir. Er ekki eðlilegt að þingið hafi þær tillögur fyrir framan sig áður en þetta er samþykkt, að falla frá þessari aðlögun sem við getum haft til ársins 2011? Hefði ekki átt að liggja fyrir þinginu hvað af þeim tillögum sem ASÍ hefur lagt fram að komi til, bæði í reglugerðarformi og lögum, lægi fyrir þinginu áður en ætlast er til að þingið falli frá þeirri aðlögun sem við getum haft í nokkur ár í viðbót? Ég er ekki að kalla eftir því að það séu nokkur ár í viðbót. Ég er að kalla eftir því að það séu nokkrir mánuðir, til næstkomandi áramóta, þannig að hægt sé að vinna að þeirri stefnumótun og þeim ramma sem þarf að vera í kringum þetta til að við séum tilbúin til að fara í þessa opnun, því að ég vil taka vel á móti því fólki sem hugsanlega kæmi hingað í kjölfar þess að fyrrgreind opnun yrði. Ég held að við séum hreinlega ekki tilbúin til þess og færði fyrir því rök í máli mínu. Slík opnun er mjög stórt mál og við eigum að taka vel og sómasamlega á móti því fólki en ég held að ýmislegt sé ógert í heimavinnunni hjá stjórnvöldum til að svo sé.

Þess vegna mótmæli ég þessum vinnubrögðum. Ég virði þingræðið meira en það að hægt sé að henda málinu inn í þingið með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerir, ætlast til að þingið afgreiði það á örfáum dögum (Forseti hringir.) og að umsagnaraðilar fái ekki eðlilegan tíma til að fjalla um málið. Ég mótmæli því, virðulegi forseti.

[19:22]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek að ég hygg að tími gefist til að senda málið til umsagnar og það hefur nú oft verið þannig að þá hefur verið kallað á aðila til fundar í nefnd, en hins vegar hef ég fregnir af því að það mun vera ætlunin að senda aðilum málið til umsagnar.

Það er alveg rétt að þetta mál er ekki snemma á ferðinni og ég hef rakið hvers vegna. Ég hef rakið að það tók tíma að koma málinu fram þannig að sæmileg sátt væri um það hjá hinum stóru aðilum vinnumarkaðarins. Skýrsla innflytjendaráðs um málefni útlendinga liggur fyrir og er ekkert því til fyrirstöðu að félagsmálanefnd kalli eftir henni. Ég endurtek að verið er að vinna að þeim málum í ráðuneytinu. Þó að tíminn sé skammur hafa hv. þingmenn oft unnið skarplega á lokasprettinum og ég vona að svo verði í þessu máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:25]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 19:25.

---

107. FUNDUR

mánudaginn 24. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Ríkisútvarpið hf., stjfrv., 401. mál, þskj. 517, nál. 1037 og 1117, brtt. 1038. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 402. mál, þskj. 518, nál. 1039, brtt. 1040. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, stjfrv., 708. mál, þskj. 1044. — 1. umr.
5. Flugmálastjórn Íslands, stjfrv., 707. mál, þskj. 1043. — 1. umr.
6. Skráning og þinglýsing skipa, stjfrv., 666. mál, þskj. 976. — 1. umr.
7. Áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa, stjfrv., 741. mál, þskj. 1077. — 1. umr.
8. Lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, stjfrv., 709. mál, þskj. 1045. — 1. umr.
9. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 726. mál, þskj. 1062. — 1. umr.
10. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 634. mál, þskj. 933. — 1. umr.
11. Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, stjfrv., 734. mál, þskj. 1070. — 1. umr.
12. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 742. mál, þskj. 1078. — 1. umr.
13. Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, stjfrv., 743. mál, þskj. 1079. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseta hefur borist svohljóðandi bréf frá þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins, Arnbjörgu Sveinsdóttur, dagsett í dag þann 24. apríl:

„Þar sem Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, 2. þm. Reykv. n. er erlendis í opinberum erindagerðum og getur ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, Ingvi Hrafn Óskarsson lögfræðingur, taki sæti hans á Alþingi á meðan en 1. varamaður Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, Katrín Fjeldsted, getur ekki tekið sæti á þingi að þessu sinni sökum dvalar erlendis."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf frá 1. varamanni Sjálfstæðisflokksins í Reykv. n., Katrínu Fjeldsted, dagsett í dag:

„Þar sem ég verð erlendis á næstunni get ég ekki tekið sæti á Alþingi sem varamaður Björns Bjarnasonar, 2. þm. Reykv. n., að þessu sinni."

Kjörbréf Ingva Hrafns Óskarssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt.

Ingvi Hrafn Óskarsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Ingvi Hrafn Óskarsson, 2. þm. Reykv. n., undirritaði drengskaparheit um að að halda stjórnarskrána.]

[15:04]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Ingvi Hrafn Óskarsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[15:05]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. samgönguráðherra sem flytur 4. og 5. dagskrármál hefur óskað eftir því, samanber 3. mgr. 63. gr. þingskapa, að ræða þau saman þar sem þau eru efnislega skyld.

[15:05]

Útbýting:

Framhaldsskólar, 711. mál, nál. menntmn., þskj. 1190.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Grunnnet Símans.

[15:05]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar til að beina fyrirspurn til forsætisráðherra vegna þeirrar umræðu sem nú fer fram um sölu á grunnneti Símans til Orkuveitu Reykjavíkur. Ég held að þær umræður um söluna komi mörgum spánskt fyrir sjónir og margir minnist nú þeirrar umræðu sem fram fór á þingi þegar stjórnarandstaðan lagði það til að grunnnetið yrði skilið undan Símanum og ekki selt með honum heldur annaðhvort haldið í sjálfstæðu félagi á vegum ríkisins eða lagt inn í félag um öflugt grunnnet fyrir alla landsmenn. Þá voru færð fram rök gegn þessu af hálfu bæði einkavæðingarnefndar og ráðherra í ríkisstjórninni.

Rökin voru aðallega þríþætt: Í fyrsta lagi væri þetta tæknilega varla gerlegt. Þetta væri flókin og kostnaðarsöm aðgerð. Nú er komið á daginn að sú er alls ekki raunin. Þetta virðist vera sáraeinföld aðgerð, þ.e. að skilja grunnnetið frá öðrum þjónustuþáttum Símans.

Í öðru lagi var því haldið fram að þetta stangaðist á við lög ESB um samkeppni í rekstri grunnneta. Ef sú væri raunin tel ég að menn væru ekki að ræða það í alvöru milli Símans og Orkuveitu Reykjavíkur að reka þessi tvö öflugu grunnnet saman í einu öflugu fyrirtæki.

Í þriðja lagi var því haldið fram að grunnnetið væri svo afgerandi hluti af Símanum að mun lægra verð fengist fyrir Símann en ella ef þetta væri selt. Nú er komið á daginn að grunnnet Símans er innan við þriðjungur af söluverðmæti Símans því það er verið að tala um verð sem er a.m.k. innan við 20 milljarða kr., þannig að það virðist sem ekkert af því standist sem sagt var fyrir nokkrum mánuðum og þá hlýtur sú spurning að vakna: Beittu menn vísvitandi blekkingu til þess eins að ná sér í fleiri krónur eða var eitthvað annað sem lá því til grundvallar eða trúði ráðherra og ráðherrar í ríkisstjórninni sjálfir því sem þeir voru að segja á þessum tíma?

[15:08]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Nú þekki ég ekki þær viðræður sem eiga sér stað milli Símans og Orkuveitu Reykjavíkur. En það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að því er varðar sölu Símans á sínum tíma að allir þeir sem leitað var til, ráðgjafar og aðrir sem komu að þessu máli, mæltu eindregið með því að fyrirtækið yrði selt í heilu lagi og til þess stæðu margvíslegar orsakir. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það hér.

Hitt er svo annað mál að það er eðlilegt að þau fyrirtæki sem eru á þessum markaði leiti leiða til hagræðingar og eins og hv. þingmaður veit miklu betur en ég hefur Orkuveita Reykjavíkur lagt öflugt ljósleiðaranet á nokkuð stóru svæði suðvestanlands. Það liggur líka fyrir að net Símans er miklu eldra og úreltara og eins og ég skil málið er að um ræða að koma í veg fyrir að byggt verði upp nýtísku tvöfalt net á öllu þessu svæði með tilheyrandi kostnaði.

Nú veit ég ekki hvort þessir samningar takast eða út á hvað þeir nákvæmlega ganga. En ég tel eðlilegt að þeir fari fram og það geti orðið af einhverju slíku ef það kemur ekki niður á samkeppni og ekki niður á þjónustu við neytendur og um það ætla ég ekkert að fullyrða. En það var samdóma álit allra sem ríkisstjórnin leitaði til á sínum tíma að það væri eðlilegt að staðið yrði að sölunni með þessum hætti og ég hef sannfæringu fyrir því að það verð sem fékkst fyrir Símann hefði aldrei fengist ef þetta hefði ekki verið gert. Og að sjálfsögðu, virðulegi hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, var það markmið ríkisstjórnarinnar að fá sem mest verð fyrir Símann og við köllum það ekki nokkrar krónur. Það skiptir milljörðum króna og ég vænti þess að hv. þingmaður sé því sammála.

[15:10]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það kom ansi fátt fram í þessu svari hæstv. ráðherra, eða við skulum segja ansi fátt nýtt fram, því það lá alveg ljóst fyrir þegar verið var að ræða söluna á Símanum og grunnneti Símans á síðasta ári að um tvöföldun yrði að ræða á ljósleiðaranetinu á höfuðborgarsvæðinu, það væri annars vegar net Símans og hins vegar net Orkuveitu Reykjavíkur. Það gæti því ekki verið hagkvæmt að byggja upp tvöfalt ljósleiðarakerfi á suðvesturhorninu og það þýddi kannski fyrst og fremst að landsbyggðin mundi líða fyrir það að öll orkan færi inn á þetta svæði hér og samkeppnina á þessu svæði hérna. Nú eru þessi fyrirtæki að ná saman og ég held að það sé ágætt. Ég vona að það takist. Það er auðvitað ekki komin niðurstaða í það mál. Ég held að það sé hagkvæmt og til hagsbóta fyrir alla að reka hér bara eitt öflugt ljósleiðarakerfi.

En rökin sem fram voru færð af ríkisstjórninni á þeim tíma standast ekki og það hefur ekkert nýtt komið fram í þessari umræðu.

[15:11]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það kom ekkert nýtt fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Það er alveg rétt að það kom ekkert nýtt fram hjá mér heldur enda er ekkert nýtt í málinu annað en það að viðræður eiga sér stað milli Orkuveitu Reykjavíkur og Símans um hugsanlega hagræðingu á þessu sviði. Ég heyri að hv. þingmaður fagnar því og er það ekki af hinu góða? Eða er það það sem hv. þingmaður vill endilega að hefði orðið í málinu að það væri eitt fyrirtæki til viðbótar á þessum markaði, væntanlega ríkisfyrirtæki með ákveðið grunnnet í sam-

keppni við Orkuveitu Reykjavíkur? Hefði það bætt málið? Ég botna ekki alveg í málflutningi hv. þingmanns.

[15:12]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Rökin sem færð voru fram fyrir því í umræðunni um grunnnetið á sínum tíma að aðskilja það og selja það ekki með Símanum voru þau að þar með gæfist tækifæri til að leggja þetta grunnnet inn í öflugt félag sem stæði undir þessari þjónustu, þessari gagnaflutningaþjónustu um land allt. Þá var því haldið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að það stæðist ekki lög að gera það. Hafi það ekki staðist lög þá þá stenst það væntanlega ekki lög núna en ég hef ekki heyrt ráðherra halda því fram að hér væri um einhvern ólöglegan gerning að ræða, að sameina nú það sem er inni í Símanum af grunnnetinu og það sem er hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Ég held að það sé mikilvægt að koma í veg fyrir tvöföldun í þessu kerfi en ég tel að ríkið hefði átt að halda þessu eftir og standa þannig að málum að tryggt væri að fólk um allt land gæti notið öflugrar gagnaflutningaþjónustu í gegnum öflugt fyrirtæki á vegum ýmissa aðila.

[15:13]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það liggur fyrir að við fengum mjög hátt verð fyrir Símann. Það liggur líka fyrir að ákveðnum fjármunum hefur verið varið til að efla þetta net. Það er allt kapp lagt á að þessi þjónusta sé sem best og öflugust.

Það liggur líka fyrir, hv. þingmaður, að við hefðum fengið allt annað verð fyrir Símann ef við hefðum selt hann með öðrum hætti. Það liggur líka fyrir að í sambandi við þá einkavæðingu sem hefur átt sér stað víðs vegar um Evrópu þá hefur það verið gert með sama hætti og var gert hérna þannig að við höfum farið nákvæmlega eins að og aðrir.

Það er ánægjulegt ef þessi fyrirtæki geta náð saman. Mér sýnist það ekki alveg liggja fyrir. Svo lengi sem það stenst samkeppnislög þá er það löglegt. Það er ekki mitt að svara því. Það er samkeppniseftirlitsins að svara því hvort það stenst lög (**ISG:** Hún gerði það á síðasta ári.) og þá væntanlega í sambandi við samninga milli þessara fyrirtækja. Ég get ekki sagt til um það. Við verðum að vita eitthvað um þessa samninga áður en við getum svarað því.

Atvinnuástandið á Bíldudal.

[15:14]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Fyrirspurnin varðar atvinnuástand á Bíldudal og ég ætla að byrja á að rekja nokkrar staðreyndir.

Fólksfækkun á Bíldudal er rétt um 100 manns á síðasta áratug eða um 30% íbúanna. Þeir sem eftir eru sækja vinnu að stórum hluta annað, oft yfir tvo fjallvegi með tilheyrandi slysahættu sem hefur sýnt sig að vera veruleg. Hörpudiskveiðar voru bannaðar í firðinum fyrir nokkrum árum vegna kadmínmengunar og margir misstu þar stóran hluta af atvinnu sinni. Engar bætur urðu fyrir það. Kræklingaeldi sem á upphafsárum gekk vel, var slegið af vegna sömu ástæðna fyrir tveimur árum. Engar bætur fengust fyrir það. Rækjuveiðar hafa stórminnkað, verðið hefur hrunið á örskömmum tíma og rækjuvinnsla á staðnum hefur ekki verið í gangi núna í tvö ár og rækja flutt til Súðavíkur sem unnin var. Fyrirtækið Bílddælingur hefur verið stopp í 10 mánuði en hafði þá starfað í um eitt og hálft ár þegar að því kom og að sögn forsvarsmanna var ástæðan missir byggðakvóta, auk annars. Fyrirtækið var ekki gjaldþrota en leitaði eftir stuðningi opinberra aðila við ýmsar aðgerðir sem lagðar voru fram til að halda starfsemi sinni áfram. Þar að auki fækkar fólki á Vestfjörðum í heild stöðugt. Nú eru viðræður í gangi hjá nýjum aðilum til að reyna að koma atvinnuástandinu í betra horf, koma ástandinu í betra horf, koma hjólunum í gang aftur. Þeir hafa átt í viðræðum m.a. við Byggðastofnun og fjölmarga opinbera aðila. Það eina sem þeir hafa aðhafst undanfarna mánuði eftir því sem ég best veit er að skrifa skýrslur og fleiri skýrslur þó að ástandið hafi verið óbreytt í tíu mánuði.

Því spyr ég hæstv. forsætisráðherra: Hyggst hann beita sér í málefnum Bílddælinga? Vill hann beita sér fyrir sértækum aðgerðum í því skyni? Telur hann ekki að aðstæður og fólksfækkun á Vestfjörðum tengist þenslu og stóriðjuframkvæmdum annars staðar á landinu og því réttlætanlegt að svara ástandi eins og þessu með einhverju móti?

[15:17]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Málefni á Bíldudal hafa komið til umfjöllunar nokkrum sinnum í ríkisstjórninni, sérstaklega að því er varðar hugmyndir um kalkþörungaverksmiðju þar á svæðinu. Menn binda miklar vonir við þá verksmiðju og ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti stutt það með ýmsum hætti að af því gæti orðið. Það liggur fyrir að þar þarf að eiga sér stað sérstakt átak í hafnargerð og einnig er um ábyrgðir að ræða og þess vegna má flokka það undir sérstakar aðgerðir.

Hvað varðar fyrirtækið sem hv. þingmaður spurði um þá á ég von á, vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á gengi íslensku krónunnar, að útlit fyrir slíka starfsemi sé mun betra núna en var fyrir nokkrum vikum. Ég veit að það mál hefur verið til umfjöllunar hjá Byggðastofnun og það er eðlilegt að sú stofnun komi að slíku máli enda er um góðan rekstrargrundvöll að ræða. Ég hef ekki átt neinar viðræður við Byggðastofnun um málið en af þessu tilefni mun ég spyrjast fyrir um það. Ég vænti þess að þessi svör séu fullnægjandi fyrir hv. þingmann.

[15:18]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir að koma upp en ég fékk engin svör, að ég tel, við þeim spurningum sem ég bar fram. Ég vil minna á að það er ekki ég einn sem tel að t.d. fiskveiðimálin og kvótinn hafi verið stór hluti af þessu máli og vildi gjarnan fá álit hans á því, því að Verkalýðsfélag Vestfirðinga ályktaði svo í ágúst í fyrra:

„Bíldudalur er dæmi um það hvernig lögin um framsal aflaheimilda hafa svipt heilt sjávarpláss atvinnulífsafkomu sinni. Undirstaða byggðar á Bíldudal er sjávarútvegur og ekkert annað getur komið í staðinn. Fyrir 10–15 árum voru aflaheimildir Bílddælinga um 4 þúsund tonn en eru í dag

700 þorskígildistonn og mest í rækju sem unnin er í Súðavík ef hún er á annað borð er veiðanleg. Ólög sem ræna lífsbjörginni frá alþýðu manna verður að afnema og það sem fyrst.“

Ég spyr: Er ekki möguleiki á því að koma með sértækar og aðrar aðgerðir en hugsanlega það sem Byggðastofnun getur gert? Er ekki ástæða fyrir (Forseti hringir.) ríkisstjórnina að taka þetta mál sérstaklega upp hvað varðar Vestfirði í heild?

[15:19]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég hygg að það sé rétt hjá mér að ekki sé búist við því að þessi stutta umræða í þessu formi á hv. Alþingi geti fjallað um fiskveiðistjórnarkerfið í heild sinni. Ég held að við þyrftum miklu lengri tíma í það. Það er grundvallarágreiningur um það mál á Alþingi og það er grundvallarágreiningur um það milli mín og hv. þingmanns en ég á ekki von á að við leysum það í örstuttum umræðum (**Gripið fram í:** Ætlarðu ekkert að gera?) á Alþingi. Og enn þá meiri ágreiningur (Gripið fram í.) við þann hv. þingmann sem greip fram í fyrir mér núna, enda veit ég að í þeim flokki sem þessir ágætu þingmenn tala fyrir er ekki mikill samhljómur í öllum málum nema kannski helst eitthvað í þessu.

[15:20]

Pétur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég heyri að hæstv. forsætisráðherra vill ekki ræða um atvinnumálin á Bíldudal. Ég velti fyrir mér hvort komið hafi verið við einhver kaun þar. En það þýðir ekkert að segja að hér sé verið að tala um annað mál þar sem er fiskveiðistjórnarkerfið. Það vita allir hvernig það kerfi hefur farið með sjávarbyggðirnar. Í ályktun verkalýðsfélagsins sem ég las upp áðan og vitnaði í er einmitt Bíldudalur tekinn sem dæmi, ekki sem eina dæmið heldur dæmi sem sýnir mjög glöggt og ljóslega hvernig þetta kerfi hefur verið að fara og er að fara með sjávarbyggðir landsins. Þetta er bara staðreynd, hæstv. forsætisráðherra. Atvinnumálin verða órjúfanlega tengd því á þessum stöðum sem ekki geta snúið sér annað en til sjávarins, eins og þau hafa gert um aldir, til að fá möguleika á því að framfleyta sér og sínum.

[15:21]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það liggur fyrir að gripið hefur verið til margvíslegra aðgerða í sambandi við fiskveiðistjórnarkerfið á undanförnum árum. (Gripið fram í.) Ég nefni aðgerðir í sambandi við veiðar smábáta, ég nefni sérstaka byggðakvóta. Ég sagði í svari mínu, og ég var að tala um atvinnumál á Bíldudal þegar ég talaði um þær fyrirætlanir sem þar eru uppi um kalkþörungaverksmiðju, að ég teldi eðlilegt að Byggðastofnun færi vel yfir það mál sem hv. þingmaður nefndi. Ég tel að þar hafi ég verið að tala um (Gripið fram í.) atvinnumál á Bíldudal. Það liggur alveg fyrir. En ég fer ekki að ræða hér um fiskveiðistjórnarkerfið í heild, enda vænti ég þess ekki að hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins, þótt þeim detti ýmislegt skrýtið í hug, hafi dottið það í hug.

Ástandið í Palestínu.

[15:22]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. utanríkisráðherra vegna þeirra atburða sem eiga sér nú stað í Palestínu. Í kjölfar þingkosninga þar sem Ísraelar urðu ekki ánægðir með niðurstöðurnar hafa þeir beitt hina hernumdu þjóð efnahagslegum refsiaðgerðum sem nú eru farnar að segja mjög illa og áþreifanlega til sín.

Þannig er að Ísraelar innheimta skatta og tolla fyrir hönd stjórnvalda hinnar hernumdu þjóðar og leika nú þann gráa leik að stöðva fjárstreymi til stjórnvalda. Neyðarkall berst nú innan úr ýmsum stofnunum, ekki síst sjúkrahúsum og úr heilbrigðiskerfinu almennt, enda þarf ekki að spyrja hvaða afleiðingar það hefur þegar peningastreymið er stöðvað. Bandaríkjastjórn og Evrópusambandið bæta nú gráu ofan á svart því að báðir þessir aðilar hafa stöðvað fjárstreymi til palestínskra yfirvalda og einnig það segir nú til sín.

Í leiðara Morgunblaðsins í dag segir, með leyfi forseta:

„Vesturlönd geta ekki unnið svona. Vestræn lýðræðisríki geta ekki hafist handa við að grafa undan niðurstöðu lýðræðislegra kosninga jafnvel þótt þeim líki ekki niðurstaðan. Þessi ríki verða að vera sjálfum sér samkvæm. Annars geta þau ekki búist við því að á þau verði hlustað.“

Hver er afstaða íslenskra stjórnvalda? Það er afstaða okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að íslenskum stjórnvöldum beri siðferðileg og pólitísk skylda til að koma Palestínumönnum til aðstoðar þó ekki væri nema með yfirlýsingu af sinni hálfu.

[15:24]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Mig minnir að það sé u.þ.b. vika síðan síðast var gerð sjálfsmorðssprengjurás í Tel Aviv þar sem fórust að mig minnir níu eða tíu manns og margir tugir særðust. Hamas-hreyfingin, sem nú hefur unnið sigur í þingkosningum í Palestínu, vildi ekki fordæma þann atburð. Það gerði forseti Palestínu hins vegar, Mahmud Abbas. Hann fordæmdi þann voðaverknað og það er auðvitað eðlilegt að gera þá kröfu til lýðræðislega kjörinna ríkisstjórna að þær fordæmi hryðjuverk.

Afstaða Evrópusambandsins og vestrænna ríkja í þessu máli hefur verið sú að meðan ríkisstjórnin í Palestínu, hin nýja, neitar að fordæma hryðjuverk, neitar að viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis og neitar að virða gerða samninga sem gerðir hafa verið í nafni Palestínu til þessa, sé ekki hægt að eiga við hana samskipti. Þetta er sameiginleg niðurstaða Evrópusambandslandanna en einnig landa eins og Noregs og fleiri sem standa utan við Evrópusambandið, alveg óháð því í hvaða stjórnmálahreyfingum ríkisstjórnarflokkarnir sem hlut eiga að máli starfa.

Nú er það þannig, virðulegi forseti, að Íslendingar eru ekki með beinan fjárhagslegan stuðning og hafa ekki verið við yfirvöld í Palestínu. Við höfum veitt nokkurn stuðning til flóttamannahjálparinnar þar, að mig minnir 100 þúsund dollara á þessu ári, og því verður að sjálfsögðu haldið áfram. Aðstaða okkar er að því leyti til öðruvísi en ýmissa annarra að við höfum ekki veitt þessum aðilum stuðning þó

að við höfum auðvitað reynt í gegnum alþjóðleg hjálparsamtök og með öðrum hætti að láta gott af okkur leiða á þessu svæði.

En ég spyr þingmanninn: Finnst honum óeðlilegt að gera þá kröfu til lýðræðislega kjörinnar ríkisstjórnar að hún fordæmi hryðjuverk?

[15:27]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nei, mér finnst eðlilegt að allir fordæmi hryðjuverk. Nú er það að gerast að bæði Hamas og Fatah eru komin í hár saman og það logar allt stafna á milli í þessu landi. Staðreyndin er sú að Hamas-samtökin hafa í reynd viðurkennt landamærin frá 1967, sem eru þau landamæri sem Sameinuðu þjóðirnar fylgja. Ísraelsmenn viðurkenna hins vegar ekki þessi landamæri. En ég vil þá beina spurningu til hæstv. ráðherra: Hvernig væri hann stemmdur ef hvað eftir annað hefði verið ráðist á heimili hans með eldflaugaárásum, sonur hans myrtur og eiginkona lömuð, hann hefði orðið sigurvegari í frjálsum kosningum þar sem 77% þjóðarinnar hefðu tekið þátt við mjög erfiðar aðstæður, að kosningum loknum hefði honum verið meinað að sækja þingfund og allt þetta af hálfu hernámsliðs í landi hans? (Forseti hringir.) Hvernig hefði hann brugðist við við slíkar aðstæður?

[15:28]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Auðvitað hljóta allir lýðræðislega sinnaðir menn að fagna því að lýðræðið er að skjóta rótum í Palestínu. En þarna verður að gera ákveðnar lágmarkskröfur eins og ég hef getið hér um og eins og vestræn ríki hafa almennt haldið fram.

Þetta mál var t.d. rætt nýverið á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna þar sem menn fóru yfir þá stöðu sem uppi er í hverju landanna fyrir sig. Ég heyri ekki betur en að samstaða sé meðal vestrænna landa um þá afstöðu sem tekin hefur verið. En ég bendi á hversu mikil undirtök Hamas-hreyfingin mundi fá í samskiptum sínum við Ísraelsmenn í hinu alþjóðlega almenningsáliti og með öðrum þjóðum ef hún bara gerði það, sem virðist vera frekar útlátalítið, að viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis, hafna hryðjuverkum og lýsa því yfir að hún virði gerða samninga.

[15:29]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Palestínsk yfirvöld hafa lengi viðurkennt Ísraelsríki, það gerði Arafat. Engu að síður var því jafnan lýst á þann hátt að hann væri þrándur í götu, hann stæði í vegi friðar við Ísraela. Nú er komin önnur ástæða til sögunnar.

Við erum að verða vitni að hóprefsingu og við tökum *undir með þeim sem styðja slíkt. Ég vitnaði í leiðara Morg*unblaðsins í morgun þar sem sagt er að vestræn lýðræðisríki geti ekki komið svona fram ef þau vilja láta taka sig alvarlega. Við erum að tala um niðurstöður úr lýðræðislegri kosningu þar sem 77% landsmanna tóku þátt. Ég ítreka það, hæstv. forseti, að Ísraelar hafa neitað að viðurkenna *Palestínuríki á þeim forsendum sem ákveðið var á vegum* og vettvangi Sameinuðu þjóðanna árið 1949 (Forseti hringir.) og ítrekað aftur margoft í yfirlýsingum frá öryggisráðinu og frá öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Samráðshópur um atvinnumál á Suðurnesjum.

[15:31]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Í framhaldi af einhliða tilkynningu Bandaríkjamanna um brotthvarf bandarískra varnarliðsins héðan af landi á dögunum komu fram ýmis viðbrögð frá hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Flest voru þau viðbrögð óljós og erfitt að ráða í hvað þyddu. En eitt var þó alveg skýrt sem fram kom í framhaldi af þessu og í framhaldi af fundi sem hæstv. ráðherrar áttu með sveitarstjórnarmönnum í Reykjanesbæ á Suðurnesjum.

Það var sú yfirlýsing hæstv. forsætisráðherra um að skipaður yrði samráðshópur ríkis og sveitarfélaga, sjö manna samráðshópur, sem mundi skoða með hvaða hætti yrði tekið á þeirri stöðu sem upp væri komin.

Í fréttum sjónvarpsins 19. mars var haft eftir forsætisráðherra, með leyfi forseta:

„Það þýðir ekkert að vera að tala um fortíðina í þessu sambandi og það er mjög mikið af tækifærum og niðurstaðan varð sú að minni tillögu að við settum niður samstarfshóp ríkisstjórnarinnar og samfélagsins hér, sjö manna hóp til þess að fara yfir öll þessi mál, líta á allar þær tillögur sem hafa verið uppi á borðinu með það í huga að nýta þessa aðstöðu sem best.“

Suðurnesjamenn fögnuðu þessari yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra og á fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 20. mars, eða daginn eftir, var skipað í þennan samráðshóp af hálfu sveitarfélaga. Við höfum ekki heyrt af því að ríkisstjórnin hafi enn tilnefnt í þennan samráðshóp sem hæstv. forsætisráðherra gerði tillögu um og veltum því fyrir okkur á Suðurnesjum hvað dvelur orminn langa. Það er komið á fimmtu viku frá því þessi yfirlýsing var gefin. Á hverju stendur? Mér þætti vænt um ef hæstv. utanríkisráðherra gæti svarað hvort einhver ágreiningur er uppi um að fara þessa leið. Ef svo er, hvað á þá að koma í staðinn? En ef ekki er ágreiningur, hvort ekki eigi að drífa í að skipa í þennan samráðshóp.

[15:33]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir að forsætisráðherra muni ljúka tilnefningum í þennan starfshóp í dag eða á morgun. Þetta hefur dregist. Það er rétt. Það er óheppilegt. Það kom fram ósk m.a. frá verkalýðshreyfingunni um að eiga aðild að þessum hópi. Ég geri ráð fyrir að við þeirri ósk verði orðið. Hópurinn verður því eitthvað stærri en upphaflega var ráðgert. En þetta mál verður vonandi klárað alveg á næstu dögum svo þessi hópur geti hafið störf.

[15:33]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það er gott að heyra afdráttarlaus svör hæstv. utanríkisráðherra um að ríkisstjórnin ætli að skipa í þennan samráðshóp og gera það núna á næstu dögum því

eins og ég sagði eru liðnar tæpar fimm vikur frá því að Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum skipaði fulltrúa sína í hópinn.

Ég get skilið ef upp hafa komið einhverjar hugmyndir um að það þurfi að útvíkka þennan hóp, að það hafi tekið einhvern tíma að velta því fyrir sér með hvaða hætti yrði brugðist við slíkum óskum. En ég legg á það mikla áherslu að ekki líði margir dagar í viðbót þangað til hægt verður að skipa í þennan hóp. Því hver einasta vika, hver einasti dagur sem líður, án þess að þetta samráð eigi sér stað, þýðir að við erum að missa af tækifærum til að hafa áhrif og jafnvel stýra einhverri atburðarás sem fram fer uppi á flugvelli eftir að varnarliðið er farið.

Mig langar að spyrja hæstv. utanríkisráðherra í framhaldi af þessu hvort tekin hafi verið afstaða til að skipa að einhverju leyti á móti sveitarfélögunum í landskilanefnd sem færi þá yfir skil á mannvirkjum og jafnvel landsvæði ef til þess kæmi.

[15:34]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Vegna þessa síðasta atriðis sem þingmaðurinn nefndi hefur ekki verið tekin afstaða til þess enn sem komið er. Þetta er eitt af fjölmörgum málum sem upp koma í tengslum við að bandaríska varnarliðið hverfur héðan af landi brott. Þetta er auðvitað stórt mál og margþætt. Þessi þáttur sem hv. þingmaður nefndi er bara einn af mörgum sem eftir er að taka afstöðu til.

Þó svo dregist hafi að skipa í þennan samstarfshóp sem þingmaðurinn spurði um upphaflega þá er það nú ekki þannig að menn hafi setið auðum höndum í ráðuneytunum út af þessu. Heldur hefur verið unnið heilmikið verk til að undirbúa framhaldið.

[15:35]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Starf svona samráðshóps eins og hér um ræðir kemur til með að taka tíma og eins að kosta talsverða fjármuni. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort gert hafi verið ráð fyrir hvort þessi hópur gæti starfað af fullu afli og kallað til sín ráðgjafa og slíka sem þarf til að fara yfir þessi mál og með hvaða hætti best er að standa að þessu. Því það er til lítils að skipa samráðsnefndir eða starfshópa ef aflið er ekkert hvað fjármuni varðar.

Að endingu lýsi ég aftur yfir undrun minni á hversu langan tíma þetta hefur tekið. Ég vona satt að segja að þau orð sem hafa fallið úr ræðustóli, að þetta gerist í dag eða á morgun, eða á allra næstu dögum þýði að ekki þurfi að taka málið upp í næstu viku heldur verði skipað í nefndina í þessari viku og það sé þá eitthvað að marka þá yfirlýsingu.

Sjóræningjaveiðar á Reykjaneshrygg.

[15:37]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að beina spurningu til hæstv. sjávarútvegsráðherra og ástæðan eru þær fréttir sem hafa borist um sjóræningjaveiðar svokallaðar á Reykjaneshrygg. En það sem er um að ræða er að skip sem skráð eru í Georgíu, Belize, Dóminíska lýðveldinu og Rússlandi stunda þar ólöglegar veiðar og er talið að úthafskarfaafli þessara skipa sé um 30.000 tonn.

Til samanburðar er rétt að nefna að veiðiheimildir Íslendinga á þessu svæði eru 28.600 tonn. En veiði Íslendinga á því svæði hefur farið jafnt og þétt minnkandi og var á síðasta ári 16.000 tonn en voru árið 2004 40.000 tonn en 2003 48.000 tonn.

Svo virðist vera ef marka má fréttir að nokkuð erfitt sé að stemma stigu við þessum ólöglegu veiðum og hefur framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, Friðrik J. Arngrímsson, haldið því fram að eina leiðin til að virkja úrræðin sé að færa skipin til hafnar og íslensk stjórnvöld ættu að láta á það reyna.

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra, sem ég veit að hefur haft mikinn áhuga á þessu máli og hefur rætt þetta á opinberum vettvangi, hvernig sé best að stemma stigu við þessu, hvernig hann lítur á þá stöðu sem er komin upp í þessu máli og hvaða aðgerðum íslensk stjórnvöld muni beita til að reyna að koma í veg fyrir þessar svokölluðu sjóræningjaveiðar, sem þær vissulega eru.

[15:39]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Þetta mál sem hv. þingmaður hreyfir hér er mjög alvarlegt að mínu mati og ber tvímælalaust að flokka sem klárar sjóræningjaveiðar. Hér er um að ræða ólöglegar veiðar sem stundaðar eru af skipum sem er flaggað inn á svokölluð fánaríki til að geta í rauninni komist að við þessar veiðar.

Við teljum að slíkar veiðar séu ógn við karfastofninn og eins er það þannig að þegar þessi skip hafa veitt aflann koma þau oft og tíðum með hann inn á markaðinn bakdyramegin, bjóða hann á lægra verði og trufla markaðsstarfsemi okkar og leiða til verðlækkunar á fiski.

Hér er því um að ræða mjög alvarlegt mál sem hefur neikvæð áhrif á karfastofninn, sem er veikur fyrir á Reykjaneshryggnum. Við höfum verið að reyna að draga úr aflamarki okkar og það hafa þjóðir NEAFC gert sömuleiðis. Við höfum því verið að reyna að bregðast við veikari stöðu karfastofnsins með að minnka aflaheimildirnar okkar en það er til lítils á meðan þessi skip eru þarna að veiðum.

Við höfum á undanförnum árum verið að reyna að þjarma að þessum skipum og jukum áhersluna á það mjög verulega núna í haust, m.a. með því að senda út dreifibréf til 2000 aðila vítt og breitt um Evrópu til að vekja athygli á hvaða skip væri um að ræða. Við höfum lista yfir þessi skip og sá listi hefur verið sendur til stjórnvalda allra ríkja og sömuleiðis hagsmunaaðila.

Hins vegar er alveg ljóst mál að þarna hefur verið pottur brotinn. Þessi skip, að hluta til lágu í höfnum Þýskalands. Þau fóru yfir til Póllands og yfir til Litháens og þau ríki eru í gegnum Evrópusambandið aðilar að Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni. Þarna hafa þau greinilega fengið vistir sem hafa dugað þeim til þess að geta hafið þessar veiðar.

Um er að ræða mjög alvarlegt mál. Þessi skip eru mörg hver að veiðum undir fánum Georgíu og það er áformað að sjávarútvegsráðuneytið og utanríkisráðuneytið muni í sam-

vinnu reyna að taka þessi mál upp við fánaríkin, (Forseti hringir.) allt í því skyni að reyna að draga úr þessum veiðum og stöðva þær algjörlega.

[15:41]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi áhuga á málinu. Hann hefur sýnt það í verki eins og hann fór hér ágætlega yfir áðan. Ég hvet hann áfram til að leita allra þeirra leiða sem mögulegar eru til að komast fyrir þessar ólöglegu veiðar. Ég verð að segja að mér eru það nokkur vonbrigði að vinaþjóðir okkar hjá Evrópusambandinu skuli leyfa skipunum að koma sér upp vistum áður en þau fara á veiðar á þessu hafsvæði.

Þetta segir okkur að við þurfum að gæta hagsmuna okkar hvað varðar auðlindina. Það er enginn betur til þess fallinn en íslensk stjórnvöld. En ég vil spyrja ráðherra: Hvaða næstu skref koma til? Kemur til greina af hálfu íslenskra stjórnvalda að ganga lengra og (Forseti hringir.) fara að tilmælum eða ábendingum framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna?

[15:42]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Þetta mál er þess eðlis að við náum ekki að sigrast á því nema í samvinnu við önnur ríki, fyrst og fremst ríki Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar. Við erum að taka þessi mál upp þar mjög reglulega og reynum að herða á þessu máli eins og við lifandi getum.

Ég hef tekið þessi mál upp við forsvarsmenn innan Evrópusambandsins, við ráðherra í Færeyjum, Noregi og Bretlandi, allt í því skyni að reyna að vekja athygli á málinu. Íslensk stjórnvöld hafa sömuleiðis tekið þessi mál upp við stjórnvöld í Þýskalandi þar sem þessi skip hafa verið.

Við höfum vissulega ýmis úrræði og ekki síst sem felast í auknu eftirliti. Þegar skipin hafa fiskað í sig þurfa þau að losna við aflann. Þau gera það hugsanlega í höfnum Evrópu og þá þurfum við að fylgjast með því og koma athugasemdum okkar á framfæri við viðkomandi ríki. Því þarna er um að ræða algerlega ólöglegan afla og við verðum að koma í veg fyrir að þau geti landað honum og gert sér verðmæti úr honum. Þau hafa líka verið að landa (Forseti hringir.) í skip á hafi úti og við þurfum að fylgjast með því og reyna að koma í veg fyrir að það takist aftur.

[15:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara hvetja hæstv. ráðherra og ríkisstjórnina áfram í þessu máli. Ég held að þetta sé mál sem við getum öll verið sammála um sem erum hér í þessum sal. Ég fagna því sem hæstv. sjávarútvegsráðherra nefndi, hvað hefur verið gert.

Virðulegi forseti. Ég hvet hann áfram og ríkisstjórnina alla og ég tel að því alþjóðasamstarfi sem við þingmenn erum í, hvort sem það er á vettvangi EFTA eða annarra stofnana, þá eigum við að tala fyrir þessum málstað við vinaþjóðir okkar. Því svo sannarlega er það ein af þeim leiðum sem við verðum að fara og kannski fara fyrst áður en farið er út í róttækari aðgerðir.

Hér er mikið hagsmunamál á ferðinni, virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafði frumkvæði að þessu á sínum tíma og vil að endingu og enn og aftur hvetja hann til dáða í þessu máli.

Ríkisútvarpið hf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 401. mál (heildarlög). — Þskj. 517, nál. 1037 og 1117, brtt. 1038.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:46]

Mörður Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Við stjórnarandstæðingar höfum í þessari umræðu sýnt fram á það í fyrsta lagi að ekki er í frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. mótuð stefna um hlutverk og skyldur *Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps í framtíðinni.* Alls óljóst er um þjónustu þess við íslenskan almenning og stöðu þess á markaði. Búast má við kárínum frá Evrópusambandinu vegna þessa og auk þess er óvíst að frumvarpið standist tilmæli Evrópuráðsins. Hætt er við að áfram haldi ófriður vegna Ríkisútvarpsins þar sem markaðsstöðvarnar sætti sig illa við ríkisstyrkt útvarp sem í dagskrá sinni dragi dám af markhópasókn auglýsenda.

Í öðru lagi höfum við bent á að í frumvarpinu er ekkert aðhafst til þess að aflétta flokkspólitískum ítökum og íhlutun á Ríkisútvarpinu. Stjórnskipan þess gerir ráð fyrir að ríkisstjórnarmeirihluti endurnýjaður árlega ráði og reki útvarpsstjóra sem síðan hafi öll önnur völd í sínum höndum. Ljóst er að um þess konar fyrirkomulag skapast aldrei pólitískur friður eða sátt meðal landsmanna.

Í þriðja lagi höfum við bent á hversu fáránlegt það er að ætla fyrirtækinu búning hlutafélagsins og skapa að auki innan þess sérstaka leynd með því að gera ekki ráð fyrir að um það gildi upplýsingalög. Þessi tilhögun er sérlega athyglisverð þegar hafðar eru í huga fyrri yfirlýsingar Framsóknarflokksmanna um málefni Ríkisútvarpsins.

Þá höfum við bent á mikla galla nefskattsins sem fjáröflunarleiðar, dregið fram ófullnægjandi ákvæði um réttindi starfsmanna, krafist þess að gerð yrði grein fyrir eiginfjárstöðu fyrirtækisins, spurt án svara um réttarstöðu safnefnis og vakið athygli á miklu fleiri ágöllum frumvarpsins sem er alvarlega áfátt í flestum greinum þótt um einhverja helstu menningar- og lýðræðisstofnun Íslendinga sé að ræða.

Tillaga stjórnarandstæðinga í áliti minni hluta menntamálanefndar er því sú að málinu verði vísað frá. Forustumenn stjórnarmeirihlutans hafa nú fallist á að taka málið fyrir á ný í nefnd eftir 2. umr. Við höfum lagt fram tilboð um verklag við vinnuna fram undan og lagt til að nefnd skipuð fulltrúum allra flokka fari yfir málið í sumar. Við bíðum svars við því tilboði. Af þessum sökum hyggjumst við kalla aftur frávísunartillögu til 3. umr. Við sitjum hjá við atkvæðagreiðslu um breytingartillögur meiri hlutans enda varða þær ekki aðalatriði máls heldur er ætlað að uppfylla formskröfur frá Eftirlitsstofnun EFTA. Við sitjum einnig hjá við atkvæðagreiðslu um einstakar greinar enda þarf að fara yfir málið allt á ný í menntamálanefnd og í

þeim hópi sem vonandi verður settur til verka í sumar.

[15:49]

Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við þetta frumvarp er margt að athuga. Í fyrsta lagi er nefskattur ekki betri kostur en afnotagjald þrátt fyrir annmarka á því. Afleitt er að ráðstafa almennum skatti í rekstur hlutafélags sem hvorki stjórnsýslulög né upplýsingalög ná til.

Í öðru lagi er hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins leið sem vísar að arðsemiskröfu í rekstri og síðar að sölu hlutafjárins enda er hlutafélagsformið fyrst og fremst til þess að færa stofnunina í söluhæfan búning. Ég vísa til þess sem fram kom í athugasemdum með frumvarpi á síðasta vetri um Ríkisútvarpið sameignarfélag, með leyfi forseta:

„Við samningu frumvarps þessa var ekki farin sú leið að stofna hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins. Ástæða þess er sú að Ríkisútvarpið hefur sérstöðu, hér er um að ræða félag sem ekki er ráðgert að selja."

Tilvitnun lýkur í greinargerð með stjórnarfrumvarpi um Ríkisútvarpið sameignarfélag.

Ég get ekki ímyndað mér annað í ljósi þess að þegar hefur verið lagt fram þingmannafrumvarp um sölu Ríkisútvarpsins en að sala þess verði á dagskrá innan fárra ára. Ég er andvígur því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Ég tel að Ríkisútvarpinu eigi að breyta í sameignarstofnun og tryggja rekstur þess með sérstökum þjónustusamningi við ríkið. Ég mun því greiða atkvæði gegn 1. gr. þessa frumvarps um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag.

[15:51]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. Merði Árnasyni sem gerði grein fyrir þeirri stöðu sem nú er komin upp af hálfu stjórnarandstöðunnar og árétta þá afstöðu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við erum algerlega andvíg frumvarpi ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið. Við erum andvíg því að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi, við erum andvíg því að Ríkisútvarpið verði tekið undan upplýsingalögum, við erum andvíg því að Ríkisútvarpið verði tekið undan stjórnsýslulögum og að réttindi starfsfólksins verði skert eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Við höfum hins vegar lagt fram frumvarp hér á þingi sem mundi styrkja Ríkisútvarpið verulega og alla þá starfsemi sem því er ætlað að rækja. Við 2. umr. málsins komu upp nýir fletir á þessu máli og nýjar upplýsingar. Ég vísa þar sérstaklega í málatilbúnað hv. varaþingmanns Atla Gíslasonar sem varpaði ljósi á ýmsa þætti sem snúa að höfundarréttarmálum og eignum Ríkisútvarpsins. Hann vakti máls á ýmsum spurningum sem verður að fá svör við.

Við í stjórnarandstöðunni fengum því framgengt og stjórnarmeirihlutinn tók þeirri ósk okkar að málið færi aftur til þingnefndar. Til að leggja áherslu á að við lítum svo á að þessu máli sé á engan hátt lokið með þessari atkvæðagreiðslu höfum við ákveðið að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna í trausti þess að ríkisstjórnin sé að fallast á að málið fari að nýju til nefndar til að það verði skoðað þar í alvöru og reynt að leita eftir þverpólitískri sátt í þessu máli. Það er á þeirri forsendu sem við núna sitjum hjá og ég vísa aftur í málflutning hv. þm. Marðar Árnasonar þar sem hann gerði grein fyrir afstöðu okkar í stjórnarandstöðunni í þessu efni.

[15:53]

Sigurður Kári Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við greiðum hér atkvæði um frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið hf. Það varð að samkomulagi á föstudaginn sl. að ljúka 2. umr. um þetta mál og vísa því til umfjöllunar í hv. menntamálanefnd milli 2. og 3. umr. Stjórnarandstæðingar hafa talið að í þessu máli séu einhverjir lausir endar og þeir óskuðu því eftir að málið yrði tekið til umræðu og meðferðar í nefndinni á ný og kallaðir fyrir nefndina gestir þeir sem þeir óskuðu eftir að þangað kæmu.

Við höfum fallist á að kalla málið aftur inn í nefnd. Ég lít það þannig að með því séu stjórnarflokkarnir að rétta stjórnarandstöðunni sáttahönd eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur lýst. Ég verð þó að segja að ég varð fyrir töluverðum vonbrigðum á laugardaginn, daginn eftir að þetta samkomulag var gert að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sem óskaði eftir þessum fundi, lýsti því yfir í fréttum að þetta frumvarp væri hrákasmíð en það sem meira væri væri að hún teldi engar líkur á því að neinar sættir mundu nást.

Sem betur fer hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í hv. menntamálnefnd, hv. þingmenn Mörður Árnason, Atli Gíslason, Björgvin G. Sigurðsson og Einar Már Sigurðarson, sent mér málefnalegt bréf þar sem óskað er eftir að málið verði tekið fyrir í menntamálanefnd og þar verði einstök efnisatriði málsins yfirfarin nánar og gestir kallaðir á fund nefndarinnar. Ég fagna þessu bréfi. Málið mun því fara til nefndarinnar þar sem við munum fjalla frekar um það og afgreiða til 3. umr.

[15:56]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Annarri umræðu um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið er nú lokið. Ég hygg að það hafi verið ágætt fyrir framgöngu þessa máls að það kom hingað til 2. umr. því að 2. umr. hefur heldur betur leitt í ljós að frumvarpið er meingallað. Við hljótum að virða það við stjórnarmeirihlutann að þetta frumvarp skuli vera sent aftur til menntamálanefndar.

Við í Frjálslynda flokknum viljum því sýna þessu máli ákveðinn velvilja þó að við höfum lagst gegn því að Ríkisútvarpið yrði hlutafélagavætt. Við höfum haft mjög alvarlegar efasemdir varðandi þennan svokallaða nefskatt og við höfum líka haft mjög alvarlegar efasemdir um það að réttindi starfsmanna væru að fullu tryggð í þessu frumvarpi. En eins og ég segi, virðulegi forseti, viljum við sýna þessu máli ákveðinn velvilja og af þeirri ástæðu munum við sitja hjá við þá atkvæðagreiðslu sem fer fram nú á eftir.

Till. til rökst. dagskrár í nál. 1117 kölluð aftur.

1. gr. samþ. með 25:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, IHÓ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: KHG.

22 þm. (AKG, AtlG, EMS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS,

JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, PBj, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, HÁs, JBjart, KÓ, MÞH, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:58]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Í því frumvarpi sem við greiðum atkvæði um er verið að stofna hlutafélag um Ríkisútvarpið. Starfsmenn þess verða ekki lengur opinberir starfsmenn. Það er jákvætt. Hins vegar vildi ég gjarnan ganga lengra.

Ég hef lagt fyrir Alþingi frumvarp ásamt fleirum um að selja Ríkisútvarpið og ganga síðan þá braut til enda. Ég held að ekki sé meiri hluti fyrir því í Alþingi sem stendur að samþykkja þá leið en ég hygg að eftir svona tíu til fimmtán ár muni menn verða jafnhissa á því hér á hinu háa Alþingi að til skuli vera opinberir starfsmenn sem stunda fréttamennsku og menn eru hissa á því í dag að það hafi þurft opinbera starfsmenn til að stunda bankastarfsemi. Þar sem þetta eru ákveðin skref á þeirri leið að einkavæða RÚV segi ég já.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, IHÓ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

24 þm. (AKG, AtlG, EMS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PBj, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, HÁs, JBjart, KÓ, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1038,1 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, IHÓ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

24 þm. (AKG, AtlG, EMS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PBj, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, JBjart, KÓ, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, IHÓ, ÍGP, JónK, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, AtlG, EMS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PBj, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, JBjart, KÓ, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1038,2 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, IHÓ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

24 þm. (AKG, AtlG, EMS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PBj, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, JBjart, KÓ, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:00]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er athyglisvert við þessa tillögu meiri hluta menntamálanefndar að þar er Ríkisútvarpinu gert heimilt að geyma frumflutt dagskrárefni sitt en jafnframt er sú heimild færð úr 3. gr. frumvarpsins sem fjallar um almannaútvarpsreksturinn, að minnsta kosti að formi til, yfir í 4. gr. frumvarpsins sem fjallar um samkeppnisreksturinn.

Óljóst er hvort safnefni Ríkisútvarpsins til þessa á að hljóta sömu örlög. En þetta lýsir sérkennilegri afstöðu meiri hluta menntamálanefndar til almannaútvarps og samkeppnisrekstrar. Ef við værum ekki í svona góðu skapi gagnvart því tilboði sem eftir á svara um vinnuna hér í sumar, þá hefði ég greitt atkvæði gegn þessu. En ég mun sitja hjá í trausti þess að við náum að leiðrétta fingurbrjóta og mistök eins og þetta ber vott um í vinnu okkar í sumar.

4. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, IHÓ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

22 þm. (AKG, AtlG, EMS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PBj, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, LB, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

5.–6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, IHÓ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, AtlG, EMS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PBj, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1038,3 (7. gr. falli brott) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, IHÓ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, AtlG, EMS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PBj, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

8.–13. gr. (verða 7.–12. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, IHÓ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, AtlG, EMS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PBj, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1038,4 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, IHÓ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, AtlG, EMS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PBj, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

14. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, IHÓ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, AtlG, EMS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PBj, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I–V samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, IHÓ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, AtlG, EMS, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PBj, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, JóhS, JBjart, KÓ, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, HHj, ISG, IHÓ, ÍGP, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PBj, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ÖS.

14 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, DrH, GÓJ, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjart, KÓ, RG, SAÞ, SJS, VS) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 16:04]

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (rekstraraðilar). — Þskj. 518, nál. 1039, brtt. 1040.

[16:23]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Þröst Ólafsson, framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Hrafnkel Orra Egilsson og Sigurð Bjarka Gunnarsson frá starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Pál Magnússon, útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, og Stefán Jón Hafstein frá Reykjavíkurborg.

Umsagnir bárust nefndinni frá stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins, Viðskiptaráði Íslands, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Íslenskri málstöð og Bandalagi íslenskra listamanna.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf. og felur í sér tillögu um niðurfellingu greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands og einnig að greiðsluþátttaka Seltjarnarnesbæjar verði felld niður.

Í kjölfar niðurfellingar greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins er eðlilegt að Ríkisútvarpið eigi ekki lengur fulltrúa í stjórn hljómsveitarinnar, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur einnig til breytingu á verkefnavalsnefnd skv. 7. gr. laganna þannig að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar sé heimilt að skipa verkefnavalsnefnd um verkefni hljómsveitarinnar. Stjórnin ákveður nánar um skipulag og hlutverk nefndarinnar.

Meiri hlutinn telur einnig að lagfæra þurfi 4. mgr. 3. gr. laganna er varðar samning milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar. Ekki verður lengur um að ræða flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar „á móti framlagi útvarpsins“ eins og fram kemur í ákvæðinu þar sem greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins fellur niður og leggur því nefndin til breytingartillögu þess efnis að Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ríkisútvarpið hf. geri með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar til að tryggja áframhaldandi samstarf. Nefndin hefur fengið þær upplýsingar að vilji sé hjá viðkomandi aðilum til að viðhalda samstarfi um flutning tónlistarefnis hljómsveitarinnar og frekar að auka hann en minnka

Að þessu sögðu, frú forseti, leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Undir þetta nefndarálit rita ásamt þeim sem hér stendur, hv. þm. Sigurrós Þorgrímsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

[16:27]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins varðandi nefndarálitið og stöðu þessa máls sem lýtur að Sinfóníuhljómsveit Íslands. Málefni Sinfóníuhljómsveitarinnar eru jú nátengd málefnum Ríkisútvarpsins og þau hafa fylgst að, Sinfóníuhljómsveitin og Ríkisútvarpið, og fylgst með í þjóðarsálinni einnig.

Nú hefur hv. formaður menntamálanefndar lýst yfir að frumvarp um Ríkisútvarpið fari til hv. menntamálanefndar eftir 2. umr. Ég inni þá þingmanninn eftir því hvort ekki sé eðlilegt að málefni Sinfóníuhljómsveitarinnar fylgi með. Þetta er óaðskiljanlegur hluti af málum Ríkisútvarpsins og ég tel mjög eðlilegt að svo sé áfram og vil heyra hvort formaður hv. menntamálanefndar sé ekki sömu skoðunar, að þessu verði vísað til hv. menntamálanefndar fari það á annað borð í gegnum 2. umr.

[16:28]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hefði talið eðlilegra að þetta samkomulag sem gert var á föstudaginn var um að taka frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. til umræðu í hv. menntamálanefnd milli 2. og 3. umr. hefði fylgt því frumvarpi. Enda hanga þessi frumvörp saman. Þetta frumvarp hins vegar felur fyrst og fremst í sér leiðréttingu sem nauðsynlegt er að gera með hliðsjón af frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. Það eru að mínu mati engir lausir endar í þessu máli sem kalla á að taka þurfi það inn í nefndina aftur milli 2. og 3. umr.

En við skulum bara sjá til hvort fram kemur formleg ósk um það og sömuleiðis hvort sú umræða sem hér er hafin leiðir til að slíkt sé nauðsynlegt. Að öðru leyti er þetta frumvarp einfalt og kannski ekki svo flókið að það þurfi frekari umræðu við í nefndinni.

[16:30]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta frumvarp er í sjálfu sér einfalt hvað það varðar. En varðandi stöðu Sinfóníuhljómsveitarinnar sem slíkrar er náttúrlega ekki tekið á málum hennar. Hún hefur fylgt Ríkisútvarpinu, m.a. fjármögnun, rekstur og ábyrgð á þessari starfsemi hefur fylgt þar með þó svo að skornar hafi verið mjög við nögl fjárveitingar bæði til Ríkisútvarpsins og eins til Sinfóníuhljómsveitarinnar á undanförnum árum. Það hefur ekki verið Alþingi til sóma að skera svo niður fjárveitingar til þessara stofnana. Engu að síður tel ég einboðið að þetta fylgist að. Ég er náttúrlega að vona að Ríkisútvarpið sleppi við þau dapurlegu örlög að verða hlutafélagavætt og við sjáum hvað setur í þeim efnum en einboðið er að Sinfóníuhljómsveitin og málefni hennar fylgi með í þeirri umræðu og þróun þess máls á þinginu.

[16:31]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom ekki fram í þeim andsvörum sem hv. þingmaður fór í við mig hvaða afstöðu hann tekur til efnis þessa máls. Ég bendi hv. þingmanni á að tilgangurinn með því frumvarpi sem við erum að ræða er m.a. sá að fella niður greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins við rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hvað þýðir það? Það þýðir að verið er að létta álögum af Ríkisútvarpinu sem hv. þingmaður telur að séu miklar. Af hverju tekur hann þá bara ekki undir það að slíkt sé heppilegt og jákvætt? Að minnsta kosti ætti hann að gera það miðað við þau orð sem hér voru látin falla.

Ég vil síðan benda hv. þingmanni á það út af því sem hér kom fram að nefndin hefur aflað sér þeirra upplýsinga og það hefur komið fram í tengslum við vinnslu þessa máls að fullur vilji er milli Sinfóníuhljómsveitarinnar annars vegar og Ríkisútvarpsins hins vegar að halda áfram því ágæta samstarfi sem þessar tvær stofnanir hafa haft á síðustu áratugum. Það hefur komið fram að menn vilja frekar auka þetta samstarf en að minnka það. Það hefur líka verið um það rætt að gerður sé sérstakur samningur um slíkt eins og greinir í nefndarálitinu. Þessi atriði ættu því að vera öll frágengin í þessu máli.

Við skulum sjá, hv. þingmaður, hvað fer fram í umræðunum sem ég vona að verði málefnalegar enda sé ég að einn mjög málefnalegur hv. þingmaður er að gera sig kláran í umræðu um væntanlega þetta mál.

[16:33]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil taka fram í tilefni af þessum orðaskiptum áðan að ég hef frá upphafi þessa máls litið á þetta sem sjálfstætt mál og tel að Sinfóníuhljómsveit Íslands verðskuldi að talað sé um hana á hennar eigin forsendum og ekki sem einhvern fylgifisk annarrar stofnunar eða einhverra annarra hluta. Það var þess vegna sem ég hreyfði mótmælum við því í fyrra þegar flutt voru frumvörp um Ríkisútvarpið — sem þá hét Ríkisútvarp sf., sameignarfélag, einhver kann að muna eftir því hér í salnum — og Sinfóníuhljómsveitina. Þá gerði ég athugasemd við þá ætlan ráðherra að ræða þetta í einu lagi. Síðan hefur þetta verið aðskilið þó að vissulega tengist málin því að ástæðan fyrir því að farið var að taka lögin um Sinfóníuhljómsveitina sérstaklega fyrir er auðvitað sú að menn una ekki við það lengur að Ríkisútvarpið sé einn af rekstraraðilum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Eins og ég tók fram í 1. umr. um málið í fyrra og í 1. umr. nú erum við samfylkingarmenn í meginatriðum í grunninn sammála þeirri niðurstöðu og erum sammála bæði forustu Ríkisútvarpsins sjálfs og Sinfóníuhljómsveitar Íslands um það mál.

Sinfóníuhljómsveitin á sér langa og merka sögu, 56 ár er hægt að telja og er vaninn að miðað sé við 9. mars 1950 þegar fyrstu tónleikar atvinnumannahljómsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands voru haldnir. Forsagan er þó enn þá lengri og væri gaman að rifja hana upp. Það er kannski hægt að gera það í 3. umr. eða á eftir, en árið 1950 var Sinfóníuhljómsveitin stofnuð innan vébanda Ríkisútvarpsins og þannig varð það að Sinfóníuhljómsveitin var svona dóttir í foreldrahúsum allt fram til ársins 1982 þegar samþykkt voru þau lög sem nú gilda, nr. 36/1982. Það er skemmtilegt fyrir okkur jafnaðarmenn að það var í tíð Svavars Gestssonar páv. menntamálaráðherra sem þetta var gert. Þessi lög eru auðvitað barn síns tíma en þau eru fyrstu lögin um Sinfóníuhljómsveitina og við þau má segja að Sinfóníuhljómsveitin hafi, ef við höldum líkingunni, orðið táningur, gengið undir eins konar fermingu og þar með fengið ákveðið

sjálfstæði. Það er kannski kominn tími til þess núna árið 2006, 56 árum eftir hina formlegu stofnun hennar og 24 árum eftir að lögin voru samþykkt, að Sinfóníuhljómsveitin, sem eiginlega er flutt að heiman fyrir löngu, fái nú sérstakt lögheimili og fjárhagur hennar sé aðskilinn við foreldri sitt.

Það er þannig að stundum verða viðskipti foreldra og stálpaðra barna eða táninga svolítið erfið og því miður hefur það verið þannig undanfarin ár að Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveitin hafa af einhverjum ástæðum ekki átt nægilega góða samleið. Kannski stafar það af þeirri nauðung sem forustumönnum Ríkisútvarpsins hefur lengi fundist að þurfa að verja tekjum sínum af afnotagjaldi, útvarpsgjaldi, og öðrum tekjum, til að taka þátt í kostnaði við Sinfóníuhljómsveitina og sérstaklega vegna þess að Ríkisútvarpið hefur, eins og aðrir rekstraraðilar auk ríkissjóðs, borgarsjóðs Reykjavíkur og bæjarsjóðs Seltjarnarness, ekki haft nema að mjög litlu leyti ákvörðunarrétt um það hver þessi kostnaður væri, því að rekstraraðilarnir borga hann eftir á, að starfsárinu loknu og geta þess vegna ekki gert ráð fyrir því í sinni eigin fjárhagsáætlun hver þessi upphæð muni verða að loknu starfsári Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Ég hef fylgst nokkuð með málefnum Ríkisútvarpsins og var í útvarpsráði í fjögur ár, hef líka lítillega unnið þar á gólfinu og verið í kringum það með ýmsum hætti. Ég verð að segja að bæði sem áhugamaður um það og sem hlustandi og áhorfandi hef ég ekki skilið af hverju Ríkisútvarpið hefur ekki nýtt sér þá möguleika sem það hefur samkvæmt lögunum og samkvæmt samningum við Sinfóníuhljómsveitina um að flytja meira af efni Sinfóníunnar. Það á sérstaklega við um sjónvarpið sem einhvern veginn hefur aldrei fattað það, þannig að ég tali viðeigandi mál, að sígild tónlist er gott og vinsælt sjónvarpsefni, heldur hefur nánast forðast að nýta sér þá möguleika sem það hefur haft til að flytja ódýrt, ókeypis í raun hvað Sinfóníuna varðar, efni fyrir hlustendur ýmist á besta tíma sem mögulegur er eða þá á þeim tíma sem er utan kjördagskrár, utan þess svæðis þar sem flestir horfa. Hins vegar tekur maður eftir því að sjónvarpinu líkar vel að sýna aðrar hljómsveitir sem í útlöndum starfa og virðast taka þær fram yfir.

Ég verð því að segja að við þennan aðskilnað vona ég að þetta samstarf verði betra, sérstaklega milli sjónvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Fyrirheit eru um það, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson formaður menntamálanefndar nefndi áðan, bæði frá Sinfóníuhljómsveitinni og Ríkisútvarpinu að því er okkur skildist á mönnum í nefndinni, að þetta samstarf gæti batnað þegar þessi samskipti komast í eðlilegra horf en þau hafa verið í nokkra stund.

Ég vil svo segja að það er galli á afgreiðslu þessa máls, kannski af því að það hefur þessi tengsl við Ríkisútvarpsfrumvarpið vitlausa, að þegar Sinfóníuhljómsveitin loksins flytur að heiman og fær sjálfstætt lögheimili er ekki ljóst, á þeim tíma sem 2. umr. um þetta mál fer fram, hver hinn fjárhagslegi aðskilnaður milli Sinfóníunnar og Ríkisútvarpsins er. Ég bæti við ríkissjóðs. Það er hin fræga þjóðarfiðla sem þar stendur á milli. Ríkisútvarpið segist eiga þessa fiðlu, Sinfóníuhljómsveitin segist eiga siðferðilegan rétt á þessari fiðlu og reyndar nokkrum öðrum hljóðfærum sem svipað er ástatt um en eru ekki jafnverðmikil og ekki jafndýrmæt sem slík. En fulltrúar ríkissjóðs, fulltrúar fjármálaráðuneytisins, segja að það sé ríkissjóður sem eigi fiðluna vegna þess að ekki hafi verið neinn aðskilnaður milli ríkissjóðs og Ríkisútvarpsins á þeim tíma sem hennar var aflað, þessarar merkilegu og dýrmætu fiðlu.

Þetta mál var ekki skýrt þegar málið valt út úr menntamálanefnd. Ég nota af ásettu ráði ekki „tekið út úr" eða „afgreitt út úr", heldur valt út úr menntamálanefnd sem ég lýsi síðar. Ég tel að formaður menntamálanefndar skuldi okkur skýringu á því hvernig verði með þessa fiðlu. Er hún eign ríkissjóðs? Er hún eign Sinfóníuhljómsveitarinnar eða er hún eign Ríkisútvarpsins? Þetta skiptir auðvitað miklu máli þegar Sinfónían á að standa á eigin fótum. Skiptir Ríkisútvarpið mjög miklu máli líka vegna þess að fiðlan þarf að koma inn í hina fjárhagslegu stöðu sem við förum í gegnum á næstu dögum og í sumar til þess að Ríkisútvarpið hafi jákvæða eiginfjárstöðu þegar það verður fært að lokum í annað rekstrarform, hvort sem það verður hlutafélag eða sjálfseignarstofnun. Hér er því leiðinleg gloppa á þessu máli. Ekki er vitað um hver á fiðluna sem Guðný Guðmundsdóttir konsertmeistari, annar af tveimur, leikur á allajafna við aðdáun og hrifningu áhorfenda.

Ég vil nefna líka aðra gloppu eða ég veit ekki hvað á að kalla það, ókurteisi, nánast dónaskap, sem þó er því miður dæmigerður fyrir vinnubrögðin í menntamálaráðuneytinu. Það framferði felst í því að þegar þetta frumvarp er smíðað, bæði það fyrra og það seinna, er ekki rætt við þá rekstraraðila sem samkvæmt núverandi lögum taka þátt í starfsemi og rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Fulltrúar ríkissjóðs, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra, ræddu ekki við fulltrúa borgarsjóðs Reykjavíkur. Það kom fram í heimsóknum formanns menntamálaráðs bæði núna og í fyrra að hæstv. menntamálaráðherra hafði ekkert hreyft sig í því að sýna mönnum þá lágmarksvirðingu að ræða við þá þó að borgarsjóður Reykjavíkur standi undir 18% af rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Það er satt að segja alveg furðulegt að menn skuli haga sér svona. Það er ekki einu sinni sinnt sjálfsagðri tilkynningarskyldu milli aðila sem eru í samstarfi og bandalagi á þennan hátt. Það fyrsta sem borgarfulltrúar Reykjavíkurborgar og stjórnendur fá að heyra formlega af þessu máli er þegar menntamálanefnd sendir — og má nú garmurinn Ketill eiga það — beiðni um umsögn þeim rekstraraðila sem er annar stærstur eftir að þetta frumvarp yrði að lögum.

Það er enn þá skrýtnara vegna þess að í lögunum sem nú gilda er sérstaklega í 2. mgr. 3. gr. minnst á samráð menntamálaráðuneytisins við rekstraraðila. Það er að vísu í öðru tilviki. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Með samþykki rekstraraðila getur menntamálaráðuneytið heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri hljómsveitarinnar."

En hér er löggjafinn að segja menntamálaráðherra að hann eigi að hafa almennt samráð við rekstraraðila um þær breytingar sem kynnu að verða á bandalagi í kringum Sinfóníuhljómsveitina. Það sem hefur gerst í þessum lögum hvað þessa grein varðar er að einn rekstraraðilinn hefur fallið út. Það er bæjarsjóður Seltjarnarness sem er ábyrgur fyrir einu prósenti af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar. Það er ekki um neina eign að ræða, það er frekar öfugt.

Mundu nú klárir lögfræðingar, svo sem hinn ágæti lögmaður, fyrrverandi hlýt ég að segja, því hann starfar nú við annað, Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, hv. þingmaður, auðvitað gagnálykta á þessari 2. mgr. 3. gr. að með sama hætti hljóti menntamálaráðuneytið að leita samþykkis rekstraraðila við því að fækka í hópi rekstraraðila. Fyrir mér er þetta svo sem ekki stórmál en það sýnir þann anda sem þetta frumvarp er unnið í og það lýsir vel vinnubrögðunum í menntamálaráðuneyti Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, hæstv. menntamálaráðherra. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það. Ef þau ættu að vera fleiri mundu þau verða samantvinnuð þannig að menn viti af hvaða rót málfars þau orð mundu spretta.

Ég segi það svo enn um þetta frumvarp að ég fagna því mjög að meiri hluta menntamálanefndar skuli, reyndar að ábendingu okkar, hafa tekist að leggja fram tillögu til að leiðrétta það frumvarp sem var lagt fram í haust. Það var nefnilega samhljóða frumvarpinu frá í fyrra að því leyti að um leið og aðild Ríkisútvarpsins var afnumin í frumvarpinu, þá nenntu þeir menn ekki að lesa lengra niður sem frumvarpið sömdu fyrir hönd menntamálaráðherrans hæstv. og skildu eftir þá klausu í 4. mgr. 3. gr. sem er svona, með leyfi forseta:

„Samningur sé gerður milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar á móti framlagi útvarpsins samkvæmt þessari grein og sé samningurinn miðaður við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa hafa mótast á undanförnum árum."

Í frumvarpinu gerði menntamálaráðherra þannig ráð fyrir að þarna stæði ákvæði áfram um samning milli hljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins á móti framlagi útvarpsins samkvæmt þessari grein en var þó búinn að taka út úr frumvarpinu nákvæmlega það framlag sem þarna er um að ræða.

Þetta er auðvitað fingurbrjótur og mistök sem sjálfsagt er að afsaka ef þetta væri ekki í annað skipti, forseti, sem þessi mistök eru gerð. Því þetta var líka inni í frumvarpinu í fyrra. Á það var bent í 1. umr. að þetta væri inni í frumvarpinu í fyrra. Samt koma mennirnir úr menntamálaráðuneytinu, starfsmenn og þjónar hæstv. menntamálaráðherra, með þessa vitleysu í annað skipti. Eins og þetta skipti engu máli. Eins og Sinfóníuhljómsveitin sé bara einhver drusla sem ekkert þarf að vanda sig við. Það þarf bara að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið og hitt er unnið með handarbökunum.

Sem betur fer hefur meiri hluta menntamálanefndar og menntamálanefndinni allri, undir forustu hins glögga og djúpvitra formanns Sigurðar Kára Kristjánssonar, hv. þingmanns, tekist að laga þetta frumvarp menntamálaráðherrans hæstv. Er óskandi að frami þessa ágæta þingmanns verði enn þá meiri þó ég óski honum ekki alla leið upp í ráðherrasæti, að minnsta kosti ekki að svo stöddu. Ekki fyrr en hann gerir sjálfsgagnrýni með stóra frumvarpið — ríkisútvarpsfrumvarpið. Það er hættulegt eins og við vitum að lyfta mönnum sem eru yfirlýstir sölumenn Ríkisútvarpsins mjög hátt í þessum málaflokki. En margir aðrir málaflokkar koma til greina sem hv. þingmaður Sigurður Kári Kristjánsson getur unnið vel að og ég óska honum allra heilla í því starfi í framtíðinni.

Þetta er búið að laga en ég hlaut, forseti, að minnast á þetta sem dæmi um undirbúning þessa máls og vinnubrögðin í menntamálaráðuneytinu.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég geta þess sem glöggir þingmenn og áheyrendur aðrir kunna að taka eftir, að það vantar minnihlutaálit úr nefndinni. Nefndarálitið er eingöngu nefndarálit meiri hluta menntamálanefndar. Það er undarlegt því það er venjan ef það myndast minni hluti í nefnd að hann skili áliti og skýri frá því hvað beri á milli hans og meiri hlutans. Í menntamálanefndinni hefur meðan við höfum starfað þar sem nú störfum þar fyrir stjórnarandstöðuna kapp verið lagt á að útbúa minnihlutaálit sem séu sem skýrust og gleggst og lýsi skoðunum okkar á hlutunum og þeirri niðurstöðu sem við höfum komist að.

En þannig gekk nú til í menntamálanefndinni í þetta skiptið, ólíkt því sem venjulega gerist. Því enn verður að hrósa hv. þingmanni Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir lipurð og gætni við hin venjulegu störf í nefndinni. En í ríkisútvarpsmálinu er eins og meiri hluti nefndarinnar sé á lyfjum eða í einhverri skrýtinni leiðslu sem sett hafa verið á hann úr menntamálaráðuneytinu og frá forustu flokkanna tveggja. Því svo brá við í þessu máli, forseti, að málið var aldrei afgreitt út úr nefndinni. Frumvarpið um Sinfóníuhljómsveit Íslands var aldrei afgreitt út úr nefndinni heldur endaði sá nefndarfundur þar sem það hefur væntanlega átt að gerast á þannig að greidd voru atkvæði um frumvarpið um Ríkisútvarpið hf., hvort ætti að taka það út úr nefndinni. Það var samþykkt með 5 atkvæðum gegn 4. Síðan var fundi slitið. Síðan sleit hinn vaski formaður menntamálanefndar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, fundinum. Við gerðum enga athugasemd við það enda vorum við nokkuð móð, ekki sár að vísu en nokkuð móð eftir þennan fund og líka vegna þess að okkur þótti hann ákaflega óvenjulegur miðað við þá fundi sem í nefndinni hafa verið í vetur. Var líkari þeim starfsháttum sem viðhöfð voru í nefndinni í fyrra undir forustu þáverandi formanns og ég ætla ekki að nefna nafn hans að sinni. Enda er það viðkvæmt. Hann er í framboði í sveitarfélagi og ókurteislegt að vera að blanda honum í þetta mál.

Þess vegna notaði ég áðan það orðalag að málið hefði meira oltið út úr nefndinni en verið tekið út úr henni eða afgreitt út úr henni. Við hyggjumst ekki gera athugasemd við þessa afgreiðslu mála þó sumum formalistum þætti kannski ástæða til að forseti gripi inn í og léti afgreiða þetta mál aftur út úr nefndinni. En þetta var ástæðan fyrir því að við skrifuðum ekki minnihlutaálit. Þegar athygli mín og okkar fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefndinni var vakin á af hverju við gerðum það ekki var ákveðið að láta þessa eyðu standa sem eins konar minnisvarða um vinnubrögð meiri hluta menntamálanefndar í þessu máli.

Það má segja að kannski sé þetta það sem í útlöndum er oft kallað ljóðrænt réttlæti, að núna er til meirihlutaálit úr menntamálanefnd um þetta mál en í fyrra afgreiddi minni hlutinn álit sitt á því út frá þeirri hinni sömu menntamálanefnd. Þá stóð svo á, forseti, að meiri hluta menntamálanefndar lá mjög á að búa til álit um Ríkisútvarpið sem þá hét Ríkisútvarpið sf. að mig minnir, ég er farinn að ruglast í öllum þessum skammstöfunum stjórnarmeirihlutans á þessu góða fyrirtæki, þó sýnt væri þá að málið mundi ekki hljóta

afgreiðslu á því þingi. Ég er ekki gáfaður maður, forseti, og tregur að skilja hlutina. En mér sýndist í haust þegar til þings kom á ný að þetta meirihlutaálit mundi hafa verið búið til fyrir markhópinn Eftirlitsstofnun EFTA. Og varð síðan umræðuefni á fundum sem fulltrúar þeirrar stofnunar áttu með ráðuneytum tveimur hér í bæ, menntamála- og fjármálaráðuneytum. Á þeim fundum og af þeim samskiptum spruttu hin frægu ESA-skjöl sem þurfti með nokkru harðfylgi að gera opinber í haust þegar ríkisútvarpsmálið kom til nefndarinnar.

Þannig stendur á þessu og þeir sem vilja vita afstöðu að minnsta kosti okkar samfylkingarmanna til málsins og lesa það af skriflegu blaði sem heitir nefndarálit er vísað á nefndarálit okkar frá því í fyrra sem heldur nokkurn veginn fullu gildi.

Að lokum þetta: Við styðjum þetta mál þótt breytingartillögur nefndarinnar séu sumar nokkuð klaufalegar, t.d. að menntamálaráðherra eigi að skipa tvo fulltrúa í stjórn Sinfóníunnar þar sem einfaldlega er settur fulltrúi menntamálaráðherra í staðinn fyrir fulltrúa Ríkisútvarpsins. Maður spyr til hvers. Af hverju tvo? Svörin eru bara þau að það þarf að breyta lögunum í hasti af því þau tengjast þessu mikla og hraðskreiða máli með Ríkisútvarpið. Það er sérkennileg tilviljun, fyrst um það er rætt, að sá fulltrúi heitir ekki fulltrúi menntamálaráðherra heldur fulltrúi menntamálaráðuneytisins. Það er að vísu ekki að kenna núverandi hæstv. menntamálaráðherra né meiri hluta nefndarinnar heldur þeim sem um þetta véluðu árið 1982, því hér er alls staðar talað um menntamálaráðuneytið en ekki menntamálaráðherra. Menntamálaráðuneytið er hins vegar ekki til sem sjálfstæður aðili. Ráðuneytið hefur engan vilja heldur er eingöngu skrifstofa ráðherra eins og þeim væri kannski sjálfum hollt að minnast þegar þeir gera ráðuneytin sín að einhverju öðru en sínum eigin skrifstofum.

Ýmislegt í sögu þessa máls þessi tvö ár, ég hef farið yfir margt af því hér, sýnir ef til vill að kominn er tími til að endurskoða í heild lögin um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Við erum hér bara að taka eitt, tvö, þrjú skref en ættum að virða Sinfóníuna þess að fara sjálfstætt í endurskoðun á lögum um hana. Sinfóníuhljómsveitin sjálf er mjög að breytast. Þar er enn leikið á sömu hljóðfæri og eftir sömu lögmálum en staða hennar bæði í íslensku samfélagi og í erlendu samhengi er öll önnur en áður var. Hún er nú viðurkennd ein af betri hljómsveitum á Norðurlöndum og hróður hennar fer víða. Hún selur efni sitt á hljómdiskum víða um lönd og er eftirsótt bæði af hljóðfæraleikurum og stjórnendum, mæstróum. Ég vona að það gerist innan skamms þótt þetta séu nokkur skref í áttina. Það er full þörf á því og við styðjum þetta mál samfylkingarmenn í því trausti að það gerist á næstunni. Þó í ljósi reynslunnar, forseti, vonandi ekki fyrr en eftir næstu kosningar þegar þeim vinnubrögðum linnir sem einkenna nú nærfellt öll þau mál sem koma úr menntamálaráðuneytinu inn á þingið.

[16:59]

Frsm. meiri hluta menntm. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi ræða hjá hv. þingmanni var fyrir margra hluta sakir nokkuð snjöll. Sérstaklega fannst mér gaman að heyra útleggingar hv. þingmanns á því að málið hefði ekki verið tekið út og það væri ástæðan fyrir því að minni hlutinn skilaði ekki nefndaráliti. Það var ágætis útlegging á því og réttlæting á því að nefndarálit minni hlutans liggur ekki fyrir. En það er ágætt að heyra að hv. þingmaður ætlar ekki að gera meira úr þessu. Ég hlýt að gera athugasemd við þau orð hv. þingmanns.

Ég fór hins vegar í þetta andsvar til að svara spurningum varðandi þessa fiðlu sem alltaf er verið að tala um. Spurninguna um hver á fiðluna. Hver á fiðluna? Í mínum huga er það nokkuð skýrt. Hv. þingmaður lýsti því að Ríkisútvarpið gerði eignartilkall til fiðlunnar. Sinfóníuhljómsveitin líka, taldi sig eiga fiðluna af einhverjum siðferðislegum ástæðum. Og síðan ríkissjóður. Við skulum leggja ríkissjóð til hliðar en ég lít þannig á að það sé Ríkisútvarpið sem eigi þessa fiðlu og hef alltaf litið þannig á. Ég held að við gerum ekki ágreining um það, ég og hv. þingmaður, að það var útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins sem keypti fiðluna fyrir hönd stofnunarinnar. Ég held við getum verið sammála um það. Ég veit ekki betur en að fiðlan sé bókfærð í bókum Ríkisútvarpsins og hún verður ekkert fjarlægð þaðan á einhverjum siðferðislegum grundvelli sem starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa haldið fram.

Þeir hafa hins vegar haft umráð yfir fiðlunni, það er annað, og greitt af henni tryggingariðgjöld og annan rekstur. En það veitir Sinfóníuhljómsveitinni ekki að mínu mati eignarrumráð yfir fiðlunni. En þegar allt kemur til alls er sannleikskorn í því hjá ríkissjóði að ríkissjóður (Forseti hringir.) á þetta náttúrulega allt saman vegna þess að það verður erfitt að slíta naflastrenginn sem er milli ríkissjóðs og þessara tveggja stofnana.

[17:02]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er fróðlegt að heyra skoðanir hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar á þessu. Við gætum staðið hér í allan dag og haft skoðanir á þessu máli. Það er því miður ekkert í þingmálinu sem við fjöllum um sem þetta varðar þannig að skoðanir okkar eru tiltölulega fánýtar fyrir löggjafarsamkomuna. Eftir standa yfirlýsingar þessara þriggja aðila: Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem viðurkennir að hún á ekki fiðluna en telur sig hafa ákveðinn umráða- og nýtingarrétt, þannig að við förum nú út í þá umræðu, yfir þessari fiðlu. Ríkisútvarpið telur sig eiga fiðluna og vill fá hana greidda eigi að koma í veg fyrir að það taki fiðluna til sín og selji hæstbjóðanda. Það vill fá hana greidda annaðhvort frá Sinfóníunni, ríkissjóði eða einhverjum öðrum sem vill kaupa af henni fiðluna.

Fulltrúi ríkissjóðs, fulltrúi fjármálaráðherra á fundi nefndarinnar, sagði að í raun ætti ríkissjóður þessa fiðlu. Hvaða skoðanir Sigurður Kári Kristjánsson hefur á því, það þykir mér merkilegt efni í málfund en það sem ég var að biðja um voru ekki skoðanir hans á því heldur hvort hann hefði gengið úr skugga um þetta vandamál í stjórnkerfinu, hver eigi fiðluna, hvar er hún er færð og hver hafi leyfi til að selja hana hæstbjóðanda eða að fela Sinfóníuhljómsveitinni umsjón hennar, vonandi til þeirrar eilífðar sem Sinfóníuhljómsveitin stendur frammi fyrir.

[17:03]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit svo sem ekki hvað hv. þingmanni finnst um mínar skoðanir. Hann verður að hafa það fyrir sig. Ég skildi hann ekki betur en svo að hann varpaði til mín ákveðnum spurningum sem ég reyndi að svara. Ég sagði að í mínum huga væri morgunljóst að Ríkisútvarpið ætti þessa fiðlu. Það er nú bara þannig. Ég leit þannig á að hv. þingmaður væri að spyrja mig álits á því. Þetta er mitt álit og mín skoðun. Hún byggir á þeim upplýsingum sem fram komu í nefndinni.

Auðvitað á ríkissjóður þetta allt saman á endanum, í því er sannleikskorn, meðan ríkið á Ríkisútvarpið og á og rekur Sinfóníuhljómsveitina. Þá hlýtur þetta á endanum, þegar til uppgjörs kemur, að renna inn í bækur ríkissjóðs.

[17:04]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég ætlaði ekki að fara að þvarga við þingmanninn um þetta. Enda gefst okkur sem betur fer kostur á því á nefndarfundi strax á morgun og síðan næstu daga, að ganga úr skugga um þetta, hvernig þessi deila stendur og hver séu heppilegustu afskipti Alþingis af þessari deilu.

Svo ég láti mínar skoðanir í ljós eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson lít ég svo á að Ríkisútvarpið eigi þessa fiðlu. Þess vegna tel ég það vera skyldu ríkissjóðs að kaupa fiðluna af Ríkisútvarpinu og færa Sinfóníuhljómsveitinni fiðluna að gjöf við þau tímamót sem nú verða í starfi hennar. Þetta getum við athugað betur í nefndarstarfinu því að þetta er eitt af sameiginlegum efnum Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar.

[17:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í tilefni af orðaskiptum sem hér urðu áðan milli tveggja hv. þingmanna sem ræddust við í andsvörum verð ég að segja að ég held að það hljóti að vera vitleysa hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni þegar hann heldur því fram að ríkið eigi þetta allt að lokum. Ríkið mun ekki eiga þessa fiðlu ef hún fellur í hlut Ríkisútvarpsins og hv. þm. Pétri H. Blöndal verður að ósk sinni, sem hann lýsti því yfir fyrr í dag að Ríkisútvarpið yrði selt. Það er alveg klárt.

Frú forseti. Ég er ekki alveg sammála þeim tveimur þingmönnum sem töluðu áðan eins og formið skipti ekki máli.

Hv. þm. Mörður Árnason upplýsti að í óðagoti og flumbrugangi við að afgreiða frumvarpið um einkavæðingu Ríkisútvarpsins úr nefnd hefði gleymst að afgreiða frumvarpið sem hér liggur fyrir til umræðu. Ég er hreinn og tær formalisti í þessum efnum. Annaðhvort eru mál afgreidd eða ekki. Þau eru ekki afgreidd úr nefnd fyrr en fyrir liggur samþykki allra eða að greidd hafa verið um þau atkvæði. Það hefur komið hér fram hjá hv. þingmanni að atkvæði hafi ekki verið greidd um þetta mál.

Mig langar að spyrja hv. þingmann frekar út í tildrög þessa máls. Mér sýnist á öllu að þá kunni að vera formgalli á því að við séum að ræða málið. Það hefur ekki verið afgreitt úr nefnd sem lög kveða á um og ef einhverjir ættu ekki að brjóta lögin, hvað þá um þeirra eigin vinnustað og starfshætti, þá eru það hv. alþingismenn.

Mig langar að spyrja hv. þm. Mörð Árnason: Er það virkilega svo að málið hafi ekki verið afgreitt formlega úr nefnd?

[17:07]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Já, það er svo að með formlegum hætti hefur þetta mál ekki verið afgreitt úr nefnd.

Málin eru tvö eins og ég vakti athygli á áðan. Fyrir nefndinni lágu tvö mál og fóru í gegnum nefndina á sama tíma, annars vegar frumvarp um Ríkisútvarpið hf. og hins vegar frumvarp um breytingar á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Undir lok síðasta fundar menntamálanefndar um Ríkisútvarpið var það mál vissulega afgreitt út úr nefndinni, gegn atkvæðum stjórnarandstæðinga eins og ég sagði frá áðan, en Sinfóníuhljómsveitarmálið ekki. Á það minntist enginn. Satt að segja held ég að það hafi ekki verið okkur efst í huga eftir þennan fund. Þá tóku við aðrir hlutir í þeim ágreiningi sem varð um hið vanbúna frumvarp um Ríkisútvarpið.

Síðan er þetta mál allt í einu komið inn á dagskrá þingsins. Ég er nýliði á þingi eins og menn vita og átta mig kannski ekki alveg á því hvað er rétt að gera. En þetta þyrfti meiri umræðu, hvort við förum í raun á svig við lög með því að tala um mál sem á enn eftir að afgreiða úr menntamálanefnd.

Það er svo, sem er ástæðan fyrir því að við vorum aldrei beðin um afstöðu okkar til þessa álits sem meiri hlutinn eða Sigurður Kári Kristjánsson formaður nefndarinnar hv. þm. lagði fram, að menn voru því sammála. Ég verð að segja fyrir sjálfan mig að ég er þessu áliti að mestu samþykkur, eins og fram kom í ræðu minni, þótt ég hefði viljað haga einstökum breytingartillögum á annan hátt. Ég tek ekki undir allt sem þarna er sagt og ég hefði viljað hafa orðalagið öðruvísi. En til þess gafst aldrei tækifæri. Það er því rétt, að málið var aldrei formlega afgreitt úr nefndinni.

Kannski ætti bara að stöðva umræðuna og fresta henni. Málið er ekki mjög brýnt. Forseti gæti þá úrskurðað um hvort ástæða sé til að nefndin taki þetta mál fyrir á ný og afgreiði (Forseti hringir.) það formlega.

[17:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Mörður Árnason kallaði sjálfan sig nýliða í þessum sölum. Ég get ekki fellt sjálfan mig undir þá skilgreiningu. Í síðustu viku voru liðin 15 ár frá því að ég tók hér sæti. Á þeim 15 árum hef ég aldrei orðið þess áskynja, orðið vitni að því fyrr eða haft af því nokkurn pata, að mál væri til 2. umr. í þinginu án þess að hafa verið afgreitt formlega úr nefnd.

Það kemur fram í máli hv. þm. Marðar Árnasonar að stjórnarandstaðan var ekki einu sinni spurð álits á meginviðhorfum í niðurstöðu umfjöllunar um málið. Það þýðir einfaldlega að málið er ekki afgreitt með réttum formlegum hætti úr nefnd. Ef það er svo að bókað sé í skjöl og gerðabækur hv. menntamálanefndar að málið hafi verið afgreitt kemur þá fram hver er afstaða minni hlutans? Ég vildi

gjarnan spyrja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson að því. Ég held að menn þurfi að ganga úr skugga um það.

Lög eru lög. Það er einfaldlega svo að þau eru ekki afgreidd með einhverjum tæknilegum annmörkum. Það er ekki svo, frú forseti, að menn séu spurðir að því eftir á frammi á gangi hvort þeim sé sama hvort hitt og þetta mál sé afgreitt úr nefnd. Ég tel að þegar þessi staða er komin upp sé sanngjarnt að fara fram á það við hæstv. forseta að málinu verði frestað og gengið úr skugga um hvort málið hafi verið afgreitt úr nefndinni. Hér hefur komið fram hjá talsmanni Samfylkingarinnar að svo var ekki. Það hefur komið fram hjá honum líka að afstaða stjórnarandstöðunnar ætti hvergi að vera skráð í fundargerðarbækur nefndarinnar. Hún var ekki spurð að því. Málið einfaldlega gleymdist vegna flumbrugangsins og óðagotsins við að koma út þessu ólánsfrumvarpi um Ríkisútvarpið hf. Það er ekki hægt. Menn verða að fara að lögum.

[17:12]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hér talar þingreyndur formalisti. Ég heyri ekki betur en hann hafi mikið til síns máls. Ég ítreka að ég tel að forseti eigi að staldra við og íhuga hvort þetta sé ekki rétt, hvort ekki beri með einhverjum hætti að stöðva þessa umræðu og fá lagfæringu á þessu.

Nefndin kemur saman á morgun. Það er auðvelt fyrir hana að lagfæra þetta mál með því að taka þetta fyrir á fundi sínum á morgun. Þeir munu verða tveir, að mér skilst á formanninum. Síðan mætti halda áfram umræðum um málið þannig að engir meinbugir séu á gagnvart þingskapalögum okkar.

[17:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og hv. þm. Merði Árnasyni um formgalla sem kann að vera á þessari umræðu. Mér finnst það ekki neitt hégómamál ef ekki er rétt staðið að umræðu um þingmál. Mér finnst rétt að stjórn þingsins íhugi þetta. Ég óska ekki eftir svörum við því á þessari stundu en áður en umræðunni lýkur finnst mér eðlilegt að við fáum einhver svör frá stjórn þingsins um þetta efni. Það er mikilvægt að við hlítum öllum reglum og lögum sem gilda um umræðuna hér á þinginu.

Með þessu frumvarpi um Sinfóníuhljómsveit Íslands er klippt á þann naflastreng sem verið hefur á milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands var sett á laggirnar um miðja síðustu öld, árið 1950, hafði Ríkisútvarpið forgöngu í því efni. Allar götur síðan hafa verið náin tengsl á milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ástæðan fyrir því að Ríkisútvarpið beitti sér í þessu efni var fyrst og fremst sú að útvarpið vildi efla og bæta íslenskan tónlistarflutning útvarpsins. Með stofnun Sinfóníunnar var því markmiði náð, m.a. með stuðningi frá ríki og Reykjavíkurborg sem veittu fjárhagsstuðning á fyrstu árunum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur átt í nokkrum fjárhagslegum erfiðleikum og var við það að komast í þrot í byrjun 7. áratugarins, eða árið 1961, en þá tók Ríkisútvarpið við rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands með þeim styrkjum sem þá voru frá ríki og Reykjavíkurborg. En sú skipan hélst síðan óbreytt í um tvo áratugi eða allar götur til ársins 1982 en þá voru sett sérstök lög um Sinfóníuna og lagður sá rekstrargrundvöllur sem hún hvílir á og er enn við lýði.

Þar var kveðið á um að hlutur Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands skyldi vera 25% en á móti veitti hljómsveitin þjónustu miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum höfðu mótast á undangengnum árum, þ.e. meðan stjórn hljómsveitarinnar var algerlega í höndum starfsmanna útvarpsins.

Nú er það svo að ríkissjóður greiðir 56% af rekstrarkostnaði Sinfóníunnar, Ríkisútvarpið 25%, borgarsjóður Reykjavíkur 18% og bæjarsjóður Seltjarnarness 1%. Sú breyting sem er að verða með þessu frumvarpi er að hlutur Ríkisútvarpsins dettur út, 25%, og hlutur bæjarsjóðs Seltjarnarness. Þetta hefur þær afleiðingar í för með sér að ríkið kemur til með að greiða það framlag sem hingað til hefur komið frá Ríkisútvarpinu en í fjárlögum fyrir árið 2005 nemur upphæðin 123 millj. kr. og verður 138 millj. kr. miðað við forsendur í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006. Þarna er tilflutningur á fjármunum og skýrir að forsvarsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa ekki lagst gegn þessum lagabreytingum. Þeir hafa fyrst og fremst horft til fjárhags hljómsveitarinnar og telja sig hafa fengið tryggingu fyrir því að ríkið komi þar í stað Ríkisútvarpsins.

Spurningin er hins vegar sú hversu æskilegt og vitlegt það er fyrir Ríkisútvarpið að gera þessa breytingu á. Því það er nefnilega rétt sem hefur komið fram í málflutningi manna á borð við Jón Þórarinsson, tónskáld og fyrrum dagskrárstjóra í útvarpi og í sjónvarpi, að það er rangt að líta á Sinfóníuna eins og menn hafa gert í seinni tíð, sem einhvern ómaga eða bagga á Ríkisútvarpinu. Þá hafa menn viljað gleyma hvert framlag hljómsveitarinnar hefur verið, ekki aðeins til tónlistarlífsins í landinu heldur til tónlistarflutnings í Ríkisútvarpinu.

Í grein sem Jón Þórarinsson skrifaði í Morgunblaðið hinn 11. mars á síðasta ári fer hann yfir þessa sögu. Hann segir hér m.a. í þessari grein, með leyfi forseta:

„Margt er nú rætt um fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins, m.a. í yfirgripsmikilli samantekt í Morgunblaðinu nýlega (Ríkisfjölmiðill í tilvistarkreppu, Morgunblaðið 6.3. 2005). Þar og víðar í þessari umræðu hefur verið talin hin mesta nauðsyn fyrir útvarpið að létt væri af því „framlagi" til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem á þessu ári er sagt nema 118,5 millj. kr. Látið er líta svo út sem þetta sé hreinn „framfærslustyrkur", sem útvarpið hafi verið blekkt eða kúgað til að taka á sig, og hvergi er á það minnst að neitt komi á móti „framlaginu" eða útvarpið fái neitt fyrir snúð sinn."

Síðan rekur Jón Þórarinsson ýmsa þætti í sögu og samskiptum Sinfóníunnar og Ríkisútvarpsins og vísar í samkomulagið sem gert var við hljómsveitina í byrjun 9. áratugarins, eða árið 1982, þegar lög voru sett um hljómsveitina og núverandi fyrirkomulag varð til.

Um þetta efni segir Jón Þórarinsson, með leyfi forseta:

„Samkvæmt lögunum var gerður samningur um þessa þjónustu við Ríkisútvarpið. Hann hefur síðar verið endurnýjaður og endurskoðaður, en í honum felst þetta m.a.:

1. Heimild til að útvarpa beint, eða síðar af upptökum, öllum áskriftartónleikum hljómsveitarinnar og öðrum tónleikum á hennar vegum. Innifalin er þátttaka stjórnenda og einleikara/söngvara.

2. Heimild til að sjónvarpa tónleikum eða taka þá upp fyrir Sjónvarpið til flutnings án endurgjalds.

3. Vinna við upptökur í þágu Ríkisútvarpsins, 25 vinnulotur á ári, allt að þrjár og hálf klst. hver lota, ásamt ótakmörkuðum flutningsrétti á upptökunum."

Jón Þórarinsson heldur áfram, með leyfi forseta:

„Þessi ákvæði hefur útvarpið nýtt með þeim hætti að samkvæmt 1. lið hefur verið útvarpað um 35 sinfóníutónleikum á ári eða sem svarar 80–90 klukkustundum af útvarpsefni. Tónleikarnir eru glæsilegur þáttur í íslenskum tónlistarflutningi Rásar 1 og raunar ein af helstu skrautfjöðrum dagskrárinnar. Þetta efni hefur einatt verið notað umfram ströngustu heimildir, bæði í endurflutningi og efnisskiptum við erlendar útvarpsstöðvar. Sjónvarpsheimildin samkvæmt 2. lið má heita ónýtt með öllu. Það skal viðurkennt að ekki eru allir tónleikar ákjósanlegt sjónvarpsefni. En sumir eru það. Vínartónleikar eru eftirsóttir í sjónvarpi í mörgum löndum, einnig óperutónleikar svo eitthvað sé nefnt. Oft eru einstök verk á tónleikum sem mjög gætu lífgað sjónvarpsdagskrá þótt tónleikarnir séu ekki teknir í heild.

Það hefur komið fyrir að öðrum sjónvarpsstöðvum hefur verið seldur upptökuréttur að einstökum tónleikum. Verðið hefur verið lágt, á aðra millj. kr., en gefur þó hugmynd um þau verðmæti sem dagskrárstjórn sjónvarpsins hefur ekki hirt um að nýta þótt þau standi því til boða endurgjaldslaust. Upptökutími Ríkisútvarpsins var lengi vel nýttur aðallega til upptöku á nýjum verkum íslenskra tónskálda og ræktu bæði útvarpið og hljómsveitin þannig sjálfsagðar skyldur sínar við íslenskt menningarlíf. Á síðari árum hefur slaknað á þessu og stundum hefur útvarpið ekki sinnt um að nota umsaminn tíma sinn. Hefur hljómsveitin þá ráðstafað honum til annarra þarfa.

Það lætur nærri að þær 25 vinnulotur sem nú eru í samningnum, upphaflega 5 vinnuvikur, séu um 10% af virkum árlegum starfstíma hljómsveitarinnar. Þær má því meta til fjár, á rétt um 52 millj. kr. Verðmæti heimildanna í 1. og 2. lið hér að ofan, nýttra og ónýttra, er erfiðara að áætla en þær eru vart metnar lægra en svo að framlag Ríkisútvarpsins mætti telja væga greiðslu fyrir þá þjónustu sem því stendur til boða.

Hitt er svo hörmuleg staðreynd að Ríkisútvarpið hefur ekki hirt um að notfæra sér heimildirnar nema að nokkrum hluta en það er framkvæmdaratriði sem ætti að vera umhugsunarefni fyrir dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins."

Þarna vitnaði ég í grein eftir Jón Þórarinsson, tónskáld og fyrrum dagskrárstjóra hjá Ríkisútvarpinu.

Hann hrósar hljóðvarpinu, hann hrósar útvarpinu en gagnrýnir sjónvarpið hins vegar harðlega fyrir að hafa ekki nýtt sér þær heimildir sem það hefur til að sjónvarpa frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og færir ágætlega rök fyrir sínu máli.

Þetta þykja mér vera sannfærandi rök, sannfærandi málatilbúnaður. Ég tek undir með Jóni Þórarinssyni að það er mjög undarlegt og vægast sagt vafasamt að líta á það af hálfu forsvarsmanna Ríkisútvarpsins að Sinfónían sé einhvers konar baggi á Ríkisútvarpinu. Eða ætla menn að klippa á þetta samstarf algerlega eftir þessar breytingar? Koma ekki til með að verða útvarpstónleikar frá Sinfóníuhljómsveit Íslands í útvarpi og þá hugsanlega einnig í sjónvarpi? Telja menn að þurfi ekki að greiða fyrir slíkt efni?

Þannig að fjárhagslegur ávinningur Ríkisútvarpsins, ef það ætlar að rækja menningarlegar skyldur sínar á sviði tónlistar, er ekki fyrir hendi. (Gripið fram í.) Ávísun á metnaðarleysi, er sagt úr sal. Ég vil taka undir það. Reyndar finnst mér allur þessi málatilbúnaður í sambandi við Ríkisútvarpið bera vott um ótrúlegt metnaðarleysi af hálfu forsvarsmanna Ríkisútvarpsins og þriggja ráðherra Sjálfstæðisflokksins í ráðuneyti menntamála á undanförnum árum. Því það er þar sem vandi þessara stofnana liggur, hvort sem það er Sinfóníuhljómsveit Íslands eða Ríkisútvarpið. Vandinn er sumpart stjórnunarlegs eðlis, nokkuð sem hægt er að laga án þess að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi, og hins vegar er það fjársvelti. Það er fjársvelti. Ríkisútvarpið hefur orðið af tekjum á undanförnum árum sem nema 19% miðað við launavísitölu eða þróun hennar á árabilinu 1994–2004. Mannahald hefur dregist saman um 15% á þessu sama tímabili. Þetta er vandinn í hnotskurn. Síðan eru að tala fyrir þessum lagabreytingum einstaklingar sem vilja leggja útvarpið niður, selja það. Þeir eru síðan að reyna að sannfæra þing og þjóð um að því verði vel borgið í nýjum búningi.

En ég ítreka, hæstv. forseti, að af hálfu forsvarsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands er fyrst og fremst horft á þennan fjárhagsgrundvöll og þeir hafa ekki gert alvarlegar athugasemdir við þessar breytingar, einfaldlega vegna þess að því er heitið að tryggja þeim samsvarandi greiðslur úr ríkissjóði sem verða á þessu ári samkvæmt fjárlagafrumvarpi 138 millj. kr. Þeir gagnrýna ekki þessar lagabreytingar af þessum sökum. Mættu reyndar fyrir minn smekk gagnrýna þessar breytingar vegna þess að það má ætla að aðgangur Sinfóníunnar að Ríkisútvarpinu verði minni. Ég óttast það einmitt vegna þess metnaðarleysis sem menn sýna í málflutningi sínum og yfirlýsingum gagnvart Sinfóníuhljómsveit Íslands sem þeir líta á sem einhvers konar bagga á starfsemi útvarpsins. Það eru þeir sem ég gagnrýni kannski fyrst og fremst, ábyrgðarmenn Ríkisútvarpsins, hvort sem þeir eru þar innan búðar og láta þetta yfir sig ganga og jafnvel ýta undir þessar breytingar, og svo að sjálfsögðu einnig pólitíska ábyrgðarmenn í menntamálaráðuneytinu. Þar vísa ég að sjálfsögðu ábyrgðinni á hendur hæstv. menntamálaráðherra sem stendur fyrir þessum breytingum öllum saman sem ég tel vera afar illa grundaðar.

Hæstv. forseti. Ég hef hér í örfáum orðum gagnrýnt þær breytingar sem þetta frumvarp hefur í för með sér. Ég ítreka að áður en gengið er til atkvæða um þetta frumvarp, hvenær sem það verður, eftir 2. umr., þá höfum við fengið úr því skorið hvort sú umræða sem hér fer fram er yfirleitt lögmæt samkvæmt þingskapalögum. Vegna þess ef svo er ekki er það góðra gjalda vert að sitja hér og spjalla um málefni Sinfóníunnar. En við eigum hins vegar ekki að líta á það sem hvert annað hégómamál hvernig menn og Alþingi umgangast þingskapalögin.

Þannig að áður en gengið verður til atkvæða um þetta

mál er nauðsynlegt að fá úr þeim álitamálum skorið sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að áðan og hv. þm. Mörður Árnason tók undir og staðfesti héðan úr ræðustól að málinu hefði aldrei formlega verið vísað úr menntamálanefnd til umræðu í þingsal.

[17:31]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég hyggst taka upp þráðinn þar sem hann féll úr hendi hv. þm. Ögmundar Jónassonar undir lok ræðu hans.

Alþingi verður að bera virðingu fyrir sjálfu sér. Ef það sýnir það ekki í verki er ekki hægt að ætlast til þess að aðrir beri virðingu fyrir því. Við höfum sett okkur hérna ákveðnar vinnureglur. Þær eru öðruvísi en þær reglur sem aðrar stofnanir samfélagsins fara eftir að því leyti að þær eru hluti af lagarammanum sem samfélagið gengur eftir. Samkvæmt þingskapalögum er það alveg ljóst að mál koma ekki hér til 2. umr. fyrr en þau eru afgreidd úr nefnd. Það er auðvitað ýmiss konar háttur sem nefndarformenn hafa á því að skipa vinnu nefndarinnar þannig að hagkvæmast sé. Yfirleitt er það þannig í þeim nefndum sem ég hef setið á síðustu 15 árum, og ég hef setið í öllum nefndum þingsins utan einni, að fundur er boðaður með dagskrá. Á dagskránni eru tilteknir liðir sem á að ræða og þar koma fram þau mál og þau númer sem þau hafa fengið sem þingskjöl. Menn ræða því með skipulegum hætti þau mál sem eru undir á nefndarfundum hverju sinni. Sum mál eru tekin fyrir mörgum sinnum, flókin og erfið stundum, þung í vöfum, en að lyktum eru öll mál afgreidd formlega.

Það hefur komið fram í umræðunni hér af hálfu talsmanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Marðar Árnasonar, í þessu máli, að þetta mál var aldrei afgreitt formlega út úr hv. menntamálanefnd. Mig langaði þess vegna til þess að spyrja formann nefndarinnar, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson hvort hann beri brigður á það. Ég tel að við getum ekki verið að ræða hér mál, hversu léttvægt sem það er — og tek það þó fram, frú forseti, að ég er ekki að halda því fram að við séum nokkru sinni að ræða léttvæg mál — nema það liggi alveg klárt fyrir að þau uppfylli öll skilyrði laganna. Skilyrði laganna eru margvísleg. Framlagning máls er háð undirskrift forseta lýðveldisins. En endurkoma máls inn í þingsalinn til 2. umr. er algjörlega háð því að það sé formlega afgreitt í menntamálanefnd af því að hér er slíkt mál undir.

Ég vil spyrja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson hvort svo hafi verið gert og hvort hann geti fullyrt það með óyggjandi hætti. Það hefur komið fram hérna hjá þingmönnum stjórnarandstöðunnar að það var ekki gert. Hv. þingmaður sem ég nefndi hér áðan, Mörður Árnason, lýsti því alveg skýrt yfir að það hefði verið af þeim sökum sem minni hlutinn skilaði ekki sérstöku áliti eins og jafnan er venjan eða eftir atvikum er þá með meiri hlutanum á áliti. Því var ekki til að dreifa í þessu máli vegna þess að málið var aldrei afgreitt út úr nefndinni. Til hvers erum við þá að ræða hér mál sem hefur ekki verið afgreitt út úr nefndinni? Það væri væntanlega hægt, þess vegna eftir öðrum leiðum að bera brigður á, ef málið verður að lokum samþykkt frá þinginu, að það sé gert með lögformlegum hætti. Þess vegna vænti ég þess að undir þessari umræðu muni koma fram kröfur um að þetta verði skoðað.

Ég spyr, frú forseti, hvar er hv. formaður nefndarinnar? Hann hljóp hér eins og eldibrandur úr salnum samstundis sem honum varð hugsanlega ljóst að stjórnarandstaðan hefði rétt fyrir sér, að málið hefði ekki verið afgreitt. Ég hef ekki haft það fyrir sið að láta flytja menn í böndum hér í þingsalinn til þess að hlýða á það mál sem ég hef að flytja eða hlusta á ákveðnar spurningar ef það er óhjákvæmilegt. — En nú kippist hjarta mitt við af gleði því að hv. þingmaður og formaður nefndarinnar er mættur hér í salinn. Ég ætla ekki að halda þá ræðu sem ég hef flutt hér að honum fjarstöddum aftur ... (Gripið fram í.) Hv. þingmaður kallar fram í að hann hafi verið að hlusta á mig eftir allt saman og það gleður mig. (Gripið fram í.) Það hefur þá væntanlega ekki farið fram hjá honum að ég varpaði fram hérna ákveðnum spurningum um formlegan umbúnað málsins sem ég óska eftir að hv. þingmaður svari. Það kemur fram í frammíkalli hjá formanni nefndarinnar að hann hafi verið æsispenntur undir ræðu minni. Ég get þá trúað hæstv. forseta fyrir því að blóð mitt þýtur líka örar um æðar við það eitt að sjá hann og gera mér grein fyrir því að hann hyggist svara mér í þessu máli, hann muni svara spurningu minni hér á eftir.

Það eru aðrar spurningar sem ég vil líka spyrja hæstv., hv. þingmann — því að vissulega er hann ekki orðinn hæstvirtur enn þá þó að vissulega mætti halda því fram að ekki mundi hann fara verr með þann titil en ýmsir aðrir, án þess að ég ætli að nefna nein nöfn sérstök í því sambandi — en í síðustu viku vorum við hér í mikilli umræðu um Ríkisútvarpið og eitt af því sem ég gagnrýndi harkalega var að ekki lægi ljóst fyrir hver eiginfjárstaða og fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins væri. Mér fannst það heldur linkulegt af talsmönnum ríkisstjórnarinnar að geta ekki svarað til um hvernig fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins er þegar fyrir liggur að það á að fara að búa til úr því hlutafélag með lögum.

Frú forseti. Ekki er undrun mín minni að sjá það nú í 2. umr. um Sinfóníuhljómsveit Íslands að það liggur heldur ekki ljóst fyrir hvort búið er að hnýta þá lausu fjárhagslegu enda sem tengjast þeim breytingum á rekstrarlegum högum hennar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi. Sinfóníuhljómsveit Íslands eða framkvæmdastjóri hennar hefur haldið því fram með ærnum rökum fyrir nefndinni og líka opinberlega að óuppgerðar skuldir Ríkisútvarpsins við Sinfóníuhljómsveitina séu 650 miljónir. Hefur menntamálanefnd gengið úr skugga um þetta? Mig langar að spyrja hv. formann nefndarinnar: Hver er skuld Ríkisútvarpsins við Sinfóníuhljómsveitina og með hvaða hætti verður hún gerð upp? Ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að allar ræður hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins um Ríkisútvarpið tengdust því að það þyrfti að gera það liprara á skriðnum til þess að unnt væri að spara fé og reka það með hagkvæmari hætti af því að því er féskylft eins og við vitum. Mér finnst ekki hægt þegar verið er að fjalla um Sinfóníuhljómsveit Íslands eigi að skilja við hana með sama hætti.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um átökin um fiðluna miklu, Guarnerius-fiðluna. Það hefur komið fram að hún er gríðarlegra upphæða virði og þess vegna er hún eins konar tákn fyrir þá stöðu sem er komin upp í þessu máli. Hún er

ákveðið tákn um vinnubrögðin og flaustrið sem er á þessu. Menn hlaupa í að gera breytingar á þessum tveimur merku menningarstofnunum íslenska samfélagsins en þeir hafa ekki fyrir því í asanum og óðagotinu að gera sér grein fyrir því hver fjárhagsleg staða þeirra er þegar verið er að skilja þessar tvær stofnanir í sundur. Því legg ég áherslu á að fá svör við því hvort menntamálanefnd hafi gengið eftir því að hinn fjárhagslegi aðskilnaður liggi alveg ljós fyrir, hver eigi hvað og hver skuldi hverjum og hve mikið. Það finnst mér vera lágmarksspurningar í þessari umræðu.

Þegar maður skoðar öflugt samfélag eins og Ísland, sem býr að vaxandi höfuðborg, land sem er komið í alfaraleið, sem er sótt hingað heim af fjölda erlendra ferðamanna blasir það við að það er eðlilegt að þrjár dýrustu perlurnar í menningarfesti slíks samfélags séu stofnanir eins og sinfónía, þjóðleikhús og listdansflokkur. Við getum bætt fjórðu perlunni við sem er menningarlega sinnað ríkisútvarp. Að undirstöðum allra þessara stofnana er með einhverjum hætti vegið um þessar mundir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ekki ætla ég að eyða tímanum í að fjölyrða um örlög Listdansflokksins og þeirrar menntunar sem liggur að baki honum. Við höfum þegar tekið þátt í því fyrr á vetrinum að ræða hversu óhönduglega hæstv. menntamálaráðherra hefur tekist til þar.

Ekki ætla ég heldur að fjölyrða um Ríkisútvarpið, ég ætla bara að einskorða mál mitt hér við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég velti því fyrir mér þegar verið er að gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi og högum Ríkisútvarpsins, sem beinlínis er skilgreint af hálfu þeirra sem bera málið fram í þinginu að það eigi ekki síst að verða til þess að auka menningarlegt inntak Ríkisútvarpsins, hvers vegna menn byrja þá á þessum aðskilnaði. Ég tel nefnilega að það sé ekki endilega rökrétt eða sjálfgefið og ég er ekki einu sinni viss um að það sé skynsamlegt að menn byrji þessa ferð með því að skera á tengslin milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins. Hver eru rökin á bak við það? Þau eru bara ein, alltaf þessi sömu rök sem koma fram varðandi nauðsynina á því að breyta Ríkisútvarpinu, það vantar fjármuni. Í rösklega 20 ára stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins í menntamálaráðuneytinu hafa fjárveitingar til Ríkisútvarpsins verið svo skornar við nögl að það er stórskuldugt og eins og fram hefur komið í umræðu síðustu vikna mundi það ekki eiga fyrir skuldum sínum ef gengið væri að því sem nýstofnuðu hlutafélagi.

Ástæðan fyrir því að þetta frumvarp hér um Sinfóníuhljómsveitina er lagt fram er einfaldlega sú, eins og kemur fram í frumvarpinu, að það á að losa Ríkisútvarpið við þá kvöð að þurfa að greiða fjórðung af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar. Vel má skilja vilja stjórnenda Ríkisútvarpsins sem búa við þann nauma fjárhag sem þeim er ætlaður af ríkisstjórninni. Vel má skilja að forstöðumenn þess og yfirmenn geri það sem í þeirra valdi stendur til þess að draga úr slíkum kostnaði. En það finnast mér ekki vera hin réttu rök og ég tel að afleiðingar slíkrar gerðar séu ekki fallnar til þess að gera Ríkisútvarpið að menningarlegri stórstofnun eins og það á að vera.

Þegar við horfum til helstu höfuðborga heimsins, a.m.k. á Vesturlöndum, hefur það einkennt ákaflega margar þeirra að þar er að finna eina stóra og öfluga sinfóníuhljómsveit sem gjarnan er rekin í samstarfi viðkomandi höfuðborgar og viðkomandi ríkis og það er fullkomlega eðlilegt. Þessi háttur var hafður hér á á sínum tíma. Að vísu var það þannig, eins og fram kom hér í ræðum áðan, að forsaga þessara tengsla Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar var ekki síst sú að það þurfti fjármagn til þess að reka Sinfóníuhljómsveitina og þessi háttur var tekinn upp vegna þess að það var litið svo á að þarna væri um að ræða nátengdar stofnanir, það var litið svo á að Sinfóníuhljómsveitin væri partur af þeirri menningarlegu ávöxtun arfleifðarinnar sem skiptir svo miklu máli fyrir menningarþjóð eins og Íslendinga.

Væri það raunverulega ætlunin að ýta undir Ríkisútvarpið sem bólvirki menningar á sviði tónlistar á Íslandi hefðu menn gert þveröfugt við það sem liggur fyrir í frumvarpinu. Þá hefðu menn frekar reynt að hnýta fastar tengslin á milli Ríkisútvarps og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég er ekki eini maðurinn sem er þessarar skoðunar. Hún hefur komið fram hjá ýmsum af helstu foringjum fortíðarinnar hjá Sjálfstæðisflokknum sem enn eru á dögum og hafa af því nokkuð amstur en sennilega einnig gaman af að uppfræða þjóðina daglega um viðhorf sín, eins og fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Pálsson, gerir í leiðurum blaðsins sem hann stýrir. Í nýlegum leiðara fjallar hann einmitt um tengsl Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins. Hann segir að miklu rökréttara virðist að byrja á hinum endanum, þ.e. að treysta betur þau tengsl sem eiga að hans mati að vera milli Ríkisútvarps og Sinfóníuhljómsveitar. Í leiðaranum sem ég hef leyft mér, virðulegi forseti, að vísa til segir fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, með leyfi forseta:

„Hitt er óskiljanlegt hvers vegna byrja á nýjan tíma í rekstri þess með því að rjúfa þessi tengsl. Öll rök sýnast falla að hinu að auðga þau að innihaldi."

Frú forseti. Þetta er auðvitað mergurinn málsins. Það væri Ríkisútvarpinu til framtíðar mikill akkur og fengur í að hafa sem sterkust tengsl við Sinfóníuna. Áratugum saman hefur það verið fastur liður og þó tiltölulega tíðari á árum áður að Ríkisútvarpið útvarpaði í gegnum hljóðvarpið reglulega frá sinfóníutónleikunum. Það var hluti af því endurgjaldi sem Ríkisútvarpið fékk fyrir fjórðungsframlag sitt til rekstrarfjár hljómsveitarinnar sem lög, sem hér er verið að breyta, gerðu ráð fyrir. Þetta eru svipuð tengsl og við sjáum í mörgum löndum í kringum okkur. Þar er veigamikið hlutverk sérhvers ríkisrekins almannaútvarps að miðla efni af þessu tagi. Þess vegna get ég ekki annað en tekið undir með fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins með að það er öfugsnúið að hafa þennan háttinn á, eins og hann segir svo snilldarlega í greininni sem ég vísa til sem birtist fyrir tíu dögum í Fréttablaðinu. Öll rök hníga að því að það hafi einmitt átt að auðga tengsl þessa tveggja.

Það hefur komið fram að mismunandi skoðanir eru á hvort rétt sé að heimila öðru þeirra tveggja sveitarfélaga sem koma að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar að skera á þau tengsl. Ég verð að segja að ég er ekki sammála öllum þeim viðhorfum sem sett hafa verið fram í því efni. Ég skil það vel að Seltjarnarnesbær vilji losna undan þessari kvöð. Ýmis rök hníga að því. Þegar Seltjarnarnesbær gekkst undir þessar skuldbindingar árið 1982 var það í þeirri trú að fleiri

sveitarfélög mundu lyfta undir þennan bagga. Það gerðist ekki. Það má, eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, færa gild rök að því að eðlilegast, til að standa straum af kostnaði menningarstofnunar af þessu tagi, sé að fyrst og fremst komi tveir aðilar að verki, þ.e. ríkisvaldið og höfuðborgin.

Ríkisvaldið og höfuðborgin hafa þegar öflugt samstarf á sviði menningar og lista sem kristallast t.d. í hinni ágætu Listahátíð sem hér er orðin fastur liður í þjóðlífinu. Hún hefur orðið til að draga hingað í vaxandi mæli menningarferðamenn sem koma til landsins til að bergja af menningarbrunnum þjóðarinnar. Það er óhætt að fullyrða að Sinfónían og íslensk tónlist er einn af þeim brunnum. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að þessar tvær stofnanir samfélagsins komi að þessu.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson flutti afbragsgóða ræðu áðan. Sérstaklega þótti mér snilldarlegur sá kafli ræðunnar þar sem hann færði rök að því að ólíklegt væri að sá sparnaður sem fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis næðist fram. Hv. þingmaður benti á að samkvæmt upplýsingum sem þar koma fram er gert ráð fyrir á fjárlögum yfirstandandi árs spari Ríkisútvarpið 123 millj. kr., þ.e. með því að skera á þessi fjárhagslegu tengsl. Í fjárlagafrumvarpinu sem samþykkt var síðast, fyrir það ár sem nú er hafið, er þessi upphæð 138 millj. kr.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gaf sér að Ríkisútvarpið, undir nýrri forustu og hugsanlega innan nýs lagaramma, mundi ekki hverfa frá því að rækja það menningarlega hlutverk sitt að miðla klassískri tónlist fyrir tilstilli Sinfóníuhljómsveitarinnar til þjóðarinnar. Nú er ég að vísu ekki algerlega sammála hv. þingmanni. Ég er ekki viss um að það verði svo *í framtíðinni*. Röksemdina fyrir því sæki ég einmitt í röksemdafærslu hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Hann benti eðlilega á að ekki væri hægt að gera ráð fyrir að Ríkisútvarpið fengi afnot af flutningi og tónverkum Sinfóníuhljómsveitarinnar án endurgjalds. Miðað við það sem höfum heyrt í umfjöllun um ýmiss konar skyld mál og tengd þessu er líklegt að Ríkisútvarpið þyrfti að greiða tugi milljóna á ári hverju ef það ætlaði að halda þeim tengslum í svipuðu formi og áður. Það er hins vegar alls óvíst.

Ef við horfum framan í nýja tíma þar sem búið er að háeffa Ríkisútvarpið og Sjálfstæðisflokkurinn heldur áfram að skera af því þann þrönga fjárhagslega stakk sem þrælsaumaður er utan um það í dag þá spyr ég hv. þm. Ögmund Jónasson og formann nefndarinnar, sem hefur upplýst það í þessari umræðu að hann er ákaflega menningarlega sinnaður og telur að Ríkisútvarpið eigi að gegna þessu hlutverki: Hvar á Ríkisútvarpið þá að fá fjármunina til að greiða Sinfóníunni fyrir flutning á þessum tónleikum? Það er hvergi gert ráð fyrir því. Það er alls ekki hægt að sjá nokkur merki þess í þeim gögnum sem fylgja þessu frumvarpi eða í þeim umsögnum eða skjölum sem í því koma fram. (**SKK:** Samningurinn tekur á þessu.) Það þarf að borga fyrir samninginn, frú forseti.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kallar fram í að gera eigi samning um flutning þessa efnis milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins. En skilur ekki hv. þingmaður að það þarf að greiða fyrir það efni? Það kemur hvergi fram hvert eigi að sækja það fé. Hvert á að sækja það fé eða með hvaða hætti? Það er hugsanlegt að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson finni upp einhverja aðferð til að fjármagna Sinfóníuhljómsveitina. Hann er snjall maður. Hann hefur sýnt það á síðustu tveimur árum að hann hefur komið fram með tvær gersamlega andstæðar hugmyndir um fjármögnun Ríkisútvarpsins. Hann var með frábæra hugmynd í fyrra, sem ég skil því meir sem ég kynnist og skoða hana betur, þ.e. að Ríkisútvarpið yrði fjármagnað með tengslum við persónuafslátt tekjuskattskerfisins. Síðan sáum við að hv. þingmaður greiddi atkvæði með allt öðru, með nefskattinum.

Ég hef áður látið hnútasvipu nefskattsins og röksemdafærslu hans frá því í fyrra ríða á hrygglengju hv. þingmanns og ætla ekki að angra geð hans með því frekar í dag. En það er samt rétt að rifja upp að hv. þingmaður gat í fyrra fundið 16 tölusetta liði með athugasemdum og andmælum gegn nefskattinum sem hann taldi allsendis ófæran. Hv. þm. Pétur H. Blöndal taldi hann ekki 10 aura virði. Þeir samþykktu þann skatt báðir í dag. Ég gat ekki betur séð. Hugkvæmnin sem hv. þingmaður hefur sýnt í umræðum um þessi mál er slík, að það er aldrei að vita nema hann geti dorgað úr djúpum huga síns einhvers konar aðferð til að fjármagna Sinfóníuhljómsveitina.

Klárt er að minnsta kosti að í nefndaráliti sem hv. þingmaður hefur mælt fyrir er talað um að þessi tengsl eigi að halda áfram. Hins vegar er hvergi sagt hvert eigi að sækja fjármagnið til þess að greiða það. Það er allt á sömu bókina lært þegar kemur að þessum málaflokki. Það er ekki einu sinni gerð tilraun til að slá á hvað þetta kostar.

Hv. þingmaður hefur ekki þreyst á að upplýsa menn um að hádegisverðurinn er aldrei ókeypis. Það er ekkert ókeypis *í þessum heimi*. Það er ekki hægt, af hálfu hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, að koma með sveðjuna og skera á þessi tengsl með ýmsum rökum en ætla síðan að segja að allt eigi að vera eins og það var áður. Í reynd er hv. þingmaður að segja að kostnaðurinn vegna þessa samstarfs minnki ekkert. Það á bara að borgað með allt öðrum hætti, seinna, einhvern tímann inni í framtíðinni. Það er aldrei *nein fyrirhyggja í þessum efnum*. En ég ætla að vera heiðarlegur við hv. þingmann. Það er ekki honum að kenna. Hann ber enga sök á því. Hins vegar hefði hann mátt hafa svolítið meiri metnað fyrir þessum málaflokki. Það hefur örugglega komið fram í þessari umræðu að hv. þingmaður finnur sig í að vera talsmaður í menningarmálum fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Enda fyrir löngu komið að því, eins og ég sé á hæstv. félagsmálaráðherra að hann er mér algerlega sammála um, að sá flokkur kæmi sér upp einhverri menningarstefnu.

Ég veit að einhvers staðar í djúpum hjarta hv. þingmanns hefur kviknað hjá honum löngun til að verða menntamálaráðherra. Það er fullkomlega eðlilegt. Hann er ekki verri en sumir aðrir sem þar hafa setið fyrir hönd hans flokks. Sennilega yrði hann miklu betri en obbi þeirra. En þá verður hv. þingmaður líka að sýna ákveðinn metnað. Því miður, ef hann ætlar að renna í slóð fyrrverandi ráðherra menntamála sem úr Sjálfstæðisflokknum hafa komið, er fortíðin þeirra ekki glæsileg til að byggja á fordæmi inn í framtíðina.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson rifjaði upp grein eftir Jón

Þórarinsson, sem var listráðunautur Ríkisútvarpsins, eitt af okkar fremstu tónskáldum sem við á hinu háa Alþingi settum í heiðurslaunalistamannaflokk fyrir nokkrum árum. Hann ritaði grein í Morgunblaðið og lýsti því hvers konar metnaðarleysi hefur einkennt stefnuna, annars vegar gagnvart þessu samstarfi Ríkisútvarpsins og Sinfóníunnar og hins vegar gagnvart tónlistarlegri arfleifð landsins almennt. Í þeirri grein vakti Jón Þórarinsson athygli manna, þar á meðal mína, á hinum ágæta samningi sem átti að vera grunnurinn að samstarfi Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins. Þar kemur glöggt fram að þetta samstarf átti að vinna á báða vegu, þ.e. það átti ekki bara að vera þannig að Ríkisútvarpið greiddi fjórðunginn af kostnaði heldur kom ákveðið endurgjald til baka. Þetta endurgjald má segja að hafi byggst á tveimur höfuðþáttum. Í fyrsta lagi var heimild til að útvarpa beint eða síðar upptökum af öllum áskriftartónleikum hljómsveitarinnar og líka öllum öðrum tónleikum sem á hennar vegum voru haldnar.

Hvað heldur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson að kosti í dag að fá að senda út til heillar þjóðar tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit, þótt hún sé lítil, sem hefur samt unnið sér sess sem ein af framsæknustu Sinfóníuhljómsveitum veraldar? Hún hefur á undanförnum árum fengið margvíslegar viðurkenningar og verðlaun fyrir þá tónlist sem hún hefur framleitt og miðlað í gegnum diska. Ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. þingmanni. Hann er vel að sér í menningarefnum eins og ég hef áður vottað um.

Þetta var annað meginstefið í þessum samningi, að Ríkisútvarpið mátti senda beint frá öllum tónleikum. Hitt var að þeim mátti sjónvarpa líka. Man hv. þingmaður eftir að Ríkisútvarpið hafi notfært sér þennan samning svo að einhverju nemi? Þá er ég að tala um seinni liðinn, þ.e. heimildina til sjónvörpunar? Nei. Þó er það svo að Ríkisútvarp sem tekur sig alvarlega, eins og ríkisútvörpin í nágrannalöndunum gera, leggur metnað sinn í að miðla með þessum hætti tónlistararfleifðinni. Það hefur alls ekki verið gert. Það er þess vegna sem ég rifja það sérstaklega upp undir lok ræðu minnar að Þorsteinn Pálsson, sem var á sokkabandsárum hv. formanns menntamálanefndar, ljós pólitísks lífs hans. *Hann komst til vits og þroska á þeim árum sem sá ágæti* stjórnmálamaður veitti Sjálfstæðiflokknum forustu. Hann hefur sérstaklega gert að umræðuefni hvílíkt metnaðarleysi það er af hálfu Ríkisútvarpsins að hafa ekki notfært sér þessi tengsl. Ég get ekki annað en tekið undir það.

Það er algengt í löndunum í kringum okkur að metnaðarfullar ríkisútvarpsstöðvar reki sinfóníuhljómsveitir, ekki bara að hluta eins og gerist hér á landi heldur að öllu leyti. Rökin liggja í augum uppi. Hér er um að ræða tónlist sem langlíklegast er að ríkisrekið útvarp geti skilað í ýmsu formi áfram úr tónlistarsölunum til fólksins í landinu. Ef hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og meðreiðarsveinar hans, sem hér hafa farið heldur á brokkinu í gegnum þingið við að reyna að reka þetta frumvarp í gegnum salina, meina eitthvað með tali sínu um hið nýja Ríkisútvarp, eins og það er orðað stundum, sem eigi að sinna menningarlegri hlið samfélagsins, ættu þeir auðvitað að fara í slóð Þorsteins Pálssonar. Ég tel hugsanlegt að hæstv. samgönguráðherra hefði gert það ef hann hefði verið settur yfir annað en að bæta samgöngur landsmanna, sem hann hefur reyndar gert með miklum ágætum. (**Samgrh.:** Og er nú ekki lítið mál.)

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta frekar. Ég hef lagt tvær spurningar fyrir hv. þingmann Sigurð Kára Kristjánsson og hin fyrri er þessi:

Er það rétt að þetta frumvarp sem hér er til umræðu sé komið til þingsins með formgalla sem er þess eðlis að hann stangist á við lög? Er það rétt að þetta frumvarp hafi aldrei verið afgreitt með formlegum hætti úr menntamálanefnd? Ég vænti þess, þegar hv. þingmaður svarar mér á eftir, að hann geti upplýst okkur um að niðurstaða meðferðar málsins í nefndinni hafi verið skráð í gerðarbækur nefndarinnar.

Á hinn bóginn spyr ég hv. þingmann: Er búið að skilgreina til fulls hið fjárhagslega uppgjör á milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins, verði þetta frumvarp að lögum? Í þessari spurningu felst ósk um upplýsingar um hver skuld Ríkisútvarpsins við Sinfóníuna er í dag.

[18:02]

Útbýting:

Stytting þjóðleiðarinnar milli Akureyrar og Reykjavíkur, 787. mál, fsp. HBl, þskj. 1193.

Verðurathuganir á Stórasandi, 786. mál, fsp. HBl, þskj. 1192.

Vinnumarkaðsaðgerðir, 788. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1194.

[18:02]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Frú forseti. Nú er komið að lokum þessarar umræðu (Gripið fram í.) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég verð að segja að umræðan hefur verið lífleg og skemmtileg og fletir á henni sem mig óraði ekki fyrir að gætu komið upp, ég ætla aðeins að koma að því hér á eftir. Hér hefur margt verið rætt og ég hef nefnt út af því að að því hefur verið spurt, sérstaklega af hálfu hv. þm. Marðar Árnasonar, að ég hef talið að sú fiðla sem töluvert var rætt um í nefndarstarfinu og við meðferð málsins í hv. menntamálanefnd sé í eigu Ríkisútvarpsins. *Hún var enda keypt af hálfu Ríkisútvarpsins en hefur verið* í vörslu og umráðum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Því verður ekki breytt nema með einhverjum formlegum hætti (Gripið fram í.) og það hefur aldrei verið gert.

Ég heyri nú ekki frammíköllin hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni en ég vil þakka honum fyrir ræðuna sem hann hélt hér og hlý orð í garð míns fyrrverandi formanns, formanns Sjálfstæðisflokksins, Þorsteins Pálssonar. Ég hefði nú óskað eftir því að hann hefði fjallað um Þorstein Pálsson, fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra og formann Sjálfstæðisflokksins, með sama hætti þegar við vorum að fjalla hér um bók sem forsætisnefnd þingsins ætlaði sér að gefa út um sögu þingræðisins. Þá hefðu þessar miklu mærðarræður um Þorstein Pálsson, fyrrum formann Sjálfstæðisflokksins, mátt heyrast frá hv. þingmanni eða hans meðreiðarsveinum í Samfylkingunni — um þennan ágæta mann sem tók við formennsku í Sjálfstæðisflokknum þegar ég var tíu ára gamall og stóð sig með mikilli prýði sem slíkur.

Ég ætla svo sem ekki að halda hér langa ræðu en ég vil þó taka það fram út af því sem fram kemur hjá hv. þm. Öss-

uri Skarphéðinssyni, af því að hann varpaði þeirri spurningu til mín hver væri heildarskuld Ríkisútvarpsins við Sinfóníuhljómsveitina, að mér telst svo til að skuld Ríkisútvarpsins við hljómsveitina nemi u.þ.b. 626 millj. kr. Um þá skuld er það að segja að hún mun ekki fara neitt og ef menn lesa frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. kemur þar fram að hið nýja félag tekur við réttindum og skyldum, þar á meðal eignum og skuldum, þessa félags þannig að skuldin stendur og hefur ekki verið gerð upp og mun ekkert verða gerð upp í tengslum við þetta frumvarp enda fjallar það ekkert um þetta atriði málsins. Skuldin er þarna og þetta frumvarp leysir Ríkisútvarpið ekkert undan henni hvað sem síðar verður.

Menn hafa velt því fyrir sér hvort þetta mál hafi verið afgreitt úr hv. menntamálanefnd með lögformlegum hætti eða þeim hætti sem fundarsköp Alþingis gera ráð fyrir. Þegar ég var yngri og var í menntaskóla tók ég þátt í alls kyns mælskukeppnum (Gripið fram í.) og þær voru nú ágætar. En á dauða mínum átti ég frekar von en að hv. þingmenn hefðu meira ímyndunarafl í alls kyns mælskubrögðum en menntaskólanemar höfðu á þeim árum vegna þess að ég hef aldrei vitað annan eins málflutning og hér hefur farið fram um það hvort þetta mál hafi verið afgreitt með formlegum hætti úr nefndinni. Einhverra hluta vegna komst nú málið á dagskrá hér á þingi og það hefur verið á dagskrá hér svo vikum skiptir. Sé eitthvað til í því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson heldur fram um að eitthvað hafi verið bogið við afgreiðslu málsins í nefndinni hvers vegna í ósköpunum voru þá ekki gerðar athugasemdir við það fyrr? Séu þessar athugasemdir á rökum reistar leyfi ég mér nú að halda því fram að slíkar mótbárur séu of seint fram komnar.

Aðalatriði málsins er að málið var afgreitt úr nefndinni. Fjallað var um frumvörpin um Ríkisútvarpið hf. og Sinfóníuhljómsveit Íslands saman og saman voru þau afgreidd úr nefndinni. Dreift var nefndaráliti sem lagt var fyrir á fundi nefndarinnar. Því var dreift hér á þingi og það þurfi m.a.s. að prenta það upp og leiðrétta vegna þess að í upphaflegri útgáfu var tekið fram að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson væri samþykkur efni nefndarálitsins og efnislegri afgreiðslu — ég endurtek, efnislegri afgreiðslu nefndarinnar á málinu — en svo var ekki þannig að breyta þurfti nefndarálitinu með tilliti til þess. Þar fyrir utan er það náttúrlega bókað í bækur menntamálanefndar að málið hafi verið afgreitt með þessum hætti. Ég lít því á þennan málflutning hjá hv. þingmanni og reyndar fleiri þingmönnum sem hálfgert spaug frekar en efnislegt innlegg í þessa umræðu.

Að svo búnu, frú forseti, lýk ég ræðu minni og vona að ég hafi svarað spurningum hv. þingmanns.

[18:09]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var um margt merkilegt að hlusta á hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson lýsa upplifun sinni á fundi menntamálanefndar þegar hann telur að nefndarálit meiri hluta nefndarinnar um það frumvarp sem hér er rætt, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, hafi verið afgreitt. Ég ætla ekki að neita því að hugsanlegt er að hv. þingmaður og þess vegna meiri hlutinn allur hafi upplifað afgreiðsluna á þennan hátt. Ég verð hins vegar að taka undir lýsingu hv. þm. Marðar Árnasonar á upplifun hans og minni um það hvernig þetta gerðist í lok fundarins.

Það þarf auðvitað að taka það fram að við vorum að ræða um Ríkisútvarpsfrumvarpið á þessum fundi. Nefndarálitum var dreift, eins og hv. þingmaður nefndi, en nefndarálitið um Sinfóníuhljómsveit Íslands var aldrei rætt af þeirri einföldu ástæðu að hún kom okkur algjörlega í opna skjöldu sú tillaga sem kom fram frá formanni nefndarinnar sem var að því er okkur skildist um að afgreiða Ríkisútvarpsfrumvarpið úr nefndinni. Við upplifðum það þannig að það væri eingöngu verið að því en nú lýsir hv. þingmaður því að það hafi átt við um bæði málin.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að ætíð vorum við að fjalla um þessi mál samhliða í nefndinni og það hefur trúlega valdið þessum ruglingi og þessari ólíku upplifun. (Gripið fram í.) Nei, á fyrstu fundum gerðum við það ekki, gerðum við það sér, en þegar líða tók á var þetta orðið svona eins og einn pakki, en þegar nefndarálitin komu fram litum við svo á að þetta væru tvö mál og töldum þess vegna að ekki væri verið að afgreiða Sinfóníuhljómsveitarmálið. En í öllu írafárinu og þeim mikla flumbrugangi sem var orðinn í vinnubrögðunum þarna í lokin skilur maður vel að ýmsir hafi upplifað það þannig að þetta væri allt saman einn pakki.

Við teljum hins vegar að þarna sé dæmi um nákvæmlega þau vinnubrögð sem við höfum fjallað töluvert um varðandi Ríkisútvarpsfrumvarpið. Það á auðvitað við um þetta líka og þetta mál hefur eiginlega lent í skugga þess. (Forseti hringir.) En vinnubrögðin eru ekki til fyrirmyndar og upplifun mín var allt önnur en hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar.

[18:11]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er leitt að heyra og fá staðfestingu á því að einhverjir nefndarmenn, þar á meðal hv. þingmaður, hafi verið í einhverju ójafnvægi þegar málið var afgreitt úr nefndinni en eftir stendur að við afgreiðslu þessa máls var fullkomlega farið að þingsköpum.

Ég hlýt að varpa spurningu fram til hv. þingmanns, hún er þessi: Hvernig í ósköpunum komst þetta mál á dagskrá ef það hefur ekki verið afgreitt úr nefndinni? Og hvernig stendur á því að nefndaráliti vegna málsins var dreift og því síðan breytt samkvæmt athugasemd frá fulltrúa eins stjórnarandstöðuflokksins í nefndinni? Gerist þetta allt saman einhvern veginn af sjálfu sér? Hvernig stendur þá á því að hv. þingmenn, sem hafa nú setið hér dögum og vikum saman undir umræðum um Ríkisútvarpið hf., gerðu ekki athugasemdir sem þessar aðeins fyrr? Hvernig stendur á því að menn létu allan þennan tíma líða ef þeir á annað borð telja sig vera að tala samkvæmt bestu vitund? Ég vildi gjarnan fá svör við þessum spurningum.

[18:13]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að það var töluvert ójafnvægi á fundi nefndarinnar. Ójafnvægið var þó eingöngu meiri hluta megin vegna þess að það var gífurleg-

ur þrýstingur á meiri hlutann að koma þessu máli, þ.e. Ríkisútvarpsmálinu, frá og úr nefndinni þrátt fyrir að ekki gæfist tími til að ræða það. Það er því ekkert óeðlilegt, frú forseti, eins og ég sagði áðan, að upplifun meiri hlutans hafi verið sú að þetta hafi verið í einum pakka og ég geri út af fyrir sig ekki athugasemdir við það. Við ákváðum það í minni hlutanum strax eftir fundinn að vera ekkert að gera athugasemdir við það. Við vildum hins vegar minnast á þetta til þess að sýna hvernig vinnubrögðin í nefndinni voru þegar þetta gerðist. Æðibunugangurinn var svo mikill að ekki gafst einu sinni tími til þess að vinna af formfestu.

Upplifunin var þessi og við ákváðum sem sagt að gera ekki neinar frekari athugasemdir við þetta. Hv. þm. Mörður Árnason minntist á þetta hér í ræðu sinni og tók það fram að ekki væru fleiri athugasemdir og ekki yrði gert meira með málið. Hins vegar er eðlilegt að aðrir hv. þingmenn sem hér voru í salnum og heyrðu þetta hafi risið upp og talið býsna langt gengið í því að fara gegn forminu sem við göngum venjulega út frá á nefndarfundum. Við sem sátum fundinn settum þetta í eðlilegt samhengi og ákváðum þess vegna að gera ekki frekari athugasemdir við málið. Sú er auðvitað skýringin á því af hverju allt gekk fram sem hv. þingmaður var að nefna.

Þetta er dæmi um það dæmalausa mál sem við höfum verið að ræða varðandi Ríkisútvarpið hvernig að því var staðið. Sinfónían geldur þess að fá ekki nægjanlega umfjöllun af því að það lá svo mikið á að koma Ríkisútvarpinu úr nefndinni. Þess vegna m.a. voru drögin að nefndarálitinu aldrei rædd neitt sérstaklega í menntamálanefnd — af þeirri einföldu ástæðu að Ríkisútvarpið var stóra málið og það var Ríkisútvarpið sem meiri hlutinn var með meirihlutavaldi sínu að taka úr nefndinni gegn vilja minni hlutans og án þess að málið væri fullrætt. Það hefur orðið til þess að við höfum hér í þingsölum þurft að ræða málið frekar. Ekki nóg með það. Á morgun munum við hefja leik að nýju í nefndinni og ræða frumvarpið um Ríkisútvarpið frekar þar.

[18:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði að jafnvel þó svo kynni að vera að þetta mál hefði ekki verið tekið formlega út úr nefndinni þá væri að minnsta kosti svo að ábendingar um slíkt væru svo seint fram komnar að þær væru ekki gildar.

Mig langar að upplýsa hv. þingmann um að það eru engir sérstakir tímakvarðar á það hvenær lög eigi að gilda og hvenær ekki. (**HBl:** Það verður nú að upplýsa þingmenn.) Í öðru lagi þá er það svo, eins og hv. þm. Halldór Blöndal er mér örugglega sammála um, að sannleikurinn kemur aldrei of seint fram. Hv. þingmaður sagði að þetta hlyti að vera spaug. Í þessum sölum spauga menn ekki með lög. Svo einfalt er það nú.

Ég vil hins vegar þakka hv. þingmanni fyrir glögg svör varðandi fjárhagsstöðuna. Það eru fullnægjandi svör að minnsta kosti fyrir mig. En það vakti eftirtekt mína að hv. þingmaður sagði að þessi skuld, 626 millj., mundi fylgja Ríkisútvarpinu hvað svo sem síðar yrði.

Hvað á hv. þingmaður við? Hvernig er ætlast til að Ríkisútvarpið greiði þessa skuld? Hefur hv. formaður menntamálanefndar eitthvað velt því fyrir sér eða er þetta bara partur af þeim lausu endum sem alls staðar leka og lafa út úr þessum frumvörpum og minna helst á ullarpeysu sem *hefur lent í rakstrarvél*? Allt tætt í sundur. Nei. (**HBl:** ... frá því að þú varst lítill drengur.)

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara að nota þessar fáu sekúndur til að rifja upp bernskuminningar mínar en svarið er neitandi við frammíkalli fyrrverandi ágætis hæstv. forseta þingsins.

Bara þetta varðandi vinnubrögðin. Það er upplýst hér. Það er meira að segja hrúgað stjórnarandstæðing á nefndarálit meiri hlutans án þess hann sé spurður að því. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson þarf að leiðrétta það sérstaklega að hann er ekki með á þessu. Er það ekki nokkuð til marks um vinnubrögðin hjá þessum ágæta stjórnarmeirihluta?

[18:17]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi þetta með skuldir útvarpsins gagnvart Sinfóníuhljómsveitinni, þá er alveg ljóst að Ríkisútvarpið þarf einhvern veginn að greiða upp þessar skuldir og ég minni á að hvort sem það eru fyrirtæki eða stofnanir sem steypa sér í skuldir þá þurfa þau að standa skil á skuldum. Það vill hins vegar til með þetta félag að það verður rekið af skattfé og hefur frekari aðgang að tekjum en flest önnur fyrirtæki sem eru í rekstri. Þannig að ég geri nú ráð fyrir að Ríkisútvarpið muni hafa ráð á því með tíð og tíma að greiða upp skuldir sínar ef stjórnvöld taka ekki þá ákvörðun að grípa til einhverra sérstakra ráðstafana hvað það varðar.

En það verður ekki gert í þessu frumvarpi eins og hv. þingmaður veit sem er nú búinn að vera hérna þingmaður kannski lengur en margir teldu ástæðu til að ætla, miðað við málflutning hans í þessu máli.

En það veit hv. þm. Einar Már Sigurðarson, sem er mjög reyndur fjárlaganefndarmaður, að út í slíkar aðgerðir verður ekki farið í lagasetningu eins og þessari. Það verður gert í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þetta veit hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem ég að öðru leyti met mikils og *reyni nú yfirleitt að hlusta eftir góðum ábendingum sem frá* honum koma. Þetta er því bara verkefni sem Ríkisútvarpið þarf að leysa gagnvart Sinfóníuhljómsveitinni. Þannig er það. Ég hlakka til að eiga orðastað við hv. þingmann í 3. umr. um þetta mál.

[18:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get þá glatt hv. þingmann Sigurð Kára Kristjánsson með því að ég hyggst halda nokkuð yfirgripsmikla og djúpa ræðu um það mál þegar sú stund rennur upp. Hv. þingmaður hefur þá eitthvað til að hlakka til.

En ég er ekki viss um að vegna þess að ríkið og Ríkisútvarpið hafi aðgang að skattpeningum almennings þá muni það standa fljót og greið skil á skuld sinni við Sinfóníuhljómsveitina. Ég óttast það miklu fremur að þingmenn eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson og Pétur H. Blöndal muni nota þessa miklu skuld, 626 millj. til að taka enn einn snúning á þumalskrúfunni sem þeir nota með því að fjársvelta Ríkisútvarpið, til

að knýja það í sölu.

Leiðtogi þessara þrílembinga, frú forseti, ég tek þessi orð aftur því þau eru óviðuleg. En leiðtogi þessara virðulegu þremenninga, Pétur H. Blöndal kom hér upp í dag og sagði að hann samþykkti frumvarpið vegna þess að það væri leið að einkavæðingu. Ég hef fært rök að því áður að ef þessir menn komast til þeirra valda og áhrifa sem hugur þeirra bersýnilega girnist þá er það einmitt fjárþröng Ríkisútvarpsins sem þessir herramenn munu nota til að pína það inn í farveg bútasölunnar sem ég tel að bíði Ríkisútvarpsins.

En að öðru leyti ætla ég ekki að lengja þessa umræðu en vil aðeins segja hv. þingmanni að ég, eins og hann, tók þátt í umræðum í menntaskóla. Á þeim fundum voru yfirleitt haldnar fundargerðir og þar skrifuðu menn það sem fór fram á fundum en ekki eftir á eftir einhverju sem er óáþreifanlegt eins og upplifun. En þessi ágæti þingmaður virðist lifa í einhverjum draumheimi og hann dreymir hverjir eru með á meirihlutaálitinu og hvort álit séu yfir höfuð formlega afgreidd. Svo kemur að því að hann vaknar og þá fellast timburmennirnir í að hann þarf að fara að leiðrétta sjálfan sig. Eða aðrir fyrir hann eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson þurfti að gera.

[18:21]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hv. þingmaður ætti að fara varlega í yfirlýsingum sínum og kannski ástæða til að hann taki eitthvað af orðum sínum aftur umfram það sem hann hefur þegar gert, vegna þess að ég heyrði ekki betur en að hv. þingmaður væri að dylgja að því að ég og aðrir í meiri hlutanum hefðum verið að semja söguna eftir á. (Gripið fram í.) Skálda raunveruleikann. Það eru mistök sem áttu sér stað, hv. þingmaður sem urðu og hafa oft orðið hér í þingsögunni. En það eru ekki rök fyrir því sem hv. þingmaður lætur að liggja og eru í rauninni alvarlegar ásakanir sem ég veit ekki hvort félagar hans í Samfylkingunni taka undir. Ég mundi nú fara varlega í öllum yfirlýsingum af þessu tagi, hv. þingmaður.

Að lokum vil ég óska hv. þingmanni innilega til hamingju með að hafa haldið þessa ræðu og farið í öll þau andsvör sem hann hefur farið í án þess að hafa reifað sína efnislegu skoðun á þeim efnisatriðum sem fram koma í frumvarpinu. Hv. þingmaður hefur hér farið vítt og breitt yfir sviðið og fjallað kannski meira um önnur frumvörp sem við höfum rætt hér á síðustu vikum. En það er ástæða til að hrósa hv. þingmanni fyrir málflutning hans í þessu máli.

[18:23]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég ætlaði ekki að lengja þessa umræðu. En hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson taldi að ég hefði ekki farið efnislega yfir afstöðu mína í þessu máli. Ég flutti hér í löngu máli, að því mér þótti skilmerkilega málafærslu fyrir því að ég tel að það sé röng byrjun á þessum umskiptum á högum Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins að byrja á því að skilja þau með þessum hætti í sundur.

Ég er þeirrar skoðunar að ef hér á að byggja upp menningarlega framsækið Ríkisútvarp þá hefðu menn átt að byrja á því að efla þessi tengsl. Þetta er sama skoðun og Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins hefur sett fram.

Að öðru leyti, frú forseti, ætla ég ekki að fjölyrða um þetta, af einskærri virðingu fyrir hæstv. samgönguráðherra sem á eftir að flytja hér mál sín og hefur beðið þolinmóður lengi dags eftir því.

En þetta var meginkjarninn í mínu máli. Hv. þingmaður virtist svo sár yfir því að ég léti að því liggja að meiri hlutinn hefði skáldað upp það sem fram fór á þessum fundum. Ég lét ekkert að því liggja. Ég sagði það hreint út og ástæðan fyrir því að ég sagði það ekki fyrr, af því hv. þingmaður innti mig eftir því, var einfaldlega sú að ég varð þess ekki áskynja fyrr en í dag þegar þingmenn úr menntamálanefnd upplýstu um framgang málsins í nefndinni, að þetta hefði átt sér stað. Ég tek það ekki jafnlétt og hv. þingmaður að menn afgreiði á einhverjum handahlaupum mikilvæg mál eins og Sinfóníuhljómsveit Íslands út úr nefnd, með þeim hætti að helft þingmanna sem eru viðstaddir gerir sér ekki grein fyrir að það hafi gerst. Það eru álíka vinnubrögð og þau að setja þingmann á nefndarálit án þess að hafa einu sinni fyrir því að spyrja hann. Það var það sem gerðist.

Það var það sem hv. þingmaður sagði að hefði gerst hér varðandi einn kollega hans úr Frjálslynda flokknum. Svo ég held að hv. þingmaður þurfi ekkert að móðgast yfir þessu. Hugsanlega voru þetta bara mistök. Gott og vel. Allir gera mistök. Jafnvel tilvonandi dýrlingar eins og þessir ungu tyrkir Sjálfstæðisflokksins.

Hitt liggur alveg ljóst fyrir að þetta er í andstöðu og stangast á við lögin um það hvernig mál eigi að fara fram. Mér væri í lófa lagið að krefjast þess af hálfu hæstv. forseta að umræða um þessi mál og afgreiðsla yrði stöðvuð þangað til það hefði fengið formlega afgreiðslu í nefndinni. En ég ætla ekkert að leggja stein í götu þessa máls sérstaklega. Ég vil bara segja að lokum að afstaða mín kom algerlega skýrt fram í þessu máli. En það hefur hins vegar aldrei komið fram nein afstaða af hálfu hv. þingmanns og formanns menntamálanefndar um það af hverju á að skilja þetta tvennt að. Né heldur hefur hann lýst viðhorfum sínum til þess hvort það sé æskilegt fyrir Ríkisútvarpið eða Sinfóníuhljómsveitina.

Það má meira að segja færa rök fyrir því frá fjárhagslegu sjónarmiði að þetta kunni að vera æskilegt fyrir Sinfóníuhljómsveitina vegna þess að ríkið mun greiða hlut Ríkisútvarpsins í rekstrinum. Ríkið mun líka þurfa greiða kannski fast að 100 millj. kr. fyrir þá þjónustu sem Sinfóníuhljómsveitin þarf að veita því. Hv. þingmaður hefur lýst hér yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að þau tengsl verði áfram hin sömu. En það kostar peninga. Þannig að þegar upp er staðið þarf ríkið að greiða meira til Sinfóníuhljómsveitarinnar en áður og hún fær aukin verkefni. Þannig að það er alveg ljóst að þetta þarf ekkert að vera fjárhagslega slæmt fyrir sinfóníuna. En þetta getur orðið menningarlega erfitt fyrir almannaútvarp sem á að sinna því hlutverki að miðla tónlistarlegri arfleifð.

Það er nú bara eitt af því sem segir beinlínis í frumvarpinu um Ríkisútvarpið. Þetta er mergurinn málsins en það er

eins og með flest annað í þessu máli að það er ekki hugsað til þrautar, menn láta rekast og hrekjast undan stormviðrunum og stormurinn sem geisar í málefnum þessara stofnana er fjárhagsleg meðferð Sjálfstæðisflokksins á þeim. Í 20 ár hafa ráðherrar Sjálfstæðisflokksins svelt Ríkisútvarpið og þeir hafa svelt Sinfóníuhljómsveitina. Og nú koma þeir og reyna að bjarga einhverjum málum. Og hver er björgunin? Hún felst í að það á að háeffa Ríkisútvarpið og síðan á að beita áfram þessu fjárhagssvelti til að þröngva því inn á slóð bútasölunnar. Þeir byrja á að selja Rás 2 hér með frumvarpi á næstu árum. Láta þingið standa andspænis því að hið nýja hlutafélag eigi ekki fyrir skuldum og það eigi ekki fyrir rekstri og nota þá grein frumvarpsins sem segir að það megi leggja einstaka þætti Ríkisútvarpsins í hlutafélag með öðrum. Þá leggja þeir Rás 2 inn í hlutafélag með 365-miðlum. Svo þegar menn standa andspænis blankheitunum koma þeir með frumvarp og segja: Ríkisútvarpið stendur svo illa að það verður að selja þetta hlutafélag. Það er svona sem þetta gerist.

Það er hugsanlegt að hv. þingmaður hafi ekki hugsað þetta til þrautar. Hitt er alveg ljóst að hann er ekkert ósammála því. Hann er beinlínis alinn upp í því heimatrúboði innan Sjálfstæðisflokksins að það eigi að selja Ríkisútvarpið. Hann hefur sjálfur mörgum sinnum tekið þátt í því á þingum Heimdallar og Sambands ungra sjálfstæðismanna að leggja fram og mæla fyrir tillögum um að það eigi að selja Ríkisútvarpið. Það var þess vegna sem leiðtogi lífs hans í þessum efnum kom hér í atkvæðagreiðslu í dag og sagðist samþykkja þetta frumvarp sem við afgreiddum hér í dag, gegn atkvæði mínu þó, vegna þess að hann taldi að þetta væri skref að sölu.

Það er þingmaður sem stendur ekki víðs fjarri hv. formanni menntamálanefndar sem hefur einmitt lýst nákvæmlega þessu sama í grein nýlega. Það var ég. Ég lýsti því að þetta frumvarp væri nákvæmlega það sem Pétur H. Blöndal hv. þingmaður sagði hér í dag, skref að einkavæðingu. Ekki orð um það meira.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 708. mál. — Þskj. 1044.

og

Flugmálastjórn Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 707. mál (heildarlög). — Þskj. 1043.

[18:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir tveimur frumvörpum til nýrra laga, annars vegar frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur og hins vegar frumvarpi til laga um Flugmálastjórn Íslands ásamt breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir.

Með frumvörpum þessum er lagt til að núverandi skipulagi flugmála verði breytt og leiðir það til nokkurrar uppskiptingar á starfsemi Flugmálastjórnar Íslands frá því sem er í dag. Lagt er til að þjónusturekstur stofnunarinnar, þ.e. flugleiðsöguþjónustan að alþjóðaflugþjónustunni meðtalinni svo og rekstur flugvalla, verði tekinn út úr stofnuninni og stofnað verði um hann sérstakt hlutafélag. Þá er lagt til að sett verði sérstök lög um starfsemi Flugmálastjórnar Íslands sem eftir breytingarnar takmarkast einkum við verkefni er varða stjórnsýslu og eftirlit á sviði flugmála.

Helstu markmiðin sem stefnt er að með breytingunum eru eftirfarandi:

Að skilja stjórnsýslu og eftirlit Flugmálastjórnar frá þjónustustarfsemi stofnunarinnar í samræmi við innlendar og erlendar kröfur um skýr skil milli þessara þátta,

að auka gagnsæi, skilvirkni, sveigjanleika og stuðla að betri stjórnsýsluháttum stjórnsýsluhlutans,

að auka skilvirkni þjónustustarfseminnar og ekki síst samkeppnishæfni flugumferðarþjónustunnar í sínu alþjóðlega umhverfi,

að færa verkaskiptingu varðandi flugmál í sambærilegt horf og þekkt er í ríkjunum í kringum okkur.

Virðulegi forseti. Við Íslendingar höfum mikla sérstöðu í flugmálum samanborið við nágrannalöndin. Við eigum flugfélög og tengda starfsemi ásamt flugleiðsöguþjónustu sem er margföld að umfangi miðað við það sem íbúafjöldi og stærð landsins gefur tilefni til. Við erum reyndar stór á þessu sviði óháð þeim mælikvarða sem við viljum nota til þess að bera okkur saman við aðrar þjóðir. Hvers vegna? Jú, það skýrist að stórum hluta af góðu rekstrarumhverfi sem hefur m.a. áunnist vegna aðildar okkar að EES-samningnum. Með EES-samningnum var losað um skilyrði fyrir aðgangi að mörkuðum sem íslenskir flugrekendur njóta góðs af. Jafnframt höfum við hvergi slakað á við að innleiða öryggisreglur alþjóðasamfélagsins og gætt þess að halda uppi ströngu eftirliti til þess að tryggja að innlendir flugrekstraraðilar uppfylli alþjóðlegar reglur um starfsemina. Þetta hefur tryggt íslenskum flugrekstraraðilum gagnkvæma viðurkenningu á starfseminni og auðveldar aðgang að mörkuðum. Þá erum við með eitt stærsta flugstjórnarsvæði í heimi þar sem veitt er flugleiðsöguþjónusta í fremstu röð. Þjónusta á hluta þess svæðis er veitt samkvæmt umboði Alþjóðaflugmálastjórnarinnar en einnig samkvæmt samningi við Dani varðandi þjónustu yfir Grænlandi. Fjármögnun þjónustunnar er samkvæmt ákvæðum alþjóðasamnings þar um og er að mestu borin uppi af þjónustugjöldum.

Þessi góða staða íslensks flugrekstrar er ekki sjálfgefin og við getum ekki gengið að því vísu að halda henni. Mikil samkeppni ríkir í því alþjóðlega umhverfi sem íslenskur flugrekstur starfar í og ekki síst á sviði þeirrar flugþjónustu sem Flugmálastjórn veitir. Samkeppnin hefur aukist mjög mikið í kjölfar markaðssóknar samkeppnisaðila bæði í austri og vestri. Þessir samkeppnisaðilar eru einkavædd fyrrum ríkisfyrirtæki og eru þau að sækja inn á ný svið, þar með talin þau sem við stjórnum. Við þessu verðum við að bregðast, m.a. með því að flugþjónustan starfi ekki við lakari aðstæður en sambærileg þjónusta í ríkjunum næst okkur. Þetta gildir bæði um gæði og öryggi þjónustunnar og ekki

síður hið rekstrarlega umhverfi. Starfsemin þarf að búa við sveigjanleika og snerpu til að bregðast við alþjóðlegri samkeppni. Við verðum nú sem fyrr að halda vöku okkar í sívaxandi alþjóðlegri samkeppni og styrkja grunninn svo að við getum haldið stöðu okkar og jafnvel sótt fram. Séu skilyrði fyrir frumkvæði og framsækni fyrir hendi efast ég ekki um að það takist og flugþjónusta verði áfram mikilvæg atvinnugrein hér á landi sem skapi fjöldamörg hálaunastörf. Með þessum frumvörpum er haldið áfram á þeirri braut að færa skipulag flugstarfseminnar og rekstrarlegt umhverfi til samræmis við það sem viðtekið er í alþjóðaumhverfinu. Markmiðið er m.a. að losa um hömlur og takmarkanir núverandi skipulags og leysa úr læðingi krafta til þess að takast á við aukna alþjóðlega samkeppni á þessu sviði sem blasir við og er staðreynd í dag.

Virðulegi forseti. Á flugþingi árið 2003 kynnti ég ákvörðun mína um skipun stýrihóps til að skoða framtíðarskipulag flugmála hér á landi. Markmið hópsins var m.a. að fara yfir starfsemi, skipulag og verkefni Flugmálastjórnar og skilgreina hvaða rekstrarform mundi henta fyrir þá starfsemi Flugmálastjórnar sem lýtur að rekstri og þjónustu við flugið og þá sérstaklega hvort hlutafélagaformið teldist henta til þeirrar starfsemi eða hluta hennar. Hópurinn skilaði skýrslu til samgönguráðuneytisins í mars 2005. Í skýrslunni kom fram að miklar breytingar hafa orðið á rekstrarumhverfi á sviði flugmála á undanförnum árum. Þessar breytingar eru afleiðingar af aukinni áherslu stjórnvalda á öryggi flugsamgangna annars vegar og samkeppni hins vegar. Í þessu felst m.a. krafa um gagnsæjan og hagkvæman rekstur og að greinin sé sjálfbær. Þá hafa örar tækniframfarir á sviði flugmála leitt til mikilla breytinga sem enn er ekki séð fyrir endann á.

Flugmálin eru í eðli sínu alþjóðleg og hefur Alþjóðaflugmálastofnunin ICAO gegnt mikilvægu hlutverki við stefnumótun á því sviði og þar með þróun undanfarinna ára. Þá hafa flugmál skipað háan sess innan EES-samningsins og gerðumst við t.d. fullgildir aðilar Flugöryggisstofnunar Evrópu 1. júlí 2005. Sú stefna sem flugmál hafa tekið undanfarin ár, ekki síst fyrir tilstilli aðgerða Evrópusambandsins, hefur leitt til þess að mörg ríki hafa endurskoðað fyrirkomulag flugmála sinna og ráðist í skipulagsbreytingar á því sviði. Samgönguráðuneytið fylgdist vel með þessari þróun og var því stýrihópurinn skipaður á sínum tíma. Hópurinn benti á að til að uppfylla alþjóðlegar kröfur þyrfti að breyta skipulagi eftirlits og þjónustu Flugmálastjórnar. Það samræmdist ekki góðum stjórnsýsluháttum að sama stofnun hefði með höndum stjórnsýslu og eftirlit með þjónustu sem sama stofnun veitti. Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra var talið nauðsynlegt að aðskilja faglega yfirstjórn eftirlits annars vegar og þjónustustarfsemi Flugmálastjórnar hins vegar. Flugmálayfirvöld verða að gera sömu kröfur í öryggismálum og önnur ríki sem við berum okkur saman við. Þá þurfum við að styðja við útrás íslenskra flugrekenda með skilvirkri stjórnsýslu sem er hluti af því rekstrarumhverfi sem flugrekendum er búið og hefur áhrif á möguleika þeirra í samkeppninni. Í ljósi þess að samkeppni er hafin í flugleiðsöguþjónustu var það m.a. mat stýrihópsins að bregðast þyrfti við þannig að íslenskri flugleiðsöguþjónustu yrðu sköpuð skilyrði til þess að eflast og takast á við aukna samkeppni og breyttar aðstæður. Þá er þrýstingur á fækkun flugstjórnarsvæða og aukna skilvirkni flugleiðsöguþjónustunnar. Breytingar hafa verið gerðar á skipulagi flugmála í nágrannalöndum okkar sem miða að því að auka samkeppnishæfni flugumferðarþjónustu. Það var mat stýrihópsins að bregðast þyrfti við þessari þróun og haga málum þannig að íslenskri flugumferðarþjónustu séu sköpuð skilyrði til að eflast enn frekar.

Það liggur fyrir að flugstjórnarmiðstöðvar beggja vegna Atlantshafsins sækjast eftir — og vil ég biðja hv. þingmenn að taka sérstaklega eftir þessu — að fá að taka yfir umrætt flugstjórnarsvæði. Því er mikilvægt að sú þjónusta sem veitt er hér á landi sé samkeppnishæf og örugg. Að öðrum kosti kann sú hætta að vera fyrir hendi að þjónustan hverfi úr landi. Stýrihópurinn lagði til að valinn yrði sá kostur að skilja þjónustustarfsemi og rekstur Flugmálastjórnar frá stjórnsýslu og eftirliti þar sem þjónustustarfsemin og flugvallareksturinn yrðu færð til hlutafélags sem yrði í eigu ríkisins. Meginkostir þeirrar tillögu voru taldir þeir að stjórnsýsla og eftirlit eigi samleið og aðgreining eftirlits og þjónustu með þessum hætti uppfylli kröfur um gagnsæi opinberrar stjórnsýslu. Jafnframt að hlutafélagavæðing þjónustunnar veitti þann sveigjanleika sem nauðsynlegur sé til þess að takast á við fyrirliggjandi verkefni og fyrirsjáanlega samkeppni. Þjónusta við flug þurfi að vera samkeppnishæf í þessu tilliti. Til lengri tíma litið er gert ráð fyrir að hlutafélagavæðing þjónustustarfseminnar leiði til sveigjanleika sem og greiði fyrir nýtingu mögulegra sóknarfæra. Auðveldara er að stofna til samstarfs við erlend og innlend hlutafélög við markaðssetningu þjónustu og stoðþjónustu erlendis. Það er einnig í samræmi við þróun á hinum Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu.

Virðulegi forseti. Ljóst er að breytingar sem hér hafa verið kynntar kröfðust vandaðs undirbúnings. Skipaður var sérstakur umbreytingahópur árið 2005 sem hafði það hlutverk að hrinda í framkvæmd breytingum í samræmi við tillögur stýrihópsins sem ég hafði fallist á. Frumvörp þessi eru samin af umbreytingahópnum og þar er gert ráð fyrir breytingum á starfsemi og skipulagi Flugmálastjórnar með það að markmiði að stofna sérstakt hlutafélag í eigu ríkisins um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar en að stjórnsýslustarfseminni, þar með talinni eftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnar, yrði sinnt af sérstakri stofnun, Flugmálastjórn Íslands, með sérstökum lögum þar um.

Við undirbúning frumvarpsins var leitað eftir athugasemdum frá hagsmunaaðilum, flugrekendum og stéttarfélögum og Flugmálastjórn, auk þess sem drögin voru kynnt á netinu. Haldnir hafa verið nokkrir fundir með starfsmönnum, stéttarfélögum og fulltrúum lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins þar sem þessi mál hafa verið kynnt. Flugráð hefur fjallað um málið á öllum stigum þess. Frumvörpin voru tekin fyrir í ráðinu sem fagnaði þeim breytingum sem hér eru lagðar til og telur að þær séu til bóta. Auk þess séu tillögurnar til þess fallnar að auka á sveigjanleika og samkeppnishæfni í þessari starfsemi.

Vil ég þá gera grein fyrir frumvarpinu um stofnun hlutafélagsins sérstaklega. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, eins og fyrr hefur verið sagt, að ríkisstjórninni verði heimilað að stofna hlutafélag um þjónustustarfsemi Flugmála-

stjórnar Íslands. Til félagsins verða lagðar ýmsar eignir og réttindi og félaginu gert að taka yfir skuldir og skuldbindingar sem tilheyra framangreindum rekstri. Hlutafé í félaginu verður í eigu ríkisins en samgönguráðherra fer með hlutafé og ákveður hvaða eignir og réttindi, skuldir og skuldbindingar fylgja félaginu. Ríkisendurskoðandi staðfestir matið og stofnfé félagsins verði miðað við 1. janúar 2007. Tilgangur félagsins skal vera að annast rekstur og uppbyggingu flugleiðsöguþjónustu og rekstur flugvalla hér á landi, auk annarrar skyldrar starfsemi. Gert er ráð fyrir að félaginu verði falið með samningum við ríkið að annast uppbyggingu og rekstur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu og félaginu verði falið að tryggja þjónustu á sviði flugleiðsögu og rekstur flugvalla sem á hverjum tíma er talið nauðsynlegt.

Þá er gert ráð fyrir að heimilt sé að fela félaginu að fara með afmörkuð réttindi og skyldur íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum og alþjóðasamningum og gert ráð fyrir að félaginu verði falið að fara með réttindi og skyldur íslenska ríkisins vegna alþjóðaflugþjónustunnar.

Í 1. gr. frumvarpsins er, í samræmi við það sem áður er sagt, gert ráð fyrir því að ríkisstjórninni verði heimilað að stofna hlutafélag um þjónustustarfsemi Flugmálastjórnar Íslands, þ.e. flugleiðsöguþjónustu, þar með talið flugumferðarþjónustu, fjarskipta- og leiðsögukerfi svo og flugvallarekstur Flugmálastjórnar. Skal ríkisstjórninni heimilað að leggja til félagsins ýmsar eignir og réttindi og gera félaginu að taka yfir skuldir og skuldbindingar sem tilheyra framangreindum rekstri Flugmálastjórnar að frátöldum fasteignum á flugvöllum, þar með talið flugbrautum, umferðarsvæðum flugvéla og flughlöðum. Markmiðið með frumvarpinu er að stofna sterkt og lífvænlegt hlutafélag um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands. Ljóst er að fara verður vandlega í gegnum eignir og skuldir Flugmálastjórnar og ákveða hvað eðlilegt sé að færist yfir í hlutafélagið. Eiginfjárstaðan verður að vera sérstaklega traust og endurspegla öruggan rekstur og sterkan efnahag því að allur rekstur tengdur flugrekstri er áhættusamur og sveiflukenndur eins og menn þekkja. Ég treysti því að þetta markmið um traust félag náist enda er engin önnur niðurstaða ásættanleg þegar lagt er út í þessar breytingar.

Hlutaféð verður í eigu ríkisins samkvæmt 2. gr. og er sala þess og ráðstöfun óheimil. Samgönguráðherra skal fara með hlutafé ríkisins í félaginu og fara með forræði hlutahafans í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Ráðherra ákveður hvaða eignir og réttindi, skuldir og skuldbindingar það eru sem lagðar eru til félagsins samkvæmt 3. gr. en þær verða metnar til stofnhlutafjár í félaginu.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er tilgangur félagsins að annast rekstur og uppbyggingu flugleiðsöguþjónustu eins og fyrr er getið og rekstur flugvalla hér á landi en einnig erlendis eftir atvikum auk annarrar skyldrar starfsemi sem geti styrkt framangreinda kjarnastarfsemi. Gert er ráð fyrir að félagið muni annast rekstur núverandi flugleiðsöguþjónustu Flugmálastjórnar, þar með talið Alþjóðaflugþjónustuna, og muni að auki taka að sér annan rekstur fjarskipta og leiðsögukerfa sem Flugmálastjórn annast nú. Einnig er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að félagið taki að sér rekstur á þeim flugvöllum sem heyra undir Flugmálastjórn.

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að um réttarstöðu starfsmanna sem nú starfa hjá Flugmálastjórn á sviði flugleiðsöguþjónustu og flugvallareksturs, sem gert er ráð fyrir að flytjist yfir til hlutafélagsins, fari samkvæmt almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Ekki er gert ráð fyrir sérákvæðum í tilefni þessara breytinga.

Í þessu felst m.a. annars að engum starfsmanni verður sagt upp störfum vegna þessarar breytingar einnar saman. Þeir starfsmenn sem falla undir 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, fyrirgera ekki rétti sínum til biðlauna þó þeir hafni boði um að starfa áfram hjá félaginu, en um biðlaunaréttinn fer að öðru leyti eftir ákvæðum starfsmannalaga, m.a. um að frá biðlaunum dragast hvers konar launatekjur á biðlaunatímanum. Þá gilda kjarasamningar starfsmanna við Flugmálastjórn áfram hjá hinu nýja félagi í samræmi við 9. gr.

Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að félagið verði stofnað, því kosin stjórn og það skráð nokkru áður en félagið hefur starfsemina en ljóst er að stjórn félagsins þarf að sinna ýmsum undirbúningsverkefnum áður en eiginleg starfsemi félagsins hefst. Ekki er gert ráð fyrir því að stjórnarmenn séu tilnefndir af öðrum til setu í stjórn félagsins en miðað er við að í stjórnina veljist að sjálfsögðu hæfir menn á þessu sviði.

Lagt er til í 9. gr. að félagið taki yfir flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar 1. janúar 2007. Samhliða er gert ráð fyrir að Flugmálastjórn hætti þeirri starfsemi sem færist yfir til hlutafélagsins. Þá er kveðið á um að breyting veiti viðsemjendum Flugmálastjórnar ekki sérstaka heimild til að segja upp fyrirliggjandi samningsböndum. Er þá m.a. átt við verk- og þjónustusamninga sem í gildi eru vegna þeirrar starfsemi sem flyst til hlutafélagsins.

Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að félagið taki að sér að annast núverandi flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar eins og fyrr er getið og félagið muni annast uppbyggingu og rekstur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu í samræmi við eftirspurn eftir slíkri þjónustu á hverjum tíma.

Fyrirliggjandi er að mikilvægir þættir í þeirri starfsemi munu ekki standa undir stofnkostnaði eða undir kostnaði við reksturinn. Þessi starfsemi er eftir sem áður mikilvæg hér á landi með sama hætti og önnur samgöngukerfi landsins. Það er því gert ráð fyrir að íslenska ríkið muni fela félaginu að annast rekstur tiltekinna flugvalla og flugleiðsögukerfa á grundvelli uppbyggingar og þjónustusamninga sem munu á hverjum tíma taka mið af stefnumótun og markmiðum í samgöngumálum hér á landi, m.a. með tilliti til samgönguáætlunar.

Af þessu leiðir að eftir stofnun félagsins munu verða gerðir samningar við félagið um rekstur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu hér á landi sem tryggja mun að uppbygging, þjónusta og rekstur sé í samræmi við núverandi og framtíðarmarkmið stjórnvalda og stefnumótun í samgöngumálum.

Mjög mikilvægt er fyrir þingmenn að átta sig á þessu.

Þá er gert ráð fyrir því í 11. gr. frumvarpsins að heimilt sé að fela félaginu að fara með afmörkuð réttindi og skyldur íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum, alþjóðasamningum eða tvíhliða samningum við önnur ríki eftir því sem samræmist tilgangi félagsins á hverjum tíma. Sérstaklega er gert ráð fyrir að heimilt sé að fela félaginu að fara með réttindi og skyldur íslenska ríkisins vegna alþjóðaflugþjónustunnar.

Loks er í 14. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir þeirri breytingu á nokkrum ákvæðum í lögum um loftferðir og lögum um rannsókn flugslysa sem leiðir af hinu breytta skipulagi.

Þá vil ég, virðulegi forseti, víkja að frumvarpi um Flugmálastjórn.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sérstök lög verði sett um Flugmálastjórn Íslands sem komi í stað núgildandi 2. kafla laga um loftferðir, nr. 60/1998. Með þessu er m.a. verið að styrkja Flugmálastjórn í breyttu umhverfi og skilgreina betur hlutverk og starfsemi stofnunarinnar og fela henni algerlega ný og óbreytt verkefni miðað við það sem er í dag. Niðurstaða fyrrnefnds stýrihóps um framtíðarskipun flugmála, sem skilaði af sér skýrslu í febrúar 2005, var sú að skynsamlegt væri að eftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnar færðist undir B-hluta fjárlaga. Reglur A-hluta draga mjög úr viðbragðsflýti við nýjum verkefnum sem hafa aukin útgjöld í för með sér. A-hluta reglur gera kröfur um að sótt sé um auknar útgjaldaheimildir á aukafjárlögum sem eru afgreidd undir lok viðkomandi árs fyrir auknum kostnaði við verkefni, jafnvel þótt þjónustugjöld standi að fullu undir kostnaði. Mikilvægt var að mati stýrihópsins að opinberir aðilar geti stutt við og þjónað vaxandi atvinnugreinum með góðu móti.

Í raun hafa þjóðir mikla hagsmuni af því að hafa flugvélar á skrá því þeim fylgir mikill efnahagslegur ábati vegna starfa. Stýrihópurinn taldi sannað að flugöryggissvið Flugmálastjórnar Íslands taki beint eða óbeint þátt í mikilli samkeppni á þessu sviði þó svo að það megi aldrei koma niður á öryggismálum.

Með hliðsjón af þeirri samkeppni sem ríkir á milli þjóða á þessu sviði er það mat stýrihópsins, og er ég algerlega sammála því, að framtíðarskipun flugmála væri mun heppilegri ef hún væri undir B-hluta reglunni. Ég tek undir þessi sjónarmið eins og ég nefndi fyrr.

Jafnframt er það ljóst að eftirlitsstofnanir eins og Póst- og fjarskiptastofnun, Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið eru allar í A-hluta. Jafnframt er bent á lögin um fjárreiður ríkisins. Í þeim er tiltekið að í B-hluta séu eingöngu stofnanir sem afla fjármuna til rekstrar með þjónustugjöldum frá einstaklingum á markaði og selja þjónustu sína á markaði.

Hér er því á ferðinni skilgreiningaratriði sem úrskurða þarf um. Ég treysti því að ríkisreikningsnefnd, sem um þetta þarf að fjalla verði frumvarp þetta að lögum, taki faglega afstöðu til málsins þannig að niðurstaða fáist um heppilegt rekstrarform Flugmálastjórnar strax í byrjun. En ég vil undirstrika það alveg sérstaklega vegna þessara verkefna Flugmálastjórnar á flugöryggissviðum að það þarf að tryggja eðlilega framvindu og tryggja eðlilega fjármuni til þessarar starfsemi.

Í frumvarpi þessu er fjallað um skipulag stofnunarinnar, yfirstjórn hennar og stöðu gagnvart ráðuneytinu, auk þess sem kveðið er á um stöðu flugmálastjóra og heimildir hans til að ráða til stofnunarinnar annað starfsfólk.

Þá er í frumvarpi þessu kveðið á um breytt hlutverk flugráðs en ráðinu er ætlað að vera ráðherra og flugmálastjóra til ráðuneytis um tiltekin mál sem undir það falla. Hlutverk flugráðs er að nokkru takmarkað frá því sem nú er en gert er ráð fyrir að ráðið hafi eftir sem áður mikilvægu ráðgefandi hlutverki að gegna.

Í frumvarpinu er gerð grein fyrir helstu verkefnum Flugmálastjórnar. Kveðið er á um almennar eftirlitsheimildir stofnunarinnar og að auki er kveðið á um heimildir hennar til leyfissviptinga og önnur þvingunarúrræði sem er nauðsynlegt. Einnig er kveðið á um sérstakt þagnarskylduákvæði og ákvæði sem lýtur jafnframt að afhendingu gagna sem stofnunin aflar í starfsemi sinni. Þá er það nýmæli í frumvarpinu að gert er ráð fyrir að stofnunin taki til athugunar kvartanir frá notendum loftferðaþjónustu en slíkt ákvæði er sett til að efla eftirlitshlutverk stofnunarinnar. Kveðið er á um gjaldskrá stofnunarinnar og gjaldtökuheimildir en miðað er við að ráðherra staðfesti gjaldskrá sem taki mið af kostnaði við að veita þjónustuna.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að Flugmálastjórn Íslands sé sérstök stofnun sem heyri undir samgönguráðherra og hún hafi með að gera stjórnsýslu á sviði loftferða hér á landi og eftirlit á því sviði. Gert er ráð fyrir að flugmálastjóri sé skipaður til fimm ára í senn og hann fari með stjórn stofnunarinnar í samræmi við það sem nú er. Þá er nýmæli í greininni um að flugmálastjóri ráði til stofnunarinnar annað starfsfólk þar með talið yfirmenn einstakra deilda eða sviða en það er breyting frá núgildandi lögum sem kveða á um að samgönguráðherra skuli ráða framkvæmdastjóra einstakra sviða.

Með 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á hlutverki flugráðs. Ráðið verði eftir sem áður skipað sex mönnum og ekki gert ráð fyrir breytingum á tilnefningum í ráðið frá því sem nú er. En samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að núverandi tilnefningar vegna þriggja flugráðsmanna og varamanna haldist óraskað en ekki verði gert ráð fyrir frekari bundnum tilnefningum til ráðsins. Samkvæmt greininni verður flugráð ráðgefandi fyrir ráðherra og flugmálastjóra og verða helstu verkefni ráðsins að fjalla um stefnumótun í flugmálum, veita ráðherra umsögn um tillögur samgönguráðs um samgönguáætlun og veita umsagnir um lagafrumvörp, tillögur að reglum er varða flugmál, auk annarra mála sem ráðherra kýs að senda ráðinu.

Ráðið hefur því aðeins ráðgefandi hlutverk eftir breytinguna en er ekki ætlað að hafa afskipti af stjórnsýslu eða eftirlitsverkum Flugmálastjórnar. Því er ekki ætlað að veita umsögn um rekstraráætlun Flugmálastjórnar eða gjaldskrártillögur en slíkt er ekki talið samræmast breyttu hlutverki ráðsins og því umhverfi sem Flugmálastjórn er ætlað að starfa í.

Í 4. gr. frumvarpsins eru tilgreind helstu verkefni Flugmálastjórnar og meginhlutverk hennar.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað almennt um eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar en ákvæðinu er ekki ætlað að raska tækum heimildum sem stofnuninni eru veittar í öðrum lög-

um, einkum loftferðalögum. Hér er kveðið á um eftirlitsskyldu Flugmálastjórnar, heimildir hennar til að kanna rekstur eftirlitsskyldra aðila, aðgang að starfsstöðvum og loftförum, heimildir til að framkvæma vettvangsathuganir, úttektir og skoðanir auk þess sem kveðið er á um upplýsingaskyldu eftirlitsskyldra aðila og annarra. Þetta er afar mikilvægt að skilgreina skýrt því þarna liggja valdheimildir stofnunarinnar.

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað almennt um heimildir Flugmálastjórnar til leyfissviptingar auk heimildar stofnunarinnar til að fella úr gildi leyfi ef leyfisbundnum skilyrðum er ekki fullnægt.

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna Flugmálastjórnar. Ákvæðið er til fyllingar almennu þagnarskylduákvæði starfsmanna laganna. Er kveðið á um að starfsmenn Flugmálastjórnar skuli gæta þagmælsku gagnvart óviðkomandi um það sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, m.a. varðandi rekstur og viðskipti aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þá nær ákvæðið einnig til þeirra sjálfstæðu sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Sérstaklega er kveðið á um að með gögn og aðrar upplýsingar sem aflað er af hálfu Flugmálastjórnar skuli fara með sem trúnaðarmál.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild stofnunarinnar til að safna saman, vinna úr og birta tölfræðilegar upplýsingar um loftferðir og krefja þá sem stunda leyfisbundna starfsemi um upplýsingar.

Í 4. mgr. 7. gr. er fjallað um heimild stofnunarinnar til að veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja, eða eftirlitsaðilum á vegum viðurkenndra alþjóðasamtaka sem Ísland er aðili að, upplýsingar sem samkvæmt grein þessari kunna að vera háðar þagnarskyldu. Enda sé slíkt liður í eftirlitsstarfsemi ríkja og nauðsynlegt til að framfylgja lögmæltu eftirliti. Er ákvæðið sett til að tryggja alþjóðlegt eftirlit með leyfisskyldum aðilum en ljóst er að það er mjög mikilvægt í því alþjóðlega umhverfi sem flugið er að samstarf eftirlitsaðila sé skilvirkt og traust.

Í 8. gr. frumvarpsins er nýmæli um að telji notandi loftferðaþjónustu eða aðrir að leyfisskyldur aðili brjóti eða hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt loftferðalögum, reglum settum gegn starfsleyfum sínum, geti viðkomandi beint kvörtunum til Flugmálastjórnar. Er gert ráð fyrir að slík athugasemd eða kvörtun fái viðeigandi rannsókn Flugmálastjórnar eftir því sem tilefni er til. Er ákvæðinu ætlað að styrkja eftirlit Flugmálastjórnar með leyfisbundnum aðilum sem er afar mikilvægt.

Í 9. gr. frumvarpsins er síðan heimild til að innheimta gjöld vegna starfsemi stofnunarinnar vegna leyfisveitinga og halda uppi lögbundnu eftirliti. Ákvæðið er í samræmi við þá meginreglu að heimild til að taka gjöld fyrir opinbera þjónustu skuli vera lögbundin. Er hér gert ráð fyrir að þeir sem njóta leyfa og sæta eftirliti skuli að meginstefnu greiða fyrir leyfisveitingar og lögbundið eftirlit. Sama gildi varðandi aðra þjónustu sem veitt er á vegum stofnunarinnar, svo sem þegar eftirlit fer fram utan Íslands eða þegar um önnur frávik er að ræða frá heimildinni stjórnsýslu hér á landi. Gjaldskrá taki mið af kostnaði við að veita umrætt leyfi, sinna eftirliti eða veita viðkomandi þjónustu. Gert er ráð fyrir að gjaldskráin verði staðfest af ráðherra og að gjöldin njóti beinna aðfararheimilda.

Þá er kveðið á um það nýmæli í 2. mgr. 9. gr. að Flugmálastjórn sé heimilt að hafa tekjur af þjónustu og verksamningum svo og af rannsóknarstarfsemi og þróunarverkefnum. Ekki er hér gert ráð fyrir sérstakri gjaldskrá enda ekki um að ræða heimildir lögmæt stjórnsýsluverkefni. Þóknun fyrir slík verkefni yrði í samræmi við samninga í hverju tilviki.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir þessi tvö frumvörp og meginefni þeirra og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frumvörpunum báðum vísað til hv. samgöngunefndar.

[19:00]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er um nokkuð viðamikið mál að ræða sem hæstv. samgönguráðherra hefur farið yfir í framsögu sinni. Ég geri fastlega ráð fyrir að ekki eigi að afgreiða þetta mál nú í vor. Varla dettur nokkrum manni í hug að þetta verði afgreitt hér á fimm dögum, eins viðamikið mál og um er að ræða. Ég vænti þess að því verði svarað í þessum andsvörum.

Það eru nokkur atriði við fyrstu yfirferð sem mig langar að inna hæstv. ráðherra nánar eftir. Í frumvarpinu um stofnun hlutafélagsins segir að samhliða þeirri þróun sem orði hafi í löndunum í kringum okkur hafi mörg ríki endurskoðað fyrirkomulag flugmála sinna og ráðist í skipulagsbreytingar á því sviði.

Mig langar að vita hvaða ríki það eru helst sem hafa farið í þær skipulagsbreytingar og hvenær þær hafi þá verið gerðar til þess að fá einhvern samanburð um það, nánar en þann sem er hér í greinargerðinni.

Þá er því einnig haldið fram að samfara þeirri þróun sem orðið hafi, og m.a. vegna reglugerðar Evrópusambandsins sem kallast Single European Sky, hafi í auknum mæli verið þrýst á um fækkun flugstjórnarsvæða og aukna skilvirkni í flugumferðarstjórn.

Ég mundi gjarnan vilja fá nánari útskýringar á því hvað hér er átt við og hvaðan þessi þrýstingur komi.

Og í þriðja og síðasta lagi er sagt að það liggi fyrir að flugstjórnarmiðstöðvar beggja vegna Atlantshafsins muni sækjast eftir að taka yfir flugstjórnarsvæði Íslands. Hvar liggur það fyrir? Hvar hefur það komið fram?

[19:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi geta þess að ég geri ráð fyrir að við eigum að geta afgreitt þessi frumvörp nú á þessu góða vori. Samgöngunefndin er afkastamikil og málið er afskaplega vel undirbúið. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að ljúka afgreiðslu málsins og gera það að lögum.

Hvaða ríki hafa gert breytingar? Það eru nágrannaþjóðirnar sem hafa verið að gera þessar breytingar. Þær hafa gengið mismunandi langt. Í sumum tilvikum hafa flugvellirnir algerlega verið einkavæddir og hlutafélögin jafnvel seld. En Norðurlandaþjóðirnar hafa verið að þróa þessa starfsemi í þá veru sem við erum að gera hér tillögu um. Við horfum aðallega til nágranna okkar á Norðurlöndunum um þetta skipulag.

Fækkun flugstjórnarsvæða og hverjir þrýsta á? Það er

alveg ljóst að nágrannar okkar hér við Norður-Atlantshafið, án þess að ég nefni þá nákvæmlega, hafa mikinn áhuga á þessari starfsemi. Okkur Íslendingum var með sérstökum samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina trúað fyrir því að sinna þessari þjónustu hvað varðar yfirflugið. Það er mikill vilji til þess hjá ýmsum þjóðum að taka þetta yfir og það hefur ekkert farið á milli mála að svo er.

[19:04]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin svo langt sem þau ná. Ég hygg þó að þau gefi tilefni til mjög ítarlegrar yfirferðar í hv. samgöngunefnd. Ég vil mjög gjarnan fá nánari upplýsingar um það hvernig kaupin gerast á eyrinni í þessum málum, hver þróunin hefur verið í nágrannalöndunum og með hvaða hætti nákvæmlega þetta hefur verið útfært. Eins og fram kemur í frumvarpinu voru skoðaðar að minnsta kosti fjórar leiðir til að ná þessum aðskilnaði, þjónustu annars vegar og eftirlits- og stjórnsýslu hins vegar.

Ég vil taka fram, frú forseti, að ég hygg að sá aðskilnaður þurfi að vera fyrir hendi. Hins vegar er það náttúrlega spurning hvort hann þarf að vera nákvæmlega með þessari útfærslu og yfir það þurfum við að fara nákvæmlega í samgöngunefnd. Við höfum svo sem áður í hv. samgöngunefnd rætt svipaða hluti og þar hefur þróunin, t.d. hvað varðar Vegagerðina, sem þó vissulega er ekki alþjóðleg — þar hefur fleira verið fært til Vegagerðarinnar hvað varðar eftirlit og stjórnsýslu og þjónustu og þar ægir öllu saman. Það má kannski skoða samanburðinn á milli þessara þátta þó að þeir séu ekki að öllu leyti sambærilegir.

Grundvallarhugsunin hygg ég að sé góð og nauðsynleg. Hins vegar verður að fara mjög nákvæmlega yfir það með hvaða hætti sé best að gera það. Það verður ekki gert, frú forseti, nema nefndin hafi þann tíma sem þarf. Hún þarf að senda eftir umsögnum, fá fólk til ráðslags og fara yfir þessi frumvörp með þeim hætti sem er nefndinni og þinginu til sóma.

[19:06]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta eru gríðarlega viðamikil mál sem hæstv. samgönguráðherra hefur hér mælt fyrir, um grundvallarbreytingu á umhverfi flugmála, flugleiðsagnar og rekstri flugvalla. Þetta eru gríðarlega stór mál og verið er að umbylta þeim, að mér sýnist, í grundvallaratriðum.

Ég vil hér fyrst staldra við þetta frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar. Þegar hlutafélag er stofnað er verið að stofna nýjan lögaðila sem lýtur allt öðrum lögum og reglum og starfar í allt öðru umhverfi en opinberar stofnanir gera eins og við þekkjum. Þetta er einkavæðing á þessari starfsemi, starfsemin lýtur þá lögum og reglum sem kveðið er á um í rekstri fyrirtækja í hlutafélagaformi.

Þá staldra ég við greinar eins og 9. og 10. gr. og vildi heyra hjá hæstv. ráðherra hvort ég skilji það rétt sem stendur þar:

„Félagið skal yfirtaka flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands ásamt tilheyrandi réttindum.“

Hvaða flugvelli er hér um að ræða sem á að færa undir hlutafélagsform í rekstri? Ég hef skilið það svo að flugvellirnir séu hluti af hinu almenna samgöngukerfi. Þeir séu hluti eða þáttur af grunnneti samgöngumála. Ég trúi ekki að ætlunin sé að færa flugvelli landsins almennt undir rekstur hlutafélags sem lýtur allt öðrum lögum og reglum en verkefni í þágu hins opinbera, eins og samgöngur eru, eiga að gera.

[19:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að hér er gert ráð fyrir að tiltekinn hluti af starfsemi þeirri sem nú er hjá Flugmálastjórn verði færður til hlutafélags. Ástæðan fyrir því er sú að það er mat mitt að sú starfsemi, svo sem eins og alþjóðaflugþjónustan þar sem við erum í samkeppnisumhverfi, sé betur komin í hlutafélagi.

Hvaða flugvellir fara inn í hlutafélagið? Því er til að svara að það eru allir flugvellirnir sem reknir eru á vegum Flugmálastjórnar, hvort sem þeir eru í Grímsey eða á Gjögri, á Akureyri eða á Egilsstöðum. Ég tel fullkomlega eðlilegt að gera það með sama hætti og við þekkjum með hið stóra samgöngumannvirki Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem er rekin á vegum hlutafélags. Því fylgja engin vandkvæði.

En það er alveg skýrt og skilmerkilega tekið fram að uppbygging og rekstur flugvallanna sem eru á vegum þessa hlutafélags á að sinna á grundvelli almennrar stefnumörkunar stjórnvalda og með sérstökum samningi um uppbyggingu og rekstur þessara tilteknu flugvalla sem verður síðan í höndum þeirra sem stjórna hlutafélaginu. Þannig að ég tel að þetta geti fallið mjög vel saman.

[19:10]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Sú hlutafélagavæðing á þjónustustofnunum ríkisins sem hefur hertekið ríkisstjórnina er náttúrlega alveg með eindæmum. Þetta er orðin fullkomin þráhyggja.

Það hefur þó alltaf komið skýrt fram hjá þeim sem gerst þekkja til að markmið með hlutafélagi er að stofna félag um samkeppnisrekstur. Hlutirnir geta líka í sjálfu sér gengið kaupum og sölum. Ég vitna meira að segja í ágæta grein Þorsteins Pálssonar, fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, sem segir þetta einmitt um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Ég held það væri hollt fyrir hæstv. samgönguráðherra að lesa sér aðeins til um hvað Þorsteinn hefur að segja um markmiðið með stofnun hlutafélaga.

Mér finnst það alveg með endemum ef fara á að einkavæða rekstur á flugvöllum vítt og breitt um landið, færa hann undir rekstrarform sem geti síðan gengið kaupum og sölum. Annað markmið með hlutafélagi er líka að geta kallað eftir arði og að fjármagnið sem í því er bundið fari sjálft að skila arði sem slíkt, ekki starfsemin. Ekki það að þeir sem njóta samgangnanna eigi að njóta góðs af því. Hingað til höfum við alltaf litið svo á að grunnþættir samgöngumannvirkja séu þjónusta við almenning og atvinnulíf í landinu, að rekstur samgöngumannvirkja eigi ekki í sjálfu sér að vera arðgefandi atvinnustarfsemi og skila arði til eigenda þess fjármagns sem í honum er bundið.

En með þessu er verið að færa samgöngur yfir í það form. Það er hitt markmiðið með hlutafélaginu.

Ég spyr. Eru framsóknarmenn virkilega sammála því að einkavæða með þessum hætti flugvelli landsins eins og hér er verið að leggja til? Ég þekki sjónarmið (Forseti hringir.) margra sjálfstæðismanna. Ég hélt reyndar að hæstv. samgönguráðherra væri ekki orðinn svona blindur af þráhyggju (Forseti hringir.) hlutafélagavæðingarinnar. En hvað segja framsóknarmenn við þessu?

[19:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því er til að svara að hér er verið að fjalla um stjórnarfrumvarp og stjórnarflokkarnir eru tveir.

Aðeins út af þessari bábilju hv. þingmanns sem alltaf kemur upp þegar verið er að ræða um hlutafélög. Það er nú þannig að í núgildandi lögum er Flugmálastjórn heimilt að stofna hlutafélag. Það hefur gefist býsna vel. Í eigu Flugmálastjórnar eru tvö hlutafélög. Ég man ekki eftir að hv. þingmaður hafi fett fingur út í þá starfsemi.

Annars vegar eru það flugfjarskipti. Það er hlutafélag í sameign Flugmálastjórnar og Háskóla Íslands meðal annars. Það hlutafélag er að þróa kerfin sem þarf að nota m.a. í flugumsjón. Annað félag sinnir flugfjarskiptunum sem eru náttúrlega geysilega mikilvægur þáttur í þessu öllu saman, það er hlutafélag. Við höfum verið í samstarfi á þeim vettvangi við Íra t.d. til þess að þróa áframhaldandi starfsemi flugfjarskipta hér á Norður-Atlantshafi. Það gengur býsna vel. Arðurinn felst ekki einungis í því að krónum sé skilað til hluthafa heldur fyrst og fremst í þeirri mikilvægu og góðu starfsemi sem hefur náð að skjóta rótum innan hlutafélagsins.

Hv. þingmenn eiga ekki að vera svona aftur í grárri forneskju og halda sér dauðahaldi í þann bjarghring, sem þeir halda, að vera á móti hlutafélagavæðingu. Við verðum að laga okkur að þessu umhverfi. Við erum í bullandi samkeppni hér á Norður-Atlantshafinu í flugrekstri og flugstarfsemi og þjónustu á sviði (Forseti hringir.) flugöryggismála. Við erum að leggja (Forseti hringir.) hér til það skipulag sem okkar (Forseti hringir.) bestu menn telja að henti okkur.

(**Forseti** (JóhS): Að gefnu tilefni óskar forseti eftir því að þingmenn og ráðherrar haldi sig við tilskilinn ræðutíma.)

[19:15]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta er mjög fróðleg umræða. Hæstv. ráðherra er byrjaður að upplýsa okkur um ýmsa þætti sem tengjast Flugmálastjórn og flugvallarekstri á Íslandi. Hann er að segja okkur frá hlutafélögum sem hér hefur verið stofnað til. Flugkerfi og flugfjarskipti heitir annað, nokkuð sem Alþingi mun án efa vilja setja sig vel inn í áður en gengið verður frá þessum frumvörpum. Þau eru afskaplega vel undirbúin, segir hæstv. samgönguráðherra og gefur í skyn að það hljóti að verða lítið mál fyrir Alþingi að kyngja þessum frumvörpum.

Síðan koma náttúrlega röksemdirnar. Hlutafélagaformið er vel þekkt form, og síðan hið gullvæga: Allir eru að gera það. Norðurlandaþjóðirnar eru að gera það, Bretar eru að gera það, Nýsjálendingar eru að gera það. Hvers vegna ekki við líka? Þetta er röksemdafærslan í hnotskurn fyrir hlutafélagavæðingu og þeir sem leyfa sér að andæfa eða setja fram efasemdir og spurningar eru komnir aftan úr grárri forneskju. Þetta eru röksemdir eða staðhæfingar sem við hreinlega kaupum ekki.

Eitt vil ég segja í upphafi máls míns. Ég minnist stundum frásagnar fyrrverandi póst- og símamálastjóra, Ólafs Tómassonar, þegar hann sagði frá fundum sem símamálastjórarnir á Norðurlöndum hefðu átt sín í milli um samstarf póst- og símaþjónustustofnana á Norðurlöndum og hvernig þær hefðu veitt aðstoð sín í milli og nefndi ýmis framfaramál sem Íslendingar hefðu m.a. notið mjög góðs af. Síðan hefði þessum stofnunum verið breytt í hlutafélög. Eftir að það var gert varð andinn allt annar á þessum fundum. Í stað þess að menn reyndu að rétta fram hjálparhönd þá var hún yfirleitt bak við bakið og rýtingur uppi í erminni vegna þess að nú voru þarna saman mættir til leiks samkeppnisaðilar. Þetta er tónninn í röksemdafærslu ríkisstjórnarinnar fyrir hlutafélagavæðingu opinberra stofnana.

Ég vil vekja athygli á því að hér erum við að tala um hluta af samgöngukerfi þjóðarinnar. Við erum að tala um flugvelli landsins. Við erum að tala um flugumferðarstjórnina. Ég hefði haldið að þetta teldist allt til grunnþjónustu í einu samfélagi. En nú erum við komin inn á markaðstorgið, segir hæstv. ráðherra. Við erum í alþjóðlegri samkeppni og við erum í samkeppni almennt. En er það nú svo? Er þetta svo óskaplega mikil samkeppni?

Hver er það sem gerir samninga fyrir hönd flugumferðarstjórnar um gjaldtöku, svo dæmi sé tekið? Það er ríkisvaldið. Allt er þetta gert á ábyrgð ríkisvaldsins og með forgöngu þess. Innan lands er talað um að rekstur flugvallanna í landinu sé á hendi eins aðila, a.m.k. til að byrja með. Hann á hins vegar að innheimta gjöld fyrir veitta þjónustu. Þar er engin samkeppni. Flugvellirnir eru allir á einni hendi, það er engin samkeppni.

Þegar hins vegar um það er að ræða að opinberir aðilar fái aðgang, hvort sem er að skatthirslum almennings eða gjaldtöku þar sem þeir eru einráðir, hefur samfélagið hingað til orðið ásátt um að slík starfsemi eigi að heyra undir tiltekin lög. Það eru stjórnsýslulög, það eru upplýsingalög, það eru lög sem eiga að gæta þess að aðilar njóti jafnræðis og að það sé farið þannig með skattfé almennings eða notendanna, sem nauðugir viljugir eru viðskiptamenn, að ásættanlegt sé. Þess vegna skortir svolítið á að hæstv. ráðherra sannfæri mig og ég kaupi það ekki að mér sé vísað inn í einhverja gráa forneskju þegar ég leyfi mér að setja fram efasemdir um þetta.

Ég minni á að í öllum þeim undirbúningi sem hér hefur verið vísað til, og þar hafa margir ágætir einstaklingar komið við sögu, þó að ég sé ekki sammála þeirri pólitísku ákvörðun sem hæstv. samgönguráðherra er ábyrgur fyrir að velja þann kost sem varð ofan á, sem er hlutafélagaformið, þá var rætt um þrjá aðra kosti. Hefur það verið skoðað? Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki sé hægt að svara þeim kröfum, þeim markmiðum sem menn vilja ná t.d. með því að gera þessar stofnanir að B-hluta stofnunum. Hafa menn skoðað þetta?

Nefndirnar sem ígrunduðu þessi mál bentu á fleiri val-

kosti í stöðunni. Að sjálfsögðu kemur það núna til kasta Alþingis að skoða þessa valkosti vegna þess að valkosturinn um hlutafélagavæðingu er pólitískt val og þetta hér er pólitísk samkoma sem hlýtur að taka til skoðunar alla þá pólitísku valkosti sem eru í stöðunni nú. Að sjálfsögðu hljótum við að íhuga þá alla.

Varðandi réttindamál starfsmanna sem er atriði sem við eigum að sjálfsögðu eftir að fara mjög rækilega í saumana á þá vek ég athygli á einu, þ.e. hve mismunandi frumvörpin eru sem koma frá ríkisstjórninni hvað þennan þátt varðar. Ég sé ekki betur en þetta frumvarp sé ívið skárra en frumvarpið sem við höfum verið með til umræðu um Ríkisútvarpið vegna þess að í 7. gr. þessa frumvarps, ef ég man rétt, er vikið að réttindum starfsmanna og þar sérstaklega að biðlaunaréttinum og sagt að hans skuli menn njóta hafni þeir starfi hjá hinni nýju stofnun. Það er meira en gert er í frumvarpinu um Ríkisútvarpið. Ég er fyrst og fremst að taka þetta til að varpa ljósi á mismunandi aðkomu framkvæmdarvaldsins að þessum þætti, þetta er nokkuð sem ég á að sjálfsögðu eftir að skoða betur. Í Ríkisútvarpsfrumvarpinu er talað um biðlaunarétt til ársloka 2008 og hann er einnig háður takmörkunum og fólk á þeim bænum á ekki að eiga tilkall til biðlauna hafni það starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. Ef ég skil málið rétt, sem ég á eftir að grandskoða, er þessi þáttur ívið betri, þó að ég sé þeirrar skoðunar og styð það niðurstöðum í dómsmálum, að starfsmenn eigi að njóta biðlaunaréttar og það eigi ekki að koma til frádráttar þó að þeir afli sér launatekna á öðrum sviðum. Ég er að vísa þar í niðurstöður í dómsmáli sem ég hygg að hafi verið gegn Hitaveitu Suðurnesja á sínum tíma, ef ég fer rétt með.

Hæstv. forseti. Við erum hér við 1. umr. þessa máls. Ég hef mjög miklar efasemdir um þetta mál. Ég ætla að leyfa mér að vísa til bréfs sem samgönguráðuneytinu var sent undir lok janúarmánaðar frá BSRB þar sem fjallað var um drög sem þá lágu fyrir að þessum frumvörpum.

Bréfið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fyrir liggja drög að lagafrumvörpum annars vegar um Flugmálastjórn Íslands og hins vegar um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur Flugmálastjórnar Íslands. Leitað er eftir áliti BSRB á frumvarpsdrögunum sem enn hafa ekki verið lögð fyrir Alþingi. Ljóst er að hvatinn að breytingartillögum er annars vegar breytingar á alþjóðlegum kröfum sem íslensk stjórnvöld verða að taka mið af og hins vegar mat á því sem hefur verið kallað breytt samkeppnisumhverfi. Skýrsla stýrihóps um framtíðarskipan flugmála er notuð sem ákveðið grunngagn við lagasmíðina og sagt að ákvörðun ráðherra um að fara hlutafélagaleiðina sé byggð á þeirri skýrslu.

Í skýrslunni eru hins vegar dregnir upp fjórir valkostir sem allir fullnægja þeim formlegu og lagalegu kröfum sem eru meginforsendur þess að ráðist var í lagasmíðina. Það er ljóst af lestri skýrslunnar að það er álitamál hvaða leið af þessum fjórum má telja heppilegasta og fer það eftir því hvaða hagsmunir eru hafðir í fyrirrúmi og hvaða framtíðarsýn eða framtíðarspá er gefið mest vægi. Það er því ljóst að ákvörðun um að fara leið fjögur er byggð á pólitískum forsendum fremur en af faglegri nauðsyn.

BSRB bendir á að fulltrúum stéttarfélaga gáfust litlir sem engir möguleikar á að taka þátt í þeirri undirbúningsvinnu þar sem grunnmöguleikum var skipt upp og einn síðan valinn úr. Benda má á að aðrir möguleikar eru fyrir hendi varðandi skipulag flugmála en sú leið sem hér er valin. Kom fram á kynningarfundi sem fulltrúi BSRB sat að menn hefðu verið meðvitaðir um slík rekstrarform en ekki haft áhuga á að skoða þau frekar. Þau orð voru látin falla, að það var bara ákveðið að fara hlutafélagaleiðina, það hefur reynst ágætlega hér á Íslandi.

Þetta telur BSRB sérstök og ófullnægjandi vinnubrögð en á alveg eftir að kanna hvaða möguleikar aðrir kunna að vera fyrir hendi til að koma til móts við þær þarfir flugumferðarþjónustu að hafa sveigjanlegri fjárumsvif og hvort ekki megi finna lausn á því vandamáli í samvinnu við Alþingi, fjármálaráðuneytið og ríkisstjórn. Það er ljóst af áðurnefndri skýrslu að það koma a.m.k. þrír aðrir möguleikar til greina, aðrir en að breyta þjónustuþættinum í hlutafélag. Eins er ljóst að eðlilegt og æskilegt er, ekki síst með hliðsjón af fenginni reynslu, að eftirlitsþátturinn verði með einhverjum hætti aðskilinn öðrum stjórnsýsluþáttum. Hvaða leiðir eru bestar í þeim efnum er hins vegar eðlilegt að sé rætt á opinberum vettvangi, að hagsmunaaðilar fái að segja álit sitt sem og hvaða leiðir eru bestar í framtíðarþróun þessa mikilvæga þáttar samgöngu- og öryggismála.

Flugumsjón er í eðli sínu einokunarstarfsemi og er þáttur sem er ómissandi í nútímaþjóðfélagi. Það mun því ætíð vera á ábyrgð ríkisins að sjá til þess að þessari þjónustu sé fullnægt og að fyllsta öryggis sé gætt. Sagan sýnir að þrátt fyrir fögur orð og fyrirheit hafa flest ríkisfyrirtæki sem breytt hefur verið í hlutafélög verið seld einkaaðilum. Þeir einkaaðilar sem fengju þessa þjónustu í hendur mundu því vera í aðstöðu til að krefjast nægilegra fjárframlaga af ríkinu til að halda uppi lágmarksþjónustu jafnvel þó að illa gengi með rekstrinn. Það er ekki æskileg staða fyrir ríkissjóð. Benda má á dæmi um þessa þróun erlendis, t.d. NATS á Bretlandi, National Air Traffic Services, þar sem ríkið átti 46% hlut á móti starfsmönnum 5% og einkaaðilum. BSRB leggur því til að samgönguráðherra bíði með framlagningu þessara frumvarpa því að það er ljóst að sú leið sem þar er farin er aðeins ein af mörgum mögulegum en umræða á grundvelli frumvarpanna mun takmarka umræðuna um framtíð flugumferðarþjónustu á Íslandi með þeim hætti að líkur eru á að betri lausnir komi aldrei til umræðu. BSRB mun því ekki gera athugasemdir við einstök atriði frumvarpanna á þessu stigi, þó að vissulega sé þar rík ástæða til, samanber athugasemdir FÍF og Félags flugmálastarfsmanna ríkisins sem BSRB getur efnislega tekið undir, heldur gerir kröfu um að aðrir hagsmunaaðilar fái aðgang að umræðu um hvaða kostir eru bestir í stöðunni og telur óásættanlegt og ólýðræðislegt að stillt sé upp einum mjög varhugaverðum valkosti. Ýmislegt sem fyrirfinnst í þessari skýrslu sem fyrir liggur stingur óneitanlega í augu svo sem að það skuli talið til galla í leið eitt að „samskipti við starfsmenn lúti lögum um ríkisstarfsmenn“.“

Það er ekki undarlegt að BSRB, sem er hagsmunagæsluaðili fyrir starfsmennina, veki athygli á því að það er talið til sérstakra kosta við leið 1, hlutafélagaleiðina, að samskipti við starfsmenn lúti ekki lögum um ríkisstarfsmenn. Hvað er verið að tala um þarna? Er verið að tala um rétt atvinnurekanda til að segja mönnum upp störfum skýringar-

laust, er það það? Ég held að hæstv. ráðherra verði að skýra nánar hvað átt er við með þessu.

Gagnrýnin sem hér kemur fram snýr ekki að frumvarpinu sem slíku sérstaklega heldur þeirri staðreynd að menn komi of seint að vali á þeim kosti, þeirri grundvallarleið sem farin er. Ég ítreka að það kann hins vegar að vera ýmislegt í þessu frumvarpi varðandi réttindi starfsmanna sem er jafnvel ívið skárra en í öðrum samsvarandi frumvörpum sem komið hafa frá ríkisvaldinu að undanförnu. Það segi ég með fyrirvara því að sjálfsögðu á eftir að skoða það mjög gaumgæfilega.

Það stendur ekki til að selja, verður okkur eflaust sagt. Ríkisflugvellirnir verða í ríkiseigu. Jú, jú, við heyrðum þetta með Póst og síma á sínum tíma. Símann átti aldrei að selja, svo var hann seldur. Við heyrðum þetta með bankana, svo voru þeir náttúrlega seldir. Við heyrum þetta núna með Ríkisútvarpið. Hv. þm. Pétur H. Blöndal sté í ræðustól í dag og sagði á þá leið að það væri gaman og gott að fá Ríkisútvarpið í söluvænlegri umbúðir, sá tími rynni upp von bráðar að því yrði hrint út á markaðstorgið. Það voru ekki hans orð en það var inntakið í því sem hann nefndi.

Framan af verða flugvellirnir á Íslandi eflaust á einni hendi. Það er þó allt opið fyrir það að þeim verði sundrað. Þá minnist ég ágætrar umræðu sem við áttum einhvern tíma hér í hliðarsal, ég og hæstv. samgönguráðherra, sá sem nú situr á stóli þess embættis. Við vorum að tala um heimildir hafnanna á Íslandi til að gerast hlutafélög. Hæstv. ráðherra vildi fullvissa mig um að hann vildi hag hinna smáu hafna sem bestan. Ég efast ekkert um hans ásetning í því. Ég benti hins vegar á að sá tími gæti runnið upp að hann hefði ekki vald yfir þeirri stöðu, hann fengi engu um það ráðið hvernig mismunað yrði gagnvart höfninni í Reykjavík og höfninni á Blönduósi einfaldlega vegna þess að með því að færa starfsemina í form hlutafélags væri hún komin undir annan eftirlitsaðila, inn í annað umhverfi, lyti tilsögn samkeppnisyfirvalda svo dæmi sé tekið, þar sem ekki má mismuna á markaði. Við eigum ekki að halda inn í þetta umhverfi með grunnþjónustuna í samfélaginu.

Ég hefði haldið að núna, eftir að bandarískt herinn er að fara af landi brott, sem er mikið fagnaðarefni, vildu menn endurskoða afstöðu sína til grundvallaröryggisþátta sem flugvellirnir og flugumferðarstjórnin almennt er. Það er nokkuð sem menn eru farnir að gera í Bandaríkjunum, þar sem menn reyndar eru helteknir þessari öryggisumræðu, bara skrúfa á sálinni, kemst ekkert annað að. Þar er talað um að snúa til baka ýmsum einkavæðingaráformum. Ég veit ekki hvort það er nákvæmlega á þessu sviði, ég held að það lúti reyndar meira að öryggiseftirliti hvers kyns á flugvöllum, en ég hefði haldið að það ætti að horfa á alla þessa þjónustu, alla þessa grunnþjónustu sem snertir öryggi einnar þjóðar.

Hvað gerist þá? Þá streyma hér inn í þingsali háeff-frumvörpin. Flugvellirnir á Íslandi verða að vera hlutafélög. Þeir verða að vera fyrirtæki. Landhelgisgæslan hf., það á líka að fara með hana inn á þessar brautir.

Þá erum við komin að þeim punkti sem ég byrjaði á: Það eru allir að gera það. Þetta er röksemdin. Einu sinni voru allir á támjóum skóm, muna menn eftir því? Síðan komu þykkbotna skór og ekkert annað fékkst í búðunum. Hvers vegna? Vegna þess að það voru allir að gera það. Það var tískan í það skiptið. Nú er tískan að setja háeff fyrir aftan allar opinberar stofnanir í landinu, þar á meðal flugvellina á Íslandi. Það finnst mér miður og ég er ansi hræddur um að við eigum eftir að ræða það talsvert áður en það verður að veruleika.

[Fundarhlé. — 19:36]

[20:03]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég er á því að meginmarkmið þessa frumvarps sé fullkomlega eðlilegt og ástæða til að leiða fram þær breytingar sem þar eru boðaðar, þ.e. að skilja á milli stjórnsýslu og eftirlitsþáttar annars vegar og þjónustu og rekstrar hins vegar. Það er þróun og aðgerð sem má segja að við sjáum í samfélaginu jafnt og þétt og á við hér eins og annars staðar, að stofnun á að sjálfsögðu ekki að hafa eftirlit með sjálfri sér þannig að þetta meginmarkmið er að mínu mati alveg hárrétt.

Ég er líka sammála því sem kom fram í máli hæstv. samgönguráðherra að hér er um ákaflega mikilvægt mál að ræða. Það er mjög mikilvægt að flugumferðarstjórn og flugumsjón öll, öryggismálin séu í fullkomnu lagi og njóti fyllsta trausts. Ég hugsa að flestum sé þannig innan brjósts þegar við heyrum fréttir af því einstaka sinnum að hættulega stutt hafi verið á milli flugvéla eða einhver atvik hafi komið upp sem ógna flugöryggi, að ég tali ekki um í þau fáu skipti sem slys hafa orðið, þá verði okkur öllum illa við, enda ef slys verða í flugi þá er yfirleitt um mikið manntjón að ræða. Þessi þáttur er mjög mikilvægur fyrir okkur Íslendinga og það er mikilvægt að við höldum þessum þætti í okkar höndum.

Það hefur komið fram í umræðunni að nágrannaþjóðir okkar séu að ásælast þennan þjónustuþátt sem við sinnum nú, þ.e. stjórninni á flugumferðarsvæði Íslendinga. Mér þætti forvitnilegt að vita hvaða stöðu þessar nágrannaþjóðir okkar hafa í rauninni til að ásælast þetta hlutverk okkar og á meðan við sinnum þessum málum vel, eins og við höfum gert hingað til, hvort einhver ástæða sé til að halda að nágrannaþjóðir okkar hafi aðstöðu til, eða hvort líkur séu á því að þetta verði frá okkur tekið.

Ráðherra sagði að markmið laganna væri að hér yrði samkeppnishæf og örugg þjónusta á þessu sviði. Ég tel reyndar að hún sé örugg eins og hún hefur verið veitt fram á þennan dag. Samkeppnishæf veit ég ekki, samkeppnishæf þá við aðrar þjóðir væntanlega. En samkeppnishæf á hvaða sviðum? Er verið að tala um fjármál? Er verið að tala um gæði? Hvað er verið að tala um? Er verið að tala um þetta allt saman? Jafnframt minntist hæstv. ráðherra á að einkahlutafélag veitti meiri sveigjanleika en núverandi rekstrarform. Mig langar til að vita hvað ráðherrann á við í því efni og hvort eitthvað er í núverandi rekstrarformi sem hefur komið í veg fyrir að þjónustan hér á landi þróaðist eins og æskilegast væri. Ég get ekki séð að einkahlutafélag sé í rauninni neitt sveigjanlegra fyrir þessa starfsemi en það form sem við höfum í dag.

Það kemur fram í öðru hvoru frumvarpinu að ríkisvaldinu sé heimilt að semja við einkahlutafélagið, þ.e. í rauninni

við sjálft sig af því að einkahlutafélagið á að vera í eigu ríkisins samkvæmt þessu frumvarpi, því það er bannað að selja þetta einkahlutafélag og við verðum að treysta því að svo komnu máli. Það á að hafa leyfi til að semja um þjónustu við minni flugvelli og þá er væntanlega verið að tala um flugvelli úti á landi. Ég verð að segja að þetta veldur mér nokkrum áhyggjum, umhugsunin um minni flugvelli úti á landi af því að það er svo víða verið að tala um samkeppnishæfni í þessum lagatexta og við sem búum úti á landi vitum það öll að það er mjög mikilvægt að flugvellirnir séu til taks og þeim sé vel sinnt. Þetta veldur mér ákveðnum áhyggjum.

Einnig hef ég velt því fyrir mér hvort þetta tal um samkeppnishæfni geti hugsanlega verið boð um aukinn kostnað fyrir flugrekendur. Þar sem rekstur flugvalla úti á landi stendur væntanlega ekki undir sér þar mun ríkið þurfa að koma að með styrki eða stuðning, geri ég ráð fyrir.

Ráðherra minntist á að það væri gefin heimild til þess í frumvarpinu að tekinn yrði að sér rekstur erlendis. Mig langar líka að vita hvað verið er að hugsa um í því efni. Er verið með einhver ákveðin dæmi í huga? Er þarna verið að tala um eitthvað svipað eins og þegar íslenskir flugumferðarstjórar tóku að sér reksturinn á flugvellinum í Kabúl eða hvað? Hvað er verið að opna fyrir í þessu tilefni?

Það eru mörg atriði í þessu frumvarpi sem eru mjög áhugaverð og umhugsunarverð. Það hefur komið fram í máli manna að það eru ýmis hliðstæð dæmi um rekstur flugumsjónarsvæða og flugvalla erlendis og það eigum við í samgöngunefnd eftir að skoða gaumgæfilega því ég hef heyrt misjafnar sögur af því hversu vel tekst til um reksturinn þar sem þetta hefur t.d. verið sett í hendur einkaaðila. Ég ætla að lýsa þeirri skoðun minni hér að það sé afar hæpið að þetta frumvarp náist fram fyrir þinglok í vor og ég harma það hversu seint þetta er komið fram. Það eru aðeins eftir fimm þingdagar til þingloka samkvæmt starfsáætlun þingsins og þetta er eitt af þeim málum sem þingmenn munu örugglega vilja senda út til umsagnar og fá gesti á sinn fund og skoða gaumgæfilega, því eins og hefur komið fram í máli manna í dag og ég held að okkur sé öllum ljóst þá er mjög mikilvægt að þetta fari eins vel frá okkur búið og nokkur kostur er. Og þó ég sé ekki á nokkurn hátt að vantreysta þeim sem lagt hafa hönd á plóg við að semja þetta frumvarp þá er það þó sómi okkar þingmanna að leggja sjálfir mat á það sem frá okkur fer sem lög frá Alþingi og við verðum að taka okkur þann tíma sem til þess þarf og ég tel að fimm dagar séu of fáir í það verk.

Eins og ég sagði áðan hlýtur að vera aðall svona mála að því fylgi traust og traustið fæst með því að vinna verkin vel þannig að ekki þurfi að taka þau upp og breyta jafnvel stuttu eftir að lagasetningu hefur verið lokið. Ég legg áherslu á það, virðulegi forseti, að það er slæmt hversu seint þetta er komið fram og kannski sérstaklega með tilliti til þess að það er gert ráð fyrir því að starfsemi samkvæmt þessum lögum hefjist í byrjun næsta árs og það er tiltekið í greinargerð með þessu frumvarpi að áður en starfsemi geti hafist liggi fyrir mikið verk við að meta eignir og skuldbindingar og hvar hlutirnir eigi að lenda við skiptingu niður á þessi tvö embætti, eða samkvæmt þessum tveim frumvörpum sem hér liggja fyrir. Þannig að það veitti svo sannarlega ekki af þeim tíma sem eftir er fram að áramótum til að vinna það verk. En hugsanlega er hægt að ráðast í það að einhverju leyti þó að þessu máli verði endanlega lokið á haustþingi.

[20:15]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hérna hefur verið fjallað um tvö frumvörp sem hæstv. samgönguráðherra flytur, annars vegar um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands og hins vegar frumvarp til laga um Flugmálastjórn Íslands. Þessi mál koma inn í þingið á síðustu dögum þess. Allir dagar eru jafngóðir hvað það varðar í sjálfu sér að mál komi fyrir þingið. Ég held að það sé mjög skynsamlegt að leggja þessi frumvörp fram áður en þingi lýkur til að hægt sé að hafa þau til skoðunar fyrir næsta þing. Menn geta borið fram ákveðnar spurningar. Ákveðin atriði er þá hægt að vinna betur þannig að mér finnst alveg hárrétt hjá ráðherra að koma málinu fram hér þó síðan verði ekki unnið meira í því formlega í þingsölum því þinginu fer senn að ljúka. Ég er í hv. samgöngunefnd og þar kemur þetta mál til meðferðar. Ég vil því minnast á örfá atriði sem komu fram í máli ráðherra þegar hann mælti fyrir frumvarpinu.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að nú um nokkurn tíma hefur verið talið nauðsynlegt að skilja að almenna rekstrarþætti sem lúta að flugleiðsögumennsku og jafnvel rekstri flugvalla annars vegar og stjórnsýsluþátt eftirlitsins hins vegar. Ég er ekki alltaf sannfærður um að það sé nauðsynlegt. Ég segi það alveg eins og er. Í litlu landi eins og Íslandi eigum við ekki að vera svona ofboðslega upptekin af því að þurfa alltaf að skilja hægri höndina frá vinstri hendinni. Það ætti bara oft og tíðum að taka á hlutunum saman með báðum höndum. Ég geri það að minnsta kosti oft. (Gripið fram í.) Já, já. Við sjáum hvernig til dæmis Sjálfstæðisflokkurinn — af því að það er hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sem grípur hér fram í — leiðist mjög illa af leið ef hann fylgir bara hægri stefnunni. Nú er einmitt verið að hæla Vilhjálmi Vilhjálmssyni, sem skipar efsta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, í blöðum fyrir það að sé að víkja frá hægri stefnu flokksins og inn á miðjuna. Vafalaust mundi hæstv. samgönguráðherra kalla þetta eitthvað aftan úr grárri forneskju af því að ég hygg að Vilhjálmur sé á aldur við okkur. Engu að síður er honum hælt fyrir það að hann sé að víkja frá þeirri trúvillu sem hægri stefnan er inn á meira samfélagslega þenkjandi máta, inn á miðjuna eins og stóð í Morgunblaðinu nýverið. Það er einmitt vitnað til þess að þetta sé kannski eina ástæðan fyrir því að hann nýtur meiri vinsælda en menn gerðu ráð fyrir í upphafi þegar hann tók það verkefni að sér að leiða listann, þ.e. af því að hann víkur frá hinni hörðu hægri stefnu. (**Gripið fram í:** Vinstri menn.) Ja, hverjir eru nú vinstri menn í þessu? En hægri mennirnir í Sjálfstæðisflokknum ætla greinilega ekki að treysta Vilhjálmi. Af því hef ég áhyggjur. Hér kemur hæstv. ráðherra aftan úr grárri forneskju með frumvarp um hlutafélagavæðingu flugleiðsöguþjónustunnar og flugvallareksturs, frumvarp sem mig minnir að hann hafi verið gerður afturreka með fyrir fjórum árum og það talið tímaskekkja, að útrunninn væri sá tími sem

menn væru að koma með svona frumvörp inn. En hæstv. ráðherra er fastur í forneskjunni og telur enn að hann sé að uppfylla gamlar stefnuyfirlýsingar Sjálfstæðisflokksins um hlutafélagavæðingu og einkavæðingu á allri almannaþjónustu og fylgir þar hv. þm. Pétri H. Blöndal sem er hinn talsmaður Sjálfstæðisflokksins í almannaþjónustumálum.

Ég held að hæstv. samgönguráðherra sé þarna ekki í góðum félagsskap. Ég held að hann ætti að huga að því að ræða við góða og gegna sjálfstæðismenn og af nýja skólanum eins og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þorstein Pálsson sem hefur einmitt í ágætum blaðagreinum undanfarið sett ofan í við hlutafélagsþráhyggju hægri aflanna í Sjálfstæðisflokknum. Til dæmis í blaðagrein 20. apríl síðastliðinn og víkur hann að þessari þráhyggju hægri mannanna um hlutafélagavæðingu, þ.e. reyndar um Ríkisútvarpið. Það er um Ríkisútvarpið en nákvæmlega hið sama gildir í raun um almannaþjónustu sem lýtur að flugvöllum landsins og flugþjónustunni sem er grunnþjónusta sem hér á að einkavæða. Hann segir þar, með leyfi forseta:

„Það má vel vera rétt að krafan um að almennar reglur um meðferð almannafjár gildi um Ríkisútvarpið hf. rétt eins og aðra opinbera aðila, þjóni hagsmunum eigenda ... Algjörlega ... Það hefur einfaldlega ekki þýðingu varðandi gildi röksemdafærslunnar.“

Á öðrum stað vitnar hann til svara hæstv. menntamálaráðherra þar sem hann svarar gagnrýni ritstjórans og segir að hann sé bara að ganga erinda Fréttablaðsins, þ.e. alveg nákvæmlega sömu svör og hæstv. ráðherra gaf hér áðan um að þetta væru rök aftan úr grárri forneskju, segðu ekki neitt, en sýndu ákveðna rökleysu.

Ég held að það væri mjög þarft fyrir þá sjálfstæðismenn sem vilja vera nútímasjálfstæðismenn að fylgjast með skrifum Þorsteins Pálssonar í þessum efnum en slá ekki um sig með gamaldags forneskjubröndurum eins og hæstv. ráðherra áðan.

Víkjum svo að þessu frumvarpi. Ég vil sérstaklega staldra við stofnun hlutafélagsins um flugleiðsöguþjónustuna. Hæstv. ráðherra gat þess að nauðsynlegt væri núna að einkavæða flugleiðsöguþjónustuna vegna breytts umhverfis í flugleiðsögumálum, það væri mikil aukning á umferð um íslenska lofthelgi og ásókn í að fá þau verkefni sem þar þyrfti að sinna. Ég held að einmitt nú sé mikilvægt að sýna traust og staðfestu og fara ekki út í einkavæðingarflipp eins og hér er verið að leggja til.

Sem betur fer er herinn að fara og sú starfsemi sem honum fylgdi sem fólst í ýmiss konar eftirliti með loftumferð á þessu svæði og við ætlum okkur að taka hana yfir eftir því sem ég hef skilið og vil gjarnan að við gerum, þ.e. að axla aukna ábyrgð í eftirliti og þjónustu við alla umferð hvort sem hún er á lofti eða legi hvað þetta varðar. Ég tel að við ættum að ganga mun ákveðnar fram og bjóða það fram að setja hér upp stóra og öfluga eftirlits- og björgunarstöð fyrir umferð á sjó og í lofti á því stóra loft- og hafsvæði sem er í kringum okkur og, þá byrjum við ekki á því að veikja samningsstöðu okkar, öryggi okkar eða stöðu okkar með því að vera á einkavæðingarflippi. Nei, þá bjóðum við staðfestu. Við bjóðum upp á það að hér verði rekin sterk, traust, opinber stofnun sem annist þessi verkefni og geti boðið þau fram sem slík.

Alveg eins og Þorsteinn Pálsson rekur í þessari ágætu grein og reyndar líka í leiðara sem hann skrifaði skömmu áður í Fréttablaðinu þá stofnar maður hlutafélag um samkeppnisrekstur til að geta meðal annars kallað eftir arði. Það eru tvö meginmarkmið með stofnun hlutafélags, annars vegar að hlutirnir geti gengið kaupum og sölum — Annars værum við ekki að stofna hlutafélag eða hlutarfélag eins og hæstv. samgönguráðherra leggur til þegar ekki er búið að búa til hlutafélag heldur hlutarfélag af því að hluturinn er bara einn — og hins vegar til þess að kalla eftir arði. Maður stofnar því ekki hlutafélag um almannaþjónustu. Maður ætlar ekki að kalla eftir arði út úr almannaþjónustu. Maður ætlar ekki að selja bréfin ef um almannaþjónustu er að ræða. Þess vegna tek ég undir orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar þegar hann kallaði eftir hinum valkostunum sem voru nefndir og hægt er að skoða við rekstur á þessari starfsemi. Hér er bara lagt til hlutafélagaformið. En hv. þingmaður nefndi það að reka hér ríkisstofnun sem er mjög vel skilgreind og örugg umgjörð. Hins vegar má finna einhver önnur form á þessu. Hérna hafa stundum verið nefnd sameignarfélög, sjálfseignarstofnanir eða annað. En án raka leggur hæstv. ráðherra fram þetta frumvarp um að þetta sé eini valkosturinn sem skoða beri í stöðunni. Það finnst mér ekki vera góð vinnubrögð. Ég held að við verðum að leggja áherslu á það að í hv. samgöngunefnd verði líka stillt upp öllum hinum valkostunum í þessari stöðu.

Ég minntist á það í andsvari aðeins áðan að fara á að hlutafélagavæða rekstur á flugvöllum vítt og breitt um landið og láta þá fara að lúta lögum um arðsemiskröfur, láta þá fara að lúta almennum hlutafélagalögum. Hvaða flugvellir eru þetta? Á að fara að hlutafélagavæða rekstur Akureyrarflugvallar, rekstur Grímseyjarflugvallar, rekstur Gjögurflugvallar, rekstur flugvalla sem eru hluti af grunnalmannasamgöngukerfi landsins, hluti af grunnnetinu? Þetta er sko svo fráleitt og af því að hæstv. ráðherra nefndi áðan gráa forneskju þá held ég að ég geti tekið undir þá afstöðu sem hefur komið fram til dæmis í grein Þorsteins Pálssonar um að þessi afstaða sé í raun aftan úr grárri forneskju og svo fullkomlega ekki í takt við tímann að það er dapurlegt að þetta skuli gert. Ég trúi því raunar ekki að hæstv. samgönguráðherra, sem ég hef reynt að því að vera um margt vel meinandi við að standa vörð um almannaþjónustu landsins þó að honum hafi orðið þar fótaskortur eins og þegar samþykkt var að selja Símann o.s.frv., láti undan þrýstingi hægri aflanna í Sjálfstæðisflokknum og fari að hlutafélagavæða almannaþjónustu eins og rekstur flugvalla landsins. Ég tel að það væri rétt hjá hæstv. ráðherra og öðrum sjálfstæðismönnum að fylgjast með Vilhjálmi sem leiðir lista sjálfstæðismanna í Reykjavík. Hann er um margt mætur maður hvort sem hann vinnur nú þessar kosningar eða ekki. En flokkurinn hans, málgagnið hans, Morgunblaðið hælir honum fyrir að hann skuli vera að yfirgefa þessa hægri stefnu, þessa einkavæðingarstefnu og færa sig yfir á miðjuna. Það hælir honum fyrir að standa vörð um samfélagsþjónustuna og telur að til séu þau verðmæti í almannaþjónustunni sem ekki eigi að hlutafélagavæða og ekki eigi að einkavæða. Þetta er honum talið til tekna. Hann er meira að segja farinn að mæla mjög ákveðið með gjaldfrjálsum leikskóla sem engum hefði dottið í hug fyrir

nokkrum missirum síðan eða vikum síðan að a.m.k. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hér innan sala tækju sér í munn. En þetta sýnir einmitt hvernig það er. Í fullri vinsemd vil ég hvetja þá sjálfstæðismenn sem halda að þeir geti unnið þjóð sinni gagn með þessari hægri villu sem þeir keyra hér fram að snúa af þeirri braut. Hlutafélagavæðing eða einkavæðing flugvalla landsins er alveg fáránleg. Drottinn minn dýri þegar farið er að lenda á Gjögurflugvelli og segja: „Heyrðu, jæja, nú er ég búinn að stofna hlutafélag sem hefur með rekstur á flugvellinum á Gjögri að ræða.“ Það er með ólíkindum að hugsa sér þetta. Hér kemur hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem ég er viss um að er mér alveg hjartanlega sammála í þessu máli.

Þetta kemur nú fyrir samgöngunefnd og það verður gott að skoða þessi frumvörp bæði fyrir næsta vetur. Ég vil ljúka máli mínu á því að segja að samgöngunefnd ber að skoða alla valkosti en ekki grípa bara hráan þann fornaldarhugsunarhátt samgönguráðherra að allt þurfi að fara í hlutafélag. Það ber að skoða hina möguleikana líka. Við vegum svo og metum alla þessa kosti saman á hlutlausan hátt.

[20:31]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ánægjulegt að hlusta á hversu mjög hv. þm. Jón Bjarnason dáist að sjálfstæðismönnunum þeim Þorsteini Pálssyni og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni og vill gera þá að leiðandi ljósi kannski ekki alveg lífsskoðana sinna en alla vega þeirra skoðana sem snúa að rekstri og er þá af mörgu til að taka.

Þar sem einhver grundvallarmisskilningur er varðandi þetta hlutafélagsform sem hér hefur verið rætt um þá er það náttúrlega ekki algilt né einhlítt heldur er aðeins um að ræða heimildir til að fara þessa leið ef svo ber undir. Hins vegar er líka rétt að huga að einmitt Flugmálastjórn og hv. þingmaður man ábyggilega það hörmulega flugslys sem varð í Skerjafirði. Þá var einmitt mjög deilt á Flugmálastjórn hversu samtengdir margir eftirlitsþættirnir voru starfseminni sjálfri, þ.e. Flugmálastjórn. Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir talaði réttilega um að eðlilegt væri og rétt að skoða þessa þætti og skipta þeim upp.

Varðandi aftur það sem kemur að hlutafélaginu verð ég að segja að ég hef oft velt vöngum yfir því þegar ríkisbankarnir voru gerðir að hlutafélögum, hvort það geti verið að þar hafi aldrei verið opnaðir gluggar meðan þetta voru ríkisbankar. Hafði fólk ekki sjálfstæða hugsun á meðan það var að starfa fyrir ríkið, fyrir hönd Alþingis því þegar ríkið tók hendur sínar af þessum rekstri gerast þau stórmerki og undur að þessir bankar fara að blómstra og eiga mikil viðskipti úti í hinum stóra heimi og hafa bara gert það gott. Ég held að nauðsynlegt sé að skoða þetta af fullri alvöru og auðvitað kemur þetta fyrir samgöngunefnd þar sem ég og hv. þm. Jón Bjarnason og fleiri, munum skoða þetta mál af alvöru.

[20:33]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég minnist vel þessa atviks sem hv. þingmaður var að vitna til um þann skoðanamun og jafnvel deilur sem sköpuðust út af því að Flugmálastjórn færi bæði með eftirlits- og rekstrarþætti hvað þetta varðar. Við komumst aldrei hjá því að gjörðir okkar geti verið umdeilanlegar og þurft að svara fyrir þær fyrir dómstólum, það er alveg klárt. Vafalaust eru rök fyrir því að skilja hér á milli og ég ætla ekkert að gera lítið úr þeim.

Það sem ég lagði áherslu á var að þetta þarf samt ekki að vera svo algilt að við eigum að falla fyrir þessu sem einum og algildum rökum. Eins og nefnt var fyrr er Vegagerðin bæði með eftirlit á vegum og sér líka um viðhald þeirra og eftirlit með umferðarhluta. Þótt segja megi að það gæti stangast á eru líka rök fyrir því að það sé hagræðing og rétt að gera það eins og það frumvarp sem nú liggur fyrir hv. samgöngunefnd um öryggi á þjóðvegum þar sem er verið að færa þessa þætti saman. Það hefur sín rök og líka sín mótrök.

En varðandi hlutafélagavæðinguna þá þarf umgjörð hlutafélagavæðingarinnar að vera í samkeppni og það verður engin samkeppni um að reka flugvöllinn á Gjögri, jafnvel ekki Akureyrarflugvöll, jafnvel ekki Grímseyjarflugvöll. Það verður ekki samkeppni um slíkan rekstur, þetta er grunnalmannaþjónusta og á þess vegna að lúta þeim lögum.

Ég vil spyrja hv. formann samgöngunefndar hvort hann muni ekki beita sér fyrir því í nefndinni að hinir kostirnir verði skoðaðir líka. Að þetta verði áfram ríkisstofnun með þeim lagfæringum sem nauðsynlegt er að gera til að hún uppfylli þau skilyrði sem setja (Forseti hringir.) þarf og hins vegar aðra kosti. Það er spurt hvort við ættum að falla alveg eins og í yfirliði ofan í hlutafélagagryfjuna.

[20:35]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason beindi til mín fyrirspurn varðandi vinnu í samgöngunefnd um að skoða aðra þætti sem hér hafa verið nefndir og vitnað hefur verið til fyrr í kvöld. Ég tel eðlilegt og að það gerist af sjálfu sér þegar við förum að skoða þessi frumvörp að við munum kalla aðila til viðtals og heyra hvernig þessi mál eru. Eins og samgöngunefnd hefur alltaf unnið, hratt og vel, og við höfum átt þar ágætt samstarf allir nefndarmenn. Ég á ekki von á öðru en það verði með ágætum áfram.

Varðandi þá hlutafélagagryfju sem hv. þingmaður talaði um held ég að hún sé grunn og hættulaus og auðvitað eigum við að skoða hana.

[20:36]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst mest ámælisvert við þessi frumvörp sem lögð eru fram að það skuli vera kostað til stórfé og vinnu í sérfræðinga sem skila síðan bara einu áliti, einni leið sem hæstv. samgönguráðherra velur og gerir að sinni og sem er pólitísk. Ef sérfræðingar eru fengnir til að vinna svona verk þá stilla þeir upp þeim valkostum sem í boði eru þannig að þingið fái að sjá þá valkosti. Þess vegna vil ég kalla eftir því hvort þessi sérfræðinganefnd, sem sumir taka svo hátíðlega að þeir bukka sig og beygja fyrir og það sé hinn algildi sannleikur, sem ég geri ekki, hafi ekki stillt upp fleiri valkostum. Annars er þetta engin sérfræðinganefnd ef hún bara vinnur einn valkost samkvæmt pólitískri skipan ráðherra. Ég vil sjá fleiri valkosti setta upp og hvort þessi

nefnd hafi ekki unnið fleiri valkosti sem megi nýta í vinnu málsins. Annars er þetta bara pólitískur einleikur og pólitískt glapræði og hefur enga þýðingu að vera að skipa sérfræðinganefnd til að útfæra einhvern beinan og einstrengingslegan pólitískan vilja ráðherra. Þá er þetta engin sérfræðinganefnd að mínu mati.

Varðandi síðan það sem hv. þingmaður sagði um þá Þorstein Pálsson og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson ítreka ég það sem ég sagði að fyrir hönd Sjálfstæðiflokksins, sem er til hvort sem okkur líkar betur eða verr, er verið að benda á að nú sé einmitt tíminn til að snúa frá þessari hægri villu, hún sé orðin forneskja í flokknum, og snúa sér til mýkri gilda, til samfélagslegra gilda. En við höfum hér ráðherra sem enn þá eru hluti af þessari forneskju en ég vona að þarna verði stefnubreyting á.

[20:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem hér hefur farið fram. Hún er af hinu góða og í fyllsta máta eðlilegt að hér séu sett fram sjónarmið þeirra sem taka þátt í þessari umræðu, pólitísk sjónarmið að sjálfsögðu. Fátt kemur á óvart í þeim efnum. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Jón Bjarnason hefur gert Þorstein Pálsson ritstjóra að leiðtoga lífs síns og hefði þurft að gera það fyrr satt að segja. En batnandi manni er best að lifa og ég tel það ágætis innlegg en það er hins vegar ekki á dagskrá. Hér erum við að ræða mjög alvarlegt málefni sem ég tel að megi ekki setja upp í einhverja kreddufestu sem nú birtist í því að allt skuli vera af hinu vonda sem tilheyrir hlutafélagastarfsemi í landinu. Ég tel þetta miklu alvarlegra mál en svo að þingmenn geti leyft sér að ganga þannig fram á hinu háa Alþingi.

Við erum í alþjóðasamstarfi við eina af stofnunum Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðaflugmálastofnunina sem fer með málefni sem við höfum fengið að sinna og er á grundvelli þessa samnings um alþjóðaflugþjónustuna. Við ráðum ekki þeirri för ein. Hv. þingmenn Vinstri grænna geta sett upp öll þau skilyrði sem þeim dettur í hug um löggjöf hér en það er ekki víst að það falli inn í þá samninga sem við verðum að gera við alþjóðastofnanir. Við verðum þess vegna að horfa á þetta í því ljósi í hvaða veröld við erum. Það er þess vegna m.a. sem við erum að ganga í þessar breytingar. Við erum að ganga í þessar breytingar til að uppfylla þær kröfur sem til okkar eru gerðar í samningum við alþjóðastofnanir. Það er mergurinn málsins og vegna þess að samkeppnin í flugstarfseminni er orðin svo hörð í dag og kröfurnar svo miklar frá samtökum flugfélaga í veröldinni í IATA að við verðum að leita þeirra leiða sem reynast okkur hagstæðastar til að standast samkeppnina. Það er í þessu ljósi sem við erum að gera þessar breytingar að lögum.

Ég fagna alveg sérstaklega mjög málefnalegri ræðu sem hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir flutti í dag. Hún hefur kynnt sér þetta mál afskaplega vel og fór málefnalega yfir kosti og galla allra þessara hluta. Hún spurði spurninga. Hún vildi vita hvers vegna við þyrftum að standa fyrir þessum breytingum, hvers vegna þessar þjóðir væru að ásælast þessi verkefni og hvort það væri í raun og veru svo. Jú, það er í raun og veru svo og ég tel einmitt mjög mikilvægt að hv. samgöngunefnd fari yfir það og fái til sín sérfræðinga þannig að það sé ekki einungis ráðherrann sem fer yfir þau mál í ræðu heldur fái samgöngunefndin til sín sérfræðinga Flugmálastofnunarinnar og flugfélaganna sem fá þessa þjónustu til að samgöngunefndin fái fyllstu upplýsingar um hvað hér er um að ræða.

Það er mikil samkeppni í þessari þjónustu, það blasir alveg við. Aðrir þjóðir hafa lýst sig tilbúnar til að sinna þessari þjónustu og jafnvel látið að því liggja að þær gætu gert það fyrir lægra verð en við Íslendingar gerum samkvæmt samningnum sem við höfum gert við ICAO. Þetta er því mjög alvarlegt mál sem við erum að fjalla um og við verðum að sameinast um það á Alþingi að fara þær leiðir sem tryggja okkar hagsmuni í fluginu, tryggja hagsmuni starfsmanna sem vinna að þessum verkefnum á vegum Flugmálastjórnar og annarra félaga og fyrirtækja sem sinna þessari þjónustu. Það eru hagsmunir þeirra og sameiginlegir hagsmunir okkar Íslendinga síðan allra. Það er mikilvægt verkefni og hluti af þessu breytingaferli sem við erum að leggja til að leita leiða til að standast þessa samkeppni. Við höfum staðið okkur afskaplega vel tæknilega og við erum með mjög gott starfslið sem hefur verið að vinna í þessari alþjóðaflugþjónustu þannig að við stöndum að því leyti mjög vel að vígi. Þess vegna þurfum við að búa um þetta umhverfi til að tryggja hagsmuni þess fólks sem vinnur við þessa þjónustu. Okkur gengur ekkert annað til í ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum en að fara þá götu til enda.

Kostir hlutafélags í þessu tilviki eru augljósir. Við erum í samstarfi, eins og hefur margsinnis komið fram, við aðrar þjóðir í þessu og við erum í útrás. Við erum að sinna margs konar verkefnum, t.d. eins og ég nefndi fyrr í kvöld á vettvangi hlutafélags í eigu Flugmálastjórnar, Flugfjarskipti, og ég fór yfir nánar en ég tel ástæðu til að gera að umræðuefni aftur.

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir nefndi það hvort innanlandsflugvellirnir verði áfram styrktir, flugvellirnir sem eingöngu sinna innanlandsfluginu. Það er augljóst að við erum að stilla upp fyrirkomulagi þar sem er um að ræða eitt hlutafélag sem á að sinna allri flugvallastarfseminni á flugvöllunum á Íslandi annarra en Keflavíkurflugvallar. Það er ekki um það að ræða að flugvallarreksturinn í Grímsey verði í sjálfstæðu hlutafélagi heldur ætlum við að reka þetta allt saman á vegum eins hlutafélags. Það er alveg ljóst að tryggja þarf ríkisframlög til uppbyggingar og rekstrar að einhverju leyti með sérstökum samningi á milli ríkisins og hlutafélagsins þannig að við getum haldið úti flugstarfsemi á Íslandi á grundvelli ákvörðunar Alþingis. Alþingi mótar stefnu í uppbyggingu og þjónustu flugvallanna og þessu hlutafélagi verður ætlað að sinna því verkefni.

Ég get tekið undir það sem fram kom hjá hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur að frumvarpið er seint fram komið og það gerir þar með meiri kröfur til hraðrar vinnu í þinginu. Auðvitað hefði verið æskilegt að ljúka þessari vinnu fyrst. Það er bara þannig og verður að viðurkennast en þetta var framvindan og því verður ekki breytt.

Spurt var um starfsemi erlendis, hvað væri um að ræða. Við teljum eðlilegt að þessu hlutafélagi verði ætlaður sá möguleiki að geta farið í samstarf við önnur félög sem eru í

sams konar starfsemi annars staðar. Það er alþekkt. Við erum með flugfélög sem eru í rekstri um allar jarðir og væri ekkert ómögulegt að þetta ágæta hlutafélag sem rekur flugumferðarstjórnina og flugvellina gæti tekið að sér að reka flugvelli þess vegna í öðrum löndum og skapa þannig okkar vel menntaða og hæfa og reynda fólki ný tækifæri. Úti um alla Evrópu er verið að endurskipuleggja flugvallastarfsemi og flugumferðarþjónustustarfsemi og ég tel alveg kjörið verkefni til útrásar að hafa þann möguleika. Við mundum ekki gera það það forsendum ríkisstofnunar. Ég tel að það sé ekki fær leið og þess vegna m.a., lít ég þá alveg sérstaklega til hv. 9. þm. Reykv., þurfum við að sameinast um leiðir til að skapa atvinnutækifæri fyrir Íslendinga.

Við megum ekki vera svo föst í fordómum okkar gagnvart kerfum að við getum ekki hugsað okkur að koma á hlutafélagaformi í þeim tilgangi að skapa útrás fyrir hámenntaða Íslendinga. Það er í þessu ljósi sem þetta frumvarp er flutt, skapa möguleika, skapa okkur betri stöðu til samkeppni. (Gripið fram í.) Það getur vel verið, það er ekkert útilokað í þeim efnum.

En aðalatriðið er að við séum raunsæ og við leggjum okkur fram um að gera hlutina vel og sem betur fer er það staðreyndin að til þess er tekið hvað okkur Íslendingum hefur gengið vel í starfsemi í fluginu. (**Gripið fram í:** Og hvað við höfum góðar samgöngur.) Já, það er alveg hárrétt líka. Það er ekki að ófyrirsynju að við höfum verið að taka á okkur margs konar þjónustu á vettvangi flugsins.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að við megum ekki veikja samkeppnisstöðu okkar. Ég tel að með þessu frumvarpi séum við að styrkja samkeppnisstöðu okkar þegar kemur að því að við þurfum að endurnýja samninginn við Alþjóðaflugmálastofnunina. Við verðum þá með sterkari einingu, einingu sem verður hagkvæmari og við eigum að geta staðið betur að vígi þegar kemur að framtíðarþjónustu í þessu tilliti.

Ágæti og virðulegi forseti. Ég ætla að láta þessu lokið. Ég tel að þau sjónarmið sem hafa komið fram bæði hjá stjórn og stjórnarandstöðu verði til athugunar hjá hv. samgöngunefnd. Ég tel afar mikilvægt að samgöngunefndin fái tækifæri til þess eins og ég sagði fyrr að kalla til alla þá sérfræðinga hjá Flugmálastjórn og ráðgjafafyrirtækjum og þeim fyrirtækjum sem starfa á vettvangi flugsins til að draga enn betur upp þessa mynd sem við stöndum frammi fyrir og hefur leitt til þess að ríkisstjórnin telur algerlega nauðsynlegt að ganga til þessara breytinga sem hér er verið að leggja til.

[20:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er um margt sammála hæstv. ráðherra um tilgang, að við séum öflug í þessari starfsemi, við getum gengið öflug til samstarfs við aðra aðila, við getum verið með hagkvæman rekstur, stundað útrás á þessum sviðum og allt þetta. Eins og ég sagði áðan að ég teldi einmitt að við ættum að bjóða fram það að við byggðum hér upp öfluga þjónustu og eftirlitsmiðstöð fyrir umferð á sjó og í lofti. Við erum sammála í meginatriðum hvað það varðar.

En þessi þráhyggja að það skuli þurfa að byggja um það hlutafélag, þar held ég að hæstv. ráðherra sé á kolrangri braut því eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan mun t.d. rekstur flugvalla að stórum hluta áfram vera styrktur af ríkinu, eðlilega því þeir eru í sjálfu sér ekki arðgefandi sem slíkir.

Ég leyfi mér aftur að vitna til greinar Þorsteins Pálssonar — því mér finnst hún um margt góð. Þar segir, með leyfi forseta: „Nú veit útvarpsstjóri eins vel og hver annar að hlutafélagaformið hefur ekkert að segja varðandi rekstrarhagkvæmni fyrirtækja.“ Annars staðar segir hann í greininni: „Mörg hlutafélög eru illa rekin og nýta tekjur sínar illa. Almennt er viðurkennt að verst séu þau hlutafélög rekin sem að meira eða minna leyti byggja afkomu sína á ríkisstyrkjum“ og áfram segir í greininni að í slíkum tilfellum eigi hlutafélagaformið ekkert við.

Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðherra: Vill hann ekki endurskoða það að við a.m.k. skoðum önnur rekstrarform?

[20:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er að sjálfsögðu ólíku saman að jafna Ríkisútvarpinu, sem á að vera íslensk menningarstofnun, og svo aftur félagi sem að stærstum hluta þegar litið er á veltu er að sinna verkefnum í mikilli samkeppni á alþjóðavísu. Þó að tilvitnun í merkan ritstjóra geti verið skemmtiefni í pólitísku skaki þá er þetta svo gersamlega ósambærilegt að það er fráleitt að nota þetta sem röksemd fyrir því að við eigum að hanga á því formi að hafa ríkisstofnun sem ætti að sinna þessum verkefnum á vettvangi flugsins. Ég tel því að hv. þingmaður sé að fara algerlega ranga leið í sínum röksemdafærslum.

Ég undirstrika að hér er um mjög mikilvægt verkefni að ræða, mjög viðkvæma rekstrarstarfsemi þar sem við erum að fara með mikla fjármuni og sinna mikilli og mikilvægri þjónustu þar sem við þurfum að fara eftir mjög ströngum alþjóðareglum og við þurfum að sæta því að ná samningum við alþjóðastofnun um þjónustu.

Til viðbótar er svo þetta verkefni að reka innanlandsflugið sem er þegar litið er á upphæðir mjög lítill hluti af þessu heildarkostnaðardæmi en verður auðvitað að líta til. Ég held að hv. þingmaður muni átta sig á þessu í samgöngunefndinni þegar hann fer betur yfir þetta og er ekki í sjónvarpsmyndavélunum.

[20:56]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég frábið mér þá umsögn hæstv. ráðherra að ég sé að tala léttúðlega um þetta mál, alls ekki. Ég tel þetta í sjálfu sér stórmál og það sé frekar léttúð hæstv. ráðherra ef hann ætlar að halda því stíft fram að hlutafélagsformið sé það eina sem komi til greina. Það finnst mér ekki ábyrgt. Þess vegna kallaði ég eftir því við hæstv. ráðherra í fyrsta lagi að hann færði rök fyrir því að breyta þurfi þessu í hlutafélag til þess einmitt að standa í samkeppni, standa í samskiptum við erlenda aðila um þessi verkefni. Engin rök hafa komið fram fyrir því að nauðsynlegt sé að það skuli vera hlutafélag. Ég benti á að þaðan af síður væru rök fyrir því að stofna hlutafélög um rekstur flugvalla vítt og breitt

um landið, alveg fráleitt, sem eru hluti af grunnneti samgangna og það ætti síst við.

Í frumvarpinu er fjallað um að stýrihópur og sérfræðingahópur hafi unnið þessar tillögur og þessi tillaga um hlutafélagaformið hafi orðið ofan á og uppskiptin sem þarna eru lögð til. Ég kalla áfram eftir því hvort hæstv. ráðherra hafi undir höndum afrakstur einhverrar vinnu sem hægt væri að notast við til að bera saman þessa valkosti. Ég tel þetta mikið alvörumál og menn eigi ekki að hrapa að t.d. hlutafélagavæðingu bara hlutafélagavæðingarinnar vegna, bara vegna þess að menn hafa fest í einhverri þráhyggju að það skuli vera hlutafélag. Það finnst mér mikil þráhyggja og þess vegna kalla ég eftir þeirri vinnu sem hlýtur að hafa verið lögð í það að stilla þessu upp og bera saman kosti og galla hinna mismunandi rekstrarforma á þessari mikilvægu almannaþjónustu.

[20:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ekki svo að ég sé að skjóta mér á bak við sérfræðinga úti í bæ vegna þessa frumvarps. Frumvarpið er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og ég hef flutt það sem samgönguráðherra. En fjölmargir hafa komið að þessu verkefni, þ.e. undirbúningi frumvarpsins og m.a. tveir sérfræðingahópar. Annars vegar hópur sem fékk það verkefni að huga að framtíðarskipan flugmála á Íslandi í þeim tilgangi að styrkja stöðu okkar á vettvangi flugsins, tryggja þá atvinnustarfsemi og tryggja atvinnuöryggi þeirra sem vinna við flugið á öllum sviðum. Sá hópur skilaði tillögum og síðan var settur annar hópur yfir það að undirbúa verkefnið í hendurnar á ráðuneytinu, svokallaður umbreytingahópur. Þar voru sérfræðingar á fjölmörgum sviðum, þar á meðal fyrrverandi starfsmaður Alþjóðaflugmálastjórnarinnar sem gerþekkir þetta umhverfi, gerþekkir þessar aðstæður allar, fyrir utan einstaklinga sem tengjast fluginu í dag á Íslandi. En aðalatriðið er að frumvarpið er á mína ábyrgð og ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna.

Bara hlutafélag. Það er svo fjarri lagi að hægt sé að tala með þeim hætti sem hv. þingmaður gerir að hér sé verið að leggja til lagabreytingar bara vegna þess að okkur hugnist vel hlutafélagaformið. Það er niðurstaða ríkisstjórnarinnar að þessi leið sé affarasælust fyrir þjóðina. Við færum margvísleg rök í greinargerðinni með frumvarpinu og í þeim skýrslum sem að baki þessu liggur og er ekki hægt að fara ofan í þau í andsvari. Við færum fullgild og mjög góð rök fyrir þessum tillögum.

[21:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að vara hæstv. ráðherra við því að væna okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um að vera í einhverjum sýndarleik frammi fyrir sjónvarpsvélum.

Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að við erum að ræða mjög alvarlegt mál. Við erum að tala um einkavæðingu á flugvöllunum á Íslandi sem eru grunnþáttur í samgöngukerfi þjóðarinnar og við erum að tala um þetta mál af mikilli alvöru. Við erum hins vegar að reyna að átta okkur á því hvað vakir fyrir hæstv. ráðherra. Hann talar mikið um samkeppni. Ég sé að sjálfsögðu, og við gerum það, samkeppnina við aðrar flugumferðarstjórnir. Það eru hins vegar stjórnvöld á hverjum stað sem annast samningaviðræðurnar sjálfar þannig að við erum að tala þarna um opinbera starfsemi þótt framkvæmdaraðilinn kunni að verða hlutafélag eins og hér er lagt til og þá vegna þess að það hefur meiri sveigjanleika og meiri snerpu eins og hæstv. ráðherra orðaði það.

Hvað er það sem kemur í veg fyrir snerpuna og sveigjanleikann núna? Eru það ekki stjórnvöld? Ef sá fulltrúi stjórnvalda sem hér situr, hæstv. ráðherra, kysi að draga sig í hlé og koma ekki í veg fyrir hin snöfurmannlegu og snörpu viðbrögð mætti ekki gera það þá með bæði slíkri afstöðu og þá hugsanlega lagabreytingu, t.d að gera þessa stofnun að B-hluta stofnun?

Í annan stað á ég erfitt með að átta mig á þessari útrásarhugmynd hæstv. ráðherra í rekstri flugvalla. Ég leyfi mér að vara við slíkri hugsun. Þar sem farið hefur verið út á slíkar brautir eins og í Bretlandi, ég þekki það mjög vel af lestri fagtímarita frá breskri verkalýðshreyfingu, hefur verið varað við því og sýnt fram á að einkavæðing þessarar þjónustu hefur leitt til uppsagna á starfsfólki og minnkandi öryggis.

[21:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, hv. þingmaður dregur fram dökka mynd af vettvangi flugvallarstarfsemi í Bretlandi. Ég er ekki viss um að það sé algilt. Ég held að afar mikilvægt sé fyrir okkur að átta okkur á því að veldur hver á heldur. Það á bæði við í ríkisrekstri og í einkarekstri í formi einkahlutafélaga eða annars konar hlutafélagastarfsemi. Veldur hver á heldur.

Við erum að fjalla um frumvarp þar sem við erum að leggja til breytingar á þessari starfsemi, svo ég endurtaki það, í þeim tilgangi annars vegar að tryggja hagsmuni okkar inn á við, tryggja hagsmuni okkar hvað varðar rekstur allra flugvallanna á Íslandi, hvað varðar það að tryggja rekstur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem við höfum tekist á hendur þá ábyrgð að sinna, og við erum að leggja til að koma á skipulagi sem gæti leitt til þess að við tryggðum fleiri störf á vettvangi flugumsjónar og flugvallarstarfsemi og hvers konar þjónustu við flugfélög. Þar gildir veldur hver á heldur. Við Íslendingar höfuð staðið okkur býsna vel á vettvangi hvers konar flugþjónustustarfsemi og ég hef mikla trú á því að okkur gæti tekist að sinna því jafn vel að standa fyrir rekstri á vettvangi flugstarfsemi erlendis með sama hætti og okkar ágætu Íslendingar sem eru í flugfélagaþjónustu eru að gera það mjög gott á vettvangi erlendis. Ég hika ekki við að fullyrða að við eigum að geta gert þetta.

[21:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við eigum að geta gert þetta og erum að gera þetta. Við erum að gera þetta ágætlega og erum að leita leiða til að bæta þessa þjónustu og horfa jafnframt til skuldbindinga sem við höfum gert gagnvart öðrum þjóðum í margvíslegum alþjóðasamningum. Eftir því sem okkur er

sagt komu til álita fjórar leiðir, fjórir valkostir sem allir fullnægja þeim formlegu og lagalegu kröfum sem eru meginforsendur þess að ráðist var yfirleitt í þessa lagasmíð. Við erum að vísa til þessara fjögurra valkosta og við erum að leggja áherslu á að þessir grundvallarkostir verði teknir til umræðu á Alþingi vegna þess að þeir fjalla um pólitíkina, um grundvöllinn sem á síðan að reisa á.

Hæstv. ráðherra talar um nauðsyn þess að tryggja samkeppnishæfni okkar, tryggja öryggi og stöðu starfsmanna. Væri þá ekki ástæða til að hlusta á hvað starfsmennirnir eru að segja og þeirra samtök? Getur hæstv. ráðherra áfellst þá fyrir að sperra við eyrun þegar það kemur fram í undirbúningshópi sem starfar á vegum hæstv. ráðherra að helsti annmarkinn við þá leið að reka þessa starfsemi sem B-hluta stofnun sé að samskipti við starfsmenn lúti þá lögum um ríkisstarfsmenn. Þar er vísað sérstaklega í réttindi og skyldur sem opinberir starfsmenn búa við. Og heldur hæstv. samgönguráðherra að þetta færi fram hjá Alþingi og hagsmunasamtökum órætt? Það sé ekkert við því að gera, þetta komi fram á allra síðustu mínútum þinghaldsins í vetur.

[21:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður vitnar í bréf sem hann las upp fyrr í kvöld í ræðu sinni þar sem gert er að aðalatriði og vitnað í greinargerð vinnuhóps sem vann að undirbúningi. Við erum að fjalla um frumvarp sem er stjórnarfrumvarp. Ég get ekki ímyndað mér að hann finni þessa setningu nokkurs staðar í þeirri greinargerð sem fylgir með því frumvarpi. Mér finnst það mjög einkennilegt af hálfu almannasamtaka, eins og BSRB sem vitnað er í þarna, að slíta út eina setningu úr greinargerð hóps sem vann að undirbúningi málsins (**ÖJ:** Hvað?) Ég tel ekki eðlilegt að vinna með þeim hætti.

Það er alveg hárrétt að við þurfum að velja á milli kosta. Þessi undirbúningshópur stillti upp valkostum. Valkostirnir voru skoðaðir í ráðuneytinu og ríkisstjórninni og niðurstaðan er þetta frumvarp. Það er annars vegar ríkisstofnun, Flugmálastjórn Íslands sem sinnir flugöryggiseftirlitinu og hins vegar hlutafélag sem fer með rekstrarstarfsemina og þá starfsemi sem er á grundvelli samnings við alþjóðastofnunina. Það er þess vegna alls ekki verið að hafna því að á þessu sviði geti verið heppilegt að hafa hreina ríkisstofnun. Við höfum valið það og frumvarpið gerir ráð fyrir því þannig að ég kaupi a.m.k. ekki þá skýringu hjá hv. þingmanni að ég (Forseti hringir.) hafi eitthvað sérstaklega á móti ríkisstofnun sem slíkri. En ég tel að í þessu tilviki (Forseti hringir.) sé hlutafélagaformið heppilegra og þess vegna er það valið.

[21:11]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Strax í upphafi vil ég byrja á því að gefa hæstv. ráðherra einkunnir. Hann fær ákaflega háa einkunn fyrir tvennt hjá mér. Í fyrsta lagi fyrir alveg prýðilega ræðu sem hann flutti áðan og var innblásin af hugsjónaþrótti Snæfellsfrumkvöðuls. Andstætt því sem hv. þingmenn hafa talað úr röðum Vinstri grænna er ég sannfærður um að sú starfsemi sem þetta fyrirtæki á að sinna í framtíðinni gæti leitt til útrásarmöguleika.

Flugstarfsemi á Íslandi er þekkingariðnaður og flug almennt er þekkingariðnaður og Íslendingar hafa með langri reynslu heyjað sér mikillar þekkingar á þessu sviði. Íslendingar eru fengnir til að sinna flugstörfum mjög víða um veröldina. Þetta er að verða ákaflega mikilvæg atvinnugrein í samfélaginu. Ég er alveg sannfærður um að sú reynsla sem Íslendingar búa yfir við það að reka flugvelli og sinna flugleiðsögu við erfið skilyrði gæti í framtíðinni reynst vel fallin til útflutnings enda er í frumvarpinu og greinargerðinni rætt töluvert um að horfa skuli til lengri tíma.

Hitt sem hæstv. ráðherra fær prik fyrir hjá mér og það er nú eiginlega stærra, er það hugrekki sem býr í þessu frumvarpi og svo bjartsýnin. Þá á ég við að hæstv. ráðherra skuli á síðasta lokaspretti þingsins koma með frumvarp um hlutafélagavæðingu vitandi að hér eru dýrvitlausir menn í salnum í hvert einasta skipti sem slíkt frumvarp kemur fram. Svona frumvarp er líklegt til að reisa mikla andstöðu en vonin og bjartsýnin sem leiftrar af ráðherranum birtist í því að hann talaði um eins og það væri sjálfsagt mál að þetta mál yrði afgreitt með töluverðu hraði gegnum þingið. Ég er alveg sannfærður um að hans ágætu vinir í stjórnmálaflokknum Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munu leggjast á sveif með hæstv. ráðherra í þessu.

Ég er þeirrar skoðunar að hlutafélagaformið sé rekstrarform sem menn megi alls ekki útiloka við viss skilyrði. Ég hef lagst harkalega gegn hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins en þar eiga allt önnur lögmál við en hér. Ég hef almennt fylgt þeirri reglu þegar ég skoða þessi mál að ef um er að ræða grein eða fyrirtæki, stofnun sem er klárlega í samkeppni og fær sitt rekstrarfé að uppistöðu til fyrir eigið frumkvæði, þ.e. sjálfsaflafé, sé alveg sjálfsagt að skoða það til þrautar hvort ekki sé heppilegt að reka slíkt ríkisfyrirtæki í formi hlutafélags.

Hitt er svo annað mál að þegar þessi ríkisstjórn hefur háeffað stofnanir þá hefur hún haft mikla tilhneigingu til að selja hana tiltölulega hratt í kjölfarið. Það er væntanlega það sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eiga við þegar þeir tala um mögulega einkavæðingu og líkur á að þessi starfsemi verði seld. Ég er tiltölulega óhræddur við það. Ég held að það gerist ekki. Hins vegar sé ég fyrir mér að svona starfsemi gæti vel tekið að sér ákveðin verkefni í gegnum önnur hlutafélög sem þetta fyrirtæki mundi stofna eða taka þátt í erlendis. Ég sé ekkert slæmt við það. Með þessu er ég þó ekki að lýsa blessun minni yfir þessu frumvarpi heldur er ég reiðubúinn til að skoða það opnum huga.

Hin gerð fyrirtækja sem ríkið rekur og á og ég tel að hlutafélagaformið falli ekki vel að eru stofnanir eins og sú sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson þekkir manna best og rekur fyrir hönd okkar skattborgaranna, stofnanir eins og hjúkrunarheimili, öldrunarheimili sem fá og sækja sitt rekstrarfé nánast að öllu leyti frá hinu opinbera. Um það gilda allt aðrar reglur og ekki orð um það meir.

Hins vegar fannst mér hæstv. ráðherra vera fullsakleysislegur í framan þegar hann hélt því fram gagnvart þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafa andæft hlutafélagshugmyndinni að þetta væri niðurstaða stýrihóps og nefndar sem hefði skoðað mismunandi

valkosti. Af máli hæstv. ráðherra mátti skilja að ekki hefði sá andvaralausi og saklausi maður sem gegnir embætti ráðherra núna með nokkrum hætti ýtt hlutafélagsforminu að stýrihópnum. Þó kemur það sérstaklega fram í greinargerðinni að þessum hópi var falið það verkefni að kanna með hvaða hætti ætti að reka þessa starfsemi í framtíðinni en honum var líka falið annað. Honum var falið alveg sérstaklega að kanna hvort hlutafélagaformið ætti ekki við.

Af því að ég hef gegnt stöðu ráðherra eins og hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson þá þekki ég pínulítið hvernig svona gengur fyrir sig. Það er einfaldlega þannig að þegar ráðherra kallar til sín menn sem hann velur til vandasamra verka og segir við þá, hvort heldur er af hendingu, tilviljun eða undir einhverju yfirskini að það væri æskilegt eða ekki ótilhlýðilegt að niðurstaðan yrði ekki fjarri einhverjum tilteknum leiðarenda sem hann hugsanlega getur teiknað upp fyrir viðkomandi hóp þar sem þeir sitja í sófanum rauða í skrifstofunni hjá honum. Ég held að hæstv. ráðherra hafi kannski gert sér upp fullmikið sakleysi í þessu efni.

Ég kem hér þó aðallega til að spyrja út í tvennt. Annað er svo sem ekki veigamikið en það er talað sérstaklega um það í greinargerðinni og það speglar hversu vönduð hún er að ýmsu leyti, að það er verið að aðskilja tvenns konar starfsemi, m.a. til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Önnur er skilin eftir hjá ríkinu og hin er gerð að hlutafélagi sem að vísu ríkið á. Það er undirstrikað sérstaklega að þetta er gert til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Ég hegg eftir því að í 14. gr. þar sem verið er að leggja til ákveðnar breytingar á loftferðalögunum sem tengjast þessu er reifuð sú staða sem kynni að koma upp. Ef sá sem rekur flugleiðsögu eða flugvelli þarf á landi að halda og það land er ekki falt, það sem í boði er í frjálsum samningum, þá á að grípa til eignarnáms eins og eðlilegt er við þær aðstæður en þá eru hagsmunaárekstrarnir ekki lengur nein fyrirstaða. Sá sem á að kveða upp úrskurð er handhafi hlutabréfsins. Það er handhafi hins eina hlutabréfs sem er hæstv. samgönguráðherra í þessu máli en það þarf samþykki hans fyrir eignarnáminu.

Ekki skiptir þetta kannski neinu meginmáli varðandi grundvallaratriði í þessu frumvarpi en mér finnst ákaflega hæpið að það sé samgönguráðherra sem kveður upp slíkan úrskurð. Af því gæti maður gagnályktað að það væri óæskilegt að hæstv. samgönguráðherra, hver sem hann er hverju sinni, færi með handhöfn hlutabréfsins. Ég hygg að það sé nákvæmlega þessi staða sem hugsanlega getur komið upp sem veldur því að til skamms tíma var það reglan af hálfu Sjálfstæðisflokksins og ríkisstjórna, m.a. ríkisstjórnar sem ég sat í með Sjálfstæðisflokknum, að það væri fjármálaráðherrann sem færi með hlutabréfin. Það er beinlínis gert til þess að komast hjá m.a. hagsmunaárekstrum af þessu tagi.

En þessi ríkisstjórn hefur náttúrlega villst svo illilega og langt af leið að hún er löngu búin að missa sjónar (Gripið fram í.) á gömlu grundvallarreglum sem fyrrverandi leiðtogar Sjálfstæðisflokksins — og ég ætla ekki að segja endilega leiðtogar lífs ýmissa góðra forustumanna sem hér eru í salnum en þeir eru allt í einu í munni hæstv. samgönguráðherra orðnir ritstjórar úti í bæ. Þetta var fyrra atriðið.

Hitt er annað sem er að finna í þessari sömu grein, h-lið 14. gr. Þar brýst einkavæðingarvillidýrið í Sjálfstæðisflokknum fram í allri sinni nekt og hroða. Þar er verið að greina frá því að við þurfum með einhverjum hætti að geta starfrækt leitarstarfsemi við ákveðin skilyrði þegar í nauðir rekur. Þetta þekkjum við Íslendingar allir. Þetta er eitt af því sem hefur einkennt okkar samfélag. Við lifum í návígi við háska, við erum sæfarendur og flugfarendur og við búum við erfið náttúruskilyrði. Og við erum fámenn þjóð. Það þýðir að við höfum þurft að reiða okkur á þátttöku almennings og almannasamtaka sem af fórnfúsum og einlægum huga hafa lagt mikið starf af höndum við að byggja upp björgunarsveitir til að leita að fólki í nauð. Ekki hef ég tölu á þeim fjölda mannslífa sem þetta framtak og þessi samvinna, sem ég auðvitað vil kenna við jafnaðarhugsjónina, hefur bjargað.

Það kemur fram í þessum málslið að inn í lögin um loftferðir og lög um rannsókn flugslysa á að skjóta að tillögu hæstv. ráðherra svofelldu ákvæði, með leyfi forseta:

„Flugmálastjórn getur með samningi falið félagasamtökum eða fyrirtækjum að hafa umsjón með framkvæmd leitarstarfa að hluta til eða öllu leyti.“

Þetta kemur mér býsna spánskt fyrir sjónir.

Ég hef auðvitað ekkert á móti þeirri árangursríku hefð sem felst í því að við tilteknar aðstæður eru það félagasamtök sem taka að sér skipulag og framkvæmd björgunarstarfa. En ég hnýt óneitanlega um það þegar kemur inn þessi setning með fyrirtækjum. Ég veit ekki alveg hvað í því felst. Hugsanlega er það einhvers konar samræming af hálfu annars hlutafélags sem nú þegar er til ef ég man rétt undir stjórn hæstv. samgönguráðherra eða félaga hans í ríkisstjórninni og heitir Neyðarþjónustan, ég man ekki hvað hún heitir. Að minnsta kosti er verið að fara inn á nýjar brautir.

Þýðir þetta að hægt sé að bjóða út leitarstörf, framkvæmd björgunarstarfa og hugsanlega einkavæða hana? Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra skýrði það í stuttu máli hér á eftir. Vonandi er niðurstaðan og svarið ekki með þeim hætti að það geri hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs alveg spinnegal en þetta er hráefni í það sýnist mér.

[21:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var mjög góð og gagnmerk ræða sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson flutti eins og hans var von og vísa og fínt innlegg inn í þessa umræðu finnst mér.

Það sem ég vildi heyra hjá honum var afstaða hans til þess að verið sé að stofna hlutafélag sem lýtur umgjörð hlutafélagalaga o.s.frv. sem taki að sér rekstur á flugvöllum, hvort sem það er Alexandersflugvöllur á Sauðárkróki eða Gjögurflugvöllur eða Grímseyjarflugvöllur. Nú eru þetta samgöngumannvirki og hluti af grunnneti samgangna innan lands. Það brýtur í blað í rekstri grunnsamgöngumannvirkja að fela það hlutafélagi. Við getum séð hvað mundi gerast ef samgönguráðherra yrði svo óheppinn að halda áfram á slíkri braut. Ný og ný grunnsamgöngumannvirki þjóðarinnar í mundu færast eigu hlutfélags sem lýtur lögum um hlutafélög og er hægt að selja þess vegna ef út í það er farið.

Hvað segir hv. þingmaður? Finnst honum þetta vera rétt stefna og rétt þróun?

Ég get skilið orð hans varðandi samkeppnisrekstur við flugleiðsögufyrirtæki í öðrum heimsálfum þó ég sé ekki sammála honum í hugsanlegum niðurstöðum sem hann var að draga þetta saman í. En að setja vissa flugvelli úti um land, sem eru hluti af grunnsamgöngukerfi landsmanna, í þennan einkavæðingarferil sem þarna er verið að leggja til. Ég óska eftir að hv. þingmaður leiði okkur aðeins inn í hugskot sitt hvað þetta varðar.

[21:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst hæstv. samgönguráðherra færa nokkuð sannfærandi rök fyrir því að það kynni að vera heppilegt rekstrarform að setja flugleiðsögustarfsemina í hlutafélag. Mér fannst sérstaklega rök hans um hvernig það svið er að verða æ opnara undir samkeppni á alþjóðlega vísu nokkuð sannfærandi.

Ég staldra við varðandi þann þátt sem lýtur beinlínis að rekstri flugvalla en ég vil samt ekki leggjast gegn því á þessu stigi málsins. Þetta er mál sem ég vil gjarnan skoða þó gæti vel verið að hjá stærri þjóð væri heppilegra að hafa slíkan rekstur þá í enn einni stofnuninni. En við erum lítil þjóð og verðum að laga okkur að aðstæðum þannig að ég segi það og hryggi kannski hv. þingmann með því að ég er þessari hugmynd ekki algerlega frábitinn.

Ég mundi hins vegar vera það ef um væri að ræða heimild í þessu frumvarpi til að búa til hlutafélög um einstaka flugvelli. Sömuleiðis ef um væri að ræða að flugvellirnir sjálfir þ.e. flugbrautirnar væru færðar undir hlutafélag af þessu tagi. Ég skil þetta frumvarp svo að það sé ekki þannig.

Að því leyti til er þetta t.d. frábrugðið þeirri hugmynd sem hæstv. utanríkisráðherra, sem messar hér á eftir, hefur sett fram varðandi rekstur á Keflavíkurflugvelli. Þetta er alla vega skilningur minn á þessu stigi málsins. Ég hef einungis hlustað á þessa umræðu. Ég hef lesið þetta frumvarp en hef ekki brotið það til mergjar enda ekki hægt að ætlast til þess í 1. umr. sem er ekki beinlínis sú umræða sem menn koma endilega fram með fastmótaða skoðun eftir að hafa þaulrannsakað málið. Það hef ég ekki gert.

[21:27]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Á vissan hátt hryggði hv. þm. Össur Skarphéðinsson mig með því að ljá máls á því að til greina komi setja að flugvelli innan lands sem eru hluti af hinu almenna samgöngukerfi landsins, hluti af grunnþjónustu landsins, í hlutafélög. En ég virði honum það til vorkunnar að eins og hann sagði var hann ekki búinn að setja sig það vel inn í málið. Til dæmis sé ég ekkert í þessum texta sem hindrar að þetta gæti gerst eins og hann var að tala um.

Það hefur verið talinn einn af kostunum við það að stofna hlutafélög að hægt sé að selja út úr þeim eða láta afhenda hluti út úr því fyrirtæki. Í rauninni er það bara hlutaféð sjálft sem ekki má selja eða láta af hendi nema með sérstökum lögum en ekkert annað í sjálfu sér sem getur bannað það. Ég vona að hv þingmaður verði sammála mér í því að ekki komi til greina að vera að einkavæða grunnsamgöngumannvirki landsins eins og hér er verið að leggja til.

[21:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála því að ekki komi til greina að einkavæða grunnsamgöngukerfi landsins. Ég lít svo á að ekki sé verið að gera það með þessu. Ég alla vega skil frumvarpið og þær ræður sem hér hafa verið haldnar í kvöld með þeim hætti að ekki sé hægt að fara þessa leið sem hv. þingmaður nefndi. Ég skil a.m.k. viðkomandi greinar frumvarpsins þannig að þá þyrfti sérstaka lagabreytingu til að það yrði gert. Það þarf t.d. ekki að mínu viti að byrja bútasölu á Ríkisútvarpinu með tilteknum hætti eins og ég hef áður farið yfir.

Nálgun mín er öðruvísi en hv. þingmanns að því leyti til að ég er ekki í grundvallaratriðum á móti hlutafélagaforminu. Það þarf hins vegar að uppfylla ákveðin skilyrði og mér sýnist hugsanlegt, m.a. með hliðsjón af því hvaðan rekstrarfé og tekjur þessa félags mundu koma, að hlutafélagaformið eigi alveg við um þetta, andstætt t.d. Ríkisútvarpinu.

[21:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vakti athygli á 14. gr. þessa frumvarps þar sem m.a. er fjallað um eignarnámsákvæði sem er mjög mikilvægt atriði einmitt í sambandi við slíka mannvirkjagerð í þágu almennings í landinu sem flugvellir eru. Þetta er landfrek starfsemi. Það þekkjum við úr þessum sóknum sem við erum hér í.

Ég lít svo á að það ógni út af fyrir sig ekki hagsmunum þeirra sem fyrir eignarnáminu verða þó að samgönguráðherrann í þessu tilviki heimili eignarnámið vegna þess að lögin um eignarnám eru mjög skýr og aðferðafræðin við eignarnám er afskaplega nákvæm og mikilvæg jafnframt. Ég tel út af fyrir sig að það ákvæði, b-liður 14. gr., ætti ekki að þurfa að leiða til þess að samgönguráðherra geti ekki farið með hlutabréfið í þessu hlutafélagi og rétt að árétta það sem kom fram hjá hv. þingmanni að til þess að breyting verði á þarf sérstaka lagabreytngu. Sala á þessu hlutafé er óheimil samkvæmt 1. gr. frumvarpsins — og vantar nú hv. þm. Jón Bjarnason til að hlusta á það. (**JBjarn:** Nei, nei, ég er hérna.)

Hvað varðar h-lið 14. gr. um samninga við félagasamtök eða fyrirtæki vegna leitarstarfsemi er það rétt athugað hjá hv. þm. að m.a. vegna þess að tryggja þarf að (Forseti hringir.) félag eins og Neyðarlínan eða Flugfjarskipti geti komið að þessu þá er þetta ákvæði nauðsynlegt.

[21:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Aðeins til að fyrirbyggja allan misskilning þá er ég mjög hlynntur hlutafélagaforminu. Ég tel hlutafélagaformið afbragðs form á fyrirtækjarekstri þar sem það á við. Það auðveldar eigendaskipti, það auðveldar sölu og áður en hér urðu til hlutafélög í einhverjum mæli þá reyndist oft erfitt að selja fyrirtæki því það var annðhvort eða. Eftir að þau urðu að hlutafélögum var hægt að selja þau í pörtum og eignaskiptin gengu greiðlega fyrir sig.

Hlutafélagaformið er líka afbragðsgott form þegar hluthafar, eigendur fyrirtækja, þurfa að hafa eftirlit með sínum eignum, sjá til þess að fyrirtækið sé vel rekið, skili þeim arði og þeim markmiðum sem þeir hafa sett sér að ná. Í slíkum skilningi er hlutafélagsformið afbragðs form.

Þegar hins vegar um hitt er að ræða að hlutabréfið er eitt og undir afturendanum á einum hæstv. ráðherra, þegar ekki stendur til að selja hlutina þá virkjum við ekki þá kosti sem er að finna í þessu formi. Það er mergurinn málsins. Þetta segi ég af tilefni þeirra ástarjátninga sem við heyrðum í garð hlutafélaga frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir stundu.

Ég ætla að gera athugasemd við athugasemd sem fram kom frá hæstv. samgönguráðherra áðan í minn garð. Hann gagnrýndi að ég skyldi gera að umtalsefni greinargerð sem send var stéttarfélögum á sínum tíma til skoðunar og ráðherra síðan grundvallaði sitt val á þegar hann ákvað að fara hlutafélagsleiðina. Það sem ég vísaði þar til laut að réttindamálum starfsmanna þar sem litið var á það sem sérstakan ókost að fara þá leið að réttindi starfsmanna væru réttindi opinberra starfsmanna. Það væri ókostur að þeir byggju við réttindakerfi opinberra starfsmanna. Að sjálfsögðu vek ég athygli á slíku.

Síðan hitt varðandi útrás og útrásarmöguleika. Auðvitað er ég því fylgjandi að við færum út kvíarnar og íslensk fyrirtæki færa út kvíarnar eins og þau hafa verið að gera. Fyrirtækið Össur, önnur fyrirtæki sem hafa verið að hasla sér völl á erlendri grundu, auðvitað gleður það hjarta mitt eins og annarra á sama hátt og það hryggir mig þegar þau flytja starfsemi sína alfarið út úr landinu eins og við erum að verða vitni að með önnur fyrirtæki: Flögu, Marel o.s.frv.

En ég gleðst ekki yfir útrás á hvaða forsendum sem er. Og þegar íslensk fyrirtæki eru að sölsa undir sig eignir annarra þjóða, hugsanlega fátækra þjóða eins og gerðist t.d. í Búlgaríu þar sem íslenskir fjárfestar sölsuðu undir sig búlgarska símann, beittu þrýstingi í samvinnu við bandaríska sendiráðið og bandaríska fjárfesta til að þröngva og þrýsta á búlgarska þingið að einkavæða símann. Ég fylgdist mjög vel með þessu á sínum tíma. Ekki gladdist ég yfir þessu.

Ég held að það hefði komið svipur á Íslendinga ég tala nú ekki um fyrr á tíð þegar við vorum fátæk þjóð ef erlendur auðhringur hefði komið hingað til lands og haft í hótunum við íslensk stjórnvöld að ef þau ekki einkavæddu grunnstarfsemi af þessu tagi skyldum við finna fyrir því á öðrum sviðum. Hér er ég að vísa í hótanir bandarískra sendiherrans í Búlgaríu á sínum tíma þegar Íslendingar voru að reyna að ná eignarhaldi á búlgarska símanum. Þetta var mjög umdeilt mál á búlgarska þinginu. Hér heyrðum við lítið af slíkum deilum heldur glöddust menn einfaldlega yfir árangri okkar manna. Ég gerði það ekki. Ég gagnrýndi það og ég gagnrýni það þegar alþjóðafjármagnið, hvort sem það er íslenskt eða erlent eða hvaðan sem það kemur, er að þvinga sérstaklega fátækar þjóðir til að láta af eignum sínum. Og það er okkar sannfæring í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að þegar kemur að grunnþjónustu samfélagsins og velferðarþjónustunni þá eigi hún að vera á vegum samfélagsins.

Ein leiðrétting beint til hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um einkavæðinguna og kosti þess að fara þessa leið eða hlutafélagsvæðinguna varðandi flugvellina og flugumferðarstjórnina. Hann segir að ekki sé saman að jafna Ríkisútvarpinu annars vegar sem fái greiðslur úr hirslum almennings, úr skatthirslunum, og hins vegar flugvöllunum og flugumferðarstjórninni sem verði rekin fyrir sjálfsaflafé. Hér hefur komið fram að þetta sjálfsaflafé byggir í reynd ekki á neinni alvörusamkeppni. Það er íslenska ríkisstjórnin og ríkisvaldið sem kemur fram fyrir hönd Íslendinga — ekki hlutafélagsins sem slíks heldur okkar í samningum um flugumferðarstjórnina. Það er framkvæmdin sem er á vegum hlutafélagsins. Eins er það með flugvellina og rekstur þeirra því það mun aðeins vera reksturinn sem um er að ræða sem fer inn í hlutafélagið, hann hefur nánast sjálfdæmi um hvernig hann ber sig að við gjaldtökuna eða hvað? Það er ekki samkeppni fyrir að fara á því sviði. Þetta eru nauðugir viljugir viðskiptaaðilar. Við erum ekki þarna að tala um einhverja alvörusamkeppni þannig að þetta held ég að sé misskilningur hjá fulltrúa Samfylkingarinnar við þessa umræðu, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni.

Þetta voru atriði sem ég vildi nefna við þessa umræðu jafnframt því sem ég legg áherslu á að að sjálfsögðu þurfum við að taka til umfjöllunar þær fjórar leiðir allar sem okkur er sagt í skýrslum og skjölum sem koma frá vinnunefndum hæstv. ráðherra að fullnægi þeim formlegu og lagalegu kröfum sem eru meginforsendur þess að ráðist er í þessa lagasmíð.

[21:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að forðast misskilning tel ég ástæðu til að vekja athygli á því að sá partur ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar þar sem hann fjallaði um framvindu og framgöngu í Búlgaríu á ekkert erindi út af fyrir sig í þessa umræðu um frumvarp til laga um Flugmálastjórn Íslands og hlutafélag vegna okkar starfsemi. Ég vona að hv. þingmaður sé ekki að láta að því liggja að við séum að skapa eitthvert sérstakt umhverfi til að auðvelda slíka framvindu. Það er fjarri öllu lagi enda leggjum við Íslendingar áherslu á að eiga gott samstarf við aðrar þjóðir og á því byggist þessi starfsemi okkar á vettvangi flugsins. Það byggist allt á miklum trúverðugleika, trausti, öryggi, fagmennsku og mikilli þekkingu. Það er það sem við höfum í rauninni selt í gegnum þennan alþjóðasamning við Alþjóðaflugmálastofnunina.

Hvað það varðar hins vegar að það sé ekki samkeppni þá nær flugstjórnarsvæðið sem við höfum með að gera í umboði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ekki yfir allan hnöttinn og flugfélögin eiga val. Þau geta valið að fara aðrar leiðir, fara fram hjá íslenska flugstjórnarsvæðinu. Ef við stöndum okkur svo illa og kostnaðurinn er svo mikill af þessari þjónustu sem við veitum að flugfélögin treysti sér ekki til að fara inn á svæðið þá eigum við ekki nein viðskipti. Út á það gengur málið. Við verðum því að gæta þess að koma á því skipulagi, hafa starfsemina þannig hjá okkar hlutafélagi að við séum samkeppnisfær, að kostnaðurinn verði ekki óyfirstíganlegur þannig að samtök flugfélaga í veröldinni neiti (Forseti hringir.) að senda sínar flugvélar inn á flugstjórnarsvæðið.

[21:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst um Búlgaríuútrásina. Hún var sett fram til að varpa ljósi á umræðu um málefnið almennt en ekki sérstaklega það sem hér er til umfjöllunar, aðeins í víðara samhengi.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra að auðvitað byggir þetta fyrst og fremst allt saman á trausti og góðu samstarfi. Það held ég hins vegar að sé hægt að ná fram við núverandi skipulag í öllum grundvallaratriðum og spyr sjálfan mig hvort það geti verið að hæstv. ráðherra og ríkisstjórn telji að þurfi að svipta starfsmenn réttindum til að svo megi verða á sem ákjósanlegastan hátt. Því þessi breyting gerir það óneitanlega, hún skerðir réttindi starfsmanna. Og það er meira að segja, og ég ítreka það aftur, vísað í það sérstaklega í gögnum sem unnin voru á vegum samgönguráðuneytisins að einn af ókostum þeirrar leiðar sem hefur verið við lýði fram til þessa, opinber rekstur, sé að starfsmennirnir njóti réttarstöðu opinberra starfsmanna. Þetta er hlutur sem við hljótum að þurfa að ræða.

Hæstv. ráðherra talar um nauðsyn þess að draga úr kostnaði við þessa starfsemi. Ég er því fylgjandi að þessi starfsemi sem önnur sé rekin á hagkvæman og markvissan hátt. En ég held að það væri æskilegt að hæstv. ráðherra skýrði nánar fyrir þinginu hvað hann nákvæmlega á við með þessu. Telur hann að það þurfi að fækka starfsmönnum? Þarf að lækka launin? Hvað er það sem þarf að ná fram í þessu efni sem ekki er hægt að gera við núverandi aðstæður eða lítillega breytt rekstrarform?

[21:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enn vitnar hv. þingmaður í þessa setningu sem dregin var fram í áður umræddu bréfi. Ég vil bara minna á að hér erum við að fjalla um að áfram verði ríkisstofnun sem verður rekin undir nafni Flugmálastjórnar Íslands. Þar hafa starfsmenn öll þau réttindi sem ríkisstarfsmenn hafa.

Í þessum frumvörpum um hlutafélagið og Flugmálastjórn Íslands er sérstaklega tekið fram að það skuli ráða alla starfsmenn sem eru starfandi á vegum Flugmálastjórnar Íslands áfram og gefa þeim færi á að starfa áfram, og tekið alveg sérstaklega fram og ítrekað, og það gerði ég í ræðu minni, að við þyrftum að tryggja hagsmuni starfsfólksins. Mér finnst því ekki ástæða til þess að hv. þingmaður reyni að gera það tortryggilegt.

Þegar ég tala um að draga úr kostnaði og að við verðum að standast samkeppnina er mikilvægasti þátturinn í því hæfni starfsmannanna og hæfni þeirra til þess að búa svo um hnútana að kerfin sem notuð eru verði sem hagkvæmust, vísindin séu nýtt og þekkingin sé nýtt til þess að draga úr kostnaðinum en ekki endilega að fækka starfsmönnum. Yfirleitt er það nú þannig að þeim mun meiri sem tæknin verður, og ég tala nú ekki um á sviði upplýsingatækninnar, verða fleiri starfsmenn að sinna mikilvægari og markvissari störfum þannig að við munum fyrst og fremst leggja áherslu á að nýta upplýsingatæknina, nýta þekkingu starfsmannanna til þess að gera þjónustuna ódýrari. Það er hið mikilvæga verkefni okkar og þess vegna eru fyrirtæki eins og hlutafélögin, sem eru núna í eigu Flugmálastjórnar eins og fyrir fjarskipti svo mikilvæg. Þar er hópur af hámenntuðum sérfræðingum (Forseti hringir.) í því dag og nótt að leggja á ráðin um hvernig hægt verði að gera þessa hluti best.

[21:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er að velta því svolítið fyrir mér þegar hæstv. ráðherrar og þingmenn koma fram og vara okkur við kreddum, hvað þeir raunverulega eigi við þegar hið margumrædda hlutafélagaform er annars vegar. Mér virðist einhvern veginn eins og slík sé ofurtrú þeirra á þessu rekstrarformi að eftir að það er komið til sögunnar breytist allt. Í þessu tilviki eigi það að vera sömu starfsmennirnir sem fari skyndilega að vinna á einhvern allt annan veg eftir að þeir eru orðnir háeffaðir. Þetta verður sama fólkið. Væri það t.d. til góðs að starfsmenn hæstv. ráðherra í samgönguráðuneytinu yrðu háeffaðir? Mundu þeir starfa eitthvað betur fyrir þá breytingu eina? Er þetta ekki sama fólkið? Það verður sama fólkið þarna líka.

Það sem hins vegar breytist er að réttarstaða þessa fólks verður lakari en hún var áður og það er óumdeilanlegt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning og þinglýsing skipa, 1. umr.

Stjfrv., 666. mál (miðlægur þinglýsingargagnagrunnur). — Þskj. 976.

[21:49]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa.

Frumvarpið er afrakstur samvinnu samgönguráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis auk sýslumannsins á Ísafirði og Siglingastofnunar Íslands. Markmið frumvarpsins er að auka skilvirkni og einfalda kerfi varðandi skráningu og þinglýsingu skipa með því að koma á fót samræmdum gagnagrunni á tölvutæku formi sem gildir fyrir landið allt. Með þessum hætti er jafnframt stuðlað að auknu samræmi milli aðalskipaskrár og þinglýstra heimilda um skráningarskyld skip. Auk þessa eru með frumvarpinu lagðar til breytingar á ýmsum lögum vegna breyttra viðmiða við mælingu skipa.

Með því að taka upp samræmdan gagnagrunn fyrir skráningu og þinglýsingu skipa er stuðlað að auknu réttaröryggi þar sem upplýsingum um skráningarskyld skip verður safnað saman miðlægt á einum stað. Gagnagrunnurinn er tekinn upp í gegnum Landsskrá fasteigna sem er gagna- og upplýsingakerfi á tölvutæku formi en Fasteignamat ríkisins annast rekstur þess. Skráningu og þinglýsingu skipa er þannig háttað í dag að þinglýsingabækur eru handfærðar hjá flestum sýslumannsembættum landsins. Einungis fjögur sýslumannsembætti hafa tekið upp rafræna skráningu og þinglýsingu skipa í tölvukerfum sínum. Þetta fyrirkomulag

hefur augljóslega ýmsa ókosti í för með sér. Til dæmis mætti nefna aukna hættu á mistökum við afgreiðslu veðbókarvottorða sem getur valdið aðilum talsverðu tjóni.

Með breytingunum sem lagðar eru til í frumvarpinu mun skráning allra þinglýstra skjala fara fram rafrænt á einum stað. Þetta á jafnt við um kaupsamninga, afsöl, veðbönd, kvaðir o.fl. Lagt er til í frumvarpinu að framkvæmd verksins verði falin einu sýslumannsembætti, þó þannig að öll sýslumannsembætti á landinu geti annast móttöku skjala til þinglýsingar eftir sem áður. Á þennan hátt er unnt að tryggja betri yfirsýn og þar með samræmingu við framkvæmd verksins. Auk þess er með breytingunni stuðlað að aukinni sérhæfingu og sem bestri nýtingu sérfræðiþekkingar. Skráning og þinglýsing skipa er í eðli sínu flókið verk og vandasamt og krefst sérfræðiþekkingar sem að mínu mati er best tryggt með því að gera einn aðila ábyrgan fyrir framkvæmdinni. Með því að fela framkvæmdina einu embætti er stuðlað að betri framkvæmd auk þess sem minni hætta verður á mistökum. Veruleg hagræðing verður að því að ekki mun lengur þurfa að senda frumrit skipaskjala milli embætta við sölu þeirra milli skráningarumdæma verði frumvarpið að lögum. Með því að fela verkið einum aðila er stuðlað að einfaldari framkvæmd við skráningu og þinglýsingu skipa auk þess sem réttaröryggi þeirra sem málið varðar er að mínu mati sem best tryggt.

Ástæður þess að farin var sú leið sem í frumvarpinu er lögð til, þ.e. að fela sýslumannsembættinu á Ísafirði að fara með verkið, eru í raun margvíslegar. Staðreyndin er sú að skráning og þinglýsing skipa er verk sem unnið er í nánu samstarfi við skipaskráningu Siglingastofnunar Íslands. Miðað er við að þinglýsingargrunnurinn verði samtengdur aðalskipaskrá Siglingastofnunar. Umdæmisskrifstofa Siglingastofnunar á Ísafirði sér um skráningu skipa í aðalskipaskrá. Sú skrifstofa er staðsett í sama húsnæði og embætti sýslumannsins á Ísafirði þannig að augljóst hagræði er að nálægð embættisins og stofnunarinnar við framkvæmd verksins. Framkvæmd þinglýsingar skipa verður því einfaldari þar sem ekki verður lengur nauðsynlegt að senda tilkynningar um breytta skráningu skipa frá Siglingastofnun til annarra sýslumannsembætta og frá sýslumannsembættum til Siglingastofnunar. Sýslumaðurinn á Ísafirði getur lagt til sérfræðiþekkingu með löglærðum fulltrúum sínum auk þess sem rými er til frekari verkefna innan embættisins. Með þessu móti er stefnt að því að upplýsingar um skip verði ekki skráðar hjá mörgum opinberum aðilum og er það mjög til bóta að mínu mati. Jafnframt er þetta fyrirkomulag í fullu samræmi við það markmið ríkisstjórnarinnar að styrkja byggðarlögin úti á landi með því að færa til þeirra verkefni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að eftir sem áður geti hvert og eitt sýslumannsembætti á landinu gefið út veðbókarvottorð fyrir skip og báta jafnvel þótt þinglýsingin sjálf fari fram á Ísafirði. Gert er ráð fyrir því að sýslumaðurinn á Ísafirði geti móttekið skjöl með rafrænum hætti sem send eru frá öðrum sýslumannsembættum. Þau skjöl yrðu færð í dagbók á grundvelli rafrænna gagna. Eftir sem áður er jafnframt miðað við að útskrift úr aðalskipaskrá og afgreiðsla útstrikunarvottorða geti farið fram á skrifstofu Siglingastofnunar í Kópavogi. Tilgangur þessa fyrirkomulags er að gera þjónustuþega jafnsetta án tillits til búsetu en eigendur skipa eru búsettir um landið allt eins og kunnugt er.

Með því að koma skráningu og þinglýsingu skipa fyrir á einni hendi er jafnframt stuðlað að einfaldari framkvæmd nauðungarsölu á skráðum skipum. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að sýslumaðurinn á Ísafirði annist alla uppboðsmeðferð á skráðum skipum. Sýslumaðurinn á Ísafirði getur þó ákveðið að lokasala skipa fari fram í öðru sýslumannsembætti fallist það embætti á að taka við sölumeðferðinni.

Í frumvarpinu er lagt til að breytt verði viðmiðun á mælingu skipa úr brúttólestum í brúttótonn. Mismunandi reglur gilda um stofnun og rétt eignarhafta á skrásettum skipum eftir því hvort þau eru fimm rúmlestir eða stærri eða minni en fimm rúmlestir. Ekki er um að ræða neina efnisbreytingu í gildandi reglum og munu þær því taka til svipaðs fjölda skipa og verið hefur. Helsta ástæða breyttrar viðmiðunar er einkum sú að mælieiningin rúmlestir er á undanhaldi með tilkomu nýrrar alþjóðasamþykktar um mælingu skipa og er því eðlilegt að taka upp þessa breytingu í löggjöfinni.

Virðulegur forseti. Ég vil leggja til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hæstv. samgöngunefndar.

[21:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi varðandi þessa tillögu um að vista þetta verkefni hjá sýslumanninum á Ísafirði þá hygg ég að það sé ágætisákvörðun. Ég velti aðeins fyrir mér hvar þessi verkefni hafi hingað til verið vistuð. Hafa hinir ýmsu sýslumenn um landið annast þetta? Er nú verið að færa þetta til eins aðila? Ég náði því ekki alveg hjá hæstv. ráðherra hvar þessi mál væru vistuð í dag eða hvernig þau væru unnin.

Í öðru lagi um það sem lýtur að skráningu á skipum þá eru þetta náttúrlega bara íslensk skip, þetta gildir ekkert fyrir öll skip í eigu íslenskra aðila, heldur einungis um skip sem eru skráð hér á landi, ef ég skil þetta rétt. Það er því ekki gert ráð fyrir að þetta embætti safni upplýsingum um kaupskipin sem eru ekki lengur skráð hér. Mig langar aðeins að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að hér sé eingöngu verið að fjalla um þau skip sem eru í reynd skráð hér með heimilisfesti.

[21:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst er til að taka vegna fyrirspurnar hv. þingmanns að hér er að sjálfsögðu um að ræða íslensk skráð skip í hinni íslensku skipaskrá. Við veðsetjum væntanlega ekki hér hjá sýslumannsembættum skip sem eru skráð hjá erlendum aðilum og eru eign þeirra þannig að það er ekki um það að ræða.

Að hinu leytinu er það þannig að skip eru yfirleitt skráð þar sem eigendur þeirra eru þannig að þau eru bara á siglingu milli embætta í dag þannig að það er ekki hægt að staðsetja skipin hjá einu embætti fremur en öðru. Eitt árið geta verið mörg skip sem tilheyra tilteknu sýslumannsembætti og næsta ár kannski ekkert þannig að það hefur ekki verið á vísan að róa með það verkefni hjá sýslumannsemb-

ættunum að sinna þessum skráningum. Með þessari breytingu er verið að reyna að einfalda, gera þetta öruggara og staðfesta þetta verkefni hjá einu ákveðnu embætti. Ég tel að það sé af hinu góða, að einfalda hlutina og gera þá öruggari eins og kom fram í ræðu minni og ég tel að sýslumannsembættið á Ísafirði eigi heiður skilinn fyrir frumkvæði sitt og ábendingar um þetta skynsamlega fyrirkomulag og ástæða er til þess að vekja sérstaklega athygli á því og athygli á því góða samstarfi sem þarna er á milli Siglingastofnunar og sýslumannsembættisins um að koma á þessari breytingu og eins og kom fram hjá mér hafa bæði dóms- og kirkjumálaráðuneytið og samgönguráðuneytið unnið að þessu í góðu samstarfi við þessi embætti. Ég tel því að þetta sé mjög skynsamleg og góð aðgerð.

[22:01]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér sýnist að með þessu frumvarpi sé lögð til mjög mikil og áreiðanlega tímabær breyting í átt að nútímanum hvað varðar skráningu skipa Íslendinga. Það er þannig í dag að 27 sýslumannsembætti fara með skráningu skipanna, samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Af þessum 27 embættum eru aðeins fjögur sem tölvuskrá skipin í sínu umdæmi. Með þessu frumvarpi er lagt til að búinn verði til miðlægur gagnagrunnur og hann staðfestur og skráningin verði í höndum sýslumannsins á Ísafirði, og vil ég fagna því sérstaklega. Það er verið að efla opinbera starfsemi á Ísafirði.

Það hlýtur þá að fylgja að það dragi að einhverju leyti úr opinberri starfsemi hjá öðrum sýslumannsembættum af því skráning hefur verið hjá öllum sýslumannsembættum á landinu þar sem skip eru til staðar. Eftir því sem fram kemur í greinargerðinni hafa einungis fjögur embætti tölvufært skráningu sína og er það orðað svo að víðast hvar hafi verið skráð í lausblaðabók. Vinnubrögðin sem tíðkast virðast því mjög forn. Nú er hins vegar hægt að senda skjöl með rafrænum hætti á milli embætta auk þess sem frumrit verða send í pósti þar sem þörf er á til að þau verði jafnframt til staðar á Ísafirði til frambúðar.

Ég álít því að þetta frumvarp sé til mikilla bóta og komi í veg fyrir það sem fram kemur hér í fylgiskjali með þessu, en þar segir með leyfi forseta:

„Oft ber aðalskipaskrá Siglingastofnunar og skipabókum sýslumanna ekki saman um eignarheimild svo vikum og mánuðum skiptir."

Með þessu frumvarpi, þar sem öllum heimildum verður haldið á sama stað, er verið að koma í veg fyrir slíkar uppákomur.

Ég vil lýsa ánægju minni með frumvarpið. Ég á reyndar erfitt með að sjá fyrir mér hvernig eitt atriði gengur upp. Í 5. gr. segir að nauðungarsala á skráðum skipum skuli alfarið vera hjá sýslumanninum á Ísafirði. Skipin eru eðli málsins samkvæmt væntanlega vítt og breitt um landið en það er kannski ekkert nauðsynlegt að hafa eignina til staðar þegar hún er boðin upp. Samkvæmt þessu virðist það ekki eiga að vera. Við fáum væntanlega skýringar á því í samgöngunefnd hvernig þetta á að fara fram. Ég hefði haldið að menn þyrftu að geta skoðað eignina þegar hún er boðin upp en kannski er hægt að gera það áður en til uppboðsins sjálfs kemur. Almennt hefði ég þó haldið að uppboðshaldarinn og eignin þyrftu að vera svona nokkurn veginn á sama stað.

En mér líst, herra forseti, vel á þetta frumvarp.

[22:05]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frumvarp til laga, um breyting á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa, sem hér er flutt, er sjálfsagt um margt hið besta mál við fyrstu yfirsýn. Þarna er verið að færa þætti saman og gera þá skilvirkari, eftir því sem hæstv. ráðherra lýsti því. Við fyrstu sýn sýnist mér alveg hægt að taka undir þau orð ráðherra. Vitnað var í þetta verkefni hjá sýslumanninum á Ísafirði og ég hygg að það sé hið besta mál. Ég tel að sýslumaðurinn á Ísafirði geti vel gert þetta og þetta verði til að efla opinber störf þar án þess ég geri mér nokkra grein fyrir hvort þetta hafi einhver áhrif á starfsemi annarra embætta. Í fljótu bragði sýnist mér að þessi atriði geti tæknilega séð vel verið á réttri braut.

Ég vil hins vegar draga athyglina að öðru atriði í sambandi við skráningu skipa og inna hæstv. ráðherra eftir því. Ég vil vekja athygli á því að líklega er ekki nokkurt kaupskip nú skráð hér á landi. Ég hygg að svo sé ekki. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvað sé verið að gera varðandi kaupskipaútgerðina hér á landi. Hún hefur nú á síðustu mánuðum og missirum verið að fara með skráningu sinna skipa úr landi. Nú síðast, 1. mars, held ég að ákveðið hafi verið að síðustu skipin færu endanlega burt héðan. Þessi tvö aðalskipafélög okkar hafa skráð skip sín í Færeyjum en að öðru leyti eru skip skráð hingað og þangað um heiminn. Það væri kannski æskilegra að sýslumaðurinn á Ísafirði fengi það hlutverk að skrá þessi íslensku kaupskip.

Við höfum fjallað um kaupskipaskráninguna, bæði í umræðum hér á Alþingi og í hv. samgöngunefnd. Þar hefur komið fram að einhver þvergirðingur sé af hálfu fjármálaráðuneytisins í að ganga til nauðsynlegra samninga á lagalegum grunni kaupskipaskráningar, á rekstri kaupskipaútgerðarinnar og einnig að því er lýtur að ýmsum starfskjörum sjómanna eða farmanna á kaupskipum.

Hvorki gengur né rekur í samgöngunefnd með þetta mál. Fyrir skömmu kom hingað fulltrúi frá sænska verkalýðssambandinu eða þeim aðilum sem fara af hálfu verkalýðshreyfingarinnar þar með málefni starfsmanna á kaupskipaflotanum. Hann lýsti því hvernig þetta hefði verið gert í Svíþjóð. Þar hefðu þeir breytt um stefnu því kaupskipin voru öll að fara úr landi með skráningu sína og heimilisfesti. Þá var tekin þar upp breyting sem virkaði þannig að hægt og bítandi komu kaupskipin til baka. Það var allra hagur, bæði sænska ríkisins, sænskra skattborgara og einnig skipafélaganna og farmanna sem á skipunum unnu. Þar giltu sömu lög og sami réttur gagnvart skipverjunum óháð þjóðerni.

Önnur útfærsla er svo í öðrum löndum. Í Færeyjum er notuð önnur útfærsla. Sömuleiðis í Noregi og í Danmörku og Finnlandi. En allar þessar þjóðir eru með aðgerðir í gangi til að tryggja að heimilisfesti kaupskipaflota síns sé skráð í landinu. Menn vitna stundum til þess að þeir séu aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og ESA-dómstólnum og þess vegna megi ekki grípa til ívilnandi aðgerða í fyrir-

tækjarekstri en einmitt varðandi rekstur kaupskipaútgerðar hafa Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið, stjórnunaraðilar þar, hvatt til að ríki taki upp ívilnandi aðgerðir til að tryggja heimilisfesti kaupskipaflotans í sínu landi. Það hlýtur að vera hið alvarlegasta mál sem við stöndum frammi fyrir að við, þessi eyþjóð, þar sem allir meginflutningar til og frá landinu eru sjóleiðis, skulum ekki eiga eitt einasta kaupskip skráð hér. Það er búið að leggja niður strandflutningana, illu heilli, sem við vildum líka taka upp. (Gripið fram í.)

Það er dapurt, herra forseti, hvað hæstv. samgönguráðherra hefur reynst slappur í þeim efnum. (Gripið fram í.) Einmitt þegar við erum að tala um orkusparnað og í þessu gríðarlega hækkandi orkuverði hefðu enn þá sterkari rök átt að vera fyrir því að menn tækju upp strandflutningana. En við getum tekið það upp þó það sé hluti af þessu dæmi.

Í næsta máli er verið að tala um réttindi og kröfur sem á að gera til skipstjórnarmanna. Kröfur sem á að gera til náms í stýrimannaskóla og í sjómannaskóla. Staðreyndin hefur orðið sú að í hinum og þessum löndum, sem hafa lent í svipuðu og við erum að lenda í, er ekki einu sinni grundvöllur til að reka sjómannaskóla. Noregur er kominn með sinn sjómannaskóla alla leið til Filippseyja. Það er ekki lengur sjómannaskóli í Noregi. Við gætum staðið frammi fyrir því sama hér, að við hefðum ekki grundvöll til að reka hér skóla fyrir okkar sjómenn og okkar yfirmenn á kaupskipum eða fiskiskipum ef svo heldur fram sem horfir. Þetta er eitt brýnasta málið varðandi rétt og skyldur kaupskipa og reyndar allrar skipaútgerðar hér að fundinn sé grundvöllur svo við höldum skipunum hér í landi.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra, sem fer með þennan málaflokk fyrir hönd Alþingis, hvernig þessi mál standa. Ég hef heyrt hann fara hér á Alþingi um það fögrum orðum að hér þurfi að vera það skipulag að kaupskipin eigi hér heimilisfesti. Þau orð hafa ekki orðið neins megnug heldur þvert á móti. Það er ekkert kaupskip eftir núna.

Við höfum líka rætt þetta í samgöngunefnd og ég vil heyra hvað hv. formaður samgöngunefndar, Guðmundur Hallvarðsson, sem ítrekað hefur tekið þessi mál upp þar og á Alþingi, og lagt áherslu á að eitthvað verði að gera í málunum, hefur að segja. En þetta er líklega annað eða þriðja árið sem þetta hefur verið rætt á þessum grunni og ekkert gerist. Ég er hér t.d. með bréf, dagsett 7. júlí 2004, sem er stílað á Geir H. Haarde, þáverandi fjármálaráðherra, Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra og Guðmund Hallvarðsson, formann samgöngunefndar Alþingis, sem er undirskrifað af Samtökum atvinnulífsins, Sjómannafélagi Reykjavíkur, Félagi skipstjórnarmanna og Vélstjórafélagi Íslands. Bréfinu lýkur á þessum orðum, með leyfi forseta:

„Skorað er á íslensk stjórnvöld að grípa til ráðstafana til að styrkja grundvöll rekstrar kaupskipa á Íslandi og óska Samtök atvinnulífsins og stéttarfélög sjómanna eftir fundi með samgönguráðherra og fjármálaráðherra sem allra fyrst þar sem þetta málefni og þeir möguleikar sem þar eru verða ræddir.“

Í bréfinu eru síðan raktir stuttlega þeir gríðarlegu hagsmunir sem eru í húfi fyrir utan öryggi í samgöngum þjóðarinnar og réttindum og kjörum starfsmanna á fiskiskipum.

Það hefði nú verið huggulegt ef hæstv. samgönguráðherra hefði getað lagt það fram hér um leið og þetta frumvarp, að ekki væri einungis verið að leggja fram hér þetta litla plagg um skráningu og þinglýsingu skipa. Það hefði ekki verið amalegt að í hóp þessara skipa sem á að skrá á Ísafirði gætu bæst 40–50 kaupskip sem nú sigla á vegum íslenskra aðila en eru með heimilisfesti og skráningu í öðrum löndum.

Herra forseti. Þetta er mikið alvörumál, mikið þjóðþrifamál, sem ekkert virðist gerast í. Ég vil því nota tækifærið og spyrja ráðherra hvar þessi mál standa.

[22:17]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi byrja á að segja um frumvarpið sem hér er um að ræða, um fyrirkomulag við skráningu og þinglýsingu skipa, að ég tel að það sé af hinu góða að það skuli komið fram. Einkum hef ég þar í huga hversu erfitt hefur verið að halda góðri reglu um skráningu skipa, eins og m.a. kom fram hjá hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, þar sem hún vitnaði hér greinargerðar og misvísandi skilaboð milli Siglingastofnunar og annarra opinberra aðila sem eiga að sjá um skráningu skipanna.

Það er hins vegar eitt sem rifjast upp þegar þessi texti er lesinn. Það eru ekki mörg ár síðan ég flutti þingsályktunartillögu um að gerð yrði breyting á merkingu þilfarsskipa og sú tillaga var samþykkt. Ísland er eina landið sem skráir fiskiskip með einkennisstöfum, t.d. NK fyrir Neskaupstað eða RE. En alls staðar annars staðar í heiminum eru skipin skráð samkvæmt kallmerki. Eins og bent er á í 18. gr. er talað um að öll loftför séu skráð með sama hætti, þ.e. íslenska kallmerkinu TF og þau síðan skráð í Reykjavík.

Segja má að dálítinn tíma hafi tekið að breyta skráningu bifreiða, að færa hana úr R, G eða A og yfir í þau skráningarmerki sem nú eru við lýði. Ég veit ekki annað en að menn séu nokkuð sáttir við þau. Þess vegna held ég að það væri eðlilegt, til að einfalda þetta kerfi enn frekar, en með þessu frumvarpi er stigið stórt skref í átt að því, að fiskiskip væru merkt einkennisstöfum sínum. Líka í ljósi þess að stærstu fiskiskip eru að veiðum djúpt úti af Íslandi og innan um erlend skip. Ekki væri það verra, t.d. ef óhapp yrði um borð í íslensku skipi og erlendar leitarvélar ætluðu að aðstoða. Þá væri skráning og merking á skipunum þannig að auðvelt væri að átta sig á hvaða skip væri um að ræða.

Ég fagna þessu frumvarpi. Það er vissulega af hinu góða þótt ég hafi alltaf verið þeirrar skoðunar að það sé umhugsunarefni þegar tiltekið er í frumvarpi til laga hvar starfsemi eigi að vera, hvar hún eigi að fara fram. Hér er sérstaklega tekið fram að það skuli vera á Ísafirði. Mér finnst það óeðlilegt að því leyti að það er ekki víst að það verði hagstætt um aldur og ævi. Þá þarf að kalla eftir frumvarpi aftur á Alþingi ef flytja á starfsemina til.

Varðandi það sem hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á varðandi kaupskipin, sem hann tengdi þessu frumvarpi, þá er ekkert íslenskt kaupskip skráð hér að undanskildu einu litlu olíuflutningaskipi sem heitir Laugarnes. Vandamálið er, eins og við höfum margoft rætt um í samgöngunefnd, hið skattalega umhverfi á Íslandi sem ekki hefur enn verið tekið upp eins og annars staðar á Norðurlöndunum. Skattar af áhöfnum eru nánast notaðir til að niðurgreiða laun.

Menn hafa talað um að mikil þörf sé á að byggja álver vegna þess að það skapi svo og svo mörg störf. Eitt álver skapi 250 störf, auk afleiddra starfa, þ.e. að auk 250 starfa í álveri þá verði til miklu fleiri þegar grannt er skoðað. Það hefur líka komið fram í fréttum að innan 10 ára muni álframleiðsla á Íslandi verða 1,6 millj. tonna. Hvað þýðir það? Það þýðir að það þarf að margfalda þessa tonnatölu með 2,4 vegna aðflutninga. Til landsins þarf að flytja um 4 millj. tonna til að framleiða 1,6 millj. tonn af áli, fyrir utan alla aðra flutninga.

Mér þykir hart að það skuli ekki enn hafa náðst fram sambærileg skattaleg rekstrarskilyrði fyrir íslenska kaupskipaútgerð og komið hefur verið á víðast hvar annars staðar. Menn leggja mikið upp úr því að skapa atvinnutækifæri í gegnum álver en auðvitað eigum við heldur ekki að sleppa atvinnutækifærum sem skapast, sérstaklega vegna flutninga frá álverunum en einnig við flutning á aðföngum fyrir álverin.

Ég veit að þetta mál hefur lengi verið í umræðu á milli samgönguráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins. Hæstv. fjármálaráðherra hefur lýst því yfir við mig að unnið sé að þessu máli í fjármálaráðuneytinu og það skoðað af mikilli alvöru. Ég treysti því að svo sé. Ég vildi geta þessa svo umræðan á Alþingi gæfi ekki til kynna að ekkert væri að gerast í málinu. Ég get hins vegar alveg tekið undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að þetta gengur of seint. Nú er svo komið, eins og hv. þingmaður gat réttilega um, að líklega tengjast um 60 skip íslenskum kaupskipaútgerðum með einum eða öðrum hætti. Þar af eru líklega átta skip í Færeyjum. Þar er tekinn 35% tekjuskattur af áhöfninni en Færeyingar skila útgerðinni aftur 28% sem útgerðin notar til að greiða niður laun og síðan eru 7% eftir í Færeyjum sem er um 200 millj. Ég tel að það hefði verið betra fyrir íslensk stjórnvöld að halda eftir 200 millj. Ég lærði í barnaskóla að það væri meira en 0.

Eins og hv. þingmaður kom líka inn á kom frá Brussel samþykkt um að Norðurlöndin og Evrópa leggi sig fram um að eiga kaupskipaflota til að vera ekki öðrum þjóðum háð hvað varðar flutninga og aðdrætti. Það hljóta náttúrlega allir að sjá að er eðlilegt.

Ég vildi aðeins geta þess sem kom fram í viðræðum mínum við fjármálaráðherra. Ég veit að samgönguráðherra hefur lýst yfir áhuga á þessu máli og trúi ekki öðru en að slíkar breytingar fari að sjá dagsins ljós. Hins vegar stöndum við frammi fyrir þeim vanda að þetta er orðinn hlutur. Bæði Eimskip og Samskip hafa flutt starfsemi sína til Færeyja, þ.e. skráningu áhafna. Það þarf að koma til eitthvað meira og betra á Íslandi en það sem Færeyingar bjóða upp á til að þeir komi aftur. Auðvitað væri gott að öll þau skip sem þar eru gerð út, upp undir 60 eins og fram hefur komið í fréttum, væru skráð hér. Það er eins með þau og álverin, að fyrir hvert eitt starf sem skapað er fyrir farmann þá má segja að tvö og hálft starf verði til í landi.

[22:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þótt ég deili ekki umhyggju hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar um flutninga á áli til og frá landinu þá sé ég vel mikilvægi þess að kaupskipaflotinn sé skráður hér, hafi hér heimilisfesti og sjómenn og aðrir starfsmenn sem tengjast þeim félögum njóti starfskjara og félagslegra réttinda um leið og íslenskt samfélag njóti krafta þeirra, samfélagslegra áhrifa og tekna sem starfsemin færir inn í samfélagið. Það hlýtur að vera gríðarlegt umhugsunarefni fyrir eyþjóð eins og okkur að ekkert kaupskip skuli skráð hér á landi.

Ég vil ég spyrja hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, formann samgöngunefndar, hvort hann muni ekki beita sér fyrir því, ef ég legg fram kröfu um að fjármálaráðuneytið og samgönguráðuneytið komi á næsta fund samgöngunefndar og geri grein fyrir stöðu mála. Þeir komu á fund til okkar fyrr í haust og þá skildist mér að allt ætti að fara í gang og að unnið yrði í málinu. En einhvern hef ég á tilfinningunni að ekkert hafi gerst. Væri ekki rétt hjá okkur að krefjast þess að þessir aðilar komi inn á fund samgöngunefndar og geri grein fyrir stöðu málsins, hvað þeir hafi gert síðan í haust, hvernig málin standa og hvað gera þurfi til að snúa þróuninni við.

[22:28]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi skráningu kaupskipaflota á Íslandi er staðan þannig að Samskip eiga tvö skip sem þau skrá í Færeyjum. Olíudreifing er með eitt olíuskip og skráir það í Færeyjum. Eimskip er hins vegar með skip á svokallaðri þurrleigu, þ.e. leigir skipið en sér sjálft um áhafnirnar. Þessi skip eru undir fána Panama og fleiri fánum sem kallast þægindafánar. Af hálfu Eimskips er því aðeins áhafnaskráningin í Færeyjum. Þannig gæti orðið erfiðara en menn ætla að ná skipaskráningunni til Íslands. En ég tel eðlilegt að við mundum a.m.k. leggja okkur fram um að áhafnaskráning fari fram á Íslandi svo íslenska ríkið fái skatta og hafi skyldur af sjómönnunum.

Varðandi það að kalla fulltrúa samgönguráðuneytis og fjármálaráðuneytis á fund samgöngunefndar þá skal ég ræða við hæstv. ráðherra beggja þeirra ráðuneyta, um hvort ekki sé eitthvað í pípunum sem gæti leitt okkur í sannleikann um hvernig málin standa varðandi þá vinnu.

Það er rétt að þeir komu til okkar á fund á haustdögum. Þá var afstaða ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins til þessara mála afgerandi en síðan er kominn nýr fjármálaráðherra sem hefur unnið að þessum málum á annan hátt en við fengum upplýsingar um í haust.

[22:30]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt hárrétt hjá hv. formanni samgöngunefndar að erfitt getur verið að vinna þessi til mál til baka. En staðan sem upp er komin varð til fyrir fullkomið kæruleysi af hálfu stjórnvalda, þ.e. að skráning áhafna og skipa er komin úr landi.

Ég minntist í ræðu minni á fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar í Svíþjóð sem átti fund með samgöngunefnd, fjárlaganefnd og fleiri aðilum. Þar var staðan einmitt sú að skipin voru eiginlega öll komin úr landi en þeir hafa smám saman unnið þau til baka. Hann benti á leið sem orðið hefur til að þeir hafa náð árangri. Sú aðferð sem þar var notuð virðist mér a.m.k. í fljótu bragði geta orðið til fyrirmyndar.

Ég held að það sé óþolandi að ekkert sé gert í málinu af hálfu stjórnvalda, óforsvaranlegt og óafsakanlegt. Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins kom eins og réttilega var nefnt fyrir samgöngunefnd í haust og var lítið hrifinn af málinu og hafði sjálfsagt sínar tæknilegu ástæður fyrir því. En þetta er pólitísk spurning líka. Aðrar þjóðir hafa leyft þetta. Til þessa er hvatt af Evrópusambandinu. Þjóðir eru hvattar til að tryggja heimilisfesti áhafna og kaupskipa í viðkomandi landi. Ekki er hægt að bera við ESA-dómstólnum. Sumir ráðherrar gera það, stundum hæstv. iðnaðarráðherra og viðskiptaráðherra þegar henni hentar. Það er ekki hægt í þessu tilviki. Ég hvet því eindregið til að fulltrúar ráðuneytanna komi á fund samgöngunefndar og geri grein fyrir stöðu málsins.

[22:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þóttu það merkilegar ræður og merkilegar upplýsingar sem formaður samgöngunefndar flutti áðan. Ég hef fylgst með honum berjast í þessum málum árum saman en það hefur ávallt verið við ramman reip að draga. Þar eru einhverjir duldir skrifræðisberserkir, hugsanlega stjórnmálamenn, sem ekki vilja veita þessu máli sinn atbeina.

Það kom fram hjá hv. þingmanni að vilja hæstv. samgönguráðherra skorti ekki. Málið, eins og ég réð af orðum hans, er strand í fjármálaráðuneytinu. Þetta varð mér nokkurt umhugsunarefni. Síðan sagði hv. þingmaður, í andsvari við hv. þm. Jón Bjarnason, að ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins væri á móti þessu máli.

Er þetta rétt skilið hjá mér? Er það svo að fjármálaráðuneytið standi gegn þessu? Ég er alveg sammála bernskri reikningskúnst hv. þingmanns, að 200 millj. kr. eru snöggtum hærri upphæð en núll kr. Við höfum horft á þessa starfsstétt flytjast úr landi. Hv. þm. rifjaði upp að helstu skipafélögin okkar eru farin að skrá þau skip sem þau eiga eða reka í Færeyjum. Það þýðir að við verðum að bregðast við ef við viljum halda þessari stétt á lífi sem starfsgrein innan Íslands.

Hæstv. samgönguráðherra lagði áðan fram frumvarp sem hann sagði að hefði m.a. þann að höfuðtilgang að efla samkeppnishæfni þeirrar greinar sem hann mælti þá fyrir. Mig langar að spyrja hv. þingmann: Finnst honum ekki dálítið undarlegt, ef það er bæði vilji þingheims og hæstv. samgönguráðherra, ef mál strandar á embættismönnum í fjármálaráðuneytinu?

[22:35]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki að uppljóstra neinu leyndarmáli. Við kölluðum fulltrúa allra hagsmunaaðila, útgerðar, sjómanna, samgönguráðuneytis og fjármálaráðuneytis og fórum yfir stöðu mála í haust. Þá kom berlega í ljós að embættismaður fjármálaráðuneytisins, ráðuneytisstjórinn, taldi að við færum á skjön við íslenskt skattakerfi með því að ætla að breyta skattalegu umhverfi íslenskrar kaupskipaútgerðar líkt og önnur Norðurlönd hafa þegar gert.

Eins og ég sagði áðan er síðan kominn nýr fjármálaráðherra og í viðtali við mig lýsti hann því yfir að aðilar í ráðuneytinu væru að skoða þetta mál með það í huga að finna möguleika á að fara sömu leið og hin Norðurlöndin hafa farið. Það hefur orðið stefnubreyting í fjármálaráðuneytinu og ég vænti þess að þeir aðilar sem þar ráða og halda um stjórnvölinn innan fjármálaráðuneytisins, þ.e. ráðuneytisstjórinn sjálfur og aðrir, hafi fengið þær upplýsingar að rétt væri að stíga á stokk og skoða þetta til hlítar.

[22:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það má leggja út af orðum hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar með ýmsum hætti. Ég fæ ekki séð að það skipti nokkru máli þótt embættismaður í fjármálaráðuneytinu sé á móti tilteknum breytingum. Þetta er spurning um vilja stjórnmálamannanna, vilja meiri hluta sem kjörinn er á þing. Andspænis þeim vilja skiptir það engu máli þótt þverlundaður og stífur embættismaður í ráðuneyti telji að hugsanleg breyting stríði gegn skattalögum. Hefur ekki Alþingi leyfi til að breyta lögum eða setja lög eins og það vill? Mér finnst þetta alveg fráleitt.

Það sem þetta mál varpar ljósi á er hið undarlega samband hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra og þessa embættismanns. Yfirleitt hefur það verið þannig að ráðherrarnir stýri embættismönnunum. Af lýsingu hv. formanns samgöngunefndar virðist sem embættismennirnir í fjármálaráðuneytinu hafi stýrt starfi núverandi formanns Sjálfstæðisflokksins meðan hann gegndi embætti fjármálaráðherra.

Ég vil einungis ljúka þessu, herra forseti, með því að segja að ég vona að í þeim ólgusjó sem er fram undan í utanríkismálum Íslendinga, ekki síst í samskiptum við Bandaríkjamenn, hafi þessi vinnubrögð ekki flust úr fjármálaráðuneytinu með nýjum ráðherra yfir í utanríkisráðuneytið. Ég bið sannarlega til allra góða máttarvalda um að ekki verði einhverjir embættismenn, hversu góðir sem þeir eru, í utanríkisráðuneytinu til að stýra störfum hæstv. utanríkisráðherra, eins og virðist hafa verið af þessari lýsingu á dvöl hans í fjármálaráðuneytinu.

Ég skora á hv. þingmann að sameinast mér og öðrum góðum mönnum um að berja upp kjark og vilja hæstv. utanríkisráðherra til að standa í lappirnar. Saman skulum við líka reyna að vinna á þeim hugsanlegu ljónum sem verða á vegi þessa ágæta máls í öðrum ráðuneytum.

[22:39]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að ég hafi talað nógu skýrt fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég sagði að það væri ekki neitt leyndarmál þegar ég upplýsti að þessi ágæti embættismaður hefði komið í heimsókn til samgöngunefndar og lýst yfir andstöðu sinni við málið. Hvort hann var að túlka skoðanir þáverandi fjármálaráðherra læt ég ósagt um en hins vegar var þetta hans afgerandi skoðun um hvernig fara ætti með skattalegt umhverfi íslenskra kaupskipaútgerða. Ég var ekki að segja að þessi embættismaður hefði stýrt fjármálaráðherra með einum eða neinum hætti. Þetta var hins vegar afgerandi skoðun hans.

Jú ... (**Gripið fram í:** Hvaðan kom sú skoðun?) ... við kölluðum þessa aðila til og báðum þá um að tjá okkur skoðanir sínar á þessu máli. Þetta kom fram hjá þessum ágæta

embættismanni fjármálaráðuneytisins. En ég er ekki viss um að hann hafi verið að túlka orð fjármálaráðherra þar með og get ekkert um það fullyrt. En eins og ég sagði áðan hefur núverandi fjármálaráðherra lýst því yfir að það er verið að vinna að þessu máli í fjármálaráðuneytinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa, 1. umr.

Stjfrv., 741. mál (heildarlög). — Þskj. 1077.

[22:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu og hjá Siglingastofnun Íslands að höfðu samráði við hagsmunaaðila, þ.e. sjómenn og útvegsmenn. Megintilgangur frumvarpsins er að efla öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra. Með frumvarpinu er jafnframt stuðlað að auknum vörnum gegn mengun sjávar. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum. Verði frumvarpið að lögum koma þau í stað þessara laga.

Með frumvarpi þessu eru ákvæði alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa frá 1995 innleidd í íslenska löggjöf, en Ísland er eitt sex ríkja sem fullgilt hafa samþykktina. Með alþjóðasamþykktinni er stuðlað að samræmingu bindandi lágmarksstaðla um menntun og þjálfun áhafna fiskiskipa 24 metra að skráningarlengd og lengri. Af þessu leiðir að þeir sem gegna tilteknum störfum um borð í þeim íslensku fiskiskipum sem mælast 24 metrar eða lengri skulu að lágmarki lúta þeim kröfum sem gerðar eru í samþykktinni til menntunar og þjálfunar þeirra sem mega gegna viðkomandi störfum. Þó svo að samþykktin hafi enn ekki öðlast gildi alþjóðlega þykir eðlilegt að við endurskoðun laga sé litið til þeirra viðmiða alþjóðasamþykktarinnar sem Ísland hefur fullgilt. Með því eru opnuð ný atvinnutækifæri fyrir íslenska sjómenn til starfa á alþjóðlegum vettvangi. Á sama tíma er tilefni til þess að stuðla að samræmingu atvinnuréttinda til starfa á kaupskipum annars vegar og á fiskiskipum og öðrum skipum hins vegar.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að skírteini skipstjórnarmanna miðist við lengd skipsins í metrum í stað brúttórúmlestatölu skipsins. Framkvæmdin í dag, þ.e. gildandi löggjöf um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, byggist á brúttórúmlestamælingu skipa. Sú aðferð við mælingu skipa er byggð á alþjóðasamþykkt sem nú hefur verið aflögð. Breyting sú sem lögð er til í frumvarpinu er í samræmi við alþjóðasamþykktina auk þess sem mæling skipa í brúttórúmlestum er að leggjast af. Í nýjum alþjóðasamþykktum er miðað við að skip séu mæld eftir brúttótonnum eða skráningarlengd. Frumvarpið tekur mið af því fyrirkomulagi.

Í öðru lagi er lagt til að lágmarksfjöldi skipstjórnarmanna á fiskiskipum taki mið af skráningarlengd skipsins í stað brúttórúmlesta til samræmis við nýja skírteinaflokka skipstjórnarmanna sem taka mið af skráningarlengd skipsins og útiveru þess. Gildandi lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum kveða nokkuð skýrt á um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna háð brúttórúmlestatölu þess. Reglur um mælingu skipa hafa síðan tekið þeim breytingum að mæling skipa í rúmlestum hefur vikið fyrir nýrri aðferð til mælinga á stærð skipa. Stærð skipa mælist nú í brúttó- og nettótonnum í stað brúttó- og nettórúmlesta áður.

Í þriðja lagi er lagt til í frumvarpinu að atvinnuréttindi og lágmarksfjöldi vélstjórnarmanna á fiskiskipum taki mið af afli aðalvélar í kílóvöttum og útiveru skipsins á svipaðan hátt og í gildandi lögum. Sett eru fram skýr viðmið um lágmarksfjölda vélstjórnarmanna um borð í fiskiskipum. Áskilið er að lágmarksfjöldinn skuli einnig hafa hliðsjón af úthaldi skips og ákvæðum 64. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, um vinnu- og hvíldartíma skipverja. Lagt er til í frumvarpinu að lægsta réttindastigið gildi fyrir afl aðalvélar sem er 750 kW og minna í stað 375 kW og minna samkvæmt gildandi lögum. Framangreind breyting tekur mið af þróun í skipagerð og sjósókn undanfarinna ára. Hún er gerð í þeim tilgangi að einfalda menntunarkröfur og skráningarskírteinisútgáfu vegna vélstjórnarmenntunar og vélstjórnarréttinda.

Í fjórða lagi er með frumvarpinu lagt til að Siglingastofnun Íslands verði falin útgáfa atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna. Samkvæmt gildandi lögum hefur útgáfa atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna verið hjá sýslumönnum á landsvísu og tollstjóranum í Reykjavík. Tillagan er sett fram með það að markmiði að unnt sé að einfalda núverandi kerfi og stuðla að auknu samræmi við útgáfu skírteina. Talið er heppilegra að útgáfa atvinnuskírteina sé á einni hendi, þ.e. hjá Siglingastofnun sem hefur yfir að ráða starfsmönnum með mikla sérfræðiþekkingu á sviðinu. Siglingastofnun Íslands fer samkvæmt gildandi lögum með útgáfu alþjóðlegra skírteina og hefur sett upp gæðakerfi til útgáfu slíkra alþjóðlegra skírteina. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir því að gæðakerfið verði jafnframt notað við útgáfu þeirra skírteina sem hér um ræðir.

Í fimmta lagi er lagt til það nýmæli í frumvarpinu er varðar stjórnendur skráningarskyldra skemmtibáta. Með skemmtibátum er í frumvarpinu átt við þá báta sem skrásettir eru sem skemmtiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa. Hér er um að ræða þá báta sem mælast sex metrar á lengd eða lengri mælt milli stafna. Lagt er til að stjórnendum skemmtibáta verði gert skylt að afla sér grunnþekkingar á öryggisþáttum sem tengjast siglingum og skipstjórn skemmtibáta. Hér er hugmyndin sú að stjórnendum skemmtibáta verði gert skylt að sækja þar til gerð námskeið af þessu tilefni. Að námskeiði loknu er í frumvarpinu gert ráð fyrir að nemendur hafi aflað sér fullnægjandi þekkingar og þjálfunar til skipstjórnarréttinda skemmtibáta og öðlast

þar til gert skipstjórnarskírteini. Lagt er til í frumvarpinu að sömu skilyrði eigi við um þá aðila sem stjórna erlendum skemmtibátum. Með erlendum skemmtibátum er átt við skemmtibáta sem skrásettir eru erlendis óháð því hvort þeir séu í eigu Íslendinga eða erlendra aðila enda séu þeir notaðir að staðaldri í íslenskri landhelgi. Skulu slíkir aðilar vera handhafar þar til gerðs skipstjórnarskírteinis eða annars sambærilegs erlends skírteinis.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum varðandi þær kröfur sem gera skuli til stjórnenda skemmtibáta um menntun og þjálfun. Eins og staðan er í dag eru um 400 skemmtibátar í íslenskri skipaskrá og fer fjölgandi. Áhugi manna á þessari tegund siglinga er því mjög mikill og virðist fara vaxandi. Víða erlendis hafa í mörg ár gilt ítarlegar reglur um menntun og þjálfun þeirra sem stjórna skemmtibátum. Ljóst er að það krefst kunnáttu og þekkingar að stjórna skemmtibáti eins og öðrum bátum. Margir þeirra sem eiga skemmtibáta hafa nú þegar aflað sér nokkurrar menntunar á þessu sviði. Mikilvægt er að stjórnendur slíkra báta þekki siglingareglur á umferðarleiðum til þess að fyllsta öryggis sé gætt. Einnig er mikilvægt að þeir geti brugðist rétt við hættu á neyðarstundu. Auknar líkur eru á mistökum ef kunnáttan er lítil. Að teknu tilliti til öryggissjónarmiða og þeirra miklu hagsmuna sem í húfi eru er það mat mitt að brýnt sé að gera bragarbót á því tómarúmi sem í dag er ríkjandi varðandi þessa tilteknu tegund báta. Lagt er til í frumvarpinu að ákvæðið taki gildi 1. janúar 2007. Eftir þann tíma verði allir sem stjórna skráningarskyldum skemmtibátum í íslenskri landhelgi að hafa aflað sér tilskilinnar menntunar og þjálfunar og hafi fengið útgefið þar til gerð skírteini.

Í sjötta lagi er gerð er krafa um að kröfur til atvinnuréttinda skipstjórnarmanna verði samræmdar. Samræmingin felst í því að um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á fiskiskipum sem eru styttri en 24 metrar að skráningarlengd gildi aðeins eitt réttindastig. Þessi breyting er komin til fyrst og fremst vegna breyttra aðstæðna. Þau viðmiðunarmörk sem þessi atvinnuréttindi miðuðust við hafa stöðugt færst ofar. Nú er svo komið að skip sem mælast undir 30 brúttórúmlestum eru að veiðum á sömu miðum og mun stærri fiskiskip. Þrátt fyrir það eru kröfur til menntunar og þjálfunar skipstjórnarmanna mjög frábrugðnar og hafa í för með sér talsverða mismunun. Með vísan til þeirrar þróunar sem orðið hefur í útgerð minni fiskiskipa, úthaldi þeirra og búnaði þykir fullt tilefni til þess að þeir sem gegna stöðu skipstjóra á þessum bátum hafi sömu eða sambærilega menntun og þjálfun og þeir sem gegna sömu stöðu á mun stærri bátum á sömu miðum.

Samhliða framangreindri breytingu er lagt til að samgönguráðherra sé heimilt í reglugerð að setja reglur um útgáfu skírteina til skipstjórnarmanna á fiskiskipum sem eru allt að tíu metrar að mestu lengd til siglinga á takmörkuðu hafsvæði. Þessi tillaga er sett fram þar sem breyting atvinnuréttinda, eins og frumvarpið mælir fyrir um, hefur ekki að markmiði að setja auknar álögur á þá sem hafa með höndum skipstjórn á trillum og litlum fiskiskipum sem eingöngu eru notuð til innfjarðarveiða eða veiða á mjög afmörkuðum svæðum. Aðstæður við strendur landsins eru með þeim hætti að tilefni er til að gera sömu kröfur til allra þeirra sem öðlast vilja rétt til að gegna stöðu skipstjóra á skipum lengri en 24 metrar að skráningarlengd. Ljóst er þó að endurskoða þarf námskrá og nám skipstjórnarmanna með hliðsjón af nýjum forsendum samkvæmt frumvarpinu.

Á sama hátt og gildir um lágmarksfjölda vélstjórnarmanna er áskilið að lágmarksfjöldi skipstjórnarmanna skuli taka mið af úthaldi skips og ákvæðum 64. gr. sjómannalaga og um vinnu- og hvíldartíma skipverja. Þó er gerð sú lágmarkskrafa að á hverju fiskiskipi skuli vera skipstjóri auk þess sem áskilnaður er gerður um fjölda stýrimanna á skipum tiltekinnar stærðar að teknu tilliti til útiveru.

Í sjöunda og síðasta lagi eru í frumvarpinu skilgreind nokkur hugtök — auk þess er þar skilgreining sem ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um — en þau eru í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga.

Virðulegur forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til hv. samgöngunefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, 1. umr.

Stjfrv., 709. mál (kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa). — Þskj. 1045.

[22:53]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli í fjarveru iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, en því er ætlað að koma í stað bráðabirgðaákvæðis sama efnis í lögum nr. 50/2000, um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000, um þjónustukaup og lögum nr. 48/2003, um neytendakaup, en það féll úr gildi hinn 31. desember 2005.

Á Alþingi voru samþykkt árið 2000 annars vegar ný lög um lausafjárkaup og hins vegar um þjónustukaup. Vegna innleiðingar á tilskipun 1999/44/EB um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi reyndist nauðsynlegt að setja hér á landi sérstök lög sem gilda um lausafjárkaup þegar annar aðili að viðskiptunum er neytandi, sbr. lög nr. 48/2003, um neytendakaup. Við þinglega meðferð framangreindra mála og að tillögu efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis var ákveðið að setja inn ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið væri á um að viðskiptaráðherra skyldi skipa til fimm ára kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í samræmi við ákvæði laganna nær starfsheimild framangreindrar nefndar aðeins til ársins 2005 og því er nauðsynlegt nú að tryggja með lagabreytingu eins og hér er gert áframhaldandi starfsemi þessarar kærunefndar. Á þeim fimm árum sem nefndin hefur starfað hefur hún fengið um eða yfir tuttugu mál til umfjöllunar og fellt alls þrettán úrskurði. Lagaúrræði þar sem unnt er að fara með ágreiningsmál fyrir kærunefnd með þeim hætti sem kveðið er á um í framangreindum lögum er bæði skjótvirk og ódýr leið til að leita úrlausnar á lögfræðilegum deilum í tengslum við þau viðskipti sem fjallað er um í framangreindum lögum. Reynslan af starfsemi nefndarinnar þau fimm ár sem hún hefur starf-

að að úrlausn slíkra ágreiningsmála sem hafa komið upp í viðskiptum hefur verið góð og er hér því lagt til að þetta réttarúrræði verði framlengt og verði eðlilegur þáttur í þeim þremur lagabálkum sem hingað til hafa boðið upp á þetta úrræði.

Nefndin hefur auk þess á undanförnum fimm árum verið vistuð hjá viðskiptaráðuneytinu. Á árinu 2005 voru hins vegar samþykkt ný lög um Neytendastofu og talsmann neytenda. Það er talið eðlilegt í framhaldi af þessari breytingu að nefndin verði framvegis vistuð hjá Neytendastofu en ekki ráðuneytinu. Í frumvarpinu er að finna það nýmæli að framvegis verði móttaka erinda sem beint er til nefndarinnar og vistun gagna nefndarinnar hjá Neytendastofu en að öðru leyti er öll efnisleg meðferð mála og á ábyrgð hjá kærunefndinni.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, eins og áður hefur verið, að viðskiptaráðherra skipi formann kærunefndarinnar án tilnefningar og skal formaðurinn fullnægja skilyrðum til að vera héraðsdómari. Hina tvo fulltrúana skipar ráðherra annars vegar eftir tilnefningu Neytendasamtakanna og hins vegar eftir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins. Ákvæði frumvarpsins eru annars efnislega óbreytt frá þeim ákvæðum til bráðabirgða sem nú er að finna í framangreindum tveimur lagabálkum.

Ég vil síðan leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álbræðsla á Grundartanga, 1. umr.

Stjfrv., 726. mál (nafnbreyting og samræming laga). — Þskj. 1062.

[22:58]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

(**Gripið fram í:** Ein álbræðslan enn.) Herra forseti. Ég heyri að hér er um áhugaverðara mál að ræða ef marka má viðbrögð í salnum en hér er samt, held ég, um tiltölulega lítið mál að ræða. Það er frumvarp til laga um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 1. júní 2005 kemur fram það mat stofnunarinnar að íslenskum stjórnvöldum beri að grípa til viðeigandi aðgerða til að gæta þess að samningar við Norðurál ehf. feli ekki í sér óeðlilega mismunun á ríkisstyrkjum til aðila. Stofnunin taldi að breytinga væri þörf bæði á fjárfestingasamningi íslenskra stjórnvalda og Norðuráls ehf. sem og á lögum nr. 62/1997 og í ljósi þessa úrskurðar er lagt til að felldur verði niður B-liður 1. mgr. 6. gr. laganna sem fjallar um álagningu fjármagnstekjuskatts á arð, en í gildandi lagaákvæði er kveðið á um að 5% tekjuskattur skuli lagður á arð sem greiddur er hluthöfum í félögunum að því tilskildu að þeir séu búsettir í OECD-ríki og að 25% af hlutafé í félaginu séu í eigu hluthafans á skattári fyrir greiðslu arðs.

Það hefur ekkert reynt á þetta ákvæði í framkvæmd en niðurfelling þess leiðir til þess að framvegis munu gilda um þetta mál almennar skattareglur eða þá ákvæði tvísköttunarsamninga eftir því sem við á. Það er einnig lagt til að orðið „útflutningur“ falli niður í fyrirsögn 9. gr. enda eru hvorki tollar né vörugjöld lögð á útflutning.

Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins hefur í kjölfar samningaviðræðna um stækkun Norðuráls komið fram ósk frá fulltrúum fyrirtækisins um breytingar á samningi sem kallar á breytingar á lögunum. Annars vegar er um að ræða breytingu á rekstrarformi, en Norðurál er nú einkahlutafélag en ekki hlutafélag. Hins vegar er lagt til að lögunum verði breytt til samræmis við ákvæði laga um álverksmiðju á Reyðarfirði, en þar er kveðið á um að félagið skuli undanþegið breytingum sem kunna að verða á skattalagaákvæðum um frádrátt vaxtakostnaðar. Með þessari breytingu er aðstaða félaganna jöfnuð hvað þetta varðar. En að mínu mati er það svo að vaxtakostnaður hlýtur ávallt að vera frádráttarbær hjá fyrirtækjum í atvinnurekstri. Þannig eru alþjóðlegar reglur og við hljótum að miða við það.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara frekar orðum um þetta frumvarp og legg til að frumvarpinu verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenska friðargæslan, 1. umr.

Stjfrv., 634. mál (heildarlög). — Þskj. 933.

[23:02]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum árum stefnt að aukinni þátttöku í friðargæslustörfum á erlendri grundu. Í nóvember 2000 skilaði starfshópur sem ríkisstjórnin skipaði tillögum um aukna þátttöku Íslands í friðargæslu á vegum alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að. Aukin þátttaka Íslands í alþjóðlegum friðargæsluverkefnum er í samræmi við þá stefnu íslenskra stjórnvalda að Íslendingar taki í meira mæli á sig ábyrgð gagnvart umheiminum og alþjóðasamfélaginu. Á liðnu ári störfuðu að jafnaði um 25 Íslendingar á vegum utanríkisráðuneytisins að friðargæslustörfum í Afganistan, Írak, Srí Lanka, Bosníu og Hersegóvínu og Kosovo-héraði.

Opinber þátttaka Íslendinga í friðargæslustörfum á alþjóðavettvangi hófst fyrir rúmum 50 árum þegar tveir íslenskir lögreglumenn fóru til starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna í Palestínu á árunum 1950 og 1951. Frá þeim tíma hafa íslenskir sérfræðingar starfað að friðargæslu og uppbyggingarstarfi á átakasvæðum á vegum íslenskra stjórnvalda víða um heim, einkum á vegum Sameinuðu þjóðanna, en undanfarin ár einnig á vegum Atlantshafsbandalagsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Evrópusambandsins, auk norræna eftirlitsverkefnisins á Srí Lanka, Monitoring Mission. Frá árinu 1994 hafa á annað hundrað Íslendingar starfað að friðargæslu erlendis. Íslenskir friðargæsluliðar eru borgaralegir sérfræðingar og hafa einkum komið úr röðum lögreglumanna, lækna og hjúkrunarfræðinga. Einnig hafa farið til starfa verkfræðingar, fjölmiðla-

fólk, lögfræðingar, sagnfræðingar, flugumferðarstjórar og slökkviliðsmenn. Umsjón með íslensku friðargæslunni hefur verið í höndum sérstakrar skrifstofu í utanríkisráðuneytinu.

Markmiðið með lagafrumvarpi þessu, virðulegi forseti, er að skjóta styrkari lagastoðum undir þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu og kveða skýrt á í lögum um ýmis atriði sem til þeirrar starfsemi heyra, m.a. réttarstöðu friðargæsluliða. Rétt er að vekja athygli á því að frá umboðsmanni Alþingis hafa borist ábendingar um að rétt sé að setja sérstök lög um þessa starfsemi. Við samningu frumvarpsins var m.a. höfð til hliðsjónar löggjöf um friðargæslu í öðrum norrænum ríkjum. Um margt eiga þó eðlilega sérsjónarmið við um íslenska friðargæsluliða enda tekur löggjöf um friðargæslu annars staðar á Norðurlöndum mið af því að þar er starfræktur her en ekki hér á landi.

Grunnhugmynd friðargæslu er að bregðast við ófriði eða ófriðarblikum með margþættum aðgerðum, bæði áður en átök brjótast út og eftir að stillt hefur verið til friðar. Friðargæsla tekur þannig til ýmiss konar fjölþjóðlegra aðgerða sem miða að því að koma í veg fyrir átök, koma á friði og skapa skilyrði til að varanlegur friður megi ríkja. Framangreindar aðstæður á starfsvettvangi friðargæslu móta inntak ákvæða þessa frumvarps.

Herra forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. utanríkismálanefndar.

[23:05]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir að gera hér grein fyrir málinu og vil beina til hans spurningu um þær takmarkanir sem hann teldi vera í þeim heimildum sem honum eru veittar með þessu frumvarpi.

Það er rétt að um þessa starfsemi hafa ekki gilt nein lög, því miður, og tímabært og þakkarvert að fram skuli vera komið frumvarp þar að lútandi. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra um þær takmarkanir sem eru á valdi hans samkvæmt lögum þessum til að senda menn til friðargæslu til annarra landa. Takmarkast það við aðgerðir alþjóðastofnana, svo sem Sameinuðu þjóðanna eða Atlantshafsbandalagsins, eða telur hann sig með frumvarpi þessu, verði það að lögum, hafa heimildir til að senda íslenska friðargæsluliða til hvaða alþjóðlega friðargæslustarfs sem vera skal og þá auðvitað að gefnu tilefni? Telur hann, að þessu frumvarpi samþykktu, utanríkisráðherra t.d. hafa heimildir til að senda íslenska friðargæsluliða í verkefni á vegum hóps þjóða sem tækju sig saman um aðgerðir utan samþykkta Sameinuðu þjóðanna og utan Atlantshafsbandalagsins, t.d. með líkum hætti og gerðist í Írak og kynni sannarlega að gerast aftur í tengslum við þá þróun sem nú er uppi í Íran?

[23:07]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér eru engar sérstakar takmarkanir í þessu lagafrumvarpi um það við hvers konar friðargæsluverkefni þátttaka Íslendinga kynni að takmarkast. Hér stendur einvörðungu í 1. gr. að utanríkisráðuneytinu sé heimilt að taka þátt í alþjóðlegri friðargæslu og senda fólk til starfa við friðargæsluverkefni í því skyni og síðan er það útlistað nánar. En ég tel rétt að benda á, eins og ég gat um í framsögu minni, að miðað við þá reynslu sem fengin er, er langlíklegast að þessi verkefni takmarkist við starfsemi á vegum ÖSE, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, NATO, Evrópuráðsins, Evrópusambandsins, norræns samstarfs og fleira þess háttar, þó að ekki sé hægt að útiloka fyrir fram neitt sérstakt annað. Ég vek athygli á því, eins og ég gat um í framsöguræðu minni, að íslenskur friðargæsluliði hefur verið í Írak.

[23:08]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Því er ekki að leyna að það er skoðun þess sem hér stendur að þau hörmulegu mistök, að ég tel, sem ríkisstjórn Íslands urðu á með því að gera okkur að einni hinna viljugu þjóða í tengslum við innrásina í Írak gefa ekki það traust á ríkisstjórnina eða tilefni til þess að Alþingi samþykki fyrirvaralausar og takmarkalausar heimildir til handa hæstv. utanríkisráðherra að senda Íslendinga til átakasvæða, jafnvel undir vopnum, eins og er greinilega skilningur hæstv. utanríkisráðherra á þessu frumvarpi. Hann vísaði líka til þess að á okkar vegum hafi verið friðargæsluliðar, m.a. í Írak. Ég vil því nota tækifærið og spyrja hæstv. utanríkisráðherra: Á vegum hvaða alþjóðastofnunar og í hvaða samhengi voru þar t.d. íslenskir sprengjuleitarmenn sérstaklega að störfum?

Ég vil líka spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvort ekki ætti að vera fullnægjandi að Alþingi framseldi valdheimildir þessar hvað varðaði verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins þar sem við höfum þegar gengist undir ákveðnar alþjóðlegar skuldbindingar, en ef fara ætti út fyrir starf á vegum þessara stofnana, eins og t.d. í nýju bandalagi viljugra þjóða, þyrfti sérstakt samþykki Alþingis fyrir því. Og hvort ekki væri jafnvel til íhugunar, þar sem við höfum ekki komið að friðargæslustarfi með skömmum fyrirvara hingað til heldur haft ágætt ráðrúm til þess, að það þyrfti í raun og veru sérstakt samþykki Alþingis fyrir hverju verkefni. Hér er jú verið að tefla á tvær hættur og senda menn inn (Forseti hringir.) á átakasvæði og slík ákvörðun felur í sér (Forseti hringir.) mikla ábyrgð sem efast má um að rétt sé að leggja á eina persónu, hæstv. utanríkisráðherra. (Forseti hringir.)

[23:10]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki fært að binda þessar heimildir í lögum við friðargæsluverkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna og NATO eins og hv. þingmaður lagði til, að mér skildist. Ég nefndi hér Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og norrænt samstarf en þar erum við í sérstöku verkefni núna á Srí Lanka, sem hefur reyndar verið töluvert í fréttum. Einnig höfum við tekið þátt í verkefnum á vegum Evrópusambandsins. Við höfum lítið sem ekkert verið í verkefnum enn sem komið er á vegum Sameinuðu þjóðanna, þó að það standi til að fara út í það í ríkari mæli.

Mér finnst eðlilegt að um þetta sé settur almennur rammi en ég tel óeðlilegt að þrengja hann frekar en gert er ráð fyrir í þessum frumvarpsdrögum. Upp geta komið að-

stæður þar sem kann að þurfa bregðast skjótt við. Hins vegar er líka nauðsynlegt að hafa það í huga að við höfum ekki verið að senda okkar fólk inn á svæði þar sem áhætta er mest. Við höfum reynt að takmarka verkefnin þannig að okkar fólk, sem er auðvitað borgaralegir sérfræðingar, sé ekki á mestu hættusvæðunum heldur annars staðar þar sem það getur gert gagn með sérþekkingu sinni við uppbyggingu og friðarumleitanir af öllu mögulegu tagi.

[23:12]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg við 1. umr. um frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu. Fyrir hartnær fimm árum, fimm árum í haust, var íslenska friðargæslan sett á stofn formlega, mig minnir að það hafi verið 10. september 2001, en eins og hv. þingmenn vita höfðu Íslendingar tekið þátt í einhvers konar friðargæsluverkefnum fram að þeim tíma, þó ekki í miklum mæli.

Frá því að skrifuð var og gefin út af utanríkisráðuneytinu skýrsla um þessi málefni árið 2000, hefur mikill vöxtur orðið í íslensku friðargæslunni. Það sést kannski best á því að á yfirstandandi fjárlagaári er varið 573 millj. kr. til friðargæslunnar, ég held að rétt sé hjá mér, rúmlega hálfum milljarði króna. Þetta eru gífurlegar upphæðir ef maður horfir bara á þær einar. Mig minnir einnig að það hafi verið áætlun utanríkisráðuneytisins að á þessu ári yrðu íslenskir friðargæsluliðar orðnir 50 talsins. Ég held að þeir séu 25 núna þannig að þeirri tölu hefur ekki verið náð en það kemur væntanlega í ljós við nánari umfjöllun um frumvarpið í nefndinni hvernig þau mál standa.

Hæstv. forseti. Margt hefur gerst í sögu íslensku friðargæslunnar á umliðnum tæpum fimm árum og mjög tímabært að setja einhvers konar lagaramma um starfsemi hennar. En eins og hæstv. utanríkisráðherra tók fram í framsögu sinni miðast löggjöf annars staðar, og væntanlega í nágrannaríkjum okkar, um þetta málefni, um málefni friðargæslu, við það að þau ríki hafa yfir her að ráða. Eins og margoft hefur komið fram í umræðum um málefni friðargæslunnar á hinu háa Alþingi er að mörgu leyti nokkuð augljóst að upphaflega, þegar friðargæsluverkefnin voru kannski einfaldari en þau eru í dag, voru verkefnin sem þarna var um að ræða verkefni hermanna. Ég hef leyft mér að orða það svo að friðargæslan geti verið hin hliðin á hermennskunni vegna þess að til hennar þurfi oft og tíðum mjög svipaða þjálfun og svipaðan grunn til að standa á.

Hins vegar er það svo að á síðustu árum, sérstaklega síðustu 10, 15 árum eftir lok kalda stríðsins hefur umhverfi friðargæsluverkefna breyst mjög mikið og ég held að segja megi að nú sé um miklu flóknari verkefni að ræða en voru á árunum og áratugunum eftir seinni heimsstyrjöldina. Það þýðir í raun að verkefnin sem hægt er að fást við fyrir þau ríki sem vilja leggja eitthvað af mörkum á þessu sviði eru mjög fjölbreytileg og því hægur vandi fyrir stjórnvöld og þau ríki sem vilja leggja til mannafla og framlög til þess að stuðla að friði, efla friðargæslu eða stuðla að uppbyggingu eftir átök, að velja verkefni við hæfi.

Það hefur einmitt verið umræðan um verkefnaval íslensku friðargæslunnar sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum helst gert athugasemdir við á liðnum missirum. Okkur hefur þótt að sú áhersla sem lögð hefur verið á verkefni á vegum Atlantshafsbandalagsins hafi ekki í raun verið verkefnaval sem hæfir íslenskri þjóð, ef þannig má að orði komast, og að það sé í raun miklu nærtækara fyrir íslensk stjórnvöld að velja friðargæsluverkefni, eða velja það að starfa innan friðargæsluverkefna sem eru undir hatti annarra stofnana, ekki hernaðarbandalags heldur annarra stofnana og þá ekki síst stofnana Sameinuðu þjóðanna, hinna fjölmörgu stofnana Sameinuðu þjóðanna sem stuðla að þróun og uppbyggingu víða um heim eftir átök eða á hamfarasvæðum eða þar sem mikil neyð ríkir og þar er um auðugan garð að gresja. Með starfsemi sinni koma stofnanir Sameinuðu þjóðanna víða að í uppbyggingu eftir átök og reyna einnig að koma í veg fyrir að átök brjótist út.

Þess vegna finnst mér athyglisvert að í 1. gr. frumvarpsins, þar sem talin eru upp friðargæsluverkefni ýmiss konar, segir, með leyfi forseta:

„Til friðargæsluverkefna heyra m.a. eftirfarandi aðgerðir:

a. Aðgerðir til að koma á friði með viðveru og starfi friðargæsluliða og skapa friðvænleg skilyrði til framtíðar á átakasvsæðum.

b. Aðgerðir til að halda hættuástandi á átakasvæðum í skefjum.

c. Aðgerðir til að tryggja stöðugleika og starfa með heimamönnum á átakasvæðum í því skyni að koma í veg fyrir að átök brjótist út.

d. Verkefni borgaralegra sérfræðinga sem stuðla að uppbyggingu stjórnmála- og efnahagslífs í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði."

Síðan er liður, þar sem segir:

„e. Mannúðar- og neyðaraðstoð við flóttafólk og fórnarlömb átaka eða náttúruhamfara."

Ég hefði haldið að d-liðurinn, þau verkefni borgaralegra sérfræðinga sem stuðla að uppbyggingu stjórnmála- og efnahagslífs í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði væri kannski sá liður sem Íslendingar ættu að leggja mesta áherslu á, því að þó svo að hinir liðirnir þrír, a, b og c, séu almennt orðaðir þá felst það í orðanna hljóðan að aðgerðir til að koma á friði með viðveru og starfi friðargæsluliða eða aðgerðir til að halda hættuástandi í skefjum eða eins og segir hér í c-lið „aðgerðir til að koma í veg fyrir að átök brjótist út" eru kannski að stærstum hluta aðgerðir og verkefni sem kalla á að friðargæsluliðar beri vopn, að friðargæsluliðar séu ekki í borgaralegum verkefnum. Það er alla vega minn skilningur á því sem hér er sagt í 1. gr. frumvarpsins en við munum að sjálfsögðu fara vel yfir í hv. utanríkismálanefnd nákvæmlega hvað hér er undir og hvernig sú forgangsröðun eigi að vera og má vel vera að þingnefndin hafi um það aðrar hugmyndir en þær sem hér eru.

Að lokum, e-liðurinn, „Mannúðar- og neyðaraðstoð við flóttafólk og fórnarlömb átaka eða náttúruhamfara", vissulega mjög mikilvæg starfsemi en þó ber að hafa í huga að þá aðstoð veita Íslendingar ekki síst á vettvangi frjálsra félagasamtaka í samstarfi við þau hvort heldur við erum að tala um starf Íslands innan Alþjóðarauðakrossins, Hjálparstarfs kirkjunnar eða annað slíkt. En ég útiloka að sjálfsögðu ekki að það geti líka verið inni á verkefnasviði frið-

argæslunnar með einhverjum hætti.

Tvö önnur atriði vil ég minnast sérstaklega á hér við 1. umr. en í 7. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Íslenskir friðargæsluliðar skulu gangast undir siðareglur um störf sín sem utanríkisráðuneytið semur."

Ég hef áður spurst fyrir um þessar siðareglur hér í þessum sal og þá voru svörin þau að þær væru í mótun, það væri verið að skrifa þær. Mig langar til að inna hæstv. utanríkisráðherra eftir því hvort þessar siðareglur liggi fyrir, hvort þær hafi verið birtar eða kunngjörðar með einhverjum hætti og hvernig friðargæsluliðum sé uppálagt að fylgja þeim, hvort þeir séu t.d. beðnir um að undirrita þær eða hvernig þeim sé framfylgt með öðrum hætti, þ.e. sé búið að skrifa þær og ráðuneytið farið að fylgja þeim eftir.

Annað atriði varðar líka verkefnavalið og varðar það sem kallað hefur verið kynjasjónarmiðin í þessu starfi öllu. Það vita allir sem hafa kynnt sér það að við uppbyggingu, sérstaklega á stríðshrjáðum svæðum og eftir átök, skiptir mjög miklu máli og er í raun algjört grundvallaratriði í slíku starfi að rödd kvenna fái að heyrast og að sjónarmið þeirra séu höfð til hliðsjónar í öllu uppbyggingarstarfi. Birna Þórarinsdóttir, fráfarandi framkvæmdastjóri UNIFEM á Íslandi skrifaði góða skýrslu um þessi mál sem kom út á síðasta ári, að mig minnir, um kynjasjónarmiðin innan friðargæslunnar. Þar kom í ljós að með þeirri áherslu sem lögð hefur verið á verkefnin innan NATO hefur hallað á þann veginn í friðargæslunni að minni áhersla hefur verið lögð á þau verkefni þar sem í raun væri hægt að vinna betur að réttindum kvenna, barna og að þeim kynjasjónarmiðum sem skipta mjög miklu máli í svona starfi. Verkefni sem Ísland hefur styrkt á vegum UNIFEM í Kosovo er ágætis dæmi um hvernig verkefni er hægt að setja undir þennan hatt.

Ég hygg að við ættum og við gætum lagt miklu meiri áherslu á þessa tegund verkefna í starfi friðargæslunnar, þar með líka fengið fleiri konur til starfa í friðargæslunni. Ég held að það hafi gildi í sjálfu sér að fleiri konur komi þar til starfa og ekki síður hefur það mjög mikið gildi í öllu alþjóðastarfi sem íslensk stjórnvöld taka þátt í að sjónarmið kvenfrelsis og kvenréttinda séu þar ofarlega á blaði, helst efst að mínu viti, og séu höfð að leiðarljósi í verkefnavali og öðru, því eins og allir vita eru langflest fórnarlömb stríðsátaka og þeirra hörmunga þeim fylgja konur og börn. Það eru konur og börn sem eru hrakin á flótta, misþyrmt, nauðgað og fótunum kippt undan þeim með margvíslegum hætti. Það eru einmitt þessir hópar sem þurfa mestrar aðstoðar við í uppbyggingu eftir átök og í raunverulegri friðaruppbyggingu. Ég vil því geta þess hér við 1. umr. að mér fyndist það líka við hæfi í þeim ramma sem hér er verið að móta utan um starfsemi friðargæslunnar að þess væri getið með einhverjum hætti í markmiðsgreininni að það væri stefna íslenskra stjórnvalda að sinna þessum málum sérstaklega og leggja sérstaklega áherslu á verkefni sem stuðla að bættum hag kvenna og barna eftir átök og stuðla að þátttöku þeirra í samfélaginu.

Í fljótu bragði, hæstv. forseti, eru ekki fleiri atriði sem ég vil koma inn á hér við 1. umr. nema kannski eitt í lokin. Það hefur verið frá því sagt einhvers staðar að íslenska friðargæslan hafi stefnt að því að taka þátt í fleiri verkefnum á vegum Sameinuðu þjóðanna, eins og hæstv. ráðherra reyndar minntist á lauslega. Þar hefur m.a. verið talað um World Food Program, Matvælahjálp Sameinuðu þjóðanna. Ég vil þá nota tækifærið til að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort slíkt starf væri komið af stað eða undirbúningur að þátttöku í því og þá að hnýta við það hvort fleiri verkefni eða önnur verkefni á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna sem íslenska friðargæslan hefði áætlanir um að taka þátt í væru í farvatninu.

[23:27]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frumvarp við 1. umr. um málið. Eins og fram kom í máli hæstv. utanríkisráðherra var þetta til umfjöllunar í utanríkismálanefnd þingsins og kom að því búnu hingað aftur inn í þingsal, en ég vil aðeins vekja athygli á örfáum atriðum.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að setja lög um réttindi starfsmanna sem ráðast til friðargæslunnar. Í 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um að íslenskir friðargæsluliðar skuli vera tryggðir vegna slysa sem þeir kunna að verða fyrir í starfi og utan starfs á erlendri grundu meðan ráðningarsamningar við þá eru í gildi. Við munum öll eftir því hvað henti okkar menn í Afganistan á sínum tíma þegar álitamál varð uppi um tryggingar þeirra.

Síðan er hitt sem við hljótum að þurfa að skoða, það er ekki aðeins vikið að réttindum heldur einnig réttindamissi í þessu frumvarpi því að það er kirfilega tekið fram í nokkrum lagagreinum að ákvæði um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gildi ekki um störf íslenskra friðargæsluliða á erlendri grundu og verkafallsrétt eiga þeir aldeilis ekki að hafa. Þetta er náttúrlega atriði sem við eigum eftir að taka til skoðunar.

Síðan ef menn fara að slá á létta strengi þá verð ég að vera aðeins ósammála hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur þegar hún lagði áherslu á að við ættum að sinna d-liðnum í 1. gr. laganna þar sem vikið er að því að Íslendingar stuðli að eða leggi fram sérfræðikunnáttu um uppbyggingu stjórnmála- og efnahagslífs í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði. Ég ætla bara að vona að ekki verði sendir fulltrúar úr núverandi ríkisstjórn til að kenna mönnum efnahagsstjórn.

En að öllu gríni slepptu er hér háalvarlegt mál á ferðinni. Fram kom réttilega í máli hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur að við verjum rúmum hálfum milljarði til þessa málaflokks á ári hverju og ég lít svo á að við eigum að láta til okkar taka í friðar- og uppbyggingarstarfi um heiminn en við eigum að vanda vel til verkefnanna. Ég tek undir með hv. þm. Helga Hjörvar að því leyti að það er eðlilegt að slíkt komi til ákvörðunar á Alþingi hverju sinni hvaða verkefni eru valin. Hvers vegna skyldi það nú vera? Jú, það hefur viljað brenna við og meira en brenna við, það er nánast viðtekin regla að Íslendingar, íslenska ríkisstjórnin og núverandi ríkisstjórn vill helst að við gerumst eins konar hreinsunardeild hjá NATO og Bandaríkjaher. Þetta er bara staðreynd sem ég geri mjög alvarlegar athugasemdir við. Ég minnist þess þegar ekki stóð á fjárframlögum til verkefna á vegum NATO að þá var skammtað úr hnefa til fórnarlamba jarðskjálftanna í Pakistan, það er ekki langt um

liðið frá þeim atburðum.

Þetta eru þau atriði sem ég vil helst nefna og síðan náttúrlega hitt að þótt staðhæft sé í athugasemdum með frumvarpinu að Íslendingar hafi fyrst og fremst starfað sem borgaralegir sérfræðingar og einvörðungu sem borgaralegir sérfræðingar, komið úr röðum lögreglumanna, lækna og hjúkrunarfræðinga, þá hafa mörkin verið harla óljós á borgaralegu starfi annars vegar og hervæddu starfi hins vegar. Við höfum öll séð myndir af íslenskum friðargæsluliðum búnum vopnum, þungvopnuðum á flugvellinum í Kabúl í Afganistan. Ég held að við minnumst öll slíkra mynda. Við erum því komin ansi nærri því að setja hér á fót her og ekki síst þegar þessu liði er beitt í tengslum við hernaðaraðgerðir eins og var í Afganistan og Írak, það voru a.m.k. fyrirheit um það á sínum tíma að við tengdumst svokölluðu uppbyggingarstarfi á vegum Bandaríkjahers í Írak. Þetta kom til umfjöllunar hér á þinginu.

Ég ítreka, hæstv. forseti, það er mjög mikilvægt að Íslendingar láti til sín taka í uppbyggingarstarfi, í friðarstarfi og það er alveg hárrétt sem hér hefur verið bent á við umræðuna að þar eru, mér liggur við að segja því miður, sorglega margir valkostir. Við eigum að sjálfsögðu að láta til okkar taka á þeim sviðum þar sem við höfum sérþekkingu, við höfum lækna og hjúkrunarfræðinga, og það eru margvísleg uppbyggingarstörf sem þess vegna gætu tengst vatnsveitum, hitaveitum og störfum af slíku tagi, auk að sjálfsögðu hvers kyns mannúðar- og neyðaraðstoðar við flóttafólk og fórnarlömb átaka eða náttúruhamfara sem reyndar er tiltekið sem eitt af verkefnum friðargæslunnar.

Ég ætla að láta þessari ræðu minni lokið, þetta eru aðeins örfáar athugasemdir hér við 1. umr. um málið sem síðan á án efa eftir að fá góða og vandaða umfjöllun í utanríkismálanefnd þingsins.

[23:34]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hv. 4. þm. Suðvest., Þórunn Sveinbjarnardóttir, hefur gert ágætlega grein fyrir helstu áherslum okkar í Samfylkingunni hvað þessu máli viðvíkur. Ég treysti því að það muni fá vandaða umfjöllun í utanríkismálanefnd þingsins og treysti því jafnframt í ljósi þess að nú eru aðeins tíu dagar til þingloka að það sé sannarlega ekki ætlun hæstv. utanríkisráðherra að afgreiða jafnmikilvægt og mikilsvert lagafrumvarp í gegnum þingið að þessu sinni heldur sé það fyrst og fremst tekið hér til kynningar og ætlunin sé að taka það til afgreiðslu á næsta vetri. Mér þætti vænt um að fá viðbrögð hæstv. utanríkisráðherra við því. En ég held að við hljótum öll að geta verið sammála um að mikilvægt sé að utanríkismálanefnd fari vel yfir málið og standi hér sem best að verki.

Það sem rak mig hins vegar í ræðustólinn, þrátt fyrir ágæta ræðu hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur og hv. þm. Ögmundar Jónassonar um þetta efni, voru satt að segja áhyggjur af áhyggjuleysi hæstv. utanríkisráðherra í andsvörum við mig áðan þegar hæstv. ráðherra lýsti því yfir að við gættum þess að senda friðargæsluliða okkar ekki á hættulegustu svæðin um leið að hann gat þess að við værum að vísu með friðargæsluliða í Írak. Ætli það séu nú til öllu hættulegri staðir í heiminum um þessar mundir til að vera á þar sem tugþúsundir manna hafa fallið á umliðnum missirum í kjölfar hins ólögmæta árásarstríðs sem ríkisstjórn Íslands lýsti stuðningi við? Ég hlýt þess vegna að spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvort hann telji Írak ekki til hættulegustu svæða og hvort ekki sé ábyrgðarhlutur að senda menn þangað, og árétta spurningu mína frá því í andsvörum áðan um það á hvers vegum sprengjuleitarmenn okkar voru í Írak. Var það á vegum Sameinuðu þjóðanna, var það á vegum Atlantshafsbandalagsins, var það á vegum innrásarliðsins eða á hvers vegum voru þeir þar niður frá og voru þeir undir vopnum? Ef friðargæsluliðar okkar eru þar undir vopnum, skilur hæstv. utanríkisráðherra þá lagaheimildir sínar þannig að honum sé, að gildandi lögum, heimilt að senda vopnaða menn án sérstakra samþykkta inn á átakasvæði og í kjölfar ólögmætra innrásaraðgerða eins og í Írak, og á grundvelli hvaða heimilda telur hæstv. ráðherra sig hafa það vald?

Verði hæstv. utanríkisráðherra falið það vald að ákveða að senda friðargæsluliða á hverja þá staði í veröldinni sem hann telur rétt, ef þannig á um hnútana að binda tel ég algerlega óhjákvæmilegt að skylt sé í þessum lögum að lagt verði formlegt áhættumat á þau verkefni sem fyrir valinu eiga að verða þannig að það sé alveg tryggt og lögbundið að farið sé yfir þá áhættu sem í því felst að senda menn inn í tiltekin lönd við tilteknar aðstæður og að það sé sannarlega vandað til undirbúningsins hvað viðvíkur áhættunni því að auðvitað erum við að senda okkar fólk inn í erfiðar aðstæður og oft og tíðum viðsjárverðar.

Ég held að það væri líka þarflegt við þessa umræðu ef hæstv. utanríkisráðherra gæti upplýst okkur um stöðu þessara mála í Afganistan, að hve miklu leyti friðargæslan er þar að störfum núna og á hvaða svæðum og hvernig hann metur þá hættu sem þar er nú í kjölfar þeirra atburða og vaxandi rósturs sem virðist vera þar í landi.

Þá er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvernig á því stendur að það er sérstaklega tiltekið í frumvarpinu og farið í það að undanskilja ráðningar friðargæsluliða auglýsingum um opinber störf. Í fljótu bragði verður ekki annað séð en að jafnmikilvægt sé um þessi störf eins og önnur störf í þágu ríkisins að til þeirra fáist bestu menn sem völ er á á hverjum tíma og opnasta og gagnsæjasta leiðin til þess hlýtur að vera sú að auglýsa þau störf og að þar sé ráðið eftir verðleikum og eftir þeim lögum sem um þau efni gilda í starfsmannamálum ríkisins. Verður ekki séð að það séu neinar sérstakar aðstæður sem kalli á að heimila ráðherra að víkja frá því að auglýsa þessi störf eða að það sé nokkurt sérstakt tilefni til þess að fela utanríkisráðuneytinu einhvers konar geðþóttavald um ráðningar í friðargæsluna, heldur séu þetta einmitt ákaflega veigamikil og viðkvæm störf sem mikilvægt er að vel og faglega sé staðið að ráðningu í. Þess vegna inni ég hæstv. ráðherra eftir skýringum á þessum ákvæðum í frumvarpinu.

Okkur gefst nú væntanlega gott tækifæri til að fjalla um þetta mál við 2. umr. eða næst þegar málið kemur inn í þingið að hausti, en ég vildi að lokum, kannski fyrir forvitni sakir, spyrja fyrrverandi hæstv. fjármálaráðherra um undanþáguákvæðin í lögum þessum varðandi skattskyldu þessara tilteknu starfsmanna ríkisins og hvort þessir starfsmenn séu í dag undanþegnir sköttum og skyldum og þá á grundvelli

hvaða laga það er, ef svo er. Hvers vegna ráðherrann sé að sækja um sérstakar skattundanþágur fyrir starfsmenn sína og hvort það sé ekki plagsiður sem verið er að reyna að hverfa frá hvarvetna í löggjöf og opinberum rekstri, að afnema sérstakar undanþágur og flækjur í okkar annars ágæta skattkerfi.

[23:41]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég vil víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur sem kom með nokkrar athugasemdir og spurningar. Fyrst varðandi það sem þingmaðurinn nefndi um konur og friðargæsluna og þá vil ég leyfa mér að taka undir þau sjónarmið svona í aðalatriðum sem þar komu fram um að friðargæslan eigi að vera opin bæði konum og körlum og verkefnin sem hún tekur að sér eigi að vera þess eðlis að þau henti bæði konum og körlum. Það má vel vera að rétt sé að huga að orðalagi í þessu frumvarpi og væntanlegum lögum sem geri þetta skýrt.

Hvað varðar siðareglurnar þá eru þær reglur ekki tilbúnar en ég geri ráð fyrir að þær verði sýndar í utanríkismálanefnd þingsins þegar það gerist.

Varðandi önnur verkefni en þau sem nú hefur verið sinnt, þ.e. verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna, t.d. matvælaaðstoðarinnar, þá eru það hlutir sem eru í undirbúningi. Það hefur t.d. verið nefnt að senda fólk til Darfúr í Súdan þar sem þörfin er brýn og neyðin mikil en ekki hefur verið gengið frá því enn sem komið er.

Varðandi aðrar spurningar sem komið hafa fram í umræðunni þá er hægt að fá upplýsingar um stöðu einstakra friðargæsluverkefna þegar málið kemur til meðferðar í utanríkismálanefnd sem og nánari skýringar á einstökum greinum þessa frumvarps.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–13. mál.

Fundi slitið kl. 23:45.

---

108. FUNDUR

þriðjudaginn 25. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 402. mál, þskj. 518, nál. 1039, brtt. 1040. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, stjfrv., 708. mál, þskj. 1044. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Flugmálastjórn Íslands, stjfrv., 707. mál, þskj. 1043. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Skráning og þinglýsing skipa, stjfrv., 666. mál, þskj. 976. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa, stjfrv., 741. mál, þskj. 1077. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, stjfrv., 709. mál, þskj. 1045. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 726. mál, þskj. 1062. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Íslenska friðargæslan, stjfrv., 634. mál, þskj. 933. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 742. mál, þskj. 1078. — 1. umr.

10. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 788. mál, þskj. 1194. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

11. Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, stjfrv., 743. mál, þskj. 1079. — 1. umr.

12. Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, stjfrv., 734. mál, þskj. 1070. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir heilbrrh., 5. þm. Suðvest.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Afsal varaþingmennsku.

[13:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseta hefur í dag borist svohljóðandi bréf, dagsett þann 22. apríl sl.:

„Með þessu bréfi segi ég undirritaður af mér sem varaþingmaður Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi.

Gísli S. Einarsson."

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvörp um Ríkisútvarpið og fjölmiðla.

[13:32]

Mörður Árnason:

Forseti. Á fundi menntamálanefndar í morgun, eftir beiðni okkar í minni hluta nefndarinnar, gaf formaður hennar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, út yfirlýsingu, svaraði tilboði okkar um að starfa að ríkisútvarpsmálinu í sumar — og má bæta við að fjölmiðlafrumvarpið nýja kæmi vel inn í það starf. Hann sagði um þetta að hann hafnaði þessu boði okkar. Ég harma það því að þetta var af okkar hálfu hugsað sem sáttaumleitan og leið til þess að gera frumvarpið um Ríkisútvarpið betra. Það byggðist auðvitað á málamiðlunum þar sem enginn fengi allt sitt. En það er

ekki meiningin af hálfu formannsins.

Ég bið um það, sérstaklega í ljósi nýrra tíðinda í þessu máli, að ekki bara hann, hv. þingmaður, heldur líka forustumenn stjórnarflokkanna íhugi þetta tilboð upp á nýtt.

Fjölmiðlafrumvarp var kynnt í gær. Sigurður Líndal gerði strax þá athugasemd við það frumvarp að vafi leiki á því hvort reglur í því standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Sigurður Líndal var á fundi hjá okkur áðan og þá kom í ljós að eftir að hann hafði séð frumvarpið hafði verið bætt inn í það grein, sennilega eftir hádegi í gær, sem er á þá leið að ríkisstjórninni sé óheimilt að eiga hlut í öðrum fyrirtækjum sem gefa út dagblað eða reka útvarpsstöð. Það var athyglisvert að Sigurður sagði að þetta væri vissulega til bóta hvað varðar það vandamál sem hann fengist við en ástæða væri til að fara betur yfir allt þetta samhengi ríkisútvarpslaganna og fjölmiðlalaganna.

Það er líka ástæða til að vekja athygli á því að þessi mikilvæga grein er ekki í lögunum um Ríkisútvarpið, sem hér eru til umræðu milli 2. og 3. umr., heldur í allt öðru frumvarpi sem á að samþykkja eftir á. Ég held því að nú sé komið að því að við hættum þessu rugli og tökum þessi mál saman og vinnum þau í sumar eins og menn.

[13:35]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú er komið á daginn hvílík endemisvinnubrögð hafa verið viðhöfð af hálfu ríkisstjórnarinnar og hæstv. menntamálaráðherra sérstaklega við vinnslu á frumvarpi um fjölmiðla annars vegar og um Ríkisútvarpið hins vegar. Allar götur frá því að þessi vinna hófst höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og þá ekki síst fulltrúi okkar í fjölmiðlanefnd menntamálaráðuneytisins lagt ofuráherslu á að þessi mál yrðu unnin í samhengi. Það hefur ekki verið gert og nú eru ýmsar mótsagnir að koma fram. Þær blasa við og ekki er séð fyrir endann á því hvernig þær verða til lykta leiddar.

Fjölmiðlafrumvarpið varð til í því samhengi að Ríkisútvarpið var, og er enn, stofnun á vegum ríkisins. Nú stefnir hins vegar í að Ríkisútvarpið verði hlutafélag, fyrirtæki á markaði og ekki nóg með það, fyrirtæki sem stundar viðskipti og kemur til með að gera það í auknum mæli á komandi árum. Það er ljóst að önnur fyrirtæki á markaði í sams konar rekstri munu reisa kröfur um að jafnræðis verði gætt og þá einnig með skírskotun til þess mikla menningararfs og til þeirrar miklu dagskrár sem Ríkisútvarpið hefur í sínum fórum. Það er þegar farið að reisa kröfur af hálfu annarra fyrirtækja á markaði um aðgang að þessu efni.

Eitt vil ég gagnrýna að lokum, hæstv. forseti. Það er sú leynd sem hefur hvílt yfir fjölmiðlafrumvarpinu. Lagafrumvörp eiga að þola ljósið og þola umræður í þjóðfélaginu.

[13:37]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þá kröfu og þá áskorun til hv. formanns menntamálanefndar að verða við tilboði okkar um að endurnýja pólitíska sátt um Ríkisútvarpið með því að taka málið úr þinginu, vinna það betur, skoða nákvæmlega og vandvirknislega samspil frumvarpsins um Ríkisútvarpið hf. og hins nýja fjölmiðlafrumvarps sem kynnt var undir kvöld í gær, fjölmiðlafrumvarps sem sprettur upp núna eftir að tvær umræður eru að baki um hið umdeilda ríkisútvarpsfrumvarp og virðist strax varpa ljósi á fjölmarga fleiri annmarka, fjölmarga fleiri galla á því klúðri og pólitíska klastri sem frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. er. Með þessari framgöngu er hæstv. menntamálaráðherra og með þessari framgöngu er hv. formaður menntamálanefndar að endurnýja og blása til nýs pólitísks ófriðar um fjölmiðlamálið og þá er óhætt að spyrja: Lærði ríkisstjórnin ekkert af átökunum um fjölmiðlana fyrir tveimur árum sem leiddu til þess afhroðs og þeirrar útreiðar sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fékk á þeim tíma? Ætla menn að endurtaka ófriðinn? Ætla menn að endurtaka átökin með því að koma með handónýtt frumvarp um Ríkisútvarpið, meingallað mál sem verður að koma út úr þinginu og fara inn í nefnd að nýju og vinna aftur upp á nýtt — ástæða er til að hrósa hv. nefndarformanni fyrir það hvernig sú vinna fer af stað. Um leið vil ég skora á hv. nefndarformann að beita sér fyrir því að málið komi ekki inn aftur, skoðist næstu 3 til 4 mánuðina með frumvarpsdrögum um nýtt frumvarp um fjölmiðla og fjölmiðlalög. Það þarf að skoða vel samspil málanna og koma með boðlega lagasetningu inn á þingið næsta vetur.

[13:39]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Það er rétt að nú um helgina barst mér bréf frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar í hv. menntamálanefnd þar sem óskað var eftir því að frumvarpinu um Ríkisútvarpið yrði frestað, stofnuð yrði nefnd til að fara yfir málið og það yrði tekið fyrir aftur næsta haust.

Ég hef sagt alveg frá upphafi þessa máls, og stjórnarflokkarnir hafa verið sammála um þá stefnu, að það er okkar skoðun að það eigi að klára og afgreiða þetta mál á þessu þingi. Sú skoðun hefur ekki breyst. Ég tel heldur ekki að það hafi komið fram nýjar upplýsingar í þessu máli, eins og haldið hefur verið fram, sem leiði til þess að ástæða sé til að (Gripið fram í.) fresta málinu. Ég vil hins vegar taka fram að í bréfi hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar hefur verið óskað eftir því að fjölmargir gestir verði kallaðir fyrir nefndina til þess að fara nánar yfir þessi mál og við í meiri hlutanum höfum lagt okkur fram um að kalla alla þessa gesti fyrir nefndina.

Það er rétt að Sigurður Líndal lagaprófessor kom fyrir nefndina nú í morgun til að gera grein fyrir þeim athugasemdum sem fram koma á forsíðu Fréttablaðsins í dag. Það er rétt að taka það fram, úr því að hv. þm. Mörður Árnason gerði það ekki í sinni ræðu, að Sigurður Líndal tók fram að honum hefði ekki verið kunnugt um þá breytingu sem gerð var á fjölmiðlafrumvarpinu þegar þau ummæli voru látin falla. Það kom heldur ekki fram í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar að á þessum fundi var einnig Páll Hreinsson, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands og formaður fjölmiðlanefndarinnar, og hann tók fram að með þeirri breytingu sem hér hefur verið gerð grein fyrir hafi verið skotið undir þann leka sem hugsanlega hafi verið gagnvart jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar.

Ég tel rétt að þetta komi fram vegna þeirra ummæla sem hafa fallið um þetta mál.

[13:42]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er rétt að taka undir það sem fram hefur komið áður að það er miður að meiri hluti menntamálanefndar hafi hafnað því sáttatilboði sem fram var lagt. Hins vegar er rétt að hæla hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir það að öðru leyti hvernig hann hagar störfum nefndarinnar nú við endurupptöku málsins og kom strax í ljós í morgun að full ástæða var til. Nú þegar hefur t.d. komið fram að mikill misskilningur var á ferðinni varðandi réttindi starfsmanna. Meiri hlutinn hefur haldið því fram að ekki væri verið að skerða réttindin. Það var upplýst mjög greinilega á fundi í morgun að um slíkt er að ræða og ég vona að meiri hlutinn taki það til skoðunar.

En í hádeginu, þegar framhaldsnefndarfundur var haldinn, fengum við loks að sjá fjölmiðlafrumvarpið og þá kemur í ljós að væntanlega síðdegis í gær hefur verið bætt inn í það setningu sem er augljóslega tengd því frumvarpi sem við höfum hér verið að ræða, og augljóslega verið að reyna að bæta fyrir það sem menn hafa ekki viljað að væri í frumvarpinu en er í því. Þannig að það er nú þegar komið fram nýtt atriði, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, varðandi málefni Ríkisútvarpsins. Á fundum nefndarinnar hafa nefnilega bæði höfundar frumvarpsins og fulltrúar menntamálaráðuneytisins túlkað 4. gr. frumvarpsins um Ríkisútvarpið hf. á þann hátt að ríkisútvarpinu væri heimilt að stofna fyrirtæki með öðrum. En í fjölmiðlalögunum, með þeirri setningu sem þar hefur verið bætt við, er það ákvæði tekið til baka. Það er því augljóslega full ástæða til þess, eins og kom fram á fundi nefndarinnar í hádeginu, af hálfu þeirra lögfræðinga sem þar komu, að fara sameiginlega yfir frumvarpið um Ríkisútvarpið og fjölmiðlalögin. Það væri full ástæða til þess vegna þess að á því væru snertifletir og mikilvægt að búa þannig um hnúta að ekki yrðu málaferli vegna þess að ekki hefði verið vandað til verka.

Frú forseti. Ég endurtek og ítreka enn á ný að full ástæða er til að menn átti sig á því að við þurfum að vanda til verka. Ég segi það enn og aftur að ég vonaðist til að menn hefðu lært eitthvað af því sem áður hefur gerst en því miður virðist skorta yfirfærslu milli mála.

[13:44]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Það verður að segjast eins og er að þau eru ýmis hálmstráin sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar grípa til í þessari umræðu. Þegar þetta mál kom í þingið lá fyrir að stjórnarandstaðan setti sig upp á móti því og hefur síðan reynt að finna því ýmislegt til foráttu. Það hefur legið fyrir að stjórnarandstaðan vildi ekki að frumvarpið færi í gegn og nú á þessu stigi málsins kemur stjórnarandstaðan og lætur eins og það sé mikið sáttaboð að bjóða það að ríkisstjórnin dragi málið til baka. Þetta er nú dálítið langsótt verð ég að segja.

Af því að hér í þessari umræðu hefur örlítið verið vikið að fjölmiðlafrumvarpinu, sem hæstv. menntamálaráðherra kynnti í gær, þá er rétt að það komi fram að í því frumvarpi er ekki neitt sem á að hafa áhrif á framgang málsins varðandi Ríkisútvarpið. Það eru engin efnisatriði, sem mér er kunnugt um, í fjölmiðlafrumvarpinu sem hafa valdið sérstökum efniságreiningi milli stjórnmálaflokkanna og það er rétt að það komi fram að þó að frumvarpið væri fyrst kynnt í gær þá hefur það auðvitað verið unnið í víðtæku samráði stjórnmálaflokkanna á hinu háa Alþingi. Það er byggt á skýrslu sem samstaða var um meðal flokka á síðastliðnu vori. Það á því ekki beinlínis vel við að tala um einhverja sérstaka leynd í þessu eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði. Þetta ferli hefur þvert á móti byggst á miklu og víðtæku samráði og miklu meira samráði en venja er til í sambandi við mál sem lögð eru fram á hinu háa Alþingi.

Við höfum vitað frá upphafi að það var ágreiningur milli stjórnar og stjórnarandstöðu út af RÚV. Við höfum hins vegar lagt mikið á okkur til að ná samstöðu um fjölmiðlafrumvarpið. Það er ekkert nýtt sem fram hefur komið núna sem gefur mönnum tilefni til að krefjast einhverrar sérstakrar breytingar á málsmeðferð varðandi RÚV í tengslum við þetta fjölmiðlafrumvarp. Ég fæ ekki betur séð en sú breyting sem bættist við í fjölmiðlafrumvarpið í gær sé einmitt til þess fallin að koma til móts við sjónarmið sem komið hafa fram af hálfu stjórnarandstöðunnar.

[13:47]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hér í umræðunni hefur menntamálanefnd setið á fundi í morgun og við höfum fengið mjög margar og fjölbreytilegar upplýsingar. Fyrir það ber að þakka og ég tel að formaður nefndarinnar hafi haldið mjög vel á spilunum.

Við veltum mjög fyrir okkur ýmsum þáttum í þessum frumvörpum tveimur, en við erum í raun og veru bæði að fjalla um frumvarp um útvarp og fjölmiðla, og við veltum fyrir okkur rekstrarformi. Ég minni á það að árið 1991 tók til starfa nýr þjóðleikhússtjóri sem gerði miklar tiltektir í Þjóðleikhúsinu, rak ríkisstarfsmenn sem þar höfðu unnið í langan tíma sem áttu eftir stutt í að fá lífeyri og annað slíkt. Þetta gerði hann í raun og veru með býsna köldu blóði og við erum að velta fyrir okkur hvort eitthvað breytist við að þetta verði hlutafélag. Ég segi: Það fer eftir því hvernig farið er með valdið. Rekstrarformið skiptir kannski ekki höfuðmáli, það fer eftir hvernig farið er með valdið, hvernig er á málum haldið.

Hér er auðvitað um mjög viðkvæm mál að ræða. Við höfum líka verið að ræða um þau menningarverðmæti sem í útvarpinu eru. Það eru gríðarlega mikil menningarverðmæti þar, mikil saga að baki og okkur ber að gæta þeirra menningarverðmæta. Þess vegna þurfum við að fara okkur hægt og örugglega, við þurfum að velta þessum hlutum fyrir okkur eins vel og mögulegt er og alls ekki að ana að neinu. Eins og ég segi, þetta fer eftir því hvernig farið er með valdið, rekstrarformið skiptir ekki öllu máli.

[13:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara þakka fyrir þessa umræðu. Mér hefur fundist hún vera mjög góð og það sem mér finnst standa hér upp úr, og ég held að allir sem hafa komið að þessu máli séu sammála um er að vinnubrögðin eru til fyrirmyndar. Það kom mjög berlega fram hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni og Einari Má Sigurðarsyni að hér hafa menn

vandað til verksins og unnið þetta mjög skipulega og vel innan menntamálanefndar. Það er akkúrat það sem við gerum hér á þinginu, þó svo að við deilum um hluti þá reynum við að vinna skipulega og vel. Það er ekkert að því, virðulegi forseti, þó að málefnaleg sjónarmið komist að í máli eins og þessu. Það er bara vel að menn séu að fara hér vel yfir mál og það er bara gott að það er samstaða innan þingsins að þannig sé haldið á málum. Það liggur alveg fyrir, virðulegi forseti, að hér er pólitískur ágreiningur á ferðinni eins og í svo mörgum málum.

Þessi umræða staðfestir að vinnubrögð varðandi frumvarpið um Ríkisútvarpið hafa verið til fyrirmyndar. Á sama hátt held ég að við getum ekki komist að annarri niðurstöðu þegar við tölum um frumvarpið um fjölmiðlalögin en að þar hefur nú verið gert eitthvað sem menn hafa oft kallað eftir sem er samráð og samvinna milli ólíkra flokka innan þingsins. Ég held að það sé rétt að taka það fram og menn eigi að hafa það hugfast og ræða það eins og það er að á bak við þessa frumvarpsvinnu liggur vinna nefndar þar sem komu að aðilar frá öllum stjórnmálaflokkum þingsins. Ef einhver mál hafa verið unnin vel og lengi, tekin mikil umræða bæði innan þings og utan, þá eru það þessi tvö mál. Það er ekkert að því, virðulegi forseti, að okkur greini á um efnisatriði. Þess vegna erum við nú í stjórnmálum, við erum ekki í sama flokki. En ég held að það séu engin efnisleg rök og allir sjái það, það eru engin efnisleg rök önnur en þau að klára þessi mál núna og halda áfram þeirri góðu vinnu sem hafin er og allir eru sammála um sem hér hafa rætt málið undir þessum lið, virðulegi forseti.

[13:51]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Við í menntamálanefnd erum þessa dagana að fjalla um frumvarp um Ríkisútvarpið hf. Það var samþykkt að taka málið inn aftur milli 2. og 3. umr. og eftir að það lá fyrir sendu hv. þingmenn minni hlutans beiðni til formanns nefndarinnar og þeir lögðu m.a. til átta atriði sem þeir vonuðust til að tekið yrði tillit til.

Á fundi í morgun tilkynnti formaður menntamálanefndar að hann féllist á sjö atriði af þessum átta og rökstuddi þá ákvörðun sína. Mér þykir formaður nefndarinnar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hafa tekið mjög vel í beiðni stjórnarandstöðunnar og við áttum ágætisfund í morgun. Við skulum líka halda því til haga að við erum ekki formlega að ræða nýtt fjölmiðlafrumvarp í nefndinni. Það hefur ekki fengið afgreiðslu hér í þingsal. En þrátt fyrir það komu gestir í morgun inn á fund þar sem ákveðinn misskilningur var leiðréttur og ég tel að það hafi verið mjög til bóta. En við skulum halda því alveg aðskildu að þetta eru tvö mál og annað málið er statt hjá hv. menntamálanefnd.

Ég held því að upphlaup eins og núna sé óþarft og ég vona að nefndin fái nú frið til þess að vinna málið áfram og á réttum stað, þ.e. í hv. menntamálanefnd. Þingmenn hafa komið hér upp og hrósað formanni nefndarinnar fyrir góð vinnubrögð og ég held að við sem sitjum í nefndinni eigum bara að halda áfram að vinna að málinu þar, því eins og komið hefur fram eru menn að vinna skipulega og vel í menntamálanefnd.

[13:53]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég hef nú fundað í nefndum frá klukkan hálfníu í morgun til að verða hálftvö. Það voru kvöldfundir í gær, það eru fundir alla daga og það er verið að dengja inn nýjum frumvörpum fyrir þingið. Ég hef þann hátt á að lesa fyrir tíma, hef alltaf gert og starfa þannig sem lögmaður, en mér er gert ókleift að starfa þannig hér á þingi. Við þessar aðstæður verða lagasetningar mistök, það er óhjákvæmilegt. Og þau kunna að verða í ríkisútvarpsfrumvarpinu.

Ég vil taka það skýrt fram að það er greinilegt samspil á milli fjölmiðlafrumvarpsins — sem vel að merkja er vel unnið — og ríkisútvarpsfrumvarpsins, sem er því miður ekki vel unnið, það er hægt að vinna það miklu betur. Það eru atriði í þessu frumvarpi sem valda mér miklum áhyggjum.

Í fyrsta lagi menningararfleifðin, sem er metin á núll og hægt er að ráðstafa af einum manni, útvarpsstjóra. Ég sætti mig aldrei við það.

Í öðru lagi eru áhöld uppi um það hvort stjórnarskrárvarin eignarréttindi starfsmanna séu varin, að það sé ekki verið að skerða þau. Þá á ég við biðlaunaréttinn og þá á ég við lífeyrisréttindi þeirra. Hér hafa menn þungar áhyggjur af lífeyrisréttindum þingmanna, sem eru tíu, en þetta varðar hundruð manna.

Í þriðja lagi eru höfundarréttarvandamálin óleyst.

Í fjórða lagi stangast 1. mgr. 4. gr. frumvarps um Ríkisútvarp hf. á við breytinguna sem var gerð á fjölmiðlafrumvarpinu í síðustu stigum. Það þarf að skýra þær saman, þær eru ekki ljósar, þær kalla á lögskýringu. Það er algjörlega óviðunandi líka. Ég vil ekkert standa í því að samþykkja lög hér á Alþingi sem kalla síðar á deilur fyrir dómstólum. Ef við getum tryggt að málin séu þannig leyst að ekki komi til ágreinings þá eigum við að gera það og frumvarpið um Ríkisútvarpið kallar á þá vinnu.

[13:55]

Mörður Árnason:

Forseti. Það sem hefur gerst í þessu máli er að í frumvarpi að öðrum lögum, fjölmiðlafrumvarpinu, hafa verið sett ákvæði um Ríkisútvarpið, mjög mikilvæg ákvæði um starfsemi Ríkisútvarpsins og skipulag þess sem ekki er að finna í því frumvarpi sem nú er í þeirri óvenjulegu stöðu að vera í nefnd á milli 2. og 3. umr. að kröfu stjórnarandstöðunnar, rökstuddri kröfu stjórnarandstöðunnar. Þetta gerist þvert á þær túlkanir sem hafa komið frá fulltrúum menntamálaráðherra sem kallaðir hafa verið fyrir nefndina, sem einmitt töldu að 4. greinin í því frumvarpi sem fyrir liggur, veitti Ríkisútvarpinu heimild til þátttöku í öðrum hlutafélögum sem nú á að banna í fjölmiðlafrumvarpinu.

Ég ætla ekki að hafa skoðanir á þessu máli hér en mér finnst furðulegt að standa uppi sem þingmaður í menntamálanefnd og fá þetta svona á mig úr sama ráðuneytinu frá sama hæstv. ráðherranum sem aldrei þessu vant er ekki staddur hér á þinginu. Og það gerist fleira. Það koma í ljós — vissulega styrkist sumt, vissulega var gott að fá fulltrúa Ríkisendurskoðunar, Sigurð Þórðarson, á fund okkar í dag, djarfan og kátan og ákafan hjörs í þrá, eins og sumir segja — en það hefur líka komið í ljós eins og hv. þm. Atli Gísla-

son sagði að það er túlkunaratriði hvort selja má menningararfinn í söfnum Ríkisútvarpsins og einn af höfundum frumvarpsins sagði að sennilega væri það svo að samþykktri breytingartillögu meiri hlutans nú að efnið mætti nota í samkeppnisverkefnum.

Við vitum hvað kemur út úr þessu. Það koma málaferli, bæði hér innan lands og við Evrópu og það verður áfram ófriður um málið. Það er greinilega það sem stjórnarmeirihlutinn stefnir að, að vera hér með næstu tíu, tuttugu árin allt í ófriði um Ríkisútvarpið, sennilega til þess að sölumönnunum Sigurði Kára Kristjánssyni og Birgi Ármannssyni hv. þingmönnum takist að lokum að eyðileggja Ríkisútvarpið.

Um fundarstjórn.

Nefndadagar.

[13:57]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að ræða um fundarstjórn forseta og reyna að fá upplýsingar um nefndadaga, hvenær þeir gætu orðið, í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur verið og annarrar. Mér finnst núna miðað við þá umræðu, eins og ég sagði áðan, sem hér var um Ríkisútvarpið að nauðsynlegt sé að fá það fram, m.a. til að koma í veg fyrir eins og hv. þm. Atli Gíslason nefndi það, lagasetningarmistök.

Því tek ég þetta hér upp um þennan lið, virðulegi forseti? Jú, vegna þess að hér hefur komið fram með Ríkisútvarpið að eftir kröfu frá stjórnarandstöðunni var málið tekið til nefndar, rætt þar í dag og mér heyrist hér að ýmislegt hafi komið þar fram þannig að það virðist sem farið sé að stagbæta frumvarpið, reyna að setja þar eitthvað inn.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, minni ég á það að fyrr í vetur vorum við að ræða um jarðrænar auðlindir, það voru miklar umræður um það mál líkt og um Ríkisútvarpið. Það endaði með því, virðulegi forseti, að hæstv. forseti þingsins tók málið til sín og skoðaði hvað hægt væri að gera. Í samkomulagi milli stjórnar og stjórnarandstöðu varð sú niðurstaða að málið færi aftur til nefndar. Og hvað gerðist þar, virðulegi forseti? Misskilningur var leiðréttur og komið í veg fyrir það sem hv. þm. Atli Gíslason talaði um áðan, lagasetningarmistök. Því frumvarpi var breytt og komst á samkomulag að mestu sem leiddi m.a. til nefndarskipunar og málið fékk farsæla lausn. Að vísu kom svo bréf, eins og ég hef áður sagt, frá iðnaðarráðuneytinu, um nefndarskipunina sem sent var til baka frá þingflokki Samfylkingarinnar en svo kom leiðrétting úr ráðuneytinu þar sem skilningur þingflokks Samfylkingar var sagður réttur og því var svo breytt. Það endaði síðan með því, virðulegi forseti, að hæstv. iðnaðarráðherra kom og bað þingið afsökunar á þeim misskilningi og mistökum sem áttu sér stað í því frumvarpi.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, er rétt að taka líka hið margfræga vatnalagafrumvarp, þegar stjórnarflokkarnir, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn ætluðu að einkavæða vatnið. Þá voru hér líka miklar og heitar umræður og deilur sem enduðu með því, virðulegi forseti, að forseti Alþingis beitti sér fyrir að það mál var tekið og skoðað og út úr því kom sátt sem varð líka til bóta, m.a. með nefndarskipun og það sem var náttúrlega allra best að gildistíma laganna var frestað.

Virðulegi forseti. Ég tek þetta hér upp um fundarstjórn forseta með beiðni um nefndadaga annars vegar, og spyr hvenær þeir verði settir, vegna þess að mér sýnist ekki vera vanþörf á því að nefndirnar fái góðan tíma til að vinna í þeim fjölmörgu frumvörpum sem liggja fyrir þinginu, til að koma í veg fyrir mistök. Hér hef ég tekið a.m.k. þrjú dæmi þar sem stjórnarandstaðan með því sem sumir kalla málþófi, aðrir geta kallað með löngum ræðum eða hverju, kom í veg fyrir lagasetningarmistök.

[14:00]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti hlýtur að gera ráð fyrir því að hv. þingmanni sé kunnugt um það að forseti hélt fund kl. 1 með formönnum allra þingflokka þar sem rætt var um þinghaldið og framhald þess. (Gripið fram í.)

[14:01]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég get staðfest að hér var haldinn ágætur fundur, samráðsfundur með forseta þingsins þar sem saman voru komnir formenn þingflokkanna. En ég tek undir þau varnaðarorð sem hér hafa verið látin falla og legg áherslu á að það skiptir miklu hvernig til tekst um stjórn þinghaldsins á komandi dögum. Það var og er við hæfi að vara við lagasetningarmistökum eins og hér var gert fyrir stundu.

Nú er farið að hamast, eina ferðina enn, við bútasaum á mjög umdeildum lagafrumvörpum. Menn hafa hrósað hv. formanni menntamálanefndar fyrir að kalla þá fulltrúa fyrir menntamálanefnd sem óskað hefur verið eftir. En ég tók eftir því, hæstv. forseti, að formaður menntamálanefndar sagði að hið umdeilda mál yrði engu að síður rifið út úr menntamálanefnd. Þetta segir hann áður en allir gestir sem eru fengnir (Forseti hringir.) til að varpa ljósi á þingmálið koma fyrir þingnefndina. (Forseti hringir.) Hæstv. forseti. Ég vildi vekja athygli hæstv. forseta á þessum vinnubrögðum og hvetja hæstv. forseta til að beina því til formanns menntamálanefndar að stunda vönduð vinnubrögð.

[14:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vekur enn og aftur athygli á því að hér eru hv. þingmenn að biðja um orðið til að ræða um fundarstjórn forseta en ekki til að ræða um önnur atriði í þinghaldinu eins og meðferð mála í nefndum.

[14:03]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Það er nú með fundarstjórnina, ég hef almennt ekkert yfir henni að kvarta að öðru leyti en því að ég furða mig náttúrlega á því að einstakir þingmenn, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson, skuli koma hingað upp og kvarta undan vinnubrögðum í menntamálanefnd við meðferð þessa máls sem fjöldinn allur af hv. þingmönnum hefur staðfest að hafi verið til mikillar fyrirmyndar, hefur hrósað

formanninum, sem þykir nú hrósið gott, (Gripið fram í.) fyrir þau vinnubrögð sem þar hafa verið viðhöfð.

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. er til meðferðar í menntamálanefnd. Það er ágætur gangur í þeirri vinnu sem þar fer fram. Ég legg til að hv. þm. Ögmundur Jónasson hætti nú að setja fram kröfur úr ræðustól hins háa Alþingis um að málið verði afgreitt með þessum hættinum eða hinum og leyfi okkur sem sitjum í nefndinni að vinna þessa (Forseti hringir.) vinnu í friði, (Forseti hringir.) hvort sem við erum þingmenn stjórnarflokkanna eða stjórnarandstöðunnar. Það var ekki fleira, frú forseti.

[14:04]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Ábending forseta náði til allra hv. þingmanna hér í salnum, hvort sem þeir skipa stjórn eða stjórnarandstöðu.

[14:04]

Útbýting:

Úttekt á öryggi og mistökum í heilbrigðiskerfinu, 790. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 1197.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (rekstraraðilar). — Þskj. 518, nál. 1039, brtt. 1040.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

Brtt. 1040,1 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ISG, IHÓ, ÍGP, JÁ, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MÁ, PBj, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, VS, ÞSveinb.

3 þm. (AtlG, JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, DrH, GÓJ, JóhS, JBjart, KÓ, LB, MS, MF, RG, SF, SJS, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, IHÓ, ÍGP, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MÁ, PBj, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, VS, ÞSveinb.

3 þm. (AtlG, JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, DrH, GÓJ, ISG, JBjart, KÓ, LB, MS, MF, RG, SF, SJS, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ISG, IHÓ, ÍGP, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MÁ, PBj, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, VS, ÞSveinb.

3 þm. (AtlG, JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, DrH, GÓJ, JBjart, KÓ, LB, MS, MF, RG, SF, SJS, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1040,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ISG, IHÓ, ÍGP, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MÁ, PBj, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, VS, ÞSveinb.

3 þm. (AtlG, JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, DrH, GÓJ, JBjart, KÓ, LB, MS, MF, RG, SF, SJS, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ISG, IHÓ, ÍGP, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MÁ, PBj, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, VS, ÞSveinb.

3 þm. (AtlG, JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, DrH, GÓJ, JBjart, KÓ, LB, MS, MF, RG, SF, SJS, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ISG, IHÓ, ÍGP, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MÁ, PBj, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÖJ.

2 þm. (AtlG, JBjarn) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, DrH, GÓJ, JBjart, KÓ, LB, MS, MF, RG, SF, SJS, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 708. mál. — Þskj. 1044.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Flugmálastjórn Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 707. mál (heildarlög). — Þskj. 1043.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Skráning og þinglýsing skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 666. mál (miðlægur þinglýsingargagnagrunnur). — Þskj. 976.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 741. mál (heildarlög). — Þskj. 1077.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, frh. 1. umr.

Stjfrv., 709. mál (kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa). — Þskj. 1045.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 726. mál (nafnbreyting og samræming laga). — Þskj. 1062.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Íslenska friðargæslan, frh. 1. umr.

Stjfrv., 634. mál (heildarlög). — Þskj. 933.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
10. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 42:1 atkv. að taka það til meðferðar og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, DJ, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ISG, IHÓ, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KHG, PBj, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÖJ.
nei: AtlG.
20 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BjarnB, DrH, GÓJ, JBjart, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SF, SJS, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 10. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Tilkynning um dagskrá.

[14:11]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):
Hæstv. félagsmálaráðherra sem flytur 9. og 10. dagskrármál hefur óskað eftir því, sbr. 3. mgr. 63. gr. þingskapa, að ræða þau saman þar sem þau eru efnislega skyld. Verður orðið við því ef enginn hreyfir andmælum.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 742. mál (heildarlög). — Þskj. 1078.

og

Vinnumarkaðsaðgerðir, 1. umr.

Stjfrv., 788. mál (heildarlög). — Þskj. 1194.

[14:11]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar ...

(**Forseti** (SP): Forseti biður hv. þingmenn um að gefa ræðumanni hljóð í salnum.)

Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar og frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Ef ég vík fyrst að frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar

byggist efni þess í meginatriðum á skýrslu nefndar sem m.a. var falið að endurskoða efni gildandi laga um atvinnuleysistryggingar og samkomulag ríkisstjórnarinnar við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins frá 15. nóvember sl.

Til grundvallar frumvarpinu liggur mikil vinna, en nefndin sem aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúar stjórnvalda áttu sæti í vann alls í 14 mánuði að því að útfæra þær tillögur sem nú eru komnar í frumvarpsform. Það má því segja að óvenjumikil og -ítarleg vinna liggi til grundvallar í málinu og hefur skýrsla nefndarinnar sem frumvarpið byggist á verið kynnt opinberlega og legið fyrir á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins frá 16. nóvember sl. Jafnframt var vinna við smíði frumvarpsins á grundvelli tillagnanna kynnt félagsmálanefnd Alþingis á fundi ráðherra með nefndinni síðasta haust ásamt öðrum þingmálum.

Vinna við smíði frumvarpsins var hins vegar nokkuð tímafrek og á lokasprettinum farið mjög ítarlega yfir málið með þeim sem það varðar, þ.e. fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Þau vinnubrögð eru ávallt viðhöfð þegar um er að ræða mál á þessu sviði og það mál sem við ræðum hér nú er þar engin undantekning. Er það vel.

Ég treysti því jafnframt að hv. félagsmálanefnd kalli fulltrúa aðila vinnumarkaðarins á sinn fund þannig að ekki leiki vafi á því að þingmenn heyri sjónarmið þeirra allt til loka.

Lítum nú á meginefni frumvarpsins. Ein helsta breytingin á atvinnuleysistryggingakerfinu sem frumvarp þetta felur í sér er tekjutrygging atvinnuleysisbóta. Lagt er til að atvinnuleitendur sem teljast tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins eigi rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum í allt að þrjá mánuði sem nema 70% af meðaltali heildarlauna. Það tímabil getur hafist þegar grunnatvinnuleysisbætur sem atvinnuleitandi á rétt á hafa verið greiddar í samtals 10 daga.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur geta að hámarki numið 180 þús. kr. á mánuði miðað við óskerta atvinnuleysistryggingu, en hámarksfjárhæð miðast við tryggingarhlutfall hins tryggða. Við útreikninga á tekjutengdum atvinnuleysisbótum launamanns er lagt til að miðað verði við sex mánaða tekjuviðmiðunartímabil sem hefst tveimur mánuðum áður en hann missti starf sitt. Þegar um er að ræða sjálfstætt starfandi einstakling er gert ráð fyrir að miðað verði við meðaltal tekna á síðasta tekjuári áður en hann varð án atvinnu.

Ég undirstrika mikilvægi þessara breytinga á atvinnuleysistryggingabótakerfinu, þ.e. að ná fram tekjutengdum atvinnuleysisbótum sem ég tel gríðarlega mikilvægar. Með frumvarpi þessu eru lagðar til ákveðnar breytingar á skipulagi atvinnuleysistryggingakerfisins. Meginskipulagsbreytingin er sú að gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun annist framkvæmd kerfisins í stað sérstakra úthlutunarnefnda. Stofnunin ákvarðar um réttindi og skyldur launafólks og sjálfstætt starfandi einstaklinga, þar á meðal um rétt þeirra til atvinnuleysisbóta og um missi þeirra.

Samhliða er lagt til að úthlutunarnefndirnar verði felldar niður í núverandi mynd utan einnar nefndar sem stjórn Vinnumálastofnunar skipar að fengnum tilnefningum. Úthlutunarnefndinni er ætlað að starfa í umboði Vinnumálastofnunar en hlutverk hennar er að gæta samræmis við ákvarðanir um rétt fólks innan atvinnuleysistryggingakerfisins þannig að jafnræðis verði gætt við framkvæmdina. Enn fremur er nefndinni ætlað að setja verklagsreglur um afgreiðslu mála en miðað við að nefndin annist afgreiðslu þeirra umsókna sem krefjast sérstaks mats. Markmið þessarar breytingar er einkum að gera stjórnsýslu atvinnuleysistryggingakerfisins skilvirkari og tryggja réttaröryggi, þar á meðal jafnræði þeirra sem missa vinnu sína tímabundið og sækja um atvinnuleysisbætur.

Sú gagnrýni hefur heyrst í fjölmiðlum frá einstökum stéttarfélögum að þarna sé verið að slíta atvinnuleysistryggingakerfið úr sambandi við verkalýðshreyfinguna. Ég er ekki alls kostar sammála þessum fullyrðingum enda þótt einstök stéttarfélög hætti að vera eins konar skráningar- og útgreiðslustofnanir kerfisins. Ég er á þeirri skoðun að stéttarfélögin eigi frekar að beina kröftum sínum að virkum vinnumarkaðsaðgerðum sem eru til þess fallnar að auka líkur félagsmanna þeirra til að verða aftur þátttakendur á vinnumarkaði í stað þess að beita sér að aðgerðum í formi skráningar eða útgreiðslu atvinnuleysisbóta. Ég get vel séð fyrir mér virkari aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að skipulagningu vinnumarkaðsúrræða og þá sérstaklega þau félög þar sem atvinnuleysi er nokkurt meðal félagsmanna en atvinnuleysi er að sjálfsögðu oft misjafnt eftir starfsgreinum. Þar vil ég meina að séu hin raunverulegu sóknarfæri stéttarfélaganna til að koma félagsmönnum sínum til aðstoðar í atvinnuleysi.

Í þessu sambandi er mikilvægt að nefna að áfram er gert ráð fyrir að samtök aðila vinnumarkaðarins eigi sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem áfram verður sérstakur sjóður, sérgreindur innan ríkissjóðs. Enn fremur er gert ráð fyrir að samtök þessi eigi áfram sæti í stjórn Vinnumálastofnunar. Jafnframt munu samtökin eiga aðild að úthlutunarnefndinni sem ætlað er að annast afgreiðslu þeirra umsókna sem krefjast sérstaks mats. Þá vil ég undirstrika það hér að með framangreindum skipulagsbreytingum verður það áfram markmið okkar að veita öllum landsmönnum góða þjónustu óháð búsetu. Á því verður engin breyting.

Með frumvarpi þessu er leitast við að gera réttindum og skyldum launafólks og sjálfstætt starfandi einstaklingum innan atvinnuleysistryggingakerfisins skýr skil enda mikilvægt að þau geti áttað sig á hvaða skilyrði þau þurfi að uppfylla til að öðlast rétt innan kerfisins. Sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa átt rétt til atvinnuleysisbóta frá árinu 1993 en einungis hefur verið kveðið á um skilyrði fyrir rétti þeirra með reglugerðum. Með frumvarpi þessu er hins vegar lagt til að kveðið verði á um rétt þeirra innan atvinnuleysistryggingakerfisins með settum lögum á sama hátt og gildir um rétt launamanna. Áhersla er lögð á að skilyrði fyrir rétti þessara hópa innan kerfisins séu sambærileg en fjallað er aðskilið um þessa hópa þar sem nokkur eðlismunur er á starfstengdum réttindum þeirra.

Gert er ráð fyrir að launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar sæki um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar ef þeir verða atvinnulausir á þar til gerðum eyðublöðum. Er sérstaklega tekið fram að umsókn um atvinnuleysisbætur feli jafnframt í sér umsókn um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Er umsækjanda því gert ljóst þegar í

upphafi hvað umsókn hans felur í sér. Ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd innan atvinnuleysistryggingakerfisins enda þótt það hafi ekki áður komið skýrt fram í lögum hvað umsókn um atvinnuleysisbætur hefur í raun þótt fela í sér.

Fallið er frá þeirri skyldu atvinnuleitanda að skrá sig reglulega til svæðisvinnumiðlana en í stað hennar komi regluleg samskipti við ráðgjafa innan vinnumarkaðskerfisins. Tíðni slíkrar ráðgjafar, þar á meðal þátttaka í vinnumarkaðsaðgerðum, miðast við þarfir hvers og eins. Áfram er gert að skilyrði að hinn tryggði sé í virkri atvinnuleit til að teljast tryggður innan kerfisins en lagt er til að skilgreint verði hvað felst nánar í því skilyrði. Jafnframt eru sérstök undanþágutilvik tilgreind sem geta leitt til þess að hinn tryggði verði talinn í virkri atvinnuleit enda þótt hann uppfylli ekki öll skilyrði frumvarpsins um virka atvinnuleit.

Ekki eru lagðar til breytingar á aldursskilyrðum fyrir atvinnuleysistryggingum en það nýmæli er lagt til að umsóknir umsækjenda um atvinnuleysisbætur sem eru yngri en 18 ára hljóti samþykki foreldra og forráðamanna. Enn fremur er leitast við að skýra reglur um hvernig þátttakendur á vinnumarkaði ávinna sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins með starfsframlagi sínu á vissu tímabili. Má segja að um sé að ræða tvenns konar reglur þar sem annars vegar er litið til starfstíma en hins vegar til starfshlutfalls. Með þessari breytingu er verið að leitast við að draga úr áhrifum starfshlutfalla á atvinnuleysistryggingar en áfram gildir að atvinnuleitendur koma ekki til með að öðlast meiri rétt en sem nemur starfshlutfalli á ávinnslutímabili. Hins vegar tekur það þátttakendur á vinnumarkaði jafnlangan tíma að ávinna sér rétt til lágmarksréttinda innan atvinnuleysistryggingakerfisins án tillits til starfshlutfalls.

Virðulegi forseti. Gert er ráð fyrir að sá sem telst tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins geti átt rétt á atvinnuleysisbótum samfellt í þrjú ár frá þeim degi er Vinnumálastofnun tekur við umsókn hans um atvinnuleysisbætur, í stað fimm ára áður. Ástæða þessa er að bótatímabil gildandi laga hefur verið talið of langt þar sem töluverðar líkur eru á því að fólk sé ekki í virkri atvinnuleit eftir þriggja ára atvinnuleysi. Þykir ástæða til að aðstæður einstaklingsins verði þá metnar aftur heildstætt til að kanna hvort hann þurfi á annars konar aðstoð að halda. Á móti kemur að það er skýrar tekið fram en áður hvaða tímabil teljast til greiðslutímabilsins og leitast er við að skýra frekar þær reglur sem eiga að gilda um endurnýjun tímabilsins.

Það nýmæli er lagt til að virkur þátttakandi á vinnumarkaði getur áunnið sér rétt til nýs greiðslutímabils án þess þó að hafa lokið að fullu við fyrra tímabil. Er hér verið að mæta þeirri gagnrýni sem gildandi kerfi hefur sætt þess efnis að einstaklingur sem áður hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur fari ávallt inn á sama bótatímabil óháð lengd þess tíma sem hann starfar á vinnumarkaði milli þess sem hann er án atvinnu. Þannig er gert ráð fyrir í frumvarpi þessu að nýtt tímabil hefjist þegar einstaklingur hefur starfað samfellt á innlendum vinnumarkaði í 24 mánuði eða lengur og uppfyllir að öðru leyti skilyrði fyrir réttindum innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Þykir hæfilegt að einstaklingur sem er virkur á vinnumarkaði í a.m.k. 24 mánuði eigi rétt á óskertu tímabili enda er þá nokkuð liðið frá því hann fékk greiddar atvinnuleysisbætur síðast. Hins vegar er gert ráð fyrir að þegar einstaklingur hefur verið skemur en 24 mánuði á innlendum vinnumarkaði þegar hann sækir að nýju um atvinnuleysisbætur fari hann aftur inn á sama tímabil og hann var á þegar hann fékk vinnuna. Í tilvikum er einstaklingur hefur fengið atvinnuleysisbætur samfellt í þrjú ár er lagt til að sá hinn sami geti áunnið sér rétt að nýju innan kerfisins að 24 mánuðum liðnum enda hafi hann starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk. Þá er að finna fyllri ákvæði í frumvarpi þessu um tilvik sem leiða til þess að atvinnuleysistryggingar geymast, atvik sem leiða til takmörkunar á atvinnuleysistryggingum og um biðtíma eftir atvinnuleysisbótum. Er með þessu leitast við að gera kerfið gagnsærra fyrir þá sem missa atvinnu sína. Á sama hátt er gert ráð fyrir sérkafla um viðurlög, t.d. þegar atvinnuleitendur hafna að taka starfi sem býðst fyrir milligöngu vinnumiðlunar eða neita því að fara í atvinnuviðtal.

Virðulegi forseti. Vonir mínar standa til þess að efni þessa frumvarps komi til með að tryggja stöðu og öryggi fólks í atvinnuleysi. Ég tel þetta mál mikilvægt og vona að aðrir þingmenn séu mér sammála.

Ef ég vík svo að frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir þá byggist það frumvarp eins og hitt í meginatriðum á skýrslu nefndar sem var falið að endurskoða efni gildandi laga um vinnumarkaðsaðgerðir og á m.a. rætur að rekja til samkomulags ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 15. nóvember. Meginmarkmið með þessu frumvarpi er að stuðla að því að sem flestir fái tækifæri til að vera virkir á vinnumarkaði áfram sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta. Í því markmiði er lagt til breytt skipulag á vinnumarkaðsaðgerðum sem leitast við að gera kerfið einfaldara og skilvirkara með því að miða við að ein stofnun, Vinnumálastofnun, annist framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða sem feli í sér vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitenda og skipulag vinnumarkaðsúrræða með hliðsjón af færni þeirra sem eru í atvinnuleit. Áfram er gert ráð fyrir að samtök aðila vinnumarkaðarins eigi fulltrúa í stjórn stofnunarinnar en talið er mikilvægt að náið samstarf við aðila vinnumarkaðarins sé eitt af mikilvægum atriðum þess að árangur megi nást í vinnumarkaðsaðgerðum.

Í þeim tilgangi að efla enn frekar tengslin við atvinnulífið sem og önnur þjónustukerfi á einstökum svæðum er lagt til að skipað verði sérstakt vinnumarkaðsráð sem ætlað er að komi í stað svæðisráða samkvæmt gildandi lögum. Þar eiga fulltrúar samtaka launafólks og samtaka atvinnurekenda ásamt fulltrúum sveitarfélaga, menntamálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sæti. Ástæða þessarar samsetningar er mikilvægi þess að fyrir hendi séu náin tengsl við atvinnulífið sem og félagsþjónustu sveitarfélaganna og heilsugæslu- og fræðsluyfirvalda á hverju svæði svo unnt sér að tryggja sem besta þjónustu við þá sem þurfa á aðstoð að halda og verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði eins og ég mun koma betur að síðar.

Hlutverk vinnumarkaðsráðanna er að eiga frumkvæði að tillögum um vinnumarkaðsúrræði og framkvæmd þeirra á viðkomandi svæði enda er þeim ætlað að vera Vinnumálastofnun og stjórn hennar til ráðgjafar um vinnumarkaðsmál-

efni á hverju svæði. Enn fremur er gert ráð fyrir að þjónustustöðvar Vinnumálastofnunar hafi náið samráð við ráðin um ákvörðun á framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða á svæðinu í samræmi við stefnumörkun stjórnar Vinnumálastofnunar og skipulag og val á vinnumarkaðsúrræðum. Er þannig lögð rík áhersla á að þjónusta Vinnumálastofnunar geti verið sem best alls staðar á landinu.

Virðulegi forseti. Með einfaldara fyrirkomulagi standa vonir til að betri yfirsýn fáist yfir þau vinnumarkaðsúrræði sem í boði eru hverju sinni en gagnrýnt hefur verið að starfsendurhæfing sé of dreifð hér á landi og á hendi margra aðila. Samhliða betri yfirsýn má vænta þess að auðveldara verði að grípa inn í þegar í ljós kemur að einstök úrræði henta illa fyrir einstaklinginn í því skyni að bjóða honum aðra þjónustu sem er vænlegri til árangurs. Með þessum hætti er jafnframt leitast við að bjóða einstaklingsmiðaða þjónustu þannig að vinnumarkaðsaðgerðir sem í boði eru miðist við þarfir einstaklinganna sem þurfa á þeim að halda í stað þess að takmarkast við einstök greiðslukerfi eins og oft hefur viljað brenna við í núverandi skipulagi.

Lagt er til að skipulag vinnumarkaðsaðgerða verði slitið úr beinum tengslum við einstök greiðslukerfi. Er þar með ekki síður tryggt að starfsendurhæfingin verði samfelld enda þótt einstaklingurinn kunni að fara á milli einstakra greiðslukerfa. Áhersla er lögð á að litið verði á alla þá sem leita til Vinnumálastofnunar sem virka atvinnuleitendur. Þannig ber að líta til getu einstaklinganna og er lagt fyrir um að vinnufærni atvinnuleitenda verði metin sem fyrst eftir að sótt er um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Metin verði hvers konar aðstoð hver og einn þarf á að halda svo að unnt sé að hefjast handa við að aðstoða þá í atvinnuleit sinni með virkum hætti. Einnig er höfðað til ábyrgðar einstaklinganna sjálfra enda þýðingarmikið að náin samvinna verði milli ráðgjafa stofnunarinnar og þeirra sem til hennar leita. Þess vegna er mikilvægt að atvinnuleitandi leggi fram allar þær upplýsingar sem liggja fyrir um vinnufærni hans svo að unnt sé að aðstoða hann við að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum. Þegar færni og staða einstaklingsins hefur verið metin að öðru leyti er gert ráð fyrir að gerð verði áætlun um atvinnuleit og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum í samstarfi við hvern og einn. Í þessu sambandi skiptir verulegu máli að atvinnuleitandinn sé hafður með í ráðum enda áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu. Að sama skapi er þýðingarmikið að miða skipulag vinnumarkaðsúrræða við raunveruleg tækifæri einstaklinganna til að fá störf við hæfi á innlendum vinnumarkaði og þarf því jafnframt að líta til þess hverjar atvinnuhorfur í landinu eru á hverjum tíma. Ekki síður er mikilvægt að atvinnuleitandinn sé reiðubúinn að fylgja áætluninni eftir og gera það sem í hans valdi stendur til að meta vinnufærni sína til þess að vera virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Honum stendur til boða ráðgjöf og annar stuðningur frá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar en miðað er við að þeir síðarnefndu veiti atvinnuleitendum aðhald í atvinnuleitinni.

Gert er ráð fyrir að allir þeir sem leita til stofnunarinnar eigi regluleg samskipti við ráðgjafa hennar eftir því sem talið er nauðsynlegt. Á það enn fremur við um þá sem nokkuð sjálfbjarga eru í atvinnuleit sinni en það getur skipt sköpum að gripið sé inn í eins fljótt og þörf krefur, dragist atvinnuleit á langinn. Þá er mikilvægt að atvinnuleitandi upplýsi um þær breytingar sem kunna að verða á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti, án ástæðulausrar tafar. Síðast en ekki síst til að undirstrika hlutverk atvinnuleitandans sjálfs er gert ráð fyrir sérstökum heimildum Vinnumálastofnunar til að synja hlutaðeigandi um þá þjónustu sem stofnunin veitir standi vilji hans ekki til gera það sem í hans valdi stendur til að auka líkurnar á því að vera virkur á vinnumarkaði. Til að vinnumarkaðsaðgerðir þjóni tilgangi sínum þarf atvinnuleitandinn sjálfur að hafa vilja og getu til að taka þátt í þeim vinnumarkaðsúrræðum er honum standa til boða og jafnframt að vera reiðubúinn að taka þeim störfum sem í boði eru.

Virðulegi forseti. Til að tryggja að viðunandi árangur innan vinnumarkaðskerfisins liggur fyrir að gott og náið samstarf við aðrar þjónustuaðila þarf að vera fyrir hendi. Í ljósi þeirrar staðreyndar er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um að ráðgjafar Vinnumálastofnunar leiti eftir samstarfi við aðra þjónustuaðila í samráði við atvinnuleitanda ef sá síðarnefndi þarf á þjónustu annarra fagaðila að halda til að ná árangri við að bæta vinnufærni sína í því skyni að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði.

Á sama hátt er gert ráð fyrir að ráðgjafar Vinnumálastofnunar starfi náið með öðrum þjónustuaðilum þegar atvinnuleitandi nýtur þjónustu þeirra eða aðrir þjónustuaðilar leita eftir liðsinni þeirra.

Það kann að vera að raunveruleg atvinnuleit geti ekki hafist fyrr en atvinnuleitandi hefur leitað sér aðstoðar innan annarra opinberra þjónustukerfa. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að ráðgjafar Vinnumálastofnunar leiðbeini atvinnuleitanda áfram til viðeigandi þjónustustofnana innan heilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins. Er þar með lögð áhersla á að allir sem koma að málum einstaklinganna geti unnið saman við að aðstoða þá við að verða virkir á vinnumarkaði.

Í því skyni að ganga úr skugga um að atvinnuleitandi leiti sér raunverulegrar aðstoðar er lagt til að heimilt verði að binda þátttöku atvinnuleitanda í vinnumarkaðsaðgerðum við það skilyrði að leitað sé fyrst eða samhliða aðstoðar annarra þjónustuaðila. Með þessu er verið að auka líkur á að vinnumarkaðsaðgerðir skili viðeigandi árangri enda, eins og áður segir, til dæmi þess að einstaklingur teljist ekki vera vinnufær fyrr en hann hefur ráðið bót á öðrum vandamálum sem hann kann að glíma við á sama tíma.

Þegar atvinnuleitandi þarf á aðstoð að halda er mikilvægt að valið sé vinnumarkaðsúrræði sem til þess er fallið að skila einstaklingnum árangri. Lagt er til að fyrir hendi verði nokkrar tegundir vinnumarkaðsúrræða en sum þeirra feli í sér mjög takmarkaða þjónustu en önnur mjög öfluga aðstoð. Það fellur því í hlut ráðgjafa Vinnumálastofnunar að meta hvaða úrræði henta hverjum og einum og miða framboð úrræða við samsetningu hópsins sem óskar eftir þjónustu stofnunarinnar og við atvinnuhorfur á vinnumarkaði.

Gert er ráð fyrir sex tegundum vinnumarkaðsúrræða en að þessu leyti má segja að frumvarpið feli í sér eins konar ramma þar sem gert er ráð fyrir að fleiri en eitt úrræði geti fallið undir hverja tegund. Lagt er til að kveðið verði nánar

á um skipulag vinnumarkaðsúrræða í reglugerð en miðað er við að Vinnumálastofnun skipuleggi þau ásamt því að annast framkvæmd þeirra.

Þarna getur verið um að ræða einstök námskeið, svo sem námskeið um gerð starfsleitaráætlunar eða sjálfsstyrkingu sem og námskeið til að bæta tiltekna færni. Starfsúrræði sem fela í sér starfskynningu, starfsþjálfun eða reynsluráðningu hafa þótt skila góðum árangri en þau byggjast á góðu samstarfi við atvinnulífið. Jafnframt kann að vera mikilvægt að skipuleg ráðgjöf fari fram samhliða námskeiðsþátttöku og starfsúrræðum.

Það getur verið um að ræða regluleg viðtöl við ráðgjafa Vinnumálastofnunar en einstaka verkefni þar sem eftirfylgnin er mikil á vegum þess sem annast námskeiðið. Enn fremur hafa námsúrræði þótt mjög mikilvæg vinnumarkaðsúrræði en það þarf að meta hverju sinni hvers konar námsframboð nýtist atvinnuleitanda beint í atvinnuleit. Þar kemur helst til greina starfstengt nám en ekki er hér átt við hefðbundið framhaldsskólanám eða nám á háskólastigi.

Mikilvægt er að í boði séu úrræði sem fela í sér atvinnutengda endurhæfingu þar sem aðalmarkmið endurhæfingar er að atvinnuleitandi verður virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Fólk sem hefur helst úr lestinni á vinnumarkaði eða hefur ekki náð að staðfesta sig þar af einhverjum ástæðum þarf oft á atvinnutengdri endurhæfingu að halda sem felur í sér öflugri aðstoð og stuðning við að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Þá er gert ráð fyrir að í boði verði atvinnutengd endurhæfing fyrir einstaka hópa fólks en þar undir falla úrræði eins og atvinna með stuðningi og verndaðir vinnustaðir.

Eins og ég hef sagt hefur það sætt gagnrýni að starfsendurhæfing sé of dreifð á landinu og á hendi margra aðila. Er því gert ráð fyrir að í kjölfar þess að Alþingi samþykki frumvarp þetta verði ráðist í endurskoðun þjónustusamninga og hvers kyns greiðslna úr ríkissjóði sem og einstöku sjóðum til starfsendurhæfingar til að ná fram markvissum árangri. Er gert ráð fyrir 5 millj. kr. í þessi verkefni fyrst um sinn. Þá er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember starfandi nefnd í forsætisráðuneytinu sem m.a. er ætlað að fjalla um starfsendurhæfingu en segja má að frumvarp þetta veiti nefndinni ákveðinn ramma til að starfa eftir að því er það varðar.

Þar með verður til umræðu hvernig standa skuli frekar að fjármögnun vinnumarkaðsaðgerða en samkvæmt framangreindri yfirlýsingu munu ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins koma sameiginlega að fjármögnun þeirra aðgerða sem fjallað er um í frumvarpi þessu.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að lagt sé til að skipulag vinnumarkaðsúrræða Vinnumálastofnunar miðist ekki eingöngu að þörfum þeirra sem teljast tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins, eins og verið hefur, er gert ráð fyrir að ákveðin samvinna geti verið milli þessara kerfa. Sama gildir um önnur greiðslukerfi.

Þannig er miðað við að einstök greiðslukerfi geti gert sérstaka þjónustusamninga um samstarf þannig að ráðgjafar Vinnumálastofnunar tilkynni um tilvik þar sem atvinnuleitendur fylgja ekki eftir áætlun þeirra um atvinnuleit og þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum og geti því ekki talist vera í virkri atvinnuleit. Með þessum hætti er gert ráð fyrir að enda þótt tengslin séu óbeint slitin milli vinnumarkaðsúrræða og einstakra greiðslukerfa geti engu að síður verið þýðingarmikið að tengja rétt atvinnuleitanda til fjárhagsaðstoðar úr einstökum greiðslukerfum til þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum í því skyni að auka líkurnar á að hlutaðeigandi verði virkur þátttakandi á vinnumarkaði.

Virðulegi forseti. Efni þessa frumvarps er til þess fallið að auka tækifæri þeirra sem hafa helst úr lestinni af ýmsum ástæðum en vilja aftur verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Mikilvægt er að ræða þessi tvö frumvörp sem ég hef mælt fyrir hér í dag saman enda er hér um tengd mál að ræða. Ég ítreka að þessi mál eru afar mikilvæg og vona að aðrir þingmenn séu mér sammála um það. Það er þýðingarmikið og ég veit að þetta mál fær hér málefnalega umræðu. Ég legg til að lokinni þeirri umræðu verði frumvarpinu vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[14:37]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þau frumvörp sem við ræðum hér, annars vegar um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og hins vegar frumvarp um vinnumarkaðsaðgerðir, eru fram komin í tengslum við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga frá í nóvember á síðastliðnu ári.

Það ef full ástæða til að þakka verkalýðshreyfingunni og forustu ASÍ fyrir þann áfanga sem hér hefur náðst og er einn af mörgum sem verkalýðshreyfingin hefur náð fram í gegnum tíðina í tengslum við kjarasamninga til að treysta kjör og aðbúnað launafólks á vinnumarkaði.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru afar þýðingarmiklar, bæði auknar greiðslur atvinnuleysisbóta og að hér eigi að taka upp kerfi virkra vinnumarkaðsaðgerða til að treysta stöðu þeirra sem höllum fæti standa á vinnumarkaði. Þessi leið felur í sér nýjar áherslur og nýja hugsun að því er varðar stöðu þessara hópa og byggist á mikilvægri aðstoð og þjónustu við þá sem eru í atvinnuleit og hafa m.a. misst vinnu sína vegna tækniframfara í atvinnulífinu. Allt of stór hópur ófaglærðra, sem af ýmsum ástæðum hefur ekki lokið námi, hefur orðið undir í þeirri byltingu sem hefur orðið á atvinnuháttum og á vinnumarkaði þar sem sífellt er krafist meiri menntunar og þekkingar til að fólk sé samkeppnishæft á vinnumarkaði. Þessu fólki munu væntanlega nýtast vel þær hugmyndir sem eru uppi um virkar vinnumarkaðsaðgerðir.

Þegar verið er að gera breytingar sem skipt geta sköpum um afkomu fólks er undirstaða þess iðulega vilji stjórnvalda á hverjum tíma til að fylgja eftir breytingunum og lagasetningunni og ræður það oft úrslitum um framkvæmd mála að fjármagn fylgi aðgerðum. Af því hef ég áhyggjur að því er varðar frumvarpið um virkar vinnumarkaðsaðgerðir.

Í þessu tveggja stoða kerfi er nauðsynlegt að litið sé á þetta kerfi heildstætt, annars vegar atvinnuleysistryggingar eða atvinnuleysisbæturnar sjálfar og hins vegar virku vinnumarkaðsaðgerðirnar ef árangur á að nást. Því er það sérstaklega mikilvægt að vinnumarkaðsaðgerðirnar séu markvissar, vel skipulagðar og að þær þjóni vel atvinnuleitendum og geri þá öflugri til að takast á við störf á vinnu-

markaðnum sem gefa betri tekjumöguleika.

Ef vinnumarkaðsaðgerðirnar eru bara orð á pappír og þeim ekki fylgt eftir með fullnægjandi fjármagni þá sitjum við í sömu hjólförum og munum ekki ná að treysta stöðu þeirra sem höllum fæti standa á vinnumarkaði.

Ef litið er til hvernig gengið er frá fjármögnun á annars vegar greiðslu til atvinnuleysisbóta og hins vegar til greiðslu á virkum vinnumarkaðsaðgerðum þá er, eins og ég sagði, ástæða til að hafa ákveðnar áhyggjur af því hvort þessar aðgerðir skili tilætluðum árangri ef ekki fylgir fjármagn. Það er oft misvísandi — annars vegar í skýrslu nefndar um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, sem þessi frumvörp byggja á, og hins vegar t.d. umsögn fjárlagaskrifstofu um frumvarp um vinnumarkaðsaðgerðir. En í yfirliti fjárlagaskrifstofu um útgjöld vegna þessa segir, með leyfi forseta:

„Að óbreyttu er áfram gert ráð fyrir að atvinnuleysistryggingar fjármagni vinnumarkaðsúrræðin.“

Atvinnuleysistryggingar. Það er sem sagt gert ráð fyrir að atvinnuleysistryggingar fjármagni þessi vinnumarkaðsúrræði en þegar litið er á skýrslu nefndarinnar um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir þá kemur fram, með leyfi forseta:

„Lagt er til að sú meginregla verði mótuð í væntanlegri löggjöf að skýr verkaskipting verði á milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs hvað varðar fjármögnun atvinnuleysisbóta og vinnumarkaðsaðgerða. Þannig verði hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs að fjármagna atvinnuleysisbætur og kostnað við úthlutun og umsýslu þeirra. Fjármunir til vinnumarkaðsaðgerða koma að meginhluta til úr ríkissjóði en aðrir aðilar geta með samningum lagt fjármuni til vinnumarkaðsaðgerða.“

Sú breyting sem hér hefur verið gerð er ekki samhljóða því sem var í skýrslunni sem þessi frumvörp byggjast á. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það með samkomulagi við verkalýðshreyfinguna að hér er verið að breyta um fjármögnun og leggja til að vinnumarkaðsaðgerðirnar sjálfar ásamt breytingum á atvinnuleysisbótunum séu fjármagnaðar úr Atvinnuleysistryggingasjóði þegar í skýrslunni er alveg kristaltært að það er ríkissjóður sem á að fjármagna þessar vinnumarkaðsaðgerðir? Þetta er mikilvægt að fá fram við þessa umræðu.

Síðan vildi ég aðeins fara inn á Atvinnuleysistryggingasjóðinn og fjármögnun hans. Miðað er við að ekki þurfi að hækka greiðslur í Atvinnuleysistryggingasjóð til að standa undir auknum atvinnuleysisbótum og er miðað við, ef ég skil þetta rétt, að Atvinnuleysistryggingasjóður geti staðið undir þessum greiðslum miðað við 2,6% atvinnuleysi.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur verið reiknað út miðað við þróun og horfur á vinnumarkaðnum og spá um atvinnuleysi næstu missiri og ár hve lengi sjóðurinn getur staðið undir þessum réttindum án þess að fara að ganga á eigið fé? Það er ástæða til að skoða þessa fjármögnun líka í ljósi þeirrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga frá mars 2004 og þeim áformum að tryggingagjald lækki um 0,45% þann 1. janúar 2007. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort einhverjar breytingar verði á þessum áformum vegna þeirra aðgerða sem í frumvarpinu felast, þ.e. greiðsla á tryggingagjaldinu sem stendur undir fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs. En samkvæmt því sem fram kemur frá fjárlagaskrifstofu er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs muni samtals aukast um 700–800 millj. á árinu 2007 vegna ákvæða frumvarpsins og þá er miðað við 2,6% atvinnuleysi.

Það er líka ástæða til að hafa áhyggjur af því sem dregið er fram í fylgiskjali með skýrslunni sjálfri. Þar eru þrjú fylgiskjöl og m.a. lýst þar afstöðu Samtaka atvinnulífsins til hugmynda um tekjutengingu atvinnuleysisbóta. Þar kemur fram atriði sem ég vona að hæstv. ráðherra líti fram hjá og ætli ekkert að taka undir. Hér er talað um, með leyfi forseta, að:

„Skoðaðir verði kostir þess að launamenn kaupi sjálfir viðbótartryggingu eða taki að minnsta kosti þátt í þeim kostnaði líkt og þekkist á Norðurlöndunum. Samtök atvinnulífsins hafa bent á þennan möguleika í nefndarvinnunni en mætt andstöðu ASÍ. Nærtækast væri að líta til þeirra kerfa sem þar hafa verið þróuð. Ef kostnaður vegna tekjutengingar á að greiðast úr Atvinnuleysistryggingasjóði þá verður að ná fram samsvarandi sparnaði á breytingum á bótareglum eða auka tekjur sjóðsins með hækkun atvinnutryggingagjalds samhliða samsvarandi lækkun almenns tryggingagjalds.“

Ég spyr, virðulegi forseti, hvort nokkrar slíkar hugmyndir séu upp á borðinu að því er þetta varðar. Ég hef ekki haft tækifæri til að skoða það ofan í kjölinn en vinnumarkaðsaðgerðirnar komu fyrst inn í þingið hér í gær og þurfti að taka fyrir með afbrigðum. Eru í frumvarpinu einhver ákvæði sem virka til þrengingar og sparnaðar frá því sem nú er, líkt og Samtök atvinnulífsins vísa til?

Virðulegi forseti. Ýmis ákvæði í frumvarpinu munu tryggja betur rétt atvinnulausra, einkum á þriggja mánaða tekjutengda tímabilinu. En áfram eru grunnbæturnar afar lágar og einungis gert ráð fyrir að fullar atvinnuleysisbætur verði 96 þús. kr. á mánuði. Fyrstu tvær vikurnar verða atvinnulausir á grunnbótum og síðan þrjá mánuði á tekjutengdu bótunum sem hæst geta numið 180 þús. kr. En síðan færu þeir aftur á grunnbætur. Ég taldi mig hafa séð í fylgiskjali með bókun ASÍ að þar hafi verið lögð áhersla á hærri bætur og til lengri tíma en þriggja mánaða. Þar var lögð áhersla á að tekjutengingin yrði miðuð við 250 þús. kr. Mig minnir að ég hafi séð að það yrðu sex mánuðir í staðinn fyrir þrjá. En það er ljóst að þetta frumvarp ber með sér málamiðlun Samtaka atvinnulífsins og ASÍ.

Það er gagnrýnisvert í þessu frumvarpi að bótatímabilið er stytt úr fimm árum í þrjú ár. Ég spyr ráðherra út í það. Það væri gott ef ráðherra svaraði því áður en þessari umræðu lýkur. Ég geri ekki ráð fyrir að hann geti svarað því í stuttum andsvörum. Hvað með þá sem enga vinnu hafa fengið eftir þrjú ár? Þá detta þeir af bótum. Þeir gátu þó verið á þeim í fimm ár áður. Hvert á fólkið þá að fara? Hvað öryggisnet geta þeir treyst á sem ekki hafa fengið vinnu á þessum tíma? Er þeim vísað á Tryggingastofnun eða sveitarfélögin eða hvernig hefur þetta verið hugsað?

Ég hef líka áhyggjur af því að í ákvæði til bráðabirgða II er gert ráð fyrir því að þeir sem voru skráðir atvinnulausir fyrir 15. nóvember 2005 fái ekki rétt til tekjutengdra bóta. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað er þetta stór hópur, t.d. þeir sem eru lengur en þrjú ár á bótum miðað við reynslu und-

anfarinna ára? Erum við að tala um 100 manns eða 200 manns? Hvað er hann að tala um stóran hóp? Ég býst við að langstærstur hlutinn sé á atvinnuleysisbótum skemur en þrjá mánuði. En þarna er einhver hópur sem gæti dottið upp fyrir miðað við þessa lagasetningu. Ég spyr ráðherrann hvort um það hafi verið hugsað og hvernig standi á því að þeir sem voru atvinnulausir fyrir 15. nóvember muni ekki *njóta góðs af því sem þó er það besta í þessu frumvarpi*, þ.e. að bæturnar séu hækkaðar, að vísu bara tímabundið í þrjá mánuði. Þar er hópur sem einskis mun njóta að því er það varðar.

Ég vil líka spyrja um 14. gr. í frumvarpinu um atvinnuleysistryggingar. Þar er talað um virka atvinnuleit. Mér finnast öll þessi skilyrði nokkuð ströng, að menn verði að vera reiðubúnir að taka starf hvar sem er á Íslandi, svo dæmi sé tekið. Það er virðist þó gert ráð fyrir einhverri undanþágu þar. Í 14 gr. frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar segir, með leyfi forseta:

„Vinnumálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum b-, d- og e-liða 1. mgr. þannig að hinn tryggði, sem vegna aldurs, félagslegra aðstæðna tengdum skertri vinnufærni eða umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima óskar eftir hlutastarfi eða starfi innan tiltekins svæðis, geti talist vera í virkri atvinnuleit."

Þarna er gerð mikilvæg undanþága sem ég met mikils. En félagsmálaráðherra getur ákveðið í reglugerð skilyrði fyrir slíkum undanþágum. Ég spyr: Er slík reglugerð tilbúin? Hafa verið lögð fram drög að slíkri reglugerð? Ég spyr vegna þess að það er líka mikilvægt að fá slíka reglugerð inn í félagsmálanefnd þegar við fjöllum um þetta mál. Það er brýnt að menn fari vel yfir þau skilyrði sem þarna eru sett upp.

Ég spyr líka um 63. gr. Þar er verið að tala um styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði til verkefna á vinnumarkaði. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra er heimilt, að fenginni tillögu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði til einstakra verkefna sem ætlað er að efla atvinnulíf einstakra svæða, fjölga atvinnutækifærum einstakra hópa fólks sem og til starfsmenntunar."

Hvað er verið að tala um hérna, nákvæmlega? Er þetta eitthvað nýtt eða framhald af því sem verið hefur í gangi? Það er líka heimilt að veita sérstaka styrki vegna búferlaflutninga hins tryggða innan lands vegna starfstilboða, þ.e. ef hann er í virkri atvinnuleit og er skyldaður til að taka starf úti á landi. Ef ég skil málið rétt yrði viðkomandi boðið upp á styrki vegna búferlaflutninga. Félagsmálaráðherra á að setja nánari reglur þar um. Ég vildi gjarnan vita: Hvað er verið að tala um háa styrki? Hvernig er þetta hugsað? Liggja fyrir drög að reglugerð varðandi slíkar styrkveitingar?

Síðan spyr ég um refsi- og viðurlagaákvæði gagnvart fólki í atvinnuleit sem fylgir ekki í einu og öllu ákvæðum laganna. Þau eru allt of hörð að mínu mati. Refsi- og sektarheimildir eru allt of víðtækar. Þar er ég að tala um viðurlagakaflann, þ.e. XI. kafla frumvarpsins um viðurlög, t.d. ef þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum er hafnað er viðkomandi hreinlega tekinn af bótum í 40 virka daga frá því að viðurlagaákvörðun Vinnumálastofnunar er tilkynnt aðila, og í heila 60 daga eða tvo mánuði ef er beitt ítrekunarheimildum laganna fyrir atvinnulausa sem sætt hefur viðurlögum samkvæmt 57. og 59. gr.

Ég segi bara, virðulegi forseti, að menn hafa ekki verið svona refsiglaðir gagnvart atvinnurekendum eða svonefndum kennitöluhoppurum sem stofna ítrekað rekstur á grunni *gjaldþrota fyrirtækja og vísa vörslusköttum og launakröfum* til ábyrgðarsjóðs launa. Mér finnst að viðurlagakaflann þurfi að endurskoða. Ég spyr: Var samkomulag um þennan viðurlagakafla, t.d. við verkalýðshreyfinguna? Ég trúi því ekki að verkalýðshreyfingin standi að viðurlagakaflanum eins og hann birtist hér.

Síðan spyr ég um lífeyrisréttindin. Gert er ráð fyrir 6% og ekkert framlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar. Ég tel að þetta sé of lágt. Af hverju er miðað við 6%? Eru lífeyrisréttindin ekki almennt orðin 7% á vinnumarkaði? Af hverju þarf greiðslan að vera lægri til atvinnulausra, þ.e. greiðsla atvinnurekenda í lífeyrissjóð?

Ég spyr líka um ósamrýmanlegar greiðslur samkvæmt 51. gr. Ég spyr: Ef um er að ræða að viðkomandi hafi lægri greiðslur, t.d. sjúkradagpeninga eða fái greiðslur samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, fær hann ekki að njóta mismunarins? Í 51. gr. er talað um þessar greiðslur, sjúkradagpeninga og greiðslur til foreldra langveikra barna. Ef þær eru lægri en atvinnuleysisbæturnar, nýtur þá viðkomandi ekki að minnsta kosti mismunarins? Eða á hann engan rétt ef hann er á slíkum bótum?

Ég vildi fara yfir fleiri atriði en til þess er ekki mikill tími. Ég vil spyrja um úthlutunarnefndirnar. Í ályktun á félagsfundi Eflingar kom fram gagnrýni á að leggja eigi niður úthlutunarnefndirnar. Ég spyr hvernig hæstv. ráðherra svari þeirri gagnrýni. Samkvæmt frumvarpinu verður ein úthlutunarnefnd *yfir allt landið sem ákveður bætur allra atvinnu*lausra á landinu. Vinnumálastofnun mun samkvæmt frumvarpinu yfirtaka alla framkvæmd laganna um atvinnuleysistryggingar. Efling og VR hafa mótmælt þessum breytingum á lögunum og telja að með þessu móti verði þau beinu tengsl sem félögin hafi átt við atvinnulaust fólk rofin.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvert fólk á landsbyggðinni eigi að leita ef það er atvinnulaust. Er það til sveitarfélaganna eða hvernig er þetta hugsað ef leggja á allar þessar úthlutunarnefndir niður? Ég lýsi mig ekki andsnúna því fyrir fram en ég vil vita hvað á að koma í staðinn.

Varðandi vinnumarkaðsaðgerðirnar þá er það mál svo nýkomið inn að manni hefur varla gefist tíma til að lesa það. Meginþunginn er lagður á ráðgjöf við atvinnuleitendur sem er gott og vikuleg stimplun aflögð. Það er mjög gott.

Fyrir utan fjármögnunina, sem ég nefndi hér áðan, og spurði um, þá spyr ég um hlutverk þessara þjónustustöðva. Mér sýnist, virðulegi forseti, mjög óljóst í lögunum hvaða verkefni þessar þjónustustöðvar hafa. Það er bæði talað um þjónustustöðvar og líka um vinnumarkaðsráð. Það er alveg skýrt hvaða hlutverk vinnumarkaðsráð hefur en mér finnst óljóst, á þeim stutta tíma sem ég hef haft til að kynna mér málið, hvert er hlutverk þessara þjónustustöðva. Það er t.d. ekki bundið í lögum hvað þær eiga að vera margar. Það kemur bara fram einhvers staðar í greinargerð að álitið sé

að þær eigi að vera átta en síðan geti félagsmálaráðherra að vild fækkað þeim eða fjölgað eftir því sem hann kýs hverju sinni. Verður ekki að hafa meiri lagastoð fyrir þessu en hér er gert ráð fyrir? Um það spyr ég.

Ég spyr líka: Var leitað með þetta mál til Tryggingastofnunar ríkisins? Hefur hún sett sig upp á móti þeim ákvæðum sem hér eru lögð til? Því það virðist eiga að gera breytingu á framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða sem áður hefur einskorðast við úrræði tengdum við atvinnuleysistryggingakerfið. En í frumvarpinu er lögð áhersla á að Vinnumálastofnun annist skipulegar vinnumarkaðsaðgerðir án tillits til þess hvaðan framfærsla atvinnuleitanda kemur. Það virðist því sem bæði geti verið um læknisfræðilega og atvinnutengda endurhæfingu að ræða sem fallið gæti undir þetta. Ég hygg að þar sé skynsamlega staðið að málum, að skoða málið meira heildstætt. En ég spyr: Hefur verið leitað umsagnar um að fara út í málið með þessum hætti, til Tryggingastofnunar ríkisins? Er hugmyndin sú að verndaðir vinnustaðir falli almennt inn í þessar vinnumarkaðsaðgerðir? Þá er ég að tala um vinnumarkaðsúrræði fyrir fatlað eða þroskaheft fólk.

Ég hefði viljað ræða nokkur fleiri atriði en sé að tíma mínum er lokið. Ég vænti þess að áður en þessari umræðu lýkur svari hæstv. ráðherra því sem fram hefur komið í máli mínu.

[14:57]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er ekki að ástæðulausu að stjórnarandstaðan tók því vel að þessi tvö frumvörp yrðu rædd samtímis, þ.e. frumvarp um atvinnuleysistryggingar annars vegar og um vinnumarkaðsaðgerðir hins vegar. Við höfum einmitt lagt áherslu á að þessi frumvörp fylgdust að, eins og reyndar hefur verið allar götur frá því þessi tvíburi kom til sögunnar árið 1997, ef ég man rétt. Þá sat ég reyndar í nefnd sem undirbjó drög að lögum um atvinnuleysistryggingar og um vinnumarkaðsaðgerðir.

Þessi frumvörp eru byggð á samstarfi verkalýðshreyfingar annars vegar og Samtaka atvinnurekenda hins vegar ásamt fulltrúum ríkisvalds. En af hálfu verkalýðshreyfingarinnar hafa komið að vinnunni Alþýðusamband Íslands og BSRB. Sú vinna hefur skilað sér í málamiðlun sem er góðra gjalda verð, eins langt og hún nær. En þegar þessum frumvörpum var skotið til samningsaðila settu þeir fram ákveðin gagnrýnisatriði sem ég vil reifa lítillega.

Þessi frumvörp gera það tvennt í senn að gera bæði lagatextann og framkvæmdina markvissari og skýrari og er það til góðs. En þarna er einnig að finna nýmæli sem skipta miklu máli og sýnist sitt hverjum. Í fyrsta lagi er það tekjutrygging atvinnuleysisbótanna. Er hún til góðs eður ei? Þetta er atriði sem hefur verið talsvert umdeilt í verkalýðshreyfingunni og í samfélaginu almennt.

Ég get sagt frá umræðu sem fram fór um þetta efni á vettvangi stjórnar BSRB þar sem ég þekki vel til. Þar voru uppi tvenn sjónarmið. Annars vegar voru þeir sem bentu réttilega á að tekjuhár einstaklingur eða maður með miðlungstekjur sem færi á atvinnuleysisbætur yrði að vissu leyti fyrir meira höggi en hinn sem væri með lág laun og færi á atvinnuleysisbæturnar. Þá er bent á það að skuldbindingar hins tekjuháa einstaklings eða meðaltekjumannsins séu yfirleitt meiri en lágtekjumannsins og það sé rétt að taka tillit til þessa með einhvers konar aðlögun í það minnsta í atvinnuleysisbótakerfinu.

Hitt sjónarmiðið kom þá ekki síst frá fulltrúum láglaunafólksins sem lagði áherslu á að atvinnuleysisbæturnar yrðu almennt hækkaðar. Það er gert með þessu frumvarpi en afar lítið, um einar 2 þús. kr., þær fara úr 94 þús. kr. í 96 þús. kr. sem ég held að flestir hljóti að vera sammála um að dugar illa til framfærslu á Íslandi. En það sjónarmið varð ofan á í þessari umræðu að styðja tekjutengingu, og þá tímabundna tekjutengingu, inni í kerfinu. Við skulum ekki gleyma því að menn voru að horfa á þessa tvo valkosti, annars vegar að hækka atvinnuleysisbæturnar almennt til allra eða verja hluta fjármagnsins í tekjutenginguna eins og hér varð ofan á. Menn ætla að tekjutengingin á árinu 2007 sé metin á 600–700 millj. kr. Þetta er fyrsta atriðið sem var rætt um, var og er nokkuð umdeilt en þetta sjónarmið varð ofan á. Menn hefðu viljað hafa tímabilið sem tekjutengingin nær til lengra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Menn hefðu viljað sjá tímabilið hálft ár, ef ég man rétt, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það séu þrír mánuðir.

Hitt er síðan það sem snýr að stjórnsýslunni. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að ýmsir hefðu gagnrýnt það að úthlutun atvinnuleysisbóta yrði rifin úr tengslum við verkalýðshreyfinguna. Úthlutunarnefndir hafa starfað á hennar vegum eða í nánum tengslum við hennar starfsemi og þar hafa menn réttilega bent á að þetta haldi verkalýðshreyfingunni og starfsmönnum hennar við efnið ef svo má segja. Þeir eru í stöðugum tengslum við þennan vanda sinna félagsmanna sem eru án atvinnu.

Síðan er hitt sjónarmiðið, sem hæstv. ráðherra ýjaði að, að það væri eðlilegt að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar væru aðhaldsaðili, sýndu þessu kerfi aðhald en væru ekki hluti af stjórnsýslunni eða þannig skildi ég orð hans. Mér þykir báðir aðilar hafa nokkuð til síns máls en fyrir mitt leyti styð ég þó þessa breytingu. Við skulum ekki gleyma því að grundvallarbreyting hefur orðið á undanförnum árum hvað varðar alla framkvæmd þessara mála. Samfélagið er orðið rafrænt. Einstaklingurinn fer ekki á staðinn hvort sem það er í banka eða til að sækja atvinnuleysisbætur heldur gerist þetta á rafrænan hátt. Þá er að sjálfsögðu eðlilegt að þessari starfsemi sé fyrir komið á sem hagkvæmastan hátt og ég fyrir mitt leyti hef aldrei gagnrýnt þá ráðstöfun að þetta væri fært inn í Vinnumálastofnun eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Ég var því mjög andvígur á sínum tíma þegar ákveðið var að úthlutun til starfsmanna hins opinbera yrði rifin út úr þessu kerfi eins og gert var. Við gagnrýndum það sem sprettum upp úr þeim geira mjög harðlega á sínum tíma. Við vildum hins vegar sýna ákveðinn stuðning við þau sjónarmið sem komu frá Eflingu, þáverandi Dagsbrún sennilega, Verslunarmannafélaginu og öðrum aðilum hér á Reykjavíkursvæðinu og annars staðar í landinu sem lögðu mikið upp úr því að viðhalda þessum tengslum sem ég vék að áðan.

Annað sem lýtur að stjórnsýslunni er aðkoma að nefndum og ráðum. Það er mjög mikilvægt að sú aðkoma verði ekki þrengd eins og reyndar er verið að gera með þessum

lögum. Ég vek athygli á því að hvað Atvinnuleysistryggingasjóð varðar er BSRB, svo ég leyfi mér að halda fram þeim samtökum, ekki tryggð aðkoma að stjórninni. Þeim ágætu samtökum BHM og BSRB er gert að koma sér saman um fulltrúa en ég vil beina því til Alþingis og félagsmálanefndar, sem fær málið til umfjöllunar, hvort rétt væri að fjölga í þessari stjórn.

Mér hefur verið bent á það á móti að ef stjórnir verði mjög fjölmennar vilji það gerast að þær skipi sérstakar fámennari framkvæmdastjórnir sem síðan ráði í reynd öllu og hinir séu þá meira og minna til málamynda. Ég held að það þurfi ekki að gerast. Ég hef verið gagnrýninn á þessa framkvæmdastjórnarskipan í atvinnuleysistryggingakerfinu eins og við höfum búið við og tel að menn eigi að venja sig á að *sitja í ívið fjölmennari nefndum. Við erum að tala um* geysilega fjárhagshagsmuni og hagsmuni einstaklinga og ég held að kerfinu sé til góðs að hafa breiða aðkomu að þessu stjórnkerfi.

Við 1. umr. gerir maður lítið annað en ympra á ýmsum áherslum og eins og ég segi hér þá styð ég þessar hugmyndir um tekjutengingu, takmarkaða tekjutengingu. Ég tel að hún eigi að vera takmörkuð og í takmarkaðan tíma. Ég tek undir það. Ég hefði viljað hafa tímann ívið lengri og ég hefði viljað að viðmiðunarmörkin væru önnur en nú er. Nú er miðað við miðjan nóvember á síðasta ári en ég tek undir þær spurningar sem komu fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan um þá aðila sem væru án atvinnu fyrir þann tíma en verða þá væntanlega af þessari tekjutengingu sem þeir gætu átt rétt á.

Hitt atriðið er breyting á stjórnsýslunni. Ég tek almennt undir hana en gagnrýni þessa þröngu aðkomu að stjórninni *og tel að það sé nokkuð sem þurfi að íhuga á nýjan leik.*

Varðandi vinnumarkaðsaðgerðirnar og frumvarp til laga um þær þá vil ég einnig taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hér skiptir að sjálfsögðu öllu máli hvaða fjármagni er úr að moða til að þessar vinnumarkaðsaðgerðir standi undir nafni, að eitthvað verði úr þeim. Það var minnt á það hér við umræðuna að gert hefði verið ráð fyrir því að sérstök fjárveiting kæmi úr ríkissjóði til þessa verkefnis en í umsögn um frumvarpið frá fjármálaráðuneytinu segir að svo verði ekki. Hér segir, með leyfi forseta:

„Að óbreyttu er áfram gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður fjármagni vinnumarkaðsúrræði.“

Auðvitað er þetta nokkuð sem skiptir öllu máli, þ.e. hve mikið fjármagn er sett í þessar aðgerðir.

Eitt sem er rétt að staldra við að sjálfsögðu einnig er tímabil bóta, hversu langt það eigi að vera. Það er verið að stytta það úr fimm árum í þrjú og þarna aftur skiptir þetta *samspil vinnumarkaðsaðgerða og atvinnuleysis öllu máli.* Hins vegar kemur á móti að rétturinn vaknar að fullu sem hann gerði ekki áður þannig að þar koma til úrræði sem eru til bóta. Allt þetta þarf síðan að vega og meta í samhengi. Við munum gera það í félagsmálanefnd þingsins þegar þar að kemur. Þegar á heildina er litið tel ég að við séum að stíga framfaraspor en við þurfum að gera ýmsar breytingar á frumvarpinu til að vel eigi að vera.

Ég minni á annars ágætt frumvarp um réttindi aðstandenda langveikra barna sem við studdum öll en hefðum gjarnan viljað gera breytingar á. Við erum að vakna upp við það núna, reyndar voru sum sæmilega vakandi þegar það frumvarp var samþykkt hér á þingi, að mikil óánægja er meðal aðstandenda langveikra barna sem ekki falla undir frumvarpið, sem eiga börn sem urðu veik áður en gildistíminn kom til sögunnar. Við eigum ekki að láta svona henda okkur, aldeilis ekki. Eins segi ég um þetta, við eigum að sníða af þá vankanta sem enn eru á þessum lagasmíðum.

[15:13]

Ingvi Hrafn Óskarsson:

Virðulegi forseti. Það er yfirlýst markmið frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar að tryggja launamönnum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst sitt fyrra starf. Þetta er mikilvægt markmið. Það er brýnt að styðja við einstaklinga í þessum sporum og ég held að almenn og góð samstaða sé um það í samfélaginu.

Eins og hæstv. félagsmálaráðherra kom inn á áðan er gert ráð fyrir tilteknum breytingum á fyrirkomulaginu í 32. gr. frumvarpsins þar sem miðað er við að atvinnuleysisbætur verði tekjutengdar. Að mínum dómi er þarna um að ræða nýjung sem vert er að gefa gaum og sumpart er um að ræða nokkuð varhugaverða stefnubreytingu. Í fyrsta lagi er ljóst að þessar breytingar eru býsna kostnaðarsamar. Það kemur fram í fylgiskjali með frumvarpinu frá fjármálaráðuneyti að árlegur kostnaðarauki verði um 600–700 millj. kr. vegna þessara breytinga og þá er miðað við árið 2007, miðað við 2,6% atvinnuleysi. En það eru ýmsir þættir sem gætu valdið því að kostnaðurinn yrði nokkuð meiri en þarna er áætlað því það eru óvissuþættir inni í þessu eins og t.d. launaþróun og þau áhrif sem þessar breytingar munu hafa.

Það er annað atriði í þessu sem einnig er ástæða til að hnykkja á og það er það sem mætti kalla kerfislæg áhrif þessara breytinga. Það er ljóst að þessi breyting getur beinlínis stuðlað að því að atvinnuleysi muni aukast. Eftir því sem bæturnar eru hærri eða ríflegri þeim mun minni er hvatinn fyrir virka atvinnuleit. Það er auðvitað erfitt að meta áhrifin en það er ljóst að þau verða einhver. Á þetta er einmitt bent í umsögn fjármálaráðuneytisins, með leyfi forseta. Þar segir:

„Í fyrsta lagi felur tillagan í sér mjög miklar hækkanir á atvinnuleysisbótum en þá er hætt við því að hvati til atvinnuleitar gæti minnkað.“

Lög og reglur í þessum málaflokki eiga að stuðla að því að einstaklingar sem í skamman tíma verða atvinnulausir komist á vinnumarkaðinn sem fyrst á nýjan leik. Við eigum hins vegar að forðast reglur sem vinna gegn því markmiði. Staðreyndin er sú að hér á landi er sem betur fer lítið atvinnuleysi og langflestir sem þiggja bætur gera það í skamman tíma. Langtímaatvinnuleysi er sem betur fer lítið.

Þessu er ólíkt farið hjá mörgum nágrannaríkjum okkar í Evrópu sem glíma margar við viðvarandi og verulegt langtímaatvinnuleysi enda hvílir á vinnumarkaðnum þungt reglugerðafargan sem dregur úr skilvirkni og er vinnuletjandi. Það má segja að okkar kerfi hafi frá þessu sjónarmiði reynst vel. Því skyldum við þá leita í smiðju ríkja þar sem ekki hefur tekist eins vel til? Reyndar er það þó svo að þegar öllu er á botninn hvolft þá er það sem skiptir mestu máli að hagstjórn og umhverfi atvinnulífsins sé þannig að at-

vinnuleysi sé í lágmarki. Það hefur tekist á Íslandi á undanförnum árum. Opið og frjálst hagkerfi er nefnilega besta meðalið við atvinnuleysi. Það mætti þó segja að hér væri einungis stigið stutt skref. Sett er þak á tekjutenginguna. Hún er miðuð við að hámarki 180 þús. kr. og getur aðeins verið til átta mánaða en þetta er hins vegar fyrsta skrefið á varhugaverðri braut. Við heyrðum það áðan í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar að hann var þegar farinn að tala um að lengja þann tíma.

En þetta er mikil stefnubreyting í reynd og ég tel að við séum að fara með þessum breytingum inn á varhugaverða braut. Nú eru bætur ekki miðaðar við brýnustu þarfir. Þeir sem fá lægstu launin fá líka lægri bætur en hátekjumenn sem verða atvinnulausir. Mér kæmi ekki á óvart að mörgum þætti hugmyndinni um velferðarríki hafa verið snúið á hvolf með slíkum reglum.

Virðulegur forseti. Ég vek athygli á þessari stefnubreytingu og treysti því að þessi þáttur frumvarpsins verði tekinn til gagnrýninnar skoðunar og umræðu í nefnd.

[15:18]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að koma hér upp og segja nokkur orð um þau ágætisfrumvörp sem hér eru lögð fram, þ.e. frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar og eins um vinnumarkaðsaðgerðir en eins og hér hefur komið fram í umræðum þá tengjast þessi mál mjög náið. Ekki síst vegna ræðu síðasta hv. þingmanns vil ég koma inn á að tilgangur þess að þessi tvö mál eru lögð fram saman er sá að hvetja fólk og hjálpa þeim sem eru í atvinnuleit. Kerfið hefur kannski ekki reynst alveg nógu hvetjandi eins og það er og með þessu er reynt að bregðast við því.

Í nóvember síðastliðnum starfaði nefnd sem skilaði af sér skýrslu um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir og þessi frumvörp eru einmitt byggð á þeirri skýrslu. Þarna koma að hinir ýmsu aðilar og hafa náð saman um ákveðin meginatriði enda eru þessi frumvörp mjög viðamikil og hér er um að ræða gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir marga. Við erum að horfast í augu við þýðingarmiklar breytingar, bæði hvað varðar atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég er mjög samþykk þeirri tekjutengingu sem við sjáum hér, þ.e. allt að 180 þús. kr. í nokkra mánuði. Samhliða þessu er auðvitað verið að efla vinnumarkaðsaðgerðirnar.

Ég er ekki sammála því að tekjutenging letji til atvinnuleitar því ég held að fólk sem er með sæmilega góð laun muni ekki sækjast eftir því að fara á atvinnuleysisbætur. Við skulum líka muna að þetta er í afmarkaðan tíma en þarna verið að draga úr þessu mikla áfalli. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á áðan þá eru auðvitað skiptar skoðanir um þetta en vonandi mun þetta hjálpa mörgum.

Það er ein grein sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á vegna þess að hún er nokkuð kunnugleg og ég er afskaplega ánægð að sjá hana þarna inni en það er 25. gr. sem fjallar um nám. Ég man að þegar ég var í stúdentaráði vorum við að berjast fyrir nákvæmlega þessu máli en þarna er fjallað um að aðili sem ákveðið hefur að fara í nám en fær ekki vinnu að námi loknu eigi rétt á atvinnuleysisbótum og þá skal miða við þá vinnu sem hann hafði fyrir, þ.e. áður en hann hóf nám. Þarna er sem sagt verið að miða við þriggja ára nám. Þetta kemur fólki til góða, ekki síst því sem er að fara í framhaldsnám og er að sækja sér meistaragráðu. Þegar það kemur út á vinnumarkaðinn á ný veit það ekki hvernig atvinnuástandið er en á þá rétt á þessum bótum í einhvern tíma. Þetta er skilyrt því að fólk hafi klárað námið. Ég álít þetta vera mjög mikilvæga grein sem eigi eftir að hjálpa mörgum. Þetta virkar afskaplega hvetjandi til að fá fólk til að fara aftur í nám og sækja sér framhaldsmenntun. Við erum alltaf að tala um að nám sé þjóðhagslega hagkvæmt og þetta passar vel inn í þá mynd, þannig að ég vildi vekja athygli á þessu. Að öðru leyti hafa komið fram ýmsar spurningar til hæstv. félagsmálaráðherra. Hann mun eflaust svara þeim í ræðu sinni og við munum síðan fá frumvarpið inn í félagsmálanefnd. Eins og ég sagði áðan þá eru þetta mjög viðamikil frumvörp. Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með þau. Það eru auðvitað alltaf einhver atriði sem standa út af en mér heyrist á þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað að mikill vilji sé til að afgreiða þetta mál og ná saman um það og ég hef ekki trú á öðru en að svo verði.

[15:23]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær ágætu umræður sem hafa verið um þetta mál og góðar undirtektir við málið í heildina þótt hér kæmu fram ýmsar fyrirspurnir sem eðlilegt er um jafnstórt mál og þetta.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hreyfði því og lýsti áhyggjum sínum af því hvort fjármagn mundi fylgja þessum aðgerðum. Það er alveg ljóst að fjármagn þarf að fylgja þessum aðgerðum. Þessi mál eru til umfjöllunar í nefnd forsætisráðuneytisins sem fjallar um endurhæfingarmálin og niðurstaða af því nefndarstarfi mun væntanlega liggja fyrir fyrir haustið. Að óbreyttu er gert ráð fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður annist endurhæfingarmálin, þetta sé tveggja stoða kerfi í samvinnu við t.d. lífeyrissjóði en það er ríkisframlag, þannig að ef til þess kemur þá færi það í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er það sem er átt við í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins og það var ákveðið að bíða niðurstöðu nefndarinnar með þennan þátt málsins.

Það er engin ákvörðun um að leggja til að launamenn kaupi viðbótartryggingu. Varðandi hvað hópurinn er stór sem hefur rétt til tekjutengdra bóta þá hef ég þá tölu ekki handbæra en mér finnst rétt að félagsmálanefnd kalli eftir henni og sú tala komi inn þegar líður á vinnslu málsins áður en afgreiðslu þess lýkur.

Varðandi hvort reglugerðir séu tilbúnar þá eru þær í vinnslu og við höfum einsett okkur að vinna þær reglugerðir sem þessu tengjast í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

Varðandi 63. gr., styrkir úr Atvinnuleysistryggingasjóði til ýmissa aðgerða á vinnumarkaði, þá er sú grein aðeins framhald frá fyrri lögum og felur ekki í sér neinar stefnubreytingar.

Varðandi viðurlögin þá eru þau gerð skýrari. Það er engin meginstefnubreyting í kaflanum um viðurlögin.

Varðandi atvinnuleit hvar sem er á landinu og skyldu til að taka atvinnu hvar sem er á landinu þá er þar engin breyt-

ing frá gildandi lögum og engin stefnubreyting hvað það varðar.

Varðandi þá sem eru á sjúkradagpeningum eða fá greiðslur úr þeirri átt, þá er reiknað með því að sá hinn sami sé ekki í virkum vinnumarkaðsaðgerðum og ekki talið samrýmanlegt að því leyti að þau ákvæði nái yfir þá.

Varðandi úthlutunarnefndirnar þá vil ég bæta við það sem ég sagði í framsöguræðu minni að þarna eru auðvitað skiptar skoðanir en með þeim tillögum sem fram komu í frumvarpinu er verið að svara ákveðinni gagnrýni og tekin sú ákvörðun að stjórnvaldsákvarðanir séu teknar á einum stað en ekki í nefndum sem dreifðar eru um landið. Eins og ég sagði í upphafi þá tel ég að eðlilegt sé fyrir verkalýðsfélögin og verkalýðshreyfinguna að einbeita sér að virkum vinnumarkaðsaðgerðum fyrir sitt fólk, það sé skynsamlegt að koma þessum aðgerðum að þannig.

Með fækkun í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er markmiðið að hún geti starfað greitt og markvisst og að stjórnin annist sjálf þær ákvarðanir sem hún þarf að taka til að gegna starfi sínu en núna er sérstakt framkvæmdaráð í stjórninni. Reyndar kom hv. 9. þm. Reykv. s., Ögmundur Jónasson, réttilega að þessu. Um þetta má auðvitað deila en það þótti rétt að fækka í stjórninni til að reyna að gera starf hennar markvissara að þessu leyti. Vissulega má deila um hvernig hið rétta fyrirkomulag eigi að vera í þessu en ég tel og styð það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Varðandi það hvert eigi að vísa manni sem hefur verið atvinnulaus í þrjú ár þá er það svo að sá sem hefur verið atvinnulaus í þrjú ár á við virkileg vandamál að stríða. Ég hygg að raunin sé því miður sú að sá maður þurfi að leita á náðir tryggingakerfisins til framfærslu og að um hann þurfi að taka sérstakar ákvarðanir, þ.e. um þá einstaklinga sem þannig háttar til um. Það er samkomulag milli þeirra aðila sem undirbjuggu frumvarpið og höfðu samráð um frumvarpið að þetta tímabil yrði þrjú ár og síðan yrði að taka með sérstökum hætti á málefnum þeirra einstaklinga sem þar standa út af.

Ég tel þetta frumvarp í heild sinni vera mjög til bóta og framfaraskref og ég fagna því og þrátt fyrir efasemdir um einstök atriði og réttmætar spurningar sem komu fram í þessari umræðu, sérstaklega frá hv. 2. þm. Reykv. s., Jóhönnu Sigurðardóttur, þá heyri ég að mikill hljómgrunnur er fyrir þessu frumvarpi og stuðningur við það. Ég tel að það sé afar þýðingarmikið. Það er langt í frá að ég sé nokkuð hræddur um að þetta frumvarp leiði til þess að atvinnuleysi aukist eða letji þá atvinnulausu til að ná sér í störf. Ég tel að þær aðgerðir sem ætlunin er að grípa til samhliða þessu frumvarpi muni leiða til mikilla úrbóta á vinnumarkaði og ég bind miklar vonir við störf þeirrar nefndar, sem fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins eiga reyndar aðild að líka því þessi mál tengjast tryggingakerfinu og það er alveg ljóst að þarna þarf samræmingar og samhæfingar við.

Varðandi þjónustuna við landsbyggðarfólk þá tel ég að útfæra megi þá þjónustu þannig að hún versni ekki frá því sem nú er. Það eru fjöldamargir aðilar sem gætu tekið að sér þjónustu fyrir Vinnumálastofnun að þessu leyti þar sem hún starfar ekki. Reyndar hefur hún útibú víða um landið en það er ekki ætlunin að stefna fólki um langan veg til að njóta þjónustu hennar. Stofnunin er að vinna að útfærslu á því hvernig hún skipuleggur sig samkvæmt þessu nýja frumvarpi. En ég tel auðvitað rétt og sjálfsagt að félagsmálanefnd kalli á forsvarsmenn stofnunarinnar og fari yfir þann þátt málsins áður en málið kemur til 2. umr.

[15:35]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi fjármögnun á vinnumarkaðsaðgerðum þá náði ég ekki alveg skýringum hæstv. ráðherra í því efni. Ég sé ekki hvaða samhengi er á milli fjármögnunar sem á að koma beint úr ríkissjóði til Atvinnuleysistryggingasjóðs og nefndar sem starfar á vegum forsætisráðherra um starfsendurhæfingu, sem á að skila fyrir haustið.

Nú er það svo að þessi lög eiga að taka gildi um mitt ár, þ.e. 1. júlí. Ég spyr hæstv. ráðherra: Nefndin á ekki að ljúka fyrr en í haust og fjármagnið kemur væntanlega ekki fyrr en sú nefnd hefur skilað af sér, þ.e. væntanlega ekki fyrr en á næstu fjárlögum. En hvað með þann tíma sem eftir lifir af þessu ári? Þetta tekur gildi 1. júlí, á þá Atvinnuleysistryggingasjóður að fjármagna þetta þangað til?

Hvað eru menn að tala um háar fjárhæðir? Það hlýtur að hafa verið rætt milli aðila vinnumarkaðarins um hve háar fjárhæðir er að ræða og hvaða hugmyndir menn hafa þar að lútandi. Ég hef heyrt nefnda töluna 200 millj. kr. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann geti staðfest að það sé rétt og að ætlaðar séu í þessar vinnumarkaðsaðgerðir 200 millj. kr. Ég skil hæstv. ráðherra svo að þetta verði ríkisframlag sem fari í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Spurningin er hvenær það kemur. Er það hugmyndin, ég bið ráðherra að tala skýrar um það, að það verði á næstu fjárlögum?

Varðandi reglugerðarákvæðin, að þau séu í vinnslu, þá er nauðsynlegt fyrir félagsmálanefnd að hún fái að sjá, virðulegi forseti, a.m.k. hvað er verið að tala um. Lágmarkið er að drög að þessum reglugerðum verði lögð fyrir nefndina. Það þarf að koma fram hvað ráðherra er að hugsa. Hvað er verið að tala um varðandi styrki til búferlaflutninga? Þetta er nauðsynlegt til að fá heildarmynd af öllu dæminu.

Varðandi ákvæði til bráðabirgða II þá finnst mér ekki koma fram nægilega skýrt af hendi ráðherra hvers vegna þeir hópar sem urðu atvinnulausir fyrir 15. nóvember fá ekki atvinnutekjutengdar bætur. Ég spyr um það.

[15:37]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi varðandi fjármögnunina. Ég endurtek að þessi mál eru til umræðu. Það varð samkomulag um að fá niðurstöðu nefndarinnar og að sú niðurstaða kæmi fyrir haustið. Vissulega mun þá liggja fyrir hvaða fjármunum verður varið í þetta. Ég ætla ekki að nefna þá tölu endanlega núna. Það hafa verið nefndar 100 millj. kr. og allt upp í það sem hv. þingmaður nefndi, allt að 200 millj. kr. En það varð niðurstaðan að nefndin færi rækilega yfir þetta mál. Hlutverk hennar var líka að sameina og samræma aðgerðir lífeyrissjóðanna í þessum málum og hins opinbera.

Varðandi gildistökuákvæðið og stöðu þeirra sem hv. þingmaður nefndi varð það samkomulag milli aðila að þetta yrði eins og frumvarpið gerði ráð fyrir. Sú varð niðurstaðan

og þannig er málið lagt fyrir.

[15:39]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi hið síðasta sem hæstv. ráðherra nefndi þá vænti ég þess að þetta mál sé ekki þannig úr garði gert að það megi ekki lagfæra í félagsmálanefnd. Hæstv. félagsmálaráðherra vísar til að þetta sé samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins. Ég er þar sérstaklega að tala um ákvæði til bráðabirgða, þar sem fólk sem var skráð atvinnulaust fyrir 15. nóvember fær ekki þær sérstöku réttarbætur sem koma með þessum lögum, þ.e. þessar tekjutengdu bætur. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi ekkert á móti því, ef samstaða næst um það í nefndinni, að breyta þessu ákvæði.

Hæstv. ráðherra talar um, varðandi fjármögnunina, að þetta sé samkomulag um að fá niðurstöðu fyrst í nefnd forsætisráðherra um starfsendurhæfingu. Ég segi, samkomulag við hvern? Var það t.d. samkomulag við Alþýðusambandið að bíða eftir því að nefnd um starfsendurhæfingu lyki störfum til að fá niðurstöðu í fjármögnunina? Ég spyr: Hver á að fjármagna þessar vinnumarkaðsaðgerðir það sem eftir lifir þessa árs? Þessi lög taka gildi 1. júlí. Kemur þetta þá beint úr Atvinnuleysistryggingasjóði? Ég tel mikilvægt að fá það fram.

Ég spurði ráðherrann líka um styrkina, hvaða hugmyndir væru þar uppi á borði. Hafi hann þær ekki á takteinum núna, munum við fá upplýsingar um það, varðandi 62. og 63. gr., áður en málið verður afgreitt úr félagsmálanefnd? Ég held að það sé afar mikilvægt.

Síðan vil ég nefna það í lokin, af því að ráðherrann sagði að ekki væri verið að herða viðurlögin, heldur bara að gera þau skýrari, að ég er ekki sammála ráðherranum. Við verðum að fara vel yfir það í félagsmálanefnd. Eins þarf að fara yfir stöðu fólks sem er atvinnulaust lengur en í þrjú ár. Það er verið að breyta tímanum og verður að taka það upp í nefndinni. Þegar ráðherrann segir að taka verði það upp með sérstökum hætti, hvað meinar þá hæstv. ráðherra?

[15:41]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka, varðandi fjármögnunina, að það var samkomulag um það í ríkisstjórn að leggja málið fram svona. (**JóhS:** Í ríkisstjórn, ekki við aðila vinnumarkaðarins.) Já, í ríkisstjórn. Það var lagt fram í samráði við aðila vinnumarkaðarins og er alveg ljóst að reiknað er með því að í þetta komi peningar úr ríkissjóði. Það er verið að stilla þessi fjárframlög saman við hugsanleg fjárframlög úr lífeyrissjóðum til að gera mikið átak í endurhæfingu. Það var talið rétt að fá niðurstöðu nefndarinnar áður en gengið yrði frá þessu fjárhagsmáli en þá litlu upphæð sem er inni í frumvarpinu á að nota til undirbúnings.

Varðandi styrkina sem hv. þingmaður nefndi er þar ekki nein breyting frá núverandi fyrirkomulagi. Þeir eru fyrir hendi núna og ekki ætlunin að nein breyting verði á því.

Varðandi það hvort félagsmálanefnd megi ekki breyta neinu í frumvarpinu þá endurtek ég að þetta frumvarp byggist á víðtæku samráði. Hins vegar efast ég ekki um að félagsmálanefnd mun vinna vel í þessu frumvarpi. Ég er aldrei á móti breytingum sem eru til bóta. (**JóhS:** Gott.) Hins vegar vil ég slá þann varnagla að þetta frumvarp byggist á vissu samkomulagi og það er vont að raska því með miklum uppskurði á frumvarpinu en ég er ekki á móti breytingum sem eru til bóta.

[15:44]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. félagsmálaráðherra um að þessi frumvörp ættu að verða til bóta, bæði frumvarp um atvinnuleysistryggingar og frumvarp um vinnumarkaðsaðgerðir. En hér eru verkefni flutt til Vinnumálastofnunar, m.a. frá verkalýðsfélögunum til stofnunarinnar. Ég velti því fyrir mér hver sé raunveruleg ástæða fyrir því. Það virkar a.m.k. eins og um ákveðið vantraust sé að ræða, án þess að ég ætli að fullyrða það, á verkalýðsfélögunum.

Það vekur jafnframt athygli mína að í þessum frumvörpum, sem öðrum sem hafa komið frá félagsmálaráðherra á síðustu mánuðum, eru aukin verkefni flutt til Vinnumálastofnunar án þess að gert sé ráð fyrir auknum útgjöldum. Það kemur yfirleitt fram í umsögnum frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að ekki sé gert ráð fyrir að löggilding frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Ég velti fyrir mér hvort Vinnumálastofnun geti tekið við öllum þeim auknu verkefnum. Rafræn skjöl og annað kunna að breyta einhverju, og menn geti unnið verkin hraðar. En ég velti fyrir mér hvort Vinnumálastofnun geti tekið við auknum verkefnum sem hafa fylgt þessum frumvörpum án þess að það kalli á aukin útgjöld, og þá kannski fyrst og fremst á fjölgun starfsfólks.

[15:46]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja að það er að engu leyti vantraust á verkalýðsfélögin að breyta þessu skipulagi. Þarna er verið að samræma afgreiðslur og það er að engu leyti vantraust á það ágæta starf sem verkalýðsfélögin hafa unnið í þessu máli. Þessar afgreiðslur hafa verið dreifðar en með frumvörpunum er verið að samræma þær undir einn hatt og á að okkar mati að verða skilvirkara.

Varðandi Vinnumálastofnun þá þarf vissulega að styrkja stoðir hennar. Það er eitt af því sem við erum með til skoðunar í ráðuneytinu en henni hefur vaxið mjög fiskur um hrygg á síðustu árum enda hafa henni verið falin mikilvæg verkefni. Það er vafalaust þörf á því að styrkja stoðir hennar enn frekar. Það er verkefni sem við munum líta sérstaklega á í framhaldi þess ef sú mikilvæga löggjöf sem hér um ræðir verður samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, 1. umr.

Stjfrv., 743. mál (EES-reglur). — Þskj. 1079.

[15:48]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum. Frumvarpi þessu er

ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB um almennan ramma og upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins.

Frumvarpið byggist í meginatriðum á efni tilskipunarinnar en markmið þess er að tryggja rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum þar sem starfa að jafnaði 50 starfsmenn. Gert er þó ráð fyrir að frumvarpið taki gildi í áföngum þannig að fram til 1. mars 2008 takmarkist skyldusviðið við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði 100 starfsmenn.

Markmið frumvarpsins er að tryggja rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum og stuðla að því að fulltrúar starfsmanna og fyrirtæki vinni í anda samvinnu við tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar og samráðs að teknu tilliti til hagsmuna beggja aðila. Þar sem ekki er fyrir hendi sama hefð hér á landi um upplýsingagjöf og samráð við starfsmenn og víða í nágrannaríkjum okkar fylgir frumvarpið lágmarksreglum tilskipunarinnar. Meginreglur frumvarpsins fjalla um skyldur fyrirtækja til að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar og hafa við þá samráð varðandi tiltekin málefni. Atvinnurekendum ber þannig að veita starfsmönnum upplýsingar í þremur flokkum tilvika. Í fyrsta lagi varðandi þróun í starfsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Í öðru lagi lýtur upplýsingaskyldan að atvinnumálum innan fyrirtækisins. Loks eiga fulltrúar starfsmanna rétt á upplýsingum um ákvarðanir sem líklegt er að leiði til verulegra breytinga á skipulagi vinnunnar eða ráðningarsamningum starfsmanna. Fer það nokkuð eftir efni þess máls sem til umfjöllunar er hverju sinni hvenær eðlilegt er að upplýsingarnar séu lagðar fram af hálfu atvinnurekandans. Í þeim tilvikum þar sem skylda til samráðs við fulltrúa starfsmanna er fyrir hendi er þó ávallt skilyrði að atvinnurekandinn hagi upplýsingagjöf sinni þannig að fulltrúar starfsmanna hafi raunverulega möguleika til að setja sig inn í málið og taka þátt í því samráði sem gert er ráð fyrir í framhaldinu. Nauðsynlegt er að samráðið fari fram af hálfu atvinnurekandans á viðeigandi stjórnunarstigi fyrirtækisins þannig að þeir fyrirsvarsmenn fyrirtækisins sem taka þátt í því komi að ákvarðanatöku varðandi það eða þau málefni sem samráðið lýtur að.

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að taka það fram að mér hefði þótt æskilegt að tilskipunin hefði verið innleidd með kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins en þeim var á sínum tíma falið það verkefni í hendur en samkvæmt tilskipuninni bar að innleiða efni hennar í landsrétti eigi síðar en 23. mars 2005. Til loka árs 2005 þótti fullreynt að aðilarnir næðu saman um efni samninga til innleiðingar á efni tilskipunarinnar og ljóst var að ekki gæfist svigrúm til að veita þeim frekari tímafrest enda hafði félagsmálaráðuneytinu borist rökstutt álit frá Eftirlitsstofnun EFTA í nóvember sl. Stend ég því hér og mæli fyrir frumvarpi þessu.

Það á þó ekki að koma í veg fyrir að samtök aðila vinnumarkaðarins eða eftir atvikum fulltrúar starfsmanna eða atvinnurekenda þeirra komi sér saman um nánari útfærslu í tillögum og framkvæmd upplýsingagjafar og samráðs innan fyrirtækja.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[15:52]

Valdimar L. Friðriksson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í frumvarpi til laga um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum er rætt um jákvætt fyrirkomulag en ég velti því fyrir mér varðandi 1. gr. þar sem sagt er, með leyfi forseta:

„Lög þessi gilda um fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn á innlendum vinnumarkaði.“

Síðar í frumvarpinu er ákvæði til bráðabirgða um að þessi grein taki í raun ekki gildi fyrr en 1. mars 2008 og þangað til gildi þetta einungis um fyrirtæki sem eru með a.m.k. 100 starfsmenn. Ég velti því fyrir mér hvers vegna þetta taki ekki gildi strax alla leið, kannski sérstaklega hér á landi þar sem stór hluti fyrirtækja er með lægri töluna og því spyr ég hæstv. ráðherra: Hver er ástæðan fyrir þessari frestun á gildistökunni?

[15:53]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan er sú að þetta mál á nokkra forsögu. Við höfum ákveðið að innleiða einungis lágmarksákvæði tilskipunarinnar og við höfum vonir um að samkomulag geti tekist um að þau lágmarksákvæði gangi í gildi og verði í raun í gildi. Þarna er því verið að innleiða þessi lágmarksákvæði til upplýsingar og hagsbóta fyrir þá sem vinna hjá þessum fyrirtækjum og okkur finnst raunhæft að þetta geti tekið gildi á þennan hátt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 12. mál.

Fundi slitið kl. 15:55.

---

109. FUNDUR

miðvikudaginn 26. apríl,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Aðstoðarmenn og ráðgjafar ráðherra, fsp. JGunn, 517. mál, þskj. 754.

Til fjármálaráðherra:

2. Samkeppnisstaða ríkisbanka á húsnæðismarkaði, fsp. GÞÞ, 590. mál, þskj. 866.

Til viðskiptaráðherra:

3. Samkeppnisstaða fiskverkenda, fsp. SigurjÞ, 587. mál, þskj. 862.

4. Meðferð mála hjá Samkeppniseftirlitinu, fsp. SigurjÞ, 627. mál, þskj. 920.

Til iðnaðarráðherra:

5. Ívilnanir til álvera á landsbyggðinni, fsp. JBjarn, 631. mál, þskj. 929.

Til landbúnaðarráðherra:

6. Innflutningur á erfðabreyttu fóðri, fsp. ÞBack, 697. mál, þskj. 1027.

Til umhverfisráðherra:

7. Merkingar á erfðabreyttum matvælum, fsp. KJúl, 606. mál, þskj. 890.

8. Malarnáma í Esjubergi, fsp. MÞH, 658. mál, þskj. 965.

9. Ljósmengun, fsp. MÁ, 672. mál, þskj. 984.

Til samgönguráðherra:

10. Umferðaröryggi á Kjalarnesi, fsp. BÁ, 680. mál, þskj. 996.

Til félagsmálaráðherra:

11. ILO-samþykkt um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, fsp. VF, 756. mál, þskj. 1105.

Til heilbrigðisráðherra:

12. Ristilkrabbamein, fsp. GÞÞ, 591. mál, þskj. 867.

13. Sjálfstætt starfandi heimilislæknar, fsp. LMR og GÞÞ, 638. mál, þskj. 943.

14. Sjúkraliðar, fsp. ÖJ, 661. mál, þskj. 969.

15. Hjúkrunarheimili og öldrunarþjónusta, fsp. BjörgvS, 765. mál, þskj. 1114.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.

Tilkynning um embættismenn sérnefndar.

[12:01]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningu embættismanna sérnefndar um stjórnarskrármál. Formaður er Birgir Ármannsson og varaformaður Guðjón Ólafur Jónsson.

Tilkynning um dagskrá.

[12:02]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Um klukkan hálffjögur í dag fer fram utandagskrárumræða um stöðu garðplöntuframleiðenda. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson verður til svara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[12:02]

Útbýting:

Ferðasjóður íþróttafélaga, 789. mál, þáltill. SKK o.fl., þskj. 1195.

Flutningur vínbúðarinnar í Mjódd í leiguhúsnæði, 761. mál, svar fjmrh., þskj. 1198.

Heimildir til símhlerunar, 704. mál, svar dómsmrh., þskj. 1189.

Réttarstaða samkynhneigðra, 340. mál, brtt. SigurjÞ, þskj. 1201.

Virðisaukaskattur, 624. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1199.

Aðstoðarmenn og ráðgjafar ráðherra.

Fsp. JGunn, 517. mál. — Þskj. 754.

[12:02]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Ég legg fram fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra um aðstoðarmenn og ráðgjafa ráðherra. Þessi fyrirspurn er sett fram að gefnu tilefni fyrir margt löngu eða 10. febrúar. Tilefnið sem um ræðir var viðtal sem Þorfinnur Ómarsson átti á fréttastöðinni NFS, 28. janúar á þessu ári, við Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur. Hún var kynnt til viðtalsins sem ráðgjafi menntamálaráðherra og var spurð hvort svo væri ekki. Hún svaraði: Jú, takk. Þá spurði Þorfinnur: Hvað gerir ráðgjafi menntamálaráðherra?

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir svaraði, með leyfi forseta:

„Ja, það er góð spurning. Hérna, það er svona meira pólitískt starf heldur en venjulegur fagmaður inni í ráðuneyti. En ég er svona með skólamálin dálítið á minni hendi, sem eru ekki lítil, og er svona að skoða málin áður en ráðherra tekur ákvarðanir og hjálpa henni við ýmsar skoðanir á málum."

Þorfinnur spyr þá:

„Sumir segja að menntamálaráðherra sé eini ráðherrann sem hafi tvo aðstoðarmenn, ekki bara einn heldur tvo. Þú ert sem sagt númer tvö?"

Þá svarar Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: „Já, sumir — já, ætli það sé ekki alveg hægt að segja það."

Með öðrum orðum: Viðmælandi Þorfinns á opinberum vettvangi staðfestir að hún sé ráðin í menntamálaráðuneytið sem pólitískur aðstoðarmaður eða ráðgjafi ráðherra en falli ekki undir hið almenna embættismannakerfi.

Nú minnti mig að í lögum um Stjórnarráð Íslands væru ákvæði sem bönnuðu fleiri en einn aðstoðarmann og þegar ég fór og skoðaði lögin þá segir þar skýrum orðum:

„Ráðherra er heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, mann utan ráðuneytis, sem starfi þar sem skrifstofustjóri, enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt sem ráðherra, en njóti þá launa þrjá mánuði ..." — o.s.frv.

Það stendur skýrt í lögunum að ráðherra má ráða í ráðuneytið mann, einn mann utan ráðuneytis, sem starfi þar sem aðstoðarmaður ráðherra. Það er hvergi að finna, í lögum um Stjórnarráð Íslands, neina heimild til að fleiri pólitískir aðstoðarmenn eða pólitískir ráðgjafar, sem eru þá persónulegir aðstoðarmenn viðkomandi ráðherra, séu ráðnir í ráðuneytin.

Í þessu sambandi veltir maður fyrir sér, þegar maður horfir utan frá á nýjan upplýsingafulltrúa í forsætisráðuneytinu, sem út á við virðist a.m.k. starfa sem aðstoðarmaður hæstv. forsætisráðherra, skrifar greinar sem slíkur og kemur fram sem slíkur, hvort farið sé að lögum, í ljósi mjög skýrra lagaákvæða. Ég spyr hæstv. ráðherra:

1. Geta ráðherrar ráðið ótakmarkaðan fjölda aðstoðar-

manna eða ráðgjafa í fast starf í ráðuneyti sínu? Ef um takmarkanir er að ræða, hverjar eru þær?

2. Hafa einhverjir ráðherrar ráðið til sín aðra starfsmenn en heföbundinn aðstoðarmann? Ef svo er, um hvaða ráðherra er að ræða, hverjir eru starfsmennirnir og hvaða störfum gegna þeir?

[12:06]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Samkvæmt 14. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, er ráðherra „heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, mann utan ráðuneytis, sem starfi þar sem skrifstofustjóri, enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt sem ráðherra, en njóti þá launa þrjá mánuði, hafi hann ekki áður verið ríkisstarfsmaður, en ella eigi hann rétt á að hverfa til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins."

Þetta ákvæði hefur verið túlkað svo að það veiti heimild til að ráða einn aðstoðarmann í hvert ráðuneyti. Þá er ráðherrum heimilt að ráða til sín ráðgjafa á afmörkuðum sviðum til að sinna tímabundnum verkefnum enda standi fjárheimildir til þess.

Með bréfi dagsettu 15. febrúar síðastliðinn óskaði forsætisráðuneytið eftir upplýsingum frá öðrum ráðuneytum um starfsmenn sem ráðnir hefðu verið með slíkum hætti. Í svörum ráðuneytanna kom fram að í flestum tilvikum er ekki um að ræða neina aðra aðstoðarmenn ráðherra en þá sem getið er um í 14. gr. laga um Stjórnarráð Íslands.

Það er hins vegar rétt að nú starfa upplýsingafulltrúar í tveimur ráðuneytum, þ.e. í forsætisráðuneytinu og í samgönguráðuneytinu, þ.e. upplýsingafulltrúar sem hafa verið ráðnir til tímabundinna verkefna. Upplýsingafulltrúar hafa starfað á þessum grundvelli í öðrum ráðuneytum.

Síðan er það rétt að í menntamálaráðuneytinu er nú starfandi ráðgjafi í menntamálum sem einnig starfar tímabundið. Þetta er staða þessara mála, hæstv. forseti.

[12:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég gæti trúað hæstv. forsætisráðherra fyrir því að ég tel ekki vanþörf á að bæta við einum eða tveimur ráðgjöfum í menntamálaráðuneytið. En auðvitað verða menn að fara eftir lögum.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að breyta þessum lögum. Ég tel að sérhver ráðherra sem kemur nýr inn í ráðuneyti eigi að eiga kost á að ráða með sér nokkra pólitíska aðstoðarmenn. Ég tel t.d. að í stórum ráðuneytum eins og menntamálaráðuneytinu og heilbrigðisráðuneytinu eigi menn að fá að taka inn með sér þrjá pólitíska aðstoðarmenn. Ég tel að það sé ekki vanþörf á að hafa slíkan starfskraft til að aðstoða ráðherrann við að koma málum í framkvæmd, sem hann hefur sagt að hann vilji berjast fyrir.

Hins vegar tel ég að ráðuneytisstjórar hafi á síðustu árum orðið fullpólitískir. Þeir eru farnir að gegna starfi pólitísks ráðgjafa, finnst mér stundum. Það á ekki að vera og á að gera þá sjálfstæðari og sterkari en þeir eru í dag.

[12:09]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn. Það er alltaf áhugavert fyrir okkur óbreytta þingmenn að velta þessum hlutum fyrir okkur. Þá vitum við hvað við eigum að gera þegar við verðum ráðherrar.

Ég hef svolítið fylgst með þessu. Ég velti því t.d. fyrir mér um daginn þegar aðstoðarmaður hæstv. forsætisráðherra, sem hér hefur verið til svara, skrifaði mikla skammargrein um stjórnarandstöðuna hvort það væri tilhlýðilegt að opinberir embættismenn sinntu slíkum ritstörfum undir fullum starfstitli sem upplýsingafulltrúar forsætisráðuneytisins. Af þeim orsökum spurði ég um laun og önnur ráðningarkjör þessa meinta upplýsingafulltrúa og hverjir hefðu gegnt þeirri stöðu undanfarin tíu ár. Ég hef því miður ekki enn fengið svar við þeirri fyrirspurn.

Með þessu vil ég ekki segja að menn hafi ekki málfrelsi þótt þeir séu embættismenn, alls ekki. En mér finnst að þeir ættu frekar að tjá sig sem prívatpersónur en ekki sem embættismenn.

Virðulegi forseti. Þetta eru hlutir sem alltaf er gaman að velta fyrir sér.

[12:10]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að amast við því að ráðherrar hafi með sér inn í ráðuneytin pólitíska aðstoðarmenn. En auðvitað verður slíkt að byggjast á skýrri lagaheimild og því að menn haldi sig við hana ellegar sæki um breytingar til þingsins á heimildinni.

Ég held að fyllsta ástæða sé til að draga fram og leggja áherslu á er að ráðherrar haldi sig við aðgreiningu á pólitískum aðstoðarmönnum annars vegar og embættismönnum hins vegar. Mér finnst það ekki góð þróun að þrír síðustu ráðuneytisstjórar hafa verið ráðnir án auglýsingar. Ráðning á þeim hefur borið meiri keim af því að ráðherrann sem átti í hlut hafi verið að ráða sér pólitískan aðstoðarmann en ekki embættismann. Þarna finnst mér menn farnir að blanda hlutum saman sem er ekki æskilegt. Það má út af fyrir sig ræða það að ráðuneytisstjórar fylgi ráðherrum en við höfum ekki það kerfi. Það ber að virða það.

[12:12]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin og þeim hv. þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni.

Svör hæstv. forsætisráðherra voru skýr. Það er heimild til að ráða einn aðstoðarmann með hverjum ráðherra inn í ráðuneyti. Því hlýtur að liggja ljóst fyrir að sá starfsmaður sem var kveikjan að fyrirspurninni hefur einfaldlega misskilið til hvers var verið að ráða hann og vinnur þá vonandi samkvæmt því en ekki sem aðstoðarmaður ráðherra, eins og starfsmaðurinn virðist hafa litið á sig.

Hæstv. ráðherra talar um heimildir til að ráða ráðgjafa til að sinna tímabundnum störfum. Spurningin er: Þarf ekki að skerpa á þeirri heimild? Þarf ekki að skerpa rammann í kringum það þannig að bæði starfsmennirnir sem ráðnir eru

og ráðherra viti að um tímabundna skammtímaráðningu er að ræða í ákveðin föst verkefni? Þarf ráðherra ekki að ráða eftir ákveðnum reglum en ekki að ráða inn fólk sem heldur að það sé orðið persónulegir aðstoðarmenn númer tvö eða þrjú eða fjögur?

Ég get alveg tekið undir að full þörf geti verið á því að ráða inn fleiri pólitíska aðstoðarmenn með ráðherra þegar hann tekur við ráðuneyti. En þá er mjög mikilvægt að þeir pólitískt ráðnu ráðgjafar, persónulegir ráðgjafar ráðherrans, víki á sama tíma og ráðherrann og allir viti hvaða hlutverki þeir gegna í ráðuneytinu. Það gengur ekki að fólk, sem á undir ráðuneyti að sækja og telur sig vera að tala jafnvel við opinberan starfsmann, óvilhalla opinbera starfsmenn, sé að ræða beint við pólitíska ráðgjafa eða aðstoðarmenn hæstv. ráðherra án þess að hafa hugmynd um það.

Ég legg áherslu á það í lokin að mikilvægt er að setja reglur um pólitískar ráðningar í ráðuneytin, gegnsæjar, opnar og allir viti um hvað þær fjalla, bæði þeir sem verið er að ráða og eins hinir sem ráða.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 12:14]

Samkeppnisstaða fiskverkenda.

Fsp. SigurjÞ, 587. mál. — Þskj. 862.

[12:33]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef beint fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra varðandi samkeppnisstöðu fiskverkenda um það hver afstaða hæstv. ráðherra sé til ójafnrar stöðu fiskverkenda, annars vegar þeirra sem eru í beinum tengslum við útgerð og fá fiskinn á lægra verði og hins vegar þeirra sem kaupa hráefni sitt á mörkuðum en það er allt að 30% verðmunur á því sem þeir fá fiskinn á. Það hlýtur að vera mikið áhyggjuefni fyrir þá sem vilja láta eðlileg markaðslögmál gilda að mismunurinn sé svo gríðarlegur. Þetta er einföld fyrirspurn hvað það varðar. Dæmin eru svo svakaleg í þessu að hæstv. ráðherra hlýtur að hafa velt þessu fyrir sér. Ég er með dæmi af sjómanni sem fær greitt samkvæmt uppgjöri, hann fékk greitt í föstum viðskiptum 80 kr. fyrir stóran fisk en síðan sá vinnslan sem hann er í föstum viðskiptum við sér ekki fært að nýta undirmálið sem að öllu jöfnu ætti að vera miklu ódýrara. Það fór á markað og verðið þar var 20% hærra en hann fékk fyrir góðan, stóran fisk. Það væri fróðlegt að fá að heyra afstöðu hæstv. ráðherra um þetta málefni.

[12:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fjallað hefur verið um umrædda samkeppnisstöðu í tveimur álitum þáverandi samkeppnisráðs, áliti nr. 6/1996 og 2/2000. Í báðum þessum álitum benti samkeppnisráð á að aukið frelsi til framsals aflaheimilda, t.d. með þeim hætti að unnt væri að verða sér úti um aflahlutdeild án þess að eiga skip, væri til þess fallið að efla virka samkeppni á þeim markaði sem um ræðir. Jafnframt yrði samkeppnisstaða aðila á fiskvinnslumarkaði að vissu marki jöfnuð og aðgangur nýrra keppinauta að markaðnum auðveldaður.

Samkvæmt 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, sbr. 1. gr. laga nr. 1/1999, geta þeir aðilar sem fullnægja tilteknum almennum skilyrðum fengið veiðileyfi til veiða í atvinnuskyni í íslenskri efnahagslögsögu. Hins vegar verður slíkur aðili jafnframt að verða sér úti um kvóta til veiða á þeim tegundum sem háðar eru takmörkun á leyfilegum heildarafla samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsráðherra. Slíkum veiðiheimildum er aðeins úthlutað til einstakra skipa. Fiskvinnslufyrirtæki sem hyggst veiða eigin afla til vinnslu er því nauðsynlegt að kaupa skip og kaupa eða leigja kvóta samkvæmt þeim reglum sem um þau viðskipti gilda að lögum. Fiskvinnslufyrirtæki sem af einhverjum ástæðum telja sig ekki hafa möguleika á að veiða sjálf afla til vinnslu verða að kaupa hráefni af útgerð sem hefur veiðiheimildir samkvæmt framangreindum reglum.

Í áliti samkeppnisráðs, nr. 6/1996, var bent á að frjálst framsal aflaheimilda sem leiði óhjákvæmilega til þess möguleika að útgerðir fénýti aflaheimildir í tengdum rekstri, t.d. fiskvinnslu, hafi komið til með setningu laga nr. 38/1990. Með þessu hafi skapast ákveðinn aðstöðumunur milli annars vegar fiskvinnslustöðva án útgerðar og hins vegar fiskvinnslustöðva með útgerð. Hins vegar verði að hafa í huga að sú breyting í fiskveiðistjórn, sem fólst í því að kvótakerfi var komið á upphaflega, beindist fyrst og fremst að útgerðum. Hins vegar höfðu lög um stjórn fiskveiða óbein áhrif á annan atvinnurekstur en sjálfa útgerðina. Sá aðstöðumunur til hráefnisöflunar sem af kvótakerfinu hefur leitt var þó einnig til staðar að hluta áður en kvótakerfi var komið á, þ.e. sum fyrirtæki ráku bæði útgerð og fiskvinnslu, önnur aðeins fiskvinnslu fyrir daga kvótakerfisins.

Samkeppnisráð benti einnig á að hafa þyrfti í huga að of rík tilhneiging til jöfnunar á rekstrarlegri stöðu fyrirtækja gæti haft þau óæskilegu áhrif að takmarka möguleika til hagræðingar og sérhæfingar og þar með unnið gegn markmiðum samkeppnislaga. Sem dæmi mætti nefna að samkeppnislegur ávinningur gæti verið af lóðrétt samþættum rekstri eins og þeim sem ætti sér stað þegar fyrirtæki ræki bæði útgerð og fiskvinnslu. Með vísan til þess var ekki talið hafa verið sýnt fram á að reglur sem heimila framsal á kvóta og fela í sér möguleika á fénýtingu hans í skyldum rekstri færu gegn markmiðum samkeppnislaga.

Hins vegar var bent á að skv. 5. gr. laga um stjórn fiskveiða væri það skilyrði sett fyrir úthlutun aflaheimildar eða yfirráðum yfir slíkri hlutdeild að hún væri bundin við skip. Það gæti auðveldað til muna aðgang fiskvinnslustöðva að hráefni og styrkt samkeppnisstöðu þeirra á markaði ef heimildir til skráningar aflahlutdeildar tækju einnig til fiskvinnslufyrirtækja.

Samkeppnisráð benti enn fremur á að fiskverkandi án útgerðar gæti orðið sér úti um hráefni með því að kaupa það á fiskmarkaði eða með því að eiga bein viðskipti við útgerð. Sá kostur væri einnig fyrir hendi að fiskverkandi án útgerðar keypti eða leigði kvóta. Þessi síðarnefnda aðgerð við hráefnisöflun kynni að hafa ýmsa kosti í för með sér sem gæti styrkt samkeppnisstöðu viðkomandi aðila, t.d. á

erlendum mörkuðum. Fiskverkandi án útgerðar gæti þannig hugsanlega haft betri tök á að stjórna gæðum, magni og verði hráefnisins. Á hinn bóginn kallaði þessi aðferð á, að óbreyttum lögum, að fiskverkandi sem keypti eða leigði kvóta keypti einnig skip. Hafa bæri í huga að fiskvinnslustöðvar án útgerðar væru oft tiltölulega smá fyrirtæki sem stunduðu sérhæfðan rekstur. Smæð viðkomandi fiskvinnslu gæti komið í veg fyrir að hagkvæmt yrði fyrir hana að reka jafnframt útgerð. Telja yrði líklegt að ef þessi fyrirtæki hefðu tækifæri til þess að kaupa eða leigja aflahlutdeild án þess að þurfa jafnframt að festa kaup á skipi mundi það auka möguleika þeirra til að verða sér úti um hráefni. Slík breyting gæti þannig eflt samkeppni á fiskvinnslumarkaði auk þess sem hún mundi auðvelda nýju aðilum aðgang að þeim markaði.

Ég get í sjálfu sér tekið undir þessa niðurstöðu fyrrverandi samkeppnisráðs og það mundi verða til þess að efla samkeppni í fiskvinnslu ef þeir sem einungis stunda fiskvinnslu ættu möguleika á að kaupa eða leigja aflahlutdeild án þess að þurfa einnig að kaupa skip.

[12:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er full ástæða til að ræða þessi mál á Alþingi og býsna oft þyrfti að gera það vegna þess að samkeppnisstaða fiskverkenda til að keppa sín á milli, annars vegar þeirra sem fá fisk af sínum eigin skipum og hinna sem kaupa á markaði, er óþolandi. Hún hefur það í för með sér núna að mismunurinn t.d. á því verði sem menn greiða fyrir aflann er svona á bilinu 20–40 kr. á kílóið og menn sjá hvers konar aðstöðumunur það er. Þetta fyrirkomulag er í raun og veru að útrýma möguleikum þeirra sem hafa verið með fiskvinnslu án útgerðar. Stjórnvöld hafa daufheyrst við ábendingum um að það þurfi að taka á þessum málum. Auðvitað er eina leiðin til þess að skilja með skýrum hætti á milli fiskvinnslu og útgerðar en það hafa stjórnvöld í landinu ekki kært sig um að gera. Þau voru hins vegar fljót til þegar menn töldu ástæðu til að skilja á (Forseti hringir.) milli Símans, annars vegar farsímaþjónustunnar og hins vegar annarrar starfsemi, þegar menn kölluðu (Forseti hringir.) eftir því.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill minna hv. þingmenn á að virða þann skamma ræðutíma sem gefinn er í þessum umræðum.)

[12:41]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Það virðist vera allt í lagi þó að samkeppnisstaða fyrirtækja í fiskvinnslu og útgerð, sérstaklega fiskvinnslu án útgerðar, sé algerlega óþolandi í samanburði við þá sem reka eigin útgerð. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki kveða nógu skýrt að orði varðandi niðurlag ræðu sinnar og vil spyrja hæstv. ráðherra: Mun ráðherra beita sér fyrir því að fiskvinnsla sem ekki er með útgerð geti leigt eða keypt til sín aflaheimildir án þess að eiga eða gera út skip sem fyrsta skref í að jafna þessa aðstöðu? Og eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á virðast allt önnur lögmál gilda í öðrum atvinnugreinum en í útgerð og fiskvinnslu. Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti farið aðeins yfir það og sagt okkur af hverju önnur lögmál ættu að gilda í þeim iðnaði frekar en öðrum.

[12:42]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni að það hefði verið akkur í því ef hæstv. ráðherra hefði kveðið sterkar að orði um það hver afstaða hennar væri í þessu máli en verði ekki tíma sínum í það að lesa upp úr gömlum álitum samkeppnisráðs. Mér finnst þetta vera það stórt mál og sérstaklega í ljósi þess að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir á heimasíðu sinni að hún vilji ekki föndra við sjávarútveginn og byggðirnar. En þá vil ég spyrja á móti: Vill hæstv. ráðherra láta eðlileg markaðslögmál gilda í þessum atvinnuvegi? Það er sú spurning sem hæstv. ráðherra ætti að svara hér skýrt, hvort eðlileg markaðslögmál eigi gilda þannig að menn sem ætla að taka þátt í þessum atvinnurekstri standi jafnir að vígi. Það blasir við öllum sem horfa yfir þetta svið, undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, að það er eitthvað að, nýir aðilar komast ekki inn í þessa atvinnugrein. Það mundi breyta talsvert miklu fyrir byggðirnar ef skilið væri á milli veiða og vinnslu vegna þess að þó svo að ákveðin byggðarlög, eins og Bíldudalur, misstu réttinn til fiskveiða vegna þessa kerfis, sem Framsóknarflokkurinn hefur komið á, þá væri möguleiki fyrir viðkomandi aðila að sækja sér fisk á markað eftir lögmálum markaðarins. Dæmin eru svakaleg, það er 30% verðmunur á hráefninu, og það er algerlega út úr korti að ætla fyrirtæki að keppa við annað fyrirtæki sem fær hráefnið, sem er stór hluti af kostnaði fyrirtækisins, á 30% hærra verði en samkeppnisaðilinn. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. ráðherra svari nú skýrar hver raunveruleg afstaða hennar er í þessu máli.

[12:44]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vona að allir hv. þingmenn geri sér grein fyrir því að ég fer ekki með sjávarútvegsmál. Það er því ekki í mínu valdi að gera breytingar á því fyrirkomulagi heldur verða þeir að beina þeim fyrirspurnum þá til hæstv. sjávarútvegsráðherra.

Það sem snýr að mér í þessu máli er sá þáttur sem ég fór yfir í svari mínu. Það er mitt hlutverk að koma að málinu frá því sjónarhorni, þ.e. frá sjónarhorni samkeppnismála og þess vegna fór ég yfir þá meðferð mála sem hefur átt sér stað innan Samkeppnisstofnunar meðan hún var og hét og fór yfir niðurstöður samkeppnisráðs sem snúa að þessu máli.

Hins vegar get ég sagt það að þeim niðurstöðum var beint til sjávarútvegsráðherra á sínum tíma þar sem hann fer með þennan málaflokk og það leiddi ekki til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða í þá átt sem samkeppnisráð benti á.

Hvað varðar það að skilja eigi á milli veiða og vinnslu með skýrum hætti hef ég ekki verið þeirrar skoðunar að það yrði til hagsbóta fyrir land og þjóð þegar á heildina er litið og hef ekki skipt um skoðun í þeim efnum í sjálfu sér. En hins vegar má velta fyrir sér hvort þarna geti verið eitthvert meira frjálsræði. Þetta er svar mitt við því sem hér hefur

komið fram að ég beiti mér ekki sérstaklega fyrir breytingum á lögum um stjórn fiskveiða, enda hef ég talið í öllum aðalatriðum það vera mjög góð lög og hafa skipt miklu máli í sambandi við útgerð á Íslandi síðan þau lög voru sett, hún er þó farin að bera sig miklu betur.

Það að ég hafi einhvern tíma sagt að ég ætlaði ekki að föndra við byggðirnar er það nú svolítill útúrsnúningur hjá hv. fyrirspyrjanda hvernig hann hefur notað þau orð mín en sannleikurinn er sá að ég er meira og minna alla daga að föndra við byggðir. Það sem ég meinti þegar ég lét þau orð falla var að ég hef ekki verið þeirrar (Forseti hringir.) skoðunar að skipta eigi fiskveiðiheimildunum niður á byggðarlögin, heldur verði þarna að ríkja ákveðið markaðslögmál.

Umræðu lokið.

Meðferð mála hjá Samkeppniseftirlitinu.

Fsp. SigurjÞ, 627. mál. — Þskj. 920.

[12:47]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra og hún hljóðar svo:

1. Hvað eru mörg óafgreidd mál í meðferð hjá Samkeppniseftirlitinu, hver er meðalafgreiðslutími þeirra og hvað eru elstu mál gömul?

2. Hversu mörg mál voru óafgreidd hjá Samkeppnisstofnun þegar ný samkeppnislög tóku gildi og hvað höfðu þau beðið lengi afgreiðslu að meðaltali?

Ástæða þess að ég spyr þessara spurninga er sú að þegar Samkeppnisstofnun var lögð niður og búin til ný stofnun var það gert með því fororði að efla ætti þessa nýju stofnun og málin ættu að ganga hraðar í gegnum hana. Þess vegna er vel þess virði að spyrja hvort sá tilgangur hafi náðst.

Málið er að ég hef dæmi fyrir mér þar sem kvörtun er beint til Samkeppnisstofnunar í apríl 2004 en enn þá er ekki komin niðurstaða. Þrátt fyrir þær breytingar sem boðaðar voru með nýjum lögum um Samkeppniseftirlitið hefur það mál a.m.k. ekki klárast. Það sem er athyglisvert við það mál er að nær allir málsaðilar, nema sá sem kærði, hafa skipt um nafn. Íslandsbanki er orðinn Glitnir, Landssíminn er Síminn og Samkeppnisstofnun Samkeppniseftirlitið. Samt sem áður, þó að þetta sé orðið svo gamalt að allir eru búnir að skipta um nafn í þessu umhverfi er ekki enn þá komin niðurstaða. Þetta varðar mál á sviði fjarskipta og upplýsingamiðlunar og einmitt í þeim geira skiptir verulega miklu máli að niðurstöður komi mjög fljótt vegna þess að tækniframfarir eru örar. Og síðan þegar kominn er úrskurður mörgum mánuðum eða jafnvel árum síðar þá skiptir niðurstaðan kannski ekki öllu máli.

Miklu máli skiptir vil ég segja og legg áherslu á að ef þetta Samkeppniseftirlit á að virka þá verða niðurstöður í málum að koma fram en ekki að það sé árum seinna frá því að kært er.

Þess vegna er mjög fróðlegt að fá nú að vita svör við þeim spurningum sem ég hef beint til hæstv. viðskiptaráðherra hvort það hafi í raun orðið, sem efnt var til, að meðalafgreiðslutími hafi orðið styttri en var áður.

[12:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þingmanni að það skiptir miklu máli að niðurstöður fáist í mál. En þegar ný samkeppnislög tóku gildi og Samkeppnisstofnun var lögð niður tók Samkeppniseftirlitið við tæplega 80 óafgreiddum málum. Að meðaltali höfðu þau beðið afgreiðslu í 13 mánuði. Um miðjan mars á þessu ári var um þriðjungi framangreindra mála lokið af hálfu Samkeppniseftirlitsins.

Allt fram í febrúar á þessu ári hélt Samkeppniseftirlitið málafjölda í horfinu, þ.e. fjöldi mála í meðferð var á bilinu 70–80 mál. Lögð hefur verið áhersla á að meðferð nýrra mála sé í viðunandi horfi og hefur það tekist í flestum tilvikum. Í byrjun apríl hafði málum í meðferð hins vegar fjölgað allmikið og voru þau þá tæplega 100. Skipti þar mestu að Samkeppniseftirlitinu hafði á sl. vikum borist um 15 tilkynningar um samruna fyrirtækja. Svo mörg samrunamál sem afgreiða verður samkvæmt lögbundnum lágmarksfrestum tefja meðferð almennra mála sem ekki lúta sambærilegum frestum.

Elsta mál sem ekki hefur verið lokið formlega hófst í lok ársins 2001. Rétt er að taka fram að það mál var um alllangan tíma sett í bið af hálfu Samkeppnisstofnunar vegna forgangsröðunar verkefna, auk þess sem brýnir hagsmunir af lokum málsins eru ekki lengur til staðar.

Sjö þeirra mála sem nú eru til meðferðar eru frá árinu 2002. Ekki er hægt að greina frá meðalafgreiðslutíma mála sem nú eru til meðferðar fyrr en þeim er lokið. Marktækar reynslutölur um málshraða Samkeppniseftirlitsins munu ekki liggja fyrir fyrr en lengri tími hefur liðið frá stofnun þess. Taka ber fram að Samkeppniseftirlitið hefur gripið til ýmissa aðgerða til að liðka til fyrir meðferð mála. Má þar m.a. nefna að eftirlitið hefur sett sér nýjar málsmeðferðarreglur þar sem kveðið er á um lágmarkskröfur til aðsendra erinda, auk þess sem kveðið er á um mat Samkeppniseftirlitsins á því hvort aðsend erindi gefi tilefni til rannsóknar. Á grundvelli framangreindra ákvæða getur Samkeppniseftirlitið ákveðið að taka mál ekki til rannsóknar á grundvelli innkomins erindis. Á hinn bóginn hvetur Samkeppniseftirlitið til þess að óformlegum ábendingum um samkeppnislagabrot sé beint til þess.

Á nýrri heimasíðu gefst almenningi og fyrirtækjum kostur á að senda inn slíkar ábendingar. Með þessu hyggst Samkeppniseftirlitið stuðla að betri nýtingu á ráðstöfunartíma þess. Ítarlegar leiðbeiningar er að finna um þetta á nýrri heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, samkeppni.is.

Rétt er að minna á að ýmis atriði hafa áhrif á það hversu langan tíma mál eru í meðferð hjá Samkeppniseftirlitinu. Má í því sambandi nefna eftirfarandi: Mál hjá Samkeppniseftirlitinu eru misjafnlega umfangsmikil og flókin. Ákvarðanir samkeppnisyfirvalda sem birtar eru á heimasíðunni spanna allt frá tveimur blaðsíðum til tæplega eitt þúsund blaðsíðna. Því fleiri málsaðilar og aðrir sem afla þarf gagna eða sjónarmiða hjá þeim mun lengri tíma getur málið tekið. Oft gleymist að bið eftir gögnum og sjónarmiðum aðila er verulegur hluti þess tíma sem mál tekur.

Stjórnsýslulög setja Samkeppniseftirlitinu og öðrum stjórnsýslustofnunum kröfur um meðferð mála sem augljóslega hafa áhrif á málshraða. Brýn mál sem til meðferðar eru tefja oft meðferð annarra mála. Sem dæmi má nefna að ákvörðun um íhlutun eða ógildingu samruna þarf samkvæmt lögum að taka innan fjögurra mánaða frá því að fullbúin gögn berast eftirlitinu. Samrunamál eru því tekin fram fyrir mál sem ekki lúta lögbundnum tímafrestum. Mannafli og rekstrarsvigrúm stofnunarinnar hefur að sjálfsögðu áhrif á málshraða. Samkeppniseftirlitið hefur á liðnum mánuðum ráðið til sín fleira starfsfólk. Þeirri vinnu er ekki lokið. Jafnframt hefur Samkeppniseftirlitið leitast við að útvista verkefnum eftir því sem tök hafa verið á. Stefna Samkeppniseftirlitsins og markmið um árangursstjórnun miða m.a. að því að flýta afgreiðslu mála. Upplýsingar um þetta má finna á heimasíðu eftirlitsins.

[12:55]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra kærlega fyrir svörin en þau gefa skýrt til kynna að fleiri óafgreidd mál séu nú en þau voru áður en Samkeppniseftirlitið var stofnað. Það má vera að þau hefðu ef til vill orðið enn þá fleiri ef það hefði ekki verið stofnað. Það mátti jafnvel ráða svo í orð hæstv. viðskiptaráðherra.

En nú er ástandið allt annað en lagt var upp með. Það eru fleiri óafgreidd mál nú en voru hjá Samkeppnisstofnun. Þess vegna finnst mér vera réttmætt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún ætli að bregðast við þannig að hægt sé að ráðast á þennan stafla og minnka í honum. Það eru mál þarna, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, frá 2001 og eru því orðin fimm ára gömul. Þetta er náttúrlega algjörlega óviðunandi og ég heyrði á orðum hæstv. viðskiptaráðherra að hún var sammála mér hvað það varðar.

Síðan kom fram að hæstv. ráðherra taldi að ekki væri hægt að bera saman hvort málshraði hafi aukist eða ekki, vegna þess að of skammur tími væri liðinn, þetta væri ekki marktækur tími. Það má vera og þess vegna væri mjög fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti gefið upp og upplýst hvenær reynslan er orðin nægjanlega löng á þessa mikilvægu stofnun, Samkeppniseftirlitið, til að hægt sé að bera saman svo marktækt sé vinnubrögð annars vegar í þeirri gömlu stofnun sem var lögð niður og nú í Samkeppniseftirlitinu.

[12:57]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst alveg eðlilegt að hv. þingmenn velti þessum hlutum fyrir sér sem hv. þingmaður hefur gert og spyrji sig þeirra spurninga hvort sú breyting sem gerð var hafi verið rétt og hvort Samkeppniseftirlitið sem slíkt skili starfi sínu vel, það eru bara mjög eðlilegar spurningar. Ég tel að svo sé, en ítreka það sem kom fram í máli mínu áðan að ekki er ástæða til þess alveg strax að hafa uppi stóru orðin, við skulum aðeins gefa okkur tíma til að fara yfir stöðuna. En allt það sem hefur komið fram gagnvart ráðuneytinu síðan Samkeppniseftirlitið varð til segir mér að þarna sé haldið vel á málum og þær vinnureglur sem settar hafa verið lofa mjög góðu að mínu mati. Sérfræðingum hefur verið fjölgað. Mér er hins vegar kunnugt um að mikil spenna er á markaðnum og ekki alltaf auðvelt að fá starfsfólk í nákvæmlega þau störf sem um ræðir. Engu að síður hefur stofnunin verið efld fjárhagslega sem hefur leitt til þess að þarna hefur verið hægt að fjölga starfsfólki. Það er gríðarlega mikilvægt starf sem þar er unnið og þess vegna ástæða til að það sé til umfjöllunar á hv. Alþingi og ég hef leitast við að svara þeirri spurningu sem hv. þingmaður bar hér upp.

Umræðu lokið.

Ívilnanir til álvera á landsbyggðinni.

Fsp. JBjarn, 631. mál. — Þskj. 929.

[12:59]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég beini spurningum til hæstv. iðnaðarráðherra um ívilnanir til álvera á landsbyggðinni. Tilefni þessarar fyrirspurnar er viðtal við ráðherrann í Fréttablaðinu 14. mars síðastliðinn, þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkið mismunar ekki fyrirtækjum í landinu með samningum við álfyrirtæki, segir Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þeir séu samþykktir af eftirlitsstofnun EFTA þar sem starfsemin sé á landsbyggðinni."

Síðan er orðrétt tilvitnun í hæstv. ráðherra:

„Heimilt er að styrkja fyrirtæki í ákveðinni starfsemi á landsbyggðinni. Svo vill til að sum þessara álfyrirtækja eru þar og hafa því gert ívilnandi samninga við stjórnvöld."

Áfram segir í fréttinni vegna viðtals við forstjóra Marels um að ekki væri hægt að halda fyrirtækjum hér í landi vegna ytri efnahagslegra ástæðna, með leyfi forseta:

„Hún segir að fyrirtækið fengi fyrirgreiðslu starfaði það á landsbyggðinni og Eftirlitsstofnunin samþykkti það."

Mér finnst þetta vera nokkur tíðindi og því hef ég beint fyrirspurnum til hæstv. ráðherra sem hljóða svo:

1. Í hverju eru þau sérkjör og „ívilnandi samningar við stjórnvöld" fólgin sem álver og önnur fyrirtæki á landsbyggðinni geta fengið umfram fyrirtæki á suðvesturhorni landsins og heimil eru samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA?

2. Hver er ferill umsóknar fyrirtækja um sérkjör á þessum grunni? — Sem ráðherrann minnist á í fréttaviðtalinu.

3. Hvaða fyrirtæki í landinu njóta nú þegar sérkjara á nefndum forsendum, hverjar eru þær ívilnanir og hve mikla fjármuni er um að ræða í hverju tilviki?

Mér finnst þetta mjög athyglisvert. Það skiptir máli hvernig ríkið kemur að atvinnulífi og reyndar búsetu vítt og breitt um landið. Það skiptir vissulega miklu máli að það sé ekki gert með neikvæðum hætti. Ég minni á að enn eru óafgreiddar hugmyndir um niðurgreiðslu á flutningskostnaði til fyrirtækja á landsbyggðinni sem var þó eitt af digrustu kosningaloforðum Framsóknarflokksins fyrir síðustu kosningar. En flutningskostnaðurinn og mismunun í flutningskostnaði er núna t.d. mjög íþyngjandi fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni.

Þess vegna hef ég beint þessum spurningum, herra for-

seti, til hæstv. iðnaðarráðherra.

[13:02]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurning er þessi:

„Í hverju eru þau sérkjör og „ívilnandi samningar við stjórnvöld" fólgin sem álver og önnur fyrirtæki á landsbyggðinni geta fengið umfram fyrirtæki á suðvesturhorni landsins og heimil eru samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA?"

Svar: Sérkjör af því tagi sem spurt er um í fyrirspurninni eru grundvölluð á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sem fram kemur í leiðbeiningum stofnunarinnar um opinbera styrki og lýst er nánar í lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993.

ESA hefur að tillögu íslenskra stjórnvalda gefið út svokallað byggðakort yfir landsvæði þar sem heimilt er að fjármagna verkefni með opinberum styrkjum og veita sérkjör. Samkvæmt kortinu er landinu skipt í tvö svæði, annars vegar höfuðborgarsvæðið ásamt norðanverðum Reykjanesskaga til og með Sandgerðisbæ og hins vegar önnur landsvæði. Óheimilt að veita aðstoð úr opinberum sjóðum á fyrrnefnda svæðinu en heimilt að vissu marki á öðrum landsvæðum. Þar býr um þriðjungur þjóðarinnar. Samkvæmt ákvörðun ESA geta fyrirtæki á landsbyggðinni fengið sérkjör umfram fyrirtæki á suðvesturhorninu allt að 17% af upphaflegum stofnkostnaði vegna starfsstöðvar eða breytinga á henni.

Til viðbótar er heimilt að veita smáum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð er svarar til allt að 10% af sömu kostnaðarþáttum. Norðurál við Grundartanga og Fjarðaál í Reyðarfirði hafa fengið ívilnanir á nokkrum sviðum í samræmi við þessi lög. Ívilnanir þessar eru nánar skilgreindar í lögum um heimildir til samninga um álverksmiðjur á Grundartanga og í Reyðarfirði. Um er að ræða ábyrgðir ríkisins til að tryggja efndir af hálfu viðkomandi sveitarfélaga í fjárfestingarsamningum og hafnarsjóða í hafnarsamningum, undanþágu frá vissum ákvæðum í lögum um búsetu og ríkisfang stjórnarmanna, takmarkanir og skyldur um fyrirtækjafyrirkomulag og eignarhald og undanþágu frá lögum um brunatryggingu og viðlagatryggingu fasteigna.

Jafnframt er kveðið á um skattlagningu álveranna en hún er í meginatriðum í samræmi við íslensk skattalög en með nokkrum sérákvæðum svo sem um fasteignaskatta, stimpilgjöld, byggingarleyfisgjöld og fleira. Ívilnanir varðandi byggingu álvers eru reiknaðar út í upphafi samningstímabilsins á grundvelli áætlana um stofnkostnað og rekstur samkvæmt reglum ESA.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna verkefni, veita lán og ábyrgðir á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins. Um fjármögnunar- og lánastarfsemi stofnunarinnar gilda ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Stjórn Byggðastofnunar setur reglur um framlög til verkefna, lán og ábyrgðir og ákveður hugsanleg „sérkjör" eftir lögum og reglugerð fyrir stofnunina.

Önnur spurning: „Hver er ferill umsóknar fyrirtækja um sérkjör á þessum grunni?"

Svar: Hvað varðar áðurnefnd álfyrirtæki var samið um sérkjör á grundvelli heimilda í lögum frá Alþingi sem áður var vísað til. Varðandi feril umsókna fyrirtækja til Byggðastofnunar vísar til laga og reglugerðar um stofnunina.

Þriðja spurning: „Hvaða fyrirtæki í landinu njóta nú þegar sérkjara á nefndum forsendum, hverjar eru þær ívilnanir og hve mikla fjármuni er um að ræða í hverju tilviki? "

Svarið er þetta: Fyrsti áfangi Norðuráls, bygging 60.000 tonna álvers við Grundartanga 1998, naut ívilnana samkvæmt sérkjörum í fjárfestingarsamningi sem reyndist samkvæmt útreikningum ESA vera að upphæð samtals 6 millj. bandaríkjadala, eða um 460 millj. kr. Það var um það bil 3,6% af áætluðum stofnkostnaði álversins.

Að svo stöddu liggja ekki fyrir einstakar upphæðir ívilnana samkvæmt þeim fjárfestingarsamningum um stækkanir Norðuráls áfram eða umfram þessi 60.00 tonn í 260.000 tonna framleiðslugetu á ári sem nú er að hluta komið til framkvæmda og gera má ráð fyrir.

Upphæð ívilnana fyrir byggingu 322.000 tonna álvers Fjarðaáls í Reyðarfirði er samkvæmt útreikningum 34,3 millj. bandaríkjadala, eða um 2.600 millj. kr. sem eru um 3% af áætluðum stofnkostnaði álversins eða langt innan við heimild ESA. Heildarupphæð styrkja Byggðastofnunar til atvinnuþróunar á landsbyggðinni á árinu 2004 var samtals 143 millj. kr. sem skiptist milli 64 verkefna.

[13:08]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að koma með þessa fyrirspurn og svör ráðherra. Mér finnst þessi staða og svör ráðherra varpa betra ljósi á þá framtíðarsýn sem núverandi ríkisstjórn hefur varðandi stóriðjustefnuna og þau sérkjör sem heimilt er að veita álverum eða stóriðju utan höfuðborgarsvæðisins.

Mér finnst mikilvægt að draga þetta fram hvað varðar arðsemi af stóriðjunni og hvort þau sérkjör sem stóriðjan fær í núverandi mynd mundi ekki skila sér betur, eða að minnsta kosti jafn vel, inn á viðkomandi svæði í formi annarra styrkja (Forseti hringir.) en til stóriðju. Mér finnst að þetta verði að koma mjög (Forseti hringir.) vel fram við val á verkefnum.

[13:09]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í þessu máli er um það að ræða að það er opinber stefna stjórnvalda að beita ívilnun og sérkjörum hvað varðar skatta og verðlagningu á raforku til þess að stuðla að atvinnuuppbyggingu á ákveðnu landsvæði. Það er stefna sem er þekkt víða og menn beita en afmarka ekki einvörðungu við eina tiltekna atvinnugrein eins og er í þessu tilviki.

Ég held að íslensk stjórnvöld verði í ljósi þess að slík stefna skilar árangri — hún skilar árangri í atvinnuuppbyggingu á Austurlandi og mun reyndar væntanlega gera það á Norðurlandi líka með álveri þar — að beita sömu stefnu á öðrum svæðum landsins. Þá er ég ekki síst með í huga svæði eins og Vestfirði þar sem störfum hefur fækkað á aðeins sex árum um tæp 10%. (Forseti hringir.) Ég hvet til að menn gangi áfram (Forseti hringir.) á þeirri braut en afmarki sig ekki við eina atvinnugrein, virðulegi forseti.

[13:10]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þó þau næðu ekki lengra en raun bar vitni. Ég vék sérstaklega að þeim ívilnunum sem ríkissjóður getur gert samkvæmt samþykktum ESA-dómstólsins. Það er athyglisvert hjá hæstv. ráðherra að hún kom inn á þær ívilnanir sem álverksmiðjan á Grundartanga nýtur og Fjarðaál, t.d. með stórfelldum afslætti á hafnargjöldum. Í öðru tilvikinu var höfnin held ég meira og minna byggð fyrir viðkomandi fyrirtæki. Þannig að þetta eru gríðarlega miklar ívilnanir.

Maður veltur fyrir sér í þessu samhengi líka þeim mikla flutningskostnaði sem fyrirtæki á landsbyggðinni verða fyrir, sem skýrsla sem gerð var af samgönguráðuneytinu 2003 sýndi að hefði vaxið hrikalega. Nú með hækkandi olíuverði er þetta mál enn alvarlega. Enda kom það fram í viðtali í útvarpinu í gær við fulltrúa atvinnulífs á Ísafirði sem bentu á þetta. En þegar á að koma að þeim þætti situr sú skýrsla föst, eða þær tillögur, í ríkisstjórninni eftir upplýsingum frá ráðherra.

Ég vil því spyrja til viðbótar: Hvað líður skýrslu um jöfnun flutningskostnaðar sem var eitt af stærri kosningaloforðum Framsóknarflokksins fyrir síðustu alþingiskosningar og ekkert hefur verið gert með? Því samkeppnisstaða atvinnulífs úti um land skerðist núna mjög. Það er ekki nóg að veita þessa gríðarlega háu ríkisstyrki til álvera með stórfelldum niðurgreiðslum á raforku, niðurgreiðslum á hafnargjöldum, niðurgreiðslum á sköttum o.s.frv. Það á ekki að mismuna óeðlilega. Tökum skipasmíðaiðnaðinn. Þar hefur ítrekað verið kallað eftir aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að jafna stöðu (Forseti hringir.) skipasmíðaiðnaðarins miðað við önnur lönd. Ekkert gerist. En þegar ál er annars vegar, þá er allt til.

[13:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að við verðum að passa okkur á að rugla ekki hlutum saman. Annars vegar getum við verið að tala um aðgerðir t.d. á vegum Byggðastofnunar sem varða landsbyggðina og hins vegar getum við verið að tala um fjárfestingarsamninga sem eru gerðir á grundvelli stórverkefna eins og uppbyggingu álvera. Þá eru slíkir samningar lögfestir á hv. Alþingi þar sem þeir eru ákveðin undanþága frá almennum skattalögum að einhverju leyti.

Þess vegna skulum við líka hafa í huga að það er ekki þannig að þetta fyrirkomulag sé algjörlega einskorðað við stóriðju eða álversframkvæmdir. Það er hægt að hugsa sér slíka samninga á grundvelli annarrar starfsemi. En grundvallaratriðið er að það þarf að fá slíka samninga samþykkta af Eftirlitsstofnun EFTA. Við höfum undirgengist slíkt fyrirkomulag með EES-samningnum. Þess vegna er það ekki þannig að þetta gildi bara fyrir álver. Það held ég að sé mjög mikilvægt að komi fram.

Hv. þingmaður talaði um samkeppnisstöðu landsbyggðarinnar og vissulega er hún veik á sumum sviðum en getur verið sterk á öðrum. Það sem nú hefur verið að gerast í sambandi við gengi krónunnar skiptir mjög miklu máli fyrir sjávarútveginn sem er fyrst og fremst stundaður á landsbyggðinni.

Hvað varðar flutningskostnaðinn hef ég margoft farið yfir það hér á hv. Alþingi að hugmyndir voru uppi um hvort ástæða væri til að ... (**Gripið fram í:** Því var lofað.) Það voru uppi hugmyndir um hvort hægt væri að koma á fyrirkomulagi þar sem styrkir yrðu til fyrirtækja vegna flutningskostnaðar þeirra. Þau mál voru skoðuð og ég er viss um að þau væri viðurkennd af ESA ef út í það færi. En hins vegar hefur ekki náðst (Forseti hringir.) pólitísk samstaða um að fara út í slíkt fyrirkomulag og það var ekkert í stjórnarsáttmála um það. (Forseti hringir.) Það er því ekki verið að svíkja neitt.

Umræðu lokið.

Samkeppnisstaða ríkisbanka á húsnæðismarkaði.

Fsp. GÞÞ, 590. mál. — Þskj. 866.

[13:15]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að beina fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra um samkeppnisstöðu ríkisbanka á húsnæðismarkaði. Það er ekki í fyrsta skipti sem ég tek þetta mál upp á Alþingi. Ég hef gert það mjög reglulega og á sama hátt hef ég gert það í félagsmálanefnd þar sem ég gegni varaformennsku.

Ástæðan er einföld. Ég tel að hér sé ekki gætt jafnræðis varðandi samkeppnisstöðu ríkisbankans annars vegar og annarra banka og sparisjóða hins vegar. Ég hef auk þess miklar áhyggjur af því að þær aðgerðir sem menn hafa farið í í kringum Íbúðalánasjóð ógni þeim stöðugleika sem verið hefur í þjóðlífinu og sátt hefur verið um að viðhalda. Ég held, virðulegi forseti, að við höfum gert ákveðin mistök með þeirri framgöngu sem ég ætla ekki að lýsa neitt nákvæmlega. Ég held að menn þekki sjónarmið mín hvað það varðar. Það skiptir mjög miklu máli ef menn ætla að reyna að viðhalda þeim stöðugleika sem við viljum hafa, sem er grundvöllur að velmegun í okkar samfélagi og afskaplega mikilvægur fyrir fólk almennt, sérstaklega yngra fólk sem er með skuldir eins og húsnæðislán og annað slíkt. Það liggur alveg hreint og klárt fyrir og það er margt sem bendir til þess — það hafa komið meldingar, og því máli er ekki lokið, frá eftirlitsstofnunum sem við höfum gengist undir með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, um að við stöndum heldur ekki rétt að málum þegar kemur að samkeppnisstöðu þessa ríkisbanka gagnvart öðrum þeim bankalánastofnunum sem eru á markaði. Þess vegna, virðulegi forseti, vil ég spyrja hæstv. ráðherra:

Mun ráðherra beita sér fyrir því að samkeppnisstaða ríkisbanka á húsnæðismarkaði gagnvart einkabönkum verði jöfnuð með tilliti til:

a. greiðslu ríkisábyrgðargjalds — gróflega reiknað 220 millj. kr. á ári,

b. greiðslu tekjuskatts — gróflega reiknað 180 millj. kr.,

c. kröfu um eiginfjárhlutfall — en það er einungis 5% hjá Íbúðalánasjóði en 8% hjá bönkum og sparisjóðum,

d. reglna um greiðslu vaxtabóta vegna viðgerða húsa — en þar hefur Íbúðalánasjóður algera sérstöðu,

e. skuldajöfnunar opinberra gjalda,
f. uppgjörsaðferða?

Í þessum síðustu þremur liðum, eins og ég nefndi, er alger sérstaða hjá Íbúðalánasjóði gagnvart öðrum bönkum og sparisjóðum. Ég tel sjálfsagt að aðstoða þá sem eru að kaupa íbúðahúsnæði, sérstaklega í fyrsta skipti, og að við reynum að hafa það að markmiði að sem flest fólk, helst allir, geti búið í eigin húsnæði. Ég tel þó mun skynsamlegra að gera það með öðrum og skilvirkari hætti en þeim að halda úti þeirri stefnu sem við höfum gert fram til þessa. Á sama hátt held ég að við getum náð þeim félagslegu markmiðum sem flestir eru sammála um, í það minnsta í þessum sal, og er ég þá sérstaklega að vísa til þess að menn geti haft aðgang að lánsfjármagni sama hvar þeir búa á landinu. Ég tel að það sé mjög einfalt og auðvelt að ná því fram án þess að vera með fyrirferðamikinn ríkisrekstur á lánamarkaði. Og það eru fjölmörg dæmi, virðulegi forseti, víðs vegar í álfunni um að það sé gert með öðrum hætti. Reyndar er það svo, virðulegi forseti, að við höfum algera sérstöðu hvað þetta varðar.

[13:19]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þingmanni að þær miklu breytingar sem hafa orðið á húsnæðismarkaðnum hafa gert efnahagsstjórnina nokkru snúnari en hún annars hefði verið. Ég held hins vegar að það sé fullkomlega ótímabært að kveða upp úr með það að þar hafi verið um mistök að ræða. Það þarf allt að skoðast í samhengi við þann árangur sem fæst út úr aðgerðunum. Ég held að það hafi nú þegar sýnt sig að árangurinn er talsvert mikill því vextir hafa lækkað umtalsvert á húsnæðislánum. Það hefur síðan haft aðrar afleiðingar sem hafa gert efnahagsstjórnina snúnari eins og ég nefndi áðan.

Það er eðlilegt að hv. þingmaður velti fyrir sér þeim sex atriðum sem koma fyrir í fyrirspurninni og hvernig staðið verður að þeim í framtíðinni. Þau eru hins vegar öll þess eðlis að þau hljóta að koma til athugunar í þeirri endurskoðun sem nú er í gangi á því hvernig við munum koma fyrir fjármögnun á húsnæðismarkaði. Eftir því hvernig niðurstaðan verður í þeim efnum munu þau annaðhvort hafa leyst af sjálfu sér eða taka þarf afstöðu til þeirra á nýjum forsendum. En öll eru þau þess eðlis að þau hljóta að koma inn í þessa umræðu.

Eins og staðan er núna er því ótímabært fyrir mig að kveða upp úr um sérstaka afstöðu til einstakra atriða annað en að endurtaka að ekki er óeðlilegt að að þeim sé hugað og um þau spurt. Niðurstaðan hlýtur síðan að koma í ljós þegar við höfum komist að endanlegri niðurstöðu um hvernig við munum koma fjármögnun á húsnæði landsmanna fyrir og við munum sjá meira um það á næstu vikum. Ef allt gengur eftir eins og fyrirhugað er gætum við séð niðurstöðu í því á þessu ári.

[13:22]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sú samkeppnisstaða sem menn eiga fyrst og fremst að hafa áhyggjur af hvað varðar íbúðalán er auðvitað samkeppnisstaða íslenskra neytenda borið saman við neytendur í öðrum löndum. Það liggur því miður fyrir að íslenskir neytendur búa við þær aðstæður að þeir þurfa að borga miklu hærri vexti en neytendur í öðrum löndum. Það sýna tvær skýrslur sem nýlega hafa verið gefnar út önnur á vegum Neytendasamtakanna og hin á vegum Norræna ráðherraráðsins. Ég hygg að það væri verðugt verkefni fyrir hv. þingmenn að beita sér fyrir því að vaxtastigið hér á landi lækki og nálgist það sem er erlendis. Það ætti að vera hlutverk íslenskra stjórnvalda að reyna að gera eins vel í þeim efnum og t.d. stjórnvöld á Norðurlöndum gera.

[13:23]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég held að sú sérstaða sem hefur skapast með því að hafa sterkan Íbúðalánasjóð sé sú að hér hefur verið lánsfé á lægstu mögulegum vöxtum og hlutfall þeirra sem eiga húsnæði er hvergi hærra en hér á landi. Það er staðreynd, herra forseti, a.m.k. með því alhæsta.

Við skulum líka minnast þess að þegar bankarnir fóru af stað með sín íbúðalán höfðu íbúar landsbyggðarinnar ekki aðgang að þeim lánum nema á afarkjörum og afarvöxtum. En vegna þess að Íbúðalánasjóður var þar við hliðina urðu þeir að breyta um. Ég held þess vegna að það sé eitthvert albrýnasta mál nú að stöðva þessa einkavæðingaraðför að Íbúðalánasjóði. Með honum höfum við tryggt félagslegt jafnræði milli þegna landsins til íbúðabygginga.

[13:24]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort það er til að bæta hag skuldugra eða lántakenda hjá Íbúðalánasjóði að auka kostnað hans af ýmsum þáttum með hækkun á hlutfalli og greiðslu ábyrgðargjalds þó það hljóti auðvitað að verða áleitnari spurning með árunum ef viðskiptabankarnir bjóða betri kjör en ríkið á þessum markaði, hvert hlutverk ríkisins sé orðið.

Ég er hingað kominn til að gera stutta athugasemd við þau orð hæstv. fjármálaráðherra að hér hafi húsnæðisvextir farið lækkandi. Það er auðvitað aldeilis af og frá. Samkvæmt spá hæstv. fjármálaráðherra eða ráðuneytis hans frá því í fyrradag, hygg ég, er verðbólga á Íslandi 5,9%. Við hana leggjast vextir upp á 4,5% sem þýðir að húsnæðisvextir á Íslandi í ár verða yfir 10% og ég trúi að þeir séu hvergi hærri í ríkjum OECD, hvergi hærri í Norður-Evrópu. Það er þess vegna beinlínis villandi að halda því fram að hér fari húsnæðisvextir lækkandi og er eyðsluhvetjandi (Forseti hringir.) ef eitthvað er.

[13:26]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör. Það er augljóst að hann hefur skilning á þessu máli og það er verið, ef ég skil hæstv. ráðherra rétt, að skoða málið og er ánægjulegt að vita til þess að niðurstaða fæst á þessu ári. Það kemur náttúrlega fram og menn vita að þetta snýst ekki bara um vilja okkar hér á þingi því eins og ég nefndi áðan þá liggur fyrir að þær eftirlitsstofnanir sem við höfum undirgengist með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu virðast ekki vera sáttar við þann hátt sem við höfum á

lánum á húsnæðismarkaði.

Vegna orða annarra hv. alþingismanna í umræðunni get ég verið alveg sammála mörgu því sem þar kom fram. Ég get t.d. verið sammála hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um það markmið að lækka vaxtastigið og reyna að ná sem hagstæðustum kjörum fyrir það fólk sem er að kaupa sér húsnæði. Það liggur alveg hreint og klárt fyrir og hlýtur að vera markmið okkar allra.

Hv. þm. Helgi Hjörvar hafði áhyggjur af verðbólgu. Þar er kannski stærsta málið í þessu. Það liggur alveg fyrir, og ég held að engin velkist í vafa um það að framganga ríkisins á þessum markaði hefur í það minnsta ekki hjálpað til að halda verðbólgu niðri. Ég held að allir geti verið sammála um slíkt og það er ekki rétt hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að hér sé hæsta húsnæðisverð á byggðu bóli, það stenst ekki. Þrátt fyrir að það hafi hækkað gríðarlega, af nokkrum ástæðum sem við höfum stundum rætt hér, þá er það samt sem áður lægra en gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það er í sjálfu sér allt í lagi. Ég held að það sé ekkert óeðlilegt við það. Aðalmarkmið okkar hlýtur að vera að bæta hag húsnæðiskaupenda. Ég fagna orðum hæstv. fjármálaráðherra um hans skoðun á þessu máli.

[13:28]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna hv. þm. Helgi Hjörvar tekur sér fyrir hendur að snúa út úr orðum mínum hér. Hann veit auðvitað vel að ég er að tala um verðtryggða vexti og þeir verðtryggðu vextir hafa aldrei verið lægri en núna frá því að samkeppnin hófst á þessum markaði og mér liggur við að segja að yfir 90% af húsnæði á Íslandi sé fjármagnað á þann hátt.

Það er hins vegar alveg rétt hjá honum að það er fleira sem segir til um húsnæðiskostnaðinn heldur en verðtryggðu vextirnir og verðbólgan kemur vissulega þar að, það er rétt hjá honum. En þá held ég að við þurfum að rifja það upp að sú ríkisstjórn sem nú situr hefur náð verulegum árangri í því að berjast við verðbólguna. Sennilega hefur verðbólgan aldrei verið eins lág að meðaltali og hún hefur verið það tímabil sem þessi ríkisstjórn hefur setið. Það þýðir að á þessu tímabili hafa vextir af íbúðahúsnæði, eins og hv. þingmaður reiknaði þá sjálfur, aldrei verið lægri og þá miklum mun lægri en á þeim tímabilum sem forverar þess flokks sem hann er í dag hafa setið í ríkisstjórn. Ég held að hv. þingmaður ætti að hafa þetta í huga þegar hann reynir að snúa út úr orðum mínum á þennan hátt.

Umræðu lokið.

Merkingar á erfðabreyttum matvælum.

Fsp. KJúl, 606. mál. — Þskj. 890.

[13:30]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Töluverð umræða hefur orðið um erfðabreytt matvæli. Um slík matvæli eru mjög skiptar skoðanir og hefur andstaða við þau verið einna mest í Evrópu. En framleiðsla á þeim fer að mestu leyti fram í Bandaríkjunum. Þessi umræða er ákaflega mikilvæg, m.a. fyrir okkur Íslendinga sem viljum markaðssetja Ísland sem hreint land með hreinar afurðir. Heyrst hafa raddir um að með erfðabreytingu á matvælum sé tekin veruleg áhætta varðandi mengun umhverfisins og fjölbreytileika þess. Sömuleiðis, sem er ekki síður um vert, kom t.d. fram í viðtali í Morgunblaðinu við Michael Meacher, þingmann og fyrrverandi umhverfisráðherra í Bretlandi sem var hér á dögunum, að mjög háværar raddir væru uppi um að erfðabreytt matvæli hefðu veruleg áhrif á heilsufar manna og aukna hættu á ofnæmi í för með sér vegna þess að vitað er að mannslíkaminn bregst við óþekktum áreitum með ofnæmisviðbrögðum. Þetta hefur ekki verið rannsakað nógu vel. Hann heldur því fram að varðandi þetta hafi einungis verið gerðar athuganir á dýrum og að miðað við flestar þær niðurstöður sé ástæða til að hafa áhyggjur.

Virðulegi forseti. Mér finnst mest um vert í þessu að neytandinn hafi val. Rannsóknir eru að mörgu leyti ófullnægjandi að þessu leyti. Fólk leitar sér upplýsinga að miklu leyti sjálft og tekur afstöðu sjálft. Fjölmargir vilja hvorki sjálfir né að börn þeirra neyti erfðabreyttra matvæla. Því tel ég afar mikilvægt að matvæli á Íslandi verði merkt. Í því sambandi vil ég nefna reglugerðir Evrópusambandsins, sem við eigum að taka upp. Ég spyr um þær í fyrirspurn minni. Krafist er merkinga á erfðabreyttum matvælum í öllum aðildarlöndum sambandsins. Þar eru ströngustu reglugerðir hvað þetta varðar í heimi, að því er talið er. Ég tel afar mikilvægt að við göngum þann veg sem allra fyrst að taka þessa reglugerð upp. Það er réttur neytenda að vita hvort í matvælum sem þeir neyta á degi hverjum séu erfðabreyttir þættir eður ei.

Virðulegi forseti. Við erum að tala um matvæli sem eru á borðum landsmanna á hverjum einasta degi. Við erum að tala um morgunkorn, um kex og annað sem unnið er úr erfðabreyttum maís frá Bandaríkjunum. Ég tel mjög mikilvægt að neytendur (Forseti hringir.) fái að velja og því verði að taka þessa reglugerð upp sem fyrst.

[13:33]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Reglugerðir Evrópusambandsins nr. 1829/2003, um erfðabreytt matvæli og fóður, og síðan nr. 1830/2003, um rekjanleika og merkingu erfðabreyttra lífvera og rekjanleika matvæla og fóðurs sem eru afurðir erfðabreyttra lífvera, tóku gildi í aðildarríkjum Evrópusambandsins 2004. Enn sem komið er hafa þær ekki verið teknar upp í EES-samninginn. Ástæðan er sú að upptaka þeirra tengist upptöku tilskipunar um sleppingu erfðabreyttra lífvera í umhverfið, sem er frá 2001. Upptaka hennar hefur dregist vegna skoðunar á þeim ákvæðum hennar sem varða tveggja stoða kerfi EES-samningsins og tengist líka svokallaðri Cartagena-bókun við samninginn um erfðabreyttar lífverur.

Nú hefur náðst samkomulag um þann þátt. En raunar á eftir að ná samkomulagi vegna sérstakrar aðlögunarbeiðni frá Liechtenstein. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir aðlögunartexta vegna reglugerða nr. 1829 og 1830, sem ég nefndi áður, að því er varðar vörur sem eru á markaði við

gildistöku reglugerðanna. Drög að aðlögunartexta EFTA-ríkjanna fyrir þessar gerðir eru nú til umfjöllunar hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Gert er ráð fyrir því að þegar þessi mál eru í höfn verði gerðirnar innleiddar í íslenskan rétt í beinu framhaldi. Þær kalla væntanlega á breytingar á lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, og líka lögum um matvæli, nr. 96/1995. En þegar þær breytingar hafa verið gerðar munu gilda sömu reglur hér á landi og innan Evrópusambandsins.

Ég deili skoðunum hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur í þessu máli. Það er mikilvægt að þessum málum ljúki, að vörur sem innihalda erfðabreytt matvæli verði merktar og að neytandinn hafi val. Ég tel að það sé ótvírætt mjög mikilvægt. Neytandinn verður að vera vel upplýstur til að geta haft það val sem um er að ræða.

[13:36]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að koma fram með þessa fyrirspurn. Hún er ekki ný af nálinni á hv. Alþingi. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir spurði fyrir ári að hinu sama. Eins hafa komið fram á fyrri þingum fyrirspurnir um upptöku þessara reglugerða.

Það er mikilvægt að hafa í huga að það tekur meira en mannsaldur að fá fram áhrif erfðabreyttra matvæla á heilsu fólks. Það má líkja því við áhrif reykinga en það tók a.m.k. 30 ár að sjá áhrif reykinga á heilsu fólks. Því er nauðsynlegt að neytendur hafi val, séu meðvitaðir og upplýstir um hvað það gæti þýtt að velja erfðabreytt (Forseti hringir.) matvæli. En fyrst og fremst er nauðsynlegt að fá slíkar merkingar á matvæli.

[13:37]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég hef þá skoðun að erfðabreytt matvæli geti verið mjög háskaleg heilsu manna. Ég held að það eigi eftir að koma á daginn þegar fram líða stundir og rannsóknir á erfðabreyttum matvælum fara að skila sér. Þau eru í mörgum tilfellum háskaleg heilsu manna og sérstaklega sumra manna, sem eru viðkvæmari fyrir þeim en aðrir, og af því að erfðabreytt matvæli eru notuð í margar grundvallarfæðutegundir eins og talið var upp hérna áðan sem mörg okkar neytum daglega eða oft í mánuði, oft í viku, eins og morgunkorn, brauðvörur og grundvallarfæðutegundir, m.a. sem börn neyta í miklum mæli. Ég held að þetta sé sérstaklega hættulegt fyrir mörg börn.

Ég held að það eigi eftir að koma á daginn að erfðabreytt matvæli hafi slæm áhrif á heilsu margra. Því hljótum við að harma sofandahátt stjórnvalda í þessum málum, að það þurfi að berja á þeim í þinginu til að bregðast almennilega við þessu máli. Ég er sannfærður um að þetta er háskaleg matvara í mörgum tilfellum.

[13:39]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra deili þeirri skoðun með mér að merkja eigi matvæli á Íslandi sem eru erfðabreytt. Ég verð samt að lýsa því, eins og hv. þm. Björgvin Sigurðsson gerði, að mér finnst þetta ganga of hægt hjá okkur. Það er ekkert því til fyrirstöðu að við tökum þetta mál sérstaklega út ef við leggjum þannig áherslu á það og gerum kröfur um að þessi matvæli verði merkt.

Eins og komið hefur fram eru þær matvörur sem að mestu leyti eru með þessum erfðabreyttu þáttum í, t.d. barnamatur, popp, kex og morgunkorn, sem börn borða mikið af. Ég tel þetta afar mikilvægt.

Fram hefur komið að meiri hluti ríkja og landa í heiminum, fyrir utan ríki í bæði Norður- og Suður-Ameríku, hefur farið þessa leið og tekið sterkari varúðarafstöðu gagnvart erfðabreyttum matvælum. Það er mín skoðun að við eigum að vera með hinum meðvituðu þjóðum í Evrópu sem vilja fara varlega. Eins og við vitum geta erfðabreytt matvæli haft ofnæmisvaldandi áhrif. Við ættum ekki hanga með slugsunum í þessu, sem eru aðallega Bandaríkjamenn og Kanadamenn að einhverju leyti, Argentína og ríki í Ameríku.

Við eigum að fara evrópsku leiðina og við eigum að veita fólki hér á landi sem allra, allra fyrst þann rétt að velja sér matvæli án erfðabreyttra þátta. Það er að mínu mati verið að skerða réttindi manna meðan þessi krafa er ekki gerð hér. Þá erum við að skerða (Forseti hringir.) réttindi manna til þess að velja sér fæðu við hæfi.

[13:41]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmönnum ágætar umræður. Þessi mál eru flókin og hafa á vegferðinni komið upp ýmis mál sem hefur þurft að leysa. Ég vænti þess að málin séu komin á síðasta stig þannig að þau fari að skýrast. Slíkar reglur koma þá til framkvæmda eftir að lögum hefur verið breytt.

Það er engin spurning í mínum huga um að það er mikilvægt fyrir neytendur að þessar merkingar verði á erfðabreyttum matvælum. Það er grundvallaratriði til þeir geti valið, hvort þeir vilja kaupa slíkar vörur eða velja annað.

Umræðu lokið.

Malarnáma í Esjubergi.

Fsp. MÞH, 658. mál. — Þskj. 965.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem hér í ræðustól til að forvitnast aðeins um málefni malarnámu einnar í Esjubergi við Kollafjörð. Svo það fari ekki á milli mála við hvaða malarnámu er átt vil ég lýsa henni í örfáum orðum.

Þetta er malarnáma sem stendur við Kollafjörðinn við þjóðveg nr. 1 og hefur verið í rekstri í nokkra áratugi. Þar hefur verið reistur mikill veggur úr steinsteypu. Flestir kannast kannski við áletrun sem á þessum vegg stendur: „Flatus lifir.“ Fyrir nokkrum árum tóku nokkrir athafnamenn sig til, kannski Flatus sjálfur, ég veit það ekki, og bættu við: „Flatus lifir enn“. Þetta veggjakrot er á margan hátt orðið klassískt í sögu íslensks veggjakrots en hvað um

það, virðulegi forseti, ég kom til að spyrja um þessa malarnámu.

Ég á leið þarna um á hverjum degi og mér þykir mikið lýti, á þeim annars fallega stað, að þetta sé þarna alveg við þjóðveginn. Ég tel líka nokkra slysahættu af þessari námu því að oft á tíðum þegar vindar blása hart úr ákveðnum áttum eru þar mjög miklir sviptivindar. Gárungarnir hafa oft sagt að á þessum stað sé hægt að verða sér úti um ókeypis sandblástur á bílum. En að öllu gamni slepptu hafa margir kvartað undan því að bílar þeirra hafi orðið fyrir skemmdum þegar þeim hefur verið ekið þar fram hjá, þegar veður hafa verið válynd.

Virðulegi forseti. Við sem eigum reglulega leið þarna fram hjá höfum orðið vör við að vinnsla í þessari námu hefur mjög dregist saman. Þarna voru áður stórvirk tæki til malarvinnslu og oft mikið um að vera en undanfarin missiri er ekki að sjá að þar sé mikil starfsemi. Hins vegar er svæðið algjörlega ófrágengið og þar er enn þá mikið af möl. Enn er þar sandfok, það hef ég sjálfur sannreynt bara núna í vetur, jafnvel litlir steinar sem fjúka þar yfir veginn. Ég tel að þetta skapi tvímælalaust enn slysahættu.

Ég hef fyrir framan mig grein úr DV frá því 31. maí árið 2003. Þar kemur fram, í viðtali við eigendur þessarar námu, að þeir hafi m.a. verið í viðræðum við samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs um það hvernig þeir ætli að ganga frá svæðinu eftir sig, hvernig uppfyllingu verði komið fyrir í þessu sári í fjallshlíðinni og svæðið grætt upp. Síðan eru liðin þrjú ár og hefur ekkert gerst. Þess vegna kem ég upp og forvitnast um það hjá hæstv. ráðherra hvernig málum er háttað varðandi þessa malarnámu, nú þegar tæki og tól hafa verið fjarlægð. Getur ráðherra geti fært okkur einhverjar fréttir af því hvort þessari námu verði lokað og svæðið grætt upp? Ég tel tvímælalaust að það (Forseti hringir.) sé á vissan hátt á ábyrgð stjórnvalda í þessu landi.

[13:45]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Malarnám er eins og kunnugt er starfsleyfisskyldur rekstur samkvæmt lögum nr. 7 frá 1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Starfsleyfisútgáfan og eftirlitið er í höndum heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfissviði Reykjavíkur er Steypustöðin hf. með starfsleyfi til efnistöku úr námunni. Umhverfissviði Reykjavíkur hefur ekki verið tilkynnt um neinar breytingar þar á, en breytingar, þótt ekki sé nema á rekstraraðila, kalla á breytingar á starfsleyfi. Í þeim tilvikum þar sem starfsemi er hætt er hlutaðeigandi gert að ganga frá námusvæðinu í samráði við leyfisútgefanda og eftirlitsaðila. Þetta er mjög skýrt samkvæmt lögum.

Í tilefni fyrirspurnarinnar bað ég umhverfissvið Reykjavíkur um frekari upplýsingar um þetta mál, svo sem hvort annar rekstraraðili hafi tekið að sér vinnslu úr námunni, sem mundi þá kalla á leyfi til þess, eða hvort námuvinnslunni hafi verið hætt. Ekki hefur enn þá borist svar frá Reykjavíkurborg um þetta efni.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir svarið svo langt sem það náði. Ég veit að þetta mál heyrir á vissan hátt undir Reykjavíkurborg en mér þótti samt sem áður rétt að taka það upp í þingsalnum til að vekja athygli á því. Við erum meira að segja þess heiðurs aðnjótandi að hafa borgarfulltrúa í salnum sem situr hér og heyrir mál okkar, hv. þm. Helgi Hjörvar. Ég vona að hann taki þetta efni til gaumgæfilegrar athugunar í borgarstjórn Reykjavíkur og ég skora einnig á aðra borgarfulltrúa sem sitja á þingi og eru kannski að hlusta á mál okkar að taka þetta mál líka til gaumgæfilegrar umfjöllunar í borgarstjórn Reykjavíkur. Ég mun sjálfur sjá til að borgarfulltrúi F-listans, Ólafur F. Magnússon læknir, kanni þetta mál nánar innan borgarstjórnar Reykjavíkur, því að ég tel svo sannarlega að kominn sé tími til að eitthvað verði gert varðandi þetta svæði. Mér finnst algerlega ótækt að slík svæði séu látin vera eins og þetta svæði er árum saman eftir að ljóst er að stórum hluta vinnslunnar hefur verið hætt, eins og gapandi svöðusár í landslaginu, sár sem skapar jafnvel hættu fyrir vegfarendur. Það er enginn vafi á því að þetta skapar óþægindi fyrir vegfarendur. Ég tel algerlega ótækt að menn séu látnir komast upp með þetta.

Ég mundi gera það að tillögu minni að eigendum þessarar námu yrði tafarlaust gert að gera eitthvað í þessum málum, að gera hreint fyrir sínum dyrum og helst að sjá til þess að svæðið yrði grætt upp og gengið frá náttúrunni þannig að það sé mönnum sæmandi. Mér finnst að við slíkt ófremdarástand, sem ríkir nú á þessum stað og hefur gert mjög lengi, sé ekki hægt að una lengur og hvað sem öllum reglum varðandi malarnám líður þá sé tími til kominn að menn geri bragarbót á þessu máli.

[13:49]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tek undir tóninn í orðum síðasta hv. ræðumanns. *Ég vil segja almennt um þetta að auðvitað er þessi* starfsemi mikilvæg fyrir land og lýð, fyrir framkvæmdir við vegi og hús og fleira, en okkur hefur gengið furðu illa að taka upp einhver skynsamleg og hreinleg vinnubrögð í þessu efni. Það er sárara en bærilegt er að fara um landið og sjá allar þessar ófrágengnu námur. Enn eru menn að veltast um í gömlum námum vegna þess að okkur gengur illa að koma í gegnum þingið frumvarpi frá hæstv. umhverfisráðherra um gamlar námur og er illskiljanleg sú fyrirstaða sem við því er. Hins vegar er það auðvitað þannig að til eru reglur sem hreinlega á að fara eftir um frágang náma sem búið er að nýta. Það verður að (Forseti hringir.) ætla að sveitarfélögin fari betur eftir þeim og umhverfisráðherra ætti kannski að ganga betur eftir því.

[13:51]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Það er algjörlega ljóst að í þessum efnum gilda reglur. Það eru í gildi reglur um frágang náma og það er auðvitað mjög nauðsynlegt að farið sé að þeim reglum. Þetta er á ábyrgð sveitarfélaganna, það er ekki hægt að deila neitt um það.

Mér hefur þótt gott að heyra þá orðræðu sem hér hefur farið fram þannig að menn eru meðvitaðir um þetta. Ég þykist viss um að þeir þingmenn sem hafa tekið til máls munu kannski hnippa í þá aðila sem hafa verið sérstaklega nefndir hér í dag. (**MÁ:** Þú ætlar að senda lögguna á þá.)

Umræðu lokið.

Ljósmengun.

Fsp. MÁ, 672. mál. — Þskj. 984.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Þessari fyrirspurn hefur verið valið nafnið ljósmengun í samræmi við það orðalag sem á henni er. Í raun og veru væri nær að kalla hana jákvæðara nafni. Það mætti t.d. kalla hana „varðveisla næturhiminsins“ eða „skynsamleg orkunýting“ eða „samkomulag nágranna um næsta umhverfi sitt“, vegna þess að alla þessa þrjá þætti spannar þetta hugtak, ljósmengun, sem er tiltölulega nýtt og var fyrst fest í Alþingistíðindi í fyrra í fyrirspurn sem ég flutti þá og var raunar orðuð á nákvæmlega sama hátt.

Það er í fyrsta lagi óþægindi og ami að því fyrir nágranna ljósmengandi staða að stilla ekki ljósmagni í hóf, sérstaklega á það auðvitað við um nætur eins og menn þekkja sem hafa búið við slíkt. Það getur verið ami að því að búa á ljósmiklum svæðum og full ástæða til að taka mark á kvörtunum af því tagi. Í öðru lagi vakna spurningar í þessu sambandi um orkunýtingu, hvort menn séu að nýta orkuna skynsamlega á þeim tímum þar sem orkan skiptir alltaf meira og meira máli og verður dýrari og dýrari, hvort sem mælt er í krónum á bensíntunnu eða í umhverfisspjöllum á landi þar sem menn eru að lýsa beint upp í loftið og verja hugsanlega helmingi meiri orku en þarf þegar meiningin var að lýsa beint niður á t.d. umferðarmannvirki eða aðra merkilega staði sem þarf lýsingar við.

Í þriðja lagi eru það svo þau mikilvægu lífsgæði sem felast í því að mannkynið geti notið fegurðar alstirnds næturhimins. Það er sannarlega mikil upplifun að gera það og vekur hugrenningar sem allir kannast við um stærð veraldarinnar og eðli guðs almáttugs og eigin smæð sem ýmsum er hollt að hugsa meira um, bæði í þingsalnum og þeim sem utan hans standa, og er ákaflega mikilvægt uppeldislegt mál fyrir börnin okkar. Ég verð að segja að frá uppeldi mínu hér í Reykjavík man ég eftir þessum alstirnda næturhimni. Lýsingin var ekki meiri en svo að það mátti fara hérna rétt niður í Vatnsmýri eða út fyrir götuna til þess.

Nú hefur þeim stöðum í hinni eiginlegu Reykjavík mjög fækkað og það þarf að fara nokkuð langa leið til að losna við ljósmengun, jafnvel allt til Þingvalla, að Kleifarvatni eða á hæðir nokkuð fyrir utan byggð.

Ég vil spyrja umhverfisráðherra, þó að ég viti að þetta sé kannski ekki það mál sem mest brennur á í umhverfisráðuneytinu og í störfum hennar, hvort þetta hafi verið hugleitt á hennar vegum (Forseti hringir.) og hvort einhver ráðagerð sé til í þessu efni.

[13:55]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Eins og við vitum öll stafar ljósmengun af mannlegum umsvifum þegar mikil lýsing veldur því að stjörnuhiminn sést illa. Í íslenskum lögum eru engin ákvæði eða skilgreiningar er varða ljósmengun beint eða aðgerðir til að takmarka hana. Það eru t.d. engar vísbendingar í lögskýringargögnum með lögum nr. 7 frá 1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, eða í fyrri lögum um sama efni, að þeim hafi verið ætlað að taka til ljósmengunar.

Hins vegar er gert ráð fyrir því í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir að ráðherra setji í reglugerð almenn ákvæði um tiltekin atriði til að stuðla að mengunarvarnaeftirliti, en ráðstafanir til að sporna gegn ljósmengun og athugun á henni falla ekki þar undir. Það er því alveg ljóst að ættu stjórnvöld að takmarka hugsanlega ljósmengun þyrfti að festa í lög ákvæði þar um.

Ljósmengun hefur ekki verið til umfjöllunar í ráðuneytinu fram til þessa. Það hafa ekki komið fram neinar beinar tillögur í þá veru, hvorki frá stofnunum ráðuneytisins né öðrum, og þar að auki hafa ekki farið fram rannsóknir hér á landi um t.d. viðhorf almennings eða ferðamanna til ljósmengunar eða á umfangi og útbreiðslu hennar. Hins vegar er auðvitað alveg ljóst að það eru kannski fáar borgir og bæir í veröldinni meira upplýst en hér hjá okkur. Mér er það fullkomlega ljóst.

Það er samt vitað að hingað koma ferðamenn í þeim tilgangi einum að skoða norðurljósin. Ég tel að það sé mjög vel mögulegt að njóta næturhimins víða um landið og fara þarf bara tiltölulega stutt frá þéttbýli í flestum tilvikum til þess. Aftur á móti varða mjög margar athugasemdir og fyrirspurnir um ljósmengun lýsingu í gróðurhúsum. Það hefur aðallega verið umkvörtunarefni hér á landi þar sem notuð eru notuð sterk ljós sem sjást stundum mjög langt að. Slíkur ljósbjarmi, sem berst langar leiðir frá þéttbýli eða jafnvel orlofshúsabyggð, er algengur hér á landi á vetrarkvöldum og nóttum. Það væri auðvitað auðvelt að laga þetta, a.m.k. að draga úr því með daufari ljósum og betri frágangi. Þá er líka mögulegt að nota lampa í gróðurhúsin sem nýta ljósið betur og beina því ekki upp. Sveitarfélög geta tekið á þessu málum, t.d. á vettvangi skipulagsmála og í vinnu við Staðardagskrá 21. Það væri möguleiki að skoða þessi mál sérstaklega í tengslum við þetta.

Ég vil geta þess í tilefni af þessu að árið 2000 setti Borgarbyggð ákvæði í umhverfisstefnu sína sem kveður á um að við uppsetningu og endurnýjun götulýsingar verði þess gætt að ljósmengun utan svæðis verði í lágmarki. Hins vegar hefur það ekki verið sett í forgang í umhverfisráðuneytinu að athuga ljósmengun hér á landi eða að gera sérstakar áætlanir í þá veru, a.m.k. ekki í náinni framtíð. En ég vil hins vegar segja það hér, og hef raunar sagt það áður, að mér finnst þessi umræða mjög athyglisverð og eins og fyrirspyrjandi nefndi réttilega geta verið óþægindi og ami að því að ljósmagni sé ekki stillt í hóf.

Ég vil geta þess sérstaklega, af því ég nýt þeirra forréttinda að búa úti í sveit, að ég viðurkenni það að ég sé til þess að slökkva ljós á kvöldin svona um tíuleytið. Það er auðvitað fyrst og fremst vegna þess að mér finnst dýrðlegt að geta notið þeirra forréttinda að sjá stjörnubjartan himin

og þau fyrirbæri sem eru á næturhimninum. Það eru sannarlega mikil lífsgæði og ég tek undir að það eru líka heilmikil uppeldisáhrif í því fólgin að geta notið þeirra fyrirbæra sem eru á hinum dýrðlega næturhimni á Íslandi.

[14:00]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að ljósmengun er nokkuð sem við ættum að ræða. Fyrir ætti að liggja áætlunargerð af hálfu stjórnvalda hvað það varðar. Það kemur mér á óvart hve framandi þessi umræða er hæstv. umhverfisráðherra.

Það liggur fyrir að á Íslandi er ljósanotkun mjög glannaleg og er mikil orkusóun á Íslandi. Það blasir við öllum sem skoða aðeins í kjölinn á málinu. Þótt seint sé og búið að byggja upp mikið af nútímalegu og öflugu þéttbýli á suðvesturhorninu er ekki of seint að grípa í taumana með þeim hætti að fyrir liggi aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að takmarka ljósmengun og ná utan um vandamálið. Það er sjálfsagt að stilla þessu í hóf. Þetta er sóun eins og hver önnur sóun og þetta er mengun eins og hver önnur mengun.

Ég skora á hæstv. umhverfisráðherra, sem tekur fyrirspurninni vel, að ráðast í slíka áætlanagerð.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir hlý svör og björt, þannig að orðin hæfi efninu. Ég spurði í fyrra þann sem þá sat í stól umhverfisráðherra, sem svaraði kannski ekki öðruvísi efnislega en þótti málið hálffáránlegt og hafði engan áhuga á því. En ég sé hins vegar að núverandi hæstv. umhverfisráðherra hefur áhuga á málinu og ég fagna því.

Ég held að kominn sé tími til að undirstofnanir umhverfisráðuneytisins hyggi að þessu máli með rannsókn og athugun og hugsanlegum ráðagerðum í framhaldinu, hvort sem það yrði í formi laga eða a.m.k. einhvers konar leiðbeininga eða reglugerða. Það er rétt hjá hæstv. umhverfisráðherra að einstök sveitarfélög, Hveragerði, Borgarbyggð að ég held örugglega, hafi reynt að sporna við of miklu ljósi. Það hefur auðvitað einkum verið í kringum gróðurhús. Það er stundum þannig, þegar ekið er niður þar sem einu sinni hétu Kambarnir, að manni finnst að það sé geimstöð hinum megin fjallsins en ekki mannabyggð. Það er auðvitað sérstakt vandamál en þetta á ekki eingöngu við þar.

Í fyrra leitaði ég á netinu að því sem þar væri að finna um ljósmengun og sló það orð inn. Mig minnir að ég hafi fundið undir 100 síðum og reyndar ágætar greinar þar, frá Birgi Þórðarsyni og stjörnuskoðunarmönnum á Seltjarnarnesi, Þorsteini Sæmundssyni og fleirum. Ég sló orðinu aftur inn í dag og nú birtist það á 515 síðum. Það bendir til þess að áhugi sé að aukast á þessu efni og kannski vandinn líka.

Ég er með mynd sem ég get ekki sýnt mönnum í Alþingistíðindum eða á netinu. En hún er tekin er af NASA. Ég fann hana á einni af þessum síðum, í grein eftir Birgi Þórðarson. Hún sýnir ljós á Íslandi séð úr gervihnetti. Þar sést að stór svæði á landinu eru þakin ljósi að nóttu til. Ég ætla, ráðherranum til uppörvunar og hvatningar, að gefa honum þessa mynd á eftir.

[14:04]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Þetta hefur verið mjög athyglisverð umræða, um mál sem er full ástæða til fyrir okkur öll að velta fyrir okkur. Mér finnst það til fyrirmyndar að til séu sveitarfélög sem þegar hafa gefið þessum málum sérstakan gaum og gert áætlanir til að draga úr ljósmengun.

Ég held að í raun sé það nokkuð sem við getum séð fyrir okkur að fleiri muni gera í kjölfarið.

Umræðu lokið.

Umferðaröryggi á Kjalarnesi.

Fsp. BÁ, 680. mál. — Þskj. 996.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Birgir Ármannsson):

Hæstv. forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um umferðaröryggi á Kjalarnesi. Eins og hv. þingmönnum er ljóst er þjóðvegur 1, þar sem hann liggur um Kjalarnes, einhver fjölfarnasti vegarkafli landsins. Þar er um að ræða þjóðleið milli höfuðborgarsvæðisins og Vestur- og Norðurlands og liggur fyrir að þungi þeirrar umferðar hefur vaxið verulega á undanförnum árum. Kemur þar m.a. til sú þróun að þungaflutningar hafa stöðugt færst í vöxt á undanförnum árum og færst yfir á vegakerfið. Auk þess hefur mikil uppbygging orðið á Vesturlandi, m.a. á Grundartanga, og fjölgun íbúa sem því fylgir hefur leitt til þess að umferð hefur aukist verulega.

Þessi þróun kallar að sjálfsögðu á aðgerðir og uppbyggingu í vegamálum á þessu svæði. En það má einnig nefna að á Kjalarnesi hefur á undanförnum árum byggst upp allfjölmennt íbúðahverfi, Grundarhverfi. Það er að sjálfsögðu mikið hagsmunamál fyrir íbúa þar að samgöngumál séu í lagi, ekki síst með tilliti til umferðaröryggis. Íbúar hafa áhyggjur af þeim þunga sem eru í umferðinni þar og umferðarmagninu. Þeir hafa bent á að nauðsynlegt sé að huga sérstaklega að aðgerðum til að tengja þjóðveginn og íbúahverfið betur en nú er gert.

Hæstv. forseti. Þessu til viðbótar má nefna stærsta umferðarmálið á þessu svæði. Það er að sjálfsögðu lagning Sundabrautar og tenging hennar við Kjalarnes. Það hefur auðvitað legið lengi fyrir, eins og hv. þingmenn vita, að ríkisstjórnin hefur fullan vilja til að hefja verkið en misvísandi yfirlýsingar núverandi borgarstjórnarmeirihluta í Reykjavík, og að því er virðist viljaleysi til að taka af skarið í þessum efnum, er til þess fallið að trufla framgang málsins verulega. Nýlegar yfirlýsingar formanns skipulagsnefndar borgarinnar og borgarstjóraefnis Samfylkingarinnar, Dags B. Eggertssonar, eru þess eðlis að því meira sem hann talar um efnið því erfiðara er að átta sig á því hvað hann vill raunverulega. Ég tel óhjákvæmilegt að nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. samgönguráðherra um viðbrögð hans við yfirlýsingum af hálfu forustumanna R-listans í þessum efnum, um hvaða áhrif þau sjónarmið sem komið hafa fram af þeirra hálfu hafa á áform samgönguyfirvalda að þessu leyti.

[14:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson spyr:

„1. Hvaða áform eru uppi af hálfu samgönguyfirvalda um vegabætur í þágu umferðaröryggis á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi?

2. Eru sérstaklega fyrirhugaðar breytingar á vegtengingu við þéttbýlið á Kjalarnesi?

3. Hvenær má vænta framkvæmda við breytingar af þessu tagi?"

Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á því mikilvæga máli sem umferðaröryggi á Kjalarnesi er. Umferðaröryggisaðgerðir í nágrenni við Grundarhverfi eru aðkallandi verkefni sem ég hef kynnt mér sérstaklega. Þess ber að geta að nú þegar hafa verið framkvæmdar tilteknar aðgerðir sem eru í þágu umferðaröryggis á svæðinu.

Til að setja þetta mál í rétt samhengi er nauðsynlegt að halda nokkrum atriðum til haga, sem lúta að legu Vesturlandsvegar um Kjalarnes í tengslum við lagningu Sundabrautar. Sú staða sem uppi er í skipulagsmálum Reykjavíkurborgar og snýr að legu fyrirhugaðrar Sundabrautar er með miklum ólíkindum. Missiri eftir missiri eru samgönguyfirvöld dregin á svari um hvar Sundabraut megi liggja yfir Kleppsvíkina. Hver afsökunin er nefnd af annarri. Nú síðast á fundi borgarstjórnar í gær hélt Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs borgarinnar, því fram að málið tefjist vegna þess að enn sé óvissa um fulla fjármögnun verksins. Þetta er auðvitað alger firra. Formanni skipulagsráðs væri nær að vinna heimavinnuna sína og fylgjast með því sem er hið sanna og rétta í málinu. Það ætti að nægja honum að fylgjast með fréttum til að hann viti betur. (Gripið fram í.) Raunin er sú að formaðurinn veit betur en kýs að fara með rangt mál í þessu til að fela aðgerðaleysið í eigin ranni. Það er leitt til þess að vita að hugtakið „dagsatt" fái nýja og miður góða merkingu þessa dagana.

Rétt er að minna á í þessu sambandi, ef hv. þingmenn Samfylkingarinnar vildu gefa mér hljóð, að það er formaður skipulagsráðs ... (**BjörgvS:** Þetta er bara dapurlegt hjá þér, að veitast að fjarstöddum manni.) (Forseti hringir.) Því miður var ég ekki í borgarstjórnarsalnum í gær þar sem þetta var til umræðu. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) En rétt er að minnast á í þessu sambandi að það er formaður skipulagsráðs, Dagur B. Eggertsson, (Gripið fram í.) sem er sá eini sem heldur þeirri skoðun á lofti að það eigi að kjósa sérstaklega um legu Sundabrautarinnar. Ekki verður það til að flýta framkvæmdum heldur miklu frekar til að losna við að taka ákvörðun um málið sem kjörnir borgarfulltrúar eiga að sjálfsögðu að gera. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa borgarinnar að taka ákvörðun um þetta mál. Það er kominn tími til að þeir geri það.

Þar sem Reykjavíkurborg hefur dregið þessa ákvörðun út í hið óendanlega þannig að ekki er unnt að hefja verkhönnun, sem er undanfari útboðs, tel ég óhjákvæmilegt að láta kanna það af fullri alvöru hvort ekki sé rétt að hefja framkvæmdir við Sundabraut að norðanverðu. Með því væri verkið tekið úr þeirri gíslingu sem það er í í dag. Ég sé fyrir mér að kannað verði að hefjast handa við framkvæmdir með breikkun vegarins á Kjalarnesi milli syðri gangamunna Hvalfjarðarganga að þeim stað þar sem fyrirhugað er að Sundabraut þveri Kollafjörð. Með þeirri aðgerð væri umferðaröryggismálum á Kjalarnesi og í nágrenni Grundarhverfis komið í gott horf. Tengingar við hverfið og milli svæða þess yrðu með besta móti og fyllsta umferðaröryggis gætt, eins og að sjálfsögðu er stefnt að. Verði þetta niðurstaðan mun þessi hluti framkvæmdanna koma inn í endurskoðaða vegáætlun fyrir árin 2007–2010 og tel ég ekkert því til fyrirstöðu að framkvæmdir eigi sér stað á fyrri hluta þess tímabils og gætu hafist á næsta ári í þágu umferðaröryggis á þessu svæði.

[14:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér þóttu nokkur tíðindi felast í svari hæstv. samgönguráðherra. Það er að sjálfsögðu fagnaðarefni ef menn taka ákvörðun um að fara út í að brekka veginn á Kjalarnesi frá suðurmunna Hvalfjarðarganga í áttina að þeim stað þar sem fyrirhuguð Sundabraut á að koma. Þessi kafli er á margan hátt mjög varasamur. Þarna er mikil umferð og mikið um framúrkeyrslur. Ég tel að það væri fyllilega réttlætanlegt að þessi kafli yrði tvöfaldaður og þess vegna byrjað á því nú sem allra fyrst, áður en farið yrði í framkvæmdir við hina svokölluðu Sundabraut.

Það er í sjálfu sér ámælisvert hversu verkið hefur tafist. Það er ámælisvert. Það er alveg óskiljanlegt að menn skuli ekki geta komist að niðurstöðu um það hvar Sundabrautin eigi að liggja. Þetta þarf ekki að vera svo flókin ákvörðun. Við í Frjálslynda flokknum höfum ákveðnar skoðanir á því hvernig hún eigi að vera. Tíminn leyfir ekki að fara út í þær umræður hér og nú en tvöföldun þessa kafla væri skref í rétta átt.

[14:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra opinberaði það hve vandræðalegt ástandið er. Hæstv. ráðherra hefur enga framkvæmdaáætlun fyrir allt þetta verkefni. Framkvæmdaáætlun þyrfti að liggja fyrir nú þegar, ekki bara fyrir Sundabraut heldur líka um veginn frá Kjalarnesi og upp að göngum, fyrir breikkun Hvalfjarðarganga og framhald þess verkefnis alla leið upp í Borgarnes. Slík framkvæmdaáætlun ætti að liggja fyrir.

Hæstv. samgönguráðherra hefur ekki sinnt þeirri vinnu og hefur ekki heldur enn þá komið fram með áætlun um hvernig eigi að fjármagna þann hluta verkefnisins sem mest er rifist um, sem er Sundabraut. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að líta sér nær, fremur en að skjóta á aðra þegar hann hefur ekki staðið sig betur en þetta.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er ekki að verða til framkvæmdaáætlun fyrir þetta verkefni sem allt saman hangir saman í raun og veru, eða hvað?

[14:15]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Allir vita hvernig samgönguráðherra Sjálfstæðisflokksins hefur varið skattfé því sem að mestu kemur af höfuðborgarsvæðinu fyrst og fremst til vegaframkvæmda úti á landi. Hann gengur trúlega frá samningi um Héðinsfjarðargöngin eftir helgi. Um leið gerir hann þá

kröfu til Reykjavíkur að ef hér sé vandað betur til verka en ódýrast er eigi Reykvíkingar að greiða það sérstaklega og gildi þannig einhverjar sérstakar reglur um Reykvíkinga umfram aðra. Það er auðvitað fráleitt og hefur tafið verkið sem ráðherrann veit að var marga mánuði hjá umhverfisráðherra að bíða úrskurðar á síðasta ári.

Framtaksleysi hæstv. samgönguráðherra er með þeim hætti að Faxaflóahafnir sf. hafa lýst sig reiðubúnar til að leggja Sundabrautina fyrir hann, vegna þess að hann kemst aldrei af stað. Nú hefur Sjóvá boðist til að leggja Suðurlandsveginn fyrir hann yfir Hellisheiðina vegna þess að þar kemst hann heldur ekki spönn frá rassi. (Forseti hringir.) Hann kýs hins vegar (Forseti hringir.) að ráðast hér úr ræðustóli Alþingis að fjarstöddum mönnum (Forseti hringir.) með því að uppnefna þá og er honum réttur sómi sýndur með þeirri (Forseti hringir.) framgöngu sinni.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn um að gæta að ræðutímanum, hann er knappur, ekki nema ein mínúta, og hlýða forseta þegar hringt er.)

[14:16]

Björgvin G. Sigurðsson:

Lengi verður, frú forseti, smátt smærra og dvergsmæð hæstv. ráðherra í umræðunni í dag verður örugglega lengi í minnum höfð og fer áreiðanlega í sögubækur Alþingis. Þvílík framganga, þvílíkur dólgsháttur að fela eigin umkomuleysi, að fela eigin ráðleysi og þá hlægilegu dapurlegu stöðu sem hæstv. ráðherra hefur innan ríkisstjórnarinnar, þar sem honum tekst ekki að fá neitt framkvæmdafé til neinna stórra framkvæmda.

Engar aðgerðaráætlanir liggja fyrir um stærstu verkefnin í landinu. Hann hleypur nú í skjól einkafyrirtækja til fjármögnunar á helstu samgönguverkefnum þjóðarinnar en uppnefnir fjarstadda sveitarstjórnarmenn úr ræðustól Alþingis, þar sem þeir fá engum vörnum við komið. Þvílík smámennska, virðulegi forseti. Þvílík framganga hjá ráðherra hvers ferill er einhver mesta vonbrigðaganga seinni tíma sögu í íslenskum stjórnmálum. (Forseti hringir.) Þvílíkur dólgsháttur.

[14:17]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjanda fyrir að bera upp þessa spurningu. Það veitir ekki af því að ræða umferðaröryggi, sérstaklega á þessum kafla. Mér finnst vel við hæfi að hrósa lögreglunni fyrir að hafa vakandi auga með þessum vegarkafla.

Hins vegar ég verð að lýsa furðu á svörum hæstv. ráðherra. Hann lýsir sjálfum sér sem umkomulausum, hálfgerðum ræfli í gíslingu eins sveitarstjórnarmanns í Reykjavík. Mér finnst ekki mikið leggjast fyrir kappann. Það verður að segjast eins og er.

En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra út í það er hann minntist á að ganga þyrfti frá vegarkaflanum við Grundarhverfið, gatnamótunum þar. Ég vil spyrja hann hvernig hann sjái það fyrir sér: Sér hann fyrir sér mislæg gatnamót eða hvernig hyggst hann ganga frá þessum vegarkafla? Hann hefur haft rúman tíma til að hugsa fyrir því. Í því hefur ekki tafið fyrir honum það sem hann bar fyrir sig (Forseti hringir.) hvað varðar verks eins ágæts (Forseti hringir.) borgarstjórnarfulltrúa.

[14:19]

Mörður Árnason:

Forseti. Það var einu sinni maður í vandræðum. Það var um miðja nótt um páskaleytið. Hann var í þeim vandræðum að hann var staddur í Jerúsalem og þurfti að þjóna tveimur herrum, annars vegar sjálfum sér og lífi sínu og hins vegar þeim málstað sem hann hafði lagt trúnað á. Um þennan mann orti Hallgrímur Pétursson þá línu að þá væri „Pétur með sturlan stærsta“ sem hann fór um garðinn þegar galað var þrisvar.

Mér sýnist að hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson sé í svipuðum vanda og „Pétur með sturlan stærsta“. Kerlingin var spurð hvað sturli þyddi og hún taldi, af því að þetta var um miðja nótt og Pétur var að þvælast í borginni, að hann væri með koppinn með sér. Um það má lesa í þjóðsögum Jóns Árnasonar.

Annars vegar hefur samgönguráðherra einlægan áhuga á verki sínu en hins vegar er hann í þjónustu Sjálfstæðisflokksins, barinn áfram af borgarstjórnarminnihlutanum í Reykjavík til að standa í eilífri styrjöld og skærum við réttkjörinn meiri hluta Reykvíkinga og koma í veg fyrir (Forseti hringir.) að Reykvíkingar og nærsveitamenn fái þær samgöngubætur (Forseti hringir.) sem þeir eiga rétt á.

[14:20]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Hér hefur verið settur af stað skrípaleikur og leikrit sett á svið. Sannleikurinn er sá að Reykjavíkurborg hefur verið í gíslingu andúðar samgönguráðherra og sjálfstæðismanna að því er varðar vegaframkvæmdir innan Reykjavíkur. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr!) Það fjármagn sem hefur fengist til vegaframkvæmda innan Reykjavíkur hefur fengist seint og illa og það hefur líka verið skilyrt. Ég vil í þessu sambandi nefna óhappaframkvæmdina Hringbraut, sem var skilyrt. Þar var engu hægt að hnika til nema hún yrði lögð með þeim hætti sem hún var gerð. (**Samgrh.:** Það er rangt.)

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Birgir Ármannsson):

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin og þá yfirlýsingu sem hann kom með varðandi vegbætur í tengslum við Grundarhverfi, sem ég held að sé afskaplega mikilvægt mál. Það er mikilvægt að huga að því og finna lausn sem tryggir umferðaröryggi á því svæði.

Hins vegar vil ég líka bregðast við þeirri gríðarlegu taugaveiklun sem greip um sig meðal hv. þingmanna Samfylkingarinnar, sem komu hver á fætur öðrum í ræðustól, orðvörustu menn Samfylkingarinnar að jafnaði sem aldrei víkja neikvæðu orði að nokkrum manni hvorki utan þings né innan, komu upp í röðum og báru skjöld fyrir félaga sinn, borgarfulltrúann Dag B. Eggertsson.

Ekkert af því sem kom fram í máli þeirra og ekkert af því sem þeir sögðu breytir vandræðaganginum af hálfu R-listans í þessu máli. Skorturinn á ákvarðanatöku, óákveðnin þegar kemur af því að taka af skarið í þessum efnum, gerir það að verkum að hæstv. samgönguráðherra hefur verið í

verulegum vandræðum við það að koma þessu máli áfram. Í hvert skipti sem kemur að því að gera eitthvað í þessum málum koma fulltrúar R-listans, hvort sem það er borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson eða einhverjir aðrir, með nýjar hugmyndir, einhverjar nýjar útfærslur og einhverjar nýjar leiðir. Það skortir gersamlega á að af hálfu borgaryfirvalda séu teknar ákvarðanir og sú stefna mörkuð sem nauðsynleg er til að hægt sé að koma þessu máli áfram.

Ég fagna því að hæstv. samgönguráðherra hafi gefið þær yfirlýsingar sem frá honum komu í sambandi við þessar framkvæmdir. (Forseti hringir.) Það undirstrikar hversu (Forseti hringir.) mikilvægt er fyrir Reykvíkinga að farið verði í (Forseti hringir.) Sundabraut sem fyrst.

[14:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það sannast að sannleikanum verður hver sárreiðastur þegar hlustað er á málflutning hv. þingmanna Samfylkingarinnar. Ræða hv. þm. Helga Hjörvars kemur náttúrlega ekki á óvart því þetta er sennilega í þrítugasta skiptið sem hann heldur þá ræðu, í hvert einasta skipti sem hann fær færi á að tala við samgönguráðherra. En það liggur hins vegar fyrir að það er á valdi sveitarfélaganna í landinu að fara með skipulagsmál. Lega Sundabrautarinnar er partur af því verkefni. Með sama hætti var það á valdi sveitarstjórnarinnar í Reykjavík að taka ákvörðun um mislæg gatnamót á mörkum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Sú framkvæmd var slegin út af borðinu með tilstyrk hv. þm. Helga Hjörvars.

Með sama hætti var það Reykjavíkurborg sem réð legu Hringbrautarinnar, hvað sem hv. þingmaður og hæstaréttarlögmaður sem hér talaði fyrr, segir um það efni. Það eru borgaryfirvöld sem fara með skipulagsmálin og Vegagerðin og samgönguyfirvöld hafa beðið eftir niðurstöðu borgaryfirvalda hvað þetta varðar. Þingmenn vita það vegna þess að það var afgreitt frá Alþingi, gert ráð fyrir 8 milljörðum kr. til fyrsta áfanga Sundabrautarinnar. Við höfum lýst því yfir að við gerðum ráð fyrir því að framkvæmdin yrði sett af stað í heilu lagi og að sjálfsögðu fjármögnuð. (**Gripið fram í:** Hálfa leið.) Allt tal um að fara hálfa leið er frá Samfylkingunni, hv. borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni sem bjó til þá kenningu.

Hv. þingmenn verða að lesa heima og átta sig á því að ábyrgð sveitarfélaganna er að sinna skipulagsverkefnunum. Við höfum tekið ákvörðun um að leggja Sundabraut en bíðum enn eftir því að niðurstaða fáist í hvar hún eigi að liggja. Í því liggur minn vandi.

Umræðu lokið.

ILO-samþykkt um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Fsp. VF, 756. mál. — Þskj. 1105.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra varðandi svokallaða ILO-samþykkt um uppsögn starfsmanna af hálfu atvinnurekenda. Á heimasíðu verkalýðsfélagsins Hlífar má m.a. sjá útfærslu á aðalatriðum samþykktarinnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Reglur um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

1. gr.

Atvinnurekandi skal ekki segja starfsmanni upp starfi nema til þess sé gild ástæða í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns, eða uppsögnin sé sannanlega byggð á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar.

2. gr.

Eftirtalin atriði eru meðal þeirra sem ekki teljast gildar ástæður til uppsagnar:

a. aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi stéttarfélags utan vinnutíma, eða í vinnutíma með samþykki atvinnurekanda;

b. að leita eftir því að gegna trúnaðarstarfi sem trúnaðarmaður launafólks eða starfa eða hafa starfað sem slíkur“ — o.s.frv.

Fleiri atriði eru nefnd en síðan segir, með leyfi forseta:

„e. fjarvist frá vinnu í fæðingarorlofi;

f. aldur starfsmanns;

g. fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa.

3. gr.

Atvinnurekandi skal ávallt, með eins góðum fyrirvara og hægt er, upplýsa viðkomandi stéttarfélag og trúnaðarmann um ástæðu uppsagnar starfsmanns. Ef atvinnurekandi, einhverra hluta vegna, bregst þeirri skyldu sinni að upplýsa félagið og viðkomandi trúnaðarmann tímanlega um uppsögn starfsmanns þá telst uppsögnin ógild.“

Jafnframt segir í 6. gr.:

„Þegar atvinnurekandi hefur í hyggju uppsagnir af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum skal hann:

a. með góðum fyrirvara gefa viðkomandi stéttarfélagi og trúnaðarmanni viðeigandi upplýsingar, þar á meðal ástæður fyrirhugaðra uppsagna, fjölda starfsmanna, starfsheiti og á hvaða tímabili gert er ráð fyrir að uppsagnir fari fram.“

Eins og hér kemur fram, frú forseti, þá er þessi ILO-samþykkt nr. 158 afskaplega þýðingarmikil fyrir íslenska starfsmenn. Ísland eitt Norðurlanda hefur ekki fullgilt samþykktina. Mörg önnur Evrópuríki hafa gert það. Hvers vegna Ísland hefur ekki gert það veit ég ekki og spyr því hæstv. félagsmálaráðherra:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, verði lögleidd hér á landi? Ef ekki, hvers vegna?

[14:29]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Valdimar L. Friðriksson hefur beint til mín fyrirspurn um hvort ég muni beita mér fyrir því að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, verði lögleidd hér á landi og ef ekki, hvers vegna.

Fyrst vil ég geta þess að spurningin um fullgildingu

ILO-samþykktarinnar hefur þrívegis komið til athugunar á vettvangi félagsmálaráðuneytisins frá því að skýrslu um 68. alþjóðavinnumálaþingið árið 1984 var dreift til þingmanna, fyrst árið 1985, síðan árið 1994 og þá árið 2005. Í árslok 1994 var Alþjóðavinnumálastofnuninni send skýrsla íslenskra stjórnvalda um framkvæmd samþykktar nr. 158 sem tekin var saman á grundvelli 19. gr. stofnskrár ILO. Niðurstaða þeirrar athugunar sem fram hefur farið hefur leitt í ljós að aðstæður á Íslandi hafa ekki verið og eru ekki að öllu leyti í samræmi við ákvæði samþykktarinnar. Forsenda fullgildingar er að aðstæðum sé breytt er til samræmis við það sem áskilið er í samþykktinni. Það er hægt að gera með tvennum hætti, með kjarasamningum aðildarsamtaka vinnumarkaðarins eða lagasetningu.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að eiga sem best samstarf við aðildarsamtök vinnumarkaðarins og láta þeim sem mest eftir að semja um þær reglur sem gildi í samskiptum launafólks og atvinnurekenda. Fyrir tæpu ári hélt þáverandi félagsmálaráðherra samráðsfund með fulltrúum Alþýðusambandsins. Við það tækifæri voru honum kynntar ályktanir sem ársfundur ASÍ hafði samþykkt. Þeirra á meðal var áskorun til félagsmálaráðherra um að beita sér fyrir fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Það varð að ráði að fela samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að fara yfir málið en í henni eiga sæti fulltrúar Samtaka atvinnulífsins og ASÍ auk ráðuneytisins.

Á minnisblaði til félagsmálaráðherra, dagsettu 13. október 2005, gerði samráðsnefndin grein fyrir umfjöllun nefndarinnar um þetta mál. Á minnisblaðinu kemur fram að Alþýðusambandið telji að aðstæður á vinnumarkaði hafi breyst verulega á undanförnum árum, krafan um meiri framleiðni hafi orðið ákveðnari og henni hafi fylgt endurskipulagning fyrirtækja og uppsagnir með tilheyrandi ólgu og óöryggi. Málið snúist ekki um að vefengja rétt atvinnurekenda til að segja upp starfsmanni heldur fyrst og fremst um rétt starfsmanna til að fá upplýsingar um ástæður uppsagnar og hvort þær byggist á málefnalegum ástæðum.

Alþýðusambandið hefur bent á að starfsmönnum sé mismunað á þessu sviði eftir því hvort þeir starfa á almennum vinnumarkaði eða í þjónustu hins opinbera. Á minnisblaðinu kemur fram að sjónarmið atvinnurekenda varðandi fullgildingu samþykktarinnar eru óbreytt. Samtök atvinnulífsins leggja höfuðáherslu á að varðveita sveigjanleika íslensks vinnumarkaðar og telja að hann hafi leitt til þess að atvinnusköpun og uppbygging hafi verið hraðari hér eftir efnahagssamdráttinn í nágrannalöndunum. Þau telja skýringuna fyrst og fremst sveigjanleika reglna í atvinnulífinu. Samtök atvinnulífsins telja að auki að ráðningarvernd komi verst niður á þeim hópum sem síst skyldi, þ.e. hópum sem standa lakast á vinnumarkaðnum. Ósveigjanlegar reglur á þessu sviði haldi slíkum hópum utan við vinnumarkaðinn. Samtökin telja að samþykkt nr. 158 ekki gott form á ráðningarverndinni.

Af þessu sést að býsna langt er milli sjónarmiða samtaka atvinnurekenda og launafólks í þessu máli. Það er hins vegar sameiginlegt hagsmunamál launafólks, fyrirtækja og samfélagsins í heild að á íslenskum vinnumarkaði ríki góður vinnuandi og starfsmenn búi við sem best vinnuskilyrði.

Ég hef með hliðsjón af þessu ákveðið að fela Rannsóknarsetri vinnuréttar og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann í Bifröst að semja tillögur að leiðbeiningareglum í anda þess sem kemur fram í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158. Tillaga Rannsóknarseturs vinnuréttar og jafnréttismála um samskiptin við Alþjóðavinnumálastofnunina verður lögð fyrir samráðsnefnd ráðuneytisins og helstu samtaka vinnumarkaðarins. Tillagan verður lögð þar fram til umfjöllunar en ég legg áherslu á það að farsælast er að aðilar vinnumarkaðarins semji um þær reglur sem gilda í samskiptum launafólks og atvinnurekenda.

[14:33]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Þingflokkur VG hefur í þrígang flutt frumvarp til lögleiðingar á því að uppsagnir séu málefnalegar og rökstuddar og auk þess með miskaákvæði. Málið snýst um ákveðin grundvallaratriði sem ég veit að hæstv. félagsmálaráðherra skilur mætavel. Það snýst um virðingu fyrir fólki, það snýst um gegnsæi og það snýst um lýðræði.

Þessar samþykktir varðandi uppsagnir hafa verið lögleiddar í langflestum löndum Evrópu og ekki þótt neitt mál. Þetta er enginn kostnaðarauki fyrir fyrirtæki en uppsögn starfsmanns skiptir verulegu máli fyrir hann því að ómálefnaleg uppsögn stefnir lífsafkomu launamanna í hættu fyrir utan þá miklu móðgun sem felst í uppsögninni. Ég hvet því hæstv. ráðherra, auk þess að þakka fyrir svörin, til að horfa á þetta með opnum hug þannig að virðing starfsmanna og lýðræði og réttindi þeirra séu tryggð til fulls.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir svörin. Mörgum í verkalýðshreyfingunni finnst hafa staðið upp á forvera hans í starfi, síðustu tvo félagsmálaráðherra, að ganga alla leið og samþykkja þessa samþykkt. Ég fagna því að ráðherra hyggist beita sér í málinu og vonast til þess að niðurstaða fáist hið fyrsta því eins og hér hefur verið rætt um er það afskaplega þýðingarmikið fyrir launamenn að vera varðir fyrir ósanngjörnum uppsögnum.

[14:35]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka það sem hér hefur verið lagt til málanna og hef í rauninni engu við svar mitt að bæta. Ég hef ákveðið að láta skoða þetta mál og fá þá niðurstöðuna upp á borðið, leiðbeiningareglur. Ég mun leggja þær fyrir þá aðila sem hlut eiga að máli. Það er sá farvegur sem ég vil setja þetta mál í núna. Ég tel mikilvægt að um þetta náist farsæl niðurstaða.

Umræðu lokið.

Innflutningur á erfðabreyttu fóðri.

Fsp. ÞBack, 697. mál. — Þskj. 1027.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég hef lagt tvær fyrirspurnir fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra um innflutning á erfðabreyttu fóðri, svohljóðandi:

1. Hve mikið er flutt inn af erfðabreyttum maís og erfðabreyttu sojamjöli og hvert er hlutfallið af heildarinnflutningi þessara fóðurvara?

2. Hvað líður innleiðingu reglugerða EB nr. 1829/2003, um rekjanleika og merkingar á erfðabreyttum lífverum og rekjanleika á matvæla- og fóðurvörum, og nr. 1830/2003, um rekjanleika efna sem innihalda erfðabreyttar lífverur, samanber fyrirspurn þessa efnis á 131. löggjafarþingi (404. mál)?

Hæstv. forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir beindi fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra fyrr í dag um reglugerðir varðandi merkingar á erfðabreyttum matvælum og vissulega tengjast þessar fyrirspurnir. Það hefur gerst áður, í fyrsta lagi á 131. löggjafarþingi sem ég hef áður spurt um. Á 128. löggjafarþingi lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra um lögleiðingu þessara reglugerða um erfðabreyttar lífverur og fóður og eftirlit með því. Ég tel að það sé engin tilviljun að nokkuð sé rekið á eftir harðari reglum en gilda í dag um merkingar á erfðabreyttum matvælum og um innflutning á erfðabreyttu fóðri. Meðvitund fólks er að aukast og skilningur á því að ekki sé allt orðið ljóst hvað varðar áhrif erfðabreyttra matvæla á heilsu fólks. Það tekur tíma, það tekur a.m.k. mannsaldur, að leiða í ljós áhrif þessa á heilsu manna.

Ég tel mikilvægt að neytendur fái að vita hvernig húsdýr til matvælaframleiðslu eru fóðruð, hvort það er með erfðabreyttu fóðri eða ekki og hvar þeir geti þá keypt (Forseti hringir.) íslensk matvæli sem innihalda ekki erfðabreyttar vörur.

[14:40]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að það er mikilvægt að ræða þessi mál og fræða, fara yfir hvað er að gerast á vettvangi heimsins í þessum efnum. Þess vegna vil ég í upphafi máls míns segja að nú í vor verður fundur hér á Íslandi sem Landbúnaðarháskólinn, landbúnaðarráðuneytið og Bændasamtökin standa fyrir, fræðslufundur með innlendum og erlendum sérfræðingum um erfðabreyttar lífverur, erfðabreytt fóður, umhverfið, notkun þess og reglugerðir Evrópusambandsins. Það er mikilvægt að upplýsa og fara yfir þessa stöðu og ræða hana.

Hv. þingmaður spyr, með leyfi forseta:

„Hve mikið er flutt inn af erfðabreyttum maís og erfðabreyttu sojamjöli og hvert er hlutfallið af heildarinnflutningi þessara fóðurvara?“

Árið 2005 voru flutt inn 12.665 tonn af sojamjöli í dýrafóður. Hluti af innflutningnum var merktur erfðabreyttur eða 4.920 tonn, 39%. Reikna má með að það sojamjöl sem kemur frá Argentínu og er merkt sem argentínskt sojamjöl sé erfðabreytt og bætast þá við 3.015 tonn eða 24%. Alls nemur þetta 7.935 tonnum eða 63%. Annað soja kemur ómerkt frá Evrópu eða er merkt sem brasilískt soja og er reiknað með að það sé ekki erfðabreytt. Sá innflutningur nam 4.730 tonnum eða 37%.

Sama ár voru flutt inn 19.618 tonn af heilum maís. Þar af nam innflutningur frá Kanada, sem telja má víst að sé erfðabreyttur, um 15.296 tonnum eða 78%. Innflutningur á ómerktum maís frá Evrópusambandinu, sem að hluta er ræktaður þar, nam 4.322 tonnum eða 22%. Evrópusambandið hefur samþykkt hátt á annan tug yrkja í sínum löndum sem eru erfðabreytt.

Síðari spurningin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður innleiðingu reglugerða EB nr. 1829/2003, um rekjanleika og merkingar á erfðabreyttum lífverum og rekjanleika á matvæla- og fóðurvörum, og nr. 1830/2003, um rekjanleika efna sem innihalda erfðabreyttar lífverur, samanber fyrirspurn þessa efnis á 131. löggjafarþingi (404. mál)?“

Efni þessara reglugerða heyrir undir fleiri ráðuneyti og lýtur innleiðing þeirra að heildrænni upptöku á matvælalöggjöf Evrópu sem nú er til skoðunar. Evrópusambandið hefur verið að merkja fóður, hve hátt hlutfall sé erfðabreytt í því o.s.frv. þannig að það er búið að setja reglugerð hjá sér sem ekki hefur verið innleidd enn hér á Íslandi og hlýtur að koma til umfjöllunar á næstunni.

Í sjálfu sér er ekki meira um þetta að segja á þessu stigi.

[14:44]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Afar hátt hlutfall af því fóðri sem hingað kemur er erfðabreytt og það veldur mér verulegum áhyggjum. Við ræddum fyrr í dag innleiðingu á reglugerð ESB um merkingar á erfðabreyttum matvælum og mikilvægi þeirra. Sú gloppa er í þeirri reglugerð að ekki eru gerðar kröfur um merkingar á afurðum af búfé sem alið hefur verið á erfðabreyttu fóðri. Ég tel að við ættum að gera það hér. Við stærum okkur af því að vera með hreinan landbúnað og flytjum til Bandaríkjanna og Evrópu afurðir sem við segjum lífrænar og þær bestu og hreinustu í heimi, og nefni ég þar lambakjötið sem dæmi. Við getum það ekki, við komumst ekki upp með það lengur, ef þau dýr sem afurðirnar eru unnar úr eru alin á erfðabreyttu fóðri. Það er því mín skoðun að við verðum að taka á þessu, grípa í taumana og í það minnsta setja reglur um merkingar og reyna á þann hátt að beita bændur aðhaldi.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Í svörum hans kemur fram að mjög hátt hlutfall af innfluttu mjöli til dýrafóðurs er erfðabreytt. Það er 63% í sojamjölinu og 78% í maís og það eru aðallega svín og alifuglar sem eru fóðruð á þessu erfðabreytta fóðri.

Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur mjög haldið á lofti hreinleika landsins og hreinleika íslensks landbúnaðar. Það er að minnsta kosti ljóst að ekki er hægt að flokka svínaræktina, alifuglaræktina og að stórum hluta mjólkur- og kjötframleiðslu úr kúm undir það að vera vistvæna og

hreina ef það er — sem hér er — staðreynd að stór hluti innflutts fóðurs er erfðabreytt. Mér finnst það mjög alvarlegt að það skuli svo litla athygli hafa fengið, bæði hjá landbúnaðarráðuneytinu og ekki síður hjá bændum, sjálfri bændastéttinni, hve alvarlegt það er að heimila og í raun og veru hvetja til innflutnings á erfðabreyttu fóðri því að það er stöðug samkeppni við erlendan innflutning. Það er ljóst að erfðabreytta fóðrið hefur verið ódýrara og nú er verið að óska eftir niðurfellingu á tollum til þess að fá enn lægra verð á fóðri og ég tel að þetta verði að skoðast allt í samhengi. Við viljum efla íslenska landbúnaðarframleiðslu en við viljum líka geta staðið undir nafni og það sé matvælaöryggi, neytendavernd sem nái einnig til erfðabreyttrar framleiðslu. Það er það sem við viljum sjá hér á landi.

[14:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er kannski tímanna tákn að einhver leyfi sér að segja: Matvælaöryggi er það sem við viljum sjá á Íslandi. Hv. þm. Þuríður Backman veit sem er að Ísland sker sig að margra mati úr hvað matvælaöryggi varðar, okkar hreinu landbúnaðarafurðir, gróður okkar jarðar, hvað Ísland er í rauninni hreint og laust við mengun, hvað dýraheilbrigði er hér mikið.

Svo er það hitt sem hv. þingmaður hefur hér farið yfir að við urðum auðvitað aðilar að EES-samningnum og við þurfum að fylgja því eftir og vera þar samstiga Norðmönnum og fleirum um að setja reglur um að t.d. fóður, sem fer yfir ákveðið hlutfall, sé merkt sé það erfðabreytt. Þetta er sú vinna sem liggur fyrir. En ég fullyrði það að hér er mjög vel fylgst með öllum innflutningi, aðfangaeftirlitið og Landbúnaðarstofnun gerir það og það er auðvitað mikil samvinna á milli ráðuneyta um að skapa hér sem mest öryggi. Við höfum gert það bæði með áburðinn á jörðina og við gerum það með fóðrið til dýranna.

Ég sagði hér áðan að hér yrði mjög merkileg ráðstefna haldin í sumar á vegum ráðuneytisins, Landbúnaðarháskólans og Bændasamtakanna til þess að fara yfir reglugerðirnar, yfir mikilvægi þess hvernig við stöndum að þessu máli, notkunina á efnum, þannig að þar verður fróðlegur fundur sem ég held að hv. þingmenn ættu að sækja og vera með þeim innlendu og erlendu vísindamönnum sem munu setja svip á þá ráðstefnu og ræða þetta mál sem mjög er rætt um núna.

Ég fullyrði hér að Íslendingum er engin hætta búin. Við stöndum af miklu öryggi að okkar málum og búum við hollustu og góðar afurðir og gott búfjárfóður.

Umræðu lokið.

Sjúkraliðar.

Fsp. ÖJ, 661. mál. — Þskj. 969.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég held það hafi ekki farið fram hjá neinum að á sjúkrastofnunum og hjúkrunarheimilum hefur skapast neyðarástand vegna manneklu.

Um þetta fóru fram utandagskrárumræður hér á Alþingi fyrir fáeinum dögum og sagði hæstv. heilbrigðisráðherra við það tilefni, með leyfi forseta:

„Það eru hjúkrunarfræðingarnir og sjúkraliðarnir sem eru mesta framtíðarvandamálið og ekki síst sjúkraliðarnir sem frekar fáir hafa gert hér að umtalsefni. Ég hef mun meiri áhyggjur af stöðu sjúkraliða í framtíðinni en af stöðu hjúkrunarfræðinga þó að umræðan hér snúist mest um hjúkrunarfræðinga, það er líka vandi þar. En ég hef meiri áhyggjur af sjúkraliðunum í framtíðinni.“

Svo mæltist hæstv. heilbrigðisráðherra við umræður á Alþingi fyrir fáeinum dögum. Fyrirspurn mín lýtur einmitt að þessum skorti á sjúkraliðum og því framtíðarvandamáli sem hann skapar. Nú er þetta ekki nýr vandi og það ástand sem nú er uppi ekki ófyrirséð. Ýmislegt má nefna sem varpað hefur ljósi á þennan vanda og vil ég vísa í rannsókn sem gerð var á vegum landlæknisembættisins árið 2001 en þar kom fram að þá þegar vantaði sjúkraliða í rúmlega 850 stöðugildi. Það kom einnig fram að vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar og þess að einhverjir hætta störfum á hverju ári fyrir aldurs sakir væri ljóst að fjölga þyrfti í heilbrigðisþjónustunni um 300 einstaklinga með sjúkraliðaréttindi á hverju ári á næstu fimm árum og síðan trúlega um 100 sjúkraliða á ári.

Hvað hefur gerst? Í fyrsta lagi komu engir 850 sjúkraliðar í þær stöðuheimildir sem þurfti að fylla, hvað þá að 300 sjúkraliðar bættust við á ári hverju eins og skýrsla landlæknis kvað nauðsynlegt. Á árinu 2003 voru veitt 70 ný leyfisbréf, á árinu 2004 voru þau 120 og á síðasta ári voru þau 90 og fyrirsjáanlegt er að þeim fari fækkandi. Ég minni á að samkvæmt skýrslu landlæknisembættisins hefði fjölgunin þurft að vera 300 á hverju ári ofan á 850.

Nú er mér kunnugt um að hæstv. heilbrigðisráðherra átti nýlega fund með forsvarsmönnum Sjúkraliðafélags Íslands þar sem þessi mál voru rædd. Er mér kunnugt um að sá fundur hefur skapað væntingar um að gripið verði til aðgerða. Mín spurning, sem liggur hér fyrir, vísar aftur í tímann og spyr hvað gert hafi verið þótt að sjálfsögðu væri nær að spyrja hvað sé á döfinni.

Spurningar mínar eru þessar, með leyfi forseta:

1. Hvað hefur ráðuneytið gert til þess að stuðla að fjölgun í stétt sjúkraliða í ljósi vaxandi eftirspurnar eftir sjúkraliðum á heilbrigðisstofnunum og viðvarandi undirmönnunar?

2. Hefur komið til álita að breyta verksviði sjúkraliða til samræmis við sambærilegar stéttir annars staðar á Norðurlöndum?

[14:53]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt í fyrsta lagi:

„Hvað hefur ráðuneytið gert til þess að stuðla að fjölgun í stétt sjúkraliða í ljósi vaxandi eftirspurnar eftir sjúkraliðum á heilbrigðisstofnunum og viðvarandi undirmönnunar?“

Því er til að svara að fyrir fjórum árum skipaði heilbrigðisráðherra nefnd sem ætlað var að meta ástæður vaxandi skorts á sjúkraliðum til starfa og gera tillögur um með hvaða hætti mætti bregðast við vandanum. Nefndin skilaði

áfangaskýrslu til ráðherra með fimm megintillögum en skilaði ekki lokaskýrslu. Tillögurnar lúta að mati á þörf heilbrigðisþjónustunnar fyrir sjúkraliða, könnun á starfsframlagi þeirra, skilgreiningu á starfssviðinu, eflingu á framhaldsnámi fyrir sjúkraliða og kynningu á námi og starfi sjúkraliða, að það færi fram fyrir almenning og markhópa. Tekið hefur verið mið af ýmsum tillögum nefndarinnar og þær sumar komið til framkvæmda.

Þá er núna að störfum nefnd sem skipuð var til þess að fjalla um framtíðarstöðu sjúkraliðastarfsins og á ég von á því að sú nefnd skili mér áliti innan skamms. Mér er kunnugt um að í því nefndarstarfi er tekið mið af áfangaálitinu sem ég rakti hér áðan. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands er nú að þróa mannaflaspár fyrir sjúkraliða og aðrar stéttir og er skýrslan væntanleg í lok þessa mánaðar.

Það er rétt að það er skortur á sjúkraliðum til starfa fyrst og fremst á hjúkrunarheimilum en þó ber þess að geta að innritun í sjúkraliðanám hefur aukist á undanförnum árum þótt hún þyrfti að vera mun meiri. Framhaldsnámi fyrir sjúkraliða hefur verið komið á og hefur það sýnt sig og sannað. Launakjör sjúkraliða hafa verið bætt talsvert á undanförnum árum eins og þingmönnum er kunnugt. Allt eru þetta góðir áfangar en það er ljóst að betur má ef duga skal.

Í öðru lagi spyr þingmaðurinn hvort komið hafi til álita að breyta verksviði sjúkraliða til samræmis við sambærilegar stéttir annars staðar á Norðurlöndunum. Því er til að svara að verksvið sambærilegra stétta á Norðurlöndunum er mismunandi og sífelldum breytingum undirorpið. Við ákvarðanir um starfssvið heilbrigðisstétta er tekið mið af nágrannalöndum okkar en þó er ljóst að aldrei er hægt að taka líkan eða starfslýsingar frá einu landi og heimfæra það yfir í ólík kerfi annars lands. Þannig er eðlilegt og sjálfsagt að starfssvið sjúkraliða taki mið af þeim veruleika sem á við á heilbrigðisstofnunum hér á landi. Ég vil minna á að landlæknisembættið hefur farið með öll málefni er varða starfssvið heilbrigðisstétta og á það að sjálfsögðu einnig við um sjúkraliða. Málið er til skoðunar og að sjálfsögðu er brýnt að starfskraftar sjúkraliða verði nýttir með sem allra hagkvæmustum hætti. Ég tel að sjúkraliðar muni verða í lykilhlutverki í heilbrigðisþjónustunni á komandi árum og það er vegna þess að þörf okkar fyrir þjónustu þessa starfshóps mun aukast og mikilvægi þeirra við að veita þjónustuna fer sífellt vaxandi.

Varðandi mannaflaspána er alveg ljóst á þeim drögum sem við höfum séð nú þegar, endanleg skýrsla er ekki tilbúin, að við erum með nógu marga lækna í landinu, reyndar fleiri en nágrannaríki okkar. Við erum líka með fleiri tannlækna en nágrannaríki okkar en það vantar hjúkrunarfræðinga og það vantar sjúkraliða. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að ég sagði hér um daginn að ég hefði meiri áhyggjur af sjúkraliðunum þó að vissulega vantaði líka hjúkrunarfræðinga. Það er vegna þess að þegar maður skoðar mannaflaspána sér maður að stór hópur sjúkraliða fer út af vinnumarkaði eftir nokkur ár — samsetning hópsins er mjög athyglisverð. Það er því alveg ljóst að það þarf að efla þennan hóp, stækka hann og það þarf að fjölga sjúkraliðum.

Ég mun taka upp viðræður við hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, um þessar mannaflaspár og þörfina fyrir bæði hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða í framtíðinni og bind ég nokkrar vonir við þær.

Það hefur einnig komið til skoðunar að koma á svokallaðri brú, þ.e. hvort hægt er að bjóða upp á nám fyrir þá sem vinna núna inni á stofnunum, eru ekki sjúkraliðar en hafa mikla reynslu, eru ófaglærðir. Það fólk færi þá ekki í verklega hlutann þar sem það hefur að verulegu leyti þegar farið í hann á þeim stofnunum sem það hefur unnið á.

Það er líka rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að ég átti mjög góðan og uppbyggilegan fund með forsvarsmönnum sjúkraliðafélagsins fyrir stuttu og sá fundur sannfærði mig enn frekar um að það er brýnt að stækka hóp sjúkraliða í framtíðinni, (Forseti hringir.) sérstaklega í ljósi mannaflaspárinnar.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Nú ætla ég ekki að gera lítið úr nefndarstarfinu og ég geri heldur ekki lítið úr góðum vilja hæstv. ráðherra, sem ég hef reyndar engar efasemdir um — ráðherra hefur sýnt þessu málefni ágætan skilning. Ég tek jafnframt undir með ráðherra að betur má ef duga skal því að ástandið er geigvænlegt, það sýna allar skýrslur og allar athuganir og ég gerði grein fyrir því í máli mínu áðan. Það er þörf á róttækum aðgerðum.

Í fyrsta lagi þarf að hvetja ungt fólk til að koma inn í stéttina en til þess þarf að sjálfsögðu meira en orðin ein. Það þarf að horfa til launa og fjölskylduaðstæðna, samspil álags og vinnutíma skiptir að sjálfsögðu sköpum fyrir fjölskyldufólk.

Í öðru lagi er það brúin sem hæstv. ráðherra vék að. Það þarf að skapa því fólki sem leyst hefur þennan vanda á sjúkrahúsum og á hjúkrunarheimilum tækifæri til að afla sér starfsréttinda sem sjúkraliðar en það verður ekki gert nema því séu skapaðar aðstæður á vinnustað til að sækja nám án kjaraskerðingar. Einnig þarf að skapa skólunum tækifæri til að svara aukinni eftirspurn eftir náminu. Ég lagði við hlustir þegar hæstv. ráðherra vék að samræðum sínum við hæstv. menntamálaráðherra í þessu efni og það væri æskilegt að þingið yrði upplýst um gang viðræðna.

Einnig er á hitt að líta að huga má að breyttri verkaskiptingu á heilbrigðisstofnunum þannig að starfskraftar sjúkraliða verði nýttir í samræmi við menntun þeirra eins og hæstv. ráðherra vék einnig að. Þetta finnst mér að hljóti að koma til skoðunar en einnig hitt að með því að meta sjúkraliðanámið að verðleikum verður það án efa eftirsóknarverðari kostur fyrir ungt fólk en nú er.

[15:00]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er hárrétt, sem hér kemur fram, að launin skipta að sjálfsögðu máli í þessu eins og hjá öðrum starfsstéttum og aðstæður þeirra sem vinna í þessum störfum varðandi tengsl við fjölskyldu og önnur atriði sem lúta að kaupi og kjörum á vinnumarkaði.

Sjúkraliðastarfið er erfitt starf, ég þekki það úr eigin reynsluheimi í heilbrigðisþjónustunni, en það er geysilega mikilvægt. Þess vegna leyfði ég mér að segja um daginn að ég hefði áhyggjur af stöðunni í ljósi umræddrar mann-

aflaspár. Hún gefur vísbendingar um hver þróunin verður ef ekkert verður að gert. Ég mun fara í viðræður við hæstv. menntamálaráðherra og ég vil draga það sérstaklega fram hér að þær viðræður munu ekki einungis snúast um hjúkrunarfræðingana eins og sumir virðast halda. Ég vil líka taka málefni sjúkraliða upp við hæstv. menntamálaráðherra.

Varðandi starfssviðið er mér kunnugt um, m.a. í kjölfar hins ágæta fundar sem haldinn var fyrir stuttu með forsvarsmönnum Sjúkraliðafélagsins, að sjúkraliðar hafa áhuga á að skoða sérstaklega starfssviðið. Það er landlæknir sem fer með málefni er varða starfssvið heilbrigðisstétta. Mér er kunnugt um að sjúkraliðar hafa bent á að þeir vilji gjarnan sprauta sjúklinga í meðferðarskyni en landlæknir hefur gefið út bréf um að þeir eigi ekki gera það. Ef ég man rétt er sjúkraliðum heimilt að gefa insúlín með insúlínpenna en ekki að sprauta lyfjum í sjúklinga með hefðbundnum hætti. Þessi atriði hafa vissulega verið til skoðunar en landlæknir skilgreinir starfssvið sjúkraliða eins og annarra heilbrigðisstétta.

Umræðu lokið.

Hjúkrunarheimili og öldrunarþjónusta.

Fsp. BjörgvS, 765. mál. — Þskj. 1114.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um hjúkrunarheimili og öldrunarþjónustu:

Hver er áætlaður kostnaður við að mæta þörfinni á dvöl á hjúkrunarheimilum á landinu öllu — uppsafnaðri og fyrirliggjandi þörf á hjúkrunarheimilum og plássum á hjúkrunarheimilum á landinu öllu?

Og önnur stór spurning:

Telur ráðherra það koma til greina að öldrunarþjónustan verði flutt til sveitarfélaga? — Því má fylgja eftir með því að mörg framboð til sveitarstjórna í stóru sveitarfélögunum hafa beinlínis á stefnuskrá sinni að öldrunarþjónustan verði flutt til sveitarfélaganna. Það er t.d. opinber stefna Samfylkingarinnar í Árborg og víðar á Suðurlandi að öldrunarmálin flytjist alfarið til sveitarfélaganna vegna þess að öldrunarmálin líði um margt fyrir það að innan málaflokksins skarast verksvið ríkis og sveitarfélaga verulega. Þarf að leita eftir samningum við ríkisvaldið til að taka yfir þann hluta þjónustunnar sem ríkið ber ábyrgð á í dag að því tilskildu að ríkið skapi sveitarfélögunum fjárhagslegar forsendur til þess. Ég er sannfærður um að það væri til mjög mikilla bóta að flytja öldrunarþjónustuna alfarið til sveitarfélaganna, það sé næsta skrefið í þá átt að dreifa valdi og verkefnum frá ríki til sveitarfélaga og yrði til að bæta þjónustuna stórum, rétt eins og þegar grunnskólinn fór fyrir 11 árum frá ríki til sveitarfélaga. Það sem er oft erfiðast í öldrunarþjónustunni er þessi skörun á milli ríkis og sveitarfélaga og það bitnar, stundum með blóðugum hætti, á gamla fólkinu, á þeim sem þjónustuna þurfa að fá. Ég skora á hæstv. heilbrigðisráðherra að taka vel undir það og stíga skref í þá átt að öldrunarþjónustan verði flutt alfarið frá ríki til sveitarfélaga.

Fyrri spurningin varðar hjúkrunarheimilin og er gífurlegt vandamál. Það er stórt vandamál í íslensku samfélagi, það er stórt vandamál í íslenskri velferðarþjónustu hve margir aldraðir fá ekki fullnægjandi vistun. Yfir eitt þúsund eldri borgarar deila herbergi með öðrum en sínum maka eða þeim sem þeir tengjast venslaböndum. Fimm hundruð eru, samkvæmt svari hæstv. heilbrigðisráðherra, í þörf og brýnni þörf eftir hjúkrunarheimilum. Leiða má að því líkur að þörf sé á um 1.000 herbergjum. Þetta er vaxandi vandamál og þetta er óviðunandi aðbúnaður fyrir gamla fólkið. Það er óviðunandi staða að þurfa að bíða á biðlistum og jafnvel að það þurfi að flytja fólk hreppaflutningum til að það fái þá umönnun sem það þarf. Þá er uppreisn umönnunarstéttanna á þessum stofnunum til marks um þann vanda sem er uppi í kjaramálum þeirra.

Ég beini þessum tveimur stóru spurningum til hæstv. heilbrigðisráðherra og vona að hún greiði úr með svörum sínum.

[15:06]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr í fyrsta lagi um kostnað við að mæta þörfinni á dvöl á hjúkrunarheimilum í landinu öllu. Því er til að svara að það er frekar erfitt að reikna það út en ég ætla að gera tilraun til þess.

Staðan er sú núna að búið er að byggja um það bil 3.470 hjúkrunarrými og þau hjúkrunarrými eru á svokölluðum daggjaldastofnunum, sem eru meginfjöldinn af rýmum, yfir 2.000 rými eru þar. Það eru hjúkrunarrými sem eru á heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum, það eru tæplega 500 rými sem eru þar og síðan eru það svokölluð sérrými, þau eru í kringum 65. Þetta eru gróflega áætlaðar tölur um það sem búið er að byggja af stofnunum ef dvalarrými eru líka tekin inn.

Hv. þingmaður spyr sérstaklega um hjúkrunarrýmin. Þau eru í kringum 2.700, þ.e. þau rými sem við getum algerlega flokkað sem hjúkrunarrými. Þessi rými er sem sagt búið að byggja. Gróft áætlað kostar 15 millj. kr. að byggja eitt rými, að byggja það sem sagt, steypan og það sem tilheyrir, þannig að það er þá búið að byggja fyrir í kringum 52 milljarða í landinu. En hvað kostar að reka þessi rými? Það kostar gróft áætlað 5,5 millj. kr. á ári að reka eitt rými þannig að það kostar þá um það bil 16 milljarða á ári að reka þau hjúkrunarrými sem nú þegar eru byggð og eru í notkun.

En hvað vantar upp á? Það er mjög flókið að reikna það út nákvæmlega hvað vantar upp á en ég hef verið að láta skoða það í heilbrigðisráðuneytinu upp á síðkastið hvað brýnast sé að gera, að reyna að forgangsraða. Það vilja allir fá hjúkrunarrými. Það er alveg með ólíkindum hve mörg sveitarfélög eru nú í aðdraganda kosninga að biðja um hjúkrunarrými, sveitarfélög þar sem staðan er kannski ágæt. En allt í lagi, menn hafa metnað og það er ósköp eðlilegt. En gróflega áætlað tel ég að það vanti 370–380 rými til að þörfinni verði mætt með eðlilegum hætti og það eru rými sem þyrfti að fara í að byggja á næstunni. Það er kannski erfitt að segja nákvæmlega á hvaða árabili en þetta yrði að gerast á allra næstu árum.

Hvað kostar að byggja þessi rými? Jú, miðað við sömu formúlu, þ.e. að það kosti 15 millj. kr. að byggja hvert rými, þá kostar það 5,6 milljarða nú á næstu árum og það kostar um 2 milljarða á ári að reka þau, þessi nýju rými. Segjum að þetta væri allt búið — við værum þá komin með rými sem fullnægja þörfinni í stórum dráttum — en þá værum við búin að byggja fyrir 57,6 milljarða alls og værum að reka hjúkrunarrými fyrir 18 milljarða á ári fyrir okkar öldruðu Íslendinga. Ég vil sérstaklega draga fram að þessi rými sem ég tel að við þurfum að fara að byggja á næstu árum, þessi 370–380 rými, eru í kringum 12% af heildarrýmafjöldanum. Það má því segja að við séum búin að byggja núna í dag 88%. Það eru 12% eftir. Er það stór biti eða lítill biti? Þetta er kannski minni biti en margur ætlaði, þessi 12% sem á eftir að byggja.

Varðandi seinni spurningu hv. þingmanns, hvort flytja eigi öldrunarþjónustuna til sveitarfélaga, þá hefur það auðvitað oft komið fram að það væri æskilegt að hafa þjónustuna á einni hendi. Hæstv. félagsmálaráðherra, Jón Kristjánsson, fyrrv. heilbrigðisráðherra, var sérstaklega spurður að því í bréfi frá Reykjavíkurborg hvort það kæmi til greina að flytja þjónustuna þar yfir og því var svarað núna í lok janúar. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er mat heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að á meðan ekki verður frekari þróun í sameiningarmálum sveitarfélaga og í samskiptum ríkis og sveitarfélaga hvað varðar breytt verkaskipti þeirra á milli verði ekki farið í frekari þjónustusamninga á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála við sveitarfélög."

Það hefur ekki verið vilji til þess að fara í frekari þjónustusamninga meðan sveitarfélagastigið er eins óburðugt og það er.

[15:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að hreyfa þessu brýna máli. Það er alveg ljóst að málefni aldraðra, bæði kjör og aðbúnaður, þurfa að vera í forgrunni hjá stjórnvöldum á næstu árum. Ekki síst er það uppbyggingin á hjúkrunarrýmunum sem er mjög brýn. Ástæðan fyrir því að við erum þó ekki komin lengra en raun ber vitni er sú að þessi ríkisstjórn hefur skert framkvæmdafé í Framkvæmdasjóð aldraðra með því að láta helminginn af því renna í rekstur. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún hafi hreyft því við hæstv. fjármálaráðherra að þessi skerðing á sjóðnum verði nú stöðvuð þannig að allt fé renni til uppbyggingar á næstu árum meðan við erum að grynnka á biðlistum.

Ég vil líka spyrja ráðherra að því hvort einhver áætlun eða aðgerðaplan liggi fyrir um það hvenær hægt verði að færa þessa 90–100 aldraða sem eru á sjúkrahúsum og teppa þar sjúkrahússpláss sem eru 3–4 sinnum dýrari en á hjúkrunarrýmunum. Það er mjög óhagkvæmt hvernig þetta er. Ég spyr ráðherra um það líka.

[15:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að þau hjúkrunarrými sem koma munu til sögunnar á næstu árum gera ekki meira en rétt að halda í horfinu. Því fer fjarri að þau komi til með að leysa vandann. Hér á Reykjavíkursvæðinu, svo dæmi sé nefnt, eru 300 einstaklingar í brýnni þörf. Það hefur einnig komið fram í skýrslum, sem gerðar hafa verið um þetta efni, að þriðjungur af þessu fólki fær aldrei þjónustu vegna þess að það deyr áður en að því kemur. Þetta fólk hefur ekki tíma til að bíða.

Það er vissulega gagnlegt að skoða statistíkina og samspil ýmissa þátta. Bætt heimaþjónusta styttir t.d. biðlistana. Einnig er á það að líta, af því að við ræddum fyrir stundu mannekluna á sjúkrastofnunum og hjúkrunarheimilum, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sérstaklega. (Forseti hringir.) Það er hin stóra spurning hvernig búið er að þessu fólki hvað varðar vinnuaðstæður og kjör. Það er nauðsynlegt að bæta hvort tveggja verulega.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir skýr svör og prýðileg. Það sem eftir stendur er að það kosti innan við 6 milljarða að byggja þau tæplega 400 rými sem vantar og rekstur þeirra sé í kringum 2 milljarðar á ári. Þetta segir okkur að um er að ræða ákaflega viðráðanlegt verkefni. Það er verkefni sem stjórnmálin eiga að taka á nú strax af því að þetta er brýnt verkefni. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði þá hefur fólkið ekki tíma til að bíða.

Þær tölur sem við tölum um hér eru rétt til að mæta þeirri þörf sem nú er til staðar og kannski varla það. En upp úr stendur að þetta er vel viðráðanlegt verkefni. Það verður að forgangsraða í þessa veru. Þetta er eitt stærsta verkefnið eins og við sjáum nú á þeim áherslum sem eru í umræðunni fyrir sveitarstjórnarkosningar. Öldrunarmálin eru langstærsta einstaka málið af því að þar hefur safnast upp gífurlegur vandi í tíð þessarar ríkisstjórnar. Sá vandi felst í skorti á hjúkrunarheimilum. Eitt þúsund aldraðir deila herbergjum með öðrum en maka sínum og fimm hundruð manns eru í þörf og brýnni þörf fyrir vist á hjúkrunarheimilum. Sá vandi felst líka í hörmulegum kjörum umönnunarstéttanna og má þá minnast á hálfgerða uppreisn gegn þeim sorgarkjörum sem þær stéttir búa við.

Ég vil í sjálfu sér fagna því að hæstv. heilbrigðisráðherra tekur undir að það sé æskilegt að öldrunarþjónustan sé öll á einni hendi og þá væntanlega á hendi sveitarfélaganna. Ég er ekki sammála því að sveitarfélögin séu ekki nógu burðug til að taka við henni. Þeim hefur fækkað gífurlega, eru nú 79 en voru 200 fyrir rúmum áratug. Það eru tilraunasveitarfélög sem hefur gengið vel að reka öldrunarþjónustuna, Hornafjörður og Akureyri. Við eigum að stíga næstu skref núna og ég skora á hæstv. heilbrigðisráðherra að endurskoða það, ráðast í það verkefni að byggja upp hjúkrunarrýmin og beita sér fyrir því af öllu sínu pólitíska afli að öldrunarþjónustan verði flutt til sveitarfélaganna.

[15:16]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er einmitt það sem ég hef mjög mikinn áhuga á að gera, að bæta úr varðandi málefni eldri borgara, aldraðra, sérstaklega í hjúkrunarheimilismálunum.

Ég hef sagt það opinberlega og get endurtekið það.

Varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra þá er rétt að hann hefur ekki allur farið í byggingar heldur að hluta til í rekstur en það hlutfall hefur stórminnkað á síðustu árum. Sífellt hærra hlutfall hefur farið í byggingarframkvæmdir úr þeim sjóði sem er mjög ánægjuleg þróun.

Ég er að láta vinna núna aðgerðaráætlun eða forgangsáætlun af því að mér finnst mjög mikilvægt að eldri borgarar, sveitarfélögin og allir hagsmunaaðilar viti nokkurn veginn hvar við þurfum að byggja á næstu árum af því að allir halda að það eigi að byggja hjá sér. Ég hef orðið vör við það að sum sveitarfélög eru, að mínu mati, á talsverðum villigötum í þessum málaflokki. Þau sameinast um það, minni hluti og meiri hluti í sveitarstjórn, að herja á ríkið. Það er kannski ósköp eðlilegt að málefni aldraðra séu núna í brennidepli í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga, af því að þau málefni eru á hendi ríkisins og það er ágætt fyrir bæði meiri hluta og minni hluta í sveitarstjórnum að sameinast um að lemja svolítið á ríkinu. Það er eðlilegt að það verði heitt mál af því að það er mál sem snýr að ríkisvaldinu.

Þau rými sem ég var að ræða áðan eru ekki bara til að halda í horfinu, þau eru til að leysa mjög mikinn vanda. Ég tel að náum við þeim í gagnið, sem við stefnum að, þá verði staðan góð. Við megum ekki stofnanavæða of mikið. Það verður eðlisbreyting á fólki þegar það fer inn á stofnun. Fólk vill vera heima eins lengi og hægt er. Og ef við skoðum rýmin hlutfallslega miðað við Norðurlöndin þá erum við ekki í slæmum málum, það er bara þannig. (Forseti hringir.) Við eigum að efla heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu en ekki bara stofnanavæða.

Umræðu lokið.

[15:19]

Útbýting:

Pláss á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða, 597. mál, svar heilbrrh., þskj. 1175.

Rekstur Herjólfs, 528. mál, svar samgrh., þskj. 908.

Varnarmálanefnd, 699. mál, svar utanrrh., þskj. 1202.

[Fundarhlé. — 15:19]

Út af dagskrá voru tekin 12.–13. mál.

Fundi slitið kl. 15:30.

110. FUNDUR

miðvikudaginn 26. apríl,
að loknum 109. fundi.

Dagskrá:

1. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 742. mál, þskj. 1078. — Frh. 1. umr.
2. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 788. mál, þskj. 1194. — Frh. 1. umr.
3. Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, stjfrv., 743. mál, þskj. 1079. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Umræður utan dagskrár.

Staða garðplöntuframleiðenda.

[15:31]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. 24. febrúar sl. birtist fréttatilkynning frá utanríkis- og landbúnaðarráðuneyti um undirritun samkomulags milli Íslands og ESB um tvíhliða viðskipti með landbúnaðarvörur á grundvelli 19. gr. EES-samningsins. Í niðurstöðu samkomulagsins kemur fram að tollar falla niður í viðskiptum samningslandanna á ákveðnum landbúnaðarvörum sem getið er um í viðauka I, þar á meðal er gert ráð fyrir gagnkvæmni í viðskiptum með blóm og plöntur, þó ekki afskorin blóm né pottaplöntur undir einum metra á hæð. Samningurinn á að koma til framkvæmda 1. janúar 2007, þ.e. eftir átta mánuði. Í fréttatilkynningunni er ekki útskýrt nánar hvað gagnkvæmni í viðskiptum með blóm og plöntur þýðir og þær útskýringar voru heldur ekki í ræðu hæstv. landbúnaðarráðherra sem við setningu búnaðarþings kynnti þetta samkomulag. Ekki er nema von að menn veigri sér við því að útskýra þessa niðurstöðu vegna þess að gagnkvæmni í viðskiptum milli Íslands og ESB með blóm og plöntur er ekkert nema orðin tóm, eða eins og segir í ályktun fundar Félags garðplöntuframleiðenda frá 14. mars:

„Með þessu samkomulagi hefur garðplöntuframleiðsla á Íslandi verið sett á fórnaraltari landbúnaðarráðherra. Sjálf athöfnin mun fara fram 1. janúar 2007."

Virðulegi forseti. Hér á landi eru 49 stöðvar þar sem garðplöntur eru framleiddar. Lauslega áætluð stöðugildi eru um 150–200. Garðplöntuframleiðslan hefur aldrei verið ríkisstyrkt. Í garðplöntuframleiðslu er aðalræktun í sumarblómum, fjölærum blómum, runnum, trjám og skógarplöntum. Ríflega 90% af söluvöru garðyrkjustöðva eru innlend

framleiðsla og á nokkrum stöðvum er eingöngu um innlenda framleiðslu að ræða. Greinin hefur staðið af sér ýmis áhlaup, m.a. að keppa í framleiðslu við ríkisrekstur eða ríkisstyrkta framleiðslu. Garðplöntuframleiðendur hafa um áratugi stundað rannsóknarstarf til að tryggja neytendum góða vöru. Þróunarstarfið sem stéttin hefur unnið er ómetanlegt. Það kemur ekki bara neytendum til góða heldur ekki síður náttúrunni þar sem reynt er að koma í veg fyrir að setja í sölu plöntur sem dreifa sér óhindrað í íslenskri náttúru heldur þær sem lifa í sátt við annað lífríki og veðurfar.

Í Garðyrkjuskólanum að Reykjum eru fjögur námssvið í grunnnámi. Um árabil hefur garðplöntusviðið verið langfjölmennast. Aðsókn í þetta nám mun hrynja ef rekstrargrundvelli garðplöntustöðva í landinu er ógnað vegna óhefts innflutnings á framleiðsluvöru þeirra. Það hefur slæm áhrif á stöðu skólans sem er veik fyrir. Þá er rétt að hafa í huga að einn mikilvægasti hluti framleiðslunnar er sumarblóm. Verði innflutningur þeirra leyfður óheftur á þeim tíma sem sala sumarblóma er að hefjast hér þá er um að ræða að hingað er verið að flytja margar tegundir blóma sem komnar eru á útsölu í þeim löndum sem flutt yrði inn frá. Garðplöntuframleiðendur keppa ekki við útsöluverð erlendis og menn geta velt því fyrir sér hversu margar þessara 49 stöðva sem eru í framleiðslu í dag lifa það af að missa sumarblómasöluna. Það versta er að ekkert samráð var haft við stéttina allan þann tíma sem samningar stóðu yfir, eða frá 6. mars til 18. nóvember 2005, og ekki heldur áður en umrædd fréttatilkynning barst frá ráðuneytunum. Ekkert samráð er fullkomin lítilsvirðing á störfum þessara stétta.

Hjá Sambandi garðyrkjubænda var undirbúningur í gangi vegna WTO-viðræðna, m.a. við að skilgreina hvaða tegundir í ræktun teljast viðkvæmar, hverjar á að vernda og hvaða plöntur skipti minna máli. Þessari vinnu var gefið langt nef í samningum við ESB.

Lögfræðingur Félags garðplöntuframleiðenda ritaði hæstv. landbúnaðarráðherra bréf 4. apríl sl. þar sem hún í mörgum liðum átelur harðlega vinnubrögð ráðuneytis og samráðsleysi þar sem þetta samkomulag komi til með að rústa garðplöntuframleiðslunni. Hún telur að fari svo að niðurstöður þessara samningaviðræðna komi að óbreyttu til framkvæmda 1. janúar 2007 sé ótvírætt verið að brjóta jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og vísar til þess að þegar tollvernd var felld niður af grænmeti 2002 voru gerðir aðlögunarsamningar um starfsskilyrði þeirrar greinar garðyrkjunnar milli ríkisstjórnarinnar, Bændasamtakanna og Sambands garðyrkjubænda. Gildistími þeirrar aðlögunar er tíu ár.

Mér vitanlega hefur bréfi lögfræðings Félags garðplöntuframleiðenda ekki verið svarað. Við hljótum að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann hyggist bregðast við erindi félagsins. Hver var tilgangurinn með því að fella niður tollavernd af garðplöntum í gagnkvæmum viðskiptasamningum? Hver var ástæða þess að ekki var haft samráð við garðplöntuframleiðendur við gerð samninganna? Hvaða skyldum hefur landbúnaðarráðuneytið að gegna gagnvart þeim atvinnugreinum sem til ráðuneytisins heyra hvað varðar samráð við gerð svo afdrifaríkra samninga? Telur ráðherra ekki eðlilegt að samningar eins og þessir séu kynntir fyrir landbúnaðarnefnd Alþingis áður en frá þeim er gengið en þegar tollvernd af ýmsum grænmetistegundum var afnumin 2002 var gerður aðlögunarsamningur til tíu ára við framleiðendur með framleiðslutengdum beingreiðslum? Með hvaða rökum er sama tollvernd af (Forseti hringir.) garðplöntum afnumin nú án nokkurrar aðlögunar, án samráðs við greinina, án nokkurra lausna af hálfu ráðuneytisins til að bæta framleiðendum skaðann?

[15:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurningin var: Hver er tilgangurinn með því að fella niður tollvernd af garðplöntum o.s.frv.?

Sá samningur sem um er að ræða varðar tvíhliða viðskipti Íslands og Evrópusambandsins með landbúnaðarvörur og var hann gerður í febrúar sl. á grundvelli 19. gr. EES-samningsins. Umrædd grein kveður á um reglulega endurskoðun á viðskiptum með landbúnaðarafurðir á milli EES-aðildarríkjanna og Evrópusambandsins og þessi samningur er sá fyrsti sem Ísland og Evrópusambandið hafa gert á grundvelli greinarinnar. Samningurinn skapar ný sóknarfæri fyrir útflutning ýmissa íslenskra landbúnaðarafurða, þar á meðal á íslenska hestinum, lambakjöti, smjöri, grænmeti, þess vegna blómum og plöntum. Samningar af þessu tagi fela, eðli máls samkvæmt, í sér bæði eftirgjöf og ávinning. Það eru tveir aðilar sem takast á og það sem samningsaðilar meta væntanlega sem ásættanlegt jafnvægi sóknar- og varnarhagsmuna er niðurstaða þessa samnings. Gert er ráð fyrir að samningurinn komi til framkvæmda þann 1. janúar 2007.

Næstu tvær fyrirspurnir voru: Hver var ástæða þess að ekki var haft samráð við garðyrkjuframleiðendur og hvaða skyldur hefur landbúnaðarráðuneytið o.s.frv.?

Landbúnaðarráðuneytið hefur um langt árabil haft náið samráð við Bændasamtök Íslands um þá breytingavalda sem felast í milliríkjasamningum um viðskipti með landbúnaðarvörur, hvort sem um er að ræða samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, fríverslunarsamninga á vegum EFTA eða viðskipti Íslands við Evrópusambandið. Engum hefur dulist að tollvernd hefur dregist saman í kjölfar slíkra samninga eða að á vettvangi WTO séu aðildarríkin að vinna hörðum höndum að skuldbindingum um tollalækkanir sem geta haft umtalsverð áhrif á starfsumhverfi íslensks landbúnaðar. Skilaboðin á undanförnum árum til framleiðenda í landbúnaði hafa verið skýr: Búið ykkur sem best undir möguleikann á vaxandi erlendri samkeppni. Þetta er staðreynd dagsins sem menn hafa oft rætt hér í þessum sölum.

Eftir því sem frjálsræði eykst og viðskipti með landbúnaðarvörur færast nær lögmálum markaðarins standa stjórnvöld frammi fyrir því erfiða verkefni að forgangsraða mjög stíft hvort og hvar viðhalda beri tollvernd og þá í þágu hvaða hagsmuna. Fyrst og síðast er ástæða til að standa traustan vörð um þá búvöruframleiðslu sem lýtur að fæðuöryggi þjóðarinnar og atvinnu og búsetu í hinum dreifðu byggðum. Í samningaviðræðum af þessu tagi er að sjálfsögðu horft til heildarhagsmuna og leitast við að tryggja að niðurstaðan feli í sér ásættanlegt jafnvægi í heildina séð. Við slíkar aðstæður er ekki eðlilegt að umfang tollverndar

af hálfu stjórnvalda sé samkomulagsatriði við einstakar greinar landbúnaðarins. Það liggur í hlutarins eðli að hver sá viðskiptaaðili sem nýtur tollverndar eða annarrar markaðsverndar mun, aðspurður, kjósa að viðhalda slíkri vernd áfram.

Fjórða spurningin var: Telur ráðherra ekki eðlilegt að samningar sem þessir séu kynntir o.s.frv. fyrir landbúnaðarnefnd Alþingis?

Málum er þannig fyrir komið stjórnskipulega að utanríkisráðherra ber ábyrgð á gerð og framkvæmd alþjóðlegra viðskiptasamninga en hefð er fyrir góðu samstarfi við einstök fagráðuneyti eftir því sem við kann að eiga. Landbúnaðarnefnd er reglulega upplýst um þróun mála í milliríkjasamningum en engin hefð er fyrir því að fríverslunarsamningar eða aðrir slíkir milliríkjasamningar séu bornir undir nefndina áður en frá þeim er gengið.

Hvað varðar síðustu fyrirspurnina frá hv. þingmanni þá vil ég segja þetta: Málin eru að engu leyti sambærileg, hvorki í eðli sínu né í umfangi þeirrar markaðsverndar sem um er að ræða. Aðlögunarsamningurinn nær til framleiðslu á tómötum, gúrkum og paprikum, vörum sem fyrir breytinguna 2002 voru fluttar inn án nokkurra tolla eða magntakmarkana þann hluta ársins sem íslenska framleiðslan var ekki á markaði. Fæðuöryggi þjóðarinnar er eitt meginmarkmið búvörulaga, að tryggja að framleiðsla búvöru til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og að tryggja ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu. Aðlögunarsamningurinn var gerður í þessu ljósi til að lækka verð til neytenda á innfluttum sem og innlendum garð- og gróðurhúsaafurðum og hefur haft þau mögnuðu áhrif að neysla á þessum afurðum hefur aukist um tugi prósenta, t.d. á tómötum um 70–80%.

Þess vegna vil ég undirstrika það hér að vegna WTO-samninganna er hvorki staða né svigrúm til að taka upp framleiðslutengdar beingreiðslur til búgreina (Forseti hringir.) sem ekki hafa sögulega hefð fyrir slíkum stuðningi. Garðplöntuframleiðendur hafa því ekki sögulega hefð (Forseti hringir.) fyrir slíkum stuðningi og þeir hafa heldur ekki leitað eftir slíkum stuðningi.

[15:42]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég held að það sé alveg hárrétt að það hafi komið eins og köld vatnsgusa framan í garðyrkjubændur þegar birtist í fjölmiðlum 24. febrúar sl. frétt þess efnis að undirritað hefði verið samkomulag um tvíhliða viðskipti með landbúnaðarvörur við Evrópusambandið sem fæli í sér að öll tollvernd á trjám, runnum og fjölærum garðplöntum og sumarblómum félli niður frá og með næstu áramótum.

Vissulega er ástæða til að gleðjast yfir ávinningi hjá öðrum landbúnaðarvörum sem hæstv. landbúnaðarráðherra minntist hér á en dapurlegt ef gera þarf það í skiptimynt fyrir aðrar. Það hefur komið fram að ekkert samráð hafi verið haft við garðplöntuframleiðendur í þessum efnum, hvorki félag þeirra né Samband garðyrkjuframleiðenda, meðan á samningaviðræðum stóð né heldur voru þeir látnir vita sérstaklega af því þegar það nálgaðist að þessir samningar væru að fara í höfn.

Ég held að fordæma verði þá leynd sem hvílir yfir samningsgerð sem lýtur að atvinnuhagsmunum svo stórs hóps einstaklinga. Þá verður líka að gagnrýna að enginn aðlögunartími er veittur til að styrkja samkeppnisstöðu garðyrkjubænda og að ekki er heldur minnst neitt á aðgerðir til að tryggja samkeppnisstöðu þeirra.

Við ræddum fyrr í dag við hæstv. iðnaðarráðherra um ríkisstuðning til álframleiðslu. Það skiptir milljörðum króna sem sami dómstóll á vegum Evrópussambandsins, ESA-dómstóllinn, samþykkir að ríkið megi styrkja álframleiðslu hér á landi. Þegar kemur svo að garðplöntuframleiðslu, sem er undirstaða garðyrkju og skrúðgarðavinnu og svo mörgu í umhverfi okkar, verðum við að vera kaþólskari en páfinn og kippum rekstrargrundvellinum undan þessari grein.

Frú forseti. (Forseti hringir.) Ég tel að garðplöntuframleiðsla sé einn af grundvallarþáttum íslensks atvinnulífs og íslensks umhverfis og um hana eigi að standa vörð, hæstv. landbúnaðarráðherra.

[15:44]

Ingvi Hrafn Óskarsson:

Virðulegi forseti. Fátt er jafnlíklegt til að bæta og efla hag almennings og atvinnuveganna og fríverslun og því er ástæða til að fagna þeim nýja samningi sem hér er til umræðu í dag. Eins og hér hefur verið fjallað um gerir samningurinn ráð fyrir gagnkvæmum viðskiptum með blóm og plöntur. En í honum felast líka ýmsar aðrar nýjungar svo sem tollfrjálsir kvótar fyrir ýmsar landbúnaðarvörur og niðurfelling tolla á ýmsum vöruflokkum, eins og frosnu grænmeti, ávaxtasafa og fleiru.

Það er augljóst að þessar breytingar eru mjög til hagsbóta fyrir neytendur með lægra vöruverði. Það er einnig ástæða til að undirstrika að í þessum breytingum felast sóknartækifæri fyrir íslenskan landbúnað. Viðskiptahindranir hafa hingað til hamlað útflutningi margra þeirra vöruflokka sem um er að ræða á Evrópumarkað og jafnframt hugsanlegum erlendum fjárfestingum í þessum geira. Við höfum einfaldlega ekki haft markaðsaðgang fyrir þessa vöru á Evrópumarkaði. Í þessum breytingum felast tækifæri fyrir vöxt og nýjungar hér á landi.

Það er líka ástæða til að hnykkja á því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að samningur þessi leiðir af 19. gr. EES-samningsins sem kveður á um endurskoðun í þágu viðskiptafrelsis á fyrirkomulagi mála í þessum flokki. Þar er kveðið á um endurskoðun á tveggja ára fresti. Það væri í raun og veru fullkomin ástæða til að ræða það hvers vegna það gerist fyrst nú en ekki fyrr. Þvert á móti er ástæða til að bretta upp ermar í þessum efnum í þágu neytenda og atvinnuveganna.

Samningar um fríverslun byggjast að meginstefnu ávallt á gagnkvæmni sem er auðvitað upp á teningnum í þeim samningi sem hér er um að ræða. Hv. málshefjandi hefur ekki leitt nein rök að því hvers vegna ekki ættu að gilda sams konar reglur um þær vörur sem hér er um að ræða og aðrar vörur sem Íslendingar eiga viðskipti með. Hvers vegna ættu að gilda annars konar reglur um blóm og plöntur en gilda um aðrar vörur sem hér eru framleiddar? (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Tollar og viðskiptahindranir hafa sem betur fer verið á undanhaldi. (Forseti hringir.) Hvert skref sem hefur verið stigið gegn þeim hefur

verið til heilla fyrir land og þjóð.

[15:47]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég á sæti í landbúnaðarnefnd og er þar áheyrnarfulltrúi. Við sátum þar á fundi um daginn, í vaxandi forundran þegar við fengum upplýsingar um þetta mál, hvernig það allt saman liggur fyrir.

Hvers vegna skyldu þessar vörur fá einhverja sérmeðferð? spurði hv. þingmaður sem talaði hér á undan mér, í mikilli undrun. Mér finnst þetta í raun og veru ekkert flókið mál. Í mínum huga snýst þetta öðrum þræði um byggðamál, byggðasjónarmið. Við eigum ekkert að skammast okkur fyrir það, Íslendingar á Íslandi, að við viljum verja íslenska atvinnuvegi. Verja rétt Íslendinga til að nýta íslenskar náttúruauðlindir sjálfum sér til hagsbóta. Þjóðinni til hagsbóta. Við eigum ekkert að skammast okkur fyrir það.

Mér finnst það með hreinum ólíkindum að þingmaður, stjórnmálamaður, sem á góðum stundum kallar sig ráðherra Suðurlands, lætur mynda sig í fullri stærð og prenta auglýsingar með þeirri mynd með titlinum: ráðherra Suðurlands, skuli standa að þessum gerningi. Þetta er bein aðför að atvinnuhagsmunum í Suðurkjördæmi. Hér kemur fram í gögnum að við erum að tala um í kringum 150 stöðugildi á landsbyggðinni. Hæstv. ráðherra sagðist öðrum þræði vera að hugsa um byggðasjónarmið. Hvað sagði hann nú aftur? Það var: Að standa vörð um atvinnu og búsetu í byggðum landsins.

Við höfum fast í hendi okkar, hæstv. ráðherra, 150–200 stöðugildi en hæstv. ráðherra vill fara í einhvers konar fjárhættuspil með þessar stöður og fórna þeim fyrir einhvern vafasaman ávinning í útflutningi á hrossum, sméri og lambakjöti. Þetta er bara algjör þvæla. Til hvers erum við að taka svona áhættu með störf fólks í landinu? Til hvers erum við að því? Hæstv. ráðherra ætti að svara því þegar hann kemur hér upp og talar öðru sinni í þessari umræðu.

[15:49]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að óska hæstv. landbúnaðarráðherra til hamingju með sinn eina bandamann í málinu. Hv. fyrrum formann SUS, yst á hægri væng sjálfstæðismanna. Þar fann hann þó bandamann í þessu máli.

En af hverju, virðulegi forseti, er samningsgerðinni á bak við niðurfellingu tollverndar á garðyrkjuplöntum snúið upp í einhvers konar pólitísk myrkraverk með ákaflega vafasaman tilgang, ef nokkurn, annan en að virka sem einhvers konar áhlaup á heila atvinnugrein? Harkalegt áhlaup sem markar, ef gengur eftir, hrun greinarinnar. Vinnubrögðin hjá hæstv. ráðherra í þessu máli eru vítaverð. Því hljótum við að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað býr að baki? Af hverju að fyrirkoma heilli atvinnugrein án samráðs við greinina sjálfa? Án samráðs við lýðræðislegan vettvang fólksins í landinu, Alþingi og landbúnaðarnefnd Alþingis.

Við hljótum að kalla eftir skýrum svörum. Hvað með tjónið? Hvað með bætur fyrir aðförina að greininni? Hvað með afdrif Garðyrkjuskólans á Reykjum þar sem þetta virðist ætla að leiða til að aðsókn í heila deild verður að engu. Þetta markar verulega erfiðleika fyrir atvinnugreinina. Við hljótum að segja að þetta beri keim af valdníðslu hæstv. ráðherra, hvað sem honum gekk til. Hér hefur hann vettvang og tækifæri til að útskýra af hverju svo er fram gengið og af hverju er verið að stilla saman tveimur stéttum innan landbúnaðarins, hvorri á móti annarri með þessum hætti.

Gott og vel ef það væri niðurstaðan af heilbrigðu, opnu og lýðræðislegu ferli hæstv. ráðherra með samráði við greinina. Með samráði við landbúnaðarnefnd Alþingis sem gætir hér hagsmuna íslensks landbúnaðar. En svo er ekki.

Þess vegna eru þetta vítaverð vinnubrögð. Þess vegna köllum við eftir skýrum svörum hæstv. ráðherra. Af hverju þetta áhlaup á greinina án þess að það komi nokkurn tíma til lýðræðislegrar umræðu um málið?

[15:52]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég hef komið á afar margar garðplöntustöðvar og alltaf þegar ég kem inn á þær fyllist ég af stolti, vegna hugkvæmni, framkvæmdagleði og dugnaði eigenda þeirra. Nú er þeim ógnað. Þeir hafa beðið um stuðning í formi raforkulækkunar og annan stuðning en ekki fengið neitt. Eina sem kemst að hjá ríkisstjórninni er ál, ál og aftur ál með hækkuðu raforkuverði og það er hin hugmyndasnauða ríkisstjórnarstefna á kostnað þess sprotaiðnaðar sem garðplöntuframleiðsla er.

Þetta mál er einfalt. Hér er ekki verið að jafna samkeppni. Hér er verið að mismuna. Garðplöntuframleiðendur fá ekki að sitja við sama borð. Það er aðalatriðið. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að hygla einni starfsstétt á kostnað annarrar. Það heitir mismunun. Hún stenst ekki. Það liggur á borðinu að 65. gr. stjórnarskrárinnar, jafnræðisreglan er undir. Það er helgasta skylda okkar, þar með talið hæstv. ráðherra, að standa vörð um hana. Af þessari reglu leiðir, að allan minnsta vafa í þessu máli, vafa um mismunun, ber að túlka stjórnarskránni í hag. Þennan vafa ber að túlka einstaklingum í hag og þennan vafa ber að túlka garðplöntuframleiðendum í hag.

Hér er rökstuddur vafi á ferð. Það hefur verið ítarlega rökstutt í bréfi lögmanns Félags garðplöntuframleiðenda, og hæstv. ráðherra ber að íhuga þennan vafa, draga tillögur sínar til baka og endurskoða afstöðu sína. Það er ekki hægt að mismuna einum framleiðanda innan landbúnaðarins á kostnað annars. Það er grundvallaratriði.

[15:54]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Stuðningur við íslenskan landbúnað, í alþjóðlegum samanburði, er mjög mikill og hann hefur verið mikið gagnrýndur, sérstaklega af stjórnarandstöðunni um langt árabil. Þegar stuðningurinn er metinn í alþjóðlegum samanburði er hvort tveggja gert, það er metinn beinn stuðningur við framleiðsluna og varnaraðgerðir á vegum tolla og aðflutningshindrana eru líka metnar með.

Það hefur lengi legið fyrir og allir mátt vita að við stæðum frammi fyrir miklum vanda á komandi árum varðandi tolla og vörugjöld og hindranir í innflutningi á landbúnaðarvörum. Við vitum að það liggur fyrir okkur á næstu árum að þurfa að gefa verulega eftir í þeim efnum.

Hins vegar er það meginatriði til að standa vörð um landbúnaðinn á Íslandi að vera alltaf tilbúinn að verja að beingreiðslur til framleiðslunnar verði ekki skertar. Þetta verður mjög erfitt. Það verður erfitt að verjast að taka niður tollana. Það mun verða sárt mjög víða. En það er krafa okkar að embættismenn okkar á vegum utanríkisráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins standi vörð um hvernig við gerum þetta. Það verður alltaf umdeilt. Það verður alltaf mjög umdeilt. Ég er hins vegar viss um að menn eru að gera sitt besta og leggja sig mjög fram.

Við eigum eftir að fara í gegnum erfiða hluti á næstu fimm til tíu árum í þessu sambandi. En við munum reyna að verja það eins og við mögulega getum. Menn mega ekki stinga höfðinu í sandinn og segja: Það er hægt að verja Ísland fyrir innflutningi á landbúnaðarvörum. Það er ekki hægt. Við munum ekki klára það. Þetta verður undanhald næstu fimm til tíu árin og það varðar öllu að við reynum (Forseti hringir.) að fara eins varlega og eins vel og við mögulega getum. Ég er viss um að með (Forseti hringir.) þessum samningi var verið að gera það.

[15:56]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta var ágætisræða hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni almennt um stöðuna varðandi landbúnaðinn. En það sem hefur komið mér á óvart hér í umræðunni í dag er að hæstv. ráðherra svarar ekki þeim spurningum sem lagðar eru fram. Þær hafa samt legið fyrir býsna lengi. Það eru engin svör við því af hverju var ekki haft samráð. Engin svör við því. Engin svör við því hvers vegna garðplöntuframleiðslunni er fórnað algerlega fyrir innflutning, t.d. af 15 tonnum af rjúpu, hvernig sem það er nú fundið út að við þurfum endilega á 15 tonnum af rjúpu að halda á næsta ári. Eða er gagnkvæmur flutningur á 15 tonnum af pylsum? 15 tonn inn og 15 tonn út af pylsum?

Hvers vegna var garðplöntuframleiðslunni fórnað fyrir þetta? Hvers vegna? Það eru engin svör við því. Engin svör við því af hverju var ekki haft samráð. Ekki nokkur svör. Og hv. þm. Ingvi Hrafn Óskarsson sagði að við gætum kannski sótt fram, bara farið inn á blómamarkaði í Hollandi, Frakklandi og Þýskalandi — hugsið ykkur — með stjúpuna okkar.

Í hvers konar veruleika búið þið? Það þarf ekki að segja mér að hv. þingmaður geri mikið af því að setja niður sumarblóm eða kaupa þau yfirleitt. Það er þannig að þessi blóm eru öll vorblóm á þessum stöðum og eru komin á útsölu þegar þau verða sett í sölu hér og framleiðslan er komin á sinn enda hér. Við þurfum á því að halda að þessi starfsstétt fái að halda stöðu sinni, stöðu sem hún hefur fengið án allra ríkisstyrkja, alltaf.

Er hún að gjalda þess núna? Er hún að gjalda þess að hafa ekki, eins og hæstv. ráðherra sagði, sótt um aðstoð? Áttu garðplöntuframleiðendur að liggja á hnjánum undanfarin ár og biðja um aðstoð í staðinn fyrir að berjast og standa í lappirnar? Nei. Þá er þeim bara fórnað. Þá gleymdist að þeir eru til. [Klapp frá þingpöllum.]

[15:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hér hef ég hlustað á mestu sýndarmennsku sem ég hef orðið vitni að lengi. Samfylkingarfólkið sem hefði viljað vera komið í Evrópusambandið í gær þykist vera varðmenn íslenskra bænda og landbúnaðarins, þar á meðal garðplöntuframleiðenda. Þetta er sýndarmennska af fyrstu, annarri og þriðju gráðu sem á ekki við nokkur einustu rök að styðjast. Það eru Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn sem hafa staðið vörð um þessa atvinnugrein.

Það er (Gripið fram í.) auðvitað hámark dómgreindarleysis að halda því fram að garðplöntuframleiðsla á Íslandi sé fyrir bí. Garðplöntuframleiðendur eru í um það bil 25 stöðvum. Þeir hafa flutt inn tolllausar garðplöntur og ræktað þær hér til áframeldis. Þeir hafa selt þær ásamt mörgum öðrum vörum. Ég er alveg klár á að fjarlægðarverndin, ferskleikinn og gæðin gera það að verkum að fólk heldur áfram að sækja blóm og runna sem henta íslenskum aðstæðum til þessa fólks og kaupa ráðgjöfina í leiðinni.

Það er því stóralvarlegur hlutur af heilum stjórnmálaflokki að ætla að dauðadæma bæði Garðyrkjuskólann og garðplöntuframleiðslu í landinu. (Gripið fram í.) Við munum sjá að garðplöntuframleiðslan mun lifa áfram. Hún fær sínar aðstæður í gegnum þetta og þetta fagfólk verður heimsótt af Íslendingum. Hér verða ekki nein útsölublóm sem taka við. Þannig að þetta er allt saman kjaftæði Samfylkingarinnar, sýndarmennska og áróður sem hér er settur upp í dag.

Síðan koma menn hér (Gripið fram í.) og tala eins og þetta sé almennt um garðyrkjuna í heild. Ég vil nefna sem dæmi að risatómatar geta orðið hér útflutningur í framhaldi af þessu. Þannig að við höfum verið að vinna með garðyrkjustöðvunum, garðyrkjunni. Þetta er ekki dauðadómur yfir Garðyrkjuskólanum eða þeim hluta Landbúnaðarháskólans sem þar er. Ef það er svo, þá hefur þetta nám ekki verið beysið og ekki mikið skert þar.

(Forseti hringir.) Ég vil fullyrða að garðplöntuframleiðendur taki gleði sína með þessu vori (Forseti hringir.) og kalli fólkið í landinu til sín. (Forseti hringir.) Það mun kaupa þar sínar morgunfrúr og stjúpur, hæstv. forseti.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 742. mál (heildarlög). — Þskj. 1078.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vinnumarkaðsaðgerðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 788. mál (heildarlög). — Þskj. 1194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 743. mál (EES-reglur). — Þskj. 1079.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:05.

---

111. FUNDUR

föstudaginn 28. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES og atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 771. mál, þskj. 1133, nál. 1208, brtt. 1209. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

[10:31]

Útbýting:

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES og atvinnuréttindi útlendinga, 771. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1208; brtt. JóhS o.fl., þskj. 1209.

Aukatekjur ríkissjóðs, 403. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1204.

Lífeyrissjóður bænda, 622. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1203.

Ríkisútvarpið hf., 401. mál, þskj. 1196.

Útvarpslög, prentréttur og samkeppnislög, 791. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1207.

Tilhögun þingfundar.

[10:32]

Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að atkvæðagreiðsla um afbrigði verður nú í upphafi fundar. Síðan er fyrirhuguð atkvæðagreiðsla aftur um kl. 12.45, korter fyrir eitt.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES og atvinnuréttindi útlendinga, 2. umr.

Stjfrv., 771. mál (ríkisborgarar nýrra aðildarríkja). — Þskj. 1133, nál. 1208, brtt. 1209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1208 og 1209. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

[10:34]

Frsm. meiri hluta félmn. (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti. Auk þess bárust nefndinni umsagnir um málið.

Með frumvarpinu er lagt til að 1.–6. gr. reglugerðar ráðsins nr. 1612/68, um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins, gildi að meginstefnu til um ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands. Með lögum nr. 19/2004 sem breyttu lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins var því frestað að láta umrædda reglugerð taka til ríkisborgara greindra ríkja. Í samningaviðræðum um aðild þessara ríkja, auk Möltu og Kýpur sem undanþágan í lögum nr. 19/2004 náði ekki til, var gert ráð fyrir að sömu reglur kæmu til með að gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu en hins vegar þótti nauðsynlegt að semja um ákveðna aðlögun. Vert er að taka fram að þegar aðildarríki hefur tekið upp hinar sameiginlegu reglur um frjálsa för launafólks er ekki ætlast til að settar verði strangari takmarkanir síðar nema ef um röskun eða fyrirsjáanlega röskun á innlendum vinnumarkaði verði að ræða. Í þeim tilvikum getur EES/EFTA-ríki farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún fresti beitingu 1.–6. gr. reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins að hluta eða öllu leyti í takmarkaðan tíma með það að markmiði að endurheimta eðlilegt ástand.

Lögð er til breyting á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga. Verði frumvarpið að lögum verður launamanni sem er ríkisborgari einhvers framangreindra ríkja heimilt að koma hingað til lands í atvinnuleit og nýtur hann þá sama forgangs til starfa hér á landi og Íslendingar. Atvinnurekendur munu þó þurfa að tilkynna til Vinnumálastofnunar hyggist þeir ráða ríkisborgara þessara ríkja til starfa. Því má

segja að farinn sé einhvers konar millivegur, þ.e. ríkisborgurum nýrra Evrópusambandsríkja verður veitt heimild til að koma hingað til starfa án atvinnuleyfa en þó með ákveðnum skráningarskilyrðum.

Tilkynningu til Vinnumálastofnunar skal fylgja afrit af ráðningarsamningi sem tryggir launamanni laun og önnur starfskjör samkvæmt kjarasamningum og íslenskum lögum. Telji Vinnumálastofnun að misbrestur sé á því að lágmarkskjör séu virt getur stofnunin haft samband við atvinnurekanda og viðkomandi stéttarfélag. Stofnunin mun halda skrá yfir þá ríkisborgara áðurnefndra ríkja sem hingað koma til starfa og getur stofnunin lagt dagsektir á atvinnurekendur til að tryggja að tilkynningarskyldan verði virt. Þá ber Vinnumálastofnun að afhenda stéttarfélagi afrit af ráðningarsamningi liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi. Meiri hlutinn tekur undir það sem kom fram í einni umsagna, þ.e. að skráningarferli verði einfalt og aðgengilegt og að æskilegt sé að atvinnurekandi geti skráð nýjan starfsmann með rafrænum hætti.

Samkvæmt frumvarpinu verður Vinnumálastofnun heimilt að afhenda hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöldum eða lögreglu upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum laga um atvinnuréttindi útlendinga. Er þessi heimild mikilvæg til að árétta mikilvægi þess að opinberar stofnanir stuðli að því að farið sé að lögum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Þá er veitt heimild til samkeyrslu upplýsinga Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, lögreglu og skattyfirvalda svo hægt sé að hafa eftirlit með því að þeir sem koma hingað til starfa hafi til þess tilskilin leyfi. Í nefndinni var rætt hvort 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins sem fjallar um samkeyrslu upplýsinga gengi lengra en ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gera ráð fyrir. Nefndinni barst umsögn frá Persónuvernd þar sem stofnunin gerir athugasemdir þess efnis að heimild frumvarpsins sé mjög víðtæk og telur stofnunin vafa leika á um það hvort umrætt ákvæði sé þannig úr garði gert að gætt sé meðalhófs. Er í umsögninni vísað til ákvæða 1.–3. mgr. 7. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Meiri hlutinn leggur til breytingar á 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins í þeim tilgangi að þrengja umrædda heimild til samkeyrslu upplýsinga en gerð er grein fyrir henni í lok álits þessa. Vill meiri hlutinn benda á tilgang 2. mgr. 2. gr. sem er sá að halda úti virku eftirliti með því að þeir sem hér dvelja og starfa fari að gildandi reglum. Það er skilningur meiri hlutans að þessar upplýsingar megi ekki nota í öðrum tilgangi en sem samrýmist markmiðum laganna.

Við umfjöllun málsins var rætt um aðstæður innflytjenda á Íslandi, einkum stöðu þeirra á vinnumarkaði og hvort upp gætu komið svipuð vandamál hér á landi og hafa komið upp nýverið í Frakkland og Þýskalandi. Ljóst þykir að innflytjendur standa oft höllum fæti á vinnumarkaði, m.a. vegna tungumálaörðugleika og skorts á menntun. Hins vegar koma einnig hingað til lands vel menntaðir einstaklingar sem ekki fá störf í samræmi við menntun. Innflytjendaráði sem stofnað var í nóvember 2005 er ætlað að virkja til samstarfs alla helstu hagsmunaaðila á sviði þessa málaflokks en nefnd um aðgerðir til að tryggja aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi lagði til að ráðið yrði stofnað. Nefndin skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra í apríl 2005 og lagði til að innflytjendaráð yrði ríkisstjórninni til ráðuneytis við mótun stefnu í málefnum innflytjenda. Ráðið hefur notað tímann frá stofnun þess til að fara yfir stöðu innflytjendamála og leggja drög að framkvæmdaáætlun. Meðal annars hefur verið rætt um að innflytjendur fái við komuna til landsins nauðsynlegustu upplýsingar í formi bæklings sem yrði þýddur á 10 tungumál. Í skýrslu framangreindrar nefndar kemur fram að innflytjendum hefur fjölgað mjög á Íslandi á undanförnum árum og er þar jafnframt gengið út frá svokallaðri gagnkvæmri aðlögun. Með því er átt við að þeim útlendingum sem hingað koma verði auðveldað að semja sig að siðum og venjum Íslendinga, t.d. með aðgangi að tungumálanámskeiðum og fræðslu um helstu þætti samfélagsins, svo sem menningu. Hins vegar verði um leið að viðurkenna að innflytjendur rækti siði og venjur menningar sinnar, rækti tengsl við heimaland sitt og fólk sitt hérlendis sem erlendis. Í lokaorðum skýrslunnar kemur fram að íslenskt samfélag ætti að leggja í það metnað að aðlögun innflytjenda takist vel og að þótt opinberir aðilar verði að hafa þar hönd í bagga verði hin raunverulega aðlögun fyrst og fremst sjálfsprottin.

Meiri hlutinn leggur á það áherslu að mótuð verði stefna í málefnum innflytjenda og að gerð verði framkvæmdaáætlun á grundvelli þeirrar stefnu. Áætlunin verði jafnframt kynnt félagsmálanefnd fyrir 1. október 2006.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að þau lágmarkskjör sem gilda á íslenskum vinnumarkaði gilda um ríkisborgara þeirra ríkja sem frumvarp þetta gildir um. Meiri hlutinn væntir þess að með þessari opnun muni atvinnurekendur síður þurfa að nýta sér þjónustu starfsmannaleigna og því ætti frumvarpið að ýta undir beinar ráðningar, þ.e. milli atvinnurekanda og launamanns.

Gert hefur verið samkomulag um að félagsmálaráðherra skipi starfshóp þar sem fulltrúar stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins eigi sæti. Þar skal farið yfir stöðu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Starfshópurinn skal skila áliti og tillögum fyrir 1. nóvember nk. og er honum ætlað að koma með tillögur um hvernig unnt sé að tryggja að útlendingar dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar verði til um útlendinga sem eru að störfum hér. Meðal annars verður skoðað hvort ástæða sé til að styrkja það vinnumarkaðskerfi sem fyrir er til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Jafnframt skal starfshópurinn kanna hvaða leiðir séu færar til að auka upplýsingagjöf og aðstoð við erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði. Tilkynning um hlutverk starfshópsins er fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Meiri hlutinn leggur áherslu á að starfshópurinn skili á tilsettum tíma og bindur vonir við að starf hans styrki vinnumarkaðinn almennt þannig að grundvallarréttindi launafólks verði betur varin.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Við 1. málsl. 2. efnismgr. 2. gr. bætist: í þeim tilgangi að kanna hvort atvinnurekendur sem hafa ráðið útlendinga til starfa hafi farið að lögum þessum enda sé um að ræða afmörkuð verkefni en ekki viðvarandi samkeyrslu.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson er

andvígur áliti þessu en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Jóhann Ársælsson og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögu við frumvarpið.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Undir álitið rita hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Gunnar Örlygsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ingvi Hrafn Óskarsson, Jóhann Ársælsson, með fyrirvara, Pétur H. Blöndal, með fyrirvara, Birkir Jón Jónsson og Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

[10:45]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er aðeins ein spurning. Í nefndaráliti meiri hluta félagsmálanefndar, sem m.a. mín flokkssystkin standa að, með fyrirvara þó, segir, með leyfi forseta:

„Vert er að taka fram að þegar aðildarríki hefur tekið upp hinar sameiginlegu reglur um frjálsa för launafólks er ekki ætlast til að settar verði strangari takmarkanir síðar nema ef um röskun eða fyrirsjáanlega röskun á innlendum vinnumarkaði verði að ræða."

Það er síðasti hluti þessarar setningar. Mig langar að spyrja talsmann nefndarinnar: Um hvaða fyrirsjáanlegu röskun á innlendum vinnumarkaði er verið að ræða sem gæti breytt þessum ákvæðum?

[10:46]

Frsm. meiri hluta félmn. (Dagný Jónsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta atriði var töluvert mikið rætt í hv. félagsmálanefnd og okkur þótti mjög mikilvægt að setja þetta inn í nefndarálitið. Þarna er settur sá fyrirvari að stjórnvöld geti gripið til aðgerða ef, eins og það er orðað, röskun verður á vinnumarkaði. Það er verið að tala um það að stjórnvöld verði að meta slíkt ástand eða yfirvofandi ástand og hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins. Það er þá verið að tala um það að ef svo stór hópur útlendinga kemur hingað til lands að við verðum engan veginn í stakk búin til að taka á móti þeim. Einnig er verið að hugsa um atvinnuástandið í landinu o.s.frv. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að við séum með þessa heimild í lögunum og það má líka geta þess að þetta eru rýmri heimildir en í Evrópusamningnum þannig að ég tel mjög gott að stjórnvöld hafi þennan varnagla. Við gerum okkur nefnilega ekki fullkomlega grein fyrir hversu margir muni nýta sér þessa rýmkun og koma hingað til lands. Það er alveg ljóst að vinnumarkaðurinn verður að vera í stakk búinn til þess að taka á móti þessu fólki og stjórnvöld.

[10:47]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo að ég er eiginlega alveg sammála því sem þarna kemur fram. Mér fannst hins vegar nauðsynlegt að talsmaður nefndarinnar útskýrði þetta betur hér. Það er sem sagt atvinnuleysi, mikið atvinnuleysi, eða stórkostlega mikill innflutningur á erlendu vinnuafli sem gæti gert þetta að verkum. Það er mikilvægt að þetta sé komið fram.

Þarna eru eiginlega komin fram axlabönd og belti frá nefndinni hvað þetta varðar. Þetta sýnir kannski líka hversu — ja, má draga athygli að því hversu seint þetta frumvarp kemur fram. Við erum að ræða það hér í kapp við tímann og eigum að klára þetta núna fyrir 1. maí. Svo er með ýmis önnur mál sem ég ætla ekki að gera að umræðuefni hér.

Annað atriði sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir setti fram er samkomulag sem nefndin gerði við hæstv. félagsmálaráðherra um að skipa starfshóp þar sem fulltrúar stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins eiga sæti. Mig langar að spyrja: Kom sú hugmynd ekki fram í nefndinni að fulltrúar þeirra erlendu aðila sem koma hér inn, fulltrúar hins erlenda vinnuafls, ættu sæti í þessum starfshópi þar sem þeir gætu miðlað því sem að þeim snýr og því sem þeir mæta hér?

[10:48]

Frsm. meiri hluta félmn. (Dagný Jónsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla bara að svara þessu síðasta atriði sem hv. þingmaður kom inn á. Nefndin er auðvitað á vegum hæstv. félagsmálaráðherra og mér er kunnugt að það kom ekki til umræðu að hafa þessa aðila þar inni. En þessu er þá komið áleiðis.

[10:49]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Ég skrifa undir það nefndarálit sem hér hefur verið mælt fyrir með fyrirvara og það gera einnig hv. þingmenn Jóhann Ársælsson og Valdimar L. Friðriksson og Ögmundur Jónasson, sem er áheyrnarfulltrúi, er samþykkur álitinu með fyrirvara einnig.

Þessi fyrirvari lýtur m.a. að breytingartillögu sem við flytjum á þskj. 1209, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þar er í stuttu máli, frú forseti, lagt til að við nýtum okkur aðlögunina áfram í stuttan tíma eða fram til næstu áramóta en hún taki ekki gildi 1. maí 2006. Ástæða þess að við teljum mikilvægt að nýta þessa aðlögun áfram, framlengja hana um nokkra mánuði, er sú að tími gefist þá til undirbúnings og nauðsynlegrar stefnumótunar í málefnum innflytjenda. Ekki er síður mikilvægt að við fáum niðurstöðu úr þeirri nefnd sem félagsmálaráðherra ætlar að skipa í kjölfar þessarar lagasetningar sem hefur það markmið að treysta betur regluverk og framkvæmd til að tryggja að ekki verði gengið gegn grundvallarréttindum launafólks. Um það er ágreiningur milli aðila vinnumarkaðarins hvernig að því skuli staðið. ASÍ hefur sett fram ákveðnar tillögur þar að lútandi til að styrkja vinnumarkaðinn en um það er greinilegur ágreiningur milli Samtaka atvinnulífsins og ASÍ. Sá ágreiningur kom fram á fundi nefndarinnar og við höfum talið mikilvægt að sjá hver niðurstaðan væri úr því áður en opnað yrði fyrir frjálsa för fólks til landsins.

Ég vil koma nokkuð nánar inn á þetta en ég vil í upphafi, frú forseti, gagnrýna enn og einu sinni, eins og ég gerði við 1. umr., hve stuttan tíma þing og umsagnaraðilar hafa haft til þess að fjalla um þetta mál. Það er beinlínis

vanvirða við þessa aðila að ætla sér að afgreiða þetta stóra mál á örfáum dögum en það var lagt fyrir þingið, ef ég man rétt, 10. apríl og tekið hér fyrir eftir páska og við höfum haft tvo, þrjá daga til þess að fjalla um þetta stóra mál sem á eru margar hliðar.

Við í stjórnarandstöðunni fögnum þó þeim áherslum sem fram koma í nefndarálitinu sem ég ætla aðeins að fara nánar inn á í mínu máli. Það var ekki síst það og vilji formannsins til að koma til móts við okkur í þessu efni sem varð til þess að við treystum okkur til að skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara og flytja þessa breytingartillögu.

Nú er það svo að við sem skrifum undir nefndarálitið með fyrirvara erum vissulega og sannarlega fylgjandi því að hér blómstri fjölmenningarlegt samfélag og að við opnum fyrir frjálsa för fólks til þessa lands. En okkur er mjög í mun að vel sé tekið á móti því fólki og þess vegna leggjum við mikið upp úr þeirri stefnumótun sem á að fara fram í málefnum innflytjenda og ekki síður því starfi sem á að fara fram í nefnd félagsmálaráðherra.

Alþýðusamband Íslands hefur í aðdraganda þessarar lagasetningar sett fram minnisblað sem var lagt fyrir miðstjórn ASÍ í febrúarmánuði síðastliðnum. Þar er staða þessara mála rakin og þeir kostir sem eru í stöðunni. Eins og þetta er sett fram hjá ASÍ eru kostirnir aðeins þrír. Ef ekkert er gert í þessu máli mun aðlögunarfresturinn falla niður 1. maí og annað verða óbreytt, þ.e. sameiginlegi vinnumarkaðurinn kemur að fullu til framkvæmda á þeim grundvelli sem hefur verið lagt til. Annar kosturinn var að ákveða að aðlögunarfresturinn yrði framlengdur í allt að þrjú ár í viðbót, þ.e. til 2009, en heimild er til þess að framlengja hann enn um tvö ár frá 2009 eða til 2011. Þriðji kosturinn sem ASÍ setti fram var að framlengja ekki frestinn en treysta regluverk og framkvæmd þannig að tryggt sé eins og kostur er að útlendingar á íslenskum vinnumarkaði, hvort sem þeir starfa á vegum erlendra starfsmannaleigna eða annarra þjónustufyrirtækja eða eru á beinum ráðningarsamningi hjá fyrirtæki hér á landi, njóti þeirra kjara og réttinda sem hér gilda og þeim ber. Þannig verði reynt að tryggja að vera útlendinga á vinnumarkaði um skemmri eða lengri tíma raski ekki kjörum eða samskiptum á vinnumarkaði.

Í minnisblaði ASÍ til miðstjórnarinnar segir, með leyfi forseta:

„Rétt er að hafa í huga að það er ekkert sem segir að ekki megi blanda saman leiðum 2 og 3, þ.e. að nýta frestsheimildina með einhverjum hætti en jafnframt treysta löggjöf og regluverkið almennt og bæta framkvæmdina til að ná þeim markmiðum sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram. Reyndar má segja að frestunin án þess að tíminn sé notaður til að treysta regluverkið og framkvæmdina hafi takmarkaða þýðingu, það gildir bæði um frjálsa för en ekki síður og kannski enn frekar um það sem snýr að þjónustufyrirtækjum og starfsmönnum þeirra og þetta er klárlega sú leið sem alþýðusambandið í Noregi vill fara og sama gildir um Danina."

Áfram segir hér, með leyfi forseta:

„Þegar metnir eru þeir kostir sem nú eru í stöðunni er mikilvægt að hafa í huga að sátt sem nú virðist hafa náðst varðandi væntanlega þjónustuskipun á vettvangi ESB og rutt hefur úr vegi ýmsum hindrunum sem taldar voru á því að setja skilyrði varðandi skráningu og upplýsingagjöf og skyldu fyrirtækja sem bjóða fram þjónustu sína á Evrópska efnahagssvæðinu, þar með talið starfsmenn sem hluta af þeim pakka."

Þær tillögur sem voru lagðar fyrir miðstjórnina voru þær að danska leiðin yrði farin til að mæta þeim sjónarmiðum að ekki megi þrengja svo að möguleikum fyrirtækja hér á landi á að ráða einstaklinga frá nýjum aðildarríkjum beint að þau leiðist út í að nýta sér frekar þjónustu starfsmannaleigna eða annarra þjónustufyrirtækja, þ.e. að opnað verði fyrir frjálsa för fólks með ákveðnum skilyrðum sem fram koma í þessu frumvarpi, m.a. að það þurfi að leggja fram ráðningarsamninga þess fólks sem hingað kemur í atvinnuleit.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Rökin fyrir þessari afstöðu eru að íslenskur vinnumarkaður sé ekki enn tilbúinn til að taka við frjálsri för launafólks frá nýju aðildarríkjunum og að mikilvægt sé að treysta frekar innviði vinnumarkaðarins og þær reglur og þau kjör sem þar gilda. Þá er mikilvægt að með þessari aðferð er helst mögulegt að fylgjast með fjölda þeirra sem koma hingað til starfa hjá fyrirtækjum sem hér hafa staðfestu og hvaða kjörum þeir eru á. Reynsla Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess hefur glögglega sýnt fram á að brot gagnvart erlendu starfsfólki eru mest þar sem upplýsingar eru minnstar og þar er jafnframt erfiðast að gæta hagsmuna þessara aðila."

Virðulegi forseti. Þetta er sú leið sem varð samkomulag um milli aðila vinnumarkaðarins að fara. Alþýðusambandið hefur jafnframt sett fram ýmsar tillögur sem lúta að því að styrkja vinnumarkaðinn sem ég ætla aðeins að geta hér, og væntanlega verður þá fjallað um þær í nefndinni sem hæstv. félagsmálaráðherra setur á laggirnar í framhaldi af þessari lögfestingu. Lagt er til að sett verði löggjöf um skráningarskyldu, upplýsingaskyldu, eftirlit og aðhald með þjónustufyrirtækjum. Gerð er krafa um ábyrgð notendafyrirtækja og lagt til að úrræði aðila vinnumarkaðarins til að fá upplýsingar um raunveruleg laun og starfskjör erlends verkafólks verði treyst enn frekar. Lagt er til að skipulagt samstarf stjórnvaldsaðila og aðila vinnumarkaðarins verði formbundið og treyst með það að markmiði að samræma upplýsingagjöf og aðgerðir og einnig er tillaga sem lýtur að því að upplýsingagjöf verði aukin og aðstoð við erlent verkafólk sem hér starfar og að leitað verði leiða til að koma í veg fyrir og draga eins og kostur er úr hættunni á gerviverktökum, þar með talið af hálfu útlendinga sem hingað koma til starfa.

Annað sem ASÍ leggur til er að kannaðir verði kostir þess að ILO-samþykkt nr. 94, um samninga á vegum opinberra aðila, verði fullgilt hér á landi eða meginreglum hennar a.m.k. hrundið í framkvæmd. Nokkur fleiri atriði hefur ASÍ nefnt þannig að mikið verk er fyrir höndum í þessari nefnd að treysta betur regluverk og framkvæmd til að tryggja að ekki verði gengið á grundvallarrétt launafólks. Það eru þessi atriði sem við vildum fá niðurstöðu í áður en þetta frumvarp yrði lögfest en um það náðist ekki samstaða í félagsmálanefnd og þess vegna er sú niðurstaða sem hér er mælt fyrir.

Ég nefndi að það væri tvennt í nefndarálitinu sem við

legðum mikið upp úr.

Það er eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur á það áherslu að mótuð verði stefna í málefnum innflytjenda og að gerð verði framkvæmdaáætlun á grundvelli þeirrar stefnu. Áætlunin verði jafnframt kynnt félagsmálanefnd fyrir 1. október 2006."s

Þetta teljum við afar mikilvægt. Eins og kom fram í máli formanns nefndarinnar hefur verið sett á laggirnar innflytjendaráð sem ég bind miklar vonir við að vinni fljótt og vel að þessu máli. Þar eru ýmsar hugmyndir á borðinu sem greinilegt er að innflytjendaráð mun vinna að.

Í skýrslu sem lögð var fram fyrir nokkrum mánuðum, nefndar um aðlögunarmál útlendinga á Íslandi, er að finna ýmsar tillögur sem ég vænti að innflytjendaráð skoði ítarlega í þeirri stefnumótun sem þar fer væntanlega fram. Meginniðurstaða nefndarinnar var að brýn þörf væri á mótun heildstæðrar stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda. Eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Með því að búa til þennan farveg innan stjórnsýslunnar sem stofnun innflytjendaráðs er telur nefndin að forsendur slíkrar stefnumótunar verði fyrir hendi. Meginverkefni innflytjendaráðs verði að taka á helstu atriðum er snerta aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi í víðu samhengi.

Innflytjendaráð á að leita eftir breiðri samstöðu ólíkra hagsmunaaðila sem málið snertir. Þar á meðal eru sveitarfélög, aðilar vinnumarkaðar, frjáls félagasamtök og félög útlendinga á Íslandi."

Ég tel ákaflega mikilvægt að innflytjendaráð leiti eftir breiðri samstöðu þessara aðila. Með slíkum vinnubrögðum er von til að farsæl niðurstaða náist í þessu máli sem allir geti vel við unað.

Fjögur ráðuneyti, félagsmála-, menntamála-, dómsmála- og heilbrigðisráðuneyti, og síðan Samband íslenskra sveitarfélaga eiga aðild eiga að innflytjendaráði. Hugmyndir sem fram kom í skýrslunni, sem væntanlega verða á borði innflytjendaráðs, voru að bæta þyrfti mjög tölfræðilegar upplýsingar varðandi fólk af erlendum uppruna, að teknu tilliti til laga um persónufrelsi og meðferð persónuupplýsinga. Síðan var þar hugmynd um að innflytjendaráð skyldi í samvinnu við Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun tryggja að sérhverjum þeim sem hér fær atvinnu- og dvalarleyfi bjóðist leiðsögn um íslenskt samfélag. Áhersla skuli lögð á að viðkomandi þekki réttindi sín og skyldur með það að markmiði að hann geti tekið virkan þátt í samfélaginu. Í skýrslunni er síðan rætt um miðlun upplýsinga, með leyfi forseta:

„Innflytjendaráð skal leitast við að tryggja sem best miðlun upplýsinga til útlendinga á Íslandi. Byggt verði á þeirri vinnu sem nú þegar liggur fyrir hjá ýmsum aðilum og leitast við að efla hana og samræma."

Einnig er tekið á túlkaþjónustu og lagt til að gerð verði áætlun um túlkaþjónustu sem nái til landsins alls og rætt um þjónustu við sveitarfélög. Hér segir, með leyfi forseta:

„Innflytjendaráð skal markvisst kynna sveitarfélögunum þarfir og aðstæður innflytjenda. Innflytjendaráð skal gera tillögur um hlutverk sveitarfélaga í aðlögunarmálum. Áhersla skal lögð á heildræna þjónustu við fjölskyldur og hvetja þau til að tryggja að innflytjendum séu kynnt réttindi sín og skyldur í samfélaginu og hvatt er til heildrænnar þjónustu við fjölskyldur."

Það er auðvitað afar mikilvægt að þeir innflytjendur sem hingað koma þekki réttindi sín. Það er út af fyrir sig áhyggjuefni að þeir sem koma frá þjóðum í frjálsri för innan Evrópska efnahagssvæðisins þurfa ekki eins og aðrir útlendingar sem hingað leita að læra íslensku. Innflytjendaráð hlýtur að taka það til sérstakrar skoðunar hvernig hægt er að bjóða þeim hópum sem hingað möguleika á að læra tungumál okkar. Það er grundvallaratriði, ekki síst til að tryggja að það fólk þekki réttindi sín.

En það er sem sagt unnið að framkvæmdaáætlun fyrir innflytjendaráð og drög í vinnslu eins og fram kemur á minnisblaði sem nefndin fékk frá ráðinu. Við leggjum áherslu á að þegar sú stefnumótun liggur fyrir þá verði hún kynnt félagsmálanefnd. Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að hafa fleiri orð um þetta þótt full ástæða væri til. Enda heyrist það kannski á mæli mínu að ég er ekki vel í stakk búin til að halda langa ræðu.

Ég vil nefna nokkrar umsagnir sem komu til félagsmálanefndar út af þessu máli. Það verður að segjast að í ýmsum af þeim umsögnum er kallað eftir því að þessi aðlögunarfrestur verði nýttur og raunar lengri aðlögunarfrestur en við leggjum til í breytingartillögu okkar. Ég ætla aðeins að fá að hlaupa á því í lokin, virðulegi forseti. Hér segir í umsögn frá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, með leyfi forseta:

„Við teljum að fresta beri staðfestingu á samþykktum um frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins í það minnsta í eitt ár, því okkur er kunnugt um smærri atvinnurekendur sem bíða eftir því að okkar afskiptum af atvinnuleyfum ljúki."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Við Íslendingar höfum haft nokkur ár til að búa okkur undir staðfestingu á frjálsri för verkafólks frá þessum nýju aðildarríkjum EES en ekkert gert til að vera viðbúin nýjum viðhorfum. Því er árs frestur á staðfestingu mjög brýnn. En skilyrðið yrði að vera að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld nýttu vel frestinn til að setja sér reglur sem kæmu í veg fyrir misnotkun á þessu verkafólki frá fátækum ríkjum, því allir hljóta að vera sammála um að ekki verði níðst á því af óprúttnum aðilum."

Það er hægt að taka undir það sem hér kemur fram um frestinn, sem við höfum í raun haft frá árinu 2004. Allir vissu að 1. maí 2006 þyrfti að taka ákvörðun um frekari aðlögun. Sá dagur er nú kominn án þess að stjórnvöld hafi gert nægilega mikið í málinu til að menn hafi heildarmyndina fyrir framan sig, þ.e. stefnumótun í málefnum innflytjenda og niðurstöður af starfi nefndar sem er að vinna að frekari regluverki og lögum til að treysta og styrkja vinnumarkaðinn.

Í umsögn BSRB kemur fram nokkuð athyglisvert, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi þarf að tryggja að opnun vinnumarkaðarins valdi ekki verulegri röskun. Rannsóknir sýna að 7–9% ríkisborgara Eistlands, Lettlands og Litháens auk Póllands vilja nýta sér frjálsa för launafólks næstu árin og halda á nýjar slóðir í atvinnuleit. Sömu rannsóknir gera ráð fyrir að einungis 1% ríkisborgara Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands muni sækja atvinnu í öðrum löndum."

Engin rannsókn eða athugun hefur verið gerð á því

hvers megi vænta við þessa opnun, hvort fólk frá þessum aðildarríkjum muni í verulegum mæli nýta sér þann rétt. En það kom fram í starfi nefndarinnar að 80% innflytjenda eru komnir frá þessum nýju aðildarríkjum. Ég hygg að það megi gera ráð fyrir að enn verði veruleg fjölgun sem vissulega væri bara ánægjulegt, eins og ég hef sagt, að fjölga í okkar þjóðfélagi. En forsenda þess er að við getum tekið vel á móti fólki.

Það kom t.d. fram hjá Útlendingastofnun að árið 2004 voru gefin út 6.042 dvalarleyfi en á árinu 2005 9.331, þannig að dvalarleyfum hefur fjölgað milli ára um 54%, sem er mikið. Langmest fjölgun hefur verið vegna útgáfu á atvinnuleyfum. Það mætti kannski nefna að í umfjöllun nefndarinnar kom fram að frá því að Bretar opnuðu fyrir frjálsa för árið 2004 hefur innflytjendum þar fjölgað um 300 þús.

BSRB ítrekar hið sama og Alþýðusamband Íslands, að vinnumarkaðurinn þurfi að vera í stakk búinn til að taka á móti þessu fólki, að girt verði fyrir undirboð á vinnumarkaðnum og að þetta fólk njóti sömu réttinda og aðrir hér. Eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Ströng eftirfylgni við eftirlit og ákveðnar reglur hvað það varðar er forsenda þess að vinnumarkaðurinn verði opnaður eins og hér er lagt til. Að öðrum kosti væri æskilegra að fresta ákvörðun þar að lútandi."

Starfsgreinafélag Austurlands leggur til að fresta gildistöku um frjálsa för í að minnsta kosti þrjú ár til viðbótar. Þar hefur ársfundur trúnaðarmanna sett fram áskorun til stjórnvalda um að fresta gildistökunni um frjálst flæði launafólks.

Verkalýðsfélag Akraness sendir mjög ítarlega umsögn þar sem lagður er til sami frestur. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Ljóst er að verulegur fjöldi fólks frá þeim löndum sem frestunin náði til hefur starfað hér á landi á grundvelli atvinnuleyfa eða fyrir milligöngu starfsmannaleigna. Engin úttekt eða rannsókn hefur farið fram á því hvaða áhrif þetta hefur haft á íslenska vinnumarkað."

Ég hef einmitt sagt að nauðsynlegt væri að það lægi fyrir en stjórnvöld hafa verið sofandi og ekki gert úttekt og rannsókn á áhrifunum á íslenskan vinnumarkað. Síðan heldur áfram hér, með leyfi forseta:

„Fyrst við ákvörðun við niðurfellingu frestunarinnar er ákveðið að skipa starfshóp með aðilum vinnumarkaðarins til að fara yfir málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Það er hins vegar reynsla Verkalýðsfélags Akraness að mikill meiri hluti þess fólks sem kemur hér til starfa frá láglaunasvæðum vinni á lágmarkslaunum sem eðlilega leiðir af sér pressu frá atvinnurekendum um lækkun þeirra markaðslauna sem almennt gilda á íslenskum vinnumarkaði og verkalýðshreyfingin hefur í áratugi verið að berjast fyrir."

Í þessum orðum endurspeglast það sem fram kom í störfum nefndarinnar þann stutta tíma sem hún hafði þetta mál til meðferðar. Það endurspeglast líka í fleiri umsögnum, þ.e. áhyggjur af því að þetta geti haft áhrif til lækkunar á launum og að erfiðara verði að hífa upp lágmarkslaunin. Við því má búast að verulegur hluti fólksins sem hingað leitar sé ófaglært fólk á lægstu launum. Þá verður erfiðara að hífa upp lægstu launin eða að hífa þau sem næst markaðslaunum, eins og að hefur verið unnið. Þetta er út af fyrir sig áhyggjuefni sem menn þurfa að skoða, ekki síst í nefndinni sem á að skoða frekari styrkingu á vinnumarkaðnum.

Hér segir Verkalýðsfélag Akraness enn fremur, með leyfi forseta:

„Vegna þessa telur Verkalýðsfélag Akraness íslenskan vinnumarkað alls ekki tilbúinn nú til að taka við auknu flæði launafólks. Eðlilegt sé að gildistöku reglnanna sé frestað þar til úttekt hefur verið gerð á því hvaða áhrif aukið framboð erlends launafólks frá láglaunasvæðum hefur og fyrir liggi mótaðar tillögur, m.a. frá aðilum vinnumarkaðarins, um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Þar er jafnframt vísað til ályktana frá fjölmörgum verkalýðsfélögum og heildarsamtökum þeirra þar sem frumvarpi þessu er mótmælt."

Þetta er auðvitað kjarninn í því sem við í stjórnarandstöðunni höfum sagt, hv. þm. Jóhann Ársælsson, Valdimar Leó Friðriksson og sú sem hér stendur auk áheyrnarfulltrúans Ögmundar Jónassonar. Við teljum að átt hefði að nýta að minnsta kosti árið út svo að fyrir liggi mótaðar reglur, m.a. frá aðilum vinnumarkaðarins, um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Það er auðvitað kjarninn í þeirri frestun sem við leggjum til.

Í umsögn Samiðnar segir, með leyfi forseta:

„Æskilegt hefði verið að samhliða aukinni opnun vinnumarkaðarins hefðu fylgt aðgerðir til að hefta aukna einstaklingsverktöku erlendra starfsmanna en hún er vaxandi vandamál. Í öðru lagi hefði þurft að lögbinda ábyrgð notendafyrirtækja í þeim tilfellum þegar um starfsmannaleigur er að ræða."

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ástæða til að taka undir þetta og hefði verið æskilegt að frekari reynsla væri komin af lögum sem við settum nýverið um starfsmannaleigur. Þá var mjög mikið kallað eftir að lögbinda ábyrgð notendafyrirtækja og það verður vafalaust ofarlega á borðinu hjá aðilum vinnumarkaðarins í nefndarstarfinu sem ég hef ítrekað komið inn á.

Í umsögn frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur segir, með leyfi forseta:

„Verði þessi breyting að lögum án nauðsynlegra undirbúningsaðgerða og aðlögunar er hætt við að hún valdi því að atvinnuleysi kunni að verða viðvarandi vandamál eins og víða í Evrópu. Framboð af fólki sem er tilbúið að vinna á lægri launum en Íslendingar verði svo mikið. Nú þegar hefur Verkalýðsfélag Húsavíkur fengið inn á borð til sín dæmi, þar sem erlent verkafólk frá einu af þessum aðildarríkjum sem tilgreint eru í frumvarpinu er tilbúið að koma til starfa í ferðaþjónustu í sumar gegn því að fá ráðningarsamning og 300 kr. í dagvinnulaun svo það komist inn í landið."

Það er auðvitað athyglisvert sem hér er sett fram, að þegar liggi fyrir á borði Verkalýðsfélags Húsavíkur dæmi um að erlent verkafólk frá einu af þessum aðildarríkjum sem tilgreind eru sé tilbúið að koma til starfa í ferðaþjónustu í sumar gegn því að fá ráðningarsamning og 300 kr. í dagvinnulaun. Þegar dagvinnulaunin eru meira en helmingi hærri, eða 670 kr.

Virðulegi forseti. Ég get nú farið að ljúka máli mínu. Ég enda á umsögn Bandalags háskólamanna. Þeir segja hér,

með leyfi forseta:

„BHM hefði kosið að sú heimild hefði verið nýtt a.m.k. um einhvern tíma í ljósi þeirra vandkvæða sem upp hafa komið."

Svo segja þeir það, með leyfi forseta, sem ástæða er til að halda til haga í þessari umræðu:

„Með frjálsri för launamanna frá nýjum EES-ríkjum munu koma upp margvísleg álitaefni hvað varðar gæði menntunar og kunnáttu ríkisborgara frá þessum löndum. Ríkisborgarar þeirra landa geta hafa öðlast réttindi háskólamanna á grundvelli menntunar sem er að verulegu leyti frábrugðin og gerir minni kröfur en sú menntun sem veitt er hér á landi. Við því þarf að bregðast m.a. með samvinnu við háskóla um viðbótarmenntun."

Nefndinni gafst enginn tími til að fara ofan í þennan þátt málsins sem er vissulega mikilvægur þegar um er að ræða að fólk flyst hingað til lands og fær hér atvinnu en er kannski með minni réttindi í ýmsum greinum en Íslendingar. Hefði ég gjarnan viljað skoða betur reynsluna af því hvernig við því hefur verið brugðist. Mér skilst að til séu ákveðnar reglur um þetta mál. En okkur gafst enginn tími til að skoða reynsluna af því eða hvernig þær hefðu reynst.

Virðulegi forseti. Þá held ég að ég ljúki máli mínu og legg áherslu á þá breytingartillögu sem við höfum hér flutt, þ.e. við leggjum til framlengingu á þessari aðlögun um nokkra mánuði, eða til næstu áramóta, fyrst og fremst til að við getum undirbúið okkur betur fyrir komu þessa fólks vegna þess að við sem leggjum fram þessa breytingartillögu viljum að við Íslendingar leggjum metnað okkar í taka vel á móti þessu fólki og undirbúum okkur sem best fyrir þá aðlögun sem þarf að vera í þessu sambandi. Við teljum að skynsamlegra hefði verið að bíða eftir því að mótuð hefði verið stefna í málefnum innflytjenda, að gerð hefði verið framkvæmdaáætlun á grundvelli þeirrar stefnu. Það er mikilvægt, eins og ég sagði, sem fram kemur í áliti félagsmálanefndar, að hún á að liggja fyrir 1. október og á að vera kynnt félagsmálanefnd. Eins er lögð áhersla á það í nefndarálitinu að starfshópur á vegum félagsmálaráðherra sem skipaður er fulltrúum stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins skili, með leyfi forseta: „áliti og tillögum fyrir 1. nóvember nk. og er honum ætlað að koma með tillögur um hvernig unnt sé að tryggja að útlendingar dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar verði til um útlendinga sem eru að störfum hér. Meðal annars verður skoðað hvort ástæða sé til að styrkja það vinnumarkaðskerfi sem fyrir er til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Jafnframt skal starfshópurinn kanna hvaða leiðir séu færar til að auka upplýsingagjöf og aðstoð við erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði. Tilkynning um hlutverk starfshópsins er fylgiskjal með nefndaráliti þessu."

Loks segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að starfshópurinn skili á tilsettum tíma og bindur vonir við að starf hans styrki vinnumarkaðinn almennt þannig að grundvallarréttindi launafólks verði betur varin."

Þetta tel ég mjög mikilvægt að fá inn í þetta nefndarálit. Einnig er ástæða til að vísa til þess að þegar þetta hefur verið lögfest þá verður auðvitað ekki aftur snúið. Við verðum að gera eins vel og við getum miðað við þá stöðu sem nú er uppi, nýta vel næstu mánuði á þessu ári í þau verkefni sem ég hef hér lýst. Eins og nefnt var í andsvörum áðan er sleginn ákveðinn varnagli. Þegar aðildarríki hefur tekið upp hinar sameiginlegu reglur um frjálsa för launafólks er ekki ætlast til að settar verði strangari takmarkanir síðar nema ef um röskun eða fyrirsjáanlega röskun á innlendum vinnumarkaði verði að ræða. Ég tel enga ástæðu til þess að ætla að svo verði, virðulegi forseti. Það er mest um vert núna þegar það stendur fyrir dyrum að lögfesta þetta mál á þessum degi og frjáls för launafólks verður að veruleika að við undirbúum okkur sem best þannig að sómi sé að fyrir okkur Íslendinga þannig að við getum tekið vel á móti þessu fólki og byggt hér upp blómlegt fjölmenningarlegt samfélag. Ég held að það sé markmiðið sem við hljótum að stefna að.

[11:20]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög mörg orð um þetta frumvarp enda hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gert grein fyrir þeim tillögum sem við þingmenn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs stöndum sameiginlega að. En við leggjum til að opnun vinnumarkaðar gagnvart hinum nýju aðildarríkjum Evrópusambandsins verði frestað um hálft ár eða fram til næstu áramóta þar til gengið hefur endanlega verið frá reglum sem við teljum nauðsynlegt að liggi fyrir áður en af þessu verður.

Í örstuttu máli þá er samhengið þetta. Árið 1993 gengum við að samningi um hið Evrópska efnahagssvæði sem opnar fyrir frjálst flæði vinnuafls launafólks. En á árinu 2004 fjölgar í Evrópusambandinu og þar með þeim ríkjum sem eiga aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði. Tíu ný ríki koma til viðbótar, einkum ríki frá Austur-Evrópu, Malta og Kýpur. Þessi ríki eiga það öll sammerkt að þar er mjög mikið atvinnuleysi. Eins og hér kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem vísaði í álitsgerð og greinargerð frá BSRB þá hafa rannsóknir sýnt að 7–9% ríkisborgara Eistlands, Lettlands og Litháens auk Póllands vilja nýta sér frjálsa för launafólks ef hún væri ótakmörkuð. Í þessum löndum sem eru fjölmenn er mikið atvinnuleysi þannig að vert er að leiða að þessu hugann. Enda hefur það sýnt sig að hér á landi hefur verið mjög mikil eftirsókn eftir atvinnu og stríður straumur fólks hefur leitað hingað eftir atvinnuleyfi. Þar eru þó þessar hömlur og það eftirlit sem um er rætt að numið verði úr gildi.

Hvað er í húfi? Í raun má segja að íslenska vinnumarkaðsmódelið sé í húfi. Hér er það fest í landslög að kjarasamningar, lágmarkssamningar sem verkalýðsfélögin gera um kjör sinna félagsmanna, skuli gilda sem lágmark á vinnumarkaði.

Síðan er það hitt sem er í húfi, þ.e. að hér verði ekki margar þjóðir í einu landi þannig að aðkomumönnum til landsins verði gert að búa við einhver allt önnur launakjör og réttindi en Íslendingum. Þetta þýðir að eftirlit þarf með því og aðhald gagnvart því að þessi lög og þetta vinnumódel sem við búum við haldi.

Það er rauður þráður í greinargerðum verkalýðsfélag-

anna að þau segja að stóra spurningin sé ekki — það á alla vega um ASÍ og BSRB — hvenær vinnumarkaðurinn opnist heldur hvernig og á hvaða forsendum þetta gerist. Menn hafa af því nokkrar áhyggjur að við séum ekki tilbúin með nægilega öruggt reglugerðaverk hvað þetta snertir.

Nú er það svo að ef ekkert verður að gert, ef þessi lög eða samsvarandi verða ekki lögfest, þá opnast vinnumarkaðurinn að fullu. Þegar hin nýju ríki komu inn í Evrópusambandið árið 2004 var ákveðið að veita heimildir til að takmarka för launafólks til ársins 2011. Við höfum í sjálfu sér heimild til að nýta okkur slíkar takmarkanir. Ríkisstjórnin hefur hins vegar valið þann kost að fara millileið í þessu máli, falla frá skilyrðum, falla frá takmörkunum, en jafnframt setja ákveðnar reglur, binda þær í lög og skuldbinda sig jafnframt til að setja frekari reglur um eftirlit sem unnið skal að í sumar til þess að ná fram þeim markmiðum sem verkalýðsfélögin hafa sett á oddinn. En ég endurtek að ef ekkert verður að gert þá falla þessar heimildir alveg brott og vinnumarkaðurinn opnast. Væri það góður kostur? Já, það finnst mörgum. Það finnst mörgum vera hinn eftirsóknarverði kostur. Samtök atvinnulífsins vildu helst sjá það þannig. Frjálshyggjuliðið vildi helst sjá það þannig, engar takmarkanir, allar gáttir opnar. Þess vegna gerist það, að við sem viljum varðveita vinnumarkaðsmódelið viljum greiða götu þessa frumvarps. Við erum ekki sátt við það að öllu leyti. Við teljum að hyggilegra hefði verið og hyggilegra sé, vegna þess að við eigum eftir að greiða um það atkvæði hér í þinginu, að fresta opnun vinnumarkaðarins um að minnsta kosti hálft ár og við leggjum fram tillögu í því efni, um að minnsta kosti hálft ár á meðan gengið er endanlega frá þeim reglum sem menn á annað borð hafa skuldbundið sig til að setja.

En þetta er sem sagt niðurstaðan. Þetta er málamiðlun. Hvorki eru þeir að hafa sitt fram sem hefðu viljað fresta opnuninni allar götur til 2011 — en þá opnast vinnumarkaðurinn. Við erum þegar búin að skuldbinda okkur til þess. Við ættum ekki annarra kosta völ en að opna vinnumarkaðinn að fullu eftir 2011 — annars vegar er þetta og hins vegar hitt sjónarmiðið að þeir sem vilja setja reglur og setja hömlur fá nokkru áorkað með þessum lögum.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni. Ég tek undir áherslur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og ekki síst varðandi það sem snertir aðkomu fólks hingað til lands, sem snertir launafólk sem hingað kemur í atvinnuleit og sest hér að, en ekki síst fyrir okkar tilverknað og reyndar ágætt samstarf í félagsmálanefnd sem varð um það sammála að hert er á fyrirheitum hvað þetta varðar, þ.e. að móta stefnu í málefnum innflytjenda og að gerð verði framkvæmdaáætlun á grundvelli þeirrar stefnu.

Það er jafnframt sett í álit meiri hlutans að álit þessarar nefndar, þessarar vinnu, verði kynnt félagsmálanefnd fyrir 1. október árið 2006. Þess vegna og á þessum forsendum lýsi ég því yfir að ég tel og við teljum að það væri mjög mikilvægt að fresta opnun vinnumarkaðarins í að minnsta kosti um hálft ár og verða þannig við varnaðarorðum sem okkur berast víðs vegar úr verkalýðshreyfingunni. En náist það ekki fram þá munum við styðja málið engu að síður vegna þess að annars opnast allar gáttir. Við verðum að hafa þetta rækilega í huga, að ef ekkert verður að gert þá opnast vinnumarkaðurinn að fullu. Við skulum ekki gleyma að þrátt fyrir mismunandi áherslur innan verkalýðshreyfingarinnar, ábendingar BSRB um að heppilegt væri að fresta gildistökunni, ákall ASÍ um að við göngum frá þessu samkomulagi núna á þann hátt sem gert er í frumvarpinu, áskoranir frá ýmsum verkalýðsfélögum, Eflingu, frá Húsavík, Akranesi og víðar um að við frestum þessu enn lengur, að þrátt fyrir allar þessar mismunandi áherslur er þetta niðurstaða sem við teljum farsælast að samþykkja jafnvel þótt tillaga okkar verði felld, sem ég vona að ekki verði.

[11:30]

Útbýting:

Tekjuskattur, 793. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1212.

[11:30]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp hæstv. félagsmálaráðherra um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins og lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Við í Frjálslynda flokknum erum ákaflega ósátt við þessa lagasmíð. Ég hyggst fara yfir það hvernig á því stendur að við erum svona ósátt við að þetta frumvarp skuli nú koma fram með þeim hætti sem við höfum orðið vitni að hér á undanförnum örfáum dögum og vikum.

Kjarni málsins er sá að frá og með 1. maí nk. eiga ríkisborgarar allra ríkja Evrópusambandsins að geta unnið á Íslandi án þess að þurfa að sækja um sérstakt atvinnuleyfi. Slíkar ráðningar verður þó að tilkynna til Vinnumálastofnunar með tíu daga fyrirvara. Árið 2004 ákváðu austantjaldsríkin gömlu, ríki Austur-Evrópu, þ.e. Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Slóvenía, Slóvakía, Tékkland og Ungverjaland, að ganga í Evrópusambandið. Var þá ákveðið að ákvæðið um frjálsa för launafólks innan sambandsins tæki ekki til fólks frá þeim löndum fyrr en að tveimur árum liðnum. Inn í lagasmíð hér á Alþingi var settur frestur til 1. maí árið 2006. Núna er sá dagur að renna upp og þá kemur þessi lagasmíð, allt of seint að mínu mati.

Inni í þessu var möguleiki á að fara fram á frest til 1. maí 2009 eða jafnvel til 1. maí 2011, fá heimild til þess að fresta þessu alveg til 1. maí árið 2011. Við í Frjálslynda flokknum teljum að við hefðum að sjálfsögðu átt að nýta okkur þá heimild. Það hefði ekki verið mikið mál að gera það. Við hefðum einfaldlega getað breytt þessu bráðabirgðaákvæði, að mér skilst, sem er í lögum um útlendinga, við hefðum getað breytt dagsetningunni þar, 1. maí 2006, yfir í 1. maí 2009 eða yfir í 1. maí 2011. Það hefði ekki verið neitt vandamál. Okkur í Frjálslynda flokknum er gersamlega fyrirmunað að skilja, og lái okkur hver sem vill, hvers vegna í ósköpunum ríkisstjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi valdi ekki að fara þá leið. Hvernig stendur á því að menn taka þá ákvörðun að galopna nú landið fyrir óvopnuðum her láglaunafólks frá fyrrum ríkjum Austur-Evrópu, þegar við höfum ótal sannanir í hendi fyrir því að við Íslendingar erum engan veginn í stakk búnir til að taka við þessu fólki? Málefni þessa fólks eru í miklum ólestri á vinnumarkaðnum, það hefur margoft verið bent á það. Það hefur líka

komið fram í störfum félagsmálanefndar að málefni þessa fólks eru í miklum ólestri. Það er engin stefna í gangi hjá stjórnvöldum varðandi málefni innflytjenda, engin stefna sem hald er í.

Við höfum séð á undanförnum missirum að straumur þessa fólks hefur legið hingað til lands, því hefur stórlega fjölgað. Við erum með gögn í höndunum sem sýna það, sýna hver þróunin er. Við vitum líka að þessi þróun mun halda áfram af fullum þunga. Það kom fram á fundum í félagsmálanefnd að atvinnuleysi til að mynda í Póllandi er nú 18% og atvinnuleysi í Slóveníu er 15% að því er mig minnir. Eru menn virkilega svo grænir, kannski framsóknarmenn séu það, að halda að þessi þróun muni ekki halda áfram og þetta fólk muni ekki leita hingað? Ég bendi á að stór lönd innan Evrópusambandsins, Þýskaland, Frakkland og Spánn, hafa öll nýtt sér þessi ákvæði til frestunar, mjög stórir vinnumarkaðir. Hvað mun það þýða? Það mun að sjálfsögðu þýða að þetta fólk mun í auknum mæli leita til þeirra landa sem eru þó opin og munu opna núna 1. maí, þar á meðal til Íslands. Þetta fólk mun því koma hingað til Íslands í auknum mæli. Það þarf enginn að segja mér annað en að stór hluti af þessu fólki muni setjast hér að.

Þá hlýtur maður að spyrja: Erum við reiðubúin að taka við þessu fólki? Þetta verða ekki bara einhverjir fátækir karlmenn eða konur sem eru að leita sér að vinnu. Sennilega mun þetta fólk vilja fá ættingja sína hingað líka. Það er ósköp eðlilegt, það er bara mannlegt og í sjálfu sér ekkert við það að athuga. Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að flytja þessa ræðu hér vegna þess að ég hafi eitthvað á móti útlendingum. Ég set hins vegar mjög alvarlegan fyrirvara við það að við Íslendingar séum í stakk búnir að taka við bylgju sem ég er viss um að mun koma.

Síðan getum við rætt það hvaða áhrif þetta muni hafa á vinnumarkaðnum, hvaða áhrif það muni hafa til að mynda á málefni íslenskra launþega þegar þetta fólk kemur hingað og mun nær örugglega, vil ég leyfa mér að segja, fara að vinna hér á strípuðum launatöxtum og jafnvel undir því. Hvaða áhrif mun það hafa? Halda menn virkilega að íslenskir launþegar, grasrótin í verkalýðshreyfingunni, séu sáttir við það frumvarp sem hér liggur fyrir? Nei, alls ekki, aldeilis ekki. Ég hef hitt margt fólk að undanförnu, venjulegt íslenskt verkafólk, og því er mjög heitt í hamsi yfir því sem hér er að gerast. Það er verulega ósátt við að þetta frumvarp skuli hér komið fram og fólk er ekki fífl, fólk lætur ekkert plata sig, fólk veit að það hefði verið hægt að sækja um aukinn frest til aðlögunar. Ég hygg að það hefði verið mjög skynsamlegt að gera það. Löndin sem nú eru komin í Evrópusambandið, austantjaldslöndin, — ef við gerum ráð fyrir því að það muni leiða til aukins hagvaxtar í þessum löndum, ef við gerum ráð fyrir því að atvinnuleysi í þessum löndum minnki á næstu missirum, mun það að sjálfsögðu draga úr þrýstingnum á að íbúarnir leiti út fyrir landsteinana eftir vinnu annars staðar. Frestur hjá okkur til 2009 eða 2011 hefði sennilega veitt okkur það svigrúm sem við þurfum til að koma í veg fyrir að við lendum sjálf í vandræðum á Íslandi vegna þess að mikill fjöldi fólks frá þessum löndum hellist yfir okkur. Það er nú bara þannig.

Virðulegi forseti. Okkur í félagsmálanefnd hafa borist margar umsagnir og við höfum fengið til okkar nokkra gesti, að vísu allt of fáa. Nefndinni hefur gefist allt of lítill tími til að fjalla um þetta mál. Málinu var dreift hér í þinginu 10. apríl, síðan kom páskafrí, það var ekki mælt fyrir því fyrr en fyrir örfáum dögum. Þetta gerist núna rétt áður en þingið á að ljúka störfum. Þetta mál hefur verið afgreitt í gegnum þingið með miklum handarbakavinnubrögðum og bægslagangi. Ég verð að segja að mjög óvönduð vinnubrögð hafa verið iðkuð í þessu máli. Það hefur eiginlega komið mér á óvart og valdið mér miklum vonbrigðum. Ég settist í hv. félagsmálanefnd í haust og það hefur valdið mér miklum vonbrigðum að sjá hvernig aðilar vinnumarkaðarins, ASÍ og Samtök atvinnulífsins, virðast hreinlega hafa skapað sér þá stöðu að þeir eru búnir að hirða löggjafarvaldið úr höndum Alþingis. Það er búið að færa löggjafarvaldið úr höndum Alþingis og fara með það inn á einhverja kontóra úti í bæ. Maður sér alveg hvað er að gerast, maður sér alveg hvernig plottið er.

Þessir aðilar halda fundi bak við lokaðar dyr, einhverjir örfáir menn og kannski konur líka, komast að einhverri niðurstöðu, einhverjum samningum, einhverju samkomulagi sem kallað er, og síðan er bílað upp í félagsmálaráðuneyti og sest þar á fund með félagsmálaráðherra og kallaðir til lögfræðingar og þessu samkomulagi eða þessum samningum er komið í lagaform. Þetta er síðan prentað út og áfram er bílað niður í Alþingi. Þess er vandlega gætt að málunum sé ekki dreift í þinginu fyrr en rétt fyrir þinglok, annaðhvort rétt fyrir jól eða rétt áður en þingi á að ljúka að vori og svo eru þessi mál barin í gegn, gjarnan settur á einhver tímafrestur þannig að hér er allt í hönk, allir í tímanauð, allir í tímaþröng og það er sagt við þingmenn: Gjörið þið svo vel, þið hafið valið á milli þess að vera skotnir eða hengdir. Hvort viljið þið nú frekar? Þingmönnum er hreinlega stillt upp við vegg eins og í þessu máli. Það kemur fram allt of seint og það er passað upp á að ekki gefist ráðrúm til þess að fara hina leiðina, sem hefði þó verið miklu skynsamlegri. Þingmönnum er hreinlega gert að samþykkja þetta sem kemur utan úr bæ, þeim er hreinlega gert að gera það. Þetta eru algjörlega forkastanleg vinnubrögð og ég hlýt að ákalla alla þingmenn, bæði stjórnarandstöðuflokka og líka stjórnarflokka, að þeir spyrni við fæti og stöðvi þetta. Þetta getur ekki gengið svona. Menn eru sífellt að færa sig upp á skaftið, sífellt að verða ósvífnari, koma inn á fundi hjá félagsmálanefnd og tala þar eins og stjórnmálamenn, halda heilu ræðurnar yfir nefndinni og segja nánast við hana: Þið skuluð bara gjöra svo vel að samþykkja þetta ellegar hafið þið verra af.

Mér finnst alveg með ólíkindum að horfa upp á þetta. Þetta verður hreinlega að stöðva. Það erum við á Alþingi sem förum með löggjafarvaldið í þessu landi. Við erum með valdið og það erum við sem eigum að geta sagt þegar frumvörp eins og þetta koma inn á borð þingsins hreint og skýrt: Þetta er alger vitleysa. Þetta samrýmist ekki almannahagsmunum. Þetta stangast á við hagsmuni þjóðarinnar. Við ætlum ekki að samþykkja þetta. Við ætlum hins vegar að gera þetta svona og svona og svona því að það samrýmist miklu betur okkar eigin hagsmunum. Ég er alveg sannfærður um að frestun á þessu máli til 2009 eða 2011 hefði samrýmst almannahagsmunum í þessu landi, hefði samrýmst hagsmunum þjóðarinnar. Það er mín sann-

færing í þessu máli og þess vegna er ég alfarið á móti þessu frumvarpi.

Við höfum fengið hér umsagnir, til að mynda frá ASÍ. Sú umsögn er í raun og veru undarleg því að ASÍ fellst á að frumvarpið verði lagt hér fram og samþykkt, og það kom greinilega fram á fundum í félagsmálanefnd. Ég verð að segja að ég er svolítið hissa á því að þetta skuli vera línan sem kemur frá ASÍ. Það verður að segjast eins og er að málflutningur ASÍ hefur verið ansi mótsagnakenndur. Hér er útskrift úr fréttum frá 20. apríl 2006. Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, sem segir það hreint og skýrt að stjórnvöld hefðu átt að nýta heimild til að fresta gildistöku þessara laga svo að það mætti undirbúa þetta mál betur. Hann er alfarið sammála okkur í Frjálslynda flokknum 20. apríl, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, að við séum engan veginn tilbúin í þetta og það hefði átt að fresta þessu. Samt fellst ASÍ á að fara þessa leið. Þetta finnst mér alveg óskiljanlegt, virðulegi forseti.

Hins vegar er hér önnur frétt frá Samtökum atvinnulífsins og þeir vilja endilega að þetta fari í gegn og skyldi nú kannski engan undra.

Hér er viðtal við Vilhjálm Egilsson, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, frá 24. mars. Þar kemur fram að Samtökum atvinnulífsins hafi verið gefið eitthvert vilyrði um að við endurnýjun eða framlengingu samninga þann 15. nóvember yrði aflétt öllum hömlum á möguleikum borgara í aðildarríkja Evrópusambandsins á að koma hingað til lands og vinna.

Svo segir hann hér, með leyfi forseta:

„Nú, það hafa engar forsendur breyst, að því er við teljum. Hvorki vinnumarkaðslegar né efnahagslegar fyrir því að breyta eða bakka út úr þessu vilyrði sem okkur var gefið."

Hvorki vinnumarkaðslegar né efnahagslegar. Þetta segir nýráðinn framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins í viðtali við Ríkisútvarpið í hádegisfréttum þann 24. mars síðastliðinn.

Skyldi hann nú hafa rétt fyrir sér í þessu? Skyldi það kannski ekki frekar vera þannig að teikn séu á lofti um að bæði vinnumarkaðslegar og efnahagslegar forsendur hafi verið að breytast á undanförnum vikum og séu nú að breytast mjög hratt? Eru ekki frekar teikn á lofti um það, virðulegi forseti, að við séum að sigla hér inn í efnahagslægð? Mér finnst nú allt benda til þess. Eldsneytisverð er í hæstu hæðum. Verðbólgan er farin af stað. Vextir eru að hækka. Lífskjör almennings eru að versna. Skyldi þetta ekki auka hættuna á því að við lendum hér í efnahagslegri niðursveiflu? Skyldi það ekki auka hættuna á því að hér muni atvinnuleysið enn á ný fara að láta á sér kræla?

Þetta ástand sem núna ríkir á Íslandi, sá mikli hagvöxtur, þessi bóla mun ekkert vara endalaust. Það kemur að því að hér mun harðna á dalnum og þá munum við ekki geta rekið það fólk sem hefur verið að koma hingað til lands þúsundum saman á undanförnum missirum og mun koma hingað til lands þúsundum saman ef fram fer sem horfir. Þá munum við ekki geta rekið þetta fólk í burtu. Það stendur í skýringum með frumvarpinu að þessi breyting leiði til þess að launamanni sem er ríkisborgari einhvers þessara ríkja sé heimilt að koma hingað til lands í atvinnuleit og nýtur hann sama forgangs til starfa hér á landi og Íslendingar. Enn fremur á hann sama rétt til aðstoðar vinnumiðlunar og innlendir ríkisborgarar sem eru í atvinnuleit.

Þetta er nú það sem kemur fram í frumvarpinu og enginn skyldi halda að neitt geri það að verkum ef í harðbakkann slær og ef hér verður kreppa eða efnahagsleg niðursveifla að við munum þá hreinlega geta sent þetta fólk út eins og þar væri um einhverja gripaflutninga að ræða, alls ekki, að sjálfsögðu ekki. Ég er heldur ekkert að mælast til þess, alls ekki. Ég er hins vegar að segja, og vil bara að það komi skýrt fram enn og aftur, að við hefðum átt að sækja um þessa fresti.

Við skulum halda áfram að skoða þær umsagnir sem liggja fyrir. Við skulum fara hringinn í kringum landið og skoða það sem hefur komið frá verkalýðsfélögunum. Þau eru nú grasrótin í ASÍ. Maður skyldi ætla það, er það ekki? Þá kemur margt ansi forvitnilegt í ljós.

Ég er til að mynda með umsögn frá Verkalýðsfélagi Akraness. Verkalýðsfélag Akraness leggst alfarið gegn því að þetta frumvarp verði samþykkt og bendir til að mynda á að hér hafi verið notuð rök sem lágu að baki frestun á gildistöku ákvæða reglugerðar nr. 1612/68/EBE árið 2004 og komu fram í frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem hér var þá lagt fram.

Þar stendur, með leyfi forseta:

„... flest hinna nýju aðildarríkja standa þeim ríkjum sem fyrir eru nokkuð að baki í efnahagslegu tilliti og hvað varðar þróun markaðsbúskapar. Eru lífskjör almennings í þessum ríkjum almennt nokkuð lakari en meðal núverandi aðildarríkja. Hafa því margir velt fyrir sér hvers konar áhrif óheftur aðgangur ríkisborgara hinna nýju aðildarríkja að vinnumörkuðum núverandi aðildarríkja kunni að hafa á þróun mála er varða vinnumarkaðinn sérstaklega, svo sem laun og ýmis félagsleg réttindi. Enn fremur má ætla að líkur séu á að fámenn ríki geti orðið fyrir hlutfallslega meiri áhrifum ef mörg hinna fjölmennari ríkja ákveða að beita takmörkunum en hin smærri verða opin."

Þetta sagði ríkisstjórnin árið 2004. Þetta er efnislega nákvæmlega það sama og ég er að reyna að segja hér. Hvað gerir það að verkum að ríkisstjórnin virðist gersamlega vera búin að gleyma því sem hún hélt hér fram fyrir aðeins tveimur árum síðan? Hvað gerir það að verkum? Ég held að við ættum að velta þeirri spurningu aðeins fyrir okkur.

Áfram segir í umsögn Verkalýðsfélags Akraness, með leyfi forseta:

„Það er hins vegar reynsla Verkalýðsfélags Akraness að mikill meiri hluti þess fólks sem kemur hér til starfa frá láglaunasvæðum vinni á lágmarkslaunum sem eðlilega leiðir af sér pressu frá atvinnurekendum um lækkun þeirra markaðslauna sem almennt gilda á íslenskum vinnumarkaði og verkalýðshreyfingin hefur í áratugi verið að berjast fyrir.

Athygli er jafnframt vakin á því að í þeim ríkjum sem nú stendur til að veita aðgang að íslenskum vinnumarkaði er í flestum tilvikum verulegt atvinnuleysi. Þessi staða ásamt því að ýmis fjölmenn ríki Evrópska efnahagssvæðisins hafa ákveðið að beita takmörkunum áfram hlýtur að kalla á verulegt aukið framboð erlends vinnuafls hér á landi. Er líklegt að þetta aukna framboð á starfsfólki frá láglaunasvæðum ýti enn frekar undir lækkun markaðslauna,

gerviverktöku og atvinnuleysi meðal Íslendinga.

Vegna þessa telur Verkalýðsfélag Akraness íslenskan vinnumarkað alls ekki tilbúinn nú til að taka við auknu flæði launafólks. Eðlilegt sé að gildistöku reglnanna sé frestað þar til úttekt hefur verið gerð á því hvaða áhrif aukið framboð erlends launafólks frá láglaunasvæðum hefur og fyrir liggi mótaðar reglur, m.a. frá aðilum vinnumarkaðarins, um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Er jafnframt vísað til ályktana frá fjölmörgum verkalýðsfélögum og heildarsamtökum þeirra þar sem frumvarpi þessu er mótmælt."

Verkalýðsfélag Akraness hefur gagnrýnt þetta frumvarp mjög harðlega. Verkalýðsfélag Akraness, þetta er grasrótin í ASÍ, eitt af þeim félögum sem mynda grasrótina í ASÍ. Bara nú síðast, þann 26. apríl, í fyrrakvöld, var haldinn aðalfundur í félaginu. Þar var send út mjög harðorð ályktun að loknum fundi. Þetta verður að fara inn í þingtíðindi. Hún er svona, virðulegur forseti:

„Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness skorar á íslensk stjórnvöld og Alþingi Íslendinga að afnema alls ekki takmarkanir á frjálsri för launafólks frá hinum nýju aðildarríkjum EES eins og fyrirhugað er að gera samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi félagsmálaráðherra.

Aðalfundurinn telur það ámælisvert að íslensk stjórnvöld hafi ekki látið gera úttekt eða rannsókn á því hvaða áhrif erlent vinnuafl hefur haft á íslenskan vinnumarkað áður en tekin er ákvörðun um það að galopna landið fyrir launafólki frá nýjum aðildarríkjum EES.

Aðalfundurinn telur að því markaðslaunakerfi sem viðgengist hefur á íslenskum vinnumarkaði á liðnum árum og áratugum sé stórlega ógnað ef það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi fer í gegn óbreytt.

Aðalfundur telur það einnig óskiljanlegt af hverju verið er að skerða eftirlitshlutverk stéttarfélaganna með erlendu vinnuafli eins og fram kemur í fyrirliggjandi frumvarpi félagsmálaráðherra. Ljóst er að á stéttarfélögum hvílir rík skylda til að tryggja að á félagssvæði þeirra sé unnið samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum og hafa stéttarfélögin þar víðtækra hagsmuna að gæta.

Það verða kaldar kveðjur sem Alþingi Íslendinga sendir íslenskum launþegum á sjálfan baráttudag launafólks 1. maí nk. ef frumvarp félagsmálaráðherra verður samþykkt óbreytt.

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness skorar á íslenska launþega að fylgjast með því hvernig þingmenn greiða fyrirliggjandi frumvarpi um frjálsa för launafólks frá hinum nýju aðildarríkjum EES atkvæði sitt."

Já, virðulegi forseti. Ég hygg að það verði einmitt fylgst með því hér á eftir hvernig þingmenn muni greiða atkvæði um þetta mál. Íslenskir launþegar munu fylgjast með því hvernig menn munu greiða hér atkvæði á eftir og það verður í minnum haft hvernig menn greiddu atkvæði á Alþingi þennan fallega vordag árið 2006. Það verður svartur dagur hjá íslensku launafólki, sagði Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness. Það verður svartur dagur hjá íslensku launafólki 1. maí árið 2006. Að þessum gjörningi ætla vinstri flokkarnir m.a. að standa, Samfylkingin og Vinstri grænir. Þeir ætla að standa að því að þessi dagur verði einmitt það sem Vilhjálmur Birgisson segir, þ.e. svartur dagur hjá íslensku launafólki.

Áfram getum við haldið í kringum landið. Hér höfum við umsögn frá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga. Þeir telja að fresta beri staðfestingu á samþykktum um frjálsa för launafólks frá þessum nýju aðildarríkjum Evrópusambandsins í að minnsta kosti eitt ár. Þeir vita sem er að víða er pottur brotinn í efnum þessara starfsmanna, líka á Vestfjörðum, og þeir mælast því mjög eindregið til þess — þetta er undirritað af Pétri Sigurðssyni, formanni Verkalýðsfélags Vestfirðinga, — að þessu verði frestað um að minnsta kosti eitt ár. Þetta er líka alfarið á skjön við ASÍ. Takið eftir því.

Verkalýðsfélag Húsavíkur er líka andvígt því að þetta verði gert svona. Í umsögn þess segir meðal annars, með leyfi forseta:

„Af hálfu Verkalýðsfélags Húsavíkur er hér með komið á framfæri mótmælum við lögfestingu ofangreinds frumvarps. Mjög varhugavert er að nýta ekki heimild til að fresta gildistöku reglna Evrópusambandsins hvað varðar aðgengi íbúa nýjustu ríkja Evrópusambandsins að íslenskum vinnumarkaði. Átök og ágreiningur sem uppi hefur verið á síðustu missirum, m.a. í tengslum við starfsemi svonefndra starfsmannaleigna, sýna mjög glöggt að vinnumarkaðurinn hérlendis er ekki undir það búinn að takast á við svona stóra breytingu í einni sviphendingu."

Svo segir hér síðar, með leyfi forseta:

„Á það má líka benda að í umsögn fjármálaráðuneytisins er ekki gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi kostnað í för með sér. Þó blasir við nú þegar að íslenskt kerfi, til dæmis velferðarkerfið, er vanbúið að taka þeirri miklu fjölgun erlends vinnuafls sem þegar er orðin. Hvað þá heldur að það sé fært um að óbreyttu að takast á við enn meiri fjölgun. Samfélagslega er þó mjög brýnt að erlendu fólki sem hingað kemur til langdvalar sé gert sem auðveldast að aðlagast íslensku samfélagi. Ná tökum á íslensku og forðast félagslega einangrun. Slík úrræði kostar peninga og verður ekki sinnt nema skilgreint sé hver beri ábyrgðina í þessum efnum, ríkið, sveitarfélögin eða atvinnurekendur."

Svo segir síðar í þessari umsögn frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur, með leyfi forseta:

„Nú þegar hefur Verkalýðsfélag Húsavíkur fengið inn á borð til sín dæmi, þar sem erlend verkafólk frá einu af þessum aðildarríkjum sem tilgreind eru í frumvarpinu er tilbúið að koma til starfa í ferðaþjónustu í sumar gegn því að fá ráðningarsamning og 300 kr. í dagvinnulaun svo það komist inn í landið."

Þrjú hundruð krónur! Þetta er í Norðausturkjördæmi, kjördæmi formanns félagsmálanefndar, hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur. Ég vona að hún hafi tekið eftir þessu því að ég ætla að halda áfram og skoða hér umsögn frá annarri verkalýðshreyfingu sem er á Austurlandi. Það er Afl – Starfsgreinafélag Austurlands. Þeir leggjast líka gegn þessu. Þeir eru þeirrar skoðunar, þ.e. félagsmenn Afls, að fresta beri gildistöku þessara laga í að minnsta kosti þrjú ár, þ.e. til 1. maí árið 2009. Það viljum við í Frjálslynda flokknum líka gera. Við vildum helst fresta þessu til 1. maí 2011 svo að ég segi það enn og aftur.

Þeir segja hér, og ég tek undir hvert orð, með leyfi forseta:

„Ástæðurnar eru skýrar; í þeim mikla uppgangi sem ver-

ið hefur í atvinnulífi hér eystra hefur launafólki af erlendu bergi brotnu fjölgað mikið og talsvert hefur borið á því að brotið sé á fólki og kjör þess séu langt undir viðurkenndum kjörum hér. Einnig hafa félagsmenn okkar skýrt frá nokkrum dæmum þess að við minnkandi verkefnastöðu fyrirtækja" — tökum eftir þessu — „byrji uppsagnir á íslensku starfsmönnunum. Þessi mál brenna því af miklum þunga á okkar félagsmönnum" — á Austfjörðum — „og teljum við að löggjöf og reglugerðir séu alls ekki tilbúnar til að glíma við óheft frelsi fólks frá þessum löndum.

Án þess að gefa einhverja fræðilega umsögn um frumvarpið hvetjum við því þingmenn og stjórnvöld til að stíga varlega til jarðar í þessu máli og fresta gildistöku um frjálst flæði launafólks frá þessum nýju aðildarríkjum EB. Við bendum á að frestun gildistökunnar mun ekki hafa áhrif á möguleika ábyrgra fyrirtækja til að sækja sér starfsfólk erlendis frá — en mun vonandi hefta aðgang vafasamari fyrirtækja sem spretta upp um allt, að launafólki til að stunda félagsleg undirboð og grafa þannig undan velferðarkerfi okkar. Við minnum á að félagslegt öryggi okkar allra er árangur áratuga baráttu og í því felst sáttmáli verkalýðshreyfingarinnar, stjórnvalda og vinnuveitenda.

Kær kveðja, Sverrir Albertsson framkvæmdastjóri Afls."

Þetta segja þeir fyrir austan. Félag járniðnaðarmanna hefur einnig ályktað, alveg eins og Afl, gegn því að þetta frumvarp sem nú á að fara að samþykkja hér í dag nái fram að ganga. Við skulum átta okkur á því hverjir eru hér að tala, við skulum aðeins staldra við og átta okkur á því. Þetta eru þeir menn sem vinna í þessum veruleika upp á hvern einasta dag allan ársins hring. Þetta eru forsvarsmenn verkalýðsfélaganna. Þetta er grasrótin í þessum félögum. Og halda hv. þingmenn í Sjálfstæðisflokknum, í Framsóknarflokknum, í Samfylkingu og að mér sýnist líka í Vinstri grænum að þessir menn viti ekki hvað þeir eru að tala um, að þeir fari hér með rangt mál? Að þau sterku aðvörunarorð sem þeir hafa haft uppi séu bara marklaus? Ég held að þingmenn ættu aðeins að velta því fyrir sér.

Því miður er það svo að ég óskaði eftir því að nokkrir af þessum mönnum fengju að koma á fund félagsmálanefndar en því var hafnað af formanninum, því miður. Mér þykir það mjög slæmt því þær umsagnir sem þeir sendu inn vekja í raun og veru upp miklu fleiri spurningar en þær svara. Það hefði verið mikill ávinningur fyrir okkur alþingismenn sem sitjum í félagsmálanefnd að fá að heyra mál þessara manna og spyrja þá spurninga um hvernig veruleikinn er í raun og veru því hann er víða ansi dapur og það er hægt að segja margar sögur af því, koma fram með mörg dæmi um það hvernig við á Íslandi erum algerlega óundirbúin til að taka við þessu fólki.

Ef við skoðun síðan fleiri umsagnir fara að gerast allnokkur tíðindi. Hér er til að mynda umsögn frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis og það verður að segjast alveg eins og er að þegar ég sá þá umsögn risu hárin á hnakkanum á mér því hér erum við komin á Suðurnes og hér er á ferðinni umsögn frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis. Við erum komin á atvinnusvæði þar sem 600 manns munu missa vinnuna á næstu vikum og mánuðum sem kemur meira að segja fram í greinargerðinni með frumvarpinu. Það er viðurkennt fúslega af stjórnvöldum að einmitt á þessu svæði muni 600 manns brátt missa vinnuna.

Þrátt fyrir þessa augljósu staðreynd sem blasir við segir í umsögn frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur, með leyfi forseta:

„Félagið er aðili að Alþýðusambandi Íslands og vísar til umsagnar ASÍ er varðar málið í heild sinni, enda hefur sú umsögn verið unnin í fullu samráði við félagið."

Þarna kemur fram fyrsta verkalýðsfélagið af þeim sem veittu umsögn sem segir að eitthvert samráð hafi verið haft við þá, að ASÍ hafi haft eitthvert samráð við þá, fyrsta félagið. Það kemur hvergi fram í umsögnum hinna að þeir kannist neitt við að eitthvert samráð hafi verið haft við þá um hvernig þessi lög ættu að vera, hvorki af hálfu ASÍ né sambanda innan ASÍ. Mér finnst þetta vekja upp margar spurningar og enn og aftur hlýt ég að harma að nefndinni skuli ekki hafa verið gefinn kostur á því að fá formenn þessara verkalýðsfélaga á fund til sín til að spyrja þá nánar út í einmitt þetta atriði. Ég leyfi mér að efast um að sá gjörningur sem hér á að fara fram sé unninn í sátt við launþegahreyfinguna í landinu. Ég leyfi mér að efast stórlega um það þegar ég les allar þessar umsagnir.

Hitt vil ég segja að eftir að hafa séð hvernig Kristján J. Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, og Guðjón H. Arngrímsson varaformaður taka á þessu máli, þá verð ég að segja að það verður erfitt að taka þá ágætu herramenn alvarlega á næstunni þegar þeir fara að kvarta yfir því að nú stefni í stórfellt atvinnuleysi á Suðurnesjum. Það verður erfitt að taka þá ágætu herramenn alvarlega í viðræðum um þau mál þegar maður sér að þeir hafa samþykkt að frá 1. maí árið 2006 skuli vera frjálst flæði launafólks inn í landið, að óvopnuðum her fátækra launamanna frá Austur-Evrópu verði leyft að flæða óhindrað inn í landið. Skyldu þeir ekki verða í samkeppni við eitthvað af þeim ágætu mönnum og konum sem nú eru að missa vinnuna á Keflavíkurflugvelli? Skyldi það ekki verða svo? Við skulum bara bíða og sjá til. En þetta hefur allt verið fært skilmerkilega til bókar, umsögnin er fyrir framan okkur og við sjáum hvað þessir menn sögðu á vordögum þegar þetta frumvarp lá fyrir, virðulegi forseti.

Ég get svo sem haldið áfram og bent á enn fleiri varnaðarorð. Í fréttum kl. hálfsjö á NFS þann 25. mars sl. var viðtal við Gissur Pétursson, forstjóra Vinnumálastofnunar. Hann talaði þar mjög skýrt og í viðtalinu er haft eftir honum, með leyfi forseta:

„Hann [þ.e. Gissur Pétursson] telur að réttast sé að takmarka frjálsa för fólks að einhverju leyti enn um sinn þar sem breytingar á atvinnuleysisbótakerfinu séu fyrirhugaðar. Þá þurfi hugsanlega að aðlaga ýmsa þætti í félags- og menntakerfinu að breyttum aðstæðum en fjölskyldur munu líklega flytjast með þeim erlendu ríkisborgurum sem koma hingað í atvinnuleit."

Tökum eftir því að hann segir: „... fjölskyldur munu líklega flytjast með þeim erlendu ríkisborgurum sem koma hingað í atvinnuleit." Hér talar ekki bara einhver heldur er þetta Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, og segir þetta. Og skyldi sá ágæti maður ekki vita hvað hann er að tala um? Jú, ég held að hann viti það mjög vel. Hann

gerir sér fulla grein fyrir því hvað er hér að gerast, enda segir hann í viðtalinu orðrétt, með leyfi forseta:

„Og það verður alla vega ekki síðar en 2011 sem þetta opnast algjörlega og við þurfum þá að vera vel undir það búin og það er svona okkar mat að við séum það ekki alveg enn þá. En það er heldur ekki alveg víst að það þurfi endilega að viðhafa takmarkanir næstu þrjú árin, kannski bara eitt eða tvö, en í öllu falli þurfum við að búa okkur betur undir þetta."

Þarna er hann að segja efnislega nákvæmlega það sama og ég hef verið að segja í ræðu minni. Við erum ekki nægilega vel undirbúin. Þetta er forstjóri Vinnumálastofnunar sem nú á að fá eins konar eftirlitshlutverk með þeim atburðum sem mér sýnist að séu fram undan hjá okkur. Hvernig í ósköpunum stendur á því að öll þessi varnaðarorð sem hér hafa verið höfð uppi, hvernig í ósköpunum skyldi standa á því að hv. þingmenn virðast ekki vera reiðubúnir til að hlusta á þau? Ég hef velt því mjög mikið fyrir mér undanfarna daga því að vísbendingarnar blasa við út um allt þegar maður fer að kynna sér þetta mál. Maður fylgist með fjölmiðlum, skoðar í réttri tímaröð hvað menn hafa verið að segja í fréttatímum, skoðar þær umsagnir sem liggja fyrir, skoðar umræðuna sem hefur verið í gangi og hlustar á hinn almenna borgara, venjulega launþega sem maður hittir úti á götu og þeir gera sér mjög margir mætavel grein fyrir því sem nú er að gerast. Þetta er farið að spyrjast út, þessi gjörningur sem á að fara fram hér í dag. Hann er farinn að spyrjast út og fer nú um þjóðfélagið eins og eldur í sinu. Þegar þetta blasir allt saman við þá verður maður hálfhvumsa að ekki skuli vera meiri vilji en raun ber vitni á hinu háa Alþingi til að spyrna við fæti og forða því stórslysi sem við erum nú að sigla inn í.

Hér er til að mynda frétt sem fór út af Ríkisútvarpinu þann 24. þessa mánaðar. Þar er viðtal við eiganda ráðningarþjónustu á Austurlandi, á Egilsstöðum, enn og aftur í hjarta kjördæmis formanns félagsmálanefndar sem hefur stutt þetta frumvarp sem nú er að fara hér í gegn með ráðum og dáð. Eigandi þessarar Íspólsku ráðningarþjónustu, Ingibjörg M. Þorvaldsdóttir, segir hreint út að erlendum starfsmönnum muni fjölga hér á landi eftir 1. maí. Hún býst við því að Pólverjum muni fjölga mjög og segir í umræddu viðtali við Ríkisútvarpið, með leyfi forseta:

„Af því að nú er léttara fyrir atvinnurekendur að fá starfsfólk. Þeir þurfa ekki lengur að bíða eftir umsögn frá stéttarfélagi og niðurstöðu Vinnumálastofnunar þannig að þeir fá meira frelsi núna. Og í sambandi við starfsmanninn þá hefur hann líka meira frelsi. Einu sinni var það þannig að það var erfiðara fyrir þá að fara úr starfi af því að atvinnurekandinn hafði atvinnuleyfið en ekki starfsmaðurinn, þannig að ég mundi segja að fyrir útlendinga kemur þetta sér líka mjög vel, ef þeim líkar mjög illa og þeir lenda, eins og maður segir, að þá hafa þeir það frelsi að finna sér vinnu annars staðar og þurfa bara að gera nýjan ráðningarsamning og tilkynna til Vinnumálastofnunar."

Þetta eru Pólverjarnir sem að hluta til hafa verið að borga einhverjum aðilum heima í Póllandi fé fyrir að þeim sé sköffuð vinna á Íslandi, til að koma hingað til Íslands og vinna hér á strípuðum lágmarkstöxtum. Erum við stolt af þessu? Er það þetta sem við viljum? Ættum við ekki aðeins að staldra við og velta því fyrir okkur? Hversu langt ætlum við að ganga í því að færa hinum nýja guði ríkisstjórnarinnar fórnir, hinu nýja skurðgoði, hagvextinum? Hversu langt ætlum við að ganga í þeim efnum? Ég held að þingmenn ættu að velta því svolítið fyrir sér. Erum við reiðubúin til að gera nánast hvað sem er?

Ég hef sagt það áður að ég tel að þetta stangist á við heildarhagsmuni þjóðarinnar, stangist á við almannahagsmuni og þess vegna sé glapræði að gera þetta nú með þeim hætti sem við ætlum að fara að gera og við hefðum að sjálfsögðu átt að sækja um frest. Það er allt sem bendir til þess.

Ég er svo hér, virðulegi forseti, með grein fyrir framan mig í tímaritinu Þjóðmál, mjög góða grein sem ég las í gærkvöldi og mig langar til að vekja athygli á henni. Það er Jakob F. Ásgeirsson, rithöfundur og ritstjóri tímaritsins, sem skrifar þessa grein og þar er hann einmitt að vekja athygli á þessu, þ.e. mikilli fjölgun útlendinga á Íslandi. Hann kallar eftir opinni og hreinskilinni umræðu um þessi mál og ég verð að segja að ég er alveg fyllilega sammála honum í því að við verðum að hafa umræðu um þessi mál. Þingmenn verða að fara að kasta fyrir róða einhvers konar rétttrúnaðarhugsunarhætti sem virðist felast í því að það megi ekki ræða þessa hluti. Við þurfum nefnilega að ræða þetta í fúlustu alvöru. Þegar við skoðum gögnin og sjáum hvernig erlendum ríkisborgurum hefur stórfjölgað á Íslandi á örfáum árum þá hljótum við að þurfa að velta því fyrir okkur hvernig við ætlum að bregðast við, hvernig við ætlum að takast á við þetta. Ekki vegna þess að við séum eitthvað á móti þessu fólki heldur vegna þess að við þurfum að geta tekið við því með sómasamlegum hætti, þannig að þetta fari ekki illa.

Þetta er mjög alvarleg umræða. Ég hygg að hún verði að bíða seinni tíma í þessum sal en við getum þá væntanlega tekið hana mjög fljótlega þó það verði sennilega ekki fyrr en í haust héðan af. En eins og Jakob bendir á í grein sinni þá er fátt eins varanlegt og tímabundið atvinnuleyfi. Reynsla nágrannalandanna sýnir nefnilega að mjög stór hluti þess fólks sem einu sinni er komið inn í löndin er komið til að setjast að. Það hefur að sjálfsögðu áhrif á þá sem fyrir eru, þ.e. þjóðina sem er fyrir í landinu, Íslendinga, og við ættum að hugleiða þetta og ræða opinskátt hvaða áhrif það muni hafa.

Ég hef lýst því yfir alveg frá upphafi að ég væri andvígur þessu frumvarpi. Hvorki ég né aðrir í Frjálslynda flokknum erum með á þessu nefndaráliti, bara svo það sé líka fært til bókar. Af því að ég reikna með því að ýmsir launþegar séu að hlusta á þær ræður sem nú fara fram þá langar mig til að upplýsa hvaða þingmenn hafa skrifað undir það nefndarálit sem liggur fyrir frá meiri hluta félagsmálanefndar, þar sem meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt, reyndar með einni smábreytingu. Það eru Dagný Jónsdóttir, formaður félagsmálanefndar, Gunnar Örlygsson, Ingvi Hrafn Óskarsson, Birkir Jón Jónsson, öll án fyrirvara. Þetta eru þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Síðan er Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokks, með fyrirvara. Ég geri ráð fyrir að hann muni greina frá honum í ræðu sinni á eftir. Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Jóhann Ársælsson, með fyrirvara og Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara. Þau þrjú síðast-

nefndu eru öll þingmenn Samfylkingar.

Ég er hins vegar andvígur þessu nefndaráliti meiri hluta félagsmálanefndar, alfarið andvígur því og segi það enn og aftur að við hefðum frekar átt að gera þessa litlu breytingu sem við hefðum getað gert á lögum um útlendinga og sett inn þennan frest. Þá hefði þetta ekki verið neitt vandamál og síðan hefðum við getað einhent okkur í þá vinnu að fara að undirbúa okkur almennilega undir það þegar sá dagur rynni upp, þ.e. 1. maí árið 2011, til vara 1. maí árið 2009. Það hefði verið langskynsamlegasta lendingin í þessu máli. Ég hef hins vegar ekki lagt fram neina breytingartillögu eða nefndarálit. Ég tel að það sé algerlega tilgangslaust. Ég sé alveg hvert stefnir í þessu máli, það væri bara tímaeyðsla. Ég hef frekar valið þá leið að koma upp í ræðustól og gera grein fyrir afstöðu minni og flokks míns og hef farið yfir það og stutt með rökum hvers vegna við höfum komist að þessari niðurstöðu í málinu og hvers vegna við veljum það að vera andvígir. Ég ætla að láta það duga því ég veit að þetta hefur allt saman verið fært til bókar í þingtíðindum og þeir sem vilja geta kynnt sér þetta efni í framtíðinni hvort sem það er á pappír eða rafrænt á netinu og læt ég þar með máli mínu lokið, virðulegi forseti.

[12:16]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta þótti mér um margt mjög sérkennileg ræða. Undir það tek ég með hv. þingmanni að það þarf að fara fram umræða um útlendinga og innflytjendur á Íslandi en þá umræðu á ekki að reka á forsendum ótta eða andúðar við útlendinga. Þvert á móti. Það mátti greina slíka tóna í ræðu þingmannsins og yfirlýsingar eins og um óvopnaðan her farandverkamanna. Svona tala, frú forseti, ábyrgir þingmenn ekki um þessi mál að mínu mati. Þessu svipar mjög til heimsendaspádómanna sem hér voru uppi þegar Ísland gerði EES-samninginn á sínum tíma þar sem alið var á ótta við útlendinga og það er gert í þessari umræðu að mínu mati. Þetta eru tónar eins og hafa heyrst í umræðu í Skandinavíu á vegum Framfaraflokksins norska t.d.

Að sjálfsögðu eiga þessir útlendingar að njóta sama forgangs og Íslendingar, þó það nú væri. Hvað er fengið með frestun? spyr ég nú bara. Hér er notað orð eins og stórslys, að hér sé stórslys að eiga sér stað í máli sem mér þykir mikið framfaramál. Það er nauðsynlegt að halda því til haga eftir þessa ræðu, aðeins til að draga úr því að hér var alið á hlutum eins og atvinnuleysi væri yfirvofandi, laun mundu lækka og alls konar svona upphrópanir og óttaslegin pólitík, að kannanir í Evrópusambandinu sýna að þess er ekki að vænta að stór hópur streymi hingað. Efnahagsleg uppsveifla er sem betur fer í vændum og útlit fyrir hana í þeim löndum sem hér er rætt um og að sjálfsögðu þurfa allir þessir útlendingar að leggja fram ráðningarsamning með sér þegar þeir koma hingað.

Að mínu mati er um ræða mjög viðkvæma umræðu. Það er eldfimt ástand í samfélaginu. Við sjáum það á nýjustu bréfum ofan úr Hraunbæ og Blásteini þar sem menn eru að kaupa dýrar Gallupkannanir til að kanna jarðveginn og markaðinn fyrir útlendingaandúð í íslenskri pólitík og ég harma það að menn tali svona hér.

[12:18]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vísa því á bug sem hverju öðru kjaftæði að ég sé að ala á einhverju útlendingahatri eða óvild í garð útlendinga. Það kom margoft fram í máli mínu að ég hef ekkert á móti þessu ágæta fólki. Hins vegar skil ég mjög vel að þingmönnum Samfylkingarinnar finnist þetta frumvarp hið besta mál. Hvers vegna skyldi það vera? Jú, Samfylkingin rær að því öllum árum að koma Íslandi inn í Evrópusambandið og því er ég alfarið á móti. Samfylkingin rær að því öllum árum og þess vegna finnst henni þetta frumvarp mjög gott. Vegna hvers? Jú, það brýtur niður þá múra sem við höfum þó haft og færir okkur stóru skrefi nær því að ganga í Evrópusambandið. Það er það sem er að gerast og undir niðri grunar mig einmitt að það sé kannski ástæðan fyrir því að Samfylkingin lætur flatreka í þessu máli eins og ríkisstjórnarmeirihlutinn vegna þess að þeir sjá sér leik á borði. Þar liggur hundurinn grafinn. Hagsmunum íslenskra launþega er fórnað fyrir það að færa Ísland skrefi nær inn í Evrópusambandið og ég er alfarið andvígur þeim verknaði.

Ég hef farið yfir umsagnir verkalýðsforkólfa og mér þætti gaman að fá að heyra það frá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni hvort hann telji að þessir forkólfar úr verkalýðshreyfingunni hafi rangt fyrir sér þegar þeir viðhafa ítrekað mjög sterk varnaðarorð, hvort hann telji að þessir menn fari með staðlausa starfi og markleysu, að þeir viti ekki hvað þeir eru að tala um. Ég skyldi ætla að þessir menn vissu meira um það hver raunveruleikinn er úti á hinum íslenska atvinnumarkaði en þingmenn Samfylkingarinnar, nú eða forusta ASÍ ef því er að skipta.

[12:20]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það getur vel verið að það sé markaður fyrir einhvern framfaraflokk íslenskan, einhvern popúlískan hægri flokk sem elur á útlendingaótta og andúð. Það getur vel verið. En guð minn almáttugur, ég vona að hann komi aldrei fram og ég vona að þessi ræða hjá hv. þingmanni sé ekki vísbending um að Frjálslyndi flokkurinn ætli að fara róa á þessi mið eða hv. þingmaður að tala á þessum forsendum.

Ég er fyrst og fremst að segja að við getum haft uppi ólík sjónarmið um það hvort við eigum að heimila frjálsa för eða fresta henni. Ég held að það sé ósköp lítið fengið með að fresta henni um eitt ár. En málflutninginn á ekki að reka á þessum forsendum. Mér þótti hér rekið á forsendum ótta og andúðar, að yfir þjóðina væri að hellast holskefla útlendinga, óvígur her farandverkamanna. Hér er um að ræða ákaflega neikvæða orðræðu sem elur á ótta við útlendinga og ég fordæmi slíka pólitíska umræðu. Ég hef óbeit á slíkri umræðu. Ég hef óbeit á þeim viðhorfum sem hér er verið að reyna að kynda undir sums staðar úti í samfélaginu og felast í einhvers konar andúð á útlendingum og hér ríki einhver stórbrotin hætta yfir því. Ég fagna því mjög að heimurinn sé að færast saman. Ég fagna því að Íslendingar hafa fleiri tækifæri til að fara um heiminn, mennta sig og starfa. Ég fagna þessari þróun.

Það er ekki spurning að ég styð það að Ísland sæki um

aðild að Evrópusambandinu einhvern tíma, í náinni framtíð jafnvel eða fjarlægari framtíð, það kemur allt í ljós. En það hefur ekkert með þetta mál að gera. Ef þingmaðurinn ætlar að hlaupa í það skjól frá því að hann sé spurður út í það hvort hann hafi ekki gengið aðeins of langt hvað varðar útlendingaandúð og ótta við útlendinga yfir í það að menn séu að ganga eitt skref í átt að Evrópusambandinu þá hefur það ekkert með þetta mál að gera, akkúrat ekki neitt. Það er allt önnur umræða og hana tökum við vonandi fljótlega.

[12:22]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo ég fái að koma á framfæri lítilli leiðréttingu. Ég sagði ekki óvígur her, ég sagði óvopnaður her. Ég sagði óvopnaður her láglaunamanna frá fyrrum austantjaldslöndunum, frá Austur-Evrópu. Það var það sem ég sagði. Hvers vegna skyldi ég ekki geta sagt það? Við sjáum að þessum mönnum hefur verið að stórfjölga á Íslandi. Það eru opinber gögn hjá Hagstofunni og annars staðar sem sýna það mjög skýrt. Það er 18% atvinnuleysi í Póllandi til að mynda. Þýskaland, Frakkland og Spánn eru búin að loka sínum landamærum. Halda þá þingmenn Samfylkingarinnar virkilega að þetta fólk muni ekki leita eitthvað annað? Það komi þá jafnvel hingað? Ég hygg að þessi þróun muni halda áfram. Á meðan eftirspurn er á Íslandi eftir fólki sem er reiðubúið til að vinna á strípuðum töxtum og jafnvel undir þeim þá mun þetta fólk halda áfram að koma hingað. Ég hef einfaldlega verið að benda á efnislega með rökum og tilvísanir í umsagnir m.a. frá verkalýðsforingjum að við erum engan veginn undir þetta búin. Þess vegna hef ég lagt til að við færum frekar hina leiðina sem er augljóslega miklu skynsamlegri: að fara fram á frestun til 2009. Það þurfti ekki að gera annað en breyta bráðabirgðaákvæðinu í lögum um útlendinga, þá hefði málunum verið reddað til 2009 eða 2011. Flóknara var það ekki. En af einhverjum óskiljanlegum ástæðum ákveður ríkisstjórnin að fara þessa leið eða réttara sagt, Samtök atvinnulífsins og ASÍ án þess að ASÍ hafi haft neitt samráð við verkalýðsforingja víðs vegar um landið eins og greinilega kemur fram í þeim umsögnum sem hér liggja fyrir.

Þetta hefur ekkert með andúð gegn útlendingum að gera. Þetta er bara spurning um heilbrigða skynsemi og fyrir mér eru það mikil vonbrigði að þingmenn Samfylkingarinnar skuli ekki hafa séð ljósið í þessum efnum. Enn meiri vonbrigði eru það að Sjálfstæðisflokkurinn skuli taka undir þá vitleysu sem hér er í gangi.

[12:24]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég skrifa undir nefndarálit meiri hluta hv. félagsmálanefndar með fyrirvara og sá fyrirvari stafar af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er ég ekki alveg sáttur við það sem stendur í 2. gr. að heimilt er við vinnslu upplýsinga að samkeyra upplýsingar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, lögreglu og skattyfirvalda í þeim tilgangi að kanna hvort atvinnurekendur sem hafa ráðið útlendinga til starfa hafi farið að lögum þessum enda sé um að ræða afmörkuð verkefni en ekki viðvarandi samkeyrslu. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Þarna er tekið út úr lögum ákvæði um meðferð persónuupplýsinga *bann við að samkeyra þessar skrár. Hér er* reyndar verið að tala um atvinnuréttindi útlendinga þannig að menn geta ályktað að þetta eigi eingöngu við um útlendinga en þó er ég ekki alveg viss um að svo sé, hvort það geti ekki líka átt við um Íslendinga. Það sé hægt að keyra saman skattskrár og upplýsingar lögreglu til að fá ýmsar upplýsingar. Ef þetta á bara við ríkisborgara þessara átta ríkja þá veltir maður líka fyrir sér hvort það sé ekki mismunun að þeir skuli vera skoðaðir svona sérstaklega. Þetta er minn fyrirvari og ég hef nokkrar efasemdir um þetta atriði.

Seinna atriðið varðar það að í 3. gr. segir að í tilkynningu til Vinnumálastofnunar skuli senda ásamt með kennitölu og sitthvað fleira ráðningarsamning viðkomandi aðila sem tryggir honum laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Þetta er svo sem í lagi en svo segir síðar:

„Vinnumálastofnun skal afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem útlendingur skv. 1. mgr. starfar á afrit af ráðningarsamningi útlendingsins óski stéttarfélagið eftir því enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi *kjarasamningi.*“

Þarna er ekki sagt frá því hver eigi að hafa þennan grun og hvort hann skuli vera rökstuddur. Menn geta alltaf haft grun um að einhver sé að brjóta kjarasamning og vilja fá að sjá viðkomandi ráðningarsamning. Þá kemur upp sú merkilega staða að maður sem ekki er í stéttarfélagi, það er engin skylda að vera í stéttarfélagi, útlendingur frá einu af þessum átta löndum, maður sem ekki er í stéttarfélagi gerir ráðningarsamning við fyrirtæki sem ekki er í Samtökum atvinnulífsins og þennan ráðningarsamning á að senda til félags einhverra manna úti í bæ sem er stéttarfélagið. Það á að fá að grandskoða þennan samning og fara ofan í hann. Þetta hef ég miklar efasemdir um.

Það eru einhverjir menn úti í bæ því það er frelsi til að stofna félög á Íslandi, líka stéttarfélög og það er engin skylda að vera í stéttarfélögum. Stéttarfélög eru ekki opinberar stofnanir þannig að þær eru ekki hluti af stjórnsýslu ríkisins og geta ekki verið það út af félagafrelsinu. Ég hef miklar efasemdir um að Vinnumálastofnun eigi ekki bara að gera þetta sjálf. Ég hefði viljað að hún kannaði ráðningarsamninginn sjálf og tæki síðan ákvörðun um það nákvæmlega eins og hún gerir í dag varðandi *þetta sama fólk*, að hún veitir því ekki atvinnuréttindi og landvistarleyfi nema það sé með gildan ráðningarsamning. Þetta er það sem ég hef efasemdir um.

Þetta frumvarp er angi af miklu stærra máli sem er það að í heiminum lifir einn fjórði mannkyns af einum dollara á dag eða undir 80 krónum og helmingur mannkyns lifir á tveimur dollurum á dag, þ.e. 160 kr. Við erum með miklu miklu betri lífskjör og við erum að reyna að halda okkar lífskjörum fyrir okkur og hindra fólk í að koma hingað inn af fullu frelsi. Því ef það mundi gerast að fólk gæti komið hingað hver sem vildi þá er ég nærri viss um að milljónir manna mundu streyma til Íslands og lækka launin fyrir okkur niður í ekki neitt og eyðileggja það velferðarkerfi sem við höfum byggt upp. Þess vegna er ég hlynntur þess-

um ráðstöfunum og þessum takmörkunum.

Ég kalla það hræsni þegar menn þykjast vera að gera vel við þetta fátæka fólk sem hingað kemur. Það er hræsni og ekkert annað. Við erum að halda því úti, við erum að passa að það undirbjóði ekki okkar háu lífskjör, okkar háu laun og okkar háu lágmarkslaun sem okkur þykja kannski mjög léleg en fyrir sumt hvert þetta fólk eru þau óskaplega há.

Þetta hefur líka komið fram í umræðu í þinginu. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að ef þetta yrði ekki samþykkt fyrir mánudaginn þá mundu opnast gáttir. Opnast hvaða gáttir? Gáttir fyrir fólk sem er fátækt og er að leita að vinnu og er að reyna að bæta lífskjör sín.

Nú veit ég ekki hvað atvinnuleysisbætur í Póllandi eru háar. Ég veit ekki einu sinni hvort þær eru yfirleitt til en þær eru örugglega miklu miklu lægri en þau lágmarkslaun sem eru í boði á Íslandi. Þetta er vandinn sem við stöndum frammi fyrir.

Auðvitað munu laun í þessum átta löndum hækka í kjölfar þessarar opnunar, þau munu hækka og nálgast meðallaun í Evrópusambandinu eins og hefur gerst í Portúgal og fleiri löndum sem voru með lág laun áður. Atvinnuleysi hefur minnkað í þessum löndum niður í það að verða eins og meðalatvinnuleysi í Evrópu sem er um 10% við það að fólk flytur burt því það fær betri laun annars staðar. Við það munu launin hækka í þessum löndum og við munum verða með svipuð laun um alla Evrópu eins og verið hefur, þ.e. við erum með landamæri sem hindra og vernda kjör innan Evrópu gagnvart fólki utan Evrópusambandsins.

Fatnaður okkar hv. þingmanna sem og flestra Íslendinga er unninn fyrir mjög lág laun einhvers staðar í heiminum. Það er þáttur og angi af alþjóðavæðingunni. Fólkið sem saumar þessi föt má ekki koma til Íslands og sauma þau hér. Það er það sem við erum að hindra Ég sé enga lausn á því aðra en halda því áfram og þess vegna styð ég þetta frumvarp. En ég vil ekki gera það undir því fororði að ég sé einhvern veginn í þykjustunni að passa kjör þessa fólks því það er ég ekki að gera og það gerir enginn okkar, það er bara hræsni.

Ég tel mjög mikilvægt að þeim borgurum sem koma hingað sé kennd íslenska og alveg sérstaklega íslenskir siðir og íslenskar siðareglur, hvað er rétt og hvað er rangt á Íslandi sem kann að vera öðruvísi en í þeirra heimalandi. En því miður dettur þetta tæki út þegar opnað er fyrir þetta fólk frá Evrópusambandinu af því að við höfum þetta tæki ekki. Við getum ekki gert það að skilyrði fyrir þá sem koma frá Evrópusambandinu. Hins vegar gætum við gert átak í því að bæta framboð á svona menntun og jafnvel gert hana ódýra. Ég legg til að það verði gert til að hindra að við lendum í miklum vandræðum seinna meir þegar kemur kannski önnur kynslóð þessa fólks, fólk sem ekki eru Íslendingar og ekki eru Pólverjar eða útlendingar.

Frú forseti. Það er svo annar endi að þetta frumvarp er samið einhvers staðar úti í bæ hjá ASÍ og Samtökum atvinnulífsins. Ég hef margoft gagnrýnt það og mér finnst ekki fallegt að skamma ráðherra fyrir að koma seint með þetta fram. Það eru þessir aðilar sem koma seint fram með þetta og þetta er því miður einn angi af því að Alþingi er að samþykkja lög sem eru samin einhvers staðar allt annars staðar.

[12:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég ætla að leyfa mér að byrja á að gera alvarlegar athugasemdir við síðustu orð hv. síðasta ræðumanns Péturs Blöndals, sem fríar hæstv. ráðherra af allri ábyrgð á málinu af því að það sé samið af ASÍ og einhverjum aðilum úti í bæ og þar með beri ráðherrann enga ábyrgð á þessum málatilbúnaði og því að málið komi seint inn, af því að höfundarnir séu einhverjir aðrir úti í bæ.

Er þetta ekki stjórnarfrumvarp? Er hv. þingmaður ekki stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar og vinnubragða hennar? Ég held að hv. þingmaður ætti að hætta hinu endalausa steinkasti úr glerhúsi og þykjast aldrei bera ábyrgð á neinu sem ríkisstjórnin gerir þegar það hentar honum ekki. Hv. þingmaður verður að horfast í augu við það að hann er og hefur lengi verið stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar og þeirra vinnubragða sem hún hefur ástundað, m.a. af þessu tagi. Ráðherrann ber nákvæmlega óskerta ábyrgð á frumvarpi sínu og ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn, hvernig sem það er til orðið, hvernig sem það fæddist. Þótt það hefði verið búið til á tunglinu, af geimverum, þá væri ábyrgð ráðherrans eins og hins sama þegar hann leggur málið fram sem stjórnarfrumvarp. Þannig er það. Það breytir engu um ábyrgð þingmanna sem ætla að greiða málinu atkvæði hvernig það er til komið. Það er hið efnislega innihald þess og atkvæði manna hér sem skipta máli, hv. þm. Pétur Blöndal.

Ég mun tala stutt vegna þeirra aðstæðna sem uppi eru við afgreiðslu málsins og ætla að reyna að halda fyrir mitt leyti það samkomulag sem ég skil að sé um að hraða þessu máli í gegn, af augljósum ástæðum. Einfaldlega verður að gera það í dag ef ekki á illa að fara. Það er mitt fyrsta efnisatriði í þessu máli.

Auðvitað er það stórkostlega gagnrýnisvert hvernig hæstv. ríkisstjórn stendur að þessu, að við skulum 5 mínútum fyrir 12 ef svo má að orði komast, á síðasta virka degi fyrir 1. maí 2006, vera í vandræðareddingu í þessu máli sem hefur legið fyrir í tvö ár eða meira. Það hefur legið fyrir lengi að þennan dag á þessu ári mundi að óbreyttu opnast hinn stóri nýi vinnumarkaður sem tengist stækkun Evrópusambandsins. Það er vandræðalegt að sjá hve fálmkennd og ráðleysisleg viðbrögð eru hér á ferð. Það má vel vera á sínum stað að aðilar vinnumarkaðarins eða verkalýðshreyfingin þurfi að líta í eigin barm í þeim efnum. Auðvitað blasir það við að það koma mjög misvísandi skilaboð úr þeirri átt séu bara skoðaðar ályktanir einstakra verkalýðsfélaga og samtaka og síðan framganga ASÍ eða heildarsamtakanna í þessu.

Þetta regluverk hefur sem sagt legið fyrir lengi. Frá og með því að stækkun Evrópusambandsins tók gildi 1. maí 2004 var innbyggt ferli þar sem fyrir lá að menn gætu í tvö ár og síðan aftur í þrjú ár og jafnvel enn aftur í tvö ár beitt tilteknum varnaðarráðstöfunum í aðlögunarskyni að því sem hinn stóri sameiginlegi evrópski vinnumarkaður er til. Það var ekki unnið heiðarlega að þessu máli af hálfu Evrópusambandsins í samningaviðræðunum við nýju aðildarríkin, hvorki af Evrópusambandinu sem slíku né einstökum aðildarríkjum Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Það var látið í veðri vaka, það veit ég vel vegna

þess að ég var virkur þátttakandi í því ferli á sínum tíma, t.d. við Eystrasaltsríkin og Pólland, að þeim mundi standa til boða aðgangur að hinum stóra sameiginlega vinnumarkaði strax. Síðan stóð nánast ekkert ríki við það, nánast ekkert. Það var helst að hægt væri að segja að Danir og að nokkru leyti Svíar hafi gert það, og ef ég man rétt Írar.

Sum ríki fóru þá leið, sem var heiðarleg, að lýsa því strax yfir að þau mundu nýta sér tveggja, jafnvel fimm eða jafnvel allt að sjö ára aðlögunartíma. Það gerðu ef ég man rétt Þýskaland og Austurríki. Það var heiðarlegt. En að gefa í skyn að þetta yrði opnað en standa svo ekki við það voru ekki stórbrotin vinnubrögð.

Nú má segja að Ísland hafi verið svolítið á hliðarlínunni og ekki verið beinn þátttakandi í samningaviðræðum um stækkun Evrópusambandsins frekar en Noregur og Liechtenstein. En við fylgdumst þó með málinu og áttum að því aðild í gegnum Evrópska efnahagssvæðið og líka í gegnum samstarf á norrænum vettvangi.

Ég held, frú forseti, að úr því sem komið er sé skynsamlegt að fara að breytingartillögum minni hlutans og fresta því í heild sinni að þessar breytingar gangi í gildi, a.m.k. fram að áramótum, og reyna að undirbúa sómasamlega vönduð vinnubrögð og framtíðarfyrirkomulag í þessum efnum. Þetta er óskaplega hallærisleg redding sem hér á að fara fram, ef svo má að orði komast. Að hafa ekki tekið á því fyrr og lagt upp vandaða málafylgju er gagnrýnisvert.

Ég er ekki andvígur því sem frumvarpið felur í sér, að það sé skárri kostur að viðhalda þeirri tilkynningarskyldu og skráningu sem hér á að heimila allt til 1. maí 2009. Það er stórum betri kostur heldur en að allt opnist á mánudaginn kemur vegna þess hve illa það hefur verið undirbúið og hversu illa við Íslendingar stöndum að vígi, eins og dæmin sanna, í að taka þá á móti þessu fólki og sjá um að það fari sómasamlega fram. Sporin hræða heldur betur í þeim efnum. Hvað hefur verið að gerast við Kárahnjúka og í byggingariðnaðinum á höfuðborgarsvæðinu? Grenjandi félagsleg undirboð og réttarbrot á þessu fólki. Það er um það sem þetta snýst, að á því erlenda vinnuafli sem kemur til landsins, þeim sem hingað flytja og vilja freista gæfunnar á grundvelli hinnar nýju skipunar, sé ekki brotinn réttur og komið sómasamlega fram við það fólk en ekki hitt, að loka og læsa, allt í stáli, eins og mér heyrðist á einum ræðumanni áðan.

Ég er ekki talsmaður þess að Ísland fari að reisa einhverjar gaddavírsgirðingar gegn því að við tökum þátt í þessum vinnumarkaði og reynum að hindra fólk í því að koma hingað. Það væri afturför að mínu mati. Hitt er annað mál, að Ísland og fleiri ríki hafa ekki unnið heimavinnuna sína í þessum efnum. Vegna þess hversu gríðarleg gjá er milli launa og lífskjara á milli t.d. fátækustu Austur-Evrópuríkjanna og hinna ríku Vestur-Evrópuríkja, þá ekki síst Norðurlandanna, þá liggur fyrir að þetta er verkefni sem þarf að vanda sig við.

Ég hef á vettvangi Norðurlandaráðs barist fyrir því í 3–4 ár að Norðurlöndin tækju sameiginlega og samstillt á þessum málum með tvennum hætti:

Að þau undirbyggju heima fyrir að þetta gæti gengið sómasamlega fyrir sig þar með sinni löggjöf og með stuðningi við þetta fólk sem auðveldaði því að aðlagast samfélögunum, læra tungumálin o.s.frv.

Að hinu leytinu hefðu menn átt að aðstoða þessi ríki við að byggja upp hjá sér stuðningskerfi á vinnumarkaði, miðla upplýsingum um réttindi launamanna o.s.frv. En því miður hefur allt of lítið gerst í þeim efnum. Einstöku verkalýðssamtök í stöku landi hafa þó af talsverðum myndarskap reynt að leggja þar sitt af mörkum, t.d. danska alþýðusambandið, að styðja við og hjálpa verkalýðssamtökum, t.d. í Eystrasaltsríkjunum og Póllandi, að byggja sig upp og vera í stakk búin til að gerast þátttakendur í þessum stóra sameiginlega vinnumarkaði. En því miður hefur ekki náðst fram samstillt átak í þessum efnum. Hægri menn, svo að það sé sagt eins og það er, hafa barist gegn því í Norðurlandaráði og víðar að nokkuð sé gert til að styðja við bakið á eðlilegri uppbyggingu vinnumarkaðsskipulags í þessum löndum.

Vita menn hvernig ástandið er í Eystrasaltsríkjunum eða Póllandi? Þar er kannski 20–30% þátttaka í verkalýðshreyfingunni, í mesta lagi. Enn þá verra er ástandið hjá atvinnurekendasamtökunum sem eru í molum. Hvað þýðir það? Það þýðir að vinnumarkaðurinn er meira og minna óskipulagður og fólk veit ekki hvaða rétt það hefur ef það hefur þá einhvern rétt. Það er ekki hægt að standa með venjulegum hætti að kjarasamningum ábyrgra aðila því að ef til er einhver verkalýðshreyfing þá vantar gjarnan viðsemjanda. Þá er kannski atvinnurekendahreyfingin í viðkomandi landi í molum eða öfugt. Svona er ástandið. Það er inn í þetta umhverfi sem við erum að opna okkar vinnumarkað.

Það liggja fyrir skoðanakannanir. Vandaðar skoðanakannanir hafa verið gerðar í Eystrasaltsríkjunum sem sýna að allt upp í 50–70% af ungu fólki í þessum löndum getur hugsað sér að freista gæfunnar í Vestur-Evrópu, þá gjarnan á Norðurlöndunum, eðlilega vegna þess að Norðurlöndin eru þessum ríkjum gjarnan fyrirmynd. Þar er mest þekking á Norðurlöndunum og þau eru næst landfræðilega. Í Eystrasaltsríkjunum og í Póllandi horfa menn mjög gjarnan norður og norðvestur. Þangað getur ungt fólk hugsað sér að fara og freista gæfunnar. Skiljanlega. Hver skilur það ekki ef þú eygir von um vinnu og búsetu í landi þar sem þú tífaldar launin þín o.s.frv.?

Það er búið að vera alveg ótrúlegt andvaraleysi og tvöfeldni í gangi í sambandi við þetta mál, sem er dapurlegt upp á að horfa. Það hefur ekki einu sinni fengist í gegn í Norðurlandaráði, nema í þynntri útgáfu, tillaga sem ég og flokkahópur minn hefur flutt þar í mörg ár, um að Norðurlandaráð eða ráðherraráðið kosti rekstur upplýsingaskrifstofa í Eystrasaltsríkjunum. Þar hefði verkalýðshreyfingin og launamenn í þessum löndum greiðan aðgang að upplýsingum um réttindi sín og möguleika til að draga úr líkunum á því að farið verði illa með þetta fólk, að réttur verði brotinn á því, það haft á einhverjum þrælakjörum og verði fórnarlömb bullandi félagslegra undirboða ef það ákveður að færa sig um set og freista gæfunnar á nýjum stað.

Við Íslendingar höfum sannarlega ástæðu til að hugsa okkar gang líka í þessum efnum. Það hefur ekki verið mikill sómi að því hvernig þetta hefur gengið til við Kárahnjúka eða í byggingariðnaðinum á höfuðborgarsvæðinu. Það vita t.d. allir að laun ófaglærðra verkamanna eru á hraðri niðurleið, líka Íslendinga, vegna þess að þeir eru

pressaðir niður á sömu kjör og hægt er að flytja inn Pólverja eða Eystrasaltsbúa á. Fróðir menn segja mér að tímakaupið hafi jafnvel lækkað um 250–300 kr. á einu ári. Það eru svona hlutir sem hafa gerst.

Handan við hornið í þessu sambandi eru enn þá alvarlegri og ljótari hlutir sem eru algerlega ólöglegt vinnuafl, svart vinnuafl og skipulögð lögbrot, skipulögð glæpastarfsemi og mansal. Þetta hangir nefnilega náið saman. Ég er ekki viss um að við sjáum nema toppinn á ísjakanum í þeim efnum enn sem komið er, því miður. Þess vegna er það andvaraleysi sem hér hefur viðgengist af hálfu stjórnvalda og jafnvel fleiri aðila mjög sorglegt og ámælisvert.

Tímans vegna, frú forseti, læt ég þetta nægja. Ég gæti hugsað mér að segja margt fleira um þetta mál en læt það bíða betri tíma, enda erum við ekki að sjá hið síðasta af því hér, spái ég.

[12:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil gera í fáum orðum grein fyrir fyrirvara mínum við þá niðurstöðu sem varð í nefndinni. Það hefur verið gert í aðalatriðum prýðilega af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En mig langar að bæta við örfáum orðum.

Í fyrsta lagi að í umfjöllun nefndarinnar komu fram athugasemdir við 2. gr. þessa frumvarps þar sem fjallað er um heimild til að vinna upplýsingar og samkeyra þær. Persónuvernd gerði við þetta fyrirkomulag athugasemdir. Þetta var að vísu svolítið lagfært. Ég er samt á þeirri skoðun að þarna séu menn að fara býsna nærri því að það geti varðað við þau lög sem gilda um meðferð persónuupplýsinga.

Fyrst og fremst langaði mig að fjalla um þetta mál út frá því að ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum vegna þess hvernig stjórnvöld hafa undirbúið þetta mál. Það vantar verulega mikið upp á að menn séu tilbúnir að taka við þeirri ábyrgð sem er fólgin í að opna vinnumarkaðinn með þeim hætti sem nú stendur til að gera. Það eru ekki bara stjórnvöld. Ég tel að verkalýðshreyfingin í landinu hafi ekki heldur staðið sig í þessu máli. Það er nefnilega mín skoðun að það þurfi að horfa á þetta út frá því sjónarmiði að við þurfum að varðveita kjör á Íslandi. Við þurfum ekki bara að passa upp á hvernig verður farið með þá sem koma inn í landið sem við þurfum auðvitað að gera. Það þarf að tryggja að þeir fái sambærilega og sanngjarna meðferð miðað við þá Íslendinga sem þeir eru að vinna við hliðina á. En það þarf líka að sjá til þess að glutra ekki niður áratugabaráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir kjörum á Íslandi.

Menn tala digurbarkalega um að lágmarkslaunin á Íslandi séu svo góð að þau tryggi þetta. Það er rangt. Þau er ekki svo góð að þau tryggi þetta. Það sem er enn þá verra er að lágmarkslaunin eins og þau virka í dag gagnvart innflutningi vinnuafls draga niður almenn laun í viðkomandi starfsgreinum. Það hefði þurft að gera margs konar ráðstafanir til að hamla á móti þessu. Verkalýðshreyfingin hefði þurft að endurskoða lágmarkslaun í samningum við atvinnurekendur með það í huga að þessi opnun er að verða. Ég tel að lágmarkið sé að menn fái tækifæri til þess að minnsta kosti í einum samningum sem mundi þá geta gerst ef breytingartillagan yrði samþykkt.

Síðan hafa menn líka þurft að reyna að koma á einhvers konar betri reglum og eftirliti með starfsréttindum fólks og möguleikum til að nýta fólk í verkefnum eða vinnu sem krefst starfsréttinda, fólk sem er þá að vinna á lágmarkslaunum eins og kemur til með að verða og er.

Það er nefnilega þannig, svo við tökum dæmi um byggingariðnaðinn, að það er auðvelt fyrir verktaka að flytja inn „erlenda byggingarverkamenn" sem eru býsna gott vinnuafl. Fólk sem er jafnvel með starfsréttindi og starfsreynslu, góða starfskrafta sem eru þá boðnir fram til vinnu á íslenska vinnumarkaðnum fyrir þessi lágmarkslaun. Það verður ekki auðvelt að halda upp kjörum í starfsgrein sem býr við þessar aðstæður.

Til þess að vinna gegn þessu þurfa menn að vinna á mörgum vígstöðvum. Það gerist ekki á þessum sex mánuðum sem við erum að leggja til að þessari frjálsu för verði frestað um. En það væri kannski hægt að undirbúa sig betur en gert hefur verið með að taka sér þennan frest. Ég hefði gjarnan viljað að hann hefði verið lengri en ég tók þátt í að flytja þessa tillögu vegna þess að ég gerði mér grein fyrir að þetta væri kannski það lengsta sem við hugsanlega gætum komist með því að fá fram þessa breytingu. Þess vegna styð ég hana.

Það er að mínu viti að mörgu leyti undarlegt að menn skuli ekki hafa ákveðið að fresta gildistökunni einfaldlega vegna þess að við höfum fullan rétt til að gera það. Hvert ríki hefur algjörlega frjálsan rétt til að taka slíka ákvörðun. Hver er þá ástæðan? Ástæðan er greinilega sú að forustumenn verkalýðsfélaganna og Samtaka atvinnulífsins hafa gert um það samkomulag að þetta mál skyldi mega ganga fram þó það hafi hvergi komið fram opinberlega. En það kann varla að vera tilviljun að hæstv. ráðherra opinberaði þetta mál strax í kjölfarið á því að fyrir lágu niðurstöður um tvö mál. Annars vegar breyting á Atvinnuleysistryggingasjóðnum og hins vegar hvað varðaði vinnumarkaðsaðgerðir. Þá var ráðherrann allt í einu tilbúinn með þetta síðbúna mál um leið og þau mál lágu fyrir.

Þetta segir mér að þessir hlutir hanga saman og mér finnst óþægilegt að standa frammi fyrir því. Það er enn þá óþægilegra vegna þess að verkalýðsfélögin í landinu hafa greinilega ekki fengið tækifæri til að vinna sameiginlega að þessu máli og ná samstöðu um hvað bæri að gera. Það sést vel á þeim umsögnum sem komið hafa og þeim samtölum sem ég og fleiri hafa átt við þá sem hlut eiga að máli að það er mjög misvísandi hvað forustumenn verkalýðsfélaga og verkalýðsforustumenn á landsvísu segja um þessi mál. Það er vont mál og er ekki gott sem farteski inn í þá framtíð sem er að hefjast þann 1. maí.

Ég er fyrst og fremst að segja þetta: Við þurfum að varast að flytja fátæktina inn með þessu fyrirkomulagi sem verður tekið upp. Það er okkur öllum Íslendingum í hag að halda hér uppi auðugu samfélagi eins og menn hafa verið að stefna að í gegnum tíðina og verkalýðsfélögin hafa verið að undirbyggja. Ég óttast að aðstaðan til að viðhalda því samfélagi og bæta það og efla verði miklu erfiðari en hún hefur verið fram að þessu. Þess vegna hefðu menn þurft að taka þessi mál öðrum tökum.

Menn verða auðvitað að vinna með það sem er og næsta verkefni verkalýðshreyfingarinnar er að sjá til þess að lágmarkslaun í landinu dragi ekki niður önnur kjör og það er

líka stjórnvalda að sjá til þess að reglur um meðferð á því fólki sem kemur inn í landið séu svo góðar að þær tryggi sanngjörn og sambærileg kjör fyrir það. Þetta er stórt verkefni sem menn þurfa að glíma við.

Ég held ég hafi ekki meira um málið að segja annað en að ég hvet menn eindregið til þess að taka höndum saman og berjast sameiginlega fyrir þessu. Það kann vel að vera að Samtök atvinnulífsins og sumir þar telji að það sé til mikilla hagsbóta að geta flutt inn fólk á lágmarkslaunum og með þeim hætti sé hægt að ná niður launum í landinu og halda þeim niðri. En það er að mínu viti ekki skynsamleg afstaða.

Það sem skiptir miklu máli fyrir Ísland inn í framtíðina er að hér sé samfélag sem býður fólki upp á góð kjör og þeir sem koma hingað þurfa að fá að njóta þeirra kjara. Þannig á það að vera og fyrir því eigum við að slást sameiginlega. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri.

[12:56]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér í stuttu andsvari til að grennslast svolítið nánar fyrir um afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli. Mig langar að spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson að því hvort þingmenn Samfylkingarinnar hafi ekki hugleitt hvort ekki hefði verið betra að fara djúpleiðina, ef svo má segja, í þessu máli og koma frekar með breytingartillögu um að þessu yrði frestað til 1. maí árið 2009.

Í annan stað langar mig til að spyrja hvort hann sé sammála félaga sínum í þingflokki Samfylkingarinnar, hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni, um að það sé hið besta mál að þessi lög fari núna í gegn, að það sé hið besta mál að við opnum fyrir frjálsa för fólks frá löndum Austur-Evrópu frá og með 1. maí árið 2006, þ.e. núna á mánudaginn.

Í þriðja lagi langar mig að inna eftir svari við spurningu um það — því hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson svaraði ekki þeirri spurningu minni — hver sé skoðun hv. þm. Jóhanns Ársælssonar á þeim umsögnum sem hafa borist frá verkalýðsfélögum víðs vegar um landið þar sem varað er mjög sterklega við þessu frumvarpi og farið fram á að sú leið verði farin að nýta heimildir til frestunar. Hvort hv. þm. Jóhann Ársælsson telji að þessi varnaðarorð verkalýðsformannanna séu hreinlega orðin tóm eða hann telji að þeir hafi eitthvað fyrir sér í þessum efnum. Hreinlega hvort þessir ágætu herramenn séu marktækir.

[12:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég taldi mig hafa talað um þetta í minni ræðu. Nei. Það er síður en svo að orð þessara verkalýðsforingja séu orðin tóm. Ég tel að þeir hafi mikið til síns máls. Ég dró athygli manna að því að það væri mjög misvísandi afstaða uppi í verkalýðshreyfingunni um þetta mál. Það er okkar vandi.

Það er m.a. þess vegna sem við erum ekki að flytja breytingartillögur um frestun til 2009. Heldur um það einungis að fresta þessu máli um hálft ár vegna þess að við teljum að það verði að fara bil beggja í þessu. Það er ekki samstaða um þetta mál. Stjórnvöld hafa ekki heldur staðið sig eins og ég kom að áðan.

Besta mál að opna. Ég svaraði því líka. Ég tel að ástæða hefði verið til að undirbúa málið betur. Það liggur fyrir að búið er að samþykkja að það verði frjáls för vinnuafls til Íslands af þessum svæðum. Það er ekki spurning um það. Það er bara spurning um hvenær og með hvaða hætti menn standa að því. Niðurstaðan er sem sagt þessi: Við erum vanbúin. Það er samt búið að ganga það langt í þessum málum að pólitísk samstaða mun ekki nást um annað en að þetta gerist innan mjög skamms tíma.

Við erum að vonast til að sættir geti þá orðið um að fresta þessu í hálft ár svo menn fái aðeins betra tækifæri til að skoða sig um í þessu máli. Það er okkar niðurstaða að lengra eigum við ekki að ganga hvað það varðar.

[12:59]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir svörin. Hann talaði um pólitíska samstöðu. Já. Hvers vegna skyldi ekki vera pólitísk samstaða um að fá þennan frest?

Ég tel að ástæðan fyrir því sé nokkuð skýr og einföld. Hún er einfaldlega vegna þess að á hinu háa Alþingi eru stjórnmálaflokkar gjörsamlega að klikka í málinu, svo töluð sé hrein íslenska. Að sjálfsögðu er hæstv. félagsmálaráðherra líka að klikka í málinu því hann er að leggja fram mál á þinginu allt of seint. Það er mjög ámælisvert. Menn hafa vitað um það í tvö ár að þetta mundi gerast einmitt þennan tiltekna dag.

Það hlýtur að vera á ábyrgð Framsóknarflokksins og hæstv. félagsmálaráðherra að þetta frumvarp skuli ekki hafa komið til þingsins strax í haust. Þá hefðum við getað rætt þetta almennilega og komið með breytingartillögur og farið þá leið sem er svo augljóslega hin eina rétta sem er að notfæra okkur réttinn til að fresta gildistöku þessa ákvæðis.

Það veldur mér miklum vonbrigðum að Samfylkingin skuli ekki vilja ganga lengra en raun ber vitni í þessu máli. Það veldur mér líka miklum vonbrigðum að Vinstri grænir skuli ekki gera það. Ég er líka mjög hissa á því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn lætur flatreka í málinu án þess að gera minnstu tilraun til þess þó að reyna að beita upp í vindinn. Það veldur mér mikilli umhugsun. Því innan þess þingflokks eru þingmenn og ráðherrar sem hafa talað mjög digurbarkalega til að mynda gegn því að Ísland gangi í Evrópusambandið.

Hvar eru þeir við umræðuna í dag? Hvar eru þingmenn og ráðherrar Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu í dag? Ég hlýt að lýsa eftir þeim. Hver er þeirra afstaða í þessu máli? Hinir hugrökku riddarar sem tala svo digurbarkalega á góðum stundum gegn því að Ísland gangi í Evrópusambandið. Það væri fróðlegt að fá að vita það. Þeir hafa varla verið sjáanlegir hér í allan morgun.

[13:02]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að taka að mér að svara fyrir Sjálfstæðisflokkinn í þessari umræðu, hvar þeir eru og af hverju þeir kjósa ekki að taka þátt í þeirri umræðu sem hér er. Ég ætla hins vegar að endurtaka að ég tel að því miður hafi fáir staðið sig hvað varðar undirbúning að þessu máli. Það hefði átt að gera ráð fyrir því og kann vel að vera að

við höfum ekki staðið okkur heldur, t.d. í Samfylkingunni, að hafa ekki gert okkur grein fyrir því að við í stjórnarandstöðunni þyrftum að taka málið upp. Hv. þingmaður hefur heldur ekki flutt breytingartillögu enn þá svo að ég hafi séð um það hvað á að gera. Ef engar breytingartillögur verða samþykktar þá mun frjáls för opnast án þess að nokkrar reglur verði til staðar. Við stöndum bara frammi fyrir þeirri staðreynd líka. Staðan er þess vegna mjög þröng og erfið í því hvaða afstöðu við eigum að hafa til málsins núna af því að tíminn er runninn frá okkur. Þetta er þannig og allir verða að sitja uppi með að þurfa að skammast sín a.m.k. pínulítið hvað varðar meðferð þessa máls.

Ég óttast að verkalýðshreyfingin hafi ekki gætt nógu vel að sínu hvað þetta varðar. Ég tel reyndar að þar hefðu menn þurft að horfast í augu við það að taka mjög erfiða samninga við atvinnurekendasamtökin í landinu til þess að tryggja þannig lágmarkslaun að þau muni ekki draga niður kjör í landinu í náinni framtíð. Það tel ég mjög alvarlegt og það verður enn þá erfiðara að fást við þá samninga eftir að þessi frjálsa för er hafin.

[13:04]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Það var á árinu 2004 sem Evrópska efnahagssvæðið var stækkað. Þá sat ég á þingi sem varamaður. Í samningnum var gert ráð fyrir aðlögun að þeirri stækkun og aðlögunin gat verið til 1. maí 2011. Í kjölfar þess að sá samningur var innleiddur voru á Alþingi sett lög um að fresta lögleiðingu samningsins með lögum sem eru nr. 19/2004.

Á þessum tíma var varað mjög eindregið við þeirri þróun sem færi í hönd en öllum ákvæðum var frestað. Síðan hefur það gerst að mjög verulega hefur hallað undan fæti á íslenskum vinnumarkaði því miður og þessi tveggja ára aðlögunartími hefur ekki verið nýttur að neinu marki.

Í hvaða stöðu erum við þá í dag, 28. apríl? Við stöndum frammi fyrir vondum kostum. Næstversti kosturinn í málinu er að samþykkja frumvarp hæstv. félagsmálaráðherra, besti kosturinn í stöðunni er að samþykkja breytingartillöguna og fresta öllu — vegna þess að tillaga félagsmálaráðherra gengur bara út á að fresta hluta af þessu og opna tilkynningarskyldu og nær alls ekki nógu langt. Versti kosturinn, og það virðist hv. þingmaður Frjálslynda flokksins alls ekki skilja, er að opna án þess að aðlögunartíminn hafi verið nýttur nokkurn skapaðan hlut.

Ég get tekið undir þau orð sem hér hafa verið flutt um andvaraleysi félagsmálaráðherra. Það hefur verið algert. Ég verð bara að segja það eins og er að andvaraleysi ASÍ hefur líka verið mjög mikið. Það er enn þá síður skiljanlegt vegna þess að ASÍ hefur verið varað við. Ég hef gert það sjálfur persónulega og ég hef gert það sem þingmaður VG. Vegna þess að í kjölfar tillöguflutningsins var alveg berljóst að það væru gloppur á lögunum um útlendinga sem koma hingað til landsins. Það eru stórar gloppur á löggjöfinni og þær hafa orðið ljósar. Vegna þeirra og vegna þessa aðlögunartíma lagði Vinstri hreyfingin – grænt framboð fram frumvarp til að stoppa í, til að taka þátt í þessari aðlögun, frumvarp um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Hvað mælir fyrir í því? Jú, það mælir fyrir í því að öll launakjör í voru landi skulu gilda um erlenda starfsmenn hvort sem þeir koma hingað á vegum starfsmannaleigna eða hvernig sem þeir koma. Þegar farið var yfir rauðu strikin var því lofað á sínum tíma að setja lög um starfsmannaleigur og það kom mér verulega á óvart og olli mér miklum vonbrigðum að það frumvarp skyldi ekki stoppa í starfskjör útlendinga hér á landi þannig að þeir nytu sömu réttinda og Íslendingar. Þeir gera það ekki í dag.

Ekki veldur sá er varar í þessum efnum. Í frumvarpi um þetta mál sem var lagt fram fyrst árið 2005 og endurflutt á þessu þingi segir m.a. að það hafi verið staðreynt að margir hinna erlendu launamanna sem hingað koma njóti ekki samsvarandi kjara og réttinda og íslenskir launamenn. Eru laun og önnur starfskjör þeirra iðulega lakari en aðildarsamtök vinnumarkaðarins hafa samið um sem lágmarkskjör. Enn fremur liggur fyrir að mikill fjöldi erlendra launamanna kemur hingað inn til lands sem ferðamenn og starfar hér án dvalar- og atvinnuleyfa. Það er líka tekið fram að rökstuddur grunur leiki á því að opinberum gjöldum sé ekki skilað. Það er ekki lengur grunur, það er staðfesta, það er fullvissa um það. Frá þessum staðreyndum hefur ítarlega verið greint. Efling stéttarfélag hefur margsinnis leitað úrbóta og ekkert hefur gerst, ekki nokkur skapaður hlutur fyrr en nú á að keyra fram þetta frumvarp sem nær ekki nógu langt.

Lög um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið hér á landi, nr. 54/2001, ná ekki tilgangi sínum. Það hefur verið staðfest með dómi héraðsdóms í máli gegn Impregilo sl. vor.

Annað sem er alvarlegt við þetta ástand eru ekki bara kaup og kjör þeirra útlendinga sem koma hingað heldur hitt að það ástand sem hér er að skapast fer að minna um margt á ástandið á Íslandi fyrir setningu vinnulöggjafarinnar og alveg fram yfir 1960. Það voru harðvítugar vinnudeilur og upplausn á vinnumarkaði. Það stefnir í að vinnumarkaðurinn gangi í upplausn af þessum sökum og það er alvörumál. Vinnumarkaðurinn hér er mjög skipulagður og það hefur verið friðsamlegt á vinnumarkaði á Íslandi en það stefnir í allt annað.

Það er ekki bara það að þetta skapi óróa á vinnumarkaði heldur skapar þetta mjög misjafna samkeppnisaðstöðu fyrirtækja. Það er fjöldi fyrirtækja sem borgar starfsmönnum sínum laun eins og þeim ber en hinir sem ekki gera það eru í allt annarri samkeppnisaðstöðu. Ástandið hefur farið versnandi og það hefur farið dagversnandi síðan árið 2004. Ég vil nefna dæmi um verkamannahóp sem var að vinna hér í Reykjavík með 400 kr. jafnaðarkaup á tímann, vann 16 tíma á sólarhring, klæðalítill og aðbúnaðurinn allur í skötulíki.

Það sem verra er í þessu máli er að eftirlit hefur ekki verið neitt. Ekkert hefur verið aðhafst þó að lög hafi verið brotin, þó að menn komi hingað sem ferðamenn og vinni hér fulla vinnu í þrjá mánuði, fari svo eftir viku og komi aftur og vinni í þrjá mánuði. Það hefur ekkert verið gert. Það hefur að því er virðist ekki verið pólitískur vilji til þess hingað til. Versta dæmið um þetta allt saman, og eftir höfðinu dansa limirnir, er auðvitað Impregilo-dæmið. Hvernig stóð á því að Impregilo gat boðið 20–25% undir íslenska bjóðendur, íslensk fyrirtæki í samvinnu við erlend? Hvernig

skyldi hafa staðið á því? Jú, það var vegna þess að þeir ákváðu að fara ekki eftir virkjanasamningnum. Þeir ákváðu að borga strípaða taxta og ekki bara það, þeir notuðu sér allar smugur í lögum um réttarstöðu útlendinga hér á landi og fóru í þær, borga ekki öll iðgjöld, koma sér hjá öðrum hlutum og borga algjör lágmarkslaun.

Ég held því fram og hef ágæta aðstöðu til þess að halda því fram vegna þess að ég hef starfað sem lögmaður í 25 ár fyrir stéttarfélög, þar með talið Eflingu stéttarfélag. Ég veit fullvel hvað er að gerast. Það er verið að koma á nútíma þrælahaldi, það er ekkert flóknara, með þeim afleiðingum sem sér ekkert fyrir endann á í íslensku atvinnulífi. Íslenskir atvinnurekendur og ríkisstjórnin eru að skjóta sig í fótinn. Þetta snýst ekki bara um þá útlendinga sem koma hingað, þetta snýst um þjóðskipulagið sem við viljum hafa hérna. Viljum við hafa friðsamlegan vinnumarkað og fólk með góð laun sem skilar sínu verki vel?

Ég ætla að ljúka þessu með því að segja það að það veldur mér verulegum vonbrigðum að heyra köpuryrði í garð útlendinga. Ég verð að segja það alveg eins og er. Ég ætla ekki að nefna dæmi þessa en það hafa heyrst hér í salnum köpuryrði til útlendinga og talað niður til þeirra. Hver er staðreynd málsins? Útlendingar sem hingað hafa komið gegna afar veigamiklu hlutverki í íslensku atvinnulífi. Íslenskt atvinnulíf hefur ríka þörf fyrir starfskrafta þeirra. Þeir gegna lykilhlutverki í fiskvinnslu. Þeir gegna lykilhlutverki hjá sjúkrahúsum og ýmsum þjónustustofnunum. Þar fyrir utan hafa þessir sömu útlendingar auðgað okkar menningarlíf verulega. Við höfum notið góðs af þeim bæði sem starfsmönnum og þeir hafa skapað þá fjölbreytni í menningu Íslands sem öllum þjóðum er nauðsynleg.

Þrátt fyrir það að útlendingar skipti okkur svona miklu máli eða íslenskt atvinnulíf — ef þeir væru allir sendir úr landi þá færi það bara í kalda kol — en þrátt fyrir að þeir skipta okkur svona miklu máli atvinnulega séð eru þeir ekki virtir að verðleikum. Íslensk löggjöf er þannig að þeir eru hér óvelkomnir gestir, það er ekkert öðruvísi. Þeim eru búin dvalarskilyrði hér í dag og hefur verið gert síðustu tvö, þrjú árin sem standast ekki mannréttindi og eru okkur til háborinnar skammar.

Auðvitað fagna ég því að hér verði sett á fót nefnd sem á að taka á þessu en ég er orðinn hundleiður á svona nefndum vegna þess að það er búið að leggja fram úrræðið. Það er búið að benda á leiðirnar. Það er m.a.s. búið að búa þær út í frumvarpi fyrir hæstv. félagsmálaráðherra. Af hverju þarf að fara í nefnd til að veltast upp úr því? Það er hægt að nota þær tillögur sem hafa komið fram á þingi, bæði frumvörp og þingsályktanir frá öllum stjórnarandstöðuflokkunum eða Samfylkingunni og Vinstri grænum og nota það og búa útlendingum það umhverfi á Íslandi sem þeir eiga skilið. Það getum við gert á einni viku, það er búið að vinna þetta það vel. Nei, þá er það ein nefndin enn til að skoða og kanna hvernig aðbúnaðurinn er hjá útlendingum á Íslandi, eitthvað sem við vitum allt um, ég veit allt um það. Ég hitti þessa útlendinga næstum á hverjum degi, veit nákvæmlega hver staða þeirra er, tel fram fyrir þá og sinni þeim á alla kanta. Ég þoli ekki að sjá pólskan verkamann vinnandi úti á Seltjarnarnesi í 15 stiga gaddi fyrir 400 kr. á tímann og búa svo í gámi. Það þarf ekkert að kanna eða rannsaka. Það þarf að nota tímann og aðlaga okkar þjóðfélag að þeirri staðreynd að við erum fjölmenningarþjóðfélag.

[13:16]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Hv. þm. Samfylkingarinnar Jóhanna Sigurðardóttir hefur í ræðu sinni farið vel yfir okkar sjónarmið varðandi þessa lagasetningu Við skrifum undir nefndarálitið með fyrirvara þar sem við leggjum fram nokkrar breytingartillögur. Miðað við þær umsagnir sem við í nefndinni fengum erum við ekki tilbúin til að þessi lög taki gildi strax. Þeim hefur að vísu áður verið frestað og virðist sem sá tími hafi verið illa nýttur bæði af ríkisvaldinu og aðilum vinnumarkaðarins.

Mig langar að hnykkja á nokkrum ábendingum sem koma frá umsagnaraðilum. Það er fyrst frá Samiðn, með leyfi forseta: „Æskilegt hefði verið að samhliða aukinni opnun vinnumarkaðarins hefðu fylgt aðgerðir til að hefta aukna einstaklingsverktöku erlendra starfsmanna en hún er vaxandi vandamál. Í öðru lagi hefði þurft að lögbinda ábyrgð notendafyrirtækja í þeim tilfellum þar sem um starfsmannaleigur er að ræða."

Hér segir jafnframt, með leyfi forseta, í umsögn frá Verkalýðsfélagi Akraness: „Telur Verkalýðsfélag Akraness íslenskan vinnumarkað alls ekki tilbúinn nú til að taka við auknu flæði launafólks. Eðlilegt sé að gildistöku reglnanna sé frestað þar til úttekt hefur verið gerð á því hvaða áhrif aukið framboð erlends launafólks frá láglaunasvæðum hefur og fyrir liggi mótaðar reglur m.a. frá aðilum vinnumarkaðarins um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði."

Hér segir í umsögn frá BSRB, með leyfi forseta: „BSRB leggur höfuðáherslu á að réttindi og kjör verði virt við opnun vinnumarkaðarins."

Í umsögn frá Alþjóðahúsi, með leyfi forseta: „Á vissan hátt er þó ólíku saman að jafna þar sem íslenskur atvinnumarkaður er mun smærri í sniðum en í nágrannaríkjum okkar og geta aðstæður á vinnumarkaði breyst hratt. Alþjóðahús bindur hins vegar vonir við að nýstofnað innflytjendaráð leggi fram tillögur til stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til að tryggja aðlögun nýs vinnuafls og fyrirbyggja að upp komi vandamál."

Verkalýðsfélag Vestfirðinga, með leyfi forseta: „Við Íslendingar höfum haft nokkur ár til að búa okkur undir staðfestingu á frjálsri för verkafólks frá þessum nýju aðildarríkjum EES en ekkert gert til að vera viðbúin nýjum viðhorfum."

Í umsögn frá Afli, Starfsgreinafélagi Austurlands, með leyfi forseta: „Skoðun félagsmanna Afls er sú að fresta beri gildistöku um frjálsa för. Ástæðurnar eru skýrar. Í þeim mikla uppgangi sem verið hefur í atvinnulíf eystra hefur launafólki af erlendu bergi fjölgað mikið og talsvert hefur borið á því að brotið sé á fólki og kjör þess séu langt undir viðurkenndum kjörum hér."

Frú forseti. Í ljósi aðvarana frá verkalýðsfélögum leggjum við í minni hluta félagsmálanefndar fram breytingartillögur um frestun á gildistöku laganna. Við skulum jafnframt ekki gleyma því varðandi launataxta ASÍ og Samtaka atvinnulífsins að það er stórt gap á milli lægstu launataxta og markaðslauna. Það er þessu gapi sem þarf að loka. Það

þarf að skera af lægstu taxtana því þeir eru ekki í takt við raunveruleikann. Það er þetta gap sem er stórhættulegt og getur haft virkileg neikvæð áhrif á launþegana í landinu, á íslenska launþega þegar erlent vinnuafl streymir til landsins. En þetta gat er ekki bara á ábyrgð ríkisvaldsins heldur og aðila vinnumarkaðarins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:22]

Dagný Jónsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Sú niðurstaða sem við ræðum hér, þ.e. að halda okkur við 1. maí nk. vegna frjálsrar farar launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins byggir í fyrsta lagi á samningi um Evrópska efnahagssvæðið og í öðru lagi á samkomulagi stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins. Mikil áhersla er lögð á að hafa virkt eftirlit á meðan breytingarnar ganga yfir. Fyrst og fremst er það til að standa réttindi um vörð launafólksins sem kýs að koma hingað til lands. Einnig nýtist það til að hafa yfirsýn yfir vinnumarkaðinn meðan hann og íslenskt samfélag aðlagast breyttum aðstæðum.

Ég ítreka að stjórnvöld hafa heimild til að setja strangari takmarkanir síðar ef um röskun eða fyrirsjáanlega röskun á innlendum vinnumarkaði verði að ræða. Slíkt yrði metið hverju sinni og samráð haft við aðila vinnumarkaðarins.

Virðulegi forseti. Í ljósi þessa mun ég ekki greiða þessari breytingartillögu atkvæði mitt.

[13:23]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Það er afar mikilvægt að þessi breytingartillaga verði samþykkt. Ég minni á að mörg verkalýðsfélög hafa verið að kalla eftir frekari aðlögun en hér er gert ráð fyrir. Tillagan felur í sér að framlengja tímabundið aðlögun að frjálsri för nýju aðildarfélaganna innan Evrópska efnahagssvæðisins og að aðlögunartíminn verði nýttur til að móta stefnu í málefnum innflytjenda og styrkja betur vinnumarkaðinn með lögum og reglum til að koma í veg fyrir undirboð á vinnumarkaði og að brotinn sé réttur á launafólki. Við erum að tala um grundvallarrétt launafólks í kjörum og aðbúnaði sem kostað hefur áratugabaráttu verkalýðshreyfingarinnar.

Það hefur komið fram á þessum stutta tíma sem félagsmálanefnd hefur haft til að fjalla um þetta mál að stjórnvöld hafa alls ekki nýtt þann tíma nægilega vel sem við höfum haft til ráðstöfunar til að undirbúa okkur betur fyrir frjálsa för fólks til landsins bæði með því að móta stefnu í málefnum innflytjenda og að styrkja betur vinnumarkaðinn sem er gífurlega mikil þörf á. Þess vegna legg ég áherslu á að þessi breytingartillaga verði samþykkt.

[13:24]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það hafi komið skýrt fram í máli mínu áðan að við í Frjálslynda flokknum erum alfarið andvígir þessu máli. Við höfum réttilega bent á að það hefði verið miklu skynsamlegra á allan hátt að nýta þær heimildir sem eru fyrir hendi til frestunar á gildistöku þessara ákvæða til 1. maí árið 2009 eða 1. maí árið 2011. Það hefði verið hægur vandi.

Það hefur út af fyrir sig ekkert upp á sig að bera fram breytingartillögur sem verða síðan kolfelldar af meiri hlutanum þannig að við látum það eiga sig. Við erum önnum kafnir menn og höfum nóg annað við tímann að sýsla en að skrifa breytingartillögur og nefndarálit út í loftið. Við stöndum fyrir máli okkar í ræðustól og það hef ég reynt að gera í dag og ég hygg að okkar afstaða hafi komið skýrt fram.

Þar sem við teljum að þetta mál sé svo illa undirbúið og svo mikil vitleysa frá öllu sínu upphafi þá höfum við hreinlega ákveðið að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa breytingartillögu.

Brtt. 1209,1 felld með 27:18 atkv. og sögðu

já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁRJ, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KLM, MF, MÁ, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB.

3 þm. (MÞH, PBj, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BjörgvS, EMS, GHH, GHj, GÓJ, HÁs, HHj, JGunn, KHG, LB, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 46:3 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, ÞBack, ÖS.

nei: MÞH, PBj, SigurjÞ.

14 þm. (EMS, GHH, GHj, GÓJ, HÁs, HHj, JGunn, KHG, LB, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1208 samþ. með 46:3 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, ÞBack, ÖS.

nei: MÞH, PBj, SigurjÞ.

14 þm. (EMS, GHH, GHj, GÓJ, HÁs, HHj, JGunn, KHG, LB, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 46:3 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, ÞBack, ÖS.

nei: MÞH, PBj, SigurjÞ.

14 þm. (EMS, GHH, GHj, GÓJ, HÁs, HHj, JGunn, KHG, LB, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1209,2 felld með 30:19 atkv. og sögðu

já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GÖg, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KLM, MF, MÁ, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, IHÓ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PBj, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB.

14 þm. (EMS, GHH, GHj, GÓJ, HÁs, HHj, JGunn, KHG, LB, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 46:3 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, ÞBack, ÖS.

nei: MÞH, PBj, SigurjÞ.

14 þm. (EMS, GHH, GHj, GÓJ, HÁs, HHj, JGunn, KHG, LB, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1209,3 kom ekki til atkv.

4. gr. samþ. með 44:2 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, ÞBack, ÖS.

nei: MÞH, PBj.

17 þm. (EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, HÁs, HHj, JGunn, KÓ, KHG, LB, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:29]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Atkvæðagreiðslu um þetta frumvarp er nú að ljúka og ég vona að allir þeir sem fylgst hafa með og líka þeir sem eiga eftir að stúdera þetta mál í framtíðinni hafi tekið eftir því að það var bara einn flokkur sem sagði nei og það voru þingmenn Frjálslynda flokksins. Sjálfstæðismenn sögðu allir já og var mjög áhugavert að sjá það því þeir hafa yfirleitt gefið sig út fyrir það að vera miklir riddarar gegn hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu en nú lagðist frekar lítið fyrir kappana. Þeir létu flatreka í þessu máli. Þeir létu flatreka beint upp á sker. Það er allt í lagi, það er þeirra vandamál, ég ætla ekkert að sýta það. En ég hygg að þegar þessari atkvæðagreiðslu lýkur verði aðeins þrír þingmenn sem munu geta gengið út úr salnum og borið höfuðið hátt og það eru þingmenn Frjálslynda flokksins.

Brtt. 1209,4 kölluð aftur.

Fyrirsögn samþ. með 47:3 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, ÞBack, ÖS.

nei: MÞH, PBj, SigurjÞ.

13 þm. (EMS, GHH, GHj, GÓJ, HÁs, JGunn, KHG, LB, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 13:31.

---

112. FUNDUR

föstudaginn 28. apríl,
að loknum 111. fundi.

Dagskrá:

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES og atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 771. mál, þskj. 1214, lög 1215. — 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES og atvinnuréttindi útlendinga, 3. umr.

Stjfrv., 771. mál (ríkisborgarar nýrra aðildarríkja). — Þskj. 1214.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. samþ. með 46:3 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SJS, StB, ÞBack, ÖS.

nei: MÞH, PBj, SigurjÞ.

14 þm. (EMS, GHH, GHj, GÓJ, HÁs, JGunn, KHG, LB, SP, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Við 2. umr. um þetta mál var felld tillaga frá okkur fulltrúum Samfylkingarinnar og fulltrúum Vinstri grænna í félagsmálanefnd um að framlengja aðlögunarfrestinn til næstu áramóta. Engu að síður munum við styðja þetta mál og greiða því atkvæði í trausti þess að nefnd félagsmálaráðherra sem hefur það verkefni að styrkja vinnumarkaðskerfið og treysta betur regluverk og framkvæmd til að tryggja að ekki verði gengið gegn grundvallarréttindum launafólks, skili markvissum tillögum í því efni fyrir 1. nóvember næstkomandi. Sömuleiðis að framfylgt verði þeirri áherslu sem fram kemur í áliti meiri hluta félagsmálanefndar um að mótuð verði stefna í málefnum innflytjenda og að gerð verði framkvæmdaáætlun á grundvelli þeirrar stefnu. Áætlunin verði jafnframt kynnt félagsmálanefnd fyrir 1. október 2006. Á þessi tvö mál hefur félagsmálanefnd lagt áherslu og í trausti þess að þetta verði framkvæmt segjum við já við þessu þingmáli.

[13:35]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Enn á ný sjáum við sömu niðurstöðu og við sáum í atkvæðagreiðslunum áðan. (Gripið fram í.) Það var einungis í einni atkvæðagreiðslu og einn þingmaður þurfti að bregða sér frá en þar fyrir utan vorum við hér allir þrír og við sögðum allir nei.

Enn og aftur við 3. umr. segjum við að sjálfsögðu nei. Afstaða okkar hefur ekkert breyst á þessum örfáu mínútum sem eru liðnar frá því áðan og hún mun ekkert breytast þó að afstaða Sjálfstæðisflokksins virðist hins vegar vera ansi þokukennd. Ég verð að segja það. Það veldur mér miklum vonbrigðum að horfa á hvernig þessi tafla lítur út núna og ekki bara mér heldur launþegum þessa lands og það veit ég eftir að hafa rætt við þá fjölmarga á undanförnum dögum. En það var a.m.k. gott að við stóðum í lappirnar í Frjálslynda flokknum. Það er ekki í fyrsta sinn sem við gerum það.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1215).

Fundi slitið kl. 13:37.

113. FUNDUR

þriðjudaginn 2. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur, stjfrv., 793. mál, þskj. 1212. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 794. mál, þskj. 1213. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, stjfrv., 734. mál, þskj. 1070. — 1. umr.
4. Almannatryggingar, stjfrv., 792. mál, þskj. 1210. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 353. mál, þskj. 1124. — 3. umr.
6. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 448. mál, þskj. 1125, brtt. 1122. — 3. umr.
7. Verkefnasjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 382. mál, þskj. 442. — 3. umr.
8. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 616. mál, þskj. 1126. — 3. umr.
9. Samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, þáltill., 297. mál, þskj. 318, nál. 1141. — Síðari umr.
10. Rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, þáltill., 298. mál, þskj. 319, nál. 1142. — Síðari umr.
11. Samstarf vestnorrænna landa í orkumálum, þáltill., 299. mál, þskj. 320, nál. 1143. — Síðari umr.
12. Stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða, þáltill., 541. mál, þskj. 788, nál. 1014. — Síðari umr.
13. Samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofninum í Norður-Atlantshafi, þáltill., 542. mál, þskj. 789, nál. 1144. — Síðari umr.
14. Samstarf Vestur-Norðurlanda um baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa og umhverfisvernd, þáltill., 543. mál, þskj. 790, nál. 1145. — Síðari umr.
15. Lokafjárlög 2004, stjfrv., 575. mál, þskj. 833, nál. 1123. — 2. umr.
16. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 622. mál, þskj. 915, nál. 1203. — 2. umr.
17. Virðisaukaskattur, stjfrv., 624. mál, þskj. 917, nál. 1199. — 2. umr.
18. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 403. mál, þskj. 519, nál. 1204. — 2. umr.
19. Hlutafélög, stjfrv., 404. mál, þskj. 520, nál. 1086 og 1164, brtt. 1087 og 1165. — 2. umr.
20. Hlutafélög, stjfrv., 444. mál, þskj. 666, nál. 1183, brtt. 1184. — 2. umr.
21. Einkahlutafélög, stjfrv., 445. mál, þskj. 667, nál. 1185, brtt. 1186. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.

Útbýting:

Skattskil í veitingahúsarekstri, 702. mál, svar fjmrh., þskj. 1206.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

1., 2. og 4. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 29 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, HÁs, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MF, PBj, RG, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BjarnB, BjörgvS, EKG, GHall, GÖrl, HBl, HjÁ, ISG, IHÓ, JBjarn, LB, MÁ, SAÞ, SigurjÞ, StB, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég held að það sé á sínum stað að vekja athygli á því að hér á að fara að greiða atkvæði um að veita afbrigði fyrir að taka á dagskrá þessa fundar þrjú stjórnarfrumvörp sem eru öll nýframkomin, núna þegar tveir dagar áttu að vera eftir af störfum þessa þings samkvæmt starfsáætlun. Ég sé ekki ástæðu til að leggjast gegn því að þessi mál komi á dagskrá, þau munu öll vera þannig vaxin að hæstv. ríkisstjórn hefur furðu seint uppgötvað að hún þurfi að ná fram þessum lagabreytingum fyrir vorið. Má náttúrlega velta því fyrir sér hvað menn séu að gera á þessum bæjum, í þessum ráðuneytum, að uppgötva svona hluti yfirleitt nokkrum mínútum fyrir tólf, samanber frumvarp sem hér varð að lögum fyrir 1. maí sl.

En það sem ég tel óhjákvæmilegt að fara að ræða af alvöru, frú forseti, er hvernig áframhaldið verður. Hæstv. ríkisstjórn getur náttúrlega ekki bæði sleppt og haldið í þessum efnum, komið inn með ný og ný mál og ætlast til þess að hún geti eftir sem áður þrjóskast með allt sem fyrir var á dagskrá þingsins.

Athugasemdir um störf þingsins.

Útskriftarvandi LSH.

[13:35]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs um störf þingsins er sú ársskýrsla Landspítala – háskólasjúkrahúss sem kynnt var í síðustu viku. Þar er margt at-

hyglisvert að finna en sérstaka athygli mína vakti það sem segir í skýrslunni um útskriftarvanda í þjónustu við aldraða.

Í skýrslunni kemur fram, virðulegi forseti, að á árinu 2005 hafi að jafnaði beðið 60–80 aldraðir sjúklingar á spítalanum eftir varanlegri vistun og að 42 einstaklingar hafi látist á árinu 2005 á spítalanum meðan þeir voru að bíða eftir hjúkrunarheimili og sumir þeirra hafi beðið mjög lengi. Það þarf ekki að koma á óvart þegar þess er gætt að í úttekt sem ríkisendurskoðandi gerði á þessari þjónustu á síðasta ári kom fram að biðtími væri að meðaltali 240–270 dagar. Ástæðan fyrir þessari bið er auðvitað sú að það hefur ekki verið byggt upp hjúkrunarrými í samræmi við það sem þarf. Ég vil í þessu sambandi minna á að þegar ég var borgarstjóri í Reykjavík gerði ég samkomulag við þáverandi hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, um uppbyggingu hjúkrunarrýma í borginni. Við þetta samkomulag hefur ekki verið staðið að fullu. Það bíða núna þrjár lóðir eftir uppbyggingu og það bíða 360 milljónir á biðreikningi hjá borginni til að hægt sé að halda þessari uppbyggingu áfram.

Ástæðan kann að vera sú að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið þessu andvígur. Hann var þessu andvígur frá fyrsta degi frá því að samkomulagið var gert og þá sagði þáverandi hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, að þetta væri marklaust samkomulag, það væri ekki búið að tryggja neina fjármuni til að standa við það. Sú spurning hlýtur að vakna, virðulegi forseti, hvort Sjálfstæðisflokkurinn sé þarna þrándur í götu því að þingmaðurinn Jónína Bjartmarz skrifaði grein af þessu tilefni á sínum tíma fyrir fjórum árum og sagði að það væri auðvitað mikilvægt að Sjálfstæðisflokkurinn styddi það að ráðist yrði í þetta forgangsverkefni. (Forseti hringir.) Því hlýt ég að spyrja: Strandar málið hjá Sjálfstæðisflokknum?

[13:37]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Að mínu mati er líklega um að ræða kerfislægan galla varðandi þá þjónustu sem við bjóðum upp á fyrir aldraða. Ég tel að bæði sveitarfélögin, sem bera ábyrgð á félagsþjónustu sveitarfélaga, og ríkið, sem ber ábyrgð á heimahjúkrun, þurfi að gera betur. Upp á síðkastið, þ.e. á síðustu tveimur árum, er búið að byggja 300 ný hjúkrunarrými. Þau kosta rúma 4,5 milljarða í byggingu. Gert er ráð fyrir 15 millj. kr. á hvert rými í byggingu og reksturinn á þessum rýmum kostar 1,5 milljarða á ári, þ.e. 5,5 millj. kr. á hvert rými á ári. Það er því búið að byggja verulega upp að undanförnu. Líklega erum við þó með fólk í of dýrum úrræðum sem henta ekki heldur vegna mannlegra sjónarmiða. Það er að sjálfsögðu ekki hentugt að veikir eldri borgarar séu á sjúkrahúsi ef þeir geta verið í hjúkrunarrými. Það er ekki hentugt, hvorki fjárhagslega né af mannúðarsjónarmiðum. Það er heldur ekki hentugt að hafa á hjúkrunarheimilum eldri borgara sem gætu verið heima en rannsóknir okkar í heilbrigðisráðuneytinu benda til þess að talsverður hluti af hjúkrunarrýmunum sé setinn af fólki sem gæti verið heima, alls ekki öll en talsverður hluti. Ég tel því að við þurfum að endurskoða vistunarmatið. Í dag eru 43 hópar að gera vistunarmat, reyndar gerðu 12 hópar um 70% af matinu, en hugsið ykkur, 43 hópar eru að gera vistunarmat í dag og það er ekki um nægilegan forgang að ræða inn á hjúkrunarheimilin frá Landspítalanum. Spítalinn fær einungis þriðjung af rýmum sem losna og það er allt of lítið að mínu mati.

[13:40]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gerir að umtalsefni þær upplýsingar sem komu fram í ársskýrslu LSH að 42 aldraðir einstaklingar létust á spítalanum á síðasta ári meðan þeir biðu eftir plássi á hjúkrunarheimili. Bið aldraðra einstaklinga sem eru inniliggjandi á LSH eftir plássi á hjúkrunarheimilum hefur oft komið til tals á hinu háa Alþingi á undanförnum mánuðum. Þá hef ég m.a. bent á þá sjálfsögðu reglu að aldraðir einstaklingar sem eru inniliggjandi á sjúkrahúsum og eru á biðlista eftir plássi á hjúkrunarheimilum eigi að fá forgang í slík pláss. Slík regla er ekki í gildi í dag en hana þarf að taka upp.

Það segir sig sjálft að aldraðir sem liggja á sjúkrahúsi eru í þeim flokki fólks sem er í hvað brýnustu þörf að fá vistun á hjúkrunarheimili. Það þarf hins vegar ekki að fara mörgum orðum um það hve miklu dýrara það er að liggja á sjúkrahúsi en á hjúkrunarheimili þannig að það eru ekki einungis mannúðleg sjónarmið sem liggja að baki slíkri verklagsreglu heldur einnig hagkvæmnissjónarmið.

Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að benda á ábyrgð R-listans í Reykjavík í þessum efnum. Skortur á hjúkrunarheimilisplássum og öðrum úrræðum fyrir aldraða er að mestu bundinn við Reykjavík. Hver ber ábyrgð á því? Hver ber t.d. ábyrgð á því að sveitarfélög hafa á síðustu árum dregið úr félagslegri þjónustu við aldraða eins og kemur fram í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustu við aldraða? Félagsleg þjónusta inn á heimili aldraðra einstaklinga er oft forsenda þess að þeir geti búið lengur heima. Hver ber ábyrgð á því að lítið hefur farið fyrir byggingu þjónustuíbúða og leiguíbúða fyrir aldraða í Reykjavík á síðsustu árum? Ég er að tala um íbúðir fyrir aldraða eins og t.d. við Dalbraut, Hraunbæ, Bólstaðarhlíð og Lönguhlíð sem byggðar voru í tíð sjálfstæðismanna í Reykjavík. Slík úrræði fresta þörf á innlögn á hjúkrunarheimili. Þetta eru áherslur nútímans í öldrunarmálum. Hér hefur R-listinn algerlega brugðist öldruðum Reykvíkingum. Hver ber ábyrgð á þeirri vöntun á hjúkrunarheimilisplássum í Reykjavík? Öll önnur sveitarfélög landsins láta sig þessi mál varða en það hefur R-listinn í Reykjavík ekki gert. Hvar liggur ábyrgðin þar?

[13:42]

Pétur Bjarnason:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að rekstur spítalans skuli vera í járnum á síðasta ári. Það er líka ánægjulegt að hann skuli hafa verið rekinn á svipuðu verðlagi síðustu sex ár, með svipaða afkomu á föstu verðlagi, en það er hins vegar mikið áhyggjuefni ef þær upplýsingar sem hér hafa komið fram benda til þess að stórlega sé dregið úr þjónustu. Það er líka áhyggjuefni að flestir samningar sjúkrahússins um kaup á rekstrarvörum eru á gengistryggðum samningum og það má búast við því að afkoman fari versnandi á næsta ári.

En það sem skiptir máli er hvaða þjónustu sjúkrahúsið veitir. Mér fannst það dálítið dapurlegt sem hæstv. heil-

brigðisráðherra sagði áðan að um væri að ræða kerfislægan galla. Ég velti því þá fyrir mér með þessa 42 einstaklinga sem létust meðan þeir biðu hvort dánarorsök þeirra sé þá kerfislægur galli. Ég held að þetta þurfi að athuga mjög vel og ekki síður hitt að þegar gert er samkomulag um hluti þá virðist skipta máli hvort það er gert nokkrum dögum eða nokkrum vikum fyrir kosningar eða á öðrum tíma ársins. Þetta er verulegt umhugsunarefni einmitt nú þessa dagana þegar kosningar fara í hönd og mikið er um gylliboð og yfirboð á ýmsum hlutum. Það er ágætt að velta þessu fyrir sér í ljósi þess sem hér kom fram. Eru samningar sem gerðir eru korteri fyrir kosningar eitthvað minna virði? Er verið að slá ryki í augu fólks með þeim?

[13:44]

Félagsmálaráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka þátt í þessari umræðu vegna þess að nafn mitt var nefnt í umræðunni. Við hv. þáverandi borgarstjóri skrifuðum undir viljayfirlýsingu á sínum tíma. Síðar um haustið var samið við samtök eldri borgara um heimahjúkrun og uppbyggingu hjúkrunarrýma. Við fórum yfir það samkomulag eftir tvö ár og við það var fullkomlega staðið og undirskrifað af öllum. Ég vil láta þetta koma fram hér. Þrjú hundruð milljónir sem eru á biðreikningi eru vegna þess að í Sogamýrinni stendur yfir stórframkvæmd sem er sameiginleg framkvæmd ríkis og borgar þannig að það styttist mjög í að borga þurfi þessar þrjú hundruð milljónir.

Hins vegar kem ég líka upp til þess að það komi fram úr þessum ræðustóli að þakka ber starfsfólki Landspítalans fyrir það verk sem það hefur unnið síðastliðið ár og á undanförnum árum því að tíðindin í þessari ársskýrslu eru auðvitað þau að spítalinn er rekinn í járnum. Það sýnir að þarna hefur verið tekið vel á málum og starfsfólkið hefur lagt mikið á sig við að ná þessum árangri og ég vildi ekki að þessari umræða lyki án þess að sá mikli árangur í starfi spítalans væri nefndur.

[13:45]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hér hefur hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tekið til umræðu ársskýrslu Landspítala – háskólasjúkrahúss, og þann þátt skýrslunnar sem snýr að vandamálum þeirra öldruðu einstaklinga sem enn liggja inni á þeirri stofnun og er ekki hægt að útskrifa þar sem ekki er hægt að vista þá á tilhlýðilegum stað eða útskrifa þá heim.

Ég tel, hæstv. forseti, að yfirlýsing hæstv. heilbrigðisráðherra sé mjög mikilvæg inn í þá umræðu sem núna er um öldrunarþjónustu og öldrunarmál á Íslandi. Hæstv. ráðherra lýsir því yfir að hér sé um kerfislægan vanda að ræða að hluta og það vanti fjármagn, það vantar fjármagn inn í þennan rekstur. Það hefur verið vitað um margra ára skeið að það vantar fjármagn frá ríkinu til að byggja upp þessa þjónustu. Það þarf að styrkja sveitarfélögin svo þau geti eflst og byggt upp heimaþjónustu aldraðra. Dvalarheimilin og hjúkrunarheimilin eiga í miklum rekstrarvanda í dag. Það hefur verið tekið fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra til annars en uppbyggingar hjúkrunarheimila og því verður að linna. Heilsugæslan berst í bökkum og hefur ekki getað byggt upp heimahjúkrun fyrir aldraða eins og hún þyrfti að hafa mannafla til. Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, heimaþjónustan verður ekki byggð upp nema sveitarfélögin hafi til þess meira fjármagn og geti greitt fólki mannsæmandi laun svo það fáist fólk til að vinna við þessa þjónustu en svo er ekki í dag. Rekstrarvandi hjúkrunarheimilanna verður ekki leystur nema með fjárframlögum frá hinu opinbera.

[13:48]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég hjó eftir því í svari hæstv. heilbrigðisráðherra þegar ég spurði hvort þarna væri við Sjálfstæðisflokkinn að sakast og skort á fjármunum frá fjármálaráðuneytinu í þennan málaflokk að ráðherrann svaraði því þannig til að það væri líka um að ræða kerfislegan vanda, þ.e. ekki bara Sjálfstæðisflokkinn heldur líka kerfislegan vanda. Ég lít svo á að það sé einn og sami hluturinn, þessi vandi varðandi Sjálfstæðisflokkinn, fjármálaráðuneytið og hinn kerfislegi vandi, því hinn kerfislegi vandi er sá, eins og hér kom réttilega fram hjá hv. þm. Þuríði Backman, að það vantar fjármuni inn í öldrunarþjónustuna, bæði í uppbygginguna og reksturinn og þess vegna hafa á undanförnum 10 árum þeir 6 milljarðar sem hafa farið í Framkvæmdasjóð aldraðra ekki allir farið í uppbyggingu heldur einvörðungu 3,6 milljarðar. Hitt hefur verið tekið í rekstur vegna þess að það vantar fjármuni inn í rekstur í heilbrigðisþjónustunni.

Hér var komið inn á Reykjavíkurborg og það er rétt, hér er mikill vandi vegna þess að ekki hefur verið byggð upp hjúkrunarrýmisþjónusta eins og þyrfti. Þar er alfarið við ríkið að sakast sem á að sjá um þennan hlut. Samkomulag sem ég og þáverandi heilbrigðisráðherra gerðum fyrir fjórum árum gekk einmitt út á að Reykjavíkurborg ætlaði að leggja meira af mörkum en henni ber lagaleg skylda til en það hefur verið svo mikill hægagangur í þessum framkvæmdum að þeir fjármunir bíða enn á biðreikningi, eins og ég kom inn á.

Það hefur verið vísað til þess að margir séu heima og geti bara verið heima. Það eru margir í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými sem bíða heima og bíða langtímum saman við ómögulegar aðstæður. Ef við tölum um heimaþjónustuna og hina félagslegu heimaþjónustu sveitarfélaga þá kemur fram á bls. 51 í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem hv. þm. Ásta Möller vísaði til, að líklegast er hvergi betri og meiri félagsleg heimaþjónusta en í Reykjavík af öllum sveitarfélögum á landinu þannig að Reykjavíkurborg gerir betur í þessum efnum en flest sveitarfélög en heimahjúkrunin er hins vegar minni hér en annars staðar.

[13:50]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þetta er sá tími kjörtímabilsins sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fær áhuga á málefnum aldraðra og er það vel að það gerist a.m.k. einu sinni á fjögurra ára fresti. Hér var vitnað í það að akkúrat á þessum tíma, þ.e. fyrir fjórum árum vaknaði hv. þingmaður sem var þá borgarstjóri upp við þann vonda draum að hafa ekki sýnt

málefnum aldraðra nokkurn áhuga allt kjörtímabilið og (Gripið fram í.) virðulegur forseti — núna fer um einhverja í þingsalnum. — Ég veit ekki, virðulegi forseti, hvort ég ætti að biðjast afsökunar á að tala um pólitíska fortíð forustumanna stjórnarandstöðunnar. Það er kannski rétt að ég geri það formlega og hér með biðst ég afsökunar á því að ræða um fyrri störf forustumanna Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Auðvitað er það hreinn og beinn dónaskapur þegar þessir aðilar koma hér og gagnrýna, að vitna í það sem þeir hafa gert. Auðvitað er þetta ekkert annað en dónaskapur. Hvað er verið að gera með að vitna í borgarstjóratíð hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og vitna í að ekkert gerðist í hennar tíð, m.a. hjúkrunarheimilismálum og ýmsum fleiri sem snýr að öldruðum, ekkert? (Gripið fram í.) Fyrr en rétt fyrir við síðustu borgarstjórnarkosningar þá vaknaði viðkomandi borgarstjóri, nú hv. þingmaður, upp við vondan draum og reyndi að bjarga sér fyrir horn.

Virðulegi forseti. Þetta er auðvitað ekki sannfærandi. Ég vek athygli á því að ég gleðst yfir því og þakka að hv. þingmaður fái þó einu sinni á fjögurra ára fresti áhuga á málefnum aldraðra. Guð láti gott á vita og við skulum vonast til þess að í þessum mikilvæga málaflokk þar sem afskaplega mikilvægt er að við gerum enn betur en við gerum nú, og að það séu allir vakandi í því. En nú eiga hv. þingmenn Samfylkingarinnar aftur í erfiðleikum (Gripið fram í.) og þeir verða bara að eiga það við sig. En, virðulegi forseti. Ég fagna áhuga þingmannsins á málefnum aldraðra sem vaknar á fjögurra ára fresti.

[13:52]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það er rétt að margir þingmenn í salnum voru farnir að sakna þess hvort hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson mundi ekki koma hér og rifja upp fyrir okkur eitthvað, og koma í beinu framhaldi eftir því að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kemur með jafnmikilvægt mál til þingsins sem hún hefur gert að umtalsefni. Það er skiljanlegt að sjálfstæðismönnum líki illa að það sé tekið til umræðu.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að hér situr núverandi fjármálaráðherra. Hann má þó eiga það að hann situr í salnum og hlustar á en hann tekur ekki þátt í umræðunni, hann kemur ekki til að verja málið. En fyrrverandi fjármálaráðherra, hæstv. núverandi utanríkisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins sem m.a. sagði að það væru engar fjárhagslegar forsendur fyrir því samkomulagi sem hér hefur verið gert að umtalsefni, hvar er hann? Hann er farinn úr salnum. Hann er líka farinn af mælendaskrá, hann ætlaði að taka þátt í þessari umræðu en er flúinn af hólmi. Þá koma ýmsir aðrir hvolpar og reyna að taka til varna eins og við sáum rétt áðan.

Virðulegi forseti. Það er bara staðreynd að það samkomulag sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vitnaði til áðan og fjármálaráðherra sagði það um sem hér hefur verið tekið sem dæmi, að það átti ekki að gera neitt vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn stoppar það. Hverjir eru það nú sem setja upp einhver flögg og ætla að fara að gera eitthvað fyrir aldraða? Það er hreint út sagt hlægilegt, virðulegi forseti, þegar sjálfstæðismenn ætla að fara að gera það núna korteri fyrir kosningar og er ekkert annað en falskur tónn samanber sporin þeirra í þessum málum og það sem hér hefur verið rætt um. Og formaður Sjálfstæðisflokksins þorir ekki að taka þátt í umræðum og útskýra fyrir þingheimi og alþjóð hvers vegna ekkert hefur verið gert í þessu. Reykjavíkurborg hefur staðið sig vel hvað þetta varðar en það vantar ríkisvaldið, virðulegi forseti. Það er grundvallaratriði og það vantar Sjálfstæðisflokkinn eins og svo oft áður.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti gerir athugasemd við að hv. þingmenn noti orð eins og hvolpar hver um annan. Forseti vill að gefnu tilefni einnig taka fram að hæstv. utanríkisráðherra situr fund í þinghúsinu sem áður var gert ráð fyrir á þessum tíma.)

[13:55]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Þetta ástand á Landspítalanum er ekki nýtt. Ár eftir ár hefur verið bent á þennan hóp eldri borgara sem er látinn dúsa á dýru hátæknisjúkrahúsi eftir að meðferð þeirra lýkur. Kjarni þessa máls er sá að það er einfaldlega ekki pólitískur vilji hjá Sjálfstæðisflokknum til að setja málefni eldri borgara í forgang. Til að koma höggi á Reykjavíkurlistann fyrir fjórum árum kaus núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins að koma í veg fyrir löngu tímabæra uppbyggingu í þágu aldraðra í stað þess að styðja hana. Þetta sýnir hug sjálfstæðismanna til aldraðra í hnotskurn og þegar á reynir.

Sjálfstæðismenn hafa haft mörg tækifæri og mörg ár til að bæta stöðu eldri borgara en ekki gert það. Lítum bara á stöðuna. 400 eldri borgarar eru í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum. Hundrað manns liggja á Landspítalanum sem þar eiga ekki heima. Setuverkföll viðgangast á öldrunarheimilum. Lágar tekjur eldri borgara eru skattlagðar í fyrsta skipti. Þriðji hver eldri borgari þarf að lifa á 100 þúsund krónum eða minna á mánuði. Skortur er á búsetuúrræðum fyrir þessa hópa og minni heimahjúkrun er hér á landi en tíðkast á öllum hinum Norðurlöndunum.

Það er síðan ekki trúverðugt þegar þetta fólk í Sjálfstæðisflokknum birtist um land allt korteri fyrir kosningar og segist ætla að bæta stöðu eldri borgara. Eftir áratuga stjórn Sjálfstæðisflokksins liggur eftir sviðin jörð í málefnum eldri borgara og það er ekki rétt að saka Reykjavíkurborg sem hefur lagt til hliðar hundruð millj. kr. til uppbyggingar hjúkrunarrýma en fjármunina og hinn pólitíska vilja hefur skort frá ríkisvaldinu og þar ræður Sjálfstæðisflokkur ríkjum.

[13:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er alvarleg staða sem er uppi í hjúkrunarmálunum og í málefnum aldraðra. Það að 42 aldraðir sem lokið hafa læknismeðferð skuli ekki fá hjúkrunarrými og látast inni á spítalanum áður en þeir komast út af honum á einu ári er mjög alvarlegt og nú er það svo að það eru um 100 aldraðir inni á spítölunum. Það er ekki bara að það sé óhagkvæmt, það eru líka óþolandi aðstæður fyrir þá öldruðu sem búið er að lækna að komast ekki út af spítalanum. Ráðherrar tala um að það sé ekki hentugt — þ.e. á líðandi stund.

Hér á dögunum ræddi ég við hæstv. heilbrigðisráðherra um að það yrði að vera forgangur út af Landspítala – háskólasjúkrahúsi inn á hjúkrunarheimilin. Það hefur ekkert verið gert í þeim málum, ekki nokkur skapaður hlutur. Hvernig stendur á því, hæstv. ráðherra? Það þarf auðvitað að semja við þá sem ráðstafa hjúkrunarrýmunum um að spítalinn hafi forgang. Það kostar 70 þús. kr. á dag að vera með hjúkrunarsjúklinga inni á spítalanum og það er mjög kostnaðarsamt þegar um 100 manns eru þar hverju sinni.

Virðulegi forseti. Ég vil líka nefna ákveðinn hóp sem ekkert hefur verið gert fyrir og það eru ungir hjúkrunarsjúklingar, á aldrinum 18–60 ára. Það eru 34 slíkir sem bíða eftir því að fá inni á hjúkrunarheimilum og það hefur ekkert verið gert í þeim efnum fyrir þann hóp frá því að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og hæstv. ráðherra Ingibjörg Pálmadóttir tóku sig saman um að reisa 11 hjúkrunarrými í Skógarbæ árið 1997. Síðan hefur ekkert verið gert fyrir þennan hóp og þetta er hópur hjúkrunarsjúklinga sem þarf að dvelja lengi á hjúkrunarrýmum. Það er ekki skammtímadvöl, það er löng dvöl og þetta fólk bíður við mjög erfiðar aðstæður.

[13:59]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Þessi umræða sýnir greinilega þann titring sem nú er í samfélaginu vegna sveitarstjórnarkosninganna. Hér hrópa menn mikið um sviðna jörð í öldrunarmálum. Þetta er algerlega fráleit staðhæfing og ég bið þá sem segja svona að kanna hvernig málin eru í öðrum ríkjum. Ég fullyrði að við búum almennt vel að öldruðum á Íslandi. En að sjálfsögðu viljum við gera betur eins og metnaðarfullu samfélagi sæmir en staðan er ágæt. Það hljóta allir réttmætir að sjá. Hins vegar er kerfislægur vandi og ég sagði að líklega væri um kerfislegan vanda að ræða áðan. Ég bið hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að hlusta betur eftir því sem sagt er úr þessum stól, að líklega er um kerfislegan galla að ræða.

Það var líka sagt hér að það hefði verið staðið við samkomulag og það sagði hæstv. félagsmálaráðherra Jón Kristjánsson. Í störfum hans á sínum tíma fólst líka að heimahjúkrun var stórefld, þar er búið að gera mjög góða hluti. En núna kannast enginn við neina ábyrgð í neinu, hvorki sveitarfélög né aðrir. Ég vil bara ítreka að sveitarfélög bera mikla ábyrgð í þessum málum og þar er félagsþjónusta sveitarfélaga efst á blaði. Ekki heyrir maður mikið um það í þessari kosningabaráttu að framboðin ætli að stórefla félagslega heimaþjónustu. Það heyrist lítið um það. Það er þannig að það þarf að auka aðganginn af LSH á hjúkrunarheimilin, núna er 90% forgangur frá LSH inn á Sóltún og Vífilsstaði, ekki á hin heimilin og þessu þarf að breyta. Það þarf líka að breyta vistunarmatinu.

Sú staða sem er núna er engum einum að kenna og ég ætla ekki að vera svo óábyrg að kenna stjórnarandstöðunni um né öðrum flokkum. Og það er alveg ljóst að þau rými sem hafa verið byggð hafa verið byggð í góðu samkomulagi Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Landssambands eldri borgara.

Tekjuskattur, 1. umr.

Stjfrv., 793. mál (gengishagnaður). — Þskj. 1212.

[14:02]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt, vegna gengisbreytinga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fyrirtækjum, sem eru með tekjufærslu gengishagnaðar að frádregnu gengistapi af hvers kyns eignum og skuldum í erlendum verðmæli, verði heimilt að draga frá tekjuskattsstofni rekstrarársins 2005 sem nemur allt að þeirri fjárhæð sem tekjuskattur hefði af óbreyttu reiknast af á árinu 2006 vegna rekstrarársins 2005, og dreifa henni jafnt á næstu þrjú rekstrarár á eftir, þ.e. á rekstrarárin 2006, 2007 og 2008.

Sterk staða krónunnar hefur á undanförnum árum óhjákvæmilega haft áhrif á afkomu útflutningsfyrirtækja, ekki síst þeirra sem eru mjög skuldsett. Annars vegar hefur hún skert tekjuhlið þeirra vegna þess að færri krónur fást fyrir sama magn afurða en áður. Hins vegar, hafi umrædd fyrirtæki skuldsett sig með erlendum lánum, er þeim skylt miðað við gildandi skattareglur að tekjufæra að fullu þann reiknaða gengishagnað sem lægra gengi myndar af erlendum lánum og greiða af honum tekjuskatt, óháð því hversu mikið er greitt af viðkomandi lánum. Vari þetta ástand í nokkurn tíma, eins og nú hefur gerst hér á landi með samfelldri styrkingu á meðalgengi krónunnar allt frá árinu 2001, kunna að skapast ákveðnir greiðsluerfiðleikar hjá skuldsettum útflutningsfyrirtækjum vegna skattalegrar meðferðar á gengishagnaði þegar líður á tímabilið. Þannig hafa fyrirtækin væntanlega verið að ganga á rekstrartöp vegna fyrri ára, jafnframt því að nýta aukinn sveigjanleika í fyrningum á umræddu tímabili. Þessi þróun er meginástæða þeirrar tillögu sem er að finna í þessu frumvarpi um heimild til frestunar á tekjufærslu gengishagnaðar umfram gengistap og þar með tekjuskattlagningu hennar á þessu ári til þriggja næstu ára.

Í frumvarpinu er þó ekki gert ráð fyrir að hérlend fjármálafyrirtæki sem falla undir eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins fái heimild til frestunar á tekjufærslu gengishagnaðar umfram gengistap vegna ársins 2005, enda er þeirri heimild fyrst og fremst ætlað að ná til þeirra rekstraraðila sem hafa fjármagnað þörf sína fyrir varanlega rekstrarfjármuni sem notaðir yrðu til öflunar tekna í atvinnurekstrinum svo og aðra fjárþörf rekstrarins vegna kaupa á aðföngum með erlendum lánum. Starfsemi fjármálafyrirtækja er í meginatriðum fólgin í því að taka við fjármagni frá einstaklingum og lögaðilum annaðhvort með innlánum eða skuldabréfaútgáfu og ávaxta þá með þeim hætti að gefa út og/eða kaupa verðbréf eða stunda annars konar fjármálastarfsemi og er því mjög frábrugðin starfsemi hefðbundinna framleiðslufyrirtækja. Af þeirri ástæðu þykir rökrétt að umrædd frestunarheimild nái ekki til fjármálafyrirtækja.

Frumvarpið felur í sér einsskiptisfrávik frá gildandi reglum. Gert er ráð fyrir að þessi mál verði á næstunni skoðuð nánar með tilliti til þess hvort breyta beri skattalegri meðferð gengishagnaðar/gengistaps til framtíðar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað

til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[14:05]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það vekur auðvitað athygli að ríkisstjórnin skuli koma með frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt sem lýtur að fyrirtækjum og hvernig þau geti frestað skattgreiðslum sínum af gengishagnaði síðasta árs en á sama tíma skuli ekki verið tekið á og rætt á þinginu sá mikli rekstrarvandi sem heimilin í landinu eiga við að glíma, sem eru ekki síður merkileg fyrirtæki en útflutningsfyrirtækin. Í þessu felst þó ekki, virðulegur forseti, að ég sé neitt andsnúin frumvarpinu, ég þarf að skoða það betur áður en ég tek afstöðu til þess. En mér finnst þetta vera nokkuð lýsandi um þær áherslur sem eru hjá ríkisstjórninni og hversu handahófskennd stefnumörkunin í efnahagsmálum er af hennar hálfu.

Ástæða þess að ég kem í andsvar, virðulegur forseti, er að ég ætlaði að spyrjast fyrir um hvað þetta þýddi fyrir ríkissjóð á árinu 2006, þ.e. hversu mikil tekjulækkunin yrði á því ári, þó að ég geri mér grein fyrir að í heildina tekið er ekki verið að fella niður tekjur ríkissjóðs heldur er verið að dreifa þeim á þrjú ár. Spurningin er: Hvaða áhrif er þetta talið hafa á tekjur ríkissjóðs á árinu 2006?

[14:07]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi spurningu hv. þingmanns hef ég ekki tölur á takteinum um það. Það er vegna þess að skatttekjur af færslum eins og hér er um að ræða hafa ekki verið metnar sérstaklega og eru ekki sérstaklega tilgreindar í tekjuáætlunum. Það er því ekki um bein viðmið að ræða til að geta svarað þeirri spurningu.

Það sem skiptir hins vegar máli, eins og kom reyndar fram í spurningunni, er að ekki er um það að ræða að verið sé að fella þessa skattlagningu niður heldur er verið að fresta henni og dreifa henni á fleiri rekstrarár. Eins og kom fram í máli mínu tengist þetta mjög breytingum á gengi og breytingar á gengi eru þess eðlis að mjög erfitt er að sjá þær fyrir og sérstaklega þegar svo er í pottinn búið eins og ég greindi frá áðan. Þess vegna hef ég ekki svör við þeirri spurningu sem hv. þingmaður bar fyrir mig.

[14:08]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst það miður að ekki skuli vera gerð nein tilraun til að meta hvað þetta þýðir fyrir árið 2006. Ég geri mér grein fyrir að það getur verið ákveðnum vandkvæðum bundið vegna þess hvernig þetta er fært hjá ríkissjóði en það hefði verið ágætt að eitthvert mat hefði verið á því engu að síður.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, virðulegur forseti, að ástæðan fyrir að þetta frumvarp er fram komið eru þær miklu sveiflur sem eru í genginu og sá almenni skortur á stöðugleika sem er í íslensku efnahagslífi. Ef við byggjum við stöðugleika, ef við byggjum við sæmilega stöðugt gengi og við sæmilega góða hagstjórn þyrfti auðvitað svona frumvarp ekki að koma fram með svona sértækum aðgerðum eins og hér er verið að leggja til.

Eins og ég kom inn á áðan eru það ekki bara fyrirtækin í landinu sem búa við skort á stöðugleika heldur líka heimilin. Nú sjá þau fram á að það er mjög vaxandi verðbólga hérna og hvert prósentustig í verðbólgu þýðir einfaldlega að höfuðstóll verðtryggðra fjárskuldbindinga heimilanna hækkar um 9 milljarða. Mér sýnist ekki að gerð sé nein tilraun til þess að takast á við þann vanda í þeim frumvörpum sem ríkisstjórnin er að koma með inn í þingið núna á lokadögum þess. En hægt verður að ræða það betur núna á eftir og út af fyrir sig er hægt að fara yfir það í efnahags- og viðskiptanefnd.

En, virðulegur forseti, mér finnst miður að ekki skuli koma inn frumvörp sem taka á vanda heimilanna í landinu í þeim miklu sveiflum sem eru í efnahagslífinu og þeim hagstjórnarvanda sem hér er við að etja og hins vegar að ekki skuli vera hægt að gefa einhverja hugmynd um hvaða upphæðir er hér um að ræða.

[14:10]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að freista þess að reyna að leggja mælikvarða á hversu mikið er um að ræða. En þar sem þetta eru ekki beinlínis fjármunir sem maður hefði talið að væru í hendi þá hefur það ekki verið gert til þessa.

Hins vegar held ég að rétt sé að geta þess þegar verið er að ræða um stöðugleikann og gengið að íslenska krónan er ekki eini gjaldmiðillinn sem sveiflast. Það gera aðrir gjaldmiðlar og meira að segja evran sveiflast — ég sé að hv. þingmaður hefur mikinn áhuga á þessu efni og hlustar grannt á það sem ég er að segja — það gerir dollarinn líka og það gera fleiri gjaldmiðlar sem eru á markaði í heiminum. Ég held að gagnlegt væri fyrir þingmenn að bera þetta saman, það er mjög auðvelt að nálgast mælingar á slíkum sveiflum á heimasíðum bankanna þar sem hægt er að framkvæma ýmsar reiknikúnstir.

Varðandi hins vegar rekstrarvanda heimilanna, eins og hv. þingmaður spurði um, er þessu máli þannig háttað gagnvart heimilunum að þau hafa verið að njóta þess í mjög ríkum mæli að undanförnu hversu sterkt gengi krónunnar hefur verið, hversu breytingin í þá áttina hefur verið mikil á undanförnum árum. Þá má kannski segja að í því felist ójafnvægið sem hefur verið að undanförnu í háu gengi krónunnar sem nú hefur gengið til baka og er svona nokkurn veginn í því sem a.m.k. mjög margir hafa talið vera langtímajafnvægisgengi og þá erum við þar með aftur komin til jafnvægisins.

Enn fremur varðandi hinn meinta rekstrarvanda heimilanna þegar um verðtryggingu er að ræða þá tengist verðtryggingin af lánunum að sjálfsögðu því að verðmæti eignanna sem á móti standa hefur líka aukist og á síðustu mánuðum og missirum miklu hraðar en (Forseti hringir.) verðtryggingin hefur getað gert.

[14:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hafði einhvers staðar látið hafa það eftir mér að ég hefði talið að þingið hefði átt að ryðja borð sín um páska og hafa fátt annað á dagskrá en að ræða stöðuna í

efnahagsmálum og þann óstöðugleika sem uppi er og nauðsynlegar ráðstafanir til að reyna að endurheimta á nýjan leik efnahagslegan stöðugleika. Við erum í grafalvarlegri stöðu með þau mál. Ljóst er að þetta er ein hættulegasta atlaga að þeim stöðugleika sem hér tókst að innleiða með þjóðarsáttarsamningunum 1990 þegar verðbólgudraugurinn var kveðinn niður og óvissan er meiri um framhaldið en kannski hefur lengi áður verið.

Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki borið gæfu til að gera það, þrjóskast áfram með ýmis fullkomlega óþörf ágreiningsmál og hefur eytt tímanum í þau þangað til nú á þessum drottins degi, 2. maí, anno domini 2006, að hér lítur dagsins ljós lítið frumvarp frá hæstv. fjármálaráðherra, sem er væntanlega þá af hans hálfu eina innleggið í efnahagsmálin á þessu vorþingi, eina framlag hæstv. ráðherra til að takast eitthvað á við efnahagsóstöðugleikann, og það hlýtur að teljast fremur lítil mús, þetta frumvarp, borið saman við tilefnið, þ.e. þá alvarlegu stöðu sem uppi er með miklu gengishruni krónunnar og verðbólguskoti sem komið er af stað.

Nú er það svo og ég tek það strax fram að það mæla ýmis efnisrök með því að gera þessa ráðstöfun sem slíka því að annars er ljóst, öllum sæmilega hugsandi mönnum má vera það ljóst sem setja sig ofan í málið að staðan yrði ákaflega ankannaleg fyrir sjávarútvegsfyrirtækin, sem þola að hafa búsifjar af ákaflega slæmum rekstrarskilyrðum undanfarin missiri, ef þau fengu svo í hausinn núna skatt vegna gengishagnaðar, vegna sterkrar krónu á síðasta ári, sem kæmi til greiðslu á þessu ári. Að vísu má segja að á móti komi afkomubati þeirra í rekstri vegna hærri tekna í innlendri mynt með lægri krónu. En þegar þannig stæði þá líka á að þau hefðu fullnýtt töp sín og hefðu ekki aðra frádráttarmöguleika þá gæti þessi skattlagning komið að fullu til greiðslu, þ.e. þeim væri þá refsað ofan í kaupið með þessari skattlagningu.

Það væri fróðlegt að taka í tengslum við þetta mál til skoðunar samanlagt tap útflutningsfyrirtækjanna og útflutningsatvinnuveganna undanfarin missiri vegna hins háa gengis krónunnar. Hvaða fjárhæðir værum við þá að tala um? Ef reyndum að verða sammála um líklegt meðalgengi krónunnar, raunhæft jafnvægisgengi krónunnar, kannski gengisvísitölu upp á 125 eða eitthvað svoleiðis, og bakreiknuðum svo tekjutapið undanfarin ár, undanfarin missiri frá því að krónan fór að styrkjast af alvöru á árinu 2002–2003, býst ég við að við fengjum býsna háar upphæðir. Maður talar náttúrlega ekki um ástandið þegar gengisvísitalan fór niður undir 100.

Þetta á sér líka sögulega skýringu sem komið er inn á í greinargerð, að verðbólgureikningsskilin eru aflögð. Sem betur fer töldu menn sig ekki þurfa þeirra við lengur og vonandi þarf aldrei að endurvekja þau. Enda ekki gert ráð fyrir því. Að vísu er fjallað um það í greinargerð hvort slíkt standi ekki til. En það er samt sem áður ljóst að verðbólgan kemur inn í búskap fyrirtækjanna á þessu ári. Það er augljóst mál og hefur sín áhrif.

Leiðin sem hér er lögð til sem bráðabirgðaráðstöfun er í átt að því sem ýmis önnur lönd gera til að gera fyrirtækjum kleift að dreifa sveiflum yfir einhvern tíma. Mörg rök mæla með því að slíkt þurfi ekki að koma til fullrar skattlagningar og greiðslu, á hvorn veginn sem er, á einstökum árum, ef miklar sveiflur eru í ytri skilyrðum fyrirtækjanna, þ.e. af ástæðum sem þessum, vegna gengisbreytinga gjaldmiðilsins.

Þetta gæfi líka tilefni til, herra forseti, að ræða um óstöðugleikann, orsakir hans og stöðuna í þeim efnum. Það hefur verið talsverð umræða úti í þjóðfélaginu um það mál. Hana hefur þó lítið borið inn í sali Alþingis enn þá, sem má kalla nokkuð merkilegt, enda reynir ríkisstjórnin að halda öllum öðrum hlutum á dagskrá en þeim. Ég hef reyndar óskað eftir umræðum utan dagskrár um verðbólguna og efnahagshorfurnar og vonandi kemst hún fyrir áður en þing lýkur störfum.

Það er auðvitað margt fleira en þetta einstaka atriði, sem lýtur að bókhaldi eða skattskilum fyrirtækja, sem full ástæða væri til að ræða. Hér var í andsvari áðan rætt um stöðuna gagnvart heimilunum, hækkun verðtryggðra lána heimilanna sem vísitölumælingin um mánaðamótin mun væntanlega sýna mönnum fyrstu verulegu gusuna í og framhaldið í þeim málum. Það væri líka ástæða til að ræða, á þessu kvöldi góðærisins ef svo má að orði komast, samanber einkunnagjöf forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskólans sem talaði um að nú væri góðu árunum lokið í bili, hvernig þeim hefur verið þá ráðstafað. Hvernig var þeim varið að svo miklu leyti sem þau hafa verið raunveruleg eða til staðar, nema þá fyrir hina útvöldu? Það er ekki deilt um að ýmsir útvaldir hafa virkilega notið góðs af ástandi undanfarinna ára og tekið mikið til sín. En það er eins og góðærið hafi farið hjá garði hjá ýmsum.

Það var auglýsing í fjölmiðlum nú fyrir helgina. Þar var auglýst aftur og aftur „góðærið sem gleymdi fólkinu". Ég veit ekki hvort hæstv. fjármálaráðherra hefur lagt eyrun við þegar auglýsingin heyrðist. Mér datt í hug að þetta væri einhver stjórnarandstöðuflokkur að auglýsa. Það var nú ekki. Það var verið að auglýsa Lesbók Morgunblaðsins undir þessum formerkjum, góðærinu sem gleymdi fólkinu. Ég er ansi hræddur um að ýmsum finnist að þetta góðæri hafi gleymt ýmsum, t.d. þeim sem gert hafa uppreisn vegna lélegra kjara á undanförnum vikum, starfsfólki umönnunarstofnana og fleirum.

Orsakir þessa óstöðugleika eru fyrst og fremst stórfelld mistök ríkisstjórnarinnar í hagstjórn og efnahagsmálum. Hið merkilega er að það örlar ekki á því að ríkisstjórnin horfist í augu við þann veruleika, þaðan af síður að hún ætli að gera eitthvað í málunum. Ég veit ekki hvort hæstv. fjármálaráðherra hefur lesið leiðara Morgunblaðsins. Það er helst kannski að maður geri sér vonir um að hæstv. fjármálaráðherra Árni Mathiesen gluggi af og til í Morgunblaðið. Hvað var fjallað um þar í leiðara núna rétt fyrir helgina? Það var skorað á ríkisstjórnina að taka þetta ástand alvarlega og sagt við ríkisstjórnina: Það þýðir ekki að bíða til haustsins því að þá verður það of seint. Þá er eins víst að hér verði allt komið upp í loft. Finnst hæstv. fjármálaráðherra hann fullsæmdur af því að hafa ekkert annað fram að færa hvað varðar efnahagsmál og óstöðugleika þeirra en þetta litla frumvarp sem á að heimila fyrirtækjunum að dreifa bókfærðum gengishagnaði á þrjú næstu rekstrarár? Það kann að vera ágætt að gera ráðstöfun sem slíka en hún vegur auðvitað ekki þungt.

Það hefur líka mikið verið rætt um hvort krónan sem

slík sé sökudólgurinn. Það er ekki óeðlilegt að menn velti því fyrir sér í tengslum við breytingar af þessu tagi, eða ráðstafanir af þessu tagi og spyrji: Má búast við þessu sem viðvarandi ástandi? Á kannski bara að undirbúa, eins og gefinn er svolítill tónn um í greinargerðinni, framtíðarfyrirkomulag sem felur í sér aukna möguleika til sveiflujöfnunar, m.a. vegna þess að búast megi við gengisóróleika á næstu missirum og árum? Það er alveg augljóst mál að við því er að búast í einhverjum mæli enda sveiflast flestir gjaldmiðlar eitthvað, hvort sem þeir eru stórir eða smáir. T.d. er bandaríkjadollar á hraðri niðurleið. Því er spáð að hann eigi eftir að lækka enn og jafnvel ýmsir sem segja að hann þurfi að lækka mikið enn. Þannig verður stærsti gjaldmiðill heimsins að lúta þessum örlögum líka, hvað þá okkar litla króna.

Þegar betur er að gáð er reyndar ósköp lítið samræmi í stærð og sveiflum. Nokkrir litlir gjaldmiðlar hafa reynst hvað sterkastir og stöðugastir undanfarin ár, enda styrk hagstjórn þar á ferð og gjarnan vel stæð lönd eins og Noregur og Sviss, með öfluga seðlabanka á bak við gjaldmiðil sinn, til að halda stöðugleikanum. Stjórnvöld þar taka það verkefni alvarlega að hjálpa til og vísa veginn með skynsamlegri hagstjórn. Það er öfugt við Ísland.

Það er satt best að segja, herra forseti, ótrúlegt að heyra tilburði stjórnvalda til að kenna öllum öðrum um en þeim sjálfum. Það er ekki hátt risið á umræðum sem fara almennt út í að finna einhverja sökudólga eða þegar menn takast á um hlutina með því eina markmiði að kenna hver öðrum um, eins og reyndar var hér í umræðu áðan um ófremdarástandið í málefnum aldraða og hvað varðar rými á hjúkrunarheimilum. Þá tókst mönnum að ræða nánast eingöngu í 20 eða 25 mínútur um hverjum þetta væri að kenna. (Gripið fram í.) Þau orð voru reyndar ekki notuð, það var einhver að tala um hvolpa í þessari umræðu.

Krónan er ekki sökudólgurinn. Það er augljóst mál. Í tvö til þrjú ár hafa menn bent á að við sigldum háskalega braut ójafnvægis sem gæti ekki endað öðruvísi en með stórfelldu bakslagi. Ríkisstjórnin tók það ekki mjög alvarlega, var það? Örlaði eitthvað á aðgerðum hjá ríkisstjórninni árin 2003–2005 til að reyna að fyrirbyggja að gengi krónunnar færi upp úr öllu valdi og kæmist í þvílíkt ójafnvægi, svo að lokum þyrfti það að brotna eða hrynja með einhverjum hætti? Aldeilis ekki. Hér voru haldnar ræður yfir því hvað þetta væri allt saman stórkostlegt, fullkomið og frábært og enginn þyrfti að hafa neinar áhyggjur. Svo fengu menn þetta auðvitað í andlitið, og býsna hastarlega að segja má og vonum seinna sem eitthvað fór þó að gerast í þeim efnum. Það var ljóst að þeim mun lengur sem það drægist þeim mun líklegra yrði að bakslagið yrði stærra. Það er mjög óheppilegt að magnaðar séu upp sveiflur af þessu tagi, langt umfram það sem nokkur efni eru til. Það hefur ríkisstjórnin gert.

Ríkisstjórnin ber mjög veigamikla ábyrgð á því jafnvægisleysi sem hér hefur skapast. Það er alveg borðleggjandi. Það þarf ekki að sækja rök í ræðuhöld okkar stjórnarandstæðinga í þeim efnum þótt hægt væri. Það nægir að lesa heftið Peningamál Seðlabankans aftur í tímann. Ég fullyrði að í síðustu 10 af 12 heftum Peningamála sem komið hafa út undanfarin þrjú ár eru þessi varnaðarorð höfð uppi, um að þetta jafnvægisleysi geti ekki gengið, þetta hljóti að fara illa o.s.frv. Ríkisstjórnin hefur daufheyrst við þessu og oft og tíðum gert hið gagnstæða við það sem skynsamlegt er talið af hálfu aðila eins og Seðlabankans og margra annarra.

Ég og minn flokkur höfum í tvígang, á tveimur þingum, flutt tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Hann er ekki fyrir hendi. Hann hefur glatast. Það er bara veruleikinn. Verðbólga sem mánuð eftir mánuð og missiri eftir missiri er langt út fyrir verðbólguviðmið Seðlabankans og spár sem ganga út á verðbólgu hátt í 10%, jafnvel í býsna langan tíma, er náttúrlega ekkert grín. Þar fyrir utan hafa spárnar ekki allar gengið eftir og eru sumar nokkuð langt frá því, eins og glæsi- og glansspár fjármálaráðuneytisins sem illu heilli er komið með þau mál á sína könnu eftir að þeir slátruðu Þjóðhagsstofnun.

Það væri kafli út af fyrir sig, herra forseti, að fara aðeins yfir þjóðhagsspána fyrir yfirstandandi ár. Hvar er hún er stödd núna, þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá því í haust? Ég hygg að núverandi hæstv. ráðherra hafi þá verið kominn í embætti og beri ábyrgð á henni. Að minnsta kosti vinnur hann samkvæmt henni. Þar er ekki beint spáð þessum verðbólgu- og gengismálum sem við nú stöndum frammi fyrir.

Það hefur líka verið til siðs að kenna útlendingum um, vondum útlendingum. Það gerir sérstaklega hæstv. forsætisráðherra. Ég man ekki hvort hæstv. fjármálaráðherra hefur verið iðinn við þann kola. En hæstv. forsætisráðherra hefur sérstaklega haft á hornum sér hvað útlendingar hafa verið vondir við Íslendinga upp á síðkastið, ekki síst Danir. Þeir hafa nú löngum verið okkur þungir í skauti, Danir. Þessi íþrótt gengur út á að útlendingar hafi með ósanngjörnum og óheiðarlegum hætti, næstum því að segja, spilað á þetta ástand. En þeir bjuggu það ekki til. Það er alveg ljóst, herra forseti. Það gerðum við sjálf og fyrst og fremst ríkisstjórnin. Það er eins og hver annar brandari að ætla að væla undan því og reyna að draga upp þá mynd að erlendir aðilar á markaði sem telja sig sjá viðskiptatækifæri í ástandi sem hér hefur skapast með vaxtamun milli Íslands og annarra landa, eða hvað það er annað, séu þar með orðnir sökudólgar.

Þetta er m.a. til marks um það, herra forseti, og því geri ég þetta að umtalsefni, að ríkisstjórnin er á afneitunarstigi. Hún ræður ekki við að horfast í augu við afleiðingar eigin stefnu eða stefnuleysis, aðgerða eða aðgerðaleysis. Oft má vart á milli sjá hvort er verra. En hún er í því að kenna fyrst og fremst öllum öðrum um en sjálfri sér. Það bendir ekki til að sú naflaskoðun, sú sjálfsgagnrýni sem er óumflýjanleg ef ríkisstjórnin ætlar að hafa forustu um að leiða efnahagsmálin inn á betra spor, eigi sér stað.

Hver er staðan? Ekki er annað vitað en að ríkisstjórnin ætli að sigla áfram eftir nákvæmlega sömu leiðarljósum. Helst vill hún á nýjan leik koma hagkerfinu í nýjan hring þar sem hægt væri að bjóða í nýja veislu með áframhaldandi þá, þegar það kemst í gang, viðskiptahalla, skuldasöfnun og jafnvægisleysi í þjóðarbúinu. Kannski kemst á tímabundið stutt ástand jafnvægis og það er svolítið gefið í skyn í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins, þeirri nýju. En hvað á

það að standa lengi? Ef næsti dans felur í sér þrjú gríðarleg stóriðjuverkefni og ríkisstjórnin heldur við skattalækkanir sínar, sem áformaðar eru um næstu áramót, þá verður það ekki lengi.

Menn halda kannski að þetta sé allt í lagi, þá séu menn komnir upp úr öldudalnum og geti byrjað á nýjan leik. En það er ekki svo. *Með hverjum nýjum hring sem hagkerfið* tekur þá lækkar skútan í sjó. Þetta ástand, þessir endurteknu hringir eru ávísun á vaxandi skuldsetningu þjóðarbúsins. Hver ný umferð með tímabili þenslu og viðskiptahalla leiðir einfaldlega til að skútan sekkur dýpra og dýpra í sjó með skuldatölum, með skuldaviðmiðum sem slá öll met á heimsvísu. Það eru eiginlega öll vafasöm heimsmet fallin sem hægt er að fella í þessum efnum: Hvað varðar skuldir heimilanna, hvað varðar skuldir atvinnulífsins og hvað varðar skuldir þjóðarbúsins út á við. Það er bara þannig. Við erum væntanlega núna, eftir að skuldir heimilanna fóru vel yfir 200% af ráðstöfunartekjum undir lok síðasta árs, með skuldsettustu heimili í heimi. Við höfum í nokkur missiri verið með skuldsettasta atvinnulíf í heimi, þ.e. meðal *þróaðra ríkja, þeirra sem eru aðilar að efnahags-* og framfarastofnuninni. Kennitölurnar sem mæla skuldsetningu þjóðarbúsins í heild, eða nettó út á við, slá í sömu átt. Við erum þar að minnsta kosti komin upp að hliðinni á þeim ríkjum, einum til tveimur, sem hafa verið verst stödd í þessum efnum og siglum fram úr þeim.

Það er ekki þannig að lausnin sé fólgin í að gíra alla hluti aftur inn á sama spor og fara í nýjan hring. Þá fyrst endar þetta með ósköpum, í næsta eða þarnæsta hring. Þjóðarbúið kemst þannig í greiðsluþrot. Það getur ekki farið öðruvísi. Þá er ég hræddur um að hinar glæstu lánshæfismatseinkunnir færu að gerast ærið óhagstæðar.

Það er auðvitað til bóta að hjálpa útflutningsfyrirtækjunum sem búið hafa við þessi hörmulegu rekstrarskilyrði undanfarin ár. Ef þessi takmarkaða sveiflujöfnun má verða til þess og telst sanngjörn í þeim efnum munum við ekki leggjast gegn því og þvert á móti styðja það. Ekki veitir af að hlúa að þeim greinum sem hafa greitt fórnarkostnaðinn af stóriðju og skattalækkunaræði ríkisstjórnarinnar undanfarin missiri. Þar ber sjávarútveginn kannski hæst og þar með þau miklu áhrif sem þetta hefur haft á tekjur hans, afkomu og lífskjör, ekki síst á landsbyggðinni eða við sjávarsíðuna. Síðastur manna skal ég lasta að eitthvað verði gert í þeim efnum. Sama gildir að sjálfsögðu um útflutningsiðnaðinn. Því miður, herra forseti, verður kannski næstum því að tala um leifarnar af honum, það sem enn er eftir í landinu af honum. Ekki veitir af því að laga þar til stöðuna.

Hitt er auðvitað grátlegt að þessar ráðstafanir munu ekki gagnast þeim fyrirtækjum sem þegar eru flúin úr landi, farin á hausinn eða hafa hætt starfsemi. En þau eru mörg.

Ég sé því miður ekki fram á að ráðstafanir af þessu tagi dugi til að koma í veg fyrir það sem margir telja að sé fram undan, að áfram stefni í verulega rekstrarerfiðleika minni fiskvinnslufyrirtækja sem muni t.d. ekki ráða við þær aðstæður sem við þeim blasa. Slíkar spár hef ég heyrt.

En þetta litla mál er ekki nema eins og nöglin á litla fingri í þessari umræðu allri saman, herra forseti, sem ég hefði að mörgu leyti talið eðlilegt að við hefðum notað síðustu sólarhringa þinghaldsins til að ræða um.

[14:33]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það frumvarp sem hér er mælt fyrir af hálfu fjármálaráðherra þarf í sjálfu sér ekki mikillar umræðu við, það er tiltölulega einfalt og felur það einfaldlega í sér að fyrirtæki sem eru með tekjufærslu gegnishagnaðar á *síðasta ári geti að frádregnu gengistapi greitt skatt af þeim* gengishagnaði eða dreift honum á næstu þrjú ár í stað þess að hann komi allur til skattlagningar á þessu ári.

Ég hjó reyndar eftir því, virðulegur forseti, í athugasemdum við frumvarpið og kannski að ráðherra skoði það hvort ég er eitthvað að misskilja, en þar segir í 2. mgr., með leyfi forseta:

„*Í lok árs 2001 var samþykkt á Alþingi viðamikil* breyting á lögum nr. 90/2003."

Það er eitthvað sérkennilegt við það að á Alþingi árið 2001 sé samþykkt breyting á lögum frá 2003, eitthvað hefur þarna skolast til í athugasemdum við lagafrumvarpið, virðulegur forseti, en það er væntanlega bara einhver innsláttarvilla sem þarf að skoða og leiðrétta.

Eins og ég segi er þetta ekki flókið frumvarp og sjálfsagt að fara yfir það í efnahags- og viðskiptanefnd og skoða hvort á því eru einhverjir fletir sem maður kemur ekki auga á í fljótu bragði, mér sýnist að við ættum að geta afgreitt þetta nokkuð fljótt og vel. Þó að ég hafi í andsvari mínu verið að gera að umtalsefni stöðu heimilanna í landinu og þann skort á aðgerðum í þeirra þágu sem einkenna stjórnarstefnuna var ég ekki að gera það vegna þess að ég sé andsnúin þessu frumvarpi heldur vildi ég með því draga upp þá mynd sem mér finnst ansi ríkjandi varðandi núverandi ríkisstjórn en það eru harla fáar aðgerðir á hennar vegum sem gætu komið heimilunum til góða við þær aðstæður sem núna eru í efnahagslífinu.

Maður skynjar á fólki um allt land að það eru miklar áhyggjur af þeim skorti á stöðugleika í efnahagsmálum sem hefur verið á síðasta ári og sérstaklega það sem af er þessu ári með þeim miklu breytingum sem við sjáum núna í genginu og þeirri hækkandi verðbólgu sem er fyrirsjáanleg, virðulegi forseti, alveg fram á næsta ár. Þetta er því ekki bara einfalt verðbólguskot eins og menn tala stundum um, því að verðbólguskot stendur yfir eðli málsins samkvæmt mjög skamma hríð en ef marka má a.m.k. spádóma bæði greiningardeilda bankanna og Seðlabankans þá er hér um að ræða verðbólguskeið sem standa mun fram á næsta ár. Fólkið í landinu veit alveg hvað það þýðir. Það þýðir einfaldlega að það er verið að skerða kjör fólksins, verðbólgan er ekkert annað en kjaraskerðing vegna þess að laun fólks og kaupmáttur launa rýrna auðvitað sem þessu nemur.

Þar að auki þýðir verðbólgan að höfuðstóll verðtryggðra fjárskuldbindinga hækkar og eins og ég kom inn á áðan má leiða rök að því að aukist verðbólga um 1% hækki höfuðstóll verðtryggðra fjárskuldbindinga um 9 milljarða kr. Heimilin skulda jú um 1.100 milljarða og við getum gert ráð fyrir að kannski 80–90% af því séu verðtryggðar skuldir. Þá má gera ráð fyrir því að höfuðstóll fjárskuldbindinga hækki um 9 milljarða kr. Þetta sér fólk auðvitað strax og það fer að fá seðlana sína bæði frá bönkunum og frá Íbúðalánasjóði vegna skuldsetningar sem það hefur þurft að gangast undir vegna fasteignakaupa.

Ég hjó eftir því hér áðan í svari fjármálaráðherra að hann talaði um að verðmæti eignanna hefði aukist líka, og það er út af fyrir sig alveg rétt að verðmæti fasteigna hefur aukist á undanförnum árum með hækkandi fasteignaverði, og hann sagði að verðmætin hefðu aukist hraðar en verðtryggingin fær mælt og þar af leiðandi kæmi þetta ekki svo illa við heimilin í landinu, ég held ég hafi tekið þetta rétt niður eftir ráðherranum. Virðulegur forseti, það eru ekki allir sem njóta ábatans af hækkandi fasteignaverði. Flestir sem keypt hafa eignir á sl. árum hafa verið að stækka við sig eða kaupa í fyrsta sinn. Þetta fólk hefur fengið lítinn ábata út úr þeim viðskiptum, það selur eina fasteign kannski á hærra verði en það hefði gert fyrir tveimur árum en það þarf líka að kaupa aðra á hærra verði en það hefði gert fyrir tveimur árum. Unga fólkið sem er að kaupa í fyrsta sinn fær sannarlega ekki ábata út úr þessari miklu hækkun sem hér hefur orðið á fasteignaverðinu.

Við þessa hækkun á fasteignamarkaði hefur myndast aukið veðrými á eignunum og skuldsetningin hefur jafnframt aukist verulega. Það þýðir auðvitað að núna þegar verðbólgan fer af stað kemur það talsvert við heimilin í landinu. Eins og ég sagði, þegar verðbólga fer af stað hækkar höfuðstóll hinna verðtryggðu lána en gengislækkunin sem núna er, lækkun krónunnar hefur líka í för með sér að afborganir hækka verulega á gengistryggðum lánum sem mjög mörg heimili eru líka með þannig að þær miklu sveiflur sem núna eru í efnahagslífinu, bæði gengislækkunin og hin aukna verðbólga koma sannarlega við heimilin og það er því mikilvægt að ríkisstjórnin eða ráðherrar í ríkisstjórninni láti á sér finnast, þó ekki sé annað, að þeir hafi af þessu einhverjar áhyggjur og að þeir séu sér meðvitaðir um hvaða þýðingu þetta getur haft fyrir heimilin í landinu.

Eins og ég sagði í andsvari mínu áðan skil ég alveg að ríkisstjórnin skuli kasta þessu frumvarpi hér fram núna. Hún er auðvitað að reyna að bæta fyrir þann herskaða sem fyrirtækin verða fyrir vegna lélegrar hagstjórnar af hennar hálfu og við munum auðvitað reyna að afgreiða þetta mál fljótt og vel hér í þinginu þannig að fyrirtækin viti hvar þau standa varðandi þessi mál. En ástæðan fyrir þessum herskaða er eins og ég sagði, léleg hagstjórn og þær miklu sveiflur sem eru í efnahagslífinu.

Hér hefur verið komið aðeins inn á krónuna og hvort það sé við hana að sakast. Í sjálfu sér er ekkert við krónuna að sakast, það er auðvitað við hagstjórnina að sakast. Því verður auðvitað ekki á móti mælt að við erum með gjaldmiðil á litlu hagsvæði í ólgusjó alþjóðlegra fjármagnshreyfinga og það er tiltölulega einfalt að taka sér stöðu gegn krónunni og hafa áhrif á gengi hennar. Það þarf ekkert óskaplega mikið til, hún er miklu viðkvæmari en gjaldmiðlar á stærri svæðum og þar af leiðandi er viðbúið að það verði og geti orðið miklar sveiflur í efnahagslífi okkar meðan við erum með þessa mynt. En það er auðvitað efni í aðra umræðu sem ekki fer fram hér. Í því sambandi vil ég minna á þingsályktunartillögu sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum lagt fram um að það verði gerð úttekt á krónunni og hún borin saman við aðra gjaldmiðla og það skoðað sérstaklega hvaða þýðingu það hefði haft fyrir íslenskt efnahagslíf að vera með annan gjaldmiðil en krónuna svo sem eins og evruna. Það mál hefur ekki fengist rætt hér á þinginu og bíður vonandi betri tíma en þetta er auðvitað gríðarlega mikilvæg umræða og hún er ekki bara mikilvæg fyrir fyrirtækin, af því að það hefur verið lögð heilmikil áhersla á það, heldur líka heimilin í landinu vegna þess að við sjáum auðvitað fram á að ef við værum með evru værum við bæði að tala um lægri vexti en hér eru almennt og væntanlega lægra matarverð.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta tiltölulega einfalda frumvarp enda gefst tími til þess að fara yfir það í efnahags- og viðskiptanefnd.

[14:43]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið í máli fyrri ræðumanna er það frumvarp sem hér liggur fyrir frá hæstv. fjármálaráðherra út af fyrir sig ekki umdeilt mál þó að auðvitað sé eðlilegt að gera við það athugasemdir að hæstv. ráðherra komi með frumvörp inn á þessum tíma og þær athugasemdir sem gerðar voru í upphafi fundar eiga auðvitað vel við. Það eru sannarlega einkennileg vinnubrögð í þinginu að veita þurfi afbrigði fyrir nýjum málum, nýjum stjórnarfrumvörpum inn á dagskrána í upphafi maímánaðar, 2. maí, þegar gert er ráð fyrir að ljúka þingstörfum að tveimur dögum liðnum samkvæmt starfsáætlun þingsins. Hæstv. fjármálaráðherra er ekki einn um það og ekki ástæða til að draga hann sérstaklega út í þeirri gagnrýni. Þetta er einhver lenska sem hefur þróast hér og mér sýnist ágerast eftir því sem ég sit fleiri þing því að ég minnist þess ekki að svo slæmt hafi þetta verið síðustu tvö árin, með fyrirvara þó.

Það mál sem hér er flutt er auðvitað fyrst og fremst flutt til að mæta því ástandi sem er vegna þeirra sveiflna sem hafa verið á íslensku krónunni og gengi hennar. Hér hefur það réttilega verið tilfært að þær sveiflur eru ekki íslensku krónunni að kenna einni og sér heldur auðvitað fyrst og fremst hagstjórninni. Það er þó óhjákvæmilegt að ræða og taka til umfjöllunar um leið krónuna og stöðu hennar vegna þessara sveiflna og vegna þess hvaða ályktanir við þurfum að draga af því sem hér hefur verið að gerast á síðustu mánuðum og missirum í efnahagsmálum. Það er algerlega knýjandi umræða vegna þess að það er fátt brýnna en að við drögum þær ályktanir af þeirri þróun sem geta dugað til að skila okkur inn í ásættanlegan efnahagslegan stöðugleika og aðstæður almennt fyrir heimili og atvinnulífið í landinu sem búandi sé við. Ég verð að segja að þær aðstæður sem heimilunum og atvinnulífinu eru búnar núna eru ekki boðlegar og þó að menn hafi lengi getað skákað í því skjólinu að þetta væri svo sem skárra en var hér á verðbólguárunum þá er það auðvitað algerlega óþolandi til lengdar að búa við viðvarandi verðbólgu umfram það sem gerist í helstu viðskiptalöndum okkar, að búa við þessar miklu sveiflur í genginu og búa við einhverja hæstu vexti í heimi. Þegar þetta fer saman eru það einfaldlega óþolandi almenn skilyrði bæði fyrir atvinnulíf og heimilin í landinu. Það er auðvitað hægt að mæta þeim með því að setja plástra eins og þetta litla frumvarp og hefur svo sem verið gert í öðrum löndum, við erum ekki einsdæmi um það. En fyrst og fremst hljótum við að ræða það á þessum vettvangi, hinu háa Alþingi, með hvaða hætti við mætum og drögum úr

þessum sveiflum með skynsamlegum hætti til lengri tíma. Ég vil því nota tækifærið, vegna þess að sú tillaga sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vísaði til, þingsályktunartillaga sem legið hefur fyrir mánuðum saman og fæst ekki rædd fyrir þinglok, að hvetja til þess að hæstv. fjármálaráðherra taki þátt í umræðunni aftur og fjalli nokkuð um sína sýn á ekki síst íslensku krónuna, og kannski ekki síst í ljósi þeirra skrifa sem við höfum nýverið séð frá aðalhagfræðingi Seðlabankans, því að ég fæ ekki betur séð af þeim lestri en að þar sé því nánast haldið fram að ekki geti farið saman stöðugleiki í efnahagsmálum annars vegar og íslenska flotkrónan hins vegar, a.m.k. séu meiri líkur en minni á því að við búum við sveiflur með íslensku flotmyntinni heldur en ekki. Hvernig við getum komist út úr þessum sveiflum og skapað stöðugleika til langframa og aðstæður fyrir heimili og fyrirtæki til áætlanagerðar á auðvitað að vera meginviðfangsefni efnahagsumræðunnar.

Hæstv. fjármálaráðherra vísaði réttilega til þess að auðvitað sveiflast aðrar myntir líka. En það sem skiptir máli er hvernig þær sveiflast við viðskiptalöndin og ef við höfum sama gjaldmiðil í landinu og í helstu viðskiptalöndum okkar þá varðar okkur mun minna um sveiflurnar. Þannig verða Bandaríkjamenn ekki tilfinnanlega varir við sveiflur á dollara í innanlandsviðskiptum sínum því að Bandaríkin eru auðvitað svo stórt upptökusvæði.

Ég vil leyfa mér að fullyrða, virðulegur forseti, að grundvallaratriði þess að skapa hér til framtíðar trúverðugleika fyrir íslenskt fjármálakerfi, að skapa til framtíðar stöðugleika í íslensku efnahagslífi og skapa íslenskum heimilum og atvinnulífi verðbólgu- og vaxtastig sem ekki er hið hæsta í heimi, er að við tökum til alvarlegrar umfjöllunar að leggja af íslensku krónuna og að ganga inn í myntsvæði evrunnar og þar með auðvitað Evrópusambandið líka, a.m.k. til lengri tíma, eins og raunar er stefna flokks míns, Samfylkingarinnar, að láta reyna á aðildarumsókn.

Ég held að sú þróun sem við höfum verið að sjá og þær viðvaranir sem við höfum fengið frá erlendum fjármálafyrirtækjum og fjármálastofnunum á undanförnum vikum og mánuðum séu með þeim hætti að þó að við höfum fulla trú á íslensku efnahagslífi og íslensku atvinnulífi þá sé afar brýnt að stjórnvöld á Íslandi hugi sérlega vel og gaumgæfilega að því með hvaða hætti við getum aukið trúverðugleika á hagkerfi okkar gagnvart hinu alþjóðlega fjármálaumhverfi, aukið trúverðugleika íslensks atvinnulífs og eflt það og styrkt í útflutningi og þeirri útrás sem það er í. Ég hygg að því neiti enginn að það að hafa í þessu hagkerfi gjaldmiðil sem er viðurkenndur og þekktur í veröldinni, eins og til að mynda evruna, gæti orðið eitthvert mikilvægasta framlagið til þess að efla og styrkja trúverðugleika íslensks hagkerfis og íslensks fjármálalífs, því að það er auðvitað til þess fallið að vekja spurningar um það hagkerfi og það atvinnulíf sem hér er að við rekum einhvers konar tilraunastarfsemi með minnsta myntsvæði í heimi í fljótandi gengi og við höfum, ekki bara á síðustu mánuðum heldur fyrir fimm árum trúlega, séð sveiflur í því gengi sem eru ótrúlega miklar og fyrir fimm árum síðan séð í kjölfar þess verðbólgu sem ég hygg að hafi verið um 9%, og þætti auðvitað algerlega óþolandi ástand í nágrannalöndum okkar, og verðbólgubál en það ástand köllum við í íslensku samfélagi „mjúka lendingu" vegna þess að þegar sveiflur, hagstjórn, verðbólga og vextir eru annars vegar erum við einfaldlega svo vondu vön, virðulegur forseti.

Ég vísaði áðan til greinar aðalhagfræðings Seðlabankans í Fréttablaðinu á dögunum og þar hafa líka birst greinar eftir fyrrverandi aðstoðarmann fyrrverandi forsætisráðherra og núverandi seðlabankastjóra, Davíðs Oddssonar, Illuga Gunnarsson. Eitt af því sem þar hefur verið rætt og er auðvitað líka til marks um óstöðugleikann eru hinir geysiháu stýrivextir sem Seðlabankinn beitir nú og fara hækkandi og eru komnir fram úr þeim spám sem hæstv. fjármálaráðherra var með við fjárlagaumræðuna fyrir yfirstandandi ár og hafði að forsendum fjárlaga. Ekki er útlit fyrir að þeir vextir fari lækkandi og þó að ómögulegt sé að spá fyrir um það hvort þeir hækki frá því sem þegar er orðið þá eru þeir klárlega komnir fram úr því sem hæstv. fjármálaráðherra ætlaði og eru eitt af dæmunum um þær aðstæður sem við búum við hér á landi, einhverja hæstu stýrivexti sem við þekkjum í Vestur-Evrópu um þessar mundir.

Um það er deilt, m.a. í nefndri ritdeilu, hvort þessar stýrivaxtahækkanir hafi yfir höfuð tilætluð áhrif. Hvers vegna er það? Það er annað sérstakt umfjöllunarefni. Það er vegna þess að við erum ekki bara með minnsta fljótandi gjaldmiðil í heimi hér á landi, íslensku krónuna, heldur erum við með tvo minnstu fljótandi gjaldmiðla í heimi vegna þess að helmingurinn af íslensku krónunni er verðtryggð íslensk króna en hinn helmingurinn óverðtryggð. Nú eru hlutföllin, helmingur og helmingur, ekki nauðsynlega rétt en við höfum annars vegar íslensku krónuna verðtryggða og hins vegar óverðtryggða. Nefndur Illugi Gunnarsson og fleiri hafa bent ágætlega á það að hækkanir stýrivaxta eru sannarlega ekki, a.m.k. ekki til skamms tíma, að hafa nein áhrif á hina verðtryggðu íslensku krónu. Seðlabankinn á þess vegna um margt jafnvel enn erfiðara en seðlabankar annarra landa við að beita stýrivöxtunum til að hafa stjórn á þróun peningamála. Nýverið hefur forstjóri eins af stærstu fjármálafyrirtækjum landsins, ef ekki hins stærsta, lýst því yfir á opinberum vettvangi að við Íslendingar eigum fyrst og fremst tveggja kosta völ í þessum efnum, þ.e. annaðhvort að halda í krónuna og hverfa þá frá verðtryggingunni til að freista þess að ná því að stýra sveiflum hennar betur eða að taka upp annan gjaldmiðil eins og evruna.

Nú hefur þegar komið fram í máli mínu að sjálfur hef ég sannfæringu fyrir því að hið síðara sé óhjákvæmilega það skref sem við stígum. Ég hygg að það sjái hver maður í hendi sér að veröldin mun í fyrirsjáanlegri framtíð ekki skiptast upp í fjögur meginmyntsvæði, japanska jenið, bandaríska dollarann, evruna og íslensku krónuna. Ég hygg að það sjái hver maður að í Evrópu er smátt og smátt að verða samrunaþróun á mörkuðum og á myntkerfum í eitt öflugt myntsvæði. Við Íslendingar eigum mest viðskipti okkar við það svæði og þess vegna er augljóst að íslenska krónan er við þær aðstæður veruleg viðskiptahindrun, bæði fyrir fyrirtæki okkar í viðskiptum við meginlandið og eins fyrir fyrirtæki á meginlandinu til að koma inn á okkar litla markað og veita þeim fáu fyrirtækjum sem við höfum, oft tveimur fyrirtækjum í hverri atvinnugrein eins og við þekkjum, stundum kallað íslenska tvíokunin, samkeppni á hinum innlenda markaði. Ég held að það sé alveg afdráttar-

laust til lengri tíma að ef við ætlum að búa almenningi á Íslandi og fyrirtækjum á Íslandi bestu skilyrði til vaxtar og viðgangs þá þurfum við að fella niður þessa viðskiptahindrun. Við þurfum að skapa íslensku atvinnulífi og heimilunum í landinu sambærileg skilyrði við það sem er á meginlandinu vegna þess að ungu kynslóðirnar sem nú eru að vaxa úr grasi, vel menntaðar, eiga einfaldlega völ á milli þess að búa hér eða á meginlandinu. Í hverri könnuninni á fætur annarri sem við höfum séð meðal ungs fólks þá hefur það m.a. í áætlunum sínum að búa erlendis og það þekkir þau kjör og auðvitað gerir það í vaxandi mæli kröfur til þess að njóta þeirra kjara, enda verður ekki við það unað til langframa fyrir heimilin í landinu, ekki síst ungu barnafjölskyldurnar, að búa við hærri verðbólgu og mun hærri vexti en við þekkjum í löndunum í kringum okkur.

Til þess að hreyfa nokkuð þessari umræðu hef ég því tekið þann kostinn að ræða um þessa sveiflu undir frumvarpi hæstv. fjármálaráðherra, sem lýtur að sveiflum og gengi, líka vegna þess að ég held að það væri gott og gagnlegt fyrir okkur á Alþingi að heyra sjónarmið hæstv. fjármálaráðherra um þessi efni og kannski ekki síst um þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið út á undanförnum dögum og vikum, m.a. af aðalhagfræðingi Seðlabankans, forstjóra KB-banka og ýmsum öðrum aðilum sem hafa verið að tjá sig í þessari umræðu þar sem kallað er eftir því með hvaða hætti við getum aukið og eflt stöðugleika til framtíðar.

[14:59]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það voru nokkur atriði í ræðu hv. þm. Helga Hjörvars sem gefa tilefni til andsvara en ég verð að takmarka það við örfá atriði sem ég ætla að gera athugasemdir við.

Í fyrsta lagi var athyglisvert þegar hv. þingmaður nefndi það undir lok ræðu sinnar að ungt fólk ætti vissulega valkosti hvar það tekur sér búsetu, sest að, vinnur og starfar. Ég get verið sammála hv. þm. Helga Hjörvar um að þessi alþjóðlega samkeppni sem Ísland á í um hæfileikaríkt fólk er staðreynd. Ég verð í því sambandi að vekja athygli hv. þm. Helga Hjörvars á því að Ísland hefur staðið sig afskaplega vel í þeirri samkeppni á undanförnum árum, enda er atvinnuástand bæði fyrir ungt fólk og annað fólk miklu betra en í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Íslenskt atvinnulíf hefur verið í mikilli sókn á undanförnum árum og getað boðið upp á góð tækifæri fyrir ungt fólk. Íslenskt efnahagslíf hefur verið öflugra en atvinnulífið í nágrannalöndunum þannig að samanburðurinn hefur verið okkur afskaplega hagstæður og ég er sammála hv. þm. Helga Hjörvar um að afar mikilvægt er að við tryggjum svo verði áfram.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna annað atriði af því að hv. þm. Helgi Hjörvar taldi að helsta von okkar í framtíðinni væri sú að gerast aðili að Evrópusambandinu og evrusvæðinu. Ég deili alls ekki því viðhorfi með honum og ýmsum öðrum hv. þingmönnum sem hafa tjáð sig um þessi mál, tel reyndar að það sé ánægjulegt og mikilvægt að ræða þetta en ég er þeirrar skoðunar að það væri stórvarasamt fyrir okkur Íslendinga að gerast aðilar að evrusamstarfinu og ég bendi á í því sambandi að ef við lítum bara á þætti eins og hlutfall evrunnar eða viðskipti við evrulöndin í utanríkisviðskiptum Íslendinga þá er það í kringum 40% og fer lækkandi. Aðrir gjaldmiðlar eru mjög sterkir í utanríkisviðskiptum okkar. Það skiptir líka máli að taka tillit til þeirra.

[15:01]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú er það svo gleðilegt að við, ég og hv. þm. Birgir Ármannsson, deilum þeirri skoðun að okkur Íslendingum hafi gengið býsna vel í samkeppni þjóðanna og kannski ekki síst núna á síðasta áratug eða svo. Ég held að á því sé fyrst og fremst ein meginskýring. Það er sú skýring að á síðasta rúma áratug höfum við á Íslandi aukið mjög frelsi í verslun og viðskiptum og ekki síst með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið um að vera hluti af hinum evrópska markaði og fella niður þá múra sem voru á milli okkar og þess markaðar. Ég held að við deilum þeirri skoðun, ég og hv. þingmaður, að afl þeirra efnahagslegu framfara sem við þurfum á að halda sé frjálsræði í verslun og viðskiptum og við eigum að auka og efla það á þjóðþinginu svo sem kostur er.

Þess vegna er það enn þá augljósara að stærsta viðskiptahindrunin sem við höfum á Íslandi í dag er gjaldmiðill okkar, íslenska krónan. Hann er í sjálfu sér hindrun fyrir viðskiptin. Þess vegna til að halda áfram að efla og virkja efnahagslegar undirstöður og atvinnulífið er það sannfæring mín að við eigum að ryðja þeirri viðskiptahindrun úr vegi og eiga viðskipti okkar með sama gjaldmiðli og á því svæði sem við höfum ákveðið að sameinast í einum markaði á Evrópska efnahagssvæðinu og sækja þannig enn þá meiri hagvöxt og framfarir eins og við höfum m.a. séð hjá nágrannaríkjum okkar sem hafa ekki síður notið mikils árangurs þegar við förum vestast og austast til nágranna okkar og skoðum lönd eins og Írland og Finnland sem bæði hafa, af því að vera í fararbroddi evrópsku samvinnunnar, notið mjög góðs af því í atvinnu- og efnahagsmálum sínum.

[15:04]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að bæta aðeins við það sem við hv. þm. Helgi Hjörvar getum verið sammála um vil ég nefna að það er ekki einungis aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu sem hefur fært okkar miklar framfarir á undanförnum árum heldur líka atriði eins og skattalækkanir, einkavæðing, bætt samkeppnisumhverfi að mörgu leyti og almennt frelsi í utanríkisviðskiptum sem hefur aukist, ekki bara í viðskiptum við Evrópu heldur almennt. Um þetta getum við hv. þm. Helgi Hjörvar áreiðanlega verið sammála.

En varðandi þau vandamál sem gætu fylgt inngöngu okkar í Evrópusambandið og evrusvæðið þá er staðreyndin sú að viðskipti okkar við evrusvæðið eru í dag talsverður minni hluti af utanríkisviðskiptum okkar, um það bil 40%, og hefur fremur farið lækkandi sem hlutfall á allra síðustu árum, enda eru viðskipti okkar í mörgum mikilvægum atriðum frekar tengd dollara. Bretland sem ekki á aðild að Evrópusvæðinu er sennilega einhver mikilvægasti útflutningsmarkaður okkar. Bretar eru ekki á leiðinni inn í evrusamstarfið, ég held að það sé ljóst öllum sem hafa fylgst

með umræðum um þau mál þar í landi og ekki er þess að vænta að aðrir nágrannar okkar, t.d. Svíar, muni fara þar inn á næstunni. Ég hygg að það að líta á evrusvæðið eins og þar sé um að ræða alla okkar markaði sé talsverður misskilningur á aðstæðum.

En það er annað vandamál sem ég tel að við verðum að hafa í huga þegar við ræðum þessi mál sem snýst um það að ef við göngum inn í myntsamstarf að þessu leyti missum við algerlega tökin á mikilvægu stýritæki í hagstjórn okkar, sem er peningamálastefnan. Við getum haft ýmsar skoðanir á því og deilt um hvernig Seðlabankinn hefur nákvæmlega staðið sig í þeim efnum á undanförnum árum en peningamálastjórnin er engu að síður mikilvæg. Ef við förum inn í evrusamstarfið verðum við að eiga um það við peningamálastofnun seðlabankans í Frankfurt, evrópska seðlabankans, sem lýtur auðvitað allt öðru lögmálum og ákvarðanir hans byggja á allt öðrum forsendum en efnahagsástandið hér á landi.

[15:06]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þó að það sé eflaust rétt hjá hv. þingmanni að nú um stundir sé rétt undir helmingur útflutningstekna okkar sem kemur af evrusvæðinu þá breytir það ekki því að það er stærsti einstaki markaður okkar og við vitum öll sem hér erum að sá markaður á ekki eftir að gera annað á komandi árum en að stækka með nýjum aðildarríkjum og með nýjum svæðum sem koma inn í það myntsamstarf.

Ég held þó að dómur hv. þingmanns um peningamálastjórnina hafi verið ágætur í lok þessara orðaskipta okkar þegar hann vakti athygli á því að það væri kannski ekki af miklum árangri að státa í peningamálastjórninni. (**BÁ:** Ég sagði að það gætu verið skiptar skoðanir ...) Að það gætu verið skiptar skoðanir um það, orðaði hv. þingmaður. Það er einfaldlega þannig að reynsla okkar af því að stýra sjálf genginu, vöxtunum, er sú að hér eru reglulega á nokkurra ára fresti gríðarlegar sveiflur í gengi. Við þurfum að hækka vexti umfram það sem þekkist að ég held í iðnríkjum okkar daga meira og minna, aftur og aftur til að reyna að ná einhverju taumhaldi á þeirri verðbólgu sem stefnir í að verði á þessu ári 6%. Samkvæmt þeim viðmiðunum sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gaf hér áðan þýddi 6% verðbólga rétt um 50 milljarða skuldaaukningu heimilanna á einu ári. Ég held að út af fyrir sig þurfi ekki frekari vitnanna við. Ég held að tilrauninni sem slíkri sé lokið og það vantraust sem nú hefur farið vaxandi, bæði innan lands og utan lands á því að við eigum að fara með peningamálastjórnina sjálf sé auðvitað til vitnis um að við þurfum til langframa að huga að því að verða hluti af stóru og öflugu myntsvæði.

[15:08]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Hér er á ferðinni frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Það bráðliggur á frumvarpinu að mati hæstv. fjármálaráðherra og leitað er afbrigða um málið. Svo mikið liggur við.

Ég tek undir hvert orð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði um afstöðu okkar Vinstri grænna til málsins en ég vil líka benda á að það bráðliggur á á fleiri stöðum en gagnvart fyrirtækjum sem búa við óvænta sveiflu í gengi sem orðið hefur núna. Það er fleira sem hefur sveiflast á síðustu árum en bara gengið á þessum síðustu mánuðum og almenningi í landinu bráðliggur á leiðréttingu vegna þeirra sveiflna. Það bráðliggur á að leiðrétta efnahagslíf fjölskyldna í landinu. Ég vil nefna eitt dæmi um það.

Á árinu 2001 varð veruleg hækkun á fasteignamati íbúða í kjölfar heildarendurmats Fasteignamats ríkisins á íbúðum að fyrirmælum Geirs H. Haardes, formanns Sjálfstæðisflokksins og þáverandi hæstv. fjármálaráðherra. Sú endurskoðun á árinu 2001 leiddi til þess að fjölmargir ellilífeyrisþegar, einstæðar mæður, verkafólk og fleiri greiddu eignarskatta í fyrsta skipti á ævinni, árið 2002 af skuldlausum 2–4 herbergja íbúðum. Þetta hefur verið leiðrétt með niðurfellingu eignarskatta en þetta var samt staðreynd. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins lagði í fyrsta skipti á þessa hópa eignarskatta árið 2002. (**Gripið fram í:** Og afnam svo eignarskattinn.) Því hef ég haldið til haga, hv. þingmaður.

Að sama skapi blasti það við á árinu 2005 að veruleg hækkun á verði íbúða frá haustmánuðum 2004, sem ekki sá þá fyrir endann á, gæti haft afdrifaríkar afleiðingar á efnahagslíf heimilanna í landinu, fjölskyldnanna í landinu. Hækkað fasteignamat, fasteignagjöld og haft þau skerðingaráhrif að útiloka fjölda fjölskyldna, sérstaklega ungra íbúðarkaupenda, frá vaxtabótum eða skert þær mjög verulega.

Í umræðum í fyrra um tekjustofna sveitarfélaga gerði ég þetta að umtalsefni og spurði þáverandi hæstv. félagsmálaráðherra hvort ríkisstjórnin væri tilbúin til að aftengja það sem ég kallaði tifandi tímasprengju í efnahag fjölskyldna í landinu. Tímasprengju væntanlegra hækkana á fasteignamati og ósanngjarnar skattheimtu og misskiptingar. Hæstv. þáverandi félagsmálaráðherra sagði einfaldlega að það væri sér ekki að skapi að gera þær leiðréttingar.

Við árvissa framtalsgerð mína fyrir félagsmenn í stéttarfélaginu Eflingu nú í mars hef ég upplifað afar dapurlegar afleiðingar hækkunar á fasteignamati fyrir árið 2006. Hverjar skyldu þær vera? Jú, ótal íbúðareigendur, að mestu leyti ungt fólk sem hefur á síðustu árum keypt sína fyrstu íbúð, þurfa við álagningu á komandi sumri að þola það að vaxtabætur þeirra falla niður eða eru skertar verulega þannig að það hefur veruleg áhrif á efnahag þeirra fjölskyldna og heimila. Það setur fjárhagsáætlun þeirra og íbúðarkaup í uppnám. Hæstv. fjármálaráðherra, reikningsdæmið er einfalt. Vaxtabætur byrja að skerðast ef eignir einstaklinga umfram skuldir nema rúmum 3,7 millj. kr. og falla niður ef hrein eign nær rúmum 5,9 millj. kr. Sambærilegar tölur fyrir hjón eru 6,1 milljón og 9,8 milljónir. Þessar skerðingartölur, hæstv. fjármálaráðherra, voru ekki einu sinni hækkaðar í takt við verðbólgu við skattmat árið 2006. Það er mér óskiljanlegt og ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Af hverju voru þessar skerðingartölur ekki hækkaðar eins og aðrar skattviðmiðunartölur?

Á sama tíma og þetta gerist hækkaði fasteignamat í Reykjavík um tugi prósenta og í nágrannabyggðarlögum. Ég ætla að nefna tvö tilvik um þessar skerðingar. Fyrra til-

vikið varðar þrítuga einstæða móður með tvö börn. Hún skuldaði tæpar 11 milljónir í árslok 2004, átti íbúð að fasteignamati 14,6 millj. kr. og greiddi rúmar 500 þús. kr. í vaxtagjöld. Hún fékk fullar vaxtabætur árið 2005 eða 207 þús. kr. Hún skuldaði jafnmikið í árslok 2005, greiddi nánast sömu vaxtagjöld en fasteignamat á íbúð hennar hækkaði um 4,1 milljón á milli ára.

Hún fær engar vaxtabætur við álagningu árið 2006 þar sem hrein eign hefur hækkað með einu pennastriki úr 3,6 millj. í 7,7 millj. Bágborinn efnahagur þessarar einstæðu móður og tekjur hennar hafa ekkert breyst milli ára.

Hitt dæmið varðar tæplega fimmtugan einstakling sem fékk í vaxtabætur í fyrra 152.539 kr. greiddar út við álagningu 2005 en fær engar 2006. Það skýrist af því að fasteignamat á íbúð hans hefur hækkað úr 11,3 millj. árið 2005 í 15,1 millj. árið 2006 en tekjur og fjárhagsstaða hafa ekkert breyst á milli ára. Þessi pennastriksaðferð ríkisstjórnarinnar og þessi aðför hefur kostað það að þúsundir fjölskyldna í Reykjavík og á landinu verða af vaxtabótum eða þær skerðast mjög verulega. Ég hef orðað það þannig í blaðagrein að ríkisstjórnin hafi rústað vaxtabótakerfinu, þetta séu afleiðingar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á heimilin í landinu. Í þessari blaðagrein skoraði ég á ríkisstjórnina að aðhafast eitthvað í málinu, en það hefur ekkert gerst. Þetta hefur afar dapurleg áhrif fyrir heimilin í landinu, fyrir venjulegt fólk. Hér er atvinnulífinu komið til hjálpar sem er dæmigert fyrir ríkisstjórnina. Hagstjórnin nær til þess, hún nær til auðmanna, hátekjumanna og stóreignamanna en ekki til venjulegs fólks.

Það sem ég kalla aðför ríkisstjórnarinnar, þ.e. Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, að rétti íbúðareigenda til vaxtabóta er með öllu óverjandi. En jafnt eins og í þessu máli sem hér er mælt fyrir um getur ríkisstjórnin jafnfyrirhafnarlítið gert bragarbót. Hún getur hækkað skerðingarfjárhæð nettóeigna í takt við hækkun fasteignamats og tryggt þeim einstaklingum sem ég hef nefnt til sögunnar og þúsundum framteljenda vaxtabætur og réttlæti.

Það er rétt að taka það fram fyrir Sjálfstæðisflokkinn að Reykjavíkurlistinn, R-listinn í Reykjavík, sá til þess að álagningarhlutfall fasteignagjalda við álagningu 2006 var lækkað í takt við breytingar á fasteignamati þannig að Reykvíkingar borga ekki hærri fasteignagjöld í ár en nemur hækkun á verðbólgu á milli ára og maður spyr sig nú: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Þarna er brýnn vandi alveg eins og út af sveiflum á genginu. Ætlar hún að gera eitthvað? Ég skal samþykkja afbrigði hvenær sem er til þessa máls. Ætlar hæstv. fjármálaráðherra að taka jafnrösklega til hendinni þar þannig að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn standi undir loforðum sem þeir hafa gefið Reykvíkingum?

Í heilsíðuauglýsingu Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar undir fyrirsögninni „Tími til að lifa" segir að reykvískar fjölskyldur eigi aðeins það besta skilið. Með það að leiðarljósi setur Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík fram, á heilli blaðsíðu, metnaðarfullar hugmyndir til að tryggja að hér verði hægt að búa í betri fjölskylduborg. Á sama tíma er Sjálfstæðisflokkurinn að skerða eða fella niður vaxtabætur af einstæðum foreldrum, einstaklingum og ungu fólki. Framsóknarflokkurinn í Reykjavík, flokkur athafnastjórnmálamanna sem stunda athafnastjórnmál, segir í auglýsingu undir fyrirsögninni Athafnastjórnmál: „Við erum hins vegar athafnastjórnmálamenn. Við höfum lausnir, við framkvæmum." Hvernig birtist þetta almenningi í landinu? Jú, athafnir Framsóknarflokksins, athafnastjórnmálamannanna í Reykjavík og annars staðar, bitna á ungu fólki, bitna á fjölskyldum. (Gripið fram í.) Síðan auglýsir Framsóknarflokkurinn líka fjölskylduhátíð um helgina: „Ertu með á fjölskylduhátíð?" Ég ætla bara rétt að segja fólki í landinu og þingmönnum að það er engin fjölskylduhátíð á Alþingi hjá Framsóknarflokknum. Þvert á móti. Þar rekur hverja aðförina á fætur aðra á almenning, launamenn, ungt fólk. Þetta eru skrumauglýsingar og í gegnum þessar skrumauglýsingar vona ég að fólk sjái, kjósendur í kosningunum í vor.

Er það fjölskylduvæn pólitík Sjálfstæðisflokksins og athafnastjórnmál Framsóknarflokksins að rústa vaxtabótakerfinu? Hvers konar rugl er þetta? Almenningur sér í gegnum þetta. Ég skora á hæstv. fjármálaráðherra að leiðrétta hlut íbúðarkaupenda og framteljenda. Ég skora á hann af einlægni og ég höfða til réttlætiskenndar hans.

[15:21]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég ætla að halda mig við að ræða það frumvarp sem við erum að ræða en ekki eitthvað allt annað, verðbólgu og gengismál almennt.

Þetta frumvarp er að sjálfsögðu lagt fram með stuttum fyrirvara vegna þess að gengisfellingin kom með stuttum fyrirvara. Hún var ekkert að koma fyrir 1. apríl. Hún kom eftir 1. apríl þannig að að sjálfsögðu var ekki hægt að bregðast við henni fyrr og þess vegna er eðlilegt að frumvarpið komi fram með stuttum fyrirvara. Margir áttu von á að gengisfellingin kæmi miklu síðar. Flestir voru búnir að spá því undir haustið en aðrir að hún kæmi fyrr og flestir höfðu spáð því að hún kæmi hægt en aðrir, og þar á meðal ég, voru búnir að spá því að hún kæmi skarpt og hratt, það liggi í eðli málsins. Nú er gengið sem sagt ljómandi gott, það er u.þ.b. 130 eins og menn telja að sé jafnvægisgengi.

Það sem verið er að bregðast við er að í lok ársins 2001 lögðum við af hin ágætu verðbólgureikningsskil sem Íslendingar höfðu búið við í 20 ár, og eru sennilega ein bestu reikningsskil sem til voru í heiminum, þ.e. þau sýndu raunsannasta mynd af stöðu fyrirtækja með því að meta inn í gengishagnað og gengistap, verðbólguhagnað og verðbólgutap. Því miður var heimurinn ekki jafnskynsamur og við Íslendingar en til þess að skera okkur ekki eins mikið úr var ákveðið að fórna þessum ágætu reikningsskilum en þau hefðu leyst þennan vanda gjörsamlega sem við erum að ræða hér.

Ekki má tala um þetta mál öðruvísi en að geta þess að skattur á hagnað fyrirtækja hefur að sjálfsögðu verið stórlækkaður, úr því að vera upphaflega 50% í 45%, síðan 30% lengi vel og niður í 18% þannig að þetta verðbólguskot kemur ekki eins illa við fyrirtækin. En það sem um er að ræða, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, er að fram kemur gervihagnaður hjá fyrirtækjum þegar gengið batnar og erlendar myntir og erlend lán lækka í verði og þennan gervihagnað er svo verið að skattleggja en

síðan þegar gengið fellur kemur hann aftur til baka sem tap og það er það sem verið er að bregðast við.

Í öðrum löndum er allur gangur á þessu. Getið er um það í greinargerð hvernig þetta er í Danmörku og Svíþjóð og ég held að rétt sé að skoða það eins og menn eru að hugleiða að gera en gæta þó að því að hafa sambærilega reglu og er í útlöndum til að einfalda samskiptin við erlenda hlutabréfamarkaði og því um líkt.

Hér hefur verið rætt töluvert mikið um verðbólgu og verðtryggingar. Þessi umræða er mjög athyglisverð vegna þess að meginhvatinn, megindriffjöðrin á bak við verðbólguna undanfarin ár hefur verið verðhækkun á fasteignum, íbúðum almennings. Þær hafa hækkað miklu meira en 50%, sennilega um 70–80% á meðan skuldirnar hafa ekki hækkað nema um 8%. Hrein eign landsmanna er því að stóraukast. Sumum þykir það slæmt, öðrum þykir það ágætt.

Svo má ekki gleyma því hver það er sem nýtur verðtryggingarinnar. Það er alltaf talað um að bankarnir njóti verðtryggingar. Það er alls ekki rétt. Bankarnir njóta einskis, þeir taka vaxtamun. Það eru lífeyrissjóðirnir sem eru aðalfjárfestar á Íslandi og verðtryggingin kemur þeim til góða. Það eru lífeyrissjóðirnir sem njóta verðtryggingarinnar, þ.e. lífeyrisþegarnir. Það er ekki hægt að verðtryggja lífeyri nema náist inn ávöxtun umfram verðlag á eignir lífeyrissjóðanna og verðtryggingin hjálpar til þess. Þetta er kannski sá endi sem menn ættu að hugleiða líka þegar talað er um verðtryggingu og verðbólgu.

Ég styð þetta frumvarp eindregið. Ég tel það vera mjög nauðsynlegt til þess að fyrirtækin séu ekki með einhvern gervihagnað sem er skattlagður og kemur svo fram sem tap nokkrum árum seinna eða ári seinna.

[15:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður hóf mál sitt á því að kvarta undan því að menn hefðu verið að ræða ýmis mál sem ekki vörðuðu beint efni frumvarpsins. Síðan eyddi hann talsverðu púðri í, að því er mér fannst, að reyna að sýna fram á að ekki þyrfti að vorkenna almenningi því að hann nyti svo mikillar eignamyndunar á þessum tímum og talaði svo um gervihagnað fyrirtækjanna. En ætli megi ekki kalla það nokkurn gervihagnað hjá fjölskyldunum sem hv. þm. Atli Gíslason ræddi um áðan þegar íbúðaverð rýkur upp og það veldur síðan því að fólk fær minni eða engar vaxtabætur. Ef viðkomandi fjölskylda er ekki að gera neitt annað en reyna að búa áfram í íbúð sinni, hefur sömu laun, sömu eða vaxandi greiðslubyrði af lánum, innleysir sem sagt ekki hagnaðinn með því að selja þá íbúðina, hver er þá hagnaður viðkomandi? Hann er enginn. Hann er minni en enginn. Það eru einmitt þannig fjölskyldur sem þessi ríkisstjórn er í raun og veru að refsa með því að rústa vaxtabótakerfinu eins og farið var yfir áðan. Er það ekki gervihagnaður, hv. þingmaður, hjá öllum þeim þúsundum og tugum þúsunda fjölskyldna í landinu sem búa núna við það óréttlæti sem var mjög skýrt dregið upp hér áðan af hv. þm. Atla Gíslasyni? Ég held að enginn geti vefengt eða mótmælt þeim tölum sem hann fór með beint upp úr raunverulegum framtalsdæmum lifandi fólks. Við gagnrýnum það hér og það er alveg á sýnum stað að hæstv. ríkisstjórn lyftir ekki litla fingri til að taka á þessu óréttlæti, þessari sveiflu, þessari skyndibreytingu sem hefur skert afkomu tugþúsunda fjölskyldna í landinu og það má svo sannarlega kalla gervihagnað. En hv. þm. Pétur H. Blöndal virðist ekki telja neitt athugavert við þessa forgangsröðun mála.

[15:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að hækkun á verði íbúða þar sem menn búa í íbúð sinni áfram er gervihagnaður og kemur manni ekki til góða í lífsbaráttunni alla daga. Þetta er hárrétt athugasemd. Hins vegar hafa óskaplega margir tekið lán í banka og skuldbreytt eldri lánum og vaxtalækkunin sem orðið hefur á síðustu tveimur árum úr u.þ.b. 7–8% hjá bönkunum niður í rúm 4%, 4,6% núna, er sennilega besta kjarabót sem Íslendingar hafa fengið, íslenskir launamenn. Mjög margir hafa nýtt sé þessa vaxtalækkun sem gerir þörf á vaxtabótum minni en ella. En ég sakna þess að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi ekki komið með breytingartillögu í vaxtabótakerfinu út af þessum vanda. Menn geta ekki alltaf vísað á það að ríkisstjórnin, sem er framkvæmdarvaldið, eigi að semja lög á Alþingi. Hv. þingmenn gera allt of mikið af því að vísa vandanum yfir á ríkisstjórnina í staðinn fyrir að leysa hann sjálfir.

Það má vel vera að skoða þurfi þetta með vaxtabæturnar og skerðinguna þar en á móti kemur, eins og ég gat um, stórfelld vaxtalækkun sem er sennilega ein mesta hagsbót sem launþegar á Íslandi hafa fengið í áratugi.

[15:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það leit vissulega þannig út um tíma eins og umtalsverðar kjarabætur væru að skila sér í gegnum vaxtalækkun og möguleika almennings til þess að skuldbreyta húsnæðislánum og ná fram lægri vöxtum. Því miður hefur sú þróun nú snúist við aftur og vextirnir eru aftur á uppleið eins og ég veit að hv. þingmaður veit vel. Það sem alvarlegra er að sú tiltekt í fjármálum sem þetta virtist í fyrstunni vera, þ.e. að menn skuldbreyttu yfir í föst lán á lægri vöxtum óhagstæðari lánum, sérstaklega þó yfirdráttarlánum, er öll gengin til baka og rúmlega það vegna þess að sú lækkun á yfirdráttarskuldum heimilanna upp á kannski 10, 15 milljarða sem tímabundið kom til sögunnar samfara þessum breytingum á fasteignalánamarkaði er öll gengin til baka og rúmlega það og yfirdrættirnir orðnir hærri á nýjan leik á þeim vöxtum sem þar eru.

Ég held því að það sé langsótt að taka jafndjúpt í árinni og hv. þingmaður gerði hér þegar hann sagði að þetta væri mesta kjarabót sem menn hefðu til langs tíma fengið, vegna þess líka að að því marki sem vaxtakostnaðurinn hefur þá ekki lækkað hefur vaxtabótakerfið hins vegar hrunið. Það er auðvitað alveg á sínum stað og þá virkar vaxtabótakerfið eins og það á að gera ef raunkostnaðurinn lækkar og þá fá menn lægri vaxtabætur eðlilega, stofninn gerir það að verkum. En það að menn skuli koma að vaxtabótakerfinu hinum megin frá og ekki gera ráðstafanir til þess t.d. að sýndareða gervihagnaðurinn, sem fólginn er í hækkun íbúðarhúsnæðis sem menn ekki innleysa, að hann leiði ekki til skerðingar eða afnáms vaxtabóta. Ég held að hv. þingmaður sé

alveg varnarlaus í því máli og verði bara að horfast í augu við að þar birtist forgangsröðun ríkisstjórnarinnar með mjög skýrum hætti. Þegar skyndilegar breytingar eða sveiflur verða er ekkert gert til þess að lagfæra stöðu þolendanna ef það er almenningur, en ef það eru fyrirtækin þá stendur ekki á ríkisstjórninni að koma hér með frumvörp.

[15:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Fastir vextir verðtryggðir hafa lækkað úr fyrst 6% hjá Íbúðalánasjóði, síðan niður í 5,1% og svo niður í 4,15%, og fjöldi fólks hefur fest lán sín til 20, 30, 40 ára með 4,15% vöxtum. Það fólk nýtur þess bara næstu áratugi að þessu leyti og þetta er meiri hagsbót en það sem tapast í vaxtabótakerfinu.

En ég tek undir það með hv. þingmanni, auðvitað áttu þingmenn að vera vakandi fyrir því þegar fasteignaverð og eignaverð hækkaði svona mikið, að hækka mörkin í vaxtabótakerfinu gagnvart eignum, það er sjálfsagt, nákvæmlega eins og menn voru vakandi fyrir því að lækka prósentuna sem má taka sem hámark af skuldum vegna þess að vextir hafa lækkað. En ég fer ekkert ofan af því að þessi lækkun vaxta er sú langmesta kjarabót sem launþegar hafa fengið og ég nefndi það ekki í ræðu minni vegna þess að það er ekki ríkisstjórninni að þakka. Það er markaðurinn og það að lánhæfimat íslenskra banka er orðið svipað og ríkisins. Bankarnir eru orðnir svipað sterkir og þeir hafa getað veitt Íbúðalánasjóði verðskuldaða samkeppni sem hefur lækkað vexti á öllum markaðnum.

[15:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við ræðum um breytingu á lögum um tekjuskatt og breytingarnar snúa að fyrirtækjum og ganga út á að heimila fyrirtækjum að dreifa gengishagnaði umfram gengistap á næstu þrjú árin og jafna þannig gengissveiflu sem þau finna fyrir í bókhaldi sínu. Almennt hefur þessu verið tekið nokkuð vel hér við umræðuna en ég vek athygli á þeim tóni sem heyrist frá stjórnarandstöðunni og þá ekki síst frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafa tekið þátt í þessari umræðu.

Við lögðum á það áherslu fyrir fáeinum vikum og höfum síðan hamrað á því með vaxandi þunga á undanförnum dögum að ríkisstjórnin setti út af vinnsluborði sínu og þar með út af vinnsluborði Alþingis þau frumvörp sem ekki er beinlínis áríðandi að verði að lögum fyrir sumarið og taki umræðu um þau mál sem brenna á þjóðinni. Þetta mál hér á ágætlega heima í þeim hópi, en það eru bara fleiri mál og það eru málefni sem við mundum forgangsraða framar. Það eru mál sem snúa að efnalitlu fólki á Íslandi. Það eru þau mál sem við viljum setja í forgangsröð.

Verkalýðshreyfingin, Öryrkjabandalagið, Landssamband eldri borgara eru að ræða sín í milli um tillögur til úrbóta fyrir hina lægst launuðu í þjóðfélaginu og menn hafa verið að vekja athygli á ýmsum stærðum af því tilefni. Einstaklingur sem þarf að reiða sig að öllu leyti á almannatryggingar, býr einn og fær heimilisuppbót, er með rúmlega 100 þús. kr. í tekjur, um 108 þús. kr. í tekjur og hann er skattlagður fyrir hluta þeirra tekna. Láglaunafólk, þeir sem minnst hafa eru með rúmlega 105 þús. kr. í mánaðarlaun. Það hefur verið bent á að einstaklingur sem er með minna en um 170 þús. kr. eigi erfitt með að framfleyta sér.

Atvinnulaus maður fær í atvinnuleysisbætur sennilega um 94 þús. kr. á mánuði hverjum. Samkvæmt frumvarpi sem við ræddum fyrir fáeinum dögum við 1. umr. um breytingar á atvinnuleysistryggingum er gert ráð fyrir því sem ríkisstjórnin kallar talsverða hækkun á atvinnuleysisbótum. Hverju skyldi sú hækkun nema? Hún nemur um tveimur þúsundum kr. fyrir þann sem minnst hefur. Það er að vísu talað um meiri hækkanir til tiltekinna hópa, þeirra sem eru í millitekjum eða háum tekjum vegna þess að frumvarpið gengur út á að tekjutengja atvinnuleysisbæturnar að hluta til tímabundið. En fyrir þann sem er á lægstu bótunum, láglaunamanninn, láglaunakarlinn og láglaunakonuna er hækkunin tvö þúsund kr.

Þessi samtök hafa verið að benda á þróun ýmissa kjarastærða á Íslandi á undangengnum árum. Þau hafa bent á að skattleysismörkin eru núna um 80 þús. kr. á mánuði, tæplega þó, rétt rúmar 79 þús. kr. en væru 130 þús. kr. ef þau hefðu þróast í samræmi við launavísitölu frá árinu 1988. Ég segi, hæstv. forseti: Gagnvart því fólki sem er á lægstu launum, sem býr við slík afarkjör að það getur ekki séð sér og sínum farborða, gagnvart því fólki biður ríkisstjórnin ekki um nein afbrigði hér í þinginu. Nei, hún neitar meira að segja að taka mál sem tengjast hagsmunum þessara hópa á dagskrá. Hvers vegna? Vegna þess að hún er staðráðin í því að koma í gegnum þingið og gera að landslögum ýmiss konar gæluverkefni og pólitísk áhugamál sem ganga þvert á réttindi starfsmanna og þeirra sem þjónustu viðkomandi stofnana eiga að njóta en þjóna pólitískum hugmyndum og duttlungum ríkisstjórnarinnar.

Ég nefni hér mál sem er á dagskrá í dag, ÁTVR hf. Út á hvað gengur það mál? Það gengur fyrst og fremst út á að skerða réttindi starfsfólks, taka af því lífeyrisréttindin eða draga úr þeim rétti og veikja hann og skerða síðan og veikja margvísleg starfsréttindi sem þetta fólk býr við. (**PHB:** Hvers virði eru þau?) Þau eru mikils virði. Hvers virði eru starfsréttindin? spyr hv. þm. Pétur H. Blöndal. Það er nú þannig að sumt er hægt að meta til fjár og annað ekki. Við metum lífeyrisréttinn til fjár, við metum fæðingarorlofsréttinn til fjár og veikindaréttinn metum við til fjár. En hvers virði er það að fá að vera manneskja og verða ekki háður duttlungum forstjóravaldsins sem verið er að innleiða með þeim frumvörpum sem ríkisstjórnin er að reyna að knýja í gegnum þingið? Og hún er svo staðráðin í þessu að hún neitar að taka á dagskrá mál sem tengjast hagsmunum almenns launafólks á Íslandi og þeirra sem búa við lökust kjörin, öryrkjanna og atvinnulauss fólks. Þessi mál skulu hafa forgang.

Hún tekur hins vegar eitt mál sem snýr að sköttunum sérstaklega og það er það mál sem við höfum hér til umfjöllunar. Við höfum í sjálfu sér ekki lagst gegn þessu frumvarpi, við höfum viljað sýna fyrirtækjum skilning, ekki síst þeim sem eru í útflutningsgreinum þannig að þau geti að nýju komið undir sig fótunum eftir erfiða daga vegna stöðu krónunnar og ruðningsáhrifa af völdum stóriðjuframkvæmda ríkisstjórnarinnar á undanförnum missirum og ár-

um. Við höfum verið því fylgjandi og við höfum talað máli þeirra. En við erum ekki tilbúin að taka því að þeir hópar í þjóðfélaginu sem lakast standa séu virtir að vettugi og brýnum hagsmunamálum þeirra sé vikið til hliðar, því að það er ríkisstjórnin að gera.

Við höfum nefnt ýmis atriði sem við höfum talið nauðsynlegt að taka á núna. Við höfum lagt til að ákvörðun um að falla frá hátekjuskatti verði endurskoðuð, skrúfuð til baka. Við höfum lagt fram í þinginu þingmál um breytingar á fjármagnstekjuskatti. Þeir sem hafa tekjur af fjármagni sínu búa við mun betri kost en hinir sem afla tekna með launavinnu. Tekjuskatturinn er í kringum 37% en skattur á fjármagn er um 10%. Í þingmáli sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stóð sameinaður að og var lagt fram hér á þinginu í upphafi þings og hefur ekki fengist afgreitt lögðum við fram tillögu um að stíga fyrstu skrefin í þá átt að samræma skatta þeirra sem afla sér viðurværis og lifa sumir hverjir munaðarlífi af tekjum af fjármagni, að jafna þeirra stöðu og hinna sem afla tekna með launavinnu. Við leggjum til að smásparandinn, hinn almenni borgari sem leggur fé til hliðar verði ekki skattlagður, honum verði hlíft vegna þess að við leggjum til skattleysismörk inni í fjármagnstekjukerfinu þannig að 120 þús. kr. fjármagnstekjur á ári hjá einstaklingnum verði undanþegnar skatti.

Mig langar, hæstv. forseti, til að lesa örfáar línur úr greinargerð með því frumvarpi því þær varpa skýru ljósi á stöðuna í þessum málum. En þær eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Lagt er til að sett verði skattleysismörk við 120 þús. kr. fjármagnstekjur á ári hjá einstaklingum. Gera má ráð fyrir að við það verði rúm 90% einstaklinga og ríflega 70% hjóna sem nú greiða fjármagnstekjuskatt undanþegin skattinum.“

Ég hvet menn til að hugleiða þetta. Með því að undanskilja það sem við köllum smásparandann, með því að setja 120 þús. kr. skattleysismörk á ári mundi það gerast að rúm 90% einstaklinga og ríflega 70% hjóna sem nú greiða fjármagnstekjuskatt yrðu undanþegin skattinum. Hér er því um að ræða tekjujafnandi aðgerð.

En hverjir eru hinir? Ég les áfram, með leyfi forseta:

„Þótt hlutfallið sé hátt er hér fyrst og fremst um að ræða smásparnað almennings sem hefur yfirleitt sínar tekjur af launavinnu.

Á undanförnum árum hefur fjölgað þeim einstaklingum hér á landi sem afla töluverðs hluta heildartekna sinna með tekjum af fjármagni, sem þeir greiða aðeins 10% skatt af. Um leið breikkar bilið milli þeirra tekjuhæstu og tekjulægstu. Ætla má að fjármagnstekjur séu meira en helmingur af tekjum þeirra 5% framteljenda sem hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu. Þessir aðilar greiða lægra hlutfall af tekjum sínum til samfélagsins en launafólk gerir.“

Aftur vek ég athygli á því sem hér er sagt að það megi ætla að fjármagnstekjur séu meira en helmingur af tekjum þeirra 5% framteljenda sem hæstar hafa tekjurnar í þjóðfélaginu. Þetta eru milljóna- og milljarðamæringarnir. Þeir liggja í bómull núverandi ríkisstjórnar sem neitar að taka á dagskrá mál sem lúta að tekjujöfnun í þjóðfélaginu. Ég held það hljóti að verða öllum umhugsunarefni að fylgjast með því sem er að koma núna frá Öryrkjabandalaginu, frá Landssambandi eldri borgara og frá verkalýðshreyfingunni sem hinn 1. maí, í gær, á baráttudegi verkalýðsins hvetur til þess að gripið verði til ráðstafana sem jafna kjörin á Íslandi.

Ég veit ekki hve margir hafa lesið greinar sem birst hafa eftir Hörpu Njálsdóttur, m.a. í Morgunblaðinu hinn 22. apríl, fyrir fáeinum dögum. Upphafsorð greinar Hörpu sem ber yfirskriftina: „Kjör hinna lægst launuðu eru óviðunandi!“ er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Á síðustu vikum hafa kjör hinna lægst launuðu verið til umræðu. Niðurstöður rannsókna sýna að hópar ófaglærðra á vinnumarkaði bera svo lítið úr býtum fyrir 100% starf að launin duga ekki fyrir lágmarksframfærslu. Hér er að stórum hluta um kvennastéttir að ræða, konur sem vinna hjá ríki og sveitarfélögum við umönnunarstörf, m.a. við uppeldi og menntun barna í leikskólum, umönnun aldraða og sjúkra á hjúkrunarheimilum og skólaliða við gæslu og stuðning í grunnskólum. Allt eru þetta störf sem krefjast mikilla mannkosta og færni í samskiptum og umönnun — störf sem eru einnig líkamlega erfið og slítandi.“

Ég ætla ekki að vitna frekar að sinni í grein Hörpu Njálsdóttur sem er afar umhugsunarverð. Hvers vegna erum við að ræða þetta í tengslum við þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar? Vegna þess að við viljum breiða umræðu um skattamálin í landinu. Við erum að fjalla um hvernig eigi að dreifa byrðunum. Hverjir eigi að axla skatta og hverjir eigi að vera undanþegnir sköttum. Hverjir eigi síðan að njóta ávaxtanna af því sem samfélagið leggur sameiginlega fram. Þetta neitar ríkisstjórnin að gera og ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann vakti athygli á að stjórnarsinnar sem hafa komið hér í stólinn og kvartað yfir því að stjórnarandstaðan vilji breiða umræðu um skattamálin, hafa síðan sjálfir farið út og suður og um víðan völl.

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til að gagnrýna þetta frumvarp sérstaklega. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess. Ég vildi að vísu minna á að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur í öllum sínum málflutningi og málatilbúnaði á undanförnum mánuðum, missirum og árum lagt áherslu á að standa vörð um stöðu íslenskra útflutningsfyrirtækja því við höfum talið að stöðu þeirra væri ógnað, eins og reyndin hefur orðið. Þau hafa verið að flýja af landi brott hvert á fætur öðru, sérstaklega í hátækniiðnaði. Við vitum líka að víða hafa sjávarútvegsfyrirtæki átt í erfiðleikum. Á þetta höfum við lagt áherslu hér við umræðuna.

En fyrst og fremst, hæstv. forseti, erum við að vekja athygli á forgangsröðun ríkisstjórnarinnar sem neitar að tala um kjör hinna lægstlaunuðu, sem neitar að tala um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu og leiðir til að draga úr henni. Það er forgangsmál okkar. Það er forgangsmál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[15:52]

Útbýting:

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, 685. mál, nál. utanrmn., þskj. 1217.

Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, 686. mál, nál. utanrmn., þskj. 1218.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, 687. mál, nál. utanrmn., þskj. 1219.

Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, 567. mál, nál. allshn., þskj. 1225.

Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, 683. mál, nál. utanrmn., þskj. 1223.

Höfundalög, 664. mál, nál. menntmn., þskj. 1228.

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 463. mál, nál. iðnn., þskj. 1227.

Norðurlandasamningur um almannaskráningu, 609. mál, nál. utanrmn., þskj. 1230.

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Suður-Kóreu, 671. mál, nál. utanrmn., þskj. 1216.

Samningur um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, 662. mál, nál. utanrmn., þskj. 1231.

Vegabréf, 615. mál, nál. allshn., þskj. 1226.

Þjóðskrá og almannaskráning, 566. mál, nál. allshn., þskj. 1224.

Þróun áfengisgjalds, 762. mál, svar fjmrh., þskj. 1211.

Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, 328. mál, brtt. AtlG, þskj. 1220.

[15:54]

Pétur Bjarnason:

Frú forseti. Hér er verið að ræða frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og varðar heimild fyrirtækja til að draga frá fjárhæð gengishagnaðar umfram gengistap af hvers konar eignum og skuldum í erlendum verðmæli, sér til hagsbóta. Ég hef í sjálfu sér ekkert við frumvarpið að athuga, ég held að við þurfum að gæta þess að gera vel við fyrirtæki út af fyrir sig.

Eins og fram hefur komið hjá ýmsum hv. ræðumönnum er dálítill ójöfnuður á áherslum ríkisstjórnarinnar hvað snertir fyrirtæki annars vegar, sem ég held þó að þurfi að sinna, og einstaklingum aftur á móti sem mörg dæmi sanna að hafi borið mjög skarðan hlut frá borði í þessum efnum.

Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um gervihagnað fyrirtækja og hann viðurkenndi reyndar að gervihagnaður einstaklinga vegna húsnæðis sem hækkaði á svipstundu á örskömmum tíma væri líka gervihagnaður. Nú er verið að leita leiða til að leiðrétta mál fyrirtækja en það virðist ekki bóla á að neitt verði gert einstaklingum til hagsbóta vegna svipaðra eða sams konar vandamála sem þeim mætir.

Hv. þm. Pétur Blöndal sagði líka að skuldbreyting hefði verið kjarabót sem vissulega má taka undir. En það voru kannski fyrst og fremst ummæli hans sem mig langaði til að gera nokkur skil. Hann sagði þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa sofið á verðinum. Þeir sofa á verðinum gagnvart mörkum á frádrætti vegna húsnæðis. Þeir koma ekki með neinar tillögur. Það kemur ekkert frá stjórnarandstöðunni. Ég held að þarna sé ansi frjálslega farið með sannleikann og ekki síst að hv. þingmaður veit vel að það koma tillögur, ályktanir og frumvörp frá stjórnarandstöðunni. En stjórnarandstaðan hefur ekki átt afskaplega gott með að koma þeim fram.

Einmitt vegna þess að hér er rætt um þetta vil ég nefna að þingflokkur Frjálslynda flokksins lagði fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4 30. janúar 1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Gerði það í vetur, þannig að ekki er hægt að væna þá um að þeir hafi ekki reynt að koma fram málum sínum. Þetta varðar nákvæmlega það mál sem hér er til umræðu þar sem talað er um að óheimilt sé að hækka fasteignaskatt meira en nemur breytingu á launavísitölu. Ég sé ekki betur en hérna sé nokkuð hliðstætt dæmi um að ræða. Verið er að tala um breytingar sem verða af ytri aðstæðum og hækka mörk sem nemur því að menn fá ekki vaxtabætur sem í fyrsta lagi eru lækkaðar og í öðru lagi hækkun eigna á örskömmum tíma veldur því að vaxtabætur eru teknar af hundruðum ef ekki þúsundum fjölskyldna og a.m.k. þá lækkaðar á hinum. Ég held því að Frjálslyndir hafi ekki sofið á verðinum hvað þetta snertir. Þetta er nákvæm hliðstæða við frumvarpið sem hér er til umræðu.

Reyndar er annað sem kemur fram í þessu líka. Það varðar bændur til sveita sem hafa oft og tíðum heldur rýrar tekjur. Vegna búháttabreytinga nýtist húsnæði þeim ekki um stundarsakir. Þeir geta ekki notað það en verða að borga af því fullan fasteignaskatt og hækkandi samkvæmt mati. Gert er ráð fyrir því í þessu frumvarpi að hafi svo verið í um tvö ár að séu útihús ekki nýtt skal enginn skattur lagður á þau en hann skal lagður á að nýju ef útihúsin verða tekin í notkun sem gripahús. Þarna er verið að reyna að koma til móts við það þegar menn nýta þessi hús til atvinnustarfsemi sinnar.

Með leyfi forseta ætla ég að vitna aðeins í greinargerð með því frumvarpi sem ég tel skipta þessa umræðu þó nokkuð miklu:

„Fasteignaskattur er ein af meginuppistöðum í tekjuöflun sveitarfélaga ásamt útsvarstekjum. Útsvarstekjur sveitarfélaga taka mið af tekjum fólks og hækka eða lækka á milli ára út frá tekjum þegnanna." — Segja má að þetta sé eðlilegur skattur og hafi fast viðmið í ráðstöfunartekjum hvers og eins. — „Fasteignagjöld taka ekki mið af tekjum fólks og þar með greiðslugetu þegnanna. Að þessu leyti eru fasteignaskattar ekki réttlátir þar sem álögur geta hækkað meira milli ára en laun þeirra sem greiða eiga."

Í frumvarpinu er einmitt verið að tala um þennan gengishagnað fyrirtækjanna, að fara með hann á sama hátt og hér er lagt til, að ytri breytingar einstaklinga geti valdið því að álögur verði meiri en nemur ráðstöfunartekjum. Ég vek athygli á því aftur að talað er um að ekki megi hækka meira en nemur breytingu á launavísitölu. Launavísitalan er eini mælikvarðinn fyrir þessa almennu launaþróun sem menn fara eftir og er hægt að nota í þessu sambandi.

Það er reyndar fleira sem Frjálslyndir hafa lagt til í þessum málum hvað snertir tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. skattalögin. Frjálslyndir hafa stöðugt lagt það til að ekki yrði farin sú leið að lækka og fella síðan niður hátekjuskattinn. En það er búið að gera núna, hefur verið gert í áföngum. Farin hefur verið sú leið að lækka skattleysismörk í prósentum og það hefur margsinnis verið sýnt fram á með samanburði, þær tölur hef ég ekki við höndina hér og nú, að alltaf er verið að greiða skatt af minni og minni tekjum hvað snertir lágtekjufólkið. Það er alltaf verið að taka meira af því og nú er svo komið að lægstu launaflokkar og þeir sem eru á lágmarksbótum verða að borga skatta af þessu. Þetta er í rauninni ekki viðunandi og Frjálslyndir hafa lagt til að hækkun skattleysismarka yrði viðhöfð í staðinn fyrir þennan flata niðurskurð sem færir hátekjumanninum skatt-

afslátt upp á tugi þúsunda í hverjum mánuði en skiptir lágtekjufólkið afskaplega litlu og miklu minna.

Síðan er eitt enn. Skattur af tekjum þeirra sem aðstöðu hafa til að nýta sér þær sem fjármagnstekjur er miklu lægri en þeirra sem fá launatekjur og/eða lífeyrissjóðstekjur og verða borga fulla skattprósentu af þeim.

Frú forseti. Ég vildi aðeins koma hérna upp til að vekja athygli á að stjórnarandstaðan kemur vissulega að þessu máli og er alveg tilbúin að mæla fyrir málum af því tagi ef þess væri einhver kostur.

[16:02]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmönnum fyrir jákvæðar undirtektir við efni þessa frumvarps og að mörgu leyti athyglisverðar umræður sem því hafa fylgt. Það hefur einkennt málflutninginn að ræðumenn hafa verið jákvæðir í garð frumvarpsins en hafa síðan sagt að þeir hefðu viljað sjá eitthvað annað og eitthvað meira og finnst ríkisstjórnin ekki vera að sinna verkefnum sem hún ætti að taka á miðað við aðstæður eins og þeir sjá þær í dag. Mest hefur borið á því að hinir lægst launuðu hafi verið nefndir til sögunnar, að ríkisstjórnin hafi ekki verið að hugsa um hag þeirra. Eins hefur verið rætt um hinn meinta óstöðugleika á genginu, um gengismálin og hagstjórnina yfirleitt, stöðu útflutningsiðnaðarins og þar fram eftir götunum.

Því er til að svara að það er langt frá því svo að ríkisstjórnin hugsi ekki um hag hinna lægst launuðu. Ég held að það sé leitun að því tímabili þar sem kaupmáttur hinna lægst launuðu hefur hækkað eins mikið og á því tímabili sem þessi ríkisstjórn hefur setið.

Það vill þannig til að í efnahagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir því að á næsta ári muni kaupmáttur launa halda áfram að hækka og kaupmáttur ráðstöfunartekna aukast heldur meira en kaupmáttur launa. Það helgast af þeim skattalækkunum sem ákvörðun hefur verið tekin um að muni taka gildi um næstu áramót og einnig bar hér á góma.

Það hefur beinlínis verið sagt að ríkisstjórnin neiti að tala um kjör hinna lægst launuðu. Ég kannast ekki við að hafa neitað því eða hafa á nokkurn hátt reynt að leggja stein í götu þeirra sem hafa barist fyrir bættum kjörum sínum. Ég hef hins vegar látið í ljós áhyggjur af því að þær hækkanir sem þeir lægst launuðu, eins og þeir sem hér voru nefndir til sögunnar af hálfu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, sem eru með 105 þús. kr. á mánuði, hafa verið að sækja að undanförnu muni færast upp stigann — eins og ég hef orðað það að klifrað verði upp eftir bakinu á þessum aðilum og í hlutfalli við aðra verði eftir örfáa mánuði lítið eftir af þeim hækkunum sem þeir hafa fengið. Ég vona að ég reynist ekki sannspár í þessum efnum og að þessir aðilar geti notið þeirra hækkana sem þeir hafa fengið í samningum við vinnuveitendur sína að undanförnu án þess að aðrir reyni að nýta sér þá stöðu sem þeir hafa verið í.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi nokkuð gengismálin og þær miklu fjárfestingar sem hér hafa verið að undanförnu. Það má segja að rót þess sterka gengis sem við höfum búið við undanfarin ár sé mikill hagvöxtur og síðan hafa komið inn í það breytingar á húsnæðismarkaði og eins hin svokallaða krónubréfaútgáfa síðasta haust. Hann gerði einnig að umræðuefni spár fjármálaráðuneytisins, vildi frekar gera lítið úr þeim. Ég held að þær hafi reynst býsna þokkalegar, a.m.k. að undanförnu, þó að teknu tilliti til þess að gengisspár ráðuneytisins hafa ekki gengið alveg nákvæmlega eftir, sérstaklega ekki þegar menn miða við tímasetningar. En það vill hins vegar þannig til að í þessu eins og svo mörgu öðru miðum við við almanaksárin. Ég veit ekki hvort mönnum finnst þá að efnahagsspáin fyrir síðasta ár, árið 2005, þar sem því var spáð að gengisvísitala mundi hækka fyrir lok ársins — að mönnum finnist það vera neitt mikil skekkja þegar sú spá gengur eftir með tveggja mánaða biðtíma í upphafi þessa árs. Það má því kannski segja að sú spá hafi, með þeim breytileika sem felst í þessum tveimur mánuðum, reynst býsna góð.

Verðbólgan hefur aðeins látið á sér kræla en eins og fram hefur komið hefur þetta að mestu leyti verið eignaverðbólga og það hefur út af fyrir sig sínar afleiðingar líka eins og hv. þm. Atli Gíslason minntist á varðandi það sem hann telur að geti haft áhrif á vaxtabæturnar. Það er út af fyrir sig ekki komið í ljós hvort það er rétt en við munum sjá það. En burt séð frá því nákvæmlega hvernig það mun koma út í álagningunni, það er ýmislegt fleira sem getur haft áhrif á það, þá tel ég þó að þessi þróun hafi með öðru, og þá kannski ekki síst þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á íbúðalánaveitingunum — þurfi að endurskoða vaxtabótakerfið og það verðum við að gera samhliða því að gengið er frá frumvarpi til breytinga um íbúðalánin. Þess er þá væntanlega skammt að bíða að við sjáum niðurstöður af minni hálfu í þeim efnum en þau mál sem varða Íbúðalánasjóðinn eru ekki komin nægilega langt til að beinlínis sé hægt að forma hugsanlegar breytingar á vaxtabótunum, það þarf að haldast í hendur.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og reyndar einnig hv. þm. Helgi Hjörvar töluðu talsvert mikið um evruna og töldu að stöðugleikans væri að leita í henni. Ég er ekki sannfærður um að svo sé, tel reyndar að ýmislegt þar sé kannski ekki alveg í þeim anda sem þau hafa viljað tala um þegar við höfum verið að fara yfir gengismálin hér, eins og t.d. það að Seðlabanki Evrópu er ekki með verðbólgumarkmið eins og við erum með í dag og þeir bankar sem við höfum helst verið að horfa til. Þeir byggja á peningamagnskenningum í sinni stefnu þó sumir hefðu viljað halda því fram að þeir hafi ekki fylgt þeim kenningum eftir eins og skyldi ef menn ætla að fara eftir sínum markmiðum — það hefur kannski verið heppilegt að þeir gerðu það ekki en það er annað mál. En ég held hins vegar að við ættum ekki að rasa um ráð fram í þessum efnum og ég vil, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, frekar horfa til Noregs og Sviss í þessum efnum þar sem nokkuð þokkalega hefur gengið að halda stöðugleika varðandi gengismál sjálfstæðra gjaldmiðla þessara þjóða. Þessar þjóðir búa auðvitað við aðstæður sem að mörgu leyti eru ólíkar okkar og þá kannski sérstaklega Sviss. Þar hefur ekki verið eins mikill hagvöxtur og hefur verið hér hjá okkur, þar hafa ekki verið eins róttækar breytingar í húsnæðislánakerfum og hér. Ég hef ekki sérstaklega orðið var við nýjar útgáfur í svissneskum frönkum að undanförnu.

Norðmenn búa auðvitað við sérstakar aðstæður með

sína olíu og sinn olíusjóð en þrátt fyrir það, og kannski einmitt vegna þess, hafa menn þar kvartað yfir því að gengi norsku krónunnar væri helst til hátt. Útflutningsgreinarnar þar hafa einmitt verið að kvarta á svipuðum nótum og við höfum verið að kvarta hér sem höfum verið í forsvari fyrir sjávarútveginn síðustu missiri. Það er kannski ekki eins ólíkt um að litast í umhverfi okkar og því sem Norðmennirnir búa við og ætla hefði mátt af máli hv. þingmanns. Það er einnig athyglisvert í ljósi þess, sem einnig kom fram í máli hv. þingmanns, að Noregur og Sviss eru ríki eins og Ísland sem hafa nýtt sitt vatnsafl ríkulega á undanförnum árum og nýtt það til framleiðslu á áli án þess að það sé kannski sérstakt efnisatriði í umræðunni hér.

Það er ekki alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal, hann hefur kannski misskilið mig á einhverju stigi, að hugmyndin að því að flytja þetta þingmál hafi komið til vegna þeirra gengisbreytinga sem hafa orðið núna á síðustu mánuðum. Hugmyndin varð til vegna gengisbreytinga undanfarinna ára. Ég hef verið með þetta mál í athugun í ráðuneytinu um nokkurt skeið, verið að skoða það hvernig að þessum málum er staðið í nágrannalöndunum. Það er staðið að þeim á býsna misjafnan hátt og þess vegna hefur það reynst tafsamari vinna að fara í gegnum það og meta kosti og galla þeirra aðferða sem þar eru notaðar og reyna að færa þær að staðháttum sem hér eru. En vegna þess að ég er sannfærður um að það sé skynsamlegt að fara þessa leið og vegna þess að ég er sammála hv. þm. Pétri Blöndal um að þarna er um gervihagnað að ræða og sannfærður um að þetta skiptir máli varðandi stöðugleikann í efnahagslífinu, stöðugleika fyrir útflutningsgreinarnar og stöðugleikann í genginu, taldi ég skynsamlegt að flytja þetta mál á þennan hátt núna og freista þess að koma í veg fyrir þau óæskilegu áhrif sem hækkunin á síðustu árum hefði valdið í greiðslum án þess þó að það kæmi til sem síðar kom í ljós varðandi gengið, en eins og ég sagði áðan hafði fjármálaráðuneytið spáð því að það mundi gerast. En það hefði auðvitað ekki haft áhrif fyrr en við uppgjör ársins 2006 á árinu 2007. Það sem knýr á um það að flytja þetta núna er það að uppgjör ársins 2005 mun fara fram í haust og því nauðsynlegt að þetta frumvarp verði afgreitt nú á vorþinginu til að hægt sé að taka mið af þeirri vinnu sem bæði fyrirtækin og skattkerfin fara í sumar og haust hvað þetta varðar.

Ég vil að lokum, frú forseti, þakka fyrir jákvæðar undirtektir við efnisatriði frumvarpsins.

[16:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála hæstv. fjármálaráðherra um að hann og ríkisstjórnin hafi viljað ræða kjör hinn lægst launuðu. Hæstv. ráðherra vildi bera það af sér að hann neitaði að ræða hér kjör hinna lægst launuðu. Ég ætla að nefna tvö dæmi.

Á morgun er efnt til ráðstefnu undir heitinu Velferðarríki á villigötum? Það eru verkalýðshreyfingin á Íslandi, ASÍ, BSRB, Landssamband eldri borgara, Samiðn, Öryrkjabandalagið og fleiri aðilar sem standa að þessari ráðstefnu. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur hæstv. ráðherra neitað að sækja ráðstefnuna og neitað að senda fulltrúa ráðuneytisins á ráðstefnuna. Í auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu sl. sunnudag segir að Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari verði fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Sivjar Friðleifsdóttur og Árna Mathiesens fjármálaráðherra í pallborði. Getur þetta verið rétt? Eru þetta ekki einhver mistök? Er það virkilega rétt að hæstv. fjármálaráðherra neiti að taka þátt í umræðu sem helstu verkalýðssamtökin í landinu og hagsmunasamtök almennings hafa boðað til og óskað eftir nærveru hans eða fulltrúa úr fjármálaráðuneytinu? Hljóta það ekki að vera mistök að setja það hér á blað í auglýsingu að sáttasemjari ríkisins verði fulltrúi ríkisstjórnarinnar í umræðu um þessi efni? Ég óska eftir að hæstv. ráðherra upplýsi um þetta.

Hitt sem ég vildi nefna er að kröfur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þingflokks okkar hér í þingsalnum, um (Forseti hringir.) að tekið verði á málum lágt launaðs fólks og tekjulítils og efnt til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu, (Forseti hringir.) hafa verið virtar að vettugi og (Forseti hringir.) þar með hefur ráðherrann neitað að ræða kjör hinna lægst launuðu.

[16:17]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Forseti. Það er rétt að ég hef ekki tök á því að mæta á þessa ráðstefnu á morgun sem hv. þingmaður vitnaði til. En það vill nú þannig til að ríkisstjórnin er með nefnd starfandi á sínum vegum til þess að fara yfir málefni aldraða og formaður þeirrar nefndar er Ásmundur Stefánsson. Hann starfar einnig sem ríkissáttasemjari en hann er auðvitað ekki formaður þessarar nefndar í því hlutverki. Hann leiðir þetta starf eins og málum er háttað nú og ég álít að þar sem ég get ekki verið á fundinum sé það góð ráðstöfun að Ásmundur verði þar og taki þátt í panelumræðunum. Hann veit best hvernig málin standa.

Varðandi vilja minn til þess að ræða kjör hinna lægst launuðu held ég að hv. þm. Ögmundur Jónasson í hlutverki sínu sem formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja ætti að leita upplýsinga hjá fulltrúum þess félags sem fer með þá lægst launuðu innan sambandsins sem starfa hjá ríkinu og athuga hvort þeir hafi haft eitthvað undan því að kvarta að ræða við mig persónulega eða starfsmenn mína um mál þeirra síðustu vikurnar.

[16:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki að amast við því að Ásmundur Stefánsson, hvort sem hann er í hlutverki ríkissáttasemjara eða formanns nefndar sem er að fjalla um kjaramál, sæki ráðstefnu og komi þar fram, því fer fjarri. Ég er að gagnrýna að hann sé fulltrúi fjármálaráðherra og þar með ríkisstjórnarinnar í þessari umræðu. Ég vek athygli á og ítreka að eftir því sem ég best veit var óskað eftir því við hæstv. ráðherra að hann kæmi til ráðstefnunnar og ef hann ætti ekki heimangengt eins og stundum gerist að þá sendi hann fulltrúa sinn á vettvang. Þetta er það sem mér finnst vera undarlegt og ámælisvert í þessu efni.

Ég vek athygli þingsins á því að hér er að koma inn á borð þingmanna hvert málið á fætur öðru nýtt, við erum að ræða þrjú ný mál í dag. Er að vænta einhverra mála frá ríkisstjórninni (Forseti hringir.) sem varða kjör hinna lægst

launuðu, því að það er krafa okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og (Forseti hringir.) krafa stjórnarandstöðunnar?

[16:20]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef sótt marga fundi í vetur til þess að ræða kjör aldraðra og annarra. Ég veit eiginlega ekki hvaðan sú hugmynd kemur upp hjá mönnum að ég sé eitthvað að veigra mér við því að mæta á fundi jafnvel þó að um erfiðar umræður geti verið að ræða. Það vill bara þannig til að ég á ekki heimangengt til þess að mæta á þennan fund á morgun. Ásmundur Stefánsson er fulltrúi minn á þessum fundi, hann er að vinna verk fyrir ríkisstjórnina og er þar af leiðandi sá maður sem veit best hvernig þeirri vinnu vindur fram og hver staðan er.

Ef ég er beðinn um að tilnefna fulltrúa má ég þá ekki tilnefna þann sem ég tel að sé heppilegast að kynni sjónarmiðin hverju sinni? Ég tel einfaldlega að Ásmundur Stefánsson sé (Forseti hringir.) heppilegasti maðurinn til þess á morgun.

[16:21]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjármálaráðherra var ekki sannfærður um að það væri til þess fallið að tryggja hér stöðugleika til framtíðar að taka upp annan gjaldmiðil í landinu, evruna, og leggja af íslensku krónuna og það er út af fyrir sig sjónarmið hjá hæstv. ráðherra. Hann vísaði til þeirra stöðugu gjaldmiðla svissneska frankans og norsku krónunnar í því sambandi. Ég held að hæstv. ráðherra fari ekki fyllilega rétt með þegar hann vísar með þeim hætti til svissneska frankans enda hygg ég að sveiflur í honum hafi, ef eitthvað er, jafnvel á stundum slagað upp í að vera sambærilegar við það sem gerst hefur með íslensku krónuna, þó að það hafi dregið úr þeim í seinni tíð þá sé það sögulega mikil sveiflumynt.

Ef Norðmenn eiga að vera leiðtogar lífs okkar í þessum efnum er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji þá — úr því að hann vill ekki huga að nýjum gjaldmiðli — koma til álita að hverfa frá verðtryggingu íslensku krónunnar á verðtryggðum útlánum í íslenskum krónum, m.a. vegna þess að það sérstaka fyrirkomulag okkar hér virðist draga úr getu Seðlabankans sem hafi þau áhrif að það dragi úr þenslunni þannig að nú hefur bankinn hækkað stýrivexti umfram þær áætlanir sem hæstv. fjármálaráðherra gerði fyrir þetta ár, að ekki sé talað um hvernig spár ráðuneytisins um gengið og aðra slíka hluti hafa farið. Ég held að það sé mikilvægt að kalla eftir þeirri afstöðu því eins og ég rakti hér áðan hefur forstjóri stærsta fjármálafyrirtækis landsins lýst því yfir að kostirnir séu fyrst og fremst tveir, annaðhvort að leggja af verðtrygginguna en reyna að halda í krónuna sem gjaldmiðil eða fara í aðra mynt.

[16:23]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er auðvitað athyglisverð haglýsing á hinu óstöðuga svissneska hagkerfi því að auðvitað, eins og kom fram hjá mér fyrr í dag í andsvari við hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, þá sveiflast flestar myntir, en svissneski frankinn hefur verið talinn hluti af hinu stöðuga svissneska hagkerfi og ég tel að það sé einsýnt að sú samlíking sem ég notaði þar standist alveg. Hins vegar nefndi ég líka að það hefur verið talað um að gengi norsku krónunnar væri of hátt þó að það hafi kannski ekki farið í sömu hæðir og íslenska krónan fór í í lok síðasta árs.

Hins vegar varðandi verðtryggingu íslensku krónunnar er það í sjálfu sér óæskilegt að við séum með aðrar reglur og annað fyrirkomulag en gildir í löndunum í kringum okkur. En við tókum þetta fyrirkomulag hér upp við sérstakar aðstæður og ég held að við þær aðstæður hafi það reynst okkur mjög vel og hjálpað okkur til þess að koma hér á efnahagslegum stöðugleika. Það getur hins vegar verið að við þurfum að endurskoða hversu mikið gildi það hefur í dag að hafa verðtrygginguna. Að hluta til er ég sannfærður um að hún jafnar greiðslubyrðina hvað varðar heimilin, sérstaklega vegna greiðsludreifingarinnar sem oftast fylgir verðtryggingunni. Ég mundi hika við að fara í að banna frjálsum markaði að gera skuldbreytingar sínar með verðtryggingu. Ef hugur fylgir máli hjá Hreiðari Má Sigurðssyni getur hann haft verulega mikil áhrif á þetta (Forseti hringir.) í gegnum bankastofnun sína sem er ef ég man rétt stærsta bankastofnun landsins.

[16:26]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna þessum orðum hæstv. fjármálaráðherra um verðtrygginguna því þótt okkur greini á um það hvaða gjaldmiðil sé skynsamlegast að hafa þá er ákaflega mikilvægt, ef það er ætlun stjórnvalda að ríghalda í íslensku krónuna til framtíðar, að huga sérstaklega að verðtryggingarþættinum. Það er alveg rétt sem kemur fram hjá hæstv. fjármálaráðherra að við þær aðstæður sem við höfum núna og þegar við horfum til þess að okkur hefur gengið gríðarlega illa að eiga við hagsveiflur hér á Íslandi og búið við meiri sveiflur hér en þolandi er þá þurfum við að skoða alveg sérstaklega það sem skilur okkur að frá öðrum löndum. Eitt af því sem er alveg sérstaklega íslenskt fyrirkomulag er verðtryggingarkerfið og við hljótum þess vegna að fara að huga alvarlega að því a.m.k. að draga úr vægi verðtryggingarinnar í hagkerfi okkar þó að vera kunni að (Forseti hringir.) ekki sé rétt að ganga svo langt að banna það eins og hæstv. ráðherra vísaði til.

[16:27]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég nefndi áðan að jafnaði greiðslubyrði heimilanna er einmitt hluti af því sem Hreiðar Már Sigurðsson nefndi í ræðu sinni að væri þess valdandi að vaxtatæki Seðlabankans virkaði eins og vaxtatæki hjá öðrum seðlabönkum. Ef maður skoðar þetta eins og það er í Bretlandi þar sem ekki er um verðtryggingu að ræða og greiðsludreifingin er ekki eins og hún er í lánafyrirkomulaginu hérna þá virka vaxtahækkanir Seðlabankans alveg beint í næstu afborgun. Það hlýtur að vera gríðarlega sterkt tæki til þess að hafa áhrif á hagsveifluna. En það hefur þá þær afleiðingar að fólk þarf strax að greiða meira en því er

ekki dreift yfir allt tímabilið sem á eftir að greiða afborganir á og þá verða menn bara að meta hvort sé betra.

[16:28]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra og Sjálfstæðisflokkurinn segja að það sé tími til að lifa og reykvískar fjölskyldur eigi aðeins það besta skilið í fjölskylduvænni borg. Þetta þýðir varðandi vaxtabæturnar að það er tími til að lifa við skert kjör. Ég vil mótmæla því þegar hæstv. ráðherra segir að það hafi ekki komið í ljós hvort vaxtabætur hafi verið skertar. Ég taldi fram fyrir u.þ.b. 600 einstaklinga á vef ríkisskattstjóra. Ég reiknaði hvern og einn einasta út samkvæmt reikningsformúlum ríkisskattstjóra og þess vegna segi ég það að vaxtabætur þúsunda einstaklinga eru skertar, annaðhvort felldar niður eða skertar mjög verulega.

Ég spurði líka sérstaklega og ítrekað: Hvernig stendur á því að skerðingarhlutfallið var ekki hækkað eins og aðrar viðmiðunartölur í skatti? Það er tími til að lifa fyrir þessa einstæðu móður við 220 þús. kr. skerðingu í ár. Ég spyr líka hæstv. fjármálaráðherra: Vill hann standa með mér við gerð þessa frumvarps og afgreiðslu þess á þingi, vill hann standa með mér að því að hækka skerðingarmörkin um 35% þannig að þessar fjölskyldur, þetta unga fólk sem reiknaði með vaxtabótum þegar það keypti íbúðir sínar og gerði fjárhagsáætlanir út frá því, vill hæstv. fjármálaráðherra standa að því að hækka skerðingarmörkin um 35% eins og fasteignamatið hækkaði á milli ára?

Þetta fólk sem ég er að tala fyrir hönd hefur ekki tíma til að lifa við þessi skertu kjör og það hefur heldur ekki tíma til að bíða. Ég vil líka taka það sérstaklega fram að þetta hefur ekki nokkurn skapaðan hlut með Íbúðalánasjóð að gera, hefur aldrei haft. Þetta er fólk sem hefur tekið þessi lán, það reiknar í upphafi með vaxtabótum og fær þær ekki.

[16:30]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta hefur auðvitað með það að gera hvaða viðmiðanir við notum varðandi vaxtabæturnar. Það hefur auðvitað með það að gera hver vaxtakjörin eru og loks hefur það líka með það að gera hver aðgangurinn er að lánunum. Það eru þær miklu breytingar í þessu sem við erum að sjá og höfum verið að sjá að undanförnu.

Það eru þess vegna fleiri þættir en þeir sem hv. þingmaður nefndi sem koma til skoðunar. Ég efast ekkert um að hann hefur talið fram fyrir marga og ég efast ekkert um að hann hafi fyllt rétt inn í reiknivél ríkisskattstjóra og að reiknivélin reikni rétt. Hins vegar eru framteljendur fleiri en þessir 600 sem hv. þingmaður nefndi. Þeir búa við misjafnar aðstæður. Þar sem um er að ræða að viðmiðið er hrein eign, og það sjáum við ekki fyrr en síðar, þá gæti verið um það að ræða að þeir sem búa við það að eignarverð þeirra hefur hækkað hafi jafnframt hækkað lántökur sínar á móti til þess að þetta bil skerðist ekki og til þess að fá vaxtabæturnar áfram.

Hvernig þetta kemur svo út í heildinni getur maður ekki sagt fyrir um núna, ekki fyrr en álagningunni er lokið. En það er einmitt þetta, að geta aukið lántökurnar þegar eignarverðið hækkar og jafnvel ráðstafað þeim fjármunum í allt aðra hluti en húsnæðisöflunina og geta samt sem áður fengið vaxtabætur áfram sem ég tel m.a. ástæðu fyrir því að við þurfum að fara ofan í vaxtabótakerfið. Því að ég efast stórlega um aðilar sem geta gert slíka hluti þurfi á vaxtabótum að halda. Ég hef hins vegar kannski meiri (Forseti hringir.) tilfinningu fyrir því að þeir aðilar sem hv. þingmaður var að telja fram fyrir þyrftu á þeim að halda í framtíðinni.

[16:33]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er að tala fyrir hönd ófaglærðs verkafólks á lágmarkstekjum. Það er líka verið að tala um álagningu 2006 vegna tekna 2005 sem eru staðreyndir. Þetta eru staðreyndir. Það er ekki eitthvað sem er verið að gera núna sem einstaklingur eru að gera í ár.

Ef 600 manns er ekki gott úrtak, þá veit ég ekki hvað það er. Ríkisskattstjóri er með þennan reiknigrundvöll. Hann er með þessa reiknivél þannig að maður sér þetta í hendi sér. Þetta er svo einfalt. Og hvaða stefna er það að láta viðmiðunartölurnar standa í stað milli ára? Verðbólgan var 4–5%. Allar viðmiðunartölur í skatti hækkuðu um þetta nema þessi tala. Af hverju er verið að ráðast að þessu fólki? Að bera því síðan við að fólk fari þá að taka meiri lán til að ná vaxtabótum. Mér finnst það satt best að segja alveg út í hött. Hver tekur lán bara til að fá vaxtabætur? Menn taka lán til að kaupa eignir, (Forseti hringir.) menn fara ekki að taka lán til að eyða því í einhverja óþarfa neyslu, ég tala nú ekki fólk sem er svona sett.

[16:34]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það fólk sem ég er að tala um er líka í skattkerfinu eins og fólkið sem hv. þm. Atli Gíslason er að tala um. Það er til fólk sem tekur lán á móti hækkandi eignarverði til að nota í annað, í aðrar fjárfestingar, eða í neyslu. Það hefur verið talað um þetta í þjóðfélaginu og er búið vera í umræðunni síðustu mánuði og missiri.

Þetta fólk fær líka vaxtabætur samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru í dag. Við sjáum ekki heildina í þessu fyrr en að álagningunni er lokið. (**AtlG:** Þau lán sem eiga að vera til íbúðarkaupa?) Þau lán eru að nafninu til til íbúðarkaupa en hluti af því vandamáli sem við höfum verið að tala um undanfarin missiri er að þau hafa síðan verið notuð í eitthvað annað. (Gripið fram í.)

Þar sem hv. þingmaður var ekki á þingi í desember þegar við fjölluðum um fjárlögin þá útskýrði ég hvers vegna breytingar voru ekki gerðar á uppfærslunum. Það var vegna þess að breytingar (Forseti hringir.) sem fyrirhugaðar voru í fjárlögum um lækkuð hlutföll voru heldur ekki gerðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 794. mál (framlenging á lækkun olíugjalds). — Þskj. 1213.

[16:35]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tímabundin lækkun á fjárhæð olíugjalds úr 45 kr. í 41 kr. verði framlengd um hálft ár, eða fram til 31. desember 2006. Sambærileg lækkun hefur verið samþykkt tvisvar sinnum áður en markmið hennar er að bregðast við óhagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði á dísilolíu samanborið við heimsmarkaðsverð á bensíni. Verð á dísilolíu á heimsmarkaði er enn óvenjuhátt í samanburði við heimsmarkaðsverð á bensíni og áfram ríkir óvissa um það hvernig heimsmarkaðsverð á dísilolíu og bensíni mun þróast innbyrðis á næstu mánuðum. Með vísan til þessa ástands er því með frumvarpi þessu lagt til að hin tímabundna lækkun olíugjalds verði framlengd um hálft ár, eða fram til 31. desember 2006. Sömu tillögu er að finna í frumvarpinu varðandi sérstaka kílómetragjaldið til samræmis við olíugjaldið.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að björgunarsveitum verði heimilt að nota litaða gjaldfrjálsa olíu á ökutæki sín en í staðinn greiði þær sérstakt kílómetragjald. Við upptöku olíugjalds jukust álögur á starfsemi björgunarsveita vegna reksturs dísilbifreiða nokkuð frá því sem var í þungaskattskerfinu, enda er olíueyðsla þessara farartækja oftar en ekki í litlu samræmi við ekna kílómetra. Þessari tillögu er ætlað að draga úr þeim álögum þannig að kostnaður björgunarsveitanna verði svipaður og hann var fyrir upptöku olíugjaldsins.

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að það muni leiða af sér 250 millj. tekjutap fyrir ríkissjóð frá því sem ella hefði orðið á árinu 2006 miðað við að sala á gjaldskyldri dísilolíu verði sú sama og hún var á síðari hluta ársins 2005.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[16:38]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við erum komin með þá sérkennilegu stöðu í þinginu að fjármálaráðherra er að mæla hér fyrir frumvarpi sem tekið er inn með afbrigðum, um olíugjald og kílómetragjald. Að þetta sérstaka gjald lækki eða að framlengd verði á því lækkun sem áður hafði verið samþykkt.

Hins vegar liggur fyrir í þinginu, og er nú hjá efnahags- og viðskiptanefnd, frumvarp til laga sem nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar fluttu í upphafi þings og var þar 1. flutningsmaður Jóhanna Sigurðardóttir sem situr nú á forsetastóli. Það frumvarp tók líka til olíugjaldsins og kílómetragjaldsins en jafnframt tók það frumvarp til þess að lækkað yrði vörugjald af bensínlítrum þannig að bensín- og olíulítrinn yrði lækkaður tímabundið. Þetta frumvarp er til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd. Því hlýtur að vakna sú spurning hvernig á því standi að ekki sé hægt að afgreiða það frumvarp Samfylkingarinnar sem þar liggur fyrir og þá hefði verið hægt að gera á því einhverjar breytingar og meiri hlutinn í efnahags- og viðskiptanefnd getað komið fram með breytingartillögur við það frumvarp ef hann hefði svo kosið því þetta liggur þar fyrir, virðulegur forseti.

Ég verð að segja það hér að við meðferð þessa máls í efnahags- og viðskiptanefnd munum við í Samfylkingunni leggja mikla áherslu á að bensínlítrinn verði lækkaður og að vörugjald á bensíni og olíu verði lækkað tímabundið til að takast á við þá hækkun á vísitölu sem nú er að verða vegna hækkana á heimsmarkaðsverði.

Ástæðan fyrir því að ég kem upp í andsvari er fyrst og fremst til að spyrja ráðherra hvernig standi á því að þeir hafi ekki bara tekið frumvarpið og afgreitt það út úr efnahags- og viðskiptanefnd og gert á því breytingartillögur.

[16:40]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Því er til að svara að hér er um að ræða framlengingu á áður afgreiddu þingmáli frá hæstv. fjármálaráðherra. Einnig er hér um nýtt efnisatriði að ræða, og þá vísa ég til þess hvað varðar björgunarsveitirnar. Ég held að betur fari á því að flytja nýtt frumvarp til að afgreiða þetta mál, bæði vegna forsögunnar og eins vegna hins að ef gerð hefði verið breytingartillaga eins og varðandi björgunarsveitirnar þá hefði verið um nýtt efnisatriði að ræða og það hefði mátt, þó að ég ætli ekki endilega að kveða upp úr með það, mátt gagnrýna að slíkt efnisatriði hefði ekki hafa farið í gegnum þrjár umræður í þinginu. Ég hef jafnan gætt mín á því að koma ekki með óskyld efnisatriði í gegnum breytingartillögur á frumvörpum í nefnd og ég held að það hafi verið til umræðu hér einhvern tímann áður á svipuðum forsendum þegar ég var að flytja frumvarp og þá sem ráðherra í öðrum málaflokki.

[16:41]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er alveg sannfærð um að við í efnahags- og viðskiptanefnd hefðum ekkert haft á móti því að gera breytingartillögu sem fæli í sér nýtt efnisatriði og það hefði getað orðið um það víðtæk sátt í nefndinni að gera slíka breytingu við frumvarp þingmanna Samfylkingarinnar sem þar liggur fyrir. Mér hefði bara þótt það eðlilegur framgangsmáti á málinu úr því að svona frumvarp, sem er í grundvallaratriðum efnislega samhljóða, þótt þarna sé eitthvert nýtt efnisatriði á ferðinni, og liggur fyrir og hefur verið rætt í þinginu og er komið til nefndar, hefði verið afgreitt út úr nefndinni en ekki að koma hér með nýtt frumvarp þó að í því sé þetta sérstaka ákvæði um bifreiðar í eigu björgunarsveita. En ég geri ráð fyrir að um það geti náðst góð sátt í efnahags- og viðskiptanefnd og vona að ráðherra vilji fylgja mér að málum í því að við náum líka fram í nefndinni lækkun á vörugjaldi á (Forseti hringir.) bensíni til þess að takast á við hækkandi vísitölur.

[16:43]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég efast ekkert um góðan vilja hv. þingmanna Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd til að taka á málum björgunarsveitanna. En varðandi það hvort þinglegt sé eða ekki að mál fari fram á ákveðinn hátt, ef einhver vafi er um að mál sé þinglegt þá er vafinn jafnmikill hvort sem efnisleg samstaða er um málið eða ekki. Þar af leiðandi er ekki rétt að taka neina áhættu í þeim efnum, jafnvel þó að menn sætu þegjandi í eitthvert skipti en næst þegar mál væri umdeilt mundu einhverjir standa upp og þá væri kannski verra að vera kominn með eitthvert fordæmi sem menn væru þá ekki sáttir við.

[16:44]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er fagnaðarefni að hæstv. fjármálaráðherra komi fram með þetta frumvarp sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum áður kallað eftir frá hæstv. ráðherra en óhjákvæmilegt er að spyrja ráðherra að tvennu. Í fyrsta lagi: Sér ráðherra fram á að hinn 31. desember næstkomandi hafi olíuverð á heimsmarkaði lækkað svo að þetta ákvæði megi koma til framkvæmda og gjaldið hækka um 4 kr. á olíuna? Eða hvers vegna velur hæstv. fjármálaráðherra að fresta þessu aðeins til þess tíma? Ég hefði haldið að horfur á heimsmörkuðum væru með þeim hætti að fullt tilefni væri til að fresta þessu lengur. Hins vegar, og það er kannski meginatriðið, var tekist talsvert á um olíugjaldið á sínum tíma og spurt hvort ástæða væri til að hafa það svo hátt og hvort ekki væri rétt að hvetja frekar til notkunar með að hafa það lægra en hæstv. fjármálaráðherra vildi hafa það en ákvörðun um það var byggð á spá um tekjuáhrif kerfisbreytinganna fyrir ríkissjóð. Ég spyr því hæstv. fjármálaráðherra hver þau áhrif hafi verið og hvort nauðsynlegt sé að fá þetta gjald inn í árslokin til að bæta ríkissjóði upp eitthvert tekjutap sem orðið hefur vegna breytinganna sem gerðar voru.

[16:45]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er álíka erfitt að sjá fyrir um verðbreytingar á eldsneyti eins og genginu. Þeir aðilar sem ég hef ráðfært mig við eru ekki á einu máli um að verð á eldsneyti muni endilega fara hækkandi, það gæti jafnvel lækkað eitthvað eða staðið í stað. Þess vegna er rétt að hafa það tímabundið meðan við erum enn að sjá hvernig þetta þróast, sérstaklega hvað varðar innbyrðis hlutföllin á milli bensíns og dísilolíu. Eins og hv. þingmenn allir vita verður flutt nýtt fjárlagafrumvarp næsta haust og þar með tekjuáætlun og þá er eðlilegt að tekin verði afstaða til þess hvernig þessum málum verður háttað á næsta ári í kringum fjárlagaafgreiðsluna.

Síðan varðandi hitt hver tekjuáhrif hins nýja kerfis hafa verið, ég er ekki með neinar tölur á takteinum um það sérstaklega hvort það hafi brugðið út af því sem áætlað hafði verið. Mér er ekki kunnugt um að svo sé, en er hins vegar ekki með neinar tölur sem staðfesta það. Sjálfsagt verður hægt að koma þeim á framfæri við hv. nefnd þegar málið verður þar til umfjöllunar.

[16:47]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir svörin og kalla eftir því að upplýsingar um þau tekjuáhrif sem breytingarnar höfðu í för með sér fyrir ríkissjóð verði lagðar fram í hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Það er mjög mikilvægt að við hvetjum til þess með hinum almennu skilyrðum að fólk nýti umhverfisvænni kostinn, sem er dísilolían, í ríkari mæli en gert hefur verið. Það er eitt af því sem við getum lagt af mörkum í mengunarmálum og frá umhverfissjónarmiði er það mikilvægt að olíugjaldið sé sannanlega ekki hærra en þær álögur sem fyrir voru á dísil og þess vegna full ástæða til að skoða það hvort þessar 4 krónur þurfi yfir höfuð að koma inn til þess að bæta ríkissjóði tekjutapið. Nauðsynlegt er að það sé alveg á hreinu áður en þessu ákvæði verður hleypt í gegn.

[16:48]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra flytur hér frumvarp, sennilega í þriðja skiptið, um tímabundna lækkun á olíugjaldinu úr 45 kr. í 41 kr., eða 4 kr. lækkun.

Í þessu andsvari langar mig að spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í það hvort ekki hafi verið nein umræða í hæstv. ríkisstjórn um flutningskostnaðinn. Við vitum að hið háa olíuverð sem núna er í landinu — og því miður bendir lítið til þess að það lækki á næstunni — er þegar farið að hafa þær afleiðingar að flutningskostnaður er að hækka, hann er sífellt að hækka. Ég spyr út í þetta, virðulegi forseti, vegna þess að fyrir síðustu alþingiskosningar beitti ríkisstjórnin sér fyrir því, þar á meðal ráðuneyti fjármála ásamt öðrum ráðuneytum, að skrifa mikla skýrslu og boða það í kosningunum, báðir stjórnarflokkarnir núverandi gerðu það, að ráðast ætti að þessari meinsemd, að þessum landsbyggðarskatti sem flutningskostnaðurinn er og lækka hann. Um það var skrifuð mikil skýrsla sem reyndar er hernaðarplagg ríkisstjórnar og fæst ekki birt. En það er annar handleggur.

Ég hef sagt það áður, virðulegur forseti, að í byggðaáætlun segir að gefist hafi verið upp á þessu og hætt við. Hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir sagði á fundi Eyþings að það væri ekki samstaða innan ríkisstjórnarinnar um að gera þetta, og það hefur komið fram hér á þinginu í svari við spurningu hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins, sem hefur upplýst að þetta hafi ekki stoppað í stjórnarflokkunum. Þá er hægt að draga þá ályktun, miðað við það sem sagt er, að þetta stoppar í ríkisstjórn. Það er einfaldlega erindi mitt hingað upp að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Var ekkert rætt um það í þessu sambandi að efna þetta loforð eða ætlar hæstv. ríkisstjórn að halda áfram að hækka þennan landsbyggðarskatt?

[16:51]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé kannski ekki við hæfi að segja frá því sem rætt er á ríkisstjórnarfundum en hv. þingmaður hefur eflaust ... (Gripið fram í.) Það ríkir trúnaður á umræðum á ríkisstjórnarfundum, en hv. þingmaður hefur eflaust farið yfir dagskrána og flutningsjöfnunin hefur ekki

verið á dagskránni undanfarið, það er rétt hjá honum. Ég get ekki svarað fyrir um það í hvaða stöðu nákvæmlega þau mál eru núna, það er annar ráðherra sem fer með þau mál og það þarf að spyrja hana að því hvað er á döfinni hjá henni í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Hæstv. iðnaðarráðherra.) Já, það er rétt til getið, iðnaðarráðherra hefur verið að vinna að þessu máli en hvar það er nákvæmlega statt núna get ég ekki sagt til um.

[16:52]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir þetta svar. Ég get sagt að ég mun nota fyrsta tækifæri hér í þinginu sem ég fæ til að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvar þetta er.

Mín skoðun er einfaldlega sú, miðað við það sem sagt hefur verið og það sem ég var hér að gera að umtalsefni, að Sjálfstæðisflokkurinn stoppar þetta mál í ríkisstjórn. Það getur ekki verið öðruvísi, nema þá að hæstv. iðnaðarráðherra sé bara að tala eitthvert fleipur sem hún meinar ekkert með. Auðvitað ber þetta keim af því og þannig held ég að málið sé.

Virðulegi forseti. Það eru til svo mýmörg dæmi og aðferðir til þess að lækka flutningskostnað, t.d. ein sem er mjög einföld, að skilgreina flutningsfyrirtæki í landinu sem flytja aðföng til og frá vegna atvinnurekstrar eða matvæla í landinu, setja þau á lituðu olíuna. Það væri ein aðferðin, þannig að margt er til.

Virðulegur forseti. Í þessu stutta andsvari langar mig að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort ekki hafi komið til tals að gera þetta fyrir björgunarsveitirnar án þess að fara í kílómetramælingu heldur með því að þær leggi fram reikninga eftir sitt reikningsár og fái endurgreiðslu þannig út af olíukaupum.

[16:53]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég minnist þess ekki að sú aðferð hafi komið upp. Sú aðferðafræði sem hér um ræðir er til og hv. þingmaður kannast við það frá því að við fórum í gegnum það fyrr í vetur. Ég held að það sé ágætt að sjá hvort hún geti ekki dugað vel fyrir björgunarsveitirnar.

[16:54]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þetta var ansi stutt framsaga hjá hæstv. fjármálaráðherra fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um olíugjald og kílómetragjald en eins og fram kom í máli hans og í umræðunum hér áðan er með þessu verið að framlengja tímabundna lækkun á upphæð olíugjaldsins sem var lækkað á síðasta ári úr 45 kr. í 41 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu. Þessi lækkun var til 1. júlí 2006 og það er sem sagt verið að framlengja þetta. Markmiðið með þessari tímabundnu lækkun er að bregðast við óhagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði á dísilolíu samanborið við heimsmarkaðsverð á bensíni, eins og hér segir.

Virðulegur forseti. Við í Samfylkingunni getum auðvitað ekki annað en fagnað því að þetta frumvarp skuli fram komið því við höfum kallað eftir því að það kæmi hér fram í þinginu. Það er bara í samræmi við frumvarpsflutning sem nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar standa að og var lagt fram í upphafi þings í haust undir forustu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þar var lagt til að þetta yrði framlengt, þessi tímabundna lækkun, og yrði ekki 41 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu sem olíugjaldið væri heldur 37 kr. eins og sagði í því frumvarpi. Það er því gengið lengra í því frumvarpi en hér er gert ráð fyrir og það skýrist auðvitað fyrst og fremst af þeim miklu hækkunum sem eru að verða akkúrat núna þessa mánuðina á heimsmarkaðsverði á olíu.

Eins og ég kom inn á var frumvarp þingmanna Samfylkingarinnar frá í haust tvíþætt. Það tók annars vegar til olíugjaldsins og að tímabundin lækkun þess yrði framlengd, en hins vegar tók það frumvarp líka til þess að vörugjald af hverjum lítra af bensíni yrði lækkað tímabundið. Í frumvarpi þingmanna Samfylkingarinnar var lagt til að það yrði lækkað tímabundið um 5 kr. Aftur slæ ég þann varnagla að þetta var lagt fram í haust og síðan hafa hækkanir á heimsmarkaðsverði haldið áfram þannig að það getur vel verið að sú tala ætti að vera einhver önnur en 5 kr.

Það sem við teljum mikilvægt við frumvarp Samfylkingarinnar um lækkun á vörugjaldi af bensíni er að sú lækkun hefur talsverð áhrif á vísitöluna og getur hjálpað til við þær aðstæður sem núna eru þegar vísitalan fer mjög hækkandi, m.a. vegna hækkana á bensíni, og þegar verðbólgan er komin á skrið eins og nú er raunin. Við viljum því halda okkur við þetta mál og hefðum talið eðlilegt að fjármálaráðherra kæmi með slíkt mál inn í þingið samhliða því að hann leggur fram frumvarp til framlengingar á lækkun á olíugjaldi, vegna þess að lækkun vörugjalds á bensíni hefur þýðingu fyrir heimilin í landinu. Við vorum að tala um það hér áðan í umræðunni um gengishagnað fyrirtækjanna að verið væri að koma til móts við fyrirtækin í landinu við þær aðstæður sem núna eru en það er ekki síður mikilvægt að koma til móts við heimilin í landinu. Þetta getur gert það vegna þess að auðvitað skiptir bensínnotkun heimilin verulegu máli. Það má geta þess að eldsneytiskostnaður á meðalfjölskyldubíl hækkar yfir eitt ár um 40 þús. kr. vegna þeirra hækkana sem eru að verða á bensíni og það munar auðvitað um minna í rekstri heimilanna. Bara af þeim sökum hefði því verið mikilvægt að slíkt mál kæmi fram en líka eins og ég sagði vegna þess að það hefur áhrif á vísitöluna. Við vitum að í nóvember er líklegt að launaliður kjarasamninga verði lausir vegna þeirrar þróunar sem á sér stað í efnahagslífinu og þeirrar verðbólgu sem hér er komin á skrið og þá skiptir auðvitað verulegu máli að geta tekist á við það og haft áhrif á vísitöluna til lækkunar eins og hægt er að gera með því að lækka vörugjaldið á bensínlítranum.

Ég geri mér auðvitað grein fyrir að með því er ekki verið að vinna bug á verðbólgunni því að verðbólguþrýstingurinn er eftir sem áður til staðar. En þetta hjálpar til við þær aðstæður sem hér eru rétt eins og það hjálpaði til á þinginu 2001–2002 þegar þáverandi fjármálaráðherra lagði til að vörugjald af bensíni yrði lækkað tímabundið. Það gerði hann með þeim rökum að þetta væri liður í baráttunni við verðbólguna. Ef þetta var liður í baráttunni við verðbólguna árið 2001 þá getur þetta verið liður í baráttunni við verðbólguna líka núna árið 2006.

Það mál sem þingmenn Samfylkingarinnar flytja og er

hjá efnahags- og viðskiptanefnd er efnislega algerlega samhljóða frumvarpinu sem þáverandi hæstv. fjármálaráðherra flutti á þinginu 2001 um tímabundna lækkun á vörugjaldi á hverjum lítra af bensíni.

Ég ætla, virðulegur forseti, aðeins að fara yfir rökin sem þá komu fram hjá hæstv. fjármálaráðherra. Þá sagði hann, með leyfi forseta:

„Ástæðan fyrir því að hér er lögð til tímabundin breyting" — þ.e. lækkun á vörugjaldinu — „er sú að verð á bensíni hefur farið hækkandi á heimsmarkaði og það er ljóst að áhrif slíkrar hækkunar á bensínverð hér innan lands geta verið umtalsverð og hugsanlega stofnað verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu." Síðan sagði hæstv. fjármálaráðherra:

„Við teljum verjandi að ráðstafa fjármunum með þeim hætti í þeirri baráttu sem hér er háð við verðbólguna og til að tryggja verðlagsmarkmið kjarasamninganna."

Þáverandi hæstv. fjármálaráðherra lagði áherslu á að þetta mál yrði afgreitt mjög hratt í þinginu.

Ég segi, virðulegur forseti, að þessi sömu rök eiga við núna. Það skiptir máli að reyna að takast á við verðbólguna. Það skiptir máli að tryggja þau verðlagsmarkmið sem menn hafa. Það skiptir máli að reyna að koma í veg fyrir að verðtryggð lán heimilanna í landinu hækki verulega vegna hækkandi vísitölu. Þess vegna hefði ég talið eðlilegt að fjármálaráðherra kæmi fram með slíkt mál samhliða framlengingunni á lækkun olíugjalds.

Bara til að gefa dæmi um það, virðulegur forseti, hvaða þýðingu þetta hefur, ef við gæfum okkur að vörugjald af hverjum lítra af bensíni lækkaði um 6 krónur í sex mánuði þá mundi það hafa áhrif á vísitöluna til lækkunar um 0,4%. Það skiptir máli að lækka vísitöluna um 0,4% því eins og ég kom inn á hér fyrr í dag þýðir 1% hækkun verðbólgu um 9 milljarða hækkun á höfuðstól verðtryggðra skulda heimilanna í landinu.

Það skiptir því verulegu máli, virðulegur forseti, fyrir fólkið í landinu að reynt verði að takast á við þetta, bæði vegna áhrifa á vísitölu og eins vegna þess að þetta eru útgjöld sem skipta fólk máli á degi hverjum. Þá skiptir það auðvitað verulegu máli, eins og kom fram hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller, að hægt verði að lækka flutningsgjöld á landsbyggðinni. Hátt olíuverð hefur auðvitað áhrif á flutningskostnað til hækkunar. Mér er sagt að þetta sé komið fram nú þegar á fylgigögnum sem fyrirtæki gefa út vegna flutninga. Í þessum fylgigögnum eða fylgiskjölum sé sérstakur reitur þar sem stendur olíuálag.

Ég ætla að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort honum sé kunnugt um að farið sé að setja það sérstaklega inn í fylgiskjöl með vörum sem eru til flutnings, þetta sérstaka olíuálag sem svo er nefnt.

Það er auðvitað kunnara en frá þurfi að segja að hátt olíuverð skemmir samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni. Mér hefur verið sagt frá kjötiðnaðarfyrirtæki á Norðurlandi sem talið er að greiði allt að 100–150 millj. kr. í flutning á ári. Það segir sig auðvitað sjálft að slíkt kemur niður á vöruverði. Það eru þá neytendur sem það greiða í mörgum tilvikum og eins og ég sagði, dregur það úr samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni. Þannig að landsbyggðin líður undir þessu háa olíuverði. Þar af leiðandi má segja að það séu þríþætt rök fyrir að takast á við þetta, þessi mál bæði með lækkunina á olíugjaldinu og lækkun á vörugjaldi og bensíni. Það eru áhrif á vísitöluna, það eru útgjöld fólks á degi hverjum og það er mikilvægt fyrir landsbyggðina að losna við eitthvað af þeim landsbyggðarskatti sem þarna er lagður á.

Nú er ekki svo að skilja að ríkissjóður yrði eitthvað á berum bökkum þótt hann þyrfti aðeins að gefa eftir í þessum gjöldum vegna þess að tekjur ríkissjóðs af bensíni eru auðvitað umtalsverðar, sérstaklega nú þegar verðið er að hækka eins mikið og raun ber vitni. Mér skilst að tekjur af virðisaukaskatti núna, miðað við tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti vegna bensíns árið 2005, séu um 740 millj. kr. í ríkissjóð yfir eitt ár. 740 millj. kr. auknar tekjur af virðisaukaskatti yfir eitt ár. Þar af leiðandi er um verulega tekjuaukningu að ræða fyrir ríkissjóð. Meðalverð á 95 oktana bensíni á liðnu ári var um 107,15 kr. á lítra en er núna 126,10 kr. á lítra. Meðalverðið fyrstu fjóra mánuðina í ár, þ.e. árið 2006, er 114,80 kr. á lítra. Ef það meðalverð héldist út árið gæfi það ríkissjóði 440 millj. kr. í auknar virðisaukaskattstekjur yfir árið samanborið við tekjurnar 2005. Þannig að jafnvel þó að verðið væri nú lækkað úr þessum 126 kr. í bara það meðalverð sem var yfir fyrstu fjóra mánuðina, 114,80 kr., þá yrði samt um verulega tekjuaukningu að ræða hjá ríkissjóði.

Ég tel, virðulegur forseti, að það sé mikilvægt að takast á við bæði þessi mál, vörugjaldið af bensíni og eins þessa framlengingu á lækkun olíugjaldsins og þessi mál eigi að fara samhliða í gegnum þingið. Ég lýsi því yfir að ég er tilbúin til þess að vinna að því í efnahags- og viðskiptanefnd að gera á frumvarpi fjármálaráðherra þá breytingu sem ég hef talað hér fyrir og afgreiða þetta mál hratt og vel í gegnum þingið svo lækkunin geti komið til framkvæmda sem allra fyrst.

Ég vil hins vegar segja það, virðulegur forseti, að nú er ég ekki þeirrar skoðunar að ekki megi skattleggja umferð og bensín. Ég tel það út frá umhverfissjónarmiði réttmæta og eðlilega skattheimtu. En fyrr má nú rota en dauðrota, eins og þar stendur. Við búum einfaldlega við eitthvert hæsta verð í heimi og það kemur niður á, eins og ég sagði, ekki síst landsbyggðinni og þetta háa bensín- og olíuverð er farið að koma verulega niður á heimilunum í landinu.

Heildarskatttekjur á árinu 2005 af umferð og bílainnflutningi voru um 47 milljarðar kr. eins og fram kom í svari hæstv. fjármálaráðherra við fyrirspurn þingmanns Samfylkingarinnar, Kristjáns L. Möllers, um skatttekjur af umferð. 47 milljarðar kr. Hér er því um verulegan búhnykk að ræða fyrir ríkissjóð. Það er ekki nema lítill hluti af þessum skatttekjum sem fer til vegaframkvæmda og til annarra framkvæmda eða annars kostnaðar hjá Vegagerðinni því Vegagerðin fær af þessu fé um 15,7 milljarða kr.

Ég segi það enn og aftur, virðulegur forseti, að ég tel mikilvægt mál hér á ferðinni. Ég vil gera á því breytingu og vil að við tökum það fyrir í efnahags- og viðskiptanefnd að vörugjald af bensíni verði jafnframt lækkað. Við afgreiðum þetta mál síðan hratt og vel hér í þinginu þannig að þessi lækkun á vörugjaldinu á bensíni komi þegar til framkvæmda við næstu mælingu á vísitölunni. Með því móti tækist okkur aðeins að sporna við þeim miklu hækkunum á

vísitölu og verðtryggingu sem hér er í gangi.

[17:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að fagna því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram þótt seint sé eins og mörg mál hæstv. ríkisstjórnar. Markmiðið með þessari tímabundnu lækkun er að bregðast við óhagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði á dísilolíu. En það sem vantar auðvitað er það sem hv. síðasti ræðumaður nefndi, að ekki skuli vera gengið skrefinu lengra og einnig látin koma til framkvæmda tímabundin lækkun á bensíni sem, eins og hér kom fram hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, hefur verulega þýðingu til að slá á verðbólguna. Er raunar óskiljanlegt af hverju hæstv. ríkisstjórn fer ekki þá leið sem við í Samfylkingunni tölum fyrir og þingmál var lagt fram og hefur legið fyrir þinginu síðan í haust.

Við sjáum fram á mikla verðbólgu, kannski 8–9% verðbólgu á næstu þremur mánuðum. Þetta er auðvitað mikilvægt innlegg inn í þá stöðu, sérstaklega þegar við getur blasað að kjarasamningar verði í uppnámi næsta haust. Þá er mikilvægt að ríkisstjórnin grípi þegar til aðgerða sem hafi þau áhrif að koma í veg fyrir að hér geti allt farið í bál og brand í haust.

Ég sé ekki hæstv. ráðherra hér í salnum, frú forseti, veit reyndar ekki hvort hann hlýðir á mál mitt, en ég er með nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra svo það væri gott að vita hvort hann heyrir hér til mín. (Gripið fram í.) Ráðherrann er rétt ókominn en það er ástæða til þess að spyrja hann út í bensínið og einnig út í það frumvarp sem hann mælti fyrir sem hann hafði nú ekki mjög mörg orð um.

Það er nú óþægilegt að hafa ekki ráðherrann hér í salnum.

(**Forseti** (DrH): Forseti vill gera tilraun til að ná ráðherra inn í salinn.)

Hér kemur fram í frumvarpinu að þetta hafi áhrif á tekjur ríkissjóðs og er um að ræða 250 millj. En það er alveg ljóst að þetta eru tekjur sem renna til vegamála og því er spurningin hvort sú breyting sem hér er lögð til hafi einhver áhrif á fjármagn til Vegagerðarinnar.

Ég spyr sérstaklega vegna þess að það hafa komið þó nokkuð margar umsagnir við það frumvarp sem við þingmenn í Samfylkingunni höfum lagt fram þar sem við leggjum til tímabundna lækkun bæði á bensíni og olíu. Það kom fram hjá Vegagerðinni að hún taldi að það frumvarp um tímabundna lækkun á olíunni gæti haft áhrif til lækkunar og tekjutaps hjá Vegagerðinni. Það er nefnt hér, með leyfi forseta, í þessari umsögn um okkar frumvarp í Samfylkingunni:

„Áætlað tekjutap Vegagerðarinnar vegna framlengingar tímabundinnar lækkunar er um 140 millj. kr. miðað við áætlaða sölutölur Vegagerðarinnar."

Ráðherra kom ekkert inn á það þannig að ástæða er til þess að spyrja hæstv. ráðherra út í það. Vel má vera að staðan sé sú að það hafa verið misvísandi upplýsingar t.d. í fjárlögum um tekjuforsendur og við hvaða lítrafjölda áætlun um tekjur af olíunni er miðuð. Margir telja að hér sé um að ræða hærri tekjur og fleiri lítra af olíu en gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Mig minnir að það hafi verið 81 millj. lítra. En það megi gera ráð fyrir meira magni. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra geri ráð fyrir því í útreikningum sínum.

Þegar hæstv. ráðherra hefur verið spurður um lækkun á bensíngjaldinu þá hefur mér aldrei fundist ráðherrann taka neitt afdráttarlaust fyrir að þetta gæti komið til, að lækka líka bensínið. Ég spyr ráðherrann um það, það mundi auðvelda okkur alla meðferð máls í efnahags- og viðskiptanefnd, hvort ráðherrann ljái því máls fyrir sitt leyti. Málið er hjá efnahags- og viðskiptanefnd. Ég spyr hvort hann ljái því máls fyrir sitt leyti að það verði líka ráðist í að lækka tímabundin gjöld af bensíni.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fór nokkuð yfir það frumvarp sem hefur legið fyrir efnahags- og viðskiptanefnd og hvernig hún sæi fyrir sér hugsanlegar breytingar á þessu frumvarpi að því er varðar einnig tímabundna lækkun á bensíni og fór yfir verðlagsáhrifin af því sem hljóta að skipta máli í stöðunni. Ef um er að ræða 6 kr. tímabundna lækkun plús virðisaukaskatt eða tæplega 7,5 kr. á bensíni til áramóta í sex mánuði þá hefur það veruleg verðlagsáhrif eins og hér var nefnt eða 0,4%. Það er ástæða til að segja líka að því er það varðar að hér er farið mjög vægt í sakirnar. Við skulum segja að það yrði niðurstaðan að við færum þá leið að lækkunin yrði tæplega 7,5 kr. með virðisaukaskatti — þá erum við bara að miða við meðalverð eins og það var fyrstu fjóra mánuði þessa árs eða um 114 kr. en lítrinn er núna 126 kr. rúmar. Ef við ætluðum að ná því alveg til baka þyrftum við að fara í tímabundna lækkun í sex mánuði upp á sennilega 12,50 þannig að hér er ekki gengið hart fram í því að lækka tímabundna gjaldið af bensíni þegar talað er um 7,5 kr. Lítrinn núna er orðin 131,20 ef salan er með fullri þjónustu.

Segjum svo að þessi leið yrði farin, 7,5 kr., þá erum við að tala um tekjutap í bensíni sem nemur um 600 millj. kr. en samkvæmt þeim útreikningum sem ég hef látið gera kemur í ljós að þrátt fyrir 600 millj. kr. tekjutap ríkissjóðs stæðu samt eftir 500 millj. í ríkiskassanum miðað við þá hækkun sem orðið hefur á bensíni. Það er því alls ekki verið að fara fram á að skila öllu til baka til bifreiðaeigenda heldur aðeins að hluta til.

Ég held að það þurfi líka að ganga lengra í olíunni heldur en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi og ég held að það þurfi líka að fara í samsvarandi lækkun á henni. Þá værum við að tala um 375 millj. til viðbótar eða 975 millj. kr. sem mundi ekki einu sinni taka til baka allt það sem ríkissjóður hefur fengið í kassann vegna þessarar miklu hækkunar á eldsneytisverði. Þetta skiptir máli, ekki bara sem innlegg í það að slá á verðbólguna með lækkun vísitölunnar heldur hefur það líka veruleg áhrif til að bæta kjör fjölskyldna vegna þess að eldsneytiskostnaður á meðalfjölskyldubíl hækkar yfir eitt ár um 40 þús. kr. eða um 5.300 kr. á mánuði miðað við eldsneytisverðið eins og það er núna. Til að borga þessa viðbót í eldsneytiskostnað þarf að auka vinnutekjur heimilanna um 64 þús. kr. yfir árið. Hvernig sem á málið er litið er þetta hagstætt fyrir heimilin í landinu og þetta er mjög mikið innlegg í það að lækka hér verðbólguna.

Það eru ekki svo litlar tekjur sem ríkissjóður hefur af umferðinni, bílaumferð og eldsneytinu, þegar við erum að

tala um 47 milljarða kr. Það var áætlað fyrir áramótin þegar við vorum að ræða frumvarp okkar í Samfylkingunni í tengslum við fjárlögin að tekjur ríkissjóðs af bílum og umferðinni væru áætlaðar um 40 milljarðar kr. á sl. ári. En nú nokkrum mánuðum seinna er þetta áætlað 47 milljarðar kr. Ég er viss um að það er ekkert land í heiminum sem hefur eins miklar tekjur af sköttum af umferðinni og ríkissjóður í þessu landi. Það er því auðvitað að verða tímabært að á þessu máli sé tekið og hefði átt að gera fyrr eins og við í Samfylkingunni höfum lagt til að gert yrði. Þess vegna legg ég þá spurningu fyrir hæstv. ráðherra hvort það komi til greina af hans hálfu að efnahags- og viðskiptanefnd skoði þennan þátt mála og bæti tímabundinni lækkun á bensíninu inn í það frumvarp sem ráðherrann mælir fyrir.

Við erum að tala um aukinn kostnað neytenda bara á einu ári. Miðað við eldsneytisverð nú erum við að tala um 4,6 milljarða í aukinn kostnað fyrir neytendur. Það er ekkert smátt. Ef sú leið yrði farin sem við tölum fyrir með tímabundna lækkun til áramóta upp á 7,5 kr. með virðisaukaskatti þá mundi það draga úr útgjöldum heimilanna vegna bensínhækkana um 750 millj. kr. Það munar verulega um það fyrir heimilin í landinu og er auðvitað mjög þungur baggi á heimilunum í landinu að fá yfir sig þessa bensínhækkun sem hækkar skuldir heimilanna og afborganir eins og hér hefur verið farið yfir.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að um það mál sem við höfum haft til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd og ekki hefur fengist rætt hafa komið margar umsagnir. Þær eru að verulegu leyti jákvæðar. Það er t.d. athyglisvert að Viðskiptaráð Íslands vill ganga lengra en frumvarp okkar í Samfylkingunni því það leggur til að frumvarpið nái fram að ganga. Þá erum við að ræða um 5 kr. sem þarf auðvitað að breyta miðað við þær breytingar sem orðið hafa síðan frumvarpið var lagt fram. En Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga með þeirri breytingu að sú lækkun sem við lögðum til verði ekki tímabundin heldur varanleg.

Skeljungur vekur athygli á því að eigendur bensínbíla greiða um 15% hærri opinber gjöld en eigendur dísilbíla að teknu tilliti til orkugildis. Maður spyr sig t.d. út frá þeirri röksemd af hverju sé ástæða til að skilja bensínið eftir og lækka ekki tímabundið gjald á því eins og lagt er til varðandi dísilolíuna.

Umferðarráð er með umsögn þar sem vísað er í umsagnir ýmissa aðildarfélaga þess. Það er t.d. frá fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar þar sem segir, með leyfi forseta: „Félagið ítrekar mikilvægi þess að af lækkun bensín- og olíugjalds verði að það verði skoðað í lok tímabilsins hvort ekki sé ástæða til að framlengja lækkunina ef heimsmarkaðsverð er áfram svipað og það er í dag.“ Í frumvarpi okkar gerðum við ráð fyrir að lækkunin tæki til fimm mánaða tímabils og yrði þá endurskoðuð sem mig minnir að hafi átt að vera í marsmánuði eða aprílmánuði.

Olíudreifing segir, með leyfi forseta: „Ekki er að sjá neina annmarka á því að þetta gjald verði lækkað en þægilegra væri að miða breytinguna við áramót.“ Bændasamtök Íslands segja, með leyfi forseta: „Án þess að leggja mat á útfærsluna tekur stjórn BÍ undir nauðsyn þess að hamla gegn verðhækkun eldsneytis sem hefur ekki síst áhrif á flutningskostnað á landsbyggðinni.“ Það var einmitt það sem hv. síðasti ræðumaður, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fór vel yfir að það skiptir verulegu máli fyrir landsbyggðina að farið sé í þetta mál með þeim hætti sem við leggjum til.

Það er vakin athygli á því hjá Félagi ísl. bifreiðaeigenda að um 60% af útsöluverði bensíns og dísilolíu séu skattar í ríkissjóð og síðan segir, með leyfi forseta: „Á þessu ári stefnir í að tekjur ríkissjóðs af bílum í umferð fari yfir 40 millj. kr. sem er Íslandsmet í bílasköttum yfir eitt ár.“ Nú eru þessir 40 milljarðar sem var áætlað komnir í 47 milljarða. Og áfram segir, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir verðlækkun á bílaeldsneyti síðustu vikurnar samanborið við ofurverð í haust þá er eldsneytisverð um þessar mundir mjög íþyngjandi og óvenjuhátt til íslenskra bifreiðaeigenda. Gengi íslensku krónunnar hefur haldið verðinu niðri hér á markaði en nú síðast í morgun var tilkynnt um hækkun á eldsneyti á grundvelli versnandi stöðu krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.“ Þetta er skrifað 25. nóvember og hefur staðan verulega versnað síðan það var skrifað.

Síðan er það Landssamband sendibílstjóra sem fagnar mjög því frumvarpi sem við mæltum fyrir, sömuleiðis Neytendasamtökin og Strætó bs. Umsagnir lágu því fyrir þegar staðan var ekki eins slæm og hún er í dag um það að flestir umsagnaraðilar mæla með því að það verði farið í tímabundna lækkun á bensíni og olíu.

Ég hef lagt fram tvær fyrirspurnir til hæstv. ráðherra sem ég vænti að hann svari sem mun þá auðvelda okkur meðferð málsins í efnahags- og viðskiptanefnd. Í lokin tek ég undir með hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að það mun ekki standa á okkur að afgreiða þetta mál fljótt og vel úr efnahags- og viðskiptanefnd, ekki síst ef það verður vilji fyrir því af hendi hæstv. ráðherra og meiri hlutans í efnahags- og viðskiptanefnd að lækka líka tímabundið til áramóta gjöld á bensíni. Ég held að þetta sé kannski eitt af þeim þarfari málum sem nauðsynlegt er að afgreiða fyrir þinglok.

[17:26]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Eins og ég sagði í stuttu andsvari áðan þá erum við að ræða tímabundna 4 kr. lækkun á olíugjaldinu sem er náttúrlega hlægilega lág tala en engu að síður ber að þakka það sem gert er. En lítið er það. Þetta er náttúrlega staðfesting á gagnrýni sem ég hef margoft látið koma fram hér þegar olíugjaldið var sett á og sett á þessi krónutala. Þá var það gert vegna þess að teknar voru þungaskattstekjur ríkissjóðs það árið og deilt í lítrafjöldann og fundið út hver niðurstaðan þyrfti að vera. Dugði samt ekki alveg vegna þess að menn voru að tala um hærri krónutölu en 45 kr. þá og það mætti andstöðu og var lækkað. Þá þurfti áfram tekjur í ríkissjóð til þess að vera ekki að gefa eftir og þá var fundið upp hið tvöfalda kerfi; þungskattskerfið var ekki lagt af nema að hluta vegna þess að allir bílar sem eru þyngri en 10 tonn þurfa að borga þar að auki þungaskatt og ekki bara þungaskatt af bílunum heldur þungaskatt af tækjunum sem dregin eru af vögnunum. Þetta er náttúrlega hlægilegt kerfi. Síðast áttum við töluverða umræðu um það og ég man eftir að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gagnrýndi þetta mjög og hæstv. fjármálaráðherra reyndi að lempa andstöðu og

óánægju í stjórnarflokkunum með því að segja að þetta yrði endurskoðað á árinu og vonandi stendur það til. Þetta er sem sagt frekar vitlaust kerfi.

Ég tók eftir því um daginn að hæstv. utanríkisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, var að reyna að finna rök fyrir þessu gjaldi m.a. með því að menn keyptu sparneytnari bíla og allt það og það er alveg rétt. Þetta er umhverfisvænni orka o.s.frv. en við verðum auðvitað að hafa það í huga að bílarnir eru dýrari í innkaupi og þar sem svo lítill munur er á olíuverði og bensínverði eins og hér hefur verið gert að umtalsefni, þá er fjárhagslegur ávinningur okkar Íslendinga af því að skipta yfir í litla sparneytna dísilbíla mjög lítill, miklu minni en annars staðar. Við bentum á og ég er sannfærður um að innan skamms tíma koma gervihnattakubbar í bíla og það verður greitt þá eftir því hvernig þeir keyra um. Þar á meðal verður hægt, eins og ég hef áður gert að umtalsefni, að setja inn gjaldskrá sem væri t.d. þannig að flutningabílar sem ekið væri á nóttunni þar sem er minna vegslit greiddu þá lægra gjald. Þetta kemur. Evrópusambandið er farið að tala fyrir þessu og þessir kubbar munu koma fyrr en seinna. Breytingin yfir í olíugjaldið kom í raun og veru allt of seint. Sennilega hefði betur verið haldið í þungaskattskerfið með þeim breytingum sem við í Samfylkingunni lögðum til, það var að búa til nýjan lágan gjaldflokk fyrir litlu sparneytnu bílana. Að mig minnir kostar það 50 eða 60 þús. kr. á ári. En nóg um það.

Það sem við erum sem sagt að ræða um hér er þessi 4 kr. lækkun á olíugjaldinu, sem hæstv. fjármálaráðherra flytur í annað sinn og forveri hans einu sinni að mig minnir. Þetta eru náttúrlega hlægilegar tölur miðað við það svakalega orkuverð sem er á landinu, sem helgast af háu heimsmarkaðsverði, heimsmarkaðsverði sem er hátt út af ástandi í heimsmálum, það að ríkisstjórnin í Bandaríkjunum, sem er mjög herská undir forustu George Bush, forseta Bandaríkjanna, virðist ætla að efna til ófriðar í ýmsum löndum sem framleiða olíu. Það hefur þau áhrif á heimsmarkaði að olíuverðið rýkur upp. Styrjöld í Nígeríu hefur þessi áhrif, geysilega mikil notkun Kínverja og Indverja á olíu, allt kallar þetta á hærra verð. Síðast en ekki síst skilst mér að það sé líka þannig að það vanti bara hreinlega borpalla í heiminum til að dæla upp meiru og líka að það þarf fleiri borpalla vegna þess að það gengur orðið verr að dæla þessu hráefni upp úr jörðinni. Olíuhreinsistöðvar er talað um að vanti líka þannig að allt þetta hefur áhrif á heimsmarkaðsverð og það eru engar líkur á því, virðulegi forseti, að heimsmarkaðsverð á olíu muni lækka eitthvað á næstu mánuðum eða næstu árum. Við munum áfram búa við svimandi hátt olíuverð og orkuverð hér á Íslandi og heiminum.

Hér hafa verið gerðar að umtalsefni, virðulegi forseti, skatttekjur ríkissjóðs af umferð og bílainnflutningi. Það er rétt að það kemur fram í svari við fyrirspurn frá mér sem ég veit að er ættað úr fjármálaráðuneytinu en sett fram af samgönguráðherra að heildartekjurnar séu 47 milljarðar miðað við bráðabirgðatölur fyrir árið 2005. Það eru svakalegar tölur. Þetta er helmingshækkun frá árinu 1995, frá því að núverandi ríkisstjórnarflokkar tóku við. Hér var talað um Íslandsmet í skattheimtu af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég er alveg sannfærður um það að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks með fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins í því sæti er að slá heimsmet í skattheimtu af umferð og bílainnflutningi. Ég held að ekki sé hægt að finna nokkurt land sem er með viðlíka skattheimtu og hér hefur verið gerð að umtalsefni.

Við getum tekið dæmi. Áætlaðar virðisaukaskattstekjur af rekstri einkabíla, tæpir 9 milljarðar kr., voru 4,3 árið 1995. Áætlaðar virðisaukaskattstekjur af kaupum á einkabílum eru nú tæpir 9,3 milljarðar en voru 3,2 milljarðar árið 1995. Nú veit ég að hæstv. fjármálaráðherra mun væntanlega segja að þetta sé vegna þess hve ástandið sé gott í landinu og fleiri kaupi bíla. Auðvitað er það svoleiðis að fleiri bílar hafa verið keyptir, það er rétt.

Áfram getum við haldið. Ef við förum yfir í tekjur af notkun ökutækja þá eru það 18,7 milljarðar kr. og af bifreiðakaupum 19,4. Síðan eru aðrar tekjur sem ég gat hér um áðan sem eru 8,8 milljarða virðisaukaskattstekjur af rekstri einkabíla. Samtals gerir þetta í kringum 47 milljarða og nú er svo komið, virðulegi forseti, að þessar tekjur eru 4,8% sem hlutfall af landsframleiðslu en voru 3,7% árið 1995. Þetta segi ég hér, virðulegi forseti, vegna þess að það er sannarlega mikil skattheimta til ríkissjóðs og þess vegna er auðvitað mikið og gott svigrúm til þess að lækka álögur miðað við núverandi ástand eins og hv. þingmenn báðir tveir hafa gert hér að umtalsefni, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Mér þykir afar merkilegt og rétt að vekja athygli þings og ríkisstjórnar á því boði sem formaður Samfylkingarinnar hefur hér lagt fram. Verst er að við skulum ekki hafa þing á morgun. Ef einhver dugur væri nú í hæstv. ríkisstjórn ætti hún að þiggja það boð og slá til og gera þetta, keyra það í gegnum þingið og láta þetta virka strax inn í þá vísitölumælingu sem verið er að gera nú um þessar mundir sem mun svo fara út í verðtryggingu fyrir júnímánuð. Ég hygg að við munum sjá þar háar tölur.

Það er svo, virðulegi forseti, að nú í apríl er bensín- og olíuþátturinn sem vægi í vísitölu neysluverðs 6,7%, hefur hækkað um 0,4% frá því í mars. Vegna þess hvað olía og olíuvörur eru orðnar dýrar hækkar þessi hlutur. Hann var í janúar að mig minnir 4,9%. Þetta er svona til þess að setja þetta fram, virðulegi forseti, sem dæmi að húsnæðisþátturinn, hiti og rafmagn, er 26,4% vægi nú í apríl. Þetta er lítið skref ef svo má að orði komast til þess að freista þess að lækka verðbólgu sem hér er sett fram, bæði það frumvarp sem við í Samfylkingunni fluttum við upphaf þings sl. haust og það boð sem formaður Samfylkingarinnar hefur sett fram núna.

Virðulegi forseti. Ég hef gert hér að umtalsefni skatttekjur ríkissjóðs af umferð og bílainnflutningi. Má ég líka benda á það að áætlaðar virðisaukaskattstekjur af hverjum bensínlítra miðað við þá 30 kr. hækkun sem er búin að vera, ef við tökum bara einhverja svoleiðis tölu, er 6 kr. á hvern lítra. 80 lítra fylling á bíl gerir tæpar 500 kr. sem viðbótarvirðisaukaskattstekjur í ríkissjóð vegna þessara hækkana. Þá er borð fyrir báru. Ríkissjóður stórhagnast um þessar mundir á háu orkuverði sem m.a. kemur út af stríðástandi Bush-stjórnarinnar í Bandaríkjunum gagnvart Írönum og Írökum og öðrum. Á það virkilega að vera tekjuskattsstofn fyrir ríkissjóð á Íslandi um þessar mundir? Á það svo líka

að fara þannig út í vísitöluna sem ég hef hér gert að umtalsefni og hækka vísitöluþáttinn og hækka verðbólgu og hækka svo afborganir á láni hjá fólki? Er það eðlilegt, virðulegur forseti, að hæstv. ríkisstjórn noti þetta sem skattstofn til að fá meiri tekjur í ríkissjóð?

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði hér áðan að sú hækkun sem við höfum verið að gera að umtalsefni á bensíni sé um 40 þús. kr. á hvern bíl. Má ég aðeins geta þess, virðulegi forseti, að það eru sennilega fáar fjölskyldur í landinu sem komast af með að reka einn bíl. Hún gat þess líka að það þyrfti þá í kringum 65 þús. kr. í auknar atvinnutekjur til að eiga fyrir þessari hækkun.

Hæstv. fjármálaráðherra orðaði það svo hér um daginn að þessi hækkun á olíuverði drægi þá úr kaupmætti og minnkaði þenslu. Það ber auðvitað að þakka fyrir svona hreinskilni og það má draga þær ályktanir að fjármálaráðherra og ríkisstjórnin vilji bara alls ekki gera þetta vegna þess að þetta háa orkuverð eigi að ganga yfir til að draga úr kaupmætti fólks. Þetta eru auðvitað bara staðreyndir en eru settar svona fram og ber auðvitað að þakka fyrir það.

Hér kom líka fram, virðulegi forseti, að 60% af hverjum seldum orkulítra, bensínlítra, renna beint í ríkissjóð. Þegar við höfum svo í huga allar þessar tölur sem ég hef farið með, skatttekjur ríkissjóðs af umferð og bílainnflutningi, þá er ljóst að sannarlega er hægt að gera þetta. Það er einmitt þess vegna, virðulegi forseti, sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vísaði í, máli okkar til stuðnings, það frumvarp sem flutt var á 127. löggjafarþingi um tímabundna lækkun vegna þess háa heimsmarkaðsverðs sem þá var á bensíni. Ég hygg að það hafi verið eftir töluvert mikla baráttu og þrýsting frá Alþýðusambandi Íslands sem það var sett fram. Ef þörf hefur verið á því þá er virkilega þörf á því núna.

Við skulum líka hafa það í huga, virðulegi forseti, að kjarasamningar eru lausir 1. nóvember og þetta getur verið liður í því að koma í veg fyrir það sem gerist ef áfram heldur sem horfir með verðbólguna þá er enn þá meiri þörf á því núna. Þess vegna skil ég ekki hvers vegna ríkisstjórnin þrjóskast svo við að gera þetta sem við erum hér að leggja til, sérstaklega þegar haft er í huga að það er ekki tekjutap fyrir ríkissjóð ef svo má að orði komast. Það var ekki gert ráð fyrir þessum ofboðslegu tekjum af bensíninnflutningi og bensínsölu í ríkissjóð eins og það er að verða núna. Það má eiginlega segja að það flæði út úr ríkissjóði hvað þetta varðar.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ræddi hér áðan um áhrif þessa háa olíugjalds og háa eldsneytisgjalds á flutningskostnað til og frá landinu og landsbyggðinni. Það er alveg hárrétt, ég hef heyrt þetta líka að það sé komið fram á fylgiseðlum með vörusendingum hér innan lands að farið er að rukka fyrir eitthvert sérstakt olíuálag. Það er líka rétt, virðulegi forseti, að flutningsgjöld hafa verið að hækka og það er kannski ekkert óeðlilegt við það að flutningafyrirtækin velti þessum aukna mikla kostnaði út í verðlagið hjá sér, það er nú það sem menn hafa verið að vara við að ýmislegt svoleiðis gerist og við erum að sjá það.

Er það nú þannig að það sé gott fyrir segjum landsbyggðina eða fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni að þetta haldi áfram að hækka? Ég hef nefnt þetta landsbyggðarskatta og þeir eru ekkert annað. Það eru til aðferðir til að lækka þetta. Það er t.d. eins og ég sagði hér áðan, það gæti verið leið með því að leyfa flutningafyrirtækjum sem flytja aðföng til og frá til atvinnusköpunar til að vinna úr hráefni sem skipað er að langmestu leyti hér upp á höfuðborgarsvæðinu, kemur til landsins svoleiðis, er flutt út á land og unnið eitthvað úr því, í mörgum tilfellum flutt svo hingað á höfuðborgarsvæðið til sölu. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók dæmi af kjötiðnaðarfyrirtæki á Norðurlandi og svona má lengi, lengi telja, og þetta virkar auðvitað á almennar neysluvörur fólks. Þetta hefur auðvitað mjög slæm áhrif á atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og líka slæm áhrif á vöruverð sem þegar er allt of, allt of hátt.

Það má hins vegar geta þess, virðulegi forseti, að það eru til fyrirtæki, matvælafyrirtæki sem eru rekin á mörgum stöðum á landinu, eins og t.d. Bónus og ég hygg kannski önnur fyrirtæki eins og Samkaup og fleiri sem eru með nokkurs konar eigin flutningsjöfnun, að það sé sama verð um land allt og það er auðvitað virðingarvert. Ég hef heyrt frá fólki vestur á Ísafirði að það hafi fengið þá mestu kjarabót sem það hafi nokkurn tíma fengið þegar Bónus opnaði verslun á Ísafirði með lækkun vöruverðs.

Engu að síður eru ekki allir sem hafa stórverslanir hjá sér og það er kannski heldur ekki ástæða til þess að búa bara til einsleitan verslunarrekstur þannig að þetta snýr að öðrum og margir smákaupmenn og aðrir kvarta yfir þessu og ég tala nú ekki um að þeir sitja svo ekki við sama borð hvað varðar vöruinnkaup og þá er það enn verra. Það ætla ég þó ekki að gera að umtalsefni hér.

Ég vildi aðeins geta þess, sem ég sagði hér líka í stuttu andsvari, ég tek eftir því að stjórnarflokkarnir ætla ekki að standa við loforð sem þeir gáfu í kosningabaráttunni 2003 að gera eitthvað til þess að lækka flutningskostnað og skattheimtu ríkissjóðs af flutningastarfsemi í landinu. Ég hef getið um það áður, virðulegi forseti, og ætla að segja það einu sinni enn, í byggðaáætlun sem var svona „copy/paste"-áætlun hæstv. iðnaðarráðherra var því lýst að baráttu fyrir lækkun þessari væri lokið, það væri hætt við. Hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir sagði á fundi á Eyþingi að það væri ekki samstaða um það og eins og ég sagði hér áðan, það hefur komið fram í umræðu á þinginu að það samstöðuleysi hafi ekki verið í þingflokkunum og þá er enginn staður eftir nema hæstv. ríkisstjórn. Þar stoppar málið. Þar stoppar málið þrátt fyrir að búin var til skýrsla og gert ýmislegt í aðdraganda kosninga til þess að reyna að ganga í augun á fólki. Þetta eru hreinlega ekkert annað en svik, ekkert annað. Ég skil ekki enn, virðulegi forseti, af hverju hæstv. ríkisstjórn gerir þetta ekki vegna þess að tekjurnar eru sannarlega nægar, það á að hætta þessum aukaálögum og skattheimtu af landsbyggðarfólki.

Í lokin, virðulegi forseti, af því að ég sé að ég á ekki nema tvær mínútur eftir, ætla ég að ræða um þann þátt sem kemur hér nýr inn sem er um björgunarsveitirnar. Ég fagna því auðvitað að þetta eigi að gera vegna þess að björgunarsveitabílar og -tæki sem nota olíu eru nú ekkert alltaf að keyra á vegum heldur oft á tíðum uppi á jöklum og annars staðar þannig að það er óeðlilegt að þetta sé gert á þann hátt og því er sú breyting góð. En ég vil aftur spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í það hvort það væri ekki betra að fara þá

leið sem ég nefndi hér áðan, þ.e. að björgunarsveitir geti lagt fram til einhverrar skattstofunnar reikninga yfir þá olíu sem þær hafa keypt á viðkomandi ári, skrá yfir þá bíla sem þær hafa keypt og hvað þær hafa notað þá mikið og þannig sé reiknuð endurgreiðsla til þeirra beint frá ríkissjóði vegna keyptrar olíu af þeirri krónutölu sem við erum ásátt um að björgunarsveitin borgi fyrir, sem á auðvitað að vera sem lægst, í stað þess að búa til enn einn flokkinn í kílómetragjaldinu í þungaskattinum eins og hér er verið að gera. Ég kann að vísu ekki þær tölur og er kannski rétt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í það ef hann getur svarað því: Eru svona teljarar í björgunarsveitabílum í dag eða verður farið eftir kílómetramælum? Eða eiga björgunarsveitir að fara að setja gömlu ökumælana í bílana sína sem getur kostað töluverðar þúsundir króna ef ekki tugþúsundir að setja þá í? Þá er það mikill aukakostnaður sem því fylgir og ég held að það sé ekkert endilega þjóðhagslega hagkvæmt að efna til þess.

Síðast en ekki síst, virðulegi forseti, þá er kannski ástæða fyrir hæstv. fjármálaráðherra að kanna það að setja gervihnattakubbana í björgunarsveitabílana ef þeir eru ekki þegar í þeim og þeir bara hreinlega borgi eftir því. Þá sjáum við þegar þeir eru keyrandi uppi á jöklum eða í leit að týndu fólki og þá er auðvelt að reikna út þann tíma og hvað þeir ættu að borga fyrir. Svo vildi ég, virðulegi forseti, beina til hæstv. fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptanefndar að skoða endurgreiðsluleiðina í staðinn fyrir þá leið sem hér farin. Ég fagna að sjálfsögðu þessari leið en minni svona á það næstu 20 sekúndurnar, virðulegi forseti, að enn er ekki komið til móts við bændur hvað varðar það að þeir fái endurgreiðslu vegna upptöku olíugjaldsins líkt og þeir höfðu í þungaskattskerfinu vegna þess að ég segi, virðulegi forseti: Mér fannst það alltaf vera hluti af starfskjörum bænda að þeir hefðu þann afslátt sem þeir höfðu af þungaskattinum. Hann féll út þegar olíugjöldin komu upp og þeir borga fullt olíugjald.

[17:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þetta frumvarp mun vera um aðra framlengingu á tímabundnum afslætti af olíugjaldi sem lögfest var með lögum nr. 70/2005. Þá var ákveðin tímabundin lækkun á fjárhæð olíugjalds um 4 kr. frá 1. júlí 2005 til 31. desember 2005. Síðan komu aftur lög nr. 126/2005 sem framlengdu sömu lækkun til 1. júlí 2006, þ.e. 1. júlí næstkomandi og mundi þessi afsláttur falla niður ef ekkert væri að gert. Hér er í þriðja sinn lagt til í frumvarpsformi, sem kemur nú nokkuð síðla fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar því að það hefur verið á það minnt að þessi tímamót væru fram undan en engu síður þurfti að taka frumvarpið á dagskrá með afbrigðum í dag, um að framlengja enn þennan svokallaða tímabundna afslátt til næstu áramóta. Við þekkjum auðvitað efnisrökin. Það stendur í mönnum að taka þá miklu hækkun að fullu út í verðlagið á innkaupsverði olíuvara sem við stöndum frammi fyrir.

Spurningin er hvort menn horfa hér vísvitandi fram hjá því að það er afar fátt sem bendir til að þetta sé tímabundin hækkun. Þá verða menn einfaldlega að velta því fyrir sér af alvöru: Hver á skattheimtan að vera? Hvar ætla menn að stilla þetta af, ekki endilega í þeirri von að þeir séu að ganga í gegnum tímabundinn kúf heldur sé jafnvel fram undan tímabil svipaðs eða jafnvel enn hærra innkaupsverðs á olíuvörum? Svo koma náttúrlega gengismál krónunnar inn í sem allir þekkja.

Það vill svo til, frú forseti, að ég var aðeins að glugga í blöð svona undir umræðunni. Það telst vonandi ekki óviðunandi sinnuleysi. En t.d. hið merka blað Financial Times er meira og minna undirlagt af bollaleggingum um olíumálin. Hér er hann Putin okkar að svona senda Evrópumönnum aðeins tóninn. (**Gripið fram í:** Af hverju okkar?) Já, okkar Evrópumanna. Er þetta ekki Putin? Hann varar Evrópumenn við því að þeir skuli ekki endilega ganga að því vísu að Rússar beini svo til allri sinni olíusölu og gassölu inn á Evrópu, þeir hafa fleiri kosti. Af hverju er hann að þessu? Jú, það er vegna þess að spár ganga jafnvel út á verulegan skort og að framleiðslan muni ekki, ekki bara af pólitískum ástæðum heldur tæknilegum ástæðum, ráða við eftirspurnina á komandi árum þannig að fram undan verði bullandi skortur.

Í þessu sama tölublaði Financial Times er önnur athyglisverð mynd. Þar dansa þeir á olíufati, helstu leiðtogar heimsins. Þetta er hið nýja valdajafnvægi, segja dálkahöfundarnir. Þeir eru allir uppi á tunnunni að stíga ölduna. (**Gripið fram í:** Halldór Ásgrímsson?) Þeir eru ekki hér, hæstv. ráðherrar Íslands. En hér eru þeir aftur. Bush og Putin og Angela Merkel og forseti Kína o.fl., stíga þarna jafnvægið ofan á olíufatinu, hið nýja valdajafnvægi heimsins. Það eru stórir hlutir að gerast í þessum efnum og þeir hafa áhrif langt út fyrir viðskiptalífið sem slíkt, þeir hafa pólitísk áhrif eins og þarna er verið að ræða.

Síðan gætum við í öðru lagi, frú forseti, spurt okkur: Hvert á verðið á olíuvörum að vera í heiminum við núverandi aðstæður? Á það að vera lágt? Er eitthvert vit í að reyna að stinga höfðinu í sandinn gagnvart því sem fram undan er og þvinga fram með pólitískum þrýstingi og látum tímabundið aukna framleiðslu sem dugir til að halda olíuverðinu eitthvað niðri? Eru innstæður fyrir því? Svarið er: Nei, olían er þverrandi auðlind. Það er mjög ólíklegt að það sé yfir höfuð tæknilega gerlegt nema í afar stuttan tíma að þvinga framleiðsluna upp úr þeim 85–90 milljónum tunna af olíu á dag sem þörfin er núna.

Svo koma umhverfisáhrifin líka til. Þau mæla með því sama. Auðvitað er það ekki til þess að ýta undir þróun annarra orkugjafa ef menn stinga höfðinu í sandinn og reyna að pína verðið niður tímabundið, það er að pissa í skó sinn. Fram undan er ekki annað fyrir heiminn en að takast á við að þetta er þverrandi auðlind og notkun stórkostlegum annmörkum háð af umhverfisástæðum. Við þurfum á öllu öðru að halda en því að t.d. vöxtur og orkuþörf Kína verði fullnægt með stóraukinni notkun jarðefnaeldsneytis. Það eru nú engar smáræðis spár sem orkuþörfin gengur út á, allt upp í 120 milljónir fata á dag um árið 2020 ef ég man rétt.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ekki, úr ræðustóli á Alþingi, verið með kröfur um lækkun á sköttum á jarðefnaeldsneyti. Það er misskilningur og er ágætt og kærkomið að fá tækifæri til að leiðrétta hæstv. fjármálaráðherra sem ástundaði því miður útúrsnúninga í umræðum um daginn og gerði hv. þm. Jóni Bjarnasyni upp þá skoðun að

hann heimtaði beina lækkun á þessum gjöldum. Það sem hv. þm. Jón Bjarnason kom hins vegar inn á, sem er raunverulegt og alvarlegt vandamál, var hið háa eldsneytisverð með öllum álögunum eins og það gengur inn í flutningskostnað, vöruverð og lífskjör á landsbyggðinni. Það er stórfellt vandamál. Vandamálið er enn þá verra vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert gert í því að jafna flutningskostnað eins og þó hefur verið lofað. Þar stendur sannarlega upp á ríkisstjórnina.

Það breytir því heldur ekki, þótt við séum almennt talað ekki talsmenn þess að stunda óábyrga kröfugerðarpólitík um lækkun þessara gjalda, að þau eru mjög há á Íslandi. Bensínverð er eitt hið hæsta í heiminum á Íslandi. Það er sennilega bara í olíuríkinu Noregi þar sem verðið er jafnhátt eða hærra. Ég spurði einmitt að því í vikunni sem leið og var sagt að þá væri verðið á seldan lítra af olíu væri 12 kr. norskar. Það gerir sem sagt vel að jafna verðið uppi á Íslandi.

Það eru ekki Ísland eða Noregur sem eru í sjálfu sér sökudólgarnir eða skúrkarnir í þessum efnum þegar kemur að því að reka ábyrga og umhverfisvæna orkustefnu að þessu leyti. Það eru á hinum endanum ríki eins og Bandaríkin sem ástunda ótrúlegt ábyrgðarleysi gagnvart þróun orkumála í heiminum, m.a. með því að þrýsta verði þessara orkugjafa niður, sem aftur hamlar því að aðrir orkugjafar og umhverfisvænni verði samkeppnisfærir. Það er auðvitað verkefnið sem orkustefna okkar, krafa um sjálfbæran orkubúskap eða sjálfbæra þróun í orkubúskap Íslendinga gengur út á, þ.e. að menn ástundi ábyrga og framsýna pólitík í þessum efnum.

Við viljum auðvitað að markvissar aðgerðir séu í gangi til að knýja fram orkusparnað og beitt sé stýritækjum, þar á meðal efnahagslegum stýritækjum, til að menn reyni að spara orku. Hefur það verið gert? Nei. Hvað hefur ríkisstjórnin gert á undanförnum árum, eða ríkisstjórnir? Þær hafa lækkað sérstaklega álögur á stóra og eyðslufreka bíla. Tollflokkun og vörugjaldaflokkun er þannig að mönnum er ýtt út í kaup á stórum pallbílum og í raun hefur dregið mjög saman í skattlagningu hins venjulega fjölskyldubíls og stærri bíla og eyðslufrekari. Það er auðvitað glórulaust. Menn færðu fyrir því ýmis rök sem verða harla léttvæg í ljósi hins stóra samhengis mála.

Auðvitað á að leggja stóraukinn kraft í að efla almenningssamgöngur og gera þær fýsilegan valkost fyrir fólk þannig að ekki sé sama þörf, t.d. í þéttbýlinu, til að reka marga einkabíla á hverju heimili. Það að leggja fjármuni í að þróa og gera fýsilegt að nýta aðra orkugjafa er varla hægt að segja að sé við lýði hjá okkur, nema örlitlir afslættir á innflutningi tvíorkubíla o.s.frv. Síðan eru menn með rannsóknir í framtíðarmúsík eins og vetni eins og einn ónefndur hv. þingmaður í salnum veit vel um.

Það er af tvennum ástæðum að ekki er hægt annað en horfa í það, frú forseti, að olían eða jarðefnaeldsneytið er vandamál sem heimurinn stendur frammi fyrir og verður að takast á við, eins og reyndar gervallur orkubúskapurinn. Þá verður sumum það á í ráðleysi sínu, af því að menn hafa auðvitað flotið sofandi að feigðarósi, jafnvel allt frá fyrstu olíukreppunni á öndverðum áttunda áratug, að halda að menn geti leyst vandann með kjarnorku og skapað jafnvel enn þá hrikalegri umhverfisvandamál síðar meir, einfaldlega með því að lagera geislavirkan úrgang sem engin eiginleg ráð hafa fundist til að endurvinna eða geyma á ásættanlegan hátt, enda hleðst hann upp í jarðhvelfingum og neðanjarðarbyrgjum víða um heim.

Olían er þverrandi auðlind og henni fylgir mengun, fyrst og fremst losun gróðurhúsalofttegunda þegar jarðefnaeldsneyti er brennt. Ég veit ekki hvort hæstv. fjármálaráðherra hefur kynnt sér bækur sem hafa komið út undanfarin missiri um olíubúskapinn í heiminum. Ég held að það væri ágætt fyrir hann, a.m.k. áður en hann leggur einu sinni enn fram frumvarp um tímabundna lækkun á þessu gjaldi, í von um að betri tímar séu í vændum, þ.e. í hans skilningi, væntanlega með lægra orkuverði. Í fyrra kom t.d. út bók eftir Matthew nokkurn Simmons sem heitir „Twilight in the Desert". Eigum við að kalla hana „Aftanskin í eyðimörkinni" eða „Kvöld í eyðimörkinni"? Sú bók fjallar fyrst og fremst um yfirvofandi olíuáfall eða sjokk sem heimsbyggðin verður fyrir vegna ástands mála í stærsta olíuframleiðsluríki heimsins, Sádi-Arabíu, áhrifum þess á heimsbúskapinn og efnahag heimsins ef þetta ríki, sem stendur undir allt að 10% af heimsframleiðslunni, kiknar undan þeirri byrði að halda uppi þeirri framleiðslu. Nokkru áður kom út merk bók líka sem heitir „The End of Oil", sem er sömuleiðis eftir mikinn sérfræðing á þessu sviði, Paul nokkurn Roberts. Bandarískir háskólar hafa gefið út skýrslur um þetta, breskir og fleiri.

Ástandið er þannig í þessu landi, Sádi-Arabíu, sem menn mæna auðvitað alltaf á og benda á þegar talað er um að hægt sé að auka framleiðsluna, að þar fundust allar stærstu olíulindirnar sem dælt er úr í dag fyrir 40 til 50 árum síðan. Langstærsta olíulind heimsins, kóngurinn í Sádi-Arabíu, Ghawar, fannst 1948. Þessi eina olíulind stendur undir helmingi af framleiðslu Sádi-Arabíu í dag og er búin að gera núna í marga áratugi. Og nú eru menn að færa sig inn á síðustu svæðin sem ekki er búið að dæla upp úr í kónginum. Og hvernig er ástandið á jöðrunum, hvernig hafa menn haldið framleiðslunni uppi? Jú, menn dæla vatni inn undir olíulögin til að halda uppi þrýstingi. Það er svo komið að vatnshlutfallið í olíunni úr lindinni er um 30%. Það er mjög margt sem bendir til þess að þetta kvöld sé að ganga í garð í eyðimörkinni.

Við vitum hvernig ástandið er í Írak. Það hefur nú ekki beint verið björgulegt fyrir olíubúskap heimsins sem þar hefur gerst svo við tölum nú ekki um allar hinar hörmungarnar. Hvað dettur þeim í hug, snillingunum þarna vestra, Bush Bandaríkjaforseta og kó? Jú, það er að ráðast á Íran. Það gæti þá kannski orðið til þess að bæta ástandið eða er það ekki eða hitt þó heldur, að henda nokkrum sprengjum þar? Auðvitað er þetta ástand svo galið að maður veit eiginlega ekki hvað maður á að segja um þau ósköp.

Svona er nú þetta. Það getur að vísu verið sem bent er á að hið háa olíuverð í dag geri vinnslu mögulega á svæðum sem ella væri ekki arðbært að vinna en það eru jaðarframleiðslusvæði. Það eru ekki kóngar og ekki drottningar af hinu hefðbundna olíulindamáli, ekki einu sinni jarlar heldur óbreyttir borgarar þar sem framleiðsla getur orðið einhver fáein prómill af heimsframleiðslunni eða af þörfinni. Vinnsla á þeim svæðum er algerlega háð því að orkuverðið

sé a.m.k. jafnhátt og það er í dag eða hærra. Ég leyfi mér því að halda því fram, frú forseti, að þegar þessi mál eru skoðuð út frá þessari hlið séu ákaflega litlar innstæður fyrir því að tala hér um tímabundið ástand. Ég held að það sé miklu raunsærra að horfast í augu við að olíuverð mun verða hátt, jafnvel mjög hátt og það er allt eins líklegt að heimsbúskapurinn eigi eftir að verða fyrir frekari áföllum eða löðrungum eða fá á sig fleiri kaldar gusur vegna þess að jafnvel enn erfiðari tímar í þessum efnum séu í vændum.

Kannski setur það þá loksins þann kraft í þróun annarra orkugjafa sem auðvitað hefði þurft að vera búið að gera fyrir löngu, löngu síðan, af því að orkan er til, það er ekki vandamálið. Við höfum nóga vindorku, við höfum nóga sólarorku, við höfum orku sjávarfallanna og við höfum ýmis fleiri möguleg úrræði. Við höfum víða jarðvarma og vatnsorku sem hægt er að nýta. En olíuiðnaðurinn er sterkur og hann á víða hauka í horni, m.a. í Hvíta húsinu og það er einhver harðsnúnasta samsteypa, að kannski hergagnaiðnaðinum undanskildum, og er þetta þó talsvert samþætt enda er stundum talað um the Military Oil Complex og þessi samsteypa hefur heiminn í raun og veru meira og minna í klóm sínum enn þá.

Íslendingar eru í þeirri forréttindaaðstöðu að við gætum verið á fullri siglingu hér og verið að gera miklu, miklu meira en við erum í dag í því að nýta okkar orku til okkar eigin þarfa í staðinn fyrir að vera með hana á útsölu ofan í erlend auðfélög og reyna að taka skref sem eitthvað munaði um í átt til sjálfbærs orkubúskapar. En það hefur nú lítið farið fyrir því, því miður, það er þá kannski helst hægt að benda á þann hvata sem hefur verið að leita að heitu vatni og byggja hitaveitur sem dæmi um slíkt, en ósköp fer nú lítið fyrir þessu að öðru leyti. Það væri miklu meira fagnaðarefni ef hæstv. ráðherra væri t.d. hér samhliða þessu frumvarpi að leggja til einhverjar ráðstafanir sem vísuðu veginn í þessa átt sem gæfu manni vonir um að það ætti að takast af alvöru á við að móta hér sjálfbærar forsendur eða skapa forsendur fyrir mótun sjálfbærs orkubúskapar, sjálfbærrar þróunar eða framvindu í orkumálum í landinu. En það fer nú lítið fyrir því og eins og ég fór yfir áðan þá hafa ýmsar breytingar í sambandi við tolla og aðflutningsgjöld o.fl. á undanförnum árum í raun og veru því miður skilað okkur í öfuga átt.

Að sjálfsögðu er það tilfinnanlegt þegar snöggar breytingar verða til hækkunar á þessum útgjaldalið hjá heimilum og fyrirtækjum. Auðvitað er hugur manns við það bundinn, sérstaklega þeirra sem lítið hafa afgangs og eiga í nægum erfiðleikum með það sem fyrir er, þ.e. til þess að reka fjölskyldubílinn. Ég hef oft nefnt þann möguleika hér að það yrðu gerðar sértækar skattalegar ráðstafanir til þess að létta rekstur venjulegs heimilisbíls. Þar með væru um leið komnar aðstæður til þess að beita síðan í miklu ríkari mæli efnahagslegum stýritækjum gagnvart þróuninni, t.d. þannig að menn yrðu þá að sætta sig við það ef þeir vilja reka bíl númer tvö eða þrjú að það væri ekki eins ódýrt. Og ef það væri eitthvað gert í sambandi við jöfnun flutningskostnaðar á landsbyggðinni þá væri það ekki jafntilfinnanlegt og raun ber vitni þar þó að olíuverð yrði áfram hátt og álögur ríkisins einhverjar. Nú er það vissulega þannig að ríkið tekur mikið til sín umfram það sem aftur rennur til umferðarinnar og fyrst og fremst til vegamála og það eru allt þekktar staðreyndir. Umferð á Íslandi er skattlögð í hærri kantinum og við erum auðvitað í hópi með hinum Norðurlöndunum hvað það snertir og kannski líkust Noregi þegar það er skoðað.

Það ber ekki að skilja ræðu mína svo að við séum að leggjast gegn því að þessi framlenging sé gerð, það væri í sjálfu sér ekki á bætandi að fara að taka þessa hækkun inn með því að láta framlengingarákvæðin falla niður núna 1. júlí. Sömuleiðis er það fagnaðarefni að hér á að gera sérstakar ráðstafanir til þess að létta — við getum sagt á nýjan leik að hjálpa aðeins til í sambandi við rekstur bifreiða björgunarsveitanna. Þær eru t.d. einn þolandi þeirra kerfisbreytinga sem gerðar voru með upptöku olíugjaldsins eins og það var úr garði gert, þó að kannski helsti þolandinn sé nú fólkið á landsbyggðinni sem fær í gegnum flutningskostnað og vöruverð og lífskjör sín ótæpilega að finna fyrir þessum sköttum. Þetta voru nú, frú forseti, þær athugasemdir sem ég ætlaði að gera við þessa umræðu enda tíma mínum lokið þannig að það verður ekki meira að gert í bili.

[18:07]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langaði aðeins bara til að spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs út í það hvort Vinstri hreyfingin – grænt framboð geti ekki lýst því yfir í ræðustóli á Alþingi eins og formaður Samfylkingarinnar gerði hér áðan eða, ef svo má að orði komast boðið ríkisstjórninni upp í dans eða boðið upp á sáttavinnu til að lækka tímabundið álögur á eldsneyti eins og við erum hér að ræða um og m.a. hv. þingmaður ræddi um, sem er orðið of hátt, að bjóða ríkisstjórninni upp á nokkurs konar þinglega sátt ef Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á sömu línu og við í Samfylkingunni. Og bjóða þeim jafnframt upp á að þetta verði keyrt í gegnum þingið hér sem allra fyrst þannig að þetta fari þá þannig að vísitölumælingar mæli lægra eldsneytisverð og hafi áhrif á verðbólguna og allt það sem við höfum verið að ræða.

Virðulegi forseti. Spurning mín til hv. formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er einföld: Er Vinstri hreyfingin – grænt framboð tilbúin að lýsa yfir stuðningi við þær leiðir sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, þ.e. að lækka tímabundið álögur á bensín og olíu meira en hér er boðað, þessar fjórar krónur, til þess að koma til móts við og lækka álögur bæði fyrirtækja og fjölskyldna í landinu og hafa þannig áhrif á vísitöluþáttinn?

[18:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla nú ekki að fara að segja nei við svona hjartnæmu tilboði um að menn takist hér í hendur og sættist sáttum og grípi til slíkra ráðstafana þannig að ef uppi væru aðstæður af því tagi hér í þinginu að eitthvert samkomulag gæti orðið um þetta sem þá lið í væntanlega einhverjum almennari og víðtækari aðgerðum til þess að halda aftur af verðbólgu og lækka tilkostnað þá ætla ég ekki fyrir okkar hönd að fara að neita slíku fyrir fram, við erum að sjálfsögðu tilbúin til að skoða það.

Ég tók eftir því að hv. þingmaður sagði „tímabundnar ráðstafanir“. Ég færði hér talsverð rök fyrir því að ég hefði

mjög litla trú á því að hið háa eldsneytisverð sem við stöndum núna frammi fyrir yrði tímabundið ástand og er reyndar ekkert endilega viss um að það væri æskilegt fyrir þróun þessara mála svona almennt séð á heimsvísu ef við förum út í þá sálma. Ég tel að menn þurfi þá líka að velta því fyrir sér: Eru það þær ráðstafanir sem eru nærtækastar og skilvirkastar til að takast á við t.d. hækkandi verðlag, það verðbólguskot sem við stöndum frammi fyrir og kæmu þær út með sanngjörnustum hætti? Mundum við bera niður þarna? Ég veit það ekki, ég mundi vilja fara yfir allt sviðið í þeim efnum. Ef við erum með fjármuni til ráðstöfunar handa á milli, ákveðum að setja tiltekna fjármuni í einhverjar slíkar aðgerðir, mér yrði þá alveg eins á að grípa tillögu Atla Gíslasonar um það að við afléttum þeirri skerðingu vaxtabóta sem ríkisstjórnin hefur innleitt í reynd með því að hækka ekki viðmiðunarmörk þar. Kæmi það ekki hópi til góða sem væri í sárri þörf fyrir það? Jú, ég held það.

Að sjálfsögðu er rétt og skylt að fara yfir allar slíkar hugmyndir og ég útiloka ekkert í þeim efnum að tímabundnar ráðstafanir geti átt rétt á sér ef þær eru skilvirkar og koma niður með sanngjörnum hætti gagnvart þeim sem eru í þörf fyrir slíkt. Og auðvitað er mikilvægt verkefni að halda aftur af verðhækkunum og verðbólgu, því neita ég ekki. Ég minni bara á að það eru fleiri hliðar á málinu en þær sem ég hef gert hér að umtalsefni og ég hef reyndar leiðrétt (Forseti hringir.) mistúlkun á afstöðu okkar í þessum efnum, þær sem snúa að umhverfismálum.

[18:11]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel afar mikilvægt sem hér kemur fram. En fulltrúar eða formenn tveggja stjórnarandstöðuflokkanna, þ.e. hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, Steingrímur J. Sigfússon hv. þm., formaður Vinstri grænna og ég hygg að sama sé með Frjálslynda flokkinn, og síðan hefur það komið opinberlega fram í blöðum að a.m.k. nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa verið talsmenn fyrir þeirri leið sem formaður Samfylkingarinnar var að bjóða hér upp á áðan, þ.e. lækkun á álögum á bensín og olíu á Íslandi. Þetta viljum við líka gera út af verðbólgu og annars vegar tímabundið fram í tímann vegna þess að við skulum vona að þetta háa verð verði ekki viðvarandi eða haldi áfram að hækka, sem margt bendir þó til að verði, m.a. vegna stríðsrekstrar Bandaríkjamanna í Írak og þess brambolts sem þeir eru að hóta Írönum.

Nú er hæstv. fjármálaráðherra því búinn að fá hér í dag heldur betur stuðning, stuðningsyfirlýsingu við þessa leið og nú er það spurning hvort hæstv. fjármálaráðherra boðar þetta á næsta ríkisstjórnarfundi og segir hvað hér hefur komið fram og að þá verði í efnahags- og viðskiptanefnd unnið af fulltrúum allra flokka í þeirri nefnd og komið með frumvarp hérna inn, komið með tillögur hér inn um tímabundnar lækkanir til að hafa áhrif á verðbólguna annars vegar, sýna lit gagnvart 1. nóvember sem tifar inn og nálgast gagnvart kjarasamningum og koma þannig til móts við heimilin í landinu.

Virðulegi forseti. Í lokin ætla ég aðeins að segja, eins og ég hef sagt hér áður: Hækkunin á bensíni um 30 kr. sem við sjáum nú gefur ríkissjóði 6 kr. í virðisaukaskattstekjur af hverjum einasta lítra eða tæpar 500 kr. af hverri fyllingu á meðalfólksbíl. Virðisaukaskattstekjur af þessu háa eldsneytisverði streyma inn í ríkissjóð um þessar mundir og spurningin er því: Vill hæstv. fjármálaráðherra gefa eitthvað eftir til (Forseti hringir.) þegnanna eða ætlar hann að halda áfram að (Forseti hringir.) hlaða svo undir ríkissjóð eins og raun ber vitni?

[18:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Er ekki bara best að hafa þessa hluti algerlega skýra? Okkar áhersla er sú að við höfum ekki sett fram kröfur um almenna flata lækkun á þessum gjöldum. Við höfnum hins vegar ekki að skoða slíkt, eins og ég sagði hér áðan, ef það er liður í einhverjum samræmdum og samstilltum aðgerðum til þess að halda aftur af verðlagshækkunum. Við höfum minnt á umhverfishlið málsins sem að sjálfsögðu má ekki gleyma.

Ég mundi að mörgu leyti kjósa frekar aðgerðir sem beindust fyrst og fremst að því að gera kaup og rekstur á sparneytnum fjölskyldubíl hagstæðari. Ég tel ekki sérstaka ástæðu t.d. til þess að lækka gjöld á þeim sem telja sig það vel setta að þeir geti keyrt margra milljóna króna mjög eyðslufrekan bíl eins og margir gera. Vissulega geta sumir fært fyrir því rök að það komi þeim vel að hafa slík tæki og okkur verður þá gjarnan hugsað til landsbyggðarmanna sem þurfa að aka á vondum vegum o.s.frv. og við þekkjum þá umræðu. En það væri hægt að hugsa sér að með frekari stýringu í þá átt að gera innkaup og rekstur á hagkvæmum og sparneytnum fjölskyldubílum ódýrari þyrfti síður að hafa áhyggjur af restinni. Það væri umhverfisvæn stefna sem við vildum gjarnan stuðla að því að móta, samhliða því að grípa til þeirra ráðstafana sem ég nefndi, eins og að efla almenningssamgöngur og setja kraft í að reyna að auka notkun annarra vistvænni orkugjafa. Ég held því að það eigi bara að skoða þessi mál í því samhengi sem þau eru og einn þátturinn sem þarna er er verðlagsþátturinn, verðlagsáhrifin og þær kostnaðarhækkanir sem þetta leiðir til gagnvart hverjum það er, gagnvart almenningi og rekstri fjölskyldubílsins, gagnvart flutningskostnaði og vöruverði og lífskjörum á landsbyggðinni o.s.frv. Þetta þurfa menn þá bara allt að ræða í réttu samhengi.

[18:15]

Útbýting:

Fullnusta refsidóma, 675. mál, nál. allshn., þskj. 1235.

Sumarbústaðir, 639. mál, svar fjmrh., þskj. 1205.

Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, 328. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1234.

[18:16]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Í umræðunni hefur ítarlega verið rætt um í hverju þetta frumvarp sé fólgið. Það felst fyrst og fremst í því að framlengja ákveðna stöðu sem hefur verið í gjaldtöku ríkisins á olíu, að hún verði áfram bundin í krónutölu og fylgi ekki

hækkun olíuverðs o.s.frv. Ég ætla ekki að koma inn á þau atriði beint en þó óbeint, því að bæði olíunotkun og olíuverð hefur gríðarleg áhrif á efnahagslíf okkar og kostnað í daglegu lífi í rekstri bíla og einnig varðandi atvinnurekstur.

Þá vík að því sem var rætt undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins þegar hæstv. fjármálaráðherra var inntur eftir því hvernig hann hygðist bregðast við varðandi hækkun á verði á olíu og bensíni. Hæstv. ráðherra sagði þá að hann vildi líta á málin heildstætt. Ég er sammála honum um að líta eigi á þessi mál heildstætt, að líta eigi á það heildstætt hvernig þeirri orkunotkun okkar er háttað sem tengist fyrst og fremst olíum og bensíni í flutningum, í akstri bifreiða og í atvinnustarfsemi þar sem olía er notuð. Ég held að ég horfi heildstætt á öll þessi mál.

Ég vil byrja á að segja að í þeirri umræðu lagði hæstv. fjármálaráðherra mér þau orð í mun, eitthvað á þá leið, að ég væri að tala fyrir lækkun á gjaldheimtu af olíu, þessari óendurnýjanlegu orku sem olían er, í því máli mínu. Það var fullkomlega rangt. Það sem ég sagði í þeirri umræðu var að ég hefði áhyggjur af hækkandi flutningskostnaði og kostnaði fólks, sérstaklega úti á landi, vegna hás olíuverðs. Ég spurði í framhaldi af því hvað liði afgreiðslu á tillögum um aðgerðir til jöfnunar á flutningskostnaði á landsbyggðinni sem lægju fyrir ríkisstjórninni. Mig minnir að hæstv. iðnaðarráðherra hafi sagt að þær lægju jafnvel hjá fjármálaráðherra, eða ýjaði að því að málið stæði fast hjá fjármálaráðherra, aðgerðir sem lögð var áhersla á að fara í í framhaldi af skýrslu nefndar um jöfnun flutningskostnaðar, sem unnin var í samgönguráðuneytinu og birt í janúar 2003, sem sýndi að flutningskostnaður hefði vaxið gríðarlega á síðustu árum. Talað var um að á einhverju árabili hefði flutningskostnaður jafnvel hækkað um hátt á annað hundrað prósent á föstu verðlagi, t.d. á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar.

Það var reyndar ekki hægt að kenna það allt olíuverðshækkunum, fjarri því. En í þessari skýrslu er einmitt vikið að því að það væri e.t.v. ekki síst einokun eða fákeppni á flutningamarkaðnum sem hefði valdið þessum miklu verðhækkunum á flutningum en einnig að strandsiglingar, sem höfðu verið hinn valmöguleikinn í flutningum, hefðu lagst af. Það hefði gert það að verkum að fákeppnisumhverfið sem nú ríkti á flutningamarkaðnum á landi, þar sem einungis einn eða tveir risar ráða öllum flutningunum, skammta sér verð og skipta jafnvel á milli sín leiðum, hafi leitt til þess að flutningskostnaðurinn hafi hækkað svona gríðarlega en að sjálfsögðu er eldsneytið einn þáttur í því. Við vitum að hár flutningskostnaður er einmitt það sem nú skekkir hvað mest samkeppnishæfni atvinnulífs á landsbyggðinni, fyrirtækja sem þurfa að koma vörum sínum á markað, bæði stærsta markaðinn sem er hér á landi en einnig á markað erlendis. Til viðbótar við þennan flutningskostnað hafa útflutningshafnir líka verið lagðar af þannig að þær eru líklega bara tvær eða þrjár í landinu núna, raunverulegar útflutningshafnir fyrir almennar útflutningsvörur. Þá hafa útflytjendur orðið að skila vörum á útflutningshafnir á eigin kostnað. Þessi hækkun á flutningskostnaði hefur því orðið til þess að skekkja samkeppnisstöðuna mjög. Það sem ég kallaði eftir hjá hæstv. ráðherra voru aðgerðir í þeim efnum.

Af þessu tilefni og í tengslum við þetta hef ég lagt fram á undanförnum þingum þingsályktunartillögu um strandsiglingar. Fyrir þremur árum var meira að segja samþykkt í þinginu að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar til nánari útfærslu. Strandsiglingar eru liður í því að gera flutninga umhverfislega hagkvæmari og auk þess ætti það líka að vera ódýrara í magnflutningum.

Stefna annarra landa er að stuðla frekar að sjóflutningum en landflutningum, m.a. til orkusparnaðar og til að draga úr útblæstri á gróðurhúsalofttegundum sem verða til við brennslu á olíu og einnig til að tryggja meira öryggi á vegum og gegn vegsliti. Tillaga okkar var svo endurflutt í vetur en hún hefur verið flutt á þremur undanförnum þingum. Ég vil leyfa mér að vitna til hennar, frú forseti, því að ég tók undir þau orð hæstv. ráðherra um daginn að taka ætti á þessum málum heildstætt. Einn mikilvægasti liðurinn í því eru strandsiglingarnar. En þingsályktunartillaga okkar um strandsiglingar, þar sem flutningsmenn eru auk mín hv. þingmenn Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson og hv. þingmenn Guðjón Arnar Kristjánsson og Sigurjón Þórðarson frá Frjálslynda flokknum, hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa að strandsiglingar verði hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ráðherra móti stefnu og aðgerðaáætlun og leggi fram lagafrumvörp í þessu skyni, ef með þarf, þannig að ríkið geti tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir. Ráðherra láti meta kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land miðað við skilgreinda þjónustu og geri tillögur um siglingaleiðir sem bjóða á út. Ráðherra skili niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. febrúar 2006."

Þetta mál var flutt í haust. Tillaga okkar hefur fengið mjög jákvæða umsögn allra aðila nema náttúrlega þeirra sem eru í flutningum á vegum landsins. Þeir vilja hafa þetta eins og það er og sjá sér mestan hagnað í því.

Það er vert að vekja athygli á umsögn Landverndar um þetta mál. Þar segir, með leyfi forseta, um strandsiglingar.

„Landvernd vill vekja athygli á að neikvæðar afleiðingar vöruflutninga á landi eru ekki eingöngu bundnar við slys og vegaslit. Landflutningar fela í sér allt að sjöfalt meiri losun koldíoxíðs en strandflutningar. Hefur losun koldíoxíðs frá landflutningum aukist um 67% á tímabilinu 1983–2002. Aukið magn koldíoxíðs í andrúmsloftinu er helsta ástæða þeirra hættulegu loftslagsbreytinga sem nú verða sífellt sýnilegri. Það blasir við að rík ástæða er til að efla strandflutninga hér við land til að draga úr hættu á slysum og sliti vega og til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda."

Þetta segir m.a. í umsögn Landverndar um þingsályktunartillögu sem ég er 1. flutningsmaður að ásamt öðrum. Við höfum flutt þetta mál áður, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, bæði með tilliti til öryggis- og umferðarmála og einnig til þess að vera með ódýrari valkosti í flutningum á þungavörum, ekki hvað síst í umhverfismálum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að halda þessum atriðum til haga. Þetta er hluti af stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sjálfbærum samgöngum sem við höfum lagt áherslu á en við höfum einmitt flutt þingmál um sjálfbærar samgöngur.

Vert er að minna á að einnig stendur fast í fjármálaráðuneytinu að liðka svo til í lögum að kaupskipaflotinn sjái sér hag í að eiga heimilisfesti hér á landi, bæði hvað varðar kaupskipin sjálf og áhafnirnar. Eins og nú er er ekkert almennt kaupskip skráð hér á landi nema líklega eitt sem er í olíuflutningum meðfram ströndum landsins. Þetta passar ekki fyrir eyþjóð. Hluti af því að taka heildstætt á orku- og flutningamálum þjóðarinnar er að beita sér fyrir því að lagaumgjörð hér á landi sé með þeim hætti að kaupskipaflotinn sjái sér hag í að eiga hér heimilisfesti og að skipverjar, áhafnir á kaupskipaflotanum, sjái sér líka hag í að eiga hér heimilisfesti og lúta íslenskum lögum hvað varðar kaup og kjör og annað því um líkt sem lýtur að áhöfnum skipa.

Þetta situr líka fast hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra. Það er mínu viti mjög þjóðhagslega rangt hjá hæstv. ráðherra að sitja á þessum þáttum. Þetta er hluti af því að taka heildstætt á flutningamálum.

Þá vil ég líka að minna á að þegar litið er á flutningamálin heildstætt þá er raforkuverði haldið mjög háu til fyrirtækja og einstaklinga til að hægt sé að niðurgreiða raforkuna til stóriðju. Einstaklingar og minni fyrirtæki eru látin greiða mun hærra verð og verða jafnvel að fara út í olíunotkun sem er þeim hagkvæmara. Ég þekki dæmi þar sem meira að segja mjölvinnslur keyra á olíu, lýsisbræðslur keyra á olíu vegna þess að rafmagnið er of dýrt fyrir þær. Ég þekki dæmi um bakarí og fatapressur þar sem keyrt er á olíu vegna þess að rafmagnið er of dýrt. Það væri leið að lækka olíuna en væri ekki frekar leið að lækka raforkuna, hætta að niðurgreiða raforku til stóriðjunnar en láta ekki þessa aðila gera það? Mér er kunnugt um að menn verða að keyra dísilvélar til raforkuframleiðslu vegna þess að þeir búa bara við einfasa rafmagn.

Þetta er eitt af því sem mætti líka gera. Ég vil síðan minna á að í samgönguáætlun frá 2003–2014 er lögð áhersla á sjálfbærar samgöngur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Helstu hnattrænu umhverfisáhrifin eru loftslagsbreytingar af völdum gróðurhúsalofttegunda. Séu þessi neikvæðu umhverfisáhrif metin til fjár má gera ráð fyrir að samfélagslegur kostnaður af þeim sé mikill. Samgöngur í dag og vöxtur þeirra fylgja því ekki markmiðum um sjálfbæra þróun, þar sem samgöngur hafa — þrátt fyrir jákvæð áhrif á samfélag og efnahag — ...

Það er eitt af brýnustu verkefnum á nýrri öld að draga svo úr neikvæðum áhrifum samgangna, að þau falli innan marka sjálfbærrar þróunar, án þess að hinir miklu kostir góðra samgangna glatist.“

Þetta stendur hér í stefnumörkuninni ef hæstv. fjármálaráðherra hefur ekki lesið sína eigin stefnumörkun sem ríkisstjórnin stendur að varðandi uppbyggingu samgangna.

Það er einmitt talið eitt brýnasta verkefnið að leita hagkvæmustu kosta við uppbyggingu og rekstur samgangna á Íslandi, á sjálfbæran hátt. Tillaga okkar um strandsiglingar er einmitt liður í því. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á almenningssamgöngur, öflugt almenningssamgangnakerfi einmitt sem lið í sjálfbærum samgöngum.

Við leggjum líka áherslu á að ríkið beiti ekki skattlagningu sinni á olíur og bensín beint til að mismuna atvinnulífinu eftir búsetu. En þannig er það nú við óbreyttar aðstæður. Því með svona flatri skattlagningu, eins og nú er á olíur og bensín, þá leggst slík skattlagning þyngst á dreifbýlisfólk, á atvinnulífið í dreifbýlinu, á þá aðila sem lengst þurfa að sækja vinnu, eru háðir því að keyra langar vegalengdir til vinnu. Skattlagningin eins og hún er nú praktíseruð er því að stórum hluta skattlagning á fjarlægðir hvað þetta varðar. Þess vegna hefur verið lögð áhersla á að það yrði fundin leið til að jafna flutningskostnað í atvinnulífinu, jafna flutningskostnað fyrir fyrirtækin sem stunda atvinnurekstur úti á landi. Hér hafa líka verið fluttar tillögur um að koma ætti til móts við það fólk sem er háð því að sækja atvinnu langan veg, eins og t.d. bændur landsins og fólk sem býr í sveitum þar sem stunduð er atvinna meðfram búinu, þar sem þessi skattlagning er mjög íþyngjandi fyrir þetta fólk. Þessi atriði vil ég nefna hér, því þær tillögur sem hér eru uppi um beita flatri lækkun á skatta ríkisins, af olíum og bensíni, gera engan greinarmun þarna á.

Það er líka fróðlegt að sjá, frú forseti, hvernig þessi svokallaða frjálsa samkeppni hjá olíufélögunum virkar. Því eins og hún kemur mér fyrir sjónir virðist nánast vera sama verð á olíum og bensíni um allt land, eða víða hjá afgreiðslustöðvum óháð hvaða olíufélag þar er. Ég er hér með alveg nýja útskrift í Blaðinu sem kom út núna um helgina, og þar stendur t.d.:

Verð á bensíni hjá Essó á Ægisíðunni, 126,1 kr. Verð hjá Olís í Álfheimum, 126,1 kr. Verð hjá Shell á Gylfaflöt, 125,6 kr. lítrinn. Atlantsolía Kópavogsbraut, 124,5 kr. lítrinn. Eitthvað sem heitir Ego Fellsmúla, 124,5 kr. lítrinn. Olís hjá Ánanausti 125,8. Þetta er nánast sama upp á krónu. Það munar örfáum aurum. Þetta á að heita samkeppni, frú forseti. Ég velti því fyrir mér hvort það hefði verið nokkuð verra þótt hér væri bara rekið eitt ríkisrekið olíufélag. Mundi það vera nokkuð verra? Af þeim litla mismun sem hér er á olíu og bensíni er að minnsta kosti er ekki hægt að sjá að um neina samkeppni sé að ræða.

Hins vegar sjáum við að verðið getur verið mun hærra úti á landi enda hafa aðilar þar skipt svæðunum á milli sín. Þeir hafa skipt afgreiðslusvæðunum á milli sín þannig að víða þar sem engin samkeppni er, er þjónustan jafnvel í lágmarki en verðið hæst. Ég held að á þessum lið þurfi líka að taka þegar við lítum á jöfnun og jafnrétti í þessum málaflokki (Forseti hringir.) og ég legg áherslu á að við eigum að keppa að sjálfbærum samgöngum og að orkunotkun sé sem minnst (Forseti hringir.) og sem hagkvæmust þegar á þetta er litið í heild sinni.

[18:36]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir jákvæð viðbrögð við efnisatriðum frumvarpsins. Hér hafa verið afskaplega áhugaverðar umræður um orkumálin, alla vega heildstætt, sem út af fyrir sig er ágætt. Skoðanir ræðumanna hafa verið mjög mismunandi, greinilega eftir því hvar í flokki þeir standa.

Hins vegar hefur aðeins örlað á misskilningi hjá einstaka ræðumanni, en þetta frumvarp felur í sér að framlengja þá mismunun sem er á verði bensíns og dísilolíu til

að ýta undir notkun á dísilolíu sem er talin umhverfisvænni en bensínið. Ástæðan er sú að það óvenjulega ástand hefur skapast að undanförnu að dísilolía og bensín hafa nánast verið á sama verði.

Það hafa hins vegar verið gerðar miklar breytingar á eldsneytissölumálum hjá okkur á undanförnum árum. Í fyrsta lagi þegar hlutur ríkisins var gerður að fastri tölu og síðan þegar nýtt kerfi var tekið upp fyrir tæpu ári síðan. Það var beinlínis gert til að auðvelda hinum almenna bíleiganda að nýta sér dísilolíuna. Vonandi að það verði okkur í hag og skili sér umhverfislega á næstunni auk þess sem það mun væntanlega verða ódýrara fyrir þjóðarbúið ef ástandið verður áfram eins og það oftast hefur verið.

Hins vegar hafði breytingin, þegar bensíngjaldinu og olíugjaldinu var breytt í fasta upphæð gríðarlega mikil áhrif á verðlagið. Hlutföllin á milli innkaups og kostnaðarverðs olíufélaganna og hluta ríkisins hafa breyst algerlega eins og komið hefur fram í útreikningum hv. þm. Péturs Blöndals og birt hefur verið í Morgunblaðinu. Hlutur ríkisins í meðalútsöluverðinu hefur farið úr 60% niður í 40%. Þannig að það er ekki hægt að tala um að ríkið hafi aukið skattlagningu sína af eldsneyti á undanförnum árum. Þvert á móti hafa hlutföllin þar breyst hinu opinbera í óhag.

Þess vegna kemur hin gríðarlega mikla áhersla Samfylkingarinnar á lækkað eldsneytisverð á óvart. Út af fyrir sig má hafa skilning á því að menn vilji bregðast við tímabundnu háu eldsneyti. En þegar maður horfir á breytingarnar í þessu samhengi, þá kemur þessi mikla áhersla talsvert á óvart. Sérstaklega þegar maður horfir á afstöðu Samfylkingarinnar í skattamálum þar sem hún hefur haft miklar áhyggjur af þensluáhrifum þess að lækka tekjuskatt. En lækkun á álagningu hins opinbera, eða lækkun á hlut ríkisins í eldsneytisverðinu mundi auðvitað hafa sömu efnahagslegu áhrifin.

Það mundi út af fyrir sig horfa öðruvísi við ef við værum að gera kerfisbreytingu. Þá gæti ég alveg hugsað mér að við mundum haga skattlagningu okkar á annan hátt. En ég held ekki að það sé tími til þess núna að huga að slíkum hlutum. Okkur mun eflaust gefast tóm til þess síðar. En við þurfum líka að huga að því hvaða breytingar það eru sem eiga sér stað úti í heimi og hvernig við ætlum að bregðast við þeim. Þessi afgerandi afstaða Samfylkingarinnar, að lækka tímabundið, ég er hvorki viss um að hún sé tímabær né endilega skynsamlegasta afstaðan að taka ef við þurfum að horfast í augu við að eldsneytisverð sé að hækka varanlega, hvort þetta séu þá hin réttu viðbrögð til að hafa við, ef horft er til lengri tíma notkunar og lengri tíma verðlagningar á innfluttu jarðefnaeldsneyti.

Síðan er áhugi Samfylkingarinnar á að nota álagningu ríkisins, eða hlut ríkisins í eldsneytisverðinu, lækka það til að hafa áhrif á verðbólguna eða á vísitöluna, þetta er auðvitað aðferð sem hefur verið notuð áður og þess vegna kannski ekki neitt óeðlilegt að menn velti því fyrir sér. En mér finnst Samfylkingin vera ansi snögg upp á lagið að komast að þeirri niðurstöðu að núna sé nákvæmlega tíminn til að beita slíkum aðferðum til að ná þessum árangri sem þó er kannski ekki nægjanlega vel skilgreindur.

Ég velti því fyrir mér ef þörf væri á að fara í einhverjar slíkar aðgerðir, menn væru með einhverja ákveðna fjármuni til að gera slíkt, — eins og kom fram hjá hv. þm. Kristjáni Möller sem sagði að nú væri svigrúm til að lækka, en málflutningur Samfylkingarinnar hefur nú ekki alltaf verið þannig í vetur — hvort við vildum þá ekki frekar lækka eitthvað annað, og þá kannski sérstaklega í ljósi þess hvernig þróunin er á heimsmarkaði á verði á jarðefnaeldsneyti, ef við horfum á þetta til lengri tíma. Það væru einhverjir aðrir hlutir sem mundu þá vera til lengri tíma skynsamlegir fyrir okkur og mundu þá hjálpa okkur jafnmikið og ef við teldum okkur þurfa að fara út í einhverjar svona aðgerðir vegna vísitölunnar.

Ég fagna því reyndar að þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var spurður beint af hv. þm. Kristjáni Möller um afstöðu hans til þessara tillagna Samfylkingarinnar, þá spurði hann nákvæmlega þessara spurninga. Hann gekkst ekki beint inn á tillögu Samfylkingarinnar um þetta heldur greinilega með öllum fyrirvörum um að hægt væri að skoða annað í stöðunni.

En ég hef hins vegar sagt að við þurfum að skoða þetta heildstætt og út frá öðrum þáttum í hagkerfinu og meta þá stöðu en ekki bara einstaka vörutegund eins og ég hef nefnt í þessu samhengi.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lagði hins vegar mjög mikla áherslu á það í ræðu sinni að Vinstri grænir væru ekki að óska eftir lægra verði á eldsneyti, það væri ekki stefna þeirra. Taldi mig hafa snúið út úr fyrir hv. þm. Jóni Bjarnasyni hér fyrir nokkru í umræðum í þinginu þar sem mér skildist á hv. þingmanni að hann væri að óska eftir að eldsneytisverðið lækkaði og væri þá talsmaður eina græningjaflokks í heimi sem væri að óska eftir slíku. Það var ekki með vilja gert að snúa út fyrir hv. þingmanni en ég held að það sé kannski skiljanlegt að ég hafi misskilið hann þegar hann var að tala um jöfnun á flutningskostnaði vegna kostnaðar af eldsneyti, því að í því mundi að sjálfsögðu felast ákveðin niðurgreiðsla og þá væri verið að skekkja verðmyndunina og undir ákveðnum kringumstæðum væri þá verið að nota meira af eldsneyti en þá væri réttlætanlegt verðsins vegna. Það getur falist í slíkum jöfnunarkerfum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var aðeins í dómsdagsspárham hvað þetta varðar og vonandi hafa þær spár verið ástæðulausar, en það er auðvitað ýmislegt sem er að gerast í þessum efnum. Hann minntist á „Putin okkar" eins og hann orðaði það — ég átta mig ekki alveg á í hvaða skilningi hann var orðinn „okkar" — og að hann ætlaði sér að selja olíu og gas frá Rússlandi til annarra landa en til Evrópu. Það er rétt að hann hefur gert samning við Kínverja um það en það var einmitt eitt af því sem hv. þingmaður hafði áhyggjur af, þ.e. að Kínverjar færu að nota of mikið jarðefnaeldsneyti en þeir munu væntanlega fá það frá Rússlandi þannig að það er ástæða til að hafa áhyggjur af því.

En það var annað sem hv. þingmaður nefndi, það var að hér væri ekkert að gerast og hefði ekkert verið að gerast. Ég veit ekki betur en að alla síðustu öld hafi Íslendingar verið að vinna í því að virkja sjálfbærar orkulindir. Hvort sem það voru fallvötn eða jarðvarmi eða sú áhersla sem hefur verið á undanförnum árum á vetnið þá held ég að við höfum lagt verulega mikið til þessara mála hér hjá okkur miðað við okkar stærð og við höfum hvorki meira né minna en

fengið verðlaun fyrir framlag okkar til vetnismálanna.

Eins og ég sagði fengu efnisatriði frumvarpsins mjög jákvæðar undirtektir og ég fékk ákveðnar spurningar sem ég vildi reyna að svara. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði um áhrif á vegagerð. Ég tel ekki ástæðu til að ætla að þetta muni hafa áhrif á magn vegaframkvæmda á árinu. Hún spurði hvort ekki mætti lækka bensínverð líka. Þá vísa ég til þess sem ég sagði í upphafi að frumvarpið er flutt til þess að hafa mismun á verði á dísilolíu og bensíni og þar af leiðandi fellur það ekki að markmiðum frumvarpsins að bensínið verði lækkað líka. Það er önnur umræða sem ég tel að við þurfum þá að skoða heildstætt bæði út frá eldsneytisforsendum og efnahagsforsendum ef til kemur en ég held að það sé ekki orðið tímabært.

Hv. þm. Kristján Möller spurði um þau atriði er lúta að björgunarsveitunum, hvort ekki væri betra að þær fengju endurgreidda reikningana. Ég held að sú aðferð sem hér er lögð til sé betri. Hins vegar er sú hugmynd sem hann kom með um staðsetningarkubba eitthvað sem væri áhugavert að skoða ef hægt væri að gera einhvers konar tilraun með það á björgunarsveitarbílunum án mikils tilkostnaðar.

Frú forseti. Ég þakka fyrir jákvæðar undirtektir og áhugaverðar umræður sem hafa virkilega skýrt línurnar í þessum efnum um hvað menn vilja gera. Samfylkingin vill klárlega lækka verð á bensíni alveg óháð öðrum þáttum að því er virðist. Vinstri grænir vilja fara mjög umhverfisvænar leiðir í þessu og svo sýnist mér að við fjrálshyggjumenn, eins og ég og hv. þm. Pétur Blöndal, séum meira hugsi í þessum efnum og viljum horfa bæði á heildstætt umhverfissamhengi og heildstætt efnahagssamhengi þegar ákvarðanir í þessum efnum eru teknar en þó auðvitað alltaf með það í huga að við viljum gjarnan lækka álögurnar á fólkið í landinu.

[18:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi held ég að hæstv. ráðherra sé á vissum villigötum þegar hann gefur sér að hugmyndir um að jafna flutningskostnað feli sjálfkrafa í sér að verðmyndunin sé skekkt eða að gripið sé inn í hana. Ég hef skilið það svo að hugmyndirnar gengju einmitt út á að fara t.d. svipaða leið og mun vera gert í Noregi, að endurgreiða beinlínis sannanlegan útlagðan flutningskostnað að einhverju leyti, þ.e. að kostnaður þolandans á endanum yrði að einhverju leyti endurgreiddur og þar með hefur það ekki í sjálfu sér inngrip í verðmyndunina í ferlinu eða í keðjunni, það sem sagt skekkir ekki álagningu olíugjaldsins eða þungaskattsins eða þar fram eftir götunum.

Hæstv. ráðherra segir að hér sé fyrst og fremst verið að framlengja þennan afslátt til þess að tryggja hóflegan mismun á milli verðs á dísilolíum og bensíni vegna sérstakra aðstæðna sem hafi leitt til þess eða tímabundið leiði til þess að dísilolíur séu hlutfallslega dýrari en ella í jafnvægi ætti að vera borið saman við bensín. Ég minni á móti á að strax þegar kerfisbreytingin var í undirbúningi og umræðu á Alþingi 2004 var bent á að breytingin næði ekki tilgangi sínum af því að það stefndi í að allt of lítill eða næstum enginn munur yrði á útsöluverði dísilolíu og bensíns. Ég hafði alltaf gengið út frá því í umræðum um þá kerfisbreytingu að menn mundu verða með allmargra króna mun og það er nauðsynlegt að mínu mati að það sé þannig til frambúðar og varanlega ef menn vilja stuðla að aukinni notkun dísilolíu í staðinn fyrir bensín í bifreiðaflotanum.

Ég held að það sé komin þörf á að skoða þessi mál í heild sinni, tolla og aðflutningsgjöld og flokkunina þar, bifreiðagjöld og annan rekstrarkostnað bílsins og þar með talið olíu- og bensíngjöld. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Telur hann koma til greina að skipa þverpólitíska nefnd, t.d. með aðild sveitarfélaganna, sem fari (Forseti hringir.) ofan í þetta í heild sinni?

[18:53]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef um jöfnun á verði er að ræða, jafnvel eftir þeirri aðferð sem hv. þingmaður lýsir, þá þýðir það að sá sem nýtur jöfnunarinnar mun nota meira eldsneyti en hann ella mundi gera. Það hlýtur að vera tilgangurinn með því að ýta undir þá starfsemi sem á eldsneytisnotkuninni þarf að halda. Annars þyrfti þetta ekki, annars væri þetta ástæðulaust.

Varðandi kerfið þá er það rétt hjá honum að til þess að markmiðið um meiri umhverfisvænleika og meiri hagkvæmni gangi upp þá þarf verðið að vera lægra og til þess er leikurinn með þessu frumvarpi gerður. Lægra verð og minni eyðsla dísilbílanna á að leiða fram þessi áhrif.

Hvað það varðar að skipa nefnd þá er ég nú þegar með vinnuhóp að skoða þessi mál eins og kom fram í umræðunni. Hvað kemur út úr því get ég ekki sagt á þessari stundu og vil ekkert útiloka hvaða framhald verður á því án þess að uppi séu neinar sérstakar hugmyndir.

[18:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki sammála því að flutningskostnaðinn og jöfnun hans eigi að setja inn í þetta samhengi. Ég held að þessir flutningar spretti af þörf og þar eiga menn ekki val. Þetta er ósköp einfaldlega það sem er að ræða: Eiga þeir sem háðastir eru hinum háa flutningskostnaði og finna tilfinnanlegast fyrir honum, einkum í fjarlægustu byggðum landsins, að þurfa að taka hann á sig að fullu og þær miklu hækkanir sem orðið hafa á honum undanfarin ár? Þær stafa af ýmsum ástæðum og bætir auðvitað ekki úr skák á meðan ástandið er eins og það er að það eru engir valkostir, það eru engar strandsiglingar og menn eru dæmdir og ofurseldir til að fá sínar vörur til sín og senda sína framleiðslu frá sér í gegnum þær flutningaleiðir á landi sem í boði eru. Það er ekki eitthvað sem menn geta bara tekið ákvörðun um hvort þeir geri eða geri ekki. Fólkið sem býr í þeim byggðum sem verður að fá vöruna til sín eða koma framleiðslunni frá sér á ekkert val. Þess vegna er ekki hægt að stilla þessu upp með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerir.

[18:55]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var ekki að leggjast á móti jöfnuninni. Ég var einfaldlega að lýsa þeim afleiðingum sem ég tel að hún hafi. Það er svo sem ekkert nýtt að við hv. þingmaður séum

ósammála. Við lifum við það.

[18:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. fjármálaráðherra sagði að afstaða Samfylkingarinnar í þessu máli kæmi á óvart. Hæstv. ráðherra þarf alls ekkert að koma það á óvart. Hvað erum við í Samfylkingunni að horfa til? Við erum að horfa til þess að ef bensínverð verður lækkað eins og við höfum lagt til, um 6 kr. plús vask, hefur það þau áhrif á vísitöluna að hún lækkar um 0,4%. Þetta hefur líka þau áhrif að útgjöld heimilanna vegna bensínnotkunar á þessum sex mánuðum sem við erum að leggja til lækka um 750 milljónir eða um 40 þús. kr. á ári á þessu tímabili á hvern heimilisbíl.

Hæstv. ráðherra ber þetta saman við það að við viljum fresta skattalækkunum og telur greinilega að það sé einhver misvísun í okkar málflutningi. Það er bara fjarri öllu lagi. Hæstv. ráðherra segir að þetta hafi sömu efnahagslegu áhrifin. Ja, ég er hjartanlega ósammála því vegna þess að við erum að tala hér um miklu lægri fjárhæð en skattalækkanirnar kosta fyrir utan það að þessi leið skilar sér miklu betur til heimilanna og jafnar en skattalækkanirnar þannig að það er engin misvísun í þessu.

Hæstv. ráðherra nefndi þá einhverjar aðrar aðgerðir í staðinn. Hvað er ráðherrann með í huga? Ég minni á það að árið 2002 fór ríkisstjórnin í nákvæmlega sömu aðgerð og við erum að leggja til með þeirri röksemd að áhrif hækkunar á bensín væru umtalsverð og gætu stofnað verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu. Það gæti vissulega haft þau áhrif í haust ef ekkert er brugðist við. Hvað er það sem hæstv. ráðherra á við þegar hann talar um aðrar aðgerðir?

Hæstv. ráðherra segir að það sé verið að flytja þetta frumvarp til að viðhalda þeim mismun sem er á dísilolíunni og bensíni. Það er hægt að flytja sambærilega krónutölu að því er varðar dísilolíuna, 6 kr. plús vask, og (Forseti hringir.) þá viðhöldum við áfram sama mismun og hæstv. ráðherra er að kalla eftir.

[18:58]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var ekki að segja að þetta væri ekki hægt og ég var ekki að segja að þetta væri eitthvað vitlaus aðgerð enda sanna dæmin það, menn hafa farið í svona aðgerðir. En það sem kemur mér á óvart er hvað þetta er afdráttarlaus afstaða Samfylkingarinnar, hvað hún er búin að taka sterka afstöðu til þessa sérstaka máls án þess að skoðaðir hafi verið aðrir kostir sem hugsanlega kæmu til greina ef efnahagsástandið væri þannig að það væri skynsamlegt að fara út í svona aðgerðir.

Ég var ekkert að tala um að þetta væru lægri fjárhæðir en þær skattalækkanir sem Samfylkingin hefur verið leggjast á móti. En að þetta komi jafnar út, það leyfi ég mér að stórefast um því að þeir sem fengju mest út úr þessu eru þeir sem eiga flesta og stærstu og bensínfrekustu bílana. Það held ég að sé alveg augljóst. Sá sem er á litla sparneytna fjölskyldubílnum, sem Steingrímur J. Sigfússon var að hvetja til að ýtt yrði undir, fengi minnst út úr þessu. Það væru stóru drekarnir sem fengju mest.

[18:59]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil leyfa mér að efa það að meðalfjölskyldan í landinu eða þeir sem eru með lægri tekjur en eiga lítinn fjölskyldubíl, sem mundi fá 40 þús. kr. á hvern bíl út úr þeirri leið sem við erum að nefna, fái 40 þús. kr. út úr áformuðum skattalækkunum hæstv. ráðherra. Það hefur verið sýnt fram á að skattalækkanirnar skila sér langmest til þeirra sem eru hæst launaðir.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann horfi ekki til þess að 0,4% lækkun á vísitölu hafi áhrif að því er varðar verðbólguna. Hvaða aðra kosti er hæstv. ráðherra að tala um? Við höfum frá því í haust verið að tala fyrir þessari leið. Við höfum ekki heyrt að hæstv. ráðherra sé með neinar aðrar aðgerðir í undirbúningi eða einhverja aðra kosti á borðinu sem skila sambærilegu til heimilanna og til þess að hafa áhrif til lækkunar á vísitölunni. Gott og vel, ef hæstv. ráðherra sýnir okkur einhverjar aðgerðir sem skila heimilunum því sama og hefur (Forseti hringir.) þessi áhrif til lækkunar á verðbólguna þá efa ég ekki að við séum alveg tilbúin að skoða það og leggja það á vogina (Forseti hringir.) hvort er betra að fara.

[19:00]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Það er þá eitthvað nýtt ef Samfylkingin er tilbúin að skoða eitthvað af því sem ríkisstjórnin kemur með. Ég held að það sé hins vegar alveg borðlagt að sú kaupmáttarauknun sem orðið hefur vegna skattalækkunarákvarðana ríkisstjórnarinnar er talsvert umfram það sem hv. þingmaður nefndi án þess að ég ætli að fara að karpa um það.

Það eina sem ég var að leggja áherslu á var hvað það kemur mér á óvart hversu afgerandi Samfylkingin er í því að gera einmitt þetta. Að vísu hefur hv. þingmaður aðeins dregið í land með það þannig að það er eitthvert svigrúm ef niðurstaðan yrði sú þegar búið væri að meta efnahagsástandið heildstætt og þá í samhengi við hvernig eldsneytisverð í heiminum er að þróast og þá kæmust menn að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að grípa til einhverra svona hluta. En ég er langt frá því að vera viss um að þess þurfi og vitna þá til nýjustu efnahagsspár ráðuneytisins.

[19:02]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir það fyrsta vegna skilgreiningar hæstv. fjármálaráðherra á þingmönnum sem félagshyggjumenn, jafnaðarmenn eða frjálshyggjumenn, eins og hann nefndi sig og hv. þm. Pétur H. Blöndal, þá er það rétt að þeir eru frjálshyggjumenn. En miðað við það sem við erum að ræða hérna eru þeir líka miklir skattheimtumenn og ekkert smáræði hvað þeir eru miklir skattheimtumenn. Það kemur fram í því sem við höfum verið að ræða hér í dag.

Virðulegur forseti. Í annan stað vil ég segja að mér skilst að meðan ég hélt ræðu hér áðan hafi bensínlítrinn hækkað um tvær krónur, úr 126 kr. í 128 kr. Má ég aðeins líka halda því til haga að væri þessi framlenging ekki samþykkt hér, þ.e. þessi lækkun á olíugjaldinu, um þessar 4 kr. plús vask þá værum við með olíuverð og bensínverð í sömu krónutölu nánast. Hvar er þá hinn fjárhagslegi ávinningur

sem átti að vera, sem m.a. hæstv. utanríkisráðherra Geir H. Haarde talar um, við það að taka upp hina sparneytnu dísilbíla? Staðreyndin er auðvitað sú að olíugjaldið er allt of hátt og ég er búinn að fara yfir hver var grunnurinn að því.

Ég vildi svo í þessu andsvari mínu segja það líka að ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. fjármálaráðherra gaf hér áðan, og segi nú menn að það geti ekki fæðst góðar hugmyndir hér úr ræðustól Alþingis, þar sem hann tók undir þá hugmynd sem ég setti fram um gervihnattakubbana í björgunarsveitarbílana. Ég þykist vita það að við hv. þm. Pétur H. Blöndal erum mjög áhugasamir um þetta verkefni og treysti ég því að hv. þingmaður, formaður efnahags- og viðskiptanefndar hafi heyrt þetta jafn vel og ég hérna áðan og taki þetta til gaumgæfilegrar skoðunar í efnahags- og viðskiptanefnd hvort ekki sé ástæða til að byrja með að þróa þessa kubba í björgunarsveitarbílana, ef þeir eru ekki þegar komnir, og við förum að rukka olíugjald eða einhvers konar gjald fyrir eldsneyti í samræmi við það. Þá held ég að við værum mjög framarlega í því að (Forseti hringir.) fara að þróa þetta kerfi.

[19:04]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég var að reyna að segja áðan þegar ég var að reyna að gera grein fyrir afstöðu hinna ýmsu fylkinga hér á Alþingi þá er það svo að þrátt fyrir frjálshyggju okkar hv. þm. Péturs Blöndals þá teljum við að jafnvel frjálshyggjan geti nýst í umhverfismálum og það með hinum efnahagslegu stjórntækjum og ég hef reyndar flutt þingmál um slíkt. Ég held að allir þeir sem huga að umhverfismálum geri sér grein fyrir því að eldsneytisgjöld eru hluti af hinum efnahagslegu stjórntækjum og þeim er beitt til þess að hafa áhrif á eldsneytisnotkun. Ef staðan er sú að til viðbótar við umhverfisáhrifin, sem hafa verið rædd hér, þá séu efnahagslegu áhrifin líka farin að vera mjög íþyngjandi fyrir þjóðarbúið, þá þarf einhvern veginn að verðleggja þessi áhrif. Þá getur vel verið að það sé hreinlega mjög óskynsamlegt að nota þá fjármuni sem við höfum til þess að lækka skatta og álögur, að nota þá einmitt til þess að lækka þessa skatta og þessar álögur. Ef tillögur eru vel útfærðar ætti slíkt og koma í sama stað niður fyrir skattgreiðandann en hafa jákvæð áhrif varðandi umhverfið.

En eins og ég segi enn einu sinni þá verðum við að skoða þetta heildstætt út frá okkar efnahagsumhverfi, út frá því hvernig þróunin er erlendis og út frá því hvernig við teljum skynsamlegast að afla tekna fyrir ríkissjóð og að sjálfsögðu að ná jöfnuði í ríkisrekstrinum.

[19:06]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst eins og hæstv. fjármálaráðherra væri að verða vinstri grænn hérna á tímabili í talinu um umhverfisvænu orkuna. Auðvitað er enginn að tala fyrir því að hér eigi að vera einhver orkusóun. Þetta er langtímamarkmið og göfug hugsjón sem menn hafa verið með eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var með hér áðan. En við erum meira að tala um núið núna og það er eiginlega það sem ég ætla að leggja út af í þessu seinna andsvari mínu vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra sagði að við í Samfylkingunni værum snögg upp á lagið hvað þetta varðaði og hann væri hissa hvað við værum áköf í þetta.

Við erum að tala um þetta sem nokkurs konar bráðaaðgerð. Það er alveg rétt. Við erum alveg til í að skoða heildstætt þær hugmyndir sem hér hafa komið fram til þess að spara orku, við erum alltaf að gera það og við Íslendingar erum sannarlega mjög framarlega í þeim flokki, það er grundvallaratriði.

Það er t.d. eitt atriði til að spara orku sem ég hef talað um hér og það er ef við tækjum t.d. upp einhvers konar styrkjakerfi og kæmum aftur á strandsiglingum og mundum minnka þá umferð sem er á þjóðvegum landsins við að flytja vörur. Ég hef sagt það hér og segi það enn einu sinni að ég skil ekki af hverju þarf að flytja 40 feta gám af frosnum fiski í einhverjum hvelli frá einum stað til annars eftir þjóðvegakerfi landsins. Þetta ætti að sjálfsögðu (Forseti hringir.) að fara fram á sjónum með skipulögðum strandsiglingum og þar með spöruðum við orku.

[19:07]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Skipulagðar strandsiglingar voru viðhafðar hér um langt árabil, m.a. á vegum ríkisins svipað og ríkisolíufélagið sem Jón Bjarnason vill setja á fót. (Gripið fram í.) Þetta ríkisútgerðarfyrirtæki kostaði okkur ófáa milljarðana og ég held ekki að við þyrftum að fara að gera það með einhverju sérstöku styrkjakerfi í þeim eina tilgangi. Hins vegar, eins og fram hefur komið, erum við að skoða það hvernig við getum komið betri fótum undir skipaútgerðina í samkeppni við það sem er að gerast erlendis. Það er út af fyrir sig annað mál og við munum væntanlega fá tækifæri til að ræða það síðar.

Það er einhvern veginn eins og menn hafi bitið þetta í sig, ég veit ekki alveg af hverju það hefur gerst, og menn eru ekki tilbúnir að skoða það í hinu víðara samhengi. — Og ef ég má segja, frú forseti, þá minnir það mig á það sem maðurinn sagði „að bregðast (Forseti hringir.) við gengislækkun með því að lækka virðisaukaskatt á innflutningi tímabundið".

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Dagskrá fundarins.

[19:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þarf að sjálfsögðu að halda mig við þetta þrönga umræðuefni, um fundarstjórn forseta, og get þess vegna ekki leiðrétt hæstv. fjármálaráðherra varðandi misskilning hans hvað varðar niðurgreiðslu á samgöngumálum, en það geri ég við annað og betra tækifæri.

Ég vil vekja athygli hæstv. forseta þingsins á því að dagskráin eins og hún lá fyrir í dag telur 21 þingmál. Við erum núna búin að ljúka umræðu um tvö fyrstu þingmálin. Það hefur verið ágæt og málefnaleg umræða um þau bæði. En ég óska eftir því að fá upplýsingar um það frá stjórn þingsins hver framvindan verður, hvort ætlunin sé að halda umræðu inn í kvöldið. Ég vil jafnframt vekja athygli hæstv.

forseta þingsins á því að hér er á dagskrá fjöldi þingmála sem þola bið, sem engin ástæða er til að knýja í gegnum þingið núna fyrir vorið. Þar er náttúrlega efst á blaði sá dagskrárliður sem næstur er, hinn þriðji í röðinni: Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Er það virkilega svo að ríkisstjórnin forgangsraði málum þannig að hún ætli að reyna að knýja fram umræðu um þetta mál núna? Ég óska eftir upplýsingum frá hæstv. forseta um hvað ákveðið hafi verið um þinghaldið. Það er ekkert samkomulag við stjórnarandstöðuna í því efni, ríkisstjórnin fer nú fram algerlega á eigin forsendum, hefur hunsað allar óskir sem frá stjórnarandstöðunni hafa komið um samkomulag og samráð um lyktir þingsins.

Þess vegna viljum við núna fá að vita hvaða áform eru uppi um framhaldið. Á virkilega að taka hér til umræðu eitt umdeildasta mál sem liggur fyrir þinginu núna, um einkavæðingu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins? Er það virkilega svo að ríkisstjórnin forgangsraði málum þannig að hún ætli að taka tíma þingsins til þess núna á þessum lokadögum?

Ég vek athygli á því að samkvæmt áætlun þingsins átti Alþingi að ljúka á morgun. Það gengur að sjálfsögðu ekki upp en við sjáum hér forgangsröðun þeirrar ríkisstjórnar sem situr að völdum í landinu, illu heilli: Nú vill hún fara að láta ræða um einkavæðingu á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Heyr á endemi!

[19:12]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég ætla ekki að nota þennan dagskrárlið nema að litlu til þess að vísa á bug missögnum hjá hæstv. fjármálaráðherra sem gerði mér þau orð að ég vildi fara að stofna ríkisolíufélag. Ég benti hæstv. ráðherra á að það væri enginn munur á milli olíufélaganna í verði á olíum og bensíni. Bara til að halda þessu til haga að hæstv. ráðherra haldi sig við það sem sagt er.

Hinu ætla ég síðan að vekja athygli á og taka undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni varðandi dagskrána að við erum búin með tvö fyrstu málin sem samþykkt var að taka hér á dagskrá með afbrigðum, mál sem komu svo seint fram og voru talin svo brýn. Svo leit ég á skjáinn frá þinginu á tölvunni og þá sé ég að það er búið að boða nefndarfundi á morgun sem hefur ekkert verið tilkynnt um eða ég hef þá misst af því hafi forseti tilkynnt um nefndarfundi klukkan 8 í fyrramálið og að allur dagurinn á morgun verði tekinn undir nefndir. Það má vel vera að það hafi verið fjallað um þetta einhvers staðar en ég sá þetta fyrst á skjánum.

Svo ef ég fletti upp starfsáætlun þingsins, þá minnir mig að það hafi verið gert ráð fyrir eldhúsdegi á morgun eða eitthvað í þá veruna. Ég hef ekki heyrt að honum hafi verið frestað. Hefur það verið tilkynnt hér? (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Það er þá ágætt að það hafi þá verið tilkynnt en það hefur ekkert verið tilkynnt að öðru leyti um framhald þinghaldsins. Ég er ekki að setja mig neitt upp á móti því að þingið starfi hér áfram og fram í næstu viku eða eftir því sem nauðsyn krefur til að taka á aðsteðjandi málum eins og kjörum elli- og örorkulífeyrisþega og eins og á kjörum fólks sem er í láglaunastörfum, fólks sem vinnur t.d. á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum, að á þeim málum sé tekið. Ég mundi gjarnan vilja taka það hér á dagskrá. En að menn rokki hér og keyri áfram dagskrá án þess að nokkuð sé vitað um framhaldið eða án nokkurs samráðs við þingmenn um framhaldið, það finnst mér alveg ótækt og ítreka og tek undir spurningu hv. þm. Ögmundar Jónassonar um það hvað menn ætli að gera með þetta dagskrárplagg sem var kynnt um dagskrá fundarins í dag og við erum búin með tvö fyrstu málin á. Næsta mál á dagskrá er einkavæðing ÁTVR. (Forseti hringir.) Það er af hálfu ríkisstjórnarinnar brýnasta málið sem næst er á dagskrá (Forseti hringir.) ef marka má þetta plagg.

[19:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að nýta þennan tíma einmitt til þess að ræða um fundarstjórn forseta og benda á það að þessi dagskrá liggur fyrir og það er engin ástæða til annars en að halda þessari dagskrá. Ég treysti því að við höldum bara áfram eins og leið liggur niður eftir dagskránni og þingmenn greiði fyrir þingstörfum með því að ræða mjög málefnalega þau mál sem liggja fyrir. Næst liggur þá væntanlega fyrir, hæstv. forseti, að hæstv. fjármálaráðherra mæli fyrir þriðja málinu sem er á dagskrá.

[19:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vek athygli á því að dagskrár þingfunda að undanförnu hafa verið ákveðnar algerlega einhliða af forseta eða meiri hlutanum, án nokkurs samráðs. Það er ekki mjög gæfulegt ef menn vilja reyna að greiða götu einhvers samkomulags og einhvers skilvirks skipulags hér um fundarhöldin að reyna a.m.k. ekki að sýna lit í þeim efnum. Það undarlega er að það er eins og það sé ekki einu sinni viðleitni í gangi hjá hæstv. ríkisstjórn til þess að reyna að hafa hér eitthvert skipulag eða eitthvert skikk á fundarhaldinu.

Ég segi það alveg hreint sem mína meiningu að það er eins og hvert annað grín að fara að koma hér 2. maí, en þingi átti að ljúka 4. maí, og ætla að troða hér inn í umræðurnar milli mála — sem eftir atvikum menn hafa skilning á að sé þörf á að afgreiða, eins og tímabundnar ráðstafanir vegna gengisbreytinga eða olíuverðshækkana — frumvarpi til laga um hlutafélagavæðingu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, það er auðvitað alveg yfirgengilegt. Og sú spurning er alveg fullgild hvort það sé forgangsröðun hæstv. ríkisstjórnar. Er þetta þvílíkt hugsjónastórmál fyrir ríkisstjórnina að háeffa ÁTVR að öllu öðru sé ýtt til hliðar og síðustu klukkutímum þingsins, ef ætti að reyna að halda hér starfsáætlun, ráðstafað í það? Það er auðvitað ákaflega ógæfulegt, frú forseti.

Það fer líka að verða tímabært að lýsa eftir því hvort það sé einhver verkstjórn hér á hendi af hálfu meiri hlutans eða ríkisstjórnarinnar. Ég hef ekkert mikið orðið var við þá forkólfa hennar hér heima við upp á síðkastið. Er þetta algjörlega reiðulaust, bara í reiðuleysi? Það er eiginlega erfitt að fá annað á tilfinninguna. Það virðist hver ráðherra setja hér undir sig hausinn og þumbast með sín mál. Við hljótum að skilja það svo að hæstv. fjármálaráðherra sé það sáluhjálp-

aratriði að fá að mæla hér fyrir því að hlutafélagavæða ÁTVR, það komi alveg frá hans innstu hjartarótum að koma þessu máli eitthvað áleiðis. Þá bara vottar maður honum samúð í því sambandi. En það er þá ekki vandinn á þeim bænum ef ekkert brýnna eða þarfara er að gera í fjármálaráðuneytinu en að standa í svona löguðu.

Ég vek líka athygli á því að hér eru fjöldamörg mál sem eru komin til 3. umr. og allmörg þeirra þarfnast einhverrar umræðu. Það eru breytingartillögur sem væntanlega á að mæla fyrir o.s.frv. Ég held að það væri nú nær ef menn vilja eitthvað einfalda hlutina og greiða fyrir skikkanlegum þinglokum að stytta t.d. dagskrána og einfalda með því að ljúka þá einhverju af þeim málum sem sæmilegt samkomulag er um og eru hér á dagskrá og bíða eftir því.

Ég held því að það væri gáfulegast að gera hlé á þessum fundi, það er hvort sem er kominn kvöldmatur, (Forseti hringir.) og að menn töluðu eitthvað saman og reyndu að koma einhverju viti í þetta.

[19:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hefur stundum verið rætt um fundarstjórn forseta af minna tilefni en núna, því að mál virðast vera hér öll í einhvers konar öngþveiti. Það eru ekki gerðar neinar tilraunir til þess að koma þeim í þannig horf að það verði einhver sátt um framgang hér á þinginu. Og það er sérkennilegt að hæstv. fjármálaráðherra leggi fram mál eins og það sem er næst á dagskránni, sem allir vita að verður gríðarlegt deilumál hér í Alþingi, fyrir nú utan það að það eru ákaflega veik rök fyrir málinu yfirleitt, nánast fáránlegt að leggja í breytingar á því og að koma með það inn til umræðu á þessum tíma sem við erum nú á. Ég velti því fyrir mér hvort þetta útspil hafi eitthvað með einhvers konar átök milli stjórnar og stjórnarandstöðu að gera eða eitthvað svoleiðis, ég kann bara ekki skil á þessu. (Gripið fram í.) Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að ... (Gripið fram í.) Ég held að hv. þingmenn ættu þá að tala hreinskilnislega út um það hvað þeir eru eiginlega að fara.

Er það skynsamlegt að setja hér fram mál sem menn vita fyrir fram að engin leið er að koma hér í gegnum sali Alþingis nema með gríðarlega löngum umræðum, mál sem hefur enga þýðingu fyrir ríkið, ekki nokkra, mál sem virðist hafa þá einu þýðingu að draga hér inn að vekja upp deilur um einkavæðingaræði ríkisstjórnarinnar? Þetta mál mun kalla á endalausar umræður. Ég segi alveg eins og er að ég skil ekki hæstv. forseta að hann skuli yfirleitt bjóða upp á það að setja þinghaldið í uppnám út af máli eins og þessu sem hefur enga þýðingu fyrir ríkisvaldið með nokkrum hætti. Ríkisvaldið hefur allar tekjur af þessari starfsemi sem hægt er að hafa, mun hafa sömu tekjur áfram ef þessar breytingar verða gerðar. Eina breytingin sem þarna gæti orðið til væri sú að það væri hægt að ráðast að starfsfólkinu og ýta því út úr launakerfi ríkisins. Er það þá markmiðið með þessu, að koma með þetta frumvarp núna og koma með það á síðustu dögum þingsins, að ráðast að kjörum þess starfsfólks sem vinnur við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins? Ja, það er þá ágætt að menn segi sinn hug í þessu því að það er það eina sem mér getur a.m.k. dottið í hug að skipti einhverju máli fyrir ríkið vegna framlagningar þessa máls. En almennt séð tel ég að forsetar þingsins ættu að setjast niður og (Forseti hringir.) velta því fyrir sér hvort það væri ekki hægt að ná meira samkomulagi (Forseti hringir.) en liggur fyrir nú um störf þingsins

[19:23]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þingflokkunum og formönnum þingflokkanna hefur borist til eyrna það sjónarmið frá sveitarstjórnarmönnum víðs vegar um land að það væri vel þegið að Alþingi drægi sig nú í hlé til að gefa sveitarstjórnarmönnum svigrúm til kosningabaráttu fyrir kosningar sem efnt verður til síðar í þessum mánuði, 27. maí.

Við höfum skilning á þessu sjónarmiði og við höfum fyrir okkar leyti sagt að við værum reiðubúin að semja um þinglokin. Þessu hefur ríkisstjórnin hins vegar hafnað. Hún hefur að vísu sagt að hún væri tilbúin að ljúka þinginu hið snarasta ef við létum það yfir okkur ganga að hér yrðu að landslögum ýmis frumvörp sem eru harla umdeild í þjóðfélaginu: Ríkisútvarpið, Matvælarannsóknir hf., Landhelgisgæslan hf., eða alla vega að hluta til með stórkostlegri skerðingu á réttindum og kjörum starfsmanna, ÁTVR hf., sem er nú á dagskrá þingsins og næst í röðinni. Jú, ríkisstjórnin segir: Það er alveg sjálfsagt að ljúka þinginu hið snarasta, þess vegna á fáeinum dögum, ef stjórnarandstaðan lætur það yfir sig ganga að gera þessi umdeildu mál að landslögum fyrir vorið.

Að sjálfsögðu er ekki fólginn í þessu nokkur vilji til samninga. Við lýsum þess vegna fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni vegna þess ástands sem nú er komið upp í þinginu, fullkomin upplausn og fullkomið ráðaleysi frá ríkisstjórninni. Það veit enginn hvað hún ætlar sér raunverulega. Það er eitt sem er deginum ljósara og það er viljaleysið til að ganga til samninga við stjórnarandstöðuna og verða þannig við mjög réttmætum og skiljanlegum áskorunum sem þinginu berast frá sveitarstjórnum víðs vegar um landið.

Hæstv. forseti. Ég legg til að nú verði gert hlé á fundinum og formenn þingflokkanna komi saman til fundar til að ræða framvinduna hér í þinginu þótt ekki sé nema til næstu þriggja klukkutíma.

[19:26]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill upplýsa í tilefni þeirrar umræðu sem nú hefur orðið um fundarstjórn forseta að fyrirhugað er að ganga eftir dagskrá, en eins er áætlað að gera matarhlé á milli kl. hálfátta og átta. Sérstök áhersla hefur þó verið lögð á það að ræða fjórða dagskrármálið, Almannatryggingar, og telur forseti að þannig gangi þá dagskráin áfram.

[19:27]

Útbýting:

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 647. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1238.

Tekjuskattur, 623. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1237.

[Fundarhlé. — 19:27]

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[20:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hafði vonast til þess að forseti mundi upplýsa eitthvað um hvað til stæði með fundarhaldið í framhaldi af orðaskiptum sem urðu fyrir kvöldmatarhlé og hvort tíminn hefði verið notaður til þess að reyna að ræða eitthvað saman um framhaldið í hléi. Það kemur mér satt best að segja mjög á óvart að hæstv. forseti skuli ætla að halda því til streitu að fara í 3. mál á dagskrá og ræða það og ég ítreka þess vegna spurningar til forseta um það hvort ekki sé að vænta einhverrar viðleitni af hálfu forseta til þess að ná samkomulagi um tilhögun mála, um fundarhaldið hér, þó ekki væri nema næstu klukkutímana og hvernig fundarhaldi verði háttað í kvöld og hvenær verði þá hætt í kvöld.

Ef það verður engu að síður niðurstaðan og þrátt fyrir mótmæli okkar að þetta 3. mál á dagskrá verði tekið fyrir óska ég eftir því að einhverjir fulltrúar Framsóknarflokksins komi og verði viðstaddir umræðuna og þá alveg sérstaklega hæstv. forsætisráðherra. Ég vil fá að vita hvort það er jafnmikið kappsmál hjá Framsóknarflokknum og með stuðningi forsætisráðherra sem þetta frumvarp um að gera ÁTVR að hlutafélagi er lamið hér inn í störf þingsins á allra síðustu metrunum með því offorsi sem hér á að fara að gera. Ég held að það gerði þeim ekkert nema gott, hæstv. ráðherrum, að vera hér með okkur þessar síðustu vökustundir. Það hefur ekki sést mikið af þeim hingað til og alveg sérstaklega formönnum stjórnarflokkanna. Ég spurði eftir þeim fyrr í dag, hvernig það væri með þá, hvort þeir væru yfir höfuð ekkert hér við sín störf í þinginu og hvernig ætti þá að standa að verkstjórn hér á síðustu metrunum, þ.e. af hálfu meiri hlutans.

Þetta blæs ekki mjög byrlega, virðulegur forseti, og ég held að forseti gerði réttast í því að athuga sinn gang og leita eftir einhverju samkomulagi um hlutina.

[20:03]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að ætlunin er að taka næst fyrir 3. mál á dagskrá, Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Einnig er ætlunin að ná hér umræðum um 4. dagskrármálið, Almannatryggingar, mál heilbrigðisráðherra. Forseta er ljóst að umræður geta dregist fram eftir en það verður að koma í ljós hver framvinda mála verður.

[20:03]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að það kemur manni dálítið spánskt fyrir sjónir hvernig staðið er að þessum fundi hér í dag. Af 21 máli er búið að ræða tvö og það hefur verið vitað vikum saman að um 3. mál á dagskrá, Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, verði mikill ágreiningur. Hér eru hins vegar 19 mál, um 15 til 19 mál sem eru ekki stór ágreiningsmál, mál sem hafa verið unnin í nefndum, eru komin hingað inn til afgreiðslu en munu, að mér sýnist, ekki verða afgreidd, a.m.k. ekki á þessum sólarhring, ef þetta mál nr. 3 á dagskrá, Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, verður tekið hér fyrir. Það munu býsna margir vilja ræða það mál og það hefur verið vitað frá því að það kom hér fyrst til umræðu og á dagskrá.

Ég tek því undir þá ósk sem kom fram rétt fyrir hlé frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, formanni þingflokks Vinstri grænna, að mér fyndist eðlilegt að þingflokksformenn hittust og ræddu við forseta um framvinduna í kvöld og þá eins og hv. þingmaður sagði, þó að það væri ekki nema um næstu þrjá klukkutíma.

[20:05]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég skildi ekki alveg orð forseta þegar hann sagði að hann ætlaði að taka á dagskrá eða ræða mál nr. 3 og 4. En hann gat þess ekki hvort hann stefndi að því að ljúka umræðum um bæði málin í kvöld. Það er nú töluverður skilsmunur þar á þannig að ég vildi biðja hann að orða hugmyndir sínar skýrar því að allt það skiptir máli.

Hins vegar vekur það okkur hér í stjórnarandstöðunni furðu að brýnasta mál þessarar ríkisstjórnar í dag skuli vera einkavæðing ÁTVR, að það sé brýnasta málið þegar við horfum upp á að það þarf að taka á málefnum starfsfólks á elli- og hjúkrunarheimilum, í umönnunargeiranum, það þarf að taka á málum láglaunafólks, en þá er það þetta mál, einkavæðing ÁTVR, sem er mesta kappsmál þessarar hægri einkavæðingarríkisstjórnar. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. Pétur Blöndal veit ekki hvað felst í einkavæðingu, það felst í því að þá er breytt um aðila sem fer með það mál sem lýtur lögum um einkarekstur og þýðir uppsagnir hjá öllu því starfsfólki sem þar starfar, þýðir uppsagnir hjá þeim og þá væntanlega kjaraskerðingu sem er markmið þessarar ríkisstjórnar, ein af þessum árásum á opinbera starfsmenn, gegndarlausum árásum á opinbera starfsmenn, að ná af þeim kjörum og ná af þeim réttindum. Er þetta, herra forseti, brýnasta mál ríkisstjórnarinnar í dag, að keyra þetta áfram?

Ég vil inna forseta eftir því hvort það sé í rauninni svo að þetta sé brýnasta mál ríkisstjórnarinnar sem honum sem forseta hafi verið falið að koma í gegn að hafa forgang umfram öll önnur mál hér á þinginu. (Gripið fram í.) Ég vildi heyra líka hjá framsóknarmönnum, hvort þeim sé mjög annt um það að einkavæða ÁTVR. Það væri fróðlegt að heyra þeirra sjónarmið. Hæstv. forsætisráðherra ætti að vera hér viðstaddur, einkavæðingarráðherrann sjálfur, þegar þetta mál kemst á dagskrá. En ég ítreka og spyr forseta: Er það ætlunin að stefna að því að ljúka umræðum um þessi tvö mál eða vill hann bara reifa og kynna okkur stefnu ríkisstjórnarinnar — sem ég held að hún sé tiltölulega ein um — og láta svo þar við sitja í kvöld ef út í það er farið?

[20:08]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að ætlunin er að halda sig við dagskrá þessa fundar eins og hún hefur verið kynnt og henni dreift og ekki hafa verið teknar ákvarðanir um nein frávik frá henni.

[20:09]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég undra mig mjög á þessum vinnubrögðum. Hér er allt upp í loft milli stjórnar og stjórnarandstöðu og það er mjög erfitt að sjá að það né nokkur vilji af hálfu stjórnarliðsins að ná einhvers konar samkomulagi um þinglok.

Nú vil ég, til þess að taka af allan vafa um mitt viðhorf í þeim efnum, herra forseti, segja það alveg skýrt að ég er reiðubúinn til þess að vera hér fram eftir maí og þess vegna langt inn í júní til þess að ljúka þeim málum sem mikilvæg eru. Ég held að það sé ákaflega gott fyrir stjórnarandstöðuna með tilliti til sveitarstjórnarkosninga að við notum þennan pall sem ræðustóll Alþingis er til þess að lýsa upp verk og gerðir og afstöðu ríkisstjórnarinnar ef það er það sem ríkisstjórnin vill. En ég hef nú skilið það svo að hún vilji frekar koma þinginu í burtu hið allra fyrsta og þess vegna slútta þinginu núna í vikunni og kalla það saman aftur að loknum kosningum af því að hún er hrædd við umræður hér.

Í öllu falli, ef það er eitthvað að marka þau orð sem látin hafa verið falla um vilja ríkisstjórnarinnar til þess að ná einhvers konar samstöðu um verklag, finnst mér sem hér hafi verið tekinn ákaflega rangur póll í hæðina. Ef það væri hægt að hugsa sér eitthvert mál sem mætti veifa framan í a.m.k. hluta stjórnarandstöðunnar eins og rauðri dulu framan í naut þá er það þetta mál sem hér er verið að taka á dagskrá sem ríkisstjórnin leggur svona mikið kapp á að ná umræðu um. Það mætti hugsanlega frá þinglegu sjónarmiði skilja það ef um væri að ræða mál sem hefði hlotið hér einhverja umfjöllun og væri ekki á frumstigi vinnslunnar, en hér erum við að ráðast í 1. umr. um mál sem gríðarlegur ágreiningur ríkir um. Ber það, herra forseti, vott um samkomulagsvilja af hálfu ríkisstjórnarinnar? Að sjálfsögðu ekki. Einmitt þessi gjörð, að vilja taka þetta mál á dagskrá núna í algjörri andstöðu við stjórnarandstöðuna sýnir að ríkisstjórnin hefur engan áhuga á því að ná nokkurri sátt um mál hér á þinginu. Hún vill koma þessu máli frá 1. umr. inn í farveg nefndar til þess að geta síðan sent þingið heim fyrir helgi og kallað það svo aftur til starfa í júní, af því að ríkisstjórnin er hrædd, Framsóknarflokkurinn er sérstaklega hræddur við sveitarstjórnarkosningarnar sem fram undan eru, enda eðlilegt vegna þess að kannanir benda til þess að hann muni gjalda afhroð. Hann leggur ekki frekar en Sjálfstæðisflokkurinn í það að hafa þingið starfandi. Þess vegna á að beita valdi og ofbeldi eins og er að verða aðall þessarar ríkisstjórnar og það á að keyra hérna nokkur gælumál ríkisstjórnarinnar í gegnum 1. umr. núna í upphafi maí og síðan á að reka þingið heim (Forseti hringir.) til þess að koma í veg fyrir að það verði umræður hér í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga, (Forseti hringir.) herra forseti, og svo á að kalla það aftur.

[20:12]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að halda sig við þann takmarkaða tíma sem gefinn er til umræðu af þessu tagi og einnig minna hv. þingmenn á að ræða fundarstjórn forseta þegar þeir kveðja sér hljóðs undir þeim lið.

[20:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til þess að lýsa furðu minni á fundarstjórn forseta og hvernig dagskráin hefur verið sett hér upp. Ég hélt satt best að segja þegar ég las þessa dagskrá í morgun að þetta hlyti eiginlega að vera prentvilla eða einhver misskilningur að hér væri sett sem mál nr. 3 á dagskrá Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 1. umr. núna, 2. maí 2006, eins og ástandið er í þinginu, því að ég sé, virðulegi forseti, að 4. liður á fundinum er stjórnarfrumvarp um almannatryggingar, ef leyft verður, 1. umr. einnig, miklu brýnna mál þar sem verið er að taka á sjúkratryggingum. Ég hefði nú haldið að þegar svo naumur tími er til stefnu hefði verið mikilvægara að reyna þá að vinna að því máli í staðinn fyrir að fara hér allt í einu að ræða um stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sem ég fæ engan veginn séð, alls ekki, að sé eitthvað brýnt að fara að ræða núna. Það hlýtur að læðast að manni sá grunur að hér liggi að baki einhvers konar vilji til þess að efna til illinda í þinginu nú á síðustu metrunum, að það sé verið að ögra stjórnarandstöðunni, veifa framan í hana rauðum klút til þess að búa til einhver vandræði. Hvað síðan liggur þar á bak við veit ég ekki og er eflaust alveg ómögulegt að reyna að gera sér grein fyrir því hvers konar hugsunarháttur liggur að baki svona gjörningi.

Í mínum huga er þetta algjörlega tilgangslaust. Það hefur ekkert upp á sig að vera með svona stæla. Það er ekkert unnið með þessu nema ófriður. Ef það er þannig að ríkisstjórnin kýs ófrið þegar hún getur fengið frið þá segi ég bara: Verði henni að góðu, það er allt í lagi. Við getum alveg tekið þennan slag hérna í stjórnarandstöðunni ef það er það sem menn vilja.

Ég var síðast hér í morgun með formönnum þingflokka og þar var verið að reyna að ýja að því hvort hægt væri að ná einhverju samkomulagi um þinglok. En það var afskaplega lítill vilji til samninga og settir kostir sem ég verð að segja að voru afarkostir. Það hefur líka komið fram að hæstv. forseti Alþingis hafi kvartað yfir því að það gengi hægt að afgreiða mál, að gera frumvörp hér að lögum. Tölfræðin segir okkur að nú í vetur sé búið að afgreiða miklu færri mál en venjan er á þessum árstíma. Halda menn þá virkilega að svona vitleysisgangur eins og við sjáum hér núna, þar sem er verið að leggja fram frumvarp um stofnun hlutafélags um ÁTVR allt of seint, halda menn virkilega að svona vitleysisgangur flýti eitthvað fyrir þingstörfum hér í vor? Ég efast stórlega um það, virðulegi forseti.

Stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 734. mál. — Þskj. 1070.

[20:16]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Með frumvarpi þessu er lagt til að fjármálaráðherra

verði veitt heimild til þess að stofna hlutafélag um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Gert er ráð fyrir að hið nýja félag beri heitið ÁTVR hf. og verði í eigu íslenska ríkisins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði gerð að hlutafélagi í eigu ríkisins. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til neinar grundvallarbreytingar á starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins samhliða hlutafélagavæðingu fyrirtækisins. Í því skyni eru helstu ákvæði laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, sem lagt er til að verði felld brott, tekin efnislega upp í frumvarpi þessu. Áfram er því gert ráð fyrir að ÁTVR hf. hafi með höndum einkaleyfi á smásölu áfengis og heildsöludreifingu tóbaks. Enn fremur er áfram gert ráð fyrir að ÁTVR hf. tryggi merkingar tóbaks og álagningu tóbaksgjalds. ÁTVR hf. skal starfa innan þess ramma sem lagður er í lögum um áfengismál.

Eins og rakið er nánar í frumvarpinu eru veigamikil rök fyrir því að færa rekstrarform Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins yfir í hlutafélagsformið. Til að mynda má nefna að það rekstrarform er mun hentugra fyrir rekstur fyrirtækisins, jafnvel þó að gert sé ráð fyrir að ríkissjóður verði eini eigandi hlutafélagsins. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að hlutafélagsformið byggist á traustum lagalegum grunni, sbr. lög nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum. Í þeim lögum eru m.a. fastmótaðar reglur um hluthafafundi, félagsstjórn og framkvæmdastjóra. Enn fremur eru skýrar reglur um endurskoðun og ársreikningsgerð hlutafélaga. Auk þess má gera ráð fyrir því að allur rekstur fyrirtækisins verði sveigjanlegri og gagnsæi í rekstri aukist.

Að lokum er rétt að árétta að þær breytingar sem felast í frumvarpinu leiða ekki til grundvallarbreytinga á starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Einungis er um að ræða nýtt rekstrarform á fyrirtækinu sem er mun hentugra út af þeirri starfsemi sem fyrirtækið hefur með höndum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[20:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra um það hvort stjórnarflokkarnir báðir, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, leggi áherslu á að hlutafélagavæðing Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins verði að lögum nú fyrir vorið. Er það ríkisstjórninni kappsmál að svo verði? Þá er ég að spyrja sérstaklega um stjórnarflokkana báða, oddvita þeirra, formann Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Geir H. Haarde, og formann Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra. Leggja þeir áherslu á að hlutafélagavæðing ÁTVR verði að lögum fyrir vorið? Er það forgangsatriði fyrir ríkisstjórnina að hlutafélagavæða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins?

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er það sem hann telur mikilvægasta framfaramálið sem næst með þessu frumvarpi? Er það að skerða réttindi starfsmanna, skerða lífeyrisréttindi þeirra, draga úr atvinnuöryggi þeirra? Hvað er það sem hæstv. fjármálaráðherra telur mikilvægast við þetta mikla framfara- og hugsjónamál sem ríkisstjórnin stendur að? Ég óska eftir skýrum svörum við báðum þessum spurningum.

[20:20]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin leggur fram frumvarp sem hún telur að rétt sé að samþykkt verði á Alþingi. Þegar hún hefur lagt fram frumvörp er það auðvitað í höndum Alþingis hvernig með þau er farið, hversu hratt er unnið og þá hvort og hvenær frumvörp eru samþykkt. Það er ekki ríkisstjórnarinnar að ákveða slíkt og ég tel að það þurfi ekkert að fara neinum frekari orðum um áherslur ríkisstjórnarinnar í þeim efnum hvað þau frumvörp varðar sem fram eru lögð.

Varðandi efnisatriði frumvarpsins þá er það, eins og fram kom í framsöguræðunni, rekstrarformið sem skiptir mestu máli um að ég tel skynsamlegt að breyta Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í ÁTVR hf. Ég tel að það rekstrarform henti betur þjónustu- og verslunarstarfsemi eins og þar er um að ræða. Viðskipti ÁTVR eru við einstaklinga og fyrirtæki, flest í eigu einkaaðila, þannig að það má segja að starfsemi fyrirtækisins sé á markaði og því sé eðlilegasta rekstrarformið að um hlutafélag sé að ræða. Um það eru skýr lög og reglur, skýrar línur um hvernig að slíkum rekstri á að standa og ég tel að það sé besta formið í þessu efni.

Ásakanir um að það sé verið að reyna að rýra kjör starfsmanna á einhvern hátt eru algjörlega úr lausu lofti gripnar. Ég tel að starfsmenn þeirra fyrirtækja sem hafa verið einkavædd hafi ekki þurft að kvarta yfir því að þeirra viðurværi hafi verið eitthvað verra eftir að fyrirtækin voru orðin að hlutafélögum.

[20:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil upplýsa hæstv. ráðherra um að starfsmenn hafa kvartað yfir því að kjör þeirra hafi verið rýrð og það er óumdeilanlegt. Það eru ekki ásakanir, það eru staðhæfingar og það eru upplýsingar sem ég hélt að allir gerðu sér grein fyrir.

Hér hefur verið upplýst að ráðherrar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins eru áhugasamir um að hlutafélagavæða og markaðsvæða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Ég hélt, hæstv. forseti, að innan beggja flokka væru uppi ólík og reyndar mismunandi sjónarmið hvað þetta snertir, og það hlægir mig þegar talað er um að það sé Alþingis síðan að ákveða. Við erum búin að fylgjast með því á undanförnum árum þegar þingmenn stjórnarmeirihlutans eru látnir ganga hér svipugöngin þvert gegn sannfæringu sinni og samvisku. Er það virkilega svo að ríkisstjórnin ætli núna í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna að efna til umræðu um (Forseti hringir.) þetta grundvallaratriði? (Forseti hringir.) Verði ríkisstjórninni að góðu. Verði henni að góðu.

[20:24]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ ekki séð að það hafi komið fram hér svo mikilsverðar upplýsingar hjá mér að það kalli á þau viðbrögð sem komu fram hjá hv. þingmanni. Ég tel að eðli

málsins samkvæmt njóti stjórnarfrumvörp stuðnings stjórnarflokkanna, þeir leggja þau fram til þess að þau fáist samþykkt. Hins vegar skil ég ekki alveg hvað fær hv. þingmann til þess að koma hér upp í ræðustólinn og reyna að fara háðulegum orðum um félaga sína hér og gera þeim upp skoðanir sem engar forsendur eru fyrir að sé gert. Ég skil ekki hvaða tilgangi það þjónar nema — ja, það er best að segja ekki meira, hæstv. forseti.

[20:25]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrir þinginu núna liggja tvö frumvörp ásamt með fleirum þar sem verið er að stofna til hlutafélagareksturs um fyrirtæki á vegum ríkisins. Annars vegar á að stofna hlutafélag um fyrirtæki sem hefur aðgang að skatttekjum, þ.e. Ríkisútvarpið, og hins vegar á að stofna hlutafélag um ríkiseinkasölu sem innheimti skatttekjur, þ.e. ÁTVR. Mér finnst þetta hvort tveggja jafnvitlaust en það má kannski segja að þetta sé misjafnlega skaðlegt fyrir fyrirtækin og þá þjónustu sem þau veita. Það koma svo sem engin rök fram í frumvarpi ráðherra fyrir því af hverju þessi leið er valin, en eins og ég segi, mér finnst þetta aðallega vitlaust.

Hins vegar vil ég aðeins gera hér að umtalsefni hvers vegna farin er svona misjöfn leið í því að stofna til þessara hlutafélaga og spyrja ráðherrann út í það. Annars vegar þegar um er að ræða að stofna hlutafélag um ÁTVR er gert ráð fyrir því hér að það eigi að skipa þriggja manna óvilhalla nefnd og hlutverk nefndarinnar sé að meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og að leggja mat á hvert hlutafélag ÁTVR skuli vera. Svo segir: „Við þetta mat skal nefndin hafa fullan aðgang að öllum gögnum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins“ o.s.frv.

Þegar kemur að Ríkisútvarpinu segir bara: „Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins og menntamálaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í Ríkisútvarpinu.“

Af hverju eru farnar svona mismunandi leiðir, annars vegar þegar um er að ræða ÁTVR og hins vegar þegar um er að ræða Ríkisútvarpið? Af hverju er í öðru tilvikinu um það að ræða að skipa þriggja manna nefnd óvilhallra manna til þess að meta eignirnar og skuldirnar en í hinu tilvikinu er bara ríkissjóðs að leggja þær eignir og réttindi inn án þess að kveðið sé á um það hvernig það skuli metið? Þetta vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra um, hvernig á því stendur að svo mismunandi er að verki staðið.

[20:27]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var út af fyrir sig skilmerkileg greinargerð á muninum á ÁTVR og Ríkisútvarpinu. Hins vegar er það nú svo að nánast öll verslun innheimtir tekjur fyrir ríkissjóð eins og skilgreiningin var á ÁTVR.

Hins vegar varðandi þá spurningu hv. þingmanns um aðferðafræðina við að stilla upp efnahagsreikningnum þá er það ljóst að hægt er að fara mismunandi leiðir í því efni. Það má kannski segja að það sé í þessum efnum frekar en flestum öðrum ekkert sem er fullkomið og óumbreytanlegt. Frumvörpin eru ekki samin á sama tíma og það var talið rétt í þessu tilfelli að sjá hvort þessi aðferð mundi ekki duga vel og falla hv. Alþingi vel í geð, en það má segja að þetta sé tiltölulega gegnsæ og opin aðferð til þess að gera að komast að þessari niðurstöðu. Það hafa verið talsverðar umræður um hvernig að þessu eigi að standa samkvæmt frumvarpinu um RÚV og það hefur verið gagnrýnt hér í þinginu. Það hefur komið til kasta fjármálaráðuneytisins líka að fara yfir þá hluti og þeir hlutir munu auðvitað eiga eftir að verða endanlega gerðir upp hér í þinginu.

Það er ekki rétt sem mér heyrðist á hv. þingmanni að hún teldi að þessu felist gagnrýni á einhverja. Hins vegar er það oft þannig að það eru fleiri en ein leið að sama markinu og í þessu tilfelli var talið rétt að fara þessa leið.

[20:29]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta voru ansi rýr svör hjá hæstv. fjármálaráðherra og mér heyrðist hann vera eitthvað að reyna að klóra í bakkann með þetta mál, sagði að þarna hefðu menn dottið niður á einhverja leið sem þeir héldu að væri þinginu að skapi. Ég get út af fyrir sig tekið undir það að það er okkur held ég nokkuð að skapi að það sé staðið svona að þessu, þ.e. ef á annað borð á að fara í það að breyta þessu í hlutafélag þá séu eignirnar, skuldirnar, réttindin og viðskiptavildin og allt saman metið af óvilhöllum aðilum. Það er ekki nóg að reyna að þóknast stjórnarandstöðunni eða þinginu þegar kemur að ÁTVR, það er auðvitað miklu meira í húfi hvað varðar Ríkisútvarpið og þar af leiðandi finnst mér að það þurfi að fást við því viðunandi svör hérna í þinginu núna á næstu dögum hvers vegna mismunandi leiðir eru valdar til þess að meta það sem lagt verður inn í þessi tvö hlutafélög þegar þau eru bæði til umfjöllunar hér á sama tíma. Mér finnst að eftir því hljótum við að kalla, að fá einhverjar útskýringar á þessum mun.

[20:30]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi hitt naglann á höfuðið þegar hún lýsti ræðu minni hér á undan. Það er bara oft þannig að þegar sannleikurinn kemur í ljós, þá er hann ekkert voðalega spennandi. Hann er bara einfaldur og einfaldar skýringar á hlutunum og plottin miklu færri en þeir sem sjá þau.

[20:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þau orð í ræðu hæstv. ráðherra og reyndar rökstuðningur í greinargerð um að veigamikil rök liggi til grundvallar því að gera Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að hlutafélagi séu einhver aumkunarverðustu öfugmæli sem ég hef lengi heyrt. Því grynnri röksemdafærslu hef ég lengi ekki heyrt í annan tíma.

Helst er það það að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé fyrirtæki. En er ÁTVR fyrirtæki? Er einkaleyfið, formskipulag og hlutverk ÁTVR eins og það er af því það sé eins og hvert annað fyrirtæki? Nei. Einkaleyfin á áfengisverslunum Norðurlandanna eru grundvöllur í aðhaldssamri áfengisstefnu. Þetta er hluti af heilbrigðisstefnu Norður-

landanna. Að minnsta kosti fjögurra þeirra. Þegar Norðurlöndin samþykktu EES-samninginn 1992, var settur sérstakur fyrirvari, sérstök undanþága af hálfu ríkisstjórna fjögurra Norðurlandanna inn í EES-samninginn þar sem sagði að einkaleyfin væru vegna þess að þetta væri hluti af heilbrigðisstefnu Norðurlanda. Það er ekki minnst einu einasta orði á það að það eru allt önnur sjónarmið, allt annar sögulegur bakgrunnur sem liggur til grundvallar formi og rekstri þessara fyrirtækja á Norðurlöndunum.

Að heyra svo hæstv. fjármálaráðherra koma hér upp, að viðstöddum áðan hæstv. heilbrigðisráðherra, og tala um þetta eins og hvern annan sjoppurekstur, er með miklum endemum. Rökin falla fyrir einkaleyfinu, fyrir fyrirkomulaginu ef menn nálgast þetta ekki frá þeim sjónarhóli að þetta er hluti af meðvitaðri og farsælli stefnu sem m.a. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hvetur til vítt um heimsbyggðina að menn fari eftir. Fylgi fordæmi Norðurlandanna.

Ég lýsi (Forseti hringir.) fullkominni skömm minni á ábyrgðarlausum málflutningi (Forseti hringir.) af þessu tagi.

[20:33]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur svo sem fátt á óvart í málflutningi hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég held að það hafi varla hvarflað að nokkrum manni að hann mundi styðja þetta frumvarp og sjálfsagt hefðu flestir, ef þeir hefðu verið beðnir um að gefa fyrir fram útdrátt úr ræðunni, verið með hann nokkurn veginn á nótunum eins og ræðan var.

Ég held að hv. þingmaður ætti að fara aðeins út í þjóðfélagið, út í samfélagið og hitta allt það fólk sem rekur hér fyrirtæki í ýmiss konar starfsemi, og athuga hvers konar rekstrarform þar er viðhaft. Þá mundi hann komast að því að yfirgnæfandi meiri hluti þeirrar starfsemi sem fer fram hjá fyrirtækjum þjóðarinnar er í hlutafélagaforminu.

Hann ætti þá að velta því fyrir sér hvers vegna það er þannig og velta því þá fyrir sér hvort það hafi skilað okkur góðu eða illu. Og ef hann getur opnað hug sinn nægilega mikið til að fara út í þessa miklu aðgerð hleypidómalaust, þá mun hann auðvitað komast að þeirri niðurstöðu að þetta er það rekstrarform sem hefur skilað mestu og bestu þegar til kastanna kemur.

[20:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er stórbrotinn og uppbyggilegur málflutningur hjá hæstv. fjármálaráðherra. Að þar sem algengasta rekstrarform fyrirtækja sem einkaaðilar reka svona hist og her í atvinnulífinu sé hlutafélag þá sé það ótrúleg þröngsýni að fallast ekki á að Áfengis- og tóbakseinkaverslun ríkisins sé sömuleiðis hlutafélagavædd.

Auðvitað getum við gert þetta yfir alla línuna og sagt: Við hættum að líta á sjúkrahús sem sjúkrahús. Við förum að líta á það sem fyrirtæki. Þar með hlýtur það að þurfa að verða hlutafélag. Við hættum að líta á Hæstarétt sem dómstól. Við förum að líta á hann bara sem fyrirtæki sem dæmir í akkorði. Hann hlýtur að þurfa að verða hlutafélag o.s.frv.

Þetta eru aumkunarverðar röksemdafærslur, herra forseti, sem hæstv. fjármálaráðherra fer hér með. Hverju svaraði nú hæstv. fjármálaráðherra þeirri ábendingu minni að einkaleyfin í áfengisverslunum Norðurlandanna fjögurra væru til staðar vegna þess að þessi starfsemi væri skilgreind sem hluti af aðhaldssamri heilbrigðisstefnu Norðurlandanna? Er það ekki staðreynd? Mótmælir hæstv. fjármálaráðherra því að Norðurlöndin settu fyrirvara inn í EES-samninginn á þessum grunni? Er ekki verið að kippa grundvellinum (Forseti hringir.) undan þeirri röksemdafærslu með því líta núna á þetta (Forseti hringir.) þrennt sem fyrirtæki?

[20:36]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður hefur ekki hlustað mjög grannt á ræðu mína áðan þar sem ég lagði áherslu á að ekki væru fyrirhugaðar neinar grundvallarbreytingar á rekstri ÁTVR. Það á við um einkaleyfið. Þar af leiðandi eru ekki fyrirhugaðar neinar breytingar á því vegna þessa frumvarps sérstaklega. Þar af leiðandi stendur það auðvitað sem hann vitnaði í hvað varðar EES-samninginn og áfengissöluna, að þetta frumvarp sem slíkt breytir engu þar um.

Hvað varðar heilbrigðisþjónustuna þá er fjöldi fyrirtækja sem veita heilbrigðisþjónustu rekinn á hlutafélagaformi um allan heim og meira að segja hér á landi og hefur það bara reynst ágætlega vel. Ég held því það sé algjörlega ástæðulaust fyrir hv. þingmann að örvænta svona um þetta rekstrarfyrirkomulag. (Forseti hringir.) Reynslan hefur sýnt annað.

[20:37]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjorn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvaða áform séu uppi af hálfu stjórnar þingsins um þinghaldið í kvöld. Við erum að ræða núna 3. dagskrármálið en í upphafi þingfundar í dag var þingið beðið um að veita afbrigði fyrir 4. dagskrármálinu, þ.e. stjórnarfrumvarpi um almannatryggingar. Það var veitt afbrigði, á þeirri forsendu væntanlega að menn teldu brýna nauðsyn reka til að málið yrði tekið hér til umræðu og vísað til nefndar. En þá bregður svo við að stjórn þingsins skýtur inn á milli þessara mála hlutafélagavæðingu um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Óumdeilanlega mjög vafasömu máli. Mjög umdeildu máli innan þings og utan.

Nú beini ég þeirri spurningu til hæstv. forseta: Hvaða áform eru uppi? Það er ljóst að það eru margir sem þegar hafa skipað sér á mælendaskrá um þetta dagskrármál. En hvaða áform eru uppi af hálfu stjórnar þingsins? Verður umræðan um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins til lykta leidd hér í kvöld eða stendur til að taka upp umræðu um almannatryggingar? Hvaða áform eru uppi af hálfu stjórnar þingsins? Eða var þetta allt í plati? Var hún í plati atkvæðagreiðslan fyrr í dag um afbrigði sem heimiluðu þinginu að taka til umræðu stjórnarfrumvarpið um almannatryggingar? Var það í plati? Rekur ekki brýna nauðsyn til þess að fá það mál á dagskrá og reyna að koma því til nefndar. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Ekki? Nei. Ef svo er ekki þá þurfum við bara að fá það upplýst. En ríkisstjórnin lagði á það ríka áherslu hér í upphafi þinghaldsins í dag.

Nú vil ég fá skýr svör frá hæstv. forseta um hvert framhaldið verður á þessari umræðu og á þessum fundi.

[20:40]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að ætlunin er að komast í mál nr. 4 og hyggur forseti að í ljósi þess að fjölmargir hafa skipað sér á mælendaskrá í þessu 3. dagskrármáli þá sé rétt að fresta þeirri umræðu um stund og taka fyrir 4. dagskrármálið.

[20:40]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjorn)*:

Hæstv. forseti. Ég krefst þess að þetta mál verði tekið út af dagskrá. Ef ekki stendur til að leiða umræðu um þetta mál til lykta þá er eðlilegt að málið verði tekið út af dagskrá. Eða er hugmyndin sú að klára 4. dagskrármálið, reyna að fá botn í þá umræðu, og síðan að láta áhugafólk um að stöðva einkavæðingarfár ríkisstjórnarinnar um að tala inn í nóttina eða til morguns um ÁTVR? Þetta eru vinnubrögð sem við sættum okkur engan veginn við.

Ég tel því miklu hyggilegra að umræðu um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hf. verði haldið áfram Þetta eru vinnubrögð sem koma ekki til greina. (**PHB:** Hver stjórnar?) Hver stjórnar? spyr hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem er náttúrlega vanur því að ganga hér svipugöngin og gera það sem honum er skipað að gera. Það erum við búin að horfa margoft oft á af hálfu þingmanna stjórnarmeirihlutans þegar þeir greiða atkvæði hér í málum þvert á eigin vilja og eigin samvisku. Ég get nefnt fjölmörg dæmi um það.

Hver ræður? spyr hv. þingmaður Pétur H. Blöndal. Við erum að leggja til að menn reyni að komast að samkomulagi. Að samkomulagi um lyktir þinghaldsins hér í vor. Við fáum ekki einu sinni svör við einföldum spurningum sem við berum fram um þinghaldið í kvöld. (**Gripið fram í:** Er það lýðræði?) Það er talað um það á óræðan hátt að málið verði núna sett í frest, sett á ís, en því haldið opnu að umræðunni verði fram haldið síðar í kvöld eða hugsanlega í nótt.

Telja menn þetta veru vinnubrögð sem eru boðleg og sæmandi? Ég tel svo ekki vera. Ég beini því til hæstv. forseta þingsins að hann geri annað tveggja, láti umræðu um ÁTVR halda áfram ef það er raunverulega vilji ríkisstjórnarinnar, en þá vil ég að hann viti eitt, að við munum gera þá kröfu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon reisti hér fyrr í kvöld, að formaður Framsóknarflokksins, hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson, sem er ábyrgur fyrir því að þetta mál, hlutafélagavæðing ÁTVR, sé sett í forgang hjá ríkisstjórninni, mæti hér til þingfundar, mæti hér til þessarar umræðu til að svara fyrir sig og sinn flokk.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur upplýst þingið um að það sé áhugamál og kappsmál beggja stjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, að leiða þetta mál til lykta, þetta mikla forgangsmál ríkisstjórnarinnar að koma ÁTVR, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, í hlutafélagaform og inn á markaðstorgið.

[20:44]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjorn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel eðlilegt í ljósi þeirra orða sem hæstv. forseti lét falla áðan að nú yrði þessari umræðu frestað um sinn og 4. dagskrármálið tekið fyrir. Allt er þetta að verða einkennilegra og einkennilegra eftir því sem líður á kvöldið, og því eðlilegt að við tökum okkur svona 10 mínútna hlé og ræðum saman, þ.e. hæstv. forseti og formenn þingflokka, um framhald þingfundar í kvöld og hvað menn ætla að halda lengi áfram. Það er búið að boða nefndarfundi í fyrramálið og ég veit að mjög margir hv. þingmenn eru nú þegar að undirbúa sig undir þau nefndarstörf. Ég veit að það eru mjög margir hv. þingmenn sem vilja taka þátt í umræðu um 3., 4. og reyndar um önnur mál líka sem hér eru á dagskrá, 21 mál.

Mér þætti sem þingflokksformanni mjög gott að vita með fyrirvara hvenær ég á að kalla mitt fólk til starfa. Hvenær t.d. á að taka fyrir Lífeyrissjóð bænda sem er 16. mál á dagskrá? Má búast við því um kl. 6 eða 7 í fyrramálið eða hafa menn gert einhver tímaplön úr því að það er búið að taka þá ákvörðun að fresta þessu um stund? Og munu þá nefndarfundir hefjast á fyrir fram boðuðum tíma?

Ég tek líka undir þá kröfu sem hér kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að hæstv. forsætisráðherra sé hér viðstaddur þegar komið er að lokum þinghalds og samningar í gangi, að þá sé hæstv. forsætisráðherra á staðnum. Formaður hins risasmáa Framsóknarflokks láti sjá sig af og til í þingsölum og taki þátt í umræðunni.

[20:46]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram telur forseti rétt að gera hlé á fundi um stund, í um tíu mínútur, þannig að forseta gefist færi á að ræða við þingflokksformenn og taka afstöðu til framhalds dagskrár á þessum fundi. Fundi er frestað í tíu mínútur.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 20:46]

[20:57]

Útbýting:

Lokafjárlög 2004, 575. mál, nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 1241.

Ríkisútvarpið hf., 401. mál, frhnál. meiri hluta menntmn., þskj. 1232; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 1233.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 792. mál (samningar við sérgreinalækna). — Þskj. 1210.

[20:58]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frumvarpi þessu er ætlað að styrkja enn frekar og gera algjörlega ótvíræð þau ákvæði almannatryggingalaganna sem kveða á um að eingöngu sé um niðurgreiðslu læknaskostnaðar af hálfu ríkisins að ræða að samningur við viðkomandi sérfræðilækni sé fyrir hendi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæðum almannatryggingalaga verði breytt þannig að sjúkratrygging samkvæmt lögum taki til heilbrigðisþjónustu, samanber lög um heilbrigðisþjónustu, sem veitt sé á kostnað ríkisins samkvæmt lögum eða reglugerðum eða með greiðsluþátttöku ríkisins samkvæmt samningum. Einnig er aldursmarki barna sem eru sjúkratryggð með foreldrum sínum breytt úr 16 ára í 18 ára. Aðrar breytingar á ákvæðum laganna leiða af framangreindum breytingum og fela ekki í sér efnislegar breytingar á rétti sjúkratryggðra.

Aðdragandi frumvarpsins er að sérfræðingar í hjartalækningum sögðu sig frá samningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1. apríl síðastliðinn. Samningurinn tekur til verka sem unnin eru á einkastofum sérfræðinga í hjartalækningum sem taka verktakagreiðslur fyrir unnin verk, en Tryggingastofnun ríkisins sér um greiðslur til verktakanna.

Bæði formlegar og óformlegar samningaviðræður milli aðila voru árangurslausar. Réttur sjúkratryggðra einstaklinga til að fá niðurgreiddan kostnað vegna þjónustu sérfræðinga í hjartalækningum er háður því að verktakasamningur læknis og samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sé í gildi. Þegar ljóst var að ekki yrði um samninga að ræða við sérfræðinga í hjartalækningum, þar sem þeir gengu sjálfir af samningi, þurfti að grípa til sérstakra aðgerða með reglugerð til að tryggja að einstaklingar fengju læknisþjónustu og niðurgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins vegna þjónustunnar. Ákveðið var að koma á valfrjálsu endurgreiðslukerfi til að tryggja rétt sjúkratryggðra til endurgreiðslu kostnaðar við heimsóknir til sérfræðinga í hjartalækningum sem ekki starfa á grundvelli verktakasamnings Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Hið valfrjálsa endurgreiðslukerfi felst í því að heilsugæsla eða heimilislæknir þarf að skoða og meta sjúkling og vísa honum til sérfræðings í hjartalækningum. Forsenda þess að sjúklingur fái endurgreiddan kostnað vegna heimsóknar til sérfræðings í hjartalækningum, sem ekki er á verktakasamningi, er að sjúklingurinn fari þessa leið. Sjúklingur sem kýs að láta ekki reyna á það hvort hann geti fengið úrlausn vanda síns hjá heilsugæslu- eða heimilislækni og notfærir sér þjónustu sérfræðings í hjartalækningum sem ekki er á verktakasamningi greiðir sjálfur fyrir þjónustu sérfræðingsins og á ekki endurgreiðslurétt hjá Tryggingastofnun ríkisins. Sjúkratrygging hans nær ekki til ósamningsbundins sérgreinarlæknis.

Í þessu sambandi skal tekið fram að 65% verktakagreiðslna vegna sérfræðinga í hjartalækningum á árunum 2004 og 2005 má rekja til verktakaliðanna viðtal og skoðun eða viðtal, skoðun og hjartalínurit. Þeirri þjónustu má í mörgum tilvikum sinna á heilsugæslustöðvum. Heilsugæslulæknar og heimilislæknar geta leyst úr vanda sjúklinga í tilteknum tilvikum. Af sjálfu leiðir að ef þeir, sem eru trúnaðarmenn sjúklinga á heilbrigðissviði, telja sig ekki geta veitt viðkomandi þjónustu þá vísa þeir sjúklingnum áfram til sérfræðings í hjartalækningum.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir aðdraganda þessa frumvarps til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Markmiðið með lagabreytingunni er að taka af allan minnsta vafa um endurgreiðslukerfi sjúkratrygginganna, sem almenn sátt er um að standi traustum fótum nú þegar hópur sérgreinalækna segir sig af samningi. Þetta er brýnt til að standa vörð um endurgreiðslukerfið sjálft og tryggja hagsmuni þeirra sem sækja sér þjónustu sérfræðilækna. Ég tel mikilvægt að frumvarp þetta nái fram að ganga og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frumvarpinu verði vísað til heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr.

[21:03]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frumvarp er að festa í sessi ákveðið kerfi sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur sett á fót, svokallað valfrjálst stýrikerfi, tilvísunarkerfi.

Mig langar að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort í þessu nýja kerfi sem hún hefur sett á fót sé þar með kominn vísir að tvöföldu kerfi, þ.e. eitt fyrir efnameiri og annað fyrir efnaminni í ljósi þess að hinir efnameiri geta leyft sér samkvæmt þessu kerfi að fara beint til sérfræðilæknis og sleppt því að fara til heilsugæslunnar fyrst. Sömuleiðis ber þá að minna á að hjartalæknar hafa frjálsa gjaldskrá en hæstv. heilbrigðisráðherra hefur staðfest að svo sé. Liggur það ekki í augum uppi að efnameiri einstaklingar geti þá einfaldlega borgað sig fram fyrir röðina í ljósi þess að hjartalæknar eru með frjálsa gjaldskrá og ekki samningsbundnir Tryggingastofnun og þar af leiðandi ekki bundnir einhverjum samningsskilyrðum? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að koma í veg fyrir að við setjum á fót heilbrigðiskerfi sem mismunar fólki einmitt á grundvelli efnahags?

[21:04]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nei, það er ekki verið að koma á svokölluðu tvöföldu kerfi. Með þeirri lagabreytingu sem um er að ræða, þ.e. aðallagabreytingunni, er einmitt verið að taka af allan vafa. Við viljum að hér sé það kerfi að samningar séu við sérfræðilækna, að það sé forsendan fyrir endurgreiðslu, þannig að meginreglan sé sú að samningar eigi að vera.

Í undantekningartilvikum er hægt að setja upp valfrjálst endurgreiðslukerfi eins og raunin varð núna þegar hjartalæknar sögðu sig af gildandi samningi, samningi sem gildir til loka mars 2008, ef ég man rétt. Þetta er undantekningartilvik sem kom upp en meginreglan á að vera sú að það eigi að vera samningar (Forseti hringir.) sem veiti rétt til endurgreiðslu.

[21:05]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra segir að meginreglan eigi að vera samningur við viðkomandi sérfræðistétt. En hvernig stendur á því að hæstv. heilbrigðisráðherra er þá að setja á fót kerfi sem einmitt drepur allan hvata til samninga, í ljósi þess að hjartalæknar geta vel unað við nú-

verandi kerfi? Þeir fá væntanlega greitt fyrir sinn snúð, þeir hafa sína frjálsu gjaldskrá, þeir geta jafnvel tekið hina efnameiri fram fyrir í röðinni, þeir geta ráðið í hvaða röð þeir taka viðkomandi sjúklinga í því kerfi sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur sett á fót. Þetta frumvarp lýtur einmitt að því að sníða ákveðinn agnúa af kerfinu og festa það enn frekar í sessi.

Ég held að þetta kerfi bjóði hættunni heim. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi ekki svarað því með fullnægjandi hætti hvernig tvöfalt kerfi verður ekki að veruleika í þessu regluverki.

Mig langar að bæta við einni spurningu í þessa stutta andsvari. Í ljósi þess að nú er skortur á heilsugæslulæknum í Reykjavík, telur þá hæstv. ráðherra að heilsugæslan sé í stakk búin til að taka á móti þessari nýju þjónustu sem þeir eiga að sinna? (Forseti hringir.) Og með hvaða hætti ætlar ráðherrann að efla hana samfara þessu nýja kerfi?

[21:06]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er spurt: Af hverju var verið að setja á þetta valfrjálsa endurgreiðslukerfi? Svarið liggur í augum uppi. Það var vegna þess að hjartalæknar sjálfir gengu út af gildandi samningi og þar með féll niður endurgreiðsluréttur sjúklings. Til að tryggja sjúklingum endurgreiðsluréttinn var sett á þetta valfrjálsa endurgreiðslukerfi. Það var til þess að tryggja sjúklingum endurgreiðslu fyrir þjónustuna, það liggur algjörlega í augum uppi. Þetta eru sem sagt viðbrögð okkar, viðbrögð mín, við því að hjartalæknar ganga af samningi af því að nýir samningar tókust ekki við þá. Það voru samningar í gildi en þeir vildu fá öðruvísi samninga.

Ég tel, virðulegur forseti, að heilsugæslan sé í stakk búin til að taka við (Forseti hringir.) því að útbúa þessar beiðnir.

[21:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Með þessu nýja kerfi sem hæstv. ráðherra er búin að koma á við hjartalækna greiða hjartasjúklingar hærri upphæðir fyrir þjónustuna, bæði hjartasjúklingarnir sem þurfa fyrst að fara í heilsugæsluna og síðan til hjartalæknanna, þeir þurfa að borga á báðum stöðum, sem er viðbót, og síðan auðvitað þeir sem borga fullt.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Óttast hún ekki að aðrir sérfræðilæknar muni fara sömu leið og hjartalæknarnir og segja sig frá samningi og setji upp sína eigin gjaldskrá og fari sem sagt af samningi við Tryggingastofnun og þannig verði komið á tvöföldu kerfi? Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hún koma í veg fyrir að allir sérfræðingar fari af samningum við Tryggingastofnun og setji upp sína eigin gjaldskrá?

[21:09]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel ekki að hjartasjúklingar séu almennt að greiða meira með þessu nýja kerfi, alls ekki, vegna þess að 65% af verktakagreiðslunum fara í viðtal, skoðun og hjartalínurit. Þetta er hægt að framkvæma á heilsugæslunni. Hluti sjúklinganna mun því aldrei fara til sérfræðilæknis og mun bara borga lágt gjald á heilsugæslunni, miklu lægra en hjartasérfræðingarnir taka. Þeir sem þurfa að fara á báða staðina, þ.e. fyrst til heilsugæslunnar og svo með tilvísun til hjartalækna, munu greiða hærra. Þeir munu greiða komugjaldinu hærra, sem er lágt gjald. En það er alls ekki þannig að allir fari þá leið. Ég held að talsvert margir muni fá úrlausn í heilsugæslunni.

Varðandi það hvort aðrir segi sig af samningi þá vona ég að svo verði ekki. Það er samningur í gildi og þegar menn hafa gert samning ber að virða hann.

[21:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Forseti. Samningur gildir og það ber að virða hann, segir ráðherra. Það var líka samningur í gildi við hjartalækna en þeir sögðu sig frá honum. Það geta aðrir sérfræðingar líka gert og komið sér upp sinni eigin gjaldskrá.

Mig langar til að biðja hæstv. ráðherra að staðfesta það og svara því hvort hjartalæknar geti rukkað um hvaða upphæð sem er þann sjúkling sem kemur til hans á sama tíma og Tryggingastofnun greiðir aðeins eftir þeirri gjaldskrá sem ráðherra setur.

Síðan spyr ég hæstv. ráðherra: Telur hún að bráðamóttaka Landspítala – háskólasjúkrahúss sé í stakk búin til að taka við fjölgun hjartasjúklinga inn á bráðamóttökuna, sem ófrávíkjanlega mun verða, a.m.k. var það álit þeirra fulltrúa frá Landspítala sem komu á fund heilbrigðis- og tryggingananefndar vegna þessa máls?

[21:11]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að hjartalæknar voru á samningi en gengu af honum. Af hverju gengu þeir af honum? Það var vegna þess að við vorum ekki tilbúin til að greiða þá upphæð sem þeir vildu fá fyrir aukna þjónustu. Þetta var upphæð sem var miklu hærri en sú upphæð sem ég hef séð fjallað um í blöðunum, miklu hærri.

Ef við búum til það kerfi að samningur sé í gildi en við þurfum samt að borga miklu hærri greiðslur fyrir stóraukna þjónustu við einn hóp, hvað gera þá aðrir hópar? Væntanlega koma þeir í kjölfarið og vilja líka fá miklu hærri greiðslur fyrir sína þjónustu, þannig að hér er um svolítið prinsippmál að ræða. Ég vona að aðrir hópar virði samninginn og séu á samningnum til ársins 2008 eins og til stóð.

Varðandi gjaldskrána höfum við vegna samningsleysisins gefið út viðmiðunargjaldskrá sem við endurgreiðum eftir. Hjartalæknar geta sett upp öðruvísi gjaldskrá, þeir eru ekki samningsbundnir.

Ég tel að bráðamóttaka LSH geti sinnt því aukna (Forseti hringir.) álagi sem þessu fylgir.

[21:12]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hún meti það svo að gjaldskráin sem var í gildi þegar hjartalæknar sögðu upp sé í raun enn í gildi þar sem þetta voru einstaklingsbundnar uppsagnir frá gjaldskrá, og hvort það sé á þeirri forsendu sem hún telur að Trygg-

ingastofnun hafi enn þá gjaldskrá sem viðmiðun eða hvort Tryggingastofnun hafi samið sérstaka gjaldskrá.

Eins vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé vitað hvað hafi breyst í umhverfi hjartalækna sem hafi orðið til þess að einingar þeirra hafi (Forseti hringir.) klárast svo fljótt og raun varð á á síðasta ári.

[21:14]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Gjaldskráin sem greitt er eftir er viðmiðunargjaldskrá, þ.e. sú gjaldskrá sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir eftir ef fólk er með tilvísun. Það er viðmiðunargjaldskrá sem við setjum. Við setjum hana vegna þess að þegar hjartalæknarnir eru samningslausir eru þeir ekki bundnir af þeirri gjaldskrá. Þeir gætu gefið út aðra gjaldskrá, en þeir eru reyndar að nota gömlu gjaldskrána, ef við getum notað það hugtak. Hún hefur ekki breyst enn mér vitanlega, þannig að það er sama gjaldskrá hjá þeim og viðmiðunargjaldskráin, en þeir gætu breytt henni.

Hvað hefur breyst í umhverfinu, spyr hv. þingmaður, sem olli því að þeir telja sig þurfa að fá hækkun á kvótanum svokallaða, fá hækkun á einingunum sem þeir eru að þjónusta í gegnum? Eitt dæmi sem þeir nefndu var að (Forseti hringir.) þingmenn hefðu lent í hjartaáföllum sem hefðu auglýst upp þjónustuna. (Forseti hringir.) Það var eitt af þeim dæmum sem voru nefnd en fleiri dæmi voru einnig nefnd.

[21:15]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að þá sé orðið ljóst að viðmiðunargjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins sé sama gjaldskrá og var í gildi þegar hjartasérfræðingar sögðu sig frá samningi.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi ekki verið skoðað varðandi valfrjálst kerfi, til að styrkja þar af leiðandi enn frekar í sessi þá hugmynd sem hæstv. ráðherra er að mæla fyrir, að Tryggingastofnun ríkisins endurgreiddi eingöngu til þeirra sjúklinga sem fara til hjartasérfræðinga á samningi. Ekki allir voru búnir að segja upp þannig að spurning er hvort ekki eigi að skoðað það að festa núverandi kerfi í sessi enn frekar með þeirri leið.

[21:16]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég man þessa tölu rétt þá sagði 21 hjartalæknir sig af samningi en ekki einn. Hjartalæknarnir sem sögðu sig af samningi voru, að mig minnir, allir starfandi líka á sjúkrahúsum. Þær verktakagreiðslur og sú þjónusta sem þeir hafa veitt á einkastofum sínum er hluti af starfsemi þeirra.

Ég vil taka fram að þetta er mjög mikilvæg starfsemi sem hjartalæknarnir sinna. Það er alveg ljóst að þeir munu auðvitað áfram sinna þeirri mikilvægu þjónustu við þá sem koma með beiðni til þeirra og hugsanlega til annarra líka sem fara ekki beiðnaleiðina en eru þá tilbúnir til að borga fulla greiðslu án þess að fá endurgreiðslu.

En þetta er staðan sem við vorum í. Það náðust ekki samningar. Það var of langt á milli þannig að þetta var eini kosturinn sem við gátum boðið upp á til þess að tryggja fólki endurgreiðslu sem þarf á þessari þjónustu að halda.

[21:17]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það virðist greinilegt að það eigi að festa í kerfi það tilvísanakerfi sem tekið var upp 1. apríl síðastliðinn. Ég vil vekja athygli á því að Hjartaheill – Landssamtök hjartasjúklinga og SÍBS hafa mótmælt þessu kerfi mjög harðlega fyrir hönd skjólstæðinga sinna sem þurfa á þessu að halda.

Það er alveg ljóst að óhagræði sem af því leiðir að leita til heimilislækna fyrst og síðan til hjartalækna eins og óhjákvæmilegt er, mun skapa aukakostnað sem lendir á sjúklingunum yfirleitt. Ég gef ekki mikið fyrir þær röksemdir hæstv. heilbrigðisráðherra að heimilislæknar muni allt í einu fara að leysa málefni hjartasérfræðinga, eins og mátti skilja af orðum hennar áðan. Ég held að það sé afskaplega óraunhæft og komi ekki til greina að það verði í nema litlum mæli vegna þess að samband hjartalækna og sjúklinga þeirra er sjúklingum algerlega nauðsynlegt.

[21:19]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Best hefði verið ef samningurinn hefði verið virtur af aðilum sem gerðu hann. En hjartalæknar töldu sig ekki geta orðið við því. Þeir töldu að umsamið afsláttarkerfi sem er í samningnum hentaði þeim illa. Þeir töldu sig þurfa að veita of mikinn afslátt. Afslátturinn var eitthvað í kringum 5% sem þeir áttu að veita samkvæmt samningnum. Þetta valfrjálsa endurgreiðslukerfi eru því viðbrögðin við því að við misstum þá af samningi.

En svona þarf að gera þegar menn vilja tryggja endurgreiðslur. Þá eru þetta eðlileg viðbrögð. Ef við hefðum ekkert gert hefði enginn fengið neitt endurgreitt. Er það það sem hv. þingmenn vilja? Ég held að það vilji enginn. Við vildum tryggja endurgreiðslur til þeirra sem á þeim þurfa að halda með því að bjóða upp á valfrjálst endurgreiðslukerfi. Að öðrum kosti hefðum við ekki getað endurgreitt neitt.

[21:20]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta snýst um það hvort leysa eigi samninga með lagaboðum eins og hérna er gert eða ekki. Hæstv. heilbrigðisráðherra sagði áðan að hjartalæknar hafi gengið út úr gildandi samningi. Á sama tíma segir í athugasemdum að þeir sögðu sig frá samningum með umsömdum þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Ég tel alveg nauðsynlegt að gengið verði miklu harðar fram í því að ná samningum við hjartalækna. Þetta er starfsstétt sem við þurfum nauðsynlega á að halda. Við verðum að ná samningi við þá um þjónustu þeirra. Ég lít svo á að það sé fráleitt að leysa mál af þessu tagi stöðugt með lagasetningu. Hvað þá með aðrar stéttir? Hvað þá með aðra sem eru í svipaðri stöðu?

Sjúklingarnir borga brúsann þegar upp er staðið og með þessu tilvísanakerfi, sem ég tel aldeilis fráleitt, verða þeir oft og tíðum að borga tvöfalt í stað þess að þeir borguðu þá heimsóknina til hjartalæknisins áður en þetta var. Tími

sjúklinga sem fer í þetta (Forseti hringir.) skiptir líka verulegu máli.

[21:21]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hjartalæknar gengu að gildandi samningi. En þeir höfðu þriggja mánaða uppsagnarfrest. Það er alveg rétt. Þeir nýttu sér hann og sögðu upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara. Á meðan voru auðvitað þreifingar í gangi og reynt að semja. En það tókst ekki.

Ég trúi ekki að hv. þm. Pétur Bjarnason hefði verið tilbúinn til að borga fyrir einingar ef hann hefði ekki sannfæringu fyrir því að það væri réttmætt. Við töldum að það væri of langt á milli sjónarmiða okkar í heilbrigðisráðuneytinu og sjónarmiða hjartalækna. Menn náðu því ekki saman. En til að tryggja sjúklingum endurgreiðslu var þetta valfrjálst endurgreiðslukerfi.

Þetta er sú staða sem kom upp og viðbrögð okkar eru einmitt til að bjóða upp á (Forseti hringir.) endurgreiðslu fyrir þessa mikilvægu þjónustu fyrir sjúklingana.

[21:22]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Eins og komið hefur fram erum við að ræða um frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar. Mér finnst þetta mál snerta að einhverju leyti grundvallaratriði um hvernig heilbrigðiskerfi við viljum sjá. Það er augljóst að þetta frumvarp hæstv. heilbrigðisráðherra er lagt fram í beinu sambandi við bæði þá stöðu sem blasti við þegar hjartalæknar sögðu sig frá samningi við Tryggingastofnun og að auki við hið nýja tilvísunarkerfi sem hæstv. heilbrigðisráðherra setti á fót í kjölfar þess.

Ég er sannfærður um að þetta frumvarp lýtur að því að skrúfa fyrir ákveðinn leka sem hæstv. heilbrigðisráðherra telur að hið nýja kerfi sem hann setti á fót hafi myndað, þ.e. það er verið að sníða agnúa af kerfi sem að mínu mati vekur upp margar spurningar um grundvallaratriði.

Við ræddum fyrr í vetur hvort við ættum að hafa þannig heilbrigðiskerfi að efnahagur ætti að ráða hversu hratt og hvernig þjónustu viðkomandi sjúklingur fær. Samfylkingin hefur talað mjög skýrt í þeim efnum og hafnar slíku kerfi. Sömuleiðis virðast flestir flokkar hafa gert það einnig. En þetta nýja tilvísunarkerfi, eins og það er sett fram hjá hæstv. heilbrigðisráðherra, vekur upp spurningar hver sé í raun vilji hæstv. heilbrigðisráðherra hvað það varðar og Framsóknarflokksins.

Við sjáum að í þessu kerfi sem er verið að festa í sessi mun verða skilyrði fyrir greiðsluþátttöku ríkisins. Það þarf tilvísun frá heilsugæslulækni. En ólíkt öðrum hugmyndum sem hafa heyrst í gegnum tíðina um tilvísunarkerfi er hér ekki um að ræða samningsbundna lækna. Hér erum við að tala einnig um stétt sem mun búa við frjálsa gjaldskrá. Þetta kerfi vekur því upp margar spurningar í mínum huga.

Ég tel einnig að hæstv. heilbrigðisráðherra sé að snúa málinu á hvolf þegar hún kemur ítrekað í ræðustól í andsvörum og segir að hæstv. heilbrigðisráðherra sé að tryggja endurgreiðslurétt sjúklinga. Ég held að hún sé þvert á móti að koma í veg fyrir greiðsluþátttöku ríkisins til þeirra sem fara beint til sérfræðilæknis án tilvísunar. Þetta var rætt í heilbrigðisnefndinni þegar við ræddum fyrst þetta mál, þegar það var upp á teningnum hvort heilbrigðisnefndin ætti að flytja málið. Nefndin hafnaði því. Hér er því um að ræða viðbrögð hæstv. heilbrigðisráðherra til að koma í veg fyrir greiðsluþátttöku ríkisins til þeirra sem leita beint til sérfræðilæknis án tilvísunar, en ekki er verið að tryggja endurgreiðslurétt til alls almennings. Við höfum séð fordæmi þessa áður, þ.e. sérfræðilæknar hafa farið út af samningi og þá hefur verið brugðist öðruvísi við en hæstv. ráðherra gerir núna. Meðal annars hefur verið sett afturvirk reglugerð sem tryggir án vafa greiðsluþátttöku ríkisins.

Ég sé ákveðnar hættur í þessu frumvarpi sem er að tryggja í sessi þetta kerfi sem, eins og staðan er í dag, er fyrst og fremst í reglugerðarformi hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég held að það blasi alveg við að þessi útgáfa tilvísunarkerfis hæstv. heilbrigðisráðherra bjóði þeirri hættu heim að hinir efnameiri hafi forgang að heilbrigðiskerfinu.

Í fyrsta lagi munu hjartalæknar hafa frjálsa gjaldskrá. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur staðfest að hún telji að hjartalæknar muni hafa frjálsa gjaldskrá. Þetta mun bjóða hættunni heim hvað varðar þá stöðu að viðkomandi hjartalæknir getur rukkað það verð sem hann vill. Sömuleiðis getur viðkomandi læknir tekið þá sem borga meira fram fyrir röðina. Einnig erum við í þeirri stöðu sem blasir við varðandi tannlækna sem eru með frjálsa gjaldskrá. En þá höfum við nokkuð sem heitir ráðherragjaldskráin, þ.e. gjaldskrá sem Tryggingastofnun gefur út í umboði ráðherra. Síðan höfum við raunverulega gjaldskrá tannlækna. Á þessu er munur. Önnur gjaldskráin lýtur að því hversu mikið ríkið er tilbúið til að niðurgreiða tannlæknaþjónustu og síðan er það hið raunverulega verð sem fjölskyldur landsins greiða. Ég held að þetta hafi meðal annars skapað mismun í heilbrigðiskerfi okkar hvað varðar tannlæknaþjónustu og nýleg fyrirspurn mín sýnir að tæplega 9.000 börn fóru ekki til tannlæknis síðastliðin þrjú ár til dæmis. Auðvitað spila án efa aðrar ástæður en bara efnahagur inn í þetta. En án efa hefur hann áhrif varðandi þennan þátt.

Hæstv. heilbrigðisráðherra svaraði því ekki í andsvari sínu áðan hvernig hún ætlar að koma í veg fyrir að viðkomandi einstaklingar geti borgað sig fram fyrir röðina. Er ekki alveg rétt skilið að hjartalæknir getur rukkað hvaða verð sem hann vill og þá tekið hvern sem er fram fyrir og í hvaða röð sem hann vill? Þetta er grundvallaratriði. Þarna er um að ræða alveg heila stétt án samnings, þ.e. hið opinbera hefur ekki tök á því að setja stéttinni ákveðin skilyrði til dæmis til að koma í veg fyrir að þeir rukki svo og svo mikið o.s.frv.

Við sjáum einnig að hinir efnaminni munu þurfa að greiða meira eða verða fyrir meira óhagræði en hinir efnameiri í ljósi þess að hinir efnaminni þurfa að fara á þrjá staði til fá viðkomandi þjónustu. Þeir þurfa að fara fyrst til heilsugæslunnar að fá tilvísun. Síðan þurfa þeir að fara til hjartalæknisins og fá viðkomandi þjónustu þar. Síðan þurfa þeir að fara til Tryggingastofnunar til að fá endurgreiðsluna. Hinir efnameiri geta farið beint til sérfræðingsins og borga einfaldlega sjálfir fyrir.

Við sjáum einnig að þetta kerfi gerir ráð fyrir því að samningsskyldur hins opinbera á hendur viðkomandi lækna eru ekki fyrir hendi, enda er ekkert samningssamband. Við

það falla niður ákveðnar samningsskyldur sem viðkomandi læknar hafa haft hingað til við hið opinbera, þ.e. við TR. Þetta lýtur til dæmis að upplýsingagjöf til Tryggingastofnunar, eftirliti Tryggingastofnunar o.s.frv. Fulltrúar Tryggingastofnunar sögðu heilbrigðisnefndinni, þegar við ræddum þetta mál, að samningsbundinn læknir geti ekki rukkað á hvaða verði sem er. En eftir þetta kerfi festist í sessi þá getur hann rukkað á hvaða verði sem er.

Forsvarsmenn Landspítalans bentu á að þetta gæti haft áhrif á streymi sjúklinga á bráðasvið Landspítalans, að sjúklingar mundu hugsanlega leita til spítalans eftir þjónustunni. Þá erum við komin í þá stöðu að sjúklingar leiti á dýrasta svið þjónustunnar, sem allir eru sammála um að þurfi að draga úr. Menn telja að hvetja þurfi til að sjúklingar leiti í þjónustu sem hentar þeim. Forsvarsmenn Landspítalans töldu þetta vera annmarka á hinu nýja kerfi hæstv. heilbrigðisráðherra og það sér hver maður að þetta mun leiða til aukins kostnaðar.

Það er einnig rétt að hafa efasemdir um getu heilsugæslunnar til að taka við þessu nýja hlutverki, þ.e. að sinna tilvísunarhlutverkinu. Nú þegar hafa allnokkrir einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu ekki heilsugæslulækni og fulltrúar heilsugæslunnar hafa ítrekað sagt við hv. heilbrigðisnefnd að heilsugæslan sé ekki fullmönnuð. Ég spurði hæstv. heilbrigðisráðherra áðan í andsvari hvað hún ætlaði að gera til að styrkja heilsugæsluna vegna hins nýja hlutverks heilsugæslunnar. Svarið var einfaldlega að hún teldi að heilsugæslan væri í stakk búin til að sinna þessu hlutverki. Ég ítreka því spurningu mína: Mun hæstv. heilbrigðisráðherra með einhverjum hætti styrkja heilsugæsluna til að sinna þessu nýja hlutverki?

Einnig hefur verið bent á að þetta nýja kerfi muni hugsanlega auka skriffinnskuna og kostnaðinn, og geti aukið tvítekningu í kerfinu, þ.e. að ákveðnar rannsóknir og hluti viðtala væri framkvæmdur hjá viðkomandi heilsugæslulækni og hjá hjartalækni. Þetta eykur heildarkostnaðinn í kerfinu. Sömuleiðis hefur verið bent á að þetta kerfi geti verið dýrara fyrir sjúklinginn, sem þarf að fara á þessa þrjá staði eins og áður hefur komið fram. Formaður Félags hjartalækna segir að þetta nýja kerfi verði án vafa dýrara fyrir hið opinbera.

Fyrir sjúklinga getur þetta verið ákveðið óhagræði, t.d. fyrir krónískа hjartasjúklinga sem þurfa að fá nýja tilvísun á fjögurra mánaða fresti. Í því felst ákveðinn kostnaður og hefur sömuleiðis verið bent á þann galla kerfisins að einungis er gert ráð fyrir að heilsugæslu- eða heimilislæknir geti vísað viðkomandi sjúklingi á hjartalækni. Það hefur verið staðfest að fjölmargar aðrar læknastéttir hafa getu til að vísa viðkomandi sjúklingum áfram til hjartalæknis. Í því sambandi hafa verið nefndir lungnalæknar, taugalæknar, lyflæknar og svæfingarlæknar. Þetta eru allt læknar sem geta átt aðkomu að hjartasjúklingnum og gæti verið heppilegra að þeir ættu rétt á að vísa sjúklingi beint til hjartalæknis en ekki til heilsugæslunnar og síðan um allt kerfið.

Ég held sömuleiðis að þetta kerfi sem hæstv. heilbrigðisráðherra hyggst festa í sessi muni drepa hvatann til að ná samningum, þ.e. milli hjartalækna og TR, hins opinbera. Það hefur t.d. komið fram að það hefur enginn samningafundur verið haldinn síðan kerfið var sett á fót. Það hefur verið fullyrt að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi sagt að þetta kerfi sé komið til að vera. En mig langar að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra út í það beint: Er þetta kerfi komið til að vera? Hvernig ætlar hæstv. heilbrigðisráðherra að tryggja að menn semji í því umhverfi sem hefur skapast með þessu nýja kerfi?

Það er einnig rétt að kalla eftir skýrari svörum hæstv. heilbrigðisráðherra um það sem hún sagði áðan um að kostnaður við samning við hjartalækna væri hærri en sagt hefur verið í fjölmiðlum. Hversu mikið hærri er hann? Mig minnir að nefndur hafi verið kostnaður upp á 14 millj. kr. við að semja við hjartalækna. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur vísað því á bug úr þessum ræðustól en ekki sagt hve mikið dýrara er að semja við hjartalækna, fyrst hún getur fullyrt að þessi tala sé ekki rétt sem hjartalæknar hafa sjálfir bent á.

Ég tel að þetta kerfi geti verið fordæmisgefandi fyrir aðrar stéttir. Við megum ekki gleyma því að hjartalæknar voru samningsbundnir þegar þetta ástand skapaðist en kusu að segja sig frá þeim samningi enda höfðu þeir umsaminn þriggja mánaða uppsagnarfrest. Með því að festa þetta kerfi í sessi gætum við boðið þeirri hættu heim að aðrar sérfræðilæknastéttir fari sömu leið, þ.e. verði ekki lengur samningsbundnar við hið opinbera, hafi frjálsa gjaldskrá og geti rukkað hvaða verð sem er, geti tekið sjúkling í hvaða röð sem er og þá erum við komin með heilbrigðiskerfi sem ástæða er til að óttast, sem mun mismuna fólki eftir efnahag.

Við höfum séð að ýmsir hagsmunahópar hafa talað gegn þessu kerfi, þar á meðal sjúklingarnir. SÍBS og Hjartaheill sendu frá sér harðorða ályktun í byrjun aprílmánaðar. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Stjórnir SÍBS og Hjartaheilla mótmæla harðlega ákvæðum reglugerðar frá 31. mars 2006, um tilvísunarskyldu til greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í hjartalækningum. Jafnframt er eindregið hvatt til að gengið verði til samninga við sjálfstætt starfandi hjartalækna nú þegar. ...

Ofangreind reglugerð hefur það í för með sér að ef sjúklingur vill fá heimsókn til hjartasérfræðings greidda þarf hann fyrst að heimsækja heimilislækni. Hann metur þörf viðkomandi sjúklings fyrir aðstoð hjartasérfræðings og gefur út tilvísun ef hann telur að þörf sé á heimsókn til sérfræðingsins. Ef sjúklingurinn fer hins vegar beint til sérfræðings þarf hann að greiða heimsóknina að fullu sjálfur.

Við teljum að öryggi hjartasjúklinga geti verið stefnt í hættu með tilkomu reglugerðarinnar. Þá skapast af þessari breytingu óhagræði þar sem heimilislæknirinn verður milliliður yfir í heimsókn til hjartasérfræðings. ... Þá teljum við hættu á að framkvæmd reglugerðarinnar leiði af sér kostnaðarauka bæði fyrir sjúklinga og ríkisvaldið.

Stór hluti samskipta hjartalækna og sjúklinga þeirra felst í reglubundnu og nauðsynlegu eftirliti án milligöngu annarra lækna. Reglugerðin er hamlandi fyrir þessi samskipti."

Þetta stóð í ályktun SÍBS og Hjartaheilla. Formaður Félags hjúkrunarfræðinga hefur jafnframt sagt að þetta kerfi bjóði heim hættu á tvöföldun, þ.e. að hún óttast tvöfalt kerfi og að fólki verði mismunað eftir efnahag í kerfinu sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur komið á fót. Hjartalæknar

sjálfir hafa sagt að þetta muni ekki bara auka kostnaðinn í kerfinu heldur einnig skerða aðgengi sjúklinga að nauðsynlegri þjónustu.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra við 1. umr. Eins og komið hefur fram eru ákveðnar spurningar og efasemdir sem þetta kerfi vekur. Við megum að sjálfsögðu ekki festa í sessi kerfi sem er ósanngjarnt í eðli sínu með því að það mismuni sjúklingum eftir efnahag. Þá tel ég að við ættum að skoða aðrar leiðir til að mæta meintum göllum eða annmörkum á kerfinu sem hæstv. heilbrigðisráðherra kom á fót 1. apríl síðastliðinn.

Það er ljóst að þessi umræða mun snúast um grundvallaratriði. Ég geri það að lokaorðum mínum að það var mjög skynsamlegt af svokallaðri Jónínunefnd að kalla eftir umræðu um þetta stóra grundvallaratriði, um hvort mismuna ætti fólki eftir efnahag í heilbrigðiskerfinu. Það var ekkert víst á þeim tímapunkti að allir stjórnmálaflokkar höfnuðu forgangi hinna efnameiri að heilbrigðiskerfinu eins afdráttarlaust og Samfylkingin hefur gert. Í umræðunni um skýrslu Jónínunefndar fór hæstv. heilbrigðisráðherra mikinn. Hún setti sig jafnvel í jarðarfararstellingar í þeirri umræðu og lauk málinu með því að segja amen. En þetta frumvarp, ekki síst reglugerðin sem hæstv. heilbrigðisráðherra setti, kallar fram efasemdir um hvort vilji hæstv. ráðherra sé eins skýr og ætla mætti. Það gengur auðvitað ekki að tala gegn forgangi hinna efnameiri en láta það verða eitt af sínum fyrstu embættismannaverkum að setja á fót kerfi sem gerir ráð fyrir að hægt sé að mismuna sjúklingum eftir efnahag, sem gerir ráð fyrir að læknar hafi frjálsa gjaldskrá, geti tekið sjúklinga í þeirri röð sem þeir kjósa og gerir ráð fyrir að samningsskyldur falli niður. Frumvarp ráðherra gerir ráð fyrir að streymi á bráðasvið Landspítalans aukist hugsanlega og fyrir auknu álagi á heilsugæsluna.

Ýmislegt kallar á að hæstv. ráðherra skoði aðrar leiðir. (**Heilbrrh.:** Hvaða leiðir?) Að sjálfsögðu væri langbest, hæstv. heilbrigðisráðherra, að menn mundu einfaldlega ná að semja. Það hlýtur að vera markmið, ekki satt? En kerfið sem hæstv. heilbrigðisráðherra festir í sessi með þessum hætti mun drepa hvatann til samninga, enda hefur komið á daginn að ekki einn einasti samningafundur hefur verið haldinn síðan kerfið var tekið upp. Þar hefur enginn skriður komist á samningaviðræður enda tel ég að hjartalæknar sjái ekki mikinn hag í að semja eftir að kerfinu var komið á. Af hverju ættu læknar að semja þegar þeir geta rukkað fyrir þjónustu eins og þeir vilja og geta tekið sjúklinga í þeirri röð sem þeir vilja?

Ég held að hér sé verið að snuða almenning og búa til kerfi sem verður dýrara þegar upp er staðið og mun skerða jafnan aðgang allra að heilbrigðiskerfinu. Það mun koma í veg fyrir að hjartalæknar og TR nái saman því hvatinn er að öllu leyti horfinn, eftir að við festum þetta kerfi hæstv. heilbrigðisráðherra í sessi eins og þetta litla frumvarp gerir ráð fyrir.

[21:41]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég gat ekki á mér setið eftir þá ræðu sem hér var flutt. Þar komu auðvitað engar lausnir heldur var aðeins sagt að það ætti að semja. Jú, það hefði verið best en það tókst ekki. Það bar of mikið á milli.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hélt því fram að það væri einbeittur vilji hjá heilbrigðisráðherra að koma í veg fyrir að fólk fengi endurgreiðslu. Við viljum einmitt tryggja endurgreiðslur með þessu frumvarpi. Ég gat ekki skilið hv. þingmann öðruvísi en svo að hann teldi að það ætti að endurgreiða þeim sem fara beint til sérfræðinga er væru ekki á samningi. Ég vil bara spyrja: Er það réttur skilningur sem ég lagði í ræðu hv. þingmanns? Vill hann að við endurgreiðum þeim sem hafa ekki beiðnir og fara beint til sérfræðinga? Ef svo er þá vill hv. þingmaður enga stjórn á þessu kerfi.

Á leiðinni fyrir þingið er einmitt heilbrigðisþjónustufrumvarp sem þverpólitísk samstaða ríkir um. Margrét Frímannsdóttir hv. þm. sat í nefndinni sem undirbjó það frumvarp. Þar er verið að styrkja heimildir heilbrigðisráðherra til að stýra heilbrigðisþjónustunni, til að ákveða hvaða þjónustu á að kaupa, í hve miklu magni og hvaða þjónustu á ekki að kaupa.

Miðað við ræðuna sem hér var flutt tel ég mjög brýnt að skilja hvað hv. þingmaður var að fara. Þar með skil ég væntanlega Samfylkinguna. Telur hv. þingmaður eðlilegt að við endurgreiðum þeim sjúklingum sem fara beint til sérfræðinga án tilvísunar og höfum ekki neina stýringu á þessu kerfi?

[21:43]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Kjarni þessa máls er að sjálfsögðu að hæstv. heilbrigðisráðherra er ekki tilbúin að mæta þeirri eftirspurn sem er fyrir hendi í heilbrigðiskerfi okkar. Það liggur ljóst fyrir að svokallaðar einingar, ekki bara hjartalækna, hafa klárast á haustin. Það þýðir að hvað þetta varðar er meiri eftirspurn og þeirri eftirspurn þarf að mæta með auknu fjármagni, þannig að það sé alveg ljóst.

Samfylkingin hefur talað skýrt fyrir því að við viljum forgangsraða í þágu heilbrigðiskerfisins. Við viljum á vissum sviðum auka fjármagn til heilbrigðiskerfisins en ekki á öðrum sviðum. En við viljum ekki hafa kerfi sem býður upp á hættuna á að mismunað sé eftir efnahag. Það er grundvallaratriði.

Hvernig ætlar hæstv. heilbrigðisráðherra að koma í veg fyrir að ég geti borgað mig fram fyrir röðina? Hvernig ætlar hæstv. heilbrigðisráðherra að koma í veg fyrir að hjartalæknar fari að rukka fyrir þjónustu sína upp úr öllu valdi, eins og sumir tannlæknar hafa gert? Hvernig ætlar hæstv. heilbrigðisráðherra að koma í veg fyrir að niðurstaðan verði skert aðgengi og mismunun eftir efnahag?

Það dugir ekki að benda á frumvarp, þverpólitískt frumvarp, sem er á leiðinni. Ég get fullyrt að það þverpólitíska frumvarp sem ekki er enn komið fram mun ekki gera ráð fyrir tvöföldu kerfi í heilbrigðiskerfinu.

Kerfið, sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur örugglega komið á í einhverju óðagoti eftir að samningaviðræður strönduðu í lok mars, er vanhugsað. Það býður heim hættunni á tvöföldu kerfi, það gefur viðkomandi hjartalæknum frjálsar hendur um hvernig þeir uppfylli þjónustu sína vegna þess að það eru engar samningsskyldur á þeim og það býður hættunni heim hvað varðar mismunun eftir efna-

hag. Það er grundvallaratriði og spurningum um það hefur hæstv. heilbrigðisráðherra ekki getað svarað.

Af hverju hefur hæstv. heilbrigðisráðherra ekki farið þá leið, eins og áður hefur verið farin þegar sérfræðilæknar hafa sagt sig frá samningum, (Forseti hringir.) t.d. beitt afturvirkri reglugerð sem gerir ráð fyrir niðurgreiðslu (Forseti hringir.) eða greiðsluþátttöku ríkisins?

(Forseti (DrH)**:** Ég bið hv. þingmann að virða tímamörk.)

[21:46]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég skal ítreka spurningu mína því ég fékk ekki svar við henni. Ég tel algjörlega nauðsynlegt í umræðunni að skilja ræðu fulltrúa Samfylkingarinnar, ræðu hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar.

Var hv. þingmaður að segja í ræðu sinni áðan að við ættum að endurgreiða sjúklingum sem fara beint til hjartalækna sem ekki eru á samningi, að við ættum að endurgreiða þeim frá Tryggingastofnun ríkisins? Já eða nei. Var hv. þingmaður að segja þetta? Eigum við að endurgreiða öllum sem fara til hjartalækna sem eru ekki á samningi, hvort sem þeir eru með tilvísun eða ekki? Eigum við að endurgreiða þeim sem fara tilvísanalausir til hjartalækna beint? Eigum við að endurgreiða þeim frá Tryggingastofnun ríkisins? Já eða nei.

[21:47]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Í núverandi heilbrigðiskerfi höfum við haft lækna sem hafa verið án samnings við hið opinbera. Til dæmis hefur hluti bæklunarlækna verið án samnings. Við höfum ekki talað fyrir því að niðurgreiða eigi þjónustu einstaklinga sem eru án samnings, svo það sé alveg skýrt. **(Gripið fram í:** Er svarið nei?) Svarið er nei. (Gripið fram í.) Nei, við erum ekki sammála hæstv. heilbrigðisráðherra vegna þess að hæstv. heilbrigðisráðherra er með sinni leið að bjóða hættunni heim, er að bjóða upp á mismun eftir efnahag.

Það getur vel verið að við séum sammála því, hæstv. heilbrigðisráðherra, að við viljum ekki niðurgreiða þjónustu hjá læknum sem eru án samnings við Tryggingastofnun ríkisins. En okkur greinir á um leiðina. Ég hef bent á aðra leið. Fyrrverandi heilbrigðisráðherrar hafa farið þá leið, t.d. með því að setja reglugerð með allt öðrum hætti sem tekur á endurgreiðslurétti almennings. **(ÁRJ:** Þegar búið er að semja.) Þegar búið er að semja. Nákvæmlega. Það er kjarni málsins. Sú leið hefur verið farin. Okkur var sagt í heilbrigðisnefnd að ástæðan fyrir að þetta frumvarp væri sett fram með þessum hætti væri einmitt að koma í veg fyrir hugsanleg málaferli þeirra sem fara beint til sérfræðilæknis án tilvísunar. (Gripið fram í.) Í ljósi þess að þeir væru þá í skilningi laganna hugsanlega sjúkratryggðir.

Það er ekki verið að tryggja hér endurgreiðslurétt almennings. Það er verið að koma í veg fyrir greiðslurétt þeirra sem fara beint til sérfræðilæknis og búa til kerfi sem getur mismunað fólki eftir efnahag og getur í heild sinni bæði verið dýrara fyrir hið opinbera og einstaklinginn.

Ég hvet því hæstv. heilbrigðisráðherra að hugsa þetta til enda. Það getur vel verið að markmið hennar sé að koma í veg fyrir að greitt sé fyrir þjónustu lækna sem ekki eru á samningi. En þetta er afleit leið því hún brýtur gegn því grundvallaratriði að heilbrigðisþjónustunni ber að vera algjörlega óháð efnahag viðkomandi sjúklings.

[21:49]

Ásta Möller *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Nú hafa ýmsir á síðustu árum mælt með tilvísunarkerfi, m.a. fyrrverandi þingmenn Alþýðuflokksins og núverandi þingmenn Samfylkingarinnar. Ég bendi á að Sighvatur Björgvinsson, meðan hann var heilbrigðisráðherra, þá ráðherra Alþýðuflokksins, beitti sér mjög hart fyrir því að koma á tilvísunarkerfi.

Í andsvari áðan komu fram hjá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni ákveðnar athugasemdir sem ég skildi með þeim hætti að tilvísunarkerfi, eins og verið er að setja á núna hvað varðar hjartalækna, leiði af sér tvöfalt heilbrigðiskerfi. En það er hægt að útfæra tilvísunarkerfi á ýmsa vegu. Það hefur verið gert í nágrannalöndum okkar. Ef sjúklingur kemur t.d. ekki með tilvísun til sérfræðings, þá annaðhvort greiðir hann meira eða þá að hann þarf að greiða þjónustuna fullu verði.

Í því felst náttúrlega ákveðin mismunun má segja. Í rauninni er það svo að upphæð greiðsluþátttöku fer eftir því hvaða leið sjúklingurinn kýs að fara til sérfræðingsins.

Það má eiginlega segja að tilvísunarkerfið feli í sér ákveðna mismunun þó ég vilji ekki taka svo djúpt í árinni að segja að það leiði af sér tvöfalt heilbrigðiskerfi, alls ekki. En ég velti fyrir mér í þeirri umræðu sem farið hefur hér fram og þeim athugasemdum og hugleiðingum sem hafa komið frá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni, hvort skilja megi málflutning hv. þingmanns svo að Samfylkingin sé horfin frá hugmyndum um tilvísunarkerfi og mæli ekki lengur með þeirri leið? Mér þætti mjög áhugavert að heyra svar við þeirri spurningu.

[21:51]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta tilvísunarkerfi er ekki sama tilvísunarkerfi og var um að ræða í upphafi 9. eða 10. áratugar síðustu aldar. **(Gripið fram í:** Hver er munurinn?) Munurinn er sá að þá vorum við ekki að tala um samningslausa lækna. Þá vorum við ekki að tala um frjálsa gjaldskrá. Þessi tvö atriði sem eru í því tilvísunarkerfi sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur sett á fót, það var ekki gert ráð fyrir þeim hugmyndum þegar verið var að ræða um tilvísunarkerfið á sínum tíma. Þetta eru grundvallaratriði, því það eru þau atriði sem bjóða hættunni heim á mismunun. Það eru þessi atriði sem gera það kleift að þú getur keypt þig fram fyrir röðina og borgað það verð sem þú vilt. Ef þú ert með samningsbundinn lækni við Tryggingastofnun ríkisins getur þú t.d. ekki sett upp hvaða verð sem er. Það er lykilatriði. (Gripið fram í.)

Hér höfum við heila stétt lækna sem eru án samnings og við höfum ekkert með það að segja hvað þeir rukka fyrir. Við höfum ekkert um að segja hvers konar eftirliti þeir munu lúta varðandi samningsskyldu sem nú er í gangi gagnvart þeim stéttum sem hafa samið. Þetta er alveg

tvennt ólíkt. Það eru auðvitað kostir og gallar við tilvísunarkerfi. Samfylkingin er alveg reiðubúin að skoða þá. En svona útgáfa af tilvísunarkerfi er ekki ásættanleg vegna þeirrar hættu hvað varðar mismunandi efnahag. Vegna þess að menn geta keypt sig fram fyrir röðina. Vegna þess að læknar geta rukkað um hvað sem er.

Ég hefði farið aðra leið, hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég hefði ekki valið þá leið sem drepur hvata til samninga Auðvitað viljum við öll að þeir semji, en þeir hafa ekki einu sinni fundað eftir að þetta kerfi var sett í gang. (Gripið fram í.) Það segir að kerfið er að festast í sessi, því miður. Þetta er ekki það heilbrigðiskerfi sem við viljum sem býður hættunni heim á að mismunað sé eftir efnahag. Það er grundvallaratriði. Svo geta menn alveg haft þá skoðun að það sé rétt að efnameiri geti keypt sig fram fyrir röðina o.s.frv. En við höfum bara hafnað þeirri leið í Samfylkingunni (Forseti hringir.) og erum algjörlega móti henni.

[21:53]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki alveg á málflutningi hv. þingmanns. Annaðhvort vill hann tilvísunarkerfi eða ekki. Tilvísunarkerfi er hægt að útfæra með ýmsum hætti. En prinsippið er hvort maður vill það eða ekki. Mér finnst ég þurfi að fá betri svör frá hv. þingmanni hvernig hann vill haga þessum málum.

Eins og ég sagði er hægt að útfæra þetta með ýmsum hætti. Sjúklingar geta valið þá leið að greiða fullt verð og þá skiptir í rauninni ekki máli þannig séð hvort fullt verð er ákveðið af ráðherra og með samningi eða hvort það er læknir sem ákveður það sjálfur. Auðvitað er ákveðin mismunun í verði en annaðhvort er kerfið með þessum hætti eða ekki.

Það sem mér finnst líka vera dálítið umhugsunarefni hjá hv. þingmanni er að hann leggur áherslu á að það þurfi bara að semja. Við sem erum kannski mjög reynd í samningamálum segjum að það sé ekkert til sem heitir bara að semja. Það er meira en að segja það. Þess vegna veltir maður fyrir sér hvað hv. þingmaður vill greiða þennan samning háu verði. Hvað vill hann teygja sig langt? Er það svo að hann vilji færa ákveðnum stéttum það vald í hendur að geta hreinlega ákveðið einhliða hvaða verð þær eigi að fá fyrir sína vinnu og hvað ríkið eigi að borga fyrir hana?

Þetta er alltaf ákveðið samspil. Þetta eru samningar og við heyrðum það, bæði ég og hv. þingmaður í hv. heilbrigðisnefnd frá fulltrúum lækna að þeir telja að læknar vilji ekki vera samningslausir. Þeir telja að þeir vilji ekki mæta sjúklingum sínum þannig að þeir vísi alfarið frá sér greiðslu. (Forseti hringir.) Þess vegna tel ég að það séu sjúklingar sem munu verða fyrsti aðili í samningum.

[21:56]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er spurt hvort ég vilji tilvísunarkerfi eða ekki. Ég vil ekki svona tilvísunarkerfi, svo ég tali skýrt. Ég vil ekki tilvísunarkerfi sem getur mismunað fólki eftir efnahag. En það er vel hægt að hafa tilvísunarkerfi án þess að mismunað sé eftir efnahag. Til dæmis tilvísunarkerfi sem gerir ráð fyrir samningi viðkomandi lækna við Tryggingastofnun ríkisins eða gerir ekki ráð fyrir frjálsri gjaldskrá, gerir ráð fyrir ákveðnum samningsgildum. Þetta tilvísunarkerfi gerir ekki ráð fyrir því. Það eru því gallar við þessa útgáfu af tilvísunarkerfi. Það er ekki hægt að kvitta upp á hvaða tilvísunarkerfi sem er bara af því að það heitir tilvísunarkerfi.

Það er líka hægt að hugsa það þannig að kannski sé rétt að viðkomandi sjúklingur eigi sérstakan lækni og sá læknir þyrfti ekki endilega að vera heimilislæknir, heldur sérstakur læknir sem viðkomandi sjúklingur byrjar alltaf hjá og leitar síðan annað í kerfið. Það er ein útgáfa af tilvísunarkerfi. Þá gæti viðkomandi krabbameinssjúklingur átt sinn aðallækni sem krabbameinslækni en ekki verið bundinn því að fara fyrst til heilsugæslulæknis áður en hann getur hitt sinn krabbameinslækni.

Ég er einnig spurður að því hversu dýru verði ég vilji kaupa samning við hjartalækna. Hér hafa verið nefndar tölur af formanni Félags hjartalækna að þetta kosti um 14–25 milljónir. (Gripið fram í.) Ef þetta eru upphæðirnar sem út af bar í samningaviðræðunum, (Gripið fram í.) þá eru þetta ekki háar upphæðir. En hæstv. heilbrigðisráðherra segir aðrar tölur. Ég hlakka til að heyra þær.

Ég segi, auðvitað vil ég að menn nái saman. En hvað kemur í veg fyrir að næsta haust, þegar einingarnar klárast hjá öðrum sérfræðistéttum, fari þeir sérfræðingar nákvæmlega sömu leið og hjartalæknar gera núna? Hvað eigum við að gera þá? Þá erum við að festa kerfið enn meira í sessi gagnvart öðrum stéttum, því þetta hefur auðvitað fordæmisgildi. Hvað eigum við þá að gera? Þá erum við búin að kollvarpa öllu okkar kerfi sem gerir ráð fyrir samningssambandi milli Tryggingastofnunar ríkisins (Forseti hringir.) og lækna. Þetta kerfi rýfur það (Forseti hringir.) samband milli Tryggingastofnunar ríkisins og lækna (Forseti hringir.) og það er afturför að mínu mati.

[21:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var skrýtin ræða hjá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni. Hann gagnrýndi og gagnrýndi en kom ekki með neinar lausnir. Hann gagnrýnir t.d. að hæstv. heilbrigðisráðherra hefði ekki gert samning. Hvernig er hægt að gera samning við fólk sem ekki vill gera samning? Maður þvingar ekki fólk til að gera samning.

Ef menn eiga að ganga að hverju sem er, vil ég spyrja hv. þingmann: Hvað mundi hann hafa gert? Hefði hann bara hikstalaust gengið að hverju sem er til að semja og opnað opinn krana á skattfé almennings? Er það slíkur forgangur sem ætti að hafa? Er það forgangur lækna að skattfé?

Ef menn ekki vilja semja þá getur hver sem er, t.d. læknir sem ekki er búinn að skrifa undir samning, veitt fólki þjónustu umfram röð, að sjálfsögðu. Það er ekkert sem hindrar að það komi tvöfalt kerfi, ekki nokkur skapaður hlutur.

Ef einhver læknir á Íslandi neitar að gera samning við ríkið um þjónustu sína getur hver sem er farið til hans og borgað himinháar upphæðir og fengið þjónustu strax. (**Gripið fram í:** Það hefur alltaf verið þannig.) Það hefur alltaf verið þannig. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir svo-

leiðis tvöfalt kerfi ef menn eiga nóga peninga, alveg sama hvað hv. þingmaður segir.

Ég vil spyrja hv. þm. aftur. Hvað hefði hann gert? Ef læknar neita að skrifa undir samning nema að fyrir fram gefinni tölu sem þeir eru búnir að ákveða.

[22:00]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður segir að ég hafi haldið skrítna ræðu. Vel getur verið að hún sé skrítin í ljósi þess að við erum ekki sammála um grundvallaratriðin. Kannski erum við ekki sammála um að efnahagur eigi að ráða aðgangi fólks að heilbrigðiskerfinu. Ég bara einfaldlega hafna því. Það getur vel verið að hv. þingmaður sé ósammála því, vilji hugsanlega möguleika á að kaupa sig fram fyrir röðina. Það er kannski ráð að spyrja hv. þingmann. Vill hann gera ráð fyrir heilbrigðiskerfi þar sem hægt er að kaupa sig fram fyrir röðina? Hann getur þá svarað því bara skýrt. Ég fyrir mitt leyti svara mjög skýrt. Ég vil ekki svoleiðis kerfi.

Ég er líka gagnrýndur fyrir að benda ekki á neinar lausnir. Fyrrverandi heilbrigðisráðherrar hafa alltaf fundið lausnir á svipuðum vanda. Við erum að fara á nýjar slóðir með þessu kerfi. Ég hef nefnt að sett hefur verið reglugerð sem hefur gilt afturvirkt. Það er ein lausn. Auðvitað eigum við að semja og semja. Auðvitað eigum við að reyna það. Hvað gerir fólk í kjaraviðræðum? Þegar fólk er í kjaraviðræðum og talsvert ber á milli aðila. Fólk reynir að semja og semja þangað til lausn næst. En það þýðir ekki að við sníðum algjörlega nýtt kerfi ef samningaviðræðurnar eru af einhverjum ástæðum í hnút. Þá getum við alveg eins sleppt því að semja. Hvað mun gerast í haust þegar einingarnar fara að klárast hjá öðrum sérfræðistéttum sem eru samningsbundnar? Munu þær ekki einfaldlega fara út af samningi og þá erum við komin með nákvæmlega sama kerfi gagnvart öðrum stéttum.

Ég veit mætavel að auðvitað hafa verið til læknar sem hafa verið samningslausir og viðkomandi aðilar geta farið beint til þeirra og borgað hátt verð. En hér er bara ekki um það að ræða. Hér erum við að tala um heila stétt sem verður samningslaus við hið opinbera. Það er nýtt í þessu máli. Það hefur ekki gerst áður.

[22:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður notar gamla trixið. Þegar hann er spurður að einhverju þá gagnspyr hann. Hann spyr hvort ég vilji forgang í kerfinu. Er einhver ástæða til að spyrja þess? Ekki nokkur einasta. En hann svaraði ekki spurningunni. Hefði hann samið við lækna, sama hvaða kröfur þeir hefðu gert, hvað sem það kostaði? Þetta er mín spurning. Hún er afskaplega einföld. Hefði hv. þingmaður samið um, segjum 40 milljónir meira, ef þeir hefðu sett fram þá kröfu? Þetta eru 20 læknar? Hefði hann samið um enn hærri upphæð hvað sem það kostaði, bara til að semja?

Svo vil ég benda á að við erum að sjálfsögðu í Evrópska efnahagssvæðinu og læknar geta komið hingað frá Grikklandi og Spáni og alls staðar frá þannig að það er nú kannski viðbúið að einhver samkeppni komi í þennan geira.

[22:03]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki á hvaða leið hv. þingmaður er. Vill hv. þingmaður ekki nefna ákveðna tölu, þ.e. hversu mikils virði sé að semja við hjartalækna? Hjartalæknar hafa nefnt (Gripið fram í.) að þetta einingabil, bæði fyrir nóvember og desember, hafi kostað 14–25 milljónir, að það kosti eitthvað á því bili. Hæstv. heilbrigðisráðherra segir að þetta sé dýrara. Ég bara hlakka til að heyra mat hæstv. heilbrigðisráðherra á því hvað samningurinn kostar. (Gripið fram í.)

Ég hef alveg svarað skýrt. Ég hefði ekki farið þessa leið sem hæstv. heilbrigðisráðherra (Gripið fram í.) ... Ég hefði reynt að semja, hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Ég hefði reynt að semja. (Gripið fram í.) Ég hefði ekki búið til kerfi sem hefur þessa galla sem þetta kerfi hefur í för með sér. Það er algjört lykilatriði. Ég hefði samið, já. Ég hefði reynt að fá menn til að ná saman og samið. Það hefur verið gert í fortíðinni. Það hefur tekist. Í hverri einustu kjaradeilu hefur það tekist nema menn setji lög. Þetta er ákveðinn vísir að því. Menn eru búnir að gefast upp á samningsleiðinni og þá er búið til nýtt kerfi sem hefur þessa hættu í för með sér (Gripið fram í.) og það er ég ekki tilbúinn að sætta mig við.

Það er alveg „valid“ og gilt að spyrja spurninga um forgang hinna efnameiri. Vegna þess að (Gripið fram í.) enginn hefur náð að hrekja það að þetta kerfi sem hæstv. heilbrigðisráðherra er að setja á fót og stjórnarmeirihlutinn virðist styðja býður hættunni heim varðandi mismun eftir efnahag. Enginn hefur getað mælt á móti því að þetta kerfi sem við erum að festa hér í sessi mun gera ráð fyrir að hinir efnameiri geti keypt sig fram fyrir röðina á því verði sem viðkomandi læknir setur upp.

Sú hætta er fyrir hendi núna varðandi heila stétt sem er samningslaus. Sú hætta var ekki fyrir hendi. Það er breyting. Það er grundvallarbreyting á heilbrigðiskerfi okkar. Í okkar kerfi í dag höfum við einn og einn lækni sem ekki hefur verið á samningi. En þetta er í fyrsta skipti sem við höfum heila stétt sem ekki er bundin neinum samningsskilyrðum Tryggingastofnunar og getur sett upp hvaða verð sem hún vill. Það er gjörbreyting og grundvallarbreyting. Því fagna ég þessu tækifæri til að fá þennan áherslumun á milli stjórnarflokkanna (Forseti hringir.) annars vegar og Samfylkingarinnar hins vegar.

[22:05]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Eins og hefur komið fram er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Eins og segir í greinargerðinni og hefur komið fram í umræðunni hér á undan tengist þetta frumvarp þeirri stöðu sem kom upp í fyrra mánuði þegar sérfræðingar í hjartalækningum sögðu sig frá samningi við TR.

Ástæða þess að hjartalæknar tóku þessa ákvörðun, eftir sem manni skilst, eru þær takmarkanir sem í samningum þeirra felst, en þegar tilteknum einingafjölda hefur verið náð fara afslættir frá umsömdu einingarverði að virka með ákveðnum hætti.

Aðsókn sjúklinga til sérfræðinga í hjartalækningum hefur farið vaxandi á síðustu árum og hefur tekið kipp á síð-

ustu tveimur árum meðal annars vegna aukinnar vitundar fólks um heilsu sína og umræðu í samfélaginu um hjartasjúkdóma og einkenni þeirra.

Samningur TR við sérfræðilækna byggir á tilteknum ramma. Ef farið er út fyrir þann ramma í magni þjónustu byrja afslættir af verði að virka. Þetta kerfi hefur verið við lýði í Evrópulöndum eins og hér og er mjög þekkt kerfi. Að öðrum kosti eru læknar hreinlega með opna ávísun, læknar eða þær stéttir sem verið er að semja við, á ríkiskassann. Þetta er ein aðferð og afar viðurkennd aðferð til að hemja aukin útgjöld í heilbrigðisþjónustunni. Aukin aðsókn hefur leitt til þess að afsláttur sem felst í samningi TR við hjartalækna hefur farið að virka fyrr en ella og það telja læknar að skerði kjör sín síðustu mánuði ársins. Ekki hefur náðst samkomulag milli aðila um nýjan samning og samkvæmt því sem hefur komið fram í fjölmiðlum á síðustu dögum er hann ekki í sjónmáli.

Í sjálfu sér getur verið erfitt að taka á þessari auknu aðsókn til hjartalækna. Þó eru ýmsar leiðir til þess, meðal annars þær að beina fólki sem vill fá staðfestingu á heilsu sinni og heilbrigði, t.d. hvort blóðþrýstingur og blóðgildi séu í lagi, á annað stig innan þjónustunnar, þ.e. til heimilislækna, hjúkrunarfræðinga eða annarra sem eru bærir til að gera slíkar athuganir. Það yrði síðan þessara aðila að beina sjúklingum til hjartalækna eða annarra sérfræðinga ef rannsóknir og athuganir leiða í ljós að þörf er frekari aðstoðar.

Sá skilningur hefur verið ríkjandi í gegnum tíðina að einungis þegar lagaákvæði liggur fyrir um greiðsluþátttöku ríkisins vegna tiltekinnar heilbrigðisþjónustu og gerður hefur verið samningur við viðkomandi, að þá fyrst taki ríkið þátt í að greiða fyrir þjónustuna. Um þetta hefur ríkt sátt meðal fagaðila, stjórnvalda og þeirra sem njóta þjónustunnar. Þetta eru sanngjarnar og eðlilegar forsendur fyrir greiðsluþátttöku. Að öðrum kosti væri erfitt að halda utan um umfang og þróun heilbrigðisþjónustunnar svo ekki sé talað um kostnað hennar. Þetta frumvarp er hugsað til að styrkja þennan skilning á aðkomu stjórnvalda við niðurgreiðslu á heilbrigðisþjónustu til almennings, en það vaknaði einhver vafi þar um í ráðuneyti að ákvæði núgildandi laga kveði nægilega fast á um þennan skilning. Ég hef ekki heyrt neinn mótmæla því að þessi skilningur sé réttur, hvort heldur ég tala við heilbrigðisstarfsfólk eða stjórnvöld, aðila þar innan. Um þetta er almennt samkomulag í þjóðfélaginu.

Viðbrögð heilbrigðisráðherra við því ástandi sem skapaðist þegar hjartalæknar sögðu sig frá samningi var að setja reglugerð um skilyrði fyrir greiðsluþátttöku vegna þjónustu hjartalækna meðan þeir eru utan samnings við TR. Reglugerð heilbrigðisráðherra kveður á um að greiðsluþátttöku ríkisins vegna þjónustu sérfræðinga á sviði hjartalækninga verði við þessar aðstæður einungis til að dreifa hafi viðkomandi sjúklingur fyrst leitað til heimilislæknis og hann fái ekki úrlausn sinna mála hjá honum en þurfi sannanlega að leita til hjartasérfræðings vegna heilbrigðisvanda að mati heimilislæknis. Meðan þetta ástand ríkir þurfa hjartasjúklingar að hafa meira fyrir því að fá þjónustu hjartalækna og hefur það valdið einhverjum óþægindum sem verður ekki hjá komist. Hins vegar hefur reglugerð hæstv. heilbrigðisráðherra mildað þetta með því að tilvísun til hjartalæknis gildir í nokkra mánuði.

Að öðru leyti hefur tilvísunarkerfi ekki verið við lýði hér á landi þótt ýmsir hafi vissulega talað fyrir því eins og ég rakti í andsvari mínu áðan við hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson. Þó verður að segja að þessi tilraun sé í sjálfu sér áhugaverð og ég hvet heilbrigðisyfirvöld til að fylgjast mjög vel með hvaða áhrif hún hefur.

Ég hef oft haldið því fram að í mörgum tilvikum sé verið að veita heilbrigðisþjónustu á allt of háu stigi og fyrir of mikinn tilkostnað. Það á til dæmis við um þegar fólk leitar beint til hjartalækna vegna þess að það hefur grun um kvilla frá hjarta og æðakerfi. Oft getur fólk leitað á lægra stig til að fá úrlausn mála og þess vegna staðfest hvort viðkomandi þarfnist frekari skoðunar. Ég tel einnig að hjartalæknar séu þeirrar skoðunar að þeir vilji að þekking þeirra sé nýtt til hins ýtrasta en séu ekki að sinna verkefnum sem aðrir geta séð um. Því er þessi tilraun sem nú stendur yfir mjög áhugaverð þótt hún hafi reyndar komið til vegna sérstakra aðstæðna.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson velti því fyrir sér í ræðu sinni áðan hvers vegna eftirspurn eftir þjónustu hjá hjartalæknum hefði aukist. Ég kom að því áðan að það er meðal annars vegna vitundarvakningar. En ég held líka að það sé vegna þess að fólk hefur yfirleitt ekki þekkingu eða yfirsýn yfir það að það getur leitað sér þjónustu á lægra stigi en þurfi ekki að fara til hjartalæknis þegar það hefur áhyggjur af hjartanu. Fólk getur leitað til heimilislæknis. Það getur þess vegna leitað til apóteka, þjónustu sem veitt er innan apóteka, t.d. að mæla blóðþrýsting. Fólk er oft að koma til að fá fullvissu um hvort allt sé í lagi eða ekki. Sú aukna umræða í samfélaginu sem hefur leitt til aukinnar eftirspurnar eftir þjónustu hjartalækna þýðir ekki að hjartalæknar þurfi endilega að veita þessa þjónustu. Á þetta hefur hæstv. heilbrigðisráðherra einmitt bent þegar hún segir að um 65% þeirrar þjónustu sem hjartalæknar inna af hendi, þ.e. viðtöl, hjartalínurit og slíkt, sé hægt að veita á öðru stigi. Ég finn það á samræðum mínum við hjartalækna að þeim er ekkert um að veita þjónustu sem þeir vita að aðrir ættu að veita. Það þarf ekki hjartalækni til að taka hjartalínurit. Það þarf aðila sem kann að taka hjartalínurit þó aðrir lesi úr því.

Að lokum vil ég hvetja TR og viðkomandi sérfræðinga til að ganga til viðræðna og komast að samkomulagi um þá þjónustu sem kaupa á. Að öðru leyti vil ég lýsa stuðningi mínum við þetta frumvarp enda skerpir það á þeim skilningi sem ég tel að samkomulag sé um í þjóðfélaginu um skilyrði fyrir greiðsluþátttöku ríkisins fyrir heilbrigðisþjónustu.

[22:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Ástu Möller hvort hún telji að þessi tilraun sem hún telur svona áhugaverða og menn eigi að fylgjast með, þ.e. sú leið sem hæstv. ráðherra fer með að láta Tryggingastofnun greiða fyrir þjónustu lækna sem ekki eru á samningi, standist lög. Hefur hv. þingmaður skoðað hvort reglugerðin sem þessi tilraun byggist á hafi stoð í lögum? Hún byggist að sögn lögfræðinga heilbrigðisráðuneytisins á 36. gr. En þar segir, að almannatryggingarnar skuli greiða nauðsynlegar rannsóknir

og meðferð hjá sérgreinalæknum eða stofnunum sem samningur er við. Síðan segir í reglugerðarheimildinni að heimilt sé að ákveða frekari kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins á heilbrigðisþjónustu en mælt er fyrir um í þessari grein. En það byggir auðvitað á því að það sé heilbrigðisþjónusta sem samningur sé um því öll greinin um kostnaðarþátttöku sjúkratryggingarnanna byggir á því að samningur sé við þá heilbrigðisstarfsmenn sem almannatryggingar taka þátt í greiða. Reglugerðin sem sú tilraun sem talað er um hér byggir á hefur því ekki stoð í þessum lögum. Ég hef spurt marga lögfræðinga um þetta. Ég er náttúrlega ekki löglærð sjálf. Þeir segja að annaðhvort sé ekki heimild fyrir þessu í lögunum eða að þetta sé á mjög gráu svæði.

[22:15]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú hefur hv. þingmaður það fram yfir mig að hún hefur sjálfsagt bæði reglugerðina við höndina og almannatryggingalögin. Ég get ekki lesið um þetta af mínu blaði, þau álitaefni sem hv. þingmaður velti fyrir sér. Hins vegar rámar mig í að í umræðu í heilbrigðisnefndinni hafi þessi spurning komið upp og embættismenn frá heilbrigðisráðuneytinu svarað í þá veru að sannarlega væri heimild fyrir þessu í lögum, þ.e. ef ég man rétt. Nú virðir hv. þingmaður mér það á betri veg ef mig misminnir. Ég hef það í huganum að í lögunum sé heimild til greiðsluþátttöku ef lög mæla svo fyrir og síðan geti ráðherra líka tekið ákvörðun um það.

Ég hef ekki haft neinar efasemdir um að þessi reglugerð standist lög. Ég tel að við þær aðstæður sem sköpuðust þarna hafi ráðherra nýtt þau tæki sem hann hefur yfir að ráða til þess að tryggja eins vel og hægt er aðgang fólks að þeirri sérfræðiþekkingu sem það þarf á að halda. Ég tel að þessi aðferð hafi verið skynsamleg. Sú aðferð sem reynd hafði verið fram að því, þ.e. að taka ákvörðun eftir á um að greiða fyrir þjónustu sem veitt hefur verið við slíkar kringumstæður, held ég að hafi í raun verið fullreynd. Þegar búið er að prófa þá aðferð einu sinni eða tvisvar er fólk farið að treysta á það og samningsaðilar farnir að treysta á að (Forseti hringir.) svo verði gert aftur. Það er ekki gott.

[22:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Forseti. Ég spurðist fyrir um þetta í heilbrigðisnefnd. Ég spurði þá gesti sem komu fyrir nefndina og fram komu efasemdir hjá fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins um að reglugerðin stæðist lagagreinina. Ég tel fulla ástæðu til að skoða það nánar í nefndinni. Við eigum auðvitað ekki að láta það viðgangast á löggjafarsamkundunni að ráðherra setji reglugerð sem gengur lengra en lögin. Ég get ekki séð betur, bara með leikmannsaugum, með því að lesa lögin og reglugerðarheimildina, en að ráðherra sé á mjög gráu svæði.

Ég hef efasemdir um að það sé heimilt að fara þessa leið með reglugerð. Það á löggjafinn ekki að láta viðgangast. Ég tel að við þurfum að skoða þetta í nefndinni. Ég spyr hv. þingmann hvort hún telji ekki ástæðu til að skoða það. Ég hélt, þegar þessi almannatryggingalög komu inn í þingið, að skjóta ætti lagastoð undir reglugerðina. Ég efast um að hún hafi stoð í lögunum eins og hún er framkvæmd. Það er skilyrði fyrir reglugerðinni og frekari kostnaðarþátttöku að viðkomandi sérfræðingur sé á samningi. Við getum borið þetta saman við umræðuna um sálfræðingana. Það var alltaf talað um að Tryggingastofnun gæti ekki tekið þátt í þeim kostnaði af því að þeir væru ekki á samningi. Þannig hefur það verið með allar þær stéttir sem sjúkratryggingarnar hafa greitt hluta af kostnaði við, að það þarf að vera fyrir hendi samningur við stéttina áður en Tryggingastofnun tekur þátt í þeim kostnaði. (**Heilbrrh.:** Það er undanþága.) Það er ekki undanþága.

[22:19]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu sem við fjöllum um núna kemur fram að styrkja eigi það að greiðsluþátttaka sé heimil, sé slíkt ákveðið með lögum, reglugerðum eða samningum. Ég sagði það í ræðu minni að þetta væri sá skilningur sem hefði verið ríkjandi í samfélaginu hingað til.

Nú vill svo til að hv. þm. Jónína Bjartmarz skaut að mér því skjali sem mig vantaði í umræðuna í fyrri ræðu minni. Í 36. gr. almannatryggingalaga eru taldar upp þær aðstæður eða tilvik sem heimilt er að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu. Í liðum a til j en þar er m.a. almenna læknishjálp, lyf, tannlækningar, aðstoð ljósmóður, hjúkrun í heimahúsum o.s.frv. Síðan (Gripið fram í.) segir, hv. þingmaður, ef hann vill hlusta:

„Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða frekari kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í heilbrigðisþjónustu en mælt er fyrir um í þessari grein og 37. gr. Jafnframt er ráðherra heimilt í reglugerð að ákveða að veita skuli hjálp við nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir skv. b-lið 1. mgr. hjá öðrum sérfræðingum á heilbrigðissviði en sérgreinalæknum.“ — Þá er einmitt vísað í þá umræðu sem hv. þingmaður tók upp áðan varðandi sálfræðingana.

Ég er ekki löglærð en ég held að ég kunni að lesa lög. Mér sýnist þetta algjörlega kýrskýrt, að þarna sé heimildin til staðar, sem er þá grundvöllur fyrir þeirri reglugerð sem hv. þingmaður spurði um.

[22:21]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Ástu Möller mjög skýrrar spurningar: Verður hægt, í þessari útgáfu tilvísunarkerfis sem hér er verið að festa í sessi, hægt að kaupa sig fram fyrir röðina eftir þjónustu hjartalækna? Verður þá hægt að kaupa sig fram fyrir röðina hjá sérfræðilæknastéttinni í heild sinni, þ.e. í ljósi þess að allir hjartalæknar eru án samnings og verða með frjálsa gjaldskrá? Er fyrir hendi möguleiki á því að hægt sé að kaupa sig fram fyrir röðina með þessum hætti?

Í öðru lagi spyr ég: Telur hv. þingmaður rétt að hinn efnameiri geti átt rétt á að fara á einn stað í heilbrigðiskerfinu og fengið þjónustu á meðan hinir efnaminni þurfa að fara á þrjá staði til að fá sömu þjónustu?

Þriðja spurningin: Hvað í þessu kerfi sem hv. þingmaður styður að taka upp kemur í veg fyrir svipað ástand og við sjáum varðandi tannlæknaþjónustu, þ.e. eitthvað sem heitir ráðherragjaldskrá, sem er ákvörðun ráðherra um hve mikið

hann vill niðurgreiða viðkomandi þjónustu og síðan raunveruleg gjaldskrá og verðbilið þar á milli geti aukist með tímanum? Hvað kemur í veg fyrir það að þjónusta hjá hjartalækni verði dýrari en sem nemur niðurgreiðslunni frá hæstv. ráðherra?

Hv. þingmaður talaði um að henni væri umhugað um að þjónustan yrði veitt á réttu þjónustustigi, á réttu stigi í heilbrigðiskerfinu. Hvað segir hv. þingmaður um áhyggjur forsvarsmanna Landspítalans af því að hugsanlega muni streymið á bráðasvið Landspítalans aukast, sem er dýrasta stig þjónustunnar? Það er augljóslega ekki búið að hugsa þetta kerfi til enda hvað varðar heildarkostnaðinn.

[22:24]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður beindi til mín fjórum spurningum, a.m.k. tók ég niður fjórar spurningar.

Verður hægt að kaupa sig fram fyrir röðina í þessu nýja kerfi? Ég geng út frá því að læknar sem eru utan samnings í þessu tilviki setji sama verð upp, hvort sem sjúklingur fær greiðsluþátttöku eða ekki. Eini munurinn er sá að sá sjúklingur sem fer ekki fyrst til heimilislæknis heldur beint til hjartalæknisins borgar það fullu verði en sá sem fer til heimilislæknisins fyrst og síðan til hjartalæknis fer með sinn reikning og fær hann endurgreiddan hjá TR. Verðið sem sjúklingurinn borgar er hið sama en sjúklingur sem fer til heilsugæslulæknis á undan fær endurgreiðslu að þeim hluta sem TR endurgreiðir. Ég tel því ekki að þetta gefi tilefni til þess að kaupa sig fram fyrir röðina í þessu tilviki.

Varðandi það að þeir efnameiri fari á einn stað en hinir á þrjá þá hafa báðir sömu möguleika. Þeir hafa möguleika á að fara á þrjá staði og möguleika á að fara á einn stað. Þetta er hið valfrjálsa stýrikerfi sem hæstv. heilbrigðisráðherra var að tala um. Valfrelsi þessara einstaklinga ræður hvaða leið þeir fara.

Um það hvort sama ástand muni skapast og í tannlæknaþjónustunni kem ég kannski að í seinni ræðu minni.

[22:26]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrstu spurningu mína þá kalla ég eftir ítarlegri svörum ef hægt væri að fá þau frá hv. þingmanni. Hv. þingmaður sagði að væntanlega mundu hjartalæknar ákveða sama verð. En ég held að það sé hugsanlega ekki leyfilegt að þeir hafi samræmda gjaldskrá, t.d. í ljósi þess að tannlæknar mega ekki samræma gjaldskrár sínar. Ég tel að orð hv. þingmanns hafi í rauninni verið örvæntingarfull tilraun til að tala gegn þeirri stöðu sem augljóslega blasir við, að á meðan við höfum samningslausa lækna með frjálsa gjaldskrá geta menn auðvitað keypt sig fram fyrir röðina. Gæti hv. þingmaður ekki svarað því já eða nei? Mun þetta kerfi bjóða heim hættunni á því, já eða nei?

Hv. þingmaður sagði einnig að báðir aðilar, bæði efnameiri og efnaminni, hefðu sömu möguleika á að fara fyrst til hjartalæknisins eða fara tilvísunarleiðina. Það er ekki rétt, í ljósi þess að þeir hafa mismunandi efnahagslega stöðu. Sá efnaminni hefur hugsanlega ekki tök á að fara beint til hjartalæknis í ljósi þess að sú þjónusta á að vera dýrari samkvæmt kerfinu. Hann fengi þá ekki endurgreiðslu þannig að hann hefur ekki sama valfrelsi og hinn efnameiri.

Mig langar að bæta við einni spurningu til viðbótar. Ég veit að hv. þingmaður ætlar að svara mér varðandi ráðherragjaldskrána versus raunverulegu gjaldskrána og varðandi rétt til þjónustu á LSH. Telur hv. þingmaður ekki rétt ef við ætlum að samþykkja þetta frumvarp að aðrar heilbrigðisstéttir geti vísað á hjartalækna, t.d. lungnalæknar, svæfingarlæknar og taugalæknar eða lyflæknar? Eða telur hv. þingmaður að eingöngu heilsugæslulæknar eigi að hafa réttinn til að vísa á þjónustu hjartalækna en ekki þessar tilteknu stéttir, sem hugsanlega eru í þeirri stöðu að sjá að þörf sé á að vísa viðkomandi sjúklingi áfram til hjartalæknis?

[22:28]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo ég byrji á síðustu spurningunni, hvort aðrar heilbrigðisstéttir geti vísað á hjartalækna, þá tel ég að svo ætti að vera ef við værum að festa tilvísunarkerfið í sessi. En ég lít svo á að tilvísunarkerfið sé tímabundið og að í því þurfi að vera ákveðinn hvati til að semja. Þetta er óþægilegt fyrir bæði sjúklinga og fyrir hjartalækna, að geta ekki fengið tilvísun frá öðrum en heimilislæknum. Ég tel að með því skapi heilbrigðisráðherra sér ákveðna samningsstöðu og við þessar aðstæður þurfi að beita þeim ráðum sem hægt er að beita án þess að það valdi verulegum óþægindum fyrir sjúklinga.

Þegar ég svaraði spurningunni áðan um hvort hægt væri að kaupa sig fram fyrir röðina þá sagði ég að sett yrði upp sama verð hvort sem sjúklingurinn færi fyrst til heimilislæknis eða beint til sérfræðingsins þá var ég náttúrlega að tala um sama lækninn. Ég hef enga yfirsýn yfir það hvort hjartalæknar muni samræma gjaldskrár sínar. En gagnvart einum og sama lækni er þetta í raun sama verð. Ég var ekki að reyna að snúa út úr eða að reyna í örvæntingu að finna einhverjar leiðir heldur var ég bara að svara því sem hv. þingmaður spurði um.

Varðandi það hvort streymi muni aukast á bráðavaktir Landspítala hér eftir fremur en hingað til þá hefur það alltaf verið þannig að sjúklingar með bráðaeinkenni leita til bráðasviðs Landspítala. Þeir hafa ekki leitað beint til hjartalækna. Það er yfirleitt þannig að menn þurfa að bíða dálítinn tíma eftir þjónustu sérfræðinga.

[22:30]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Um nokkurra ára skeið hefur staðið til að fara yfir lög um almannatryggingar. Eins hafa verið endurskoðuð lög um heilbrigðisþjónustu. Ástæðan fyrir því að nú er farið í breytingar á almannatryggingum er ástand sem skapaðist 1. apríl síðastliðnum þegar flestir eða allir hjartasérfræðingar höfðu sagt sig frá samningum við Tryggingastofnun ríkisins. Það var ekki hópuppsögn heldur uppsagnir með löglegum fyrirvara, þar sem hver og einn sagði sig frá samningi þannig að hæstv. heilbrigðisráðherra og ráðherrar hafa verið í nokkrum erfiðleikum í vetur við að finna viðeigandi

réttarbætur og standa vörð um réttindi þeirra sjúklinga sem þurfa á hjartalæknum að halda.

Hér blandast því saman breytingar á lögum og nýleg reglugerð. Annars vegar breytingar á almannatryggingum sem í sjálfu sér eru mjög eðlilegar, að skilgreina sjúkratryggingar og hvað það þýðir að vera sjúkratryggður, þ.e. að laga til í þessum kafla almannatrygginga um sjúkratryggingar, sem ég get stutt í sjálfu sér, eins og þær hafa verið kynntar. Á hinn bóginn blandast inn í þetta reglugerð sem hæstv. heilbrigðisráðherra setti 1. apríl til að koma til móts við sjúklinga í því ófremdarástandi er allir hjartasérfræðingar höfðu sagt sig frá samningi. Það er útfærsla hæstv. ráðherra á þeirri reglugerð sem við höfum fjallað um, sem frumvarpi þessu er ætlað að styrkja og setja lagastoð undir þá reglugerð sem þegar hefur tekið gildi.

Ég styð hugmyndafræði frumvarpsins um að meginreglan skuli vera sú að sérfræðingar séu á samningi við Tryggingastofnun ríkisins og að endurgreiðsla til sjúklinga sé eins og segir í frumvarpinu:

„Sjúkratrygging samkvæmt lögum þessum tekur til heilbrigðisþjónustu, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sem ákveðið hefur verið með lögum, reglugerðum eða samningum að veita á kostnað ríkisins eða með greiðsluþátttöku ríkisins."

Ég tel að með þessu sé farin rétt leið, hver svo sem útfærslan á reglugerðunum verður, eins og við höfum farið yfir fyrr í kvöld. Þetta blandast því nokkuð saman, útfærslan á reglugerðinni og svo frumvarpið.

Mér finnst, hæstv. forseti, mikilvægt að fara vel yfir stöðu samninga við hjartasérfræðinga og ástandið sem var komið upp þegar einingar hjartalækna voru uppurnar. Eins og hér hefur verið lýst voru þeir komnir á þessi afsláttarkjör. Hvað lá þar raunverulega að baki? Hvers vegna varð svo mikil aukning til hjartasérfræðinganna, að ekki var hægt að sjá það fyrir þegar samningurinn var gerður? Hér hefur verið nefnt að vitundarvakning hafi orðið meðal þjóðarinnar og fólk orðið meðvitaðra um heilsu sína og leiti þar af leiðandi til hjartasérfræðinga. Það hefur verið nefnt að enn frekar hafi verið leitað til hjartasérfræðinga nú í vetur. Er það vegna aðgengis á höfuðborgarsvæðinu til hjartasérfræðinga og sérfræðinga almennt, þ.e. þess hvernig við höfum byggt upp þjónustu okkar? Það hefur ekki verið sérstakur hvati til þess að fara til heilsugæslulækna frekar en sérfræðinga ef við höfum haft aðgang að hvoru tveggja. Á höfuðborgarsvæðinu hefur auk þess verið erfitt að komast að á mörgum heilsugæslustöðvum og til heimilislækna. Það hefur ekki hvatt fólk eða auðveldað því að leita fyrst til heilsugæslunnar og athuga hvort þar væri hægt að fá bót sinna meina eða leiðbeiningar. Menn hafa allt eins leitað beint til sérfræðinga.

Mér finnst mikilvægt að skoða hvað það er í starfi hjartalækna og sérfræðinga sem þeir sinna hér á landi en er ekki á þeirra höndum hjá nágrannaþjóðum okkar. Erum við með fleiri hjartasérfræðinga á 100 þúsund manns en eru í nágrannalöndunum? Ef svo er, eru þeir að gera eitthvað annað en hjartasérfræðingar í nágrannalöndunum? Getum við hugsanlega breytt verklagsreglum og hvatt fólk til þess að nota þjónustu annarra en þessara sérfræðinga? Ég tel að hér á landi beinum við í allt of miklu mæli þjónustu inn á of hátt þjónustustig. Til þess að taka af allan vafa þá tek ég fram að ég tel störf þessara sérfræðinga jafnmikilvæg og annarra sérfræðinga. Við teldumst ekki hafa góða heilbrigðisþjónustu ef við hefðum ekki frábæra sérfræðinga á þessu sviði sem og öðrum. Ég er ekki að tala niður til þeirra eða gera lítið úr störfum þeirra. En ég tel einboðið að þeir sinni að einhverju leyti verkefnum eða eftirliti sem aðrir gætu séð um.

Það verður að setja einhvern kvóta á sérfræðistörf þeirra, þ.e. skilgreina hvað við teljum rétt og eðlilegt að sé í höndum hjartasérfræðinga eins og annarra sérfræðinga. Annars hafa þeir sjálftökurétt og það gengur ekki.

Eftir því sem hjartasérfræðingar telja munu það ekki hafa verið nema 14 eða 15 millj. kr. sem bar á milli en hæstv. ráðherra telur að munað hafi hærri upphæðum varðandi það að ná samningum. Hér ber því mikið á milli. Það að endurgreiðsla til sjúklinga, þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði vegna sérfræðiþjónustu, verði ekki eingöngu við samningsbundna sérfræðinga, eins og gert er hér ráð fyrir, getur ýtt undir að tvöfalt kerfi festist í sessi, þ.e. að aðrir sérfræðingar fari sömu leið. Hjartasérfræðingar hafa í sjálfu sér ekki mikinn hvata til þess að leita eftir samningum. Þeir vita að þeir sjúklingar sem þurfa á þeim að halda hafa þetta valfrelsi, að geta farið til heimilislæknisins og fengið endurgreiðslu. Þeir sem telja sig hafa efni á því fara bara beint til þeirra. Það er bara allt í lagi og enginn þrýstingur á þá. Einhverjir þeirra sem þurfa á sérfræðiþjónustunni að halda kann að finnast óþægilegt að þurfa fyrst að fá tilvísun. Hugsanlega mundu þau óþægindi byggja upp einhvern þrýsting en hann verður ekki mikill til að byrja með.

Ég tel að leiðin sem farin var núna, að bregðast svona fljótt við, hafi hugsanlega veikt samningsstöðu heilbrigðisráðherra til að ná samningum við hjartalækna. Afturvirkt endurgreiðslukerfi eða afturvirk leyfi til að greiða afturvirkt reikninga sjúklinga eins og gert hefur verið hefði hugsanlega skapað meiri þrýsting, en ég skal viðurkenna að staða heilbrigðisráðherra er erfið við þessar aðstæður.

Varðandi tilvísunarkerfið þá get ég upplýst að ég hef verið hlynnt því að taka upp tilvísunarkerfi en þá heildstætt, ekki með því að taka út eina stétt sem er ekki samningsbundin. Ég tel að taka ætti upp tilvísunarkerfi frá heilsugæslu til sérfræðinga á sem flestum sviðum og þá til sérfræðinga sem eru á samningum við Tryggingastofnun eða jafnvel beint við heilbrigðisráðherra.

Ég tel að verði áfram unnið eftir reglugerðinni sé ljóst að hinir efnameiri munu geta keypt sig fram fyrir í þjónustunni. Gjaldskráin er frjáls þótt að að öllum líkindum haldi hjartasérfræðingar sig við hina opinberu gjaldskrá sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir eftir. Þetta er ábending til þeirra sérfræðinga sem hafa ekki verið sáttir við sína stöðu gagnvart Tryggingastofnun, sem hafa viljað fá fleiri einingar vegna aukinnar aðsóknar til þeirra. Ég óttast að aukinn þrýstingur verði á að fleiri sæki á sömu slóðir.

Mér finnst áhugavert, hæstv. forseti, að skoða eftir landshlutum hve mikið íbúar sækja til sérfræðinga. Hún er mjög mismunandi. Langmest er aðsóknin á höfuðborgarsvæðinu, þar sem fólk fer beint til sérfræðinga. En fólk utan af landsbyggðinni fer oftast eftir tilvísun frá heimilislækni

eða heilsugæslulækni. Úti á landi er aðgengi að heimilislækni yfirleitt betra og í raun allt annað hugarfar í gangi. Þessi leið hefur ekki komið niður á heilsufari og ekkert sem bendir til að það komi niður á einstaklingum sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta er bara spurning um aðgengi og annað hugarfar.

Ég styð það að heilsugæslan verði miðlæg og grunnurinn í heilbrigðisþjónustu okkar. En til þess að henni sé það mögulegt að koma upp virkara tilvísunarkerfi en hér er um að ræða þarf að styrkja heilsugæsluna til muna, til að hún geti orðið fyrsti viðkomustaður. Eins og hún er á höfuðborgarsvæðinu í dag getur hún ekki verið fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðiskerfinu. Ef við ætlum að stýra straumnum um heilsugæsluna með tilvísunarkerfi þarf að byrja á að efla hana.

Ég get ekki annað en hvatt hæstv. ráðherra til að taka upp viðræður við hjartasérfræðinga og skoða nánar hvort nálgast megi kröfur þeirra á einhvern hátt. Ég mæli ekki með því að opna fyrir allar flóðgáttir með ótakmarkaðri vinnu heldur velti ég því upp hvort hægt sé að skoða einhvers konar viðmiðunarreglur um það er sjúklingi er vísað til sérfræðings, hve lengi hann á að vera hjá sérfræðingi og hvenær hann ætti að fara í eftirlit til heilsugæslulæknis aftur en ekki þannig að sérfræðingar sinni alfarið eftirliti. Þetta er spurning um að ná samkomulagi um verklagsreglur þannig að heilsugæslan eða aðrir sérfræðingar komi meira inn í meðferðina.

Hæstv. forseti. Ég tel að sjúklingarnir sjálfir séu besti hvatinn til nýrra samninga og að sem þrýstihópur verði þeir sá hvati sem bæði sérfræðingar og ráðherra verða að hlusta á. Það fer mikið eftir þeirri gjaldskrá sem sérfræðingar setja upp hvernig þetta kerfi mun virka. Hugsanlega gæti þetta orðið áhugaverð tilraun til þess að sjá hve viljugir sjúklingar, sem telja sig þurfa að láta athuga eða eru órólegir út af einhverju sem þeir telja að tengist hjartanu, eru að leita til heilsugæslunnar. Það getur verið áhugavert að skoða það og hve sátt fólk er við að fá góða þjónustu þar eða hvort fleiri sérfræðingar fari út á sömu braut.

Ég tel að valfrjálst tilvísunarkerfi gæti snúið beint að hjartalæknum líka, þ.e. að hjartalæknar, frekar en sjúklingar, verði að velja hvort þeir séu á samningi eða ekki og sjúklingar fái ekki endurgreiðslu nema þeir séu á samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Við gætum haldið okkur við það og með því gæti skapast sú pressa sem ég tel að ráðherra hefði átt að byrja á, að nota pressuna á sérfræðingana en ekki á sjúklingana.

Hæstv. ráðherra er vissulega ekki í auðveldri stöðu en ef allt fer á versta veg gæti þessi viðleitni hæstv. ráðherra til að halda utan um núverandi hugmyndafræði, núverandi kerfi sem ég styð, orðið til að skapa tvöfalt kerfi og þeir efnameiri hefðu þá frekar aðgang að sérfræðiþjónustu.

[22:50]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Umræðan sem hér hefur farið fram um frumvarp hæstv. heilbrigðisráðherra, frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, er að hluta sama umræða og nefnd sem fyrrverandi heilbrigðisráðherra skipaði óskaði eftir að færi fram. Sú umræða var jörðuð þegar hún kom upp utan dagskrár í þinginu. Ég ætla að koma að þeirri umræðu á eftir vegna þess að allir hv. þingmenn sem hér hafa talað í kvöld hafa meira eða minna komið inn á þau grundvallarsjónarmið sem Jónínunefndin svokallaða óskaði eftir að yrðu rædd í samfélaginu og það ítarlega.

Mig langar að ræða aðeins um frumvarpið vegna þess að kannski hefur minnst verið rætt um það og meira um grundvallarsjónarmið. Það er ljóst að frumvarpinu er eingöngu ætlað að skjóta styrkari stoð undir þá túlkun að einungis sé um niðurgreiðslu af hálfu ríkisins að ræða að samningur við viðkomandi lækni sé fyrir hendi, ef það er ekki lagaheimild eða reglugerðarheimild sem heimilar greiðsluþátttöku ríkissjóðs. Þetta er eina efni þessa frumvarps.

Við vitum auðvitað öll að aðdragandi frumvarpsins er sú staða sem kom upp þegar hjartalæknar og samninganefnd heilbrigðisráðherra náðu ekki saman um frekara fjármagn ríkisins inn í þann samning sem hjartalæknar hafa starfað eftir.

Í raun má segja að reglugerðin sem hæstv. heilbrigðisráðherra setti um hið svokallaða valfrjálsa tilvísunarkerfi, reglugerðin sem ráðherrann setti er forsendan fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða kostnað sjúklinga vegna hjartalækna. Reglugerðarheimildin er hins vegar í niðurlagi 36. gr. almannatryggingalaga þar sem segir að með reglugerð megi eða sé heimilt að ákveða frekari kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í heilbrigðisþjónustu en talið er upp í öllum þeim málsgreinum greinarinnar sem þar eru á undan og samkvæmt 37. gr. þeirra laga. Þetta er, herra forseti, í rauninni eina efni frumvarpsins. Markmiðið með frumvarpinu er að koma í veg fyrir að sjúklingar sem kjósa að fara beint til hjartalækna geti ekki seinna, vegna breytinganna sem frumvarpið gerir ráð fyrir, komið eftir á og krafist greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins. Við komum í veg fyrir að þeim sé stætt á því með málsókn ef því er að skipta vegna þess að lagaheimildin er fyrir hendi.

Mér hefur fundist það vera svolítið á reiki hver tilgangurinn með frumvarpinu er. Við erum í raun ekki að tryggja einstaklingum greiðsluþátttöku almannatrygginga með þessu frumvarpi. Það gerir reglugerðin sem hæstv. ráðherra hefur þegar sett. Við erum að koma í veg fyrir að menn vinni mál á hendur ríkinu eftir á ef þeir fara ekki þessa tilvísunarleið. Það er efni frumvarpsins.

Síðan vildi ég taka fram, herra forseti, að á þessu eru ótal gallar. Ég ætla ekki að hafa það mín síðustu orð um málið. En við stöndum frammi fyrir því að meðan ekki er samningur fyrir hendi þá er gjaldskrá hjartalækna frjáls. Ég held að þeim sé líka óheimilt að hafa samráð um gjaldskrána. Þá veltir maður fyrir sér hvort það sé ekki eðlilegt að gera þá kröfu til þeirra að þeir birti hana einhvers staðar þannig að sjúklingar geti eftir atvikum, eins og menn hafa haft hugmyndir um með tannlækna, valið sér þá hjartalækni, m.a. eftir þeirri gjaldskrá sem hann byggir á. Kostnaðurinn sem Tryggingastofnun tekur þátt í og greiðsla Tryggingastofnunar er ekki breytileg. Það er föst summa. Það fer eftir atvikum, eftir gjaldskrá læknanna ef hún er mismunandi, hver hlutur sjúklingsins verður, svipað og er með tannlæknana í núverandi kerfi.

Annar galli er sá að þar sem ekki er samningssamband fyrir hendi eru hjartalæknar ekki háðir eftirliti Tryggingastofnunar ríkisins, sem er ekki gott. Tryggingastofnun á að geta haft eftirlit með þessu, sem sá aðili sem tekur þátt í að greiða hluta kostnaðarins a.m.k.

Þriðji gallinn er sá að það er ekki jafnótvíræð skylda hjartalækna að skila heimilislækni læknabréfi eins og ella er, enda hefur það verið ein af samningsskyldunum samkvæmt þeim samningi sem þeir hafa gert við samninganefndina.

Á þessum málum eru fleiri gallar sem ég ætla ekki að rekja hér. *Kostirnir eru hins vegar einnig til staðar.* Gefið hefur verið til kynna að sérfræðingarnir hafi fengið of miklar greiðslur út úr þessum samningi, að um tilteknar oflækningar hafi verið að ræða. Menn telja að fólk hafi leitað í of hátt þjónustustig og hafi sótt þjónustu til hjartalækna sem það getur fengið hjá heimilislækni. Ég vil þó gjalda varhuga við því að menn dragi þá ályktun, þótt ákveðnir liðir heiti viðtal og skoðun, að þar þurfi ekki sérfræðiþekkingu til. Viðtal og skoðun sérfræðings í hjartalækningum hljótum við að ætla að sé eitthvað annað en viðtal og skoðun hjá heimilislækni. En það hefur verið dregið fram að rúmur helmingur, mig minnir um 65% af greiðslum til hjartalækna, séu greiðslur á grundvelli þessara eininga, viðtals og skoðunar.

Hér hefur verið rætt heilmikið um tilvísunarkerfið. Almannatryggingalögin, 36. greinin, gerir ráð fyrir tilvísunarkerfi sem byggist á samningum en gerir ekki ráð fyrir svona tilvísunarkerfi. Tilvísunarkerfinu var fyrst og fremst ætlað að stuðla að því að menn leituðu ekki í of hátt þjónustustig. Því var ætlað að stuðla að því að heilsugæslan yrði fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni og fólk leitaði ódýrari úrræða en ella, bæði fyrir sjúklingana sjálfa og fyrir ríkið.

Hv. þm. Þuríður Backman dró fram í ágætri ræðu sinni að við búum við allt aðra stöðu á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi, að hluta til vegna þess að aðgengi að sérfræðingum er lakara úti á landi, en aðgangurinn að heilsugæslunni betri. Hér er, eftir sem áður enn þá, þótt mikið hafi lagast, töluverður hópur íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem hefur ekki heimilislækni. Sums staðar þurfa menn að bíða í tiltekinn tíma eftir heimilislækni og hafa því vanist á að fara beint til sérfræðingsins. Þetta er raunveruleikinn sem við búum við.

Maður spyr sig: Hvernig ætlum við að efla heilsugæsluna til að hún geti í fleiri tilvikum verið fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu? Kannski gerum við það að hluta til með þessu, að beina fólki, þótt tilefnið sé ekki gott, inn í heilsugæsluna. Ég er ekki að mæla með þessu tilefni og sé gallana á því að þetta kerfi hafi komist á. Við stöndum frammi fyrir að reyna að skjóta lagastoð undir kerfið sem við höfum búið við. Það er til komið eftir viðræður við hjartalækna þar sem menn hafa ekki náð saman. Þarna er kannski mergurinn málsins. Þá erum við komin að því sem svokölluð Jónínunefnd hvatti menn til að ræða um, nefnd sem Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn, áttu aðild að. — Nú horfi ég á hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson sem var um tíma varamaður og staðgengill í þeirri nefnd.

Menn náðu ekki saman. Ramminn utan um samninginn við sérfræðilækna, þ.e. sérfræðilækna í heild, marga mismunandi sérfræðilækna, er ákveðinn á Alþingi. Það er tiltekin fjárhæð sem við ákveðum á fjárlögum að skuli renna til þess þáttar heilbrigðisþjónustunnar eins og hv. þm. Ásta Möller nefndi m.a. í kvöld. Það er síðan óráðin stærð hvaða framboð er af tilteknum læknum og af tiltekinni þjónustu, í þessum tilviki hjartalæknum. Eftirspurnin eftir þjónustu þeirra og framboð þeirra var meira en menn töldu rúmast innan þeirrar fjárhæðar sem Alþingi hafði samþykkt til þessa hluta heilbrigðisþjónustunnar. Þeir sem stóðu að *skýrslu Jónínunefndarinnar* og þeim tillögum hvöttu einmitt til að þetta yrði rætt. Hvað ætlum við að gera þegar framboðið og eftirspurnin er meiri en svo að það rúmist innan ramma fjárlaga?

Í þessu samhengi ætla ég að leiðrétta það sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson sagði, þ.e. að þessi nefnd hafi kallað eftir umræðum um forgang hinna efnameiri. Hvatt var til umræðu um hvernig ætti að mæta vaxandi fjárþörf og bent á að ein leiðin væri sú, sem var ákveðið að fara ekki í tilvikum hjartalækna, að auka framlög á fjárlögum til að mæta aukinni eftirspurn og auknu framboði. Nefndin kallaði jafnframt eftir umræðum um hvort hækka ætti þjónustugjöld og í þriðja lagi hvort við ættum að heimila þeim sem væru efnameiri að borga meira. En að borga meira þarf ekki að þýða að þeir sem eru efnameiri hafi forgang fram yfir hina. Þeir geta fengið að borga fullu verði án þess að því fylgi einhver forgangur. Það eru ekki endilega allir sem kjósa þátttöku almannatrygginga í að niðurgreiða kostnað sinn í heilbrigðisþjónustunni. Þetta ætlaði ég af þessu tilefni, þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, að fá að leiðrétta. Ég bendi á að það sem hefur verið rætt í kvöld er nákvæmlega sú umræða sem við kölluðum eftir en tókst ekki að ná fram þá vegna þess að þá fór fólk í skotgrafirnar og dró samasemmerki á milli þess að borga meira og fá forgang.

En mergurinn málsins er að framlögin á fjárlögum stjórna þessu. Nú var ekki vilji til að auka þau. Gallinn er bara sá, eins og fleiri en einn hv. þingmaður hefur bent á, að hættan er sú að fleiri læknar komi í kjölfarið. Sé ekki áframhaldandi vilji hjá Alþingi til að leggja meira í þennan pott á fjárlögum, þ.e. sérfræðilækningar, þá er viðbúið að samningaviðræður við tilteknar sérfræðistéttir strandi eins og þessar. Þá er hætt við að aðrir læknar fari sömu leið náist ekki samningar.

Hvað lagði títtnefnd nefnd, kennd við ákveðinn þingmann, hins vegar til í þessu samhengi? Hæstv. heilbrigðisráðherra sagði með réttu að frumvarpið sem von er á á næstunni fjalli um samningsumboð og kauprétt ráðherrans. Hún lagði ekki til að ráðherrann ætti að taka afstöðu einn og sér, pólitískur ráðherra, til þess hvaða verk væri keypt. Hún lagði heldur ekki til að það væru, í þessu tilviki hjartalæknar, sem ættu að ákveða hve mikið þeir seldu ríkinu. Hvað lagði nefndin til? Til að koma í veg fyrir þá stöðu sem upp er komin núna lagði hún til að komið yrði á fót einum kaupanda heilbrigðisþjónustunnar og að samningarnir væru á einni hendi innan stjórnsýslunnar. Til hvers? Jú, til að tryggja yfirsýn.

Nefndin lagði jafnframt mikla áherslu á að til grundvall-

ar stefnumörkun, áætlanagerð og öllum kaupum á heilbrigðisþjónustu, lægi eitthvað sem héti þarfagreining. Hvað segir þarfagreiningin okkur núna er við ræðum um samninga við hjartalækna og hve stór hluti þeirra af greiðslum til hjartalækna hafði verið fyrir viðtal og skoðun. Menn telja að ekki hafi verið þörf fyrir öll þessi viðtöl og alla þessa skoðun. Þar hlýtur að liggja til grundvallar þarfagreining. Hún á ekki að vera á hendi stjórnmálamanna eða þeirra sérfræðinga sem selja þjónustuna. Við lögðum til að sjálfstæð þverfagleg ráðgefandi nefnd sem veitti, m.a. ráðherra og þessu samningsumboði á einni hendi, ráðgjöf um hvaða verk ætti að kaupa. Henni bæri og að gefa ráð um viðskiptahætti, útboð, kaup eða bara beina samninga. Við lögðum til að hún mundi meta beiðnir um kaup á nýjum verkum eða nýjum aðferðum í heilbrigðisþjónustu. Með tilliti til hvers? Gagnreyndrar þekkingar, hagkvæmni, notagildis og ábata samfélagsins. Þetta á að ráða því sem við kaupum miklu frekar en fyrir fram ákveðin stærð eða fjárhæð sem Alþingi ákveður.

Ég lagði mikla áherslu á það í þessari vinnu að nefndin yrði líka ráðgefandi fyrir þingið. Þegar upp koma deilur um að fjárlögin standi ekki undir þeim kostnaði sem heilbrigðisþjónustan og sjúklingar kalla eftir þá þyrfti þingið líka að geta fengið faglega sjálfstæða ráðgjöf því þetta er ekki pólitík. Pólitíkin á ekki að fjalla um þetta.

Við lögðum líka til að nefndin veitti ráðgjöf um hvað falli undir opinbera tryggingavernd, þ.e. hvað almannatryggingar eiga að greiða. Við skulum ekki gleyma því. Hér hefur verið rætt um tvöfalt kerfi. Við erum á vissan hátt með tvöfalt kerfi. Við erum með sálfræðinga en enga greiðsluþátttöku í kostnaði vegna þeirra. Það kom til tals í dag í andsvörum og hv. þingmaður Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir fjallaði um það áðan. Hún vildi meina að það þyrfti samninga við sálfræðinga. Ráðherra getur þess vegna sett reglugerð um kostnaðarþátttöku vegna þeirra nákvæmlega eins og gert var með sérfræðilæknana. Við erum með sálfræðingana utan greiðsluþátttöku, eins tannlækningar fyrir fullorðna og lýtalækningar. Hvað verður næst eða verður ekki næst? Það þarf faglegar forsendur fyrir þessari ákvörðun þannig að við lendum ekki í þeirri stöðu, eins og hæstv. ráðherra lenti í núna eftir þriggja mánaða samningaþref, að menn segi sig frá samningi. Við verðum að geta rökstutt þetta faglega, hvað við kaupum og hvað við kaupum ekki. Við lögðum líka til að nefndin mundi meta þarfir íbúa fyrir mismunandi heilbrigðisþjónustu, gagnsemi og á hvaða stigi heilbrigðisþjónustan ætti að vera.

Þessu vildi ég, herra forseti, halda til haga í þessari umræðu. Umræðan sem hefur orðið í tilefni af þessu litla og einfalda frumvarpi hefur meira og minna snúist um það sem Jónínunefndin hvatti til að fjallað yrði um í þeirri skýrslu sem hún gaf frá sér.

Svo ætla ég að taka fram, af því að hv. þm. Ágúst Ólafur, að mig minnir, ég vona að ég hafi hann ekki fyrir rangri sök, kallaði eftir því hver væri stefnan: Það er a.m.k. ekki mín stefna að þeim læknum fjölgi sem eru í sömu stöðu og hjartalæknar. Þetta er ekki stefna Framsóknarflokksins heldur. Það er ekki stefna þess flokks að vera með tvöfalt kerfi.

Til að halda því til haga þá er auðvitað tiltekinn munur að þótt báðir geti leitað beint til sérfræðings þá eiga hinir efnaminni ekki kost á því vegna þess að þeir hafa ekki efni á því. Við skulum ekki gleyma því, vegna þess að ég geri ráð fyrir að einhugur sé um að þetta frumvarp fari til heilbrigðisnefndar og verði afgreitt þaðan, að með þessari lagabreytingu er ætlunin að standa vörð um, og með reglugerðinni sem ráðherra setur, ótvíræðan rétt okkar til sjúkratryggingaverndar. Sá réttur er fyrir hendi. Reglugerðin var nauðsynleg til að standa vörð um þann meginrétt sem við eigum. Öðruvísi var ekki hægt að uppfylla þau réttindi og þær skyldur sem ríkið hefur gagnvart sjúklingum.

Ég vil aðeins árétta það í lokin, herra forseti, að það er eiginlega þrenns konar grundvöllur fyrir greiðsluþátttöku almannatrygginga. Þetta vil ég sérstaklega árétta í lokin vegna spurninga hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur til ráðherra. Í frumvarpinu núna, sem ætlað er að gera það enn þá skýrara, er nefndur þrenns konar grundvöllur fyrir greiðsluþátttöku. Í 32. gr. segir, með leyfi forseta:

„Sjúkratrygging samkvæmt lögum þessum tekur til heilbrigðisþjónustu, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sem ákveðið hefur verið með lögum, reglugerðum eða samningum að veita á kostnað ríkisins eða með greiðsluþátttöku ríkisins."

Forsendan er ekki bara samningur. Það þarf eitthvað af þessu þrennu að vera til staðar. Hæstv. ráðherra notar reglugerðarheimildina í niðurlagi 36. gr. til að tryggja þeim sem eru sjúkratryggðir þessa endurgreiðslu sem þeir ella hefðu ekki haft forsendu fyrir.

[23:11]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að fagna því að hv. þm. Jónína Bjartmarz, formaður heilbrigðis- og tryggingaefndar, virðist taka undir hluta efasemda minna varðandi þetta nýja kerfi. Hv. þingmaður tók undir þá og benti á að með hinu nýja kerfi væri samningssambandið ekki lengur fyrir hendi milli TR og hjartalækna og þar af leiðandi hefðu þeir ekki samningsskyldur. Þetta var eitt af þeim atriðum sem ég benti á að væri galli í þessu kerfi. Hv. þm. Jónína Bjartmarz nefndi einnig að skortur yrði á eftirliti TR og að skyldan til að senda læknisbréf til heimilislæknis væri a.m.k. á reiki.

Hv. þingmaður sagði einnig að kerfið gæti verið fordæmisgefandi fyrir aðrar stéttir. Ég benti einmitt á þá hættu sömuleiðis. Hv. þingmaður gerir ólíkt hæstv. heilbrigðisráðherra greinarmun á tilvísunarkerfi sem er byggt á samningum og síðan tilvísunarkerfi sem er ekki byggt á samningum. En hæstv. heilbrigðisráðherra, hv. þm. Ásta Möller og jafnvel hv. þm. Pétur Blöndal einnig gerðu ekki greinarmun þar á milli, þ.e. tilvísunarkerfis sem byggist á samningum við alla undir sama kerfi og síðan kerfi varðandi samningslausa lækna.

Ég tek einnig undir að það er nauðsynlegt að birta viðkomandi gjaldskrá. Ég hef lagt fram þingmál um að lækni sé einfaldlega heimilað að auglýsa. Þetta er liður í því. Ég fagna því og vona að hv. þingmaður geti stutt það mál þegar það kemur til umræðu.

En mig langar að kalla eftir skýrari svörum hv. þingmanns um hvort hún sætti sig við kerfi sem bjóði þeirri hættu heim að þar skapist forgangur hinna efnameiri að

heilbrigðiskerfinu. Mun hún sætta sig við og styðja slíkt kerfi, þar sem sá möguleiki er fyrir hendi að kaupa sig fram fyrir röðina? Eða telur hún að þetta kerfi bjóði ekki upp á þann möguleika?

[23:13]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson beinir til mín nokkrum spurningum og segir með réttu að ég hafi efasemdir um þetta nýja kerfi. Ég vil ekki einu sinni viðurkenna að þetta sé nýtt kerfi. Þetta eru viðbrögð hæstv. heilbrigðisráðherra við þröngri stöðu sem upp kom þegar hjartalæknar, eftir þriggja mánaða samningsþref, segja sig frá þessum samningi. Þeir höfðu uppsagnarrétt, þ.e. heimildina til að segja upp samningnum. Það var ekki hægt að banna þeim það. Ég ætla því ekki að taka undir að þetta sé nýtt kerfi.

Ég benti á gallana við þetta en ég vil líta á þetta sem tilraun. Ég tel þetta fyrst og fremst vera neyðarúrræði. En ég varði töluverðum hluta af ræðu minni til að útskýra hvernig ég mundi vilja hafa þetta. Ekki þannig að þetta væri bara hipsum haps, því að ramminn sem ræður hvaða verk við kaupum, hverjir lentu út af samningi og hverjir ekki. Það verður að vera faglegar forsendur sem sjálfstæðir aðilar, þverfagleg nefnd, vinna út frá við að ákveða hvað almannatryggingar skuli greiða. Það er alveg ljóst að það er ekki minn vilji að fór sem fór. Ég styð það ekki að fleiri læknar velji þessa leið. Það felur í sér tiltekna mismunun. Það eru á þessu miklir gallar en staðan var þröng. Ég held að menn ættu fyrst og fremst að draga lærdóm af þessu.

Svo vil ég halda því til haga að hvatning Jónínunefndarinnar, til að taka þessa umræðu um hvernig ætti að mæta aukinni fjárþörf, fól í sér ákveðna forspá um að svo færi sem færi. Trúlega hefur engan grunað að það yrði ekki nema viku seinna.

[23:15]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að Jónínunefndin hvatti til umræðu um þessi grundvallaratriði því það er óljóst fyrir hvað t.d. kerfi og hugmyndafræði Framsóknarflokksins stendur. Á sama tíma og hann hafnar tvöföldu kerfi er hann að tala fyrir fyrirkomulagi sem býður upp á tvöfalt kerfi og það er ekki rétt hjá hv. þm. Jónínu Bjartmarz að segja að umræðan hafi farið í skotgrafirnar. Samfylkingin talar einfaldlega skýrt. Við hvöttum til að þessi umræða yrði tekin en við höfnuðum tvöfalda kerfinu. Það er það sem Jónínunefndin vildi. Hún vildi að flokkarnir og einstaklingarnir svöruðu þessum grundvallaratriðum. Samfylkingin svaraði mjög skýrt. Mér fannst t.d. Sjálfstæðisflokkurinn ekki tala sérstaklega skýrt. Í ræðum sínum á þeim tíma talaði hann um valfrelsi o.s.frv. og núna sjáum við að hæstv. heilbrigðisráðherra, þingmaður Framsóknarflokksins, talar gegn tvöföldu kerfi en hins vegar býr hún til nýtt kerfi sem býður hættunni heim hvað þetta varðar. Hver er stefna Framsóknarflokksins þegar kemur að þessum stóru grundvallaratriðum sem m.a. Jónínunefndin hvatti til? Þetta kerfi býður upp á mismunun eftir efnahag, bæði hvað varðar aðgengi og síðan hvað þjónustan muni kosta.

Mig langar í seinna andsvari mínu að benda á að grundvallarmunur var á hvernig hv. þm. Jónína Bjartmarz og hæstv. heilbrigðisráðherra nálguðust málið. Hv. þm. Jónína Bjartmarz talaði um að frumvarpið væri m.a. sett fram til að koma í veg fyrir málssókn á hendur ríkinu. En hæstv. heilbrigðisráðherra nálgaðist það þannig að hún væri að veita endurgreiðslurétt til almennings. Þetta er misvísandi skilningur sem þarf að fá ítarlega ræddan í nefndinni.

Mig langar að spyrja hv. þm. Jónínu Bjartmarz í lokin: Af hverju telur hún ekki að skynsamlegra hefði verið að fara þá leið sem iðulega hefur verið farin þegar þessi staða hefur komið upp, þ.e. að setja reglugerð sem gildir afturvirkt í staðinn fyrir að fara í einhverja tilraunastarfsemi með almannatryggingakerfið eins og hér er verið að gera.

[23:17]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Í umræðunni sem fór fram utan dagskrár um tvöfalt kerfi í heilbrigðisþjónustunni svaraði Samfylkingin akkúrat ekki neinu. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar — og meira að segja hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, sem að hluta átti sæti í þessari Jónínunefnd — stóðu hér og héldu því fram að Samfylkingin hafnaði tvöföldu kerfi. Við höfnum forgangi þeirra sem eru efnameiri. Það var aldrei til umræðu. Í hvatningunni til umræðunnar sagði mjög skýrt: Ef þetta þýðir lakari þjónustu fyrir þá sem eru efnaminni þá stendur nefndin ekki að því. Það kom mjög skýrt fram. En menn kusu að lesa helst ekki skýrsluna, gripu það á lofti að það væri vilji einhverra í nefndinni og meira að segja sjálfra sín — og nú horfi ég á fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni, a.m.k. varamanninn — kusu að gefa sér að verið væri að leggja til forgang þeirra sem væru efnameiri og svöruðu því svo þannig að þeir höfnuðu því. Samfylkingin svaraði akkúrat ekki neinu.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson var spurður fyrr í umræðunni hvað hann hefði gert í sporum heilbrigðisráðherra. Hefði hann samið sama hvað það hefði kostað? Hann gat engu svarað. (Gripið fram í.)

Málið er náttúrlega það að Alþingi hefur á fjárlögum markað þennan ramma. Það er Alþingi sem ákveður rammann, púllíuna sem er til að semja við sérfræðilæknana. Hefði hv. þingmaður í sporum heilbrigðisráðherra gefið það eftir, hvar ætlaði hann þá að taka viðbótarfé þegar aðrir hefðu gert sömu kröfur?

Ég segi, við skulum fara í faglega skoðun á því hvað almannatryggingar eiga að greiða og hvað ekki. Það séu ekki oflækningar og tryggja að þjónustan sé veitt á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustunnar, ekki á of háu stigi og það sé keypt sem faglegar forsendur eru fyrir að kaupa.

[23:19]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að Vinstri hreyfingin – grænt framboð átti ekki aðild að svokallaðri Jónínunefnd, við vorum því ekki þátttakendur að þeirri skýrslu en höfum auðvitað talið okkur fús til að fara yfir forsendur skýrslunnar og ræða framhaldið, enda veitir ekki af, hæstv. forseti, að fara mjög vel yfir stefnumótun varðandi heilbrigðisþjónustuna.

Eins og hv. þm. Jónína Bjartmarz sagði í ræðu sinni er vaxandi fjárfþörf í heilbrigðisþjónustunni, sama hvort það er hjá Tryggingastofnuninni og þar með sérfræðiþjónustunni, í heilsugæslunni, í öldrunarþjónustunni eða geðheilbrigðisþjónustunni. Á hvaða sviði sem er hefur verið hrópað eftir meira fjármagni til að geta sinnt þeim lögboðnu skyldum sem viðkomandi stofnun og þjónusta á að sinna. Því hefur ekki verið sinnt á hv. Alþingi. Það er ekki hægt, hæstv. forseti, að setja okkur öll undir sama hatt vegna þess að stjórnarandstaðan hefur sannarlega bent á þá staðreynd að það er vaxandi fjárþörf.

Síðan kemur aftur að þessu: Hvernig eigum við að forgangsraða? Þar er þessi pólitíska spurning. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar tvöföldu kerfi, við höfnum líka að hægt sé að kaupa sig fram fyrir, að þeir efnameiri geti gert það. En hvernig á að standa að því í þeirri stöðu sem nú er og ég vil spyrja hv. þm. Jónínu Bjartmarz: Hvernig hefði hún brugðist við í sporum hæstv. ráðherra í þessari erfiðu stöðu? Aukið fjármagn til Tryggingastofnunar? (Forseti hringir.) Eflt heilsugæsluna eða hvaða leið hefði hún farið?

[23:21]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil vegna orða hv. þm. Þuríðar Backman þar sem hún tekur fram að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafni því að hinir efnameiri geti keypt sig fram fyrir taka fram að það gerir Framsóknarflokkurinn líka. Það er meginstefna og heilbrigðispólitík framsóknarmanna að hafna því að það séu tvö kerfi.

Hv. þingmaður spurði líka hvað sú sem hér stendur hefði gert í sporum heilbrigðisráðherra í þeirri þröngu stöðu sem ráðherrann var í, þá ætla ég ekki að loka fyrir það að hafa gert nákvæmlega það sama. Kannski má segja að hefði þessi ágæta Jónínunefnd verið búin að skila skýrslu sinni með einhverjum fyrirvara hefði fólk verið betur í stakk búið, enda hefðu þingmenn og aðrir verið tilbúnir til að taka þá umræðu sem nefndin lagði til og marka stefnu. En þegar svona kemur upp á eins og skeður í tilfelli hjartalæknanna á miðju fjárlagatímabilinu þá er náttúrlega spurningin hvernig eigi að bregðast við. Við eigum að draga lærdóm af þessu og vera tilbúin í kjölfarið að setjast niður og taka meginumræðu, grundvallarumræðu um þessi mál.

En hvað á að greiða og hvað á ekki að greiða? Það er alveg rétt hjá hv. þm. Þuríði Backman, það er alltaf verið að biðja um meira fjármagn í heilbrigðisþjónustuna. Það eru allir að kalla eftir því. Að hluta til er það framboð þjónustunnar vegna nýrrar tækni og framfara í læknavísindunum sem veldur því að eftirspurnin er meiri. Ég trúi því ekki að hv. þm. Þuríður Backman sé að leggja það til að alltaf sé greitt fyrir alla. Það þarf einhvers staðar að setja mörk. Hvað er það sem er að skila okkur ábata? Hvað er það sem er að skila okkur betri heilsu? Ég minni bara á af því að hv. þingmaður hefur verið sammála þeirri sem hér stendur og fleirum í heilbrigðisnefnd, til að mynda vildum við sjá greiðsluþátttöku í kostnaði vegna sálfræðinga, en þá þarf meiri pening í þennan pott eða taka af einhverjum öðrum eins og geðlæknum. Þetta er ákveðið val sem er faglegt og við stöndum frammi fyrir á hverjum tíma.

[23:24]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Síðasta dæmið var kannski ekki heppilegt þar sem hrópað er á enn frekari þjónustu geðlækna. En ég vil spyrja hv. þingmann hvort hún sé tilbúin til að styðja það að skoða almennt tilvísunarkerfi sem byggir þá á samningum við sérfræðilækna og sem er þá allt annað en það sem kemur fram í núgildandi reglugerð og hvað hún telji að verði náð langt í afgreiðslu fjárlaga á þessu ári og því næsta, kosningaári, að byggja upp og styrkja heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu þar sem þörfin er hvað mest.

Ég tel, hæstv. forseti, að ein af mörgum leiðum til að draga úr kostnaði ríkissjóðs og sjúklinga en veita eftir sem áður góða þjónustu, sé að beina fólki inn á heilsugæslustigið til að byrja með og fá þar þjónustu og greiningu. En hvernig á að koma því á að það kerfi verði notað sem frumstig heilbrigðisþjónustunnar fyrir alla sama hvort þeir búa í dreifbýli eða á höfuðborgarsvæðinu, hvernig á að koma því á? Er það með tilvísunarkerfi? Er það með auknu fjármagni til heilsugæslunnar og uppbyggingu? Og er hv. þm. Jónína Bjartmarz tilbúin til að lýsa því hvernig hún sjái þá fyrir sér þessar áherslur í allra nánustu framtíð varðandi afgreiðslu ríkisstjórnarinnar á hinu hv. Alþingi?

[23:26]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Þuríður Backman spyr fyrst og fremst um afstöðu mína til tilvísunarkerfis. Við vitum að ekki eru mörg ár síðan hart var tekist á um tilvísunarkerfið í íslensku samfélagi og því var hafnað. Þá var aðstaðan kannski öðru fremur sú að það var mjög vaxandi kostnaður vegna sérfræðiþekkingar og mönnum var í mun að spyrna gegn þeim kostnaði og þeirri kostnaðaraukningu.

Hins vegar hefur á síðastliðnum árum tekist að halda nokkuð vel í horfinu og þessi kostnaður hefur ekki vaxið að sama skapi og hann gerði mörg ár þar á undan. Það voru tiltekin rök fyrir því að koma á tilvísunarkerfi, að stýra mikilli kostnaðaraukningu vegna sérfræðilækna.

Nú liggur fyrir sú afstaða ráðherra og þeirrar títtnefndu nefndar að styrkja eigi Landspítalann og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, m.a. sérfræðiþjónustuna og göngu- og dagdeildarstarfsemina á þessum sjúkrahúsum. Þá skapast líka ákveðið jafnvægi milli sérfræðiþjónustu, ferliverka og annars sem veitt er á spítalanum og þess sem er veitt úti í bæ, við erum því að ná tilteknu jafnvægi. Það sem við getum svo gert til viðbótar og betur er að styrkja heilsugæsluna enn frekar, auðvelda aðkomu sjúklinga að heilsugæslunni og efla heilsugæsluna m.a. með fleiri fagstéttum, ekki bara læknum og hjúkrunarfræðingum heldur sálfræðingum, þroskaþjálfum o.s.frv. þannig að það sé eðlilegt fyrsta skref í heilbrigðisþjónustunni, fyrsta stopp fyrir sjúklinga. Þá komum við líka í veg fyrir að fólk sé að leita oflækninga, að fólk sé að leita að of háu stigi sem fyrsta skrefi þegar það leitar til heilbrigðisþjónustunnar. Ég held að það sé miklu vænlegra til lengri tíma litið heldur en fara af stað með einhvers konar tilvísunarkerfi, að heilsugæslan kalli fólk til sín því að það er eðlilegt fyrsta skref í staðinn fyrir að hún taki að sér að beina fólki annað.

[23:28]

Pétur Bjarnason:

Frú forseti. Þessi umræða hefur verið á margan hátt upplýsandi og í rauninni tel ég að fram séu komin full rök fyrir því að sú leið sem boðuð er í frumvarpinu er mjög varhugaverð. Ég fagna sérstaklega afstöðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz, formanns heilbrigðis- og trygginganefndar, því hún hefur tekið undir mörg þau rök sem hérna hafa komið fram í kvöld og hún segir Framsóknarflokkinn hafna því að hafa tvöfalt kerfi en það tilvísunarkerfi sem hérna er komið á er að hluta til tvöfalt fyrir ýmsa þá sem þurfa að nota það og ég vona svo sannarlega að hún komi þeim sjónarmiðum sínum á framfæri við hæstv. heilbrigðisráðherra og leggist á eitt með okkur til að þetta nái ekki fram að ganga í þessari mynd.

Það vill svo til að ég hitti daglega fjölmarga hjartasjúklinga í starfi mínu. Þeir eru að koma á skrifstofu Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga og fara yfir sín mál. Þetta eru kannski fyrst og fremst tvenns konar saga sem þeir hafa að segja. Annars vegar eru endurhæfðir hjartasjúklingar sem hafa búið við þennan sjúkdóm, þekkja hann hvað þá sjálfa varðar og eiga yfirleitt heimsókn hjá hjartalækninum sínum á 8–12 mánaða fresti.

Annars vegar eru það endurhæfðir hjartasjúklingar sem hafa búið við þennan sjúkdóm, þekkja hann hvað þá sjálfa varðar og eiga yfirleitt heimsókn hjá hjartalækninum sínum á 8–12 mánaða fresti. Þeir vita sem er að þeir þurfa að hitta hjartalækni, það er alveg óhjákvæmilegt vegna þess að hann þekkir sjúkrasöguna, hann þekkir einkennin, hann getur farið yfir stöðu þeirra, hann getur farið yfir málin og sagt þeim hvers er þörf. Það er ekki nokkur spurning, sem kom fram í umræðunni í kvöld, að margir fleiri en hjartalæknar geta tekið hjartalínurit. Þetta snýst ekki um það. Þetta snýst um að sérfræðingur sem annast hefur sjúkling árum saman fái að fylgjast með honum og það er vitað að það mun verða leitað eftir því. Og það að neyða þennan einstakling til að fara fyrst til heimilislæknis til að leita eftir tilvísun, sem oft og tíðum fæst en ekki endilega alltaf, eykur kostnað. Og þrátt fyrir að fjármálaráðuneytið segi að ekki sé gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs frá því sem nú er, ég efast ekki um að það mat sé rétt, þá verða útgjöldin meiri. Þau lenda bara á sjúklingum, oft og tíðum sjúklingum sem hafa ekki allt of mikil efni.

Hinn hópurinn sem kemur á skrifstofu Hjartaheilla er aftur fólk sem hefur grun um að það eigi við hjartakvilla að stríða og spyr: Hvað á að gera? Hvert á ég að fara? Hvert á ég að snúa mér? Venjulega fær það fólk margs konar ráðgjöf. Því er ekki að neita, án þess að mér detti í hug að leggja illt orð til þeirra ungu og efnilegu lækna sem eru á bráðadeild Landspítalans eða heimilislækna sem eru mjög margir færir í sínu starfi, að við fáum oft sögur af því, og þær eru sannar, að læknar, ýmist heimilislæknar eða sérfræðingar, hafa vísað fólki frá með alvarlegar kransæðaþrengingar vegna þess að þær koma ekki alltaf fram í hjartalínuriti, á blóðþrýstingsmæli eða í kólesterólmælingu. Fleira þarf að koma til og ég þekki dæmi um að menn hafi verið meðhöndlaðir við bakflæði með tilheyrandi speglunum og meðulum jafnvel svo mánuðum skiptir. Þeir hafa verið sendir heim með vöðvaslakandi lyf o.s.frv. Það er vegna þess að kransæðaþrengingar eru mjög óræður sjúkdómur, það er mjög erfitt að greina hann á vissum stigum.

Ég vil vekja athygli á því hér að einn sjúklingur með kransæðaþrengingar sem fær greiningu á sínu ástandi og fær lækningu og bót sinna meina getur sparað hinu opinbera gífurlegar fjárhæðir því að nái sjúkdómurinn að þróast í þá átt að viðkomandi fær áfall, verður fyrir hjartaskemmdum ef hann er þá svo heppinn að deyja ekki, þarf hann að fara í gegnum mjög dýra og tímafreka endurhæfingu á vegum heilbrigðiskerfisins.

Morgunblaðið fjallaði í gær nokkuð um þá deilu sem staðið hefur. Nú veit ég ekki, hæstv. heilbrigðisráðherra getur vafalaust upplýst um það, hvort þessir þrír mánuðir hafa verið notaðir til samninga, þ.e. uppsagnartíminn og þar til uppsagnirnar tóku gildi, en að sögn forsvarsmanna hjartalækna hafa engir samningafundir verið boðaðir þann mánuð sem er frá 1. apríl eða í rúman mánuð. Ég hef engar upplýsingar um annað en það sé rétt.

Mig langar til að vitna aðeins í mann sem þekkir kannski málefni hjartasjúklinga öðrum betur að undanskildum hjartalæknum og þeim sérfræðingum sem fjalla um þau. Það er framkvæmdastjóri Hjartaheillar, Ásgeir Þór Árnason. Hann tekur á móti miklum fjölda fólks sem leitar til hans um ráðgjöf og um aðgerðir og hann hefur mjög oft þurft að grípa til ráða. Ég ætla að lesa það sem hann segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Undir þetta tekur Ásgeir Þór Árnason, framkvæmdastjóri Hjartaheillar, og segist finna fyrir mikilli óánægju með nýja tilvísunarkerfið þar sem það kosti sjúklinga mun meiri tíma, fyrirhöfn og fjármuni. Einnig segist hann vita þess dæmi að fólki hafi verið neitað um tilvísun af heimilislækni sínum. Aðaláhyggjurnar segist Ásgeir samt hafa af því að með nýja tilvísunarkerfinu sé ekki hægt að bregðast jafnskjótt við og áður, sem geti skipt sköpum. Bendir hann á að hjá Hjartaheill hafi ávallt verið hægt að útvega einstaklingum með brjóstverki tíma hjá hjartalækni ýmist samdægurs eða í mesta lagi innan tveggja daga frá því leitað er til þeirra."

Ásgeir bendir einnig á að hann hafi áhyggjur af því að oft og tíðum sé nokkurra daga bið eftir því einu að fá tíma hjá heimilislækni eða á heilsugæslu og þá á eftir að fá tilvísunina og tíma hjá hjartalæknum að því búnu.

„„Að mínu mati er verið að tefla á tæpasta vað og það stríðir að mínu viti gegn því góða heilbrigðiskerfi sem við viljum státa af. Þarna er verið að stefna inn á stórhættulegar brautir," segir Ásgeir og tekur fram að félagið hafi í byrjun mánaðar óskað eftir fundi með heilbrigðisráðherra til að ræða stöðu mála, en að þeirri beiðni hafi enn ekki verið svarað."

Hann segir að lokum:

„Við erum að horfa á deilu sem varðar á bilinu 14–16 milljónir króna á ári. Ef því er deilt niður á félagsmenn Hjartaheillar, sem eru fjögur þúsund, gera það innan við fjögur þúsund krónur á hvern sjúkling. En hver einasti sjúklingur sem ekki þarf að fara í aðgerð sparar hinu opinbera hins vegar langtum hærri upphæðir."

Þessu kom ég einmitt að hér áðan.

Hv. þm. Ásta Möller sagði, og undir það tók hv. þm. Pétur H. Blöndal:

„Upphæð fer eftir því hvaða leið sjúklingur kýs að fara."

Ég hjó sérstaklega eftir þessu þar sem í raun er verið að segja að þeir sem hafa næga peninga geti farið fram hjá þessu kerfi og beint til hjartalæknisins, sem er alveg rétt. En ég spyr: Eiga allir val? Er það svo að allir eigi peninga til að geta valið þá leið sem þeir kjósa að fara. Þetta er ekki bara spurning um það að kjósa að fara einhverja leið, þetta er líka spurning um að hafa efni á því. Það skiptir verulegu máli.

Hv. þm. Ásta Möller sagði einnig að þetta tilvísunarkerfi gæti valdið einhverjum óþægindum. Mér finnst það ansi létt á málum tekið. Hv. þm. Ásta Möller sagði í ræðu sinni að þetta væri tímabundið tilvísunarkerfi og þá leyfi ég mér að vitna aftur í fyrrgreint Morgunblaðsviðtal þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„„Það var haldinn fundur daginn áður en við gengum af samningum og þar kynnti ráðherra þetta tilvísunarkerfi með þeim orðum að ef það kæmist á væri það komið til að vera," segir Þórarinn Guðnason, formaður Félags sjálfstætt starfandi hjartalækna."

Mér finnst reyndar að það þurfi ekki að vitna í þessi ummæli hans vegna þess að ég get ekki skilið þetta frumvarp öðruvísi en það sé einmitt merki um að verið sé að festa þetta tilvísunarkerfi með lagahliðinni og það sé komið til að vera.

Ég vil að lokum hvetja hæstv. ráðherra til að gera allt sem unnt er til að ná samningum við hjartalækna og fella fyrrnefnda reglugerð úr gildi. Ég skil ekki af hverju þörf er talin á að festa þetta svona í lög eins og hér er verið að gera.

[23:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Við höfum verið að ræða í kvöld frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Enn einu sinni ræðum við breytingar á almannatryggingalögunum án þess að skoða lögin í heild. Verið er að tala um að hér sé ákveðin tiltekt á ferðinni. Það er alltaf viðkvæðið þegar almannatryggingalögin eru tekin hér fyrir, þá er tiltekt, verið að breyta smávegis, pínulitlu og aldrei horft á þetta í heild.

Nú erum við að þessu vegna þess að hér er komið upp það ástand, eins og segir í greinargerðinni, að sérfræðingar í hjartalækningum hafa sagt sig frá samningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Það er búið að setja reglugerð og koma á tilvísunarkerfi sem menn hafa verið að lýsa í ræðum sínum. Hér höfum við verið að ræða þetta frumvarp til laga en höfum eiginlega ekkert talað um frumvarpið. Við höfum aðallega verið að tala um þá reglugerð sem hæstv. ráðherra setti á dögunum og afleiðingar hennar.

Ég nefndi í andsvari áðan við hv. þm. Ástu Möller að ég hefði efasemdir um að reglugerðin sem hæstv. ráðherra hefði sett stæðist lög. Ég hef enn efasemdir og ég held að 2. gr. í frumvarpinu staðfesti þær efasemdir mínar því að hér er verið að skjóta lagastoðinni undir þessa reglugerð sem þegar hefur tekið gildi. Síðan erum við að breyta því að börn yngri en 18 ára eru nú tryggð með foreldrum sínum, var áður 16 ára, og verið er að gera ýmsar smábreytingar á almannatryggingunum.

Alvarlega málið sem við erum að ræða hérna er það sem hv. þm. Jónína Bjartmarz kallar neyðarúrræði sem er leiðin sem þessi reglugerð kveður á um, tilvísunarkerfið. Hér er hæstv. ráðherra að láta hjartalæknadeiluna hrekja sig út í tvöfalt kerfi en hún sjálf, flokksmenn hennar og formaður Framsóknarflokksins hafa lýst því yfir að þau séu andvíg slíku kerfi. Ég er einmitt með útskrift frá hæstv. forsætisráðherra, Halldóri Ásgrímssyni, þar sem hann segist andvígur tvöföldu heilbrigðiskerfi og neitar því alfarið. Það er skýr stefna Framsóknarflokksins að það eigi alls ekki að koma á tvöföldu heilbrigðiskerfi, segir Halldór Ásgrímsson í Morgunblaðinu 15. mars síðastliðinn. En því miður erum við komin með slíkt kerfi eins og ítrekað hefur verið sýnt fram á í umræðunni á undan. Það er stórfelld hætta á tvöföldu kerfi, það er verið að mismuna fólki eftir efnahag. Þeir sem hafa minna milli handanna þurfa að hafa meira fyrir því að fá þjónustuna og standa ekki jafnfætis þeim sem eru betur settir efnahagslega.

Ég sagði áðan að hæstv. ráðherra væri að láta hjartalæknadeiluna hrekja sig út í tvöfalt kerfi. Það er líka ríkisstjórnarmeirihlutinn á þingi með fjárveitingum sem er að hrekja ráðherrann og hrekja okkur út í þetta tvöfalda kerfi vegna þess að hann hefur ekki verið tilbúinn að setja það fé í heilbrigðisþjónustuna sem þarf. Ég hitti hjartalækni í morgun sem sagði mér að það hefði munað 10 millj. kr. Ég hef ákveðnar efasemdir um að reynt hafi verið til þrautar að semja við þessa lækna. Það getur vel verið að þetta sé ekki rétt með 10 millj. Það getur vel verið að það séu 14 millj. kr. og jafnvel hærra en það hefði átt að vera hægt að semja um þetta og mætast á miðri leið.

Ég er alveg sannfærð um að sú leið sem verið er að fara með þessari reglugerð, tilvísunarkerfi, mun verða dýrari. Það kostar að vera með tilvísunarkerfi. Hún kostar eitthvað öll þessi skriffinnska í kringum kerfið og það kostar líka þegar fleira fólk kemur inn á bráðadeild eins og fulltrúar Landspítala – háskólasjúkrahúss bentu á á fundi heilbrigðis- og tryggingaefndar. Það munu fleiri koma inn í dýrasta úrræðið og ég hef ákveðnar efasemdir um að við séum við því búin að taka við meiri fjölda þar inn. Það kostar heilmikla peninga.

Það er líka verið að gera þessar breytingar á almannatryggingalögunum til þess að koma í veg fyrir málsókn frá þeim sem munu borga fullt og ekki fá tilvísun. Það kom fram í heilbrigðisnefndinni að það væri ástæðan. Ég spurði í heilbrigðisnefndinni: Á að fara að setja frumvarp til að skjóta lagastoð undir reglugerðina? — sem ég hafði þarna efasemdir um. Nei, það er ekki endilega það. Það er aðallega að koma í veg fyrir að þeir sem borga fullt fari í lögsókn við ríkið. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrr í kvöld að það voru þau rök sem komu fram í nefndinni fyrir því að gera þyrfti þessar lagabreytingar á almannatryggingalögunum.

Við vitum alveg að heilsugæslan hefur verið hornreka hjá þessari ríkisstjórn og skortur hefur verið á heimilislæknum. Fjöldi Reykvíkinga hefur ekki haft sérstakan heimilislækni og ég leyfi mér að efast um að heilsugæslan anni þessu ef tilvísanakerfið fer að koma gagnvart fleiri læknum en hjartalæknum. Ég óttast að aðrir komi í kjölfarið. Ég ótt-

ast að þeir sem ekki sætta sig við samningana segi sig bara af þeim og setji sér sína eigin gjaldskrá eins og hjartalæknarnir. Ég hef verulegar áhyggjur af þessu. Heilsugæslan mun þá ekki geta annað þessu. Ég er aftur á móti alveg sammála því að það á með öllum ráðum að reyna að koma því þannig fyrir að það sé verið að þjóna sjúklingum á réttu stigi, það eigi að byrja á grunnþjónustunni. Þess vegna var ég á sínum tíma, þegar rætt var um tilvísunarkerfið í Tryggingastofnun þegar ég starfaði þar, hlynnt því að það yrði að stýra þessu nokkuð, sjúklingunum. Það er auðvitað ekki eðlilegt að menn sjúkdómsgreini sig sjálfir og fari síðan til sérfræðinga þegar hægt er að veita þeim þjónustuna á lægra þjónustustigi eins og í heilsugæslunni.

Það hefur komið fram í umræðunni að margir sjúklingar eiga ekkert val. Það er alveg rétt. Það kom fram hjá hv. þm. Pétri Bjarnasyni. Margir sjúklingar eiga ekki val. Það fer t.d. eftir efnahag hvað þeir geta leyft sér. Sumir verða að fara þessa löngu leið eins og t.d. efnalitlir og aldraðir margir hverjir – þurfa að bíða eftir því að komast að hjá heilsugæslunni, fá þar tilvísun, fara síðan til sérfræðingsins, bíða eftir að komast til hans. Þegar þeir koma þangað þurfa þeir að borga fulla fjárhæð og síðan þurfa þeir að fara með reikninginn í Tryggingastofnun til að fá endurgreitt. Þessir sjúklingar eru auðvitað að borga meira en þeir gerðu áður en þessi deila varð til þess að þetta kerfi var sett á. Þá borgaði maður einu sinni en þeir sem þurfa að fara til hjartalæknis eru búnir að fara tvisvar. Þeir eru búnir að borga komugjaldið á heilsugæslustöð og síðan sjúklingshlutann hjá hjartalækninum. Það fer síðan eftir því hversu háa upphæð honum þóknast að rukka hversu mikil útgjöldin verða því auðvitað greiðir Tryggingastofnun ekki nema þann hluta sem hún telur sig eiga að greiða samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Þetta er því ekki eins einfalt og margir hyggja í fyrstu.

Þetta hefur líka marga ókosti í för með sér. Hjartalæknar eru ekki lengur undir eftirliti Tryggingastofnunar eins og er þegar þeir eru á samningi. Læknabréfin eru líka í uppnámi o.s.frv. Ég spyr hæstv. ráðherra: Gerir hún ráð fyrir að það þurfi að ráða fleiri heimilislækna í framhaldinu? Það vantar heimilislækna á ýmsar heilsugæslustöðvar. Ég tel að það vanti eina 8 eða 10 heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu a.m.k. Síðan er það einn sjúklingahópur sem þetta bitnar verst á, það eru hjartasjúklingarnir sem oft er eldra fólk. Þó að hjartasjúkdómar hrjái náttúrlega fólk á öllum aldri er það mjög oft eldra fólk sem er með hina ýmsu hjartasjúkdóma og þetta mismunar sjúkdómum í dag.

Það hefur líka verið bent á það fyrr í umræðunni að þegar þetta kerfi er komið á er enginn hvati til þess að læknar semji. Þeim finnst þetta bara ágætt, hafa bara sína gjaldskrá og þetta gengur allt saman. Þeir fá jafnvel meira út úr þessu, setja bara upp hærra verð. Maður óttast að fleiri sérfræðingastéttir fylgi í kjölfarið.

Það er líka gagnrýnisvert að aðrir læknar geti ekki vísað til hjartalækna eins og t.d. svæfingalæknar. Það hefur komið fram í umræðunni og kom fram í heilbrigðisnefndinni. Lyflæknar og öldrunarlæknar geta t.d. ekki vísað beint til hjartalækna. Við vitum að stýrikerfið sem var til umræðu áður var hugsað til þess að sjúklingarnir fengju þjónustuna á réttum stöðum og grunnþjónustan kæmi fyrst. Menn færu síðan til sérfræðings ef heilsugæslulæknirinn teldi þörf á því en þar var auðvitað gert ráð fyrir að allir þessir læknar væru á samningi. Sá er munurinn.

Undanfarið hafa læknar og fleiri skrifað um þetta ástand í blöð. Sem dæmi má taka skrif hjartalæknis á dögunum í Morgunblaðið sem taldi þetta kerfi vera tvöfalt kerfi. Hann furðaði sig á því að deila milli Tryggingastofnunar og hjartalækna væri látin bitna á þeim sem síst skyldi, þ.e. hjartasjúklingum. Hann benti á ýmislegt af því sem við höfum verið að ræða hérna, hvaða ókostir væru á þessu fyrirkomulagi.

Við sem höfum talað frá stjórnarandstöðunni höfum öll haft verulegar áhyggjur af því að þetta leiði til tvöfalds kerfis og ég vona að gripið verði í taumana áður en það verður orðið víðtækara en nú er. Þá höfum við hrakist inn í það kerfi. Ekki hefur verið tekin meðvituð ákvörðun um að við ætlum að hafa þetta svona, að við ætlum að mismuna sjúklingum eftir efnahag. Allir eru búnir að lýsa því yfir að þeir vilji það ekki en samt erum við að hrekjast út í þetta. Mér finnst það skelfilegt og vonast auðvitað til þess að við lendum ekki í sömu sporum og Bandaríkjamenn, Ástralar, Svisslendingar og fleiri sem hafa komið þessu tvöfalda kerfi upp, kerfi sem bitnar á þeim sem eru verr settir í samfélaginu eins og öldruðum.

Sigurbjörg Siggeirsdóttir, sem hefur mikið skrifað um heilbrigðismál, bendir á það í Morgunblaðinu 8. apríl síðastliðinn að hún óttist að við séum að lenda í þessu tvöfalda kerfi. Ég deili með henni þeim áhyggjum. Hún segir að ef ótti hennar reynist réttur munum við sjá hvaða afleiðingar slíkt tvöfalt kerfi hefur fyrir Íslendinga. Hún bendir t.d. á hvernig Ástralar glíma við ójöfnuð í heilbrigðisþjónustu en ríkisstjórn þeirra greiðir nú árlega meira í niðurgreiðslur á einkaheilbrigðistryggingum en sem nemur samanlögðum niðurgreiðslum til landbúnaðar, námuvinnslu og iðnaðar. Hún bendir líka á Frakkana, sem glíma við þrálátan ójöfnuð í heilbrigðisþjónustunni og verðbólgu á lækningamarkaði, og fleiri dæmi telur hún upp í grein sinni í Morgunblaðinu. Auðvitað hræða þessar ábendingar hennar og það ástand sem ríkir þar sem tvöfalt kerfi er.

Ég vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra takist að semja við hjartalækna því þá verður eftirlitið til staðar, læknabréfin verða í lagi og heilbrigðiskerfið verður tryggara. Ef fleiri læknar fylgja í kjölfar hjartalækna erum við í vondum málum. Ég vitnaði áðan í grein hjartalæknis í Morgunblaðinu en þar segir um samningana, með leyfi forseta:

„Samningar stóðu mánuðum saman á seinni hluta síðasta árs og þegar séð varð að samninganefnd TR hafði ekki umboð til breytinga eða lagfæringa á samningum óskaði ég fyrir hönd hjartalækna eftir viðtali við heilbrigðisráðherra. Það viðtal fékkst aldrei þrátt fyrir ítrekaða ósk. Upp úr samningum slitnaði svo í lok árs og því sögðum við hjartalæknar upp samningum."

Ef það er rétt sem þessi hjartalæknir, Ásgeir Jónsson, segir í Morgunblaðsgrein miðvikudaginn 5. apríl virðist mér illa hafa verið staðið að verki hjá heilbrigðisráðuneytinu og ráðherrum Framsóknarflokksins. Er það ástæðan fyrir því að þeir segja upp samningum, að þeir hafi ekki fengið fund með heilbrigðisráðherra og síðan hafi slitnað upp úr

samningum? Þeir hafi ítrekað óskað eftir því að ræða við heilbrigðisráðherra um ástandið? Þarna stendur upp á hæstv. heilbrigðisráðherra og ekki skrýtið að maður hafi efasemdir um að menn hafi lagt sig alla fram um að ná samningum. Annars vegar að þeir hafi ekki viljað tala við hjartalæknana og hins vegar að þeir hafi ekki verið tilbúnir að mætast á miðri leið ef um var að ræða einhverjar 10 eða 15 millj. kr. sem bar á milli — og vera fyrir þann pening búin að hrekjast út í tvöfalt kerfi sem bitnar á þeim sem eru veikir og fátækir.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég á sæti í heilbrigðis- og tryggingarnefnd og mun fara yfir þetta mál þar. Við þurfum að kalla ýmsa til. Við þurfum að kalla til fulltrúa sjúklingafélaganna sem hafa lýst yfir efasemdum um þessa leið. Við verðum að tala við fulltrúa hjartalækna og marga fleiri. Það er heilmikil vinna eftir í þessu máli. Þó að lagabreytingarnar sem eru hér á skjalinu séu ekki flóknar þá hangir svo margt annað á spýtunni sem þarf að skoða.

[00:00]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kýs að nota andsvarsformið, ég tel mig geta greitt úr þessum spurningum í því formi en ekki í langri ræðu á eftir.

Það er lítið um lausnir. Menn tala um gallana en benda ekki á neinar lausnir, maður gefur ekki mikið fyrir slíka umræðu. Heilsugæslan telur sig geta tekið við því viðbótarálagi sem hlýst af þessari stöðu og auðvitað munum við fylgjast með því í heilbrigðisráðuneytinu hvernig það gengur. En það er alls ekki verið að fara í tvöfalt kerfi eins og í Bandaríkjunum, alls ekki. Við erum einungis að bregðast við þeirri stöðu sem kemur upp þegar hjartalæknar fara af samningi. Menn geta alveg litið á hlutina í því ljósi að margir sjúklingar munu fá endanlega úrlausn á heilsugæslunni, sem er miklu ódýrara úrræði en þeir fá í dag. Af hverju ræða menn það ekki? (Gripið fram í.) Það er aldrei dregið fram í umræðunni. Margir munu fá ódýrari niðurstöðu, ódýrari úrræði en í dag. Aðrir munu fá dýrari úrræði, þ.e. þeir sem þurfa að fara á báða staðina. En margir munu fá ódýrari úrræði.

Það er búið að ræða svolítið um hvað hafi borið á milli í samningaviðræðum. Samkvæmt upplýsingum frá mínum samningamönnum vantaði fyrir síðasta ár 25 millj. kr. upp á og fyrir árið í ár 35–40 millj. kr. Þetta gerir þá samtals, ef við tökum lægri töluna, 35 millj. kr. á þessu ári og 25 millj. kr. í fyrra. Þá eru það 60 millj. kr. sem hefðu komið til greiðslu núna og svo á næstu árum 35–40 millj. kr. sem hefðu bæst inn í einingarnar. Hér er því um verulegar upphæðir að ræða og samningar tókust ekki.

[00:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst ómaklegt af hæstv. ráðherra að tala um að enginn hafi rætt um hagkvæmni þess að fólk fari fyrst á heilsugæsluna. Ég eyddi þó nokkrum tíma í það áðan að það væri hagkvæmara og nefndi að þess vegna hefði ég verið frekar hlynnt tilvísunarkerfi á sínum tíma. Það leiðir fólk í ódýrustu þjónustuna og margir fá lausn í heilsugæslunni, það er alveg rétt.

Hæstv. ráðherra segir líka að engar lausnir hafi komið fram í umræðunni, það er ekki rétt. Ég sagði að það ætti að semja. Það á að semja við þessa menn og það er hægt að mætast á miðri leið. Hér heldur hæstv. ráðherra fram upphæðum eins og 25 millj. kr. og 35 millj. kr. Það eru allt aðrar upphæðir en hjartalæknarnir eru með þannig að eitthvað fer á milli mála þar. Síðan eru það þær upplýsingar sem koma fram í Morgunblaðsgrein frá hjartalækninum Ásgeiri Jónssyni. Hann segist ítrekað hafa óskað eftir því að fá að ræða við hæstv. heilbrigðisráðherra vegna þessarar deilu en hafi alltaf verið synjað. Það hefði kannski verið hægt að leysa málin ef menn hefðu verið — það hefur sjálfsagt verið sá ráðherra sem var á undan þeim sem nú er — tilbúnir til að taka á móti hjartalæknunum og ræða við þá — (Gripið fram í.) þetta er skrifað 5. apríl síðastliðinn. Þá hefði kannski verið hægt að leysa þetta.

Ég er sannfærð um að það er hægt að leysa þetta mál. Það hefur verið gert hingað til og menn hafa verið með afturvirkar reglugerðir þegar búið hefur verið að semja. Það á auðvitað að reyna þetta til þrautar. Það er óþolandi að þurfa að lesa um það í blöðum að menn hafi ekki einu sinni veitt hjartalæknum áheyrn þegar þeir óskuðu eftir viðtali við hæstv. heilbrigðisráðherra þegar deilan stóð sem hæst. Það finnst mér mjög ámælisvert.

[00:04]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er samninganefnd heilbrigðisráðherra sem er í þessum samningum og það er rétt að þeim tölum sem hafa verið nefndar ber ekki saman við þær tölur sem mínir samningamenn hafa gefið mér upp. Ég fer hér með afrúnnaðar tölur en þetta eru um 25 millj. kr. fyrir síðasta ár og 35–40 millj. kr. fyrir árið í ár.

Það hefur ekki verið bent á neinar lausnir hér. Fulltrúar Samfylkingarinnar segja: Það á bara að semja, það á að semja. Í þessu tilviki tókust ekki samningar, það bar of mikið á milli. Menn eru að velta því fyrir sér hvort aðrir komi í kjölfarið og ég skil alveg þær áhyggjur. En ég spyr líka: Ef samið er upp á eitthvað sem menn eru ekki sannfærðir um að sé eðlilegt, þ.e. að þetta séu of háar tölur, halda þingmenn virkilega að aðrir hópar sérfræðinga komi þá ekki í kjölfarið? Það má vel vera að þeir komi í kjölfarið og reyni að semja um eitthvað við okkur, það má vel vera. En í hvaða samningsstöðu erum við ef við semjum bara upp á það sem sérfræðilæknar vilja fá? Við teljum einfaldlega að þarna sé of mikið gap á milli þannig að menn verði að skoða þetta í heildarsamhengi. Ég tek heils hugar undir það sem kom fram hjá hv. þm. Þuríði Backman áðan. Að sjálfsögðu verður að vera einhver stýring á þessu, að sjálfsögðu verður að vera kvóti. Annars er þetta sjálftökukerfi. Við verðum að hafa sannfæringu fyrir því að við séum að greiða eðlilegt verð fyrir eðlilega mikið magn af þjónustu. Annars höldum við ekki utan um hlutina. Um er að ræða skattpeninga borgaranna þannig að menn verða að sýna ábyrgð í þessari umræðu.

[00:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér segir hæstv. ráðherra: Það þarf að greiða eðlilega upphæð fyrir eðlilegt magn. Það hefur ekki farið fram nein þarfagreining á því hvað þarf að kaupa mikla þjónustu. Menn hafa ekki verið að vinna heimavinnuna sína í ráðuneytinu. (Gripið fram í.) Nei, þeir hafa ekki gert það. (Gripið fram í.) Þeir hafa ekki unnið heimavinnuna sína, það hefur ekki verið gerð þarfagreining og þess vegna er ekki hægt að segja svona út í bláinn. Ég ítreka það sem þessi hjartalæknir segir. Þegar séð varð að samninganefnd Tryggingastofnunar hafði ekki umboð til breytinga eða lagfæringa á samningum þá óskaði hann eftir því fyrir hönd hjartalækna að fá viðtal við heilbrigðisráðherra. Það viðtal fékkst aldrei þrátt fyrir ítrekaða ósk — gagnvart heilbrigðisráðherra eftir áramótin þegar slitnaði upp úr og samninganefndin hafði ekki umboð frekar. (Gripið fram í.) Það sýnir sig að það var ekki vilji fyrir hendi til að leysa þetta og auðvitað átti að leysa þetta. Ég get ekki séð annað á því sem ég les hér og því sem ég heyri hjá hjartalæknum sem ég hef verið að tala við að það hefði verið hægt að leysa þetta ef vilji hefði verið fyrir hendi. Menn verða svo auðvitað að vinna vinnuna sína í ráðuneytinu og kynna sér hver þörfin er, fara í þá undirbúningsvinnu. Það er ekki hægt að vinna þetta svona út í bláinn.

[00:08]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs í annað skipti í kvöld undir því formi að halda ræðu er vegna þess að ég var að vonast til að hæstv. heilbrigðisráðherra kæmi í lokin, héldi ræðu og svaraði þeim spurningum og álitamálum sem komið var inn á í ræðum kvöldsins en hæstv. ráðherra kaus að svara í andsvarsformi til eins hv. þingmanns.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka alla umræðuna þannig að þetta verður stutt hjá mér. Mig langaði að athuga hvort ég gæti sært hæstv. heilbrigðisráðherra til að svara nokkrum spurningum. Ég ætla ekki að endurtaka allar röksemdirnar heldur bara hlaupa frekar hratt yfir þetta. Ég vona að hún treysti sér til að svara sem flestu.

1. Telur hæstv. heilbrigðisráðherra að með frumvarpinu sem hér er verið að ræða sé verið að tryggja endurgreiðslurétt almennings eða er hún sammála hv. formanni heilbrigðisnefndar og þeim sem hér stendur um að hér sé fyrst og fremst verið að koma í veg fyrir að heimild til málsóknar myndist gagnvart því fólki sem fer beint til sérfræðilæknis án tilvísunar? Það er grundvallarmunur á þessari nálgun og grundvallarmunur á ástæðum þess að ráðherra kemur með þetta frumvarp.

2. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að bregðast við þeirri stöðu að í þessu kerfi verða engar samningsskyldur á viðkomandi hjartalæknum? Þegar samningur er fyrir hendi hafa sem sagt ákveðnar samningsskyldur verið til staðar. Nú verða þær ekki fyrir hendi og nú er verið að festa í sessi kerfi sem gerir ekki ráð fyrir þessu samningssambandi. Hvað verður um þær samningsskyldur, t.d. um eftirlit Tryggingastofnunar, sendingu læknabréfa o.s.frv.?

3. Heilsugæslan segist vera tilbúin að taka við þessu nýja og aukna hlutverki. Hvernig má það vera í ljósi þeirrar stöðu að það eru allmargir, ég man ekki alveg töluna, á höfuðborgarsvæðinu sem eru án heilsugæslulæknis og heilsugæslan hefur ítrekað sagt við okkur í heilbrigðisnefnd að hún sé ekki fullmönnuð. Á ekki að grípa til neinna aðgerða og styrkja heilsugæsluna samfara þessu kerfi af hálfu hæstv. heilbrigðisráðherra?

4. Kemur til álita að mati hæstv. heilbrigðisráðherra að auka heimildirnar til tilvísunar til annarra stétta en eingöngu heilsugæslulækna. Kemur til greina að heimila ákveðnum læknum, svo sem lungnalæknum, taugalæknum, lyflæknum, svæfingalæknum, æðaskurðlæknum, öldrunarlæknum o.s.frv., sem þetta á helst við, að vísa til hjartalækna?

5. Er þetta kerfi komið til að vera? Ég held að formaður hjartalækna hafi sagt, og vitnað í hæstv. ráðherra, að verði þetta tilvísunarkerfi sett eins og hér hefur verið gert þá sé það komið til að vera. Er það rangt hjá honum að túlka orð hæstv. ráðherra þannig?

6. Hæstv. heilbrigðisráðherra talar um nauðsyn þess að stýra kerfinu og stýra fjármagninu. Hvernig mun hæstv. heilbrigðisráðherra bregðast við ef eftirspurn eftir þjónustu hjartalækna eykst á árinu? Segjum að fólk fari réttu leiðina, fari fyrst til heimilislæknis með tilvísun og síðan til hjartalæknis — segjum að þessi eftirspurn muni aukast, mun þá niðurgreiðsla í upphafi árs verða meiri en niðurgreiðslan í lok ársins. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að hæstv. ráðherra ákveður væntanlega hve miklum fjármunum hann er tilbúinn að eyða í niðurgreiðslurnar en hann veit ekki hver þörfin verður út árið vegna þess að hann mun væntanlega semja bara um eina heildartölu eða hvað? Síðan hefst niðurgreiðslan. Segjum að ég fari til hjartalæknis með tilvísun í janúar, ég fæ einhverja x-tölu frá TR sem greiðsluþátttöku ríkisins en síðan fer ég aftur sömu leið í desember en þá er potturinn, eða það fjármagn sem hæstv. heilbrigðisráðherra er tilbúinn til að verja í málaflokkinn, hugsanlega uppurinn. Mun ég þá fá lægri niðurgreiðslu? (**Heilbrrh.:** Nei.) Hver er stýringin með þessu kerfi? Hvernig ætlar hæstv. heilbrigðisráðherra að mæta þörf sem ekki er búið að meta, og hefur raunar sýnt sig að er alltaf meiri en hæstv. heilbrigðisráðherrar gera ráð fyrir, einingarnar virðast alltaf klárast á haustin? Hver er stýringin í þessu kerfi þegar þessi möguleiki blasir við?

Auðvitað mótmæli ég því í lokin að við höfum ekki bent á aðrar lausnir. Auðvitað er það lausn að semja. Það er lausnin. Við eigum að reyna að semja til þrautar og það er verkefni hæstv. heilbrigðisráðherra að sinna sínu verki og semja við viðkomandi stétt. Það er enginn að segja að það sé auðvelt. Menn eiga að semja til þrautar. Menn eiga ekki að gefast upp og fara í vanhugsað kerfi eins og ég held að við höfum gert hér með þeim göllum sem ég hef áður komið inn á.

Það er kannski ekki ástæðulaust að sjúklingahópar og fjölmargir fagaðilar, þar á meðal formaður hjartalækna og formaður hjúkrunarfræðinga, hafa varað við þessu kerfið og kallað það tvöfalt. Það er ekki eins og við í Samfylkingunni séum ein að benda á hættuna af tvöföldu kerfi. Hagsmunaaðilarnir hafa líka gert það. Það er rétt að hafa það í huga.

Þetta eru örfáar spurningar sem mig langaði að koma að

svona að lokum. Ég vona að hæstv. heilbrigðisráðherra geti tæpt á þeim flestum.

[00:14]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta séu of margar spurningar til að koma svörum að í andsvari en (**Gripið fram í:** ... ræðu.) — já, þetta er seinni ræðan þannig að ég ætla að reyna að fara yfir þetta. Ég geri mér grein fyrir því að þingmenn vilja að sjálfsögðu fá svör en ég taldi að ég gæti í andsvari svarað því sem væri kannski efst á baugi en það er sjálfsagt að ræða þetta lengra fram á nóttina.

Varðandi endurgreiðsluréttinn er það þannig að þegar hjartalæknar gengu af samningi þá upphófst endurgreiðsluréttur inn, hann sem sagt hvarf og varð enginn. Til þess að koma honum á aftur var reglugerðin sett um þetta valfrjálsa endurgreiðslukerfi. Þannig að með reglugerðinni, sem er fyllilega stoð fyrir í lögum, samkvæmt lögfræðilegri skoðun í ráðuneytinu, er hægt að tryggja endurgreiðslur til þeirra sjúklinga sem fara til hjartalækna með tilvísun. Þeir fá þá endurgreitt en hefðu ella ekki fengið endurgreitt af því að enginn samningur var í gildi. Með ákvörðun í heilbrigðisráðuneytinu, reglugerðinni, var þessi endurgreiðsluréttur sem sagt tryggður.

Frumvarpið sem við erum nú að fjalla um tryggir ekki þennan endurgreiðslurétt, hann var þegar tryggður með reglugerð sem var sett. Frumvarpið tryggir hins vegar sterkari lagastoð fyrir því að samningur þurfi að vera fyrir hendi, það sé meginreglan, við sérfræðilækna til þess að menn fái almennt endurgreitt. Svo eru það undantekningartilvikin sem við grípum til með reglugerð, þ.e. að menn geti fengið endurgreitt á grundvelli reglugerðar með tilvísun. Megingrundvöllurinn er sá í þessu kerfi að endurgreiðsla byggist á samningi. Segjum að hv. þingmaður færi til hjartalæknis sem væri ekki með samning og mundi greiða fullt verð. Hv. þingmaður gæti þá ekki krafist endurgreiðslu hjá Tryggingastofnun ríkisins eftir að vera búinn að greiða 100% hjá sérfræðilækninum án tilvísunar. Það er því verið að tryggja með ótvíræðum hætti að meginreglan verði sú að sjúklingar eigi að fá endurgreiðslu hjá þeim læknum sem eru með samning. Það er verið að koma í veg fyrir hugsanleg málaferli sem gætu hugsanlega tapast. Það er verið að tryggja þetta með ótvíræðum hætti.

Það er álitamál hvort lagabreytingin er nauðsynleg eða ekki. En til öryggis flytjum við frumvarpið. Þess vegna er eðlilegt að afgreiða það sem fyrst til að sá tími sé sem stystur sem er ekki skotheldur, ef svo má að orði komast, hvað varðar þennan endurgreiðslurétt. Frumvarpið byggist ekki á því að við séum að koma á endurgreiðslum til þeirra sem hafa tilvísun. Það er nú þegar tryggt með reglugerðinni sem við settum strax 1. apríl. Ég vona að þetta hafi varpað skýrara ljósi á frumvarpið.

Þá að heilsugæslunni. Ef þessi viðtöl eru brotin niður á hvern lækni á heilsugæslustöðvum þá eru þetta örfá viðtöl hjá lækni á dag, ég man ekki töluna, þau eru mjög fá. Þetta er ekki mjög mikið viðbótarálag á heilsugæsluna, alls ekki. Það eru ekki mjög margir án heimilislæknis. Það er búið að gera mjög mikið átak í uppbyggingu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og staðan er mjög góð úti á landsbyggðinni. Heilsugæslan hefur talið sig geta mætt þessu með viðundandi hætti en að sjálfsögðu munum við fylgjast með því.

Það hefur verið mjög athyglisvert að hlusta á umræðuna og ég vil aftur minnast á hv. þm. Þuríði Backman sem dró fram þá staðreynd að úti á landsbyggðinni er það almennt þannig að fyrsti viðkomustaður er hjá heilsugæslulækni. Þar fá margir endanlega úrlausn sinna mála. Það er miklu lægra hlutfall fólks á landsbyggðinni sem sækir til sérfræðilækna þegar maður horfir á heildina. Landsbyggðarfólk virðist almennt ekkert sjúkara en við sem erum á höfuðborgarsvæðinu og nýtum okkur sérfræðilæknana hlutfallslega meira. Sú staðreynd segir auðvitað ákveðna sögu. Úti á landsbyggðinni má segja að þetta kerfi sé við lýði sem við erum öll að kalla eftir, að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður. Þar eru ódýrustu úrræðin, þar er mesta yfirsýnin o.s.frv. Þar er heildstæðasta þjónustan.

Minnst var á að auka heimildir til annarra en hjartalækna. (Gripið fram í.) Varðandi spurninguna hvort aðrir læknar geti vísað þá tel ég að við eigum ekki að koma slíku kerfi á. Ég tel að við eigum að beina sjúklingunum inn í heilsugæsluna, það eigi að vera fyrsti viðkomustaðurinn og að þaðan eigi tilvísanirnar að koma. Það væri miklu eðlilegra kerfi en það að allir sérfræðilæknar væru meira eða minna að vísa á hjartalæknana. Það er miklu eðlilegra að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaðurinn og heilsugæslan getur tekið talsverðan hluta af þeirri skoðun sem hjartalæknar sjá um í dag. Eins og hér hefur komið fram eru 65% viðtöl og skoðun og hjartalínurit. Heilsugæslan getur framkvæmt hluta af því. Það er erfitt að segja hve stóran hluta en örugglega talsverðan hluta. Það verður reynslan að skera úr um.

Er þetta kerfi komið til að vera? Já, ég tel að það sé komið til að vera um einhvern tíma. Það er mjög erfitt að segja til um það hvernig heilbrigðiskerfið þróast í framtíðinni. En mér finnst óeðlilegt að þegar ekki semst og við förum út í þetta nýja kerfi, valfrjálst endurgreiðslukerfi, eigi það einungis að standa í einhverjar vikur. Það er óeðlilegt. Það er rétt, sem hér kom fram, að ég sagði við hjartalækna að ég teldi að yrði þessu kerfi komið á stæði það um einhvern tíma. En hvort þetta er eitthvert endanlegt kerfi, ég held að það sé enginn tilbúin til að kveða upp úr um það núna, alls ekki. Það verður tíminn að leiða í ljós.

Hvort það verða einhverjar minni niðurgreiðslur í lok árs en í byrjun árs, það tel ég ekki vera. Auðvitað get ég ekki séð þetta langt fram í tímann og kannski enginn en ég held að það sé alveg ljóst að vegna þess að hluti af sjúklingunum fær endanlega lausn í heilsugæslunni sparast þar peningur ef við miðum við það kerfi sem nú er. Það eru almennt ódýrari úrræði þannig að ég á ekki von á því að það verði einhverjar minni niðurgreiðslur í lok árs heldur en í upphafi árs. Að sjálfsögðu verðum við að fylgjast með hvernig þetta kerfi þróast í framtíðinni en ég hef ekki séð þetta fyrir mér.

Hv. þingmenn, sérstaklega frá Samfylkingunni, segja: Það á bara að semja. Það er ein lausn, það er að semja. Í þessu tilviki vil ég segja við þá hv. þingmenn sem hér hafa haft sig mest í frammi og sagt að heilbrigðisráðherra eigi bara að semja, það sé lausnin, að sjálfsögðu eigi bara að

semja, að það var vissulega reynt að semja. (Gripið fram í.) Það var víst reynt að semja. Það var heil samninganefnd í því að reyna að semja. Garðar Garðarsson var formaður í þeirri nefnd og þar voru líka fulltrúar m.a. frá fjármálaráðuneytinu. Að sjálfsögðu var reynt að semja en það náðust ekki samningar. Það bar of mikið á milli. Og það verður að hafa í huga að það er samningur í gildi og hvenær var hann gerður? Fyrir líklega rúmu ári síðan. Það er rúmlega ár síðan sá samningur var gerður og hann á að standa til þriggja ára. Hann á að standa til loka mars 2008. Þegar menn semja vilja þeir auðvitað að staðið sé við samninga.

Í þeim samningi er ákveðið afsláttarkerfi, þ.e. ef menn fara yfir kvótann. Það er verið að reyna að stýra þjónustunni með ákveðnum kvóta og ef það kerfi gildir ekki þá er um að ræða sjálftökukerfi eins og hv. þm. Þuríður Backman benti á, ég held að þingmenn skilji það. Það er verið að stýra þjónustunni með kvóta, við erum að kaupa ákveðna þjónustu sem byggist á reynslu m.a. og þróun og auðvitað málflutningi lækna varðandi þjónustuna. Stundum hefur einingum verið bætt við af því að menn hafa verið sammála um að kaupa meiri þjónustu. Einingum hefur þá verið bætt við. Í þessu tilviki náðust ekki samningar af því að ég og samninganefndin vorum ekki tilbúin til að greiða þessar upphæðir fyrir þessar viðbótareiningar. Það bar of mikið á milli þannig að því miður náðust ekki samningar.

Auðvitað hefði verið frábært ef samningar hefðu náðst þá hefðum við ekki þurft að standa í þessu. Þá væri þetta löngu afgreitt mál og við þyrftum ekki að fjalla neitt frekar um þetta. Auðvitað hefði það verið langþægilegast en samningar náðust einfaldlega ekki. Það var mitt mat og minnar samninganefndar að of mikið bæri á milli. Og menn verða að skoða þetta í samhengi af því að það eru fleiri sérgreinahópar lækna, sem munu örugglega telja sig þurfa fleiri einingar í framtíðinni og á næstunni, og það fyrr en seinna, sem munu banka á. En samningur er í gildi og það er eðlilegt að reyna að halda sig við hann.

Ég tel að það sé vert að reyna einhvern tíma í framtíðinni, helst sem fyrst, að særa fram lausn hjá hv. fulltrúum Samfylkingarinnar sem hér hafa talað um hvað þeir hefðu gert í sporum heilbrigðisráðherra með engan samning. (**Gripið fram í:** Samið. Við hefðum náð samningum.) Hv. þingmaður, þið hefðuð ekki náð samningi. Ég trúi því ekki að þið hefðuð greitt þær upphæðir sem þarna voru á milli. Ég bara trúi því ekki. Það er vegna þess að ég tel að of mikið hafi borið á milli. Ég held að hv. þingmenn, sem hljóta að finna til ábyrgðar líka, hefðu ekki náð samningi í þessu tilviki. Menn verða því að geta svarað spurningunni: Hvað hefðu þeir gert hefðu þeir ekki náð samningi? Mér finnst það eiginlega vera skylda hv. þingmanna sem taka þátt í þessari umræðu að upplýsa hvað þeir hefðu gert ef þeir hefðu ekki náð samningi? Menn hljóta að geta svarað því hvað þeir hefðu gert ef þeir hefðu ekki verið tilbúnir til að greiða það sem þarna var verið að fjalla um.

Ég vil ítreka í lok ræðu minnar að þjónusta sérfræðinga í hjartalækningum er mjög mikilvæg, þegar maður ræðir þetta mætti kannski halda að hún væri það ekki. En þessi þjónusta er geysilega mikilvæg. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst samningar ber ég mjög mikla virðingu fyrir læknum sem þjónusta okkar íbúa, þ.e. sérfræðilæknum í hjartalækningum og öðrum læknum.

[00:29]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við ræðum að flestu leyti í þessari umræðu í kvöld ekki um frumvarpið sem slíkt heldur reglugerðina sem tók gildi 1. apríl síðastliðinn, mánaðargömul. En vegna orða hæstv. heilbrigðisráðherra í seinni ræðu sinni vil ég biðja hana að skýra nánar, þannig að það sé alveg ljóst, og upplýsa hvort samningur sem hjartasérfræðingar skrifuðu upp á, og átti að vera í gildi til 2008, sé raunverulega ekki enn í gildi. Eins og ég hef skilið dæmið var samningnum sem slíkum ekki sagt upp heldur sagði hver og einn sérfræðilæknir sig frá samningnum. Er samningurinn í gildi eða ekki?

Ég tel, hæstv. forseti, að það sé mjög skiljanlegt að sérfræðingar, hvort sem það eru hjartalæknar eða barnageðlæknar eða hverjir sem eru, séu ekki sáttir við það að kvótinn sé uppurinn 2–3 mánuðum fyrir árslok og telji sig þar af leiðandi fara með skert laun á því ári.

Hæstv. heilbrigðisráðherra telur að tilvísunarkerfið sem búið er að koma á sé komið til að vera um einhvern tíma. Þýðir það þá að ekki eigi að reyna samninga við hjartasérfræðinga. Ef verið er að gera þessa tilraun og fara þessa leið, að hafa þetta tilvísunarkerfi einhvern tíma, á þá ekki að reyna að ná samningum?

[00:31]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að það er tiltölulega nýlega sem slitnaði upp úr þessum samningaviðræðum, það er ekki langt síðan. Við höfum verið að koma á þessu nýja valfrjálsa endurgreiðslukerfi til að bregðast við þeirri stöðu. Það er það verkefni sem hefur verið á borðinu hjá okkur að bregðast við þessari stöðu sem nýlega varð ljós. Það hafði auðvitað stefnt í þetta um tíma en menn voru í samningaviðræðum og báru þá von í brjósti að samkomulag næðist en það náðist ekki. Það hefur verið verkefni okkar að bregðast við þessari stöðu og reyna að koma þessu kerfi á með eins liprum hætti og framast hefur verið kostur.

Það er alveg ljóst að engar samningaumleitanir hafa átt sér stað á þessu tímabili og það er ekki ætlunin að hefja neina samningafundi af okkar hálfu á næstunni þegar verið er að koma þessu nýja kerfi á. Það má vera að hjartalæknar nálgist okkur, ég skal ekki segja til um það. En eins og ég sagði í ræðu minni áðan er það mín skoðun að þegar bregðast þarf á þennan hátt við stöðu sem kemur upp sé eðlilegt að gera ráð fyrir að nýja kerfið gildi í einhvern tíma. Þetta eru það miklar breytingar. Það væri óbærileg aðferð að setja á nýtt kerfi og breyta því svo viku eða tveimur vikum seinna. Það er ekki boðlegt.

[00:34]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst skipta máli hvort verið er að tryggja endurgreiðslurétt til sjúklinga, og þá skiptir það í mínum huga ekki máli hvort kerfið gildir í mánuð, tvo mánuði eða heilt ár, hvort verið er að beita neyðarúrræðum eða hvort litið er á þetta sem tilraun sem verði þá að standa

einhvern tíma og þá er alveg greinilegt að það á ekki að reyna samninga. Ég held að þetta hljóti að varpa ákveðinni mynd til hjartasérfræðinga líka. Það má túlka orð hæstv. ráðherra á þann veg að búið sé að koma á kerfi til að bregðast við ákveðnum aðstæðum og kerfið komi til með að vera kerfisins vegna. Ekki virðist horft á þær ástæður sem urðu til þess að kerfið var sett á en það þarf að bregðast við þeim og aftengja kerfið og koma þjónustunni í eðlilegt horf aftur eins og hjá öðrum sérfræðingum.

Ef litið er svo á að kerfið feli í sér það miklar breytingar að það þurfi að standa einhvern tíma — ég sé reyndar ekki hvers vegna svo þarf að vera — verður líka samhliða að meta það og vera vakandi fyrir því að hægt sé að taka við tilvísunum frá öðrum læknum eins og t.d. lungnasérfræðingum. Þeir einstaklingar sem finna fyrir lungnaverk geta verið með hjartaverk og öfugt. Ef hugmyndin er sú að þetta standi kerfisins vegna um einhvern tíma þarf að horfa víðar á þetta tilvísunarkerfi.

[00:36]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Frumvarpið sem hér er flutt er ekki til að tryggja endurgreiðslurétt sjúklinga. (Gripið fram í.) Það hefur verið gert með reglugerð, tryggja endurgreiðslurétt sjúklinga sem fá tilvísun. Það hefur verið farið yfir það nokkrum sinnum hér að meginhugmyndin á bak við frumvarpið er að tryggja að þeir sem aldrei ná sér í tilvísun og fara beint til sérfræðinga án samnings geti ekki þvingað fram endurgreiðslu. Það er hugmyndin með frumvarpinu. (Gripið fram í.)

Varðandi það hvort þetta sé tilraun eða neyð þá er þetta hvorugt, það er engin neyð. Hér er um að ræða viðbrögð við stöðu sem kemur upp, alls engin neyð og þetta er ekki tilraun. Það var ekki ákveðið: Jæja, nú er best að gera tilraun og förum út í þetta. Þetta eru viðbrögð við stöðu sem kom upp þegar samningar náðust ekki og hjartalæknar kusu að ganga af gildandi samningi með sínum þriggja mánaða uppsagnarákvæðum. Með reglugerðinni er verið að bregðast við og tryggja endurgreiðslurétt sjúklings en með frumvarpinu er verið að tryggja að ríkið þurfi ekki að borga ef fólk fær sér ekki beiðni en fer beint til hjartalækna. Þannig liggur þetta mál. Ekki er verið að koma þessu kerfi á kerfisins vegna. Þetta eru viðbrögð vegna stöðu sem kemur upp. En þetta eru talsverðar breytingar og það er eðlilegt þegar breytingar af þessu tagi eru gerðar að þær standi um einhvern tíma. Ég veit ekki hvað það er langur tími (Gripið fram í.) en það er a.m.k. ekki hægt þegar svona staða kemur upp, að ekki gengur saman, að setja á tilvísunarkerfi í einhverja daga. Það væru ómögulegir samningar.

[00:38]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að ítreka nokkrar spurningar sem stóðu út af gagnvart hæstv. heilbrigðisráðherra. Hæstv. heilbrigðisráðherra var spurð um þessar samningsskyldur sem verða ekki fyrir hendi í núverandi kerfi, hvað verður um þær? Mig langar einnig að ítreka þá spurningu hvort það felist virkilega einhver stýring í þessu kerfi í ljósi þess að hæstv. heilbrigðisráðherra stýrir ekki eftirspurninni. Verði ákveðið að hafa pottinn, kvótann eins og hæstv. heilbrigðisráðherra kallar það, 100 millj. kr., síðan byrjar að saxast á þessar 100 millj. og hvað gerist í lok árs? Ég sé ekki alveg hvernig stýringin fæst með þessu kerfi umfram það sem er í dag því að eftirspurnin mun væntanlega stjórna því svo framarlega sem við skilgreinum ekki þörfina.

Ég held að það skíni líka í gegn að það kerfi sem búið er að setja á fót mun drepa allan hvata til að semja enda segir hæstv. heilbrigðisráðherra beint út að það standi ekki til að semja. Enginn fundur hefur verið haldinn síðan þessu kerfi var komið á. Það fer í bága við það sem hæstv. heilbrigðisráðherra sagði áðan að meginreglan ætti að vera samningur við viðkomandi stétt. Sú regla virðist ekki gilda lengur, ekki eftir því sem hæstv. ráðherra nálgast tilgang þessa frumvarps. Fyrst var það til að tryggja endurgreiðslurétt almennings en nú er það til að koma í veg fyrir málskotsmöguleika hinna sem fara án tilvísunar. (Gripið fram í.)

Það er kallað að Samfylkingin hafi ekki lausn. Það er lausn að semja og fyrrverandi heilbrigðisráðherrar hafa alltaf samið. Hæstv. heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttir er fyrsti heilbrigðisráðherrann sem nær ekki að semja við sérfræðilækna með þessum hætti. Það er algerlega nýtt. Hún kallar þetta nýtt kerfi og miklar breytingar, ég get tekið undir það. Þá langar mig í lokin að spyrja: Verður ekki alveg tryggt að heilbrigðisnefndin fái nægan tíma til að vinna þessa vinnu og hitta hagsmunaaðila og að þeim verði gefinn rúmur tími til umsagnar?

[00:40]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Samfylkingin neitar að svara því hvaða lausnir hún telur koma til greina ef ekki er hægt að semja. Hún ber höfðinu við steininn og segir: Það er hægt að semja. (Gripið fram í.) Þetta er málflutningurinn og ég spyr enn á ný: Hvað telur Samfylkingin að sé eðlilegt að gera ef ekki næst samningar, hvað telur Samfylkingin rétt að gera þá? Telur Samfylkingin ekki að það sé þá rétt að setja valfrjálst stýrikerfi til að tryggja endurgreiðslurétt til þeirra sem fá tilvísanir? Hvaða aðra lausn sér Samfylkingin í þeirri stöðu?

Varðandi vinnslu málsins í þinginu þá er, eins og hér kom fram áðan af minni hálfu, mjög æskilegt að þetta fari í gegn sem fyrst og það er vegna eðli málsins. Það þarf að stytta þann tíma sem mest sem hugsanlega leikur einhver vafi á að ef til málaferla kæmi gæti það mál hugsanlega tapast, þ.e. að endurgreitt yrði frá ríkinu þó að menn væru ekki með beiðni og færu beint til samningslausra lækna. Þannig að það er best að klára málið sem fyrst. Þingið ræður auðvitað för í þessu eins og venjulega en ég tel að málið sé ekki það flókið að það þurfi að taka langan tíma að greiða úr því sem er efni frumvarpsins. Menn geta vissulega rætt lengi um heilbrigðismál í víðu samhengi en ég tel að nefndin eigi að einbeita sér að því sem stendur í frumvarpinu og það eru þessar endurgreiðslur, að það sé alveg tryggt að meginhugmyndin sé einfalt kerfi, þ.e. að það eigi að greiða þeim sem eru á samningi, það sé meginhugsunin.

[00:42]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki hversu oft ég á að þurfa að segja það. Samfylkingin hefði ekki staðið á bak við valfrjálst stýrikerfi eins og hér birtist (**Gripið fram í:** Hvernig þá?) sem mismunar fólki eftir efnahag. Við hefðum ekki staðið fyrir slíku kerfi, það er hægt að fullyrða það.

Það er sagt að þessi samningur kosti 25 millj. kr. sem eru miklir peningar. Það væri fróðlegt að vita hvort sú ákvörðun, þ.e. um upphæð sem ákveðið var að verja í þjónustu hjartalækna, kemur frá hæstv. heilbrigðisráðherra eða hæstv. fjármálaráðherra. Kom hann að þessu með einhverjum hætti?

Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur heldur ekki svarað spurningu minni um að það virðist ekki vera neitt meiri stýring í þessu kerfi en í núverandi kerfi í ljósi þess að niðurgreiðslan getur einfaldlega verið minni í lok ársins þegar potturinn er búinn. Þvert á bæði formann heilbrigðisnefndar, sem sagði að þetta kerfi væri neyðarúrræði, og hv. varaformann heilbrigðisnefndar, sem kallar þessa leið tilraun, segir hæstv. heilbrigðisráðherra: Þetta er hvorugt en þetta er nýtt kerfi, miklar breytingar sem m.a. kalla á að við setjum þetta lagafrumvarp til að koma í veg fyrir málaferli. En skoðum hina hagsmunina sem eru í húfi, algera umturnun á hugsun almannatryggingakerfisins þar sem alltaf hefur verið gengið út frá því að fólk hafi aðgang að heilbrigðiskerfinu óháð efnahag og búa ekki til ramma utan um eitthvert annað kerfi eins og hér er verið að gera.

Vegum nú og metum þessa tvenns konar hagsmuni, annars vegar hugsanlega hættu á málaferlum og hins vegar þá hagsmuni sem felast í því að hafa skynsamlegt kerfi sem mismunar fólki ekki eftir efnahag eða eykur jafnvel kostnaðinn þegar á heildina er litið, eins og t.d. forsvarsmenn Landspítalans bentu á. Hugsanlega mun flæði þar aukast.

[00:45]

Heilbrigðisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kalla þetta viðbrögð, viðbrögð við stöðu sem kemur upp. Mér finnst ekki að hægt sé að kalla þetta neyð. Þetta eru viðbrögð. Mér finnst neyð vera mjög gildishlaðið orð, mér finnst þetta vera viðbrögð við stöðu sem kemur upp. Mér finnst varla hægt að kalla þetta tilraun. Auðvitað sjáum við ýmislegt í þessu kerfi en það er ekki sett á sem einhver tilraun, það er ekki hugsunin á bak við þetta. Það er verið að bregðast við stöðu sem kemur upp þegar hjartalæknar ganga af samningi sem á að gilda til 2008.

Ég hef reynt, hæstv. forseti, að fá einhverja hugsun í það hvað Samfylkingin hefði gert í þessari stöðu. Ég er búin að heyra margoft: Við hefðum samið. Ég hef reynt að særa hv. þingmenn til að segja: Hvað hefðu þeir gert ef þeir hefðu ekki getað samið, að því gefnu, og þá kemur nýjasta svarið frá hv. þingmanni Samfylkingarinnar: Ekki þetta, við hefðum ekki gert þetta. (Gripið fram í.) En það er ekki bent á neinar lausnir þannig að ég verð að segja að þessi málflutningur er frekar ódýr.

Ég ætla að gera eina tilraun enn og spyrja hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson sem kemur upp í seinna andsvari, (Gripið fram í.) hann er búinn með sín andsvör. Jæja, hann sendir mér þá tölvupóst. Hvað hefði hv. þingmaður gert að því gefnu að ekki hefðu náðst samningar og það er bannað að segja: Ekki þetta. Það verður að koma lausn. Hvert er svarið?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–21. mál.

Fundi slitið kl. 00:47.

---

114. FUNDUR

fimmtudaginn 4. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur, stjfrv., 793. mál, þskj. 1212. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 794. mál, þskj. 1213. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Almannatryggingar, stjfrv., 792. mál, þskj. 1210. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, stjfrv., 795. mál, þskj. 1244. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Framhaldsskólar, stjfrv., 711. mál, þskj. 1047, nál. 1190. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson sjútvrh., 4. þm. Norðvest.,
Jón Kristjánsson félmrh., 4. þm. Norðaust.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.,
Pétur Bjarnason, 5. þm. Norðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.

[13:31]

Útbýting:

Frestun á fundum Alþingis, 796. mál, stjtill. forsrh., þskj. 1253.

Garðplöntuframleiðendur, 757. mál, svar landbrh., þskj. 1247.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 794. mál, brtt. AtlG o.fl., þskj. 1250.

Skattbyrði, 679. mál, svar fjmrh., þskj. 1246.

Skattlagning lífeyrisgreiðslna og skattleysismörk 70 ára og eldri, 640. mál, svar fjmrh., þskj. 1245.

Skipting botnfisksafla, 778. mál, svar sjútvrh., þskj. 1222.

Tekjuskattur, 793. mál, brtt. AtlG o.fl., þskj. 1252.

Vinnsla uppsjávarfisks, 717. mál, svar sjútvrh., þskj. 1221.

Athugasemdir um störf þingsins.

Beiðni um utandagskrárumræðu.

[13:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Fyrir páska var lögð inn í mínu nafni beiðni um umræðu utan dagskrár um verðbólguhorfur og stöðu efnahagsmála og að til svara yrði hæstv. forsætisráðherra. Þessi beiðni var ítrekuð strax eftir páska og hefur vakað síðan. Vissulega hefur ýmislegt orðið í vegi þess að sú umræða gæti komist á, þar á meðal bæði fjarvera mín og hæstv. forsætisráðherra en fyrst og fremst er það þó undarlegt fundahald og skipulag á störfum Alþingis síðustu daga sem hefur valdið því að þetta brýna mál ásamt auðvitað mörgum fleirum hefur ekki komist á dagskrá og tímanum verið eytt í ýmis önnur og óþarfari verkefni.

Ég hlýt að mótmæla því og lýsa mikilli óánægju með að Alþingi fari heim þangað til í júnímánuði nk. án þess að kostur gefist á að ræða þá grafalvarlegu stöðu sem uppi er í þessum efnum. Út af fyrir sig skilur maður að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir velji þann kost að forða sér nú undan Alþingi. Þeir hafa greinilega komist að þeirri niðurstöðu að það sé ekki sérstaklega í þeirra þágu að hafa Alþingi að störfum til að fjalla m.a. um verk þeirra, nú þegar þeir eru að reyna að kaupa sér fegraða ímynd í kosningabaráttunni til sveitarstjórna í gegnum auglýsingastofur. Það passar sennilega illa við nýtilkomna umhyggju Sjálfstæðisflokksins fyrir öldruðum að málin, eins og þau raunverulega eru, séu rædd á þingi. Það passar sennilega illa fyrir Framsóknarflokkinn í Reykjavík að verk hans í ríkisstjórn séu rifjuð upp hér á þingi.

Nú fer það svo að ekki verður heldur eldhúsdagur, frú forseti, og þar af leiðandi gefast okkur ekki færi á því að ræða þessa stöðu fyrr en í júnímánuði og það er eins og ég segi mjög bagalegt. Ég hefði viljað krefja hæstv. ríkisstjórn svara um það hvort hún hyggist gera eitthvað til að reyna að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, hvort hún hyggist eitthvað gera til að reyna að verja kjör hinna lakast settu í þjóðfélaginu við þessar aðstæður.

[13:35]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Út af þessum orðum hv. þingmanns vill forseti segja þetta: Það hefur legið fyrir um sinn ósk frá hv. 5. þm. Norðaust., Steingrími J. Sigfússyni, um utandagskrárumræðu um efnahagsmál við hæstv. forsætisráðherra. Sú beiðni er ein meðal 13 annarra sem bíða og óskir hafa komið um frá þingmönnum til forseta. 10 af þeim eru fyrr fram komnar en beiðni hv. þingmanns. Forseti hafði áform um að þessi umræða og raunar fleiri gætu farið fram en nokkur röskun hefur orðið á þinghaldi síðustu daga, nefndardagar hafa verið, þingmenn hafa verið erlendis o.s.frv., auk þess sem ekki hefur verið gengið frá því við forsætisráðherra hvenær þessi umræða færi fram.

Þegar formaður þingflokks Vinstri grænna fór fram á það í gær á fundi með forseta og öðrum formönnum þingflokka um að þessi umræða færi fram í dag svaraði ég málaleitan hans þannig að ég teldi ekki rétt að veita einum þingflokki öðrum fremur heimild til utandagskrárumræðu nú á síðasta degi fyrir þetta þinghlé.

[13:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það hefði án efa verið í samkomulagi við alla stjórnarandstöðuna að þessi umræða svo og aðrar beiðnir yrðu teknar fyrir í dag en ég vil taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er fráleitt að hér skuli ekki fara fram umræða um efnahagsmálin og úrræði á því sviði eins og staðan í þeim málum er nú.

Þá vil ég árétta, hæstv. forseti, að það skrifast algerlega á ríkisstjórnina að starfsáætlun þingsins skuli nú gersamlega komin úr böndum og þingið sent heim í uppnámi og ósætti. Það er allnokkur tími síðan Vinstri hreyfingin – grænt framboð óskaði eftir því sérstaklega að við tækjum til umfjöllunar þau mál sem brýnt er að afgreiða nú fyrir vorið. Ég nefni bensínskattinn, ég nefni peningaþvætti og þar er ég aðeins að horfa til þeirra mála sem eru hér á vegum ríkisstjórnarinnar. Ég er ekki að horfa til þeirra mála sem við vildum að væru hér til afgreiðslu, kjör aldraðra, öryrkja og þeirra sem illa standa í þjóðfélaginu. Þetta skrifast á ábyrgð ríkisstjórnarinnar vegna þess að hún hefur sett sveran tappa í þinghaldið. Hún hefur lagt ofuráherslu á að koma í gegnum þingið mjög umdeildum einkavæðingarfrumvörpum sem stórlega skerða kjör ríkisstarfsmanna og eru svo umdeild að nánast allir sem koma fyrir þingnefndir fordæma þessi mál. Síðan er að koma á daginn að frumvarp frá ríkisstjórninni um Nýsköpunarstofnun hefur slíkar brotalamir að það er einnig fordæmt. Þetta er sá tappi sem ríkisstjórnin hefur sett í þinghaldið. Og nú sendir hún þingið heim og þorir ekki einu sinni að efna til eldhúsdagsumræðna eins og var á dagskrá þingsins. Þvílík framkoma.

[13:38]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Þessi geðvonska Vinstri grænna er í rauninni alveg óskiljanleg og er leiðinleg sumarkveðja frá þeim. Hvað er það sem veldur þessu upphlaupi þeirra núna? Það er að fá ekki umræðu um efnahagsmál.

Frú forseti. Það hefur varla liðið sú vika án þess að færi fram umræða um efnahagsmál. Vextir of háir, vextir of lágir, gengi of hátt og gengi of lágt eftir því hvernig vindar blása hverju sinni. Hér er stöðug umræða um efnahagsmál og samt koma fulltrúar Vinstri grænna hér froðufellandi af bræði yfir að sú umræða fari ekki fram.

Ég hélt að hv. formaður Vinstri grænna kæmi upp til að lýsa yfir ánægju með að einn af fremstu hagspekingum heimsins lýsti því yfir í gær að íslenskt efnahagslíf stæði mjög traustum stoðum og væri í stakk búið til að taka skyndiáföllum og grunnurinn í efnahagslífi okkar væri traustur. En sá ágæti maður sagði meira, hann sagði að menn gætu kjaftað sig upp í verðbólgu, menn gætu kjaftað efnahagslífið niður og það skyldi þó ekki vera, frú forseti, að þessi stöðugi neikvæði tónn stjórnarandstöðunnar sé far-

inn að vigta inn í verðbólguna? Þess vegna styð ég forseta í því verðbólgunnar vegna að efna ekki til þessarar umræðu enn einu sinni í dag.

[13:40]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er einhver furðulegasta ræða sem ég hef heyrt í langan tíma enda hefur hv. þingmaður ekki verið með okkur á síðustu vikum. Það hefur verið rætt um efnahagsmálin, það er alveg rétt. En að stjórnin, að hv. þingmenn Framsóknarflokksins skuli leyfa sér það að koma hér í ræðustól nú rétt fyrir þinghlé og segja að það eina sem sé að sé að stjórnarandstaðan vilji tala of mikið um efnahagsmálin, þess vegna fari verðbólgan upp. (Gripið fram í.) Er það nema von að það stefni niður á við í efnahagsmálum ríkisins, er það nema von ef skilningur hv. stjórnarþingmanna á efnahagsmálum ríkisins er ekki meiri en þetta? Og að stjórnarandstaðan hafi komið hér til að tala um of lága vexti. Hvenær hefur það gerst?

Virðulegi forseti. Ég kom hér upphaflega til að ræða um að nú erum við að fara heim í dag og þinghlé verður fram í júní. En þessi ræða var bara svo merkileg að það verður að vekja enn frekar athygli á henni. Við í Samfylkingunni höfum marglýst því yfir að við erum tilbúin til að gera hlé á þingstörfum og koma aftur til sumarþings. Við höfum lagt fram þingmál um breyttan starfstíma þingsins undir forustu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur en við hörmum það hins vegar að þetta skuli ekki vera gert í samkomulagi stjórnarandstöðu og stjórnar heldur er þessi ákvörðun tekin vegna þess að ríkisstjórnin hefur staðið með eindæmum illa að verki undanfarna mánuði, málin komið seint og um síðir fram, illa undirbúin, sum hrein hrákasmíði eins og Nýsköpunarmiðstöðin (**Viðskrh.:** Nei.) og allt hengt á það. Það er sama hvað hæstv. ráðherra segir. Málið er illa undirbúið, jákvæðasta umfjöllunin er frá Landsvirkjun sem segist ekki hafa skoðun á því.

[13:42]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er greinilega kátína í salnum og þingmenn væntanlega innst inni hálffegnir því að fá að sleppa út í vorblíðuna og eiga nokkra daga með kjósendum fram að mánaðamótum og ekki nema gott eitt um það að segja. Ég hygg þó, virðulegi forseti, og vil fá að lýsa þeirri skoðun minni og skoðun okkar í Frjálslynda flokknum að það hefði verið betri bragur á því að við hefðum lokið þessu með eldhúsdagsumræðum eins og áætlun hljóðaði upp á og hefur gert í allan vetur, að við hefðum lokið þingstörfum nú á vordögum með því að efna til eldhúsdagsumræðna sem hefði verið útvarpað og sjónvarpað. Ég hygg að hefði gefið þinginu miklu betri svip að standa við það. Þá hefði okkur gefist gott tækifæri til að ræða þau málefni sem brenna hvað mest á þjóðinni og það eru ekki þau mál sem við höfum verið að ræða undanfarna daga, það er ég alveg sannfærður um. Það eru að sjálfsögðu efnahagsmálin. Ríkisstjórnarliðar geta ekki sópað því undir teppið að það hefur heldur betur dregið ský fyrir sólu í þeim málefnum á undanförnum vikum og mánuðum. Ég verð að segja að ég fæ ekki alveg séð að ástandið sé svo ofboðslega bjart og þar sé sumar og sól fram undan, því miður.

Þar af leiðandi hygg ég að það hefði verið gott tækifæri fyrir okkur öll að ræða einmitt þau málefni í kvöld fyrir augliti þjóðarinnar. Það hefði verið góður bragur á því fyrir þingið, góður bragur á því fyrir okkur öll sömul. Þar fyrir utan óska ég þingheimi öllum sem og þeim sem eru að horfa, gleðilegs vors.

[13:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Hjálmari Árnasyni að þetta er algerlega óskiljanleg geðvonska sem kemur hér fram yfir því að við skulum ætla að hætta störfum í dag. Það er auðvitað þannig að við höfum verið að ræða mjög mörg merkileg mál í vetur en, eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði, kannski ekki nákvæmlega þau mál sem brenna á þjóðinni. En stjórnarandstaðan hefur hins vegar séð mikla ástæðu til þess og sérstaklega sér hv. þm. Ögmundur Jónasson mikla ástæðu til að ræða þau mál sem kannski brenna ekkert sérstaklega á þjóðinni en við, stjórnarmeirihlutinn hefðum viljað ræða þau mál. Og það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að auðvitað ber stjórnarmeirihlutinn ábyrgð á þinginu en við berum ekki ábyrgð á því málþófi sem stjórnarandstaðan stendur fyrir um hin aðskiljanlegustu mál sem eru fullunnin í þinginu og væri full ástæða til þess að ljúka og við gætum haldið áfram með þau mál sem einhverju skipta. (Gripið fram í.) Við höfum, hv. þingmaður, ekki eytt löngum tíma í sölum Alþingis í að ræða það mál, það höfum við ekki gert. En hins vegar hefur hv. þm. Ögmundur Jónasson ekki slegið slöku við að halda uppi málþófi um þau mál sem eru fullrædd og þyrfti ekki að eyða tíma í í þingsölum. En við gætum svo sannarlega rætt efnahagsmál ef tímanum hefði ekki verið svona illa varið, m.a. af hv. þm. Ögmundi Jónassyni.

Hæstv. forseti. Ég held að nú eigum við að fara heim í góðu skapi og takast á við sveitarstjórnarkosningarnar með kollegum okkar og engin ástæða sé til að vera í þessu fýlukasti hér nú.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það gleður okkur að sjálfsögðu að hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, er kominn til starfa með okkur og í sumarskapi að eigin sögn. Og þeir mega, þingflokksformenn stjórnarflokkanna, gefa sjálfum sér hvaða einkunn fyrir skaplyndi sem þeir vilja. Það breytir ekki hinu að uppi eru grafalvarlegir tímar í efnahagsmálum þjóðarinnar og það tjáir ekki fyrir hv. þm. Hjálmar Árnason eða þá stjórnarliða yfirleitt að ætla að drepa þeirri umræðu á dreif og gera hana að einhverju flissefni, eins og hér var reynt áðan. Og það dugar heldur ekki að vitna í einhvern ameríska speking.

Verðbólgan er komin á bullandi siglingu og þolendur þessa ástands eru eða verða almennir launamenn og sérstaklega skuldug heimili í landinu og það er ekkert grín. Ég get þess vegna vel verið í vondu skapi yfir því að ríkisstjórnin er núna að senda heimilunum í landinu reikninginn vegna óstjórnar sinnar í efnahagsmálum. Það er það sem ég vildi sérstaklega ræða við hæstv. forsætisráðherra. Þeir geta

hlaupið til þegar þeir hafa áhyggjur af fyrirtækjunum, að þau verði fyrir búsifjum vegna ójafnvægisins, en almenningur, launamenn, heimilin skulu sitja uppi með reikninginn af óstjórn Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnar hans í efnahagsmálum. Þetta hefði Alþingi þurft að ræða og þó það hefði tekið nokkra daga. Okkur er ekki vant um að vera í okkar vinnu. Við munum vera í sumar eftir því sem þörf krefur en ríkisstjórnin ber ábyrgð á því klúðri, þeirri klessu sem þinghaldið er komið í og hún verður að taka á sig skömmina af því hvernig þessum málum er komið.

Ég tek fram, frú forseti, að ég skil alveg aðstæður virðulegs forseta og forseti þarf ekki að uppfræða okkur þingmenn um þá röskun sem hefur orðið á þinghaldinu. Við sem hér höfum verið að störfum undanfarna daga höfum verið vitni að því. Ábyrgðin er auðvitað ríkisstjórnarinnar fyrst og fremst og þess ótrúlega sleifarlags og verkstjórnarleysis sem þar ríkir.

[13:49]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil fá að nota tækifærið og fagna því að þingið starfi í júnímánuði nk. Það er löngu tímabært að Alþingi starfi í júnímánuði og við í stjórnarandstöðunni getum sem betur fer sagt að við höfum ekki nema góða reynslu af því að ræða um málefni fjölmiðla á sumarþingum.

Það er hins vegar fullkomlega skiljanlegt að hæstv. ríkisstjórn vilji ekki hafa eldhúsdagsumræðu og ekki ræða efnahagsmál og það er auðvitað sama ástæðan og er fyrir því að við erum nú send heim í þinghlé. Ástæðan fyrir því er sú að hæstv. ríkisstjórn er að skríða heim í felur fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fara 27. maí nk. og ætlar að reyna að láta lítið fyrir sér fara í þeirri von að kjósendur Framsóknarflokksins, ekki síst kjósendur í Reykjavík, verði búnir að gleyma hæstv. ríkisstjórn á kjördag 27. maí. Það er auðvitað þess vegna sem verið er að senda þingið heim, til að hægt sé að fela ríkisstjórnina fram að 27. maí í þeirri von að óvinsældir hennar bitni ekki á Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum í þeim kosningum sem þá koma með efnahagsmálin í því uppnámi sem þau eru, með varnar- og öryggismál þjóðarinnar í því uppnámi sem þau eru, með þær deilur sem verið hafa á milli stjórnarflokkanna undanfarið og með þau frumvörp sem eru að verða landsfræg að endemum hve illa þau eru úr garði gerð, eins og það sem kom frá hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, um þrísköpunarmiðstöðina því annað er þann þurs ekki hægt að kalla, eða frá hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, um ríkisútvarp allra landsmanna.

[13:51]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Starfsáætlun þingsins er búin að vera í fullkomnu uppnámi nú um skeið. Meiri hlutinn á Alþingi hefur gersamlega tekið einhliða stjórn þingsins í sínar hendur og ekki haft nokkurt samráð við stjórnarandstöðuna um framgang þingstarfa. Í gær er tekin sú einhliða ákvörðun af hálfu meiri hlutans að senda þingið heim vegna þess að meiri hlutinn hefur ekki dug og þor til að standa áfram og reka mál sín.

Hér hafa á undanförnum dögum verið rekin af hörku af hálfu stjórnarmeirihlutans gæluverkefnin, einkavæðingarverkefnin, einkavæðing Ríkisútvarpsins, einkavæðing Landhelgisgæslunnar, einkavæðing flugmála, flugmálastjórnar og flugvalla í landinu, einkavæðing ÁTVR. (**Gripið fram í:** Þetta er hlutafélagavæðing.) Þetta hafa verið gæluverkefnin sem ríkisstjórnin hefur keyrt fram og breytt allri starfsáætlun þingsins fyrir mál sem lúta að kjörum fólks, ellilífeyrisþegum, öryrkjum, láglaunafólki, starfsfólki á heilbrigðisstofnunum, starfsfólki á elliheimilum og hjúkrunarheimilum sem eru svo skammarlega lág að erfitt er orðið að halda þeirri starfsemi eðlilega uppi og að þetta fólk hafi mannsæmandi kjör. Þessi mál skulu víkja fyrir einkavæðingarmálunum og nú þegar ríkisstjórnin sér hversu almenningur í landinu er andvígur þessum einkavæðingarfrumvörpum þá velur ríkisstjórnin að fresta þinginu og ætlar sér svo að taka þessi hryllilegu mál sem almenningur er fullkomlega á móti upp í júní. Þetta er mikill skarpleiki, frú forseti, af hálfu meiri hlutans.

[13:54]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fram kom í máli hv. þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins áðan að mörg mál sem væru samkomulagsmál væri ekki hægt að afgreiða og að mér skildist vegna frammistöðu stjórnarandstöðunnar. Ég vil taka fram að það hefur ekki verið rætt á fundum formanna þingflokka að taka samkomulagsmál og afgreiða áður en við færum í þetta nauðsynlega hlé sem nú er. Ég vil nefna sem dæmi réttindi samkynhneigðra, mál sem er alger samstaða um. Það hefur ekkert verið um það rætt að við afgreiddum það núna.

Í dag er verið að afgreiða þrjú mál í nefnd eftir 1. umr. Þingi átti samkvæmt starfsáætlun að ljúka í dag. Hér er 4. mál á dagskrá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, þ.e. 1. umr. ef leyfð verður, og við höfum boðið það fram að ef tryggt er að það sé ekki á nokkurn hátt verið að breyta kjörum þeirra starfsmanna sem þar eiga í hlut verði málið afgreitt í dag. Við höfum sýnt fullan samstarfsvilja. Og framhaldsskólarnir, 5. mál á dagskrá, sem við vildum gjarnan sjá afgreitt og þau eru mörg önnur sem við viljum sjá afgreidd.

Hæstv. forseti hefur lagt sig fram um að raða niður á dagskrá þannig að við gætum lokið þeim málum sem samkomulag er um. En hvað gerist þá? Ríkisstjórnin hefur dælt inn nýjum frumvörpum og auðvitað stöndum við hér, okkur ber skylda til þess, þegar lögð eru fram frumvörp sem eru þvílík hrákasmíði að lítill sómi er að fyrir ríkisstjórnina, þá stöndum við hér til að vekja athygli á því og við viljum að nefndir taki þann tíma sem til þarf til að ljúka málunum þannig að þau séu vel ígrunduð þegar þau koma til lokaafgreiðslu.

[13:56]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Þessi umræða kemur ekki á óvart. Það kemur heldur ekki á óvart þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfús-

son er aftur stiginn í pontu að maður heyri orð eins og klessur og klúður. Það má kannski segja að óvenjulegt sé að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir noti orð eins og hrákasmíð en hún hefur kannski orðið fyrir áhrifum frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. (Gripið fram í.)

Við vitum ofurvel að við höfum einsett okkur það á sl. hausti að reyna að hafa þetta þinghald í styttra lagi vegna sveitarstjórnarkosninganna eins og venja er til þegar sveitarstjórnarkosningar eru að vorlagi, sem er á fjögurra ára fresti. Nú stóð svo á að það tókst ekki. Nauðsynlegt var að þingið stæði venjulegan tíma og af þeim sökum komum við aftur saman í júní og það eru heldur ekki nein stórtíðindi. Þetta er í samræmi við þær venjur sem við höfum tamið okkur og ástæðulaust að vera með stóryrði af þeim sökum.

Hitt er fróðlegt að heyra hversu vel stjórnarandstæðingar eru vel að sér í skránni yfir óafgreidd þingmál. Það var mjög glöggt og gott yfirlit sem ýmsir þingmenn stjórnarandstöðunnar gáfu um hin ýmsu frumvörp ríkisstjórnarinnar og þeir byrjuðu meira að segja að velja úr hvaða frumvörp væru stjórnarandstöðunni þóknanleg og hvaða frumvörp ekki. Það sýndi sérstakan ósamstarfsvilja eða eitthvað því líkt eða illvilja okkar stjórnarsinna að við hefðum skoðun á því hvaða mál ætti að afgreiða á þinginu. En það sýndi hins vegar mikinn samstarfsvilja stjórnarandstöðunnar að hún skyldi vilja ráða því hvaða mál eru afgreidd á þinginu. Þetta er sérstakt sjónarhorn má segja en skýrir með vissum hætti af hverju þinghaldið hefur dregist eins og það hefur dregist.

Tekjuskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 793. mál (gengishagnaður). — Þskj. 1212.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SKK, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

11 þm. (ÁMöl, BjörgvS, EKG, JónK, KLM, LB, PBj, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:59]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég vil gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Frumvarpinu er ætlað að skapa íslenskum atvinnurekstri svigrúm til sveiflujafnaðar í gengismálum. Á sama tíma hefur eignarverðbólga rústað vaxtabótakerfinu og ríkisstjórnin situr með hendur í skauti og aðhefst ekki neitt. Þessi lönguskerjapólitík ríkisstjórnarinnar, þessi aðför að vaxtabótakerfinu er fjölskyldufjandsamleg og ólíðandi. Þingmenn Vinstri grænna hafa brugðist við þessum vanda með því að leggja fram breytingartillögur við frumvarpið til að leiðrétta skerðingarmörk eigna vegna vaxtabóta.

Ég segi já í þessari atkvæðagreiðslu í trausti þess að breytingartillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verði að lögum fyrir álagningu í sumar. Það verður fylgst með viðbrögðum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna í vor.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 794. mál (framlenging á lækkun olíugjalds). — Þskj. 1213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, IHÓ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SKK, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁMöl, BjörgvS, EKG, JónK, KLM, LB, PBj, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:01]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Gjöld samkvæmt þessu frumvarpi eða lögum um olíu- og kílómetragjald munu líklega hækka um 800 millj. á þessu ári vegna hækkunar á verði olíu frá áramótum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram frumvarp sem gerir ráð fyrir að 4,5% af þessu gjaldi renni til almenningssamgangna og til að auka hlut vistvænna orkugjafa í samgöngum. Þetta er í krónum talið rétt liðlega 200 millj. miðað við fjárlög. Það er brýn nauðsyn að bregðast við hækkuðu olíuverði með þaulskipulögðum, aðgengilegum og góðum almenningssamgöngum og vistvænum sjálfbærum samgöngum, draga úr einkabílisma og olíusóun. (Gripið fram í.) Það er í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar, hv. þingmaður. Ég segi já í trausti þess að tillagan verði samþykkt og að lokum, frú forseti, ég vil óska þingmönnum og starfsmönnum þingsins gleðilegs sumars og þakka fyrir samstarfið.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 792. mál (samningar við sérgreinalækna). — Þskj. 1210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]

4. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 52 shlj. atkv. að taka það til meðferðar.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, 1. umr.

Stjfrv., 795. mál (stjórn og rekstur flugvallarins). — Þskj. 1244.

[14:03]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sem lagt hefur verið fram sem þskj. 1244 en þetta er mál nr. 795 á þessu löggjafarþingi. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem greitt hafa fyrir því að mál þetta kæmi á dagskrá þessa fundar.

Frumvarp þetta á sér skamman aðdraganda eins og flestum er kunnugt en Bandaríkjamenn tilkynntu ríkisstjórn Íslands 15. mars sl. að dregið yrði stórlega úr starfsemi Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli síðar á þessu ári. Bandaríkjamenn hafa í kjölfarið sagt upp öllum íslenskum starfsmönnum sínum á Keflavíkurflugvelli, rúmlega 600 talsins og lýkur ráðningarsamningum þeirra starfsmanna sem lengstan uppsagnarfrest hafa 30. september í haust. Vegna þessara fyrirætlana og aðgerða Bandaríkjamanna þurfa íslensk stjórnvöld að gera ráðstafanir sem fyrst til að taka yfir þá starfsemi sem tilheyrir rekstri flugvallarins sjálfs og sem Bandaríkjamenn hafa annast til þessa.

Með þessu lagafrumvarpi hefur verið valin sú leið að fela Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, sem er stofnun sem þegar er fyrir hendi, að taka að sér þau flugtengdu verkefni sem Bandaríkjamenn hafa annast á Keflavíkurflugvelli á grundvelli varnarsamningsins. Ég vil leggja sérstaka áherslu á það að meginmarkmiðið með frumvarpinu er að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfni Keflavíkurflugvallar og snurðulausan rekstur hans þrátt fyrir að breyting verði á því hvaða aðili annist þá tilteknu rekstrarþætti sem hér um ræðir.

Ég vil einnig minna á að Keflavíkurflugvöllur er afkastamesta samgöngumannvirki landsins og mikilvægasti tengipunktur Íslands við önnur lönd. Keflavíkurflugvöllur er alþjóðlegur flugvöllur og hátæknivinnustaður. Þar starfar fólk með yfirgripsmikla þekkingu, menntun og réttindi sem nauðsynleg eru til að tryggja starfsemi flugvallar af þessu tagi og virkni tæknibúnaðar þar. Sú menntun og færni er vottuð af ýmsum alþjóðlegum stofnunum og fyrirtækjum.

Uppsagnir starfsmanna varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, þar með margra sem starfa að málefnum flugvallarins geta leitt til þess að vel menntað og þjálfað starfsfólk hverfi af starfssvæðinu. Með frumvarpi þessu er leitast við að fyrirbyggja að ófremdarástand skapist samfara hugsanlegu brotthvarfi lykilstarfsfólks. Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er þess vegna að finna heimild til að ráða án auglýsingar þá starfsmenn varnarliðsins sem nauðsynlegir eru til að tryggja áframhaldandi snurðulausan rekstur Keflavíkurflugvallar.

Virðulegi forseti. Með hliðsjón af því sem ég hef hér sagt að framan vil ég greina frá því hver meginatriði þessa frumvarps eru:

1. Kveðið er með skýrum hætti á um það í lögum að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sé sérstök stofnun sem annist stjórnun, rekstur og uppbyggingu flugvallarins. Stofnunin hefur til þessa starfað á grundvelli reglugerðar frá árinu 1964, nánar tiltekið reglugerðar nr. 297/1964, sem sett var með stoð í lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna.

2. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Flugmálastjórn Íslands annist eftirlit með framkvæmd flugverndar og flugöryggis á Keflavíkurflugvelli og er þetta gert til að fyrirbyggja hagsmunaárekstra þar sem ekki er eðlilegt að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar hafi eftirlit með sjálfri sér hvað þetta varðar.

3. Sérstökum flugvallarstjóra er ætlað að stjórna starfsemi og rekstri stofnunarinnar og er það í samræmi við það sem tíðkast hefur hingað til.

4. Það nýmæli er að finna í lögunum að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar er falið að bera ábyrgð á því að starfrækt sé slökkvilið á Keflavíkurflugvelli. Frumvarpið opnar þá einnig á þann möguleika fyrir flugmálastjórn vallarins að semja við sveitarfélag eða byggðasamlag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hygg ég að ýmsir athyglisverðir möguleikar geti verið fyrir í hendi í því efni.

5. Í frumvarpinu er kveðið á um það að eftir því sem við verður komið skuli bjóða því starfsfólki varnarliðsins sem sinnt hefur ákveðnum flugtengdum verkefnum á árinu 2006 störf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Þessar einingar hafa allar sinnt verkefnum sem sinna þarf áfram á flugvellinum þrátt fyrir brotthvarf varnarliðsins. Þessi störf verða undanþegin auglýsingaskyldu og byggir sú undanþága á augljósum sanngirnisrökum.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan er meginmarkmiðið með frumvarpinu að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfni Keflavíkurflugvallar og snurðulausan rekstur flugvallarins. Yfirtaka Íslands á þeim flugtengdu verkefnum sem varnarliðið hefur annast til þessa mun óhjákvæmilega hafa í för með sér aukin útgjöld ríkisins. Áætlað er að útgjöld geti aukist um allt að 1,4 milljarða vegna launa- og rekstrarkostnaðar en árétta verður að áætlun þessi er háð verulegri óvissu.

Einnig er rétt að geta þess að áætlaður stofnkostnaður, 4,3 milljarðar kr., miðast við nýbyggingar og kaup á nýjum búnaði en eins og ég gat um áðan er samningaviðræðum við Bandaríkjamenn enn ólokið og fjölmargir óvissuþættir enn þá til staðar varðandi framtíðarnotkun tækja og búnaðar á vellinum.

Ég legg ríka áherslu á það, virðulegi forseti, að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar fái ráðgert svigrúm til að takast á við hin auknu verkefni sín. Sérstaklega er mikilvægt að stofnunin fái svigrúm að því er varðar ráðningar á lykilstarfsfólki úr hópi starfsmanna varnarliðsins. Lykilatriðið er að tryggja rekstrarhæfni Keflavíkurflugvallar, þjóð-

arflugvallar okkar þannig að sómi sé að og öryggi í flugsamgöngum okkar Íslendinga sé ávallt tryggt.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frumvarpi þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. utanríkismálanefndar.

[14:10]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er kannski ekki beinlínis andsvar heldur hafa vaknað spurningar við lestur þessa frumvarps sem mig langar til að beina til hæstv. utanríkisráðherra.

Fyrir það fyrsta langar mig til að grennslast fyrir um hvort gerð hafi verið einhver úttekt á því hversu margir af þeim sem nú starfa eða heyra undir þau störf sem hér eru talin upp hjá slökkviliði, snjóruðnings- og brautadeild, rafeindadeild, voltadeild og verkfræðideild, mundu halda áfram að starfa á flugvellinum eftir þessar breytingar. Og hversu margir mundu þá hugsanlega hætta og hvort stjórnvöld hafi hugleitt með hvaða hætti störfum þeirra mundi ljúka, hvort gerðir yrðu starfslokasamningar við þá starfsmenn eða hvort þeir yrðu að reyna að spjara sig upp á eigin spýtur.

Önnur spurning sem ég velti fyrir mér er í framhaldi af því sem kemur fram varðandi hugsanlegan kostnað. Hér er talað um í fylgiskjali að matsvirði fasteigna og tækja geti verið um 4,3 milljarðar. Þetta er nokkuð há fjárhæð. Liggur fyrir að hve miklu leyti okkur stendur til boða að taka við bæði fasteignum en líka tækjabúnaði? Því ég hygg að margt af þeim búnaði sem þarna er sé mjög dýr. Slökkviliðið þarf slökkvibíla og snjóruðningsdeildin þarf áfram sín snjóruðningstæki og annað þar fram eftir götunum. Liggur eitthvað nánar fyrir um það hvort við Íslendingar „fáum að erfa þennan búnað" og greiðum þá eitthvað fyrir og þá hversu mikið og að hvaða leyti við munum taka við þessum búnaði?

[14:12]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú tala sem nefnd er í kostnaðaráætlun er áætluð tala um hvað það mundi kosta að kaupa nýjan búnað og reisa þessa starfsemi frá grunni hvað varðar tæki og búnað. Þess vegna ber að taka þessari tölu með miklum fyrirvara. En ég hef gert ráð fyrir því að við munum yfirtaka tæki og búnað núverandi slökkviliðs á vellinum og ekki greiða neitt fyrir það.

Hvað varðar starfsmenn vallarins þá hef ég ekki neinar tölur yfir það hversu margir munu hugsa sér að halda þar áfram eða hversu margir munu vilja fara í önnur störf eða eiga kost á öðrum störfum. Það er eitt af því sem verður að skýrast í framhaldinu. Það sem núna gerist ef þetta frumvarp verður að lögum er að Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli mun fara í að vinna úr þáttum sem þessum. Því til viðbótar er svo samstarfsnefnd ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna og þau verkefni sem er verið að vinna á Suðurnesjum af hálfu heimamanna þar til að auðvelda mönnum að finna ný atvinnutækifæri ef því er að skipta, ef menn þurfa á því að halda. En þetta er eitt af því sem er í vinnslu. Það er hins vegar mjög mikilvægt að óvissunni varðandi þessi mál létti, að allir þeir sem eiga þarna hagsmuna að gæta og stunda þarna vinnu viti af því að það kemur nýr vinnuveitandi. Varnarliðið verður ekki lengur vinnuveitandi heldur Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli og hún mun tryggja að þeir rekstrarþættir haldi áfram sem varnarliðið hefur séð um hingað til, þannig að fyrir notendur vallarins mun þetta vonandi þá engu breyta.

[14:14]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg hjartanlega sammála því að það er mjög mikilvægt að þeirri óvissu verði aflétt sem ríkir nú varðandi framtíð á Keflavíkurflugvelli og þá kannski ekki síst varðandi framtíð þeirra starfsmanna sem þar eru. Þetta frumvarp nær yfir ansi marga menn. Hér er verið að tala um u.þ.b. 150 starfsmenn sem að sjálfsögðu eru nokkuð uggandi um hag sinn núna. Ég hygg og trúi því í fullri einlægni að þegar þetta frumvarp verður að lögum muni það á vissan hátt eyða óvissu um framtíð fjölmargra af þessum ágætu starfsmönnum. Það kemur fram í þessu frumvarpi að þarna er falinn mjög mikill mannauður. Þarna er fyrir hendi mjög mikil þekking sem hefur orðið til í áranna rás, þekking varðandi rekstur svona flugvallar, svona mikils samgöngumannvirkis. En við megum þó ekki gleyma því, virðulegi forseti, að sennilega mun það verða svo að einhverjir muni falla á milli tveggja stóla, ef svo má segja, og ég tel að það sé mjög mikilvægt að við ræðum það í dag og gleymum því ekki í umræðunum í dag að við þurfum að leysa úr vandkvæðum þeirra sem ekki munu fá vinnu áfram við Keflavíkurflugvöll. Ég býst fastlega við því að málefnalegar umræður geti spunnist um það í dag því ég tel mjög mikilvægt að við gleymum þessu fólki ekki.

[14:16]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í örstuttu máli. Það er mikið fagnaðarefni hve ríkisstjórnin tekur fljótt á þessum málum og eyðir þar með óvissu fjölda starfsmanna á Keflavíkurflugvelli. Það er rétt, eins og kom fram hjá hæstv. utanríkisráðherra, að þarna er að störfum hópur manna sem hefur mikla þekkingu og reynslu.

Hins vegar hefur oft verið rætt um hvort vera eigi flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli auk Flugmálastjórnar Íslands sem er yfir öllum öðrum flugvöllum í landinu. Rætt hefur verið um að mikið hagræði væri að því og jafnvel nauðsynlegt að sameina flugmálastjórnirnar þannig að það væri ein og sama flugmálastjórn yfir öllu landinu. Þess vegna beini ég þeirri spurningu til hæstv. utanríkisráðherra: Hvert stefnir í þessu máli? Þetta spor er stigið af skiljanlegum ástæðum en hvert stefnir þegar til framtíðar er litið? Hyggst utanríkisráðherra beita sér fyrir því að þetta fari í þann farveg sem allir vilja, þ.e. ein flugmálastjórn yfir öllum flugvöllum landsins?

[14:17]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefði kannski mátt koma skýrar fram í máli mínu þegar ég mælti fyrir frumvarpinu að þær ráðstafanir sem hér er verið að leggja til eru eingöngu hugsaðar til að tryggja snurðulausa framkvæmd vallarins við nú-

verandi aðstæður. Ekki er tekin afstaða til þess í frumvarpinu hvernig framtíðarskipan þessara mála eigi að vera eftir einhvern tíma heldur miðast þetta við að við komum okkur út úr því óvissuástandi sem nú hefur ríkt og að tryggjum eðlilegan rekstur. Síðan verður að nýju spurning sem við svörum þegar okkur hentar sjálfum hvort skipulag flugmálanna þarna eigi að vera eitthvað öðruvísi en það er núna. Við erum að bregðast við óvæntum aðstæðum og gerum það með þessum hætti.

Hins vegar er það skoðun mín að eftir að hlutverk flugvallarins í Keflavík breytist með þeim hætti sem nú er fyrirsjáanlegt, að hernaðarflug minnkar mjög stórlega og venjuleg borgaraleg flugumferð með farþegaflugvélar og frakt verður aðalstarfsemin þarna, eigi yfirstjórn þessa flugvallar að flytjast undir samgönguráðuneytið. Það verður því verkefni samgönguráðuneytisins, sem verður þá með öll þessi mál á sinni hendi, að gera það upp við sig hvort reka eigi þessa starfsemi áfram sem eina sérstaka stofnun á Keflavíkurflugvelli eða hvort sameina eigi þetta allt undir einni sameiginlegri flugmálastjórn fyrir flugvelli landsins. Ég tel að sú spurning sé enn þá opin og það eigi eftir að svara henni til framtíðar. En að því leyti til má segja að frumvarpið sem ég flyt hér sé um bráðabirgðaráðstafanir eða ákveðna millileið á meðan við erum að ganga frá öllum þeim málum og lausu endum sem í þessu eru, m.a. gagnvart Bandaríkjamönnum.

[14:19]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þetta frumvarp til laga um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar skuli komið fram þannig að hægt sé að bregðast við þeim vanda sem óneitanlega hefur komið upp við það að varnarliðið hefur sagt upp flugvallarstarfsmönnum á Keflavíkurflugvelli. Að vísu er frumvarpið svolítið seint fram komið og lítill tími gefst til afgreiðslu en ég held þó að nauðsynlegt sé að taka það á dagskrá, eins og afbrigðin gefa til kynna og allir þingmenn sem hér voru í salnum töldu, til að hægt verði að taka á þessu sem fyrst.

Það er mjög mikilvægt að óvissu varðandi starfrækslu Keflavíkurflugvallar og störf þeirra manna sem þar starfa ljúki. Þetta frumvarp er lagt fram til að enda óvissuna og eins og ég sagði, betra seint en aldrei.

Frumvarpið tekur líka á nokkrum öðrum atriðum. Það kemur fram í 1. gr. að utanríkisráðherra ákveður hvar aðsetur þessarar stofnunar skuli vera og mér þætti vænt um ef hæstv. utanríkisráðherra gæti svarað því á eftir hvort einhverjar hugmyndir séu uppi um það hvar aðsetur stofnunarinnar eigi að vera. Eins kemur fram að utanríkisráðherra muni setja reglugerð þar sem kveðið er nánar á um skipulag og starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og virðist vera ansi opið í frumvarpinu hvað á að vera í þeirri reglugerð og því væri gott að fá að heyra einhverjar hugmyndir um það.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sé heimilt að semja við sveitarfélag eða byggðasamlag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðs á Keflavíkurflugvelli. Ég veit að heimamenn eru fullir áhuga á að eiga viðræður við utanríkisráðuneytið um rekstur slökkviliðsins og menn eru jafnvel tilbúnir til þess að horfa talsvert víðar yfir það svið til að tryggja faglegan og góðan rekstur á slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Lögin öðlast gildi 1. júní 2006 fyrir utan ákvæðið til bráðabirgða en ákvæðið til bráðabirgða kveður á um að eftir því sem við verði komið skuli bjóða því starfsfólki störf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sem unnið hefur á árinu 2006 hjá þeim deildum varnarliðsins sem taldar eru upp í frumvarpinu en þær eru slökkviliðið, snjóruðnings- og brautadeildin, rafeindadeildin, voltadeildin og verkfræðideildin. Hvað orðalagið „eftir því sem við verður komið“ þýðir væri gott að fá svar við. Ég sé það í athugasemdum við frumvarpið að talað er um að þeir sem starfað hafa á árinu 2006 við þessi störf hafi forgang til þessara starfa og vona ég að það sé réttur skilningur.

Það segir í ákvæðinu til bráðabirgða að flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli undirbúi og annist ráðningar í framangreind störf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar í samráði við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra heyrir þetta undir utanríkisráðuneytið þó að menn sjái það kannski fyrir sér í framtíðinni að þessi rekstur eigi frekar heima undir samgönguráðuneytinu og því er væntanlega kveðið á um það að hafa þurfi samráð við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Það er undanþága í frumvarpinu frá því að þurfa að auglýsa þessi störf eins og ráð er fyrir gert í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Tel ég alveg eðlilegt að menn horfi til þess að hér eru sérstakar aðstæður uppi og nauðsynlegt að snúa sér þannig í því að þeir sem nú vinni þessi störf hafi forgang að þeim störfum. Ég tel að við getum litið á það sem er að gerast þarna á flugvellinum með svipuðum hætti og aðilaskipti að fyrirtækjum. Það er í raun og veru óbreyttur rekstur í gangi áfram en nýr aðili tekur við fyrirtækinu og rekstri þess. Við eigum lög um aðilaskipti að fyrirtækjum og mér leikur forvitni á að vita hvort menn munu ekki horfa til þeirra laga þegar metið verður með hvaða hætti þessir starfsmenn komast á nýja ráðningarsamninga hjá nýjum vinnuveitanda.

Segja má að forsendan fyrir því að taka þetta mál og afgreiða það hratt og vel á þinginu sé að þeir sem þarna starfi hafi tryggingu fyrir því að kjör þeirra muni ekki skerðast og réttindin ekki heldur eftir að þeir eru ráðnir hjá nýjum aðila, eins og lög um aðilaskipti gera ráð fyrir. Því langar mig að spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvort það sé ekki réttur skilningur að þessi bráðabirgðaaðgerð, eins og hæstv. ráðherra lýsti þessu áðan, til að tryggja snurðulausan rekstur á Keflavíkurflugvelli muni fara fram með þeim hætti að þeir sem nú starfa við þessi störf hafi þar ákveðin kjör, hafi þar ákveðin réttindi, veikindarétt o.s.frv., og að ekki séu uppi hugmyndir um að skerða í neinu þann rétt. Mér finnst það grundvallaratriði í þessu máli þegar við tökum það fyrir og afgreiðum það svona hratt að fyrir liggi að ekki sé um það að ræða að skerða eigi kjör.

Annað sem menn hafa velt fyrir sér og vekur ákveðnar áhyggjur er að varnarliðið hefur tekið reglulega saman skýrslur um heilsufar starfsmanna og er spurning hvað verður um þessar skýrslur við aðilaskiptin. Munu þessar skýrslur fara í hendur heilbrigðisyfirvalda eða mun þeim

verða eytt? Það hlýtur að vera mikilvægt að þessar skýrslur sem til eru um heilbrigðisástand starfsmanna hjá varnarliðinu liggi ekki á glámbekk og fari ekki á flakk.

Í viðtali við hæstv. utanríkisráðherra í Fréttablaðinu í morgun kemur fram að það sé brýnt að eyða óvissu starfsfólksins og afgreiða frumvarpið nú eða eigi síðar en eftir sveitarstjórnarkosningar, eins og hæstv. ráðherra segir í viðtalinu við Fréttablaðið í morgun. Ég held að það sé algerlega nauðsynlegt að afgreiða þetta frumvarp nú og það geti ekki beðið fram yfir sveitarstjórnarkosningar. Meginástæðan fyrir því í mínum huga er sú að það er ekki boðlegt að bjóða starfsmönnum sem búið er að segja upp, og margir hverjir eiga að hætta störfum um mánaðamótin maí/júní eða 31. maí, upp á það að þeir þurfi að bíða eftir því fram á síðasta dag í uppsagnarfresti sínum, þótt búið sé að leggja fram frumvarp og taka um það 1. umr., hvort þetta verði að lögum og hvort hægt verði að ráða þá á þeim kjörum sem hér er talað um. Því tel ég mjög mikilvægt að þetta verði afgreitt núna áður en hlé verður gert og lýsi því yfir fyrir hönd Samfylkingarinnar að við erum tilbúin til þess að gera það að uppfylltum þeim fyrirvara sem ég nefndi áðan, að ekki sé um það að ræða að verið sé að skerða kjör þessara manna. 13 af 14 starfsmönnum sem sinnt hafa hreinsun og eftirliti á flugbrautum eru með uppsagnarfrest sem rennur út 31. maí. Ef við náum ekki einhverra hluta vegna að klára þetta mál og ráða þessa menn aftur til starfa eða þeir færu vegna þess hve stutt er eftir af uppsagnarfresti þeirra, ef við ætlum að draga það að afgreiða málið misstum við þarna verulega mikla sérþekkingu og starfsreynslu sem þessir menn hafa.

Að endingu, frú forseti, þætti mér vænt um ef hæstv. utanríkisráðherra gæti svarað þeim spurningum sem ég hef lagt fram og þá fyrst og fremst og sérstaklega spurningunni um kjör starfsmanna.

[14:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu ljóst að gera þarf ráðstafanir vegna yfirtöku okkar Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar og hefði svo sem mátt vera betur undirbúið, því að það hefur legið nokkuð ljóst fyrir, a.m.k. að mínu mati, undanfarin ár að að því drægi. Ég hef flutt tillögur um það í þinginu undanfarin allmörg ár að undirbúnar yrðu ýmsar ráðstafanir sem tengdust þessum óumflýjanlegu og gleðilegu tímamótum. Það hefur einkum verið tvennt sem blasað hefur við að takast þyrfti á við, þ.e. annars vegar það sem lýtur að yfirtöku rekstrarins þarna og hins vegar það sem lýtur að viðskilnaði Bandaríkjamanna, að þeir hreinsi upp ruslið eftir sig o.s.frv.

Hæstv. utanríkisráðherra kemur hér með frumvarp sem getur varla kallast annað en bráðabirgðaráðstöfun og hæstv. ráðherra má eiga það að hann dró ekki dul á að þetta væri í raun og veru bráðabirgðaráðstöfun eða redding eins og það heitir á talmáli. (**Utanrrh.:** Fyrir norðan?) Ja, það heitir það víðar á landinu, hygg ég, hæstv. ráðherra, eða að verið sé að bjarga í horn, ef hæstv. ráðherra kann það tungutak betur, með þessu frumvarpi. Ég geri engar athugasemdir við það að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar verði falið þetta verkefni til bráðabirgða a.m.k.

Hitt er svo annað mál og það hugðist ég einmitt gera að umtalsefni sem reyndar kom aðeins inn í orðaskipti í andsvörum og svörum áðan að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það væri auðvitað alveg út úr kú að eitt mikilvægasta og í raun má segja mikilvægasta samgöngumannvirki þjóðarinnar heyrði ekki undir samgönguráðherra og það hefur auðvitað ekkert verið annað en viðkvæmnin gagnvart Kananum sem hefur valdið því. Þegar flugstöðin var í byggingu á sínum tíma hreyfðum við þeim sjónarmiðum að að sjálfsögðu ætti að færa byggingarsvæðið út fyrir eða endurskilgreina svokölluð varnarsvæði þannig að flugstöðin gæti verið borgaralegt samgöngumannvirki. En menn voru nú að mjólka kúna og Kaninn átti að borga í þessu 40% eða hvað það nú var eða 60, en reyndist talsvert minna þegar upp var staðið vegna þess að það var föst upphæð. Síðan fór hönnunar- og byggingarkostnaður upp úr öllu valdi og Íslendingar sátu eftir með þann skell og það má færa að því rök að við hefðum jafnvel komist af með minni fjármuni ef við hefðum afþakkað þetta framlag frá Kananum, byggt þessa flugstöð sjálfir og hannað hana eftir okkar þörfum. En menn muna það kannski hversu fáránleg sóun af ýmsu tagi var fólgin í stöðlunum sem Kaninn þvingaði inn í bygginguna og því að taka mið af stöðlum hersins. Menn geta séð ef þeir skoða bygginguna grannt þá er þar ýmis fáránleiki sem alls ekki á erindi inn í íslensk mannvirki og íslenskar aðstæður eins og einangrun á frárennslisrörum, rakagildrur, engissprettugildrur í niðurföllum og annað í þeim dúr sem ég hef ekki heyrt að mikil þörf sé fyrir á Íslandi.

Þetta mannvirki og þessi starfsemi í heild sinni á auðvitað að vera hjá samgönguráðherra, (Gripið fram í.) að sjálfsögðu. Þar erum við hæstv. utanríkisráðherra þá hjartanlega sammála og ég vona að hæstv. ráðherra undirbúi þær breytingar eða þeir í samstarfi hæstv. samgönguráðherra og hæstv. utanríkisráðherra. Það er ekki eftir neinu að bíða með það. Þessi arfleifð hersetunnar sem mikilvægt er að afmá eins hratt og mögulegt er í öllu tilliti á auðvitað að fara á öskuhauga sögunnar með þessu tímabili eins og það leggur sig.

Frú forseti. Það er freistandi að minnast aðeins á stöðu málsins að öðru leyti og þar vil ég bara segja að að mínu mati hefur ríkisstjórnin staðið illa að viðræðum við Bandaríkjamenn um brotthvarf þeirra og höfum misst það mál inn í afar óheppilegan farveg. Í stað þess að stilla Bandaríkjamönnum upp og gera til þeirra kröfur þá er setið og beðið eftir tillögum af þeirra hálfu um framtíðarfyrirkomulag mála í Keflavík. Auðvitað blasir það við hverjum manni og það heyrir maður umsvifalaust ef maður fer um á Suðurnesjum nú að hagsmunirnir eru fólgnir í því að losna við Kanann fyrir fullt og allt endanlega og hreint og gera málin upp, fá svæðið og aðstöðu og mannvirki yfir til borgaralegra nota og geta óhindrað farið að spila úr þeim möguleikum sem þar opnast. Það væri versta niðurstaðan af öllum mögulegum ef þarna hængi áfram einhver óvissa yfir vötnunum og við gætum t.d. ekki gengið í að endurskipuleggja málin þarna á hreinu borði.

Það hefur líka verið staðið ákaflega sleifarlega að fleiri þáttum og það var alveg undarlegt að sjá að það dróst um vikur og aftur vikur að ríkisstjórnin gæti skipað samráðs-

nefnd með heimamönnum sem þó hafði verið lofað. Hæstv. ráðherrar spýttust til Suðurnesja og héldu stórfundi í Stapanum, a.m.k. framsóknarmenn og þá stóð ekki á því að þeir færu suður eftir. En svo liðu margar vikur og ekkert gerðist í framhaldinu. Ástandið gagnvart starfsmönnunum sem þarna eiga í hlut er þannig að þeir eru búnir að ganga með uppsagnarbréf upp á vasann vikum eða jafnvel mánuðum saman en það hefur ekkert verið við þá talað. Slökkviliðsmennirnir t.d. segja manni þá sögu að þeir hafi bara gengið með uppsagnarbréfið upp á vasann og verið í algerri óvissu um það sem við tekur. Það er vissulega til bóta að fá þó þetta frumvarp og gera það að lögum og það opnar möguleika á að endurráða þá og það er vel og þess vegna munum við greiða götu þess en staðan hefur hins vegar ekki verið forsvaranleg. Þeir hafa t.d. ekki notið sömu kjarabóta og aðrir slökkviliðsmenn í landinu vegna þess að þeir hafa enn verið undir því launaþaki sem varnarliðið þvingaði einhliða fram gagnvart starfsfólki sínu. Auðvitað hefur þessi staða alls ekki verið forsvaranleg.

Það síðasta, frú forseti, sem ég ætla að hnykkja á eða gera að sérstöku umtalsefni er nauðsyn þess og mikilvægi að menn vandi sig gagnvart starfsfólkinu sem þarna á í hlut og ræði við það og samtök þess og vinni alla þessa hluti í samráði við samtök starfsmanna. Ég skora á hæstv. utanríkisráðherra að gera allt sem í hans valdi stendur til að tryggja að svo verði gert.

Ákvæði til bráðabirgða kemur inn á þetta sérstaklega. Orðalagið þar er kannski ekki endilega það sem maður hefði helst kosið en þar segir í 1. mgr. að eftir því sem við verði komið skuli bjóða því starfsfólki störf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sem unnið hefur á árinu 2006 hjá eftirtöldum deildum varnarliðsins o.s.frv. Hvað þýðir orðalagið þarna „eftir því sem við verði komið"? Getur hæstv. utanríkisráðherra farið aðeins betur yfir það og hvers vegna þarf að orða þetta svona? Er ekki ljóst að í raun og veru er einfalt mál að bjóða öllum sem það vilja endurráðningu? Þarf ekki allt þetta starfslið til að reka völlinn? Eða ekki ætla menn að fara að fækka frekar en nú er, t.d. í brautarþjónustunni? Um hvað hefur umræðan verið síðustu árin? Að Kaninn hefur sagt upp svo mörgu fólki að þetta er komið niður í alger lágmörk, jafnvel hvað varðar öryggismörk, það mannahald sem þarna er til staðar í dag. Um það hefur umræðan verið. Þess vegna vekur það undrun að ekki skuli ósköp einfaldlega vera hægt að segja: Allir þeir sem þess óska skulu eiga kost á endurráðningu hjá flugmálastjórn, og það er vel réttlætanlegt við þær aðstæður að víkja til hliðar eins og þarna er gert með síðasta málslið bráðabirgðaákvæðisins, ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, þ.e. skyldunni að auglýsa störf. Við þessar sérstöku aðstæður hygg ég að enginn verði til að hreyfa andmælum við því þannig að unnt sé að ganga frá þessum málum fljótt og vel gagnvart starfsmönnum og þeir sem þess kjósa eigi ósköp einfaldlega rétt á endurráðningu. Það kann vel að vera og er líklegt að einhverjir séu þannig staddir á spori að þeim henti að láta bara af störfum sökum aldurs t.d. við þessi tímamót og gott og vel. En ég spyr: Er ekki útlátalaust að gera þetta þannig úr garði að allir eigi þennan rétt sem þess óska? Það hefði ég helst kosið að væri, frú forseti.

Ég á þess kost að fara aðeins yfir málið á nefndarfundi sem hér verður væntanlega skotið inn á milli umræðna og skal þess vegna tímans vegna ekki hafa þessi orð fleiri.

[14:37]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með að þetta frumvarp skuli hafa komið strax fram og ekki síður að lýsa ánægju minni með að þingheimur skuli hafa samþykkt að taka það inn með svokölluðum afbrigðum og lýsir væntanlega vilja þingsins að mestu leyti til efnisatriða þessa frumvarps. Það er nefnilega svo eins og fram hefur komið í umræðunni að málið er af þeim toga að það er mjög mikilvægt að eyða óvissu og mikilvægt að þetta mál gangi hratt í gegnum þingið og fyrir því eru tvær meginástæður. Önnur er auðvitað sú að eyða óvissu gagnvart því fjölmarga starfsfólki sem vinnur á Keflavíkurflugvelli en jafnframt og í beinu framhaldi af því vegna öryggismála þjóðarinnar því að segja má Keflavíkurflugvöllur sé megingluggi þjóðarinnar til útlanda og mikilvægt að halda honum opnum þó að þessar snöggu breytingar hafi orðið á umhverfi hans.

Innan vallarins hefur myndast mikil sérfræðikunnátta og ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það er mjög mikilvægt þjóðarinnar vegna að halda þeirri sérfræðikunnáttu og þessum sérfræðistörfum þannig að hægt sé að bregðast fljótt og vel við og bjóða starfsfólki vinnu við þau störf sem starfsfólk hefur sérhæft sig í.

Nú er það svo, frú forseti, að í rauninni kemur sú staða sem orðin er ekki á óvart en segja má að það hafi gerst með miklu sneggri hætti en reikna mátti með og eins og fram hefur komið í umræðunni má segja að framkoma Bandaríkjamanna gagnvart okkur hafi í rauninni verið óskiljanleg. Þegar viðræður eru í gangi og í miðjum klíðum á milli þessara tveggja vinaþjóða þá skuli Bandaríkjamenn einhliða taka þessa ákvörðun og gera lítið úr varnarsáttmálanum sem hefur verið á milli þjóðanna og sýnt okkur í rauninni lítilsvirðingu með þessari framkomu. En þetta er staðreynd sem liggur fyrir, varnarliðið virðist vera á förum og þá er mikilvægt að bregðast við vegna þeirrar sérhæfingar sem lýtur að rekstri alþjóðaflugvallar og til að geta boðið því starfsfólki sem þarna er áframhaldandi vinnu. Þess vegna er mikilvægt að frumvarpið gangi hratt í gegn og ég fagna því þverpólitíska samkomulagi sem er hér innan þingsins um að láta málið ganga það hratt í gegn að það náist jafnvel að ljúka því í dag og þar með er óvissu eytt og starfsmenn vita þá að hverju þeir ganga. Ég tek þó undir þær spurningar sem hér hafa komið fram varðandi kjör starfsfólksins. Ég hygg þó að það sé ekki alveg rétt sem fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að launakjör starfsmanna slökkviliðsins innan vallar séu undir almennum kjörum slökkviliðsmanna í landinu. Það hefur einmitt verið öfugt, starfsfólk varnarliðsins hefur yfirleitt verið með heldur hærri laun en þeir sem eru utan varnarsvæðis og það hefur beinlínis verið launastefna varnarliðsins í því skyni að halda stöðugleika í starfsmannaveltu. Enda er það svo að hundruð starfsmanna hafa starfað þar áratugum saman.

Frumvarpið er í sjálfu sér einfalt. Það lýtur að þeirri heimild flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli að bjóða nú-

verandi starfsmönnum varnarliðsins störf sem opinberir starfsmenn hjá flugmálastjóranum á Keflavíkurflugvelli og jafnframt er opnað fyrir þann möguleika að sama embætti geti samið við slökkvilið eða byggðasamlag sem rekur slökkvilið um að annast rekstur slökkviliðsins. Ímynda ég mér að þar hafi menn í huga Brunavarnir Suðurnesja, að geta skipulagt þær á heildrænan hátt á þessu landsvæði sem er ekki mikið um sig að flatarmáli og því ekki óeðlilegt að líta til Brunavarna Suðurnesja með heildarskipulag á slökkviliði fyrir þetta svæði.

Ég vek líka athygli á því að hér er tekinn af allur vafi um að tekjur af lendingargjöldum og gjaldtaka vegna öryggis- og leitarþjónustunnar, ef það má kalla hana svo, skuli enda á Keflavíkurflugvelli eins og verið hefur að nokkru leyti nú um hríð en sú var tíðin að hluti af þessum tekjum rann víða um landið. Hér er tekinn af allur slíkur vafi enda er ljóst að kostnaður okkar sem þjóðar af því að taka við rekstri flugvallarins nemur vel á annan milljarð kr. og er það eiginlega nýlunda þar sem varnarliðið hefur staðið undir þessum rekstri.

Í sjálfu sér þarf ekki mikið að segja. Ég árétta það og fagna því að frumvarpið skuli hafa komið fram og það sé þessi þverpólitíska samstaða um að láta málið ganga hratt og örugglega í gegn enda er hér um lágmarksbreytingar að ræða til að geta brugðist við gagnvart starfsfólki og gagnvart því að halda rekstrinum óbreyttum, þ.e. að halda rekstri flugvallarins opnum þó að varnarliðið annist hann ekki lengur.

Það sem hins vegar mun gerast í framhaldinu er ýmislegt og þar eiga örugglega eftir að verða miklar umræður innan þings eins og annars staðar. Ég nefni það sem hér hefur komið fram í umræðunni, það er vistun á Keflavíkurflugvelli þegar varnarliðið er farið og yfirráð varnarliðsins eru ekki lengur fyrir hendi, hvort þá sé eðlilegt að vista yfirráðin stjórnsýslulega undir samgönguráðuneyti eins og aðrar samgöngur. Það er umræða sem á eftir að fara fram og ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli ekki stíga frekari skref að þessu sinni þannig að hægt sé að keyra þetta hratt í gegn en síðan þarf umræðan um hina þættina að þroskast.

Í þessu samhengi hljótum við líka að velta upp þeirri spurningu þótt ekki sé hægt að svara henni á þessari stundu þar sem viðræður við varnarliðið standa yfir: Ef varnarliðið fer burt með allt sitt hafurtask hvað verður þá um hin miklu mannvirki sem þarna eru? Þarna eru stórar og erfiðar spurningar sem við verðum þó að hugleiða. Svarið verður auðvitað ekkert í þessari umræðu en ég hygg samt að við megum ekki draga það mjög lengi að leita að slíku svari því það hefur mikil áhrif hvernig við svörum þeirri spurningu um hvað eigi að verða um mannvirkin. Á að verða þarna draugabær sem Bandaríkjamenn vilja hafa svona til taks ef aðstæður skyldu breytast? Á að rífa öll mannvirkin, þessi glæsilegu mannvirki sem nýbúið er að taka í gegn eða á að nýta þetta til atvinnuuppbyggingar sem alþjóðlegt kvikmyndaver, háskólaþorp og aðrar slíkar hugmyndir sem menn hafa verið með í umræðunni? Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að fara í gegnum þetta en útgangspunkturinn hlýtur þó alltaf að ráðast af niðurstöðunni úr samningaviðræðum við Bandaríkjamenn. Ég árétta að ég tel að Bandaríkjamenn hafi komið dólgslega fram við okkur sem þjóð og við hljótum að taka varnarsamninginn á þeim grunni til endurskoðunar.

Að lokum, frú forseti, þessari umræðu hlýtur einnig að fylgja hið eilífa deilumál um staðsetningu innanlandsflugsins. Nú verðum við að svara þeirri spurningu sem þjóð hvort við teljum okkur hafa efni á að reka tvo flugvelli og í loftlínu líklega ekki nema 40 km á milli þeirra. Það kostar vel á annan milljarð kr. að halda uppi rekstri flugvallar á Miðnesheiði og ætli það muni ekki kosta hátt í 500 millj. að reka Reykjavíkurflugvöll. Ef svo fer að borgarfulltrúar í Reykjavík taka ákvörðun um að vísa Reykjavíkurflugvelli burt þá þurfum við að svara því hvort við viljum byggja upp nýjan flugvöll sem sérfræðingar segja að kosti 10–12 milljarða kr. Höfum við efni á því, hafandi stóran og mikinn flugvöll í 40 km fjarlægð í loftlínu, á sama tíma og við erum að tvöfalda Reykjanesbraut og hugmyndir eru uppi um að setja jarðgöng frá Straumsvík og yfir í Kvosina? Þetta eru auðvitað spurningar sem hljóta að koma upp í kjölfarið en þær snerta auðvitað ekki það frumvarp sem hér er til umræðu, eru kannski frekar afleiðing af því og geri ég ráð fyrir að þegar þing kemur saman aftur í lok maí og í júnímánuði þá muni sú umræða fara fram. Ég árétta að efni þessa frumvarps er fagnaðarefni og fagna því enn frekar að það skuli stefna í að það renni í gegn á einum degi þannig að óvissu gagnvart starfsfólki verði eytt en tek undir þær spurningar sem hér hafa komið um hver kjör starfsmanna muni verða hjá hinum nýja húsbónda.

[14:47]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason minntist í niðurlagi ræðu sinnar á Reykjavíkurflugvöll og framtíð hans og tvinnaði það saman við þá umræðu sem hér á sér stað um framtíðartilhögun varðandi rekstur Keflavíkurflugvallar.

Mér datt í hug að koma hér upp og spyrja hv. þingmann, af því að mér heyrðist hann vera að tala um að ef við kæmumst að þeirri niðurstöðu að hætta rekstri flugvallarins í Vatnsmýri væri ekki annað að gera en fara með hann til Keflavíkur, hvort hann sé andvígur því sem hið svokallaða exbé-framboð í Reykjavíkurborg hefur sett fram og talað um, þ.e. hina miklu þjóðarsátt um flugvöll á þekktum rauðmagamiðum á Lönguskerjum í Skerjafirði. Ber að skilja það svo að exbé-framboðið í borginni hafi ekki stuðning Framsóknarflokksins í því máli, í þeirri miklu þjóðarsátt? Því hér talaði náttúrlega hvorki meira né minna en þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

Ég held að við verðum að fá hreinar og skýrar línur í þetta, virðulegi forseti, því að hér er að sjálfsögðu um mjög svo mikilvægt mál að ræða, þ.e. hvort við ætlum að búa til nýjan flugvöll á rauðmagamiðum í Skerjafirði, á Lönguskerjum, eða hvort exbé eigi að fylgja Framsóknarflokknum að málum, eins og ég skil það, og fara frekar með innanlandsflugið til Keflavíkur.

[14:50]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Af því að hv. þingmaður er kominn í framboð til sveitarstjórnar á hann að vita að sjálfstæði sveitar-

stjórnarstigsins og sveitarstjórnarmanna er mikilvægt.

Það er rétt að exbé-framboðið, framsóknarmenn í Reykjavík, hefur bent á það sem leið að færa innanlandsflugið út á Löngusker og hefur boðað það sem þjóðarsátt og vill leggja í vinnu við það. Ég fagna því að menn skuli vilja leita eftir þjóðarsátt.

Ég hef hins vegar sjálfur lýst þeirri skoðun minni, og ég velti því upp í umræðunni áðan, að ef sú staða kemur upp sem borgarfulltrúar í Reykjavík, eins og margir frambjóðenda, líklega úr öllum flokkum nema flokki hv. þingmanns, hafa lýst yfir að flugvöllurinn skuli úr Vatnsmýrinni, þá verðum við sem þjóð að svara því hvernig við ætlum að tryggja innanlandsflugið. Ætlum við að gera það með því að byggja nýjan flugvöll á Löngusker jum eða einhvers staðar upp til heiða, á Mosfellsheiðinni eða annars staðar, það mun kosta 10–12 milljarða að lágmarki, á sama tíma og við höfum flugvöll í u.þ.b. 40 kílómetra fjarlægð í loftlínu og erum að bæta samgöngur á milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja? Þetta eru þetta allt möguleikar sem við hljótum að skoða.

Ég lít svo á að félagar mínir, framsóknarmenn í Reykjavík, séu að draga fram Löngusker jaleiðina sem einn valkost og athuga hvort ná megi þjóðarsátt um hana. Ég hef sjálfur sagt, og það á ekkert að koma hv. þingmönnum á óvart, að ég hef efasemdir um þá leið vegna þess ég held að hún sé dýrari en sú leið sem mér hugnast.

[14:51]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá höfum við það. Þingflokksformaður Framsóknarflokksins hefur efasemdir um að eitthvert vit sé í því að gera flugvöll á Löngusker jum. Ég verð að lýsa því yfir að ég er alveg sammála því mati. Ég tel að hugmyndin um flugvöll á Löngusker jum sé algjör fásinna eftir að hafa skoðað þá hugmynd og rætt hana, bæði við félaga mína í Frjálslynda flokknum og aðra sem hafa vit á þessum málum, og að það sé alveg út úr kortinu að gerður verði nýr flugvöllur þarna úti á miðjum firði.

Hins vegar þætti mér áhugavert að spyrja hv. þingmann, vegna þess að hann er þingmaður Suðurkjördæmis, hvort hann telji að það þjóni hagsmunum íbúa Suðurkjördæmis, og þá á ég við íbúa á því svæði sem við köllum fyrir austan fjall, þ.e. á Suðurlandsundirlendinu allt austur á Hornafjörð og líka íbúa í Vestmannaeyjum, að flugvöllurinn og innanlandsflugið verði flutt úr Vatnsmýrinni og farið með það til Keflavíkur. Það væri mjög áhugavert að fá að heyra skoðun hv. þingmanns á þessu.

Það er alveg rétt sem hv. þingmaður benti á í ræðu sinni að eini flokkurinn á Íslandi í dag sem ætlar að berjast fyrir því að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni er Frjálslyndi flokkurinn. Við skömmumst okkar ekkert fyrir þá afstöðu. Við höfum skoðað þessi mál mjög gaumgæfilega og það er alveg sama hvernig maður veltir þeim fyrir sér, maður verður fyrst og fremst að hugsa um hagsmuni landsbyggðarinnar en einnig um hagsmuni höfuðborgarbúa sjálfra og maður kemst að þeirri niðurstöðu að Vatnsmýrin sé eini skynsamlegi kosturinn.

Því miður eru aðrir stjórnmálaflokkar ekki alveg sammála okkur í þessu. Hins vegar bendi ég á að það eru ansi þokukenndar hugmyndir sem þeir hafa fram að færa varðandi valkost í staðinn fyrir Vatnsmýrina. Kannski má segja að skýrustu hugmyndirnar séu þær að fara með flugið til Keflavíkur en þar fyrir utan eru hugmyndirnar ansi mikið á reiki verð ég að segja.

[14:54]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki kann ég að nefna hvað leið er tæknilega skynsamlegust, ég hef ekki þá þekkingu, en ég fagna því auðvitað þegar menn tala tæpitungulaust. Það hefur Frjálslyndi flokkurinn gert í Reykjavík. En aðrir flokkar hafa a.m.k. gefið það afar sterklega í skyn að það komi að því að flugvöllurinn verði fluttur úr Vatnsmýrinni. Hvar hann lendir þá hef ég ekki tæknilega þekkingu eða forsendur til að meta. En ég fagna því að félagar mínir í Framsóknarflokknum í Reykjavík vilji skoða Löngusker jaleiðina sem eina leið og athuga hvort ná megi þjóðarsátt um hana. Ég er ekki viss um að sú sátt náist.

Hins vegar eigum við ekki að skoða þetta út frá þröngum sjónarmiðum einstakra kjördæma heldur hljótum við að skoða þetta á landsvísu. Ef sú staða kæmi upp að flugvöllurinn færi úr Vatnsmýrinni verðum við að spyrja okkur að því hvar hagkvæmast væri fyrir okkur sem þjóð að setja þennan flugvöll niður. (**Gripið fram í:** Á Egilsstöðum.) Þar tek ég undir með hæstv. samgönguráðherra sem sagði á opnum fundi í Reykjanesbæ í vetur að ef til þess kæmi að flugvöllurinn færi úr Vatnsmýrinni teldi hann skynsamlegast og hagkvæmast að nýta flugvöllinn í Keflavík á sama tíma og verið er að gera samgöngubætur á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins með tvöföldun Reykjanesbrautar. Ég árétta þá enn frekar hugmyndir sem menn hafa bent á að byggja göng úr Straumsvík og yfir í Kvosina sem gerði það að verkum að menn væru ekki nema u.þ.b. 20 mínútur að keyra úr miðbæ Reykjavíkur og til Keflavíkurflugvallar. Það er ekki þar með sagt að allir sem ferðast í innanlandsflugi eigi endilega erindi í miðbæinn, miðja höfuðborgarsvæðisins er nú komin í Kópavoginn og fjölmargir utan af landi eiga líka erindi til útlanda.

Þetta eru auðvitað allt saman kostir sem þarf að skoða en umræðan um það mun væntanlega fara fram í sumar og á ekki beint skylt við það frumvarp sem hér er til umræðu.

[14:56]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Ég ætla ekki að halda mjög langa ræðu í þessari umræðu. Ég tel að hér sé mjög brýnt mál á ferðinni og mikilvægt að við afgreiðum það með hraði í þinginu því eins og ég sagði í andsvari áðan, og hæstv. utanríkisráðherra nefndi líka, er brýnt að eytt sé óvissu um þessi mál og við fáum það á hreint hvernig við ætlum að haga framtíðarskipulagi varðandi rekstur á Keflavíkurflugvelli. Að sjálfsögðu hlýtur hann að fara undir íslenska stjórn og ég hef engar áhyggjur af því að okkur Íslendingum takist ekki að reka þetta mikla samgöngumannvirki með miklum sóma. Eins og ég nefndi áðan er fyrir hendi mjög mikill mannauður og þekking á Suðurnesjum,

þekking á því hvernig reka á svona mannvirki, og ég hygg að þeim Íslendingum sem hafa starfað á Keflavíkurflugvelli sé fyllilega treystandi til að sjá um rekstur flugvallarins í framtíðinni.

Það er aðeins eitt sem ég vil leggja áherslu á hér í máli mínu og það er einmitt framtíð þeirra starfsmanna sem unnið hafa á vellinum. Margir hafa unnið þarna mjög lengi og við mjög sérhæfð störf. Mér sýnist í fljótu bragði, og ég vona það svo sannarlega, að flestir muni fá störf áfram við flugvöllinn. Hér er um að ræða u.þ.b. 150 manns og að það verði í heildina 200 manns eða þar um bil sem muni starfa við flugvöllinn. Við vitum að í dag starfa 62 starfsmenn við embætti Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og ég reikna með því að þeir muni halda áfram. Mér sýnist því að einhverjir muni hætta, kannski munu einhverjir hætta við eðlileg starfslok ef svo má segja en hugsanlega mun þurfa að segja einhverjum upp.

Ég kem hér upp til að lýsa þeirri skoðun minni að við Íslendingar eigum að bjóða þeim starfsmönnum sem hætta góða starfslokasamninga. Enda þótt þessir starfsmenn hafi unnið á vegum Bandaríkjahers við rekstur flugvallarins þá lít ég svo á að þetta fólk, og ekki aðeins þetta fólk heldur fólk sem hefur starfað á vegum Bandaríkjahers á Suðurnesjum, hafi verið að starfa fyrir íslensku þjóðina. Starf þess hefur á vissan hátt verið framlag okkar til varnarsamstarfsins og þó að það hafi verið á launaskrá hjá Bandaríkjaher lít ég svo á að það hafi lagt fram mikilvægt vinnuframlag fyrir íslensku þjóðina í öryggis- og varnarmálum landsins. Fari svo að þetta fólk missi vinnuna tel ég að við eigum að gera vel við það. Það er einfaldlega siðferðisleg skylda okkar að sjá til að fólkið geti lokið störfum sínum með fullri reisn og virðingu og þurfi ekki að bera skarðan hlut frá borði.

Varnarsamstarfið er að sjálfsögðu tvíhliða eins og varnarsamningurinn gerir ráð fyrir. Með því hljóta að fylgja bæði réttindi og skyldur, líka siðferðislegar skyldur og við megum alls ekki gleyma þeim þætti við þau vatnaskil sem verða í varnarmálum okkar Íslendinga nú þegar Bandaríkjamenn fara héðan í haust.

Virðulegi forseti. Ég vildi láta þetta koma fram en ætla ekki að hafa mál mitt lengra. Ég ætla ekki að tefja fyrir því að þetta frumvarp nái fram að ganga og hljóti afgreiðslu á Alþingi og endurtek enn og aftur að tel ég mjög mikilvægt að þessum málum sé komið á hreint og þetta frumvarp verði að lögum.

[15:00]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Það má með sanni segja að margt sé að gerast í flugmálum á Íslandi í dag. Hér hefur verið komið inn á málefni flugvallarins í Reykjavík og rætt um framtíð hans og fyrir þinginu liggja frumvörp til laga um Flugmálastjórn Íslands annars vegar og um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur Flugmálastjórnar Íslands hins vegar. Nú kemur fram þetta frumvarp til laga um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sem ég vil lýsa ánægju minni með. Ég vil ekki síður lýsa ánægju minni með þær undirtektir sem málið hefur fengið frá þeim sem hafa tekið til máls. Almennt virðast menn sammála um að frumvarpið leysi úr þeim brýna vanda sem við stöndum frammi fyrir vegna þess fjölda starfsfólks sem starfar á vellinum.

Það liggur fyrir að málinu er teflt fram sem eins konar millileik. Það verður að segjast eins og er að heppilegast hefði verið að geta stigið skrefið til fulls og fengið mynd á þá skipan flugmála sem við viljum sjá til framtíðar í Keflavík en aðstæður eins og þær eru nú bjóða ekki upp á það. Við erum í þeirri tímaþröng í þeim viðræðum sem standa yfir að við getum ekki leyft okkur og það er ekki raunhæft að stíga það skref í einu vetfangi. Það mál sem nú liggur fyrir þinginu er því jákvætt innlegg í viðkvæma stöðu. Það leysir úr þeim vanda sem að okkur steðjar og ég vil aðeins koma inn á tvö, þrjú atriði í því sambandi.

Frumvarpið gengur út frá sömu hugmyndafræði og liggur til grundvallar þeim þingmálum sem ég áður vék að, þ.e. að skilið verði á milli þjónustuþáttarins, stjórnsýslunnar og eftirlitsins með því að Flugmálastjórn Íslands annist eftirlit með framkvæmd flugverndar og flugöryggis á Keflavíkurflugvelli. Þegar betur er að gáð er þetta hugsanlega eina leiðin í stöðunni, nauðsynlegt að skipa málum með þessum hætti. Eins og áður segir er það í samræmi við þá hugmyndafræði og það skipulag sem hin þingmálin sem liggja fyrir þinginu byggjast á.

Í annan stað vil ég lýsa yfir ánægju minni með 2. gr. frumvarpsins sem fjallar um slökkviliðið og starfsemi þess. Það er búið að byggja inn í frumvarpið ákveðinn sveigjanleika í þeirri starfsemi og vonandi næst fram sú hagræðing og það skipulag í þeim málum að breytingarnar sem verða við brotthvarf Bandaríkjahers verði okkur kostnaðarminni og framtíð þeirra mála verði með þeim hætti að við finnum minna fyrir því en ella hefði orðið. Það er skynsamlegt að horfa til þess með hvaða hætti hægt er að samnýta þá þjónustu af þessu tagi á svæðinu sem stendur næst flugvellinum.

Loks hefur verið til umfjöllunar ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu og það leysir málefni starfsfólksins. Ég vil þó segja að mér finnst það heldur ódýrt að menn skuli hrökkva til af því tilefni sem hér er og koma fram á sviðið með tilboð um góða starfslokasamninga til þeirra sem ekki fá störf án þess að það sé útlistað neitt nánar. Ég sé ekki að neitt sérstakt tilefni sé til að stökkva til og jafnvel þó það kunni að vera freistandi fyrir litla stjórnmálaflokka að koma slíku sjónarmiði að af þessu tilefni þá finnst mér það heldur ódýr pólitík í þessu samhengi að segjast vera tilbúin til að mæla fyrir góðum starfslokasamningum. Réttindi þeirra starfsmanna sem í hlut eiga eru í því tilliti tryggð í lögum og við getum ekki hlaupið til í einstökum tilvikum með sértilboð um sérstaka starfslokasamninga.

Aðalatriðið er að svo horfir nú að hagsmunir starfsfólksins, sem hefur verið að sinna þessum störfum, eru tryggðir með þessu máli hvernig sem hlutum verður skipað til lengri tíma. En í heildina verða flugmál á Íslandi áfram í deiglunni á þinginu og mikilvægt að vel takist til með að móta fluginu á Íslandi nýja framtíð. Ég tek undir með þeim sem geta séð það fyrir sér að þessu máli verði þokað áfram, ýmist í þann farveg sem utanríkisráðherra hefur sjálfur séð fyrir sér að geti orðið með rekstur flugstöðvarinnar eða á annan hátt sem væri þá hugsanlega meira í ætt við frumvörpin sem ég hef vísað til. Þannig mætti til að mynda sjá fyrir sér

að rekstur flugvallarins færi inn í það hlutafélag sem stofnað er með öðru frumvarpinu.

[15:07]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði að ekki ætti að stökkva til og fara í samningsgerð vegna starfsmanna. Ég er ósammála því og þess vegna stend ég hér upp. Umræddir starfsmenn hafa lengi búið við óvissu. Þeir hafa búið við óvissu síðustu tvö til þrjú ár. Henni verður að létta hver sem niðurstaðan verður. Það er mjög óþægilegt að búa við þetta. Í allmörg ár hafa verið uppi áform um að herinn fari, það vitum við öll. Ég verð því miður að segja að það er fremur almenn regla, regla frekar en undantekning, að starfsmenn gleymist við aðstæður af því tagi og það er óþægilegt að vera í slíkri stöðu. Satt best að segja treysti ég hæstv. utanríkisráðherra til að sjá til þess eins fljótt og unnt er að þessari óvissu verði aflétt hver svo sem niðurstaðan kann að verða. Það er meira að segja betra að fá vond tíðindi strax en bíða lengi eftir þeim.

[15:08]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka það fram að þessu frumvarpi er sérstaklega teflt fram á þinginu til að eyða þeirri óvissu sem hv. þingmaður gerir að umtalsefni. Síðan fer þetta mál til utanríkismálanefndar og þar verða hlutirnir eflaust skoðaðir enn frekar.

Mér þykir það ekki neitt sérstaklega dýr pólitík þegar menn stíga í tilefni af þessu frumvarpi fram og lýsa sig reiðubúna til að mæla fyrir einstaklega góðum starfslokasamningum til þeirra sem ekki fái framtíðarstarf á vellinum (**Gripið fram í:** Hver gerði það?) eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson gerði í sinni ræðu hér í dag. Ég var sérstaklega að vísa til þess. Mér þykir ekkert tilefni til slíks málflutnings og vil ítreka að það er ekkert í aðgerðum stjórnvalda í dag sem gefur annað til kynna en að menn séu einmitt sérstaklega að huga að málefnum starfsmannanna. Ef sú staða kemur upp í framtíðinni að hátt hlutfall eða mikill fjöldi starfsmanna, sem nú býr við örugg starfskjör á vellinum, muni ekki geta gengið að störfum sínum vísum til framtíðar geta menn gengið út frá því að gripið verði til aðgerða. En nú er ekki tími til að fara að lofa háum starfslokasamningum.

[15:09]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað væri sómi að því, hv. þingmaður, að gera einstaklega góða samninga, einfaldlega vegna þess að þeir starfsmenn sem í hlut eiga eru einstaklega góðir. Þeir hafa reynst einstaklega vel. Ég veit ekki betur en slökkviliðsstarfsmenn á flugvellinum séu margverðlaunaðir fyrir störf sín þar þannig að ég sé ekkert að því að hafa orð á því að gerðir séu einstaklega góðir samningar.

En aðalerindi mitt hingað í ræðustólinn var að endir yrði bundinn á óvissuna og ekki yrði endilega farið vegna þessarar óvissu, vegna þessarar stöðu, eftir þröngum ákvæðum laga. Ef fara á eftir þröngum ákvæðum laga um starfslok þá á bara að segja starfsmönnum það strax en ef gera á eitthvað annað þá á líka að segja það strax.

[15:10]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eingöngu leggja áherslu á að nú er ekki tíminn til að skera úr um það hvort ástæða sé til að grípa til sérstakra aðgerða af þessu tagi. Ég skil heldur ekki þau stjórnmál sem ganga út á það að mismuna starfsmönnum í stöðu af þessu tagi. Það er í raun og veru verið að leggja það til með því að nefna að til að mynda starfsmenn slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli séu svo einstaklega góðir starfsmenn í þágu þjóðarinnar umfram aðra. Það verður ekki skilið öðruvísi en að við þurfum þá að gera sérstaklega góðan starfslokasamning. Ég skil ekki þessa pólitík, ég skil ekki þessa umræðu og ég er að reyna að koma því að að hún er alls ekki tímabær og þess utan efnislega fáránleg.

[15:12]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að brugðist sé við þeim tíðindum sem orðið hafa, að bandarískri herinn er að fara af landi brott á þessu ári og íslensk stjórnvöld þurfa að sjálfsögðu að endurskipuleggja fyrirkomulag og verkefni á Keflavíkurflugvelli í því ljósi. Þess vegna er ekki óeðlilegt að hæstv. ráðherra komi fram með frumvarp um viðbrögð til að greiða úr því máli. Þó verð ég að segja að ég hefði kosið að fá að sjá frumvarpið og fjalla um það áður en það var lagt fram á þingi sem stjórnarfrumvarp. Mér finnst óvenjulegt að hraðinn þurfi að vera svo mikill að ekki gefist ráðrúm til að kynna mál fyrir þingmönnum stjórnarliðsins og vænti þess að um undantekningu sé að ræða en ekki nýja reglu.

Í þessu máli velti ég fyrst og fremst fyrir mér skipulaginu sem lagt er til að tekið verði upp í ljósi annarra stjórnarfrumvarpa um Flugmálastjórn Íslands og stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur Flugmálastjórnar Íslands. Eftir því sem ég get best áttað mig á mun meiningin vera, ef við skoðum þessi þrjú frumvörp saman, að til verði Flugmálastjórn Íslands, sem verði stofnun, en síðan verði til sérstakt hlutafélag sem annist rekstur og flugleiðsöguþjónustu á flugvöllum í innanlandsflugi. Í þriðja lagi yrði svo til stofnun sem héti Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sem annaðist stjórn, rekstur og uppbyggingu vallarins. Ég velti því fyrir mér hver stefnan er sem mörkuð er með þessum frumvörpum.

Hæstv. utanríkisráðherra gat þess í framsöguræðu sinni að þetta frumvarp sem hann leggur fram væri fyrstu viðbrögð við því ástandi sem komið er upp. En ég velti fyrir mér hvað verði næsta skref. Fari svo að hin frumvörpin tvö verði afgreidd á Alþingi, felur afgreiðsla þeirra þá í sér að meiningin sé að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar verði sérstök stofnun, þannig að einn flugvöllur landsins verði tekinn út úr skipulaginu og um hann stofnuð sérstök stofnun en allir aðrir flugvellir landsins verði í eigu hlutafélags og rekstur þeirra í höndum þeirra sem stjórna hlutafélaginu? Ef það er hugmyndin þá er eðlilegt að velta fyrir sér hvernig menn ætla sér að láta hlutina þróast til lengri tíma.

Ég tek eftir því að hið nýja hlutafélag á að geta eignast hluti í öðrum félögum og fyrirtækjum, jafnvel í óskyldum rekstri. Mun þá hlutafélagið um rekstur flugvallanna og

flugleiðsöguþjónustuna síðar meir geta eignast og yfirtekið stofnunina Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar? Ef til vill þarf að flytja sérstakt frumvarp um að breyta þeirri stofnun í hlutafélag en í sjálfu sér væri eðlilegt að ætla, út frá stefnumörkuninni í hinum frumvörpunum tveimur, að það verði gert. Erum við þá að renna inn í þá framtíð að Keflavíkurflugvöllur verði hluti innan hlutafélags um flugvallarrekstur og flugleiðsöguþjónustu eða er meiningin að hafa millilandaflugvöllinn sér og innanlandsflugvellina sér? Það gæti út af fyrir sig verið stefnumörkun sem ástæða er til að skoða en ég spyr mig, og reyndar einnig flutningsmann málsins, um stefnuna í þessu máli, m.a. vegna þess að ég hef efasemdir um að gera sérstakt hlutafélag um rekstur innanlandsflugvalla, eins og boðað hefur verið með frumvarpinu, og fela því hlutafélagi uppbyggingu vallanna. Jafnvel þótt hlutafélagið eigi ekki að eiga brautirnar eða fasteignir mun það geta annast uppbyggingu vallanna og væntanlega mun það eiga þá uppbyggingu, hvort sem það eru flugbrautir eða fasteignir.

Ég minni á það sem fram kom hjá hæstv. utanríkisráðherra í umræðu um utanríkismál. Hann gat séð fyrir sér að einkavæða Keflavíkurflugvöll og selja brautirnar. Mér sýnist að menn gætu stefnt þangað eftir þessum frumvörpum sem lögð hafa verið fram, jafnvel þótt það yrði ekki í einum áfanga væru menn búnir að leggja kjölinn að stefnu sem leiddi menn til þess. Ég hef efasemdir, virðulegi forseti, um að leggja af stað í leiðangur þar sem stefnt er að því að einkavæða flugvellina. Það má hugsa sér að einkavæða rekstur þeirra að einhverju marki en ég á erfitt með að finna rök fyrir því að einkavæða eignirnar sjálfar og fela þær í hendur einhverra aðila, jafnvel þótt handhafar eða fulltrúar ríkisvaldsins færu fyrst um sinn með eignarhluta í því hlutafélagi, hvort sem það er eitt eða fleiri. Það hlýtur að leiða af sjálfu sér að meiningin er að selja þau hlutabréf en ekki að búa til hlutabréf sem ekki á að selja, það er mótsögn í sjálfu sér.

Ég vildi gjarnan fá skýrari línur frá hæstv. utanríkisráðherra um framtíðarsýn hans um stofnunina Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Ég tók eftir því að ráðherrann gat þess að hann sæi fyrir sér, sem mér finnst út af fyrir sig eðlilegt af hans hálfu, að þessi stofnun færðist undir samgönguráðuneytið þar sem starfsemin sem færi fram á flugvellinum væri fyrst og fremst borgaraleg. Ef það gerist þá hljóta menn í samgönguráðuneytinu að ætla sér að færa þessa stofnun, Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, undir það skipulag sem stjórnarfrumvörpin tvö draga upp, sem hafa verið lögð fram, rædd á þinginu og verið til meðferðar í samgöngunefnd. Þá erum við komin að því að sjá fyrir okkur að menn felli Keflavíkurflugvöll undir hlutafélag.

Ég held að það sé ástæða til að við skýrum aðeins framtíðarsýnina í þessum efnum. Ég vil taka skýrt fram að ég get fallist á að sjálfstæð stofnun reki Keflavíkurflugvöll. Ég hef engar athugasemdir við það og ég get út af fyrir sig líka tekið undir að sama stofnun væri með alla flugvellina. En ég hef miklar efasemdir og fyrirvara við að breyta þessu yfir í hlutafélag. Þar liggja efasemdir mínar og fyrirvarar um framtíðarstefnu í þessum efnum.

Mig langar líka að spyrja hæstv. utanríkisráðherra um gjöldin í 3. gr. frumvarpsins. Þar er kveðið á um að tekjur af lendingargjöldum renni til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Sama gildir um öryggisgjald. Ég hef ekki haft ráðrúm til að fara í gegnum nauðsynleg lagaákvæði til að átta mig á þessu vegna þess að ég vissi ekki af þessu máli fyrr en í gær. Ég sá í dagblöðum að það væri komið fram. En er reyndin sú að þeim tekjum sem hingað til hafa verið innheimtar í lendingargjöld af Keflavíkurflugvelli hafi einvörðungu verið ráðstafað þar? Í greinargerð með frumvarpinu segir að þetta sé í samræmi við þá skipan mála sem tíðkast hefur. Það má skilja þannig að allar tekjur af lendingargjöldum á Keflavíkurflugvelli hafi runnið til Keflavíkurflugvallar. Ég hef hins vegar ekki áttað mig á því, hvorki í lögum um loftferðir né samgönguáætlun, hvort það sé svo. Þar er aðeins talað um flugvallargjald og afgreiðslugjald. Þau gjöld renna til Flugmálastjórnar og er síðan ráðstafað samkvæmt áætlun, óháð því á hvaða stöðum þau eru innheimt.

Vera kann að um það gildi einhver lög sem ég hef ekki haft tök á að kynna mér, sem skýra þetta. En mig langar að biðja hæstv. ráðherra að útskýra þetta betur þannig að það sé ótvírætt, sem má skilja af frumvarpinu, að lendingargjöldin á Keflavíkurflugvelli hafi hingað til eingöngu verið nýtt þar. Ef hitt væri staðreyndin, sem ég set spurningarmerki við og er ástæðan fyrir því að ég spyr, þá væri kominn upp vandi vegna þess að þá værum við að ráðstafa tekjum til Keflavíkurflugvallar sem menn hefðu í samgönguáætlun ráðstafað á aðra flugvelli. Ef við tækjum þær tekjur í burt þá settum við tekjuöflun framkvæmda á þeim flugvöllum í uppnám. Það verður því að vera alveg skýrt að svo sé ekki.

Síðan var rætt aðeins um Reykjavíkurflugvöll. Mig langar að leggja nokkur orð inn í þá umræðu. Satt að segja hefur umræðan um Reykjavíkurflugvöll, flugvöllinn í Vatnsmýrinni, verið með slíkum endemum undanfarin ár að það er fátítt að upplifa pólitíska umræðu um stefnu í mikilvægu máli sem rekin er með svo óljósum forsendum og litlum upplýsingum sem raun ber vitni. Umræðan um að fara með Reykjavíkurflugvöll til Keflavíkur var þessu marki brennd en breyttist til verulegra bóta þegar ýmsir hagsmunaaðilar tóku við sér og blönduðu sér í opinbera umræðu um málið, svo sem flugmenn, læknar og sveitarstjórnarmenn af landsbyggðinni, og drógu fram þau rök sem eru fyrir því að hafa flugvöll í Reykjavík við sjúkrahúsið, í ljósi sjúkraflugs og annarra þarfa þeirra sem búa úti á landi. Eftir það breyttist umræðan. Nú fyrir borgarstjórnarkosningarnar, í þessum mánuði, er enginn flokkur sem boðar það að flytja flugvöllinn úr Vatnsmýrinni til Keflavíkur. Enginn. Og það er mikil bót í umræðunni að menn skuli fallnir frá þeim hugmyndum að flytja innanlandsflugið til Keflavíkur. Það sýnir að það hefur skilað árangri að koma með rök og upplýsingarnar inn í umræðuna.

Nú er aðeins tekist á um hvort flytja eigi flugvöllinn úr Vatnsmýrinni og eitthvert annað innan höfuðborgarinnar eða í nágrenni hennar. Það er miklu heilbrigðari umræða heldur en hin fyrri, sem beinlínis gekk út á að gengið skyldi á mikilvæga hagsmuni fólks sem býr utan höfuðborgarsvæðisins. Mér finnst reyndar, ef við ræðum það mál, meiri rök fyrir því að flytja millilandaflugið frá Keflavík til Reykjavíkur en að flytja innanlandsflugið frá Reykjavík til

Keflavíkur. Ég hef svo sem ekki kynnt mér hvort það væri mögulegt en Reykjavík er varaflugvöllur þannig að a.m.k. er hægt að vera með millilandaflug á honum. En það væri þá a.m.k. skynsamlegri ráðstöfun vegna þess að sá fjöldi sem lendir í Keflavík er fyrst og fremst að ferðast til Reykjavíkur. Við mundum stytta ferðatíma þess mikla fjölda, bæði Íslendinga og erlendra ferðamanna. Það væri hagkvæmt ef á annað borð væri mögulegt að hafa millilandaflugið hér, sem ég veit ekkert um og ætla svo sem ekki að leggja til neinar breytingar á núverandi fyrirkomulagi.

Ég segi einfaldlega: Ef menn ætla að breyta þessu frá því að hafa millilandaflugið í Keflavík og innanlandsflugið í Reykjavík þá eru meiri rök fyrir því að skoða hvort flytja eigi millilandaflugið til höfuðborgarinnar en að flytja innanlandsflugið til Keflavíkur. Það er augljóst mál og það sjá allir sanngjarnir menn þegar þeir hugsa smástund um málið.

Ég spái því að umræðunni um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar ljúki fyrir kosningar núna með þeirri niðurstöðu að völlurinn verði áfram í Vatnsmýrinni, hugsanlega með einhverjum breytingum, menn breyti legu flugbrauta eða eitthvað slíkt, og skapi þannig pláss fyrir uppbyggingu sem óskað er eftir, ef það er mögulegt. Menn eiga eftir að skoða það. Ég spái því að það verði niðurstaðan, hugsanlega einhverjar tilfærslur á brautum en meginniðurstaðan verði sú að völlurinn verður áfram í Vatnsmýrinni, enda er það eina skynsamlega niðurstaðan.

Hólmsheiði held ég að sé slæmur kostur. Ég ætla svo sem ekki að fara út í það frekar en um Löngusker má segja að ef Löngusker flugvöllur væri kostur þá dæmdi sá kostur flugvöllinn úr leik. Ef það er hægt að vera með flugvöll á Löngusker þá er hægt að vera þar með íbúðabyggð. Væntanlega væri miklu meira upp úr því að hafa að byggja íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði á þeim skerjum heldur en flugbrautir. Sá fjárhagslegi ávinningur mun einfaldlega reka flugvöllinn af Löngusker junum eitthvað enn þá lengra. Þannig sé ég þetta mál fyrir mér, að völlurinn verði einfaldlega í megindráttum þar sem hann er. Ég held að það væri líka langbesta niðurstaðan, virðulegi forseti.

[15:27]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér verða enn og aftur mikil tíðindi í umræðunni um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar. Annar hv. þingmaður Framsóknarflokksins kemur hingað í ræðustól og lýsir yfir efasemdum um að rétt sé að fara með flugvöllinn út á Löngusker en bætir um betur og tekur undir með okkur í Frjálslynda flokknum varðandi það að eina raunhæfa framtíðarstaðsetning flugvallarins sé að hafa hann áfram í Vatnsmýri.

Ég hlýt að sjálfsögðu að fagna þessu mjög. Ég hygg að við gerum það öll, sem teljum okkur vera vini Reykjavíkurflugvallar og höfum barist fyrir því og viljum að hann verði áfram þar sem hann er. Það sjá allir réttsýnir menn og konur að það þjónar bæði hagsmunum þjóðarinnar í heild sinni, hagsmunum landsbyggðarinnar og hagsmunum Reykjavíkur að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram í Vatnsmýri. Ég mundi vilja nota þetta tækifæri hér og nú, virðulegi forseti, til að hvetja fólk til að láta af þessari vitlausu umræðu og taka undir með okkur í Frjálslynda flokknum um að þetta sé eina skynsamlega leiðin að fara inn í framtíðina, þ.e. hafa flugvöllinn áfram þar sem hann er.

Hins vegar vildi ég, virðulegi forseti, spyrja hv. þm. Kristin H. Gunnarsson um hver sé skoðun hans á því að flugvallarstæðið verði flutt út á rauðmagamiðin í Skerjafirði, hvort hann telji það tæknilega mögulegt og hvort hann sé sammála því helsta stefnumáli exbé-framboðsins í Reykjavík að ná megi þjóðarsátt um málið með því að Reykjavíkurflugvöllur verði í framtíðinni settur niður á Löngusker jum.

[15:29]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé örugglega tæknilega mögulegt að gera flugvöll á Löngusker jum. Ég er í engum vafa um að menn ráða við að leysa það verkefni. Hins vegar er augljóslega miklu dýrara að gera flugvöll í sjó heldur en flugvöll á landi. Það segir sig sjálft. Menn þurfa að leggja út í kostnað við uppfyllingu, brimvörn og annað slíkt. Það er augljóst að kostnaður við gerð flugvallar á Löngusker jum verður miklu meiri en sambærilegs mannvirkis á landi. Þess vegna held ég að Vatnsmýrin hafi alltaf yfirburði yfir nýjan flugvöll sem yrði úti á sjó.

Ég hef aðeins rýnt í tölur um mögulegar stærðir í þessum efnum. Mér sýnist að þetta gætu verið a.m.k. 10 millj. rúmmetra af fyllingu sem þyrfti, fyrir utan brimvörnina. Menn hafa nefnt jarðgöng í gegnum Öskjuhlíðina og að efni úr henni gæti nýst í þessa miklu landfyllingu sem þyrfti að vera. (Gripið fram í.) Það er brot af því sem þarf. Það sem kæmi út úr göngum í Öskjuhlíðinni væri hugsanlega 1%, jafnvel innan við 1% af því sem þyrfti að fylla upp í á Löngusker jum. Það hefur þannig enga þýðingu upp á það mál.

[15:31]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn á ný fáum við staðfestingu á því frá þingmönnum Framsóknarflokksins hversu arfavitlaus hugmynd það er að setja upp nýjan innanlandsflugvöll á Löngusker jum í Skerjafirði. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór ágætlega yfir þetta í máli sínu. Hann er þingmaður Framsóknarflokksins sem er sá flokkur sem exbé-framboðið í Reykjavíkurborg kennir sig við. Hann er, ef ég man rétt, fyrrverandi þingflokksformaður Framsóknarflokksins. Ég heyri ekki betur en hann sé alfarið andvígur því að innanlandsflugið verði flutt út á Löngusker.

Hér talaði áðan hv. núverandi þingflokksformaður Framsóknarflokksins, hv. þm. Hjálmar Árnason, og hann lýsti líka mjög alvarlegum efasemdum um það að Löngusker in væru kostur til framtíðar. Ég hygg að ansi lítil sannfæring sé fyrir hendi hjá Framsóknarflokknum þegar grannt er skoðað fyrir því að hægt sé að ná einhverri þjóðarsátt um það að fara með innanlandsflugið á Íslandi út í sjó, það sé í raun og veru ansi lítil sannfæring fyrir því. Þessar fyrirætlanir allar séu í raun og veru byggðar á sandi, það sé ansi lítið á bak við fallegt myndband sem dunið hefur á landsmönnum undanfarna daga sem sýnir hvernig hægt er að

bora gat í Öskjuhlíðina og nota efnið úr henni til að byggja upp flugvöll á Lönguskerjum. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem ég veit að er góður stærðfræðingur, var fljótur að reikna það út í huganum að efnið úr þeirri músarholu dygði skammt þegar kæmi að því að moka efni í hafið í næsta nágrenni við bóndann á Bessastöðum, hæstv. forseta lýðveldisins, það mundi duga skammt.

Ég segi það enn og aftur að þessi hugmynd um flugvöll á Lönguskerjum er gersamlega fráleit, virðulegi forseti.

[15:33]

Útbýting:

Ríkisútvarpið hf., 401. mál, frhnál. minni hluta menntmn., þskj. 1251.

Starf Íslands á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 2005, 797. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 1255.

Sumarlokanir deilda og biðlistar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 799. mál, fsp. JóhS, þskj. 1257.

[15:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að lengja þessa umræðu og notaði aðeins helming af ræðutíma mínum í fyrri ræðu en nú hafa veður skipast þannig í lofti að einir þrír stjórnarþingmenn hafa lagt ákaflega athyglisvert innlegg inn í þessa umræðu. Ber þar hæst framlag hv. þm. Hjálmars Árnasonar, formanns þingflokks Framsóknarflokksins, og í kjölfar hans flokksbróður hans, hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar.

Þegar hv. þm. Hjálmar Árnason lauk máli sínu var ég að velta því fyrir mér hvort ég ætti að biðja um orðið um fundarstjórn forseta og biðja forseta að úrskurða hvor okkar hefði misskilið þetta mál, ég eða hv. þm. Hjálmar Árnason, þ.e. hvort þetta frumvarp væri um Keflavíkurflugvöll eða Reykjavíkurflugvöll. Það virtist ekki vera alveg á hreinu þegar hv. þm. Hjálmar Árnason var að tala. En þeir hafa heldur betur tekið hér rispuna, hv. þingmenn Hjálmar Árnason og Kristinn H. Gunnarsson, og slátrað, leyfi ég mér að segja á mannamáli, endanlega hugmynd framsóknarmanna í Reykjavík, exbé, — það má víst ekki nota orðið Framsóknarflokkur í því samhengi — slátrað hugmynd exbé um flugvöll á Lönguskerjum. Sú langavitleysa er dauð eftir þennan dag og sorglegt til þess að vita að allir þeir fjármunir sem exbé hefur eytt í fokdýrar sjónvarpsauglýsingar eru þá glataðir með kistulagningu þessarar hugmyndar.

Hv. þm. Hjálmar Árnason ræddi mikið um það að flytja innanlandsflugið til Keflavíkur og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson útlistaði hversu arfavitlaus og í raun og veru sjálfdauð hugmyndin um flugvöll úti í miðjum Skerjafirði væri vegna þess að ef hagkvæmt væri að fylla þar upp í hálfan flóann með landfyllingu og grjótverja hana hlyti að vera enn hagkvæmara að byggja þar íbúðarhús heldur en flugvöll. Það má til sanns vegar færa. En ég vil bara biðja menn að hugleiða þó ekki væri nema eitt í því sambandi öllu saman og það eru gróðurhúsaáhrifin og hækkandi sjávarborð sem ískyggilegar spár standa nú til að verði á næstu áratugum. Þeir þurfa þá að bæta eitthvað ofan á garðana, exbé-mennirnir, ef svo fer sem horfir að sjávarborð hækki um sentímetra og jafnvel tugi sentímetra á ótrúlega skömmum tíma ef verstu spár um bráðnun jökla ganga eftir.

Í öðru lagi ræddi hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson um fullgilt mál sem er spurningin um rekstrarfyrirkomulag starfseminnar í Keflavík vegna ummæla hæstv. utanríkisráðherra auðvitað. Ég hlýt að láta það eftir mér, úr því að stjórnarliðar taka það upp, að nefna það í eins og einni eða tveimur setningum að hæstv. utanríkisráðherra hefur varpað þeirri sprengju inn í þessa umræðu að hann sjái fyrir sér einkavæðingu á þessu mikilvægasta samgöngumannvirki þjóðarinnar. Það skal vera alveg á hreinu af okkar hálfu að í því að stuðla að afgreiðslu þessa máls, fyrst og fremst vegna starfsmannanna sem í hlut eiga, er ekki fólginn stuðningur, nema síður sé, við einhverja óra hæstv. utanríkisráðherra um að einkavæða millilandaflugvöllinn og reksturinn þar. Slíkt væri glapræði og fáránlegt að þjóðin afsalaði sér eignarhaldi og rekstri á sínu mikilvægasta samgöngutæki sem millilandasamgöngurnar eru en eins og kunnugt er fara um 95–98%, ef ég man rétt, af allri millilandaumferð um þennan flugvöll.

Það er út af fyrir sig líka á sínum stað að skoða þau mál sem hv. þingmaður nefndi um innheimtu á lendingargjöldum og öðru slíku og nú skal ég ekki segja hvernig þetta hefur nákvæmlega verið allra síðustu árin. Ég viðurkenni fúslega að ég er ekki alveg inni í því, eða hef ekki kynnt mér það, en svo mikið man ég að þegar flugmálaáætlun var sett á sínum tíma og lengi eftir það runnu miklir fjármunir af lendingargjöldum í Keflavík til uppbyggingar flugvalla annars staðar á landinu, það er alveg ljóst og á í sjálfu sér ekki að vera neitt feimnismál. Menn vissu alveg hvað þeir voru að gera þar enda var þá gríðarleg þörf fyrir uppbyggingu flugvalla vítt og breitt um landið og það undarlega fyrirkomulag við lýði, sem auðvitað er búið að vera stórundarlegt, að Íslendingar fengu rekstur þessa mikla millilandaflugvallar síns ókeypis, gratís, og höfðu af honum öll afnot en hirtu hins vegar tekjurnar og ráðstöfuðu þeim annað. Auðvitað gat það aldrei endað öðruvísi en þannig að menn yrðu að láta þetta stemma saman. Það góða við málið er það að þó að þarna sé um 1.400 millj. kr. rekstur að færast á íslenskan ríkisreikning þá eru miklar og vaxandi tekjur á móti. Það vantar ekki mikið upp á að þessi starfsemi verði sjálfbær og að því ber að stefna. Ef spár bresku spástofnunarinnar sem gerði úttekt á þessu — ég man ekki nákvæmlega hvað hún heitir, en ég las og skoðaði þær spár núna fyrir nokkrum mánuðum — ganga eftir um allt upp í þriggja milljóna farþega umferð um Keflavíkurflugvöll innan ótrúlega skamms tíma og tilheyrandi tekjuvöxt, þá væntanlega í lendingar- og þjónustugjöldum, munu miklir fjármunir koma í kassann. Við þurfum því ekki að vorkenna okkur, Íslendingar, þó ekki væri, að taka þennan rekstur á okkar herðar.

Að síðustu, frú forseti, vegna þess sem hv. þm. Bjarni Benediktsson nefndi hér í orðaskiptum við hv. þm. Atla Gíslasonar um málefni starfsmanna. Ég vil leggja áherslu á að kjarasamningar og lögvarin réttindi starfsmanna eru eðli málsins samkvæmt lágmarksréttindi. Það er strípaður botninn. Og það er alsiða að gera betur við menn ef aðstæður mæla sérstaklega með því. Það er bókstaflega ekkert sem hindrar stjórnvöld í því að ræða við starfsmenn sem þarna eiga í hlut og ganga með einhverjum sérstökum hætti frá

málum við þá, og það er alsiða. Það stendur ekkert í vegi fyrir ríkisstjórninni og ráðherrunum að gera betur en lögvarin lágmarkslaun kveða á um við toppana þegar þeir eiga í hlut. Þá er hægt að gera myndarlega starfslokasamninga eða hvað, hv. þm. Bjarni Benediktsson? Auðvitað mælir ýmislegt með því að þarna kunni að vera rétt og sanngjarnt að taka sérstaklega á málum vegna þeirrar óvissu sem menn hafa búið við, vegna þess að um sérhæfð störf er að ræða og þarna eiga margir starfsmenn í hlut sem hafa unnið áratugum saman hjá sama vinnuveitandanum við sömu störfin og eiga kannski ekki hægt um vik nokkrum árum fyrir venjulegan starfslokaaldur að breyta þar til ef þeir fá ekki endurráðningu — og ég legg áherslu á þetta.

Skilningur Sjálfstæðisflokksins á jafnræðisreglu í stjórnsýslu er orðinn undarlegur ef menn leggja alltaf þann skilning í hana að allt skuli jafna niður á botninn. Er það sem sagt orðin viðtekin skýringarvenja hjá Sjálfstæðisflokknum þegar jafnræðisreglur eiga í hlut þegar hitt er jafnljóst að hér er um lágmarksréttindi að ræða. Kjarasamningar, eins og lög reyndar binda á Íslandi, eru eðli málsins samkvæmt lágmarksréttindi. Það er bannað að gera verr við menn en það er ekki bannað að gera betur og er iðulega gert. Þegar réttir aðilar eiga í hlut hefur ekki staðið á hinum feitu starfslokasamningum. Þótt ég ætli ekki að fara að gera orð hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, hv. 9. þm. Suðurk., að mínum — hann ber ábyrgð á því sem hann lagði til umræðunnar — vil ég að gefnu tilefni gera þessar athugasemdir um þessa hlið mála og endurtek kröfu okkar um að gengið verði í að ræða við starfsmenn, það verði gert af sanngirni.

Að lokum ítreka ég spurningu mína til hæstv. utanríkisráðherra, sem ég veit að hann hefur skrifað hjá sér og mun bregðast við í lokin: Þarf að orða þetta svona í upphafi 1. málsliðar ákvæðis til bráðabirgða: „Eftir því sem við verður komið ...“? Af hverju er ekki hægt að hafa þetta einfalt, eins og t.d. lögin um aðilaskipti að fyrirtækjum gera skylt? Þegar um það er að ræða, samanber evrópskar reglur þar um, eru mönnum tryggð óbreytt kjör og óbreytt réttindi og störf af hálfu hins nýja aðila. Það er lögvarið að hinn nýi vinnuveitandi, sem yfirtekur fyrirtækið, skal virða allar skyldur fyrri eiganda þess. Það má að mörgu leyti líta á þetta sem hliðstæðu eins og hv. þm. Jón Gunnarsson benti mér á áðan þó það sé sennilega ekki svo að lögum að þetta falli undir lögin um aðilaskipti. En efnislega og út frá sanngirnisástæðum má vel líta svo á og þá væri langeinfaldast að orða þetta í upphafi ákvæðis til bráðabirgða á þann veg að öllu því starfsfólki sem þess óskar skuli bjóða endurráðningu.

[15:44]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég hef lagt áherslu á í mínu máli varðandi starfsmennina er sú staða sem við erum í í dag. Hún gefur ekkert tilefni til þess að menn fari að sletta fram loforðum um stóra starfslokasamninga þegar upp er staðið og í ljós kemur hvernig fer með framtíð þeirra starfsmanna sem þarna eru. Verkefnið er að færa þá frá varnarliðinu yfir til íslenskra stjórnvalda og reyna að búa þannig um hnútana að allir fái starf við hæfi, að þeir sem þarna starfa í dag geti starfað áfram við völlinn, og koma á nýju skipulagi á vallarsvæðinu sem getur gilt til framtíðar. Þegar þessu öllu er lokið kemur í ljós hver staða þeirra starfsmanna sem eru þarna í dag er. Komi þá í ljós að einhverjir starfsmenn sem starfa á vellinum fá þar ekki starf til frambúðar getur þá ekki verið, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að það kunni að vera verðmætara fyrir þá að gripið verði til aðgerða sem tryggja þeim annað framtíðarstarf frekar en að vera núna að lofa einhverjum feitum starfslokagreiðslum? Mér finnst þetta algerlega ótímabær umræða og hún á ekkert erindi vegna þess frumvarps sem hér liggur fyrir á þinginu. Mér finnst það líka ósanngjarnt í ljósi þess hvernig stjórnvöld hafa talað vegna þeirrar óvissu sem starfsmenn á vellinum hafa búið við. Stjórnvöld hafa talað algerlega tæpitungulaust um það að sérstaklega verði horft til hagsmuna starfsmanna og allt gert í hvívetna til að tryggja stöðu þeirra til framtíðar. Það er engin ástæða til að efast um vilja stjórnvalda til að huga að þeirra málum. Í dag er hins vegar ekki tíminn til að fara að lofa stórum starfslokasamningum.

[15:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það er nú það, frú forseti, er ekki ástæða til að efast? Hræða ekki sporin, framganga stjórnvalda, þeirra hinna sömu sem hér er við að eiga, á undanförnum missirum í mörgum tilvikum? Er það ekki staðreynd að tekinn hefur verið réttur af mönnum einmitt við breytingar á ríkisfyrirtækjum í hlutafélög? Svo vísa menn í þá skerðingu þegar þeir halda áfram og taka til við að breyta næstu stofnun, eins og útvarpinu, rafmagnsveitunum eða hvað það nú er. Þá er bara vísað til þess sem gert var þegar Síminn var tekinn.

Varðandi það að stjórnvöld hafi talað tæpitungulaust og komið svo vel fram og staðið svo vel að því hingað til sem varðar Keflavíkurflugvöll, þá má nú efast um það. Er það ekki staðreynd að þarna hafa hundruð manna gengið með uppsagnarbréfið upp á vasann undanfarnar vikur og mánuði án þess að við þá hafi verið talað? Síðast í gærkvöldi fékk ég tölvupóst frá forsvarsmanni eins hópsins þar sem hann kvartaði einmitt undan því að þeir væru óánægðir með að vita ekkert um sín mál og hafa beðið í óvissunni allan þennan tíma. Er sú frammistaða til fyrirmyndar að koma ekki saman starfshópnum með heimamönnum svo vikum skiptir? Það er ekki beinlínis til að undirbyggja þá lýsingu á frammistöðu stjórnvalda sem hv. þm. Bjarni Benediktsson var að tala um. Sanngjörn starfslokakjör eiga auðvitað að vera inni í myndinni sem úrræði eins og önnur við þessar aðstæður. Það er eðli málsins samkvæmt bæði rétt og skylt. Þess vegna er eðlilegt að menn taki því ekkert endilega vel þegar hv. þingmaður leggur lykkju á leið sína til að mótmæla því að það sé rætt. Jafnvel þó að honum kunni að þykja orðalagið sem þar er notað af hálfu einstakra þingmanna ekki endilega það rétta, þá er alveg fráleitt annað en að ræða megi þann kost og þann möguleika gagnvart þeim sem það kjósa að þeim standi þá til boða sanngjörn starfslokakjör og það kemur væntanlega til með að eiga við í einhverjum tilvikum að menn teldu sér slíkt hagstæðast.

[15:48]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Þessi umræða hefur verið að mörgu leyti gagnleg og kemur í ljós að í grófum dráttum eru þeir sem tekið hafa til máls sammála því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Jafnframt liggur fyrir sá skilningur, hygg ég, hjá öllum þingmönnum að þetta frumvarp sé lagt fram til að tryggja starfsöryggi þeirra manna sem unnið hafa hjá bandaríska hernum. Það er kjarni málsins. Það er af þeim sökum, hygg ég, sem við munum gera tilraun til að afgreiða þetta frumvarp nú á þessum degi. Mér þykir rétt að þetta komi fram nú við lok þessarar umræðu.

Hér hefur verið drepið á ýmis önnur mál sem varða þetta mál ekki neitt, eins og framtíð Reykjavíkurflugvallar, spurning um hvort íbúðabyggð rísi á Lönguskerjum og þar fram eftir götunum. Að síðustu hafa þessar umræður snúist nokkuð um starfslokasamninga sem ég er sammála hv. þm. Bjarna Benediktssyni um að ekki sé tímabært að ræða í þessu samhengi.

Ég vil á hinn bóginn minna á að það eru menn á ýmsum öðrum stöðum sem hafa misst atvinnu sína án þess að hlaupið hafi verið upp til handa og fóta og beðið um starfslokasamninga. Ég get minnst á Kísilgúrverksmiðjuna í Mývatnssveit. Ríkið var stór þátttakandi að þeim rekstri. Sú verksmiðja starfaði í miklu óöryggi svo áratugum skipti. Það voru ákveðin öfl sem vildu leggja þá verksmiðju niður en ég minnist þess ekki, og mér þykir rétt að rifja það upp hér, að neinn þeirra sem lagði það til hafi sérstaklega beitt sér fyrir því að starfslokasamningar yrðu gerðir við það verkafólk sem þar missti atvinnu sína.

[15:51]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Enn heyrir maður þá kenningu, sem ég las út úr orðum hv. þm. Halldórs Blöndals, að svo skuli böl bæta að benda á annað verra. Um það snýst ekki eðlilegur, skynsamlegur málflutningur. Ég hef að vísu heyrt þessa lögskýringu áður í menntamálanefnd, skýringu á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Það er skýrt þannig í frumvarpi um Ríkisútvarpið hf. að það eigi að skerða starfsmenn þeirra með sama hætti og skert var hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Matvælastofnun. Lögskýringin á jafnræðisreglunni, hin nýja, sem ég hef reyndar aldrei heyrt áður, er sú að allir eigi að hafa það jafnskítt. Ef einn hefur það skítt verði að jafna það þannig að allir séu í sama skítnum.

(**Forseti** (SP): Forseti biður hv. þingmenn um að gæta orða sinna hér.)

[15:52]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þær umræður sem hér hafa átt sér stað og endurtaka þakkir mínar til þeirra sem greitt hafa fyrir því að þetta mál komst á dagskrá þessa fundar í dag og náðst hefur samkomulag um að reyna að afgreiða málið í dag. Hér hafa auðvitað vaknað ýmsar spurningar og sumar þess eðlis að ég mun leiða þær hjá mér en öðrum mun ég reyna eftir föngum að svara.

Ég vil í upphafi máls mín fara aðeins yfir þetta mál aftur á svolítið almennum nótum. Frumvarpið sem hér hefur verið lagt fram er frumvarp um lágmarksráðstafanir sem þarf að gera til að tryggja flughæfni flugvallarins í Keflavík og starfsöryggi þeirra sem þar vinna við þau störf sem um er að tefla en ganga jafnframt úr skugga um að ekki skapist neitt ófremdarástand við það að einn rekstraraðili tekur við af öðrum varðandi ýmsa rekstrarþætti. Auðvitað hefði verið hægt að stíga stærra skref og gera þetta allt öðruvísi en meðan sú óvissa ríkir sem enn er við lýði varðandi samninga við Bandaríkjamenn töldum við heppilegast í ríkisstjórninni að stíga aðeins lágmarksskref. Eins og ég sagði fyrr í umræðunni útilokar þessi breyting ekki aðrar breytingar síðar meir hvað varðar rekstrarfyrirkomulag á vellinum. Þá koma til skoðunar í fyrsta lagi spurningar um hvar vista eigi þetta mál. Eins og ég sagði fyrr í dag og aðrir hafa tekið undir tel ég að þetta samgöngumannvirki eigi þegar til framtíðar horfir að heyra undir samgönguráðherra. Síðan er það annað mál með hvaða hætti tengt verður á milli starfseminnar á þessum flugvelli, sem vissulega hefur mikla sérstöðu, og annarrar flugvallarstarfsemi í landinu og yfirstjórnar Flugmálastjórnar Íslands. Ekki er tekin afstaða til þess í þessu frumvarpi.

Þeirri spurningu er haldið opinni hvort einhvern tíma seinna eigi að flytja stjórnina á öllum flugvöllum í landinu undir einn hatt. Kannski er það rétt, ég ef ekki myndað mér skoðun á því. En ég hef myndað mér þá skoðun, og fylgi því máli hér eftir, að til þess að snurðulaus yfirfærsla geti átt sér stað á næstu vikum og mánuðum varðandi núverandi rekstur á vellinum sé best að gera það með þeim hætti sem hér er lagt til og með því sé líka er best komið til móts við hagsmuni og sjónarmið starfsmanna sem þarna eiga hlut að máli. Frumvarpið er því ekki síst flutt núna til að eyða þeirri óvissu sem margir þingmenn hafa gert að umtalsefni og snertir fyrst og fremst þá starfsmenn sem unnið hafa hjá varnarliðinu við þá rekstrarþætti sem vikið er að í þessu máli.

Í framhaldinu geta menn svo velt því fyrir sér hvernig þeir vilja hafa þetta að formi til. Eitt er hvar menn vista málin, annað er hvaða form á að vera utan um reksturinn. Víða í nálægum löndum eru rekin hlutafélög um flugvelli og þykir ekkert athugavert við það. Í nálægum löndum reka ríkisstjórnirnar eða ríkisvaldið flugvelli sína í formi hlutafélaga. Það er bara spurning um form á rekstri og ætti auðvitað ekki að hafa neitt sérstakt með pólitík að gera heldur hvaða rekstrarform hentar best hverju sinni. Þannig er þetta t.d. gert í Noregi. Þar er hlutafélag um flugvellina og svo er annað sérstakt hlutafélag um stóra flugvöllinn þeirra, Gardermoen, sem er í eigu hins hlutafélagsins, ef ég skil það rétt. En þetta er önnur saga, þetta er mál sem menn geta rifist um í sölum þingsins við annað tækifæri ef um það er að tefla. Flugbrautirnar í Keflavík eru hins vegar ekki í eigu íslenska ríkisins, a.m.k. ekki enn sem komið er og ekki alfarið, heldur kemur þar líka til skjalanna Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins. Við höfum lagt miklar upphæðir í það mál og auðvitað þarf að greiða úr öllu slíku. Þess vegna hef ég aldrei haldið því fram, eins og einn þingmaður lét getið hér áðan, að það ætti að einkavæða flugbrautirnar eða þau mannvirki. En nóg um þetta. Þetta er ekki það mál sem raunverulega þarf að afgreiða núna.

Hins vegar vildi ég láta þess getið í þessu sambandi, og

taka undir með þeim sem það hafa sagt, að það er mikil nauðsyn á að reksturinn í heild á Keflavíkurflugvelli geti verið sjálfbær. Þá erum við auðvitað að tala um hlutafélagið sem rekur flugstöðina, sem er í rauninni fasteignafélag með verslunarrekstur en skilar hins vegar dágóðum tekjum og sá rekstur hefur gengið mjög vel eftir að hlutafélagið var stofnað árið 2000. Það er einn aðili að þessu máli. Ég held að við verðum að horfa á þennan rekstur í heild sinni, annars vegar stjórnsýsluna og flugvallarreksturinn sjálfan sem snertir brautirnar og þá þætti og hins vegar það sem kallað er óflugtengd, það er nú til eitthvað voða fínt orð yfir það, starfsemi á öllum flugvöllum sem eru þá fasteignirnar, verslunarreksturinn og þær tekjur sem þar skapast. Í heild sinni er eðlilegt að ætlast til þess að þetta sé sjálfbært, standi undir sér og ef vel gengur skili jafnvel einhverjum tekjum í ríkissjóð. Enn og aftur þá er þetta ekki mál dagsins varðandi þetta frumvarp en mér finnst ánægjulegt að þingmenn séu sammála mér hvað þetta varðar. Þetta gæti hins vegar þýtt að ríkissjóður hefði á næstunni minni tekjur af þessari flugvallarstarfsemi og flugstöðinni en hann hefur í dag vegna þess viðbótarkostnaðar sem hér er að falla til og íslenska ríkið mun þurfa að standa undir.

Varðandi gjöldin sem hér hafa verið nefnd og getið er um í þessu frumvarpi, þá eru þrenns konar gjöld lögð á þessa starfsemi, lendingargjöld, öryggisgjald og flugvallarskattur. Það síðastnefnda, flugvallarskatturinn, rennur inn í flugmálaáætlunina og dreifist þar af leiðandi á fleiri verkefni en einungis Keflavíkurflugvöll en hér er gert ráð fyrir að staðfesta með lögum það sem tíðkast hefur, að lendingargjöldin og flugöryggisgjaldið, vegna vopna- og öryggisleitar, renni til flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Það er í raun og veru ekki neitt nýtt í því efni.

Við gerum okkur vonir um að þetta frumvarp muni skapa vissa festu í því sem fram undan er á Keflavíkurflugvelli og á grundvelli þess verði hægt að leysa vandamál þeirra starfsmanna sem að undanförnu hafa verið í óvissu með sín mál. Enda stendur í frumvarpinu að eftir því sem við verði komist skuli veita starfsmönnum í tilteknum deildum sem starfað hafa hjá varnarliðinu tiltekinn forgang að störfum. Ég tel að ekki sé hægt að ganga lengra hvað þetta varðar og það sé óhjákvæmilegt að flugvallarstjórinn, sem mun annast þetta verkefni, hafi visst svigrúm í því vegna þess að það kann að þurfa að endurskipuleggja þessi mál, gera þetta með öðrum hætti en varnarliðið hefur gert. Þar að auki er vitað að einhverjir starfsmenn munu vilja skipta um störf og hafa jafnvel þegar ákveðið að gera það en tilgangur frumvarpsins er náttúrlega að tryggja rekstrarhæfni vallarins jafnhliða starfsöryggi þeirra starfsmanna sem þarna eiga hlut að máli. Þess vegna er brýnt og nauðsynlegt að víkja frá auglýsingaskyldunni sem önnur ákvæði laga hefðu ella kveðið á um.

Ég vil bæta því við út af spurningum hv. þm. Jóns Gunnarssonar varðandi reglugerð um starfsemi og skipulag flugmálastjórnarinnar að þetta er heimildið ákvæði sem eðlilegt er að setja um starfsemi sem þessa. Þessi flugmálastjórn hefur frá 1964 eingöngu starfað á grundvelli reglugerða sem er mjög óvenjulegt um stofnanir ríkisins nú til dags. Við snúum þessu við núna og setjum lög um starfsemina og setjum síðan reglugerð til að fylla út í löggjöfina.

[16:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill segja enn og aftur að hann telur rétt að fylgt sé þeirri venju að þegar hv. þingmenn biðja um að veita andsvar gefi þeir merki um það meðan ræðumaður heldur sína ræðu. Vegna þess að forseti veitti undanþágu hér áðan þá er það hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest., sem veitir andsvar við ræðu hæstv. utanríkisráðherra.

[16:03]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil síst deila á fundarstjórn forseta en vil þó geta þess að stundum eru ræðumenn býsna snöggir að ljúka ræðu sinni úr ræðustóli þannig að það kann að vera rétt hjá forseta að menn biðji um andsvar eftir að ræðumaður er stiginn úr stólnum. Mér finnst að það megi taka tillit til þess. En ég deili ekkert við forseta um ákvörðun hans og tel því rétt að biðja bara um ræðu í staðinn því að ég hef engan áhuga á að taka til máls á einhverri undanþágu sem almennt gildir þá ekki um aðra þingmenn.

En það sem mig langaði að spyrjast nánara fyrir um — ég vil nú þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svörin. Það er alveg ljóst að sú breyting sem gerð er á 3. gr. í frumvarpinu um lendingargjöld hefur ekki áhrif á fjárveitingu til framkvæmda í flugmálaáætlun þannig að tekið verði af skarið með það atriði og það að kveða á um að lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli renni til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar hefur enga breytingu í för með sér frá því sem verið hefur.

Það er þá hitt atriðið sem ég velti fyrir mér um skipulagið. Þegar búið er að koma á fót þessari nýju stofnun, Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, og móta stefnu ríkisstjórnarinnar um Flugmálastjórn Íslands og stofnun hlutafélags um flugvallarrekstur og flugleiðsöguþjónustu Flugmálastjórnar Íslands er eðlilegt að menn vilji fá skýr svör um hvað ríkisstjórnin ætlar sér með þessa nýju stofnun. Ég spyr því hvort það sé þá rétt skilið hjá mér að ekki séu áform um það nú að gera breytingar á því frumvarpi sem þingið er með til meðferðar til að menn geti tekið þessa sérstöku stofnun sem nú verður stofnuð síðar undir hlutafélagavæðinguna. Mér sýnist á frumvarpinu um stofnun hlutafélags að það sé þannig orðað að heimild sé til að stofna hlutafélag um flugvallarrekstur Flugmálastjórnar Íslands sem kann þá hugsanlega að ná yfir þessa sérstöku stofnun annaðhvort óbreytt eða með lítilli breytingu á því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar í þinginu.

Ég spyr því hvort það sé rétt skilið að ekki sé áformað að gera ráðstafanir til breytinga á þessum frumvörpum til að unnt verði að fella þessa nýju stofnun undir hlutafélagið sem á að stofna. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá það skýrt svo það liggi þá fyrir að menn séu að taka ákvörðun um nýja stofnun til einhvers tíma en ekki bara til nokkurra mánaða.

Ég tel ekki ástæðu til að skiptast á orðum við ráðherra um það sem hann sagði í umræðunni um daginn. Það stendur allt á sínum stað og menn geta flett því upp.

[16:06]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér láðist að víkja að þeim frumvörpum samgönguráðherra sem eru til meðferðar í þinginu og vil gera það í andsvari við hv. þingmann. Þetta eru auðvitað sjálfstæð frumvörp. Minn skilningur á þessu öllu saman er sá að verði þau frumvörp að lögum, sem ég geri ráð fyrir að verði, og stend að sjálfsögðu að, muni þurfa sérstaka lagabreytingu til að breyta því frumvarpi sem ég legg til þannig að það falli undir hin nýju lög sem samgönguráðherra er að beita sér fyrir, ef ég hef komið þessu rétt út úr mér. Þannig að það er ekki beint samhengi þar á milli en það getur vel verið að það sé skynsamlegt að hafa það svo varðandi flugleiðsöguþáttinn sérstaklega en þá er það bara eitt af þeim málum sem bíður síðari tíma og nánari yfirlegu og athugunar í þessum málum öllum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:07]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 801. mál, frv. LB og EOK, þskj. 1268.

Loftmengun af völdum svifryks í Reykjavík, 659. mál, svar umhvrh., þskj. 1263.

Nefndir á vegum ráðuneyta, 521. mál, svar forsrh., þskj. 1254.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 614. mál, nál. iðnn., þskj. 1262.

Persónuafsláttur til greiðslu útsvars, 800. mál, fsp. KHG, þskj. 1258.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál, þskj. 1249.

Tóbaksvarnir, 388. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1260; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1261.

Úrvinnslugjald, 714. mál, nál. umhvn., þskj. 1264; brtt. umhvn., þskj. 1265.

Framhaldsskólar, 2. umr.

Stjfrv., 711. mál (viðskiptabraut og afnám samræmdra prófa). — Þskj. 1047, nál. 1190.

[16:09]

Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. menntamálanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Þorstein Þorsteinsson frá Skólameistarafélaginu, Sigurð Sigursveinsson frá Félagi íslenskra framhaldsskóla, Hauk Má Haraldsson og Önnu Maríu Gunnarsdóttur frá Félagi framhaldsskólakennara og Júlíus K. Björnsson frá Námsmatsstofnun.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að viðskipta- og hagfræðibraut bætist við bóknámsbrautir framhaldsskóla og hins vegar að samræmd stúdentspróf í tilteknum greinum verði felld niður.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að starfshópur menntamálaráðuneytisins sem fjallað hefur um samræmd stúdentspróf hefur lagt til að í stað hinna samræmdu prófa verði kannað hvort taka eigi upp einstaklingsmiðuð tölvuvædd könnunarpróf. Nefndin tekur ekki afstöðu til þess hvort ástæða sé til að taka upp slík könnunarpróf, en áréttar hins vegar að einstaklingsmiðuð tölvuvædd könnunarpróf munu ekki koma í stað samræmdra stúdentsprófa nema með atbeina löggjafans.

Við meðferð málsins í nefndinni var einnig bent á að það kynni að orka tvímælis að binda heiti bóknámsbrauta í lögum eins og nú er gert. Nefndin telur hins vegar að ekki séu efni til þess að taka afstöðu til þess álitaefnis við meðferð þessa frumvarps, enda kalli slík breyting á efnismeiri umræðu innan Alþingis og nefndarinnar. Nefndin beinir því hins vegar til menntamálaráðherra að taka til sérstakrar athugunar hvort ástæða sé til þess að afnema þessa lögbindingu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta nefndarálit rita ásamt mér hv. þingmenn Sigurrós Þorgrímsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Kjartan Ólafsson, Atli Gíslason, Ísólfur Gylfi Pálmason og Mörður Árnason en hv. þm. Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[16:11]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fjalla efnislega um málið í framsögu minni á eftir. Ég fagna því að sjálfsögðu mjög eindregið að það sé að verða að lögum að samræmd stúdentspróf heyri sögunni til. Eftir þriggja ára þras menntamálaráðherra um þetta mál er ég að sjálfsögðu mjög ánægður með að málið skuli hafa fengið þennan framgang á þinginu núna í vor enda var samstaða um það í nefndinni. Þetta gekk mjög hratt og skjótt fyrir sig og var unnið vasklega og málið er á lokasprettinum og samræmdu stúdentsprófin heyra sem betur fer sögunni til núna á þessum fallega maídegi.

Ég vildi spyrja hv. formann nefndarinnar, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, hvort hann væri ekki til í að taka undir það að þetta væri vísir að því að um leið og við lýsum því yfir að samræmdu stúdentsprófin hafi verið vond hugmynd, framkvæmdin hafi mistekist og við leggjum þau núna af sem stórt skref í okkar skólamálum, að við eigum einnig að endurskoða með gagnrýni samræmd lokapróf í 8., 9. og 10. bekk grunnskólans, próf sem núna standa yfir og ég tel orka mjög tvímælis og tek undir gagnrýni sem hefur komið fram áður þar sem því er oft haldið fram að þau mæli síst það sem mestu máli skiptir sem er færni í mannlegum samskiptum og lífsleikni hvers konar. Ég held að í praxís séu þau lítið annað en inntökupróf í framhaldsskólana og til þess mjög vafasamt tæki, aðrar leiðir færari og sanngjarnari til að taka nemendur inn í framhaldsskólana og velja heldur en þau. Ég tel sjálfur að við eigum að leggja af samræmd lokapróf í grunnskólum eins og í framhaldsskólum. Ég er eindregið á þeirri skoðun og vísa því þeirri spurningu til hv. formanns menntamálanefndar, sem svo skörulega gekk fram í því að gera út um samræmd stúdentspróf í framhaldsskólunum með okkur í öðrum stjórnmálaflokkum á Alþingi þar sem þverpólitísk samstaða myndað-

ist loksins um málið eftir þriggja ára þóf hæstv. menntamálaráðherra.

[16:14]

Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að nefndarmenn í hv. menntamálanefnd voru sammála um að fara þessa leið og afnema samræmdu stúdentsprófin og ég get tekið undir það með hv. þingmanni að vinnan við það gekk í alla staði mjög vel.

Hann varpar þeirri spurningu til mín hvort rétt sé að endurskoða samræmt próf í grunnskólum. Ég ætla svo sem ekkert að útiloka það að mögulegt sé að gera það í náinni framtíð ef það verður til þess að bæta menntakerfið. Ég bendi hins vegar á að þessi samræmdu próf voru líklega tekin upp um 1929 og hafa verið við lýði þá í rúma átta áratugi og að mörgu leyti gefist vel en á þessu kunna að vera ákveðnir vankantar. Ég tel hins vegar að ekkert sé því til fyrirstöðu að menn velti því fyrir sér hvort rétt sé að gera á þessum samræmdu prófum einhverjar breytingar en þó aðeins að því gefnu að það verði til að bæta menntakerfið okkar. Ég skal ekki kveða upp úr um það hér og nú hvort sú breyting muni leiða til þess en það kann vel að vera og ég hlýt, eins og allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, að vera opinn fyrir öllum breytingum sem kunna að verða til bóta í menntakerfinu.

Ég vona að þetta svar mitt hafi verið hreinskilið og svarað spurningu hv. þingmanns.

[16:15]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu að hinn vaski og víðsýni formaður menntamálanefndar útiloki það alls ekki að lokapróf í grunnskólum heyri sögunni til, megi það verða til að bæta menntakerfi okkar sem ég er sannfærður um að það mundi gera þó svo samræmt lokapróf í grunnskólum séu að sjálfsögðu ekki alslæm. Þau hafa klárlega kosti og galla eins og öll önnur mannanna verk.

Ég tel að grunnskólakerfi okkar hafi þróast með mjög jákvæðum hætti sérstaklega á síðustu 10 árum eftir að starfsemi grunnskólans var flutt til sveitarfélaganna þar sem má segja að grunnskólastigið hafi að mörgu leyti sprungið út og tekið miklum framförum. Það er mjög spennandi og skemmtilegt að fylgjast með þróun mála í grunnskólanum hér á landi sem er í stórum dráttum fjölbreyttur, litríkur og góður. En lengi má gott bæta og við eigum að sjálfsögðu að stefna fram á við og stefna að miklu betri grunnskóla þar sem börnin okkar fá enn betri menntun. Það eru allt of mörg börn sem ekki koma nógu vel undirbúin út úr skólunum, t.d. eins og oft vill gerast að þeim hlekkist á á unglingastiginu og ná ekki nógu góðum árangri á samræmdu lokaprófunum í þeim tilteknu greinum sem prófað er í sem verður oft til þess að þeir unglingar lenda einhvern veginn utan gátta í samfélaginu, lenda utan skólasamfélagsins, skila sér ekki inn í framhaldsskólann eða falla fljótlega þaðan á brott af almennum brautum sem þau fara á eftir að hafa fallið á hinum samræmdu prófum.

Ég held að samræmdu prófin, lokaprófin í grunnskólunum geti líka valdið tilteknum skaða hjá þeim unglingum sem eru viðkvæmari og ekki eins vel undirbúnir og ég held að við eigum að leggja þau af eða stefna að því og vinna að því. Þess vegna fagna ég því að hv. formaður menntamálanefndar taki ágætlega undir þá hugmynd megi það verða til að bæta menntakerfið.

[16:18]

Frsm. menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hinum vörpulega þingmanni Björgvini G. Sigurðssyni fyrir hlý orð í minn garð. Eins og ég sagði er ekkert sem útilokar breytingar sem gætu leitt til bóta í menntakerfinu. Við skulum samt sem áður hafa það í huga að samræmdum prófum í grunnskóla var ekki síst komið á til að bæta stöðu og hag nemenda á landsbyggðinni. Það var nefnilega þannig að á árum áður stóðu nemendur á landsbyggðinni höllum fæti gagnvart nemendum í þéttbýlinu hvað varðaði gæði kennslu og ein af röksemdunum fyrir því að taka upp samræmd próf í grunnskólum var að hvetja grunnskóla í dreifbýlinu til að auka gæði þjónustu sinnar. Það var gert með því að setja þessi próf á.

Nú er öldin önnur og kennsla í hinum dreifðu byggðum hefur batnað mjög mikið og það skyldi þó ekki vera að það sé að einhverjum hluta til vegna þess að samræmdum prófum var komið á?

Nú kann hins vegar svo að vera að ástæða sé til að endurskoða þetta kerfi. Ég útiloka ekki að það verði gert en ég fagna því hins vegar hversu vel nefndarmenn, fulltrúar allra flokka í hv. menntamálanefnd tóku í þetta mál. Ég fagna því að nú sé verið að afnema samræmd stúdentspróf. Ég held að allir sem að því máli hafa komið séu sammála þeirri breytingu sem verður að lögum núna síðar í dag.

Umræðu frestað.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 795. mál (stjórn og rekstur flugvallarins). — Þskj. 1244.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 711. mál (viðskiptabraut og afnám samræmdra prófa). — Þskj. 1047, nál. 1190.

[16:22]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegur dagur í íslenskri skólasögu í dag þar sem við erum að leggja af og afnema

samræmd stúdentspróf en segja má að þau hafi aldrei náð neinni stöðu í íslensku skólakerfi. Prófin voru tekin upp fyrir nokkrum missirum og þá strax ollu þau deilum og gagnrýni enda kom fljótlega í ljós að samræmd stúdentspróf voru ákaflega vond hugmynd. Þá bættist við að framkvæmd prófanna var ekki vel heppnuð sem leiddi að lokum til þess að þegar prófin áttu að lokum að koma til fullra framkvæmda á liðnu hausti að nemendur fóru í setuverkfall. Á bilinu 65–80% stúdentsefna í framhaldsskólum landsins tóku ekki prófin þannig að nemendur risu upp gegn prófunum sjálfir og það strax þegar þau komu fram á sínum tíma. Enda held ég að þau hafi aldrei verið mjög vel ígrunduð og það séu allt aðrar leiðir færari og betri til að annars vegar mæla þekkingu og kunnáttu stúdentsefna í framhaldsskólunum og hins vegar kannski það sem var hinn eiginlegi tilgangur prófanna, að verða einhvers konar inntökupróf í háskólanum. Prófin áttu að gegna þeim tilgangi að sýna samræmda mælingu á getu nemenda í tilteknum fögum þannig að háskólarnir sem það kysu eða tilteknar deildir háskólanna gætu notað þau sem viðmið. Allt voru þetta að mínu mati vondar hugmyndir og háskólarnir eiga að hafa uppi allt aðrar aðferðir til að meta nemendur inn í deildir sínar en samræmd stúdentspróf. Það geta háskólarnir gert með inntökuprófum eða einhverjum allt öðrum og mikið sanngjarnari hætti. Prófafargan framhaldsskólanna er með þeim hætti að það er ekki á það bætandi. Í praxís varð einn helsti tilgangur þeirra að vera inntökupróf í framhaldsskólana. Sem slík voru þau vafasöm tæki enda til betri og sanngjarnari leiðir til að prófa inn í háskóla. Það var einnig mat skólanna sjálfra.

Upphaflega þegar samræmdu stúdentsprófin áttu að koma til framkvæmda árið 2003 tókum við samfylkingarþingmenn málið upp í fyrirspurnatíma við hæstv. þáverandi menntamálaráðherra Tómas Inga Olrich. Það var 19. febrúar 2003 og í framhaldi af því fórum við í fundaherferð í framhaldsskólana þar sem við nokkrir þingmenn Samfylkingar og frambjóðendur börðumst mjög fyrir því að prófin yrðu aflögð og þeim yrði frestað. Síðan þá hefur staðið yfir má segja þriggja ára þras við hæstv. menntamálaráðherra um samræmd stúdentspróf þar sem hæstv. menntamálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins tóku það ekki í mál í fyrstu að afleggja prófin, töldu að ekki yrði til baka snúið og það yrði að láta reyna á það enn frekar hvort prófin mundu öðlast gildi innan skólanna og hvort í þau ætti að halda. Hæstv. þáverandi menntamálaráðherra svaraði mér í fyrirspurnatíma um þetta fyrir rúmum þremur árum, með leyfi forseta:

„Lengi hefur verið gagnrýnt að einkunnir á stúdentsprófum í framhaldsskólum séu ekki sambærilegar og því er það í raun réttlætismál fyrir nemendur að fá að þreyta samræmd próf. Á þann hátt er mögulegt að leggja hlutlægt mat á frammistöðu þeirra, auk þess sem prófin gefa fræðsluyfirvöldum mikilvægar upplýsingar um skólakerfið og almennan námsárangur nemenda. Prófin geta einnig verið tæki fyrir kennara og skóla til að meta kennslu sína og skipuleggja starf sitt. Auk þess auðvelda prófin viðtökuskólum réttláta inntöku nemenda."

Ég er ósammála þáverandi ráðherra sjálfstæðismanna í menntamálum í öllum atriðum þarna. Það kom fram í þessari umræðu en þáverandi menntamálaráðherra þrástagaðist á því að það væri réttlætismál að halda úti samræmdum stúdentsprófum hvað sem tautaði og raulaði. Um þann ráðherra varð nokkuð brátt í íslenskri pólitík og hann er nú sendiherra úti í París. Nýr menntamálaráðherra tók við lyklavöldum fyrir nokkrum missirum og síðan þá hefur málið að sjálfsögðu oft og einatt verið til umræðu en það var ekki fyrr en í umræðum utan dagskrár á Alþingi við Samfylkinguna í desember að hæstv. menntamálaráðherra féllst á að endurskoða samræmd próf eftir fjögurra ára baráttu ýmissa stjórnmálamanna og glæsilega framgöngu framhaldsskólanema sjálfra sem héldu úti óslitinni baráttu gegn samræmdum stúdentsprófum af því að þau einfaldlega vissu sem var að þau voru ranglát og áttu ekki rétt á sér. Samræmdu stúdentsprófin voru vond hugmynd alveg eins og ég tel að samræmd lokapróf í grunnskóla séu vond hugmynd, úrelt og eigi að leggja af líka eins og ég kom aðeins inn á í andsvörum við hv. formann menntamálanefndar áðan.

En sem betur fer er víðsýnna fólk fyrir Sjálfstæðisflokkinn á þingi nú en þá og nú hafa hv. formaður menntamálanefndar og hæstv. menntamálaráðherra gefið það eftir að láta af baráttu sinni fyrir samræmdum stúdentsprófum, að þeim sé best fyrir komið með því að leggja þau af, hlusta þannig á skólasamfélagið sjálft þar sem það virtist vera mikil meirihlutaskoðun bæði nemenda, kennara og skólastjórnenda að prófin væru tilgangslaus, þau gerðu ekkert annað en íþyngja nemendum og skólunum sjálfum. Þau væru auk þess dýr og kostnaðarsöm í skólakerfi sem er fjársvelt með þeim hætti að ár hvert gengur mjög illa að tryggja öllum nýnemum og ég tala ekki um þeim sem ætla að snúa aftur til náms, vist í skólunum. Í því efni hafa komið fram verulegar áhyggjur af aðsókn að framhaldsskólunum þar sem t.d. Þorsteinn Þorsteinsson, formaður Skólameistarafélags Íslands og skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ, hefur miklar áhyggjur af því af því að í vor útskrifast stærsti árgangur Íslandssögunnar úr grunnskólum landsins. Þessi árgangur er einfaldlega fjölmennasti og stærsti árgangur sem nokkurn tíma hefur fæðst á Íslandi og miðað við hve illa hæstv. menntamálaráðherra gekk að tryggja öllum nýnemum skólavist í fyrra og hittiðfyrra þá er ástæða til að hafa áhyggjur af því nú að menntamálayfirvöld standi sig í stykkinu. Sérstaklega hafa þau brugðist þeim sem vildu snúa aftur til náms eftir að hafa hætt námi tímabundið eða fallið á brott eins og stundum er sagt og sneru aftur til náms. Að hefja nám á nýjan leik á að vera algerlega sjálfsagt mál og jafnsjálfsagt mál og að setjast á skólabekk í grunnskóla og þeir nemendur ættu að eiga skilyrðislausan rétt á því að fá inni í framhaldsskóla til að mennta sig hvort sem það er starfsnámsbraut eða bóknámsbraut. Þarna brugðust yfirvöld og ég ætla rétt að vona að þau standi betur að málum nú og ég vil nota þetta tækifæri á þessum síðasta degi fyrir þingfrestun til 30. maí og skora á hæstv. menntamálaráðherra að tryggja það að þessi stærsti árgangur Íslandssögunnar, sem í leiðinni getur fagnað því að þurfa ekki að þreyta samræmd stúdentspróf síðar á lífsleiðinni, fái inni í framhaldsskólunum.

Ef hæstv. menntamálaráðherra hefði verið viðstaddur umræðuna í dag, eins og ég hélt og vonaði, hefði verið ástæða til að spyrja hana að þessu í leiðinni, til að nota

ferðina eins og þar er sagt. En við skulum vona að brýning frá formanni Skólameistarafélagsins verði til þess að menntamálayfirvöld taki sig saman í andlitinu og tryggi öllum nýnemum skólavist í íslenskum framhaldsskóla í vor og einnig þeim sem vilja snúa aftur til náms.

En svona rétt í lokin, af því að við ætluðum ekki að hafa þessa umræðu langa, er ástæða til að fagna því sem gerist allt of sjaldan á Alþingi Íslendinga að þverpólitísk samstaða náist um góð mál. Sjálfstæðisflokkurinn hefur yfirleitt tekið þá stefnu í menntamálum á síðustu missirum að vera á móti því sem Samfylkingin talar fyrir. Það er ákaflega dapurleg pólitísk nálgun en þannig finnst mér veruleikinn vera. Ég fagnaði því sinnaskiptum forustumanna sjálfstæðismanna í menntamálum mjög þegar þeir féllust á kröfur okkar í stjórnarandstöðunni á Alþingi og kröfur skólasamfélagsins um að leggja af samræmd stúdentspróf. Ég fagnaði því mjög.

Það var annað merkilegt sem kom til umræðu í nefndinni og við tókum upp í menntamálanefnd. Það tengist því að í því frumvarpi sem við erum að samþykkja er einnig verið að lögbinda heiti á tveimur bóknámsbrautum, viðskipta- og hagfræðibraut bætast við bóknámsbrautir framhaldsskóla um leið og samræmdu stúdentsprófin í tilteknum greinum verða felld niður. Okkur varð þá ljóst að það væri mikil hugsunarvilla að lögbinda tiltekið heiti á bóknámsbraut. Við tókum það upp í nefndinni, stjórnarandstöðuþingmenn, að við vildum breyta lögunum í þá átt að engar greinar væru lögbundnar heldur hefðu skólarnir sjálfdæmi um það, út frá að sjálfsögðu námskrá og reglugerðum, hvaða samsetningu náms þeir byðu upp á.

Nemendur eiga að sjálfsögðu að geta sett nám sitt saman sjálfir og miða þá við þær kröfur sem háskólinn sem þeir ætla í gerir. Það á að sjálfsögðu að gefa skólunum frelsi og sjálfstæði til að setja nám sitt fram sjálfir og alger hugsunarvilla að lögbinda slík bóknámsheiti. Það er óþarfa miðstýring og það er röng nálgun. Þetta kom skýrt fram á fundi menntamálanefndar þar sem við fengum munnlegar umsagnir nokkurra skólameistara og forustumanna Skólameistarafélagsins og Félags íslenskra framhaldsskóla sem tóku mjög undir þetta og tóku þetta mál einnig upp að fyrra bragði. Þingmenn í nefndinni tóku einnig undir þetta og við meðferð málsins fór það inn í nefndarálitið, með leyfi forseta:

„... að það kynni að orka tvímælis að binda heiti bóknámsbrauta í lögum eins og nú er gert. Nefndin telur hins vegar að ekki séu efni til þess að taka afstöðu til þess álitaefnis við meðferð þessa frumvarps, enda kalli slík breyting á efnismeiri umræðu innan Alþingis og nefndarinnar.

Nefndin beinir því hins vegar til menntamálaráðherra að taka til sérstakrar athugunar hvort ástæða sé til þess að afnema þessa lögbindingu."

Eftir að þessi málsgrein var sett í nefndarálitið skrifuðum við að sjálfsögðu upp á það, enda höfum við lengi barist fyrir afnámi og niðurfellingu samræmdra stúdentsprófa. Ekki var annað að heyra en það væri þverpólitískur skilningur nefndarmanna að það væri tímaskekkja að lögbinda bóknámsbrautaheiti sérstaklega. Þau á að sjálfsögðu að afnema í lögum og skólarnir eiga að fá frelsi til að bjóða upp á þær greinar, hvað svo sem þær heita, sem þeim finnst nauðsynlegar. Að auki má nefna að þær breytur sem hér er verið að lögbinda eru í sjálfu sér löngu komnar til í skólunum. Þær vantaði einungis lögformlega stöðu í kerfinu.

Það á ekki að þurfa lagabreytingu, virðulegi forseti, til að bregðast við þróun og breytingum í skólakerfinu. Það er þunglamalegt og rangt. Ég gat fundið það sterkt í nefndinni að þar ríkir skilningur á þessu viðhorfi. Ég vona að í haust munum við taka til meðferðar á Alþingi og síðan í menntamálanefnd frumvarp þar sem við höfum tíma til að taka efnismikla umræðu um að breyta lögunum í þá veru að engar bóknámsbrautir séu lögbundnar þar.

Þetta eru skref í framfaraátt. Þetta eru framfaraskref í íslenskum skólamálum, rétt eins og það er stórt framfaraskref í íslenskum skólamálum að leggja af samræmd stúdentspróf. Ég fagna því eindregið að við stöndum á þeim tímamótum nú við þingfrestun 4. maí, áður en við göngum til sveitarstjórnarkosninga og síðan aftur til Alþingis í sumar, að fella niður samræmd stúdentspróf. Fyrir því hafa Samfylkingin og ýmsir aðrir barist í þrjú ár. Ég fagna því mjög eindregið.

Virðulegi forseti. Þó svo að þessi lagabreyting gefi tilefni til margvíslegrar umræðu um skólamál þá látum við hana bíða betri tíma enda fyrirheit um það í nefndarálitinu frá hv. menntamálanefnd, fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna sem þar eiga sæti, að næsta vetur muni fara fram efnismikil umræða um það hvernig hægt er að breyta íslensku skólakerfi til hins betra.

Við, ég og hæstv. menntamálaráðherra, ræddum nokkuð harkalega nú í vetur fyrirhugaða styttingu eða skerðingu náms til stúdentsprófs. Menntamálaráðherra féll að nokkru leyti frá því, bakkaði með það og frestaði því, m.a. út af kröfum okkar í stjórnarandstöðunni og kröfum skólasamfélagsins. Samkomulag náðist við skólasamfélagið um tiltekin atriði og ég vona að þau gangi eftir. En hæstv. menntamálaráðherra sagði í umræðum við Samfylkinguna á þingi 15. febrúar á þessu ári, með leyfi forseta:

„Ég get upplýst um að frumvarp er snertir framhaldsskólann kemur inn í þingið á vordögum en ég mun vinna það í samvinnu og samráði við kennaraforustuna."

Þarna var hún að tala um það sem lýtur að styttingu eða skerðingu náms. Ég ætlaði því að spyrja hæstv. ráðherra hvort það mál kæmi inn í þingið á þessu þingi árið 2006, hvort það biði næsta vetrar eða hvort það heyrði sögunni til. Ég vona að það heyri sögunni til af því að það er rangt að skerða nám til stúdentsprófs eða skerða nám í íslenskum framhaldsskólum. Það á að byggja undir það og gera það fjölbreyttara. Það á að fella niður skil á milli skólastiga, veita þeim nemendum sem hraðar vilja fara frelsi til þess, hinum sem á því þurfa að halda tíma til að vera lengur. Það er ekkert nema ávinningur af því að halda unga fólkinu við nám hvort sem það er önninni lengur eða skemur.

Það er alger ranghugsun, þessi kassahugsun hæstv. menntamálaráðherra um skólakerfið, að það verði skera hér og þar og hraða ungmennunum í gegn. Sú hugsun tengist því kannski að nú eru stærstu árgangar Íslandssögunnar að koma upp úr grunnskólunum inn í framhaldsskólana og menntamálayfirvöld hafa ekki undirbúið það með þeim hætti að það gangi vandræðalaust. Mörg ungmenni sem eru að sækja um skólavist lenda á vergangi. Það er ámælisvert

hvernig menntamálayfirvöld hafa staðið sig hvað varðar framhaldsskólann.

Mun betur er staðið að grunnskólanum og öllu þar eftir að sveitarfélögin tóku við honum fyrir um 11 árum. Háskólastigið þróast mjög og blómstrar að mörgu leyti og leikskólinn eftir að jafnaðarmenn, Reykjavíkurlistinn og félagshyggjufólk út um allt land, hófu að byggja upp það skólastig fyrir 12 árum, skólastig sem var ekki til hjá Sjálfstæðisflokknum. Við getum því líka fagnað því að nú 12 árum eftir að Reykjavíkurlistinn tók við völdum er gjaldfrjáls leikskóli eða niðurfelling á leikskólagjöldum aðalkosningamál allra flokka. En ekki meira um það.

Rétt í lokin vildi ég skora á hæstv. menntamálayfirvöld, og fagna því að hv. formaður menntamálanefndar tók undir þá hugmynd mína, að endurskoða samræmd lokapróf í grunnskólunum. Að mínu mati á að leggja þau af. Þau hafa lengi tíðkast og lítil gagnrýni verið á gildi þeirra og tilgang. Einnig hefur lítið verið skoðað hvernig mælitæki þeir eru á færni nemenda við þau tímamót að þeir ljúka skyldunámi. Á sama tíma hefur verið deilt hart um samræmd próf í framhaldsskólum sem við leggjum nú af.

Ég held sjálfur, frú forseti, að við eigum að endurskoða samræmd lokapróf í 8., 9. og 10. bekk grunnskólans. Ég hef sjálfur verið á þeirri skoðun að við eigum að fella þau niður og leita annarra leiða til að mæla færni nemenda. Prófin mæla einungis í litlum mæli þá færni sem mestu skiptir, svo sem mannleg samskipti og lífsleikni hvers konar. Án efa yrði líka til mikilla bóta að taka með einhverjum hætti verklegar greinar inn í slíka mælingu. Nýsköpunarnám er á mikilli uppleið í framhaldsskólunum, verktengt nýsköpunarnám, frábærlega sniðugt nám sem er víða ástundað af miklum krafti. Ég tel að það ætti að endurskoða þetta allt saman algerlega frá grunni.

Samræmdu lokaprófin í grunnskólunum eru tímaskekkja á sama hátt og samræmdu prófin í framhaldsskólunum, arfur frá liðinni tíð og úrelt hugsun. Í praxís er tilgangur samræmdra lokaprófa grunnskólanna fyrst og fremst að vera inntökupróf í framhaldsskólana og sem slík eru þau vafasöm tæki. Það eru til betri og sanngjarnari leiðir til inntöku í þá en samræmdu lokaprófin. Þá er það einnig mál framhaldsskólanna sjálfra hvernig þeir velja nemendur inn og þá með hvaða hætti. Eins er það mál háskólanna sjálfra að velja nemendur inn í sínar deildir, ekki framhaldsskólanna. Það er ekki verkefni þeirra að mæla nemendur með samræmdum prófum.

Um leið og við fögnum því að samræmd stúdentspróf heyra sögunni til legg ég því til að samræmd lokapróf í grunnskólum verði endurskoðuð. Það leiðir vonandi til þess að næsta vetur eða kannski eftir ár getum við fagnað því að þau heyri sögunni til. Þá verður búið að frelsa íslenskt skólakerfi frá þeirri áráttu sem felst í samræmdum prófum sem einhverri hagmælingu á getu nemenda, algerlega úreltu tæki sem mælir ekki það sem máli skiptir.

Ég skora á hæstv. yfirvöld menntamála að nota sumarið vel til að endurskoða samræmd lokapróf í grunnskólum, 8., 9. og 10. bekk, þannig að við getum lagt þau af. Ég er sannfærður um að við mundum geta lagt þau af áður en þetta kjörtímabil verður úti. Hæstv. menntamálaráðherra fengi því þá framgengt líka auk þess að verða við kröfum okkar í Samfylkingunni um að leggja niður samræmt stúdentspróf.

[16:41]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að fjalla stuttlega um samræmdu prófin en ég lýsti því í 1. umr. um þetta mál að nú loksins gætum við fagnað því að þetta stóra baráttumál okkar í Samfylkingunni hefur náð í gegn hjá hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Eins og fram hefur komið höfum við barist gegn þessum samræmdu stúdentsprófum árum saman í Samfylkingunni og því fögnum við þessari niðurstöðu.

Menntamálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa þverskallast við að taka þetta til endurskoðunar þar til nú þegar í ljós er komið að framkvæmdin hefur verið meingölluð. Þessi próf rákust á við önnur próf innan skólanna og voru nákvæmlega á sama tíma, dæmi voru um það. Það sást langar leiðir á framkvæmdinni að þessi próf gengu ekki upp. Önnur ástæða þess að við fórum svo hart gegn þessum prófum var sú að þau auka á einsleitni framhaldsskólanna. Því hljótum við að fagna þessu.

Eins og fram hefur komið ræddi hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson þetta mál við páv. menntamálaráðherra, Tómas Inga Olrich, í febrúar árið 2003. Hann var harður á því að halda þessu til streitu. Það er ekki lengra síðan ráðherrar sjálfstæðismanna ætluðu að halda þessum prófum til streitu. Við hljótum því að fagna sinnaskiptunum og vona að þau séu ákveðin vísbending um að Sjálfstæðisflokkurinn ætli, eftir að hafa í hátt á annan áratug stýrt menntamálaráðuneytinu, að láta af þeirri miðstýringaráráttu sem hefur einkennt störf hans.

Við horfum upp á það að framhaldsskólarnir eru að verða einsleitari. Við sjáum það m.a. í hugmyndum sem uppi hafa verið um skerðingu á námi til stúdentsprófs. Við sjáum það líka á því, eins og fram hefur komið og nefnt er í nefndaráliti, að við erum með lögbundin heiti á bóknámsbrautum.

Frú forseti. Ég verð að nefna þetta hér vegna þess að auðvitað eiga hlutirnir ekki að vera með þessum hætti. Skólakerfið má ekki vera það innmúrað að breyta þurfi lögum ef kenna á undir ákveðnum heitum á bóknámsbrautum. Kerfið verður að vera sveigjanlegra. Það er mín skoðun að það verði að skera það allt upp, taka það til ítarlegrar skoðunar og skoða verknám og annað samhliða. Skólarnir eiga að hafa möguleika á því að vinna í sveigjanlegra umhverfi þannig að þeir verði sem fjölbreyttastir og vinni gegn því mikla brottfalli sem er úr framhaldsskólunum og er mikið áhyggjuefni. Það gerum við með því að hafa fjölbreytt framboð í framhaldsskólunum.

Virðulegi forseti. Mér þótti afar ánægjulegt að heyra svör hv. formanns menntamálanefndar við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um samræmd lokapróf í grunnskólum þar sem hann lýsti sig jákvæðan gagnvart því að það verði hugsanlega skoðað að afnema samræmd lokapróf í grunnskólunum. Þetta þykir mér sérstaklega áhugavert vegna þess að fyrir rúmlega ári síðan stóð ég í þessum stól og spurði hæstv. menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur hvort til greina kæmi að endurskoða framkvæmd á samræmdum prófum í grunnskólum. Svar hæstv.

menntamálaráðherra var alveg skýrt og ætla ég að vitna í það sem hún sagði þá, með leyfi forseta:

„... tel ég að markmiðssetning og tilgangur með samræmdum prófum í grunnskóla sé skýr. Þá hefur reynslan á framkvæmd þessara prófa sannað gildi þeirra. Því tel ég ekki koma til greina að hætta framkvæmd prófanna."

Ég vona að svör hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, sem jafnframt er formaður menntamálanefndar Alþingis, gefi til kynna að sinnaskipti séu líka að verða gagnvart þessum prófum hjá Sjálfstæðisflokknum í menntamálum. Ég vona svo sannarlega að hann hafi eitthvað um það að segja og að hugsanlega sé þetta vísbending um að hæstv. ráðherra sé einnig að skipta um skoðun í málinu og sé að láta af þeirri hörðu afstöðu sinni að halda samræmdum lokaprófum í grunnskóla til streitu.

Virðulegi forseti. Mér finnst áhugavert og mikilvægt að ræða hér samræmd lokapróf í grunnskólum vegna þess að fyrir ári síðan, eða 18.–19. febrúar 2005, samþykkti aðalfundur Félags grunnskólakennara ályktun þar sem lagt var til við menntamálaráðuneytið að samræmd próf í grunnskólum yrðu lögð niður. Þetta var mjög vel rökstudd ályktun. Þetta er það fólk sem starfar með grunnskólabörnum og þekkir innviði starfsins best og því er þessi ályktun afar merkileg, en í henni sagði m.a. að með vaxandi þróun í átt að einstaklingsmiðuðu námi síðustu ár og framtíðarsýn fræðsluyfirvalda í þá átt hafi samræmd próf ekki þann tilgang og vægi sem þeim var ætlað í upphafi heldur gangi í raun þvert á þá stefnu. Skólarnir eru í auknum mæli að taka upp einstaklingsmiðað nám og það er skoðun aðalfundar Félags grunnskólakennara að samræmdu prófin gangi þvert á þá stefnu. Því er þetta mikilvæg umræða. Ég tek undir þær áskoranir sem hér hafa komið fram hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni að hæstv. menntamálaráðherra taki þessi lokapróf í grunnskólum, samræmdu prófin, til endurskoðunar. Í þessari merkilegu ályktun Félags grunnskólakennara í fyrra var jafnframt sagt að samræmd próf hefðu þróast í þá átt að þau væru orðin markmið skólastarfs og stýrðu því í stað þess að vera uppbyggilegt mælitæki fyrir áframhaldandi starf. Það er alveg skýrt að mínu mati að þetta verður að skoða. Hæstv. menntamálaráðherra sagði í fyrra að ekki kæmi til greina að endurskoða samræmdu prófin í grunnskólunum. Reyndar hafa menntamálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins jafnframt sagt þetta um framhaldsskólann, samræmdu prófin í framhaldsskólum, en hafa skipt um skoðun núna og hlustað á þá sem þeim hafa mótmælt og í dag er verið að afnema þau með frumvarpi. Ég vona svo sannarlega að svo verði einnig hvað varðar samræmdu prófin í grunnskólunum.

Ég verð að nefna það líka áður en ég lýk máli mínu, frú forseti, að í þessari ályktun voru grunnskólakennarar einnig með verulegar efasemdir um samræmd próf í 4. og 7. bekk sem þeir töldu að legðu óeðlilegar kröfur á nemendur og gætu haft mjög neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra. Þetta eru orð sem ég tel að við verðum að hlusta á. Við verðum taka þessi mál til gagngerðrar endurskoðunar innan grunnskólanna og þá auðvitað í samráði við sveitarfélögin sem fara með grunnskólann og hafa stýrt honum af myndarskap síðastliðinn áratug.

Frú forseti. Í lokin verð ég að ítreka það sem ég hef sagt að við í Samfylkingunni fögnum mjög þeirri ákvörðun að leggja af framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum þar sem það hefur verið baráttumál okkar í mörg ár. Við vonum að þetta sé fyrsta skrefið á þeirri leið að byggja upp fjölbreytt skólakerfi og að látið verði af þessari miðstýringarárátttu Sjálfstæðisflokksins í menntamálum.

[16:51]

Atli Gíslason:

Frú forseti. VG fagnar því að samræmd stúdentspróf verði felld niður með þessu frumvarpi og styður það eindregið. Eins og hér hefur komið fram hefur þetta verið kveðin þráhyggja á liðnum árum, ákveðin miðstýringarárátta, ákveðin forræðishyggja. Þess vegna fagnar maður sérstaklega þessum sinnaskiptum. Við teljum enn fremur ástæðu til að horfa alvarlega á samræmdu prófin í grunnskólum. Ég hef að mörgu leyti jafnvel meiri áhyggjur af þeim en samræmdu stúdentsprófunum vegna þess að þau geta haft mun afdrifaríkari áhrif varðandi framhaldsnám, eins og hér hefur verið lýst af hv. þingmanni Björgvini G. Sigurðssyni, heldur en samræmdu stúdentsprófin, mun afdrifaríkari afleiðingar, þótt ekki sé annað en það að 14 ára krakkar eru ekki öll 14 ára að þroska. Þau eru afar misjöfn að þroska á þessum árum, bæði stúlkur og drengir, þannig að hin samræmda mæling getur orðið afar misvísandi.

Það kom líka fram að niðurstöður samræmdra prófa þurfi útskýringa við í hverju tilviki, að skýra þurfi út hverja mælingu og skýra út sérstaklega hvern skóla, það kunni að vera mjög margar breytur innan einstakra skóla sem geti haft veruleg áhrif á niðurstöður samræmds prófs. Niðurstöðurnar eru nánast afstæðar á mörgum sviðum. Ég minnist þess í máli þeirra sérfræðinga sem kallaðir voru á fund nefndarinnar og gáfu afar fræðandi yfirlit yfir þessar niðurstöður að einhver þeirra sagði að það sem virtist vera slök niðurstaða hjá skóla á samræmdu próf gæti þvert á móti sýnt að skólinn hefði sýnt miklar framfarir, að niðurstaða sem virðist slök sé bara alls ekkert slök. Þessi samræmdu próf orka því ekki bara tvímælis, ég hygg að þau séu afdráttarlaust röng aðferð til að meta fólk inn í skóla.

Þessi einhuga niðurstaða nefndarinnar er auðvitað í fullu samræmi við stefnu Vinstri grænna í menntamálum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur gefið út afar ítarlega menntastefnu sem samþykkt var á landsfundi flokksins 2005 þar sem farið er ítarlega yfir stefnu okkar í þessum málum og þetta frumvarp samræmist því ágætlega vel. Það er eins með þessa menntastefnu og í öðrum málum að við erum með hreinar línur. Við erum með hreinar línur í menntamálum eins og öðrum í málum, línur og stefnu sem við getum gengið að í hverju málinu á fætur öðru, heilsteypta og heildstæða menntastefnu. Við Vinstri grænir styðjum þetta frumvarp og munum greiða atkvæði með því.

[16:55]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Rétt er að fara örfáum orðum um það nefndarálit sem hér kemur frá menntamálanefnd í þessu mikilvæga máli. Ástæðan er sú að ég var ekki viðstaddur fundinn þegar málið var afgreitt en ég lýsi auðvitað yfir fullum stuðningi við það álit sem hér liggur fyrir. Ég vil í fyrstu

vekja sérstaka athygli á greininni sem fjallar um bóknámsbrautir, þ.e. að heiti þeirra séu sett í lög. Ég tel að það sé í raun og veru óþarft og jafnvel hamli gegn þróun framhaldsskólans og vek athygli á því að nefndin beinir því til hæstv. menntamálaráðherra að það verði tekið til sérstakrar athugunar að afnema þessa lögbindingu. Slík lögbinding tefur það m.a. að stofnaðar séu brautir í skólunum sem á auðvitað að vera val skólanna sjálfra, löggjafinn á ekki að ganga fram með slíkri miðstýringu að ákveða hvernig nám er nákvæmlega samsett á einstökum brautum. Það er nauðsynlegt að fara yfir þetta og er eðlilegt á þessu stigi að nefndin vísi þessu í þennan farveg þar sem nú er starfandi nefnd sem er að skoða framhaldsskólalögin í heild. Það er eðlilegt að sú nefnd skoði þetta og með hvaða hætti eðlilegast væri að breyta þessu.

Það var hins vegar nauðsynlegt að afnema hin samræmdu stúdentspróf sem hafa í raun og veru verið hálfgerður brandari eða bastarður í lögunum. Það hefur raunverulega aldrei tekist að framkvæma þau og sýnir í hnotskurn hversu mikilvægt það er að slíkar lagabreytingar og framkvæmdir séu í fullu samræmi við skólasamfélagið. Þarna varð aldrei taktur á milli og það var í raun og veru ekkert með þessi samræmdu stúdentspróf að gera. Þau voru valkvæð, þau skiptu engu máli. Nemendur sýndu hug sinn í verki til þeirra með því að mæta og skila auðu eða mæta hreinlega ekki og háskólarnir gerðu akkúrat ekkert með þessi samræmdu stúdentspróf. Það var því ekkert annað að gera og í raun og veru gafst hæstv. menntamálaráðherra upp í þessari baráttu sinni við vindmyllurnar og hefði betur gert það löngu fyrr, því að ég er hræddur um að illa hafi verið farið með það almannafé sem fór til þess að standa undir kostnaði við þá framkvæmd sem ætíð var í skötulíki. Þess vegna er eðlilegt að því sé sérstaklega fagnað að nú skuli sú leið farin að fjarlægja þetta ákvæði úr lögunum.

Þetta hefur orðið til þess að hér hefur nokkur umræða átt sér stað um samræmd próf í grunnskólum. Það er auðvitað full ástæða til að ræða þau og ekki síst vegna þess að nú þegar við ræðum afnám samræmdra stúdentsprófa standa einmitt yfir þessa dagana samræmd próf við lok grunnskóla eða í 10. bekk. Vonandi skoðar sú nefnd sem einnig er að störfum við að endurskoða grunnskólalögin í heild sinni það sérstaklega með hvaða hætti mat á að fara fram í grunnskólum. Færð hafa verið margvísleg rök fyrir því að samræmd próf í grunnskóla, a.m.k. í þeirri mynd sem þau eru nú, séu óþörf og vinni jafnvel gegn ákveðinni þróun í skólastarfi.

Ég man þessa umræðu nokkuð langt aftur í tímann, hún hefur í raun staðið yfir alveg frá því að þessi próf voru sett á og það hafa ætíð verið miklar gagnrýnisraddir gagnvart þeim. Meðal annars var sá rökstuðningur alveg frá upphafi að þau væru of stýrandi fyrir skólastarfið. Við sem höfum kennt við þessa skóla vitum að það er þannig í aðdraganda samræmdra prófa að skólarnir taka breytingum og taka meira og minna mið af þessum prófum, að kennsla í þessum greinum tekur meira og minna mið af því í allt of langan tíma í hverju er raunverulega prófað í samræmdu prófunum. Ef við tökum t.d. eina af þeim greinum sem prófað er í, íslenskuna sjálfa, þá er ekki prófað þar í þeim þætti sem við notum hvað mest, þ.e. í mæltu máli. Þetta eru auðvitað afskaplega einhæfar mælistikur sem þarna eru notaðar og raunverulega ekki mikið í tengslum við hið daglega líf eða það sem við tekur að grunnskóla loknum.

Það er líka annar rökstuðningur fyrir því að þetta eigi ekki að vera í þeirri mynd sem það er í dag. Samræmdu prófin eru eingöngu í bóklegum greinum og með því er verið að gefa ákveðin skilaboð til nemenda um að þær séu að einhverju leyti merkilegri en aðrar greinar sem kenndar eru við skólana, sem er auðvitað víðs fjarri. Þegar þetta er grannt skoðað held ég að þetta sé hluti af þeim vanda sem við sjáum í framkvæmdinni í framhaldsskólunum, þ.e. að allt of stór hluti nemenda, eins og við vitum, fer í bóklegt nám en ekki í hið verklega. Við þurfum töluvert að vinna í þeim málum til að breyta þeim hlutföllum. Það er alveg klárt mál að þetta hefur áhrif.

Við skulum þó ekki gleyma því að það hefur aðeins verið gefið eftir varðandi samræmdu prófin því að þau eru a.m.k. í orði kveðnu valkvæð núna, þ.e. nemendur eru ekki skikkaðir til að fara í þau heldur geta þeir valið og þurfa ekki heldur að fara í þau öll. Hins vegar hafa framhaldsskólarnir sett ákveðin ákvæði um hvaða próf nemendur þurfa að hafa farið í og staðist til að fara inn á ákveðnar brautir í framhaldsskólunum. Nemendur geta hins vegar farið í framhaldsskóla þrátt fyrir að hafa ekki tekið nein samræmd próf sem sýnir að baráttan gegn þeim hefur skilað ákveðnum hlutum. Ég held að það sé full ástæða til að grandskoða þetta og tel að hinar neikvæðu hliðar séu miklu stærri en hinar jákvæðu þannig að þessi próf eigi ekki rétt á sér.

Eins og ég sagði áðan, frú forseti, stendur yfir í nefndarstarfi heildarendurskoðun grunnskólalaga, framhaldsskólalaga og leikskólalaga. Eins og fram kom í ræðu áðan boðaði hæstv. menntamálaráðherra það sérstaklega eftir að gengið var frá sérstökum samstarfssamningi við Kennarasamband Íslands að búast mætti við því á vordögum að fram kæmi frumvarp varðandi styttingu framhaldsskólans og útfærslu á þeim hugmyndum. Nú blasir það við og samkvæmt heimildum sem ég hef eru engar líkur á því að það muni neitt liggja fyrir, að sjálfsögðu ekki fyrir hléið sem ákveðið hefur verið að taka og það mun væntanlega ekki heldur neitt koma á sumarþingi varðandi málið. Það mun ekki vera fyrr en í fyrsta lagi á haustdögum sem eitthvað mun skila sér í þingið. Er það auðvitað vel vegna þess að eins og við sjáum varðandi það mál sem við ræðum, samræmdu stúdentsprófin, að ef það er ekki taktur við skólasamfélagið munu hlutirnir ekki ganga fram. Það er auðvitað gífurlega mikilvægt þegar verið er að vinna að heildarendurskoðun laga að fullt samráð sé þarna á milli og reynt að ná sem allra mestri sátt.

Það hefur verið aðeins rætt hér að þessi tegund prófa sýni ákveðna miðstýringaráráttu. Það er ekkert vafamál að það er hægt að miðstýra mjög með samræmdum prófum hvort sem er í framhaldsskólum eða grunnskólum. Með því m.a. að velja hvaða greinar prófað er í er verið að koma ákveðnum skilaboðum á framfæri bæði við nemendur og skólana þannig að það er auðvitað ákveðin stýring falin í því.

Á vordögum kom til umræðu í þinginu frumvarp sem tengist grunnskólanum sem sýnir miðstýringaráráttuna í

mjög svæsinni mynd. Meiri hluti menntamálanefndar hefur afgreitt það mál meira að segja út úr nefndinni án þess að gera breytingar á því ákvæði þar sem miðstýringin kemur hvað svæsnast fram. En þar er verið að boða það varðandi grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum að sveitarfélögin séu skikkuð til að greiða ákveðna fjárhæð sem eru viðmiðanir í prósentum við meðalkostnað grunnskóla á landinu til slíkra skóla. Ég verð að segja að umræðan hefur aldrei náðst almennilega hvorki í þingsal né í menntamálanefnd um prinsippin í málinu vegna þess að svo heittrúaðir eru sumir hv. þingmenn gagnvart fyrirkomulaginu á rekstri grunnskólanna að prinsippumræða næst aldrei fram. Það er auðvitað sérstaklega athyglisvert vegna þess að þrátt fyrir að á fund menntamálanefndar hafi t.d. komið virtasti og líklega reynslumesti sveitarstjórnarmaður Sjálfstæðisflokksins og núverandi oddviti flokksins í framboði til borgarstjórnar í vor sem fór mjög vandlega yfir hin mikilvægu samskipti ríkis og sveitarfélaga, þá hafa menn ekki komist frá því sjónarhorni sem tengist trúarbrögðum varðandi rekstur grunnskóla, menn hafa ekki áttað sig á því að það er verið að ganga svo langt gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga að það er gengið á svig við þá þróun sem búið er að byggja upp áratugum saman í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir því t.d. yfir mjög skorinort í umsögn sinni að þarna sé freklega gengið á sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og í raun hrein og klár móðgun við sveitarfélögin sem sjá um rekstur grunnskólans að taka eigi ákvarðanir um slíka þætti á Alþingi, þ.e. í lögum, í lagaboði en ekki í samningum milli sveitarfélaga og viðkomandi aðila. Menntamálanefnd hefur tekið þetta út og ég trúi því ekki að þetta muni koma í þingsal aftur vegna þess að mér finnst ólíklegt að hv. þingmenn Sjálstæðisflokksins vilji á svo hastarlegan hátt ganga gegn oddvita sínum í borgarstjórnarkosningum sem fram fara eftir nokkrar vikur.

Frú forseti. Ég ber þá von í brjósti að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem eru með því nefndaráliti sem hér liggur fyrir og við ræðum að ganga örlítið til baka í miðstýringarárátttu sinni muni gera slíkt hið sama hvað varðar grunnskólann og að þau mál sem ég nefndi áðan fari í þá nefnd sem er að endurskoða grunnskólalögin í heild sinni og niðurstaðan verði miklu vænlegri en sú sem meiri hluti menntamálanefndar komst að um daginn.

[17:07]

Útbýting:

Kaup Eglu hf. á Búnaðarbankanum, 550. mál, svar viðskrh., þskj. 1273.

Kvótastaða báta sem voru í sóknardagakerfinu, 779. mál, svar sjútvrh., þskj. 1248.

Lögreglulög og framkvæmdarvald ríkisins í héraði, 520. mál, nál. allshn., þskj. 1242; brtt. allshn., þskj. 1243.

Neysluviðmiðun, 798. mál, fsp. KHG, þskj. 1256.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 794. mál, brtt. ISG o.fl., þskj. 1270.

Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, 669. mál, nál. allshn., þskj. 1269.

Upptaka evru, 759. mál, svar viðskrh., þskj. 1272.

Viðbúnaður við áföllum í fjármálakerfinu, 593. mál, svar forsrh., þskj. 1271.

[Fundarhlé. — 17:09]

[18:15]

Útbýting:

Birgðastöð eldsneytis fyrir höfuðborgarsvæðið, 752. mál, svar samgrh., þskj. 1278.

Veðurathuganir á Stórasandi, 786. mál, svar samgrh., þskj. 1277.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:44]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 19:45.

---

115. FUNDUR

fimmtudaginn 4. maí,
að loknum 114. fundi.

Dagskrá:

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 796. mál, þskj. 1253. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

2. Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, stjfrv., 795. mál, þskj. 1244, nál. 1274. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

3. Framhaldsskólar, stjfrv., 711. mál, þskj. 1047. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[19:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Á Alþingi í dag var dreift svari hæstv. fjármálaráðherra við fyrirspurn minni og hv. þm. Jóns Gunnarssonar þar sem enn einu sinni er staðfest verulega aukin skattbyrði á fólk með lágar og meðaltekjur í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þar kemur fram að skattbyrði hjóna með tvö börn undir sjö ára aldri og 260 þúsund kr. í saman-

lagðar mánaðartekjur er tvöfalt meiri nú á árinu 2006 en hún var á árinu 1995 miðað við jafngildar tekjur miðað við launavísitölu. Á 300 þús. kr. tekjur hjóna hefur skattbyrðin þrefaldast á þessu tímabili. Í svarinu eru sýndar sex mismunandi launaforsendur allt frá 200 þús. kr. tekjum í 420 þús. kr. tekjur hjóna og allar þessar launaforsendur sýna mikla aukningu skattbyrði á þessu 11 ára tímabili. Sama gildir um skattbyrði einstaklinga með tekjur frá 100–210 þús. sem um var spurt. Alls staðar hefur aukin skattbyrði, mest á 130 þús. kr. tekjur einstaklinga þar sem skattbyrðin hefur gott betur en þrefaldast og á 150 þús. kr. tekjur þar sem skattbyrðin hefur tvöfaldast miðað við jafngildar tekjur á árinu 1995.

Fjármálaráðherra hefur sjálfur með þessu svari staðfest að fjármálaráðherrar íhaldsins, þeir Friðrik Sophusson, Geir H. Haarde og Árni Mathiesen eru mestu skattpíningarráðherrar Íslandssögunnar þegar láglaunafólk og fólk með meðaltekjur á í hlut. Þetta hefur aftur og aftur verið staðfest m.a. af Stefáni Ólafssyni prófessor sem glögglega hefur dregið upp hvernig skattbyrði aldraða og öryrkja hefur vaxið gífurlega sem er þessari ríkisstjórn auðvitað til háborinnar skammar.

Nú spyr ég ráðherrann: Ætlar hann enn einu sinni að berja hausnum við steininn nú þegar hann sjálfur hefur staðfest í annað sinn á þessum vetri í svörum sínum aukna skattbyrði á fólk með lágar og meðaltekjur og ætlar hann að halda áfram að þrástagast á þeirri blekkingu að skattbyrði fólks hafi lækkað þó annað sé aftur og aftur staðfest, að skattar hafa hækkað, hækkað og hækkað á fólk með lágar og meðaltekjur? Ég skora á ráðherrann að hætta þessum blekkingum og viðurkenna sannleikann.

[19:48]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Þegar fyrirspurnir eru bornar fram gefur fyrirspyrjandi upp ákveðnar forsendur sem hann óskar eftir að reiknað sé eftir. Ef forsendurnar eru rangar þá mun koma út röng niðurstaða. Það getur verið að það sé rétt reiknað en eftir röngum forsendum fá menn ranga niðurstöðu jafnvel þó að fjármálaráðherra mundi reikna.

Það eru til tvær leiðir til að mæla áhrif skattalækkana ríkisstjórnarinnar. Annars vegar er það að bera saman nafnvirðistölur og fá þannig út niðurstöðu en hin leiðin er að bera saman tölur á sama verðgildi eftir uppfærslu með verðlagsvísitölu. Það er reyndar sú leið sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði í blaðagrein fyrir ekki löngu síðan að væri eina, nota bene, eina rétta leiðin til að meta skattalækkanir ríkisstjórnarinnar.

Í þessari fyrirspurn biður hv. þingmaður um að skattbyrði sé reiknuð á tölur bæði með framreikningum og afturreikningum með launavísitölu. Þegar menn eru að reikna með launavísitölu þá er ekki bara verið að taka inn í dæmið breytingar vegna breytinga á skattalögum heldur líka breytingar vegna þess hvernig laun hafa þróast í landinu sem eru þá líka breytingar sem hafa orðið á hagvextinum og gengi fyrirtækjanna og launþeganna í landinu. Það er auðvitað hægt að bera saman á þessum forsendum en þá eiga menn að bera þetta saman á grundvelli kaupmáttar ráðstöfunartekna því þá koma allir þættirnir inn í dæmið, þ.e. hvernig hagvöxturinn og hækkuð laun hafa áhrif og skattarnir líka.

Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir leggur málið upp og gefur upp forsendurnar þá er verið að bera saman epli og appelsínur, þá er verið að bera saman hærri laun við lægri laun. Og það er alveg sama þótt rétt sé reiknað hjá fjármálaráðuneytinu, ef gefnar eru rangar forsendur þá kemur út röng niðurstaða því það er ekki hægt að bera saman epli og appelsínur, hærra og lægra eins og það væri það sama, frú forseti.

[19:50]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Enn og aftur staðfestir hæstv. fjármálaráðherra í svari sínu til Alþingis þá staðreynd að skattbyrði á Íslandi hefur aukist verulega frá árinu 1995 til dagsins í dag. Það er alveg sama hvernig við reiknum, alveg nákvæmlega sama hvort við notum launavísitölu eða hvort við notum vísitölu neysluverðs, skattbyrðin hefur aukist á alla hópa.

Ég þarf varla að minna hv. þingmenn á niðurstöðu í Kastljóssþætti sem fór yfir skattbreytingar á Íslandi á þessum tíma. Þar var farið yfir og skoðað hvernig skattbreytingin hefði verið miðað við neysluvísitölu og þar kom fram að 70% allra skattgreiðenda á Íslandi væri hærri skattbyrði nú en á árinu 1995 þótt miðað væri við neysluvísitölu. Ef miðað er við launavísitöluna sem mælir breytingu launa þá borga allir nema þeir allra hæst launuðu, þ.e. þeir sem eru komnir með yfir milljón í mánaðarlaun, hærra hlutfall af launum sínum í skatta en þeir gerðu árið 1995.

Hæstv. fjármálaráðherra talaði um að bera saman sömu hluti. Muna hv. þingmenn eftir fyrirspurn frá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni sem spurði hvernig skattbyrði hefði breyst á 100 þús. kr. laun? Þá tóku menn og báru saman skattbyrði á 100 þús. kr. á árinu 1995 og 100 þús. kr. á árinu 2006, sömu krónutölu. Eru það sambærilegir hlutir? Eru menn að bera saman epli og epli þar eða eru menn að bera saman mandarínu og appelsínu? Ég held að það væri rétt og meiri mannsbragur að því hjá hæstv. fjármálaráðherra að viðurkenna þá staðreynd sem alls staðar blasir við að Sjálfstæðisflokkurinn hefur kerfisbundið verið að hækka skatta á lægstu laun á sama tíma og kerfisbundið hefur verið unnið í því að lækka skatta á þá sem lægstu launin hafa. Þetta ber að viðurkenna, hæstv. fjármálaráðherra.

[19:53]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er fundvís á það ártal þegar hún byrjar samanburðinn, síðasta ár hennar sem ráðherra. Ég hygg að þann tíma sem hún sat í ríkisstjórn með vinstri flokkunum og fram að þessum tíma hafi kaupmáttur lægstu launa versnað ár frá ári. Nú er spurning af hverju hv. þingmaður leggur ekki fram fyrirspurn um þróun lægstu tíma þann tíma sem hún var ráðherra.

Í annan stað er það eftirtektarvert að hv. þingmaður setur því mjög ströng skilyrði hvernig eigi að reikna út skattbyrði gegnt fyrrverandi borgarstjóra í Reykjavík, hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Inni í þessum tölum hér er hækkun Reykjavíkurborgar á útsvarinu sem auðvitað hefur í för með sér aukna skattbyrði. Hv. þingmaður er að tala um

að ríkisstjórnin hafi þyngt skattana. Hvers vegna bað hv. þingmaður þá ekki um að frá yrði tekin sú hækkun sem Reykjavíkurborg lagði á skattgreiðendur borgarinnar? (Gripið fram í.) Það er augljóst hvernig á því stendur.

Í þriðja lagi sjáum við að það er athyglisvert að miða við 11 ár. Hv. þingmaður þykist hafa fundið eitthvert reikningslegt hagræði af því í staðinn fyrir að reikna með 10 árum eins og venja er í slíkum og þvílíkum samanburði.

[19:55]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þetta eru mjög athyglisverðar upplýsingar sem koma fram í þessu svari fjármálaráðherra við fyrirspurn frá þingmönnum Samfylkingarinnar og þær staðfesta það sem hefur komið fram hjá prófessor við Háskóla Íslands, hjá ríkisskattstjóra og hjá fjölmörgum aðilum að skattbyrðin í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið að þyngjast hjá flestöllum nema þeim sem eru í hæsta tekjuhópnum. Það sem er merkilegt við þetta er að í gegnum skattkerfi og bótakerfi ríkisins ræður ríkið yfir mjög öflugu tæki til tekjujöfnunar sem er, af því að það var komið inn á sveitarfélögin, nokkuð ólíkt því sem gildir um sveitarfélög vegna þess að þau eiga að leggja sömu útsvarsprósentu á alla íbúa í sveitarfélaginu án tillits til tekna. Ríkisvaldið hefur hins vegar öflug jöfnunartæki á sínum vegum.

En hvað hefur gerst á því tímabili sem þessi ríkisstjórn hefur setið? Ef við horfum annars vegar á markaðinn, það er eðlilegt því markaðurinn eykur stundum ójöfnuð, og horfum á þau 10% sem eru með lægstar tekjur og þau 10% sem eru með hæstar tekjur þá sjáum við að ójöfnuður fyrir skatt hefur aukist um 18% á milli þessara hópa. Síðan koma til þau tæki sem ríkið hefur sem er skattkerfið og bótakerfið. Hvað gerist þegar búið er að nýta þau öflugu tæki? Þá hefur ójöfnuðurinn aukist um 43%. Þetta eru þau tæki sem ríkið hefur til að auka jöfnuð sem eru nýtt með þeim hætti að ójöfnuður eykst í samfélaginu. Svona stendur þessi ríkisstjórn að verki og þetta hefur verið að gerast smátt og smátt í þau 10 ár sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með fjármálaráðuneytið og ráðið för í þessum málum.

[19:57]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Rangar forsendur kallar hæstv. fjármálaráðherra skattastefnu sína, Geirs H. Haardes og Friðriks Sophussonar í fjármálaráðuneytinu og hann hefur hárrétt fyrir sér því það eru rangar forsendur að skapa heimilunum í landinu að auka álögur á hina lægst launuðu með því að halda niðri persónuafslættinum en létta sköttunum af hátekjufólki. Það eru rangar forsendur að skerða vaxtabæturnar þannig að þúsundir manna verði af þeim einmitt nú þegar vextir og verðbætur eru að fara upp úr öllu valdi. Það eru rangar forsendur, virðulegur forseti, skattapólitík ríkisstjórnarinnar.

Það hefur komið fram hjá Háskóla Íslands og hæstv. fjármálaráðherra sagði að háskólinn kynni ekki að reikna. Það kom fram hjá Kastljósinu og hæstv. fjármálaráðherra sagði að Kastljósið kynni ekki að reikna og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og varaformaður fjárlaganefndar, sagði alþjóð að víst hefðu þeir vitandi vits hækkað skattana og enn sagði hæstv. fjármálaráðherra að Einar Oddur kynni þá trúlega ekki að reikna og nú bætir hann um betur og vefengir útreikninga síns eigin ráðuneytis á skattbyrði á Íslandi. En er ekki kominn tími til þess, hæstv. fjármálaráðherra, að sýna þann pólitíska kjark og manndóm að gangast einfaldlega við þeirri stefnu, þeirri pólitísku stefnu sem hefur verið fylgt fram af kulda og hörku í 11 ár samfleytt, að auka álögur á hina lægst launuðu, ekki síst á lífeyrisþegana í landinu en létta þeim af hátekjumönnum og eignafólki með skipulegum hætti? Það er mál að linni og tími til kominn að skipta um stjórn í þessu landi.

[19:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er aldeilis ótrúlegt að hlusta á hæstv. fjármálaráðherra afneita því að skattar hafi hækkað á fólk með lágar og meðaltekjur þrátt fyrir að fjármálaráðherrann sjálfur hafi í tvígang á þessum vetri lagt fram svör við fyrirspurnum sem staðfesta að hann hefur sagt ósatt við þing og þjóð þegar hann aftur og aftur heldur því fram að skattar hafi almennt lækkað á fólki í landinu. Í marsmánuði í fyrra sagði ráðherrann þegar spurt var um tekjuhærri hópa að skattar hefðu hækkað hjá öllum hópum nema hjá hátekjufólki en þar höfðu þeir lækkað um 25%. Það er nefnilega þannig og það er staðreynd málsins að skattalækkanir ríkisstjórnarinnar svokalladar hafa verið þannig fram settar að þær hafa fyrst og fremst gagnast fólki með háar tekjur. Staðreynd sem við stöndum frammi fyrir og staðfest hefur verið aftur og aftur, t.d. af hagfræðingi Samtaka aldraðra og Stefáni Ólafssyni prófessor, að þó einhverjar litlar hækkanir á lífeyrisbótum öryrkja og aldraðra hafi komið í tíð þessarar ríkisstjórnar þá er það jafnharðan tekið aftur með aukinni skattheimtu. Þetta er sannleikur málsins. Samt stendur hæstv. ráðherra hér og neitar sannleikanum, ætlar sér aftur og aftur að slá ryki í augu fólks en við stöndum frammi fyrir því að fólk er hætt að trúa hæstv. ráðherra. Það sjá allir í gegnum þann blekkingavef sem hæstv. ráðherra hefur spunnið.

Það er alveg ljóst að í svari ráðherrans kemur fram að skattbyrði á fólk með lágar og meðaltekjur hefur tvö- til þrefaldast í tíð þessarar ríkisstjórnar sem er staðfesting á því sem hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) getur ekki neitað, að hann og fyrirrennari hans í starfi eru skattakóngar Íslands (Forseti hringir.) og eiga Íslandsmet í að auka skattbyrði á fólk með lágar og meðaltekjur. (Gripið fram í.)

[20:01]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Þetta er ákaflega einkennileg umræða um störf þingsins rétt áður en við frestum störfum Alþingis. Það er auðvitað merkilegt að sjá hv. þingmenn Samfylkingarinnar koma hér hvern á fætur öðrum til að ræða störf þingsins og af hverju skyldi það vera? Það er annað tveggja, til að tefja störf þingsins eða til að nýta (Gripið fram í.) síðustu ljóstýruna af kastljósi fjölmiðlanna, ef það mætti verða til þess að menn gætu komið sér á framfæri í síðasta skipti fyrir kosningar. (Gripið fram í.)

Það er rétt að taka fram að hv. þm. Jóhanna Sigurðar-

dóttir hefur verið hér á hlaupum á eftir hverjum einasta fjölmiðlamanni sem komið hefur í þinghúsið í dag til þess að vekja athygli á þessu svari sínu. Og það er greinilega ekki nóg, það þarf að bæta um betur. En það sem skiptir fyrst og fremst máli þegar hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar koma hver á fætur öðrum upp í pontu er kannski að minnast á hverjar tillögur Samfylkingarinnar í skattamálum eru. (Gripið fram í.) Hverjar eru tillögur formanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur? Hvað var það sem hún lagði til um daginn? Að lækka skatta? Nei, að hætta við fyrirhugaðar skattalækkanir. Það er rétt fyrir hv. þingmenn að muna eftir þessu.

Þessi umræða, hæstv. forseti, er ekki einu sinni fyndin, hún er hlægileg. Og ég minni á að það er ekki það sama að vera fyndinn og hlægilegur.

[20:03]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Í dag er sá dagur hjá Samfylkingunni þegar skattar hafa ekki lækkað. Suma dagana hafa skattarnir hins vegar lækkað og þá er það ríkisstjórninni til vansa að hafa lækkað skattana, í dag er það ríkisstjórninni til vansa að hafa hækkað skattana.

Ég hefði gjarnan vilja hafa svolítið meiri stöðugleika í þessum samskiptum við Samfylkinguna til þess að hægara væri að vita úr hvaða átt maður á að svara hv. þingmönnum en ég fæ víst engu ráðið um það. Ef menn vilja hins vegar meta hvaða áhrif skattalækkanir ríkisstjórnarinnar hafa haft þá skoða menn það á nafnvirðisgrundvelli. Ef menn vilja meta hvað greitt var í skatta af jafngildum launum fyrir tíu árum og hvað greitt er í skatta af þeim í dag þá færa menn upp með neysluverðsvísitölu, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði að væri eina rétta leiðin til að meta þetta (Gripið fram í.) fyrir nokkrum vikum síðan. Þá er niðurstaðan sú hjá öllum sem á annað borð borga tekjuskatt að skattbyrðin hjá þeim hefur lækkað. Það eru engar aðrar niðurstöður til um það sem reiknaðar eru á þessum forsendum.

Frú forseti. Vitleysan verður ekkert réttari þó að fleiri endurtaki hana. Það er alveg til í dæminu að prófessorar við merka háskóla fari með staðlausa stafi. Það hefur oft gerst áður. Og það er alveg til í dæminu að annars ágætir fréttamenn fari með staðlausa stafi. Við þekkjum öll dæmi um það. (Gripið fram í.) Það er alveg til í dæminu. Staðreyndirnar liggja á borðinu, ef menn vilja meta áhrif skattalækkananna þá kemur í ljós að ef fólk á annað borð borgar tekjuskatt hefur skatturinn lækkað, frú forseti.

[20:05]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Þetta svar hæstv. fjármálaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er afskaplega ánægjulegt. Það sýnir mér að laun hafa rúmlega tvöfaldast á þessum tíma. Er það vandamál? Eigum við kannski að stefna að því að lækka þau aftur til að skatturinn lækki? Ónei, mér þykir mjög ánægjulegt að launin skuli hafa hækkað svona mikið og fleiri séu farnir að borga skatt og meiri skatt. (**Gripið fram í:** Að raungildi?) Það sem stendur eftir er það sem skiptir máli. Ef við lítum t.d. á hjón með 300 þús. kr. núna og 147 þús. kr. fyrir tíu árum þá eru þau með 100 þús. kr. meira til ráðstöfunar í dag. Er það svo slæmt? Ónei, ég sé að þetta er bara gott svar.

[20:06]

Útbýting:

Öryggisgæsla við erlend kaupskip, 802. mál, fsp. MÞH, þskj. 1279.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:08]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1253 og 1274 og síðustu umræðu 2. og 3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 796. mál. — Þskj. 1253.

[20:08]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 4. maí 2006 til 30. maí 2006."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:09]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

16 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BJJ, EKG, EMS, GÞÞ, JÁ, KLM, LB, MF, MÁ, PBj, SAÞ, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1280).

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, 2. umr.

Stjfrv., 795. mál (stjórn og rekstur flugvallarins). — Þskj. 1244, nál. 1274.

[20:10]

Frsm. utanrmn. (Halldór Blöndal):

Frú forseti. Þar sem verið var að dreifa nefndarálitinu þykir mér rétt að lesa það upp til þess að hv. þingmönnum sé ljóst hvað þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Geir H. Haarde utanríkisráðherra, Jón Egil Egilsson og Veturliða Þór Stefánsson frá utanríkisráðuneyti, Björn Inga Knútsson, flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli, Vernharð Guðnason frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Kristján Gunnarsson og Guðjón H. Arngrímsson frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérstök lög um starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Hlutverk hennar verði að annast stjórn, rekstur og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar í samráði við ákvæði loftferðalaga og annarra laga. Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar hefur hingað til starfað á grundvelli reglugerðar sem sett er með stoð í lögum nr. 110/1952, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna. Vegna ákvörðunar Bandaríkjastjórnar um breytingar á starfsemi Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að taka yfir þá starfsemi og þann rekstur Keflavíkurflugvallar sem Bandaríkjamenn hafa annast hingað til og er m.a. bætt úr því með sérstökum lögum um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar.

Með ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þegar verði hafist handa um að ráða starfsfólk til stofnunarinnar. Þar sem sérstaklega stendur á er lagt til að heimilt verði að víkja frá ákvæðum um auglýsingu opinberra starfa í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nefndin fjallaði sérstaklega um bráðabirgðaákvæðið þar sem segir að eftir því sem við verði komið verði því starfsfólki sem hafi starfað hjá tilgreindum deildum varnarliðsins boðið starf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Nefndin leggur til að ákvæðið verði gert afdráttarlaust um að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar verði gert skylt að bjóða öllu viðkomandi starfsfólki störf.

Eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæði til bráðabirgða er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af óhjákvæmilegum breytingum sem verða með yfirfærslu verkefna frá varnarliðinu til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Af þessari ástæðu er ekki kveðið á um það í frumvarpinu að sú skylda hvíli á Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar að bjóða öllum starfsmönnum sambærileg störf við þau sem þeir hafa áður gegnt fyrir fyrri vinnuveitanda þótt leitast verði við að gera það, samanber skýringar við ákvæði til bráðabirgða.

Eftir breytinguna munu starfsmenn Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar verða starfsmenn íslenska ríkisins og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn.

Nefndin ræddi sérstaklega stöðu starfsmanna snjóruðnings- og brautadeildar en vinnuskyldu hluta þeirra lýkur 31. maí nk. Ráðningarsambandi annarra starfsmanna sem tilgreindir eru í ákvæði til bráðabirgða lýkur hins vegar 30. september nk. Fram kom á fundi nefndarinnar að þeir starfsmenn sem hafa vinnuskyldu til 31. maí muni halda óbreyttum kjörum hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar fram til 30. september.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað orðanna „Eftir því sem við verður komið skal bjóða“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: Bjóða skal.“

Með öðrum orðum þá falla niður orðin „eftir því sem við verður komið“ og breytist málsgreinin í samræmi við.

Undir nefndarálitið skrifa allir nefndarmenn utanríkismálanefndar.

Frú forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta nefndarálit.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:14]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1274 samþ. með 48 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, 3. umr.

Stjfrv., 711. mál (viðskiptabraut og afnám samræmdra prófa). — Þskj. 1047.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:16]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, RG, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

15 þm. (ÁRJ, ÁMöl, EKG, EMS, GÞÞ, JÁ, KLM, LB, MF, MÁ, PBj, SAÞ, SigurjÞ, StB, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1282).

Fundi slitið kl. 20:16.

---

116. FUNDUR

fimmtudaginn 4. maí,
að loknum 115. fundi.

Dagskrá:

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, stjfrv., 795. mál, þskj. 1281. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:17]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, 3. umr.

Stjfrv., 795. mál (stjórn og rekstur flugvallarins). — Þskj. 1281.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:18]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, IHÓ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, RG, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

15 þm. (ÁRJ, ÁMöl, EKG, EMS, GÞÞ, JÁ, KLM, LB, MF, MÁ, PBj, SAÞ, SigurjÞ, StB, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1283).

Þingfrestun.

[20:19]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Nú er lokið afgreiðslu þeirra mála sem samkomulag var um að færu til nefnda í dag eða yrðu að lögum. Jafnframt hefur þingið samþykkt tillögu um frestun þingfunda fram yfir sveitarstjórnarkosningar. Það verður því hlé á þingfundum um skeið.

Starfsáætlun Alþingis sem gerð var sl. haust miðaði við að þingstörfum lyki í dag, 4. maí. Í því fólst mat á því hvenær væri eðlilegt að þingmenn vikju af sviðinu fyrir þeim sem bjóða sig fram til sveitarstjórna í kosningunum 27. maí nk. Með þessu hléi er staðið við það.

Þótt tekist hafi verið á á þinginu fram að þessu um mörg mál hefur verið gott samkomulag hér síðustu daga og ég vona að svo verði áfram þegar við komu saman að nýju 30. maí.

[20:20]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar, gjöra kunnugt:

„Að vér, að tilskildu samþykki Alþingis, veitum forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 132. löggjafarþings, frá 4. maí 2006 til 30. maí 2006.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 2006.

Halldór Ásgrímsson, Sólveig Pétursdóttir,
Gunnlaugur Claessen.

Halldór Ásgrímsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 132. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 20:21.

117. FUNDUR

þriðjudaginn 30. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ríkisútvarpið hf., stjfrv., 401. mál, þskj. 1196, frhnál. 1232 og 1251, brtt. 1233. — 3. umr.
2. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 402. mál, þskj. 1249. — 3. umr.
3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 353. mál, þskj. 1124. — 3. umr.
4. Verkefnasjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 382. mál, þskj. 442. — 3. umr.
5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 448. mál, þskj. 1125, brtt. 1122. — 3. umr.
6. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 616. mál, þskj. 1126. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir heilbrrh., 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:32]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 30. maí 2006, kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Halldór Ásgrímsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.“

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismenn svo og starfsmenn Alþingis býð ég velkomna til þingstarfa.

[13:33]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Ég þakka hæstv. forsætisráðherra góðar óskir í garð okkar alþingismanna og starfsmanna Alþingis.

Þingstörf hefjast nú að nýju. Forseti lætur í ljós þá ósk að þingstörfin gangi vel næstu daga í góðu samstarfi við þingmenn.

Afsal þingmennsku.

[13:34]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Gunnari Birgissyni, 3. þm. Suðvest., dagsett í dag:

„Með bréfi þessu afsala ég mér þingmennsku frá og með deginum í dag. Ég þakka þingmönnum og starfsmönnum Alþingis ánægjulegt samstarf og óska Alþingi farsældar í störfum.“

Samkvæmt þessu tekur 1. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, Sigurrós Þorgrímsdóttir, fast sæti á Alþingi. Hún hefur þó setið allt þingið fram að þessum degi og er því öllum hnútum kunnug á Alþingi. Sigurrós Þorgrímsdóttir verður 11. þm. Suðvest. og samkvæmt venju breytist kosningatala annarra þingmanna sem ofar eru á listanum til samræmis við það.

Gunnari Birgissyni eru þökkuð störf hans á vettvangi Alþingis og forseti óskar honum í nafni okkar alþingismanna allra heilla í því ábyrgðarmikla starfi sem hann hefur nú með höndum.

Afturköllun breytingartillögu.

[13:35]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti vill tilkynna að breytingartillaga við frumvarp um réttarstöðu samkynhneigðra á þskj. 1201 frá Sigurjóni Þórðarsyni er kölluð aftur.

[13:35]

Útbýting:

Aðgangur að opinberum gögnum um öryggismál, 803. mál, þáltill. forsrh., þskj. 1284.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, 795. mál, þskj. 1281.

Athugasemdir um störf þingsins.

Störf iðnaðarnefndar.

[13:35]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki nema von að hæstv. forsætisráðherra og virðulegur forseti óski okkur góðs gengis í komandi störfum á hv. Alþingi. Það hefur komið fram hjá hæstv. forseta að hann óskaði eftir góðu samstarfi við þingmenn þó tiltölulega holur hljómur væri í þeirri ósk.

Það vildi þannig til að í gær í aðdraganda þessa þingfundar var boðaður fundur í iðnaðarnefnd. Á þann fund mættu a.m.k. hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, sem þar eiga sæti í góðri trú, til að halda áfram að vinna mjög umdeilt mál, heildarlög um Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Um það mál hefur borist fjöldi umsagna, allar neikvæðar. Búið var að boða gesti á fundinn og fyrir lá ósk frá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur um að fleiri gestir yrðu boðaðir á fundinn. Það var mikill vilji til þess hjá hv. þingmönnum að reyna að vinna þetta mál þannig að einhver bragur væri á því.

En þá gerist það að formaður nefndarinnar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, tilkynnir að komnar séu breytingartillögur og málið sé tekið út. Hann neitar því þeirri ósk að fleiri fulltrúar séu kallaðir til skrafs og ráðagerða um þetta arfavitlausa frumvarp, harðneitar því. Hann lýsir því síðan í fjölmiðlum að aðeins sé um smávægilegar breytingar á frumvarpinu að ræða, ekki í neinu samræmi við þær athugasemdir sem fram hafa komið hjá fjölda þeirra sem skilað hafa umsögn um frumvarpið. Fundi er slitið, málið er tekið út og þá kemur í ljós að það hafði sést undir iljarnar á hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, varaformanni iðnaðarnefndar, rétt áður en nefndarfundurinn byrjaði vegna þess að hann treysti sér ekki til að mæta við afgreiðslu frumvarpsins. Hann hefur enda marglýst því yfir að hann sé á móti málinu og geri við það margar athugasemdir.

En það kemur jafnframt fram í samtölum við hv. þingmann í fjölmiðlum að það hafi líka legið fyrir að ef frumvarpið yrði ekki afgreitt úr nefnd í gær, eins vitlaust og það er, yrðu öll önnur mál upp í loft, ekki samkomulag um nein önnur mál. Það liggja fyrir 108 mál frá ríkisstjórninni, listi yfir 108 mál. Það er víðtæk samstaða um afgreiðslu langflestra þessara mála en þau voru upp í loft, ekki vegna þess að stjórnarandstaðan setti það fyrir sig, ó nei. Þau voru upp í loft vegna þess að traustið innan ríkisstjórnarinnar er ekki meira en þetta.

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þjóðin hefur orðið vitni að einhverjum ótrúlegustu pólitísku hrossakaupum sem sögur fara af. Hrossakaupum á vettvangi sveitarstjórnarmála er stýrt úr Stjórnarráði Íslands en áhrifanna gætir í þessu húsi vegna þess að hrossakaupin ganga ekki aðeins út á það að færa ríkisstjórnarsamstarfið inn í Ráðhús Reykjavíkurborgar, þau ganga einnig út á hitt að lögfesta frumvörp sem vitað er að óánægja er með innan stjórnarliðsins. Ég vísa þar annars vegar í mál hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, og hins vegar í Ríkisútvarpsmál hæstv. menntamálaráðherra.

Hæstv. forseti. Á meðan óstjórn ríkir í efnahagsmálum, á meðan verðbólga mælist í tveggja stafa tölum, á meðan vextir eru á uppleið og rýra þannig kjör launafólks í landinu, á meðan verið er að birta skýrslur um vaxandi fátækt og örbirgð á Íslandi neitar ríkisstjórnin að ræða málefni af þessu tagi sem snerta hag þjóðarinnar. Nei, það eru gælumál hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, og hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sem verða að fara í gegnum þingið. Þetta eru hrossakaup sem eru ótrúleg. Við hljótum að mótmæla þessum vinnubrögðum.

[13:40]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt í þessari umræðu að hv. þingmenn fari rétt með. Sá sem hér stendur hefur aldrei sagt við fjölmiðlamenn að litlar breytingar hafi verið gerðar á frumvarpinu. Það er rangt eftir haft hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Ég ræddi um frumvarpið og sagði að engar stórvægilegar breytingar hefðu verið gerðar á því. Við skulum hafa rétt eftir.

Hæstv. forseti. Mikil vinna hefur farið fram í iðnaðarnefnd hvað varðar Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Við höfum haldið tíu fundi og fengið á fund okkar hátt í 40 gesti. Það eru trúlega fá mál á Alþingi sem hafa fengið eins umfangsmikla afgreiðslu og það mál sem við ræðum hér. Hátt í 40 gestir komu á fund nefndarinnar. Hv. stjórnarandstæðingar settu fram þá ósk að við mundum boða um eða yfir 20 gesti á fund til viðbótar við þá sem við höfðum þá þegar hitt. Það var gert. Við uppfylltum það allt saman. Við lögðum fram breytingartillögur, ekki stórvægilegar eins og ég sagði í sexfréttum Ríkisútvarpsins í gær, ekki stórvægilegar breytingar. Við buðum hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar að fara yfir það mál ásamt m.a. fulltrúum úr iðnaðarráðuneytinu, sem voru frumvarpshöfundar þessa texta, en því var hafnað.

Við í meiri hluta nefndarinnar töldum að efnislegri umfjöllun um málið væri lokið að loknum tíu fundum um málið, að loknum löngum fundum á bak við hvern og einn fund, og ég tel að við höfum unnið ágætt verk í þessum efnum. Þær breytingar sem við lögðum til vildu hv. stjórnarandstæðingar ekki kynna sér þó ég sem formaður nefndarinnar hafi farið allítarlega yfir það á fundinum. Þeir óskuðu ekki eftir því að fulltrúar iðnaðarráðuneytisins kæmu á fundinn til að fara betur yfir þetta mál vegna þess að stjórnarandstaðan hefur einbeitt sér að því að stöðva málið sama hvað það kostar. Það er sannleikurinn í málinu.

[13:43]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. formaður iðnaðarnefndar hefur farið ágætlega yfir hvernig starfið gekk í iðnaðarnefnd í gær. Í máli hans kom fram að stjórnarandstöðunni var boðin aðild að því að fara yfir þetta mál og að nefndarálitinu og boðin öll sú aðstoð sem á þyrfti að halda til að ljúka málinu. Ég held að hv. formaður iðnaðarnefndar hafi staðið mjög vel að því að ljúka málinu í nefndinni en eins og fram hefur komið hafa mjög margir fundir verið haldnir um það. Það hefur verið leitað eftir umsögnum mjög víða og fjöldi gesta hefur komið að máli við nefndina. Málið var því mjög vel unnið í nefndinni og það var mat formannsins að nú væri nóg að gert og hann skilar vinnunni af sér með nefndaráliti.

Fyrir samsæriskenningu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, um það hvernig þessi vinna gekk til í samhengi við sveitarstjórnarmál, er enginn fótur. Hvergi er hægt að sjá einhver tengsl þar á milli og ég held að hv. þingmaður væri maður að meiri ef hann drægi þessi orð sín til baka. Þetta hæfir ekki hv. þm. Ögmundi Jónassyni þó að hann hafi sérstak-

lega gaman af samsæriskenningum eins og við vitum öll.

[13:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í gærdag upplýstist svolítið merkilegt fyrir okkur þingmönnum sem sátum í iðnaðarnefnd. Þar var upplýst eiginlega hvernig ætti að haga þessu þinghaldi. Við vorum líka upplýst um að til stæði að taka málið út með þeim breytingum sem kynntar voru og ekki stæði til að fresta því eða vinna það á annan hátt. Að mínu viti liggur algjörlega ljóst fyrir, hæstv. forseti, að það eru ekki forsetarnir sem stjórna þinginu heldur ráðherrarnir. Þeir skipa fyrir um hvernig hér er gengið til verka og þeir skipa fyrir um hvernig málum er hagað í nefndum og hvernig að þeim er unnið. Þó að þau séu umdeild skiptir afstaða stjórnarandstöðuþingmanna engu máli í málsmeðferðinni. Málin eru einfaldlega afgreidd eftir fyrirskipun ráðherra og ráðin á ráðherraborðinu. Ráðherraræðið er sem sagt algjört.

Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því að stjórn þingsins lýtur þessu ráðherravaldi og við munum að sjálfsögðu neyðast til að sitja undir slíkri stjórn því ekki er ráðgast við stjórnarandstöðuna um þinghaldið. Við munum þurfa að vera hér og ræða málin fram og til baka og að sjálfsögðu munum við gera það. En ekki er mikið verklag á þinginu á þeim sumardögum sem í hönd fara og næsta víst að við verðum hér vafalaust inn í júlímánuð með því lagi sem upp er sett og engan veginn er hægt að hæla stjórn þingsins fyrir þá verkstjórn, hvað þá heldur að skilja hvað ráðherrum gengur til að fara í verkin með þessu lagi, vitandi alveg hvað gerist í þinginu þegar svona er unnið.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er nú nokkuð snyrtilegt að takast skuli að byrja þetta þinghald eins og því lauk, í fullkomnu stjórnleysi og vitleysu. En hæstv. ríkisstjórn er lagin í þeim efnum og fótgönguliðar hennar eða handverksmenn, eða hvað maður á að kalla þá, sinna erindunum. Það gerðist náttúrlega dæmalaus uppákoma í gær í iðnaðarnefnd en hún á sér aðdraganda sem ég vil aðeins vekja athygli virðulegs forseta á.

Um miðjan maímánuð komu af því fréttir að frumvarp sem var til umfjöllunar og í miðri vinnslu í iðnaðarnefnd væri umfjöllunarefni í hrossakaupum ráðherra úti í bæ. Iðnaðarnefndarmenn vissu ekkert af þessu, að frumvarpið sem þeir voru að vinna með væri sérstakt samningsviðfangsefni stjórnarflokkanna eða ráðherra í ríkisstjórn. Ég held að niðurlæging þingsins, niðurlæging máls á forræði þingsins, hafi sjaldan birst með skýrari hætti. Síðan þarf að ryðja nefndina og setja nýjar atkvæðavélar inn til að koma málinu út. Er það nú samkomulag sem ráðherrarnir gera með þessum hætti. Stjórnarfrumvarp, eða frumvarp svo sem hvers sem væri, hefur fengið einhverja þá háðulegustu útreið sem ég man eftir í sögunni. Af öllum þeim mikla gestafjölda sem formaður nefndarinnar nefndi þá er það nefnilega svo að kannski einn eða tveir töldu að frumvarpið gæti gengið. Restin tætti það niður. Ríkisstjórnina varðar ekkert um slíkt og því miður ekki allt of marga þingmenn heldur.

Svo byrja menn þetta hér, (Forseti hringir.) frú forseti, án nokkurs samkomulags um svo mikið sem dagskrá funda. Ríkisstjórnin er sem sagt í öngstræti sínu (Forseti hringir.) og verður auðvitað að bera alla ábyrgð á því en það er heldur dapurlegt að þingið skuli þurfa í leiðinni að setja svona hrottalega niður eins og óumflýjanlegt er.

[13:49]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegur forseti. Það er með hreinum ólíkindum að sitja úti í sal undir ræðum hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar og hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur vegna þess að þau fara ekki rétt með það sem gerðist á nefndarfundi í gær. Það sem gerðist nákvæmlega var að sett var á svið leikrit þar sem tekið var á móti gestum, okkur er heimilað að kalla til gesti, en þegar því var lokið stóð aldrei til af hálfu meiri hlutans að fara í nokkra efnislega umræðu um málið vegna þess að búið var að semja um það utan nefndarinnar. Þingið setur verulega niður með slíkum vinnubrögðum. Við óskuðum eftir því í ljósi þeirra breytingartillagna sem fyrir lágu að við fengjum að kalla til þó ekki væri nema tvo, þrjá af þeim gestum sem höfðu gagnrýnt frumvarpið hvað harkalegast til að fara yfir breytingartillögurnar með þeim. Þeirri ósk var hafnað vegna þess að málið skyldi fara út fyrir klukkan fjögur eða fimm í gærdag. Það er bara staðreynd sem við verðum að horfast í augu við.

Frú forseti. Það er með hreinum ólíkindum að starfa á þinginu við þessar kringumstæður þar sem helmingaskiptakló ríkisstjórnarinnar er að hamla öllum lýðræðislegum verkferlum innan þingsins og hér er ekkert annað á ferðinni en hrein og klár sýndarmennska. Störfum þingsins og þingnefnda hefur verið gefið langt nef og starfi iðnaðarnefndar var í gær gefið langt nef.

Ég hef verulegar áhyggjur, frú forseti, af störfum okkar á þessu þingi ef þetta er upptakturinn. Ég ætla að segja það enn og aftur að kló þessarar helmingaskiptaríkisstjórnar er farin að seilast heldur langt inn í íslenskt samfélag og ég tel að við þurfum að hafa af því verulegar áhyggjur.

[13:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Finnst hæstv. forseta vera einhver bragur að því að hefja þetta sumarþing á þessum nótum? Er hæstv. forseti stolt af því að sitja hér og stjórna fundi sem hefst á þeim nótum sem nauðsyn er að hefja umræðurnar á?

Hér stöndum við þingmenn og vitum ekki hversu langt þingið á að vera. Við vitum ekkert. Ég vissi ekki fyrr en ég settist í salinn áðan hvort vera ætti fyrirspurnatími á morgun. Við vitum ekki hvort þingið á að starfa á föstudögum eða ekki. Við vitum ekki hvaða mál ríkisstjórnin ætlar að leggja áherslu á. Við vitum ekki neitt.

Við vitum ekki neitt til hvers við erum hér, enda virðast stjórnarliðar vera með það á hreinu að valta eigi yfir stjórnarandstöðuna og það á valta yfir hana án þess að líta til hægri eða vinstri með bros á vör og með hlátur í huga. Ekki er annað hægt að segja, frú forseti, en að svona vinnubrögð séu til skammar. Það er ekki bara það að þingið sé niðurlægt, eins og hér hefur verið sagt, lýðræðisleg vinnubrögð eru fótum troðin, lýðræðið er fótum troðið með því að koma svona fram við kjörna fulltrúa á Alþingi Íslendinga.

Það er líka verið að sýna lítilsvirðingu því fólki sem hefur þó kosið okkur til ákveðinna starfa hér. Ég trúi því ekki að þeir sem standa fyrir þessu þinghaldi séu stoltir af því að það skuli þurfa að byrja með slíkum látum og hamagangi. Við vitum ekki, eins og ég segi, hvað morgundagurinn ber í skauti sér, við vitum ekki hvort á að vera kvöldfundur í kvöld. Þetta er ekki forsvaranlegt, það er ekki hægt að bjóða fólki upp á að vinna við þessar aðstæður.

[13:54]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Um störf þingsins er það helst að segja að lengi getur vont versnað. Ég frétti í þinghléi að hv. iðnaðarnefnd Alþingis, sem ég á sæti í, hefði verið tekin úr sambandi og ráðherrar í ríkisstjórninni tekið að sér verkefni hennar að breyta því frumvarpi sem þar lá fyrir til úrvinnslu. Ég er síðan kallaður á sérstakan aukafund í gær þar sem ruddur hefur verið bekkurinn af stjórnarliðum með einhverja sannfæringu og inn koma þrír nýir þingmenn sem aldrei hafa verið við umfjöllun málsins og rétta upp hönd eins og þeim er sagt án þess að þekkja nokkuð til málsins.

Hvers vegna er þetta gert? Vegna þess að meiri hluti nefndarinnar var algjörlega sannfærður um að málið væri handónýtt. Og þó að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafi getað kokgleypt sannfæringu sína og fyrri yfirlýsingar, til þess trúlega að koma málinu í gegn, þá treysta ekki allir stjórnarþingmenn sér til þess. Svo langt gekk þetta að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður nefndarinnar, treysti sér ekki til að sækja fundinn.

Virðulegur forseti. Að beita hv. alþingismann þvingunum til að láta af sannfæringu sinni að standa gegn máli með alls óskyldum hlutum, þ.e. afdrifum annarra mála, eru óþingleg vinnubrögð og ríkisstjórn Íslands til skammar. Það að þvinga menn frá sannfæringu sinni, þvinga þá til að mæta ekki á nefndarfund er í andstöðu, virðulegur forseti, við sjálfa hugsjónina um þingræði og lýðræði. Ef við í þessum sal berum ekki gæfu til þess að standa vörð um þá grundvallarreglu að ef meiri hluti alþingismanna í þingnefnd hefur sannfæringu fyrir því að mál sé fullkomlega ótækt, eins og allir þeir aðilar sem fyrir nefndina komu höfðu, (Forseti hringir.) skuli málið stöðvað, (Forseti hringir.) ef ekki, þá erum við á slæmri braut.

[13:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Á hvaða leið skyldi sú ríkisstjórn vera sem telur það nauðsynlegast að koma vitlausasta málinu í gegn sem hefur verið lagt fyrir þingið á þessum þingvetri? Til hvers er það gert? Er það til að bjarga heiðri hæstv. ráðherra sem í þriðja sinn hefði þá orðið að súpa það kálið á þessum eina þingvetri að hafa komið með mál sem hefur þurft að gjörbreyta eða taka að verulegu leyti tillit til gagnrýni stjórnarandstöðunnar? Það skyldi þó ekki vera? En ósköp er það nú dapurlegt ef það á að koma niður á vinnubrögðum í þinginu.

Það er alveg rétt sem hv. formaður nefndarinnar sagði, það kom fjöldi manna fyrir þingnefndina. En þeir höfðu allir sömu söguna að segja, að þetta þingmál væri með endemum. Hvernig varð það til? Það varð til á þann hátt að hæstv. ráðherra lét klambra byggðamálunum við annað þingmál sem búið var að vinna. Þess vegna hafa allir sömu athugasemdirnar við málið: Takið klambrið í burtu. En það er ekki gert heldur er komið með einhver fáein viðbótaratriði sem skipta litlu máli.

Síðan svelgir Sjálfstæðisflokkurinn það í sig að málið skuli tekið úr nefndinni. Og svo er stóra spurningin: Fer það í gegn? Eru atkvæðavélarnar tilbúnar að rétta líka upp höndina hér? Það var auðvitað stórkostlegt að sjá það á þessum síðasta fundi nefndarinnar í gær að það skyldi fyrst sagt við okkur: Málið verður tekið út. Síðan voru breytingartillögurnar lagðar fyrir hópinn. Og að halda því svo fram að við höfum fengið tækifæri til að fjalla um málið þar sem yfirlýsingin lá fyrir um að það skyldi tekið út og okkur fært það til hnjóðs að við hefðum ekki viljað spjalla við fulltrúa úr iðnaðarráðuneytinu á þessum eina fundi um málið, (Forseti hringir.) það finnst mér ekki mjög málefnalegt (Forseti hringir.) því að fyrir lá að málið skyldi tekið út (Forseti hringir.) með því fólki sem sat þennan fund þó að það hafi lítið gert af því að sitja fundi iðnaðarnefndar í vetur.

[13:58]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka iðnaðarnefnd fyrir að hafa afgreitt þetta ágæta mál frá nefndinni og við megum þá eiga von á að fá það til umfjöllunar í þingsal fljótlega. Staðreyndin er sú að hér er um mjög mikið framfaramál að ræða sem skiptir miklu máli, ekki síst fyrir landsbyggðina vegna þess að þetta gefur okkur tækifæri til að efla mjög þekkingariðnað á landsbyggðinni og þekkingarsetur víða um land. Ég hef orðið mjög vör við það á ferðum mínum núna um landið í aðdraganda kosninga að mjög margir bíða eftir því að málið verði að lögum.

Mér þykir það leitt ef eitthvað sem gerðist í nefndinni í gær hefur orðið til þess að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa tekið afstöðu gegn málinu því að við 1. umr. var ekki að heyra að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hefðu tekið ákvörðun um að vera á móti því. Þeir voru frekar opnir fyrir því að vilja standa að málinu þó að ekki hafi verið gefin nein loforð að sjálfsögðu um það.

Hvað varðar þær umsagnir sem hafa borist getum við sjálfsagt rætt þær við 2. umr. en þær eru mjög margar á misskilningi byggðar og hægt að skýra það allt saman í umræðunni. Það hefði verið hægt að gera ef hv. þingmenn hefðu dokað aðeins lengur við og hlýtt á skýringar ráðuneytisfólks í gær sem hefði verið tilbúið til að útskýra það allt saman betur.

Í stuttu máli sagt finnst mér að hv. þingmenn séu með óþarflega stór orð uppi um málið og um þessi vinnubrögð. Mér þykir leitt að þingið skuli hefjast með þessum hætti vegna þess að ég hef mikla sannfæringu í málinu, að mikilvægt framfaraskref verði stigið með því. Það að byggðamálin, eins og sagt er, séu felld saman við tæknirannsóknir, þá er það nú þannig að (Forseti hringir.) Byggðastofnun er fyrst og fremst að tala um atvinnuþróunarmál. (Forseti hringir.) Og þetta eru atvinnuþróunarmál sem varða bæði landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið, ein stefna á öllu landinu.

[14:01]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom hér fram hjá hv. þingmanni, formanni iðnaðarnefndar, að ég hefði farið með rangt mál þar sem við töluðum um að það væru ekki stórvægilegar breytingar, eða að það hefði verið haft eftir mér að það hafi verið gerðar smávægilegar breytingar.

Í Morgunblaðinu í dag stendur, með leyfi forseta:

„Birkir segir að smávægilegar breytingar hafi verið gerðar á frumvarpinu í iðnaðarnefnd."

Og síðan eru þær tíundaðar. En í sömu grein kemur einnig fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, og ég segi það í tilefni af orðum hv. þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins, þegar hv. þingflokksformaðurinn segir að það hafi verið mat formanns nefndarinnar að það væri tilbúið til afgreiðslu og þess vegna var málið afgreitt út úr nefndinni. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir, með leyfi forseta:

„Það lá fyrir frá ráðherrum Sjálfstæðisflokksins að þeir teldu það gríðarlega þýðingarmikið að þetta mál yrði tekið út [úr nefndinni] núna, og ekki seinna en núna. Þeir mátu það svo að annars gætu öll mál ríkisstjórnarinnar verið í uppnámi."

Og af hverju er það, virðulegi forseti? Er það vegna þess að stjórnarandstaðan hafi unnið eitthvað sérstaklega gegn þessu máli? Ónei. Það er vegna þess að stór hluti stjórnarliða hefur verið á móti málinu og treysti sér enda ekki til að afgreiða það út úr nefndinni í gær. Það er löngu tímabært að við tökum hér ærlega umræðu um hvernig staðið er að vinnu mála í nefndum þingsins. Það er löngu tímabært að þingflokksformenn og forsetar fari yfir það og að settar séu skýrar reglur.

Hv. formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins sagði líka: Stjórnarandstöðunni var boðið að vera við þessa vinnslu á málinu. Þakka skyldi þeim. Hv. formaður iðnaðarnefndar sagði: Tíu fundir, 40 gestir, mikil vinna. Hvað var gert við þessa vinnu? Ekkert. Framsóknarflokkurinn lagði (Forseti hringir.) 108 mál ríkisstjórnarinnar undir til þess að ná þessu eina fram.

[14:03]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég held að það sé ástæða til að hafa virkilegar áhyggjur af lýðræðislegri stöðu þingsins. Það var gert hlé á þingstörfum fyrstu vikuna í maí vegna sveitarstjórnarkosninga, sem rök voru fyrir. Síðan eru þingfundir hafnir að nýju án þess að nokkurt samráð eða samstarf sé haft innan þingsins við þingflokka um dagskrá eða tilhögun þingstarfanna. Þetta er fullkominn valdhroki að mínu mati sem hér er beitt. Við höfum starfsáætlun þingsins sem var samþykkt af forsætisnefnd á síðastliðnu hausti. Hún er löngu liðin. Hún rann út 4. maí og var í engu fylgt síðustu dagana.

Ég tel að það hafi verið lýðræðisleg skylda forseta að kalla forsætisnefnd og þingflokksformenn saman áður en hér væri gengið til dagskrár á ný og að sett yrði niður starfsáætlun um það sem ætti að gera. Menn geta deilt um mikilvægi einstakra mála. Menn geta deilt um forgangsröðun mála. Menn geta deilt um hvort hér á að taka einkavæðingarfrumvarpið á undan velferðarmálum fyrir aldraða eða sjúka. Menn geta deilt um það.

En að starfsháttum þingsins, lýðræðislegum starfsháttum þingsins, eiga allir þingflokkar að koma að. Þingið á ekki að starfa bara eftir tilskipun frá valdsjúkum ráðherrum heldur á það að standa vörð um lýðræðislega vinnu þingsins og á því ber forseti þingsins ábyrgð. (Forseti hringir.) Ég tel að hér hafi forseti ekki staðið sig.

[14:06]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé rétt sem hv. stjórnarandstæðingar hafa sagt hér. Við skulum huga að virðingu þingsins. Þess vegna detta mér nú í hug orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, það sem hann sagði hér áðan, að það hefði þurft að ryðja nefndina, hann talaði til stjórnarliða eins og þeir væru einhver viljalaus verkfæri. (Gripið fram í.)

Ég vil upplýsa hv. þingmann um það, hæstv. forseti, að Gunnar Örlygsson og Kjartan Ólafsson höfðu lögmæt forföll þennan dag. Það gengur ekki að þingmenn tali svona hér hver til annars. Það gengur ekki og er ekki þinginu til sóma. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Á fundi iðnaðarnefndar í gær lögðum við til breytingartillögur á grundvelli umsagna og málflutnings gesta sem komu fyrir nefndina. Hv. stjórnarandstæðingar geta gert grín að því að við höfum kallað 40 gesti á fund okkar og farið yfir þær umsagnir sem um málið bárust, og við fórum vel yfir málið. Það er hægt að gera grín að því. En við höfum farið mjög ítarlega ofan í þetta mál og að tala til hv. þingmanna sem sátu í nefndinni og segja að þeir hafi ekki haft neitt vit á því sem þeir gerðu og hafi ekki vitað neitt um málið. Menn verða að átta sig á að þetta eru mál sem voru afgreidd úr stjórnarflokkunum. Eru menn þá að gera því skóna að hv. þingmenn kynni sér ekki þau mál sem þaðan eru afgreidd? Menn verða að halda virðingu Alþingis í þessu máli.

Hæstv. forseti. Ég hvet þingmenn til að róa sig niður í málflutningi hér. Það hafa stór orð fallið, kannski sérstaklega til þeirra ágætu þingmanna stjórnarmeirihlutans sem sátu í nefndinni og afgreiddu málið út úr nefnd. Það var talað um þá hv. þingmenn eins og viljalaus verkfæri. Ef hv. stjórnarandstæðingar telja það vera til eftirbreytni og sér til sóma að hafa slíkan málflutning uppi þá þeir um það. Hér er um mikilvægt mál að ræða sem stjórnarmeirihlutinn ætlar að afgreiða.

Um fundarstjórn.

Störf iðnaðarnefndar, þinghaldið fram undan o.fl.

[14:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á hve allt er óljóst um þetta fundahald. Þegar ég hafði samband við skrifstofu Alþingis í gær upp úr hádegi og spurði hvaða mál yrðu á dagskrá í dag þá var ekki hægt að veita nein svör. Það hafði ekki verið ákveðið. Þetta er rétt upp úr hádegi í gær.

En viti menn. Á einum klukkutíma, frá klukkan hálftvö til hálfþrjú gerist margt í senn. Það er myndaður meiri hluti

stjórnarflokkanna í Ráðhúsi Reykjavíkur. Ríkisstjórnarsamstarfið er fært inn í Ráðhúsið. Á sama tíma kemur iðnaðarnefnd Alþingis saman og þröngvar í gegn hinu umdeilda máli hæstv. ráðherra Valgerðar Sverrisdóttur. Um leið verður til dagskrá dagsins í dag með frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Það var vitað að margir framsóknarmenn eru mjög andvígir þessu frumvarpi. Enda eru það svik á fyrirheitum og loforðum sem Framsóknarflokkurinn hafði gefið um að Ríkisútvarpið skyldi ekki hlutafélagavætt. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Það voru svik, svik flokksins um Ríkisútvarpið. Það er staðreynd. Það er líka vitað að sjálfstæðismenn eru mjög óánægðir með frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, eins og það lítur út í dag. Það hafði náðst ágæt og bærileg sátt um frumvarpið þar til ráðherra breytti því á síðustu stigum málsins.

Um þessi mál er bullandi ágreiningur í stjórnarmeirihlutanum. Þetta er vitað. En út á þetta gengu hrossakaupin. Hluti af þeim var krafa formanns Framsóknarflokksins, Halldórs Ásgrímssonar, um að fá aðgang að kjötkötlunum í Ráðhúsi Reykjavíkur, því það gerist þar sem þessi flokkur kemst að stjórnsýslunni, henni er umbreytt í kjötkatla. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti minnir hv. þingmann á að hann var að ræða fundarstjórn forseta og biður hv. þingmann um að halda sig við það efni.)

[14:11]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil orða það hér úr þessum ræðustól undir þessum lið hvort ekki hefði verið skynsamlegra af hæstv. forseta að taka upp viðræður við stjórnarandstöðuna um hvernig þessum málum yrði hagað, þó ekki hefði verið nema í þessari viku. Og reyna að ná einhverju samkomulagi um það fyrirfram hvernig málin gangi fram í þinginu. Því ég vona að hæstv. forseti muni hvernig málin gengu fyrir sig síðast þegar við vorum að ræða Ríkisútvarpsfrumvarpið hér í þinginu.

Þó ég telji ekkert eftir mér að vera hérna með ykkur í þinginu fram í júlímánuð, þá held ég að það hefði samt verið betra, hæstv. forseti, að það hefði verið sett á vinna, undir forustu forseta, við að reyna að koma málum þannig fyrir að það ríkti meiri sátt um málatilbúnað en sýnilega verður, eins og málum er fyrir komið. Ekki bætti gærdagurinn úr skák eins og umræðan hér á undan um störf þingsins bar með sér.

Ég hef áhyggjur af því, hæstv. forseti, að þessi vika skili engu afgreiddu máli frá þinginu. Ég held að verkstjórn forseta muni ekki leiða til að vikan nýtist til nokkurra skynsamlegra verka, annarra en þeirra að ræða hér deilumál milli stjórnar og stjórnarandstöðu, án þess að finna því nokkurn þann farveg sem líklegur væri til að við gætum horft til þess að hér verði unnið skipulega og eðlilega.

Þess vegna beini ég þeim tilmælum til hæstv. forseta, að endurskoða þetta vinnulag. Við sjáum fyrir okkur hvernig dagurinn í dag verður og honum verður sjálfsagt ekki breytt mikið úr þessu. En ég held að það væri óráð að hefja morgundaginn með sama lagi og hér hefur verið hafist handa í dag.

[14:14]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ekki veit ég hvort áttundi maður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og Nýsköpunarmiðstöðin tengjast á einhvern hátt. En ég vil hins vegar taka undir nauðsyn þess að unnið sé betur í því að skipuleggja störf þingsins. Það hefur verið ágætis tími til þess. Við erum búin að vera í þinghléi núna um nokkurt skeið. Flestir þingflokkar voru með fundi í gær og það hefði verið nauðsynlegt að þar lægi fyrir, ekki bara dagskrá dagsins í dag, heldur líka hvernig áætlanir eru varðandi störf þingsins í vikunni, þ.e. fundartíminn og þau dagskrármál sem á að ræða og hversu lengi fundir eiga að standa.

Ef slíkt er ekki gert má búast við því að hér verði erfitt fyrir okkur að koma og afgreiða mál og koma þeim í gegn, ef þingflokkarnir vita ekkert hver staðan er. Ég vil nú beina því til hæstv. forseta að hann upplýsi okkur um hversu lengi er áætlað að vera að verki í dag og hvaða mál á að ræða fyrir utan þau sex sem nú þegar er búið að setja á dagskrá.

Við þingflokksformenn héldum fund með hæstv. forseta kl. 1 í dag, hálftíma fyrir þingfund. Það er enginn möguleiki fyrir okkur að ræða við þingflokka okkar um það sem þar kom fram. Það eru auðvitað vinnubrögð sem eru fyrir neðan allar hellur. Þannig að ég vil nú beina því til hæstv. forseta að hann upplýsi okkur um hve lengi við ætlum að halda hér áfram í dag.

[14:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þegar menn gerðu hlé á fundum var það minn skilningur og fleiri að það yrði algert hlé þangað til þingið kæmi saman í dag, þriðjudaginn 30. maí. Það þýddi að sjálfsögðu ekki að forsætisnefnd og formenn þingflokka væru ekki til staðar til að hittast og undirbúa þinghaldið. Þess vegna er það með miklum endemum að menn skuli ekki einu sinni hafa reynt að tala saman, reynt að setja upp sameiginlega dagskrá, reynt að gera drög að starfsáætlun. Er það ekki rétt, virðulegur forseti, að þingið er kallað saman, dagskrá er hent fram á vefinn einhliða síðdegis í gær og það er ekki svo mikið sem haft við að reyna að ræða hvernig þessu verði hagað næstu daga eða vikur? Reyndar var ekki heldur um það talað að boðað yrði til nefndarfunda á afbrigðilegum tíma eins og hinn frægi fundur iðnaðarnefndar í gær. Það var ekki einu sinni hægt að bíða eftir reglulegum fundartíma nefndarinnar í dag, daginn sem þingið kæmi þó saman. Nei, það var boðaður aukafundur í gær með skömmum fyrirvara einhvern tíma á helginni. Viðfangsefni hans er það að rífa úr nefndinni án nokkurrar frekari umræðu — samkomulag sem við þingmenn heyrum um í fjölmiðlum, þar á meðal nefndarmenn í iðnaðarnefnd, að einhverjir ráðherrar hafi náð um frumvarp sem er á forræði þingsins í miðri vinnslu í þingnefnd. Nefndin er rudd og aðrir þingmenn koma inn til að greiða atkvæði um afgreiðslu málsins úr nefnd sem ekki hafa tekið þátt í umfjöllun um málið. Þetta er sannleikurinn og svo getur hver túlkað fyrir sig hvað þarna er að gerast. Ef þetta er ekki ráðherraræði og að niðurlægja þingræðið þá veit ég ekki hvað það er.

Vandinn er auðvitað sá, frú forseti, að þinghaldið er í

gíslingu ríkisstjórnarinnar. Það er bæði af hugmyndafræðilegum ástæðum því ríkisstjórn Steingríms — ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar virðist trúa því að hér sitji ríkisstjórnarbundið þing. (**Forsrh.:** Þú varst í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar.) Já, það er rétt. Hún var miklu skárri en þessi. Og af einhverjum undarlegum ástæðum láta bæði þingnefndir og forusta þingsins bjóða sér þessi vinnubrögð og þau versna dag frá degi. Ríkisstjórnin sjálf er þannig á sig komin, eins og allir menn sjá, að þar ríkir algert stjórnleysi og algert uppnám og það sem gerist er eiginlega ævinlega niðurstaða af því að málum er olnbogað áfram með hrossakaupum. Ef einhver list er að ná hástigi í höndum þessarar ríkisstjórnar þá er það hin forna list hrossaviðskiptanna. *Einn fyrir mig og einn fyrir þig.*

Ég legg til, virðulegi forseti, að hlé verði gert á þessum fundi, boðað til þess fundar sem hefði átt að vera búið að halda með formönnum þingflokka og reynt að koma einhverju skikki á málið.

[14:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það vill svo til að það var haldinn fundur með þingflokksformönnum. Hæstv. forseti gerði það áðan. Boðið var upp á ýmislegt í því sambandi, hvenær við skyldum ljúka fundi í dag, m.a. að stytta þær umræður sem búið var að tilkynna að mundu fara af stað um fundarstjórn forseta en slíku boði var ekki tekið. Menn hafa ekki meiri áhuga á því að greiða fyrir þingstörfum en það að frekar óska þeir eftir því að fimbulfamba um fundarstjórn forseta í stað þess að ræða mál á eðlilegum efnislegum grunni. Þá væri hægt að ljúka fundi á eðlilegum tíma í kvöld. En ekki var áhugi fyrir því á fundi þingflokksformanna með forseta þannig að það er býsna erfitt að reyna að komast að því hverjar óskir stjórnarandstöðunnar eru varðandi þinghaldið. Það koma engar tillögur frá þingflokksformönnum stjórnarandstöðunnar um það hvernig menn vilja haga störfum eins og t.d. í dag. Það voru menn ekki tilbúnir að segja. Hæstv. forseti er því í erfiðu hlutverki að skipuleggja störf þingsins í dag þegar menn eru ekki tilbúnir til að ræða þetta á einn eða annan hátt.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gagnrýndi að nefndarfundir væru haldnir í þinghléum. Það er mjög venjulegt að menn haldi nefndarfundi og oft hafa þau tilboð komið frá stjórnarandstöðunni, um einstök mál sem stjórnarandstaðan er á móti, að þau verði sett í nefnd í þinghléi. Það er því vandi að reikna út hvað menn vilja í þessu máli. Mega nefndir starfa í þinghléum eða mega þær það ekki að áliti stjórnarandstöðunnar? Ég held að það sé ráð, hæstv. forseti, að við förum að ræða það mál sem ég reikna með að taki lungann úr deginum. Ef við getum treyst á orð þingflokksformanna um að þeir vilji ræða mjög gaumgæfilega Ríkisútvarpið er rétt að fara að byrja á því, hæstv. forseti.

[14:22]

Jón Bjarnason:

Forseti. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hún hafi nýlega lesið þingsköp Alþingis. Ég vil fá um það svar, já eða nei.

Ég get til aðstoðar við hæstv. forseta þingsins vakið athygli á grein um þingsköpin sem er nr. 10 þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Forsætisnefnd skipuleggur þinghaldið og hefur umsjón með alþjóðasamstarfi sem Alþingi á aðild að.“

Ég get líka vakið athygli forseta á 72. gr. laga um þingsköp Alþingis, og ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hún hafi nýlega lesið hana. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Forseti skal hafa reglulega samráð við formenn þingflokka, eða fulltrúa þeirra, um skipulag þingstarfa og leggja fyrir þá til umfjöllunar starfsáætlun þingsins og áætlanir um þingstörf hverrar viku.“

Ég veit ekki til hvers þetta er skrifað en ég geri ráð fyrir að ætlunin sé að forsætisnefnd fari eftir því.

Ég vil spyrja forseta hve oft hún hefur boðað til slíks samráðs frá því að hlé var gert á þingstörfum í vor þegar þingið var skilið eftir og störf þess voru í fullkomnu uppnámi, m.a. vegna vanstjórnar þingsins af hálfu forsætisnefndar sem lýtur beint valdboðum einstakra ráðherra frekar en hafa eðlilegt lýðræðislegt samráð innan forsætisnefndar um starfshætti þingsins. Hve oft var þá komið saman á þessum tæpa mánuði til þess að undirbúa framhaldið sem hafði þá þegar verið ákveðið? Það hlaut að vera skylda forseta að fara eftir þingsköpum og hafa samráð við aðra varaforseta og þingflokksformenn um skipulag þinghaldsins.

Í gær var kallað til nefndarstarfa. Þó hafði verið lesið forsetabréf um að þingið væri í hléi til dagsins í dag. Það er ekkert að því að nefndir komi saman en þá er haft um það samráð en ekki send tilkynning utan reglulegs þingtíma, þá er haft um það samráð og fundir boðaðir með eðlilegum fyrirvara. En í gær voru fundir boðaðir með eins eða tveggja tíma fyrirvara. Forseti ber ábyrgð á störfum þingnefnda. Ég vil því spyrja: Vissi forseti um þessa tilhögun í störfum nefndarinnar?

Frú forseti. Eins og ég upplifði þetta núna má segja að það sé eins gott að þeir skiptist á að sitja hér á forsetastóli, formaður Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, og formaður Sjálfstæðisflokksins, hæstv. utanríkisráðherra Geir H. Haarde. Þá sæjum við hver stýrir fundum hér.

[14:26]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það er ekki rétt sem kom fram í máli hv. formanns þingflokks Sjálfstæðisflokksins að haldinn hafi verið fundur um þá dagskrá sem við erum að ræða hér, alls ekki. Sá fundur sem fór fram í dag — þessi dagskrá lá fyrir áður en fundurinn var boðaður. Ég vona að hún komi upp og dragi þessi orð sín til baka.

Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með fundarstjórn hæstv. forseta, Jónínu Bjartmarz. Mér finnst það með ólíkindum að setja hér dagskrá án þess að reyna að ræða við stjórnarandstöðuna. Maður veltir fyrir sér lýðræðisþroska Framsóknarflokksins að reyna ekki að ræða málin, taka einn málamyndarfund í það. Þó ekki væri annað en ræða málin og kanna hvort hægt sé að nálgast eitthvert samkomulag. Það vinnulag sem hér ríkir er hroki og ekkert annað, maður verður að nefna hlutina sínum réttu nöfnum. Ég vona svo sannarlega að hæstv. forseti sé ekki jafnrökheldur og hæstv. iðnaðarráðherra sem kemur hér með frum-

varp og í öllum umsögnum sem koma fram með því er sagt að það sé ótækt. En samt á að keyra það í gegn. Ég verð að lýsa undrun minni á þessari stjórn, að vera hér að ræða Ríkisútvarpið.

Nú sé ég að hæstv. forsætisráðherra er sestur undir ræðu minni. Ég hefði talið nær að hæstv. forsætisráðherra væri að ræða efnahagsmálin en hann forðast það, frú forseti. Ég hefði talið að forsætisráðherra sem ætlar að vera myndugur ætti frekar að ræða efnahagsmál sem virkilega brenna á þjóðinni. Nei, það er Ríkisútvarpið og enn einn skatturinn frá Sjálfstæðisflokknum, það er nefskattur sem þeir vilja leggja á þjóðina. Mér finnst þetta sérkennileg forgangsröðun. Ég vona svo sannarlega að hæstv. forsætisráðherra sjái að sér. Það er kominn tími til þess á sumarþingi að boða einhverjar efnahagsaðgerðir. Hann malar kannski eins og köttur yfir því ástandi sem hér ríkir en þjóðin er ekki ánægð með að sjá skuldirnar hækka frá mánuði til mánaðar. Mér finnst þetta vera stórundarleg forgangsröðun, frú forseti.

(**Forseti** (JBjart)**:** Hv. þingmaður hefur ekki enn lokið tíma sínum en forseta finnst ástæða til árétta það að hann kvaddi sér hljóðs um fundarstjórn forseta.)

Já, ég hef verið að því, frú forseti, og ég skal víkja máli mínu að því. Mér finnst þetta mjög sérkennileg dagskrá sem hæstv. forseti stendur hér að. Ég hef verið að færa rök fyrir því að miðað við efnahagsástand þjóðarinnar hefði ég talið að málefni Ríkisútvarpsins ættu ekki að vera fyrst á dagskrá þegar þing kemur saman eftir hlé. Mér finnst að hæstv. forseti ætti að íhuga þetta. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð á þjóðþingi Íslendinga.

[14:29]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fundur þingflokksformanna var haldinn kl. eitt. Síðan hófst þingfundur kl. hálftvö og okkur hefur ekki gefist tóm til að boða þingflokka til fundar til að greina þeim frá því sem þar gerðist.

Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, hefur haft uppi ákveðnar söguskýringar sem mér finnst ástæða til að víkja að undir þessum dagskrárlið. Hún sagði að engar tillögur hefðu borist frá stjórnarandstöðunni um þinghaldið. Hið rétta er að við kvörtuðum yfir því að ekki skyldi haft samráð við forsætisnefnd þingsins eða formenn þingflokka í samræmi við þingskapalög eins og hv. þm. Jón Bjarnason hefur gert ágætlega grein fyrir. Þegar við spurðum hversu lengi þingfundur ætti að standa þá var ýmist sagt „fram að kvöldmat“ eða „fram á kvöld“ eða „til miðnættis“. Þess var getið að það væri hægt að stytta fundartímann ef við féllumst á að ræða ekki hin gagnrýnisverðu vinnubrögð undir þessum lið um stjórn fundarins. Ég sagði að ekki yrði komist hjá því að gera þau að umræðuefni.

En ég tek þetta aðeins upp núna, hæstv. forseti, vegna þess að formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins er uppi með rangfærslur um málflutning okkar á þessum fundi. Við höfum óskað eftir því að fyrir liggi áætlun um vikuna. Það er t.d. ekki vitað hvort efnt verður til fundar á laugardag. Jafnvel er talað um að svo verði. Það er spurt hvort efnt verði til kvöldfunda. Það er ekki vitað. Fyrst er sagt að vinnudagurinn verði látinn nægja en síðan er allt á reiki og að lokum er sagt: Við tökum bara einn dag í einu. Þetta er ástandið á Alþingi og hæstv. starfandi forseti þingsins á alla mína samúð. Ég er ekki að beina gagnrýnisorðum mínum að henni. Ég vil að það komi skýrt fram. Ég beini gagnrýni minni að ríkisstjórninni sem stýrir þessum málum og að stjórn þingsins fyrir að hafa ekki staðið betur að undirbúningi þessa fundar.

[14:32]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að beina gagnrýni minni að virðulegum forseta, þeirri sem hér situr. Hér hafa verið lagðar fram fyrirspurnir til hæstv. forseta um hvernig vikan sé hugsuð og dagskrá hennar, hve lengi eigi að halda áfram í dag og hver hugsun hæstv. forseta og þeirra sem stýra þinghaldinu sé varðandi framhaldið á þessu sumarþingi.

Það kom fram hjá hv. þingmanni, formanni þingflokks Sjálfstæðisflokksins, að engar tillögur hefðu komið frá þingflokksformönnum stjórnarandstöðunnar um þinghaldið. Það er ekki rétt. Rétt áður en við fórum í þinghlé höfðum við lýst því yfir hvaða mál það væru sem við vildum að yrðu látin bíða til haustsins. Ríkisstjórnin leggur hér fram 108 mál sem á eftir að afgreiða og það hefur ekkert verið rætt við okkur um það hver staða hvers máls sé innan okkar raða. Við getum lítið sagt um það á þeim 20 mínútum sem fundur stendur.

Ég held, hæstv. forseti, að ef spurningunum hefði verið svarað strax í upphafi um hvernig hæstv. forseti hugsi framhaldið, í dag og í vikunni, en sæti ekki bara hér og stæði upp til að gefa orðið, heldur svaraði því sem til hæstv. forseta er beint hefði mátt stytta þessar umræður um fundarstjórn forseta.

[14:34]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Í tilefni orða hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og annarra sem hafa tekið þátt í þessari umræðu vill forseti byrja á því að árétta að forseti fundaði í morgun með forsætisnefnd þar sem fulltrúar allra flokka voru, og síðan með formönnum þingflokka, þar sem rædd var sú dagskrá sem liggur fyrir. Það lá fyrir að ætlunin væri sú að halda þingfundi áfram og funda á Alþingi fram eftir kvöldi. Það hefur legið fyrir frá því að forseti fundaði með formönnum þingflokka.

Á dagskrá þessa fundar eru elstu 3. umr. málin og eðlilegt að þau séu á þessari dagskrá hér í dag þegar þing kemur aftur saman eftir frestun. Það liggur líka fyrir að það verða þingfundir út vikuna. Það er gert ráð fyrir að nefndarfundir verði hér reglulegir eftir morgundaginn og það er gert ráð fyrir fyrirspurnum á morgun samkvæmt venju.

Allt þetta lá fyrir á fundi með formönnum þingflokka í hádeginu þegar forseti fundaði með þeim.

[14:35]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég verð að gera mjög alvarlegar athugasemdir við það hvernig forseti túlkar stöðu sína gagnvart þinginu. Það er ekki þannig að forseti eigi að tilkynna þinginu hvernig þingstörfum skuli vera háttað. Það stendur hvergi í þingsköpum. Það stendur einmitt þveröfugt, eins

og ég las hér upp áðan. (Gripið fram í.) Þetta er einmitt um fundarstjórn forseta og hvort forseti hafi yfirleitt umboð til þess að stjórna hér þingi undir þeim valdsjúku ráðherrum sem hér eru. Meira að segja hv. formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins sem hér hrópar fram í finnur hjá sér skömmina. (Gripið fram í.) Þannig er að samkvæmt þingsköpum ber forseta að hafa, með leyfi forseta:

„... reglulega samráð við formenn þingflokka, eða fulltrúa þeirra, um skipulag þingstarfa og leggja fyrir þá til umfjöllunar starfsáætlun þingsins og áætlanir um þingstörf hverrar viku."

Stendur þarna að það eigi að vera í formi tilskipana? Nei. En þannig er að þegar forseti talaði hér áðan um að boðað hefði verið til fundar í forsætisnefnd í morgun og með þingflokksformönnum um hádegisbilið þá kom dagskrá þingsins fram í gær, seinni partinn, þegar gengið hafði verið frá hrossakaupunum um stjórn Reykjavíkurborgar. Þá kemur dagskráin fram, beið eftir því að klukkan slægi fjögur eða fimm, hvenær sem þessi hrossakaup fóru nú fram. Þá senda ráðherrarnir, formenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, væntanlega tölvupóst til forseta um að nú megi hæstv. forseti birta dagskrána. Svona er þetta nú bara, því miður.

Í þingsköpum stendur allt annað, þar stendur að forseti skuli hafa samráð. Enn fremur stendur hér í 72. gr., með leyfi forseta:

„Enn fremur skal forseti hafa samráð við formenn þingflokka um fyrirkomulag umræðna um mikilvæg mál ef ætla má að umræður verði miklar."

Ég get ekki séð að forseti hafi neitt haft reglulegt samráð þótt kallað sé til málamynda til fundar til að gefa út tilskipanir um hvað forseti hafi fengið tilskipun um að boða þingmönnum. Nei, hér skal keyra í gegn einkavæðingarfrumvörpin, einkavæðingu Ríkisútvarpsins sem Framsóknarflokkurinn hefur hvað eftir annað ályktað á flokksþingum sínum um að ekki skuli einkavæða. Í hrossakaupunum kaupir Framsóknarflokkurinn (Forseti hringir.) einkavæðingu Ríkisútvarpsins og kyngir því að því er virðist. (Forseti hringir.) Það er þetta sem er á ferðinni, frú forseti, en ekki reglulegt og sómasamlegt þinghald.

[14:38]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég verð að hefja mál mitt á því að lýsa yfir miklum vonbrigðum með hvernig fundi er stjórnað hér. Ég lýsi yfir miklum vonbrigðum með fundarstjórn hæstv. forseta, Jónínu Bjartmarz, sérstaklega þegar hún er spurð hér spurninga — hvers vegna í ósköpunum svarar þá ekki hæstv. forseti? Ég átta mig ekki á því hvað fólki gengur til þegar það er spurt spurninga og á að stýra fundum. Hér er fundur í gangi og þingmenn spyrja spurninga, hvort eigi að halda fund og ræða málin, en það er eins og hæstv. forsetar séu of góðir til að svara spurningum sem hv. þingmenn beina til þeirra. Mér finnst þetta undarlegt, sérstaklega vegna þess að hæstv. forseti lét ekki svo lítið að ræða málið áður en boðað var til dagskrárinnar. Hvaða vinnubrögð eru þetta, að svara ekki spurningum, koma hérna með tilkynningu um dagskrá þingsins og fara síðan með rangt mál í ræðustól, segja að rætt hafi verið við alla flokka? Það er bara alrangt, það var ekkert rætt við Frjálslynda flokkinn, ekki einu orði í morgun, eins og kom fram í máli hæstv. forseta. Ég verð að segja (Gripið fram í.) að eftir að hafa hlýtt á mál hæstvirtra ráðherra Framsóknarflokksins og hvernig hæstv. forseti bregst við þeim fyrirspurnum sem beint er til hennar leyfi ég mér að halda það að framsóknarmenn séu rökheldir, það er alveg sama hvaða rök eru borin á borð fyrir hv. þingmenn Framsóknarflokksins, það skiptir engu máli. Við sjáum það í umræðu um nýsköpunarfrumvarpið, hver umsögnin á fætur annarri kemur og síðan þegar hér koma málefnaleg sjónarmið um hvort ræða eigi dagskrána eða ekki er því ekki svarað. Hvað á þetta að þýða? Mér finnst þetta ekki vera vinnubrögð til sóma. Við eigum einmitt að haga vinnubrögðum okkar á Alþingi þannig að þau geti verið fyrirmynd, bæði öðrum félögum og þess hvernig stjórnsýslan hagi vinnubrögðum sínum. Mér finnst það ekki vera í þessu tilliti, að geta ekki haldið lítinn fund og rætt málin, hvernig haga eigi störfum þingsins, heldur keyra málið áfram í blindni.

Ég treysti því, vegna þess að hæstv. forseti hefur áður orðið uppvís að því að gera mistök í byggðamálaumræðunni, þegar hún sleit fundi í trássi við fundarsköp Alþingis, að hún sjái að sér og haldi þennan litla fund og fari yfir málið. Menn geta varla verið það stórir þótt í forsetastóli séu að geta ekki haldið lítinn fund með þingmönnum og rætt málin, hvernig eigi að haga störfum þingsins.

[14:41]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseta finnst ástæða til að árétta, vegna orða hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar um að forseti hafi ekki fundað með fulltrúum allra þingflokka, að hv. þingmaður, sem fulltrúi Frjálslynda flokksins, kom á fund formanna þingflokka þegar honum var að ljúka í dag. Formenn allra þingflokka voru boðaðir á þann fund. (**SigurjÞ:** ... þegar dagskrá lá fyrir.)

[14:42]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Jú, það er akkúrat erindi mitt að ræða hér um fundarstjórn forseta. Í upphafi þings koma ríkisstjórnarflokkarnir sér saman um hvernig þingið skuli keyrt áfram og búa til starfsáætlun Alþingis. Hana er ég með fyrir framan mig. Ég hef einungis setið á Alþingi frá 1999 en þetta er í fyrsta skiptið sem maður sér að þessari áætlun hefur verið kastað fyrir róða, hún var gagnslaust plagg frá upphafi eins og komið hefur á daginn. Forsíðan er nánast það eina sem hefur staðist í þessari starfsáætlun, að þetta sé starfsáætlun Alþingis fyrir 132. löggjafarþing. Það sem stóð inni í henni hefur allt saman farið út og suður og hef ég áður gert því skil, virðulegi forseti, að nefndadögum var svissað til eftir „behag". Ýmislegt annað var gert hérna og síðan var það kórónað þegar þingið var sent heim í aðdraganda og rétt fyrir kosningar af því að ríkisstjórn vildi ekki hafa okkur hér lengur, sendi okkur heim og svo á að koma saman í dag til þess að klára málin.

Ef ég hef skilið það rétt hefur komið hér fram að ríkisstjórnin er með á lista sínum rúmlega 100 mál sem á að afgreiða. Nú þegar við komum hingað til þings er það þannig

að enginn veit hvaða áætlun liggur fyrir og engin starfsáætlun er um hvað skuli gera og ekkert samráð er reynt að hafa við stjórnarandstöðuna um hvernig þetta skuli sett áfram.

Virðulegi forseti. Ég hlýt að gagnrýna og taka undir gagnrýni annarra þingmanna hvað þetta varðar. Það er nú einu sinni þannig að þingmenn búa líka til sína starfsáætlun eftir því hvað gera á hér á Alþingi. Oft hefur það komið fyrir að fundir eru settir á föstudögum og annað slíkt. Ég tók eftir því, virðulegi forseti, að hér áðan var sagt að þinghaldið þessa viku yrði eitthvað fram vikuna. Má ég spyrja, virðulegi forseti, og fá svar við því: Er ætlunin að halda fund hér á föstudag og laugardag ef til vill? Ég vona að virðulegi forseti hafi tekið eftir spurningu minni. Ég spyr: Er einhver hugmynd um að hafa þingfund á föstudag og ef til vill á laugardag? Má kannski gera ráð fyrir sunnudegi, að þá verði þing? (Gripið fram í.) Það hlýtur að vera eðlileg krafa frá okkur þingmönnum til ykkar að það sé gefið út hvernig þessu verði háttað. Og verður fundað hér á morgun með fyrirspurnum eins og komið hefur fram og fundur á fimmtudag og síðan komum við aftur saman, ekki á mánudag því að þá er annar í hvítasunnu heldur á þriðjudag? Það hlýtur að vera eðlilegt að spyrja eftir þessu.

Svo blandast auðvitað inn í þetta eins og hér hefur gerst í umræðunni þau hrossakaup sem gerð voru í gær hvað þetta varðar. Auðvitað er það svoleiðis að þegar varahjól Sjálfstæðisflokksins var dregið fram, þ.e. Framsóknarflokkurinn hér í Reykjavík, og sett undir virtist hafa liðkað fyrir ýmsu að Framsóknarflokkurinn var til í að Ríkisútvarpið yrði sett á dagskrá og rætt áfram og í staðinn fékk Framsóknarflokkurinn eitthvert bix í nýsköpunarfrumvarpinu þannig að (Forseti hringir.) það virðist eiga að taka þetta svona saman. Það eru enn þá, virðulegi forseti, þessi hrossakaup (Forseti hringir.) Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

[14:45]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti svarar spurningu hv. þm. Kristjáns L. Möllers þannig að fyrirhugað er að halda þingfund á föstudegi. Annars er dagskrá þingsins ákveðin dag frá degi. Það fer eftir því hve greiðlega þingstörfin ganga (**KLM:** En laugardagur?)

Ríkisútvarpið hf., 3. umr.

Stjfrv., 401. mál (heildarlög). — Þskj. 1196, frhnál. 1232 og 1251, brtt. 1233.

[14:46]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti frá meiri hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Eins og öllum er væntanlega í fersku minni var málið sent til meðferðar í nefndinni að lokinni 2. umr. samkvæmt samkomulagi þingflokkanna á Alþingi. Ég vil að gefnu tilefni taka það fram, m.a. í ljósi þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað í dag milli þingmanna, sem hefur kannski einkennst svolítið af spennu og upphlaupum sem rekja má til nýliðinna sveitarstjórnarkosninga og meirihlutamyndana sem eiga sér stað þessa dagana, að starfið í nefndinni að lokinni 2. umr. var á öðrum nótum. Ég tel að nefndin hafi fjallað mjög vel um málið og þeir hv. þingmenn sem tóku þátt í þeirri umræðu gerðu það á málefnalegan hátt, þrátt fyrir að ljóst sé að áherslur eru misjafnar.

Nefndin fékk á sinn fund Sigurð Þórðarson og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Pál Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Þóreyju Þórðardóttur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Sölva Sveinsson frá Verslunarskóla Íslands, Pál Hreinsson prófessor og Sigurð Líndal, fyrrverandi prófessor, Jón Vilberg Guðjónsson og Gísla Þór Magnússon frá menntamálaráðuneyti, Sigurbjörn Magnússon hæstaréttarlögmann, Knút Bruun lögmann, Elínu S. Kristinsdóttur, safnastjóra á Ríkisútvarpinu, og Gunnþóru Halldórsdóttur frá Kvikmyndasafni Íslands. Af þessari upptalningu má sjá að nefndin tók sér góðan tíma að lokinni 2. umr. til þess að fjalla um málið og fékk á sinn fund fjölmarga gesti.

Með frumvarpinu er eins og kunnugt er lagt til að ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og að hlutafélag verði stofnað um rekstur hennar, en það felur í sér breytingu frá stjórnarfrumvarpi sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi. Með frumvarpinu hefur verið tekið tillit til athugasemda erlendra eftirlitsstofnana vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, en þær lúta fyrst og fremst að breytingum á skilgreiningu á hugtakinu „útvarpsþjónusta í almannaþágu“, sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins.

Áður en ég held áfram að gera grein fyrir framhaldsnefndaráliti meiri hluta nefndarinnar tel ég rétt að það komi fram strax í upphafi að meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði á frumvarpinu fjórar breytingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að Ríkisútvarpinu hf. sé óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð. Gert er ráð fyrir að við 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein þess efnis.

Þá leggur meiri hluti nefndarinnar til að við frumvarpið bætist ákvæði sem kveður á um að menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu hf. beri að gera sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari kröfur samkvæmt 2. mgr. um útvarpsþjónustu í almannaþágu.

Í þriðja lagi leggur nefndin til að við 4. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein sem kveði á um að Ríkisútvarpinu hf. sé óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og eru varðveitt hjá félaginu.

Að lokum gerir meiri hluti nefndarinnar það að tillögu sinni að upplýsingalög, nr. 50/1996, verði látin gilda um starfsemi Ríkisútvarpsins hf.

Þetta eru þær fjórar meginbreytingar sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði á frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. Ég mun í framhaldinu gera nánari grein fyrir þeim og þeim forsendum sem þær byggja á ásamt því

að fara yfir það sem fram fór á fundi nefndarinnar. Enda tel ég eðlilegt, eftir alla þá umræðu sem þetta mál hefur fengið á hinu háa Alþingi við 2. umr., að ég geri nokkuð ítarlega og skýra grein fyrir afstöðu meiri hlutans til ákveðinna álitaefna sem þar hafa komið fram og rökstyðji þær breytingar sem ég hef talið til.

Frú forseti. Við meðferð málsins innan nefndarinnar var fjallað um eiginfjárstöðu hins nýja hlutafélags við stofnun þess og hvert eiginfjárhlutfall þess skyldi vera. Við munum að mikið var fjallað um þennan þátt málsins í 2. umr. um málið. Þann 24. apríl 2006 barst nefndinni minnisblað frá menntamálaráðherra og fjármálaráðherra þar sem fram kemur að hæfilegt eiginfjárhlutfall félagsins við stofnun teljist vera u.þ.b. 10% eða 500 millj. kr. Í minnisblaðinu segir, með leyfi forseta:

„Við stofnun hlutafélags um rekstur RÚV er talið hæfilegt, miðað við rekstraráhættu og tekjur slíks félags, að eiginfjárhlutfall verði u.þ.b. 10% eða 500 millj. kr. Í árslok 2004 nam eigið fé RÚV 10,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Í kjölfar endurskoðunar á eignum og skuldum RÚV er gert ráð fyrir að aflað verði heimilda í fjáraukalögum 2006 til þess að leggja félaginu til, í formi hlutafjár, það sem upp á vantar til þess að settu marki verði náð. Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga má gera ráð fyrir að fjárþörf vegna þessa verði í kringum 500 millj. kr.

RÚV er B-hluta ríkisstofnun og hefur stofnunin stuðst við reikningsskilavenjur sem eru ekki ósvipaðar því sem gerist á almennum markaði. Í tengslum við stofnun hlutafélagsins RÚV fer nú fram endurmat á eignum og skuldum stofnunarinnar á grundvelli reikningsskilaaðferða sem almennt eru viðhafðar við uppgjör hlutafélaga. Bráðabirgðaúttekt sem endurskoðunarfyrirtækið KPMG var fengið til þess að vinna gerir ekki ráð fyrir verulegum breytingum á efnahagsreikningi á grundvelli endurmats miðað við óbreyttar forsendur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hið nýja félag taki yfir eignir og skuldir RÚV, þar með talin menningarverðmæti eins og gamlar upptökur og annað sem tengist starfsemi RÚV. Ekki er gert ráð fyrir að hljóðfæri sem fjallað hefur verið um í tengslum við þessar breytingar og hafa verið nýtt af Sinfóníuhljómsveit Íslands muni tilheyra hinu nýja félagi. Þar ber hæst Guarnerius del Gesu fiðlu frá árinu 1728. Raunvirði þessara eigna hefur ekki verið metið í efnahagsreikningi RÚV og eru áhrif þessara breytinga á efnahagsreikning RÚV því óveruleg.

Ljóst er að endanlegur efnahagsreikningur getur ekki legið fyrir fyrr en nákvæmar fjárhæðir veltufjármuna og skulda í árslok 2005 liggja fyrir og fram hefur farið árshlutauppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2006. Áætlað er að endurskoðaður ársreikningur RÚV fyrir árið 2005 liggi fyrir í kringum 10. maí næstkomandi. Þá má gera ráð fyrir að árshlutauppgjör, fyrir tímabilið frá áramótum og fram að gildistöku laganna, muni liggja fyrir u.þ.b. þremur vikum eftir gildistöku laganna.

Ráðgert er að hið nýja félag taki formlega við eignum og skuldum RÚV sem áður segir. Endanleg fjárþörf vegna fjármögnunar á hlutafé hins nýja félags þarf þá að liggja fyrir. Sérstök nefnd, sem ríkisendurskoðandi leiðir, vinnur að því að gera sérfræðiskýrslu um stofnefnahag Ríkisútvarpsins hf. í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Mun sú nefnd jafnframt gera upphafsefnahagsreikning fyrir félagið, sem mun liggja fyrir þegar efnt verður til stofnfundar RÚV hf.“

Frú forseti. Við meðferð málsins í nefndinni staðfesti Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi að nefnd sú sem vinna mun að því að semja sérfræðiskýrslu um stofnefnahag Ríkisútvarpsins hf. hefði verið skipuð og að í henni ættu sæti ríkisendurskoðandi, sem jafnframt yrði formaður, en einnig ættu sæti í nefndinni Eyjólfur Valdimarsson verkfræðingur og Matthías Þór Óskarsson, löggiltur endurskoðandi.

Nefndin tók einnig til umfjöllunar hlutverk Ríkisendurskoðunar við endurskoðun og eftirlit með fjárreiðum hins nýja félags og eftirlit Samkeppniseftirlitsins með starfsemi þess. Fram kom að samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, mundi Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga hins nýja félags. Er það í samræmi við ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna, en þar segir að eigi ríkissjóður helmingshlut eða meira í hlutafélagi, sameignarfélagi, viðskiptabanka eða sjóði, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skuli gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila. Jafnframt kom fram að Ríkisendurskoðun mundi hafa eftirlit með því að Ríkisútvarpið hf. uppfyllti ákvæði 5. gr. frumvarpsins um fjárhagslegan aðskilnað, en þar er kveðið á um að halda skuli fjárreiðum alls reksturs Ríkisútvarpsins hf., sem ekki fellur undir útvarpsþjónustu í almannaþágu skv. 3. gr. frumvarpsins frá fjárreiðum reksturs vegna útvarps í almannaþágu samkvæmt greininni. Þá segir í frumvarpsgreininni að félaginu sé óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi, þar á meðal starfsemi sem telst vera samkeppnisrekstur, nema um sé að ræða starfsemi sem flokkast undir útvarp í almannaþágu skv. 3. gr. Telur meiri hlutinn Ríkisendurskoðun hæfa til þess að sinna þessu eftirlitshlutverki sínu enda má nefna að nú þegar hefur hún með höndum sambærilegt eftirlit með öðru hlutafélagi í ríkiseigu, Íslandspósti hf., sem hefur bæði með höndum samkeppnisrekstur og rekstur sem bundinn er einkaleyfi þar sem krafa er gerð um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisreksturs og þess reksturs sem starfræktur er á grundvelli einkaleyfis.

Frú forseti. Á fundi nefndarinnar kom jafnframt fram að Ríkisendurskoðun mundi leita sér sérfræðiaðstoðar við framkvæmd eftirlitsins ef í ljós kæmi að slíkrar aðstoðar væri þörf í framkvæmd, enda er ekkert í íslenskum lögum sem kemur í veg fyrir að slíkrar aðstoðar verði leitað í slíkum tilvikum. Raunar man ég ekki betur en að ríkisendurskoðandi hafi upplýst nefndina um að slíkrar aðstoðar hefði verið leitað áður.

Þá telur meiri hlutinn rétt að geta þess að á fundi nefndarinnar með forstjóra Samkeppniseftirlitsins, Páli Gunnari Pálssyni, kom fram að hann teldi núgildandi samkeppnislög gilda um starfsemi Ríkisútvarpsins hf. eins og önnur fyrirtæki. Taldi forstjóri Samkeppniseftirlitsins að það hefði sjálfstæðar heimildir sem kynnu að ganga lengra en ákvæði frumvarpsins, m.a. hvað varðar fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisreksturs. Nefndi forstjórinn einkum í því sam-

bandi ákvæði 11. gr., 14. gr. og b-liðar 16. gr. laganna, enda koma þau sérstaklega til álita varðandi fyrirtæki í opinberri eigu, eins og tekið er fram í þeim ákvæðum sem ég vék að í samkeppnislögunum.

Nefndin fjallaði síðan, frú forseti, nokkuð ítarlega á fundum sínum um réttarstöðu rétthafa dagskrárefnis sem Ríkisútvarpið á í félagi við aðra og þá samninga, þar á meðal höfundaréttarsamninga, sem það hefur gert um dagskrárefni, en þetta er annað atriðið sem kom til mikillar umfjöllunar og umræðu við 2. umr. málsins.

Í þeirri umfjöllun var vikið að því álitaefni hvort Ríkisútvarpið hefði heimild til að framselja efni sem bundið væri höfundarétti til sjálfstæðs lögaðila, þ.e. hins nýja hlutafélags. Vegna þessa álitaefnis vill meiri hlutinn taka fram að í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í frumvarpinu er kveðið á um að ríkissjóður leggi allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til fyrirhugaðs hlutafélags. Allar þær eignir sem nú koma fram í eignaskrá Ríkisútvarpsins munu færast yfir til hins nýja hlutafélags þar með talið allt svonefnt safnefni Ríkisútvarpsins, þ.e. áður útsent hljóðvarps- og sjónvarpsefni.

Áður en vikið verður að því álitaefni hvort einhverjar tálmanir séu á framsali framangreinds efnis eða áðurnefnds efnis telur meiri hlutinn ástæðu til að gera grein fyrir núverandi réttarstöðu Ríkisútvarpsins varðandi notkun þess efnis sem stofnunin hefur í fórum sínum.

Hvað varðar efni þar sem samningar hafa verið gerðir milli Ríkisútvarpsins og framleiðenda er einkum um að ræða þrenns konar samninga. Í fyrsta lagi er um að ræða einfalt samningsform sem stofnunin hefur lagt til þegar keyptir eru t.d. heimildarþættir af innlendum dagskrárgerðaraðilum. Í samningunum er keyptur einkaréttur til sýninga í sjónvarpi hér á landi fyrir allt að fimm sýningar til sjö ára. Að þeim tíma liðnum er sjónvarpinu óheimilt að nýta sér efnið til sýninga nema gerður sé nýr samningur við rétthafa efnis. Engin ákvæði eru í samningsforminu um framsal sýningarréttar til þriðja aðila.

Í öðru lagi hefur tíðkast að gerðir séu samningar milli sjónvarpsins og innlendra kvikmyndaframleiðenda um sýningu kvikmynda í sjónvarpi þar sem notast er við staðlað form á vegum Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda, SÍK. Í því formi segir eftirfarandi um framsal sýningarréttar, með leyfi forseta:

„Aðilum samnings þessa er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila í heild eða hluta, nema hinn aðilinn gefi fyrirfram til þess skriflegt leyfi. Verði um slík framsöl að ræða, verða aðilarnir þó áfram ábyrgir gagnvart hinum aðilanum um efndir samnings þessa gagnvart honum.“

Þetta ákvæði, frú forseti, er í samræmi við meginreglu 2. mgr. 28. gr. núverandi höfundalaga, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ekki er framsalshafa heimilt að framselja öðrum höfundaréttinn án samþykkis höfundar. Ef rétturinn er þáttur í eignum fyrirtækis, má þó framselja hann ásamt því eða tiltekinni grein þess. Þrátt fyrir slíkt framsal ber framseljandi áfram ábyrgð á efndum skuldbindinga sinna við höfund.“

Í þriðja lagi tíðkast samningar um sýningu sjónvarpsefnis þátta og kvikmynda sem lagðir eru til af hálfu erlendra framleiðenda. Í þeim samningum er að jafnaði kveðið á um að framsal þess sýningarréttar sem sjónvarpið kaupir sé óheimilt án samþykkis framleiðandans.

Ég hef gert grein fyrir sýningarskilmálum sem gilda við kaup sjónvarpsins á efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Þegar um er að ræða eigin framleiðslu sjónvarpsins eða efni sem unnið er í samstarfi sjónvarpsins og þriðja aðila eru oft rýmri ákvæði um sýningarrétt. Það hefur t.d. tíðkast að bjóða út framleiðslu á sjónvarpsefni á almennum markaði. Framleiðsla slíks efnis hefur þó jafnan verið boðin út með þeim skilmálum að sjónvarpið áskilur sér einkasýningarrétt hér á landi í tíu ár jafnframt því að réttur til sýninga á Norðurlöndum kann að vera keyptur með. Um sýningarrétt sjónvarpsins á eigin framleiðslu geta gilt mismunandi reglur eftir því hvernig samningum sjónvarpsins er háttað við hina skapandi höfunda kvikmyndaverksins, þ.e. tónhöfund, höfund kvikmyndhandrits, höfund samtalstexta og aðalleikstjóra sbr. 2. mgr. 41. gr. höfundalaga. Endursýning áður útsends efnis í sjónvarpi kann því að vera háð samkomulagi og greiðslum til skapandi höfunda sem komu að framleiðslu viðkomandi dagskrárefnis.

Hvað varðar heimildir Ríkisútvarpsins, hljóðvarps til endurútsendingar hljóðvarpsefnis er réttarstaðan einfaldari samkvæmt höfundalögum. Endurútsending útgefins tónlistarefnis má þannig að jafnaði fara fram gegn greiðslu til samtaka rétthafa samkvæmt gjaldskrá, þ.e. STEFs, sbr. 47. gr. höfundalaga.

Þegar um er að ræða flutning bókmenntaverka í hljóðvarpi getur slíkur flutningur með sambærilegum hætti fallið undir gjaldskrá Rithöfundasambands Íslands samkvæmt samningi samtakanna við Ríkisútvarpið, — sbr. 23. gr. höfundalaga. Þegar um annars konar hljóðvarpsefni en það sem ég hef nefnt er að ræða ræðst það einkum af réttarsambandinu á milli hlutaðeigandi þáttagerðaraðila og Ríkisútvarpsins hvort stofnunin fer með allan rétt að viðkomandi efni. Ætla má að rétturinn til endurútsendingar sé víðtækari þegar viðkomandi hafa verið starfsmenn Ríkisútvarpsins en þegar um verktaka er að ræða. Meginreglan er að verktaki öðlast höfundarétt á því efni sem hann vinnur í þágu verkkaupa nema rétturinn sé framseldur með samningi aðila á milli. Í sumum tilvikum yrði að telja að Ríkisútvarpið og viðkomandi dagskrárgerðaraðili séu samhöfundar eða sameigendur að útsendu efni. Í slíkum tilvikum þyrfti að afla heimildar viðkomandi endurútsendingar efnisins.

Skal þá vikið aftur að bráðabirgðaákvæði I í frumvarpinu, frú forseti. Af því sem hér hefur verið farið yfir, um vanda Ríkisútvarpsins þegar kemur að endurnýtingu áður útsends efnis, verður sú ályktun dregin að framsalsákvæðið í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis I taki fyrst og fremst til áþreifanlegra eintaka dagskrárefnis en veiti ekki sjálfstæðan rétt til nýtingar efnisins, sbr. 2. mgr. 27. gr. höfundalaga. Að því leyti verður hlutafélagið í sömu réttarstöðu og Ríkisútvarpið hvað varðar endurnýtingu á gömlu efni. Það verður engin breyting á réttarstöðu Ríkisútvarpsins þegar það verður orðið hlutafélag frá því sem áður var. Um annað efni, þar sem samningar eru í gildi á milli Ríkisútvarpsins og framleiðenda og ekki er búið að nýta allan keyptan sýningarrétt, verður að telja stofnunina bundna af því að afla samþykkis til framsals þar sem það á við samkvæmt samn-

ingum. Að öðru leyti gildir meginregla 2. mgr. 28. gr. höfundalaga, þ.e. að ekki er heimilt að framselja öðrum höfundaréttinn án samþykkis höfundar. Frá þeirri meginreglu gildir sú undantekning að ef rétturinn telst vera þáttur í eignum fyrirtækis má þó framselja hann ásamt því eða tiltekinni grein þess.

Frú forseti. Ég held ég hafi farið allítarlega yfir höfundarréttarþátt þessa máls og vona að sú yfirferð leiði til þess að við þurfum ekki frekar að taka hann til ítarlegrar umfjöllunar hér og þeir lausu endar sem á þeim þætti málsins kynnu að hafa verið séu núna hnýttir.

En þá ætla ég að víkja að fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, frú forseti, sem lagt hefur verið fram á þskj. 1207, 791. mál, þ.e. frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, lögum um prentrétt og samkeppnislögum, með síðari breytingum.

Í því fjölmiðlafrumvarpi er lagt til að lögfest verði sú regla í 2. málsl. lokamálsgreinar nýrrar 6. gr. a útvarpslaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins, að Ríkisútvarpinu hf. sé óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð. Meiri hluti nefndarinnar fjallaði aðeins um þetta atriði og komst síðan að þeirri niðurstöðu að það væri eðlilegt að samhljóða ákvæði væri bætt við 1. gr. þessa frumvarps sem við erum að fjalla um hér, þ.e. frumvarps um Ríkisútvarpið hf., en ákvæði 1. gr. fjallar um eignaraðild að Ríkisútvarpinu hf. Þess vegna er lögð til sú breyting á 1. gr. frumvarpsins að í hana verði tekinn upp áðurnefndur 2. málsl. lokamálsgreinar 6. gr. a, sbr. 4. gr. fjölmiðlafrumvarps. Þykir meiri hlutanum fara best á því að skipa öllum ákvæðum í 1. gr. frumvarpsins um Ríkisútvarpið hf. er lúta að eignarhaldi íslenska ríkisins á því, svo og ákvæðum sem banna annars vegar sölu á hlutum í því, sameiningu þess við önnur félög eða slit á því og hins vegar ákvæðum er banna Ríkisútvarpinu hf. kaup á hlutum í öðrum fyrirtækjum sem gefa út dagblöð eða reka útvarpsstöðvar. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins þannig orðuð árétta skýrt sérstöðu Ríkisútvarpsins hf. að lögum sem réttlætir að íslenska ríkið sé eini eigandi félagsins til þess að hafa á hendi útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þessi opinbera þjónusta sem Ríkisútvarpinu hf. er þannig gert að sinna, svo og ákvæði frumvarpsins um bann á sölu á hlutum í því og kaupum þess á hlutum í dagblöðum og öðrum útvarpsstöðvum, réttlætir einnig að ákvæði fjölmiðlafrumvarps um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum gildi ekki um Ríkisútvarpið hf. Þar sem sá munur sem þannig er gerður á Ríkisútvarpinu hf. og öðrum útvarpsstöðvum byggist samkvæmt framansögðu bæði á málefnalegum og veigamiklum sjónarmiðum, svo og sérstöðu um hlutverk þess og skyldur, fara ákvæði þessi ekki í bága við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, a.m.k. að mati meiri hluta nefndarinnar.

Eins og ég kom að í upphafi máls míns, frú forseti, hefur með framlagningu frumvarps þessa verið tekið tillit til athugasemda erlendra eftirlitsstofnana vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, samanber lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum, sem lúta að skilgreiningu á hugtakinu „útvarpsþjónusta í almannaþágu“, sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins. Jafnframt hefur hér að framan verið gerð grein fyrir hlutverki Ríkisendurskoðunar við endurskoðun og eftirlit með fjárreiðum Ríkisútvarpsins hf. Svo tryggja megi framkvæmd þess eftirlits frekar telur meiri hlutinn rétt að kveðið verði á um það í frumvarpinu að menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu hf. beri að gera með sér sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari útfærslu á almannaþjónustuhlutverki félagsins, skv. 3. gr., þar sem m.a. verði kveðið á um vægi innlendrar dagskrárgerðar í dagskrá Ríkisútvarpsins hf. Með því að kveða á um skyldu menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins hf. til þess að gera slíkan þjónustusamning í frumvarpinu telur meiri hlutinn að endanlega verði tryggt að komið hafi verið til móts við athugasemdir erlendra eftirlitsstofnana um gagnsæi almannaþjónustuhlutverks Ríkisútvarpsins hf. sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins. Enn fremur telur meiri hlutinn að slíkur samningur sé í samræmi við ákvæði e-liðar 10. gr. frumvarpsins um skyldu stjórnar Ríkisútvarpsins hf. til að gera grein fyrir því í ársskýrslu sinni hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur félagsins um útvarp í almannaþágu.

Frú forseti. Við meðferð þessa frumvarps í nefndinni komu fram athugasemdir sem lutu að 2. málsl. 1. gr. frumvarpsins. Þetta var nú ein af þeim athugasemdum sem mest var rætt um við 2. umr. málsins. Svo ég rifji það upp mælir þetta ákvæði 2. málsliðar 1. gr. frumvarpsins fyrir um að sala hins nýja hlutafélags eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess sé óheimil. Fram komu, eins og ég nefndi áðan, efasemdir um að ákvæðið tryggði með óyggjandi hætti að félaginu væri óheimilt að selja ýmsar eignir og hluti sem hafa menningar- og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og verið hafa í vörslum Ríkisútvarpsins og varðveitt af því. Er hér aðallega haft í huga hið mikla safn Ríkisútvarpsins, sem varðveitt er á safnadeild þess, af alls kyns upptökum úr hljóðvarpi og sjónvarpi, kvikmyndum o.fl., og telja verður að hafi menningar- og sögulegt gildi fyrir þjóðina. Fram kom við meðferð málsins í nefndinni að sala þessara verðmæta væri háð ýmsum lagalegum hindrunum sem leiða má af almennum reglum höfundaréttarins sem um þau gilda, en ég hef áður gert ítarlega grein fyrir höfundaréttarlegum álitaefnum fyrr í ræðu minni. Meiri hluti menntamálanefndar telur að með þeirri breytingu sem frumvarpið kveður á um á rekstrarformi Ríkisútvarpsins færist þau réttindi sem það hefur haft á þessum verðmætum til hins nýja félags, auk þess sem þær skyldur sem á Ríkisútvarpinu hvíla gagnvart þeim færast yfir á herðar félagsins. Til þess að eyða framkomnum efasemdum telur meiri hlutinn engu að síður ástæðu til að kveða sérstaklega á um það í frumvarpinu að Ríkisútvarpinu hf. sé óheimilt — og ég endurtek, frú forseti — óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa slíkt gildi fyrir þjóðina og varðveitt eru hjá Ríkisútvarpinu hf. Augljóst er að ekki er hægt að setja inn í lagatextann ákvæði um að Ríkisútvarpinu sé óheimilt að selja eigur sínar. Það er algjörlega ljóst að því fyrirtæki eins og öðrum verður að vera kleift að gera breytingar á eignarstöðu sinni eins og að endurnýja, svo dæmi sé tekið, tækjakost og bílaflota, það er alveg ljóst. En meiri hlutinn telur að það ákvæði sem ég hef farið yfir girði fyrir að þau verðmæti sem hér hefur verið rætt um verði seld út úr hinu nýja félagi og lítur svo á að aðgangur almennings að þeim verði óbreyttur frá því sem verið hefur á síðustu árum og áratug-

um. Leggur meiri hlutinn því til að nýju ákvæði þessa efnis verði bætt við 4. gr. frumvarpsins og verði þar fundinn staður í 4. mgr. þess ákvæðis.

Í umræðum um frumvarpið innan nefndarinnar og í umræðum á Alþingi hefur verið lögð á það þung áhersla að ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, gildi um Ríkisútvarpið hf. Segja má að þetta atriði í gagnrýni stjórnarandstæðinga á frumvarpið hafi vegið hvað þyngst, a.m.k. í upphafi umræðunnar við 1. umr., og á þetta atriði hefur stjórnarandstaðan lagt gríðarlega þunga áherslu. Eins og nánar er rakið í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins sem varð að upplýsingalögum, nr. 50/1996, gilda þau lög, þ.e. upplýsingalög, einvörðungu um stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga en ekki um hlutafélög og skiptir þar engu þótt hlutafélagið sé að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélags. Í ljósi þess að Ríkisútvarpinu hf. er ætlað að veita útvarpsþjónustu í almannaþágu, sem er í eðli sínu opinber þjónusta, telur meiri hlutinn engu að síður rétt að upplýsingalög gildi um starfsemi þess þannig að almenningur geti fengið aðgang að gögnum mála hjá því í samræmi við ákvæði laganna. Það má því segja að aðgangur almennings að gögnum fyrirtækisins sé enn tryggður umfram það sem gera má ráð fyrir að ný lög um opinber hlutafélög geri og aðgangur almennings að þessum gögnum verður nákvæmlega hinn sami og hann er í dag, ég tel að það sé morgunljóst. Ríkisútvarpið verður fellt undir upplýsingalög.

Frú forseti. Ég taldi ástæðu til þess, eins og ég sagði í upphafi máls míns, í ljósi þeirrar miklu umræðu sem átt hefur sér stað um frumvarpið við 1. og 2. umr. þessa máls að fara með nokkuð skýrum og ítarlegum hætti yfir helstu atriðin sem rædd voru á fundum nefndarinnar eftir að málinu hafði verið vísað þangað að lokinni 2. umr. og einnig þau atriði sem ég tel að vegi mest og hafi haft mesta þýðingu í umræðu um málið á þingi. Ég hef gert núna grein fyrir þeim meginbreytingum sem meiri hluti menntamálanefndar leggur til að gerðar verði á frumvarpinu.

Frú forseti. Með þeim breytingum sem ég hef farið yfir, þ.e. að Ríkisútvarpinu verði gert óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað og rekur útvarpsstöð, í öðru lagi að menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu hf. beri að gera með sér sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari kröfur samkvæmt 2. mgr. um útvarpsþjónustu í almannaþágu, í þriðja lagi að Ríkisútvarpinu hf. verði gert óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu og í fjórða lagi að upplýsingalög skuli gilda um starfsemi Ríkisútvarpsins hf., hefur meiri hluti menntamálanefndar komið mjög verulega og með afar sanngjörnum hætti til móts við þær athugasemdir sem færðar hafa verið fram í umræðum um frumvarpið innan nefndarinnar og á Alþingi. Þessar breytingartillögur liggja fyrir á þingskjali 1233 sem lagt hefur verið fram og að þeim standa auk mín hv. þingmenn Sigurrós Þorgrímsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Ingvi Hrafn Óskarsson og Hjálmar Árnason. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að fara nánar yfir þær breytingartillögur. Ég tel að ég hafi gert það efnislega og farið yfir þær forsendur sem búa að baki þeim og jafnframt farið yfir helstu umræðuefni sem voru uppi á borðinu á fundum nefndarinnar að lokinni 2. umr. Ég vil taka fram að ég tel að með þessum breytingartillögum hafi meiri hluti nefndarinnar rétt fram sáttarhönd í málinu sem meiri hlutinn vonar enn að stjórnarandstaðan taki í og fallist á þær breytingar sem leiði til þess að meiri friður og sátt verði um frumvarpið. Það var ekki síst tilgangurinn með því að gera þær breytingar að koma til móts við þau sjónarmið sem fram komu frá stjórnarandstöðunni við umræðu um málið. Ég tel að afar erfitt verði að halda því fram að það hafi ekki verið gert eftir að þessar breytingartillögur litu dagsins ljós. Ég vona að stjórnarandstaðan og hv. þingmenn hennar sýni úr hverju þeir eru gerðir og að þessar breytingar muni leiða til þess að við getum fjallað um málið á ef til vill aðeins öðrum nótum en verið hefur við 1. og 2. umr. Það á að sjálfsögðu ekki við um alla hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar en oft hefur það borið við að ekki hefur manni fundist ræðurnar fjalla kannski um efnisatriði málsins.

Frú forseti. Að svo búnu og áður en ég lýk þessari yfirferð minni yfir framhaldsnefndarálit meiri hlutans um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. vil ég taka fram að meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir. Undir það rita auk mín Sigurrós Þorgrímsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Ingvi Hrafn Óskarsson og Hjálmar Árnason. Ég vil einnig að lokum að gefnu tilefni, eins og ég gerði í upphafi, þakka nefndarmönnum í menntamálanefnd, bæði þeim sem hér eru og einnig þeim sem horfnir eru af þingi fyrir ágætt nefndarstarf sem tókst að mínu mati býsna vel. Umræður um málið í nefndinni voru að mínu mati öfgalausar og málefnalegar þrátt fyrir að ljóst sé að áherslur hafi verið mismunandi, en ég vildi koma þessum sjónarmiðum mínum á framfæri varðandi nefndarstarfið.

Að svo búnu, frú forseti, lýk ég umfjöllun um framhaldsnefndarálit meiri hlutans.

[15:27]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta snýst um einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Ég er því andvígur. Ég er þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpið eigi að vera í þjóðareign sem stofnun. Við vitum hins vegar öll hver er vilji þingmanna Sjálfstæðisflokksins, hann hefur birst hér á þingi, um að einkavæða eigi Ríkisútvarpið og selja það.

Hins vegar velti ég fyrir mér hvernig staða Framsóknarflokksins er í málinu. Ég hefði viljað sjá að fylgiskjöl hefðu verið með frumvarpinu, þ.e. flokkssamþykktir Framsóknarflokksins varðandi Ríkisútvarpið. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort ekki hefði verið rétt að láta flokkssamþykktir Framsóknarflokksins vera með. Má ég vitna í það sem Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir á heimasíðu sinni 11. nóvember sl. með leyfi forseta:

„Það þykir mér hraustlega mælt í ljósi þess að hlutafélagavæðingunni hefur verið hafnað. Flokksþing Framsóknarflokksins 2001 ályktaði orðrétt „Ríkisútvarpinu verði ekki breytt í hlutafélag“ og sú samþykkt stendur enn óhögguð. Á næsta flokksþingi, sem var 2003, var bætt við að „breyta skal rekstrarformi Ríkisútvarpsins í sjálfseignarstofnun“. Loks var ályktað á þessi ári á flokksþingi Framsóknarflokksins að „mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu“. Samþykktirnar eru í eðlilegu samhengi og

mynda skýra stefnu flokksins. Síðari samþykktirnar styrkja þá fyrstu, sem hafnar hlutafélagavæðingu RÚV.“

Hefði ekki verið eðlilegt til að öllu væri nú til skila haldið hvað verið er að knýja fram, þ.e. einkavæðingu Ríkisútvarpsins, að þessar flokkssamþykktir Framsóknarflokksins (Forseti hringir.) kæmu fram og væru hluti af fylgiskjölum þannig að (Forseti hringir.) ferlið væri öllum ljóst, frú forseti?

[15:29]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var mjög frumleg og að mörgu leyti skemmtileg ræða. Hér kemur hv. þm. Jón Bjarnason upp í ræðustól hins háa Alþingis og biður mig um að fara að svara fyrir Framsóknarflokkinn, (**JBjarn:** ... fylgiskjölin.) fylgiskjöl sem samþykkt hafa verið á flokksþingi Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) Ég ætla að vona að hv. þm. Jón Bjarnason, með fullri virðingu fyrir Framsóknarflokknum, (Gripið fram í.) haldi nú ekki að ég sé liðsmaður Framsóknarflokksins. (**Gripið fram í:** Jú.) Svo er ekki, (**Gripið fram í:** Jú, jú.) ég er ekki framsóknarmaður og hef aldrei verið og mun, frú forseti, líklega aldrei verða framsóknarmaður, með fullri virðingu fyrir þeim flokki. Þetta er náttúrlega alveg ótrúlegt að eftir þessa löngu og ítarlegu ræðu þar sem farið var efnislega yfir mjög mikilvæg mál sem við höfum verið að ræða svo vikum eða mánuðum skiptir þá komi þessi mikli höfðingi hérna, hv. þm. Jón Bjarnason, og biðji mig, þingmann Sjálfstæðisflokksins, að fara að túlka samþykktir Framsóknarflokksins. Það er ekki hlutverk mitt hér, (Gripið fram í.) það eru aðrir hv. þingmenn sem munu túlka samþykktir Framsóknarflokksins og ég bið hv. þm. Jón Bjarnason um að beina spurningum eins og þessum til þeirra en ekki til mín.

Af því að hann talaði um að með frumvarpinu væri verið að einkavæða Ríkisútvarpið hf., þá langar mig til að spyrja hv. þingmann að því hvað þessi setning í 1. gr. frumvarpsins þýði, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið hf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil.“

Hvað þýðir þessi setning (Forseti hringir.) að mati hv. þingmanns?

[15:32]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get vísað til ferils á sölu Landssímans. Nákvæmlega sama setning stóð þegar verið var að hlutafélagavæða Landsímann. Hann er núna seldur.

Ég legg hins vegar áherslu á að við erum hér að takast á um hvort skuli einkavæða Ríkisútvarpið eða ekki. Það er sjálfsagt að reyna að vinna frumvarpið eins vel og hægt er. Sem betur fer hafa orðið nokkrar breytingar á því til batnaðar, á þeirri hrákasmíð sem lá hér fyrir við 1. umr. Það er lofsvert.

En prinsippið stendur. Einkavæðing Ríkisútvarpsins, undirbúa það undir sölu, heimild til að selja verkefni þess, eða í pörtum. Stefna Framsóknarflokksins og flokksþinga hans hefur hljóðað upp á að það skuli ekki gert. Mér hefði þess vegna fundist eðlilegt í svona stórprinsippmáli sem varðar alla þjóðina að ályktanir Framsóknarflokksins hefðu legið með. (Forseti hringir.) Því fyrir mér er það stórmál hvort eigi að einkavæða Ríkisútvarpið (Forseti hringir.) eins og hér er verið að leggja til.

(**Forseti** (SP)**:** Ég bið hv. þingmenn að virða ræðutíma.)

[15:33]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ítreka það enn að ég er ekki í Framsóknarflokknum og ekki á leið þangað og ætla ekki að fara að svara hér og túlka einhverjar samþykktir þess ágæta flokks, með fullri virðingu fyrir honum. Það eru aðrir sem eru fullbúnir til þess, m.a. tveir hv. þingmenn sem viðstaddir eru þessa umræðu, þ.e. hv. þm. Hjálmar Árnason og hv. þm. Dagný Jónsdóttir. Ég ætla að biðja hv. þm. Jón Bjarnason um að reyna nú að fara að fjalla um efnisatriði málsins.

Ég verð að segja að ég hef orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með hv. þingmann sem ég hef að öðru leyti nokkuð miklar mætur á, reyndar af öðrum ástæðum en pólitískum skoðunum hans. En ég var að vonast til að umfjöllun um málið milli 2. og 3. umr. mundi leiða til þess að hv. þingmaður kæmist nú upp úr þeim hjólförum sem hann var í hér við 1. og 2. umr., um að með þessu frumvarpi væri ætlunin að einkavæða Ríkisútvarpið.

Í 1. gr. frumvarpsins segir: „Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil.“ (Forseti hringir.) Með þeim breytingartillögum (Forseti hringir.) sem við erum að leggja til hér núna, meiri hluti nefndarinnar, erum við enn að skýra þessa annars (Forseti hringir.) skýru grein frumvarpsins.

[15:34]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það verður að segjast eins og er að ég hef að nokkru leyti misst þráðinn í þessu máli, því miður, vegna fjarveru minnar frá þingstörfum síðustu vikurnar áður en þinghlé var gert. En engu að síður þekki ég þessar breytingartillögur sem hv. formaður nefndarinnar talaði hér fyrir í framhaldsnefndaráliti sínu.

Ég verð að viðurkenna, frú forseti, að þótt breytingartillögurnar séu góðra gjalda verðar, ég tek það fram, þá finnst mér þær samt vera til marks um hversu vanhugsað málið hefur verið frá upphafi af hálfu þingmanna ríkisstjórnarflokkanna. Því mér finnst þetta vera breytingar sem í sjálfu sér ganga að hluta til gegn upphaflegum málflutningi þessara sömu þingmanna. Mér finnst þetta staðfesta þá gagnrýni stjórnarandstöðunnar sem hefur frá fyrsta degi verið á þetta mál, að málið sé vanhugsað, illa samið og vanreifað að öllu leyti.

Að þessu sögðu langar mig að spyrja hv. formann nefndarinnar þriggja spurninga. Mér finnst skorta rökstuðning hv. þingmanns á því hvers vegna meiri hlutinn ákvað nú allt í einu að láta upplýsingalögin gilda um þetta frumvarp. Ég spyr því: Hvað olli þessum umskiptum meiri hlutans? Í öðru lagi spyr ég: Hvað var fjallað um varðandi endurnýjun dreifikerfisins, nú á milli 2. og 3. umr.? Var t.d. fjallað eitthvað um væntanlega aflagningu analog-kerfisins

sem Ríkisútvarpið hefur notast við hingað til? Og upptöku stafræns búnaðar m.a. til upptöku bæði fyrir útvarp og sjónvarp? Í þriðja lagi: Hvað fjallaði nefndin um varðandi fjárþörf þess þjónustusamnings sem gert er ráð fyrir samkvæmt breytingartillögunum að gerður verði milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins?

[15:37]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott að hv. þingmaður er þeirrar skoðunar að þær breytingartillögur sem meiri hlutinn leggur til séu góðra gjalda verðar. En ég get ekki tekið undir það með hv. þingmanni að þetta frumvarp sé vanhugsað og þessar breytingar sýni fram á að frumvarpið hafi verið vanhugsað. Síður en svo, eins og ég sagði í ræðu minni þegar ég mælti fyrir framhaldsnefndarálitinu, þá er hér verið að koma til móts við þau sjónarmið sem fram komu í umræðu innan nefndarinnar og á Alþingi. Með þessum breytingum er að mínu mati og meiri hlutans verið að koma með mjög sanngjörnum hætti til móts við þær athugasemdir sem færðar voru fram hér í umræðum á þinginu.

Ég get upplýst hv. þingmann um að ég sagði við 1. umr. að ég teldi að upplýsingalög ættu ekki að gilda um Ríkisútvarpið. Ég sagði að það ættu engin sérákvæði að gilda um þetta hlutafélag, hvorki hvað varðaði upplýsingalögin né skattalega meðferð þess. Ég er í prinsippinu enn þá þeirrar skoðunar að þannig eigi það að vera.

En ég meðtók þau rök sem færð voru fyrir því að láta upplýsingalögin gilda um Ríkisútvarpið hf. Það gerði meiri hlutinn líka. Við rökstyðjum það nokkuð ítarlega í nefndaráliti okkar. Með þessu erum við að koma til móts við athugasemdir stjórnarandstöðunnar.

Ég held að hv. þingmaður ætti að fagna því frekar en hitt að slíkt sé gert í umræðum og við meðferð á mikilvægu máli eins og þessu. Varðandi endurnýjun (Forseti hringir.) dreifikerfisins var það atriði ekki tekið til umfjöllunar í (Forseti hringir.) nefndinni en hvað varðar fjárþörfina þá hef ég gert grein fyrir henni.

[15:39]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég mun auðvitað koma frekar að þessum spurningum og þá svörum hv. formanns nefndarinnar í máli mínu hér í ræðu á eftir. En hann ítrekar það sem hann hefur sagt að tilgangur þessara breytinga hafi verið að koma til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar. Jafnframt sagði hann í ræðu sinni að tilgangurinn væri að hluta til sá að meiri friður mætti ríkja um málið.

Ég vil nú segja við hv. þingmann að það er ekkert tryggt í þeim efnum því enn er grundvallaratriði andstöðunnar við málið óbreytt, þ.e. hlutafélagavæðingin sjálf og þar af leiðandi möguleg sala Ríkisútvarpsins að hluta eða að öllu leyti í fyllingu tímans.

Af því að hv. þingmaður segir hér í andsvari við mig að þessar breytingartillögur varðandi upplýsingalögin hafi verið gerðar til að koma til móts við stjórnarandstöðuna, en hann sé í prinsippinu enn þeirrar skoðunar að það sama eigi að gilda um þetta hlutafélag og önnur hlutafélög í eigu ríkisins, þá vil ég spyrja hann hvort hann sé enn í prinsippinu sammála því máli sem hann sjálfur flutti hér fyrir ríflega einu og hálfu ári, (Forseti hringir.) að það eigi að selja Ríkisútvarpið. (Forseti hringir.)

[15:40]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held ég hafi hér gert ágæta grein fyrir sjónarmiðum mínum varðandi hvaða reglur eigi að gilda um hlutafélög almennt. Hins vegar tók ég og meiri hlutinn þá afstöðu að leggja það til að upplýsingalög verði látin gilda um Ríkisútvarpið.

Ég hefði haldið að hv. þingmaður mundi fagna þeirri breytingu en ég verð að segja að seinna andsvar hv. þingmanns leiðir hugann að því að sjaldan launi kálfurinn ofeldið. Mér finnst viðbrögð stjórnarandstöðunnar eða Vinstri grænna við meðferð þessa máls vera heldur dapurleg. Ég minnist þess að þegar ég spurði fulltrúa Vinstri grænna í nefndinni hvort það væri samkomulagsflötur í málinu (Forseti hringir.) ef við mundum fallast á allar tillögur Vinstri grænna um breytingar (Forseti hringir.) fyrir utan það (Forseti hringir.) að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag þá taldi hann að svo væri ekki.

[15:42]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að fara yfir það að þeir ágætu hv. þingmenn sem hafa lagt fram frumvarp um að selja Ríkisútvarpið hafa túlkað það frumvarp sem hér er til umræðu á þann veg að þetta sé skref í rétta átt. Það fer því auðvitað ekkert á milli mála að þeir hv. þingmenn sem berjast fyrir því að ná meiri hluta með sér í þeim efnum eru á sömu leið og þeir hafa áður verið. Þess vegna var fróðlegt að hlusta á hv. þingmann fara hér gaumgæfilega yfir þær breytingartillögur sem nú eru lagðar til. En það verður alltaf að hlýða á það í þessu ljósi.

Það verður hins vegar að segjast að í þau fjögur skipti sem breytingar hafa verið gerðar á upphaflega frumvarpinu hafa menn verið að stíga skref í rétta átt. Menn hafa verið að fjölga plástrum á meingölluðu máli. En því miður er ekki nógu langt gengið til að tryggja þá miklu samstöðu sem við í stjórnarandstöðunni höfum flest talið afar nauðsynlegt að reynt yrði að ná um þessa mikilvægu stofnun. Eins og farið verður nánar yfir á eftir lögðum við fram leið til að tryggja þessa sátt. En því miður var þeirri leið hafnað af hálfu meiri hlutans í menntamálanefnd.

Frú forseti. Það var eitt atriði sem sérstaklega vakti athygli mína fyrir utan þau sem ég mun taka fyrir í ræðu minni hér á eftir og það varðar eiginfjárhlutfall Ríkisútvarpsins, sem ég hef nokkrum sinnum gert að umtalsefni. Það var komið til móts við okkur með minnisblaði frá menntamálaráðherra og fjármálaráðherra hvað það varðaði. En í millitíðinni hefur komið niðurstaða um stöðu Ríkisútvarpsins í árslok 2005.

Það verður að segjast, og því er nú ver og miður, frú forseti, að þær tölur sem nefndar eru í minnisblaðinu eru ekki í neinu samræmi við þær niðurstöður sem þar komu fram. Þess vegna er nauðsynlegt að spyrja hv. þingmann, for-

mann menntamálanefndar, hvort það megi treysta því, og ég held að a.m.k. hér í umræðunni sé nauðsynlegt að það komi fram frá meiri hlutanum að þessar tölur verði uppfærðar í (Forseti hringir.) samræmi við niðurstöðuna sem kom fram í ársuppgjöri (Forseti hringir.) 2005 hjá Ríkisútvarpinu.

[15:44]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara að karpa við hv. þingmann enn og aftur um hvort með þessu frumvarpi sé verið að leggja til að Ríkisútvarpið verði selt. Ég bendi hv. þingmanni á, og það kemur skýrt fram í 1. gr. frumvarpsins, að sala félagsins eða hluta þess sé óheimil. Það stendur. Það liggur fyrir að það er ekki pólitískur vilji til að selja Ríkisútvarpið.

Ég vona að við þurfum ekki að ræða þessa þætti málsins enn og aftur. Ætli við höfum ekki gert það svona 20–30 sinnum það sem af er þessari umræðu? Einbeitum okkur heldur að öðru.

Hér hefur verið fjallað og spurt um eiginfjárhlutfallið og um fjárþörf Ríkisútvarpsins og bent á að við hefðum fengið fréttir af heldur lakari fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins eftir að þetta minnisblað var lagt fram. Ég get ekki svarað spurningu hv. þingmanns öðruvísi en svo að ég veit ekki betur en að menn ætli að standa við það sem fram kemur í minnisblaði frá hæstv. menntamálaráðherra og fjármálaráðherra sem kveður á um að eiginfjárhlutfall hins nýja félags skuli vera í 10%, 500 millj. kr. Sé nauðsynlegt að uppfæra þessar tölur með tilliti til þeirra frétta sem hv. þingmaður vísaði til, þá geri ég ekki ráð fyrir öðru en að það verði gert.

[15:46]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni, við þurfum ekkert að karpa meira um það, að í þessu frumvarpi felst ekki að það eigi að selja Ríkisútvarpið. Það er alveg ljóst hjá hv. þingmanni. Hins vegar hafa skoðanabræður hans haldið því fram að þetta væri skref í þá átt. Við þurfum ekkert að diskútera það mikið meira.

En varðandi eiginfjárhlutfallið og stöðu Ríkisútvarpsins fannst mér svör hv. þingmanns ekki vera nægjanlega skýr. Ég verð því að fara fram á það, frú forseti, að annaðhvort verði það hæstv. menntamálaráðherra eða hv. þingmaður sem taki af allan vafa um að halli Ríkisútvarpsins, sem var nálægt því 200 millj. um síðustu áramót, verði að fullu bættur þannig að það sé öruggt að þessi lágmarkstala, 10%, sé að minnsta kosti trygg — ég vek athygli á að það er algjör lágmarkstala og um það deilt hvort það sé nægjanlegt.

Frú forseti. Þetta sýnir enn og aftur hversu vanbúið málið var, að þessir hlutir skuli ekki hafa legið á hreinu strax við 1. umr. Hvað þá heldur núna þegar við erum að hefja (Forseti hringir.) 3. umr. Þá er enn verið að velkjast í vafa um hvort (Forseti hringir.) þetta verði örugglega tryggt.

[15:47]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmanni er vel kunnugt um hvers vegna þessar tölur lágu ekki fyrir fyrr á ferli þessa máls. Hv. þingmanni er líka kunnugt um að það var ekki vilji þeirra sem bera þetta mál fram að stofna hlutafélag um Ríkisútvarpið sem mundi hefja starfsemi sína í gjaldþroti.

Það var upplýst í upphafi að ætlunin væri sú að tryggja eiginfjárhlutfall hins nýja félags. Það kemur skýrt fram í bréfi hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. fjármálaráðherra að eiginfjárhlutfall hins nýja félags verði um það bil 10%.

Auðvitað er það þannig að einhverjar sveiflur kunna að verða á rekstri fyrirtækja eins og þessara sem leiða til þess að breyta þurfi tölum og fjárhæðum. Þá verður það bara gert og ég bendi (Forseti hringir.) á að það liggur fyrir að Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi (Forseti hringir.) og tveir aðrir félagar hans eru að vinna að sérfræðiskýrslu um stofn efnahagsreiknings (Forseti hringir.) hins nýja félags.

[15:49]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason):

Forseti. Ég verð að viðurkenna að ég varð nokkuð hugsi síðdegis í gær þegar ég sá dagskrá þingsins í dag eins og áður hefur komið fram í umræðunum í dag. Nú er tæpur mánuður liðinn síðan við ræddum síðast þetta mál hér á þinginu, sennilega rúmur mánuður reyndar frá því að við vorum hér í salnum í 2. umr. um málið og tæpur síðan við afgreiddum nefndarálit meiri hluta og minni hluta, framhaldsnefndarálit, til þingsins.

Hvað hefur gerst á þeim tíma? Jú, tíðindi hafa orðið í stjórnmálum á Íslandi. Þau tíðindi eru fyrst og fremst verulegt áfall annars stjórnarflokksins, Framsóknarflokksins, í sveitarstjórnarkosningum sem fram fóru á laugardaginn var. Ýmsar skýringar á því áfalli má nefna til. Ég ætla nú ekki að gera það rækilega að sinni. Sumar þeirra felast í langtímavanda flokksins, sambandi hans við kjósendur sína og hugmyndafræðilega arfleifð. Aðrar felast í stöðu hans í nýju landslagi í íslenskum stjórnmálum, m.a. gagnvart þeim flokkum sem nýir teljast hér á þingi og í stjórnmálum almennt, gagnvart Samfylkingunni, gagnvart Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Frjálslyndum að nokkru leyti. Aðrar skýringar eru sjálfsagt staðbundnar eins og einkum er í sveitarstjórnarkosningum. En ég held að engum blandist hugur um að helsta skýringin á fylgistapi, sem sumir kalla hrun, framsóknarmanna í þessum kosningum sé þróun hans til hægri og samstarf hans við Sjálfstæðisflokkinn í þessari þaulsætnu ríkisstjórn.

Hver eru nú viðbrögð framsóknarmanna við þessu? Sumir höfðu búist við að þeir tækju sér ákveðinn tíma í að fara yfir næstu áfanga á sínum ferli, m.a. hvað taka ætti við í stöðunni á þinginu. Að þeir sorteruðu það með einhverjum hætti hvernig þeir ætluðu að haga sér á næstunni, hvað ætti nú að taka við í lífi Framsóknarflokksins og áhrifum hans í íslenskum stjórnmálum.

Frumvarpið um Ríkisútvarpið hið síðara, sem við ræðum hér, er annað í röðinni af frumvörpum núverandi ríkis-

stjórnar um Ríkisútvarpið. Það er eitt af því sem framsóknarmenn hafa verið gagnrýndir hvað mest fyrir. Þeir hafa verið gagnrýndir fyrir að hafa í fyrsta lagi skipt um stefnu í málinu frá því fyrir nokkrum árum — meðal þeirra er reyndar ekki einhugur um hvort þau stefnuskipti hafi farið fram eða hvort menn eru með því að styðja frumvarpið beinlínis að ganga þvert á þá stefnu sem Framsóknarflokkurinn teljist hafa. Ég ætla ekki að skipta mér af því hvor túlkunin er rétt í þessu. En ég tek eftir að hv. þm. Dagný Jónsdóttir annars vegar og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson eru ekki sammála um þetta.

Það væri ekkert óeðlilegt að framsóknarmenn óskuðu eftir að fara hægar í sakirnar í þessu máli, skoða það betur, láta það liggja eða að minnsta kosti taka það fyrir síðar á þinginu þegar ljóst væri um framgang annarra þingmála og þegar þeir sjálfir væru búnir að litast aðeins betur um í þeirri þoku, sem er nú að létta, sem er yfir hinu pólitíska landi eftir kosningarnar.

Frumvarpið sjálft er líka þannig statt, í upphafi illa smíðað og illa hugsað, að full ástæða er til að athuga það betur. Það er full ástæða fyrir Framsóknarflokkinn að reyna að skapa breiða pólitíska sátt um það svo að þeir standi ekki í eldlínunni, skotlínunni, sem ábyrgðarmenn á þessari útgáfu. Það er full ástæða til að reyna að sýna að þeir hafi raunverulegan áhuga á Ríkisútvarpinu í þjóðareign, í almannaþjónustu, með því að eiga frumkvæði að því að þetta mál verði skoðað betur. Því hvorki framsóknarmenn, flokksmennirnir, stuðningsmennirnir, né áhugamenn um stjórnmál skilja hvernig stendur á eftirgjöf Framsóknarflokksins í málinu. Skilja ekki umsnúning þeirra frá andstöðu við hlutafélagið og stuðning við þjóðarútvarpið yfir í — sem kom reyndar fram í yfirlýsingum um að það ætti að vera í sjálfseignarstofnunarformi, svipað og við í Samfylkingunni höfum lýst yfir — stuðninginn við það frumvarp í nokkrum gerðum sem hér hefur liðið fram og aftur um þingið.

Enn má nefna að einhverjir framsóknarmenn hafa í kjölfar ósigurs í sveitarstjórnarkosningunum lagt áherslu á einingu innan flokksins. Ég las grein eftir fyrrverandi þingmann í Fréttablaðinu, þingmann sem enn þá virðist vera í góðu sambandi við forustumenn flokksins og vitnar gjarnan til þess hversu hlýr vinur hann sé formanns flokksins. En ég tek eftir að það er engin eining í þingflokknum í þessu máli. Það er ekki einhugur í afstöðu framsóknarmanna í þessu máli. Þess er skemmst að minnast að í atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. greiddi einn af þingmönnum flokksins, Kristinn H. Gunnarsson, atkvæði gegn hlutafélagsgreieninni í atkvæðagreiðslu sem þá fór fram. Ég hygg að hann eigi sér meira fylgi en fram kom í fyrri atkvæðagreiðslu innan Framsóknarflokksins.

Þetta hefur ekki orðið og önnur tíðindi af Framsóknarflokknum og athöfnum hans síðustu daga benda til þess að viðbrögð framsóknarmanna við kosningaósigrinum séu þau að halda áfram á sömu braut, að halda áfram þeirri harðlínustefnu sem Halldór Ásgrímsson, nú hæstv. forsætisráðherra, hefur haldið að flokknum. Nú skuli öll áhersla lögð á að halda Framsóknarflokknum í stjórnarsamstarfinu og stjórnarsamstarfinu áfram í kringum formanninn, hæstv. forsætisráðherra sem nú er. Mynduð er ný stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Reykjavík, raunar minnihlutastjórn sem er athyglisvert. Hún hefur sem sé minni hluta atkvæða í Reykjavík á bak við sig. Aðstoðarmaður Halldórs Ásgrímssonar hefur verið lánaður íhaldinu sem áttundi maður þess, þvert á tal í kosningabaráttunni um annað. Það er barið í bresti stjórnarliðsins í Valgerðarlönguvitleysunni eins og hér var rætt undir liðnum um störf þingsins áðan. Og síðan er frumvarpið um Ríkisútvarpið fyrst á dagskrá þessa sumarþings. Það er sem sé allt eins og var. Ekkert hefur gerst hjá Framsóknarflokknum. Hann ætlar að taka ósigrinum í kosningunum með því að læra ekki neitt af honum.

Það bendir til þess að viðbrögð Framsóknarflokksins við þessum kosningaósigri verði þau sem andstæðingar hans geta út af fyrir sig glaðst yfir. Þeir sem þannig hugsa. Að hann ætli sér ekki að endurskoða sína hugmyndafræðilegu afstöðu eða breyta um áherslur gagnvart kjósendum sínum væntanlegum og fyrrverandi. Hann ætli sér ekki að vinna aftur þær lendur félagshyggjumanna og samvinnumanna, ef það orð má nefna, sem hann áður hafði og eru vissulega sterkar í þeirri hefð sem einu sinni var við Framsóknarflokkinn kennd. Heldur ætli Halldór Ásgrímsson, hæstv. forsætisráðherra, og félagar hans í forustu Framsóknarflokksins að halda áfram stefnu sinni um flokkinn og erindi hans í íslenskum stjórnmálum, að hann sé svona vinnumiðlun og bitlingabanki og geti með þeim hætti komið saman sínum eilífu 6% sem nægi til þess, eins og Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur sagði einhvern tíma: Það er sama hvern menn kjósa, alltaf sprettur Finnur Ingólfsson upp úr kjörkassanum.

Ég vil nú þrátt fyrir þessi orð biðja framsóknarmenn og reyndar almenna þingmenn Sjálfstæðisflokksins að hugsa málið að nýju, þó við höfum hafið hér 3. umr. um þetta vonda frumvarp. Ég vil lýsa því yfir að tilboð okkar frá því í apríl stendur enn um að setjast yfir málið í nefnd í sumar og reyna þar til þrautar að skapa sátt og samkomulag um nýtt frumvarp til að leggja fram fyrir árslok hér í þinginu. Það tilboð stendur enn.

Menn muna, forseti, hvernig þessu máli lauk hér fyrir þá þingfrestun sem ákveðin var í fyrstu viku maí. Eftir langa 2. umr. tókst samkomulag um að ljúka henni og setja málið aftur til nefndar milli 2. og 3. umr.

Menn muna, forseti, hvernig þessu máli lauk fyrir þingfrestun sem ákveðin var í fyrstu viku maí. Það tókst eftir langa 2. umr. samkomulag um að ljúka henni og setja málið aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. Samkomulagið var í sjálfu sér viðurkenning á því sem við stjórnarandstæðingar héldum fram, að málið væri ófrágengið og ókannað í mikilvægum atriðum. Það var kastað höndum til sjálfs frumvarpsins og hefðbundnu nefndarstarfi eftir 1. umr. var ekki gefið það svigrúm sem eðlilegt var þótt það skuli viðurkennt að þar var, sérstaklega á fyrri stigum, lögð töluverð vinna í að fara yfir umsagnir og taka á móti gestum. Þetta svigrúm gafst ekki vegna þess að hæstv. menntamálaráðherra og flokkur hennar þrýstu á og heimtuðu að málið yrði tekið út úr nefndinni í hvaða ásigkomulagi sem það væri. Allt kapp var lagt á að málið þyrfti að klárast á þessu þingi. Meiri hluti nefndarinnar og formaður hennar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, gerðu það með þeim hætti sem

frægur varð á þinginu sem leiddi til þess sem alltaf gerist þegar svo háttar að svigrúm og tími er ekki veittur í nefndarstarfinu sjálfu. Sá tími var tekinn út í þingsalnum og öðrum þingmönnum en nefndarmönnum gert það rúmrusk að nefndarstörfin færast í raun í ræðustól þingsins. Þetta er óheppilegt og við bentum á að þetta væri óheppilegt. En sem betur fer var það viðurkennt að lokum með því að senda málið aftur til nefndar.

Við ákváðum, þegar þetta samkomulag hafði verið gert og fyrir dyrum stóðu fundir í nefndinni milli 2. og 3. umr., að láta reyna á það hver hugur fylgdi máli um þetta samkomulag, hvort stjórnarliðar væru í alvöru tilbúnir að vinna skaplega að málinu og skoða alla þess parta, leita um málið einhvers konar sáttar eða samkomulags. Þess vegna skrifuðum við bréf til formanns nefndarinnar sem dagsett er 24. apríl.

Í því bréfi, fyrir utan ávarpsorð, lýsum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd því að við setjum fram boð um verklag sem gæti leitt til samstöðu milli stjórnmálaflokkanna og sátta í samfélaginu um framtíð Ríkisútvarpsins, eins og þar segir. Við lýsum síðan þessu boði, með leyfi forseta:

„1. Frumvarpið verði ekki afgreitt á þessu þingi en strax að því loknu sett niður nefnd með fulltrúum allra flokka með það að markmiði að ljúka lagasetningu fyrir áramót.

2. Í störfum sínum kanni nefndin sérstaklega að Ríkisútvarpið verði gert að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Í frumvarpinu verði þess gætt að halda sem allra flestum kostum hlutafélagsformsins fyrir Ríkisútvarpið sem almannaútvarp en sniðnir af helstu ókostir þess."

Þetta boð gengur út á að menn setjist niður í alvöru við tiltekið verkefni og athugi heiðarlega og í einlægni hvort hægt sé að ná málamiðlun um sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri miðað við þær forsendur sem stjórnarliðar hafa lýst, að að baki tillögum þeirra um hlutafélagsform liggi það að hlutafélagsformið sé beinlínis heppilegt fyrir Ríkisútvarpið. Við höfum efast um það en lýstum okkur tilbúin til að ganga rækilega á þann lista sem stjórnarsinnar settu fram um kosti hlutafélagsformsins og athuga hvort ekki væri hægt að koma þeim fyrir í formi sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri.

Ég held áfram. Þriðji liður þessa boðs um sameiginlega vinnu í sumar og haust að nýju frumvarpi var svona, með leyfi forseta:

„3. Nefndin ræði einnig margvíslegar ábendingar um úrbætur á fyrirliggjandi frumvarpi, þar á meðal:

a) Um 3. gr. frumvarpsins um hlutverk og skyldur. Rætt verði hvort þessi skilgreining er ekki of víð í heild og hvort hún nær nógu langt sem leiðbeining um dagskrá almannaútvarps, m.a. í ljósi Evrópuréttar og tilmæla Evrópuráðsins.

b) Um stjórnarhætti samkvæmt III. kafla frumvarpsins þar sem m.a. verði rætt um fyrirkomulag með stjórn annars vegar og eftirlitsráði (t.d. „akademíu") um fyrirkomulag þar sem ekki myndast sjálfkrafa ríkisstjórnarmeirihluti í stjórn um stöðu útvarpsstjóra gagnvart stjórn og fleira.

c) Um almenna starfsemi samkvæmt 4. gr. frumvarpsins þar sem slík starfsemi sé skilgreind betur" — hér er átt við samkeppnisreksturinn — „og m.a. gert ljóst hvort heimild til hennar taki til útsendingar útvarps- eða sjónvarpsdagskrár í hagnaðarskyni eingöngu, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra.

d) Um réttindi starfsmanna, bæði þau sem að lögum fara og þau sem um skal samið.

e) Um stöðu safnefnis RÚV sem samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans á að færa yfir í samkeppnisrekstrarhluta fyrirtækisins." — Þarna er átt við breytingartillögu sem samþykkt var við lok 2. umr.

„f) Um fjármögnunarleiðir samkvæmt IV. kafla frumvarpsins þar sem rætt verði í alvöru um fleiri fjármögnunarleiðir en nefskatt, þar á meðal" — ég vek athygli á þessu, forseti — „hvort hugmyndir um tengsl við persónuafslátt eru raunhæfar og um það hvort heppilegt er að takmarka tekjur af auglýsingum og kostun með einhverjum hætti.

g) Um eiginfjárstöðu hins nýja fyrirtækis og æskilega upphæð stofnfjár.

h) Um heimild til að selja eignir úr fyrirtækinu, sbr. 1. gr."

Þetta var, forseti, sú dagskrá sem við gerðum tillögu um fyrir nefndina sem færi yfir málin í sumar og reyndi að komast að samkomulagi um nýtt frumvarp eða endurbætt eftir atvikum. Að mínu viti hefði það ekki útilokað að ræða ýmislegt fleira en þetta töldum við brýnast.

Bréfið heldur svo þannig áfram, vegna þess að við gerðum ráð fyrir því að hægt væri að nota þetta hlé, fundi menntamálanefndar, til þess að hefja starfið svona, með leyfi forseta:

„Við leggjum til að á fundum menntamálanefndar um Ríkisútvarpið á næstunni verði starfið í sumar undirbúið með þessari dagskrá a.m.k.:

1. Leitað verði umsagnar fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins um frumvarpið.

2. Fulltrúar Ríkisendurskoðunar og Samkeppniseftirlits verði kallaðir fyrir nefndina í ljósi bréfaskipta við ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, samanber einkum bréf ESA frá 20. janúar."

Ég held reyndar að þar sé átt við bréf frá 30. janúar en þessi dagsetning hefur verið nokkuð á reiki í þingsalnum. Ég tel að það sé 30. janúar þótt ég muni það ekki örugglega en það er auðvelt að komast að því.

„3. Fulltrúi menntamálaráðherra leggi fram þann „samanburð á sjálfseignarstofnun og hlutafélagi" sem minnst er á í greinargerð með frumvarpinu í lið 3 í almennum athugasemdum. Óskað verði eftir fulltrúum sjálfseignarstofnana í atvinnurekstri á fund nefndarinnar, t.d. Verslunarskólans og Viðskiptaháskólans á Bifröst.

4. Fulltrúum frá BSRB og BHM verði boðið á fund nefndarinnar í ljósi óánægju á Ríkisútvarpinu með réttindamál. Til fundar verði boðaður fulltrúi frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins til þess að skýra ákveðin atriði réttindamálanna, m.a. biðlaun og 95 ára reglu.

5. Samanburður verði gerður á starfskjörum starfsmanna Ríkisútvarpsins nú og starfskjörum samkvæmt frumvarpinu, sérstaklega hvort breytingar á lífeyrisrétti og biðlaunarétti í frumvarpinu feli í sér skerðingu á stjórnarskrárvörðum eignarrétti.

6. Fulltrúar fjármálaráðherra og menntamálaráðherra geri grein fyrir væntanlegri eiginfjárstöðu fyrirtækisins eftir lög um breytingu á rekstrarformi þess.

7. Eignaskrá fyrirtækisins verði lögð fram og sérstaklega greint frá helstu menningarlegu verðmætum í eigu eða vörslu Ríkisútvarpsins.

8. Farið verði yfir réttarstöðu dagskrárefnis sem Ríkisútvarpið á í félagi við aðra og þá samninga svo sem höfundaréttarsamninga sem Ríkisútvarpið hefur gert um dagskrárefni. Sérstaklega verði kannað hvort Ríkisútvarpið hefur heimild til að framselja efni sem bundið er höfundarétti til sjálfstæðs lögaðila, hlutafélags í samkeppnisrekstri. Fulltrúi Ríkisútvarpsins með sérþekkingu á safnaefninu verði kallaður til fundar og einnig fulltrúar rétthafa og nefndir þar tilteknir lögmenn."

Hér lýkur þessu bréfi. En eins og greina má af lestri þess settum við annars vegar fram dagskrá nefndarinnar í sumar og hins vegar hvað þyrfti að taka til beinnar athugunar í nefndinni eftir 2. umr. þar sem eðlilegt væri að nefndin kláraði verk sitt frá fyrri nefndarstörfum. Það var þessi seinni liður. Þetta tvennt skarast að vísu efnislega en í raun má sjá að við settum upp dagskrá nefndarstarfanna milli 2. og 3. umr. Það verður að segja meiri hluta nefndarinnar og hv. formanni hennar til hróss að á margan hátt var farið eftir þessari dagskrá. Ég harma það þegar það var ekki gert en á margan hátt var það gert. Ég segi til hróss, og auðvitað lýsir það sérkennilegri stöðu okkar hér á Alþingi, að hrósa meiri hluta nefndar og formanni hennar fyrir sjálfsagða hluti, þ.e. að klára meðferð máls með því að kalla á tiltekna aðila sem legið hafði fyrir að kæmi málið við. Margir hafa komið á fund nefndarinnar og af því orðið árangur, mál hafa auðvitað skýrst og sum af þeim eru í þokkalegu lagi miðað við það sem til stóð. En þetta átti að gerast í fyrri störfum nefndarinnar. Annað er svo óljóst, hefur ýmist ekki verið tekið til athugunar í nefndinni eða ekkert gert með það. Þar nefni ég sérstaklega réttindi starfsmanna.

Forseti. Þessu tilboði var, eins og allir vita sem hafa fylgst með málinu, hafnað á fyrsta eða öðrum fundi nefndarinnar milli 2. og 3. umr. Ég man ekki á hvorum fundinum það var. Við skýrðum strax frá því í þingsalnum og hörmuðum á sínum tíma. Ég harma í raun enn að það skyldi hafa farið svo en ítreka að þetta boð okkar stendur. Við erum tilbúin að hætta þessari umræðu og setjast í staðinn í nefnd allra stjórnmálaflokka í sumar sem fari yfir málið. Það ætti að vera enn betri kostur fyrir stjórnarliða en hann var 24. apríl og næstu dægur þar á eftir. Síðan þetta boð kom fram hefur enn ein og mikilvæg ástæða skapast til að menn skoði málið í rólegheitum frá öllum sjónarmiðum á ný, þ.e. fjölmiðlafrumvarpið sem lagt var fram á þinginu og þær efasemdir sem vöknuðu um samhengi þess og RÚV-frumvarpsins við stjórnarskrá.

Nú hafa tíðindi sem ekki beinlínis tengjast Ríkisútvarpinu, þingfrestunin sem varð og sá tími sem síðan hefur liðið, gefið okkur tækifæri til að fara yfir þetta mál allt saman í sumar og reyna að komast að samkomulagi um fjölmiðlamálin í heild sinni. En það hefur verið galli síðan ríkisstjórnin varð afturreka með hið vitlausa, eða á ég að segja hið algjörlega galna fjölmiðlafrumvarp sitt frá því um árið, að menn skuli ekki hafa getað rætt Ríkisútvarpið og fjölmiðlavettvanginn í heild á sama hátt. Það hefur í raun aldrei komið fram nein skýring á því af hálfu menntamálaráðherra eða stjórnarliða af hverju svo háttaði til. Hins vegar vekur furðu og um það skapast merkilegar samsæriskenningar, og ef þær eru ekki réttar þá eru þær að minnsta kosti algjörlega sanngjarnar vegna þess að svona eiga menn ekki að vinna málin. Það hlýtur að vekja tortryggni þegar menn gera það.

Ég vil segja að auki áður en ég kem að framhaldsnefndaráliti okkar stjórnarandstæðinga í menntamálanefnd að auðvitað gafst ekki mikill tími til nefndarstarfsins milli 2. og 3. umr. Meiri hlutinn lagði áherslu á að því nefndarstarfi yrði hraðað. Það var vissulega, eins og kom fram hjá hv. formanni nefndarinnar í framsöguræðu hans áðan, mikið unnið og starfið var gagnlegt. En það þurfti að koma því aftur inn í þingið til 3. umr. og til samþykktar. Það var enn mikil dagskipan frá menntamálaráðherra og frá forustu stjórnarflokkanna. Málið hefði svo sannarlega þurft að fá í nefndinni betri málsmeðferð og yfirlegu eins og ég kem að á eftir.

Það sem má þó segja um nefndarstarfið er að auðvitað kom í ljós, sem við höfðum haldið fram, að full ástæða var til að vísa málinu aftur til nefndarinnar. Nefndin vann mikið verk, miklu meira verk en nokkur maður hefði getað búist við milli 2. og 3. umr. eftir þau störf sem farið höfðu fram við hina hefðbundnu umfjöllun nefndarinnar. Það sýnir og sannar það sem við sögðum að störf nefndarinnar voru ekki kláruð og frumvarpið sjálft var búið þannig úr garði að það er illbætanlegt.

Í nefndinni voru kláraðir sjálfsagðir verkþættir sem höfðu orðið útundan í látunum hjá meiri hlutanum í fyrra skiptið og skoðuð ný atriði sem ekki hafði gefist ráðrúm til að fara í áður. En það var líka ýmislegt látið eiga sig sem við báðum um að yrði farið yfir og sem við töldum brýnt og teljum enn brýnt að fjalla betur um, eða fjalla um því sumt hefur ekki verið rannsakað í þessu máli. Ég nefni sérstaklega mikilvæg atriði eins og réttarstaða frumvarpsins, ef að lögum verður, gagnvart EES-samningnum og samræmi frumvarpsins og þeirrar skipanar sem ríkisstjórnarflokkarnir ætla sér við tilmæli Evrópuráðsins um almannaútvarp. Það sýnir kannski skýrast hver þörf var á þessu starfi nefndarinnar milli 2. og 3. umr. að meiri hlutinn sem kvaðst í 2. umr. fullkomlega sáttur við frumvarpið, allir saman, voða gaman, flytur nú einar fjórar breytingartillögur. Þar af er ein mjög mikilsverð breytingartillaga úr smiðju okkar í stjórnarandstöðunni þar sem meiri hlutinn kemur til móts við, og hafi heiður af því þann sem honum ber, eina af helstu gagnrýnisrökum okkar gegn frumvarpinu um að upplýsingalög gildi um starfsemi Ríkisútvarpsins. Um hinar má segja að þær eru að minnsta kosti ekki skaðlegar og sennilega til bóta að mestu.

Því miður dugir þessi bútasaumur ekki til. En tillöguflutningur meiri hlutans bendir kannski til þess sem hefði getað orðið ef við hefðum fengið frá upphafi að vinna þetta mál í friði milli stjórnmálaflokkanna allra og gæti enn orðið ef stjórnarliðar íhuga málið betur og taka tilboði okkar um þverpólitíska vinnu í málinu í sumar með samráði við starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðra fjölmiðlamenn, fræðimenn og með tilliti til sjónarmiða alls staðar að úr samfélaginu og rannsókn á því hvernig málum er fyrirkomið erlendis, þar á meðal gagnvart Evrópurétti og tilmælum Evrópuráðs. En þótt full þörf hafi verið á nefndarstarfi eftir 2. umr. er niðurstaðan því miður sú í heildina að málsmeðferð

og rannsókn menntamálanefndar er áfátt í málinu, sem þó varðar einhverja mikilvægustu menningar- og lýðræðisstofnun í samfélaginu.

Ég ætla, forseti, eftir þennan inngang að lesa texta framhaldsnefndarálitsins eins og mér ber að gera sem framsögumanni minni hluta menntamálanefndar í málinu.

Frá því stjórnarflokkarnir settu sér að breyta lögunum um Ríkisútvarpið hafa vinnubrögð verið á eina lund. Frumvarpstextar hafa verið undirbúnir í leynd hjá sérstökum trúnaðarmönnum flokkanna og upplýsingum haldið frá almenningi, fjölmiðlum, starfsmönnum Ríkisútvarpsins og þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Í stað þess að efna til almennrar umræðu um Ríkisútvarpið og reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um framtíðarskipan þess hafa forustumenn stjórnarflokkanna sammælst um tillögur sem einkennast annars vegar af kreddu og hins vegar hrossakaupum, án þess að vart verði grundvallarstefnu um hlutverk Ríkisútvarpsins og stöðu þess á fjölmiðlavettvangi.

Það frumvarp um Ríkisútvarpið hf. sem lagt var fram í desember er haldið alvarlegum göllum. Þessir ágallar varða meðal annars stjórnarskrá og Evrópurétt, hlutverk Ríkisútvarpsins og skil almannaútvarps og samkeppnisrekstrar, flokkspólitísk ítök og inngrip, menningararfleifð í söfnum Ríkisútvarpsins og aðgang að safnefni þess, réttindi starfsmanna, þar á meðal stjórnarskrárvarin eignarréttindi, virðingu gagnvart höfundarétti, framtíð Rásar tvö, fjárhagsgrunn Ríkisútvarpsins, vægi auglýsinga og kostunar í heildartekjum þess, nefskatt sem fjármögnunarleið, og nú síðast samhengi við nýtt fjölmiðlafrumvarp sem unnið var að algerlega óháð væntanlegum breytingum á Ríkisútvarpinu. Þessum alvarlegu annmörkum og ýmsum fleiri hafa stjórnarandstæðingar gert ítarleg skil og stutt sjónarmið sín fram komnum gögnum afstöðu sérfræðinga.

Þótt stjórnarmeirihlutinn hafi nú breytt upphaflegu frumvarpi fjórum sinnum (við lok þingstarfa síðasta vetur, í sumar þegar sameignarformið vék fyrir háeffun, við lok 2. umr. með breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar og nú enn með breytingartillögum við 3. umr.) er ólíklegt að friður skapist um rekstur Ríkisútvarpsins verði frumvarpið að lögum, hvorki meðal almennings, annarra útvarpsstöðva, milli stjórnmálaflokkanna eða gagnvart Evrópureglum, að ógleymdum nýframkomnum efasemdum sem þá voru um stöðu fyrirhugaðrar fjölmiðlalöggjafar gagnvart stjórnarskránni.

Störf menntamálanefndar að frumvarpinu eftir 2. umr. sýndu skýrt að málið var tekið vanbúið úr nefndinni áður en sú umræða hófst. Við meðferð málsins nú hafa nokkur atriði í frumvarpinu og í tengslum við það skýrst en önnur álitamál komið í ljós. Langt er í frá að svör hafi fengist við brýnum spurningum sem meðal annars varða tengsl við stjórnarskrá og Evrópurétt. Þá hefur ekkert þokast við að bæta úr óljósri skiptingu á starfsemi fyrirtækisins í almannaútvarp og samkeppnisrekstur, stjórnarháttum sem ýta undir flokkspólitísk ítök og inngrip, uppnámi um meðferð safneignar Ríkisútvarpsins og ófullnægjandi ákvæðum um réttindamál starfsmanna.

Um hið síðastnefnda er skylt að vekja athygli á því að nefndinni bárust nýjar umsagnir frá BSRB, BHM og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þar sem fram koma veigamikil rök fyrir því að með frumvarpinu sé brotið gegn stjórnarskrárvörðum eignarréttindum starfsmanna, þ.e. lífeyrisréttindum þeirra og biðlaunum, auk þess sem starfsöryggi þeirra og starfskjör séu alvarlega skert. Meiri hluti nefndarinnar ákvað að sinna þessu ekki, þrátt fyrir beinar breytingartillögur sem frá samtökunum bárust.

Meiri hluti nefndarinnar hefur nú ákveðið að leggja fram nokkrar breytingartillögur, sem allar eiga rót að rekja til gagnrýni stjórnarandstæðinga. Ein þeirra varðar upplýsingalög sem ná eiga yfir Ríkisútvarpið að tillögu minni hlutans sem hefur frá upphafi lagt áherslu á að þau giltu um starfsemi RÚV óháð rekstrarformi. Aðrir gallar hlutafélagsformsins standa hins vegar eftir.

Öðrum breytingartillögum meiri hlutans er ætlað að lappa upp á frumvarpið og mæta í einhverju mikilli gagnrýni á einstaka þætti þess. Þær leysa þó ekki vandann sem við er að fást í hverju tilviki. Tillagan um safnefni kann vissulega að koma í veg fyrir að helstu dýrmæti Ríkisútvarpsins séu seld en gefur þó í engu svör við spurningum um stöðu safnefnisins, svo sem um vörslu þess, rækt sem því beri að sýna, aðgang annarra en RÚV hf. að því, notkun þess í samkeppnisrekstri og hvort með þessum heimanmundi felist brot á samkeppnisreglum. Tillögunni um þjónustusamning við menntamálaráðherra er ætlað að lögfesta þátt í skipulagi Ríkisútvarpsins sem áður var ekki minnst á í frumvarpinu og ekki heldur í athugasemdunum en mátti lesa út úr bréfi frá ESA til fjármálaráðuneytisins 30. janúar þessa árs. Slík efnisatriði ber vissulega að leiða í lög þannig að þau séu ekki komin undir duttlungum handhafa framkvæmdarvaldsins. Hins vegar er ljóst að með tillögunni er ekki ætlunin að tempra þau miklu völd sem menntamálaráðherra hefur með þessum hætti um dagskrárefni Ríkisútvarpsins, t.d. með því að eftirlitsráði væri falið að fara yfir slíkan samning.

Ein tillagna meiri hlutans á ættir að rekja til nýs fjölmiðlafrumvarps sem menntamálaráðherra kynnti og lét útbýta á Alþingi meðan á störfum menntamálanefndar stóð eftir 2. umr. Í því frumvarpi eru sérstök ákvæði sem eiga að takmarka eignarhald á fjölmiðlum. Síðan segir að þau ákvæði eigi ekki við um Ríkisútvarpið, og að Ríkisútvarpið skuli ekki eiga hlut í félögum sem reka útvarp og gefa út dagblað. Er skynugt hjá meiri hlutanum að taka mark á ábendingum um að slík ákvæði eigi betur heima í lögum um Ríkisútvarpið en í almennum lögum. Á hinn bóginn komu fram alvarlegar athugasemdir frá lögfræðingum, m.a. Sigurði Líndal, um þennan kafla fjölmiðlafrumvarpsins. Talin var hætta á að hann bryti í bága við stjórnarskrá, og í bréfi frá Dagsbrún hf. er efast um að ákvæðin standist samkeppnisreglur EES-samningsins. Minni hluti menntamálanefndar óskaði því eftir að sérstaklega væri farið yfir þessi álitamál. Voru kallaðir til tveir lögfræðingar til umræðu um RÚV-ákvæðin og stjórnarskrána, Sigurður Líndal og Páll Hreinsson, annar aðalhöfunda fjölmiðlafrumvarpsins. Sigurður hvatti til þess að vandað yrði til verka, frumvörpin yrðu samlesin og samhæfð, og benti meðal annars á að í greininni í fjölmiðlafrumvarpinu væru ekki taldar allar fjölmiðlunarleiðir. Hjá Páli kom fram að forsenda fyrir þessum ákvæðum um RÚV í fjölmiðlafrumvarpinu væri að Ríkisútvarpið teldist almannaútvarp. Höfundarnir hefðu við vinnu

sína að fjölmiðlafrumvarpinu ekki haft neina hliðsjón af frumvarpstextum um Ríkisútvarpið enda beinlínis verið sagt að Ríkisútvarpið væri utan verksviðs þeirra. Er því ljóst að ekki var af hálfu menntamálaráðherra hugsað fyrir samræmi milli fjölmiðlafrumvarpsins og RÚV-frumvarpsins, og hefur því skapast óvissa um stöðu frumvarpanna hvors gagnvart öðru annars vegar og hins vegar beggja saman gagnvart stjórnarskrá og Evrópurétti. Óskum minni hlutans um frekari könnun á stöðu frumvarpanna gagnvart Evrópurétti og stjórnarskrá var hafnað. Þá var ekki nú fremur en við fyrri umfjöllun menntamálanefndar sinnt óskum minni hlutans um að bera RÚV-frumvarpið saman við samþykktir og tilmæli Evrópuráðsins um almannaútvarp frá 1994 og 1996.

Af þessu tilefni er rétt — segir, forseti, í framhaldsnefndaráliti okkar stjórnarandstæðinga í menntamálanefnd — að minna á bókun sem fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins í fjölmiðlanefndinni síðari lögðu fram þegar hún skilaði af sér 7. apríl í fyrra. „Við erum þeirrar skoðunar," sögðu fulltrúarnir m.a., „að mikilvægt sé að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem taki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf." Það var enn fremur mat þeirra að slík sátt næðist aðeins með því að „tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir á milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar". Fulltrúar flokkanna þriggja lýstu því að lokum að þeir skrifuðu undir hina sameiginlegu skýrslu fjölmiðlanefndarinnar í því trausti „að ásættanleg niðurstaða [næðist] um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins".

Þingmenn stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd — segir áfram í nefndarálitinu — hafa unnið að frumvörpunum um Ríkisútvarpið með sömu markmið að leiðarljósi og fulltrúar flokkanna í fjölmiðlanefndinni lýsa í bókun sinni. Eftir að samkomulag tókst um að ljúka 2. umr. um frumvarpið sendu fulltrúar stjórnarandstöðunnar formanni menntamálanefndar því bréf, dags. 24. apríl 2006, þar sem lagðar voru fram tillögur um framhaldsvinnu við málið. Í bréfinu var að höfðu samráði við forustumenn flokkanna tveggja sett fram boð um verklag „sem leitt gæti til samstöðu milli stjórnmálaflokkanna og sátta í samfélaginu um framtíð Ríkisútvarpsins" og var þar gert ráð fyrir því að frumvarpið yrði ekki afgreitt á þessu þingi en strax að því loknu sett niður nefnd með fulltrúum allra flokka með það að markmiði að ljúka lagasetningu fyrir áramót. Lagt var til að þessi nefnd — um þetta fjallaði ég áðan, forseti, en held mig samt við texta þessa framhaldsnefndaráls — kannaði sérstaklega þann möguleika að Ríkisútvarpið yrði gert að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Í frumvarpsdrögum nefndarinnar yrði þess gætt að halda sem allra flestum kostum hlutafélagsformsins fyrir Ríkisútvarpið sem almannaútvarp en sniðnir af helstu ókostir þess. Þá voru í bréfinu settar fram í átta liðum efnislegar ábendingar um úrbætur að öðru leyti frá frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf., og í öðrum átta liðum tiltekin þau álitaefni sem brýnt væri að menntamálanefnd skoðaði strax þar sem málið hefði verið afgreitt vanbúið úr nefndinni til 2. umr. — Rétt er að taka fram að enginn samanburður hefur verið gerður á rekstri Ríkisútvarpsins með breytingum innan núverandi lagaramma og hlutafélagsforminu. Horft hefur verið fram hjá því að RÚV er nú B-hlutastofnun sem getur haft bæði fullt sjálfstæði og mikinn sveigjanleika. Óbreytt rekstrarform kemur í veg fyrir þau stjórnarskrárbrot sem kunna að felast í frumvarpinu og yrði síður bitbein í samkeppnisdeilum.

Á fyrsta fundi menntamálanefndar eftir 2. umr. hafnaði formaður menntamálanefndar þessu boði fyrir hönd stjórnarflokkanna. Minni hlutinn harmar þau viðbrögð. Frumvarpið um Ríkisútvarpið hefur mætt verulegri andstöðu utan þings og innan og í umfjöllun um það hefur verið bent á fjölmarga galla, stóra og smáa. Einmitt í sumar hefði gefist gott tækifæri til að fara yfir málið að nýju þar sem fram er komið hið nýja almenna frumvarp um fjölmiðla sem undirbúið var með allt öðrum hætti en frumvörpin um Ríkisútvarpið, sf. í fyrra og hf. nú, og hefði verið ákjósanlegt að sumarnefndin færi yfir bæði málin, í samræmi við bókunina frá 7. apríl 2005.

Stjórnarandstæðingar í menntamálanefnd lögðu til við 2. umr. að frumvarpinu yrði vísað frá. Sú tillaga var afturkölluð áður en til atkvæðagreiðslu kom í þeirri von að samstaða næðist um önnur vinnubrögð við framtíðarstefnu um Ríkisútvarpið en þangað til höfðu tíðkast. Það gekk ekki eftir. Því er nú flutt eftirfarandi tillaga:

Þar sem

a. fram hafa komið veigamiklar athugasemdir um að frumvarpið um Ríkisútvarpið og fjölmiðlafrumvarpið kunni að brjóta í bága við stjórnarskrá,

b. vafi leikur á um hvort ákvæði frumvarpsins standast reglur Evrópuréttar,

c. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,

d. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum,

e. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu" með tilnefningum frá almannasamtökum, samanber m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,

f. engin ákvæði frumvarpsins tryggja að innlent efni aukist í dagskrá Ríkisútvarpsins,

g. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá" virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar tvö,

h. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,

i. nefskattur sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,

j. fjárhagsleg staða hlutafélagsins sem frumvarpið gerir ráð fyrir er enn í óvissu og ráðgert hlutafé of lítið til að tryggja bærilegt upphaf Ríkisútvarpsins við nýjar aðstæður,

k. enn er óljóst um ráðstöfun þeirra verðmæta sem Ríkisútvarpið býr nú yfir í söfnum sínum og óljóst hvort og þá hvernig þau skuli nýta í samkeppnisrekstri,

l. við blasir að frumvarpið ylli, ef það verður að lögum, málaferlum bæði hérlendis og á EES-vettvangi,

m. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa reynt að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins, sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi — leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Þetta er frávísunartillaga okkar og framhaldsnefndarálit, forseti, sem ég nú hef lesið og lýsir afstöðu okkar stjórnarandstæðinga í menntamálanefnd til málsins á lokastigi þess. Það skal tekið fram að nefndir voru tveir flokkar á einum stað í frumvarpinu. Það er vegna þess að stjórnarandstæðingar eiga ekki allir fulltrúa í nefndinni, þ.e. aðalfulltrúa. Frjálslyndi flokkurinn hefur þar áheyrnarfulltrúa. En ég tel að Frjálslyndi flokkurinn muni taka undir þetta nefndarálit að mestu enda á það sér m.a. bakgrunn í tillögu sem Frjálslyndi flokkurinn hefur sett fram um Ríkisútvarpið en það hafa allir stjórnarandstöðuflokkarnir gert. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sett fram sérstakt frumvarp um Ríkisútvarpið bæði nú á þessu þingi og hinu fyrra þingi, Frjálslyndi flokkurinn þingsályktunartillögu sem flutt hefur verið í fjögur eða fimm ár og er um margt ágæt tillaga, knöpp en ýmsar góðar ábendingar og hugmyndir í henni. Og við í Samfylkingunni settum fram í fyrra tillögu til þingsályktunar um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp sem ég hvet þingmenn og aðra þá sem á mál mitt hlýða eða það lesa hér á skjá eða á blaði seinna meir, að kynna sér því að það er nokkuð ítarleg tillaga þar sem við förum ekki endilega yfir sérstakar tillögur okkar heldur yfir sviðið almennt og gerum grein fyrir því hver grundvöllur Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps þarf að vera og hvaða kostir koma til greina í því sambandi um nýsköpun Ríkisútvarpsins. Við bendum á þá kosti sem okkur líka best eða teljum helst koma til greina en erum reiðubúin að skoða ásamt öðrum stjórnmálaflokkum og öllum aðilum máls hverjir eru bestir og hverjir síst og reyna að ná samkomulagi um þá.

Ég ætla í síðari hluta ræðu minnar að fara yfir nokkra þætti, þá sem ég hef þegar nefnt og farið var yfir í menntamálanefnd milli 2. og 3. umr. eða látið var eiga sig að fara yfir í þessari vinnu en eru þó þess eðlis að óhjákvæmilegt er að þeirra sé getið í þessari framsöguræðu. Ég læt hins vegar sumt liggja, annars vegar vegna þess að það hefur verið rætt í þaula áður og hins vegar vegna þess að ég veit að síðari ræðumenn af hálfu stjórnarandstöðunnar munu fjalla betur um það þegar að því kemur, þar á meðal er fjármögnunarkaflinn í heild. En þess verður þó að geta að hann var þrátt fyrir beiðni okkar ekki tekinn til neins konar umfjöllunar eða umræðu í nefndinni milli 2. og 3. umr. þrátt fyrir áleitnar umsagnir, m.a. af hálfu ríkisskattstjóra, um hann og ekkert gert með það tilboð okkar að meðal annarra hugmynda verði rædd, eins og ég sagði áðan, hugmynd um að koma honum fyrir í persónuafslætti, athyglisverð hugmynd sem þarf að kanna áður en menn ákveða þetta endanlega. Sú hugmynd er sprottin frá hv. þm. Pétri Blöndal, og er getið í þingskjölum í frumvarpi hans, og hinna hv. þingmanna Birgis Ármannssonar og Sigurðar Kára Kristjánssonar, formanns menntamálanefndar, en nefndur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur sem sé ekki séð ástæðu til þess að fjalla um þessa hugmynd sína, Péturs og Birgis þegar til stykkisins kom.

Það er, ef ég má bæta við, athyglisvert með skattapartinn af þessu frumvarpi að nefskatti hefur verið haldið fram bæði þingin með nokkuð einstrengingslegum hætti. Það hefur ekki verið reynt að veita neins konar málamiðlanir um þann part, það hefur ekkert verið gert með aðrar hugmyndir um fjármögnun þó leiðir hafi verið taldar upp í því efni, m.a. í tillögu okkar frá því í fyrra, sem ég nefndi áðan, þskj. 507, 400. mál á fyrra þingi. Við samfylkingarmenn höfum talað þannig um fjármögnunarleiðirnar að nefskatturinn sé vissulega ein sú versta en mönnum beri að skoða allar þessar leiðir, engin þeirra sé gallalaus og engin þeirra kannski algjörlega alvond, og höfum lagt til að í almennilegu starfi að þessum málum verði íhugað hvort fara eigi einhvers konar blandaða leið í þessu dæmi.

Það er svo enn sérkennilegt við nefskattstillögu hæstv. menntamálaráðherra og annarra stjórnarliða að þennan skatt á ekki að taka upp í tíð núverandi ríkisstjórnar heldur eru nefskatturinn og tilhögun hans skilin eftir handa næsta fjármálaráðherra. Það er svona eins konar gjöf Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, hæstv. menntamálaráðherra, og *föruneytis hennar hér á þinginu til næstu ríkisstjórnar, hver* sem hún nú verður, að hún á að drekka þann beiska bikar að sætta þjóðina við það að leysa útvarpsgjaldið af hólmi með nýjum nefskatti sem ekki er jafnaður nema að litlu leyti og kemur því illa niður á ýmsum hópum.

Ég hyggst heldur ekki ræða margt nú um auglýsingar og kostun sem fjármögnunarleið. Ég gerði ítarlega grein fyrir afstöðu okkar til auglýsinga og kostunar í ræðum á fyrra stigi málsins. Það er þrátt fyrir það grunnatriði, sérstaklega þegar kemur að því að hvaða leyti Ríkisútvarpið er almannaútvarp og að hvaða leyti það er í samkeppnisrekstri við aðrar stöðvar, og fjallar um stöðu þess á vettvangi.

Það gegnir reyndar aðeins öðru máli um auglýsingar og kostun en umræðuna um nefskattinn því ákveðnir þingmenn stjórnarliðsins hafa opnað augun við spurningum okkar og umræðum um auglýsingar og kostun. Þeir hafa þó ekki gengið svo langt að lýsa yfir neins konar stuðningi við þá tillögu okkar samfylkingarmanna að það verði skoðað að takmarka auglýsingar og kostun sem þátt í heildartekjum við eitthvert ákveðið hlutfall eða með öðrum hætti. En menn hafa ekki treyst sér til þess, hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti nefndarinnar, að búa til breytingartillögur um eitthvað slíkt við þetta frumvarp. Það er auðvitað mál sem þyrfti með öðru að skoða miklu betur áður en menn tækju upp á því.

Ég ætla heldur ekki í þessum síðari hluta ræðu minnar að fara yfir það sem er að gerast í grannlöndum, sem er merkilegt fyrir okkur. En tækifæri kann að veitast til þess síðar í umræðunni að fara m.a. yfir breytingarnar hjá BBC og fyrirhugaðar breytingar í Svíþjóð. Ég vil þó vekja athygli á því nú þegar að við erum ekki ein um að vera að breyta lagaramma um almannaútvarp eða ríkisútvarp en

það er hins vegar áberandi að bæði í Englandi, Svíþjóð og annars staðar þar sem þessi mál eru reifuð er það gert með allt öðrum hætti. Það er reynt að ná góðum sáttum milli stjórnmálaflokkanna, á fjölmiðlavettvangi og í samfélaginu almennt um þær breytingar sem gerðar eru og þeim er ætlaður ákveðinn ferill þar sem umræðu er gefið gott rúm og mark tekið á tillögum allra þeirra sem að þessu koma.

Ég ætla þá, forseti, að hefja þessa umfjöllun mína um nokkra einstaka þætti málsins. Ég sé að það er liðinn nærfellt klukkutími síðan ég sté í stólinn og kemur það nú á óvart. En það er svo um þetta mál, og lýsir því ágætlega, að jafnvel þó komið sé fram í 3. umr. er það afar yfirgripsmikið og margþætt og því miður ekki hægt að ræða það til hlítar á þeim 15 mínútum sem t.d. hv. þm. Pétur Blöndal hefur lýst yfir að hann hlusti, og mér fyndist í raun og veru ágætisregla. Mál af þessu tagi verða að taka sitt pláss og verða að fá sína umræðu. Hún á hins vegar að vera málefnaleg og efnisleg, ég tek undir það, og það á ekki að setja menn í þær stellingar að slík umræða verði þófkennd eða höfð uppi slagorð í henni. Þá skiptir miklu máli, forseti, af því að menn ræddu það mikið í 2 umr., hvernig farið er að annars vegar í stjórnun nefndarstarfs og hins vegar við stjórnun þingsins sjálfs. Ég verð að segja að ég er ýmsu vanur eftir þann stutta tíma sem ég hef setið á þinginu en ég er enn að hugsa, forseti sæll, um nóttina góðu þegar stjórnarmeirihlutinn og þeir forsetar hans sem hér stóðu í stólnum voru nánast að leika sér að því eins og í gagnfræðaskóla eða í sandkössunum að draga umræður langt fram eftir nóttu með ýmsum hætti. Mér þótti það ekki þinginu til sóma og mér þótti það ekki málinu til gagns að haga sér þannig. Ég vona, fyrst ég er kominn út í þetta, að þeir leikir verði ekki leiknir í 3. umr. um Ríkisútvarpið. Ég vona að menn fái að ræða þetta mál eins lengi og þeim sýnist og með þeim hætti sem þeim sýnist á skaplegum tíma. Ég er sannfærður um að ef forseti og félagar hans á forsetastóli hafa þetta í huga fást málefnalegri, betri og styttri umræður heldur en með þeim hætti að gera mönnum að tala fram á kvöld og fram á nætur.

Ég ætla fyrst að ræða örlítið þann nýja þátt málsins sem kom upp meðan menntamálanefnd var að störfum milli 2. og 3. umr., nefnilega efasemdir um að RÚV-frumvarpið og fjölmiðlafrumvarpið nýja stæðust stjórnarskrá. Menntamálaráðherra kynnti frumvarp til nýrra fjölmiðlalaga 24. apríl, daginn sem bréf okkar til formanns menntamálanefndar var skrifað. Í því frumvarpi eru sérstök ákvæði, eins og menn muna, um eignarhaldstakmarkanir, nánar tiltekið að enginn megi eiga meira en 25% í útvarps- og sjónvarpsstöð yfir ákveðinni markaðshlutdeild. Þetta eigum við eftir að ræða og ég ætla ekki að fara að hefja þá umræðu hér, aðeins segja að ég tel þetta veikleika í þessu frumvarpi og kannski sísta kafla þess að því leyti sem ég hef yfir það litið. Þetta ákvæði varð til þess að Sigurður Líndal lagaprófessor gagnrýndi það strax á þeim forsendum að það væri efasamt að það stæðist stjórnarskrá þar sem einn eigandi væri undantekinn, nefnilega ríkið sem mætti eiga 100% í Ríkisútvarpinu, og, samkvæmt þeim texta sem hann gagnrýndi út frá, mætti eiga hvað sem það vildi í öðrum stöðvum. Við þeirri gagnrýni var svo brugðist, að mér skilst, daginn sem frumvarpið var kynnt eða dægrin áður, með því að bæta inn í 4. gr. fjölmiðlafrumvarpsins ákvæði um að Ríkisútvarpið mætti ekki eiga hlut í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum. Síðar gerði meiri hluti menntamálanefndar þetta að breytingartillögu við Ríkisútvarpsfrumvarpið, sem við ræðum hér, eins og ég nefndi áðan, sem er í sjálfu sér skynsamlegt, en sá tillöguflutningur segir hins vegar sína litlu sögu rétt einu sinni um fum, fát og flaustur á ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum í þessu máli. Á einum stað slá stjórnarliðar nauðugir viljugir mikla skjaldborg um þá útgáfu Ríkisútvarpsfrumvarpsins sem uppi er hverju sinni og á öðrum stað eru aðrir menn að semja reglur um Ríkisútvarpið sem hinir vita ekki um. Lausnin verður sem sé að lokum sú, sem auðvitað er skynsamlegt, að koma þeim reglum að minnsta kosti líka fyrir í frumvarpinu um Ríkisútvarpið.

Með þessu nýja ákvæði þóttust stjórnarliðar og hæstv. ráðherra, flutningsmaður málsins, vera búnir að afgreiða gagnrýni Sigurðar. Sigurður lét sig ekki við þetta og ítrekaði það í fjölmiðlum og á fundi menntamálanefndar að þótt nýja ákvæðið væri vissulega til bóta — tvímælalaust spor í rétta átt, held ég hann hafi sagt á fundinum í menntamálanefnd — yrði að athuga mjög vel þá fleti fjölmiðlafrumvarpsins og laga og frumvarpa um Ríkisútvarpið sem vörðuðu stjórnarskrá.

Sigurður minnti á að aðeins væri getið um tvær hefðbundnar fjölmiðlagerðir í ákvæðinu í fjölmiðlafrumvarpinu en t.d. ekkert fjallað um netmiðla. Aftur á móti er í frumvarpinu um Ríkisútvarpið einmitt gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið fái fulla og óskoraða heimild til að reka netmiðil eða netmiðla og þau ákvæði eru sett þar inn beinlínis vegna þess að ekki var talin lagaheimild fyrir því að Ríkisútvarpið ræki netmiðil sem væri í einhvers konar samkeppni í atvinnurekstri. Þess vegna, forseti, eru engar auglýsingar á ruv.is. Sigurður spurði m.a.: Getur Ríkisútvarpið keypt ásamt öðrum annars konar aðstöðu til fjölmiðlunar en dagblöð og útvarpsstöðvar? Getur Ríkisútvarpið orðið sameigandi netmiðilsins mbl.is þannig t.d. að ruv.is og mbl.is leggist saman og mundi þá skapast einhver allra sterkasti fréttamiðill og umræðumiðill á íslenskum netvettvangi. Er þetta hægt? spurði Sigurður. Hann svaraði því ekki en það er auðvelt að svara því samkvæmt þeim textum sem nú liggja fyrir. Samkvæmt frumvarpinu eins og það er núna væri það hægt. Menn hafa ekki alveg áttað sig á því hvað þeir voru að gera í þessu, höfundar fjölmiðlafrumvarpsins, enda viðbrögð við gagnrýni klukkustundum eða einhverjum dægrum áður en blaðamannafundur menntamálaráðherra var haldinn 24. apríl.

Páll Hreinsson, annar aðalhöfunda fjölmiðlafrumvarpsins, kom einnig á fund nefndarinnar og þess skal getið, sem rétt er, að Páll taldi sett undir þennan leka með nýja innskotsákvæðinu. En það kom líka fram hjá Páli, hinum mætasta manni, að í vinnunni að fjölmiðlafrumvarpinu hefði aldrei verið fjallað sérstaklega um Ríkisútvarpið. Það kom líka fram hjá honum að í þeirri vinnu hefði alltaf verið gert ráð fyrir því, þar á meðal þegar innskotsákvæði um bann við því að ríkisstjórnin eigi í öðrum fjölmiðlum var smíðað, að Ríkisútvarpið væri eingöngu almannaútvarp. Höfundar fjölmiðlafrumvarpsins, þeir Pálar, — furðulegt hvað koma margir Pálar við sögu þessa máls — þeir Pálar Hreinsson og Þórhallsson, gerðu ráð fyrir því einu í sinni

vinnu að Ríkisútvarpið væri klárlega skilgreint 100% almannaútvarp og ekkert annað.

Í frumvarpinu um RÚV hefur hins vegar frá upphafi verið gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin geti verið í hreinum samkeppnisrekstri. Fyrir utan hinar óskýru skilgreiningar á hlutverki RÚV sem almannaútvarps, sem ég ætla enn einu sinni að leyfa mér að fara yfir á eftir, hefur alltaf í frumvarpinu verið gert ráð fyrir því, bæði í frumvarpinu frá því í fyrra og frumvarpinu núna, að Ríkisútvarpið gæti beitt sér á samkeppnissviði með rekstri annarra rása en nú eru til. Þangað til ný ákvæði komu inn var gert ráð fyrir því, og erindrekar ráðherra í menntamálanefnd svöruðu því hreinskilnislega til, að ríkisstjórnin gæti átt dótturfélög í útvarpsrekstri og gæti átt hlut í slíkum fyrirtækjum ásamt öðrum, gæti bæði átt dótturfélag sem ræki t.d. sirkusstöð, stöð sem væri í samkeppni við Sirkus hjá 365 miðlum, og átt hlut í fyrirtæki, segjum ásamt Skjá einum eða Aksjón á Akureyri eða hverjum sem væri, sem ræki sirkus eða eitthvert annað ljósvakafyrirbæri á samkeppnissviði. Með nýja ákvæðinu er komið í veg fyrir slíka sameign og það lýsir enn fáti, fumi og flaustri við undirbúning málsins og meðferð þess að það gerist milli 2. og 3. umr. í síðara frumvarpinu um málið. Alveg fram að því var það skoðun ráðherra, að minnsta kosti erindreka hans, og meiri hluta menntamálanefndar, þ.e. skoðun stjórnarliða, að þetta væri hið æskilega ástand. Það er ekki fyrr en sýnt er fram á að hér sé um beina ögrun við stjórnarskrána að ræða, beint brot á stjórnarskránni, að reynt er að laga þetta. Um leið er reyndar, kannski bara af klaufaskap, komið í veg fyrir að Ríkisútvarpið geti stofnað dótturfélag sjálft um það sem því sýnist, um samkeppnisrekstur sinn, um sirkusstöð eða sérstaka íþróttarás.

Orðalag þessarar greinar er þannig að talað er um hlut í öðrum fyrirtækjum sem reka útvarp eða gefa út dagblað og sá hlutur getur þá ekki heldur verið 100%. Þetta er svo sem smámál, ég teldi nú reyndar eðlilegt að veita Ríkisútvarpinu slíka heimild ef á að leyfa því á annað borð að reka slíkar stöðvar vegna þess að það væri hentugra í bókhaldi að slík stöð væri rekin með fyrirkomulagi dótturfélags en að Ríkisútvarpið ræki hana beint. Það er aukaatriði.

Aðalatriðið er auðvitað í tengslum við gagnrýni Sigurðar Líndals, að ekkert í frumvarpinu um Ríkisútvarpið og ekkert í fjölmiðlafrumvarpinu kemur í veg fyrir að Ríkisútvarpið geti sjálft rekið slíkar stöðvar í hreinni samkeppni við markaðsstöðvar um áhorf og um auglýsingar og kostun sem fjármagnaði það dæmi, eða áskrift eins og háttar til um Stöð 2. Að vísu hafa frumvarpshöfundar tilknúnir af reglum Evrópuréttarins þurft að setja hér inn ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað og um það að ríkisstyrkur sé ekki nýttur til þess en auðvitað væri það óbeinn ríkisstyrkur sem stæði á bak við slíkar samkeppnisstöðvar ef Ríkisútvarpinu dytti í hug að efna til þeirra. Þar með kemur aftur upp spurningin um jafnræði gagnvart stjórnarskránni.

Þetta bendir Sigurður Líndal m.a. á og þetta virðist höfundum fjölmiðlafrumvarpsins ekki hafa dottið í hug, þeim Pálum, sem litu svo á að Ríkisútvarpið væri eða ætti að vera 100% almannaútvarp. Þeir eru reyndar með slíkan geislabaug, hinir góðu fræðimenn og spekingar, Páll Hreinsson og Páll Þórhallsson, að þeir virðast hafa talið sér óheimilt að fylgjast nokkurn hlut með umræðunni um Ríkisútvarpið, sem þó hefur staðið í tvo heila vetur og þetta hefur verið ljóst frá upphafi, a.m.k. í mínu máli vegna þess að ég hef spurt sérstaklega eftir þessu. Það má svo líka segja að hinum ágætu ráðgjöfum þeirra héðan af þinginu, sumir þeirra vildu láta kalla sig fjölmiðlanefnd, hefur líka láðst að segja Pálunum frá þessu smáræði í frumvarpinu um RÚV og munu þó einir þrír þeirra a.m.k. vera fulltrúar í menntamálanefnd. En ég tel að hér sé ekki við ráðgjafana eða höfundana að sakast heldur fyrst og fremst við yfirmennina í ráðuneyti og ríkisstjórn sem gefa þessar leiðbeiningar í því starfi sem farið hefur fram að fjölmiðlafrumvarpinu.

Hér má bæta við að Páll Hreinsson upplýsti það í menntamálanefnd aðspurður, að frumvarpið um Ríkisútvarpið annars vegar og nýja fjölmiðlafrumvarpið hins vegar hefðu aldrei verið samlesin, aldrei verið lesin nákvæmlega saman til að kanna hvort þau gripu hvort í annað og hvort þar væri eitthvert ósamræmi á ferð. Þess vegna var það ein af óskum okkar í menntamálanefnd að gera það, annað hvort í nefndinni eða á vegum hennar, að samlesa þessi tvö frumvörp en þeirri beiðni var einfaldlega hafnað.

Enn þá leikur þess vegna vafi á því hvort frumvörpin um Ríkisútvarpið hf. og um fjölmiðlana standast stjórnarskrá. Að spyrja slíkrar spurningar er engin venjuleg aðfinnsla eða venjulegur pólitískur ágreiningur. Allt er reyndar óvenjulegt í kringum Ríkisútvarpið en þó er það auðvitað þannig að menn geta haft mismunandi skoðanir og að lokum verður auðvitað að skera úr þeim með afli atkvæða. En hér er ekki um það að ræða heldur ber Alþingi auðvitað að ganga sérstaklega úr skugga um þetta þegar lögspekingar benda á þann möguleika og láta stjórnarskrána að lokum njóta vafans ef áhöld eru um málið. Þetta hefur að vísu ekki verið vaninn í tíð núverandi ríkisstjórnar en það bætir ekki þetta böl og það er alvarlegur ágalli og ég held allra alvarlegasti ágallinn á málsmeðferðinni núna í vetur að þetta skuli vera skilið eftir upp í loft, að þessi spurning skuli vera látin eftir lögfræðingum og dómstólum.

Um þetta mál skrifaði reyndar gamalreyndur stjórnmálamaður, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, í ritstjórnargrein í Fréttablaðinu laugardaginn 29. apríl. Fyrirsögn hennar var: Hver axlar ábyrgðina?

Ég held að það hljóti að vera hollt og gott fyrir núverandi þingmenn Sjálfstæðisflokksins og lögfræðinga hér innan þingsins að hlýða á hvað Þorsteinn Pálsson segir um þetta og ég grípi hér inn í leiðarann þegar hann er kominn nokkuð af stað, hann er búinn að lýsa pólitískum og viðskiptalegum hliðum á málinu og snýr sér síðan að einni hlið enn, þeirri sem við höfum verið að ræða, með leyfi forseta:

„Hún snýr að stjórnarskránni. Um álitaefni sem að henni lúta gilda einfaldlega önnur lögmál en um hefðbundinn skoðanaágreining eða pólitísk átök. Ábyrgð ríkisstjórnar og Alþingis er mun ríkari í því efni. Kjarni málsins er sá að aldrei má leika minnsti vafi á að áformuð lagasetning standist stjórnarskrá.

Ábyrgð á öllu því er varðar fulla virðingu gagnvart stjórnarskránni hvílir vitaskuld á viðkomandi ráðherra, en einnig þingmönnum. Höfuðábyrgðina ber þó forsætisráðherra, sem samkvæmt reglum um verkaskiptingu Stjórnarráðsins fer með gæslu stjórnarskrárinnar og öll álitamál er

að henni lúta.

Stærsta álitaefnið sem tengist stjórnarskránni snýst um það hvort unnt sé að undanþiggja nýtt hlutafélag, sem verður í samkeppnisrekstri, almennum reglum um dreifða eignaraðild að fjölmiðlum. Ágreiningslaust er" —segir Þorsteinn Pálsson — „að sú undanþága brýtur í bága við almenn sjónarmið um jafnræði milli þeirra sem stunda sambærilega starfsemi.

Það er pólitískt mat hvort menn vilja virða slík sjónarmið að vettugi nema því aðeins að það stangist á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ríkisstjórnin taldi sig hafa sett fyrir þann leka með því að skjóta inn í almenn lög um fjölmiðla ákvæði sem eðli máls samkvæmt á heima í lögunum um Ríkisútvarpið hf. Þetta var gert að lítt athuguðu máli á elleftu stundu.

Ýmsir lögfróðir menn telja hins vegar" — heldur Þorsteinn Pálsson áfram — „að þessi skyndiráðstöfun ríkisstjórnarinnar breyti ekki því mati að það stríði augljóslega gegn stjórnarskránni að gera þessa undantekningu. Aðrir telja verulegan vafa leika þar á. Og svo eru þeir sem telja að þetta sé álitaefni sem skoða þurfi betur. Í þeim hópi er einn fremsti lögvísindamaður landsins, Sigurður Líndal.

Í hverju þróuðu lýðræðisríki telja menn sér skylt að taka þann tíma sem nauðsynlegur er til þess að ganga úr skugga um að minnsti vafi leiki ekki á stjórnarskrárgildi nýrra lagaáforma. Það álitaefni sem hér er til umræðu kom fyrst til skoðunar fyrir fimm dögum", segir Þorsteinn Pálsson 29. apríl sl., „og er því bæði fræðilega vanreifað og stjórnmálalega órætt.

Um þetta atriði gilda ekki almenn sjónarmið um afgreiðslu pólitískra ágreiningsefna. Í þeim verður meiri hluti Alþingis á einhverjum tímapunkti að taka af skarið. En álitaefnið sem hér er til umfjöllunar er ekki pólitískur ágreiningur. Það lýtur að jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, sem er óumdeild. Hver ætlar að taka stjórnskipulega ábyrgð á því að gegn henni verði að minnsta kosti hugsanlega brotið og það að óathuguðu máli?" Spyr Þorsteinn Pálsson í lok ritstjórnargreinar sinnar í Fréttablaðinu í lok apríl.

Forseti. Ég ætla næst að ræða örlítið um tilmæli Evrópuráðsins um almannaútvarp. Bæði í fyrri og síðari umfjöllun menntamálanefndar hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar farið fram á að nefndin óski umsagnar frá fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins um frumvarpið og það var gert í framhaldi af því að íslenskir sérfræðingar á þessu sviði voru ekki tiltækir til samræðna við nefndina. Þarna er sérstaklega um að ræða Prag-samþykktina frá 1994 þar sem m.a. er að finna mikilvæga skilgreiningu á almannaútvarpi og í annan stað tilmælin um sjálfstæði almannaútvarps frá 1996 þar sem fjallað er um stjórnarhætti almannaútvarps. Rök meiri hluta menntamálanefndar og hv. formanns nefndarinnar fyrir því að hafna þessari ósk hafa verið þau að samþykktir Evrópuráðsins bindi íslensk stjórnvöld ekki að þjóðarrétti. Sigurður Kári Kristjánsson, hv. formaður menntamálanefndar, hefur sagt að þetta þurfi ekki að gera vegna þess að þessi plögg og textar frá Evrópuráðinu bindi okkur ekki að þjóðarrétti og það geti enginn farið í mál við okkur hvernig sem við högum okkur gagnvart þeim textum.

Í því ljósi er athyglisvert að í fjölmiðlafrumvarpinu, hinu nýja fjölmiðlafrumvarpi hæstv. menntamálaráðherra, er mjög stuðst við ákveðna samþykkt Evrópuráðsins, þ.e. tilmælin frá 1999 um aðgerðir til að stuðla að fjölbreytni fjölmiðla. Við könnumst við þau tilmæli, þar gefur Evrópuráðið m.a. svona siðferðilega heimild til þess að hafa strangari löggjöf um fjölmiðla en önnur fyrirtæki í atvinnurekstri og þangað hafa formælendur eignarhaldsprósentna sótt hin almennu rök sín. Ég get sagt það hér, þó að ég sé ekki að ræða prósenturnar frekar en áðan, að ég er sammála Evrópuráðinu í þessari afstöðu og tel að þingið eigi að setja nokkuð harðari lög um fjölmiðla en önnur atvinnufyrirtæki þó að ég sé haldinn meiri efa en ýmsir aðrir um að það eigi að binda þau í prósentur.

Í fjölmiðlafrumvarpinu er líka vitnað mjög í önnur tilmæli frá 1994 um gagnsæi í fjölmiðlum, tilmæli sem við samfylkingarmenn kynntum í þingsályktunartillögu, að ég held á fyrsta þingi þessa kjörtímabils undir forustu hins ágæta lögfræðings Bryndísar Hlöðversdóttur, sem nú er því miður fyrir okkur en sem betur fer fyrir ásku landsins komin í annað starf á Bifröst í Borgarfirði. Í greinargerð með fjölmiðlafrumvarpinu, það er á bls. 5 í hinni prentuðu útgáfu frumvarpsins, eru tilmæli Evrópuráðsins á fjölmiðlasviði tengd 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem Íslendingar hafa gengist undir að þjóðarrétti sem hér gildir sem ígildi laga.

Síðan segir almennt um tilmæli Evrópuráðsins á fjölmiðlasviði, með leyfi forseta:

„Til viðbótar við og til fyllingar mannréttindasáttmála Evrópu lætur Evrópuráðið frá sér fara reglulega tilmæli um málefni fjölmiðla og það lagalega starfsumhverfi sem þeim er búið. Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ekki bindandi í sama skilningi og alþjóðasáttmálar sem hafa verið fullgiltir. Í þeim felst pólitísk skuldbinding aðildarríkja þess efnis að réttarkerfi verði löguð að þeim meginreglum sem koma fram í tilmælunum. Tilmæli þessi eru ekki síst mikilvæg leiðsögn um það hvað telja megi evrópsk lágmarksviðmið á viðkomandi réttarsviði. Er iðulega vísað til þeirra þegar lagt er mat á hvort tiltekið aðildarríki uppfylli kröfur sem gera verður til lýðræðis- og réttarríkja."

Forseti. Þessi texti sem ég las er fenginn úr greinargerð með frumvarpi sem menntamálaráðherra hefur lagt fyrir þingið þannig að nú liggur það verkefni fyrir hæstv. menntamálaráðherra annars vegar og hins vegar hv. formanni menntamálanefndar að koma sér saman um það hvers eðlis sú binding sé sem tilmæli Evrópuráðsins hafa í för með sér gagnvart íslenskum stjórnvöldum.

Hv. formaður menntamálanefndar segir að engin binding sé af lögum og þess vegna sé okkur ekki skylt og algjörlega óþarft að rannsaka þessi tilmæli þegar við setjum lög á þinginu. Menntamálaráðherra segir hins vegar að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins felist pólitísk skuldbinding aðildarríkjanna, þess efnis að réttarkerfið verði lagað að meginreglum í tilmælunum, eins og hér stendur. Auðvitað er átt við að í tilmælum Evrópuráðsins, sem við erum ekki bara þátttakendur í heldur beinlínis gerendur í þessum tilmælum — við samþykktum tilmælin og gefum þau frá okkur sem hluti af Evrópuráðinu — felist pólitísk skuldbinding okkar um að haga okkur eins og þarna er gert.

Þetta er athyglisvert vegna þess að í störfum menntamálanefndar í vetur og í fyrravetur hefur komið í ljós að

ekki einungis hefur nefndinni verið haldið frá því að kynna sér þessi tilmæli og bera þau saman við frumvarpið heldur hafa frumvarpsdrög um Ríkisútvarpið aldrei verið borin saman við samþykktir Evrópuráðsins um þessi efni. Hvað sem líður deilumálum hæstv. menntamálaráðherra og hv. formanns menntamálanefndar um hina þjóðréttarlegu stöðu eru slík vinnubrögð hneisa fyrir stjórnvöld í fjölmiðlamálum. Þau benda ekki til þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn taki alvarlega alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga á sviði mannréttinda og lýðræðisþróunar.

Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfum haft efasemdir um að frumvarpið um Ríkisútvarpið hf. sé í samræmi við áðurgreindar samþykktir Evrópuráðsins. Sá efi snýr annars vegar að ófullnægjandi lýsingu á hlutverki almannaútvarps í 3. gr. og líka að stjórnarháttum fyrirtækisins eins og þeir eru settir fram í frumvarpinu. Ríkisstjórnarmeirihluti er við völd í stjórn félagsins og engin ákvæði um eftirlitsráð.

Ég hef áður kynnt fyrir þingheimi skilgreiningu almannaútvarpsins í ályktuninni frá Prag 1994. Ég tel rétt að lesa aftur upp þessa skilgreiningu til þess að þingheimur geti borið hana saman við 3. gr. í frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. Skilgreiningin í Prag-samþykktinni frá 1994 er í níu liðum og reynir að byggja grunn að því hvað í almannaútvarpi felist. Þar er ekki upptalning á einstökum sjónvarpsþáttum eða reynt að þylja efni í útvarpi heldur er reynt að gera sér grein fyrir hvað í almannaútvarpi felst, bæði gagnvart starfsemi þess og hlutverki í samfélaginu. Þetta er svona, með leyfi forseta. Þetta er held ég þýðing mín sem ég verð að taka ábyrgð á sjálfur og er úr tillögu minni til þingsályktunar um Ríkisútvarpið sem almannaútvarps sem ég minntist á áðan og er svona, með leyfi forseta:

„... að almannaútvarp skuli

mynda með dagskrá sinni sameiginlega viðmiðun allrar þjóðarinnar, vinna að félagslegri samstöðu og þátttöku allra einstaklinga, hópa og byggðarlaga í samfélaginu; sérstaklega skal þar hafnað allri menningarlegri, kynbundinni, kynþáttar- eða trúarlegri mismunun og félagslegum aðskilnaði í hvaða mynd sem er;

skapa vettvang almennrar umræðu þar sem fram komi svo fjölbreytilegar skoðanir og sjónarmið sem unnt er;

annast hlutlægan og óháðan flutning upplýsinga, frétta og fréttaskýringa;

bjóða fram margbreytilegt dagskrárefni sem einkennist af fjölhyggju (plúralisma) og hugmyndaauðgi;

miða í dagskrá og þjónustu við almennan áhuga en taka einnig tillit til þarfa minnihlutahópa;

endurspegla ólíka heimspekilega afstöðu og trúarviðhorf í samfélagi sínu í því augnamiði að auka gagnkvæman skilning og umburðarlyndi, og hvetja til eðlilegra samskipta í samfélagi fjölmenningar og margvíslegra kynþátta;

stuðla með dagskrá sinni að því að betur og víðar sé metinn fjölbreytileiki hins þjóðlega og hins evrópska menningararfs;

tryggja að umtalsverður hluti dagskrárefnis sé frumframleiddur, sérstaklega kvikmyndir, sjónvarpsleikrit og annað listrænt efni" — ákvæði sem algjörlega vantar í 3. gr. frumvarpsins um Ríkisútvarpið hf. en í því frumvarpi er reyndar ekkert minnst á íslenskt efni eða innlenda framleiðslu í tengslum við Ríkisútvarpið hf. — „og gera sér grein fyrir nauðsyn þess að nýta sjálfstæða framleiðendur og starfa með kvikmyndageiranum;

fjölga dagskrárkostum hlustenda og áhorfenda með því að hafa í boði efni sem alla jafna stendur ekki til boða á markaðsstöðvunum."

Hér lýkur þessu. Ég vek sérstaklega athygli á því atriði sem ég las síðast úr samþykktinni. Það lýsir einmitt því sem skortir í frumvarpið, metnaði fyrir hönd almannaútvarpsins til að gera betur en hægt er að ætla markaðsstöðvunum að gera. Þessar greinar Prag-samþykktarinnar sýna hvað almannaútvarp á að gera og hverjar skyldur þess eru við samfélagið og við aðrar stöðvar. Þannig er það líka vegna þess að það hefur komið í ljós í frægri rannsókn, McKinsey-rannsókninni frá 1999 sem birt er sem fylgiskjal við tillögu okkar um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp, að gott almannaútvarp, þróttmikið og sjálfstætt, hefur forustu á fjölmiðlavettvangi á sínu svæði eða landi hvað gæði varðar, bæði í menningarlegum efnum og í umfjöllun um samfélagsmál og ýmis önnur þörf málefni.

Í tilmælunum frá 1996 er gerð grein fyrir æskilegum stjórnarháttum í almannaútvarpsstöðvum. Ég ætla ekki að þreyta þingheim með því að lesa það allt upp. En ég vek sérstaka athygli á að til að almannaútvarp sé sjálfstætt þarf, að viti þeirra sem sömdu þau tilmæli, væntanlega menntamálaráðherra okkar þar á meðal, að skipta stjórn almannaútvarps í tvennt. Annars vegar sé stjórn og hins vegar eftirlitsráð sem hafi tiltekið sjálfstæði. Hvor stofnunin hafi tiltekið sjálfstæði gagnvart hinni og ólík hlutverk. Mér sýnist að stjórnarlýsing þessara tilmæla eigi í raun við um það sem menntamálaráðherra kallar í frumvarpi sínu, annars vegar útvarpsstjóra og hins vegar stjórn. En eftirlitsráðið er ekki til. Það er enginn sem fylgist með því hvað stjórnin gerir, temprar völd hennar og heldur ekki menntamálaráðherra, sem samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans og áætlun sem reyndar var aldrei á prent sett, á að gera sérstakan þjónustusamning við eigin stjórn og við þann útvarpsstjóra sem hún réð. Í þessu sambandi hefði einmitt verið full ástæða til að fá umsögn fjölmiðlaskrifstofu Evrópuráðsins um hvernig skipulagið sem hér er fram sett í frumvarpinu passar við hugmyndir Evrópuráðsins sjálfs í tilmælum þess um stjórnarhætti á almannaútvarpsstofnunum.

Við höfum áður bent á þann augljósa galla núverandi skipunar Ríkisútvarpsins sem felst í að til er útvarpsráð þar sem ríkisstjórnarmeirihluti ræður og fer fram eins og við þekkjum. Á síðari tímum hefur meiri hluti þessa útvarpsráðs getað stillt sig í störfum frá degi til dags. Áður var útvarpsráð alvaldur um Ríkisútvarpið. Þá voru aðrir tímar. En það hefur komið fyrir, jafnvel í minni þeirra sem hér eru inni, og þarf ekki að vera langt, að meiri hluti útvarpsráðs hafi beinlínis tekið pólitíska ríkisstjórnarmeirihlutaafstöðu og er skemmst að minnast fréttastjóramálsins fræga í fyrravetur.

Páll Þórhallsson skrifaði árið 2004 grein um almannaútvarp á Íslandi í Morgunblaðið, sem hét „Helgar tilgangurinn meðalið?" Hún ætti að vera mönnum kunn sem hafa fylgst hér með fjölmiðlaumræðu á þinginu. Hennar var að nokkru getið í umræðunni um fjölmiðlafrumvarpið fyrsta, sem þá var að gera allt vitlaust. Páll komst að þeirri niðurstöðu að það skorti nokkuð á sjálfstæði Ríkisútvarpsins og

sagði, með leyfi forseta:

„Kemur þar sjálfsagt margt til. Eitt af því er að ríkisstjórnarmeirihluti hverju sinni skipar meiri hluta útvarpsráðs á meðan víðast hvar erlendis ... hefur verið fundið fyrirkomulag sem tryggir að slík ráð gæti almannahagsmuna en ekki hagsmuna ríkisstjórnar eða stjórnarflokka. Það þætti til dæmis ekki góð latína á Evrópuvettvangi að pólitískt skipað útvarpsráð fjallaði um umsóknir um stöður fréttamanna."

Ég tek undir þetta. Það er eitt af því sem menn í öllum flokkum, að nafninu til að minnsta kosti, eru sammála um að breyta og verður, samkvæmt því frumvarpi sem hér er um fjallað, með öðrum hætti í framtíðinni. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að þetta var reyndar fyrsta mál sem ég flutti hér á þinginu þegar ég kom inn sem varamaður, að þeirri skipan yrði hætt. Ég er a.m.k. stoltur af því að það skuli nást fram þótt mér lítist illa á það sem með á að fylgja.

Grein Páls Þórhallssonar sýnir að það er full ástæða til að athuga tilmæli Evrópuráðsins, t.d. hvernig það stenst andann í þeim tilmælum að ríkisstjórnarmeirihluti ráði útvarpsstjóra og reki hann eins og honum hentar samkvæmt frumvarpinu sem verða á að lögum.

Þegar við óskuðum eftir þessum samanburði við Evrópuráðstilmælin var sú ósk formuð þannig að við báðum um yfirferð sérfræðings á þessu sviði. Þegar henni væri lokið gæti nefndin ákveðið hvort við ætluðum að gera meira, leita til fjölmiðlaskrifstofunnar eða ekki. Það er skylt að geta þess, eins og kom fram við 2. umr., að hv. formaður menntamálanefndar reyndi að verða við þessum tilmælum. Óháðir sérfræðingar, íslenskir, sem vitað var af voru hins vegar ekki tiltækir á þeim tíma sem um var að ræða, sem var reyndar skemmri en menn héldu vegna skipunarinnar um að taka málið út, sem meiri hlutinn hlýddi eins og ég hef áður lýst, með þeim afleiðingum að taka þurfti málið aftur inn í nefndina eftir 2. umr.

Við ræddum sérstaklega um Pál Þórhallsson sem vann hjá fjölmiðlaskrifstofunni en niðurstaðan varð sú að það væri óeðlilegt og ekki viðkunnanlegt gagnvart honum að biðja hann um að taka að sér þennan samanburð. Hann er að störfum í forsætisráðuneytinu, starfsmaður forsætisráðherra þeirrar ríkisstjórnar sem leggur fram frumvarpið. Ég vil geta þess að lokum að þegar enginn annar fékkst á þeim tíma varð að ráði að ræða við Pál, hvort honum geðjaðist að því að koma. Það væri betra fyrir okkur að ræða við hann, vegna þess að þar væri sennilega heiðarlegur og grandvar maður á ferð, en að gera ekki neitt. En þau skilaboð bárust frá honum, eftir því sem mig minnir, að hann færðist undan að koma. Það þótti mér reyndar ofureðlilegt í ljósi aðstæðna. Í 2. umr. sagði hv. formaður nefndarinnar hins vegar að Páll hefði verið upptekinn, gott ef ekki í útlöndum á þeim tíma sem þá kom helst til greina.

Eftir þetta rugl þegar nefndin fékk málið aftur settum við fram þá einföldu ósk að sérfræðingunum yrði sleppt og tengt framhjá þeim vandræðagangi og frumvarpið yrði einfaldlega sent Evrópuráðinu, fjölmiðlaskrifstofu þess í Strassborg, og athugað hvaða tíma það tæki að reiða fram þessa álitsgerð. Því var ekki sinnt og ekki einu sinni spurt hvort þetta væri hægt, hvort fjölmiðlaskrifstofan tæki svona að sér og þá á hvaða tíma. Svarið hefur væntanlega verið það að fjölmiðlaskrifstofan gerði það, vegna þess að við vitum að hún hefur gert það í tilviki ýmissa nýrra lýðvelda í Austur-Evrópu. Síðan höfum við haft þessar fjórar vikur sem liðnar eru en ekkert hefur gerst í málinu. Nægur tími reyndist sem sé vera til þessarar rannsóknar ef menn hefðu viljað fara í hana. Strassborg er ekki nema rétt hinum megin við bæjarlæk okkar nú á dögum, Atlantshafið. Það eru greiðar samgöngur á hverjum degi, sími og net og menn þekkja ákaflega vel til þar. Þrír þingmenn á Alþingi sitja á Evrópuþinginu og fara þar á fundi fjórum sinnum á ári, að ég held. Þetta hefði því verið hægðarleikur ef menn hefðu viljað það.

Ég hef talað lengi um Evrópuráðið og kannski lengur en bein ástæða er til vegna þess ósköp einfaldlega að til staðar virðist vera einhver alveg sérstök tregða við það að frumvarpið og þessi frumvörp séu borin saman við þau tilmæli, eins og hugsanlega sé einhver hræðsla við að frumvarpið standist þau ekki og það sé þá óþarft og jafnvel hættulegt að draga það fram hvaða gallar séu á frumvarpinu gagnvart þeim tilmælum en hins vegar, eins og hv. formaður menntamálanefndar segir, engin binding á lögum gagnvart þeim. Því er menntamálaráðherrann ekki algerlega sammála í greinargerð sinni með fjölmiðlafrumvarpinu.

Ég ætla að láta þessu lokið og fara úr Evrópuráðinu yfir í Evrópusambandið eða Evrópska efnahagssvæðið og skal þó vera stuttorður um það miðað við þau tilefni sem gefast til að fjalla um EES-réttinn í fjölmiðlamálinu. Í hinni hefðbundnu umfjöllun nefndarinnar eftir 1. umr. í vetur var lýst samskiptum Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, við fulltrúa fjármálaráðherra og menntamálaráðherra og lögð fram bréf þau sem til vitnis eru um þau samskipti. Menn muna eftir því, svolítinn hávaða þurfti til að fá þau bréf og enn þá meiri hávaða til að þau yrðu opinber.

Eftir þetta kom sérfræðingur í Evrópurétti, Árni Páll Árnason, fyrir nefndina og lýsti þeirri skoðun sinni að það væri heppilegast fyrir okkur í menntamálanefnd, fyrir þingið og íslensk stjórnvöld að biðja Eftirlitsstofnunina að fara yfir þetta frumvarp sem nú lægi fyrir áður en það hlyti samþykki, ekki einungis að spyrja um einstök atriði eins og fjármálaráðherra og menntamálaráðherra höfðu gert eða réttara sagt svarað spurningum Eftirlitsstofnunarinnar um einstök atriði, heldur beinlínis að láta Eftirlitsstofnunina fara yfir frumvarpið. Þetta hefur ekki verið gert og erindreki menntamálaráðherra skýrði það þannig að látið yrði reyna á það síðar. En hitt hefði sem sé verið hægt. Tækifærið var því látið ónotað til að bera frumvarpið rækilega saman við Evrópuréttinn.

Þess skal getið líka að í miðri umfjöllun nefndarinnar nú milli 2. og 3. umr. barst bréf frá lögfræðingi Dagsbrúnar, sem ég hef minnst á áður, þar sem tekið var undir það álit í umsögnum, m.a. Samtaka atvinnulífsins og 365 miðla, að verulegur vafi léki á um hvort frumvarpið stæðist ákvæði EES-samningsins. Þar var bæði vísað til eignarhaldsreglnanna í fjölmiðlafrumvarpinu sem ég hef fjallað um og farið yfir ýmis atriði Evrópuréttar í þessum efnum. Þetta bréf varð með öðru til þess að í orðsendingu okkar stjórnarandstöðuþingmanna til Sigurðar Kára Kristjánssonar, sem ég hef áður lýst, fórum við fram á að sumarnefndin fjallaði

m.a. um 3. gr. frumvarpsins, þá sem lýsir hlutverki og skyldum Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps, og ræddi það hvort þessi skilgreining væri ekki of víð í heild sinni, eins og ég hef áður rakið, og hvort hún næði nógu langt sem leiðbeining um dagskrá almannaútvarps m.a. í ljósi Evrópuréttar og tilmæla Evrópuráðsins. Hægt er að segja frá því að þessu var ekki sinnt og engin sérstök athugun hefur í raun farið fram á því hvort frumvarpið sjálft stenst Evrópurétt. Engin slík athugun nema í svörum fjármálaráðuneytisins við spurningum Eftirlitsstofnunar EFTA.

Ég ætla ekki að taka afstöðu til einstakra atriða í bréfi Dagsbrúnar sem þingmenn geta kynnt sér og allur almenningur, eða fyrri gagnrýni Samtaka atvinnulífsins, 365 miðla og fleiri umsagnaraðila. Ég hef áður rakið lauslega hvernig þessu var háttað í 2. umr. málsins en vil endurtaka þetta. Mér sýnist að raunveruleg ástæða þessara frumvarpa tveggja, kveikjan að þessum tveimur frumvörpum sé ekki umhyggja fyrir Ríkisútvarpinu eða þörf sem stjórnvöld eða pólitískir forustumenn hafa séð á því að bæta almannaútvarpið, heldur sé kveikjan fyrst og fremst eftirgrennslan Eftirlitsstofnunar EFTA eftir þær kærur sem nú eru þar í meðferð gegn íslenska ríkinu vegna Ríkisútvarpsins, önnur frá Norðurljósum eins og þau hétu þá og hin frá fyrirtæki sem hét tunga.is og var netfyrirtæki sem gagnrýndi starfsemi Ríkisútvarpsins á internetinu.

Evrópurétturinn í þessum efnum hefur tekið örum breytingum undanfarna áratugi. Þar vegast á tvenns konar sjónarmið. Annars vegar hin evrópska hefð með sterkt menningarútvarp sem gegnir menningarlegum og samfélagslegum skyldum á þann hátt sem í evrópskum samfélögum er talinn ómetanlegur og er brjóstvörn lýðræðis og lýðræðisumræðu í flestum hinna grónu Evrópuríkja og hins vegar samkeppnisreglur Evrópusambandsins, sú grunnstefna þess bandalags sem mikill meiri hluti Íslendinga aðhyllist líka, að fullt athafnafrelsi eigi að ríkja í atvinnulífinu og að opinberir aðilar takmarki afskipti sín þar við að setja ramma og smíða reglur um vinnubrögð og heiðarlega samkeppni nema sérstakar ástæður krefjist annars. Í Evrópurétti felst málamiðlunin milli þessara sjónarmiða gagnvart almannaútvarpinu í því að sú starfsemi er felld undir þá grein Rómarsáttmála og EES-samnings sem fjallar um rekstur sem hefur almenna efnahagslega þýðingu eins og það er orðað. Slíkur rekstur er leyfilegur með opinberri aðstoð. Það á við um almannaútvarpið. Þess ber að geta um hina almennu efnahagslegu þýðingu að það orðfæri og réttarreglur Evrópusambandsins mótast auðvitað af uppruna þess og eðli að mestu sem efnahagsbandalags fram á okkar daga. En hér er í raun miklu fremur verið að tala um almenna, menningarlega og lýðræðislega þýðingu almannaútvarpsins í okkar tilviki í samfélaginu. Hins vegar er það rétt hjá Evrópusambandinu að slíkir innviðir hafa greinileg efnahagsleg áhrif líka og þess vegna er almannaútvarpinu með ýmsu öðru pakkað inn í þennan frasa um almenna efnahagslega þýðingu.

Slíkur rekstur er, eins og m.a. er bent á í bréfi Dagsbrúnar, háður almennum samkeppnisreglum að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin, eins og segir í bréfi Dagsbrúnar og er þýtt úr Evrópureglum. Samkeppnisreglurnar gilda nema fyrirtækin sem hafa almenna efnahagslega þýðingu eða stofnanirnar geta ekki að lögum eða í raun reitt af hendi hlutverk sitt með öðrum hætti en að meiða samkeppnisreglurnar.

Ríkisaðstoð er óheimil í venjulegum samkeppnisrekstri merkir þetta í stuttu máli og um þetta stendur auðvitað styrinn í kringum almennu útvarpsmálin í Evrópuréttinum. Þess vegna hafa menn, eins og Árni Páll Árnason lögmaður, á fundum nefndarinnar hvatt til þess að Alþingi og önnur stjórnvöld geri sér sem allra nákvæmasta grein fyrir því hver sú almannaþjónusta er sem ríkisstjórninni er ætlað að veita.

Það er alveg ljóst að í Evrópuréttinum er talsvert svigrúm í þessu efni. Sagan er þannig að eftir sókn markaðsstöðva að stöðu almannaútvarpanna á 8. og sérstaklega 9. áratugnum gerðu Evrópusambandsríkin með sér samkomulag um þetta mál sem var í þeim pakka sem kenndur hefur verið við Amsterdam og víkkuðu þar þessar reglur þannig að alvörualmannaútvarp kæmist alveg örugglega fyrir í Evrópuréttinum. Í Evrópu gera menn sér að sjálfsögðu grein fyrir því að almannaútvarp verður ekki rekið án ákveðinnar samkeppni við venjuleg fjölmiðlafyrirtæki á markaði á vissum sviðum. Við getum nefnt fréttaþjónustuna. Auðvitað er það svo að ef almannaútvarp segir fréttir er það í ákveðinni samkeppni við aðrar fréttastofur, hjá því verður ekki komist. Sú skylda almannaútvarpsins sem það reiðir af hendi með fréttaflutningi varðar vissulega almennar samkeppnisreglur en almenna útvarpinu er hins vegar ekki kleift að rækja þessa skyldu sína með öðrum hætti en að ákveðin samkeppni sé fyrir hendi. Hins vegar getur maður svo gert ráð fyrir því að þessi fréttastofa setji sér ákveðnar reglur í samræmi t.d. við greinarnar í tilmælum frá Pragsamþykktinni sem ég rakti áðan.

Það er sem sé mikið svigrúm fyrir hendi samkvæmt Evrópuréttinum og þeim reglum sem þar eru að mótast núna. Menn eiga auðvitað eftir að sjá hvernig það verður í framtíðinni því að nú þessi árin reynir á Amsterdam-ákvæðin með nýrri hrinu málssókna frá markaðsstöðvunum sem eru gagnvart dómstólunum að reyna að finna út hvaða réttarreglur nákvæmlega gilda eða hvaða þýðingu Amsterdamsamþykktin hefur.

Það eru alveg klárlega gerðar kröfur um það að menn marki sér skýra stefnu í þessum efnum. Ég lýsti því í 2. umr. eins og fulltrúi menntamálaráðherra, erindreki hans sagði í menntamálanefndinni, lýsti fyrir okkur að það væri eins konar taktík af hálfu íslensku ráðuneytanna að reyna að hafa skilgreininguna á almannaútvarpinu sem allra víðasta í frumvarpinu. Þá væri þetta eins og var áður í kjarasamningum. Sá sem á sótti sagði milljón, sá sem varðist í samningunum sagði 100 þúsund og síðan áttu menn og hið eðlilega og lógíska var að koma sér saman um 550 eða einhverja álíka tölu með samningatækni sem hefur fullt gildi en er nú víðast hvar úrelt. Þetta er sem sagt hugmynd íslensku ráðherranna um hegðun gagnvart Evrópusambandinu í þessum almannaútvarpsmálum, að við stöndum í einhvers konar reiptogi við Evrópusambandið og Eftirlitsstofnun EFTA um hversu víður ramminn um almannaútvarp megi vera. Um þennan slag standi svipað á og gagnvart íslenska landsliðinu í knattspyrnu eða öðrum greinum að það

sé um margt ekki viðurkvæmilegt fyrir Íslendinga og hvað þá stjórnarandstæðinga á þingi að finna að því.

Hins vegar var það leiðbeining Árna Páls Árnasonar og ráðlegging hans að fara ekki eftir slíkri stjórnlist. Í samstarfinu við Evrópusambandsríkin og á Evrópska efnahagssvæðinu væri miklu árangursríkara fyrir Íslendinga og önnur einstök ríki, ekki síst smáríkin, ekki síst ef það stendur utan sjálfs aðalsamstarfsins í Evrópusambandinu og tengist því í gegnum Evrópska efnahagssvæðið, að móta sér alvörustefnu sem stæðist öll rök sem Evrópusambandið og Evrópuráðið hafa sett fram, stefnu sem væri framsýn sem miðaðist við það sem við viljum sjálf gera í framtíðinni næstu 10, 20, 30 ár, stefnu sem við getum staðið á og haldið okkur við gagnvart því sem kann að gerast hjá Eftirlitsstofnun ESA, þ.e. í Evrópusambandinu í þessum efnum.

Rökstuðningur lögmanns Dagsbrúnar bendir í nákvæmlega sömu átt, að við eigum að móta okkar eigin stefnu sem miðist við okkar aðstæður jafnframt ákvæðum Evrópuréttarins og standa svo að henni. Þessu hefur ekki verið sinnt hér og það er alveg óskýrt hvað verður um þetta frumvarp, ef að lögum verður, í ólgusjó Evrópuréttarins. Búast má við málaferlum fram og aftur og sífelldum athugasemdum og fyrirspurnum frá eftirlitsstofnuninni. Enginn veit hvernig þetta í raun endar vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir virðast ekki hafa nennt að setjast niður og móta sér um það stefnu, ekki hirt um að fara í raunverulega vinnu við að móta Ríkisútvarpinu ramma til framtíðar sem almannaútvarpi. Ég skal ekkert segja um ástæðurnar fyrir því. Ástæður sumra eru augljósar. Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þar á meðal hv. formaður menntamálanefndar, hafa staðið að frumvarpi um að selja Ríkisútvarpið. Ástæður annarra eru kannski duldari. Menn hafa sett fram kenningar um að innan Sjálfstæðisflokksins sé áhugi á því að nánast nota Ríkisútvarpið í baráttu á fjölmiðlamarkaði við aðrar útvarpsstöðvar sem séu í óheppilegri eigu. Ef það á að ganga er auðvitað best að hafa skilgreiningarnar um almannaútvarp sem óljósastar þannig að hægt sé að beita sér í samkeppnisrekstri, bæði samkvæmt 4. gr. sem beinlínis fjallar um þann rekstur og samkvæmt 3. gr., þ.e. í skjóli hlutverks síns sem almannaútvarps. Ég skal ekki leggja dóm á það að sinni. Reynslan verður að skera úr um það ef svo óheppilega vill til að þetta frumvarp verður að lögum. En ég bendi á þetta hér og veldur þá eigi sá sem varar.

Ég vil nú ræða stuttlega um álitamál í kringum rekstrarformið sjálft, eða eignarformið ætti kannski frekar að kalla það, sem hefur orðið okkur tilefni töluverðra deilna og töluverðra ræðuhalda á þinginu og annars staðar í samfélaginu. Við óskuðum eftir því í bréfi okkar til formanns hv. nefndar 24. apríl að fulltrúi menntamálaráðherra legði fram þann samanburð á sjálfseignarstofnun og hlutafélagi sem sérstaklega er minnst á í greinargerð með frumvarpinu um Ríkisútvarpið, þ.e. liður 3 í almennum athugasemdum. Við óskuðum líka eftir því að fá fulltrúa sjálfseignarstofnana í atvinnurekstri á fund hjá nefndinni, t.d. Verslunarskólans og Viðskiptaháskólans á Bifröst. Um seinni óskina er það að segja að ekki þótti vera mikill tími eða svigrúm til að kanna þetta. Þó var fenginn skólastjóri Verslunarskólans, Sölvi Sveinsson, á fund nefndarinnar. Enginn fékkst frá Bifröst á þeim knappa tíma sem talinn var koma til greina og maður glottir auðvitað yfir því núna öðrum þræði mánuði síðar.

Á fundi nefndarinnar skýrði Sölvi frá fyrirkomulagi sjálfseignarstofnunarinnar sem á Verslunarskólann. Hann sagði að rekstur skólans hefði gengið vel með þeim hætti og engin vandræði skapast sem sér væri kunnugt um og þótt enginn hafi komist frá Bifröst á þessum tíma þá veit ég ágætlega að þar er sömu sögu að segja og raunar víðast þar sem sjálfseignarstofnunarformið er nýtt til atvinnurekstrar þegar atvinnureksturinn hefur það ekki að meginmarkmiði að skila hagnaði til eigenda. Ég vil segja það að þótt þessu hafi verið að einhverju sinnt og ekki sé beinlínis við nefndarformanninn eða meiri hlutann að sakast um þetta þá hefði nefndin þurft að kanna þetta auðvitað miklu betur og væri kannski almennt kominn tími til þess og sennilega fyrir löngu að efna til sérstakrar rannsóknar á vegum þingsins eða framkvæmdarvaldsins um þetta mál, sjálfseignarstofnanir og hlutafélög, til að rannsaka bæði innlend fyrirtæki og stofnanir í atvinnurekstri sem sjálfseignarstofnanir og hvernig þessu háttar til erlendis.

Um samanburð á sjálfseignarstofnun og hlutafélagi sem getið var í greinargerðinni þá varð það úr að fulltrúi menntamálaráðherra afhenti nefndinni þennan samanburð. Ég geri ráð fyrir því og efast ekkert um annað en það hafi verið átt við þann texta í þessu orðalagi í greinargerðinni. Hann kom með hana í formi minnisblaðs sem er dagsett 5. desember 2005, núna fyrir jólin rétt í þann mund að frumvarpið er lagt fram. Ég man ekki hvort það er nokkrum dögum áður eða síðar. Jú, frumvarpið kom inn í þingið 6. desember með þeirri meginbreytingu þá frá því í fyrra að nú kom hlutafélag í stað sameignarfélags.

Í þessu minnisblaði er fjallað stuttlega um fjögur félagsform sem í minnisblaðinu segir að til greina komi við skipulagsbreytingar á rekstri Ríkisútvarpsins. Almennur samanburður á þessum formum á að vera þarna innifalinn. Þar að auki er lýst göllum laganna um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri og efast um að hægt sé að nota þau lög við stofnun sjálfseignarstofnunar um Ríkisútvarpið. Þegar búið er að rekja gallana á lögunum, sem eru auðvitað aðallega þeir að lögin eru ónákvæm og segja ekki vel til um hvernig ætti að stofna slíkt fyrirtæki, sérstaklega miðað við hlutafélagalögin þá segir, með leyfi forseta:

„Af ofangreindu leiðir að einungis þau lög sem sett yrðu um sjálfseignarstofnunina mundu gilda um skipan og rekstur hennar. Þessi leið mundi því fela það í sér að skilgreina þyrfti með ítarlegum hætti hvernig sjálfseignarstofnunin skyldi starfa, hver yrðu réttindi og skyldur stjórnar, markmið hennar, o.s.frv., og mæla svo ítarlegar fyrir um þessi atriði í skipulagsskrá stofnunarinnar. Þar væri unnt að mæla fyrir um skipan stjórnar og heimildir hennar og annarra aðila til að taka ákvarðanir fyrir stofnunina. Þar sem þessum lagaákvæðum og ákvæðum skipulagsskrár mundi sleppa mundu ólögfestar reglur félagaréttarins eiga við um starfsemi sjálfseignarstofnunar.

Samkvæmt ólögfestum meginreglum félagaréttarins hefur enginn venjulega eftirlit með gerðum stjórnar. Hvorki stofnandi né annar hefur þar neitt að segja nema sérstök heimild sé til þess. Auk framangreinds ber að tilgreina stofnfé og hvaðan það sé runnið í skipulagsskrá stofnunarinnar. Þá er hefðbundið að skilgreina markmið stofnunar-

innar og hvernig fé hennar skuli varið til að ná skilgreindum markmiðum. Venjulega eru mjög þröngar heimildir fyrir hendi til að breyta stofnskrá."

Þetta eru öll rökin sem er að finna í þessu minnisblaði gegn því að Ríkisútvarpið sé rekið sem sjálfseignarstofnun. Þau felast aðallega í því að lagasetningin sé svo erfið, það sé svo snúið að skilgreina ítarlega hvernig sjálfseignarstofnunin ætti að starfa, hver yrðu réttindi og skyldur stjórnar, markmið hennar o.s.frv., hver hefði eftirlit með gerðum stjórnar, hvert stofnféð yrði og hvaðan það væri runnið. Það er eins og þeir félagar tveir sem þetta minnisblað útbjuggu, aðalhöfundar frumvarpsins um RÚV, erindrekar stjórnarflokkanna, Jón Sveinsson og Sigurbjörn Magnússon, hinir mætustu menn í sínum venjulegu störfum a.m.k., hafi ekki nennt að búa til þó ekki væri nema fyrstu drög að því hvernig frumvarp um sjálfseignarstofnunina Ríkisútvarpið gæti litið út, ekki nennt að setja fram þau álitaefni til þeirra sem þeir unnu fyrir, forustumanna beggja stjórnarflokkanna sem þá voru í leynimakki eins og við munum um þetta mál, að setja fyrir þá þá kosti sem þyrfti að velja á milli, það sem kæmi til greina að gera. Rökin eru sem sé einfaldlega þau að miklu auðveldara sé að búa til frumvarp um Ríkisútvarpið hlutafélag.

Þá spyr maður auðvitað hvað standi nú eftir af þessu hlutafélagi sem var svo auðvelt að gera samkvæmt hf.-lögunum. Það er þannig að stjórnina á að kjósa einu sinni á ári á þingi, að menntamálaráðherra er eini hluthafinn, að menntamálaráðherra gerir þjónustusamning við fyrirtækið samkvæmt lögum, að hlutafélagið má ekki eiga í öðrum hlutafélögum sem hafa sama markmið með sínu starfi, fjölmiðlunum og að hlutafélaginu er skipt. Það skal vera fjárhagslegur aðskilnaður í hlutafélaginu, annars vegar miðaður við almannaþjónustu samkvæmt sérstökum lagagreinum og hins vegar miðaður við samkeppnisrekstur samkvæmt öðrum sérstökum lagagreinum. Núna eiga að koma inn upplýsingalög um hlutafélagið og það fjölgar alltaf og fjölgar sérákvæðum um þetta einfalda hlutafélagsform eftir því sem málinu vindur fram, eftir því sem meiri hlutinn tekur þá að einhverju marki mark á gagnrýni bæði fagmanna og stjórnarandstæðinga hér — þetta eru bæði fagleg og pólitísk rök — tekur mark á faglegum og pólitískum rökum. En þá fjölgar alltaf sérákvæðunum, sem sýnir það best að á sama hátt og RÚV er ekki núna venjuleg ríkisstofnun getur Ríkisútvarpið sem slíkt, ef það á að fá að vera ríkisútvarp, ekki verið venjulegt fyrirtæki, ekki verið venjulegt hlutafélag í venjulegum samkeppnisrekstri með hið venjulega hagnaðarmarkmið hlutafélaga að leiðarljósi heldur þarf Ríkisútvarpið — hvað sem menn vilja gera úr því, hvað sem það á að heita — sérstakan lagaramma, þarf sérstök starfsskilyrði, þarf sérstakan rekstrargrundvöll. Það þarf að skilgreina með ítarlegum hætti hvernig það á að starfa — svo notaðir séu frasar úr minnisblaðinu — hver réttindi og skyldur stjórnar eigi að vera, hver markmið hennar eigi að vera, hvernig eigi að hafa eftirlit með gerðum stjórnarinnar, hvert féð eigi að vera og hvaðan það eigi að renna. Það þarf að skilgreina sérstaklega markmið stofnunarinnar og hvernig fé hennar skuli varið til þess að ná þessum markmiðum. Rökin í minnisblaðinu gegn því að hugleiða sjálfseignarstofnun eru því nánast orðin fáránleg. Þau standast ekki og ljós sögunnar hefur sýnt að í raun hefðu menn átt að byrja annars staðar á því að hugsa um rekstrarform Ríkisútvarpsins en þar að hlutafélagalögin leystu allan vanda. Það hljóta félagar mínir, hv. þingmenn, stjórnarliðarnir í menntamálanefnd, sérstaklega að hugleiða nú þegar þeir eru hlaupnir frá hinu venjulega hlutafélagi í öllum þeim atriðum sem ég lýsti áðan.

Það eina sem eftir stendur er að Ríkisútvarpið er samkvæmt frumvarpinu formlegt hlutafélag. Þegar maður spyr sig að því hvað þar sé á ferðinni fyrir utan kredduna þá er það tvennt, annars vegar sú hugsun og yfirlýsing hv. þm. Péturs Blöndals að þetta frumvarp sé fyrsta skrefið til þess að selja útvarpið og síðan það að búa til þennan stjórnunarlega bastarð til þess að ríkisstjórnarflokkarnir geti haldið flokkspólitískum tökum sínum á fyrirtækinu, að í dulbúningi hlutafélags en með nýju skipulagi, sem að einhverju leyti er eins konar skopmynd af skipulagi hlutafélagsins, þá takist ríkisstjórnarflokkunum áfram að halda sínum flokkspólitísku tökum á Ríkisútvarpinu og geti haldið áfram að færa Ríkisútvarpið skref fyrir skref nær því að vera ríkisstjórnarútvarp.

Síðar í minnisblaðinu koma lokaályktanir höfundanna og sjálfur rökstuðningurinn með hlutafélaginu gegn öðrum formum. Hann er í raun og veru svona: Fyrir utan það að þetta sé hentugast vegna þess að það sé minnst starf við að búa út frumvarpið í hlutafélagsformi þá segja þeir að upphaflega hafi verið miðað við að stofnað yrði sameignarfélag um rekstur RÚV, það hafi fallið eftir erindi frá Eftirlitsstofnun EFTA sem við könnumst við, en önnur félagaform en hlutafélagaformið henti ekki vel til þess að reka Ríkisútvarpið, það sé vegna þess að sjálfseignarstofnun þyrfti að skilgreina svo ítarlega og það yrði óheppilegt að teknu tilliti til stærðar reksturs RÚV, skyldna stofnunarinnar og hlutverks að öðru leyti, eins og þarna stendur. Þetta eru auðvitað engin rök, þ.e. þessi fullyrðing er engan vegin rökstudd og má benda einfaldlega á að sjálfseignarstofnun getur í raun og veru stofnað hlutafélag ef talin er sérstök ástæða til í rekstrarskyni. Síðan segja höfundarnir, með leyfi forseta:

„Ef þessi leið yrði farin" — þ.e. að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun — „þá þyrfti í raun að breyta núverandi frumvarpi umtalsvert þar sem með stofnun sjálfseignarstofnunar yrði horfið frá þeirri meginstefnu frumvarpsins að mæla ekki fyrir um innri skipun RÚV í lögum heldur að fela stjórn félagsins að ákveða það að teknu tilliti til þess sem best hentar hverju sinni."

Það er talinn sérstakur ókostur að þurfa að mæla fyrir um innri skipan Ríkisútvarpsins í lögum. Það eru auðvitað fullkomin gervirök því ef menn vilja ekki mæla fyrir um þessa innri skipan Ríkisútvarpsins í lögum þá er auðvitað sjálfgert að fela í lögunum einhverju stjórnunarapparati að gera það. Engin ákvæði í lögunum um sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri koma í veg fyrir það fyrir utan að margir telja heppilegt að meira sé af slíkum ákvæðum í lögum um Ríkisútvarpið en nú er — og það get ég svo sannarlega tekið undir eins og háttað er um það skipulag í núverandi lögum með því flokkspólitíska lagi sem þar er gert ráð fyrir.

Nokkur önnur gervirök af þessu tagi eru talin upp í þessu minnisblaði. En hvergi í textanum, og það sýnir að stjórnarflokkarnir og erindrekar þeirra hafa í raun og veru

aldrei staldrað við það mál, er fengist við sjálf rökin með Ríkisútvarpinu sem sjálfseignarstofnun, það færi sem með því móti gefst á að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins sem verða má, þá möguleika sem felast í rekstrinum sem hefur gengið vel hjá fyrirtækjum og stofnunum í almannaþjónustu og kynni að ganga betur en ríkisstofnunarfyrirkomulagið, að minnsta kosti eins og því hefur verið háttað núna, og síðan þann kost sem hægt er að gera úr hinum meinta galla sem í því á að felast að hin sérstöku lög um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri séu óljós, þann kost að þau gefa færi á afar sveigjanlegu skipulagi Ríkisútvarpsins sem sjálfseignarstofnunar þar sem við gætum nýtt ýmsa kosti hlutafélagsformsins en losnað við gallana, eins og við fórum fram á að athugað yrði í bréfi okkar til formanns menntamálanefndar frá 24. apríl.

Eins og ég las áður eru í framhaldsnefndaráliti okkar einnig nokkrar setningar, fyrir utan sjálfseignarstofnanir, um þann kost að breyta ríkisstofnunum hvorki í háeff né neina aðra skammstöfun heldur halda fyrirtækinu sem ríkisstofnun eins og verið hefur. Þetta hefur verið, sýnist mér, stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og reyndar kannski þingmanna Frjálslynda flokksins líka. Þótt við samfylkingarmenn höfum talið sjálfseignarstofnunarkostinn heppilegri hef ég talið frá upphafi að flestum þeim breytingum sem menn eru sáttir um að þurfi að ná á Ríkisútvarpinu væri í sjálfu sér unnt að ná með einföldum breytingum á gildandi lögum. Betra skipulagi Ríkisútvarpsins, sjálfstæði þess, eflingu þess sem almannaútvarps og miðstöðvar innlendrar framleiðslu, að minnsta kosti dreifingar á henni og stuðlan á henni, sé hægt að ná með slíkum hætti. Ég vil halda því til haga vegna þess að auðvitað er eðlilegt að skoða líka það fyrsta skref áður en menn fara að vaða út í þá vitleysu sem menn eru núna komnir út í með þetta gervihlutafélag sem ríkisstjórnarmeirihlutinn ætlar sér að stofna úr Ríkisútvarpinu.

Þetta er fróðlegt plagg frá trúnaðarmönnum flokkanna í Ríkisútvarpsmálinu, þeim Jóni Sveinssyni og Sigurbirni Magnússyni, og sýnir ágætlega hvernig vinnubrögðum var háttað við þessa frumvarpssmíð, bæði hina fyrri og hina síðari. Fyrst kemur krafa Sjálfstæðisflokksins um hlutafélagsformið — reyndar koma allra fyrst ábendingarnar frá Eftirlitsstofnun ESA, sem neyða stjórnvöld til að hreyfa sig í málinu, og þegar það er farið að gerast kemur fyrst krafa Sjálfstæðisflokksins um hlutafélagsformið. Menn ná svo málamiðlun í þeim formsefnum í þessu sameignarfélagi. Bent er á að það gangi ekki. Evrópa bendir á það. Þá er látið undan og Framsóknarflokkurinn yfirgefur fyrri stefnu í málinu og samþykkir hlutafélagsformið. Stofnunin er síðan með einhverjum hætti sniðin upp úr því þó þannig að þess sé gætt að flokkspólitísk ítök haldist sem rækilegast en aldrei farið í þá grunnvinnu að skoða hvað raunverulega er að, hver markmið okkar eigi að vera, samfélagsins sjálfs og stjórnmálamanna sérstaklega, með ríkisbákninu, þau markmið sem stjórnmálamönnum er skylt að setja og síðan íhuga skipulag og formskosti, hvort við heldur veðjum á breytta ríkisstofnun, sjálfseignarstofnun, hlutafélag eða annað. Kredda og hrossakaup, segjum við í nefndarálitinu, og ég held að þetta minnisblað sem heitir því langa nafni, Minnisblað varðandi félagaform sem til greina komu við skipulagsbreytingar á rekstri Ríkisútvarpsins, sýni best að þessi umsögn er rétt um tildrög málsins: Kredda plús hrossakaup.

Ég ætla, forseti, — nú er farið að líða að lokum sýnist mér, þó er nokkuð eftir — næst að fjalla nokkuð um upplýsingalög sem nú eiga að gilda og um stjórnarhætti í fyrirtækinu og það verður að hafa það þó það skarist að nokkru leyti við það sem ég sagði áðan.

Meiri hluti menntamálanefndar hefur nú lagt til þá breytingartillögu markverðasta eftir mikinn þrýsting frá stjórnarandstöðunni, frá starfsmönnum Ríkisútvarpsins, blaðamönnum og öðrum áhugamönnum um fjölmiðla og lýðræði að upplýsingalög gildi um Ríkisútvarpið. Þetta er mjög mikilvægt. Með þessu getur allur almenningur, þar með taldir aðrir fjölmiðlar sem slíkir og sem fulltrúar almennings, sótt upplýsingar um starfsemi og rekstur Ríkisútvarpsins samkvæmt þessum lögum sem reynst hafa nokkuð vel. Hér verður að telja með þingmenn á Alþingi því það verður að líta svo á að þó upplýsingalög taki ekki til samskipta þingmanna og ráðherra þá sé ráðherrum skylt að svara fyrirspurnum þingmanna að minnsta kosti að því marki sem upplýsingalögin setja. Með því er ljóst að menntamálaráðherra, hver sem hann verður í framtíðinni, getur ekki skotið sér undan að svara fyrirspurnum um Ríkisútvarpið eins og aðrir ráðherrar hafa tíðkað um þau hlutafélög í ríkiseigu sem undir þá heyra. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þingmenn hafi þetta í huga því þessi túlkun var hluti af kröfu okkar um að upplýsingalögin giltu. Ég fagna þessu að sjálfsögðu, eins og ég áður hef sagt, og tel að hér höfum við þingmenn stjórnarandstöðunnar náð árangri sem ekki hefði náðst nema með einarðri framgöngu í 2. umr. um málið sem endaði með því að nefndin var kölluð saman eftir þá umræðu. Ég sé að hv. 8. þm. Reykv. n., Sigurður Kári Kristjánsson, kinkar kolli við þessi orð mín og ég fagna því líka að hann skuli gera það.

Hins vegar setur þessi lagfæring, eða við skulum kalla það lagfæringu, stjórnarliða í nokkuð einkennilegt og sérkennilegt ljós. Fyrri tilraunir þeirra til að sannfæra þingheim, almenning og sjálfa sig um að hin hjárænulegu ákvæði í frumvarpi hæstv. viðskiptaráðherra, um opinber hlutafélög, geti komið í staðinn fyrir upplýsingalögin í þessu efni — það er ánægjulegt að sjá að sá leirburður er fullkveðinn á þinginu. Það hefur vonandi sín áhrif í því máli sjálfu, að eftir þessar breytingar á Ríkisútvarpslögunum, sem væntanlegar eru, þá endurskoði menn ákvæði laganna um opinber hlutafélög eða breytingar frumvarpsins á hlutafélagalögunum, sem varða hin opinberu hlutafélög, með endurskoðun á þessu. Ég geri mér grein fyrir því, kannski betur en ýmsir aðrir, að ríkisstjórnin hefur algera sérstöðu meðal þeirra fyrirtækja sem hér væri um að ræða. En ég tel líka að menn eigi að fara betur í gegnum þessi mál eftir að þessum áfanga hefur verið náð og ættu þá að skoða sérstaklega tillögur í frumvarpi samfylkingarmanna, undir forustu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, um ákvæði um opinber hlutafélög.

Ég vil segja það í framhaldinu, um þessa tillögu um upplýsingalögin, að e.t.v. hefði sú ákvörðun getað orðið upphaf frekara samráðs um þetta mál, einkum ef hún hefði komið fram á fyrri stigum og ef því hefði líka fylgt að

menn losuðu eitt augnablik um þá einstrengingslegu þráheldni sem hefur ríkt meðal stjórnarliðsins gagnvart nánast öllum öðrum þáttum málsins. Fyrir utan hlutafélagskreddurnar sjálfa skiptir þar mestu máli að hvorki sjálfstæðismenn né framsóknarmenn hafa nú eða fyrr verið til viðtals um breytingar á fyrirætlunum frumvarpsins hins fyrra og hins síðara um stjórnarhætti á Ríkisútvarpinu sameignarfélagi eða hlutafélagi. Þeir ætla í stuttu máli að halda sig við það að hafa ríkisstjórnarmeirihluta í hinu nýja útvarpsráði. Það ráð á vissulega ekki beinlínis að fjalla um dagskrá eða mannaráðningar en það á að taka meiri háttar ákvarðanir — forseti, það er orðalag úr frumvarpinu — um rekstur og starfsemi Ríkisútvarpsins. Það sem kannski skiptir mestu er að það á að ráða útvarpsstjóra og getur rekið hann fyrirvaralaust hvenær sem því þóknast. Ráðið er kosið árlega á Alþingi og er þannig enn þá nákomnara pólitísku flokkunum á þingi en nú er þar sem þeir hafa þó ákveðið kjörtímabil og eru ekki undir beinu boðvaldi flokkanna að minnsta kosti á meðan. Hér að baki er menntamálaráðherra með sérstakan þjónustusamning sem meiri hluti nefndarinnar ætlar nú að skammast til — ég nota það orðalag — að setja inn í lögin. Áður var það eina sem við vissum um þennan þjónustusamning upp úr bréfi frá Eftirlitsstofnun EFTA, í þessu fræga bréfi frá 20. eða 30. janúar, 30. held ég, þar sem sérstaklega var um hann spurt. Eftirlitsstofnun EFTA spurði ráðuneytin sérstaklega um þennan þjónustusamning og hvort hann yrði ekki alveg örugglega gerður opinber.

Það er ekki ljóst í frumvarpinu hvort það er stjórnin eða útvarpsstjórinn sem gera þennan samning, sennilega gera þau hann saman með einhverjum hætti, og það er heldur ekki ljóst hvað í honum gæti falist. Það er rætt sérstaklega um hlutverk Ríkisútvarpsins um almannaþjónustu og látið að því liggja, heyrðist mér, í framsöguræðu hv. formanns menntamálanefndar, að með þjónustusamningi yrðu nánar útfærðir og skilgreindir hinir einstöku töluliðir í 3. gr. Umfram það vitum við ekkert og það er auðvitað þannig að þessir aðilar eru með þjónustusamninginn sjálfráðir um það hvað í honum felst. Fyrirætlanirnar um þjónustusamninginn geta enn aukið á pólitískt vald stjórnarflokkanna á útvarpinu.

Hverjir semja? Jú, það semja annars vegar stjórn og útvarpsstjóri, stjórn sem kosin er af meiri hlutanum á Alþingi árlega og útvarpsstjóri sem sú stjórn ræður eða rekur að vild og hins vegar menntamálaráðherra sá sem situr í ríkisstjórninni sem hefur meiri hlutann á þinginu sem ræður útvarpsstjórann. Hér er ekki alveg um óskylda aðila að ræða og þess vegna er ákaflega óheppilegt að þjónustusamningurinn skuli ekki vera skilgreindur nánar svo vægt sé til orða tekið. Meiri hlutinn hefur ekki hlustað á neinar hugmyndir og tillögur um annað í stjórnarháttum. Það hefur ekki verið byrjað á byrjuninni og athugað eins og ég rakti áðan hvaða tilmæli Evrópuráðsins eða hvaða ráð almennar kenningar gefa um stjórn ríkisútvarps og það hefur heldur ekki verið hlustað á hugmyndir sem við höfum sett fram eða komið hafa fram annars staðar í samfélaginu um einstakar breytingar sem þó í stórum dráttum byggðu á því stjórnskipulagi sem í frumvarpinu felst. Það hefur ekkert fengist rætt eða athugað í nefndinni um eftirlitsráð eða akademíu sem gæti temprað völd stjórnar og útvarpsstjóra annars vegar og ráðherra hins vegar, t.d. með þeim hætti að eftirlitsráðinu eða akademíunni væri falið að fara í gegnum þjónustusamninginn eða samþykkja hann. Ekkert hefur verið rætt um ýmsar aðrar stjórnskipunarhugmyndir eða litið til annarra landa um þær eða til þeirra ráðagerða sem uppi eru, eins og ég talaði um m.a. í Bretlandi og í Svíþjóð. Í Svíþjóð virðist einmitt vera í ráði að draga úr göllum hlutafélagsforms sem þar er við lýði, að minnsta kosti að nafninu til.

Við höfum ekki fengið nein viðbrögð nema þögnina við þeim hugmyndum um breytingar sem menn hafa sett fram innan þess skipurits sem notað er í frumvarpinu, t.d. um þá breytingarhugmynd að afnema þennan sjálfkrafa ríkisstjórnarmeirihluta í nýja útvarpsráðinu með því t.d. að bæta við tveimur fulltrúum starfsmanna og leggja þar með ef til vill grunn að nýrri stjórnarhefð í breskum dúr og norrænum þar sem fulltrúar stjórnmálaflokkanna einsettu sér að vinna í þessu nýja útvarpsráði eða stjórn, eins og það heitir, ásamt fagmönnum að málefnum Ríkisútvarpsins, að reyna, án þess að lúta lögmálum meiri hluta og minni hluta með tilheyrandi atkvæðagreiðslum, að ná saman um markmið og leiðir í málefnum Ríkisútvarpsins með því að hinn raunverulegi meiri hluti sé óljós eða allra helst óþarfur í stjórninni þar sem fulltrúar starfsmanna tveir gætu stuðlað gegn hreinum ríkisstjórnarmeirihluta. Mér finnst þetta vera tillaga sem menn hefðu átt að skoða betur. Ég hefði talið það mjög mikilsverðan áfanga ef ríkisstjórnin og stjórnarliðar í þinginu hefðu fallist á þetta. Mér hefði fundist það geta verið upphaf að einhvers konar samkomulagi um þessi mál.

Við höfum líka lagt til og komið með hugmyndir um að útvarpsstjóri sé ráðinn í tiltekinn tíma til að tryggja honum sjálfstæði frá meiri hluta í stjórninni hverju sinni. Þetta er kannski ekki stórmerkileg tillaga en hún er þó í rétta átt. Á það er ekkert hlustað. Tillagan hefði bæði verið góð fyrir útvarpsstjórann sem hefði þar með öðlast ákveðið sjálfstæði í vissan tíma. Hún hefði líka verið góð fyrir stjórnina vegna þess að þá hefði skapast eðlilegt tækifæri til þess á vissum ára fresti að meta störf útvarpsstjórans og ákveða hvort hann ætti að ráða aftur eða fá annan sem hefði annan starfsstíl og önnur markmið.

Eina skýringin á því að þetta þótti ekki umræðuvert var að þetta tíðkist ekki í venjulegum hlutafélögum. Það er rétt. Hvað með það, getum maður spurt? Eins og ég rakti áðan er Ríkisútvarpið allt öðruvísi en venjuleg hlutafélög í þeirri mynd sem það er nú í frumvarpinu. Jafnvel lítilsháttar atriði sem gætu verið til einhverra bóta eins og að ákveða stjórnarmönnum lengra kjörtímabil en eitt ár í einu, þá gjarnan með þeim hætti að það stæðist ekki á við hin hefðbundnu órofnu kjörtímabil þings og ríkisstjórnar. Því hefur heldur ekki verið sinnt. Stjórnskipulagið virtist koma af himnum ofan, eins og leirtöflurnar sem Móses voru afhentar á tindi Sínaífjalls og engin leið að hreyfa neitt við þeim.

Gagnrýni okkar á stjórnarhætti Ríkisútvarpsins hf., samkvæmt frumvarpinu, stendur því miður algjörlega óhögguð frá fyrri umræðu um málið. Þetta kerfi er kauðalegt og virðist fyrst og fremst upphugsað til að viðhalda pólitískum ítökum á inngripum. Viðbrögð ráðherra og stjórnarliða við breytingarhugmyndum og óskir um rökstuðning og samræður í þessu efni benda til þess að hér sé kominn kjarninn í samningum stjórnarflokkanna um tilhögun Ríkisútvarps-

ins. Þetta sé í raun innihaldið í samkomulagi stjórnarflokkanna um Ríkisútvarpið. Þeim sé sama um hlutverk og skyldur. Það ráðist svona í einhverjum barningi við Evrópusambandið. Fjármögnunin sé í raun aukaatriði, það þurfi að vísu að losna við þessi afnotagjöld, og hægt verði að koma henni fyrir í bili með nefskatti, enda er það atriði sem næsti fjármálaráðherra fær upp í hendurnar. Því er frestað í frumvarpinu. Upplýsingalögin, það er svo sem í lagi til þess að gera, eins og formaður nefndarinnar sagði, að rétta fram sáttarhönd sem síðan sé ekki tekið í. En að halda með sem öruggustum hætti yfirráðum ríkisstjórnarmeirihlutans, flokkanna tveggja, á Ríkisútvarpinu, þar virðist hnífurinn standa í kúnni. Ríkisútvarpið verði ríkisstjórnarútvarp. Dagskrá, mannval, stefna á markaði, m.a. gagnvart öðrum ljósvakamiðlum, þetta á tryggilega að vera að lokum í flokkshöndum með þeim tilbúningi sem hlutafélagsformið færir því í bili.

Forseti. Nú kemur að því að fjalla nokkuð um safnefni Ríkisútvarpsins og eignir þess í söfnum sínum og um réttarstöðu þess. Fyrir þessu er ágæt grein gerð að hluta í nefndaráliti meiri hlutans og ég ætla ekki að rekja það. Þar er prýðilega sagt frá hvernig háttar til um það efni. Ég hef ekki miklar athugasemdir við höfundarréttarmál í kringum safnefnið. Ég ætla þó að fjalla um aðra fleti á málinu.

Frá upphafi var það eitt af álitamálunum í frumvarpinu hver væri staða safnefnis Ríkisútvarpsins og þess efnis sem Ríkisútvarpið ætti með öðrum. Þessi mál urðu útundan í hinu endasleppa starfi menntamálanefndar á milli 1. og 2. umr. í hinu hefðbundna starfi nefndarinnar. En nú milli 2. og 3. umr. gafst betri tími til að fara í saumana á þessu eins og m.a. sést á nefndaráliti meiri hlutans. Ég þakka sérstaklega Atla Gíslasyni, varaþingmanni og lögmanni, fyrir frumkvæði sitt að því starfi en hann sat á þingi þegar sú vinna stóð yfir. Þetta er einkum þrennt.

Í fyrsta lagi þau atriði sem varða höfundarrétt og gerð er grein fyrir í nefndaráliti meiri hlutans sem ég ætla ekki að gera neinar athugasemdir við þótt það megi ræða lengi. Ljóst er að meginregla höfundarréttar er sú að framsal er ekki heimilt nema með samþykki allra rétthafa og leggur þær skyldur á Ríkisútvarpið að leita þess samþykkis. Ég tel að það sé ekki einungis í þeim tilvikum sem nefnd eru í nefndaráliti meiri hlutans heldur í öllum tilvikum. Það verði að fara í þá vinnu, verði þetta að hlutafélagi, að leita samþykkis allra rétthafa þess efnis sem Ríkisútvarpið varðveitir með einhverjum hætti.

Í öðru lagi er sá flötur á þessu máli að í safni Ríkisútvarpsins eru ómetanleg verðmæti. Ýmislegt sem þar er geymt er í rauninni þjóðminjar í hljóði og mynd, og menn hafa hingað til litið svo á að hér sé á ferðinni þjóðareign, eða að minnsta kosti réttur þjóðarinnar og skylda hennar til forsjár yfir því efni nákvæmlega á sama hátt eða að minnsta kosti á svipaðan hátt og háttar til um muni og gripi sem geymdir eru á Þjóðminjasafni, á Árnastofnun, á Listasafni Íslands og á öðrum höfuðsöfnum þjóðarinnar.

Þegar breyta á ríkisstofnuninni Ríkisútvarpinu í hlutafélag, þá hljóta menn að spyrja: Hvað verður um þetta? Er Ríkisútvarpinu heimilt að selja þetta frá sér? Er eðlilegt að fela nýju hlutafélagi að varðveita þetta efni? Er ef til vill réttara að stofna sjálfstætt safn í beinni ríkiseigu um þennan 76 ára gamla arf Ríkisútvarpsins? Við slíkum spurningum komu ekki skýr svör í starfi nefndarinnar sem var töluvert í þessum málum. En niðurstaða okkar var sú að ekkert í frumvarpinu hindraði stjórnendur nýja hlutafélagsins í að selja hvaða eignir fyrirtækisins sem vera skyldi.

Það kom fram hjá Sigurbirni Magnússyni, áðurnefndum, öðrum meginhöfundi frumvarpsins, að hann liti svo á að ákvæði 1. gr., um að sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess væru óheimil, merkti að ekki væri heimilt að selja einstaka rekstrarþætti út úr félaginu. Páll Magnússon mætti t.d. ekki selja hljóðvarpsreksturinn út úr Ríkisútvarpinu. Sigurbjörn taldi að samkvæmt anda laganna mætti ekki, eins og það heitir á máli fyrirtækjaviðskipta, strípa félagið, selja undan því mestallar eignir þess, þótt hlutabréf þess héldust í sömu höndum. Sigurbjörn túlkaði þetta ákvæði hins vegar þannig að þrátt fyrir þetta væri heimilt að selja einstakar eignir. Þegar á hann er hlustað er klárt að það má selja einstakar eignir og síðan sé hitt háð anda laganna meira og minna og umdeilanlegt hvað þarna er um að vera.

Meiri hluti nefndarinnar ákvað að lokinni gegnumferð okkar um þetta, eins og fram hefur komið, að reyna að stoppa í þetta stóra gat í frágangi safnefnis, og í raun gildir það um allar eignir Ríkisútvarpsins, með sérstakri nýrri tillögu þar sem Ríkisútvarpinu hf. er gert óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina, eins og þar stendur, og eru varðveitt hjá félaginu. Þetta er að sjálfsögðu betra en alls ekki neitt eins og það var áður í frumvarpinu þótt þetta orðalag bjóði til margs konar túlkunar.

Merkilegast við þessar breytingartillögur er það að með því viðurkennir meiri hluti menntamálanefndar að málið var og er upp í loft. Í frumvarpinu, eins og það stendur nú fyrir þessa tillögu, er Ríkisútvarpinu ekki einu sinni gert skylt að varðveita þetta efni. Þar segir eingöngu í 3. gr., einum töluliðnum, að Ríkisútvarpinu sé heimilt að geyma nýtt efni sem nýja hlutafélagið framleiðir eða kaupir. Jafnvel eftir samþykkta breytingartillögu meiri hlutans mætti Páll Magnússon henda því á haugana eða gefa það einhverjum þar sem einungis er talað um að Páll Magnússon megi ekki sem útvarpsstjóri selja efnið frá Ríkisútvarpinu, það af því sem hefur menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina, sem er auðvitað líka loðið og teygjanlegt hugtak.

Menn kann að reka minni til þess að efni útvarpsstöðvanna er skilaskylt og það er rétt. Það kom fram í rannsókn nefndarinnar að loksins núna eru lögin um skilaskylduna frá 2002 að taka á sig mynd hvað varðar Ríkisútvarpið. En skilaskyldan gildir auðvitað ekki um gamla efnið. Það er alveg óljóst hvað um það verður í nýja hlutafélaginu. Þess skal svo getið að um nýtt efni er einungis heimildarákvæði í frumvarpinu um að það megi varðveita en það er ekki skylda þannig að stjórnendur Ríkisútvarpsins hf. gætu túlkað það svo að skilaskylda Ríkisútvarpsins gagnvart kvikmyndasafninu nægi og Ríkisútvarpið þurfi ekki að geyma nokkurn skapaðan hlut af því sem framleitt verður eða kemst í einhvers konar umsjón hlutafélagsins eftir að það er stofnað.

Við í nefndinni kynntum okkur nokkuð stöðu safna Rík-

isútvarpsins, m.a. með að fá á okkar fund Elínu Kristinsdóttur, safnastjóra Ríkisútvarpsins. Sem betur fer komumst við að því að ýmis þörf vinna er í gangi hjá Elínu og félögum hennar sem felst ekki síst í að bjarga frá glötun gömlum upptökum með brigðulli tækni þeirra tíma. En það kom líka fram hjá Elínu að þegar kemur að fjárveitingum þá mæti söfnin og safnavinnan sífelldum afgangi. Þetta kom mér ekki á óvart vegna þess að ég þekki þetta af kynnum mínum af Ríkisútvarpinu þar sem ég hef m.a. setið í útvarpsráði, að tilhneigingin er alltaf sú að láta söfnin mæta afgangi. Það er auðvitað skömm að þessu og það vissu og vita þeir menn sem að þessu hafa staðið en það getur hins vegar verið erfitt við þá að sakast vegna þess að stjórnendur hafa í ára saman við að framleiða dagskrána fyrst og fremst og þess vegna er freistingin auðvitað sú að spara í öðrum þáttum sem ekki sjást daginn eftir eða veturinn eftir í dagskrá.

Þegar ég var í útvarpsráði höfðu menn vissulega áhyggjur af þessum efnum og við ræddum það m.a. hvort hægt væri að fá sérstakar fjárveitingar frá Alþingi, aðskildar frá öðrum fjárhagsafskiptum ríkissjóðs og Ríkisútvarpsins, en af því varð aldrei, nema talið, hvað sem olli því. Þar var auðvitað ríkisstjórnarmeirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks við lýði eins og enn er. Ég man eftir að ég lagði meira að segja til um þetta, eða varpaði fram þeirri hugmynd hvort menn ættu ekki að kanna hvort einstök stórfyrirtæki væru tilbúin að leggja fram fé til þess að varðveita safnefnið eða a.m.k. bjarga því frá glötun og þá ef til vill gegn því að þeirra væri getið með einhverjum hætti við hvers konar endurflutning eða nýtingu efnisins. Í þetta var vel tekið en gerðist nú ekki mikið meira í því þannig að það er ekkert nýtt að söfnin standi í þessum skrefum hjá ríkisstofnuninni Ríkisútvarpinu.

Eina af spurningunum um framtíð safnanna og safnefnisins núna má einfaldlega orða svona: Úr því að ríkisstofnuninni hefur ekki tekist betur en við vitum að varðveita þetta merkilega efni og koma safninu fyrir með skikkanlegum hætti, hver sérstök von er þá til þess að stjórnendur hins nýja hlutafélags líti á það sem verkefni sitt að gera það? Það er, forseti, einfaldlega grunnkrafa ef Alþingi ætlar sér að breyta fyrirkomulagi RÚV í hlutafélagsátt, og í hvaða átt sem vera skal raunar, að þá sé öllum spurningum um þessi mál svarað og gengið þannig frá því að þetta efni sé í tryggri þjóðareigu og í öruggum höndum gagnvart möl og ryði sem grandað geta öllum jarðneskum hlutum og gagnvart því að allir hafi rétt til að nálgast þetta efni. Ég verð að segja að ef af þessu hlutafélagi verður teldi ég eðlilegast að rjúfa tengsl safnsins við félagið, halda því sem ríkisstofnun, eins og öðrum merkilegum söfnum, annað hvort sjálfstæðri ríkisstofnun eða sem hluta annars safns þó að safnefnið mætti svo geyma í Efstaleitinu til þæginda og hagræðis. En lágmark væri fyrir okkur að tryggja sérstakar fjárveitingar til safns Ríkisútvarpsins og hafa um það skýr sérákvæði í lögum um hlutafélagið eða hvað annað sem menn nú vildu gera úr Ríkisútvarpinu.

Svo er hins vegar ekki í fyrirsjáanlegum breytingartillögum sem meiri hlutinn og stjórnarliðið ætlar að gera heldur stendur einungis þessi nýja tillaga meiri hlutans um að ríkisstofnun sé óheimilt að selja frá sér hina merkustu hluti í safnefninu. Ég verð að segja að þótt ég meti vissulega þá hugsun sem liggur að baki þessari breytingartillögu þá stendur hún fyrst og fremst sem minnismerki um þær ráðstafanir sem hefðu þurft að liggja fyrir á þessum tíma og okkur er auðvitað skylt að gera við þessar breytingar sem nú eru fyrirhugaðar.

Það er falleg hugsun í því í nefndaráliti meiri hlutans að hvetja til þess að aðgangur sé tryggður að þessu safnefni í höndum hins nýja hlutafélags. Hins vegar eru engin ákvæði í frumvarpinu sem tryggja slíkan aðgang almennings og fræðimanna að gömlu efni úr söfnum Ríkisútvarpsins. Það veit enginn þegar þetta hlutafélag hefur verið stofnað hvaða ákvarðanir stjórnendur þess taka í þessu efni. Það veit enginn hvað verður um ýmsa þá þjónustu við almenning sem kostar peninga og hlutafélaginu er ekki skylt að lögum að inna af hendi og maður getur spurt sig hvort það sé líklegt að stjórnendur hlutafélagsins fremur en ríkisstofnunarinnar líti á slíka þjónustu sem forgangsverkefni, þannig að ekki sé dýpra tekið í árinni. Það má spyrja hvort það sé ekki þvert á móti líklegt að sumir stjórnendur nýja hlutafélagsins mundu hugsa þannig að það væri ekki snjallt að opna um of fyrir aðgang að þessu gamla efni þar sem með því gæti glatast samkeppnisforskot Ríkisútvarpsins í þessu máli.

Það er auðvitað þriðja atriðið í tengslum við safnefnið sem þarf að velta fyrir sér, því að með breytingartillögu meiri hluta menntamálanefndar við 2. umr. var þannig gengið frá að líta má á safnefnið sem lið í samkeppnisrekstri Ríkisútvarpsins eða þeim samkeppnisrekstri sem Ríkisútvarpinu er heimilt og nánast ætlað að sinna. Meiri hluti menntamálanefndar lagði nefnilega til við 2. umr. og fékk samþykkt að safnefni hins nýja fyrirtækis og meðferð þess væri flutt úr 3. gr., þar sem er eins og menn muna talað um hlutverk og skyldur hins nýja fyrirtækis sem almannaútvarps, og sett inn í 4. gr. þar sem fjallað er um samkeppnisrekstur. Hvatinn að þessu voru spurningar frá Eftirlitsstofnun EFTA sem rak hornin í að samkvæmt frumvarpinu var það flokkað sem hluti almannaútvarpsrekstrar að RÚV seldi eigið efni og eftirlitsstofnunin benti réttilega á að slík sala væri hluti af almennum samkeppnismarkaði. Ég verð að viðurkenna að ég hef nokkra samúð með þeim sem um þetta véluðu í frumvarpinu því að þetta hefur nú hingað til verið frekar smálegt og við talið það svona nokkuð sjálfsagt. Þarna er um að ræða þætti eins og jóladagatalið og Stikluþætti Ómars Ragnarssonar sem vissulega hafa gefið Ríkisútvarpinu og höfundum sínum ákveðnar tekjur en við höfum ekki hingað til litið á sem stórmál en er strangt til tekið eðlilegt. Ráð meiri hlutans og menntamálaráðherrans voru þá að færa heimildarákvæðið til að selja Stiklur og jóladagatalaspjöld úr 3. gr. inn í samkeppnispartinn, þ.e. 4. gr. En í þessum flutningum varð hins vegar samferða ákvæði um safnefni hins nýja félags sem áður var 14. töluliður 3. gr., og þar segir að eitt af hlutverkum Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps sé, með leyfi forseta:

„Að sjá um að frumflutt dagskrárefni félagsins verði varðveitt til frambúðar. Er félaginu heimilt að hafa til útláns, sölu og dreifingar valið dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt."

Það er því komið inn í samkeppnisreksturinn að Ríkisút-

varpið skuli sjá um að frumflutt dagskrárefni félagsins verði varðveitt til frambúðar. Þetta er fingurbrjótur sýnist mér en hann hefur ekki verið lagaður þó að við höfum bent á það á sínum tíma og þetta þýðir að hlutafélaginu er ætlað eða a.m.k. heimilt að formi til að nýta allt sitt efni, það sem það sjálft hefur framleitt, í samkeppnisrekstri til útláns, sölu og dreifingar.

Í því máli er enginn aðskilnaður eftir því hvort efnið sjálft hefur verið framleitt eða keypt sem almannaútvarpsefni eða samkeppnisrekstrarefni. Þessari breytingartillögu meiri hluta menntamálanefndar við 2. umr. sem þegar hefur verið samþykkt, var ætlað að bæta úr frumvarpssmíðarklúðri gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA, því að hún virðist þegar stangast á við samkeppnissjónarmiðin. En samkvæmt þessari málsgrein frumvarpsins eins og það er nú er nýja hlutafélaginu heimilt að nota til samkeppnisrekstrar á sviði útlána, sölu og dreifingar, efni sem er framleitt eða keypt sem almannaútvarpsefni með fé sem telst ríkisstyrkur samkvæmt Evrópusambandsreglum, þ.e. með skattfénu frá hinum fræga nefskatti. Þetta er alveg sérstakt nýtt klúður sem meiri hluti menntamálanefndar hefur búið sér til og hefur auðvitað ekki verið gengið úr skugga um hvernig þetta stenst reglur Evrópusambandsins.

Eins og ég rakti áðan vekur þetta nýja ákvæði um svokallað frumflutt dagskrárefni félagsins, sem er væntanlega það efni sem verður til hjá Ríkisútvarpinu hf. eftir að sú formbreyting er um garð gengin, sérstakar spurningar um hið eldra safnefni í ljósi samkeppnisreglnanna. Þeim spurningum hefur ekki verið svarað í störfum nefndarinnar. Í fyrsta lagi spurningunni um hvort ákvæðið tekur með lögjöfnun einnig til eldra safnefnis, sem er mjög sennilegt, og hvort nýja hlutafélagið getur selt gamalt efni frá útvarpsfyrirtækinu í samkeppni við aðra slíka sölu og flokkað hagnað af slíkri sölu sem tekjur af samkeppnisrekstri. Þetta þarf að vera klárt.

Hitt er svo nokkuð stærra mál hvort nýja hlutafélaginu er heimilt að nota gamalt efni frá ríkisfyrirtækinu, þ.e. eldra efni Ríkisútvarpsins, annars vegar þá í þeim hluta starfsemi sinnar sem telst vera almannaútvarp og hins vegar í þeim hluta starfseminnar sem telst vera samkeppnisrekstur, t.d. í einhvers konar Sirkus-stöð sem ég bjó til hér áðan. Mér sýnist augljóst að í síðara tilvikinu mundu keppinautar mótmæla harðlega og telja á sér brotið þar sem Ríkisútvarpið hf. væri að nota gegn þeim gamalt efni sem á sínum tíma var fjármagnað með ríkisstyrk, nota slíkt efni gegn þeim í beinni samkeppni. Ég geri líka ráð fyrir að keppinautar mundu í fyrra tilvikinu krefjast þess að hafa sama aðgang að hinu eldra efni ríkisfyrirtækisins og nýja hlutafélagið. Þar sem það hafi verið framleitt og varðveitt á vegum ríkisstofnunarinnar Ríkisútvarpsins þá eigi markaðsstöð að geta fengið það til flutnings á sömu kjörum og Ríkisútvarpið hf. Þetta þarf líka að vera klárt í lögum, þetta þarf að vera klárt gagnvart samkeppnisreglum á Evrópska efnahagssvæðinu og gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA, sem fylgist með þeim reglum, gagnvart stjórnendum og starfsmönnum hins nýja hlutafélags og gagnvart keppinautum í samkeppnisrekstri og öllum öðrum þeim sem hreyfa sig á ljósvakavettvangi. En það er ekki klárt. Þrátt fyrir hina ítarlegu lýsingu í framhaldsnefndaráliti meiri hlutans á höfundarrétti standa málefni safnefnisins að öðru leyti en því, út af og hafa ekki verið kláruð. Þetta er verulegur galli á frumvarpinu og kynni að leiða til ýmissa eftirmála og það sýnir með öðru hvernig háttar til um þessa smíð á frumvarpinu þrátt fyrir fjórar atlögur meiri hlutans á þingi til að breyta sínu eigin verki.

Forseti. Nú er nokkuð langur tími liðinn síðan þessi ræða hófst en ég ætlaði mér að fjalla sérstaklega um komu fulltrúa Ríkisendurskoðunar og Samkeppniseftirlits á fund nefndarinnar. En um hana er í raun ekki mikið að segja. Óskum okkar um að þeir kæmu á fund við hefðbundna umfjöllun nefndarinnar fyrir 2. umr. var ekki sinnt. Því var hins vegar sinnt að kalla þá til fyrir 3. umr. Þeir gáfu fullnægjandi svör sem formaður nefndarinnar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, rakti hér að nokkru áðan.

Það er ljóst að Ríkisendurskoðun hefur ákveðið hlutverk og verður fróðlegt og gaman fyrir áhugamenn um þetta mál að sjá hvernig Ríkisendurskoðun hyggst leysa úr því vegna þess að það koma aftur fyrir hinar eilífu spurningar um almannaútvarp og samkeppnisrekstur. Það er líka ljóst að Samkeppniseftirlitið hyggst fylgjast með Ríkisútvarpinu, samkvæmt þeim lögum sem það vinnur eftir. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri þess, talaði á fundi okkar sérstaklega um að um RÚV kynnu að gilda ákvæði 11. gr. samkeppnislaganna um markaðsráðandi stöðu, 14. gr. um fjárhagslegan aðskilnað og að samkvæmt samkeppnislögunum gæti Samkeppniseftirlitið gert meiri kröfur en ráðgert er að gera í Ríkisútvarpslögunum, sérstaklega samkvæmt 16. gr. samkeppnislaga um skaðleg áhrif opinberra fyrirtækja í samkeppni. Ríkisendurskoðun annars vegar og Samkeppniseftirlitið hins vegar kynnu að þurfa að eiga við þá galla sem ég og við stjórnarandstæðingar teljum vera á lögunum varðandi skilin milli almenns útvarpsrekstrar og samkeppnisrekstrar. Ég vona að að því verði staðið af viti en fullri einurð. En það er frekar óheppilegt að þingið skuli taka þá áhættu að búa frumvarpið þannig út að jafnvel innlendar eftirlitsstofnanir, sem við höfum komið upp á síðustu árum, kunni að byrja á því næstu árin að krukka í galla og smíðisbrot á lögunum.

Ég ætlaði líka að tala um eiginfjárstöðu og eignir RÚV og um hina undarlegu stöðu virðisaukaskattsmála í fyrirtækinu. En ég veit að síðari ræðumenn, þar á meðal hv. þm. Einar Már Sigurðarson, félagi minn í menntamálanefnd, ætlar að fjalla um það. Ég ætla þess vegna ekki að þreyta þingmenn með því en um virðisaukaskattinn verð ég hins vegar að segja nokkur orð.

Þannig er að Ríkisútvarpið vill gjarnan vera þátttakandi í virðisaukaskattskerfinu. Það er eðlilegt og hagræði að því fyrir fyrirtæki með jafnmikinn rekstur og Ríkisútvarpið er. Nú verða afnotagjöld ekki lengur hluti af tekjum Ríkisútvarpsins og enginn virðisaukaskattur fylgir nefskattsinnheimtunni. Þetta þurfti að athuga sérstaklega og það kom í ljós að til að haldast inni í virðisaukaskattskerfinu þarf fyrirtækið að hafa umtalsverðan innskatt umfram útskatt. Að vísu stendur að það skuli vera svo að jafnaði. Það þýðir að af kerfislegum ástæðum skapast sérstakur þrýstingur á stjórnendur fyrirtækisins til að halda sig innan virðisaukaskattskerfisins. Til þess að tryggja umtalsverðan innskatt þá er gott fyrir Ríkisútvarpið að selja sem allra mestar auglýsingar og hafa sem allra mesta kostun í gangi en kaupa hins

vegar sem allra minnst efni af því að það kynni að auka útskattinn. Þátttaka Ríkisútvarpsins í virðisaukaskattskerfinu hefur því bein áhrif á dagskrárstefnu og fjármögnunarstefnu Ríkisútvarpsins, þ.e. öfug áhrif við það sem a.m.k. við samfylkingarmenn og að ég hygg fleiri teljum réttast. Í staðinn fyrir að hvati sé til að draga úr auglýsingum og kostun verður þetta fyrirkomulag til þess að menn vilja auka auglýsingar og kostun. Í staðinn fyrir að auka efniskaup að utan, íslenskt efni einkum, verður hvatinn sem virðisaukaskattskerfið býr til eða þátttaka ríkissjóðs þar sá að reyna að minnka þessi kaup.

Ég geri mér grein fyrir því, hef starfað í fjármálaráðuneytinu, veit hvernig þar er hugsað og hvernig háttar til um fjármál þjóðarinnar að flas er ekki til fagnaðar í þeim efnum. Ég tel þó að yfir þetta mál hefði þurft að leggjast betur en til þess var enginn vilji. Í fjármálaráðuneytinu og af hálfu ríkisskattstjóra standa embættismenn eðlilega vörð um virðisaukaskattskerfið, eins og þeim ber að gera, og neita öllum undanþágum eða sérskipulagi. Það hefði verið menntamálaráðherrans að reyna að finna lausn á þessu máli og athuga hvort sérstaða Ríkisútvarpsins væri ekki slík að hún ætti líka við um þátttökuna í virðisaukaskattskerfinu þannig að aukaatriði í skipulagi Ríkisútvarpsins og rekstri þess hafi ekki bein áhrif á markmiðin í rekstrinum, á hegðunina gagnvart því sem ég nefndi áðan, annars vegar auglýsingum og kostun og hins vegar aðkaupum efnis.

Um réttindi starfsmanna ætla ég að fela síðari ræðumönnum að fjalla. Ég vil aðeins segja að það er nánast sorglegt, þrátt fyrir þá umfjöllun sem fékkst í nefndarstörfum nú, heimsóknum frá samtökum starfsmanna og fulltrúum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, aukalegum umsögnum frá þessum aðilum og sérstökum tillögum frá BSRB og BHM um hvernig ákvæðið um réttindi starfsmanna gæti litið út, að ekkert var með það gert. Öllum óskum um breytingar á þessu var einfaldlega hafnað. Menn létu slag standa með hvernig færi, annars vegar með starfsanda í Ríkisútvarpinu við breytingar sem fram undan eru ef þessi lög verða samþykkt, sem geta orðið sársaukafullar og dregið á eftir sér dilk lengra fram í tímann en menn hyggja nú, og hins vegar gagnvart málum sem menn kynnu að fara í við ríkið vegna þess arna. Það hefur oft verið fylgifiskur breytinga á ríkisstofnunum í hlutafélög. Ég harma þau málalok og bið þingmenn í menntamálanefnd og aðra að kanna hug sinn sérstaklega gagnvart þeim þætti málsins. Það er mikill óþarfi að skilja við réttindi starfsmanna í uppnámi og óánægju. Það fegrar ekki málstað þeirra sem standa fyrir hlutafélagsvæðingunni að haga sér með þessum hætti.

Í lokin vil ég segja, forseti, ákaflega stuttlega vegna þess að ég hef sagt það áður, að frumvarpið hefur að verulegu leyti batnað við meðferð málsins í nefndinni milli 2. og 3. umr., þ.e. að sjálfsögðu með breytingartillögu sem ég geri ráð fyrir að samþykkt verði ef frumvarpið heldur sína leið í gegnum þingið, með breytingartillögu meiri hlutans sem hann hirti frá minni hlutanum, um að upplýsingalög gildi um Ríkisútvarpið. Það er afar mikilsvert. Ég ætla ekki að draga fjöður yfir það og tel að það sé afar mikilsvert mál. Hins vegar er það ekki nema einn af gagnrýnispunktum okkar, sem eru fjölmargir, einn af hinum stóru gagnrýnispunktum okkar.

Við í stjórnarandstöðunni í menntamálanefnd höfum ákveðið að halda við frávísunartillögu okkar sem kemur fram í framhaldsnefndarálitinu sem áður var lesið. Í henni felst sú þríhliða gagnrýni sem markverðust er fyrir utan alls kyns aðra, m.a. réttindi starfsmanna og fjármögnunina.

Í fyrsta lagi hefur með frumvarpinu ekki verið tekin nein afstaða til þess hvort Ríkisútvarpið á heldur að vera almannaútvarp eða blanda af almannaútvarpi í markaðsstöðu í framhaldinu. Í raun hefur þetta frumvarp ekki tekið afstöðu til þess hvernig Ríkisútvarpið á að vera í framtíðinni. Það skilur það að sumu leyti eftir í sömu óvissunni og sama ruglinu og viðgengist hefur síðustu 20 ár, frá því að einkaleyfi þess var afnumið og Ríkisútvarpið varð jafningi, vissulega fremst meðal jafningja, annarra stöðva á fjölmiðlavettvangi. Að geta ekki skorið úr þessu og geta ekki átt um það frjóa umræðu við stjórnarandstöðuna og alla hagsmunaaðila gerir að verkum að hætt er við, svo það sé vægt orðað eins og verið hefur í þessari ræðu, árekstrum við reglur Evrópusambandsins sem við höfum undirgengist. Hætt er við árekstrum áfram við keppinauta á fjölmiðlavettvangi á samkeppnissviði innan lands og hætt er við því, ef þessari stefnu heldur áfram, að almenningur hætti smám saman að skilja til hvers Ríkisútvarpið er og tryggð hans, sem hefur verið dýrmætasta eign Ríkisútvarpsins, við útvarpið rofni.

Í öðru lagi hefur gagnrýni okkar falist í að hlutafélagsformið henti ekki RÚV, sé óheppilegt. Á það hefur Þorsteinn Pálsson bent, kannski öðrum fremur af áberandi þátttakendum í samfélagsumræðunni á vikunum áður en þinginu var frestað. Þótt það sé skárra þegar um það gilda upplýsingalög þá fylgir forminu alls kyns klúður og vitleysa sem við höfum bent á áður. Þar fyrir utan er, fyrir kreddumenn, hlutafélagið sem hér er að verða til gervihlutafélag, hlutafélag að nafninu til en ekki í reynd vegna þeirrar sérstöðu Ríkisútvarpsins sem þó er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Hér er að megninu til, samkvæmt Evrópureglum, ekki um að ræða fyrirtæki sem hefur hagnað af meginmarkmiðinu með samkeppnisrekstri á almennum markaði.

Í þriðja lagi, og með því lýk ég ræðu minni, felst gagnrýni okkar í því, og nánast grátlegt að þurfa að tyggja það upp enn og aftur, að með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir því að flokkspólitískum ítökum ríkisstjórnarflokka í Ríkisútvarpinu linni. Skipulagið er ekki þannig að það tryggi flokkspólitísk áhrif, sem betur fer, en í því er ekkert sem kemur í veg fyrir það. Hinn árlega kosni ríkisstjórnarmeirihluti í hinu nýja útvarpsráði ræður og rekur útvarpsstjóra eftir sínum eigin hentugleikum. Ekki er gert ráð fyrir neins konar temprun á völdum útvarpsstjóra og stjórnar eða menntamálaráðherra í þessu efni. Skipulagið er órætt í frumvarpinu þannig að um það sér ríkisstjórnarmeirihlutinn í stjórninni, útvarpsstjóri hennar og menntamálaráðherra sem yfir öllu ríkir, með þeim afleiðingum að hér veldur einfaldlega hver á heldur. Því miður treysti ég, eftir öll fréttastjóramál undanfarinna ára og áratuga, ekki ríkisstjórninni frekar en öðrum ríkisstjórnum í framtíðinni til að þróa áfram á Ríkisútvarpinu vinnubrögð sem losa það við hin flokkspólitísku ítök. En þau eru að mínu viti uppspretta vandræða sem eitra starfsemi Ríkisútvarpsins.

Við höfum lagt til að málinu verði vísað frá. Við flytjum

tillögu um að málinu verði vísað frá að lokum þessarar umræðu. Ég held að við í stjórnarandstöðunni séum sammála um að Ríkisútvarpið eigi að halda áfram að vera til í því formi og með því skipulagi sem tryggir að það sé almannaútvarp, öflugt útvarp og sjálfstætt. Þetta frumvarp gerir ekki ráð fyrir að tryggja neitt af þessu þrennu. Þess vegna eru það mín ráð til annarra hv. þingmanna, undir lok framsöguræðu minnar fyrir nefndaráliti minni hlutans, að við fleygjum frumvarpinu í ruslafötuna og tökum til við ný vinnubrögð í þessum efnum.

[19:00]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við höfum í langri og yfirgripsmikilli ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar heyrt greinargott og málefnalegt yfirlit yfir það hvernig málinu reiddi af hjá hv. menntamálanefnd eftir 2. umr. og það vita allir sem til þekkja á hv. Alþingi að það er ekki alvanalegt að mál séu tekin inn í nefndir aftur á milli 2. og 3. umr. en það gerist þó þegar um er að ræða mál sem eru vanreifuð, illa unnin eða um stendur gríðarlegur ágreiningur. Allt þetta þrennt á við um þetta mál sem sjá má af málflutningi nefndarmanna í minni hluta menntamálanefndar og nefndarálitum sem hefur verið skilað af minni hlutanum bæði eftir 2. umr. og nú eftir 3. umr. Í báðum þessum nefndarálitum er lagt til að málinu verði vísað frá og það segir sína sögu um sjónarmið minni hlutans. Mig langar í upphafi máls míns að vitna í nefndarálitið þó að hv. þm. Mörður Árnason hafi farið vel yfir það því að mér finnst það vera afar mikilvægt að það sé alveg skýrt fyrir þingheimi og þjóðinni, sem hlýðir á mál okkar úr þessum opna ræðustóli, hvaða augum við hv. þingmenn í minni hluta menntamálanefndar lítum þetta mál. Upphaf þessa framhaldsnefndarálits minni hlutans er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá því stjórnarflokkarnir settu sér að breyta lögunum um Ríkisútvarpið hafa vinnubrögð verið á eina lund. Frumvarpstextar hafa verið undirbúnir í leynd hjá sérstökum trúnaðarmönnum flokkanna og upplýsingum haldið frá almenningi, fjölmiðlum, starfsmönnum Ríkisútvarpsins og þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Í stað þess að efna til almennrar umræðu um Ríkisútvarpið og reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um framtíðarskipan þess hafa forustumenn stjórnarflokkanna sammælst um tillögur sem einkennast annars vegar af kreddu og hins vegar hrossakaupum, án þess að vart verði grundvallarstefnu um hlutverk Ríkisútvarpsins og stöðu þess á fjölmiðlavettvangi."

Þó að ég hafi ekki setið í nefndinni, frú forseti, eftir að málið var tekið inn í hana milli 2. og 3. umr., heldur varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Atli Gíslason, vil ég taka fram að ég er hjartanlega sammála því sem stendur í þessu áliti. Þessi lykilorð, kredda og hrossakaup, eiga afar vel við þegar fjallað er um þetta mál.

Ég hef haldið því fram úr þessum ræðustóli áður og legg á það áherslu í máli mínu hér að ríkisstjórnarflokkunum hefði verið í lófa lagið að ná sátt um málið eða vinna það alla vega lengra í átt til sáttar ef beitt hefði verið þeim aðferðum sem beitt var eftir reyndar mjög erfiðan og árangurslítinn leiðangur ríkisstjórnarflokkanna í þá átt að koma hér á með valdi og offorsi almennum fjölmiðlalögum. Þá var svo sem menn muna, eftir þann ömurlega leiðangur sem endaði úti í miðri á, ákveðið að setja fjölmiðlamálin almennt í nefnd sem væri þverpólitísk og fengi tíma og svigrúm til að starfa. Sú nefnd skilaði, svo sem kunnugt er, skýrslu mikilli sem var síðan fengin í hendur lögfróðra manna sem sömdu frumvarp á grundvelli hennar. Nú liggur fyrir í þingsölum frumvarp sem byggist á þessari skýrslu og ekki er annað að sjá en nokkuð góð sátt sé um það. Það frumvarp var unnið á faglegum forsendum fyrir opnum tjöldum þar sem niðurstaða nefndarinnar var kynnt áður en frumvarpsdrög voru síðan samin og frumvarp leit dagsins ljós.

Mín skoðun er sú að hæstv. menntamálaráðherra væri maður að meiri ef farin hefði verið svipuð leið með Ríkisútvarpið. En við sem sitjum í þessum sal vitum að árum saman hefur Sjálfstæðisflokkurinn stefnt að því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag og selja það, og mér liggur við að segja áratugum saman því auðvitað má rekja þá umræðu aftur á 9. áratuginn með því að lesa ályktanir og yfirlýsingar frá þeim flokki. Það má ímynda sér að menn hafi kannski haldið að um þessa framkvæmd Sjálfstæðisflokksins væri svo mikill ágreiningur að það þýddi ekkert að setja málið í málefnalega vinnu nefndar sem starfaði fyrir opnum tjöldum, starfaði faglega að málinu og það var það sem hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnin öll virðist hafa álitið. En það er einu sinni svo að þegar fólk sest niður, jafnvel þó það hafi ólík sjónarmið, andstæðar skoðanir í stjórnmálum, þá er með ólíkindum hvað hægt er að ná langt í átt til sátta með málamiðlunum sem eru skynsamlegar, rökstuddar og vel undirbyggðar.

Við á þessari löggjafarsamkundu getum borið okkur saman við löggjafarsamkundurnar á Norðurlöndunum hvað þetta varðar og þá er samanburðurinn sannast sagna afar óhagstæður fyrir okkur. Á Norðurlöndunum starfa þingin þannig að mál, sérstaklega mál sem mikill ágreiningur er um, eru vel undirbúin og þeim fylgja gjarnan inn í þingsali heilu doðrantarnir af efni. Oft og tíðum eru þær skýrslur sem fylgja málunum unnar af þverpólitískum nefndum eða þá, sem líka er upp á teningnum, að málin fara inn í þingnefndirnar sem eru þá opnar fyrir fjölmiðlum. Opnað er fyrir hin pólitísku átök þar sem ekki eru þá í þingsalnum heldur á vettvangi fagnefndarinnar þar sem fólk hefur yfirgripsmikla þekkingu á þeim málum sem fjallað er um. Þar er, ef svo má að orði komast, hinn pólitíski slagur tekinn.

Hjá þeim stjórnmálaflokkum sem hér ráða lögum og lofum, Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, er það hins vegar lenska að mál eru sett inn í þingið, vanreifuð, illa samin og menn vita að um þau verður bullandi ágreiningur. Ekki er gerð tilraun til að ná sáttum, ekki gerð tilraun til að lægja þær öldur sem hafa risið eða munu fyrirsjáanlega rísa um málið heldur setja menn undir sig hausinn, bíta á jaxlinn og keyra það í tuddaskap í gegnum 1. umr. Tuddaskapurinn heldur svo iðulega áfram í nefndunum sem eru lokaðar fyrir fjölmiðlum. — Við ættum kannski að athuga hvort ekki mætti fara að breyta eða viðhafa einhver önnur vinnubrögð í nefndunum til að við ættum möguleika á að ná lengra í átt til sátta í nefndarstarfinu. — Þetta mál var rifið í bullandi ágreiningi úr nefndinni. Þó að mikið hefði

verið fjallað um það, margir fundir haldnir og fjöldinn allur af gestum gengið inn var samt sem áður mikill ágreiningur um málið þegar það var tekið út eftir fyrstu atrennu í nefndinni.

Þar stóðu út af nokkrir veigamiklir þættir sem ekki hafði gefist tóm til að ræða, m.a. nefskatturinn, skattlagningin og breytingin á afnotagjöldunum í nefskatt og sömuleiðis aðkoma Ríkisendurskoðunar sem eftirlitsstofnunar fyrir þetta væntanlega hlutafélag, og reyndar má nefna fleiri mál. Hv. þm. Mörður Árnason hefur farið rækilega yfir það á hvern hátt Evrópusáttmálarnir eða Evrópusamningarnir hafa komið inn í þessa umræðu og það var eitt af því sem við töldum að hefði mátt ræða betur og hefði átt að varpa sterkara ljósi á í 1. umr. í nefndinni en gert var. Málið var sem sagt í ágreiningi tekið út úr nefndinni. Hvernig var 2. umr. um það? Hún var löng og ströng og í henni mikil átök, stórar *yfirlýsingar, miklar og alvarlegar ásakanir. Hvað gerði* meiri hlutinn, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur? Þeir héldu áfram að bíta á jaxlinn, setja undir sig hausinn og héldu tuddaskapnum áfram þó að þeir hafi ekki getað komið í veg fyrir að málið yrði tekið inn í nefndina eftir 2. umr.

Þar komu mjög athyglisverðir hlutir í ljós og nú skal það tekið fram, frú forseti, að ég sat ekki í nefndinni á þeim tíma. Ég tók ekki þátt í nefndarvinnunni milli 2. og 3. umr. heldur varaþingmaður minn, Atli Gíslason, eins og ég gat um í upphafi máls míns. En þar voru lögð fram ýmis gögn sem búið er að vitna til í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar, m.a. minnisblað varðandi félagaform sem til greina kom við skipulagsbreytingar á rekstri Ríkisútvarpsins. Einnig var talað við höfunda fjölmiðlafrumvarpsins, sem í millitíðinni hafði litið dagsins ljós, þess frumvarps sem fjallar um fjölmiðla almennt. Af því að ég átti sæti í þeirri nefnd óskaði ég eftir því á sínum tíma, og hafði töluverðan stuðning við það sjónarmið mitt, að eftir árangurinn af því starfi yrði haldið áfram á sömu braut og málefni Ríkisútvarpsins yrðu sett í nefndina, sem þá yrði almenn fjölmiðlanefnd. Á það var ekki hlustað. Svo kemur náttúrlega í ljós þegar fjölmiðlanefndin hefur skilað af sér, og þegar frumvarp lítur dagsins ljós á grundvelli tillagna fjölmiðlanefndarinnar, að lögspekingar benda á það í fjölmiðlum að þar séu ákvæði sem standist varla jafnræðisreglu. Var þar fyrst og fremst átt við ákvæðið um að undanskilja Ríkisútvarpið eignarhaldsákvæðum þessa nýja fjölmiðlafrumvarps.

Fjölmiðlar sögðu þannig frá að Sigurður Líndal, fyrrverandi lagaprófessor, hefði efast um að það stæðist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að undanskilja þetta nýja hlutafélag, Ríkisútvarpið hf., þeim reglum sem fjölmiðlafrumvarpið gerði ráð fyrir að yrðu innleiddar í lög sem takmarka mundu eignarhald á fjölmiðlum. Í þeirri grein fjölmiðlafrumvarpsins er kveðið á um að einstaklingar eða fyrirtæki megi ekki eiga meira en 25% hlut í útvarps- og sjónvarpsstöðvum sem hafi a.m.k. þriðjungs markaðshlutdeild og að miða beri við samanlagða hlutdeild á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði ef einstaklingur eða fyrirtæki á 10% eða meira í sérhverri stöð. Sömuleiðis kveður greinin á um það að fari eignarhald yfir áskilin mörk sé ætlast til þess að við því sé brugðist og ákveðinn frestur gefinn til að bæta þar úr.

Sigurður Líndal lagaprófessor lét hafa það eftir sér, og skilaði raunar áliti um það, að ef Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi eins og til stæði og það yrði haft 100% í eign eins eiganda, í þessu tilfelli ríkisins, færi það langt út fyrir ákvæði þessa nýja frumvarps. Vísaði Sigurður til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar hvað þetta varðaði og sagði að þarna væri teflt á tæpasta vað. Hann ráðlagði mönnum að skoða frumvarpið um Ríkisútvarpið með þetta í huga og velti upp því sjónarmiði að þarna þyrfti að gera bragarbót og breyta þá frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. á þann veg að það stangaðist ekki á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar á þann hátt sem Sigurður taldi að það gerði að óbreyttu.

Hann ráðlagði mönnum jafnframt að gaumgæfa það vel hvort sú staðreynd að Ríkisútvarpið keppti áfram á auglýsingamarkaði væri ekki líka til trafala þarna eða hvort ekki væri ámælisvert að slíkt væri til staðar í lögum um Ríkisútvarpið ef ætlast væri til þess að frumvarpið stæðist jafnræðisregluna. Um þetta hefur eflaust verið fjallað í menntamálanefnd á milli 2. og 3. umr. en ég minnist þess ekki að hafa séð að það hafi verið leitt til lykta. Það væri fróðlegt að fá það frekar upp á yfirborðið í þeirri umræðu sem nú er hafin og þá hjá þeim sem áttu aðild að umræðum í nefndinni hvort þessi álitamál hafi verið tekin sérstaklega fyrir og á hvern hátt hafi verið skilið við þau. En það kemur ekki fram í meirihlutaáliti menntamálanefndar að þetta hafi verið tekið til nokkurrar skoðunar og breytingartillögur þær sem meiri hluti nefndarinnar leggur fram bera þess ekki vitni að um þetta hafi verið fjallað. Ég tel því að um sé að ræða álitamál sem enn stendur út af og nauðsynlegt sé að skoða til enda.

Hv. þingmaður Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, fylgdi hér úr hlaði framhaldsnefndaráliti meiri hlutans og talaði um að gerðar hefðu verið breytingartillögur af hálfu meiri hlutans sem ættu sér rætur í málflutningi minni hlutans. Vitnaði hann þar til sjónarmiða hv. þm. Atla Gíslasonar varðandi t.d. höfundarréttarmál og ýmis mál er lúta að safneign Ríkisútvarpsins. Sagði hv. formaður nefndarinnar að til að mæta þessum sjónarmiðum minni hlutans hafi verið gerð breytingartillaga við 4. gr. þar sem gert er ráð fyrir að við bætist ný málsgrein sem lýsir því á hvern hátt Ríkisútvarpinu hf. sé óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og efnið verði þá varðveitt hjá félaginu.

Ég sagði í andsvari mínu við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson að þetta væri að sjálfsögðu góðra gjalda vert og ég ítreka það hér og get svo sem tekið dýpra í árinni og sagt að ég fagni því að þessi breyting sé gerð. Það nægir þó ekki á nokkurn hátt til stuðnings af minni hálfu við þetta frumvarp, svo margt er þar enn sem steypt hefur verið á stél og stangast að mínu mati á við skynsamleg vinnubrögð og skynsamlega stjórnsýslu þegar útvarp í almannaþjónustu er annars vegar.

Hv. formaður menntamálanefndar sagði að tilgangur breytingartillagnanna, ekki síst þeirrar við 4. gr. sem ég las, hafi verið að koma til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar í málinu. Hann sagði jafnframt að tilgangurinn væri sá að meiri friður mætti ríkja um málið en ella. Ég hef leyft mér að lýsa því yfir úr þessum ræðustóli í andsvari við hv. þingmann að ekkert væri tryggt í þeim efnum og ég tek

undir með hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni sem sagði áðan að hér væri einungis verið að fjölga plástrunum á meingölluðu máli. Við vitum öll að slíkir plástrar eru eingöngu til málamynda.

Ef ríkisstjórninni væri alvara með að vilja láta frið ríkja um málið kæmi ríkisstjórnin öðruvísi fram og stjórnarþingmenn ræddu þetta mál á öðrum nótum. Þá tækju þeir á annan hátt þátt í umræðunni, ekki bara í þingsalnum eða í þingnefndum, heldur ekki síður í fjölmiðlum. Þar hafa stjórnarþingmenn verið mjög sparir við að tjá sig, því miður. Satt að segja vonaðist ég til þess, sem nefndarmaður í fjölmiðlanefndinni, að fjölmiðlaumræðan um þessi mál yrði öflugri og meira yrði gert í því að reyna að kryfja mál til mergjar í fjölmiðlum, að taka hin pólitísku deilumál út á þann vettvang og velta þar við steinum. Og síðast en ekki síst skoða hvaða aðrir möguleikar væru til staðar varðandi rekstrarform Ríkisútvarpsins og skoða þá líka ofan í kjölinn hvað það er í raun sem gerir Ríkisútvarpinu jafnerfitt fyrir og raun ber vitni að starfa með glæsibrag. Það er ekki rekstrarformið, það eru aðrir hlutir og það eru mjög alvarlegir hlutir. Þar mætti varpa ljósi á ríkisstjórnina og framgöngu þingmanna stjórnarliðsins jafnvel í gegnum tíðina. Ég tel að sú umræða þurfi að fara fram og lýsi því yfir að hún fór ekki fram í menntamálanefnd, stjórnarþingmenn hafa ekki verið opnir fyrir að taka hana. Ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur ekki viljað hlusta á þær vísbendingar eða ábendingar sem komið hafa frá starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Hann hefur ekki tekið vel í þær hugmyndir sem starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa í gegnum tíðina komið með í skýrslum, ábendingum og yfirlýsingum varðandi þá hluti sem betur mættu fara í stjórn Ríkisútvarpsins. Við því öllu hefur verið skellt skollaeyrum. Engin skapandi umræða hefur verið í gangi á milli þeirra aðila sem vilja að Ríkisútvarpið verði hlutafélagavætt og hinna sem vilja það ekki. Þar hefur bara verið stál í stál og jarðvegur fyrir skapandi umræðu og lausn mála hefur ekki verið til staðar. Jarðvegurinn hefur ekki verið plægður af þeim sem utan um þessi mál halda vegna þess að menn hafa frekar viljað fara hér með tuddaskap, eins og ég sagði áðan, en að leita lausna af alvöru, að leita af alvöru eftir friði um málið.

Því leyfi ég mér að segja úr þessum ræðustóli að ég læt yfirlýsingar hv. formanns menntamálanefndar mér í léttu rúmi liggja. Ég tel þær vera afar lítils virði. Ég tel litla merkingu í þeim og tel í sjálfu sér ekki mikinn vilja að baki þeim og lýsi því yfir að mér finnst þær vera innantóm orð, á sama hátt og þetta frumvarp um Ríkisútvarpið hf. er bara frumvarp um hlutafélag að nafninu til.

Frú forseti. Það hefur komið í ljós í þessari umræðu að við meðferð málsins í menntamálanefnd milli 2. og 3. umr. hefur verið fjallað um eiginfjárstöðu þessa væntanlega hlutafélags. Eitt af því sem mikið var fjallað um var umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem hefur verið gagnrýnd fyrir að vera flausturslega unnin. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum haldið því fram að hér sé á ferðinni mál sem þurfi betri skoðunar við. Það kemur fram í framhaldsnefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar að þetta mál hafi verið skoðað og meðal þeirra spurninga sem hafi verið varpað upp hafi verið hvert eiginfjárhlutfall þessa nýja hlutafélags ætti að vera og hvernig koma bæri því í það horf að félagið gæti fyrirsjáanlega hafið störf við stofnun þess. Frá því er sagt í framhaldsnefndarálitinu að þann 24. apríl 2006 hafi borist minnisblað inn á borð nefndarmanna frá menntamálaráðherra og fjármálaráðherra þar sem komið hafi fram að hæfilegt eiginfjárhlutfall félagsins við stofnun teljist vera u.þ.b. 10%, eða 500 millj. kr. Í sama kafla kemur fram að eiginfjárhlutfall Ríkisútvarpsins í árslok 2004 hafi numið 10,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Þeir sem vanir eru að lesa reikninga reka trúlega upp stór augu þegar þeir heyra að í félagi sem eðlilegt getur talist að hafi 500 millj. kr. eiginfjárhlutfall, 500 millj. kr., sé eigið fé í raun 10,2 millj. Ég spyr: Hvernig stendur á því að Ríkisútvarpið hefur í árslok 2004 einungis 10,2 millj. bókfært á efnahagsreikningi sem eigið fé?

Ég vil leyfa mér, frú forseti, að svara þessari spurningu í ræðu minni. Af því að ég horfi hér á hv. þm. Einar Má Sigurðarson þá sagði hann áðan að það hefði komið í ljós eftir að nefndarálitin voru gerð að eiginfjárhlutfallið sé jafnvel enn verra, og hann mun eflaust koma inn á það í ræðu sinni. En ég vil koma með svar við þeirri spurningu hvers vegna í ósköpunum Ríkisútvarpið geti einungis státað af 10 millj. kr. eigin fé á efnahagsreikningi í lok árs 2004 og jafnvel enn minna í dag. Ástæðan er einföld. Hún varpar í raun ljósi á og sýnir, svo ekki verður um villst, hver hugur ríkisstjórnarflokkanna hefur verið til Ríkisútvarpsins á undanförnum árum. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa beitt áhrifum sínum ár eftir ár til þess beinlínis að veikja Ríkisútvarpið. Það hefur verið ætlunarverk Sjálfstæðisflokksins að gera það. Nú hefur hann loksins fengið Framsóknarflokkinn til fulltingis við það ætlunarverk sitt. Nú stendur Framsóknarflokkurinn staðfastur við hlið sjálfstæðismanna í því ætlunarverki að veikja Ríkisútvarpið og það hefur tekist svo um munar.

Fjárhagsleg veiking þýðir um leið fagleg veiking. Ríkisútvarpið, bæði hljóðvarp og sjónvarp, stendur veikt faglega í dag. Svo er ríkisstjórnarflokkunum fyrir að þakka. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna hver staðan er, vegna þess að skellt hefur verið skollaeyrum við hugmyndum starfsmanna Ríkisútvarpsins og hugmyndum þeirra sem rekið hafa Ríkisútvarpið í gegnum tíðina varðandi fjárþörf. Ég minnist þess að í þau sjö ár sem ég hef setið í menntamálanefnd Alþingis að oftar en einu sinni hafa fjármálastjóri og útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins komið á fundi nefndarinnar með yfirgripsmikil gögn, mjög skýr og einföld, þar sem sýnt er fram á hvernig fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins sé fyrir komið. Hvað hafa þessir herramenn gert? Ár eftir ár hafa þeir lýst ábyrgð á hendur okkur sem sitjum hér og förum með fjármál hins opinbera og höfum ekki séð ástæðu til að láta fjármuni úr sameiginlegum sjóðum okkar til þess að rétta við stöðu Ríkisútvarpsins og alls ekki að hækka afnotagjöldin.

Stofnuninni hefur verið gert að hagræða undir drep. Það hefur verið gert. Þar hefur verið skorin hver einasta tutla utan af beinunum og fyrst og fremst hefur þetta bitnað á dagskrárgerðinni. Nú er svo komið að það er auðvitað til skammar hvernig innlend dagskrárgerð stendur í þessari opinberu stofnun, Ríkisútvarpinu, sem að mínu mati er og á að vera ein af öflugustu menningarstofnunum þjóðarinnar. Þannig var til hennar stofnað á sínum tíma og þannig ætti

hún auðvitað að fá að lifa sínu lífi en þessir stjórnmálaflokkar hafa komið í veg fyrir það.

Ég held því fram úr þessum ræðustóli að þetta hafi verið meðvituð stefna. Fjársveltið sem Ríkisútvarpið hefur mátt þola á undanförnum árum hefur verið meðvituð stefna til þess gerð að veikja stofnunina, til að auðvelda Sjálfstæðisflokknum að fá fram ætlunarverk sitt að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi og að endingu einkavæða það.

Þegar við þingmenn stjórnarandstöðunnar, og kannski sérstaklega þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum haldið því hér fram fullum fetum að þetta ferli sé hluti af einkavæðingarferli Ríkisútvarpsins þá hefur iðulega glumið sú spurning hvort við kunnum ekki að lesa og hvað markmiðsgreinin í frumvarpinu þýði, en hún er eins og mönnum hér er kunnugt svohljóðandi:

„Ríkisútvarpið hf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil."

Hvað þýðir þessi setning? spurði hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson áðan þegar við vorum í andsvörum við hann, stjórnarandstöðuþingmenn. Sigurður Kári Kristjánsson hélt því fram að í markmiðsgreininni mætti lesa sjónarmið ríkisstjórnarflokkanna hvað þetta varðar, að það væri ekki ætlunarverk þeirra að selja Ríkisútvarpið. Ég hef leyft mér að leggja lítinn trúnað á það. Ég hef haldið því fram að stjórnarliðar séu einungis að kaupa sér frið í svolítinn tíma og til marks um það sjónarmið mitt leyfi ég mér að benda þingheimi á prinsipp hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar og fleiri þingmanna Sjálfstæðisflokksins, m.a. Birgis Ármannssonar og Péturs Blöndals, að selja Ríkisútvarpið. Ég bendi á fyrirliggjandi frumvarp frá síðastnefndum þingmönnum sem liggur fyrir þessu þingi, 132. löggjafarþingi, og fjallar um breytingu á útvarpslögum, lögum um tekjuskatt og eignarskatt og brottfalli laga um Ríkisútvarpið, en þar er gert ráð fyrir að breytingar verði á Ríkisútvarpinu og það selt til einkaaðila í fyllingu tímans.

Helstu röksemdir þessara háu herramanna varðandi þetta allt hafa verið tíundaðar hér í löngum ræðum og kannski óþarfi að fara mikið yfir það. Þær eru í grunninn þær að það sé óþarft að ríkið standi í útvarpsrekstri, gerð þátta, útsendingu, uppbyggingu dreifikerfis og innheimtu útvarpsgjalds til að ná fram þeim markmiðum sem Ríkisútvarpinu eru sett. Þessir háu herramenn segja að þeim sé öllum hægt að ná með útboðum þar sem allar útvarpsstöðvar, sem bolmagn hafa, keppi um að bjóða bæði góðar og hagkvæmar lausnir á þessum markmiðum og enn fremur gætu leikhús og leikhópar, kórar og söngvarar, kvikmyndagerðarfólk og annað listafólk og fjölmiðlafólk blandað sér í leikinn, einkavæðingarleik sjálfstæðismanna. Fyrir þessum sjónarmiðum talaði hv. formaður menntamálanefndar fyrir örfáum missirum á Alþingi og það gerir málflutning hans hér og nú auðvitað afar ótrúverðugan og hefur hann verið gagnrýndur úr þessum stóli fyrir hversu ótrúverðugur málflutningurinn er í ljósi forsögunnar.

(**Forseti** (JBjart)**:** Það var ætlun forseta, hv. þingmaður, að gera stutt matarhlé til klukkan átta. Ef hv. þingmaður á ekki því styttra eftir af ræðu sinni verður gert hlé á þingfundi núna.)

Ég þigg það, frú forseti, að fara í matarhlé.

[Fundarhlé. — 19:32]

[20:00]

Kolbrún Halldórsdóttir (frh.)**:**

Frú forseti. Ég var fyrir matarhlé í miðri ræðu minni um Ríkisútvarpið hf., sem ég lýsti yfir að væri þó einungis Ríkisútvarpið hf. að nafninu til því að hér er auðvitað ekki um eðlilegt hlutafélag að ræða, enda ekki gert ráð fyrir því samkvæmt orðanna hljóðan í frumvarpinu að þetta félag eða fyrirtæki verði rekið með hagnaðarvon í brjósti. Ég var að fjalla lítillega um fjármál stofnunarinnar, á hvern hátt fjármálunum væri komið og hversu lágt eiginfjárhlutfallið væri orðið og hélt því fram, lýsti því hér yfir að ég liti svo á að þetta hefði verið með vilja gert hjá ríkisstjórnarflokkunum að veikja Ríkisútvarpið svo sem raun ber vitni með því bæði að heimila ekki hækkanir á afnotagjöldum né heldur að vilja bæta úr með sjálfstæðum fjárframlögum til stofnunarinnar í gegnum fjárlög.

Nú er það svo að margt af því sem deilt hefur verið á hér í þessum sal varðandi þetta mál hefur lotið að réttindum starfsmanna. Eftir síðustu meðferð málsins í nefnd er ljóst að engu á að breyta varðandi réttindi starfsmanna og ljóst er að þau eru fótum troðin og brotin og enginn vilji hjá þeim sem að þessu máli standa til þess að gera nokkra bragarbót þar á, enda sýna breytingartillögurnar sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur talað fyrir fyrir hönd meiri hluta menntamálanefndar svo ekki verður um villst að þar á ekki að taka á þeim kröfum sem starfsmenn stofnunarinnar hafa sett fram að einu eða neinu leyti.

Við skulum rifja upp sjónarmið starfsmanna stofnunarinnar sem sendu ályktun frá sér þann 4. apríl sl. varðandi þetta nýja félag, Ríkisútvarpið hf., og sendu m.a. okkur þingmönnum ályktunina. Mig langar til að lesa yfirlýsingu þeirra upp en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Starfsmenn Ríkisútvarpsins óska eftir skýrari upplýsingum frá stjórnvöldum um hvernig fyrirtæki stjórnvöld vilji búa til á grunni hins gamla Ríkisútvarps. Bent hefur verið á opin ákvæði í frumvarpinu og mismunandi áherslur ríkisstjórnarflokkanna í málefnum stofnunarinnar til margra ára. Þær virðast nú hafa endað í óútfylltri ávísun til framtíðar. Við teljum okkur vera í vinnu hjá þjóðinni og landsmenn eigi rétt á því að vita hvert stefni með fjölmiðilinn þeirra. Starfsmenn gera alvarlegar athugasemdir að ekki liggi enn fyrir hve miklu fjármagni nýja félagið á að ráða yfir í upphafi. Starfsmenn furða sig líka á því að ekki hafi verið tekið nokkurt tillit til umsagna sem bárust menntamálanefnd Alþingis. Spyrja má um tilganginn með að setja fólk í vinnu við slíka álitsgjöf."

Loks lýsa starfsmenn vanþóknun á því ef áunnin réttindi starfsmanna verða skert. Svo virðist sem sum þeirra verði numin úr gildi bótalaust.

„Starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa um árabil þolað láglaunastefnu og talið að réttindin sem væru eign starfsmanna mundu að einhverju leyti vega upp á móti lágu launanum. Starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa sýnt mikla þolinmæði á löngu og leiðinlegu breytingaskeiði stofnunarinnar. Það hefur verið von þeirra að betri tímar gætu runnið upp að því loknu. Eitt það versta sem fyrir getur komið er að áframhaldandi óvissuskeið haldi áfram næstu árin af því að ný

lög hafi ekki verið nógu vel úr garði gerð. Starfsmenn skora á Alþingi að eyða óvissu um stofnunina með skiljanlegum lögum sem duga.“

Frú forseti. Við þessu ákalli hefur ekki verið orðið. Þeir starfsmenn sem samþykkja yfirlýsingu af þessu tagi, starfsmenn sem telja sig vera í vinnu hjá þjóðinni við eina merkustu menningarstofnun Íslands eiga að mínu mati rétt á því að fá áheyrn, fá svar við ákalli því sem þeir hafa sett fram mjög skýrt og skorinort. Vilji þeirra er sniðgenginn af þeim sem hér ráða ríkjum, hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem eru á þessari ótrúlegu vegferð algjörlega án þess að rökstyðja það, og það er kannski það versta af öllu. Umræðan hefur ekki verið með þeim hætti að þjóðin eða starfsmenn Ríkisútvarpsins hafi fengið rökstuðning frá stjórnarliðum í þessu máli.

Nú er rétt að spurt sé og þess krafist að svör liggi fyrir í 3. umr. við því hver tilgangurinn sé með því að fara í þessa vegferð að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag og hvers vegna ekki sé hlustað á ákall starfsmanna sem kvarta undan réttindabrotum og kvarta ekki bara heldur eru með sér til fulltingis BHM og BSRB, stéttarfélög sín, sem gefa frá sér yfirlýsingar og minnisblöð sem eru fáheyrð þar sem það kemur fram að þegar ríkisstofnun er breytt í hlutafélag hætti starfsmenn hennar að vera starfsmenn ríkisins, þeir verði þess í stað starfsmenn viðkomandi hlutafélags þrátt fyrir að ríkið beri áfram ótakmarkaða ábyrgð á starfseminni. BSRB og BHM hafa sett niður nokkur atriði varðandi þau réttindi starfsmanna sem falla niður og telja þar upp úr lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins atriði eins og t.d. andmælarétt, áminningarskyldu, skriflegan rökstuðning fyrir uppsögn, auglýsingaskyldu á lausum störfum, aðgang almennings að upplýsingum um nöfn, starfsheiti umsækjenda og fleira því um líkt, uppsagnarfrest, þagnarskyldu, skyldu til að hlíta breytingum á störfum og verksviði, óbreytt launakjör og réttindi ef breytingar hafa í för með sér skert launakjör starfsmanns í jafnlangan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er. Svo tala þeir um biðlaunarétt þeirra sem ráðnir eru fyrir 1. júlí 1996.

Hér er um að ræða alvarlegar ásakanir sem hafa ekki fengið málefnalega umræðu og við stjórnarandstæðingar sem höfum verið að reyna að andæfa þessum framkvæmdum og hugmyndum höfum ekki fengið stjórnarliða hingað upp í þessa málefnalegu umræðu við okkur og engin svör koma og engar skýringar við því hvers vegna málið er sótt svo fast, hvers vegna þessi leiðangur er farinn. Eða hefur Framsóknarflokkurinn gefið nokkra málefnalega skýringu á þeim viðsnúningi sem hefur orðið í sjónarmiðum hans í þessu máli? Árum saman stærði Framsóknarflokkurinn sig af því að standa í lappirnar í málefnum Ríkisútvarpsins gegn þrýstingi sjálfstæðismanna við að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Hvað breyttist svo, megum við fá að vita það? Má þjóðin fá að heyra það frá framsóknarmönnum hvað breyttist? Við viljum líka fá að heyra hvort eitthvað sé til í þeim ásökunum sem núna eru uppi varðandi Nýsköpunarmiðstöðina sem deilurnar eru um og virðast vera hluti af ástæðunum fyrir þessu sumarþingi. Það eru þessar tvær meginástæður, þ.e. að koma Nýsköpunarmiðstöð iðnaðarráðherra hér í gegn og svo frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. Eru þetta hrossakaup? Menn hafa verið sakaðir um að svo sé, sakaðir um að hafa hér óhreint mjöl í pokahorninu hvað þetta varðar, en hafa menn svarað því hér á einhvern málefnalegan hátt? Ónei. Hér kemur enginn framsóknarmaður til að skýra það fyrir þingheimi eða þjóðinni hvers vegna hlutirnir séu með þessum hætti en ekki einhverjum öðrum, hvers vegna Framsóknarflokkurinn hafi yfirgefið stefnu sína, svikið fyrri ályktanir, breytt hugmyndum sínum eða hugmyndafræði, og hvað hafi orðið til þess.

Það er ljóst að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa velt þessu máli mikið fyrir sér og við í menntamálanefndinni höfum fengið þá oftar en einu sinni til okkar og ég sé ekki betur þegar gögn þessa máls eru lesin en að þar standi enn þá út af ekki bara þau atriði sem ég taldi áðan varðandi lög og skyldur starfsmanna ríkisins, sem koma til með að falla niður við þessa breytingu, heldur falla líka niður eða verða líka breytingar varðandi starfsmenn sem lúta að því að þeir munu ekki lengur heyra undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Það er því ljóst að stéttarfélögin sem hingað til hafa samið fyrir þá starfsmenn munu að öllum líkindum ekki koma að samningum fyrir þá starfsmenn sem koma til með að starfa hjá hlutafélaginu. Lögin nr. 19/1979, um réttindi verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, munu kannski gilda nema um annað sé samið og það verða örugglega ólíkar reglur sem koma til með að gilda um starfsmenn varðandi verkföll starfsmanna og allt annað þar upp á teningnum en hefur verið hingað til.

Nú er það svo að núgildandi kjarasamningur mun gilda þar til nýr kjarasamningur verður gerður eða kjarasamningi verður sagt upp, hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Þá eiga réttindi og skyldur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi, sem fyrir hendi eru á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað, að færast yfir til nýja atvinnurekandans. Sú staða kemur hins vegar vafalaust upp fljótlega eftir að rekstrarformsbreytingin verður orðin að veruleika að nýr ráðningarsamningur verði gerður við starfsmenn. Þá er eðlilegt að menn spyrji sig hvernig til takist með að semja um sambærileg réttindi þegar nýr kjarasamningur verður gerður. Það gefur auga leið í mínum huga að stjórnendur Ríkisútvarpsins munu koma til með að ganga á lagið hvað þetta varðar og ég óttast það auðvitað mest af öllu og tek undir þann ótta starfsmanna og það sem starfsmenn hafa látið í ljósi varðandi þetta, að það muni verða tekin frá þeim réttindi sem þeir hafa notið hingað til.

Varðandi síðan biðlaunaréttinn sem einnig hefur verið talað um og ákveðin vafamál eru uppi um, þá mun hann flytjast til hlutafélagsins þann 31. desember 2008 og þeir sem eiga biðlaunarétt og missa starf sitt vegna niðurlagningar stöðu eftir þann tíma munu ekki njóta þeirra réttinda sem biðlaunarétturinn ætti í sjálfu sér að veita þeim. Ég tek undir það sem BHM og BSRB hafa látið okkur í té varðandi þetta að með þessu sé verið að skerða réttindi þeirrar starfsmanna Ríkisútvarpsins sem njóti biðlaunaréttar sem þeir hafi áunnið sér í starfi, og við verðum að vera minnug þess að biðlaunaréttur er í sjálfu sér eignarréttindi og það er andstætt eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar að taka réttindi, sem eru í sjálfu sér eign, af fólki með þessum hætti.

Réttindi starfsmanna sem heyra undir bráðabirgða-

ákvæði laga um réttindi og skyldur sem hafna starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. eru heldur ekki tryggð í þessu frumvarpi þar sem starfsmenn njóta ekki lengur ýmissa réttinda sem fylgdu starfi þeirra sem ríkisstarfsmenn og ekki er um að ræða sambærilegt starf hjá Ríkisútvarpinu hf. Það er mikilvægt að hafa í huga að ráðningarvernd verður engin hjá Ríkisútvarpinu hf. og hægt verður að segja starfsmönnum upp án andmæla, án rökstuðnings eða áminningar, þannig að þrátt fyrir að biðlaunaréttur fylgi til 31. desember 2008 er alltaf hægt að segja starfsmönnum upp þó ekki sé verið að leggja starfið niður. Þetta segja BHM og BSRB af fenginni reynslu í gegnum tíðina með fyrri breytingum, rekstrarformsbreytingum og einkavæðingu núverandi ríkisstjórnar. Þar eru t.d. bankarnir nefndir til sögunnar, einnig Pósturinn og Síminn. Það er auðvitað alveg ljóst að hér er verið að fara inn á sömu braut sem menn hafa verið að þvælast í hingað til og jafnvel verið að fá á sig dóma sem allir hafa fallið á þann hátt sem BSRB og BHM hafa sagt fyrir um að þeir mundu falla. Ég held því að ríkisstjórnin viti alveg út í hvað hún er að fara hér og þó svo að þeir geri þetta algjörlega með galopin augu í fullvissu um hvað bíður þeirra þá taka menn hér engu að síður þessa áhættu, taka þetta skref vitandi það að bótakröfur eiga eftir að þurfa að falla á þá í einhverju magni og menn ætla sér þá bara að borga það sem það kostar. Svo mikið liggur þeim á, svo mikið er þeim í mun að koma þessum áformum sínum í framkvæmd, koma þeim alla leið að það skal kosta það sem það kostar. Svo segja menn nánast við starfsmennina: Já, farið þið þá bara í mál við okkur. Það er stíll hæstv. forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, hann hefur tekið hann upp frá hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, að það sé bara hægt að brjóta á rétti fólks til hægri og vinstri, menn geti þá bara farið í mál og sótt einhverja málamyndaskaðabætur. Við borgum bara það sem það kostar, komið þið bara í okkur. Þetta er hluti af tuddaskapnum sem viðgengst hjá þessari ríkisstjórn sem ég vil meina að Sjálfstæðisflokkurinn hafi innleitt og þingmenn Framsóknarflokksins hafa tekið upp og mala nú og kurra í hálsakoti sjálfstæðismanna og vilja fara sömu leið.

Frú forseti. Varðandi lífeyrisrétt starfsmanna B-deildar samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir — þau hjá BHM og BSRB segja okkur það — að við rekstrarformsbreytinguna verði skerðing á réttindum starfsmanns sem greiðir í B-deild LSR. Iðgjöld hans miðast við þau laun sem hann hafði þegar staðan var lögð niður og breytast iðgjaldagreiðslurnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á *föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu*. Segja má með öðrum orðum að eins konar frysting verði á launum. Hefur hækkun launa starfsmanna hjá Ríkisútvarpinu hf. því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs.

Að lokum nefna þau hjá BSRB og BHM lífeyrisrétt starfsmanna í A-deild samkvæmt frumvarpinu en í því er ekki einu orði minnst á réttindi starfsmanna sem greiða í A-deild LSR. Aðeins er fjallað um lífeyrisgreiðslur samkvæmt 24. gr. laga nr. 1/1997, en sú grein á eingöngu við um B-deildina. Möguleikar starfsmanns sem greiðir í A-deild lífeyrissjóðsins til áframhaldandi aðildar að LSR er háð nokkrum skilyrðum. Sé ekki gengið tryggilega frá því í lagafrumvarpinu yrði aðildin háð samþykki Ríkisútvarpsins hf. og hlutafélagið taki á sig þær skuldbindingar sem henni fylgja. Hvað vitum við um það hvernig stjórnendur Ríkisútvarpsins hf. koma til með að snúa sér í slíkum málum? Koma þeir til með að samþykkja A-deildar aðild viðkomandi starfsmanna eða ekki? Hvaða rök koma þeir þá til með að bera fyrir sig ef því verður hafnað? Allt þetta er óljóst og með endemum að menn skuli ákveða að skilja við þetta mál á þeim nótum sem raun ber vitni. Ég hef haldið því fram að hér sé um ákveðna uppgjöf að ræða gagnvart því kerfi sem við höfum búið til og búið við hingað til. Menn halda því fram á kreddufullan hátt að í ríkiskerfinu sé enginn sveigjanleiki. Stjórnendur sem stjórna í nútímafyrirtækjum þurfa að hafa sveigjanleika, fyrst og fremst auðvitað til að reka starfsmenn og ráða. Ég geri ráð fyrir að hæstv. menntamálaráðherra *vilji hafa sama sveigjanleikann* varðandi það að ráða og reka útvarpsstjóra. Svo fær útvarpsstjórinn sveigjanleika til að ráða og reka undirmenn sína. Það snýst um þetta.

Menn hafa þverskallast við að opna augu sín fyrir möguleikunum sem eru fólgnir í því kerfi sem við búum við. Við erum tilbúin öll sem eitt, bæði þeir sem starfa hjá ríkinu, þeir sem hafa starfað hjá ríkinu og þeir sem bera ríkisreksturinn fyrir brjósti, að fjalla um aukinn sveigjanleika innan kerfisins og með hvaða hætti sé hægt að auka hann. Ýmsar hugmyndir hafa komið upp í þeim efnum. En ekki er verið að tala um slíkt hér. Hér nenna menn ekki að tala eins og kom fram þegar nýi meiri hlutinn í Reykjavík var myndaður, þá ákváðu menn að tala ekki af því að menn væru búnir að tala nóg heldur ákváðu menn að fara strax að framkvæma, strax. Það mátti ekki bíða einn dag, ekki hálfan, ekki korter. Það lá svo mikið á að hætta að tala. Þessi stíll er viðhafður á Alþingi af stjórnarmeirihlutanum sem nú ríkir í Ráðhúsinu. Hér vilja menn ekki tala. Hér skattyrðast menn ómálefnalega, svara engum spurningum stjórnarandstöðunnar, kinoka sér við málefnalegri umræðu, setja undir sig hausinn, bíta á jaxlinn og tuddast með hvert málið á fætur öðru í gegnum Alþingi. Þessi stjórnunarstíll er til skammar og hann ber vitni vanhæfum stjórnvöldum.

Frú forseti. Ég hef miklar áhyggjur af Ríkisútvarpinu. Ég hef haft þær lengi og þær fara vaxandi. Ég hef áhyggjur af því að ríkisstjórnin sé að gera sér þær grillur að hún sé og verði hér eilíf. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur líta svo á að það sé náttúrulögmál að þeir sitji í valdastólunum. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin sér fyrir sér með þessu máli að hún geti haft ákveðin áhrif á Ríkisútvarpið og mögulega umfjöllun í fréttum og fréttatengdum þáttum, að hún geti mögulega stjórnað pólitískri umræðu í samfélaginu í gegnum þann miðil. Þetta eru að sjálfsögðu getgátur og kenningar sem ég er að tala um og tala fyrir. Ég hef sjálf áhyggjur af því að ríkisstjórnin hafi verið að skipta sér um of af málefnalegri umfjöllun í Ríkisútvarpinu. Við erum öll minnug umræðunnar um Spegilinn sem hæstv. dómsmálaráðherra, fyrrverandi hæstv. menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, sá ástæðu til að reka hornin í á heimasíðu sinni á sínum tíma og varði síðan í viðtölum í fjölmiðlum víða. Þessi sami hæstv. ráðherra fékk til liðs við sig samflokksmann sinn og fyrrum útvarpsstjóra sem sömuleiðis lét í ljósi áhyggjur af vinstri slagsíðu á útvarpsþættinum Spegl-

inum og um þetta spunnust mjög miklar umræður. Ég var mjög hugsi yfir þeim umræðum öllum. Og það kemur upp í hugann þegar maður fer að lesa þau sjónarmið sem liggja að baki frumvarpinu, þegar maður fer að lesa á hvern hátt stjórn Ríkisútvarpsins verði fyrir komið samkvæmt frumvarpinu, að ég sé ekki annað en að verið sé að tryggja pólitísk ítök valdhafanna, pólitísk ítök ríkisstjórnarinnar. En það er meiri hluti Alþingis sem gert er ráð fyrir að samþykki og skipi þessa stjórn sem fyrirhugað er að fari fyrir þessu hlutafélagi. Síðan er það í verkahring menntamálaráðherra að ráða og reka útvarpsstjórann.

Ég spyr: Hvernig ætlar núverandi ríkisstjórn að beita þessum völdum sínum? Ég stend hér og mér líður þannig að hún kunni ekki með þessi völd sín að fara. Ég vísa til reynslunnar í þeim efnum. Ég spyr sjálfa mig núna á þessum tímapunkti hvort ríkisstjórnin muni halda áfram pólitískum afskiptum sínum, beinum og óbeinum, þegar og ef frumvarpið verður orðið að lögum, kannski í ljósi þess sem átti sér stað í Ríkisútvarpinu, ríkissjónvarpinu á laugardaginn var, kjördag 27. maí, þegar sá fáheyrði atburður átti sér stað að fréttir ríkissjónvarpsins voru að því er virðist ritskoðaðar og ákveðið var að fresta frásögn eða frétt sem unnin hafði verið um hálendisgönguna sem farin var frá Hlemmi og hingað niður á Austurvöll þar sem haldinn var útifundur til að mótmæla stóriðjuáformum ríkisstjórnarinnar og til að leiða fólki það fyrir sjónir að stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar væri á kjörseðlinum í sveitarstjórnarkosningum. Þessi ganga var gríðarlega öflug. Þegar ég var að fara af stað frá Hlemmtorgi leið mér eins og ég væri stödd í hópi þúsunda manna sem væru haldin sömu hugsjónum og ég um að bjarga hálendinu úr klóm þessarar hræðilegu ríkisstjórnar og þúsundum saman flykktist fólk niður Laugaveginn hingað á Austurvöll. Undir styttu Jóns Sigurðssonar fyrir framan Alþingishúsið var haldinn öflugur útifundur með kröfunni um að núverandi ríkisstjórn sleppti klóm sínum af hálendinu og sömuleiðis að sveitarstjórnir áttuðu sig á því að það væri stór og vaxandi hópur í samfélaginu sem vildi fara aðrar leiðir í atvinnuuppbyggingu en hengja sig á klafa álvæðingar ríkisstjórnarinnar og bjóða hingað heim erlendum auðhringum til að gera Ísland að stærstu álbræðslu í heimi. Frá þessari göngu var ekki sagt í fréttatíma ríkissjónvarpsins að kvöldi kjördags. Heimildir mínar herma að það hafi verið meðvituð ákvörðun að segja ekki frá göngunni fyrr en daginn eftir. Eflaust hafa menn borið það fyrir sig að kjörstaðir væru enn opnir og þar af leiðandi óttast að reiði stjórnvalda gæti komið til ef sagt yrði frá göngunni áður en kjörstöðum yrði lokað. Ég verð að segja að ríkisstjórnin og þessi pólitísku ítök sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa verið að planta inn í stofnunina leynt og ljóst eru hættuleg og koma ekki til með að breytast með þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs teljum okkur hins vegar vera með hugmyndir og tillögur í frumvarpsformi sem kæmu til með að breyta því ástandi. Þær hugmyndir og þær tillögur ganga út á stjórn sem yrði fjölskipuð, fjölskipað stjórnvald sem kæmi víða að og gæti tryggt fjölbreytni, fjölræði og fagmennsku í umfjöllun og stjórnun stofnunarinnar. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum í tvígang lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um Ríkisútvarpið og við erum þess fýsandi að þeim lögum verði breytt. Við teljum ekki ástæðu til að henda þeim, sannarlega ekki. Við tölum fyrir því að gerðar séu breytingar á núgildandi lögum sem tryggi öfluga innlenda dagskrárgerð og eins og menn vita sem sitja í þessum sal höfum við komið oftar en einu sinni, nánast á hverju ári í mörg ár höfum við komið með tillögu við fjárlagaumræðu þar sem við viljum að settir séu beinir peningar af fjárlögum ríkisins í það að styrkja innlenda dagskrárgerð svo Ríkisútvarpið geti staðið undir nafni sem ein merkasta menningarstofnun þjóðarinnar, sem ein af þeim stofnunum sem framleiða menningarefni, framleiða menningararf framtíðarinnar, en við því hefur auðvitað verið daufheyrst og þær tillögur okkar ekki fengið neitt brautargengi eða hljómgrunn.

Við höfum líka í hugmyndum okkar gengið út frá því að útvarpsráð í núverandi mynd verði lagt niður en í staðinn komi annars konar stjórnarform. Sett verði á laggirnar það sem við viljum kalla dagskrárráð og sömuleiðis viljum við að framkvæmdastjórninni verði breytt, framkvæmdastjórn útvarpsins yrði þá skipuð útvarpsstjóra og öllum framkvæmdastjórum deilda Ríkisútvarpsins. Við teljum það afar mikilvægt að framkvæmdastjórar deildanna komi að framkvæmdastjórn útvarpsins og sömuleiðis viljum við að jafnmargir fulltrúar, sem verði kjörnir af starfsmönnum, komi inn í framkvæmdastjórnina, jafnmargir og framkvæmdastjórar deildanna væru. Þar erum við að tala um að einn starfsmaður komi þá frá hverri deild og síðan gerum við ráð fyrir að einn fulltrúi dagskrárráðs sitji í framkvæmdastjórninni, hann hafi þar málfrelsi og tillögurétt og útvarpsstjóri verði svo formaður framkvæmdastjórnarinnar og framkvæmdastjóri fjármáladeildar verði varamaður útvarpsstjóra í framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin á samkvæmt hugmyndum okkar að bera ábyrgð á almennum rekstri, á mannaráðningum, á samræmingarstarfi deilda og annarri stjórn Ríkisútvarpsins og teljum við að með því sé hægt að tryggja ákveðið hlutleysi og fagmennsku og eins og ég sagði áðan fjölræði í stjórn Ríkisútvarpsins. Við viljum að ráðherra skipi samkvæmt tillögu dagskrárráðs útvarpsstjóra til fimm ára í senn þannig að ekki verði um beina ráðningu menntamálaráðherra á útvarpsstjóranum að ræða og svo viljum við að menntamálaráðherra skipi dagskrárráð Ríkisútvarpsins eftir hverjar alþingiskosningar þar sem í sitji einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn tilnefndur af Neytendasamtökunum, einn af Bandalagi íslenskra listamanna. Sömuleiðis sitji útvarpsstjóri í dagskrárráðinu, framkvæmdastjórar hljóðvarps og sjónvarps og einn fulltrúi sem verði tilnefndur af starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Þetta er í stórum dráttum hugmynd okkar að stjórn Ríkisútvarpsins sem tryggja ætti hlutleysi, fagmennsku, fjölræði og fjölbreytni í stjórnun og þá um leið í dagskrárgerðinni.

Varðandi dagskrárgerðina vitum við öll og ég hef vikið að því fyrr í máli mínu að dagskrárdeildirnar hafi verið sveltar hingað til og það er sárgrætilegt að horfa upp á það á hvern hátt ríkisstjórnin hefur farið að ráði sínum í þessum efnum, á hvern hátt Ríkisútvarpið hefur verið svelt út á brautir útboða sem hafa í sjálfu sér ekki skilað nema lág-

markshagræðingu, lítilli sem engri vil ég leyfa mér að fullyrða, og enn þá finnst mér að setja mætti stórt spurningarmerki við þær ákvarðanir sem á sínum tíma voru teknar að leggja niður alla dagskrárgerð innan stofnunarinnar sjálfrar.

Þá langar mig að víkja, frú forseti, nokkrum orðum að umræðu þeirri sem kom í kjölfar 2. umr. um þetta mál á Alþingi. Varaþingmaður minn, hv. þm. Atli Gíslason, kom á mjög málefnalegan hátt inn á höfundarréttarmál og vakti athygli á því að ekkert hefði verið ákveðið varðandi safnefnið og þá dýrmætu eign Ríkisútvarpsins og þjóðarinnar sem fólgin er í safninu sem hefur að geyma upptökur Ríkisútvarpsins frá 1930. Atli talaði um það af miklum sannfæringarkrafti að þarna væri í raun geymd saga þjóðarinnar í máli og myndum og um væri að ræða þjóðareign rétt eins og Þingvelli, Gullfoss, handritin á Árnastofnun, þjóðminjarnar á Þjóðminjasafninu og málverkin okkar á Listasafni Íslands. Ræður Atla um þessi mál vöktu athygli enda áttuðu menn sig á því að í safni Ríkisútvarpsins væri að finna upplestur þjóðskálda, svo sem nóbelsskáldsins, gagnmerk útvarpsleikrit, sögulega fréttaþætti af miklum tíðindum 20. aldar og einnig ákaflega dýrmæta menningarþætti, útvarpserindi, fræðsluerindi, fróðleik og vísindi, plötusafn og upptökur sem ættu engan sinn líka hér á landi.

Þegar nefndin tók svo málið undir sinn væng aftur milli 2. og 3. umr. fékk hún til sín forstöðumann þessa merka safns Ríkisútvarpsins, Elínu S. Kristinsdóttur safnstjóra, og í máli hennar kom fram staðfesting á því sem Atli Gíslason hafði sagt hér. Á endanum ákvað meiri hlutinn að mæta þessari gagnrýni Atla og út frá þeim upplýsingum sem nefndin fékk hjá safnstjóra Ríkisútvarpsins var ákveðið að setja fram þessa breytingartillögu á 4. gr. sem ég gerði að umtalsefni fyrr í ræðu minni. Það verður þá svo að Ríkisútvarpinu hf. mun verða óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu.

Það er til marks um það, eins og ég sagði áðan, hversu illa þetta er allt saman unnið að þetta skyldi fara fram hjá frumvarpshöfundunum, menntamálaráðherra, formanni menntamálanefndar og reyndar nefndinni allri á fyrri stigum. Í öllu falli einbeittum við okkur ekki að því að horfa á þetta með þessum hætti fyrr en eftir 2. umr. Eins og ég sagði áðan er safnið uppfullt af upptökum, menningararfi frá árinu 1930 þegar útsendingar Ríkisútvarpsins hófust. Þó að ekki hafi allt efni frá upphafsárum Ríkisútvarpsins og fram til þessa dags verið varðveitt eru þessar upptökur miklar gersemar. Þar eru að minnsta kosti þúsundir eða tugþúsundir af upptökum á segul- og myndböndum. Þetta á auðvitað bæði við um hljóðvarp og sjónvarp og svo varðveitir Ríkisútvarpið að auki mjög mikið safn, sennilega stærsta safn á landinu af útgefnum hljómplötum og tónleikaupptökur líka.

Safnstjórinn, Elín S. Kristinsdóttir, lagði áherslu á það bæði í fjölmiðlum og við nefndina að ekki hefði verið nægilega vel búið að safninu fram að þessum degi. Það er enn ein staðfestingin á því sem ég hef haldið fram að Ríkisútvarpið hafi mátt þola frá hendi stjórnvalda niðurlægingu, ekki hafa verið settir fjármunir í að halda þessum gersemum við og varðveita þær eða gera þáttagerðarfólki Ríkisútvarpsins kleift að nýta þær í framleiðslu efnis. Fjármunir til dagskrárgerðar hafa hingað til verið af svo skornum skammti og einnig fjármunir til safnsins. Nú er búið að afhjúpa það. Ekki hafa verið til fjármunir til þess að skrá þetta safn, fjármunir hafa ekki verið settir í að færa skrárnar á tölvutækt form nema að sáralitlu leyti og fjármunir hafa heldur ekki verið settir í að færa eldri upptökur yfir á stafrænt form til þess að auka möguleika á að varðveita þær.

Það er dagljóst að þetta safn eins og önnur þarf fjármuni til að reka sig og þeir hafa verið skornir við nögl af þeim sem fara með völdin í hinum opinberu sjóðum okkar og hagræðingarkrafan, ef kalla má það því orði, sem hvílt hefur á Ríkisútvarpinu, þ.e. niðurskurðarhnífur stjórnvalda, hefur orðið þess valdandi að ekki hefur verið hægt að sinna þessum gersemum eins og fagmenn sem þeirra gæta hefðu viljað.

Elín S. Kristinsdóttir sagði í blaðaviðtali í Morgunblaðinu þann 14. maí sl., með leyfi forseta:

„Því einn daginn þegar menn ætla að fara að sækja þessi gögn þá eru þau ekki lengur aðgengileg, ekki síst vegna breyttrar tækni."

Það er sem sagt ljóst að safnið hefur verið rekið undir fátæktarmörkum og það hefur að sjálfsögðu verið með vilja og vitund stjórnvalda eins og allt annað sem hefur verið að veikjast hjá Ríkisútvarpinu vegna fjárskorts. Þótt Ríkisútvarpið varðveiti þetta efni og hafi heimild til þess samkvæmt lögum að nýta það eru hér líka höfundarréttarleg álitamál. Knútur Bruun kom fyrir menntamálanefnd og fjallaði um þau sérstaklega og hefur látið hafa eftir sér að höfundarrétturinn sem hvíli á efninu sé mismunandi og margvíslegur, í sumum tilvikum á Ríkisútvarpið réttinn en í öðrum tilvikum þarf að semja við höfunda eða þá sem hafa rétt til flutnings. Það hefur svo sem gengið með ágætum þegar fjármunir hafa verið til staðar fyrir dagskrárgerðina, en það hefur ekki verið sem skyldi nú á seinni árum og það er mjög miður.

Ég vil einnig, frú forseti, nefna þau alvarlegu tíðindi að ekki skuli hafa náðst neinn árangur varðandi yfirlýsingar frá meiri hluta menntamálanefndar varðandi sjálfstæði fréttastofa Ríkisútvarpsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að rekin sé fréttastofa við Ríkisútvarpið og það heyri undir almannaþjónustuhlutverkið. En ekki er kveðið á um að fréttastofurnar eigi að vera tvær eins og nú er og hafa starfsmenn látið í ljósi ákveðnar áhyggjur í þeim efnum og telja að hér geti enn ein veikingin verið á ferðinni. Ef fréttastofurnar verði sameinaðar fækki öflugum fréttastofum á landinu um eina og það sé ákveðið áhyggjuefni. Ég tek undir það með starfsmönnum fréttastofanna að það sé áhyggjuefni að þá falli niður ákveðinn fjölbreytileiki. Þá erum við kannski komin að því hvers vegna það er svo mikilvægt að samfélag eins og okkar, sem er ekki fjölmennara en raun ber vitni, hafi á að skipa sterkum fréttastofum, ekki bara einni og ekki bara tveimur heldur helst af öllu fleiri. Það hlýtur að vera í þágu lýðræðislegrar umræðu í samfélagi okkar að fréttastofur séu gerðar sjálfstæðar og lög þurfa að kveða á um að svo verði. Það er það eina sem tryggir sjálfstæði. Ekki er þó víst að það tryggi sjálfstæði en það er í öllu falli ákveðin yfirlýsing sem starfsmenn á fréttastofunum geta þá notað sér sem öryggistæki ef þess er getið í lögum með hvaða hætti fréttastofurnar eru sjálfstæð-

ar. Nú er það svo að nýja fjölmiðlafrumvarpið okkar gerir ráð fyrir því að um þetta verði leidd í lög ákveðin atriði, ákveðnar vinnureglur sem skiptir verulegu máli að gildi um fréttastofur Ríkisútvarpsins líka, fréttastofur Ríkisútvarps og sjónvarps. Í því sambandi legg ég áherslu á að fréttastofurnar við þennan ríkisfjölmiðil, sem þarf að vera öflugur og þarf að hafa bolmagn, þurfa að mínu mati að vera tvær.

Ég nefndi fjölmiðlafrumvarp það sem nú er komið fram en var ekki komið fram þegar þessu máli var dreift. Það er alkunna að við sem störfuðum í fjölmiðlanefndinni svokölluðu óskuðum alltaf eftir því að þau mál yrðu rædd saman. Þegar ég sá að þetta frumvarp hafði ekki verið afgreitt frá Alþingi á þeim tíma sem fjölmiðlafrumvarpið var að líta dagsins ljós, eftir að hafa farið í gegnum hendurnar á lögspekingum sem höfðu samið það á grundvelli tillagna fjölmiðlanefndarinnar, var ég svo mikið barn að halda að heimilað yrði að taka fjölmiðlafrumvarpið til umfjöllunar og Ríkisútvarpsfrumvarpið yrði rætt á sama tíma, að bæði málin yrðu til umfjöllunar í nefndinni á sama tíma. Það gæti auðveldað okkur ýmislegt, það gæti auðveldað fjölmiðlum að fjalla um málin, það gæti gert þjóðinni betur kleift að skilja fjölmiðlaumhverfið hér á landi og á hvern hátt menn sæju fyrir sér að best væri að það þróaðist. En það var sem sé ekki heimilað og svo hefur það komið fram í þessari umræðu að málin hafi aldrei verið lesin saman í menntamálanefnd jafnvel þó að beiðni um það hafi komið fram.

Nú er það svo að hér skarast málin. Ákveðnir þættir í fjölmiðlafrumvarpinu koma til með að eiga við um Ríkisútvarpsfrumvarpið á sama hátt og þeir eiga við um aðra fjölmiðla, einkarekna fjölmiðla í landinu. Mér hefði fundist einfalt og sjálfsagt að menntamálanefnd fengi að lesa þessi frumvörp saman úr því að svo fór að fjölmiðlafrumvarpið kom fram áður en þetta frumvarp hafði verið endanlega afgreitt. Enn er komið að spurningu sem ekki hefur fengist viðhlítandi svar við: Hvers vegna hafnar meiri hlutinn því að þessi tvö frumvörp séu lesin saman í menntamálanefnd? Hvað gengur mönnum til? Einhverjar ástæður hljóta að vera fyrir því. Ef þær eru ekki málefnalegar reyna menn að fela svarið en ef þær eru málefnalegar hlýtur svarið að mega liggja á borðinu, en svo er ekki. Svarið við því hvers vegna ekki mátti lesa frumvörpin saman hefur ekki litið dagsins ljós, það hefur ekki verið borið fram. Mér þykir það mjög miður að menn skuli ekki eftir alla þá vinnu sem farið hefur í fjölmiðlafrumvarpið hafa viljað heimila menntamálanefnd að lesa frumvörpin saman og spyrja þá þeirra málefnalegu spurninga sem upp mundu rísa eftir slíkan lestur. En menn fara einlægt undan í flæmingi og forðast hina málefnalegu umræðu eins og ég hef vikið að áður.

Almannaþjónustuhlutverkið hefur verið mikið til umfjöllunar í þessari umræðu og fyrst og fremst í 2. umr. Ég tel fulla ástæðu til, eins og hv. þm. Mörður Árnason vék að hér áðan, að vekja athygli á því að það mál er ekki útrætt. Skilgreining sú sem kemur fram í 3. gr. er ekki fullnægjandi, hún hefur verið mikið gagnrýnd. Sú gagnrýni hefur að mörgu leyti verið mjög málefnaleg og fjölda spurninga sem varpað hefur verið fram um 3. gr., og þá töluliði þar sem útlista á hvern hátt menn sjá fyrir sér útvarp í almannaþágu, hefur ekki enn verið svarað. Ég hefði satt að segja óskað eftir því að sjá í nefndaráliti meiri hlutans miklu betur og efnislegar um það fjallað á hvern hátt menn sjá fyrir sér þetta almannaþjónustuhlutverk. Hv. þm. Mörður Árnason upplýsir síðan að fjölmiðlaskrifstofa Evrópuráðsins í Strassborg hefði haft ráðrúm og tíma til þess að gefa okkur einhvers konar umsögn um töluliðina í 3. gr. ef menn hefðu orðið við þeirri beiðni minni hlutans í menntamálanefnd að senda skilgreininguna þangað. Þá hefði verið hægt að fara yfir hana og gefa okkur áður en málið væri afgreitt frá þingheimi einhvers konar viðbrögð við því hvort almannaþjónustuhlutverkið, eins og það er tíundað í 3. gr., sé fullnægjandi eða hvort það stangist að einhverju leyti á við þær hugmyndir sem menn hafa verið að vinna með í Evrópu.

Í þessari umræðu allri höfum við auðvitað verið að miða okkur við Evrópuráðið og tilskipanir Evrópusambandsins í þessum efnum sem eru nokkuð samhljóða, held ég megi segja. Þegar svona stór mál eru á ferðinni og verið er að setja löggjöf sem maður skyldi ætla að menn vildu að stæði til framtíðar er eðlilegt að menn geri það sem hægt er til að fá sjónarmið frá reyndu fólki sem hefur djúpa þekkingu á málinu frekar en að menn reyni að koma sér hjá því að fá sérfræðiálit frá þeim sem gerst til þekkja.

Það sem ég sagði áðan um fréttastofur þær sem koma til með að verða reknar á þessum nýja miðli, þ.e. í þessu nýja félagi, og um nauðsyn þess að þær fái að vera sjálfstæðar og finni sig ekki undir valdi stjórnvalda á nokkurn hátt, kemur upp í huga minn þegar ég horfi á úrklippu úr Morgunblaðinu frá 7. desember 2005 um Ríkisútvarpið hf. Þá skrifaði leiðarahöfundur Morgunblaðsins leiðara um þetta nýja frumvarp. Sumt það sem leiðarahöfundur Morgunblaðsins sagði lýtur að áhyggjum mínum af ítökum stjórnvalda og valdi útvarpsstjórans sem er ráðinn af stjórnvöldum, þ.e. menntamálaráðherra. Mig langar til að vitna í klausu úr þessum leiðara frá 7. desember 2005. Þar segir, með leyfi forseta:

„Útvarpsstjóri mun því hafa mikið vald. Staða hans verður svipuð og staða æðsta manns á sumum dagblöðum í öðrum löndum, þar sem sami einstaklingur gegnir starfi framkvæmdastjóra og ritstjóra.“ — Svo segir: — „Það verður að fara vel með slíkt vald.“

Þetta eru orð að sönnu, frú forseti. Það verður að fara vel með slíkt vald og maður sem gegnir slíku starfi má ekki liggja undir neinu ámæli um einhvers konar tengsl við hæstráðendur hér, þ.e. menntamálaráðherra, og þess vegna kemst ég aldrei að neinni annarri niðurstöðu en þeirri að það sé hættulegt að menntamálaráðherra ráði útvarpsstjórann. Niðurstaða mín er alltaf sú að til verði að koma fagskipað ráð sem hefur fagleg sjónarmið að leiðarljósi sem sjái um þessa ráðningu. Í því samhengi hef ég horft til landa eins og Frakklands sem nýverið réði sér sjónvarpsstjóra að undangengnu miklu og flóknu ferli þar sem menn voru sér fullkomlega meðvitaðir um það hversu mikilvægt væri að halda þar vel á málum og að ráðningin væri hafin yfir alla gagnrýni og yrði eins málefnaleg og hugsast gæti. Ég held ég hafi einhvern tíma lýst því úr ræðustóli áður, en get hlaupið yfir það í örfáum orðum, að ráðningarferlið í Frakklandi var þannig að fimm af um það bil 30 umsækjendum voru valdir til að fara inn í ferlið og það tók langan tíma. Ráð var sérstaklega skipað til þessa eina verkefnis að ráða þennan sjónvarpsstjóra og meðal þeirra sem skipuðu í

það ráð var forseti Frakklands. Til að sýna hversu mikilvægt væri að ráðið væri fjölskipað og að þeir sem bæru hag þjóðarinnar mest fyrir brjósti ættu aðild að því að skipa í þetta ráð þá var forsetinn látinn skipa einn af þessum fimm. Ég man að vísu ekki hve margir voru í þessu ráði en alla vega var það að hluta til skipað af forseta Frakklands. Allir þeir fimm sem valdir höfðu verið inn í ráðningarferlið voru kallaðir fyrir ráðið. Þeir fengu tíma til að undirbúa skýrslu eða einhvers konar pappír um það hvernig þeir sæju fyrir sér framtíð sjónvarpsins og hvernig þeir mundu haga sínu starfi. Þeir fengu sérfræðinga til að aðstoða sig við það og unnu greinargerð sem þeir skiluðu til þessa ráðningarráðs. Greinargerðirnar voru allar settar á netið. Þetta var allt opinn „prósess". Þjóðin og áhugasamir fengu að fylgjast með hvernig þetta gekk og síðan á endanum valdi ráðið út frá þessum greinargerðum einn mann og rökstuðningur ráðsins var opinber. Þeir urðu að rökstyðja hvers vegna viðkomandi var ráðinn, hvað mælti með honum umfram aðra og hvers vegna viðkomandi hafði notið mests traust ráðningarráðsins. Í Frakklandi er talið mikilvægt að viðhafa vinnubrögð sem orka ekki tvímælis, að ferlið sé vandað, taki tíma og sé hafið yfir allan vafa um hagsmunatengsl. Ég hefði haldið að til verulega mikils sé vinnandi í okkar litla samfélagi að útbúa einhvers konar ráðningarferli sem gæti verið hafið yfir allan vafa um hagsmunatengsl.

Töluverð umræða, frú forseti, hefur orðið síðan fyrsta fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar kom fram um vinnubrögð, hlutverk og áhrifamátt fjölmiðla í samfélaginu. Ýmis mál hafa komið upp á síðustu missirum sem hafa vakið þessa umræðu, ekki bara þessi frumvörp sem um er að ræða heldur líka gagnrýni á fréttaflutning í fjölmiðlum. Það er ágætt að það sé haft í huga þegar þessi mál eru rædd. Það er eðlilegt að fréttaflutningur í fjölmiðlum sé gagnrýndur. En það er alvarlegt þegar ráðherrar ríkisstjórnarinnar sjá ástæðu til að ganga fram fyrir skjöldu og gagnrýna fréttaflutning eins og hæstv. fyrrverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, núverandi dómsmálaráðherra, hefur gert. Ég nefndi áðan dæmin um Spegilinn.

Það hefur líka borið við að hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hafi gengið fram fyrir skjöldu og gagnrýnt fréttaflutning fjölmiðla. Á síðasta ári sá hæstv. forsætisráðherra ástæðu til þess að senda frá sér yfirlýsingu þar sem hann lýsti furðu sinni á fréttaflutningi fjölmiðla vegna ákvörðunar íslenskra stjórnvalda að styðja innrás Bandaríkjamanna í Írak. Í yfirlýsingu þessa hæstv. forsætisráðherra Framsóknarflokksins, Halldórs Ásgrímssonar, sagði, með leyfi forseta:

„*Oftar en ekki hefur fréttaflutningurinn einkennst af útúrsnúningum og rangfærslum. Mjög hefur skort á að nákvæmni, vandvirkni og sanngirni hafi verið gætt.*"

Það er ekki oft að forsætisráðherrar í löndum gangi fram fyrir skjöldu með jafnharða gagnrýni og hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hefur gert þegar hann hefur séð ástæðu til að gagnrýna fréttaflutning fjölmiðlanna, enda vakti þessi yfirlýsing hæstv. forsætisráðherra verulega athygli og um hana var talsvert fjallað í fjölmiðlum og bæði fræðimenn og stjórnmálamenn tjáðu sig um hana á ýmsa lund.

Þær vangaveltur sem fóru af stað í tengslum við þessa yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra skiluðu sér á síður blaðanna, m.a. í viðtal við Þorbjörn Broddason, prófessor við Háskóla Íslands, í Fréttablaðinu þann 5. febrúar 2005. Þorbjörn lýsti því yfir að það væri sín skoðun að þó að hæstv. forsætisráðherra hefði séð ástæðu til að gagnrýna þetta svona harkalega þá sæi hann ekkert óeðlilegt við fréttaflutninginn af þessum stuðningi íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak. En hann viðurkennir að hér hafi fjölmiðlar fjallað um mikið álitamál og að almenningi hafi ekki staðið á sama um þetta mál. Það sem komið hafi frá stjórnmálamönnum hafi verið misvísandi og sitt á hvað, þeir hafi ekki verið samstiga í upplýsingum sínum sem gefnar voru til fjölmiðlanna og svörin frá stjórnarliðinu hafi verið loðin, það hafi nánast þurft að toga upp úr þeim svörin og síðan hafi stjórnvöld gjarnan mælst til þess að horft væri fram á við frekar en að einblína á það hvernig ákvörðunin um stuðning okkar við innrásina í Írak var tekin. En sannleikurinn er auðvitað sá að það er ekki í verkahring stjórnvalda að ákveða slíkt. Það er ekki í verkahring stjórnvalda að ákveða með hvaða hætti fjölmiðlar segja fréttir og það er ástæða til að halda stjórnvöldum frá því að hafa áhrif á hvernig fréttir eru sagðar, hvaða fréttir eru sagðar og hvaða fréttir ekki.

Það sem skiptir máli fyrir fjölmiðla okkar, fyrir þjóðlífið, fyrir umræðu í þjóðlífinu er að fréttamiðlarnir okkar séu trúverðugir og að algerlega sé hafið yfir allan vafa að nokkur hagsmunatengsl séu til staðar eða hagsmunaárekstrar.

Málið sem við nú afgreiðum er í mínum huga þannig útbúið að veruleg hætta er á að stjórnvöld fái þarna ítök sem gætu orðið hættuleg fréttaflutningi í landinu. Ég hef svo sem talað fyrir þeim sjónarmiðum áður og ítrekaði það í þessari ræðu minni að fara þurfi að með lýðræðislegri hætti til að tryggja fjölræði og fjölbreytni í fréttaflutningi og tryggja líka að lýðræðislegu hlutverki almannaþjónustu útvarpsins og Ríkisútvarpsins sé fullnægt.

Frú forseti. Full þörf er á að endurnýja innviði og starfsemi þá sem fram fer hjá Ríkisútvarpinu, bæði hljóðvarpi og sjónvarpi. Það hefur lengi verið svo og öllum sem í þessum sal sitja er kunnugt um að gerðar hafa verið margar tilraunir til að ná utan um það hvernig mætti hugsa sér breytingar á stofnuninni. Settir hafa verið á fót margir starfshópar og þeir hafa margir skilað skýrslum sem reyndar eru ekki allar á einu máli um hvernig væri best að breyta Ríkisútvarpinu. Sumir starfshóparnir hafa skilað niðurstöðu sem byggir á því að best sé að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag en aðrir hafa skilað niðurstöðu sem gengur í allt aðrar áttir. Ég er með álitsgerð frá Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins frá október 1999 um nýsköpun Ríkisútvarpsins. Það er satt að segja afar fróðlegt að blaða í henni. Í henni má lesa svör starfsmannasamtakanna á þeim tíma við spurningum á borð við þessa: Hvers vegna ættu almennir starfsmenn Ríkisútvarpsins að hafa stefnu viðvíkjandi ríkisútvarpi?

Sömuleiðis má lesa hugleiðingar um forsendur Ríkisútvarps yfir höfuð, hlutverk þess, fjárhag og rekstrarvanda. Einnig er fjallað um hvers vegna Ríkisútvarpið njóti þess trausts sem raun ber vitni hjá þjóðinni og þó svo ríkisvaldið og stjórnvöld hafi að því er virðist róið að því öllum árum að veikja traust Ríkisútvarpsins meðal þjóðarinnar hefur þeim ekki orðið kápan úr því klæðinu. Það hefur ekki tek-

ist. Enn er Ríkisútvarpið áreiðanlegasti fjölmiðillinn eða fréttamiðillinn í landinu að mati þjóðarinnar. Þetta kemur fram í skoðanakönnunum sem við höfum séð. Sömuleiðis er ljóst að Ríkisútvarpið sem stofnun nýtur mikils trausts sem öryggistæki og sem menningarstofnun vill þjóðin efla Ríkisútvarpið og innlenda dagskrárgerð.

Í þessari álitsgerð sem heitir Nýsköpun Ríkisútvarpsins er talað um að höfuðvandinn sem stafi af rekstri Ríkisútvarpsins sé óljós völd yfir dagskránni og að ráðningarmál séu í ólestri. Það er líka fjallað um að ónóg rækt sé lögð við starfsmenn. Síðan er varpað upp spurningunni hvað sé fram undan og tvær spár birtar, önnur bjartsýnisspá og hin svartsýnisspá. Svo eru nokkrir viðaukar sem eru mjög forvitnilegir eins og öll skýrsla þessa starfshóps. Það hefði svo sem verið nógu gaman að fara yfir þessa skýrslu í smáatriðum og túnda hér ýmsar hugmyndir sem þar eru á borð bornar, hugmyndir um ráð við núgildandi aðstæðum Ríkisútvarpsins og hvernig megi efla það séð frá sjónarhóli starfsmannanna.

Það er bjargföst skoðun mín að engir eru jafnfærir í að greina vanda vinnustaðar síns og þeir sem starfa á viðkomandi vinnustað, þeir sem vinna á gólfinu. Ef á ekki að treysta niðurstöðum og hugmyndum sem koma frá starfsmönnum eftir talsvert mikla yfirlegu, eftir samtöl og samstarf, hverju á þá að treysta? Að mínu mati er það kjánalegt og fáránlegt að treysta stjórnvöldum einum og sér, án alls samráðs, fyrir stefnumótun stofnunar á borð við Ríkisútvarpið. Það er alveg ljóst að núverandi stjórnvöld sem setja fram þetta frumvarp um Ríkisútvarpið hf. hafa ekki kynnt sér hugmyndir starfsmanna Ríkisútvarpsins frá 1999 um nýsköpun Ríkisútvarpsins. Þar eru margar sprúðlandi hugmyndir sem hefðu svo sannarlega átt heima í vinnu stjórnvalda varðandi endurnýjun og endursköpun þessarar merku stofnunar en ekkert af því sem kemur fram hjá starfsmönnunum endar inni í því máli sem ríkisstjórnin leggur fram, enda kemur á daginn þegar starfsmenn gefa umsagnir um málið að þeir sjá alla meinbugi á því að þetta frumvarp leiði af sér kraftmikla og öfluga stofnun. Menn eru mjög málefnalegir í umsögnum sínum um þetta og rekja á hvern hátt þeir hefðu frekar viljað sjá stofnunina efldа.

Frú forseti. Þótt gaman væri að fara yfir hugmyndir starfsmanna frá 1999 ætla ég að sitja á mér með að gera það en fara þess í stað yfir í næsta kafla ræðu minnar sem ég geri ráð fyrir að geti orðið lokakaflinn þar sem nokkuð er liðið á kvöld og ekki var gert ráð fyrir að hafa langan kvöldfund. Það sem mig langar til að gera að umtalsefni undir lok ræðu minnar er að mér þykir mjög mikilvægt að halda því til haga að ýmis rök mæla með því að Ríkisútvarpið heyri áfram undir þau lög sem verið er að kippa því undan hér, þ.e. stjórnsýslulög, lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og lög um umboðsmann Alþingis.

Meiri hlutinn hefur, eins og komið hefur fram, séð að sér varðandi upplýsingalögin. Án þess að færa að því nokkur rök hefur hann ákveðið að þetta félag, Ríkisútvarpið hf., muni nú heyra undir upplýsingalög en ekki undir lögin um umboðsmann Alþingis en ég vil til gamans vitna í 2. gr. laga um umboðsmann Alþingis sem fjallar um hlutverk umboðsmanns Alþingis. Ég hefði viljað fá umræðu um það og vildi gjarnan spyrja meiri hluta menntamálanefndar að því hvers vegna ekki hafi verið hægt að ákveða það á milli umræðna að lögin um umboðsmann Alþingis giltu um þetta félag á sama hátt og upplýsingalögin mega nú allt í einu gilda, sem menn voru þó búnir að segja við 1. og 2. umr. að engin þörf sé á að gildi um hlutafélagið. Án rökstuðnings hafa þeir nú skipt um skoðun. Hvers vegna var ekki hægt að skipta um skoðun lengra og heimila að lög um umboðsmann Alþingis giltu um félagið? Í 2. gr. þeirra laga segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti."

Í 3. gr. segir um starfssvið umboðsmannsins:

„Starfssvið umboðsmanns Alþingis tekur til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Starfssvið umboðsmanns tekur einnig til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur að lögum verið fengið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga."

Þessi lög eiga ekki að fá að gilda um Ríkisútvarpið hf. Umboðsmaður Alþingis sem á að hafa eftirlit með stjórnsýslunni á ekki að hafa eftirlit með Ríkisútvarpinu hf. sem þó er, eins og ég hef leitt rök að í máli mínu, grundvöllur lýðræðislegrar umræðu í landinu, ein af stoðunum undir lýðræðislega umræðu í landinu. Umboðsmaður Alþingis, sem samkvæmt laganna hljóðan á að gæta að því að lýðræðis sé gætt og þegnar landsins eða borgarar þess hafi lýðréttindi, á ekki að hafa heimildir samkvæmt þessum lögum til að skyggnast þarna undir yfirborðið. Enn höfum við ekki fengið að heyra neinn rökstuðning frá meiri hluta menntamálanefndar fyrir því hvers vegna upplýsingalögunum er kippt inn og félaginu kippt undir þau en ekki að sama skapi undir lögin um umboðsmann Alþingis.

Öll þessi umræða er í skötulíki hjá meiri hlutanum. Rökstuðningur er lítill sem enginn og verulega vantar á að fram fari málefnaleg umræða eða að þess sé gætt að þjóðin fái fullan skilning á því sem hér fer fram og er að eiga sér stað.

Frú forseti. Það er að mínu mati afar mikilvægt að hér á landi starfi almannafjölmiðill, fjölmiðill í almannaþjónustu sem tryggir þá hagsmuni sem felast í pólitískri og menningarlegri fjölbreytni í lýðfrjálsu þjóðfélagi. Ég tel að þessum markmiðum sé hætta búin með því sem háeffunin gerir ráð fyrir, að þarna sé ákveðnum lögum kippt úr sambandi og ekki hægt að láta þau gilda, eins og lögin um umboðsmann Alþingis, þegar álitamál kæmu upp um þetta nýja félag.

Frú forseti. Ég held að nú sé hægt að fara að segja amen eftir efninu enda nokkuð liðið á kvöld, þó að hér sé sannarlega tilefni til að halda áfram og segja meira. Mér er það afar þungbært að þurfa að viðurkenna að hér hafi ekki verið hægt að tala um fyrir meiri hlutanum. Það er ekki gaman fyrir stjórnarandstöðuþingmann, sem hefur látið þetta mál brenna á sér, að viðurkenna að hér líti út fyrir að hann sé að lúta í lægra haldi og menn ætli ekki að láta sannfærast af innblásnum ræðum stjórnarandstöðunnar nema að litlu leyti. Ég ítreka að í framhaldsnefndaráliti minni hluta menntamálanefndar á þskj. 1251 er stjórnarmeirihlutinn

gagnrýndur fyrir vinnubrögðin á þann hátt sem þar er sagt, að frumvarpstextar hafi verið undirbúnir í leynd hjá sérstökum trúnaðarmönnum flokkanna og að upplýsingum hafi verið haldið frá almenningi, fjölmiðlum, starfsmönnum Ríkisútvarpsins og þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Því er haldið fram að í stað þess að efna til almennrar umræðu um Ríkisútvarpið og reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um framtíðarskipan þess hafi forstöðumenn stjórnarflokkanna sammælst um tillögur sem einkennast annars vegar af kreddu og hins vegar af hrossakaupum.

Það er auðvitað ömurlegt til þess að vita þegar maður verður svo vitni að því núna eftir nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar að þessum stjórnarflokkum skuli vera svo tamt að viðhafa slík vinnubrögð sem einkennast af kreddu og hrossakaupum, og ég sé því ekki annað en að minni hluti menntamálanefndar hafi lög að mæla í þessu framhaldsnefndaráliti og að sú kraftmikla og málefnalega umræða sem maður óskaði að gæti farið fram um málið hafi meira eða minna verið kaffærð eða drepið á dreif af stjórnarmeirihlutanum sem hefur ekki komið inn í hina málefnalegu umræðu um það nema að svo litlu leyti.

Frú forseti. Að lokum ómar hér enn í loftinu spurningin sem ég hef heldur aldrei fengið svör við, hvorki frá hæstv. menntamálaráðherra né formanni menntamálanefndar, en hún er sú: Úr því að hægt var að hafa pólitískt samráð og ná pólitískri sátt um hið almenna fjölmiðlafrumvarp, hvers vegna í ósköpunum var ekki hægt að freista þess að ná sömu sátt eða a.m.k. beita sömu vinnubrögðum við samningu frumvarps um Ríkisútvarpið? Mér þykir mjög miður að menn hafi farið þá leið sem hér hefur verið farin og lýsi miklum vonbrigðum með þær málalyktir sem virðast vera fyrir dyrum.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–6. mál.

Fundi slitið kl. 21:12.

---

118. FUNDUR

miðvikudaginn 31. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins, fsp. RG, 681. mál, þskj. 997.

Til menntamálaráðherra:

2. Reiknilíkan framhaldsskóla, fsp. SÞorg, 471. mál, þskj. 699.

3. Samræmd lokapróf í grunnskóla, fsp. BjörgvS, 621. mál, þskj. 907.

4. Íþróttastefna, fsp. VF, 753. mál, þskj. 1102.

5. Eignir Listdansskóla Íslands, fsp. VF, 758. mál, þskj. 1107.

6. Námsbækur, fsp. BjörgvS, 764. mál, þskj. 1113.

7. Skoðanakannanir, fsp. MÞH, 769. mál, þskj. 1130.

8. Framhaldsskóli í Suðvesturkjördæmi, fsp. RG, 775. mál, þskj. 1152.

Til dómsmálaráðherra:

9. Hugverkastuldur, fsp. BjörgvS, 763. mál, þskj. 1112.

Til sjávarútvegsráðherra:

10. Hrefnuveiði, fsp. SigurjÞ, 772. mál, þskj. 1134.

Til iðnaðarráðherra:

11. Nýtanlegt vatnsafl og æskileg álframleiðsla, fsp. MÁ, 773. mál, þskj. 1149.

Til viðskiptaráðherra:

12. Afnám verðtryggingar lána, fsp. VF, 755. mál, þskj. 1104.

Til samgönguráðherra:

13. Öryggisgæsla við erlend kaupskip, fsp. MÞH, 802. mál, þskj. 1279.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 2. þingmanni Norðausturkjördæmis, Halldóri Blöndal, dagsett 30. maí:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi, Sigríður Ingvarsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Sigríður Ingvarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á Alþingi á ný.

[13:33]

Útbýting:

Menntaskólinn í Kópavogi og ógreiddar verðbætur, 653. mál, svar menntmrh., þskj. 1294.

Neysluviðmiðun, 798. mál, svar viðskrh., þskj. 1289.

Nýbyggingar, 804. mál, fsp. JóhS, þskj. 1290.

Persónuafsláttur til greiðslu útsvars, 800. mál, svar fjmrh., þskj. 1288.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, 610. mál, nál. utanrmn., þskj. 1285.

Samningur um tölvubrot, 692. mál, nál. utanrmn., þskj. 1286.

Skerðing vaxtabóta, 674. mál, svar fjmrh., þskj. 1287.

Tollalög og tekjuskattur, 733. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1309.

Tóbaksvarnir, 388. mál, brtt. PHB, þskj. 1310.

Útgáfa krónubréfa, 781. mál, svar forsrh., þskj. 1291.

Ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins.

Fsp. RG, 681. mál. — Þskj. 997.

[13:34]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég hleyp í skarðið fyrir hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem er að sinna skyldustörfum erlendis og ber svohljóðandi fyrirspurn til forsætisráðherra:

1. Hvað líður setningu reglna um leyfi starfsmanna frá störfum í ríkisþjónustu þegar þeir taka tímabundið við öðrum störfum, svo sem hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eða kjörnum trúnaðarstörfum, samanber þingsályktun um það mál sem samþykkt var 7. maí 1998?

2. Hefur verið kannað hvaða reglur eru í gildi á annars staðar á Norðurlöndunum um ólaunuð leyfi frá störfum?

Ástæða þessarar fyrirspurnar er eins og kemur reyndar fram í henni sjálfri að samþykkt var þingsályktun í maí 1998 þar sem ríkisstjórninni var falið að láta semja slíkar reglur og flutningsmaður þingsályktunartillögunnar var Rannveig Guðmundsdóttir en auk hennar voru ýmsir þingmenn meðflutningsmenn og tveir þeirra eru nú ráðherrar, þ.e. hæstv. umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, og hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir. Það eru sem sagt liðin átta ár síðan þingsályktunin var samþykkt. Gengið hefur verið eftir því nokkrum sinnum hvort þetta hafi verið gert og eitthvað lítið orðið um svör. Því spyr hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir eina ferðina enn um þetta mál.

Það er mjög mikilvægt, virðulegur forseti, að í gildi séu skýrar reglur um ráðningar og réttarstöðu starfsmanna í stjórnsýslunni þannig að það sé ekki geðþótti eða pólitísk velvild eða óvild sem ráði því, bæði hvernig staðið er að ráðningum starfsmanna eða hvernig staðið er að leyfisveitingum eða öðrum slíkum hlutum. Nú hefur Rannveig Guðmundsdóttir látið sig þessi mál miklu varða og m.a. flutt um það þingsályktunartillögu, ásamt fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar, að skilið verði á milli embættislegra og pólitískra ráðninga. Á undanförnum árum eru því miður mörg dæmi um að ómálefnaleg sjónarmið hafi ráðið för í starfsmannamálum ríkisins. Þar nægir að nefna skipan hæstaréttardómara, starfslok framkvæmdastýru Jafnréttisstofu, ráðningu fréttastjóra Ríkisútvarpsins sem reyndar gekk til baka, ráðningu ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu og málsmeðferð í máli ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu, sem einmitt fékk leyfi frá störfum til að sinna störfum fyrir íslenska ríkið á alþjóðavettvangi en kom síðan til baka og fann annan á fleti fyrir í ráðuneyti sínu.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, hefur rannsakað pólitískar stöðuveitingar á Íslandi og hjá honum kemur fram að talsvert sé um slíkt. Til að koma í veg fyrir það þurfi að vera skýrar málsmeðferðarreglur (Forseti hringir.) og skýr aðgreining í pólitískum og embættislegum ráðningum. (Forseti hringir.)

[13:37]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Með bréfi dagsettu 24. júlí 1998 var fjármálaráðuneytinu falin framkvæmd þessarar þingsályktunar sem var samþykkt 28. maí 1998. Forsætisráðuneytið óskaði með bréfi dagsettu 30. mars sl. eftir upplýsingum um framvindu málsins hjá fjármálaráðuneytinu og svar ráðuneytisins var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Vegna fyrri liðs fyrirspurnarinnar er því til að svara að reglur af þessu tagi hafa enn ekki verið settar. Ástæða þess er sú að bréf forsætisráðuneytisins, dagsett 24. júlí 1998, þar sem fjármálaráðuneytinu var falin framkvæmd þingsályktunar þeirrar sem fyrirspurnin beinist að var bókað sem afgreitt og gengið frá því sem slíku í skjalasafni ráðuneytisins á fyrri hluta ársins 2000. Því miður hefur ekki tekist að rekja hvernig þessi mistök áttu sér stað en þær litlu vísbendingar sem fyrir hendi eru benda til að mannaskipti innan ráðuneytisins gætu hugsanlega hafa spilað þar inn í án þess að hægt sé að fullyrða frekar um það.

Um leið og þessi mistök eru hörmuð mun af hálfu fjármálaráðuneytisins verða gengið í það að setja slíkar reglur. Sú vinna mun óhjákvæmilega taka nokkurn tíma þar sem nokkur álitaefni vakna strax, eins og t.d. hvaða stofnanir skuli flokka sem alþjóðastofnun, hvenær menn teljast kosnir til trúnaðarstarfa og hvað er fellt undir trúnaðarstörf. Eins er það ekki auðvelt að taka afstöðu til þess hvenær og að hvaða leyti leyfistíminn skuli metinn til réttindaávinnings, svo nokkur atriði séu nefnd.

Vegna seinni liðs fyrirspurnarinnar er því til að svara að af sömu ástæðu og fyrr greinir hefur ekki verið kannað hvaða reglur eru í gildi annars staðar á Norðurlöndunum um ólaunuð leyfi frá störfum, en fjármálaráðuneytið mun leita eftir upplýsingum frá nágrannaþjóðum okkar um það hvaða reglur þeir noti í slíkum tilvikum."

Ég get því miður ekki sagt miklu meira um þetta mál, virðulegur forseti, en forsætisráðuneytið mun að sjálfsögðu fylgja því eftir en harmar jafnframt þær tafir og þau mistök sem orðið hafa. Ég tel að mikilvægt sé að um þetta séu reglur. Samkvæmt minni reynslu hefur það ávallt verið þannig að hvatt hefur verið til þess að Íslendingar taki við störfum hjá alþjóðastofnunum og ég tel nauðsynlegt að svo sé og að embættismenn okkar hafi gott svigrúm til þess vegna þess að af því er mikill sómi. Þeir aðilar sem hafa tekið þátt í slíkum störfum hafa samkvæmt minni reynslu reynst vel í þeim störfum og orðið okkur á margan hátt til gagns. Að því er mig varðar sem ráðherra hef ég ávallt hvatt til þess að Íslendingar tækju við slíkum störfum og að reynt sé að greiða fyrir því eftir því sem nokkur kostur er.

Í öðrum tilvikum er það þannig að við eigum möguleika á því að setja menn til slíkra starfa þó að það séu oft mikil undantekningartilvik, hvort sem það er hjá EFTA eða ESA eða stofnunum sem við eigum aðild að. Þá eru það ekki viðkomandi embættismenn sem ákveða það, heldur þeir ráðherrar sem hafa með málið að gera. Það gildir því nokkuð annað um það. En ég endurtek að ég harma þessi mistök og gengið verður eftir því að ganga í þetta sem fyrst.

[13:42]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka svör forsætisráðherra við fyrirspurninni sem voru einfaldlega á þá leið að fjármálaráðuneytið hefði gert mistök í færslum sínum og bókað þetta erindi sem afgreitt, þ.e. að ráðuneytið hefði ekkert gert í málinu í þau átta ár sem liðin eru frá því að þings-

ályktunartillagan var samþykkt. Ég verð að játa það, virðulegur forseti, að mér finnst þetta bara beinlínis pínlegt, að fjármálaráðuneytið skuli fá erindi fyrir átta árum, bóka það með röngum hætti og ekkert hafi gerst í málinu. Ég tek þessi svör ekki alveg góð og gild vegna þess að ég veit að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur gengið eftir því hvað liði vinnu við þetta mál. Hún hefur svo sem ekki fengið mikil svör en að allan þann tíma skuli menn ekki hafa áttað sig á þessum mistökum, í þessi átta ár.

Þar fyrir utan finnst mér það bara beinlínis pínlegt að stjórnsýsla ríkisins skuli vera með þeim hætti að mönnum þar skuli ekki hafa dottið það í hug, allan þennan tíma, að eigin frumkvæði og fyrir eigið hyggjuvit að það þyrfti að setja slíkar reglur um það með hvaða hætti skyldi farið með mál þeirra starfsmanna ríkisins sem sækja á erlendan vettvang og sinna þar störfum fyrir ríkið, ekki síst vegna þess að við höfum verið allan þennan tíma með mál eins einstaklings hér til meðferðar í kerfinu sem fór einmitt utan til að sinna slíkum störfum, kom heim og fékk ekki starfið sitt aftur sem hann taldi þó víst þegar hann tók að sér að fara fyrir íslenska ríkið til útlanda og sinna þar störfum. Hann fékk ekki starfið sitt aftur og hann hefur velkst um í kerfinu allan þennan tíma sem þetta mál hefur verið í gangi i í stjórnsýslu ríkisins og velkst þar án þess að nokkuð væri með það gert.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að mér finnst þetta pínlegt, bæði vegna þess að átta ár eru síðan þetta var samþykkt og eins vegna hins, að stjórnsýslan (Forseti hringir.) skuli ekki hafa fundið upp á því sjálf að setja slíkar reglur.

Umræðu lokið.

Reiknilíkan framhaldsskóla.

Fsp. SÞorg, 471. mál. — Þskj. 699.

[13:44]

Fyrirspyrjandi (Sigurrós Þorgrímsdóttir):

Virðulegi forseti. Frá árinu 1998 hafa niðurstöður reiknilíkans í samræmi við 39. gr. laga um framhaldsskóla verið grundvöllur tillagna til fjárlaga og skólasamninga milli framhaldsskóla og menntamálaráðuneytisins. Skólasamningarnir kveða á um samþykkt skóla og ráðuneytis, m.a. vegna fjárframlaga og námsframboðs. Í reglugerð um reiknilíkan til að reikna út kennslukostnað framhaldsskóla, sem sett var með stoð í lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, sem gefin voru út 1999, segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Hlutverk reiknilíkansins er að tryggja jafnræði skóla til fjárveitinga í samræmi við stærð, gerð, staðsetningu og samsetningu náms. Líkanið skal tryggja eftir því sem frekast er unnt faglegt starf skólanna um leið og það stuðlar að aðhaldi í meðferð fjármuna vegna kennslu, rekstrar og stofnkostnaðar.“

Fljótlega eftir að farið var að nota reiknilíkanið kom fram nokkur óánægja með það, sérstaklega hjá verkmenntaskólunum, því margir töldu að reiknilíkanið kæmi ekki vel út fyrir iðn- og verkmenntaskólana. Miðað við það er fjöldi nemenda í fagbóklegum áföngum 25 en í sumum áföngum í verknámi er stundum aðeins innan við tugur nemenda sem sækir um nám. Því getur verið mjög óhagstætt fyrir skólana að þurfa að vera með 25 nemendur. Annað sem skiptir máli í verknámi er kennslurými. Samkvæmt fyrstu útgáfu reiknilíkansins voru allar stofur metnar eins óháð stærð og búnaði.

Menntamálaráðuneytið tók reiknilíkanið til endurskoðunar og greitt var samkvæmt nýju reiknilíkani til framhaldsskólanna fyrst árið 2003. Samkvæmt hinu nýja reiknilíkani var rekstrarframlögum til skólanna í heild að aukast og virðist nú vera tekið tillit til stærðar og notkunar stofnana. Í skólunum, sér í lagi verkmenntaskólunum, er mismunandi rafmagnsnotkun, þrif eru önnur í venjulegri bóknámsstofu, bílgreinum eða þar sem unnið er með matvæli. Í reiknilíkanið virðist vera tekið aukið tillit til framangreindra þátta, svo sem rafmagnsnotkunar, ræstinga og tækjakaupa. Eftir því sem best verður séð ættu þessar breytingar á reiknilíkani að koma betur út fyrir verkmenntaskólana en eldra reiknilíkanið. Því spyr ég hæstv. menntamálaráðherra:

Hvaða áhrif höfðu breytingar á reiknilíkani framhaldsskóla sem komu til framkvæmda árið 2003 á verkmenntaskólana, þ.m.t. á hópastærðir í fagbóklegum áföngum og mat á kennslurými?

[13:47]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Jú, það er rétt að reiknilíkaninu fyrir skiptingu fjár til framhaldsskóla var breytt eftir fjögurra ára reynslutíma og breytingarnar tóku síðan gildi við fjárlagagerðina fyrir árið 2003. Breytingarnar voru nokkuð víðtækar en eðli líkansins er slíkt að breytingar einstakra liða eða forsendna fléttast hver inn í aðra og hafa mismunandi áhrif eftir skólum vegna samsetningar námsins, stærðar og staðsetningar. Aðalbreytingarnar 2003 snerust annars vegar um einföldun eða fækkun á forsendum almenns rekstrar, hins vegar um breyttan reikning húsnæðis og búnaðar. Megintilgangurinn var að framlög yrðu nær raunverulegum tilkostnaði vegna búnaðar á fermetra og þá mismunandi eftir námsgreinum í stað meðaltalsreiknings sem áður gilti. Með þessu móti batnaði hagur verk- og starfsnáms þar eð því var reiknað meira rými og dýrari búnaður en áður og komið til móts við þá gagnrýni sem hafði þá verið á reiknilíkanið um nokkurn tíma. Framlög samkvæmt líkani eru því hærri sem þessi búnaður skóla er dýrari og jafnframt í meiri notkun.

Á sama tíma, frú forseti, var bóklegum áföngum skipt í tvennt, þeir áfangar sem einkum falla að einstökum verknámsbrautum voru skilgreindir sérstaklega og kallaðir fagbóklegir áfangar síðan. Þetta merkir að nemendur í bóklegum verknámsfögum, fagbóklegum áföngum, þurfa ekki að vera nema 12 í stað um 20 áður til þess að framlög svari tilkostnaði við viðkomandi hóp. Við þessa breytingu eina fluttust yfir 100 millj. til verknáms miðað við það sem áður var.

Hvað húsnæði varðaði var breytingin í nýja líkaninu einkum fólgin í því að líta til nýtingar húsnæðisins. Útkoman úr þeim endurreikningi var óháð bóknámi eða verknámi.

Hvað varðaði framlög til eignakaupa var útkoma verknámsskólanna að jafnaði mun betri eftir breytingu, einkum þeirra sem þurfa dýrustu kennslutækin. Árið 2003, síðasta árið sem eldri gerð reiknilíkansins var notuð, voru 17 af 27 skólum sem féllu undir reiknilíkanið reknir með halla, þar af voru 11 sem kalla má hreina og klára verknámsskóla. Árið 2004, fyrsta heila árið þegar fjárveitingar voru í samræmi við nýja líkanið, voru þrír verknámsskólar í hallarekstri. Fullyrða má, frú forseti, af þessu að rekstrargrundvöllur verknáms og verknámsskóla hafi breyst til batnaðar frá því að þessar breytingar voru gerðar enda gæti skólar þess að halda nýtingu húsnæðis og hópstærðum í meðalhófi.

Það hefur líka margoft komið fram í umræðum hér á þingi, við fyrirspurnir og eitt og annað sem var rætt varðandi reiknilíkanið varðandi framhaldsskólana — og ég held að það sé alveg sjálfgefið, ég hef sagt það og fleiri ágætir þingmenn hér í þessum sal — að meginforsendur reiknilíkansins eru góðar en auðvitað ber ávallt að taka tillit til raunveruleikans. Það er sífellt verið að endurskoða, það er verið að athuga þær athugasemdir og ábendingar sem koma fyrst og fremst frá skólafólkinu, reiknilíkanið er í sífelldri endurskoðun til þess að mæta raunverulegri þörf. Þessi breyting sem var gerð árið 2003 hefur greinilega mætt þeirri gagnrýni sem var á reiknilíkanið, þ.e. að gera verknámsskólunum auðveldara að reka sig á grundvelli þessa náms sem er mun kostnaðarsamara en annað.

[13:51]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra og hv. fyrirspyrjanda hér að ranglátt reiknilíkan er búið að valda miklu tjóni í íslensku framhaldsskólakerfi vegna þess að það hefur mismunað verknámsskólum, það hefur mismunað heimavistarskólum, þeim skólum sem einkum eru í dreifbýli, og gert stöðu þeirra miklu óvissari.

Það hefur að nokkru leyti verið leiðrétt en þó ekki alveg, og fjarri því. Enn þá er það miðað við húsnæði, t.d. eru þessir skólar með miklu meira húsnæði almennt á hvern nemanda sem þeir hafa ekki fengið leiðréttingu fyrir. Þá standa þeir líka enn þá eftir með skuldir, bókfærðar skuldir frá fyrri árum þegar kerfið var sem ranglátast, og þeim er síðan gert að greiða þessar skuldir upp nú sem er líka ranglátt.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Af hverju eru þessar gömlu skuldir vegna rangláts reiknilíkans ekki skornar (Forseti hringir.) af skólunum?

[13:52]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég leyfi mér að fullyrða að ég tel það eina jákvæðustu breytingu í skólakerfinu þegar upp var tekið reiknilíkan en hins vegar til þess að reiknilíkan virki þarf það að sjálfsögðu að vera í stöðugri endurskoðun, það þarf að hafa sveigjanleika og um það þarf að vera sátt á milli hins opinbera og skólasamfélagsins. Miðað við hvernig fjárveitingar til skóla voru áður en reiknilíkanið var tekið upp má segja að þetta séu miklar framfarir.

Hins vegar þarf reiknilíkan að hafa þann sveigjanleika að þegar forsendur breytast í einstökum skólum þarf að vera hægt að bregðast við, t.d. ef nemendafjöldi eykst umfram það sem áætlað hafði verið þarf að vera hægt að bregðast við. Af þessu tilefni leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðherra hvort framhaldsskólar muni t.d. geta innritað alla þá nemendur sem sækja um, jafnvel þó að umfram sé áætlun.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Sigurrós Þorgrímsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir greinargóð svör. Það er rétt að það er mjög mikilvægt að hafa reiknilíkan, við vitum það, fyrir kennslu og rekstrarkostnaði framhaldsskólanna. Þær breytingar sem komu til framkvæmda núna 2003 með þessu nýja reiknilíkani sýna að tillit hefur verið tekið til verkmenntaskólanna. Það er náttúrlega jákvætt að nú er heimilt að hafa 12 nemendur í stað 25 og að jafnframt gerir reiknilíkanið betur grein fyrir húsnæði og þrifum og öðru en ég held að reiknilíkanið þurfi að vera í stöðugri endurskoðun, eins og ráðherra kom inn á. Mér skilst nú að svo sé. Það þarf líka að gæta þess að það eru e.t.v. 10 nemendur eða færri sem sækja inn á ákveðnar verknámsbrautir, og það þarf að vera vel vakandi yfir því að þessir nemendur fái inni í skólunum svo hægt sé að kenna þessa áfanga.

Ég þakka enn og aftur ráðherra fyrir hennar greinargóðu svör og ég heyri að hún er öll af vilja gerð til þess að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að koma þessu áfram.

[13:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er rétt sem hefur komið fram, og það er gott að finna þennan tón sem er hér hjá hv. þingmönnum, að það er mikilvægt að reiknilíkanið sé sveigjanlegt og verði áfram sveigjanlegt. Við sjáum það m.a. á svari mínu að fram til þessa hefur það verið það. Reiknilíkanið er nú þegar í endurskoðun og þar tökum við m.a. tillit til þeirra ábendinga og þess skólafólks sem nú er starfandi í skólum landsins.

Það er sem betur fer enginn að tala um að leggja niður eða taka af reiknilíkanið. Það er enginn að ræða það, heldur það hvernig við getum gengið samhent í það að fara í ákveðnar leiðréttingar sem þarf að gera. Í meginatriðum stendur það þó fyrir sínu. Húsnæðið hefur verið leiðrétt að hluta, við sjáum tilfærslu á fjármunum — sem allir hafa verið að tala um — yfir til verknámsskólanna, m.a. í ljósi þess kostnaðarsama náms sem þar er starfrækt.

Ég vil sérstaklega taka fram varðandi rekstur skólanna almennt séð — þó er það ekki alveg undantekningarlaust — að rekstrarstaða framhaldsskólanna er góð. Ég dreg m.a. þá ályktun að reiknilíkanið hafi gert rekstrarstöðu skólanna betri en hún ella hefði verið og það er auðveldara að reka framhaldsskólana. Hitt er síðan annað mál hvað varðar innritunina að að sjálfsögðu munum við gera allt til þess að koma öllum nemum inn í framhaldsskólakerfið. Þar þurfa auðvitað þingmenn að leggja sín lóð á vogarskálarnar til þess að fjárlagagerðin standi undir þeim kröfum sem fram-

haldsskólakerfið gerir ráð fyrir og gerir til okkar sem stöndum að fjárlagagerðinni.

Umræðu lokið.

Samræmd lokapróf í grunnskóla.

Fsp. BjörgvS, 621. mál. — Þskj. 907.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra:

1. Kemur til greina að leggja niður samræmd lokapróf í grunnskóla?

2. Telur ráðherra að prófin sýni með fullnægjandi hætti fram á færni grunnskólanemenda?

3. Telur ráðherra að leggja eigi meiri áherslu á að prófa færni í verklegum greinum í samræmdum lokaprófum í grunnskóla?

Það sem ég spyr hæstv. ráðherra um er hvort það komi til greina að hennar mati að endurskoða fyrirkomulag á samræmdum prófum í grunnskóla. Sjálfur tel ég að þau próf orki mjög tvímælis og tek undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á prófin að þau mæli kannski síst það sem mestu máli skiptir sem er færni í mannlegum samskiptum og lífsleikni hvers konar. Í reynd eru samræmd próf í grunnskólum lítið annað en inntökupróf í framhaldsskólana og til þess að mínu mati nokkuð vafasamt tæki þar sem aðrar færari og jafnvel sanngjarnari leiðir eru til til að velja nemendur inn í framhaldsskólana.

Ég tel að það eigi að endurskoða þetta mjög rækilega og hv. formaður menntamálanefndar tók nokkuð undir það sjónarmið hér í umræðum fyrir skömmu þegar samræmd stúdentspróf voru aflögð eftir að hafa verið mjög umdeild innan framhaldsskólakerfisins. Ég tel sjálfur að það eigi að fara sömu leið í grunnskólunum og það eigi að endurskoða mjög rækilega fyrirkomulag á samræmdum lokaprófum með það helst að markmiði að leggja þau af í núverandi mynd þó svo að til greina komi að halda eftir samræmdum prófum í tveimur greinum, íslensku og stærðfræði jafnvel. Ég held að önnur missi algjörlega marks, þetta sé álag á nemendur sem dragi orku og athygli frá öðru sem máli skiptir og þau nái ekki að standa undir því sem þau eiga að standa undir.

Þess vegna beini ég þeim fyrirspurnum til hæstv. menntamálaráðherra hvort til greina komi að hennar mati að leggja þessi próf niður og hvort þau nái þeim markmiðum sem prófin augljóslega eiga að hafa og tilgangur þeirra er. Einu sinni voru þessi próf fjögur, nú eru þau orðin sex, vissulega valkvæð að einhverju leyti en það er allt of mikil áhersla á samræmingu og miðstýringu í menntakerfinu. Ég held að það væri mjög gagnlegt og mikilvægt að byrja á því að leggja niður í núverandi mynd samræmd lokapróf í grunnskólum og finna aðrar og betri leiðir til að ná þeim markmiðum að mæla nemendur inn í framhaldsskólana. Ég held að þau vinni heilmikinn skaða þar á móti af því að samræmdu lokaprófin í grunnskólum flokka fólk líka niður með mjög rækilegum og afdráttarlausum hætti sem fylgir fólki síðan oft með mjög neikvæðum afleiðingum út í lífið. Ég held að samræmd lokapróf í grunnskólum séu varasamt (Forseti hringir.) tæki sem við eigum að leggja af.

[14:00]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Forseti. Í byrjun mars síðastliðnum var skipuð nefnd sem fékk það hlutverk að vinna að heildarendurskoðun á grunnskólalöggjöfinni, að mínu mati ein mikilvægasta nefndin sem er að störfum núna, og þá í nánu samstarfi við hagsmunaaðila. Til að tryggja sem besta yfirsýn yfir þær breytingar sem æskilegt er að gera á grunnskólalögunum á nefndin m.a. að ræða við fulltrúa frá öðrum ráðuneytum, svo sem frá félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, umboðsmanni barna, Samtökum fámennra skóla, Samtökum sjálfstæðra skóla, kennaramenntunarstofnunum, sérfræðiþjónustu, Námsmatsstofnun, Námsgagnastofnun, Hagstofu Íslands og enn fremur að sjálfsögðu fulltrúa kennara sem eiga líka sæti í nefndinni og kanna og fá fram sjónarmið grunn- og framhaldsskólanema.

Eitt af því sem að sjálfsögðu verður skoðað og rætt um við hagsmunaaðila er núverandi fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í lok grunnskóla og hvort gera þurfi breytingar á formi þeirra og/eða fyrirkomulagi. Nefndin mun skila stuttri áfangaskýrslu í september og fullunnu frumvarpi eigi síðar en í lok desember á þessu ári. Þá mun liggja fyrir hvort nefndin og samráðsaðilar telja þörf á breytingum á samræmdum lokaprófum í grunnskólum og þá hvaða breytingum. Ég mun að sjálfsögðu í kjölfarið meta málið eftir að hafa fengið tillögurnar í hendur.

Að mínu mati má segja að samræmd próf séu að hluta til æskilegur þáttur til að meta árangur grunnskóla. Þá tala ég ekki síst sem foreldri. Skólastarf í landinu er að hluta til bundið í lögum og reglugerðum sem ríkisvaldinu — það er rétt að hafa það í huga — ber skylda til að veita eftirlit til að meta árangur og hvort skyldur séu uppfylltar. Samræmd próf má segja að séu einn þáttur í þessu mati.

Þó er eðlilegt, og rétt að undirstrika það líka, að matið sé alltaf í endurskoðun út frá breytingum samfélagsins og út frá sjónarmiðum hagsmunaaðila. Enn frekar þarf að huga að mati annarra þátta skólastarfs í þessu samhengi, svo sem mati á verklegri og listrænni kunnáttu nemenda. Þetta verða að sjálfsögðu allt saman þættir sem þessi faglega nefnd mun fara yfir og skila síðan lokatillögum um.

Síðan er spurt: Telur ráðherra að prófin sýni með fullnægjandi hætti fram á færni nemenda?

Samræmdum prófum er ætlað að mæla tiltekna þætti, frú forseti, sem áhersla er lögð á í aðalnámskrá grunnskóla. Þegar prófverkefni eru samin er markvisst leitast við að prófa með kerfisbundnum hætti hluta þeirra atriða sem áhersla er lögð á í aðalnámskrá. Ítrekað hefur komið fram í mati og samræðum við kennara, bæði á grunn- og framhaldsskólastigi, að frammistaða nemenda á samræmdum prófum endurspegli færni nemenda í námsefninu. Hér er verið að styðjast við það sem fagaðilar segja. Má í því sambandi benda á að prófin eru talin hafa leitt í ljós sterk tengsl milli frammistöðu nemenda á samræmdum prófum og þörf

fyrir upprifjun í sérstökum áföngum í framhaldsskólum þar sem farið er aftur yfir námsefni grunnskólans. Jafnframt er talið að prófin hafi leitt í ljós sterk tengsl milli niðurstaðna þeirra og niðurstaðna síðan alþjóðlegra rannsókna eins og PISA og Pearls.

Síðan er spurt: Telur ráðherra að leggja eigi meiri áherslu á að prófa færni í verklegum greinum í samræmdum lokaprófum í grunnskóla?

Það er rétt að geta þess að samræmdu prófin eru núna sex. Þau eru valkvæð og eru í dönsku, ensku, íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og stærðfræði. Inntökuskilyrði í framhaldsskóla taka mið af frammistöðu nemenda á samræmdum prófum en ekki síður af skólaeinkunnum. Nemendur þurfa síðan að standast frekari viðmiðunarkröfur til að komast inn á einstakar brautir. Gerðar eru kröfur um lágmarkseinkunn í fjórum bóklegum greinum til að komast inn á bóknámsbrautir svo að dæmi sé tekið. Skólameisturum er heimilt að setja skilyrði í skólanámskrá til inngöngu á starfsnámsbrautir framhaldsskóla og eiga slík skilyrði að taka mið af frammistöðu nemenda í verk- og listgreinum í grunnskóla og/eða öðrum þáttum sem snerta sérsvið viðkomandi brautar.

Hefur það fyrirkomulag — það er verið að treysta grunnskólanum sjálfum, það er rétt að hafa það hugfast — að treysta grunnskólanum sjálfum fyrir að meta árangur nemenda í list- og verkgreinum þótt gefast ágætlega. Hins vegar hefur komið til álita að taka upp samræmd próf í list- og verkgreinum sem mér hugnast vel. Þannig er val nemenda um samræmd próf aukið, valið er aukið, og verk- og listnámsgreinum gert jafnhátt undir höfði og þeim bóklegu. Þetta atriði er eitt af því sem nefnd um heildarendurskoðun á grunnskólalöggjöfinni mun fjalla um.

Hér var rætt um samræmingu og miðstýringu varðandi prófin. Þvert á móti vil ég benda hv. þingmanni á að ég hef m.a. breytt reglugerðum til að auka fjölbreytni, til að auka á sveigjanleika í skólakerfinu. Það gerði ég á síðasta ári þegar ég breytti reglugerð um fyrirkomulag á framkvæmd samræmdra prófa í 10. bekk grunnskóla. Hvað fólu breytingarnar í sér? Þær fólu í sér aukna þjónustu við nemendur sem nú fá aukinn sveigjanleika til að taka samræmdu prófin í 8. bekk og 9. bekk og einnig er gert ráð fyrir því að þau geti einu sinni endurtekið lokaprófið.

Þetta veitir að sjálfsögðu, frú forseti, bráðgerum og duglegum nemendum (Forseti hringir.) aukinn sveigjanleika í grunnskólanámi sínu og þessar breytingar eru í takt við einstaklingsmiðaða kennsluhætti og munu draga til lengri tíma úr þeim áhrifum að samræmd próf miðstýri skólastarfi.

[14:06]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég fagna fyrirspurn frá hv. þingmanni og ekki síður svörum hæstv. ráðherra. Ég tel það merkilegt að nú skuli eiga sér stað heildarendurskoðun á grunnskólalögunum og ekki tel ég síður mikilvæga þá viðurkenningu á nauðsyn þess að yfirfara hlutverk, gildi og framkvæmd samræmdra prófa eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra.

Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda taka samræmd próf mikinn tíma og orku og eru að mörgu leyti stýrandi um skólastarf. Þegar tekin eru upp samræmd miðstýrð próf í tilteknum greinum eru í rauninni þær greinar settar skörinni ofar en aðrar greinar. Þar með er í rauninni verið að ýta þeim greinum sem ekki eru prófaðar, eins og verklegum greinum, listgreinum og öðrum mannlegum þáttum, til hliðar og er mikilvægt að hafa það í huga.

Hins vegar er nauðsynlegt að mæla með einhverjum hætti stöðu skóla og einstakra nemenda gagnvart öðrum en það má gera með öðrum hætti en að (Forseti hringir.) tengja mælinguna brautskráningu og umfram allt að treysta skólunum sjálfum fyrir að meta slíkt.

[14:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að starf það skuli vera komið í gang sem hæstv. ráðherra lýsti, þ.e. heildarendurskoðun grunnskólalaganna. En þá vil ég líka taka það fram hér að ég lít svo á að það frumvarp sem liggur fyrir þessu þingi sem leggur til ákveðnar breytingar á grunnskólalögunum sé þar með fallið um sjálft sig og verði ekki krafa frá hæstv. ráðherra að afgreiða það frá þinginu á þessu sumarþingi.

Varðandi síðan samræmdu prófin vil ég taka fram að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur í sinni nýendurskoðuðu menntastefnu lagt áherslu á að samræmdu prófin og einstaklingsmiðaða námið séu í sjálfu sér andstæður sem sé erfitt að láta ganga upp saman. Mér heyrist á máli hæstv. ráðherra að þessi hugsun sé komin inn í ráðuneytið og ég fagna því.

Svo vil ég segja að lokum að námskráin getur líka verið miðstýrandi. Það er kannski næsta skref fyrir hæstv. ráðherra og okkur, kjörna fulltrúa á Alþingi, að skoða með hvaða hætti við getum leyst almenna námskrá af hólmi, kannski eins og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt til með réttindaskrá fyrir nemendur.

[14:08]

Sigurrós Þorgrímsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna fyrst og fremst þessum sveigjanleika sem ráðherrann nefndi í ræðu sinni. Þetta hefur haft mjög góð áhrif á samræmd próf. Nú eru miklu yngri krakkar farnir að taka samræmd próf. Ég veit að t.d. í mínu sveitarfélagi stunda hátt í 300 yngri nemendur nám í Menntaskólanum í Kópavogi, bráðgerir krakkar sem hafa staðið sig gífurlega vel. Þetta er það jákvæða við þennan sveigjanleika að nú getum við boðið krökkunum inn í menntaskóla miklu fyrr en áður var.

[14:09]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er fagnaðarefni að nú skuli blása þeir vindar í menntamálaráðuneytinu að verið sé að opna og gera menntakerfið sveigjanlegra hvað það varðar að draga úr miðstýringu og samræmdum prófum. Við fengum það í gegn fyrr hér í vor að felldar voru niður hugmyndirnar um samræmd próf í framhaldsskólum og nú þróast þetta vonandi yfir í að svo verði einnig í grunnskólanum. Eins og þessi samræmdu próf hafa verið iðkuð hafa þau fyrst og fremst falist í afmörkuðum bóklegum prófum. Fólk sem hefur haft áhuga á list- og verkgreinum hefur þá gjarnan

orðið undir í þeim samanburði.

Auk þess er kennarastéttin ein menntaðasta starfsstétt á Íslandi og er þess vegna mjög rækilega trúandi fyrir því að bæði framkvæma (Forseti hringir.) námið og meta námsárangur hjá nemendum og þannig stuðla að fjölbreyttu og góðu (Forseti hringir.) skólastarfi.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Það er í sjálfu sér ánægjulegt að heyra þau viðhorf sem uppi eru hjá þingmönnum ýmissa flokka. Það eru miklar efasemdir um gildi og fyrirkomulag á samræmdum prófum og greinilega vilji til að draga mjög úr notkun þeirra og þá til að auka fjölbreytni og sjálfstæði skóla í menntakerfinu. Ég fagna því.

Það var ánægjulegt að heyra viðhorfin bæði hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni og þingmönnum Vinstri grænna. Eins er það ágætt að hafin sé heildarendurskoðun á grunnskólalögunum. Megi sú endurskoðun verða til þess að draga úr samræmdum prófum eða endurskoða mjög rækilega fyrirkomulag þeirra. Það blasir við að sú mikla áhersla sem lögð er á samræmd lokapróf í grunnskólum bitnar mjög harkalega á verklegum greinum og greinum sem leggja upp úr þekkingu og færni í mannlegum samskiptum hvers konar. Það er miður. Sú þróun hefur verið neikvæð að mínu mati á síðustu missirum að þeim greinum hefur fjölgað sem prófað er í samræmt. Ég held að frekar eigi að fækka þeim.

Hvort það sé vænlegt til árangurs að taka inn og bæta við í flóru samræmdra prófa samræmdum mælingum í verklegum greinum veit ég ekki. Það getur vel verið. Það verðum við að skoða. Ég vil ítreka að ég er sannfærður um að það eru til miklu betri leiðir til að mæla árangur og vellíðan í framhaldsskólunum en það úrelta fyrirkomulag sem við búum við í dag í formi samræmdra lokaprófa í grunnskóla. Ég er algjörlega sannfærður um að róttæk endurskoðun á þeim sem mundi leiða til þess að við drægjum mjög úr notkun þeirra eða legðum þau af í núverandi mynd yrði mjög farsælt skref í íslensku skólakerfi.

Ég vona að túlka megi hæstv. ráðherra þannig að hún sé ekki alveg afhuga því og það komi til greina komist þessi endurskoðunarnefnd að þeirri niðurstöðu.

[14:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það ánægjulega við þessa umræðu er að við viljum öll að þegar börnin okkar koma út úr grunnskóla ráði þau yfir ákveðinni færni, þekkingu og kunnáttu. Það er síðan spurning hvernig við getum metið það til að þróa skólastarfið áfram en líka til að hjálpa þeim áfram upp í gegnum skólakerfið, til að leiðbeina þeim áfram o.s.frv.

Mér heyrist á öllu að menn séu reiðubúnir að halda í ákveðna tegund af samræmdum prófum, þ.e. ef list- og verkgreinar verða teknar með og sá þáttur metinn. Ég undirstrika að ég er reiðubúin til að skoða þann þátt sérstaklega. Við verðum að hafa í huga að við erum með þessa stefnu varðandi einstaklingsmiðað nám og þá verðum við líka að sinna henni. Það má vel vera að það sé hægt að gera með því m.a. að taka tillit til list- og verkgreina, þekkingar og kunnáttu nemenda sem er sjálfsagt að skoða.

Ég bendi einnig hv. þingmönnum á að þau sem sitja í nefndinni sem er að endurskoða grunnskólalöggjöfina eru, auk fulltrúa minna — en þar er formaður nefndarinnar Guðrún Ebba Ólafsdóttir sem er náttúrulega margreynd í skólastarfi fyrir utan að vera líka reynd á sveitarstjórnarsviðinu — fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fulltrúi skólastjóra, fulltrúar frá Kennarasambandi Íslands og það er að sjálfsögðu fulltrúi frá foreldrum, þ.e. Heimili og skóla.

Sjónarmið sem hér hafa verið reifuð, líka sjónarmið nemenda, kennara og annarra sem láta sig málið varða, verða rædd í þessari nefnd sem mun komast að ákveðinni niðurstöðu og við munum síðan fá tækifæri til að ræða m.a. á hinu háa Alþingi.

Ég get líka tekið undir það og fagna því sérstaklega að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ræðir hér um námskrána. Það er mín skoðun að námskráin eigi að vera ákveðinn rammi og að við eigum síðan að veita skólanum sem mestan sveigjanleika. Þá er ég ekki síst með framhaldsskólana í huga. Þetta eru atriði sem við erum að skoða í samvinnu og sátt við m.a. Kennarasamband Íslands í hinu svonefnda 10 skrefa samkomulagi.

Umræðu lokið.

Íþróttastefna.

Fsp. VF, 753. mál. — Þskj. 1102.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Út er komin skýrsla sem ber nafnið „Íþróttavæðum Ísland — aukin þátttaka — breyttur lífsstíll“. Hún kom út í janúar, fyrir hálfu ári síðan. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á Íslandi er fjölbreytt og öflugt íþróttastarf. Starfið er borið uppi af frjálsum félagasamtökum sem hafa sýnt í verki að þeim er treystandi til að halda uppi öflugu íþróttastarfi í landinu.“

Síðar segir:

„Tillögur þessarar nefndar miða að því að hvetja stjórnvöld, hagsmunasamtök og almenning til að vinna saman að því markmiði sem við kjósum að kalla; íþróttavæðingu Íslands, og miðar að því að auka þátttöku í íþróttum og gera hreyfingu að lífsstíl.“

Jafnframt segir í kafla um uppbyggingu og umfjöllunarefni skýrslunnar:

„Með íþróttastefnu Íslands er því lagður grundvöllur að því að allir Íslendingar geti stundað íþróttir eða aðra hreyfingu reglulega sér til heilsubótar.

Íþróttastefna Íslands miðar

að aukinni þátttöku landsmanna, ekki síst barna og unglinga, í íþróttum sem og reglulegri hreyfingu,

að því að skipa íþróttastarfi veglegan og verðugan sess í íslensku þjóðlífi,

að auknum árangri íslensks íþróttafólks á heimsvísu.“

Ég hef þá trú, frú forseti, að allt kalli þetta á aukið fé og

það er ekki nóg að setja saman nefnd og leggja fram skýrslu. Þessi skýrsla hefur verið kynnt í fjölmiðlum og strax að sjálfsögðu vakið væntingar þannig að ég velti fyrir mér framhaldinu.

Ég kem því með eftirfarandi fyrirspurn til ráðherra íþróttamála:

1. Hvaða aðilar komu að stefnumótunarvinnunni „Íþróttavæðum Ísland"?

2. Hverjir eru helstu lykilþættir og markmið íþróttastefnunnar „Íþróttavæðum Ísland"?

3. Hvenær hyggst ráðherra hrinda þessari stefnu í framkvæmd?

4. Mun aukið fjármagn til íþróttamála/íþróttahreyfingarinnar fylgja framkvæmd þessarar stefnu?

5. Hyggst ráðherra tryggja minnihlutahópum, þ.e. samkynhneigðum og innflytjendum, greiðari aðgang að íþróttaiðkun?

[14:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Mér heyrist að hv. þm. Valdimar L. Friðriksson hafi að hluta til svarað fyrirspurninni í formála sínum. En það er rétt að í janúar árið 2005 skipaði ég starfshóp er skyldi fara yfir íþróttamál á Íslandi með það að markmiði að móta íþróttastefnu. Starfshópurinn skilaði skýrslu í byrjun þessa árs um íþróttavæðingu Íslands.

Þingmaðurinn spyr hverjir hafi komið að þessari stefnumótunarvinnu og er því til að svara að í starfshópnum eiga eftirfarandi sæti: Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður sem er formaður nefndarinnar, Hanna Katrín Friðriksson, skipuð án tilnefningar, Ellert B. Schram, tilnefndur af Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Lárus Blöndal, tilnefndur af Íþrótta- og Ólympíusambandinu, Anna Kristinsdóttir og Albert Eymundsson sem voru tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og síðan var Gunnlaugur Birgir Gunnlaugsson tilnefndur af Ungmennafélagi Íslands og Líney R. Halldórsdóttir tilnefnd af íþróttanefndinni. Starfsmenn starfshópsins voru Bryndís Björk Ásgeirsdóttir félagsfræðingur og síðar Silja Björk Baldursdóttir uppeldis- og menntunarfræðingur.

Á fund starfshópsins voru boðaðir fjölmargir aðilar og má nefna fulltrúa frá Íþróttakennaraháskólanum á Laugarvatni eða KHÍ, Íþróttakennarafélaginu, Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur, sérsamböndunum, Félagi íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa, Íþróttaakademíunni, Geðrækt, Lýðheilsustöð, heilbrigðisráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu, fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og fleiri. Auk þess fór starfshópurinn í heimsókn til UMFÍ, Íþrótta- og Ólympíusambandsins og Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Síðan kemur spurningin um helstu þætti og markmið íþróttastefnunnar. Þar segir m.a. að íþróttastefna Íslands miði að aukinni þátttöku landsmanna, ekki síst barna og unglinga, í íþróttum sem og reglulegri hreyfingu. Því eigi að skipa íþróttastarfi veglegan og verðugan sess í íslensku þjóðlífi og auka árangur íslensks íþróttafólks á heimsvísu.

Til að nálgast framtíðarsýn íþróttastefnu Íslands og þá lykilþætti sem skilgreindir eru í skýrslunni „Íþróttavæðum Ísland — aukin þátttaka — breyttur lífsstíll" eru eftirfarandi markmið sett fram:

Að allir Íslendingar hafi tækifæri til þess að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kjósa, hvort heldur er til ánægju, heilsubótar eða með afreksárangur í huga, að börn og ungmenni geti stundað íþróttir í samfelldum skóladegi sem gefur færi á auknum samverustundum fjölskyldunnar, þ.e. að skólakerfið sjái til þess að hreyfing verði hluti af lífsstíl ungmenna, að stuðla að jákvæðu hugarfari gagnvart hreyfingu og íþróttum barna og unglinga, í leikskólum og skólum, meðal foreldra, kennara, skólastjóra, íþróttahreyfingarinnar, yfirvalda, ráðamanna og fleiri, að mæla með hlutlægum hætti árangur af íþróttastefnu á líkamlegt og andlegt atgervi þjóðarinnar, að auka samvinnu á milli þeirra aðila sem koma að íþróttamálum í landinu, að auka íþróttaárangur Íslendinga á alþjóðavísu, að íslenskt íþróttalíf verði ávallt laust við ólöglega lyfjanotkun o.fl.

Hvenær hyggst ráðherra hrinda þessari stefnu í framkvæmd?

Starfshópurinn skilaði þessari áfangaskýrslu í mars sl. og hún var kynnt opinberlega þann 14. mars. Áfram er unnið að því að móta stefnu í íþróttamálum og er í því skyni fyrirhugað að leita eftir frekari ábendingum, m.a. með því að halda fundi víða um land, en þetta kom glögglega fram á þeim fundi sem við héldum, ég og formaður nefndarinnar, varðandi þessa skýrslu. Við setjum hana fram sem áfangaskýrslu, sem drög að því að móta íþróttastefnuna sem mun bera yfirskriftina „Íþróttavæðum Ísland". Við hvetjum alla sem vilja láta sig málið varða til að koma með athugasemdir og ábendingar. Við erum með skýrsluna á vef ráðuneytisins og ég vonast til þess að ábendingar verði þannig að við getum unnið úr þeim og skilað þannig sterkri stefnu til þess að íþróttavæða Ísland. Við ætlum m.a. að funda víðs vegar um landið til þess að gefa sem flestum kost á því að koma með athugasemdir og fræða fólkið um stefnuna. Það hafa sem betur fer margir skoðanir á því hvernig við eigum að móta þessa stefnu.

Síðan er spurt: Mun aukið fjármagn til íþróttamála/íþróttahreyfingarinnar fylgja framkvæmd þessarar stefnu?

Það snertir einfaldlega fjárlagagerðina hverju sinni og við munum ræða þetta í tengslum við fjárlögin. En ég vil sérstaklega taka fram í þessu samhengi að framlög til íþróttamála hafa verið aukin verulega á undanförnum árum og m.a. verið lagður grundvöllur að því að við getum rætt það að íþróttavæða Ísland. Framlögin hafa m.a. verið tvöfölduð frá árinu 2000 og á milli áranna 2005 og 2006 voru þau aukin um tæpan fjórðung.

Síðan er spurt hvort ég muni tryggja minnihlutahópum, samkynhneigðum og innflytjendum, greiðari aðgang að íþróttaiðkun. Þá er rétt að geta þess að eins og fram kemur í skýrslunni er markmiðið að allir Íslendingar hafi tækifæri til þess að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kjósa, hvort heldur er til ánægju, heilsubótar eða með afreksárangur í huga. Þetta á við alla, þá sem hv. þingmaður vill nefna minnihlutahópa sem aðra.

[14:23]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég held að það hafi verið afskaplega vel til fundið hjá hæstv. ráð-

herra íþróttamála, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, að setja þetta starf af stað. Ég tek undir með henni að það skiptir mjög miklu máli. Það er gott að þessi umræða sé hér og að sem flestir komi að málinu, komi með hugmyndir og athugasemdir því að svo sannarlega er það samstarfsverkefni að íþróttavæða Ísland og gott að fleiri komi að því en ríkisvaldið.

Hins vegar er rétt að taka fram að ríkisvaldið hefur gengið á undan með góðu fordæmi hvað þetta varðar ef við lítum bara á fjárhagshliðina. Árið 2000 voru framlög á hverju ári 174 millj. en hafa hækkað um 123% og eru nærri því 400 millj. á árinu 2006. Hins vegar er það þannig og hv. þingmaður veit það auðvitað að góðir hlutir þurfa ekki endilega að kosta peninga og það skiptir líka máli að hugarfarið sé rétt og að við stefnum öll í sömu áttina, þ.e. að íþróttavæða Ísland.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég þakka umræðuna og hæstv. ráðherra ágæt svör. Það er rétt athugasemd sem kom hér fram að á þeim árum sem sá er hér stendur hefur verið á þingi hafa framlög til íþróttamála hækkað töluvert og ég ætla að leyfa mér að þessu sinni að fagna því að hæstv. ráðherra íþróttamála er vöknuð. Mér hefur ekki fundist forverar núverandi íþróttamálaráðherra sinna þessu af miklu afli en ég viðurkenni fúslega að mér finnst það vera breytt og fagna því og fagna þessari áfangaskýrslu, sérstaklega því að minnihlutahópar skuli vera teknir inn í umræðuna og þá ekki einungis þeir sem ég nefndi sérstaklega hér heldur svo og fatlaðir. Þetta skiptir afskaplega miklu máli.

[14:25]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni og fyrirspyrjanda Valdimar L. Friðrikssyni og undirstrika mikilvægi íþróttanna og þess að íþróttavæða Ísland. Ég vil líka þakka honum hlý orð í minn garð en undirstrika um leið að það er ekki eingöngu ríkisvaldið sem hefur staðið sig ágætlega á síðustu árum. Sveitarfélögin hafa ekki síður gengið á undan með góðu fordæmi, með því bæði að reisa og reka öflug íþróttamannvirki sem og að koma að starfinu með öflugum hætti. Þó að það sé með mismunandi hætti á milli sveitarfélaga hafa sveitarfélögin staðið með miklum sóma að því að tryggja okkur möguleika á því að íþróttavæða Ísland.

Síðan er gott að vita til þess að foreldrar, fjölskyldur og íþróttafélög eru reiðubúin til þess að fara af stað með okkur í þá för að íþróttavæða Ísland.

Umræðu lokið.

Eignir Listdansskóla Íslands.

Fsp. VF, 758. mál. — Þskj. 1107.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Mikið hefur verið rætt síðustu mánuði um þá ákvörðun menntamálaráðherra að leggja Listdansskóla Íslands niður. Margir hafa talið að það stefni listdansnámi á Íslandi í voða, en ég velti fyrir mér hvort fleiru sé stefnt í voða og spyr því um þær þjóðargersemar sem teljast til eigna Listdansskólans. Þá helst er ég að velta fyrir mér bókasafni og búningum. Þessir hlutir eru margir hverjir frá stofnun skólans og Þjóðleikhússins en saga þessara tveggja stofnana er samofin allt frá 1952. Þetta eru hlutar af menningarsögu þjóðarinnar, þarna er bæði safn af ljósmyndum frá sögu listdans og Þjóðleikhússins, þarna er jafnframt um að ræða mjög dýrmæta búninga allt frá 1952 sem hafa verið vel varðveittir, eru margir gerðir af Lárusi Ingólfssyni og eru taldir afskaplega dýrmætur partur af menningarsögu þjóðarinnar.

Frú forseti. Hvað verður um þessi verðmæti? Fylgja þau með til einkaaðilanna, fara þau í geymslu úti í bæ eða fara þessi verðmæti á Þjóðminjasafnið og þá á stað er þeim telst verðugur?

Í ljósi þessa spyr ég hæstv. menntamálaráðherra:

Hvað verður um eignir Listdansskóla Íslands, t.d. fasteignir, búninga og bókasafn, þegar skólinn verður lagður niður?

[14:28]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að koma upplýsingum á framfæri um breytt fyrirkomulag listdansnáms frá og með næsta skólaári. Starfsemi Listdansskóla Íslands leggst þá niður í núverandi mynd og frá sama tíma verður boðið upp á nám til stúdentsprófs á sérstöku kjörsviði í listdansi við Menntaskólann við Hamrahlíð.

Það er miðað við að MH semji við sjálfstætt starfandi listdansskóla um hinn verklega hluta námsins. Einnig er miðað við að einstakir framhaldsskólar geti boðið upp á nám í listdansi í vali enda semji þeir þá við sjálfstætt starfandi listdansskóla sem kenna listdans á framhaldsstigi samkvæmt nýrri námskrá. Með þessari breytingu fjölgum við tækifærum þessara nemenda.

Hinn 1. desember sl. var undirrituð viljayfirlýsing milli ráðuneytisins, Menntaskólans við Hamrahlíð og Dansmenntar ehf. um samstarf um listdansnám á framhaldsskólastigi. Skólinn tekur til starfa um sumarið 2006 undir merki Listdansskóla Íslands og mun bjóða upp á nám samkvæmt gildandi námskrá skólaárið 2006–2007 í núverandi húsnæði Listdansskóla Íslands við Engjateig í Reykjavík. Dansmennt ehf. var upphaflega stofnuð af kennurum við Listdansskóla Íslands en nú hefur verið gert samkomulag milli stofnenda félagsins og Listaháskólans um yfirtöku Listaháskóla Íslands á félaginu.

Ég tel, frú forseti, að með þessum breytingum, þ.e. með heildstæðri námskrá fyrir listdansinn sem sett hefur verið í fyrsta sinn og með því að í boði er nám til stúdentsprófs á sérstöku kjörsviði, sé kominn mjög traustur grundvöllur

listdansfræðslu í landinu. Ég bind einnig vonir við það að sjálfstæðir listdansskólar muni sinna þessu brýna og mikilvæga námi af miklum metnaði.

Þá að efni spurningarinnar, frú forseti, en þetta taldi ég rétt að fara yfir þannig að menn áttuðu sig á forsögunni.

Eignum Listdansskóla Íslands verður ráðstafað þannig að við niðurlagningu skólans munu búningar fara til skráningar og vörslu hjá búningadeild Þjóðleikhússins, aðrir munir eins og myndir, myndbönd o.fl. frá starfsárum Listdansskólans fara til Leikminjasafns Íslands. Sá flutningur er þegar hafinn með skráningu muna.

Dansmennt ehf. mun síðan semja við Þjóðleikhúsið um afnot af búningum eftir þörfum. Heiti Listdansskóla Íslands og merki ásamt öðrum tækjum, búnaði, bókum og öðru kennsluefni Listdansskólans fær Dansmennt til afnota í samræmi við þjónustusamning sem gerður hefur verið. Það er engin fasteign í eigu Listdansskóla Íslands heldur hefur skólinn verið í leiguhúsnæði að Engjateigi 1 og gert er ráð fyrir því að Dansmennt ehf. taki við þeim leigusamningi.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég þakka ráðherra ágæt svör um búninga og myndir og aðrar eignir. En úr því ráðherra fór svona vel yfir söguna er kannski rétt að bæta við hér spurningu varðandi skólann, hvort skrifað hafi verið undir eitthvað meira en þessa viljayfirlýsingu við þá aðila sem eiga að taka við rekstri skólans, sem var skrifað undir 1. desember. Hefur verið gengið eitthvað lengra?

Hvað varðandi fyrirgreiðslu frá ríkinu til skólans? Ef ég skil það rétt fá aðrir listdansskólar ekki rekstrarstyrki frá ríkinu. Hvað verður um þennan einkaskóla? Fær hann rekstrarstyrk? Menn hafa verið að nefna í mín eyru 40, 50 jafnvel upp í 100 millj. kr. á ári. Ég spyr: Fær hann rekstrarstyrk eða ekki frá ríkinu tímabundið eða til lengri tíma? Er það þá hreinlega ekki brot á jafnræðisreglunni ef þetta á einungis við um þennan eina skóla?

[14:32]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hugsunin með þessum breytingum var margþætt, m.a. að stuðla að því að fjölga tækifærum á sviði listdansins en um leið að reyna að auka gæðakröfur til listdansins.

Við munum tryggja að þeir nemendur sem voru í gamla Listdansskóla Íslands geti haldið áfram. Það var eitt af þeim atriðum sem var lofað á sínum tíma að þeir gætu haldið áfram námi sínu á þeim forsendum sem þeir byrjuðu. Við munum tryggja það, m.a. í ljósi þess samnings sem hefur verið undirritaður milli ráðuneytisins og hv. þingmaður vísaði til. Við munum tryggja að þeir geti haldið sínu námi áfram.

En við höfum um leið, eins og ég gat um, opnað möguleika fyrir fleiri að koma að því að starfrækja listdansskóla en þá undir þeim formerkjum að menn uppfylli gæðakröfur sem núna eru í fyrsta sinn í rauninni sýnilegar með þeim námskrám sem lagðar hafa verið fram m.a. til umsagnar og yfirferðar.

Þannig að allur rammi um listdansinn er mun betri en hann var áður enda þurftum við að taka tillit til ýmissa sjónarmiða sem hafa m.a. komið fram og birst á síðustu árum í skólakerfinu. Ég tel okkur standa að listdansinum með fagmennskuna í fyrirrúmi.

Umræðu lokið.

Námsbækur.

Fsp. BjörgvS, 764. mál. — Þskj. 1113.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra hvort gerð hafi verið úttekt á gæðum námsbóka í íslenskum skólum. Ef svo er hverjar eru helstu niðurstöður hennar? Ef svo er ekki stendur til að gera slíka úttekt? Stendur til að ráðast í átak til að bæta námsbókakost í grunn- og framhaldsskólum? Telur ráðherra bókakost í skólum landsins viðunandi eða góðan?

Fyrr á þessu ári var gerð nokkur úttekt í fjölmiðlum á því hver staðan væri á námsbókakosti framhaldsskólanna. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar var sú að hann væri ákaflega bágborinn í mörgum greinum, þar væri margt að og stórátaks væri þörf. Þá væri ekkert eftirlit uppi af hálfu menntamálaráðuneytisins með gæðum námsbóka og því hvort námsbækur uppfylltu kröfur námskrár o.fl. Tekin voru dæmi af því að í sex áföngum í mannkynssögu í framhaldsskólunum eru einungis til bækur í kennslu fyrir þá þrjá fyrstu.

Þá voru rakin mörg mjög ítarleg dæmi um miklar staðreyndavillur í námsefni um trúarbrögð og menningu. Allt bar að sama brunni, stórátaks væri þörf og það átak þyrfti sérstaklega að felast í því að efla námsefnissjóð af því að ófremdarástand ríkti að mörgu leyti í námsbókagerð á framhaldsskólastiginu, aðallega vegna skorts á fjármagni og eins vegna hins að ekkert gæðaeftirlit væri uppi af hálfu menntamálaráðuneytisins.

Það má taka fram að Ísland er eina landið sem innheimtir neysluskatt af námsbókum. Sá neysluskattur gefur ríkinu í aðra hönd 16 millj. kr. á ári sem er um það bil sú sama upphæð og ríkið leggur til námsefnisgerðar sem eru 19,9 millj. kr.

Þá má geta þess, til að fá betri samanburð, að í námsefnissjóð bárust umsóknir fyrir tæplega 80 millj. kr. en einungis var úthlutað af hálfu hins opinbera innan við 20 millj. kr.

Þá hljótum við að spyrja okkur þeirra spurninga hvort við eigum ekki að fara sömu leið og hin Norðurlöndin, að námsbækur í framhaldsskólum verði nemendum að kostnaðarlausu rétt eins og í grunnskólum. Þannig er það annars staðar á Norðurlöndunum. Það er gert til að jafna námsaðstöðu og jafnræði nemenda. Svo bætist það við að framboð af námsefni er algerlega óviðunandi vegna skorts á fjármagni frá hinu opinbera, námsbækur standast ekki kröfur og mikið skortir þar á. Framboð kennslubóka helst þá engan veginn í hendur við aðalnámskrá framhaldsskólanna að mati þeirra sem gleggst þekkja til.

Því hlýtur hæstv. ráðherra að hafa metnað og vilja til að ráðast í átak til að efla námsbókakost framhaldsskólans verulega. Ég beini þessum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra þar sem þetta liggur gæðum íslensks náms að sjálfsögðu til grundvallar eins og kennslan sjálf.

[14:37]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Varðandi fyrstu spurningu hv. þingmanns þá hefur ekki verið gerð heildstæð úttekt á gæðum námsbóka í íslenskum skólum. Hins vegar hefur verið gerð úttekt á notkun kennsluefnis í grunnskólum í tengslum við endurskoðun á lögum um Námsgagnastofnun sem ég mun koma að hér síðar.

Námsgagnastofnun sér um útgáfu kennslubóka og margvíslegs kennsluefnis fyrir grunnskólastigið, bæði á prentuðu formi og á netinu. Stofnunin starfar síðan eftir verklagsreglum sem eiga að tryggja gæði útgefins efnis. Haft er samstarf við kennara og skólastjórnendur um val og gerð námsefnis svo að það svari sem best kröfum skólastarfsins.

Námsbækur í framhaldsskólum verða að mestu til á frjálsum markaði. Algengast er að námsefnið sé samið af kennurum á framhaldsskólastigi eða öðrum sérfræðingum í viðkomandi kennslugreinum. Oftast sjá bókaforlög um útgáfu efnisins og kosta vinnu við samningu þess eða þýðingu. Starfsmenntaskólar hafa með sér samtök um útgáfu námsefnis fyrir starfsmenntunina en þar er oft um mjög fámenna áfanga að ræða og því nokkuð lítinn markað.

Gæði námsefnis á framhaldsskólastigi eru einkum tryggð með því að efnið er samið af sérfræðingum í hverri grein. Kennarar sem eru sérfræðingar á sínu sviði velja það efni sem þeir telja best fallið til notkunar í kennslunni. Þá er leitað álits fagfélaga kennara við úthlutun styrkja til námsefnisgerðar, en þetta atriði tel ég skipta miklu máli í framhaldsskólum, sem menntamálaráðuneytið síðan veitir. Þannig er verið að tryggja faglega aðkomu að námsefnisgerð.

Nú stendur til að ráðast í átak til að bæta námsbókakost í grunn- og framhaldsskólum. Rétt er að geta þess að í júní 2005 skipaði ég starfshóp sem falið var að endurskoða lögin um Námsgagnastofnun. Nefndinni var gert að hafa hliðsjón af 33. gr. laga um grunnskóla. Í þeirri grein er m.a. kveðið á um að kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skuli veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu og jafnframt að Námsgagnastofnun skuli tryggja að ætíð sé völ á námsbókum og öðrum námsgögnum sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrár o.fl.

Nefndin hefur haldið átta fundi og fól m.a. fyrirtækinu Parex að gera könnun á námsgagnanotkun hérlendis. Stefnt er að því að nefndin ljúki störfum innan skamms og mun niðurstaða vinnu hennar verða kynnt ásamt niðurstöðum könnunarinnar væntanlega á haustmánuðum.

Námsefnisgerð á framhaldsskólastigi er styrkt af ráðuneytinu með því að höfundar og útgefendur kennsluefnis geta sótt um styrki til útgáfu kennslubóka. Umsóknir eru sendar til umsagnar hjá fagfélögum kennara áður en styrkirnir eru veittir, eins og ég gat um áðan, til að tryggja að fyrirhugað efni komi að sem bestum notum. Á þessu ári var þannig varið 31,2 millj. kr. til að styrkja útgáfu nýs námsefnis í framhaldsskólum. En jafnframt styrkir ráðuneytið nú í sérstöku átaki útgáfu rafræns námsefnis um 50 millj. kr. á þessu ári.

Ráðuneytið heldur úti vefsvæði sem heitir menntagátt.is. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um nám og kennslu. Á Menntagátt eru m.a. upplýsingar um rafrænt kennsluefni sem stendur til boða í ýmsum greinum svo og bækur og greinar sem nýtast í námi. Flokkun námsefnis á Menntagátt er í samræmi við markmið aðalnámskrár til hægðarauka fyrir kennara, nemendur og foreldra. Námsgagnastofnun heldur einnig úti vef með margvíslegu efni fyrir grunnskóla.

Síðan varðandi síðustu spurningu hv. þingmanns. Ég tel að bókakostur í skólum landsins sé nokkuð vel við unandi í meginatriðum. Í því áliti styðst ég við upplýsingar sérfróðra manna um skólamál okkar.

Ég geri mér þó, frú forseti, fyllilega grein fyrir að það er viðvarandi verkefni að bæta námsefni og auka fjölbreytni þess til hagsbóta fyrir skólastarfið, bæði í grunn- og framhaldsskólum. Eins og fram kom hér á undan fer nú fram þessi endurskoðun á veigamiklum þáttum í útgáfu kennsluefnis á grunnskólastigi og full ástæða er til að gefa sérstakan gaum að stöðu kennsluefnis á framhaldsskólastigi í framhaldi af því.

En það er einnig rétt að hafa í huga að skólastarf í dag, frú forseti, þarfnast ýmissa tegunda námsgagna sem eru í öðru formi en nákvæmlega bókaformi og á starfshópurinn einnig að miða vinnu sína við þær kröfur skólastarfsins.

[14:41]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli. Auðvitað er það þannig að gott námsefni kostar einhverja peninga. Hvort heldur það er prentað á pappír eða á rafrænu formi hlýtur að þurfa að verja til þess mannafla og vinnslu sem kostar peninga.

Mér finnst 30 millj. kr. ekki há upphæð til að halda við eða endurnýja bókakost fyrir framhaldsskólana. Ég spyr mig að því hvort hér séum við að láta danka, hvort hér þurfi ekki að gera betur. Við vitum að stöðug endurnýjun á námsefni þarf að fara fram. Samtíminn krefst þess. Framþróunin krefst þess. Það hafa m.a. verið gerðar úttektir á námsefni hvað varðar kynjasjónarmið og ýmislegt miður komið fram og ýmislegt annað sem varðar samtímasöguna.

Mig langar að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort einhvers staðar fari fram óháð mat, þ.e. mat utan ráðuneytisins, á gæðum námsefnisins, á því efni sem borið er á borð fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það stendur eftir að verulegur skortur er á fjármagni til námsefnisgerðar. Námsefnisskorturinn bitnar helst á áföngum námskrárinnar sem eru á kjör- og valsviði aðalnámskrár framhaldsskólanna. Til dæmis um það er ástandið það dapurlegt í mörgum kjörsviðs- og valáföngum í starfsnáminu að í sumum greinum hafa hvorki liðið dagsins ljós námskrár í samræmi við núgildandi aðal-

námskrár framhaldsskóla frá árinu 1999 né nýtt kennsluefni í samræmi við hana. Þó er hátt í áratugur síðan hún var samþykkt.

Árið 2005 úthlutaði menntamálaráðuneytið 19,3 millj. kr. til námsefnisgerðar á framhaldsskólastigi um leið og fjárbeiðnir voru um 77 millj. kr. Það er staðreynd að námsefnisgerð á framhaldsskólastiginu er svo ábótavant að það stendur námi mjög fyrir þrifum að mati skólamanna og þeirra sem hafa kafað ofan í það. Það getur ekki flokkast undir annað en hreina vanrækslu af hálfu hins opinbera hvernig staðið er að námsbókagerð á framhaldsskólastiginu.

Námsefnissjóðurinn hefur einfaldlega ekki nægilega peninga til að verða við þörfum um efnisskrif og því fá miklu færri styrk til að sækja um. Hvað sem hinum frjálsa markaði líður þá verður að vera til slíkur sjóður sem veitir styrki til námsefnisgerðar. Það er verið að svelta þetta mjög verulega og því er ástandið jafnbágborið og raun er. Það er með nokkrum ólíkindum að ekki skuli vera til staðar gæðaeftirlit af hálfu hins opinbera, hvernig að þessum málum er staðið. Hæstv. ráðherra hlýtur að ætla að bæta úr þessari vanrækslu í námsefnisgerð með einhverjum hressilegum hætti.

[14:45]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er gott að finna þann samhljóm sem er meðal okkar sem tilheyrum þingheimi, að við viljum öll góð námsgögn og gæði í námsgagnagerð. Að því er verið að vinna. Í fyrsta lagi vil ég nefna aftur það sem ég gat um áðan, þá nefnd sem er að fara yfir námsgagnagerð í landinu. Ég bind auðvitað ákveðnar vonir við að þar komi fram tillögur sem styrki og efli námsgagnagerð, bæði á grunn- og framhaldsskólastigi. Við skulum því bíða og sjá hvaða tillögur líta dagsins ljós. Síðan er ávallt verið að reyna að tryggja faglega aðkomu að gerð alls námsefnis. Það er verið að leita til kennara og leita umsagnar fagfélaga. Við hljótum að geta treyst því að það sem þaðan kemur sé þess eðlis að við getum miðlað því áfram sem námsgögnum, nema menn beri brigður á það, sem ég tel ekki vera.

Varðandi það hvort óháð mat hafi átt sér stað á gæðum námsefnis þá vil ég endurtaka það sem ég gat um áðan að í tengslum við starf nefndarinnar var m.a. fyrirtækinu Parex falið að gera könnun á námsgagnanotkun hérlendis og ég vonast til að hún muni nýtast varðandi frekari stefnumótun á vegum nefndarinnar.

Ég vil líka hressa upp á gamlar tölur hv. þm. og fyrirspyrjanda, Björgvins G. Sigurðssonar. Þetta hefur hlutfallslega aukist verulega, upp í tæplega 32 millj., auk hins nýja námsefnis sem ekki má gleyma, en ráðuneytið hefur m.a. staðið í sérstöku átaki varðandi útgáfu rafræns námsefnis upp á 50 millj. kr. á þessu ári. Það er rétt að draga það fram en sleppa ekki jafnmikilvægum tölum og þessum sem stuðla að því að námsefnið verði fjölbreytt og vonandi innihaldsríkt og fullt af gæðum.

Umræðu lokið.

Skoðanakannanir.

Fsp. MÞH, 769. mál. — Þskj. 1130.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að bera fram fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um skoðanakannanir. Það er kannski vel til fundið nú þegar aðeins örfáir dagar eru liðnir frá sveitarstjórnarkosningum þar sem skoðanakannanir spiluðu einmitt mjög stóra rullu. Það má í raun og veru segja sem svo að skoðanakannanir hafi síðustu dagana fyrir kosningar verið nánast eina fréttaefnið af fyrirhuguðum kosningum, þ.e. hver var niðurstaðan úr skoðanakönnunum frá degi til dags, en minna farið fyrir því að ræða það sem menn eiga náttúrlega að ræða um sem eru málefnin, málefnaáherslur flokkanna og pólitíkin og þeir valkostir sem kjósendur standa frammi fyrir á kjördegi.

Ástæða þess að ég lagði fram þessa fyrirspurn, það eru líklega liðnir um tveir mánuðir síðan ég skilaði henni inn, er sú að menn fóru mjög snemma af stað með skoðanakannanir fyrir þessar sveitarstjórnarkosningar, löngu áður en t.d. framboðsfrestur rann út og oft löngu áður en flokkar og framboð höfðu skilað inn listum sínum. Margir hafa bent á að skoðanakannanir geti á margan hátt verið skoðanamyndandi. Þær geti sett kjósendur í ákveðinn farveg og ef skoðanakannanir gefi ranga mynd af hinni raunverulegu pólitísku stöðu geti það bæði ruglað kjósendur í ríminu en líka okkur stjórnmálamenn. Það er umræða sem að sjálfsögðu hlýtur að bíða annars tækifæris en mig langar að lesa upp þær spurningar sem ég legg fyrir hæstv. ráðherra:

1. Telur ráðherra að það sé eðlilegt og samrýmast kröfum um fagleg vinnubrögð óháðra vísindastofnana að stofnun á vegum Háskóla Íslands standi fyrir gerð skoðanakannana um kjör til sveitarstjórna í aðdraganda kosninga áður en lögbundinn frestur til að skila inn framboðum hefur runnið út?

2. Telur ráðherra það eðlilegt að utanaðkomandi fyrirtæki eða einkaaðilar geti keypt stofnun á vegum Háskóla Íslands til verka af þessu tagi?

3. Telur ráðherra eðlilegt að háskólastofnanir keppi við einkafyrirtæki um framkvæmd slíkra kannana?

Hér er ég að tala um Háskóla Íslands, virðulegi forseti, að vísa til Háskóla Íslands. Ástæðan fyrir því er að Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands tók að sér það verkefni að gera svona skoðanakannanir í sveitarfélögum vítt og breitt um landið. Ég held að það verkefni hafi hafist strax í byrjun apríl. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands er náttúrlega stofnun á vegum æðstu menntastofnunar landsins. Ég leyfi mér að gera mjög alvarlegar athugasemdir við þessi vinnubrögð og spyr hvort það séu hreinlega fagleg vinnubrögð að slík vísindastofnun geri skoðanakannanir af þessu tagi löngu áður en frestur til að skila inn framboðum er runninn út.

[14:50]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég tel rétt varðandi 1. lið fyrirspurnarinnar, þ.e. hvort ég telji eðlilegt og samrýmast kröfum um fagleg

vinnubrögð óháðra vísindastofnana á vegum Háskóla Íslands að þær standi fyrir gerð skoðanakannana eins og hv. þingmaður og fyrirspyrjandi kom inn á, að undirstrika það, og það er kannski mikilvægasti þátturinn í svari mínu, að Háskóli Íslands er sjálfstæð ríkisstofnun sem tekur sjálf ákvarðanir um þau verkefni sem þar eru unnin og stjórnvöld hafa að sjálfsögðu aldrei lagt hömlur á sjálfstæði Háskóla Íslands eða akademískt frelsi starfsmanna háskólans. Starfsmennirnir hafa rannsóknarfrelsi og þeim er frjálst að setja niðurstöður rannsókna sinna fram með þeim hætti sem þeir kjósa.

Félagsvísindastofnun heyrir stjórnskipulega undir félagsvísindadeild Háskóla Íslands og starfsmenn stofnunarinnar sinna jafnframt kennslu við deildina. Ég tel og undirstrika það að Háskóli Íslands stundar fagleg vinnubrögð. Ég er ekki sammála því sem kom fram í lok fyrirspurnar hv. þingmanns áðan, ég tel að Háskóli Íslands stundi fagleg vinnubrögð en tel í ljósi sjálfstæðis stofnunarinnar ekki við hæfi að ég gefi hér einstökum verkefnum eða rannsóknum sem þar eru unnar einkunn.

Varðandi 2. lið fyrirspurnarinnar, þ.e. hvort ég telji eðlilegt að utanaðkomandi fyrirtæki eða einkaaðilar geti keypt stofnun á vegum Háskóla Íslands til verka af þessu tagi. Það má segja að svar mitt við þessari spurningu sé sama eðlis og varðandi fyrstu spurninguna, þ.e. að ég vísa til sjálfstæðis Háskóla Íslands og hann metur þetta. Ég sé ekki, ef farið er eftir reglum Háskóla Íslands, að það stangist eitthvað á að skoðanakannanir séu keyptar af Félagsvísindastofnun.

Varðandi 3. liðinn: „Telur ráðherra eðlilegt að háskólastofnanir keppi við einkafyrirtæki um framkvæmd slíkra kannana?“ Það er afar mikilvægt varðandi Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að þess sé gætt þegar um útselda þjónustu er að ræða, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, að sú starfsemi verði fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Eftir því sem ég best veit fer Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að sjálfsögðu eftir þessu.

[14:53]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Skoðanakannanir eru í sjálfu sér hluti af lýðræðislegri umræðu í samfélaginu ef þeim er varið með þeim hætti. Lýðræðisleg umræða getur oft og tíðum hneigst í hinar og þessar áttir þó að menn séu ekki alltaf sáttir við þann farveg. Ég held þó að það sé mikilvægt að gerður sé skýr greinarmunur á því hvert sé t.d. verksvið skoðanakönnunarstofnunar eins og Gallups og svo Háskóla Íslands, hvort það sé eðlilegt að hann taki að sér ónafngreind verkefni og spyrji um viðhorf til einstakra fyrirtækja eða slíkt. Mér finnst það vera nokkuð langt gengið.

Einnig finnst mér að t.d. ríkisstofnanir og ráðuneyti þurfi að setja sér siðareglur þegar þau kaupa skoðanakannanir, eins og t.d. þegar iðnaðarráðuneytið keypti tvisvar á sama árinu (Forseti hringir.) skoðanakannanir um viðhorf Skagfirðinga til álvers og spurði svo á eftir hvað þeir kysu.

[14:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. málshefjanda og fyrirspyrjanda um skoðanakannanir, hvort eðlilegt sé að gerðar séu viðamiklar kannanir í aðdraganda kosninga alveg fram á síðustu stundu. Að mínu viti er það ekki bara svo að þær lýsi stöðunni eins og hún er þegar könnun er gerð heldur er ekki hægt að útiloka að könnunin sjálf geti líka haft áhrif á skoðun almennings. Þetta er því bæði spurning um orsök og afleiðingu í þessu efni. Ég minni á að dæmi eru um það erlendis að kannanir séu bannaðar síðustu dagana fyrir kosningar. Ég er dálítið hallur undir þau sjónarmið.

Ég vil líka gera athugasemdir við skoðanakannanirnar sem slíkar, hversu fátæklegar þær eru. Það er einvörðungu spurt um afstöðu til flokka eða persóna en nánast ekkert um afstöðu til málefna. Ég man ekki eftir neinni könnun fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar um stærstu málefnin sem voru efst á baugi á höfuðborgarsvæðinu svo dæmi sé nefnt.

[14:55]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Ég finn mig knúna til að taka upp hanskann fyrir félagsvísindin. Það er talað um þau eins og skoðanakannanir séu einhver óæðri vísindi. Þær eru náttúrlega rannsóknir, félagsvísindi sem lúta þeim lögmálum sem vísindarannsóknir lúta alveg eins og raunvísindi. Það er enginn munur á því hvort þær rannsóknir fara fram innan sjálfstæðra rannsóknastofnana, háskóla eða einkafyrirtækja. Mjög margar rannsóknir hafa náttúrlega farið til einkafyrirtækja undanfarin ár og áratugi og ekki bara á þessu sviði. Hvaða munur er á því t.d. að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri rannsaki jarðveg og að skoðanir manna á Íslandi séu rannsakaðar hjá Háskólanum í Reykjavík? Hins vegar þarf að bæta læsi fólks á skoðanakannanir og taka síðan umræðu um að hvaða umgerð við viljum hafa um þær kannanir. Það er önnur umræða og þá hlýtur umgerðin að vera utan um kannanir sem allir gera, sama hverjir það eru.

[14:57]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Skoðanakannanir eru eins misjafnar og þær eru margar. Sumar eru vísindalegar og nákvæmar, aðrar eru illa gerðar og ná ekki þeim árangri sem að er stefnt. En þær ráða ekki gengi eða gæfuleysi stjórnmálaflokka. Það sem mér finnst hins vegar vera brennandi spurning hvað varðar skoðanakannanir og pólitík er hvort við eigum ekki að skoða það að fara sömu leið og gert er í sumum Evrópulöndum, eins og t.d. á Ítalíu og nokkrum öðrum löndum að ég held, að banna birtingu á skoðanakönnunum síðustu dagana fyrir kosningar hvort sem það er heil vika eða 3–4 dagar. Ég held að það mundi skapa heilbrigðara andrúmsloft dagana fyrir kosningar af því að skoðanakannanir stýra mjög umræðunni og stýra því að lokum t.d. hvernig einstökum flokkum gengur, sérstaklega litlu flokkunum sem mælast úti. Ef þeir mælast úti í öllum könnunum er líklegra að á bresti flótti. Ég held að andrúmsloftið yrði heilbrigðara ef menn skoðuðu það að banna birtingu kannana síðustu dagana fyrir kosningar.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég var ekki alveg sáttur við svör hæstv. ráðherra og fannst þau bera keim af útúrsnúningi. Með þessari fyrirspurn er ég alls ekki að mælast til þess að ráðherra fari að hlutast til um það hvernig Háskóla Íslands eða stofnunum á hans vegum er stjórnað, alls ekki. Ég er að kalla eftir skoðun eða áliti ráðherra á því hvort hún, sem er æðsti yfirmaður Háskóla Íslands og hæstv. menntamálaráðherra, telji eðlilegt eða samrýmast kröfum um fagleg vinnubrögð óháðra vísindastofnana að þær geri kannanir eins og við sáum Félagsvísindastofnun gera á Íslandi, í sveitarfélögum víða um land, löngu áður en frestur til að skila inn framboðum var runninn út. Ég tel það mjög vafasamt faglega séð að opinber vísindastofnun á vegum Háskóla Íslands stundi slík vinnubrögð. Látum vera þó að einkafyrirtæki hefði gert það. Mér hefði verið alveg sama um það, enda geta þau gert það sem þau vilja svo framarlega sem þau vinna innan ramma laganna. En mér finnst mjög vafasamt faglega séð að vísindastofnun geri skoðanakannanir með þessum hætti, því að við vitum að mjög víða áttu eftir að koma fram framboð í sveitarfélögum. Þessar kannanir voru í raun og veru algerlega marklausar. Það var ekkert að marka þær, þetta var tómt kjaftæði. Þarna er verið að eyða tíma vísindamanna, ekki kannski fjármunum Háskóla Íslands en tíma vísindamanna, í einhverja vinnu sem er tómt rugl frá a til ö. Og mér finnst það mjög ámælisvert að Háskóli Íslands, sem er fagleg rannsóknarstofnun, eyði tíma sínum og starfskröftum í það að stunda samkvæmisleiki af þessu tagi. Mér finnst það mjög ámælisvert og því bar ég fram þessa fyrirspurn en ég verð að segja að svör ráðherra valda mér nokkrum vonbrigðum.

[15:00]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það var aldrei meiningin að vera með útúrsnúninga. Það er einfaldlega þannig að Félagsvísindastofnun heyrir stjórnskipulega undir Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Við verðum einfaldlega að treysta því að það sem þaðan kemur sé byggt á faglegum grunni, enda hef ég ekki orðið vör við annað. Þetta er grundvallaratriði í þessu máli.

Síðan verð ég líka að taka undir með hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur sem kom inn á það sem er líka þýðingarmikið í þessu sambandi, þ.e. að það eru ákveðin vísindi að stunda rannsóknir. Það skiptir miklu máli að skoðanakannanir séu faglega framkvæmdar. Ég get ekki annað séð en bæði opinberir aðilar eins og Háskóli Íslands eða Félagsvísindastofnun, sem og einkaaðilar, hafi staðið sig í meginatriðum vel við gerð skoðanakannana. Það væri miklu frekar að gera kröfu til einkaaðila sem sjá um skoðanakannanir að þeir standi sig og þeir hafa gert það. Við getum nefnt Gallup og fleiri ágæt fyrirtæki sem hafa gert þetta vísindalega. Þetta eru rannsóknir sem eiga sér stað. Þeir viðhafa faglegar rannsóknaraðferðir til að nálgast niðurstöðu, niðurstöðu sem við eigum síðan í meginatriðum að geta treyst.

En það verður nú stundum að segjast að skoðanakannanir eru eitt og niðurstöður kosninga eru annað. Við sjálfstæðismenn verðum bara að bíta í það súra epli að við erum alltaf aðeins hærri í skoðanakönnunum en það sem kemur síðan upp úr kjörkössunum. (**Gripið fram í:** Líka við.)

Umræðu lokið.

Framhaldsskóli í Suðvesturkjördæmi.

Fsp. RG, 775. mál. — Þskj. 1152.

[15:02]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Forseti. Þörfin fyrir nýjan framhaldsskóla í Suðvesturkjördæmi er augljós og aðkallandi að mínu viti. En fyrirspurn þessi sem hv. þm. Samfylkingarinnar Rannveig Guðmundsdóttir lagði fyrir er til þess gerð að kalla fram hvaða áform hæstv. menntamálaráðherra hafi um uppbyggingu framhaldsskóla í Suðvesturkjördæmi og þá hvort stofnun nýrra framhaldsskóla í Mosfellsbær, Kópavogi og Hafnarfirði hafi verið tímasett.

Áhugi sveitarstjórnarmanna í Suðvesturkjördæmi á uppbyggingu nýrra framhaldsskóla er skiljanlega mikill. En eðli máls samkvæmt þarf að nást um það samkomulag milli ríkis og sveitarfélags eða félaga að sækja fjármagn til uppbyggingarinnar í ríkissjóð. Það beinir reyndar augunum að því hversu heppilegt það sé að hafa framhaldsskólann hjá ríkinu en ekki sveitarfélögum. En það er hins vegar ekki efni þessarar fyrirspurnar.

Aftur að Suðvesturkjördæmi. Í nóvember síðastliðnum gerði Kópavogur samning við Knattspyrnuakademíu Íslands um uppbyggingu heilsu-, íþrótta- og fræðaseturs í Kórahverfinu. Við það tækifæri lét Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri Kópavogs og flokksbróðir menntamálaráðherra þau orð falla að nauðsynlegt væri að reisa nýjan framhaldsskóla í Kópavogi og það sem meira er, að beinlínis sé gert ráð fyrir því í samningi bæjarins við knattspyrnuakademíuna að nýr framhaldsskóli rísi í Kórahverfinu. Hann viðurkenndi hins vegar að ekki hefði verið gengið frá öllum lausum endum í því efni.

Svo gerðist það í Mosfellsbæ daginn fyrir kosningar að Sjálfstæðisflokkurinn fullyrti að næsti framhaldsskóli í Suðvesturkjördæmi mundi rísa í Mosfellsbæ. Þar fór fyrir sjálfstæðismönnum eins menn vita, flokkssystir Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri í Mosfellsbæ, væntanlega fráfarandi bæjarstjóri.

Þá er ekki nema von að menn staldri við og vilji vita hvar hinn nýi framhaldsskóli eigi að rísa. Verður hann í Kópavogi, verður hann í Mosfellsbæ eða verður hann kannski í Hafnarfirði, frú forseti?

[15:04]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er rétt að undirstrika að á hverjum tíma liggja fyrir hjá ráðuneytinu ýmsar hugmyndir um nýja framhaldsskóla. Annars vegar koma til afar eðlilegar óskir heimamanna þar sem byggð vex og íbúum fjölgar en einnig er vaxandi áhersla á þörf og rétt til nálægðar framhaldsskóla og síðan koma ýmis byggðasjónarmið þar inn í

þannig að sem allra víðast verði hægt að stunda framhaldsnám í heimabyggð. Við erum að sjá það gefast afar farsællega á norðanverðu Snæfellsnesi. Hins vegar hefur ráðuneytið frumkvæði að því að skipuleggja nám, námsframboð og byggingu aðstöðu eftir eðlilegum þörfum og áherslum þjóðfélagsins í heild.

Undanfarin missiri hefur umræða aukist um nýja skóla svona nokkuð vítt og breitt um landið og ekki síst á höfuðborgarsvæðinu og Suðvesturkjördæmi sem þessi fyrirspurn meðal annars snýst um.

Í haust lét ég gera sérstaka athugun á væntanlegri uppbyggingu nýrra íbúðahverfa á þessu svæði sem við erum stödd á. Nú á þessu ári hefur starfað hópur eða nefnd á vegum ráðuneytisins til að setja fram heildstætt yfirlit yfir þá kosti sem fyrir eru um stofnun nýrra framhaldsskóla og stækkun þeirra sem fyrir eru þannig að við getum metið landið í heild. Við þekkjum umræðuna um framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Ýmsar aðrar hugmyndir eru uppi. Hópurinn er að meta þetta út frá annars vegar íbúafjölgun og byggðinni, þ.e. hvernig hún er að vaxa. Síðan verður að sjálfsögðu að taka tillit til ákveðinna nálægðarsjónarmiða, byggðasjónarmiða og annars.

Kemur þá að síðari spurningunni: Hefur stofnun nýrra framhaldsskóla í Mosfellsbæ, Kópavogi og Hafnarfirði verið tímasett?

Rétt er að taka fram að nú þegar eru hafnar framkvæmdir við stækkun Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Sú stækkun mun koma að fullu til framkvæmda og skólinn taka hið nýja húsnæði til notkunar í haust. Tillögur um stækkun Fjölbrautaskólans í Garðabæ liggja fyrir, þ.e. um 1.000 fermetra stækkun sem verið er að vinna að og skipuleggja. Forsendur stækkunar Iðnskólans í Hafnarfirði eru til skoðunar og hefur skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði kynnt mér þær tillögur. Í gildi er áætlun í kjölfar samkomulags ráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um stækkun og endurbætur á fimm framhaldsskólum. Fyrst má nefna MH. Þar erum við þegar byrjuð. Svo eru það Fjölbraut í Ármúla og Iðnskólinn í Reykjavík. Þar er þegar byrjað að hanna nýja hæð sem bæta á við Iðnskólann í Reykjavík. Loks eru það MR og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Vert og rétt er að geta þess að MR hefur núna á fjárlögum 50 milljónir og hafði á síðastliðnu ári líka og mun hafa það á næsta ári varðandi uppbyggingu Casa Nova eða endurbætur á Casa Nova og í kjölfar þess er ljóst að hefjast mun framtíðaruppbygging og endurbætur á húsnæði Menntaskólans í Reykjavík. Það er nokkuð sem liggur líka fyrir. Um það eigum við eftir að semja að sjálfsögðu við borgina. En þetta hafa menn rætt sín á milli og hefur legið fyrir í nokkurn tíma.

Sérhver ákvörðun hefur áhrif á heildarmyndina — Það er vert að hafa í huga — og ekki síst ákvarðanir sem varða Breiðholtið og nágrenni á Suðvesturhorninu, ef við tölum um það. Fyrir liggur álit nefndarinnar, sem ég gat um áðan um áðan, um staðsetningu nýrra framhaldsskóla og niðurstaðan gerir nokkuð ljóst hvar skórinn kreppir á þessu svæði. Rétt er að geta þess að hún telur að í ljósi þróunar við utanverðan Eyjafjörð, jarðganga og annars, t.d. íbúaþróunar, sé rétt að hefja uppbyggingu á framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð í samræmi við óskir heimamanna. En þetta eru tillögur. Það er síðan annað að tryggja fjármagnið. Þetta er stefnumótun þannig að menn átti sig á þörfinni og hvar skórinn kreppir. Það er mikilvægt að menn hafi það í huga.

Vaxtarsvæði byggðarinnar við Faxaflóa er á austurjaðrinum, allt frá Kjalarnesi um Mosfellsbæ, Úlfarsfellssvæði, Grafarholtið, Elliðavatn, Garðabæ og til Hafnarfjarðar. Þessu átta þingmenn Suðvesturkjördæmis sig alla vega á. Við sjáum að flestir framhaldsskólarnir eru á þessu svæði vestan megin Elliðaáa. Tveir skólar, FB og Borgarholtsskóli, eru núna austan megin. En þenslan í íbúafjölda er mestmegnis í Mosfellsbænum, á Norðlingaholtinu, við Vatnsenda og síðan í Garðabæ þegar til lengri tíma er litið. Við erum að sjá líka gríðarlega uppbyggingu á Vallasvæðinu í Hafnarfirði. Þar er því þörfin að mati nefndarinnar. Nefndin segir að í ljósi íbúaþróunar og byggðar í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi, við Úlfarsfell og uppbyggingar þar, og hugsanlega Geldinganesi með tilliti til nýs meiri hluta í Reykjavíkurborg, sé rétt að þar rísi skóli. Þeir mæla sem sagt með því að framhaldsskóli rísi í Mosfellsbæ.

Nefndin fór einnig yfir Reykjanes. Þar var stækkun Fjölbrautaskóla Suðurnesja tekin í notkun á síðasta ári. Þar er líka mikil íbúafjölgun og þrýstingur á að taka næstu skref á þeim slóðum. Þeir mæla með að fylgjast grannt með íbúaþróun á Suðurnesjum næstu missirin og taka ákvörðun í ljósi þróunar.

Ég tel (Forseti hringir.) mikilvægt, frú forseti, að við kortleggjum svæðin og skoðum hvar þörfin sé (Forseti hringir.) til næstu ára þannig að við vitum hvernig við þurfum að taka tillit til þess bæði varðandi fjárlagagerð og stefnumótun til lengri tíma um uppbyggingu framhaldsskóla.

[15:10]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Íbúum Mosfellsbæjar barst blað frá Sjálfstæðisflokknum þar sem stendur skýrt, með leyfi forseta: „Ný skýrsla menntamálaráðherra. Framhaldsskóli í Mosfellsbæ er í fyrsta forgang.“ Ég gat ekki heyrt það greinilega á orðum hæstv. menntamálaráðherra áðan að þetta væri rétt og vil því spyrja: Er rétt að næsti framhaldsskóli á höfuðborgarsvæðinu rísi í Mosfellsbæ?

Talandi um Mosfellsbæ. Hvaða staðsetningu er menn þá að velta fyrir sér, í bænum sjálfum, þ.e. miðsvæðis, á Varmársvæðinu eða er ráðherra að hugsa um bæjarmörkin, þ.e. nær Reykjavík og þá jafnvel rétt fyrir utan Grafarholt eða Grafarvog?

[15:11]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Eitt fyrsta þingmál mitt þegar ég kom á þing 1999 var bygging framhaldsskóla sem víðast í heimabyggðum þannig að fólk gæti sótt framhaldsskóla í heimabyggð.

Eitt af fyrstu málum mínum var einmitt framhaldsskóli á Snæfellsnesi og reyndar vakti ég líka máls á framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Framhaldsskólinn á Snæfellsnesi er nú kominn. Ég hef síðan flutt á Alþingi, á tveimur eða þremur undanförnum þingum, tillögu um framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Mosfellsbær er eitt stærsta byggðarlagið sem ekki hefur nú framhaldsskóla innan sinna vébanda. Fram-

haldsskóli er hluti af því að byggja upp samfélag.

Þetta mál hefur samt fengið miklu daufari undirtektir en ég átti von á. Mér hefur fundist til dæmis sjálfstæðismeirihlutinn í Mosfellsbæ sýna þessu fullmikið og ótrúlegt tómlæti. Þess vegna fagna ég því, í raun fyrir hönd Mosfellsbæinga, ef nú verður (Forseti hringir.) breyting á og hafist handa við að (Forseti hringir.) byggja framhaldsskóla í Mosfellsbæ, þó svo að sjálfstæðismenn hafi nú allt í einu fundið sig knúna til (Forseti hringir.) að mæla með því.

[15:12]

Mörður Árnason:

Forseti. Þetta er fróðleg umræða. Hér er spurt um hvar nýr framhaldsskóli á tilteknu svæði eigi að koma. Menntamálaráðherra svarar með því að nefnd sé í gangi, að fróðir menn segi þetta og hitt, að hæstv. ráðherra muni eftir góða stund ákveða hvernig þetta verður og það þurfi nú fjárveitingar hjá öðrum ráðherra og svona. Síðan er því lýst að flokksmenn ráðherrans í ákveðnu sveitarfélagi lofuðu fyrir kosningarnar að ráðherra ætli að setja skólann niður þar. Enn er spurt að því hvort ráðherrann, ef hún setur nú skólann niður þar, ætli nú að gera það í miðbæ þessa sveitarfélags eða einhvers staðar niður við ströndina eða uppi í dalnum.

Þetta sýnir náttúrlega hvað það er innilega fáránlegt að við skulum enn þá hafa þetta þannig að framhaldsskólarnir séu á valdi eins tiltekins ráðherra. Sveitarfélögin eiga auðvitað að ráða framhaldsskólanum og ákveða sjálf ein sér eða mörg saman hvar þeir skuli byggðir og láta svo menntamálaráðherra vita af því. Þetta er stefna okkur samfylkingarmanna og ég vona að hún komist sem fyrst í framkvæmd. Þá mundum við losna við umræður af þessu tagi, niðurlægjandi umræður af þessu tagi í þingsalnum.

[15:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Forseti. Það er gott að hæstv. ráðherra er búin að gera könnun og að hún liggur fyrir. Hins vegar nam ég það ekki af máli menntamálaráðherra að búið væri að taka neina ákvörðun um hvar næsti framhaldsskóli, hinn nýi framhaldsskóli í Suðvesturkjördæmi, ætti að rísa. Eru þá væntanlega fallin um sjálf sig kosningaloforð sjálfstæðismanna í Kópavogi og Mosfellsbæ. Það er kannski annað mál. Hins vegar skiptir máli fyrir fólkið í þessum byggðarlögum og í þessum sveitarfélögum að vita hvort við erum að tala um viðbyggingar eða nýbyggingar, stækkanir eða nýja skóla með þeim möguleikum sem nýir skólar veita sveitarfélögunum. Vissulega er það alveg rétt hjá hv. þm. Merði Árnasyni, eins og kom fram í framsögu minni, að miklu nær væri að hafa þetta hjá sveitarfélögunum. Þá væri þetta í nærumhverfinu og stjórnin allt önnur í stað þess að þurfa að sækja málið með þessum hætti.

Það er rétt að verið er að stækka Flensborg. Tíðindi voru að berast um að stækka ætti FG. Allt eru þetta mjög góð tíðindi. Ég gleðst líka yfir því að verið sé að skoða Iðnskólann í Hafnarfirði. Það hafa líka komið fram tillögur frá Hafnfirðingum um að setja niður Listmenntaskóla á Völlunum í Hafnarfirði. Nógar eru því hugmyndir sveitarstjórnarmanna um uppbyggingu.

Hins vegar kom ekki fram í máli hæstv. menntamálaráðherra hvort hún ætli á grundvelli nefndarstarfsins að taka af skarið um hvar næsti nýi framhaldsskóli í Suðvesturkjördæmi eigi að rísa. Mér finnst full ástæða til þess að það komi fram hér og nú.

[15:15]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Mér finnst merkilegt að ekki megi verða framfarir í skólamálum ef sjálfstæðismenn koma að málum og það sé gagnrýnisvert að sjálfstæðismenn í Mosfellsbæ hafi undanfarin fjögur ár verið að knýja dyra og knýja svara varðandi uppbyggingu framhaldsskólans í Mosfellsbæ, hvort þangað komi framhaldsskóli.

Sem ráðherra ber ég hins vegar ábyrgð á því að reyna að kortleggja þarfirnar þannig að við getum sinnt óskum nemenda á þessu svæði og þeir komist inn í framhaldsskóla. Hópurinn sem var skipaður skoðaði þetta fram til 2014 og það er alveg ljóst að hann leggur til á grundvelli nálægðarsjónarmiða og byggðasjónarmiða að farið verði í uppbyggingu eða skipulagningu á framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð og síðan verði farið í uppbyggingu í Mosfellsbæ. Það eru fyrstu verkefnin.

Hópurinn legur jafnframt til að hugað verði að hinni miklu íbúafjölgun á norðausturhluta höfuðborgarsvæðisins, þ.e. í Norðlingaholtinu, Vatnsendasvæðinu, og leggur til að hugað verði að uppbyggingu á því svæði.

Ég vil hins vegar ítreka að það er mikilvægt að við áttum okkur á því hver forgangsröðunin er. Ég mun sérstaklega líta til þessara tillagna og þessarar skýrslu frá hópnum sem vísbendingar og vegvísis til þess að móta starfið. Það er alveg ljóst að hann segir Mosfellsbær fyrst og síðan uppbygging á norðausturhluta höfuðborgarsvæðisins ásamt utanverðum Eyjafirði. Við erum því búin að kortleggja það hverju við viljum sinna og hvernig við viljum sinna þörfum framhaldsskólanemenda, ég tel að það sé fyllsta ástæða til þess.

Við vitum að stefnumótunin verður að liggja fyrir, síðan er annað að tryggja fjármagn til frekari uppbyggingar. Það þurfum við auðvitað að tryggja í gegnum fjárlög. En það er gott varðandi stefnumótunina að við vitum hverjar þarfirnar eru. Þær liggja fyrir og við vitum hvernig á að nálgast þær.

Umræðu lokið.

Hugverkastuldur.

Fsp. BjörgvS, 763. mál. — Þskj. 1112.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini þessari fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra:

1. Hvert er áætlað hlutfall hugverkastuldar í íslensku hagkerfi og hvert er áætlað hlutfall hugverkastuldar í hagkerfi heimsins?

2. Hefur farið fram úttekt á hugverkastuldi á Íslandi og

hlutfalli hans í íslensku hagkerfi, og ef svo er, hver var niðurstaðan? Hafi slík úttekt ekki farið fram, er hún fyrirhuguð?

Það liggur fyrir að hugverkastuldur er alvarlegt og vaxandi vandamál í hagkerfinu. Mörg gögn benda til þess að brotatíðni sé nokkuð há í þessum málum hér á landi og þau réttarfarsúrræði sem fyrir hendi eru séu ekki nægilega virk. Er enda stefnt að því að styrkja stöðu rétthafa hugverka þegar um viðskipti er að ræða, ekki síst með hliðsjón af því hvernig brugðist verði við í nágrannalöndum okkar á næstu missirum — það liggur fyrir að hugverkastuldur er vaxandi og viðvarandi vandamál út um allan hinn vestræna heim.

Því til glöggvunar má geta þess að þann 15. október 1998 skilaði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins svonefndri grænbók, grænni bók um aðgerðir gegn eftirlíkingum, sjóræningjaútgáfum á vörumerkjum, mynd- og hljóðefni og hugbúnaði á innri markaði Evrópusambandsins. Í þeirri grænu bók kemur fram að þessi brot gegn hugverkaréttindum námu á bilinu 5–7% af heimsviðskiptum fyrir átta árum. Engin ástæða er til að draga í efa að hugverkastuldur hafi færst verulega í vöxt síðan, ekki síst með efnahagslegum uppgangi og samfélagslegum í löndum Asíu eins og í Kína og víðar. Brot á hugverkaréttindum gætu því verið komin vel upp fyrir þessa tölu, 5–7% af heimsviðskiptum, sem er gífurlega há tala. Þetta ógnar að sjálfsögðu innri markaðnum með því að skekkja samkeppni og draga úr verðgildi fjárfestinga og áhrifin eru að sjálfsögðu margs konar.

Hér á landi hefur umfang brota gegn hugverkaréttindum ekki verið kannað ítarlega svo að ég viti. Þess vegna beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra og skora á hann að beita sér fyrir slíkri úttekt hafi hún ekki farið fram eða sé hún ekki í gangi.

Jafnframt bendir ekkert til þess að tíðni brota af öðru tagi gegn hugverkaréttindum sé önnur og lægri hér á landi en í grannlöndunum og með því megi ganga út frá því að hér á landi sé í einhverjum mæli markaður með ólöglegar fjölfaldanir, t.d. á mynd- og hljóðefni á geisladiskum, eftirlíkingum á merkjavöru og ólöglegum hugbúnaði. Því er fyllsta ástæða til að fara ítarlega í þessi mál, rannsaka umfang hugverkastuldar og grípa til markvissra aðgerða gegn honum.

[15:21]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni hafa alls 84 mál verið skráð í málaskrá lögreglu vegna ætlaðra brota á höfundalögum. Elsta málaskráningin er frá árinu 1995. Þá hefur á undanförnum árum verið ákært í nokkrum málum vegna brota á höfundalögum og dómar hafa gengið í málum en dæmd viðurlög eru iðulega í formi sekta.

Ég gef mér þá forsendu að hv. þingmaður vísi einkum til hugbúnaðar og stuldar á honum þegar hann ræðir áætlað hlutfall hugverkastuldar í hagkerfi heimsins. Í nýrri skýrslu Samtaka rétthafa og framleiðenda hugbúnaðar, BSA-samtakanna, vegna ársins 2005, sem út kom núna í maímánuði, segir að hlutfall ólögmætrar hagnýtingar á PC-tölvuhugbúnaði standi nokkurn veginn í stað milli áranna 2004 og 2005 og nemi um 35% af heildarumfangi hugbúnaðarins í veröldinni en á sama tíma aukist fjárhagslegt tap milli áranna um ríflega 1,6 milljarða bandaríkjadala. Í 97 ríkjum heims, sem rannsökuð eru, lækkar hlutfall ólögmætrar hagnýtingar hugverka milli áranna 2004 og 2005 hjá meira en helmingi ríkjanna eða í 51 ríki. Í 19 ríkjum hækkar hlutfallið. Það er niðurstaða samtakanna að á sama tíma og keyptur var PC-tölvuhugbúnaður löglega fyrir tvo dollara á árinu 2005 hafi ólögmæt öflun búnaðar numið einum dollara.

Árið 1999 beindi ég sem menntamálaráðherra því verkefni til Ríkisendurskoðunar að hún kannaði notkun ólöglegs hugbúnaðar hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins. Skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu um málið í desember 1999 og er unnt að kynna sér hana á vefsíðu stofnunarinnar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað í tilefni af þessari fyrirspurn hefur Ríkisendurskoðun ekki endurtekið slíka úttekt.

Af hálfu Microsoft á Íslandi hefur því verið beint til mín sem dóms- og kirkjumálaráðherra að ráðuneyti mitt taki þátt í því verkefni með fyrirtækjum að kanna hvernig háttað er hugbúnaðarleiðum hjá stofnunum ráðuneytisins. Er verið að huga að því á vegum ráðuneytisins hvernig því samstarfi verði best háttað. Tilmælin frá Microsoft á Íslandi eru m.a. rökstudd með því að alþjóðlegar athuganir á vegum BSA sýni nauðsyn þess að hér á landi sé gert átak í þeim tilgangi að útrýma ólögmætum hugbúnaði. Tíðni þessarar ólögmætu notkunar hefur ekki verið mæld af stjórnvöldum umfram það sem gert var 1999 og ég greindi áður frá en ég vænti þess að þeir sem búa yfir upplýsingum frá BSA fyrir Ísland muni birta þær upplýsingar.

Loks vil ég minna á að fyrir þessu þingi liggur frumvarp til laga frá mér um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Meginmarkmið frumvarpsins er að lögbinda virkari úrræði en nú gilda til að bregðast við brotum gegn hugverkaréttindum og auðvelda rétthöfum þeirra að afla sönnunargagna um þau til að verja hagsmuni sína. Ég tel að það sé ákveðnum erfiðleikum bundið að setja fram trúverðugar áætlanir um hlutfall hugverkastuldar í íslensku hagkerfi og raunar vaknar sú spurning hvort ástæða sé til þess að ætla lögreglu eða aðilum á vegum dómsmálaráðuneytisins að eiga frumkvæði að slíkum úttektum eða áætlunum. Hins vegar er ljóst að lögregla kemur að málum og það er m.a. lögbundið hlutverk hennar að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu, vinna að uppljóstrun brota og stemma stigu við afbrotum, vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi. Verkefnið snertir hins vegar marga aðila, bæði einkaaðila og opinbera aðila, og ég vænti þess að þær upplýsingar sem snerta Ísland og koma fram í þessari könnun BSA, og ég nefndi hér fyrr, verði birtar opinberlega af þeim aðilum sem ráða yfir þeim upplýsingum.

[15:26]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra umræðuna. Það liggur fyrir að ekki hefur farið fram mæling á umfangi þess sem kalla má hugverkastuld, hvort sem um er að ræða

hugbúnað, sem er vissulega algengast, mynd- og hljóðefni á geisladiskum, eftirlíkingar á merkjavöru eða ólöglegan hugbúnað svo nefnd séu alvarlegustu tilvik brota gegn hugverkaréttindum. Á sumum sviðum má jafnframt reikna með að tíðni brota sé umtalsverð og að sjálfsögðu fyrst og fremst um fjölföldun tölvuforrita að ræða eins og hæstv. ráðherra gat um og reynslan hefur leitt í ljós erlendis. Þá hefur vafalaust áhrif hér á landi eins og annars staðar að tækni hefur fleygt fram. Nú er mjög auðvelt að fjölfalda hvers konar mynd- og hljóðefni með mjög litlum tilkostnaði og fyrirhafnarlítið svo vægt sé til orða tekið og oft án þess að gæðin verði mun lakari.

Fyrir nokkrum árum voru gæði á sjóræningjaefni eða stolnu efni hvers konar oft mun lakari en á hinu raunverulega efni og stóð það þessum undirheimaiðnaði töluvert fyrir þrifum. Nú er staðreyndin sú að það er hægt að falsa og líkja eftir myndefni, hljóðefni og hvers kyns merkjavöru og hugbúnaði með ævintýralega góðum árangri. Það hefur, að ég held, hleypt nýju lífi í hugbúnaðarstuld og hugbúnaðarþjófnað af hverri sort. Ég tel ekkert benda til þess að það sé að dragast saman hér á landi. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að úttekt og mæling á hugverkastuldi liggi fyrir rétt eins og það liggur fyrir hvert hlutfall af hugverkastuldi er í hagkerfinu víða erlendis, fyrir átta árum var talað um að það væri 5–7%. Það hefur dregist saman í einhverjum löndum, sagði hæstv. ráðherra, það er ágætt. En ég held að það sé áríðandi og mikilvægt að einmitt dómsmálaráðuneytið beiti sér fyrir slíkri mælingu (Forseti hringir.) eða hafi alla vega forgöngu um það.

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það er nauðsynlegt að mæla þetta en ég tel að það sé ekki í verkahring dómsmálaráðuneytisins að stunda slíkar hagfræðimælingar hér á landi.

Umræðu lokið.

Hrefnuveiði.

Fsp. SigurjÞ, 772. mál. — Þskj. 1134.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra lét þau orð falla úr ræðustóli Alþingis að stunda þyrfti hvalveiðar til þess að byggja upp þorskstofninn. Nefndi hann þá sérstaklega að það þyrfti að veiða hrefnuna þar sem hún æti meira en fyrri kannanir hefðu sýnt.

Þessi vitleysisumræða, sem hæstv. sjávarútvegsráðherra stóð hér fyrir, rataði í fjölmiðla en enginn fjölmiðlamaður spurði hæstv. ráðherra hve margar hrefnur þyrfti að veiða til þess að þorskstofninn næði fyrri stærð. Ég er á því að það verði að skoða þessi ummæli hæstv. ráðherra, að það þurfi að veiða örfá dýr til þess að byggja upp þorskstofninn, í ljósi þess að menn eru ráðþrota. Menn standa einfaldlega ráðþrota gagnvart því hvernig fiskveiðistefnan hefur beðið skipbrot. Þessar barnalegu vangaveltur, að það sé hægt að kenna hrefnunni um hvernig komið er, lýsa þeirri örvæntingu sem hæstv. ráðherra finnur til þegar hann horfir upp á afleiðingar íslenska kvótakerfisins.

Ef litið er yfir aflatölur Íslendinga nú og það ár sem landhelgin var færð út í 200 mílur, og mér finnst það við hæfi vegna þess að þessa dagana fara fram hátíðahöld í því tilefni, er niðurstaðan sú að við höfum ekki gengið til góðs. Árið 1978 var afli Íslendinga um 320 þús. tonn og er þá ótalinn afli útlendinga. Ef við lítum á hver afli Íslendinga er núna þá er hann rétt liðlega 200 þús. tonn. Eftir 20 ára stjórn vísindamanna, sem hafa trúað á þessa reikningslegu uppbyggingu á þorskstofninum, hefur ekkert gengið. Við höfum mínusárangur, 100 þús. tonna mínusárangur. Það er alvarlegt.

Ég er á því að hæstv. sjávarútvegsráðherra ætti að líta til annarra þátta, fæðuframboðs og sjálfsráns í hafinu, það er m.a. þegar stór þorskur étur minni þorsk. Ef við lítum til þeirrar staðreyndar að það geta verið 200 milljónir nýliða í hafinu, það er þá þriggja ára fiskur sem er að koma inn í veiðina, — ef hann étur einn fisk yfir árið þá fækkar hann yngri þorskum um sama fjölda, 200 milljónir. Ef þetta er hálfskílóa fiskur sem hann étur þá hverfa þarna ofan í þorskinn, það sem hann étur undan sjálfum sér, 100 þús. tonn árlega. Ég er á því að hæstv. sjávarútvegsráðherra ætti að líta til þessara þátta í staðinn fyrir að horfa til þess að örfáar hrefnur skipti sköpum hvað varðar svokallaða uppbyggingu þorskstofnsins, frú forseti.

[15:32]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr hve margar hrefnur ráðherra telji að veiða þurfi til að byggja upp þorskstofninn. Við þessari spurningu er í sjálfu sér ekki hægt að veita neitt óyggjandi svar miðað við núverandi þekkingu okkar á vistfræði hrefnu hér við land og samspili hennar við þorskstofninn. Þótt vísbendingar séu um að hrefna sé mikilvægur afræningi á þorski er ljóst að margt fleira hefur áhrif á vöxt og viðgang þorskstofnsins og því er e.t.v. aldrei hægt að svara þessari spurningu af mikilli nákvæmni. Þess er þó vænst að yfirstandandi rannsóknir á fæðuvistkerfi hrefnunnar geri okkur kleift að nálgast svar við spurningunni um vistfræðilegt samspil hrefnu og þorsks hér við land betur en nú er unnt.

Samkvæmt síðustu talningu sem fór fram árið 2001 voru 43.600 hrefnur á landgrunninu við Ísland. Einfaldur samanburður á gögnum úr þeim fjórum flugtalningum sem fóru fram á tímabilinu 1986–2001 bendir til að stofninn hafi verið stöðugri eða stækkað lítillega á þessu tímabili. Úttektir vísindanefnda Alþjóðahvalveiðiráðsins og Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins benda til þess að hrefnustofninn hér við land sé nálægt þeirri stærð sem hann var áður en hrefnuveiðar hófust hér við land árið 1914. Samkvæmt nýjustu úttekt vísindanefndar NAMMCO munu árlegar veiðar á 200 hrefnum færa stofninn niður í 83–94% af þessari stærð á næstu 20 árum og árlegar veiðar á 400 hrefnum færa stofninn niður í 69–87% á sama tímabili. Veiðar á 50 dýrum á ári munu ekki leiða til marktækra breytinga á stofninum samkvæmt úttektinni. Á grundvelli

þessara úttekta hefur Hafrannsóknastofnun, eins og menn vita, á undanförnum árum lagt til að veiðum verði haldið innan við 400 dýr og jafnframt að þeim yrði háttað í samræmi við dreifingu hrefnu á íslenska landgrunninu en vegna átthagatryggðar einstaklinga má búast við að áhrif veiðanna verði að öðrum kosti meiri á afmörkuðum svæðum.

Það er almennt viðurkennt að kjörnýtingarstærð hvalastofna liggi á bilinu 60–72% af upprunalegri stærð og miðast flest veiðistjórnunarkerfi við að halda stofnunum í þeirri stærð. Samkvæmt ofangreindri frumathugun á fjölstofnalíkani getur skipt verulegu máli fyrir langtímaafrakstur þorskstofnsins hvort hvalastofnarnir séu í hámarksstærð eða 70% af þeirri stærð. Sú ályktun byggði m.a. á ótryggum forsendum um hlutdeild þorsks í fæðu hrefnu hér við land. Frumniðurstöður úr fyrri helmingi rannsókna benda til að þær forsendur standist þegar litið er til landgrunnssvæðisins í heild. Hins vegar benda þær líka til verulegs breytileika eftir hafsvæðum sem nauðsynlegt er að taka tillit til við þróun fjölstofnalíkans. Þannig virðist sandsíli vera langmikilvægasta fæðutegundin út af suður- og suðvesturströnd landsins þar sem um eða yfir helmingur hrefnustofnsins heldur sig á sumrin. Þorskneysla hrefnunnar virðist hins vegar mest við Vestfirði og Norðurland þar sem þéttleiki hrefnu er minni. Hugsanlegt er því að tiltölulega takmarkaðar veiðar á þeim svæðum geti haft umtalsverð áhrif á heildarþorskneysluna. Þessi áhrif er þó ekki unnt að meta fyrr en rannsóknaverkefnum lýkur.

Virðulegur forseti. Það er í sjálfu sér ekki neitt sem gefur hv. þingmanni tilefni til að ætla það af svari mínu á Alþingi fyrir nokkrum vikum sem hann vitnaði til að ég telji að eingöngu eigi að horfa til þorskneyslu eða fæðu hrefnunnar hér við land. Ég var einfaldlega að vekja athygli á því að fjölgun hrefnunnar og sú staðreynd að við erum ekki að veiða hana hefur að sjálfsögðu áhrif á uppbyggingu þorskstofnsins. Þess vegna ítreka ég að ég er þeirrar skoðunar og byggi hana m.a. á gögnum sem liggja fyrir — og ég trúi því ekki að hv. þingmaður sé mér ósammála um það — að hrefna sem ekki er nýtt og þessi mikli vöxtur hrefnustofnsins hafi áhrif á stöðu þorskstofnsins. Þessar tölur sem ég fór hér með og hafði eftir er auðvitað klár vísbending um að hægt er að hafa áhrif á stöðu þorskstofnsins með því að stunda skynsamlegar hrefnuveiðar hér við land. Og það er auðvitað ein ástæðan fyrir því að við erum yfir höfuð að ræða þessi mál. Við teljum nauðsynlegt og eðlilegt að nýta hrefnustofninn eins og aðra nytjastofna, m.a. til þess að halda ákveðnu jafnvægi í lífríkinu alveg eins og hv. þingmaður var að segja. Það er auðvitað þannig að ein tegundin étur aðra og stærri þorskur étur hinn smærri. Þetta er vel þekkt. Með nákvæmlega sama hætti er augljóst mál að óheft stækkun hrefnustofnsins, sú staðreynd að við nýtum hann ekki sem skyldi hefur að sjálfsögðu áhrif á stöðu lífríkisins. Það hefur margoft komið fram og það var eingöngu það sem ég vísaði til í ræðu minni fyrir nokkrum vikum sem hv. þingmaður vitnaði síðan til.

[15:36]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég verð að segja að ég hef ákaflega litla trú á þessum ræðum hæstv. sjávarútvegsráðherra og þeim rannsóknum sem hann og hans menn hafa í raun og veru pantað hjá fiskifræðingunum og eru öðrum þræði til að réttlæta hinar svokölluðu vísindaveiðar á hrefnu og viðhalda einhvers konar íslenskum málstað í hvalveiðimálum.

Menn vita því miður ekki margt um vistfræði hafsins. Ástæðan er m.a. sú að hér á Íslandsmiðum hefur Hafrannsóknastofnun verið falið það hlutverk að rannsaka nytjastofnana, rannsaka þess vegna ekki aðra líffræði hafsins fyrr en alveg nýlega. Ég kallaði umræðu af þessu tagi einu sinni pólitískan bjánahátt. Það var annar ráðherra sem þá sat en ég held að þau ummæli eigi nú í heild vel við um þessa vísindamennsku sjávarútvegsráðherra.

[15:37]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Umræður og hugleiðingar um áhrif sjávarspendýra á vistkerfi hafsins eru að sjálfsögðu ávallt mjög áhugaverðar. Ég held að það sé enginn vafi á því að sjávarspendýr geti haft umtalsverð áhrif. Þetta eru dýr með heitt blóð, þau brenna miklu og þurfa mikla næringu til vaxtar og viðgangs. Hins vegar finnst mér frekar hæpið að hrefnustofninn einn og sér hafi afgerandi áhrif á það hvort okkur takist að byggja upp þorskstofninn eður ei. Ég held að aðrar breytur í vistkerfi hafsins hafi miklu meiri þýðingu. Við getum nefnt nýliðun þorsks, sjálfsát og afrán eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson benti á en við megum heldur ekki gleyma skilyrðum fiskstofnsins til vaxtar, þ.e. að fiskurinn hafi nóg æti og góð skilyrði til vaxtar. Það er mín sannfæring og vissa og trú, virðulegi forseti, að ef þau atriði eru í góðu lagi þurfi í sjálfu sér ekki að hafa miklar áhyggjur af því þó að hrefnan sé til staðar í vistkerfinu umhverfis landið.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég gat ekki betur heyrt en að hæstv. ráðherra væri að draga til baka ummæli sín um að hægt væri að kenna hrefnunni um þessa misheppnuðu uppbyggingu þorskstofnsins enda held ég að það sé augljóst. Hann nefndi hér að veiðar á 400 hrefnum skiptu einhverjum sköpum eða mögulega gerðu það. Ég verð að minna hæstv. ráðherra á það að hann er að tala um innan við 1% af stofninum og hann er einnig að tala um það að þessar veiðar hafi ekki áhrif á stofnstærðina. Þess vegna er hann í rauninni að segja að veiðarnar skipti litlu sem engu máli, samandregið, en ég er fylgjandi hvalveiðum og ég tel að við eigum að nýta þessi dýr eins og önnur dýr hafsins.

Það sem ég benti á var að sjálfsrán er miklu nærtækari skýring á því hve illa gengur. Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að íhuga það sem ég benti honum á, að ef einn þorskur sem er að koma inn í veiðina étur einu sinni þorsk yfir árið eru það um 200 millj. einstaklinga sem hann étur. Ef þessi fiskur sem hann étur er hálft kíló hverfa þarna 100 þús. tonn. Auðvitað eiga menn að líta á stærstu leikarana í vistkerfinu, þ.e. fiskana sjálfa, en ekki horfa alltaf á hvalina og síðan það hvað við tökum upp úr hafinu. Það eru þættir sem skipta miklu minna máli en orkuflæðið sem er í vistkerfinu. Þá er ég að tala um fiskana sjálfa. Ég vonast til að þessi umræða verði til þess að hæstv. ráðherra nái nú áttum. Það

er allsvakalegt að vera með svona ummæli og telja að veiðar á nokkrum tugum eða hundruðum hrefna skipti höfuðmáli varðandi stjórn fiskveiða. Það eru aðrir þættir sem skipta miklu máli og ég er tilbúinn að taka hæstv. ráðherra á ný í líffræðikennslu (Forseti hringir.) og útskýra fyrir honum eitt og annað hvað varðar vistkerfi hafsins þannig að hann fái aðra ráðgjafa en þá sem hann hefur nýtt (Forseti hringir.) undanfarna áratugi sem hafa gagnast hvorki eitt né neitt.

[15:41]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Þetta er gamalkunnugt bragð, að gera mönnum fyrst upp skoðanir og ráðast síðan á þær uppdiktuðu skoðanir og segja: Þetta er óskapleg vitleysa sem hv. þingmaður var að segja. (Gripið fram í.) Ég sagði ekki í ræðu minni um daginn að þetta skipti höfuðmáli. (**Gripið fram í:** Jú.) Ég sagði einfaldlega að það væri ein forsendan fyrir því að hægt væri að byggja upp þorskstofninn (Gripið fram í.) að menn sinntu því að veiða hval. Ég hélt að hv. þingmaður væri mér sammála um að það skipti auðvitað máli að við veiddum hval sem lið í því að reyna að byggja upp þorskstofninn.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þingmanni að ýmsar aðrar ástæður valda því að við erum í þessari miklu lægð með þorskstofninn. Ég er ekki að gera lítið úr þeirri lægð og því að við höfum ekki náð neinum árangri í þessum efnum. Ég vakti einfaldlega athygli á einum þætti þess máls af því að ég var sérstaklega spurður um það að gefnu tilefni. Þannig var að birtar höfðu verið upplýsingar og bráðabirgðaniðurstöður rannsókna Hafrannsóknastofnunar, mjög góðar vísindalegar rannsóknir á fæðuframboði fyrir hrefnuna, og þær leiddu það m.a. í ljós að samkvæmt þessu var hlutfall þorsks í fæðu hrefnu stærra en áður hafði verið talið. Ég vakti athygli á þessu og það er auðvitað augljóst mál að þegar maður dregur ályktanir af þessu benda þær til þess að ein forsenda fyrir því að við getum byggt hér upp þorskstofn er sú að við stundum hvalveiðar. Ég sýndi fram á það að tiltölulega litlar veiðar hafa strax áhrif í þessum efnum. Það þýðir hins vegar ekki að við eigum eingöngu að horfa á þessa breytu í þessari miklu jöfnu. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að ýmislegt annað skiptir máli eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði líka áðan. Sjávarspendýrin hafa mikil áhrif en það skiptir líka höfuðmáli að fiskurinn hafi nóg af æti. Við ræddum þessi mál nokkrum sinnum í vetur og ég setti fram sjónarmið mín í þessum efnum. Mér er það ljóst eins og öllum öðrum að forsenda fyrir því að við getum séð uppbyggingu þorskstofnsins er að hann hafi nóg æti og ákvarðanir mínar t.d. varðandi veiðar á loðnu í vetur tóku ekki síst mið af þessu.

[15:43]

Útbýting:

Hlutafélög, 684. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1312; brtt. PHB o.fl., þskj. 1313.

Lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, 709. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1311.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku, 660. mál, svar menntmrh., þskj. 1292.

Samráðsfundur með forsvarsmönnum sérsambanda ÍSÍ, 754. mál, svar menntmrh., þskj. 1293.

Tæknifrjóvgun, 493. mál, svar heilbrrh., þskj. 1296.

Umræðu lokið.

Nýtanlegt vatnsafl og æskileg álframleiðsla.

Fsp. MÁ, 773. mál. — Þskj. 1149.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Þessi fyrirspurn á sér forsögu í annarri sem svarað var 5. apríl um mat iðnaðarráðherra og stofnana hennar á nýtanlegri vatnsorku á Íslandi með fullu tilliti til umhverfisverndar. Iðnaðarráðherra var líka spurð að því þá hvort hún stæði enn við þá fullyrðingu sína eða staðhæfingu á iðnþingi 2005 að við ættum að láta staðar numið við eina milljón tonna í ársframleiðslu áls sem er reyndar 5% af heimsframleiðslu áls. Það fór nú svo um þá fyrirspurn að svörin við henni voru ekki ákaflega greið. Iðnaðarráðherra sagði að vísu að viðmiðunin við 30 teravattstundir, sem sérstaklega var tiltekin úr þremur ritum sem iðnaðarráðherra hefur staðið að með ýmsum hætti, sá sem nú situr eða hinir fyrri, að reyndar væri kominn vafi á það og hæstv. iðnaðarráðherra vitnaði sérstaklega til orkumálastjóra á ársfundi Orkustofnunar árið 2004 sem taldi að nær væri að miða við 26 teravattstundir. Kann að vera að þær 4 teravattstundir sem hér munar tengist Jökulsá á Fjöllum. Að minnsta kosti var þessu svarað en þó þannig að þetta væri mat sem héngi í lausu lofti. Þess vegna tel ég rétt að gefa hæstv. iðnaðarráðherra færi á að nefna sína eigin skoðun, sína eigin stjórnmálastefnu um hve mörg teravött hún telji að megi fá árlega úr vatnsföllum hérlendis með hagkvæmum hætti að teknu tilliti til umhverfisáhrifa.

Ég tel líka að rétt sé að gefa ráðherranum tækifæri til — vegna þess að umræðurnar um síðustu fyrirspurn fóru að snúast um aukaatriði máls sem ég á jafnmikla sök á og iðnaðarráðherrann — að ítreka eða breyta afstöðu sinni frá iðnþingi í fyrra eða að minnsta kosti orðræðu hennar í kringum iðnþing í fyrra svo við drögum stóran hring í kringum þetta, um að „þegar framleiðsla í stóriðju verði komin í sem svarar til einnar milljónar tonna álframleiðslu á ári verði af ýmsum ástæðum rétt að láta gott heita“ eins og stóð í endursögn Íslensks iðnaðar frá mars–apríl 2005.

[15:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir öll þau tækifæri sem hann gefur mér en hv. þingmaður spyr: „Hversu mörg teravött telur ráðherra að megi fá árlega úr vatnsafli hérlendis með hagkvæmum hætti og að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða?“ Svarið er eftirfarandi:

Í mars sl. lagði hv. þm. Mörður Árnason spurningar fyrir mig varðandi þetta sama mál, þ.e. hve mikla raforku megi fá úr vatnsaflsvirkjunum hérlendis með hagkvæmum hætti og að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða. Í svari

mínu rakti ég hvernig tölur um virkjanlegt vatnsafl hefðu verið fundnar allt frá 1981 og hvernig þær hefðu breyst í tímans rás, m.a. vegna breyttra viðhorfa varðandi umhverfisáhrif. Ég taldi mig hafa svarað spurningum um þetta mál á fullnægjandi hátt. Mér er því lífsins ómögulegt að skilja hvers vegna hv. þingmaður kemur aftur fram með sömu spurningarnar með þeirri einu breytingu að nú vill hann vita mína persónulegu skoðun á því hvað ég telji að megi fá mörg teravött árlega úr vatnsafli hérlendis. Ég geri ráð fyrir að hann eigi við árlegar teravattstundir þ.e. orkuna en ekki aflið.

Í fyrra svari mínu vitnaði ég m.a. í ummæli orkumálastjóra frá ársfundi Orkustofnunar árið 2004 þar sem hann taldi að ef til vill væri nú réttara að tala um 26 teravattstundir á ári í stað 30 áður vegna breyttra viðhorfa varðandi umhverfisáhrif vatnsaflsvirkjana. Í grein orkumálastjóra í Morgunblaðinu 16. maí sl. sem hann nefnir Orka handa álverum segir hann, með leyfi forseta:

„Eins og rifjað var upp í grein sama höfundar hér í blaðinu hinn 6. apríl sl. má ætla að framleiða megi hérlendis 50 teravattstundir af raforku á ári (TWh/a), þar af 25–30 úr vatnsorku en 20–25 eða jafnvel meira úr jarðhita."

Ég hef enga ástæðu til að draga í efa orð orkumálastjóra í þessu efni enda er Orkustofnun stjórnvöldum til ráðuneytis í orkumálum. Hvaða skoðun ég kann að hafa sjálf er ekki aðalatriði málsins en gefur mér ef til vill tilefni til að spyrja hv. þingmann hvort hann vill ekki upplýsa hvað honum finnst að hann eigi að fá mikla orku úr vatnsaflsvirkjunum ef hann hefur myndað sér skoðun þar um. En meðan ég gegni embætti iðnaðarráðherra tala ég sem iðnaðarráðherra. Ég get ekki skipt um hatt í sambandi við það hvort ég er að tala sem einstaklingurinn Valgerður Sverrisdóttir eða iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir. (Gripið fram í.)

Svo kemur næsta spurning: „Er ráðherra enn þeirrar skoðunar sem hún lýsti í ræðu á iðnþingi 18. mars 2005 að „þegar framleiðsla í stóriðju verði komin í sem svarar til einnar milljónar tonna álframleiðslu á ári verði af ýmsum ástæðum rétt að láta gott heita"?" Og þarna er hv. þingmaður að vitna til rits Íslensks iðnaðar. Svarið er þetta:

Síðari spurning hv. þm. Marðar Árnasonar vekur einnig furðu þar sem hún er efnislega endurtekin frá 22. mars sl. sem var þá fullsvarað af minni hálfu. Ég get því aðeins endurtekið svar mitt um að tilvitnuð endursögn Íslensks iðnaðar frá mars–apríl 2005 er ekki rétt. Í ræðunni sem ég flutti var ekki minnst á milljón tonn. Ég viðhafði hins vegar þau orð í viðtali við fjölmiðla að loknu iðnþingi 2005 að þegar framleiðsla áls yrði komin í 1 milljón tonna á ári væri af ýmsum ástæðum rétt að draga úr áherslu á þeim vettvangi. Ég stend við þau orð.

Nú horfa mál þannig að hin þrjú starfandi álfyrirtæki í landinu hafa öll lýst yfir áhuga á frekari fjárfestingum í greininni á næstu tíu árum eða svo. Um þetta liggja fyrir viljayfirlýsingar og hafnar eru samningaviðræður milli álfyrirtækjanna og viðkomandi sveitarfélaga annars vegar og orkufyrirtækja hins vegar eins og kunnugt er. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti átti ekki frumkvæði að þessum áformum að öðru leyti en því að ráðuneytið átti aðild að sameiginlegri aðgerðaáætlun varðandi staðarval fyrir álver á Norðurlandi til að leysa ákveðin vandamál og koma í veg fyrir ótímabæra samkeppni sem spillti samstarfi sveitarfélaga í þeim landshluta. Engin ákvörðun liggur fyrir um framkvæmdir að svo stöddu neins staðar og er alls óvíst hvort af þeim verður. Samningum um raforkuöflun sem í verulegum mæli mætti líklega fá frá jarðhitavirkjunum er ekki lokið. Mat á umhverfisáhrifum er í tveimur af þremur tilvikum ólokið. Af þessu má ljóst vera að stjórnvöld draga ekki lengur vagninn í þessum málum en þau beita áhrifum til að beina þeim í skynsamlegan farveg.

[15:52]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við þekkjum áldýrkun hæstv. iðnaðarráðherra og einhvers staðar hljóta að vera takmörk, sagði ráðherrann. Maður veltir fyrir sér hvar þau takmörk eru, t.d. vegna náttúruverndarsjónarmiða. Ég velti fyrir mér hvaða afstöðu ráðherrann hefur þá til tveggja lagafrumvarpa sem liggja fyrir þinginu. Annars vegar að fella brott heimildir í lögum til að virkja frekar í Þjórsárverum, fella brott heimild til Norðlingaölduveitu. Hins vegar að fella brott úr lögum heimild Kaupfélags Skagfirðinga og Rariks eða Héraðsvatna hf. um virkjun við Villinganes, fella þá heimild brott úr lögum. Hvaða afstöðu hefur ráðherrann til þess? Ég óttast einmitt afstöðu ráðherrans í ljósi þeirra ummæla sem féllu þegar tekið var viðtal við hæstv. ráðherra á Botnum eða við Hálslón við Kárahnjúkavirkjun. Þá sagði ráðherrann að þar væri engin sérstök náttúrufegurð sem færi undir lón. (Forseti hringir.) Ég hef þess vegna áhyggjur (Forseti hringir.) af öðrum náttúruperlum og spyr (Forseti hringir.) þess vegna um þessar tvær náttúruperlur sem ég nefndi, frú forseti.

(**Forseti** (JóhS): Ég bið hv. ræðumann að virða ræðutíma.)

[15:53]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp að nýju. Það er full ástæða til að hafa alvarlegar áhyggjur af þeim pólitísku hugmyndum hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, sem fram koma í þessu svari um að hér sé að efni til verið að virkja 25–30 teravattstundir í vatnsafli að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða. Hér er nærri því um að ræða ýtrustu hugmyndir orkuiðnaðarins um virkjanir vatnsafls á Íslandi þó að það sé vissulega þannig að mörg af þeim verkefnum megi skoða einangruð og ein sér og réttlæta vegna efnahagslegs ávinnings að ráðast í, þá yrði eftir að virkjuð hefðu verið 25–30 teravattstundir á landinu öllu allt annað Ísland en við þekkjum í dag. Það yrði Ísland virkjað frá fjalli til fjöru með vegalagningum, með háspennulínum um (Forseti hringir.) landið þvert og endilangt og algerlega nauðsynlegt að endurskoða (Forseti hringir.) hinn pólitíska vettvang þessarar öfgastefnu iðnaðarráðuneytisins og (Forseti hringir.) Orkustofnunar.

(**Forseti** (JóhS): Ég bið hv. ræðumann að virða ræðutíma.)

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Það er nánast gaman að sjá hvað hæstv. iðnaðarráðherra er illa við þessa umræðu og fer út í ýmsar áttir þegar að henni kemur með ekki ákaflega kurteislegum athugasemdum um þann aumingja sem hér stendur í ræðustól og meiningu hans. Fyrirspurnina varð að endurtaka með öðru orðalagi vegna þess að hæstv. iðnaðarráðherra skaut sér undan að svara henni síðast með því að fara út og suður í ræðustólnum þannig að það er ósköp eðlilegt að hún komi aftur. Við getum því miður ekki þakkað fyrir svörin enda þau ekki þannig fram reidd að þau krefjist þakka. Ég er hins vegar ánægður með að hæstv. iðnaðarráðherra hefur þó lýst yfir einhverri skoðun sinni á málinu, þeirri að taka undir með þeim sem telja að hér séu 25–30 teravattstundir framleiðanlegar með fullu tilliti til umhverfissjónarmiða, með þeirri framtíðarsýn sem hv. þm. Helgi Hjörvar lýsti hér áðan.

Ég er líka ánægður með að iðnaðarráðherra kannast við að hafa nefnt eina milljón tonna í ársframleiðslu á áli. Að vísu hefur hún bakkað út úr því sem hún sagði að þá væri af ýmsum ástæðum rétt að láta gott heita, sem hún sagði samkvæmt endursögn Íslensks iðnaðar og í frétt í Ríkisútvarpinu um mjög svipaða hluti. Nú segir hún að þá eigi að draga úr áherslu á þeim vettvangi. Málið er þetta: Hæstv. iðnaðarráðherra vill ekki staldra við þessa tölu vegna þess að hún vill hafa eitt verkefni í gangi í einu þangað til svo langt er gengið sem orkuiðnaðurinn, sem er hinn eiginlegi húsbóndi hæstv. iðnaðarráðherra í sínu starfi — þangað til hún er orðin ánægð með sitt og ekki er í raun og veru fleira virkjanlegt af hagkvæmnisástæðum og það er hin raunverulega ástæða þess að iðnaðarráðherra er á flótta í þessu máli í dag, bæði í þessum fyrirspurnatíma og hinum fyrri.

[15:57]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eitt er víst að ég er ekki á neinum flótta og hv. þingmaður hlýtur að gleðjast yfir því að ég tel að þegar við erum komin í milljón tonn þá eigi að fara að spyrna við fótum. Er ekki hv. þingmaður ánægður með slíkar yfirlýsingar? Þetta hef ég sagt og þetta stend ég við. En það er hins vegar óskaplega erfitt að eiga við Samfylkinguna í þessari umræðu allri vegna þess að hún ber kápuna á báðum öxlum. Samfylkingin hefði getað komið í veg fyrir að allt það sem nú er til umfjöllunar í sambandi við stóriðjuframkvæmdir væri á döfinni vegna þess að Samfylkingin er ekki bara á Alþingi. Samfylkingin á fulltrúa í sveitarstjórnum. Í Hafnarfirði er Samfylkingin með hreinan meiri hluta og það vill svo til að stækkun álversins í Straumsvík verður ekki framkvæmd nema það verði samþykkt af hálfu samfylkingarmanna í Hafnarfirði. Þeir hefðu getað komið í veg fyrir að þetta færi yfirleitt af stað. Það er búið að selja land. Þar að auki á Hafnarfjarðarbær það land þar sem mestar líkur eru á að virkjað verði vegna Helguvíkur. Samfylkingin í Hafnarfirði getur stoppað það ef hún einu sinni vill. Samfylkingin er í þeim meiri hluta sem enn er starfandi á Húsavík, ef hún hefur ekki hrökklast frá nú þegar. Þar væri ekkert um að vera ef Samfylkingin vildi það ekki. (Gripið fram í.) Það er ekki hægt, hæstv. forseti, að vera með eina skoðun á Alþingi og aðra skoðun í sveitarstjórnum. Það er hlægilegt að koma svona fram, finnst mér.

Síðan er það hver stefnan er. Nú er nefnd að störfum sem er skipuð fulltrúum allra þingflokka. Hún á m.a. að marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til, þ.e. auðlindalögin. Ég trúi því að á þessu ári getum við áttað okkur betur á því hvernig framtíðin lítur út í þessum efnum, að minnsta kosti hvað það varðar hvernig valið er á milli orkufyrirtækja sem sækjast eftir sömu virkjunarkostunum.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 16:00]

[18:00]

Útbýting:

Barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, 665. mál, svar heilbrrh., þskj. 1300.

Einstaklingar með eiturlyf innvortis, 561. mál, svar heilbrrh., þskj. 1297.

Kostnaður við hjúkrun aldraðra, 649. mál, svar heilbrrh., þskj. 1299.

Styrkir úr Framkvæmdasjóði aldraðra, 579. mál, svar heilbrrh., þskj. 1298.

Þjónusta við börn og unglinga með geðraskanir, 477. mál, svar menntmrh., þskj. 1295.

Afnám verðtryggingar lána.

Fsp. VF, 755. mál. — Þskj. 1104.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Töluverðar umræður hafa verið um afnám verðtryggingar síðustu missirin hér á landi. Verðtryggingarkerfið var sett á á sínum tíma til að draga úr óstöðugleika í efnahagsmálum en núna eru uppi vangaveltur um hvort verðtryggingin gæti verið ein af orsökum óstöðugleikans þar sem hún dregur úr áhrifum stýrivaxta Seðlabankans.

Efnahagslegar aðstæður á Íslandi hafa breyst mikið frá því að verðtryggingarkerfinu var komið á. Fjármálamarkaðurinn hefur breyst, frjálsræði hefur aukist, þjóðfélagið er opnara og alþjóðavæðing er vaxandi.

Bankastjóra greinir á um hvort afnema eigi verðtryggingu lána. Hæstv. forsætisráðherra hefur lýst þeirri skoðun sinni að stefna beri að afnámi verðtryggingar. Hæstv. viðskiptaráðherra sagði í umræðum í þinginu 4. mars 2004 um verðtrygginguna, með leyfi forseta:

„Það er rétt sem hér kom fram að verðtryggingin er mjög sérstök. Hún er í raun íslenskt fyrirbæri og að því leyti til er hún óæskileg að það er erfitt að útskýra þetta fyrir öðrum þjóðum. Kannski er það ekkert svo oft sem þarf á því að halda. Engu að síður er verra að vera með eitthvert fyrirkomulag hér, miðað við það að við erum á þessum opna markaði Evrópu, sem aðrar þjóðir átta sig ekki á hvað er.“

Ég velti því fyrir mér, frú forseti, hvort verðtryggingin

sé í raun sérístenskt fyrirbrigði og hversu mörg lönd önnur hafi þetta fyrirkomulag. Sagt er að þau séu fá en hvers vegna? Hvers vegna erum við með þetta sérístenska fyrirbrigði verðtryggingu?

Frú forseti. Við þurfum að taka upp umræður um afnám verðtryggingar og því spyr ég hæstv. viðskiptaráðherra:

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að afnema verðtryggingu lána?

2. Hvaða kosti og galla telur ráðherra að verðtrygging lána hafi fyrir almenna lántakendur?

3. Hvaða kosti og galla telur ráðherra að afnám verðtryggingar lána gæti haft fyrir almenna lántakendur?

[18:04]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og önnur málefni á fjármagnsmarkaði hljóta vextir og verðtrygging ætíð að vera til stöðugrar athugunar. Það sem kann að vera heppilegt á einum tíma þarf ekki að vera það á öðrum. Svo kann einnig að vera um þessi atriði.

Til þess að unnt sé að taka upplýsta ákvörðun um hvort rétt sé að ráðast í breytingar á núverandi lögum og reglum um vexti og verðtryggingu hef ég skipað nefnd sem falið var að skoða kosti og galla verðtryggingar lánssamninga og meta áhrif þess á innlent fjármálakerfi væri heimild til verðtryggingar afnumin eða settar frekari skorður en þegar er að finna í VI. kafla laga nr. 31/2001. Þegar niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir mun ég fara yfir málið og meta hvort skynsamlegt sé að leggja til að gerðar verði breytingar á framangreindum lögum.

Reynslan sýnir að kostir verðtryggðra lána fyrir almenna lántakendur eru einkum þeir að raunvextir slíkra lána eru lægri en raunvextir óverðtryggðra. Er talið að þar muni um 2–3%. Þá má gera ráð fyrir að greiðslubyrði slíkra lána sé jafnari á lánstímanum. Þó svo að hagsmunir lántakenda skipti vissulega miklu máli megum við ekki gleyma hagsmunum eigenda þeirra fjármuna sem standa að baki útlánum. Í því sambandi vil ég vekja sérstaka athygli á því að verðtryggð útlán eru örugg leið til að ávaxta lífeyrissparnað launafólks og tryggja því áhyggjulausara ævikvöld.

Þótt lægri raunvextir verðtryggðra lána vegi ákaflega þungt í huga mínum, þegar bornir eru saman kostir og gallar verðtryggingar, er aldrei svo að ekki megi benda á kosti óverðtryggðra lána fyrir einstaka lántakendur. Má hér nefna að höfuðstóll óverðtryggðra lána hækkar ekki þótt komi til aukinnar þenslu og verðbólguskots. Vel má hugsa sér að einstaka lántakendur sjái sér frekar hag í hækkun vaxta og aukinni greiðslubyrði afborgana og vaxta sem af slíku leiðir en því að verðtryggður hluti höfuðstóls leggist við höfuðstól og dreifist á eftirstöðvar lánstímans.

Ekki verður sagt að auðvelt sé að koma auga á augljósa kosti afnáms verðtryggðra lána fyrir almenna lántakendur þótt tekið væri dæmi hér að ofan um að einstaka lántakendur kunni að vera í þeirri aðstöðu að þeim væri hagstæðara að greiða hærri raunvexti sem kæmu til sífelldrar endurskoðunar við breytingar á verðlagsþróun. Er væntanlega svo um langflesta lántakendur að þeir hafi miðað áætlun sína frekar við festu hvað varðar greiðslubyrði lána en sveiflur.

Öðru máli gegnir um galla afnáms verðtryggingar. Fyrir það fyrsta má gera ráð fyrir mun hærri raunvöxtum ef verðtrygging væri ekki til staðar. Í öðru lagi mætti að öllu jöfnu gera ráð fyrir að lánveitendur yrðu tregari til að veita lán til jafnlangs tíma og nú er. Í þriðja lagi mætti gera ráð fyrir að vextir yrðu mjög sveiflukenndir. Loks vil ég nefna að hagsmunum lífeyrissjóða til að tryggja félagsmönnum sínum áhyggjulaust ævikvöld kynnu að verða settar verulegar skorður.

Þrátt fyrir allt framansagt og einkum vegna þess að verðtrygging hér á landi hefur verið töluvert til umræðu að undanförnu er rétt að benda á að um árabil hafa lántakendum staðið til boða ýmsir valkostir þegar lán hafa verið tekin. Þannig hefur einn af stóru viðskiptabönkunum boðið óverðtryggð lán í íslenskum krónum til allt að 40 ára.

Þá hafa gengistryggð lán af ýmsu tagi lengi tíðkast. Má jafnvel gera því skóna að afnám verðtryggingar kynni að leiða til þess að lán til almennra lántakenda yrðu almennt gengistryggð. Þá kann að vera vafasamt að binda hendur lántakenda og lánveitenda með valdboði umfram það sem þegar er gert en gildandi lög heimila verðtryggingu lánssamninga en gera hana ekki að skyldu. Frjálsir samningar á milli aðila eru að mínu mati heppilegasta leiðin til að tryggja hag bæði lántakenda og lánveitenda.

[18:08]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra las hér svar sem ég er ekki viss um að hún hafi lesið áður. Ég gat ómögulega vitað hvort hún væri með eða á móti því að afnema verðtryggingu eins og fyrirspurnin gengur út á. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að það vægi þungt í huga hennar varðandi verðtryggingu að raunvextir verðtryggðra lána væru lægri en óverðtryggðra. Mig langar að biðja hæstv. ráðherra að hugsa aðeins til baka. Fyrir u.þ.b. ári síðan áttum við umræður um verðtryggða vexti. Þar var ég með útreikninga yfir ákveðin tímabil sem sýndu að það er bara ekki rétt að raunvextir verðtryggðra lána séu lægri í öllum tilvikum en vextir á óverðtryggðum lánum. Það kom í ljós þegar farið var að skoða málið að raunvextir verðtryggðu lánanna, sem voru með meiri tryggingar en hin, voru hærri þegar upp var staðið. Því hlýtur ráðherra að þurfa að skoða það í huga sér hvort það sem vegur svona þungt í huga hennar á við rök að styðjast eða ekki.

[18:09]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka ráðherra fyrir svörin og fagna því að skipuð skuli hafa verið nefnd til að fara betur yfir þessi mál. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir almenning að komist verði að skýrri niðurstöðu til að upplýsa menn um þetta kerfi sérstaklega þar sem mjög oft hefur verið mikil og neikvæð umræða um verðtrygginguna. En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um þær vangaveltur sem eru uppi, t.d. síðast í gær í Kastljósi, um að verðtryggingin gæti í rauninni verið ein af orsökum óstöðugleikans í dag þar sem hún dregur úr áhrifum stýrivaxta Seðlabankans. Mig langar að heyra álit hæstv. ráðherra á þeirri fullyrðingu að verðtryggingin gæti verið orðin ein af orsökum óstöðugleikans.

[18:11]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að ég held að það sé umhugsunarefni fyrir hæstv. forseta hvort hún hefði ekki átt að gera athugasemd hér við ræðu hv. þm. Jóns Gunnarssonar þegar hann talar um að hann sé ekki viss um að ráðherrann hafi lesið svar sitt áður. Ég fullyrði að svona hefði ekki verið komið fram við karlmann sem ráðherra. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem komið er fram með þessum hætti gagnvart kvenráðherrum. Ég gæti nefnt nokkur dæmi bara frá þessum vetri sem segja mér að það er komið fram með öðrum hætti gagnvart konum sem eru ráðherrar og það er stundum kallað karlremba.

Hvað varðar það svar sem ég gaf hér þá er það þannig að þetta mál er til umfjöllunar í nefnd sem ég hef skipað vegna þess að þetta er mikilvægt mál. Þetta er stórt mál. Við verðum að vita hvað við gerum og hvað við erum að gera ef við förum út í að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur í sambandi við verðtryggingu hér á landi. Við erum með mjög lítið hagkerfi, einstakt á heimsvísu. Það er örsmátt og þess vegna erum við viðkvæm fyrir öllum sveiflum. Við sem komin erum yfir miðjan aldur, ég leyfi mér að segja það, munum líka eftir þeim tíma þegar sparifé brann upp í verðbólgu. Við getum ekki kallað slíkt yfir okkur aftur.

Þær sveiflur sem verið hafa á síðustu vikum segja okkur að við erum ekki komin í gegnum það að hér geti ekki komið upp verðbólga aftur, því miður. Auðvitað eru það mikil vonbrigði að verðbólgan er allt of há einmitt nú eins og málin standa í dag.

Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það að einmitt þessi verðtrygging geti valdið óstöðugleika í efnahagskerfinu en ég tel þó að svo sé ekki vegna þess að aðalvandamálið hjá okkur er það að við getum því miður (Forseti hringir.) ekki treyst því að við höldum stöðugleika í efnahagskerfinu til framtíðar og þess vegna tel ég a.m.k. miklar líkur á (Forseti hringir.) að verðbólgan haldi áfram að kræla á sér.

[18:13]

Jón Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég óskaði eftir því úr salnum að fá að bera af mér sakir eftir þessa undarlegu ræðu hæstv. ráðherra. Mér var það ekki heimilað og því kem ég upp til að ræða fundarstjórn forseta.

Þegar ræðumenn í þessum stól hafa uppi ásakanir í garð þingmanna um karlrembu eða eitthvað slíkt verður að vera einhver fótur fyrir slíku. Þegar slíkar ásakanir eru bornar á mann úr þessum ræðustól hlýtur maður að mega bera af sér sakir. Því kem ég upp undir dagskrárliðnum um fundarstjórn forseta.

Sá sem hér stendur hefur haft uppi svipuð orð um aðra ráðherra þegar þeir koma hingað og lesa svör sem virðast vera samin af embættismönnum í ráðuneytum þeirra og (Forseti hringir.) skiptir þá engu hvort um er að ræða konu eða karl.

(**Forseti** (DrH): Ég bið hv. þingmann um að gæta orða sinna.)

Frú forseti. Ég veit ekki til þess að ég hafi haft uppi nein ótilhlýðileg orð hér. Ég frábið mér að vera kallaður karlremba í þessum stól þegar engar slíkar sakir eiga við rök að styðjast. Ég hef fullt leyfi til að hafa uppi slík orð um ráðherra sem koma hér og lesa svör embættismanna, hvort sem þeir eru konur eða karlar.

Umræðu lokið.

Öryggisgæsla við erlend kaupskip.

Fsp. MÞH, 802. mál. — Þskj. 1279.

[18:15]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem til að bera fram fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um öryggisgæslu við erlend kaupskip. Þannig er málum háttað að fyrir um það bil þremur árum voru settar upp öryggisgirðingar við hafnir, hlið, gæsluskúrar og annað, og umferð sem fór þar í gegn þurfti að fara í gegnum ákveðna gæslu ef svo má segja. Reglurnar sem voru settar voru nokkuð ítarlegar og mörgum þóttu þær strangar, til að mynda voru allar komur skráðar. Menn þurfa að sýna vegabréf eða ökuskírteini til að sanna hverjir þeir eru. Það þarf að skrá þessar upplýsingar á þar til gerð eyðublöð og annað þar fram eftir götunum. Mörgum þótti þetta frekar nýstárlegt þegar þetta var sett á en maður hefur ekki heyrt annað en þetta hafi gengið nokkuð snurðulaust fyrir sig. Hins vegar hafa mér borist fregnir um að breytingar hafi orðið á þessu fyrirkomulagi í Reykjavíkurhöfn, þ.e. við Korngarð, Vogabakka, Ártúnshöfða og Vesturhöfn í Reykjavík og þess vegna langar mig til að bera fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Hvernig er öryggisgæslu háttað við erlend kaupskip sem liggja við Korngarð, Vogabakka, Ártúnshöfða og Vesturhöfn í Reykjavík?

2. Hafa orðið breytingar á tilhögun og framkvæmd öryggisgæslu á þessum stöðum á undanförnum mánuðum og ef svo er, hvaða breytingar hafa verið gerðar?

[18:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson spyr hvernig öryggisgæslu sé háttað við erlend kaupskip sem liggja við Korngarð, Vogabakka, Ártúnshöfða og Vesturhöfn í Reykjavík. Eftir að hafa ráðfært mig m.a. við embættismenn er svar mitt svohljóðandi:

Öryggisgæslu við erlend kaupskip er hagað til samræmis við lög og reglur þar sem það á við að sjálfsögðu. Árið 2004 voru sett lög um siglingavernd, nr. 50/2004, til að uppfylla þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum alþjóðasamnings um öryggi mannslífa á hafinu, SOLAS frá 1974, með áorðnum breytingum. Samkvæmt lögum um siglingavernd fer samgönguráðherra með yfirstjórn siglingaverndarmála en Siglingastofnun Íslands með framkvæmd þeirra. Hafnaryfirvöldum og útgerðum er falið undir umsjón Siglingastofnunar að gera ráðstafanir til að tryggja vernd skipa, farms og hafna í samræmi við þessar reglur.

Tilgangur laga um siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum. Það er ekki í samræmi við tilgang laga um siglingavernd, samanber 4. gr., að upplýsa hvernig öryggisgæslu við erlend kaupskip er háttað í íslenskum höfnum og þess vegna verður ekki hægt í þessu svari að fara nákvæmlega ofan í það skipulag, enda tel ég að það sé affarasælast að fara að þeim reglum og treysta á að það eftirlit sem Siglingastofnun er falið tryggi sem besta framkvæmd. En að sjálfsögðu er ágætt að fá ábendingar um þetta frá alþingismönnum.

Í annan stað er spurt:

„Hafa orðið breytingar á tilhögun og framkvæmd öryggisgæslu á þessum stöðum á undanförnum mánuðum og ef svo er, hvaða breytingar hafa verið gerðar?“

Það hafa orðið breytingar á tilhögun öryggisgæslu samkvæmt upplýsingum sem ég hef. Breytingarnar hafa orðið við hafnaraðstöðu Faxaflóahafna enda er framkvæmd þessarar gæslu nýjung í starfsemi og skyldum hafnanna og því er eðlilegt að hafnirnar reyni að þróa framkvæmdina í samræmi við skyldur sínar. Tilgangur þessara breytinga er sagður vera sá að gera öryggisgæsluna hagkvæmari og skilvirkari innan þeirra reglna sem nauðsynlegt er að uppfylla en Siglingastofnun hefur eftirlit með því að framkvæmd gæslunnar sé samkvæmt þeim reglum sem fylgja skal eins og fram hefur komið. Tíminn mun leiða í ljós hvort þetta gengur eftir. Eins og áður er sagt er hvorki rétt né skylt að upplýsa um fyrirkomulag öryggisgæslu í einstökum höfnum eða breytingar sem gerðar hafa verið þar á.

Ég vil að lokum segja að samgönguráðuneytið leggur auðvitað mjög ríka áherslu á að ýtrasta öryggis sé gætt og framkvæmdin sé þannig að hún tryggi það öryggi sem við gerum kröfur um enda skiptir það mjög miklu máli þar sem kröfur annarra ríkja og alþjóðlegar reglur eru mjög strangar og gerðar eru miklar kröfur um að öruggt sé að skip sem leggjast að höfnum á Íslandi hafi ekki búið við þær aðstæður að hætta geti stafað frá þegar í aðrar hafnir kemur. Þetta er svar mitt, virðulegur forseti.

[18:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum eiginlega að ræða framkvæmd hafnaröryggiseftirlits, byggt á lögum um siglingavernd. Eins og hæstv. ráðherra sagði þá á að gæta þess að ekki fari fram neinar ólögmætar aðgerðir í höfnum landsins. Hæstv. ráðherra sagði einnig að leyndar væri gætt um eftirlitið og að sjálfsögðu er það að mörgu leyti eðlilegt þó að það hafi líka fælandi áhrif að eftirlitið sjáist.

Ég held að það sem menn hafa kannski áhyggjur af séu sögusagnir og meira en það, það eru upplýsingar á blöðum og í viðtölum um að erlendar áhafnir sem eru skráðar á skip hafi staðið vakt í höfnum og aðrir sjáist ekki.

[18:23]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Frekar fannst mér svar hæstv. ráðherra vera rýrt í roðinu þó að ég hafi að vissu leyti skilning á því að hann vilji ekki upplýsa hér og nú hvernig gæslu við þessi skip er háttað. Hins vegar held ég að það sé alveg hárrétt sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson benti á að mikilvægur þáttur í slíkri öryggisgæslu sé að hún sé sýnileg og virk og að hún sé hreinlega trúverðug.

Ég hef heimildir fyrir því að nú um mánaðamótin mars/apríl hafi mönnum, sem sáu um öryggisgæslu samkvæmt fyrirkomulagi sem búið var að koma á hjá höfnunum eða bryggjum við Reykjavíkurhöfn, hreinlega verið tilkynnt að allri gæslu við kaupskip yrði hætt, þ.e. við Korngarð, Vogabakka, Ártúnshöfða og Vesturhöfn. Að íslenskir starfsmenn hjá öryggisgæslufyrirtækjum sem sáu um þetta hafi nánast verið sendir heim.

Þetta er ástæðan fyrir því að ég kom hingað, til að spyrja hæstv. ráðherra hvort einhver fótur gæti verið fyrir þessu, hvort hann gæti staðfest þetta. Ég hef sjálfur í höndum nokkuð ítarlega lýsingu á því hvernig þessari gæslu er háttað og sú lýsing virkar á mig sem afskaplega trúverðug og við lestur hennar er ég ekki í neinum vafa um að sú gæsla hefur verið öflug á meðan hún fór fram. Ég ætla svo sem ekki að fara að básúna það hér og nú hvernig þetta var gert enda ber ég virðingu fyrir því sjónarmiði að við séum ekki endilega að auglýsa það út um borg og bý hvernig gæsla um kaupskipin sé. Það er alveg ljóst að mörg þessara skipa geta verið viðriðin smygl og nógur er vandinn samt í þjóðfélaginu, til að mynda varðandi fíkniefni, þótt við opnum ekki fyrir ólöglegan innflutning á slíkum efnum eða öðru um þessar hafnir með slælegri gæslu.

[18:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda og hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir þann skilning sem þeir sýna á því sjónarmiði sem fram kom hjá mér að ekki sé hægt að upplýsa í smáatriðum um það hvernig þessu eftirliti er háttað en þær ábendingar og athugasemdir sem fram komu í máli þeirra tel ég eðlilegt að verði farið yfir í ráðuneytinu með þeim aðferðum sem við höfum í gegnum Siglingastofnun sem sér um og ber ábyrgð á eftirlitinu með hafnaríkiseftirliti, þannig að gengið verði úr skugga um að þarna sé allt með eðlilegum hætti.

Ég tel afar mikilvægt að þetta sé trúverðugt eftirlit og framkvæmd hennar og sé því ástæðu til að láta fara yfir það en ég hef haft upplýsingar um að skipafélögin hafa litið hafnaríkiseftirlitið að þessu leyti og eftirlitið í höfnunum mjög jákvæðum augum og talið að það auðveldi starfsemina og reksturinn á athafnasvæðum skipafélaganna að þessar reglur gildi, t.d. varðandi umferð hið næsta skipunum, og samstarf hafi verið býsna gott milli forsvarsmanna og starfsmanna skipafélaganna við eftirlitsaðilana. Ég held að það sé ríkur vilji til þess að svo sé enda mikið í húfi að þessir hlutir séu í lagi. En að gefnu tilefni er eðlilegt að líta til þessa máls vegna þessarar fyrirspurnar.

Umræðu lokið.

[18:27]

Útbýting:

Verðbréfaviðskipti, 655. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1314; brtt. PHB o.fl., þskj. 1315.

Fundi slitið kl. 18:28.

---

119. FUNDUR

fimmtudaginn 1. júní,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, þáltill., 297. mál, þskj. 318, nál. 1141. — Síðari umr.
2. Rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, þáltill., 298. mál, þskj. 319, nál. 1142. — Síðari umr.
3. Samstarf vestnorrænna landa í orkumálum, þáltill., 299. mál, þskj. 320, nál. 1143. — Síðari umr.
4. Stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða, þáltill., 541. mál, þskj. 788, nál. 1014. — Síðari umr.
5. Samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, þáltill., 542. mál, þskj. 789, nál. 1144. — Síðari umr.
6. Samstarf Vestur-Norðurlanda um baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa og umhverfisvernd, þáltill., 543. mál, þskj. 790, nál. 1145. — Síðari umr.
7. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 685. mál, þskj. 1002, nál. 1217. — Síðari umr.
8. Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 686. mál, þskj. 1003, nál. 1218. — Síðari umr.
9. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 687. mál, þskj. 1004, nál. 1219. — Síðari umr.
10. Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Suður-Kóreu, stjtill., 671. mál, þskj. 981, nál. 1216. — Síðari umr.
11. Samningur um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, stjtill., 662. mál, þskj. 970, nál. 1231. — Síðari umr.
12. Norðurlandasamningur um almannaskráningu, stjtill., 609. mál, þskj. 893, nál. 1230. — Síðari umr.
13. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 610. mál, þskj. 894, nál. 1285. — Síðari umr.
14. Lokafjárlög 2004, stjfrv., 575. mál, þskj. 833, nál. 1123 og 1241. — 2. umr.
15. Virðisaukaskattur, stjfrv., 624. mál, þskj. 917, nál. 1199. — 2. umr.
16. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 622. mál, þskj. 915, nál. 1203. — 2. umr.
17. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 403. mál, þskj. 519, nál. 1204 og 1229. — 2. umr.
18. Tekjuskattur, stjfrv., 623. mál, þskj. 916, nál. 1237. — 2. umr.
19. Tollalög og tekjuskattur, stjfrv., 733. mál, þskj. 1069, nál. 1309. — 2. umr.
20. Hlutafélög, stjfrv., 444. mál, þskj. 666, nál. 1183, brtt. 1184. — 2. umr.
21. Einkahlutafélög, stjfrv., 445. mál, þskj. 667, nál. 1185, brtt. 1186. — 2. umr.
22. Evrópsk samvinnufélög, stjfrv., 594. mál, þskj. 878, nál. 1259. — 2. umr.
23. Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, stjfrv., 647. mál, þskj. 954, nál. 1238. — 2. umr.
24. Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, stjfrv., 651. mál, þskj. 958, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.
25. Hlutafélög, stjfrv., 684. mál, þskj. 1001, nál. 1312, brtt. 1313. — 2. umr.
26. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 655. mál, þskj. 962, nál. 1314, brtt. 1315. — 2. umr.
27. Lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, stjfrv., 709. mál, þskj. 1045, nál. 1311. — 2. umr.
28. Umhverfismat áætlana, stjfrv., 342. mál, þskj. 376, nál. 1007, brtt. 1008. — 2. umr.
29. Úrvinnslugjald, stjfrv., 714. mál, þskj. 1050, nál. 1264, brtt. 1265. — 2. umr.
30. Landshlutaverkefni í skógrækt, stjfrv., 555. mál, þskj. 809, nál. 1159, brtt. 1160. — 2. umr.
31. Afréttamálefni, fjallskil o.fl., frv., 210. mál, þskj. 210, nál. 1158. — 2. umr.
32. Þjóðarblóm Íslendinga, stjtill., 455. mál, þskj. 679, nál. 1157. — Síðari umr.
33. Framsal sakamanna, stjfrv., 667. mál, þskj. 977, nál. 1236. — 2. umr.
34. Fullnusta refsidóma, stjfrv., 675. mál, þskj. 991, nál. 1235. — 2. umr.
35. Vegabréf, stjfrv., 615. mál, þskj. 900, nál. 1226. — 2. umr.
36. Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, stjfrv., 669. mál, þskj. 979, nál. 1269. — 2. umr.
37. Réttarstaða samkynhneigðra, stjfrv., 340. mál, þskj. 374, nál. 1181, brtt. 1182 og 1201. — 2. umr.
38. Þjóðskrá og almannaskráning, stjfrv., 566. mál, þskj. 821, nál. 1224. — 2. umr.
39. Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, stjfrv., 567. mál, þskj. 822, nál. 1225. — 2. umr.
40. Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, stjfrv., 331. mál, þskj. 363, nál. 1146, brtt. 1147. — 2. umr.
41. Höfundalög, stjfrv., 664. mál, þskj. 974, nál. 1228. — 2. umr.
42. Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, stjfrv., 695. mál, þskj. 1025, nál. 1266. — 2. umr.

43. Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 463. mál, þskj. 690, nál. 1227. — 2. umr.

44. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 614. mál, þskj. 899, nál. 1262. — 2. umr.

45. Brottfall laga um Flugskóla Íslands hf., stjfrv., 480. mál, þskj. 708, nál. 1015, till. til rökst. dagskrár 1016. — 2. umr.

46. Siglingalög, stjfrv., 376. mál, þskj. 432, nál. 1017, brtt. 1018. — 2. umr.

47. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 353. mál, þskj. 1124. — 3. umr.

48. Verkefnasjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 382. mál, þskj. 442. — 3. umr.

49. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 448. mál, þskj. 1125, brtt. 1122. — 3. umr.

50. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 616. mál, þskj. 1126. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir heilbrrh., 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[10:32]

Útbýting:

Viðskipti með aflaheimildir, 396. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 1318.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðbrögð í kjölfar upplýsinga um símhleranir.

[10:32]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég tek til máls um störf þingsins til að beina spurningu til forseta þingsins, hafði reyndar gert ráð fyrir því að aðalforseti þingsins sæti á forsetastóli en það breytir svo sem ekki öllu. Ég beini spurningu minni að sjálfsögðu til forsetaembættisins. Spurningin er sú hvort forseti þingsins hyggist ekki kalla fulltrúa þingflokka saman til að ræða þau mál sem upp komu í tengslum við fyrirlestur sem Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur hélt nýverið þar sem hann leiddi í ljós m.a. að hér hefðu á árunum 1949–1968 verið stundaðar nokkuð umfangsmiklar hleranir á símum bæði samtaka, einstaklinga og ekki síst þingmanna. Þarna er um að ræða þekkt tilvik og í hvert eitt sinn eru það fjölmargir símar sem eru hleraðir.

Nú sé ég að það er komin fram þingsályktunartillaga frá forsætisráðherra um að taka á því með hvaða hætti aðgangur verði opnaður að ýmsum skjölum sem varða öryggismál þjóðarinnar, bæði hin ytri og innri öryggismál, og það er góðra gjalda vert. Eftir sem áður finnst mér standa eftir hvernig við ætlum að taka á þeim alvarlegu upplýsingum sem komu fram í erindi Guðna Th. Jóhannessonar.

Forseti þingsins, Sólveig Pétursdóttir, sagði í viðtali við Morgunblaðið að hún teldi að mörg úrræði væru til til að rannsaka símhleranir. Í ljósi þeirra ummæla forsetans hefði ég talið eðlilegt að forseti beitti sér fyrir því að fulltrúar þingflokka hittust, færu yfir þetta og kæmust að sameiginlegri niðurstöðu um með hvaða hætti við mundum taka á þessum málum. Eins og ég sagði er hér um alvarleg mál að ræða. Tugir af símum voru hleraðir og í mörgum tilvikum var um alþingismenn að ræða. Þess vegna beini ég þessari fyrirspurn til forseta.

[10:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég skora sömuleiðis á hæstv. forseta fyrir hönd Alþingis og okkar allra að taka þetta mál föstum tökum og legg til að það verði sett í sambærilegan farveg og þann sem gert var á hinum Norðurlöndunum. Þannig var það til að mynda norska Stórþingið sem tók þetta mál alfarið á sínar hendur og stýrði því hvernig Norðmenn rannsökuðu, upplýstu og í framhaldinu brugðust við þeim tíðindum sem þar urðu fyrir um tíu árum, að upp komst um stórfelldar símhleranir, persónulegar njósnir, pólitískar njósnir.

Tillaga hæstv. forsætisráðherra er allt of takmörkuð og tekur aðeins á einum afmörkuðum þætti þessa máls, þ.e. það sem varðar aðgang að gögnum, og er það gott svo langt sem það nær, en ekki á nokkurn hátt á þeim stórfelldu pólitísku njósnum sem hér hafa greinilega verið stundaðar um árabil þar sem almannasamtök, verkalýðshreyfing, stjórnmálahreyfingar og þingmenn hafa verið skipulega hleraðir. Ég vek athygli virðulegs forseta á því að þetta snýst m.a. um að þinghelgi þingmanna hafi verið rofin og þeir sætt stórfelldum persónulegum njósnum. Þau mál hlýtur að þurfa að rannsaka og leggja öll spil á borðið.

Þetta snýr líka að því að taka til skoðunar varðandi framhaldið með hvaða hætti við tryggjum að slíkir hlutir gerist aldrei aftur. Þar hafa menn yfirleitt gripið til þess ráðs að þjóðþingin sjálf hafa eftirlits- eða vöktunarnefnd sem vakir yfir því að heimildum til persónulegrar upplýsingasöfnunar, svo sem símhlerana, sé aldrei misbeitt í pólitískum tilgangi. Við verðum að taka þessa hluti alvarlega, frú forseti, og það snýr að þinginu að gera það. Það eru öll rök til þess.

[10:37]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Út af orðum hv. þingmanna vil ég benda á að fyrir þinginu liggur þingsályktunartillaga þar sem gert er ráð fyrir að farið verði yfir öll þessi mál og þau rannsökuð af utanaðkomandi aðilum og skýrslu síðan skilað til Alþingis eigi síðar en í árslok 2006. Er nú ekki nauðsynlegt vegna þessa máls sem liggur í fortíðinni að gefa sér nokkurn tíma í að komast að hinu sanna í málinu og upplýsa allt sem það varðar? Í framhaldi af því getur Alþingi að sjálfsögðu tekið sínar ákvarðanir.

Ég ætla ekkert að fullyrða um það hver hafi verið að hlera og í hvaða tilgangi né að verja það á nokkurn hátt. En ég tel hins vegar nauðsynlegt að menn viti hið sanna í málinu og gefi sér tíma til þess. Hér er um að ræða valinkunna, óháða utanaðkomandi aðila sem eiga að skila um það skýrslu til Alþingis og það er fyrst þá og í framhaldi af því sem hægt er að taka ákvörðun um það hvernig verður farið í málið. Ég vænti þess að hv. alþingismenn geti sameinast um það.

[10:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér finnst einboðið að Alþingi komi beint að þessu máli. Brot á þinghelgi er mjög alvarlegur hlutur og það hlýtur að vera eðlilegt að þingflokkarnir komi að þessu frá upphafi, skoðun þess og yfirferð. Ég tel að þingflokkarnir eigi að hafa fulltrúa við að skoða þessi mál. Ég geri ekki lítið úr þeirri tillögu sem hæstv. forsætisráðherra hefur lagt fram og tel að þar sé um valinkunna menn að ræða. En ég tel að það sé einboðið að þingmenn fyrir hönd þingflokka komi að þessu máli og fylgi því eftir frá upphafi.

Auðvitað hljótum við að skoða þetta mál sérstaklega með tilliti til þess að slíkir hlutir, sem upplýstir hafa verið, gerist aldrei aftur. Við munum að sjálfsögðu ekki fara í þann leik með slíkt mál að ástæða sé til að fara að hengja menn úr fortíðinni ef þannig má taka til orða. En fyrir framtíðina er nauðsynlegt að þingflokkar á Alþingi komi beint að þessum málum.

[10:40]

Utanríkisráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að rannsaka þessi mál öll og reyna að gera það með hlutlægum og fræðilegum hætti og reyndar eru fyrir því ýmis fordæmi frá nágrannalöndum að saga kaldastríðsáranna sé rakin og rannsökuð ítarlega. Ríkisstjórnin hefur flutt tillögu um að setja á laggirnar nefnd valinkunnra einstaklinga, þ.e. stjórnarformanns Persónuverndar, þjóðskjalavarðar, forseta Sögufélagsins, skrifstofustjóra Alþingis og formanns stjórnmálafræðiskorar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands til að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi á árunum 1945–1991, í vörslu opinberra aðila. Þarna verður að byrja. Þessi svokölluðu hlerunarmál eru auðvitað einn þátturinn í þessu. Hins vegar finnst mér að menn eigi að fara varlega í fullyrðingar um þessi atriði, að tala um að brotin hafi verið þinghelgi á mönnum o.s.frv. Við skulum fara varlega í að hrapa að einhverjum niðurstöðum fyrir fram um þetta. Þetta eru margþætt mál og áreiðanlega ýmislegt fróðlegt í þeim gögnum sem ætlunin er að veita fræðimönnum frjálsan aðgang að á grundvelli þessarar þingsályktunartillögu og mér þætti eðlilegast að þingið reyndi að sameinast um hana. Ef það kemur síðan í ljós þegar skýrslan liggur fyrir að hún nægi ekki þá geta menn gert upp við sig með hvaða hætti best er að halda áfram í málinu.

[10:42]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Þær hleranir sem upplýstar hafa verið í rannsóknum Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings eru grafalvarlegt mál og ekki síst í ljósi þess að þar er að því vikið að hugsanlega hafi þinghelgi verið rofin. Það sem er hins vegar merkilegra, hæstv. forseti, er að ríkisstjórnin hefur brugðist mjög hratt og örugglega við og tillaga forsætisráðherra til þingsályktunar um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál er auðvitað fyrsta skrefið í þessu máli.

Ég vek athygli á því að í þessari tillögu er gert ráð fyrir að gögn verði rannsökuð allt til ársins 1991. Rannsóknir Guðna Th. Jóhannessonar náðu til ársins 1976 þannig að það getur verið að eitthvað frekara komi í ljós frá 1976–1991 þó að ekkert hafi komið fram um hleranir á 8. áratugnum í rannsóknum Guðna.

Ég tel hins vegar mikilvægt að í stað þess að við eyðum tíma í að ræða um störf þingsins verði þessi þingsályktunartillaga sett á dagskrá sem fyrst og fái þinglega meðferð. Ef hún er of takmörkuð, eins og fram kom í máli hv. þingmanna áðan, getur Alþingi gert breytingu á henni í meðferð sinni. Alþingi kemur beint að málinu og það eru hv. alþingismenn sem eiga endanlegt vald um það hvernig þingsályktun þingsins hljóðar.

[10:44]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Kjarni málsins er sá að rannsókn á þessu máli, rannsókn á þeim grófu símhlerunum sem virðast hafa átt sér stað á þessum tíma samkvæmt erindi Guðna Th. Jóhannessonar, á að sjálfsögðu að vera á forræði Alþingis. Sú rannsókn og skipan í þá rannsóknarnefnd á að vera á forræði Alþingis en ekki framkvæmdarvaldsins. Um það snýst þetta mál og því nær tillaga hæstv. forsætisráðherra svo skammt að hún dugir varla til. Þingið á að sjálfsögðu að koma að málinu og þar á að leiða til lykta um hverja var njósnað, hvernig voru upplýsingarnar notaðar, hvaða þingmenn var njósnað um, hvernig var brotið á fjölmiðlum, þingmönnum o.s.frv.

Vísbendingar eru um það í þessu erindi að þar hafi átt sér stað ákaflega gróf brot á friðhelgi einkalífs þeirra manna sem þar um ræðir og er málið augljóslega angi af því pólitíska ofstæki sem sjálfstæðismenn ráku í landinu gagnvart vinstri mönnum á þessum tíma áratugum saman. Rannsóknin á því að sjálfsögðu að vera á forræði Alþingis en ekki framkvæmdarvaldsins eins og hér er lagt til. Þannig á að leiða málið til lykta og tillaga forsætisráðherra dregur úr alvarleika og umfangi málsins eins og hún er sett fram þar sem um er að ræða starfsemi sem virðist hafa verið sett fram í þeim pólitíska tilgangi að klekkja á andstæðingum valdhafa á þeim tíma.

Ef vísbendingar og upplýsingar í erindinu eru réttar er um að ræða njósnir á pólitískum andstæðingum í þeim tilgangi að klekkja á þeim og rannsókn á þessu máli og þessum málum öllum á að sjálfsögðu að vera á forræði Alþingis en ekki framkvæmdarvaldsins eins og hér er lagt til. Tillaga hæstv. forsætisráðherra gengur því of skammt og þess vegna er sú ósk sem fram er komin, um að formenn þingflokkanna skipi slíka nefnd, sjálfsögð. Ástæða er til að skora á hæstv. forseta að verða við þeirri ósk.

[10:46]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Mig langar í sambandi við þetta mál að rifja upp að fyrir hálfu ári lagði ég fram, ásamt nokkrum þingmönnum Samfylkingar hér á Alþingi, sérstakt lagafrumvarp sem gerir ráð fyrir óháðum rannsóknarnefndum. En ólíkt þingsályktunartillögu hæstv. forsætisráðherra eru lagðar til í þessu frumvarpi sérstakar málsmeðferðarreglur og rannsóknarheimildir. Þar er m.a. tekið tillit til samspils við upplýsingalög.

Þess vegna væri að mínu mati tilvalið fyrir slíka rann-

sóknarnefnd sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að skoða hvort pólitískar símhleranir hafi átt sér stað á tíma kalda stríðsins.

Í íslenskum rétti er nefnilega ekki gert ráð fyrir skipun almennra rannsóknarnefnda að frumkvæði Alþingis sem geta rannsakað mál sem varða mikilvæg mál eða stjórnvaldsathafnir er varða almannahag. Þetta frumvarp mundi bæta úr því og mundi setja ákveðinn lagaramma um slíka vinnu og væri því algerlega nýtt úrræði í íslensku samfélagi.

Víða í nágrannaríkjum okkar er einmitt að finna lög um svona óháðar rannsóknarnefndir. Umrætt frumvarp byggist m.a. á danskri fyrirmynd. En ég held að þetta mál sem hér er til umræðu sýni einmitt að við höfum þörf fyrir slík úrræði, þ.e. að eiga möguleika á að skipa óháðar rannsóknarnefndir. Ég legg til að þingheimur leggist nú yfir þetta litla frumvarp og skoði hvort ekki sé hægt að nýta eitthvað úr því eða samþykkja það í heild sinni vegna þess að þetta er án efa ekki síðasta málið sem þarf að rannsaka í þessu samfélagi.

[10:48]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að það viðfangsefni sem hér hefur verið vakið máls á virðist nú fyrst og fremst vera sagnfræðilegt viðfangsefni, þ.e. að verið er að leiða í ljós atburði sem áttu sér stað fyrir einhverjum áratugum. Til þess að menn geti rætt um þá af einhverri þekkingu og sanngirni er auðvitað nauðsynlegt að gögnin sem umræðan hlýtur að byggja á liggi fyrir. Tillaga hæstv. forsætisráðherra gengur að sjálfsögðu út á að óháðum fræðimönnum verði veittur aðgangur að gögnum sem skipta máli í þessu sambandi. Um það snýst málið og á ekki að þurfa að vera neitt ágreiningsefni.

Ég sé ekki að það sé tilefni til þess að þingið, þingmenn eða fulltrúar þingflokka, eins og nefnt hefur verið í umræðunni, eigi aðild að þeirri vinnu. Í tillögunni eins og hún liggur fyrir er gert ráð fyrir að embættismenn og sérfræðingar sem allir eiga að vera vel til þess fallnir að leggja mat á þessi gögn komi að því verki. Ég held að þeir hljóti að vera miklu betur til þess fallnir en einstakir þingmenn eða fulltrúar þingflokka.

Í þessari umræðu blanda menn oft saman óskyldum hlutum, t.d. athugunum sem hljóta að beinast að fortíðinni og stöðunni í dag. Við búum auðvitað við annað lagaumhverfi í dag en var á þeim tíma sem hér um ræðir. Meðal annars í því sambandi að nú ber að tilkynna mönnum um það ef t.d. símar hafa verið hleraðir hjá þeim þegar rannsóknarhagsmunir krefjast þess ekki lengur. Þannig að umhverfið er breytt að því leyti.

Við getum rætt frekari breytingar um rannsóknarheimildir lögreglu í framtíðinni. (Forseti hringir.) En þetta sagnfræðilega viðfangsefni byggir á að menn leiði í ljós (Forseti hringir.) hvaða gögn eru fyrir hendi og þingið getur síðan tekið afstöðu á grundvelli þeirra (Forseti hringir.) gagna.

[10:51]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að hér sé um að ræða sagnfræðilegt viðfangsefni. Gott og vel. En við skulum ekki gleyma því þegar horft er til þeirra tíma sem þessar hleranir taka til þá var því alltaf vísað á bug að þær ættu sér stað. Því var alltaf vísað á bug að hér ættu sér stað pólitískar hleranir. Pólitískar hleranir á að ræða á pólitískum vettvangi.

Fram hefur komið að á meðal þeirra sem njósnað hefur verið um og símar hleraðir hjá voru alþingismenn. Hér er eflaust fyrst og fremst um að ræða þá sem gagnrýnt höfðu hersetu Bandaríkjamanna á Íslandi og vildu tryggja herlaust og sjálfstætt Ísland.

Þessi mál verður að upplýsa og það er fráleitt annað en að Alþingi hafi forgöngu í þessu efni og málið sé alfarið á vegum Alþingis. Einhliða ráðslag formanna Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins um framgöngu málsins er fráleit.

Reyndar er það svo að liður í þessari rannsókn gæti verið stofnun nefndar á borð við þá sem hér er lagt til. En þar þarf Alþingi hins vegar að koma að. Ég beini þeim orðum til ríkisstjórnarinnar og hæstv. forsætisráðherra að leitað verði eftir samkomulagi við þingflokkana, fulltrúa allra þingflokka hér á Alþingi um endurskoðun á því þingmáli sem hér hefur verið lagt fram. Það er ekki fullnægjandi eins og það liggur fyrir. Það er enn hægt að breyta því og til sátta legg ég til að ríkisstjórnin leiti til stjórnarandstöðuflokkanna um sátt í þessu máli.

[10:53]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Það er eiginlega mjög undarlegt að heyra hv. þingmenn koma hér og reyna að búa til einhvern ágreining í þessu máli. Ágreining sem verður ekki séð að sé til staðar.

Umræðuefnið er þingsályktun. Það má eiginlega segja að hún fjalli um að sannleikurinn geri yður frjálsa. Hún gengur út á að draga fram staðreyndir, draga fram sögulegar staðreyndir til að fá úr því skorið hvað gerðist. Hverjir eiga að annast það? Hvorir ætli séu betur til þess fallnir að draga fram staðreyndir og sannleikann, einstakir hv. þingmenn eða þeir sem gert er ráð fyrir hér í þingsályktun hæstv. forsætisráðherra, þ.e. fulltrúi Persónuverndar, þjóðskjalavörður, forseti Sögufélagsins, skrifstofustjóri Alþingis og formaður stjórnmálafræðiskorar Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands? Það stendur hér jafnframt að þeir eigi að hafa aðgang að öllum fáanlegum upplýsingum sem til eru. (Gripið fram í.) Síðan á að leggja skýrslu þessara sérfræðinga fyrir hv. Alþingi. (Gripið fram í.) Þá geta alþingismenn tekið málið upp og rætt það fram og aftur.

Frú forseti. Ég skil ekki alveg hvers vegna er verið að reyna að búa til ágreining þar sem þetta mál er að sjálfsögðu alvarlegt. Það er enginn sem neitar því að allar vísbendingar bendi til að ólöglegar persónunjósnir hafi átt sér stað. Við þurfum að fá sannleikann fram og við þurfum að geta rætt málið á grundvelli staðreynda en ekki getgátna. Út á það gengur þetta mál, frú forseti.

Um fundarstjórn.

Viðbrögð í kjölfar upplýsinga um símhleranir.

[10:55]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég byrjaði umræðuna áðan á að beina spurningu til forseta þingsins. Ég varð ekki vör við að

ég fengi neitt svar frá forseta Alþingis. Ég fékk hins vegar svar frá forsætisráðherra og ég fékk svar frá utanríkisráðherra sem greinilega stjórna orðið öllu þinghaldinu og stjórna því með hvaða hætti Alþingi tekur á málum sem að því snúa.

Ég vitnaði í ummæli í blöðunum sem höfð voru eftir forseta Alþingis, Sólveigu Pétursdóttur, sem sagði að Alþingi hefði auðvitað ýmis úrræði til að takast á við þetta mál. Ég hefði talið það alveg fullkomlega eðlilegt og venjulega kurteisi við þingmenn í stjórnarandstöðu að fulltrúar þeirra væru kallaðir til til þess að ráðslaga um með hvaða hætti þingið tæki á þessu máli.

Auðvitað getur framkvæmdarvaldið opnað öll sín skjalasöfn ef það svo kýs. Það þarf ekki atbeina Alþingis til þess. Það er gott að þeir geri það og fræðimenn komist í þau.

En Alþingi verður að taka á því og þeirri staðreynd að það var dómsmálaráðherra á hverjum tíma sem fór fram á að símar hjá pólitískum andstæðingum hans væru hleraðir. Símar alþingismanna. Um þetta þarf þingið að fjalla og ræða og það á að gera það án atbeina dómsmálaráðherra, án atbeina forsætisráðherra eða utanríkisráðherra.

Ég beindi þessari spurningu til hæstv. forseta og ég fer fram á að fá einhver svör um það hvort forseti hyggist beita sér fyrir því að fulltrúar þingflokkanna, að þingflokksformenn verði kallaðir til fundar til að fjalla um með hvaða hætti sé hægt að ná pólitískri sátt um hvernig við tökum á þessu máli. Hér er ekki um það að ræða að fara að fella einhvern dóm yfir sögunni. Það er einfaldlega um það að ræða að kalla eftir þeim gögnum úr dómsmálaráðuneytinu þar sem farið hefur verið fram á að símar væru hleraðir. Skoða af hverju um það var beðið, hjá hverjum og gefa þeim einstaklingum sem fyrir því urðu upplýsingar um að símar þeirra hafi verið hleraðir.

Hv. þm. Birgir Ármannsson vísaði til þess að í dag bæri að tilkynna mönnum ef hleranir hefðu verið stundaðar á símum þeirra. Það er réttarframkvæmdin í dag.

Er ekki kominn tími til að við tilkynnum því fólki sem varð fyrir hlerunum á þessum árum að símar þeirra hafi verið hleraðir? Svo þeir og afkomendur þeirra viti af því.

[10:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég hafði vonast til að virðulegur forseti mundi kannski bregðast við í lok umræðunnar og/eða virðulegum forsætisráðherra, hæstv. forsætisráðherra yrði gefið orðið til að bregðast við því sem að honum var beint.

Okkar óskir snúa að því að þingið taki sjálft þetta mál fyrir og ákveði í gegnum stofnanir sínar hvernig farið verði með málið af þess hálfu. Liður í því gæti að sjálfsögðu verið að ræða hvort samkomulag gæti tekist um breytingar, eftir atvikum afgreiðslu, á þessari þingsályktunartillögu. Ég útiloka það síður en svo að hún í breyttri mynd geti verið hluti af því hvernig tekið sé á málinu í heild sinni.

Tillagan er gölluð. Það er mjög dapurlegt að hæstv. ríkisstjórn skyldi ekki byrja á að hafa þverpólitískt samráð um þetta mál. Það hefði að mínu mati verið hinn eðlilegi framgangsmáti í staðinn fyrir að undirbúa einhliða tillögu af hálfu framkvæmdarvaldsins, að vísu ágætishugmynd í sjálfu sér að fræðimenn fari yfir þessi gögn. En, frú forseti, þeir eiga hvorki að gera það í samráði við Alþingi né í samráði við fulltrúa þingflokka. Þeir eiga að gera það í samráði við ráðuneytin sem áttu hlut að máli á sínum tíma. Bæði utanríkisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið eru auðvitað á bólakafi í þessu máli. Það vita allir. Ég verð að segja að það hefði verið algert lágmark að þarna hefðu fulltrúar þingflokka þá líka komið að máli.

Það er alveg augljóst að framkvæmdarvaldið er með þessu að reyna að fara í gegnum Alþingi og fá blessun á að það haldi algerlega utan um málið. Það er sem sagt Alþingi sem á að ályktа um að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd í staðinn fyrir að gera það sjálft. Sú nefnd á að starfa í samráði við ráðuneytin. Með þessu er verið að leggja upp klókindalegt verklag að því er virðist til að fara fram hjá Alþingi með málið.

Þetta er nákvæmlega sama byrjunin og var á málinu í Noregi. Þegar norska kratastjórnin reyndi allt sem hún gat til að drepa málinu á dreif enda var hún ekki í góðum málum. Hafði rekið flokkinn og leyniþjónustuna eins og deild hvort í öðru. Hvernig fór það að lokum? Þingið lét ekki bjóða sér það. Norska Stórþingið lét ekki bjóða sér það. Tók málið af ríkisstjórninni og sá alfarið um það sjálft hvernig það væri rannsakað og upplýst.

Ég vona að ekki þurfi að koma til þess hér að taka verði málið af ríkisstjórninni. En það er óhjákvæmilegt að leggja það til ef ríkisstjórnin býður ekki upp á eitthvert samstarf um þetta mál.

Ég legg því til að við ræðum hvort samkomulag geti orðið um breytingar og afgreiðslu á þessari tillögu samhliða því að Alþingi ákveði hvernig það setur málið að öðru leyti í farveg af sinni hálfu.

[11:01]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég hlýt að ítreka óskir hv. þingmanna sem hér á undan hafa talað um að forseti svari þeim fyrirspurnum sem beint hefur verið til hennar. Í þeirri þingsályktunartillögu sem menn hafa bent á er það eitt sagt að nefnd eigi í samráði við þrjá ráðherra að ákveða, eins og hér stendur, með leyfi forseta, „frjálsan aðgang fræðimanna“ að tilteknum gögnum. Þetta er sérkennileg notkun á lýsingarorðinu frjáls, sem sé að nefnd og ráðherrar eiga að ákveða hinn frjálsa aðgang. Það sem þetta þýðir á einföldu máli er að það á að ákveða hvernig hindra skuli aðgang manna að þeim gögnum sem hér er um að ræða vegna þess að ráðherrarnir þrír og ríkisstjórnin öll sem ber þetta frumvarp fram getur sem hægast með einu orði opnað aðgang fræðimanna, almennings, fjölmiðlamanna og allra þeirra sem vilja að þeim gögnum. Hún þarf ekki tilstyrk þingsins til þess. Þingið þarf hins vegar að rannsaka þetta sjálft vegna þess að málin snúa í fyrsta lagi að valdsviði þess og í öðru lagi að því sjálfu.

Geir Haarde, hæstv. utanríkisráðherra mun hann vera núna, bætti um betur í þessu máli þegar hann hvatti menn til að fara varlega, til að tala varlega. Ég tek undir þá almennu hvatningu, en um hvað áttu menn að tala varlega? Menn áttu að tala varlega um það að brotin hefði verið þinghelgi á þeim þingmönnum sem menn vita að símar

voru hleraðir hjá. Hvað þýða þessi orð hæstv. utanríkisráðherra, Geirs Hilmars Haardes? Þau þýða að hann er að segja okkur að ef til vill sé þinghelgi ekki brotin með því að hlera síma þingmanna. Þetta er, forseti, mál sem forseti þingsins á alveg sérstaklega að íhuga og kanna og segja okkur hvort rétt er. Er það þannig að við þingmenn á þinginu, alveg eins og þeir sem símar voru hleraðir hjá á árum sem liðin eru, að það sé ekki brotin á okkur þinghelgi með því að hlera símana okkar? Er það svo, forseti? Er það svo að það sé rétt hjá Geir Hilmari Haarde, hæstv. utanríkisráðherra, að hann og dómsmálaráðherra megi láta hlera síma þingmanna án þess að þinghelgi sé rofin? Það er þá algjörlega nýr skilningur á því máli og algjörlega nýr skilningur á lýðræðislegum vinnubrögðum í landinu.

Þessi yfirlýsing Geirs Hilmars Haardes ein sér krefst þess að málið verði rannsakað á þingsins vegum, auk þess að hinn frjálsi aðgangur verði ósköp einfaldlega veittur og það geta þeir gert sem sitja á ráðherrastólunum bara núna á eftir ef þeir vilja og þurfa ekki þessa tillögu til.

[11:04]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er eins og fyrri daginn að menn nota þennan lið um fundarstjórn forseta til að fara í efnislega umræðu um mál. Hvers lags eiginlega er þetta þegar hér liggur fyrir mál, þingsályktunartillaga, sem hægt er að ræða efnislega í þinginu? Það er búið að gera samkomulag um hvernig þessi þingstörf eigi að ganga fram í dag og þetta eru efndirnar. Það er farið í efnislega umræðu um þingsályktunartillögu undir liðnum um fundarstjórn forseta. (Gripið fram í.) Ég geri mjög verulegar athugasemdir við fundarstjórn forseta að hún skyldi ekki stöðva þessa umræðu því að þetta er ekki til sóma fyrir okkur og þessi (Gripið fram í.) þingsályktunartillaga sem liggur fyrir á auðvitað að ræðast sem slík en ekki undir liðnum um fundarstjórn forseta. Þetta vinnulag gengur ekki hér í þinginu og ég geri athugasemdir við það, hæstv. forseti.

[11:05]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að kalla eftir því að forseti svari þeim fyrirspurnum sem lagt var af stað með í upphafi og kalla eftir svörum við því hvort ekki væri rétt að kalla þingflokksformenn saman til að ræða þetta og reyna að ná pólitískri sátt í málinu vegna þess að fyrir liggur tillaga frá ríkisstjórninni um að Alþingi samþykki að fela stjórnvöldum að rannsaka brot stjórnvalda í fortíðinni. Það er það sem hér liggur fyrir og það er það sem verið er að gera athugasemdir við. (Gripið fram í.) Hér er um mjög alvarlegan tíma að ræða (Gripið fram í.) og miklar deilur sem áttu sér stað og það er mikilvægt, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason sagði áðan, að sannleikurinn komi í ljós. Verið er að kalla eftir að fara þá leið sem er líklegust til að sannleikurinn komi í ljós.

Það er ekki par sannfærandi að stjórnvöld skuli leggja fyrir Alþingi tillögu um að stjórnvöld rannsaki brot stjórnvalda í fortíðinni. Menn eru að tala um, virðulegi forseti, að þetta skuli gert með þeim hætti að líklegra sé að rétt niðurstaða fáist og menn eru að kalla eftir því í umræðu um stjórn fundarins að forseti svari því hvort forseti ætli að kalla saman þingflokksformenn til að ræða það að ná pólitískri sátt í málinu til að tryggja að menn fái trú á því að sú leið sem á að fara sé líkleg til að skila réttri niðurstöðu. Það er kjarni málsins.

Auðvitað geta hinir ýmsu hv. þingmenn hlaupið hér upp og goldið varhuga við því að nokkur umræða fari fram um mál sem menn vilja helst ekki ræða og ekkert óeðlilegt að einhverjir þingmenn geri það. Það er mjög algengt og við þekkjum það að þegar umræðan er óþægileg þá sé rétt að hlaupa hér upp og æpa og góla í ræðustólnum.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það sem hér hefur komið fram að þessum fyrirspurnum verði svarað. Mér finnst einnig alveg fráleitt að hv. þingmenn séu að skýla sér á bak við að þeir einstaklingar sem eru tilnefndir í tillögunni séu ekki hæfir. Þeir eru fullkomlega hæfir. Hins vegar er spurningin á forræði hvers þessi rannsókn eigi að fara fram og hverjar eru heimildir þeirra sem eiga að skoða þessi mál til að líklegt sé að sannleikurinn komi í ljós, að sannleikurinn geri menn frjálsa, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason fór yfir í ágætri ræðu sinni.

[11:08]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti ætlar þegar hér er komið sögu að öll sjónarmið þessa máls séu komin fram í þessari umræðu, fyrst um störf þingsins og síðan um fundarstjórn forseta. Það liggur fyrir að málið verður ekki til lykta leitt í þessari umræðu. Forseti þingsins, Sólveig Pétursdóttir, hefur lýst því yfir að margar leiðir séu færar til að taka á þessu máli. Ein þeirra leiða hefur verið farin með því að lögð hefur verið fram þingsályktunartillaga. Það er ekkert sem bannar að um það verði þverpólitísk sátt hvernig efni þeirrar tillögu verður, þegar sú tillaga kemur hér til þinglegrar meðferðar og þá er tilefni til að sú umræða haldi áfram sem hér hefur farið fram í dag.

Forseti sá sem nú er á forsetastóli ræður þetta mál ekki til lykta hér og mun ekki boða formenn þingflokka til fundar um þetta mál en ég geri ráð fyrir að þetta verði rætt og hægt verði að ná þverpólitískri sátt við þinglega meðferð málsins.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, síðari umr.

Þáltill. HBl o.fl., 297. mál. — Þskj. 318, nál. 1141.

[11:09]

Frsm. utanrmn. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu. Í umfjöllun nefndarinnar voru fengnir gestir til að ræða málið og leitað var umsagna.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að efla samstarf Vestur-Norðurlanda í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu. Með ályktun nr. 2/2004 á ársfundi 20.–24. ágúst 2004 samþykkti Vestnorræna ráðið að mælast

til þess að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands beiti sér fyrir aðgerðum sem hafi þann tilgang að efla samstarf Vestur-Norðurlanda varðandi ýmis úrlausnarefni í tengslum við stefnu í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti biður þingmenn að gefa gott hljóð í þingsal.)

Undir nefndarálitið rita eftirtaldir hv. þingmenn: Halldór Blöndal, formaður nefndarinnar, Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Gunnarsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

[11:10]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég flyt ásamt öðrum þessa þingsályktunartillögu, enda sit ég í Vestnorræna ráðinu. Ég tek undir hana en mér finnst að í þessu samstarfi blasi við víðtækari möguleikar, ekki það að við séum eingöngu að líta til þess að gæta hagsmuna þessara þjóða gagnvart Evrópusambandinu heldur einnig að líta til þess hvað vel er gert hjá öðrum þjóðum í Vestnorræna sambandinu. Ég er á því að við ættum einmitt að líta til þess árangurs sem hefur náðst við fiskveiðistjórn í Færeyjum og einnig að líta í eigin barm og viðurkenna að okkur hefur ekkert gengið með okkar kerfi og líta þess vegna til þeirra þátta sem vel hafa gengið.

Þessa dagana erum við að halda upp á 30 ára útfærslu landhelginnar í 200 mílur. Ég er á því að nú ættu menn að líta yfir farinn veg og sjá að það hefur ekkert gengið við hina svokölluðu uppbyggingu fiskstofnanna. Við veiðum miklu minna magn núna en við gerðum áður en landhelgin var færð út. Það kemur fram í aflatölum að þorskaflinn árið 1978 var um 320 þús. tonn en nú er hann í kringum 200 þús. tonn. Þetta er mínus árangur eftir að við höfum tekið við stjórn og höfum notað það kerfi sem þjóðin er í rauninni á móti, þ.e. kvótakerfið. Að vísu eru tveir flokkar á þingi sem standa mjög fast vörð um þetta kerfi og mér finnst að ef við ætlum að gæta þjóðarhags á hinu háa Alþingi ættum við einmitt að líta til nágrannaþjóða okkar sem hafa sýnt fram á gríðarlegan árangur hvað varðar að stjórna fiskveiðum með öðrum hætti en við gerum. Okkar kerfi hefur í rauninni lagt sjávarbyggðir landsins í rúst allt í kringum landið og valdið mikilli ólgu með þjóðinni og er í rauninni einn mjög stór þáttur í því hversu hefur hallað undan fæti hjá Framsóknarflokknum. Það kerfi sem hæstv. forsætisráðherra hefur staðið vörð um og er guðfaðir að hefur komið óorði á flokkinn og hefur aukið misskiptingu og komið í veg fyrir að sjávarbyggðirnar hafi náð vopnum sínum. Hvers vegna lítum við ekki til þeirra þjóða sem við erum í samstarfi við? Við sjáum að þar er hægt að gera hlutina á annan hátt en gert hefur verið síðustu 20 árin á Íslandi.

Þegar landhelgin var færð út í 50 mílur var þorskafli Íslendinga mun meiri en hann er núna eða í kringum 240 þús. tonn. Þá veiddu útlendingar liðlega 170 þús. tonn. Aflinn árið 1972 var um 400 þús. tonn. Við erum því með mínus árangur. Ég er á því að við eigum að nýta það samstarf sem við erum að ræða hér og leggja grunninn að með þessari þingsályktunartillögu til að ná betri árangri fyrir Íslendinga. Ég er á því eftir að hafa farið og m.a. kynnt mér árangur Færeyinga í Brussel að þar er einmitt áhugi á því að skoða hvort ekki megi taka upp færeyska kerfið vegna þess að alls staðar þar sem hefur verið reynt að stýra fiskveiðum með kvótum, það er ekki bara á Íslandi heldur einnig í Norðursjónum og víðar í Norður-Atlantshafinu, hefur það skilað mínus árangri og alltaf á að skera niður.

En það vill svo vel til að það er ljós í myrkrinu og það er í Færeyjum þar sem aflinn er svipaður og ívið meiri en áður en landhelgi landa var færð út og áður en Íslendingar fóru þá leið að stýra fiskveiðum með kvótum þannig að það er hægt að gera þetta betur og það væri óskandi ef við gætum notað þetta samstarf ríkja, vestnorræna samstarfið, til að læra af þeim þjóðum sem hafa náð árangri, t.d. Færeyingum, og gera það vegna þess að augu Evrópu eru að opnast fyrir þessu. Ég heyri að það er mikill áhugi í Skotlandi á að fara þá leið að vera ekki að ákveða fyrir fram hvað eigi að koma upp úr hafinu heldur láta veiðina ráðast af því sem náttúran gefur hverju sinni vegna þess að það hefur því miður komið í ljós að stofnmælingar eru mjög óáreiðanlegar. Það er alltaf verið að byggja upp fiskstofna og með þessum stofnlíkönum er jafnvel sagt að ef menn veiði minna núna þá fái þeir meira á næsta ári. En við sjáum að þetta hefur ekki gengið eftir vegna þess að veiðin hefur bara gengið niður á við síðan menn fóru að stýra veiðum með þessum hætti.

Mér finnst þetta vera umhugsunarefni og ég sé að hv. formaður utanríkismálanefndar eða varaformaður sem situr hér er mjög spenntur yfir þessari tölu minni og ég ber þá von í brjósti að þessi ræða verði til þess að menn fari að hugsa málið, menn séu ekki fastir í einhverju sem skilar ekki nokkrum árangri og ekki síst þegar við erum að halda upp á afmæli útfærslu landhelginnar. En jafnvel þá er forsætisráðherra Íslendinga að tala um, frú forseti, að hleypa útlendingum í að geta keypt sig inn í auðlindina. Slíkt tal er verið að bera á borð fyrir þjóðina nú, hæstv. forsætisráðherra, guðfaðir kvótakerfisins, vill opna fyrir sölu á fiskveiðiheimildum til útlendinga nú á 35 ára afmæli þess þegar þjóðin barðist fyrir því að ná yfirráðum yfir fiskveiðiauðlindinni. Mér finnst þetta vera mjög mikið umhugsunarefni og ég vonast til þess að þeir ágætu hv. þingmenn sem sitja í Vestnorræna ráðinu noti ferðir sínar til Færeyja til að kynna sér það sem vel er gert.

Það sem við höfum verið að gera undanfarin 20–30 ár hefur ekki gengið upp. Menn hafa verið að spá fyrir um afla 10 jafnvel 20 ár fram í tímann út frá einhverjum reiknilíkönum. En þegar menn geta ekki spáð fyrir um afla næsta árs, eins og hefur sýnt sig hvað eftir annað, hafa týnt fiski, ofreiknað og ég veit ekki hvað og hvað, þá held ég að vonlítið sé að þeir geti spáð fyrir um afla áratugi fram í tímann. Þetta er eins og ef Veðurstofu Íslands tækist ekki að spá fyrir veðrið í júlí þá mundi hún spá fyrir um veðrið í júlí á næsta ári. Þetta er bara vitleysa og það sjá allir en samt sem áður virðist vera mjög erfitt fyrir þessa flokka, kvótaflokkana, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokk að ræða þetta málefnalega. En ég vonast svo sannarlega til þess að menn noti þau tímamót sem nú eru, sem hafa orðið við útfærslu landhelginnar, til að halda upp á það og líta yfir farinn veg og

sjá einfaldlega að menn hafa ekki gengið til góðs í þessu, þetta hefur ekki skilað árangri. Ég vona að menn noti Vestnorræna ráðið ekki eingöngu til að hugsa um hagsmuni gagnvart Evrópu en skoði hver hjá öðrum hvað vel er gert. Það er ýmislegt vel gert í Færeyjum sem við ættum að draga lærdóm af og ég vona svo sannarlega að það verði gert. Annað væri fáránlegt.

(**Forseti** (JBjart)**:** Það vill svo til að klukkan er vitlaust stillt og þingmaðurinn hefur lokið þeim tíma sem hann hefur í þessari umræðu sem eru átta mínútur. Forseti fer fram á við hv. þm. Sigurjón Þórðarson að hann ljúki máli sínu.)

Ég þakka fyrir þessa áminningu enda var ég langt kominn með ræðu mína og henni var í rauninni lokið. Ég vil bara ítreka orð mín að hér er stórt mál sem snýr að hagsmunum þjóðarinnar, þ.e. hvernig við stýrum fiskveiðum, þeirri atvinnugrein sem leggur grunninn að velferð þjóðarinnar.

[11:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Þingforseti. Ég tel að það mál sem við ræðum hér, tillögu til þingsályktunar um sameiginleg markmið í fiskveiðimálum og þá aðallega eins og það snýr að Evrópusambandinu, sé ágætismál og vel til þess fallið að við reynum að auka samstarf við Færeyinga og Grænlendinga varðandi fiskveiðistjórnarmál. Við eigum samliggjandi lögsögur við þessi ríki og ekki er lengur á móti mælt að fiskstofnar fara inn og út úr lögsögum ríkjanna. Og þó að því hafi lengi verið haldið fram að þorskurinn m.a. héldi sig aðeins innan 200 mílna lögsögu Íslands þá held ég að allir viti í dag að svo er ekki og að sá mikli nytjastofn Íslendinga sem iðulega hefur verið að gefa 40% af útflutningsverðmæti fiskafurða er að hluta til flökkustofn alveg eins og ufsinn og margar aðrar fisktegundir.

Ég hygg að ekki sé seinna vænna að fara að ræða þessi mál við nágrannaríki okkar, Grænlendinga og Færeyinga, og sérstaklega hygg ég að nauðsynlegt sé fyrir okkur í þessari stöðu að fara að ræða við Grænlendinga um nýtinguna og ráðstöfunina því að við vitum að Grænlendingar hafa samið sérstaklega við Evrópusambandið um veiðiaðgang skipa þess bandalags inni í grænlensku lögsögunni. — Nú hoppar tíminn á klukkunni ýmist aftur á bak eða áfram, hæstv. forseti, og veit ég varla hvernig ég á að haga ræðu minni — en ég tel nauðsynlegt að víðtæks samráðs verði leitað við Grænlendinga. Það er næsta víst, hæstv. forseti, að miðað við þá þróun hitafars sjávar sem er í Norðurhöfum nú þá stefnir í að þorskstofninn við Grænland vaxi á nýjan leik vegna þess að af sjálfu leiðir að um leið og hlýnar í Norðurhöfum leitar okkar þorskur yfir til Grænlands og þangað er seiðarek og þangað færist auðvitað ungfiskur á ætislóðir fyrir vestan og norðan land eftir straumum, staðháttum og fæðuframboði.

Hæstv. forseti. Þetta eru mál sem varða okkur miklu í framtíðinni og þó að þorskveiðar hafi ekki verið stór þáttur í veiðum við Grænland á undanförnum árum þá hygg ég að það geti breyst mjög á komandi árum og muni skipta okkur miklu hvernig til tekst. Ég hvet því eindregið til þess að það samstarf sem hér er lagt upp með milli Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga verði eflt sem frekast má verða og ekki eingöngu í afstöðunni til Evrópusambandsins eða til að styrkja stöðu okkar gagnvart Evrópusambandinu heldur ekki síður til að styrkja samstarf, stöðu, samskipti og stjórnunarmöguleika á fiskstofnum í lögsögum þessara ríkja þar sem algerlega er ljóst að við eigum margra sameiginlegra hagsmuna að gæta. Sameiginlegir hagsmunir þessara ríkja hafa farið vaxandi á undanförnum árum, bæði varðandi notkun okkar og veiðar á kolmunnastofninum, norsk/íslensku síldinni með Færeyingum og sameiginlegar veiðar á loðnustofninum, svo dæmi séu tekin, fyrir utan að Færeyingar hafa veiðiheimildir hér við land. Loðnustofninn er sameiginlegur stofn okkar og Grænlendinga og með hlýnandi sjó er engan veginn vitað hvernig loðnuveiðar og loðnugöngur munu þróast á komandi árum þannig að það er mjög margt sem knýr á um að hér verði vel staðið að verki og þess vegna fagna ég því að þessi tillaga skuli vera komin fram en legg áherslu á að þótt hér sé í fyrstu talað um markmið gagnvart Evrópusambandinu þá byrji þessi lönd á að vinna betur saman og skýra stefnumál sín innbyrðis og reyna að ná betur saman um nýtinguna vegna þess að mér býr í grun að á komandi árum geti skipt verulegu máli hvernig tekst til með samstarf okkar við Grænlendinga.

Við höfum ágætt samstarf við Færeyinga um veiðar í færeysku lögsögunni og þeir hjá okkur en það hafa ekki verið gerðir eins hagkvæmir samningar við Grænlendinga að öðru leyti en því er varðar loðnuna en við eigum auðvitað marga sögulega sameiginlega stofna. Við getum nefnt grálúðustofninn sem er sennilega sá fiskstofn nú sem hvað mest er ofveiddur, ef hægt er að draga þá ályktun sem má draga af veiðunum þegar farið er að stunda harða úthafsveiði og aflinn á togstund er jafnvel kominn í 300 kg vegna mjög hás verðs á grálúðu en samt halda menn áfram veiðum. Það er vegna þess að við erum með magnkvótakerfi þar sem við úthlutum kvótum og þegar magnkvótakerfið hittir ekki á líffræðilega tengingu þá verður kvótakerfið sjálfkrafa harðasta sóknarkerfi sem hægt er að reka í fiskveiðum, þ.e. ef saman fer há verðþróun. Það er akkúrat það sem er að gerast í grálúðunni. Þar keyra menn einhverja þá hörðustu sókn sem fiskstofn verður fyrir á Íslandsmiðum þar sem afli á sóknareiningu er orðinn mjög lítill en verðið er hátt, kvótarnir nægir og langt umfram það sem okkur tekst sennilega að veiða og þá breytist skömmtunarkerfi kvótans í harðasta sóknarkerfi sem menn geta notað við nokkrar veiðar. Þetta vita allir sem vilja vita og það er nauðsynlegt fyrir okkur að átta okkur á því að ástand þessa stofns, sem talinn er sameiginlegur stofn í Norður-Atlantshafi, frá Kanada í vestri til Færeyja og Svalbarða í austri, er ekki með góðu lagi eins og nú standa sakir og auðvitað þyrfti sérstaklega að efla þar rannsóknir og það sameiginlegar rannsóknir í lögsögu Íslendinga og Grænlendinga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, síðari umr.

Þáltill. HBl o.fl., 298. mál. — Þskj. 319, nál. 1142.

[11:29]

Frsm. utanrmn. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf. Í umfjöllun nefndarinnar voru fengnir gestir á fund til að fjalla um málið og einnig var leitað umsagnar frá nokkrum aðilum.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að semja framkvæmdaáætlun um markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf. Með ályktun nr. 3/2004 á ársfundi 20.–24. ágúst 2004 samþykkti Vestnorræna ráðið að hvetja ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands til að móta í sameiningu framkvæmdaáætlun til að efla markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Utanríkismálanefnd leggur til að þessi tillaga verði samþykkt óbreytt. Að þessu nefndaráliti standa Halldór Blöndal, formaður nefndarinnar, Össur Skarphéðinsson, Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Gunnarsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

[11:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem við ræðum núna, tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, er sennilega eitthvert nauðsynlegasta verkefni sem við Íslendingar getum unnið að á komandi árum og mjög brýnt að vel verði að verki staðið í því sambandi. Hér er ályktað um að Færeyingar, Grænlendingar og Íslendingar semji sérstaka framkvæmdaáætlun um markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf. Ég tek heils hugar undir efni tillögunnar eins og það birtist í þessari ályktun og tel að þetta sé málefni sem við þurfum að taka á af mikilli festu.

Haldin var mjög merkileg ráðstefna vestur á Ísafirði um rannsóknir á loftslagsbreytingum og straumakerfi í norðurhöfum en í dag telja vísindamenn að mikið samspil sé á milli loftslagsbreytinga og breytinga á meginstraumum hafanna. Talað er um, eins og vísindamenn orða það, að hjarta þess straumakerfis slái í raun og veru á hafsvæðinu norðan Íslands þar sem hlýsjórinn sekkur til botns og verður að botnstraumi sem síðar gengur til baka suður um Atlantshaf og suður fyrir Góðravonarhöfða og allt til Indlandshafs þar sem straumurinn breytist aftur í hlýjan yfirborðssjó og hefur hringferð sína um heimshöfin á nýjan leik.

Það fer ekki á milli mála, hæstv. forseti, að þær djúpvatnsstraumarannsóknir sem gerðar hafa verið í norðurhafinu og í sundinu milli Íslands og Grænlands benda til þess að um sé að ræða svið sem við þurfum að skoða virkilega vel, því að ef þetta straumakerfi breytist er hætt við að veðurfar og loftslag breytist verulega á norðurhveli jarðar. Það kynni að hafa verulegar búsetubreytingar í för með sér þrátt fyrir alla okkar tækni til að mæta slíkum aðstæðum, sem e.t.v. var ekki auðvelt að mæta hér á öldum áður og urðu hreinlega til þess að fólk flýði landsvæði eða lönd. Til þess að afla þessarar þekkingar þurfum við að standa saman að þessum rannsóknum og ég hygg að það sé mjög áhugavert og nauðsynlegt verkefni að semja framkvæmdaáætlun sem þessi þrjú ríki, Færeyjar, Ísland og Grænland, sameinist um að leita stuðnings við hjá öðrum þjóðum, Evrópusambandinu og hnattrænt, til að fá styrk til að koma þessu verkefni áfram. Þetta verkefni verður ekki leyst af okkur Íslendingum einum. Við getum hæglega haft forgöngu um að setja af stað vísindastarf og jafnvel vísindastofnun hér á landi sem tæki þetta sérsvið fyrir á heimsvísu og fengi til þess verulega styrki frá alþjóðasamfélaginu. Þetta er ekki mál sem snertir okkur Íslendinga eina þó að þetta straumakerfi, sem heitir Golfstraumur, renni norður með landinu og til baka sem kaldur djúphafsstraumur suður í Atlantshaf því um er ræða straumakerfi alls heimsins sem hefur veruleg áhrif á veðurfar, einkum á norðurslóðum ef verulegar breytingar verða á því. Hér er því verkefni að vinna sem við gætum vissulega haft forgöngu um og tekið virkan þátt í og ég tel að það hljóti að vera mikill áhugi á því hjá vísindasamfélaginu í veröldinni að vinna að og fylgjast með þessu verkefni á alþjóðavísu. Við gætum séð um straumamælingar og djúpsjávarmælingar í sundinu milli Íslands og Grænlands og norður af Íslandi. Við liggjum vel við því svæði og það væri auðvitað forgangsverkefni að reyna að átta sig á því með reglulegum mælingum hvaða breytingar eru að verða á djúpstraumakerfi hafsins sem eru vissulega í beinu sambandi við veðurfarsbreytingar.

Ég tel þetta vera mjög áhugavert og styð eindregið að staðið verði að þessum málum með myndarlegum hætti af Íslands hálfu. Ekki var annað að heyra á ráðstefnu um þessi málefni vestur á Ísafirði síðastliðið haust, þar sem m.a. hæstv. forsætisráðherra var viðstaddur, en að stjórnvöld vildu taka þessu málefni um auknar rannsóknir vel og jafnvel setja á stofn ákveðinn vísindahóp til að koma því á laggirnar. Ég vonast svo sannarlega til að hæstv. forsætisráðherra fylgi þeim orðum eftir sem hann lét þar falla í þá veru að efla slíka starfsemi. Hún er nauðsynleg ekki bara fyrir okkur heldur veröldina í heild sinni og gæti þess vegna verið fjármögnuð á alþjóðavísu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarf vestnorrænna landa í orkumálum, síðari umr.

Þáltill. HBl o.fl., 299. mál. — Þskj. 320, nál. 1143.

[11:36]

Frsm. utanrmn. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um eflingu samstarfs Vestnorrænna landa í orkumálum. Tillagan var send út til umsagnar og einnig fékk nefndin gesti til fundar við sig til að fara yfir málið.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að

efla samstarf vestnorrænna landa í orkumálum. Með ályktun nr. 1/2004 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins árið 2004 var skorað á ríkis- og landsstjórnir Vestur-Norðurlanda að efna til samstarfs um orkumál þjóðanna, með áherslu á sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda. Jafnframt var þess óskað að árlegri skýrslu yrði skilað um framvindu samvinnunnar.

Utanríkismálanefnd leggur til að tillaga þessi verði samþykkt óbreytt. Að nefndarálitinu standa hv. þingmenn Halldór Blöndal, Össur Skarphéðinsson, Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Gunnarsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða, síðari umr.

Þáltill. HBl o.fl., 541. mál. — Þskj. 788, nál. 1014.

[11:38]

Frsm. utanrmn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að stjórnvöld á Íslandi styðji fyrir sitt leyti stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða.

Með ályktun 1/2005 á ársfundi síðastliðið sumar samþykkti Vestnorræna ráðið að hvetja stjórnvöld á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi til að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða. Eitt meginmarkmið tillögunnar er að styrkja bókmenntir þjóðanna með því að hjálpa hæfileikaríkum höfundum að stíga fyrstu skrefin á rithöfundarbrautinni.

Jón Gunnarsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson og Magnús Stefánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Að nefndarálitinu standa Halldór Blöndal, Bjarni Benediktsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson og Jónína Bjartmarz.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, síðari umr.

Þáltill. HBl o.fl., 542. mál. — Þskj. 789, nál. 1144.

[11:39]

Frsm. utanrmn. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að efna til samstarfs við landsstjórnir Færeyja og Grænlands til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi. Með ályktun nr. 3/2005 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 22.–24. ágúst 2005 voru ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands hvattar til að efna til samstarfs um að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi og að tryggja með talningu raunhæfar upplýsingar um stofnstærðir hvala í Norður-Atlantshafi hvort sem um er að ræða friðaðar eða kvótaveiddar tegundir.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Að nefndarálitinu standa Halldór Blöndal, Össur Skarphéðinsson, Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Gunnarsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

[11:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi mig sammála þessari tillögu og tel að hér sé verið að hreyfa mjög þörfu máli. Hér er talað um bæði stofnstærðir friðaðra sem kvótaveiddra hvala í Norður-Atlantshafi eins og það er orðað í tillögunni. Ég hygg einmitt að nauðsynlegt sé að fara að taka upp víðtækar rannsóknir á stofnum hvala sem friðaðir hafa verið í áratugi. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna hvalategundina hnúfubak sem var friðuð árið 1956, ef ég man rétt, og hefur verið alfriðuð síðan. Það er samdóma álit allra sem stundað hafa fiskveiðar við Ísland og ég hygg einnig hafrannsóknarmanna að þessari hvalategund, hnúfubaknum, hafi fjölgað mjög á síðustu árum og áratugum. Ég get talað af eigin reynslu, sem fyrrverandi skipstjóri til margra ára, um þá fjölgun sem við sáum á fiskimiðunum við Ísland frá því á árunum milli 1960 og 1970 og til þess tíma sem ég stundaði fiskveiðar eða fram undir 1995. Ég heyri það á mörgum kollegum mínum úr skipstjórnarmannastétt að þeir eru sannfærðir um að hnúfubaksstofninn sé orðinn verulega stór við Ísland og menn verða auðvitað mjög varir við hnúfubakinn við veiðar á loðnu og fleiri uppsjávartegundum þar sem þessi dýr halda sig og nýta þessa fæðustofna.

Friðun einhverra dýrategunda getur aldrei varað að eilífu, um ár og aldir. Við nýtum lífríki sjávar á þann hátt sem við gerum og það gera allar þjóðir í Norður-Atlantshafinu og samspil í lífríki sjávar hefur auðvitað áhrif þar á. Það er deilt um hve mikið það er og hversu víðtækt það er en það er alveg ljóst að það hefur áhrif og okkur ber auðvitað að reyna að öðlast þekkingu á því hvernig þetta samspil er. Það hefur því miður ekki verið gert varðandi hnúfubaksstofninn á undanförnum árum. Við höfum ekki stundað þar neinar tilraunaveiðar og vitum í raun og veru sáralítið um stofninn og nýtingu hans á fæðuuppsprettu sjávarins.

Þetta var eitt atriðið sem ég vildi nefna, hæstv. forseti. Ég tel hins vegar að þessi tillaga hefði mátt vera víðtækari, hún hefði mátt snúa að selastofnum í Norður-Atlantshafi sem eru mjög lítið nýttir núna með veiðum miðað við það sem áður var. Það voru einkum Norðmenn sem stunduðu veiðar á úthafssel í Norður-Atlantshafi, þeir byrjuðu þær veiðar í svokölluðum vesturís norður af Jan Mayen þar sem

farið var inn í ísinn snemmvetrar og selagöngunum og reki íssins fylgt suður í Grænlandssund fram á vor. Ég held að aðeins eitt skip hafi stundað þessar selveiðar í vetur. En það hefur komið í ljós og hefur verið sagt frá því í blöðum í viðtölum við skipstjórann sem stjórnaði þessu skipi að mjög mikið af sel sé í sundinu á milli Íslands og Grænlands og það væri í raun og veru ekki nema sex tíma sigling frá Ísafirði og út á selamiðin við ísröndina og inni í ísnum í sundinu milli Íslands og Grænlands. Það vill svo til að þessi staðsetning er fast upp við fiskimið okkar Íslendinga á þorski og uppeldisslóð þorksins fyrir vestan og norðan land og af sjálfu leiðir að vaxandi selastofn hlýtur að hafa áhrif á notkun okkar og möguleika til að nýta lífríki okkar á þann hátt sem við viljum.

Ég vil benda á það í lok máls míns að ég tel að við hefðum einnig átt að huga að öðrum sjávarspendýrum í þessari tillögu eins og selunum. Stofnar vöðusels og blöðrusels fara örugglega mikið vaxandi í ísnum og við ísröndina norður af landinu og það er auðvitað þekkt að þegar slíkir dýrastofnar vaxa mikið fara þeir í svokallaðar ætisgöngur, ganga inn á fiskimiðin til öflunar viðurværis og gera oft usla við veiðar fiskimanna og eru stórtækir í nýtingu á stofnum sem gefa þeim mikla orku. Þar er þorskurinn auðvitað í ágætisuppáhaldi og oft sjá fiskimenn selbitinn fisk þar sem selurinn tekur eingöngu kviðinn, hrognin og lifrina sem gefur mesta orku en lætur allt annað eiga sig. Sama er auðvitað þekkt í grásleppuveiðum þar sem selurinn nýtir sér fyrst og fremst það sem mesta orku gefur en lætur grásleppuna óétna að öðru leyti.

Hæstv. forseti. Ég held að við ættum að taka þetta til nánari skoðunar varðandi sjávarspendýrin almennt. Ég hvet til samþykktar þessarar tillögu en ítreka að mér finnst að hún hefði mátt vera víðtækari.

[11:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Þetta mál þyrfti nú að ræða í löngu máli því að um mikilvægt mál er að ræða sérstaklega í ljósi umræðu sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur staðið fyrir um að ekki sé hægt að standa í svokallaðri uppbyggingu fiskstofna nema nokkrar hrefnur séu drepnar árlega. En vegna þess að við í Frjálslynda flokknum höfum gert samkomulag um að greiða fyrir þingstörfum eins og það er kallað ætla ég að stytta mál mitt eins og kostur er.

Það er einmitt mjög mikilvægt og þess vegna vil ég árétta það að menn rannsaki þessi mál og geri sér grein fyrir orkuflæðinu í hafinu. Þær hugmyndir sem hafa komið fram t.d. hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra, hann segir í þingræðu að það sé tómt mál að tala um að það takist að byggja upp nytjastofna eins og þorskinn nema við stundum hvalveiðar. Þetta lýsir mjög undarlegri sýn á lífríki hafsins að nefna það að veiðar á nokkrum hrefnum skipti sköpum. Við verðum að gera okkur grein fyrir að þær talningar sem hafa verið framkvæmdar sýna fram á að það séu u.þ.b. 46.400 hrefnur, sem komu út úr talningunni, í kringum landið. Það að veiða 100 eða 200 skiptir ekki miklu máli. Við erum að tala um 200 hrefnur, það er innan 0,5% af stofnstærðinni. Það getur hver maður séð að það skiptir ekki öllu máli upp á uppbyggingu fiskstofna. Menn eiga miklu frekar að líta á samspil fiskanna sjálfra sem eru stærsti hluti lífmassans í hafinu, hvernig orkuflæðið er þar á milli.

Ég nefndi í umræðu að ef hver og einn þorskur í einum árgangi, segjum nýliðar, sem hefur verið áætlað að geti verið um 200 milljón einstaklingar, éti einu sinni þorsk sem er í yngri árgangi en nýliðarnir þá fækkar hann um jafnmarga í stofninum og það getur verið allt að 100 þús. tonn ef sá fiskur sem hann étur er að jafnaði um hálft kíló. Þar eru stærðirnar en ekki nokkrir hvalir sem eru á svamli í kringum landið. Ég vonast svo sannarlega til að menn fari að gera sér grein fyrir þessu, að menn velti þessum hlutum fyrir sér en séu ekki eingöngu að horfa á og rannsaka hvali út frá því að þeir éti frá okkur fiskinn. Það eru aðrir þættir sem skipta verulega miklu máli. Einnig þegar menn horfa á veiðar sem meginþátt í misheppnaðri fiskveiðistjórn, menn ofáætla að mínu mati þátt veiða og þátt afráns hvala og sela.

Menn verða að hafa í huga þegar rætt er um stjórn fiskveiða og hvalastofna og þátt veiða að áætlað hefur verið að veiðar mannsins séu u.þ.b. 1/10–1/20 af því sem fuglar himinsins og spendýr hafsins taki af sjávarfangi úr hafi sér til næringar. Samt sem áður, þó svo að þetta sé 10–20 sinnum stærri þáttur en veiðarnar, eru þetta aukaleikarar miðað við massann, sem eru fiskarnir sjálfir, sem éta hverjir aðra.

Eins og ég sagði ætlaði ég ekki að hafa ræðu mína miklu lengri en vonast til að hún hreyfi við þeirri umræðu um fiskveiðistjórn að menn einblíni ekki endilega um of á hvali sem einhverja meginþætti í því hve illa gengur að stjórna fiskveiðum og einnig að menn líti ekki á veiðarnar sem mjög stóran þátt í því hvað okkur gengur brösuglega að stjórna fiskveiðum í kringum landið með kvótakerfi sem hefur sýnt sig á síðustu árum og áratugum að er algerlega misheppnað stjórntæki, frú forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa og umhverfisvernd, síðari umr.

Þáltill. HBl o.fl., 543. mál. — Þskj. 790, nál. 1145.

[11:53]

Frsm. utanrmn. (Magnús Stefánsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um samstarf Vestur-Norðurlanda í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda. Við umfjöllun nefndarinnar fékk hún á sinn fund gesti og einnig var leitað umsagna frá nokkrum aðilum.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að hefja samstarf um að Vestur-Norðurlönd standi saman í farabroddi í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda. Með ályktun nr. 2/2005 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 22.–24. ágúst 2005 voru stjórn-

völd á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi hvött til að hefja samstarf um að Vestur-Norðurlönd verði í fararbroddi í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda.

Utanríkismálanefnd leggur til að þessi tillaga verði samþykkt óbreytt.

Að þessu nefndaráliti standa hv. þingmenn: Halldór Blöndal, Össur Skarphéðinsson, Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Gunnarsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 685. mál (mælitæki). — Þskj. 1002, nál. 1217.

[11:55]

Frsm. utanrmn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Gísla Friðgeirsson frá Neytendastofu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um mælitæki.

Tilskipunin gerir ráð fyrir að settar verði ítarlegar reglur um mælitæki, þar á meðal um framleiðslu, markaðssetningu og áreiðanleika auk reglna um prófanir, vottanir og eftirlit með slíkum tækjum. Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur viðskiptaráðherra lagt fram frumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn sem nú er til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Halldór Blöndal, Össur Skarphéðinsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Gunnarsson og Bjarni Benediktsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 686. mál (framleiðsla rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum). — Þskj. 1003, nál. 1218.

[11:56]

Frsm. utanrmn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005 frá 8. júlí 2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Markmið gerðarinnar er að hvetja til frekari notkunar á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum og er gert ráð fyrir að EES-ríkin setji sér markmið um að auka slíka raforkuframleiðslu.

Innleiðing gerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Halldór Blöndal, Össur Skarphéðinsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Gunnarsson og Bjarni Benediktsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 687. mál (endurnot opinberra upplýsinga). — Þskj. 1004, nál. 1219.

[11:58]

Frsm. utanrmn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Þórhall Vilhjálmsson frá forsætisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera.

Tilskipunin mælir fyrir um lágmarkssamræmingu á reglum um notkun opinberra upplýsinga sem almenningi er heimill aðgangur að. Mælt er fyrir um lágmarksreglur um aðgang, meðferð umsókna, skilmála fyrir notkun upplýsinga, upplýsingaskyldu um rétthafa verndaðra verka, form, gjaldtöku, jafnræði o.fl. Þá er gert ráð fyrir að takmarkanir megi setja í þágu persónuverndar og friðhelgi einkalífs, höfundaréttar og lögverndar annarra hugverka.

Innleiðing gerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur forsætisráðherra þegar lagt fram frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996 sem nú

er til meðferðar í allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Að þessu nefndaráliti standa hv. þingmenn Halldór Blöndal, Össur Skarphéðinsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Gunnarsson og Bjarni Benediktsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Suður-Kóreu, síðari umr.

Stjtill., 671. mál. — Þskj. 981, nál. 1216.

[12:00]

Frsm. utanrmn. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég geri hér grein fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Suður-Kóreu.

Í umfjöllun nefndarinnar var fenginn á fund hennar fulltrúi frá utanríkisráðuneyti til að fara yfir málið.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Suður-Kóreu sem undirritaður var í Hong Kong 15. desember 2006. Samningurinn kveður á um afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum landbúnaðarvörum. Þá inniheldur samningurinn ákvæði um þjónustuviðskipti, vernd hugverkaréttinda, samkeppnismál, opinber innkaup, samkeppnismál og úrlausn deilumála.

Nefndin leggur til að þessi tillaga verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nefndarálit skrifa hv. þingmenn Halldór Blöndal, Össur Skarphéðinsson, Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Gunnarsson og Bjarni Benediktsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, síðari umr.

Stjtill., 662. mál. — Þskj. 970, nál. 1231.

[12:02]

Frsm. utanrmn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samnings milli Ríkjasambandsins Sviss, lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti og Jóhann Jóhannsson og Rósu Dögg Flosadóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning Íslands og Noregs við Sviss um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi, sem gerður var 17. desember 2004. Samningurinn er þáttur í aðild Sviss að Schengen-samstarfinu og Dyflinnar-samningnum.

Fullgilding samnings þessa kallar á lagabreytingar hér á landi og mun lagafrumvarp þess efnis verða lagt fram innan tíðar.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Að þessu nefndaráliti standa hv. þingmenn Halldór Blöndal, Össur Skarphéðinsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Gunnarsson og Bjarni Benediktsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um almannaskráningu, síðari umr.

Stjtill., 609. mál. — Þskj. 893, nál. 1230.

[12:03]

Frsm. utanrmn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannaskráningu.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu sem gerður var í Stokkhólmi 1. nóvember 2004.

Meginmarkmið hins nýja Norðurlandasamnings um almannaskráningu er að einfalda ferlið við flutninga fólks milli ríkja á Norðurlöndunum svo fólk geti fyrr notið réttinda og borið skyldur í nýja búsetulandinu. Gert er ráð fyrir því að tekin verði upp rafræn samskipti og hið svokallaða samnorræna flutningsvottorð lagt niður í núverandi mynd.

Fullgilding samnings þessa kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur dómsmálaráðherra þegar lagt fram lagafrumvarp þar að lútandi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Að þessu nefndaráliti standa hv. þingmenn Halldór Blöndal, Össur Skarphéðinsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Gunnarsson og Bjarni Benediktsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, síðari umr.

Stjtill., 610. mál. — Þskj. 894, nál. 1285.

[12:05]

Frsm. utanrmn. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006.

Í umfjöllun nefndarinnar um þetta mál fékk nefndin á sinn fund embættismenn úr utanríkisráðuneyti og sjávarút-

vegsráðuneyti auk fulltrúa frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra fiskframleiðenda, Vélstjórafélagi Íslands og Landssambandi smábátaeigenda.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 16. janúar síðastliðinn.

Í samningnum er, líkt og í samningi sömu aðila á síðasta ári, kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2006/2007 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda. Kveðið er á um gagnkvæmar heimildir skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2006 og að íslenskum skipum verði heimilt að veiða allt að 1.300 lestir af makríl og 2.000 lestir af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2006 auk ákvæðis um gagnkvæma heimild til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu hvors aðila. Sem fyrr er í samningnum kveðið á um gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2006. Samningurinn kveður því á um allar veiðar á uppsjávarfiski í lögsögu hvors aðila fyrir komandi veiðitímabil. Loks er rétt að geta þess að sjávarútvegsráðherra er falið að taka til athugunar og ákvörðunar fyrir 20. júní næstkomandi hvort takmörkunum á vinnslu á loðnu um borð í færeyskum skipun og löndun hennar verði aflétt.

Loks getur nefndin þess að veiðiheimildir á grundvelli samnings landanna frá 1976 um botnfisksveiðar verða óbreyttar á milli ára eða 5.600 lestir af botnfiski.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Að þessu nefndaráliti standa hv. alþingismenn Halldór Blöndal, Össur Skarphéðinsson, Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Bjarni Benediktsson, Steingrímur J. Sigfússon, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

[12:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er í sjálfu sér ekki tilefni til að hafa langt mál um framlengingu eða árlega endurnýjun þessa hefðbundna samnings milli Íslands og Færeyja um gagnkvæm veiðiréttindi og veiðiheimildir hvað uppsjávarfiska varðar, en það er fyrst og fremst efni þessa samnings. Þó eru nokkur atriði í þessum samskiptum og umhverfinu sem kannski væri ástæða til að drepa hér á.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að ástæða er til að minna á og hafa alltaf í huga þegar við ræðum þessi mál að þessi traustu og góðu samskipti Íslands og Færeyja á sviði fiskveiðimála hafa reynst báðum þjóðum ákaflega gagnleg held ég að sé óhætt að fullyrða. Lengi vel framan af var það svo að fyrst og fremst var um einhliða heimildir af hálfu Íslendinga að ræða til handa Færeyingum og það er nú næsta fátítt í samskiptum þjóða að þannig sé staðið að málum. Mér finnst að við Íslendingar megum alveg vera stolt af því að þegar útfærsla landhelginnar olli miklum breytingum hvað varðaði aðgang annarra ríkja hér að hafsvæðinu við Ísland þá sýndum við frændum okkar og vinum Færeyingum það veglyndi að þeir héldu umtalsverðum veiðiréttindum eftir innan íslensku sérefnahagslögsögunnar einir þjóða. Það var þeim ákaflega mikilvægt enda höfðu þeir byggt sinn sjávarútveg, ekki síst báta- og línubátaútgerðina í minni bæjum Færeyja, að verulegu leyti á þessum veiðiheimildum. Það hefur dregið nokkuð úr þeim eðli málsins samkvæmt á síðustu árum, í raun í aðalatriðum í takt við, því miður, niðurskurð á botnfisksveiðiheimildum við Ísland. Þó standa eftir um 5.600 tonn af slíkum heimildum þó að það sé í sjálfu sér ekki beint efni þessa samnings.

Það komu upp raddir um að fella þessar heimildir alveg niður. Reyndar var uppi um það kröfugerð af hálfu ónefndra aðila á ákveðnu árabili að Íslendingar felldu með öllu niður aðgang Færeyinga að íslensku lögsögunni. Sem betur fer varð það nú ekki. Svo gengu þeir tímar í garð að allt í einu breyttust aðstæður í samskiptum ríkjanna og Íslendingar fóru að hafa mikið gagn af tvíhliða samskiptum sínum við Færeyinga á þessu sviði og einkum og sér í lagi á sviði veiða á uppsjávarfiskum. Þannig var það að ákveðin ár meðan ekki voru samningar, eða áður en samningarnir tókust sem voru síðan í gildi um veiðar á t.d. norsk-íslensku síldinni, náðu íslensk skip að veiða verulegan hluta af sínum einhliða kvóta í færeyskri lögsögu eða á grundvelli samningsins við Færeyjar. Og áfram er það þannig að mun meira jafnvægi er í samskiptum ríkjanna nú vegna umtalsverðra veiða Íslendinga á norsk-íslenskri síld, kolmunna og jafnvel fleiri tegundum á færeyska hafsvæðinu á móti þeim veiðiheimildum sem Færeyingar hafa hér en áður var. Það má jafnvel færa fyrir því rök að sum árin hafi þessi samskipti komist í raun í fullt jafnvægi, þ.e. að verðmætin sem við Íslendingar höfum fengið með veiðum á færeyska hafsvæðinu hafi orðið svipuð eða sambærileg þeim sem Færeyingar hafa fengið hér og er í sjálfu sér ekkert nema gott um það að segja.

Nú er það því miður þannig að ekki eru í gildi samningar á nýjan leik um norsk-íslensku síldina og áfram er að því leyti til svipuð staða og var á fyrstu árunum eftir 1994 þegar hún fór að veiðast á nýjan leik utan norsku lögsögunnar og íslensk skip hófu á nýjan leik eftir langt hlé að veiða úr þeim stofni. Þess vegna er það áfram ákaflega mikilvægt að þessar þjóðir starfi vel saman og það er þeim báðum til hagsbóta fyrir utan það að þannig á það auðvitað að vera í samskiptum grannríkja og vinaþjóða.

Ótal mörg önnur sameiginleg hagsmunamál Íslands og Færeyja skipta hér líka máli, samskipti við aðra aðila eins og Noreg, Evrópusambandið, Rússland. Enginn vafi leikur á því að góð samskipti ríkjanna og það hvernig Íslendingar hafa staðið að málum gagnvart Færeyingum auðveldaði lausn deilunnar um miðlínuna milli Íslands og Færeyja. Þannig mætti áfram telja.

Það er minnst á það í nefndarálitinu og getið um það í tillögunni að íslensk stjórnvöld hafa fallist á þá ósk Færeyinga að taka til skoðunar þær takmarkanir sem eru á veiðum vinnsluskipa af hálfu Færeyinga og reyndar allra annarra innan íslensku lögsögunnar. Það er ekkert óeðlileg ósk eða krafa af hálfu Færeyinga að þetta sé skoðað. Skiljanlega finnst þeim blóðugt að mega ekki nýta sinn hluta veiðiheimildanna hér með þeim hætti sem mest verðmætin gefur, þ.e. að vinna afla um borð til manneldis. Á hinn bóginn er hér um gríðarlega mikilvægt hagsmunamál samkeppnis-

aðila á markaði að ræða og það er alveg ljóst að eins og t.d. hefur árað í uppsjávarveiðunum núna síðustu eitt, tvö árin þá er í raun sjálfur grundvöllur þeirra veiða eða afkoman í þeim veiðum svo háð þeim hluta tímans þegar mögulegt er að vinna aflann til manneldis, frysta loðnuna um borð eða í landi, að þarna er tekist á um mikla og ríka hagsmuni og í raun afkomu í greininni. Auðvitað hljótum við því að fara varlega og semja ekki af okkur í slíkum samskiptum. Þá má náttúrlega minna á að enn er staðan sú að þessar einhliða botnfisksveiðiheimildir eru til staðar og í þeim eru auðvitað líka fólgnir miklir hagsmunir og má náttúrlega færa fyrir því rök að staða Færeyinga sé talsvert önnur í efnahagslegu tilliti gagnvart þeim en hún var fyrir 30 árum. Enn er það þó þannig að ákveðin byggðarlög í Færeyjum eru mjög háð þessum heimildum og þetta er kannski meira orðin spurning um sanngirni og skilning á högum þeirra byggðarlaga sem í hlut eiga en að færeyskt efnahagslíf, sem hefur blómgast og stendur sterkt, sé eins háð þessum heimildum og í upphafi var.

Ég lýk ræðu minni eins og öllum sem um þetta fjalla á því að mæla áfram með því og vera talsmaður þess hér eftir sem hingað til að við Íslendingar stöndum myndarlega að verki í sambandi við öll samskipti okkar við Færeyinga og leggjum okkar af mörkum til þess að þau geti áfram verið jafngóð og farsæl og þau hafa verið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:15]

Útbýting:

Endurhæfing á Reykjalundi, 700. mál, svar heilbrrh., þskj. 1301.

Fjármálaeftirlit, 556. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1316; brtt. PHB o.fl., þskj. 1317.

Heilsufarsupplýsingar starfsmanna varnarliðsins, 805. mál, fsp. JGunn, þskj. 1321.

Lokafjárlög 2004, 2. umr.

Stjfrv., 575. mál. — Þskj. 833, nál. 1123 og 1241.

[12:16]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2004 frá 1. minni hluta fjárlaganefndar. Ég tel rétt að skýra það, virðulegur forseti, af hverju þetta heitir 1. minni hluti þrátt fyrir að nefndarálitið sé borið upp af meiri hluta fjárlaganefndar. Það er einfaldlega vegna þess að í reglum þingsins er kveðið á um að til afgreiðslu meirihlutaálita nefnda þurfi að vera mættur meiri hluti nefndarmanna en að þessu sinni standa að nefndarálitinu fimm þingmenn af sex úr meiri hluta fjárlaganefndar og það er talinn vera 1. minni hluti.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Enn fremur var óskað eftir áliti frá Ríkisendurskoðun.

Breyting skv. 1. gr. frumvarpsins er 1.243,4 millj. kr. vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga ársins 2004 og afgangsheimildir og umframgjöld sem falla niður skv. 2. gr. frumvarpsins nema 13.517,2 millj. kr. 1. minni hluti leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Að nefndarálitinu standa hv. alþingismenn Magnús Stefánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir, Bjarni Benediktsson og Guðmundur Hallvarðsson.

[12:18]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir áliti 2. minni hluta fjárlaganefndar, en eins og kom fram í máli hv. þm. Magnúsar Stefánssonar gilda þær sérkennilegu reglur að meiri hluti getur verið kallaður minni hluti ef ekki er uppfyllt það skilyrði að nægilega margir séu mættir á fund af hálfu meiri hluta til að vera meiri hluti í heildarfjölda nefndarmanna. Ég geri því grein fyrir áliti 2. minni hluta fjárlaganefndar sem hefðbundið er þó hinn eiginlegi minni hluti í fjárlaganefnd.

Undir þetta nefndarálit rita auk mín hv. þingmenn Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir og Jón Bjarnason.

Frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2004 er hið sjöunda í röðinni síðan ný lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, tóku gildi en þau komu til framkvæmda árið 1998. Þetta frumvarp er jafnframt hugsað sem staðfesting á ríkisreikningi fyrir árið 2004.

Frú forseti. Þrátt fyrir að ný lög um fjárreiður ríkisins hafi verið samþykkt árið 1997 og það sé þó þetta um liðið virðist sem framkvæmdarvaldið og meiri hlutinn á Alþingi hafi ekki náð því að fara eftir þeim lögum eins og eðlilegt verður að telja. Þetta á því miður við um fjárlagagerð, fjáraukalagagerð og síðan lokafjárlög og mun ég gera nánar grein fyrir því í nefndarálitinu.

Í 45. gr. fjárreiðulaganna er fjallað um frumvarp til lokafjárlaga og segir þar orðrétt, með leyfi forseta: „Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs."

Ljóst er að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar uppfyllir ekki öll skilyrði þessarar greinar. Í fyrsta lagi fylgdi frumvarpið ekki ríkisreikningi þegar hann var lagður fram á sínum tíma. Í öðru lagi eru ekki gefnar skýringar á geymdum fjárheimildum og í því eru ekki heldur upplýsingar um þá aðila sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Þá er í þriðja lagi ekki gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Í raun getur nefndarálit minni hluta fjárlaganefndar um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2003 staðið nánast óbreytt hvað varðar það frumvarp til lokafjárlaga sem fjallað er um hér. Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á úrvinnslu og framsetningu þrátt fyrir alvarlegar athuga-

semdir minni hluta fjárlaganefndar og Ríkisendurskoðunar sem birtist í nefndarálitinu um lokafjárlög fyrir árið 2003.

Það er, frú forseti, athyglisvert að þrátt fyrir að ár eftir ár hafi bæði minni hluti fjárlaganefndar og ekki bara minni hluti fjárlaganefndar heldur einnig Ríkisendurskoðun gert mjög alvarlegar athugasemdir við þá framkvæmd sem snýr að lokafjárlögum, fjárlagagerðinni og fjáraukalagagerð, þá eru engar breytingar gerðar á vinnulagi. Það væri því áhugavert fyrir yfirstjórn þingsins að fara yfir þau mál hvernig á því standi að Ríkisendurskoðun, sem er stofnun Alþingis, skuli ekki ná fram athugasemdum sínum, ekki skuli vera á þær hlýtt og ekki farið eftir þeim. Það er mjög alvarlegt, sérstaklega þegar við erum í þessu tilfelli að fjalla um fjárlög ríkisins að það skuli ekki duga að ár eftir ár gerir Ríkisendurskoðun alvarlegar athugasemdir við hvernig staðið er að verki en þrátt fyrir það verða engar breytingar á vinnulagi.

Í bréfi sínu til fjárlaganefndar, dags. 4. apríl 2006, gerir Ríkisendurskoðun ekki sérstakar athugasemdir við frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2004. Hins vegar ítrekar stofnunin ábendingar sínar um það sem betur má fara í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga og gerir grein fyrir þeim í minnisblaði sem fylgir áliti 2. minni hluta fjárlaganefndar. Í því sambandi bendir stofnunin á ítrekað vanmat á lífeyrisskuldbindingum, afskriftum skattkrafna, vaxtakostnaði og fleiri reiknuðum liðum í fjárlögum. Þá bendir stofnunin á að fjárheimildir sem flytjast sjálfkrafa á milli ára koma ekki fram í fjárlögum ársins og þær eru því ekki ræddar í tengslum við afgreiðslu fjárlaga hvers árs. Þá telur stofnunin að ekki hafi verið gripið nægjanlega fast í taumana þótt útgjöld einstakra fjárlagaliða stefni langt umfram fjárheimildir. Loks bendir Ríkisendurskoðun á að skortur er á tímanlegum upplýsingum um stöðu fjárheimilda og fjárhagsstöðu stofnana innan reikningsársins. Í minnisblaðinu kemur enn fremur fram að sumar þessara athugasemda hafa verið ítrekaðar ár eftir ár, m.a. í skýrslum stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga og endurskoðun ríkisreiknings. Orðrétt segir, með leyfi forseta:

„Svo virðist sem stjórnvöld hafi ekki enn sem komið er talið sérstaka ástæðu til að taka nema takmarkað tillit til athugasemda sem lúta að fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga."

Frú forseti. Hér segir orðrétt í minnisblaði Ríkisendurskoðunar að stjórnvöld hafi ekki nema í litlum mæli tekið tillit til athugasemda sem endurteknar hafa verið ár eftir ár og lúta að fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga. Hér er um mjög alvarlega athugasemd að ræða af hálfu stofnunar sem heyrir undir Alþingi og á að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Það er umhugsunarefni hvernig þingið á að taka á slíku. Þetta hefur margoft verið rætt innan fjárlaganefndar og oft og tíðum hefur meiri hluti nefndarinnar sýnt tilburði í þá átt að reyna að skapa sér sjálfstæði og starfa eins og gert er ráð fyrir að fjárlaganefnd eigi að starfa, skapa sér sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu, en því miður hafa þeir tilburðir yfirleitt verið slegnir af jafnharðan.

Nýjasta dæmið var nú á vordögum þegar Ríkisendurskoðun fór yfir mál sem snýr að tónlistarhúsi sem ætlunin er að reisa í borginni og kom þar fram að þar var, vægt til orða tekið, farið ansi frjálslega með ýmsa hluti. Þar gerði meiri hlutinn virkilega tilraun til að taka á máli en því miður virðist ýmislegt benda til þess að því verði ekki fylgt eftir. En við vonum ætíð hið besta og vonum að á hausti komanda verði meiri vilji til þess að nefndin starfi eins og gert er ráð fyrir og hún virki ekki eins og því miður hefur verið undanfarin ár sem stimpill, þ.e. að stimpla eingöngu það sem kemur frá ríkisstjórninni án þess að yfir það sé nægjanlega vel farið og vinnubrögð séu nægjanlega vel vönduð.

Frú forseti. Í árslok 2004 voru 179 fjárlagaliðir samtals 21,3 milljarðar kr. umfram heimildir en 280 fjárlagaliðir voru samtals 16,4 milljörðum kr. innan heimilda. Þetta sýnir vel þá miklu veikleika sem eru í fjárlagagerðinni og minni hluti fjárlaganefndar hefur ítrekað bent á undanfarin ár. Samt sem áður gerir framkvæmdarvaldið ekkert til að skýra þessa stöðu né heldur er tekið á þessum vanda. Fjármálaráðuneytið hefur verið tregt til að leggja til að fella niður skuldir og telur slíkt til þess fallið að draga úr ábyrgð forstöðumanna og ráðuneyta. Samt sem áður hefur sama ráðuneyti ekkert gert til að láta viðkomandi aðila sæta ábyrgð og hefur í raun neitað Alþingi um nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að greina þennan vanda betur. Í tíð sitjandi ríkisstjórnar hefur Alþingi því miður nánast afsalað sér fjárveitingavaldinu í hendur framkvæmdarvaldinu og ekkert bendir til þess að breytinga sé að vænta í þeim efnum.

Það er athyglisvert að Ríkisendurskoðun telur að ekki sé aðeins við forstöðumenn viðkomandi stofnana og ráðuneyta þeirra að sakast heldur bendir hún á að fjármálaráðuneytið hefur látið ríkissjóð fjármagna hallareksturinn með því að greiða laun og annan kostnað án þess að fyrir hendi séu nauðsynlegar heimildir til slíks yfirdráttar hjá Fjársýslu ríkisins.

Þetta segir okkur, frú forseti, að fjármálaráðuneytið gerir sér grein fyrir því að fjárlagagerðin er svo veik og í svo litlum tengslum við raunveruleikann að ráðuneytið treystir sér ekki til að beita þeim aðhaldsaðgerðum og heimildum sem það hefur vegna þess að það stendur ekki á þeim grunni sem það þarf til að beita því. Þar af leiðir að fjárlagagerðin er ekki rétt, hún er ekki í tengslum við raunveruleikann. Þess vegna er allt tal þeirra manna sem með þetta fara um að þetta sé á ábyrgð stofnananna afar veikburða og í raun og veru algjörlega út úr korti við þann raunveruleika sem við búum við.

Það er ekki síður nauðsynlegt að inneignir stofnana fái meiri umfjöllun en raun ber vitni. Af hverju geta einstakar stofnanir „safnað" fjármunum ár eftir ár? Er kostnaðaráætlun þeirra of há, framkvæma þær ekki allt sem lög um þær gera ráð fyrir, eða skekkja uppgjörsreglur varðandi markaðar tekjur og rekstrartekjur myndina?

Annar minni hluti fjárlaganefndar telur nauðsynlegt að taka lög um fjárreiður ríkisins til endurskoðunar með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur. Sérstaklega þarf að skoða heimildir til flutnings inneigna og skulda á milli ára og til álita kemur að afnema þessa heimild eða takmarka hana við 4% af fjárveitingu viðkomandi árs, enda hefur þessi heimild verið misnotuð af framkvæmdarvaldinu um árabil. Þá þarf einnig að skilgreina betur hlutverk og notkun safnliða í fjárlögum en vegur þeirra hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og dregið úr gegnsæi fjárlaga hvað varðar

fjárheimildir einstakra fjárlagaliða.

Það frumvarp til lokafjárlaga sem hér liggur fyrir sýnir í hnotskurn þann vanda sem fjárlagaferlið og framkvæmd fjárlaga er í. Nú á tímum er hvatt til gagnsæis í íslenskri stjórnsýslu og stofnuð hafa verið embætti umboðsmanna og samþykkt ýmis lög til að tryggja aðgengi almennings að upplýsingum frá stjórnvöldum. Á sama tíma sitja þjóðkjörnir fulltrúa á hinu háa Alþingi með mjög takmarkaðar upplýsingar þegar kemur að umfjöllun um fjárlög, fjáraukalög og lokafjárlög. Þessu þarf að breyta.

Frú forseti. Þrátt fyrir að við séum að fjalla um lokafjárlög fyrir árið 2004 er allt það ferli í raun undir í umræðunni sem hefst við gerð fjárlaga því að þetta er raunverulega lokapunkturinn á því ferli. Þess vegna fjallar álit 2. minni hluta fjárlaganefndar að stórum hluta til um það ferli og gefur því öllu saman í raun falleinkunn. Ég ítreka að það er ekki bara minni hluti fjárlaganefndar hefur þessa skoðun heldur hefur hið sama ítrekað komið fram í athugasemdum frá Ríkisendurskoðun ár eftir ár. Því er full ástæða til að þessi mál séu tekin til alvarlegrar skoðunar og ég ítreka að ég tel þetta það alvarlegt mál að yfirstjórn þingsins ætti að fara yfir það og velta því fyrir sér hvernig á því standi að þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir frá Ríkisendurskoðun láti framkvæmdarvaldið og meiri hluti þess á Alþingi það eins og vind um eyru þjóta og hefur varla hreyft litla putta til að mæta þeim athugasemdum.

Frú forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir nefndaráliti 2. minni hluta fjárlaganefndar sem myndaður er auk mín af hv. þingmönnum Helga Hjörvar, Katrínu Júlíusdóttur og Jóni Bjarnasyni.

[Fundarhlé. — 12:31]

[13:31]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2004. Eins og öllum er kunnugt er fjárlagagerð af hálfu ríkisins hagað þannig að fyrst er lagt fram frumvarp til fjárlaga fyrir komandi ár og það er yfirleitt fyrsta mál á dagskrá hvers haustþings. Það frumvarp fer síðan til fjárlaganefndar og er svo afgreitt sem lög frá Alþingi fyrir næsta ár á því haustþingi. Síðan koma þau lög til framkvæmda og ýmislegt getur hafa breyst í forsendum komandi árs frá því að þau voru samþykkt í desember. Að hausti hefur því hingað til komið aftur fram frumvarp, svokallað fjáraukalagafrumvarp, sem hefur tekið á þeim breytingum sem orðið hafa eða nauðsynlegar teljast til að fjárheimildir séu fyrir hendi fyrir útgjöldum og einnig að lög staðfesti aðrar breytingar sem orðið hafa á fjárlagaramma ríkisins, bæði tekjum og gjöldum. Loks eru svo gefin út lokafjárlög sem eiga að taka til þess sem komið hefur fram eftir að fjáraukalögin voru staðfest.

Við erum því að ræða núna lokafjárlög fyrir árið 2004, þ.e. lokafjárlög sem eru í rauninni afgreidd einu og hálfu ári eftir að viðkomandi fjárlagaári lauk. Það skiptir miklu máli við fjárlagagerðina að hún sé vandlega unnin, að fjárlagafrumvarpið og fjárlögin sem sett eru í upphafi séu vandlega unnin, bæði hvað varðar tekjur og gjöld. Það skiptir líka máli að fjárheimildir til einstakra verkefna og stofnana séu í fyrsta lagi í samræmi við þær þarfir og stefnumörkun sem þingið vill hafa gagnvart viðkomandi málaflokki, að þar sé ekki verið að skjóta einhverju undan. Hins vegar er alltaf pólitískur ágreiningur um forgangsröðun, t.d. viljum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði forgangsraða á fjárlögum málefnum til velferðarkerfisins, málefnum til menntamála, hjúkrunarheimila, öldrunarheimila og sjúkrahúsa. Um þetta er svo tekist á. Aðrir stjórnmálaflokkar vilja leggja meiri áherslu á aðra málaflokka. Þetta hafa verið megináherslur okkar. Hið sama á við í skattamálum, við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á að tekjustofn ríkisins sé sterkur og traustur en að skattheimtan miðist fyrst og fremst við þá sem hafa hæstar tekjur og geta lagt mest til samfélagsins og að þeim sem eru tekjulægstir sé hlíft í skattheimtunni.

Þessu er því miður öðruvísi farið af hálfu núverandi ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, þar sem hlutfallsleg skattbyrði er meiri á lágtekjufólk. Um þetta er tekist á pólitískt. Engu að síður skiptir máli að fjárlögin sjálf séu sér trú og þar séu raunsannar tölur að vinna með. Á þessu hefur orðið nokkur misbrestur. Þess vegna hef ég lagt það ítrekað til á Alþingi að vandað sé meira til fjárlagavinnunnar en nú er gert og síðan sé það eitt síðasta verk vorþings að leggja fyrir þingið fjáraukalagafrumvarp sem tekur til nauðsynlegra breytinga sem orðið hafa á fjárlagaramma ríkisins fyrir þann hluta ársins sem kominn er. Þannig væri hægt að tryggja að Alþingi fjalli stöðugt um þær breytingar sem orðið geta á bæði útgjöldum og tekjum ríkisins. Hægt yrði að samþykkja lög á Alþingi sem hafa útgjöld í för með sér og þá er mjög mikilvægt að Alþingi staðfesti það með fjáraukalögum en ekki bara ráðherrarnir. Ef þörf er á væri síðan hægt að gefa aftur út fjáraukalög að haustinu, eins og nú er gert, sem tækju til þess sem þá hefur komið upp og nauðsynlegt er að Alþingi taki ákvörðun um. Lokafjárlög eiga síðan að vera eins konar punktur yfir i-ið, þar eiga í sjálfu sér ekki að vera neinar pólitískar eða efnislegar breytingar á fjárlagarammanum.

Þessu er því miður öðruvísi farið, þetta hefur á sér yfirbragð ráðherravalds, fjárlögin eða fjárlagafrumvarpið er eitthvað sem ekki er umgengist af meiri virðuleika en svo að strax eftir að það hefur verið samþykkt koma einstakir ráðherrar og fara að gefa yfirlýsingar um fjárveitingar og fjárútlát til þessa verkefnis eða hins án þess að bera það inn á Alþingi. Við þekkjum það, ég býst við að margir hafi heyrt nú í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga fréttir af hinum ýmsu ráðherrum Framsóknarflokksins eða Sjálfstæðisflokksins sem fara um landið og bjóða fjárveitingar til þessa verkefnis eða hins, góðra mála en sem þeir hafa í sjálfu sér enga heimild til. Ráðherrar hafa enga heimild til þess að fara um og lofa peningum eins og við upplifðum nú fyrir sveitarstjórnarkosningarnar. Það er Alþingi sem ákveður fjárveitingarnar. Þessi orð ráðherranna þegar þeir lofa sjúkrahúsi hér eða elliheimili þar, reiðskemmu hér og reiðskemmu þar, eins og við höfum heyrt, eiga að sjálfsögðu að fara í gegnum þingið. Þetta eru góð mál en þetta eru ekki einkamál einstakra ráðherra þótt þeir haldi svo og telji kjósendum sínum trú um það.

Ég nefni þetta hér, frú forseti, því að það er alvarlegt mál með hvaða hætti við umgöngumst fjárlög ríkisins. Það

skiptir máli að í kringum þau sé festa og ábyrgð. Við getum deilt um áherslurnar og forgangsröðunina en hinn lagalegi, þingræðislegi rammi fjárlagagerðarinnar á að vera óumdeildur. Um hann gilda sérstök og mjög ákveðin stjórnsýslulög og einstakir ráðherrar, þrátt fyrir góðan vilja, hafa enga heimild til þess að gefa loforð út og suður. Þeir geta að sjálfsögðu komið með þau inn í þingið og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs getum líka lagt mál fyrir þingið, óskir um að það veiti fjárveitingu til góðra hluta sem hafa orðið út undan, en það er þingið sem ákveður fjárlögin en ekki einstakir ráðherrar.

Frú forseti. Þetta ráðherravald er kannski orðið eitt af mestu meinunum í umgengni við fjárlög ríkisins, að einstakir ráðherrar telji sig geta valsað með fjármuni ríkisins býsna frjálslega hvað þetta varðar, ekki síst í aðdraganda kosninga.

Það er þarft að rifja þetta upp því að við erum að fjalla um lokafjárlög fyrir árið 2004 þar sem farið er yfir þær breytingar sem hefur reynst nauðsynlegt að gera á fjárlögunum sjálfum og teknar eru inn þessar ráðherrafjárveitingar. Sumt af þessu eru eðlilegar leiðréttingar og nauðsynlegar, aðrar eru ráðherraleiðréttingar sem eru þegar orðnar staðreynd og þingið á engra annarra kosta völ en að staðfesta löngu gerðan hlut. Því hef ég lagt fram frumvarp til laga um breytingar á fjárreiðum ríkisins þar sem bundið yrði í lög að komi til nauðsyn á breytingum á fjárlögum og fjárlagaramma ríkisins komi þær inn í þingið og séu staðfestar þar en ekki hjá einstökum ráðherrum og þingið staðfestir síðan einu til tveimur árum seinna.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur gert grein fyrir áliti 2. minni hluta fjárlaganefndar, sem ég skipa fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, þar sem einmitt þeir þættir sem ég hef hér nefnt eru gagnrýndir. Tölulega er í sjálfu sér ekkert að athuga við lokafjárlögin sem slík heldur vinnubrögð og umgengni ráðherranna við þau. Tökum sem dæmi framhaldsskóla sem lentu svo illa í ranglátu reiknilíkani fyrir nokkrum árum og söfnuðu skuldum til að standa undir skuldbindingum sínum varðandi menntunarframboð. Nú hefur það að vísu verið leiðrétt nokkuð en áfram standa þessar skuldir bókfærðar á skólana sem er ekki heimilt samkvæmt lögum. Skólarnir eru A-hluta stofnanir og hafa ekki heimild samkvæmt lögum til að fara með uppsafnaðan halla til næstu ára. Engu að síður er þessi halli sem varð til vegna ranglátrar tekjuráðstöfunar til skólanna bókfærður áfram á þá og þeim gert að greiða hann upp af fjárlögum sínum sem naumt er skammtað á hverju ári. Þarna er farið á svig við lög. Svona mætti áfram telja. Umgengni við fjárlögin og framkvæmd þeirra af hálfu framkvæmdarvaldsins er alls ekki viðunandi og nálgast oft að farið sé á svig við lög um fjárreiður ríkisins.

Frú forseti. Ríkisendurskoðun hefur gert alvarlegar athugasemdir við þessi vinnubrögð af hálfu stjórnvalda. Hún hefur reyndar gert það ár eftir ár, það eru nánast sömu athugasemdirnar við þessi vinnubrögð, við þetta ráðherraræði sem gildir varðandi fjármál ríkisins. Ríkisendurskoðun hefur ítrekað gert athugasemdir við þetta en það er eins og ekkert hríni á því, það er svo freistandi að falla fyrir valdinu sem ráðherrar gjarnan gera og koma svo með sín mál inn í þingið á eftir og biðja þingið að staðfesta þau.

Frú forseti. Það er virkileg þörf á að endurskoða þetta, eins og tekið er fram í þessu nefndaráliti, að gera alla umgengni við fjárlögin skilvirkari, nákvæmari og ábyrgari en nú er. Ég tel að það sé eitt brýnasta verkefnið fyrir næstu ríkisstjórn, sem vonandi verður önnur en nú situr, að taka upp skikkanlegri vinnubrögð í umgengni við fjárlög ríkisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 624. mál (lágmark virðisaukaskattsskyldrar sölu o.fl.). — Þskj. 917, nál. 1199.

[13:45]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Í nefndarálitinu sem er á þskj. 1199 eru taldir upp gestir og umsagnir sem nefndinni bárust og lýsing á frumvarpinu. Síðan segir:

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hefur núgildandi lágmarksveltuákvæði staðið óbreytt í lögunum frá 1. júlí 1997, þegar fjárhæðin var lögbundin og afnumin vísitölubundin hækkun sem gilti fyrir þann tíma. Telur nefndin tímabært að fjárhæðin verði hækkuð og fellst á þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdunum að hún verði hækkuð í 500.000 kr. Þá telur nefndin aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu til bóta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Magnús Stefánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Ásta Möller, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 2. umr.

Stjfrv., 622. mál (einföldun og samræming lagaákvæða). — Þskj. 915, nál. 1203.

[13:47]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndarálitið er að finna á þskj. 1203 og þar er getið um gesti og umsagnir sem bárust nefndinni og einnig lýsing á núverandi frumvarpi.

Með frumvarpinu er lagt til að lagaumhverfi Lífeyrissjóðs bænda verði einfaldað og starfsumhverfi lífeyrissjóðs-

ins gert sem sambærilegast starfsumhverfi annarra lífeyrissjóða. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið þykir rétt að í lögum um Lífeyrissjóð bænda sé einungis tekið á sérstöðu sjóðsins, svo sem sjóðsaðild, iðgjaldsstofni og iðgjaldi bænda, svo og innheimtu þess en hún er með nokkuð öðrum hætti en hjá öðrum lífeyrissjóðum. Gert er ráð fyrir að önnur ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem réttindaávinnsla og lífeyrisréttindi, verði í samþykktum sjóðsins. Í frumvarpinu er ekki um að ræða neinar efnislegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda aðrar en þær að ákvæði um lífeyrisréttindi vegna áunninna réttinda verði felld niður til þess að unnt verði að samræma þau lífeyrisréttindaákvæðum hjá öðrum lífeyrissjóðum.

Í g-lið 1. gr. frumvarpsins kemur fram að setja skuli nánari reglur um skipulag sjóðsins og starfsemi auk ákvæða um iðgjald, mótframlag og lífeyrisréttindi í samþykktir sem fjármálaráðherra staðfestir að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Í umsögn Fjármálaeftirlitsins er lagt til að í umræddri grein verði einnig tekið fram að komi til breytinga á samþykktum sjóðsins skuli fjármálaráðherra staðfesta þær að nýju að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Nefndin fellst á þessa tillögu og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Á eftir fyrri málslið g-liðar 1. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Komi til breytinga á samþykktum sjóðsins skal fjármálaráðherra staðfesta þær að nýju að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Magnús Stefánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Ásta Möller, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 2. umr.

Stjfrv., 403. mál (nýjar gjaldtökuheimildir). — Þskj. 519, nál. 1204 og 1229.

[13:50]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, frá meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Í nefndaráliti sem er á þskj. 1204 er tekið fram hvaða gestir komu á fund nefndarinnar og hvaða umsagnir bárust.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að tekin verði gjöld af beiðnum til héraðsdóms og sýslumanns á grundvelli laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, en samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til slíkra laga. Í öðru lagi er lagt til að gjald fyrir umsókn um íslenskan ríkisborgararétt verði hækkað úr 1.350 kr. í 10.000 kr. og að gjald fyrir tilkynningu um ríkisborgararétt verði hækkað úr 1.350 kr. í 5.000 kr. Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði upp gjald fyrir afgreiðslu umsókna um dvalarleyfi og búsetuleyfi. Í fjórða lagi er lagt til að tekið verði upp gjald fyrir beiðni til mannanafnanefndar um samþykki fyrir nafni og í fimmta lagi er lagt til að tekið verði gjald fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði en gert er ráð fyrir í lögum nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, að kveðið sé á um slíka gjaldtöku í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Við umfjöllun málsins í nefndinni kom fram í máli fulltrúa ráðuneytanna að tekjuauki ríkissjóðs af frumvarpinu í heild yrði um 38–39 millj. kr., þó með þeim fyrirvara að þegar ríkisborgarar hinna 10 nýju aðildarríkja ESB yrðu meðhöndlaðir sem EES-borgarar mundu þessar tekjur lækka umtalsvert. Nú liggur fyrir að það muni eiga sér stað á þessu ári, þ.e. verði frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins að lögum — en það er þegar orðið, það varð fyrir 1. maí eins og hv. þingmönnum er kunnugt.

Spurt var hvort einhver úttekt hefði verið gerð á því hvaða kostnaður lægi að baki gjöldum sem kveðið er á um í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Fram kom í máli fulltrúa fjármálaráðuneytisins að svo væri ekki. Í því sambandi undirstrikar meiri hlutinn að þau gjöld sem lögin kveða á um eru skattar en ekki þjónustugjöld enda renna gjöldin í ríkissjóð til almennrar tekjuöflunar en er ekki ætlað að standa undir þeim kostnaði sem af viðkomandi þjónustu leiðir, enda oft mjög erfitt að finna út úr því.

Hvað varðar gjald fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði velti nefndin því fyrir sér hvort yfirhöfuð væri rétt að taka gjald fyrir slíkan aðgang, samanber umræðu um gjald fyrir rafrænan aðgang að lagasafninu sem fram fór á sínum tíma. Meiri hlutinn bendir á að í 3. málsl. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, segir að fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði skuli greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Með frumvarpi þessu er því eingöngu verið að uppfylla þá lagaskyldu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Magnús Stefánsson, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson og Ásta Möller.

[13:53]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar en það er svohljóðandi:

Frumvarpið felur í sér gríðarlegar hækkanir á nokkrum gjöldum sem innheimt eru fyrir veitta þjónustu á vegum stofnana ríkisins. Þessar hækkanir koma fyrst og fremst við nýja Íslendinga og útlendinga sem koma hingað til lengri eða skemmri dvalar. Þannig hækkar gjald vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt um 640% eða úr 1.350 kr. í

10.000 kr. og gjald vegna tilkynningar um íslenskan ríkisborgararétt hækkar um 270% eða úr 1.350 kr. í 5.000 kr. Þá verður eftirleiðis tekið gjald fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalar- og búsetuleyfi, en það er nýmæli í frumvarpinu, og getur gjaldið verið allt frá 2.000 kr. og upp í 8.000 kr. Ekki hafa verið lagðar fram neinar upplýsingar né útreikningar á því hvort fyrirhuguð gjaldtaka sé í samræmi við líklegan kostnað við þá þjónustu sem veitt er.

Í heildina er áætluð tekjuaukning ríkissjóðs vegna þessa frumvarps 38–39 millj. kr. Hér er einfaldlega um skattahækkun að ræða og það er til marks um stefnu og hugarfar meiri hlutans á þingi, sem birtist í þessu máli sem öðrum, að hann telur helst hægt að sækja slíkar hækkanir í vasa nýrra Íslendinga en stór hluti þeirra vinnur hér á landi í láglaunastörfum.

Minni hlutinn er andvígur frumvarpinu og mun greiða atkvæði gegn því.

Undir þetta nefndarálit rita auk mín þingmennirnir Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson.

Virðulegur forseti. Ég vil af þessu tilefni fara nokkrum orðum um þetta frumvarp og um skattálögur ríkisstjórnarinnar í heildina tekið því að þetta er auðvitað angi af þeirri stefnu sem þessi ríkisstjórn fylgir fram sem er sú að leggja helst álögur á þá sem kannski minnsta burði hafa til þess að bera þær en létta þeim heldur af hinum. Ég ætla aðeins að fara yfir það hér á eftir en áður en ég geri það, forseti, vil ég þó segja og ég hef haft orð á því í efnahags- og viðskiptanefnd að mér finnst sú skattlagning sem ríkið er að taka til sín eftir ýmsum leiðum í gegnum aukatekjur ríkissjóðs satt að segja mjög sérkennileg vegna þess að ríkissjóður nýtir sér einfaldlega þá heimild sem hann hefur til þess að leggja á ýmsa skatta sem eru í eðli sínu þjónustugjöld. Ef þetta væri t.d. til innheimtu hjá sveitarfélögunum, sem ekki hafa sjálfstæða skattlagningarheimild, og sveitarfélögin gæfu út þau leyfi sem hér er um að ræða þá gætu þau ekki innheimt fyrir það gjald nema þau gætu fært sönnur á að tilkostnaðurinn sem sveitarfélögin hefðu við meðferð þessara mála væri jafnmikill eða meiri en næmi þessu gjaldi. Þarna kemur munurinn á þjónustugjöldum á vegum sveitarfélaganna annars vegar og skattlagningarvaldi ríkissjóðs og ríkisins hins vegar, sem mér finnst ríkið fara nokkuð frjálslega með. Það á ekki bara við í þessu tilviki, við sjáum það auðvitað í ýmsum þjónustugjöldum sem ríkið er að innheimta, hvort sem það er nú í heilbrigðiskerfinu eða annars staðar, að það er einfaldlega ákveðið að þetta gjald skuli vera en oftar en ekki liggur enginn útreikningur til grundvallar á því hver tilkostnaðurinn er við að veita tiltekna þjónustu.

Nú getur vel verið að í þessu tilviki sé einhver slíkur útreikningur til og í greinargerð með frumvarpinu hefur í rauninni komið fram að talsverður kostnaður fylgi þessu en við höfum ekki séð þá útreikninga. Eins má líka spyrja sig hvort það sé réttlætanlegt í öllum tilvikum að láta þann sem þjónustuna fær greiða þann kostnað sem henni er samfara, það er bara matsatriði hverju sinni. Eins og hér kemur fram í nefndaráliti okkar teljum við að með þessari gjaldtöku sé verið að velta kostnaðinum á þá sem kannski síst skyldi og hækkunin er gríðarlega mikil.

Þetta tengist almennt forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í skattamálum og ég vil rétt hlaupa á ýmsum aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir í skattamálum sem allar eiga það sammerkt að þær höggva í sama knérunn, þ.e. þær koma hart við þá tekjulægstu en eru ívilnandi fyrir þá tekjuhæstu. Þar vegur auðvitað þyngst skerðing skattleysismarka en ef skattleysismörk hefðu fylgt þróun launavísitölu frá árinu 1995 væru þau 45 þús. kr. hærri á mánuði en þau eru núna, en sé miðað við neysluvísitölu væru þau um 15 þús. kr. hærri. Þetta er auðvitað það sem vegur þyngst í þessu öllu saman, þ.e. skerðing skattleysismarkanna. Þetta veldur því að um 30 þúsund manns með tekjur á bilinu frá skattleysismörkum og að 100 þús. kr. greiða um tvo milljarða kr. í skatta. Þetta er fólk sem er með undir 100 þús. kr. á mánuði.

Tekjuskattslækkunin, þ.e. lækkunin á álagningarprósentu í tekjuskatti hefur vissulega átt sér stað en hún hefur ekki vegið upp á móti þeirri skerðingu skattleysismarka sem hér hefur átt sér stað. Þessi tekjuskattslækkun hefur hins vegar skilað hátekjufólki mestu. Ef við lítum bara á lækkun almenna tekjuskattsins getum við sagt að um 82% af lækkun almenna tekjuskattsins og náttúrlega öll lækkun hátekjuskattsins lendir hjá tekjuhærri helmingi þjóðarinnar. Sé litið til hinna allra tekjuhæstu kemur í ljós að um 17% af lækkun almenna tekjuskattsins og 85% af lækkun hátekjuskattsins fer til þeirra fimm prósenta sem hafa mestar tekjur í samfélaginu.

Þegar allar breytingar ríkisstjórnarinnar á skattkerfinu frá 1995 eru lagðar saman, og við tökum eignarskattinn inn í það líka, vegna þess að eignarskatturinn hefur verið lækkaður, þá kemur í ljós að þær færa manni með milljón kr. mánaðarlaun ígildi einna mánaðarlauna hans í vasann á ári en á meðan þarf ellilífeyrisþeginn að borga einum mánaðarlaunum sínum meira í skatt á ári, þ.e. allar breytingarnar frá 1995 færa milljón króna manninum ígildi einna mánaðarlauna í lækkun á ári en ellilífeyrisþeginn þarf að borga einum mánaðarlaunum meira í skatt á ári. Þetta segir auðvitað meira en mörg orð um skattstefnu ríkisstjórnarinnar.

Nú getur vel verið að menn vilji hafa þá stefnu að hafa skatthlutfallið sem allra lægst og eða vilji ekki eiga við skattleysismörkin eða hækka þau samhliða því sem laun hækka í landinu og vilji svo koma til móts við hina tekjulægstu eftir einhverjum öðrum leiðum, t.d. með barnabótum, vaxtabótum, hækkun lífeyris eða öðru slíku. En þegar barnabæturnar eru skoðaðar kemur í ljós að útgjöld vegna barnabóta hafa ekki haldið í við verðlagsþróunina. Á föstu verðlagi voru útgjöld til barnabóta 6,4 milljarðar á árinu 1995 en eru 5,4 milljarðar á árinu 2004. Þarna munar milljarði á föstu verðlagi hvað barnabætur eru lægri núna en þær voru 1995. Sama gildir um vaxtabætur, þær hafa líka verið skertar þannig að það er ekki hægt að halda því fram að ríkisstjórnin hafi komið til móts við þá tekjulægstu í samfélaginu með einhverjum mótvægisaðgerðum, einhverjum öðrum aðgerðum eins og hækkun barnabóta eða vaxtabóta, lífeyris eða öðru slíku.

Virðulegi forseti. Mér fannst ekki annað hægt en að fara aðeins yfir þessi mál hér á þinginu í dag samhliða því sem við erum að afgreiða þetta frumvarp um aukatekjur ríkissjóðs vegna þess að þetta frumvarp varpar fram mynd af því hver skattstefna ríkisstjórnarinnar er. Þó að sú mynd sem hér er um að ræða sé ekki stór í sniðum má engu að

síður líta á hana sem hluta af þeirri heild og hún segir okkur mikla sögu um stefnu ríkisstjórnarinnar.

[14:03]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður gerir aðallega athugasemdir við gjald fyrir íslenskan ríkisborgararétt þó við séum hér að fjalla um mörg gjöld. En í athugasemdum við frumvarpið kemur skýrt fram að þau gjöld eru eftir þessa hækkun lægst á Íslandi af öllum Norðurlöndunum.

Eftir hækkunina er gjaldið í Danmörku svipað, 11 þús. Í Finnlandi nærri fjórfalt. Í Noregi rúmlega tvöfalt og í Svíþjóð tæplega tvöfalt. Við erum því ekkert að verða dýrari en önnur lönd. Við erum miklu ódýrari hvað þetta varðar. Ég tel að íslenskur ríkisborgararéttur sé þess virði, virkilega, að menn ættu ekki að horfa í það gjald sem tekið er fyrir að veita hann.

Varðandi skattaálögur almennt, þá er það alltaf spurningin um hvaða forsendur menn gefa sér. Þessum útreikningum um skattahækkanir hefur verið mótmælt, menn eru ekki alltaf sammála um forsendur sem gefnar eru fyrir útreikningunum. Ég ætla ekki að fara í það hérna í stuttu andsvari.

En mér sýnist að aðalvandinn varðandi barnabætur, vaxtabætur og skattahækkanir sé gífurleg hækkun launa og bóta, frú forseti. Það er ef til vill mikið vandamál. Kannski ætla sumir að taka á þeim vanda með því að lækka bæði laun og bætur. En mér finnst ekki vera um neinn vanda að ræða. Mér finnst ágætt að laun hafi hækkað svona mikið.

[14:05]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ansi hrædd um að lægstlaunaða fólkið í landinu sé ekki sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal um að mesta vandamálið sem við sé að eiga sé gríðarleg hækkun launa. Það er þetta fólk sem ætlar sér auðvitað núna í nóvember þegar launaliðir kjarasamninga verða lausir að sækja sér launahækkanir til að vega upp á móti ýmsum þeim skerðingum sem þessir hópar hafa orðið fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég er sannfærð um að lífeyrisþegar, hvort sem það eru örorkulífeyrisþegar eða ellilífeyrisþegar, séu ekki sammála þingmanninum um að hækkunin á lífeyri þeirra sé eitt stærsta vandamálið í íslensku samfélagi í dag. Vegna þess að við vitum að um 30% allra ellilífeyrisþega lifa á tekjum sem eru undir 110 þús. kr. á mánuði. Ég get ómögulega skilið það hvernig þingmaðurinn getur haldið því fram að þetta sé eitt stærsta vandamálið sem við sé að eiga í íslensku samfélagi í dag.

Varðandi gjaldtöku fyrir ríkisborgararétt á Norðurlöndunum er rétt að það kemur fram í athugasemdum við frumvarpið að gjaldtakan er hærri sums staðar á Norðurlöndunum. En það segir bara enga sögu. Það er líka þannig, af því ég var að tala um lífeyri, að lífeyrisgreiðslur eru með öðrum hætti annars staðar á Norðurlöndum en hér. Ég er viss um að það væru margir sem vildu gjarnan skipta á þeim réttindum sem eru hér í þeim efnum og því sem er í Svíþjóð þar sem engar skerðingar eru í lífeyriskerfinu og kerfið öðruvísi upp byggt. Það segir því auðvitað ekki neina sögu þó ágætt sé að hafa það til viðmiðunar.

Maður hefði nú talið að menn gætu kannski fetað sig eitthvað áfram í þessu án þess að fara í þær gríðarlegu hækkanir sem hér er um að ræða á umræddum gjöldum.

[14:07]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður segir að gjaldið sé sums staðar á Norðurlöndunum hærra. Það er alls staðar hærra, frú forseti, eftir að við erum nýbúin að hækka það. Það er alls staðar hærra og búið að vera lengi hærra en það gjald sem við erum núna að hækka upp í.

Auðvitað liggur á bak við þetta mat á gífurlega mikilli vinnu við að veita fólki ríkisborgararétt. Það þarf að senda umsagnir til Útlendingastofnunar og lögreglustjóra. Það þarf að kanna forræði yfir börnum sem eru að fá ríkisborgararétt. Það þarf að kanna sakhæfi manna og annað slíkt. Þetta er því mikil vinna og mjög erfitt að meta hana. Ég geri ráð fyrir að önnur Norðurlönd, sem taka allt upp í fjórfalt gjald eftir þessa hækkun okkar, hafi lagt ákveðið mat á það.

Varðandi almennar hugleiðingar um skattamál sem koma þessu máli í sjálfu sér ekki við, þá segir hv. þingmaður að skerðingin hafi orðið af völdum ríkissjóðs, t.d. í sambandi við barnabætur. Það hefur ekkert verið hreyft við því máli. Vandinn sem þar blasir við er að tekjur hafa hækkað miklu meira en barnabæturnar. Það eru færri sem þurfa á þeim að halda. Og eignir manna hafa hækkað gífurlega. Ég tel að það sé ekkert vandamál heldur. Mér finnst bara ánægjulegt að eignir manna hafi hækkað mikið meira en skuldir.

[14:09]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara út í miklar samræður við formann efnahags- og viðskiptanefndar í ræðustóli Alþingis.

En varðandi barnabæturnar er staðan einfaldlega sú að skerðingarmörkin sem miðað er við í tekjum, þ.e. þær tekjur sem framfærandi má hafa áður en til einhverrar skerðingar kemur, eru svo lág. Viðmiðunin er svo lág (Gripið fram í.) að hún hefur alls ekki fylgt þeirri þróun sem hún hefði átt að fylgja á þessum árum. Það er enginn sem getur framfleytt sér og barni sínu með góðu móti á þeim tekjum sem miðað er við þegar skerðing hefst. Skerðingarmörkin, bæði í barnabótum og í lífeyri, eru allt of lág og það er að því leytinu til öðruvísi okkar kerfi en hið norræna að verið er að reyna að finna hverjir eru nógu fátækir á Íslandi til að geta verið inni í bæði lífeyriskerfinu með óskertar tekjur og í barnabótunum með óskertar bætur, í stað þess að annars staðar á Norðurlöndunum er reynt að skilja frá þá sem tekjuhæstir eru. Þetta er eðlismunurinn sem er að verða á íslenska kerfinu og því norræna, fyrst við erum almennt með norrænan samanburð til umfjöllunar.

[14:10]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vék að ýmsum þáttum í ræðu sinni og má segja að hún hafi hafið svona almenna skattapólitíska umræðu sem ég ætla kannski ekki að fara djúpt ofan í.

Ég hjó samt eftir að í máli sínu vék hún sérstaklega að hækkun skattleysismarka sem hún taldi ófullnægjandi miðað við hvernig laun hafa hækkað í samfélaginu. Í því sambandi minnist ég þess að þau mál voru töluvert til umræðu fyrir síðustu kosningar. Flokkarnir létu í ljós skoðanir að þessu leyti. Ég man ekki betur en Samfylkingin nefndi að loknu vorþingi sínu 2003 nokkuð ákveðnar hugmyndir í þeim efnum sem ég er viss um að hv. þingmaður getur kannski rifjað upp með okkur.

Ég man ekki betur en Samfylkingin hafi lagt upp fyrir kosningarnar að á kjörtímabilinu ættu skattleysismörkin, sem eins og við þekkjum byggjast á tvennu, annars vegar persónufrádrættinum sem er ákveðin upphæð í skattalögum og hins vegar tekjuskattshlutfallinu, ættu að hækka um sem nemur 10 þús. kr., úr um það bil 70 þús. kr. í um 80 þús. kr.

Nú er það svo að þetta hefur gengið eftir í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þær breytingar sem hafa verið gerðar á skattalögunum á þessu kjörtímabili hafa leitt til þess að skattleysismörkin hafa hækkað um það sem Samfylkingin talaði um fyrir síðustu kosningar. Manni leikur því nokkur forvitni á að vita hvort Samfylkingin hafi einhvern tíma síðar tekið upp aðra stefnu varðandi þennan þátt en birtist síðustu vikurnar fyrir síðustu kosningar.

[14:13]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Tillögur Samfylkingarinnar fyrir síðustu kosningar um 10 þús. kr. hækkun skattleysismarkanna var einfaldlega leiðrétting á skattleysismörkunum til þess gerð að létt væri af þeim sem tekjulægstir væru tiltekinni skattbyrði. Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir að á kjörtímabilinu, við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, sé það skoðað með hvaða hætti skattleysismörkin þróist, hver persónuafslátturinn sé. Það er auðvitað ákvörðunaratriði hverju sinni hvernig persónuafslátturinn þróast.

Um var að ræða af hálfu Samfylkingarinnar leiðréttingu til að bæta kjör þeirra sem lægst voru launaðir, virðulegur forseti.

[14:13]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur alveg fyrir að fyrir síðustu kosningar, eftir að hafa farið ýmsa hringi í kringum þessi skattamál, varð það niðurstaða af hálfu Samfylkingarinnar að það væri markmiðið að á þessu kjörtímabili hækkuðu skattleysismörkin um 10 þús. kr., úr um það bil 70 þús. kr. í um 80 þús. kr.

Nú hefur það gerst að skattleysismörkin eru komin í þessa fjárhæð og raunar eru þau nú hærri ef tekið er tillit til frádráttar vegna greiðslu lífeyrisiðgjalda sem hefur verið aukin á þessu kjörtímabili, sú heimild sem er fyrir hendi hvað það varðar. Skattleysismörkin eru því hærri hjá mjög stórum hópum launafólks.

Þess vegna veltir maður fyrir sér hvort að það sé einhver samkvæmni í málflutningi Samfylkingarinnar þegar síðan er komið og kvartað yfir að þetta markmið, sem Samfylkingin setti fyrir síðustu kosningar, sé nú í höfn. Það er komið og kvartað yfir því að það hafi ekki verið gert meira.

En þetta er nú einmitt það sem Samfylkingin treysti sér til að gera á þessu kjörtímabili, að hækka skattleysismörkin um 10 þús. kr. Það hefur verið gert. Ég hlýt því að undrast að Samfylkingin skuli nú koma og kvarta ákaflega yfir því að skattleysismörkin hafi ekki verið hækkuð miklu meira en þeir sjálfir lögðu til fyrir síðustu kosningar.

[14:15]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og kom fram í máli mínu áðan var þetta hugsað sem leiðrétting af hálfu Samfylkingarinnar fyrir þá sem lægstu kjörin hefðu og kæmi sem fyrst til framkvæmda en ekki á þremur árum eins og hér hefur orðið raunin, og gagnaðist hinum lægst launuðu á tímabilinu.

Þar fyrir utan var Samfylkingin með tillögur um að lækka matarskattinn og vildi frekar fara í þær aðgerðir en hátekjuskattslækkunina sem boðuð var fyrir kosningar af hálfu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Varðandi lífeyrisgreiðslurnar og að þær séu undanþegnar skattlagningu og að þar með hafi skattleysismörkin hækkað sem því nemur, þá er það aðeins hjá hluta fólks. Það eru auðvitað ýmsir sem greiða ekki í lífeyrissjóði, t.d. ellilífeyrisþegar. Ég tók dæmi af því áðan að um þriðjungur ellilífeyrisþega er með tekjur undir 100 eða 110 þús. kr. og þarf að greiða skatt af þeim. Þeirra skattleysismörk hafa ekkert hækkað vegna þess að iðgjöld í lífeyrissjóði hafi verið undanþegin skattgreiðslu. Svo því sé til haga haldið, virðulegur forseti.

En þetta er eitt af því sem hefur verið notað m.a. í áróðri fjármálaráðuneytisins í umræðunni um skattamál, þ.e. að taka ævinlega inn þessa frestun á skattlagningu lífeyrisiðgjalda sem á sér stað hjá launafólki sem greiðir iðgjöld sín í lífeyrissjóði. En þetta kemur auðvitað aldrei þeim til góða sem eru farnir að taka lífeyri og eru því ekki að greiða í lífeyrissjóð.

[14:17]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram nokkuð almenn umræða um skatta og skattkerfisbreytingar sem hér hafa verið lögfestar á undanförnum árum. Ég get tekið undir margt af því sem hér hefur verið sagt þegar bent hefur verið á áherslur ríkisstjórnarinnar sem felast í að ívilna þeim sem hafa miklar tekjur en þyngja byrðarnar á þeim sem hafa litlar tekjur.

Ég læt mér nægja að vísa í málflutning okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um þetta efni, ályktanir og þingmál sem við höfum lagt fram. Ég nefni þar t.d. frumvarp okkar um fjármagnstekjuskatt þar sem er að finna nýtt ákvæði um sérstök skattleysismörk á því sviði sem undanskilur smásparandann en eykur álögur á

þá sem hafa úr mjög miklu að spila. Þetta er frumvarp sem liggur fyrir þinginu og felur í sér mikla kjarajöfnun.

Hér erum við hins vegar að ræða um mjög afmarkað mál, þ.e. aukatekjur ríkissjóðs varðandi gjöld vegna ýmissa gagna sem aflað er hjá hinu opinbera og þá sérstaklega gjald vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt og gjald vegna tilkynningar um íslenskan ríkisborgararétt. Hið fyrra hækkar um 8.650 kr., úr 1.350 kr. í 10.000 kr. Hið seinna hækkar um 3.650 kr., úr 1.350 kr. í 5.000 kr.

Það var haft að orði að þetta væru ekki háar upphæðir en þetta eru miklir peningar fyrir þá sem hafa úr litlu að spila og hafa lítið á milli handanna. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem stöndum sameiginlega að nefndaráliti bendum á að þetta bitnar sérstaklega illa á fólki sem er komið hingað til lands og vinnur í láglaunastörfum.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði hér í andsvari áðan, að íslenskur ríkisborgararéttur væri þess virði að greiða þetta fyrir hann. Nú skal ég taka undir að íslenskur ríkisborgararéttur er mikilvægur og hann er dýrmætur. Hann er mikils virði, bæði huglægt og hlutlægt. Engu að síður viljum við ekki láta meta hann til fjár á þennan hátt. Við viljum ekki setja þröskulda fyrir fólk með álögum eða gjaldtöku þegar um slíkt er að ræða.

Þess vegna mótmælum við þessum gjöldum og höfum jafnframt bent á að ekki liggi fyrir neinar forsendur til að meta hvort þessar upphæðir samsvari þeirri vinnu sem liggur að baki því að veita þessi leyfi. En það er þó ekki á þeirri forsendu sem ég mótmæli þessum hækkunum fyrst og fremst, heldur hinu að ég tel þetta óeðlilega miklar hækkanir. Að öðru leyti vísa ég til sameiginlegs nefndarálits úr minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur, 2. umr.

Stjfrv., 623. mál (samlagshlutafélög og lífeyrissjóðir). — Þskj. 916, nál. 1237.

[14:21]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndarálitið er á þskj. 1237 og þar er getið um gesti sem komu til nefndarinnar og umsagnir sem bárust nefndinni. Og ennfremur lýsing á frumvarpinu.

Nefndin telur nauðsynlegt að gera smávægilegar breytingar á 1. málsl. 4. mgr. 71. gr. laganna er lýtur að tilvísun í töluliði og leiðir af 2. gr. frumvarpsins. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Í stað „og 6. tölul." í 1. málsl. 4. mgr. 71. gr. laganna kemur: 6. og 7. tölul.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðjón Ólafur Jónsson, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög og tekjuskattur, 2. umr.

Stjfrv., 733. mál (fækkun tollumdæma o.fl.). — Þskj. 1069, nál. 1309.

[14:23]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Lilju Sturludóttur og Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá tollstjóranum í Reykjavík, ríkisskattstjóra, Viðskiptaráði Íslands, Tollvarðafélagi Íslands og Seðlabanka Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar frumvarps til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, sem kveður á um breytta skipan lögreglustjórnar á landsvísu. Felst hún m.a. í fækkun lögregluumdæma. Líkt og hjá löggæsluembættum hafa orðið ýmsar breytingar á starfsumhverfi tollstjóra sem kalla á fækkun og stækkun umdæma. Tollafgreiðsla er í auknum mæli orðin rafræn, dregið hefur úr beinu eftirliti við afgreiðslu á vörum en aukin áhersla lögð á tollendurskoðun og sérþekkingu tollstarfsmanna á ýmsum sviðum. Helsta breytingin samkvæmt frumvarpi þessu snýr því að skipulagi tollyfirvalda eftir umdæmum en lagt er til að tollumdæmum verði fækkað úr 26 í 8 í því skyni að gera yfirstjórnina markvissari á landsvísu. Vísast nánar til almennra athugasemda við frumvarpið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu þess og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (stjórnhættir, starfskjör stjórnenda). — Þskj. 666, nál. 1183, brtt. 1184.

[14:25]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 2/1995, um hlutafélög, með

síðari breytingum, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti, Árnínu St. Kristjánsdóttur frá Kauphöll Íslands, Gylfa Magnússon frá Háskóla Íslands, Davíð Þorláksson frá Viðskiptaráði Íslands, Guðjón Rúnarsson og Helga Sigurðsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Ragnar Árnason frá Samtökum atvinnulífsins.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum fjárfesta, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Alþýðusambandi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands hf., Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, Samtökum atvinnulífsins, skattrannsóknarstjóra ríkisins, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, ríkisskattstjóra og Ríkisendurskoðun.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem viðskiptaráðherra skipaði með bréfi, dags. 27. janúar 2004. Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni meðal annars ætlað að taka fyrir hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun í íslensku viðskiptalífi og með hvaða hætti þróa ætti reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts. Varðandi helstu efnisatriði frumvarpsins vísast nánar til almennra athugasemda við frumvarpið.

Mál þetta var rætt og afgreitt samhliða 445. máli, frumvarpi til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði nánar á um reglur um framboð til stjórna hlutafélaga. Nefndin telur rétt að takmarka fjölda þeirra félaga sem falla eiga undir greinina og leggur til að notað verði sama viðmið og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins, þ.e. að miðað verði við hlutafélög sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda eða hlutafélag sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í og lýtur endurskoðun Ríkisendurskoðunar.

Samkvæmt seinni málslið 2. efnismgr. greinarinnar skal upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Nefndin telur að með „hagsmunatengslum“ í þessu samhengi sé t.d. átt við ef *frambjóðandi til stjórnar starfar fyrir eða á umtalsverðan* hlut í samkeppnisaðila, birgi eða viðskiptavini, enda geti það orðið til þess að trúverðugleiki hans sem gæslumanns hagsmuna hluthafa í fyrirtækinu verði dreginn í efa.

Samkvæmt 3. efnismgr. greinarinnar skal félagsstjórn fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tilskilins frests. Nefndin leggur til að sett verði það skilyrði að hlutaðeigandi skuli bæta úr göllunum með „sannanlegum hætti“.

Í a-lið 2. gr. frumvarpsins kemur fram að félagsstjórn geti haldið stjórnarfundi án þess að framkvæmdastjóri eigi rétt til setu á þeim. Lagt er til að liðurinn verði felldur brott enda getur félagsstjórn samkvæmt gildandi lögum haldið stjórnarfundi innan eðlilegra marka án þess að framkvæmdastjóri eigi rétt til setu á þeim. Til hliðsjónar má benda á að í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, kom eftirfarandi fram um þetta atriði: „Mælt er fyrir um rétt framkvæmdastjóra til þess að sitja stjórnarfundi, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, með umræðu og tillögurétti, þó með þeim fyrirvara, að félagsstjórn getur ákveðið annað í einstökum tilvikum og eru þá höfð í huga mál, er varða stöðu og ráðstafanir framkvæmdastjóra.“

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að alls staðar þar sem orðið „stefnumið“ kemur fyrir í greininni verði í staðinn notað orðið „starfskjarastefna“. Nefndin telur að „stefnumið“ hafi tilhneigingu til að vera of almennt orðuð en „starfskjarastefna“ sé áþreifanlegri og niðurnjörvaðri.

Í öðru lagi er lagt til að tilvísun til laga um ársreikninga verði lagfærð til samræmis við endurútgáfu þeirra laga.

Í þriðja lagi er lagt til að miðað verði við að skylda félagsstjórnar til að samþykkja starfskjarastefnu (áður stefnumið) félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur skuli, til viðbótar við stjórnarmenn þess, ná til „forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins“ í stað „framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins“, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Nefndin telur orðalag frumvarpsins of víðtækt og því rétt að þrengja það með þessum hætti en leggur jafnframt áherslu á að hvert fyrirtæki móti sér stefnu varðandi það til hve stórs hóps stjórnenda ákvæðið taki.

Í fjórða lagi er lagt til að í stað þess að nota eingöngu orðalagið „að umbuna“ stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum samkvæmt nánari upptalningu verði talað um „að greiða eða umbuna“, og hefur nefndin þá starfslokasamninga sérstaklega í huga.

Í fimmta lagi eru lagðar til tvær breytingar á upptalningunni, annars vegar að til viðbótar „kauprétti“ í 3. tölul. komi einnig „söluréttur“, og hins vegar að á eftir 3. tölul. komi nýr liður sem lýtur að „lánasamningum (þar undir sérstök lánskjör), enda séu þeir heimilaðir samkvæmt þessum lögum eða öðrum lögum“. Nefndin tekur fram að í 1. mgr. 104. gr. laga um hlutafélög er að finna almennt bann við því að hlutafélag veiti m.a. stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán. Í greininni eru þó vissar undantekningar frá banninu. Þannig geta starfsmenn fengið lán við kaup á hlutum í félaginu sem þeir vinna hjá, lána má til móðurfélags og veita venjuleg viðskiptalán. Loks gilda sérákvæði um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir en ekki ákvæðin í hlutafélagalögunum. Um lánveitingar til framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja er fjallað í 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þar sem kveðið er á um að lánveitingarnar séu háðar samþykki stjórnar og ákvarðanir skuli bókaðar. Heimild fjármálafyrirtækja til að lána framkvæmdastjóra er undantekning frá meginreglu 104. gr. hlutafélagalaga sem leggur bann við slíkum lánveitingum.

Í sjötta lagi eru lagðar til tvenns konar breytingar á 3. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins sem felast annars vegar í því að aðalfundur geti samþykkt breytingar á starfskjarastefnu (áður stefnumiðum) og hins vegar að skýra skuli frá framkvæmd áður samþykktrar starfskjarastefnu, enda yrði ákvæðið marklítið ef hluthafar hafa ekki tök á því að fylgjast með því hvort eftir henni hefur verið farið.

Nauðsynlegt er að gera viðhlítandi breytingar á 5. gr.

frumvarpsins í tengslum við aðrar breytingar, sbr. 3. lið hér að framan.

Í 7. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 88. gr. laganna sem lúta að því að lengja lágmarksfrest varðandi boðun hluthafafundar úr einni viku upp í tvær, þó með nánar tiltekinni undantekningu. Umrædd lenging á fresti á einnig við um framlagningu gagna fyrir hluthafafund til sýnis hluthöfum á skrifstofu félags og samtímis útsendingu þeirra til sérhvers skráðs hluthafa sem þess óskar. Nánar tiltekið er um að ræða eftirfarandi gögn: dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikning (í móðurfélagi einnig samstæðureikning), skýrslu stjórnar og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna, auk tillagna sem getið er um í d-lið 7. gr. frumvarpsins. Nefndin telur ekki þörf á að lengja nefndan frest og leggur því til að a-, b- og c-liður 7. gr. frumvarpsins falli brott. Þá er lagt til að gerðar verði viðhlítandi breytingar á d-lið af sömu ástæðum og um getur í 4. lið hér að framan.

Í tengslum við 10. gr. frumvarpsins lagði ríkisskattstjóri til í umsögn sinni að 4. mgr. 124. gr. laganna yrði breytt þannig að sett yrði tímamark á hvenær hluthafafundur skuli haldinn eftir birtingu hlutafélagaskrár á tilkynningu um móttöku samrunaáætlunar skv. 123. gr. laganna en tímamörk vantar í lögin. Fellst nefndin á þessa athugasemd og leggur til breytingar þar að lútandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þskj. 1184.

Hv. þm. Birgir Ármannsson, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðjón Ólafur Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ásta Möller.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkahlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 445. mál (stjórnhættir, starfskjör stjórnenda). — Þskj. 667, nál. 1185, brtt. 1186.

[14:35]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Nefndarálitið er að finna á þskj. 1185 og fyrir þessu frumvarpi var mælt samhliða því frumvarpi sem við ræddum áðan og breytingarnar eru að miklu leyti sambærilegar og koma fram í nefndaráliti þannig að ég læt vera að lesa þær upp, en breytingartillögur, sem gerð er tillaga um, eru á þingskjali 1186.

Hv. þingmenn Birgir Ármannsson, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðjón Ólafur Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ásta Möller.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópsk samvinnufélög, 2. umr.

Stjfrv., 594. mál (EES-reglur). — Þskj. 878, nál. 1259.

[14:36]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um evrópsk samvinnufélög, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndarálitið er að finna á þskj. 1259 og þar kemur fram hvaða gestir komu á fundi nefndarinnar og einnig hvaða umsagnir bárust.

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt reglugerð ráðsins, EB, nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög.

Meginmarkmið reglugerðarinnar er að gefa samvinnufélögum, sem vilja starfa í fleiri en einu ríki Evrópska efnahagssvæðisins, kost á að stofna evrópskt samvinnufélag sem starfar þá á grundvelli reglugerðarinnar.

Nefndin vekur athygli á því að lög um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum hafa ekki verið sett, sbr. tilvísun 4. gr. frumvarpsins í slík lög.

Í 13. gr. frumvarpsins er fjallað um umsókn evrópsks samvinnufélags um flutningsleyfi hjá samvinnufélagaskrá og í 14. gr. um meðferð slíks flutningsmáls hjá samvinnufélagaskrá. Í 1. mgr. síðarnefndu greinarinnar kemur fram að hafi samvinnufélagaskrá tekið umsókn um flutningsleyfi samkvæmt 13. gr. til athugunar skuli hún gefa út „áskorun" til kröfuhafa evrópsks samvinnufélags og birta hana í Lögbirtingablaði. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar skal samvinnufélagaskrá senda sérstaka „tilkynningu um áskorun" samkvæmt 1. mgr. til sýslumanns í því umdæmi þar sem skráð skrifstofa evrópsks samvinnufélags er. Í umsögn Sýslumannafélags Íslands er bent á að ekki komi fram í frumvarpstextanum í hvaða tilgangi senda skuli umræddu tilkynningu né til hvaða aðgerða sýslumanns er mælst af því tilefni. Með hliðsjón af þessari athugasemd leggur nefndin til að 3. mgr. 14. gr. verði felld brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

3. mgr. 14. gr. falli brott.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðjón Ólafur Jónsson, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 2. umr.

Stjfrv., 647. mál (opinber skráning verðbréfa, EES-reglur). — Þskj. 954, nál. 1238.

[14:39]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum, frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrein Hrafnkelsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands hf., Seðlabanka Íslands, Viðskiptaráði Íslands og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Við setningu laga nr. 31/2005, um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, voru felldar brott tvær greinar í lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Með frumvarpi þessu er lagt til að greinarnar verði teknar inn í lögin að nýju.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðjón Ólafur Jónsson, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, 2. umr.

Stjfrv., 651. mál (ESB-reglur). — Þskj. 958, nál. 1275, brtt. 1276.

[14:40]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndarálitið er að finna á þskj. 1275 og þar er getið um gesti sem komu til nefndarinnar sem og umsagnir sem bárust henni. Þá er frumvarpinu einnig lýst.

Nefndin leggur til að gerðar verði ýmsar breytingar á frumvarpinu, flestar þeirra tæknilegar sem lýst er í nefndaráliti en nokkrar efnislegar sem ég ætla að ræða.

1. Lagðar eru til tvær breytingar á 4. gr. Annars vegar að orðinu „viðvarandi" verði bætt við a-lið til að undirstrika að átt sé við samninga sem ætlað er að gildi til lengri tíma. Hins vegar er lagt til að á eftir b-lið 1. mgr. komi nýr stafliður um að kanna þurfi áreiðanleika viðskiptamanns fari gjaldeyrisviðskipti hans yfir 1.000 evrur. Þetta er sett inn til að nálgast sjónarmið Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, samanber umsögn þeirra.

2. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á 1. málsl. 1. mgr. til að taka af allan vafa um að ákvæðið eigi bæði við um viðvarandi samningssamband og einstök viðskipti. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 3. mgr. til að taka af öll tvímæli um hvernig kennsl skuli borin á þriðja mann með því að vísa í a- og b-lið 1. mgr.

Þá eru þrjár tæknilegar breytingar sem ég ætla að láta vera að fara yfir.

6. Lögð er til breyting á fyrri málslið 3. mgr. 16. gr. til að taka af allan vafa um að ákvæðið eigi jafnframt við þegar lögmaður veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi dómsmál eða komast hjá dómsmáli. Tillaga þessi tekur mið af ábendingu Lögmannafélags Íslands um að gæta samræmis við 2. mgr. 9. gr.

Svo eru tvær tæknilegar breytingar.

9. Lögð er til breyting á 29. gr. um að gildistöku 12. gr. verði frestað til að koma til móts við beiðni Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja um aðlögunartíma til að undirbúa framkvæmd samkvæmt þessu ákvæði, en gert er ráð fyrir því að ákvæði 12. gr. taki gildi 1. janúar 2007.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Í nefndinni var rætt ítarlega um þær auknu heimildir sem veittar eru bönkum og fjármálafyrirtækjum til að veita upplýsingar um reikninga þriðju aðila til opinberra aðila. Miklar umræður urðu um hvernig ríkið gengur í auknum mæli á réttindi einstaklinga sem er afleiðing af hryðjuverkunum í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum og mikið var rætt í nefndinni um það hvort menn væru hugsanlega að ganga of nærri persónurétti einstaklinga. Vegna þess hyggst nefndin taka málið aftur inn milli 2. og 3. umr. og ræða enn frekar það atriði og gera hugsanlega breytingar á frumvarpinu ef þurfa þykir þannig að gætt sé persónuverndar einstaklinga ef upplýsingar um reikninga þeirra eru gefnar til opinberra aðila.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins og hv. þm. Ögmundur Jónasson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðjón Ólafur Jónsson, Birgir Ármannsson, Ingvi Hrafn Óskarsson, Ögmundur Jónasson, með fyrirvara, og Lúðvík Bergvinsson.

[14:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef gert um þetta frumvarp. Ég tek undir það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði um persónuverndina almennt í kjölfar hryðjuverka í Bandaríkjunum í september 2001. En eins og við þekkjum hafa verið gerðar ýmsar breytingar á lögum þar, sem eru afar varhugaverðar og hafa síðan verið að birtast í lagasetningum víðs vegar um heiminn á eins konar keðjuverkandi hátt.

Fyrirvari minn lýtur þó að öðru, hann lýtur að því sem snertir skilgreiningu á hryðjuverkum. Tilgangur þessara laga eins og hann er skilgreindur í 1. gr. er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með því að skylda aðila

sem stunda starfsemi er kann að verða notuð til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka til að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og tilkynna um það til bærra yfirvalda verði þeir varir við slíka ólögmæta starfsemi."

Ekki er ég andvígur þessu. Ég vil koma í veg fyrir peningaþvætti og hvers kyns svindl og að sjálfsögðu einnig hryðjuverk. Spurningin snýst hins vegar um hitt: Hvað eru hryðjuverk? Hvernig skilgreinum við hryðjuverk? Í 3. gr. laganna segir í 2. tölulið, með leyfi forseta:

„Fjármögnun hryðjuverka: Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a almennra hegningarlaga."

Hvað segir í 100. gr. almennra hegningarlaga? Hún er reyndar alllöng og í nokkrum liðum en þar segir m.a. í a-lið 100. gr.:

„Fyrir hryðjuverk skal refsa með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögmætum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmálalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum, þegar verknaðurinn í ljósi eðlis hans eða með hliðsjón af aðstæðum þegar og þar sem hann er framinn getur skaðað ríki eða alþjóðastofnun alvarlega:

1. manndráp,
2. líkamsárás,
3. frelsissviptingu,
4. raskar umferðaröryggi skv. 1. mgr. 168. gr., truflar rekstur almennra samgöngutækja o.fl. skv. 1. mgr. 176. gr. ..."

Hér er sem sagt vísað í truflun á rekstri almennra samgöngutækja og fleira samkvæmt 1. mgr. 176. gr. Lítum þá á hvað er að finna í 176. gr. Þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ef maður veldur með ólögmætum verknaði verulegri truflun á rekstri almennra samgöngutækja, opinberum póst-, síma- eða útvarpsrekstri eða rekstri stöðva eða virkjana, sem almenningur fær frá vatn, gas, rafmagn, hita eða aðrar nauðsynjar, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru."

Truflun á útvarpsrekstri getur sem sagt leitt til þessa, það er með öðrum orðum skilgreint sem hryðjuverk samkvæmt þeim lögum sem hér er lagt til að við samþykkjum.

Er líklegt að það leiði til málssóknar trufli menn útvarpsrekstur? Já, það hefur reyndar gerst. Það gerðist eftir verkfall opinberra starfsmanna árið 1984. Þá var rekstur útvarpsins stöðvaður hinn 1. október vegna þess að ríkisstjórnin greiddi mönnum ekki laun eins og vera bar fyrir unna vinnu og starfsmenn lögðu niður störf. Sá sem hér stendur var í hópi þeirra sem dregnir voru fyrir rétt, fyrst undirrétt og svo sá ríkissaksóknari ástæðu til að skjóta málinu til Hæstaréttar og krefjast fangelsisdóms vegna þessa. Þá spyr ég: Er stuðningur við Starfsmannafélag sjónvarpsins kannski stuðningur við hryðjuverk? Nú kann þetta að hljóma eins og hvert annað grín en ég meina það ekki sem slíkt. Ég er bara að segja að við skulum hyggja vel að því sem við erum að festa í lögin og skoða nákvæmlega hvert allir þessir angar og þessar rætur liggja eins og ég hef rakið hér.

Hæstv. forseti. Ég vildi gera grein fyrir þessu og vara við því að við samþykkjum ákvæði sem þessu tengist. Ég velti því mikið fyrir mér hvort ég ætti að samþykkja frumvarpið að öðru leyti og hafa fyrirvara. Ég ákvað að gera það vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að koma í veg fyrir peningaþvætti og að sjálfsögðu einnig fjármögnun hryðjuverka ef þau eru raunveruleg. Ég vara hins vegar við þessum öngum, að við förum ekki að reisa skorður við stuðningi við samtök sem eru lýðræðisleg, byggja á andófi hugsanlega, lýðræðislegu andófi, og að við séum varkár þegar við drögum línur í þessum efnum. Við munum í mínum flokki, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, greiða atkvæði gegn þessari grein sem snýr að orðskýringum og leggja þar með áherslu á þennan skilning okkar og þessi varnaðarorð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 684. mál (samlagshlutafélög o.fl.). — Þskj. 1001, nál. 1312, brtt. 1313.

[14:52]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (samlagshlutafélög o. fl.).

Nefndarálitið er á þskj. 1312 og þar er getið um gesti sem komu á fund nefndarinnar sem og umsagnir sem henni bárust og þar er lýst meginefni frumvarpsins.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lögð er til breyting á b-lið 1. gr. vegna framkominna umsagna þannig að arðgreiðsluákvæði frumvarpsins nái til allra hlutafélaga en ekki aðeins þeirra hlutafélaga sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað.

Þá er lagt til að 5. mgr. a-liðar 2. gr. verði felld brott enda er tilvísun hennar í viðkomandi reglur og lög allt of víðtæk og óljós að mati nefndarinnar auk þess sem hún getur ekki talist nauðsynleg.

Fjallað var sérstaklega um heimildir skv. c- og d-lið 2. gr., þ.e. að breyta hlutafélagi í samlagshlutafélag og öfugt. Nefndin telur rétt með tilliti til minnihlutaverndar að leggja til breytingu á 1. málsl. 1. mgr. fyrrnefnds c-liðar þannig að gerðar séu strangari kröfur en gerðar eru í frumvarpinu í þeim hugsanlegu tilvikum er vilji stendur til að breyta hlutafélagi í samlagshlutafélag. Þannig þurfi ekki aðeins samþykki með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum heldur samþykki allra hluthafa eins og fordæmi er fyrir í 94. gr. laganna í ákveðnum veigamiklum tilvikum.

Ákvæði frumvarpsins um samlagshlutafélög er með miklu minni hlutafélagavernd og gefur miklu meiri möguleika fyrir þá sem þekkingu hafa á og því var talið nauðsyn-

legt til að vernda hvern einasta lítinn hluthafa að veita honum neitunarvald. Bent er á í því sambandi að mönnum er alltaf í lófa lagið að stofna nýtt samlagshlutafélag til hliðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu málsins og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Hjálmar Árnason, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 655. mál (útboðs- og skráningarlýsingar, EES-reglur). — Þskj. 962, nál. 1314, brtt. 1315.

[14:55]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

Nefndarálitið er á þskj. 1314 og þar er getið um gesti sem komu á fund nefndarinnar sem og umsagnir sem henni bárust.

Með frumvarpinu er gerð tillaga að breytingum á tilteknum þáttum laga um verðbréfaviðskipti er lúta að útboðs- og skráningarlýsingum. M.a. er hugtakið „fagfjárfestir" skilgreint nánar en gert er í gildandi lögum.

Með hliðsjón af umsögn ríkisskattstjóra eru lagðar til tvær breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að við b-lið 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein sem kveði á um að fjárhæðir í 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna taki mið af breytingum á gengi evru eins og gildir um fjárhæðir í IV. kafla laganna en í báðum tilvikum er um að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/71/EB. Er það gert til að fjárhæðir í íslenskum krónum í lögunum séu í samræmi við fjárhæðir tilskipunarinnar í evrum. Í öðru lagi er lagt til að í stað orðsins „fyrirtæki" í 2. málsl. f-liðar a-liðar 1. gr. komi „félög". Er það til samræmis við enskan texta sem liggur fyrir.

Í umsögn Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja eru m.a. gerðar athugasemdir við þýðingu á tveimur hugtökum. Af þeirri ástæðu telur nefndin rétt að taka fram að með hugtakinu „innborgun" í d-lið 3. gr. frumvarpsins er átt við enska orðið „deposit" úr tilskipuninni og að með orðunum „markaðssett og/eða seld" í a-lið 4. gr. frumvarpsins er vísað til enska hugtaksins „placing" í tilskipuninni. Að öðru leyti vísa ég til nefndarálits á þskj. 1314.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu málsins og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Hjálmar Árnason, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, 2. umr.

Stjfrv., 709. mál (kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa). — Þskj. 1045, nál. 1311.

[14:58]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup .

Nefndarálitið er á þskj. 1311. Þar er getið um gesti sem komu til nefndarinnar sem og umsagnir sem henni bárust. Einnig er þar lýsing á markmiðum með frumvarpinu. Í ákvæði til bráðabirgða sem falla brott, verði frumvarp þetta samþykkt, kemur fram að kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, þ.e. kærunefndar.

Í frumvarpi þessu er ekki að finna samsvarandi ákvæði um greiðslu úr ríkissjóði. Það er því skilningur nefndarinnar að þeir sem leita munu til kærunefndarinnar standi straum af þeim kostnaði sem af henni hlýst en ekki hinn almenni skattgreiðandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu þess og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfismat áætlana, 2. umr.

Stjfrv., 342. mál. — Þskj. 376, nál. 1007, brtt. 1008.

[15:00]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um umhverfismat áætlana.

Eitt helsta markmið frumvarpsins er að stuðla að því að

við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða og kemur fram í nefndaráliti að nefndin telji rétt að minnast á muninn á annars vegar þessu frumvarpi og hins vegar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, samkvæmt gildandi lögum.

Annars vegar er um að ræða umhverfismat áætlana, en það tekur til almennra ákvarðana um meginstefnu svo sem skipulagsáætlana sveitarfélaga, samgönguáætlunar og landgræðsluáætlunar. Hins vegar er um að ræða umhverfismat framkvæmda sem kveðið er á um í lögum um mat á umhverfisáhrifum en undir það falla sérstakar ákvarðanir um einstakar framkvæmdir, sbr. 5.–7. gr. laganna og viðauka við lögin. Taka skal skýrt fram að það er hvorki ætlun löggjafans að stuðla að tvíverknaði, verði frumvarp þetta að lögum, né að flækja stjórnsýslu eða torvelda framkvæmdir. Þvert á móti vonast nefndin til að með því að hugað verði með skipulegum hætti að áhrifum framkvæmdar á umhverfið muni það leiða til þess að vinna og kostnaður verði minni á síðari stigum, þ.e. þegar nær dregur framkvæmd verks. Fyrst og fremst er með frumvarpinu stefnt að því að umhverfissjónarmið verði höfð til hliðsjónar eins snemma í ferlinu og mögulegt er.

Nefndin leggur til ákveðnar breytingar á frumvarpinu og eru þær tilgreindar á sérstöku þingskjali, nánar tiltekið þingskjali 1008, og eru þær fyrst og fremst tæknilegar sem miða að því að laga og bæta en ekki er um að ræða stórvægilegar efnislegar breytingar á frumvarpinu.

[15:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hér erum við að afgreiða frá Alþingi Íslendinga frumvarp til laga um umhverfismat áætlana og ber sannarlega að fagna því að þetta mál skuli nú vera komið á lokastig. Það skiptir auðvitað verulegu máli að þegar um framkvæmdir í okkar viðkvæmu náttúru er að ræða liggi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, en það skiptir ekki minna máli að skipulagsáætlanir séu skoðaðar með tilliti til umhverfisáhrifa.

Ég tel að frumvarpið sé þannig úr garði gert að það ætti að tryggja að þeir sem fara með skipulagsvald opni augu sín fyrir umhverfisþættinum fyrr í ferlinu en hefur verið gert hingað til. Ég tel það því til mikilla bóta að nú skuli þetta vera lögfest, að skipulagsáætlanir skuli skoðaðar út frá umhverfisþættinum og út frá mögulegum áhrifum skipulagsáætlananna á umhverfið. Hér má t.d. nefna skógræktaráætlanir, sem eru áætlanir sem hafa verið umdeildar hingað til og eðli málsins samkvæmt sjá það allir í hendi sér að slíkar áætlanir koma til með að breyta umhverfi talsvert hvort sem það er síðan á jákvæðan hátt eða neikvæðan, hvort það er eitthvað sem fólk er sátt við eða ekki, þá liggur það þó fyrir að málin eru skoðuð heildstætt út frá umhverfisþættinum strax í byrjun. Ég fagna því að málið skuli vera komið á lokasprett og nú skuli hilla undir að þetta verði samþykkt, enda hillir líka undir að allt landið verði skipulagsskylt, en árið 2008 á allt Ísland að vera skipulagsskylt og þá skyldi maður ætla að allt skipulag landsins verði alveg í nánustu framtíð skoðað með það í huga að umhverfisþátturinn sé skoðaður í byrjun.

Það eina sem ég mundi vilja gera athugasemd við í málinu er nokkuð sem ég hef svo sem orðað hér í þingsal áður en það lýtur að markmiðssetningu þessa frumvarps þar sem hugtakið sjálfbær þróun er notað. Nú fagna ég því að hugtakið sjálfbær þróun skuli koma fyrir í lagatexta æ oftar og í lögskýringargögnum en ég kalla samt sem áður eftir því — af því að hæstv. umhverfisráðherra situr í salnum og fylgist með umræðunni — að það verði athugað gaumgæfilega í umhverfisráðuneytinu hvort ekki sé orðið tímabært að skilgreina þetta hugtak. Við höfum fengið ábendingar um það í skýrslu frá ríkisendurskoðanda að það sé tímabært og það sé þörf á að hugtakið sé skilgreint. Það er eðlilegt þegar markmið ákveðinna laga, eins og t.d. þessara sem eru nokkuð yfirgripsmikil og tengjast þessu hugtaki, að gerð sé krafa um að það sé vitað nákvæmlega hvað býr að baki þessari notkun orðsins.

Í markmiðssetningunni segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana ...“

Sjálfbær þróun þarf auðvitað að vera skilgreind í lagatexta einhvers staðar þannig að vitað sé um hvað verið er að ræða en ekki sé einungis verið að sveifla eða slá um sig með hugtökum sem geta verið einhvers konar tískuhugtök eða tískubóla en séu innihaldslaus.

Meira hef ég ekki um málið að segja. Ég stend að nefndarálitinu með allri umhverfisnefnd og undir það skrifa allir nefndarmenn án fyrirvara. Ég fagna því enn einu sinni að málið skuli vera komið á lokasprett.

[15:06]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég sat sem áheyrnarfulltrúi þegar málið var til umræðu og ég verð að segja eins og er að ég hef mjög miklar efasemdir um að málið skili einu eða neinu, heldur að hér verði enn ein pappírsmyllan sem muni ekki skila umhverfinu mjög miklu. Ég mun leggja til í þingflokki mínum að við sitjum hjá við afgreiðslu málsins vegna þess að ekki er að sjá að hér sé um nokkurn praktískan ávinning að ræða heldur enn eina pappírsmylluna í þessum ágætu umhverfismálum og mjög erfitt að sjá að þetta mál skili einu eða neinu, frú forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 2. umr.

Stjfrv., 714. mál (verkaskipting Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga o.fl.). — Þskj. 1050, nál. 1264, brtt. 1265.

[15:08]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá umhverfisnefnd um frumvarp til laga um breytingar á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Við þekkjum það að lög um úrvinnslugjald koma nokkuð oft til kasta þingsins og munu gera það. Ég held að þetta frumvarp sé til bóta og ég held að við höfum verið að þróa

þessa löggjöf til betri vegar á undanförnum missirum.

Í frumvarpinu er lagt til að það verði hlutverk Úrvinnslusjóðs en ekki sveitarfélaganna að ná tölulegum markmiðum um hlutfall pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs sem skal fara í endurnýtingu og endurvinnslu.

Þá eru einnig lagðar til breytingar vegna margnota flutnings- og safnumbúða. Einnig er lagt til að ábyrgð á greiðslu úrvinnslugjalds færist frá innflytjendum og framleiðendum til kaupanda. Auk þess er lagt til að skattstjóra sé heimilt að gefa út svokallað úrvinnslugjaldsskírteini en því svipar til vörugjaldsskírteinis og er ætlað að liðka fyrir innheimtu og álagningu gjaldsins. Þá eru gerðar lagfæringar á lögunum sem lúta að tilvísunum í ný tollalög.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem eru fyrst og fremst lagfæringar frekar en efnislegar breytingar. Rétt er að taka fram að breytingartillögurnar voru að vísu prentaðar upp því að breytingartillaga kom sem ekki var gert ráð fyrir á vorþinginu en kemur hér inn á sumarþingið. Það er í 5. lið, þ.e. breytingartillaga við 9. gr. b-liðar að í stað 1. júní árið 2006 komi 1. ágúst 2006 og skýrir það sig sjálft af hverju um þessa breytingu á gildistöku er að ræða.

Nefndin samþykkti nefndarálitið með framangreindum breytingum.

Undir þetta skrifa auk mín hv. þingmenn Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Mörður Árnason, Kjartan Ólafsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landshlutaverkefni í skógrækt, 2. umr.

Stjfrv., 555. mál (samræming laga, endurgreiðsla framlaga o.fl.). — Þskj. 809, nál. 1159, brtt. 1160.

[15:10]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá landbúnaðarnefnd um frumvarp til laga um landshlutaverkefni í skógrækt.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga gesti og einnig hafa umsagnir borist nefndinni sem getið er um í þingskjali.

Með frumvarpinu er verið að endurskoða lög um landshlutabundin skógræktarverkefni, nr. 56/1999, lög um Héraðsskóga, nr. 32/1991, og lög um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997, enda áskilið í bráðabirgðaákvæði I í núgildandi lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni að endurskoðun fari fram að fjórum árum liðnum og er sá tími þegar liðinn.

Aðalástæða þess að þrenn lög gilda nú um verkefnin er fyrst og fremst sú að lögin um Héraðsskóga taka einungis til skógræktar á afmörkuðu landsvæði á Fljótsdalshéraði, enda var um tilraunaverkefni að ræða. Því þurfti að setja ný lög þegar ákveðið var að hefja landshlutabundna skógrækt á Suðurlandi, en við samningu laga um Suðurlandsskóga var mjög horft til laga um Héraðsskóga. Þegar ákveðið var að setja á fót skógræktarverkefni í öðrum landshlutum voru, í stað þess að sett væru sérlög fyrir hvert landsvæði, samþykkt lög um landshlutabundin skógræktarverkefni, þar sem heimild er fyrir ráðherra að stofna til skógræktarverkefna á einstaka landsvæðum en að öðru leyti eru lögin nær samhljóða lögum um Suðurlandsskóga. Þrátt fyrir að þrenn lög hafi gilt um landshlutabundin skógræktarverkefni hafa verkefnin verið mjög í sama anda enda lögin hver öðrum lík. Með frumvarpinu er ætlunin að sameina fyrrgreind þrenn lög þannig að ein lög gildi um landshlutabundin skógræktarverkefni.

Nefndin hefur tekið tillit til margra gagnlegra athugasemda frá umsagnaraðilum og leggur til ýmsar breytingar á frumvarpinu.

Rætt var í nefndinni hvort verkefnin teldust ekki lúta ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og einnig ákvæðum skipulags- og byggingarlaga. Í 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, kemur fram að skógræktaráætlanir skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er ekki áskilnaður um að skógræktaráætlanir fari í mat á umhverfisáhrifum heldur þurfa einstakar framkvæmdir sem uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt lögunum að fara í mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar bendir nefndin á að til meðferðar á þinginu er frumvarp til laga um umhverfismat áætlana. Ef það frumvarp verður að lögum er þar m.a. gerður áskilnaður um að áætlanir landshlutaverkefnanna þurfi að sæta mati á umhverfisáhrifum. Rétt er þó að nefna að í frumvarpinu kemur fram að eingöngu þær áætlanir sem hljóta endanlega afgreiðslu eftir 21. júlí 2006 munu falla undir gildissvið laganna. Nefndinni hafa borist þær upplýsingar að vinna sé í gangi um sérstakt svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga og að því sé stefnt að það, ef samþykkt verður, verði fyrirmynd að sambærilegum áætlunum fyrir hin landshlutaverkefnin. Nefndin telur að þær áætlanir þurfi að fara í umhverfismat samkvæmt framangreindu frumvarpi um umhverfismat áætlana ef það verður að lögum. Enn fremur má nefna að endurskoða á landshlutaáætlun á a.m.k. tíu ára fresti og oftar ef ljóst er að forsendur hennar bresta, eins og fram kemur í 4. gr. frumvarpsins. Ef sú endurskoðun á landshlutaáætlun hefur í för með sér efnisbreytingar á henni leiðir það til þess að áætlunin eða sá hluti hennar þarf að fara í mat á umhverfisáhrifum. Nefndin telur mikilvægt að áætlanir skógræktarverkefnanna fari í mat á umhverfisáhrifum og leggur því áherslu á að vinna sambærileg þeirri sem nú er í gangi varðandi Norðurlandsskóga haldi áfram og því munu allar áætlanir lúta framangreindu frumvarpi um umhverfismat áætlana verði það að lögum.

Nokkur umræða varð í nefndinni um 5. gr. frumvarpsins sem fjallar um stjórnir landshlutaverkefnanna og telur nefndin að halda eigi því fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu og er í samræmi við núgildandi lög um Héraðsskóga og Suðurlandsskóga. Það felur í sér að fækkað er um einn stjórnarmann, fulltrúa frá Skógræktarfélagi Íslands, í þeim verkefnum sem starfað hafa samkvæmt lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni. Á það hefur verið bent að þrátt fyrir að Skógræktarfélag Íslands vinni að skógrækt, þá er um að ræða frjáls félagasamtök sem hafa lítilla sem engra hagsmuna að gæta er kemur að ræktun

nytjaskóga á bújörðum. Er með þessu á engan hátt kastað rýrð á annars víðfeðmt og öflugt starf skógræktarfélaganna í landinu. Með fækkun í stjórnum verkefnanna er ætlunin að gera stjórnirnar skilvirkari og draga úr kostnaði við starf þeirra. Nefndin telur stjórnir verkefnanna skila miklum árangri, ekki síst hvað varðar tengsl við heimamenn, kynningu á verkefnunum og almennan stuðning við hvers konar uppbyggingu þeirra.

Ábendingar bárust nefndinni um að rétt væri að fella brott 1. málsl. 3. mgr. 5. gr. er fjallar um að Skógrækt ríkisins veiti aðstoð og faglegar leiðbeiningar við verkefnin. Sambærilegt ákvæði er nú í lokamálslið 8. gr. núgildandi laga um landshlutabundin skógræktarverkefni. Skógrækt ríkisins hefur mikla fagþekkingu og eitt af lögbundnum hlutverkum hennar er m.a. að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það sem að skógrækt og skóggræðslu lýtur, sbr. 3. tölul. 1. gr. laga um skógrækt, nr. 3/1955. Sú þjónusta sem Skógrækt ríkisins veitir landshlutaverkefnunum er í eðli sínu sú sama og skógræktarfélög og þegnar landsins geta vænst af henni, þ.e. fyrst og fremst í formi þekkingar. Í frumvarpinu er verið að árétta það hlutverk sem Skógrækt ríkisins hefur nú þegar samkvæmt lögum um skógrækt.

Verður nú gerð nánari grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

1. Lögð er til breyting á 2. gr. frumvarpsins þannig að skilgreiningin á landbótaskógrækt verði ítarlegri og tekið verði inn í skilgreininguna að um sé að ræða ræktun skógar á „illa förnu eða eyddu landi" með það að meginmarkmiði að „auka gróðurþekju, bæta jarðveg og vatnsbúskap og auka þannig gildi landsins til margvíslegra nytja" í stað þess að tilgreint sé að meginmarkmiðið sé að fegra land og nýta verndarmátt skóga.

2. Lagðar eru til breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi að í stað heitisins Héraðsskógar á Austurlandi sé heppilegra að hafa heitið Héraðs- og Austurlandsskógar þar sem það heiti er í betra samræmi við landshlutann í heild og tekur af allan vafa um að verkefnið nái ekki eingöngu til Héraðsskóga. Í öðru lagi leggur nefndin til að bætt verði við 3. mgr. að landbúnaðarráðherra geti, í samráði við Skógrækt ríkisins, falið stjórn landshlutaverkefnanna umsjón annarra tengdra verkefna í landbótum en ekki eingöngu í skógrækt eins og nú er kveðið á um í málsgreininni. Í því sambandi má t.d. nefna að Skjólskógar á Vestfjörðum hafa umsjón með verkefninu „Bændur græða landið" í samstarfi við Landgræðsluna. Einnig hefur endurheimt votlendis verið nefnt sem hugsanlegt landbótaverkefni og Hekluskógar er metnaðarfullt landgræðslu- og skógræktarverkefni sem Suðurlandsskógar taka þátt í.

3. Nefndin leggur til breytingar á 10. gr. um að felldur verði út í 1. mgr. áskilnaður um að landbúnaðarráðherra staðfesti ársskýrslur og ársreikninga landshlutaverkefnanna og einnig að 2. mgr. falli brott en þar segir að reikninga sem endurskoðaðir eru af Ríkisendurskoðun skuli birta í Stjórnartíðindum. Nefndin telur að ákvæðið sé óþarft því lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og lög um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, fjalla um meðferð ársskýrslna og ársreikninga.

Eins og fram hefur komið er frumvarpinu ætlað að sameina landshlutabundin skógræktarverkefni í ein lög en athugasemdir komu upp um að heppilegra væri að endurskoða fyrst lög um skógrækt en nefndin telur að sú endurskoðun standi ekki í vegi fyrir þeirri endurskoðun sem fer fram nú með frumvarpinu um landshlutaverkefni í skógrækt.

Nefndin vekur athygli á að núgildandi skógræktarlög, nr. 3/1955, eru komin til ára sinna og þarfnast heildarendurskoðunar og sama má segja um lög um landgræðslu, nr. 17/1965, og beinir nefndin því til ráðuneytisins að sú vinna fari fram sem fyrst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Gunnar Örlygsson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Jón Bjarnason, með fyrirvara, Guðjón Ólafur Jónsson og Valdimar L. Friðriksson.

[15:19]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki oft sem við í stjórnarandstöðu getum þakkað stjórnarliðinu fyrir vel unnin störf í nefndum en ég held að full þörf sé á því nú að þakka sérstaklega fyrir vel unnin störf í landbúnaðarnefnd varðandi þetta mál sem er mjög stórt mál og þarft. Það væri auðvitað hægt að fara mörgum orðum um hversu gífurlega mikilvæg þessi verkefni eru vítt og breitt um landið en ég ætla að láta duga að þessu sinni að fjalla um einn þátt þeirra sem ég gerði að umræðuefni í andsvari við hæstv. landbúnaðarráðherra þegar mælt var fyrir málinu í upphafi, þ.e. það sem var í frumvarpinu, og eru Héraðsskógar á Austurlandi sem áttu að ná yfir þetta verkefni í heild sinni á Austurlandi. Þá benti ég á að það væri auðvitað ekki nægjanlegt, það væri ekki nógu lýsandi fyrir verkefnið í heild sinni því það næði auðvitað til miklu stærra svæðis en Héraðs eingöngu.

Hæstv. ráðherra var ekki með jákvæðar undirtektir við þessa athugasemd þannig að ég átti svo sem ekki von á að þetta næði fram að ganga. En ég sé að nefndin hefur tekið þetta mál fyrir og komist að sömu niðurstöðu og ég að það væri miklu eðlilegra að kalla þetta Héraðs- og Austurlandsskóga. Fyrir það er ég afar þakklátur og segi aftur að það er ekki oft sem við í stjórnarandstöðu getum hælt stjórnarliðum fyrir að hafa kjark og þor til að fara með tillögu í gegn sem er ekki endilega í samræmi við vilja hæstv. ráðherra. En það er gert í þetta skipti og ég þakka fyrir það og óska í raun stjórnarliðum í landbúnaðarnefnd til hamingju með að gera slíkt vegna þess að ég er alveg fyllilega sammála nefndinni um að þetta heiti er miklu heppilegra en það sem var í frumvarpinu.

[15:21]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni fyrir góð orð í garð nefndarformanns og nefndarinnar og vil geta þess að á þessu vori hefur tekist að afgreiða öll þau mál sem landbúnaðarnefnd afgreiddi úr nefndinni í

mikilli sátt allra nefndarmanna. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka nefndarmönnum í landbúnaðarnefnd fyrir afskaplega gott og mikilvægt starf og þá sátt sem náðst hefur í nefndinni sem er mjög mikilvæg.

[15:22]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það frumvarp til laga sem hér er verið að fjalla um við 2. umr., landshlutaverkefni í skógrækt, en hv. þm. Drífa Hjartardóttir, formaður landbúnaðarnefndar, hefur gert grein fyrir störfum landbúnaðarnefndar að þessu máli og nefndaráliti hennar, er í heild sinni til mikilla bóta. Það voru komin allmörg lög, eins og hv. formaður landbúnaðarnefndar gerði grein fyrir, sem lutu að landshlutabundnum verkefnum í skógrækt vítt og breitt um landið sem var fyllilega ástæða til að taka saman og setja í eina heildstæða löggjöf.

Ég tek undir orð hv. þm. Drífu Hjartardóttur um að eðlilegast hefði verið að taka öll skógræktarmálin fyrir í heild sinni og búa til heildstæðan lagabálk um þau málefni þar sem landshlutaverkefni í skógrækt hefði verið hluti af heildstæðri löggjöf um skógrækt. Sú leið var ekki valin heldur tekinn þessi þáttur þeirra en ég tek alveg undir það með hv. formanni landbúnaðarnefndar að það útilokar ekki í sjálfu sér að við getum tekið þennan lagabálk fyrir í heild sinni síðar og er jafnnauðsynlegt sem fyrr.

Ég stend því að þessu nefndaráliti sem hér hefur verið kynnt og ítreka að þessi vinna í heild sinni er til mikilla bóta hvað varðar þennan málaflokk. Ég ritaði þó undir nefndarálitið með fyrirvara og fyrirvarar mínir lúta að nokkrum ákveðnum atriðum. Í fyrsta lagi að benda á að þessi lög lúta að þátttöku ríkisins með fjármagni í uppbyggingu skilgreindrar skógræktar á Íslandi. Þarna er ríkið að verja töluverðu fé eins og lögin kveða á um og skógarbændur eða þeir sem sitja á lögbýlum geta sótt um fjármagn á grundvelli þessara laga til skógræktar á jörðum sínum.

Þetta átak fór fyrst í gang fyrir nokkrum árum til að auðga landið skógi og til að taka upp svokallaða nytjaskógrækt en einnig var verið að setja þetta verkefni í gang til þess að gefa bændum kost á ákveðnum búháttabreytingum, þ.e. að hverfa frá einni búskaparaðferð til annarrar, taka upp skógrækt að hluta eða öllu leyti í búskap sínum. Stór hluti af hinum pólitíska tilgangi með þessum fjárveitingum var að treysta atvinnu og byggð á þessum jörðum og í þeim héruðum sem um var að ræða. Um þessa nálgun, að treysta byggð í sveitum, gefa bændum og fólki á bújörðum kost á stuðningi til þessara verkefna sem lutu að skógrækt samkvæmt samningi sem gera átti að þar um, var líka góð pólitísk sátt.

Nú hefur þetta hins vegar flotið nokkuð út þannig að nú er reynslan orðin sú að það eru mun fleiri sem bæði sækja um og virðast fá fjármagn til að rækta skóg á jörðum sem þeir hafa til ráðstöfunar en þeir sem eingöngu búa á þeim. Þá finnst mér það orka orðið nokkurs tvímælis að ríkið sé að koma þar inn með fjármagn. Það er a.m.k. önnur pólitísk forsenda en áður var. Skógrækt er góð þar sem hún hentar og um hana er sátt óháð því hver á landið, en að ríkið sé að setja í hana verulegt fjármagn sem aðrir aðilar eiga aðgang að án þess að búa þar finnst mér orka tvímælis. Ég vil a.m.k. að það sé ljóst að það er skoðun mín að þeir sem búa á jörðunum, eru fullir búsetulegir þátttakendur og eiga þar sína fjölskyldu búandi á jörðunum, eigi að öðru jöfnu að hafa forgang til þessa fjármagns.

Það ber æ oftar við að fjársterkir aðilar sem kaupa jarðir eða jarðarbúta í sveitum eigi jafnvel greiðari aðgang að fjármagninu í heild sinni vegna þess að það krefst mótframlags að fá fjármagn frá ríkinu til þessara verkefna og því meira fé sem menn hafa umleikis til ráðstöfunar því meira fjármagn geta þeir fengið frá ríkinu sem mótframlag. Þeir sem kaupa jarðir og hafa mikið fjármagn milli handanna geta því með þeim hætti haft meiri forgang að því fjármagni sem ríkið veitir til þessara verkefna. Þetta er ein af athugasemdunum sem ég geri. Ég tel að þarna hefði átt að kanna að gera mörkin á milli skýrari en þau eru í lögunum þannig að þetta höfðaði fyrst og fremst til bænda sem byggju á jörðum sínum.

Hitt sem ég vildi líka leggja áherslu á er að lögin forgangsraða á vissan hátt eftir trjáplöntum, þ.e. það hefur verið og enn þá er það svo að svokölluð viðarskógrækt nýtur forgangs, ég tala ekki nú um hvað varðar skattalögin. Vissulega eru möguleikar á útivistarskógrækt og birkiskógrækt að koma sterkar inn í lögin en áður var en þegar verið er að tala um þá sem planta til viðarræktar þá njóta þeir aðilar nokkurs forgangs hvað þetta varðar.

Síðan vildi ég líka nefna að bent hefur verið á nauðsyn þess að það land sem tekið er til skógræktar sé í auknum mæli skipulagt, að skipulagslegar kvaðir séu á því, og á því er verið að taka nokkuð með lögum sem eru að fara í gegnum þingið um matsáætlanir á einstökum slíkum verkefnum. Það er því til bóta.

Ég vil svo vekja athygli á því í lokin, frú forseti, þó að það snerti ekki beint þessi lög, það snertir náttúruverndarlögin sem ég teldi mjög brýnt að taka á, þ.e. réttindi fólks til að fara um land en í 14. gr. náttúruverndarlaganna stendur, með leyfi forseta:

„För um ræktað land og dvöl þar er háð samþykki eiganda þess eða rétthafa. Sama gildir um skógræktarsvæði í byggð sem ekki eru í eigu eða umsjá ríkis eða sveitarfélaga, önnur en náttúrulega birkiskóga og kjarr. Sé skógrækt styrkt með opinberu fé skal kveða svo á í samningi við eiganda eða rétthafa lands að hann tryggi almenningi með reglum sem hann setur frjálsa för um landið eftir að fyrstu stigum skógræktar er lokið."

Bent hefur verið á að hér sé lagaleg óvissa um rétt fólks til þess að fara um land þegar þar er hafin skógrækt eða annað. Ég heyri æ fleiri tilvik sem eru á þann veg að þegar jarðir og lönd eru keypt upp og gjarnan ekki búið á þeim séu þeir eigendur hvað harðastir í því að loka þær jarðir af til umferðar. Ég tel að setja þurfi í lög mun skýrari ákvæði, hvort heldur það er í náttúruverndarlögum, skógræktarlögum eða lögum um landshlutabundin verkefni til skógræktar, sem kveða á um rétt fólks til að fara um land. Bændur sem búa á jörðum sínum hafa yfirleitt verið mjög frjálslegir hvað það varðar en eftir að jarðir hafa farið í hendur manna sem ekki búa á þeim lenda menn æ oftar í því að þær eru lokaðar að stórum hluta fyrir almennri umferð og það er slæm þróun.

Frú forseti. Ég styð fullkomlega þetta lagafrumvarp eins

og það kemur hér fyrir og tel að það sé mikill áfangi og góður í því að setja þessi verkefni, landshlutabundin skógræktarverkefni, í eina heildstæða löggjöf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., 2. umr.

Frv. DrH og HBl, 210. mál (fjögurra vikna innlausnarfrestur óskilapenings). — Þskj. 210, nál. 1158.

[15:33]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá landbúnaðarnefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið jákvæðar umsagnir um það frá Bændasamtökum Íslands og Landssambandi kúabænda.

Með frumvarpinu er lagt til að innlausnarfrestur verði fjórar vikur við nauðungarsölu óskilapenings, svo sem hrossa og nautgripa, í stað tólf vikna innlausnarfrests eins og nú er áskilið. Eigendum hrossa og nautgripa er nú gert skylt að örmerkja eða frostmerkja hross, samanber reglugerð nr. 289/2005, um merkingar búfjár, og telur nefndin því tímabært að innlausnarfresturinn verði styttur í fjórar vikur eins og mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Gunnar Örlygsson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit rita hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Jón Bjarnason, Guðjón Ólafur Jónsson og Valdimar L. Friðriksson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðarblóm Íslendinga, síðari umr.

Stjtill., 455. mál. — Þskj. 679, nál. 1157.

[15:34]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá landbúnaðarnefnd um tillögu til þingsályktunar um þjóðarblóm Íslendinga.

Nefndin hefur fjallað um málið og henni bárust umsagnir frá Skógrækt ríkisins, Landvernd, Ungmennafélagi Íslands, Samtökum ferðaþjónustu og Bændasamtökum Íslands. Umsagnirnar voru allar jákvæðar gagnvart tillögunni.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að holtasóley (Dryas octopetala) verði þjóðarblóm Íslendinga.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Gunnar Örlygsson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit rita hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Jón Bjarnason, Guðjón Ólafur Jónsson og Valdimar L. Friðriksson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framsal sakamanna, 2. umr.

Stjfrv., 667. mál (málsmeðferðarreglur). — Þskj. 977, nál. 1236.

[15:36]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum vegna frekari þátttöku Íslands í samningi Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000 og bókun við hann frá 16. október 2001. Um er að ræða ákvæði um þær málsmeðferðarreglur sem gilda skuli þegar beiðni er sett fram um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum á grundvelli samningsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með minni háttar breytingu sem gerð er grein fyrir á þskj. 1236, þ.e. að við 1. gr. bætist nýr liður eins og þar segir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullnusta refsidóma, 2. umr.

Stjfrv., 675. mál (flutningur sektarinnheimtu til Blönduóss). — Þskj. 991, nál. 1235.

[15:37]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi hér á landi við framkvæmd innheimtu sekta og sakarkostnaðar milli Norðurlandanna sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur annast. Lagt er til að ráðherra verði heimilt að fela lögreglustjóra eða öðrum aðila á landsvísu að annast verkefnið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegabréf, 2. umr.

Stjfrv., 615. mál (ný gerð vegabréfa, nýr útgefandi o.fl.). — Þskj. 900, nál. 1226.

[15:38]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breytingar á lögum um vegabréf.

Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um vegabréf vegna alþjóðlegra krafna um rafræn lífkenni í vegabréfum. Þá er einnig lagt til að ábyrgð á útgáfu almennra vegabréfa færist frá Útlendingastofnun til þjóðskrár en Útlendingastofnun mun áfram sjá um útgáfu vegabréfa fyrir útlendinga og ferðaskilríki fyrir flóttamenn.

Það kom fram á fundum nefndarinnar að öll vegabréf sem gefin hafa verið út á Íslandi eftir 1. júní 1999 eru tölvulesanleg með andlitsmynd en geyma ekki önnur stöðluð rafræn lífkenni sem samkvæmt frumvarpinu eru t.d. augnmynd, fingraför eða önnur líkamleg einkenni sem unnt er að mæla með ákveðinni tækni sem hentar fyrir vélrænan samanburð. Frumvarpinu er ætlað að auka öryggi vegabréfa sem skilríkja og nákvæmni auðkenningar ásamt því að uppfylla alþjóðlegar kröfur og samræmdar kröfur Schengen-ríkjanna.

Nefndin leggur til eina minni háttar breytingu sem varðar gildistöku málsins og með þeirri breytingu leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, 2. umr.

Stjfrv., 669. mál (EES-reglur). — Þskj. 979, nál. 1269.

[15:40]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Með frumvarpinu er lagt til að reglugerð ráðsins, nr. 2679/98/EB, sem tekur til starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli landa, verði tekin upp í innlendan rétt. Í reglugerðinni er annars vegar mælt fyrir um skyldur aðildarríkjanna til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að koma í veg fyrir alvarlegar hindranir á frjálsum vöruflutningum milli aðildarríkjanna, svo sem vegna vegatálmana eða eyðileggingar á varningi. Hins vegar að komið verði á fót kerfi upplýsingaskipta á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar eða eftir atvikum Eftirlitsstofnunar EFTA ef slíkra hindrana verður vart.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að við málið bætist fylgiskjal eins og fram kemur á þskj. 1269.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða samkynhneigðra, 2. umr.

Stjfrv., 340. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 374, nál. 1181, brtt. 1182 og 1201.

[15:41]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun).

Með þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar sem hafa það markmið að jafna réttarstöðu sambúðarfólks og er m.a. lagt til að samkynhneigð pör geti skráð sambúð sína í þjóðskrá. Þá eru lagðar til breytingar á lögum um ættleiðingar svo pör í staðfestri samvist og sambúð geti ættleitt börn og breytingar á lögum um tæknifrjóvgun svo konur í staðfestri samvist eða sambúð geti gengist undir tæknifrjóvgun.

Nefndin hefur í vetur fram á vor átt fjölmarga fundi um þetta mál, fengið til sín nokkurn fjölda af gestum eins og gerð er grein fyrir á þingskjalinu. Það bárust fjölmargar umsagnir og töluvert mikil vinna hefur farið í að vinna þetta mál áfram í nefndinni. Eins og sjá má á breytingartillögu á þskj. 1182 leggur nefndin til nokkrar breytingar en ég vil leggja áherslu á að hér er fyrst og fremst um að ræða orðalagsbreytingar og eftir atvikum lagatæknilegar breytingar á málinu en mikil samstaða hefur verið um afgreiðslu málsins hvað þessar breytingar snertir í nefndinni þó að um einstök atriði hafi verið þó nokkuð mikið rætt, til að mynda um vígslurétt trúfélaga og ég hygg að á þinginu hafi komið fram sérstakt frumvarp sem kemur inn á þau efni.

Það er almennt um þetta mál að segja að með því er lagaleg réttarstaða samkynhneigðra para tryggð að jöfnu við gagnkynhneigð pör og það eru hin stóru tíðindi sem felast í málinu. Eftir þá skoðun sem fram hefur farið á réttarstöðu samkynhneigðra para kom í ljós að á ýmsum sviðum þurfti að gera bragarbót, gera þurfti lagfæringar á lögum til þess að færa réttarstöðu þeirra til jafns við gagnkynhneigða. Það er mat nefndarinnar að því markmiði sé náð með þessu frumvarpi.

Ég hyggst ekki fara í neinum smáatriðum yfir þau atriði sem tekin eru til umfjöllunar í nefndarálitinu. Ég vek athygli á því að nefndin gefur frá sér allítarlegt álit þar sem tekin eru til umfjöllunar öll þau atriði sem reynir á í málinu. Ég ætla þó að staldra hér við tvö eða þrjú atriði sem ég tel ástæðu til að hnykkja sérstaklega á í þessari framsögu minni.

Það er þá í fyrsta lagi í kaflanum um nafnleynd þar sem allsherjarnefnd vekur athygli á mikilvægi þess að tekin verði upp frekari umræða um rétt barna til að þekkja uppruna sinn. Hér er um að ræða rétt barna til þess að vita hver uppruni þeirra er þegar notast hefur verið við gjafasæði en þó nokkuð mikil umræða hefur orðið um þessi mál í öðrum ríkjum. Sums staðar hafa ríki sett reglur sem tryggja 18 ára einstaklingum að sækja upplýsingar um uppruna sinn og nefndin sendir þetta nefndarálit frá sér með ábendingu um að það sé mikilvægt að þessi umræða fari af stað og hefjist hér á Íslandi fyrir alvöru og þetta verði tekið til nánari skoðunar. Ég held ég geti talað fyrir hönd nefndarmanna um að almennt hafi vilji nefndarmanna staðið til þess að

tryggja þennan rétt en á sama tíma vilja menn ekki valda því að það dragi úr framboði á gjafasæði eins og vísbendingar eru um að gerst hafi annars staðar þegar slíkar reglur hafa verið innleiddar.

Í annan stað ætla ég að staldra aðeins við kaflann um hugtakanotkun sem er að finna í nefndarálitinu. Ástæðan fyrir því er sú að langflestar af breytingartillögum nefndarinnar lúta að hugtakanotkuninni í frumvarpinu.

Svo ég leyfi mér að lesa hér upp úr nefndarálitinu, með leyfi forseta, segir þar:

„Nefndin ræddi þá lagatæknilegu aðferð í frumvarpinu sem felur í sér að afnema úr lögum hugtökin faðir, móðir, karl og kona. Fram kom að sú leið byggðist m.a. á tillögum í skýrslu um réttarstöðu samkynhneigðra sem lögð var fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi (þskj. 381 – 337. mál) og erlendri fyrirmynd. Þá hefur sú leið verið farin í fleiri lögum að kynleysa hugtök, t.d. í almennum hegningarlögum, nema það leiði af eðli máls að nauðsynlegt sé að tiltaka kynferði.

Telur nefndin ákveðinn missi að þessum hugtökum úr lögum og þá sérstaklega úr barnalögum og lögum um ættleiðingu og telur ekki nauðsynlegt að kynleysa ákvæðin. Leggur nefndin því til breytingar á frumvarpinu sem eru eingöngu lagatæknilegs eðlis og fela í sér að halda orðalagi gildandi laga að mestu óbreyttu en bæta við eftir því sem við á ákvæði um einstaklinga í staðfestri samvist og sambúð."

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til umfjöllunar í nefndaráliti allsherjarnefndar sem nefndarmenn stóðu að með þeirri undantekningu að Sigurjón Þórðarson gerði fyrirvara en Birgir Ármannsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[15:49]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson hefur mælt fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvganir).

Þetta er gríðarlega stór stund í þinginu og líka stór stund fyrir þjóðina því þetta er eitt af þeim málum sem þing og þjóð eru sammála um að leiðrétta þurfi. Það er gert með þessu frumvarpi og þessum miklu breytingum á hinum ýmsu lögum.

Segja má að nú hilli kannski undir lok göngunnar löngu fyrir mannréttindum og réttarstöðu samkynhneigðra. Sú ganga hófst 1992 á hinu háa Alþingi þegar samþykkt var þingsályktunartillaga sem markaði þetta upphaf og leiddi til lagasetningar um staðfesta samvist 1996, en 1. flutningsmaður þessarar fyrstu þingsályktunartillögu var hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Þetta hefur því tekið 14 ár sem er í rauninni kannski minni tími en margan grunaði.

Vinnan í nefndinni og vinnan að þessu máli hefur verið mjög frjó, skemmtileg og málefnaleg. Eins og hv. formaður nefndarinnar nefndi áðan erum við búin að eiga samræður við marga aðila og halda marga fundi. Allir stjórnmálaflokkar á þinginu eru sammála um þetta mál og þær réttarbætur sem hér eru lagðar til. Að vísu stendur eitt mál út af. Það hefur líka orðið samstaða um að það yrði ekki gert að hinu stóra máli núna heldur yrði fyrst og fremst horft á þau réttindi sem eru að fást fram nú og loka þeim hring. Það mál varðar afstöðu kirkjunnar til þess að staðfesta samvist, (**Gripið fram í:** ... trúfélaga.) trúfélaga og líka þjóðkirkjunnar. Það er mál sem flestir hér inni hafa trú á að muni koma og er spurning hvort ekki verði bara beðið um það af kirkjunnar hálfu næsta haust. Ég yrði ekki hissa á því. Það hillir kannski líka undir lok þess máls því að með þessu máli er þó búið að snúa því skipi.

Ég veit að margir hefðu viljað meiri umræðu í fjölmiðlum um einmitt öll þau miklu réttindi sem í þessu máli felast því að þau eru gríðarlega mikil. Nú er loksins verið að jafna stöðu gagnkynhneigðra og samkynhneigðra og ef væri hægt að líkja þessari stóru stund við eitthvað í sögu okkar á þingi væru það e.t.v. réttindi kvenna. Það er kannski sú beina tenging sem maður augljóslega sér.

Öll slík mál eiga sér auðvitað frekar langan aðdraganda. Ég bað á sínum tíma um skýrslu um stöðu sambúðarfólks vegna þess að ég vissi að í gegnum hana sæjum við réttleysi samkynhneigðra. Sú skýrsla var gríðarlega vel unnin. Hún var unnin af lögfræðingi fyrir dómsmálaráðuneytið og er í dag lögskýringargagn í námi í lögfræði. Þar kom auðvitað í ljós að staða samkynhneigðra var afleit í raun, miklu verri en við héldum. Við héldum að ástandið væri miklu betra og fegurra.

Í framhaldi af því var skipuð nefnd sem hæstv. þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, studdi af heilum hug að yrði gert. Fór nefndin yfir öll þessi mál og niðurstaðan var í rauninni þær lagabreytingar sem við erum að samþykkja hér. Það er því alltaf miklu meiri vinna að baki en fólk heldur, og kannski ósýnileg, þegar verið er að fjalla um svona stór mál.

En af því við erum búin að gera ákveðið samkomulag í þinginu um málið þá er þetta fyrst og fremst tilefni til að fagna, fagna því að það er enginn munur á okkur og hinum eins og sagt er, að við höfum sama rétt. Og það sem líka er ánægjulegt fyrir okkur er að við erum í fyrsta til fimmta sæti hvað varðar réttarstöðu samkynhneigðra í heiminum. Það er gríðarlega mikilvægt því það er mjög horft til Norðurlandanna, Hollands og Belgíu varðandi þessi mál. Það er því verið að brjóta í blað og það er verið að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra.

Við gerðum ákveðnar breytingartillögur í nefndinni og ekki síst með tilliti til þess að tryggja réttindi og stöðu barna. Það á auðvitað við varðandi tæknifrjóvgunina og var mikil samstaða um það í nefndinni hvernig við lentum því máli. Það vita allir sem hér eru og hafa fylgst með þessum málum að þetta er einhver stærsti sigur þessa hóps í mörg ár og tók í rauninni styttri tíma en við héldum.

Það sem er líka ánægjulegt við breytingartillögu nefndarinnar er að lögin taka gildi á alþjóðadegi samkynhneigðra, 27. júní. Það sama var gert varðandi staðfesta samvist. Það skiptir máli að í svo stórum og miklum breytingum eins og hér er verið að gera, bæði varðandi Hagstofu og þjóðskrá, skráningu í fæðingarskýrslur o.s.frv., að allir aðilar fái ráðrúm þannig að þegar lögin taka gildi séu öll kerfi tilbúin. Það skiptir mjög miklu máli að þar gangi allt snurðulaust fyrir sig, hvort heldur um er að ræða að ganga frá ættleiðingu barna erlendis frá, sem er auðvitað líka í

þessu frumvarpi, eða konur sem vilja fara í tæknifrjóvgun hér á landi o.s.frv. Mér fannst það í rauninni auka á jákvæða og góða ásýnd þessa máls að sá dagur var valinn.

Ég þarf ekki að segja meira því hér er bara tilefni til að fagna. Ég vil, af því að ég er búin að vera í þessu máli alveg frá upphafi, þakka öllum sem ég hef unnið með að því fyrir einstaklega skemmtilegt samstarf. Nefndasvið Alþingis hefur unnið mikið að málinu. Einnig hefur verið unnið með Stjórnarráðinu og ráðuneytum að þessum bandormi og þessu stóra frumvarpi. Þetta er búið að vera einstaklega ánægjulegt og ég held að þingmenn geti afskaplega vel við unað að þetta mál sé á dagskrá og verði fullklárað á morgun.

[15:56]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við erum nú komin á lokasprettinn með mál sem við höfum verið að vinna að í allsherjarnefnd í allan vetur meira og minna. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir eljusemi í vinnu við málið. Það var afar vel að verki staðið við þá vinnu og ég held að við séum öll sammála um að niðurstaðan sé mjög góð.

Hér er um að ræða bandorm sem er í sjálfu sér flókinn í uppbyggingu og að eðli. Þar af leiðandi var ekki einfalt fyrir nefndina að fara í gegnum þetta mál og í það var tekinn sá tími sem þurfti. Við náðum það vel utan um málið að mínu mati að ég tel fulla ástæðu til að þakka nefndinni fyrir það og formanni hennar fyrir að stýra þessari vinnu vel.

Saga samkynhneigðra er öðrum þræði saga fordóma og niðurlægingar. Við Íslendingar erum engir eftirbátar annarra þjóða í þeim efnum, samkynhneigðir hafa þurft að búa við niðurlægingu og fordóma á Íslandi eins og annars staðar.

Árið 1996 var þó stigið mjög stórt skref til að bæta úr þessu, skref sem olli að ég held straumhvörfum í almenningsálitinu, skref sem varð til þess fallið að kveða niður fordómaraddirnar. Það skref var auðvitað þegar Alþingi lögfesti ákvæði um staðfesta samvist.

Þegar allt kemur til alls erum við jú öll eins og það er ógæfa okkar að vera stöðugt að skipta fólki upp í hópa. Krafa samfélagsins á að vera sú að við getum öll fengið að lifa með reisn, sama hvaðan við komum eða hvert við stefnum, hvernig við erum á litinn eða hver kynhneigð okkar er. Mér hefur satt að segja fundist það önugt þegar ævinlega þarf að aðgreina samkynhneigða frá öðru fólki í samfélaginu. Ekki erum við sem erum gagnkynhneigð stöðugt að tala um að við séum gagnkynhneigð, enda skiptir það engu máli. Það skiptir heldur engu máli að samkynhneigðir séu samkynhneigðir. Það skiptir bara máli að við höfum öll sama rétt í samfélaginu.

Ég tel það mikið fagnaðarefni að við skulum vera að ná því í gegnum Alþingi núna að veita samkynhneigðum sama rétt og öðrum. En þó er eitt skref eftir til að klára þetta mál, skref sem við getum haft í huga þar sem við eigum aðild að stjórnarskrárnefndinni sem er að störfum. Hvað segir í 65. gr. stjórnarskrárinnar um það hvernig menn skuli vera jafnir fyrir lögunum? Þar segir að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþátta, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Vantar ekki bara eitt orð þarna inn? Vantar ekki bara orðið kynhneigð þarna inn?

Mér finnst það ekki ofgert af okkur sem störfum á löggjafarsamkundu Íslendinga að vinna að því að orðið kynhneigð sé sett inn í 65. gr. stjórnarskrárinnar þannig að tryggt sé að samkynhneigðir hafi það staðfest og skjalfest í bak og fyrir í stjórnarskránni að óheimilt sé samkvæmt stjórnarskrá Íslendinga að mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar.

Hvatning mín úr þessum ræðustóli til þingmanna er sú að þar sem við erum með málið í skoðun og stjórnarskrárnefndin er að störfum sé fullkomlega tímabært að verða við kröfum Samtakanna 78 um að 65. gr. stjórnarskrárinnar verði breytt að þessu leyti. Ég tel að slík breyting sé ekkert annað en eðlilegt framhald á þeim réttarbótum sem gerðar hafa verið á Alþingi og verið er að gera núna með því frumvarpi sem við ræðum hér. Ég held því fram að þau skref sem hingað til hafa verið tekin af löggjafarsamkundunni hafi verið til þess fallin að kveða niður fordóma eins og ég sagði áðan. Þau hafa breytt viðhorfum í samfélaginu. Ég tel að þau skref sem við erum að taka eigi áfram eftir að breyta viðhorfum til hins betra og tel að þá sé einungis eftir þetta litla skref til að segja megi að fullnaðarsigur sé unninn.

Ég gæti svo sem rætt um heimild trúfélaga til að vígja samkynhneigð pör, mér finnst það auðvitað alveg sjálfsagt mál. Kannski er það líka eitthvert hænufet sem við eigum eftir að taka eða trúfélögin eiga eftir að ræða í sínum ranni. Ég held að það skref sem tekið er hér af löggjafarsamkundunni hljóti að hreyfa við öllum sem vinna að málefnum samkynhneigðra í samfélaginu. Ég tel að það sé bara orðið herslumunur sem upp á vantar.

Hér væri hægt að hafa langt mál en ég fagna þessu nefndaráliti og tel það vera afar greinargott og tek undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

[16:02]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Með frumvarpinu er hætt að mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar. Það er náttúrlega mjög jákvætt mál og við í Frjálslynda flokknum styðjum það heils hugar. En fyrirvari minn beindist að því sem út af stendur. Fólki er enn þá mismunað eftir sem áður á grundvelli kynhneigðar hvað það varðar að prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga er ekki heimilt að vígja samkynhneigt fólk.

Þessu vildi ég breyta og flutti breytingartillögu. Ég dró hana til baka, ekki vegna þess að ég hefði skipt um skoðun, alls ekki. Ástæðan fyrir því var sú að þessi breyting, þó svo að hún sé kölluð hænuskref hjá ræðumanni sem flutti ræðu hér á undan, þá er hún það stór að við lá að hún torveldaði það að málið færi í gegnum þingið.

Við getum því ekki talað um þetta sem eitthvert hænuskref. Þetta virðist a.m.k. vera mjög stórt í hugum ýmissa manna, sumra andans manna, að ganga alla leið. Ég er á því að við hefðum átt að gera það. En vegna þess að sú staða var uppi að þessi hindrun, að breytingartillagan gæti orðið til þess að málið færi ekki í gegn, þá dró ég hana til baka. Ég vil að það komi skýrt fram.

Að lokum vil ég ekki eingöngu óska samkynhneigðum

til hamingju með þessa réttarbót heldur líka þjóðfélaginu öllu vegna þess að það er akkur þjóðfélagsins að ekki sé mismunun. Við erum líka á því að ryðja eigi öllum hindrunum úr vegi og allri mismunun og einnig þeirri sem ég hætti við að leggja til að yrði breytt að þessu sinni. En ég óttast því miður að fyrst þessi breyting fer ekki í gegn í þessari atrennu þá muni líða nokkur tími þar til að samkynhneigðir fái öll sömu réttindi og aðrir borgarar landsins.

[16:05]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil að það komi fram að ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni. Ég held að það hafi komið fram í ræðu minni. Það er þetta sem ég leyfði mér að kalla hænufet sem upp á vantar. Ég kallaði það hænufet vegna þess að ég held að trúfélögin þurfi einungis að svipta hulunni frá augum sínum. Það er ekki mikið mál að taka huluna og svipta henni af.

Í þessu stóra skrefi sem við erum að taka felli ég mig við það að trúfélögunum skuli vera það í sjálfsvald sett á þessu stigi málsins að svipta hulunni sjálf frá augum sínum. Ég felli mig sem sagt við að það skyldi hafa orðið málamiðlun og lending í málinu núna að Alþingi gerði það ekki með valdboði í lögum.

Ég hefði auðvitað kosið að allir hópar landsins, allir sem komið hafa að umfjöllun um þetta mál hefðu getað verið sama sinnis og við hv. þm. Sigurjón Þórðarson. En það var nú ekki svo. Þá tel ég og vil að það komi skýrt fram að þessi lending hafi verið sú eina sem við í raun gátum fengið í þetta mál og svo sé það verk trúfélaganna í samfélaginu, meðbræðra okkar sem þar starfa, að svipta hulunni frá augum sínum og átta sig á að við verðum ekki dæmd á grundvelli kynhneigðar okkar. Það er ósanngjarnt. Það er óréttlátt og það skyldi enginn gera að dæma annan mann á grundvelli kynhneigðar.

[16:07]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom mér ekki mjög á óvart að við værum sammála hvað þetta atriði varðar. En ég vil halda því til haga í umræðunni vegna þess að verið er að tala um að trúfélögin þurfi að svipta hulunni frá augum sínum til að sjá hið rétta í málinu, þá eru nú reyndar sum trúfélög sem sjá ljósið. Mér finnst að við verðum að nefna þau hér. Það er Fríkirkjan og Ásatrúarfélagið. Mér finnst að við megum ekki setja þau alveg í sama hóp og þau sem hafa enn þá slæðuna og sjá ekki ljósið í málinu.

[16:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er algjörlega sammála því sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði áðan. Það á ekki að dæma fólk á grundvelli kynhneigðar. En jafnvel að þessu frumvarpi samþykktu verða menn samt sem áður dæmdir á grundvelli kynhneigðar, að minnsta kosti frammi fyrir guði.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé ákaflega mikilvægt að halda áfram að berjast fyrir því að samkynhneigðum sé ekki mismunað gagnvart kirkjunni. Ég tel að kirkjan sé mjög afturhaldssöm í þessum efnum. Ég á mjög erfitt með að sætta mig við það ef ekki verður undinn bráður bugur að því að breyta lögunum í framhaldi af þessu.

Hins vegar vil ég að það komi alveg skýrt fram að ég er sáttur við þessa málamiðlun. Ég er í hjarta mínu mjög glaður yfir því að tekist hefur samstaða meðal þingmanna um að ná þessu fram. Ég tel þetta alveg gríðarlega mikilvægan áfanga. Mörg okkar hafa barist fyrir þessu allar götur frá því við komum hér á þing síðla síðustu aldar. Eins og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir sagði áðan er þetta með vissum hætti endir á löngu ferli. Ég gleðst því yfir þessu.

Samt sem áður er ég þeirrar skoðunar að það sé að minnsta kosti í andstöðu við anda stjórnarskrárinnar að meina samkynhneigðum að fá að gifta sig og fá blessun kirkjunnar frammi fyrir sínum guði. Ég tel að það sé grundvallaratriði. Ég er virkur meðlimur í söfnuði sem hefur tekið fyrir sitt leyti afstöðu til að heimila þetta. Lögin hins vegar banna þessum söfnuði, sem er Fríkirkjusöfnuðurinn, að láta það ganga til framkvæmda. Mér finnst það miður.

Ég vil hins vegar taka undir með þeim sem hér hafa talað. Þetta er mikilvægur áfangi. Stjórnmál eru list hins mögulega og lengra var ekki hægt að komast að þessu sinni. Þetta er samt stórkostlegur áfangi.

[16:10]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tek undir þann fögnuð sem fram hefur komið í ræðum fyrri þingmanna, hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur og fleiri þeirra sem hafa staðið hér vel að verki að flestu leyti. Ég tek líka undir það sem fram kom áðan að hið eðlilega lokaskref í þessum efnum, ég held að það hafi verið hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, sé að afnema með öllu þann lagalega og orðafarslega skilnað sem er á milli fólks með mismunandi kynhneigð á þessu sviði. Einhvern tímann kemur að því að við veljum okkur eitthvert orð, hjúskap t.d., um samband tveggja einstaklinga sem um er að ræða og gerum engan mun á því hvaða blanda það er af karlkyni og kvenkyni sem þar kemur nærri. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt skref sem verið er að stíga nú. En ég verð hins vegar að leyfa mér að fara nokkrum orðum um það sem stendur út af og hefur mest verið deilt um í vetur.

Það almannavald sem kveður á um mannréttindi í landinu gerir það í umboði þjóðarinnar. Þegar það hefur komist að ákveðinni niðurstöðu, eins og við erum nú að gera um mannréttindi, verður ekki lengi við það unað að félagsskapur af neinu tagi standi utan við það almenna samkomulag sem slík samþykkt inniheldur. Þetta á í þessu tilviki við um trúfélögin, söfnuðina í landinu, gagnvart þeirri nýju stöðu sem með þessu frumvarpi samþykktu er uppi í landinu, þeirri skorinorðu yfirlýsingu okkar að réttarstaða skuli vera jöfn, allir skulu vera jafnir fyrir lögunum óháð því hvernig þeir kjósa að haga kynlífi sínu á þá vegu sem við erum hér að tala um eða velja sér lífsförunaut.

Nú er ég ekki þar með að segja að ekki eigi að gefa umþóttunartíma ýmsum fornfrægum söfnuðum. Hér er t.d. fylgisveit patríarkans í Moskvu og mér dettur ekki í hug að hún muni á einum degi geta fylgt okkur eftir í þessu. Kannski þarf til þess nokkur ár, kannski einhverja áratugi. En að lokum kemur að því að þessi félög verða að haga sér eftir þeim lögum sem í landinu gilda.

Samanburður kann að þykja ósmekklegur en er þó við hæfi. Við Íslendingar mundum ekki til lengdar þola þann félagsskap sem gerði upp á milli fólks eftir litarhætti. Við mundum ekki þola að gert væri upp á milli fólks eftir því hvort það er fatlað eða ekki. Við mundum ekki þola neinum að gera upp á milli fólks eftir því hvaða efni það hefur. Þó hefur það verið svo í lögum okkar að fátækir hafa verið settir skör lægra og það eftir að þetta þing tók til starfa. Það var svo fram á fjórða áratuginn að þeir sem höfðu þegið af sveit höfðu ekki kosningarétt í kosningum. Það var eitt af því sem mótmælt var í fyrstu kröfugöngum verkalýðsfélaganna í Reykjavík og víðar um landið að sú svívirða skyldi viðhaldast og var sem betur fer afnumin að mig minnir í stjórn hinna vinnandi stétta snemma á fjórða áratugnum. Með sama hætti verður það ekki þolað í framtíðinni að félagsskap, þótt göfugur sé, líðist að gera upp á milli fólks eftir því hvernig það velur sér lífsförunaut eða hagar kynlífi sínu í þessu sambandi.

Það er staðreynd að einn af þessum söfnuðum, íslenska þjóðkirkjan svokölluð, hefur í raun komið í veg fyrir þá breytingu sem Guðrún Ögmundsdóttir beitti sér fyrir í upphafi þessarar umræðu og hv. þm. Sigurjón Þórðarson vissulega tók upp með breytingartillögu sinni og menn hafa víða haft áhuga á að gerð verði, og var nú ekki róttækari en það að til stóð að gefa embættismönnum safnaðanna heimild, ekki að skylda þá, ekki að taka upp valdboð, heldur gefa þeim heimild til að vígja samkynhneigt fólk eftir ritúali sínu.

Íslenska þjóðkirkjan hefur með þessu ekki einungis stöðvað málið, að minnsta kosti að sinni, gagnvart sjálfri sér heldur líka gagnvart öðrum söfnuðum og þar með gripið nokkuð hastarlega inn í starfsemi sem henni kemur ekki við. Þó hér sé stund fagnaðar verður vissulega að draga þessa mynd upp og þeir þingmenn sem bera ábyrgð á þessu og hafa haft ég segi nánast í hótunum við okkur fylgismenn frelsis í þessu efni verða auðvitað að gangast við ábyrgð sinni. Það að þetta er þjóðkirkjan er mjög sérkennilegt. Þar hljóta menn að horfa í spegilinn og skoða nokkuð hvernig þetta kemur til vegna þess að ef einhver trúarsöfnuður ætti að vera skyldugur til að fylgja hinni almennu mannréttindaþróun í samfélaginu, þá er það þjóðkirkjan vegna þeirrar stjórnarskrárbundnu stöðu sinnar að vera þjóðkirkja. En hún hefur ekki gert það, heldur beitt áhrifum sínum til að þetta réttindamál, þetta hænufet sem kallað er og ég hygg að skipti trúað fólk meðal samkynhneigðra miklu máli þótt hænufet sé kallað, hefur sem sé ekki getað fylgt með í þessum umbótum.

Ég tel það vera alvarlegt umhugsunarefni og ég vona að þjóðkirkjan komist að hinni réttu niðurstöðu í þessu efni þegar frá líður og sérstaklega að hún þröngvi ekki kostum annarra safnaða í samfélaginu með háttalagi sínu.

Ég vil segja að lokum í þessu máli sem við þurfum að ræða áfram innan safnaðanna, á þinginu og í samfélaginu almennt, að auðvitað væri út úr þessu ein leið. Hana hefur þjóðkirkjan að vísu forðast. Hún er að sjálfsögðu sú að afnema þá skipan að það séu sérstakir embættismenn safnaðanna sem af ríkisins hálfu hafa heimild til að stofna til þessa veraldlega sambands, þessa veraldlega félags sem hjónabandið er fyrir velflestum mönnum, þar á meðal fyrir Marteini Lúter sem var upphafsmaður þeirrar trúardeildar sem íslenska þjóðkirkjan telur sig vera hluta af.

Það væri miklu hægara, og ég legg það til sem lausn á þessum vanda, að það væri ósköp einfaldlega hin opinbera athöfn embættismanna almannavaldsins sem gilti um hjónaband eða hjúskap eða hvað menn vilja kalla það, af öllu tagi. Síðan gætu trúfélögin lagt sína blessun yfir það hvert og eitt með sínu lagi. Ég tel að það væri hægari leið fyrir trúfélögin til að geta sætt sig við þetta, þau sem eru andstæð því. Og eðlilegri skipan mála fyrir það grundvallarsamband fólks sem um er að ræða sem er eins og ég segi í grunninn veraldlegt þó það sé auðvitað göfugt gagnvart guði og mönnum.

[16:19]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að það er mikil gleði í mínu hjarta í dag að þetta mál sé komið svo langt sem raun ber vitni. Mér hefur frá því að ég fór að hafa vit til sviðið það óréttlæti sem samkynhneigðir hafa þurft að mæta, að fá ekki sjálfsögð réttindi á við aðra einstaklinga í íslensku samfélagi. Það er því mikil gleði í hjarta mínu í dag að nú sé gengið jafnlangt og hér er gert og samkynhneigðum heimilt að ættleiða börn, gangast undir tæknifrjóvgun og fleiri mjög mikilvægar réttarbætur gerðar.

Ég verð líka að segja að ég er ákaflega stolt af mínu fólki, samfylkingarfólki, sem hefur staðið í þessari vinnu með hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur í broddi fylkingar. Hún hefur barist fyrir því í nokkur ár að ná þeirri pólitísku samstöðu sem er að nást um þetta mikilvæga mál. Þetta er mjög stórt skref í átt að réttlátara samfélagi og ég tel að við eigum að stíga fleiri slík glæsileg skref á næstu árum. Við eigum að taka þetta vinnuferli okkur til fyrirmyndar hér á þingi, að ná slíkri pólitískri samstöðu um mikilvægar réttarbætur til hópa.

Virðulegi forseti. Eitt atriði skyggir þó örlítið á gleði mína og það er að ekki skuli hafa verið gengið alla leið í þessum réttarbótum, að óskum trúfélaga skuli ekki hafa verið svarað. Það eru trúfélög í landinu sem hafa óskað eftir því að fá að staðfesta samvist samkynhneigðra og ég hefði viljað sjá að skrefið yrði stigið til fulls og þeim heimilað að gera það. Af því varð ekki en ég vona að þingmál Guðrúnar Ögmundsdóttur þar að lútandi verði samþykkt á næsta þingi og þá verði það skref stigið til fulls. Það mál snýst í grunninn um að heimila trúfélögum að staðfesta samvist samkynhneigðra para. Ég tel mjög mikilvægt að láta ekki eitt trúfélag standa í vegi fyrir öðrum að gera það sem þau telja rétt og er samkvæmt sannfæringu þeirra og trú rétt að gera. Við hér á Alþingi getum ekki staðið í vegi fyrir því en það gerum við meðan við veitum þeim trúfélögum sem hafa óskað eftir því að staðfesta samvist samkynhneigðra ekki heimild til þess. Þá stöndum við í vegi fyrir því að þau sinni því sem þau telja sanngjarnt og því sem þau eru sannfærð um að eigi að vera hluti af starfi þeirra. Það tel ég ekki rétt.

Hér eru, eins og ég sagði áðan, stigin mjög stór og mikilvæg skref og fagna ég því. Ég vil líka í lokin segja að mér hefur þótt það afar einkennilegt hvernig við höfum í áranna rás verið að skammta réttindi í smáskömmtum, hér hafa verið stunduð einhvers konar smáskammtafræði. Nú er ekki

um neina smáskömmtun að ræða heldur er verið að veita stóran skammt. En þó er ekki allt búið enn. Ég vonast til þess að á næsta þingi náist sama pólitíska samstaða um þingmál Guðrúnar Ögmundsdóttur um að heimila trúfélögum að staðfesta samvist samkynhneigðra. Þá tel ég að við séum komin með málið í höfn og getum borið höfuðið hátt hvað það varðar að hér á landi sitji allir við sama borð og hafi sömu réttindi óháð kynhneigð sinni.

Ég vil rétt í lokin senda kveðjur til þings, til þjóðar og til samkynhneigðra og þá ekki síst frá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni sem hefur staðið að þessari vinnu í allsherjarnefnd en gat því miður ekki verið hér í dag. Ég ber kveðju hans, það mun hvorki standa á honum né mér eða öðrum að samþykkja tillögu Guðrúnar Ögmundsdóttur á næsta þingi um að heimila trúfélögum að staðfesta samvist samkynhneigðra. Ég hvet þingheim til þess að gera það hratt og vel næsta haust.

[16:24]

Útbýting:

Blóðgjafir og Blóðbankinn, 760. mál, svar heilbrrh., þskj. 1304.

Daggjöld á Sóltúni, 750. mál, svar heilbrrh., þskj. 1303.

Framkvæmdasjóður aldraðra, 767. mál, svar heilbrrh., þskj. 1305.

Kjararáð, 710. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1334; brtt. PHB o.fl., þskj. 1335.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 794. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1333.

Snjóflóðavarnir í Ólafsfjarðarmúla, 785. mál, svar samgrh., þskj. 1319.

Stytting þjóðleiðarinnar milli Akureyrar og Reykjavíkur, 787. mál, svar samgrh., þskj. 1320.

Vísinda- og tækniráð, 744. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1322.

Þjónusta við psoriasis- og exemsjúklinga, 770. mál, svar heilbrrh., þskj. 1307.

[16:25]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu heldur aðeins að leggja orð í belg og taka undir þá miklu gleðibylgju sem gengur um þingsalinn í þessu máli. Það er ekki oft sem næst jafnrík og sterk samstaða allra pólitískra flokka í jafnviðkvæmu máli og hér er um að ræða. Það ber að fagna þeirri samstöðu sem náðist í málinu sem er afar viðkvæmt og það ber að þakka hv. allsherjarnefnd fyrir þá miklu vinnu sem hún lagði í það. Allir nefndarmenn lögðu sig greinilega fram um að ná saman þannig að nefndin gæti skilað einu áliti og þokað þessu mikilvæga máli áfram.

Það er rétt að minna á að þetta mál er upphaflega flutt af hæstv. forsætisráðherra og byggist frumvarpið á vinnu nefndar á vegum forsætisráðuneytisins. Sú nefnd lagði til ýmsar leiðir en má segja að með þeirri leið sem valin er í frumvarpinu sé gengið hvað lengst af þeim möguleikum sem lagðir voru fram í vinnuhópi forsætisráðuneytisins. Hér er sem sagt verið að ganga nokkuð langt í átt til jafnréttis, hér er verið að stíga mikilvæg skref til réttarbótar í íslensku samfélagi. En við þurfum ekkert að ganga þess dulin að málið er viðkvæmt eins og við höfum séð af umræðum frá því að það fyrst kom fram. Það er viðkvæmt í samfélaginu og einmitt þess vegna er mikilvægt að hv. allsherjarnefnd skuli hafa náð fullkominni samstöðu, vegna þess að það er viðkvæmt en líka vegna þess að það færir okkur mikla réttarbót í samfélag okkar og færir Ísland enn til jafnréttisáttar.

Í rauninni þarf ekki meira um það að segja. Ég árétta að ég fagna og þakka hv. allsherjarnefnd fyrir þá góðu vinnu sem hún lagði í þetta, ekki síst það að nefndarmenn skuli allir standa saman að þessu áliti. Hér er sannarlega stigið stórt skref í átt til jafnréttis og réttarbótar og þó að einhverjir hefðu viljað ganga lengra skulum við ekki gleyma því að hér eru stigin ánægjulega stór skref og ekki ósennilegt að haldið verði áfram á þeirri braut eftir því sem málið þroskast.

[16:28]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að taka undir með þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni hér um hamingjuóskir til þeirra sem þetta mál snertir sérstaklega. Ég tek jafnframt undir það með þeim að starfið í nefndinni hefur verið afskaplega ánægjulegt og hefur gengið vel í alla staði.

Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp aftur er umræðan sem hefur farið fram um stöðu trúfélaganna og heimild þeirra til þess að staðfesta samvist. Eins og hér hefur verið rætt um barst beiðni frá trúfélögum um að fá heimild til þess að staðfesta samvist. Ég kom hingað upp til að lýsa þeirri skoðun minni að ég tel það mál í réttum farvegi. Það er í réttum farvegi vegna þess að það þarf að skoða það í víðu samhengi. Eins og merkja mátti af þeirri stuttu umræðu sem farið hefur fram í dag komu fram ólík sjónarmið. Hér komu fram sjónarmið um að þetta væri tiltölulega lítið skref. Á sama tíma komu fram sjónarmið um að gera ætti grundvallarbreytingu á kerfinu, þ.e. þá breytingu að afnema í raun og veru með öllu heimild trúfélaganna til þess að vígja saman hjón, og þar með félli hugmyndin um heimild til trúfélaga til að staðfesta samvist um sig sjálfa. Ég held að það sé ljóst, þó ekki nema af þeirri stuttu umræðu sem fram hefur farið í dag, að þetta mál þarf að skoða af yfirvegun og það er rétt að slíta það úr samhengi við þær réttarbætur sem gerðar eru með þessu frumvarpi.

Það er skoðun allsherjarnefndar að lagaleg réttarstaða samkynhneigðra para sé með þessu máli tryggð að jöfnu við gagnkynhneigð pör og er þá ekkert undanskilið. Ekki það atriði sem hér hefur verið talað um sem ósk trúfélaganna — ég vek athygli á því að mest hefur verið rætt um að þessi ósk hafi komið fram af trúfélaganna hálfu en í störfum nefndarinnar varð afskaplega lítið vart við ósk samkynhneigðra um þá breytingu sem hér er verið að fjalla um. Ég undanskil heldur ekki þá umræðu sem fram kom í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur þar sem hún velti því upp hvort ekki væri rétt að gera breytingar á stjórnarskránni í þá veru sem hún nefndi, þ.e. að taka inn í 65. gr. kynhneigð.

Ég kem hingað upp til þess að lýsa þeirri skoðun minni að málefni sem varða trúfélögin, annars vegar heimildir þeirra til vígslu og eftir atvikum í framtíðinni til að staðfesta samvist, þurfa að eiga sér annan og lengri aðdraganda en þann að því kerfi sé breytt með breytingartillögu við þetta frumvarp. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það

mál sé í réttum farvegi, það er til að mynda til umfjöllunar innan þjóðkirkjunnar. Fyrir þinginu liggja sérstök þingmál sem fjalla um þetta atriði sérstaklega og ég tel að þau mál þurfi að fara til umsagnar og hljóta yfirvegaða og gaumgæfilega umfjöllun og umræðu áður en breytingar verða gerðar í þessu efni. Ég get þá að lokum lýst þeirri skoðun minni að mér þykir alveg eins koma til álita í því samhengi að fara þá leið sem hv. þm. Mörður Árnason nefndi, þ.e. að trúfélögin framkvæmi ekki hina borgaralegu athöfn, að vígja saman hjón, eins og verið hefur, heldur verði það gert að raunverulegri borgaralegri athöfn og það verði þá fyrst og fremst trúfélaganna að veita blessunina allt eftir höfði hvers trúfélags fyrir sig.

Um þetta verður væntanlega fjallað síðar þegar þau mál verða hér sérstaklega á dagskrá og ég læt því máli mínu lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðskrá og almannaskráning, 2. umr.

Stjfrv., 566. mál (flutningur Þjóðskrár til dómsmálaráðuneytisins). — Þskj. 821, nál. 1224.

[16:33]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu.

Með frumvarpinu er lagt til að þjóðskrá og almannaskráning verði flutt frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytisins, en þetta er aðgerð sem er liður í endurskipulagningu Hagstofunnar. Ætlunin er að styrkja hagskýrslugerðina með því að flytja frá henni verkefni sem ekki tengjast henni beinlínis. Þjóðskráin verður skrifstofa í dómsmálaráðuneytinu en fjárreiður hennar greindar frá fjárreiðum ráðuneytisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fram koma á þskj. 1224.

Nefndin er samhljóða um afgreiðslu málsins og Atli Gíslason, sem sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi, er samþykkur álitinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, 2. umr.

Stjfrv., 567. mál. — Þskj. 822, nál. 1225.

[16:35]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings á þjóðskrá og almannaskráningu frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem leiða af flutningi þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytisins. Þá eru lagðar til breytingar á lögum um tilkynningar aðsetursskipta sem leiða af nýjum norrænum samningi um almannaskráningu frá 1. nóvember 2004. Samkvæmt samningnum á skráning á flutningi fólks milli Norðurlandanna að byggjast á rafrænum flutningstilkynningum milli þjóðskrár ríkjanna í stað samnorrænna flutningsvottorða.

Nefndin telur mikilvægt, með vísan til nefndarálits um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, að unnið verði að því í dómsmálaráðuneyti með Persónuvernd að endurskoða þau ákvæði laga sem skráning persónuupplýsinga í þjóðskrá byggist á.

Mér sýnist að í nefndaráliti vanti orðið „mikilvægt“ til þess að samhengi hlutanna sé rétt.

Nefndin leggur til samhljóða að frumvarpið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, 2. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 363, nál. 1146, brtt. 1147.

[16:36]

Frsm. menntmn. (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund fjölda gesta.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót ný stofnun á sviði íslenskra fræða og með henni sameinaðar fimm stofnanir. Þær stofnanir eru Íslensk málstöð, Orðabók Háskólans, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands.

Nefndin styður megintillögur frumvarpsins og væntir þess að sameining í öfluga stofnun efli rannsóknir á sviði íslenskra fræða, styrki tungu og bókmenntir sem þátt í menningu þjóðarinnar og stuðli að því að þessi mikilvægi hluti af íslenskum menningararfi auðgi daglegt líf, fræði og listir hérlendis og sé um leið aðgengilegur heimsbyggðinni allri.

Nefndin hefur tekið tillit til margra gagnlegra athugasemda frá umsagnaraðilum og leggur til ýmsar breytingar á frumvarpinu.

Töluvert var rætt um heiti hinnar nýju stofnunar. Í athugasemdum með frumvarpinu er minnt á sáttmála Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslu og umsjón Háskóla Íslands og talið æskilegt að heiti stofnunarinnar beri í sér nafn Árna. Enn fremur þykir eðlilegt að heitið feli í sér tilvísun til sameiginlegs fræðasviðs þeirra stofnana sem í henni sameinast. Í umsögnum og í samræðum við gesti var nefndinni bent á galla við það heiti sem lagt er til í frumvarpinu. Annars vegar kunni það að vera of víðfeðmt þannig að með því sé gefið í skyn að hér sé um að ræða einhvers konar yfirstofnun í íslenskum fræðum sem ekki séu stunduð annars

staðar. Hins vegar kunni heitið að vera of þröngt þannig að þar sé ekki tekið tillit til ýmiss konar fræðigreina sem lögð er stund á í stofnununum fimm en eru allajafna ekki taldar til íslenskra fræða. Þá hafa menn talið heitið stirt í munni og í ósamræmi við íslenska hefð.

Í umsögnum frá starfsmönnum Orðabókar Háskólans og bæði frá forstöðumanni og starfsmönnum Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi er lagt til heitið „Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum“ og eftir samtöl við forstöðumenn stofnananna fimm gerir nefndin þá tillögu að sinni.

Nefndin hefur einnig kosið að gera breytingartillögu við 1. mgr. 3. gr. um hlutverk stofnunarinnar. Bent hefur verið á að ekki sé heppilegt að skilgreina nákvæmlega hugtakið „íslensk fræði“ í lögum, m.a. til að takmarka ekki fræðilega kosti á starfssviði stofnunarinnar. Nefndin telur heppilegra að í lögunum verði bent á kjarnann í starfi stofnunarinnar, nefnilega rannsóknir, miðlun og söfnun á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, en vísað til fræða sem þar eiga hlut að máli með orðunum „íslensk fræði og skyldar fræðigreinar“.

Þar sem gert er ráð fyrir að hin nýja stofnun sé háskólastofnun er eðlilegt að starfshættir innan hennar taki mið af skipulagi og hefðum háskólastarfs. Nefndin leggur því til að rannsóknarstarfsmenn stofnunarinnar myndi húsþing, sem samsvarar fundi háskóladeildar, og að því sé að breyttu breytanda falið hlutverk deildarfundar. Slíkt húsþing hefur frá upphafi verið haldið í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi og á Orðabók Háskólans er um svipaða starfshætti að ræða þótt þeir séu ekki festir í lög eða reglur. Þessi breyting tryggir akademísk vinnubrögð við stjórnun stofnunarinnar þannig að starfsmenn hafa áhrif á hina fræðilegu stefnumótun en forstöðumaður ber eftir sem áður fulla ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar með ráðum frá stjórn stofnunarinnar og undir eftirliti hennar.

Nefndin leggur einnig til að menntamálaráðherra verði falið að kveða á um skipulag stofnunarinnar í reglugerð en forstöðumaður undirbúi setningu hennar eða breytingu á henni með tillögu sem rædd hafi verið í stjórn og á húsþingi. Nefndinni þykir hafa komið fram í umsögnum og samræðum að nauðsynlegt sé að haga skipulagi stofnunarinnar með formlegri hætti en gert er ráð fyrir í frumvarpinu en vill á hinn bóginn gera stjórnendum og starfsmönnum kleift að hnika skipulaginu til eftir þörfum, með samþykki ráðherra, án þess að til þurfi lagabreytingar. Í þessu sambandi bendir nefndin á að í heitum stofnananna fimm kunna að felast ákveðin verðmæti sem ástæða er að halda til haga með því t.d. að einstök svið eða deildir „haldi“ heitum stofnananna eftir að þær hafa verið lagðar niður sem slíkar.

Við orðalag 2. mgr. 6. gr. um kennsluskyldu starfsmanna komu fram athugasemdir. Nefndin ákvað þó að leggja ekki til breytingar á greininni. Ljóst er að 2. mgr. leggur þá skyldu á herðar starfsmönnum stofnunarinnar að annast kennslu og leiðbeiningu á sérsviði sínu eftir því sem um semst. Þetta á samkvæmt orðanna hljóðan við um meistara- og doktorsnám en ekki grunnnám. Skilningur nefndarinnar er þó sá að orðalag greinarinnar útiloki ekki að starfsmenn geti tekið að sér kennslu og leiðbeiningu í grunnnámi, ef þeir vilja og um það semst.

Ýmsar athugasemdir hafa komið fram við fyrirkomulag Íslenskrar málnefndar í 9. gr. Breytingartillögur nefndarinnar miða að því að skýra betur hlutverk málnefndarinnar, gera henni kleift að mynda forustuhóp og koma til móts við óskir frá orðanefndum um fulltrúa í málnefndinni. Nefndin mælist eindregið til þess að Íslensk málnefnd fái fjárveitingu samkvæmt sérstökum fjárlagalið í fjárlögum. Nefndin telur eðlilegt að hin nýja stofnun og Íslensk málnefnd geri með sér samning til ákveðins tíma í senn um verkefni, aðstöðu og starfslið og kynni hann menntamálaráðherra. Þótt hin nýja stofnun sé skrifstofa málnefndarinnar telur nefndin ekkert í vegi fyrir því að málnefndin starfi með öðrum stofnunum eða einstökum fræðimönnum eftir því sem talið er heppilegt. Þessum breytingartillögum og ábendingum er ætlað að auka sjálfstæði málnefndarinnar og skýra stöðu hennar gagnvart stofnuninni og yfirstjórn hennar.

Virðulegi forseti. Verður nú gerð nánari grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

1. Heiti stofnunarinnar verði breytt í „Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum“ eins og áður hefur komið fram og í kjölfar þess verði fyrirsögn frumvarpsins einnig breytt.

2. Lagt er til að bætt verði við 1. gr. að stofnunin sé hluti af fræðasamfélagi Háskóla Íslands. Með þeirri viðbót eru tengsl stofnunarinnar og starfsmanna hennar við Háskóla Íslands enn betur tryggð og þar með margvísleg réttindi starfsmanna sem hluta af skólasamfélaginu. Þetta á m.a. við um rétt í tengslum við rektorskjör. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndinni bárust frá Þórði Kristinssyni frá Háskóla Íslands verður að telja líklegt að starfsmenn stofnunarinnar fái atkvæðisrétt við rektorskjör við skólann. Í 9. gr. kemur fram hverjir hafa atkvæðisrétt og eru starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi sérstaklega nefndir, en einnig hafa starfsmenn Orðabókar Háskólans og Stofnunar Sigurðar Nordals atkvæðisrétt þar sem stofnanirnar heyra undir háskólaráð. Í skýringum við 9. gr. er tekið fram að starfsmenn geti misst atkvæðisrétt sinn ef lagabreytingar leiða til þess að stofnunin tengist ekki lengur háskólanum. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir nánum tengslum við Háskóla Íslands og með breytingartillögunni er beinlínis kveðið á um að starfsmenn stofnunarinnar séu hluti af þessu háskólasamfélagi. Þess má því vænta að háskólaráð veiti þeim atkvæðisrétt og kjörgengi við rektorskjör.

3. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Nefndin leggur eins og áður segir til lagfæringu á orðalagi 1. mgr. Þessi breyting felst í því að meginviðfangsefni stofnunarinnar er tilgreint skýrar en skilgreining fræðasviðs höfð rýmri eins og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Í því sambandi skal bent á að hugtakið „saga“ er samkvæmt breytingunni ekki meðal meginviðfangsefna en fræðigreinin „saga“ fellur hins vegar sem slík undir skilgreiningu fræðasviðsins. Enn fremur leggur nefndin til nokkrar viðbætur við stafliði greinarinnar. Í fyrsta lagi leggur nefndin til að við a-lið verði bætt að gögn sem stofnunin aflar og varðveitir skuli gerð aðgengileg fyrir fræðimenn og almenning. Þetta er lagt til með hliðsjón af miðlunarhlutverkinu í 1. mgr. og veitir m.a. lagastoð merku miðlunarstarfi á vefsetrum stofnananna fimm. Í öðru lagi leggur nefndin til að tekið sé fram í c-lið að stofnunin fari með verkefni á sviði íðorða og nýyrða. Nú er þessa ein-

göngu getið í athugasemdum við frumvarpið. Er þetta lagt til í samræmi við ábendingar í umsögnum, einkum þeim sem lúta að íðorðastarfi og starfsemi Íslenskrar málnefndar og Íslenskrar málstöðvar. Í þriðja lagi leggur nefndin til að við d-lið verði því bætt að stofnunin taki þátt í samstarfi um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis. Með framangreindri breytingu er tekið tillit til athugasemda sem bárust frá Stofnun Sigurðar Nordals og Samtökum sendikennara í íslensku erlendis. Í fjórða lagi leggur nefndin til að lagfært verði orðalag í lok e-liðar. Ekki þykir þörf á að gera í lögum sérstakan greinarmun á lýsandi og leiðbeinandi orðabókum, sem hvorartveggju eru á verksviði stofnunarinnar, sbr. a-, b- og c-lið 3. gr. og ummæli í athugasemdum við 9. gr. um útgáfu stafsetningarorðabókar.

4. Lögð er til breyting á uppröðun 4. gr. þannig að sú grein verði 5. gr. því heppilegra er að fjalla um stjórn á undan forstöðumanni þar sem stjórnin er skipuð á undan forstöðumanni. Einnig er lögð til sú breyting að húsþing stofnunarinnar tilnefni einn nefndarmann í stjórn í stað hugvísindadeildar Háskóla Íslands. Nefndin vísar til þess sem áður hefur komið fram, þ.e. að húsþing gegnir hlutverki sem samsvarar deildarfundi og er því eðlilegt að húsþing tilnefni einn nefndarmann. Enn fremur er lagt til að við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. þar sem kveðið verði á um að hæfi dómnefndarmanna og störf dómnefndar fari eftir hliðstæðum reglum og við ráðningu sérfræðinga og kennara við Háskóla Íslands eins og áskilið er í 8. gr. frumvarpsins. Hér er átt við reglur um verklag við meðferð umsókna um störf háskólamanna sem samþykktar voru í háskólaráði 5. desember 2002 og ákvæði III. kafla reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands sem eru nánari útfærsla á ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands. Að auki eru lagðar til orðalagsbreytingar í 2. mgr., sem verður 3. mgr., og enn fremur að tekið verði út ákvæði um að forstöðumaður ákveði skipulag stofnunarinnar, samanber breytingar við 5. gr. frumvarpsins.

5. Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á 5. gr. Í fyrsta lagi að hún verði 4. gr. Í öðru lagi er lagt til að felldur verði niður sá áskilnaður að tveir stjórnarmenn gegni ekki starfi við Háskóla Íslands. Nefndin telur óeðlilegt að útiloka menn frá stjórnarstörfum vegna starfa þeirra við Háskóla Íslands, einkum með tilliti til þeirra tengsla sem stofnunin hefur við skólann. Slíkt ákvæði mundi þrengja kosti menntamálaráðherra að þarflausu og gæti valdið stjórnarmönnum vanda þar sem störf við Háskóla Íslands, t.d. við stundakennslu, mundu væntanlega leiða til vanhæfis. Í þriðja lagi telur nefndin óheppilegt ákvæði 2. mgr. um að hlutverk stjórnar sé að vera forstöðumanni til faglegrar ráðgjafar og leggur því til að orðið „faglegrar" verði fellt út. Rökin fyrir því eru m.a. þau að húsþingi er samkvæmt breytingartillögu nefndarinnar ætlað að starfa með forstöðumanni að faglegri stjórnun og stefnumótun. Gera má ráð fyrir að störf stjórnarinnar felist fyrst og fremst í ráðgjöf sem lýtur að rekstri, stjórnun, kynningu o.fl., enda ekki kveðið á um sérstakt faglegt hæfi stjórnarmanna. Í fjórða lagi er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein sem verði 3. mgr. og þar verði kveðið á um að þeir sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa hjá stofnuninni myndi húsþing sem forstöðumaður kallar saman og starfar í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar, samanber það sem fyrr var sagt um þetta efni. Í fimmta lagi er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein sem verði 4. mgr. og þar kveðið á um að skipulag stofnunarinnar verði ákvarðað í reglugerð að fenginni tillögu forstöðumanns og umsagna stjórnar og húsþings í stað þess að forstöðumaður ákveði það eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

6. Lögð er til orðalagsbreyting á 7. gr. um að „rannsóknarstöður" komi í stað orðsins „rannsóknarstörf". Þá hefur nefndin kosið að fara að ábendingum um að takmörkun þeirra starfa sem um ræðir við „fræðilega arfleifð" Árna Magnússonar og Sigurðar Nordals kunni að vera óhentug og geti jafnvel valdið deilum, og leggur til að látið verði nægja að kenna stöðurnar við nöfn þessara ágætu fræðimanna. Nefndin leggur jafnframt til að sú meginregla verði tekin upp að þessar rannsóknarstöður séu svokallaðar „gististöður" og ráðnir í þær fræðimenn til ákveðins tíma af innlendum eða erlendum vettvangi. Þá mætti ráða í tengslum við ákveðin verkefni sem unnið er að innan stofnunarinnar eða óháð verkefnum í því skyni að íslenskt fræðasamfélag eflist með þátttöku þeirra. Í tillögu nefndarinnar er því gert ráð fyrir að forstöðumaður geti ráðið tímabundið í stöðurnar án auglýsingar að fenginni umsögn húsþings, samanber svipað ákvæði í 8. mgr. 12. gr. laga um Háskóla Íslands.

7. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á 8. gr. Í fyrsta lagi þykir nefndinni skynsamlegt að í stað menntamálaráðherra skipi forstöðumaður dómnefnd sem metur hæfi umsækjanda um rannsóknarstörf, og að húsþing tilnefni einn nefndarmann í stað hugvísindadeildar Háskóla Íslands, samanber umfjöllun um húsþing í almennum athugasemdum hér að framan og breytingartillögu við 4. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 1. mgr. um að forstöðumaður skuli leita umsagnar húsþings við ráðningu til rannsóknarstarfa. Í þriðja lagi telur nefndin eðlilegt að koma til móts við ábendingar starfsmanna og leggur til að starfsheiti þeirra sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa við stofnunina verði rannsóknarlektor, rannsóknardósent og rannsóknarprófessor en slík samræmd starfsheiti tíðkast víða erlendis og eru þau til þess fallin að draga fram akademíska stöðu starfsmanna í stað þeirra starfsheita sem nú tíðkast, sem eru sérfræðingur, fræðimaður og vísindamaður. Nefndin telur í þessu sambandi rétt að benda á að á öllum rannsóknarstarfsmönnum hvílir ákveðin kennsluskylda skv. 6. gr. frumvarpsins.

8. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á 9. gr. frumvarpsins sem fjallar um Íslenska málnefnd. Í fyrsta lagi að orðalag í ákvæðum 1. og 2. mgr. verði lagfært og jafnframt verði kveðið á um það í 1. mgr. að skipunartími nefndarinnar verði fjögur ár og er það í samræmi við þann skipunartíma sem nú er kveðið á um í 5. mgr. 6. gr. laga nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd. Einnig verði uppbyggingu greinarinnar breytt, t.d. verði ákvæði um að stofnunin sé skrifstofa Íslenskrar málnefndar fært úr 1. mgr. og gert að sérstakri málsgrein. Nefndin leggur í öðru lagi til að við bætist ákvæði um rétt málnefndarinnar til ábendinga um málfar, svipað og í 4. tölul. 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga um Íslenska málnefnd. Í tillögunni er gert ráð fyrir að jafnframt ábendingum um það sem miður fer geti nefndin hrósað

þeim sem vel gera, eins og reyndin hefur verið í störfum málnefndarinnar að undanförnu, m.a. með sérstakri viðurkenningu á degi íslenskrar tungu. Í þriðja lagi er lagt til að einn nefndarmaður verði skipaður samkvæmt tilnefningu orðanefnda sem eru í samstarfi við stofnunina. Eðlilegt er að forstöðumaður stofnunarinnar gangist fyrir tilnefningarfundi með fulltrúum þeirra orðanefnda sem virkar eru. Menntamálaráðherra skipi þá eingöngu tvo nefndarmenn án tilnefningar, sem verða formaður og varaformaður, í stað þriggja. Í fjórða lagi telur nefndin mikilvægt að Íslensk málnefnd hafi heimild til að skipta með sér verkum í samræmi við þá starfshætti sem tíðkast hafa innan málnefndarinnar á liðnum árum.

9. Lagðar eru til breytingar á ákvæði til bráðabirgða. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á 2. mgr. ákvæðisins að forstöðumenn þeirra stofnana sem lagðar verða niður skuli vera hinum nýja forstöðumanni til aðstoðar og starfa þannig áfram við stofnunina til 31. október 2006. Er þá við það miðað að þeir starfi áfram, án þess að hafa stöðu innan hinnar nýju stofnunar sem forstöðumenn, eftir gildistöku laganna og aðstoði nýjan forstöðumann í ákveðinn tíma, til að auðvelda þær breytingar sem óhjákvæmilegar eru og varða sameiningu þeirra stofnana sem hér eiga hlut að máli. Þeir skulu halda öllum áunnum réttindum sínum úr fyrra starfi á sama hátt og gert er ráð fyrir að gilda muni um þau rannsóknarstörf sem þeim skulu boðin samkvæmt þessu ákvæði frá og með 1. nóvember 2006. Í öðru lagi er sú breyting lögð til að við bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. þar sem kveðið verði á um að í stað húsþings Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tilnefni hugvísindadeild Háskóla Íslands einn mann í dómnefnd til að meta hæfi forstöðumanns vegna skipunar hans í embætti skv. 3. mgr., sem verður 4. mgr. Stofnunin tekur ekki formlega til starfa fyrr en við gildistöku laganna 1. september 2006, en samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu skal þá vera búið að ganga frá skipun forstöðumannsins í fyrsta sinn. Gengið skal frá skipun hans eigi síðar en 1. september 2006. Eðli málsins samkvæmt verður húsþing ekki til fyrr en stofnunin hefur tekið formlega til starfa og því er óhjákvæmilegt að gera þessa breytingu til bráðabirgða til að hægt sé að ganga frá skipun forstöðumannsins samkvæmt settum tímamörkum. Rétt þykir að hugvísindadeild Háskóla Íslands verði veitt þessi tímabundna tilnefningarheimild í ljósi sterkra tengsla háskólans við stofnunina. Nefndin leggur jafnframt til að nýjum málslið verði bætt við 3. mgr. sem verður 2. málsl. og þar verði einnig kveðið á um það að dómnefnd skuli skipuð eigi síðar en 1. júní 2006 til að meta hæfi umsækjenda um starf forstöðumanns skv. 4. gr.

Nefndin beinir því til menntamálaráðherra að athuga nú þegar fjárþörf hinnar nýju stofnunar fyrir næsta fjárlagaár. Þar er í fyrsta lagi um að ræða fjárveitingu fyrir stöðum þeim sem rætt er um í 7. gr. í samræmi við yfirlýsingu ráðherra við 1. umræðu um frumvarpið. Í öðru lagi er ljóst að nokkur kostnaður hlýst af sameiningunni sjálfri og undirbúningi hennar, m.a. skipulagsvinnu, tölvutengingum, vefsetri og ýmiss konar hönnun, t.d. við kennimerki, bréfsefni o.s.frv. Í þriðja lagi er æskilegt að gera ráð fyrir fjölgun starfa við rekstur og skrifstofuhald, t.d. ráðningu skrifstofueða fjármálastjóra með viðeigandi starfsliði. Þá skal þess getið að í störfum nefndarinnar komu í ljós gallar í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins vegna frumvarpsins, og gæti þurft að endurskoða fjárþörf stofnunarinnar á næsta ári í því ljósi.

Virðulegi forseti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ég vil fyrir hönd formanns nefndarinnar þakka nefndarmönnum sérlega gott samstarf í þessu máli. Allir nefndarmenn voru sammála um markmið þessara laga og mikil eindrægni ríkti um að ná sátt um það. Okkur þótti því ástæða til að hafa nefndarálitið ítarlegt enda breytingartillögurnar margar.

Hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason skrifa undir álitið með fyrirvara um 9. gr. frumvarpsins um Íslenska málnefnd og áskilja sér rétt til að leggja fram breytingartillögur. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson og Ísólfur Gylfi Pálmason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit rita hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason.

[16:58]

Mörður Árnason:

Forseti. Hugur minn var greinilega við nefndarstörfin. Við erum hér komin á síðari hluta máls sem hefur tekið allmikinn tíma í menntamálanefnd og verður vonandi til heilla því málefni sem um ræðir.

Ég verð að viðurkenna að mér leist ekki á þetta frumvarp í upphafi og var ýmsum atriðum þess nokkuð andsnúinn. En sem betur fer hefur nefndarstarfið leitt til þess að ég get heils hugar tekið undir nefndarálitið sem hér var áðan farið í gegnum. Ég tel að mikill árangur hafi náðst í starfi nefndarinnar.

Ég nefni — bara svona eitt af öðru án þess að fjalla um það, breytinguna á heiti stofnunarinnar og markmiðslýsingu hennar — að það er skýrt að starfsmenn hennar eru hluti af fræðasamfélagi Háskóla Íslands og þar með nátengdir háskólanum með þeim hætti að þeir eru sem sé hluti af honum að nokkru leyti.

Ég nefni þær breytingar sem leiða til þess að stofnunin verður raunveruleg háskólastofnun, akademísk stofnun, með því skipulagi sem þar af leiðir, þar á meðal húsþingi sem nefndin hefur orðið sammála um að setja á stofn í hinni sameinuðu stofnun og hefur sama nafn og samsvarandi samkoma í Árnastofnun eldri. Ég nefni enn fremur að að ósk starfsmanna ýmissa og flestra hefur starfsheitum verið breytt, þeim sem á stofnuninni verða. Enn er að nefna að hvatt hefur verið til þess að nýjar stöður sem voru svona nokkuð í lausu lofti, kenndar við ágæta tvo fræðimenn, verði fyrst og fremst gististöður og að við skipan í þær komi allt fræðasvið stofnunarinnar til greina en ekki einstök fræðasvið eins og áður var gert ráð fyrir í frumvarpinu.

Af öðrum atriðum legg ég áherslu á þann samdóm nefndarinnar að beina því til menntamálaráðherra að athuga nú þegar fjárþörf þessarar stofnunar fyrir næsta fjárlagaár, fjárveitinguna fyrir þeim stöðum sem við ræddum áðan og

kenndar eru við Árna Magnússon og Sigurð Nordal, fjárveitingu í samhengi við kostnað sem hlýst af sameiningunni, fjárveitingu sem ætlað sé að mæta þörf fyrir fjölgun starfa við rekstur og skrifstofuhald en sú fjölgun er nauðsynleg eigi að nást það hagræði og sú efling starfseminnar sem stefnt er að með frumvarpinu. Þar er líka minnt á að vegna galla í kostnaðarmati frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins gæti þurft að endurskoða fjárþörf stofnunarinnar í tengslum við sameininguna á næsta ári, það fer auðvitað eftir því hvort menn notfæra sér biðlaunarétt sem gert er ráð fyrir og hvernig gengið verður frá sameiningunni að öðru leyti.

Fleira má nefna í þessu. Það eru allmiklar breytingar á frumvarpinu og ég fagna þeim öllum. Framsögumaður, hv. þm. Dagný Jónsdóttir, sagði að við stjórnarandstæðingar hefðum skrifað undir með fyrirvara og gat þess réttilega að hann tæki til Íslenskrar málnefndar. Ég ætla ekki að hafa langt mál um það en ég hef enn miklar efasemdir um að rétt sé að leggja af sérlög um Íslenska málnefnd og koma málum hennar fyrir í þessum lögum. Ég hefði talið eðlilegra að málnefndin væri algjörlega sjálfstæð með sérlögum og kvíði því nokkuð hvað verður í framhaldinu. Á hinn bóginn hefur okkur tekist í nefndinni að lagfæra greinina sem fjallar um Íslenska málnefnd. Við höfum gefið henni skýlausan rétt til almennra ábendinga um málfar sem ekki var fyrir hendi í frumvarpinu en hún hefur núna í sérlögum sínum. Við leggjum áherslu á að Íslensk málnefnd fái fjárveitingu á sérstökum fjárlagalið og teljum eðlilegt að hún geti í hennar krafti samið við hina nýju Árnastofnun um starfsemi og verkefni sem gerir hana sjálfstæðari gagnvart stofnuninni. Við segjum líka í nefndarálitinu að við teljum eðlilegt að málnefndin geti, ef hún kýs, starfað með öðrum háskólastofnunum eða einstökum fræðimönnum eða hverjum sem hún vill og þurfi ekki að biðja um leyfi hinnar nýju Árnastofnunar eða forstöðumanns hennar eða stjórnar til þess arna.

Við kusum þess vegna að flytja ekki breytingartillögur við þessa grein og rjúfa ekki samstöðu nefndarinnar með því. En ég vil segja það hér að ég lít á þessa nýskipan Íslenskrar málnefndar sem tilraun sem sjálfsagt er að endurskoða eftir nokkur ár í ljósi reynslunnar og hyggst beita mér fyrir því að það verði gert ef ég hef aðstöðu til hér á þinginu og hvet menntamálaráðherra núverandi og þá sem við taka að fylgjast vel með þessu máli. Íslensk málnefnd er mjög mikilvæg stofnun í samfélagi okkar og við megum ekki við því að veikja stofnanalega stöðu þeirra örfáu stofnana og apparata sem við höfum sett til verndar og eflingar íslenskri tungu.

Við vonum að vel fari en það er helst þessi partur frumvarpsins og umfjöllunarefni þess sem ég hef áhyggjur af. Ég tel hins vegar að með þeim breytingum sem við leggjum hér öll til geti þetta blessast nokkuð vel og orðið til heilla því starfi sem fram fer á stofnunum fimm, fræðunum sjálfum sem um ræðir og öllu því fólki sem þau stundar annaðhvort í starfi hjá stofnunum eða utan þess, þjóðinni sjálfri og öllum áhugamönnum um viðgang þessa máls.

Ég verð að lokum að hryggja þingheim og forseta með því að mér sýnist að nefndin þurfi að koma saman aftur eftir 2. umr., við þurfum aðeins að ræða það hér fyrir atkvæðagreiðsluna vegna þess að við gerðum ráð fyrir að þetta frumvarp yrði samþykkt mun fyrr á árinu en nú er raunin og höfum þess vegna miðað við 1. júní sem síðasta dag við skipun stjórnar og dómnefndar að ég held. Þessu þarf að breyta og við þurfum að ráðgast um það, forseti, í nefndinni með hvaða hætti það verði gert.

Ég þakka hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur fyrir framsögu sína hér og öllum nefndarmönnum fyrir hlut sinn að málinu, einkum formanni nefndarinnar sem hefur verið mjög ánægjulegt að eiga samstarf við. Ég er ekki einn um að telja að það samstarf í nefndinni og reyndar einnig við fulltrúa ráðherra og aðra þá sem komu að málinu, m.a. starfsmenn og forstöðumenn, sé til fyrirmyndar í störfum menntamálanefndar og ég vona að nefndin beri gæfu til þess að þegar um stórmál er að ræða, sem ekki eru þó bein pólitísk úrlausnarefni, geti vinnubrögð af þessu tagi tíðkast milli okkar sem þar störfum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Höfundalög, 2. umr.

Stjfrv., 664. mál (lækkun fylgiréttargjalds, EES-reglur). — Þskj. 974, nál. 1228.

[17:08]

Frsm. menntmn. (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum, frá menntamálanefnd.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund gesti.

Með frumvarpinu er lagt til að innleiða endursöluákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðs listaverks. Helsta breytingin með innleiðingu tilskipunarinnar er sú að fylgiréttargjald mun lækka. Í 1. mgr. 25. gr. b núgildandi laga er gert ráð fyrir 10% gjaldi á söluverði við endursölu á listaverkum í atvinnuskyni. Framangreint gjald mun lækka að því leyti að frumvarpið gerir ráð fyrir að gjaldið sé í sex þrepum frá 0,25% upp í 10% en þó aldrei hærra en sem samsvarar 12.500 evrum.

Nú þegar hefur verið gerð breyting á lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, með síðari breytingum, vegna innleiðingar á tilskipuninni, samanber lög nr. 117/2005.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Björgvin G. Sigurðsson og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið rita hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Ingvi Hrafn Óskarsson, Einar Már Sigurðarson, Atli Gíslason og Mörður Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, 2. umr.

Stjfrv., 695. mál (heildarlög). — Þskj. 1025, nál. 1266.

[17:10]

Frsm. menntmn. (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund gesti.

Í frumvarpinu er lagt til að Kvikmyndaskoðun ríkisins verði lögð niður og að ábyrgðaraðilar, þ.e. framleiðendur, útgefendur, sýningaraðilar og smásöluaðilar kvikmynda og tölvuleikja, beri sjálfir kostnað af að koma upp og reka skoðunarkerfi fyrir kvikmyndir og tölvuleiki. Gert er ráð fyrir að ábyrgðaraðilarnir setji sér verklagsreglur að fyrirmynd erlendra skoðunarkerfa og að verklagsreglurnar taki til stjórnunar aðgangs að kvikmyndahúsum og afhendingar kvikmynda og tölvuleikja á sölustöðum og í myndbandaleigum. Einnig verður Barnaverndarstofu falið töluvert hlutverk við framkvæmd laganna.

Í 5. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um eftirlit, stöðvunarúrræði og endurmat ábyrgðaraðila og Barnaverndarstofu. Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á greininni sem lúta einkum að uppröðun málsgreina og orðalagsbreytingum til að varpa skýrara ljósi á hlutverk Barnaverndarstofu og samspil hennar við lögreglu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Björgvin G. Sigurðsson, Hjálmar Árnason og Mörður Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Atli Gíslason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 2. umr.

Stjfrv., 463. mál (grafískir hönnuðir). — Þskj. 690, nál. 1227.

[17:12]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum, frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti. Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Háskóla Íslands, Félagi grafískra hönnuða, talsmanni neytenda, Samtökum verslunar og þjónustu og Listaháskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að löggilda starfsheiti grafískra hönnuða með því að bæta þeim við í upptalninguna í 1. gr. laganna.

Lagt er til með löggildingu starfsheitisins grafískur hönnuður að greint sé á milli þeirra sem hafa enga eða litla menntun í grafískri hönnun en kalla sig þó grafíska hönnuði og hinna sem hafa langt háskólanám eða nám á háskólastigi að baki.

Frumvarpið leiðir til þess að þeir sem hafa enga menntun í grafískri hönnun eða minni menntun en gert er ráð fyrir til löggildingar á starfsheitinu grafískur hönnuður verða að nota annað heiti en grafískur hönnuður.

Rétt þykir að leggja að jöfnu við BA-próf í Listaháskóla Íslands, að því er varðar réttindi til starfsheitisins grafískur hönnuður, fullnaðarpróf í grafískri hönnun frá Myndlista- og handíðaskólanum og Myndlistaskólanum á Akureyri.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jón Bjarnason sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Kjartan Ólafsson og Sigurður Kári Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Birkir J. Jónsson, Helgi Hjörvar, Einar Oddur Kristjánsson, Jóhann Ársælsson, Sigurjón Þórðarson, Gunnar Örlygsson og Katrín Júlíusdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 2. umr.

Stjfrv., 614. mál (styrkir til hitaveitna). — Þskj. 899, nál. 1262.

[17:14]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson og Sigfús Inga Sigfússon frá iðnaðarráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Samorku, Rafmagnsveitum ríkisins, Norðurorku, Byggðastofnun, Skagafjarðarveitum, Orkustofnun, Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum III. kafla laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, um stofnun nýrra hitaveitna. Lagt er til að heimilað verði að veita styrki til einkaleyfishitaveitna sem yfirtaka starfsemi einkahitaveitna. Tvö skilyrði eru fyrir því að veita styrki til einkaleyfishitaveitna. Annars vegar er þess krafist að um sé að ræða samruna eða yfirtöku hitaveitu með einkaleyfi á dreifikerfi einkahitaveitu. Hins vegar er gerð krafa um að einkahitaveitan standi frammi fyrir kostnaðarsömum aðgerðum vegna endurnýjunar dreifikerfis.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu og lýtur hún

að því að bæta við einu skilyrði fyrir því að heimilt verði að veita styrki til einkaleyfishitaveitna. Skilyrðið lýtur að því að dreifikerfi einkahitaveitu dreifi heitu vatni um dreifikerfi sitt til a.m.k. fimm aðgreindra húsveitna. Þá er lagt til að ráðherra sé heimilt að setja nánari skilyrði í reglugerð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

1. gr. orðist svo:

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Til starfandi hitaveitna sem hafa einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni og stækka veitusvæði sitt með yfirtöku á hitaveitum sem ekki hafa slíkt einkaleyfi, dreifa heitu vatni um dreifikerfi sitt til a.m.k. fimm aðgreindra húsveitna og standa frammi fyrir kostnaðarsömum aðgerðum vegna endurnýjunar dreifikerfis. Ráðherra er heimilt að setja nánari skilyrði í reglugerð.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Birkir J. Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðjón Hjörleifsson, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Gunnar Örlygsson og Katrín Júlíusdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brottfall laga um Flugskóla Íslands hf., 2. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 708, nál. 1015, till. til rökst. dagskrár 1016.

[17:17]

Frsm. samgn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá samgöngunefnd um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Flugfélaginu Geirfugli ehf., rannsóknarnefnd flugslysa, Flugskóla Reykjavíkur og Flugskóla Helga Jónssonar.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að fella brott lög nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf. Þetta er gert með hliðsjón af efni laganna og að ríkið hefur selt allt hlutafé sitt í skólanum. Skilvirkt eftirlit er af hálfu Flugmálastjórnar Íslands með gæðum skólastarfsins og starfsemi skólans og er það talinn fullnægjandi rammi um þessa starfsemi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann andvígur áliti þessu.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Guðjón Hjörleifsson framsögumaður, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristján L. Möller, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara, og Magnús Stefánsson.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði málinu vísað til 3. umr.

[17:19]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. þingmanni og framsögumanni, Guðjóni Hjörleifssyni, er ég andvígur þessu nefndaráliti um frumvarp til laga um brottfall laga um Flugskóla Íslands. Ég er andvígur þeirri fyrirætlan að leggja niður Flugskóla Íslands.

Flug hvers konar og flugstarfsemi er ein af mikilvægustu atvinnugreinum hér á landi og teygir anga sína víða, svo sem í farþegaflugi, atvinnumannaflugi, áhugamannaflugi, en við erum líka með þyrluflug, öflugar landhelgisgæsluflugvélar o.s.frv. Góð menntun fyrir flugmenn finnst mér vera grundvallaratriði fyrir þjóðina og því er það röng stefna að ætla að fella niður einu lagaákvæðin sem kveða á um flugnám á Íslandi. Þó svo að hin opinberu afskipti af flugnámi hafi fyrst og fremst verið í gegnum Flugskóla Íslands hf. og þó að farið hafi verið út í það á sínum tíma að hlutafélagavæða Flugskóla Íslands var hann studdur bæði námskrárlega séð og fjárhagslega af ríkinu. Ríkið átti flugskólann að hluta og bar í rauninni ábyrgð á því námi sem þar fór fram.

Mér finnst óeðlilegt að þessi grein skuli þannig ein vera höfð fyrir utan allt samræmt skipulag í námi hér á landi. Mér finnst það alveg fráleit ráðstöfun og sýna þessari atvinnugrein, þessari þekkingargrein, fullkomið skilningsleysi og vanvirðu að leggja niður með lögum allt sem heitir flugnám. Í lögum um Flugskóla Íslands sem nú á að leggja niður er ekki einu sinni svo, herra forseti, að aðeins eigi að leggja niður flugskólann heldur líka þau lög og þau markmið sem honum var gert að starfa eftir, m.a. eins og stendur í 2. gr. laga um Flugskóla Íslands en þar segir, með leyfi forseta:

„Markmið skólastarfsins skal vera að veita menntun sem gerir nemendur hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuflugs í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um skírteini atvinnuflugmanna og áritanir á þau. Samkvæmt því skal skólinn veita kennslu til undirbúnings prófa í atvinnuflugi. Kennsla sú sem skólinn veitir skal miðast við öll stig atvinnuflugnáms og miða að því að búa nemendur undir próf loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar til öflunar atvinnuflugréttinda í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma."

Þetta segir í lögum um Flugskóla Íslands sem nú á að leggja af og þetta eru í rauninni einu lagaákvæðin sem voru um flugnám. Það gilda að vísu ákveðnar reglur um atvinnuflugmannsréttindi sem slík en ekki um skipan flugnámsins. Hér er verið að gera tillögur um að fella þetta allt úr lögum. Ein af rökunum sem sett eru fyrir því eru að Flugskóli Íslands hafi verið í samkeppni við aðra skóla sem kenndu flug og þess vegna sé nauðsynlegt að leggja niður og afnema lög um Flugskóla Íslands.

Nú má vel vera að sú skipan mála hefði mátt endurskoðast í sjálfu sér, hvort þörf sé á sérstökum skóla, Flugskóla Íslands hf., sem njóti opinberrar ábyrgðar að meira eða minna leyti. Hitt er allt önnur hlið sem er staðfesting á

skipulagi náms og að ríkið ábyrgist að í boði sé nám hér á landi sem uppfylli kröfur til atvinnuflugprófs. Mér finnst að svo hefði átt að vera og ég sé t.d. ekki hvernig ríkið ætlar nú að ná þeim markmiðum sínum sem tilgreind eru í greinargerð með frumvarpi þessu um að fella lög um Flugskóla Íslands hf. niður þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að lagt sé til að lögin falli úr gildi er áfram gert ráð fyrir að ríkið stuðli að því að hér á landi sé í boði menntun sem gerir nemendur hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuflugs í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um skírteini atvinnuflugmanna og áritanir á þau. Til að tryggja það vinnur ráðuneytið nú að gerð samnings við skólann um áframhaldandi styrk til hans vegna bóklegs atvinnuflugmannsnáms."

Hér eru sett inn í greinargerð ákveðin markmið sem ríkið hefur nú engan lagalegan ramma til að fylgja eftir. Þess vegna er þetta mjög flaustursleg og óábyrg aðgerð sem meiri hlutinn leggur hér til, að afnema ekki aðeins lög um Flugskóla Íslands hf. heldur allt sem stendur um flugnám á ábyrgð hins opinbera. Það tel ég vera fullkomlega óábyrgt og átel það, enda tekur Félag íslenskra atvinnuflugmanna fullkomlega undir þau sjónarmið sem ég hef hér haldið fram. Í umsögn þeirra stendur um þetta frumvarp, með leyfi forseta:

„FÍA mælir eindregið með því að lögin um Flugskóla Íslands verði endurskoðuð en ekki felld niður."

Eftirfarandi ástæður fyrir því eru tilgreindar í umsögn Félags íslenskra atvinnuflugmanna:

„1. Í núgildandi lögum um Flugskóla Íslands er fólgið aðhald, sem að mati FÍA er ekki innifalið í aðhaldi Flugmálastjórnar, sbr. 2. gr. og 3. mgr. 5. gr. l. nr. 17/1997.

2. Það er mat FÍA að bóklegt nám til að öðlast réttindi til að stjórna flugförum eigi, alveg eins og bóklegt nám til vélstjórnarréttinda og skipstjórnarréttinda, að heyra undir menntamálaráðuneytið, eigi að hafa sinn rétta stað í menntakerfi landsins, en ekki að vera hliðsett eins og nú er. Nemandi sem lokið hefur bóklegu námi til þess að geta fengið full atvinnuflugmannsréttindi getur ekki fengið slíkt nám metið til eininga í framhaldskólum landsins nema með mikilli fyrirhöfn og með sérstakri aðstoð frá menntamálaráðuneytinu. Ekkert af þessu er til þess fallið að afla þessari menntun þeirrar virðingar sem hún á skilið.

Og ekki bætir þar úr skák að þessi einu lög sem kveða þó eitthvað á um hvernig bóklegri menntun flugmanna skuli háttað skuli nú eiga að fella niður.

3. Það er mat FÍA að sé þetta mál skoðað heildstætt þá samrýmist þessi ráðagerð ekki því aðalmarkmiði að ávallt skuli þess freistað að gera almennu flugöryggi eins hátt undir höfði og nokkur kostur er hverju sinni."

Þess vegna leggur Félag íslenskra atvinnuflugmanna áherslu á að í stað þess að fella þessi lög niður, einu lögin sem kveða á um flugnám á Íslandi, verði þau endurskoðuð og náminu sem slíku fenginn eðlilegur sess í menntakerfi landsins þar sem nemendur sem í það nám fara geti bæði fengið það viðurkennt í námskerfinu í heild sinni og að hið opinbera tryggi þær skilgreindu námskröfur og námsframboð sem þetta nám krefst.

Ég tek undir þau orð Félags íslenskra atvinnuflugmanna að með þessari ráðstöfun, að fella niður lög um Flugskóla Íslands og allt sem viðkemur flugnámi, sé verið að sýna atvinnugreininni og þessari þekkingaröflun og þeim sem þetta nám stunda mikla vanvirðu eða litla virðingu. Þess vegna hef ég, herra forseti, í samræmi við umsögn Félags íslenskra atvinnuflugmanna lagt fram svohljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár varðandi þetta mál:

„Bóklegt nám til að öðlast réttindi til að stjórna flugförum á ekki síður en bóklegt nám til vélstjórnarréttinda og skipstjórnarréttinda að heyra undir menntamálaráðuneytið. Með frumvarpi til laga um brottfall laga um Flugskóla Íslands hf. er hins vegar lagt til að fella úr gildi einu lögin sem fjalla um það hvernig bóklegri menntun flugmanna skuli háttað.

Í núgildandi lögum um Flugskóla Íslands hf. er fólgið aðhald sem ekki er innifalið í aðhaldi Flugmálastjórnar. Þá samræmist sú ráðagerð að fella brott lög um Flugskóla Íslands hf. ekki því markmiði að ávallt skuli þess freistað að tryggja almennt flugöryggi eins og nokkur kostur er hverju sinni.

Með vísan til framanritaðs samþykkir Alþingi að vísa frumvarpinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir skoðun minni. Ég sit sem áheyrnarfulltrúi í samgöngunefnd fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og tek heils hugar undir þær sterku athugasemdir og viðvaranir Félags íslenskra atvinnuflugmanna við því að fella niður lög um flugnám og Flugskóla Íslands. Ég hef þess vegna flutt tillögu til rökstuddrar dagskrár um að þessu máli verði vísað frá og í þess stað verði farið í þá vinnu sem Félag íslenskra atvinnuflugmanna leggur til, að endurskoða lögin og setja lagaramma um flugnám á Íslandi. Það er hið rétta sem gera á.

[17:33]

Frsm. samgn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé að hluta um misskilning að ræða hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Í athugasemdum við frumvarp samgönguráðherra eru talin upp helstu rök fyrir því að leggja beri þessi lög um Flugskóla Íslands af.

Þau helstu eru: Lögin fjalla að stórum hluta um aðkomu ríkisins sem einn af stofnendum Flugskóla Íslands og eigenda að skólanum. Þetta eru auðvitað úrelt ákvæði þar sem skólinn er eingöngu í eigu einkaaðila og fyrirtækja í flugrekstri. Engin þörf er á sérstakri íslenskri löggjöf af þessu taginu um önnur atriði umfram það sem tiltekið er í loftferðalögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Við verðum að gera okkur grein fyrir að öll starfsemi skólans miðar að því að uppfylla kröfur sem settar eru erlendis samkvæmt kröfum JAR-FCL frá JAA og reglugerð um flugskóla, nr. 692/1999, sem byggir á ákvörðun loftferðalaganna. Þetta eru alþjóðlegar kröfur sem eru grundvöllur þess að aðrar þjóðir viðurkenni íslenskt flugmannsnám og þar með íslenska flugmenn. Ég leyfi mér að fullyrða að sérislenskar kröfur gætu komið okkur og íslenskri flugmannsstétt í mikil vandræði.

Á sama hátt er eftirlit með að starfsemi skólans uppfylli hinar alþjóðlegu kröfur sennilega það strangasta sem íslenskur skóli þarf að búa við. Því er lýst ítarlega í athugasemdum við frumvarpið. Þegar hv. þm. Jón Bjarnason talar um að aðhald í rekstri skólans geti skort ef lögin verða felld

úr gildi, þá held ég að um misskilning sé að ræða.

Að lokum vil ég nefna til að bregðast enn frekar við áhyggjum hv. þm. Jóns Bjarnasonar að í lok athugasemda við frumvarpið er tiltekið að samgönguráðuneytið muni gera þjónustusamning við Flugskóla Íslands hf. Mikilvægt er að í þeim samningi verði kveðið á um þær almennu leikreglur sem um þetta mál þurfi að gilda, m.a. að ákvæði *stjórnsýslulaga verði þar höfð til hliðsjónar.*

[17:35]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég met á vissan hátt vilja hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar til að reyna að bjarga í horn því sem bjargað verður í þessu sambandi en vek athygli á að það sem ég er einungis að vitna til er umsögn Félags íslenskra atvinnuflugmanna sem ég tel að hafi meiri yfirsýn yfir þetta mál en margir aðrir.

Því skyldi þetta nám ekki njóta opinberrar lagalegrar verndar, bæði hvað varðar innihald námsins og mat á náminu milli skóla eða milli námsstiga. Að sjálfsögðu er farið eftir þeim alþjóðlegu reglum sem um þessi réttindi gilda, en námið er langt ferli að réttindum. Til dæmis geta menn hætt í námi á einhverju ákveðnu stigi og þá er eðlilegt að það geti verið metið inn í eitthvert annað nám sem gerist ekki nema það sé skilgreindur hluti af hinu opinbera menntakerfi.

Þess vegna tek ég afdráttarlaust undir sjónarmið Félags íslenskra atvinnuflugmanna um að miklu nær væri að vinna heildarlöggjöf fyrir innihald og skipan flugnáms hvort sem það er síðan framkvæmt af þessum skóla eða öðrum. En á því verði fagleg opinber ábyrgð einmitt í menntakerfinu og einnig að hið opinbera hefði ábyrgð (Forseti hringir.) á að þetta nám væri í boði hér á landi.

[17:37]

Útbýting:

Bið eftir endurhæfingu, 776. mál, svar heilbrrh., þskj. 1306.

Eldi vatnafiska, 595. mál, nál. landbn., þskj. 1323; brtt. DrH o.fl., þskj. 1324.

Fiskrækt, 613. mál, nál. landbn., þskj. 1331; brtt. DrH o.fl., þskj. 1332.

Lax- og silungsveiði, 607. mál, nál. landbn., þskj. 1327; brtt. DrH o.fl., þskj. 1328.

Störf í álverum, 768. mál, svar forsrh., þskj. 1308.

Tóbaksvarnir, 388. mál, brtt. BÁ o.fl., þskj. 1336.

Varnir gegn fisksjúkdómum, 596. mál, nál. landbn., þskj. 1325; brtt. DrH o.fl., þskj. 1326.

Veiðimálastofnun, 612. mál, nál. landbn., þskj. 1329; brtt. DrH o.fl., þskj. 1330.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingalög, 2. umr.

Stjfrv., 376. mál (öryggi á sjó). — Þskj. 432, nál. 1017, brtt. 1018.

[17:39]

Frsm. samgn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá samgöngunefnd *um frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum*, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneytinu og Steinar Adolfsson og Hjálmar V. Björgvinsson frá ríkislögreglustjóra.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Sýslumannafélagi Íslands, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi skipstjórnarmanna, Sjómannasambandi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Hafnasambandi sveitarfélaga, Landssambandi smábátaeigenda, Vélstjórafélagi Íslands, ríkislögreglustjóra, tollstjóranum í Reykjavík, Landhelgisgæslu Íslands, Kjölbátasambandi Íslands og Siglingafélagi Reykjavíkur, og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á siglingalögum sem varða öryggi á sjó og viðurlög vegna hættulegrar hegðunar þeirra sem stjórna skipi eða reyna að stjórna skipi og fjallað er um í greininni. Með breytingunni er lagt til að ákvæði um áfengis- og fíkniefnanotkun verði gerð skýrari og markvissari. Miðað verður við 0,5? vínandamagn í blóði þeirra sem ákvæðið varðar eða að vínandamagn í lofti sem viðkomandi andar frá sér nemi 0,25 milligrömmum í lítra lofts eða meira. Engin slík viðmið eru í gildandi lögum. Einnig er lagt til að greinarnar taki til fleiri en eingöngu skipstjóra eins og núgildandi ákvæði gera. Þá er í frumvarpinu byggt undir heimildir lögreglu og annarra sem fara með löggæsluvald til að taka á málum af því tagi sem hér um ræðir. Nefndin vekur athygli á villandi orðalagi í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þegar talað er um viðurlög vegna hættulegrar hegðunar skipstjóra hlýtur að vera átt við viðurlög vegna hættulegrar hegðunar þeirra sem stjórna skipi eða reyna að stjórna skipi.

Nefndin leggur til breytingu á 1. gr. frumvarpsins sem felur fyrst og fremst í sér orðalagsbreytingar í framhaldi af athugasemdum sem fram komu við frumvarpið frá ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara. M.a. er lagt til að fellt verði út hugtakið „ofskynjunarefni“ í 2. mgr. og í staðinn stuðst við orðin „ávana- og fíkniefni“. Jafnframt er lagt til að sett verði inn ítarlegra ákvæði í 3. mgr. þar sem skilgreind eru „núllmörk“ varðandi þau tilvik er ávana- og fíkniefni mælast í blóði eða þvagi þeirra sem nánar greinir í 2. mgr. Mælist ávana- og fíkniefni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim í blóði eða þvagi viðkomandi telst hann óhæfur til þeirra starfa sem um ræðir í 2. mgr. Þá er lagt til að bætt verði við heimildum til sýnatöku, þ.e. munnvatns- og svitasýna, til samræmis við þróun og nýja tækni til sýnatöku í málum af því tagi sem hér um ræðir. Einnig er lagt til að heimildir þeirra sem fara með löggæsluvald til sýnatöku verði takmarkaðar að því leyti að gert er ráð fyrir að starfsmenn tollstjóra þurfi að kalla til

lögreglu við sýnatöku en Landhelgisgæsla Íslands verði með sambærilegar heimildir og lögregla í slíkum tilvikum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu. Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Guðjón Hjörleifsson framsögumaður, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristján L. Möller, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson og Magnús Stefánsson.

Virðulegi forseti. Ég mæli einnig fyrir breytingartillögu frá samgöngunefnd um frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

238. gr. laganna orðast svo:

Hafi skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri orðið valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Sömu refsingu skal sá hljóta sem reynir að stjórna skipi, stjórnar skipaferðum eða veitir öryggisþjónustu vegna skipaferða og verður valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna skipi, stjórna skipaferðum eða veita öryggisþjónustu vegna skipaferða, ef hann vegna neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna, vegna sjúkdóms eða þreytu eða af öðrum orsökum, er óhæfur til að rækja starfann á fullnægjandi hátt. Brot gegn ákvæði þessu varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Nú er vínandamagn í blóði skipverja eða þeirra sem nánar greinir í 2. mgr. yfir 0,5? eða vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,25 milligrömmum í lítra lofts eða meira og telst hann þá undir áhrifum áfengis og ekki hæfur til þess starfa sem getur í 2. mgr. Það leysir viðkomandi ekki undan sök þótt hann ætli vínandamagn í blóði sínu minna en hér um ræðir. Nú hefur skipverji eða sá annar sem nánar greinir í 2. mgr. neytt áfengis við eða fyrir þann starfa sem nánar greinir í 2. mgr. þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að skipstjórn lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við starfann. Mælist ávana- og fíkniefni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim í blóði eða þvagi skipverja eða þess annars sem nánar greinir í 2. mgr. telst hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og ekki hæfur til þess starfa sem getur í 2. mgr.

Skipverja, þeim sem stjórnar skipaferðum eða veitir öryggisþjónustu vegna skipaferða er skylt, að kröfu lögreglu eða Landhelgisgæslu Íslands, að gangast undir rannsókn á öndunar-, munnvatns- eða svitasýni, blóð- eða þvagrannsókn með þeim hætti sem lögregla ákveður þegar ástæða er til að ætla að viðkomandi hafi brotið gegn ákvæðum þessarar greinar. Honum er jafnframt skylt að hlíta kröfu sömu aðila um að láta flytja sig til læknis til rannsóknar, þar á meðal til blóð- og þvagrannsóknar, og að hlíta nauðsynlegri meðferð læknis.

Skip merkir í þessari grein sérhvert fljótandi far, óháð lengd eða knúningsmáta.

Virðulegi forseti. Ég legg til að lokinni 2. umr. verði málinu vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 353. mál (afnám sérúthlutunar á þorski). — Þskj. 1124.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 382. mál (ráðstöfun fjár). — Þskj. 442.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 448. mál (hámark á krókaaflahlutdeild o.fl.). — Þskj. 1125, brtt. 1122.

[17:45]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum, frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar:

„Við 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skal endurgreiða gjald vegna úthlutunar aflaheimilda í rækju á Flæmingjagrunni fyrir árið 2006 og skal veiðigjald fyrir árin 2006, 2007 og 2008 innheimt í lok hvers árs miðað við rækjuafla hvers skips á því ári."

Þannig hljóðar breytingartillagan. Ég ætla í stuttu máli að gera grein fyrir henni.

Íslensk skip hafa stundað rækjuveiðar á Flæmingjagrunni frá árinu 1993. Á síðustu árum hefur dregið mjög úr sókninni vegna lækkandi afurðaverðs og aukins tilkostnaðar, sérstaklega vegna hás olíuverðs. Á síðasta ári stundaði einungis eitt skip þessar veiðar og nú hefur verið gerður samningur um sölu á því úr landi. Óvíst er hvenær rækjuveiðar á Flæmingjagrunni hefjast að nýju.

Rökin fyrir breytingunum á lagaákvæðum sem varða úthafsrækjuveiðar í íslenskri lögsögu eiga ekki síður við um rækjuveiðar á Flæmingjagrunni og því er þessi breyting á lögunum lögð til.

[17:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég gerði við 2. umr. grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og ætla ekki að endurtaka þá ræðu mína nema að litlu leyti.

Ég tel að hér sé á ferðinni afar undarleg ráðstöfun sem í ljósi allrar umræðu um fiskveiðimál og rétt manna til veiða hafi á sér ótrúlegan brag. Nú er ákveðið að menn þurfi ekki að hafa þau rök fyrir því að setja aflatakmarkanir að stjórna þurfi veiðum heldur er brugðið á það ráð að menn þurfi að fá að viðhalda aflarétti sínum þótt þeir veiði ekki. Þetta er mjög undarleg kúvending frá þeim rökum sem lágu til grundvallar á sínum tíma og notuð hafa verið í umræðunni allan tímann, þ.e. að þeir sem stundað hafa veiðar hafi veiðiréttinn og út á hann eigi þeir að fá einkarétt til að veiða úr viðkomandi stofni.

En þegar ekki liggur fyrir að takmarka þurfi veiðarnar skal veiðiréttinum samt sem áður viðhaldið og öðrum sem hefðu hugsanlega áhuga á að nýta sér veiðiréttinn ekki hleypt að, þótt hinir sem veiðiréttinn hafa nýti ekki veiðirétt sinn.

Þetta er hluti af einkavæðingarbröltinu í kringum fiskveiðar á Íslandi þar sem menn hafa með undarlegum hætti, án þess að segja það nokkurn tíma upphátt í ræðustól Alþingis, reynt að koma á fyrirkomulagi sem jafna mætti til einkavæðingar fiskimiðanna, sameignar þjóðarinnar. Auðvitað hafa staðið átök um auðlindina allan tímann. Þeim átökum er ekki lokið en það er umhugsunarefni, í ljósi þess að nú eru liðin 30 ár frá því að menn færðu landhelgina út í 200 mílur, að hinum átökunum um landhelgina skuli ekki lokið með neinni sátt.

Það var mikil samstaða með þjóðinni í landhelgisbaráttunni. Öll þjóðin stóð með stjórnvöldum þegar landhelgin var færð út. En þjóðin hefur sannarlega ekki staðið með stjórnvöldum í því að einkavæða veiðiréttinn á Íslandi. Það er langt frá því. Ég held þess vegna að við þurfum að horfast í augu við að átökin um auðlindina haldi áfram.

Mér finnst einnig ástæða til að nefna þetta í lok þessarar umræðu í ljósi þess að við fengum í hendurnar með Morgunblaðinu, þeir sem það blað fá í hendur, aukablað sem er gefið út í þessum mánuði í tilefni 30 ára afmælis þess að sigur vannst í landhelgisstríðunum. Það blað er reyndar blátt á litinn. Síðan er athyglisvert að lesa það blað. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að vitna fyrst í grein sem hæstv. sjávarútvegsráðherra skrifar í blaðið. Þar segir hann á einum stað:

„Okkur sem nú stöndum í sveit stjórnmálanna og í forystu sjávarútvegsmála, ber að halda þessu merki á lofti. Nú vex úr grasi ný kynslóð fólks sem ekki minnist þess elds sem á okkur brann í landhelgisstríðunum og á ef til vill erfitt með að setja sig í þau spor. Þess vegna höfum við svo ríkar skyldur, að halda þekkingunni vakandi."

Morgunblaðið er greinilega að halda þekkingunni vakandi með útgáfu þessa blaðs. Ekki ætla ég að setja út á að menn gefi út blöð til að halda vakandi þekkingu á landhelgisstríðinu. Ég tel hins vegar ástæðu til að nefna þetta blað sérstaklega vegna þess að mér finnst að skilaboðin sem það flytur fólki séu ekki rétt. Ég held að þeir sem ekki hafa fylgst með landhelgisstríðunum eins og þau voru geti fengið svolítið skrýtna mynd af þeim stríðum með því að fletta þessu blaði. Maður gæti í fljótu bragði haldið að þar hefðu nánast einungis sjálfstæðismenn unnið sigra. Ekki ætla ég að draga úr hlut þeirra í að færa út landhelgina en mér finnst það skjóta býsna skökku við að menn skuli ekki ganga þannig frá, þegar þeir gefa út blað á vegum blaðs sem kallar sig blað allra landsmanna og ætla að greina frá þessum styrjöldum sem landinn sannarlega háði á þessum árum, að einungis síðasti áfangi landhelgisstríðsins hafi í raun verið stríðið allt.

Þjóðin getur verið kát með að pólitískt starf á Íslandi til að vinna þessi stríð var með þeim hætti að allir stjórnmálaflokkarnir í landinu töldu sig þurfa að eiga þar góðan hlut þegar upp var staðið. En það muna þeir sem fylgdust með þessum landhelgisstríðum að Sjálfstæðisflokkurinn átti ekki hlut að því að færa út í tólf mílurnar og þvældist fyrir í því máli. Hann átti ekki heldur hlut að því að færa út í 50 mílurnar. Hann var í hvorugt skiptið við stjórn. Hins vegar áttuðu menn sig loks á því að ekki mætti lengur við svo búið standa. Þeir tóku upp mjög harða stefnu um það að færa strax út í 200 mílur um leið og búið var að færa út í 50 mílurnar.

Það var gæfa þjóðarinnar að þetta gekk svona til. Ég held að sú ákveðni og harka sem sýnd var í lokin, af sjálfstæðismönnum og öðrum því að allir stóðu saman um það að færa út landhelgina, hafi verið meiri en hún hefði annars orðið vegna þess að þeir voru utangátta bæði í 12 og 50 mílunum. Mér finnst það þess vegna ekki gott þegar landsmenn fá blað í hendur sem eru eiginlega skilaboð um það að 200 mílna sigurinn hafi verið sigurinn eini. Þar áttu allir hlut að og ég dreg ekki úr því að sjálfstæðismenn áttu þar góðan hlut. En mér finnst að umrætt blað hefði átt að skrifa öðruvísi. Það hefði átt að gera fleirum hátt undir höfði í því en gert var. Það hefði átt að setja blaðið upp með öðrum hætti en þeim að ókunnugir fái þá mynd sem ég tel að þeir fái með þessari blaðaútgáfu, þ.e. að Sjálfstæðisflokkurinn hafi unnið landhelgisstríðin. Það var ekki þannig.

Þjóðin vann þessi stríð. Hún stóð saman í þeim. Átökin um auðlindina voru háð af öllum Íslendingum. Það var einróma þjóð sem stóð að þeim átökum. En þjóðin hefur ekki verið einróma í eftirleiknum, þ.e. þeim átökum sem hafa staðið um auðlindina frá því að eignarhaldsfyrirkomulaginu var komið á hvað varðar kvótakerfið. Það ætti að vera umhugsunarefni þeim mönnum sem muna þorskastríðin og þá eindrægni sem gilti þá meðal þjóðarinnar. Þetta vildi ég segja í tilefni af því blaði sem Morgunblaðið gaf út í tilefni af 30 ára afmæli þess að landhelgin var færð út í 200 mílur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, 3. umr.

Stjfrv., 616. mál (EES-reglur). — Þskj. 1126.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:57]

[18:38]

Útbýting:

Atvinnuleysistryggingar, 742. mál, brtt. félmn. þskj. 1341.

Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 731. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1338; brtt. BJJ o.fl., þskj. 1339.

Tekjuskattur, 793. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1337.

Vinnumarkaðsaðgerðir, 788. mál, nál. félmn. þskj. 1340; brtt. félmn. þskj. 1342.

Fundi slitið kl. 18:39.

---

120. FUNDUR

föstudaginn 2. júní,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, þáltill., 297. mál, þskj. 318, nál. 1141. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

2. Rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, þáltill., 298. mál, þskj. 319, nál. 1142. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

3. Samstarf vestnorrænna landa í orkumálum, þáltill., 299. mál, þskj. 320, nál. 1143. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

4. Stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða, þáltill., 541. mál, þskj. 788, nál. 1014. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

5. Samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, þáltill., 542. mál, þskj. 789, nál. 1144. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

6. Samstarf Vestur-Norðurlanda um baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa og umhverfisvernd, þáltill., 543. mál, þskj. 790, nál. 1145. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

7. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 685. mál, þskj. 1002, nál. 1217. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

8. Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 686. mál, þskj. 1003, nál. 1218. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

9. Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 687. mál, þskj. 1004, nál. 1219. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

10. Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Suður-Kóreu, stjtill., 671. mál, þskj. 981, nál. 1216. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

11. Samningur um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, stjtill., 662. mál, þskj. 970, nál. 1231. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

12. Norðurlandasamningur um almannaskráningu, stjtill., 609. mál, þskj. 893, nál. 1230. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

13. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 610. mál, þskj. 894, nál. 1285. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

14. Lokafjárlög 2004, stjfrv., 575. mál, þskj. 833, nál. 1123 og 1241. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

15. Virðisaukaskattur, stjfrv., 624. mál, þskj. 917, nál. 1199. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

16. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 622. mál, þskj. 915, nál. 1203. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

17. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 403. mál, þskj. 519, nál. 1204 og 1229. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

18. Tekjuskattur, stjfrv., 623. mál, þskj. 916, nál. 1237. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

19. Tollalög og tekjuskattur, stjfrv., 733. mál, þskj. 1069, nál. 1309. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

20. Hlutafélög, stjfrv., 444. mál, þskj. 666, nál. 1183, brtt. 1184. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

21. Einkahlutafélög, stjfrv., 445. mál, þskj. 667, nál. 1185, brtt. 1186. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

22. Evrópsk samvinnufélög, stjfrv., 594. mál, þskj. 878, nál. 1259. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

23. Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, stjfrv., 647. mál, þskj. 954, nál. 1238. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

24. Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, stjfrv., 651. mál, þskj. 958, nál. 1275, brtt. 1276. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

25. Hlutafélög, stjfrv., 684. mál, þskj. 1001, nál. 1312, brtt. 1313. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

26. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 655. mál, þskj. 962, nál. 1314, brtt. 1315. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

27. Lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, stjfrv., 709. mál, þskj. 1045, nál. 1311. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

28. Umhverfismat áætlana, stjfrv., 342. mál, þskj. 376, nál. 1007, brtt. 1008. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

29. Úrvinnslugjald, stjfrv., 714. mál, þskj. 1050, nál. 1264, brtt. 1265. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

30. Landshlutaverkefni í skógrækt, stjfrv., 555. mál, þskj. 809, nál. 1159, brtt. 1160. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

31. Afréttamálefni, fjallskil o.fl., frv., 210. mál, þskj. 210, nál. 1158. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

32. Þjóðarblóm Íslendinga, stjtill., 455. mál, þskj. 679, nál. 1157. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

33. Framsal sakamanna, stjfrv., 667. mál, þskj. 977, nál.

1236. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

34. Fullnusta refsidóma, stjfrv., 675. mál, þskj. 991, nál. 1235. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

35. Vegabréf, stjfrv., 615. mál, þskj. 900, nál. 1226. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

36. Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, stjfrv., 669. mál, þskj. 979, nál. 1269. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

37. Réttarstaða samkynhneigðra, stjfrv., 340. mál, þskj. 374, nál. 1181, brtt. 1182. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

38. Þjóðskrá og almannaskráning, stjfrv., 566. mál, þskj. 821, nál. 1224. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

39. Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, stjfrv., 567. mál, þskj. 822, nál. 1225. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

40. Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, stjfrv., 331. mál, þskj. 363, nál. 1146, brtt. 1147. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

41. Höfundalög, stjfrv., 664. mál, þskj. 974, nál. 1228. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

42. Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, stjfrv., 695. mál, þskj. 1025, nál. 1266. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

43. Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 463. mál, þskj. 690, nál. 1227. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

44. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 614. mál, þskj. 899, nál. 1262. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

45. Brottfall laga um Flugskóla Íslands hf., stjfrv., 480. mál, þskj. 708, nál. 1015, till. til rökst. dagskrár 1016. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

46. Siglingalög, stjfrv., 376. mál, þskj. 432, nál. 1017, brtt. 1018. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

47. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 353. mál, þskj. 1124. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

48. Verkefnasjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 382. mál, þskj. 442. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

49. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 448. mál, þskj. 1125, brtt. 1122. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

50. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 616. mál, þskj. 1126. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

51. Breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, stjfrv., 279. mál, þskj. 294, nál. 1128, brtt. 1129 og 1200. — 2. umr.

52. Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, stjfrv., 328. mál, þskj. 360, nál. 1234, brtt. 1220. — 2. umr.

53. Tóbaksvarnir, stjfrv., 388. mál, þskj. 470, nál. 1260, brtt. 1261, 1310 og 1336. — 2. umr.

54. Hlutafélög, stjfrv., 404. mál, þskj. 520, nál. 1086 og 1164, brtt. 1087 og 1165. — 2. umr.

55. Háskólar, stjfrv., 433. mál, þskj. 654, nál. 1041 og 1119, brtt. 1042 og 1120. — 2. umr.

56. Grunnskólar, stjfrv., 447. mál, þskj. 671, nál. 1239, brtt. 1240. — 2. umr.

57. Umferðarlög, stjfrv., 503. mál, þskj. 735, nál. 1161, brtt. 1162. — 2. umr.

58. Lögreglulög og framkvæmdarvald ríkisins í héraði, stjfrv., 520. mál, þskj. 759, nál. 1242, brtt. 1243. — 2. umr.

59. Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, stjtill., 683. mál, þskj. 999, nál. 1223. — Síðari umr.

60. Samningur um tölvubrot, stjtill., 692. mál, þskj. 1022, nál. 1286. — Síðari umr.

61. Eldi vatnafiska, stjfrv., 595. mál, þskj. 879, nál. 1323, brtt. 1324. — 2. umr.

62. Varnir gegn fisksjúkdómum, stjfrv., 596. mál, þskj. 880, nál. 1325, brtt. 1326. — 2. umr.

63. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 607. mál, þskj. 891, nál. 1327, brtt. 1328. — 2. umr.

64. Veiðimálastofnun, stjfrv., 612. mál, þskj. 897, nál. 1329, brtt. 1330. — 2. umr.

65. Fiskrækt, stjfrv., 613. mál, þskj. 898, nál. 1331, brtt. 1332. — 2. umr.

66. Kjararáð, stjfrv., 710. mál, þskj. 1046, nál. 1334, brtt. 1335. — 2. umr.

67. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 742. mál, þskj. 1078, nál. 1340, brtt. 1341 og 1343. — 2. umr.

68. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 788. mál, þskj. 1194, nál. 1340, brtt. 1342. — 2. umr.

69. Tekjuskattur, stjfrv., 793. mál, þskj. 1212, nál. 1337, brtt. 1252. — 2. umr.

70. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 794. mál, þskj. 1213, nál. 1333, brtt. 1250 og 1270. — 2. umr.

71. Fjármálaeftirlit, stjfrv., 556. mál, þskj. 810, nál. 1316, brtt. 1317. — 2. umr.

72. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 789. mál, þskj. 1195. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

73. Aðgangur að opinberum gögnum um öryggismál, þáltill., 803. mál, þskj. 1284. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 9. þm. Reykv. n.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir heilbrrh., 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:34]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 4. þm. Norðvest., Einari K. Guðfinnssyni, dags. 2. júní:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, Guðjón Guðmundsson, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Guðjón Guðmundsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[10:35]

Útbýting:

Atvinnuleysistryggingar, 742. mál, nál. félmn., þskj. 1340; brtt. JóhS, þskj. 1343.

Tilhögun þingfundar.

[10:35]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti vill taka það fram við upphaf þingfundar að þingmenn mega búast við frekari atkvæðagreiðslum þegar líður á daginn.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, frh. síðari umr.

Þáltill. HBl o.fl., 297. mál. — Þskj. 318, nál. 1141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÖJ.

29 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GAK, GÞÞ, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1348).

Rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, frh. síðari umr.

Þáltill. HBl o.fl., 298. mál. — Þskj. 319, nál. 1142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, ÞKG, ÖJ.

29 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GÓJ, GAK, GÞÞ, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SF, SP, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1349).

Samstarf vestnorrænna landa í orkumálum, frh. síðari umr.

Þáltill. HBl o.fl., 299. mál. — Þskj. 320, nál. 1143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GAK, GÞÞ, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MÞH, MS, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1350).

Stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða, frh. síðari umr.

Þáltill. HBl o.fl., 541. mál. — Þskj. 788, nál. 1014.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, MÁ, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

28 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GÓJ, GAK, GÞÞ, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1351).

Samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, frh. síðari umr.

Þáltill. HBl o.fl., 542. mál. — Þskj. 789, nál. 1144.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH,

EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GAK, GÞÞ, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1352).

Samstarf Vestur-Norðurlanda um baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa og umhverfisvernd, frh. síðari umr.

Þáltill. HBl o.fl., 543. mál. — Þskj. 790, nál. 1145.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÖJ.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, DJ, EOK, GAK, GÞÞ, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1353).

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 685. mál (mælitæki). — Þskj. 1002, nál. 1217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, BBj, EOK, GAK, GÞÞ, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KHG, MÞH, MS, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1354).

Breyting á IV. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 686. mál (framleiðsla rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum). — Þskj. 1003, nál. 1218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]
Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GAK, GÞÞ, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KHG, MÞH, MS, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1355).

Breyting á XI. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 687. mál (endurnot opinberra upplýsinga). — Þskj. 1004, nál. 1219.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]
Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GAK, GÞÞ, HjÁ, ISG, JBjarn, JGunn, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, RG, SKK, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1356).

Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Suður-Kóreu, frh. síðari umr.

Stjtill., 671. mál. — Þskj. 981, nál. 1216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]
Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GAK, GÞÞ, HjÁ, ISG, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MÞH, MS, MF, RG, SKK, SF, SP, VF, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1357).

Samningur um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, frh. síðari umr.

Stjtill., 662. mál. — Þskj. 970, nál. 1231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:43]

Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÖJ.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GAK, GÞÞ, HHj, HjÁ, ISG, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MS, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1358).

Norðurlandasamningur um almannaskráningu, frh. síðari umr.

Stjtill., 609. mál. — Þskj. 893, nál. 1230.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:44]

Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GAK, HjÁ, ISG, JBjarn, JGunn, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1359).

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, frh. síðari umr.

Stjtill., 610. mál. — Þskj. 894, nál. 1285.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:44]

Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, HjÁ, ISG, JGunn, LB, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1360).

Lokafjárlög 2004, frh. 2. umr.

Stjfrv., 575. mál. — Þskj. 833, nál. 1123 og 1241.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]

Sundurliðun 1–3 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, JónK, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GuðjG, HjÁ, ISG, JGunn, JBjart, KHG, LB, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

1.–3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, HjÁ, ISG, JGunn, JBjart, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB,

SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

2 þm. (SJS, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, HjÁ, ISG, JGunn, JBjart, LB, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 624. mál (lágmark virðisaukaskattsskyldrar sölu o.fl.). — Þskj. 917, nál. 1199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

2.–5. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 622. mál (einföldun og samræming lagaákvæða). — Þskj. 915, nál. 1203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:49]

Brtt. í nál. 1203 samþ. með 47 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.

2.–6. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 403. mál (nýjar gjaldtökuheimildir). — Þskj. 519, nál. 1204 og 1229.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér greiðum við atkvæði um breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Um er að ræða verulegar hækkanir á ýmsum gjöldum, einkum þeim sem snúa að útlendingum, fólki sem er að sækja um ríkisborgararétt. Hér er kveðið á um að gjald vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt skuli hækka úr 1.350 kr. í 10 þús. kr., þ.e. um 8.650 kr. sem er hækkun upp á 640%. Síðan á gjald vegna tilkynningar um íslenskan ríkisborgararétt að hækka úr 1.350 í 5 þús. kr., þ.e. um 3.650 kr., um 270%. Þessi gjaldtaka getur verið drjúg og þung fyrir láglaunafólk sem hér hefur komið til landsins og við teljum þessa hækkun óforsvaranlega og greiðum atkvæði gegn henni.

1. gr. samþ. með 26:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, JónK, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GHall, HjÁ, ISG, JGunn, JBjart, KHG, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 26:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, JónK, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: EMS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GHall, HjÁ, ISG, JGunn, JBjart, KHG, LB, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GHall, HjÁ, ISG, JGunn, JBjart, KHG, LB, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Tekjuskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 623. mál (samlagshlutafélög og lífeyrissjóðir). — Þskj. 916, nál. 1237.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1237 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Tollalög og tekjuskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 733. mál (fækkun tollumdæma o.fl.). — Þskj. 1069, nál. 1309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

2.–14. gr. og ákv. til brb. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Hlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (stjórnhættir, starfskjör stjórnenda). — Þskj. 666, nál. 1183, brtt. 1184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]
Brtt. 1184,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1184,2–5 samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–10. gr., svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1184,6 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
11.–15. gr. (verða 12.–16. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Einkahlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 445. mál (stjórnhættir, starfskjör stjórnenda). — Þskj. 667, nál. 1185, brtt. 1186.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:58]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1186,1 (ný 2. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
17 þm. (AKG, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GÓJ, HjÁ, ISG, JGunn, JBjart, KHG, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 1186,2–3 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
17 þm. (AKG, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GÓJ, HjÁ, ISG, JGunn, JBjart, KHG, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

4.–9. gr., svo breyttar, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JÁ, JBjarn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
19 þm. (AKG, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GÓJ, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JBjart, KHG, LB, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 1186,4 (ný grein, verður 10. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
10.–13. gr. (verða 11.–14. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Evrópsk samvinnufélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 594. mál (EES-reglur). — Þskj. 878, nál. 1259.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–13. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1259 samþ. með 44 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
15.–30. gr. og fskj. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 647. mál (opinber skráning verðbréfa, EES-reglur). — Þskj. 954, nál. 1238.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:02]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, frh. 2. umr.

Stjfrv., 651. mál (ESB-reglur). — Þskj. 958, nál. 1275, brtt. 1276.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:03]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Það er mjög mikilvægt að samþykkja lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og hryðjuverkum. Þetta

lagafrumvarp þjónar því markmiði og er prýðilegt um margt. Í því eru hins vegar alvarlegar brotalamir og sú alvarlegasta snýr að skilgreiningu á hryðjuverkum. Mörg ríki, þar á meðal Ísland, hafa fylgt fordæmi Bandaríkjastjórnar í svokallaðri baráttu gegn hryðjuverkum og hert löggjöf sína í sumum tilvikum á kostnað mannréttinda. Ég hef trú á að stundum geri menn slíkt óafvitandi.

Í þessu lagafrumvarpi eru hryðjuverk skilgreind. Það er gert í 2. lið 3. gr. en þar segir um fjármögnun hryðjuverka, með leyfi forseta:

„Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a almennra hegningarlaga."

Í 100. gr. a almennra hegningarlaga er síðan vísað í aðrar greinar hegningarlaganna, þar á meðal 176. gr. Í þeirri grein er vísað til þess að saknæmt sé m.a. að trufla og stöðva útvarpsrekstur. Á grundvelli þessara laga var forsvarsmönnum starfsmannafélaga útvarps og sjónvarps stefnt fyrir dóm í kjölfar verkfalls BSRB árið 1984. Málið fór fyrir tvö dómstig, endaði í Hæstarétti þar sem ríkissaksóknari krafðist fangelsisvistar. Ákærðir voru sýknaðir. Ef þeir hins vegar hefðu verið fundnir sekir væru þeir í reynd samkvæmt skilgreiningu þessara laga sekir um hryðjuverk og fjárhagslegur stuðningur við starfsmannafélög útvarps og sjónvarps væri saknæmur.

Þetta er hið stóra samhengi málanna sem við þurfum að huga vel að og við verðum að fara mjög gætilega í þessum efnum. Þess vegna munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiða atkvæði gegn 2. lið 3. gr. þessa frumvarps. Við munum styðja frumvarpið að öðru leyti en þegar kemur síðan til afgreiðslu munum við sitja hjá verði engar breytingar gerðar á lögum.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–3. gr., 1. tl., samþ. með 43 shlj. atkv.

3. gr., 2. tl., samþ. með 28:13 atkv. og sögðu

já: ArnbS, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÖrl, HÁs, JónK, KÓ, KHG, LB, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: ÁRJ, GAK, HHj, JÁ, JBjarn, KJúl, KolH, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, ÖJ, ÖS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GÁ, GÖg, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JBjart, KLM, MF, RG, SKK, SF, SP, VF, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

3. gr., 3.–6. tl., samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1276,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1276,2 samþ. með 46 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1276,3 samþ. með 47 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1276,4 samþ. með 46 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
10.–15. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1276,5 (ný grein, verður 16. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1276,6 samþ. með 49 shlj. atkv.
16. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
17.–25. gr. (verða 18.–26. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1276,7 samþ. með 49 shlj. atkv.
26. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1276,8 samþ. með 49 shlj. atkv.
27. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
28. gr. (verður 29. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1276,9 samþ. með 49 shlj. atkv.
29. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Hlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 684. mál (samlagshlutafélög o.fl.). — Þskj. 1001, nál. 1312, brtt. 1313.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:14]
Brtt. 1313,1 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1313,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 655. mál (útboðs- og skráningarlýsingar, EES-reglur). — Þskj. 962, nál. 1314, brtt. 1315.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:15]
Brtt. 1315 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, frh. 2. umr.

Stjfrv., 709. mál (kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa). — Þskj. 1045, nál. 1311.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:17]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

2.–9. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Umhverfismat áætlana, frh. 2. umr.

Stjfrv., 342. mál. — Þskj. 376, nál. 1007, brtt. 1008.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:18]
Brtt. 1008,1 (ný 1. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞSveinb.
2 þm. (GAK, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (AKG, ÁMM, ÁMöl, EOK, ISG, JGunn, KolH, KHG, MS, MF, RG, SKK, SF, SP, SJS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1008,2–12 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÖJ.
2 þm. (GAK, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (AKG, ÁMM, ÁMöl, EOK, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MS, MF, RG, SKK, SF, SP, SJS, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2.–13. gr., svo breyttar, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÖJ.
3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (AKG, ÁMM, ÁMöl, BjörgvS, EOK, ISG, JÁ, JGunn, KHG, LB, MS, MF, RG, SKK, SF, SP, SJS, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Úrvinnslugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 714. mál (verkaskipting Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga o.fl.). — Þskj. 1050, nál. 1264, brtt. 1265.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:19]
Brtt. 1265,1 samþ. með 45 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1265,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1265,3 samþ. með 41 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1265,4 (ný grein, verður 8. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1265,5 samþ. með 42 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Landshlutaverkefni í skógrækt, frh. 2. umr.

Stjfrv., 555. mál (samræming laga, endurgreiðsla framlaga o.fl.). — Þskj. 809, nál. 1159, brtt. 1160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:23]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1160,1 samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1160,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
4.–9. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1160,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
11.–12. gr. og ákv. til brb. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., frh. 2. umr.

Frv. DrH og HBl, 210. mál (fjögurra vikna innlausnarfrestur óskilapenings). — Þskj. 210, nál. 1158.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:26]
1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Þjóðarblóm Íslendinga, frh. síðari umr.

Stjtill., 455. mál. — Þskj. 679, nál. 1157.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:28]
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl,

HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KLM, LB, MS, MÁ, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

4 þm. (BÁ, EMS, KolH, SJS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AKG, ÁRJ, ÁMöl, EOK, GuðjG, GAK, ISG, JóhS, JGunn, KÓ, KHG, MÞH, MF, PHB, RG, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KLM, MS, MÁ, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

2 þm. (KolH, SJS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, GAK, GÞÞ, ISG, JóhS, JGunn, KÓ, KHG, LB, MÞH, MF, PHB, RG, SKK, SF, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1375).

Framsal sakamanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 667. mál (málsmeðferðarreglur). — Þskj. 977, nál. 1236.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]

Brtt. í nál. 1236 samþ. með 47 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Fullnusta refsidóma, frh. 2. umr.

Stjfrv., 675. mál (flutningur sektarinnheimtu til Blönduóss). — Þskj. 991, nál. 1235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Vegabréf, frh. 2. umr.

Stjfrv., 615. mál (ný gerð vegabréfa, nýr útgefandi o.fl.). — Þskj. 900, nál. 1226.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:30]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, EOK, GAK, ISG, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SKK, SF, SP, StB, VF, ÞBack) fjarstaddir.

2.–9. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.

20 þm. (AKG, ÁRJ, ÁMöl, EOK, ISG, JBjarn, JGunn, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, RG, SKK, SF, SP, StB, VF, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1226 (ný 10. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.

18 þm. (AKG, ÁMöl, EOK, ISG, JGunn, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, RG, SKK, SF, SP, StB, VF, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 669. mál (EES-reglur). — Þskj. 979, nál. 1269.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:31]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1269 (nýtt fylgiskjal) samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Réttarstaða samkynhneigðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 340. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 374, nál. 1181, brtt. 1182 og 1201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:33]

Bjarni Benediktsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við greiðum atkvæði um mál sem eyðir þeim óréttláta mun sem verið hefur á lagalegri réttarstöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra hér á landi. Það eru dæmi þess að Alþingi ryðji brautina og valdi viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu með lagasetningu og því má halda fram að lög um staðfesta samvist, frá 1996, séu dæmi um slíkt mál.

Það mál sem við erum hér með fyrir framan okkur og greiðum nú atkvæði um er hins vegar að mínu áliti dæmi um hið gagnstæða, þ.e. að viðhorfsbreytingin hefur átt sér stað en þingið fylgir á eftir og breytir lögum. Allt stefnir í að einhugur sé um það á þinginu að afgreiða málið eins og það liggur fyrir. Það er mikið fagnaðarefni. Og það er ekki síst í þessu ljósi sem það er vel við hæfi að lögin munu taka gildi á alþjóðlegum mannréttindabaráttudegi samkynhneigðra 27. júní nk. en hið sama var valið fyrir gildistöku laganna um staðfesta samvist þegar þau voru afgreidd á þinginu.

Brtt. 1182,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1182,2–22 samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–36. gr., svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Þjóðskrá og almannaskráning, frh. 2. umr.

Stjfrv., 566. mál (flutningur Þjóðskrár til dómsmálaráðuneytisins). — Þskj. 821, nál. 1224.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:37]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1224,1 samþ. með 41 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
4.–14. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1224,2 (ný 15. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, frh. 2. umr.

Stjfrv., 567. mál. — Þskj. 822, nál. 1225.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:38]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2.–29. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1225 (ný 30. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 363, nál. 1146, brtt. 1147.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:40]

Brtt. 1147,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1147,2–7 samþ. með 44 shlj. atkv.
3.–8. gr., svo breyttar, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1147,8 (ný 9. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
10.–11. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1147,9 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EMS, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

19 þm. (AKG, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GÁ, GÖg, ISG, JGunn, KHG, MÞH, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:41]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að í bráðabirgðaákvæðinu kemur fram dagsetningin 1. júní vil ég geta þess að breytingartillaga verður flutt við 3. umr. um að ný dagsetning verði 1. júlí. Er þetta gert í samráði við nefndarmenn í hv. menntamálanefnd og fulltrúa ráðuneytis.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1147,10 (ný fyrirsögn) samþ. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Höfundalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 664. mál (lækkun fylgiréttargjalds, EES-reglur). — Þskj. 974, nál. 1228.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:43]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 695. mál (heildarlög). — Þskj. 1025, nál. 1266.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:44]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1266 (ný 5. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
6.–7. gr. og ákv. til brb. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 463. mál (grafískir hönnuðir). — Þskj. 690, nál. 1227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:45]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, EMS, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
1 þm. (DrH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GHH, GuðjG, ISG, JGunn, KHG, MÞH, MF, RG, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 614. mál (styrkir til hitaveitna). — Þskj. 899, nál. 1262.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:47]
Brtt. í nál. 1262 (ný 1. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Brottfall laga um Flugskóla Íslands hf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 708, nál. 1015, till. til rökst. dagskrár 1016.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
[11:48]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er að koma til atkvæða frumvarp til laga um brottfall laga um Flugskóla Íslands hf. Með þessu frumvarpi er ekki aðeins verið að fella úr gildi lög um Flugskóla Íslands hf. heldur einnig í rauninni þau sérgreindu lagaákvæði sem eru í íslenskum lögum um flugnám. Þessu var mótmælt m.a. af Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og af þeim ástæðum flyt ég tillögu til rökstuddrar dagskrár sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Bóklegt nám til að öðlast réttindi til að stjórna flugförum á ekki síður en bóklegt nám til vélstjórnarréttinda og skipstjórnarréttinda að heyra undir menntamálaráðuneytið. Með frumvarpi til laga um brottfall laga um Flugskóla Íslands hf. er hins vegar lagt til að fella úr gildi einu lögin sem fjalla um það hvernig bóklegri menntun flugmanna skuli háttað.

Í núgildandi lögum um Flugskóla Íslands hf. er fólgið aðhald sem ekki er innifalið í aðhaldi Flugmálastjórnar. Þá samræmist sú ráðagerð að fella brott lög um Flugskóla Íslands hf. ekki því markmiði að ávallt skuli þess freistað að tryggja almennt flugöryggi eins og nokkur kostur er hverju sinni.“

Ég tel að það væri miklu réttara að sett væri niður nefnd til að taka á skipan náms í flugi eins og í öðru starfs- og réttindanámi frekar en leggja hér niður einu lögin sem um það fjalla. Þess vegna legg ég til að frumvarpinu verði vísað frá og þessi vinna verði sett í gang í staðinn.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 1016 felld með 37:7 atkv. og sögðu
já: GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SJS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, LB, MS, PHB, SI, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.
19 þm. (AKG, ÁMöl, BJJ, EOK, GHH, GuðjG, HHj, ISG, JGunn, KHG, MÞH, MF, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 35:4 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, MS, PHB, SI, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: JBjarn, KolH, SJS, ÖJ.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.
23 þm. (AKG, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjörgvS, EOK, GHH, GuðjG, HHj, ISG, JGunn, KHG, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 34:4 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, MS, PHB, SI, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.
nei: JBjarn, KolH, SJS, ÖJ.
2 þm. (GAK, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, BÁ, BJJ, EOK, GHH, GuðjG, HHj, ISG, JGunn, KHG, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, MS, PHB, SI, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.
3 þm. (KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (AKG, ÁMöl, EOK, GHH, GuðjG, HHj, ISG, JGunn, KHG, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Siglingalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 376. mál (öryggi á sjó). — Þskj. 432, nál. 1017, brtt. 1018.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:53]
Brtt. 1018 (ný 1. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 353. mál (afnám sérúthlutunar á þorski). — Þskj. 1124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:54]
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SÞorg, StB, VS, ÞKG.
19 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, LB, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (AKG, ÁMöl, EOK, GHH, GuðjG, ISG, JGunn, KHG, KLM, MÞH, MF, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1386).

Verkefnasjóður sjávarútvegsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 382. mál (ráðstöfun fjár). — Þskj. 442.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:55]
Frv. samþ. með 26:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SÞorg, StB, VS, ÞKG.
nei: GAK, SigurjÞ.
15 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, EOK, GHH, GuðjG, ISG, JGunn, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1387).

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 448. mál (hámark á krókaaflahlutdeild o.fl.). — Þskj. 1125, brtt. 1122.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:56]
Brtt. 1122 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EMS, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, MS, PHB, SI, SÞorg, StB, VS, ÞKG.
15 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (AKG, ÁMöl, BBj, EOK, GHH, GuðjG, ISG, JGunn, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, MS, PHB, SI, SÞorg, StB, VS, ÞKG.
15 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
18 þm. (AKG, ÁMöl, EOK, GHH, GuðjG, ISG, JGunn, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1388).

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, frh. 3. umr.

Stjfrv., 616. mál (EES-reglur). — Þskj. 1126.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:56]

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÖS.

14 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMöl, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HHj, ISG, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1389).

[11:57]

Útbýting:

Almannatryggingar, 792. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1346; nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1369.

Happdrætti Háskóla Íslands, 748. mál, nál. allshn., þskj. 1374.

Réttarstaða samkynhneigðra, 340. mál, brtt. BjarnB, þskj. 1370.

Skráning losunar gróðurhúsalofttegunda, 713. mál, nál. umhvn., þskj. 1344; brtt. GÞÞ o.fl., þskj. 1345.

Umferðarlög, 503. mál, brtt. JBjarn, þskj. 1347.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:58]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1347. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

72. og 73. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 38 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

[Fundarhlé. — 11:59]

Breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 2. umr.

Stjfrv., 279. mál (sameiginleg forsjá barns o.fl.). — Þskj. 294, nál. 1128, brtt. 1129 og 1200.

[13:01]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breytingar á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar. Það er um málið að segja að farið hefur fram afar mikil vinna í allsherjarnefnd vegna þessa máls og eins og sjá má á þskj. 1128, nefndarálitinu, hefur nefndin fundað með fjölmörgum aðilum og umsagnir bárust víða að vegna málsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á barnalögum, lögum um ættleiðingar og hjúskaparlögum. Meginbreytingin sem frumvarpið felur í sér á barnalögum er að sameiginleg forsjá er gerð að meginreglu eftir samvistarslit foreldra nema annað sé ákveðið. Þá eru lagðar til breytingar varðandi þvingunarúrræði þegar umgengni er tálmað og enn fremur á lögsögureglum í meðlagsmálum.

Einnig eru lagðar til breytingar á ættleiðingarlögum sem varða einkum málsmeðferð og breytingar á hjúskaparlögum sem fela í sér að einfalda málsmeðferð við innheimtu framfærslueyris og lífeyris til maka á grundvelli laganna og að fella niður heimild til að kæra útgáfu skilnaðarleyfis til ráðuneytisins þar sem eðlilegra þykir að dómstólar fjalli um slík mál vegna þeirra afdrifaríku réttaráhrifa sem fylgja útgáfu skilnaðarleyfis og þá einnig ógildingu slíks leyfis, eins og segir í nefndarálitinu.

Í nefndinni varð töluverð umræða um þá breytingu sem frumvarpið leggur til, þ.e. um sameiginlegu forsjána og að sameiginleg forsjá verði meginregla eftir skilnað eða slit skráðrar sambúðar. Þessi mál hafa verið að þróast frá árinu 1992 þegar sameiginleg forsjá var tekin upp í barnalögin og í greinargerð sem fylgdi frumvarpi á þeim tíma voru talin upp rök með og á móti þeirri tilhögun. Í öllum meginatriðum hefur reynslan af sameiginlegri forsjá verið mjög jákvæð og það má heita að sameiginleg forsjá sé í framkvæmd meginregla í dag. En þegar tekið er til skoðunar hvort rétt sé að innleiða í lög þá meginreglu að sameiginleg forsjá skuli verða að lögum þá koma til skoðunar ýmis sjónarmið m.a. um það hvort með því sé tekinn af samvistaraðilum sem eru að slíta samvistum eða hjónum sem eru að slíta hjúskap samningsrétturinn um þetta efni. Því sjónarmiði var vissulega hreyft í nefndinni en það sjónarmið er þó leiðandi í þessu máli og í nefndaráliti styður allsherjarnefnd það meginsjónarmið að í raun sé um breytingu að ræða sem ætlað er að fylgja eftir þeirri framkvæmd sem hefur mótast í kjölfar lagabreytingarinnar frá árinu 1992.

Ég hygg að ekki ástæða sé til að fara í smáatriðum ofan í allt það sem fram kemur í nefndarálitinu en í því er, vil ég leyfa mér að segja, farið óvenju ítarlega ofan í öll þau atriði sem komu til skoðunar. Ég ætla þó að stikla á stóru undir einstökum fyrirsögnum í nefndarálitinu.

Það er þá fyrst aðeins um forsjána. Það kom mjög sterkt fram á fundi nefndarinnar að þörf er á að koma að meiri fræðslu um inntak forsjár. Spurt var hvort ekki væri eðlilegt að inntak forsjárinnar væri nákvæmlega skilgreint í lögum en niðurstaðan varð að gera það ekki heldur þyrfti að skilja eftir svigrúm til að inntak forsjárinnar gæti þróast með þjóðfélagsbreytingum. Á hinn bóginn má segja að það sé mikilvægt á hverjum tíma að foreldrar hafi mjög skýrar leiðbeiningar og upplýsingar um þann rétt sem þeir eru að meðhöndla við sambúðar- eða samvistarslit. Það var af þeirri ástæðu og í kjölfar þeirrar miklu umræðu sem fór fram um þessi atriði sem nefndin kallaði eftir því hvort til stæði í ráðuneytinu að koma á framfæri frekari upplýsingum. Kom þá fram að dómsmálaráðuneytið er að undirbúa útgáfu bæklings um m.a. inntak sameiginlegrar forsjár, hvað í henni felist og hvaða ákvarðanir teljist meiri háttar

þannig að samþykki beggja foreldra þurfi að koma til vegna hagsmuna barnsins. Eins og segir í niðurlagi kaflans um forsjá í nefndarálitinu telur nefndin þarft að leiðbeiningarreglur um hvað felist í sameiginlegri forsjá verði kynntar en hins vegar telur nefndin ekki að rétt sé að slíkt sé bundið í lög. Almennt má um þetta segja að ekki er rétt að binda um of hendur foreldra í þessu efni. Foreldrar eiga að geta ráðið því í öllum aðalatriðum hvaða atriði það eru sem þeir kjósa að fara sameiginlega með.

Svo ég fari úr forsjánni yfir í umfjöllun um dómstólaleiðina þá fór fram töluvert mikil umræða í nefndinni um þá leið. Við þekkjum dæmi þess á Norðurlöndunum að sú leið hafi verið farin. Nú nýlega höfum við fengið upplýsingar um að í Danmörku eru að koma fram tillögur um að breyta lögum þar á þann veg að dómstólar geti dæmt foreldra til að fara sameiginlega með forsjána þegar um ágreining í því efni er að ræða. Um þetta fór fram töluvert mikil umræða og niðurstaða nefndarinnar um þetta atriði — ég tek fram að það var ekki án fyrirvara sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu, ekki án fyrirvara frá einstökum nefndarmönnum — er sú að fara þá leið sem frumvarpið gengur út frá, þ.e. að dómstólar fari ekki með heimild til þess að dæma foreldra til að fara sameiginlega með forsjána heldur að leggja áherslu á sáttameðferðina. Það er tekið til umfjöllunar sérstaklega á bls. 6 í nefndarálitinu, um sáttameðferð. Megináherslan er lögð á — og það er nokkuð sem ég get kannski sagt að hafi komið mörgum nefndarmönnum nokkuð á óvart við meðferð málsins að það er hægt að ná gríðarlega góðum árangri með því að láta reyna á sáttameðferð í skilnaðarmálum. Við höfum dæmi þess að þar sem menn hafa lagt sig eftir því að ná sátt hefur árangurinn verið mikill. Að mínu áliti er það skynsamlegra fyrir okkur að leggja áherslu á að þróa sáttaúrræðið enn frekar, láta reyna á það miklu betur en gert hefur verið hingað til að reyna að ná sáttum foreldra þegar til ágreinings kemur um forsjána. Það er einungis þegar við höfum gengið þá leið til enda að til greina komi að fara að skoða hitt úrræðið sem væri þá að dómstólar mundu fá það vald að geta dæmt foreldrana til að fara sameiginlega með forsjána.

En það er reyndar annað sem ég fyrir mitt leyti set fyrirvara við varðandi dómstólaleiðina. Það er að mér finnst vera ákveðin öfugmæli í því að dómstólar geti dæmt aðila til að verða sammála um atriði sem þeir segjast vera ósammála um. Það hljóta að vera ákveðin öfugmæli í því fólgin að þriðji aðili geti skikkað foreldra til að vera sammála um eitthvað sem þeir segjast ekki vera sammála um og lýsa yfir að þeir telji sig ekki geta verið sammála um. Það er kannski helst þetta sem leiddi til þess að sumir þeirra sem komu fyrir nefndina lýstu því yfir að yrði þessi leið farin þá yrði það að þeirra mati hreinlega réttarfarsslys. En sitt sýnist hverjum um þetta atriði og hér togast vissulega á sjónarmið. Þessi leið hefur verið farin annars staðar, til að mynda eru tilfelli í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Þessi heimild hefur verið til staðar í Svíþjóð frá árinu 1998 en þeir hafa verið að endurskoða og þróa þetta úrræði og tilhneigingin hefur verið í þá átt að draga úr heimildum dómstólanna þar í landi til að beita úrræðinu. En eftir stendur að heimildin er til staðar þar sem það er augljóslega fyrir bestu þegar höfð er hliðsjón af hagsmunum barnsins. Ég held ég láti þetta duga um dómstólaleiðina. Það er sem sagt meginniðurstaðan að fylgja þeirri línu sem lögð er í frumvarpinu um að leggja ekki til að dómstólar fái heimild til að dæma foreldrum sameiginlega forsjá.

Varðandi leiðbeiningarskyldu sýslumanns ætla ég ekki að staldra lengi við þann kafla. Það er einungis ástæða til að vekja athygli á mikilvægi leiðbeiningarskyldu sýslumanns. Sýslumaður gegnir afar mikilvægu hlutverki í þessum málum, þ.e. við sambúðar- eða samvistarslit. Það virðist vera í allt of mörgum málum að þeir aðilar sem eru að slíta samvistum eða sambúð geri sér ekki grein fyrir réttaráhrifum þeirra ákvarðana sem teknar eru á þeim tímapunkti. Slíkt leiðir auðvitað bara til þess að ágreiningur rís í kjölfarið og þess vegna er mikilvægt að frá fyrstu stundu liggi góðar og greinargóðar upplýsingar fyrir þeim aðilum sem leita til sýslumanns og afar mikilvægt að sýslumaður leiðbeini um öll þau atriði sem máli kunna að skipta vegna þeirra ákvarðana og þeirra samninga sem gerðir eru í kjölfarið, þar á meðal um umgengni við börn og forræði þeirra. Ekki er óalgengt að blandað sé saman í almennri umræðu um þessi mál reglum um umgengnisrétt annars vegar og forræði hins vegar og í sjálfu sér ekkert sjálfgefið að foreldrar, þó að þeir geti verið góðir uppalendur í öllu, séu vel að sér um þær lagareglur sem gilda þegar sambúðar- eða samvistarslit eiga sér stað. Þess vegna — og einmitt vegna þeirra kringumstæðna sem oft eru þegar slíkt gerist þar sem fólk hefur um margt annað að hugsa en kannski beinlínis lagareglurnar sem gilda um þær kringumstæður — er ástæða til að vekja sérstaka athygli á leiðbeiningarskyldu sýslumanns. Það er af þeirri ástæðu sem nefndin leggur til breytingu við 1. gr. frumvarpsins sem hnykkir á þessu atriði sérstaklega.

Um andlát forsjárforeldris ætla ég að leyfa mér að vísa til þess kafla í nefndarálitinu en þar er um það að ræða að nefndin vísar því máli í raun og veru áfram til skoðunar í sifjalaganefnd.

Um sáttameðferðina almennt hef ég fjallað í ræðu minni. Nefndin hefur tekið upp umfjöllun um sáttameðferðina í víðu samhengi við ráðuneytið og hefur mætt þar miklum skilningi og vilja til að taka til skoðunar hvernig þróa megi frekar sáttaúrræði við skilnað til að ná meiri árangri en við sjáum í framkvæmd í dag. Ég held að ég geti mælt fyrir hönd flestra nefndarmanna þegar ég segi að það kom verulega á óvart í störfum nefndarinnar að sjá hversu tilviljanakennt í raun og veru sáttaúrræðið hefur þróast í framkvæmd á Íslandi. Það er nánast þannig að einstakir dómarar hafa tekið upp hjá sjálfum sér að gera ríkari tilraunir til að ljúka málum með sátt en aðrir og í kjölfarið hefur þróast einhver reynsla og upp úr henni hefur síðan verið unnin statistík. Sú statistík sýnir okkur að hægt er að ná miklum árangri með því að láta reyna á sættir en það ber að hafa í huga um sáttameðferð fyrir dómi að mál rata að sjálfsögðu ekki til dómstóla fyrr en allt er komið í hart og þá er ýmislegt búið að ganga á áður. Því er það í sjálfu sér mjög merkileg staðreynd að þegar menn leggja sig virkilega fram um að reyna að sætta mál, jafnvel þótt þau séu komin til dómstóla, séu vísbendingar um að hægt sé að ná miklum árangri í því að ljúka málum í góðri sátt. Þetta hefur orðið til þess að nefndin beinir því mjög sterklega til ráðuneytisins að setja af stað á skoðun á því hvernig hægt sé að sam-

hæfa sáttaúrræðin í landinu, taka upp samræður við dómstólana og sýslumenn eftir atvikum og ræða þessi mál í góðu samstarfi við þær sérfræðinefndir sem starfa á vegum ráðuneytisins.

Nefndin leggur áherslu á að þessari endurskoðunarvinnu verði komið af stað sem fyrst. Það er full ástæða til að ætla að um það geti tekist nokkuð víðtæk samstaða að ýta þessu áfram, þ.e. ég hef enga ástæðu til að ætla að nein sérstök fyrirstaða standi í vegi fyrir því að þetta verði tekið til skoðunar, hvorki hjá sýslumönnum, dómstólum né þeim sérfræðingum sem starfa undir ráðuneytinu eða í ráðuneytinu. Að minnsta kosti mættum við í nefndinni ekki þeim skilningi neins staðar þegar þetta var tekið til umfjöllunar að það væri einhver ósvinna að hrinda slíkri vinnu af stað. Það verður því mjög fróðlegt að sjá hvað kemur út úr því starfi sem vonandi fer af stað sem allra fyrst. Vakin er athygli á því í nefndarálitinu að til að mynda í Danmörku hafa verið lögfestar reglur um sáttameðferðina.

Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar ofan í önnur atriði sem fjallað er um í nefndarálitinu nema ástæða gefist til í umræðunni um málið. Ég þakka nefndarmönnum í allsherjarnefnd fyrir gott samstarf í þessu máli sem eins og ég sagði í upphafi hefur verið mjög umfangsmikið í störfum nefndarinnar í allan vetur. Upp úr því hefur fæðst þetta ítarlega nefndarálit sem ég tel að taki á öllum þeim sjónarmiðum og ólíku skoðunum sem fram komu um það hvernig haga beri löggjöf um þessi efni á Íslandi.

[13:21]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram í máli hv. formanns allsherjarnefndar að hann væri andvígur því að dómarar hefðu heimild til að kveða á um að forsjá skuli vera sameiginleg hjá foreldrum. Mig langar að fá fram svolítið nánar hjá formanni allsherjarnefndar hvers vegna hann treystir ekki dómurum landsins fyrir þessari heimild.

[13:21]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé rétt að skoða þann möguleika að fela dómstólum þetta vald í samhengi við það hvernig málin rata til dómstólanna. Ég held að það sé miklu farsælla fyrir okkur að einbeita okkur að sáttameðferð í þessum málum, einbeita okkur að því að þróa úrræði sem tryggja að líkurnar aukist á því að sátt náist í þessum málum, heldur en að leggja áherslu á, á þessum tímapunkti á meðan sáttameðferðarúrræðin eru nánast í molum hér á landi að mínu mati, heimild fyrir dómstólana til að dæma sameiginlega forsjá. Ég held að ég hafi gert ágætlega grein fyrir því í ræðu minni að það er kannski einkum tvennt sem ég hef rekið mig á í störfum nefndarinnar sem gefur mér ástæðu til að setja fyrirvara við þessa hugmynd. Í fyrsta lagi að þar sem þetta úrræði hefur verið lögfest hafa menn verið að hopa frá því, menn hafa verið að þrengja heimildir dómstólanna til að beita úrræðinu, draga úr því og gera heimildina þrengri fyrir dómstólana. Í öðru lagi finnst mér ákveðin þversögn fólgin í því að dómstóll eigi að geta skipað einhverjum að vera sammála um eitthvað þegar þeir sjálfir lýsa því yfir að þeir séu ósammála. Við skulum hafa í huga að í sameiginlegri forsjá felst að geta orðið sammála um mikilvægustu málefni barnsins, það sem mikilvægast er. Og ef það er ekki einmitt um þau atriði sem foreldrar deila þegar þeir láta reyna á réttinn til að fá forræði yfir barni til sín þá veit ég ekki hvað það er.

[13:23]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að hv. formaður allsherjarnefndar hafi alls ekki gert grein fyrir því hvers vegna hann vill ekki veita dómurum þann möguleika að dæma sameiginlega forsjá. Það sem formaður allsherjarnefndar er að reyna að rökstyðja er að setja dómara í þá stöðu að þeir verði að gera upp á milli jafnhæfra einstaklinga, gera upp á milli þeirra á þann hátt að annar þeirra hafi ekki forsjá yfir barninu sínu. Það er sú staða sem hann er að setja dómara landsins í. Ég treysti einfaldlega dómurum landsins til að geta metið það hvort ekki sé hægt að hafa þriðja möguleikann þegar foreldrar takast á um forsjá barna sinna, þ.e. sameiginlega forsjá. Það er alveg af og frá að verið sé að dæma fólk sem er ósammála til að vera sammála. Það er ekki hægt að stilla hlutunum þannig upp. Það er af og frá. Það er verið að veita dómurum þann möguleika, ef fallist verður á þá breytingartillögu sem ég legg fram, að þeir kveði á um forsjá barns eftir því sem barninu er fyrir bestu og uppeldi þess. En í rauninni er formaður allsherjarnefndar að rökstyðja það hér að þeir verði sviptir þessum möguleika. Mér finnst það alveg fáránlegt. Hann hefur alls ekki rökstutt það, frú forseti, af hverju svipta eigi annað foreldri því að hafa forsjá með barni sínu. Og það að verið sé að hopa með þetta fyrirkomulag í öðrum löndum hefur bara ekkert verið rökstutt. Það eru einmitt að berast fréttir af því að verið sé að skoða það og leggja til í Danmörku að þessi leið verði farin. En hv. formaður allsherjarnefndar virðist alls ekki vilja skoða þá leið og kemur ekki með nokkur rök.

[13:26]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að ekki er verið að svipta dómstólana þeim rétti vegna þess að hann er ekki til staðar í dag. Ég tel að í nefndarálitinu séu tínd til rökin sem geti verið með úrræðinu og á móti og mér finnst að það sé gert á afar hlutlægan og sanngjarnan hátt.

Í niðurlagi þess kafla sem fjallar um þetta atriði segir að úrræðið sé nokkuð mikil grundvallarbreyting á gildandi rétti hér á landi. Og þar sem frumvarpinu var ekki stillt upp með þessu úrræði fór það ekki út til umsagnar í þeim búningi. Það yrði að teljast töluvert mikið inngrip af hálfu nefndarinnar að gera slíka grundvallarbreytingu á frumvarpinu í nefndinni af þeirri ástæðu, segir í nefndarálitinu, að úrræðið hafi ekki fengið nægilega ígrundaðan aðdraganda eða nógu þroskaða umræðu til að gera þá breytingu. Ég skal ekkert fullyrða um það að ég gæti ekki stutt þetta úrræði með mjög þröngri útfærslu einhvern tíma í framtíðinni en á þessu stigi málsins er ég ekki tilbúinn til að gera það. Ég vil líka leggja áherslu á það í lokin að við erum ekki að tala um einhvern svartan eða hvítan veruleika. Það er ekki þannig. Hægt að ná miklum árangri í þessum málum án þess að dómstólar hafi þessa heimild og ég mótmæli

því að ég hafi ekki fært rök fyrir því hvers vegna heimildin eigi ekki að vera til staðar. Það er m.a. vegna þess að í því getur falist ákveðin þversögn. Við skulum heldur ekki gleyma því að við erum að tala um að úrræðið yrði leitt í lög gegn vilja annars foreldris.

[13:28]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að við erum að tala um ákaflega flókinn veruleika og erfið mál sem oft er mjög vandasamt að ná niðurstöðu í þar sem allir eru sáttir. En útgangspunkturinn í þessu máli er hvað er barninu fyrir bestu og eftir því leiðarljósi eru þessi lög sett og þetta frumvarp byggt. Ég er alls ekki sáttur við það, rétt eins og flutningsmaður breytingartillögunnar sem talaði hér á undan, að dómstólaleiðin sé þar ekki lögð til. Ég tel að dómstólaleiðin þar sem dómstólar hafa heimild til að dæma báðum foreldrum forsjá verði að vera til staðar. Ég held að það sé eðlilegt og mikilvægt úrræði fyrir dómstólana. Ég held að það sé nauðsynlegt að þessi mál geti endað með þeim hætti fyrir dómstólum rétt eins og önnur.

Ég tek ekki undir það að verið sé að dæma sátt upp á þá sem ósáttir eru, af því að málið er ekki lagt þannig upp. Það er hins vegar verið að gera það sem er barninu fyrir bestu og við verðum að treysta dómstólunum fyrir því, burt séð frá stundarágreiningi foreldra um forsjá á þeim tíma og sérstaklega í þeim tilfellum þar sem vafi getur leikið á um að eðlilega sé gengið fram af því foreldri sem vill koma í veg fyrir að um sameiginlega forsjá sé að ræða. Ég vil að þessi leið sé lögð til. Ég vil að hægt sé að fara dómstólaleiðina og að hún sé heimiluð rétt eins og á flestum öðrum Norðurlöndum eins og hér hefur komið fram. Ég held að það sé nauðsynlegur þáttur í þessum úrræðum að dómstólaleiðin sé einnig til staðar. Því vil ég hnykkja sérstaklega á því við hv. formann nefndarinnar að ég tel að málið hefði mátt liggja lengur og bíða lengur ef það hefði mátt verða til þess að dómstólaleiðin hefði getað verið lögð til líka.

[13:30]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Ég vil, virðulegi forseti, fylgja þessu andsvari eftir með því að segja að við erum ekki að ljúka umfjöllun um þetta mál í eitt skipti fyrir öll. Vonandi verður áfram lifandi umræða um þau úrræði sem við eigum að lögum að hafa til að skipa þessum málum þannig að hagsmunir barnsins séu sem best tryggðir. Ég vek athygli á því að fjölmargir aðilar, eins og t.d. umboðsmaður barna, mæltu mjög eindregið gegn því að úrræðið rataði í lög. Það sama á við um dómara sem hafa áralanga reynslu af því að meðhöndla mál af þessu tagi, sérstaklega þeir dómarar sem hafa beitt sér fyrir sáttameðferð í málaflokknum.

Ég vék að því í fyrri ræðu minni að menn notuðu orð eins og réttarfarslegt slys um það að þessu úrræði yrði komið fyrir í lögunum. Mér finnst sá undirtónn í máli þeirra sem mæla fyrir þessu úrræði að verið sé að taka réttindi af foreldrum. Ég vara við því að menn skoði þessi mál um of með augum foreldra. Allir þeir sem hafa verið að fjalla um þessi mál gera það einungis út frá hagsmunum barnanna og þá skiptir einu hvort við ræðum við umboðsmann barna, dómara eða aðra sérfræðinga. Margir þeirra efast mjög um að það geti í einhverjum tilvikum verið hagsmunum barns fyrir bestu að dæma sameiginlega forsjá þegar ágreiningur er um að málum verði þannig skipað.

Við skulum ekki gleyma því sem ég sagði áðan. Við erum að tala um aðstöðu þar sem annað foreldri mótmælir því sérstaklega að forsjá sé sameiginleg en dómari fái þá úrræði til að skipa svo fyrir að hún verði sameiginleg. Hann er þá raunverulega að skikka foreldrana til að verða sammála um mikilvæg atriði varðandi barnið.

[13:32]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé einmitt kjarni málsins. Ég held að það sé nauðsynlegt að dómari geti skikkað foreldra til að fara sameiginlega með forsjá barns meti dómari það svo að þær aðstæður séu fyrir hendi. Við verðum að treysta dómstólunum til þess að dæma ekki óhæfu foreldri sameiginlega forsjá. Að sjálfsögðu verðum við að treysta dómurunum og dómstólunum til þess og það er útgangspunktur í málinu.

Mín grundvallarafstaða er sú að það geti í sumum tilfellum verið hagsmunum barnsins fyrir bestu að dómstólar geti dæmt sameiginlega forsjá til beggja foreldra gegn vilja annars foreldrisins. Ég er sannfærður um að það geti, meti dómari það svo, verið barninu fyrir bestu. Það geta komið upp þau tilvik að foreldri vilji halda sameiginlegri forsjá frá af annarlegum ástæðum. Það er einfalt mál. Fyrir því geta verið hinar litríkustu og margvíslegustu ástæður en ég tel eftir að hafa ígrundað málið — og ég tek undir að vel var unnið í nefndinni og farið vel yfir þetta mál og mikill fjöldi manna og kvenna og fólks kallaður til. Fram komu ólík sjónarmið og menn notuðu stór orð á báða bóga. Það er mikill tilfinningahiti í þessu máli á báða bóga. Það er skiljanlegt af því að þetta eru flókin, viðkvæm og erfið mál. En eftir að hafa farið í gegnum málið í nefndinni, eftir að hafa hlustað á þau sjónarmið sem uppi eru er ég sannfærður um þetta. Ekki eru allir í öllum flokkum á einni línu í þessu máli. Ég tek það fram að þetta er þverpólitískt mál að þessu leyti en ég mun styðja fram komna breytingartillögu, þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Dómari kveður á um forsjá barns eftir því sem barni er fyrir bestu."

Ég mun styðja þessa breytingartillögu við frumvarpið og vona að hún nái fram að ganga við atkvæðagreiðslu um þetta mál í þinginu síðar um helgina.

[13:35]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef skilning á þeim tilvikum sem nefnd eru í dæmaskyni um atvik þar sem þetta úrræði gæti átt rétt á sér. Menn tína til tilvik eins og t.d. það að annað foreldri reyni að hindra forsjá hins af annarlegum ástæðum sem geta átt sér margs konar undirrót.

Getur ekki verið að þegar annað foreldri er með einhver annarleg sjónarmið, er með einhverjar skrýtnar skoðanir eða hefur einhverjar tilfinningar sem það hefur ekki gert upp við sig sem leiða til þess að það treystir sér ekki til að fara sameiginlega með forsjá með hinu — ef þær aðstæður

eiga að leiða til þess að sameiginleg forsjá verði dæmd sé þá einmitt verið að horfa til hagsmuna þess foreldris sem beitt er hinu meinta misrétti frekar en til hagsmuna barnsins. Er eitthvað unnið við það að dæma foreldrum sameiginlega forsjá við slíkar aðstæður þar sem uppi er ágreiningur, hvort sem hann á rétt á sér eða ekki? Og ég leyfi mér að segja að við verðum að áskilja einstaklingunum í þessu landi rétt til að hafa hvaða ástæðu sem er til að vilja ekki tala við annað fólk. Þótt skyldur foreldra séu um margt mjög sérstakar vegna umgengni við börnin leyfi ég mér að efast um að það sé í öllum tilvikum rétt að halda því fram að hagsmunir barnsins séu með þessu best tryggðir.

Síðan er það hitt að í þessum málum verður almennt, og ég held að við höfum gert mjög vel grein fyrir því í nefndarálitinu, að skoða hlutina út frá hagsmunum barnsins. Við sem stöndum að nefndarálitinu án fyrirvara teljum að umhverfið eins og það er núna sé almennt miðað við hagsmuni barnsins.

[13:37]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Mér finnst rétt í upphafi máls míns að taka fram að ég styð þetta frumvarp þó að ég leggi til þær breytingar sem við höfum rætt í andsvörum og tekist nokkuð á um. Þetta mál er allt hið jákvæðasta í sjálfu sér og ég vil þakka hv. formanni allsherjarnefndar og nefndinni ágæt störf. Mér finnst samt sem áður mjög sárt að þurfa að skilja við málið á þann veg að dómarar þessa lands hafi ekki þann möguleika að geta dæmt báðum foreldrum forsjá ef þau eru bæði jafnhæf til að sjá um uppeldi barna sinna. Það er ekki gott að dómarar séu í þeirri stöðu að þurfa að gera upp á milli jafnhæfra einstaklinga og það er eitt af því sem ég tel að verði að breyta. Mér finnst í rauninni sæta ákveðinni furðu að menn skuli ekki hafa haft þor til að gera það í þessari atrennu.

Annað sem þarf að fara yfir í þeirri vinnu sem þarf að leggja í þennan málaflokk er inntak sameiginlegrar forsjár. Hvert er inntak þeirrar forsjár sem er sameiginleg? Það er gríðarlegur munur á stöðu foreldris sem á lögheimili á sama stað og barn sem það hefur forsjá með og foreldris sem hefur sameiginlega forsjá en er ekki með lögheimili á sama stað og barnið. Það er gríðarlegur munur og það þarf að fara yfir þetta. Þetta tengist m.a. bótum og ýmsum skattaívilnunum sem ríkið úthlutar. Ef til vill er sameiginleg forsjá með þeim hætti að börn dvelja 30% til 40% á heimili annars og 60% til 70% á heimili hins en samt sem áður lenda allar sporslur ríkisins hjá því foreldri sem barnið á lögheimili hjá. Þetta er einn af þeim þáttum sem þarf að fara yfir í þessum málaflokki.

Ekki er hægt að skilja við þetta mál án þess að ræða það að þessi umræða er auðvitað angi af jafnréttisbaráttunni sem hefur farið fram á síðustu áratugum. Sú barátta hefur fært konum ákveðin réttindi, sem er mjög jákvætt, og einnig fært körlum ákveðnar skyldur hvað varðar heimilishald og uppeldi barna sinna í meiri mæli en áður var. Þess vegna er líka komið að því að karlar krefjist aukinna réttinda. Þetta er einfaldlega angi af því máli. Það er nú svo að þegar komið er að því að dæma forsjá þá lendir hún oftar en ekki hjá því foreldri sem barnið hefur heimilisfesti hjá og það er oftar en ekki hjá móðurinni. Þess vegna finnst mörgum körlum mjög sárt að ef málin lenda í deilum sé því sem næst öruggt að þeir verði dæmdir til forsjárleysis yfir börnum sínum. Það er það sem þetta mál snýst meðal annars um.

Ég ætla að ljúka þessari ræðu á jákvæðu nótunum og segja að þetta mál er í heild sinni jákvætt og ég er sannfærður um að þessi málaflokkur mun verða til umræðu á komandi þingum þar sem þessu verður breytt með þeim hætti að dómurum verði gefinn kostur á því að dæma sameiginlega forsjá. Þetta er þróun sem á sér stað í öðrum löndum og er einfaldlega hluti af þróun í átt til jafnréttis sem ég tel mjög jákvæða í þjóðfélaginu.

[13:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Nú er komið að 2. umr. um frumvarp til laga sem við höfum setið með í allsherjarnefndinni mjög lengi, mér finnst það hafa verið í allan vetur. Við höfum unnið málið afar vel undir stjórn formanns nefndarinnar, hv. þm. Bjarna Benediktssonar, og eins og kom fram í máli hans hefur flestum steinum verið velt við. Það er ljóst að um mikið ágreiningsmál er að ræða og það er eðlilegt þar sem mál af þessu tagi, forsjármál, eru ekki eins og hver önnur stjórnsýslumál. Hér erum við að tala um mál sem rekin eru fyrir dómstólum eða ekki fyrir dómstólum á tilfinningalegum grunni og engu öðru. Það vita þeir sem vita vilja að þegar hjón skilja, slíta samvistum, geta risið upp alls kyns hlutir sem erfitt er að aðstoða fólk við að komast í gegnum.

Það er tvennt í þessu máli. Ég er sammála því að nefndarálitið sé afar greinargott og nefndin lagði mikið í að skrifa það. Það var ekki klárað fyrr en við vorum orðin það sátt við það að hægt var að afgreiða það úr nefndinni. Það var kannski ekki ljóst allan tímann að það mundi takast. Ég verð samt að segja um það tvennt sem er ásteytingarsteinn í málinu — annars vegar það hvort sameiginlega forsjáin eigi að vera meginleið samkvæmt lögum eða ekki og hins vegar hvort heimila eigi dómurum að dæma eina forsjá — eru mín sjónarmið eftirfarandi: Ég er ekki á því að dómarar eigi að hafa heimild til að dæma sameiginlega forsjá og er sátt við leiðina sem farin er í frumvarpinu. Ég hef verið tvístígandi og sveiflast á milli póla hvað það varðar að hafa hina sameiginlegu forsjá að lagalegri meginleið, sem er auðvitað meginatriði frumvarpsins. Eftir mikla umfjöllun og mikinn tíma, nánast allan þennan vetur, yfir málinu er ég komin á þá skoðun að farsælla sé að fara aðra leið.

Það er ljóst og hefur orðið æ skýrar, eftir því sem nefndin hefur fjallað meira um málið, að víða er pottur brotinn í meðferð forsjármála í kerfi okkar. Eitt af því sem við fengum inn á okkar borð, sem ég tel alvarlegt og tel að við sem hér sitjum og erum kjörin til að gæta hagsmuna fólks úti í samfélaginu þurfum að taka til skoðunar, lýtur að sýslumannsembættunum, þ.e. hversu vanbúin þau eru til að leiða erfið forsjármál til lykta. Sömuleiðis tel ég alvarlegt að ekki skuli vera meiri festa en raun ber vitni í þessum málum hjá dómstólunum. Kannski er það vegna þess að dómarar eru of margir og of ólíkir. A.m.k. er erfitt að bera saman þá dóma sem fallið hafa, þeir eru ekki rökstuddir á sama hátt og greinilega afskaplega ólíkum vinnuaðferðum beitt frá

einum dómara til annars.

Sá dómari sem vakið hefur mesta athygli fyrir vinnubrögð í þessum málum er fyrrverandi héraðsdómari á Reykjanesi, Jónas B. Jóhannsson. Hann kom fyrir nefndina og lýsti fyrir okkur aðferðum sínum, sem eru sáttaaðferðir, þ.e. sáttameðferð, sem svo hefur verið nefnd. Við í nefndinni fengum frá honum greinargerð um þá aðferð. Menn halda oft, þegar menn detta niður á góðar aðferðir til að greiða úr úrlausnarmálum, að slíkt sé hafi fallið af himnum ofan. En það er ekki svo. Aðferðin er meðvituð og hana er hægt að greina og analísera. Henni má lýsa og skilgreina hvert skref sem í henni er tekið. Eftir yfirferðina með Jónasi fannst mér að nefndin skildi betur á hvern hátt sáttameðferðin virkar. Ég verð að segja að ég féll kylliflöt fyrir því að sú leið, þ.e. sáttameðferðin, yrði lögleidd en ekki sameiginleg forsjá sem meginregla. Það hafa Danir gert, þ.e. lögleitt sáttameðferðina. Við leggjum það ekki til, þ.e. það er ekki lagt til í frumvarpinu. Millistigið sem nefndin fór í ákveðinn leiðangur við að finna eða semja er að finna í kaflanum í nefndarálitinu á bls. 6, um sáttameðferðina. Ég heyrði ekki að öllu leyti ræðu hv. formanns nefndarinnar Bjarna Benediktssonar en ég tel ástæðu til að hnykkja á því. Ég veit ekki hvort hann las þennan kafla frá orði til orðs en ég tel nauðsynlegt að hnykkja á ákveðnum atriðum sem þar koma fram:

„Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að styrkja sáttameðferð og ráðgjöf við skilnað samhliða því að taka upp sameiginlega forsjá við skilnað eða slit skráðrar sambúðar."

Mér finnst það vera grundvallaratriði að þeir sem koma að skilnaðarmálum og forsjármálum í kerfinu leitist við að ná fram sameiginlegri forsjá. Við það grundvallaratriði er ég sátt. Mér finnst það hins vegar ekki alfa og omega að sú leið sé leidd í lög, að það eigi skilyrðislaust eða sjálfkrafa að vera sameiginleg forsjá við sambúðarslit. Mér finnst að kerfið eigi að leitast við að ná fram sameiginlegri forsjá þannig að það sé ævinlega tryggt að barnið njóti sameiginlegrar forsjár en líði ekki fyrir hana. Nú skulum við ekki vera í neinum blekkingaleik í þessari umræðu. Auðvitað eru þess dæmi að börn hafa liðið fyrir hina sameiginlega forsjá. Til eru dæmi um það að forsjármál hafi farið í svo mikinn hnút að varla nokkur mannlegur máttur hafi getað greitt úr þeirri flækju eða leyst þann hnút.

Við skulum vera meðvituð um að dómarar og starfsfólk sýslumannsembættanna er ekki öfundsvert af því að fá þessi mál inn á sitt borð og eiga undantekningarlaust að ná einhverri niðurstöðu. Við verðum að sýna öllu þessu fólki, ásamt því fólki sem á í deilunum, þann skilning að möguleiki sé á að málin fari eins vel og hugsast getur. Hvað eigum við þá að hafa að leiðarljósi? Bara hagsmuni barnsins, ekkert annað. Mér fannst það merkilegast í umfjöllun um þetta mál. Ég er sannfærð um að við höfum látið réttindi foreldra í þessum efnum flækjast fyrir okkur í kerfinu. Það eigum við ekki að gera. Foreldrarnir eiga engan rétt í þessum málum. Í forsjármálum eru það bara börnin sem eiga rétt. Það er bara út frá hagsmunum barnsins sem á að horfa á málið. Auðvitað sjá það allir í hendi sér sem á mál mitt hlýða að það er ekki einfalt mál. Maður þarf sennilega að kljást við ýmsa fordóma eða blekkingu í kollinum á sér áður en maður getur verið viss um að í svona málum sé unnið út frá hagsmunum barnsins. En lögin gera ráð fyrir því og þannig þurfa allir sem koma að þessum málum að horfa á þau. Þvingunarúrræði í svona málum eru alltaf óyndisúrræði.

Það sem skiptir foreldra hins vegar máli er að þeir fá á tilfinninguna, í gegnum vinnu við málið, að þeir séu þátttakendur í leit að niðurstöðunni, séu sjálfir að skapa sér raunveruleika með öflugri aðstoð frá fagfólki sem geti virkilega liðsinnt. Ég tel að það sé lykilatriði að hinn félagslegi stuðningur sé til staðar. Hann þarf að koma til fyrr í kerfinu en núna er. Ég held að við þurfum líka að horfa á hvernig þessi mál eru meðhöndluð í kerfinu, t.d. hvort það séu ekki allt of margir sem koma að þeim. Ég vil ítreka þau skilaboð sem koma fram í nefndaráliti okkar í allsherjarnefnd til starfsfólksins, til sýslumanna, til þeirra sem starfa hjá sýslumannsembættunum, til dómara og þeirra sem starfa hjá dómstólunum, að láta einskis ófreistað við að hafa foreldrana með í því að finna niðurstöðuna til að leysa deiluna.

Í nefndarálitinu segjum við að það hafi komið fram við skoðun nefndarinnar að stundum hafi skort á sáttaleiðir, að þær hafi verið fullreyndar, þ.e. sáttaleiðir sem hafa verið til staðar í kerfinu. Málin hafa jafnvel verið komin á lokastig fyrir dómi þegar tekist hefur að ná sáttum. Það er afar athyglisvert þegar við skoðum það sem gerst hefur í Héraðsdómi Reykjaness í þessum málum frá árinu 2001. Þar hefur dómari sem ég nefndi áðan, Jónas B. Jóhannsson, fjallað um 130–140 mál. Við skulum athuga að hann starfar út frá því prinsippi að forða eigi þessum málum frá dómi. Honum hefur með öflugum stuðningi frá samverkamönnum sínum tekist að ná sátt í um 90% málanna, 85–90%. Við skulum athuga að í þeim málum sem hafa verið til meðferðar, þeim sem lengst hafa gengið í að nota sáttameðferð hefur hugmyndin verið sú að dómarinn leysi ekki vandamálin. Séu ekki forsendur, að mati dómara, fyrir sameiginlegri forsjá, sem við verðum að viðurkenna að kemur fyrir, þá verður dómarinn að leggja mikið á sig við að finna á hvern hátt hagsmunum barnsins er best borgið. Hann þarf að leiða stríðandi aðila saman og ná sáttum. Þetta er mikil ögrun og gríðarleg áskorun en árangurinn af aðferðinni er svo ekki verður um villst svo mikill að mér finnst að löggjafarsamkundan geti ekki látið slíkan árangur fram hjá sér fara. Við verðum að viðurkenna að hér er dýrmæt reynsla á ferðinni sem má ekki glatast. Við verðum að tryggja að hægt verði að yfirfæra hana á önnur embætti í landinu, á aðra dómstóla í landinu. Við verðum líka að tryggja að sýslumannsembættin fái tækifæri til að öðlast skilning á þeim aðferðum sem þarna hefur verið beitt.

Við okkur í nefndinni var sögð setning sem festist í mér. Hún var svohljóðandi: „Það er ekkert mál að koma á sameiginlegri forsjá en það er hins vegar mál að láta hana ganga upp." Það er sama hvaða lög við setjum á löggjafarsamkundunni. Við getum ekki tryggt, þótt við setjum á sameiginlega forsjá sem meginreglu samkvæmt lögum, að þar með gangi öll sameiginleg forsjá upp. Ég ætla að vona að við gerum okkur ekki þá grillu að við séum þess umkomin. En lokalínan er í mínum huga þessi: Forsjármál þola ekki dóm, þau verða að fara í sáttaferli. Þau þola ekki dóm. Í mínum huga á aldrei að dæma í svona málum og

þess vegna er ég alfarið á móti því að hræra í því að heimila dómurum slíkt. Ég er sátt við að frumvarpið skuli ekki fara inn á þá braut og meiri hluti nefndarinnar er sama sinnis.

Í mínum huga eiga forsjármál eingöngu að fara í dóm þegar sáttameðferð er þrautreynd og sýnt verið fram á að hún skili ekki árangri. Það er svo sem margt hægt að segja um þessi mál, frú forseti. Ég hef ákveðið að reyna að takmarka mig í þessari ræðu en vil þó segja að lokum að allsherjarnefnd beinir tilmælum til hæstv. dómsmálaráðherra sem ég tel mikilvægt að fylgja eftir. Ég treysti því að hv. formaður nefndarinnar komi til með að fylgja því í eftir í sumar og næsta haust þegar við komum aftur saman til starfa á Alþingi Íslendinga. Tilmælin sem ég sendi ráðherranum eru þau að hrinda af stað vinnu við endurskoðun á öllu þessu vinnuferli og sérstaklega að litið verði til þróunar og reynslu í nágrannalöndum okkar. Ég nefni það að Danir hafa lögfest sáttameðferðina. Við vísum í það og lítum svo á að sáttameðferð sé mikilvæg.

Við teljum að nauðsynlegt sé að farið verði í endurskoðunarvinnu á sáttaferli þessara mála, bæði hjá sýslumanni og fyrir dómstólum. Í nefndarálitinu kemur fram að í því starfi sé nauðsynlegt að haft verði náið samstarf við þá aðila sem að þessum málum koma og að mati nefndarinnar vísbendingar um að miklum árangri megi ná með markvissari vinnubrögðum á þessu sviði. Ég hvet hæstv. dómsmálaráðherra til að taka mið af því sem nefndin leggur fram og óskar eftir við hann. Ég held að það komi til með að færa okkur fullkomnari löggjöf heldur en þeirri sem hér fer í gegnum þingið.

Ég er ekki sannfærð um að lögleiða eigi sáttameðferðina sem meginreglu. Ég er satt að segja ekki búin að gera upp hug minn endanlega, um hvort ég kem til með að sitja hjá við afgreiðslu þess þáttar málsins eða ekki. En ég vil engu að síður þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir mjög góða vinnu í málinu sem er algerlega til fyrirmyndar. Svona á að taka á erfiðum málum í þinginu. Við eigum að vinna þau þangað til að ekki er hægt að komast lengra í átt til sátta. Ég tel að að hafi verið gert hér og það er til sóma.

[13:58]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst athyglisvert að heyra hjá áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna í allsherjarnefnd að hann væri á báðum áttum og jafnvel andvígur því að sameiginleg forsjá væri meginregla eftir sambúðarslit eða skilnað. Mér finnst það með ólíkindum og lýsa forneskjulegum viðhorfum. Þegar menn segja í umræðunni að aðeins eigi að hugsa um hagsmuni barnsins en ekki foreldranna þá er eins og það fari ekki saman. Yfirleitt fara hagsmunir barna og foreldra saman. Menn geta ekki slitið þar í sundur, að það megi bara kasta fyrir róða að horfa á hagsmuni foreldra þegar rætt er um þessi forsjármál. Það tel ég alveg af og frá. Það á einmitt að horfa á þetta saman. Sé gengið á hagsmuni foreldra þá hlýtur það að koma niður á börnunum. Það hlýtur hver maður að sjá.

Fleira fannst mér athyglisvert í ræðu hv. þingmanns, sérstaklega að sáttameðferðin væri eitthvað sem menn ættu að taka upp í staðinn fyrir að sameiginleg forsjá barna væri meginregla. Eins og ég hef skilið sáttameðferðina þá er hún reynd þar sem ekki hefur náðst sátt um hvernig forsjá með börnum skuli háttað. En í yfirgnæfandi fjölda þeirra atvika sem koma upp er einmitt nokkuð sæmileg sátt um hvernig umgengni skuli háttað og forsjá barna. Þessi umrædda sáttameðferð sem ég tel um að gera að skoða fer einmitt fram þar sem ekki næst sátt.

[14:01]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður telur það vera til marks um forneskjuleg viðhorf mín að ég skuli ekki vera sannfærð um að meginreglan eigi að vera bundin í lög um sameiginlega forsjá. Hann má hafa þá skoðun, allt í lagi með það. Ég er ósammála honum og tel mig hafa rökstutt það.

Við andsvarinu vil ég einungis segja þetta: Meginreglan að lögum tryggir ekki hagsmuni barnsins eða barna. Með því að innleiða hana værum við í mínum huga að líkindum að kalla yfir okkur erfið mál, jafnvel mundi erfiðu málunum fjölga fyrir dómi. Þeim mun örugglega fjölga fyrir dómi ef við ekki innleiðum sáttameðferðina.

Ég ætla að benda hv. þingmanni á að það er einmitt fyrir dómi, Héraðsdómi Reykjaness, sem þessi 130 eða 140 mál hafa verið stödd. Þau hafa verið stödd fyrir dómi. Það var dómarinn sem fór í sáttaferlið. Það var dómarinn sem forðaði málunum frá dómi af því að það var sjónarmið hans að forsjármál þyldi ekki dóm. Dómarinn lagði því allt kapp á að dæma ekki í málinu heldur að leita sátta og náði þeim í 90% mála sem hann fékk til umfjöllunar.

Ég er að benda á að það sé svo mikilvægt að dómararnir taki þátt í að sætta stríðandi aðila í þessum málum en ekki bara slá hamrinum í borðið og dæma öðru hvoru foreldrinu forræðið. Eins og ég segi, mín skoðun er þessi. Ég hef sannfærst um það í vinnu við málið að forsjármál þola ekki dóm. Það á eingöngu að dæma í forsjármálum í undantekningartilvikum.

Svo langar mig bara að segja að það vita það allir að foreldrum gengur misjafnlega vel að stunda forsjá með börnum sínum hvort sem þeir eru í sambúð, einir eða skildir að skiptum við maka sína. Við höfum gengist undir það að fólk fari á (Forseti hringir.) hundanámskeið ef það fær sér hund en við erum ekki að styðja það nægilega vel í því ferli að ala upp börnin sín.

[14:03]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að segja að þetta mál var ágætlega unnið. Í því er að mörgu leyti gengið í rétta átt. Það var farið vandvirknislega yfir hina ýmsu þætti sem lúta að forsjármálum og þeim erfiðu og viðkvæmu málum sem um er að ræða. Viðhorfin til grundvallarmála frumvarpsins koma vel fram í því að þau skiptast þvert á hinar hefðbundnu stjórnmálalínur og uppi eru má segja þrjú viðhorf til málsins.

Sjálfur er ég sannfærður um að nauðsynlegt hefði verið til að lagafrumvarpið væri eins og best gæti orðið og réttlátlega frá því gengið að svokölluð dómstólaleið væri þar til staðar. Það er mál sem er mjög deilt um hér í dag.

Fram er komin breytingartillaga við 2. mgr. 34. gr. sem orðast svo:

„Dómari kveður á um forsjá barns eftir því sem barni er fyrir bestu."

Þessa breytingartillögu mun ég styðja þegar hún kemur fram. Ég veit ekki hvað hún hefur víðtækan stuðning á þinginu, en það verður spennandi að sjá. Ég veit að það eru a.m.k. nokkrir úr mínum flokki sem styðja hana, t.d. hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem hefur talað afdráttarlaust fyrir því að dómstólaleiðin þurfi að vera til staðar þannig að dómari geti dæmt báðum foreldrum forsjá barns.

Samkvæmt frumvarpinu er grundvöllur sameiginlegrar forsjár óbreyttur frá gildandi lögum, þ.e. að sátt verður að ríkja milli foreldra um hagsmuni barnsins og auðvitað líka þannig að full sátt geti jafnframt verið um að aðeins annað foreldrið fari með forsjá sem getur verið sjálfsagt og ágætt mál.

En hins vegar er það skoðun mín að ef foreldrar koma sér ekki saman um tilhögun forsjár sé nauðsynlegt að það sé hægt í ákveðnum tilfellum að skera úr um þann ágreining fyrir dómstólum. Því ekki er loku fyrir það skotið, og það geta komið upp tilvik þeirrar gerðar, að annað foreldrið í hefndarskyni eða af einhverjum annarlegum ástæðum vilji halda sameiginlegri forsjá frá hinu foreldrinu og beiti þá þeim ráðum og komi þannig í veg fyrir að sameiginleg forsjá geti gengið eftir.

Ég tel nauðsynlegt að í þeim tilfellum komi dómstólar til, og fyrir því treysti ég dómstólunum fullkomlega. Það er ekki annað hægt en að hafa það sem útgangspunkt í þessum málum að við berum traust til dómstólanna að dæma í slíkum málum þegar þau koma upp og hafa þá heimild til að dæma báðum foreldrum forsjá. Dæma sameiginlega forsjá eins og gert er og heimild er fyrir í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Fréttir herma að Danir séu að skoða að taka þau mál upp — kemur þá hv. þingmaður sem ég nefndi rétt áðan og vitnaði til afstöðu hans í því máli sem við köllum dómstólaleiðina.

Ég tel og er sannfærður um að við eigum að fara þá leið að heimila dómstólum það, og þá tel ég að málið væri miklu betur úr garði gert og við hefðum náð miklum árangri, af því að klárlega geta komið upp tilvik þar sem dómstólar eiga og þurfa að hafa þessa heimild. Ég treysti dómstólum fullkomlega til að fara með það vald og ég tel að dómstólar eigi að hafa síðasta orðið í þessum málum eins og þeir hafa í öðrum málum.

Auðvitað er aldrei eftirsóknarvert að mál sem lúta forræði eða hagsmunum barna endi fyrir dómstólum. Að sjálfsögðu ekki. Að sjálfsögðu er það alltaf einhvers konar neyðarlending, einhvers konar endir á sársaukafullu ferli. En stundum er það að mínu mati bæði barninu, framtíð og hagsmunum barnsins fyrir bestu að dómstólar hafi þetta úrræði. Ég er algerlega sannfærður um það. Þegar frá dómsmálinu líður og frá átökunum líður, hafi dómari metið það svo að sameiginleg forsjá ætti að vera til staðar, þá sé það hagsmunum barnsins fyrir bestu að dómstólar geti farið þá leið. Fyrir því má að sjálfsögðu færa mörg rök og má vissulega færa rök á báða bóga. Það er aldrei nein ein afstaða endanleg eða algild í þessum málum.

En til að tæpa aðeins á reynslu annarra landa var farið ágætlega ofan í þetta á fundum nefndarinnar eins og kostur var. Allsherjarnefnd vann mikið í málinu í vetur og engin ástæða til annars en að draga það fram, bæði formanni, varaformanni og öðrum nefndarmönnum til hróss. Það var vel unnið í málinu og farið af mikilli vandvirkni í það. Það var nefndinni allri til sóma þó svo að við hefðum haft uppi ólíkar skoðanir á því hvernig þessu ætti að lykta og hvort ætti að fara dómstólaleiðina eða ekki, sem ég er sannfærður um að eigi að fara og mun styðja breytingartillögu þess efnis og það gera sjálfsagt einhverjir fleiri þingmenn og jafnvel nefndarmenn.

Á fundum nefndarinnar kom fram að slík heimiluð dómstólaleið er í lögum nokkurra landa, þar á meðal Noregs, Finnlands og Svíþjóðar. Þeirra landa sem lagagjörningur okkar allra dregur hvað mest dám af almennt og yfirleitt. Við lítum oft til þeirra landa og reynslu þeirra af ekki síst umdeildum og erfiðum löggjöfum sem blasir ekki við hvernig best er fyrir komið. Það hefur komið fram að í Svíþjóð hefur heimildin verið í lögum frá 1998. Þetta kemur fram í nefndarálitinu og vitna ég í það, með leyfi forseta:

„Árið 2002 var skipuð nefnd til að skoða hvernig til hefði tekist með framkvæmd laganna frá 1998. Sú nefnd kannaði m.a. dómaframkvæmd og skilaði ítarlegri skýrslu í júní 2005. Þar kemur m.a. fram að dómstólar hafi tiltölulega oft notað þann möguleika að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja foreldris, eða í u.þ.b. helmingi forsjárágreiningsmála. Rökin voru í flestum tilvikum þau að samstarfsörðugleikar hafi ekki verið á svo alvarlegu stigi." Og það er það sem ég er svo sannfærður um, þ.e. að ágreiningsefnin og örðugleikarnir eru oft ekki á svo alvarlegu stigi að það eigi að líða, hagsmuna barnsins vegna, að annað foreldrið geti út af slíkum málum komið í veg fyrir sameiginlega forsjá. Þess vegna er ég sannfærður um að dómstólar verði að hafa þessa heimild, verði að hafa þetta vald að geta í slíkum málum dæmt sameiginlega forsjá, af því að ég treysti dómstólunum til þess og hef ekki forsendur til annars en að treysta dómstólunum til að fara með þetta viðkvæma vald rétt eins og í svo mörgum öðrum málum.

Rökin voru í flestum tilfellum þau, eins og ég sagði, að samstarfsörðugleikar hafi ekki verið á svo alvarlegu stigi að þeir hafi átt að koma í veg fyrir sameiginlega forsjá. En áfram segir í nefndarálitinu:

„Staðhæfingar um ofbeldi komu fram í um einum þriðja þeirra dóma sem nefndin kannaði og dómstólarnir dæmdu sameiginlega forsjá gegn vilja foreldris í um helmingi þeirra tilvika. Sænsku nefndinni þótti tilhneiging til þess hjá dómstólum að dæma sameiginlega forsjá jafnvel þótt fyrirsjáanlegt mætti vera að foreldrarnir gætu ekki náð saman um málefni barns."

Þess vegna held ég að almennt hafi reynslan af þessu verið ágæt. Auðvitað er hún enn að eiga sér stað. Fyrsta reynslan af slíkri lagasetningu er að eiga sér stað nákvæmlega þessi árin. Það kom fram í fréttum á dögunum að nú eru Danir líklegir til að feta þá sömu leið og Norðmenn, Svíar og Finnar hafa gert en við Íslendingar ætlum ekki að gera það samkvæmt frumvarpinu, nema breytingartillagan frá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni, sem ég styð eindregið, um að dómari kveði á um forsjá barns eftir því sem barninu er fyrir bestu, nái fram að ganga. Ég vona að sú breytingartillaga nái fram að ganga því þá væri þetta frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar svo miklu

betri lagasetning á eftir. Ég tel að miklu meiri sátt mundi í framtíðinni ríkja um lagasetninguna. Sjálfur væri ég miklu sáttari við hana því ég á erfitt með að styðja lagafrumvarpið ef dómstólaleiðin er þar ekki innan borðs af því svo sannfærður er ég um að hún þurfi og eigi að vera til staðar, bara út frá því einu að það er barninu fyrir bestu að mínu mati.

Ég er algjörlega sannfærður um að eigi hagsmunir barnsins að ráða, þá eigum við að fara dómstólaleiðina. Það er ekki eins og við séum að fela einhverjum vafasömum aðila það viðkvæmar heimildir að ráðskast með um hagsmuni barna, heldur sjálfum dómstólunum sem við getum ekki annað en treyst til að fara með þessi mál eins og öll hin viðkvæmu erfiðu grundvallarmál í samfélaginu.

Við vitum það af reynslunni að stundum er það bara þannig að foreldrar ná ekki saman eftir erfiðan skilnað, ná ekki sátt um að fara þá leið að vera t.d. með sameiginlega forsjá. Í sumum tilfellum verða slík mál að geta farið fyrir dómstóla og þeir úrskurði um að í raun og veru sé ágreiningurinn ekki svo alvarlegur að hann standi í vegi fyrir sameiginlegri forsjá og þess vegna eigi hún að geta komið til.

Í mörgum öðrum löndum eru farnar svipaðar leiðir og hef ég vitnað til nokkurra þeirra og hafa þær komið fram í gögnum sem til nefndarinnar hafa komið. En grundvallaratriðið er þetta: Ég er sannfærður um að við eigum að heimila dómstólunum að hafa þetta vald og mun ég styðja fram komna breytingartillögu og þess vegna er ég ekki á nefndarálitinu af því ég taldi það óásættanlegt að dómstólaleiðin væri ekki farin í þessu máli.

[14:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Mig langar aðeins að leggja nokkur orð í belg um þetta frumvarp. Ég á ekki sæti í nefndinni sem fjallaði um málið en mér heyrist á öllum sem þar komu að að málið hafi verið vel unnið. Ég hef aftur á móti alloft lagt fram frumvörp sem snúa að þeim málum sem hér er verið að taka á.

Á síðari hluta síðustu aldar flutti ég þingsályktunartillögu um að bæta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína þar sem einmitt var tekið á ýmsum þáttum sem hér er verið að leiða í lög, þar sem gagnrýnd voru ýmis atriði sem sneru að réttarstöðu barna hvað varðaði umgengni við báða foreldra sína. Það var seinagangur í stjórnsýslunni.

Við sem fluttum þetta mál árið 1997 töldum að það þyrfti að koma á vandaðri skilnaðarráðgjöf í tengslum við hjónaskilnaði og sambúðarslit. En grundvallaratriðið í öllum þessum málum er að hagsmunir barnsins skuli hafðir að leiðarljós, að þeir skuli alltaf vera í fyrirrúmi. Einnig tókum við þar á því að það væri eðlilegt að skipa barni talsmann um leið og umgengni væri komin í hnút. Einnig gæti verið ástæða til að koma á milligöngumanni þegar foreldri sinnti ekki umgengnisskyldum sínum við barn. Þetta eru sem sagt þingmál sem ég hef flutt í þessa veru.

Í allsherjarnefnd liggur nú mál frá átta hv. þingmönnum Samfylkingarinnar um að sameiginleg forsjá skuli vera meginregla í lögum, einmitt það sem verið er lögfesta hér með þessu þingmáli. En við höfðum ítrekað lagt slík frumvörp fram án þess að þau næðu fram að ganga. Þegar ný barnalög tóku gildi árið 2003 var sú leið t.d. ekki gengin til enda að sameiginleg forsjá væri meginregla. Ég fagna því að þetta skuli vera að verða að lögum.

Ég fagna því líka að hér er lögð áhersla á sáttameðferðina en við töldum á sínum tíma að skylda ætti fólk til þess að fara að minnsta kosti í einn tíma í slíkri meðferð. Það hefur komið fram í nefndinni að slík sáttameðferð í skilnaðarmáli hefur gefist vel, m.a. á Reykjanesi hjá ákveðnum dómara. Sömuleiðis fagna ég því að auka eigi fræðslu um sameiginlega forsjá.

Hér hefur dómstólaleiðin aðeins komið til umræðu, þ.e. að heimila eigi dómstólum að dæma sameiginlega forsjá. Það getur vel verið að ástæða sé til þess að það verði sett í lög. Aftur á móti hefur sú leið ekki farið til umsagnar hjá fagaðilum, eftir því sem ég best veit. Ég tel varhugavert að samþykkja slíka lagabreytingu án þess að hún fái umfjöllun í nefndinni og fagaðilar komi að því og án þess að umsagnir komi um þá leið. Ég held að við þurfum að horfa til þess á næstu árum að koma með slíka breytingu og sjá hvaða umfjöllun hún fær í nefndinni.

En ég vil sem sagt fagna því að þarna er verið að stíga jákvæð skref í þessum málum og þarna eru að verða að lögum ýmis atriði sem ég hef ítrekað lagt til hér á þinginu að verði lögfest. Ég mun því styðja þetta mál en sitja hjá við dómstólaleiðina. Ég væri tilbúin að styðja hana ef hún kæmi hér inn í þingið í nýjum búningi, t.d. á næsta hausti, og fengi eðlilega umfjöllun í nefndinni.

[14:20]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Mig langar í upphafi máls míns að þakka félögum mínum, hv. þingmönnum sem sitja í allsherjarnefnd, fyrir mjög ánægjulegt samstarf við þetta frumvarp. Það hefur komið fram, bæði hjá formanni nefndarinnar, hv. þm. Bjarna Benediktssyni, og hjá öðrum nefndarmönnum, að það eru skiptar skoðanir um tilteknar leiðir, meira að segja um sameiginlega forsjá sem meginregluna. Skoðanir eru einnig skiptar um það hvort heimila eigi dómurum að dæma forsjána sameiginlega.

En burt séð frá því var vinnan í nefndinni, sem stóð meira og minna í allan vetur, óskaplega góð og gagnleg og nefndarmönnum öllum mjög lærdómsrík. Af hálfu formanns og annarra nefndarmanna var þannig að henni staðið að eiginlega komu allar hliðar þessa máls fram. Eftir sem áður er nokkur ágreiningur um hvaða leiðir eigi að fara.

Það sem er kannski meginmálið í þessu öllu er það sem segir beinlínis í barnalögunum sjálfum. Þar segir að það sé meginsjónarmið í barnarétti að við úrlausn allra mála sem varða börn skuli hagsmunir þeirra ráða.

Ástæðan fyrir að ég hef orð á þessu, frú forseti, hér í upphafi ræðu minnar, er m.a. sú að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði áðan að það væri hlutverk okkar hér á þingi að gæta þessara hagsmuna. Vegna þeirra orða vil ég árétta að helstu hagsmunaaðilar barna eru foreldrar þeirra. Það er hvorki löggjafinn, dómstólar, sýslumenn né neinir aðrir. Það vill svo til að önnur meginreglan í barnarétti er sú að foreldrar bera alla þessa ábyrgð sameiginlega. Þeir bera sameiginlega ábyrgð á öllu því sem lýtur að hagsmunum

barna. Þeir bera sameiginlega skyldu til að annast barn sitt og sameiginlega ábyrgð á allri velferð þess. Foreldrar gera það meðan hjúskapur eða sambúð varir og rökin fyrir því að setja sameiginlega forsjá sem meginreglu eru þau að standa vörð um þessa sameiginlegu hagsmuni. Þá hagsmuni barna að njóta umönnunar beggja foreldra sinna.

Hjá einstökum ræðumönnum í þessari umræðu er hlutunum stillt þannig upp að þeir sem styðji dómstólaleiðina séu einungis að horfa á hagsmuni foreldra. Ég mótmæli því harðlega vegna þess að af eigin raun og af reynslu margra annarra sem hafa komið nálægt þessum málum þá snúast forsjármál yfirleitt aldrei neitt um forsjá eða umönnun barnanna. Þau snúast um allt annað. Barnið verður bitbeinið í deilunni.

Þess vegna er það mitt sjónarmið að barnið eigi rétt á að dómarinn, til samræmis við meginreglu barnalaganna að hagsmunir barnsins skuli alltaf settir í fyrirrúm, geti þá dæmt þessa forsjá sameiginlega. Foreldrarnir eru yfirleitt ekki að deila um neitt sem varðar barnið. Það er allt annað sem hrindir deilunni af stað. En ég mótmæli því að þeir sem vilja fara þessa dómstólaleið séu að setja hagsmuni foreldra í forgang fram yfir hagsmuni barnsins.

Þegar dómsmálinu lýkur, og því lýkur þá ekki öðruvísi en svo að öðru foreldrinu, þess vegna tveimur hæfum, er dæmd forsjáin, heldur þetta barn áfram að vera til. Það heldur áfram að vera til sem barn beggja foreldra sinna. Það á rétt á umönnun beggja þessara foreldra. En eftir harðvítugar deilur fyrir dómi, þess vegna fyrir héraðsdómi og síðan Hæstarétti, hvaða forsendur eru þá til að þessir foreldrar geti starfað saman að hagsmunum þessa barns? Meðan á málsókninni stendur keppast þau við að tína saman ávirðingar hvort á annað því þau vita að dómarinn á ekki annarra kosta völ en að dæma öðru þeirra forsjána en ekki hinu.

Árið 1992, þegar sameiginlega forsjáin var lögfest sem valkostur, ekki sem meginregla, voru margir sem fundu því ýmislegt til foráttu. Það hefur síðan sýnt sig að vera meginreglan í raun. Mér hefur heyrst innan allsherjarnefndar að þar séu jafnvel þingmenn sem telji henni ýmislegt til foráttu þrátt fyrir það hve vel hún hafi reynst. Það kallaði á mikla viðhorfsbreytingu á sínum tíma. Það þýddi viðhorfsbreytingu að setja sameiginlegu forsjána inn sem valkost fyrir foreldra. Það þýddi líka viðhorfsbreytingu á sínum tíma þegar við settum lögin um jafnan rétt foreldra til fæðingarorlofs. En þau byggjast á nákvæmlega sama grunni og sameiginlega forsjáin.

Frá 1992 og til ársins í ár, í þeim sporum sem við stöndum núna, hefur þessi sameiginlega forsjá sannað sig. Nú erum við að stíga það skref að setja hana sem meginreglu inn í barnalögin. Ég tel að það sé þarft og gott skref. Ég tel að næsta skref hljóti að vera að heimila dómstólunum líka að dæma forsjána báðum foreldrum.

Fyrirvari minn í nefndarálitinu lýtur fyrst og fremst að því að ég vildi fá að gera grein fyrir því hvers vegna ég tel dómstólaleiðina rétta. Að dómarar hafi heimild til en sé ekki bannað að dæma báðum foreldrum forsjá. Það er enginn sem segir að þeir verði að gera það. Í einhverjum tilvikum gera þeir það ekki vegna þess að þeir telja ekki að hagsmunum barnsins sé best borgið með því, m.a. í ofbeldismálum. En heimildin á að vera fyrir hendi.

Ég legg mikið upp úr því að sátt sé um öll þessi mál og á þeirri forsendu sem kemur fram í nefndarálitinu, að umsagnaraðilar tóku enga afstöðu til þessarar leiðar, tel ég kannski ekki að það sé skynsamlegast á þessari stundu að samþykkja breytingartillöguna um að dómarar hafi þessa heimild. En ég tel svo sannarlega að það sé næsta skrefið í þessu máli, að opnað sé fyrir það.

Annað sem ég vildi hafa orð á, frú forseti, er sáttaleiðin. Í breytingartillögu sem allsherjarnefndin leggur fram hnykkir hún einmitt á leiðbeiningarskyldu sýslumanns þegar um sameiginlega forsjá er að ræða. Það kom glöggt fram í meðförum nefndarinnar að fæstir vita hvert inntak sameiginlegrar forsjár er. Í raun og sannleika held ég að það sé þannig að fæstir viti í rauninni hvert inntak forsjár er þó að hún sé skipt. Það er lítil grein um þetta í barnalögunum sem tíundar hvað felst í forsjánni. Ég veit ekki til að foreldrum sé almennt kynnt hvað það þýði að fara með forsjá barns. Þaðan af síður hefur það verið kynnt hvað það þýðir að fara með sameiginlega forsjá.

Ég tel það mjög til bóta ef ráðuneytið ætlar núna að ráðast í útgáfu rits sem fjallar um inntak forsjár og sameiginlegrar forsjár. Ég tel hana líka mjög til bóta þessa breytingartillögu sem hnykkir á skyldu sýslumanns til að leiðbeina um það hvað felst í sameiginlegu forsjánni. Það tel ég vera rétt.

En það sem kom gleggst fram í vinnu nefndarinnar var þýðing sáttameðferðarinnar. Það sýndi sig að tiltekinn dómari hafði getað náð sáttum í allt að 90% forsjármála sem stefnt var inn við einn dómstól. Ef hægt er að komast hjá því að foreldrar deili fyrir dómi um forsjá barns er það aldrei nema af hinu góða. Ég vil leggja megináherslu á það sem segir í þessu nefndaráliti um gildi þess að stórefla sáttameðferð í forsjármálum. Það held ég að gagnist hagsmunum barna í þessu landi meira en flest annað sem fjallað er um í nefndarálitinu.

En frú forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég vil aðeins varðandi dómstólaleiðina ítreka — af því að það fór af stað einhver misskilningur um að Svíar ætluðu að hverfa frá þessari leið sem reyndist ekki rétt þegar glöggt var skoðað. Raunveruleikinn er sá að í bæði í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er heimilt að dæma sameiginlega forsjá. Það sem er rétt er að Danir eru líka að hugleiða það í ákveðnu nefndarstarfi að taka það upp í sína löggjöf.

En mergurinn málsins í þessu öllu er sá að hvort sem það eru foreldrar barns, sýslumaður, dómarar, hverjir sem koma að þessum málum að þá ber þeim öllum að fylgja meginreglum barnaréttarins sem er að setja hagsmuni barnsins í fyrirrúm.

[14:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fylgdist af mikilli athygli með ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz. Hún var frábær að flestu leyti fannst mér. Hv. þingmaður færði mjög góð rök fyrir skoðunum sínum, t.d. tók hún mjög sterklega undir með því sem hér hefur verið kölluð dómstólaleiðin. Ekki hef ég þá kunnáttu í lögum eða reynslu af lagapraxís eins og hv. þingmaður að ég geti með nokkru móti mælt í gegn því sem hún sagði.

Hugsanlega fylgdist ég ekki alveg nógu ítarlega með

einum kafla ræðunnar. Er það misskilningur hjá mér að hv. þingmaður lýsti stuðningi við dómstólaleiðina en gat þess jafnframt að hún mundi að þessu sinni ekki styðja breytingartillögu sem fram er komin um að hún verði tekin upp?

Ég vildi gjarnan að hún skýrði þetta og ef þetta er misskilningur hjá mér bið ég hv. þingmann innvirðulega afsökunar.

[14:31]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég geri ráð fyrir því að afstaða mín komi fram við atkvæðagreiðsluna. Hins vegar færði ég nokkuð góð rök, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði, fyrir því að fara dómstólaleiðina. En ég sagði líka að ég teldi skipta verulegu máli að það væri sátt um þá leið, ekki bara meðal þingmanna í þessum sal heldur meðal allra þeirra félagasamtaka og hagsmunasamtaka sem koma að þessu máli og skiluðu umsögnum og komu á fund allsherjarnefndar um málið. Því það er nefnilega alveg rétt, og það er sagt frá því greinilega í nefndarálitinu, að þessi leið kom aldrei til umsagnar og umfjöllunar með þeim sem leitað var til vegna málsins. Þeir aðilar áttu þess aldrei kost að tjá sig um málið.

Það sem mér fannst sláandi, bæði þegar það kom fram hjá gestum og í umsögnum, var hversu margir af þessum aðilum voru í sjálfu sér á móti sameiginlegri forsjá sem meginreglu. Það fannst mér svo sláandi. Útskýring mín á því var fyrst og fremst sú að of margir þessara aðila þekktu aðeins foreldra sem lent höfðu lent í krísu og deilum tengdum skilnaði. Þeir þekktu starfs síns vegna ekki til allra þeirra hundruða og þúsunda sem hefðu getað farið þessa leið og sett hagsmuni barnsins á oddinn.

Miðað við viðhorfsbreytinguna frá 1992 til dagsins í dag, sem hefur orðið með fæðingarorlofslögunum, sem hefur orðið með því að sameiginleg forsjá var sett inn í lögin 1992, þá tel ég að skammt sé í að við náum fullri samstöðu um að veita dómurum líka þá heimild að dæma forsjána sameiginlega.

Ég legg mikið upp úr samstöðu í þessum málum. Mér finnst alveg nóg að það sé stundum ágreiningur á milli foreldra við skilnað um það hvort eigi að hafa forsjá barnanna.

[14:33]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Aðeins til að ljúka af minni hálfu orðaskiptum mínum við hv. þm. Jónínu Bjartmarz rétt áðan. Ég ítreka það sem ég sagði að hv. þingmaður færði alveg feikilega góð rök fyrir því af hverju menn ættu að taka upp heimild í lögum fyrir dómara að dæma sameiginlega forsjá. Ég hjó eftir því í ræðu hennar að hún virtist gefa það til kynna að hún mundi eigi að síður ekki á þessu stigi málsins greiða því atkvæði. Þegar ég innti hv. þingmann eftir því varð ég nú ekki miklu nær um það og ég bíð þá bara spenntur eftir að sjá hver afstaða hv. þingmanns verður við atkvæðagreiðsluna.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þegar þingmenn hafa jafnbjargfasta sannfæringu og vel rökstudda og hv. þingmaður leiddi fram áðan sé ákaflega erfitt fyrir þá að skjóta sér undan því að birta þá afstöðu í atkvæðagreiðslu með vísan til þess að sátt þurfi að vera alls staðar í samfélaginu um þetta. Hv. þingmaður sýndi fram á það með óskaplega fínum elegans áðan að þetta er barninu fyrir bestu og það er það sem ræður afstöðu okkar. Og þá er það alla vega mín skoðun að hv. þingmaður geti ekki, eftir þessa sterku röksemdafærslu, annað en að gengist við því viðhorfi þegar til stykkisins kemur í atkvæðagreiðslu.

Ég ætla nú ekki að hrekkja hv. þingmann frekar með því að elta hana uppi í þessu máli. Mér nægir alveg að hlusta á þau viðhorf sem komu fram hjá henni. Ég vona að það séu viðhorf Framsóknarflokksins, ég er þó ekki viss um það. Það hefur komið fyrir að hv. þingmaður hafi aðeins sýnt að það er blæbrigðamunur á skoðunum hennar og flokksins sem betur fer.

Ég er í öllum grundvallaratriðum nema einu ákaflega ánægður með þetta frumvarp. Hv. þm. Bjarni Benediktsson flutti hér athyglisverða ræðu um annað mál í morgun þar sem hann sagði að stundum hefði þingið brotið ísinn og rutt brautina fyrir ný viðhorf. Í annan tíma hefði það stundum gerst að þingið væri á eftir framvindu tímans og þeim viðhorfsbreytingum sem hefðu orðið. Þetta var vel mælt hjá hv. þingmanni.

Ég tel að í þessu máli séu að verða veðraskipti í afstöðu til þess. Fyrir nokkrum árum var það alveg ljóst að mjög öflugir skoðanaleiðtogar á þessum sviðum lögðust gegn sameiginlegri forsjá. Það er að breytast. Ríkisstjórn, einstakir ráðherrar og stjórnskipaðar nefndir höfðu miklar efasemdir um það mál. Það er líka að breytast sem betur fer. Á sínum tíma var forsjárnefnd dómsmálaráðherra kannski sú nefnd sem var rödd hrópandans í eyðimörkinni. Nú sjáum við fram á að sterkir fjölmiðlar eins og Morgunblaðið, sem hefur fylgst ákaflega vel með þessu máli og sýnt af sér nútímalegra snið í umfjöllun um það en um marga aðra málaflokka, hefur með svipuðum elegans og hv. þm. Jónína Bjartmarz hér áðan flutt mjög sterk rök, bæði fyrir sameiginlegri forsjá og líka þeim möguleika að dómari fái að fara eftir sannfæringu sinni um hvað barni er fyrir bestu.

Það er eitt í allri þeirri umræðu sem hér hefur verið um þetta mál á þinginu í vetur og skyld mál áður sem mér finnst vera gagnrýni vert. Það er ósjálfstæði okkar Íslendinga í þessari umræðu. Það er eins og við leggjum ekki í að taka sjálfstæðar ákvarðanir heldur finnst mér stundum eins og að nýlenduhaftið sé enn óslitið í þessum efnum eins og svo oft þegar við erum að tala um grundvallarlög, jafnvel sjálfa stjórnarskrána. Þar horfum við til okkar gömlu nýlenduherra, Dana. Ég rifja það upp að þegar menn ræddu hér hina svokölluðu dómstólaleið við fyrri umræðu þessa máls þótti það óskapleg goðgá að ætla sér að taka undir dómstólaleiðina m.a. vegna þess að Danir væru á öðru máli, eins og það skipti einhverju máli fyrir okkur hvað Danir eru að gera í þessum efnum eða öðrum. Við klipptum á þann naflastreng 1944. Við eigum að vera sjálfstæð þjóð sem horfir víða. Við eigum að leita eftir reynslu annarra þjóða og vega hana og meta á okkar eigin forsendum. Við eigum ekki bara að horfa á það sem Danir eru að gera.

En það er dálítið kyndug kaflaskipti sem hafa einmitt orðið á hinum danska vinkli. Við 1. eða 2. umr. málsins og í drögum sem ég sá að hinu upphaflega nefndaráliti var gert mikið úr því að Danir væru með nefnd í gangi og þeir hefðu

lagst gegn þessu máli af því hin sænska reynsla væri svo vond. Það kom margsinnis fram í umræðu hér.

Nú blasir það við í fyrsta lagi að hin danska reynsla er slík að jafnvel þeir hafa snúið við blaðinu, jafnvel þeir, samkvæmt forsíðufrétt í Morgunblaðinu fyrir tveimur, þremur dögum, eru að leggja fram frumvarp sem veitir dómara þessa heimild. Þá spyr ég: Ef við vorum svona föst í hinni dönsku vitund og skilningi á þessu máli á fyrri stigum þess, af hverju koma þeir sem beittu þessum rökum ekki núna og segja: Við skulum gera eins og Danir? Mér hefur því fundist að menn hafi notað þetta sem ákveðið skálkaskjól til að skjóta sér hjá þessari ákvörðun. Ég hef ekki þá reynslu, eins og ég hef áður getið, sem hv. þm. Jónína Bjartmarz hefur sennilega á svona málum úr fyrri starfsvettvangi sínum. Ég sé það bara í mínu nánasta umhverfi að þar sem slit á hjónabandi verða eru það yfirleitt börnin sem koma verst út úr því. Við sem löggjafi verðum fyrst og fremst að hafa hagsmuni þeirra í fyrirrúmi þegar við tökum okkar ákvarðanir. Það er nú svo að við höfum falið dómurum það vald að skera úr um ágreining og meta mál og taka þá niðurstöðu sem þeir telja besta í hverju máli og því finnst mér það nokkuð umhendis ef ekki á að veita dómurum það vald í forsjármálum líka.

Ég treysti dómsvaldinu og ég hlíti niðurstöðum þess. Ég lít svo á að ef dómari, sem hefur vegið og metið málið með þeim tækjum, búnaði og úrræðum sem hann hefur tök á, kemst að þeirri niðurstöðu að það sé barninu fyrir bestu, ef hann telur eftir rannsókn máls að ágreiningur foreldra sé þrátt fyrir allt, þrátt fyrir hitann í augnablikum skilnaðarins og því sára skeiði sem honum fylgir, ekki það djúprættur að það sé eigi að síður barninu fyrir bestu að vera í umsjá beggja foreldra, þá á hann að hafa heimild til þess, ef hann telur að það sé barninu fyrir bestu. Ef hann telur hins vegar að staðan í samskiptum foreldra sé slík að það sé ólíklegt að úr rætist þá fylgir hann að sjálfsögðu þeirri sannfæringu sinni og dæmir ekki sameiginlega forsjá. Og sömuleiðis ef einhver teikn eru á lofti um að sameiginleg forsjá geti með einhverjum hætti skaðað barnið, eins og reynsla Svía hefur sýnt í sumum tilvikum, þá ber honum að sjálfsögðu að taka tillit til þess.

Á fyrri stigum málsins og í fjölmiðlum hefur verið rætt töluvert um reynslu Svía af þessu máli. Þeir hafa haft dómstólaleiðina í lögum um töluvert skeið. Það hefur verið töluverð umræða í Svíþjóð og núna í vetur í sænskum dagblöðum, og líka reyndar á heimasíðu sænska dómsmálaráðuneytisins, um gæði og nytsemd þessarar leiðar. Það kom í ljós að í nokkrum tilvikum, þriðjungi sem er náttúrlega mjög hátt hlutfall, lék grunur á að í sameiginlegri forsjá, sem dæmd var af dómara, kynni að hafa leitt til einhvers konar ofbeldis gagnvart börnunum. Þetta leiddi til þess að Svíar tóku þetta til endurskoðunar. Gagnstætt því sem haldið var fram af einum ágætum þingmanni hér fyrir nokkrum mánuðum þá leiddi það ekki til þess að Svíar ætluðu sér að hætta við þessa aðferð. Þvert á móti, þeir hafa lagt fram lagafrumvarp þar sem byggt er á þessari reynslu og segja má að leiðin hafi verið fínstillt. Þeir hafa sett sér nýja mælikvarða, öðruvísi leiðbeiningar og ríkari úrræði til að ganga úr skugga um hvernig best sé að taka á málefnum barnsins. Það liggur fyrir alveg fortakslaust í þeim leiðbeiningum og fyrirmælum sem er að finna í því frumvarpi sem ég hef lesið á heimasíðu sænska dómsmálaráðuneytisins að ef minnsti grunur er uppi um að eitthvað slíkt gæti siglt í kjölfarið þá ber að fara ekki þá leið að dæma sameiginlega forsjá.

Eftir stendur að dómarinn verður að hafa heimild til að gera það sem hann telur þeim einstaklingi sem hann á að hafa í öndvegi í svona málum, sem er barnið, fyrir bestu. Það finnst mér skipta langmestu máli. Ég hef sagt að ég tel ákaflega jákvætt að sameiginleg forsjá verði meginregla núna við skilnað. Ég rifja það upp að allar götur síðan, ætli það séu ekki tvö, þrjú ár síðan að jafnvel stjórnskipaðar nefndir lögðust gegn því sem meginreglu, þrátt fyrir að forsjárnefnd dómsmálaráðherra hafi lagt það alveg skýrt til í skýrslu sinni frá mars 2005 að tekið skyldi af skarið um sameiginlega forsjá sem meginreglu. Í skýrslu forsjárnefndar dómsmálaráðherra var sagt alveg skýrt að það væri niðurstaða nefndarinnar, og ég vitna til hennar á bls. 31, með leyfi forseta: „og jafnframt að lögfesta að dómarar geti dæmt sameiginlega forsjá".

Mér finnst þurfa óskaplega sterk rök til að leggjast gegn þessari tillögu forsjárnefndar dómsmálaráðuneytisins. Ég er þeirrar skoðunar, alveg eins og hv. þm. Jónína Bjartmarz, að auðvitað eru að verða ákveðin hvörf í þessari umræðu og skilningurinn er að vakna á þessu. Ég tek alveg skýrt fram að ég er ekki að halda því fram að þetta eigi skilyrðislaust að vera svona, bara í þeim tilvikum þegar dómarinn er þessarar skoðunar.

Ég nefndi það áðan að Íslendingar og margir þingmenn sem hafa á fyrri stigum málsins, bæði í vetur og áður, verið andsnúnir þessari leið hafa jafnan vísað til Danmerkur. En staðan er þannig að í fjölmörgum löndum er þetta meginregla. Þar getur dómari dæmt sameiginlega forsjá.

Svíar hafa, eins og við höfum rakið í þessari umræðu, haft þennan rétt, þ.e. dómarar haft rétt til að úrskurða sameiginlega forsjá, síðan 1998. Þar stendur yfir gagnger endurskoðun á þeim lögum. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar er að þetta sé góð leið til að tryggja hagsmuni barnsins en hún hefur verið fínstillt út frá reynslunni. Við höfum séð að Danir virðast taka þetta upp líka og 16. mars samþykkti neðri deild belgíska þingsins lög um þetta. Ég held að efri deild þingsins hafi lokið við staðfestingu þeirra laga í síðasta mánuði. Í Hollandi er líka heimild í lögum til að úrskurða sameiginlega forsjá en þar er skýrt í gadda slegið í lögunum að það sé einungis gert að undangenginni rækilegri úttekt á velferð og högum barnsins.

Hæstv. forseti. Hvernig skyldi staðan vera á hinni kaþólsku Ítalíu? Ég er viss um að hv. formaður allsherjarnefndar hefur skoðað það, þótt ég ætli ekki að hann sé kaþólskari en páfinn. En hann er það heldur ekki í þessum efnum. Á Ítalíu tóku gildi lög fyrir u.þ.b. sex vikum sem heimila m.a. dómurum að dæma sameiginlega forsjá, ef sérfræðingar meta það best fyrir barnið. Í framhaldi af þeim lögum tók páfinn í Róm sig til og í sérstakri messu á hinu mikla torgi fyrir framan Vatíkanið blessaði hann lögin sérstaklega og þann nýja rétt foreldra sem þau færðu. Við hinir lútersku Íslendingar, sem höfum alltaf talið okkur frjálslyndari og víðsýnni en kaþólskuna í þessum efnum, erum allt í einu orðin meira hægfara en páfinn í Róm. Það ætti að vera öll-

um alþingismönnum nokkurt umhugsunarefni.

Svona heimildir og möguleikar eru auðvitað til víðar í lögum. Í 35 ríkjum í Bandaríkjunum er þetta t.d. regla. Svo er og í Ástralíu, í Kanada og ég veit ekki betur en svo sé líka í Bretlandi, en þó þekki ég það langminnst og hef átt erfiðast með að sækja mér gögn um það. En það er kannski í öðru kaþólsku landi að þróunin hefur verið hvað framsæknust. Þar voru strax árið 1987 samþykkt lög sem heimila dómara að úrskurða um sameiginlega forsjá þrátt fyrir andstöðu annars foreldrisins, nema við sérstakar aðstæður sem voru raktar í þeim lögum. Í þeim upphaflegu lögum var alltaf talað um sameiginlega foreldraábyrgð. Það var meginforsendan sem jafnan var gengið út frá. Í þeim upphaflegu lögum var dómurum gefin sérstök heimild til þess að svipta hvorugt foreldranna foreldraábyrgð þótt deilur væru uppi í skilnaði. Og athugið hvernig Frakkarnir orða þetta, þeir nálgast þetta nákvæmlega frá hinum endanum. Þeir tala um að svipta foreldra foreldraábyrgð vegna þess að meginregla þeirra er sú að ábyrgðin hvíli á báðum foreldrum vegna þess að hinir kaþólsku Frakkar og Ítalir líta á þetta mál og nálgast út frá sjónarmiði barnsins og það skiptir máli.

Árið 1993 var síðan þetta hugtak „sameiginleg foreldraábyrgð" gert að meginreglu í Frakklandi. Í þeim lögum var tekið fram að mjög ríkar ástæður þyrfti til þess að sú leið yrði ekki valin, eða eins og segir í lögunum „dæmd". Árið 2002 var gengið enn þá lengra og frönsk lög gerðu báða foreldra jafnréttháa. Inn í frönsk lög kom nýtt hugtak sem ég treysti mér hvorki til að þýða né bera fram. En það gerir ráð fyrir því að börnin geti átt tvö jafnrétthá heimili og tvo foreldra með sömu skyldum og ábyrgð. Í reynd fela þessi lög í sér það sem við höfum kallað jafna umönnun.

Frú forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu með frekari ræðuhöldum. Ég vil bara lýsa ánægju minni með þann skilning sem hér hefur þó komið fram á dómstólaleiðinni. Ég er mjög ánægður með lögin sjálf. Ég tel að þau brjóti í blað. Þau eru framhald af mikilli umræðu um þessi mál sem mér finnst þó rétt vera að koma upp á yfirborðið. En af því að sá þingmaður sem talaði á undan mér talaði um að kannski væru að verða veðrabrigði í umræðunni þá vil ég undirstrika að upptalning mín á því hvernig þessum málum er háttað í öðrum löndum ber það með sér að þar er þessi umræða líka, að breyta lögum. Þar eru þessar breytingar niðurstaða sem mér finnst vera rökrétt af umræðum sem snúast um barnið og hagsmuni þess. Það hefur mér stundum fundist vanta í umræðuna en það á að vera meginkjarninn, ekki hagsmunir annars hvors foreldrisins heldur barnsins. Ef dómari telur af sannfæringu sinni að það sé barninu fyrir bestu að það njóti sameiginlegrar forsjár beggja foreldra þá á hann að hafa þennan rétt.

[14:51]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Örfá orð varðandi dómstólaleiðina og þessi mál. Vissulega skiptir máli hvernig skipast með forsjá, hvort sem það er með dómi, fyrir sýslumanni eða bara foreldra á milli. Það skiptir óskaplega miklu máli fyrir velferð hvers einstaks barns. Mér finnst synd að í þessari umræðu allri skuli menn fjalla svo mikið um dómstólaleiðina. Sem betur fer eru það aðeins örfá mál sem fara fyrir dómstóla af öllum þeim málum þar sem foreldrar skilja.

Í tilefni af orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og ágætri ræðu hans — við sjáum þessa hluti að mörgu leyti í sama ljósi — þá verð ég að fá að leggja áherslu á að sáttameðferðin skiptir öll börn máli hjá öllum foreldrum sem eru að skilja. Mér finnst óásættanlegt ef bera á fyrir borð í umræðunni þýðingu hennar og leiðbeiningarskyldu sýslumanns. Hvað sem hver segir eru hagsmunirnir þar ríkastir fyrir flest börn, að sem fæst mál þurfi að fara fyrir dómstóla.

Eitt í viðbót, frú forseti. Viðhorfsbreytingin hefur orðið gífurleg. 1992 ætluðu margir vitlausir að verða yfir því að hægt yrði að semja um sameiginlega forsjá. Í dag eru margir þeirrar skoðunar að það eigi ekki að vera meginregla, að meginreglan eigi að vera að forsjáin sé skipt. En m.a. fæðingarorlofið hefur fleygt okkur fram í þessu efni vegna þess að þar er áherslan öll á að það sé sameiginlegt verkefni foreldra, bæði fyrir og eftir skilnað, umönnun og ábyrgðin á barninu.

Annað sem hefur breyst frá 1992 er að þetta heitir forsjá. Þetta fjallar um að sjá fyrir, ekki að ráða yfir. Þar voru hagsmunir barnsins líka settir í öndvegi. Okkur hefur því miðað svo fram á síðustu tæpum tveimur áratugum að hvort við, árinu fyrr eða seinna, lögleiðum (Forseti hringir.) dómstólaleiðina finnst mér smáatriði miðað við alla hina ríku hagsmunina.

[14:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona, eftir hjartnæmar ræður hv. þingmanns um nytsemd þeirrar leiðar sem hér hefur verið kennd við dómstóla, að ekki megi skilja síðustu orð hennar svo að hún muni ekki tjá þessa afstöðu sína í atkvæðagreiðslu. Ég er að vísa til þeirra orða hv. þingmanns þegar hún sagði að það skipti ekki árinu til eða frá hvenær þetta yrði samþykkt. Vafalítið mun það ekki skipta neinu grundvallarmáli. En það væri samt betra að þeirri sannfæringu, sem bæði ég og hv. þingmaður höfum í þessu máli, yrði hrint í framkvæmd vegna þess að við trúum að það sé rétt leið.

Það er rétt sem hér hefur komið fram hjá þingmönnum í dag, að sáttaleiðin skiptir mjög miklu máli. Mér finnst ákaflega mikilvægt að heyra það, sem ég lærði við umfjöllun þessa máls í þessum í sal og í þingflokki mínum, að hægt er að sýna fram á að einstakir dómarar sem fara þá leið ná sátt í 90% mála. Þá velti ég því fyrir mér: Ef svo er og ef það hefur verið reynslan síðan um aldamót, hvers vegna er ekki lögð meiri áhersla á þá leið af hálfu ríkisvaldsins? Af hverju kemur ekki t.d. hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allsherjarnefndar, og lemur í borð og segir: Það verður að taka þetta upp í ríkari mæli? (**Gripið fram í:** Hann leggur það til í álitinu.) Gott og vel, ég var að lesa þetta álit og þann kafla og hefði gjarnan kosið að það yrði gert með miklu sterkari hætti. En ég virði þann vilja og þær sterku áherslur.

En ég ætlaði að vísa, í framhaldi af orðum hv. formanns allsherjarnefndar, til hæstv. dómsmálaráðherrans sjálfs sem hefði átt að setja mál af þessu tagi í forgang sökum hinnar góðu reynslu af því. En ég vænti þess, frú forseti, að við

munum öll fallast í faðma, ef ekki á þessu ári þá á hinu næsta, í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, 2. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 360, nál. 1234, brtt. 1220.

[14:56]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar um frumvarp til laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum.

Með frumvarpinu er lagt til að sýslumenn geti að undangengnum dómsúrskurði aflað sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum með leit hjá þeim sem grunaðir eru um brotin.

Á fundum nefndarinnar kom fram að tilefni frumvarpsins væri þjóðréttarleg skuldbinding vegna aðildar Íslands að samningi um Alþjóðaviðskiptastofnunina og 1. viðauki C með samningnum sem nefndur hefur verið TRIPS-samningurinn. Markmiðið með samningnum er að auka vernd hugverkaréttinda á heimsvísu og í því skyni eru gerðar ákveðnar kröfur til löggjafar aðildarríkjanna.

Kom fram í störfum nefndarinnar að þau ákvæði TRIPS-samningsins sem einkum snerta öflun sönnunargagna vegna brota gegn hugverkaréttindum eru 41. og 50. gr. og samkvæmt þeim skulu aðildarríkin sjá til þess að fyrir hendi séu skilvirk úrræði sem unnt er að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir og hindra brot gegn hugverkaréttindum, tryggja réttláta málsmeðferð og sjá til þess að dómstólar hafi vald til að fyrirskipa tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til bráðabirgða til að koma í veg fyrir brot á hugverkarétti.

Fram kom á fundum nefndarinnar að til þessa hefðu ekki verið nægilega virk úrræði fyrir rétthafa hugverkaréttinda til að bregðast við brotum og afla sönnunargagna um þau til að verja hagsmuni sína. Þá væri þörf á úrræðum á einkaréttarlegum grunni til þess að bregðast við þar sem lögreglu væri varla kleift að bregðast nægilega fljótt við kærum. Þess vegna eru þau úrræði sem hér er gengið út frá á einkaréttarlegum grunni. Markmiðið er að stöðva ákveðna starfsemi og m.a. að tryggja að rétthafi að hugverkarétti geti tryggt sönnun gegn ætluðum brotum á hugverkarétti.

Það verður að segjast eins og er, að hér eru færð í lög nokkuð víðtæk úrræði til að afla sönnunargagna. Það er því ekki að ástæðulausu að sú spurning vaknaði í störfum nefndarinnar hvort með frumvarpinu væri gengið of nærri friðhelgi einkalífs, þeirri friðhelgi sem almennt þarf að tryggja eða hagsmunum gerðarþola. Eins og segir í nefndarálitinu voru þessi atriði tekin sérstaklega til skoðunar. Ég ætla að leyfa mér að fara lauslega yfir þau atriði í frumvarpinu sem ætlað er að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum, hvernig úrræðin eru tempruð til þess að ekki sé gengið lengra en þörf krefur.

Samkvæmt frumvarpinu þarf gerðarbeiðandi í fyrsta lagi að gera sennilegt fyrir dómi að brot hafi verið framið.

Í öðru lagi á úrræði frumvarpsins ekki við ef mál beinist að einstaklingi og um er að ræða minni háttar brot sem ekki eru liður í atvinnustarfsemi. Með því eru einstaklingar og öll minni háttar tilvik undanskilin.

Í þriðja lagi er það sýslumaður sem annast leitina og gerðarbeiðandi er einungis viðstaddur ef það er nauðsynlegt til að veita upplýsingar að því marki sem þarf til að gerðin fari fram. Einnig er áskilið að meðalhófs skuli gætt og að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim ætluðu brotum sem afla á sönnunar um.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að gerðarbeiðandi fái ekki nein gögn í hendur fyrr en endurupptöku- og kæruleið hefur verið tæmd.

Loks er gerðarbeiðanda gert skylt að leggja fram tryggingu fyrir kostnaði við meðferð málsins og fyrir greiðslu skaðabóta sem gerðarþoli kynni að öðlast rétt til og er bótaverndin hlutlæg.

Að öllu þessu virtu, eins og segir í nefndarálitinu, telur meiri hlutinn ljóst að með frumvarpinu sé ekki gengið nær stjórnarskrárvernduðum rétti gerðarþola til friðhelgi einkalífs en nauðsynlegt er vegna eignarréttinda annarra sem einnig eru vernduð í stjórnarskrá og enn fremur að hagsmunir gerðarþola séu tryggðir með rétti til greiðslu skaðabóta.

Loks ber að nefna að hætt væri við því að frekari skilyrði fyrir öflun sönnunargagna en fram koma í frumvarpinu mundu stofna markmiði frumvarpsins í hættu með því að úrræðið yrði of þunglamalegt í framkvæmd.

Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að úrræði frumvarpsins um réttindagæslu á sviði hugverkaréttinda þyrftu einnig að ná til innheimtu og skila á fylgiréttargjöldum til myndhöfunda og erfingja þeirra. Nefndin kemst að því að í sjálfu sér sé ekki nein þjóðréttarleg skuldbinding til að láta frumvarp þetta jafnframt taka til slíkrar breytingar. Þau tilvik séu einnig í nokkru eðlisólík þeim sem hér er um að fjalla. Þau mál sem einkum reynir á með frumvarpinu eru þess eðlis að auðvelt er að eyða og skjóta undan sönnunargögnum. Að því leyti eru málin ekki að öllu leyti sambærileg. Eins er það álit meiri hlutans að væntanlega sé unnt, með öðrum og vægari úrræðum, að koma til móts við þörfina sem virðist vera fyrir aukna réttindagæslu vegna fylgiréttargjaldsins.

Með þessum athugasemdum fylgi ég eftir áliti meiri hluta allsherjarnefndar sem leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

[15:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu við frumvarp þetta sem er finna á þingskjali 1220 og er frá hv. þm. Atla Gíslasyni. Hún varðar fylgiréttargjaldið. Eins og hv. formaður allsherjarnefndar vék að í máli sínu var talsverð umræða í nefndinni um hvort úrræði frumvarpsins um réttindagæslu á sviði hugverkaréttinda ættu ekki einnig að ná til innheimtu og skila á fylgiréttargjöldum til myndhöfunda og erfingja þeirra.

Breytingartillaga Atla Gíslasonar sem ég mæli fyrir og

geri hér að minni gengur út á að a-liður 1. gr. breytist til þess að úrræði frumvarpsins nái líka yfir innheimtuskil á fylgiréttargjöldum. Hún muni þá hljóða svo:

„Höfundarétti og skyldum réttindum skv. 3. gr., 4. gr., 3. mgr. 11. gr., 25. gr. b, 45. gr., 46. gr. og 48.–52. gr. höfundalaga og 23. gr. a laga um verslunaratvinnu."

Þessi umræða fór af stað í nefndinni vegna umsagnar stjórnar Myndstefs um frumvarpið en stjórn Myndstefs lýsti ánægju með frumvarpið í heild sinni og taldi það fela í sér verulegar réttarbætur til höfunda en gerði hins vegar athugasemdir við það að úrræðið til réttinda á gæslu á sviði hugverkaréttar næði ekki til innheimtu og skila á fylgiréttargjöldum. Stjórnin taldi nauðsynlegt að gera þær breytingar sem þessi tillaga lýtur að.

Fram hefur komið að hér á landi hefur verið misbrestur á innheimtu fylgiréttargjalda, bæði hvað varðar listaverkasölu á frjálsum uppboðum og í listmunaverslunum. Myndstef hefur með vísan til almennra hegningarlaga og til höfundalaga reynt að fá embætti ríkislögreglustjóra til að rannsaka meint brot og eftir atvikum að gefa út ákæru á hendur þeim sem sannir verða að lögbrotum í þessa veru. Embætti ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara hafa ítrekað hafnað beiðnum Myndstefs. Hér er um alvarleg brot að ræða sem hafa staðið lengi og varða háar fjárhæðir. Eðli málsins samkvæmt er mjög erfitt og nánast ómögulegt að sanna þessi brot nema með rannsókn lögreglu á bókhaldi viðkomandi aðila og tengdum gögnum. Ber því nauðsyn til að lögfesta breytingu samkvæmt tillögu þessari. Það er að mati okkar sem stöndum að breytingartillögunni að til lítils sé að lögfesta ákvæði um fylgiréttargjöld í höfundaréttarlöggjöf ef ekki er unnt að innheimta þau og bregðast við brotum á lögunum með viðeigandi hætti. Þess ber að geta í lokin, frú forseti, að Danir hafa lögfest sambærilegt ákvæði, þ.e. heimila sömu úrræði og þetta frumvarp gerir ráð fyrir þegar um er að ræða réttindagæslu á sviði fylgiréttargjaldsins.

Að öðru leyti vil ég segja um málið að þetta tengist TRIPS-samningnum svokallaða, eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson gat um í máli sínu, en varðar ekki lögleiðingu TRIPS-samningsins sjálfs eða innleiðingu hans í íslenskan rétt. Ég er þeirrar skoðunar að TRIPS-samningurinn sé um margt afar varhugaverður samningur og ákveðnar lagabreytingar sem gerðar hafa verið smám saman hafa verið smátt og smátt að innleiða þennan samning í íslenskan rétt. Ráðuneyti dómsmála tjáði nefndinni við yfirferð þessa máls að segja megi að samningurinn sé að fullu leiddur í íslensk lög nú þegar. Þau ákvæði sem hér er verið að lögleiða lúta eingöngu að þessu þrönga sviði, þ.e. öflun sönnunargagnanna vegna ætlaðra brota á sviði hugverkaréttinda.

Hvað varðar TRIPS-samninginn almennt langar mig að segja, til að þau sjónarmið komi fram við umræðuna, að þar tel ég varhugaverðan samning á ferðinni. Ég tel rétt að við séum á verði gagnvart því hvernig beiting ákvæða hans þróast því ég sé ekki betur en að öflug samtök vítt og breitt um heiminn séu farin að gefa því sérstakan gaum og halda fram að á grundvelli þess samnings sé verið að fara offari að ýmsu leyti þegar stórfyrirtæki vegna viðskiptahagsmuna eru farin að afla sér höfundaréttar á sviði sem er í besta falli umdeilanlegt hvort hægt sé út frá siðferðislegum sjónarmiðum hreinlega að krefjast höfundaréttar á. Á ég við ákveðna hluti sem hreinlega geta gerst úti í náttúrunni. Ég er að tala um yrkisrétt þar sem hægt er samkvæmt samningnum að öðlast höfundarétt á hlutum eða fyrirbærum sem eiga sér stað nánast úti í náttúrunni og gera fólki sem stundar ræktun, bændum oft og tíðum, erfitt fyrir til að nýta sér yrki til áframhaldandi ræktunar. Þetta tengist erfðabreytingum og öðru slíku sem eru líka afar umdeild mál í heiminum í dag. Ég tel að fólk þurfi að vera á verði varðandi TRIPS-samninginn almennt og það hvernig ákvæðum hans er beitt í íslenskum lögum.

En meginatriði málsins var að mæla fyrir þeirri breytingartillögu sem finna má á þingskjali 1220 og tel ég nauðsynlegt að þingheimur ígrundi það alvarlega þegar atkvæði eru greidd hvort ekki sé rétt að staldra við.

[15:11]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum leynir á sér og er nefnilega nokkuð varhugavert að mörgu leyti. Hér er um að ræða hluta af þjóðréttarlegri skuldbindingu sem lýtur að verndun hugverkaréttinda. Klárlega og augljóslega er þörf á að vernda hugverkaréttindin og koma í veg fyrir hugverkastuld og hugverkaþjófnað o.s.frv. og slá aukinni skjaldborg um þau réttindi og finna því leiðir.

Hér segir að dómstólar hafi vald til að fyrirskipa tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til bráðabirgða til að koma í veg fyrir brot á hugverkarétti, og einkum til að koma í veg fyrir að vörur komist í umferð innan lögsögu aðildarríkjanna.

En kjarni málsins er sá að lagafrumvarpið, þetta frumvarp um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, gengur að minni hyggju allt of langt. Þetta mál gengur allt of langt og þess vegna skrifum við þingmenn Samfylkingarinnar í allsherjarnefnd ekki undir nefndarálitið. Við styðjum þetta mál ekki og munum leggjast gegn því í atkvæðagreiðslu á þinginu. Það er ekki þjóðréttarleg skuldbinding að innleiða málið eins og það liggur fyrir, heldur gengur það töluvert lengra en skuldbindingar kveða á um. Þar gengur það allt of langt þar sem það veitir of víðtæka heimild til leitar hjá þeim sem hugsanlega væru grunaðir um hugverkabrot.

Að því leytinu er málið algjörlega fráleitt að minni hyggju, gengur allt of langt og miklu lengra og hérna á friðhelgi einkalífsins að sjálfsögðu að njóta vafans. Frumvarpið gengur of nærri friðhelgi einkalífsins og hagsmunum þess sem kallaður er gerðarþoli, þess sem leitað er hjá af því það er nægjanlegt að sá sem er gerðarbeiðandi, sá sem óskar eftir að leit sé gerð hjá einhverjum, geri það sennilegt fyrir dómi að brot hafi verið framið. Það er nóg fyrir einhvern sem grunar annan um hugverkastuld að gera það sennilegt fyrir dómi að brot hafi verið framið. Þá ryðst sýslumaður fram, í mörgum tilfellum með þann sem óskar eftir leitinni, þann sem hefur annan grunaðan um hugverkastuld, að honum viðstöddum.

Þetta mál gengur einfaldlega allt of langt. Hér er allt of freklega gengið gegn friðhelgi einkalífsins að það sé möguleiki að minni hyggju að styðja málið. Ég tel að gengið sé gegn stjórnarskrárvernduðum rétti gerðarþola til friðhelgi einkalífs. Málið gengur að því leyti allt of langt þótt mark-

miðið sé gott eins og með svo mörg önnur góð mál. Markmiðið er gott t.d. með því máli sem við ræðum hér á eftir, um tóbaksvarnir, þar sem forræðishyggjan ætlar allt um koll að keyra. Markmiðið er gott en leiðin er óþolandi af því að leiðin brýtur á friðhelgi einkalífsins. Friðhelgi einkalífsins og stjórnarskrárverndaður réttur hvers einstaklings til friðhelgi einkalífs á að njóta vafans.

Friðhelgi einkalífsins á að njóta vafans að minni hyggju og okkar í Samfylkingunni. Þess vegna þegar við fórum að vinna að þessu máli í nefndinni rann upp fyrir okkur það ljós að hér væri einfaldlega gengið allt of langt. Hér er verið að grípa til svo harkalegra ráðstafana til að ná fram annars að sjálfsögðu ágætu markmiði, en fyrr mætti aldeilis vera, að það er ekki líðandi. Það er ekki þolandi og málið mun ég ekki styðja.

Hér er einfaldlega um að ræða allt of víðtæka heimild til leitar hjá þeim sem grunaðir eru um að hafa framið hugverkastuld eða gerast brotlegir við lög um hugverkaréttindi, sérstaklega í því ljósi að þjóðréttarleg skuldbinding knýr ekki á um að svo langt sé gengið.

En til að útskýra þetta aðeins að lokum, af því við erum að fara nokkuð greitt í gegnum umræðuna, má geta þess, eins og segir í nefndarálitinu, að fram kom á fundum nefndarinnar að ekki hefðu verið nægilega virk úrræði, og undir það tek ég, fyrir rétthafa hugverkaréttinda til að bregðast við brotum og afla sönnunargagna um þau til að verja hagsmuni sína. Það er vissulega hægt að taka undir það og þarf að finna leiðir til að bæta þar úr. Þá væri þörf á úrræðum á einkaréttarlegum grunni til þess að bregðast við þar sem lögreglu væri varla kleift að bregðast nægilega fljótt við kærum. Því að auðvitað er um að ræða nokkuð sérstakan brotaflokk þar sem getur verið erfitt að bregðast nægilega hratt við þar sem um er að ræða hugverka- og tölvuglæpi hvers konar þar sem getur verið nokkuð fljótlegt að eyða sönnunargögnum með því að rústa tölvum eða þurrka minni þeirra einhvern veginn út. Allt er það uppi á borðinu og liggur fyrir. Markmiðið með ákvæðunum er sem sagt að stöðva ákveðna starfsemi og m.a. að tryggja að rétthafi að hugverkarétti geti tryggt sönnun gegn ætluðum brotum á hugverkarétti.

Þess vegna telur meiri hlutinn nauðsynlegt að virkja þetta úrræði, sem ég er að gagnrýna, til að tryggja hagsmunarétt að hugverkaréttindum með þessum hætti sérstaklega þar sem eðli hugverkaréttinda eða hugverkaþjófnaðar hvers konar er með þeim hætti að býsna auðvelt er að koma undan sönnunargögnum og miklu auðveldar en í mörgum öðrum flokkum og erfiðara að færa heim sönnur að broti með auðveldum og fljótvirkum hætti af því það er svo auðvelt og fljótlegt að eyða sönnunargögnunum.

En hér er einfaldlega gengið allt of langt. Hér er gengið allt of nærri friðhelgi einkalífsins og hagsmunum þess sem hugsanlega er grunaður, sérstaklega þar sem er nægjanlegt fyrir þann sem óskar eftir beiðninni, óskar eftir húsleitinni, óskar eftir leitinni hjá viðkomandi, að gera það sennilegt fyrir dómi að brot hafi verið framið. Það er nóg að gera það sennilegt. Það er nóg að færa fram þau rök sem duga til að dómstóll fallist á að leit verði gerð. Síðan er það sýslumanns að framkvæma leitina og oft að gerðarbeiðanda nærstöddum. Þetta finnst mér líka algjörlega óviðunandi. Ég sætti mig ekki við að svo freklega sé gengið, vil ég segja, gegn friðhelgi einkalífsins sem hér er kveðið á um. Sérstaklega þegar litið er til þess að nokkur málafjöldi liggur núna fyrir þinginu þar sem hægt er að færa rök fyrir því að mjög freklega og gróflega sé gengið á friðhelgi einstaklinganna.

Tóbaksvarnamálið sem ég nefndi áðan er ekkert annað en árás forræðishyggjunnar og stjórnlyndisins gegn frjálslyndi og friðhelgi hvers borgara í landinu. Þegar við bætast svona mál sem að mínu mati gera ekkert annað en ganga gróflega gegn friðhelgi einkalífsins og gegn þeim hagsmunum sem stjórnarskráin verndar hvern mann til að hafa, þá er algjörlega ómögulegt að mínu mati að sætta sig við það. Þó svo að við ræðum þessi mál sitt í hvoru lagi þá ræðum við hitt hér síðar í dag.

Þetta mál veitir allt of víðtæka heimild til leitar. Það kemur ekki að mínu mati til greina að samþykkja málið óbreytt, sérstaklega af því að gengið er lengra en þjóðréttarlegar skuldbindingar kveða á um sem menn fela sig oft á bak við í íslenskri löggjöf að hér sé um að ræða eitthvað EES-mál sem eða alþjóðlegar og þjóðréttarlegar skuldbindingar til að gera þetta og hitt, þó margt gott komi nú þaðan. Þá er hér einfaldlega gengið lengra en kveður á um í þjóðréttarlegum skuldbindingum vegna verndunar á hugverkaréttindum sem ég tek aftur undir að eru að sjálfsögðu nauðsynlegt að vernda og finna réttlætanlegar, ásættanlegar og sanngjarnar leiðir til að vernda hugverkaréttindi og gera yfirvöldum kleift að komast yfir og rannsaka brot á hugverkarétti og afla sönnunargagna sem duga til. Enginn efi er í mínum huga að það þarf að gera. Það þarf að búa svo um hnúta að hægt sé að koma upp um hugverkastuld.

Við vorum að ræða það í fyrirspurnatíma í gær. Þá var ég með fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra þar sem fram kom að það er metið svo að 5–8% af hagkerfi heimsins snúist um hugverkastuld og slíka glæpastarfsemi þar sem eru tölvuglæpir, ólöglegar fjölfaldanir á myndefni og geisladiskum og merkjavöru hvers konar. Því er um gífurlega mikið vandamál að ræða. Það er ekki nokkur spurning.

En það réttlætir hins vegar ekki að svo langt sé gengið á friðhelgi einkalífsins að mínu mati sem hér er lagt til. Það eru einfaldlega til mildari og sanngjarnari leiðir en sú sem hér er lögð til og það á að leita þeirra leiða. Við eigum að leyfa stjórnarskrárvernduðum rétti hvers einstaklings til friðhelgi einkalífs síns að njóta vafans gegn slíkri lagasetningu sem felur yfirvöldum mjög opna og víðtæka heimild til að ráðast að hverjum einstaklingi og gera leit hjá honum einungis út frá því að einhver hafi gert það sennilegt fyrir dómi að brot hafi verið framin. Hér er einfaldlega allt of langt gengið að mínu mati og þess vegna styð ég þetta mál ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tóbaksvarnir, 2. umr.

Stjfrv., 388. mál (reykingabann). — Þskj. 470, nál. 1260, brtt. 1261, 1310 og 1336.

[15:22]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti heilbrigðis- og tryggingnefndar á þskj. 1260, 388. mál, um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Í upphafi nefndarálitsins eru samkvæmt hefð og venju greindir gestir sem komu á fund nefndarinnar vegna málsins, sem voru fjölmargir og bæði fagfólk og áhugafólk um tóbaksvarnir, og eins eru greindir í nefndaráliti þeir aðilar sem sendu nefndinni umsögn sína um þetta mál.

Meginmarkmið frumvarpsins er að auka vinnuvernd starfsmanna á veitinga- og skemmtistöðum með því að afnumið er undanþáguákvæði gildandi laga um að leyfa megi reykingar þar á afmörkuðum svæðum. Er lagt til að reykingar í þjónusturými á veitinga- og skemmtistöðum verði bannaðar með öllu frá og með 1. júní 2007, sem þýðir að það er um ársaðlögun að þessu banni. Með frumvarpinu er lögð áhersla á að veita þeim sem starfa á veitinga- og skemmtistöðum sömu vinnuvernd og öðrum og að standa vörð um rétt þessara aðila eins og annarra, þann rétt sem er markaður í upphafsákvæðum tóbaksvarnalaganna að maður þurfi ekki að anda að sér lofti menguðu tóbaksreyk af annarra völdum. Leggur nefndin einmitt áherslu á þetta í afstöðu sinni til þessa máls og jafnframt á forvarnagildi þess að fækka stöðum sem heimilt er að reykja á.

Eitt af því sem var mikið rætt á fundum nefndarinnar svo og við 1. umr. málsins hér í þingsal var skaðsemi beinna reykinga, en umræðan um skaðsemi tóbaksreykinga hefur síðustu árin fyrst og fremst snúist um skaðsemi óbeinna reykinga. Í stuttu máli má segja, og það kom skýrlega fram í greinargerðinni sem fylgdi frumvarpinu frá ráðuneytinu, að alls staðar í heiminum er skaðsemi óbeinna reykinga ótvírætt viðurkennd. Í nefndaráliti er að finna tiltekna tölfræði og upplýsingar um hærri iðgjöld í líftryggingum og sjúkratryggingum hjá þeim sem reykja.

Mér finnst vert, frú forseti, í þessari umræðu að hafa orð á því að við 1. umr. málsins var vakið máls á starfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar varðandi óbeinar reykingar og sérstaklega var rætt um tiltekna rannsókn sem gerð var af hennar hálfu. Því var meðal annars haldið fram að sú rannsókn hefði ekki leitt í ljós vísbendingar um tengsl óbeinna reykinga og lungnakrabbameins. Fréttir af þessari umræðu bárust m.a. Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Stofnunin brást við umræðum hér í þingsal og sendi nefndinni bréf fyrir atbeina heilbrigðisráðuneytisins þar sem þessum staðhæfingum er öllum andmælt og áréttað að umrædd rannsókn hafi einmitt sýnt fram á aukna hættu á lungnakrabbameini af völdum óbeinna reykinga. Í bréfinu sagði jafnframt að í kjölfar rannsóknarinnar hefði tóbaksiðnaðurinn hafið mikla herferð í fjölmiðlum þar sem rannsóknarniðurstöðum var andmælt sem vísindalegum grunni að lagasetningu til verndar þeim sem ekki reykja. Í þessu bréfi var jafnframt áréttað að jafnvel óbeinar reykingar í meðallagi gætu valdið lungnakrabbameini hjá þeim sem ekki reykja. Þetta var, frú forseti, um 1. umr. og afstöðu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og framlag hennar til gagna sem lágu fyrir nefndinni við meðferð þessa máls.

Á fundi nefndarinnar var líka rætt um að fara leið sem frumvarpið gerir ekki ráð fyrir, fara svokallaða sænska leið í þessum málum og heimila að á veitinga- og skemmtistöðum séu sérstök reykherbergi sem séu þannig um búin að tryggt sé að hvorki gestir né starfsmenn verði fyrir óbeinum reykingum. Niðurstaða heilbrigðisnefndar var hins vegar sú að líka yrði að huga að vinnuverndarsjónarmiðum gagnvart þeim starfsmönnum sem annast þrif í slíkum herbergjum. Það vó vissulega þungt í afstöðu nefndarinnar að Samtök ferðaþjónustunnar, sem eru samtök þeirra sem reka veitinga-, skemmti- og gististaði, studdu þá reglu sem frumvarpið gerir ráð fyrir og heimilar ekki sérstök reykherbergi. Samtökin voru engan veginn hlynnt því að heimila sérstök reykherbergi af þessu tagi og vísuðu að hluta til þess að það mundi skekkja samkeppnisstöðu þeirra aðila sem rækju þess konar staði.

Í þessu samhengi er rétt að vísa til þess að ekki er svo ýkja langt síðan aðalfundur þessara samtaka, sem var í apríl 2005, — það er nú ár síðan — samþykkti að ganga til viðræðna við stjórnvöld um reykleysi skemmti- og veitingastaða frá 1. júní 2007. Það má því segja að frumvarpið sem hér er lagt fram sé í fullu samræmi við vilja og í þökk þessara samtaka, bæði efnislega og hvað varðar gildistíma.

Á fundum nefndarinnar var töluvert rætt um skilgreiningu á þjónusturými og um sérstakt ákvæði frumvarpsins um þjónustusvæði utan húss. Nefndin var á því að ákvæðið eins og það er orðað í frumvarpinu væri ekki nægjanlega skýrt vegna þess að erfitt væri að ráða af því hvort það svæði sem menn vildu að reykingar væru takmarkaðar við væri á einhvern hátt bundið við að verið væri að veita þjónustu þar eða ekki — það væri þá einungis einhvers konar afdrep þar sem gilda ættu hömlur við reykingum, t.d. einhvers konar tjald eða gámur eins og dæmi munu vera um að hafi verið komið upp fyrir utan skemmti- og veitingastaði til þess að skapa afdrep fyrir þá sem ekki fá að reykja innan dyra en vilja reykja utan dyra.

Nefndin lagði til breytingu á ákvæði 2. gr. frumvarpsins þar sem leitast var við að leggja til skýrara orðalag hvað varðar svæðið utan húss og lagði til að bannið næði einnig til tilsvarandi svæða utan húss, og þá var átt við svæði sem tengjast þjónustu við almenning, enda séu þau — bannið byggist á því — „ekki nægilega opin til að tryggja viðunandi loftstreymi“ að og frá þeim. Þetta fannst nefndinni skynsamlegri framsetning en eins og hún er í frumvarpinu eins og það liggur fyrir þar sem reynt er að útskýra hvað væri nægjanlegt loftstreymi og hvað ekki.

Í breytingartillögu nefndarinnar felast frekari leiðbeiningar um hvers konar skjól eða aðbúnaður sé heimill til að verja reykingamenn fyrir veðri og vindum og við leggjum til að sett verði í reglugerð, svo sem ákvæði í reglugerð um hámarkslokun reyksvæða t.d. með þaki eða skjólveggjum.

Svo áréttar nefndin að orðið „viðunandi“ í breytingartillögunni beri í þessu sambandi að túlka með hliðsjón af 1. gr. laganna um tóbaksvarnir, sbr. III. kafla tóbaksvarnalaganna almennt og meginreglu tóbaksvarnalaga um réttinn til reykleysis.

Þetta er það sem frumvarpið fjallar um, frú forseti. En í

tilefni tveggja dóma Hæstaréttar, sem lutu annars vegar að sýnileikabanninu, sem sett var inn í lögin þegar þeim var breytt 2001, og hins vegar að auglýsingabanninu, skoðaði nefndin sérstaklega þessa tvo dóma Hæstaréttar. Það leiddi til breytingartillögu sem nefndin leggur fram og fjallar nefndarálitið að hluta líka um þá breytingartillögu. Í stuttu máli má segja að þessir dómar hafi gengið út á ágreining á milli tóbaksframleiðenda og íslenska ríkisins um annars vegar auglýsingabannið og hins vegar sýnileikabannið. Niðurstaða Hæstaréttar snerist um réttmæti þessara breytinga og í forsendum Hæstaréttar er í málunum fallist á að viss hvatning til að kaupa tóbak geti verið fólgin í því að stilla vörum upp á sölustað. Hæstiréttur féllst heldur ekki á þá kröfu tóbaksframleiðenda að almennt væri heimilt að hafa tóbak eða vörumerki tóbaks sýnileg viðskiptavinum á útsölustöðum og taldi það samrýmast ákvæðum 75. og 73. gr. stjórnarskrárinnar að setja skorður við því að heilsuspillandi vörur á borð við tóbak væru í augsýn annarra viðskiptavina en þeirra sem vildu kaupa eða skoða þær vörur. Hæstiréttur taldi hins vegar að með lagasetningunni 2001 hefði ekki verið gerður greinarmunur á sérverslunum með tóbak og öðrum verslunum sem selja tóbak meðal annars varnings og með tilliti til sýnileikabannsins hefði löggjafinn farið út fyrir þau mörk sem fyrrgreind ákvæði stjórnarskrárinnar setja. En að öðru leyti fóru þessi mál bæði tvö íslenska ríkinu í vil.

Vegna þessara dóma og niðurstöðu Hæstaréttar leggur nefndin til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu þess efnis að undantekning verði gerð frá banni 6. mgr. 7. gr. laganna, sem geymir sýnileikabannið, þegar í hlut eiga sérverslanir með tóbak. Jafnframt skilgreinir nefndin sérverslun með tóbak sem verslun sem einkum hefur tóbak og reykfæri á boðstólum. Síðan útfærir nefndin nánar í reglugerðarheimild heimildir ráðherra hvað varðar leyfi til að reka sérverslanir, bæði þá að setja skilyrði fyrir leyfi til að reka sérverslanir og um umbúnað sérverslananna, hvernig þær skuli auðkenndar og hvernig koma megi tóbaki og vörumerkjum tóbaks fyrir á útsölustöðum og í sérverslunum. Þessi reglugerðarheimild ráðherra er einkum veitt til þess að unnt sé að kveða nánar á um hugsanleg takmarkatilvik að þessu leyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þingmenn Guðjón Ólafur Jónsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Gunnar Örlygsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal skrifar undir álitið með fyrirvara sem hann mun gera grein fyrir, vænti ég, við þessa umræðu.

Aðrir sem rita undir þetta álit eru auk framsögumanns hv. þingmenn Ásta Möller, Ágúst Ólafur Ágústsson, Pétur H. Blöndal, með fyrirvara, Ásta R. Jóhannesdóttir og Þuríður Backman.

Að endingu, frú forseti, uppgötvaðist það þegar þessi umræða var að hefjast að meðal umsagnaraðila hefur láðst að tilgreina umsögn frá félagsmálanefnd Alþingis og hana vantar sem fylgiskjal með þessu gagni. Segja má að sú niðurstaða sem félagsmálanefnd kemst að styðji það að þetta frumvarp verði samþykkt óbreytt og þær umræður sem þar hafa verið eru í fullum takti og í samræmi við álit meiri hluta allsherjarnefndar.

[15:34]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. um málið lýsti ég afdráttarlausri skoðun minni á þessu máli, að það væri einhver mesta forræðishyggja sem sögur fara af í íslenskum stjórnmálum um áratugaskeið. Markmiðunum um að allir geti alltaf, þ.e. þeir sem það kjósa, verið í reyklausu umhverfi, alltaf og alls staðar, er hægt að ná með mildari leiðum en því fortakslausa forræðishyggjubanni sem hér er lagt til.

Meginmarkmiðið er skýrt. Um það held ég að sé almenn samstaða, að vernda þá sem eru á skemmti- og veitingastöðum fyrir tóbaksreyk og vernda þá sem vinna á skemmti- og veitingastöðum fyrir tóbaksreyk. Það á enginn að þurfa að anda að sér tóbaksreyk sem það ekki vill. Ekki efast ég um það eitt augnablik að reykingar, beinar og óbeinar, séu stórhættulegar og hafi valdið dauða fjölda fólks. Um það blandast mér ekki hugur, ekki frekar en að áfengi veldur mörgum hundruðum dauðsfalla hér á landi á hverju ári með einum eða öðrum hætti. Hið sama gildir um neyslu á óhollum mat, fitandi mat. Margir éta sig í hel á hverju einasta ári. Hvenær ætlar Alþingi að grípa fram fyrir hendurnar á þessu fólki? Þessi forræðishyggja er óþolandi. Við hana sætti ég mig að sjálfsögðu ekki. Þess vegna tala ég gegn þessu máli.

Að sjálfsögðu á að vernda alla þá sem vilja vera í reyklausu umhverfi fyrir tóbaksreyk. En til eru mildari leiðir til þess eins og við munum tala um í umræðunni í dag. Við flytjum breytingartillögu um það, fjórir þingmenn. Hv. þm. Birgir Ármannsson, fyrsti flutningsmaður hennar, gerir grein fyrir þeirri tillögu á eftir. En hún gengur út á að heimilt verði að leyfa reykingar í sérstökum herbergjum eða afmörkuðum svæðum. Ég vil spyrja flutningsmann nefndarinnar: Af hverju var ekki farin mildari leið til að ná fram sömu markmiðum?

[15:37]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson spyr af hverju mildari leiðin hafi ekki verið farin, þar sem hægt hefði verið að ná sömu markmiðum með henni.

Um það er ágreiningurinn, þ.e. hvort hægt sé að ná sömu markmiðum með því að fara mildari leiðina. Í því samhengi var m.a. rætt um að leyfa afmörkuð sérreykingarherbergi. Það var bara enginn sem studdi þá leið, ekki Samtök ferðaþjónustunnar eða fulltrúar starfsmanna á fundum með félagsmálanefndinni. Hvatinn til að skoða þá leið nánar var ekki fyrir hendi.

Í 1. umr. um þetta mál vakti ég máls á að Svíar hefðu farið þessa leið og eftir því sem ég vissi best hefði hún gefið góða raun þar. Ég sé enga ástæðu til að við förum þá leið. Svíar eru ekki eina þjóðin sem hefur farið þá leið. Þær eru fleiri. En það var bara enginn stuðningur við það í störfum nefndarinnar og enginn hvati til að skoða hana nánar.

Á hinn bóginn komu fram þau sjónarmið að jafnvel þótt við leyfðum þetta ættu vinnuverndarsjónarmiðin við vegna

þess að þeir sem lentu í að þrífa þessa staði, þótt þar væru engar veitingar innan dyra, yrðu fyrir áhrifum óbeinna reykinga sem gætu verið heilsuspillandi fyrir þá.

Þetta er ástæðan fyrir því að heilbrigðisnefnd leggur þetta ekki til. Ég held að það sé ekki ofmælt að þeir sem hefðu haft áhuga á að skoða þessa leið nánar í heilbrigðisnefnd, þverpólitískri heilbrigðisnefnd, voru mun færri en þeir þingmenn sem vildu fortakslausa bannið, eins og það liggur hér fyrir. Það var ekki flokkspólitísk afstaða.

[15:39]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í mínum huga þarf ekki önnur rök fyrir leið þeirri sem ég tala fyrir, mildari leið þar sem hagsmunir frjálslyndis og frelsis einstaklingsins til orðs og athafna er í fyrirrúmi, en heilbrigða skynsemi.

Þegar fyrir liggur valkostur um tvær leiðir, aðra mildari en hina, til að ná fram sömu markmiðum, þá á ekki að skipta öllu máli hvernig þingnefndin er samsett. Það er hægt að fara þessa leið og fyrir þeirri leið töluðum við afdráttarlaust, nokkrir þingmenn úr a.m.k. tveimur stjórnmálaflokkum, öðrum í stjórn en hinum í stjórnarandstöðu, í 1. umr. um málið. Við töluðum afdráttarlaust fyrir því og óskuðum eftir að sú leið yrði skoðuð.

Ég er sannfærður um að sú leið er farsælli og heppilegri en þessi grófa pólitíska íhlutun í forræði yfir sjálfsákvörðunarrétti hvers einstaklings eins og hér er lögð til. Þetta er óásættanleg leið og hefði að sjálfsögðu átt að fara hina leiðina.

Það þarf ekki að rökræða skaðsemi reykinga. Það eru margir áratugir, a.m.k. tel ég svo vera, síðan það lá fyrir að reykingar eru bráðdrepandi og mjög óhollar, eins og áfengisneysla er bráðdrepandi og mjög óholl og veldur gríðarlegu tjóni í íslensku samfélagi á hverju einasta ári. Hægt væri að telja upp fjöldann allan af hlutum sem samt sem áður er einhvers konar samfélagssátt um að leyfa.

Af hverju ekki að ganga alla leið og banna reykingar alveg í staðinn fyrir að vera að þessu hálfkáki sem hér er lagt til, sem er algjörlega óásættanlegt að mínu mati? Ég kalla eftir því að hv. heilbrigðisnefnd skoði mildari leiðina, ég gerði það við 1. umr., í stað þess að hlutast svo gróflega til um líf fullorðins fólks, að það megi ekki koma saman á stað þar sem fullorðnir einstaklingar kjósa að vera saman og reykja vindla, t.d. á opinberum stað. Þetta er fráleit nálgun.

[15:41]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það reynir á það í atkvæðagreiðslu að skoðanir eru skiptar í öllum flokkum á þingi og í öllum þingflokkum. Enginn þingflokkur styður eindregið eða er mótfallinn þessari reglu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þetta er ekki flokkspólitískt mál

En í tilefni af ræðu hv. þingmanns vil ég leggja áherslu á tvennt. Í fyrsta lagi ákvað Alþingi 2001, þegar lögunum var breytt, að meginregla reykingavarnalaganna væri rétturinn til reykleysis. Það er meginreglan.

Í öðru lagi er meginregla og meginmarkmið þessa frumvarps vinnuvernd, vinnuvernd starfsmanna á veitinga- og skemmtistöðum, sem voru undanþegnir þeirri vernd eins og lögin hafa verið til þessa. Talið er að sýnt hafi verið fram á að starfsmaður sem þrífur þess konar húsakynni, gám, tjald eða eitthvað annað þar sem reykingar eru leyfðar, geti orðið fyrir heilsuspillandi áhrifum. Ég held að ekki sé hægt að halda því fram að það séu einskis verðir hagsmunir miðað við þá hagsmuni sem hv. þingmaður hélt á lofti og hafði yfir mörg og stór orð um forsjárhyggju.

Vinnuverndarsjónarmið annars vegar og rétturinn til reykleysis eru það tvennt sem Alþingi hefur áður samþykkt. Það á að aflétta undanþágunni, sem kom í veg fyrir að starfsmenn á veitinga- og skemmtistöðum nytu sömu vinnuverndar og aðrir, með þessu frumvarpi. Þetta eru rökin fyrir því að þessi leið var farin. Engir aðrir hagsmunir.

[15:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að koma upp í andsvar til að fagna því að með samþykkt þessa frumvarps muni starfsmenn á veitinga- og skemmtistöðum búa við sömu vinnuvernd og aðrir. Það eru ekki bara þeir sem bera fram veitingar heldur líka þeir sem þrífa þessa staði. Það hefur komið fram í andsvörum að það var ekki síður litið til þeirra. Það er oft fólk sem er viðkvæmt fyrir óbeinum tóbaksreykingum. Það kom einmitt fram að oft starfar ungt fólk, ungar stúlkur og jafnvel barnshafandi, við að þrífa húsakynni þar sem hefur verið reykt. Þá geta ófædd börn þeirra orðið fyrir skaða um leið.

Ég fagna því að þetta skuli verða að lögum. Sömuleiðis erum við að lögfesta atriði í takt við niðurstöðu dóms Hæstaréttar þar sem tekið er á undanþágum um sýnileika tóbaks í sérverslunum fyrir tóbak. Reyndar er ekki nema ein slík sérverslun á Íslandi þannig að við erum að gera þá breytingu um leið.

Það er algjör misskilningur hjá þeim sem hafa verið að tala um að hér sé um forræðishyggju að ræða. Það er ekki meiri forræðishyggja í þessu en að banna fólki að aka yfir á rauðu ljósi, sem getur líka verið skaðlegt, eða hvaða aðrar reglur sem við setjum. Við erum með lög um vinnuvernd við öll störf nema fyrir starfsfólk í veitingahúsaþjónustu. Það er fullkomlega eðlilegt og fagnaðarefni að það starfsfólk búi við (Forseti hringir.) sömu vinnuvernd og aðrir að þessum lögum samþykktum.

[15:45]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Við 1. umr. um þetta frumvarp komu fram nokkuð ítarlega þau andstæðu sjónarmið sem tekist er á um í þessu máli. Annars vegar hafa flutningsmenn frumvarpsins og ýmsir aðrir sem um það hafa talað barist fyrir samþykkt þess á grundvelli vinnuverndarsjónarmiða og hins vegar höfum við nokkrir hv. þingmenn haldið fram því sjónarmiði að jafnvel þó að markmiðið væri að ná fram aukinni vinnuvernd á þessu sviði væri engu að síður rétt að huga að öðrum þáttum. Það væri rétt að huga að þáttum eins og vernd eignarréttarins, atvinnufrelsi og hagsmunum þeirra 20% fullorðinna landsmanna sem að staðaldri reykja. Því í þessari umræðu verðum við auðvitað að hafa í huga, og það verður að vera ákveðinn grundvöllur í þessu, að tóbak er lögleg vara í landinu og ríkið hefur miklar tekjur af

því að selja þessa vöru. Meðan menn eru ekki tilbúnir að stíga það skref að banna tóbak verður að meðhöndla þessa vöru eins og hverja aðra löglega vöru í landinu með þeim takmörkunum þó sem rökstyðja má með eðlilegum sjónarmiðum.

Við 1. umr. lýsti ég yfir andstöðu við frumvarpið á þeim grundvelli að ég teldi að það gengi of langt. Með þessu frumvarpi væri verið að ganga of langt í þá átt að takmarka reykingar. Það væri verið að ganga töluvert lengra en nauðsynlegt sé til að ná fram markmiðum þess um vinnuvernd og vinnuverndarsjónarmið. Það væri verið að velja strangustu leiðina, þá leið sem felur í sér mestar takmarkanir af þessu tagi en ekki leitast við að fara mildar í sakirnar. Ekki leitast við að finna málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða heldur farið alla leið ef svo má segja og lagt til fullkomið bann við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum en það var það atriði sem, eins og komið hefur fram, var umdeildast í þessu.

Við 1. umr. málsins komu fram afar sterk rök að mínu mati fyrir því að fara vægar í sakirnar en gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Það verður að segja að niðurstaða hv. heilbrigðis- og trygginganefndar veldur töluverðum vonbrigðum í því sambandi vegna þess að ekki er gengið til móts við þau sjónarmið eða rök sem komu fram við 1. umr. að þessu leyti. Þess vegna hef ég talið óhjákvæmilegt að flytja breytingartillögu ásamt fleiri þingmönnum, sem ég mun gera grein fyrir á eftir, í því skyni að fá fram þá málamiðlun sem ég tel að leiði til eðlilegustu niðurstöðu í þessu máli.

Áður en ég vík að henni vildi ég í örstuttu máli bregðast við þeim breytingartillögum sem hv. heilbrigðis- og trygginganefnd leggur fram en hún gerir í meginatriðum tvær breytingar á frumvarpinu. Annars vegar er um að ræða sérákvæði sem bætast eiga við frumvarpið og fjalla eiga um sérverslanir með tóbak, en eins og kom fram í máli hv. formanns heilbrigðis- og trygginganefndar er þar verið að bregðast við dómi Hæstaréttar sem taldi að löggjafinn hefði gengið allt of langt í setningu tóbaksvarnalaganna 2001 varðandi bann við að hafa tóbak sýnilegt á sölustöðum. Þarna er vissulega um að ræða jákvætt skref í tillögu heilbrigðis- og trygginganefndar til að bregðast við þeim dómi. Þar er boðið upp á þann möguleika, ef svo má segja, að í sérverslunum með tóbak, þ.e. verslunum sem að meginhluta selja tóbak og tóbakstengdar vörur, verði leyfilegt að hafa tóbak sýnilegt. Ég tel því að fagna beri þeirri breytingartillögu þó að hún gangi vissulega ekki langt. Hún gengur raunar eins skammt og meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar hefur talið sér fært að fara miðað við dóm Hæstaréttar en engu að síður er þar um að ræða jákvæðar breytingartillögur sem ber að styðja.

Á hinn bóginn er í breytingartillögum heilbrigðis- og trygginganefndar einnig fjallað um það svæði utan húss sem tilheyrir veitinga- og skemmtistöðum. Ólíkt hinni breytingartillögunni tel ég að í þessari tillögu felist þrenging sem ég get ekki stutt. Það er með öðrum orðum verið að gera bann við reykingum í einhvers konar skýlum eða tjöldum fyrir utan veitingastaði algilt í stað þess að skilja eftir ákveðna möguleika fyrir því. Ég tel að sú þrenging sem felst í þeirri breytingartillögu heilbrigðis- og trygginganefndar sé ekki til bóta og get því ekki stutt hana.

Ég vil í örstuttu máli einnig lýsa yfir stuðningi við breytingartillögu sem fram hefur komið frá hv. þm. Pétri H. Blöndal sem lýtur að málfrelsissjónarmiðum í sambandi við tóbaksvarnir. Þingmaðurinn mun væntanlega gera grein fyrir tillögu sinni á eftir. En ég tel að í tóbaksvarnalögunum eins og þau eru nú sé gengið of langt í að skerða málfrelsi með því fortakslausa banni að nefna einstakar tóbakstegundir í fjölmiðlaumfjöllun. Ég tel að það bann hafi gengið allt of langt og mótmælti því reyndar utan þings þegar það var sett á hér fyrir nokkrum árum. Því vil ég lýsa yfir stuðningi við tillögu hv. þm. Péturs H. Blöndals og tel að hún sé til mikilla bóta.

Varðandi það atriði sem ég hef ásamt þremur öðrum hv. þingmönnum lagt fram breytingartillögu um, þá vil ég benda á að tillagan er á þingskjali 1336. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson, Bjarni Benediktsson og Björgvin G. Sigurðsson. Segja má að tilgangur þeirrar tillögu sé að ná fram þeirri millileið, sáttaleið eða málamiðlun, sem við teljum að rétt sé að fara í því banni sem verið er að herða á veitinga- og skemmtistöðum.

Eins og hv. þingmenn muna gengur efni frumvarpsins út á að gera bann við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum alveg fortakslaust. Í dag er staðan sú að veitingastaðir geta boðið upp á reykingasvæði og reyklaus svæði, þó með því skilyrði að loftræsting sé fullnægjandi og að reyklaust svæði sé meiri hluti veitingarýmis. Það er með öðrum orðum með því frumvarpi sem heilbrigðisnefnd lýsir stuðningi við verið að afnema möguleikann til að bjóða upp á slík reykingasvæði. Eins og fram hefur komið, bæði við 1. umr. og eins í ræðum hv. þingmanna hér á undan, er þetta bann rökstutt með tilliti til vinnuverndarsjónarmiða þeirra starfsmanna sem starfa á veitinga- og skemmtistöðum. Til hliðar eru nefndir hagsmunir annarra gesta á veitingastöðum en þungamiðjan er staða þeirra starfsmanna sem vinna á veitinga- og skemmtistöðum og réttur þeirra til reykleysis, eins og sagt er í frumvarpi og nefndaráliti.

Sú leið sem við bjóðum upp á í breytingartillögunni nær þessu markmiði að mati okkar flutningsmanna. Með þessari breytingu er gert ráð fyrir að reykingar séu leyfðar í sérstökum herbergjum eða á afmörkuðum svæðum á veitinga- og skemmtistöðum. Við gerum ráð fyrir að þessi rými skuli aðgreind frá öðru rými staðanna með þeim hætti að loftstreymi á milli sé í lágmarki, t.d. með veggjum eða gleri. Við nefnum jafnframt að tryggja skuli fullnægjandi loftræstingu í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og trygginganefndar setur.

Við tökum fram, til þess að ná þessum markmiði um vinnuvernd starfsmanna, að sala og afgreiðsla veitinga megi ekki fara fram á þessum svæðum og teljum að þar með geti okkar leið uppfyllt markmið frumvarpshöfunda og tillöguflytjenda, vegna þess að allur rökstuðningur þeirra hefur frá upphafi snúist um að sú hætta sem starfsmönnum er búin af völdum óbeinna reykinga stafi af því að þeir þurfi stöðugt að vinna í reykmettuðu umhverfi. Hér er gert ráð fyrir að svo verði ekki. Hér er gert ráð fyrir að reykingar fari einvörðungu fram á stöðum sem eru algjörlega afmörkuð, annaðhvort sérstök herbergi eða rými sem er fullkomlega aðgreint frá öðru rými staðanna með veggjum eða gleri. Þess vegna eru þeir starfsmenn sem vinna við af-

greiðslu veitinga ekki undir það seldir að þurfa stöðugt að vera í reykmettuðu umhverfi.

Við teljum með öðrum orðum að þarna sé verið að fara milliveg. Þarna sé farin millileið til að koma til móts við þau vinnuverndarsjónarmið sem frumvarpið byggir á en jafnframt gert ráð fyrir möguleika fyrir þau 20%, eða hvað það er, fullorðinna einstaklinga sem reykja til að finna sér afdrep á sumum veitinga- og skemmtistöðum þar sem þeir gætu reykt.

Mér finnst því vandséð að hægt sé að leggjast gegn þessari breytingartillögu á grundvelli vinnuverndarsjónarmiða, sem eins og menn muna eru grunnur þeirra tillagna sem hér eru lagðar fram. Ég verð að játa að ég held að það sem nefnt er í nefndarálitinu um stöðu þeirra starfsmanna sem þurfa að þrífa þessi rými, og kom raunar einnig fram í máli hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur áðan, sé harla langsótt að tengja það inn í vegna þess að allur málflutningurinn hefur gengið út á það að menn þurfi að vera í reykmettuðu umhverfi langtímum saman. Ég held að þarna sé verulegur greinarmunur. Menn þurfa ekki annað en velta því fyrir sér að það er allt önnur staða hjá þeim starfsmönnum sem kannski einu sinni eða tvisvar á sólarhring fara í stutta stund inn í þessi reykrými, sem ég minni á að eru loftræst, til að þrífa. Staða þeirra er eðli málsins samkvæmt allt önnur en staða þeirra starfsmanna sem standa á bar við afgreiðslu eða þjóna til borðs þar sem reykt er eða tónlistarmanna á sviði í sal þar sem reykt er. Það segir sig sjálft að staða þeirra er allt önnur. Þó að við göngum út frá því, og ekki ætla ég að draga það í efa, að starfsmenn á veitinga- og skemmtistöðum geti verið í hættu vegna óbeinna reykinga þá er staðan með allt öðrum hætti hjá þeim starfsmönnum sem fara inn í stutta stund, sjaldan, til að þrífa rýmin en hjá þeim sem standa kannski kvöld eftir kvöld frá kvöldmatarleyti og fram á nótt í reyk. Það er allt önnur staða. Ég verð að segja að mér finnst það harla langsótt í málflutningi stuðningsmanna frumvarpsins að leggja þetta tvennt að jöfnu.

Varðandi afstöðu Samtaka ferðaþjónustunnar þá vil ég segja að ég ber mikla virðingu fyrir sjónarmiðum þeirra. Samþykkt aðalfundur þeirra á síðasta ári þar sem boðið var upp á samræður milli samtakanna og heilbrigðisyfirvalda vegna þessa máls vakti auðvitað athygli mína. Síðan hefur komið fram að samtökin hafa stutt þetta frumvarp og það bann sem í er fólgið. Sömu sjónarmið munu hafa komið fram með eindregnum hætti hjá þeim fyrir heilbrigðisnefnd. Ég virði sjónarmið þessara samtaka. Hins vegar verð ég að segja að ég efast um að þessi samtök tali fyrir hönd allra veitinga- og skemmtistaðaeigenda í landinu. Þrátt fyrir að samtökin hafi komist að þessari niðurstöðu get ég ekki fallist á sjónarmið þeirra vegna þess að ég tel að ef einstakir eigendur veitinga- og skemmtistaða vilja bjóða upp á rými af þessu tagi eigi löggjafinn ekki að koma í veg fyrir að þeir geti það. Ég tel ekki að samtök á borð við Samtök ferðaþjónustunnar hafi heldur umboð til að semja slíkan rétt frá öllum sem reka fyrirtæki á þessu sviði. Þó að ég sé afar velviljaður þessum samtökum get ég ekki fallist á málflutning þeirra í þessu sambandi.

Ég bendi á að í breytingartillögu minni og félaga minna er gert ráð fyrir að þarna sé um að ræða heimild, að sjálfsögðu ekki annað en heimild fyrir þá sem það vilja, til að bjóða upp á reykingaherbergi með þessum hætti. Við vitum auðvitað að sumir hafa aðstöðu til þess og aðrir ekki, með sama hætti og sumir veitinga- og skemmtistaðir hafa matsölu og aðrir ekki, sumir veitinga- og skemmtistaðir hafa dansgólf og aðrir ekki. Við gerum auðvitað aldrei að ráð fyrir því í lögunum að allir veitinga- og skemmtistaðir séu settir í sama flokk. Þeir búa við mismunandi aðstæður. Við leggjum til að þeir sem hafa aðstöðu til og vilja leggja í kostnað, hugsanlega, við aðgreiningu rýmis og loftræstingu geti gert það. Við teljum að þessi breytingartillaga sé vel til þess fallin að ná sáttum og miðla málum milli þeirra andstæðu sjónarmiða sem takast á í þessu máli.

[16:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég á sæti í félagsmálanefnd sem fjallaði um vinnuverndarþátt frumvarpsins. Ég velti fyrir mér þeirri hugmynd sem hv. þingmaður talar fyrir og þeir sem flytja þetta mál með honum, að flytja tillögu um að leyfa reykingar í sérstökum herbergjum eða á afmörkuðum svæðum á veitinga- og skemmtistöðum og horfði þá til persónufrelsis eða réttar þeirra sem reykja, þótt vissulega vegi þyngst í öllu dæminu að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu, vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks og vernda rétt þeirra sem ekki reykja.

Á fundi nefndarinnar komu fram þrjú atriði sem urðu til þess að ég a.m.k. dreg í efa, svo ekki sé meira sagt — hv. þingmaður verður þá að sannfæra mig betur ef ég á að styðja tillögu hans — sem settu mig í vafa um að skynsamlegt væri að styðja slíka breytingartillögu.

Í fyrsta lagi kom fram í nefndinni að við verðum að virða rétt þeirra sem vinna á veitingahúsum eins og hér hefur komið fram. Lýðheilsustöð benti á það vinnuverndarsjónarmið að það gilti líka gagnvart þeim herbergjum sem starfsmenn þurfa að þrífa. Nefndin lagði áherslu á að vinnuverndarlöggjöfin yrði að gilda um allt starfsfólk og engin rök standi til þess að starfsfólk veitinga- og skemmtistaða, sem m.a. þarf að þrífa þessi herbergi, njóti ekki heilsusamlegs umhverfis.

Í annan stað var bent á að veitingamenn vilja ekki fá þessa breytingu. Það kom skýrt fram í nefndinni. Þeir kalla ekki einu sinni eftir því að til staðar sé heimild eins og hv. þingmaður lagði til.

Í þriðja lagi spyr ég hv. þingmann, auk þessara tveggja atriða, hvort hann telji ekki að þetta geti skekkt samkeppnisstöðu þeirra sem hafa ekki möguleika til að koma á sérstökum reykherbergjum. Mundi það ekki skekkja samkeppnisstöðuna (Forseti hringir.) í veitingabransanum ef þetta yrði tekið upp með þeim hætti sem hv. þingmaður leggur til?

[16:04]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa ánægju minni með að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skuli hafa íhugað þetta mál og skoðað það með jákvæðum huga í félagsmálanefnd að taka breytingu af þessu tagi til greina.

Í fyrsta lagi, ef ég svara þeim þremur atriðum sem hv. þingmaður nefndi í ræðu sinni, held ég að mín tillaga og þriggja annarra þingmanna byggi á því að ná fram ákveðinni málamiðlun. Það er ljóst að staða þeirra starfsmanna sem, eins og ég nefndi í ræðu minni, fara einu sinni eða tvisvar á sólarhring inn í svona rými til að þrífa þau sé allt önnur en þeirra sem klukkustundum saman þurfa að standa í reykjarmekki. Það er allt önnur staða og ekki hægt að líkja saman aðstöðu þeirra eða áhrifum af tóbaksreyk með neinum hætti.

Við gerum ráð fyrir því að þessi rými séu að auki reykræst, að þar sé boðið upp á fullnægjandi lofthreinsibúnað sem gerir það líka að verkum að þeir starfsmenn sem einu sinni, tvisvar á sólarhring eða hve oft sem það er þurfa þar inn til að þrífa verða fyrir óverulegum áhrifum af þeim reykingum sem þar hafa átt sér stað. Þetta eru tóbaksreykingar og menn geta orðið fyrir áhrifum af þeim. Þetta er hins vegar ekki geislavirkur úrgangur sem menn skaðast af bara við að snerta hann einu sinni. Það er bara ekki þannig.

Varðandi samkeppnisstöðuna vil ég bara nefna að samkeppnisstaða veitingastaða er mismunandi að mörgu leyti. Það er ekki verið að neyða neinn til eins eða neins. Menn hafa mismunandi aðstæður til þess að bjóða upp á mismunandi þjónustu á sínum stöðum og þetta er bara einn þáttur af því.

[16:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst hv. þingmaður gera of lítið úr því hvað lagt er á það starfsfólk sem þarf að fara inn í þessi herbergi og þrífa þau. Þar er kannski um lítil herbergi að ræða þar sem tugir reykingafólks hafa farið í gegn á nokkrum klukkutímum. Sá sem fer inn í slíkt herbergi, þótt ekki sé nema í skamma stund, lyktar eins og öskubakki þegar hann kemur út.

En varðandi samkeppnisstöðuna þá kemur það mér mjög á óvart ef hv. þingmaður hefur ekki meiri áhyggjur af samkeppnisstöðunni en hv. þingmaður lætur í ljós. Fjöldi veitingastaða sem hefur ekki aðstöðu til þess að koma upp reykaðstöðu. Það yrði auðvitað til þess að reykingafólk mundi sækja á aðra staði, kannski næsta stað við hliðina af því að hann byði upp á slíkt reykherbergi. Með þessu er því verið að skekkja samkeppnisstöðu veitingastaða með óeðlilegum hætti.

Ég spurði ítrekað eftir því í félagsmálanefnd hvort ekki væri t.d. hægt að hafa þessa heimild fyrir þá sem vildu það. Því var neitað að veitingamenn mundu óska eftir því að slík heimild væri til staðar, að þetta yrði ákveðið sett inn í lögin. Að öllu þessu virtu tel ég ekki skynsamlegt að styðja slíka breytingartillögu. Ég spyr hvað hv. þingmaður sé að fara og þeir sem flytja tillöguna með honum þegar talað er um sérstök herbergi eða á afmörkuð svæði á veitinga- og skemmtistöðum. Hvað þýðir „afmörkuð svæði"? Er það bara eitthvert horn, eins og er núna almennt á veitingastöðum, eða hvað er hv. þingmaður að tala um þegar hann talar um afmörkuð svæði?

Þótt ég hafi, eins og ég sagði áðan, íhugað mjög að skoða réttindi reykingafólks og finna einhverja leið til þess að halda einhverjum stað opnum sem reykingafólk (Forseti hringir.) gætti nýtt þegar það fer á veitingastaði held ég, að öllu virtu, að þetta sé ekki skynsamleg leið.

[16:08]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi hlýtur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir að gera greinarmun á stöðu þeirra starfsmanna sem eru stöðugt í reykjarkófi og hinna sem þurfa kannski í örstutta stund á hverjum sólarhring að fara inn í reykræst rými til að þrífa það. Það er bara spurning um að beita örlítilli skynsemi og reynslu til að átta sig á því að það er með engu móti hægt að bera stöðu starfsmanna saman að því leyti.

Varðandi samkeppnisstöðuna er um það að ræða að löggjafinn getur með engu móti skikkað alla veitingastaði í landinu til þess að vera eins. Löggjafinn getur ekki skikkað alla veitingastaði til þess að bjóða t.d. upp á dansgólf, upp á mat eða tiltekna matseðla. Veitingastaðir eru ólíkir. Samkeppnisstaða þeirra er ólík vegna alls konar þátta, vegna stærðar, vegna staðsetningar og þess háttar. Þrátt fyrir að sumir geti nýtt sér heimild til að bjóða upp á reykingar en aðrir ekki þá tel ég ekki að löggjafinn skekkti samkeppnisstöðu þeirra, alls ekki. Samkeppnisstaða þeirra er ólík. Það sem löggjafinn mundi segja væri: Ef menn geta og vilja bjóða upp á svona rými þá geta þeir gert það, þá ætlar löggjafinn ekki að stoppa það.

Varðandi það sem oft kemur fram í máli þeirra hv. þingmanna sem vilja fullkomið reykingabann, að þetta muni vera svo óhagstætt fyrir þá veitingastaði sem ekki geta boðið upp á reykingarými, þá minni ég á að í frumvarpinu og greinargerð með því er m.a. greint frá því að 80% fullorðinna reyki ekki. Þar eru menn því að slást um lítinn hluta markaðarins, ef menn eru bara að stíla inn á reykingamenn, fyrir utan það sem nefnt hefur verið sem rök fyrir málinu (Forseti hringir.) að fleiri muni fara á reyklausa veitingastaði (Forseti hringir.) þannig að reykleysið ætti að vera aðdráttarafl fyrir veitingastaði ekki síður en reykingaherbergin.

(**Forseti** (JóhS): Forseti vil biðja hv. þingmann að virða ræðutíma.)

[16:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður vék að máli mínu áðan þar sem ég talaði um vinnuvernd þeirra sem þyrftu að þrífa veitinga- og skemmtistaði og jafnvel svonefnd reykherbergi. Ég furða mig á því að hv. þingmaður geri lítið úr vinnuvernd þeirra sem þrífa þessi rými.

Það kom fram í umræðum um þetta frumvarp, þar sem hv. þingmaður var ásamt mér, hjá ungliðahreyfingu flokks hans, þar sem Kristinn Tómasson, læknir hjá Vinnueftirlitinu, ræddi um þetta við okkur, að rykið sem yrði eftir þar sem reykt hefði verið væri mjög heilsuspillandi og oft væru ungar konur í þessu hreingerningarhlutverki, jafnvel barnshafandi, jafnvel án þess að vita það, og þetta gæti skaðað fóstur, bara það ryk sem verður eftir reykingar þar sem er verið að þrífa.

Það hefur einnig komið fram í umræðu um þetta frumvarp og þetta mál, hvort það ætti að leyfa reykingar eða

ekki, að læknar sem hafa kynnt sér rannsóknir á þessu hafa bent á að það geti verið heilsuspillandi, jafnvel fyrir ungbörn, að hvíla upp við flík sem hefur verið lengi inni í reykingamettuðu lofti. Þetta er því vissulega heilsuspillandi. A.m.k. hafa læknar sem hafa verið að skoða þetta sannfært mig um það þótt ég sé ekki sérfræðingur í því. Ég tel fulla ástæðu til þess að huga að vinnuvernd allra, ekki bara þeirra sem eru í reykmettuðu lofti heldur líka þeirra sem þurfa að búa við að þrífa skítinn eftir reykingamennina þótt þeir séu búnir að ræsta út.

[16:13]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki miklu að bæta við það sem ég hef áður sagt um þetta efni. Ég held að hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir hljóti að fallast á að staða þeirra starfsmanna, sem fara tiltölulega sjaldan í stuttan tíma inn í umhverfi þar sem hefur verið reykt, hlýtur að vera með allt öðrum hætti en staða þeirra starfsmanna sem standa í reyk klukkustundum saman. Ég held að hv. þingmaður hljóti að fallast á það sjónarmið.

[16:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel fulla ástæðu til að það starfsfólk sem sér um að þrífa skítinn eftir reykingamenn, þó að búið sé að ræsta út, fái að njóta vafans og búa við heilsusamlegt vinnuumhverfi. Það á ekki að bjóða neinum upp á að þurfa að ræsta eftir slíkt þegar mjög margir sem vinna við þetta og hafa rannsakað það telja heilsuspillandi og jafnvel mjög hættulegt heilsunni að þrífa upp eftir reykmettað loft, þann sóðaskap sem þar verður eftir.

[16:15]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að íslenski löggjafinn gangi allt of langt með þessu máli. Ég er sannfærður um að verið sé að stíga mikið óheillaskref í forræðisátt þar sem nokkuð taumlausu stjórnlyndi og mikilli forræðishyggju er beitt af fullu afli, þvert á alla flokka því miður. Menn sjást alls ekki fyrir því það er hægt að ná markmiðunum á annan hátt. Markmiðum sem samstaða er um og ég tek heils hugar undir og er baráttumaður fyrir, þ.e. reyklaust umhverfi fyrir alla þá sem vilja ekki anda að sér reyk og alla þá sem starfa á veitinga- og skemmtistöðum. Því markmiði er að sjálfsögðu hægt að ná.

Við fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar leggjum til, eins og hv. þm. Birgir Ármannsson, sem er 1. flutningsmaður kynnti hér í ræðustól á undan mér, tillögur til sátta þar sem markmiðinu er náð með mildari aðferðum, markmiðinu um reyklaust umhverfi fyrir þá sem ekki reykja, fyrir þá sem vilja ekki vera í reyk, fyrir þá sem starfa á veitinga- og skemmtistöðum en vilja vera í reyklausu umhverfi. En um leið er því fólki, fullorðnu og sjálfráða fólki, gefið svigrúm til að reykja kjósi það svo. Og kjósi einhverjir skemmtistaðaeigendur að halda úti stað þar sem boðið er upp á sérstök herbergi eða afmörkuð svæði á veitinga- og skemmtistöðum, segir hér í tillögunni, með leyfi forseta:

„Þessi rými skulu aðgreind frá öðru rými staðanna með þeim hætti að loftstreymi á milli sé í lágmarki, t.d. með veggjum eða gleri, og tryggja skal fullnægjandi loftræstingu í samræmi við reglur sem heilbrigðisráðherra setur, sbr. 6. mgr. Sala eða afgreiðsla veitinga er ekki heimil á svæðum þar sem reykingar eru leyfðar samkvæmt þessari málsgrein."

Hér er verið að rétta út sáttarhönd af fjórum þingmönnum sem eru afdráttarlaust á móti þessu fortakslausa banni. Hér er verið að þrengja mjög að. En sáttin felst í að markmiðinu um reykleysi fyrir þá sem vinna á stöðunum og vilja ekki vera í reyk er náð fullkomlega. En hins vegar er komið til móts við það fullorðna og sjálfráða fólk sem vill reykja eða vera í reyk, að fá að gera það á veitinga- og skemmtistöðum sem veitingahúsaeigandi kýs að halda úti.

Þá er spurt: Skekkir það ekki samkeppnisstöðu veitingahúsa því ekki geta öll veitingahús sett upp slík rými? Allt skekkir þá samkeppnisstöðu. Ekki þetta frekar en annað. Ekki hafa öll veitingahús pláss til að setja upp dansgólf eða diskókúlur, eða eldhús af einhverri sort eða þessa og hina aðstöðuna sem lokkar og laðar ákveðna hópa fólks inn á staðinn. En eitthvað annað lokkar og laðar fólk inn á aðra staði.

Reykleysi er aðlaðandi fyrir einn og reykherbergi er aðlaðandi fyrir annan. Það er val hvers veitingahúsaeigenda hvernig stað hann rekur eða hvar hann kýs að setja sinn stað niður, hvernig stað hann kýs að starfrækja. Lítinn stað þar sem ekki er kostur á sérstöku rými og er þar af leiðandi reyklaus eða stærri stað þar sem hægt er að vera með sérstakt reyksvæði þar sem ekki er þjónusta fyrir þá sem reykja. Að sjálfsögðu á að gefa veitingahúsaeigendum og fullorðnu og sjálfráða fólki frelsi til að athafna sig með ákveðnum hætti ef það veldur ekki öðrum skaða.

Hér er verið að hafa vit fyrir fólki með mjög forræðislegum og fráleitum hætti að mínu mati. Vek ég athygli á því að margt það fólk sem berst gegn þessu fortakslausa banni er fyrst og fremst að berjast og vernda frelsi einstaklinga en reykingarnar eru þar algjört aukaatriði. Fyrst löggjafinn fetar sig inn á þessa braut, að hafa svo mikið og djúpt vit fyrir fólki að hann grípur fram fyrir hendurnar á því og bannar því að gera þetta og bannar því að gera hitt, má allt eins spyrja: Af hverju er ekki gengið lengra? Af hverju fer ekki löggjafinn að ræða áfengisbann eins og hér var fyrir 80 árum? Það liggur algjörlega ljóst fyrir að áfengi veldur miklu meiri skaða í íslensku samfélagi en nokkurt annað fíkniefni. Miklu meiri skaða en reykingar. Miklu meiri skaða en kannabis, kókaín eða amfetamín. Margfaldlega meiri skaða en nokkurt annað einstakt fyrirbæri í samfélaginu. Ég held það valdi miklu meiri skaða en t.d. umferðin. Af hverju grípur löggjafinn ekki inn í og þrengir að neyslu þess í staðinn fyrir að veita fólki meira svigrúm?

Kannski af því að það er einhvers konar sátt í samfélaginu um að neysla áfengis sé lögleg og heimil rétt eins og neysla á óhollum og bráðdrepandi mat, djúpsteiktum skyndibitamat sem allir vita að er stórkostlega óhollur og veldur sérstöku tjóni börnum og unglingum sem eru sólgin í hann og vanin á hann af þeim sem reka veitingastaðina. Af hverju er ekki gengið lengra í að koma í veg fyrir þetta fyrst verið er að hafa vit fyrir fullorðnu og sjálfráða fólki

þegar jafnvel er boðið upp á þá mildu sátt að reykingar séu bannaðar þar sem þjónusta er veitt? Reykingar séu bannaðar þar sem almenningur er en eingöngu heimilaðar í sérstökum rýmum þar sem tryggt er að reykurinn valdi engum þeim skaða sem ekki kemur þangað inn og þar sem engin þjónusta er veitt. Ég veit ekki. Engum af þessum spurningum hafa baráttumenn fyrir þessari forræðishyggju svarað.

Þegar 1. umr. um þetta mál lauk hér fyrr í vetur var ég sannfærður um að málið kæmi töluvert betra út úr nefndinni aftur. En það kemur þaðan engu betra að þessu leyti. Þar var greinilega enginn vilji til staðar. Vissulega þvert á stjórnmálaflokka og er það sorglegt í sjálfu sér að þverpólítískt bandalag skuli vera um þessa forræðishyggju en ekki tekið tillit til vel rökstuddra og málefnalegra athugasemda og tillagna um að reykingar skuli leyfðar á afmörkuðum svæðum á veitinga- og skemmtistöðum. Þetta er mild leið sem hér er lögð til. Stigið alla leið í þá átt að ná því markmiði sem ég er alveg sannfærður um að hver einasti maður hér á Alþingi vill ná, sem er að tryggja að allir þeir sem fara á veitinga- og skemmtistaði geti verið reyklausir og allir þeir sem þar vinna geti verið reyklausir. En einungis að þeim sem kjósa að reykja og þeim sem kjósa að bjóða upp á slíka þjónustu á sínum veitinga- og skemmtistöðum sé ekki bannað það með lögum. Að það sé ekki bannað með lögum að vera með sérstakt herbergi til að leyfa mönnum að setjast niður á veitinga- og skemmtistað og reykja vindla í einhvers konar vindlaklúbbi.

Það er lögbrot á Íslandi ef þetta frumvarp nær fram að ganga. Þetta er fáránlegt frumvarp. Þetta er fáránleg forræðishyggja og fyrir henni hafa engin boðleg rök verið færð. Það er hægt að ná markmiðinu með mildari leið en hér er lagt til. Við höfum fært ítarleg rök fyrir því við 1. og 2. umr. um málið.

Ef fer fram sem horfir virðist málið því miður ætla að ná fram að ganga, af því að það eru allt of fáir sem eru að berjast gegn þessu máli. Við erum fjórir sem flytjum tillöguna. Ég trúi því nú og vona að það séu fleiri sem eru á móti því. Það kemur í ljós í atkvæðagreiðslunni. En hér er einfaldlega gengið gegn stjórnarskrárvörðum rétti fólks til friðhelgi einkalífs. Þetta er grundvallarmál. Þetta er nefnilega grundvallarumræða um frelsi og forræði fullorðinna og sjálfráða einstaklinga yfir athöfnum sínum og orðum. Algjörlega. Þetta tengist líka tjáningarfrelsinu. Það má ekki tala um einstakar tóbakstegundir í fjölmiðlum með neinum hætti. Sjónarmiðum vinnuverndar, öryggis og allra þeirra hluta er hægt að ná fram með þeirri tillögu sem við, fjórir þingmenn, flytjum hér og leggjum til sem sátt í þessu máli.

Það kemur á óvart hvað tillagan fær dræmar undirtektir hjá þeim sem hafa talað hér í dag. Það veldur mér vonbrigðum og það kemur mér mjög á óvart hvað það er sterkur pólitískur rétttrúnaður fyrir því að það fortakslausa bann gegn reykingum á veitinga- og skemmtistöðum sem hér er lagt til skuli ná fram að ganga. Pólitískur rétttrúnaður sem er ámælisverður og dapurlegur. Ég vona að þessi umræða leiði til þess að málamiðlunin, sáttatillagan, nái fram að ganga. Af því markmiðin eru mildari leiðir eins og við leggjum fram hér. Alveg sama þó það sé hægt að tína til hluti eins og samkeppnisstöðu veitingahúsa o.s.frv.

Það er ekki Alþingis að jafna samkeppnisstöðu veitingahúsa, að sjálfsögðu ekki. Sumir veitingastaðir eru nógu stórir til að bjóða upp á dansgólf og aðrir ekki. Sumir eru nógu stórir til að bjóða upp á reykrými og aðrir ekki o.s.frv. Sumir geta boðið upp á þjónustu sem aðrir geta ekki boðið upp á af því þeir eru staðsettir þarna en ekki hér, af því þeir eru svona stórir og af því aðrir eru svona litlir. Það er bara eins og hlutirnir ganga fyrir sig. Það er ekki löggjafans að jafna sérstaklega samkeppnisstöðu veitingahúsa með einhverjum sértækum aðgerðum.

Við erum að tala um fullorðið sjálfráða fólk og hvað það tekur sér fyrir hendur þegar það er tryggt að það valdi ekki öðrum skaða — það er kjarni málsins — þessir fullorðnu sjálfráða einstaklingar sem kjósa að reykja einstöku sinnum eða oft af því tóbak er lögleg vara. Af hverju þá ekki að banna tóbakið alveg? Það hlýtur að vera miklu áleitnari spurning en þessi hér.

Fullorðnir sjálfráða einstaklingar sem kjósa að reykja þegar þeir fara út að skemmta sér eða borða góða máltíð, fullorðnir sjálfráða einstaklingar sem dettur í hug að stofna veitingastað þar sem kjarninn í starfseminni yrði lítill vindlareykingaklúbbur — segjum að ég vildi stofna stað þar sem menn borðuðu nokkurra rétta máltíð og gætu eftir það sest niður og reykt vindil, kannski á milli máltíða, kannski á milli rétta, kannski eftir matinn, það er algjörlega þeirra mál. Þá er löggjafinn, Alþingi Íslendinga, búinn að banna það. Það er búið að banna það rétt eins og um sé að ræða einhvers konar áhlaup að ólöglegu fíkniefni eins og heróíni, kókaíni, kannabis eða einhverju slíku.

Aldeilis ekki. Tóbak er lögleg vara á Íslandi, rétt eins og áfengi. En þá þarf að fara þessa ósmekklegu leið til að þrengja að því að fólk neyti þess. Það eru margar aðrar miklu betri leiðir. Langbesta leiðin er einfaldlega forvarnir og fræðsla. Rétt eins og þegar talið berst að neyslu fíkniefna. Það er hægt að vera hér með menn með Schäferhunda eltandi uppi einhverja smáglæpamenn og dópsala út um allt land og það skilar engum árangri. Langbesta leiðin og sú árangursríkasta er einfaldlega forvarnir og fræðsla fyrir ungt fólk til að koma í veg fyrir að eftirspurn skapist eftir eitrinu. Það er langbesta leiðin til að koma í veg fyrir fíkniefnaneyslu, áfengisneyslu og tóbaksreykingar. Í stað þess að löggjafinn sé með einhverjum ósmekklegum hætti, yfirgengilegri forræðishyggju, að vaða inn í einkalíf fullorðins fólks og stjórna því hvað það kýs að gera við löglega neysluvöru hér á landi.

Hvað með skyndibitaruslið sem er verið að troða upp á börn í auglýsingum í barnatíma á hverjum einasta morgni á Íslandi um helgar? Það er verið að auglýsa sælgæti, skyndibitadrasl og allar þessar vörur sem eru stórhættulegar börnum og unglingum. Stórhættulegar. Það er ekkert verið að gera í að þrengja að því að þeim óþverra sé haldið að börnum, óþverra sem veldur þeim miklu meiri skaða en margt annað. Ég er ekki að segja að það eigi að banna það. Ætli foreldrar þurfi ekki að hafa vit fyrir börnum sínum og frelsi til að velja þeim mat og annað.

Við þurfum einfaldlega ekki að ganga svona langt. Fjarri því. Tillagan sem lögð er fram af þeim sem eru andstæðir þessu fortakslausa banni er ákaflega sanngjörn sáttaleið, mildari leið til að ná fullkomlega fram markmiðum bannsins sem er að þeir sem vinna á veitinga- og skemmti-

stöðum þurfi ekki að anda að sér tóbaksreyk enda eiga þeir að sjálfsögðu alls ekki að þurfa að gera það. Það efast enginn um það, og alls ekki ég, eitt augnablik að reykingar eru bráðdrepandi og virkilega óhollar. Bæði beinar og óbeinar. Svo er hægt að rífast um hversu óhollar þær eru og hvað þær drepi marga. En þær drepa gríðarlegan fjölda fólks út um allan heim á hverju ári og eru í sjálfu sér hörmulegt fyrirbrigði. En við erum að tala um löglega vöru og við erum að tala um inngrip stjórnvalda inn í líf fullorðins, sjálfráða fólks með þeim hætti sem mér finnst algjörlega óþolandi. Það er nefnilega hægt að ná fram öllum markmiðunum, öryggismarkmiðunum, varúðarmarkmiðunum, vinnuverndarsjónarmiðunum, sem eru allt sjálfsögð sjónarmið sem löggjafinn á að beita sér fyrir að tryggð séu, með öðrum hætti.

Að sjálfsögðu á enginn sem vinnur á veitinga- og skemmtistað að þurfa að anda óþverranum að sér. En því markmiði er hægt að ná með allt öðrum og mildari hætti. Hér er lögð til mjög skynsamleg, jákvæð og sanngjörn leið að því marki. Ég hefði haldið að þeir sem eru að berjast fyrir banninu mundu nýta sér hana sem sáttaleið, sanngjarna, vitræna og jákvæða sáttaleið í þessu máli.

Í sjálfu sér var ég að vonast eftir því að þegar þetta mál kæmi til 2. umr. yrði hlutur þess miklu meiri hér í Alþingi. En við erum á síðustu dögum þingsins núna og það er hastað á menn að dvelja ekki um of við hvert mál. Ég hef reynt að ná fram á tæpum 20 mínútum öllum þeim helstu sjónarmiðum sem ég tel vera uppi í málinu þó að það megi vissulega fara miklu ítarlegar og dýpra í málið, og að sjálfsögðu leiða umræðuna þangað sem hún á heima. Umræðan á að snúast um frelsi einstaklingsins í þjóðfélaginu. Frelsi einstaklingsins og heimild löggjafans til að grípa með svo freklegum hætti inn í líf hans. Það er stór spurning. Það er sú grundvallarumræða sem liggur að baki þessari lagasetningu. Þessari fráleitu og dapurlegu lagasetningu. Þessari miklu forræðishyggju sem ég hélt fyrst að væri eitthvert dekurmál einstakra þingmanna en kæmi aldrei fram með þessum hætti og ætti að keyra í gegnum þingið á síðustu dögum inni í einhverjum samkomulagstillögum um að klára þingið á tilteknum tíma. Þetta er vont mál. Ég vona að það nái aldrei fram að ganga nema þá með breytingartillögunni sem við flytjum hér fjórir þingmenn og höfum talað fyrir tveir flutningsmenn, hv. þm. Birgir Ármannsson og sá sem hér stendur.

[16:31]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara og það lýtur að tvennu. Í fyrsta lagi er ég á móti málinu sjálfu, frú forseti. Þannig að ég skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara að því leyti og þá kann einhver að spyrja af hverju í ósköpunum ég skrifi undir nefndarálitið yfirleitt. Það er vegna þess að nefndin brást við tilmælum Hæstaréttar og er að breyta lögum í kjölfar þess hæstaréttardóms. Það styð ég eindregið.

Ég styð einnig breytingartillögu sem fjórir hv. þingmenn flytja á þskj. 1336 og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson flutti alveg ágæta ræðu um áðan. Ég tek undir hvert orð í þeirri ræðu. Ég er á móti þeirri miklu forræðishyggju sem hér ríður húsum. Auk þess er ég með breytingartillögu sjálfur.

Hún varðar 7. gr. í núgildandi lögum, nr. 6/2002, þar sem segir að hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum séu bannaðar hér á landi. Þar segir enn fremur í 3. tölulið sömu greinar að með auglýsingum sé átt við hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir til annars en að vara sérstaklega við skaðsemi þeirra.

Þetta ákvæði er alveg með ólíkindum, frú forseti.

Ef einhver fjölmiðlamaður skyldi nú senda út það sem ég segi hér á eftir þá ætla ég að vara hann við að ég er að fara að brjóta lög. Ég ætla nefnilega að segja að ég hafi aldrei reykt Camel. Þetta er lögbrot. Ég ætla að segja að það sé langt síðan ég hafi keypt Chesterfield. Annað lögbrot. Ég ætla að segja að nú er hann Jón gamli dáinn, ég segi það af því að ég er að skrifa minningargrein um hann, en eldri bróðir hans Gunnar sem reykti alltaf Raleigh, lifir góðu lífi. (Gripið fram í.) Eða systir hans sem reykti lifir enn, háöldruð. Þetta má ég ekki segja heldur.

Þetta er náttúrlega alveg með ólíkindum frú forseti, svona umræða. Svona lagatúlkun. Þetta minnir á trúboð. Þetta minnir á trúboð bókstafstrúarmanna. Þetta eru einstrengingslegar skoðanir. Þetta er forsjárhyggja og þetta er skoðanakúgun. Þetta er rétttrúnaður. Ekkert annað. Heilbrigð umræða og skynsemi er látin veg allrar veraldar.

Ég skora á hv. þingmenn að styðja breytingartillögu mína þannig að það sem ég sagði hér áðan sé ekki lengur lögbrot og menn geti t.d. sagt í grein í Morgunblaðinu eða í einhverjum öðrum fjölmiðli að einhver hafi reykt Raleigh eða að einhver hafi reykt þetta eða hitt. Þetta er náttúrlega alveg með ólíkindum. Fyrir utan það að þegar við bönnum auglýsingar þá styrkjum við náttúrlega samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem eru á markaði. Það getur enginn nýr komið inn og þannig styrkjum þá sem eru á markaðnum. Þeir þurfa ekkert að hafa fyrir því. Þeir þurfa ekkert að auglýsa. Fólkið veit ekki neitt um neitt annað til að kaupa en þær sígarettur eða tóbak sem þeir hafa selt. Þannig að þetta er til hagsbóta fyrir tóbaksiðnaðarinn.

Umræðan í nefndinni var alveg með ólíkindum. Það kom fram að það eru 16–20% meiri líkur að deyja úr vissum sjúkdómum ef menn eru svokallaðir meðreykingarmenn, ef þeir anda að sér reyk frá öðrum. Ef yfirleitt er hægt að merkja einhvern marktækan mun eða einhverja aukningu á dánarlíkum þá er það með stuðlinum 1,16 til 1,20.

Hins vegar ef menn reykja sjálfir þá er það með stuðli 20 falt í vissum sjúkdómum. Þannig að það er varla hægt að segja að þetta sé sambærilegt, að vera meðreykjandi eða reykja sjálfur. Langt í frá. Það eru bara sárafáar kannanir sem sýna yfirleitt marktækan mun á eða sanna yfirleitt að skaðlegt sé að reykja eða anda að sér lofti sem aðrir hafa reykt í.

Umræðan í nefndinni gekk út á að þetta væri eins og verið væri að fjalla um blásýru. Ég fagna bara hverjum degi sem ég lifi. Þegar ég var unglingur og barn sat ég iðulega í rútum þar sem mikið var reykt. Ég ætti að vera löngu dauður miðað við umræðuna í nefndinni. Þetta er náttúrlega alveg með ólíkindum, trúboðið er svoleiðis endalaust að maður bara stendur á öndinni yfir þessu. Í nefndinni var verið að tala um einhverja veggi upp í hálfa hæð, einn metra á hæð og ég veit ekki hvað og hvað. Þessi umræða

var fyrir neðan allar hellur.

Ég ætla nú ekki að hafa þetta lengra en ég segi að það var bíó að fylgjast með umræðunni í hv. heilbrigðis- og trygginganefnd og mér þykir mjög miður að ég hef ekki hæfileika til að semja gott gamanleikrit, því nóg efni var til þess.

[16:37]

Útbýting:

Hjúkrunarrými í Suðurkjördæmi, 749. mál, svar heilbrrh., þskj. 1302.

Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, 682. mál, nál. utanrmn., þskj. 1392; brtt. HBl o.fl., þskj. 1393.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 331. mál, brtt. DJ, þskj. 1390.

Verð dýralyfja og dýralæknakostnaðar, 701. mál, svar landbrh., þskj. 1391.

[16:38]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er best að gera strax þá játningu að ég hef nokkra hríð verið í vafa um hverja afstöðu eigi að taka til þess frumvarps sem er hér til umræðu. Annars vegar er auðvitað sjónarmið persónufrelsis og að hinu opinbera sé ekki rétt að ganga á rétt manna til að haga sér eins og þeim sýnist nema sérstakar brýnar ástæður komi til. Sú gamla kenning um frelsið að það eigi að vera eins mikið og hægt er og eins gervallt og það getur orðið þangað til það fer að skerða annarra manna frelsi.

Það er ágætt að halda þessu fram og auðvelt að taka undir þetta. En síðan eru markalínurnar auðvitað óskýrari. Á hinn bóginn er þetta auðvitað heilbrigðismál og það hefur verið skoðun mín nokkra hríð, hvert sem samband mitt hefur hverju sinni verið við þetta fíkniefni, tóbakið eða nikótínið, að í augum seinni tíma manna muni verða litið á öskubakka okkar og ýmislegt athæfi kringum sígarettur og aðrar tegundir reyktóbaks sömu augum sem við lítum nú hrákadalla 19. aldar.

Ég hef að lokum komist að því að hagsmunir heilbrigðisins og lifenda, lífsins hreinlega, eigi að vega meira en tillit það sem menn kunna að taka hér til persónufrelsisins og hef ákveðið að styðja frumvarpið. Ég átti líka í ákveðnum erfiðleikum með að taka afstöðu til breytingartillögunnar sem fjórir félagar hv. þingmenn hafa hér flutt. Vegna þess að að einhverri slíkri millileið var ég sjálfur að leita einkum til þess að gera þessi viðbrigði ekki eins snögg og þau sýnilega verða. Ég hafði t.d. hugmynd sem ég bar upp við kunnáttumenn um hvort hægt væri að skipta veitingastöðum með einhverjum hætti í drykkjubari annars vegar og hins vegar kannski aðeins kurteislegri matstaði. Mér var tjáð að menn yrðu mjög fljótir að sjá við því að gera drykkjubarina að matstöðum eða einhvers konar framreiðslustöðum og þetta væri úrræði sem ekki gengi.

Ég held því miður, án þess að ég ætli að fara að orðlengja um það, að hið sama gildi um hin sérstöku reyksvæði þeirra Birgis Ármannssonar og félaga hans hv. þingmanna. Mér sýnist af reynslunni af því að íslensk veitingahús haldi uppi sérstökum reyklausum svæðum, sem þeim ber að gera, að þeim muni ekki ganga betur að virða ákvæði um stranglega afmörkuð reyksvæði.

Þannig að svona er nú mín afstaða í þessu. Ég ætla ekkert að rökstyðja hana frekar satt að segja og er ekki kominn hér upp til að lýsa henni sérstaklega þótt ég teldi mig þurfa að gera það fyrst þegar ég tók þátt í umræðu um málið, heldur að taka undir með hv. þm. Pétri Blöndal, tillögu hans að afnema ákvæðið um að mönnum sé ekki heimilt að tala öðruvísi um tóbaksvöru en henni til lasts. Ástæða mín fyrir þessum stuðningi er ósköp einfaldlega sú að þarna gengu tóbaksvarnamenn of langt og höggva í það sem hlýtur að teljast vera kjarni tjáningarfrelsisins, svo langt að þessu var mótmælt á sínum tíma mjög harðlega, því miður of seint. Það gerðu samtök blaðamanna, rithöfundar og einstakir áhugamenn vegna þess að þau dæmi sem Pétur Blöndal nefnir hér eru auðvitað fullkomlega gild. Rithöfundar, fræðimenn, áhugamenn um tóbak eða fíkniefni eða hvað sem vera skal verða að hafa fullan rétt til þess að tala um tóbaksvöru eins og hverja aðra vöru. Hvort sem hún er frá í upphafi 6. áratugarins, eins og hjá Pétri Blöndal sem nefndi hérna sérstaklega tegundirnar Camel, Chesterfield og Raleigh, sem vekja upp nánast hugljúfar minningar hjá mér, svo ég brjóti nú lögin með sama hætti og Pétur Blöndal. Ekki af því ég hafi reykt mjög mikið af þessum tegundum eða einhverjum öðrum tóbaksvörum heldur var þetta reykt í kringum mig á barnsárum mínum.

Ég veit hins vegar að meiningin með þessu ákvæði var góð. Hún var sú að loka glufum sem menn kynnu að notfæra sér til auglýsinga á tóbaki. Ég er ósammála Pétri Blöndal um að ekki eigi að banna auglýsingar á tóbaki. Ég tel að það eigi að gera og tek eftir að það eru öll ríki að gera með einhverjum hætti, nálgast það mark vegna þess að þetta er auðvitað heilbrigðisvandamál sem við erum að glíma við. Þó það hafi gengið skrykkjótt þá hefur það almennt gengið vel á síðustu árum, að minnsta kosti í Vestur-Evrópu, að gera það. Við eigum að vera öðrum heimssvæðum til fyrirmyndar um það efni.

Þrátt fyrir að þessi setning sé í rauninni sett inn til að auðvelda eftirlit með auglýsingabanninu, og má færa henni það til bóta, þá gengur hún ósköp einfaldlega á það svið sem ekki er hægt að leyfa sér að ganga á. Þegar um þetta ræðir verður að ætlast til að lögregla og dómstólar hafi sérstök úrræði til að ráða við verkefni sem vissulega er ekki einfalt, án þess að þessum aðferðum sé beitt. Hér er í raun um meðalhófsreglu að ræða enda er efast um það í þessari umræðu að þetta ákvæði standist stjórnarskrá. Þannig að það sem Pétur Blöndal hv. þingmaður er hér að gera og ég með honum og vonandi margir fleiri, er að koma í veg fyrir að hér reyni á stjórnarskrána gagnvart þessu ákvæði.

Ég hef tekið eftir því, og held ég hafi rétt fyrir mér hér, að það hefur ekkert reynt á þetta gagnvart dómstólum. Ég man eftir einu dæmi þegar ágætur félagi minn, Karl Th. Birgisson, skrifaði rétt eftir að þetta var samþykkt grein í blað, ég man nú ekki hvaða blað, þar sem hann ræddi um tóbaksvörur með ýmsum hætti. Sú grein var auðvitað á sinn hátt ögrun og það var eftirtektarvert að þeirri ögrun var ekki tekið. Lögreglan fór ekki á staðinn að ræða við Karl Th. Birgisson. Ekki var höfðað mál af hálfu saksóknara gegn Karli Th. Birgissyni. Þannig stóðu yfirvöld í raun og veru ekki við þau lög sem Alþingi hafði sett í þessu efni, og það

er kannski ástæða til að líta á hlutina fyrst svo er.

Ég kem hér til að hrósa hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir þessa tillögu sem ég hefði gjarnan viljað flytja sjálfur. En hann varð fyrri til og reyndar nær vettvangi að þessu leytinu, og ég heiti stuðningi mínum við hann og hvet menn til að ljá henni sitt atfylgi.

[16:46]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi bregðast örstutt við einu atriði í annars ágætri ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar þar sem ég gat tekið undir afar margt í málflutningi hans. Mér fannst hann horfa á breytingartillögu mína og þriggja annarra þingmanna með jákvæðari augum en sumir aðrir sem hér hafa talað í dag þótt hann, eftir því sem ég skildi mál hans, styddi hana ekki eða treysti sér ekki til að styðja þessa breytingartillögu.

Í máli hans komu fram ákveðnar áhyggjur af því að sú aðgreining á milli reykingasvæða eða reykingaherbergja og annars rýmis veitingastaða yrði vandamál, hugsanlega með sama hætti og það er ákveðið vandamál í dag hvernig á að greina á milli reykingavæða og reyklausra svæða á veitingastöðum. Ég vildi bara draga það fram í umræðunni með skýrum hætti að sá reginmunur er á því sem felst í tillögu okkar og núverandi ástandi að gert er ráð fyrir að aðskilnaður milli reyksvæða og reyklausra svæða verði með veggjum, gleri eða einhverjum sambærilegum hætti þannig að tryggt á að vera að ekki komi upp einhver jaðartilfelli eða óljós tilfelli að því leyti þar sem gert er ráð fyrir að aðskilnaðurinn sé svo tryggilegur að það séu veggir, gler eða eitthvað sambærilegt sem greini þessi svæði að. Í dag er þetta miklu óljósara og hefur valdið ýmsum vandamálum í framkvæmd. En af því að það er einlægur ásetningur okkar flutningsmanna breytingartillögunnar að koma til móts við sjónarmið frumvarpshöfunda og þeirra sem langt vilja ganga í tóbaksbanni, við viljum koma til móts við slík sjónarmið, þá gerum við ráð fyrir heilum veggjum, gleri eða einhverju sambærilegu.

[16:49]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég hef haft það sjónarmið í þessu efni og er nú ekki frumlegt að um tóbaksvarnir eigi það að gilda að við eigum að stíga þar eins smá skref og við getum til þess að vera samferða eins og hægt er þróuninni í þessu efni sem hefur verið sú að færri og færri reykja. Ég held að lokamarkmið okkar sé að koma tóbakinu burt, að reyktóbakið sé ekki lengur almenn neysluvara eins og við ólumst upp við öll sem erum hér í salnum. Áhyggjur mínar af þessu frumvarpi varða ekki markmið þess heldur eru þær spurning um hvort við séum að stíga of stórt skref í einu. Við umhugsun mína, sem sjálfsagt hefur ekki verið af því umfangi sem hún hefur verið fyrir menn í heilbrigðisnefndinni, hef ég hins vegar komist að því að hér sé ekki um annað að ræða en að stíga nógu stórt skref til að það sé afdráttarlaust, að menn viti það áður en þeir nálgast þennan geira mannlífsins að ætla að fara á veitingastað að það sé klárt að þar sé ekki hægt að neyta tóbaks innan dyra.

Ég tek eftir því í öðrum ríkjum þar sem þetta bann hefur verið innleitt að þar virðist það hafa verið afdráttarlaust. Ég var t.d. í Noregi í vetur, á kuldaskeiði þar í landi, og bjó hjá kunningja mínum og við fórum aðeins út á bari á kvöldin sem er ekki til tíðinda. Þá búa reykingamenn sig afar vel, fara í dúnúlpur sínar og hafa með sér trefla og hanska og sitja gjarnan utan við barina þannig að á sumum stöðum sem við sóttum þarna, í verkamannahverfinu í Austur-Ósló, voru iðulega fleiri gestir utan dyra en innan en voru þó á staðnum. Þeim sem voru innan dyra leið náttúrlega ákaflega vel í sínu ágæta hreina lofti og gátu neytt sinnar drykkjarvöru betur en ella.

[16:51]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Örstutt. Þessi skemmtilega lýsing hv. þm. Marðar Árnasonar af reynslu sinni frá Noregi leiðir auðvitað hugann að þeirri spurningu hvort honum hefði ekki þótt eðlilegt að þessir kappklæddu reykingamenn fyrir utan veitingastaðina í Ósló hefðu haft eitthvert afdrep þar sem þeir gátu setið saman og reykt án þess að trufla aðra.

[16:51]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég lýsi fullri samúð með sjónarmiðum hv. þingmanns í þessu efni en það er skoðun mín að ekki sé til neitt almennilegt millistig hér. Ég hef leitað þess eins og ég lýsti áðan og ég hef ekki trú á tillögu þeirra félaga sem ég þó skil hvatir á bak við og ætla ekki að fara að úthrópa þá hér sem einhverja eyðileggingarmenn eða fíknisinna. Ég hef ósköp einfaldlega ekki trú á að það gangi að hafa svona tvöfalt kerfi í þessum efnum og ég held að það sama verði að ganga yfir alla í þessu.

Að hluta til eru Íslendingar komnir inn á þessa braut. Það er mjög algengt núna að menn hverfi sjálfkvaddir frá borðum, t.d. í veislum eða í mat og jafnvel á reykingasvæði, vegna þess að menn eru farnir að taka tillit til annarra í þeim efnum og telja það ekki viðkunnanlegt, jafnvel ekki í heimahúsum, að reykja við matborð. Við erum óvanari þessu á drykkjustöðum eða börum og þess vegna var ég að hugleiða það á sínum tíma hvort hægt væri að aðgreina þetta tvennt. Ég held að það verði eitt yfir alla að ganga í þessu og við verðum að reyna að stíga þetta skref öll í einu. Ég vona að það takist farsællega.

[16:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég fagna þessu frumvarpi mjög og þó fyrr hefði verið. Það eina sem er dapurlegt við það er að við höfum glatað fimm góðum árum sökum þess að við heyktumst á að stíga skrefið til fulls 2002 þegar tóbaksvarnalög voru þá til heildarendurskoðunar, ef ég man rétt. Ég man vel óánægju þeirra sem höfðu undirbúið þá lagasetningu, m.a. sérstakrar nefndar, og þáverandi tóbaksvarnafulltrúi, Þorgrímur Þráinsson, var ákaflega ósáttur við það hvernig sú niðurstaða þess nefndarstarfs, að stíga skrefið til fulls og gera þar á meðal veitingastaði reyklausa með þeim breytingum, týndist í meðförum stjórnvalda. Sú var tíðin að Ísland var jafnan í allra fremstu röð í þeim efnum hvað varðaði tóbaksvarnir og baráttu gegn skaðsemi reykinga. En við

höfum því miður heykst svolítið á því á síðustu árum að vera áfram í forustu þjóða að þessu leyti og nú er svo komið að ýmsar aðrar þjóðir eru komnar fram úr okkur. Þar hefur tekist vel til og menn eru almennt mjög ánægðir með þær breytingar.

Ég verð að segja alveg eins og er út frá ræðuhöldum hér fyrr, frú forseti, og breytingartillögum o.fl., að úr því að Írum hefur tekist jafn vel til að gera sína bari reyklausa, trúlega hafa einhverjir þingmenn komið inn á þær stofnanir eins og þær voru á árum áður, þá ætti okkur Íslendingum ekki að vera mikill vandi á höndum að gera slíkt hið sama og fylgja fordæmi þeirra og annarra þjóða sem hafa rekið af sér slyðruorðið og stigið þetta skref til fulls. Það er auðvitað miklu meira en tímabært að gera það og eiginlega ekkert annað að gera en að harma að við skyldum ekki gera þetta strax 2002 með heildarendurskoðun laganna þá.

Varðandi breytingartillögu frá þeim félögum, hv. þingmönnum Birgi Ármannssyni, Sigurði Kára Kristjánssyni, Bjarna Benediktssyni og Björgvini G. Sigurðssyni, þá finnst mér heldur dapurlegt að fjórir ungir, frískir þingmenn skuli flytja tillögu af þessu tagi, því að það er auðvitað ekkert annað en að reyna að læða aftur inn í þetta frumvarp óbreyttu ástandi eins og ég lít á það. Nú hristir hv. 1. flutningsmaður hausinn og það merkir væntanlega að hann sé mér ekki sammála. Það kann vel að vera að hv. þingmenn telji í hugarheimi sínum að þarna sé til einhver önnur millileið en sú sem að nafninu til átti að fara 2002. En hvernig hefur það reynst í framkvæmd, hvernig hefur það gengið í framkvæmd að tryggja að á öllum veitingastöðum séu aðskilin rými fyrir reykingafólk og reyklaust? Það er ekki merkileg framkvæmd á því á öllum þorra veitingastaða hér á landi. Ég þekki það bara mjög vel, ekki endilega vegna þess að ég sæki þessa staði svo gríðarlega heldur m.a. vegna þess að þannig háttar til að ég þekki mjög vel eða mér eru nákomnir og í minni fjölskyldu einstaklingar sem eiga við það að stríða annars vegar að vera haldnir algjöru reykingaofnæmi og hins vegar að vera með astma eða snert af astma og þola þar af leiðandi alls ekki að komast í snertingu við reykingaloft. Ég get vel borið um það hvers konar hausverkur það er t.d. ef menn vilja fara ekki endilega á krár eða bari heldur bara á venjulega matsölustaði og það er hringt og pantað og spurt: Er ekki alveg klárt að þarna sé algjörlega reyklaust rými samkvæmt lögum? Jú, jú. Svo mæta menn á staðinn, fólk sem svona er ástatt um og það skiptir þúsundum hér á landi, fólk sem alls ekki þolir heilsu sinnar vegna að komast í snertingu við reykingaloft.

Hver er útkoman? Það er iðulega þannig að hinum megin við ganginn, einn og hálfan metra frá borðinu sem á að heita reyklaust og er í reyklausu svæði, er reykt. Menn eiga tvo kosti, að fara heim eða láta sig hafa þetta. Veitingahúsin og einhverjir þjónar fórna höndum og segja: Þetta er bara svona hjá okkur. Þetta gerist aftur og aftur, bæði á Íslandi og annars staðar, þar sem reglurnar eiga að vera svona. Þetta er framkvæmdin, þetta er veruleikinn. Hitt er einhver hugarheimur.

Þá spyr ég: Getur það verið að mannréttindi þeirra sem heilsu sinnar vegna verða að geta treyst því að þeir geti farið á veitingahús og verið lausir við reykloft víki fyrir hinum sem eitra andrúmsloftið fyrir öðrum? Nei, það getur ekki verið. Það getur ekki verið að þetta eigi að snúa þannig. Þess vegna er enginn vafi í mínum huga að úr því að framkvæmdin er gjörsamlega vonlaus með því fyrirkomulagi sem á að heita við lýði í dag, og ég held að þessi breytingartillaga sé ávísun á meira og minna það sama því miður, þá þýðir þetta ekki neitt. Það þýðir enga hálfvelgju í þessu. Það verður bara að stíga þetta skref til fulls. Og ég bið hv. þingmenn að fella þessa breytingartillögu. Ég skora á alla hv. þingmenn og helst flutningsmenn hennar að draga hana til baka en alla aðra þingmenn þá að fella hana. Ég vona sannarlega að hún fái ekki nema fjögur atkvæði í mesta lagi, þ.e. atkvæði flutningsmannanna. Ég vona það innilega og að þeir muni sjá að það var yfirsjón og fljótræði að flytja þessa tillögu.

Sama tel ég að gera eigi við breytingartillögu frá hv. þm. Pétri H. Blöndal þó að það kunni að vera einhver djúp hugmyndafræðileg rök fyrir því að styðja hana eins og hv. þm. Mörður Árnason var eitthvað að reifa áðan, ég verð að játa að ég náði því nú ekki öllu saman, en hún tengist að einhverju leyti því sem varðar auglýsingar á tóbaki, sem að sjálfsögðu er fráleit hugmynd. Ég vil að menn sýni þar líka fyllstu hörku og að heilsa manna og velferð eigi að njóta vafans í þessu tilviki og legg til að sú tillaga verði líka felld.

Mér sýnast breytingartillögur heilbrigðis- og tryggingaefndar í sjálfu sér vera til bóta þó að ég hafi enga óskapa samúð með þessum sérverslunum með tóbak, að þær þurfi að vera undir öðrum ákvæðum en aðrar verslanir, en það má þó kannski til sanns vegar færa að það gildi nokkuð annað um þá sem leggja leið sína inn í slíkar verslanir og dómaniðurstaða mun liggja hér einnig til grundvallar breytingartillögunni. (Gripið fram í.) Ég sagði það, hv. þingmaður, að dómaniðurstöður munu einnig liggja til grundvallar því að heilbrigðis- og tryggingaefnd flytur þessa breytingartillögu.

Ég er ákaflega ánægður með að loksins skuli menn ætla að reka af sér slyðruorðið og stíga þetta skref sem átti auðvitað að gera 2002 og fimm ár hafa þá farið í súginn miðað við að gildistakan sé 1. júní 2007, sem eðlilegt má telja, auðvitað þarf einhvern svolítinn aðdraganda og eitthvert tilhlaup að þessu. En ég er alveg sannfærður um það, það er enginn efi í mínum huga að fljótlega í framhaldi af því að þessi lög ganga í gildi og menn eru komnir í sátt við þau og farnir að framkvæma þau verða allir ánægðir. Það er niðurstaðan annars staðar, bæði hjá reykingafólki og þeim sem ekki reykja og líka hjá veitingastöðunum og rekstraraðilunum. Þetta er öllum fyrir bestu. Auðvitað vilja rekendur svona staða ekki vera á einhverju gráu svæði gagnvart t.d. heilsu starfsmanna sinna. Það liggur alveg í augum uppi, það vill enginn. Þetta er öllum fyrir bestu hvernig sem á málið er litið og einboðið að samþykkja þetta og fella breytingartillöguna.

[17:02]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en mér finnst samt óhjákvæmilegt að svara ákveðnum atriðum sem komu fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar varðandi breytingartillögu mína

og þriggja annarra þingmanna.

Sá reginmunur er á útfærslunni sem við leggjum til og núverandi ástandi að gert er ráð fyrir að reykingasvæðin verði aðgreind með veggjum, gleri eða einhverju slíku. Sú staða sem er uppi í dag og hv. þingmaður lýsti réttilega, að menn geta lent í því að vera á reyklausu svæði en búa við það að reykt sé á næsta borði, kannski einn og hálfan metra í burtu, verður ekki uppi verði breytingartillaga okkar samþykkt. Breytingartillagan gengur út á að þau afmörkuðu svæði sem um er að ræða verði aðgreind frá öðru rými með veggjum, gleri eða einhverju sambærilegu og með því móti er auðvitað verið að stíga mjög stórt skref í áttina til þeirra sjónarmiða sem hv. þingmaður hefur mælt fyrir. Það er reginmunur á ástandinu eins og það er í dag og því ástandi sem yrði ef breytingartillaga okkar næði fram að ganga. Þá yrði um að ræða verulega breytingu í þá átt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur talað fyrir. Ég hafna þess vegna þeim ummælum hans að verið sé að gera ráð fyrir í máli okkar að meira og minna verði ástandið óbreytt. Það er ekki þannig sem við hugsum það og framkvæmdin verður ekki þannig.

[17:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sannfærðist ekki vitund við þessa ræðu hv. þingmanns, hún breytti engu. Það kann vel að vera að tillögumenn hugsi sér þetta þannig og í þeirra heimi, besta heimi allra heima gæti með fullkominni framkvæmd þetta orðið skárra en núverandi ástand. En við vitum bara hvernig hefur gengið að framkvæma gildandi lög og er einhver ástæða til að ætla að það gengi miklu betur að framkvæma þessa hugmynd? Það yrðu áfram mjög túlkanleg og grá svæði og hv. þingmenn bjóða meira að segja upp á það með ákveðnu loðnu orðalagi. Þetta er frekar óvenjulegur lagatexti, verður að segja, þó að löglærðir menn komi að því að semja þetta í hópi flutningsmanna. Eru þeir ekki allir löglærðir nema einn?

Það segir hér:

„Þessi rými skulu aðgreind frá öðru rými staðanna með þeim hætti að loftstreymi á milli sé í lágmarki," — það má þó vera eitthvað — „t.d. með veggjum eða gleri."

Þetta er nú býsna fljótandi. Hvað segir júristinn, hv. þingmaður, um þetta? Þetta er nú ekki alveg afdráttarlaust. Svo eru vinnuverndarsjónarmiðin eftir í þessu máli þó svo að þetta gengi alveg fullkomlega í framkvæmd, sem ég hef enga trú á að mundi gera. Þetta yrði því áfram loðið og grátt og ekkert sem segir því miður að framkvæmdin gæti ekki orðið á þann veg að sáralítil breyting yrði frá núverandi ástandi, jafnlítil breyting og því miður varð með lögunum 2002 sem áttu að breyta heilmiklu en í reynd hafa gert sáralítið gagn.

[17:05]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hlýtur að átta sig á því að reginmunur er á því hvort mörkin milli reykingasvæða og reyklausra svæða á veitingastöðum eru einungis táknræn eða með engu móti aðgreind öðru en einhverjum merkimiðum á borðum eða því hvort veggur er á milli eða gler er á milli eða hvort reykingasvæðið er í sérstöku herbergi, hugsanlega jafnvel á annarri hæð en annað veitingarými. Mér finnst hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gersamlega loka augunum fyrir því að með þessu er verið að stíga verulegt skref í þá átt sem hann vill, verið er að stíga verulegt skref til þess að greina þarna á milli. Aðgreiningin verður fullkomin, það yrði ekki heimilt samkvæmt þessu ákvæði að hafa fyrirkomulagið með þeim hætti sem er í dag, að reykingar og reyklaust svæði yrði í sama rými án þess að einhver aðgreining með veggjum, gleri eða einhverjum sambærilegum hætti væri á milli.

Af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er sannfærður og einlægur í baráttu sinni gegn reykingum og andstöðu sinni við reykingar þá sér hann einfaldlega ekki eða vill ekki sjá að sú leið sem við erum að leggja til felur í sér verulega bót frá núverandi fyrirkomulagi og verulegt skref í þá átt að sætta sjónarmið í þessum efnum, verulegt skref í þá átt að tryggja aðstöðu fyrir reykingamenn án þess að gengið sé á rétt hinna því að það er auðvitað markmiðið með þessu öllu.

[17:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Stundum eru engar málamiðlanir til, það verður bara annaðhvort að gera hlutina eða gera þá ekki. Ég held að við séum nákvæmlega með svoleiðis mál hér í höndunum. Hv. þingmaður var nú kominn út í heilmikla verkfræði og útfærslur af því tagi. Ég er búinn að segja það sem ég tel að mundi verða í sambandi við framkvæmdina á þessu ef menn færu þessa leið. Mér finnst þetta vera einhver hálfvelgja sem á ekkert við í málinu.

Hvernig í ósköpunum ætlar svo hv. þm. Birgir Ármannsson að tryggja þá framkvæmd sem hann talar svona fjálglega og fallega um, glerveggina og lofstreymið og allt þetta? Ætlar hv. þingmaður að stofna glerveggja- og loftstreymiseftirlit ríkisins til að fara um og athuga að þessi kúnstuga framkvæmd hans eða útfærsla haldi? Það sjá það allir menn að hitt hefur svo margfalda og ótvíræða kosti í framkvæmd að hafa þetta hreinar línur að það hálfa væri nóg, þannig að þetta eiginlega bara afgreiðir sig sjálft.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:08]

Útbýting:

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, 651. mál, frhnál. efh.- og viðskn., þskj. 1396.

Framkvæmd samgönguáætlunar 2005, 807. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1397.

Grunnskólar, 447. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 1395.

Kröfur tryggingafélaga um upplýsingar, 806. mál, fsp. KJúl, þskj. 1394.

Umferðarlög, 503. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1398.

Háskólar, 2. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 654, nál. 1041 og 1119, brtt. 1042 og 1120.

[17:09]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um háskóla frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti.

Frumvarpið felur í sér rammalöggjöf um háskóla og er afrakstur nefndar sem menntamálaráðherra skipaði í maí 2005 til að endurskoða núgildandi lög nr. 136/1997, um háskóla.

Í nefndinni komu upp umræður um akademískt frelsi háskólanna og starfsmanna þeirra og hvort tilgreina eigi það sérstaklega í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar er sú að mikilvægt sé að frelsi háskólanna í fræðilegu tilliti sé tryggt gagnvart stjórnvöldum, eigendum háskóla og öðrum utanaðkomandi aðilum, en jafnframt að mikilvægt sé að háskólarnir sjálfir tryggi akademískt frelsi þeirra sem við skólana starfa. Mikilvægt sé að skólarnir setji sér þær siðareglur sem kveðið er á um í 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. og meiri hlutinn leggur því til breytingartillögu um að háskólar „skuli" setja sér þær siðareglur. Nefndin fékk þær upplýsingar að nefndin sem vann að samningu frumvarpsins hefði einnig velt fyrir sér tilhögun á fræðilegu frelsi og hefði verið á sömu skoðun, þ.e. að tryggja þurfi þetta frelsi skólanna út á við gagnvart stjórnvöldum, eigendum eða öðrum, en ekki síður hvað varðar stöðu starfsmanna gagnvart yfirvöldum og stjórnendum hvers skóla. Við samningu ákvæðisins var litið til sambærilegra ákvæða í erlendum lögum, einkum í Noregi og Danmörku, og er það álit nefndarinnar að fræðilegt frelsi verði ekki síður tryggt í íslenskri löggjöf með þeim ákvæðum sem er að finna í frumvarpinu. Því telur meiri hlutinn að það sé forsenda viðurkenningar samkvæmt a-lið 3. mgr. 3. gr., þar sem fjallað er um að háskóli verði að fullnægja þáttum er varða hlutverk og markmið háskóla, að háskóli setji sér reglur sem tryggja með fullnægjandi hætti það markmið 3. mgr. 2. gr. að háskólar virði í hvívetna sjálfstæði starfsmanna sinna í fræðilegu tilliti. Skóli, sem ekki virðir þetta frelsi, hljóti því ekki viðurkenningu menntamálaráðherra sem háskóli, eða geti átt á hættu að viðurkenning verði afturkölluð, sbr. 4 gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru engin ákvæði er lúta að fötluðum nemendum og en meiri hlutinn telur rétt að tryggja réttarstöðu þeirra betur. Nefndin fékk þær upplýsingar að við samningu frumvarpsins hefði ekki verið rætt hvort tryggja ætti betur að fatlaðir eigi þess kost að stunda nám við háskólana. Meiri hlutinn leggur því til þá breytingu að fatlaðir nemendur verði sérstaklega tilgreindir í f-lið 3. mgr. 3. gr. sem fjallar m.a. um aðstöðu og þjónustu við nemendur. Með framangreindri breytingu er áréttað sérstaklega að tekið verði tillit til aðstöðu fyrir fatlaða nemendur við mat á því hvort háskóli skuli hljóta viðurkenningu skv. 3. gr.

Nokkrar ábendingar bárust nefndinni varðandi 9. mgr. 3. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að menntamálaráðherra setji reglur um erlendar þýðingar á heitum þeirra háskóla sem hann veitir viðurkenningu. Ábendingarnar lutu einkum að því að erlendis væri gerður greinarmunur á heitum skóla á háskólastigi í samræmi við eðli þeirra og starfsemi. Meiri hlutinn telur þrátt fyrir framangreindar athugasemdir ekki hægt að breyta þeirri þróun sem orðið hefur hér á landi að margir fagskólar nefni sig háskóla. Meiri hlutinn bendir þó á að í öðrum löndum, t.d. í Danmörku, eru því settar skorður hvaða heiti háskólar kjósa sér á öðrum tungumálum. Þannig geta háskólar t.d. ekki kallað sig „university" í enskri þýðingu. Miðað er við að hið sama muni gilda hér á landi ef slík nafngift samræmist ekki hlutlægum forsendum sem sérstakar reglur, sem menntamálaráðherra setur samkvæmt frumvarpinu, kveða á um.

Í nefndinni var rætt um lokamálslið 1. mgr. 12. gr. sem fjallar um að tryggja skuli virka þátttöku starfsmanna og nemenda í innra gæðastarfi háskóla, „eftir því sem við á". Meiri hlutinn telur að ekki komi nægilega skýrt fram við hvað er átt með orðalaginu „eftir því sem við á" en nefndin fékk þær upplýsingar að ástæðan fyrir þessum fyrirvara varðandi innra gæðamat sé að ekki sé sjálfgefið að einstakir hópar, svo sem nemendur, kennarar eða aðrir, komi að öllum þáttum í framkvæmd sjálfsmats eða innra gæðamats. Má þar nefna sem dæmi ýmis atriði sem varða fjárhagsmálefni. Að jafnaði er þó æskilegt að þátttaka nemenda, kennara og annarra í framkvæmd innra gæðamats sé sem almennust, og er það í fullu samræmi við Björgvinjar-samþykkt menntamálaráðherra aðildarríkja Bologna-ferlisins frá því í maí 2005.

Þó nokkur umræða var í nefndinni um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna sem er nýmæli í frumvarpinu og mikilvægi þess að eftirlitið verði reglubundið. Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins ákveður menntamálaráðherra hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna fer fram og gerir áætlanir um slíkt mat til þriggja ára. Meiri hlutinn telur að efni og tilgangur frumvarpsins sé að hafa reglubundið eftirlit og það komi nægilega skýrt fram í 13. gr. að það fari fram á þriggja ára fresti. Enn fremur kemur fram að menntamálaráðherra geti ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á háskóla eða einstökum einingum hans ef ástæða þykir til. Þá ræddi nefndin um hver ætti að hafa eftirlitið með höndum en í 14. gr. frumvarpsins er tekið fram að menntamálaráðherra geti falið nefnd, stofnun, fyrirtæki eða öðrum til þess bærum aðilum, innlendum eða erlendum, að annast almenna umsýslu með ytra mati. Meiri hlutinn telur þessu eftirliti best komið fyrir hjá sjálfstæðum og óháðum aðilum og að ekki sé tilefni til að setja sérstaka stofnun á fót til sjá um framangreint eftirlit.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar:

1. Við upptalningu í 1. mgr. 2. gr., um hlutverk stofnunarinnar, verði því bætt við að skólinn sinni einnig varðveislu þekkingar en ekki eingöngu þekkingarleit eins og nú er gert ráð fyrir í frumvarpinu.

2. Lagðar eru til breytingar á 3. gr. Í fyrsta lagi að orðalag 2. málsl. 3. mgr. verði lagfært þannig að skýrt komi fram að skilyrði sem háskólar skulu fullnægja til að öðlast viðurkenningu komi fram í reglum menntamálaráðherra en þurfi að lúta að þeim þáttum sem tilgreindir eru í ákvæðinu. Í öðru lagi er lögð til breyting á f-lið 3. mgr. sem felur í sér

viðbót um aðstöðu fatlaðra nemenda. Með þeirri breytingu er gerður sá áskilnaður að háskóli öðlist ekki viðurkenningu menntamálaráðherra nema hann tryggi aðstöðu til að taka á móti fötluðum nemendum. Í þriðja lagi er lögð til viðbót við 1. málsl. 8. mgr. þess efnis að viðurkenning á háskóla feli í sér staðfestingu á því að starfsemi viðkomandi skóla sé í samræmi við þær reglur sem settar kunna að vera með stoð í lögunum auk þess að vera í samræmi við lögin.

3. Lögð er til breyting á 20. gr. frumvarpsins er fjallar um áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema. Í stað þess að tilgreina þau atriði sem áfrýjunarnefndin úrskurðar um eins og nú er gert í 2. mgr. telur meiri hlutinn að heppilegra sé að vísa í ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga og taka sérstaklega fram að málum háskólanema verði ekki skotið til nefndarinnar nema fyrir liggi endanleg ákvörðun háskóla um rétt eða skyldu nemenda. Þó verði nemandanum heimilt að bera undir nefndina hvort málsmeðferð háskóla á skriflegu erindi hans hafi verið í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti og skal nefndin þá veita álit sitt um það efni. Með framangreindri breytingu er tekinn af allur vafi um málefni áfrýjunarnefndarinnar. Nefndinni bárust ábendingar um að upptalningin í 2. mgr. og málsmeðferð samkvæmt 4. mgr. hefðu valdið vafa í framkvæmd vegna óskýrleika en framangreind ákvæði voru áður í reglum nr. 73/1999, um hlutverk og störf áfrýjunarnefndarinnar.

Virðulegi forseti. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir álitið rita hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Dagný Jónsdóttir, Kjartan Ólafsson og Birkir J. Jónsson.

[17:17]

Frsm. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp um háskóla er mikið og stórt nafn yfir ákaflega lítið mál í sjálfu sér. Það voru mikil vonbrigði þegar þetta mál kom frá hæstv. menntamálaráðherra hve innihaldsrýrt og dauflegt það var. Þó að það sem út úr nefndinni kemur sé ágætt fyrir sinn hatt þá tekur málið að sjálfsögðu alls ekki á því sem mestu máli skiptir. Ekki breytist því vetur hinna miklu vonbrigða hæstv. menntamálaráðherra með þessu máli nokkurn skapaðan hlut. Það kemur lítið í sjálfu sér út úr því. Þó það sé ágætis viðleitni til að bæta umhverfi háskólanna þá vantar fjölda margt þarna inn til að málið standi undir nafni sem endurskoðun á heildarlögum um háskóla. Því fer svo víðs fjarri að það komi nokkurs staðar nálægt því að standa undir því nafni.

Ég ætla nú að mæla fyrir áliti minni hluta menntamálanefndar sem við flytjum hv. þingmenn Einar Már Sigurðarson, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason.

Megintilgangur frumvarps um háskóla er samkvæmt greinargerð með því að setja almennan lagaramma um starfsemi háskóla, segja fyrir um gæðaeftirlit með námi í háskólum, samræmingu prófgráða og gagnkvæma viðurkenningu náms í því augnamiði að auka samstarf háskóla innbyrðis. Minni hluti menntamálanefndar er fylgjandi því að sérstaklega sé tekið á gæðamálum í háskólum þannig að innra og ytra gæðaeftirlit verði sem skilvirkast og best, en á þetta hefur mikið skort í íslensku háskólastarfi eins og allir hafa viðurkennt, sérstaklega eftir að háskólunum fjölgaði og umhverfi þeirra breyttist. Í því sambandi ber að líta til Bologna-ferlisins, eins og frumvarpið gerir, og Lissabonsamningsins um viðurkenningu á menntun og hæfi að því er varðar háskólamenntun í Evrópu. Minni hlutinn telur að ákvæði frumvarpsins séu til þess fallin að bæta fyrirkomulag þess gæðaeftirlits sem er til staðar samkvæmt lögum, enda full þörf á og mikil. Minni hlutinn gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við nokkra þætti frumvarpsins og mun ég gera sérstaklega grein fyrir þeim á eftir. Þær helstu varða, og eru það grundvallaratriði, akademískt frelsi háskóla, skipan háskólaráða, jafnræði milli háskólanna óháð rekstrarformi þeirra og aðgengi fatlaðra nemenda að háskólum landsins. Tilraunir minni hlutans til að ná fram breytingum á málinu við umfjöllun nefndarinnar skiluðu ekki árangri og því flytur minni hlutinn sérstakar breytingartillögur við 2. umræðu um málið sem lúta að öllum þessum þáttum sem ég taldi upp áðan. Grundvallaratriði til að ná vitrænni og jákvæðri framtíðarsátt um starfsemi háskólanna er til dæmis að jafna stöðu þeirra óháð rekstrarformi af því að í sjálfu sér er ekki mikill ágreiningur um að fjölbreytt rekstrarform sé ágætt og gott og jafnvel nauðsynlegt í starfsemi háskólanna þar sem sjálfseignarstofnunarformið hentar mjög vel þeim sjálfstætt starfandi eða einkareknu en aðrir eru opinberar stofnanir. En eins og staðan er í dag er þeim mismunað nokkuð gróflega hvað varðar innheimtu skólagjalda þar sem hinir einkareknu eða sjálfseignarstofnanirnar eða einkahlutafélögin, eins og nú er uppi líka hvað varðar Háskólann í Reykjavík, fá sama kennsluframlag og hinir opinberu auk heimildar til innheimtu skólagjalda sem er langtum hærri en hinir opinberu hafa. Aðstaða þeirra er því ójöfn að því leyti og það þarf að leita leiða til að jafna og ná sátt á milli skólanna hvað varðar framlög frá hinu opinbera og aftur innheimtu skólagjalda. Þetta er óleyst mál sem hæstv. menntamálaráðherra hafði uppi mikil gífuryrði um fyrir tveimur árum síðan þegar hún tók við lyklavöldum í menntamálaráðuneytinu. Hún sagðist mundu byrja á að veita opinberu háskólunum heimild til innheimtu skólagjalda, það væri nú minnsta málið, það væri bara smámál sem yrði leyst í janúar og febrúar. Síðan þegar leið á hina pólitísku umræðu og orrahríð um skólagjöld almennt sem við þingmenn stjórnarandstöðunnar og margir aðrir höfum margoft tekið á hinu háa Alþingi á liðnum missirum þá varð lítið úr því. Hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki lagt til, eins og hún boðaði á sínum tíma, að opinberu skólarnir fengju heimild til innheimtu hærri skólagjalda en þeir hafa nú. Ójafnræðið ríkir því enn. Það er hvorki búið að bæta opinberu skólunum þetta með hærri kennsluframlögum né heimild til skólagjalda. Enn síður hefur verið tekin hér heildstæð umræða um kosti og galla skólagjalda og hvernig þessum málum skuli háttað til framtíðar, hvort hugsanlega sé réttlætanlegt að veita skólunum heimild til skólagjalda ef á móti kæmu t.d. námslán og styrkir sem yrðu tengdir við tekjur og efni námsmannsins eftir nám þannig að þeir sem færu á lægri eða millitekjur mundu aldrei endurgreiða lánin, þau féllu niður sem styrkir, en þeir sem hefðu hærri og hæstu tekjurnar endurgreiddu sín lán að

fullu eða að miklu leyti, þ.e. leiðin sem Bretarnir fóru til dæmis. Hvernig sem við lendum málinu einhvern tímann þá er alla vega það sorglegasta við þennan vonbrigðavetur hæstv. menntamálaráðherra að aldrei kom málið fram sem laut að innheimtu skólagjalda í opinberum skólum og því er ekki búið að jafna leikinn milli háskólanna óháð rekstrarformi eins og við leggjum til í breytingartillögum hér. En áfram að áliti minni hluta menntamálanefndar.

Akademískt frelsi er hornsteinn háskólastarfs og liggur því til grundvallar. Vísindasamfélagið hvílir á hugmyndum um gagnrýna hugsun og vinnubrögð. Það er því mikilvægt að tryggja sem best akademískt frelsi til rannsókna, kennslu, tjáningar og birtingar efnis. Án þess er háskólastarfi ógnað enda ekki um að ræða háskólastarfsemi nema að nafninu til ef gengið er á akademískt frelsi háskólafólks. Hver einstaklingur innan háskólans þarf að geta leitað þekkingar og tjáð viðhorf sín í smáu sem stóru án þess að starfsöryggi hans sé ógnað og hver háskóli þarf að vera öruggur um að honum verði hvorki gefin fyrirmæli af hálfu stjórnvalda né hagsmunaaðila. Þó að þessa sé getið að nokkru leyti í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins telur minni hlutinn að kveða þurfi skýrt á um það í lögunum og leggur því til breytingu við 2. gr., þar sem kveðið verði á um sameiginlega skyldu stjórnvalda og háskóla til að standa vörð um akademískt frelsi háskólanna.

Þetta er algjört grundvallaratriði til að við getum stutt þetta mál og þessa grein.

Rannsóknafrelsi háskóla og sjálfstæði þeirra þarf að tryggja með lögum þannig að það sé tryggt svo sem kostur er að háskólum verði ekki gefin fyrirmæli af hálfu stjórnvalda eða hagsmunaaðila um starfsemi sína. Hvorki um val á viðfangsefnum, aðferðum eða efnistökum af neinu tagi við rannsóknir. Vísar minni hlutinn í þessu efni til umsagna annars vegar frá skrifstofu rektors Háskóla Íslands og hins vegar frá Félagi háskólakennara og Félagi prófessora um mikilvægi þess að lögin séu skýr um þetta atriði.

Minni hluti menntamálanefndar telur mikilvægt að nemendur og kennarar eigi fulltrúa í háskólaráði allra háskóla. Svo er alls ekki nú þar sem sjálfstæðu einkareknu háskólarnir hafa þann háttinn alls ekki allir á. Háskólar eru í eðli sínu lýðræðislegar stofnanir og rík hefð hefur skapast fyrir aðkomu nemenda og kennara að stjórnun og skipulagi skólanna með setu í háskólaráðum þeirra, þó það eigi ekki við um alla starfandi háskóla. Nemendur og kennarar hljóta að vera dýrmætasta uppspretta hugmynda í hverjum háskóla. Án þeirra er ekkert starf og enginn háskóli. Það er því mat minni hlutans að nauðsynlegt sé nemendur og kennarar hafi beina aðkomu að ákvörðunum er varða stjórnun og skipulag skólanna. Slíkt væri í fullu samræmi við hugmyndafræðina bak við Bologna-samþykktina, en hún kveður á um að nemendur skuli eiga aðkomu að ákvörðunum skólanna á öllum stigum. Minni hlutinn flytur því breytingartillögu við 15. gr. frumvarpsins þess efnis að nemendur og kennarar eigi fulltrúa í háskólaráði hvers háskóla. Þetta teljum við mjög mikilvægt.

Þá að kennsluframlagi, eins og ég gerði að umtalsefni áðan.

Minni hlutinn gerir alvarlegar athugasemdir við að ekki skuli í frumvarpinu fjallað um starfsskilyrði háskóla og það hvaða sjónarmið skuli ráða ákvörðun um fjárveitingar til háskóla sem búa við mismunandi rekstrarform, eins og ég gat um áðan. Í því efni telur minni hlutinn mikilvægt að framlög hins opinbera til háskólanna byggist á sömu forsendum þótt starfsskilyrði þeirra og rekstrarform séu ólík, enda hafa aldrei færð nein eiginleg pólitísk rök fyrir því ójafnræði sem uppi er nema þá að einkareknu skólunum hafi verið gefið ákveðið forskot á upphafsárum þeirra. Árum saman hafa stjórnvöld daufheyrst við ákalli opinberu skólanna um aukið fjármagn til rekstrar. Forvígismenn Háskóla Íslands telja jafnvel að akademískt frelsi skólans geti verið í hættu vegna þess að ekki sé nægilega vel búið að skólanum fjárhagslega og að við honum blasi að grípa þurfi til umfangsmikilla fjöldatakmarkana eða krefjast heimilda til hárra skólagjalda eins og við teljum að verið sé að mörgu leyti að reka Háskóla Íslands og opinberu háskólana til að gera, þ.e. þeir herja á stjórnvöld um skólagjöld sem einhvers konar neyðar- og örþrifaráð út úr þrengingum sínum af því stjórnvöld hafa ekki pólitískan kjark til að leiða þau yfir skólana sjálf.

Minni hlutinn telur afar mikilvægt að jafnræðis sé gætt á milli sjálfstætt starfandi háskóla og opinberra háskóla. Því er ekki að heilsa núna og stjórnvöld hafa látið undir höfuð leggjast að skilgreina eftir hvaða viðmiðunum fjárveitingar til starfsemi skólanna fari. Það er sannarlega tímabært að stjórnvöld viðurkenni þörfina á að jafnræði með skólunum sé tryggt þannig að þeir hafi sömu fjármuni til ráðstöfunar til að standa undir kennslukostnaði hvert sem rekstrarform þeirra er. Mat minni hlutans er að leysa eigi þennan vanda í rammalögum um háskóla. Það er ekki forsvaranlegt að opinberu háskólarnir þurfi að vísa nemendum frá í stórum stíl á sama tíma og stjórnvöld halda því fram að þau vilji efla háskólamenntun í landinu.

Í umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið kom fram gagnrýni á að ekki skuli gert ráð fyrir því að fatlaðir nemendur eigi rétt á að greitt sé fyrir námi þeirra við háskóla. Samkvæmt frumvarpinu er það hverjum og einum háskóla í sjálfsvald sett hvernig þörfum fatlaðra nemenda er sinnt. Það er mat minni hlutans að full þörf sé á því að skilgreina rétt fatlaðra nemenda til náms, með sértækum hætti í rammalöggjöf um háskóla eins og gert er varðandi fatlaða nemendur í framhaldsskólum í 19. grein laga um framhaldsskóla. Þar er framhaldsskólunum gert skylt að veita fötluðum nemendum kennslu og sérstakan stuðning í námi, auk þess sem gert er ráð fyrir að fötluðum nemum sé látin í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Af þessu leiðir að kostnaður við fatlaða nemendur er metinn sérstaklega og greiddur úr ríkissjóði. Í því augnamiði að hið sama gildi um fatlaða nemendur í háskólum leggur minni hlutinn til breytingu á 19. gr. frumvarpsins.

Undir þetta ritum við allir fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd.

[17:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar er ég ásamt öðrum í minni hluta menntamálanefndar aðili að breytingartillögum og minnihlutaáliti

frá menntamálanefnd. Ég tek undir það sem fram kom í ræðu hans varðandi þau atriði sem við fjöllum um í nefndaráliti okkar, sem varða fyrst og fremst akademískt frelsi, háskólaráð, fjármál og kennsluframlög og að lokum atriði er varða aðgengi fatlaðra nemenda.

En það eru ekki einu meinbugirnir sem ég sé á málinu. Mér finnst afar margt vanta upp á að þetta mál sé með þeim hætti að gott geti talist. Mér finnst málið einkennast af kappi hinnar hægri sinnuðu pólitíkur sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur rekið í menntamálum, því ofurkappi sem lagt hefur verið á fjölgun háskóla. En svo eru menn að átta sig á því að það þýðir ekki að fjölga háskólum út í hið óendanlega. Við verðum að tryggja að háskólar okkar standist allar þær gæðakröfur sem settar eru af háskólasamfélaginu á alþjóðlegum vettvangi. Í orði kveðnu ætlum við að miða okkur við hið besta. En þá skiptir líka máli að löggjöf okkar sé gegnheil og fylgi því eftir sem við segjum varðandi metnað okkar í háskólamálunum.

Að mínu viti gengur þetta frumvarp ekki nægilega langt í á þá átt að tryggja metnað í háskólamálum. Þetta frumvarp skilur okkur enn eina ferðina eftir með Háskóla Íslands, flaggskip æðri menntunar á Íslandi, án þess að ljóst sé hvernig við hyggjumst sjá þeirri öflugu stofnun fyrir því fjármagni sem þarf til að hún geti staðið undir nafni. Á sama tíma leggja einkaháskólarnir drög að fjölgun doktorsnema eða hafa sett á stofn doktorsnám hjá sér. En við höfum ekki haft fjármuni til að styðja við bakið á Háskóla Íslands í þeim efnum, að heimila þeim öfluga viðbót til fjölgunar doktorsnema.

Með nefndaráliti minni hlutans höfum við ákveðið að láta fylgja nokkrar umsagnir. Þar á meðal er mjög viðamikil og efnismikil umsögn frá Háskóla Íslands. Þar koma fram ýmis gagnrýnisatriði sem vert er að geta við þessa umræðu. Háskóli Íslands fagnar í grunninn framlögðu frumvarpi og telur ákveðin atriði og aðalatriðin í því til bóta, sérstaklega hvað varðar það að koma til móts við Bologna-ferlið, sem við erum jú formlegir aðilar að. Við ættum ekki að komast hjá því að innleiða það gæðamat sem Bologna-ferlið gengur út á. En þó skiptir verulegu máli að það sem Bologna-ferlið leggur okkur á herðar sé tryggt með fullnægjandi hætti. Tryggja þarf að fyrirkomulag þessa gæðaeftirlits, sem Bologna-yfirlýsingin gerir ráð fyrir að sé rekið hér, sé fullnægjandi innan háskólanna og að eftirlitinu með því sé nægilega vel sinnt af hálfu stjórnvalda. Ég held að það skorti aðeins á að ábyrgð stjórnvalda sé skilgreind nægilega vel í gæðamálunum og að viðurkennt sé að við getum ekki búið við að þetta gæðaeftirlit sé ekki reglulegt. Ég tel nauðsynlegt að það sé reglulegt. Ég held líka að ekki sé hægt að framkvæma það nema með öflugum erlendum eftirlitsstofnunum. Ég held að það hefði þurft að viðurkennast í orðanna hljóðan í þessu máli, taka skrefið alla leið og tala skýrt.

Það er jú ljóst að háskólarnir verða að lokum dæmdir af verkum sínum. Þeir verða dæmdir af því hve góða menntun þeir veita og hve hátt þeir standa á alþjóðlegum skala. En háskólarnir eru ekki bara ábyrgir fyrir því að veita góða menntun. Þeir þurfa líka að hafa innra eftirlit og meta gæði eigin starfsemi innan þriggja meginpósta háskólanna, þ.e. á sviði kennslu, rannsókna og stjórnunar.

Tryggja verður það að ytra gæðaeftirlitið sé á hendi óháðs aðila. Það verður líka að beinast að stofnuninni í heild og ganga þarf úr skugga um að innra eftirlitið og matið sem fer fram inni í stofnunum sé skilvirkt og þjóni tilgangi sínum. Upplýsingar um viðmið, mælikvarða og vinnubrögð eiga að liggja fyrir og vera öllum aðgengilegar og þetta er eitthvað sem hefði þurft að tryggja.

Ég er ekki nægilega sátt við umgjörðina, þ.e. hvernig þetta er orðað í frumvarpi menntamálaráðherra. Ég hef á tilfinningunni að við hefðum getað unnið málið lengra í menntamálanefnd. En um það var talsvert mikill ágreiningur í nefndinni og ég hef þá kenningu að formaðurinn hafi ekki gefið nægilegt olnbogarými til þess að taka öll sjónarmið til nægilega mikillar skoðunar. Það er kannski ekki ágreiningur milli stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar í grunninn í þessu máli. En á frumvarpinu er fljótaskrift sem gerir það að verkum að erfitt verður fyrir háskólana að starfa eftir þeim lögum sem væntanlega verða samþykkt. Það verður erfitt fyrir þá sem eiga að fara að þeim lögum að átta sig á því til fullnustu hvað er átt við í öllu tilliti.

Samtök evrópskra háskóla hafa, að sögn Háskóla Íslands eins og fram kemur í umsögn þeirra, sett fram ákveðnar kröfur í þessum efnum varðandi gæðamat. Það er alveg nauðsynlegt að tryggja að íslensk stjórnvöld fari eftir sömu gæðastöðlum og sömu kröfum þannig að þau viðmið sem samtök evrópskra háskóla hafa sett sameiginlega séu formlega okkar viðmið líka.

Mig langar síðan, frú forseti, að segja nokkur orð um hvernig háskólar erlendis eru flokkaðir og þá staðreynd að í ráðuneyti menntamála var ákveðið að fara ekki sömu leið og farin er í flestum nágrannalöndum okkar varðandi þá flokkun. Erlendis er víðast hvar gerður greinarmunur á tegundum háskóla á háskólastigi eftir eðli þeirra, starfsemi og hlutverkum. Það hlýtur að teljast eðlilegt að slíkur greinarmunur sé gerður skýrum stöfum í þeirri löggjöf sem hér stendur til að samþykkja. En það er ekki gert.

Ég held að ólíkar kröfur um námsframboð, rannsóknir og fræðilega uppbyggingu, kalli á að nemendur og aðrir sem sýsla við þessi mál og þurfa að meta þessa háskóla og fyrir hvað þeir standa fái að vita hvers konar háskóla er um að ræða í hverju tilviki. Eins og ég sagði áðan hefur háskólum fjölgað gríðarlega mikið en það er t.d. undir hælinn lagt hvaða erlendu þýðingar eru til staðar á þeirra nöfnum. Við vitum að gerðar eru kröfur um að skólar í útlöndum sem kalla sig „university", eða „universitet" upp á skandinavísku, séu með öðrum hætti en skólar sem nefna sig „yrkeshögskolar" eða „distrikthögskolar, þ.e. landshlutaháskólar eða fagháskólar, sem við þekkjum afskaplega vel frá nágrannalöndum okkar á Norðurlöndunum. Á ensku væri hægt að tala um „community colleges" eða „regional colleges" yfir svæðisbundna háskóla eða „institute of higher education". En íslenska hefur bara eitt orð yfir allar þessar ólíku tegundir háskóla. Þetta orð er, eins og sagt er í umsögn Háskóla Ísland, munntamt, þ.e. orðið háskóli.

Háskóli Íslands leggur til í umsögn sinni að menntamálanefnd hugleiði hvort ekki sé rétt að nota hugtökin skóli á háskólastigi annars vegar og háskóli eða rannsóknaháskóli hins vegar. Ég er sjálf fylgjandi því að nafngiftir stofnana lýsi starfi þeirra, hvers konar stofnanir þær eru og við forðumst að gefa misvísandi skilaboð út í umhverfið í

þeim efnum. Ég harma því það að í frumvarpinu skyldi ekki valin sú viðtekna leið sem við þekkjum frá nágrannalöndum okkar.

Mér finnst það líka alvarlegt, frú forseti, að í þessu frumvarpi skuli ekki vera tekið almennilega á starfsskilyrðum háskóla eða hvaða sjónarmið skuli ráða ákvörðunum hins opinbera, í þessu tilfelli ríkisvaldsins, til háskóla sem búa við afar mismunandi starfsskilyrði.

Ég hef gagnrýnt það hvað eftir annað úr ræðustól á hvern hátt búið er að Háskóla Íslands og hvernig honum er mismunað miðað við einkaskólana. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs höfum viljað endurskoðun í þessum efnum og talið það lífsnauðsynlegt að Háskóli Íslands fengi til kennslu og rannsókna það háar upphæðir eða það mikið fé að það dugi án þess að innheimt verði skólagjöld.

Um þetta atriði segir í umsögn Háskóla Íslands, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er ekki fjallað um starfsskilyrði háskóla og hvaða sjónarmið skuli ráða ákvörðun um fjárveitingar til háskóla sem búa við mismunandi starfsskilyrði. Opinber framlög til háskóla byggjast á sömu forsendum þótt starfsskilyrði þeirra séu ólík. Nauðsynlegt er að leiðrétta þessa skekkju þannig að allir skólar búi við sömu skilyrði og skýrt sé eftir hvaða viðmiðunum fjárstýring til starfsemi þeirra fari. Það gengur ekki öllu lengur að það fé sem skólar hafa til ráðstöfunar til að standa undir kennslukostnaði sé mjög mismunandi eftir rekstrarformi þeirra."

Ég tek heils hugar undir þetta og harma jafnframt að nefndin skyldi ekki ræða þessa þætti í smáatriðum, þ.e. eitt af grundvallaratriðunum í háskólalöggjöfinni, á hvern hátt stjórnvöldum ber að búa að stofnunum fjárhagslega.

Háskóli Íslands fjallar síðan að nokkru leyti um að gildissvið laganna þurfi að vera ótvírætt en svo sé ekki, enda falli landbúnaðarháskólarnir utan ákvæða frumvarpsins. Það er mat Háskóla Íslands að þetta þurfi að leiðrétta skólanna sjálfra vegna með hliðsjón af ákvæðum Lissabonsamningsins, sem nefndur er í umsögn Háskóla Íslands. En hann fjallar um viðurkenningu á menntun og hæfi að því er varðar æðra skólastig á Evrópusvæðinu. Mér finnst það athyglisvert sem kemur fram í umsögn Háskóla Íslands hvað þetta varðar og bendi á að það mál var heldur ekki tekið til neinnar skoðunar að ráði í menntamálanefnd, enda hefur manni skilist að um það ríki pólitísk sátt á milli stjórnarflokkanna tveggja, að við þessu verði ekki hróflað. Ég held því ekki fram að einboðið sé að landbúnaðarháskólarnir eigi að heyra undir menntamálaráðuneytið en það þarf að vera alveg skýrt og ótvírætt að meginatriði þessa frumvarps nái til þeirra líka.

Ég gæti svo sem farið hér víðar yfir, frú forseti, en þetta voru helstu atriðin, sem mér fannst skorta á talað væri skýrt um, fyrir utan þau atriði sem nefnd eru í nefndaráliti minni hlutans og breytingartillögum. En auðvitað er ákvæðið um hið akademíska frelsi háskólanna fyrir neðan allar hellur. Það vantar stórlega upp á það í þessu frumvarpi að haldið sé þannig á málum að viðunandi sé. Rannsóknafrelsi og sjálfstæði í fræðilegu tilliti eru grundvallaratriði í háskólastarfi og við verðum að tryggja það með lögum. Það er skylda okkar.

Það verður að vera algjörlega skýrt og þarf að vera skýrt í lögum að það er ekki hægt og verður aldrei liðið, er óforsvaranlegt, að háskólum verði gefin fyrirmæli af hálfu stjórnvalda eða hagsmunaðila um viðfangsefni, um aðferðir og efnistök við kennslu eða rannsóknir.

Ég tek undir það sem Háskóli Íslands segir í umsögn sinni, að óheppilegt sé að í frumvarpinu sé þessu mikilvæga atriði einungis lýst á þann veg að háskólinn hafi sjálfdæmi um starfsemi sína, eins og segir í 2. gr. frumvarpsins. Ég man ekki til þess — það getur verið að ég sé að fara með rangt mál — að því hafi verið breytt. Jú, því var breytt í breytingartillögum meiri hlutans, eða hvað? Nei, enn á að standa að þeir hafi sjálfdæmi varðandi starfsemi sína. Þetta er algjörlega óviðunandi. Fara þarf betur ofan í saumana á þessari skilgreiningu og því hvernig menn sjá fyrir sér að hinu akademíska frelsi sé fullnægt.

Nefna mætti ákveðin atriði sem ekki voru tekin til nægilegrar umfjöllunar innan nefndarinnar, m.a. er varðar hæfisskilyrði háskólakennara og kæruleiðir innan háskólans, sem hefði kannski mátt fara betur í. En ég held að eins og málum var háttað í nefndinni hafi ekki verið vilji fyrir því að vinna málið lengra í sátt. Þess vegna skildu leiðir mjög fljótt milli minni hluta og meiri hluta. Við, fulltrúar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs í nefndinni, höfum þess vegna skilað séráliti sem gerð hefur verið grein fyrir.

Það mætti hafa miklu lengra mál um þetta efni en tíminn og aðstæður leyfa það ekki, þannig að ég lýk hér máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskólar, 2. umr.

Stjfrv., 447. mál (sjálfstætt reknir grunnskólar o.fl.). — Þskj. 671, nál. 1239 og 1395, brtt. 1240.

[17:47]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum. Þetta er nefndarálit meiri hluta menntamálanefndar. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núgildandi grunnskólalögum hvað varðar m.a. stofnun grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og lágmarksframlög sveitarfélaga til þeirra. Frumvarpið kveður einnig á um ýmsar breytingar sem lúta að foreldraráðum og einnig skyldu til að stofna nemendaráð við hvern skóla ásamt fleiri breytingum. Athugasemdir bárust um nokkur atriði og meiri hlutinn leggur til breytingar á frumvarpinu er lúta einkum að réttindum og skyldum nemenda og foreldra og einnig varðandi málsmeðferð og eru þær í samræmi við ábendingar frá umboðsmanni barna. Við umfjöllun nefndarinnar um 23. gr. frumvarpsins sem fjallar m.a. um viðurkenningu grunnskóla sem eru reknir af öðrum en sveitarfélögum og einnig um framlag úr sveitarsjóði til starfsemi

þeirra hafa komið fram skiptar skoðanir um hvort rétt sé að kveða í lögum á um lágmarksframlag frá sveitarfélögunum til framangreindra skóla. Meiri hlutinn telur að nauðsynlegt sé að kveða á um slíkt, einkum með hliðsjón af því að slíkt ákvæði tryggir betur rekstrargrundvöll skólanna og enn fremur jafnræði nemenda. Þau sjónarmið hafa komið fram að æskilegt sé að fresta frumvarpinu og láta efnisatriði þess bíða heildarendurskoðunar grunnskólalaganna sem nú er hafin í nefnd skipaðri af menntamálaráðherra. Meiri hlutinn telur að þrátt fyrir framangreinda heildarendurskoðun sé tilefni til að frumvarpið verði nú að lögum þar sem það bæti verulega núgildandi grunnskólalög. Það sjónarmið kom einnig fram hjá umboðsmanni barna. Verður nú gerð grein fyrir breytingartillögum meiri hlutans:

1. Lagt er til að 3. gr. verði í fyrsta lagi breytt á þá leið að skýrar verði kveðið á um afdráttarlausa skyldu skólastjóra til að tilkynna barnaverndaryfirvöldum ef misbrestur er á skólasókn barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli henni. Samkvæmt frumvarpsgreininni eins og hún er orðuð nú, um að skólastjóri skuli leita leiða til úrbóta, „eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda“, mætti ályktа að um mat skólastjóra væri að ræða en svo er ekki. Samkvæmt 6. gr. laganna ber forráðamaður ábyrgð á því að barn sæki skóla. Ef misbrestur er á skólasókn án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli má telja að foreldrar séu að bregðast framangreindum skyldum og einnig forsjárskyldum sínum. Í ákvæðum 16. og 17. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, er kveðið á um tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda, m.a. sérstaklega kveðið á um í 17. gr. þeirra laga um tilkynningarskyldu skólastjóra. Meiri hlutinn telur því mikilvægt að skýrar verði kveðið á um tilkynningarskyldu skólastjóra til barnaverndaryfirvalda. Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til að forráðamönnum verði einnig veitt heimild til að vísa málum til úrlausnar skólanefndar í þeim tilvikum þar sem þeir sætta sig ekki við ákvörðun skólastjórans en í frumvarpinu er eingöngu gert ráð fyrir að skólastjóri geti vísað málinu til skólanefndar. Rökin fyrir þeirri breytingu eru þau að misbrestur á skólasókn getur stafað af atvikum er snúa að skólanum sjálfum, t.d. einelti í skólanum sem skólastjórnin hefur ekki tekið á að mati forráðamanna.

2. Meiri hlutinn leggur til að bætt verði málslið við 5. gr. er kveði á um að forráðamaður geti vísað synjun skólastjóra um undanþágu frá skólasókn til skólanefndar. Ákvörðun skólastjóra um tímabundna undanþágu frá skólasókn getur varðað nemanda miklu og meiri hlutinn telur því mikilvægt að forráðamaður geti vísað synjun skólastjóra til skólanefndar.

3. Lögð er til breyting á 8. gr. frumvarpsins. Samkvæmt greininni skal foreldraráð fá til umsagnar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær liggur fyrir. Meiri hlutinn leggur til að í stað orðanna „liggur fyrir“ komi orðin „er tekin“. Merkingarmunur getur verið á framangreindum orðasamböndum, bæði málfarslegur og lagalegur.

4. Meiri hlutinn leggur til breytingar á 9. gr. Í fyrsta lagi að greinin kveði á um það að nemendaráð fái skólanámskrá og aðrar áætlanir eða breytingar á skólahaldi til umsagnar en ekki til kynningar. Með þeirri breytingu telur meiri hlutinn að betur séu tryggð réttindi barna skv. 12. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um skyldu aðildarríkja til að tryggja barni sem getur myndað eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum þeim málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Með framangreindri breytingu er umsagnarréttur nemenda lögbundinn. Meiri hlutinn áréttar að með framangreindri breytingu er ekki verið að skylda nemendaráð til að gefa umsögn heldur er með breytingunni skýrar kveðið á um að nemendur hafi rétt til þess og skylt sé að leita eftir því óháð því hvort nemendur gefa umsögn. Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til sams konar orðalagsbreytingu og á 8. gr. frumvarpsins sem gerð er grein fyrir hér að framan.

5. Lagt er til að 12. gr. falli brott. Í greininni er gert ráð fyrir því að skylda til ráðningar aðstoðarskólastjóra í grunnskóla þar sem starfa 12 starfsmenn eða fleiri, sbr. 2. mgr. 23. gr. gildandi laga, verði felld brott. Vart hefur orðið við verulega andstöðu við þessa breytingu, m.a. hjá Kennarasambandi Íslands og Heimili og skóla, og því er lagt til að 23. gr. gildandi laga standi óbreytt.

6. Þá er lögð til breyting á b-lið 14. gr. frumvarpsins um að bætt verði við upptalningu á 4. mgr. 29. gr. laganna orðunum „og stöðu að öðru leyti“. Með þeirri viðbót telur meiri hlutinn að skýrt komi fram að ekki sé um að ræða tæmandi talningu í ákvæðinu auk þess sem slík viðbót er betur í samræmi við orðalag 65. gr. stjórnarskrárinnar.

7. Lögð er til breyting á 16. gr. frumvarpsins þannig að skýrt komi fram að skólanámskrá skuli send nemendaráði til umsagnar en ekki einungis kynnt nemendaráði eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Þessi breyting er í samræmi við breytinguna á 9. gr. frumvarpsins.

8. Þá er lögð til breyting á 17. gr. frumvarpsins. Greinin felur í sér auknar heimildir til mats á námi utan grunnskóla til valgreina. Meiri hlutinn telur að ákvörðun um að fá starf eða nám utan skólans metið sé mikilvæg fyrir nemendur og því æskilegt að forráðamaður geti kært ákvörðun skólastjóra um synjun til skólanefndar.

9. Meiri hlutinn leggur til að bætt verði við 20. gr. ákvæði um skyldu skólastjóra og skólanefndar til að gera forráðamönnum nemenda grein fyrir þeim reglum sem um málsmeðferð gilda, m.a. um kærurétt.

Einnig vil ég geta þess að við 3. umr. mun ég flytja breytingartillögu um að gildistakan verði 1. janúar 2007 en slík breyting er flutt eftir samráð við nefndarmenn í hv. menntamálanefnd.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir þetta álit rita hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Ingvi Hrafn Óskarsson og Hjálmar Árnason.

[17:55]

Útbýting:

Landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál, nál. umhvn., þskj. 1399; brtt. MÁ, þskj. 1402.

Náttúruvernd, 180. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1400.

Staða umferðaröryggismála 2005, 808. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1401.

[17:55]

Frsm. minni hluta menntmn. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég geri hér grein fyrir áliti minni hluta menntamálanefndar varðandi það frumvarp sem hér liggur fyrir um breytingar á lögum um grunnskóla. Í minni hluta menntamálanefndar eru auk mín hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason. Þá styður áheyrnarfulltrúi í nefndinni, Magnús Þór Hafsteinsson, einnig það álit sem ég geri hér grein fyrir.

En fyrst, frú forseti, er rétt að taka fram að ýmislegt í því frumvarpi sem hér liggur fyrir um breytingar á lögum um grunnskóla er til bóta. Hins vegar er ekkert af þessum tillögum þannig að það kalli á að keyra þetta mál hér í gegn núna af þeirri einföldu ástæðu að nú er unnið í nefnd að heildarendurskoðun grunnskólalaga. Eðlilegra er að þessi mál séu skoðuð þar þannig að það sé allt í réttu samhengi.

Frú forseti. Ég held að enginn af minnihlutafulltrúum að minnsta kosti í menntamálanefnd, og trúlega ekki allir úr meiri hlutanum, hafi gert ráð fyrir að þetta frumvarp kæmi hér á dagskrá, heldur hafi þetta fyrst og fremst verið frumvarp til að sýna ákveðna stefnu ákveðins hluta Sjálfstæðisflokksins.

Það var athyglisvert að á fund nefndarinnar komu ýmsir gestir og m.a. leiðtogi Sjálfstæðisflokksins hér í Reykjavík sem hafði afskaplega skýrar skoðanir á því. Það er rétt að vekja athygli á að álit minni hlutans er mjög svo í takt við álit oddvita Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík enda hefur sá ágæti maður mikla reynslu af sveitarstjórnarmálum og áttar sig alveg á því hvaða mál eru prinsippmál í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

En því er nú verr og miður, það virðist ekki hafa hljómgrunn í meiri hluta menntamálanefndar og af einhverjum ástæðum virðist sú reynsla ekki hafa komist til skila í menntamálaráðuneytinu. Er full þörf á að það sé kannað með hvaða hætti megi tryggja að þekking á sveitarstjórnarmálum og þekking á samskiptum ríkis og sveitarfélaga komist inn fyrir dyr þar.

Frú forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur að komið verður með breytingartillögur við 3. umr. við frumvarp þetta sem felur það í sér að það mun ekki taka gildi fyrr en 1. janúar árið 2007. Það er fagnaðarefni að það skref er stigið vegna þess að það gefur möguleika á að sú nefnd sem nú starfar að heildarendurskoðun grunnskólalaga fái svigrúm til að fara yfir þessa þætti einnig. Það er vonandi að það verði til bóta og tryggi að meiri sátt verði um þau lög um grunnskóla sem koma út úr því starfi.

Frú forseti. Með frumvarpinu eru gerðar nokkrar breytingar á grunnskólalögum, nr. 66/1995, m.a. varðandi grunnskóla sem ekki eru reknir af sveitarfélögum. Umsagnir bárust frá ýmsum aðilum, m.a. Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem gerir mjög alvarlegar athugasemdir við 23. gr. frumvarpsins. Í þeirri grein er m.a. lagt til að lögfest verði lágmarksframlag sveitarfélaga til einkarekinna grunnskóla. Með framangreindri grein er gerð breyting á 56. gr. grunnskólalaganna en í henni kemur m.a. fram að einkaskólar eigi ekki rétt til styrks af almannafé.

Verði frumvarpið að lögum skal framangreint lágmarksframlag vera 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendum en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Minni hlutinn í menntamálanefnd telur að framangreind breyting geti haft í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Þetta er eitt af þeim atriðum sem kallar á að öðruvísi sé staðið að slíkum samskiptum á milli ríkis og sveitarfélaga en þannig að eitt fagráðuneyti komi með frumvarp hér í gegn án þess að farið sé yfir hugsanlegar kostnaðarbreytingar — og það þrátt fyrir að fyrir liggi yfirlýsingar frá, ef ég man rétt, nokkrum hæstv. félagsmálaráðherrum um að frumvörpum eigi að fylgja útreikningar, ekki bara á kostnaðarauka eða breytingum hjá ríkissjóði heldur einnig hjá sveitarfélögum. Það skortir algjörlega í þessu tilfelli og er það enn eitt atriðið sem kallar á að skoða þurfi betur og fara aðrar leiðir í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Minni hlutinn telur að lögbinding á lágmarksframlagi til einkaskóla gangi gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga og brjóti í bága við markmið sveitarstjórnarlaga. Þá er þessi lagasetning í hrópandi andstöðu við þróun undanfarinna ára varðandi löggjöf um verkefni sveitarfélaga, því slíkar íhlutanir í starfsemi og rekstur sveitarfélaga mátti áður finna en hafa nú nánast allar verið aflagðar.

Minni hlutinn telur einnig að frumvarpið feli í sér breytingar sem leiða til aukinnar miðstýringar á skólastarfi. Þess í stað væri æskilegra að lög um grunnskóla væru rammalöggjöf líkt og á við um framhaldsskóla.

Frú forseti. Sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaganna er í raun og veru heilagur. Það ætti ekki að hvarfla að nokkurri ríkisstjórn eða nokkrum ráðherra að ganga gegn slíku. Ganga gegn þeirri þróun sem átt hefur sér stað í samskiptum ríkis og sveitarfélaga í löggjöf. Hér er stigið skref gegn þróuninni og stórt skref aftur á bak í þessum samskiptum. Þess vegna var það ekkert sérkennilegt þegar fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga komu á fund menntamálanefndar að þá kæmi formaður sambandsins sérstaklega á fundinn, sem er afar óvenjulegt því að yfirleitt eru það starfsmenn sambandsins sem mæta. En svo mikil var áhersla Sambands íslenskra sveitarfélaga á þetta mál að formaðurinn sjálfur mætti á fundinn og fór ítarlega yfir málið og gerði tilraun til að vekja athygli hv. þingmanna í menntamálanefnd á því hversu stórt mál væri hér á ferðinni. En því miður virðist trúarsetning sumra varðandi einkaskólana vera öllu öðru æðra og þar af leiðandi gleyma menn þessu mikilvæga atriði varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga og þar af leiðandi gleymist hið mikilvæga sjálfsákvörðunarvald sveitarfélaganna í hinum mikla æðibunugangi að ná þessu fram.

Herra forseti. Þegar frumvarpið kom fram virtist það vera svo að meiri hlutinn á Alþingi, og þá fyrst og fremst Sjálfstæðisflokkurinn, hefði ekki trú á að þeirra flokkur kæmist til valda í Reykjavík. Það kom fram hér í umræðum, ég held að ég fari rétt með að það hafi verið í ræðu hjá formanni menntamálanefndar, að í raun og veru væri þetta frumvarp sett fram gegn meiri hlutanum í Reykjavík vegna

eins sveitarfélags. Þess vegna vekur það enn meiri furðu þegar nýr meiri hluti er kominn í Reykjavík að förinni er samt haldið áfram. Hvað segir það? Það segir okkur nákvæmlega það, (Gripið fram í.) vísað í ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, að traustið nær ekki einu sinni til hins nýja meiri hluta í Reykjavík. Honum er ekki heldur treystandi fyrir þessu fjöreggi í grunnskólum landsins að mati Sjálfstæðisflokksins. Nei, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, verðandi borgarstjóri, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, er ekki traustsins verður. Þetta eru sérkennileg skilaboð en eru engu að síður staðreynd því að mér sýnist ýmislegt benda til þess að ekki verði nokkur leið að fá þessu hnikað úr því sem komið er.

Frú forseti. Eitt sérkennilegt enn, vegna þess að skipuð hefur verið nefnd til að gera tillögu að heildarendurskoðun á grunnskólalögunum, nefndinni er ætlað að skila hæstv. menntamálaráðherra stuttri áfangaskýrslu í september 2006 og fullunnu frumvarpi eigi síðar en í lok árs eða í desember 2006. Minni hlutinn telur löngu tímabært að sú endurskoðun eigi sér stað og eðlilegt að þær tillögur sem fram koma í frumvarpinu verði hluti af þeirri heildarendurskoðun. Með slíkum vinnubrögðum er mun líklegra að náist víðtæk sátt um breytingar á jafnmikilvægri löggjöf. Það vekur ugg að þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir skuli framlagðar gegn vilja Sambands íslenskra sveitarfélaga í ljósi þess að sveitarfélögunum hefur verið falin ábyrgð á rekstri grunnskólans. Vísa ég þá aftur til þess sem ég sagði áðan að mikilvægt er að samskiptin séu með þeim hætti að traust ríki á milli aðila.

Rétt er að vekja athygli á að fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og þar á meðal verðandi borgarstjóri í Reykjavík, lögðu áherslu á að það væri eðlilegt að þetta frumvarp yrði sent til þeirrar nefndar sem er að vinna að heildarendurskoðuninni. Við verðum því að vona að það sem kom fram í ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur áðan um að gildistakan, það skref sem er þó stigið þar, verði ekki fyrr en 1. janúar 2007 verði til þess að nefndin taki þetta inn hjá sér og fari yfir þetta og geri tillögur um þær greinar sem hér er verið að gera tillögur um jafnt sem aðrar greinar í grunnskólalögunum, enda er verkefni nefndarinnar að viðhafa heildarendurskoðun á lögunum.

Frú forseti. Af framansögðu leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Magnús Þór Hafsteinsson, áheyrnarfulltrúi í menntamálanefnd, er samþykkur áliti þessu. Undir það rita auk mín hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason.

[18:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er eitt af vitlausu málunum sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Alþingi Íslendinga þennan veturinn. Þetta er mikið ágreiningsmál og það er ekki einu sinni lyft litla fingri til að reyna að ná sátt um málið eða að finna einhverja lendingu. Málið er lagt fram á þeim tíma þegar heildarendurskoðun grunnskólalaganna er farin af stað. Skoðun mín er sú að með framlagningu þessa máls hafi hæstv. menntamálaráðherra svikið kennara og komið í bakið á þeim eftir sögulegt samkomulag í upphafi þessa árs þegar gert var samkomulag um að vinna saman að því að finna lendingu í styttingu náms til stúdentsprófs. Hæstv. menntamálaráðherra hefði verið maður að meiri hefði hún ákveðið að fara sömu leið með þetta mál. Það gerir hún ekki vegna þess að Sjálfstæðisflokknum er það gríðarlega mikilvægt að koma einkaskólunum inn í lög með þessum hætti þar sem ákveðið er að samkvæmt lögum sé bara opin ávísun á öll sveitarfélög í landinu frá þeim sem dettur í hug að stofna einkaskóla. Boðað er til samkeppni við hina opinberu skóla sem sveitarfélögin hafa yfirtekið og reka, mörg meira af vilja en mætti. Ég vil kalla þetta skemmdarverk af hálfu Sjálfstæðisflokksins og niðurlægingu Framsóknarflokksins að kyngja þessu.

Ég er búin að takast á við hv. formann menntamálanefndar, Sigurð Kára Kristjánsson, um þetta mál. Það var ekki við það komandi að við fengjum málefnalega umræðu um það í nefndinni. Út skyldi það og nú er sömu aðferðum beitt við að reka þetta mál í gegnum þingið í bullandi ágreiningi og með ofbeldi. Ég mótmæli því. Mér finnst það til skammar fyrir Sjálfstæðisflokkinn að leyfa sér vinnubrögð af þessu tagi og mér finnst sorglegt að Framsóknarflokkurinn skuli láta hafa sig út í það að teyma þennan vagn með Sjálfstæðisflokknum.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson fór yfir minnihlutaálit okkar. Við erum að sjálfsögðu með frávísunartillögu við málið og gefum þar með alþingismönnum kost á að vísa málinu til föðurhúsanna. Ég er svo sem ekki bjartsýn á að stjórnarflokkarnir vitkist eða sjái ljósið í þessum efnum áður en af því verður að sú tillaga komi til atkvæða, því miður. En ég held að það hljóti að verða alvarlegur styr úti í samfélaginu og öldur mótmæla um þetta mál ef það fer hér í gegn með þessum hætti.

Það átti enginn von á að þetta væri að gerast. Það kom eins og þruma úr heiðskíru lofti nú á síðustu dögum að sett yrði pressa á að koma þessu mál í gegn í þeim ágreiningi sem það er í og án þess að leita nokkurra sátta. Ágreiningurinn er ekki bara við stjórnmálaflokkana sem eru í stjórnarandstöðu á Alþingi heldur er hann ekki síður við þá sem starfa úti á akrinum og þar vil ég nefna Samband íslenskra sveitarfélaga sérstaklega.

Með umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem dagsett er 28. febrúar 2006, fylgir frásögn af stjórnarfundi sambandsins sem haldinn var 21. október 2005. Þar með fylgir bókun sem gerð var 21. október í tengslum við afgreiðslu stjórnarinnar á umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á grunnskólalögunum. Kemur fram að drögin hafi verið samþykkt með fimm atkvæðum gegn tveimur atkvæðum Árna Þórs Sigurðssonar og Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur og að þrír hafi setið hjá, þau Elín R. Líndal, Lárus G. Valdimarsson og Þorvaldur Guðmundsson. Árni Þór og Steinunn Valdís lögðu fram bókun á fundinum og fylgir hún með umsögn sambandsins til menntamálanefndar.

Mig langar að vitna til þessarar bókunar Árna Þórs og Steinunnar Valdísar en í henni segir, með leyfi forseta:

„Við getum með engu móti staðið að þeirri umsögn um

umrætt frumvarp sem hér er lögð fram. Þó er rétt að taka fram að í umsögninni er vikið að mörgum atriðum í frumvarpinu sem mikilvægt er fyrir sveitarfélögin að koma á framfæri og eiga fyllilega rétt á sér. Í umsögninni er fjallað um eitt djúpstæðasta ágreiningsefni stjórnmálanna í skólamálum með þeim hætti að engin pólitísk sátt getur orðið um það á vettvangi stjórnar sambandsins.

Frumvarp menntamálaráðherra gerir ráð fyrir grundvallarbreytingum á grunnskólalögum hvað varðar rekstur einkaskóla. Til þessa hafa grunnskólalög verið afdráttarlaus um það að einkaskólar eigi ekki kröfu til styrks af almannafé en frumvarpið gerir slíkan styrk nú lögboðinn, fallist sveitarstjórn á stofnun viðkomandi einkaskóla. Við teljum í fyrsta lagi að það sé allsendis óeðlilegt og í mótsögn við almenna stefnu sambandsins um sjálfsforræði sveitarfélaga að fallast á þessa grundvallarbreytingu. Í öðru lagi er ljóst að allt aðrar forsendur en fjárhagslegar eru lagðar til grundvallar þegar fjallað er um hvort samþykkja skuli stofnun einkaskóla. Þar verða faglegar forsendur látnar ráða. Með lagagreininni er því í raun verið að svipta sveitarfélögin fjárhagslegu sjálfstæði hvað þetta atriði varðar. Samband íslenskra sveitarfélaga getur að okkar mati aldrei stutt slíkt, alveg burt séð frá því hvaða stjórnmálaskoðanir stjórnarmenn í sambandinu hafa. Í umsögninni er enn fremur því haldið fram að eðlilegt sé „því að lögbinda að sveitarfélag sem samþykkir stofnun einkarekins grunnskóla skuli jafnframt greiða til hans rekstrarframlag til að styðja eðlilegan rekstrargrundvöll viðkomandi skóla í samræmi við stöðugildi starfsmanna og fjölda nemenda". Þessu sjónarmiði erum við algjörlega andvíg enda endurspeglar það fyrst og fremst viðhorf þeirra sem mjög leggja áherslu á einkarekna grunnskóla.

Þá ber að mótmæla þeim vinnubrögðum menntamálaráðherra að ráðast í endurskoðun grunnskólalaga án formlegrar aðildar sveitarfélaganna í landinu sem tóku alfarið við rekstri grunnskólans árið 1996."

Lengra ætla ég ekki að lesa í þessari bókun Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur og Árna Þórs Sigurðssonar en af henni má auðvitað sjá hversu djúpstæður ágreiningurinn er, ekki bara á Alþingi heldur innan stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nú var umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga afar gagnrýnin í þessum efnum. Hún talar að mörgu leyti tæpitungulaust um 23. gr. Ég held að það sé kannski ekki tími eða svigrúm til að fara nánar ofan í þessa umsögn sambandsins sem eðlilegt væri þó að skoðuð yrði gaumgæfilega. Ég hvet þá sem hafa tök á að kynna sér umsögnina því að sambandið telur ýmislegt við þessa leið hæstv. menntamálaráðherra að athuga og gerir grein fyrir því í nokkuð ítarlegu og löngu máli í umsögn sinni.

Ég tek heils hugar undir með hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni sem gerði grein fyrir nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar og sé ekki annað en að það sé langur vegur í að einhvers konar sátt náist á milli fylkinga í þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar að svigrúmið sem við höfum í hinu opinbera skólakerfi sé mikið en kannski megi nýta það betur og gera meira en hingað til hefur verið gert til þess að tryggja að ólíkar skólastefnur og ólíkar uppeldisaðferðir eigi heima innan kerfisins. Ég hef auðvitað sjálf dáðst að ýmsum hugmyndum sem eru í gangi í einkaskólunum sem eru til staðar t.d. í Reykjavík og vil geta þess að Reykjavíkurborg hefur komið verulega til móts við þá einkareknu grunnskóla sem eru til staðar innan borgarmarkanna og hefur verið mörkuð sérstök stefna í þeim efnum. Hins vegar hlýtur að koma til álita að mínu mati að ólíkar uppeldisaðferðir og stefnur geti átt heima í hinu opinbera grunnskólakerfi. Þar eigum við að sameinast um að búa til sveigjanleika, auka möguleika foreldra og barna á að eiga þar val en að gera það með þeim hætti sem Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að gera í þessu frumvarpi gengur aldrei upp. Það er ávísun á illindi og það kann ekki góðri lukku að stýra þegar stjórnmálamenn stýra inn í brimskaflinn á þann hátt sem Sjálfstæðisflokkurinn er að gera í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögreglulög og framkvæmdarvald ríkisins í héraði, 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (skipulag löggæslunnar, greiningardeildir). — Þskj. 759, nál. 1242, brtt. 1243.

[18:16]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.

Eins og fram kemur á þingskjali 1242 hefur nefndin fengið til sín fjölmarga aðila við vinnslu málsins og jafnframt bárust fjölmargar umsagnir.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á umdæmaskipan lögreglu hér á landi og á verkaskiptingu milli einstakra sýslumannsembætta vegna endurskipulagningar löggæslu og varða þær bæði innra og ytra skipulag. Lagt er til að við embætti ríkislögreglustjóra starfi greiningardeild sem rannsaki landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og leggi mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Lögregluumdæmum verði fækkað úr 26 í 15 og þau stækkuð auk þess sem sérstakar rannsóknardeildir verði starfræktar við sjö embætti. Nýtt embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu taki við löggæsluverkefnum lögreglustjórans í Reykjavík og sýslumannanna í Hafnarfirði og Kópavogi.

Á fundum nefndarinnar kom fram að markmiðið með breytingunum væri að bæta og efla löggæslu í landinu og auka öryggi borgaranna. Þannig verða lögregluumdæmin færri og stærri en lögreglustöðvum verður ekki fækkað. Telur nefndin að stækkun embætta feli í sér mikla möguleika á sérhæfingu þar sem gert er ráð fyrir að löggæsla og meðferð ákæruvalds færist frá átta minnstu embættunum til þeirra stærri. Með stofnun nýs embættis á höfuðborgarsvæðinu verður unnt að stuðla að betri nýtingu mannafla, sérhæfingu og nýtingu sérþekkingar. Telur nefndin að með breytingunum muni rannsóknir sakamála verða markvissari. Þá kom fram að það er eitt markmiða frumvarpsins að auka sýnilega löggæslu. Með þeim breytingum sem felast í frumvarpinu verður unnt að halda úti sólarhringsvöktum sem bæta mun löggæslu í landinu og efla öryggi borgaranna.

Nefndin ræddi um hlutverk og heimildir greiningardeildar og lögregluranns óknadeildar við embætti ríkislögreglustjóra. Ljóst er af upplýsingum þeim sem nefndinni voru veittar að frumvarpinu er ætlað að skjóta stoðum undir þá starfsemi lögreglu sem felst í því að greina hættu á alvarlegri glæpastarfsemi og er nú verkefni efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Slík greining þjónar tvennum tilgangi: annars vegar auðveldar hún lögreglu að upplýsa alvarleg afbrot, og hins vegar getur hún komið í veg fyrir að slík afbrot verði fullframin. Er þessi þáttur í störfum lögreglu ekki síst mikilvægur í ljósi þeirrar ógnar sem samfélaginu stafar af skipulagðri glæpastarfsemi svo sem fíkniefnasmygli, mansali og hryðjuverkum. Felst sérstaða slíkra brota m.a. í því að þau sæta sjaldnast almennri kæru. Í störfum nefndarinnar kom fram að slík forvarna- og greiningarvinna væri forsenda þess að hérlend yfirvöld gætu unnið með yfirvöldum í öðrum ríkjum að baráttu gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi. Þess vegna telur nefndin brýnt að skipulag lögreglu taki mið af þessum veruleika.

Í frumvarpinu er ekki aukið við rannsóknarheimildir lögreglu. — Ég tel ástæðu til að vekja athygli á þessu vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið um greiningardeildirnar í frumvarpinu, að ekki er aukið við rannsóknarheimildir lögreglu en um þær og greiningarstarf fer eftir lögum um meðferð opinberra mála. Nokkur umræða fór fram um það í nefndinni hvort þörf væri á að koma á lögbundnu eftirliti með rannsóknar- og greiningarstarfi lögreglunnar og þarf það í sjálfu sér ekki að koma á óvart í tengslum við umræðuna um greiningarstarfið en eins og segir í nefndarálitinu telur nefndin mikilvægt að umræða um frekari rannsóknarheimildir lögreglu fari ekki fram án þess að þörf fyrir slíkt eftirlit verði metin og tekið til skoðunar hvernig slíku eftirliti mætti koma við. Þar geta margar leiðir komið til greina, þeirra á meðal aðkoma sérstakrar þingnefndar. En ég vek athygli á því að hér er verið að fjalla um þann möguleika að lögreglan fái víðtækari rannsóknarheimildir en nú er og ég tel að engin ástæða sé til að útiloka þörfina fyrir slíkt. Sú umræða þarf að eiga sér stað að yfirveguðu máli og að teknu tilliti til hins nýja veruleika sem lögreglan starfar í í dag en frumvarpið fjallar ekki um þörfina fyrir slíkar auknar rannsóknarheimildir. Hins vegar er það samdóma álit nefndarmanna að fari slík umræða af stað ætti hún ekki að eiga sér stað án þess að jafnframt verði rætt um hvernig við munum þá útfæra eftirlit með eftirlitinu, ef svo má að orði komast. Þar kemur margt til greina eins og ég hef áður vikið að.

Það er enn fremur lagt til í frumvarpinu að ráðherra verði heimilt að ákveða að við einstök embætti lögreglustjóra starfi, undir eftirliti ríkislögreglustjóra, greiningardeildir til að leggja mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Það er nauðsynlegt að unnt verði að stofna slíkar deildir við einstök embætti og þá sér í lagi þau sem eru í nálægð við alþjóðlega umferð um landið.

Nefndin ræddi töluvert á fundum sínum þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á stöðu stjórnenda í lögreglunni og almennum hæfisskilyrðum til skipunar í embætti. Í frumvarpinu er lagt til að ríkislögreglustjóri, aðstoðarríkislögreglustjórar og lögreglustjórar skuli fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og sýslumenn til skipunar í embætti. Um aðstoðarlögreglustjóra gilda sérstakar menntunar- og starfsreynslukröfur, en að öðru leyti sömu hæfisskilyrði og til skipunar í embætti lögreglustjóra.

Samkvæmt lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði skal staðgengill sýslumanns fullnægja hæfisskilyrðum til skipunar í sýslumannsembætti. Með vísan til þessa segir í greinargerð með frumvarpinu að með sama hætti skuli sá aðstoðarlögreglustjóri sem gegnir hlutverki staðgengils lögreglustjóra fullnægja hæfisskilyrðum til skipunar í embætti lögreglustjóra. Telur nefndin rétt að þessi áskilnaður komi skýrt fram í texta frumvarpsins og leggur því til breytingu á frumvarpinu þess efnis.

Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að breyting á menntunarskilyrðum aðstoðarlögreglustjóra væri varhugaverð. Í því samhengi var einkum rætt um almennar starfsskyldur aðstoðarlögreglustjóra og hve mjög geti reynt á lögfræðilega menntun við úrlausn verkefna í því embætti, en samkvæmt núgildandi lögum er lögfræðimenntun skilyrði skipunar í embætti varalögreglustjóra. Þrátt fyrir að sjónarmið um gildi lögfræðimenntunar fyrir störf aðstoðarlögreglustjóra hafi átt mjög góðan hljómgrunn innan nefndarinnar er það engu að síður afstaða nefndarinnar að mikilvægt sé jafnframt að vel menntaðir og reyndir lögreglumenn geti sóst eftir æðstu stjórnunarstöðum innan lögreglunnar. Í störfum nefndarinnar kom fram að þessi leið hefði m.a. verið farin annars staðar á Norðurlöndum. Við nánari skoðun fékk nefndin ekki séð að efnisrök lægju að baki þeim greinarmun sem gerður er á embættum aðstoðarlögreglustjóra og aðstoðarríkislögreglustjóra í þessu tilliti þó að þess beri að geta að samkvæmt gildandi lögum er sá munur á þessum tveimur embættum að 30 ára aldursskilyrði er fyrir skipan í embætti vararíkislögreglustjóra, en af frumvarpinu leiðir hins vegar að það aldursskilyrði fellur brott. Eftir að hafa skoðað þessi atriði telur nefndin eðlilegt að gerðar verði sömu hæfiskröfur til skipunar í embætti aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra og leggur því til breytingu á frumvarpinu þess efnis. Þetta felur í sér að rýmkaðir eru möguleikar lögreglumanna til að sækjast eftir embætti vararíkislögreglustjóra. Síðan leiðir það af sjálfu sér að sá aðstoðarríkislögreglustjóri sem gegnir starfi staðgengils ríkislögreglustjóra mun í samræmi við það sem ég hef áður sagt þurfa að fullnægja hæfisskilyrðum til skipunar í embætti ríkislögreglustjóra.

Aðrar breytingar sem nefndin leggur til tel ég að skýri sig sjálfar og vísa ég til nefndarálitsins um þær.

Í lokin leggur nefndin til breytingar á gildistökuákvæðinu og hún eins og aðrar breytingartillögur ættu að skýra sig sjálfar fyrir utan það sem ég hef nú þegar gert grein fyrir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem ég hef getið fyrr og finna má á þingskjali 1243.

Hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurjón Þórðarson og Guðrún Ögmundsdóttir skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

[18:25]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt, við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í allsherjarnefnd skrifuðum undir álitið með fyr-

irvara um stuðning við hina svokölluðu greiningardeild sem nokkuð hefur verið deilt um og fóru fram töluverðar umræður við 1. umr. um málið og í allsherjarnefnd um greiningardeildina almennt, þörfina fyrir hana, umfang hennar og heimildir þær sem hún hefði og er að finna í lögum nú, en boðað er að síðar komi frumvarp þar sem kveður á um frekari heimildir til greiningardeildarinnar og ræddum við heilmikið um það sem kannski mestu máli skiptir í sambandi við slíka leyniþjónustustarfsemi eða öryggislögreglu, sem er eftirlit með starfseminni. Eins var heilmikið rætt um hvort mikil þörf væri á að halda úti leyniþjónustustarfsemi til að rannsaka landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins o.s.frv.

Það sem upp úr stendur er að við sem skrifum undir þetta með fyrirvara teljum að mikil þörf sé á að sett verði á stofn eftirlit með slíkri starfsemi nú þegar. Það er í rauninni boðað í frumvarpinu að það komi til umræðu þegar frekari heimildir koma fram til handa greiningardeildinni eða leyniþjónustunni, öryggislögreglunni eða hvað við köllum þetta. Fordæmin sem við kölluðum eftir frá öðrum Norðurlöndum eru með þeim hætti að það er alltaf til staðar einhvers konar lýðræðislegt eftirlitsapparat, lýðræðislegt eftirlit með slíkri starfsemi, hvort sem við köllum það leyniþjónustustarfsemi, greiningarstarfsemi eða öryggiseftirlitshlutverk einhvers konar, það skiptir ekki öllu máli en menn eru eitthvað viðkvæmir fyrir því að kalla þetta leyniþjónustustarfsemi. En hún þarf að sjálfsögðu án nokkurs efa að eiga sér stað innan lögreglunnar og líklega er langbest að koma henni þannig fyrir að hún sé í sérstakri deild, eins og hér er lagt til, greiningardeild.

Um leið og stofnsett er slík sérstök greiningardeild utan um þessa starfsemi, þessa sérstöku starfsemi sem án efa þarf að halda úti og eiga sér stað og jafnvel kannski að efla með einhverjum hætti, þá er algjört grundvallaratriði að til komi formlegt lýðræðislegt eftirlit, eins og til að mynda var rætt í allsherjarnefnd en í álitinu segir, með leyfi forseta:

„Nokkur umræða fór fram um það hvort þörf væri á því að koma á lögbundnu eftirliti með rannsóknar- og greiningarstarfi lögreglunnar. Telur nefndin mikilvægt að umræða um frekari rannsóknarheimildir lögreglu fari ekki fram án þess að þörf fyrir slíkt eftirlit verði metin og tekið til skoðunar hvernig slíku eftirliti mætti koma við. Margar leiðir geta komið til greina í því sambandi, þeirra á meðal aðkoma sérstakrar þingnefndar."

Það er sá háttur sem oft er hafður á, að sérstök eiðbundin þingnefnd hafi það hlutverk að hafa eftirlit með starfsemi leyniþjónustu, öryggislögreglu og greiningardeilda og þeirri starfsemi sem þar er stunduð og kannski er það langfarsælasta leiðin, enda ekki einboðið hvernig slíku eftirliti skuli háttað. Við sem undir þetta ritum af hálfu stjórnarandstöðunnar leggjum mikla áherslu á að það fari fram hið fyrsta og tillaga fylgi þá boðuðu frumvarpi um frekari heimildir til handa greiningardeildinni um lýðræðislegt eftirlit, að um leið og frekari rannsóknarheimildir til lögreglu er skoðuð og þörfin á henni metin sé það skoðað sérstaklega hvernig slíku lýðræðislegu, lögbundnu eftirliti með rannsóknar- og greiningarstarfinu sé best háttað. Umræðan um þetta er nokkuð uppi núna þessa dagana í samhengi og sambandi við upplýstranir um hleranir stjórnvalda fyrr á tímum og starfsemi sem því tengist, símhlerunum á að því er virðist pólitískum andstæðingum, fjölmiðlum og verkalýðsleiðtogum þess tíma og varpar það ágætu ljósi á hvað það er mikilvægt að eftirliti með slíkri starfsemi sé vel og haganlega fyrir komið þannig að það blandist engum blandist hugur um að þar sé allt með felldu og það sé eðlilegt og sanngjarnt eftirlit með slíkri starfsemi.

Á þetta leggjum við mjög ríka áherslu, að um leið og greiningardeildin er stofnuð, leyniþjónustan, komi til eftirlitsstofnun með starfseminni. Það skiptir mjög miklu máli, sérstaklega þar sem hvers konar eftirlit með borgurunum færist verulega í vöxt í einni og annarri mynd. Það eru myndavélar út um borg og bý sem gegna bæði öryggishlutverki í umferðinni og því að vakta staði sem mannlífið er með þeim hætti að þar á sér oft stað einhvers konar glæpastarfsemi eða mikið skemmtanalíf er staðsett á. Því er nauðsynlegt að um leið og eftirlit með borgurunum eykst fari fram gagnger umræða um hvernig lýðræðislegu eftirliti með njósnastarfseminni og eftirlitsiðnaðinum öllum á vegum stjórnvalda sé háttað því að eftirlitsiðnaður stjórnvalda úti um víða veröld er að færast í vöxt. Og sérstaklega í kjölfar þeirrar hryðjuverkaógnar sem uppi er og hefur átt sér stað í heiminum á síðustu árum hefur eftirlitsiðnaðurinn vaðið uppi á kostnað friðhelgi einkalífs hins almenna borgara. Um það er engum blöðum að fletta og þar hafa menn gengið lengst í Bandaríkjunum og töluvert langt í Bretlandi líka.

Þó er engin ástæða til að efast um að þörf sé á að bregðast hratt og jafnvel harkalega við hryðjuverkaógnunum með ýmsum hætti og ekki kannski síst með hvers konar upplýsingaöflun, leynilegri upplýsingaöflun til að geta brugðist við ógninni fyrir fram og jafnvel afstýrt henni með einhverjum hætti. Það ber ekki að draga það í efa og ég dreg heldur ekkert í efa að fram þarf að fara upplýst umræða um hvað þessi ógn er mikil og að hve miklu leyti við þurfum að bregðast við henni. Erum við kannski mjög vanbúin því að fylgjast með einhvers konar hryðjuverkaógn og því sem hér er lagt til til að leggja mat á hryðjuverkastarfsemi auk annarrar skipulagðrar glæpastarfsemi? Það ber ekki að ræða það af neinni léttúð eða draga neitt úr því að heilmikil þörf geti verið á því. En það er algjört grundvallaratriði að þá sé á fót komið lögbundnu lýðræðislegu eftirliti með þeirri starfsemi. Það er algjört grundvallaratriði og gæti afstýrt því sem oft hefur miður farið í slíkri leyniþjónustu og upplýsingaöflunarstarfi stjórnvalda hér og þar. Því er hið lýðræðislega eftirlit algjört grundvallaratriði. Við það setjum við fyrirvarann um stuðning við málið sem annars inniheldur margt sem til framfara horfir og er ágætt og við styðjum heils hugar, en skrifum undir álitið með fyrirvara um greiningardeildina þar sem því miður er ekki lögð fram tillaga um hvernig hinu lýðræðislega lögbundna eftirliti með leyniþjónustustarfseminni verði háttað.

[18:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það frumvarp sem er hér til 2. umr. er til breytinga á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Ég vil víkja að nokkrum atriðum í frumvarpinu.

Í fyrsta lagi vil ég leggja áherslu á það sjónarmið mitt hvað varðar löggæslu að hún sé fyrst og fremst þjónustustarfsemi. Starfsemi lögreglu og sýslumanna er fyrst og fremst einn mikilvægasti þáttur í almannaþjónustu. Þessi embætti eru þjónustustofnanir, eru oft einu umboðsaðilar ríkisins í héraði auk þess að fara með lögreglustjórn. Þessi nærþjónusta skiptir því íbúana verulega miklu máli. Starfsemi lögreglumanna tengist ekki einungis löggæslumálum, því að elta uppi þjófa og þá sem brjóta umferðarlögin. Mér finnst þetta frumvarp taka allt of mikið mið af því enda er eitt af markmiðum frumvarpsins að efla löggæslu en ekki endilega þjónustu. Það þarf ekki alltaf að fara saman, þó að gæslan geti verið hluti af þjónustunni þá er önnur nálgun sem ég vil setja ofar þegar verið er að tala um þessa þjónustu. Hér er þetta lagt upp eins og meginmarkmiðið sé að elta uppi þjófa og afbrotamenn frekar en að veita íbúum almenna þjónustu.

Síðan eru það þau atriði sem ég vil gera athugasemdir við. Það er um skiptingu landsins í lögregluumdæmi sem hér er verið að breyta. Lögreglan er einn af mikilvægustu þáttum í almannaþjónustu viðkomandi byggðarlaga, ég tala nú ekki um á strjálbýlum svæðum þar sem langt er á milli þjónustustöðva, og því skiptir miklu máli að þessi löggæsla sé til staðar. Hér er jú áfram gert ráð fyrir óbreyttri stöðu hvað varðar sýslumennina en sú breyting verður t.d. á að sýslumaðurinn í Borgarnesi fer með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Búðardal og sýslumaðurinn á Ísafirði fer með lögreglustjórn í umdæmum sýslumanna á Patreksfirði, Bolungarvík og Hólmavík. Mér finnst þetta fáránleg ráðstöfun. Lögreglan í Búðardal hefur jú heyrt undir sýslumanninn í Búðardal og hvers vegna má það ekki vera áfram? Það hefði þá frekar átt að huga að byggðum eins og Reykhólum, að Reykhólar heyri undir lögregluna í Búðardal frekar en að Reykhólar og Patreksfjörður eigi að vera hluti af lögregluumdæmi Ísafjarðar og sömuleiðis Hólmavík. Þarna eru fleiri hundruð kílómetrar á milli og erfitt í vetrarfærð. Það hefði verið nær að styrkja stöðu þessara embætta, þessara dreifbýlisþjónustustöðva, frekar en að gera þjónustuna mun erfiðari með því að færa yfirstjórn hennar til í mörg hundruð kílómetra fjarlægð. Ég tel þetta rangt og þetta sýnir ekki mikinn hlýhug til þessara dreifðu byggða.

Ég vil líka vekja athygli á því hve lítið tillit er tekið til athugasemda og óska heimamanna. Ég er t.d. hér með afrit af undirskriftum 222 íbúa Dalasýslu, meginþorra íbúa, þar sem þeir mótmæla því að yfirstjórn lögreglunnar í Dalasýslu sé færð til Borgarness og vilja sjá aðra skipan á. Þeir hafa ekki fengið neitt svar annað en það sem birtist hér í þessu frumvarpi til laga. Ekki kom framsögumaður allsherjarnefndar, sem kynnti málið, inn á það að borist hefði slíkt undirskriftarskjal. Mér finnst þetta ekki sýna virðingu við íbúa landsbyggðarinnar, íbúa þessa svæðis. Ekki er drepið einu einasta orði á athugasemdir nánast allra íbúa þar. Ég kalla þetta virðingarleysi.

Ég hef líka ályktun frá Hólmavíkurhreppi þar sem þeir lýsa sömu áhyggjum yfir því skilningsleysi sem hér er á ferðinni, að færa yfirstjórn lögreglumála í mörg hundruð kílómetra fjarlægð og auk þess í þá átt sem þeir eiga kannski sjaldnast leið um, þ.e. inn til Ísafjarðar. Sú skipan mála sem hér er verið að leggja til — ég tel að vinnubrögðin í kringum þetta séu ekki til sóma og sýni lítinn skilning á þjónustuhlutverki þessara embætta. Það ætti frekar að styrkja þau í sinni heimabyggð en að vera að færa yfirstjórn þeirra langt burt.

Síðan hafa það verið þau rök, eins og við höfum heyrt hér áður, að í stað þess að styrkja lögregluembættin sjálf sé verið að stilla upp sérsveitum, sérsveitum í Reykjavík, sérsveitum á Akureyri, sem eru síðan sendar heim í byggðirnar þegar eitthvað meira liggur við. Friðsama, skemmtilega og góða Laufskálaréttin í Skagafirði — þangað þótti sérstök ástæða til þess að senda sérsveitir lögreglunnar til að fylgjast með í staðinn fyrir að leyfa lögreglunni í heimabyggð að sjá um það. Ég tel þessa nálgun mála ekki vera farsæla, verð bara að segja það. (Gripið fram í.) Þetta er peningaplokk, já. Í staðinn fyrir að styrkja þjónustu lögreglumanna í heimabyggð er verið að fara þessa miðstýrðu leið með ofurtrú á það að koma upp sérsveitum sem síðan eru sendar þangað sem menn telja að aukinnar löggæslu þurfi við án þess að sú sveit þekki þar nokkuð til.

Það sama á við um lögreglurannsóknirnar. Þar er líka verið að búa til allt annað landslag en verið hefur. Til dæmis á lögregluranns óknarstaðan fyrir Norðurland að vera á Akureyri, fyrir Húnavatnssýslur og Skagafjörð. Í sjálfu sér er ekkert við Akureyri að athuga annað en það að þetta er í öfugri leið við það sem venjulegast er um ferðir fólks. Auk þess hefði verið miklu nær að byggja þetta starf upp, rannsóknarlögreglustarfið, annaðhvort á Sauðárkróki eða á Blönduósi fyrir svæði sem á samleið hvað varðar samgöngur og félagsmál, samleið sem það á ekki með Akureyri. Sú árátta að færa verkefnin frá íbúunum inn í miðstýrðar stöðvar finnst mér vera röng. Og þessi skilgreining, að skilgreina einhverjar landshlutamiðstöðvar sem eru síðan notaðar til þess að draga verkefnin frá byggðunum inn á stöðvarnar, finnst mér vera röng. Réttlæting fyrir að byggja upp Akureyri sem eitthvert mótvægi við höfuðborgina er að færa störf eða verkefni frá öðrum stöðum. Til þess að byggja Ísafjörð upp er stjórnsýslan færð frá Hólmavík, Patreksfirði eða Reykhólum. Mér finnst þetta röng nálgun og get ekki stutt hana.

Hitt er svo annað mál að það sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur verið að gera með því að færa önnur verkefni til sýslumannsembættanna, eins og skráningar og skrifstofu- og úrvinnslustörf sem tengjast málefnum lögreglu eða dómsmála, finnst mér lofsvert. Það er allt annar hlutur og tengist þessum málum í sjálfu sér ekki beint. Ég get alveg hælt hæstv. dómsmálaráðherra fyrir þær aðgerðir og vona að hann geri sem mest af slíku. Mér finnst hann þar vera að stíga ágæt skref. Það er rétt að geta þess sem vel er gert.

Herra forseti. Þessum atriðum vildi ég koma að. Ég tel að sú skipan lögreglumála sem hér er verið að leggja til varðandi strjálbýlustu svæðin sé ekki rétt. Það á að styrkja lögregluþjónustuna í þessum byggðarlögum frekar en að fletja hana út. Ég minni á það aftur að ég er með undirskriftarskjal sem var afhent hæstv. dómsmálaráðherra, að ég best veit, og öllum þingmönnum kjördæmisins. Ég hélt líka að hv. allsherjarnefnd hefði fengið það, ósk um aðra skipan.

Fyrir hverja er lögreglan, fyrir hverja er þessi þjónusta?

Jú, hún er fyrir íbúana. Hún er ekki fyrir ríkislögreglustjóra, hún er ekki fyrir dómsmálaráðherra, hún er fyrir íbúa á viðkomandi svæðum, þessi þjónusta er fyrir þá. Þess vegna eigum við að byggja hana upp út frá því sjónarhorni, hlusta á óskir heimafólks og vinna úr þeim í staðinn fyrir að gera lítið eða ekkert með þær.

Herra forseti. Ég get rakið fleiri athugasemdir frá hinum ýmsu héruðum á landinu sem finna að þessari skipan en læt hér við sitja. Ég lýsi því yfir að ég get ekki stutt þá tilhögun sem hér er verið að leggja til, breytingar og skerðingu á forsjá lögreglunnar í dreifbýlinu.

[18:46]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum. Ég hef áður gert grein fyrir sjónarmiðum mínum og viðhorfum til þessara lagabreytinga.

Í fyrsta lagi vil ég leggja áherslu á að við umfangsmiklar breytingar á stjórnsýslu innan lögreglunnar verði haft gott samstarf og samráð við Landssamband lögreglumanna, að það sé gert í góðu samkomulagi. Það er staðreynd, þegar embættismönnum hefur verið skákað til í starfi í tengslum við stjórnsýslubreytingar, að farið hefur verið út á ystu nöf hvað varðar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ég legg áherslu á að þetta verði haft í huga þegar stjórnsýslubreytingunum verður hrint í framkvæmd.

Annað sem ég hef vakið athygli á í tengslum við þessi lög og þessar lagabreytingar er áherslan sem hér er lögð á svokallaðar greiningardeildir innan lögreglunnar og lögregluembætta. Fyrir þessu er gerð grein í samantekt sem fylgir frumvarpinu. Þar er aftur og ítrekað vísað í vaxandi hættu af hryðjuverkum. Það er nokkuð sem kom til umræðu á þinginu í dag í tengslum við lagafrumvarp sem hér var samþykkt, a.m.k. í atkvæðagreiðslu eftir 2. umr., um peningaþvætti og hryðjuverk. Þar vakti ég athygli á ýmsum hættum sem leynast í lagasetningu sem að þessu lýtur.

Sú grundvallarbreyting sem hér er gerð felst í raun ekki í lagalegum heimildum sem lögreglunni eru veittar heldur í breyttri hugsun og aðkomu. Í stað þess að leita uppi glæpamann eða meintan glæpamann, eftir að glæpurinn hefur verið framinn, er lögð meiri áhersla á fyrirbyggjandi starf, að grafast fyrir um hver sé líklegur til þess að fremja glæp, í þessu tilviki hryðjuverk. Þar erum við komin inn á svæði sem vandratað er um og ég legg áherslu á að eftir því sem við göngum lengra inn á þetta svæði förum við nær því að njósna um fólk, fylgjast með fólki. Þá er þörf á sterku lýðræðislegu aðhaldi.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta við þessa umræðu. Ég gerði ítarlega grein fyrir sjónarmiðum mínum við 1. umr. um málið. Ég mun styðja þetta frumvarp en legg áherslu á þau sjónarmið sem ég hef áður nefnt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 503. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 735, nál. 1161 og 1398, brtt. 1162 og 1347.

[18:50]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta samgöngunefndar um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila. Enn fremur bárust nefndinni skriflegar umsagnir frá mörgum samtökum og jafnframt aðilum á vegum ríkisins.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á umferðarlögum. Nokkrar breytinganna eru gerðar til samræmis við fimm gerðir Evrópusambandsins. Tvær þeirra varða akstur og hvíldartíma ökumanna auk ökurita. Sú þriðja snýr að eftirliti með aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita o.fl. Fjórða varðar skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum. Sú fimmta er um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn.

Þá er m.a. lagt til í frumvarpinu að byggt verði undir heimildir laganna varðandi óheimila stjórnun ökutækis undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þá er einnig lagt til að sett verði í lögin tilvísun í lög um náttúruvernd varðandi akstur utan vega í dreifbýli.

Lagt er til að ákvæði um hlutverk Umferðarstofu við rannsóknir á orsökum umferðarslysa verði fellt brott enda hefur það hlutverk verið flutt til rannsóknarnefndar umferðarslysa með samnefndum lögum. Þá er lagt til að lögfest verði heimild ráðherra til að setja frekari reglur um öryggis- og verndarbúnað fyrir ökumann og farþega ökutækis til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar. Einnig er lagt til að lögfest verði skylda til að nota öryggisbelti við akstur bifhjóls, sé sá búnaður til staðar, og að fellt verði niður bann við því að tengja eftirvagn eða tengitæki við bifhjól. Jafnframt er ráðherra veitt heimild til að setja reglur um skyldu til að breiða yfir farm.

Að auki er lagt til að fjárhæð umferðaröryggisgjalds verði hækkuð.

Markmið frumvarpsins er fyrst og fremst bætt umferðaröryggi í samræmi við umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var á Alþingi vorið 2005 í formi þingsályktunar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á tilgang og markmið frumvarpsins sem er að efla umferðaröryggi á vegum landsins jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Á undanförnum árum hafa landflutningar orðið sífellt umsvifameiri, m.a. á kostnað sjóflutninga. Fyrir vikið hefur stórum flutningatækjum í umferðinni fjölgað og álag á vegakerfið aukist. Þróunin hefur haft mikil áhrif á umferðaröryggi á vegum. Með nokkrum ákvæðum í frumvarpinu er reynt að bregðast við þessari þróun og stuðla þannig að auknu umferðaröryggi á vegum.

Í nefndinni urðu nokkrar umræður um 9. gr. frumvarps-

ins. Eftirlit Vegagerðarinnar og lögreglu lýtur að verulegu leyti að ólíkum þáttum. Lögreglan sér um almennt umferðareftirlit í landinu, þar með talið eftirlit með ökuhraða, ástandi ökutækja, ástandi og hegðun ökumanna o.fl. Vegagerðin hefur hins vegar samkvæmt gildandi umferðarlögum eftirlit með reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna tiltekinna ökutækja, stærð, heildarþyngd og ásþunga þeirra.

Sú efnislega breyting sem lögð er til í frumvarpinu lýtur einungis að því að Vegagerðinni verður veitt heimild til eftirlits með hleðslu, frágangi og merkingu farms. Ég endurtek að Vegagerðinni verður veitt heimild til eftirlits með hleðslu, frágangi og merkingu farms. Vegagerðinni er því ætlað eftirlitshlutverk sem lýtur að þremur afmörkuðum þáttum, þ.e. aksturs- og hvíldartíma ökumanna tiltekinna ökutækja, stærð, heildarþyngd og ásþunga þeirra auk hleðslu, frágangs og merkingar farms. Ljóst er af framangreindu að Vegagerðin hefur aðeins eftirlit með afmörkuðum þáttum sem varða hóp ökutækja.

Meiri hlutinn leggur mikla áherslu á að störf bæði lögreglu og Vegagerðarinnar eru mjög mikilvæg þegar kemur að umferðareftirliti á vegum landsins. Þá hefur Umferðarstofa mikilvægu hlutverki að gegna í umferðaröryggismálum. Brýnt er að samstarf eftirlitsmanna Vegagerðarinnar og lögreglu verði gott til að auka og bæta vegaeftirlit enn frekar. Jafnframt verði hugað að samstarfsverkefnum á milli ríkislögreglustjóra og Vegagerðarinnar, t.d. með átaksverkefnum með það að markmiði að bæta umferðaröryggi í landinu.

Í vinnu nefndarinnar kom fram að fyrirhuguð er heildarendurskoðun umferðarlaga. Fulltrúar samgönguráðuneytis sem komu fyrir nefndina lýstu því yfir að við þá vinnu yrði haft samráð við Landssamband lögreglumanna. Þá urðu nokkrar umræður í nefndinni um fræðslu til ökumanna stórra ökutækja. Mikilvægt er að öll upplýsingagjöf og fræðsla til ökumanna verði stóraukin og þannig stuðlað að umferðaröryggi á vegum.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í stað „farmflutninga“ verði talað um „vöruflutninga“.

2. Lögð er til ný skilgreining á farstarfsmanni í 1. gr.

3. Lagðar eru til orðalagsbreytingar í 3. gr. til samræmis við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita.

4. Lagðar eru til breytingar á 6. gr. til að heimila lögreglu að taka svitasýni af ökumönnum.

5. Lagðar eru til breytingar á a-lið 2. mgr. 50. gr. og b-lið 52. gr. laganna vegna tilskipunar fyrir EES-svæðið sem mælir fyrir um þjálfun atvinnubílstjóra.

6. Lögð er til breyting á aldursskilyrðum í 1. mgr. 55. gr. laganna en ábending um það atriði kom fram í umsögn.

7. Lagt er til að eftirlit Vegagerðarinnar skv. 9. gr. takmarkist við ökutæki sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd ásamt því að lagt er til að heimild ráðherra til reglugerðarsetningar verði færð í nýja málsgrein.

8. Lagðar eru til breytingar á 81. gr. laganna varðandi heimild vegamálastjóra til ákvarðanatöku um hámarkshraða og aðalbrautir á þjóðvegum.

9. Lagt er til að við 7. mgr. 14. gr. frumvarpsins bætist nýr málsliður.

10. Lagt er til að 15. og 16. gr. verði felldar brott vegna athugasemda í umsögnum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir þetta nefndarálit rita auk mín hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Magnús Stefánsson.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 3. umr.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 18:59]

Breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 279. mál (sameiginleg forsjá barns o.fl.). — Þskj. 294, nál. 1128, brtt. 1129 og 1200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:38]

Brtt. 1129,1 samþ. með 47 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1200 felld með 29:10 atkv. og sögðu

já: BjörgvS, GAK, JÁ, JóhS, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ISG, JBjarn, JónK, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

8 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, JGunn, JBjart, KJúl, MF, RG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1129,2 (ný 5. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1129,3 (ný 7. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

8.–12. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 360, nál. 1234, brtt. 1220.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:42]

Brtt. 1220 felld með 25:8 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, GAK, JBjarn, KolH, MÞH, RG, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

12 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, KLM, SI, SKK, SF, SP, SJS, VF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, RG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2.–23. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Tóbaksvarnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 388. mál (reykingabann). — Þskj. 470, nál. 1260, brtt. 1261, 1310 og 1336.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:44]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál er þverpólitískt í eðli sínu. Það eru skiptar skoðanir um þetta mál innan allra stjórnmálaflokka og ég skal játa að ég hef haft miklar efasemdir um þetta þingmál. Í því felst óneitanlega mikil forræðishyggja og ég vil að þessi mál gerist, spretti af sjálfu sér.

Við umræðu og umfjöllun í heilbrigðisnefnd og öðrum nefndum þingsins hefur hins vegar komið fram mjög eindreginn vilji, bæði veitingahúsaeigenda og starfsfólks í þessum greinum, um að við samþykkjum þetta frumvarp óbreytt eins og það liggur fyrir. Mun ég verða við þeim óskum og styðja frumvarpið óbreytt.

1. gr. samþ. með 41:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: BÁ.

21 þm. (ÁMöl, BjörgvS, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KJúl, KHG, MÞH, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1261,1 (tvær nýjar greinar, verða 2.–3. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 1310 felld með 28:8 atkv. og sögðu

já: BÁ, BjarnB, BjörgvS, GÞÞ, JGunn, LB, MÁ, PHB.

nei: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, DJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

7 þm. (ÁÓÁ, GAK, KolH, MÞH, MF, RG, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMöl, BJJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KJúl, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [19:47]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Samkvæmt gildandi lögum má ég ekki segja: Ég hef aldrei reykt Camel. Ég má ekki segja það í fjölmiðlum. Þetta er náttúrlega alveg fáránlegt. Þetta er brot á málfrelsi og skoðanafrelsi.

Ákvæðið er í 7. gr. laganna og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi.“

Svo kemur, með leyfi forseta:

„Með auglýsingum er í lögum þessum m.a. átt við:

3. hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir til annars en að vara sérstaklega við skaðsemi þeirra.“

Ég legg til að þetta ákvæði verði fellt niður. Mér finnst fráleitt að mega ekki segja í fjölmiðlum frá því að Jón frændi hafi alltaf reykt Camel og hann sé því miður ekki dáinn enn þá.

[19:48]

Mörður Árnason:

Forseti. Þetta er slys frá vorinu 2002 — ef ég fæ hljóð í salnum — þá er þetta slys frá árinu 2002 sem hv. þm. Pétur Blöndal og liðsmenn hans — ég er einn af þeim — erum núna að leiðrétta. Þetta er klaufalegt ákvæði sem gengur á

svig við tjáningarfrelsið og er sennilega brot á stjórnarskrá. Menn hafa að vísu ekki þorað að láta reyna á það. En nú er tækifæri fyrir okkur að laga þetta. Ég sé að allmargir þingmenn taka undir það. En afgangurinn virðist ekki hafa skilið hvað um er að ræða þannig að það þarf að endurtaka þetta síðar og við gerum það svo sannarlega, við Pétur Blöndal, þótt síðar verði. Ég segi já.

Brtt. 1336 felld með 29:12 atkv. og sögðu

já: BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, GuðjG, GAK, GÞÞ, JGunn, LB, MÞH, PHB, SigurjÞ.

nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DJ, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, MS, MÁ, RG, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

5 þm. (AKG, JóhS, KJúl, MF, VF) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:50]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Sú breytingartillaga sem ég og þingmennirnir Sigurður Kári Kristjánsson, Bjarni Benediktsson og Björgvin G. Sigurðsson flytjum gerir ráð fyrir því að farin verði ákveðin millileið miðað við það fortakslausa bann sem frumvarpið felur í sér. Tillagan gerir ráð fyrir því að áfram verði veitingastöðum heimilað að bjóða upp á sérstök afmörkuð rými til reykinga með þeim skilyrðum að þau séu aðgreind frá öðrum rýmum veitingastaða með veggjum eða gleri eða slíku og jafnframt með því skilyrði að ekki sé heimil sala eða afgreiðsla veitinga í þessum rýmum.

Þarna er sem sagt um að ræða verulega þrengingu frá núverandi fyrirkomulagi reyklausra- og reykingasvæða með það að markmiði að vernda starfsfólk fyrir tóbaksreyk gesta en þó skilin eftir heimild til þess að bjóða upp á svona sérstök afmörkuð lokuð rými. Við teljum að það sé mikilvægt að fá þetta í gegn til þess að við göngum ekki lengra en meðalhóf krefst í þessu máli, göngum ekki lengra en nauðsynlegt er til að vernda vinnuverndarsjónarmiðin.

[19:51]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég er einn fjögurra flutningsmanna þessarar breytingartillögu sem er sáttaleið, mildari leið að nákvæmlega sama markmiði sem er að þeir sem ekki reykja og ekki vilja vera innan um reyk og þeir sem vinna á veitinga- og skemmtistöðum þurfi aldrei að anda að sér reyknum og því eitri sem í honum er. Þetta er leið til að ná því markmiði sem samstaða er um að ná þvert á alla flokka, miklu mildari og betri leið en það fortakslausa bann og sú mikla forræðishyggja yfir athöfnum frjálsra fullorðinna og sjálfráða einstaklinga og hér er lagt til.

Með þessari breytingartillögu næst þetta markmið að fullu og öllu leyti. Þetta er miklu betri leið og nær markmiðinu alveg fram. Því flyt ég þessa tillögu með þeim flutningsmönnum og segi já.

Brtt. 1261,2 samþ. með 38:2 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BjarnB, BBj, DJ, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ISG, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: BÁ, BjörgvS.

2 þm. (JGunn, PHB) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁMöl, BJJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JBjarn, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

2. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 40:2 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BjarnB, BBj, DJ, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: BÁ, BjörgvS.

2 þm. (JGunn, PHB) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMöl, BJJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, MF, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BjarnB, BBj, DJ, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

4 þm. (BÁ, BjörgvS, JGunn, PHB) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMöl, BJJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Háskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 654, nál. 1041 og 1119, brtt. 1042 og 1120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:54]

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, HÁs, HjÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1120,1 felld með 25:22 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1042,1 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1042,2 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

4.–14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1120,2 felld með 24:22 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

17 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

15. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

16.–18. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1120,3 felld með 25:22 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

19. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1042,3 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

20. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BjarnB, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

21.–28. gr. og ákv. til brb. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Grunnskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 447. mál (sjálfstætt reknir grunnskólar o.fl.). — Þskj. 671, nál. 1239 og 1395, brtt. 1240.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:02]

Till. til rökst. dagskrár í nál. 1395 felld með 25:22 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1240,1 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, GÖrl, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, JóhS, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ,

JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1240,2 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, HjÁ, JóhS, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1240,3 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1240,4 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

10.–11. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1240,5 (12. gr. falli brott) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

13. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj,

ISG, KHG, MÞH, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1240,6 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

14. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SP, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

15. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1240,7 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

16. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HÁs, HHj, KHG, MÞH, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1240,8 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HÁs, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

17. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HÁs, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

18.–19. gr. (verða 17.–18. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁÓÁ, ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HÁs, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1240,9 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HÁs, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

20. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

21.–22. gr. (verða 20.–21. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

23. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 25:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (AKG, ÁMM, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, JBjart, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:11]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Verði 23. gr. frumvarpsins að lögum er það lögfest að lágmarksframlag sveitarfélaga til einkarekinna grunnskóla verði sem þar segir 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögunum í landinu.

Við í minni hlutanum sem flytjum frávísunartillögu á þetta frumvarp teljum að lögbindingin á lágmarksframlagi til einkaskóla gangi gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga og brjóti í bága við markmið sveitarstjórnarlaga. Þá er þessi lagasetning í hrópandi andstöðu við þróun undanfarinna ára varðandi löggjöf um verkefni til sveitarfélaga því að slíkar íhlutanir í starfsemi og rekstur sveitarfélaga sem mátti áður finna hafa nú nánast verið aflagðar með öllu.

Því leggjumst við eindregið gegn þessari lagagrein sem gengur svo þvert og freklega gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga og þar bergmálum við öflug mótmæli t.d. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem lagðist eindregið gegn lagagrein þessari. Ég segi nei.

[20:12]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Um þessa pólitísku stefnu Sjálfstæðisflokksins, að gefa heimild til einkarekinna grunnskóla nánast frjálsa og gefa út óútfylltan tékka á öll sveitarfélögin í landinu hvað þetta varðar, er djúpstæður pólitískur ágreiningur í landinu. Hann er búinn að vera lengi og það er leitt til þess að vita að Framsóknarflokkurinn skuli nú lagstur í duftið með samstarfsflokki sínum, Sjálfstæðisflokknum, og skuli nú draga þennan vagn með Sjálfstæðisflokknum alla leið.

Við erum ekki búin að bíta úr nálinni með þetta ákvæði sem hér er verið að leiða í lög og von mín er sú að hægt verði að vinda ofan af þessu slysi sem allra, allra fyrst. Ég segi nei.

[20:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hér er hreyft afar mikilvægu máli. Þetta er kærkomin viðbót við það skólasamfélag sem við búum við. Með þessu er verið að líta til þeirrar reynslu m.a. sem íslenskt skólasamfélag hefur haft af einkaskólum. Það vita allir að Landakotsskóli sem dæmi, Ísaksskóli og barnaskóli Hjallastefnunnar hafa auðgað skólasamfélagið. Við höfum fjölgað tækifærum, við höfum aukið fjölbreytnina og gæðin í skólastarfseminni, m.a. fyrir tilstuðlan þeirra. Þess vegna segi ég já. Við erum að auka og efla hagsmuni barna og foreldra í landinu.

24. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1240,10 (ný 25. gr., verður 24. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (AKG, ÁMM, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Lögreglulög og framkvæmdarvald ríkisins í héraði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (skipulag löggæslunnar, greiningardeildir). — Þskj. 759, nál. 1242, brtt. 1243.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:17]

1. gr., a-liður, samþ. með 30:11 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JGunn, KJúl, LB, MF, RG, VF.

2 þm. (JBjarn, ÞBack) greiddu ekki atkv.

20 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, KolH, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., b-liður, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.

16 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1243,1 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.

16 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 41:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÖJ.

nei: JBjarn.

1 þm. (ÞBack) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KolH, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KolH, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.

17 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KolH, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1243,2 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GÓJ, JBjarn) greiddu ekki atkv.

17 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KolH, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GÓJ, JBjarn) greiddu ekki atkv.

17 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KolH, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.

18 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, HHj, KolH, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1243,3 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS,

JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.
18 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KolH, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.
17 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KolH, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1243,4 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ÁRJ, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, ÁRJ, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1243,5 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, KLM, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

10. gr. og ákv. til brb. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, BBj, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, KLM, LB, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 54. og 59.–73. mál.

Fundi slitið kl. 20:22.

---

121. FUNDUR

föstudaginn 2. júní,
að loknum 120. fundi.

Dagskrá:

1. Lokafjárlög 2004, stjfrv., 575. mál, þskj. 833. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Virðisaukaskattur, stjfrv., 624. mál, þskj. 917. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 622. mál, þskj. 1361. — 3. umr.
4. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 403. mál, þskj. 519. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Tekjuskattur, stjfrv., 623. mál, þskj. 1362. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Tollalög og tekjuskattur, stjfrv., 733. mál, þskj. 1069. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Hlutafélög, stjfrv., 444. mál 1363. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Einkahlutafélög, stjfrv., 445. mál, þskj. 1364. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Evrópsk samvinnufélög, stjfrv., 594. mál, þskj. 1365. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, stjfrv., 647. mál. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, stjfrv., 651. mál, þskj. 1366, frhnál. 1396. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Hlutafélög, stjfrv., 684. mál, þskj. 1367. — 3. umr.

13. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 655. mál, þskj. 1368. — 3. umr.

14. Lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, stjfrv., 709. mál, þskj. 1045. — 3. umr.

15. Umhverfismat áætlana, stjfrv., 342. mál, þskj. 1371. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

16. Úrvinnslugjald, stjfrv., 714. mál, þskj. 1372, brtt. 1415. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

17. Landshlutaverkefni í skógrækt, stjfrv., 555. mál, þskj. 1373. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

18. Afréttamálefni, fjallskil o.fl., frv., 210. mál, þskj. 210. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

19. Framsal sakamanna, stjfrv., 667. mál, þskj. 1376. — 3. umr.

20. Fullnusta refsidóma, stjfrv., 675. mál, þskj. 991. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

21. Vegabréf, stjfrv., 615. mál, þskj. 1377. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

22. Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, stjfrv., 669. mál, þskj. 1378. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

23. Réttarstaða samkynhneigðra, stjfrv., 340. mál, þskj. 1379, brtt. 1370. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

24. Þjóðskrá og almannaskráning, stjfrv., 566. mál, þskj. 1380. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

25. Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, stjfrv., 567. mál, þskj. 1381. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

26. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, stjfrv., 331. mál, þskj. 1382, brtt. 1390. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

27. Höfundalög, stjfrv., 664. mál, þskj. 974. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

28. Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, stjfrv., 695. mál, þskj. 1383. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

29. Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 463. mál, þskj. 690. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

30. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 614. mál, þskj. 1384. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

31. Brottfall laga um Flugskóla Íslands hf., stjfrv., 480. mál, þskj. 708. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

32. Siglingalög, stjfrv., 376. mál, þskj. 1385. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

33. Breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, stjfrv., 279. mál, þskj. 1418. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

34. Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, stjfrv., 328. mál, þskj. 360. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

35. Lögreglulög og framkvæmdarvald ríkisins í héraði, stjfrv., 520. mál, þskj. 1422. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

36. Tóbaksvarnir, stjfrv., 388. mál, þskj. 1419. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

37. Háskólar, stjfrv., 433. mál, þskj. 1420. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

38. Grunnskólar, stjfrv., 447. mál, þskj. 1421, brtt. 1452. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

39. Umferðarlög, stjfrv., 503. mál, þskj. 735, nál. 1161 og 1398, brtt. 1162 og 1347. — Frh. 2. umr.

40. Hlutafélög, stjfrv., 404. mál, þskj. 520, nál. 1086 og 1164, brtt. 1087 og 1165. — 2. umr.

41. Eldi vatnafiska, stjfrv., 595. mál, þskj. 879, nál. 1323, brtt. 1324. — 2. umr.

42. Varnir gegn fisksjúkdómum, stjfrv., 596. mál, þskj. 880, nál. 1325, brtt. 1326. — 2. umr.

43. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 607. mál, þskj. 891, nál. 1327, brtt. 1328. — 2. umr.

44. Veiðimálastofnun, stjfrv., 612. mál, þskj. 897, nál. 1329, brtt. 1330. — 2. umr.

45. Fiskrækt, stjfrv., 613. mál, þskj. 898, nál. 1331, brtt. 1332. — 2. umr.

46. Kjararáð, stjfrv., 710. mál, þskj. 1046, nál. 1334, brtt. 1335. — 2. umr.

47. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 742. mál, þskj. 1078, nál. 1340, brtt. 1341 og 1343. — 2. umr.

48. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 788. mál, þskj. 1194, nál. 1340, brtt. 1342. — 2. umr.

49. Almenn hegningarlög o.fl., stjfrv., 619. mál, þskj. 905, nál. 1414. — 2. umr.

50. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 748. mál, þskj. 1085, nál. 1374. — 2. umr.

51. Tekjuskattur, stjfrv., 793. mál, þskj. 1212, nál. 1337, brtt. 1252. — 2. umr.

52. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 794. mál, þskj. 1213, nál. 1333, brtt. 1250 og 1270. — 2. umr.

53. Fjármálaeftirlit, stjfrv., 556. mál, þskj. 810, nál. 1316, brtt. 1317. — 2. umr.

54. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 789. mál, þskj. 1195. — Fyrri umr.

55. Aðgangur að opinberum gögnum um öryggismál, þáltill., 803. mál, þskj. 1284. — Fyrri umr.

56. Skráning losunar gróðurhúsalofttegunda, stjfrv., 713. mál, þskj. 1049, nál. 1344, brtt. 1345. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

57. Almannatryggingar, stjfrv., 792. mál, þskj. 1210, nál. 1346 og 1369. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

58. Landmælingar og grunnkortagerð, stjfrv., 668. mál, þskj. 978, nál. 1399, brtt. 1402. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

59. Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, stjfrv., 682. mál, þskj. 998, nál. 1392, brtt. 1393. — 2. umr.

60. Álagning skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, stjfrv., 732. mál, þskj. 1068, nál. 1404, brtt. 1405. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

61. Náttúruvernd, stjfrv., 180. mál, þskj. 180, nál. 1400. — 2. umr.

62. Matvælarannsóknir hf., stjfrv., 387. mál, þskj. 469, nál. 1406, brtt. 1407. — 2. umr.

63. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 694. mál, þskj. 1024, nál. 1408. — 2. umr.

64. Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, stjtill., 683. mál, þskj. 999, nál. 1223. — Síðari umr.

65. Samningur um tölvubrot, stjtill., 692. mál, þskj. 1022, nál. 1286. — Síðari umr.

[20:24]

Útbýting:

Almenn hegningarlög o.fl., 619. mál, nál. allshn., þskj. 1414.

Álagning skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, 732. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1404; brtt. PHB o.fl., þskj. 1405.

Landhelgisgæsla Íslands, 694. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1408.

Matvælarannsóknir hf., 387. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1406; brtt. þskj. 1407.

Opinber stuðningur við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 731. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 1403.

Úrvinnslugjald, 714. mál, brtt. GÞÞ, þskj. 1415.

Veiting ríkisborgararéttar, 809. mál, frv. þskj. 1409.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:26]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og útbýtingu þskj. í 1.–38., 49., 56.–58. og 60.–63. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

Lokafjárlög 2004, 3. umr.

Stjfrv., 575. mál. — Þskj. 833.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:27]

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

18 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, JÁ, KHG, MÞH, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1423).

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 624. mál (lágmark virðisaukaskattsskyldrar sölu o.fl.). — Þskj. 917.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:27]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1424).

Lífeyrissjóður bænda, 3. umr.

Stjfrv., 622. mál (einföldun og samræming lagaákvæða). — Þskj. 1361.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:28]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, JGunn, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1425).

Aukatekjur ríkissjóðs, 3. umr.

Stjfrv., 403. mál (nýjar gjaldtökuheimildir). — Þskj. 519.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:29]

Frv. samþ. með 26:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ,

VF, ÞBack, ÖJ.
17 þm. (ÁRJ, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, JGunn, JBjart, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1426).

Tekjuskattur, 3. umr.

Stjfrv., 623. mál (samlagshlutafélög og lífeyrissjóðir). — Þskj. 1362.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:29]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
15 þm. (ÁMöl, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1427).

Tollalög og tekjuskattur, 3. umr.

Stjfrv., 733. mál (fækkun tollumdæma o.fl.). — Þskj. 1069.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:30]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
15 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KJúl, KHG, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1428).

Hlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 444. mál (stjórnhættir, starfskjör stjórnenda). — Þskj. 1363.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:30]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
18 þm. (ArnbS, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, MÞH, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1429).

Einkahlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 445. mál (stjórnhættir, starfskjör stjórnenda). — Þskj. 1364.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:31]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ArnbS, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, JóhS, KolH, KHG, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1430).

Evrópsk samvinnufélög, 3. umr.

Stjfrv., 594. mál (EES-reglur). — Þskj. 1365.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:32]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB,

VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, JGunn, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1431).

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 3. umr.

Stjfrv., 647. mál (opinber skráning verðbréfa, EES-reglur). — Þskj. 954.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:32]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1432).

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, 3. umr.

Stjfrv., 651. mál (ESB-reglur). — Þskj. 1366, frhnál. 1396.

[20:34]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti um frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á þskj. 1396, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umr.

Í 16. gr. frumvarpsins er m.a. kveðið á um skyldu tilkynningarskyldra aðila til að láta lögreglu í té upplýsingar. Í tengslum við þá grein íhugaði nefndin að setja inn sambærilegt ákvæði og um getur í áliti nefndarinnar í 556. máli (frumvarpi til laga um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit) sem lýtur að því að hafi upplýsinga verið aflað um aðila án þess að honum sé kunnugt um það skuli upplýsa hann um það strax og rannsóknarhagsmunir leyfi og eigi síðar en fimm árum eftir að upplýsinga var aflað. Eins og fram kemur í umræddu áliti varð það þó niðurstaða nefndarinnar að heppilegra væri að slík breyting yrði gerð á samræmdan hátt um öll eftirlitsstjórnvöld sem heimild hafa til slíkrar upplýsingaöflunar. Þá var þess getið að í 88. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, væri að finna ákvæði af þessu tagi varðandi hleranir. Með hliðsjón af þessu leggur nefndin eindregið til að farið verði í heildarendurskoðun hvað þetta atriði varðar við fyrsta tækifæri.

Þá er nefndin sammála um að nauðsynlegt sé að fram fari endurskoðun á skilgreiningu hugtaksins „hryðjuverk" eins og það er nú skilgreint í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Bent hefur verið á að núverandi skilgreining sé of víð. Mikilvægt sé að hún taki á engan hátt til lýðræðislegs andófs og verði þannig á kostnað almennra mannréttinda.

Undir framhaldsnefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Guðjón Ólafur Jónsson, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[20:36]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Í atkvæðagreiðslu í lok 2. umr. boðaði ég að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mundu sitja hjá við afgreiðslu málsins. Við gætum ekki stutt málið vegna ófullnægjandi og reyndar mjög varasamra skilgreininga á hugtakinu „hryðjuverk" í lögum. Reyndar er það svo að í þessu frumvarpi er vísað í önnur lög, almenn hegningarlög.

Eins og fram kom í máli hv. formanns efnahags- og viðskiptanefndar tók nefndin þetta til athugunar og gerði grein fyrir afstöðu sinni í framhaldsnefndaráliti sem hér hefur verið mælt fyrir. Ég er mjög sáttur við þetta og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs teljum þetta mikilvægan árangur og framfaraskref sem vonandi verður stigið. Við munum styðja frumvarpið.

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
19 þm. (ÁMM, ÁRJ, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÖg, HHj, ISG, KHG, LB, MÞH, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1433).

Hlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 684. mál (samlagshlutafélög o.fl.). — Þskj. 1367.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:38]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall,

GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÖg, HHj, ISG, KHG, LB, MÞH, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1434).

Verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 655. mál (útboðs- og skráningarlýsingar, EES-reglur). — Þskj. 1368.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:38]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÖg, HHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1435).

Lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup, 3. umr.

Stjfrv., 709. mál (kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa). — Þskj. 1045.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:39]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

19 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÖg, HHj, KHG, LB, MÞH, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1436).

Umhverfismat áætlana, 3. umr.

Stjfrv., 342. mál. — Þskj. 1371.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:39]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÁ, GÖg, HHj, KHG, LB, MÞH, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1437).

Úrvinnslugjald, 3. umr.

Stjfrv., 714. mál (verkaskipting Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga o.fl.). — Þskj. 1372, brtt. 1415.

[20:40]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingar á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum. Þær eru í fyrsta lagi að á eftir orðunum „tölulegum markmiðum“ í 1. gr. komi: sbr. Í öðru lagi eru breytingar við 3. gr. Annars vegar er um það að ræða að við bætist nýr liður, a-liður, svohljóðandi: Í stað „2. mgr.“ í 1. mgr. komi: 4. mgr. Hins vegar að á eftir orðunum „innheimtumönnum ríkissjóðs“ í 2. efnismálsgrein e-liðar komi: fyrir því. Í þriðja lagi að a-liður 6. gr. orðist svo: Heimilt er að kæra álagningu gjalds innan 60 daga frá gjalddaga gjaldsins vegna innlendrar framleiðslu en tollafgreiðsludegi ef um innflutning er að ræða.

Eins og hv. þingmenn heyra er fyrst og fremst um að ræða tæknilegar breytingar sem komu í ljós við yfirlestur að þyrftu að vera inni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:42]

Brtt. 1415 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (AKG) greiddi ekki atkv.

23 þm. (BjörgvS, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, HHj, ISG, JGunn, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, SI, SKK, SF, SP, SJS, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ,

BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

20 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, HHj, JGunn, JBjart, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1438).

Landshlutaverkefni í skógrækt, 3. umr.

Stjfrv., 555. mál (samræming laga, endurgreiðsla framlaga o.fl.). — Þskj. 1373.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:43]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, JBjart, KHG, MÞH, MF, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1439).

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., 3. umr.

Frv. DrH og HBl, 210. mál (fjögurra vikna innlausnarfrestur óskilapenings). — Þskj. 210.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:43]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GHall, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KolH, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁMöl, BjarnB, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GÖg, HHj, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1440).

Framsal sakamanna, 3. umr.

Stjfrv., 667. mál (málsmeðferðarreglur). — Þskj. 1376.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:44]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

17 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, ISG, JBjart, KHG, LB, MÞH, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1441).

Fullnusta refsidóma, 3. umr.

Stjfrv., 675. mál (flutningur sektarinnheimtu til Blönduóss). — Þskj. 991.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:44]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

17 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, JÁ, JBjart, KHG, MÞH, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1442).

Vegabréf, 3. umr.

Stjfrv., 615. mál (ný gerð vegabréfa, nýr útgefandi o.fl.). — Þskj. 1377.

[20:45]

Mörður Árnason:

Forseti. Mér þykir leitt að þurfa að tefja þessa afgreiðslu mála en ég vil ekki taka þátt í atkvæðagreiðslunni án þess að fá upplýsingar um ákveðin atriði sem mér skilst að ekki hafi verið fjallað um fyrr í sambandi við þetta mál og væri glaður ef það yrði þá leiðrétt á hinn jákvæða veg og bið hv. formann allsherjarnefndar eða hæstv. dómsmálaráðherra að svara því hvernig þessi mál snúa að Íslendingum sem búsettir eru fjarri heimahögum. Nú er hér verið að breyta regl-

um um þær upplýsingar sem fram koma, m.a. með því að hin almenna regla á að vera sú að starfsmenn dómsmálaráðherra taki myndir af fólki. Að vísu eru gerðar undanteknigar þar á, það má senda rafrænar upplýsingar, t.d. myndir með stafrænum hætti.

Það er líka verið að stytta gildistíma almennra vegabréfa úr tíu árum í fimm. Þetta kemur illa við þá Íslendinga sem dveljast langdvölum erlendis. Það er ekki bara í grannlöndunum eða Evrópulöndum sem svo háttar til um heldur líka t.d. í arabaheiminum eða í Suður-Ameríku o.s.frv. Ég vil gjarnan fá upplýsingar um hvernig þetta snýr að þeim áður en þetta verður hér til endanlegrar afgreiðslu.

[20:47]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Það er rétt að gildistími vegabréfanna er styttur úr tíu árum í fimm samkvæmt þessu frumvarpi en í frumvarpinu er líka ákvæði um að heimilt sé að lengja gildistímann í tíu ár ef sá tæknilegi búnaður sem notaður er við framleiðslu vegabréfanna og örgjörvinn í vegabréfunum endist lengur en í fimm ár. Það má því segja að það sé varúðarregla að hafa gildistímann í fimm ár en ef þetta reynist allt eins og að er stefnt er heimilt að lengja gildistíma vegabréfanna í tíu ár, svo spurningunni um gildistímann sé svarað.

Varðandi Íslendinga erlendis er það svo að í fimm sendiráðum erlendis verður sambærilegur búnaður og er í sýslumannsskrifstofum hér á landi til þess að gefa út vegabréfin og síðan er hugsanlegt að hafa færanlegan búnað sem yrði þá farið með og tilkynnt um þann búnað með góðum fyrirvara og þá gæti fólk komið á ákveðna staði í fjarlægum löndum og látið endurnýja vegabréf sín á ræðisskrifstofum eins og nú er. Það hefur þegar reynt á þetta með nýju vegabréfin vegna fjölskyldu sem búsett er í Hong Kong því í Asíu þurfa menn að nota vegabréf mjög til þess að sanna sig á ferðalögum og fá mikla stimpla. Vegabréfin eða bækurnar endast því ekki eins og skyldi, hvort sem menn miða við fimm eða tíu ár og þetta mál hefur verið leyst á viðunandi hátt fyrir þá fjölskyldu. Þar með hefur líka verið mótuð ákveðin regla varðandi þetta þannig að ég tel að þetta vandamál sé leysanlegt og það sé vilji til að leysa það.

[20:49]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og treysti því að sá vilji sem hann talar um verði fyrir hendi til að leysa úr málum þessa fólks án þess að það valdi því kostnaði og amstri, því að það er mikilvægt að við hreinlega höldum hinum íslensku ríkisborgurum fjarri vettvangi af margvíslegum ástæðum og eigum að passa upp á að þrengja ekki kosti þeirra frekar en brýnar ástæður eru fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:50]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

20 þm. (BJJ, BjörgvS, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÖg, HHj, JBjarn, JGunn, KHG, MS, SI, SKK, SF, SP, SJS, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1443).

Starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, 3. umr.

Stjfrv., 669. mál (EES-reglur). — Þskj. 1378.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:50]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÖg, HHj, KHG, MS, SI, SKK, SF, SP, SJS, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1444).

Réttarstaða samkynhneigðra, 3. umr.

Stjfrv., 340. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1379, brtt. 1370.

[20:52]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum við frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra. Eftir að málið var komið úr nefnd og eftir afgreiðslu þess við 2. umr. kom í ljós að samhengisins vegna þótti heppilegt að færa orðalagið í þessum lögum aðeins til betri vegar til þess að sú meining sem nefndin vildi leggja í lögin kæmist betur til skila.

Þannig er til að mynda í breytingartillögunni í 2. lið setningunni „Sama gildir um einstaklinga af sama kyni í sambúð“ breytt í „Sama gildir um bótarétt einstaklinga af sama kyni í sambúð“.

Þær breytingartillögur sem ég mæli fyrir eru eingöngu til þess að tryggja að sú meining sem nefndin vildi koma til skila með fyrri breytingartillögum sínum verði skýrari.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[20:54]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að

fagna þeirri merkilegu réttarbót sem hér er á ferðinni og þegar þetta frumvarp verður orðið að lögum hefur verið komið á, að mestu, formlegu jafnrétti á milli sam- og gagnkynhneigðra og ég tel ástæðu til að fagna því sérstaklega. Eitt skref er þó enn þá óstigið sem er að heimila samkynhneigðum kirkjulega hjónavígslu eins og gagnkynhneigðum og ég treysti því að þingið muni samþykkja frumvarp frá Guðrúnu Ögmundsdóttur og fleirum sem liggur fyrir í þá veru.

Ég vil líka segja það, virðulegur forseti, að það er mér mikil ánægja að eiga þátt í því að samþykkja þetta frumvarp þegar það verður að lögum vegna þess að árið 1992 flutti ég hér í þingsalnum, og það var raunar mitt fyrsta þingmál, þingsályktun um að greina það misrétti, lögformlega, félagslega og menningarlega misrétti sem væri á milli sam- og gagnkynhneigðra og grípa til aðgerða í framhaldi af því. Það voru ekki margir í þingsalnum þegar talað var fyrir því máli árið 1992, ég held að það hafi verið þrír þingmenn og málið flutt eftir miðnætti undir þinglok og ég átti ekki von á því þá að það tækist að ná fram því jafnrétti í einu vetfangi. En nú er þetta að verða að veruleika. Það hafa ýmsir áfangar náðst á undanförnum árum en hið formlega jafnrétti er að mestu leyti komið í höfn með þessari lagasetningu og ég lýsi mikilli ánægju með að þetta skuli gerast og að fá að taka þátt í afgreiðslu þessa máls.

[20:56]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér erum við að staðfesta jafnréttismál þar sem samkynhneigðu fólki er veittur jafn réttur á við aðra þegna þjóðfélagsins að flestu leyti, þó ekki öllu.

Þegar þetta mál kom til 1. umr. lýsti ég því yfir að ég væri hlynntur því að ganga þetta skref til fulls og mæla fyrir um að kirkjulegar athafnir varðandi vígslu stæðu samkynhneigðum til boða. Það skref hefur ekki verið stigið nú. Væntanlega verður það í framtíðinni, fyrr en seinna. Ég lýsi ánægju minni með það skref sem nú er stigið en hefði viljað sjá málið klárað.

[20:57]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Það er alveg ástæða til þess að fagna þeim áfanga sem hér er að nást þegar við horfum fram á að samkynhneigðir koma til með að geta búið við sama rétt og aðrir þegnar í samfélaginu. Það er þó eitt sem ég gat um í ræðu í gær sem mig langar til að nefna við þetta tækifæri þegar við erum að ljúka afgreiðslu á þessu máli. Það heyrir upp á okkur. Við þurfum að sjálfsögðu að taka það fram í stjórnarskrá okkar að óheimilt sé að mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar. Að mínu mati er mikilvægt að það náist í gegn í þeirri nefnd sem nú er að störfum og ég læt í ljósi þá von að svo verði og að sú nefnd fari nú að skila af sér sem fyrst stjórnarskrá sem verði fyrir alla Íslendinga, líka samkynhneigða.

Brtt. 1370 samþ. með 41 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁMM, BÁ, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÖg, HHj, HjÁ, KÓ, KHG, LB, MS, SI, SKK, SF, SP, SJS, StB, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1445).

Þjóðskrá og almannaskráning, 3. umr.

Stjfrv., 566. mál (flutningur Þjóðskrár til dómsmálaráðuneytisins). — Þskj. 1380.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:59]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (ÁMM, BÁ, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÖg, HHj, KÓ, KHG, LB, MS, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1446).

Flutningur þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis, 3. umr.

Stjfrv., 567. mál. — Þskj. 1381.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:59]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁMM, BÁ, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, MS, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1447).

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 3. umr.

Stjfrv., 331. mál. — Þskj. 1382, brtt. 1390.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:00]
Brtt. 1390 samþ. með 46 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
17 þm. (EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GHall, GÖg, HHj, KHG, LB, MS, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1448).

Höfundalög, 3. umr.

Stjfrv., 664. mál (lækkun fylgiréttargjalds, EES-reglur). — Þskj. 974.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:01]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, MS, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1449).

Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, 3. umr.

Stjfrv., 695. mál (heildarlög). — Þskj. 1383.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:01]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, MS, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1450).

Löggilding starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 3. umr.

Stjfrv., 463. mál (grafískir hönnuðir). — Þskj. 690.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:02]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
18 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, MS, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1451).

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 3. umr.

Stjfrv., 614. mál (styrkir til hitaveitna). — Þskj. 1384.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:02]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MF, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
19 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GÖg, HHj, KHG, LB, MS, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1453).

Brottfall laga um Flugskóla Íslands hf., 3. umr.

Stjfrv., 480. mál. — Þskj. 708.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:03]

Frv. samþ. með 38:4 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, MF, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

nei: JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, MS, MÁ, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1454).

Siglingalög, 3. umr.

Stjfrv., 376. mál (öryggi á sjó). — Þskj. 1385.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:04]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, JóhS, JGunn, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1455).

Breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 3. umr.

Stjfrv., 279. mál (sameiginleg forsjá barns o.fl.). — Þskj. 1418.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:04]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMM, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, JóhS, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1456).

Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, 3. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 360.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:05]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, RG, VF, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BJJ, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1457).

Lögreglulög og framkvæmdarvald ríkisins í héraði, 3. umr.

Stjfrv., 520. mál (skipulag löggæslunnar, greiningardeildir). — Þskj. 1422.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:07]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég hef áður greint frá afstöðu minni til þessara laga, bæði við 1. og 2. umr. málsins. Hér er verið að gera umfangsmiklar breytingar á stjórnsýslu innan lögreglunnar og ég legg áherslu á að náið samráð verði haft við Landssamband lögreglumanna, hagsmunasamtök starfsmanna, við þessar breytingar.

Í annan stað vek ég athygli á því að með þessum lögum er verið að koma á fót svokölluðum greiningardeildum innan lögreglunnar. Þær hafa sams konar hlutverk og er að finna í núverandi lögreglulögum og þar vísa ég í 5. gr. núverandi lögreglulaga. Hins vegar er í greinargerð með frumvarpinu áréttað mikilvægi þess að lögreglan sinni fyrirbyggjandi starfi, sem þýðir að hún þarf að fylgjast með þeim sem líklegt eða hugsanlegt er að fremji lögbrot. Þetta krefst mjög ríkulegs lýðræðislegs aðhalds með starfsemi lögreglunnar hvað þetta snertir og ég legg áherslu á að Al-

þingi taki þessi mál til gagngerrar skoðunar á komandi þingum. En ég styð málið í heild sinni.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BJJ, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÖg, HHj, JóhS, KHG, KLM, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:09]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil fyrst og fremst vekja athygli á því að verið er að færa lögreglustjórn umdæma eins og í Búðardal burt af svæðinu, það er t.d. verið að færa lögreglustjórn á Hólmavík til Ísafjarðar og fleiri slíka þætti. Það er verið að færa lögreglustjórnina, forsjá þessara mála, frá íbúunum í fjarlæg héruð. Ég tel að lögregluþjónustan eigi að vera sem næst íbúunum. Sú stefna sem hér er verið að taka upp er röng og ég get ekki stutt hana.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1458).

Tóbaksvarnir, 3. umr.

Stjfrv., 388. mál (reykingabann). — Þskj. 1419.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[21:11]

Björgvin G. Sigurðsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Löggjafinn gengur allt of langt í forræðishyggju yfir fullorðnu og sjálfráða fólki. Við fluttum hér fjórir þingmenn breytingartillögu sem kvað á um að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skyldi leyfa reykingar í sérstökum herbergjum eða á afmörkuðum svæðum á veitinga- og skemmtistöðum, í rými sem yrði aðgreint frá öðru rými og ekki yrði veitt þjónusta þar. Þannig yrði tryggt að þeir sem vinna á veitinga- og skemmtistöðum þyrftu ekki að anda að sér reyk og þeir gestir veitinga- og skemmtistaða sem kjósa að vera ekki í reyk ættu þess alltaf kost. Við réttum fram sáttarhönd, buðum upp á mildari leið að sama markmiði. Sú leið er ekki fortakslaust bann eins og frumvarpið felur í sér heldur er þeim veitingahúsaeigendum sem það kjósa heimilt að halda úti veitingastöðum með sérstöku reykingarými.

Ég harma að sú breytingartillaga skuli hafa verið felld og að henni felldri segi ég nei við þessu frumvarpi.

[21:12]

Pétur H. Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég er á móti þessu máli eins og það var upprunalega lagt fram. Hins vegar tók nefndin afstöðu til dóms Hæstaréttar og flutti breytingartillögu við lögin sem ég met miklu veigameiri. Ég styð því þetta mál í heild sinni þrátt fyrir að ég styddi ekki upprunalega málið.

Frv. samþ. með 42:3 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, BBj, DJ, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: BÁ, BjörgvS, JGunn.

18 þm. (BJJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1459).

Háskólar, 3. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 1420.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:13]

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BJJ, EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, MS, SI, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1460).

[21:14]

Útbýting:

Framkvæmdir á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, 698. mál, svar heilbrrh., þskj. 1412.

Frestun á fundum Alþingis, 810. mál, stjtill. forsrh., þskj. 1413.

Grunnskólar, 447. mál, brtt. DJ, þskj. 1452.

Mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn, 620. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1416; brtt. þskj. 1417.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:15]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1452. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Grunnskólar, 3. umr.

Stjfrv., 447. mál (sjálfstætt reknir grunnskólar o.fl.). – Þskj. 1421, brtt. 1452.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[21:15]

Björgvin G. Sigurðsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Minni hlutinn í menntamálanefnd flutti tillögu með rökstuddri dagskrá um að þessu máli yrði vísað frá. Sú tillaga var felld.

Við leggjumst eindregið gegn málinu. Hér er gengið með dæmalausum og freklegum hætti gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga. Fá fordæmi finnast fyrir slíkum gerningi. Samband íslenskra sveitarfélaga lagðist t.d. gegn 23. gr. frumvarpsins sem kveður á um að einkaskólar eigi rétt til styrks af almannafé um 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum á landinu á hvern nemanda árlega. Gegn þessu lagðist sambandið eindregið. Á fund menntamálanefndar mætti t.d. formaður sambandsins, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, núverandi borgarstjóri í Reykjavík. Hann lagðist á þeim tíma gegn því að þetta mál gengi fram enda væri svo freklega gengið gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga að þessi lagagrein ætti alls ekki að ná fram að ganga.

Við í minni hluta menntamálanefndar leggjumst eindregið gegn þessu máli. Það er að sjálfsögðu sveitarfélaganna að ákveða það hve miklum fjárhæðum þau verja til að greiða rekstrarkostnað nemenda í einkareknum skólum. Megi þeir blómstra sem best en það er ekki ríkisvaldsins að ganga með þessum hætti gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna. Sveitarfélögin reka grunnskólana í landinu og hafa sinnt því hlutverki með frábærum árangri í rúman áratug. Það er fáheyrt að ríkisvaldið komi með þessum hætti ofan frá með valdboði og dæmalausri miðstýringu í menntakerfinu og skikki sveitarfélögin til að greiða þessa eða hina upphæð með nemendum í einkareknum skólum. Það eiga sveitarfélögin að sjálfsögðu að gera upp við sig sjálf enda bera þau ábyrgð á rekstri grunnskólanna og hafa með þann rekstur að gera.

Málið er eitt af verri málunum sem komu fyrir Alþingi í vetur og lengi var vart hægt að trúa að full alvara væri á bak við að afgreiða það sem lög frá Alþingi. Svo illa var málið úr garði gert og vanbúið og dæmalaust innihaldið að þverpólitísk samstaða varð um það hjá sveitarstjórnarmönnum að það skyldi ekki ná fram að ganga. Við segjum því að sjálfsögðu nei við þessu frumvarpi.

[21:18]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við greiðum hér atkvæði um mikið deilumál. Deilurnar eru afar djúpstæðar. Hæstv. menntamálaráðherra lagði málið fram illa undirbúið og án samráðs enda var því mótmælt kröftuglega í menntamálanefnd.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur haldið því fram að verið sé að auka sveigjanleika og fjölbreytni í námi íslenskra skólabarna. Ég lýsi því yfir að við, löggjafarsamkundan á Alþingi, höfum alla möguleika til að auka sveigjanleika og fjölbreytni í skólastarfi með lagasetningu okkar. Sveitarfélög hafa það líka án þess að heimila einkaskólum það sem heimilað er með því frumvarpi sem hér er afgreitt sem lög frá Alþingi. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs höfum hvatt til að sveigjanleiki kerfis okkar sé nýttur til hins ýtrasta. En fari hægrisinnuð menntastefna fram sem horfir, undir forustu Sjálfstæðisflokksins eins og hér er gert, hættum við á að þeir sem aðhyllast einkarekstur í krafti auðs og valda fari af stað með sína skóla fyrir ríku börnin. Það býður upp á misskiptingu til náms. Það eyðileggur hugsjónir okkar um jafnan rétt allra til náms í grunnskólum.

Við í stjórnarandstöðunni höfum barist ötullega gegn þessu máli, sem var rifið úr menntamálnefnd í bullandi ágreiningi. Ágreiningurinn á auðvitað eftir að halda áfram en nú er það von okkar sem höfum barist gegn þessu að hægt verði að bjarga í nefndinni sem nú er starfandi á vegum menntamálaráðherra og er að endurskoða grunnskólalögin í heild sinni. Þangað á auðvitað að vísa þessu máli, þar á það heima en ekki óundirbúið og illa reifað í sölum Alþingis.

[21:20]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég vil undirstrika að hér erum við að ræða afar merkilegt og brýnt mál sem snertir hagsmuni allra sem koma að skólakerfinu, ekki síst barnanna okkar.

Umboðsmaður barna var spurður, að mér var tjáð, fyrir menntamálanefnd hvort þetta mál ætti að ná fram að ganga eða bíða fram á næsta ár. Svarið var alveg hreint og klárt: Þetta verður að fara í gegn. Þetta á að fara í gegn. Og af hverju? Af því að hagsmunir barnanna eru í húfi. Hagsmunir foreldra eru einnig í húfi.

En enn og aftur skýla vinstri flokkarnir, stjórnarandstaðan, sér, í þetta sinn á bak við sveitarfélögin, til að dylja afstöðuleysi sitt og andúð. Í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar hefur berlega komið í ljós andúð á gömlum og góðum menntastofnunum sem hafa sannað gildi sitt fyrir íslenskt samfélag. Þær hafa þvert á móti undirstrikað jöfnuðinn í íslensku mennta- og skólakerfi. (Gripið fram í.) Við erum að tala um Ísaksskóla, um barnaskóla Hjallastefnunnar (Gripið fram í.) og Landakotsskóla.

Ég er að draga fram staðreyndir m.a. sem komu fram við meðferð málsins. Ég hlýt að fá til þess tækifæri eins og aðrir hv. þingmenn. Málið er mikilvægt. Það er mikilvægt að koma þessu í gegn til þess að við getum haldið áfram að stuðla að auknum gæðum, fjölgun tækifæra (Gripið fram í.) og aukinni fjölbreytni í skólakerfinu. (Gripið fram í.) Til þessa verða hv. þingmenn að taka afstöðu. Segi þeir nei má túlka það svo að þeir séu á móti einkaskólum.

Brtt. 1452 samþ. með 27:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. svo breytt, samþ. með 27:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GuðjG, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (EOK, EMS, GHH, GHj, GÖg, HHj, KHG, LB, SI, SKK, SF, SP, SJS, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1461).

Aðgangur að opinberum gögnum um öryggismál, fyrri umr.

Þáltill. forsrh., 803. mál. — Þskj. 1284.

[21:24]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar. Þessi tillaga skýrir sig sjálf enda hefur farið fram um hana nokkur umræða á Alþingi. Rætt hefur verið um að gera tilteknar breytingar á tillögunni til að koma til móts við sjónarmið sem hafa komið fram á hv. Alþingi, sérstaklega frá stjórnarandstöðunni. Ég vænti þess að þau sjónarmið verði tekin til athugunar í nefndinni sem fær málið til umfjöllunar í því skyni að ná um málið samstöðu á Alþingi.

Ég tel ekki ástæðu til að fara um málið frekari orðum og vænti þess að sú samstaða geti skapast og legg til að málinu verði vísað til hv. allsherjarnefndar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:26]

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Kjararáð, 2. umr.

Stjfrv., 710. mál (heildarlög). — Þskj. 1046, nál. 1334, brtt. 1335.

[21:27]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um kjararáð frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd en nefndarálitið er að finna á þskj. 1334.

Eins og kemur fram í nefndarálitinu fékk nefndin gesti á sinn fund og umsagnir og ætla ég ekki að rekja það frekar.

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót kjararáði sem leysi af hólmi Kjaradóm og kjaranefnd. Ráðið ákveður með bindandi hætti laun og starfskjör æðstu handhafa ríkisvalds og þeirra ríkisstarfsmanna sem svo háttar til um vegna eðlis starfa þeirra eða samningsstöðu að launakjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt.

Tekið er fram að þessa undantekningu fyrir ríkisstarfsmenn verði að skýra þröngt. Nefndin tekur undir það sjónarmið og telur að ýmsir hópar ríkisstarfsmanna sem nú heyra undir kjaranefnd ættu að hafa möguleika á að semja sjálfir um laun sín og starfskjör. Það er og mat nefndarinnar að löggjafinn þurfi að fara mjög varlega í því að afnema veigamikil réttindi fólks til að semja sjálft um kjör sín. Eingöngu þeir ríkisstarfsmenn sem illmögulega geti samið um kjör sín skuli ekki njóta þessara réttinda.

Nefndin leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að greinarmunur á „embættismönnum“ og „öðrum ríkisstarfsmönnum“ í 4. gr. frumvarpsins verði afnuminn. Samkvæmt greininni eiga allir embættismenn aðrir en þeir sem um ræðir í 3. gr. að falla undir kjararáð, þó að frátöldum nánar tilteknum hópi. Með öðrum orðum er ekki um neitt mat að ræða hvað embættismennina varðar eins og á við um aðra ríkisstarfsmenn. Nefndin telur aðgreininguna ástæðulausa; annaðhvort geta menn samið um kjör sín eða ekki, samanber umsögn kjaranefndar. Því til stuðnings áréttar nefndin að embættismenn teljast til ríkisstarfsmanna.

Í öðru lagi er lögð til breyting á 4. mgr. 9. gr. þannig að kjararáð skuli ekki aðeins taka tillit til kvaða og hlunninda sem fylgja starfinu heldur leggja mat á verðmæti slíkra atriða, t.d. lífeyrisréttinda og þess starfsóöryggis sem fylgir t.d. þingmannsstarfi. Slíkt mat auðveldar raunhæfan samanburð á launum þingmanna og annarra í þjóðfélaginu.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins sem lýtur að því að taka út sjálfvirka vísitölubindingu launa. Bent hefur verið á að vafasamt getur verið að lögbinda vísitölubundnar hækkanir. Í því sambandi tekur nefndin fram að kjararáði er í lófa lagið að hittast oft, jafnvel mánaðarlega, og taka ákvörðun um breytingar á launum með hliðsjón af slíkri vísitölu án þess að um sjálfvirka hækkun sé að ræða.

Í fyrrnefndri 2. mgr. 10. gr. kemur fram í 2. málsl. að kjararáð geti ákveðið að stefnumarkandi ákvarðanir um innbyrðis launahlutföll og heildarstarfskjör á ákvörðunarsviði ráðsins séu teknar sjaldnar, til dæmis þriðja eða fjórða hvert ár. Eins og hefð er fyrir í kjarasamningum er það skilningur nefndarinnar að ráðið geti ákvarðað laun fram í tímann. Þannig gæti það t.d. ári fyrir kosningar tekið stefnumarkandi ákvörðun um laun þingmanna sem gilda ætti fyrir næsta kjörtímabil.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Guðjón Ólafur Jónsson, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Ásta Möller, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.

Frú forseti. Mig langar til að bæta við nokkrum orðum frá eigin brjósti varðandi þetta mál. Í fyrsta lagi er mikill vandi að ákvarða laun þingmanna vegna þrískiptingar valdsins, það er alltaf mikill vandi hver á að ákvarða laun þeirra. Í mörgum þingum er það þingið sjálft sem ákvarðar laun þingmanna og tekur á því ábyrgð. Hér er lagt til að þingið geri það óbeint með því að tilnefna þrjá menn í kjararáð og aðrir tveir eru tilnefndir annars vegar af Hæstarétti og hins vegar af fjármálaráðherra. Þannig taki þingið ábyrgð á þeim launum.

Þá hefur verið nefnt að þessi lög taki rétt af fólki til að semja um kjör sín og reyndar er það þannig að tekið er fram að þeir skuli heyra undir ráðið. Hópar eins og t.d. prófessorar, prestar og forstöðumenn ríkisstofnana mundu væntanlega geta samið um kjör sín eins og aðrir hópar, hjúkrunarfræðingar, læknar og kennarar, sem og forstöðumenn í fyrirtækjum á almennum markaði.

Þá hefur mér verið bent á að ekki er tekið tillit til menntunar eða reynslu hvað varðar laun þingmanna eins og í öllum öðrum greinum í þjóðfélaginu og þetta getur leitt til neikvæðs úrvals vegna þess að fólk sem hefur lagt í dýra fjárfestingu í menntun og er með há námslán á bakinu hafi illa ráð á því að bjóða sig fram til þings vegna þess að það þurfi hærri laun til að standa undir fjárfestingunni við menntunina.

Ljóst er að mat á lífeyrisréttindum þingmanna hefur oft verið mikið rætt og menn hafa sagt að þetta séu óskaplega góð réttindi og þau eru það sannarlega en þau eru samt í takt við það sem gerist í B-deild LSR, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og að mestu leyti sniðin eftir þeim reglum. Þegar Alþingi breytti lögum um lífeyrisréttindi gerðist það sem hefur ekki komið fram í umræðunni að réttindi þingmanna skertust vegna þess að þeir borga 5% iðgjald í stað 4% áður án þess að réttindin hækkuðu því samfara, en þetta hefur vantað inn í umræðuna.

Ég vona að frumvarpið fái farsælan framgang á Alþingi. Ég minni á að til að kjararáð verði starfhæft þarf Alþingi að tilnefna þrjá í kjararáð og það gerist að sjálfsögðu ekki fyrr en búið er að auglýsa og birta lögin. Þess vegna þarf þetta frumvarp að hafa ákveðinn forgang umfram önnur frumvörp og mér skilst að það muni verða svo.

[21:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli formanns efnahags- og viðskiptanefndar liggur á að lögfesta það frumvarp sem hér er til umræðu um kjararáð. Ég skal því ekki hafa mörg orð um málið þó að ef til vill væri ástæða til að gera það og fara yfir umsagnir sem fram komu um málið sem voru þó nokkrar, nokkrar ítarlegar, og ýmsar ábendingar sem þar komu fram um breytingar á frumvarpinu sem ekki var tekið tillit til.

Ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson skrifuðum undir nefndarálitið með fyrirvara sem ég ætla að gera grein fyrir. Við erum sammála þeim breytingartillögum sem efnahags- og viðskiptanefnd leggur til og meginatriði þess sem fram kemur í nefndarálitinu frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Ég vil þó gera athugasemd við það sem fram kemur aftarlega í nefndarálitinu og vitna til þess, með leyfi forseta:

„Í fyrrnefndri 2. mgr. 10. gr. kemur fram í 2. málsl. að kjararáð geti ákveðið að stefnumarkandi ákvarðanir um innbyrðis launahlutföll og heildarstarfskjör á ákvörðunarsviði ráðsins séu teknar sjaldnar, til dæmis þriðja eða fjórða hvert ár. Eins og hefð er fyrir í kjarasamningum er það skilningur nefndarinnar að ráðið geti ákvarðað laun fram í tímann."

Kjararáð getur vissulega tekið ákvarðanir sem eru fram í tímann en ég er ósammála þeirri leiðsögn sem mér finnst felast í því sem fram kemur í næstu setningu í nefndarálitinu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þannig gæti það t.d. ári fyrir kosningar tekið stefnumarkandi ákvörðun um laun þingmanna sem gilda ætti fyrir næsta kjörtímabil."

Ég tel ekki rétt að hafa slíka setningu í nefndarálitinu sem gæti gefið tilefni til þess að hægt væri að vísa í að einhver leiðsögn væri af hálfu nefndarinnar að taka ætti stefnumarkandi ákvarðanir um laun þingmanna ári fyrir kosningar og vildi ég láta það koma fram.

Ég vil aðeins, þó að ég ætli ekki að fara í umsagnir sem fram komu um málið, vísa í það sem mér finnst máli skipta að haldið sé til haga, af því að umsagnirnar fylgja ekki með í nefndarálitinu. Til dæmis það sem fram kom hjá kjaranefnd og reyndar fleiri aðilum, eins og t.d. Kjaradómi, að þar er dregið í efa réttmæti þess að ráðið skeri sjálft úr um hverjum það ákveður laun. Eins kom það fram hjá kjaranefnd en hún segir, með leyfi forseta, í umsögn sinni:

„Í frumvarpinu er lagt til að kjararáð verði skipað fimm mönnum og að það starfi í tveimur deildum, annars vegar fullskipað og hins vegar þriggja manna undirnefnd. Ekki verður séð að þörf sé á slíkri skiptingu og kjaranefnd telur eðlilegt að sömu aðilarnir sinni öllum þeim störfum og þeim verkefnum sem ráðinu verði falin, ..."

Að hluta til er hægt að taka undir þetta hvort tveggja sem þarna kemur fram og vildi ég halda því til haga í umræðunni að þessir aðilar hafi sett fram þessar ábendingar ásamt reyndar fleirum sem fram komu í umsögn umræddra aðila og annarra. Meðal annars var það gagnrýnt sem fram kom í máli formanns og framsögumanns nefndarinnar að óeðlilegt væri að vísitölubinda þessi laun með sjálfvirkum hætti og kom það m.a. fram hjá formanni Kjaradóms og er tekið tillit til þess hjá efnahags- og viðskiptanefnd.

Einnig kom fram í umsögn Alþýðusambands Íslands að það taldi eðlilegt að þær ákvarðanir sem teknar yrðu á þingi og varða bein launakjör þingmanna eins og ýmiss konar álagsgreiðslur, t.d. hjá forsætisnefnd, álagsgreiðslur nefndarformanna, og það sem telja mætti til beinna launagreiðslna ætti að vera í ákvörðunarvaldi þessa nýja kjararáðs en það sem kæmi fram í 9. gr. væri ekki nægjanlegt, en þar segir, með leyfi forseta:

„Enn fremur skal kjararáð taka tillit til kvaða sem störfunum fylgja, svo og hlunninda og réttinda sem tengjast embætti og launum, svo sem lífeyrisréttinda og ráðningarkjara."

Auðvitað er það eðlilegt að kjararáð taki tillit til þessara launakjara sem hér er um getið í síðustu mgr. 9. gr. en við fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd vildum ganga lengra og flytja ákvörðunarvald í þeim launakjaraþáttum sem ákvarðaðir eru í þinginu og eru beinar

launagreiðslur, að þær flytjist til ákvörðunar hjá kjararáði einnig. Ekki náðist samstaða um það og að því lýtur fyrirvari okkar.

Ég held ég megi segja að almenn samstaða hafi verið um það hjá þeim sem fjölluðu um málið og sendu umsagnir til þingsins að sú skipulagsbreyting sem gerð er væri verulega til bóta, þ.e. að ekki séu tvískiptar ákvarðanir fyrir þá aðila sem kjaranefnd og Kjaradómur hafa ákvarðað laun fyrir heldur falli þetta undir eina skipan sem er kjararáð og er það vissulega til bóta, virðulegi forseti.

Ég vil segja í lokin, virðulegi forseti, vegna þess að stefnt er að því að ljúka þessu þingi væntanlega á morgun eða fljótlega eftir helgi, að ég harma það ef ekki gefst tími á þinginu til að ná samstöðu um að breyta hinu svokallaða eftirlaunafrumvarpi sem mjög hefur verið gagnrýnt í samfélaginu og harma að ekki hafði náðst samstaða um það meðal flokka hér á þingi að gera nauðsynlega breytingu á því frumvarpi sem margrætt hefur verið, þ.e. að þeir sem hætta störfum sem þingmenn eða ráðherrar og taka við öðrum störfum þar sem þeir hafa full laun hafi á sama tíma full lífeyrisréttindi. Þetta er mjög óeðlilegt að slíkt skuli viðgangast og það ber auðvitað að harma að ekki náist samstaða um það á þinginu að breyta þessu.

Ég vil halda því til haga sem ítrekað hefur komið fram að málið hafi verið fast í forsætisnefnd. Það hefur verið margbent á það af hálfu forsætisnefndarmanna að svo er ekki. Málið hefur ekki verið þar til ákvörðunar heldur hefur þetta verið á borði og vettvangi þingflokksformanna og þar hefur ekki náðst samstaða. Ég hefði viljað ganga miklu lengra en mér heyrðist að margir vildu. Ég hefði viljað að við gengjum það langt að afnema þau réttindi sem þegar eru orðin virk hjá þeim aðilum sem hafa verið að þiggja þessi lífeyrisréttindi á sama tíma og þeir þiggja full laun í störfum sínum. Menn segja að það muni ganga á svig við stjórnarskrána. Mín skoðun er sú að við hefðum átt að taka þá áhættu. Hér er um svo mikið óréttlæti að ræða að hafa slíkt fyrirkomulag á í lífeyrisréttindum þingmanna og ráðherra með þessar tvöföldu greiðslur, þ.e. bæði lífeyrisréttindi og launagreiðslur á sama tíma, að ég hefði viljað sjá það hverfa. Það var skoðun flokks míns að það yrði gert með þeim hætti en um það náðist ekki samstaða og verður ekki séð að það verði gert á þeim örfáu dögum sem eru til stefnu á þessi þingi sem væntanlega lýkur í síðasta lagi einhvern tíma í næstu viku.

[21:44]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frumvarp. Ég gerði allrækilega grein fyrir afstöðu minni til málsins við 1. umr. Ég hef áður flutt þingmál um skipan kjaramála alþingismanna. Það gekk út á að Alþingi hefði sjálft forræði á málinu, stæði og félli með ákvörðunum sínum. Ég byggi á þeirri hugsun að að baki ákvörðunum um kjaramál skuli jafnan vera ábyrgð, að það sé hægt að draga þá til ábyrgðar sem taka slíkar ákvarðanir. Svo er í kjarasamningum, þar fá fulltrúar verkalýðsfélaganna aðhald frá félögum sínum innan félaganna. Sama gildir um Samtök atvinnurekenda. Úr vöndu er að ráða þegar um er að ræða alþingismenn og ýmsa þá sem standa utan hefðbundinna kjarasamninga. En þá er hægt að hafa þann hátt á, eins og ég nefndi áðan, að Alþingi taki sjálft endanlega ábyrgð á gjörðum sínum því að þingmenn er vissulega hægt að draga til ábyrgðar í kosningum.

Þetta þingmál sem ég flutti fyrir fáeinum árum hlaut ekki brautargengi, reyndar engan stuðning á þinginu nema ef ég man rétt í orði frá þáverandi hæstv. forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, sem kvaðst vera sammála þeirri hugsun sem frumvarp mitt hvíldi á. Hvað um það. Um nokkurra ára skeið hefur kjörum þingmanna verið ráðið af hálfu Kjaradóms og einnig hefur verið við lýði svokölluð kjaranefnd, sem hefur haft með höndum ákvörðun um kjör ýmissa embættismanna ríkisins. Í þeim hópi hefur stöðugt verið að fjölga í seinni tíð. Er það mat margra, ekki síst verkalýðsfélaganna, að það sé ill þróun, það sé eðlilegt að hópar sem á annað borð sem geta samið um kjör sín geri það í kjarasamningum.

Við þekkjum síðan aðdragandann að því frumvarpi sem liggur nú fyrir, frumvarpi til laga um kjararáð. Urðu miklar deilur kringum áramótin um ákvörðun Kjaradóms varðandi kjör alþingismanna og ætla ég ekki að fjölyrða um þá ákvörðun hér og nú en ákveðið var að taka þessi mál til gagngerrar endurskoðunar. Skipuð var nefnd með fulltrúum allra þingflokka á Alþingi. Hún komst að niðurstöðu. Niðurstöðuna er að finna í þessu frumvarpi. Allir þingflokkar fengu málið til umsagnar og niðurstaðan í mínum þingflokki var sú að við skyldum styðja þetta frumvarp. Innan okkar flokks, eins og ég hygg allra þingflokka, eru deildar meiningar um hvernig haga skuli þessum málum og augljóst að leita þyrfti málamiðlunar. Sú málamiðlun liggur fyrir í þessu frumvarpi.

Sú breyting er gerð á skipan þessara mála að Alþingi kemur beinna að skipan í kjararáðið en það gerði áður í Kjaradóm og færir þannig ábyrgðina nær sér. Þetta er í átt að þeirri hugsun sem ég hef talað fyrir þótt hún gangi ekki alla leið. Því fer reyndar fjarri. Ég held að það sé til góðs að sameina hina gömlu kjaranefnd og Kjaradóm í eitt kjararáð. Einnig er að finna ákvæði sem gefa þeirri hugsun undir fótinn að fækka verði þeim sem fá kjör sín ákvörðuð með þessum hætti. Það er ekki skýrt kveðið á um að stórir hópar sem núna lúta ákvörðunum kjaranefndar skuli fara að setjast að samningaborði sjálfir en sá skilningur liggur engu að síður fyrir í þessu lagafrumvarpi.

Hæstv. forseti. Þótt ég sé ekki fyllilega sáttur við frumvarpið eða öllu heldur, svo ég gerist nákvæmari í orðavali, þó að það sé ekki alveg sniðið að hugmyndum mínum ætla ég að sætta mig við þessa niðurstöðu.

Varðandi lífeyrisréttindi þingmanna, sem hér hafa verið gerð að umfjöllunarefni, þá tel ég að það sé aðgreint og aðskilið mál og í mínum huga er ekki til nein málamiðlun í því efni. Lög um lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra ber að afnema heildstætt, nema þau algerlega úr gildi og vísa þeim hópi, þingmönnum og ráðherrum, inn í Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, LSR, A-deild þess sjóðs. Þar eru góð réttindi. Þau eru vissulega lakari en kveðið er á um í hinum makalausu lögum sem gilda nú um lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra en það er við hæfi að þessir starfsmenn ríkisins séu þar eins og allir aðrir.

Fleira ætla ég ekki að segja að svo stöddu um þetta

frumvarp sem ég mun styðja við atkvæðagreiðslu.

[21:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um það frumvarp sem við ræðum hér um launakjör þingmanna, sem er sáttagjörð úr nefnd sem allir þingflokkar skipuðu fulltrúa sína í. Ég tel að sú sáttagjörð sé viðunandi eins og hún birtist í frumvarpinu. Ég er sáttur við að ábyrgð Alþingis færist nær í ákvarðanatökunni og að við berum í raun og veru meiri ábyrgð á henni sjálfir með því að Alþingi skipi beint þrjá fulltrúa í kjararáð. Ég held að vandfundin verði önnur aðferð en sú sem hér er lögð til. Það er gott að við fórum þá leið að einfalda formið með að leggja niður annars vegar Kjaradóm og hins vegar kjaranefnd og settum málið í þann farveg sem það er í frumvarpinu. Ég tek líka undir að það sé mjög eðlilegt að skoða það hvort allir þeir hópar sem nú heyra undir kjararáð eigi heima þar í framtíðinni. Ég tel að það muni þróast á þann veg að svo verði ekki, hæstv. forseti.

Við munum styðja þetta mál í þingflokki Frjálslynda flokksins og teljum að þetta sé ágætlega ásættanlegur farvegur í þessum málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 503. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 735, nál. 1161 og 1398, brtt. 1162 og 1347.

[21:54]

Frsm. minni hluta samgn. (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta samgöngunefndar um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987. Frumvarpið er á þingskj. 735 og er 503. mál þingsins.

Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir fjalla margar um aukið umferðaröryggi og er minni hlutinn sammála þeim flestum og telur þær skref í rétta átt, margar hverjar löngu tímabærar.

Í 9. gr. frumvarpsins er hins vegar byggt undir heimildir Vegagerðarinnar til að viðhafa aukið eftirlit með ökutækjum o.fl. Lagt er til að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verði veitt aukið vald til að stöðva akstur farmflutninga- og hópbifreiða, banna frekari för þeirra og krefjast upplýsinga og gagna, án aðkomu lögreglunnar, og kalla til lögreglu til frekari úrvinnslu málsins síðar.

Minni hlutinn er á móti þessum auknu heimildum Vegagerðarinnar og því tvöfalda flókna kerfi sem hér er verið að auka og festa í sessi. Þetta kerfi mun verða flókið og þunglamalegt í framkvæmd. Minni hlutinn telur frekar þörf á að einfalda kerfið og gera það skilvirkara.

Bæði í umsögnum um frumvarpið og hjá gestum sem komu á fundi nefndarinnar voru gerðar verulegar athugasemdir við það fyrirkomulag sem 9. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir. Jafnframt bárust nefndinni undirskriftalistar frá aðilum í verktaka- og þungaflutningastarfsemi þar sem breytingunum er mótmælt.

Í störfum nefndarinnar kom fram að fram undan er heildarendurskoðun á umferðarlögum. Minni hlutinn leggur mikla áherslu á að við þá endurskoðun verði þessi mál skoðuð afar vel. Tryggt verði að umferðareftirlit á vegum landsins verði einfaldað og dregið úr hinu tvöfalda eftirliti sem nú ríkir og verið er að auka með samþykkt 9. gr. frumvarpsins.

Fram til þess tíma að heildarendurskoðun laganna fer fram leggur minni hlutinn áherslu á að ríkislögreglustjóri og Vegagerðin hafi mikla og góða samvinnu um umferðareftirlit á vegum landsins. Horft verði til þess fyrirkomulags sem áður gilti í þeim efnum.

Einnig er í frumvarpinu lögð til 100% hækkun á umferðaröryggisgjaldi. Minni hlutinn telur að skattheimta ríkissjóðs á bifreiðaeigendum sé þegar allt of mikil og leggst því enn fremur gegn þessari auknu skattheimtu ríkisstjórnarinnar á bifreiðaeigendur.

Undir nefndarálitið rita auk mín Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Guðjón A. Kristjánsson.

Þess má geta að hv. þm. Jón Bjarnason, sem situr sem áheyrnarfulltrúi í samgöngunefnd, er sammála þessu nefndaráliti.

Virðulegi forseti. Eins og kemur fram í þessu nefndaráliti eru flestallar greinar frumvarpsins þannig að um þær ætti að vera fullt samkomulag. Þær snúast um að auka umferðaröryggi og skjóta stoðum undir frekara eftirlit eins og t.d. með ökuritum og ökuskífum. En það er fyrst og fremst 9. gr. sem við gerum verulegar athugasemdir við eins og kom fram í nefndarálitinu og er það rökstutt og stuðst við fjölmargar umsagnir sem bárust nefndinni svo og umkvartanir ýmissa sem komu sem gestir á fundinn.

Áður en ég fer yfir nokkur af þeim erindum sem bárust og umsagnir um 9. gr. vil ég taka nokkur dæmi sem geta komið upp í þessu sambandi. Það er auðvitað alveg til í dæminu að vegagerðareftirlitið, eða vegagerðarlöggan eins og sumir kalla það, geti stoppað bíl, skoðað hann og séð ekkert athugavert og hleypt honum áfram. Eftir nokkrar mínútur gæti hann þess vegna mætt lögreglunni sem þá gæti tekið bílinn til skoðunar eða það sem er enn verra ef maður snýr þessu við, að lögreglan mætti bíl, stoppaði hann til að gera athugasemdir og skoða t.d. farm eða heildarþunga en sér ekkert athugavert og hleypir honum áfram. Eftir smástund gæti vegagerðarlögreglan, vegagerðareftirlitið, stoppað viðkomandi bíl, gert athugasemdir við heildarþunga bílsins og hvernig farmurinn er á bílnum og stöðvað hann — viðkomandi bílstjóri verður að hlíta því að vera stöðvaður þar sem hann er og þess vegna í vegarkanti þjóðvegarins, en á mörgum stöðum er nú ekkert svakalega mikið um útskot og stæði til að fara út af með þessa stóru og miklu bíla — og kallað á lögregluna sem áður var búin að sleppa bílnum. Vegagerðareftirlitið gæti kallað hana til og beðið hana að koma til að sjá um lögregluþáttinn í málinu. Svona flókið getur þetta kerfi orðið.

Annað dæmi má taka. Ef vegagerðarlögreglan eða eftirlitið stoppar bíl, við skulum segja bara uppi á miðjum Möðrudalsöræfum, þá verður viðkomandi bílstjóri að hlíta þeirri ákvörðun og stoppa bílinn og bíða þar til lögregla verður kölluð á staðinn sem kæmi þá annaðhvort frá Húsa-

vík eða Egilsstöðum. Þetta er nú það kerfi sem hér er verið að setja upp, þetta er tvöfalt kerfi, þ.e. lögreglan og lögreglubílar á ferðinni, Vegagerðin á vegagerðarbílum á ferðinni við að skoða suma af þessum sömu þáttum.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að enginn annar en lögreglan hefur heimild til að stöðva bíla t.d. til að taka áfengissýni eða annað slíkt. Þannig er þetta tvöfalda kerfi sem sett er hér upp fyrir utan það óhagræði og þá vitleysu sem er í kringum þetta. Þar að auki eru margar umsagnir sem vara við þessari breytingu vegna þess að það er skýrt í lögreglulögum að enginn annar en lögreglan hefur þær heimildir sem þarf til að framfylgja þessum málum enda var varað við þessu. Í fjölmörgum umsögnum sem bárust nefndinni er fjallað um þetta. Ég ætla fyrst að grípa niður í umsögn sem barst frá ríkislögreglustjóra og er undirrituð af Steinari Adolfssyni, löglærðum fulltrúa, en þar segir m.a. um 9. gr., með leyfi forseta:

„Í umsögn um frumvarpsdrögin setti ríkislögreglustjórinn fram þá skoðun sína að það eftirlit sem ákvæðið fjallar um eigi alfarið að vera í höndum lögreglu sem fer með rannsóknar- og ákæruvald. Það var áréttað að margar aðgerðir sem verið er að fela eftirlitsmönnum vegagerðarinnar eru í eðli sínu lögregluaðgerðir sem varða ætluð brot á umferðarlögum og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Í því sambandi var einnig vísað til athugasemda lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarpsdrögin."

Í umsögn sem barst frá sýslumanninum á Selfossi, Ólafi Helga Kjartanssyni, segir m.a. um 9. gr., með leyfi forseta:

„Í 9. gr. frumvarpsins sem breytir þeirri 68. í umferðarlögunum er skynsamlegt að hafa skýrt ákvæði í 1. málsgrein sem heimilar lögreglu að taka ökutæki sem bersýnilega uppfyllir ekki skilyrði til að teljast í lögmæltu ástandi úr umferð og sömu afleiðingu ætti það að hafa að neita að færa ökutæki til skoðunar." Síðan kemur lokamálsgreinin: „Varðandi lokamálsgreinina virðist eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar fengið nánast lögregluvald sem er á skjön við lögreglulög nr. 90/1996 en í 9. gr. þeirra eru þeir greindir með tæmandi talningu sem fara með lögregluvald. Afar óheppilegt er að misskilningur kunni að skapast um það hvar vald liggur. Sama kynni að mega lesa úr 4. málsgreininni."

Í umsögn ríkissaksóknara um umrædda 9. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Í 9. gr. frv. frumvarpsins er m.a. að finna ákvæði um auknar heimildir Vegagerðarinnar til að framfylgja eftirliti með afmörkuðum þáttum. Ekki eru gerðar athugasemdir við ákvæðið en rétt er að leggja áherslu á að almennt verði farið varlega í að veita öðrum stofnunum en lögreglu rannsókn refsiverðra brota. Lögregla getur, með öflun sérþekkingar og sérstakra tækja, sinnt flóknum málum á ýmsum sérsviðum."

Landssamband lögreglumanna sendi ítarlega greinargerð og fylgdi máli sínu vel eftir en Páll E. Winkel, framkvæmdastjóri félagsins, kom á fund nefndarinnar og fjallaði um það. Ég get því miður ekki á lokadögum þingsins, virðulegi forseti, lesið þá greinargerð alla sem er mjög ítarleg, greinargóð og skýrir sjónarmið þeirra og sýnir fram á eins og aðrar umsagnir hversu varhugavert og allt að því vitlaus þessi 9. gr. er. Ég vísa til umsagnar Landssambands lögreglumanna sem fjallar m.a. um umræddu grein lögreglulaga. Umsögnin er skýr um það hverjir hafa það vald sem við erum hér að tala um en erum að útdeila til annarra á annan hátt.

Virðulegi forseti. Ég gat þess í nefndarálitinu að skrifleg mótmæli hafi borist frá fjölmörgum eigendum flutningafarartækja, vörubíla og annarra. Ef ég man rétt voru það um 1.000 undirskriftir. Sömu aðilar sendu líka umsögn til samgöngunefndar þar sem þeir gera grein fyrir sjónarmiði sínu og taka ýmis dæmi eins og dæmið sem ég tók um að hægt væri að stoppa bíl uppi á fjöllum, uppi á öræfum eða einhvers staðar, kalla til lögreglu sem ef til vill væri tvo, þrjá eða fjóra tíma að komast á viðkomandi stað svo hægt væri að klára málið. Þeir gagnrýna þetta mjög og vara við þessu tvöfalda kerfi. Sama má segja um Landssamband vörubifreiðastjóra sem fjallar um þetta mál og gagnrýnir það.

Ég gat þess líka, virðulegi forseti, að við gerum athugasemdir við þá grein þar sem umferðaröryggisgjaldið er hækkað um 100%. Í umsögn frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda er þetta mál rakið og fjallað um það sem nýlega kom fram í svari hæstv. samgönguráðherra við fyrirspurn minni á Alþingi um heildarskatttekjur ríkissjóðs af bifreiðanotkun og bifreiðainnflutningi tíu ár aftur í tímann þar sem m.a. kemur fram að heildarskatttekjur ríkissjóðs af umferð voru 47 milljarðar kr. á árinu 2005. En til vega og Vegagerðarinnar var varið ríflega 13 milljörðum kr. Þessar skatttekjur hækkuðu um tæplega 25% frá árinu 2004. Þarna er sem sagt lagt til að hækka umferðaröryggisgjaldið um 100% eða ná sér í vasa í bifreiðaeigenda 35–40 millj. kr., nýjar, til að setja í þetta. Nú er ég ekki, virðulegi forseti, að gagnrýna með þessu að auknu fé verði varið til Umferðarstofu til að framfylgja þeim málum sem þeir eiga að gera. Þeir peningar eru þegar til í ríkissjóði og ætti að nota í það verk sem þarna er án þess að hækka þennan skatt.

Ég sagði það líka áðan, virðulegi forseti, að lögreglustjórinn í Reykjavík hafi bent á vankantana á 9. gr. og þeir vitna líka í þau lög sem ég hef hér gert að umtalsefni og gagnrýna að vegaeftirlitsmönnum sé fengið þetta vald.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir nokkrar umsagnir sem bárust nefndinni út af málinu og þessum vondu greinum í frumvarpinu og ég vil ítreka það enn einu sinni að sú för sem hér er verið að fara, að festa þetta í sessi, er alveg með ólíkindum að skuli vera farin af ríkisstjórnarflokkunum, svo ekki sé talað um það sem boðað var að samgönguráðuneytið ætli að beita sér fyrir því að umferðarlögin verði endurskoðuð núna og komi væntanlega til þings á næsta þingi. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að við teljum að það hefði mátt halda í það kerfi sem var, þar sem var samstarf ríkislögreglustjóra og Vegagerðar, þar sem einn lögreglumaður og einn vegaeftirlitsmaður voru í hverjum bíl og fóru um landið í þetta eftirlit.

Ég ítreka það líka, virðulegi forseti, að við segjum í nefndaráliti að við teljum að það eigi að einfalda þetta kerfi og það mætti alveg hugsa sér að gera þannig að lögreglunni verði gert kleift að hafa bæði bifreiðar og tækjabúnað, þekkingu og annað til að fylgjast m.a. með hleðslu bíla, sem þeir hafa náttúrlega í dag. Þeir stoppa auðvitað bíla sem þeir sjá með ólöglega hleðslu, ég tala nú ekki um og kannski það sérstaklega sem Vegagerðin er að sækjast í,

þ.e. eftirlit með heildarþyngd bifreiða. Því það er auðvitað mjög alvarlegt brot þegar bifreiðar eru hafðar of þungar og keyra um þjóðvegi landsins og skemma þá og skapa m.a. umferðarhættu vegna skemmda á malbiki og öðru. En þetta tel ég að lögreglan geti alveg hiklaust framkvæmt eins og hver annar og það eigi að vera þáttur lögreglunnar að fylgjast með þessum þætti eins og öðrum þáttum sem þeir fylgjast með í umferðinni þegar þeir fara um þjóðvegi landsins.

Virðulegi forseti. Það er komið að lokum þessa þings og mörg mál bíða. Ég hefði sannarlega viljað að þetta mál hefði komið fyrr til umræðu og þá hefði verið hægt að fara betur yfir það og rökstyðja málflutning okkar betur með tilvitnun í umsagnir sem komu og sýna kannski enn betur fram á hversu vitlaust þetta er.

Virðulegi forseti. Það eru kannski þessar tvær greinar sem við gerum sérstaklega athugasemdir við. Vinnan í nefndinni var ágæt, það var farið yfir þetta og ég hygg að á ákveðnum tímapunkti hafi menn verið farnir að sjá hversu slæmt þetta var en því miður var haldið áfram og málið klárað á þann hátt.

[22:11]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og kom fram hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller er rétt að í bígerð er að endurskoða þessi lög og í greinargerð meiri hluta samgöngunefndar kemur fram að ráðuneytið hefur áform um það og hefur þegar rætt við Félag lögreglumanna um að þeir komi þegar að því máli.

Aðeins til að skerpa á því hvað hér er að gerast þá er rétt að benda á að samkvæmt 68. gr. laganna er lögbundið nú þegar að Vegagerðin annist eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Jafnframt er það lögbundin heimild eftirlitsmanna Vegagerðarinnar til stöðvunar ökutækja til að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti eða með öðrum hætti.

Þetta mál er til komið eins og áður hefur komið fram vegna tveggja hæstaréttardóma þar sem skoðun vegaeftirlitsmanna var dæmd ómerk vegna þess að það vantaði ákvæði í þau lög sem hér er væntanlega verið að staðfesta.

Aðeins varðandi tekjuöflun til vegagerðar en mönnum hættir mjög til að gera tvö atriði tekna og gjalda að umræðuefni. Það er annars vegar hverjar tekjurnar eru og hins vegar hvað fer í vegaframkvæmdirnar. Ég held að það sé nauðsynlegt líka að líta til fleiri átta. Hvað kostar svo vegaumferðin þjóðfélagið? Því miður vegna allt of margra slysa og afleiðinga þeirra og löggæslu sem þarf að hafa vegna umferðar og fleiri þátta sem koma þarna saman. Það eru því auðvitað miklar öfgar þegar þessar tvær tölur eru bornar saman án þess að litið sé yfir alla flóruna.

Ég tek undir með hv. þm. Kristjáni Möller um að samstarfið var gott í nefndinni og það var farið mjög gaumgæfilega yfir þessi mál en svo auðvitað eins og vill gerast oft í nefndum þá skerast leiðir og álit manna er sitt hvað varðandi lögin.

[22:13]

Frsm. minni hluta samgn. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins vegna þess sem talað var um ökurita eða ökuskífuna svokölluðu. Það er hluti af þessu máli sem ég hef talað um og er sjálfsagt að samþykkja að skjóta frekari stoðum undir lögin um það þannig að dómstólar geti tekið á því máli þegar um brot á því er að ræða.

Þar með er ég ekki endilega að segja og ég ætla ekki að lengja umræðuna um það að fara að tala um hvaða klukkustundafjölda eigi að nota fyrir þá sem eru að keyra á Íslandi. Það er eins og menn hafa stundum tekið dæmi um, það er ákveðinn hámarkstími á akstri sem þarf fyrir flutningabíla og rútubíla o.s.frv. en menn hafa stundum sagt sem svo að aðrir, t.d. leigubílstjórar, megi þess vegna keyra allan sólarhringinn þannig að það er svolítið á skjön við það sem er.

Varðandi þann þátt annan sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar, nefndi áðan um tekjur ríkissjóðs er það þannig að við berum saman skatttekjur ríkissjóðs af bifreiðanotkun og bifreiðainnflutningi sem gera 47 milljarða á síðasta ári og tökum svo þá peninga sem renna til reksturs Vegagerðarinnar, nýbyggingar vega, eftirlits, viðhalds, þar með talin hálkuvörn, og allra þessara þátta þá er það auðvitað þannig að ríkissjóður þarf að borga einhverjum öðrum ákveðna upphæð en það hefur ekki verið tekið inn í skattlagningu að fjármagna það sem kann að gerast á þjóðvegum landsins þar sem slys eru allt of mörg.

En virðulegi forseti, eins og ég sagði áðan þá stendur eftir að ágreiningur er um þessar tvær greinar. Þar skilur á milli meiri hluta og minni hluta en aðrar greinar í nefndarálitinu eru bóta. Ég get líka sagt það að lokum að ég er sammála því að það var til bóta að færa umferðaröryggismál úr dómsmálaráðuneytinu í samgönguráðuneytið.

[22:15]

Jón Bjarnason:

Virðulegi frú forseti. Hér er til 2. umr. frumvarp til laga um breytingar á umferðarlögum. Hv. þm. Kristján Möller hefur gert grein fyrir minnihlutaáliti sem ég styð. Þar er farið yfir þær meginathugasemdir sem við gerum við frumvarpið. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það en vil þó ítreka það sem hér hefur komið fram, þ.e. athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins, þar sem verið er að færa lögregluheimildir til eftirlitsmanna Vegagerðarinnar. En samkvæmt frumvarpinu er eftirlitsmönnum Vegagerðar heimilt að stöðva akstur farmflutninga- og hópbifreiða hvenær sem er til að sinna skilgreindu eftirliti með þeim.

Nú er það svo að það að stöðva flutningabifreið og rannsaka hana er lögregluaðgerð. Samkvæmt lögum hafa lögreglumenn einungis heimild til þess. Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar er þarna með mjög alvarlegum hætti stillt upp við vegg. Verið er að gefa þeim heimild til að stöðva bifreið og spyrja hvort þeir megi skoða þetta eða hitt. Ef viðkomandi segir nei geta þeir ekkert gert. Þá verða þeir að kalla til lögreglu ef rannsaka á bifreiðina.

Sé eitthvað athugavert og jafnvel sakhæft eða refsivert á samkvæmt lögreglulögum að taka skýrslu á vettvangi þar sem meint brot eða hugsanleg brot gætu hafa verið framin.

Vegaeftirlitsmennirnir hafa enga heimild til að taka skýrslu og mega það í rauninni ekki. Þá getur sá sem um er að ræða, og grunaður er um að hafa brotið af sér, ekki heldur varið sig. Hann getur ekki heldur gert athugasemdir við skýrslu sem ekki er hægt að taka. Skýrslugerð, ef um meint saknæmt athæfi er að ræða, verður að fara fram á næstu lögreglustöð. Það getur verið mörgum dögum seinna þess vegna. Vegaeftirlitsmennirnir hafa enga heimild til að skila einhverri skriflegri greinargerð í sjálfu sér um það. Þeir eru ekki marktækir hvað það varðar. Þá verða þeir að kalla viðkomandi inn til skýrslutöku hjá lögreglunni.

Þannig að þessi aðgerð öll er röng. Hún stríðir gegn lögum og rétti og réttarvitund fólks. Hún skerðir réttarfarslega möguleika þeirra sem hlut eiga að máli og á það hefur verið bent. Mig minnir að það hafi verið í fyrra, eða hvort það var í hittifyrra, að hluti af þeim breytingum sem hér er verið að innleiða enn frekar var leiddur í lög. Þar var verið að heimila vegaeftirlitsmönnum ákveðna þætti í þessu. Þá flutti ég um það breytingartillögu og lagðist alfarið gegn því að verið væri að færa vegaeftirlitsmönnum eitthvert lögregluvald sem þeir hafa alls ekki réttindi til.

Landssamband lögreglumanna hefur varað mjög alvarlega við þessu. Telur að þarna sé ekki aðeins um tvíverknað að ræða og óhagræði í öllu eftirliti heldur einnig um hæpinn lögformlegan gjörning að ræða og leggst alfarið gegn þessu og varar við þessu. Lögreglumenn eru jú með sérhæfða menntun til að fást við mál af þessu tagi, þ.e. að beita frelsissviptingu, og hafa líka til þess lögformlega stöðu. Vegaeftirlitsmenn hafa það ekki.

Þess vegna, frú forseti, gengur þetta frumvarp í berhögg við hagsmuni borgaranna hvað þetta varðar þar sem réttarstaða þeirra verður veikt, réttur þeirra til að reka mál sitt og standa fyrir máli sínu.

Okkur var einnig sýnt fram á að Vegagerðin er þegar farin að auglýsa eftir mönnum í þetta verk og þá var okkur bent á af hálfu lögreglumannanna hversu litlar hæfniskröfur eru gerðar til umferðareftirlitsmanna. Samkvæmt auglýsingu sem birtist sunnudaginn 11. desember 2005 — þá var auglýst eftir mönnum til að taka að sér svona verkefni, þetta er að hluta til þegar komið til framkvæmda — eru aðeins gerðar kröfur um stúdentspróf eða sambærilega menntun, tölvu- og málakunnáttu, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt og góða samstarfshæfileika. Gott og vel með þessi atriði. En engin krafa er gerð um lögreglumenntun eða menntun á sviði löggæslu eða hvernig með skuli fara þegar verið er að beita frelsissviptingu eða slíku.

Ég vil einnig nefna annað atriði sem bent hefur verið á. Þau lög sem hér er verið að setja um eftirlitið eru mjög sniðin að stórum fyrirtækjum, að það séu fyrirtæki sem reki þessa bíla en ekki einyrkjar. Það lýtur t.d. að einhverjum EES-reglum sem þarf að innleiða hér varðandi aksturstíma og sitthvað fleira. Ég ætla ekki að gera lítið úr öryggisþáttum en ég minni á umsögn Landssambands vörubifreiðastjóra þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þessar EES-reglur eru líka hugsaðar með akstur milli landa í huga og passa alls ekki við akstur innanlands. Þessar reglur gera til dæmis einyrkjum ókleift að vera með rekstur samkvæmt j-lið." — Þ.e. þeirrar greinar þar sem verið er að taka á aksturstíma viðkomandi bifreiðar. — „Mjög margar hópbifreiðar og vörubifreiðar eru reknar hér á landi af einyrkjum, slíkt rekstrarform er mjög sjaldgæft erlendis og því gera þessar reglur ekki ráð fyrir slíkum rekstri. Því spyrjum við: Ætlar Alþingi að gera einyrkjum ókleift að vera með slíkan rekstur í landinu?"

Ég tek undir aðvaranir og ábendingar Landssambands vörubifreiðastjóra. Þessar reglur eru fyrst og fremst sniðnar að stórum fyrirtækjum þar sem margir menn keyra sama bíl o.s.frv. Við höfum státað af því hér á landi að standa vörð um einstaklingsrekstur, um einyrkjarekstur. Hann er mikilvægur í okkar atvinnulífi. En EES-reglurnar, sem stöðugt er verið að innleiða hér, miða að því að lama einstaklingsreksturinn eins og Landssamband vörubifreiðastjóra bendir líka á.

Mér finnst ansi hart að verða hér að deila á Sjálfstæðisflokkinn, sem hefur fram að þessu staðið fyrir hinum klassísku gildum einstaklingsins og möguleikum hans til rekstrar, fyrir að vera stöðugt að innleiða regluverk sem skerðir möguleika einstaklingsrekstursins, færa allt meira og meira inn í hóprekstur eða stórfyrirtækjarekstur. Öðruvísi mér áður brá.

En það er svo í þessu sem og mörgu öðru að Vinstri hreyfingin – grænt framboð stendur vörð um einstaklingsframtakið og mun gera áfram þó að Sjálfstæðisflokkurinn sé búinn að svíkja þann málstað sinn. Hann svíkur hann æ ofan í æ og ber fyrir borð hagsmuni einstaklinga í rekstri.

Ég held það sé mjög mikilvægt að taka þetta fram hér vegna þess að þessi gegndarlausi undirlægjuháttur við það sem menn kalla EES-reglur, og sjálfstæðismenn taka þátt í að innleiða, bitnar æ ofan í æ á rétti einstaklingsins til að stunda atvinnurekstur. Einyrkjareksturinn hefur borið íslenskt samfélag uppi lengst af og mun gera það áfram ef hann fær svigrúm til. Ég harma því þá stefnu Sjálfstæðisflokksins að leggjast á einyrkjana eins og gert er í þessu lagafrumvarpi, samanber ábendingar Landssambands vörubifreiðastjóra.

Frú forseti. Ég get að öðru leyti einungis vísað til ágætrar greinargerðar hv. þm. Kristjáns Möllers varðandi það hvernig verið er að færa vegaeftirlitsmönnum lögregluvald, sem er rangt. Ég tek líka undir þau orð hv. þm. Kristjáns Möllers, sem koma fram í nefndarálitinu, að verið sé að færa aukinn kostnað af eftirliti með þessari starfsemi yfir á fyrirtækin og sá kostnaður leggst hvað þyngst á einstaklingsreksturinn, á einyrkjareksturinn. Hinir sem eru með stórfyrirtækin í þessum vöruflutningarekstri eða akstri á fólksflutningabílum koma miklu betur út. Þyngst leggst þessi kostnaður á einstaklings- og einyrkjareksturinn. Þeirri stefnu er ég líka andvígur, frú forseti.

Ég læt þetta gott heita. Ég get ekki stutt þær greinar sem lúta að þeim þremur atriðum sem ég hef nefnt.

[22:28]

Frsm. meiri hluta samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason heldur því fram að það sem skrifað stendur í texta þessa lagabálks gangi í berhögg við hagsmuni borgaranna. Er það gegn hagsmunum borgaranna að umferðaröryggis sé gætt á veg-

um sem eru því miður ekki nema 6,5 metra breiðir? Hv. þm. Jón Bjarnason hefur oft talað um að það sé óalandi og óferjandi að sjóflutningar hafi lagst af o.s.frv. einmitt vegna þess hvernig vegirnir eru? Nú er allt í einu nauðsynlegt að auka umferðina enn frekar og hafa þetta heldur frjálsara en verið hefur.

Ég benti á það áðan að í frumvarpinu er lagt til að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verði veitt aukið vald til að stöðva akstur farmflutninga- og hópbifreiða, banna frekari för þeirra og krefjast upplýsinga og gagna án aðkomu lögreglu. Hér er um að ræða ökutæki sem eru 3,5 tonn eða meira.

Við vitum það hv. þingmaður að kæruleysi þungaflutningabílstjóra hefur færst í vöxt, þeir hafa ekki gengið almennilega frá farmi. Það gerist meira að segja hér á götum höfuðborgarinnar. Það gerist inn til sveita og í afdölum þar sem menn telja sig geta ekið án þess að eiga yfir höfði sér að lögreglan sé á ferðinni.

En nú hafa þau undur og stórmerki gerst að vegagerðarmenn hafa verið sýnilegri og það er talsverður munur frá því sem áður var hve kærum og brotum af slíku tagi hefur fækkað. Ég vil í lokin vitna til ályktunar Umferðarráðs um þetta mál, með leyfi forseta:

„Stjórn Umferðarráðs álítur að með samþykkt þessa frumvarps, um breytingu á umferðarlögum, náist margt fram sem stuðlar að auknu umferðaröryggi. ... Þá er það skoðun stjórnarinnar að skilvirkt starf sérstakra eftirlitsmanna Vegagerðarinnar auki löggæslu á vegum, sem að mati stjórnarinnar er allt of lítið hér á landi. Til framtíðar litið má ætla að náið samstarf lögreglu og eftirlitsmanna Vegagerðarinnar aukist á nýjan leik, vegfarendum ótvírætt til aukins umferðaröryggis."

[22:30]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni um nauðsyn á að auka öryggi á vegum. Vegir eru allt of mjóir og oft og tíðum of veikburða til að bera mikla og þunga flutninga. Við höfum staðið saman að því að hvetja til að koma aftur á strandsiglingum sé þess nokkur kostur. Við stöndum saman í því og ég er honum hjartanlega sammála. Þeim atriðum í þessu frumvarpi sem lúta að öryggismálum almennt er ég sammála.

Hins vegar gerði ég að umtalsefni 9. gr. þar sem vegaeftirlitsmönnum er gefin heimild til að stöðva ökutæki, beita að hluta til lögregluaðgerðum án þess að borgarinn njóti réttar síns. Sá sem beitir stöðvunarákvæðinu hefur engan rétt til að krefjast þess. Hann getur ekki tekið skýrslu og getur ekki staðið við það sem hann er að gera. Sé einhver vafi á réttarfarslegri heimild eða lögregluheimild þá má hann ekki gera neitt og viðkomandi verður þá að kalla til lögreglu, sem getur tekið lengri tíma. Viðkomandi verður að mæta á næstu lögreglustöð til að gefa skýrslu löngu seinna, eftir að atburðurinn á sér stað. Borgarinn, eða sá sem á hlut að máli, fær ekki að fara þá réttarfarslegu leið til að gæta hagsmuna sinna sem eðlileg gæti talist.

Ég vildi leggja áherslu á þetta og vara við því. Ég tek undir aðvörunarorð Landssamband lögreglumanna og reyndar líka ríkissaksóknara um að ekki eigi að færa löggregluvald til venjulegra vegaeftirlitsmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 404. mál (opinber hlutafélög). — Þskj. 520, nál. 1086 og 1164, brtt. 1087 og 1165.

[22:33]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög), frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Nefndarálitið er að finna á þskj. 1086. Í því kemur fram hvaða gestir heimsóttu nefndina og hvaða umsagnir bárust nefndinni. Einnig er rætt um tilgang frumvarpsins og þess getið að samhliða þessu máli ræddi nefndin annað frumvarp sem fjallar um opinber hlutafélög, 436. mál, og tók að einhverju leyti tillit til efnisatriða þess máls við umfjöllun málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til nokkrar breytingar. Ég mun geta tveggja þeirra en vísa að öðru leyti í nefndarálitið.

Í fyrsta lagi er lagt til, í staðinn fyrir að segja að hlutafélagið sé í eigu opinberra aðila, bætist við: Beint eða óbeint. Þá er tekið mið af því að t.d. Landsvirkjun, sem er í eigu tveggja sveitarfélaga og ríkisins alfarið, getur stofnað hlutafélag með einhverju sveitarfélagi. Þá er það óbeint alfarið í eigu opinberra aðila og fellur því undir lögin.

Í tengslum við umfjöllun um aðalfundi, þar sem fulltrúar fjölmiðla mega sækja aðalfund, fór fram ítarleg umræða um hvort ekki væri eðlilegt að kjörnir fulltrúar frá eigendum yrði einnig heimilt að sitja þá fundi. Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram komu er lagt til að kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, sé heimilt að sækja aðalfundi með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir. Meiri hlutinn telur að með því að leyfa skriflegar fyrirspurnir á aðalfundum verði auðveldara en ella að afla upplýsinga um opinber hlutafélög, sem áður voru opinberar stofnanir og lutu þá sem slík m.a. upplýsingalögum og stjórnsýslulögum. Með þessu nálgast menn þau lög. Að öðru leyti vísa ég til nefndarálitsins hvað þetta varðar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, Dagný Jónsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Ásta Möller.

[22:36]

Útbýting:

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 794. mál, brtt. KLM, þskj. 1462.

[22:36]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, með síðari breytingum. Hér er um að ræða ákvæði um opinber hlutafélög, þ.e. að taka ákvæði um opinber hlutafélög inn í hlutafélagalögin.

Samhliða umfjöllun um frumvarp viðskiptaráðherra um breytingu á hlutafélagalögum fjallaði nefndin um frumvarp frá þingmönnum Samfylkingarinnar um sama efni. Það frumvarp gengur talsvert lengra í þá átt að auka aðhald kjörinna fulltrúa hvað varðar hlutafélög í eigu ríkis eða sveitarfélaga, bæði með því að veita þeim seturétt á hluthafafundum með fullt málfrelsi sem og skilgreindan rétt til upplýsinga um starfsemi opinberra hlutafélaga. Þessi umfjöllun hafði þau áhrif að 1. minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar ákvað að leggja til að inn í frumvarp viðskiptaráðherra komi ákvæði sem veiti eftir atvikum þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum ákveðinn en þó mjög afmarkaðan rétt.

Minni hluti nefndarinnar ákvað sem sagt að vinna upp úr frumvarpi þingmanna Samfylkingarinnar breytingartillögur sem við leggjum fram við frumvarp viðskiptaráðherra.

Þannig hafa þingmenn samkvæmt tillögunni einvörðungu rétt til að sitja aðalfundi opinberra hlutafélaga en hafa þar ekki málfrelsi heldur aðeins rétt til að leggja fram skriflegar fyrirspurnir, þ.e. þetta er breytingartillaga frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Þetta er vissulega skref í rétta átt en nær þó ansi skammt. Hluthafafundir í hlutafélögum eru ekki síður mikilvægir en aðalfundir og gjarnan til þeirra boðað ef taka þarf mikilvægar ákvarðanir sem varða starfsemi félaganna. Þess vegna er ekki ástæða til að gera greinarmun á aðalfundum og hluthafafundum varðandi aðkomu kjörinna fulltrúa. Aðrar breytingar sem meiri hlutinn hefur lagt til eru flestar til bóta en allar minni háttar. Frumvarpið stendur því eftir sem áður aðeins að takmörkuðu leyti undir þeim tilgangi sem því er ætlað, þ.e. að bæta aðgengi að upplýsingum um hlutafélög í opinberri eigu.

Minni hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 1. gr. segir að þá og því aðeins skuli hlutafélag teljast opinbert hlutafélag að það sé að fullu í eigu opinberra aðila, þ.e. 100%. Lögð er til breyting á þessari skilgreiningu þannig að hlutafélag teljist opinbert hlutafélag ef ríkið eða sveitarfélag hefur sömu tengsl við félagið og móðurfélag hefur við dótturfélag. Er þetta í samræmi við þá skilgreiningu sem notuð er í dönsku hlutafélagalögunum. Þetta þýðir í raun að félag telst opinbert hlutafélag ef ríki eða sveitarfélög eiga svo mikinn hluta hlutafjár í félaginu að þau fara með meiri hluta atkvæða. Samkvæmt þessu hefði t.d. Síminn talist opinbert hlutafélag þótt nokkrir einkaaðilar ættu örlítinn hlut í Símanum á sínum tíma. En samkvæmt frumvarpi viðskiptaráðherra og með þeim breytingum sem gerðar verða á því, ef breytingartillögur meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar ná fram að ganga, mundi t.d. fyrirtæki eins Síminn var áður en hann var einkavæddur ekki teljast opinbert hlutafélag.

2. Í 2. gr. er kveðið á um að farið skuli að jafnréttislögum við kjör í stjórn. Lögð er til breyting með það að markmiði að styrkja þetta ákvæði. Hlutfall kynjanna verði sem jafnast og þar sem því verði við komið verði hvort kyn um sig ekki undir 40% stjórnarmanna. Þetta viðmið næst ekki í þriggja manna stjórn en ætti ekki að vera vandkvæðum bundið í fjölmennari stjórnum. Það er mikilvægt, virðulegur forseti, að þessi breyting verði gerð. Hún er í samræmi við, það er rétt að segja frá því, ályktun sem samþykkt var í dag á fjölmennum fundi kvenna á Bifröst, sem kallað er tengslanet. Um 400 konur voru staddar á Bifröst og ræddu þar ýmislegt sem varðar stöðu kvenna í atvinnulífinu. Þær beindu m.a. þeirri áskorun til Alþingis að sett yrðu ákvæði í lög um að hlutur kvenna skyldi vera 40% stjórnarmanna.

3. Í 5. gr. er kveðið á um rétt fjölmiðla til að sækja aðalfund opinberra hlutafélaga. Lögð er til sú breyting að kjörnum fulltrúum á Alþingi og í sveitarstjórnum, eftir því sem við á, verði heimilað að sitja hluthafafundi og taka þar til máls. Þarna er gengið lengra en í breytingartillögu meiri hlutans sem leggur til að kjörnir fulltrúar hafi aðeins heimild til að sækja aðalfundi opinberra hlutafélaga og leggja þar fram skriflegar fyrirspurnir. Þeir mega mæta á aðalfundina, ekki hluthafafundi. Þeir mega ekki taka til máls á aðalfundunum en koma fram með skriflegar fyrirspurnir og leggja fyrir fundinn. En svo er undir hælinn lagt hvort þeim yrði svarað á fundunum.

4. Lagt er til að við 8. gr. bætist fimm nýir málsliðir. Þar verði kveðið á um skyldu stjórnar og framkvæmdastjóra í opinberu hlutafélagi til að veita þeim ráðherra eða framkvæmdastjóra sveitarfélags sem fer með eignarhlut hins opinbera aðila í félaginu upplýsingar um starfsemi félagsins, verði eftir því leitað. Rétturinn til upplýsinga verði sambærilegur og kveðið er á um í upplýsingalögum en þó megi undanskilja upplýsingar sem varða samkeppnisrekstur félagsins. Beiðni um upplýsingar skal vera skrifleg.

Rétt er að segja frá því að við drögum heldur úr því sem við lögðum sjálf til í frumvarpi okkar til að reyna að koma til móts við meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar og viðskiptaráðherra. Í frumvarpi þingmanna Samfylkingarinnar er ákvæði svipaðs efnis en það er þó víðtækara því þar er gert ráð fyrir að þingmenn geti kallað eftir upplýsingum frá félagsstjórn og framkvæmdastjóra, þ.e. að þingmenn geti það sjálfir en þurfi ekki að fara í gegnum ráðherra. Hér er farin sú leið að binda réttinn til upplýsinga við ráðherra og framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Þingmenn og/eða sveitarstjórnarmenn geta eftir sem áður óskað eftir upplýsingum um opinber hlutafélög með því að leggja fram fyrirspurn til viðkomandi ráðherra eða framkvæmdastjóra á viðeigandi vettvangi. Með þessu fyrirkomulagi ætti hinn formlegi réttur þingmanna til upplýsinga um opinber hlutafélög að vera sambærilegur rétti þeirra til upplýsinga um opinberar stofnanir nema hvað samkeppnisþáttinn varðar.

Undir þetta nefndarálit ritar auk mín Margrét Frímannsdóttir sem var á fundi nefndarinnar þegar málið var afgreitt.

Síðasta breytingartillagan sem ég fjallaði um er mjög mikilvæg. Í henni er skilgreindur réttur þingmanna til að leggja fram fyrirspurnir á þingi til ráðherra og ráðherrann

hafi síðan skilgreindan rétt til að fá svör frá framkvæmdastjórum eða stjórnum viðkomandi opinberra hlutafélaga, svör sem væru þá í samræmi við það sem kveðið er á um í upplýsingalögum. Þetta er mikilvægt, virðulegi forseti, vegna þess að æ fleiri opinberum stofnunum hefur verið breytt í hlutafélög. Þegar það er gert eru þessi hlutafélög undanþegin upplýsingalögum og stjórnsýslulögum. Með þessari breytingu eru þau ekki lengur undanþegin upplýsingalögum nema um þætti sem varða samkeppnisrekstur en þá þarf að leita úrskurðar hjá Samkeppnisstofnun um hvort rétt sé að undanskilja þær tilteknu upplýsingar. Þetta er mikilvægt, virðulegi forseti, til að koma í veg fyrir að ríkisvaldið komi opinberum stofnunum í hlutafélagarekstur til að koma þeim undan upplýsingalöggjöfinni, þ.e. koma í veg fyrir að þingmenn fái upplýsingar um ýmislegt sem rétt er að þeir viti um og þeir fengju greiðan aðgang að ef fyrirtækin væru opinber fyrirtæki en ekki hlutafélög.

Þetta er nefndarálit okkar í minni hlutanum, virðulegur forseti, og breytingartillögurnar eru fjórar talsins eins og ég gat um áðan.

[22:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér fer fram umræða um frumvarp til laga um opinber hlutafélög og mér finnst mjög mikilvægt að við ræðum þetta í því pólitíska umhverfi sem við hrærumst í nú um stundir. Frumvarpið er fram komið í og með til að réttlæta einkavæðingu og hlutafélagavæðingu opinberrar starfsemi.

Um áratuga skeið og ekki hvað síst á síðustu tíu, fimmtán árum hafa verið sett margvísleg lög um opinbera starfsemi til að tryggja upplýsingaskyldu, jafnræði, réttindi starfsfólks og ráðstöfun fjármuna sem frá almenningi eru komnir, enda stofnanirnar í eigu almennings. Þetta hefur ýmsum þótt vera til trafala og talað um að það þurfi að búa þessari starfsemi sveigjanlegri umgjörð og færa hana undan þessum stífu reglum og þess vegna komi fram þetta frumvarp um hlutafélög.

Þær reglur sem hér er verið að leggja til eru í öllum atriðum rýrari en þau lög og þær reglur sem opinber starfsemi býr við. Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum að gera þetta? Hvers vegna í ósköpunum að kosta því til að rýra réttindi starfsfólks í opinberum stofnunum og fyrirtækjum og koma síðan með einhvers konar kattarþvott af því tagi sem hér liggur fyrir?

Með hliðsjón af þessari pólitísku, félagslegu umgjörð munum við ekki styðja frumvarpið. Við munum ekki taka þátt í þeim kattarþvotti, við munum ekki gera það. Þetta er tilraun ríkisstjórnarinnar til að réttlæta einkavæðingu og hlutafélagavæðingu opinberrar starfsemi.

Hægt er að fara margar leiðir vilji menn auka á sveigjanleika opinberra stofnana. Ég nefni t.d. starfsemi sem nú stendur til að gera að hlutafélagi, þ.e. Flugmálastjórn, flugmálaeftirlitið í landinu og rekstur flugvallanna. Til stendur að gera hann að hlutafélagi til að gera hann sveigjanlegri.

Nefnd sem sett var á laggirnar á sínum tíma af hæstv. samgönguráðherra komst að þeirri niðurstöðu að hægt væri að fara fjórar leiðir. Ein leiðin væri vissulega að hlutafélagavæða starfsemina. Síðan var talað um að gera starfsemina að B-hluta stofnun, nokkuð sem mundi ná þeim markmiðum sem menn kváðu nauðsynlegt að ná. Þá leið má fara í ýmsum tilvikum og ég vek athygli á því að sú stofnun sem hefur verið til umræðu í þinginu á undanförnum vikum og mánuðum, Ríkisútvarpið, er B-hluta stofnun sem býr við umtalsverðan sveigjanleika.

Þessar tillögur snúa m.a. að því að fulltrúar ríkis og sveitarfélaga fái leyfi til að sækja fundi, aðalfundi eða hluthafafund, og bera fram skriflegar fyrirspurnir. Þakka skyldi. Verið er að færa þessar stofnanir undan eftirliti og forsjá sveitarfélaga og ríkis nema hvað fulltrúarnir mega koma inn og bera fram skriflegar fyrirspurnir. Þvílíkt og annað eins.

Vissulega hefur verið hreyft hugmyndum um það á Alþingi, m.a. af þingmönnum úr mínum flokki, að hyggja beri að því að setja löggjöf um hlutafélög í opinberri eign. Ég tel hins vegar að við þær aðstæður sem við búum við núna og með hliðsjón af þeirri starfsemi sem verið er að færa út á markaðstorgið sé þetta hreinlega ekki tímabært. Við eigum í sameiningu að standa vörð um þessa starfsemi, þau lög og þau réttindi sem Alþingi hefur sett í samráði, samvinnu og samningum við stéttarfélög starfsmanna. Þess vegna munum við ekki taka þátt í þessum kattarþvotti af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Við munum ekki styðja þær tillögur sem hér liggja fyrir.

[22:51]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, þ.e. um opinber hlutafélög og sérreglur sem gilda um þau. Ég ætla stuttlega einungis að fjalla um 2. gr. frumvarpsins.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir breytingu á 63. gr. laganna sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skal gæta sérstaklega að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla."

Af því tilefni fletti ég upp, frú forseti, í jafnréttislögunum og velti því fyrir mér hvað það væri í þeirri löggjöf sem ætti að gæta sérstaklega að við kjör í stjórn opinbers hlutafélags. Eftir greininni má ætla að hugsunin sé sú að tryggja með einhverju móti að konur og karlar skipist sem jafnast í stjórnir slíkra félaga. Þegar maður skoðar nánar þau lög sem skal gæta sérstaklega að ber maður fyrst niður í markmiðsgrein jafnréttislaganna þar sem segir að markmiðið sé að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla. Það segir jafnframt að allir einstaklingar skuli eiga jafna möguleika og er talið upp í liðum a–g hvaða markmiðum eigi að ná.

Í b-lið segir að vinna eigi að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu og í d-lið er talað um að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu.

Mér finnst í rauninni, frú forseti, þessi tilvísun í 2. gr. frumvarpsins ekki hafa neitt efnislegt innihald, sama hvar ég ber niður í umræddri jafnréttislöggjöf. Ef maður skoðar markmiðsgreinina og síðan þetta eins og það er orðað get ég ekki séð að það sé efnisinnihald í 2. gr. frumvarpsins.

Síðan er líka fróðlegt að skoða IV. kafla laganna sem

fjallar um bann við mismunun á grundvelli kynferðis þar sem segir að hvers konar mismunun eftir kynferði, hvort heldur er bein eða óbein, sé óheimil. En síðan segir í 2. mgr. 22. gr. að heimilar séu sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna og líka að aðrar aðgerðir til að auka möguleika kvenna eða karla sérstaklega til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna gangi heldur ekki gegn lögunum.

Ég tel að þetta eigi við í þessu tilviki. Þetta eru lög sem Alþingi hefur sett sér sem hafa þetta markmið og þetta eru grunnlögin um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Því tel ég að í annarri löggjöf sem Alþingi hefur tök á að ná þessum markmiðum fyrir sitt leyti, þó að það sé einungis bundið við hlutafélög sem eru opinber, annaðhvort í eigu ríkis eða sveitarfélaga, þá sé óhjákvæmilegt annað — ef Alþingi ætlar að vera sjálfu sér samkvæmt — en að kveða sterkar að orði en gert er í 2. gr. frumvarpsins.

Þegar þetta er haft á orði, að kveða eigi sterkar að orði að þessu leyti, heyrir maður gjarnan að pólitísk sannfæring sumra stjórnmálamanna sé sú að þetta sé rangt á þeirri forsendu að rangt sé að konur skipi stjórnir til jafns við karla eingöngu út á kynferði sitt. Þessu ætla ég að leyfa mér að mótmæla vegna þess að í þessu felst að það séu ekki jafnmargar hæfar konur og karlar í samfélaginu til að skipa stjórnir. Ef maður gefur sér hins vegar að jafnmargar hæfar konur séu og karlar, þá standast þessi rök heldur ekki af því að þá er það ekki kynferðið sem ræður heldur hæfnin sem er jöfn.

Ákveðin nefnd, frú forseti, hefur fjallað sérstaklega um þetta, svokölluð tækifærisnefnd sem hv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra setti á fót á síðasta ári. Ég tek fram að við skulum ekki rugla saman annars vegar hlutafélögum í einkaeigu, einkageiranum, og hins vegar opinberum hlutafélögum, en það eru bara þau sem við erum að tala um núna. Þessi tiltekna nefnd lagði ekki til, ekki nefndin sem heild, að setja neinn kvóta eða neina slíka lögbundna reglu um einkageirann en hún fjallaði ekki sérstaklega um opinbera geirann. Þar tel ég, með vísan til jafnréttislaganna sem Alþingi hefur sett, óhjákvæmilegt að Alþingi fylgi jafnréttislögum og kveði sterkar að orði um opinber hlutafélög.

Þrátt fyrir að sú nefnd, tækifærisnefndin, hafi ekki sérstaklega lagt þetta til þá setur hún á nokkrum síðum í ágætri skýrslu sinni — og ég tek fram að sú sem hér stendur var ein af þeim sem skipuðu þá nefnd — það sem kallast innlegg í umræðuna. Þar er m.a. að finna viðurkenningu á því að af öllum þjóðum heims standa Norðmenn sig best, af þeim sem settu kvóta, nota bene ekki bara um opinber hlutafélög heldur um öll norsk fyrirtæki. Þetta er eftirtektarverð staðreynd henni hefur ekki mikið verið haldið á lofti. Jafnframt segir að talsverð samstaða virðist vera hérlendis um að kvótaleiðin sé hvorki vænleg né áhugaverð. Og síðan er tekið fram að Noregur hafði náð mestum árangri með því að setja kvóta.

Frú forseti. Í skýrslunni segir m.a., með leyfi forseta:

„Viðmælendur ræddu talsvert um mikilvægi þess að lífeyrissjóðir og opinberi geirinn gengju á undan með góðu fordæmi. Á meðan staðan hjá þessum aðilum væri ekki betri en raun ber vitni væri ekki hægt að setja pressu á einkageirann."

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Þó svo að óþarft sé að deila um gildi og mikilvægi þess að fjölga konum í stjórnum lífeyrissjóða og hjá hinu opinbera þá var það einnig skoðun margra viðmælenda að viðskiptalífið ætti að taka frumkvæðið í þessum efnum og órökrétt að bíða eftir opinberum stofnunum."

Afstaða nefndarinnar, sem ekki vildi setja í lög kvóta um fyrirtæki almennt, var þó sú — a.m.k. hluta þeirra viðmælenda sem nefndin vísar til — að eðlilegt væri að opinberi geirinn tæki frumkvæðið og væri öðrum fordæmi að þessu leyti.

Margt annað fróðlegt kemur fram í skýrslunni og ég ætla að árétta það enn og aftur að nefndin fjallaði ekki sérstaklega um konur eða fjölgun kvenna í opinberum hlutafélögum heldur var það einkageirinn sem hún var að fjalla um en það gilda allt önnur sjónarmið í rauninni um þetta. Ég er þeirrar skoðunar, frú forseti, og ákvað að gera bara þessa einu grein að umtalsefni í umræðunni, að óeðlilegt sé anað en að við kveðum sterkar að orði í 2. gr. frumvarpsins. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að óhjákvæmilegt sé að kveða á um einhvers konar kvóta. Það hafa margir sett sig gegn því að talað sé um kvóta í þessu sambandi og í raun ekki hægt að tala um kvóta þegar fólk er annars vegar. En ég tel óhjákvæmilegt annað en að breyta ákvæðinu og að það hafi efnislegt innihald og hljóði eitthvað í þá veru að það sé tryggt að hlutur kvenna og karla sé eins jafn og oddatala stjórnarmanna leyfir.

Ég vildi, frú forseti, gera grein fyrir þessari afstöðu minni í umræðunni. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en geri ráð fyrir að á milli 2. og 3. umr. muni ég leggja fram breytingartillögu sem að þessu lýtur.

[22:59]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar í ræðu hans áðan mun Vinstri hreyfingin – grænt framboð ekki styðja þetta frumvarp. En ég vil leyfa mér að taka undir orð hv. þm. Jónínu Bjartmarz um allt sem hún sagði varðandi 2. gr. frumvarpsins. Ég bendi á að helmingur þjóðarinnar eru konur, jafnhæfar körlum, og það er mikilvægt fyrir hvert fyrirtæki, hvort sem það er í opinberri eigu eða á hinum frjálsa markaði, að gæta jafnréttis varðandi stöðu karla og kvenna í stjórnum til að fá fram mismunandi sjónarmið og til að styrkja stöðu hvers fyrirtækis. Ég tek undir orð hv. þm. Jónínu Bjartmarz þótt ég taki ekki undir frumvarpið að öðru leyti.

[23:01]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hv. þm. Jónína Bjartmarz skuli taka undir þau sjónarmið sem minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar setur fram í nefndaráliti sínu um þennan þátt málsins, þ.e. að það sé ekki nógu skýrt kveðið á um það í frumvarpinu eins og það kemur frá viðskiptaráðherra hvernig tryggja eigi sem jafnastan hlut kvenna og karla í stjórnum opinberra hlutafélaga.

Ég vil minna á að eins og jafnréttislögin eru þá er það í sjálfu sér skylda fyrirtækja að grípa til aðgerða til að jafna

hlut kvenna og karla. Menn gleyma oft þeirri frumkvæðisskyldu sem fyrirtækin hafa í þá veru að leggja sitt af mörkum til að auka hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja og jafna hlut kvenna og karla til launa, valda og áhrifa í fyrirtækjum. Það er mikilvægt að þetta sé haft í huga og að a.m.k. ríkið gangi á undan með góðu fordæmi og sýni hvað það getur gert til þess að gera hlutinn sem jafnastan.

Eins og ég sagði var samþykkt á fjölmennum fundi kvenna á Bifröst í dag að skora á Alþingi að beita sér fyrir löggjöf þess efnis að hlutur kvenna eða annars hvors kynsins í stjórnum fyrirtækja sé ekki undir 40%. Ástæðan fyrir því að þetta var samþykkt í dag er sú að fyrir allnokkru, kannski um ári síðan, sagðist viðskiptaráðherra ætla að beita sér fyrir því að hlutur kvenna mundi aukast í stjórnum fyrirtækja á markaði og skoraði á fyrirtækin að grípa til aðgerða til að auka hlut kvenna.

Síðan þetta var hefur hlutur kvenna minnkað í stærstu fyrirtækjunum. Ég held að hann hafi verið 6% en sé kominn niður í 4%. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að hlutur kvenna skuli ekki vera meiri en þetta. Þegar fólk talar gegn því að þetta sé bundið í lög á þeirri forsendu að þar með sé annaðhvort verið að úthluta konum stjórnarsætum á grundvelli kynferðis eða á þeirri forsendu að þetta sé íþyngjandi fyrir fyrirtækin, þá mótmæli ég því harðlega. Það getur ekki verið íþyngjandi fyrir fyrirtæki að fá hæfar konur í stjórnir fyrirtækjanna.

Það er beinlínis rangt að tala um það þegar hæfar konur setjast í stjórnir fyrirtækja, þó að það sé á grundvelli lagasetningar, að þær geri það bara vegna þess að þær séu konur og séu á einhverjum kvótum. Það má líta svo á að þau 96% karla sem sitja í stjórnum þessara stærstu fyrirtækja sitji þar í raun á grundvelli karlakvóta sem er í gildi þótt hann sé ekki lögfestur. Hann er menningarbundinn, hann er bundinn hefðarrétti og hann er bundinn hugarfari þó að hann sé ekki lögfestur. Því má halda fram með rökum að þeir sitji í rauninni á grundvelli kynjakvóta í stjórnunum ef menn vilja yfirleitt tala um þessi mál undir þeim formerkjum.

Ég tel, virðulegur forseti, að það væri skref í rétta átt ef Alþingi samþykkti í dag eða á morgun að láta þessa 40% reglu að minnsta kosti gilda um sín fyrirtæki, sín opinberu hlutafélög þar sem það getur ráðið för. Ég held að hin opinberu hlutafélög mundu ekki skaðast af því, það væri ekki íþyngjandi fyrir þau. Það væri hvorki konum né körlum til nokkurrar vansæmdar þótt slíkt væri fest í lög.

Þess vegna beini ég því til hv. þm. Jónínu Bjartmarz að styðja einfaldlega þessa breytingartillögu frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar í stað þess að flytja um þetta einhverja sérstaka breytingartillögu, en í 2. tölul. breytingartillögu frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar segir svo, með leyfi forseta:

„Í opinberum hlutafélögum þar sem fulltrúar íslenska ríkisins eða sveitarfélaga, eins eða fleiri, skipa meiri hluta stjórnarmanna skal hlutfall kynja í stjórn vera sem jafnast og þar sem því verður við komið skal hvort kyn um sig ekki vera undir 40% stjórnarmanna.“

Ég skora, virðulegur forseti, á konur hér í þinginu að styðja þessa breytingartillögu og karla raunar líka, vegna þess að þetta er auðvitað mál sem þá varðar ekki síður en konur. Þeir sem eru framsæknir og framfarasinnaðir í þeirra hópi eiga að sjálfsögðu að styðja slíkar breytingartillögur.

[23:06]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er í tilefni af orðum hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem ég kem hér upp aftur en ég ætla ekki að draga þessa umræðu á langinn. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni áðan hver afstaða mín væri til þessa máls eins og ég hafði gert í efnahags- og viðskiptanefnd. Hins vegar háttaði þannig til þegar málið var afgreitt úr nefndinni að ég stend ekki að málinu.

Ég er sátt við það og mun styðja frumvarpið að öðru leyti en því er varðar sérstaklega þessu einu grein. Ég taldi mig gera þokkalega grein fyrir því áðan að mér finnst í sjálfu sér ekki eðlilegt að við séum að tala um kvóta í þessu samhengi heldur að það sé tryggt að hlutur kvenna og karla sé eins jafn og hægt er miðað við oddatölur stjórnarmanna. Þá erum við að tala um að í fimm manna stjórn væru ýmist tvær eða þrjár konur o.s.frv.

Mér finnst einhvern veginn að kvótaumræða eigi ekki rétt á sér þegar fólk er annars vegar. Við getum talað um mjólkurkvóta o.s.frv. Meginmálið er að þetta sé eins jafnt og hægt er að koma því við miðað við oddatölu stjórnarmanna. Áskorun hv. þingmanns mun ég ekki taka vegna þess að ég boðaði jafnframt að ég mundi leggja fram breytingartillögu við frumvarpið sem sneri einungis að þessu eina ákvæði.

[23:08]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla enn og aftur að skora á hv. þm. Jónínu Bjartmarz að styðja þessa breytingartillögu. Hún þarf auðvitað ekkert að styðja aðrar breytingartillögur og getur eftir sem áður stutt frumvarpið eins og það kemur fyrir. En hér liggur fyrir breytingartillaga og ég skora á þingmanninn að samþykkja hana. Talandi um kvóta þá eru auðvitað margvíslegir kvótar sem varða mannfólkið í gildi. Það má auðvitað alveg tala um að það sé ákveðinn kvóti í gildi varðandi fæðingarorlofið. Í fæðingarorlofslögunum er sagt hvernig það orlof skuli skiptast milli kvenna og karla, hver hlutur karla í því er og hver hlutur kvenna. Kvóti er því víða í löggjöf okkar af því að við viljum tryggja að kynin skipti með sér gæðum með einhverjum tilteknum hætti og að annað kynið fari ekki halloka gagnvart hinu.

Ég tel að það sé kominn tími til að við skoðum þetta alvarlega með fyrirtækin og stjórnir fyrirtækja og prófum þetta a.m.k. í hinum opinberu hlutafélögum þar sem við höfum tök á málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi vatnafiska, 2. umr.

Stjfrv., 595. mál (heildarlög). — Þskj. 879, nál. 1323, brtt. 1324.

[23:10]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá landbúnaðarnefnd um frumvarp til laga um eldi vatnafiska.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda gesta sem taldir eru upp í nefndarálitinu og eins hafa nefndinni borist um umsagnir frá fjölmörgum aðilum sem einnig eru tilgreindir þar.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérlög um eldi vatnafiska en ákvæði um slíkt eru nú í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, frumvarpi til laga um fiskrækt og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði.

Lögð er til breyting á 27. tölul. 3. gr. á þá leið að villtur fiskstofn verði skilgreindur sem fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum. Framangreind breyting er til samræmis við þá skilgreiningu sem kemur fram í frumvarpinu um lax- og silungsveiði.

Fyrr á þessu löggjafarþingi voru lögfest ný lög um faggildingu o.fl., nr. 24/2006, og þarf því að leiðrétta tilvísun í 14. gr. frumvarpsins en þar er vísað til eldri laga þar sem ákvæði um faggildingu voru í lögum um vog, mál og faggildingu.

Í nefndinni var rætt um eldisbúnað skv. 21. gr. og komu fram ábendingar um að hafa ætti fortakslaust bann á innflutningi á notuðum eldisbúnaði. Nefndin telur afar mikilvægt að skýrt sé kveðið á um að innflutningur sé bannaður en leggur þó til að gerð verði breyting á undantekningarákvæðinu á þá vegu að eingöngu verði heimilt að flytja inn vísindatæki og tæknibúnað með ákveðnum frekari skilyrðum um sótthreinsun o.fl. Leyfi um innflutning skuli beina til Landbúnaðarstofnunar sem getur heimilað slíkan innflutning að fenginni jákvæðri umsögn fisksjúkdómanefndar.

Þá eru lagðar til breytingar á 24. gr frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á gildistöku frumvarpsins. Í öðru lagi er lögð til breyting á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, varðandi fiskeldisnefnd en skv. 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að fulltrúi frá Landssambandi fiskeldisstöðva fái sæti í nefndinni. Þá er lagt til að felld verði brott tilvísun í gildandi lax- og silungsveiðilög.

Að lokum er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða þannig að einum fulltrúa frá Félagi eigenda sjávarjarða verði bætt við samráðsnefndina og með því komi fleiri hagsmunaaðilar að henni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson, Gunnar Örlygsson, Guðmundur Hallvarðsson, Jón Bjarnason, Guðjón Ólafur Jónsson og Valdimar L. Friðriksson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn fisksjúkdómum, 2. umr.

Stjfrv., 596. mál (heildarlög). — Þskj. 880, nál. 1325, brtt. 1326.

[23:13]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá landbúnaðarnefnd um frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga gesti sem greint er frá í nefndarálitinu og eins hafa umsagnir borist frá þó nokkrum aðilum sem einnig er greint frá þar.

Frumvarpið er afrakstur heildarendurskoðunar á lax- og silungsveiðilögunum en með frumvarpinu er verið að setja í sérlög ákvæði um varnir gegn fisksjúkdómum sem nú eru í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 70/1976, en ekki eru þó gerðar neinar verulegar efnisbreytingar á þeim. Hlutverki fisksjúkdómanefndar er þó nokkuð breytt þar sem henni er nú ætlað ráðgjafarhlutverk en samkvæmt núgildandi lögum er nefndin sjálfstætt stjórnvald. Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, frumvarpi til laga um fiskrækt, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði.

Við umfjöllun nefndarinnar var rætt um forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir. Samkvæmt núgildandi lögum skal fisksjúkdómanefnd hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varna gegn útbreiðslu fisksjúkdóma og annað er að fisksjúkdómum lýtur. Með þeirri breytingu sem gerð er á hlutverki og stjórnsýslustöðu fisksjúkdómanefndar tekur Landbúnaðarstofnun við því hlutverki að hafa forgöngu um framangreindar rannsóknir.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til breyting á 1. gr. þannig að tekið sé fram í markmiðsgreininni að markmið laganna sé einnig að vernda lífríki lagardýra. Nefndin telur þó að taka verði sérstaklega fram að eingöngu er um að ræða lagardýr sem eru alin upp í eldisstöð á landi eða í sjó.

2. Þá leggur nefndin til breytingar á 3. gr. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 10. tölul. um hafbeit. Misræmi var á milli skilgreiningarinnar annars vegar og hins vegar skýringa á hugtakinu. Breytingin er eingöngu orðalagsbreyting á skilgreiningunni. Í öðru lagi er lögð til breyting á 22. tölul. á þá leið að villtur fiskstofn verði skilgreindur sem fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum. Framangreind breyting er til samræmis við þá skilgreiningu sem kemur fram í frumvarpinu um lax- og silungsveiði.

3. Lagðar eru til breytingar á 4. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á 2. mgr. að fellt sé brott að „rannsóknardeild fisksjúkdóma“ í Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum tilnefni einn aðila í fisk-

sjúkdómanefnd. Breytingin lýtur eingöngu að því að ekki sé tilgreind nein deild heldur eingöngu tilvísun til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Í öðru lagi leggur nefndin til að 3. mgr. um að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna falli brott. Telja verður að ákvæðið sé óþarft þar sem í 11. gr. er almennt ákvæði um reglugerðarheimildir og nægilegt að kveðið sé á um það í þeirri grein.

4. Þá leggur nefndin til að bætt verði við 10. gr. sem fjallar um viðbrögð við sjúkdómum og sníkjudýrum í veiðivatni eða fiskeldisstöð að hafa verði hliðsjón af lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Þau lög taka til eldisfiska og getur landbúnaðarráðherra samkvæmt þeim lögum að fengnum tillögum Landbúnaðarstofnunar fyrirskipað nauðsynlegar ráðstafanir í ákveðnum tilvikum vegna dýrasjúkdóma. Enn fremur eru þar mun ítarlegri ákvæði m.a. um refsingar ef fyrirmælum laganna er ekki fylgt og um bótarétt til handa þeim er verða fyrir tjóni. Nefndin bendir því á að skoða verði framangreint ákvæði með hliðsjón af lögum um dýrasjúkdóma, nr. 25/1993. Ákvæði 10. gr. getur þó átt við þar sem um er að ræða minni háttar tilvik sem ekki þarfnast eins mikilla ráðstafana og áskilið er í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

5. Lagt er til að við 1. mgr. 11. gr. verði bætt að haft verði samráð við Veiðimálastofnun og erfðanefnd landbúnaðarins við gerð reglugerðar. Þar sem komið geta upp tilvik þar sem framangreindar stofnanir eða þær sem nú eru nefndar í 11. gr. frumvarpsins tengist ekkert þeirri reglugerð sem á að setja er því æskilegt að setja inn í greinina orðalagið „eftir því sem við á".

6. Lagðar eru til breytingar á 13. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí 2006 í stað 1. júní 2006 og í öðru lagi að gerðar verði breytingar á lögum um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005, og lögum um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986, til að lagfæra tilvísanir í lögunum og samræma þau við breytt hlutverk fisksjúkdómanefndar.

7. Að lokum er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða þannig að einum fulltrúa frá Félagi eigenda sjávarjarða verði bætt við samráðsnefndina og með því komi fleiri hagsmunaaðilar að henni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson, Gunnar Örlygsson, Guðmundur Hallvarðsson, Jón Bjarnason, Guðjón Ólafur Jónsson og Valdimar L. Friðriksson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 2. umr.

Stjfrv., 607. mál (heildarlög). — Þskj. 891, nál. 1327, brtt. 1328.

[23:19]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá landbúnaðarnefnd um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila og umsagnir hafa einnig borist frá fjöldanum öllum af bæði einstaklingum og stofnunum sem getið er um í nefndaráliti því sem hér liggur fyrir.

Frumvarp þetta er liður í heildarendurskoðun laga um lax- og silungsveiði, nr. 70/1976. Ætlunin er að einfalda löggjöfina og gera hana skýrari og aðgengilegri. Samhliða frumvarpi þessu eru til meðferðar fjögur frumvörp sem fjalla um málaflokka sem nú eru hluti af lögum um lax- og silungsveiði en talið er að fari betur að hafa í sérstökum lögum, eftir efni og innihaldi. Frumvarp til nýrra laga um lax- og silungsveiði er þungamiðja framangreindra frumvarpa en frumvörp til laga um fiskrækt, eldi vatnafiska, Veiðimálastofnun og varnir gegn fisksjúkdómum koma því til fyllingar og stuðnings.

Nefndin leggur til ýmsar breytingar á frumvarpinu að teknu tilliti til gagnlegra athugasemda frá umsagnaraðilum.

Mikil umræða var í nefndinni um netaveiði og sjónarmið um hvort banna ætti netaveiði í straumvatni eða í byrjun veiðitímans eða takmarka hana í hverri viku. Nefndinni bárust nokkrar ábendingar og tillögur um breytingar á frumvarpinu í þá veru. Í þessu sambandi bendir nefndin á að mikil vinna fór fram hjá þeirri nefnd sem kom að samningu frumvarpsins. Í þeirri vinnu var mikil áhersla lögð á að finna málamiðlanir og ná sátt varðandi helstu ágreiningsatriði. Frumvarpið felur ekki í sér breytingar á reglum um netaveiði frá því sem nú er. Netaveiði er hverfandi en fara verður með gát og telur nefndin mikilvægt að hagsmunaaðilar komist sjálfir að samkomulagi um hvernig best sé að haga reglum um netaveiði og leggur því til breytingar á ákvæði til bráðabirgða I, um samráðsnefnd sem skipuð er til fimm ára. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að fjalla um framkvæmd laganna og fylgifrumvarpanna og vera samstarfs- og samráðsvettvangur þeirra aðila sem lagaframkvæmdin helst varðar og fylgjast með og stuðla að greiðri lagaframkvæmd og virkum skoðanaskiptum. Nefndin leggur áherslu á að samkomulag náist um netaveiði meðal hagsmunaðila og tillögur komi frá þeim fremur en að löggjafinn setji slíkar takmarkanir á eignaréttindum með hugsanlegri bótaskyldu ríkisins.

Það má geta þess að það er ýmislegt að gerast jákvætt í þessum efnum nú einmitt þessa dagana.

Nefndin ræddi þó nokkuð um 40. gr. frumvarpsins, er varðar atkvæðisrétt í veiðifélögum, og ólík sjónarmið sem komu fram á fundum nefndarinnar. Við samningu frumvarpsins var reynt að koma á víðtækri sátt um fyrirkomulag atkvæðisréttar og gerir nefndin ekki tillögur um breytingar. Nefndin telur þó mikilvægt að árétta að þrátt fyrir að heimilt sé að kveða á um í samþykktum veiðifélags að ákvarðanataka fari eftir einingu í arðskrá þá gildir ávallt meginreglan í 1. mgr. um að eitt atkvæði gildi fyrir hverja jörð

þegar um er að ræða breytingar á samþykktum. Þannig er minnihlutaverndin sem í meginreglunni felst áfram tryggð.

Nefndin áréttar að ekki er um tæmandi talningu að ræða í ákvæði 2. mgr. 41. gr. á þeim atriðum sem taka má tillit til við arðskrárgerð og útilokar ákvæðið því ekki að líta megi til sérstakra aðstæðna á hverjum stað. Í þessu sambandi mætti nefna að hægt er að taka tillit til friðunarsvæða skv. 3. mgr. 15. gr. Helstu atriðin eru nefnd sérstaklega í 2. mgr. 41. gr. en önnur atriði eru háð mati hverju sinni. Ekki er heppilegt að niðurnjörva í lagatexta öll sjónarmið sem geta komið upp þar sem afstaða manna getur breyst og ný sjónarmið komið til sögunnar.

Verður nú gerð nánari grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

1. Lögð er til orðalagsbreyting á 1. gr.

2. Nefndin leggur til að bætt verði við 3. gr. skilgreiningu á framkvæmd í veiðivatni. Einnig er lögð til breyting á skilgreiningunni á hafbeit í 22. tölul. en misræmi er á milli skilgreiningarinnar og þess sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu. Ekki er um að ræða efnislega breytingu.

3. Lögð er til breyting á 5. gr. á þá leið að tekið verði út að með ábúð á jörð fylgi heimild til „ráðstöfunar" veiðiréttar. Breytingin er til samræmis við 37. gr. þar sem kveðið er skýrt á um að ráðstöfun veiðiréttar er á hendi veiðifélags eftir að það hefur verið stofnað og að öllum sé óheimil veiði í vatninu á félagssvæðinu nema með heimild frá félaginu.

4. Nefndin leggur þá til orðalagsbreytingu við lokamálslið 2. mgr. 11. gr. um ófriðun sels að notað verði orðalagið „ófriðun selláturs" eins og gert í núgildandi lögum í stað „eyðingu selláturs" eins og gert er í frumvarpinu.

5. Lagt er til að við 13. gr. verði því bætt að upplýsingar úr veiðiskýrslu skuli einnig vera aðgengilegar öðrum rannsóknar- og ráðgjafaraðilum en ekki Veiðimálastofnun eingöngu. Nefndin telur æskilegt að aðrir rannsóknar- og ráðgjafaraðilar hafi einnig aðgang að þessum gögnum.

6. *Lagðar eru til breytingar á 15. gr. Í fyrsta lagi er sú* breyting lögð til á 3. mgr. að í stað þess að miða við 2.000 metra frá ósi straumvatns, sem fiskur gengur í, án tillits til rennslismagns, skuli viðmiðunin vera 1.500 metrar frá ósi straumvatns þar sem meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m^3 á sekúndu en 2.000 metrar ef vatnsmagn er meira. Einnig megi ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær en 1.500 metrum frá hafbeitarstöð. Framangreindar breytingar eru til samræmis við núgildandi lög. Nefndin leggur þó til að gangi lax í straumvatn megi þó aldrei leggja net né hafa ádrátt nær ósi en 2.000 metra. Í öðru lagi er lögð til breyting á 5. mgr. þannig að bætt verði við orðunum „þar sem ekki eru veiðifélög" á eftir veiðiréttarhafa. Nefndin telur framangreinda breytingu vera í samræmi við önnur ákvæði í frumvarpinu og taka af allan vafa um að einstakir rétthafar geti ekki sett fram beiðni til Landbúnaðarstofnunar um takmörkun eða bann samkvæmt ákvæðinu nema ekki sé starfandi veiðifélag á svæðinu.

7. Þá er lögð til sú breyting á 17. gr. að almenna reglan um veiðitíma lax verði 105 dagar í stað 90 daga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Samkvæmt núgildandi lögum er almenna reglan 105 dagar og leggur nefndin til að hún verði óbreytt. Nefndinni bárust margar ábendingar þess efnis og telur rétt að koma til móts við þær.

8. Nefndin leggur til að við 23. gr. bætist nýr málsliður um að veiðifélagi sé heimilt, með samþykki Landbúnaðarstofnunar, að setja aðrar reglur um veiðar í námunda við fiskvegi. Nefndin telur mikilvægt að meginreglan sé skýr um að ekki megi veiða eða styggja fisk í fiskvegi innan ákveðinnar fjarlægðar. Framangreind breyting verður því undantekning þar sem eðlilegt getur verið að sérstök sjónarmið eigi við um tiltekið veiðivatn vegna aðstæðna þar. Jafnframt er þessi breyting í anda þeirrar stefnu að veita veiðifélögum meira forræði í eigin málefnum.

9. *Lagt er til að 55. gr. frumvarpsins falli brott.* Ákvæðið er óþarft þar sem almenn ákvæði laga um Landhelgisgæslu Íslands fjalla um þetta, sbr. a-lið 1. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967.

10. Þá er lagt til að frumvarpið taki gildi 1. júlí 2006 í stað 1. júní.

11. Lögð er til viðbót við 58. gr. frumvarpsins er varðar breytingar á lögum um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005, lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, og lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973. Með breytingunum eru lagfærðar tilvísanir til laganna þar sem ekki er lengur um að ræða ein heildarlög.

12. Að lokum eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða I. Í fyrsta lagi er lagt til að ný málsgrein bætist við ákvæðið á þá leið að samráðsnefndin skuli innan 18 mánaða frá gildistöku laganna, og í samráði við hagsmunaaðila, móta framtíðarstefnu um netaveiði á laxi og silungi og skila tillögum þar að lútandi til landbúnaðarráðherra eftir atvikum í formi lagafrumvarps. Í öðru lagi leggur nefndin til að einum fulltrúa frá Félagi eigenda sjávarjarða verði bætt í samráðsnefndina og með því komi fleiri hagsmunaaðilar að henni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit rita hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson, Gunnar Örlygsson, Guðmundur Hallvarðsson, Jón Bjarnason, Guðjón Ólafur Jónsson og Valdimar L. Friðriksson.

[23:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég kem hér í pontu til þess að víkja að frumvarpinu og einkum 40. gr. þess, um atkvæðisrétt í veiðifélagi. Samkvæmt ákvæðum laga þessara og því sem fram kemur í frumvarpinu hagar þannig til að á félagssvæði veiðifélaga fylgir hverri jörð sem veiðirétt á, einungis eitt atkvæði.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að jarðir eiga mjög mismikinn rétt að laxveiðiám og öðrum fallvötnum, þ.e. landareignir jarða að fallvötnunum eru mjög misjafnar, sumar jarðir hafa mikil lönd meðfram laxveiðiám. Víðast hafa verið stofnuð veiðifélög um laxveiðiár og þá er það svo að vegna náttúrulegra aðstæðna eru veiðistaðir í einni á kannski mun fleiri við eina landareign en aðra. Ég hygg að

skoða þurfi hvernig þessi atkvæðisréttur nýtist, t.d. þar sem tveir eða þrír jarðeigendur eiga land að á þar sem kannski um 60–70% af veiðinni fer fram og þar sem landmiklar jarðir eru meðfram ánni, en samt sem áður hefur hver jörð ekki nema eitt atkvæði og reyndar ekki nema eitt saman ef jarðirnar hafa verið sameinaðar.

Þetta hygg ég að þurfi að skoða, hæstv. forseti, þótt það náist ef til vill ekki nú á þeim stutta tíma sem er til umráða til að fara yfir málið. En skipting nytja úr laxveiðiám getur orðið óeðlileg til lengri tíma litið, einkum þar sem nú færist sífellt í vöxt að jarðir séu ekki setnar, þ.e. ekki í byggð heldur í eign manna sem ekki endilega búa á viðkomandi löndum og jörðum, og þá kann vissulega að koma upp sú staða að þeir landeigendur sem mestar eignir eiga í viðkomandi á og þar sem megnið af veiðinni er tekið, fái í raun og veru engu ráðið um nýtingu jarðanna í samræmi við nytjar sínar vegna þess að sumar jarðanna eru kannski landlitlar að ánni eða ekki með liggjandi land að ánni þar sem veiðin fer að stærstum hluta fram og merktir veiðistaðir eru við ána.

Ég hygg að huga þurfi að réttindum þessa minni hluta með einhverjum hætti. Í 40. gr. er reyndar einnig lagt til að hægt sé að miða við annað vægi, t.d. arðskrá, en mér sýnist hins vegar að meginreglan sé sú að það skuli vera eitt atkvæði fyrir hverja jörð og að þeir sem í minni hluta eru fái því litlu eða engu ráðið um að breyta slíku. Þess vegna velti ég fyrir mér, hæstv. forseti, og vil spyrja framsögumann nefndarinnar, hv. þm. Drífu Hjartardóttur, hvort það hafi verið rætt að uppi sé ágreiningur um nytjar og ráðstöfun veiðileyfa þar sem margir aðilar eiga land að á og hvort það hafi verið skoðað að minnihlutaeigendur sem koma með tillögur um breytingar á aðgengi manna, t.d. í veiðifélagi þar sem félagsmenn vilja hafa forgöngu að rétti sínum í ánni, geta það ekki vegna þess eignarfyrirkomulags sem er á atkvæðisréttinum. Þar ræður hópurinn því leigunni og leigukjörum sem þróast þá ef til vill á þann veg að hinn almenni félagsmaður í veiðifélagi sem á kannski tvær jarðir við viðkomandi á er settur til hliðar vegna verðlagningar á ánni en viðkomandi veiðifélag fær engu ráðið um að láta félagsmenn sína hafa forgang að því veiðisvæði sem tilheyrir þessum jörðum.

Þess vegna hef ég velt fyrir mér, hæstv. forseti, og mun væntanlega koma með þá breytingu síðar inn í þingið, hvort sem það verður á næsta hausti eða síðar, að athugað verði hvort hægt sé að koma viðbótarákvæði fyrir í þessari lagagrein. Þar hef ég í huga ákvæði um að séu fleiri en einn jarðeigandi við á þar sem veiðifélag er og ákveðin veiði fer fram, þ.e. tveir, þrír eða fleiri, þá geti þeir gert kröfu til þess að fá sjálfir að útdeila sínum parti veiðileyfanna og þeim skuli vera heimilað það. Og þó að hinu hefðbundna fyrirkomulagi á leigu laxveiðileyfa í ánni verði ekki breytt strax á fyrsta ári en haldi menn slíkri kröfu fram um tveggja ára skeið þá skuli þeir eiga rétt til þess að veiðileyfunum verði skipt í hlutfalli við landareign og veiðirétt eða veiðiafla sem úr ánni kemur.

Ég held að menn ættu að hugleiða þetta ákvæði vegna þess að það er auðvitað ekki ásættanlegt til langframa að ef menn hafa stofnað veiðifélag og keypt jarðir við á, kannski fyrir áratugum síðan og eru með sitt veiðifélag og vilja hafa forgang að þeim veiðileyfum sem hlutfallslega eiga að falla til þeirra, þá fái þeir engu um það ráðið vegna þess að atkvæðið tilheyrir hverri einstakri jörð og þeir eru í minni hluta í fjölda jarðeigenda. En það kunna að vera ýmis önnur ákvæði sem ættu að vega þungt eins og land sem liggur að viðkomandi á eða veiðimagn eða veiðistaðir.

Þetta held ég að þurfi nauðsynlega að athuga vegna þess að það er auðvitað ekki ásættanlegt fyrir minni hluta að verða alltaf að beygja sig undir ákveðinn meiri hluta þó svo að rök hnígi til þess að menn vilji hafa forgang í gegnum félag sitt að veiðileyfum í ánni án þess að þurfa að vera að kaupa það á þeim, sem ég vil leyfa mér að segja, uppsprengda uppboðsmarkaði sem er á veiðileyfum í laxveiðiám í dag.

[23:37]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil vel áhyggjur hv. þingmanns af atkvæðisréttinum. Ef hann hefði setið nefndarfundina hefði hann komist að raun um að þetta var rætt fram og til baka. Það var líka gert í þeirri nefnd sem samdi frumvarpið og varð samkomulag um að hafa þetta svona, þ.e. að hver jörð hefur eitt atkvæði. En hvert félag getur ákveðið að farið verði eftir arðskrá og arðskráin notuð sem atkvæði. Hvert félag getur gert það og í 40 gr. frumvarpsins hefur verið komið til móts við þá sem hafa viljað að atkvæðisrétturinn fari eftir eignarhluta:

„Ef lagt er fyrir fund í veiðifélagi að ráðast vegna starfsemi félagsins í framkvæmdir, sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félags af veiði á því starfsári, getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði. Í samþykktum veiðifélags er heimilt að ákveða að regla þessi um atkvæðagreiðslur gildi í fleiri tilgreindum tilvikum sem varða ákvarðanatöku í veiðifélagi."

Þetta varð niðurstaða nefndarinnar sem samdi frumvarpið. Ég hef haft áhuga á því sjálf að breyta þessu. Það gekk ekki og við náðum niðurstöðu í nefndinni. Nefndin varð sammála um að ganga frá nefndarálitinu eins og það lítur út núna en margir telja að nauðsynlegt sé að hafa þetta svona til að tryggja rétt minni hlutans.

[23:40]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka svörin. Mér sýnist að þessi niðurlagsgrein, 40. gr., sé eftir sem áður þannig orðuð að slíkum ákvörðunum verði ekki komið á nema með samþykki veiðifélagsins. Hver jörð hefur eitt atkvæði nema því aðeins að um sérstök fjárútlát sé að ræða sem nemi 25% af tekjum félags, þ.e. að verið sé að fara í einhverjar framkvæmdir, hverjar svo sem þær eru, á veiðisvæðinu eða við ána sem nemi þessu prósentuhlutfalli af tekjum. Þá eiga menn rétt á að fá þessu breytt. Ég get ekki lesið út úr þessu ákvæði að þessu sé hægt að ná fram með auðveldum hætti ef t.d. tveir til þrír aðilar af tíu vilja láta sína félagsmenn hafa forgang að sínu svæði fá þeir því ekki ráðið vegna þess að atkvæðavægið er jú bara 30 á móti 70.

[23:41]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mikilvægt að veiðifélögin fái núna að vinna eftir þessari reglu svo hægt sé að meta hvernig þetta gengur. En ég tel það sem kom inn í frumvarpið afar mikilvægt, þ.e. að hægt sé að nota arðskrána þegar um er að ræða 25% af tekjum félagsins þegar um háar upphæðir er að ræða í fjárfestingum. Ég tel það afar mikilvægt. Það er oft þannig að stórir eigendur eru kannski fáir. Áhætta þeirra er meiri þegar verið er að ráðstafa fjármunum en þeirra sem eiga lítilla hagsmuna að gæta. En þetta varð niðurstaðan og ég stend að henni eins og lagt var fyrir.

[23:42]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil ósköp vel að menn hafi gert samkomulag um ákveðna niðurstöðu í þessu nefndarstarfi. Því verður að sjálfsögðu ekki breytt rétt í lok þessarar umræðu þegar búið er að semja um hvernig frágangur mála skuli vera við lok þessa þings. En ég lýsi þeirri skoðun minni að með tilliti til þess hvernig þessi 40. gr. mun reynast sé eðlilegt að koma með tillögu um að vægi manna til að ná fram breytingum verði tekið til skoðunar. Við fáum auðvitað fljótlega dýrmæta reynslu af því.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum segja að það er óviðunandi að minni hluti, sem á kannski meiri hluta af jarðnæði við á og meiri hluta þess svæðis sem laxveiðin gefur og af því magni sem veiðist úr ánni, geti engu ráðið um það að ráðstafa veiðileyfum til félagsmanna sinna án þess að þurfa að lúta um ár og síð og alla tíð, eins og sagt er, valdi þeirra sem flestar jarðirnar eiga burt séð frá nytjum árinnar og hagsmunum félaga í viðkomandi veiðifélagi sem vilja kannski fá að veiða sjálfir í ánni.

[23:44]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil láta það koma fram að mér finnst að þessi lagasmíð, þetta frumvarp til laga um lax- og silungsveiði sem hér er til 2. umr. vera vel unnið. Með frumvarpinu fylgir mikið af gögnum og álitum sem það er byggt á. Ég vil bara láta í ljós ánægju með hvernig að þessari vinnu hefur verið staðið.

Ég vil árétta þann tón sem er í frumvarpinu um hina samfélagslegu ábyrgð á þessari auðlind, á sjálfbærri nýtingu þeirrar auðlindar sem felst í ám og vötnum sem lögin taka tillit til, á mikilvægi sjálfbærrar nýtingar, og að um hana sé gengið samkvæmt markmiðum um sjálfbæra þróun. Að umgengnin sé samkvæmt sáttmálum og markmiðum um líffræðilegan fjölbreytileika því að mikilvægi hans í ám og vötnum og á vatnasvæðum okkar er líka gríðarlega mikilvægur. Þarna berum við líka mikla ábyrgð.

Þó að komið hafi fram hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að horfa megi á hina félagslegu ábyrgð og skiptingu arðs út frá ýmsum sjónarmiðum vil ég samt árétta að grunntónninn er hin félagslega ábyrgð. Við vitum að atkvæðisréttur getur verið með ýmsu móti. Hjá Sameinuðu þjóðunum fylgir eitt atkvæði hverri þjóð, hverju landi, þó að þær séu misstórar og misaflmiklar. Lýðræðislegur fjölbreytileiki er því mikilvægur.

Það er eitt sem ég tel að vanti og sé ógert í þessari lagasmíð en það er endurskoðun laga um Fiskræktarsjóð þar sem tryggt hefði verið að þeir sem nú eru að taka mörg fallvötn og vatnasvæði til virkjunar greiddu til sjóðsins eins og eðlilegt er og gert er í nágrannalöndum okkar. Fiskræktarsjóður hefði þurft að fylgja hér með, af því varð ekki en vonandi kemur hann næst, því það er mikilvægt að þeir sem umgangast þessa auðlind taki þátt í rekstrarkostnaði við varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika og nýtingu hennar. Þetta eru lokaorð mín, frú forseti.

[23:48]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Nú liggur fyrir sameiginlegt nefndarálit allra nefndarmanna landbúnaðarnefndar um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. Það sem hefur kannski einkennt þetta einstaka frumvarp er ágreiningur sem reis upp er varðar netaveiðina, hvort takmarka ætti rétt bænda til netaveiða í ám eða ekki. Fóru fram fjörlegar umræður um einmitt þetta mál í nefndinni og voru margir gestir kallaðir til.

Þeir sem voru á þeirri skoðun að takmarka ætti netaveiðina báru það fyrst og fremst fyrir sig að verðmæti stangveidds lax séu langtum meiri en lax sem veiddur er í netum. Vísa ég þar til ferðaþjónustunnar og þess uppgangs sem verið hefur í ferðaþjónustunni tengdur stangveiði síðustu 20–30 ár. Þeir báru það líka fyrir sig að í efnahagslegum skilningi væri það hollráð að reyna að finna leiðir til að takmarka netaveiðina. Með því mundi myndast hvati á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár sem leiða mundi til öflugs ræktunarátaks t.d. í uppám Árnessýslu, uppbygginu veiðihúsa, gerð sleppitjarna o.s.frv.

Þessi rök voru að vísu samþykkt af öllum nefndarmönnum en rök þeirra sem aftur á móti töldu að Alþingi ætti ekki að breyta þessum hlutum voru á þá vegu, og að vísu skiljanleg, að eignarrétturinn væri mjög sterkur hjá bændum, hefðin væri mjög rík og þar af leiðandi væri skásti kosturinn sá að ná fram frjálsum samningum á milli bænda og hagsmunaaðila um kaup á upptöku neta. Ég get svo sem fallist á þau rök. Hitt er annað að í störfum nefndarinnar náðu stjórnarliðar og stjórnarandstaðan saman í þessu máli að öllu leyti, þó svo að eftir standi kannski einhverjar spurningar en sú samþykkt sem allir kvittuðu fyrir er á þá vegu að nefnd 11 fulltrúa, bæði hagsmunaaðila, stangveiðimanna sem og bænda og ýmissa ráðuneyta, mun þurfa að skila af sér tillögum innan 18 mánaða frá því að lögin taka gildi og niðurstöðu um framtíðarstefnumótun um netaveiðar á Íslandi og þá eftir atvikum í formi lagafrumvarps.

Öll þessi umræða vakti nokkra athygli í fjölmiðlum og menn tóku almennt við sér. Er því kannski gleðiefni að minnast á það sem gerst hefur í kjölfarið en ég veit ekki hvort öllum þingmönnum er kunnugt um það. Í fyrsta lagi að á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga, sem nær utan um allt vatnasvið Ölfusár og Hvítár sem er eitt stærsta vatnasvæði á landinu ef ekki það stærsta og glæsilegasta, var ákveðið fyrir skemmstu að seinka niðurlagningu neta um eina viku eða frá 20. júní til 27. júní. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli vegna þess að stórlaxinn á þá greiðari leið til uppánna og gleður það margan veiðimanninn að þessi staðreynd sé

raunin. Í annan stað ber að minnast á þátt Stangaveiðifélags Reykjavíkur og Landssambands stangaveiðimanna en þeir hafa nú þegar, með mikilli vinnu sem ber að virða, náð samningum við tvo bændur á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár en þessir tveir bæir áttu samtals um 15% af þeirri heildarveiði sem skilaði sér með netum árið 2005. Nú veit ég til þess að tveir bæir til viðbótar hafa mikinn áhuga á því að semja við Stangaveiðifélag Reykjavíkur einnig en þeir eru með sams konar hlutfall af netaveiðinni eða um 15%.

Þar fyrir utan hef ég fyrir því nokkuð áreiðanlegar heimildir að menn vilji ganga að samningaborðinu strax að hausti, fyrir utan þessa fjóra bæi, þannig að hugsanlegt er að innan skamms tíma megi þingheimur og landsmenn og stangaveiðimenn ekki síst búast við að netaveiði á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár verði í mjög lítilli mynd miðað við það sem er í dag. Þetta er áfangasigur fyrir stangaveiðimenn og íslenska ferðaþjónustu að mínu mati.

Það hefur komið fram í þessum umræðum að helmingur tekna bænda á Vesturlandi komi til vegna stangveiðinnar. Með öðrum orðum er stangveiðin mikilvægasta búgreinin í landbúnaði á Vesturlandi. Ég held að öll þessi umræða á Alþingi svo ekki sé minnst á málefnaþing sem Landssamband stangaveiðimanna hélt fyrir skemmstu hafi kannski vakið margan manninn af værum blundi, gert honum grein fyrir því hversu mikilvæg grein þetta er fyrir íslenska ferðaþjónustu, fyrir byggðir landsins og ekki síst bændur og um leið kannski aukið þá virðingu sem okkar ómetanlegi laxastofn á svo sannarlega skilið. Sú tegund er á lista yfir dýr í útrýmingarhættu í Bandaríkjunum svo dæmi sé tekið.

Ég er sáttur við niðurstöðu nefndarinnar. Ég nefndi áðan þessa 11 manna nefnd sem hefur þá lögbundnu skyldu að skila af sér stefnumótun í þessum málum til framtíðar innan 18 mánaða og jafnvel í frumvarpsformi. Ég trúi því að þau sterku rök sem fylgja netaupptöku muni leiða veginn í því starfi og að á endanum verði fundinn flötur sem mun tryggja að netaveiði í íslenskum ám leggist alfarið af. Það er skoðun mín, frú forseti, að netaveiði sé tímaskekkja en að sama skapi virði ég gamlar hefðir og gamla siði og vil í því sambandi benda á ákveðna hugmynd sem ég nefndi í þessu sambandi, sem er að hugsanlega mætti heimila netaveiðar eina helgi yfir sumartímann og gera þá helgi túristavæna þar sem gamlir siðir og gamlar hefðir væru í hávegum hafðar og fólk gæti fylgst með.

Þær breytingar eða þeir áfangar sem þegar hafa komið fram í þessu máli munu strax leiða til þess hvata að hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu tengdri stangaveiði munu hugsanlega ráðast í öflugt ræktunarátak í uppám Árnessýslu. Nægir þar að nefna til að mynda Stóru-Laxá í Hreppum, Litlu-Laxá, Tungufljót, Dalsá og auðvitað Sogið. Ekki skal heldur gleyma að stangveiði í jökulvatni er að aukast. Menn eru almennt farnir að líta á stangveiði í jökulvatni sem skemmtilegan kost og öfluga ferðaþjónustu og tel ég þann vettvang eiga eftir að aukast til muna.

Frú forseti. Umfram allt vil ég þakka formanni nefndarinnar fyrir mjög góð störf. Hún tók af skarið í þessu máli þegar stefndi í mjög mikinn ágreining og lagði til þessa lausn á málinu, að skipa nefnd sem skila verður af sér tillögum innan 18 mánaða. Á það gat ég fallist og á það gátu aðrir nefndarmenn sem voru á mínu máli fallist og tel ég það vera mjög góða niðurstöðu. En umfram allt tel ég þetta vera góða lendingu þó að enn standi eftir nokkrar spurningar. Þetta mál hefur verið til tals í áratugi en ég tel þetta vera áfangasigur að svo komnu og býst ekki við neinu nema góðu hér eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðimálastofnun, 2. umr.

Stjfrv., 612. mál (heildarlög). — Þskj. 897, nál. 1329, brtt. 1330.

[23:57]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá landbúnaðarnefnd um frumvarp til laga um Veiðimálastofnun.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila og umsagnir um málið sem getið er um í nefndaráliti.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérlög um Veiðimálastofnun en ákvæði um hana eru nú í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um fiskrækt, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði. Helstu breytingar í frumvarpinu eru þær að hlutverk Veiðimálastofnunar er betur skýrt og stjórn stofnunarinnar lögð af en í staðinn lagt til að ráðgjafarnefnd verði stofnuð.

Við umfjöllun nefndarinnar komu fram athugasemdir varðandi 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem kveður á um að Veiðimálastofnun leitist við að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögunum í nánu samstarfi og samvinnu við menntastofnanir landbúnaðarins. Nefndin telur óþarft að kveða á um slíkt í lögum. Leggur því nefndin til að málsgreinin falli brott.

Nefndin leggur til að 4. mgr. 5. gr. falli brott en hún kveður á um að Veiðimálastofnun sé heimilt að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum. Nefndinni bárust ýmsar athugasemdir um að rannsóknarhlutverk stofnunarinnar færi ekki saman við það að samkeppnisaðilar þyrftu að leita til hennar um leyfi, umsagnir o.fl. Nefndinni bárust einnig þær upplýsingar að fara ætti fram endurskoðun á Veiðimálastofnun og taldi nefndin því ekki tilefni til að gera miklar breytingar á frumvarpinu heldur skyldi áhersla lögð á að endurskoðunin færi fram sem fyrst. Að lokum er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða þannig að einum fulltrúa frá Félagi eigenda sjávarjarða verði bætt við samráðsnefndina og með því komi fleiri hagsmunaaðilar að henni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson, Gunnar Örlygsson, Guðmundur Hallvarðsson, Jón Bjarnason, með

fyrirvara, Guðjón Ólafur Jónsson og Valdimar L. Friðriksson.

[23:59]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Við 1. umr. lýsti ég miklum efasemdum mínum um þetta frumvarp. Ég er ekki hrifinn af því að stofnunum eins og Veiðimálastofnun, sem er rannsóknastofnun og eftirlitsstofnun í eigu ríkisins, sé í reynd skapaður ákveðinn sess á samkeppnismarkaði. Ég hef barist fyrir því ásamt ýmsum þingmönnum í ýmsum flokkum, ekki síst Sjálfstæðisflokknum þar sem ég hef átt skoðanasystkin í þessum efnum, að reynt yrði að hrinda í framkvæmd breytingum sem gerðu mögulegt fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn að taka að sér verkefni á opnum markaði.

Það er a.m.k. algjört lágmark að samkeppni sé ekki niðurgreidd með ríkisfé. Það á hins vegar að gera með þessu frumvarpi. Að vísu er stigið svolítið skref í áttina að því að draga úr þessu með breytingartillögu nefndarinnar þar sem lagt er til að 4. mgr. 5. gr., um stjórnskipulag Veiðimálastofnunar, sé felld brott. Sú heimild átti að gefa Veiðimálastofnun möguleika á að eiga aðild að því að stofna fyrirtæki sem stæði væntanlega í samkeppni við önnur fyrirtæki sem sjálfstætt starfandi vísindamenn hefðu komið á legg. Ég hef verið þeirrar skoðunar að ríkið ætti frekar að reyna að koma verkefnum af þessu tagi út á markað til að ýta undir möguleika ungra vísindamanna sem koma heim frá námi til að taka að sér svona verkefni.

Mér finnst undarlegt að Sjálfstæðisflokkurinn skuli gera að sérstöku verkefni sínu að koma í gegn lögum sem Framsóknarflokkurinn er eðlilega ákaflega hrifinn af og hefur alltaf verið. Ég hélt að það væri aðall Sjálfstæðisflokksins að taka undir með þeim sem vilja reyna að þróa umhverfi sem gerir ungu vísindafólki kleift að taka að sér þjónustu, ekki síst á vegum hins opinbera, til að stuðla að umhverfi fyrir smáfyrirtæki á vísindasviðinu. Það er framtíðin og það sem við höfum oft talað um.

En mér þykir heldur skörin færast upp í bekkinn þegar það kemur beinlínis fram í næstu grein, sem hv. formaður nefndarinnar hefur ekki lesið í samhengi við þá málsgrein sem hún er að fella úr 5. gr., að þar er Veiðimálastofnun beinlínis veitt lögbundin heimild til að starfa í samkeppni við slík fyrirtæki með því að taka að sér rannsóknir, ekki bara fyrir hið opinbera heldur og fyrir einstaklinga og félög. Hvers vegna á opinber stofnun að standa í slíkri samkeppni við fyrirtæki á markaði sem eru að verða til? Hvers vegna á opinber stofnun að hafa lögbundinn rétt til að kæfa í fæðingu vísi að nýjum fyrirtækjum á þessu sviði?

Þetta voru spurningar sem ég bar fram við 1. umr. og fékk lítil svör. Ég er ekki ánægður með þetta. Ég er á móti þessu og tel þetta algjörlega í andstöðu við margvísleg ákvæði í lögum sem eiga að ýta undir samkeppni og möguleika til samkeppni og ryðja burt samkeppnishindrunum. Það kemur að vísu fram í þessu frumvarpi að reisa eigi brunaveggi á milli þess sem kalla má samkeppnisrekstur og þess sem fellur beinlínis undir stofnanareksturinn sjálfan. Slíkir brunaveggir halda aldrei.

Ég er á móti þessu og gæti haldið ákaflega langa og ástríðuþrungna ræðu um það. Þetta er mér hjartans mál. Ég er þessarar skoðunar varðandi Veiðimálastofnun, varðandi Hafrannsóknastofnun og ýmsar fleiri stofnanir. Það er ástæðan fyrir því að ég styð frumvarpið um matvælastofnun ríkisins, Matvælarannsóknir hf. Ég tel að þetta sé einmitt verkefni sem hægt er að skilgreina með þeim hætti að í lagi sé að flytja það yfir á markaðinn, andstætt ýmsum vondum frumvörpum sem við höfum góðu heilli borið gæfu til að sameinast um, ég og hv. formaður landbúnaðarnefndarinnar, að hrinda fyrir ætternisstapa, t.d. frumvarpinu illræmda um háeffun RÚV. Þar erum við algjörlega sammála, (Gripið fram í.) þ.e. við töldum fráleitt að nýta þetta þing til að samþykkja slíka vitleysu. Það er auðvitað hróss vert.

En þetta frumvarp er þannig, þótt ýmsir af ágætum þingmönnum mínum hafi aðra skoðun á þessu og hafi samþykkt þetta, að ég er á móti því. Ég ætla ekki að samþykkja þetta af þeim ástæðum sem ég hef reynt að færa nokkur rök fyrir. En ég vil ekki gera hæstv. forseta gramt í geði með því að halda langa ræðu um þetta og sýni minn einlæga samkomulagsvilja almennt til að greiða fyrir þingstörfum með því að halda ekki lengri ræðu um þetta.

[00:05]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók heldur stórt upp í sig með því að spyrða okkur saman í Ríkisútvarpsmálinu. Það er ekki þannig.

Ég get aftur á móti að mörgu leyti verið honum sammála varðandi Veiðimálastofnun. Það kemur skýrt fram í nefndaráliti frá landbúnaðarnefnd að við töldum að ekki ætti að gera fleiri breytingar á þessu stigi vegna þess að við leggjum mikla áherslu á að endurskoðun á lögum um stofnunina fari fram sem fyrst.

Ég get að mörgu leyti tekið undir það sem hv. þingmaður sagði. Ég tel að þessi verkefni eigi vel heima á einkamarkaði og ætlast til að þessi lög um Veiðimálastofnun verði endurskoðuð sem fyrst og við fáum nýtt frumvarp að vinna úr næsta haust.

[00:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef kannski algjörlega misskilið tilgang þessa frumvarps. Ég taldi að þetta væri endurskoðun á lögum um Veiðimálastofnun. (**DrH:** Nei, nei.) Hv. þm. Drífa Hjartardóttir kallar fram í að svo sé ekki. Hvers vegna ekki? Vegna þess að þetta er enn eitt dæmið um ágreininginn á milli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Framsóknarflokkurinn heldur dauðahaldi í þessa stofnun eins og svo margar aðrar og Sjálfstæðisflokkurinn, sem hefur talað með allt öðrum hætti í gegnum árin, t.d. þegar ég var með þeim í ríkisstjórn og kom vitinu fyrir þá í nokkrum efnum varðandi þetta, verður auðvitað að láta kúgast í þessu máli.

En ég ætla að benda hæstv. forseta og formanni landbúnaðarnefndar á að í dag var samþykkt frumvarp sem var skylt þessu en það varðaði sjávarútveg, þ.e. hafrannsóknir. Þar var fjárveitingum varið til þess að ýta undir sjálfstætt starfandi vísindamenn. (Gripið fram í.) Þetta frumvarp gengur í þveröfuga átt.

Ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að skoða mjög vel nokkrar rannsóknastofnanir á vegum ríkisins. Sumt af þeim

rannsóknum, sérstaklega þjónustu og eftirliti sem þau inna af höndum, er betur komið á markaði. Annað sem tengist skólamálum og ýmsu er betur komið hjá ýmsum háskólastofnunum. Ég hef t.d. margoft sagt að ég tel að Veiðimálastofnun og stór hluti af starfi hennar sé einstaklega vel fallið til að sameina landbúnaðarháskóla eins og þeim sem er á Hólum. Ég er þeirrar skoðunar. Hvers vegna í ósköpunum á ríkisstofnun að keppa við sjálfstætt lítið fyrirtæki um mælingar á laxi og eftirlit með laxastofnum í ám? Hvers vegna?

Slík ríkisstofnun á enn síður að niðurgreiða þá samkeppni af opinberu fé. Þetta er ekki annað en brot af því sem að minnsta kosti er hægt að kalla anda samkeppnislaga. Þetta er náttúrulega andstætt stefnu Sjálfstæðisflokksins. (Forseti hringir.) Ég skil ekkert í formanni landbúnaðarnefndar að taka þátt í þessu. (Forseti hringir.)

[00:08]

Útbýting:

Aðgangur að opinberum gögnum um öryggismál, 803. mál, nál. allshn. þskj. 1467.

Flugmálastjórn Íslands, 707. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1465.

Stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009, 391. mál, nál. iðnn. þskj. 1463; brtt. iðnn. þskj. 1464. .

Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, 708. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1466.

[00:09]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun er hér komið til 2. umr. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir, formaður landbúnaðarnefndar, hefur gert grein fyrir í nefndaráliti landbúnaðarnefndar við frumvarpið. Ég styð nefndarálitið. Ég hafði reyndar smáfyrirvara við það sem lýtur fyrst og fremst að stjórnskipulagi Veiðimálastofnunar. Yfir henni er leiðbeinandi stjórn en því á að breyta yfir í ráðgjafarnefnd til ráðgjafar við verkefnaval og áherslur stofnunarinnar. Ég geri í sjálfu sér engan grundvallarágreining um þetta en í umsögnum og viðtölum við bæði stjórn og framkvæmdastjóra Veiðimálastofnunar voru allir mjög sáttir við þá skipan sem var og því er ekki ástæða til að breyta henni af þeim sökum. Ef eitthvað gengur vel eins og það er þá er ekki ástæða til að breyta því og ég geri athugasemdir við það.

Breytingarnar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu eru að mínu viti til bóta. Ég vil leggja áherslu á hversu mikilvægt er að vera með opinbera stofnun sem hefur það hlutverk að safna grunngögnum varðandi ferskvatnsfiska og lífríki þeirra og lífríki í vötnum og geti fylgt eftir ferskvatnsfiskum sem lifa að hluta í sjó. Ég tel það mikilvægt og þessi stofnun hefur staðið sig vel hvað þetta varðar. Málið snýst um hluta af auðlindum okkar og lífríki. Þess vegna er mikilvægt að hafa opinbera stofnun sem fylgir eftir rannsóknum og eftirliti á grunnþáttum þess málaflokks. Það vil ég hér árétta.

Okkur ber skylda til að fylgjast með og varðveita líffræðilegan fjölbreytileika, sem er ekki síst mikilvægur í ám og vötnum. En með aðgerðum okkar, virkjunum eða öðrum inngripum, er líffræðilegan fjölbreytileika í vötnum og vatnasvæðum hérlendis ógnað. Þess vegna skiptir miklu máli að hafa opinbera stofnun sem fylgist vel með, er umsagnaraðili, rannsakar og gætir þessarar auðlindar og veitir ráðgjöf.

Veiðimálastofnun hefur starfað náið með hagsmunaaðilum í greinum sem lúta að veiði og nýtingu og meðferð á auðlindinni í ám og vötnum, rekið deildir í þremur landshlutum og þannig byggt upp mjög öflugt samstarfsnet. Ég vil í lokin árétta mikilvægi þessarar stofnunar, þeirra verkefna sem hún er ábyrg fyrir. Ég styð þetta frumvarp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fiskrækt, 2. umr.

Stjfrv., 613. mál (heildarlög). — Þskj. 898, nál. 1331, brtt. 1332.

[00:14]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá landbúnaðarnefnd um frumvarp til laga um fiskrækt. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjöldann allan af gestum og einnig barst nefndinni fjöldi umsagna.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérlög um fiskrækt, en ákvæði um fiskrækt eru nú í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Ákvæði um Fiskræktarsjóð verða þó áfram í lögum um lax- og silungsveiði. Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði.

Nefndin leggur til að orðin „þ.m.t. hafbeitar“ í 2. gr. falli brott þar sem orðalagið er villandi að því leyti að ályktað má að hafbeit sé hluti af fiskrækt, en í athugasemdum í frumvarpinu kemur fram að slepping gönguseiða í veiðivötn teljist ekki til hafbeitar, heldur fiskræktar. Um er að ræða tvær skilgreiningar, þ.e. hafbeit og fiskrækt, og leggur nefndin því til að framangreind orð falli brott.

Nefndin leggur til tvær breytingar á 3. gr. Annars vegar breytingu á 11. tölulið er lýtur að skilgreiningunni á hafbeit. Misræmi er á milli skilgreiningarinnar og skýringar með henni og því er orðalagi breytt. Ekki er um að ræða efnislega breytingu. Hins vegar er lögð til breyting á 26. tölulið á þá leið að villtur fiskstofn verði skilgreindur sem fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum. Sú breyting er til samræmis við skilgreiningu á hugtakinu í frumvarpi um lax- og silungsveiði.

Einnig leggur nefndin til að gildistakan verði færð til 1. júlí 2006 í stað 1. júní og enn fremur að lagfærð verði tilvísun í lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, nr. 85/2005.

Að lokum er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða þannig að einum fulltrúa frá Félagi eigenda sjávarjarða verði bætt við samráðsnefndina og með því komi fleiri

hagsmunaaðilar að henni

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit rita auk mín hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson, Gunnar Örlygsson, Guðmundur Hallvarðsson, Jón Bjarnason, Guðjón Ólafur Jónsson og Valdimar L. Friðriksson.

Þau fimm frumvörp sem verið hafa til umræðu í kvöld voru öll afgreidd í mikilli sátt í landbúnaðarnefnd. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka þingmönnum í landbúnaðarnefnd fyrir gott samstarf í vetur og einnig ritara nefndarinnar. Það er mikilvægt að ná sátt í svo viðamiklum málaflokki þegar um lax- og silungsveiði er að ræða en endurskoðun löggjafarinnar hefur tekið mörg ár og hefur þurft að gæta fjölþættra hagsmuna og lagaskila. Það er til marks um hve mikilvægt var að þetta náðist fram núna að gerðar hafa verið tilraunir til heildarendurskoðunar þessara laga á síðustu áratugum án þess að það hafi borið árangur. En þetta mál er nú í höfn og er gott til þess að vita.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 742. mál (heildarlög). — Þskj. 1078, nál. 1340, brtt. 1341 og 1343.

og

Vinnumarkaðsaðgerðir, 2. umr.

Stjfrv., 788. mál (heildarlög). — Þskj. 1194, nál. 1340, brtt. 1342.

[00:19]

Frsm. félmn. (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar og frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir frá félagsmálanefnd. Nefndin hefur fjallað um málin og fengið á sinn fund gesti.

Varðandi atvinnuleysistryggingarnar lýtur helsta breytingin með frumvarpinu að því að þeir sem teljast tryggðir eigi rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum í allt að þrjá mánuði. Getur mánaðarleg greiðsla numið 70% af heildarlaunum viðkomandi, en hámarksgreiðsla á mánuði samkvæmt frumvarpinu verður 180 þús. kr. miðað við óskerta atvinnuleysistryggingu. Að þessu þriggja mánaða tímabili loknu getur viðkomandi átt rétt á grunnatvinnuleysisbótum. Tímabilið sem unnt er að fá greiddar atvinnuleysisbætur verður samkvæmt frumvarpinu stytt úr fimm árum í þrjú.

Jafnframt eru lagðar til breytingar á skipulagi atvinnuleysistryggingakerfisins. Í núverandi kerfi eru sérstakar úthlutunarnefndir sem annast framkvæmd þess en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun taki við því hlutverki. Stofnunin mun ákvarða um réttindi og skyldur launafólks og sjálfstætt starfandi einstaklinga, þar á meðal um rétt þeirra til atvinnuleysisbóta og um missi þeirra. Hins vegar mun ein framangreindra nefnda starfa áfram og mun Vinnumálastofnun skipa í hana. Hlutverk þessarar nefndar er einkum að hafa eftirlit með því að samræmis sé gætt hvað varðar ákvarðanir um atvinnuleysistryggingar. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2003 sem ber heitið „Greiðsla atvinnuleysisbóta – innra eftirlit“ er fjallað um úthlutunarnefndirnar sem starfa í núverandi kerfi. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að vart hafi orðið mismunandi viðhorfa hjá úthlutunarnefndum, nefndirnar túlki lög og reglugerðir á misjafnan hátt og að hætta sé á að fólki sé mismunað eftir því hvar á landinu það býr.

Bæði launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar geta átt rétt til bóta samkvæmt frumvarpinu og er það ekki breyting frá gildandi kerfi. Það sem er nýtt hvað þetta varðar er að í frumvarpinu er kveðið á um skilyrði bótaréttar sjálfstætt starfandi einstaklinga en í gildandi kerfi er kveðið á um þessi skilyrði í reglugerð. Tveir aðskildir kaflar frumvarpsins fjalla um skilyrði, annars vegar launamanna til atvinnuleysisbóta og hins vegar sjálfstætt starfandi einstaklinga. Áfram er gert að skilyrði að einstaklingur sé í virkri atvinnuleit til að geta talist tryggður samkvæmt frumvarpinu. Hugtakið „virk atvinnuleit“ er skilgreint í 14. gr. frumvarpsins. Framlagning vottorðs frá vinnuveitanda er gerð að skilyrði fyrir rétti til bóta samkvæmt frumvarpinu. Slík vottorð hafa verið talin eitt af þeim grundvallaratriðum sem litið er til við ákvörðun á rétti atvinnuleitanda innan kerfisins en ekki hefur verið kveðið á um það í lögum að slíkt vottorð skuli lagt fram. Það er nýmæli að sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur, verði frumvarpið að lögum, þarf ekki að skrá sig reglulega hjá vinnumiðlun. Hins vegar verður atvinnuleitendum gert að hafa regluleg samskipti við ráðgjafa innan vinnumarkaðskerfisins. Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er fjallað um rétt þeirra sem þegar hafa skráð sig án atvinnu.

Varðandi vinnumarkaðsaðgerðirnar er lagt til breytt skipulag á vinnumarkaðsaðgerðum en með þeim er átt við vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitanda og skipulag vinnumarkaðsúrræða með hliðsjón af færni og þörfum þess sem leitar eftir atvinnu. Lagt er til að mismunandi tegundir vinnumarkaðsúrræða verði fyrir hendi, svo sem afmörkuð þjónusta eða öflug og víðtæk hjálp.

Samkvæmt frumvarpinu skal Vinnumálastofnun annast framkvæmd laganna þannig að betri yfirsýn fáist yfir þau úrræði sem eru í boði. Það er mat nefndarinnar að hafi aðrir aðilar vilja og getu til að sinna því hlutverki sem Vinnumálastofnun er fengið samkvæmt frumvarpinu þá skuli félagsmálaráðherra heimilt að gera samninga við þá aðila um framkvæmd verkefna sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Hvað varðar kostnað við vinnumarkaðsaðgerðir þá kemur fram í 4. gr. frumvarpsins að kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hvers árs. Nefndin telur eðlilegt að aðrir aðilar kunni að koma að fjármögnun einstakra vinnumarkaðsúrræða eða verkefna. Má þar til dæmis nefna lífeyrissjóði og aðila vinnumarkaðarins sem hafa nú þegar ýmis verkefni á sínum snærum.

Í 17. gr. frumvarpsins er ákveði þess efnis að Vinnumálastofnun afli upplýsinga um atvinnuástandið í landinu.

Nefndin leggur til breytingu á þessari grein þannig að bætt verði við nýrri málsgrein þar sem kveðið verður á um að stofnunin skuli kanna mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum. Þannig verður unnt að meta atvinnumöguleika þeirra sem stunda nám. Byggist þessi tillaga á þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur á þskj. 67. Með þessu móti verður Vinnumálastofnun kleift að byggja upp þekkingu og yfirsýn sem yrði grundvöllur heildarstefnumótunar á sviði vinnumarkaðsmála hér á landi. Þar yrði tekið tillit til breytinga í atvinnulífinu samfara aukinni tækniþróun og alþjóðavæðingu. Meðal annars yrði horft til mikilvægis frumkvöðlastarfs og nýsköpunar og aukinna krafna til menntunar á sviði bóknáms-, iðn-, tækni- eða starfsnáms í þekkingarsamfélagi nútímans. Nefndin telur eðlilegt að Vinnumálastofnun leiti eftir samvinnu við Samtök atvinnulífsins, náms- og starfsráðgjafa í háskólum og Félag náms- og starfsráðgjafa við uppbyggingu þessa verkefnis. Með því móti verður samvinna við atvinnulífið tryggð og ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi verður efld þannig að byggja megi upp samkeppnishæft samfélag hér á landi til frambúðar.

Helsta markmið vinnumarkaðsaðgerða er að stuðla að atvinnuþátttöku fólks. Úrræði laga um atvinnuleysistryggingar verða virk þegar einstaklingur missir starf sitt og þarf á tímabundinni aðstoð að halda.

Nefndin hefur fjallað um ýmsar hliðar málsins og eins og að framan greinir fengið ýmsa gesti á sinn fund. Nefndarmenn ræddu einkum um samhengi þessara frumvarpa við aðra þjónustuþætti svo sem heilbrigðisþjónustu, atvinnumál fatlaðra o.fl. Nefndin telur mikilvægt að þau úrræði sem eru og verða til staðar skarist ekki heldur virki saman. Hvað varðar atvinnumál fatlaðra er að því stefnt að þjónusta við fatlaða verði með sama hætti og fyrir aðra hópa. Má í þessu sambandi benda á f-lið 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Þó má gera ráð fyrir að það kunni að taka tíma að færa atvinnumál fatlaðra frá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra en hafist verður handa við flutninginn verði frumvarpið samþykkt á Alþingi á yfirstandandi þingi.

Við meðferð málsins kom fram athugasemd þess efnis að BHM og BSRB skuli samkvæmt frumvörpum þessum eiga sameiginlegan fulltrúa í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vinnumálastofnunar. Nefndin telur rétt að eftir sem áður verði stjórnin skipuð níu fulltrúum þannig að framangreind félög haldi sínum fulltrúanum hvort.

Nefndin telur mikilvægt að þegar leitað er vinnumarkaðsúrræða fyrir einstakling sem misst hefur starf sitt skuli hugað að þeim hæfileikum og getu sem hann býr yfir en ekki einblína á þau störf eða verkefni sem hann er ekki fær um að sinna.

Svo að þetta megi allt ganga eftir leggur nefndin ríka áherslu á það grundvallaratriði að til frambúðar verði tryggð fjármögnun virkra vinnumarkaðsaðgerða og starfsendurhæfingarúrræða. Nefndin vísar í því sambandi sérstaklega til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember 2005 til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins, sem aðilar vinnumarkaðarins eiga m.a. aðild að, fjallar nú um leiðir til að efla starfsendurhæfingu innan ramma nýrra laga um vinnumarkaðsaðgerðir og munu þær grundvallast á þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember 2005 kemur skýrt fram að ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins muni koma sameiginlega að fjármögnun þessara aðgerða. Nefndin leggur áherslu á að fjármunir til vinnumarkaðsaðgerða komi að meginhluta til úr ríkissjóði en aðrir aðilar geti með samningum lagt til fjármuni til vinnumarkaðsaðgerða eins og fram kemur í skýrslu nefndar um atvinnuleysistryggingar sem skilaði tillögum til félagsmálaráðherra í nóvember 2005.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar, sumar efnislegar en aðrar lúta að málfari. Þær efnislegu breytingar sem nefndin leggur til eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi má nefna breytingu á ákvæði 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins um skipun í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Nefndin leggur til að fyrirkomulagið verði það sama og á grundvelli gildandi laga þannig að fulltrúar í stjórn verði áfram níu. Þá er lagt til að til nánari skýringar verði tekið fram í lagatextanum að átt sé við vottorð fyrrverandi vinnuveitanda í þeim ákvæðum þar sem kveðið er á um að skila skuli vottorði vinnuveitanda, enda hefur sá sem er atvinnulaus engan vinnuveitanda. Nefndin leggur jafnframt til breytingu á mótframlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs í lífeyrissjóð. Lagt er til að framlagið verði 8% en ekki 6%. Hins vegar verður gerð tillaga um nýtt bráðabirgðaákvæði þess efnis að til 31. desember 2006 verði mótframlagið 7%. Þá má nefna breytt orðalag í X. og XI. kafla frumvarpsins þar sem talað er um „40 virka daga“. Nefndin leggur til að í stað þess orðalags komi „40 daga sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir“. Með þessu móti reiknast einnig svokallaðir „rauðir dagar“ inn í umrætt tímabil.

Nefndin leggur einnig til breytingar á frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir og eru eftirtaldar breytingar þær helstu:

Lagt er til að stjórn Vinnumálastofnunar verði skipuð tíu fulltrúum í stað sex samkvæmt frumvarpinu. Þá leggur nefndin til breytingu á 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins þannig að félagsmálaráðherra verði heimilt að leita til annarra aðila en Vinnumálastofnunar við framkvæmd á ákvæðum laganna. Nefndin leggur jafnframt til að auk framlags úr ríkissjóði verði leitað til annarra aðila um fjármögnun vinnumarkaðsaðgerða og má þar nefna lífeyrissjóði og aðila vinnumarkaðarins. Að lokum má nefna breytingu á 17. gr. þannig að Vinnumálastofnun kanni mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum. Breyting þessi byggist á þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur eins og að framan greinir.

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka nefndarmönnum fyrir afar gott samstarf í þessum málum. Nefndarmenn voru sammála um markmið þessara laga og lögðust á eitt við að ljúka þeim í sátt. Fyrir það er ég afar þakklát enda um mikið framfaramál að ræða fyrir launafólk í landinu.

Hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Hv. þingmenn Pétur Blöndal og Valdimar L. Friðriksson voru fjarverandi við afgreiðslu málanna.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson situr fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvörpin verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Lúðvík Bergvinsson og Hjálmar Árnason.

[00:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Þau frumvörp sem við ræðum hér um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir fela í sér verulega réttarbót fyrir atvinnulausa og þá sem eru í atvinnuleit og eru skref í þá átt að búa betur að atvinnulausum. Ekki veitti af því að þessum hópum hefur í allt of langan tíma ekki verið nægilega vel sinnt. Framfærslueyrir þeirra sem eru atvinnulausir er fádæma rýr og ekki hægt að ætlast til að hægt sé að framfleyta sér af því. Það ber því að fagna þessu frumvarpi um atvinnuleysistryggingar þar sem það skref er stigið að taka upp tekjutengdar atvinnuleysisbætur eins og víða þekkist í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Að vísu er það svo að þessar tekjutengdu atvinnuleysisbætur vara einungis í skamman tíma eða þrjá mánuði. Þeir sem eru atvinnulausir lengur eru þá um tíma á grunnbótum og fyrstu tíu dagana, ef ég man rétt, þegar atvinnuleysi hefst áður en kemur að tekjutengdum bótum.

Þetta frumvarp er málamiðlun milli aðila vinnumarkaðarins og er mér kunnugt um að ASÍ lagði áherslu á að ná fram hærra hlutfalli af tekjum en samkomulag varð um og að tekjutengdar bætur mundu vara í lengri tíma. Undir það er vissulega hægt að taka en þetta er engu að síður skref í rétta átt.

Ég ræði fyrst um frumvarpið um atvinnuleysistryggingar en um er að ræða sérstakt frumvarp um hvort mál þó að það sé tekið saman í einu nefndaráliti. Nefndin fjallaði um það mál og fékk marga aðila á sinn fund. Ég held það megi segja að tekist hafi bærileg sátt í nefndinni um frumvarpið. Við fögnum því sérstaklega, að því er varðar þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu í meðförum nefndarinnar, sem náðist fram um hækkun á lífeyrisgreiðslum í lífeyrissjóð þeirra sem eru atvinnulausir. Sé ég ástæðu til þess, frú forseti, bæði að því er varðar þetta mál og einnig um vinnumarkaðsaðgerðir, að þakka meiri hlutanum og þá formanni nefndarinnar sérstaklega fyrir mjög góða samvinnu í þessum málum báðum. Ég held að bæði þessi mál, sem hafa tekið nokkrum breytingum í hv. félagsmálanefnd, beri það með sér að góð sátt hafi verið um þau og þeim hafi verið stýrt undir öruggri forustu formanns nefndarinnar. Það skilar sér í því að málið hefur tekið breytingum sem bætir það verulega fyrir þá sem eru atvinnulausir.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessi frumvörp en vil þó segja að við erum með fyrirvara, ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Fyrirvarar okkar varðandi atvinnuleysistryggingarnar lúta kannski að tvennu. Í fyrsta lagi teljum við að það sé varla verjandi að atvinnulausir séu raunverulega eini hópurinn sem ekki nýtur þess að fá orlofsuppbót eða desemberuppbót eins og aðrir á vinnumarkaði, og ekki bara þeir sem eru á vinnumarkaði heldur lífeyrisþegar líka sem fá 30% af sínum lífeyri í uppbót, bæði í orlof og í desemberuppbót. Við höfum að minnsta kosti tvisvar sinnum látið á það reyna í þinginu að ná þessu fram fyrir atvinnulausa en ekki tekist. Við erum enn að reyna að fá þetta réttlætismál í höfn en það hefur ekki enn tekist. Áhersla verður sannarlega lögð á að það mál komist í höfn þó síðar verði.

Við höfum einnig tekið upp í breytingartillögu okkar á þskj. 1343 þær athugasemdir sem ASÍ gerði sem eru mjög alvarlegar og meiri hlutinn treystir sér ekki til að taka upp. ASÍ gerði alvarlegar athugasemdir við þá ráðagerð að tvöfalda refsingu þess launafólks sem segir starfi sínu lausu án gildra ástæðna. Í fyrsta lagi tekur við 40 daga biðtími eftir bótum og í öðru lagi svipting tekjutengingar sem fram kemur í 32. gr. ASÍ hefur lagt til þá málamiðlun að umræddir dagar dragist frá hinu tekjutengda tímabili en upphefji það ekki með öllu.

Við tökum upp ákvæði í okkar breytingartillögu sem mildar verulega þessa tvöföldu refsingu sem við teljum verulega ósanngjarna. Við teljum fulla ástæðu til að taka undir það sjónarmið sem fram kom hjá ASÍ að hér sé um óeðlilega refsingu að ræða. Við tökum þetta því upp ásamt ákvæðunum um desember- og orlofsuppbót. Þó að við hefðum gjarnan viljað sjá fleiri breytingar á þessum tvennum lögum teljum við að þetta séu algerar lágmarksbreytingar til viðbótar því sem samkomulag náðist um í nefndinni.

Varðandi vinnumarkaðsaðgerðirnar byggist fyrirvari okkar á því að við teljum að það sé of óljóst um fjármögnun á þeim. Fjármagn er undirstaða þess að hægt sé að ná fram vinnumarkaðsaðgerðum sem skili virkilegum árangri. Hér eru lagðar til nýjar áherslur og ný sýn í vinnumarkaðsmálum en það er grundvallaratriði að þeim fylgi fjármagn. Það er að okkar mati of óljóst hvenær þeir fjármunir muni koma. Þegar lögin taka gildi 1. júlí munu þessir fjármunir alla vega ekki koma úr ríkissjóði en við höfum orð fyrir því að það muni verða á haustdögum. Ég tel mjög mikilvægt, sem formaður beitti sér fyrir og kemur inn í nefndarálitið, að nefndin leggur áherslu á að fjármunir til vinnumarkaðsaðgerða komi að meginhluta til úr ríkissjóði eins og reyndar kom fram í skýrslu nefndar um atvinnuleysistryggingar sem skilaði tillögum til félagsmálaráðherra í nóvember 2005. Auðvitað verður grannt fylgst með því, frú forseti, að þessir fjármunir skili sér til þessara vinnumarkaðsaðgerða. Það er enn nokkuð óljóst um hve mikla fjármuni er að tefla í þessu sambandi en í mín eyru hefur verið rætt um 200 millj. kr. Að þessu lýtur okkar fyrirvari.

Ég ætla ekki að taka langan tíma, frú forseti, því það eru mörg mál sem bíða og liðið á nóttina. En ég vil samt leggja áherslu á að við teljum mjög mikilvægt, og tökum undir það sem fram kemur hjá Öryrkjabandalaginu og reyndar einnig hjá Hlutverki, þ.e. samtökum um vinnu- og verkþjálfun fyrir fatlaða, að atvinnumál fatlaðra eins og annarra Íslendinga falli undir þessa löggjöf og falli undir Vinnumálastofnun eins og aðrar vinnumarkaðsaðgerðir fyrir þá sem eru í atvinnuleit. Ég tel að það sé skilningur nefndarinnar, og það er raunar orðað í nefndarálitinu, að svo sé og að því verði markvisst unnið.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að hafa

fleiri orð um þetta mál utan þess að ég vil þakka fyrir það, eins og fram kemur í þessu nefndaráliti og framsögumaður og formaður nefndi, að nefndin tók upp tillögu sem ég hef flutt og lá fyrir félagsmálanefnd, sem er að finna á þskj. 67. Um var að ræða þingsályktunartillögu sem fól í sér að reglubundið yrði könnuð mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum með það að markmiði að meta atvinnumöguleika námsmanna eftir námsleiðum og efla þannig ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi. Ég hef í áranna rás orðið vör við það hjá nemendum að þeim hefur fundist vanta að slík reglubundin könnun sé gerð á mannaflaþörf og framtíðarþróun og horfur í atvinnugreinum. Það er gert víða í þeim löndum sem við berum okkur saman við til að auðvelda námsmönnum val á námi og námsleið. Þeir horfa auðvitað til þess hvernig framtíðarhorfur eru í hinum ýmsu atvinnugreinum.

Ég tel það því mjög mikilvægt að nefndin tók þetta mál upp þannig að þetta er komið inn í frumvarp. Þetta er þá orðinn lagatexti og er partur af vinnumarkaðsaðgerðum sem ég tel afar mikilvægt. Það kemur einmitt fram í nefndarálitinu að áhersla er lögð á að Vinnumálastofnun leiti eftir samvinnu við Samtök atvinnulífsins, náms- og starfsráðgjafa í háskólanum og félags-, náms- og starfsráðgjafa við uppbyggingu þessa verkefnis. Með því móti verður samvinna við atvinnulífið tryggð og ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi efld þannig að byggja megi upp samkeppnishæft samfélag hér á landi til frambúðar. Ég er afar þakklát fyrir að nefndin skyldi taka upp tillögu mína sem lá fyrir nefndinni og flytja hana sem breytingartillögu við þetta frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Þetta ákvæði kemur þá strax til framkvæmda samhliða því.

Virðulegi forseti. Ég hef lýst þeim fyrirvörum sem við höfum við þetta mál. Ég hef lýst þeim breytingartillögum sem við leggjum áherslu á að nái fram að ganga. Ég vil rétt í lokin undirstrika góða samvinnu við meiri hlutann í þessum tveimur mikilvægu málum sem skipta verulegu máli fyrir atvinnulausa og þá sem eru í atvinnuleit. Ég er viss um að við erum að stíga framfaraskref í þessum málum þó auðvitað megi betur gera fyrir þessa hópa. En það er vissulega skref í rétta átt sem við hér stígum.

[00:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þau tvö frumvörp sem hér eru til umfjöllunar, annars vegar frumvarp um atvinnuleysisbætur og hins vegar frumvarp um vinnumarkaðsaðgerðir sem hafa verið í meðferð félagsmálanefndar nú um skeið. Ég vil byrja á því að þakka formanni nefndarinnar, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, sem stýrt hefur starfi nefndarinnar afbragðsvel. Gerðar hafa verið breytingar á frumvarpinu frá því að það kom fyrst fram sem eru mjög til bóta. Eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur eru það ekki síst þær breytingar sem voru gerðar á lífeyrisréttindum fólks sem er á atvinnuleysisbótum.

Atvinnulaus einstaklingur hefur um það bil 93 þús. kr. á mánuði hverjum. Það eru litlir peningar. Það er mikill skellur fyrir fólk að fara úr launuðu starfi á atvinnuleysisbætur og það segir sig sjálft að því hærri sem launin eru þeim mun verri og harðari verður skellurinn. Þess vegna er stigið út á þá braut með þessum lagabreytingum að tekjutengja atvinnuleysisbætur. Þær hafa til þessa verið ótekjutengdar þannig að allir hafa setið við sama borð. Sannast sagna hefur það verið umdeilt innan verkalýðshreyfingarinnar hvort stíga eigi skref í þessa átt. Annars vegar hefur verið það sjónarmið að þegar allt komi til alls sé eðlilegt að allir sitji við sama borð og hafi sömu kjör og sömu réttindi úr opinberum sjóðum. Síðan er á hitt að líta, sem ég gat um, að einstaklingur sem verður fyrir mjög miklu tekjutapi á í mörgum tilvikum erfiðara um vik að fóta sig vegna skuldbindinga, lána og annars. Það sjónarmið varð því ofan á, bæði hjá Alþýðusambandi Íslands og hjá BSRB, að styðja þessa kerfisbreytingu. Tekjutengingunni er þannig háttað að greiðslur geta numið 70% af heildarlaunum einstaklingsins en þó ekki farið yfir tiltekið mark, 180 þús. kr. Þetta getur varað um þriggja mánaða tímabil. Síðan fer einstaklingurinn niður á grunnatvinnuleysisbæturnar. Þetta er skref í rétta átt og ég tel þetta til góðs og til þess fallið að draga úr þeim mikla skell sem ég gat um.

Ég ætla ekki að fara nánar í að rekja efni frumvarpsins eða þær breytingar sem gerðar hafa verið á því. Það er að finna í þessum lagabreytingum ýmsar breytingar á stjórnsýslunni. Úthlutunarnefndir eru þannig lagðar niður og sú starfsemi er færð undir Vinnumálastofnun. Það er atriði sem hefur verið nokkuð umdeilt á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar. Ég skil þau sjónarmið sem hafa verið uppi hjá ýmsum verkalýðsfélögum sem hafa lagt áherslu á tengsl félagsins við atvinnulausa einstaklinga, og það er sjónarmið sem ber að virða. Á hitt er að líta að reyndin er að verða sú að greiðsla atvinnuleysisbóta er meira og minna orðin rafræn. Fólk sækir sína peninga með þeim hætti en fer ekki á viðkomandi skrifstofur þannig að umhverfið er að breytast að þessu leyti.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál en lýsa stuðningi við frumvarpið í heild sinni. Ég tel það skref í framfaraátt og þær breytingartillögur sem fyrir liggja frá hendi stjórnarandstöðunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 619. mál (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot). — Þskj. 905, nál. 1414.

[00:48]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti. Nefndin hefur fengið til sín fjölmarga aðila vegna málsins eins og fram kemur í nefndaráliti. Umsagnir bárust jafnframt víða að en með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga á grundvelli samnings Evrópuráðsins um tölvubrot frá 23. nóvember 2001 sem undirritaður var fyrir Íslands hönd þann 30. sama mánaðar. Frumvarpið miðar ann-

ars vegar að því að samræma almenn efnisskilyrði í refsilöggjöf og tengdri löggjöf að landsrétti á sviði tölvubrota og hins vegar að því að innleiða réttarfarsreglur svo hægt sé að rannsaka og saksækja einstaklinga fyrir slík afbrot auk annarra afbrota sem framin eru í gegnum tölvukerfi eða með rafrænum hætti.

Nefndin ræddi á fundum sínum refsiréttarleg álitaefni frumvarpsins og m.a. þá leið sem lögð er til í frumvarpinu að setja almennt ákvæði um refsiábyrgð lögaðila vegna brota á almennum hegningarlögum. Kom fram á fundum að samkvæmt samningnum væri aðildarríkjunum skylt að gera kleift að leggja refsiábyrgð á lögaðila vegna ákvæða samningsins. Var talið að þar sem brot sem ákvæði 2.–9. gr. samningsins taka til væru þegar refsiverð í almennum hegningarlögum væri réttast að leggja til að almennt ákvæði um refsiábyrgð lögaðila vegna brota á almennum hegningarlögum bættist við lögin að fyrirmynd Dana, þó með nokkuð breyttri útfærslu og fellst nefndin á það sjónarmið. Þá kom einnig fram á fundum að það væri að verða mun algengara að alþjóðasamningar kvæðu á um skyldu aðildarríkja til að taka upp ákvæði er heimila refsiábyrgð lögaðila. Telur nefndin rétt að taka skýrt fram að refsiábyrgð lögaðila er bundin almennum skilyrðum II. kafla A almennra hegningarlaga en þar kemur fram að refsiábyrgðin sé almennt háð persónulegri refsiábyrgð, þ.e. að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað.

Nefndin ræddi einnig skilgreiningu 9. gr. samningsins á barnaklámi. Í frumvarpinu er lagt til að skilgreining barnakláms nái ekki yfir tilbúið efni, svo sem teiknimyndir og efni sem sýnir einstakling, sem lítur út fyrir að vera ólögráða barn, í kynferðislegum athöfnum, sbr. 4. mgr. 9. gr. samningsins sem heimilar aðildarríkjunum að undanþiggja m.a. þessi efnisákvæði samningsins. Var því sjónarmiði hreyft fyrir nefndinni að ganga hefði átt lengra í að skilgreina barnaklám en gert er í frumvarpinu og að ekki hefði átt að nýta heimildir samningsins til að undanþiggja nein ákvæði samningsins þar sem slíkt klámefni væri tilvísun í barnaklám og til þess fallið að ýta undir kynferðislegar hneigðir til barna. Telur nefndin að í ljósi þeirra markmiða sem legið hafa til grundvallar refsiákvæðum um barnaklám í íslenskri refsilöggjöf og lúta að því að auka vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun séu ekki nægileg refsiréttarleg rök til að gera t.d. refsivert að hafa í fórum sínum slíkt efni. Þá telur nefndin einnig skipta máli hversu erfitt sé að skilgreina hvað átt er við með þessum ákvæðum og því sé erfitt að framfylgja slíku Því telur nefndin ekki ástæðu til að útvíkka ákvæðin að þessu leyti. Kom fram að Danir hafa einnig gert þessa fyrirvara. Auk þess sem á fundum nefndarinnar kom fram að í viðbótarbókun við sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem gengur lengst í að uppræta barnaklám, kemur fram bann við hvers kyns framsetningu á barni sem tekur þátt í kynferðislegum athöfnum og gengur út frá því að barnið sé þátttakandi í brotinu. Nefndin telur rétt að taka fram að unnt er að afturkalla þá fyrirvara sem samningurinn heimilar aðildarríkjunum að gera hvenær sem er og telur nauðsynlegt að fylgst verði með þróun löggjafar í öðrum löndum á næstu árum og því hvernig aðildarríkin aðlaga sína refsilöggjöf að skilgreiningu samningsins.

Eins og fram kemur í nefndaráliti var jafnframt rætt um réttarfarsleg ákvæði frumvarpsins sem lúta að varðveisluskyldu fjarskiptafyrirtækja. Í því samhengi kom fram að þær röksemdir sem búa að baki ákvæðinu væru að auðvelt væri að eyða gögnum og því nauðsynlegt að hafa fljótvirk og skilvirk úrræði til að tryggja varðveislu þeirra. Á þetta sjónarmið fellst nefndin. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að varðveisluskyldan vari í eins stuttan tíma og hægt og ekki lengur en í 90 daga. Því sjónarmiði var hreyft að 90 daga reglan væri óþarflega löng. En þau tímamörk munu vera í samræmi við samninginn og því ekki unnt að stytta tímann frekar en það. Ástæða er til að leggja áherslu á að samkvæmt þeim málsmeðferðarákvæðum sem gilda um starfsemi lögreglu þurfa fyrirmæli lögreglu að vera ákveðin, skýr og rökstudd og að henni er skylt að fylgja meðalhófsreglu og aflétta varðveisluskyldu strax og unnt er. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því að lögregla þurfi að afla dómsúrskurðar til þess að fá gögnin afhent frá fjarskiptafyrirtækjunum.

Nefndin ræddi einnig ákvæði frumvarpsins um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptafyrirtækis um allar aðgerðir sem gripið er til samkvæmt tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls. Samkvæmt frumvarpinu skulu tilmæli lögreglu styðjast við lagaheimild eða dómsúrskurð. Var því sjónarmiði hreyft fyrir nefndinni að ákvæðið væri óþarft þar sem kveðið er á um þagnarskyldu í öðrum lögum. Telur nefndin því rétt að taka fram að ákvæði frumvarpsins um þagnarskyldu starfsmanna varða ekki þau atriði sem fjallað er um í öðrum lögum, heldur þær aðgerðir lögreglu sem lagðar eru til í frumvarpinu. Því er ljóst að nauðsynlegt er að lögfesta sérstakt ákvæði um þá skyldu.

Nefndin ræddi ákvæði frumvarpsins um hlerun og telur nauðsynlegt að fjarskiptafyrirtæki setji sér verklagsreglur m.a. um meðferð beiðna, aðgang að upplýsingum um hlerun o.fl. í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Mikilvægt er að hafa í huga varðandi þetta mál að það er lagt fram á þinginu til að uppfylla þjóðréttarlegar skyldur og nefndin telur að fljótlega þurfi að meta hvort ekki eigi að fara fram heildarendurskoðun á ákvæðum hegningarlaga um tölvubrot. Í þeirri endurskoðun ætti þá m.a. að huga að því hvort ákvæði á borð við 228. gr. hegningarlaga geti verið undirorpið opinberri ákæru samkvæmt kröfu þess sem misgert hefur verið við, en um þetta var nokkuð rætt á fundum nefndarinnar.

Ég vil að lokum geta þess að nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Þó gerðu hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson og Björgvin G. Sigurðsson fyrirvara á nefndaráliti.

[00:56]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég vil lýsa vonbrigðum með þá ákvörðun meiri hluta allsherjarnefndar og ríkisstjórnarinnar að beita þessum svokallaða fyrirvara varðandi 9. gr. samningsins. 9. gr. samningsins gerir ráð fyrir að skilgreining á barnaklámi sé aðeins víðara en nú er, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Í „barnaklámi“ felst, að því er varðar 1. mgr. hér að framan, klámefni sem sýnir:

a) ólögráða barn sem hefur uppi háttsemi sem er greinilega kynferðisleg;

b) manneskju sem virðist vera ólögráða barn og hefur uppi háttsemi sem er greinilega kynferðisleg;

c) raunsannar myndir sem tákna ólögráða barn sem hefur uppi háttsemi sem er greinilega kynferðisleg.“

Ég hefði talið réttara og eðlilegra að við hefðum ekki beitt þessum fyrirvara um að taka þetta ekki inn í okkar rétt. Ég tel að skilgreining á barnaklámi eigi að ná til svona mynda sem eru raunsannar en geta verið tölvuteiknaðar eða samsettar. Sömuleiðis tel ég að skilgreining á barnaklámi eigi einnig að ná til manneskju sem er látin virðast vera ólögráða barn.

Þetta náðist ekki í gegn og ég vil lýsa sárum vonbrigðum yfir því m.a. vegna þess að verndarhagsmunirnir hér á bak við eru að sjálfsögðu öll börn en ekki það einstaka barn sem er misnotað við gerð barnaklámsins.

Ég skil því ekki af hverju meiri hlutinn var ekki tilbúinn að fara þá leið eins og samningurinn gerði ráð fyrir. Ég held að þetta muni einnig gera baráttuna gegn barnaklámi erfiðari en ella þar sem óljóst getur verið um t.d. aldur viðkomandi einstaklings sem látinn er taka þátt í barnaklámi. Tækninni hefur fleygt það mikið fram að tölvutæknin gerir það kleift að jafnvel er hægt að búa til myndir sem mjög erfitt er að greina að séu tölvuteiknaðar, þ.e. það sé ekki raunverulegt barn þar á bak við. Og síðan höfum við það þegar myndir eru samsettar með einhverjum hætti.

Við sjáum að bæði Barnaheill og Barnaverndarstofa eru á því að ekki eigi að beita þessum fyrirvara. Í umsögn Barnaheilla stendur, með leyfi forseta:

„Samtökin eru ósátt við það að samningsmenn frumvarpsins hafa ákveðið að nýta sér ákvæði b- og c-liðar 2. mgr. 9. gr. samnings Evrópuráðsins um tölvubrot. Þó svo að börn séu almennt ekki þátttakendur (og því ekki eiginlegir brotaþolar) í klámefni sem sýnir einstakling, sem lítur út fyrir að vera ólögráða barn, í kynferðislegum athöfnum og á raunsönnum myndum sem tákna ólögráða barn í kynferðislegum athöfnum, er slíkt klámefni tilvísun í barnaklám og til þess fallið að ýta undir kynferðislegar hneigðir til barna sem geta svo aftur valdið því að barn verði fórnarlamb kynferðislegrar misnotkunar. Í vissum tilvikum geta börn verið eiginlegir brotaþolar við gerð raunsannra mynda. Þegar mynd af höfði barns er til dæmis skeytt saman við fullorðinn líkama í kynferðislegum athöfnum, þá er það barn eiginlegur brotaþoli. Ef lögin eiga að veita fullnægjandi vernd gegn barnaklámi, þá verður að rýmka hugtakið barnaklám með þeim hætti sem b- og c-liður 2. mgr. 9. gr. samningsins greinir.“

Í umsögn frá Barnaverndarstofu segir, með leyfi forseta:

„Svo er nefnt að sú löggjafarstefna sem hafi verið mótuð með lögum nr. 126/1996 lúti beinlínis að refsivernd barna sem eiginlegra brotaþola og því standi ekki fullnægjandi rök til þess að rýmka hugtakið barnaklám. Barnaverndarstofa telur koma skýrt fram í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 126/1996 að stefna löggjafans hafi bæði verið að vernda börn sem brotaþola en einnig að móta skýra afstöðu gegn barnaklámi og draga úr áhuga og eftirspurn eftir barnaklámi. Með þessi markmið í huga telur Barnaverndarstofa mjög mikilvægt að lögfesta ákvæði b- og c-liðar 2. mgr. 9. gr. samningsins um tölvubrot, þ.e. að barnaklám taki til þess þegar klámfengið efni sýni einstakling sem líti út fyrir að vera ólögráða og þegar klámfengið efni sýni raunsannar myndir sem tákna eigi ólögráða börn í kynferðislegum athöfnum, enda sé hvort tveggja til þess fallið að viðhalda áhuga og eftirspurn eftir barnaklámi og auka hættuna á að börn verði beitt kynferðislegu ofbeldi almennt eða við gerð barnakláms. Markmið með ákvæði 9. gr. samningsins er að vernda börn með þessum hætti og Barnaverndarstofa telur engin rök standa til þess að íslenska ríkið hafi önnur markmið eða veiti börnum lakari vernd að þessu leyti.“

Ég vil taka undir þessi áhersluatriði sem koma fram í þessum umsögnum, bæði frá Barnaverndarstofu og Barnaheillum, og ég tel og ítreka það aftur að við hefðum átt að sleppa að beita þessum fyrirvara.

Við í allsherjarnefnd ræddum aðeins 4. mgr. sem í raun inni felur í sér þá breytingu að hægt er að beita úrræðum í lögum um meðferð opinberra mála í talsvert fleiri afbrotum en nú er. Verið er að breyta refsimarkinu sem þessi úrræði miðast við úr átta ára fangelsi í tveggja ára fangelsi. Þetta mun því taka til mun fleiri afbrota en núna eru uppi og að sjálfsögðu má alveg deila um hvort hér sé gengið hugsanlega of langt.

En við sjáum sömuleiðis, t.d. í umsögn Dagsbrúnar, að þeir telja að löggjafinn sé sífellt að seilast lengra og lengra hvað varðar friðhelgi einkalífs og persónufrelsi. Þeir nefna að ákveðið hefur verið á þessu þingi að hægt sé að fá IP-tölur án dómsúrskurðar, sömuleiðis er hægt að fá eiganda símanúmers án dómsúrskurðar. Síðan er í þriðja lagi hægt að fá útskrift um fjarskiptanotkun án dómsúrskurðar. Svo vitum við öll í þessum sal þegar hæstv. dómsmálaráðherra reyndi að koma í gegnum þingið frumvarpi sem laut að því að heimila símhleranir án dómsúrskurðar.

Við þurfum því að fara svolítið varlega í þetta allt saman. Sérstaklega þegar við drögum upp sögu núverandi ríkisstjórnar í persónuverndarmálum. Ef við tökum hvert skref og setjum þau í samhengi sjáum við alveg hvaða leið við erum að stefna.

Að lokum langar mig að minna á ítarlega og vel ritaða umsögn frá ríkissaksóknara sem kemur inn á mýmörg álitamál sem snerta þennan málaflokk og við endurskoðun þessara laga eða kafla væri ráð að nýta þá ítarlegu umsögn ríkissaksóknara sem kemur inn á mýmörg mál sem ekki er að finna í þessu frumvarpi.

[01:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Þetta mál var tekið út úr allsherjarnefnd í morgun og ég verð að segja eins og er að ég ætlaði ekki að trúa mínum eigin eyrum þegar mér varð ljóst að allsherjarnefndin ætlaði sér að afgreiða málið svona út. Þá er ég að tala fyrst og fremst um 2. gr., þ.e. að nefndin leggur ekki til að við nýtum okkur þann fyrirvara sem heimilt er við 9. gr. samningsins sem hér um ræðir.

Ég er þeirrar skoðunar að okkur beri skylda til þess á Alþingi Íslendinga að gera allt sem í okkar valdi stendur til að hefta útbreiðslu barnakláms og undir það felli ég hiklaust það klám sem sýnir einstaklinga í kynferðislegum at-

höfnum sem virðast vera börn jafnvel þó svo að finna megi út með einhverjum rannsóknum að viðkomandi hafi náð 18 ára aldri og sömuleiðis varðandi teikningar eða tölvugerðar myndir þar sem greinilega er verið að ýta undir hneigðir til barna. Mér þykir sárgrætilegt að þingmenn á Alþingi skuli ekki leggja í eða freista þess að orða lagagreinina á þann hátt sem við höfum fulla heimild til samkvæmt samningnum og að menn skuli gefast upp fyrir einhverjum lagatæknilegum atriðum í þeim efnum. Ég verð að segja að mér finnst forkastanlegt að allsherjarnefnd skuli setja inn eftirfarandi setningu í nefndarálitið sitt. Mér finnst það lýsa svo mikilli uppgjöf gagnvart þessari brýnu baráttu gegn barnaklámi. Setningin úr nefndarálitinu sem fer í taugarnar á mér er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Telur nefndin að í ljósi þeirra markmiða sem liggja til grundvallar refsiákvæðum um barnaklám og lúta að því að auka vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun séu ekki nægileg refsiréttarleg rök til að gera t.d. refsivert að hafa í fórum sínum slíkt efni. Þá telur nefndin einnig skipta máli hversu erfitt sé að skilgreina hvað átt er við með þessum ákvæðum og því sé erfitt að framfylgja slíku og telur því ekki ástæðu til að útvíkka ákvæðin að þessu leyti."

Frú forseti. Ég sagði að mér fyndist forkastanlegt að nefndin gæfist upp fyrir lagatæknilegum atriðum, teldi sig ekki finna hin refsiréttarlegu rök og ætti svo erfitt með að skilgreina hvað átt væri við. Barnaverndarstofa og Barnaheill hugsa okkur í þessum sal að sjálfsögðu þegjandi þörfina fyrir þessa uppgjöf. Mér finnast þetta kaldar kveðjur til þeirra sem berjast á þessum vettvangi fyrir fullri vernd barna gegn ofurefli, gegn klámiðnaðinum sem smeygir sér alls staðar inn á lymskulegan hátt, smeygir sér inn í gegnum sjónvarpstækin okkar í formi tónlistarmyndbanda sem börnin okkar horfa á í sjónvarpinu, myndbanda sem klámiðnaðurinn beinlínis framleiðir. Hann smeygir sér inn án þess að við áttum okkur á því í gegnum ólíklegustu staði, fataframleiðslu til dæmis. (Gripið fram í.) Alls staðar getum við átt von á því að þessir auðhringar sem reka klámiðnaðinn komi sér inn bakdyramegin hjá okkur. Mér finnst máttleysi allsherjarnefndar í þessu tilliti lýsa uppgjöf gagnvart klámiðnaðinum. Það er þyngra en tárum taki að maður skuli standa í ræðustól á Alþingi Íslendinga og þurfa að flytja ræðu af því tagi sem ég flyt hér.

Ég er áheyrnarfulltrúi í allsherjarnefnd svo ég er ekki með sérálit í þessu máli og erfitt verður um vik að greiða atkvæði gegn greininni sem um ræðir, þ.e. 2. gr. sem lýtur að þeim ákvæðum sem hér um ræðir. Ég hefði sjálf viljað ná því að semja breytingartillögu og láta þá Alþingi fella hana. Ég hef hins vegar ekki komist í það í dag að semja slíka tillögu vegna anna við önnur mál því hér er unnið á þeim hraða sem veitir þingmönnum ekkert svigrúm til þess að sinna sinni vinnu svo að vel sé. En ég hef ekki gefið upp alla von. Vera kann að áður en dagur rís verði komin fram breytingartillaga. Ég á eftir að sjá Alþingi Íslendinga fella hana, tillögu sem mundi sjá til þess að allt það sem skilgreint er í samningnum sem barnaklám falli undir þessi lög en ekki bara hluti af því. Mér finnst forkastanlegt að sýna nokkra linkind eða uppgjöf í þessu máli og tel að við eigum að berjast fram í rauðan dauðann með öllum tiltækum ráðum og nýta allar þær heimildir og öll þau meðul sem við höfum til að leggjast á sveif með þeim sem berjast úti á akrinum. Að öðrum kosti erum við að liggja á liði okkar svo að ég segi ekki meira.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[01:10]

Útbýting:

Hlutafélög, 404. mál, brtt. JBjart, þskj. 1468.

Happdrætti Háskóla Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 748. mál (einkaleyfisgjald og greiðsla vinninga í peningum). — Þskj. 1085, nál. 1374.

[01:10]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að Happdrætti DAS og Happdrætti SÍBS verði heimilt að greiða út peningavinninga í flokkahappdrættum án þess að fellt sé niður einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands. Lagt er til að sett verði hámark á greiðslu happdrættisins vegna einkaleyfisins til ríkissjóðs til þess að koma til móts við þessa breytingu.

Nefndin telur að með breytingunni sem lögð er til í frumvarpinu sé í reynd ekki lengur um einkaleyfi að ræða til reksturs Happdrættis Háskóla Íslands heldur leyfi eða leyfisgjald vegna rekstursins og leggur því til breytingu á frumvarpinu sem og lögunum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir á þskj. 1374.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur, 2. umr.

Stjfrv., 793. mál (gengishagnaður). — Þskj. 1212, nál. 1337, brtt. 1252.

[01:12]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Nefndarálitið er að finna á þskj. 1337 en þar kemur fram hverjir komu sem gestir á fund nefndarinnar og eins þær umsagnir sem nefndinni bárust.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila að fresta tekjufærslu gengishagnaðar umfram gengistap og þar með álagningu tekjuskatts á þá tekjufærslu vegna rekstrarársins 2005. Jafnframt verði tekjufærslunni dreift jafnt á næstu þrjú rekstrarár. Hér er um að ræða frestun á tekjufærslu gengismunar og þar með frestun á skattgreiðslu í ríkissjóð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 794. mál (framlenging á lækkun olíugjalds). — Þskj. 1213, nál. 1333, brtt. 1250 og 1270.

[01:14]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Nefndarálitið er að finna á þskj. 1333 og hefur að geyma upplýsingar um gesti sem sóttu nefndina heim sem og umsagnir sem nefndin fékk sendar.

Með frumvarpinu er lagt til að tímabundin lækkun olíugjalds verði framlengd um hálft ár til viðbótar við það sem samþykkt var með lögum nr. 87/2004 og 126/2005, eða fram til 31. desember 2006 þar sem heimsmarkaðsverð á dísilolíu er enn þá óvenju hátt miðað við bensín. Sömu tillögu er að finna í frumvarpinu varðandi sérstaka kílómetragjaldið til samræmis við olíugjaldið. Í frumvarpinu er einnig lagt til að björgunarsveitum verði heimilt að nota litaða gjaldfrjálsa olíu á ökutæki sín en í staðinn greiði þær sérstakt kílómetragjald af akstri þeirra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Guðjón Ólafur Jónsson, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Ásta Möller, Ögmundur Jónasson, með fyrirvara, og Lúðvík Bergvinsson með fyrirvara.

[01:15]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef aðeins eina spurningu til hv. þm. Péturs Blöndals, formanns efnahags- og viðskiptanefndar: Hvernig stendur á því að ekki skuli gengið frá málinu varðandi björgunarsveitirnar eins og talað hefur verið um? Björgunarsveitirnar hafa sótt eftir því að kílómetragjaldið yrði líka fellt niður en því fylgir töluverður kostnaður.

Virðulegur forseti. Ég er ekki alveg viss um að hv. þingmaður taki eftir andsvari mínu og spurningu til nefndarinnar, um hvort þetta hafi ekki komið til tals. Hvers vegna er ekki gengið skrefinu lengra með björgunarsveitirnar, að leggja einnig niður þetta kílómetragjald sem mér skilst að geti verið 5–6 millj. kr.? En í staðinn er björgunarsveitunum gert skylt að setja tæki í bíla sína sem kosta um 70 þús. kr. á hvern bíl. Það eru 200 bílar eða um 14 millj. kr. Hvers vegna var ekki skrefið stigið til fulls?

[01:16]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Samkvæmt beiðni björgunarsveitanna var lagt til að þær færu yfir á gjaldfrjálsa olíu með kílómetramælum. Það hefur í för með sér kaup á slíkum mælum. Hins vegar veit ég til þess að einhverjir þingmenn hafi hugleitt breytingar á þessu við 3. umr.

[01:17]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umsögn slysavarnafélaganna virðist mér þessu mótmælt. Þar er talað um mikinn kostnað sem því fylgir fyrir björgunarsveitirnar að setja ökumæla í hvert ökutæki. Einnig fylgir því kostnaður og vinna fyrir sveitirnar og opinbera aðila að láta lesa af þessum mælum. Það er sem sagt lagt til að taka upp kerfi sem m.a. hv. þingmaður tók þátt í að leggja af fyrir nokkrum missirum síðan, þ.e. þungaskattskerfið. En þarna er því komið á upp á nýtt.

Ég get sagt það, virðulegur forseti, að ég er sammála því og hyggst í ræðu minni á eftir boða breytingartillögu sem þarf til að björgunarsveitirnar fái þetta frítt, þ.e. fari á lituðu olíuna og greiði ekki kílómetragjald, þann þungaskatt sem þarna er lagður til.

[01:18]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get lítið annað en endurtekið það sem ég sagði áðan. Þetta var gert að ósk björgunarsveitanna. Ég er hissa á að fram hafi komið víðtækari óskir um annað. Hins vegar veit ég ekki til að nokkurt ökutæki fari um þjóðvegi landsins án þess að greiða skatt í einhverju formi.

[01:19]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hérna er til 2. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald sem m.a. hefur að markmiði, eins og stendur í 4. gr. frumvarpsins, að framlengja ákvæði til bráðabirgða í lögunum, um að fjárhæð olíugjalds skuli 41 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2006. 4. gr. er svohljóðandi:

„Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum, sbr. lög nr. 126/2005, orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga þessara skal fjárhæð olíugjalds vera 41 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2006.“

Þessu gjaldi mun því viðhaldið til að jafna verð á milli olíu og bensíns. Af því tilefni flytjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð breytingartillögu við frumvarpið til að árétta að með gjaldheimtu sem þessari er hægt að stýra orkunotkun inn á vistvænni brautir og einnig til orkusparnaðar, ekki síst þegar um er að ræða orku sem ekki er sjálfbær. Hún er ekki ótakmörkuð eins og við vitum, olía og bensín eru ekki ótakmörkuð auðlind og þess vegna ber okkur að haga málum svo. Þess vegna flytjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð, hv. þingmenn Atli Gíslason, Ögmundur Jónasson, Þuríður Back-

man, Jón Bjarnason og Steingrímur J. Sigfússon, breytingartillögu sem lögð var fram fyrr á þinginu. Hún hljóðar svo:

„Við bætist ný grein sem verði 4. gr. og orðist svo:

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Innheimtar tekjur af olíugjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku kílómetragjaldi samkvæmt lögum þessum renna til Vegagerðarinnar að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara og 4,5% sem renna til að efla almenningssamgöngur og til að auka hlut vistvænna orkugjafa í samgöngum."

Miðað við innheimtu þessa gjalds gætu þessi 4,5% reynst í kringum 200 millj. kr. sem rynnu til viðbótar til að efla almenningssamgöngur og auka hlut vistvænna orkugjafa í samgöngum. Við teljum að það eigi, að því marki sem mögulegt er, að beina skattheimtunni á þessum orkugjöfum, óendurnýjanlegum orkugjöfum, til að stýra notkuninni á vistvænni brautir og til orkusparandi aðgerða. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

[01:23]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Enn einu sinni kemur fyrir þingið tillaga frá hæstv. fjármálaráðherra um að framlengja tímabundið 4 kr. afslátt á olíugjaldi. Enn einu sinni erum við að vinna slíka tillögu á síðasta degi þingsins þar sem búið er að gera ákveðið samkomulag og má ekki ræða hlutina mikið. Þetta er mjög bagalegt vegna þess að full þörf væri á að ræða málið enn einu sinni. Nú er ýmislegt að koma í ljós sem varað var við. Það er t.d. að koma í ljós að áætlaðar sölutölur á olíu eru ekki 80 millj. lítra heldur 120 millj. lítra. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs aukast því um 1,5 milljarða kr. vegna aukinnar sölu.

Þetta er enn eitt atriðið sem bætist við hina miklu skattheimtu. Við sjáum það á bensínstöðvum í dag hve lítill munur er á verði 95 oktana bensíns og olíu, þ.e. 4–5 kr. Upptaka olíugjalds átti að leiða til þess að olían yrði ódýrari og hagkvæmara væri að kaupa sér netta bíla með dísilvél og spara þannig. En eins og við vitum eru dísilbílar dýrari í innkaupum þannig að sparnaðurinn er ekki svo ýkja mikill.

Eins og ég hef áður gert lýsi ég yfir stuðningi við þessa lækkun en vildi þó hafa hana meiri. Ég vil því gera grein breytingartillögu sem hv. þingmenn Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson flytja, en fyrsti liður hennar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„4. gr. orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum, sbr. lög nr. 70/2005 og 126/2005, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga þessara skal fjárhæð olíugjalds vera 35 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2006."

Hið sama gildir um vörugjald af bensíni, gert ráð fyrir að það lækki líka niður í 3,28 kr. Þetta er í framhaldi af þeirri tillögu sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flutti í upphafi maímánaðar. Þar var boðið upp á fulla sátt til að keyra í gegn slíka lækkun, sem hefði þá þegar mikil áhrif á vísitölu neysluverðs og hefði ekki veitt af. Það boð var ekki þegið og þess vegna hafa hækkunaráhrifin farið út í vísitöluna.

Virðulegi forseti. Ég vísa til þeirrar greinargerðar sem fylgir með breytingartillögu þessara þingmanna á þskj. 1270.

Ég hef áður gert að umtalsefni aukningu á olíusölu sem gefur ríkissjóði töluvert meiri tekjur. Ég vil í lokin, vegna þess að ég benti á aðra leið í byrjun, fagna því sem þarna kemur fram, að veita björgunarsveitum afslátt og leyfa þeim að fara yfir á litaða olíu. Ég gagnrýndi þá þegar að þessir bílar ættu að fara á kílómetragjald, inn í þungaskattskerfi sem við töldum okkur hafa lagt niður en sem kemur sífellt meira inn bakdyramegin. Þungaskattskerfið er á öllum bílum sem eru 10 tonn og þyngri, öllum vöruflutningabílum og tengivögnum. En þarna á að bæta því við.

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram að meðalkostnaður við að setja tæki í bílana til að mæla ekna kílómetra til greiðslu þungaskatts er um 70 þús. kr. á hvern bíl. Talið er að hjá björgunarsveitunum falli undir þetta um 200 bílar alls. Þar er um 14 millj. kr. að ræða. Mér finnst vitleysa að fara þessa leið og sagði það þegar við 1. umr. Ég benti hæstv. fjármálaráðherra á að ég teldi að skoða ætti hvort þetta mætti gera með svokölluðum GPS-kubbum sem íslenskt fyrirtæki er að þróa og komið langt með að framleiða. Væru slíkir kubbar settir í þessa bíla, séu þeir ekki þegar komið í marga þeirra, mundi fleira vinnast, þ.e. að hafa fullkomna staðsetningu en það mætti rukka eftir því.

Nú heyri ég að menn ætla að reyna að breyta þessu. Ég hafði sjálfur boðað breytingartillögu við þetta frumvarp, þ.e. að 2. gr. frumvarpsins falli út. Þeirri tillögu verður væntanlega dreift í fyrramálið. Hún er tilbúin að mér skilst úti á nefndasviði. Hún er sáraeinföld í raun og veru, þ.e. að 2. greinin falli út. Þar með segjum við bara að björgunarsveitarbílar skuli keyra á litaðri olíu og ekki greiða aðra skatta fyrir því. Það væri framlag samfélagsins til björgunarsveita í landinu, aukið framlag. Ég held að það ætti ekki að auka kostnað þeirra.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að það væri slæmt að þurfa alltaf að ræða þetta mál í skjóli nætur, á síðasta degi þar sem menn mega ekki fara djúpt í þessa umræðu og benda á þessi atriði. Ég ítreka það sem ég sagði áðan, að ég styð þessa tímabundnu lækkun. En ég hvet til þess að tillaga Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og fleiri hv. þingmanna verði samþykkt, um tímabundna lækkun sem mun líka hafa jákvæð áhrif á vísitölu neysluverðs. Svo hvet ég til að fundin verði almennileg lausn á þessu gagnvart björgunarsveitunum. Ég tel að besta lausnin sé að fella 2. gr. burt og hætta þeim áformum að láta setja mæla í bílana, fara að rukka þá um þungaskatt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálaeftirlit, 2. umr.

Stjfrv., 556. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 810, nál. 1316, brtt. 1317.

[01:29]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til

laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Nefndarálitið er að finna á þskj. 1316. Þar kemur fram hvaða gestir komu á fund nefndarinnar sem og hvaða umsagnir bárust henni. Þar er einnig lýst helstu breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Í 3. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins er m.a. kveðið á um upplýsingagjöf sem einstaklingum og lögaðilum er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum sérlaga. Fram kemur að ekki skipti máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varði þann aðila sem beiðni um upplýsingar er beint til eða „þau skipti annarra aðila við hann" sem hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Nefndin varar við síaukinni tilhneigingu löggjafans til að ganga á persónurétt einstaklinga, þó vissulega megi færa rök fyrir því í ákveðnum tilvikum. Til að sporna við óþarfa upplýsingaöflun íhugaði nefndin að leggja til að sett yrði svohljóðandi ákvæði í frumvarpið: „Nú fær Fjármálaeftirlitið upplýsingar um einstakling eða lögaðila skv. 3. mgr. [9. gr.] án þess að honum sé kunnugt um það og skal þá upplýsa hann um það strax og rannsóknarhagsmunir leyfa og eigi síðar en fimm árum eftir að upplýsinga var aflað." Það varð þó niðurstaða nefndarinnar að heppilegra væri að slík breyting yrði gerð á samræmdan hátt um öll þau eftirlitsstjórnvöld sem heimild hafa til slíkrar upplýsingaöflunar. Þess ber að geta að í 88. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, er að finna ákvæði af þessu tagi varðandi hleranir.

Þetta er sambærilegt athugasemd í nefndaráliti eins og var um 11. mál á dagskrá, þ.e. 651. mál um peningaþvætti, sem efnahags- og viðskiptanefnd setti inn í nefndarálitið líka.

Nefndin ræddi ítarlega tillögu frumvarpsins um að fella niður kærunefndina samkvæmt 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í umsögnum og við umfjöllun málsins voru færð rök bæði með og á móti niðurfellingu nefndarinnar. Helstu rökin gegn niðurfellingu hennar voru þau að um algengt úrræði í stjórnsýslunni væri að ræða, slíkt fyrirkomulag stuðlaði að auknu réttaröryggi og gæti aukið málshraða auk þess sem sérþekking myndist á viðkomandi sviði. Þá færi málsmeðferð síður fram opinberlega og hindraði jafnframt óþarfa opinbera umræðu. Hvað síðastnefnda atriðið varðar vill nefndin taka fram að mörkuð hefur verið sú stefna í þessum málaflokki að auka gegnsæi með upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins og birtingu úrskurða kærunefndar. Mundu mál þessi því ekki fara eins leynt í framtíðinni og verið hefur hingað til héldi kærunefndin áfram að starfa. Helstu rökin sem mæltu með niðurfellingu nefndarinnar voru þau að til hennar hafi fyrst og fremst leitað mjög sterkir aðilar sem hefðu alla burði til að reka mál sín fyrir dómstólum. Því væri unnt að fá niðurstöðu dómstóla í stærstu álitamálum. Í þessu sambandi vill nefndin undirstrika að þeir aðilar sem heyra undir Fjármálaeftirlitið eru almennt sterkir aðilar og að nauðsynlegt geti verið að fá fordæmisgefandi niðurstöðu dómstóla í stærri málum. Þá telja sumir fræðimenn að heppilegra sé að stærri stjórnsýsludeilur af þessum toga fari beint til dómstóla og er sú leið notuð víða í nágrannalöndunum. Nefndin telur, með hliðsjón af framangreindu, að rökin sem mæla með því að leggja kærunefndina niður vegi þyngra en þær athugasemdir sem mæltu gegn því. Þá ber að geta þess að sú leið að Fjármálaeftirlitið gæti skotið niðurstöðu kærunefndar til dómstóla var enn fremur rædd en ekki talin heppileg vegna þyngri málsmeðferðar og aukins kostnaðar.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu eins og kemur fram í nefndarálitinu og mun ég geta tveggja.

1. Í lokamálslið 3. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins segir að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Lagt er til að nýjum málslið verði bætt við sem kveði á um að þetta gildi þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál, þar með talið þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið. Má í því sambandi hafa hliðsjón af 3. mgr. 16. gr. frumvarps til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (651. mál).

2. Í 1. efnismálslið 4. gr. er kveðið á um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að krefjast þess að stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar eftirlitsskyldra aðila láti af störfum, uppfylli þeir ekki hæfisskilyrði þeirra sérlaga sem um starfsemi hinna eftirlitsskyldu aðila gilda. Til samræmis við það sem fram kemur í athugasemdum frumvarpsins um greinina er lagt til að skyldunni verði breytt í heimild, samanber einnig umsögn Seðlabanka Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu málsins og er samþykkur áliti þessu. Undir nefndarálitið rita Pétur H. Blöndal, Hjálmar Árnason, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Möller og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álagning skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, 2. umr.

Stjfrv., 732. mál (EES-reglur). — Þskj. 1068, nál. 1404, brtt. 1405.

[01:36]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti. Þá barst nefndinni umsögn frá Viðskiptaráði Íslands. Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar dóms EFTA-dómstólsins frá 24. nóvember 2005 í máli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) gegn íslenskum

stjórnvöldum vegna ákvörðunar ESA frá 25. febrúar 2005 um að íslensk lagaákvæði um skattahagræði sem alþjóðleg viðskiptafélög njóta samræmist ekki reglum EES-samningsins. Samkvæmt frumvarpinu verða skattaívilnanir til alþjóðlegra viðskiptafélaga afnumdar nema að því leyti að heimilt verður að veita aðstoð að fjárhæð 100.000 evrur til slíkra félaga á hverju þriggja ára tímabili, eða sem svarar til um 8,5 millj. kr. á núverandi gengi. Lögfesting slíkrar reglu felur í sér nokkra takmörkun á því skattahagræði sem þessi félög hefðu annars notið til ársloka 2007.

Nefndin leggur til tvenns konar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til, í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnar ESB, nr. 69/2001, um de minimis ríkisaðstoð, að kveðið verði skýrt á um að hvers konar önnur ríkisaðstoð sem alþjóðlegt viðskiptafélag kann hugsanlega að hafa notið komi til viðbótar þegar metið er hvort mismunur á skattgreiðslum viðkomandi félags fari yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili. Er þessi breyting lögð til vegna athugasemda sem bárust frá ESA eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Í öðru lagi er lagt til að fella brott 2. mgr. 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins, enda fellst nefndin ekki á að lög geti verið afturvirk. Með slíkri lagasetningu væri vegið að grundvelli réttarríkisins, þ.e. þeirri grundvallarhugsun að borgarinn geti treyst lögum sem eru í gildi á hverjum tíma og starfað samkvæmt þeim. Lög um alþjóðleg viðskiptafélög voru sett til að hvetja fjárfesta til að stofna félög og starfa í íslensku lagaumhverfi. Nefndin bendir á að ekki gengur að ráðstafanir sem menn voru hvattir til að gera með lögum séu gerðar ólögmætar með afturvirkum hætti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Guðjón Ólafur Jónsson, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferðasjóður íþróttafélaga, fyrri umr.

Þáltill. menntmn., 789. mál. — Þskj. 1195.

[01:40]

Frsm. menntmn. (Hjálmar Árnason):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um ferðasjóð íþróttafélaga frá hv. menntamálanefnd, allri menntamálanefnd.

Þingsályktunartillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem í sitji fulltrúar fjármálaráðherra, menntamálaráðherra, sveitarfélaga, íþróttaforustunnar og íþróttafélaga úr öllum landshlutum, til að gera úttekt á kostnaði við ferðalög íþróttafélaga á viðurkennd mót. Jafnframt setji nefndin fram tillögur um hvort og þá hvernig skuli koma á sérstökum sjóði til að taka þátt í þeim kostnaði, hvernig fjármögnun hans skuli háttað og eftir hvaða reglum skuli úthlutað úr honum. Enn fremur geri nefndin tillögu um hvaða íþróttagreinar gætu fengið framlög úr sjóðnum, meðal annars með tilliti til einstakra landsvæða, aldurshópa og kynja."

Svo mörg voru þau orð, frú forseti. Þannig hljóðar tillaga til þingsályktunar sem menntamálanefnd öll flytur.

Eins og fram kemur í greinargerðinni byggist þessi þingsályktunartillaga menntamálanefndar á annarri þingsályktunartillögu sem flutt er af þingmönnum flestra flokka um þennan ferðasjóð.

Ekki þarf í sjálfu sér að hafa mörg orð um þessa tillögu. Hún skýrir sig sjálf. Hún gengur út á að koma upp ferðasjóði íþróttafélaga. Það er vitað að ferðalög íþróttafélaga eru þungur baggi og þá ekki síst fyrir félög af landsbyggðinni þegar þau taka þátt í viðurkenndum mótum, svo sem Íslandsmóti. Sum af þessum íþróttafélögum hafa jafnvel rætt um að draga sig út úr Íslandsmóti og telja flutningsmenn að það væri skaði.

Þessi þingsályktunartillaga menntamálanefndar felur það í sér að fram fari sú vinna á vegum menntamálaráðuneytisins í samstarfi við fjármálaráðuneyti, sveitarfélög og íþróttahreyfinguna sjálfa að skilgreina hvaða landsvæða þyrfti að taka tillit til, hvaða aldurshópa, hvaða íþróttagreina og þar fram eftir götunum. Gert er ráð fyrir að tillögur berist Alþingi þannig að það geti tekið afstöðu til þess með hvaða hætti megi styrkja íþróttafélög til að taka þátt í viðurkenndum mótum eins og Íslandsmóti.

Mér er sagt af forsvarsmönnum íþróttahreyfingarinnar að kostnaður hennar vegna ferðalaga sé um og yfir 1 milljarður kr. Bætist það við kostnað vegna ráðningar þjálfara, vegna leikmanna og þar fram eftir götunum. Við vitum að í íþróttafélögum eins og í Vestmannaeyjum, á Akureyri og slíkum stöðum, sem taka þátt í Íslandsmóti, hafa átt sér stað umræður um að hætta þátttöku á Íslandsmóti einfaldlega af þeirri ástæðu að þau hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa undir þeim kröfum sem fylgja afreksíþróttum, ef við getum orðað það þannig, og ræður ferðakostnaður þar úrslitum.

Við sem fluttum upphaflegu þingsályktunartillöguna, þá sem þessi tillaga byggist á, teljum mikilvægt að hið opinbera leiti allra leiða til að jafna þann aðstöðumun sem er milli íþróttafélaga og rökstyðjum það með því að íþróttir hafi mikið forvarnagildi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvaða gildi það hefur fyrir bæjarfélag og hvert sveitarfélag að halda uppi öflugu íþróttastarfi, ekki síst með tilliti til æskunnar. En þar að auki má segja hvað varðar íþróttafélög á landsbyggðinni að það eflir samstöðu og samkennd íþróttafélaga að geta tekið þátt í móti eins og Íslandsmóti. Þegar það hefur gerst t.d. að Vestmannaeyingar lenda í úrslitum í bikarkeppni eða á Íslandsmóti kemur í ljós að það er fátt sem eflir jafnmikið samstöðu og gleði heimamanna.

Um þetta hefur verið rætt fram og aftur hér á Alþingi enda er þetta í þriðja sinn sem þessi þingsályktunartillaga er flutt og er það virkilegt fagnaðarefni að hv. menntamálanefnd skuli loksins hafa afgreitt þetta mál.

Ég vil að lokum segja, frú forseti, að þó það komi ekki fram í sjálfum texta þingsályktunartillögunnar þá er það skilningur menntamálanefndar og þeirra sem standa að

þessum hugmyndum að menntamálaráðuneytið og þeir sem munu skipa þá nefnd sem um er fjallað í tillögunni muni hraða störfum sínum og ljúka því starfi þannig að Alþingi geti tekið afstöðu til málsins vegna fjárlagagerðar fyrir næsta ár.

Ég ímynda mér að þessu verki verði lokið og hugmyndum skilað til Alþingis ekki seinna en um miðjan október á þessu ári þannig að Alþingi geti tekið afstöðu til þess hvaða upphæðir við erum að ræða um. Fleiri orð þarf í sjálfu sér ekki að hafa um þetta og vísa ég að öðru leyti til þskj. 1195, frú forseti.

[01:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get leyft mér að samfagna með hv. þingmanni að þingsályktunartillagan sem hann hefur borið fyrir brjósti nú í þrjá vetur skuli vera komin á þennan endasprett enda þótt það sé auðvitað kaldhæðnislegt í minningunni þegar það rifjast upp að hv. þingmaður lenti í að fella sams konar tillögu í umræðu um fjárlög fyrr vetur, en það er nú aukaatriði.

Það sem mig langar til að fylgi þessari tillögu inn í þá nefnd sem væntanlega verður skipuð um þetta mál er hugleiðing sem mér láðist að koma að í menntamálanefnd, enda var ég ekki viðstödd þegar málið var afgreitt þaðan. Það er hugsunin um vægi íþrótta borið saman við annað tómstundastarf ungmenna á Íslandi og þá á ég við í menningargeiranum. Við vitum að haldin eru kóramót á Íslandi, afskaplega kraftmikil og fjölmenn kóramót og við vitum líka að krakkar hafa samskipti landshorna á milli í dansi, leiklist og örugglega einhverju fleiru. Mér finnst tímabært og eðlilegt þegar við fjöllum um málefni af þessu tagi að íþróttirnar séu ekki alltaf í forgangi. Við verðum að viðurkenna að það er stór hluti barna sem eyðir tómstundum sínum í menningarstarf sem gefur alveg jafnmikið og hefur alveg jafnmikið forvarnagildi og er jafnþýðingarmikið að stundað sé af krafti. Við þurfum að hugleiða aðeins hvort slík starfsemi geti ekki falist í þessu og geti einhvern veginn farið saman í sama sjóði þó að hann yrði eitthvað útvíkkaður. Mig langaði einungis til að orða þessa hugsun hér í örfáum orðum.

[01:49]

Frsm. menntmn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir þá hugsun sem kemur fram í andsvari hv. þingmanns um gildi menningar gagnvart ekki bara ungu fólki heldur fólki almennt. Ég held að við eigum ekki að stilla upp íþróttum annars vegar og menningu hins vegar sem einhverjum andstæðum.

Sú tillaga sem hér er flutt fjallar einungis um íþróttir og ég held að við eigum að líta á hana einungis út frá sjónarmiði íþrótta, enda er tillagan flutt þannig upphaflega af þingmönnum og síðan af menntamálanefnd allri. Það er síðan annað mál sem er alveg sjálfstætt mál og alveg þess virði að ræða og það er sambærileg hugsun hvað varðar menninguna. Það er rétt hjá hv. þingmanni að á menningarsviðinu eiga sér stað ferðalög og ungmenni og fólk þarf að ferðast landshorna á milli til þess að sinna því ómetanlega menningarstarfi, hvort sem það er dans, sem reyndar er stundum flokkað sem íþrótt, leiklist, kór, myndlist og þar fram eftir götunum. Hvort tveggja íþróttum og menningu að öðru leyti. Íþróttir eru að vísu hluti af menningu í mínum huga en menning í þeirri merkingu sem hv. þingmaður skilgreindi hér er að sjálfsögðu hluti af innihaldsríku lífi í hverju bæjarfélagi. En þessi þingsályktunartillaga er flutt til þess að styðja við bakið á íþróttum og einungis íþróttum. Hitt er sjálfstætt mál sem við getum tekið til umræðu síðar.

[01:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Til að ljúka þessu langar mig að segja að við tökum það þá til sjálfstæðrar umfjöllunar síðar. Ég tek það bara upp á mína arma að semja þingsályktunartillögu í þá veru. Það tekur mig svona u.þ.b. þrjú ár að fá hana í gegn. Látum íþróttirnar ryðja brautina en tökum hinn slaginn líka þótt síðar verði.

[01:51]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég kem upp aðeins örstutt til að lýsa yfir stuðningi mínum og fagna því að menntamálanefnd skuli hafa afgreitt þá þingsályktunartillögu sem hv. þm. Hjálmar Árnason og fleiri þingmenn hafa flutt undanfarin þrjú þing, þar á meðal sá sem hér stendur. Þetta er ákaflega brýnt og mikilvægt mál. Misrétti af ýmsum toga er auðvitað óþolandi eins og við höfum stundum rætt hér, eins og aðstöðumunur fólks, barna og annarra á að geta stundað íþróttir og tekið þátt í keppnum.

Ég vil líka geta þess að þetta virkar þannig að þegar íþróttafólk á höfuðborgarsvæðinu fer út á land fellur það auðvitað undir þennan sjóð. Mér er kunnugt um að Reykjavíkurborg setur pening í slíka styrki fyrir íþróttafélög í Reykjavík til að ferðast út á land. Það er gert á skilmerkilegan hátt þannig að það fordæmi er komið og því hægt að segja til um það hvernig þetta ætti að vera.

Ég tek líka undir það sem hv. þm. Hjálmar Árnason gat um áðan að mér finnst vanta, en tek fullt tillit til þess sem rætt hefur verið í menntamálanefnd og að hann sem framsögumaður nefndarinnar skuli leggja það fram, þ.e. ég hefði viljað sjá dagsetningu um það hvenær nefndin eigi að ljúka störfum og skila af sér, t.d. 1. október eða 1. nóvember, þannig að tillögur og annað slíkt verði tilbúið svo hægt sé að setja upphæðina á fjárlög næsta árs — við fjárlagagerð fyrir næsta ár þurfa tillögur að liggja frammi — og byrja þá á að setja pening í þetta þarfa og mjög góða mál.

Í trausti þess sem hér hefur verið sagt, að ætlunin sé að ljúka þessu á tilteknum tíma, þá ætla ég ekki að rugga bátnum, ef svo má að orði komast, með því að flytja tillögu um að setja hér inn dagsetningu en trúi því og treysti að málið verði unnið hratt og vel þannig að við sjáum árangur strax í næstu fjárlögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning losunar gróðurhúsalofttegunda, 2. umr.

Stjfrv., 713. mál (heildarlög). — Þskj. 1049, nál. 1344, brtt. 1345.

[01:54]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá umhverfisnefnd um frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda.

Frumvarpinu er ætlað að gera íslenskum stjórnvöldum kleift að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og einkum Kyoto-bókuninni við hann. Markmið Kyoto-bókunarinnar er að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda og er í henni kveðið á um að aðildarríki skuli takmarka losun þeirra miðað við losun árið 1990. Þær gróðurhúsalofttegundir sem bókunin tekur til eru tilgreindar í 2. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að sett verði ákvæði um bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. Í öðru lagi er lagt til að sett verði ákvæði um skráningarkerfi fyrir losunarheimildir. Í þriðja lagi er mælt fyrir um upplýsingaskyldu fyrirtækja sem hafa starfsleyfi fyrir losun á meira en 30.000 tonnum á ári af ígildi koldíoxíðs.

Ákveðnum fyrirtækjum ber samkvæmt gildandi lögum að skila inn hluta af þeim upplýsingum sem frumvarpinu er ætlað að ná til. Má í þessu sambandi nefna reglugerð um grænt bókhald og reglugerð um útstreymisbókhald. Gildandi reglur heimila stjórnvöldum hins vegar ekki að krefjast nákvæmra upplýsinga um losun í atvinnurekstri sem losar mikið magn af gróðurhúsalofttegundum. Þá eru ekki heldur til staðar heimildir fyrir Umhverfisstofnun til að fara yfir innsendar tölur og staðfesta þær. Til þess að unnt sé að standa við alþjóðlegar skuldbindingar um bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda er nauðsynlegt að hafa sem nákvæmastar upplýsingar um losun og einnig að unnt sé að staðreyna uppgefnar tölur um losun með endurteknum útreikningum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Umhverfisstofnun beri ábyrgð á bókhaldi um losun gróðurhúsalofttegunda og fær stofnunin upplýsingar frá Landbúnaðarháskólanum, Orkustofnun, Hagstofu og þeim fyrirtækjum sem falla undir lögin. Nauðsynlegt er að það sé einn aðili sem beri ábyrgð á útreikningum í samræmi við kröfur loftslagssamningsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um heimild Umhverfisstofnunar til að beita dagsektum sé upplýsingum ekki skilað inn í samræmi við 6. gr. laganna. Um málsmeðferð í slíkum málum gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þar sem gerðar eru lágmarkskröfur til stjórnsýslunnar. Má í þessu sambandi einkum nefna meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga og IV. kafla laganna um andmælarétt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt en leggur þó til nokkrar breytingar á frumvarpinu en þær eru ekki efnislegar heldur lúta að málfari. Nefndin leggur auk þess til breytt heiti lagabálksins. Gerð er grein fyrir breytingunum í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið skrifa auk þess sem hér talar hv. þingmenn Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Ásta Möller, Mörður Árnason, Drífa Hjartardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Mörður Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Breytingartillögurnar eru eins og áður sagði lagðar fram í sérstöku þingskjali, þskj. 1345.

Það er trú nefndarinnar, að ég tel, að þetta sé hið þarfasta mál og legg ég til að það verði samþykkt.

[01:57]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli hv. formanns umhverfisnefndar rita ég undir nefndarálitið með fyrirvara. Satt að segja hefði ég óskað að við hefðum getað náð lengra í vinnunni við þetta mál en ég tel þetta ákveðið skref í rétta átt og auðvitað erum við skuldbundin til að taka þetta skref. Þetta er eðlilegur hluti af framvindu mála til þess að við getum staðið við skuldbindingar okkar í losunarmálunum og því er auðvitað sjálfsagt að styðja frumvarpið en ég tel að það hefði getað orðið metnaðarfyllra og að því lýtur fyrirvari minn.

Því vil ég minnast á tvær umsagnir frá umsagnaraðilum sem gaman hefði verið að skoða betur í vinnu nefndarinnar. Það er í fyrsta lagi umsögn frá Orkustofnun sem leggur það til að sameinað sé í eitt mál frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda og upplýsingagjöf um innflutning, sölu og geymslu eldsneytis. Umsögn Orkustofnunar um þessa hugmynd var athyglisverð, nefndin fékk meira að segja sent frumvarp sem var smíðað fyrir okkur, þar sem þetta tvennt var sett saman í eitt mál. Orkustofnun segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Orkustofnun hefur þann 24. apríl 2006 borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 6. sama mánaðar, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er Orkustofnun lögð sú skylda á herðar að safna upplýsingum um orkumál sem frumvarpinu tengjast og skila þeim upplýsingum til Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt athugasemdum við lagafrumvarpið, 6. mgr., er stefnt að því að iðnaðarráðherra leggi fram frumvarp sem ætlað er að tryggja heimildir Orkustofnunar til að krefja aðila um upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir gerð orkuspáa og skil á gögnum til Umhverfisstofnunar. Erfiðlega hefur gengið að fá nauðsynlegar upplýsingar frá öllum olíufélögunum að undanförnu. Orkustofnun leggur til að slíkt frumvarp verði lagt fram sem fyrst svo stofnuninni verði unnt að rækja skyldur sínar samkvæmt frumvarpi þessu er nú liggur fyrir Alþingi, eða að þessi tvö frumvörp verði sameinuð samkvæmt eftirfarandi tillögum."

Ég hefði haldið að það hefði verið hægur vandi að stíga þetta skref sem var eins og ég segi nánast unnið upp í hendurnar á okkur.

Hin umsögnin sem mig langar til að nefna í örfáum orðum er umsögn Umhverfisstofnunar. Hún vekur athygli nefndarinnar og Alþingis á því að frumvarpið hafi ekki að geyma tillögur um stjórnvaldsaðgerðir til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Það er í sjálfu sér alvarlegt mál, virðulegi forseti, og eðlilegt að stofnun á því sviði sem Um-

hverfisstofnun starfar skuli benda okkur á nauðsyn þess að ganga lengra og taka metnaðarfyllri skref í þessum efnum. Stofnunin bendir á að gangi þær hugmyndir eftir um orkufrekan iðnað sem eru í umræðunni muni losun aukast verulega á næstu árum. Líkanreikningar Umhverfisstofnunar gefi til kynna að hugsanlegt sé að útstreymi gróðurhúsalofttegunda muni aukast það mikið á tímabilinu 2008–2012, sem er fyrsta bókhaldstímabil Kyoto-bókunarinnar, að stjórnvöld verði að setja hömlur á losun þeirra til að tryggt sé að losunin verði undir þeim heimildum sem landið hefur samkvæmt Kyoto-bókuninni. Umhverfisstofnun telur því brýnt að unnið verði að slíkri lagasetningu sem fyrst og tryggð lagastoð fyrir veitingu heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda og verslun með losunarheimildir bæði innan lands og utan.

Mér finnst umsögn Umhverfisstofnunar sýna okkur fram á metnaðarleysi stjórnvalda og líka hvað menn hafa dregið lappirnar í að koma þessari löggjöf á koppinn og svo þegar við stígum skrefið er það bara hænufet. Stofnanir sem eiga að starfa eftir þessari löggjöf og vilja metnaðarfyllri skref skrifa þetta upp í hendurnar á okkur en þá getum við sem setjum lögin ekki sýnt þá víðsýni og þann dug sem okkur ber og lögleitt metnaðarfyllri skref en hér er gert.

En eins og ég sagði, skrefið er í áttina og þess vegna er ekki ástæða til annars en að styðja það.

[02:02]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágætt innlegg. En ég verð þó að mótmæla því að hér sé um eitthvert metnaðarleysi að ræða. Hér er fyrst og fremst verið, það deilir enginn um það, að vinna að því að uppfylla Kyoto-samninginn. Það er nú bara svo ef við skoðum þann samning og það sem snýr að Íslandi að þá er sérstakt ákvæði fyrir Ísland. Það er í rauninni almennt ákvæði en á fyrst og fremst við Ísland af þeirri ástæðu að við erum svo lánsöm og höfum haldið hlutum þannig hér hjá okkur að ég held að um 70% orkunotkunar okkar sé endurnýjanleg orka og er það alveg einsdæmi í heiminum. Ég veit ekki til að önnur lönd séu með sambærilegt hlutfall.

Ef menn hafa áhyggjur af loftslagsmálum, sem er full ástæða til að hafa, þá er eðlilegt að menn líti á þetta í því samhengi sem þarf að gera. Það því miður þannig að þau lönd sem hafa undirgengist Kyoto eru bara með brot af þeim útblæstri sem er núna. Í þeim spám sem eru fyrir framtíðina varðandi orkunotkun þá held ég að gert sé ráð fyrir að á næstu 30 árum muni Kyoto-löndin, ef þannig má að orði komast, fara úr 25% í 13%. Það þýðir með öðrum orðum að jafnvel þó að öll Kyoto-löndin mundu hætta öllum útblæstri þá mundi það hafa lítið að segja í heildarsamhengi ef ekki verður eitthvað að gert. Það er stóri vandinn í þessu og að sjálfsögðu eigum við að ganga á undan með góðu fordæmi og það gerum við Íslendingar. Það getur enginn haldið neinu öðru fram. Það breytir því ekki að ef menn ætla að ná árangri í loftslagsmálum þá verða menn að taka á þeim á þeim vettvangi sem virkilega er þörf á.

[02:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð nú að valda hv. þingmanni vonbrigðum með því að segja að ég leyfi mér að halda því fram að Íslendingar hafi gert allt annað en að ganga á undan með góðu fordæmi. Íslendingar hafa verið að nýta vatnsorku sína og eru núna með í byggingu eitthvert ömurlegasta vatnsorkuver sem um getur í Evrópu sem eyðir dýrmætum náttúruperlum og hvetur til atvinnuuppbyggingar sem er ekki í þeim dúr sem samfélögin sem við þeim eiga að taka hefðu þurft á að halda.

Við höfum oft tekið þessa snerru og það er erfitt að ætla sér í stuttu andsvari að súmmera hér eitthvað upp í þeim efnum. En hv. þingmaður verður að sætta sig við að virkjanir á borð við þær sem Kárahnjúkavirkjun sver sig í ætt við eru ekki taldar framleiða endurnýjanlega orku vegna þess að þær valda óafturkræfum umhverfisspjöllum. Það eru einungis virkjanir sem taldar eru ásættanlegar út frá umhverfissjónarmiðum sem heimilt er í raun að telja til þeirra virkjana sem teljast umhverfisvænar eða hægt að státa sig af að séu á einhvern hátt endurnýjanlegar.

En þetta er auðvitað umræða sem við tökum ekki dýpra hér að sinni. Mér finnst að Íslendingar gætu gert svo miklu meira í þessum efnum til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Kyoto-bókuninni og hefðu svo oft haft tækifæri á síðustu árum til að ganga á undan með góðu fordæmi. En það gerðum við ekki. Við fórum á hnjánum til Kyoto, börðumst um á hæl og hnakka til að fá undanþágurnar. Til hvers? Til þess að láta erlendri stóriðju í té endurgjaldslaust.

[02:06]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að mótmæla þessum orðum og vekja athygli á að við erum með endurnýjanlega orku á Íslandi. Nú geta menn haft þá skoðun að við séum að fórna of miklu. Það er alveg viðhorf. Hvort sem það er til að byggja vatnsaflsorkuver, nota jarðhitann til að knýja áfram orkuver eða til að hita heimilin. Það er alveg viðhorf.

Það er alveg fráleitt að halda því fram að hér sé ekki um endurnýjanlega orku að ræða. Það getur enginn haldið því fram. Það er algjörlega fráleitt að halda því fram að við höfum fengið einhverja undanþágu á öðrum forsendum en umhverfisvænum forsendum. Ég hvet þá aðila sem vilja ræða þessi mál að kynna sér þau skilyrði sem eru í ákvæðinu sem kallað er íslenska ákvæðið. Því öll þau skilyrði ganga út á að við nýtum hér umhverfisvæna orku, endurnýjanlega orku.

Það er bara þannig ef menn ætla að tala um loftslagsmál í einhverri alvöru þá hljóta menn að líta til þess og bera saman þá orku sem við notum, hvaða mengun hún hefur í för með sér og bera hana saman við aðra valkosti. Við hljótum að gera þá kröfu til þeirra aðila sem tala um þessi mál að þeir geri það. Það liggur hreint og klárt fyrir að sú leið sem við förum mengar mun minna og er ekki með sama útblástur og t.d. þær verksmiðjur sem eru reknar áfram með kolum, gasi og olíu sem við erum að bera okkur saman við. Alveg hreint og klárt.

Síðan geta menn haft þá skoðun að við eigum að fara

varlegar og að við eigum ekki að fórna, því svo sannarlega fórnum við, hvort sem við setjum hér upp orkuver, með heitu vatni eða vatnsafli. Menn geta haft þá skoðun að við eigum ekki að gera það. En menn geta ekki haft þá skoðun og fært fyrir því rök að (Forseti hringir.) við séum ekki að gera hlutina með umhverfisvænum hætti.

[02:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ekki mjög frjó hugsun hjá hv. þingmanni að setja okkur á háan hest hvert gagnvart öðru. En við lendum sjálfsagt í því bæði tvö. Því það eru mjög svo deildar meiningar um hvernig við stöndum okkur í þessum efnum. Það hefur ekki tekist að sætta þau sjónarmið hér, hvorki í þessum sal né úti á akrinum hérna fyrir utan dyrnar eða austur á landi eða hvar svo sem er.

Hinar tölulegu staðreyndir eru auðvitað þær að Ísland er að taka á sig gríðarlega mikla mengun sem enginn bað Ísland um að taka á sig. Ísland hefði alveg getað tekið öðruvísi á *málum í* Kyoto og ákveðið að axla byrðarnar með Evrópusambandinu. En stjórnvöld ákváðu að gera það ekki. Þau ákváðu að fara aðra leið og það er auðvitað eðlilegt að þingmenn stjórnarflokkanna verji þá leið. En við verðum þá líka að hafa heimild til að andæfa fram í rauðan dauðann, við sem á sínum tíma mótmæltum að sú leið yrði farin. Við höfum okkar rök. Stjórnarliðar hafa sín rök. Þau rök hafa hingað til ekki verið sætt og við sættum þau ekki heldur hér.

En auðvitað þurfum við bæði, ég og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, að kynna okkur þessi mál vel og þekkja þau ofan í kjölinn og vita um hvað við erum að tala og halda rökfestu okkar í þeim efnum. En við höldum áfram að takast á um grundvallaratriði þessa máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 792. mál (samningar við sérgreinalækna). — Þskj. 1210, nál. 1346 og 1369.

[02:11]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. heilbrigðis- og trygginganefndar um frumvarp til laga um breytingu á almannatryggingalögunum, nr. 117/1993, með síðari breytingum, þskj. 1369, 792. mál.

Í þingskjalinu er greint frá þeim gestum sem komu á fund nefndarinnar og jafnframt taldir upp þeir aðilar sem skiluðu nefndinni umsögn um málið. Gestirnir eru nokkrir en eins og kemur fram í nefndarálitinu voru umsagnirnar kannski heldur færri en lagt var af stað með en leitað var til fjölmargra aðila eftir því að skila okkur áliti sínu á málinu. Það er skemmst frá því að segja að allir sem skiluðu umsögn lýstu yfir stuðningi við frumvarpið eða höfðu að minnsta kosti ekki athugasemdir við það.

Herra forseti. Þar sem hefur verið látið að því liggja að þetta frumvarp sé lagt fram í þeim tilgangi að skjóta lagastoð undir reglugerð ráðherra sem voru viðbrögð vegna uppsagna hjartalækna að samningi við Tryggingastofnun ríkisins, þá tel ég ástæðu til að gera aðeins ítarlegar grein fyrir efni þessa nefndarálits en ella hefði verið, þrátt fyrir að töluvert langt sé liðið á þennan þingfund.

Að meginefni má segja að í þessu frumvarpi felist breyting á skilgreiningu almannatryggingalaganna á því hvað sjúkratrygging er. Skilgreiningin og frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjúkratrygging sé skilgreind þannig að hún taki til heilbrigðisþjónustu samanber lög um heilbrigðisþjónustu, sem sé veitt á kostnað ríkisins samkvæmt lögum eða reglugerðum, eða með greiðsluþátttöku ríkisins samkvæmt samningum. Þarna er áherslan á samningana.

En ákvæði 36. gr. laganna, sem þetta frumvarp hreyfir á engan hátt við, hefur verið túlkað með þeim hætti að í tilvikum þjónustu sérgreinalækna og eftir atvikum annarra heilbrigðisstétta, að forsenda sjúkratryggingar og þá jafnframt greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins sé gildur samningur um slíka þjónustu milli ríkisins og sérgreinalækna, lesist annarra heilbrigðisstétta.

Frumvarpinu er ætlað að skjóta styrkari stoðum undir þá túlkun að eingöngu sé um greiðsluþátttöku ríkisins að ræða, þ.e. að Tryggingastofnun ríkisins taki þátt í að greiða hluta af kostnaði þeim sem þjónustan krefur, þegar samningur viðkomandi læknis sé *fyrir hendi. Í* þessu *samhengi* er vert að árétta að það sem gerðist þegar hjartalæknar sögðu sig frá samningi þá var samningur ekki lengur fyrir hendi.

Markmiðið með þessu er að skjóta styrkari stoðum undir það kerfi sem við höfum búið við, að Tryggingastofnun ríkisins taki ekki þátt í að greiða kostnað við heilbrigðisþjónustu nema eitthvað af þessu þrennu sé fyrir hendi, þ.e. að lög bjóði, reglugerðir eða það sé á grundvelli samnings við heilbrigðisstéttir, lækna sem sérfræðinga, eða við aðra sérfræðinga á heilbrigðissviði.

Þetta er meginefni þessa frumvarps en jafnframt er í því lagt til að aldursmörk barna sem sjúkratryggð eru með foreldrum sínum verði miðuð við börn yngri en 18 ára en eins og lagatextinn hefur verið þá hefur verið miðað við 16 ára aldur. Þetta er fyrst og fremst til samræmis við raunverulega framkvæmd sjúkratrygginga samkvæmt reglugerðum þar um og þessar reglugerðir voru settar þegar lögræðisaldurinn var hækkaður í 18 ár.

Vissulega tengjast tillögur meginefnis frumvarpsins aðgerðum sem var gripið til til að tryggja rétt almennings til sjúkratrygginga þegar sérfræðingar í hjartalækningum sem voru á samningi við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sögðu sig af þessum samningi. Þá þurfti að setja reglugerð *til* að tryggja að *almenningur nýtti rétt sinn til sjúkratrygginga*, allt svo greiðsluþátttöku almannatrygginga ríkisins.

Til að tryggja þetta og endurgreiðslu kostnaðar sjúklinga við þjónustu sérfræðinga í hjartalækningum greip heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til þeirrar aðgerðar, með stoð í 36. gr. sem ekkert er hreyft við með þessu frumvarpi, að setja reglugerð um valfrjálst endurgreiðslukerfi. Eins og alkunna er felst í því að sjúklingum er beint á heilsugæslustöðvar og til heimilislækna sem gefa út beiðnir ef sjúklingar teljast þurfa á þjónustu hjartalækna að halda. Þessi beiðni er svo grundvöllur undir það að Trygginga-

stofnun ríkisins greiði sjúklingahlutann til sjúklinga.

Í þessu samhengi er vert að árétta að við sams konar aðstæður áður hefur verið gripið til þess á annan veg en núna var gert, þ.e. sjúklingar fengu engan hlut af kostnaði sínum endurgreiddan fyrr en í þeim tilvikum að ráðherra með einhliða afturvirkri ákvörðun ákvað að þeir skyldu fá endurgreiðsluna og þá löngu seinna, eftir að samningar hefðu komist á. Með þessari reglugerð sem ráðherra setur er verið að leitast við að milda áhrif þessa ástands á sjúklingana. Þá virkar það þannig að að ákveðnum uppfylltum skilyrðum, sem er beiðni frá heimilislækni til hjartalæknis, þá fá þeir sjúklingahlutann endurgreiddan þegar reikningurinn er lagður fram.

Það er rétt að nefna að í áliti meiri hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar kemur fram það samdóma og samhljóða álit um þessa reglugerð sem viðbrögð við því þegar hjartalæknar sögðu upp samningi, þ.e. meiri hluti nefndarinnar lítur á þetta sem tímabundin viðbrögð við mjög erfiðum aðstæðum sem upp komu innan heilbrigðiskerfisins.

Það var óhjákvæmilegt í vinnu nefndarinnar við þetta frumvarp að fjalla um fleira en frumvarpið og fá þessa reglugerð og ekki síst hvaða áhrif hún hefði haft á þá sem hana varðar. Ég ætla rétt að tæpa á því í örfáum orðum. Það sem kom m.a. fram og varðar sérstaklega eldri borgara er að þetta hefur þýtt aukinn kostnað, tíma og fyrirhöfn fyrir sjúklinga. Er það sérstaklega bagalegt þegar eldri borgarar eiga í hlut vegna þess að eins og þetta fyrirkomulag er sett upp þá þurfa þeir fyrst að leita til heimilislæknis, síðan til hjartalæknis og svo í þriðja lagi til Tryggingastofnunar til að fá endurgreiðslu.

Auðvitað var í þessu samhengi rædd spurningin um það hvort leggja ætti mikla áherslu á það hvernig hægt væri að auka hagræði sjúklinga undir þessum kringumstæðum vegna þess að við lítum á þetta sem tímabundna ráðstöfun. Það var m.a. bent á hagræðið að því að unnt væri að fá beiðni frá hjartalækni í gegnum síma þegar svo háttaði að heimilislæknir þekkti vel til sjúklings og sjúkrasögu hans, og jafnframt að sérfræðingar póstlegðu eða sendu með rafrænum hætti gögn vegna greiðsluþátttöku fyrir sjúklinga til Tryggingastofnunar og að endurgreiðslan yrði að sama skapi rafræn. Þetta ætti þá að geta sparað alla vega eina af þessum ferðum sjúklinga þannig að þær yrðu tvær en ekki þrjár.

Svo hafa auðvitað aðrir en heimilislæknar gagnrýnt það að þeir hafi ekki sama rétt til að vísa á hjartalækna og benda á að með því sé verið að mismuna þeim og jafnvel að rýra lækningaleyfi þeirra. Ef maður byrjar sem sjúklingur ferli sitt hjá öðrum en heimilislækni þá er auðvitað ljóst að verið er að lengja ferlið með því að eingöngu heimilislæknar hafi heimild til að gefa þessar beiðnir út til hjartalæknanna.

Sérstaklega var rætt aukið álag á heilsugæsluna og á heimilislækna. Þess eru auðvitað dæmi í Reykjavík að fólk nýtur ekki heimilislækna. Eins eru dæmi um það að á sumum heilsugæslustöðvum er bið sem jafnvel getur tekið nokkra daga. Þó kom fram hjá forsvarsmönnum heilsugæslunnar að álagið hefði aukist minna en ráð var fyrir gert og að heilsugæslan annaði því vel.

Í fjórða lagi voru þeim hagsmunum gefnar sérstakar gætur innan nefndarinnar sem yrðu fyrir borð bornir með því að greiðsluþátttaka ríkisins í kostnaði sjúklinga byggist ekki á samningi. Margt tapast við það, kannski fyrst og fremst það að Tryggingastofnun ber þá ekki fjárhagslegt og faglegt eftirlit með þjónustu læknanna. Jafnframt fellur niður ótvíræð skylda samkvæmt samningi til að senda læknabréf á heimilislækninn þó jafnframt megi finna þeirri skyldu stoð í lögum. Þetta getur aukið hættuna á tvíverknaði og jafnframt stofnað öryggi sjúklinga í voða.

Í fimmta lagi eru læknar, með því að þeir eru ekki á samningi, óbundnir við gjaldtöku af sjúklingi og frjálsir að því hvernig þeir verðleggja þjónustu sína. Þess eru dæmi að minnsta kosti um eina rannsókn að hún hefur verið hækkuð um rúman helming eftir að þeir gengu frá þessum samningi.

Í þessu samhengi var samhugur um það innan meiri hlutans — horfandi til tannlækna líka, þar sem gildir nokkurn veginn svipað fyrirkomulag — að árétta þörfina fyrir að endurskoða ákvæði laga sem banna heilbrigðisstéttum að auglýsa þjónustu sína vegna þess að þarna bætast hjartalæknar við tannlæknana. Við verðum að gera okkur ljóst að sjúklingar verða í þessum tilvikum að eiga aðgang að upplýsingum m.a. um verðlagningu þjónustunnar plús ýmsar aðrar upplýsingar sem gætu komið þeim að gagni.

Það kom líka fram hjá gestum nefndarinnar að ástæða er til að ætla — og það eru ýmis teikn á lofti um það — að fleiri sérfræðingar kunni að segja sig frá þessum samningi. Meiri hlutinn vill í þessu samhengi árétta það sjónarmið sitt að það fyrirkomulag um sjúkratryggingavernd almennings sem reglugerðin kveður á um, eins og ég hef þegar nefnt, eru viðbrögð við og afleiðing af uppsögn eins hóps sérfræðinga á samningi. Leggur meiri hlutinn í þessu samhengi áherslu á gildi samningssambandsins og á samning sem meginreglu um greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði vegna þjónustu sérfræðilækna og telur loks, herra forseti, í þessum tilgangi vert að árétta aðrar leiðir til að koma á samningi svo sem þá, að undangenginni faglegri og raunhæfri þarfagreiningu, að auglýsa eftir læknum sem áhuga hafa á að starfa á samningi eða bjóða þjónustuna út.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt og undir þetta álit rita hv. nefndarmenn í heilbrigðis- og tryggingarnefnd, sú sem hér stendur sem framsögumaður, hv. þingmenn Arnbjörg Sveinsdóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Örlygsson og Guðjón Ólafur Jónsson.

[02:23]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Minni hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar telur að með þessu frumvarpi sé farið inn á varhugaverða braut til að festa í sessi tvöfalt heilbrigðiskerfi, eitt fyrir hina efnameiri og annað fyrir þá efnaminni. Þetta getur minni hlutinn ekki sætt sig við.

Eins og segir í greinargerð frumvarpsins er þetta frumvarp lagt fram í beinu sambandi við þá stöðu sem blasti við þegar hjartalæknar sögðu sig frá samningi við Tryggingastofnun ríkisins og í tengslum við hið nýja tilvísanakerfi

sem heilbrigðisráðherra setti á fót í kjölfar þess 1. apríl síðastliðinn.

Útfærslan á því tilvísanakerfi sem heilbrigðisráðherra setti á fót með reglugerð 1. apríl síðastliðinn er hins vegar óskynsamleg og ósanngjörn. Fjölmargir hafa lýst yfir efasemdum sínum um þetta nýja fyrirkomulag.

Nýja kerfi ríkisstjórnarflokkanna, sem hér er verið að festa enn betur í sessi, gerir ráð fyrir að viðkomandi sjúklingur geti fengið niðurgreiðslu ríkisins á heilbrigðisþjónustu hjartalækna leiti hann til heimilislæknis áður en hann fer til hjartalæknis. Ólíkt öðrum hugmyndum sem hafa heyrst í gegnum árin um tilvísanakerfi er hér ekki um að ræða samningsbundna lækna. Hér er sömuleiðis gert ráð fyrir læknastétt sem mun búa við frjálsa gjaldskrá.

Það eru því margs konar gallar og hættur við hið nýja fyrirkomulag.

Í fyrsta lagi mismunar þetta kerfi sjúklingum eftir efnahag og skerðir aðgengi þeirra að nauðsynlegri þjónustu hjartalækna. Samkvæmt þessu fyrirkomulagi geta efnameiri sjúklingar farið beint til hjartalæknis og fengið þjónustuna strax með því að greiða sjálfir fyrir hana fullu verði. Þar sem hjartalæknar eru samningslausir hafa þeir frjálsa gjaldskrá og geta því rukkað það verð sem þeir kjósa. Því er ekkert sem kemur í veg fyrir að efnameiri sjúklingar séu teknir fram fyrir í röðinni eftir þjónustu á kostnað hinna efnaminni.

Sömuleiðis eru vissar líkur á því að svipuð staða skapist í þjónustu hjartalækna og er í tannlæknaþjónustu við börn og eldri borgara. Í tannlæknaþjónustunni verða til tvenns konar gjaldskrár, þar sem við höfum annars vegar svokallaða ráðherragjaldskrá, sem er sú niðurgreiðsla sem ráðherra er tilbúinn að veita í málaflokkinn hverju sinni og hins vegar hin raunverulega gjaldskrá, sem læknirinn rukkar eftir. Mismuninn, sem getur aukist með tímanum, greiða síðan sjúklingar.

Vert er að muna að hér er um að ræða heila stétt sérfræðilækna sem er án samnings og býr við þetta nýja fyrirkomulag en ekki einstaka lækni, eins og hefur stundum tíðkast, þannig að sjúklingar hafa ekkert val.

Forsvarsmenn sjúklinga hjá Hjartaheillum, landssamtökum hjartasjúklinga, og SÍBS, ásamt Félagi eldri borgara í Reykjavík og formanni Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hafa allir talið að þetta nýja fyrirkomulag ríkisstjórnarflokkanna leiði til tvöfalds kerfis í heilbrigðiskerfinu sem mismunar eftir efnahag.

Í öðru lagi eykur þetta nýja fyrirkomulag kostnað og óhagræði fyrir þorra sjúklinga og sérstaklega þá efnaminni. Þeir sjúklingar sem fara tilvísanaleiðina þurfa að fara á þrjá staði til að fá þjónustu hjartalækna en hinum efnameiri, sem vilja greiða fyrir þjónustuna að fullu, nægir að fara á einn stað.

Til að njóta þjónustu hjartalækna þarf almenningur að fara fyrst til heimilislæknis til að fá tilvísun á hjartalækni, síðan að fara til hjartalæknisins og loks til Tryggingastofnunar ríkisins til að fá endurgreiðsluna. Hefji sjúklingur leiðangur sinn hjá öðrum sérfræðilækni verður hann að fara á fjóra staði til að geta nálgast þjónustu hjartalæknis, þar sem aðrir sérfræðilæknar en heimilislæknar mega ekki vísa sínum sjúklingum á hjartalækni.

Í þessu ferli verður sjúklingurinn því fyrir auknum kostnaði og óþægindum. Hjartaheill hafa bent á að fyrir eldri borgara, öryrkja og einstaklinga án bíls getur þetta þýtt að taka þurfi sex til átta leigubíla til að fá nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og niðurgreiðslu. Einnig var bent á að þetta fyrirkomulag gæti jafnvel leitt til þess að fólk veigraði sér við að sækja sér þjónustu hjartalækna.

Jafnframt þurfa króníska hjartasjúklingar að leita eftir nýrri tilvísun frá heilsugæslulækni á fjögurra mánaða fresti, sem aftur eykur óhagræðið fyrir alla aðila.

Í þriðja lagi hefur verið bent á að þetta nýja kerfi muni auka skriffinnsku, kostnað og tvítekningu í kerfinu. Það er að segja að ákveðnar rannsóknir og hluti viðtala verði nú bæði framkvæmdar hjá viðkomandi heilsugæslulækni og hjá hjartalækni þegar þangað er komið. Þetta mun að sjálfsögðu auka heildarkostnaðinn í kerfinu. Formaður Félags hjartalækna hefur sagt að þetta nýja kerfi verði án vafa dýrara fyrir hið opinbera.

Í fjórða lagi er einungis gert ráð fyrir að heilsugæslulæknir geti vísað á hjartalækna. Hins vegar eru fjölmargir aðrir sérfræðilæknar sem hafa getu, þekkingu, þörf og aðstöðu til að vísa viðkomandi sjúklingum áfram til hjartalæknis. Í því sambandi hafa verið nefndir lungnalæknar, taugalæknar, öldrunarlæknar, lyflæknar og svæfingalæknar. Þetta eru allt læknar sem gætu sinnt hjartasjúklingum en hafa hins vegar samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi ríkisstjórnarflokkanna ekki rétt til að vísa sínum sjúklingum til hjartalækna.

Forsvarsmaður Læknafélags Reykjavíkur benti á fundi nefndarinnar á að með þessu nýja kerfi væri verið að skerða hluta af lækningaleyfi sérfræðilækna með því að takmarka þeirra rétt til að vísa sínum sjúklingum til hjartalækna.

Í fimmta lagi hafa heyrst vissar efasemdir um getu heilsugæslunnar til að taka við þessu nýja hlutverki. Fyrir einu ári voru um 10.000–12.000 einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu án heimilislæknis. Nú telur forstjóri Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu að þessi fjöldi sé um 5.000 manns.

Það er því ljóst að mjög stór hópur fólks er án heimilislæknis og sömuleiðis er ljóst að margar heilsugæslustöðvar eru nú þegar undir miklu álagi og í raun sprungnar. En þrátt fyrir það ætlar ráðherrann ekki að mæta nýju hlutverki heilsugæslunnar með því að styrkja hana með einhverjum hætti.

Í sjötta lagi bentu forsvarsmenn Landspítalans á fundi nefndarinnar á að hið nýja fyrirkomulag gæti haft áhrif á streymi sjúklinga á bráðasvið Landspítalans, þ.e. að sjúklingar mundu hugsanlega leita beint til spítalans eftir þjónustunni í stað þess að fara allt tilvísanaferlið. Þá kæmi upp sú staða að sjúklingar leituðu á dýrasta svið þjónustunnar, sem allir eru sammála um að þurfi að draga úr.

Í sjöunda lagi er ekki gert ráð fyrir neinu samningssambandi milli læknanna og hins opinbera. Við það verða ýmsar samningsskyldur hins opinbera gagnvart læknunum ekki fyrir hendi. Samningsbundinn læknir getur t.d. ekki rukkað sjúkling um hvaða upphæð sem er eigi niðurgreiðsla hins opinbera að vera fyrir hendi. Samningslaus læknir getur hins vegar gert það. Samningsbundinn læknir hefur sömuleiðis verið bundinn ákveðnum kröfum um eftirlit og upp-

lýsingagjöf til Tryggingastofnunar, ásamt skyldum um að senda læknabréf o.s.frv.

Í áttunda lagi mun þetta frumvarp, sem á að sníða meintan agnúa af hinu vonda tilvísanakerfi heilbrigðisráðherra, draga allverulega úr hvata samningsaðila til að semja. Í ljós hefur komið að eftir að þetta kerfi var sett á fót 1. apríl síðastliðinn hefur enginn samningafundur verið haldinn á milli hjartalækna og samninganefndar heilbrigðisráðuneytisins.

Í níunda lagi hefur verið bent á að þetta mál muni skapa fordæmi fyrir aðrar sérfræðistéttir. Hjartalæknar voru samningsbundnir þegar ríkjandi ástand skapaðist en kusu að segja sig frá þeim samningi, enda höfðu þeir umsaminn þriggja mánaða uppsagnarfrest. Með því að festa þetta kerfi í sessi erum við því að bjóða þeirri hættu heim að aðrar sérfræðilæknastéttir fari sömu leið þegar þeirra einingamarki er náð í haust. Við getum því staðið uppi með fjöldann allan af sérfræðigreinum sem verða ekki samningsbundnar við hið opinbera, hafi frjálsa gjaldskrá, geti rukkað hvaða verð sem er og tekið sjúklinga í hvaða röð sem er án nokkurra samningsskuldbindinga.

Í tíunda lagi má ætla að heildarkostnaður hins opinbera hækki við þetta fyrirkomulag. Á meðan stuðst var við samningaleiðina gat ráðherra ákveðið þá heildarupphæð sem átti að fara í niðurgreiðslu þjónustunnar og mynduðust afsláttarkjör þegar ákveðnum einingafjölda var náð.

Í þessu kerfi ráðherrans getur sjúklingur hins vegar aðeins valið tilvísanaleiðina til að eiga rétt á niðurgreiðslu frá hinu opinbera. En þar sem eftirspurnin eftir þjónustu hjartalækna verður áfram til staðar mun hið opinbera vera skyldugt til að greiða fyrir alla þá þjónustu sem hjartasjúklingar leita sér, svo fremi sem þeir fara fyrst til heilsugæslunnar og fá tilvísun. Sú upphæð getur því verið talsvert hærri en sú sem samningaleiðin mundi kosta hið opinbera. Þetta nýja kerfi er sömuleiðis stjórnlausara en sú leið að semja við sérfræðistéttirnar í heilbrigðiskerfinu.

Að lokum hefur verið bent á að svipuð staða, þar sem sérfræðilæknar segja sig af samningi við Tryggingastofnun, hefur komið upp áður. Hins vegar hefur slíkum deilum ætíð lokið með samningum og hefur greiðsluréttur almennings verið tryggður með afturvirkri reglugerð ráðherra. Það er óskiljanlegt að nýr heilbrigðisráðherra skuli ekki reyna samningaleiðina til þrautar eins og fyrirrennarar hans hafa allir gert og leysi síðan vandann með reglugerð þegar samningar eru í höfn. Í stað þess ákveða ríkisstjórnarflokkarnir að fara í vanhugsaða tilraunastarfsemi með almannatryggingakerfi sem getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér og erfitt getur reynst að snúa við.

Ríkisstjórnarflokkarnir eru með þessu frumvarpi að festa í sessi kerfi sem mismunar fólki eftir efnahag og eykur heildarkostnaðinn fyrir hið opinbera og sérhvern einstakling.

Auk þess eru áhöld um að reglugerð ráðherra um kerfi þetta hafi raunverulega stoð í lögum.

Undir þetta minnihlutaálit skrifa Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

Með þessu áliti fylgir í fylgiskjali harðorð ályktun stjórna SÍBS og Hjartaheilla þar sem þessu kerfi er mótmælt.

[02:33]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Komið er til 2. umr. frumvarp til laga um breytingar á almannatryggingalögum. Nefndin hefur fjallað ítarlega um þetta frumvarp og ekki síst hefur verið fjallað um reglugerð sem sett var 1. apríl síðastliðinn. Hins vegar er það svo að allir sem komu á fund nefndarinnar lýstu sig meðmælta þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þó að frumvarpið sé vissulega lagt fram við sérstakar kringumstæður þá er það svo að frumvarpið og reglugerðin, sem var mikið rædd í nefndinni, eru að því leyti ótengd að það er hægt að samþykkja frumvarpið án þess að það hafi áhrif á reglugerðina og öfugt, þ.e. frumvarpið er með þeim hætti að það hefur ekki áhrif á reglugerðina þannig séð.

Í umræðunni hefur jafnframt verið látið að því liggja að með frumvarpinu sé verið að skjóta lagastoð undir reglugerðina sem ég ræddi hér á undan, þ.e. þá sem var sett 1. apríl síðastliðinn, en það er ekki rétt, heldur var verið að bregðast við því ástandi þegar hjartalæknar sögðu sig frá samningi við TR. Frumvarpið er sett til þess að tryggja þann skilning að greiðsluþátttöku ríkisins verði eingöngu til að dreifa þegar fyrir liggi samningar milli aðila, í þessu tilviki hjartalækna, eða lög eða reglugerðir séu til grundvallar. Jafnframt er tilgangur með frumvarpinu að tryggja sjúkratryggingarétt sjúklinga.

Eins og ég sagði hér í byrjun voru allir sem komu á fund nefndarinnar efnislega sammála frumvarpinu en þeir höfðu hins vegar margvíslegar athugasemdir við reglugerðina sem sett var 1. apríl síðastliðinn. Það fyrirkomulag sem nú er í gildi varðandi reglugerðina er eingöngu tímabundið og verður lagt niður þegar samningur hefur komist á milli aðila. Það er sem sagt óhjákvæmilegt að ræða aðeins um þessa reglugerð þó að ég hafi sagt í byrjun að ekki sé hægt að tengja þetta með þeim hætti sem hefur verið gert. Vissulega eru vankantar á reglugerðinni, hún er til óþæginda fyrir aðila og það er útlistað í nefndaráliti meiri hluta og minni hluta hv. heilbrigðis- og trygginganefndar. Hins vegar er það svo að hinn kosturinn, þ.e. að setja ekki þessa reglugerð, væri sá að almenningur greiddi reikningana að fullu án vissu um hvort þeir fengjust endurgreiddir. Það hefur verið gert áður en kostnaður við heilbrigðisþjónustu án greiðsluþátttöku ríkisins er töluvert hár. Gestir sem komu til nefndarinnar nefndu sem dæmi að viðtal, skoðun og hjartaómskoðun kostaði 28 þús. kr. Það eru töluverð útgjöld fyrir sjúklinga á einu bretti og getur verið mjög erfitt fyrir þá að bíða jafnvel einhverja mánuði eftir því að fá það endurgreitt.

Ég er þeirrar skoðunar að reglugerðin eigi að standa eins og hún er og ég tel jafnframt að ef þessir vankantar væru slípaðir væri fyrst verið að festa kerfið í sessi eins og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson nefndi hér áðan. Ég tel jafnframt að mikil hætta sé á því að ef við gerum breytingar á reglugerðinni í þá veru sem gagnrýnin snýr að sé verið að draga úr hvata fyrir aðila að gera nýjan samning. Þetta er því ekki heppilegt ástand sem við stöndum frammi fyrir og ekki ákjósanlegt en það verður að bregðast við því með einhverjum hætti og ég tel að það hafi verið gert með skynsamlegum hætti.

Það var fullyrt á fundum nefndarinnar frá fulltrúum lækna að þeir vilji að samningur sé á milli TR og hjartalækna en það kom jafnframt fram að þeir eru ekki sáttir við ramma samningsins. Þeir eru sáttir þannig séð við taxtann sem þeir fá greitt eftir en þeir telja að ramminn sé ekki nægilega rúmur. Þeir hafa fært gild rök fyrir aukinni aðsókn til hjartalækna og að það sé af ástæðum sem þeir ráða ekki við sjálfir. Þær ástæður eru m.a. aukin vitund almennings um hjartasjúkdóma og fjölgun aldraðra.

Samningsleysi er óeðlilegt ástand og það er erfitt að eiga við það. Hins vegar var reglugerðin sett til þess að milda áhrifin af því ástandi sem skapaðist þegar læknar sögðu sig frá samningnum eða eins og segir í nefndaráliti meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar, með leyfi forseta:

„Í þessu samhengi er vert að minna á að við sams konar aðstæður áður er sérfræðingar hafa sagt upp samningi við Tryggingastofnun ríkisins hafa sjúklingar borið kostnað vegna þjónustu viðkomandi sérfræðinga að fullu en fengið endurgreiddan hluta sjúkratryggingar þegar samningar milli viðkomandi lækna og Tryggingastofnunar hafa komist á samkvæmt sérstakri afturvirkri ákvörðun ráðherra. Með reglugerðinni er leitast við að milda áhrif ástandsins á sjúklinga og fá þeir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum endurgreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins þegar reikningar eru lagðir fram."

Í ljósi þessa finnst mér afstaða minni hlutans, sem kemur fram í minnihlutaáliti hv. heilbrigðis- og trygginganefndar, illskiljanleg. Minni hlutinn telur að reglugerðin eins og hún er útfærð festi í sessi tvöfalt heilbrigðiskerfi. Ég er þessu ósammála og tel að ef sú leið yrði farin að breyta reglugerðinni og laga ókosti hennar yrði fyrst hægt að tala um að verið væri að festa framkvæmdina í sessi og hætta væri á tvöföldu heilbrigðiskerfi, eins og þeir kalla það. Jafnframt tel ég ákveðna hættu á því að með því mundi samningsgerðin frestast og það ástand sem ætti að vera tímabundið væri þá orðið varanlegt og hefði afleiðingar langt út fyrir þá sérfræðinga sem hér er rætt um, þ.e. hjartalækna.

Sú leið sem var farin telst vera valfrjálst stýrikerfi. Fólki er gefinn kostur á að fá heilbrigðisþjónustu niðurgreidda fari það ákveðna leið til þess að fá þjónustuna, í þessu tilviki til heimilislæknis sem metur hvort viðkomandi þurfi að fara til sérfræðings í hjartasjúkdómum. Þetta er nokkurs konar tilvísunarkerfi en hefur verið kallað valfrjálst stýrikerfi. Það er í þá veru að ákveði viðkomandi sjúklingur að fara beint til sérfræðings án viðkomu hjá heimilislækni greiðir hann hærra verð. Í því tilviki sem reglugerðin segir til um greiðir hann fullt verð. Slík kerfi, sem sagt valfrjáls stýrikerfi, eru alþekkt víða, t.d. í Danmörku.

Það sem vekur hins vegar sérstaka athygli í þessu sambandi er að Samfylkingin hefur álíktað í þá veru að hún kjósi valfrjálst stýrikerfi. Það var á síðasta landsfundi flokksins sem haldinn var á síðasta ári.

Þannig segir í upptalningu í ályktun landsfundar Samfylkingarinnar um heilbrigðismál, með leyfi forseta:

„Heilsugæslan fyrsti viðkomustaður með valfrjálsu stýrikerfi.

Stórefla heilsugæsluna og tryggja öllum aðgang að heimilislækni og heilsugæslu."

Mér finnst því ákveðin þversögn í því áliti sem kemur fram frá fulltrúum Samfylkingarinnar. Í áliti sínu um þetta frumvarp hafna þeir valfrjálsu stýrikerfi en landsfundur flokksins hafði sem sagt samþykkt það einungis fyrir nokkrum mánuðum. Ég skil því ekki afstöðu Samfylkingarinnar, að setja sig á móti málinu, og hef reyndar heyrt að hún muni sitja hjá. En það er mjög sérkennilegt að þeir skuli setja sig upp á móti málinu og sitja hjá af þeirri ástæðu að þeir eru ósammála útfærslu í reglugerð. Þó að reglugerðin hafi verið til umfjöllunar hér í ræðustól og innan nefndarinnar er ekki verið að greiða atkvæði um hana. Það er verið að greiða atkvæði um frumvarpið, um lögin sem allir sem komu til nefndarinnar voru sammála um að væru til bóta. Það vekur sem sagt furðu mína að fulltrúar Samfylkingarinnar setji sig upp á móti kerfi sem þeir hafa sjálfir mælt með í grundvallaratriðum.

Þessu vildi ég koma á framfæri um frumvarpið sem hér er til 2. umr. og lýsi mig meðmælta.

[02:42]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Þetta er eitt af mörgum málum sem við höfðum þurft að hafa betri tíma til að fara vel yfir. Þó að breytingarnar sem við erum að fjalla um, breytingar á almannatryggingalögum, séu ekki miklar eða flóknar þá flækir það málið að verið er að bregðast við reglugerð sem er mjög umdeild og erfitt fyrir fólk að átta sig á hvað á sér stoð í lögum og hvað á stoð í reglugerð.

Hæstv. forseti. Það er verið að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu og er það vel. Það hefur líka staðið til um langan tíma að endurskoða lög um almannatryggingar og það er orðið mjög brýnt. Ég tel að sú vinna sem farin er í gang um heildarendurskoðun hefði átt að halda áfram og þessar breytingar hefðu átt að falla inn í þá heildarendurskoðun, en þessar greinar eru teknar út til þess að bregðast við reglugerð sem var sett 1. apríl vegna uppsagna hjartalækna á samningum við Tryggingastofnun ríkisins eins og hér hefur komið fram.

Ég tel aftur á móti að ekki hefði þurft að bregðast sérstaklega við með breytingu á lögunum um almannatryggingar eins og fram kemur í umsögn Læknafélags Reykjavíkur, með leyfi forseta:

„Ef ákvæði 3. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 er skoðað virðist framlögð breytingartillaga óþörf. Í tilvitnuðu ákvæði er ráðherra falið vald með reglugerðarheimild til að ákveða hvort endurgreiða skuli vegna læknisheimsókna til sérfræðinga sem eru án samnings. Þessa heimild hefur ráðherra þegar nýtt sér þegar kemur að endurgreiðslu kostnaðar vegna tannlækninga, sbr. reglugerð nr. 576/2005 um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar."

Ég tek undir þetta álit Læknafélags Reykjavíkur. Tannlæknar eru ekki á samningi. Þeir sögðu sig frá samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Tryggingastofnun endurgreiðir samkvæmt ráðherragjaldskrá þeim sem eiga rétt á endurgreiðslu frá Tryggingastofnun samkvæmt reglugerð. Þetta er gert þrátt fyrir að tannlæknar séu ekki með fastan samning við Tryggingastofnun ríkisins. Ég tel því að sama laga-

stoð sé fyrir endurgreiðslu og þegar tannlæknar sögðu upp samningum. Ráðherra hefði getað endurgreitt sjúklingum rétt eins og þeim sem fara til tannlæknis.

Varðandi frumvarpið sjálft vil ég segja ég geri ekki athugasemdir við þær breytingar sem hér er verið að gera. Þær skýra betur hvað sjúkratrygging er og fyrir hverja. Með þeim er bættur réttur ungmenna og aldur þeirra sem eru sjúkratryggðir hækkaður, þ.e. barna til 18 ára aldurs. Heilsugæslan er tekin þarna inn í og breytingarnar í sjálfu sér ágætar en í raun óþarfar til að bregðast eingöngu við þessari reglugerð.

Varðandi reglugerðina vil ég segja nokkur orð, þótt hún sé í raun ekki til umræðu beinlínis, þá vil ég taka undir nefndarálit minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar. Þar er lýst agnúum í reglugerðinni. Eins tek ég undir ábendingar og athugasemdir í nefndaráliti meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar sem snúa að reglugerðinni sem slíkri. Þar eru margar aðvaranir á lofti og ábendingar um að þetta fyrirkomulag sé að mörgu leyti óheppilegt fyrir sjúklinga. Þar er talað um að reglugerðarákvæðin séu eingöngu tímabundin því að vonandi náist samningar við hjartalækna. Ég er hrædd um, hæstv. forseti, að brugðið geti til beggja vona með það og hugsanlegt sé að fleiri leiti í að segja upp samningum ef þeir telja að þetta komi ekki illa út fyrir hjartalækna, að segja sig frá samningum og tryggja sér áfram aðgang að sjúklingum með þeim hætti sem gert hefur verið.

Varðandi valfrjálst kerfi þá snýr það að sjúklingum sem geta valið að fara beint til hjartalæknis og greitt fullt gjald, sem er þá valfrjáls taxti, eða farið fyrst til heimilislæknis og fengið síðan endurgreitt. Það er valfrjálsa kerfið því að allir hjartalæknar eru án samnings. Valfrjálst kerfi hefur í hugum flestra verið á þá leið að hægt væri að velja á milli þess að fara til samningsbundins læknis eða þess sem ekki er samningsbundinn og í því fælist hið valfrjálsa kerfi. En þannig er það ekki. Ég tel að reglugerðin eins og hún er núna geti hugsanlega dregið úr hvata til samninga við lækna. Ég tel það ástand sem er núna alvarlegt, að þeir sérfræðingar sem eru samningslausir, eins og hjartalæknar, hafi ekki lengur upplýsingaskyldu um meðferð til heimilislækna og til Tryggingastofnunar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt. Ég vísa til athugasemda og ábendinga í nefndaráliti meiri hluta sem snýr að reglugerðinni. Ég vísa jafnframt til nefndarálits minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar, sem snýr líka að reglugerðinni. Reglugerðin er mjög umdeild. Þeir sem hafa komið að umsögn um frumvarpið sjálft mæla frekar með því, nema Læknafélag Reykjavíkur sem telur þessar breytingar óþarfar og ég tek undir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landmælingar og grunnkortagerð, 2. umr.

Stjfrv., 668. mál (heildarlög). — Þskj. 978, nál. 1399, brtt. 1402.

[02:52]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð.

Með frumvarpi þessu er hlutverk Landmælinga Íslands skilgreint ítarlegar en í gildandi lögum og gert ráð fyrir því að stofnunin dragi sig út úr rekstri sem nú er í samkeppni við aðila á almennum markaði. Mun stofnunin hins vegar áfram sinna verkefnum sem óvíst er að einkaaðilar ráðist í að sinna en þó geta einkaaðilar komið að slíkum grunnverkefnum í heild eða að hluta.

Nefndin leggur áherslu á að þegar fram líða stundir verði gögn Landmælinga Íslands öllum aðgengileg án sérstakrar greiðslu eða heimildar til samræmis við frumvarp forsætisráðherra um breytingu á upplýsingalögum. Gögn stofnunarinnar muni því teljast til almannaeignar, þ.e. „public domain". Stefnumörkun áðurnefnds frumvarps byggist á hóflegri verðlagningu opinberra upplýsinga. Skal því almennt ekki taka gjald fyrir söfnun eða framleiðslu gagna sem aflað er í opinberum tilgangi af stjórnvöldum.

Hins vegar eru í gildi sérlög og reglugerðir sem kveða á um rýmri heimildir einstakra stofnana til gjaldtöku fyrir aðgang að opinberum skrám. Framangreindu frumvarpi er ekki ætlað að hnekkja þeim reglum. Auk Landmælinga Íslands má nefna Fasteignamat ríkisins og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Annars vegar að við skilgreiningar frumvarpsins bætist skilgreining á hugtakinu „örnefni". Þá leggur nefndin til að heiti Örnefnastofnunar verði breytt í „Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum".

Ég tel þetta frumvarp til mikilla bóta. Með því er hlutverk Landmælinga Íslands skilgreint betur og stofnunin dregin út úr samkeppni á almennum markaði. Eins og þekkt er er mikil samkeppni á þessum markaði. Því er mikilvægt að skýrar reglur séu um hlutverk hins opinbera.

Virðulegi forseti. Ég verð að vísu að lýsa þeirri skoðun minni að þetta sé dæmi um stofnun — ég tel að hjá okkur séu margar fleiri slíkar — sem hæglega væri hægt að leggja niður ef pólitískur vilji væri fyrir því og fela einkaaðilum það hlutverk, m.a. með útboðum og öðru slíku, að ná þeim markmiðum sem sett eru með stofnuninni. En ekki er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi, svo að það sé algjörlega skýrt tekið fram.

Þeir sem skrifa undir nefndarálitið eru auk mín hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Örlygsson, Mörður Árnason, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Mörður Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara

[02:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Fyrirvari minn við þetta mál lýtur fyrst og fremst að því að ekki vannst nægur tími til að vinna málið ofan í kjölinn í nefndinni. Ég dreg ekki í efa að hér séu ákveðnar leiðréttingar á ferð, þ.e. að verið sé að færa hluti að einhverju leyti til betri vegar, en ég verð að segja að út frá þeim umsögnum sem nefndinni hafa borist um þetta mál þá vannst ekki nægur tími til að skoða alla þá þætti þess sem ég hefði kosið.

Hins vegar er ljóst að það að tryggja að gögnin sem Landmælingar Íslands afla séu almannaeign og öllum aðgengileg endurgjaldslaust tel ég í sjálfu sér til mikilla bóta. Til marks um það hef ég m.a. umsagnir frá Náttúrufræðistofnun Íslands og fleiri aðilum sem að þessu máli hafa komið.

Mér finnst mikilvægt að Landmælingar Íslands fái byr í seglin með þá starfsemi sem þeim er ætlað að standa að. Eitt af því sem staðið hefur Landmælingum Íslands fyrir þrifum í gegnum tíðina, sérstaklega núna á seinni árum, hefur verið óheyrilega há sértekjukrafa frá stjórnvöldum sem sett hefur verið á stofnunina í fjárlögum. Stofnunin hefur auðvitað gripið til þess ráðs að selja öll þau gögn sem hún hefur yfir að ráða og ég hef sjálf lent í að ætla mér að fá landakort á vef Landmælinga en ekki fengið annað en tilboð um að kaupa kort.

Við verðum auðvitað að skoða málin í okkar ranni. Ég fagna því frumvarpi sem liggur fyrir þinginu um breytingu á upplýsingalögum og þótt það fari ekki í gegn á þessu þingi tel ég að sú stefnumörkun sé af hinu góða. Ég tel einnig að stigið sé ákveðið skref í þá átt með þessu frumvarpi.

Það er ljóst að gera hefði mátt fleiri breytingar á málinu en mælt er fyrir um í nefndaráliti umhverfisnefndar. Mér líst ekki vel á að unnið sé að svona málum í flaustri eða þeim hraða sem raun ber vitni. Ég óttast að í uppsiglingu geti verið mistök og flumbrugangurinn geti komið okkur í koll á næsta þingi. Við fáum það sjálfsagt í hausinn eins og unnið er núna og verðum vonandi manneskjur til að leiðrétta það sem upp á vantar til að Landmælingar Íslands geti staðið við sinn hlut við öflun grunngagna og geti stundað starf sitt í samvinnu við aðra sem vinna á sama sviði. Ég held að það að létta ákveðnum skyldum af stofnuninni sé af hinu góða en ég tek ekki undir þau orð formanns nefndarinnar sem féllu hér í ræðu áðan, að leggja beri stofnunina niður. Það geri ég ekki.

Ég tel að málið fari hér í gegn án nægilegrar skoðunar en við þetta búum við og verður víst svo að vera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (efnistaka úr gömlum námum). — Þskj. 180, nál. 1400.

[03:00]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

Frumvarpið byggist á tillögum starfshóps sem umhverfisráðherra skipaði til að gera tillögur um það með hvaða hætti unnt væri að binda leyfum töku efna úr eldri námum. Með eldri námum er átt við námur sem starfræktar voru fyrir 1. maí 1994 þegar ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi, og fyrir 1. janúar 1998 þegar skipulags- og byggingarlög tóku gildi.

Megintilgangur frumvarpsins er að koma á eftirliti með efnistöku í landinu þannig að hún fari fram í sátt við umhverfið. Auk þess liggja samkeppnissjónarmið að baki því að þeir sem vinni efni úr námum lúti sömu reglum. Hins vegar eru tímamörkin höfð rúm af tillitssemi við þá sem lögin gilda um, verði frumvarpið að lögum. Þeim sem stunda efnistöku er með þessum hætti veittur sanngjarn frestur til að sækja um framkvæmdaleyfi og laga sig að breyttu lagaumhverfi. Í rauninni gert ráð fyrir að seinni áfanginn verði eftir 1. september 2012.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta skrifa hv. þingmenn, auk þess sem hér stendur, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Örlygsson, Mörður Árnason og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

[03:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég kem hér eingöngu til að fagna því að þetta mál skuli nú komið á leiðarenda. Það er búið að bíða eftir því árum saman að þetta mál verði afgreitt frá Alþingi. Það er sannarlega orðið löngu tímabært að tekið sé á málum er varða eldri námur. Það er búið að vera að takast á um málefni er tengjast eldri námum árum saman án þess að stjórnvöld hafi brugðist við. Þau hafa jafnvel lagt fram frumvörp af þessu tagi. Sams konar frumvarp var lagt fram á síðasta þingi. Í tvö ár er þetta frumvarp búið að vera að veltast í umhverfisnefndinni. Stjórnarandstaðan hefur mælt með því og ýtt á að málið verði afgreitt frá nefndinni en menn hafa séð ástæðu til að fjalla um þetta fram og til baka án þess að koma því frá nefndinni fyrr en núna. Ég lít því svo á að hérna sé fagnaðarefni á ferðinni að nú sé þetta loksins komið í höfn og að hilla skuli undir að sett verði lög um eldri námur og tryggt að framkvæmdaleyfi fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 verði í samræmi við náttúruverndarlög.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Matvælarannsóknir hf., 2. umr.

Stjfrv., 387. mál. — Þskj. 469, nál. 1406, brtt. 1407.

[03:04]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um stofnun Matvælarannsókna hf. frá meiri hluta allsherjarnefndar. Eins og fram kemur í nefndaráliti hefur nefndin fundað með fjölmörgum aðilum um þetta mál og fengið umsagnir jafnframt frá fjölda aðila.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði einkahlutafélag í eigu ríkisins um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og Matvælarannsókna Keldnaholti, sem jafnframt verði lagðar niður. Hlutverk félagsins verði að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og sinna fræðslu á sviði matvælarannsókna.

Á fundum ræddi nefndin um verksvið núverandi stofnana og tillögur frumvarpsins um stofnun einkahlutafélags um rekstur þeirra. Kom fram að matvælarannsóknir eru afar mikilvægar fyrir íslenskt atvinnulíf og mikilvægt að stórefla þær. Telur meiri hluti nefndarinnar að miklir möguleikar til að efla matvælarannsóknir hér á landi felist í þessu máli og telur það nauðsynlegt.

Nokkuð var rætt í nefndinni um þá stefnu sem menn sjá á alþjóðavísu, m.a. innan ESB, að skilja rannsóknir á matvælum frá eftirliti með slíkri framleiðslu. Samkvæmt frumvarpinu eiga Matvælarannsóknir hf. ekki að sinna neinu opinberu eftirliti heldur verður það hjá Fiskistofu, Umhverfisstofnun, Landbúnaðarstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að lesa í gegnum allt nefndarálitið. Ég vil þó staldra aðeins við hlutverk stjórnar, en eins og fram kemur í nefndarálitinu verður það meðal verkefna nýrrar stjórnar og stjórnenda fyrirtækisins að skilgreina nánar framtíðarstefnu félagsins, hlutverk þess við prófanir, skilgreina þau verkefni á sviði matvælarannsókna sem brýnt er að félagið sinni, útfæra og efla samstarf við aðra rannsóknaraðila, háskólastofnanir og atvinnulíf, huga að framtíðaruppbyggingu starfseminnar og húsnæðismálum og tryggja fjárhagslegan grundvöll starfseminnar til framtíðar o.s.frv.

Meðal brýnni verkefna nýrrar stjórnar verður að finna rannsóknarstyrkjum nýjan farveg, en þær stofnanir sem hér eru sameinaðar í þetta hlutafélag hafa fengið mótframlag vegna umsókna um styrki á fjárlögum og það þarf að finna þeim mótframlögum einhvern nýjan farveg.

Ég leyfi mér að öðru leyti en ég hef hér rætt að vísa til nefndarálits meiri hluta allsherjarnefndar sem auk þess sem hér stendur Jónína Bjartmarz, Birgir Ármannsson, Kjartan Ólafsson og Sigríður Ingvarsdóttir eru samþykk, en Björgvin G. Sigurðsson og Ágúst Ólafur Ágústsson með fyrirvara.

[03:08]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hér er á ferðinni mál sem stefnir matvælarannsóknum á Íslandi að mínu viti í mikið óefni. Allt þetta mál hefur verið með mestu ólíkindum frá því að það leit dagsins ljós. Hér er hlutafélagavæðingarglýjan í augum stjórnarliða í hámarki. Hér er troðið á rétti starfsmanna. Tekinn er af starfsmönnum réttur sem þeir eiga samkvæmt kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hér er farið út á þá braut að koma öllum matvælarannsóknum á Íslandi þannig fyrir að stjórnsýslulög og upplýsingalög koma ekki til með að ná yfir þær. Ég tel það vera skandal á þessum tímum þegar við horfum fram á mögulegar katastrófur varðandi matvælaöryggi. Við erum með fuglaflensu einhvers staðar handan við hornið, kúariðu, eiturefni í matvælum og alls kyns óáran getur mögulega stafað af því að ekki sé vel staðið að málum eða ekki sé rétt staðið að málum í þessum efnum.

Það sem ég tel að hér sé neikvæðast af öllu er auðvitað það að ekki er skilin eftir nein rannsóknarstofa í höndum opinberra aðila. Umhverfisstofnun er gert að láta af matvælarannsóknum. Hún á að hafa einhvers konar eftirlitsskyldu að einhverju leyti mjög svo illa skilgreinda og óljósa en fær ekki að reka sína rannsóknarstofu sem hún hefur rekið hingað til.

Það er ástæða til að líta yfir nokkur svör frá forsætisráðuneytinu við spurningum sem upp komu frá umsagnaraðilum í meðferð málsins. Langar mig sérstaklega til að fara yfir í umsögn Umhverfisstofnunar en stofnunin telur mjög mikilvægt að sett verði á stofn öflug opinber eftirlitsrannsóknarstofa sem sinnir forgangs- og öryggisþjónustu fyrir opinbert matvælaeftirlit. Það kann vel að vera að hægt sé að einkavæða hluta af matvælarannsóknum í landinu. En þegar allt er skoðað er út í hött og fáránlegt, að mínu mati, að ekki sé skilinn eftir rannsóknarþáttur í höndum opinberra aðila sem sinni því eftirliti sem Umhverfisstofnun getur um í sinni umsögn. Umhverfisstofnun segir líka í umsögn sinni að ef ætlunin sé að Matvælarannsóknir hf. verði stofnaðar þá leggi Umhverfisstofnun til að rannsóknarstofa Umhverfisstofnunar verði heildstæð og sjálfstæð eining innan Matvælarannsókna hf. sem sinni áfram því hlutverki sem hún hefur hingað til sinnt með miklum ágætum og það hefur enginn í meðferð þessa máls í nefndinni haldið öðru fram en að Umhverfisstofnun hafi sinnt þessu hlutverki sínu af miklum ágætum.

Ekkert markmið kemur fram í þessu lagafrumvarpi um öryggi matvæla eða þjónustu við eftirlitsaðila og hvergi er vikið að öryggi og hagsmunum íslenskra neytenda í frumvarpinu og það er auðvitað alvarlegt. Þegar stjórnmálaflokkar ganga fram af slíku offorsi og án nokkurrar fyrirhyggju eins og hér er gert í þessum málaflokki þá er það alvarlegt. Ég vil benda þingheimi og þjóðinni á það sem hér er í gangi og hér er verið að leiða í lög. Hvergi er vikið að öryggi og hagsmunum íslenskra neytenda í þessu frumvarpi og það er verið að háeffa allar matvælarannsóknir í landinu. Að mati Umhverfisstofnunar væri fullkomlega ótrúverðugt gagnvart almenningi og neytendum að rannsóknarfyrirtæki í hlutaeigu öflugra matvælafyrirtækja annaðist mælingar fyrir eftirlitsstofnanir sem hafi eftirlit með þessum sömu matvælafyrirtækjum. Hvað heitir þetta á mannamáli? Þetta heitir að hér sé verið að bjóða upp á spillingu og mögulega yfirhylmingu vegna hættulegra atvika sem geta átt sér stað í

umsýslu með matvæli.

Umhverfisstofnun telur einnig að það dragi úr trúverðugleika eftirlitsmælinga Matvælarannsókna hf. að Samtök atvinnulífsins eigi fulltrúa í stjórn. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að fela áhættugreiningu, þar með talda áhættustjórnun, hlutafélagi sem matvælafyrirtæki eiga hugsanlega eignarhluta í og Umhverfisstofnun leggur til breytingar á frumvarpinu í þá veru til að reyna að forða slysum. En það er ekki farið inn á þá braut sem Umhverfisstofnun leggur til. Menn skella skollaeyrum við þeim varnaðarorðum og ég er algerlega sannfærð um að þetta offors á eftir að koma okkur hraustlega í koll.

Forsætisráðuneytið svarar umkvörtunum eða ábendingum Umhverfisstofnunar á eftirfarandi hátt í bréfi sem dagsett er 4. apríl 2006, með leyfi forseta:

„Það er stefna á alþjóðavísu, m.a. innan ESB, að skilja að annars vegar rannsóknir og hins vegar eftirlit. Matvælarannsóknir hf. munu ekki sinna neinu opinberu eftirliti. Það verður í verkahring stjórnar Matvælarannsókna hf. að skipuleggja innra starf félagsins svo sem rannsóknir og vöktun vegna matvælaöryggis. Sérstök lög eru í gildi um matvæli þar sem meðal annars er kveðið á um öryggi matvæla. Lögð er til breyting á þeim lögum til að tryggja að Umhverfisstofnun hafi ávallt undir höndum tiltækar upplýsingar um niðurstöður úr sýnatökum heilbrigðisnefnda."

Sem sagt, Umhverfisstofnun á að nægja samkvæmt mati forsætisráðuneytisins að hafa ávallt undir höndum tiltækar upplýsingar um niðurstöður úr sýnatökum heilbrigðisnefnda en enga sjálfstæða rannsóknastofnun. Ég fullyrði það héðan úr þessum stóli að það er ekki hægt fyrir Umhverfisstofnun að sinna sínu hlutverki ef hún hefur eingöngu aðgang að upplýsingum úr rannsóknum sem aðrir hafa gert og þá hagsmunatengdir aðilar. Ég tel því hér vera á ferðinni mikið slys sem ég hef reynt í nefndinni að koma í veg fyrir eða mótmælt og andæft. En allt hefur komið fyrir ekki. Ég veit ekki hvort andóf mitt úr þessum ræðustóli hefur eitthvað meira að segja en ég er þess fýsandi að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiði atkvæði gegn þessu frumvarpi þegar það kemur til atkvæða á morgun.

Það vekur athygli að þau einkafyrirtæki sem starfa á þessum markaði, sem gefa okkur umsagnir, Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. og Rannsóknarþjónustan Promat ehf., eru rannsóknarfyrirtæki sem hafa í sjálfu sér ruðst inn í matvælarannsóknir af því þau geta það til þess að brjóta niður, að því er virðist, þennan opinbera rekstur. Við þekkjum öll þá áráttu að allt sem gert sé á vegum opinberra aðila sé vont og það sé um að gera að markaðsvæða allt heila klabbið. En það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að leyfa sér í þeim efnum. Hér er verið að ganga allt of langt. Hér er verið að ganga þvert á ráðleggingar færustu manna og færustu stofnana. Það er með ólíkindum óðagotið og blindan sem framsóknarmenn eru slegnir í þessu efni þegar þeir láta Sjálfstæðisflokkinn enn eina ferðina beygja sig niður í duftið. Mér kemur í hug myndin af Jóakim aðalönd í Andrésblöðunum sem ég skoðaði þegar ég var lítil, hann með dollaramerkið í augunum. Nú eru framsóknarmenn og sjálfstæðismenn með háeffunarmerkið í augunum. Hér er gengið langt út fyrir öll mörk.

Ég nefndi einkafyrirtækin sem gefa okkur umsögn um málið. Ég er ekki að halda því fram að ekki sé hægt að hugsa sér að einkaaðilar hafi ákveðið hlutverk í matvælarannsóknum í landinu. En ekki á þeim nótum eða með því markmiði sem hér er lagt til.

Sýni ehf. telja að frumvarpið tryggi hinu nýja félagi alla kosti þess að vera ríkisstofnun þrátt fyrir að vera gert að hlutafélagi en jafnframt að vera styrkt í samkeppni við einkarekin fyrirtæki. Skil milli rannsókna og prófana eru engan veginn skýr, segir Sýni ehf. í sinni umsögn, í þessu frumvarpi og eðlilegt væri að bjóða út mælingar og prófanir. Og bókhaldslegur aðskilnaður jafngildir ekki fjárhagslegum aðskilnaði að mati Sýnis ehf.

Þarna sjáum við að einkafyrirtækin á markaðnum eru ekki ánægð. Þau eru ekki ánægð með þetta skref og telja það einungis stigið til hálfs. Promat ehf. mótmælir í umsögn sinni styrkjum til öryggisþjónustu á sviði matvælarannsókna. Því er beinlínis mótmælt berum orðum að öryggisþjónusta á sviði matvælarannsókna sé greidd eða styrkt af opinberu fé.

Þetta er mjög alvarlegt og við ættum að taka til greina mörg varnaðarorð umsagnaraðila í stað þess að skella skollaeyrum við þeim á þeim nótum sem gert er.

Iðntæknistofnun telur að tvíþætt hlutverk fyrirtækisins kunni að valda vandamálum í samskiptum þess við fyrirtæki og einstaklinga. Afurðir rannsókna og nýsköpunar fela í sér nýjar aðferðir, vörur, tækni og þess háttar, segir Iðntæknistofnun, sem kallar á eftirlit og úttektir matvælaeftirlits. Gera má ráð fyrir að Matvælarannsóknir hf., í samstarfi við starfandi fyrirtæki eða á eigin vegum, þurfi á úttekt matvælaeftirlits að halda. Þessi hlutverk, segir Iðntæknistofnun, geta ekki farið saman. Innan Norðurlandanna virðist sem skýr skil séu á milli tækni- og þróunarstofnana annars vegar og rannsóknarstofnana sem annast lýðheilsu og matvælaöryggi hins vegar. Slíkt verður auðvitað að vera hér á landi líka. Það er ófært að verið sé að fara þessa leið. Iðntæknistofnun varar mjög eindregið við því að Matvælarannsóknir hf. byggi upp fyrir opinbert fé efnarannsóknarstofu þótt það sé í hlutafélagsformi.

Svo er náttúrlega komið að kostnaðarmálunum. Það er alveg ljóst að verulegur kostnaður er vantalinn hér. Matvælarannsóknir á Keldnaholti telja að kostnaður upp á tugi milljóna sé vantalinn. Þar segja menn að fjárveitingar ríkisins hafi í raun verið 250–300 millj. kr. í stað 213 eins og talað er um í greinargerð með frumvarpinu.

Hér mætti hafa langt mál og vitna til margra umsagna sem mæla gegn því að þessi leið sé farin. Að lokum vil ég einungis nefna umsögn frá BSRB, sem er mjög alvarleg, þar sem skilmerkilega er farið yfir á hvern hátt verið er að ganga á rétt starfsmanna. Ekki bara að ganga á rétt starfsmanna heldur beinlínis að taka af fólki lögboðin réttindi. Það er óforsvaranlegt að stjórnarmeirihlutinn skuli standa að frumvarpi sem fer jafnlangt og þetta með tilliti til réttinda starfsmanna. Á hverri síðu í umsögn frá BSRB eru hávær mótmæli og hvert einasta orð er fullkomlega sannfærandi og dagsatt. Ekkert er að gert hjá stjórnarliðum, menn skella við skollaeyrum. Ég lýsi því hér yfir, frú forseti, að þetta er óforsvaranlegt. Það er ekki hægt að bjóða Alþingi Íslendinga eða þjóðinni og starfsfólki þeirra stofnana sem

hér um ræðir þessi vinnubrögð og þessa framkomu.

Þetta er forkastanlegt og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn þessari ósvinnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landhelgisgæsla Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 694. mál (heildarlög). — Þskj. 1024, nál. 1408.

[03:21]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti frá meiri hluta allsherjarnefndar um frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um ríkisstofnunina Landhelgisgæslu Íslands og er markmiðið með því að skapa nýja umgjörð um starfsemina og tilgreina þau verkefni sem hún sinnir í lögum ásamt því að heimila stofnuninni að gera þjónustusamninga um lögbundin verkefni og semja um að taka að sér ólögbundin verkefni. Á fundum sínum ræddi nefndin fjölþætt hlutverk Landhelgisgæslunnar. Þá ræddi nefndin þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og varða starfsmannamál. Kom fram að Landhelgisgæslan stæði nú frammi fyrir breyttum aðstæðum með endurnýjun skipa- og flugflota, auk annarra aðstæðna sem kalla á að sveigjanleiki hennar sé sá sami og stofnana ríkisins almennt. Það sjónarmið kom fram að tenging sú við kjarasamninga stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði sem kemur fram í 10. gr. gildandi laga hefði á undanförnum árum valdið erfiðleikum við að ná fram skipulagsbreytingum og hagræðingu hjá Landhelgisgæslunni til jafns við forsendur launabreytinga á almennum markaði. Á móti þessu sjónarmiði kom fram að launatengingar fyrir ákveðnar stéttir í lögum tryggðu viðunandi starfsöryggi og þannig væri jafnframt stuðlað að því að starfsemi stofnunarinnar stæðist gæðakröfur í alþjóðlegum samanburði. Þannig að því sé haldið til haga toguðust þarna á ólík sjónarmið.

Engin lagaákvæði er að finna um launatengingu þeirra hópa ríkisstarfsmanna sem óheimilt er að gera verkfall, fyrir utan almenn viðmið sem finna má í lögum um kjaranefnd og Kjaradóm. Í kjarasamningum þeirra sem óheimilt er að gera verkfall eru oft einhvers konar ákvæði um samanburð á launaþróun annarra hópa hjá ríki. Þau hafa þó orðið vægari með tímanum og ákvæði um úrskurðaraðila eru horfin. Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar að það sé óeðlilegt að annar samningsaðila, ríkið, verði bundinn af því sem hefur verið samið um af þriðja aðila. Sérstaklega þegar horft er til þeirrar reynslu sem fengist hefur af ákvæðinu sem leitt hefur til vandkvæða þar sem þriðji aðili hefur samið út frá öðrum rekstrarforsendum en gilda hjá ríkinu.

Þær upplýsingar voru gefnar hjá nefndinni að jafnvel þótt reynt hefði verið að koma til móts við þessa staðreynd með samkomulagi þá hafi í framkvæmd reynst erfitt að fylgja því samkomulagi eftir. En það er vissulega sjónarmið ríkisins. Í því samhengi af hálfu stéttarfélaganna kom fram að samkomulagið hefði gengið ágætlega eftir. Þannig að því sé haldið til haga.

Telur meiri hlutinn að slík ákvæði séu of mikil höft á starfsemi stofnunarinnar þar sem um rekstur stofnana og fyrirtækja í almennum rekstri gilda ekki sömu sjónarmið. Þá telur meiri hlutinn rétt að minna á í þessu sambandi að réttindi þessara starfsmanna jukust verulega árið 1996 þar sem þeir falla frá þeim tíma undir ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um kjaraviðræður við starfsmenn stofnunarinnar mun í framtíðinni fara eftir lögum um opinbera starfsmenn með þeirri undantekningu að kjaraviðræður við þau stéttarfélög sem falla undir lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, munu fara fram á grundvelli þeirra laga. Í báðum tilvikum munu kjaraviðræður fara fram án beintengingar við kjarasamninga á hinum almenna markaði — gangi ákvæði frumvarpsins eftir og verði að lögum — þótt ganga megi út frá því að horft verði til þeirra kjara sem þar hefur samist um.

Um ákvæði frumvarpsins sem fjalla í fyrsta lagi um björgunarlaun, í annan stað um refsiákvæði vegna verkfalla en þar teflir meiri hluti nefndarinnar fram breytingartillögu, í þriðja lagi um vopnaburð og um það nýmæli frumvarpsins að heimilt sé að bjóða út eða stofna hlutafélag um flugrekstur, skiparekstur eða tækniþjónustu stofnunarinnar leyfi ég mér að vísa til umfjöllunar í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar.

Að lokum vil ég minnast þess að eftir ábendingu frá Flugmálastjórn Íslands beinir nefndin þeim tilmælum til samgönguráðherra að hugað verði að endurskoðun á loftferðalögum þar sem íslensk löggjöf taki eingöngu til borgaralegs flugs og af þeim sökum séu ekki í gildi kröfur um tegundaskírteini loftfara sem starfrækt eru til ríkisflugs. Af hálfu Flugmálastjórnar Íslands var því beint til nefndarinnar hvort ekki væri ástæða til að breyta frumvarpinu af því tilefni. En nefndin vísar álitaefninu áfram til samgönguráðuneytisins sem umrædd umfjöllunarefni heyra undir.

Ég læt þessu þá lokið um þetta nefndarálit meiri hluta allsherjarnefndar. Undir það skrifa auk þess sem hér hefur fylgt nefndarálitinu eftir, Jónína Bjartmarz, Birgir Ármannsson, Kjartan Ólafsson og Sigríður Ingvarsdóttir.

[03:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frumvarp. Í mínum huga hefur margt skýrst í umfjöllun þingsins frá því það kom fyrst fram. Ég hef verið sannfærður um að þótt þarna sé opnað á að Landhelgisgæslan geti stofnað hlutafélög um ýmsa starfsemi sína þá sé hugmyndin ekki sú að hlutafélaga- eða einkavæða löggæslu eða fela starfsmönnum einkaaðila ábyrgð á stjórnsýslu ríkisins. Hugmyndin er mun þrengri en það.

Það sem ég vil gagnrýna við þetta frumvarp er fyrst og fremst það sem snýr að kjaratengdum atriðum. Eins og kom fram í máli hv. formanns allsherjarnefndar, Bjarna Benediktssonar, er með frumvarpinu verið að aftengja kjör tiltekinna starfshópa kjörum eins og þau gerast á almennum vinnumarkaði. Fyrir því eru færð rök en fyrir mitt leyti hefði ég talið eðlilegt að reynt hefði verið að ná samkomu-

lagi við tilheyrandi starfshópa og starfsstéttir um breytingar á þessu fyrirkomulagi.

Við erum að tala um starfshópa og stéttir sem ekki hafa verkfallsrétt og hafa þess vegna tengingu við aðra hópa. Ég er alls ekki að segja að það hljóti að teljast óumbreytanlegt fyrirkomulag. Aðeins hitt að eðlilegt væri að reyna að komast að samkomulagi við þessa aðila en ekki knýja fram breytingar einhliða með lögum eins og hér er lagt til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, síðari umr.

Stjtill., 683. mál (sameiginlegt efnahagssvæði). — Þskj. 999, nál. 1223.

[03:30]

Frsm. utanrmn. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég geri hér grein fyrir nefndaráliti á þskj. 1223 um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Hoyvíkur-samningsins milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, frá utanríkismálanefnd.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, sem undirritaður var í Hoyvík í Færeyjum 31. ágúst 2005.

Markmið samningsins er að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Samningurinn nær til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, staðfesturéttar, samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa. Jafnframt tekur samningurinn til fullrar fríverslunar með landbúnaðarvörur sem er nýmæli í samningum Íslands við önnur ríki. Grunnregla samningsins er bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs, staðfestustaðar eða upprunastaðar vöru en felur þó ekki í sér samræmingu löggjafar á þeim sviðum sem samningurinn nær til.

Nefndin telur samninginn mikilvægan áfanga í samvinnu og auknum viðskiptum milli landanna og leggur áherslu á að kannað verði að veita Grænlandi aðild að samningnum, eins og 11. gr. hans gerir ráð fyrir, og þannig verði myndað eitt vestnorrænt efnahagssvæði.

Samhliða tillögu þessari lagði utanríkisráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar samningsins og er það frumvarp á þskj. 998 og er nú til 2. umr.

Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Að þessu nefndaráliti standa Halldór Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson, Magnús Stefánsson og Bjarni Benediktsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, 2. umr.

Stjfrv., 682. mál (sameiginlegt efnahagssvæði). — Þskj. 998, nál. 1392, brtt. 1393.

[03:33]

Frsm. utanrmn. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti frá utanríkismálanefnd á þskj. 1392 um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Tengist þetta því máli sem ég gerði grein fyrir áðan, þingsályktunartillögu á þskj. 999.

Til að innleiða samninginn þarf að gera ýmsar breytingar á löggjöf og er frumvarp þetta lagt fram í því skyni. Breytingarnar sem lagðar eru til lúta að atriðum í löggjöf sem fjalla um vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjárfestingar og rétt til stofnsetningar fyrirtækja hér á landi. Jafnframt eru í frumvarpinu lagðar til nokkrar breytingar á lögum til að standa undir skuldbindingum Íslands samkvæmt nýjum stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, Vaduzsamningnum svokallaða.

Við athugun nefndarinnar á málinu kom í ljós að smávægilegar lagfæringar þurfti að gera á frumvarpinu en þar er ekki um efnisbreytingu að ræða. Í fyrsta lagi er um lagfæringu á orðalagi að ræða en í öðru lagi er lagt til að 107. og 108. gr. frumvarpsins falli brott enda varða þær greinar breytingar á lagaákvæðum sem felld voru brott með lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á þingskjali 1393.

Að þessu nefndaráliti standa hv. þingmenn Halldór Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson, Magnús Stefánsson og Bjarni Benediktsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um tölvubrot, síðari umr.

Stjtill., 692. mál. — Þskj. 1022, nál. 1286.

[03:35]

Frsm. utanrmn. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti á þskj. 1286 um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um tölvubrot.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning um tölvubrot sem gerður var í Búdapest 23. nóvember 2001 og undirritaður af Íslands hálfu 30. nóvember sama ár.

Samningur um tölvubrot er gerður á vegum Evrópuráðsins og er fyrsti alþjóðasamningurinn sem fjallar um glæpi sem framdir eru um alnetið eða önnur tölvunet. Nær efni hans sérstaklega til höfundaréttar, fölsunar og svika sem tengjast tölvum, barnakláms og brota gegn öryggi tölvukerfa, tölvuneta og tölvugagna.

Dómsmálaráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum til að aðlaga

ákvæði íslenskrar löggjafar efni samningsins og er það frumvarp á þskj. 609.

Nefndin ræddi ítarlega skilgreiningu á hugtakinu barnaklám sem er að finna í 2. mgr. 9. gr. samningsins og þá heimild sem aðildarríkjunum er veitt til að gera undanþágur frá b- og c-lið 2. mgr. 9. gr. Í nefndinni kom fram það sjónarmið að ekki skyldi nýta heimild til fyrirvara við b- og c-lið 2. mgr. 9. gr. Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon og Þórunn Sveinbjarnardóttir rituðu undir nefndarálitið með fyrirvara varðandi það atriði.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Að þessu nefndaráliti standa hv. þingmenn Halldór Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Jónína Bjartmarz, Bjarni Benediktsson, Magnús Stefánsson, Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara, Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara og Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 03:37.

---

122. FUNDUR

laugardaginn 3. júní,
kl. 9 árdegis.

Dagskrá:

1. Umferðarlög, stjfrv., 503. mál, þskj. 735, nál. 1161 og 1398, brtt. 1162 og 1347. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Hlutafélög, stjfrv., 404. mál, þskj. 520, nál. 1086 og 1164, brtt. 1087 og 1165. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Eldi vatnafiska, stjfrv., 595. mál, þskj. 879, nál. 1323, brtt. 1324. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Varnir gegn fisksjúkdómum, stjfrv., 596. mál, þskj. 880, nál. 1325, brtt. 1326. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 607. mál, þskj. 891, nál. 1327, brtt. 1328. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Veiðimálastofnun, stjfrv., 612. mál, þskj. 897, nál. 1329, brtt. 1330. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Fiskrækt, stjfrv., 613. mál, þskj. 898, nál. 1331, brtt. 1332. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Kjararáð, stjfrv., 710. mál, þskj. 1046, nál. 1334, brtt. 1335. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 742. mál, þskj. 1078, nál. 1340, brtt. 1341 og 1343. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 788. mál, þskj. 1194, nál. 1340, brtt. 1342. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Almenn hegningarlög o.fl., stjfrv., 619. mál, þskj. 905, nál. 1414. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 748. mál, þskj. 1085, nál. 1374. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Tekjuskattur, stjfrv., 793. mál, þskj. 1212, nál. 1337, brtt. 1252. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
14. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 794. mál, þskj. 1213, nál. 1333, brtt. 1250 og 1270. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
15. Fjármálaeftirlit, stjfrv., 556. mál, þskj. 810, nál. 1316, brtt. 1317. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
16. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 789. mál, þskj. 1195. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
17. Skráning losunar gróðurhúsalofttegunda, stjfrv., 713. mál, þskj. 1049, nál. 1344, brtt. 1345. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
18. Almannatryggingar, stjfrv., 792. mál, þskj. 1210, nál. 1346 og 1369. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
19. Landmælingar og grunnkortagerð, stjfrv., 668. mál, þskj. 978, nál. 1399, brtt. 1402. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
20. Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, stjfrv., 682. mál, þskj. 998, nál. 1392, brtt. 1393. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
21. Álagning skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, stjfrv., 732. mál, þskj. 1068, nál. 1404, brtt. 1405. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
22. Náttúruvernd, stjfrv., 180. mál, þskj. 180, nál. 1400. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
23. Matvælarannsóknir hf., stjfrv., 387. mál, þskj. 469, nál. 1406, brtt. 1407. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
24. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 694. mál, þskj. 1024, nál. 1408. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
25. Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, stjtill., 683. mál, þskj. 999, nál. 1223. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
26. Samningur um tölvubrot, stjtill., 692. mál, þskj. 1022, nál. 1286. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
27. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 810. mál, þskj. 1413. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
28. Mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn, stjfrv., 620. mál, þskj. 906, nál. 1416, brtt. 1417. — 2. umr.
29. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 809. mál, þskj. 1409. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
30. Stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009, stjtill., 391. mál, þskj. 473, nál. 1463, brtt. 1464. — Síðari umr.
31. Flugmálastjórn Íslands, stjfrv., 707. mál, þskj. 1043, nál. 1465. — 2. umr.
32. Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, stjfrv., 708. mál, þskj. 1044, nál. 1466. — 2. umr.
33. Aðgangur að opinberum gögnum um öryggismál, þáltill., 803. mál, þskj. 1284, nál. 1467. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Siv Friðleifsdóttir heilbrrh., 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

[09:02]

Útbýting:

Legurými og starfsmannafjöldi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 777. mál, svar heilbrrh., þskj. 1411.

Athugasemdir um störf þingsins.

Útreikningur vaxtabóta.

[09:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Það er nauðsynlegt áður en þessu þingi lýkur að reyna að ná samstöðu um það í þinginu að breyta grunni í útreikningi vegna vaxtabóta. Ástæða þess er mikil hækkun á fasteignamati sem hækkar um 35% milli álagningaráranna 2005 og 2006 með þeim afleiðingum að fólk mun tapa tugum þúsunda og í sumum tilvikum 200–300 þús. kr. í vaxtabætur eða sæta 100% skerðingu á vaxtabótum milli ára án þess að nokkuð hafi breyst í aðstæðum eða kjörum fólks annað en hækkun á fasteignamati íbúða þess frá síðustu útgreiðslu vaxtabóta í ágúst á síðasta ári.

Ég tók þetta mál upp í efnahags- og viðskiptanefnd í gærmorgun og aftur í hádeginu í gær á fundi nefndarinnar án þess að samkomulag næðist um málið en þó var góður vilji þar til þess að skoða málið. Ég hef látið reikna út nokkur dæmi um hvaða áhrif þessi hækkun á fasteignamati hefur á útgreiddar vaxtabætur í ágúst og hér er á ferðinni gífurleg skerðing á vaxtabótum og þar með kjörum fólks sem því mun birtast nú í ágústmánuði að óbreyttu. Í þeim dæmum sem ég hef látið reikna má t.d. sjá að einstætt foreldri sem er með 3 millj. kr. í tekjur og á eign upp á tæpar 5 milljónir en er með skuldir upp á 15 milljónir fékk um 218 þúsund í vaxtabætur á síðasta ári en mun ekki fá eina krónu í vaxtabætur á þessu ári. Sambærileg dæmi má sjá t.d. um einstaklinga en þar liggur dæmið þannig, miðað við sambærilegar tekjur og eignir, að viðkomandi fékk 169 þúsund í vaxtabætur á síðasta ári en fær ekkert nú.

Ég vil leita eftir því hvort hægt sé að ná samstöðu um það milli þingflokkanna áður en þingi lýkur að breyta tekjuskattslögunum þannig að sú gífurlega skerðing á vaxtabótum sem er yfirvofandi hjá þúsundum heimila í landinu nái ekki fram að ganga í ágústmánuði komandi. Ég er sannfærð um að fólk hefur ekki áttað sig á þeim skelli sem er yfirvofandi núna, það hefur gert ráð fyrir vaxtabótum í áætlunum sínum. Það er því skylda þingsins að breyta þessu þannig að þessi skerðing gangi ekki yfir heimilin í landinu.

[09:04]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það hefur orðið mikil aukning á verði eigna og þar með á eignum stórs hóps einstaklinga og fjölskyldna í þjóðfélaginu. Það hefur auðvitað í för með sér, í samræmi við reglur sem hafa verið í gildi mörg undanfarin ár, að þeir sem eiga meira fá minna af bótum frá ríkinu. Um þetta hafa hv. þingmenn verið sammála í meginatriðum.

Það sem fylgir hins vegar ekki með í sögunni hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er að samhliða þessari eignaaukningu gæti jafnframt verið skuldaaukning. Niðurstaðan gæti því verið sú vegna nettóeignastöðunnar að það yrði engin breyting á þeim bótum sem um er að ræða. Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir og munu ekki liggja fyrir fyrr en álagningu síðasta árs er lokið í byrjun ágúst væntanlega. Það getur vel verið, og ég hef reyndar sagt það hér áður þegar hv. þm. Atli Gíslason tók þetta mál upp og vakti athygli á því, að það væri ástæða til að fara yfir forsendur vaxtabótanna og meta þær upp á nýtt, en eins og staðan er í dag liggja þessar upplýsingar ekki fyrir þannig að við gætum farið í slíka vinnu.

Það er líka rétt að hafa í huga að í gangi er endurskoðun á því hvernig við skipuleggjum íbúðalánin og niðurstaðan í þeim efnum gæti líka haft áhrif á það hvernig við viljum ráðstafa vaxtabótunum. Ég held að við ættum að hinkra um sinn þar til upplýsingar liggja fyrir, bæði um hver niðurstaða álagningarinnar verður og hver niðurstaðan verður í því hvernig við högum húsnæðislánunum, áður en við gerum breytingar á vaxtabótakerfinu.

[09:07]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hæstv. fjármálaráðherra að Atli Gíslason, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem sat hér á þingi fyrir skömmu, flutti ásamt þingflokknum breytingartillögu við frumvarp sem er til umfjöllunar í þinginu, um breytingu á lögum um tekjuskatt, þar sem einmitt er gert ráð fyrir því að leiðrétta þetta, a.m.k. með fyrsta skrefinu, þ.e. að láta skerðingarmörk fylgja verðbólgunni. Það er algjört lágmark að það sé gert, því að afleiðingarnar af hinu stórhækkaða fasteignamati á undanförnum árum koma gríðarlega hart niður á fólki, einmitt fólki sem reynir að komast hjá því að skulda. Hæstv. fjármálaráðherra vildi heldur verðlauna fólkið sem skuldaði meira, en þetta lendir harðast á því fólki sem reynir að komast hjá því að skulda. (**Fjmrh.:** Og á mestar eignirnar.) Á mestar eignirnar? Það getur vel verið að flokksmenn hæstv. fjármálaráðherra hugsi þannig að eiga sem mestar eignir og skulda sem mest en venjulegt fólk, ungt fólk sem er að kaupa sér íbúð í fyrsta skipti verður fyrir því að fasteignamatið snarhækkar og eignamatið við það, en tekjurnar hækka kannski ekki neitt í samræmi við það. Skerðingarmörkin eru óbreytt, vaxtabæturnar falla niður og þetta fólk stendur eftir með stórskertar tekjur. Það getur ekki verið meiningin hjá ríkisstjórninni, hjá hæstv. fjármálaráðherra, að ráðast einmitt á þetta fólk en það virðist vera svo.

Þetta eru tillögur sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytja, breytingartillaga við frumvarp sem er til umfjöllunar í þinginu, frumvarp sem einmitt á að (Forseti hringir.) taka á öðrum, á fyrirtækjum, vegna sama. Með samþykkt þessarar tillögu getum við leiðrétt þetta að hluta, frú forseti.

[09:09]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra sagði að ekki væri séð fyrir endann á því hver áhrif þessara óbreyttu viðmiðana yrðu. En ég ætla að vekja athygli á því að þeir sem hafa

gert áætlanir um stöðu sína og ekki breytt skuldsetningu sinni sitja uppi með það vegna aðstæðna sem hafa orðið á fasteignamarkaði að þeir verða af gríðarlegum tekjum. Það kom fram í svari hæstv. fjármálaráðherra hér að meðalvaxtabætur á fjölskyldu væru í kringum 145 þús. kr.

Hverjir eru að missa af þessum tekjum? Það eru þeir sem eru tekjulægstir í þjóðfélaginu. Þeir hafa líka farið illa út úr öðrum breytingum sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir og það er skattastefna ríkisstjórnarinnar. Við megum ekki heldur gleyma því í þessari umræðu að ýmsar álögur, svo sem fasteignagjöld, hafa hækkað vegna þessa þannig að allt leggst þetta á fólkið sem síst skyldi. Ég tel að menn ættu að hugsa þetta betur og taka jákvæðar í þessa tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vegna þess að hér er um að ræða hina tekjulægstu í samfélaginu.

[09:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það liggur nú við að þessi umræða ætti frekar að fara fram undir liðnum „um atkvæðagreiðslu" því það vill svo til að þetta mál er á dagskrá þessa fundar. Hér kemur til atkvæða á eftir breytingartillaga frá okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, flutt af Atla Gíslasyni sem 1. flutningsmanni, sem býður þinginu upp á einfalda leið til að leysa þetta mál, þ.e. að hækka hin eignatengdu skerðingarmörk þannig að það gerist ekki, sem ella verður, að þúsundir lágtekjufjölskyldna, hæstv. fjármálaráðherra, verði af vaxtabótunum á þessu ári vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki leiðrétt skerðingarmörk í vaxtabótakerfinu, hvorki í samræmi við verðbólgu né það af síður í samræmi við þá miklu hækkun fasteignaverðs, sem leiðir til þess að þúsundir tekjulágra fjölskyldna missa af vaxtabótunum af þeirri einu ástæðu að íbúðin þeirra hefur hækkað í verði á undanförnum mánuðum eða missirum. Þetta er ákaflega einfalt mál.

Viðbárur hæstv. fjármálaráðherra um að þetta liggi ekki nógu skýrt fyrir halda ekki vatni. Þetta liggur alveg skýrt fyrir eins og hv. þm. Atli Gíslason sýndi fram á með raunverulegum dæmum úr framtölum frá fólki frá nýliðnum mánuðum. Það er einfalt mál að sýna fram á það með raunverulegum dæmum hvernig þetta hittir fyrir þúsundir fjölskyldna í landinu og vel að merkja, ég endurtek það til þess að hæstv. fjármálaráðherra nái þessu örugglega, þetta snýr eingöngu að tekjulágu fjölskyldunum vegna þess að vaxtabæturnar eru líka skertar miðað við tekjur og deyja út með hækkandi tekjum.

Málið er því algjörlega einfalt og eignamörkin eru ekki há sem hér er verið að tala um. Hvaða eign er það í íbúð að eiga kannski 3,7 milljónir eins og verðið er orðið á þeim í dag? Hæstv. fjármálaráðherra verður að gera betur en þetta. Það er einfalt mál fyrir Alþingi að reka af sér slyðruorðið og leysa þetta mál (Forseti hringir.) með því að samþykkja þá breytingartillögu sem kemur hér til atkvæða eftir örstutta stund.

[09:13]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að taka þetta mál hér upp undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins og full ástæða til.

Það sem er að gerast með vaxtabæturnar og eignamörkin eða skerðingarmörkin varðandi þær er að mörgu leyti sama aðferð og ríkisstjórnin hefur beitt varðandi tekjuskatt. Jöfnunarmörkin sitja eftir. Fasteignaverð hefur verið að hækka mikið. Skerðingarmörkin eru föst áfram í krónutölu. Þetta er nákvæmlega það sama og gerðist með persónuafsláttinn hjá þessari ríkisstjórn. Hann sat eftir, hann fylgdi ekki verðlagi, hann fylgdi ekki launum og þar af leiðandi jókst hlutfallsleg skattbyrði á launafólk. Það sama er að gerast núna varðandi vaxtabæturnar.

Hvaða eign er það að sitja í húsi sem hækkað hefur á pappírunum og enginn ætlar að nýta það? Fólk heldur áfram að búa í sínu húsi og gerir það næstu árin. Hvaða eign er það fyrir fólk sem gerði plön og bjóst við að fá fullar vaxtabætur vegna þess að launin eru lág og skerðingarmörkin voru þau að fólk gerði ráð fyrir að geta fengið þær bætur að eingöngu við það að fasteignaverð hækkar á höfuðborgarsvæðinu í húsi sem það hafði ekki hugsað sér að selja og ætlar að vera í og eiga heima í næstu árin hverfa hundruð þúsunda króna af ráðstöfunartekjum þess?

Hæstv. fjármálaráðherra segir: Við skulum bíða, við skulum sjá. Við vitum ekkert hvað kemur út úr þessu. Kannski er þetta fólk búið að taka svo mikið af lánum í viðbót að nettóeign hefur ekkert hækkað. Er hæstv. ráðherra að segja að komi það í ljós að fjöldi einstaklinga verði fyrir skerðingu út af þessu verði málið tekið upp og greitt til baka? Er hæstv. ráðherra að segja það? Mér finnst full ástæða til að hann svari því.

[09:15]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Vegna beinna aðgerða ríkisstjórnarinnar, ákvæða sem breyta skattalögunum til skerðingar á vaxtabótunum, hafa íbúðarkaupendur sætt skerðingu á umliðnum tveimur árum og munu sæta skerðingu á þessu ári einnig. Til viðbótar kemur síðan skerðing vegna hækkunar á fasteignamati.

Ég vil leiðrétta það sem fram kom hjá hæstv. fjármálaráðherra. Þau dæmi sem ég tók eru af fólki sem ekki hefur aukið við skuldir sínar milli ára. Staða þeirra er óbreytt fyrir utan það að ég reikna með hækkun á launum í samræmi við vísitölu og hækkun á eignarskattsstofninum út af fasteignamatinu. Það er það eina sem hefur breyst hjá þessu fólki. Samt er fjöldi fólks að missa 200–300 þús. kr. í vaxtabætur sem það hefur reiknað með í fjárhagsáætlunum sínum.

Ég er sannfærð um að fjöldi fólks gerir sér enga grein fyrir því að það mun standa frammi fyrir því í ágúst að fá ekki eina einustu krónu í vaxtabætur. Hvað ætlar hæstv. fjármálaráðherra að gera? Hann segist ætla að skoða málin. Hæstv. ráðherra verður að tala skýrar. Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera í ágúst þegar reiðialdan skellur yfir þetta þjóðfélag, þegar fólk, þúsundum saman, fær álagningarseðla sem sýna að það fær ekkert í vaxtabætur þótt staða þess sé óbreytt frá síðasta ári þegar það fékk kannski 200–250 þús. kr. í vaxtabætur?

Ætlar hæstv. ráðherra, þegar hann stendur frammi fyrir því, að endurgreiða fólki? Ætlar hann að leggja til við þing-

ið í októbermánuði að því verði endurgreitt með einhverjum hætti? Væri ekki nær að taka á málinu núna?

Það er rétt að fyrir þinginu liggur tillaga frá Atla Gíslasyni sem verður rædd í dag. Ég skora á hæstv. ráðherra að taka á þessu máli. Ég skora á hv. efnahags- og viðskiptanefnd að koma saman, ræða þá tillögu og hvernig hægt verði að taka á þessu máli (Forseti hringir.) og breyta frumvarpinu sem liggur fyrir þinginu, t.d. með ákvæðum til bráðabirgða til að bregðast við því (Forseti hringir.) risavaxna vandamáli sem heimilin standa frammi fyrir.

[09:17]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Auðvitað er ýmislegt til í því sem hér hefur komið fram og engin ástæða til að gera lítið úr því. Þau dæmi sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur nefnt eru eflaust til en það er hins vegar ekki öll myndin. Við vitum ekki hver niðurstaðan verður fyrr en síðar í sumar. Þá bætast við, eins og ég segi, fleiri þættir, t.d. hver staðan verður með íbúðalánin.

Ég tel einfaldlega skynsamlegast fyrir okkur að við höfum allar upplýsingarnar á borðinu um hver staðan í þessum málum er áður en við gerum breytingar en gerum ekki breytingar byggðar á dæmum sem ekki gefa rétta mynd af stöðunni. Það er einfaldlega skynsamlegra að taka ákvarðanir að yfirveguðu ráði en ekki að rasa um ráð fram í þessum efnum frekar en öðrum.

[09:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er ekki líðandi að hæstv. fjármálaráðherra komist upp með svona málflutning. Það liggur allt fyrir sem liggja þarf fyrir í þessu máli. Hæstv. ráðherra reynir vitandi vits að drepa þessu máli á dreif og blandar inn í það hlutum sem hafa engin áhrif á skerðingu vaxtabóta gagnvart fólki á komandi sumri, t.d. því hvað ríkisstjórnin kann að gera eða ekki gera varðandi framtíðartilhögun íbúðalána. Hvað kemur það því við?

Á grundvelli þegar innlagðra framtala einstaklinga liggur fyrir að þúsundir fjölskyldna missa vaxtabætur sínar með öllu vegna þess eins að fasteignaverð hefur hækkað gríðarlega en skerðingarmörkunum hefur ekki verið breytt. Hv. þm. Atli Gíslason nefndi dæmi upp úr raunverulegu framtali einstæðrar móður í borginni. Það er þannig, með leyfi forseta:

Hún, þ.e. móðirin, skuldaði tæpar 11 millj. í árslok 2004, átti íbúð að fasteignamati 14,6 millj. kr. og greiddi rúmar 500 þús. kr. í vaxtagjöld. Hún fékk fullar vaxtabætur árið 2005, eða 207 þús. kr. Hún skuldaði jafnmikið í árslok 2005, það sem fer inn í skattframtalið, sem síðan verður grundvöllur vaxtabótagreiðslnanna eða ekki greiðslnanna í ágúst næstkomandi. Hún greiddi nánast sömu vaxtagjöld eða um hálfa milljón króna. En fasteignamat á íbúð hennar hækkaði um 4,1 millj. kr. milli ára. Hún fær engar vaxtabætur við álagningu ársins 2006. Þetta er raunverulegt dæmi úr skattframtali sem einn færasti lögmaður landsins á þessu sviði gerði fyrir viðkomandi, fyrir hönd viðkomandi stéttarfélags.

Hvað þýðir það fyrir hæstv. fjármálaráðherra að koma með útúrsnúninga og drepa málinu á dreif með þessum hætti sem hann hefur reynt að gera hér? Það þarf að gera þetta núna, til að fólkið verði ekki af vaxtabótunum í ágúst næstkomandi.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:22]

29. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 40 shlj. atkv. að taka það til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 27. og 29. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 503. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 735, nál. 1161 og 1398, brtt. 1162 og 1347.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:23]

Brtt. 1162,1 samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 1162,2–4 samþ. með 46 shlj. atkv.

1.–6. gr., svo breyttar, samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1162,5 (þrjár nýjar greinar, verða 7.–9. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

7.–8. gr. (verða 10.–11. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 1162,6 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LB, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GAK, GÖg, HHj, KJúl, KLM, MÞH, MÁ, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1347 felld með 30:16 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

17 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GAK, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:26]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. 9. gr. þessa lagafrumvarps fjallar um heimildir lögreglu til að stöðva ökutæki og skoða ástand þess og

hleðslu. Því er ég sammála. Ég tel að þau verkefni eigi alfarið að vera á ábyrgð lögreglunnar. En í tillögugreininni er jafnframt lagt til að vegaeftirlitsmönnum verði heimilt að framfylgja hluta af lögregluvaldi. Því er ég andvígur.

Ég legg fram breytingartillögu sem felur í sér að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verði heimilt að taka þátt í að stöðva ökutæki með lögreglu. Þetta á líka við um farm- og hópbifreiðar, að eftirlitsmönnum sé aðeins heimilt með lögreglu að stöðva bifreiðar, gera könnun á ástandi þeirra og öðru sem nauðsynlegt getur talist.

Það má ekki færa lögregluvald til vegaeftirlitsmanna.

9. gr. (verður 12. gr.), 1. mgr., samþ. með 46 shlj. atkv.

9. gr. (verður 12. gr.), 2.–5. mgr., svo breytt, samþ. með 32:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁRJ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GAK, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, SI, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

10.–12. gr. (verða 13.–15. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1162,7 (ný grein, verður 16. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

13. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1162,8 samþ. með 48 shlj. atkv.

14. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1162,9–10 (15.–16. gr. falli brott) samþ. með 48 shlj. atkv.

17. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

18. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 30:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁÓÁ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, SI, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

19.–20. gr. (verða 21.–22. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁÓÁ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, SI, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Hlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 404. mál (opinber hlutafélög). — Þskj. 520, nál. 1086 og 1164, brtt. 1087 og 1165.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[09:33]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Um opinbera starfsemi hafa á undanförnum árum og áratugum verið sett lög og reglur til að gera starfsemina opnari og réttlátari. Þar má nefna lagasetningu á borð við upplýsingalögin og stjórnsýslulögin frá 1993 og 1996. Þetta eru einföld og skýr lög sem á hátíðastundum eru mjög rómuð. Þá hefur verið samið við stéttarfélög starfsfólks um ýmis réttindi því til handa og er það allt fest niður í samkomulag og samninga.

Nú er tíska að tala um að þetta sé óskaplega hamlandi og það ríði á að komast undan þessum lögum svo forstjórar fái meira svigrúm eins og það er kallað. Þess vegna er opinber starfsemi, jafnvel sú sem á að vera í eign ríkis eða sveitarfélaga hlutafélagavædd. Þá komast menn undan þessum lögum og undan samningum.

En til að blekkja fólk og lægja óánægjuöldur er þessi lagasetning fram komin sem eins konar réttlæting á réttindaskerðingunni og er hún kynnt sem mikið framfaraspor.

Þetta frumvarp og þær breytingartillögur sem fram eru komnar eru einhver ömurlegast kattarþvottur sem við höfum lengi orðið vitni að. Við skulum ekki gleyma því að þetta er sett fram á sama tíma og við erum að greiða atkvæði um að taka ýmsa opinbera starfsemi og færa hana undan skýrum og einföldum lögum og undan kjarasamningum sem tryggja rétt starfsfólks og gera almenningi kleift að fylgjast með og kynnast athöfnum og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í almannaþágu.

Við munum ekki taka þátt í þessu sjónarspili. Sá tími er til þegar lagasetning af þessu tagi á rétt á sér, þá í stórbreyttri mynd og í samvinnu og samkomulagi við stéttarfélög þeirra starfsmanna sem verið er að skerða réttindin hjá. Sá tími er ekki núna. Við munum sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[09:35]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Á undanförnum árum hefur ýmsum opinberum fyrirtækjum verið breytt í hlutafélög. Það er staðreynd sem við stöndum andspænis. Ég tel því mikilvægt af þeim sökum að til séu í lögbókinni einhver ákvæði um opinber hlutafélög. Það á við hér á landi eins og í nágrannalöndum okkar að slík ákvæði þurfi að vera til í hlutafélagalögum.

Þess vegna styð ég það, virðulegur forseti, að slíkt frumvarp, þ.e. frumvarp um opinber hlutafélög séu samþykkt hér á Alþingi. Ég tel hins vegar að það frumvarp sem viðskiptaráðherra lagði hér fram sé mjög ófullkomið og það

gangi alls ekki nógu langt til að tryggja m.a. að upplýsingalög gildi um hin opinberu hlutafélög eins og fyrirtæki í eigu ríkisins.

Við í minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar leggjum því til tillögur í fjórum liðum til breytinga á frumvarpi viðskiptaráðherra, til að freista þess að gera lögin fyllri og betri þannig að þau nái utan um hin opinberu hlutafélög og tryggi að stjórnvöld séu ekki að breyta fyrirtækjum í opinber hlutafélög til þess eins að komast undan því að veita upplýsingar um starfsemi fyrirtækjanna.

Við treystum því að þær breytingar sem við teljum að þurfi að gera á þessu frumvarpi verði gerðar, en eins og ég sagði, virðulegur forseti, þá styðjum við engu að síður að slíkt frumvarp komi fram og slík lög séu sett og munum því greiða frumvarpinu atkvæði okkar en láta áður á breytingartillögur okkar reyna.

Ég vil hins vegar, virðulegur forseti, kynna að ég mun draga breytingartillögu nr. 2 frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar til baka til 3. umr. og láta reyna á hana við 3. umr. um málið.

Brtt. 1087,1 (ný 1. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

18 þm. (AKG, ÁRJ, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁÓÁ, ÁMöl, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GuðjG, GHall, GÖg, HHj, KJúl, KolH, MÞH, SI, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1165,1 kom ekki til atkv.

Brtt. 1165,2 kölluð aftur.

2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

6 þm. (GAK, JBjarn, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, KolH, MÞH, MÁ, SI, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1087,2 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

7 þm. (GAK, JÁ, JBjarn, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, KolH, KHG, MÞH, SI, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

6 þm. (GAK, JBjarn, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KHG, MÞH, SI, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1087,3 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

5 þm. (GAK, JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, JóhS, KJúl, KolH, KHG, MÞH, RG, SI, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

6 þm. (GAK, JBjarn, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, JóhS, KJúl, KolH, KHG, MÞH, SI, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1165,3 felld með 27:12 atkv. og sögðu

já: AKG, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, KHG, MÞH, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1087,4 (ný 5. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

7 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ)

greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, KHG, MÞH, SI, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[09:42]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Hér er lagt til að auk fulltrúa fjölmiðla sé kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi, og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, heimilt að sækja aðalfundi með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir, sem þá væntanlega verður svarað.

Þetta er til að nálgast upplýsingalög þar sem menn geta líka borið fram skriflegar fyrirspurnir hér á Alþingi og fengið svör, eða annars staðar. Þetta er til að mæta þeim vanda sem t.d. hefur blasað við í Reykjavík þar sem R-listinn hefur einkavætt íbúðaleiguhúsnæði sitt með Félagsíbúðum hf.

Þetta kemur líka upp á þann vanda þar sem Reykjavíkurlistinn, R-listinn, duldi upplýsingar um Línu.Net hf. þannig að enginn fékk upplýsingar um það. Sem er hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar og enginn vissi neitt um. Nú geta kjörnir fulltrúar fengið upplýsingar um þessi fyrirtæki.

6. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

7 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁÓÁ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, KHG, MÞH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1087,5 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

7 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁÓÁ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, KHG, MÞH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

7 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁÓÁ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1165,4 felld með 28:13 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁMöl, GAK, ISG, JÁ, JGunn, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, VF.

nei: ArnbS, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

2 þm. (JBjarn, KolH) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, JóhS, KJúl, KHG, MÞH, SKK, SF, SP, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

7 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁÓÁ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1087,6 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

7 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁÓÁ, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, JÁ, KJúl, KHG, MÞH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

7 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, LB, MÞH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS, ÞKG.

7 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Eldi vatnafiska, frh. 2. umr.

Stjfrv., 595. mál (heildarlög). — Þskj. 879, nál. 1323, brtt. 1324.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:47]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1324,1–5 samþ. með 46 shlj. atkv.
3.–24. gr. og ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Varnir gegn fisksjúkdómum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 596. mál (heildarlög). — Þskj. 880, nál. 1325, brtt. 1326.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:48]

Brtt. 1326,1 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1326,2–7 samþ. með 45 shlj. atkv.
3.–13. gr. og ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 607. mál (heildarlög). — Þskj. 891, nál. 1327, brtt. 1328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:50]

Brtt. 1328,1 samþ. með 47 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (GHall) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, BJJ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, MF, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1328,2–12 samþ. með 47 shlj. atkv.
3.–39. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
40. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÁ, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, BjörgvS, EOK, EMS, GÞÞ, GHall, GÖg, GÖrl, HHj, KJúl, MÞH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [09:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við greiðum hér atkvæði um 40. gr. þessa frumvarps um atkvæðisrétt í veiðifélagi og réttindi sem snúa að veiðiréttarhöfum.

Ég tel að þessi grein nái ekki þeim sjónarmiðum sem ég hefði viljað sjá varðandi réttarstöðu minni hluta í veiðifélagi en mun samt sem áður styðja hana. Ég lýsi því yfir að ég tel að breyta þurfi þessari grein, að reynslan muni leiða í ljós að réttindi minni hluta aðila í veiðifélagi séu ekki tryggð með þeirri lagagrein sem hér er verið að samþykkja.

41.–58. gr. (verða 41.–57. gr.) og ákv. til brb. I–II, svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Veiðimálastofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 612. mál (heildarlög). — Þskj. 897, nál. 1329, brtt. 1330.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:54]

Brtt. 1330,1 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1330,2–4 samþ. með 48 shlj. atkv.
5.–8. gr. og ákv. til brb. I–II, svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Fiskrækt, frh. 2. umr.

Stjfrv., 613. mál (heildarlög). — Þskj. 898, nál. 1331, brtt. 1332.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:58]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1332,1–4 samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–16. gr. og ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Kjararáð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 710. mál (heildarlög). — Þskj. 1046, nál. 1334, brtt. 1335.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:00]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1335,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
5.–8. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1335,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1335,3 samþ. með 45 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
11.–13. gr. og ákv. til brb. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 742. mál (heildarlög). — Þskj. 1078, nál. 1340, brtt. 1341 og 1343.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:03]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við í Samfylkingunni styðjum þetta frumvarp og teljum það mikið framfaraspor, ekki síst að teknar skuli upp tekjutengdar atvinnuleysisbætur.

Hér er um að ræða samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins þar sem ASÍ lagði bæði til hærri grunnbætur og og hærra hlutfall tekna í tekjutengdum bótum, sem Samfylkingin tekur undir.

Ég fagna því að við meðferð nefndarinnar á þessu máli náðust fram hærri framlög í lífeyrissjóði til samræmis við það sem almennt gerist á vinnumarkaðnum. Aftur á móti náðist ekki fram desemberuppbót eða orlofsuppbót til atvinnulausra eins og aðrir fá, t.d. lífeyrisþegar. Það er til vansa að atvinnulausir séu eini hópurinn sem skilinn er eftir varðandi þær greiðslur. Um það er flutt breytingartillaga á sérstöku þingskjali.

Enn fremur er flutt breytingartillaga um að koma í veg fyrir tvöfalda refsingu launafólks sem segir starfi sínu lausu án gildra ástæðna. Þar er um að ræða 40 daga biðtíma eftir bótum og í öðru lagi sviptingu tekjutengdra greiðslna í þeim tilvikum. Það er harkaleg aðgerð sem breytingartillaga okkar við 54. gr., sem hér verða greidd atkvæði um á eftir, mildar verulega.

[10:04]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Með þessu frumvarpi er stigið mikilvægt framfaraskref sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs styðja. Frumvarpið er unnið í samvinnu við verkalýðssamtökin í landinu, Alþýðusamband Íslands og BSRB. Í meðförum Alþingis hefur frumvarpið einnig tekið jákvæðum breytingum og ber að þakka þær.

Við styðjum frumvarpið og styðjum þær breytingartillögur sem fram eru komnar og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur þegar kynnt.

[10:05]

Dagný Jónsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í þessu frumvarpi eru gríðarlega miklar og jákvæðar breytingar fyrir atvinnulaust fólk í landinu. Með þeim eru atvinnuleysisbætur tekjutengdar og öryggisnetið þétt enn frekar. Hv. félagsmálanefnd gerði breytingar á frumvarpinu, m.a. um að hækka mótframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs í lífeyrissjóð.

Við göngum því enn lengra en upphaflega stóð til og vil ég við þetta tækifæri þakka nefndarmönnum fyrir sérlega gott samstarf um málið. Vegna þessa styð ég ekki breytingartillögur á þskj. 1343.

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1341,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1341,2–6 samþ. með 46 shlj. atkv.
8.–31. gr., svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 1343,1 felld með 28:20 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

15 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, KHG, KLM, MÞH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

32. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
33. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1343,2 felld með 30:18 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

15 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, KHG, KLM, MÞH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

34. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
35.–36. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1341,7 samþ. með 48 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

38.–53. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1343,3 felld með 30:19 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

14 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, KHG, MÞH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1341,8 samþ. með 49 shlj. atkv.

54. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁRJ, GAK, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GÖg, HHj, KJúl, KHG, MÞH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1341,9–11 samþ. með 48 shlj. atkv.

55.–65. gr. og ákv. til brb. I–III, svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1341,12 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. IV) samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Vinnumarkaðsaðgerðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 788. mál (heildarlög). — Þskj. 1194, nál. 1340, brtt. 1342.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:13]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við í Samfylkingunni fögnum þessu frumvarpi með nýjar áherslur og sýn í vinnumarkaðsmálum og vinnumarkaðsaðgerðum. Forsendur þess að hægt sé að vinna skipulega að heildstæðum og markvissum aðgerðum er að fjármagn fylgi. En því miður er ekki enn í höfn hvernig taka skal á því máli og hve miklu fjármagni verður varið til vinnumarkaðsaðgerða. Það er gagnrýnisvert.

En við treystum því að nægjanlegu fjármagni verði varið til þessara aðgerða og það gangi fram sem fram kemur í nefndarálitinu. Þar er kveðið á um að nefndin leggi áherslu á að þetta fjármagn skili sér og komi úr ríkissjóði. Áhersla er lögð á að það skýrist í haust.

Ég tel líka afar mikilvægt að tekin skyldi upp í þetta frumvarp tillaga mín á þingskjali 67, sem lá fyrir félagsmálanefnd, um mat á mannaflaþörf í atvinnugreinum til að efla ráðgjöf við nemendur í framhaldsskóla- og háskólanámi. Hún er þess efnis að Vinnumálastofnun kanni reglubundið mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum þannig að meta megi atvinnumöguleika námsmanna eftir námsleiðum og efla ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi. Ég fagna því að sú tillaga hafi náð fram að ganga með þessum hætti og komi inn í þetta frumvarp.

Ég sé í lokin ástæðu til þess, þegar við greiðum atkvæði um þetta mál og það sem við vorum að greiða atkvæði um síðast, um atvinnuleysistryggingar, að þakka samstarf við meiri hlutann um bæði þessi mál. Mjög góð sátt náðist um málin og er það ekki síst að þakka góðri verkstjórn formanns nefndarinnar og fyrir það vil ég þakka.

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1342,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1342,2-6 samþ. með 46 shlj. atkv.
5.–16. gr., svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1342,7 samþ. með 46 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
18.–21. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 619. mál (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot). — Þskj. 905, nál. 1414.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:18]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér erum við að greiða atkvæði um innleiðingu samnings Evrópuráðsins um tölvubrot. Meðal þess sem sá samningur fjallar um eru viðurlög við barnaklámi og skilgreining barnakláms. Í frumvarpi þessu, 2. grein, er breyting á almennum hegningarlögum og er gert ráð fyrir að skilgreiningin á barnaklámi taki einungis til hluta þess sem samningurinn heimilar. Samningurinn heimilar talsvert víðtækari skilgreiningu á barnaklámi en tekin er upp í frumvarpinu. Í samningnum er heimild fyrir því að undanþiggja ákveðinn hluta skilgreiningarinnar á barnaklámi: Þegar klámfengið efni sýnir einstakling sem lítur út fyrir að vera ólögráða barn í kynferðislegum athöfnum eða ef það sýnir raunsannar myndir sem tákna ólögráða barn í kynferðislegum athöfnum sem eru ekki raunsannar — þessar tvær lýsingar eru eitthvað sem er valkvætt í samningnum og samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að þessi skilgreining verði tekin inn í íslensk lög.

Þessu mótmæli ég, þessu mótmælir Barnaverndarstofa og sömuleiðis Barnaheill. Ég teldi sóma að því að við lögleiddum hina víðu skilgreiningu. Ég boðaði í ræðu minni hér í gær breytingartillögu við málið, sennilega er verið að dreifa henni núna. Ég legg hana fram milli 2. og 3. umr., hún kemur þá til atkvæðagreiðslu við 3. umr. Þangað til sú

atkvæðagreiðsla fer fram munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá við málið, þ.e. við 2. gr.

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁRJ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁÓÁ, ÁMöl, BjörgvS, EOK, EMS, GAK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, MÞH, SKK, SigurjÞ, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:21]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Hér eru greidd atkvæði sérstaklega um 2. gr. frumvarpsins. Með þeim breytingum sem gerðar eru á 210. gr. hegningarlaganna með 2. gr. frumvarpsins er verið að tryggja að við Íslendingar uppfyllum samning Evrópuráðsins um tölvubrot. Með því að fella greinina eins og hún liggur fyrir í frumvarpinu er verið að koma í veg fyrir að við getum uppfyllt samninginn. Því má svo sem halda fram að ástæða hefði verið til að ganga lengra, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði í sínu máli, og beita ekki þeim fyrirvara sem íslensk stjórnvöld hyggjast gera varðandi skilgreiningu á barnaklámi, en það breytir því ekki að það er óskynsamlegt að fella 2. gr. vegna þess að með því er komið í veg fyrir að við uppfyllum ákvæði samningsins.

Það er síðan þannig með fyrirvarana að þeim er hægt að aflétta, hægt er að draga þá til baka hvenær sem er. Og eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar er hvatt til þess að fylgst verði með refsiréttarþróun á þessu sviði á næstu árum.

3.–8. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 748. mál (einkaleyfisgjald og greiðsla vinninga í peningum). — Þskj. 1085, nál. 1374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:24]

Brtt. í nál. 1374,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1374,2 samþ. með 43 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

2.–3. gr. (verða 3.–4. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Tekjuskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 793. mál (gengishagnaður). — Þskj. 1212, nál. 1337, brtt. 1252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við þetta frumvarp, sem lýtur að því að heimila fyrirtækjum að dreifa bókfærðum gengishagnaði, er fram komin breytingartillaga frá okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs undir forustu hv. þm. Atla Gíslasonar um að leiðrétta í leiðinni þá skerðingu vaxtabóta sem að óbreyttu verður vegna verðbólgu og hækkunar fasteignaverðs á síðustu mánuðum. Það er mikilvægt að árétta að allt liggur nú fyrir sem varðar útreikning vaxtabóta við álagningu ársins 2006, þ.e. vegna tekna og vaxtakostnaðar og eigna á árinu 2005. Það liggur allt fyrir, frú forseti, er frágengið, er komið inn í framtöl manna og er til skoðunar hjá skattstjórum landsins. Það er mjög mikilvægt að æðsti yfirmaður skattamála í landinu, hæstv. fjármálaráðherra, átti sig einnig á því að þannig er skattaframkvæmdin á Íslandi.

Með öðrum orðum eru allar breyturnar sem ráða vaxtabótunum sem koma til greiðslu í ágústmánuði fastar, komnar. Mönnum er þar af leiðandi ekkert að vanbúnaði að gera þær breytingar sem þarf að gera til að koma í veg fyrir það sem að óbreyttu verður, að þúsundir lágtekjufjölskyldna í landinu verða alfarið af þessum bótum eða þær skerðast verulega frá því sem var á fyrra ári. Um það hafa verið reidd fram raundæmi úr framtölum frá því á útmánuðum þessa árs.

Þetta eru borðleggjandi staðreyndir málsins og það þýðir ekki að drepa því á dreif með því að blanda inn í umræðuna alls óskyldum hlutum sem engin áhrif koma til með að hafa á það hvort fólkið fær vaxtabætur eða ekki á sumri komandi, eins og t.d. breytt fyrirkomulag íbúðalána í framtíðinni. Ég reikna ekki með að það hafi áhrif á þegar orðin vaxtagjöld manna á síðasta ári.

Það er algjörlega nauðsynlegt og lágmark að ríkisstjórnin svari hér og nú: Verður eitthvað gert í þessum efnum til að endurreisa vaxtabótakerfið og þá hvenær og hvernig verður það gert? Er hægt að gera það afturvirkt ef tækifærið verður ekki notað núna? Hvernig verða þau vinnubrögð ef álagningin kemur til framkvæmda að óbreyttum lögum?

Ég fer fram á að hæstv. fjármálaráðherra svari einhverju um það. Er búið að skoða það tæknilega hvort slíkt sé hægt. Það væri að mínum dómi miður, frú forseti, ef menn felldu þá beinu tillögu sem hér er um eðlilegustu og nærtækustu lagfæringuna á þessu máli sem er einfaldlega að lyfta skerðingarmörkunum í samræmi við þær staðreyndir sem við höfum fyrir framan okkur um hækkun fasteignaverðs og verðbólgu. Ég nefni því þessa breytingartillögu aftur núna við 2. umr. til að gefa hæstv. ríkisstjórn ráðrúm til að skoða þetta og svara þá hér við 3. umr. hvort einhverjar lagfæringar standi til, en hlýt að endurvekja hana og flytja ef ekki stendur til að gera neitt af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Brtt. 1252,1 kölluð aftur.

Brtt. 1252,2 kölluð aftur.
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 794. mál (framlenging á lækkun olíugjalds). — Þskj. 1213, nál. 1333, brtt. 1250 og 1270.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:30]

Kristján L. Möller *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Enn einu sinni, á síðustu klukkutímum þingsins, erum við með smábreytingar á hinu fræga olíugjaldi og kílómetragjaldi. Hér er verið að framlengja fjögurra króna afslátt til að hafa olíuna aðeins ódýrari en bensínið. En það sem ég ætlaði að skýra frá hér er varðandi 1. gr., þar er stigið gott skref með því að leyfa björgunarsveitum í landinu að kaupa litaða olíu á bíla sína en þurfa ekki að greiða þessi háu gjöld vegna þess að auðvitað hafði þessi breyting í för með sér stórhækkun til þeirra.

Hins vegar er í 2. gr., og við það gerði ég athugasemdir strax við 1. umr., ætlað að björgunarsveitarbílar verði settir á sérstakan þungaskatt, þungaskattskerfi sem fyrrverandi hæstv. fjármálaráðherra taldi sig hafa verið að leggja af en er hér verið að styrkja í sessi sem svona annað kerfi til að fá inn tekjur ríkissjóðs af umferð. Ég er því mótfallinn að þetta verði gert á þennan hátt með björgunarsveitarbílana og bendi á að það kostar um 70 þús. kr. að breyta hverjum björgunarsveitarbíl og þeir eru í kringum 200 talsins þannig að þetta eru útgjöld fyrir björgunarsveitir upp á 14 millj. kr. Í umræðu í gær um þetta frumvarp boðaði ég breytingartillögu um að 2. gr. yrði felld út, að björgunarsveitarbílar fengju að vera á litaðri olíu og ekkert meir. Af tæknilegum ástæðum er sú tillaga ekki komin fram og kemur því fram við 3. umr. en ég vil skýra frá því, virðulegi forseti, að við þingmenn Samfylkingar munum greiða atkvæði gegn 2. gr. þessa frumvarps sem breytingartillaga okkar fjallar um við 3. gr.

[10:32]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér er að koma til atkvæðagreiðslu frumvarp til laga um breytingar á lögum um olíugjald, kílómetragjald o.fl., þar sem m.a. er verið að leggja til að sérstakri skattlagningu á olíu verði haldið áfram með bráðabirgðaákvæðum.

Það óskar sér enginn hás orkuverðs sem slíks, en engu að síður snýst pólitíkin um skattlagningu á orku á vissan hátt um orkustefnu. Þess vegna eru möguleikar í gegnum skattlagninguna til að hafa þar áhrif og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum þar áherslu á bæði orkusparnað og sjálfbæra orkustefnu, ekki síst í samgöngum, þannig að skattlagning á óendurnýjanlegum orkugjöfum er einn liður í að stýra notkuninni og þróuninni í þeim efnum.

Við höfum m.a. lagt til að teknar verði upp strandsiglingar að nýju til að spara orku og til að auka hagkvæmni í flutningum. Við höfum líka lagt til að staðið verði enn betur bak við almenningssamgöngur í landinu. Við höfum líka lagt til að ráðist verði í sérstakt átak til að rannsaka og þróa vistvæna orkugjafa til að nýta í samgöngum. Þess vegna leggjum við til breytingartillögu við 4. gr., eða viðaukatillögu við 4. gr. þessara laga þar sem gert er ráð fyrir að viðhaldið sé 41 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku þessara laga til 31. desember 2006. Í breytingartillögu okkar er lagt til, frú forseti, að við bætist ný grein sem verði 4. gr. og orðist svo:

„Innheimtar tekjur af olíugjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku kílómetragjaldi samkvæmt lögum þessum renna til Vegagerðarinnar að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara og 4,5% sem renna til að efla almenningssamgöngur og til að auka hlut vistvænna orkugjafa í samgöngum.“

Miðað við gjaldheimtu síðasta árs gæti þetta numið um 200 millj. kr., sem sérstaklega væri varið af þessum tekjustofni til þeirra verkefna sem ég hér hef nefnt. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt inn í þá umræðu sem hæstv. fjármálaráðherra kom inn á fyrr í vor til að taka á orkumálunum heildstætt og þetta er einn liður í því.

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 29:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, VS, ÞKG.

nei: GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, EMS, GÓJ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, MÞH, SKK, SF, SP, StB, VF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:36]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég vil geta þess við þessa atkvæðagreiðslu að meðal þingmanna eru uppi hugmyndir um að flytja breytingartillögur við þessa grein við 3. umr. sem er í vinnslu akkúrat núna. Ég mun greiða atkvæði með greininni eins og hún lítur út núna en boða það hins vegar að flutt verði breytingartillaga við 3. umr. hvað þetta atriði varðar, þ.e. að því er lýtur að björgunarsveitarbílum sérstaklega. Ég tel að með því móti verði komið talsvert til móts við þau sjónarmið sem fram hafa komið af hálfu björgunarsveitanna í þessu máli.

[10:37]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég skýrði afstöðu mína áðan en ég fagna því að stjórnarmeirihlutinn er aðeins farinn að sjá að sér í þessum málum. Ég tel að það eigi að ganga skrefið til fulls eins og ég boðaði áðan. Sem rökstuðning fyrir því máli, um skattheimtuna sem kemur inn af þessu gjaldi, þá erum við í efnahags- og viðskiptanefnd með bréf frá fjár-

málaráðuneytinu sem sýnir fram á að tekjur af olíugjaldi af árinu eru ætlaðar 1,5 milljörðum kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þarf frekar vitnanna við, virðulegi forseti, um þá ískyggilegu og stórhættulegu skattheimtu sem er af umferðinni í landinu? Hér eru þessar tekjur sem við erum að tala um en á móti ætlar stjórnarmeirihlutinn sér að setja þetta tvöfalda kerfi á björgunarsveitarbíla landsins. Ég lýsi því yfir að ég styð það ef það er til sátta, að 2. gr. falli út og björgunarsveitarbílarnir fái að keyra á litaðri olíu og engin frekari skattheimta af þeim þar.

3. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1250 felld með 28:15 atkv. og sögðu

já: GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, EMS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, ISG, KJúl, KolH, SKK, SF, SP, StB, VF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1270,1 felld með 29:12 atkv. og sögðu

já: EMS, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, VS, ÞKG.

4 þm. (JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, ISG, KJúl, KolH, SKK, SF, SP, StB, VF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Með þessari breytingartillögu er lagt til að olíugjald verði lækkað um 6 kr. umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir eða úr 41 kr. í 35 kr. frá 1. júlí til 31. desember nk. Jafnframt er lögð til tímabundin lækkun á bensíni um 6 kr. yfir sama tímabil. Áhrifin á vísitöluna við þessa breytingu eru 0,4% sem vinna mun gegn áhrifum vaxandi verðbólgu. Þetta er sama leið og valin var af stjórnvöldum árið 2002 en þá var lögð til tímabundin lækkun á almenna vörugjaldinu með þeim rökstuðningi að áhrif hækkunar á bensínverð væru umtalsverð og gætu stofnað verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu. Nákvæmlega sömu rök eiga við nú og því full ástæða fyrir þingheim til að samþykkja þessa breytingartillögu.

4. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (SÞorg) greiddi ekki atkv.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, ISG, KJúl, KolH, SKK, SF, SP, StB, VF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1270,2 felld með 27:13 atkv. og sögðu

já: EMS, GuðjG, GAK, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, VS, ÞKG.

4 þm. (JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, ISG, KJúl, KolH, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1270,3 felld með 28:12 atkv. og sögðu

já: EMS, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, VS, ÞKG.

4 þm. (JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, HHj, ISG, KJúl, KolH, SKK, SF, SP, StB, VF, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1270,4 kom ekki til atkv.

Fyrirsögn samþ. með 44 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Fjármálaeftirlit, frh. 2. umr.

Stjfrv., 556. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 810, nál. 1316, brtt. 1317.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:44]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1317,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1317,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1317,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1317,4 samþ. með 44 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
8.–16. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1317,5 (ný grein, verður 17. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1317,6 samþ. með 45 shlj. atkv.
17. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
18.–20. gr. (verða 19.–21. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Ferðasjóður íþróttafélaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. menntmn., 789. mál. — Þskj. 1195.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.

Skráning losunar gróðurhúsalofttegunda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 713. mál (heildarlög). — Þskj. 1049, nál. 1344, brtt. 1345.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:51]
Brtt. 1345,1 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
18 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, KJúl, KolH, SKK, SF, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við samfylkingarmenn styðjum þetta mál en ég get ekki orða bundist við afgreiðslu þess. Markmiðið er ágætt, þ.e. að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda, en íslensk stjórnvöld hafa ekkert gert til þess að ná tökum á stóriðjunni í landinu. Þau ráða ekki hvort álverin rísa, ekki hvenær þau rísa og ekki hvar þau rísa. Við sjáum að menn eru komnir á fulla ferð að stækka álverið í Straumsvík, í Helguvík, nýtt á Húsavík. Íslensk stjórnvöld hafa ekkert gert og á þessu sumri geta menn ráðið þessu til lykta án þess að íslensk stjórnvöld fái rönd við reist. Þau sitja uppi með að þurfa að skaffa þeim aðilum sem þarna er um að ræða þær lofttegundir eða útblástursheimildir sem á þarf að halda vegna þessara álvera. (Forseti hringir.) Þetta er auðvitað algjörlega óviðunandi og íslenskum stjórnvöldum til skammar.

1. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1345,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1345,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1345,4 samþ. með 43 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1345,5 samþ. með 42 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1345,6 (ný fyrirsögn) samþ. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 792. mál (samningar við sérgreinalækna). — Þskj. 1210, nál. 1346 og 1369.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:54]

Þuríður Backman *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Með frumvarpi þessu er meðal annars verið að skilgreina sjúkratryggingu betur en gert er í núgildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu tekur sjúkratrygging til heilbrigðisþjónustu, samanber lög um heilbrigðisþjónustu, og veitt er á kostnað ríkisins.

(**Forseti** (RG): Gefa þingmanni hljóð.)

Það getur verið samkvæmt lögum, reglugerðum eða greiðsluþátttöku ríkisins samkvæmt samningum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður þessa skilgreiningu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur mikilvægt að byggja sérfræðiþjónustu lækna á gagnkvæmum samningum og hvetur því ríkisstjórnina til að ganga til samningaviðræðna við hjartalækna hið fyrsta.

Þrátt fyrir jákvæðar umsagnir og athugasemdir um frumvarp þetta er ekki hægt að horfa fram hjá því að breytingartillögurnar eru til komnar og svo samofnar nýlegri reglugerð um endurgreiðslurétt sjúklinga og tilvísunarkerfi til sjálfstætt starfandi hjartalækna sem sagt hafa upp samningum við Tryggingastofnun ríkisins að Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

(**Forseti** (RG): Það er óróleiki í salnum og forseti óskar eftir því að þingmenn haldi sig í sætum sínum á meðan atkvæðagreiðsla fer fram. Hún gengur þá hraðar fyrir sig og atkvæðagreiðslum lýkur fyrr.)

[10:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er verið að gera ýmsar breytingar á almannatryggingalögunum sem við í Samfylkingunni teljum flestar vera til bóta. Þessar lagabreytingar eru hins vegar viðbrögð við reglugerð, sem hæstv. heilbrigðisráðherra setti í kjölfar uppsagna hjartalækna á samningi, sem við teljum að áhöld séu um að standist lagaheimildir. Með þeirri reglugerð er komið á nýju tilvísunarkerfi þar sem við teljum að verið sé að fara inn á mjög varhugaverða braut við að festa í sessi tvöfalt heilbrigðiskerfi, eitt fyrir hina efnameiri og annað fyrir hina efnaminni. Vegna þess hvern-

ig þessar lagabreytingar eru til komnar mun Samfylkingin sitja hjá við allar greinar og breytingartillögur frumvarpsins. Þó að við teljum að víða séu breytingarnar til bóta getum við ekki stutt málið og vísum ábyrgðinni á breytingunum sem felast í reglugerðinni alfarið á ríkisstjórnina af því að við getum ekki greitt atkvæði um reglugerðina hér í þessum sölum.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, MS, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SJS, StB.

10 þm. (AKG, ÁRJ, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, KLM, RG, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, ISG, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MF, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, MS, ÞHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, BJJ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÁ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MF, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÁ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MF, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Landmælingar og grunnkortagerð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 668. mál (heildarlög). — Þskj. 978, nál. 1399, brtt. 1402.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:59]

Mörður Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Hér er á ferðinni frekar lélegt frumvarp sem felur þó í sér þá framför að Landmælingar Íslands verða teknar úr samkeppnisrekstri sem kominn er af stað á því sviði sem þær hafa lengi annast. Á hinn bóginn hefur verið ákveðið að Landmælingar haldi áfram að halda gögnum sínum, sem eru þjóðareiga, með þeim hætti að innheimta gjald af höfundarétti svokölluðum, sem ríkið telur sig eiga á þessum gögnum þvert á það frumvarp sem hæstv. forsætisráðherra hefur flutt á þinginu, sem verður væntanlega endurflutt af hinum sama hæstv. forsætisráðherra eða öðrum, eftir atvikum, á næsta þingi. Það gerir ráð fyrir að hin almenna regla sé sú að upplýsingar sem ríkið býr yfir séu þjóðareign og útlátalausar af hálfu ríkisins til að efla rannsóknir, viðskipti, þjóðarhag og almenna gleði í landinu. En í þessu tilviki varðar þetta bæði verkfræði, rannsóknir, útiveru og ánægju af náttúrunni.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri óeðlilegt. Hún hefur í áliti sínu hvatt til að þetta ástand standi stutt. Við stjórnarandstæðingar teljum að þetta eigi að ganga í gildi strax. Það er lagt til í breytingartillögu sem ég flyt fyrir hönd okkar í nefndinni. En það mun ríkisstjórnin ekki hafa orðið ásátt um þar sem um 22–25 millj. kr. er að ræða á ári. Því er ákveðið að Landmælingarnar haldi áfram í sértekjuklemmunni sem allir kannast við.

Mér þykir ekki djarflegt og ekki framsýnt af ríkisstjórninni að hafa ekki geta tekið rétta ákvörðun í þessu máli. Þingið getur það núna með því að styðja breytingartillögu mína.

[11:01]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það hefur orðið niðurstaða hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að sitja hjá við þetta frumvarp á þeirri forsendu að það sé ekki nægilega vel grundað. Við munum hins vegar greiða atkvæði gegn 4. gr. frumvarpsins þar sem verksvið Landmælinga Íslands er skilgreint. Við teljum að sú skilgreining sé of þröng.

Hæstv. forseti. Ég hef ekki forsendur til að meta hvort það sé rétt eða rangt hjá Landmælingum að draga sig úr samkeppnisrekstri. Það kann að vera rétt í sumum tilvikum, öðrum ekki. En með þessari lagagrein er stofnunin þvinguð, með öðrum orðum lögþvinguð, til að draga sig út úr samkeppnisrekstri og slíkt teljum við varasamt.

Ef upp koma á markaði, hjá stofnunum eða fyrirtækjum sem eru í opinberum rekstri, fyrirtæki sem sinna sambærilegum verkum er þeim, með þessari hugsun, gert að draga sig í hlé. Þetta dregur úr frumkvöðulshugsun innan opinberra stofnana og eyðileggur þar allt nýjabrum. Að baki þeirri hugsun býr mjög þröng hugmyndafræði. Við greiðum atkvæði gegn birtingarformi hennar sem er að finna í 4. gr. þessa frumvarps.

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS.

5 þm. (GAK, JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, KJúl, KolH, KLM, LB, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1399,1 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS.

5 þm. (GAK, JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB, VF, VS.

6 þm. (GAK, JBjarn, MÞH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, KJúl, KolH, LB, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS.

6 þm. (GAK, JBjarn, MÞH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, KJúl, KolH, LB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1399,2 samþ. með 38:5 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS.

nei: JBjarn, SP, SJS, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GÓJ, GAK, MÞH) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, KJúl, KolH, LB, SKK, SigurjÞ, SF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 38:4 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS.

nei: JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ.

4 þm. (GÓJ, GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, KJúl, KolH, LB, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5.–6. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS.

6 þm. (GAK, JBjarn, MÞH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, KJúl, KolH, LB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1402 felld með 29:13 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, JóhS, JGunn, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, VF.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

4 þm. (JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, KJúl, KolH, LB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

14 þm. (EMS, GAK, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JBjart, KJúl, KolH, LB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

8.–10. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VF, VS.

6 þm. (GAK, JBjarn, MÞH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, KJúl, KolH, LB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 682. mál (sameiginlegt efnahagssvæði). — Þskj. 998, nál. 1392, brtt. 1393.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:07]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 1393,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
3.–38. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1393,2 samþ. með 47 shlj. atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
40.–106. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1393,3 (107.–108. gr. falli brott) samþ. með 45 shlj. atkv.
109.–116. gr. (verða 107.–114. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Álagning skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 732. mál (EES-reglur). — Þskj. 1068, nál. 1404, brtt. 1405.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:09]
Brtt. 1405,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1405,2–3 samþ. með 41 shlj. atkv.
2.–4. gr., svo breyttar, samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Náttúruvernd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (efnistaka úr gömlum námum). — Þskj. 180, nál. 1400.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:11]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Matvælarannsóknir hf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 387. mál. — Þskj. 469, nál. 1406, brtt. 1407.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér á að leggja niður Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og sameina í Matvælarannsóknum hf. Þessi stofnun kemur til með að sinna lögboðnu öryggishlutverki. Hún kemur til með að vera á forræði ríkisins þótt hún geti gert samninga við aðra aðila.

En eitt er frábrugðið hjá hlutafélaginu sem verið er að stofna og þeim stofnunum sem nú sinna samsvarandi hlutverki. Það sem er frábrugðið er að búið verður að svipta starfsfólkið mikilvægum og umsömdum réttindum. Það er frábrugðið. Það er einnig frábrugðið að þessi starfsemi verður tekin undan stjórnsýslu- og upplýsingalögum. Á þeim forsendum greiðir Vinstri hreyfingin – grænt framboð atkvæði gegn þessu frumvarpi.

Frumvarpið hefur verið gagnrýnt af fjölmörgum aðilum í þjóðfélaginu, ekki bara starfsfólki og samtökum þeirra heldur einnig samkeppnisaðilum á markaði sem telja að með þessu fyrirkomulagi sé stigið varasamt skref. Við andmælum þessu frumvarpi og greiðum atkvæði gegn því, öllum greinum þess.

[11:14]

Sigurjón Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum getum ekki stutt þetta frumvarp, einkum vegna þess að það er mjög illa undirbúið. Ég tel fullvíst að þetta mun eingöngu leiða til meiri ríkisútgjalda sökum þess hve illa það er undirbúið. Með því eru engin mælanleg markmið sett og furðulegast af öllu er að Sjálfstæðisflokkurinn leggur fram frumvarp um hálfgert samkrull ríkisstofnunar og hlutafélags. Enginn skilur í rauninni hvers konar rekstrarform á að vera á þessu. Það mun leiða til að lítið einkafyrirtæki sem er starfandi mun eiga erfiðara um vik að halda uppi starfsemi. Það er með öllu óskiljanlegt að Sjálfstæðisflokkurinn skuli með slíku frumvarpi leggja stein í götu þeirra sem stundað hafa rannsóknir á einkamarkaði.

Ég lýsi yfir furðu minni á þessu frumvarpi. En kannski ætti maður ekki að furða sig á því þegar maður lítur á verk ríkisstjórnarinnar sem hefur hyglað að fyrirtækjum með tengsl við stjórnmálaöflin í landinu á kostnað þeirra sem reka fyrirtæki sín á eigin forsendum. Við í Frjálslynda flokknum munum ekki styðja þetta frumvarp og greiðum atkvæði gegn því.

1. gr. samþ. með 22:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

nei: GAK, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, RG) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁMM, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JBjarn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MÁ, SKK, SF, SP, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:16]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Einkavæðingin ríður ekki við einteyming hjá þessari ríkisstjórn einkavæðingarflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Við þekkjum þessa sögu. Fyrst er hlutafélagavætt. Hátíðlegar yfirlýsingar eru gefnar um um að ekki standi til að selja eða vista verkefnin út. Eftir nokkur missiri er selt. Hvernig var með Símann? Síminn var hlutafélagavæddur. Hann átti áfram að vera í eigu þjóðarinnar. Ekki var blekið fyrr þornað en söluferlið var sett í gang og nú er hann seldur þvert gegn vilja

meginþorra þjóðarinnar.

Hér á að fara að einkavæða matvælarannsóknir, matvælaeftirlit. Fyrst á að setja það í hlutafélag og síðan verða þeir bútar seldir burt og kannski svo stofnunin í heilu lagi seinna eins og Síminn fór. Nei, frú forseti. Það er dapurlegt hvernig þessi ríkisstjórn gengur gegn hagsmunum þjóðarinnar í einkavæðingaræði (Forseti hringir.) sínu. Ég segi nei.

2.–7. gr. samþ. með 22:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GÓJ, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

nei: GAK, JBjarn, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, RG) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁMM, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÖg, HHj, ISG, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, SKK, SF, SP, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1407,1 samþ. með 23:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

nei: GAK, JBjarn, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, RG) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁMM, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, SKK, SF, SP, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 23:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

nei: GAK, JBjarn, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

8 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, JóhS, JGunn, LB, MF, RG) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁMM, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, SKK, SF, SP, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1407,2 (ný 9. gr.) samþ. með 23:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, MS, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

nei: GAK, JBjarn, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

7 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, JóhS, JGunn, MF, RG) greiddu ekki atkv.

26 þm. (BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, SKK, SF, SP, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1407,3 samþ. með 23:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

nei: GAK, JBjarn, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, RG) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁMM, BÁ, BjörgvS, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, SKK, SF, SP, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 24:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

nei: GAK, JBjarn, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, MF, RG) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁMM, BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SKK, SF, SP, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1407,4–6 samþ. með 24:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

nei: GAK, JBjarn, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, MF, RG) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁMM, BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, SKK, SF, SP, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I–IV, svo breytt, samþ. með 24:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

nei: GAK, JBjarn, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, RG) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁMM, BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, SKK, SF, SP, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35:3 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VS, ÞBack.

nei: JBjarn, MÞH, ÖJ.

3 þm. (ÁRJ, JÁ, LB) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁMM, BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, SKK, SF, SP, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Landhelgisgæsla Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 694. mál (heildarlög). — Þskj. 1024, nál. 1408.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:20]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni allyfirgripsmikill lagabálkur um Landhelgisgæslu ríkisins. Í þessu frumvarpi er opnað á ýmsar leiðir til skipulagsbreytinga, þar með að mynda hlutafélög um einstaka rekstrarþætti Landhelgisgæslunnar. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur staðhæft að ekki standi til að hlutafélagavæða eða einkavæða löggæslu eða fela starfsmönnum einkaaðila ábyrgð á stjórnsýslu ríkisins. Ég hef sannfærst um að þetta sé rétt og mun styðja lagafrumvarpið í heild sinni. Þar er að finna ýmislegt sem er til bóta vissulega. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum hins vegar sitja hjá við 6. gr., 17. gr. og 25. gr. Í 6. gr. er kveðið á um hverjir skuli hafa lögregluvald með hendi. Við teljum að þar kunni skilgreiningar að orka tvímælis. Í 17. gr. og 25. gr. er kveðið á um opnun til hlutafélagavæðingar. En í 22. gr. horfir öðruvísi við. Við munum greiða atkvæði gegn þeirri grein. Í þeirri grein er lagt bann við verkföllum hjá tilteknum starfshópum innan Landhelgisgæslunnar. Það í sjálfu sér er ekkert nýtt. En það sem er nýtt er að ákvæði hafi verið felld úr gömlu lögunum sem gilda um Landhelgisgæsluna þar sem kveðið er á um kjaratengingu milli þessara hópa og samninga á almennum vinnumarkaði. Ef fara á í samninga af þessu tagi þá er rétt að gera það í samvinnu og samkomulagi við viðkomandi starfshópa en ekki með einhliða lagasetningu eins og hér er gert.

Ég ítreka, hæstv. forseti, að margt er ágætt í þessum lögum. Við munum styðja lagabálkinn í heild sinni en á þessum forsendum munum við sitja hjá við þrjár lagagreinar, 6. gr., 17. gr. og 21. gr. en greiða atkvæði gegn 22. gr.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÖrl, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, StB.

16 þm. (ÁÓÁ, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (AKG, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÁ, GÖg, HÁs, HHj, ISG, JBjart, KJúl, KolH, KHG, MÁ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

7.–16. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, KHG, LB, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

17. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, KHG, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

18.–20. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, KHG, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

21. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, KHG, MÁ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

22. gr. samþ. með 27:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.
nei: GAK, JBjarn, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, KHG, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

23.–24. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, KHG, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

25. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, StB, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, KHG, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

26.–28. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SJS, StB, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, KHG, MÁ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1408 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (AKG, ÁÓÁ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, KHG, MÁ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

29. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BÁ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, KHG, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

30. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞBack, ÖJ.

5 þm. (AKG, ÁRJ, EMS, JóhS, KLM) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, KJúl, KolH, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fullgilding Hoyvíkur-samningsins, frh. síðari umr.

Stjtill., 683. mál (sameiginlegt efnahagssvæði). — Þskj. 999, nál. 1223.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:28]

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (AKG) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JóhS, KJúl, KolH, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK,

GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JóhS, KJúl, KolH, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1489).

Samningur um tölvubrot, frh. síðari umr.

Stjtill., 692. mál. — Þskj. 1022, nál. 1286.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:28]

Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (BjörgvS, EOK, GÓJ, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KolH, KHG, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1492).

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 810. mál. — Þskj. 1413.

[11:29]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SJS, StB, VF, VS, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (BjörgvS, EOK, GÓJ, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, JÁ, KJúl, KolH, MÁ, SKK, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1493).

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 809. mál. — Þskj. 1409.

[11:31]

Frsm. allshn. (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga frá hv. allsherjarnefnd um veitingu ríkisborgararéttar þar sem í 1. gr. þess eru taldir upp þeir 18 einstaklingar sem frumvarpið leggur til að öðlist íslenskan ríkisborgararétt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:32]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.

[11:32]

Útbýting:

Almenn hegningarlög o.fl., 619. mál, brtt. KolH, þskj. 1475.

Fjármögnun og umsvif ríkisins eftir landshlutum, 811. mál, beiðni um skýrslu KLM o.fl., þskj. 1490.

Flugmálastjórn Íslands, 707. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1491.

Kjararáð, 710. mál, brtt. PHB, þskj. 1469.

Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, 708. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1491.

Mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn, 2. umr.

Stjfrv., 620. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 906, nál. 1416, brtt. 1417.

[11:33]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

Nefndarálitið er að finna á þskj. 1416 og í því kemur fram hvaða gestir heimsóttu nefndina og hvaða umsagnir bárust nefndinni. Einnig eru talin þar upp markmið með frumvarpinu.

Umfjöllun nefndarinnar snerist að mestu leyti um IX. kafla frumvarpsins en í þeim kafla er lögð til skattlagning, 250 kr. á hvert mælitæki. Andlag skattlagningarinnar eru mælitæki allt frá sjússamælum sem kosta 3.000 kr. til hafnarvoga sem kosta tugi milljóna. Eftirlitið sem greiða skal með skattinum fer fram mörgum sinnum á ári í sumum tilfellum en á 17 ára fresti í öðrum. Skattlagningin er því ekki í neinum tengslum við þá umsýslu sem hún á að standa straum af. Slík skattlagning með svo lágri upphæð, 250 kr., sem á flest heimili kemur út sem 500 kr. vegna þess að flest heimili hafa tvo mæla, rafmagnsmæli og heitavatnsmæli, og gefur einungis 60 millj. kr. í skatttekjur er í andstöðu við hefðbundna stefnu í skattlagningu. Vegna þessa leggur nefndin til að þetta eftirlitsgjald, þessi skattlagning, verði fellt brott. Upplýst hefur verið að núverandi gjaldtaka fyrir löggildingar nemi um 8,5 millj. kr. árlega og er miðað við að þeirri gjaldtöku verði fram haldið.

Að öðru leyti vísast til nefndaráls á þskj. 1416.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu þess og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Guðjón Ólafur Jónsson, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009, síðari umr.

Stjtill., 391. mál. — Þskj. 473, nál. 1463, brtt. 1464.

[11:36]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá iðnaðarnefnd um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009.

Nefndin fékk á sinn fund fjöldann allan af gestum. Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá mörgum aðilum sem nánar er getið um í því nefndaráliti sem hér liggur fyrir.

Nefndin tekur undir þau þrjú meginmarkmið sem lögð eru til grundvallar í tillögunni. Þá tekur nefndin undir þær tuttugu og þrjár aðgerðir stjórnvalda sem ætlað er að stuðla að því að meginmarkmiðum tillögunnar verði náð. Með aðgerðunum er leitast við að ná samhljómi með annarri áætlanagerð og aðgerðum stjórnvalda. Aðgerðirnar tuttugu og þrjár eru listaðar upp í tillögunni sjálfri en nánar útfærðar í athugasemdum með henni. Þar er jafnframt greint frá meginhugmynd að baki hverri aðgerð, ábyrgðaraðilum, öðrum hugsanlegum þátttakendum og tímasetningu aðgerðanna.

Listinn í tillögunni yfir markmið og aðgerðir stjórnvalda er ekki tæmandi fyrir aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum á gildistíma byggðaáætlunar.

Aðgerðirnar tuttugu og þrjár marka í flestum tilvikum ákveðinn ramma en gert er ráð fyrir að iðnaðarráðuneyti skilgreini nánar í samstarfi við önnur ráðuneyti og fleiri aðila tiltekin samstarfsverkefni innan rammans. Einnig getur verið um að ræða samstarf ráðuneyta og annarra aðila án beinnar aðkomu iðnaðarráðuneytisins.

Nefndin leggur til viðbót í nýrri málsgrein, þrjú meginatriði sem verði leiðarljós stjórnvalda á gildistíma byggðaáætlunarinnar:

Í fyrsta lagi að stórefla menntun á landsbyggðinni. Háskólinn á Akureyri verði efldur og gegni áfram lykilhlutverki í uppbyggingu háskólanáms á landsbyggðinni. Jafnframt verði áfram unnið að því að háskólasetur á landsbyggðinni verði stórefld. Auknum fjárframlögum verði varið til að efla og jafna aðstöðu þekkingar- og fræðslumiðstöðva (dreif- og símenntunar) og til að jafna námskostnað. Starfsmenntun á landsbyggðinni verði styrkt í samstarfi framhaldsskóla, fyrirtækja og móðurskóla í starfsmenntun.

Það var álit flestra umsagnaraðila og gesta sem á fundi nefndarinnar komu að nauðsynlegt væri að efla menntastofnanir á landsbyggðinni. Menntamál eru byggðamál og því leggur nefndin til að uppbygging menntunar á landsbyggðinni verði forgangsatriði í stefnumótandi byggðaáætlun áranna 2006–2009.

Háskólinn á Akureyri hefur verið í fararbroddi við uppbyggingu háskólanáms á landsbyggðinni. Reynslan sýnir að nemendur sem stunda nám við skólann eru mun líklegri til að setjast að á landsbyggðinni en nemendur annarra háskóla. Fjarnám er mikilvægur hluti af starfsemi Háskólans á Akureyri sem hefur gefið íbúum í mörgum byggðarlögum landsbyggðarinnar kost á háskólanámi í heimabyggð. Það er því nauðsynlegt að stjórnvöld efli enn frekar starf skólans í þessum efnum og þá jafnframt símenntunarmiðstöðvarnar í landinu.

Uppbygging háskólasetra á landsbyggðinni er mikilvæg. Stjórnvöld hafa sett á fót háskólasetur á Vestfjörðum og á Austurlandi. Mikilvægt er að þessum menntastofnunum verði veitt svigrúm til þess að bjóða upp á fjölbreytt háskólanám og þannig veita íbúum á þessum svæðum möguleika á að auka við menntun sína í heimabyggð.

Þá þarf að huga að stöðu þekkingarsetra á landsbyggðinni og mikilvægt er að skilgreint verði hver stjórnsýsluleg staða þessara stofnana sé. Með öflugum þekkingarsetrum er hægt að samhæfa þekkingar-, nýsköpunar- og rannsóknarstarfsemi í viðkomandi byggðarlögum.

Ábyrgð á framkvæmd liðarins verður í höndum menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Aukin fjárframlög til þessa liðar umfram það sem gert er ráð fyrir í tengslum við tillöguna sjálfa skulu koma af fjárlagaliðum menntamálaráðuneytisins.

Í öðru lagi leggur nefndin til að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Því markmiði verði náð með því að staðsetja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Skilgreind verði þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtæka sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Skal hvert ráðuneyti gera Alþingi árlega grein fyrir þróun opinberra starfa.

Því miður hefur opinberum störfum nær ekkert fjölgað á landsbyggðinni á síðustu tíu árum. Á sama tímabili hefur opinberum störfum fjölgað um 3.000 á höfuðborgarsvæðinu. Þessi varhugaverða þróun er staðreynd þrátt fyrir að í fyrri byggðaáætlunum hafi verið kveðið sérstaklega á um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni.

Nefndin leggur áherslu á að þessari þróun verði snúið við og opinberum störfum verði verulega fjölgað á landsbyggðinni á því tímabili sem byggðaáætlunin nær til. Til þess að tryggja að þetta markmið náist er hert á eftirlitshlutverki Alþingis í þessum efnum og hverju ráðuneyti gert að gera Alþingi árlega grein fyrir þróun mála og framtíðaráformum.

Ábyrgð á framkvæmd þessa liðar verður í höndum forsætisráðuneytisins í samvinnu við önnur ráðuneyti.

Í þriðja lagi leggur iðnaðarnefnd áherslu á að efla

Byggðastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála. Þar eru tíunduð ákveðin atriði sem eru hluti af þeim 23 áherslupunktum sem koma fram í þingsályktunartillögunni. Nefndinni þótti mikilvægt að hnykkja á því að stofnuninni yrðu tryggðir fjármunir til að sinna þeim verkefnum sem eru:

a. Að gera sérstaka athugun að stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun, meta styrkleika þeirra og veikleika og greina möguleika til eflingar þeirra, samanber aðgerð númer 7 í tillögunni.

b. Að efla atvinnuþróunarfélög og nýsköpunarmiðstöðvar sem hluta af stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni.

c. Að taka þátt í gerð og framkvæmd svæðisbundinna vaxtarsamninga þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar sameinast um aðgerðir til að efla samkeppnishæfni svæða og auka hagvöxt. Stofnunin meti árangur af samningunum reglulega, samanber aðgerð númer 4 í tillögunni.

d. Að hefja á þessu ári skipulagða söfnun tölfræðilegra gagna um byggðaþróun þannig að úrvinnsla þeirra geti hafist í upphafi árs 2007, samanber aðgerð númer 5 í tillögunni.

e. Að undirbúa í samvinnu við Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög gerð landshlutaáætlana sem verði ætlað að ná yfir landið allt, samanber aðgerð númer 6 í tillögunni.

f. Að gera afrakstur tilraunaverkefnisins um rafrænt samfélag aðgengilegan fyrir önnur byggðarlög á landsbyggðinni, samanber aðgerð númer 14 í tillögunni.

g. Að hafa fyrir Íslands hönd forgöngu um þátttöku í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP) og Norrænu Atlantsnefndinni (NORA), samanber aðgerðir númer 22 og 23 í tillögunni.

Hæstv. forseti. Mikilvægt er að Byggðastofnun, sem ber mikla ábyrgð á framkvæmd byggðaáætlunar, verði gert kleift að sinna því mikilvæga hlutverki. Nefndin leggur því áherslu á að skerpt verði á hlutverki og ábyrgð Byggðastofnunar í byggðaáætlun áranna 2006–2009. Í því felst að Byggðastofnun verði tryggðir fjármunir í fjárlögum til þess að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Miklir erfiðleikar steðja að ákveðnum landsvæðum. Í því ljósi er mikilvægt að auka opinber fjárframlög til þeirra svæða sem glímt hafa við mikla erfiðleika á borð við hrun rækjuiðnaðarins og þar sem veiðiheimildir hafa horfið snögglega. Byggðastofnun ætti að vera í lykilhlutverki í því að efla þau byggðarlög.

Nefndin leggur enn fremur til eftirfarandi breytingar á þingsályktunartillögunni:

1. Aðgerð númer 1 í tillögunni breytist lítillega. Sú efnislega breyting er þar gerð að Byggðastofnun skal í samvinnu við Vegagerðina leggja mat á verkefni í samgöngumálum sem miða að eflingu byggða og atvinnulífs í landinu.

2. Einnig er lögð til lítils háttar breyting á aðgerð númer 2 í tillögunni. Nefndin leggur áherslu á eflingu sveitarstjórnarstigsins þannig að sveitarfélögin í landinu verði hvort tveggja í senn betur í stakk búin að sinna núverandi verkefnum og tilbúin að taka við verkefnum frá ríkinu.

Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þingmenn Jóhann Ársælsson, Katrín Júlíusdóttir og Sigurjón Þórðarson skrifa undir álitið með fyrirvara og lýtur hann einkum að því að staða Byggðastofnunar verði tryggð og stjórnsýslu byggðamála fyrir komið með fullnægjandi hætti á komandi árum.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu en hefur uppi sömu fyrirvara og fyrrgreindir nefndarmenn.

Sigurður Kári Kristjánsson og Helgi Hjörvar voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undur nefndarálitið rita Birkir J. Jónsson, Drífa Hjartardóttir, Kjartan Ólafsson, Jóhann Ársælsson, með fyrirvara, Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara, Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara, og Gunnar Örlygsson.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokinni þessari framsögu þakka hv. nefndarmönnum í iðnaðarnefnd fyrir gott samstarf. Við teljum að við höfum náð ákveðinni lendingu þarna. Að sjálfsgöðu efa ég ekki að ýmsir nefndarmenn hefðu viljað ganga lengra í ýmsum efnum en þetta er sú sameiginlega niðurstaða sem við komumst að. Það er mjög mikilvægt fyrir byggðamálin í landinu að almenn samstaða ríki um þær áherslur sem við hv. þingmenn viljum leggja á byggðamálin. Það er mjög mikilvægt að samstaða náist sem ég tel að hafi náðst í þessu máli með þeim breytingartillögum sem hér hafa verið lagðar fram.

[11:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki aðstaða til þess að taka upp langar umræður um byggðamál í dag því það liggur fyrir samkomulag um að ljúka þingi á þessum degi. Það hefði þó ástæða til að ræða margt í samhengi við þessa afgreiðslu. Ég ætla hins vegar að hafa orð mín fá. Ég fagna þeirri niðurstöðu sem náðist í nefndinni. Ég fagna því líka að sá fyrirvari sem við gerðum við greinargerð nefndarinnar er í raun og veru uppfylltur. Það liggur fyrir að Nýsköpunarmiðstöðin verður ekki samþykkt með þeim hætti sem hún lá fyrir til 2. umr. hér á þingi. En hefði hún verið samþykkt á þessu þingi þá tel ég að þau málefni sem hér er um að ræða hefðu verið í uppnámi vegna þess að sá háttur sem þar átti að hafa á var nánast jafngildi þess að leggja Byggðastofnun niður og færa verkefni hennar undir forstjóra þessarar nýju stofnunar.

Það varð sem sagt ekki niðurstaðan og það væri efni í langa ræðu að fara yfir það mál hér. Ég ætla ekki að gera það. Ég ætla fyrst og fremst að fagna því sem hér hefur náðst. Ég tel að þau áhersluatriði sem nefndin var sammála um séu þau sem skipta landsbyggðina mestu máli. Auðvitað hefur það runnið upp fyrir mönnum á undanförnum árum að það skiptir gríðarlega miklu máli að menn hafi aðgang að menntun af fjölbreytilegasta tagi á landsbyggðinni. Og að þar séu skólar og möguleikar til menntunar til jafns við það sem er í þéttbýli og að gengið sé eins langt í því og mögulegt er.

Það hefur margoft verið rætt í vetur og komið fram hér í þinginu að á undanförnum árum hefur opinberum störfum fjölgað hér á höfuðborgarsvæðinu um 3.000, á síðastliðnum

tíu árum. Þessi opinberu störf hafa nánast öll verið í þjónustu og í menntakerfinu. Það segir sína sögu um að landsbyggðin hefur setið eftir. Þess vegna vona ég sannarlega að sú byggðaáætlun sem nú verður samþykkt muni hafa áhrif á þetta.

Í þriðja lagi langar mig að nefna þá áherslu sem nefndin leggur á að Byggðastofnun verði gert kleift með framlögum á fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála. Með þessari áherslu er í raun og veru verið að vinna gegn þeirri viðleitni sem virtist vera frá hendi framkvæmdarvaldsins að ráða byggðamálunum niður á hin einstöku ráðuneyti og undir einstaka ráðherra og setja í ábyrgð þeirra. Þannig var í raun og eru verið að ýta byggðamálunum inn í þann feril að það væru fyrst og fremst tillögur ráðuneytanna og ráðherranna sem skiptu máli þegar kæmi að fjárlögum.

En með þeim hætti sem málið er sett hér fram er ábyrgðin færð meira til fjárlaganefndar. Fjárlaganefndarmenn þurfa að horfa á byggðaáætlun og gera sér grein fyrir hvort verið sé að framkvæma eftir henni eða ekki og bera ábyrgð á að þau framlög komi sem til þarf til að uppfylla hana. Ég tel að þetta sé afar mikilvægt atriði og tel að með þessum hluta tillögunnar sé í raun og veru svolítið brotið í blað.

Síðan vil ég fagna því sérstaklega eða nefna það sérstaklega, því ég tek undir allt sem hér er, að það skuli hafa verið sett þarna inn að Byggðastofnun skuli í samvinnu við Vegagerðina leggja mat á verkefni í samgöngumálum sem miðast við eflingu byggða og atvinnulífs í landinu. Ég held að þetta hefði þurft að gerast fyrir langa löngu, að Byggðastofnun færi í að meta samgöngumöguleika og annað slíkt og setja fram með skýrum hætti hvaða áhrif samgöngubætur geta haft fyrir eflingu og styrkingu einstakra byggða. Þess vegna fagna ég þessu alveg sérstaklega.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri. Við samfylkingarmenn styðjum þessa byggðaáætlun eins og hún er orðin núna, með þessari breytingartillögu á umfjöllun nefndarinnar og fögnum því að geta gert það og að það skuli hafa fjarað undan Nýsköpunarmiðstöðinni sem sett hafði vinnu nefndarinnar í uppnám. Við vorum löngu fyrr í vetur búin að ná raunverulega því samkomulagi sem hér liggur fyrir í iðnaðarnefnd. En það fór allt í drátt vegna þess að yfir okkur vofði að þessum málum væri skipað með þeim hætti sem gert var ráð fyrir með Nýsköpunarmiðstöðinni. Þar, eins og ég sagði áðan, var bókstaflega gert ráð fyrir að leggja niður Byggðastofnun og nánast að fela einum forstjóra að fara með það vald og þá ábyrgð sem Byggðastofnun hefur.

Ég held að það eigi eftir að koma í ljós að Byggðastofnun mun standa vel undir því hlutverki sem henni er hér lagt í hendur og þar muni menn virkilega fagna því að fá skýrara umboð til þess að framkvæma.

En ég endurtek að ábyrgðin er líka færð með fullum þunga til fjárlaganefndarmanna sem þurfa að sjá til þess að þessi byggðaáætlun geti orðið að því sem að er stefnt.

[11:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er býsna margt sem tekið er á í þeirri áætlun sem hér liggur fyrir og mörg atriði sem þar eru dregin fram sem áhersluatriði eða málefni sem gætu fært hlutina til betri vegar í almennri þróun byggðar á Íslandi. Mig langar að fara aðeins yfir fáein atriði í þeirri áætlun sem liggur hér fyrir eftir yfirferð hv. iðnaðarnefndar.

Fyrst vil ég almennt segja um þessa áætlun sem og þær sem á undan hafa gengið að kannski er helsti gallinn við þær sá að hér er um að ræða almenna viljayfirlýsingu en ekki ákvarðanir Alþingis, sem gerir það að verkum að óvíst er um efndir eða fullnustu á þeim fyrirheitum sem gefin eru í texta ályktunarinnar. Reynslan af fyrri ályktunum er auðvitað misjöfn. Sumt hefur gengið ágætlega eftir en önnur atriði síður og enn önnur atriði engan veginn og virðast sýna að viljinn til að framkvæma það sem ályktað er um er ákaflega breytilegur og í sumum atriðum er hann hverfandi hjá framkvæmdarvaldinu. Mest er þetta áberandi varðandi fjölgun starfa í opinberri þjónustu á landsbyggðinni sem oft hefur verið ályktað um í byggðaáætlunum án þess að nokkuð hafi gengið í þeim efnum. Segja má að það væri kannski það jákvæðasta sem hægt væri að segja um reynsluna að hvorki hafi gengið né rekið því þá hefði verið kyrrstaða. En því miður virðist það hafa verið lakara en svo því landsbyggðin hefur dregist aftur úr höfuðborgarsvæðinu hvað varðar hlutdeild í þessum störfum.

Þó það sé auðvitað sjálfsagt að ályktа um það einn ganginn enn, eins og lagt er til í breytingartillögum iðnaðarnefndar að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni þá efast ég um að viljinn sé til staðar hjá þeim sem eiga að framkvæma þessa ályktun. Það verða að koma fram einhver ný merki þess að hæstv. ráðherra hafi meiri áhuga á því en áður að hrinda í framkvæmd því sem þarna er ályktað um.

Í öðru lagi er galli á svona ályktun hvað hún hefur verið almenn, markmiðin verið óljós og erfitt að meta árangur. Þetta var m.a. gagnrýnt við fyrri umræðu um þessa ályktun. Ég hygg að það sem um það atriði var sagt í umræðunni eigi enn við, því ekki hefur það skýrst mikið í þessum efnum í meðförum iðnaðarnefndar og kannski var það of mikið verkefni til þess að búast mætti við að nefndin gæti breytt málinu þannig að það yrði skýrara hvað þetta varðar. En það er að minnsta kosti nauðsynlegt að leggja áherslu á að fyrir næstu áætlun leitist menn við að breyta henni þannig að markmiðin verði skýr, leiðirnar ljósar og mælitækin þekkt, þannig að menn geti lagt mat á þann árangur sem hefur náðst.

Auðvitað má svo segja að það hafi kannski ekki mikla þýðingu að vera að ályktа um hluti eins og að unnið skuli samkvæmt öðrum ályktunum Alþingis, eins og samgönguályktun eða fjarskiptaáætlun. Það bætir engu nýju við. En það skaðar í sjálfu sér ekki og sýnir kannski að þingið vilji að staðið verði við þær áætlanir. Það er vonandi að það verði gert, sérstaklega hvað varðar samgönguáætlun, því við þekkjum af reynslunni að engin áætlun hefur verið eins viðkvæm fyrir skyndilegum breytingum eftir kosningar og samgönguáætlun.

Mér er enn þá í fersku minni hin metnaðarfulla samgönguáætlun sem samþykkt var fyrir kosningarnar 2003, í marsmánuði ef ég man rétt. En tekin, ég segi nú kannski ekki sett í tætlur, en skorin mjög mikið niður í maímánuði eftir kosningar. Það gengur auðvitað ekki að menn umgangist stefnumarkandi þingsályktanir þingsins þannig að

þær séu bara viljayfirlýsing sem megi treysta fram að næstu kosningum. Við verðum að geta lagt línurnar í stórum málaflokkum, mótað stefnu sem stendur til nokkurra ára eins og ætlast er til. Ég vil hvetja hv. þingmenn til þess að vinna að því að þessar ályktanir, bæði byggðaáætlun og aðrar verði einmitt það sem til er ætlast.

Það sem fram kemur í ályktuninni er flestallt þess eðlis að hægt er að taka undir það og vonast til að það gangi eftir. Sumt er þó þess eðlis að ástæða er til að staldra við og spyrjast fyrir um hvernig það samrýmist öðru. Ég vil vekja athygli á því sem ég tel nauðsynlegt, þ.e. að fyrir liggi upplýsingar um stöðu byggðarlaga eins og getið er í 7. tölulið. En það er mjög sérstakt að það skuli þurfa að ályktа um að hafa þessar upplýsingar tiltækar. Samkvæmt lögum um Byggðastofnun á Alþingi ekki að þurfa að ályktа um þetta, þessar upplýsingar eiga auðvitað að vera til og stofnunin á að halda þeim saman. Aðrar opinberar stofnanir, eins og Hagstofa Íslands, eiga að sjálfsögðu að vinna að því að hafa þetta gagnasafn tilbúið fyrir stjórnendur til að hafa til undirbúnings sínum ákvörðunum eða mati á þróun mála. Það sýnir að þessi þáttur hefur ekki verið í góðu lagi að talið er nauðsynlegt að ályktа um það á tveimur stöðum að draga fram tölulegar upplýsingar. Það er upp að vissu marki áfellisdómur yfir þeim sem hafa átt að framfylgja gildandi lögum um þetta efni. Er vonandi að menn taki sig nú á og dragi þessar upplýsingar saman.

Í viðbótartillögum nefndarinnar er í fyrsta lagi lagt til að bæta við málsgreinina þar sem ályktað er um að styrkja landshlutakjarnana Akureyri, Ísafjörð og Miðausturland orðunum: „og annarra mikilvægra atvinnuþjónustumiðstöðva á landsbyggðinni.“ Ég held að það sé út af fyrir sig rétt að menn dragi fram einhverja staði eða svæði og kalli þau miðstöð, reyni að gera það að miðstöð þjónustu og annars slíks. Það á ekki síst við hvað varðar hið opinbera og um leið sé reynt að byggja upp fjölbreyttari atvinnutækifæri en unnt er á fámennari stöðum landsins. En það mun aldrei verða nein sátt um stefnu í þessum efnum sem einungis tilgreinir þrjá staði eða þrjú svæði á landinu en hleypur yfir stór landsvæði að öðru leyti án þess að segja neitt um það hvaða stefnu stjórnvöld ætla að hafa þar. Ég skil það því svo að þessi viðbót sé komin inn til að bæta úr því. Stefna um uppbyggingu í atvinnumálum og opinberri þjónustu verður að vera almenn og hún verður að ná til allra svæða landsins. Ég held því að viðbótin sé til bóta og bæti úr þeim annmarka sem er á upphaflegri tillögu.

Í öðru lagi stingur í augu orðalagið í tillögunni um byggðaáætlun þar sem talað er um Akureyri, Ísafjörð og Miðausturland. Nefndir eru tveir staðir en síðan eitt landsvæði. Mér finnst þetta ekki ríma. Ef menn ætla þessum landshlutakjarna, sem kallaður er, að vera staður þá á svo að vera á öllum þremur stöðunum. Ef menn ætla landshlutakjarnanum að vera landsvæði þá á það svo að vera á öllum þremur svæðunum. Við getum ekki haft þá stefnu að Miðausturland, þar sem eru nokkur byggðarlög, sé eitthvert svæði sem við köllum landshlutakjarna en annars staðar á landinu sé eitt byggðarlag landshlutakjarni. Ég held að það verði að vera samræmi í þessu og ég hallast að því að hafa svæðið skilgreininguna til að leggja áherslu á að byggja upp á tilteknu svæði atvinnu og þjónustu sem sé tiltæk öllum þeim sem búa á svæðinu. Ég hefði því kosið að tala um Eyjafjörð og Vestfirði fremur en Akureyri og Ísafjörð.

Varðandi viðbótina, nýju málsgreinina sem nefndin leggur til. Þar er í fyrsta lagi nefnt að stórefla menntun á landsbyggðinni og það er alveg á sínum stað. Ég tel það hárrétta áherslu eins og reyndar kemur fram í ályktuninni sjálfri. Á allnokkrum stöðum er vísað til menntunar. Ég held að það sé allt satt og rétt. Í nefndaráliti iðnaðarnefndar er hins vegar talað um Háskólann á Akureyri einan. Ég dreg ekkert úr gildi Háskólans á Akureyri fyrir sitt svæði eða það sem um hann er sagt í nefndarálitinu. En ég spyr: Af hverju er ekki í þessu áliti talað um aðra háskóla á landsbyggðinni en Háskólann á Akureyri? Af hverju er ekki dregin fram þýðing háskólans á Hólum, háskólans á Bifröst eða háskólans á Hvanneyri? (**JBjarn:** Eða háskólans á Hólum?) Ég er búinn að nefna hann, hv. þingmaður. Af hverju er það ekki dregið fram? Af hverju er bara einn háskóli nefndur sem háskóli á landsbyggðinni? Felst í þessu af hálfu nefndarinnar að þeir háskólar aðrir sem ég nefndi eigi að víkja og falla undir aðra háskóla eða hvað felst í þessari takmörkuðu áherslu sem miðuð er við einn háskóla á landsbyggðinni?

Ég geri líka athugasemd við það sem segir um uppbyggingu háskólasetra. Ég er ekki hrifinn af uppbyggingu háskólasetra. Ég tel að það sé töf á leið til að byggja upp menntastofnanir. Sú leið kann að vera nauðsynleg og hún getur á einhverju stuttu árabili undirbyggt grundvöll fyrir háskóla þannig að gagn verði að háskólasetursleiðinni. En það gerist því aðeins að skýrt sé að að tilteknum tíma liðnum verði háskóli reistur á þeim stað. Það má ekki vera þannig að háskólasetur sé eitthvert endamark í sjálfu sér. Ef það er meiningin er háskólasetur hindrun á þróuninni fyrir viðkomandi landsvæði. Ég set spurningarmerki við að kalla háskólasetur menntastofnun. Ég spyr um rökstuðning fyrir því að kalla háskólasetur menntastofnun. Það má vera að fyrir því séu rök sem mér hefur ekki tekist að koma auga á. En það háskólasetur sem ég þekki er að mínu viti ekki menntastofnun þó þar sé ágætt starfsfólk og vinni ágætlega að því sem því er falið að gera. En setur þar sem ekki er stunduð kennsla eða starfsemi á háskólastigi finnst mér varla hægt að kalla menntastofnun, þar sem einvörðungu er byggt á framlagi annarra stofnana. Ég geri því athugasemdir við áhersluna á háskólasetur nema í því felist sú stefna að háskólasetur verði skóli innan skamms tíma. Stofnun menntastofnunar eða háskóla gæti ráðið miklu um þróun atvinnu- og byggðamála á landinu, gæti haft meiri áhrif en margt annað sem menn eru að gera. Ég nefni sérstaklega Ísafjörð. Fyrir rúmum tveimur árum lagði ég ásamt þremur öðrum hv. þingmönnum fram tillögur til þingsályktunar um stofnun háskóla á Ísafirði. Ég minni á hana og árétta þá skoðun mína að sem fyrst eigi að koma á fót háskóla á Ísafirði. Ég vona að það sé ekki meining iðnaðarnefndar með þessum kafla í nefndaráliti sínu um háskólasetur að leggja stein í götu þess að sem fyrst verði komið á fót háskóla á Ísafirði.

Ég vil líka spyrjast fyrir um og vekja athygli á stöðu Nýsköpunarmiðstöðvarinnar á Akureyri sem talað er um í 8. tölulið byggðaáætlunarinnar og vísa til álits eða umsagna frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga þar sem spurst er fyrir

Við í Frjálslynda flokknum erum tilbúin til að láta verkin tala. — Gleðilegt sumar, góðir landsmenn.

[14:23]

Mörður Árnason:

Forseti. Er það tilviljun eða er það einhver táknræn hugsun hjá stjórnarflokkunum að tefla fram í fyrri umræðu þeim ráðherrum sínum sem helst fóru halloka hér í þinglokin, annars vegar iðnaðarráðherranum og hins vegar menntamálaráðherranum, sem urðu undir í átökunum innan ríkisstjórnarinnar og auðvitað í átökunum á þinginu þegar ákveðið var að slíta því nú og skilja eftir ríkisútvarpsmálið frá Sjálfstæðisflokknum og Nýsköpunarmiðstöðina frá Framsóknarflokknum? Er þetta sárabót eða er það svona sem ríkisstjórnin vill kynna sig, með því að tefla fram töpurunum? Er það vegna þess að herrarnir sjálfir, hæstv. ráðherrar Geir H. Haarde og Halldór Ásgrímsson, hafa of mikið að gera í skúmaskotunum til að geta talað við þjóðina úr þessum stóli á hefðbundnum eldhúsdegi?

Svo er auðvitað að fara yfir það sem þessir tveir ráðherrar hafa sagt. Iðnaðarráðherrann, með byggðastefnu sína í þroti, talar um efnahagsmálin og minnist á að hér sé allt í góðu gengi, Alþýðusambandið og Samtök atvinnurekenda séu að tala saman og það sé að koma sendinefnd, það sé bráðum að koma sendinefnd frá útlöndum til að kanna efnahagsmálin hér. Hún talar að vísu ekkert um verðbólgu eða gengismál, sem er þó ofarlega í hugum alþýðu manna sem nú 1. júní og áður 1. maí þurfti að jafnaði að borga hærri afborgun en áður þar sem höfuðstóllinn hækkaði eins og var hér á verðbólgutímanum. Það var ekkert rætt um þetta.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson, sem kom hér trítlandi í kjölfar ráðherra síns, fór að tala um skatta sama daginn og við ræddum um ráðþrot ríkisstjórnarinnar í sambandi við vaxtabætur til unga fólksins sem er að koma yfir sig þakinu við meiri erfiðleika en áður hafa verið uppi síðan í hallærinu mikla í byrjun níunda áratugarins.

Hinn ráðherrann, menntamálaráðherrann, gumar af nokkrum frumvörpum sem ýmist eru þannig að góðir menn hafa samið þau fyrir hana í útlöndum eða á faglegum vettvangi eða hafa verið endursamin í þinginu í þágu þeirra málefna sem þau stóðu um. En hvað minnist hún ekki á? Hún talar ekkert um áform sín og fyrri menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins að stytta og skerða nám ungs fólks til framhaldsskólaprófs. Hún talaði ekkert um frumvarpið um Ríkisútvarpið sem hún hefur lagt fram í tvígang, eytt tveimur vetrum í að ræða og sett auðvitað allt upp í loft á stofnuninni þar sem enginn veit hvað á að taka við.

Við þurfum sannarlega að koma þessari ríkisstjórn frá ef hún gerir það ekki sjálf, sem mér sýnist ýmislegt benda til jafnvel á næstu vikum. Við þurfum að skapa hér nýtt samfélag, við þurfum að skapa önnur viðmið, við þurfum að skapa samfélag jafnaðarmanna þar sem menn ætla að halda áfram til nútímans, til framtíðarinnar í efnahagsmálum, þar sem menn ætla að búa til hágæði og hátækni í hugmyndum og handverki í hefðbundnu atvinnugreinunum, líka í nýja hagkerfinu og líka í menningargreinunum, þar sem menntun, menntun, menntun eru þrjú helstu slagorðin í atvinnumálum. Við þurfum að skapa hér samfélag í sátt við náttúru og umhverfi, samfélag sem berst gegn loftslagsbreytingum um leið og það lagar sig að nýjum tímum, sem nýtir íslensk náttúrugæði án eyðileggingar og leggur niður þann hernað gegn landinu sem hér hefur staðið í 30 ár. Við þurfum að skapa samfélag þar sem allir eru með, þar sem menn bera ábyrgð á sjálfum sér en einnig hver á öðrum og þar sem við eyðum smánarblettum fátæktar á Íslandi í því góðæri sem staðið hefur, ekki vegna stjórnarherranna heldur vegna skynsamlegra ráðstafana sem hér höfðu gerst áður og vegna alþjóðaþróunar í rúman áratug.

Forseti. Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur sagði fyrir nokkrum árum að það væri furðulegt í íslensku samfélagi að það væri sama hvað maður kysi, alltaf gægðist Finnur Ingólfsson upp úr kjörkassanum. Það eru margir Finnar Ingólfssynir, forseti, sem nú eru á sveimi í sveitarfélögum landsins. En ég hafði ekki trú á þessu, ég hafði alltaf tekið þetta sem líkingu, ég hafði ekki trú á því að hann mundi birtast sjálfur persónulega sem sú kanína sem Framsóknarflokkurinn dregur núna upp úr hatti sínum. Ég verð að segja, þó að Finnur Ingólfsson sé góður maður, að það er komið nóg af milljónungum Framsóknarflokksins úr viðskiptalífinu og ég verð að taka undir með öðru skáldi: „Húsameistari ríkisins! Ekki meir, ekki meir!"

[14:28]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Góðir landsmenn. Á undanförnum árum hefur átt sér stað öflugt uppbyggingarstarf í efnahagslífinu. Nýjar hugmyndir á eldri grunni hafa skilað landsmönnum nægri atvinnu og ört vaxandi kaupmætti. Því miður fylgir góðæri oft ójafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þrátt fyrir aðhaldssama efnahagsstjórn undanfarin ár, bæði hjá ríki og Seðlabanka, urðu nýjungar á fjármálamarkaði til þess að auka við þá eftirspurn sem fylgdi stóriðjuframkvæmdum.

Í upphafi árs reyndist ójafnvægið vera meira en fyrri hagmælingar höfðu bent til og í kjölfarið urðu sviptingar á fjármálamarkaði. Gengi krónunnar og verð hlutabréfa lækkaði umtalsvert. Sem betur fer bendir flest til að jafnvægi muni fljótlega komast á að nýju. Það er jafnframt eitt helsta verkefni okkar að sjá til þess að svo verði. Á undanförnum vikum hefur gengið og verð hlutabréfa tekið að styrkjast á ný sem er jákvætt. Jafnframt er samkeppnisstaða útflutningsgreina aftur orðin ásættanleg. En hröð gengislækkun framkallar verðbólguskot. Ef gengið helst tiltölulega stöðugt þar sem það er nú bendir fyrri reynsla til þess að verðbólga gangi hratt niður. Hversu mikil verðbólgan verður á komandi mánuðum ræðst af framvindu gengisins og viðbrögðum okkar. Reynsla okkar af lækkun á gengi krónunnar árin 2000 og 2001 var sú að verðbólgan jókst hratt með hækkun á verði innfluttrar vöru og þjónustu. Verðbólgan gekk síðan niður án þess að hafa varanleg áhrif á væntingar markaðsaðila. Aðilar vinnumarkaðarins brugðust við af skynsemi og stöðugleikinn var endurheimtur. Mikilvægt er að við tryggum að sú verði raunin á ný.

Árið 2007 þegar yfirstandandi stóriðjuframkvæmdum lýkur er gert ráð fyrir samdrætti í þjóðarútgjöldum en að kröftugur viðsnúningur í utanríkisviðskiptum skili okkar hagvexti á bilinu 1–2%. Atvinnuleysið, sem nú er orðið mjög lítið, mun þá aukast eitthvað og spenna minnka og

hagkerfið taka að leita meira jafnvægis en áður en það gerist mun verðbólgan aukast og haldast há fram yfir næstu áramót.

Á vormánuðum ársins 2007 er búist við að verðbólgan verði aftur komin undir efri þolmörk peningastefnunnar og í framhaldinu stefna á verðbólgumarkmið. Sú spá byggir á að aðilar vinnumarkaðarins taki höndum saman um að bregðast við þessum tímabundnu aðstæðum með hófstilltum aðgerðum. Þær viðræður sem nú standa yfir milli aðila vinnumarkaðarins eru mikilvægt framlag í þessa átt. Mikilvægt er að niðurstaða náist fljótt í þeim viðræðum en það eykur líkur á að árangur undanfarinna ára viðhaldist og að kaupmáttur landsmanna haldi áfram að aukast á komandi árum. Ekki er ráðlegt að bíða með lausn þessa máls fram í nóvember þegar ákvæði núverandi kjarasamninga eiga að koma til endurskoðunar. Það eykur óvissu og dregur úr líkum á mjúkri lendingu efnahagslífsins.

Virðulegi forseti. Mikil umræða hefur verið um kjör eldri borgara að undanförnu og margt af því sem þar hefur verið sett fram hefur verið villandi og í sumum tilfellum hreinir útúrsnúningar. Kjör eldri borgara hafa batnað ef litið er til þess að kaupmáttur þeirra hefur aukist á undanförnum árum. Engu að síður hefur þessi ríkisstjórn sagt að hún vilji gera enn betur og hefur nefnd verið að störfum við að útfæra tillögur í þá veru. Von er á að þær tillögur líti dagsins ljós á næstunni og í því samhengi hef ég sagt að nauðsynlegt sé að draga úr tengjutengingu bóta ellilífeyrisþega.

Þá vil ég nefna að verið er að endurskoða skattkerfið á Íslandi. Markmiðið er að varpa ljósi á þá þætti sem gera Ísland samkeppnisfært og skilvirkt. Um leið er verið að skoða skattkerfi annarra ríkja sem hafa verið að einfalda kerfi sín og innleiða nýjungar sem hafa gefist vel. Ég hef lagt sérstaka áherslu á endurskoðun á fyrirkomulagi tekjuskatts einstaklinga og fyrirtækja en að aðrir þættir skattkerfisins verði einnig skoðaðir til að varpa betur ljósi á heildarmyndina. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og viðskiptalífsins taka fullan þátt í þessari vinnu.

Íslenska hagkerfið er orðið hluti af alþjóðlegu efnahagslífi með öllum þeim tækifærum og áskorunum sem því fylgja. Í alþjóðlegum skýrslum er íslenska hagkerfið talið með þeim samkeppnishæfustu í heiminum vegna mannauðs, tæknistigs og skipulagsmála. Fyrirtækin sem búa við sveigjanleg starfsskilyrði eru ábatasöm og vel í stakk búin til að takast á við breytilegar aðstæður. Þá er staða ríkissjóðs sterk og eignir heimilanna eru margfalt meiri en skuldir þeirra. Því er lítil hætta talin á að sá árangur sem náðst hefur á undanförnum árum stöðvist eða gangi til baka en mikið veltur á því að við bregðumst við af skynsemi í núverandi stöðu. Í því alþjóðlega umhverfi sem við störfum er mikilvægt að viðhalda trú erlendra aðila á efnahagsþróuninni. Ég er bjartsýnn á að okkur takist það.

Þar sem efnahagslífið er blómlegt eru mörg úrlausnarefni. Ríkisstjórnin axlar sína ábyrgð með því að taka þátt í að leysa úr þeim þar sem þörf er á. Það gerir hún í samstarfi við hagsmunasamtök og þjóðina alla. Þannig mun okkur vel farnast. — Eigið gott sumar.

[14:35]

Ögmundur Jónasson:

Góðir áheyrendur. Við höldum eldhúsdag að þessu sinni við harla óvenjulegar aðstæður. Á laugardegi á sumarþingi sem efnt var til fyrir þvergirðingshátt ríkisstjórnarinnar sem var staðráðin í að knýja í gegn frumvörp sem voru svo illa þokkuð, svo umdeild innan þings og utan að stjórnarandstaðan taldi það vera skyldu sína að koma í veg fyrir að þau yrðu að landslögum.

Hér vísa ég ekki síst í lagafrumvarp um Ríkisútvarpið sem til stóð að gera að hlutafélagi. Ekki selja, sagði Framsóknarflokkurinn, sem með stuðningi við þetta frumvarp sveik fyrirheit og gefin loforð um að Ríkisútvarpið yrði ekki gert að hlutafélagi. Nú hafði Framsóknarflokkurinn hörfað. Það átti ekki að selja Ríkisútvarpið hf.

En svo sannfærandi var þetta loforð um að Ríkisútvarpið yrði ekki selt að talsmaður ríkisstjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hér í þessum sal hafði jafnframt verið flutningsmaður að frumvarpi um Ríkisútvarpið sem gekk út á að leggja stofnunina niður eða selja hana.

Varðandi Ríkisútvarpið hafði stjórnarandstaðan árangur af erfiði sínu á sama hátt og okkur tókst að fresta gildistöku laga sem greiða götu einkavæðingar á vatni og styrkja einkaeignarréttinn á kostnað almannaréttinda. Það hefur reyndar verið viðkvæðið hjá þessari ríkisstjórn á öllum sviðum að styrkja einkaréttarhagsmuni á kostnað almannahagsmuna og það eru ekki bara einhverjir einkahagsmunir. Það eru einkahagsmunir þeirra sem best standa að vígi í samfélaginu. Einkahagsmunir efnafólks og auðmanna.

Þjóðin kann þetta orðið utan að. Að einstaklingur sem hefur milljón á mánuði hefur fyrir tilstilli Geirs Haardes og Árna Mathiesens grætt eina milljón á ári hverju á sama tíma og öryrkinn hefur tapað eins mánaðar greiðslum af sínum naumt skömmtuðu tekjum.

Góðir landsmenn. Ég hef trú á að fólk sé búið að fá sig fullsatt af réttlæti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Ríkisstjórnin stærir sig nú af efnahagsafrekum sínum. En hverju svarar hún hjálparstofnunum, stofnunum á borð við Rauða krossinn sem fyrir fáeinum dögum efndi til ráðstefnu til að vekja athygli á fátækt á Íslandi og þeirri staðreynd að fátæktin fer vaxandi? Ég hef margoft séð útreikninga frá Ráðgjafarstofu heimilanna sem sýnir að efnalítið fólk skortir oft tugi þúsunda króna til að ná endum saman. Fjölskyldur, einstaklinga, einstæðar mæður skortir tugi þúsunda króna til þess að eiga fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Þetta fólk er dæmt til fátæktar, til örbirgðar. Það eru þessi atriði sem ríkisstjórnin hefur ekki viljað ræða. Hún hefur ekki viljað ræða kjör aldraðra. Hún hefur ekki viljað ræða stöðu sjúkrahúsa og hjúkrunarstofnana sem hefur verið haldið í fjársvelti þannig að þær hafa ekki getað búið sjúklingum og öldruðum eða starfsfólkinu mannsæmandi kjör. Þetta hefur ríkisstjórnin ekki viljað ræða en á dagskrá hafa verið gæluverkefni um einkavæðingu.

Ég hef velt því mikið fyrir mér hvað skýri þetta einkavæðingarfár. Getur það verið að það vaki fyrir fólki, vel meinandi fólki sem ég held að sé hér upp til hópa í þessum þingsal, að rýra kjör starfsmanna, að draga úr gagnsæi, jafnræði á opinberum stofnunum? En þetta eru óhjákvæmi-

legir fylgifiskar einkavæðingar og markaðsvæðingarinnar. Ég neita að trúa þessu. Ég held að að hluta til þá sé þetta tískan.

Valgerður Sverrisdóttir er að reyna að tolla í Evróputískunni þegar hún einkavæðir raforkukerfið á Íslandi. Hún eins og aðrir segja: Það eru allir að gera þetta í Evrópu. Það eru allir að gera það. Hvers vegna gerum við það ekki líka? Nú veit ég að tískan getur verið ágeng. Við munum eftir túberingunni, támjóu skónum. Það var ekkert annað að hafa í skóbúðunum í þá daga. Svo komu þykku sólarnir. Það var guðsgjöf, himnasending fyrir lágvaxna manninn en sú tíska var slæm fyrir langa slánann. En það var ekkert annað að hafa í skóbúðinni.

En góðir landsmenn. Í heimi stjórnmálanna er þetta ekki svona. Það bjóðast aðrir valkostir. Það bjóðast aðrir valkostir en misréttisstefna Sjálfstæðisflokksins. Það bjóðast aðrir valkostir en stefna Framsóknarflokksins sem vill álvæða Ísland. Nú er að hefjast ný kosningabarátta að aflokinni þeirri sem við höfum orðið vitni að þar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð er í mikilli sókn. Það verður tekist á um tvær stefnur. Annars vegar stefnu þessarar ríkisstjórnar misréttisstefnunnar. Þeirrar stefnu sem gerir út ráðherra til New York í höfuðstöðvar Alcoa til að hlýða þar á erkibiskupsboðskap hvar þessi auðhringur vilji reisa verksmiðjur á Íslandi. Annars vegar býðst þessi valkostur undirlægjustefnunnar og hins vegar stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem vill reisa flaggið í nafni jöfnuðar og umhverfisverndar. (**Iðnrh.:** Kommúnisma.) Baráttan um þessa tvo valkosti er hafin.

Valgerður Sverrisdóttir kallar þetta kommúnisma. Hún talaði um að stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar væru notaðir. Við höfum séð hvernig Framsóknarflokkurinn hefur verið notaður á undanförnum árum og við höfum séð hvernig íslenska þjóðin bregst við slíku ráðslagi.

[14:41]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Stjórnmál snúast um fólk. Þess vegna hefur Framsóknarflokkurinn í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn síðastliðin 11 ár unnið að alhliða umbótum í íslensku samfélagi. Þessi uppbygging hefur skilað miklum árangri sem hvarvetna sést og hver tekur eftir ef hann vill leggja svo lítið við.

Stjórnmál snúast um fólk. Þess vegna hefur Framsóknarflokkurinn unnið ötullega að málefnum fjölskyldunnar síðastliðin 11 ár. Þess vegna hafa barnabætur hækkað. Húsnæðisbætur hafa hækkað. Skattar hafa lækkað og kaupmáttur fólks aukist. Þess vegna hefur einstaklingum líka verið auðveldað að eignast þak yfir höfuðið með 90% húsnæðislánum Íbúðalánasjóðs. Það var hugmynd sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hlógu að fyrir síðustu kosningar en rembast nú eins og rjúpan við staurinn að lofa og prísa.

Stjórnmál snúast um fólk. Þess vegna hefur Framsóknarflokkurinn lagt áherslu á velferð aldraða og öryrkja, t.d. með hækkun örorkubóta sem við þurftum að berja í gegnum þingið í andstöðu við stjórnarandstöðuflokkana og sömuleiðis með aldurstengingu örorkubóta. Framsóknarflokkurinn hefur staðið vörð um velferðarkerfi okkar Íslendinga í mörg undanfarin ár og Framsóknarflokkurinn mun áfram standa vörð um velferðarkerfið.

Stjórnmál snúast um fólk. Þess vegna hefur Framsóknarflokkurinn og ríkisstjórnin lagt áherslu á að byggja upp menntun og byggja upp menntastofnanir um land allt. Framboð og fjölbreytni á öllum skólastigum hefur aukist og menntunarstig þjóðarinnar er alltaf að hækka. Þess vegna hefur ríkisstjórnin líka hækkað námslán, minnkað tekjuviðmið og lækkað endurgreiðslubyrði námslána. Allt er þetta gert til að jafna og auka möguleika fólks á að stunda nám. Aukin menntun skilar sér í auknum þjóðartekjum og ef guð lofar mun stjórnarandstaðan átta sig á því áður en þessi öld verður öll.

Stjórnmál snúast um fólk. Stjórnmál snúast líka um traust og ábyrgð. Þess vegna þorir Framsóknarflokkurinn að taka afstöðu og ábyrgð á meðan stjórnarandstöðuflokkarnir gera ekki neitt og þá sérstaklega Samfylkingin sem aldrei tekur afstöðu til nokkurs er skiptir máli. Öll umbyltingin sem átti að verða með nýjum formanni Samfylkingarinnar hefur engin orðið. Hugmyndaauðgin er engin og hin meinta framtíðarsýn hefur koðnað niður með ótrúlega miklum hraða. Þessi framtíðarsýn birtist núna í einni nöldrandi konu sem hefur engar hugmyndir og enga sýn eins og fram kom í ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur hér áðan.

Ég ætla ekki að leggja það á þessa þjóð að rifja upp ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar hér áðan. Hver er nú í sauðargærunni sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um áðan? Það er auðvitað stjórnarandstaðan og stjórnarandstaðan er enginn úlfur í sauðargæru. Stjórnarandstaðan er sauður í sauðargæru, villuráfandi hjörð, sundruð hjörð sem veit ekki hvort hún er að koma eða fara út úr þinghúsinu. Jafnsorglegt og það er er þetta nú samt svona. Hver skyldi svo vinstri sveiflan vera sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um áðan? Jú, fylgi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs jókst úr 10% í 12. Það voru öll ósköpin. (**Gripið fram í:** Meira en Framsóknarflokkurinn fékk.)

Stjórnmál snúast um fólk. (**Gripið fram í:** Hvaða fólk?) Þess vegna hefur Framsóknarflokkurinn verið kjölfestan í íslenskum stjórnmálum í 90 ár. Þess vegna hefur Framsóknarflokkurinn þorað þegar aðrir sitja með hendur í skauti. Þess vegna hefur Framsóknarflokkurinn tekið af skarið þegar aðrir hafa látið hugfallast. Þess vegna, hæstv. forseti, mun Framsóknarflokkurinn verða kjölfestan í íslenskum stjórnmálum á 21. öldinni.

Hæstv. forseti. Stjórnmál snúast um fólk.

[14:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Í nýafstaðinni kosningabaráttu fyrir sveitarstjórnarkosningarnar lofuðu sjálfstæðismenn og framsóknarmenn að nú skyldi vissulega tekist á við að bæta réttarstöðu aldraðra og öryrkja. Þessu var lofað og að breyta og lagfæra allt korteri fyrir kosningar.

Hvert fór í raun og veru hið svokallaða góðæri? Fyrst og fremst til þeirra sem hæstar hafa tekjurnar. Stefán Ólafsson gerði öllum ljóst á fjölmennum fundi með eldri borgurum í Háskólabíói nýverið hverjir högnuðust. Þeir hæstu í tekjum högnuðust. Þeir með yfir milljón á mánuði bættu hag sinn um tæp 80% eftir skatta á síðustu tíu árum á valdatíma rík-

isstjórnarinnar. Láglaunafólkið með undir 200 þús. kr. á mánuði fékk á sama tíma 27% hækkun í rauntekjur eftir skatta.

Frjálslyndi flokkurinn lagði til fyrir alþingiskosningarnar 2003 að í staðinn fyrir skattastefnu ríkisstjórnarinnar um afnám hátekjuskatts og flata prósentulækkun yrði persónuafsláttur hækkaður um 10 þús. kr. á mánuði til þess að jafna kjörin og koma þannig í veg fyrir þá mismunun og óréttlæti sem nú er staðreynd og liggur fyrir í útreikningum Stefáns Ólafssonar. Frjálslyndi flokkurinn hefur á hverju ári frá 2001 lagt til á Alþingi að lögfest yrði ákvæði um tryggan lágmarkslífeyri eldri borgara þar sem 50 þús. kr. tekjur úr lífeyrissjóði skertu engar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Þessi leiðrétting yrði mikil kjarabót fyrir aldraða en þeirri leið hefur ávallt verið hafnað hér í sölum Alþingis af núverandi ríkisstjórnarflokkum.

Verðbólgan hefur vaxið mjög og ógnar nú afkomu fólksins í landinu sem er orðið mjög skuldsett. Ráðleysi ríkisstjórnarinnar er algjört og fréttir fljúga um sali að nú verði Framsókn að skipta út og fá nýja eignaraðila úr S-hópnum til valda í Framsóknarflokknum og sem ráðherra í ríkisstjórnina. Góðir landsmenn, guð hjálpi okkur ef það á að vera bjargráðið sem Framsóknarflokkurinn er að finna.

Fólk trúir ekki lengur á góðærishjalið í ráðherrunum. Aðilar vinnumarkaðarins sjá nú að þeir verða eins og oft áður að bjarga því sem hægt er og hafa lagt fram hugmyndir til að bæta kjörin og draga úr verðbólgu. En ríkisstjórnin gerir ekkert og skilar auðu.

Góðir landsmenn. Þorskurinn hefur lengi verið mikil undirstaða í búskap Íslendinga. Í dag bárust fréttir af því að þorskveiðar yrðu skornar niður á næsta ári um 11 þús. tonn. Það fer að nálgast sú staða að heimilaðar þorskveiðar verði þær sömu og voru á stríðsárunum þegar hér var sáralítil fiskveiðisókn. Þetta er árangurinn af núverandi kvótakerfi. En það skyldi þó ekki vera að korteri fyrir kosningar fyndu menn 30 þús. tonn, eins og fundust fyrir síðustu kosningar norður á Akureyri, til að leggja með sér í nýja kosningabaráttu fyrir alþingiskosningarnar?

Góðir landsmenn. Vonandi er betri tíð komin til að vera. Ég vona að landsmenn allir gangi á guðs vegum þessa sumardaga og býð þá sem þingmaður Norðvesturkjördæmisins velkomna í Norðvesturkjördæmi þar sem er mikil náttúrufegurð og óspillt náttúra. — Gangið á guðs vegum.

Fundi slitið kl. 14:51.

---

124. FUNDUR

laugardaginn 3. júní,
að loknum 123. fundi.

Dagskrá:

1. Mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn, stjfrv., 620. mál, þskj. 906, nál. 1416, brtt. 1417. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009, stjtill., 391. mál, þskj. 473, nál. 1463, brtt. 1464. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
3. Umferðarlög, stjfrv., 503. mál, þskj. 1470. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Hlutafélög, stjfrv., 404. mál, þskj. 1471, brtt. 1165,2 og 1468. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Eldi vatnafiska, stjfrv., 595. mál, þskj. 1472. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Varnir gegn fisksjúkdómum, stjfrv., 596. mál, þskj. 1473, lög 1500. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 607. mál, þskj. 1474. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Veiðimálastofnun, stjfrv., 612. mál, þskj. 1476. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Fiskrækt, stjfrv., 613. mál, þskj. 1477. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Kjararáð, stjfrv., 710. mál, þskj. 1478, brtt. 1469. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
11. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 742. mál, þskj. 1479. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
12. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 788. mál, þskj. 1480. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
13. Almenn hegningarlög o.fl., stjfrv., 619. mál, þskj. 905, brtt. 1475. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
14. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 748. mál, þskj. 1081. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
15. Tekjuskattur, stjfrv., 793. mál, þskj. 1212, brtt. 1252. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
16. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 794. mál, þskj. 1213, brtt. 1462 og 1494. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
17. Fjármálaeftirlit, stjfrv., 556. mál, þskj. 1482. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
18. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 789. mál, þskj. 1195. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
19. Skráning losunar gróðurhúsalofttegunda, stjfrv., 713. mál, þskj. 1483. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
20. Almannatryggingar, stjfrv., 792. mál, þskj. 1210, brtt. 1514. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
21. Landmælingar og grunnkortagerð, stjfrv., 668. mál, þskj. 1484. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
22. Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, stjfrv., 682. mál, þskj. 1485. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
23. Álagning skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, stjfrv., 732. mál, þskj. 1486. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
24. Náttúruvernd, stjfrv., 180. mál, þskj. 180. — 3. umr.

Ef leyft verður.

25. Matvælarannsóknir hf., stjfrv., 387. mál, þskj. 1487. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

26. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 694. mál, þskj. 1488. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

27. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 809. mál, þskj. 1409. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

28. Flugmálastjórn Íslands, stjfrv., 707. mál, þskj. 1043, nál. 1465 og 1491. — Frh. 2. umr.

29. Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, stjfrv., 708. mál, þskj. 1044, nál. 1466 og 1491. — Frh. 2. umr.

30. Aðgangur að opinberum gögnum um öryggismál, þáltill., 803. mál, þskj. 1284, nál. 1467. — Síðari umr.

31. Fjármögnun og umsvif ríkisins eftir landshlutum, beiðni um skýrslu, 811. mál, þskj. 1490. *Hvort leyfð skuli.*

[14:59]

Útbýting:

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 794. mál, brtt. BÁ o.fl., þskj. 1494.

Sumarlokanir deilda og biðlistar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 799. mál, svar heilbrrh., þskj. 1410.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 3.–27. dagskrármáls og útbýtingu þskj. 1469, 1475 og 1494. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 620. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 906, nál. 1416, brtt. 1417.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:01]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er á að mörgu leyti á ferðinni ágætismál og ástæða til að styðja það. En ég vil vekja athygli á að meðal ákvæða í þessu frumvarpi er ein lítil 17. gr. sem kveður á um umboð til eftirlits. Þar segir, með leyfi forseta:

„Neytendastofa fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum. Stofnuninni er þó heimilt að fela öðrum að framkvæma eftirlitið með samningi. Skulu þeir aðilar vera óháðir eftirlitsskyldum aðilum og hafa sérþekkingu og hæfni á viðkomandi sviði."

Nú vil ég minna alþingismenn á deilur sem urðu á sínum tíma þegar ákveðið var að einkavæða rafmagnseftirlitið í landinu og eftirlitsiðnaðinn almennt. Okkur var sagt að á því sviði mundi skapast mikil samkeppni og hún yrði til góðs. Það átti að reisa múra og einn átti að hafa eftirlit með öðrum sem framkvæmdi. Síðan kemur í ljós að engin samkeppni var til. Í fyrstu sinntu eftirlitinu þrjú fyrirtæki en síðan fækkaði þeim.

Í gögnum sem okkur berast með þessu frumvarpi kemur t.d. fram að í eigu eins af þeim aðilum sem annast eftirlitið, Frumherja hf., eru einnig gjaldmælar. Hann er einnig framkvæmdaraðili. Það kemur fram að hann á 150 þús. rafmagns- og hitavatnsmæla. Það er ekki að undra að hann skuli mótmæla gjaldtöku á þessa mæla. Þetta er eftirlitsaðili og hefur eftirlit með sjálfum sér.

Nú er okkur sagt, eins og í fjármálafyrirtækjunum, að reistir hafi verið múrar og það sjáist ekki í gegnum þá múra. En til þess var leikurinn gerður að taka eftirlitið frá hinu opinbera og færa út á markað. Hér sjáum við reyndina að bæði eftirlit og framkvæmd er komin á hendur eins aðila. Hvílíkt og annað eins.

Eigum við að kannski að reyna að draga lærdóm af öðrum málum einnig, af lyfjamálunum og öðru? Það munum við gera á komandi þingi. Það mega menn stóla á. Við munum styðja þetta frumvarp, sem að mörgu leyti er ágætt og nauðsynlegt, en varðandi 17. gr. frumvarpsins munum við sitja hjá.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1417,1 samþ. með 43 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1417,2–10 samþ. með 40 shlj. atkv.
4.–16. gr., svo breyttar, samþ. með 35 shlj. atkv.

17. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, VF, VS, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMöl, BjörgvS, EOK, GÞÞ, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KÓ, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

18.–45. gr. og ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Stefnumótandi byggðaáætlun 2006–2009, frh. síðari umr.

Stjtill., 391. mál. — Þskj. 473, nál. 1463, brtt. 1464.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Brtt. 1464 samþ. með 45 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SJS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMöl, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, ISG, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1496).

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 503. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1470.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, ISG, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1497).

Hlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 404. mál (opinber hlutafélög). — Þskj. 1471, brtt. 1165,2 og 1468.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]

Brtt. 1165,2 felld með 27:15 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MÞH, MF, RG, VF, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, VS.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, ISG, KJúl, KLM, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1468 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BBj, DrH, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, VF, VS, ÞBack, ÖS.

3 þm. (BÁ, BjarnB, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BjörgvS, DJ, EOK, GuðjG, GÖg, HHj, JÁ, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:10]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Hér hefur felld tillaga frá mér og Margréti Frímannsdóttur um að hlutur kvenna í stjórnum opinberra hlutafélaga sé 40%. Ég hefði talið að það ætti að geta náðst sátt um það á þinginu að haga málum með þeim hætti í opinberum hlutafélögum. Það væri stefnumarkandi af hálfu þingsins í þá veru að auka og jafna hlut kvenna og karla í stjórn hlutafélaga. En eins og ég gat um í umræðu um þetta mál hefur hlutur kvenna heldur farið minnkandi.

Ég tel hins vegar, að þeirri tillögu felldri, rétt að samþykkja þá tillögu sem Jónína Bjartmarz hefur flutt hér. Hún gengur þó heldur lengra en gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frumvarpi.

[15:11]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Frumvarp þetta geymir sérreglur um opinber hlutafélög en sú grein sem breytingartillagan er við sem við greiðum núna atkvæði um, 2. gr. frumvarpsins, lýtur að því að tryggja jafnan hlut karla og kvenna í stjórnum opinberra hlutafélaga eingöngu. Þar segir að við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skuli gæta sérstaklega að jafnréttislögum.

Með breytingartillögunni á þskj. 1468 er kveðið skýrar og ótvírætt að orði um jafnan hlut karla og kvenna án þess að kvótagera konur. Þar segir að í kjör í stjórn opinbers hlutafélags skuli tryggt að sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Í því felst auðvitað jafn hlutur kynjanna, einungis að teknu tilliti til oddatölu stjórnarmanna.

Frv., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, VF, VS, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BJJ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, JBjart, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1498).

Eldi vatnafiska, 3. umr.

Stjfrv., 595. mál (heildarlög). — Þskj. 1472.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BJJ, BjörgvS, EOK, GÖg, HÁs, HHj, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1499).

Varnir gegn fisksjúkdómum, 3. umr.

Stjfrv., 596. mál (heildarlög). — Þskj. 1473.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ArnbS, BJJ, BjörgvS, EOK, GÓJ, GÖg, HHj, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1500).

Lax- og silungsveiði, 3. umr.

Stjfrv., 607. mál (heildarlög). — Þskj. 1474.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (BJJ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1501).

Veiðimálastofnun, 3. umr.

Stjfrv., 612. mál (heildarlög). — Þskj. 1476.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, VS, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VF, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1502).

Fiskrækt, 3. umr.

Stjfrv., 613. mál (heildarlög). — Þskj. 1477.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (BJJ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1503).

Kjararáð, 3. umr.

Stjfrv., 710. mál (heildarlög). — Þskj. 1478, brtt. 1469.

[15:15]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir breytingartillögu sem ég flyt við frumvarp til laga um kjararáð. Þetta eru nokkrar breytingar sem ekki eru efnisbreytingar, utan ein. Í 1. gr. segir að í stað þess að Alþingi „skipi" kjararáðsmenn komi: kjósi þá. Í staðinn fyrir að segja „t.d. þriðja eða fjórða hvert ár", þá standi: allt að fjórða hvert ár.

Síðan er efnisbreyting um að gildistakan verði 1. júlí 2006 í staðinn fyrir nú þegar, til að tími vinnist til að ganga frá málum. Svo er breyting sem ekki er efnisleg sem hljóðar svo: Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. skal skipun kjararáðs-

manna skv. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. lokið áður en lögin öðlast gildi að öðru leyti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Brtt. 1469 samþ. með 48 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ÁMöl, BJJ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, JÁ, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1504).

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 742. mál (heildarlög). — Þskj. 1479.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ÁMöl, BJJ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, JBjart, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1505).

Vinnumarkaðsaðgerðir, 3. umr.

Stjfrv., 788. mál (heildarlög). — Þskj. 1480.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (BJJ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1506).

Almenn hegningarlög o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 619. mál (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot). — Þskj. 905, brtt. 1475. [15:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir breytingartillögu á þskj. 1475. Hún kemur inn á barnaklámsákvæði samningsins sem hér er verið að innleiða. Samningurinn hefur að geyma nokkuð víðtæka skilgreiningu á því hvað er barnaklám. Ástæðurnar eru skýrar. Það er gert til þess að tryggja að börn njóti viðunandi verndar og sem víðtækastrar verndar gegn kynferðislegri misnotkun þeirra sem framleiða og selja barnaklám og hinna sem nýta sér það.

Í þessum samningi er af óskiljanlegum ástæðum undanþáguákvæði sem heimilar aðildarríkjum að fara vægar í sakirnar í þessum efnum og nota þrengri skilgreiningu. Með öðrum orðum að takmarka skilgreininguna á barnaklámi við það að barn eða ungmenni undir 18 ára aldri komi fyrir í myndefni því sem um ræðir.

Þessa undanþágu hyggjast íslensk stjórnvöld nýta sér. Því miður tókst ekki að ná um það samstöðu í allsherjarnefndinni að breyta frumvarpinu.

Breytingartillaga mín gengur út á að menn viðurkenni alvarleika þess að ýta undir kynferðislegar hneigðir til barna hvaða meðulum sem menn beita til þess. Alþingi Íslendinga hlýtur að þurfa að leggja að jöfnu allt klám sem ýtir undir að börn séu notuð kynferðislega. Okkur ber skylda til þess. Þess vegna treysti ég því að tillaga sú sem hér er flutt verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
Brtt. 1475 felld með 30:21 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SF, StB, VS, ÞKG.
12 þm. (BÁ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (AKG, BÁ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, JBjart, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1507).

Happdrætti Háskóla Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 748. mál (einkaleyfisgjald og greiðsla vinninga í peningum). — Þskj. 1481.

Enginn tók til máls.

[15:21]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (AKG, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, JBjart, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1508).

Tekjuskattur, 3. umr.

Stjfrv., 793. mál (gengishagnaður). — Þskj. 1212, brtt. 1252.

[15:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu sem ég kallaði aftur til 3. umr. fyrr í dag. Tillagan gengur út á að bæta einni grein við þetta frumvarp, sem annars lýtur að því að heimila fyrirtækjum að fresta eða dreifa gengishagnaði sem til fellur vegna rekstrar ársins 2005 á þrjú framtalsár eða skattlagningarár.

Sú ráðstöfun er almennt studd hér enda má það kallast sanngjarnt að koma til móts við fyrirtæki einkum og sér í lagi í útflutningsgreinum sem annars fengju á sig skattlagningu vegna mikils bókfærðs gengishagnaðar. Við þær aðstæður er hins vegar eðlilegt að menn spyrji sig að því hvort ekki séu fleiri aðilar í þjóðfélaginu sem hafa þörf fyrir ráðstafanir og úrbætur vegna snöggra breytinga sem orðið hafa í efnahagsumhverfi okkar, svo sem eins og þá sem nýlega hafa keypt eða byggt húsnæði og treyst á vaxtabætur frá ríkinu sem hluta af afkomu sinni eða tekjum, til að standa straum af þeim útgjöldum.

Nú liggur það fyrir, þannig að ekki þarf neitt frekar að rannsaka það mál í sjálfu sér, að tekjulágar fjölskyldur sem hafa treyst á vaxtabætur sem hluta af afkomu sinni verða fyrir mikilli skerðingu á þessu ári vegna snöggrar hækkunar fasteignaverðs á síðustu mánuðum, einkum og sér í lagi frá haustmánuðum 2004 til haustmánaða og frá um áramót 2005.

Raundæmi úr framtölum sýna að fólk sem á árinu 2005 fékk fullar eða verulegar vaxtabætur upp á þriðja hundrað þúsund kr. fær annaðhvort stórskertar eða engar bætur í ár þótt allt haldist óbreytt annað en hækkun fasteignaverðsins. Þetta stafar af því að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki einu sinni fyrir því að uppfæra skerðingarmörkin, hin eignartengdu skerðingarmörk sem nemi hækkun verðlags. Hvað þá að þau séu uppfærð þannig að eignamyndunin sem að nafninu til fer inn á skattframtölin eingöngu vegna hækkaðs fasteignaverðs skerði ekki vaxtabætur þeirra.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson hélt hér ræðu áðan og fór mikinn í því hversu velviljaðir stjórnarflokkarnir væru, alveg sérstaklega þessu unga fólki sem hefði verið að kaupa sér húsnæði og binda sér byrðar undanfarin missiri. Hvar er nú ást stjórnarflokkanna á þeim þúsundum tekjulágra heimila í landinu sem hafa treyst á vaxtabæturnar en fá þær ekki í ágústmánuði næstkomandi nema ráðstafanir verði gerðar til þess að við álagningu á árinu 2006 breytist þessi viðmiðunarmörk?

Hv. þm. Atli Gíslason vakti athygli á þessu máli við 1. umr. þessa frumvarps hér fyrir nokkrum vikum síðan. Hann tilgreindi raunveruleg dæmi úr framtölum fólks frá síðastliðnum vetri sem sýna í hnotskurn þennan vanda. Hv. þingmaður sagði, með leyfi forseta:

„Ég ætla að nefna tvö tilvik um þessar skerðingar." — Þá er verið að vísa til skerðinganna sem verða vegna fasteignaverðshækkananna. — „Fyrra tilvikið varðar þrítuga einstæða móður með tvö börn. Hún skuldaði tæpar 11 milljónir í árslok 2004, átti íbúð að fasteignamati 14,6 millj. kr. og greiddi rúmar 500 þús. kr. í vaxtagjöld. Hún fékk fullar vaxtabætur árið 2005 eða 207 þús. kr. Hún skuldaði jafnmikið í árslok 2005, greiddi nánast sömu vaxtagjöld en fasteignamat á íbúð hennar hækkaði um 4,1 milljón á milli ára." (**Gripið fram í:** Sagðirðu þetta ekki í morgun líka?) Jú, það þarf nefnilega að segja þetta þangað til þið skiljið það, hæstv. landbúnaðarráðherra og skafðu nú úr eyrunum.

„Hún fær engar vaxtabætur við álagningu árið 2006 þar sem hrein eign hefur hækkað með einu pennastriki úr 3,6 millj. í 7,7 millj." Hin bókfærða eign í húsnæðinu hækkar vegna hækkana fasteignaverðs en tekjur viðkomandi einstaklings, einstæðrar móður með tvö börn, eru óbreyttar og vaxtagjöldin óbreytt. Útkoman er að hún verður af þessum 207 þús. kr. sem hún hefur treyst á.

„Hitt dæmið varðar tæplega fimmtugan einstakling sem fékk í vaxtabætur í fyrra 152.539 kr. greiddar út við álagningu 2005 en fær engar 2006. Það skýrist af því að fasteignamat á íbúð hans hefur hækkað úr 11,3 millj. árið 2005 í 15,1 millj. árið 2006 en tekjur og fjárhagsstaða hafa ekkert breyst á milli ára."

Þetta er raunveruleikinn. Þetta er veruleikinn hérna úti í þjóðfélaginu. En í fílabeinsturnum ráðherranna er þetta einhvern veginn öðruvísi. Þeir halda að það nægi að fara með útúrsnúninga og þvætting af því tagi sem hæstv. fjármálaráðherra hefur verið að bera á borð fyrir okkur í þessari umræðu. Að það þurfi að skoða áform ríkisstjórnarinnar um breytingar á íbúðalánum. Hvað kemur þetta þessu fólki við? Halda menn að fólk sem búið er að taka sín lán, kaupa sína íbúð, gera greiðsluáætlun og fara með hana gegnum matið í bankanum og það er varla aur afgangs, að það varði eitthvað um átök stjórnarflokkanna um það hvað verður um Íbúðalánasjóð? Það kemur þessu máli ekki við. Ekki hætishót. Það liggur allt fyrir sem liggja þarf fyrir í þessu efni.

Menn geta ekki skotið sér á bak við eitt eða neitt í þessu efni. Hvorki hástemmdar ræður um væntumþykju í garð ungs fólks né að málið þurfi að skoðast og athugast.

Það er undarlegt að hæstv. fjármálaráðherra skuli þá ekki að minnsta kosti upplýsa okkur um hvernig ríkisstjórnin hyggist skoða þetta mál. Hefur ríkisstjórnin skoðað hvernig hún stendur að vígi lagalega til þess að gera þarna einhverja breytingu ef hún þá ætlar að reyna það, ef hún þá vill það, eftir að álagningin hefur farið fram? Það hefur aldrei þótt góð latína að þurfa að gera slíka hluti eftir á, afturvirkt, jafnvel þótt ívilnandi séu. Það eru alla vega mikil handarbakavinnubrögð.

Hvaða lagaheimildir hefur ríkisstjórnin til að gera eitthvað í þessum efnum fyrr en í fyrsta lagi eftir að þing hefur komið saman og nýjar heimildir hafa verið stofnaðar með lögum? Það hlýtur að orka stórlega tvímælis að ríkisstjórnin geti nokkuð annað gert en láta framkvæmdina ganga óbreytta fram á grundvelli gildandi laga. Niðurstaðan verður sem sagt sú að þúsundir lágtekjufjölskyldna í landinu, sérstaklega unga fólkið sem hefur verið að kaupa að byggja húsnæði undanfarin ár, verður af þessum stuðningi sem fólk hefur treyst á og haft alla ástæðu til að ætla að héldist.

Með því að hækka eignamörkin eins og gerð er tillaga um á þskj. 1252 þannig að hin eignatengdu skerðingarmörk hækki í tilviki einstaklings úr rúmum 3,7 millj. kr. í 5,2 millj., og fyrir fjölskyldur úr tæpum 6,2 millj. í 9,67, þá eru þessi mörk um það bil stillt af eins og þarf til að framkvæmdin haldist óbreytt og vaxtabæturnar haldi gildi sínu að teknu tilliti til verðlags og þróunar fasteignaverðs.

Þess vegna er málið einfalt, frú forseti. Það er ekkert annað að gera en að samþykkja þessa tillögu ef menn vilja endurreisa vaxtabótakerfið í þeirri mynd sem það hefur verið framkvæmt undanfarin ár. Ef menn fella hana þá er ekkert annað til staðar en skortur á pólitískum vilja til að standa eðlilega að þessari framkvæmd. Þá þýða engin ræðuhöld og bros og engar gamansögur, hæstv. landbúnaðarráðherra. Þá eru menn bara svona litlir karlar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]

Brtt. 1252 felld með 31:21 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.

11 þm. (BJJ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

12 þm. (BJJ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, JBjart, KJúl, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1509).

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 794. mál (framlenging á lækkun olíugjalds). — Þskj. 1213, brtt. 1462 og 1494.

[15:32]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í örstuttu máli vekja athygli á breytingartillögu sem ég hef flutt við frumvarpið hér við 3. umr. málsins ásamt hv. þingmönnum Dagnýju Jónsdóttur, Kristjáni L. Möller, Ögmundi Jónassyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að felldur verði út úr frumvarpinu sá áskilnaður að bifreiðar í eigu björgunarsveita greiði sérstakt kílómetragjald eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins.

Einnig er breyting í breytingartillögunni um að bifreiðar björgunarsveita sem eru 10 tonn eða meira séu undanskildar almenna kílómetragjaldinu í 1. tölulið 1. mgr. 13. gr. laganna og er það til að gæta samræmis innan frumvarpsins verði breytingartillögurnar samþykktar.

Þá felst í breytingartillögunum að gert er ráð fyrir að auðkenna skuli bifreiðar björgunarsveita með sérstökum hætti í ökutækjaskrá.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, það hefur fengið nokkra umræðu í meðförum þingsins. Breytingartillögur þessar lúta að því að koma til móts við þau sjónarmið að þar sem björgunarsveitir eru sjálfboðaliðasamtök sem gegna afar mikilvægu og sérstöku hlutverki í þjóðfélagslegum skilningi sé eðlilegt að þær búi við skattalega hagkvæmt fyrirkomulag hvað þetta varðar. Frumvarpið, eins og það var lagt fram á þingi, gerði vissulega ráð fyrir því að um bifreiðar björgunarsveita giltu ákveðnar sérreglur en með þessari breytingartillögu er gengið lengra í þeim efnum með því að fella alveg niður skattheimtu á það eldsneyti sem björgunarsveitir nota á bifreiðar sínar. Ég vonast til þess að hv. þingmenn geti stutt þessa breytingu í ljósi þeirrar sérstöðu sem starfsemi björgunarsveitanna í landinu hefur.

[15:35]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Það er sannarlega ánægjulegt þegar stjórn og stjórnarandstaða ná saman um mál eins og hér er. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar á Alþingi greiddu atkvæði gegn þessari 2. gr. í morgun og sá sem hér talar varaði líka við 1. umr. við þeirri leið sem þar átti að fara. Ég fagna því að björgunarsveitir landsins skuli fá að kaupa gjaldfrjálsa olíu. Í þessu frumvarpi var sá galli að menn ætluðu að fara að byggja ofan á þungaskattskerfið sem átti að leggja af með upptöku olíugjaldsins og búa til þungaskattskerfi fyrir björgunarsveitabíla landsins.

Ég sagði hér í morgun að það hefði haft í för með sér kostnað fyrir björgunarsveitirnar upp á 70 þúsund á hvern bíl, 200 bílar alls eða 14 millj. kr. Þar að auki hefði orðið mikill kostnaður við að færa bíla til aflestrar eins og var í gamla daga og fyrir fulltrúa ríkisins í fjármálaráðuneytinu að framfylgja þeirri stefnu og innheimta eftir þessu kerfi. Ég get því ekki annað, virðulegi forseti, en komið hér upp og fagnað því að augu stjórnarliða hafa opnast hvað þetta

varðar. Sú vonda tillaga sem þarna var er hér felld brott með hinni þverpólitísku tillögu sem hv. þm. Birgir Ármannsson hefur mælt fyrir og flutt er af hv. þingmönnum Dagnýju Jónsdóttur, Ögmundi Jónassyni, Guðjóni A. Kristjánssyni og þeim sem hér stendur. Þetta er fagnaðarerindi, fagnaðarefni. (Gripið fram í.) Já, það getur verið fagnaðarerindi líka þetta hvað varðar björgunarsveitirnar. (Gripið fram í.)

Það er rétt að vekja athygli þingheims á því, þegar rökstyðja þarf hvers vegna þetta var gert, að björgunarsveitir landsins greiða í kringum 7–10 millj. kr. í bensíngjald, sem rennur m.a. til Vegagerðarinnar, fyrir að nota bensín á björgunarsveitabáta og snjósleða sem aldrei aka um þjóðvegi landsins. Eins og þetta var fram að gildistöku þessara laga þurftu björgunarsveitirnar að borga olíugjald af snjóbílum sem aka meðal annars uppi á jöklum. Það er líka rétt að vekja athygli á því að hæstv. fjármálaráðherra þarf ekki að harma hlutinn sinn hvað þetta varðar þó að nokkrar tekjur renni þarna úr eða skattheimtan minnki til ríkissjóðs af þessu. Í gögnum frá fjármálaráðuneytinu er það staðfest við efnahags- og viðskiptanefnd vegna vinnslu þessa máls að tekjur ríkissjóðs af olíugjaldinu á þessu ári eru áætlaðar 1.500 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Það hefur nú einhvern tíma heyrst úr þessum ræðustól að sú skattheimta sé á þeirri ferð sem hún er. Sá sem hér talar hefur oft bent á það en hann hefur aldrei fengið þvílík og önnur eins gögn úr fjármálaráðuneytinu sem staðfesta það.

Nú sé ég að ég fær merki víða úr salnum sem á körfuboltamáli þýðir að tíminn sé úti. Ég læt hér lokið máli mínu en fagna málalyktum.

[15:39]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þverpólitísk samstaða hafi náðst um þetta mál. Við flutningsmenn erum sammála um sérstöðu björgunarsveita og er hér verið að tryggja góða sátt um skattaumhverfi þeirra. Ég hvet alla hv. þingmenn til að samþykkja þessa tillögu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]

Brtt. 1462 kölluð aftur.

Brtt. 1494,1 samþ. með 48:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MF, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

14 þm. (BjörgvS, EOK, GÓJ, GÖg, HHj, KJúl, KHG, MÞH, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1494,2 samþ. með 49:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MF, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

13 þm. (BjörgvS, EOK, GÓJ, GÖg, HHj, KJúl, KHG, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 51:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

11 þm. (BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1510).

Fjármálaeftirlit, 3. umr.

Stjfrv., 556. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1482.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

12 þm. (BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, KHG, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1511).

Ferðasjóður íþróttafélaga, síðari umr.

Þáltill. menntmn., 789. mál. — Þskj. 1195.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]

Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MF, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, KHG, MÞH, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1512).

Skráning losunar gróðurhúsalofttegunda, 3. umr.

Stjfrv., 713. mál (heildarlög). — Þskj. 1483.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁMM, ÁMöl, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1513).

[15:43]

Útbýting:

Almannatryggingar, 792. mál, brtt. JBjart, þskj. 1514.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 792. mál (samningar við sérgreinalækna). — Þskj. 1210, brtt. 1514.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1514. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (ÁÓÁ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

[15:44]

Pétur H. Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Við greiðum atkvæði um breytingartillögu sem var verið að dreifa og það er ekki einu sinni gert hlé á atkvæðagreiðslunni þannig að við getum gengið fram og lesið hana.

[15:46]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Breytingartillagan sem var verið að greiða atkvæði um og hv. þm. Pétur H. Blöndal hafði orð á varðar einungis orðalag í tiltekinni grein í 42. gr. almannatryggingalaganna og hljóðar svo:

„Kostnaður við sjúkratryggingu, sbr. 3. mgr. 32. gr., greiðist úr ríkissjóði, að því marki sem ákveðið er samkvæmt lögum þessum eða sérlögum og reglugerðum settum með stoð í þeim."

Þetta er til komið vegna þess að orðalagið á greininni var til þess fallið að valda misskilningi. Þetta var tillaga og ábending sem kom bæði úr heilbrigðisráðuneytinu og var vakin athygli á því af hv. þingmönnum í heilbrigðisnefnd seinni partinn í gær og unnið að henni í dag.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:46]

Brtt. 1514 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, ISG, JóhS, JGunn, KLM, LB, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, KolH, MÞH, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BjörgvS, EOK, GAK, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1521).

Landmælingar og grunnkortagerð, 3. umr.

Stjfrv., 668. mál (heildarlög). — Þskj. 1484.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG.

6 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, LB, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1515).

Samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja, 3. umr.

Stjfrv., 682. mál (sameiginlegt efnahagssvæði). — Þskj. 1485.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1516).

Álagning skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, 3. umr.

Stjfrv., 732. mál (EES-reglur). — Þskj. 1486.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1517).

Náttúruvernd, 3. umr.

Stjfrv., 180. mál (efnistaka úr gömlum námum). — Þskj. 180.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, KÓ, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1518).

Matvælarannsóknir hf., 3. umr.

Stjfrv., 387. mál. — Þskj. 1487.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]
Frv. samþ. með 32:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.
nei: GAK, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MF, RG, VF) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1519).

Landhelgisgæsla Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 694. mál (heildarlög). — Þskj. 1488.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJS, VF) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1520).

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 809. mál. — Þskj. 1409.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JóhS,

JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, LB, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (KLM) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, LB, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (EMS, ISG, KLM) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, JGunn, KJúl, MÞH, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

13 þm. (BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, JGunn, KJúl, MF, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Aðgangur að opinberum gögnum um öryggismál, síðari umr.

Þáltill. forsrh., 803. mál. — Þskj. 1284, nál. 1467.

[15:52]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um tillögu til þingsályktunar um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál.

Ég leyfi mér að vísa í nefndarálit nefndarinnar sem liggur frammi á þskj. 1467. Allsherjarnefnd telur rétt að forseti Alþingis og formenn þingflokka eigi þess kost að fylgjast með framgangi starfs nefndarinnar. Nefndin leggur til breytingar á tillögunni í þá veru. Óþarft er að mati nefndarinnar að tekið sé fram í tillögugreininni að samráð skuli haft við Stjórnarráðið eða einstök ráðuneyti. Engu að síður er ljóst að ráðuneytin þurfa að leggja nefndinni lið við gagnaöflun. Lagt er til grundvallar að nefndin byggi niðurstöður sínar um aðgang á mikilvægi gagnanna fyrir fræðilegar rannsóknir og að sjálfsögðu á gildandi lögum.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu sem birt er á þskj. 1467. Ég læt hjá líða að lesa tillögugreinina upp í heild sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]

Brtt. í nál. 1467 (ný tillgr.) samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (AKG, BjörgvS, EOK, GÖg, HHj, KJúl, LB, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1522).

Flugmálastjórn Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 707. mál (heildarlög). — Þskj. 1043, nál. 1465 og 1491.

og

Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 708. mál. — Þskj. 1044, nál. 1466 og 1491.

[15:55]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mig langar einkanlega að víkja að öðru málinu sem hér er til umræðu, þ.e. frumvarpinu um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands. Ég hef athugasemdir við þetta mál og hef ekki sannfærst um að menn séu á réttri leið í hlutafélagavæðingu opinberrar þjónustu. Ég tel ástæðu til að greina í örfáum orðum frá þeim atriðum sem ég hnýt um í þessu frumvarpi.

Í fyrsta lagi vek ég athygli á því að það er nokkuð ljóst að með frumvarpinu er stjórnsýsluverkefni eða opinbert vald, framkvæmd á opinberu valdi, fært yfir í hlutafélag. Ég vísa þar til þess sem fram kemur í umsögn Félags íslenskra flugumferðarstjóra. Þeir benda á reglugerðir Evrópusambandsins þar sem flugumferðarstjórn er skilgreind sem framkvæmd á opinberu valdi. Það liggur fyrir, að fenginni þeirri skýringu að framkvæmd á opinberu valdi sé að þessu leyti færð í hlutafélag.

Í öðru lagi kemur það fram við athugun málsins að allnokkur verkefni sem eru stjórnsýsluverkefni eru flutt til hlutafélagsins.

Í þriðja lagi, það sem af þessu leiðir, gilda reglur sem almennt gilda um stjórnsýslu og framkvæmd á opinberu valdi ekki lengur. Lög sem ná yfir það og Alþingi hefur sett á undanförnum árum, eins og stjórnsýslulög, upplýsingalög, lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, ná ekki

lengur yfir þessa starfsemi. Ég tel að menn þurfi að færa fram rökstuðning fyrir því hvers vegna er nauðsynlegt að fella þau niður, t.d. ákvæði upplýsingalaga og stjórnsýslulaga hvað varðar þá þætti sem frumvarpið færir frá opinberri stofnun yfir í hlutafélag. Það kemur ekki fram í gögnum málsins svo að ég hafi tekið eftir því.

Ég vil almennt segja um hlutafélagavæðingu að mér finnst að skýra stefnumörkun þurfi í þeim efnum. Það hefur verið lögð áhersla á að færa starfsemi ríkisins sem er í samkeppni við einkaaðila í hlutafélagabúning. Fyrir því eru eðlileg rök sem má fallast á að séu rétt og slíka starfsemi, sem á í samkeppni við einkamarkaðinn, megi færa yfir í sambærilega löggjöf og gildir um hlutafélög.

Hins vegar er ekki lengur dregin skýr lína í þessum efnum. Við höfum séð frumvörp, t.d. um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, þar sem lagt er til að færa einokunarstarfsemi opinberrar stofnunar yfir í hlutafélagaform. Það getur ekki verið rökstutt með því að sama lagaumhverfi þurfi fyrir starfsemina og einkamarkaðinn. Þegar menn eru komnir yfir í þá stefnu að færa hluta af starfsemi ríkisins í hlutafélag, starfsemi sem er í eðli sínu þannig að enginn annar sinnir henni, þá er það alveg ný stefna. Ég skal ekki segja að þegar menn hafa talað sig í gegnum það mál þá geti ég ekki fallist á að að einhverju leyti sé rétt að breyta formi á opinberum rekstri þótt um einkastarfsemi sé að ræða eða einokunarstarfsemi. Sú umræða hefur einfaldlega ekki farið fram. Menn hafa ekki farið í gegnum það mál og ég tel nauðsynlegt að menn ræði hina pólitísku stefnu til hlítar áður en þeir hrinda henni í framkvæmd.

Síðan er komin þriðja útgáfan í þessu, þ.e. ekki bara að færa starfsemi undir hlutafélagarekstur sem er í eðli sínu þannig að enginn annar sinni henni og enginn annar keppi við hið opinbera í þeim efnum, þar á ég við flugumferðarstjórn, heldur er líka verið að færa starfsemi frá hinu opinbera undir hlutafélagaformið sem er í eðli sínu stjórnsýsla og framkvæmd af opinberu valdi. Þá hlýt ég að spyrja: Hvar eigum við að draga línuna í þeim efnum? Hvað af opinberu valdi eða stjórnsýslu eigum við að fella undir almenna hlutafélagalöggjöf og hvað eigum við að hafa hjá opinberum stofnunum? Mér finnst vanta skilgreiningar á þessu þannig að hægt sé að festa hönd á ákveðinni stefnu. Miðað við frumvarpið sem hér liggur fyrir sé ég ekki hvar menn ætla að enda. Mér finnst eðlilegt að álykta að menn geti í sjálfu sér tekið hvaða starfsemi sem er og breytt í hlutafélag, t.d. skóla landsins, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla eða sjúkrahús, eins og Landspítalann eða heilbrigðisstofnanir aðrar.

Í raun væri hægt að leggja til svipuð frumvörp og þetta gagnvart allri slíkri starfsemi. Er það kannski niðurstaðan, að menn telji hægt að taka alla opinbera starfsemi, hvort sem það er þjónusta eða stjórnsýsla, undir hlutafélagaform? Í dag afgreiddum við frumvarp um Matvælarannsóknir hf., sem er rannsóknar- eða eftirlitsstarfsemi. Er þá línan sú að hvað eina geti verið rekið undir hlutafélagaformi og að löggjöf sem við höfum sett á undanförnum árum um opinbera þjónustu og stjórnsýslu eigi þá ekki við? Eru menn að koma sér undan ákvæðum þeirra laga sem sett hafa verið á síðasta áratug eða svo? Þar á ég fyrst og fremst við stjórnsýslulög og upplýsingalögin. Þetta vildi ég nefna, virðulegi forseti. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því að við séum á réttri leið í þessum efnum og vil fara yfir stefnumörkunina áður en lengra er haldið á þessari braut.

Ég vil líka nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hlutafélagið annist rekstur og uppbyggingu flugvalla, ekki bara flugleiðsöguþjónustu heldur líka uppbyggingu og rekstur flugvalla. Ég er nokkuð hugsi yfir því vegna þess að þá kemur arðsemiskrafan auðvitað fljótlega inn í málið. Hlutafélag er þess eðlis að því er ætlað að skila arði, til þess er það stofnað. Ef menn ætla ekki að vera með arðsemiskröfu á starfsemi þurfa menn ekkert hlutafélag. Þjónustan sem hlutafélagið á að yfirtaka er þjónusta við og rekstur á flugvöllum sem sumir hverjir standa ekki undir sér. Hver er þá meiningin að verði framhaldið í þeim efnum? Á hlutafélagið einfaldlega að vega og meta hvaða þjónustu það ætlar að veita og hvað velli það ætlar að reka, og geri það ekki nema það fái samning við samgönguráðherra sem uppfylli kröfur félagsins um tekjur af rekstri viðkomandi flugvallar og nauðsynlega arðsemiskröfu?

Ég sé ekki hvernig menn hugsa framkvæmdina í þessu. Að mínu mati er ekki dregið upp nægilega skýrt hvernig á að framkvæma þetta en ég sé ekki annað en að a.m.k. þetta geti verið fram undan og tel það líklegast, miðað við upplýsingarnar í frumvarpinu.

Ég minni líka á það sem fram kemur í umsögn Félags íslenskra flugumferðarstjóra. Þeir gera athugasemdir við heimildir hlutafélagsins til að stofna til gjaldtöku. Gjaldskrárheimildin er að mati félagsins of víðtæk, a.m.k. hvað varðar alþjóðlega flugumferð. Þeir benda á að menn séu bundnir af þeim ákvæðum og hlutafélagið hafi ekki svigrúm eða vald til að setja aðra gjaldskrá en kveðið er á um í þeim samningum og ákvæðum sem er að finna varðandi Alþjóðaflugmálastofnunina. Ég set spurningarmerki við þá þjónustugjaldskrárheimild.

Virðulegur forseti. Ég held ég fari ekki fleiri orðum um athugasemdir mínar við þetta mál. Þær eru fyrst og fremst almenns eðlis, varðandi formbreytingu á þjónustu ríkisins, framkvæmd og stjórnsýslu. Ég hef einnig áhyggjur af uppsetningunni varðandi rekstur og uppbyggingu flugvalla innan lands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálastjórn Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 707. mál (heildarlög). — Þskj. 1043, nál. 1466 og 1491.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KHG, KLM, MF, RG, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, ISG,

KJúl, LB, MÞH, MS, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–13. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KHG, KLM, MF, RG, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, ISG, KJúl, LB, MÞH, MS, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS.

4 þm. (GAK, JBjarn, KolH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, ISG, KJúl, LB, MS, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 708. mál. — Þskj. 1044, nál. 1466 og 1491.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:09]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp er afar slæmt svo ekki sé dýpra í árinni tekið og það er sorglegt að það skuli nú vera gert að lögum. Ég hef trú á því að það séu ekki aðeins stéttarfélögin sem gagnrýna þetta frumvarp harkalega, gagnrýnin kemur víðs vegar að úr þjóðfélaginu. Stéttarfélögin gagnrýna margt, þau gagnrýna þá kjaraskerðingu sem starfsfólki er búin með þessari lagasetningu en þau hafa einnig bent á og vísað í reynslu erlendra þjóða þar sem fram hafa komið víti til að varast. Þau hafa látið Alþingi í té hverja skýrsluna á fætur annarri sem sýnir fram á hve varasamt sé að fara þessa braut.

Þau hafa bent á að hæstv. samgönguráðherra skipaði á sínum tíma nefnd til þess að fjalla um möguleika um fyrirkomulag á þessu sviði. Sú nefnd setti fram fjóra valkosti. Einn þeirra valkosta var hlutafélagavæðing flugrekstrarins og það var að sjálfsögðu sá valkostur sem ráðherra Sjálfstæðisflokksins, einkavæðingarflokksins, valdi og skipaði nefndinni síðan að keyra það mál áfram.

Á sínum tíma spurði hv. formaður samgöngunefndar, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, hæstv. utanríkisráðherra, Geir H. Haarde, hvort ekki væri ráð að gera heildstæða löggjöf um flugmálastjórnina í landinu. Ég man ekki betur en hæstv. ráðherra tæki því vel. Hann kom hér með lagafrumvarp ekki alls fyrir löngu um opinberan rekstur varðandi Keflavíkurflugvöll. Framsóknarflokkurinn lagðist gegn þeirri hugmynd sem hæstv. ráðherra nefndi, að ráð væri að einkavæða eða hlutafélagavæða þann rekstur, Framsóknarflokkurinn var á móti því. En nú er Framsóknarflokkurinn sammála því að hlutafélagavæða reksturinn á Sauðárkróki og á Akureyri og á Höfn í Hornafirði, það er allt í góðu lagi.

Hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, hefur nefnilega lýst þessu ágætlega, að sumir stjórnmálamenn og sumir stjórnmálaflokkar séu nýtilegir því að það sé hægt að nota þá. Og það er Framsóknarflokkurinn. Það er bara alltaf vandinn við slíka flokka, sem eru hentistefnuflokkar sem eru notaðir, hvorum megin hryggjar þeir lenda. Nú eru þeir einkavæðingarmegin og greiða atkvæði með því að hlutafélagavæða flugvellina á landsbyggðinni á Íslandi. Það er dapurlegt hlutskipti.

1. gr. samþ. með 28:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MF, RG, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

15 þm. (BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, KJúl, LB, MS, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 28:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MF, RG, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

15 þm. (BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, KJúl, LB, MS, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1466 samþ. með 27:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MF, RG, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, KJúl, LB, MS, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 28:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, GHH,

GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MF, RG, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

15 þm. (BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, KJúl, LB, MS, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

4.–14. gr. samþ. með 28:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MF, RG, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

15 þm. (BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, KJúl, LB, MS, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG, ÞBack.

nei: AKG, ÁRJ, JBjarn, KolH, MF, VF, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, MÞH) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁÓÁ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, KJúl, LB, MS, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fjármögnun og umsvif ríkisins eftir landshlutum.

Beiðni KLM o.fl. um skýrslu, 811. mál. — Þskj. 1490.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]

Kristján L. Möller *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Því miður er það svo að ég verð að endurflytja þessa skýrslubeiðni sem ég er flutningsmaður að. Þessi beiðni var flutt á 131. þingi þar sem forsætisráðherra var beðinn að færa okkur skýrslu um fjármögnun og umsvif ríkisins eftir landshlutum. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um fjármögnun og umsvif ríkisins eftir landshlutum. Gerð verði grein fyrir rekstrartekjum og gjöldum ríkisins, annars vegar á landsbyggðinni og hins vegar á höfuðborgarsvæðinu. Skýrslan nái til áranna 2001–2005.

Eftirfarandi atriði komi m.a. fram í skýrslunni:

1. Hvernig skiptast tekjur ríkisins og hvaðan koma þær, sundurliðað eftir landshlutum?

2. Hvernig skiptast gjöld ríkisins og hvert renna þau, sundurliðað eftir landshlutum?

3. Hvernig skiptast störf hjá ríkinu í landfræðilegu tilliti og hver eru meðallaun eftir landshlutum?“

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, er hér um endurflutning að ræða vegna þess að við þessari beiðni hefur ekki verið orðið. Forsætisráðuneytið hefur ekki orðið við því að búa til þessa skýrslu og flytja Alþingi hana. Þess vegna er beiðnin endurflutt og þess óskað að unnið verði að þessari skýrslugerð á vegum forsætisráðuneytisins í sumar. Ég mun svo af þingtæknilegum ástæðum endurflytja þessa beiðni þegar við komum saman í haust. Ég vona að það takist að vinna skýrsluna og að réttur tími verði notaður til að gera það og Alþingi skilað þessari skýrslu.

Virðulegi forseti. Beiðni um þessa skýrslu varð til í huga mínum þegar ég las blað frá Rannís fyrir ári síðan þar sem stendur: „Landsbyggðinni blæðir, Reykjavík græðir“. Þar er fjallað um hvernig þetta er og það er ástæðan fyrir þessari skýrslubeiðni. Ég vona að hæstv. forsætisráðherra, hver sem hann verður, flytji okkur þessa skýrslu á hausti komandi.

Beiðni leyfð til forsætisráðherra með 44 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 16:16.

---

125. FUNDUR

laugardaginn 3. júní,
að loknum 124. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning þriggja aðalmanna og jafnmargra varamanna í kjararáð frá 1. júlí 2006, til fjögurra ára, skv. 2. gr. nýsamþykktra laga um kjararáð.

2. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 809. mál, þskj. 1409. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn, stjfrv., 620. mál, þskj. 1495. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Flugmálastjórn Íslands, stjfrv., 707. mál, þskj. 1043. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, stjfrv., 708. mál, þskj. 1523. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. allra mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Kosning þriggja aðalmanna og jafnmargra varamanna í kjararáð frá 1. júlí 2006, til fjögurra ára, skv. 2. gr. nýsamþykktra laga um kjararáð.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Jónas Þór Guðmundsson lögmaður (A),
Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur (B),
Kristinn Hallgrímsson lögmaður (A).

Varamenn:
Eva Dís Pálmadóttir lögmaður (A),
Svanhildur Kaaber skrifstofustjóri (B),
Ása Ólafsdóttir lögmaður (A).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 809. mál. — Þskj. 1409.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, JGunn, KJúl, LB, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1524).

Mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn, 3. umr.

Stjfrv., 620. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1495.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, KJúl, LB, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1525).

Flugmálastjórn Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 707. mál (heildarlög). — Þskj. 1043.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]
Frv. samþ. með 29:3 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÞKG.
nei: KolH, ÞBack, ÖJ.
17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KHG, KLM, MÞH, MF, RG, VF, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, KJúl, LB, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1526).

Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 708. mál. — Þskj. 1523.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]
Frv. samþ. með 28:18 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, GHH, GuðjG, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SÞorg, SF, StB, ÞKG.
nei: AKG, ÁRJ, EMS, GAK, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MF, RG, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁÓÁ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GÖg, GÖrl, HHj, KJúl, LB, MÁ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1527).

Þingfrestun.

[16:22]

Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):

Hv. alþingismenn. Senn lýkur störfum þessa þings og er það mánuði síðar en starfsáætlun þingsins gerði ráð fyrir, enda var gert hlé á fundum þingsins þremur vikum fyrir sveitarstjórnarkosningar. Á þessu þingi hafa verið afgreidd 119 frumvörp sem lög og jafnframt voru samþykktar 27 þingsályktanir. Þó að svo hagi til að stærstur hluti þessara frumvarpa hafi orðið að lögum á seinustu dögum þinghaldsins höfðu þau flest verið til umfjöllunar í nefndum þingsins fyrr á þinginu en lokaafgreiðsla þeirra frestaðist vegna þinghlés í maímánuði.

Það hefur enn sannast síðustu daga að ein vika er langur tími í pólitík. Mál hafa þróast með öðrum hætti en margir ætluðu og þinghaldið orðið styttra en flestir gerðu ráð fyrir er Alþingi kom saman síðastliðinn þriðjudag.

Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, sem stödd er erlendis en kemur til landsins á morgun, hefur beðið mig að flytja þingmönnum og starfsfólki Alþingis kveðjur sínar með þökk fyrir samstarfið á þessu þingi.

Fyrir hönd okkar forsetanna vil ég jafnframt þakka þingmönnum samstarfið og skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki þingsins þakka ég alla aðstoð. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á ný þegar Alþingi kemur saman í haust.

[16:24]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Frú forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþingismanna þakka hæstv. forsetum þingsins fyrir gott samstarf í vetur. Ég vil einnig fyrir hönd alþingismanna senda Sólveigu Pétursdóttur, forseta Alþingis, góðar kveðjur.

Fundir forseta með formönnum þingflokka hafa verið reglulegir og tíðir. Þar hefur vissulega oft verið tekist á um þinghaldið en andrúmsloftið á þessum fundum jafnan verið þægilegt.

Þá vil ég einnig fyrir hönd okkar alþingismanna þakka starfsmönnum þingsins fyrir framúrskarandi störf, lipurð og fúslega veitta aðstoð.

Auðvitað erum við alþingismenn misjafnlega sáttir við sum þau lög sem hér hafa verið samþykkt. Þannig er vafalaust einnig farið meðal landsmanna. En það kemur nýr dagur eftir þennan dag og nýtt ár nýrra tækifæra.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. forseta og óska þeim og fjölskyldum þeirra allra heilla. Ég bið hv. alþingismenn að taka undir orð mín og óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[16:26]

Forseti (Rannveig Guðmundsdóttir):

Ég þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir hlý orð í garð okkar forsetanna og fjölskyldna okkar og þakka hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð. Ég endurtek óskir mínar til allra þingmanna og starfsliðs Alþingis.

[16:26]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

„Handhafar valds forseta Íslands gjöra kunnugt:

Að vér, að tilskildu samþykki Alþingis, veitum forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 132. löggjafarþings, frá 3. júní 2006, eða síðar ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört í Reykjavík, 2. júní 2006.

Halldór Ásgrímsson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Gunnlaugur Claessen.

Halldór Ásgrímsson.

Bréf handahafa valds forseta Íslands um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 132. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, gleðilegrar hvítasunnuhátíðar og allra heilla í framtíðinni.

Fundi slitið kl. 16:27.